ALÞINGISTÍÐINDI

2010–2011

HUNDRAÐ ÞRÍTUGASTA OG NÍUNDA
LÖGGJAFARÞING

A

ÞINGSKJÖL

Skrifstofa Alþingis hefur annast útgáfu Alþingistíðindanna á vef.

Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2011.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010.)

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Ríkisfjármálastefnan	5
2. Afleiðingar hrunsins á ríkisfjármálin	16
3. Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum	22
4. Skuldastýring og lánsfjáröflun	49
5. Fjármál sveitarfélaga	54
6. Ráðstafanir vegna fjármálakreppunnar	59
7. Staða Íslands í alþjóðlegu samhengi	67
8. Yfirlit þjóðhagsforsendna	75
9. Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð	79
Fylgiskjal: Töfluviðauki	83

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

1. grein: Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti, 2. grein: Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti, 3. grein: Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. grein: Fjárreiður lánastofnana í C-hluta, 5. grein: Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 6. grein: Heimildir.

Sundurliðanir 1. Tekjur A-hluta, 2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta, 3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. Fjármál lánastofnana í C-hluta.

Séryfirlit 1. Málaflokkar gjalda í A-hluta, 2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta, 3. Markaðar tekjur, 4. Aðrar rekstrartekjur stofnana, 5. Lögbundin framlög.

Athugasemdir 1. Yfirlit ríkisfjármála, 2. Tekjur A-hluta ríkissjóðs, 3. Gjöld A-hluta ríkissjóðs, 4. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta, 5. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta, 6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 7. Heimildir, 8. Ríkisábyrgðir og áhættuskuldbindingar, 9. Skattastyrkir, 10. Yfirlit um lagabreytingar.

Vefsetur fjárlaga fjarlog.is

ODDI

Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast afgreiðslu fjárlaga í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt í desember.

Frumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er fjallað um stefnu og horfur í ríkisfjármálum á komandi fjárlagaári auk umfjöllunar um áætlun um ríkisfjármálin til fjögurra ára. Í síðari hluta eru lagagreinarnar og athugasemdir við þær auk sérstakra yfirlita.

Í fyrsta kafla fyrri hluta þessa frumvarps er fjallað um stefnuna í ríkisfjármálum og helstu áhersluatriði. Í öðrum kafla er farið yfir helstu áhrif sem fjármálakreppan haustið 2008 hefur haft á ríkisfjármálin. Í þriðja kafla er kynnt endurskoðun á langtímaáætlun um ríkisfjármálin til nokkurra ára og helstu forsendur og niðurstöður hennar. Í fjórða kafla er að finna umfjöllun um áætlun um skuldastýringu og lánsfjáröflun ríkissjóðs. Í fimmta kafla eru fjármál sveitarfélaga sett í samhengi við áætlun um jöfnuð í opinberum fjármálum. Í sjötta kafla er greint frá margvíslegum ráðstöfunum sem stjórnvöld hafa gripið til í því skyni að bregðast við áhrifum fjármálakreppunnar á hag heimila og fyrirtækja. Í sjöunda kafla er staða og horfur í ríkisfjármálum sett í samhengi við stöðu mála í öðrum löndum. Í áttunda kafla er gefið yfirlit um þjóðhagsspá Hagstofunnar, sem fjárlagafrumvarpið byggir á. Í níunda kafla eru kynnt áform um kynjaða hagstjórn. Í lok heftisins er töfluviðauki með ýmsum upplýsingum um ríkisfjármálin.

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Heimildir.

Í síðari hluta er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjur, gjöld og lánsfjármál. Í fyrsta lagi koma fram lagagreinar þar sem meginniðurstöður ríkisfjármála eru sýndar ásamt heimildarákvæðum. Í öðru lagi er sýnd sundurliðun á tekjum ríkissjóðs, fjárreiðum stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna. Þessar sundurliðanir eru fylgihluti lagagreinanna. Í þriðja lagi eru séryfirlit af ýmsu tagi til skýringar. Að lokum er greinargerð um lagagreinarnar og yfirlitin.

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

1 Ríkisfjármálastefnan

Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna frá vorinu 2009 kemur fram að hornsteinar efnahagsstefnunnar séu trúverðug efnahagsáætlun og stefnumörkun í ríkisfjármálum til fjögurra ára sem miðar að hallalausum fjárlögum innan ásættanlegs tíma, nánar tiltekið að jöfnuði verði náð í rekstrarafkomu ríkisins eigi síðar en árið 2013. Markmið ríkisstjórnarinnar og eitt meginverkefni hennar er að laga rekstur ríkisins að gjörbreyttum efnahagslegum raunveruleika en í því felst óhjákvæmilega að grípa þarf til víðtækra ráðstafana. Í því skyni hefur ríkisstjórnin sett sér markmið í ríkisfjármálum í samræmi við samstarfsáætlunina við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um endurreisn íslensks efnahagslífs. Þessi áform ríkisstjórnarinnar voru útfærð nánar í sérstakri skýrslu um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á árunum 2009–2013 sem fjármálaráðherra lagði fyrir Alþingi í júní árið 2009. Stefnumörkunin sem fram kom í skýrslunni fól í sér skýr og staðföst viðbrögð stjórnvalda við þeim djúpstæða vanda sem við blasti í ríkisfjármálunum.

Í sem skemmstu máli sagt miðar ríkisfjármálastefnan að því að stöðva hallarekstur og skuldasöfnun ríkisins svo ríkisstarfsemin verði aftur sjálfbær. Áætluninni er ætlað að koma í veg fyrir að vandinn verði erfiðari viðfangs vegna frekari aukningar skulda með tilheyrandi vaxtabyrði. Gangi áætlunin eftir verður að nokkrum árum liðnum unnt að verja rekstrarafgangi til þess að grynnka jafnt og þétt á skuldunum sem ríkissjóður hefur þurft að taka á sig í kjölfar efnahagshrunsins. Þannig mun ríkið öðlast aukið fjárhagslegt bolmagn til byggja upp þjónustu og efla velferðarkerfið og bæta þar með skilyrði samfélagsins og atvinnulífsins til lífskjarasóknar.

Á grundvelli þessarar stefnumörkunar var gripið til sérstakra afkomuaðgerða til að mæta versnandi horfum í ríkisrekstrinum á seinni helmingi ársins 2009 og í framhaldi af því ákveðnar róttækar ráðstafanir í fjárlögum fyrir árið 2010, bæði á tekju- og gjaldahlið. Samhliða því hefur verið unnið hörðum höndum að endurreisn fjármálakerfisins þannig að því verkefni er nú að stórum hluta lokið af hálfu stjórnvalda. Einnig hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða til aðstoðar heimilum og fyrirtækjum vegna skuldavanda þeirra og til að örva atvinnusköpun, sem þegar hafa skilað verulegum árangri. Áhrif þeirra ráðstafana eiga eftir að koma betur í ljós á næstu misserum.

Í öðrum köflum þessa fyrri hluta fjárlagafrumvarpsins er fjallað nánar um framgang og endurskoðun á áætluninni um jöfnuð í ríkisfjármálum frá því hún var sett fram og ráðstafanir sem tengjast henni.

Áhrif fjármála- og skuldakreppunnar haustið 2008 hafa óvíða verið jafn afdrifarík og á Íslandi. Hrun bankakerfis af þeirri stærðargráðu sem varð hér á landi þekkist ekki í öðrum þróuðum löndum ásamt viðlíka falli á verðmæti verulegs hluta helstu fyrirtækja landsins. Hrun gjaldmiðilsins á sér fáar hliðstæður og við því var brugðist með ströngum gjaldeyrishöftum. Í kjölfarið gengur þjóðarbúið nú í gegnum dýpri efnahagslægð en dæmi eru um áður. Áætlað er að samdráttur landsframleiðslu áranna 2009 og 2010 geti orðið samtals um 8–10%. Með aðgerðum núverandi ríkisstjórnar varð Ísland eitt af fyrstu löndunum til að bregðast við eftir að afleiðingar alþjóðlegu fjármálakreppunnar og hrun ofvaxins bankakerfis komu að fullu í ljós. Gripið var til skjótra og markvissra ráðstafana þegar á miðju ári 2009 og í beinu framhaldi með fjárlögum fyrir árið 2010 til að draga hratt úr stórfelldum halla ríkissjóðs. Um leið var leitast við að takmarka eins og kostur var að afleiðingar kreppunnar bitnuðu af fullum þunga á þeim sem lakast voru settir fyrir, s.s. öryrkjum og öldruðum. Engu að síður er ljóst að vegna þeirra miklu skuldabyrða sem ríkissjóður hefur þurft að axla eru því mikil takmörk sett í hvaða mæli unnt er að beita ríkisfjármálunum til þess að milda efnahagsáfallið eða örva hagvöxt með þeim hætti sem gert hefur verið í mörgum öðrum löndum.

Raunar eru allar horfur á að fleiri þjóðir muni á næstunni þurfa að feta svipaða leið í þessum efnum og Íslendingar. Líkt og hér á landi leiddi fjármálakreppan haustið 2008 af sér skuldakreppu í mörgum löndum þar sem stjórnvöld hafa þurft að forða bönkum frá falli með fjárframlögum. Þar með hafa ríkin tekið á sig afar íþyngjandi skuldbindingar vegna umfangsmikilla ráðstafana til að halda fjármálaþjónustu á floti og örva efnahagsstarfsemi. Má segja að við það hafi ofþensla og fjármögnunarvandi fjármálafyrirtækja breyst í að verða skuldavandi viðkomandi ríkja. Í kjölfarið eru ríkissjóðir margra landa nú reknir með verulegum halla þar sem efnahagssamdráttur hefur leitt til þess að tekjur hafa dregist saman samhliða því að útgjöld hafa aukist. Víða um heim er því verið að bregðast við versnandi skuldastöðu, auknum vaxtagjöldum og halla á rekstri hins opinbera með róttækum aðgerðum til að bæta afkomuna. Líklega verða umskiptin í efnahagslífinu og ríkis-

fjármálunum þó óvíða jafn mikil og erfið viðfangs og hér á landi en vonir standa til að afleiðingar kreppunnar geti orðið talsvert skammvinnari hér á landi ef áætlun stjórnvalda um hraða aðlögun á ríkisrekstrinum gengur fram sem skyldi á næstu þremur árum. Til lengri tíma litið eiga að vera fyrir hendi allar forsendur til þess Ísland geti áfram skipað sér í hóp þeirra þjóða þar sem best er staðið að almannaþjónustu.

Ekki má gleymast að fjármála- og skuldakreppan felur fyrst og fremst í sér verðfall og eyðingu peningalegra verðmæta til mikils skaða fyrir eigendur þeirra, hvort heldur sem eru verðbréfa- eða hlutabréfaeigendur, lánadrottnar eða heimilin sem eigendur fasteigna. Fjármálakreppan hefur vitaskuld einnig laskað efnahagslífið mikið tímabundið með skaðvænlegum áhrifum á rekstrarhæfi fyrirtækja og fjárfestingar þeirra, kaupmátt heimilanna og nýtingu framleiðsluþátta, sem kemur m.a. fram í stórauknu atvinnuleysi. Raunhagkerfið hefur þó ekki skaðast með sama hætti og fjármálakerfið. Mannauður, framleiðslutæki, mannvirki og fasteignir, innviðir og auðlindir eru áfram fyrir hendi. Ennþá fer fram mikil framleiðsla og verðmætasköpun með góðum horfum fyrir mikilvægar útflutningsgreinar vegna áhrifa af gengisfalli íslensku krónunnar. Innlend framleiðslustarfsemi hefur einnig aukið markaðshlutdeild sína á ýmsum sviðum af sömu orsökum og nýjar vaxtagreinar sækja fram. Verkefni stjórnvalda og helstu hagsmunaaðila þjóðfélagsins er að taka höndum saman um að skapa skilyrði og hvata til að gangverk atvinnulífsins geti skilað góðum afrakstri og skapað hagvöxt og lífskjarabata fyrir þjóðina, sem byggður verði á traustari grunni en bólu- og ofþensluuppgangur áranna fyrir hrunið. Það mun á endanum skila hinu opinbera nægilegum tekjum til að gera kleift að endurheimta þá skerðingu á samneyslunni sem þrengingar undanfarinna missera hafa óhjákvæmilega í för með sér.

Eftir sem áður verður að horfast í augu við það um hríð að vegna þeirra aðstæðna sem nú ríkja í þjóðarbúskapnum og aðlögunarinnar sem verður að eiga sér stað í ríkisfjármálum munu flestir hópar þurfa að taka á sig skerðingu á lífskjörum í einhverjum mæli. Allir sem hafa burði til þess verða að leggja sitt af mörkum til þess að endurreisnarstarfið takist og hægt verði að byggja upp velferðarþjóðfélag á traustari stoðum en áður var. Ljóst má vera að engin leið er til þess að draga saman seglin í ríkisstarfseminni í þeim mæli sem þörf er á án þess að það hafi áhrif á starfsmannafjölda og stuðning ríkissjóðs við þá einstak-

linga og heimili sem betur standa. Ríkisstjórnin ætlar sér að takast á við þátt ríkisfjármálanna í þessu viðfangsefni af ábyrgð og einurð. Engum þarf að dyljast að það verkefni verður ekki leyst nema með blandaðri leið aukinnar tekjuöflunar og samdráttar í útgjöldum. Það sem kann þó að ráða úrslitum er að hagvöxtur næstu ára verði nægilegur til að tekjur ríkissjóðs vaxi jafnt og þétt. Náist sett markmið ekki gæti trúverðugleiki stjórnvalda skaðast, bæði innanlands og utan, og lánsfjáröflun orðið mun torsóttari og dýrari. Einnig má vera ljóst að ef markmið um jöfnuð í ríkisfjármálum næst ekki innan viðunandi tíma munu skuldasöfnun og tilheyrandi vaxtagjöld aðeins auka á vandann og ryðja úr vegi frekari framlögum til velferðarmála og grunnþjónustu. Það ríður því mikið á að vel takist til við að sækja að settum markmiðum.

Það er ásetningur stjórnvalda að verja velferðarkerfið og auka jöfnuð í þjóðfélaginu eins og kostur er og að aðhaldsaðgerðir hins opinbera raski sem minnst hag heimilanna. Með þetta að leiðarljósi mun ríkisstjórnin leita eftir samstarfi við þá hagsmunaaðila sem þurfa að koma að endurreisnaráætluninni, þannig að sem víðtækust samstaða náist um markmið áætlunarinnar og þær leiðir sem farnar verða að þeim. Brýnt er að allir helstu kraftar samfélagsins verði virkjaðir til að tryggja sjálfbærni ríkisfjármálanna og endurreisa efnahagslífið af ábyrgð og á þann hátt að skoðanamunur um aðferðir leiði ekki til sundurþykkju.

Þegar líður að lokum þessa árs verða flestir kjarasamningar lausir, bæði á almennum vinnumarkaði og þeim opinbera, hafi ekki náðst nýir samningar áður. Eins og þetta fjárlagafrumvarp ber með sér getur ríkið ekki risið undir hækkunum á launum starfsmanna sinna á næsta ári nema eitthvað annað láti undan í staðinn til að halda aftur af launakostnaði eins og fækkun starfa. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að launakjör verði óbreytt á næsta ári til að varna því að segja þurfi upp starfsmönnum í meiri mæli en þörf kann reynast fyrir vegna aðhaldsráðstafana á sumum sviðum ríkisstarfseminnar. Í þessu sambandi þarf einnig að hafa í huga að á árinu 2009 voru gerðir kjarasamningar við fjölmenna hópa ríkisstarfsmanna sem fólu í sér umtalsverðar hækkanir til þeirra lægst launuðu. Algeng hækkun hjá þeim hópum var um 3,25% frá 1. júlí 2009, 3,15% frá 1. nóvember 2009 og 6% frá 1. júní 2010 eða sem svarar til um 13% á ársgrundvelli á tímabilinu. Á sama hátt gerir frumvarpið ráð fyrir að engar hækkanir verði á grunnfjárhæðum bótakerfa, s.s. almannatrygginga, atvinnuleysistrygginga, barnabótum,

vaxtabótum og fæðingarorlofsgreiðslum. Hér er um að ræða heildstæða ráðstöfun vegna launa og bóta sem gerð er af illri nauðsyn til að koma í veg fyrir aukningu útgjalda sem ríkissjóður getur ekki staðið undir.

Meginniðurstaða frumvarpsins er að á næsta ári verði stigið stórt skref á leiðinni til þess að ríkisfjármálin verði aftur sjálfbær og þar með til þess að ríkisstjórninni takist það ætlunarverk sitt að tryggja að ríkissjóður hafi áfram bolmagn til að standa undir grunnþjónustu við samfélagið og velferðarkerfi fyrir þá þjóðfélagshópa sem þurfa mest á því að halda. Farin verður blönduð leið aukinnar tekjuöflunar og samdráttar í útgjöldum en í þessum áfanga verður þó þungi aðgerðanna að mestu á útgjaldahliðinni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir beinum aðgerðum til að bæta afkomu ríkissjóðs frá því sem ella hefði orðið sem nema um 44 milljörðum kr. Er það í samræmi við markmið um að frumjöfnuður ríkisrekstrarins, þ.e. þegar vaxtatekjur og -gjöld eru undanskilin, verði orðinn jákvæður á næsta ári. Gert er ráð fyrir ráðstöfunum til aukinnar tekjuöflunar sem nemi 11 mia.kr. og til samdráttar í útgjöldum sem nemi 33 mia.kr. miðað við mat á horfum að óbreyttu.

Á tekjuhliðinni er ekki um að ræða teljandi breytingar á helstu tekjustofnum á borð við tekjuskatt einstaklinga, virðisaukaskatt og tryggingagjald, heldur er borið niður með sértækari hætti í öðrum minni tekjuliðum eins og fjallað er um í kafla 2 í seinna hefti frumvarpsins.

Í áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum var mótuð stefna varðandi komandi aðlögunaraðgerðir. Sú stefna byggðist á þeim félagslegu sjónarmiðum sem stjórnarsamstarfið byggir á og samrýmast markmiðum um velferð. Hvað tekjuöflun varðar var lögð áhersla á jafnræði og tekjujöfnun í skattkerfinu auk þess sem umhverfissjónarmið og ábyrg nýting auðlinda landsins eru mikilvægir þættir í stefnumótuninni. Þær breytingar á tekjuöflun sem þegar hafa verið gerðar mótast mjög glögglega af þessum sjónarmiðum og þegar gætir meiri jöfnuðar í skattlagningu en verið hefur hin síðari ár. Sem dæmi um það er að skatthlutfall í tekjuskatti við álagningu 2010 lækkaði frá því sem það hafði verið 2009 fyrir einstaklinga með árstekjur allt að 5–6 m.kr. en hækkaði þar fyrir ofan. Þessi lækkun nær til 60–70 % allra gjaldenda.

Ljóst var þegar í upphafi að skammur aðdragandi og takmarkað umfang fyrstu breytinga á tekjum myndi vart nægja til að koma á þeim breyt-

ingum á skattkerfinu sem að er stefnt. Þær breytingar eru ekki nema að litlu leyti til að auka tekjuöflun. Veigameiri þáttur í þeim er að laga skattkerfið að þeim markmiðum sem nefnd hafa verið, auka jafnræði meðal skattborgara, styrkja tekjujöfnun skattkerfisins og beita því til verndar umhverfinu og til að tryggja varanleika auðlinda þjóðarinnar og hag hennar af þeim. Í þessum tilgangi skipaði fjármálaráðherra starfshóp, sem vinnur að þessu verkefni samkvæmt ítarlegu erindisbréf. Hefur hann skilað áfangaskýrslu með fyrstu niðurstöðum um breytingaþörf og hugmyndum sem aflað geta ríkissjóði áformaðra tekna á árinu 2011 og samrýmast væntanlegum heildartillögum starfshópsins, sem honum er ætlað að skila fyrir árslok 2010. Starfshópurinn hefur sér til samráðs nefnd skipaða fulltrúum fjölmargra hagsmunasamtaka og eins starfar hann í nánu sambandi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í samræmi við forgangsröð ríkisstjórnarinnar um að leitast við að hlífa eins og kostur er velferðarþjónustu og tekjutilfærslum til þeirra sem búa við lökustu kjörin var ákveðið að aðhaldsaðgerðir á útgjaldahlið væru af þrennum toga. Í fyrsta lagi verði ekki um að ræða sérstakar hækkanir á launum ríkisstarfsmanna né á grunnfjárhæðum bótakerfa. Áætlað er að það lækki útgjaldahorfur að óbreyttu um a.m.k. 5 mia.kr. Í öðru lagi verði gerðar sértækar ráðstafanir til lækkunar á nokkrum útgjaldaþungum liðum sem nemi 10 mia.kr., s.s. vegaframkvæmdum, vaxtabótum og fæðingarorlofi. Að samanlögðu gerir þetta tvennt kleift, í þriðja lagi, að ekki þurfi að skerða beinlínis bætur almannatrygginga líkt og nú er talið óhjákvæmilegt í ýmsum öðrum Evrópuríkjum og að unnt er að setja almenn markmið um aðhald í útgjaldaveltu ráðuneyta þar sem gengið er út frá mun lægri hlutfallslegri hagræðingarkröfu í sjúkratryggingum, eða 3%, velferðarþjónustu, framhaldsskólum og löggæslu, eða 5%, en í almennri stjórnsýslu, eða 9%. Ráðuneytin hafa útfært þær ráðstafanir í frumvarpinu með margvíslegri forgangsröðun og áformum um endurskipulagningu verkefna og er þeim aðgerðum ætlað að skila 18 mia.kr. sparnaði. Annað árið í röð verður því helmingi minni skerðing á framlögum til velferðarmála en til stjórnsýslu og almenns rekstrar á vegum ríkisins. Samtals er þannig gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum eða koma í veg fyrir útgjaldahækkanir sem nema 33 mia.kr. í fjárlagafrumvarpinu.

Mikið er í húfi að það takist að ná þessum markmiðum frumvarpsins á næsta ári. Gangi það eftir verður staða ríkisfjármálanna orðin allt önnur

en þegar ríkisstjórnin tók við og viðfangsefni sem gæti hafa virst vera nánast óvinnandi verk væri auðsjánlega orðið viðráðanlegt. Umskipti í frumjöfnuði ríkissjóðs frá árinu 2009 gætu þannig verið orðin um 117 milljarðar kr. á næsta ári. Það væri til marks um styrk tök á ríkisfjármálunum.

Afkoma ríkissjóðs 2008–2011



Í frumvarpinu er nú í fyrsta sinn settur fram bindandi útgjaldarammi á nafnviði til næstu tveggja ára. Það felur í sér þá stefnumörkun að ramma fyrir heildarútgjöld áranna 2011 og 2012 verði ekki breytt svo fremi sem frávik í verðlagsforsendum verði innan hóflegra marka, eða innan við 1,5%, og þess sem rúmast innan óskiptrar fjárheimildar í fjárlögunum til að mæta slíkum frávikum og óvissum útgjöldum. Að öðru leyti verði allar ákvarðanir og frávik að rúmast innan rammans þannig að beita verði forgangsröðun eða grípa til mótvægisráðstafana vegna breytinga á fjárheimildum eða við framkvæmd fjárlaganna. Nokkrir óreglulegir liðir eru þó undanskildir úr heildarrammanum eins og nánar er skýrt í kafla 3 um langtímaáætlunina. Margir aðilar, þ.m.t. alþjóðastofnanir, sem fylgjast með ríkisfjármálum hér á landi hafa talið slíkt verklag vera lykilatriði í að auka trúverðugleika fjárlaganna frá því sem verið hefur. Í langtímaáætluninni eru einnig markaðir leiðbeinandi rammar fyrir árin tvö þar á eftir, 2013–2014, sem geta þó komið til endurskoðunar vorið 2012 við undirbúning fjárlagafrumvarps ársins 2013 með tilliti til launa- og verðlagsforsendna og hugsanlegra breytinga á aðstæðum.

Efnahagslífið nálgast nú jafnvægisstöðu eftir margra ára óstöðugleika og getur tekið að vaxa á nýjan leik á þeim grundvelli. Viðskiptahalli hefur snúist í afgang, verðbólga hefur hjaðnað mikið, stýrivextir lækkað jafnt og þétt, dregið hefur úr atvinnuleysi og það er minna en spáð var á sama tíma og gengi krónunnar hefur styrkst talsvert, sérstaklega gagnvart evru. Með hæstaréttardómi um svonefnd gjaldeyrislán hefur óvissu verið eytt að miklu leyti um áhrif þeirra á hag heimilanna og fjárhagsstöðu fjármálafyrirtækja. Vísbendingar eru um að efnahagsbatinn sé hafinn þótt eðlilega verði ennþá nokkur óvissa um framvinduna næstu misserin.

Útlit er fyrir að á næsta ári fari hagkerfið að taka vel við sér eftir þá djúpu lægð sem gekk yfir það í kjölfar fjármálakreppunnar haustið 2008. Samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofunnar frá því í júní sl., sem fjárlagafrumvarpið byggist á, er reiknað með að vöxtur landsframleiðslunnar verði um 3,2% á næsta ári og um 3,4% árið 2012 eftir 6,5% samdrátt á árinu 2009 og 2,9% á yfirstandandi ári.

Hagvöxtur



Verðbólga hefur farið ört hjaðnandi en hún mældist 12% á milli áranna 2008 og 2009 miðað við vísitölu neysluverðs. Samkvæmt spá Hagstofunnar er áætlað að verðbólgan verði 6% á yfirstandandi ári og lækki síðan niður í 3,5% á næsta ári og haldist í um 2,5% næstu ár þar á eftir, eða við verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands.

Verðbólga



Stýrivextir Seðlabanka Íslands hafa lækkað jafnt og þétt. Stýrivextirnir náðu hámarki veturinn 2008–2009 en þeir fóru þá hæst í 18%. Á árinu 2009 voru stýrivextirnir að meðaltali í 13,7% en á yfirstandandi ári, fram í september 2010, hafa stýrivextirnir verið að meðaltali í 8,6%. Stýrivextirnir voru lækkaðir úr 8% í 7% í ágúst sl. og virðist fátt því til fyrirstöðu að Seðlabankinn haldi áfram að lækka vexti.

Stýrivextir Seðlabanka Íslands



Eitt greinilegasta merkið um aðlögun þjóðarbúsins í kjölfar fjármálakreppunnar eru umskiptin í viðskiptajöfnuðinum. Skýrist það að miklu

leyti af verulegum samdrætti í innflutningi en samkvæmt tölum Hagstofunnar dróst magn innflutnings saman um 24% á árinu 2009. Viðskiptajöfnuður, þ.e. vöruskipta- og þjónustujöfnuður og þáttatekjur, sem hlutfall af landsframleiðslu var neikvæður um -22,1% árið 2008 en snerist í -2,2% árið 2009. Áætlað er að viðskiptajöfnuðurinn á yfirstandandi ári verði jákvæður sem nemur um 0,5% af landsframleiðslu. Í þjóðhagsspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að viðskiptajöfnuðurinn verði lítillega neikvæður á næstu árum, eða sem nemur um -1% af landsframleiðslu og -2,3% árið 2012 þar sem nokkuð dragi úr afgangi af vöru- og þjónustujöfnuði með auknum hagvexti.

Viðskiptajöfnuður



Rauntölur um skráð atvinnuleysi að undanförnu gefa til kynna að atvinnuleysi í ár gæti jafnvel orðið minna en gert er ráð fyrir í spá Hagstofunnar frá því í júní sl. en þar var reiknað með 9,1% atvinnuleysi. Í ágúst sl. mældist skráð atvinnuleysi 7,3% eða að meðaltali rúmlega 12 þúsund manns.. Á næsta ári er gert ráð fyrir í spá Hagstofunnar að atvinnuleysi verði 8,3% og að það lækki síðan smám saman í 6,3% árið 2012 og í kringum 5% árin 2013 og 2014.

Atvinnuleysi



Gert er ráð fyrir að þegar þetta frumvarp er lagt fram hafi þriðja endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins farið fram. Þar með muni vera farin að skapast skilyrði fyrir afnámi gjaldeyrishafta að því er varðar gjaldeyrisforða og þjóðhagslegan stöðugleika. Það mun í sjálfu sér skapa eðlilegri og betri skilyrði fyrir viðskiptum við aðrar þjóðir og þar með fyrir vexti landsframleiðslunnar.

2 Afleiðingar hrunsins á ríkisfjármálin

Hrun fjármálakerfisins og efnahagssamdrátturinn sem fylgt hefur í kjölfarið hafa valdið algerum umskiptum í fjármálum ríkisins. Fram til ársins 2008 hafði ríkissjóður um árabil verið rekinn því sem næst í jafnvægi eða með afgangi, sem síðustu árin var verulegur. Verðmætar ríkiseignir höfðu einnig verið seldar til einkaaðila, s.s. bankar og Landsíminn, og andvirðið notað að talsverðum hluta til að lækka skuldir ríkisins. Nettóskuldir voru því orðnar mjög lágar í samanburði við flest önnur Evrópuríki og vaxtakostnaður því einnig orðinn hóflegur. Því til viðbótar höfðu inneignir ríkissjóðs í Seðlabankanum aukist umtalsvert eða sem þá nam ríflega 10% af vergri landsframleiðslu. Ekki var þó allt sem sýndist því sívaxandi hluti tekna ríkissjóðs byggðist á sköttum á ofvaxið bankakerfi og net eignarhaldsfélaga, gríðarlegum viðskiptahalla og almennri þenslu í hagkerfinu, sem leiddi af eignabólum og auðveldu aðgengi að ódýru lánsfjármagni. Við það bættist að vegna endurtekinna lækkana á skattaprósentum og krónutöluskatta sem höfðu verið látnir rýrna að verðgildi árum saman hafði tekjuöflunarkerfi ríkisins veikst umtalsvert og var illa í stakk búið til að bera uppi allar þær útgjaldaskuldbindingar sem efnt hafði verið til á tímum góðrar afkomu þegar að því kom að góðærinu lauk. Þegar áfallið reið yfir hafði ríkið litla burði til þess að milda samdráttinn í efnahagslífinu með óbreyttri eða jafnvel minni skattheimtu.

Við hrun bankakerfisins komu þessir veikleikar ríkisfjármálanna í ljós ásamt öllum þeim miklum skakkaföllum sem bankahrunið olli ríkissjóði á nánast einni nóttu. Skömmu eftir að hrunið dundi yfir var áætlað að rekstrarhalli ríkisins færi upp í um 13% af landsframleiðslu á árinu 2009 og að skuldastaðan yrði nokkru meiri en landsframleiðsla ársins. Við afgreiðslu fjárlaga 2009 hafði fyrri ríkisstjórn miðað við að ekki yrði gripið til verulegra ráðstafana í ríkisfjármálum heldur yrði að mestu leyti látið duga að falla frá fyrri áformum um aukin útgjöld. Þegar líða tók á árið 2009 var ljóst að horfurnar voru verri og útlit var fyrir að halli ríkissjóðs yrði enn meiri. Ný ríkisstjórn brást við því með því að setja fram áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á kjörtímabilinu þar sem gripið var til aðgerða til að bæta afkomu ríkissjóðs strax um mitt árið 2009. Tókst með því að afstýra því að vandinn yrði ennþá erfiðari viðfangs. Óhjákvæmilegt reyndist að halda áfram að aðlaga skattkerfið að breyttum aðstæðum í fjárlögum fyrir árið 2010.

Viðsnúninginn sem varð á stöðu ríkissjóðs við hrunið má rekja annars vegar til stóraukinna útgjalda, sem tengdust bankahruninu og efnahagsáfallinu og hins vegar til tekjubrests, sem varð þegar tekjustofnar hrundu. Eitt þyngsta höggið sem lenti á ríkissjóði var vegna tapaðra krafna Seðlabankans á fjármálafyrirtæki, sem ríkið þurfti að taka yfir og afskrifa til þess að koma í veg fyrir gjaldþrot Seðlabankans. Það tjón nam um 192 mia.kr. og var gjaldfært í ríkisreikningi ársins 2008. Þá vega þungt skuldir sem ríkið hefur þurft að taka á sig og áhrif þeirra á vaxtakostnað. Í fyrsta lagi má reikna með því að kostnaður við endurfjármögnun banka og sparisjóða gæti nálgast 200 mia.kr., þótt þar komi á móti eignarhlutar sem ættu að geta skilað arði eða sölutekjum þegar fram í sækir. Í öðru lagi gaf ríkið út 270 mia.kr. verðtryggt skuldabréf til að endurfjármagna Seðlabankann og koma í veg fyrir að hann færi í þrot. Það skuldabréf hefur nú verið lækkað niður í um 170 mia.kr. eftir að bankinn yfirtók aftur hluta af kröfum vegna dag- og veðlána sem gengið höfðu til ríkisins. Í þriðja lagi hefur ríkið þurft að standa að mjög verulegum lántökum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og nokkrum samstarfslöndum um áætlunina um efnahagsendurreisnina til þess að stækka gjaldeyrisvaraforða landsins. Hluti af þeim lánum færist í reikninga Seðlabankans en reikna má með því að sá hluti sem telst til skulda ríkissjóðs gæti legið nærri 120 mia.kr. í lok þessa árs. Í fjórða lagi leiðir hallarekstur ríkissjóðs til aukinnar skuldasöfnunar en hallinn var um 140 mia.kr. á árinu 2009 og verður að líkindum hátt í 100 mia.kr. í ár. Þessir samverkandi fjármögnunarþættir hafa í för með sér gríðarlega hækkun á vaxtakostnaði ríkissjóðs. Árið 2007 námu vaxtaútgjöldin um 1,7% af VLF og sem svarar til um 4,5% af heildartekjum ríkisins en á næsta ári er gert ráð fyrir að þessi útgjöld verði um 4,5% af VLF og sem svarar til nærri 16% af heildartekjunum.

Við afgreiðslu fjárlaga 2009 voru gerðar ráðstafanir á tekju- og gjaldahlið til að bæta afkomu um 45 mia.kr. frá því sem áformað hafði verið í fjárlagafrumvarpinu og til að varna útgjöldum sem fallið hefðu til ef ekki hefði verið brugðist við. Um mitt sama ár voru kynntar sértækar ráðstafanir sem ætlað var að lækka útgjöld um rúmlega 9 mia.kr. og skila ríkissjóði í heild um 22 mia.kr. betri afkomu en ella hefði orðið. Þrátt fyrir þessar aðgerðir hlutu útgjöld ríkissjóðs að aukast mjög verulega á árinu 2009[1]. Eins og áður segir var meginástæðan stórfelld

[1] Hér er undanskilin afskrift á 192 mia.kr. í töpuðum kröfur í útgjöldum ársins 2008.

hækkun vaxtagjalda. Í öðru lagi hefur efnahagssamdrátturinn leitt til verulegrar aukningar tilfærsluútgjalda og vega þar langþyngst útgjöld vegna atvinnuleysisbóta auk útgjalda við auknar vaxtabætur og húsaleigubætur og fleiri aðgerðir til að vega á móti afleiðingum efnahagskreppunnar fyrir heimilin. Í þriðja lagi má nefna um 2,5 mia.kr. kostnað vegna ríkisábyrgða á skuldum á vegum föllnu bankanna þriggja sem komu til áður en bankarnir voru einkavæddir, auk margvíslegs annars kostnaðar við rannsóknir, eftirlit og uppgjör í kjölfar bankahrunsins. Að lokum má benda á að búast verður við að umtalsverður kostnaður falli á ríkissjóð vegna ábyrgða sem falla á Tryggingarsjóð innstæðueigenda sem ekki er innstæða eða eignir fyrir en óljóst er hver endanleg niðurstaða verður.

Ljóst var að fjármála- og skuldakreppan myndi hafa afdrifarík áhrif á hagkerfið þannig að atvinnustig, ráðstöfunartekjur heimila og einkaneysla tækju mikla dýfu. Hefur það gengið eftir þótt niðursveiflan hafi ekki orðið jafn djúp og talið var í fyrstu. Þegar á fyrstu mánuðum ársins 2009 stefndi í enn meiri samdrátt skatttekna en gert hafði verið ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlaga. Sömuleiðis var þá ljóst að útgjöldin yrðu umfram áætlun. Um mitt árið voru því gerðar ýmsar ráðstafanir til aukinnar tekjuöflunar og til að stöðva vöxt útgjalda. Með því móti stóðst áætlun fjárlaga á greiðslugrunni og rétt ríflega það. Eftir stendur að þrátt fyrir þessar tekjuöflunaraðgerðir drógust skatttekjur ríkissjóðs saman um 7% á nafnvirði milli áranna 2008 og 2009 en það svarar til um 17% að raungildi. Grípa varð til enn frekari skattahækkana í fjárlögum ársins 2010 en engu að síður er reiknað með að hlutfall skatttekna af landsframleiðslu, sem var 31,3% árið 2007, lækki niður í 25,8% á yfirstandandi ári miðað við rekstrargrunn fjárlaga. Á sama tíma er áætlað að heildargjöld ríkissjóðs, sem voru 30,4% af landsframleiðslu árið 2007, hækki í 34% á þessu ári en þar vega þyngst aukinn vaxtakostnaður og útgjöld vegna atvinnuleysis.

Samhliða fjármálakreppunni sem leitt hefur af sér efnahagskreppu hafa Íslendingar þurft að glíma við djúpa gjaldeyriskreppu. Í mars 2008 lækkuðu krónuvextir á gjaldmiðlaskiptamarkaðnum og í kjölfarið lækkaði krónan snögglega. Vantraust á innlendar fjármálastofnanir og fyrirtæki fór vaxandi sem leiddi til útflæðis gjaldeyris og stöðutöku gegn krónunni. Krónan átti því undir högg að sækja frá mars 2008 og við hrun bankanna í október féll gengi hennar nánast viðstöðulaust og var

þá gripið til þess ráðs að skammta gjaldeyri. Í samstarfi við AGS, var ströngum gjaldeyrishöftum komið á. Hefur krónan haldist nokkuð stöðug síðan og hefur raunar tekið að styrkjast allnokkuð á þessu ári, einkum gagnvart evru. Fall krónunnar hafði neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóð. Verðbólga jókst í kjölfar hennar sem leiddi til aukinna rekstrarútgjalda. Sumir veigamiklir útgjaldaliðir ríkissjóðs eru beinlínis greiddir í erlendri mynt, s.s. verulegur hluti útgjalda utanríkisráðuneytisins, eða eru tengdir beint við erlenda gjaldmiðla í verðlagningu, s.s. lyf, og hafa þeir því hækkað verulega. Að lokum má nefna að skuldir og vaxtagreiðslur í erlendri mynt hafa hækkað með veikari krónu.

Myndin hér á eftir sýnir umskiptin í ríkisfjármálunum vegna tekjufallsins og áfallinnar skuldabyrði með tilheyrandi vaxtakostnaði. Sýndar eru nettóskuldir fremur en brúttóskuldir þar sem að á móti talsverðum hluta skuldanna standa peningalegar eignir, einkum í gjaldeyrisvarasjóðnum sem draga má frá svo fremi sem ekki þarf að grípa til þeirra.

Umskiptin í ríkisfjármálunum: skuldir, vaxtagjöld og tekjur



Myndin hér á eftir sýnir afkomu ríkisins frá árinu 2004 til 2009 samkvæmt niðurstöðu ríkisreiknings og áætlaða útkomu áranna 2010–2013 samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarpsins og langtímaáætlunar í ríkisfjármálum. Grafið nær frá þeim tíma þegar ríkisreksturinn náði jafnvægi eftir nokkurn samdrátt í efnahagslífinu 2002–2003 og yfir upp-

gangs- og þenslutímabilið sem þá tók við og sýnir síðan árin eftir að fjármálakreppan skall yfir og þar til jöfnuði verður náð að nýju samkvæmt þeim markmiðum sem sett hafa verið. Til að leiða betur í ljós undirliggjandi þróun hafa verið undanskildir tveir óreglulegir liðir sem eru áhrifin á tekju- og gjaldahlið af sölu Landsímans árið 2005 og einskiptis gjaldfærslu tapaðra krafna vegna Seðlabankans árið 2008.

Afkoma ríkissjóðs 2004–2013



Myndin sýnir hvernig neikvæð áhrif samdráttar í tekjum ríkissjóðs munu hafa í för með sér að þegar jafnvægi í ríkisfjármálum verður náð aftur verður það við talsvert lægra hlutfall af landsframleiðslu en áður. Í þessari þróun felst einnig að ruðningsáhrif stóraukinna vaxtagjalda og atvinnuleysisútgjalda munu verða til þess að aðrir málaflokkar ríkisstarfseminnar verða að láta undan síga. Á hinn bóginn er ljóst að skuldir íslenska ríkisins munu halda áfram að vaxa þangað til jafnvægi hefur verið náð í ríkisrekstrinum. Við stefnumörkun í þessum efnum þarf því að horfa til mjög langs tíma, fram yfir kjörtímabil núverandi ríkisstjórnar. Gangi það eftir að aðhald verði nægilegt í ríkisútgjöldunum og hagvöxtur glæðist í þeim mæli að tekjuhlið ríkissjóðs styrkist eins og reiknað er með þá mun myndast góður afgangur á heildarafkomunni í lok tímabilsins. Sá afgangur mun þá geta gengið til þess að lækka skuldastöðuna og þar með vaxtabyrðina. Samhliða því ætti að verða hægt að byggja aftur upp þjónustukerfi og velferðarnet hins opinbera smám saman en þá á nýjum og endurskiplögðum grundvelli.

Hærra skuldahlutfall, auknar vaxtagreiðslur og mikil fjárþörf ríkissjóðs ætti við eðlilegar aðstæður á fjármálamarkaði að leiða til hærri vaxta en ella. Aðstæður á Íslandi eru hins vegar þannig að fjárfestingarkostum erlendis hefur fækkað með gjaldeyrishöftum og innanlands við það að hlutabréfamarkaðurinn þurrkaðist nánast út í október 2008. Líklegt er að fjármögnunarkjör ríkissjóðs hafi verið hagstæð síðustu misserin vegna þessa. Til lengri tíma litið eru hins vegar allar líkur á að aðstæður á fjármálamarkaði muni breytast og fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs hækki. Mun það m.a. ráðast af trúverðleika stjórnvalda og ríkisfjármálastefnunnar. Þótt gert hafi verið ráð fyrir hækkandi vaxtastigi í langtímaáætluninni má ekki horfa fram hjá þessum þætti sem getur haft veruleg áhrif. Í þessu sambandi er þó rétt að vekja athygli á að skuldatryggingarálag ríkissjóðs á erlendum mörkuðum hefur lækkað jafnt og þétt síðustu misserin og var í byrjun september um 310 stig, sem er minna en helmingur þess sem það var í byrjun febrúar á þessu ári en þá fór það í um 650 stig. Þessi þróun er mjög jákvæð í ljósi þess að skuldatryggingarálag margra skuldugra ríkja hefur hækkað verulega á sama tíma.

3 Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum

3.1 Markmið áætlunarinnar og endurskoðun hennar

Í kjölfar hruns fjármálakerfisins hér á landi var mótuð aðgerðaáætlun í ríkisfjármálum í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) sem miðar að því að ná jafnvægi í ríkisfjármálum og þjóðarbúskapnum og þar með að skapa skilyrði fyrir nýrri uppbyggingu í efnahags- og atvinnulífi. Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna kom fram að áætlun um að ná jöfnuði í rekstrarafkomu ríkisins eigi síðar en árið 2013 væri forgangsverkefni á sviði ríkisfjármála. Sú stefna ríkisstjórnarinnar var útfærð og kynnt með sérstakri skýrslu sem fjármálaráðherra lagði fyrir Alþingi í júní árið 2009. Haft var samráð við aðila vinnumarkaðarins og fleiri hagsmunaaðila um helstu stefnumið ríkisfjármálanna í áætluninni.

Markmið efnahagsáætlunar stjórnvalda og AGS eru einföld og skýr. Áætlunin miðar að því að frumjöfnuður í rekstri ríkisins verði orðinn jákvæður árið 2011 og að talsverður afgangur verði á heildarjöfnuði árið 2013 þegar vaxtajöfnuður er meðtalinn. Í afkomumarkmiði í lok tímabilsins hefur þá verið miðað við að unnt verði í senn að byrja að lækka skuldastöðu ríkissjóð og að standa undir áætluðum skuldbindingum vegna samkomulags um uppgjör á IceSave-reikningum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi, sem ekki koma fram í fjárreiðum ríkisins á þessu stigi þar sem niðurstaða liggur ekki fyrir. Til lengri tíma litið er lögð höfuðáhersla á að ríkisreksturinn verði aftur sjálfbær og að skuldsetning ríkissjóðs verði viðunandi með lægri vaxtabyrði sem gefi meira svigrúm fyrir útgjöld annarra málaflokka.

Sjálfbærni í ríkisrekstrinum er lykilforsenda þess að Ísland geti áfram skipað sér í röð norrænna velferðarríkja en það er skýrt markmið í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna. Óbreyttur eða umtalsverður hallarekstur með þeim mikla mun sem nú er á tekjum og gjöldum leiðir hins vegar hratt til ófarnaðar og gerir skuldastöðuna ósjálfbæra eða óviðráðanlega. Vaxtakostnaður ríkissjóðs yxi með hverju árinu til að fjármagna halla hans sem að endingu yrði ávísun á enn frekari niðurskurð á ríkisútgjöldum. Seinkun á því að ná fram sjálfbærni í rekstri ríkissjóðs þýðir því í raun að komandi kynslóðir fengju ekki að njóta þess velferðarkerfis sem almenn samstaða hefur verið um í íslenskum stjórnmálum til þessa. Hefur því verið sett markmið um að heildar-

skuldir verði lægri en 60% af vergri landsframleiðslu (VLF) til lengri tíma litið.

Hornsteinar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eru raunhæf efnahagsáætlun um endurreisn atvinnulífsins og trúverðug stefnumörkun í ríkisfjármálum sem miðar að hallalausum fjárlögum. Auk þeirra meginmarkmiða sem greint var frá hér á undan eru markmið stjórnvalda og samstarfssamkomulagsins við AGS að:

- Umbreyta ríkisfjármálastefnunni þannig að hún verði sjálfbær og að opinberar skuldir nái jafnvægi á viðráðanlegu stigi.
- Ná stöðugleika í gengi íslensku krónunnar og afla trausts á peningamálastefnunni.
- Endurreisa og endurskipuleggja fjármálakerfi landsins og eftirlitskerfi þess.
- Gera heimilum og fyrirtækjum kleift að endurskipuleggja skuldir sínar.

Íslenskt efnahagslíf varð fyrir miklum áföllum haustið 2008 þegar óskað var eftir aðstoð AGS og trúverðugleiki landsins í efnahagsmálum hafði beðið mikinn hnekki. Almennt má segja að takmarkið með samstarfinu við AGS hafi í fyrsta lagi verið að skapa trúverðugleika og endurvekja traust á íslenskum efnahag. Í öðru lagi að ná fram stöðugleika í gengi krónunnar og halda þannig aftur af verðbólguvæntingum og koma í veg fyrir að skuldastaða heimila og fyrirtækja versnaði enn frekar. Í þriðja lagi að endurfjármagna og endurskipuleggja íslenskt fjármálakerfi en það er ein af grunnforsendum þess að hægt sé að veita heimilum og fyrirtækjum þá aðstoð og þjónustu sem þau þurfa á að halda. Í fjórða lagi að ná jöfnuði í ríkisrekstrinum og tryggja sjálfbærni hans. Ákvarðanir og aðgerðir sem gripið hefur verið til á sviði efnahags- og ríkisfjármála hafa haft þessi markmið að leiðarljósi og miða að því að skapa á ný skilyrði til hagvaxtar.

Hagvöxtur sem leiðir af traustum og arðbærum fjárfestingum og batnandi rekstrarskilyrðum atvinnulífsins er ein meginforsendan fyrir því að það takist að ná jafnvægi í fjármálum ríkisins á næstu árum. Markmiðið er sjálfbær vöxtur hagkerfisins, byggður á raunverulegri verðmætasköpun en ekki skuldsetningu og sem leiðir ekki til þess að efnahagslegt jafnvægi raskist. Þannig eflist tekjugrunnur ríkissjóðs og

sveitarfélaga, þörfin fyrir aðhald og niðurskurð á útgjaldahlið verður minni og í framhaldinu verður hægt að hefja uppgreiðslu skulda og snúa vörn í sókn í velferðarmálum.

Mikið hefur áunnist frá því að núverandi stjórnvöld tóku við. Ljóst er að traust á stefnu stjórnvalda hefur aukist, t.d. hefur skuldatryggingarálag á ríkissjóð lækkað mikið, krónan hefur styrkst á árinu án inngripa Seðlabankans á gjaldeyrismarkaðinn, endurfjármögnun bankakerfisins er lokið og gripið hefur verið til margvíslegra aðgerða til að aðstoðar heimilum og fyrirtækjum í vanda. Gera má ráð fyrir að athyglin muni á næstunni beinast enn meira að ríkisfjármálunum en áður enda ljóst að um gífurlega vandasamt verk er að ræða við að koma þeim í viðunandi horf. Án þess er til lengra tíma litið ólíklegt að Íslendingar muni búa við efnahagslegan stöðugleika og öflugt velferðarkerfi. Næstu árin er því líklegt að trúverðugleiki endurreisnar efnahagslífs landsins verði að stórum hluta metinn út frá stöðu ríkisfjármála og þeirra fyrirætlana sem unnið er eftir á því sviði á hverjum tíma.

Í fyrrnefndri skýrslu um aðlögunaráætlun ríkisfjármálanna var miðað við að bati frumjafnaðar þ.e. rekstrarafkomu án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda, verði um 3–4% af VLF að meðaltali á ári. Mestum árangri verði þó náð fyrstu tvö árin, þ.e. á yfirstandandi og næsta ári. Miðað við afkomu ársins 2009 á rekstrargrunni og áætlaða afkomu í ár sem birt er í frumvarpinu verður bati á frumjöfnuði á árinu 2010 rétt um 4%, ef frá eru taldar einskiptis, óreglulegar tekjur vegna Avens-samkomulags Seðlabankans og lífeyrissjóðanna um kaup á íbúðabréfum. Bókfærðar tekjur ríkissjóðs vegna samkomulagsins nema um 17,5 mia.kr. Á næsta ári er stefnt að því að batinn á frumjöfnuðinum verði litlu minni, eða 3,8%, og að hann verði síðan nálægt 2,5% árið 2012 og um 2% árið 2013. Á árinu 2013 er því gert ráð fyrir að afgangur á frumjöfnuði verði orðinn ríflega 5% af VLF og að afgangur á heildarjöfnuði verði um 2,5%. Eftir það verði leitast við að halda afkomunni í því sem næst óbreyttu horfi þannig að jafnt og þétt verði unnt að lækka skuldabyrðina og draga þar með úr vaxtakostnaði.

Í upphaflegu aðlögunaráætlunin sem kynnt var sl. sumar var gert ráð fyrir að bati frumjafnaðar yrði rúmlega 16% af VLF á tímabilinu sem áætlunin nær yfir, þ.e. frá 2009 til 2013. Ljóst er að áætlanagerð af þessum toga um þróun ríkisfjármálanna felur í sér umtalsverða óvissu

og að fara þarf fram reglubundin endurskoðun á henni í ljósi aðstæðna til að endurmeta þörf fyrir nauðsynlegar ráðstafanir. Fjölmargir áhrifaþættir geta þróast á annan veg en spáð var og stuðlað að því að framgangur að settum markmiðum verður ýmist betri eða lakari þannig að metin aðlögunarþörf getur breyst töluvert í hverri endurskoðun. Núverandi áætlanir miðast við að bati frumjafnaðar verði um 12% á tímabilinu. Helsta ástæða þess að aðlögunarferillinn hefur mildast er að þróun efnahagsmála á árinu 2009 var mun jákvæðari en fyrri spár sögðu til um. Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá maí 2009 var t.d. áætlað að landsframleiðsla á árinu 2009 myndi dragast saman um 10,6%, en bráðabirgðatölur samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofunnar frá júní sl. benda til þess að samdrátturinn hafi verið 6,5%. Jafnframt hefur skuldsetning ríkissjóðs og þar með vaxtabyrði orðið minni en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir og einnig hafa horfur batnað hvað varðar endurheimtur krafna upp í IceSave-skuldbindingar Tryggingasjóðs innistæðueigenda og vonir bundnar við hagstæðari útkomu í þeim efnum en reiknað var með í byrjun. Síðast en ekki síst, varð útkoma ríkisrekstrarins talsvert betri á árinu 2009 en búist hafði verið við þar sem tekjur ríkissjóðs urðu umtalsvert meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir samhliða því að útgjaldamarkmið gengu fyllilega eftir.

Samstarfsáætlun stjórnvalda og AGS gerði ráð fyrir að áætlunin yrði endurskoðuð með ársfjórðungs millibili og að fyrsta endurskoðun yrði í febrúar árið 2009. Á því varð nokkur frestur af ýmsum ástæðum, t.d. reyndist mun tímafrekara að ljúka verðmati nýju bankanna og hefja samningaviðræður við kröfuhafa gömlu bankanna varðandi uppgjör á yfirteknum eignum, auk þess sem stjórnarskipti urðu í febrúar það ár og síðar alþingiskosningar með myndun nýrrar ríkisstjórnar. Einnig er ljóst að staða IceSave-málsins gagnvart Bretum og Hollendingum tafði fyrir fyrstu endurskoðun áætlunarinnar en hún fór síðan fram í október 2009.

Í apríl 2010 samþykkti stjórn AGS síðan aðra endurskoðun samstarfsáætlunarinnar, enda hafði Ísland náð öllum markmiðum sem sett voru fyrir endurskoðuninni. Hér var um mikilvægan áfanga að ræða því með honum fengu íslensk stjórnvöld aðgang að lánsfé frá AGS og samstarfsþjóðum Íslands sem nemur tæplega 100 mia.kr. Í ár er áætlað að nýttar verði um 80 mia.kr. af lántökuheimildum ríkissjóðs hjá samstarfsþjóðunum en af þeirri upphæð eru tæplega 30 mia.kr. afgangur af lánaheimildum vegna fyrstu endurskoðunar efnahagsáætlunarinnar.

Fjármagnið styrkir gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans og tryggir lausafjárstöðu ríkissjóðs í erlendri mynt vegna endurfjármögnunar þeirra erlendu lána sem falla á gjalddaga á árunum 2010 til 2012 en þau nema um 235 milljörðum króna. Framgangur annarrar endurskoðunar samstarfsáætlunarinnar sýnir það traust sem stjórn AGS og samstarfsþjóðir hafa á getu Íslendinga til að ná markmiðum sínum og styrkir það mjög stöðu íslenskra stjórnvalda til að standa við skuldbindingar sínar.

Við frágang fjárlagafrumvarpsins hefur verið gert ráð fyrir að þriðja endurskoðun samstarfsáætlunarinnar fari fram í stjórn AGS 29. september. Ríkisstjórnin hefur unnið ötullega að því að uppfylla öll markmið svo að sú endurskoðun geti farið fram án tafa enda hafa starfsmenn sjóðsins lagt það til við stjórn hans. Tafir á þriðju endurskoðuninni eða þeirri fjórðu gætu leitt til þess að frekari lánafyrirgreiðsla samstarfsþjóða frestist. Slíkar tafir myndu fyrst og fremst leiða til þess að áhættusamara yrði að losa um gjaldeyrishöftin þannig að þau gætu þurft að vera lengur til staðar. Ólíklegt er þó að töf á endurskoðun eða lánafyrirgreiðslu hafi áhrif á lánshæfismat Íslands þar sem áhyggjur af getu ríkissjóðs til þess að standa í skilum vegna lána sem falla á gjalddaga árin 2011 og 2012 hafa minnkað verulega eins og greint hefur verið frá. Verði ekki um frekari tafir að ræða lýkur samstarfsáætlun íslenskra stjórnvalda og AGS síðsumars á næsta ári.

3.2 Langtímaáætlun til ársins 2014

Áætlun stjórnvalda um jöfnuð í ríkisfjármálum hefur verið endurskoðuð í ljósi breyttra aðstæðna og er hér endurútgefin í fjárlagafrumvarpinu, sem markar þar með stefnu ríkisstjórnarinnar á næstu árum í tekjuöflun fyrir ríkissjóð og setur útgjöldum hans skorður. Í lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, er kveðið á um að með fjárlagafrumvarpi ár hvert skuli leggja fram langtímaáætlun í ríkisfjármálum til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Af þessum sökum hefur áætlunin sem hér er lögð fram verið framlengd til ársloka 2014.

Eins og áður segir ríkir enn nokkur óvissa um þróun ríkisfjármálanna, einkum þegar lengra er litið fram í tímann, og þarf því að meta aðlögunarþörfina reglulega með tilliti til þeirra markmiða sem fjallað er um hér fyrir framan um halla og tekjuafgang. Efnahagsforsendur eru í stöðugu endurmati og samhliða því þarf að uppfæra langtímaáætlun ríkis-

fjármála með hliðsjón af breyttum forsendum. Niðurstaða langtíma-áætlunar um ríkisfjármálin sem birt er hér byggist á þjóðhagsspá Hagstofunnar sem birt var í júní sl.

Áætluð afkoma ríkissjóðs til ársins 2014

Milljarðar króna	Áætlun 2011	Áætlun 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Heildartekjur	**477,4**	**533,2**	**599,4**	**629,3**
Þar af skatttekjur	445,5	499,6	558,7	585,3
Heildargjöld	**513,8**	**526,8**	**550,5**	**579,9**
Rekstrargjöld	204,4	210,7	219,8	232,1
Fjármagnskostnaður	75,1	78,8	83,5	86,4
Tilfærsluútgjöld	209,8	213,9	223,1	236,9
Viðhald	7,9	8,1	8,2	8,4
Fjárfesting	16,6	15,4	15,9	16,1
Heildarjöfnuður ríkissjóðs	**-36,4**	**6,4**	**48,9**	**49,4**
sem hlutfall af VLF (%)	**-2,1**	**0,3**	**2,6**	**2,5**
bati frá fyrra ári	**3,6**	**2,5**	**2,2**	**-0,1**
Frumtekjur	455,8	510,7	570,0	597,0
Frumgjöld	438,7	448,0	467,1	493,6
Frumjöfnuður ríkissjóðs	**17,1**	**62,7**	**102,9**	**103,4**
sem hlutfall af VLF (%)	1,0	3,4	5,4	5,2
bati frá fyrra ári	3,8	2,4	2,0	-0,2
Vaxtatekjur	21,6	22,5	29,4	32,3
Vaxtagjöld	75,1	78,8	83,5	86,4
Fjármagnsjöfnuður	**-53,5**	**-56,3**	**-54,0**	**-54,0**
sem hlutfall af VLF (%)	-3,1	-3,1	-2,8	-2,7

Taflan hér á undan sýnir áætlaða afkomu ríkissjóðs á reikningshaldsgrunni fjárlaga og ríkisreiknings, þ.e. svokölluðum rekstrargrunni, og innifelur nauðsynlegar aðgerðir til þess að afkoma ríkisfjármálanna þróist í samræmi samstarfsáætlun íslenskra stjórnvalda og AGS. Afkomutölur eru birtar á verðlagi hvers árs. Með framsetningu tekna og gjalda á rekstrargrunni er afkoma ríkissjóðs metin út frá bókfærðum tekju- og fjárskuldbindingum til lengri tíma litið. Með þessari framsetningu koma heildarumsvif ríkissjóðs skýrt fram sem auðveldar mat á langtímaáhrifum. Markmið sem sett hafa verið um afkomu ríkissjóðs og bata á milli ára í samstarfi við AGS taka hins vegar í reynd mið af tekjum og gjöldum á greiðslugrunni. Með þeirri framsetningu er áhersla á sjóðstreymi ríkissjóðs, einkum á lánsfjárþörfina, og þar með fremur litið til samtímaáhrifa ríkisfjármála en til langtímaskuldbindinga sem stofnað hefur verið til.

Í kafla 3.3 er fjallað nánar um tekjuhlið áætlunarinnar. Hér skal þess þó getið að tekjuáætlun ríkissjóðs til næstu fjögurra ára byggist á bókfærðum tekjum ársins 2009, endurmati á útkomu ársins 2010 og síðan á framreikningi til næstu ára, bæði miðað við ýmsar viðeigandi forsendur, s.s. þjóðhagsspá Hagstofunnar, og áform um breytingar á skattkerfinu og tekjuöflun.

Í kafla 3.4 er fjallað nánar um útgjaldahliðina, á hvaða forsendum hún er reist, útgjaldaramma á nafnvirði til næstu tveggja ára og fjallað um ráðstafanir til að draga úr útgjöldum ríkisins.

Afkomuaðgerðir sem gripið verður til á árinu 2011 samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eru metnar á um 44 mia.kr. Þar af eru um ¾ hlutar aðgerðanna á útgjaldahlið og ¼ á tekjuhlið. Í köflum 3.3 og 3.4 hér á eftir er farið yfir helstu ráðstafanir til að bæta afkomu ríkissjóðs á tekjuhlið og útgjaldahlið á tímabilinu. Versni afkomuhorfur frá því sem gert er ráð fyrir í áætluninni þarf að bregðast við með frekari aðlögunaraðgerðum til að ná settu markmiði um afkomu ríkissjóðs.

Langtímaáætlun ríkisfjármála felur í sér að heildarjöfnuður verður orðinn lítillega jákvæður árinu 2012 og umtalsverður á árunum 2013 og 2014 eða nálægt 50 mia.kr. þegar hugsanlegur vaxtakostnaður vegna IceSave-skuldbindinga er undanskilinn. Heildarjöfnuði er ætlað að verða um 2,5 % af VLF fyrir árin 2013 og 2014.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að frumjöfnuður verði um 17 mia.kr. á árinu 2011 á rekstrargrunni, sem jafngildir um 1% af VLF. Á greiðslugrunni er útkoman hins vegar talsvert lakari þar sem þessi jöfnuður er áætlaður um 6,2 mia.kr. eða 0,4% VLF. Eins og áður segir er útkoman á greiðslugrunni það viðmið sem lagt er til grundvallar í samstarfsáætluninni með AGS. Áætlað er að frumjöfnuður verði á árinu 2013 orðinn jákvæður um 5,4% af VLF á rekstrargrunni en um 5,0% á greiðslugrunni í samræmi við lokatakmark samstarfsáætlunarinnar. Langtímaáætlunin gerir ráð fyrir töluverðri aukningu tekna fyrir árin 2012–2014, þar sem hagvöxtur og þar með talin aukin einkaneysla mun hafa verulega þýðingu. Áætlað er að hlutfall frumtekna ríkissjóðs af VLF hækki á tímabilinu um 3,3% frá áætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2011 og verði 29,8% á árinu 2014. Þess má geta að frumtekjur ríkissjóðs á árunum 2001–2007, þ.e. síðustu 10 árin fyrir hrun, voru að meðaltali

32,6% af VLF. Áætlað er að frumgjöldin dragist jafnframt saman á tímabilinu frá 2011 til 2014 sem nemur 0,9% af VLF. Stafar það fyrst og fremst af því að áætlað er að kostnaður vegna atvinnuleysisútgjalda lækki um 40% á tímabilinu, auk þess sem beitt verði ströngu aðhaldi með öllum öðrum útgjöldum.

Umskiptin í frumafkomu ríkissjóðs yfir tímabilið 2009–2013 eru um 12%, þ.e afkoman breytist úr um 6,7% halla árið 2009 í 5,4% afgang árið 2013, sem er í samræmi við endurskoðuð markmið samstarfsáætlunar stjórnvalda og AGS. Miðað við stöðuna á miðju ári 2009, þ.e. þegar núverandi ríkisstjórn greip til aðgerða í ríkisfjármálum þar sem stefndi í 9% halla á frumjöfnuði verður batinn orðinn 14,4% á árinu 2013.

Á þessu tímabili frá 2009 til 2013 er þannig gert ráð fyrir að auknar tekjur, bæði aukning þeirra vegna betra efnahagsástands og með breytingum á skattalögum, hafi hækkað sem hlutfall af VLF úr 24,7%, sem það var áætlað fyrir mitt ár 2009 í 29,9% á árinu 2013 í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar. Hækkun frumtekna hefur þá skilað 5,2% af heildarbreytingunni upp á 14,4% og er hlutdeild tekjubreytinga í aðlögun ríkisfjármála þannig um 36%. Rúmlega 64% nást með lækkun frumgjalda sem á þessu tímabili lækka um 9,2% af VLF eða úr 33,7% miðað við mitt ár 2009 í 24,5% á árinu 2013.

Áætlað er að fjármagnsjöfnuður verði neikvæður um 53,5 mia.kr. á árinu 2011. Gert er ráð fyrir að fjármagnsjöfnuður versni nokkuð á árinu 2012 en að á árunum 2013 og 2014 verði hann aftur svipaður og á árinu 2011. Í áætluninni er gengið út frá því að tekjuafgangur á árunum 2013 og 2014 verði notaður til að lækka skuldir ríkissjóðs. Í töflunni á bls. 27 kemur hins vegar fram að vaxtagjöld hækka til ársins 2014 þrátt fyrir lægri skuldastöðu. Ástæðan fyrir því er að reiknað er með hækkandi vaxtastigi, einkum í erlendum myntum. Í töflunni kemur einnig fram að vaxtatekjur aukast á spátímabilinu þar sem hærra vaxtastig hefur einnig áhrif á innlán ríkissjóðs í erlendri mynt.

Á árunum 2009–2011 er gripið til umfangsmikilla aðgerða til að bæta afkomu ríkissjóðs og hefur meiri þungi verið á útgjaldahliðinni, þ.e. með lækkun útgjalda bæði að raunvirði og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Á árunum 2012–2014 er miðað við að bætt afkoma ríkis-

sjóðs stafi einkum frá auknum tekjum með auknum hagvexti þó svo að enn þurfi að gæta aðhalds í rekstri með sparnaðaraðgerðum.

Þótt í þeirri áætlun sem hér er sett fram sé hægt nokkuð á aðlöguninni miðað við skýrsluna sem lögð var fram á árinu 2009 standa meginmarkmiðin eftir sem áður óhögguð: Að frumjöfnuður verði orðinn jákvæður á næsta ári og að umtalsverður afgangur verði á heildarafkomunni árið 2013 sem dugi bæði til að hefja niðurgreiðslu skulda og til að mæta vaxtakostnaði vegna IceSave-skuldbindinga.

3.3 Tekjuáætlun og tekjuöflunaraðgerðir

3.3.1 Forsendur, heildarrammi og tekjuþróun

Á árinu 2010 er íslenska hagkerfið á uppleið af botni hagsveiflunnar. Atvinnuleysi nær hámarki á yfirstandandi ári, verður að jafnaði 9,1% samkvæmt spám, en allgóðar horfur eru á að það reynist nokkru minna þegar upp er staðið. Spár um atvinnuleysi fyrir um ári síðan gerðu hins vegar ráð fyrir allt að 11% atvinnuleysi að meðaltali á árinu 2010. Skýring minna atvinnuleysis virðist meðal annars vera fólgin í þeirri aðlögun sem átt hefur sér stað á vinnumarkaði frá því kreppan skall á, minni samdrætti en spár höfðu gert ráð fyrir og breyttum kjörum starfandi fólks. Hlutastörfum hefur þannig fjölgað og laun hækkað lítið eða jafnvel lækkað vegna minni yfirvinnu, minna launaskriðs eða lækkunar nafnlauna. Hlutfall launa af vergum þáttatekjum hefur þannig lækkað úr 71,5% í 57,2% á tveimur árum og er nú afar lágt í sögulegu samhengi. Þetta birtist glöggt í minni kaupmætti ráðstöfunartekna en samkvæmt spá Hagstofunnar dregst hann saman um 8,3% á þessu ári, en eykst um 3,7% á árinu 2011, á sama tíma og dregur úr atvinnuleysi.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps ársins 2011 er byggð á þjóðhagsspá frá Hagstofu Íslands sem gefin var út 15. júní sl. Í spánni er reiknað með að hægur efnahagsbati hefjist á seinni hluta þessa árs. Undirþættir hagvaxtarins taka þó mishratt við sér og hafa einnig mismikla þýðingu fyrir tekjur ríkissjóðs. Þjóðarútgjöld, einkum þó einkaneysla, og horfur á vinnumarkaði (launaþróun, atvinnustig) skipta þar mestu máli. Spáð er að einkaneysla nái sér vel á strik á árinu 2011 með 3,4% raunaukningu og að fjárfesting muni aukast um fjórðung. Nýjum tekjuöflunaraðgerðum á árinu 2011 er ætlað að skila 11 mia.kr. tekjum eins og nánar er fjallað um í kafla 3.3.2. Að teknu tilliti til þeirra, endurmats á tekju-

áætlun fjárlaga fyrir þetta ár og þjóðhagsspá fyrir næsta ár er reiknað með að skatttekjur ríkissjóðs nái að verða svipað hlutfall af landsframleiðslu á árinu 2011 og árin 2009 og 2010, eða 25,9%.

Eins og fram er komið er áformað að ná jöfnuði í rekstrarafkomu ríkisins eigi síðar en árið 2013. Sú tekjuáætlun sem hér birtist fellur að því markmiði og þeim ramma sem stjórnvöld hafa markað ríkisfjármálunum til næstu ára þ.á.m. aðhaldsmarkmiðum á gjaldahlið.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir tímabilið 2012–2014 byggir á bókfærðum tekjum samkvæmt ríkisreikningi 2009, endurmati á tekjuáætlun fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011 og þjóðhagsspá Hagstofunnar.

Hagvöxtur 2000–2014



Samkvæmt spá Hagstofunnar mun einkaneyslan taka enn frekar við sér á næstu árum eftir 3,4% raunaukningu á árinu 2011. Þannig er gert ráð fyrir að hún aukist um 4,4% á árinu 2012 og um 3% og 2,5% á árunum 2013 og 2014. Þá dregur jafnt og þétt úr atvinnuleysi sem verður komið niður í 4,8% árið 2014 gangi spá Hagstofunnar eftir með jákvæðum áhrifum á ráðstöfunartekjur heimilanna. Verðbólgan er talin haldast nokkuð svipuð út tímabilið, kringum 2,5% að jafnaði. Þessi þróun mun ef að líkum lætur endurspeglast í vaxandi skatttekjum ríkissjóðs á næstu árum, bæði af tekju- og veltusköttum, sem tekið höfðu mikla dýfu í kjölfar hrunsins.

Við gerð tekjuáætlunar fram til ársins 2014 er jafnframt gengið út frá því að þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattalögum standi óbreyttar út tímabilið, þ.e. að tímabundnar ráðstafanir verði framlengdar, eða í þeirra stað komi jafngild tekjuöflun. Auk tímabundinna skattaákvæða á þetta einnig við um tryggingagjaldið sem miðað er við að haldist óbreytt á tímabilinu. Ennfremur er gert ráð fyrir að helstu krónutöluskattar breytist árlega í takt við almennt verðlag.

Hækkun skatttekna mun byggjast á framvindu efnahagsmála. Eins og fram hefur komið er í þjóðhagsspá gert ráð fyrir vexti landsframleiðslu á næstu árum. M.a. er gert ráð fyrir að hlutur launa í þáttatekjum hækki og hlutur einkaneyslu í landsframleiðslu aukist. Hvort tveggja mun hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs óháð breytingum á skattareglum. Það er þó ljóst að áætlun stjórnvalda í þessum efnum er auðvitað háð framvindu í efnahagsmálum. Verði viðsnúningur hagkerfisins ekki eins kröftugur og vonir stjórnvalda standa til verður að breyta áætlunum í samræmi við þann veruleika. Þannig gæti þurft að koma til frekari hagræðingar í opinberum rekstri ef tekjustofnar ríkisins taka ekki við sér í kjölfar vaxandi umsvifa.

Sú blandaða leið niðurskurðar ríkisútgjalda og tekjuöflunar sem ríkisstjórnin hefur haft að leiðarljósi til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum er alltaf til endurskoðunar og tekur mið af þeim árangri sem hvor leið skilar. Þannig er reynt að lágmarka það tjón sem niðurskurður á samneyslu veldur hagkerfinu og einnig þau neikvæðu áhrif er tekjuöflunaraðgerðir kunna að hafa.

Þó svo að markmið ríkisstjórnarinnar sé að ná inn auknum tekjum með auknum umsvifum í hagkerfinu þá þarf jafnframt að grípa til viðbótartekjuöflunar á tímabilinu eigi markmið ríkistjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum 2013 að nást. Í töflunni hér á eftir koma fram helstu stærðir fyrir tímabilið 2011-2014 miðað við ofangreindar forsendur.

Heildartekjur, frumtekjur, skatttekjur

Rekstrargrunnur, ma.kr	2011	2012	2013	2014
Heildartekjur, rammi	477,4	553,4	599,7	629,6
Þar af skattekjur	444,1	499,6	558,7	585,3
- - frumtekjur	455,8	510,7	570,1	597,1
Skatttekjur sem % af VLF	*25,9*	*27,4*	*29,3*	*29,2*
Frumtekjur sem % af VLF	*26,5*	*28,0*	*29,9*	*29,8*

Sem fyrr segir byggir tekjuáætlunin m.a. á þjóðhagsspá sem Hagstofan birti í júní. Frávik frá þeirri spá geta breytt þeirri mynd sem hér er dregin upp um þróun á tekjuhlið ríkissjóðs fram til ársins 2014. Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera ráða miklu um efnahagsframvindu næstu missera og mun niðurstaða þeirra einnig verða afgerandi um hvort sú tekjuspá sem hér er birt gengur eftir.

Tekjur ríkissjóðs 1998–2014 (án óreglulegra tekna)



3.3.2 Tekjuöflunaraðgerðir á aðlögunartímabilinu

Þáttur tekjuhliðar ríkissjóðs í aðlögunarferlinu hefur falið í sér margvíslegar nýjar tekjuöflunaraðgerðir á sama tíma og hagkerfið hefur verið í djúpri niðursveiflu. Skattstofnar ríkissjóðs hafa í mörgum tilvikum orðið fyrir meira höggi en hagkerfið í heild og hefur þróun teknanna því mótast af samspili veikari skattstofna og þeirri viðspyrnu sem ríkisfjármálastefnan hefur á sama tíma veitt með skattkerfisbreytingum til að ná markmiðum áætlunarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum.

Fyrstu skattalagabreytingarnar komu fram þegar í árslok 2008. Frekari breytingar voru lögfestar í maí og júní 2009 til stuðnings settum markmiðum í ríkisfjármálum. Þar var bæði um varanlegar og tímabundnar ráðstafanir að ræða og með þeim stóðst áætlun fjárlaga fyrir árið 2009 og ríflega það. Árið 2010 ber mestan þunga nýrra tekjuöflunaraðgerða, sem urðu þó minni en reiknað varð með við undirbúning frumvarps til fjárlaga ársins 2010.

Mikilvægur viðbótarþáttur í tekjuöflunaraðgerðum ríkissjóðs og raunar einnig sveitarfélaga er heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar upp að tilteknu hámarki til einstaklinga undir 60 ára aldri. Þessi aðgerð ein og sér hefur skilað bæði ríki og sveitarfélögum umtalsverðum tekjum á árunum 2009 og 2010. Hafa verður í huga að hér er ekki um nýja tekjuöflun að ræða heldur felur aðgerðin í sér flýtingu á greiðslu tekjuskatts og útsvars sem ella hefði skilað sér síðar.

Áhrif tekjuaðgerða 2009–2011

Rekstrargrunnur, mia.kr.	2009	2010	2011
Hækkun tekjuskatta	10,8	14,7	21,9
Hækkun tryggingagjalds	6,0	24,4	25,5
Krónutölugjöld, gjaldskrárhækkanir	6,5	12,0	12,8
Hækkun efra þreps virðisaukaskatts	-	4,0	4,3
Upptaka auðlegðarskatts, hækkun erfðafjárskatts	-	3,5	6,2
Upptaka nýrra umhverfis- og auðlindaskatta	-	4,7	6,7
Annað	0,4	4,6	4,6
Alls án séreignarsparnaðarheimildar	**23,7**	**67,9**	**82,0**
Ný heimild til úttektar séreignarsparnaðar	5,3	4,8	3,9
Alls með séreignarsparnaðarheimild	**29,0**	**72,7**	**85,9**

Hér á eftir verður greint í stórum dráttum frá þeim aðgerðum á tekjuhlið sem ráðist hefur verið í og þeim sem í bígerð eru fyrir árið 2011. Nánari umfjöllun um einstakar tekjuaðgerðir, tekjuáhrif þeirra og tekjuþróunina í heild má finna í greinargerð um tekjur A-hluta í seinna hefti frumvarpsins. Tekjuöflunaraðgerðum frá í desember 2008 og þar til nú má skipa í eftirfarandi flokka:

- Hækkun tekjuskatta
- Hækkun tryggingagjalds
- Hækkun ýmissa vörugjalda, gjaldskrárhækkanir
- Hækkun efra þreps virðisaukaskatts
- Upptaka auðlegðarskatts
- Upptaka nýrra umhverfis- og auðlindaskatta
- Úttekt séreignarsparnaðar

Hækkun tekjuskatta. Þegar tekjuskattur einstaklinga var hækkaður um 1,35 prósentustig í ársbyrjun 2009 var persónuafsláttur um leið hækkaður um 24% og hækkuðu skattleysismörk því verulega. Á miðju ári 2009 voru lagðir hátekjuskattar á tekjur og fjármagnstekjur einstaklinga yfir ákveðnum mörkum og voru báðar aðgerðirnar tímabundnar til ársloka. Þá var reglum um gjaldtímabil og gjalddaga fjármagnstekjuskatts í staðgreiðslukerfinu breytt og fært á ársfjórðungstíðni í stað árlegrar, en sú ráðstöfun leiddi til þess að um 10 mia.kr. innheimtust á árinu 2009 í stað janúar 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 voru kynnt áform um að sameina allar tekjur einstaklinga í einn skattstofn, en frá því var horfið síðar. Þess í stað var fjármagnstekjuskattur hækkaður í ársbyrjun 2010 og um leið tekin upp skattleysismörk fyrir vaxtatekjur, og skattþrepum tekjuskatts fjölgað úr einu í þrjú. Persónuafsláttur var hækkaður um 24 þús.kr. á ári en verðbólgutenging afnumin. Tekjuskattur lögaðila var hækkaður til jafns við fjármagnstekjuskatt. Tímabundnir hátekjuskattar ársins 2009 skiluðu þeim árangri sem að var stefnt, eða um 11 mia.kr. á rekstrargrunni og nálægt 10 mia.kr. á greiðslugrunni. Kerfisbreytingin í byrjun árs 2010 hefur aukið tekjur ríkissjóðs verulega en þó heldur minna en áætlað hafði verið á fyrri helmingi ársins. Ákveðin óvissa fylgir jafnan innheimtu fjölþrepa skatts í staðgreiðslukerfinu og reikna má með að stærri hluti en áður muni innheimtast eftir álagningu.

Hækkun tryggingagjalds. Sú ráðstöfun sem mestum tekjuauka skilaði á árinu 2009 (fyrir utan tilfærslu á innheimtu fjármagnstekjuskatts) var hækkun atvinnutryggingagjalds um 1,65 prósentustig á miðju ári 2009. Gjaldið var hækkað á ný, um 1,66 prósentustig, í ársbyrjun 2010. Þessar hækkanir tóku m.a. mið af vaxandi fjárþörf Atvinnutryggingasjóðs. Hækkun tryggingagjalds er talin munu skila ríkissjóði um 24 mia.kr. samtals á árinu 2010.

Hækkun ýmissa vörugjalda, gjaldskrárhækkanir. Krónutölugjöldin svokölluðu hafa verið hækkuð allt að þrisvar frá desember 2008. Hér er um að ræða vörugjöld sem ákvörðuð eru sem ákveðin fjárhæð á magneiningu og eru þau eftirfarandi: vörugjöld á bensín, díselolíu, áfengi og tóbak, kílómetragjald og bifreiðagjald. Sum þeirra höfðu ekki verið hækkuð um langt árabil og því ekki óeðlilegt að fyrstu aðgerðir beindust að því að færa þessi gjöld í átt til fyrra raunvirðis. Sem dæmi má nefna að áfengisgjald á bjór var 58,7 kr./cl. í upphaflegum lögum um áfengisgjald í september 1995 og stóð sú fjárhæð óbreytt allt fram að hækkuninni í desember 2008 þótt almennt verðlag hefði á sama tíma hækkað um rúm 90%. Eftir þrjár hækkanir er áfengisgjald í öllum flokkum enn mun lægra að raunvirði en það hefur lengst af verið. Krónutölugjöldin hafa verið hækkuð mismikið og kílómetragjald lækkað svo það er nú lægra en það var árið 2008. Í ársbyrjun 2010 tóku einnig gildi gjaldskrárhækkanir ýmissa gjalda sem kveðið er á um í lögum um aukatekjur ríkissjóðs, en þar vega dómsmálagjöld þyngst. Samanlögð tekjuáhrif þessara hækkana eru áætluð um 6 mia.kr. á árinu 2009 og um 12 mia.kr. á árinu 2010. Hér skal einnig nefnd hækkun vörugjalda á matvæli með hátt sykurinnihald, sem tók gildi haustið 2009.

Hækkun efra þreps virðisaukaskatts. Breytingar á virðisaukaskattskerfinu voru til skoðunar haustið 2009, þar á meðal að breikka skattstofninn og fjölga skattþrepunum í þrjú. Með hliðsjón af ýmsum þáttum, svo sem áætluðum verðlagsáhrifum og kostnaði við flóknari skattframkvæmd var afráðið að hækka einungis efra þrepið úr 24,5% í 25,5%. Viðbótartekjur af þessari hækkun voru áætlaðar um 4 mia.kr. Er almenna þrepið nú hið hæsta í Evrópu, en lægra þrepið jafnframt lágt í alþjóðlegum samanburði.

Upptaka auðlegðarskatts. Í ársbyrjun 2010 var tekinn upp auðlegðarskattur á hreina eign einstaklinga. Á síðustu árum hafa miklar peningalegar eignir safnast á fáar hendur en afrakstur af síkum eignum hefur sætt mjög lágri skattlagningu. Auðlegðarskattur er lagður á hreina eign umfram 90 m.kr. hjá einstaklingi og 120 m.kr. hjá hjónum. Skatthlutfallið er 1,25%. Skatturinn er tímabundinn til ársins 2012. Álagning auðlegðarskatts nam 3,8 mia.kr. á árinu 2010 sem er litlu meira en áætlað hafði verið.

Upptaka nýrra umhverfis- og auðlindaskatta. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2010 voru kynntar hugmyndir um nýja skattheimtu á sviði umhverfis- og auðlindaskatta. Undir lok árs 2009 voru samþykkt ný lög en í þeim gengið skemur en ráðgert var í frumvarpinu. Tekið var upp annars vegar kolefnisgjald á fljótandi eldsneyti og hins vegar auðlindaskattur (orkuskattur) á rafmagn og heitt vatn. Kolefnisgjald er ákvarðað með hliðsjón af verði losunarheimilda á uppboðsmarkaði ESB (EU ETS) og er sem dæmi 2,90 kr. á hvern lítra af dísilolíu en 2,60 kr. á bensínlítrann. Á rafmagn er gjaldið 0,12 krónur á kílówattstund en 2% af heildsöluverði á heitu vatni. Áætluð tekjuáhrif hinna nýju laga eru um 4,5 mia.kr. á ári. Lögin falla úr gildi í árslok 2012.

Úttekt séreignarsparnaðar. Hér skal loks nefnd sú tímabundna ráðstöfun að heimila einstaklingum að taka út hluta séreignarsparnaðar síns og milda þannig samdrátt ráðstöfunartekna sinna. Heimild til úttektar allt að 1 m.kr. var veitt frá mars 2009 og allt að 1,5 m.kr. í viðbót frá ársbyrjun 2010. Til loka ágúst 2010 hefur alls verið sótt um úttekt að fjárhæð 41 mia.kr. og nemur stærð þessarar aðgerðar því um 2,6% af landsframleiðslu. Tekjuskattur er greiddur af úttekt skv. þessari heimild og má áætla að hann hafi numið um 3,6 mia.kr. á greiðslugrunni á árinu 2009 og muni nema yfir 5 mia.kr. á árinu 2010.

Einnig hafa verið gerðar lagabreytingar sem hafa verið ívilnandi fyrir skattgreiðendur. Það gildir t.d. um hækkun endurgreiðsluhlutfalls virðisaukaskatts vegna viðhalds og endurbóta á íbúðarhúsnæði og nýjar frádráttarheimildir til einstaklinga vegna framkvæmda við íbúðarhúsnæði eða fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum. Jafnframt hefur nýsköpunarfyrirtækjum verið veitt sérstök frádráttarheimild frá skattstofni vegna rannsóknarkostnaðar til eflingar frekari nýsköpun.

Hér að framan hefur verið gefið yfirlit yfir þær skattkerfisbreytingar sem gerðar hafa verið í tekjuöflunarskyni árin 2009 og 2010. Framundan er þriðja ár áætlunarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Stefnt er að því að sérstakar aðgerðir á tekjuhlið skili 11 mia.kr. tekjum á árinu 2011 eða nálægt fjórðungi af aðlögun ársins. Hér er stigið mun minna skref í nýrri tekjuöflun en á tveimur undangengnum árum með það að markmiði að hafa sem minnst áhrif á ráðstöfunartekjur þorra heimila. Ekki verður haggað við sköttum á laun eða virðisaukaskatti, heldur er fremur horft til skatta á fjármagn og eignir, ekki síst á þeim sviðum þar

sem núverandi skattkerfi gengur skemur en algengt er í nágrannalöndunum. Hér á eftir verða raktar þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á árinu 2011. Þessar breytingar eru flestar í takt við þær hugmyndir sem er að finna í áfangaskýrslu starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði til að endurskoða skattkerfið. Taflan á bls. 39 sýnir þær fjárhæðir sem reiknað er með að aðgerðirnar skili í tekjuáætlun ársins 2011.

Gert er ráð fyrir að skattar á fjármagnstekjur einstaklinga og hagnað lögaðila hækki úr 18% í 20%. Þeir verða þó enn nokkru lægri en almennt gerist á hinum Norðurlöndunum og evrusvæðinu. Erfðafjárskattur er einnig lágur hérlendis miðað við flest nágrannalönd okkar og er hér reiknað með að hlutfall hans hækki úr 5% í 10% á árinu 2011. Þá er reiknað með að á næsta ári verði stækkað það skref sem stigið var í skattlagningu á eignir með hinum tímabundna auðlegðarskatti. Miðað er við að sá skattur skili 1,5 mia.kr. króna í viðbótartekjur með hækkun á skatthlutfallinu, sem nú er 1,25%, og/eða lækkun skattleysismarka, en þau eru 90 m.kr. nettóeignir hjá einhleypum einstaklingum og 120 m.kr. hjá hjónum. Einnig er gert ráð fyrir að taka upp að einhverjum hluta sérstakt vörugjald á áfengi og tóbak í Fríhafnarversluninni á árinu 2011. Þá eru til skoðunar innbyrðis breytingar á gjaldtöku áfengis m.t.t. styrkleika og sömuleiðis á tóbaksgjaldi. Við upptöku kolefnisgjalds í ársbyrjun 2010 var aðeins lagt á 50% af fullu gjaldi, miðað við verð á losunarheimildum á markaði í Evrópu, en ráðgert er að hækka hlutfallið í 75% á næsta ári. Í undirbúningi er að gjörbreyta reglum um álagningu bifreiðagjalds og vörugjalds á bifreiðar þannig að þær taki mið af kolefnislosun og er stefnt að nokkurri tekjuaukningu samfara því. Loks hefur verið til skoðunar að leggja sérstakan skatt á bankastarfsemi, m.a. með hliðsjón af nýrri löggjöf á því sviði í nokkrum nágrannalöndum okkar. Framantaldar aðgerðir eru taldar munu skila ríkissjóði ríflega 8 mia.kr. tekjum. Þá er ótalin ný heimild til úttektar á séreignarsparnaði, en hér er reiknað með að tekjuskattur af slíkri valfrjálsri heimild gæti numið 3 mia.kr. á næsta ári til viðbótar við tekjuáhrif fyrri heimilda.

Sérstakar tekjuaðgerðir 2011

Rekstrargrunnur, mia.kr.	mia.kr.
Fjármagnstekjuskattur	1,5
Tekjuskattur lögaðila	0,5
Erfðafjárskattur	1,0
Auðlegðarskattur	1,5
Áfengis- og tóbaksgjald	1,3
Kolefnisgjald	1,0
Bifreiðagjald	0,2
Gjald á fjármálastofnanir	1,0
Alls án séreignarsparnaðarheimildar	**8,0**
Ný heimild til úttektar séreignarsparnaðar	3,0
Alls með séreignarsparnaðarheimild	**11,0**

Eins og fram kemur í kafla 3.3.1 hér að framan þarf væntanlega að grípa til einhverrar viðbótartekjuöflunar á árunum eftir 2011 en umfang þeirra mun ráðast af efnahagsframvindunni.

3.4 Útgjaldaáætlun og aðhaldsaðgerðir

3.4.1 Forsendur, heildarrammi og útgjaldaþróun

Með langtímaáætluninni er sett fram þróun á meginþáttum ríkisútgjaldanna eftir hagrænni skiptingu í rekstur, vaxtagjöld, tilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Byggt er að hluta til á lýðfræðilegum forsendum og á áætlunum um breytingar á útgjaldaskuldbindingum ráðuneyta á tímabilinu með yfirferð á t.d. framlögum vegna tímabundinna verkefna, fyrirsjáanlegum veikleikum og endurmati á helstu útreiknuðu og kerfislægu útgjaldaþáttum. Í áætluninni er á þessu stigi ekki gert ráð fyrir flutningi á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga fremur en í fjárlagafrumvarpinu. Þróun heildarútgjalda og útgjalda eftir hagrænni skiptingu í langtímaáætluninni er sýnd í töflu á bls. 27.

Í langtímaáætluninni er miðað við að frá og með árinu 2012 hækki laun ríkisstarfsmanna um 2% og að bætur bótakerfa hækki í takt við verðbólguspá (sjá kafla 8 um þjóðhagsforsendur). Þá er reiknað með að útgjöld atvinnuleysistryggingaþróist samkvæmt spá um atvinnuleysi og að vaxtagjöld þróist í samræmi við forsendur um skuldasamsetningu og vaxtaflokka. Reiknað er með að flest önnur rekstrargjöld, sértekjur og neyslu- og rekstrartilfærslur hækki í takt við verðbólgu. Miðað er við

að kerfislægur útgjaldavöxtur vegna barnabóta verði um 4% á ári og vegna vaxtabóta um 2% á ári. Ekki er reiknað með öðrum raunvexti í málaflokkum ráðuneyta nema lýðfræðilegum vexti í elli- og örorkulífeyri og í lyfjakostnaði. Í langtímaáætluninni er því á útgjaldahlið almennt ekki gert ráð fyrir magnaukningu í þróun útgjalda yfir tímabilið, t.d. fjölgun starfa, nemenda o.s.frv. og þar með er í reynd miðað við að komi fram slík aukning í tilteknum málaflokkum verði því mætt með hagræðingu eða samdrætti í útgjöldum annarra verkefna. Í samræmi við stefnumörkun er í áætluninni mynduð árlega 5 mia.kr. óskipt fjárheimild, sem er svigrúm til að mæta frávikum í verðlagsforsendum og ófyrirséðum en óhjákvæmilegum skuldbindingum og sem gert er ráð fyrir að kunni að falla til á hverju ári.

Í töflunni hér á eftir eru sett fram heildarútgjöld ríkissjóðs til ársins 2014 samkvæmt áætluninni en jafnframt tilgreindir tilteknir óreglulegir liðir sem teljast ekki til eiginlegs rekstrar og geta sveiflast mikið milli ára, s.s. vegna hagþróunar eða eftir mati eftir á við reikningshaldslegt uppgjör og er því afar erfitt að áætla fyrirfram og falla ekki undir beina ákvarðanatöku stjórnvalda við fjárlagagerðina. Sem dæmi um þessa liði má taka að í ríkisreikningi fyrir árið 2008 var gjaldfærð 41,5 mia.kr. hækkun á lífeyrisskuldbindingu vegna ríkisstarfsmanna en árið 2009 nam gjaldfærslan 1,4 mia.kr. Nánar tiltekið eru óreglulegu liðirnir sem um er að ræða gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar vegna ríkisstarfsmanna, fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir og færist einnig á tekjuhliðina, afskriftir skattkrafna, ríkisábyrgðir, tapaðar kröfur, atvinnuleysisbætur, lögboðið framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga miðað við skatttekjur ríkisins og loks vaxtagjöld. Þegar þessir óreglulegu liðir eru undanskildir frá heildarútgjöldunum í langtímaáætluninni fæst heildarútgjaldaramminn fyrir hvert ár sem gengið verður út frá í fjárlagagerðinni. Samtals eru þessir liðir metnir á 132,4 mia.kr. árið 2011 í langtímaáætluninni en eins og áður segir er jafnan mjög veruleg óvissa um endanlega útkomu þeirra. Heildarútgjaldaramminn fyrir árið 2011 verður því 381,4 mia.kr. þegar óreglulegu liðirnir eru undanskildir.

Óreglulegir liðir og heildarútgjaldarammi

Milljarðar króna	Áætlun 2011	Áætlun 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Heildarútgjöld	513,8	526,8	550,5	579,9
Óreglulegir liðir				
Lífeyrissjóðsskuldbindingar	5,4	5,5	5,7	5,8
Fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs	2,6	2,4	2,4	2,5
Afskriftir skattkrafna	10,0	10,0	10,0	10,0
Atvinnuleysi	24,9	19,0	15,9	15,4
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	11,2	12,9	14,1	14,8
Ríkisábyrgðir	3,1	3,1	3,1	3,1
Tapaðar kröfur og bætur	0,1	0,1	0,1	0,1
Vaxtagjöld	75,1	78,8	83,5	86,4
Alls óreglulegir liðir	**132,4**	**131,9**	**134,7**	**138,0**
Útgjaldarammi	**381,4**	**395,0**	**415,9**	**441,9**

Langtímaáætlunin felur í sér að heildarútgjaldarammarnir verði bindandi en það er talið vera afar þýðingarmikið skref í átt til þess að styrkja umgjörð fjárlagagerðarinnar eins og boðað var í fyrrnefndri skýrslu um aðlögunaráætlunina frá árinu 2009. Árleg fjárlagagerð ráðuneyta mun því fara fram á grundvelli þessara ramma sem hér eru settir fram. Margir aðilar, þ.m.t. alþjóðastofnanir, sem fylgjast með ríkisfjármálum hér á landi hafa talið þetta breytta verklag vera lykilatriði í að auka trúverðugleika fjárlaganna frá því sem verið hefur.

Útgjaldaramminn fyrir hvert ár felur í sér áætlaðar launa-, gengis- og verðlagsbreytingar. Áætlunin byggist á þeirri stefnumörkun að fyrstu tvö árin, árin 2011 og 2012, verði ramminn bindandi á nafnvirði ef frávik frá verðlagsforsendum verða innan við 1,5% en annars geti viðeigandi útgjaldaþættir komið til endurskoðunar. Eins og áður segir miðast áætlunin við að mynduð verði árlega 5 mia.kr. óskipt fjárheimild til að mæta ófyrirséðum verðfrávikum og skuldbindingum á hverju ári. Að öðru leyti verða allar ákvarðanir og frávik að rúmast innan heildarrammans. Heildarrammanum verður því ekki breytt á síðari stigum þannig að mæta verður hækkunum sem kunna að verða ákveðnar á útgjöldum einstakra málaflokka ríkisstarfseminnar með jafnmikilli lækkun annarra málaflokka. Gengið er út frá því í þessari stefnumörkun að leiðbeinandi útgjaldarammar fyrir árin 2013 og 2014 geti komið til endurskoðunar vorið 2012 vegna undirbúnings fjárlagafrumvarps ársins 2013 með tilliti til launa- og verðlagsforsendna og hugsanlegra breytinga á aðstæðum.

Í langtímaáætluninni og þar með í fjárlagafrumvarpinu er miðað við að frumútgjöld ríkissjóðs án framangreindra óreglulegra liða verði 381,4 mia.kr. en að þau aukist síðan á árunum 2012 til 2014 um 1–2% af VLF. Fjallað er nánar um þróun frumútgjalda í kafla 3.2.5 í seinna hefti fjárlagafrumvarpsins.

3.4.2 Fjármagnsjöfnuður

Fjármagnsjöfnuður ríkissjóðs var jákvæður á árunum 2006 til 2008, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Hins vegar varð umtalsverður viðsnúningur eftir efnahagshrunið á árinu 2009 þegar hann varð neikvæður um 40 mia.kr. Fjármagnsjöfnuðurinn stefnir í að haldast neikvæður um 47 til 56 mia.kr. fram til ársins 2014.

Fjármagnsjöfnuður



Eins og rakið er í kafla 4 um skuldastýringu og lánsfjáröflun ríkissjóðs á þessi óhagstæði fjármagnsjöfnuður rætur að rekja til gríðarmikillar skuldabyrði sem ríkið varð að axla í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Bæði var það að ríkissjóður gaf í árslok 2008 út skuldabréf að fjárhæð 270 mia.kr. til Seðlabankans til að styrkja eiginfjárstöðu hans vegna taps bankans á veð- og daglánum við fall bankanna en einnig nam útgáfa ríkisbréfa á árinu 2009 um 96 mia.kr. umfram afborganir lána til fjármögnunar á halla ríkissjóðs. Ríkissjóður nýtti einnig á árinu 2009 hluta af lánaheimild samstarfsþjóða Íslands til lántöku í erlendri mynt til að auka við gjaldeyrisforða landsins. Þá var gefinn út sérstakur flokkur ríkisbréfa fyrir um 190 mia.kr. til að fjármagna eiginfjárframlag

ríkissjóðs inn í viðskiptabankana. Á það ber að líta að á móti gjaldeyrisforðaláni og eiginfjárframlagi til viðskiptabankana standa eignir í formi peningalegra eigna og hlutabréfa.

Á árinu 2010 er áætlað að vaxtagjöld umfram vaxtatekjur verði 47,4 mia.kr. en í fjárlögum var reiknað með 58,9 mia.kr. vaxtagjöldum umfram vaxtatekjur. Þrennt skýrir aðallega þessa lækkun. Í fyrsta lagi lækkar áætlaður vaxtakostnaður ríkisverðbréfa vegna þess að vaxtakjör í útboðum ríkisskuldabréfa hafa reynst lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir, þrátt fyrir fyrirsjáanlega mikla útgáfu. Í öðru lagi verður minna nýtt af lánafyrirgreiðslu Danmerkur, Svíþjóðar, Finnlands og Póllands en áður var áformað. Í þriðja lagi var skuldabréf, sem ríkissjóður gaf út til Seðlabanka í árslok 2008 til að styrkja eiginfjárstöðu bankans lækkað um 134 mia.kr. í árslok 2009 með kaupum Seðlabanka á kröfum sem ríkissjóður yfirtók í árslok 2008.

Á árinu 2011 er gert ráð fyrir að fjármagnsjöfnuður verði neikvæður um tæpa 53,5 mia.kr. Það er um 6 mia.kr. meiri halli á fjármagnsjöfnuði en áætlað er á þessu ári. Vaxtagjöld verða um milljarði hærri og vaxtatekjur um 5 mia.kr. lægri.

Meginskýringuna á hækkun vaxtagjalda 2011 frá áætlaðri útkomu 2010 er að finna í aukningu innlendra ríkisverðbréfa og lánum samstarfsþjóða sem koma ekki fram af fullum þunga fyrr en í vaxtakostnaði ársins 2011 því meirihluti lántökunnar átti sér stað um mitt árið 2010. Á móti kemur að vaxtakostnaður af endurfjármögnun bankanna lækkar vegna áætlunar un lækkandi vexti Seðlabankans frá yfirstandandi ári. Það vaxtalækkunarferli hefur einnig áhrif á vaxtatekjur sem lækka bæði af þessum orsökum og af því að gert er ráð fyrir að nýta innistæður í Seðlabankanum fyrir um 20 mia.kr. á árinu 2011. Einnig lækka vaxtatekjur af erlendum lánum ríkissjóðs sem tekin voru til styrkingar gjaldeyrisforðanum á árunum 2006 og 2008 og eru á gjalddaga 2011. Hluta þessara skulda hefur ríkissjóður keypt upp á árinu 2010.

Eins og sjá má í grafinu í byrjun kaflans eykst hallinn á fjármagnsjöfnuðinum miðað við núverandi áætlanir jafnt og þétt frá árinu 2009 til 2012 þegar hann nær hámarki sínu í 56 mia.kr. en fer þá aftur að lækka. Byggist það á því að áform gangi eftir um að lækka skuldastöðu ríkissjóðs smám saman samhliða betri afkomu ríkissjóðs. Á móti vegur hins

vegar að gert er ráð fyrir að vaxtastig fari hækkandi og leiðir það til þess að vaxtakostnaður mun aukast lítillega þrátt fyrir lækkandi skuldastöðu. Reiknað er með að um 70–80% vaxtagreiðslna verði vegna innlendra skuldbindinga.

3.4.3 Aðhaldsráðstafanir á útgjaldahlið

Umtalsverður árangur hefur nú þegar náðst í því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að áfram verði gripið til víðtækra ráðstafana til að draga saman seglin í ríkisstarfseminni á flestum sviðum. Aðhaldsráðstafanir hafa falið í sér að fallið hefur verið frá ýmsum útgjaldaáformum, komið hafi verið í veg fyrir aukningu margs konar útgjalda sem annars hefðu fallið til og síðast en ekki síst beinar skerðingar á framlögum, bæði á grundvelli almennra markmiða um árangur í mismunandi málaflokkum og ákvarðana um margs konar sértækar ráðstafanir, s.s. breytingar á bótakerfum eða á áætlunum um samgönguframkvæmdir.

Upphaf aðlögunarferlisins má teljast vera frá frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 sem lagt var fram skömmu áður en bankakerfi landsins fór í þrot. Ekki var þó gripið til verulegra aðhaldsaðgerða í fjárlögum 2009 við afgreiðslu frumvarpsins í þinginu í þeim skilningi að töluverður hluti ráðstafana beindist fyrst og fremst að því að falla frá eða draga úr framlögum til uppbyggingar á málaflokkum og aukinnar starfsemi sem voru í frumvarpinu. Að öllu því meðtöldu var í fjárlögum ársins 2009 ákveðið að lækka útgjöld um 33,1 mia.kr. frá því sem þegar hafði verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu við framlagningu. Fólst það m.a. í því að lækka rekstrargjöld almennt á bilinu 3% eða 5% frá frumvarpi 2009. Nokkuð var misjafnt á milli ráðuneyta hvernig þetta var útfært en sem dæmi má nefna að laun embættismanna voru lækkuð á bilinu 5 til 15% með ákvörðun Kjararáðs. Í heildina lækkuðu rekstrargjöld um 13 mia.kr. Auk lækkunar rekstrargjalda voru ýmsir tilfærsluliðir lækkaðir frá frumvarpinu. Þar vó þyngst að fallið var frá áformum um aukin framlög til þróunarmála að fjárhæð 1,2 mia.kr. Framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna voru skert um 1 mia.kr. þar sem eiginfjárstaða sjóðsins gerði það kleift. Þá voru útgjöld sjúkratrygginga lækkuð um 1 mia.kr. með lækkun á ýmsum kostnaðarliðum, aukinni greiðsluþátttöku sjúklinga og breytingu á tekjutengingum. Framlag til Starfsendurhæfingarsjóðs var lækkað um 375 m.kr. frá því sem áformað hafði verið og framlög til sókna og trúfélaga lækkuð um 300 m.kr. Samtals voru til-

færsluframlög lækkuð um 9 mia.kr. Stofnkostnaðarliðir voru lækkaðir um samtals 11 mia.kr. og munar þar mest um að hætt var við eða frestað ýmsum áformum um framkvæmdir í vegamálum að upphæð 6 mia.kr. Auk þess var frestað ýmsum hafnar- og sjóvarnaframkvæmdum upp á 500 m.kr. Hjá Landhelgisgæslunni voru gerðar breytingar á verksamningum vegna smíði á nýju varðskipi og nýrrar flugvélar sem áttu að verða til þess að 2,3 mia.kr. greiðslur færðust aftur um eitt ár. Til viðbótar við framangreindar niðurskurðaraðgerðir voru teknar ákvarðanir um að koma í veg fyrir um 5,5–6 mia.kr. hækkun útgjalda sem annars hefði orðið.

Þegar komið var fram á mitt árið 2009 var orðið ljóst að þessar ráðstafanir dygðu engan veginn til að ná settum markmiðum í ríkisfjármálum á árinu. Ný ríkisstjórn sem þá hafði tekið við stjórnartaumunum eftir þingkosningar um vorið ákvað því að grípa strax til afkomuaðgerða á seinni hluta ársins. Í þeim aðgerðum fólst að ákveðið var að lækka útgjöld enn frekar eða um 9,4 mia.kr. með ýmsum sparnaðaraðgerðum. Rekstrarútgjöld voru lækkuð á síðari helmingi ársins 2009 með því móti að framlög til stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana voru skert sem svaraði til 2% af heildarveltu ársins, framlög til menntastofnana um 1,6% og framlög til velferðarstofnana um 1%. Samtals voru rekstrarútgjöld lækkuð um 1,8 mia.kr. í fjáraukalögum fyrir árið 2009. Tilfærsluútgjöld voru lækkuð um 3,1 mia.kr. í fjáraukalögunum. Mest munaði þar um 1,8 mia.kr. lækkun á útgjöldum lífeyristrygginga með því að auka vægi viðmiðunartekna við útreikning á lífeyrisbótum þannig að greiðslur til tekjuhærri lífeyrisþega lækkuðu mest. Þá voru viðhalds- og stofnkostnaðarliðir lækkaðir enn frekar, um 4,4 mia.kr., en þar af voru 3,5 mia.kr. til vegaframkvæmda.

Telja má að aðlögun í ríkisfjármálum hafi farið að koma fram af fullum þunga á árinu 2010. Aðgerðir til að lækka útgjöld ríkissjóðs fyrir árið 2010 námu alls um 43,8 mia.kr. og jafngildir það um 9,7% lækkun á frá fjárlögum ársins 2009 þegar undanskilin eru vaxtagjöld og óreglulegir liðir á borð við afskriftir skattkrafna og lífeyrissjóðsskuldbindingar. Að hluta til var um að ræða heilsársáhrif af ráðstöfunum sem komu til framkvæmda á seinni hluta ársins 2009 og því voru nýjar ráðstafanir metnar á um 36 mia.kr. Þar að auki var með ákvörðun um afar aðhaldssama launa- og verðlagshækkun fjárveitinga í fjárlögum 2010 komið í veg fyrir um 11 mia.kr. útgjöld sem ella hefðu getað fallið til vegna

hækkana á bótagreiðslum og launum ríkisstarfsmanna ef miðað er við þáverandi spá um þróun vísitölu neysluverðs og 3% launahækkun. Má því telja að í fjárlögum 2010 sé reiknað með að dregið hafi verið úr eða spornað gegn útgjaldahækkun sem nemur samtals um 55 mia.kr.

Sparnaðaraðgerðir í rekstri nema alls um 14 mia.kr. á árinu 2010. Aðgerðir til að lækka rekstrarkostnað þurfa yfirleitt nokkurn aðdraganda og getur liðið nokkur tími þar til áhrif þeirra koma. Þess vegna var þegar á árinu 2009 hafist handa við að hrinda hagræðingaraðgerðum í framkvæmd hjá ráðuneytum og stofnunum. Til að mæta slíkum lækkunum á útgjöldum í rekstri hefur þurft að lækka flesta þá útgjaldaliði sem teljast til rekstrarkostnaðar, þ.m.t. laun, ferðakostnað, aðkeypta þjónustu o.fl. Í fjárlögum ársins 2010 eru sett markmið um að ná fram 10% lækkun á veltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum sem annast kennslu og 5% hjá sjúkrastofnunum og stofnunum sem annast þjónustu við fatlaða. Aðgerðir til lækka tilfærsluútgjöld nema samtals 15,8 mia.kr. Sparnaðaraðgerðir til að lækka tilfærsluútgjöld fela í sér breytingar á bótakerfum, lækkun á framlögum til þróunaraðstoðar, skerðingar ýmissa styrkja og úthlutunarliða. Mest munar um 4,4 mia.kr. lækkun á útgjöldum lífeyristrygginga, m.a. með því að auka vægi viðmiðunartekna þannig að greiðslur til tekjuhærri lífeyrisþega lækkuðu. Bætur lífeyrisþega með lægstu tekjurnar skerðast ekki vegna sparnaðaraðgerðanna. Þá er í fjárlögunum gert ráð fyrir að lækka útgjöld til sjúkratrygginga um 3,6 mia.kr. með breytingum á viðmiðum fyrir greiðsluþátttöku ríkisins í lyfjakostnaði og með því að draga úr umfangi sérfræðilæknisþjónustu. Hjá Fæðingarorlofssjóði voru útgjöld lækkuð um 1,6 mia.kr. með því að lækka hámarksgreiðslur og lækka hlutfall tekjuviðmiðs. Ráðstafanir til lækkunar á viðhaldi og stofnkostnaði árið 2010 nema samtals 13,9 mia.kr. Mestur samdráttur kemur fram í viðhaldi og nýframkvæmdum vegakerfisins eða um 12,3 mia.kr. Með þessum aðhaldsráðstöfunum verður fjárfesting á vegum ríkisins um 1,4% af landsframleiðslu í ár en hún var um 1,9% að meðaltali á árunum 2001 til 2007 áður en framlög voru aukin umtalvert á árinu 2008, einkum vegna vegaframkvæmda.

Eftirfarandi tafla sýnir sparnaðaraðgerðir í fjárlögum 2010 eftir hagrænni skiptingu og sem hlutfall af veltu fjárlaga 2009 án óreglulegra liða.

Aðhaldsaðgerðir 2010, hagræn skipting

Rekstrargrunnur, milljarðar kr.	Lækkun 2010	Velta 2009	Lækkun %
Rekstur	-14,0	198,9	-7,0%
Tilfærslur	-15,9	206,0	-7,7%
Viðhald og stofnkostnaður	-13,9	43,7	-31,8%
Samtals	**-43,8**	**448,6**	**-9,8%**

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011 er áformað að lækka útgjaldahorfur um samtals 33 mia.kr. til viðbótar með nýjum aðhaldsaðgerðum. Til að ná fram þeim samdrætti í ríkisútgjöldum hefur verið ákveðið að farin verði leið sem í stórum dráttum er samsett úr þremur þáttum. Í fyrsta lagi er ekki gert ráð fyrir hækkunum á launakostnaði ríkisins né á viðmiðunarfjárhæðum helstu bóta- og styrkjakerfa, s.s. almannatryggginga, atvinnuleysisbóta, barnabóta o.fl. Áætlað er að með þeirri ráðstöfun verði útgjöld a.m.k. um 5 mia.kr. lægri en reiknað hafði verið með í langtímaáætlun um ríkisfjármálin. Í öðru lagi hafa verið teknar ákvarðanir um sértækan útgjaldasparnað sem nemur 10 mia.kr. á fáum en útgjaldaþungum liðum. Þar af verði 3 mia.kr. lækkun á framlögum til vegaframkvæmda. Þá hefur verið ákveðið á ráðast í aðgerðir sem miða að því að draga úr útgjöldum vegna nokkurra stórra bóta- og styrkjakerfa, en þar er um að ræða greiðslur vegna fæðingarorlofs, barnabóta og vaxtabóta. Slíkar sértækar útgjaldaaðgerðir gera hins vegar kleift í þriðja lagi að ekki þurfi að skerða beinlínis bætur almannatryggginga og að hægt er að setja almenn markmið um aðhald í útgjaldaveltu ráðuneyta þar sem gengið er út frá mun lægri hlutfallslegri hagræðingarkröfu annars vegar fyrir sjúkratryggingar (3%) og hins vegar velferðarþjónustu, framhaldsskóla og löggæslu (5%) en í rekstri almennra þjónustu-, stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana ásamt ýmsum úthlutunarliðum og öðrum almennum tilfærsluframlögum (9%). Gert er ráð fyrir að þessar aðgerðir dragi úr útgjöldum sem nemi 18 mia.kr. Á næsta ári skila því beinar aðhaldsaðgerðir samtals 28 mia.kr. lækkun frá veltu fjárlaga og 5 mia.kr. lækkun á útgjöldum sem annars hefðu fallið til. Nánar er fjallað um aðhaldsráðstafanir ársins 2011 í kafla 3.2.3 í seinna hefti frumvarpsins. Eftirfarandi tafla sýnir hagræna skiptingu á aðhaldsútfærslunni sem þessi áform og forgangsröðun felur í sér. Óreglulegir liðir á borð við vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar eru undanskildir í veltunni.

Aðhaldsaðgerðir 2011, hagræn skipting

Rekstrargrunnur, milljarðar kr.	Lækkun 2011	Velta 2010	Lækkun %
Rekstur	-12,7	204,8	-6,2%
Tilfærslur	-11,4	211,5	-5,4%
Viðhald og stofnkostnaður	-3,9	27,7	-14,1%
Samtals	**-28,0**	**444,0**	**-6,3%**

Reiknað er með að á næstu árum muni umtalsverður hluti af hagræðingu í rekstri nást með endurskipulagningu stofnanakerfisins, verkefnaflutningi og sameiningu ráðuneyta og stofnana ásamt endurmati þeirra verkefna sem verið er að sinna. Sett markmið er að slíkar breytingar eigi að skila a.m.k. 5–10% sparnaði. Nú þegar er búið að sameina nokkrar stofnanir og auk þess hafa verið teknar ákvarðanir um sameiningu ráðuneyta. Nánar er fjallað um þessi áform í kafla 3.2.4 í seinna hefti frumvarpsins.

4 Skuldastýring og lánsfjáröflun

Eins og fram hefur komið eru einna afdrifaríkustu afleiðingar bankahrunsins á ríkisfjármálin þær að ríkið hefur þurft að axla þungan skuldabagga. Heildarskuldir ríkissjóðs voru um 23% af landsframleiðslu árið 2007 en áætlað er að þær geti verið orðnar nálægt 1.300 mia.kr. í lok yfirstandandi árs eða u.þ.b. 80% af landsframleiðslu. Ef nauðsynlegt reynist að draga að fullu á lánaheimildir samkvæmt endurreisnaráætluninni með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) og samstarfsþjóðum gæti skuldastaðan jafnvel orðið ennþá hærri. Eru þó skuldbindingar vegna IceSave-reikninga Landsbankans undanskildar vegna óvissu um hvernig þeim málum reiðir af. Við þessar aðstæður er afar brýnt að ríkið marki sér skýra skuldastýringar- og lánsfjármögnunaráætlun og hefur það verið forgangsverkefni hjá fjármálaráðuneytinu á árinu í samstarfi við AGS. Meginmarkmið skuldastýringar er að tryggja að ríkissjóður geti mætt nauðsynlegri lánsfjárþörf og lágmarkað fjármagnskostnað miðað við ásættanlega áhættu. Einnig er skuldastýringu ætlað að tryggja virkni á frum- og eftirmarkaði með ríkisskuldabréf þar sem útgáfa ríkisskuldabréfa gegnir mikilvægu hlutverki við fjármögnun ríkissjóðs.

Helstu áhættuþættir við skuldastýringuna eru annars vegar endurfjármögnunaráhætta og hins vegar óvissa um hvaða áhrif afnám gjaldeyrishafta muni hafa á útgáfu ríkisverðbréfa, sérstaklega m.t.t. áhrifa á erlenda eigendur ríkisverðbréfa. Erlendir fjárfestar áttu í lok júní 2010 um þriðjunginn af útgefnum ríkisverðbréfum, eða um 222 mia.kr. Til þess að viðhalda stöðugleika í lánamálum hefur fjármálaráðuneytið því sett fram viðmið fyrir skuldastýringu. Viðmiðin ná til endurgreiðsluferils, meðallánstíma og samsetningu skulda.

Endurgreiðsluferill útgefinna verðbréfa ríkissjóðs þarf að vera sem jafnastur yfir tíma þannig að einstakar útgáfur verði á endanum svipaðar að stærð. Þar sem skuldir ríkissjóðs hafa aukist hefur meðallánstími verið lengdur til þess að draga úr endurgreiðsluáhættu. Einnig verður leitast við að tryggja fjölbreytni í hópi fjárfesta.

Endurgreiðsluferill verðbréfa ríkissjóðs



Á næstu árum verður markvisst unnið að því að tryggja aðgang ríkissjóðs að erlendum mörkuðum. Stefnt verður að því að halda fjölbreytni í hópi fjárfesta, bæði hvað varðar landfræðilega dreifingu og tegundir fjárfesta. Reglulegar kynningar verða haldnar til þess að kynna efnahagsframvindu á Íslandi og stöðu ríkisfjármála. Þetta er liður í undirbúningsvinnu til þess að endurfjármagna erlend lán að fjárhæð 850 m. evra sem eru á gjalddaga árin 2011 og 2012 og endurfjármagna lán frá AGS og samstarfsþjóðum. Ríkissjóður hefur á árinu 2010 keypt til baka hluta af erlendum skuldabréf ríkissjóðs sem eru á gjalddaga árin 2011 og 2012. Verð á skuldabréfunum hefur lækkað eftir fall viðskiptabankanna og því eru endurkaup fyrir gjalddaga hagstæð fyrir ríkissjóð. Í lok júní námu endurkaup skuldabréfanna um 400 m. evra. Ríkissjóður mun halda áfram uppkaupum á þessum skuldabréfum ef það verður talið hagstætt. Gjaldeyrisforði Seðlabankans og lán frá AGS og samstarfsþjóðum tryggja nú þegar að ríkissjóður getur greitt erlend lán sem eru á gjalddaga árin 2011 og 2012 án þess gjaldeyrisforðinn fari niður fyrir eðlilega lágmarksstöðu.

Skuldir ríkissjóðs

Skuldir ríkissjóðs hafa aukist verulega eftir fall bankanna vegna eiginfjárframlaga til Seðlabanka Íslands og viðskiptabankanna, halla á rekstri ríkissjóðs og lántöku í erlendum gjaldmiðlum til styrkingar gjaldeyrisforða. Peningalegar eignir og hlutafé standa á móti lántöku vegna gjaldeyrisforða og eiginfjárframlags til viðskiptabankanna.

Í lok árs 2009 námu skuldir 1.176 m.kr. og áætlað er að skuldir muni nema 1.285 m.kr. í lok árs 2010. Áætlað er að skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF nái hámarki árið 2010 og verði um 80% af VLF. Gangi áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum eftir þannig að umtalsverður bati verði á afkomu ríkissjóðs munu skuldir lækka jafnt og þétt á næstu árum og verða um 60% af VLF í lok árs 2014.

Myndin hér á eftir sýnir þróun heildarskulda, hreinna skulda og hreinnar stöðu ríkissjóðs frá árinu 2005 til ársloka 2009 og áætlun til ársins 2014. Hreinar skuldir eru skilgreindar sem heildarskuldir að frádregnum veittum lánum og skammtímakröfum ríkissjóðs. Hreinar skuldir eru taldar verða um 47% af VLF í lok þessa árs en lækka samkvæmt áætluninni í 34% af VLF í lok tímabilsins. Hrein staða er skilgreind sem hreinar skuldir að viðbættu handbæru fé ríkissjóðs, s.s. innistæður í Seðlabankanum. Áætlað er að hrein staða í árslok 2010 nemi um 39% af VLF. Gert er ráð fyrir að staðan muni styrkjast á næstu árum og nemi um 30% af VLF í árslok 2014.

Heildarskuldir, hreinar skuldir og hrein staða ríkissjóðs



Áætluð samsetning á skuldum ríkissjóðs í lok árs 2010 kemur fram í mynd hér á eftir. Í stórum dráttum má skipta skuldum ríkissjóðs eftir uppruna í lán vegna fjárlagahalla áranna 2008–2010, skuldabréf vegna endurfjármögnunar á bönkum og sparisjóðum, skuldabréf vegna endurfjármögnunar á Seðlabankanum, önnur innlend lán sem eru að hluta frá

fyrri tíð, erlend lán vegna gjaldeyrisvaraforðans, þ.m.t. frá AGS og samstarfsþjóðum um endurreisnaráætlunin, og önnur erlend lán sem eru að mestu frá fyrri tíð.

Samsetning skulda ríkissjóðs



Lán vegna fjárlagahalla 2008–2010 og önnur innlend lán nema samtals um 42% af skuldum og eru þau stærsti hluti af skuldum ríkissjóðs. Á árinu 2009 var gefinn út sérstakur flokkur ríkisbréfa til þess að endurfjármagna fjármálastofnanir. Áætlað er að útistandandi fjárhæð vegna þeirrar endurfjármögnunar muni nema um 210 mia.kr. í árslok 2010, eða sem nemur um 16% af skuldum ríkissjóðs. Á móti skuldabréfunum á ríkissjóður hlutabréf í bönkunum að fjárhæð um 136 mia.kr. og víkjandi lán sem ríkissjóður veitti þeim sem nema um 54 mia.kr. Ríkissjóður hefur möguleika á að selja einhvern hluta þessara eigna fyrir gjalddaga skuldabréfanna og nota söluandvirðið til þess að lækka útistandandi fjárhæð eða að nýta arðinn sem þær geta gefið af sér til þess að mæta fjármagnskostnaði vegna skuldanna.

Ríkissjóður gaf út skuldabréf í árslok 2008 til þess auka eigið fé Seðlabankans, þar sem bankinn hafði tapað á veð- og daglánum til fjármálastofnanna. Áætlað er að skuldabréfið til Seðlabankans muni nema um 166 mia.kr. í árslok 2010.

Erlendum lánum má skipta í tvennt; gjaldeyrisforðalán og önnur erlend lán. Í desember 2006 gaf ríkissjóður út skuldabréf að upphæð 1.000

milljónir evra og tók einnig lán að upphæð 300 milljónir evra í september 2008 með það að markmiði að stækka gjaldeyrisforða Seðlabankans.

Lán sem tekin eru í tengslum við samstarfsáætlun ríkisins og AGS verða notuð til þess að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans. Samningsbundin lán eru frá Færeyjum, Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð og Póllandi og nema alls 243 mia.kr. Lán frá AGS og Noregi sem einnig eru tekin í sama tilgangi eru veitt beint til Seðlabankans en lánin frá hinum löndunum færast beint sem skuldir í efnahagsreikning ríkissjóðs. Færeyska lánið hefur verið greitt út en hin lánin verða greidd út í áföngum samhliða endurskoðun AGS á efnahagsáætlun stjórnvalda.

Í maí sl. gerði Seðlabankinn, fyrir hönd ríkissjóðs, samkomulag við Seðlabankann í Lúxemborg um kaup á útistandandi skuldabréfum Avens B.V. Skuldabréfin samanstanda af reiðufé, íbúða- og ríkisbréfum. Reiðuféð var notað til þess að kaupa íbúðabréf af Eignarhaldsfélagi Seðlabanka Íslands og voru öll íbúðabréfin seld til lífeyrissjóða gegn greiðslu í evrum. Við viðskiptin jókst gjaldeyrisforði Seðlabankans um 77 mia.kr. (512 milljónir evra). Ríkissjóður greiddi fyrir Avens B.V. með skuldabréfi að fjárhæð 402 milljónir evra til 15 ára og með reiðufé að fjárhæð 35 milljónir evra og 5 milljarðar íslenskra króna.

Áætlað er að gjaldeyrisforðalánin og lán samstarfsþjóða ásamt skuldabréfi vegna kaupa á Avens B.V. nemi 314 mia.kr. í árslok 2010 eða um 24% af skuldum ríkissjóðs. Andvirði gjaldeyrisforðalána er ávaxtað í auðseljanlegum verðbréfum.

Önnur erlend lán ríkissjóðs voru tekin vegna fjármögnunar ríkissjóðs á árum áður. Hlutfall þeirra af heildarskuldum hefur lækkað jafnt og þétt.

Lausafjárstaða ríkissjóðs er góð og í lok ágúst voru um 142 mia.kr. á innistæðureikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum sem er 24 mia.kr. lægri fjárhæð en í upphafi árs. Lausafjárstaðan jafngildir endurfjármögnunarþörf allra ríkisverðbréfa sem eru á gjalddaga árið 2010.

5 Fjármál sveitarfélaga

Bæði ríki og sveitarfélög eru þátttakendur í því verkefni að koma fjármálum hins opinbera á réttan kjöl. Í samstarfsáætluninni með AGS hafa stjórnvöld til þessa gert ríkari kröfur til aðlögunar í ríkisfjármálum en í fjármálum sveitarfélaga. Þannig hefur í aðlögunaráætluninni verið gengið út frá að afkoma sveitarfélaga héldist nánast óbreytt en þegar fram í sækir á seinni árum áætlunarinnar munu sveitarfélögin þurfa að taka meiri þátt í aðlögunarferlinu til að styrkja afkomu hins opinbera í landinu.

Fjármál sveitarfélaga hafa versnað eftir efnahagshrunið, þótt ólíku sé saman að jafna við ríkissjóð. Á föstu verðlagi voru tekjur sveitarfélaga á mann samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands um fjármál hins opinbera 18% minni árið 2009 en þær höfðu verið 2007 á meðan útgjöld á mann lækkuðu um 8%. Á sama tímabili höfðu tekjur ríkissjóðs minnkað um 22% á mann, þrátt fyrir aðgerðir til tekjuöflunar á meðan útgjöldin höfðu vaxið um 13% á mann að raunvirði. Bæði ríki og sveitarfélög urðu þannig fyrir miklu tekjufalli sem ríkissjóður hefur reynt að vega upp að hluta með skattbreytingum og að hluta með því að draga saman útgjöld. Sveitarfélög hafa fyrst og fremst getað brugðist við með ýmsum aðgerðum á útgjaldahlið þó svo að í sumum tilvikum hafi verið til staðar svigrúm til að hækka útsvar og aðrar tekjur sveitarfélaga. Útgjaldahöggið sem leiðir af efnahagsáfallinu hefur þó á að mestu leyti lent á ríkissjóði, einkum gríðarleg vaxtabyrði vegna skuldbindinga sem ríkið hefur þurft að taka á sig í kjölfar bankahrunsins og stórhækkun atvinnuleysisútgjalda.

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands námu heildartekjur sveitarfélaga 12,6% af landsframleiðslu árið 2009 og höfðu dregist saman um 1,6 prósentustig frá árinu 2007. Útgjöld sveitarfélaga hafa haldist nokkurn veginn óbreytt í hlutfalli af landsframleiðslu. Fjárfesting hefur haft mun meira vægi í útgjöldum sveitarfélaga en hjá ríkissjóði. Sveitarfélög vörðu 10% af útgjöldum ársins 2009 í fjárfestingu en það hlutfall hafði lækkað úr 18,2% frá því tveimur árum áður á meðan fjárfesting var 5,5% af útgjöldum ríkissjóðs og óbreytt hlutfall frá 2007. Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð sem nam 7,9% af tekjum en 1,0% af landsframleiðslu og vegna nokkurs halla á vaxtajöfnuði nam hallinn á frumjöfnuði 0,9%. Bráðabirgðaniðurstöður fyrir fyrri helming ársins benda

til þess að tekjuhalli sveitarfélaga hafi numið um 6 milljörðum króna, þrátt fyrir að tekjur hafi verið 2,8 mia. kr. meiri en fyrri árshelming 2009 og gjöld 0,4 mia. kr minni en þá. Samkvæmt áætlun efnahagsskrifstofu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins munu tekjur sveitarfélaga dragast saman sem hlutfall af landsframleiðslu en samdráttur á útgjaldahlið verður ívið meiri. Í heild er áætlað að halli á tekjujöfnuði á yfirstandandi ári muni nema um 0,5% af landsframleiðslu. Það er töluvert hagstæðari útkoma en undanfarin tvö ár og betri útkoma en gert var ráð fyrri við aðra endurskoðun AGS á samstarfsáætluninni við Ísland.

Fjármál sveitarfélaga



Markmið samstarfsáætlunarinnar við AGS eru sett fram á mælikvarða frumjafnaðar og heildarjafnaðar og í þeim er ákveðið hvernig þessir tveir mælikvarðar á afkomu eiga að breytast milli ára. Hlutur sveitarfélaga í afkomubata hins opinbera er ekki settur fram sérstaklega en fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir að batinn verði allur á sviði ríkisfjármálanna.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að sveitarfélög á Íslandi gegni stærra hlutverki en almennt tíðkast hjá OECD, þau hafi mikið sjálfstæði varðandi fjármál sín en jafnframt mjög sveiflukennda tekjustofna. Til þess að takmarka áhættu, bæta samræmingu og auðvelda jafnari dreifingu byrðarinnar af því að ná jafnvægi í opinberum fjármálum áforma stjórnvöld að styrka rammann um þau. Nú liggja fyrir tillögur um fjármálareglur fyrir sveitarfélög sem byggja á störfum samráðsnefndar um

efnahagsmál, tæknilegri aðstoð frá AGS og Evrópuráðinu, þar sem sveitarfélögum er gert að haga fjármálastjórn sinni innan tiltekinna viðmiða um afkomu og hlutfall skulda af tekjum. Fyrir mörg sveitarfélög hefur þetta í för með sér mikla takmörkun frá því sem verið hefur.

Á næstu árum er gert ráð fyrir að tekju- og frumjöfnuður sveitarfélaga muni fara hægt batnandi í samræmi við efnahagsáætlunina og verði því að mestu leyti náð fram með ýmsum hagræðingaraðgerðum og endurskipulagningu á útgjaldahlið. Horfur eru á að tekjur sveitarfélaga muni aftur á móti standa nokkuð í stað sem hlutfall af landsframleiðslu ef horft er framhjá fyrirhuguðum breytingum á verkaskiptingu milli stjórnsýslustiga.

Staða sveitarfélaga er afar mismunandi, bæði að því er varðar tekjuöflunarmöguleika og útgjaldaþörf. Árið 2009 var þannig tvöfaldur munur á útsvarstekjum þess sveitarfélags[2] sem hafði mestar og minnstar útsvarstekjur á íbúa. Tekjur tekjuhæsta sveitarfélagsins af fasteignasköttum voru 30 sinnum hærri á íbúa en hjá því sem lægstar hafði tekjurnar. Ef allar skatttekjur eru lagðar saman er munurinn nær þrefaldur. Framlög úr Jöfnunarsjóði færa hlutfallið milli tekjuhæsta og tekjulægsta sveitarfélagsins á hvern íbúa niður í 2,7. Gjöld sveitarfélaga eru einnig mjög mismunandi. Ef litið er til gjalda á hvern íbúa vegna launa og annarra rekstrargjalda, en horft framhjá fjármagnsliðum, er munurinn 2,6-faldur á því sveitarfélagi sem er með hæstan og lægstan kostnað. Ef fjármagnsliðir eru teknir með kemur í ljós að árið 2009 skiluðu þeir 36 sveitarsjóðum nettótekjum sem samtals námu 2 mia. kr. Nettófjármagnskostnaður 39 sveitarfélaga nam 11,6 mia. kr. og hann er þungur kostnaðarliður hjá mörgum þeirra.

Mörg sveitarfélög eru nú illa sett fjárhagslega eftir umfangsmikla fjárfestingu og skuldasöfnun á undanförnum árum. Rekstrarumhverfi margra sveitarfélaga er því erfitt þar sem tekjur rýrna í kjölfar samdráttar efnahagslífsins á meðan útgjöld aukast vegna aukinnar þarfar á margvíslegri félagsþjónustu. Erlendir lánamarkaðir eru óaðgengilegir en mörg sveitarfélög þurfa að endurfjármagna erlendar skuldbindingar sínar á komandi misserum. Skuldir og skuldbindingar námu 15,7% af landsframleiðslu í lok sl. árs, en þá er eingöngu átt við skuldir sveitar-

[2] Í þeim samanburði sem hér er gerður er Fljótsdalshreppi alls staða sleppt vegna mikillar sérstöðu þess sveitarfélags.

sjóða (A-hluta), og hafa hækkað um rúmlega 5 prósentustig á undanförnum tveimur árum. Peningalegar eignir sveitarsjóða námu aftur á móti 8,3% af landsframleiðslu og hafa verið að dragast saman jafnt og þétt á undanförnum árum. Ljóst er að töluverð umskipti þurfa að verða í rekstri margra sveitarfélaga á næstu árum. Allt of mörg sveitarfélög hafa rekið sveitarsjóði sína með halla á undanförnum árum.

Í krónum talið námu heildarskuldir sveitarsjóða 141,7 mia. kr. um sl. áramót. Ef bætt er við það lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum námu skuldir og skuldbindingar alls 224,8 mia.kr. Langtímaskuldir hafa meira en tvöfaldast á undanförnum tveimur árum, hvort tveggja í innlendri og erlendri mynt. Sveitarfélögin hafa jafnan verið með um þriðjung langtímalána sinna í erlendri mynt og hafa þau hækkað mikið við gengisfall krónunnar. Langtímaskuldir í innlendri mynt hafa sömuleiðis meira en tvöfaldast á undanförnum tveimur árum þar sem sveitarfélögin hafa nú eingöngu tök á því að brúa hallarekstur sinn innanlands. Á móti hefur hægt á aukningu skammtímaskulda eftir mikinn vöxt undanfarinna ára. Töluvert meira er orðið um að sveitarfélög starfi með einkaaðilum á þann hátt að einkaaðili fjármagnar og reisir byggingu en sveitarfélagið leigir hana síðan með langtímasamningi. Einnig hafa sum sveitarfélög selt fyrirtækjum eða stofnunum fasteignir og leigja þær síðan til baka. Í þeim tilvikum er um að ræða stofnanir eða fyrirtæki sem eru að hálfu eða í meirihlutaeigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar (svonefnd B-hluta fyrirtæki). Við þetta eru skuldir oft greiddar niður og hverfa því úr efnahagsreikningi viðkomandi sveitarfélags en færast sem langtímaskuldbinding. Í einhverjum tilvika hefur það gerst að söluandvirðið hefur ekki verið notað til þess að greiða niður skuldir og hefur skuldbindingin því orðið hrein viðbót. Slíkar skuldbindingar eiga allar að vera orðnar hluti af efnahagsreikningi sveitarfélaga í ársbyrjun 2010.

Í viljayfirlýsingu stjórnvalda vegna annarrar endurskoðunar samstarfssamnings við AGS kemur fram að ramminn um hlutverk sveitarfélaga í opinberri fjármálastjórn verði settur fram í eftirfarandi aðgerðum:

1. Fjármálareglu.
2. Ákveðnar takmarkanir á lántökum sveitarfélaga.
3. Virk stjórntæki til að hafa tök á sveiflum í tekjum sveitarfélaga.
4. Bætt vöktun á framvindu fjármála sveitarfélaga.
5. Virkara samráð milli stjórnsýslustiganna um markmið í opinberum fjármálum og gerð fjárhagsáætlana.
6. Úrval viðurlaga ef reglum er ekki fylgt.

Undirbúningi þessara aðgerða er nú nær lokið og fjárhagsáætlanir fyrir árið 2011 verða unnar á grundvelli þessa nýja fyrirkomulags. Stjórnvöld hafa einsett sér að hrinda þessu í framkvæmd með því að telja það með í sk. viðmiðunum (benchmark) áætlunarinnar.

Fyrirhuguð áform stjórnvalda til að fá sveitarstjórnir í lið með sér við efnahagsstjórnina munu geta gert hana markvissari og árangursríkari. Núverandi staða margra sveitarsjóða er þó þannig að það mun taka langan tíma að koma þeim á beinu brautina í þessum efnum. Áform eru um að sveitarfélög taki að sér fleiri verkefni samneyslu á næstu árum og er búið er að ná samkomulagi að mestu um að málefni fatlaðra verði færð til sveitarfélaga. Almennt hefur verið stefnt að því að með nýjum verkefnum fylgi nýir tekjustofnar en útgjöld vegna verkefna og mögulegar tekjur á grundvelli skattstofna skiptast með mjög ólíkum hætti milli sveitarfélaga. Þetta krefst sífellt vaxandi jöfnunar á tekjum milli sveitarfélaganna og hlýtur að vekja upp spurninguna um hvort það hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði aukið enn frekar frá því sem verið hefur.

Unnið er að margvíslegum verkefnum á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að bæta afkomu sveitafélaga og auka jafnræði meðal þeirra. Nefnd um eflingu og breikkun tekjustofna sveitarfélaga er að ljúka störfum og sömuleiðis hefur verið ákveðið að hrinda í framkvæmd tillögum nefndar sem endurskoðaði verkefni Jöfnunarsjóðs. Þá hafa stjórnvöld áform um að sveitafélög sameinist enn frekar á næstu árum sem mun auðvelda þeim að veita þjónustu og gera sveitarstjórnarstigið öflugra.

6 Ráðstafanir vegna fjármálakreppunnar

Endurreisn fjármálakerfisins

Eftir hrun fjármálakerfisins haustið 2008 hefur ríkisstjórnin gripið til margvíslegra aðgerða til að koma efnahagslífinu í landinu í eðlilegt horf að nýju og standa vörð um hag heimilanna og leitast við að lágmarka þann skaða sem samfélagið hafði orðið fyrir. Eitt brýnasta verkefnið sem stjórnvöld stóðu frammi fyrir var endurfjármögnun bankakerfisins og er því nú lokið að mestu leyti. Gengið var frá samningum á milli íslenskra stjórnvalda og nýju bankanna, annars vegar, og skilanefnda Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings, fyrir hönd kröfuhafa, hins vegar, um uppgjör vegna eigna sem færðar voru úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju í október 2008. Arion banki, Landsbankinn og Íslandsbanki eru nú fullfjármagnaðir bankar sem standa á traustum fjárhagslegum grunni og eru þannig vel í stakk búnir til að mæta þörfum heimila og fyrirtækja í landinu.

Alls nemur eiginfjárframlag ríkisins til bankanna 135 mia.kr. Upphaflega var gert ráð fyrir að þetta framlag yrði 385 mia.kr. og reynist það því 250 mia.kr. lægra. Auk þess veitir ríkið tveim bönkum víkjandi lán: Arion banka að fjárhæð 24 mia.kr. og Íslandsbanka að fjárhæð 25 mia.kr. Því til viðbótar gætu komið stofnfjárframlög vegna sparisjóða að upphæð 20 mia.kr. Samtals verður fjárbinding ríkissjóðs vegna endurreisnar bankanna því nálægt 200–210 mia.kr. Á móti þessum fjárhæðum standa þá eignarhlutar sem geta skilað arði í formi arðgreiðslna eða vegna sölu þeirra.

Niðurstaðan telst hagstæð fyrir ríkissjóð en miðað við upphaflegar áætlanir eru vaxtagjöld ríkissjóðs samtals um 46 mia.kr. lægri árin 2009 og 2010 en þær gerðu ráð fyrir. Ástæða þessa munar er fyrst og fremst sú að kröfuhafar Kaupþings og Glitnis eignuðust Arion banka og Íslandsbanka. Sú ákvörðun leiðir til 21 mia.kr. lægri vaxtakostnaðar fyrir árin 2009 og 2010.

Þá hafa verið gerðar endurbætur á ýmsum stofnunum sem fara með málefni fjármálakerfisins í því skyni að efla og auka trúverðugleika þeirra. Faglegri yfirstjórn var komið á í Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu auk þess sem starfsemi embættis sérstaks saksóknara hefur verið stórefld. Rannsóknir á skattalagabrotum í tengslum við banka-

hrunið og aðdraganda þess hafa einnig verið stórefldar og heimildir til þeirra auknar, en það gerir m.a mögulegt að frysta eignir á meðan rannsókn stendur yfir. Alþingi hefur auk þess samþykkt lög sem kveða á um faglegar ráðningar í stöður dómara við Hæstarétt og héraðsdómstóla.

Loks hefur löggjöf og regluverk um fjármálamarkaðinn og eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins verið endurbætt og hert.

Atvinnusköpun og örvun vinnumarkaðar

Í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaganna var m.a. gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin greiddi götu þegar ákveðinna framkvæmda til eflingar atvinnulífinu í landinu. Stefnt var að því að ganga til samstarfs við lífeyrissjóðina um fjármögnun einstakra verkefna. Þannig er nú unnið að undirbúningsvinnu vegna áforma sem tengjast fjárfestingu í meðalstórum iðnaðarkostum, s.s. gagnaverum og kísilflöguframleiðslu, auk úrvinnslu áforma um aðrar stórfjárfestingar í atvinnulífinu. Sum af þeim verkefnum sem fyrirhugað var að ráðast í hafa reynst tímafrekari í undirbúningi en gert var ráð fyrir. Hins vegar eru ýmis verkefni komin af stað, eins og nýbygging fyrir Landspítalann, og tvö stór samgönguverkefni á ábyrgð ríkisins eru auk þess að fara af stað, þ.e. tvöföldun á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi. Einnig er unnið að undirbúningi að byggingu samgöngumiðstöðvar í Reykjavík og í skoðun er stækkun flugstöðvar á Akureyri, sem einnig myndi þjóna sem samgöngumiðstöð. Þessu til viðbótar hefur ríkisstjórnin ákveðið að auka verulega við viðhaldsverkefni opinberra bygginga frá því sem áformað hafði verið til að fjölga störfum og er ætlunin að verja 500 m.kr. til þessa verkefnis á þessu ári. Auk þess leggur ríkið fram 350 m.kr. til sérstaks markaðsátaks og landkynningar til að bregðast við tímabundnum neikvæðum áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli og koma í veg fyrir að það leiði til samdráttar í ferðaþjónustu.

Atvinnuátak fyrir námsmenn

Í sérstöku atvinnuátaki fyrir námsmenn voru auglýst laus til umsóknar 856 störf. Um er að ræða tímabundin störf sem standa námsmönnum og atvinnuleitendum til boða og nemur ráðningartímabil þeirra allt frá 6 vikum upp í 6 mánuði. Atvinnuleysistryggingasjóður mun verja allt að 250 m.kr. úr sjóðnum til að styrkja þessi sumarvinnuverkefni námsmanna. Þessi störf eru til viðbótar þeim 400 störfum fyrir námsmenn

við rannsóknar og þróunarstörf sem koma til með samkomulagi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar um eflingu Nýsköpunarsjóðs námsmanna.

Til að stuðla enn frekar að því að sem flestir geti haldið störfum sínum og til að auka möguleika á hlutastörfum hafa verið heimilaðar hlutfallslegar greiðslur atvinnuleysisbóta á móti skertu starfshlutfalli og hefur það úrræði verið framlengt til 31. desember 2010. Þá hefur grunnframfærsla Lánasjóðs íslenskra námsmanna verið hækkuð um 20%. Sú aðgerð var liður í heildstæðri stefnumörkun sem nú á sér stað til að hvetja atvinnulausa til mennta og draga þannig úr atvinnuleysi og styðja við efnahagslega framþróun byggða á aukinni færni og þekkingu. Lykilatriði í því efni er að bæta menntaúrræði fyrir atvinnulausa og auðvelda þeim með ýmsum hætti að hefja nám.

Til að efla atvinnulífið hefur verið gripið til ýmissa aðgerða, bæði tímabundinna og varanlegra. Þannig hefur tekjuskattslögum verið breytt til bráðabirgða þannig að einstaklingum er heimilt að draga fjárhæð sem varið er til vinnu við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota og frístundahúsnæði frá tekjuskattsstofni að ákveðnu hámarki. Heimild þessi er veitt vegna tekjuáranna 2010 og 2011. Frádráttur þessi getur þó ekki orðið hærri en 50% af greiddri vinnu og að hámarki 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum. Hlutfall endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og vegna vinnu við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis hefur einnig verið hækkað tímabundið úr 60% í 100%. Markmiðið með þessum aðgerðum er að bæta atvinnuástandið með aukinni starfsemi iðnaðarmanna á byggingamarkaði auk þess að vega á móti tilhneigingu til svartrar atvinnustarfsemi í því efnahagsástandi sem nú ríkir. Unnið hefur verið að þessu verkefni í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Alþýðusamband Íslands og aðildarfélög þess, Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar- og þjónustu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands undir kjörorðinu „Allir vinna“.

Leyfðar hafa verið strandveiðar yfir sumarmánuðina fyrir handfæraveiðar allra þeirra báta sem uppfylla þau skilyrði sem gerð eru til fiskiskipa sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni. Með veiðunum er þannig opnað á takmarkaðar veiðar þeirra sem ekki eru handhafar slíkra réttinda og uppfylla sett skilyrði.

Listamannalaunum sem úthlutað hefur verið sem starfslaunum verður fjölgað á þriggja ára tímabili um alls 400 þannig að á árinu 2012 verði samtals 1.600 mánaðarlaun til ráðstöfunar til starfslauna og styrkja í stað 1.200 mánaðarlauna nú. Þá hefur einnig hlutfall framleiðslukostnaðar vegna kvikmyndagerðar á Íslandi sem heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði verið hækkað úr 14% í 20%. Markmið þessara breytinga er að styrkja enn frekar samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar gagnvart sambærilegri starfsemi í sumum öðrum ríkjum og laða að fleiri erlend verkefni.

Rannsóknir og þróunarstarf

Til að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknir og þróunarstarf og stuðla þannig að aukinni atvinnusköpun á því sviði hafa verið sett lög sem veita slíkum fyrirtækjum skattfrádrátt vegna kostnaðar sem til fellur vegna nýsköpunarverkefna. Einstaklingar og lögaðilar sem fjárfesta í slíkum fyrirtækjunum geta einnig fengið frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna þeirra. Þá hefur sömuleiðis verið sett löggjöf sem ætlað er að mynda ramma utan um þær ívilnanir sem stjórnvöldum og sveitarfélögum er heimilt að veita vegna nýfjárfestinga á Íslandi. Fyrirkomulag þessara ívilnana tekur mið af því sem gerist í öðrum Evrópuríkjum. Markmiðið er að örva og efla nýfjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi.

Bílaleigum er tímabundið veitt heimild til að reikna innskatt af kaupverði notaðra fólksbifreiða. Almennt er virðisaukaskattur ekki tilgreindur sérstaklega við sölu á notuðum bifreiðum en bílaleigur geta reiknað innskatt sem nemi 20,32% af kaupverði bifreiða sem ætlaðar eru til útleigu. Þetta er gert til að mæta erfiðu rekstrarumhverfi bílaleiga vegna mikils kostnaðar við fjármögnun á nýjum bifreiðum á sama tíma og mikið framboð er af notuðum bifreiðum.

Aðgerðir í þágu heimilanna

Gripið hefur verið til margháttaðra aðgerða til að koma betra jafnvægi á skulda- og eignastöðu, greiðslugetu og fjárskuldbindingu einstaklinga, heimila og fyrirtækja. Veitt hefur verið heimild til útgreiðslu á séreignarsparnaði að upphæð allt að 1,5 m.kr. fyrir skatta. Tekjur úr séreignarsjóðum munu ekki skerða atvinnuleysis- eða húsaleigubætur. Viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta á árinu 2009 og 2010 vegna tekna og eigna áranna 2008 og 2009 var breytt og þær hækkaðar um 30%. Vegna

breytinga á gengi og aukinnar verðbólgu eftir hrun bankakerfisins og þess efnahagsvanda sem í kjölfarið hefur komið, hefur vaxtabyrði heimilanna vaxið mikið. Með þessum tímabundnu breytingum hækkuðu greiðslur vaxtabóta um rúma 2 mia.kr. á síðasta og þessu ári.

Boðið er upp á almennar aðgerðir til að laga greiðslubyrði íbúðalána að launaþróun og atvinnustigi með greiðslujöfnun. Slíkri jöfnun má beita á öll verðtryggð lán opinbera lánastofnana, lífeyrissjóða og fjármálastofnana sem tryggð eru með veði í fasteignum hér á landi, nema lánþegi óski þess sérstaklega að vera undanþeginn greiðslujöfnun. Breytingin felur í sér að standi eftir skuld á jöfnunarreikningi þegar upprunalegum lánstíma lýkur skuli endurgreiðsla hennar ekki vara lengur en í þrjú ár þannig að sú skuld sem þá kynni að vera ógreidd verði afskrifuð. Auk þessa er boðið upp á sértækar aðgerðir um skuldaaðlögun einstaklinga, heimila og fyrirtækja sem miða að því að skuldir verði lagaðar að greiðslugetu og eignastöðu ef almenn greiðslujöfnun nægir ekki.

Hjá þeim sem glíma við meiri greiðsluerfiðleika, þar sem greiðslu- og skuldajöfnun er ekki nægjanleg, er hægt að leita nauðasamninga til greiðsluaðlögunar. Eigendur íbúðarhúsnæðis, sem ekki geta staðið full skil á greiðslu skulda sem tryggðar eru með veði í húsnæðinu geta, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, leitað eftir tímabundinni greiðsluaðlögun. Reglur um greiðslustöðvun og nauðasamninga er að finna í lögum um gjaldþrotaskipti en þessi réttarúrræði hafa það að markmiði að gera skuldara kleift að ráða bót á fjárhagsörðugleikum sínum til að forða því að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er sú að þessi úrræði gagnist helst þeim sem leggja stund á atvinnurekstur af einhverju tagi. Greiðsluaðlögun er ætluð til að gera einstaklingum sem ekki stunda atvinnurekstur eða hafa hætt slíkum rekstri og glíma við verulegan fjárhagsvanda kleift að endurskipuleggja fjármál sín með sama hætti.

Talið er nauðsynlegt að taka á framkomnum greiðsluvanda hjá stórum hópi fólks og tryggja einstaklingum virkari úrræði til að gera þeim kleift að endurskipuleggja fjármál sín með það að markmiði að þeir geti búið áfram í fasteign sinni. Með greiðsluaðlögun breytast veðtryggðar skuldbindingar skuldarans á þann hátt að aðeins verða gjaldkræfar greiðslur sem honum telst fært að standa straum af, en sá hluti skuldbindingarinnar sem út af stendur leggst við höfuðstól hennar og er

frestað. Frestun þessi stendur meðan greiðsluaðlögunin er í gildi en það getur að hámarki verið þrjú ár. Skuldari þarf að óska eftir beiðni um greiðsluaðlögun til héraðsdóms sem þarf að taka afstöðu til beiðninnar að teknu tilliti til tekna, skulda og eigna viðkomandi. Taki héraðsdómur til greina beiðni um greiðsluaðlögun gilda sömu reglur fyrir dómi og um heimild til að leita nauðasamninga til greiðsluaðlögunnar. Að loknu greiðsluaðlögunartímabilinu getur skuldari óskað þess að veðskuldir sem á fasteigninni hvíla verði máðar af fasteigninni séu þær umfram tiltekinn hundraðshluta sem bætt er við markaðsverð eignar. Þeir veðhafar sem eru með kröfur umfram þannig metna eign eiga þess kost að gera tilboð um að leysa eignina til sín með því að taka að sér rétthærri veðkröfur annarra.

Embætti umboðsmanns skuldara

Samþykkt hafa verið lög sem ætlað er að bæta úrvinnslu úr skulda- og greiðslustöðu einstaklinga og auðvelda þeim að koma henni í viðunandi horf. Stofnað hefur verði sérstakt embætti umboðsmanns skuldara sem hefur það hlutverk að veita einstaklingum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til úrlausnar þeirra. Með sérstöku embætti umboðsmanns skuldara verður aðstoð við þá einstaklinga sem lent hafa í verulegum greiðsluerfiðleikum í skýrara formi en verið hefur. Umboðsmanni skuldara er ætlað að hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna, fara með framkvæmd greiðsluaðlögunar, taka við erindum skuldara, gæta hagsmuna þeirra og bregðast við ef gengið er á réttindi. Einnig á hann að veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna.

Gerð hefur verið breyting á skattalegri meðferð á eftirgjöf skulda annars vegar hjá lögaðilum og aðilum í sjálfstæðum atvinnurekstri og hins vegar hjá einstaklingum þannig að hluti af eftirgefnum skuldum teljist ekki til tekna við skattálagningu hjá viðkomandi sem hefði orðið að óbreyttu. Tilgangurinn er að koma þeim einstaklingum, sem alla jafna ættu að geta staðið í skilum með skuldbindingar sínar til tímabundinnar aðstoðar vegna greiðsluerfiðleika, sem ella hefðu getað leitt þá í greiðsluþrot. Jafnframt hefur verið heimiluð undanþága frá greiðslu stimpilgjalda við endurfjármögnun bílalána einstaklinga. Af nýju bílaláni sem kemur í stað eldra bílaláns er ekki greitt stimpilgjald af þeim hluta bílalánsins sem svarar til uppreiknaðs virðis eldra bílalánsins að viðbættum vanskilum.

Lögum um nauðungarsölu hefur verið breytt í þeim tilgangi að bæta stöðu skuldara. Þannig getur innheimtukostnaðar við nauðungarsölu þegar um er að ræða kröfur sem njóta lögveðs í eign aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur fjórðungi af höfuðstól kröfunnar. Sá sem krafinn er um mismun á því verði sem eign var seld fyrir á nauðungarsölu og því sem sýnt þyki að hafi verið markaðsvirði hennar getur óskað eftir að gert verði mat á eigninni. Matsverðið getur aldrei orðið lægra en skráð fasteignamat eignarinnar. Gerðarþoli gat óskað eftir frestun nauðungarsölu á íbúðarhúsnæði til 31. ágúst 2010 enda væri um að ræða fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili. Gerðarþoli við nauðungarsölu á eign sem hann hefur haft til eigin nota hefur rétt á að halda notum af eigninni í allt að tólf mánuði frá samþykki boðs í hana gegn greiðslu sem metin er af sýslumanni hæfileg húsaleiga.

Styrking atvinnulífs

Brugðist hefur verið við greiðsluerfiðleikum fyrirtækja vegna mikils samdráttar í íslensku efnahagslífi. Fyrirtækjum hefur verið gert kleift að dreifa gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalda vegna uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar á árinu 2010. Greiðsludreifing aðflutningsgjalda og vörugjalda er þannig að helmingur gjaldanna er greiddur á hefðbundnum gjalddaga, en hinn helmingurinn frestast um einn mánuð. Í frumvarpinu er auk þess gert ráð fyrir því að á gjalddaga uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar á árinu 2010 vegna virðisaukaskatts verði heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað. Auk þessa geta lögaðilar og einstaklingar í atvinnurekstri sem eru í vanskilum með tiltekin opinber gjöld sem hafa gjaldfallið fyrir 1. janúar 2010 sótt um frest á greiðslu vanskila til 1. júlí 2011. Um er að ræða virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald og þing- og sveitarsjóðsgjöld. Ekki er gert ráð fyrir að dráttarvextir leggist á kröfur meðan á frestun stendur. Tollstjóra verður heimilt að samþykkja útgáfu skuldabréfs til 5 ára vegna þeirra opinberu gjalda sem voru í greiðslufresti standist skuldari skilyrði frestunarinnar. Skuldabréfið skal vera verðtryggt en vaxtalaust með jöfnum mánaðarlegum afborgunum og með fyrstu greiðslu 1. október 2011.

Lýðræðisumbætur

Krafan um aukið lýðræði og gagnsærri og skilvirkari stjórnsýslu hefur verið hávær í umræðunni að undanförnu. Stjórnvöld hafa brugðist við þessu kalli með nýjum lögum um þjóðaratkvæðagreiðslur og nú í haust verður efnt til kosninga í fyrsta sinn hér á landi til stjórnlagaþings sem gert er ráð fyrir að komi saman 15. febrúar nk. Þingið mun hafa það hlutverk að endurskoða stjórnarskrána frá grunni. Til undirbúnings stjórnlagaþinginu hefur auk þess verið efnt til þjóðfundar í þeim tilgangi að kalla eftir meginsjónarmiðum og áherslum almennings varðandi stjórnskipan landsins, stjórnarskrá og breytingar á henni.

7 Staða Íslands í alþjóðlegu samhengi

Hrun íslenska bankakerfisins á sér vart hliðstæðu. Samdráttur hagkerfisins um 6,8% árið 2009 var sá mesti í sögu lýðveldisins. Hann var þó ekki jafnmikill og óttast var í fyrstu og nokkuð minni en meðal þeirra ríkja sem verst hafa orðið úti, líkt og Finnland, Írland og Eystrasaltsríkin.

Telja verður að margvíslegar aðgerðir stjórnvalda til þess að mæta erfiðri skuldastöðu heimilanna hafi dregið umtalsvert úr samdrætti hagkerfisins ásamt veiku raungengi, sveigjanleika vinnumarkaðarins og mótvægisaðgerðum stjórnvalda.

Af þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við hefur Noregur sloppið best við afleiðingar fjármálakreppunnar, m.a. vegna góðrar stöðu fjármála hins opinbera sem gerði kleift að leggja til myndarlega innspýtingu í hagkerfið til þess að draga úr samdrættinum. Finnland og Svíþjóð urðu hins vegar fyrir miklum búsifjum vegna samdráttar heimshagkerfisins en þessi lönd eru mjög háð útflutningsgreinum sínum og eftirspurn á alþjóðamörkuðum.

Nágrannaríki okkar áætla þó að lítils háttar hagvöxtur verði á yfirstandandi ári enda geta þau leyft sér að örva hagkerfið með auknum ríkisútgjöldum auk þess sem eftirspurn er að aukast á alþjóðamörkuðum. Hér á landi hefur landsframleiðslan haldið áfram að dragast saman og er gert ráð fyrir tæplega 3% samdrætti á þessu ári og að hagkerfið byrji ekki að vaxa fyrr en á seinni hluta ársins. Ef þær spár ganga eftir þýddi það að samdráttarskeiðið stæði í tvö og hálft ár sem er nokkuð lengra tímabil en víða annars staðar í kringum okkur. Samdrátturinn er þó í samræmi við það sem búast mátti við í ljósi þess mikla áfalls sem hagkerfið hefur þurft að takast á við, fall bankakerfisins, mikla skuldsetningu heimila og fyrirtækja, erfiðar aðstæður í alþjóðahagkerfinu og takmarkaða getu ríkisfjármála til þess að draga úr áfallinu.

Myndin hér á eftir sýnir hagvöxt helstu nágrannaríkja okkar, OECD ríkjanna og Evrusvæðisins árið 2009, ásamt spá fyrir næstu tvö árin. Þar sést að töluverður samdráttur hefur átt sér stað árið 2009 og að umskipta sé að vænta á þessu ári eða því næsta.

Hagvöxtur í nokkrum samanburðarlöndum



Einnig er vert að líta á þróun landsframleiðslu í öðrum löndum sem lent hafa í fjármálakreppum. Myndin hér á eftir sýnir hlutfallslega breytingu á landsframleiðslu fyrir og eftir að fjármálakreppa hefur skollið á. miðað við ársfjórðungsleg gögn á föstu verðlagi. Sjá má að Ísland er ekki svo frábrugðið öðrum löndum, t.d. Finnlandi í bankakreppunni 1990, hvað varðar þróun landsframleiðslunnar. Algengt er eftir fjármálakreppur að jákvæður raunhagvöxtur hefjist að nýju 4 til 12 ársfjórðungum eftir að kreppan skellur á, sem styður þá spá að landsframleiðslan aukist hér á landi á ný á seinni hluta þessa árs.

Þróun landsframleiðslu eftir bankakreppur



Ísland er ekki eina ríkið þar sem verulegur halli er á rekstri hins opinbera eins og sjá má á næstu mynd. Samkvæmt spám er talsvert meiri halli fyrirsjáanlegur á rekstri hins opinbera á Írlandi, í Bretlandi og í Bandaríkjunum en stefnt er að hér á landi.

Afkoma hins opinbera í nokkrum samanburðarlöndum



Ýmsar aðstæður valda því að brýnt þykir að aðlögun fjármála hins opinbera þurfi að verða hraðari hér á landi en í þessum ríkjum. Má það í stórum dráttum rekja til þriggja þátta. Í fyrsta lagi eru skuldir hins opinbera hér á landi hærri en í þessum löndum þar sem ríkissjóður varð að taka á sig hlutfallslega meiri byrðar vegna fjármálakreppunnar en nágrannaríki okkar. Hins vegar geta a.m.k. ríki á borð við Bandaríkin og Bretland fjármagnað hallarekstur sinn með útgáfu skuldabréfa í eigin mynt til erlendra fjárfesta. Aðgangur þeirra að alþjóðlegu fjármagni á ásættanlegum kjörum er því mun auðveldari en fyrir íslenska ríkið. Þetta tvennt hefur í för með sér í öðru lagi að vaxtakostnaður hins opinbera á Íslandi verður miklu meiri og getur stefnt ríkisfjármálunum í óefni á fáum árum. Í þriðja lagi gerir umfang og fjölbreytni hagkerfa fjölmennra ríkja þeim til muna betur fært að standa af sér áhættu af ýmsum opinberum útgjaldaskuldbindingum, s.s. ríkisábyrgðum eða lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, og af ófyrirséðum þrengingum í einstökum atvinnugreinum eða mörkuðum.

Á myndinni hér á eftir eru opinberar skuldir bornar saman við skuldir nokkurra annarra ríkja. Tekið skal fram að skuldirnar eru hér settar fram á grundvelli þjóðhagsreikninga sem er að nokkru leyti frábrugðinn mati skulda eins og það er fært í reikningshaldi ríkisins. Auk þess eru skuldir sveitarfélaga innifaldar í tölunum og þá einnig á framsetningu þjóðhagsgrunns fremur en samkvæmt reikningum þeirra. Þessar tölur eru aðeins hærri og ekki fyllilega sambærilegar við þær sem fram koma um skuldir ríkissjóðs annars staðar í fjárlagafrumvarpinu eins og t.d. í kafla 4 um skuldastýringu og lánsfjáröflun. Á hinn bóginn eru tölurnar byggðar á sama þjóðhagsgrunni og notaður er í öðrum löndum og í þessu tilviki er einnig byggt á Maastricht viðmiðum en það gerir samanburð við þau mun raunhæfari fyrir vikið.

Heildarskuldir hins opinbera í nokkrum samanburðarlöndum



Opinberar heildarskuldir Íslands í lok 2009, þ.e. bæði ríkisins og sveitarfélaga, eru áætlaðar um 88% af landsframleiðslu sem er töluvert umfram opinberar skuldir hinna Norðurlandanna. Opinberar skuldir Írlands og Bretlands voru einnig lægri í lok síðasta árs en eru þó taldar hækka í tæp 100% af landsframleiðslu í lok næsta árs. En ef fer fram sem horfir og endurreisnaráætlun stjórnvalda og AGS gengur eftir verða opinberar skuldir Íslands ekki verulega hærri en í flestum nágrannaríkjum okkar innan örfárra ára. Ekki er ósennilegt að opinberar skuldir Írlands og Bretlands verði jafnvel hærri en hér á landi áður en langt um líður ef þessi lönd herða ekki tökin á opinberum fjármálum sínum. Í þessum tölum eru ekki taldar með lífeyrisskuldbind-

ingar og viðskiptakröfur í samræmi við Maastricht-viðmið. Að þeim þáttum meðtöldum var brúttó skulda- og skuldbindingahlutfall Íslands um 120% af landsframleiðslu í árslok 2009. Einnig er vert að benda á að hrein skuld hins opinbera er verulega lægri, eða um 60% af landsframleiðslu, sem er svipað og jafnvel lægra en hjá mörgum vestrænum ríkjum. Hrein skuld hins opinbera er að mörgu leyti betri mælikvarði á skuldastöðu þjóðarbúsins þar sem þá er ekki aðeins litið á skuldahlið hins opinbera heldur dregnar frá útistandandi lánveitingar og kröfur.

Telja má að vaxandi skuldir hins opinbera verði helsta vandamál flestra þróaðra ríkja heims á næstu árum þar sem hið opinbera hefur þurft að leysa til sín hluta af skuldum fjármálageirans og á sama tíma auka ríkisútgjöldin í þeirri viðleitni að draga úr niðursveiflunni. Áætlar OECD að opinberar skuldir þróaðra ríkja muni að jafnaði nema yfir 100% af landsframleiðslu í lok árs 2011. Opinberar skuldir þróaðra hagkerfa eru í dag að jafnaði mun hærri en skuldir vaxandi hagkerfa sem urðu almennt ekki jafnilla fyrir barðinu á fjármálakreppunni og þróuð hagkerfi með umfangsmikla fjármálastarfsemi.

Þessi mikla skuldsetning þróaðra ríkja er þó ekki ný af nálinni og svipað var upp á teningnum í kjölfar seinni heimsstyrjaldar meðal flestra þróaðra ríkja Evrópu. Á seinni árum hefur Japan einnig glímt við opinberar skuldir sem hafa verið yfir 150% af landsframleiðslu. Vert er að benda á að ekkert þróað ríki hefur farið í þrot síðan Japan og Þýskaland í kjölfar seinni heimsstyrjaldar. Það hefur gert það að verkum að mjög skuldsett þróuð ríki hafa engu að síður notið trausts fjárfesta.

Í þessu sambandi er ástæða til að vekja athygli á því að nýlegar rannsóknir benda til þess að verulega dragi úr hagvexti ríkja þar sem skuldir hins opinbera eru yfir 90% af landsframleiðslu. Árlegur hagvöxtur í svo skuldsettum ríkjum getur verið um 2% minni en í ríkjum þar sem skuldir hins opinbera eru undir 30% af landsframleiðslu.

Þegar litið er til skuldastöðu þjóða til lengri tíma er einnig mikilvægt að skoða aldurssamsetningu og lífeyriskerfi í viðkomandi landi. Spár framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins[3] gera ráð fyrir töluverðri breytingu á aldurssamsetningu í ríkjum Evrópu í þá átt að hlutfall eldri

[3] European Commission – Sustainability Report 2009

borgara á móti vinnuafli muni aukast hratt næstu áratugi. Sams konar spár fyrir þróuð ríki utan Evrópu sýna sömu niðurstöðu og er einnig gert ráð fyrir vaxandi kostnaði tengdum heilbrigðismálum. Í þeim hagkerfum þar sem lífeyriskerfið er gegnumstreymiskerfi er ljóst að hækkandi hlutfall ellilífeyrisþega á móti vinnuafli eykur þann kostnað sem fellur á hvern starfandi einstakling. Annað er uppi á teningnum þegar lífeyriskerfið er sjóðssöfnunarkerfi, líkt og á Íslandi. Í slíku kerfi hefur hver ellilífeyrisþegi safnað stórum hluta af sínum lífeyri í sjóð yfir starfsævina og fær úthlutaðan lífeyri samkvæmt því. Þar sem gegnumstreymiskerfi er algengast í vestrænum ríkjum er ljóst að jákvæður frumjöfnuður í opinberum rekstri er nauðsynlegur til að standa undir auknum lífeyrisgreiðslum og auknum heilbrigðiskostnaði. Sjóðssöfnunarkerfið sem er við lýði á Íslandi er því ótvíræður kostur þegar horft er til breytinga á aldurssamsetningu og aukningar heilbrigðiskostnaðar til lengri tíma litið.

Miðað við frumjöfnuð hvers lands 2009 er spá framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins ekki jákvæð hvað varðar skuldaþróun ríkja Evrópu miðað við óbreytt ástand í ríkisrekstri. Ísland er ekki tekið með í spá framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins en setja má fram hóflega spá um 2,5% raunhagvöxt, 2,0% raunvexti við fjármögnun hins opinbera og aukin öldrunarkostnað sem nemur 5% af landsframleiðslu til 2050 og má þá sjá á næstu mynd gróft mat á skuldaþróun Íslands miðað við önnur lönd í Evrópu næstu áratugi. Eins og hér að framan eru tölurnar settar fram á grundvelli mats þjóðhagsreikninga.

Með ört vaxandi skuldsetningu er hætta því á að lánakjör margra þróaðra ríkja gætu versnað til muna á sama tíma og að hagvöxtur dragist saman. Það gæti þýtt að skuldastaða þeirra yrði nánast ósjálfbær ef ekkert er að gert, líkt og raunin varð m.a. í Grikklandi fyrr á árinu. Það er því ljóst að mörg þróuð ríki Evrópu munu þurfa að hagræða í opinberum rekstri og skerða þjónustustig til almennings frá því sem verið hefur, líkt og íslensk stjórnvöld eru að takast á við í dag.

Skuldaþróun hins opinbera til langs tíma



Þrátt fyrir að atvinnuleysi hérlendis hafi vaxið hraðar og meira en í nágrannalöndunum hefur það engu að síður haldist nokkru lægra en meðal annarra iðnríkja. Atvinnuþátttaka hefur einnig haldist há og mun hærri en meðal nágrannaríkja þrátt fyrir að nokkuð hafi dregið úr henni frá uppgangstímum.

Atvinnuleysi í nokkrum samanburðarlöndum



Atvinnuleysi var 8,7% samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar á öðrum ársfjórðungi ársins en skráð atvinnuleysi hefur lækkað úr 9,3% í febrúar og mars í 7,3% í ágúst. Atvinnuleysi lækkar ekki að öllu jöfnu

fyrr en um hálfu ári eftir að hagvöxtur hefur hafist á ný og er því ólíklegt að atvinnuleysi lækki að marki fyrr en um mitt ár 2011. Atvinnuleysi í OECD-löndunum er að meðaltali á svipuðu róli og það er nú hér á landi eða á bilinu 8–9%. Munurinn er sá að fyrir bankakreppuna var atvinnuleysi hér á landi því sem næst óþekkt um árabil en í OECD-löndunum var það á bilinu 5,5–6%. Langtímaatvinnuleysi jókst mjög í Finnlandi og Svíþjóð í kjölfar fjármálakreppunnar í upphafi tíunda áratugar. Þegar leið á áratuginn og þessi lönd unnu sig úr kreppunni dró úr atvinnuleysinu á ný en mjög hægt og í raun náðu þessi lönd atvinnuleysinu aldrei niður á það stig sem það var fyrir kreppuna í upphafi tíunda áratugar. Afleiðingar efnahagslegra áfalla sem þessa geta því haft langvinnar afleiðingar á vinnumarkaðinn og aukið náttúrlegt stig atvinnuleysis til lengri tíma litið.

8 Yfirlit þjóðhagsforsendna

Efnahagsforsendur fjárlagafrumvarps og fjárlaga hafa undanfarin ár byggst á áætlunum efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem settar voru fram í haustskýrslu ráðuneytisins um þjóðarbúskapinn samhliða framlagningu fjárlagafrumvarps. Í tengslum við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands 1. október árið 2009 tók nýstofnuð rannsóknadeild Hagstofu Íslands við þessu hlutverki efnahagsskrifstofunnar og sá hún um að endurskoða haustspá fjármálaráðuneytisins í nóvember 2009 í tengslum við útgáfu fjárlaga 2010. Í framhaldi af því ákváðu fjármálaráðuneytið og Hagstofan að breyta verklagi á þá leið að Hagstofan birti árlega þjóðhagsspá í júní sem fjárlagafrumvarpið byggist á því mikilvægt er að þjóðhagsforsendur liggi tímanlega fyrir vegna stefnumörkunar stjórnvalda og til þess að vinna við frumvarpið geti gengið greiðlegar fyrir sig. Umfjöllunin hér tekur því alfarið mið af júníspánni en ekki nýlegri tölum eða áætlunum sem fram hafa komið eftir það. Hins vegar er jafnframt gengið út frá því að Hagstofan leggi fram endurskoðaða þjóðhagsspá í nóvember þannig að endurmat á tekjuáætlun og endanleg afgreiðsla frumvarpsins að öðru leyti við 2. og 3. umræðu í þinginu getið tekið mið af því.

Fyrsta opinbera þjóðhagsspá Hagstofunnar kom út 15. júní sl. og byggjast tölur sem settar eru fram í frumvarpinu um þjóðarbúskapinn sem og forsendur langtímaáætlunar um ríkisfjármál á þeirri spá. Spá Hagstofunnar er sjálfstæð og miðast við að jöfnuði í ríkisfjármálum verði náð á næstu árum, en byggir ekki beinlínis á áformum um ráðstafanir í opinberum fjármálum sem stjórnvöld kunna að hafa til skoðunar fyrir tímabilið.

Samkvæmt spá Hagstofunnar hefur einkaneysla dregist mun minna saman á þessu ári en gert var ráð fyrir í mati Hagstofunnar um þjóðhagsforsendur frá því í nóvember 2009 sem lagt var til grundvallar fjárlögum 2010. Skýrist það að hluta af því að samdráttur kaupmáttar ráðstöfunartekna hefur ekki reynst eins mikill og óttast var m.a. vegna útgreiðslu lífeyrissparnaðar og tímabundinnar frystingar lána. Fyrir árið 2010 er nú er spáð að einkaneysla verði nánast óbreytt að raunvirði frá 2009, en nóvemberspá Hagstofunnar gerði ráð fyrir 4,3% samdrætti. Einkaneysla hefur því náð jafnvægi fyrr en spáð var og á næstu árum er gert ráð fyrir yfir 3% árlegum meðalvexti.

Þjóðhagsforsendur

Magnbreytingar, %	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Einkaneysla	-14,6	-0,1	3,4	4,4	3,0	2,5
Samneysla	-3,0	-3,8	-3,8	-1,8	-0,4	2,0
Fjármunamyndun	-49,9	-14,5	25,2	18,0	0,2	1,9
Þjóðarútgjöld alls	-20,1	-3,3	4,0	5,0	1,7	2,3
Útflutningur vöru og þjónustu	6,2	0,7	1,8	2,4	3,6	3,2
Innflutningur vöru og þjónustu	-24,0	0,6	3,2	5,5	3,2	3,2
Landsframleiðsla	-6,5	-2,9	3,2	3,4	2,1	2,3
Viðskiptajöfnuður (% af VLF)	-3,8	0,5	-0,9	-2,2	-1,2	-4,6
Tekju- og verðlagsbreytingar, %						
Ráðstöfunartekjur á mann	-7,7	-1,6	8,1	5,5	3,8	2,8
Launabreytingar	0,6	4,1	5,2	5,5	5,1	5,2
Kaupmáttur ráðstöfunart. á mann	-17,7	-7,2	4,4	2,9	1,2	0,2
Verðbólga (vísitala neysluverðs)	12,0	6,0	3,5	2,5	2,5	2,6
Gengisvísitala, stig	34,2	-0,6	-0,6	-1,3	-0,2	-0,4
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	8,0	9,1	8,3	6,3	5,1	4,8

Óhjákvæmilegt er að samneysla hins opinbera dragist saman á næstu árum í samræmi við þá aðlögunarþörf sem blasir við í fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Spá Hagstofunnar miðast við að samdráttur samneyslu verði töluverður fyrir árin 2009–2011, að hann lækki um meira en helming á árinu 2012, að samneysla verði nánast í jafnvægi árið 2013, en að árið 2014 muni hún taka að aukast á ný. Eins og kemur fram í töflunni hér á undan er gert ráð fyrir að á sama tíma og samneysla dregst saman muni atvinnuleysi minnka og því mun fjölgun starfa á almenna vinnumarkaðnum vega upp fækkun starfa hjá hinu opinbera og gott betur.

Lágt raungengi krónunnar styður við útflutningsgreinarnar og hefur aukið mjög útflutningsvirðið og snúið langvarandi halla á vöru- og þjónustuviðskiptum í afgang. Á móti kemur að mörg fyrirtæki í útflutningi eru skuldsett í erlendri mynt sem eykur mjög skuldastöðu þeirra og dregur úr getu þeirra til aukinna umsvifa og nýrra fjárfestinga. Lágt raungengi á næstu árum mun auka samkeppnishæfni nýrra útflutningsgreina og drífa áfram vöxt landsframleiðslunnar. Þótt aukinn vaxtakostnaður við útlönd kunni að draga úr jákvæðum áhrifum af lágu raungengi á viðskiptajöfnuðinn má engu að síður búast við jákvæðum viðskiptajöfnuði á árinu ef ekki er gert ráð fyrir vaxtaberandi kostnaði vegna gömlu bankanna sem eru í slitameðferð. Sá kostnaður mun að mestu leyti falla niður þegar uppgjör gömlu bankanna er endanlega

lokið og því gefur opinber viðskiptajöfnuður ekki raunhæfa mynd af viðskiptum landsins við útlönd um þessar mundir.

Hagvöxtur, þjóðarútgjöld og viðskiptajöfnuður



Bráðabirgðatölur þjóðhagsreikninga benda til að samdráttur í landsframleiðslu árið 2009 hafi verið 6,5% sem er heldur minni en endurskoðun Hagstofunnar á þjóðhagsforsendum vegna fjárlaga 2010 gerði ráð fyrir, en þar var miðað við 7,9% samdrátt. Á árinu 2010 er hins vegar miðað við að landsframleiðslan verði nokkru minni en í fyrri spá og er ástæða þess einkum sú að hluti stóriðjuframkvæmda fer ekki af stað á sama tíma og áður var miðað við og að meiri samdráttur hefur orðið í annarri atvinnutengdri fjárfestingu sem er í sögulegu lágmarki. Fyrirtæki landsins eru mörg mjög skuldsett og þurfa að koma efnahagsreikningum sínum í betra horf áður en þau ráðast í nýjar fjárfestingar eða ljúka fjárfestingum sem þau höfðu hafið áður en fjármálakreppan reið yfir. Fjárfestingar munu því að hluta til færast inn á 2011 og er nú spáð meiri hagvexti árið 2011 en áður. Samkvæmt spánni verður vöxtur landsframleiðslu á árinu 2012 góður og svipaður og á árinu 2011, en gert er ráð fyrir að það dragi eilítið úr honum á árunum 2013–2014.

Útlit er fyrir að atvinnuleysi verði minna á árinu 2010 en reiknað var með í byrjun árs, en samkvæmt spá Hagstofunnar er gert ráð fyrir 9,1% atvinnuleysi á árinu. Útlit er fyrir að atvinnuleysi minnki jafnt og þétt á næstu árum og verði orðið 4,8% árið 2014. Í Peningamálum Seðlabankans frá maí 2010 er áætlað að á síðasta ársfjórðungi 2009 hafi um

28.000 ársverk tapast frá því að vinnuaflsnotkunin náði hámarki hér á landi. Fjöldi einstaklinga sem skráðir eru atvinnulausir er töluvert lægri eða um 16.000. Því bendir allt til þess að aðlögun innlends vinnumarkaðar að breyttum aðstæðum hafi verið veruleg og hann hafi jafnvel verið ennþá sveigjanlegri en reiknað hafði verið með.

Verðbólga og verðbólguvæntingar hafa lækkað síðustu misserin og í júní sl. gerði Hagstofan ráð fyrir að verðbólga milli áranna 2009 og 2010 yrði 6% en tólf mánaða verðbólga í lok ágúst var 4,5%. Vegna betri stöðu fjármála hins opinbera en gert var ráð fyrir er ekki eins mikil þörf á hækkun óbeinna skatta og búist var við og það mun draga úr verðbólguþrýstingnum á þessu og næsta ári. Gert er ráð fyrir að verðbólgan verði komin niður 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabankans árið 2012 og að hún haldist þar út árið 2014. Gengi krónunnar hefur einnig styrkst umtalsvert undanfarið þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi ekki gripið inn í markaðinn með sölu gjaldeyris síðan í nóvember 2009. Í raun hefur bankinn hafið gjaldeyriskaup á millibankamarkaði, en markmið þeirra er að styrkja gjaldeyrisforða bankans og auka þann hluta forðans sem ekki er fenginn að láni. Gjaldeyrishöftin, vaxtamunur við erlendar myntir og jákvæð þróun viðskiptajafnaðarins styðja við gengi krónunnar. Styrkingin hefur verið sérstaklega mikil gagnvart evru en um helmingur innflutnings er í evru og myntum tengdum henni. Þetta hefur gerst á sama tíma og Seðlabankinn hefur lækkað vexti. Þessi þróun er jákvæð og mun minnka verðbólguvæntingar enn frekar. Til lengri tíma litið spáir Hagstofan hægfara styrkingu krónunnar enda efnahagslegar forsendur jákvæðar og raungengi með lægsta móti. Gengi krónunnar er þó enn mjög veikt í sögulegu samhengi.

Aukin einkaneysla, minni samdráttur þjóðarútgjalda og minnkandi atvinnuleysi er hagstæð þróun fyrir ríkissjóð þar sem reikna má með að tekjur aukist og útgjöld lækki. Flest teikn eru um að hagkerfið muni þróast í átt til meira jafnvægis með lágri verðbólgu, minnkandi viðskiptahalla og batnandi atvinnuástandi.

9 Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð

9.1 Inngangur

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð er það ferli að beita samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á fjárlagaferlið samkvæmt skilgreiningu Evrópuráðsins. Það þýðir að:

- Kynjað mat er lagt á fjárlög.
- Kynjasjónarmið eru samofin í öll stig fjárhagsáætlunar- og fjárlagaferlisins.
- Tekju- og útgjaldaliðir endurskipulagðir með það að markmiði að stuðla að kynjajafnrétti.

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð snýst um að sameina þekkingu á kynjamisrétti og þekkingu á gerð fjárlaga. Þrátt fyrir að um tiltölulega nýja aðferð sé að ræða á hún sér þó nokkra sögu. Greining á áströlsku fjárlögunum út frá kynjasjónarmiðum árið 1984 var fyrsta verkefnið þar sem notast var við þessa aðferðafræði. Fleiri lönd fylgdu í kjölfarið en kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð fékk byr undir báða vængi eftir kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking árið 1995. Þar var samþykkt að ríkisstjórnir ættu að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í alla stefnumótun og ákvarðanatöku. Jafnframt var samþykkt að hvetja ríkisstjórnir til að fara yfir dreifingu opinberra fjármuna og aðfanga á kerfisbundinn hátt til að tryggja að kynin nytu þeirra til jafns. Árið 2002 setti Evrópuráðið á laggirnar nefnd sem hafði það hlutverk að útfæra og skilgreina kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð. Nú hafa yfir 50 lönd tekið upp kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð í einhverri mynd.

Ríkar ástæður eru fyrir innleiðingu kynjaðar hagstjórnar og fjárlagagerðar. Á yfirborðinu geta fjárlögin virst hlutlaus. Þar er hvorki minnst á konur né karla og ekki er gerð grein fyrir mismunandi áhrifum fjárlaga á kynin og stöðu þeirra. Þetta hefur verið nefnt kynblinda í stað kynhlutleysis vegna þess að staða kynjanna er ólík í efnahagslegum, félagslegum og pólitískum skilningi. Ákvarðanir sem varða fjárlögin geta því haft mjög mismunandi afleiðingar og áhrif á konur og karla. Markmiðið með aðferðafræðinni er að draga fram mismunandi áhrif fjárlaga á kynin og leita leiða til að tryggja jafna og sanngjarna dreifingu fjármagns og annarra aðfanga. Þörfin fyrir kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð er að hluta til sprottin af hægum framgangi jafnréttismála í

heiminum þrátt fyrir víðtæka þekkingu á kynjamisrétti og fjölmarga alþjóðasáttmála þar sem lönd skuldbinda sig til að stuðla að jafnrétti. Með kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð hafa stjórnvöld betri upplýsingar um hvaða áhrif aðgerðir þeirra hafa út í samfélagið og eru þar af leiðandi betur í stakk búin til að taka upplýstar ákvarðanir í samræmi við stefnu sína og markmið. Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð stuðlar þannig að betri stjórnarháttum.

9.2 Stefna ríkisstjórnarinnar

Núverandi ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – grens framboðs leggur mikla áherslu á jafnrétti kynjanna í samstarfsyfirlýsingu sinni. Þar segir m.a.:

Við ákvarðanir um útgjaldaramma til næstu fjögurra ára verði lögð áhersla á samstöðu um brýn velferðarverkefni, verndun starfa, kynjajafnrétti og áhrif á byggðirnar. Kynjuð hagstjórn verður höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð og efnahagsstjórn.

Þar kemur jafnframt fram að allar aðgerðir eigi að taka mið af ólíkri stöðu kynjanna, tryggja eigi áhrif kvenna í endurreisninni og að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að jafna hlutfall kynjanna á öllum sviðum samfélagsins, sem og að hafa kynjasjónarmið að leiðarljósi í aðgerðum til atvinnusköpunar.

Árangursrík innleiðing kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar er ekki létt verk. Innleiðing er langtímaferli þar sem þekking og reynsla er byggð upp í áföngum. Þar sem kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð er nú þegar töluvert útbreidd sem stjórntæki getur Ísland byggt á reynslu annarra landa. Forsendur fyrir árangri eru meðal annars þær að pólitískur vilji sé til staðar og að nægjanlegir fjármunir og mannauður fylgi verkefninu. Kyngreind gögn eru einnig nauðsynleg, sem og ábyrgð, samvinna og gegnsæi.

9.3 Verkefnisstjórn um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð

Fjármálaráðherra skipaði verkefnisstjórn um stefnumótun og undirbúning að kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð í apríl 2009. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar var að innleiða leikreglur kynjaðrar fjárlagagerðar. Eftir upplýsingaöflun, fræðslu og útgáfu handbókar um kynjaða fjárlagagerð á íslensku var ákveðið, að tillögu verkefnisstjórnarinnar,

að leggja af stað með tilraunaverkefni. Hvert ráðuneyti valdi eitt eða fleiri verkefni og beitir aðferðum kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar á það. Á þann hátt verður sérfræðiþekking byggð upp í hverju ráðuneyti og þeim stofnunum sem taka þátt í verkefninu. Verkefnisstjóri var ráðinn tímabundið til að halda utan um tilraunaverkefnin og vera ráðuneytunum innan handar á fyrstu stigum þeirra. Öll tilraunaverkefnin eru kynnt í þessum fjárlögum og niðurstöður þeirra verða birtar í fjárlögum 2012.

Í júlí 2010 endurnýjaði fjármálaráðherra hlutverk og umboð verkefnisstjórnarinnar. Samkvæmt erindisbréfi er henni ætlað að innleiða leikreglur kynjaðrar fjárlagagerðar og stuðla þannig að því að samþætta jafnréttisstefnu ríkisstjórnarinnar við efnahagsstefnu hennar. Það verður gert með eftirfarandi hætti:

- Skipunartími verkefnisstjórnarinnar verður út árið 2011 og er meginhlutverk hennar að fylgja tilraunaverkefnunum eftir og tryggja að við fjárlagagerð ársins 2012 verði áfram unnið samkvæmt hugmyndafræði kynjaðrar fjárlagagerðar.
- Nýráðinn verkefnisstjóri annist fræðslu og samskipti við þá sem hafa umsjón með tilraunaverkefnunum sem getið er hér að ofan í nánu samstarfi við verkefnisstjórnina.
- Verkefnisstjórnin skal skila fjármálaráðherra áfangaskýrslu um framvindu innleiðingarinnar og aðgerðaáætlun til næstu þriggja ára um miðjan mars 2011.

9.4 Tilraunaverkefni

Tilraunaverkefnin eru 20 talsins og eru ýmist unnin á vegum ráðuneytanna sjálfra eða stofnunum sem heyra undir þau. Verkefnin eru fjölbreytt og markmiðið með þeim er meðal annars að byggja upp þekkingu á kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð í ráðuneytum og stofnunum auk þess að búa til tæki og tól sem henta fjárlagagerð á Íslandi. Nánari lýsingu á hverju verkefni fyrir sig er að finna í greinargerð um fjármál einstakra ráðuneyta í 3. kafla seinni hluta fjárlagafrumvarpsins. Niðurstöður og framvinda lengri verkefna verða síðan kynntar í fjárlögum 2012. Tilraunaverkefnin eru:

Forsætisráðuneytið: Greining á erindum sem berast umboðsmanni barna.
Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Umsóknir og úthlutanir listamannalauna.
Utanríkisráðuneytið: Þróunarsamvinna Íslands.
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið: AVS rannsóknasjóður.
Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið: Samsetning starfsmannafjölda stofnana ráðuneytisins og fjölgun kvenna innan lögreglunnar og áhrif Lögregluskólans í því samhengi.
Félags- og tryggingamálaráðuneytið: Greiðslur atvinnuleysisbóta, útgjöld vegna úrræða atvinnuleitenda og stofnanir Barnaverndarstofu.
Heilbrigðisráðuneytið: Biðlistar í hjartaþræðingu, biðlistar í liðskiptaaðgerðir, styrkir úr Forvarnasjóði og gæðastyrkir ráðuneytisins.
Fjármálaráðuneytið: Athugun á áhrifum millifæranleika persónuafsláttar milli hjóna og sambýlisfólks.
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Samgöngubætur og byggðaþróun: Félagsleg, efnahagsleg og menningarleg áhrif Héðinsfjarðarganga á mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga.
Iðnaðarráðuneytið: Sjóðir á vegum ráðuneytisins.
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið: Styrkir til úthlutunar af ráðstöfunarfé ráðherra og rannsókn á skuldastöðu heimilanna.
Umhverfisráðuneytið: Úthlutun úr veiðikortasjóði og eiturefni í efnum og efnavörum.

Tilraunaverkefnunum er ætlað að auka vitund um áhrif fjárlaga og stefnumótunar á jafnrétti kynjanna ásamt því að skapa þekkingu. Innleiðing nýrra vinnubragða tekur tíma og þarfnast þekkingaruppbyggingar sem ekki getur átt sér stað öðruvísi en í framkvæmd. Með skýru skipulagi og góðum leiðbeiningum verða ný vinnubrögð smám saman að eðlilegum hluta daglegrar starfsemi. Á þann máta er stuðlað að fjárlagagerð sem er hvorki kynhlutlaus né kynblind og færir okkur nær lokatakmarkinu: Jafnrétti kynjanna.

Töfluviðauki

Bls.

1. Rekstraryfirlit A-hluta 85
2. Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs 86
3. Skipting tekna ríkissjóðs 87
4. Hagræn skipting á útgjöldum ríkssjóðs 88
5. Skipting útgjalda eftir málaflokkum 89
6. Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir tegundum 90
7. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 94
8. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 95
9. Eignir og skuldir ríkissjóðs 96
10. Þjóðhagsforsendur frumvarpsins, magnbreytingar 98
11. Þjóðhagsforsendur frumvarpsins, ma.kr. 99

Tafla 1 **Rekstraryfirlit A-hluta**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2008	Reikningur 2009	Fjárlög 2010	Áætlun 2010	Frumvarp 2011
Skatttekjur	**413.845**	**385.107**	**414.618**	**414.822**	**445.544**
Skattar á tekjur einstaklinga	133.045	109.947	123.800	117.000	125.700
Skattar á tekjur lögaðila	32.904	31.112	17.700	17.700	21.700
Tryggingagjöld	40.834	44.757	60.680	62.332	65.246
Eignarskattar	7.436	5.321	8.132	8.222	10.658
Virðisaukaskattur	134.216	121.248	124.700	126.900	134.100
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	57.649	58.099	64.849	68.598	73.577
Skattar ótaldir annars staðar	7.761	14.621	14.757	14.070	14.563
Aðrar rekstrartekjur	**53.712**	**51.898**	**44.996**	**34.424**	**29.510**
Arðgreiðslur	1.057	1.197	1.387	1.179	1.226
Vaxtatekjur og eignatekjur	42.197	44.196	35.440	26.933	21.768
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	10.458	6.506	8.169	6.312	6.516
Sala eigna	2.832	1.081	600	19.800	600
Fjárframlög	1.494	1.429	1.667	1.708	1.716
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	0	0	0	0	0
Tekjur samtals	**471.884**	**439.516**	**461.881**	**470.754**	**477.370**
Æðsta stjórn ríkisins	3.557	3.847	3.528	3.770	3.320
Forsætisráðuneyti	2.462	1.211	986	984	904
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	55.818	61.749	60.363	60.002	56.495
Utanríkisráðuneyti	9.848	11.761	11.885	12.973	10.933
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	18.603	18.986	18.907	19.498	18.638
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	25.910	28.741	25.012	25.762	23.507
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	83.131	113.990	128.828	122.958	121.476
Heilbrigðisráðuneyti	112.166	118.430	102.373	104.300	97.611
Fjármálaráðuneyti	274.606	71.170	58.779	59.711	57.242
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	50.878	48.376	39.855	44.202	33.742
Iðnaðarráðuneyti	5.941	6.228	5.829	6.426	4.729
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	2.578	3.014	3.058	3.168	3.204
Umhverfisráðuneyti	6.870	6.938	7.002	7.519	6.939
Vaxtagjöld ríkissjóðs	35.496	84.342	94.320	74.019	75.061
Gjöld samtals[1]	**687.862**	**578.782**	**560.724**	**545.291**	**513.800**
Vaxtajöfnuður	**6.701**	**-40.146**	**-58.880**	**-47.086**	**-53.293**
Frumjöfnuður	**-222.679**	**-99.120**	**-39.963**	**-27.451**	**16.863**
Heildarjöfnuður	**-215.978**	**-139.266**	**-98.843**	**-74.537**	**-36.430**

[1] Í skiptingu gjalda á milli ráðuneyta hefur ekki verið leiðrétt fyrir breyttri verkaskiptingu Stjórnarráðsins árið 2010.

Tafla 2 **Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs**

Milljarðar króna	Reikningur 2008	Reikningur 2009	Fjárlög 2010	Áætlun 2010 [2]	Frumvarp 2011
Handbært fé frá rekstri	**15,7**	**-141,8**	**-102,9**	**-88,0**	**-47,3**
Fjármunahreyfingar					
Lánahreyfingar, nettó	-33,6	125,5	-212,6	-107,5	-4,0
Sala eigna og aðrar fjármunahreyfingar	-353,6	-137,2	-21,8	-25,8	-0,8
Fjármunahreyfingar samtals	**-387,2**	**-11,7**	**-234,4**	**-133,3**	**-4,8**
Hreinn lánsfjárjöfnuður (án LSR)	**-371,5**	**-153,5**	**-337,3**	**-221,3**	**-52,1**
Framlag til LSR	**-5,4**	**-1,3**	**0,0**	**0,0**	**0,0**
Lánsfjárjöfnuður að frádregnu framlagi í LSR [1]	-376,9	-154,8	-337,3	-221,3	-52,1
Fjármögnun	**456,8**	**197,1**	**305,0**	**135,0**	**32,0**
Breyting á handbæru fé	**79,9**	**42,3**	**-32,3**	**-86,3**	**-20,1**
Hlutfall af VLF, %					
Handbært fé frá rekstri	1,1	-9,5	-6,4	-5,5	-2,8
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-25,2	-10,2	-21,0	-13,8	-3,0
Greiðsluafkoma	5,4	2,8	-2,0	-5,4	-1,2
Landsframleiðsla	1.476,5	1.500,2	1.605,9	1.605,9	1.719,7

[1] Í fjárlagafrumvarpi er lánsfjárafgangi ráðstafað til niðurgreiðslu á skuldum eða til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti. Því er hér sýndur lánsfjárafgangur áður en kemur til framlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR). Í ríkisreikningi er lánsfjárafgangur sýndur eftir framlög í LSR.

[2] Að meðtöldum 17,5 ma.kr. hagnaði og 64,1 ma.kr. lántökum vegna Avens viðskiptanna.

Tafla 3 **Skipting tekna ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2008	Reikningur 2009	Fjárlög 2010	Áætlun 2010	Frumvarp 2011
I Skatttekjur	**413.845**	**385.107**	**414.618**	**414.822**	**445.544**
Skattar á tekjur og hagnað	169.979	150.868	150.926	142.876	155.217
Einstaklingar	133.045	109.947	123.800	117.000	125.700
Tekjuskattur einstaklinga	93.498	88.612	100.300	95.200	101.000
Skattur á fjármagnstekjur	39.554	21.336	23.500	21.800	24.700
Lögaðilar	32.904	31.112	17.700	17.700	21.700
Ótalið annars staðar	4.030	9.809	9.426	8.176	7.817
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	2.723	4.655	4.660	3.220	2.600
Útvarpsgjald	0	3.738	3.370	3.560	3.700
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.307	1.416	1.396	1.396	1.517
Tryggingagjöld	40.834	44.757	60.680	62.332	65.246
Eignarskattar	7.436	5.321	8.132	8.222	10.658
Skattar á vörur og þjónustu	191.866	179.348	189.549	195.498	207.677
Virðisaukaskattur	134.216	121.248	124.700	126.900	134.100
Almenn vörugjöld	18.870	21.103	28.194	28.398	31.366
Vörugjald af ökutækjum	6.826	1.641	1.400	1.400	1.900
Almennt vörugjald af bensíni	1.904	3.260	4.590	4.440	4.870
Sérstakt vörugjald af bensíni	6.833	7.731	7.420	7.340	7.870
Olíugjald	5.921	6.198	6.260	6.260	6.850
Aðrir sértækir veltuskattar	8.444	7.982	7.286	8.396	7.800
Bifreiðagjald	4.701	5.308	5.660	5.960	6.320
Þungaskattur/kílómetragjald	1.028	849	780	740	810
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	3.122	4.028	3.259	5.663	5.792
Aðrir skattar	3.731	4.813	5.331	5.894	6.746
II Aðrar rekstrartekjur	**53.712**	**51.898**	**44.996**	**34.424**	**29.510**
Arðgreiðslur	1.057	1.197	1.387	1.179	1.226
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	42.197	44.196	35.440	26.933	21.768
Neyslu- og leyfisgjöld	8.503	4.532	6.790	5.092	5.267
Annað	1.955	1.973	1.380	1.220	1.250
III Sala eigna	**2.832**	**1.081**	**600**	**19.800**	**600**
IV Fjármagnstilfærslur	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**
V Fjárframlög	**1.494**	**1.429**	**1.667**	**1.708**	**1.716**
Heildartekjur ríkissjóðs	**471.884**	**439.516**	**461.881**	**470.754**	**477.370**
Sjóðshreyfing	**448.162**	**415.842**	**445.933**	**452.033**	**459.097**

Tafla 4 **Hagræn skipting á útgjöldum ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur[1] 2008	Reikningur[1] 2009	Fjárlög 2010	Áætlun 2010	Frumvarp 2011
Rekstrargjöld	**236.704**	**210.791**	**215.426**	**216.145**	**204.449**
Laun	118.490	119.883	119.276	119.589	114.212
Lífeyrisskuldbindingar	40.494	432	5.327	5.327	5.434
Fjármagnstekjuskattur	2.723	4.655	4.647	3.207	2.600
Önnur gjöld	114.692	125.604	118.148	120.414	116.022
Sértekjur	-39.695	-39.782	-31.971	-32.391	-33.819
Fjármagnskostnaður	**35.496**	**84.342**	**94.320**	**74.019**	**75.061**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**184.450**	**236.830**	**220.776**	**219.076**	**209.803**
Lífeyristryggingar	43.610	46.297	48.652	45.797	47.258
Atvinnuleysistryggingasjóður	4.879	25.538	27.805	25.741	25.096
Sjúkratryggingar	22.158	25.990	22.809	24.321	22.007
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	12.394	11.802	13.645	14.289	12.118
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	10.416	10.709	10.812	11.062	10.995
Afskriftir skattkrafna	11.529	27.551	10.000	10.000	10.000
Vaxtabætur	7.013	10.429	10.070	11.796	9.800
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	7.902	9.603	10.703	9.333	9.427
Barnabætur	8.875	10.085	10.100	10.450	9.200
Fæðingarorlofssjóður	9.539	10.274	9.532	9.532	8.607
Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.768	6.820	8.985	8.415	8.272
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	1.493	2.187	2.358	2.496	2.457
Framlag til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga	2.957	2.857	2.630	2.630	2.394
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	35.919	36.688	32.674	33.213	32.173
Viðhald	**7.029**	**8.408**	**7.966**	**9.031**	**7.895**
Vegakerfi	3.463	4.760	4.679	4.679	4.679
Annað	3.566	3.647	3.287	4.352	3.216
Stofnkostnaður	**26.594**	**31.355**	**17.611**	**21.339**	**12.812**
Vegakerfi	18.114	15.405	8.976	12.276	5.976
Háskólar og framhaldskólar	1.547	1.165	1.218	1.599	954
Heilbrigðisstofnanir	1.176	1.568	732	911	569
Flugvellir	1.297	902	258	258	229
Annað	4.460	12.315	6.427	6.295	5.084
Fjármagnstilfærslur	**199.082**	**7.057**	**4.626**	**5.681**	**3.779**
Hafnarframkvæmdir	1.464	744	699	850	527
Ofanflóðasjóður	808	638	553	953	365
Leiguíbúðir	1.100	1.100	436	436	236
Menningastofnanir	177	415	66	66	41
Tapaðar kröfur	192.185	0	0	0	0
Annað	3.347	4.161	2.872	3.377	2.611
Gjöld samtals	**689.355**	**578.782**	**560.724**	**545.291**	**513.800**

[1] Fjárhæðir aðlagaðar vegna flokkunar á Ríkisútvarpi og kirkjugörðum undir rekstur í stað tilfærslna áður

Tafla 5 **Skipting útgjalda eftir málaflokkum [1]**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2008	Reikningur 2009	Fjárlög 2010	Áætlun 2010	Frumvarp 2011
Almenn opinber þjónusta	25.240	28.178	27.199	31.149	25.177
Löggæsla og öryggismál	21.646	24.137	20.926	21.576	19.775
Fræðslumál	43.471	46.893	47.784	47.435	44.790
Heilbrigðismál	112.143	119.340	115.425	117.258	110.342
Almannatryggingar og velferðarmál	96.477	129.616	132.805	128.766	124.404
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	5.655	5.969	4.863	5.386	4.694
Menningar- og kirkjumál	16.328	17.398	15.324	15.381	14.458
Eldsneytis- og orkumál	2.795	2.320	2.666	2.696	2.057
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	18.597	18.874	18.815	19.403	18.489
Iðnaðarmál	2.021	2.401	2.273	2.357	1.878
Samgöngumál	38.078	36.224	25.860	29.563	21.284
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	8.574	15.120	11.710	12.931	12.979
Önnur útgjöld ríkissjóðs	296.839	132.312	135.075	111.391	113.474
Samtals	**687.862**	**578.782**	**560.724**	**545.291**	**513.800**

[1] Samkvæmt COFOG staðli, sem er alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government).

Tafla 6 **Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir tegundum**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Laun	Önnur rekstrar-gjöld	Eigna-kaup	Til-færslur	Gjöld samtals	Sér-tekjur	Gjöld umfram tekjur
Samtals.....	**119.838,0**	**209.934,0**	**4.546,2**	**213.852,3**	**548.170,5**	**-34.370,5**	**513.800,0**
Skipting eftir flokkun viðfangsefna							
Rekstur.....	119.646,3	115.779,9	2.841,7	-	238.267,9	-33.818,6	204.449,3
Fjármagnskostnaður.....	-	75.061,0	-	-	75.061,0	-	75.061,0
Tilfærslur.....	-	-	-	209.803,2	209.803,2	-	209.803,2
Viðhald.....	24,6	7.580,0	20,4	270,0	7.895,0	-	7.895,0
Stofnkostnaður.....	167,1	11.513,1	1.684,1	3.779,1	17.143,4	-551,9	16.591,5
Greitt úr ríkissjóði.....							413.857,0
Innheimt af ríkistekjum.....							92.447,0
Viðskiptahreyfingar.....							7.496,0
Skipting eftir ráðuneytum							
Æðsta stjórn ríkisins	**2.180,1**	**1.115,4**	**26,8**	**55,3**	**3.377,6**	**-57,4**	**3.320,2**
Rekstur.....	2.180,1	1.100,4	7,7	-	3.288,2	-57,4	3.230,8
Tilfærslur.....	-	-	-	55,3	55,3	-	55,3
Viðhald.....	-	13,5	-	-	13,5	-	13,5
Stofnkostnaður.....	-	1,5	19,1	-	20,6	-	20,6
Greitt úr ríkissjóði.....							3.320,2
Innheimt af ríkistekjum.....							-
Viðskiptahreyfingar.....							-
Forsætisráðuneyti	**469,5**	**323,3**	**11,3**	**131,8**	**935,9**	**-32,0**	**903,9**
Rekstur.....	460,5	236,9	11,3	-	708,7	-32,0	676,7
Tilfærslur.....	-	-	-	131,8	131,8	-	131,8
Viðhald.....	1,0	45,4	-	-	46,4	-	46,4
Stofnkostnaður.....	8,0	41,0	-	-	49,0	-	49,0
Greitt úr ríkissjóði.....							897,9
Innheimt af ríkistekjum.....							6,0
Viðskiptahreyfingar.....							-
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	**25.068,7**	**21.018,4**	**1.331,1**	**16.428,5**	**63.846,7**	**-7.351,7**	**56.495,0**
Rekstur.....	24.933,0	19.998,6	1.271,9	-	46.203,5	-7.238,2	38.965,3
Tilfærslur.....	-	-	-	15.563,0	15.563,0	-	15.563,0
Viðhald.....	12,1	103,2	-	-	115,3	-	115,3
Stofnkostnaður.....	123,6	916,6	59,2	865,5	1.964,9	-113,5	1.851,4
Greitt úr ríkissjóði.....							54.894,1
Innheimt af ríkistekjum.....							1.600,9
Viðskiptahreyfingar.....							-

Tafla 6 **Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir tegundum**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Laun	Önnur rekstrar-gjöld	Eigna-kaup	Til-færslur	Gjöld samtals	Sér-tekjur	Gjöld umfram tekjur
Utanríkisráðuneyti	**2.870,0**	**3.153,5**	**95,6**	**4.883,5**	**11.002,6**	**-70,0**	**10.932,6**
Rekstur	2.870,0	3.096,5	46,6	-	6.013,1	-70,0	5.943,1
Tilfærslur	-	-	-	4.883,5	4.883,5	-	4.883,5
Viðhald	-	27,0	6,0	-	33,0	-	33,0
Stofnkostnaður	-	30,0	43,0	-	73,0	-	73,0
Greitt úr ríkissjóði							10.534,0
Innheimt af ríkistekjum							398,6
Viðskiptahreyfingar							-
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	**2.646,4**	**2.937,8**	**133,0**	**14.662,8**	**20.380,0**	**-1.742,3**	**18.637,7**
Rekstur	2.611,2	2.865,1	79,0	-	5.555,3	-1.724,8	3.830,5
Tilfærslur	-	-	-	14.662,8	14.662,8	-	14.662,8
Viðhald	2,0	2,0	-	-	4,0	-	4,0
Stofnkostnaður	33,2	70,7	54,0	-	157,9	-17,5	140,4
Greitt úr ríkissjóði							15.968,2
Innheimt af ríkistekjum							2.669,5
Viðskiptahreyfingar							-
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	**13.223,7**	**8.141,1**	**798,5**	**3.021,5**	**25.184,8**	**-1.677,5**	**23.507,3**
Rekstur	13.223,7	7.868,4	122,7	-	21.214,8	-1.651,0	19.563,8
Tilfærslur	-	-	-	2.977,4	2.977,4	-	2.977,4
Viðhald	-	224,7	21,4	-	246,1	-	246,1
Stofnkostnaður	-	48,0	654,4	44,1	746,5	-26,5	720,0
Greitt úr ríkissjóði							22.822,2
Innheimt af ríkistekjum							685,1
Viðskiptahreyfingar							-
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	**8.287,1**	**19.348,0**	**301,3**	**95.521,4**	**123.457,8**	**-1.982,3**	**121.475,5**
Rekstur	8.287,1	19.218,3	51,1	-	27.556,5	-1.982,3	25.574,2
Tilfærslur	-	-	-	93.341,1	93.341,1	-	93.341,1
Viðhald	-	70,0	-7,0	270,0	333,0	-	333,0
Stofnkostnaður	-	59,7	257,2	1.910,3	2.227,2	-	2.227,2
Greitt úr ríkissjóði							60.035,2
Innheimt af ríkistekjum							61.769,3
Viðskiptahreyfingar							-329,0

Tafla 6 **Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir tegundum**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Laun	Önnur rekstrar-gjöld	Eigna-kaup	Til-færslur	Gjöld samtals	Sér-tekjur	Gjöld umfram tekjur
Heilbrigðisráðuneyti	**44.158,0**	**34.615,6**	**606,8**	**23.717,4**	**103.097,8**	**-5.486,4**	**97.611,4**
Rekstur	44.158,0	33.979,1	415,9	-	78.553,0	-5.486,4	73.066,6
Tilfærslur	-	-	-	23.695,5	23.695,5	-	23.695,5
Viðhald	-	257,0	-	-	257,0	-	257,0
Stofnkostnaður	-	379,5	190,9	21,9	592,3	-	592,3
Greitt úr ríkissjóði							96.977,7
Innheimt af ríkistekjum							633,7
Viðskiptahreyfingar							-
Fjármálaráðuneyti	**11.583,5**	**17.396,2**	**665,1**	**33.851,6**	**63.496,4**	**-6.254,8**	**57.241,6**
Rekstur	11.583,5	12.041,6	307,0	-	23.932,1	-6.235,8	17.696,3
Tilfærslur	-	-	-	33.851,6	33.851,6	-	33.851,6
Viðhald	-	2.071,5	-	-	2.071,5	-	2.071,5
Stofnkostnaður	-	3.283,1	358,1	-	3.641,2	-19,0	3.622,2
Greitt úr ríkissjóði							46.501,1
Innheimt af ríkistekjum							2.710,5
Viðskiptahreyfingar							8.030,0
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	**2.967,7**	**21.986,3**	**325,2**	**15.307,0**	**40.586,2**	**-6.844,4**	**33.741,8**
Rekstur	2.967,7	10.830,5	303,5	-	14.101,7	-6.839,0	7.262,7
Tilfærslur	-	-	-	14.734,7	14.734,7	-	14.734,7
Viðhald	-	4.737,0	-	-	4.737,0	-	4.737,0
Stofnkostnaður	-	6.418,8	21,7	572,3	7.012,8	-5,4	7.007,4
Greitt úr ríkissjóði							16.725,7
Innheimt af ríkistekjum							16.941,1
Viðskiptahreyfingar							75,0
Iðnaðarráðuneyti	**1.231,6**	**873,9**	**18,3**	**3.378,0**	**5.501,8**	**-773,1**	**4.728,7**
Rekstur	1.231,6	873,9	18,3	-	2.123,8	-773,1	1.350,7
Tilfærslur	-	-	-	3.378,0	3.378,0	-	3.378,0
Viðhald	-	-	-	-	-	-	-
Stofnkostnaður	-	-	-	-	-	-	-
Greitt úr ríkissjóði							4.672,5
Innheimt af ríkistekjum							56,2
Viðskiptahreyfingar							-

Tafla 6 **Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir tegundum**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Laun	Önnur rekstrar-gjöld	Eigna-kaup	Til-færslur	Gjöld samtals	Sér-tekjur	Gjöld umfram tekjur
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	**2.061,2**	**711,7**	**54,6**	**469,3**	**3.296,8**	**-92,5**	**3.204,3**
Rekstur	2.061,2	711,7	54,6	-	2.827,5	-92,5	2.735,0
Tilfærslur	-	-	-	469,3	469,3	-	469,3
Viðhald	-	-	-	-	-	-	-
Stofnkostnaður	-	-	-	-	-	-	-
Greitt úr ríkissjóði							1.280,5
Innheimt af ríkistekjum							1.923,8
Viðskiptahreyfingar							-
Umhverfisráðuneyti	**3.090,5**	**3.251,8**	**178,6**	**2.424,2**	**8.945,1**	**-2.006,1**	**6.939,0**
Rekstur	3.078,7	2.958,9	152,1	-	6.189,7	-1.636,1	4.553,6
Tilfærslur	-	-	-	2.059,2	2.059,2	-	2.059,2
Viðhald	9,5	28,7	-	-	38,2	-	38,2
Stofnkostnaður	2,3	264,2	26,5	365,0	658,0	-370,0	288,0
Greitt úr ríkissjóði							3.886,7
Innheimt af ríkistekjum							3.052,3
Viðskiptahreyfingar							-
Vaxtagjöld ríkissjóðs	**-**	**75.061,0**	**-**	**-**	**75.061,0**	**-**	**75.061,0**
Fjármagnskostnaður	-	75.061,0	-	-	75.061,0	-	75.061,0
Greitt úr ríkissjóði							75.341,0
Innheimt af ríkistekjum							-
Viðskiptahreyfingar							-280,0
Samtals	**119.838,0**	**209.934,0**	**4.546,2**	**213.852,3**	**548.170,5**	**-34.370,5**	**513.800,0**

Tafla 7 **Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 2011**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Arður til ríkissjóðs	Fjárfesting	Lántökur
Happdrætti Háskóla Íslands	760	0	15	0
Áfengis og tóbaksverslun ríkisins	853	1.000	250	0
Íslenskar orkurannsóknir	-40	0	30	0
Samtals	**1.573**	**1.000**	**295**	**0**

Tafla 8 **Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 2011**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Veitt lán	Fjárfesting	Lántökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.588	16.300	79	12.600
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	162	0	0	0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	436	23.099	9	23.223
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	11	0	1	0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkis og verkam.	84	0	5	0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild.	14	20.000	26	20.108
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	14	350	0	0
Orkusjóður	8	25	0	0
Byggðastofnun	9	3.000	0	3.000
Samtals	**9.326**	**62.774**	**120**	**58.931**

Tafla 9 — **Eignir og skuldir ríkissjóðs [1]**

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Áætlun 2010	Frumvarp 2011
Skuldir ríkissjóðs	**281.108**	**277.186**	**252.990**	**196.146**	**292.528**	**311.011**	**931.324**	**1.176.436**	**1.285.200**	**1.329.100**
Ríkisbréf, ríkisvíxlar og spariskírteini	95.304	108.980	107.814	107.114	113.747	125.947	309.349	438.206	496.200	533.100
Vegna endurfjármögnunar Seðlabanka	0	0	0	0	0	0	270.005	159.308	165.700	171.200
Vegna eiginfjárframlags til fjármálastofnana[3]	0	0	0	0	0	0	0	186.479	210.000	210.000
Aðrir innlendir aðilar	3.799	3.977	3.888	3.624	3.604	30.713	34.422	35.859	35.700	35.100
Lántaka vegna gjaldeyrisforða[2]	21.642	21.752	14.822	0	94.610	91.200	221.572	281.270	314.300	314.100
Önnur erlend lán	160.363	142.477	126.466	85.408	80.567	63.151	95.976	75.314	63.300	65.600
Kröfur ríkissjóðs	**131.603**	**118.024**	**97.019**	**136.485**	**242.715**	**253.656**	**549.002**	**437.191**	**532.500**	**548.600**
Veitt lán	80.875	76.381	51.633	71.496	169.678	174.441	471.912	361.343	454.400	466.900
Lán tengd innlendu verðlagi	60.745	59.409	47.698	69.959	73.614	81.845	80.271	78.256	77.300	81.900
Gengisbundin lán	8.630	5.472	3.935	1.537	1.454	1.396	2.004	1.929	1.500	1.400
Vegna gjaldeyrisforða Seðlabanka	11.500	11.500	0	0	94.610	91.200	213.964	223.904	319.900	326.100
Lánveitingar v. eiginfjárfr. til banka[3]	0	0	0	0	0	0	0	57.254	55.700	57.500
Yfirtekin tryggingarbréf	0	0	0	0	0	0	175.673	0	0	0
Viðskiptareikningar, nettó [4]	50.728	41.643	45.386	64.989	73.037	79.215	77.090	75.848	78.100	81.700
Handbært fé, nettó [5]	**16.468**	**16.848**	**24.384**	**50.814**	**92.384**	**104.299**	**184.192**	**226.456**	**141.200**	**121.100**
Hlutafé, eignarhlutir og stofnfé [6]	**93.323**	**90.825**	**94.607**	**87.423**	**102.671**	**191.880**	**197.755**	**334.056**	**359.900**	**360.700**
Hreinar lántökur ríkissjóðs	**149.505**	**159.162**	**155.971**	**59.661**	**49.813**	**57.355**	**382.322**	**739.245**	**752.700**	**780.500**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	46,8	42,6	38,3	69,6	83,0	81,6	58,9	37,2	41,4	41,3
Hrein staða ríkissjóðs [7]	**-133.037**	**-142.314**	**-131.587**	**-8.847**	**42.571**	**46.944**	**-198.130**	**-512.789**	**-611.500**	**-659.400**
Hrein staða ríkissjóðs a.t.t.t. eigna [8]	**-39.714**	**-51.489**	**-36.980**	**78.576**	**145.242**	**238.824**	**-375**	**-178.733**	**-251.600**	**-298.700**

Sjá framhald á töflunni á næstu síðu

Tafla 9 **Eignir og skuldir ríkissjóðs [1]**

Hlutfall af VLF, %[10]	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Áætlun 2010	Frumvarp 2011
Tekin lán	**35,5**	**32,8**	**28,1**	**19,2**	**23,9**	**23,3**	**55,0**	**75,4**	**77,0**	**74,3**
Þar af erlend lán	23,5	19,5	16,3	8,6	14,1	11,6	16,5	22,8	22,6	21,2
Þar af lántaka vegna gjaldeyrisforða	2,8	2,6	1,7	0,0	7,6	6,9	11,5	18,0	18,8	17,5
Veitt lán	**10,0**	**9,0**	**5,5**	**6,8**	**13,9**	**13,1**	**27,3**	**23,1**	**27,2**	**26,1**
Þar af gengisbundin lán	2,6	2,0	0,5	0,2	7,7	7,0	11,3	18,1	22,5	21,5
Þar af lánveiting vegna gjaldeyrisforða	1,5	1,4	0,0	0,0	7,6	6,9	11,2	14,3	19,1	18,2
Viðskiptareikningar, nettó [4]	6,2	4,9	4,8	6,2	6,1	5,9	4,8	4,9	4,7	4,6
Hreinar lántökur ríkissjóðs	**19,4**	**18,9**	**17,8**	**6,1**	**3,9**	**4,3**	**22,9**	**47,4**	**45,1**	**43,7**
Eignir ríkissjóðs [9]	**29,5**	**26,5**	**22,9**	**26,2**	**36,3**	**40,9**	**56,0**	**64,0**	**61,9**	**57,6**
Hrein staða ríkissjóðs [7]	**-17,3**	**-16,9**	**-15,2**	**-1,3**	**3,8**	**3,4**	**-11,3**	**-32,9**	**-36,7**	**-36,9**
Hrein staða ríkissjóðs a.t.t.t. eigna [8]	**-6,0**	**-6,3**	**-5,2**	**7,1**	**12,4**	**17,7**	**1,0**	**-11,5**	**-15,1**	**-16,7**

Skýringar

Skuldbindingar vegna Icesave eru ekki taldar með skuldum ríkissjóðs. Lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Noregi eru til Seðlabanka og því ekki talin með hér. Ekki er tekið tillit til lífeyrisskuldbindinga. Í árslok 2009 námu lífeyrisskuldbindingar 340 mia.kr.

[1] Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.

[2] Gert ráð fyrir að lán samstarfsþjóða verði greidd í áföngum á árunum 2009-2010.

[3] Ríkissjóður fjármagnar eiginfjárframlag til nýrra fjármálastofnana með útgáfu ríkisskuldabréfa.

[4] Viðskiptahreyfingar taka til óinnheimtra skattekna, skammtímakrafna og skammtímaskulda.

[5] Handbært fé er staða A-hluta við Seðlabanka Íslands og aðrar innlánsstofnanir auk innistæðna í erlendum innlánsstofnunum og gjaldeyrisreikningum.

[6] Hlutafé, eignahlutir og stofnfé tekur til eigna ríkissjóðs í fyrirtækjum, stofnunum , sameignar- og hlutafélögum ásamt erlendu stofnfé.

[7] Hrein staða er skilgreind sem hreinar lántökur að viðbættu handbæru fé.

[8] Hrein staða að teknu tilliti til hlutafjár, eignahluta og stofnfjár.

[9] Eignir ríkissjóðs taka til krafna, handbærs fjár, hlutafjár, eignahluta og stofnfjár.

[10] Stöðutölur reiknaðar til meðalverðlags hvers árs með vísitölu neysluverðs og meðalgengi.

Tafla 10

	Fjárlög 2010 [1]	Áætlun 2010 [2]	Fjárlög 2011 [2]
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	-4,3	-0,1	3,4
Samneysla	-3,6	-3,8	-3,8
Fjárfesting	4,8	-14,5	25,2
Þjóðarútgjöld alls	-3,0	-3,3	4,0
Útflutningur vöru og þjónustu	1,7	0,7	1,8
Innflutningur vöru og þjónustu	-2,3	0,6	3,2
Verg landsframleiðsla	-2,3	-2,9	3,2
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	-2,1	0,3	-1,0
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Vísitala neysluverðs	6,0	6,0	3,5
Launavísitala	2,8	4,1	5,2
Gengisvísitala	5,0	-0,6	-0,6
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	9,6	9,1	8,3

[1] Uppfærð þjóðhagsspá í nóvember 2009.
[2] Þjóðhagsspá í júní 2010.

Tafla 11

	Fjárlög 2010 [1]	Áætlun 2010 [2]	Fjárlög 2011 [2]
Helstu þjóðhagsstærðir, mia. kr.			
Einkaneysla	766,0	828,9	894,4
Samneysla	405,4	393,6	393,5
Fjárfesting	265,0	185,8	243,4
Þjóðarútgjöld alls	1.436,5	1.420,2	1.531,0
Útflutningur vöru og þjónustu	875,1	855,1	890,8
Innflutningur vöru og þjónustu	720,2	669,5	702,2
Verg landsframleiðsla	1.591,4	1.605,9	1.719,7
Viðskiptajöfnuður	-32,8	7,3	-15,3

[1] Uppfærð þjóðhagsspá í nóvember 2009.
[2] Þjóðhagsspá í júní 2010.

Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2011.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010.)

Efnisyfirlit fyrri og seinni hluta

Fyrri hluti: Stefna og horfur

		Bls.
	Inngangur	3
1.	Ríkisfjármálastefnan	5
2.	Afleiðingar hrunsins á ríkisfjármálin	16
3.	Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum	22
4.	Skuldastýring og lánsfjáröflun	49
5.	Fjármál sveitarfélaga	54
6.	Ráðstafanir vegna fjármálakreppunnar	59
7.	Staða Íslands í alþjóðlegu samhengi	67
8.	Yfirlit þjóðhagsforsendna	75
9.	Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð	79
	Fylgiskjal: Töfluviðauki	83

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

		Bls.
A-hluti	**Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana**	
	1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs	3
	2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs	4
B-hluti	**Fjárreiður ríkisfyrirtækja**	
	3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja	5
C-hluti	**Fjárreiður lánastofnana**	
	4. gr. Fjárreiður lánastofnana	6

Ýmis ákvæði

5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 7
6. gr. Heimildir 9

Sundurliðanir

1. Tekjur A-hluta 12
2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta 17
3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta 164
4. Fjármál lánastofnana í C-hluta 167

Séryfirlit

1. Málaflokkar gjalda í A-hluta 176
2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta 181
3. Markaðar tekjur 182
4. Aðrar rekstrartekjur stofnana 188
5. Lögbundin framlög 194

Athugasemdir

Inngangur 195
1. Yfirlit ríkisfjármála 197
2. Tekjur A-hluta ríkissjóðs 200
3. Gjöld A-hluta ríkissjóðs 210
4. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 431
5. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 435
6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 442
7. Heimildir 453
8. Ríkisábyrgðir og áhættuskuldbindingar 455
9. Skattastyrkir 457
10. Yfirlit yfir lagabreytingar 461
Atriðisorðaskrá 465

Vefsetur fjárlaga: fjarlog.is

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2011 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**445.544,0**	**427.151,2**
Skattar á tekjur einstaklinga	125.700,0	120.600,0
Skattar á tekjur lögaðila	21.700,0	17.400,0
Tryggingagjöld	65.246,2	63.037,4
Eignarskattar	10.658,2	10.528,2
Virðisaukaskattur	134.100,0	128.700,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	73.576,7	73.126,7
Skattar ótaldir annars staðar	14.562,9	13.758,9
Aðrar rekstrartekjur	**29.509,9**	**29.630,7**
Arðgreiðslur	1.225,5	1.225,5
Vaxtatekjur og eignatekjur	21.768,2	21.889,2
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	6.516,2	6.516,0
Sala eigna	**600,0**	**600,0**
Fjárframlög	**1.716,1**	**1.715,1**
Tekjur samtals	**477.370,0**	**459.097,0**
Æðsta stjórn ríkisins	3.320,2	3.320,2
Forsætisráðuneyti	903,9	903,9
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	56.495,0	56.495,0
Utanríkisráðuneyti	10.932,6	10.932,6
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	18.637,7	18.637,7
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	23.507,3	23.507,3
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	121.475,5	121.804,5
Heilbrigðisráðuneyti	97.611,4	97.611,4
Fjármálaráðuneyti	57.241,6	49.211,6
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	33.741,8	33.666,8
Iðnaðarráðuneyti	4.728,7	4.728,7
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	3.204,3	3.204,3
Umhverfisráðuneyti	6.939,0	6.939,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	75.061,0	75.341,0
Gjöld samtals	**513.800,0**	**506.304,0**
Heildartekjujöfnuður	**-36.430,0**	**-47.207,0**
Frumjöfnuður	**16.862,8**	**6.244,8**

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2011 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-36.430,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-2.519,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-8.304,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-54,0
Handbært fé frá rekstri	**-47.307,0**
Fjármunahreyfingar	
Veitt löng lán	-12.600,0
Afborganir veittra lána	8.600,0
Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup	-1.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	200,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-4.800,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-52.107,0**
Fjármögnun	
Tekin löng lán	267.000,0
Afborganir lána	-235.000,0
Fjármögnun samtals	**32.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-20.107,0**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2011 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	760,0	0,0	15,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	852,5	1000,0	250,0	0,0
Íslenskar orkurannsóknir	-40,0	0,0	30,0	0,0
Samtals	**1.572,5**	**1.000,0**	**295,0**	**0,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2011 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.588,2	16.300,0	79,0	12.600,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	162,0	0,0	0,0	0,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	436,0	23.099,0	9,0	23.223,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	11,0	0,0	1,0	0,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam	84,0	0,0	5,0	0,0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild	14,0	20.000,0	26,0	20.108,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	14,0	350,0	0,0	0,0
Orkusjóður	7,5	25,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	9,2	3.000,0	0,0	3000,0
Samtals	**9.325,9**	**62.774,0**	**120,0**	**58.931,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 267.000 m.kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 12.600 m.kr. til eftirtalinna aðila:

   2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 12.600 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2011 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.4, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:

   3.1 Landsvirkjun, allt að 30.000 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.
   3.2 Íbúðalánadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 20.108 m.kr., sbr. 10. gr. og 1. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 23.223 m.kr., sbr. 10. gr. og 3. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.4 Byggðastofnun, allt að 3.000 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

4. Ýmis ákvæði.

   4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;

b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Heimildir

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að semja við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um ráðstöfun fasteignarinnar við Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
2.2 Að selja tækjageymslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.3 Að selja fasteignina Laugarnesveg 91, Reykjavík.
2.4 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Heiðavegi 4, Reyðarfirði.
2.5 Að selja húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands við Hlemm.
2.6 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignina Fífilbrekku, Reykjum, Ölfusi.
2.7 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignirnar Túngötu 1 og 3, Hvanneyri, Borgarfirði.
2.8 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignirnar Möðruvelli 2 og 4, Hörgárdal, Arnarneshreppi.
2.9 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Lyngholti 9, Ísafirði, og ráðstafa andvirðinu til vegamála.
2.10 Að selja húseignir ríkisins við Borgartún 5 og 7 og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
2.11 Að selja afgreiðsluhús á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.12 Að selja átthagafélagi gamla prestshúsið á Stað í Aðalvík, Ísafjarðarbæ.
2.13 Að selja mannvirki á jörðunum Selárdal og Uppsölum, Vesturbyggð.
2.14 Að selja húsnæði dómstóla, lögreglu- og sýslumannsembætta og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði í tengslum við endurskipulagningu starfseminnar.
2.15 Að selja fasteignina Baughól 44, Húsavík.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.2 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.3 Að selja íbúð við Hvassaleiti 30 og kaupa aðra hentugri.
3.4 Að selja eignarhlut ríkisins að Bíldshöfða 16, Reykjavík, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.5 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Brautarholti 6, Reykjavík.
3.6 Að selja eignarhlut ríkisins í húsnæði Skógræktar ríkisins að Gagnheiði 25–27.
3.7 Að selja sendiherrabústað í Washington og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e, Reykjavík.

3.9 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Hvanneyrarbraut 60, Siglufirði.
3.10 Að selja eignarhlut ríkisins í Iðndölum 2, Vatnsleysustrandarhreppi, og ráðstafa andvirðinu til uppbyggingar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.
3.11 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Brekkubyggð 14, Blönduósi.
3.12 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Eiðistorg 13–15, Seltjarnarnesi.
3.13 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Víðinesi, Reykjavík.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land á Keldum, á Keldnaholti og við Úlfarsá og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja landspildur í eigu ríkisins í Garðabæ.
4.3 Að selja jarðarhlutann Rima, Bláskógabyggð.
4.4 Að selja landspildur ríkisins við Flekkuvík.
4.5 Að selja hluta af landsvæðum ríkisins við Litla–Hraun og ráðstafa andvirðinu til endurbóta á fangelsinu.
4.6 Að selja hluta af jörðunum Torfastöðum I og II í Rangárþingi eystra.
4.7 Að selja jörðina Hvol 2, Ölfusi.
4.8 Að selja jörðina Leiti, Hornafirði.
4.9 Að selja jarðirnar Gunnólfsvík I og II, Langanesbyggð.
4.10 Að selja fasteignina Efri–Brú, Grímsnesi.

Kaup og sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlut ríkisins í Endurvinnslunni hf.
5.2 Að selja hlut ríkisins í sparisjóðum sem ríkið hefur eignast hlut í á grundvelli 2. gr. l. nr. 125/2008, um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.
5.3 Að kaupa og selja hluti í innlendum sparisjóðum í tengslum við endurskipulagningu sparisjóðakerfisins.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.2 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.3 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Þjóðleikhússins.
6.4 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Vinnumálastofnun.
6.5 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Listasafns Íslands.
6.6 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um lóð undir samgöngumiðstöð sem fyrirhugað er að reisa við Reykjavíkurflugvöll.
6.7 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir hjúkrunarrými aldraðra í samræmi við áform um fjölgun slíkra rýma.
6.8 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og nýja stofnun sjúkratrygginga og innkaupa á heilbrigðissviði.
6.9 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Veðurstofu Íslands.
6.10 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.

6.11 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir hverfisstöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.
6.12 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir gæsluvarðhaldsfanga á höfuðborgarsvæðinu og selja núverandi húsnæði að Skólavörðustíg 9 og Kópavogsbraut 17.
6.13 Að kaupa sendiherrabústað í New York.
6.14 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.
6.15 Að kaupa jörðina Teigarhorn, Djúpavogshreppi.
6.16 Að kaupa mannvirki gömlu nautastöðvarinnar í Hvannatúni á Hvanneyri af Bændasamtökum Íslands í þágu Landbúnaðarháskóla Íslands.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2012 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2012, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
7.3 Að selja, leigja eða ráðstafa með öðrum hætti fasteignum og landsvæðum á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli sem koma á í borgaraleg not.
7.4 Að endurgreiða sveitarfélögum, eða opinberum félögum á þeirra vegum, virðisaukaskatt vegna kaupa á nýjum slökkvibifreiðum og búnaði slökkviliða.
7.5 Að heimila að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn.
7.6 Að ganga til samninga við hafnarsjóð Seyðisfjarðar um viðbótartollaðstöðu á Seyðisfirði.
7.7 Að verja, ef á þarf að halda, frekari fjárhæðum til greiðslu bóta til þeirra er sætt hafa misgjörðum á vistheimilum fyrir börn en heimilað er í fjáraukalögum fyrir árið 2008.
7.8 Að kaupa hluti eða auka hlutafé ríkisins í fyrirtækjum á sviði orkuöflunar og orkudreifingar í því skyni að tryggja opinbert eignarhald og endurskipulagningu á sviði orkumála.
7.9 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
7.10 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.
7.11 Að semja um afhendingu kirkjulóða og kirkjugarða á ríkisjörðum til þjóðkirkjunnar.
7.12 Að selja flugvél Landhelgisgæslunnar TF–SYN.
7.13 Að heimila Landhelgisgæslunni að leigja hentugar björgunarþyrlur fyrir starfsemi sína í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um lágmarksgetu til björgunar.
7.14 Að leggja bönkum og sparisjóðum, að hluta eða að fullu í eigu íslenska ríkisins, til aukið eigið fé, reynist þess þörf til að viðhalda lágmarks eiginfjárhlutfalli skv. kröfum Fjármálaeftirlits.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I Skatttekjur

1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	101.000,0	97.100,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	24.700,0	23.500,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**125.700,0**	**120.600,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	21.700,0	17.400,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	2.600,0	2.400,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.516,7	1.487,5
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	3.700,0	3.240,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**7.816,7**	**7.127,5**
	Skattar á tekjur og hagnað	**155.216,7**	**145.127,5**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	60,0	60,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	34.291,1	33.379,4
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	30.895,1	29.598,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**65.246,2**	**63.037,4**
	Tryggingagjöld	**65.246,2**	**63.037,4**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	2.027,2	1.986,3
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.523,6	2.456,5
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**4.550,8**	**4.442,8**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	5.210,0	5.080,0
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	2.350,0	2.350,0
4.4.1	Stimpilgjöld	2.600,0	2.600,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	498,2	498,2
	Eignarskattar	**10.658,2**	**10.528,2**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	134.100,0	128.700,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	4.070,0	3.950,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	1.750,0	1.710,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.900,0	1.900,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	4.870,0	4.870,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	7.870,0	7.870,0
5.1.2.1.32	Kolefnisgjald	3.190,0	3.090,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.850,0	6.850,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	42,0	42,0
5.1.2.1.36	Sérstakur skattur af seldri raforku	2.020,0	1.980,0
5.1.2.1.37	Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	200,0	200,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	430,0	430,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	11.180,0	11.060,0
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	5.270,0	5.270,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	3.213,6	3.213,6
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	5.142,0	5.002,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.647,8	2.647,8
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	9,7	9,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**194.755,1**	**188.795,1**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	6.320,0	6.200,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	810,0	740,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	250,0	250,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	144,8	144,8
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	19,9	19,9
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	627,0	627,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	2.240,0	2.540,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5.2.2.25.5.95	Ýmis skráningargjöld	380,0	380,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	2.118,9	2.118,9
5.2.2.35	Ýmislegt	11,0	11,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**12.921,6**	**13.031,6**
	Skattar á vörur og þjónustu	**207.676,7**	**201.826,7**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.15	Markaðsgjald	405,4	398,6
6.1.25	Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	500,0	500,0
6.1.30	Gjald á bankastarfsemi	1.000,0	1.000,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**1.905,4**	**1.898,6**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	290,0	290,0
	Aðrir skattar	**2.195,4**	**2.188,6**
	Skatttekjur, samtals	**445.544,0**	**427.151,2**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.225,5	1.225,5
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.880,0	1.560,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	12.820,0	13.371,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	6.902,0	6.792,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	66,2	66,2
8.3.8.5	Aðrar eignatekjur, ótaldar annars staðar	100,0	100,0
	Aðrar eignatekjur	**21.768,2**	**21.889,2**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**22.993,7**	**23.114,7**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	1.780,0	1.780,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	600,0	600,0
9.1.3.5	Skólagjöld	744,5	744,5

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	130,0	130,0
9.1.3.20	Prófgjöld	27,4	27,4
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	202,5	202,5
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	721,7	721,7
9.1.3.35	Ýmislegt	410,3	410,1
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	456,2	456,2
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	193,9	193,9
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**5.266,5**	**5.266,3**
	Ýmsar tekjur	**5.266,5**	**5.266,3**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	620,0	620,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	520,0	520,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.175,0**	**1.175,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7	74,7
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**29.509,9**	**29.630,7**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	400,0	400,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa og verðbréfa	100,0	100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**500,0**	**500,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	100,0	100,0
	Sala eigna, samtals	**600,0**	**600,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	214,1	213,1
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	580,0	580,0
	Rekstrarframlög	**794,1**	**793,1**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	552,0	552,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	370,0	370,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.716,1**	**1.715,1**
	Fjárframlög, samtals	**1.716,1**	**1.715,1**
	Heildartekjur samtals	**477.370,0**	**459.097,0**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	157,1
1.81 Opinberar heimsóknir	15,9
Almennur rekstur samtals	173,0
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	1,0
Gjöld samtals	**174,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,0

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	769,8
1.02 Framlög til þingflokka	53,5
1.03 Fastanefndir	15,4
1.04 Alþjóðasamstarf	91,2
1.06 Almennur rekstur	851,8
1.07 Sérverkefni	45,7
1.10 Rekstur fasteigna	269,4
Almennur rekstur samtals	2.096,8
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	12,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,6
Gjöld samtals	**2.129,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-22,9
Gjöld umfram tekjur	**2.107,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.107,0

00-290 Stjórnlagaþing

Almennur rekstur:
1.01 Stjórnlagaþing 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisstjórn 214,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 214,3

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur 131,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 131,0

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður Alþingis 105,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 105,3

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisendurskoðun 423,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -34,5

Gjöld umfram tekjur 388,6

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	388,6
00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**3.320,2**
Greitt úr ríkissjóði	**3.320,2**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	282,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	282,5

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.11 Hið íslenska fornritafélag	10,0
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	4,6
1.19 Efnahagsrannsóknir	40,0
1.23 Hrafnseyri	22,9
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	28,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	6,6
1.51 Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta	30,2
1.56 Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn	23,1
1.58 Sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi	20,0
1.90 Ýmis verkefni	23,0
Almennur rekstur samtals	208,4
Gjöld samtals	**208,4**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	208,4

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	2,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	2,5

m.kr.

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis 58,9

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis 44,4

Gjöld samtals **103,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 103,3

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 6,2

Stofnkostnaður:
6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins 10,0

Gjöld samtals **16,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,2

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður barna 37,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 37,1

01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:
1.01 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn 12,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,5

m.kr.

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Óbyggðanefnd 42,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,1

01-271 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögmaður 67,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -6,0

Gjöld umfram tekjur **61,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,7

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 82,6

Viðhaldsverkefni:
5.01 Fasteignir 2,0

Stofnkostnaður:
6.01 Nýframkvæmdir 31,0

Gjöld samtals **115,6**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -26,0

Gjöld umfram tekjur **89,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,6
Innheimt af ríkistekjum 6,0

m.kr.

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta

Almennur rekstur:
1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera 40,0

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta 8,0

Gjöld samtals **48,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,0

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **903,9**
Greitt úr ríkissjóði **897,9**
Innheimt af ríkistekjum **6,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

02-101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	582,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,5
Gjöld umfram tekjur	**579,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	579,1

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,1

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Háskóli Íslands	12.628,0
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	37,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	515,0
Gjöld samtals	**13.180,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3.746,0
Gjöld umfram tekjur	**9.434,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.362,0
Innheimt af ríkistekjum	1.072,0

m.kr.

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	362,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-173,7
Gjöld umfram tekjur	**188,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	183,4
Innheimt af ríkistekjum	5,0

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Raunvísindastofnun Háskólans	948,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-598,1
Gjöld umfram tekjur	**350,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	350,3

02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	323,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-49,0
Gjöld umfram tekjur	**274,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	274,2

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Akureyri	1.626,0

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-339,0
Gjöld umfram tekjur	**1.287,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.223,6
Innheimt af ríkistekjum	63,4

02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands	1.068,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-509,0
Gjöld umfram tekjur	**559,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	533,3
Innheimt af ríkistekjum	26,2

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Almennur rekstur:	
1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	395,1
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fasteigna	4,0
Stofnkostnaður:	
6.20 Fasteignir og lóðir	16,5
Gjöld samtals	**415,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-176,9
Gjöld umfram tekjur	**238,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,7
Innheimt af ríkistekjum	8,0

m.kr.

02-223 Námsmatsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsmatsstofnun 159,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -46,3

Gjöld umfram tekjur **113,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 111,2
Innheimt af ríkistekjum 2,0

02-225 Háskólinn á Bifröst

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Bifröst 306,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 306,4

02-227 Háskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn í Reykjavík 1.918,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.918,0

02-228 Listaháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listaháskóli Íslands 616,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 616,6

02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands 286,2

	m.kr.
1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda	33,9
Almennur rekstur samtals	320,1
Gjöld samtals	**320,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-106,8
Gjöld umfram tekjur	**213,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	213,3

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:	
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	156,1
1.12 Launatengd gjöld	28,6
Almennur rekstur samtals	184,7
Gjöld samtals	**184,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	184,7

02-235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni

Stofnkostnaður:	
6.60 Markáætlun á sviði vísinda og tækni	285,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	285,0

02-236 Rannsóknasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Rannsóknasjóður	795,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,5
Gjöld umfram tekjur	**782,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	782,5

m.kr.

02-238 Tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjasjóður 124,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -14,0

Gjöld umfram tekjur **110,5**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 110,5

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarnámssjóður 96,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 96,0

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 4,0

Stofnkostnaður:
6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 5,0
6.10 Háskólinn á Akureyri 90,0
Stofnkostnaður samtals 95,0

Gjöld samtals **99,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 99,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.15 Nýsköpunarsjóður 20,0
1.25 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna 10,6
1.32 Þekkingarsetur Vestmannaeyja 13,9
1.33 Fræða- og þekkingarsetur 58,0

	m.kr.
1.34 Háskólasetur Vestfjarða	64,6
1.35 Þekkingarsetur Suðurlands	14,3
1.73 Reykjavíkurakademían	15,2
1.80 Vísindastarfsemi	22,1
1.90 Háskólastarfsemi	194,7
1.91 Háskólar, óskipt	15,3
Almennur rekstur samtals	428,7
Gjöld samtals	**428,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	428,7

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Reykjavík	472,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,6
Gjöld umfram tekjur	**458,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	450,8
Innheimt af ríkistekjum	7,4

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Akureyri	502,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,3
Gjöld umfram tekjur	**481,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	474,9
Innheimt af ríkistekjum	6,3

m.kr.

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni	165,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,7
Gjöld umfram tekjur	**150,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	148,9
Innheimt af ríkistekjum	1,4

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð	730,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-34,3
Gjöld umfram tekjur	**695,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	686,2
Innheimt af ríkistekjum	9,6

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn við Sund	432,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,1
Gjöld umfram tekjur	**409,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	403,5
Innheimt af ríkistekjum	6,0

m.kr.

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Ísafirði	275,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,8
Gjöld umfram tekjur	**261,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	258,4
Innheimt af ríkistekjum	2,7

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum	273,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,7
Gjöld umfram tekjur	**262,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	259,4
Innheimt af ríkistekjum	2,7

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Kópavogi	768,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-73,1
Gjöld umfram tekjur	**695,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	687,1
Innheimt af ríkistekjum	8,3

m.kr.

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík	342,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-24,3
Gjöld umfram tekjur	**317,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	313,2
Innheimt af ríkistekjum	4,7

02-316 Fasteignir framhaldsskóla

Almennur rekstur:	
1.05 Fasteignir skóla	48,6
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	9,0
Gjöld samtals	**57,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**57,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,0

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.00 Framhaldsskólar í Reykjavík	240,0
6.01 Menntaskólinn í Reykjavík	47,0
6.03 Menntaskólinn á Laugarvatni	25,0
6.63 Framhaldsskólinn á Laugum	15,0
6.70 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	85,0
6.72 Menntaskólinn á Tröllaskaga	33,0
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	30,0
6.92 Héraðsskólahúsið á Laugarvatni	50,0

	m.kr.
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	39,0
Stofnkostnaður samtals	564,0
Gjöld samtals	**564,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	564,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	90,8
1.12 Orlof kennara	186,0
1.14 Sérkennsla	40,9
1.15 Prófkostnaður	101,9
1.16 Nýjungar í skólastarfi	25,2
1.17 Námsskrárgerð	36,1
1.18 Námsefnisgerð	87,3
1.21 Nám tannsmiða	12,4
1.23 Raungreina- og nýsköpunarkeppnir	3,6
1.24 Iðnnemasamband Íslands	6,0
1.26 Verkefnasjóður skólasamninga	27,1
1.28 Mat á skólastarfi	79,6
1.29 Forvarnastarf í skólum	6,7
1.30 Endurmenntun	34,5
1.31 Keilir, frumgreinanám og vinnumarkaðsúrræði	98,3
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	19,9
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	20,9
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	7,3
1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar	39,0
1.39 Nám í listdansi	107,0
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	23,9
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	413,0
Almennur rekstur samtals	1.467,4
Gjöld samtals	**1.467,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**1.467,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.467,0

m.kr.

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:

1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	929,5

Sértekjur:

Sértekjur	-74,3
Gjöld umfram tekjur	**855,2**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	845,7
Innheimt af ríkistekjum	9,5

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:

1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla	777,8

Sértekjur:

Sértekjur	-94,8
Gjöld umfram tekjur	**683,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	674,6
Innheimt af ríkistekjum	8,4

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:

1.01 Flensborgarskóli	560,7

Sértekjur:

Sértekjur	-29,7
Gjöld umfram tekjur	**531,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	524,7
Innheimt af ríkistekjum	6,3

m.kr.

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	680,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-42,1
Gjöld umfram tekjur	**638,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	631,1
Innheimt af ríkistekjum	7,3

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands	474,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-33,9
Gjöld umfram tekjur	**440,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	436,0
Innheimt af ríkistekjum	4,9

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	187,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**184,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	182,9
Innheimt af ríkistekjum	1,8

m.kr.

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	363,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,6
Gjöld umfram tekjur	**332,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	329,8
Innheimt af ríkistekjum	2,9

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands	734,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-70,3
Gjöld umfram tekjur	**664,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	656,9
Innheimt af ríkistekjum	7,2

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskóli Austurlands	229,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,3
Gjöld umfram tekjur	**210,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	209,3
Innheimt af ríkistekjum	1,6

m.kr.

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.036,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-56,0
Gjöld umfram tekjur	**980,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	970,0
Innheimt af ríkistekjum	10,0

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	496,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-29,7
Gjöld umfram tekjur	**466,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	460,9
Innheimt af ríkistekjum	5,7

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	136,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,8
Gjöld umfram tekjur	**125,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	124,7
Innheimt af ríkistekjum	0,9

m.kr.

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík	127,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,1
Gjöld umfram tekjur	**121,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,1
Innheimt af ríkistekjum	1,1

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Laugum	191,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,3
Gjöld umfram tekjur	**180,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	179,4
Innheimt af ríkistekjum	1,0

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Borgarholtsskóli	863,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-60,2
Gjöld umfram tekjur	**803,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	794,5
Innheimt af ríkistekjum	8,7

m.kr.

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga	208,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,6
Gjöld umfram tekjur	**201,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	199,6
Innheimt af ríkistekjum	1,5

02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar	170,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	170,1

02-369 Menntaskólinn Hraðbraut

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn Hraðbraut	141,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,7

02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	102,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,4
Gjöld umfram tekjur	**101,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,8
Innheimt af ríkistekjum	0,4

m.kr.

02-372 Menntaskólinn á Tröllaskaga

Almennur rekstur:

1.01 Menntaskólinn á Tröllaskaga	77,4

Sértekjur:

Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**77,1**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	77,0
Innheimt af ríkistekjum	0,1

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Almennur rekstur:

1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	80,9

Sértekjur:

Sértekjur	-19,3
Gjöld umfram tekjur	**61,6**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	61,6

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:

1.01 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	223,1

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	223,1

02-451 Framhaldsfræðsla

Almennur rekstur:

1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	83,2
1.11 Framhaldsfræðsla, almennt	6,2
1.12 Fræðslusjóður	699,6
1.13 FS-net, símenntunarstöðvar	15,1
1.15 Mímir, símenntun	13,1

	m.kr.
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	19,9
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	17,3
1.23 Farskóli Norðurlands vestra	28,3
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	17,3
1.25 Þekkingarsetur Þingeyinga	35,2
1.26 Þekkingarnet Austurlands	39,4
1.27 Fræðslunet Suðurlands	17,2
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	19,9
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	19,9
1.30 Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík	13,1
1.33 Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar	9,3
1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	121,1
Almennur rekstur samtals	1.175,1
Gjöld samtals	**1.175,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.175,1

02-504 Tækniskólinn

Almennur rekstur:	
1.01 Tækniskólinn	1.610,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.610,0

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnskólinn í Hafnarfirði	622,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-47,7
Gjöld umfram tekjur	**574,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	569,6
Innheimt af ríkistekjum	4,7

m.kr.

02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík 27,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,6

02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Almennur rekstur:
1.01 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað 25,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,6

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Verslunarskóli Íslands 858,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 858,5

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.31 Sérstök fræðsluverkefni 70,6
1.34 Sprotasjóður 46,8
1.37 Endurmenntun 22,7
1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 52,1
Almennur rekstur samtals 192,2

Gjöld samtals 192,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 192,2

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsgagnastofnun 445,1

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,2
Gjöld umfram tekjur	**426,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	426,9

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.272,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.272,0

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:	
1.01 Jöfnun á námskostnaði	474,1
1.10 Skólaakstur	66,9
Almennur rekstur samtals	541,0
Gjöld samtals	**541,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	541,0

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fornleifavernd ríkisins	84,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,0
Gjöld umfram tekjur	**81,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	81,0

m.kr.

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	375,8
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	58,8
Gjöld samtals	**434,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-67,3
Gjöld umfram tekjur	**367,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	367,3

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	235,4
1.11 Héraðsskjalasöfn	7,4
Almennur rekstur samtals	242,8
Gjöld samtals	**242,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,6
Gjöld umfram tekjur	**224,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	224,2

02-904 Þjóðmenningarhúsið

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðmenningarhúsið	94,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,2
Gjöld umfram tekjur	**83,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	83,2

m.kr.

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	753,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-155,3
Gjöld umfram tekjur	**598,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	598,3

02-906 Listasafn Einars Jónssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Einars Jónssonar	16,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**15,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,6

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Íslands	164,2
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar	5,2
Almennur rekstur samtals	169,4
Gjöld samtals	**169,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,9
Gjöld umfram tekjur	**151,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	151,5

m.kr.

02-908 Kvikmyndasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndasafn Íslands 41,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 41,8

02-909 Blindrabókasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Blindrabókasafn Íslands 84,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -7,0

Gjöld umfram tekjur 77,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 77,7

02-911 Náttúruminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Náttúruminjasafn Íslands 21,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,1

02-913 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins

Almennur rekstur:
1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins 29,5

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 2,5

Gjöld samtals 32,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -3,9

Gjöld umfram tekjur 28,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,1

m.kr.

02-918 Safnasjóður

Almennur rekstur:

1.10 Safnasjóður	97,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	97,3

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:

1.11 Nýlistasafn	7,2
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	8,5
1.14 Hönnunarmiðstöð Íslands	8,5
1.15 Hönnunarsafn Íslands	7,8
1.17 Leikminjasafn Íslands	5,3
1.42 Síldarminjasafnið á Siglufirði	10,6
1.90 Söfn, ýmis framlög	16,5
1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	65,8
Almennur rekstur samtals	130,2

Stofnkostnaður:

6.45 Víkinganaust í Reykjanesbæ	15,0
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	24,4
Stofnkostnaður samtals	39,4
Gjöld samtals	**169,6**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	169,6

02-961 Fjölmiðlastofa

Almennur rekstur:

1.01 Fjölmiðlastofa	37,4

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	37,4

02-965 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík

Almennur rekstur:

1.01 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	424,4

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 424,4

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Endurbætur menningarstofnana 35,7
6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík 44,2
6.82 Geymsluhúsnæði safna 63,7
6.96 Byggðasöfn 28,0
Stofnkostnaður samtals 171,6

Gjöld samtals 171,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 171,6

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið 2.980,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.980,0

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:
1.01 Íslenski dansflokkurinn 121,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -8,6

Gjöld umfram tekjur 113,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 113,0

02-973 Þjóðleikhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðleikhúsið 857,9

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -210,9

Gjöld umfram tekjur **647,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 647,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 785,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -68,4

Gjöld umfram tekjur **717,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 588,0
Innheimt af ríkistekjum 129,1

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:
1.11 Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélaga 37,6
1.13 Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef 9,7
1.14 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur 0,9
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir 4,3
Almennur rekstur samtals 52,5

Gjöld samtals **52,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,9
Innheimt af ríkistekjum 51,6

02-978 Launasjóðir listamanna

Almennur rekstur:
1.01 Launasjóðir listamanna 408,8

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	408,8

02-979 Húsafriðunarnefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Húsafriðunarnefnd	35,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarsjóður	115,6
Gjöld samtals	**150,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-104,2
Gjöld umfram tekjur	**46,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	46,4

02-980 Listskreytingasjóður

Stofnkostnaður:	
6.01 Listskreytingasjóður	0,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,7

02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands	69,1
1.10 Kvikmyndasjóðir	450,0
Almennur rekstur samtals	519,1
Gjöld samtals	**519,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	519,1

m.kr.

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:

1.14 Bókasafnssjóður höfunda	23,7
1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	13,0
1.18 Bókmenntasjóður	39,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	17,0
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	3,6
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	54,4
1.25 Tónlistarsjóður	43,6
1.28 Barnamenningarsjóður	4,2
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	10,4
1.30 Íslenska óperan	133,6
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	120,0
1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál	139,2
1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011	100,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	44,1
1.80 Listahátíð í Reykjavík	29,2
1.90 Listir	11,6
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	8,7
Almennur rekstur samtals	795,8
Gjöld samtals	**795,8**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	795,8

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:

1.10 Fræðistörf	5,5
1.11 Styrkir til útgáfumála	4,0
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	12,4
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	7,6
1.52 Skriðuklaustur	15,3
1.53 Snorrastofa	16,1
1.54 Fornleifasjóður	17,2
1.55 Þórbergssetur	9,0
Almennur rekstur samtals	87,1
Gjöld samtals	**87,1**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	87,1

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:	
1.90 Norræn samvinna	6,7
1.98 Ýmis verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu	7,2
Almennur rekstur samtals	13,9
Gjöld samtals	**13,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,9

02-985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun

Almennur rekstur:	
1.01 Landsskrifstofa menntaáætlana ESB	19,4
1.90 Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB	49,0
1.91 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun	968,0
Almennur rekstur samtals	1.036,4
Gjöld samtals	**1.036,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.036,4

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:	
1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,5
1.12 Ungmennafélag Íslands	101,6
1.13 Bandalag íslenskra skáta	29,3
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	3,5
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	3,5
1.17 Landssamband KFUM og KFUK	29,3
1.18 Æskulýðsrannsóknir	5,8
1.19 Æskulýðssjóður	7,5

	m.kr.
1.90 Æskulýðsmál	5,9
Almennur rekstur samtals	188,9
Gjöld samtals	**188,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	188,9

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	149,1
1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands	54,1
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	21,9
1.15 Skólaíþróttir	2,1
1.16 Íþróttasjóður	14,6
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	2,9
1.20 Glímusamband Íslands	3,7
1.21 Skáksamband Íslands	14,8
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	17,2
1.25 Skákskóli Íslands	7,7
1.29 Afrekssjóður ÍSÍ	24,7
1.30 Bridgesamband Íslands	8,4
1.31 Lyfjaeftirlit	12,0
Almennur rekstur samtals	333,2
Gjöld samtals	**333,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	333,2

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.52 Grænlandssjóður	1,0
1.81 Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	3,9
1.90 Ýmis framlög	47,5
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	88,3
Almennur rekstur samtals	140,7
Stofnkostnaður:	
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	37,6

	m.kr.
Gjöld samtals	**178,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**177,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	177,3

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**56.495,0**
Greitt úr ríkissjóði	**54.894,1**
Innheimt af ríkistekjum	**1.600,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.017,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-32,0
Gjöld umfram tekjur	**985,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	985,0

03-111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis

Almennur rekstur:	
1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	304,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**301,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	301,8

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	6,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.21 Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	1,7
1.23 Mannréttindamál	4,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	3,7
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	7,1
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	7,4
1.32 Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu	150,0
Almennur rekstur samtals	182,4
Gjöld samtals	**182,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 182,4

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,5

03-214 Varnarmálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Varnarmálastofnun 859,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 30,0

Gjöld samtals **889,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 889,0

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands 2.628,0

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 33,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 43,0

Gjöld samtals **2.704,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -29,0

Gjöld umfram tekjur **2.675,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.675,0

m.kr.

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	125,0
1.11 Þróunaraðstoð	1.110,0
Almennur rekstur samtals	1.235,0
Gjöld samtals	**1.235,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.235,0

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	188,4
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	23,0
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	23,5
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	119,7
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	147,8
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	108,7
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	235,8
1.41 Íslensk friðargæsla	116,0
1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	312,5
Almennur rekstur samtals	1.275,4
Gjöld samtals	**1.275,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,4
Gjöld umfram tekjur	**1.269,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.269,0

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	120,5

		m.kr.
1.11	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	212,3
1.13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	24,9
1.15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	18,4
1.16	Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	10,6
1.35	Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	8,8
1.39	Evrópuráðið	70,4
1.40	Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	78,3
1.41	Atlantshafsbandalagið, NATO	266,3
1.70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	121,5
1.71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	167,9
1.72	EFTA-dómstóllinn	54,6
1.73	Þróunarsjóður EFTA	1.420,0
1.75	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	45,8
1.81	Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	5,3
1.85	Alþjóðleg friðargæsla	347,7
1.91	Átak í lækkun skulda þróunarríkja	20,0
	Almennur rekstur samtals	2.993,3
	Gjöld samtals	**2.993,3**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	2.993,3

03-611 Íslandsstofa

	Almennur rekstur:	
1.10	Íslandsstofa	398,6
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	398,6

03	**Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur**	**10.932,6**
	Greitt úr ríkissjóði	**10.534,0**
	Innheimt af ríkistekjum	**398,6**
	Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	447,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,4
Gjöld umfram tekjur	**426,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	426,5

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	0,8
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	1,3
1.21 Lífræn ræktun	4,5
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	27,6
1.34 Eldi sjávardýra	18,1
1.35 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	8,0
1.36 Matvælasetur	5,9
1.49 Úrskurðarnefndir	26,4
1.52 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	15,2
1.53 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	89,3
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	11,2
1.62 Framlag til hafna vegna strandveiða	30,0
1.90 Ýmis verkefni	42,0
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis	108,2
Almennur rekstur samtals	388,5
Gjöld samtals	**388,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,9
Gjöld umfram tekjur	**364,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	334,6
Innheimt af ríkistekjum	30,0

m.kr.

04-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

04-215 Fiskistofa

Almennur rekstur:
1.01 Fiskistofa 757,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -35,6

Gjöld umfram tekjur **721,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 676,8
Innheimt af ríkistekjum 44,9

04-217 Verðlagsstofa skiptaverðs

Almennur rekstur:
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs 12,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,9

04-234 Matvælastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Matvælastofnun 1.007,0

Viðhaldsverkefni:
5.90 Dýralæknisbústaðir 4,0

Gjöld samtals **1.011,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -57,0

Gjöld umfram tekjur **954,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 741,4
Innheimt af ríkistekjum 212,6

04-331 Héraðs- og Austurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðs- og Austurlandsskógar 117,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 117,6

04-332 Suðurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Suðurlandsskógar 93,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 93,1

04-334 Vesturlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Vesturlandsskógar 50,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,5

04-335 Skjólskógar á Vestfjörðum

Almennur rekstur:
1.01 Skjólskógar á Vestfjörðum 39,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,9

04-336 Norðurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Norðurlandsskógar 86,5

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 86,5

04-401 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Hafrannsóknastofnunin 2.104,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -837,0

Gjöld umfram tekjur 1.267,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.267,0

04-405 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Veiðimálastofnun 208,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -108,6

Gjöld umfram tekjur 99,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 99,9

04-411 Matvælarannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Matvælarannsóknir 424,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 424,2

04-413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins 536,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -501,0

Gjöld umfram tekjur 35,0

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 35,0

04-415 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:
1.10 Sjóður til síldarrannsókna 7,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -7,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

04-417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs

Almennur rekstur:
1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs 265,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 265,8

04-421 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.01 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 28,7

Stofnkostnaður:
6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 24,6

Gjöld samtals **53,3**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -43,9

Gjöld umfram tekjur **9,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,4

04-423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:
1.01 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 60,2

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -6,9

Gjöld umfram tekjur **53,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,3

04-481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar 151,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 151,2

04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar

Almennur rekstur:
1.15 Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar 22,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,1

04-487 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins 28,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -3,1

Gjöld umfram tekjur **24,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,9

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 4.915,0
1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi 146,0

	m.kr.
1.06 Gripagreiðslur	581,0
1.07 Óframleiðslutengdur stuðningur	169,0
Almennur rekstur samtals	5.811,0
Gjöld samtals	**5.811,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.811,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	2.228,0
1.11 Gæðastýring	1.165,0
1.12 Ullarnýting	390,0
1.13 Markaðsstarf og birgðahald	364,0
1.14 Svæðisbundinn stuðningur	56,0
1.15 Nýliðunar- og átaksverkefni	104,0
Almennur rekstur samtals	4.307,0
Gjöld samtals	**4.307,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.307,0

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	239,0
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	213,0
1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt	31,0
Almennur rekstur samtals	483,0
Gjöld samtals	**483,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	483,0

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt	374,0

	m.kr.
1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni	20,0
Almennur rekstur samtals	394,0
Gjöld samtals	**394,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	394,0

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Búnaðarsjóður	400,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	400,0

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	94,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-79,0
Gjöld umfram tekjur	**15,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,3

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:	
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara	93,0
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	312,0
Almennur rekstur samtals	405,0
Gjöld samtals	**405,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	405,0

m.kr.

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 1.400,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.400,0

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 133,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,3

Gjöld umfram tekjur 131,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 131,0

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 26,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -15,6

Gjöld umfram tekjur 11,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 11,0

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki 47,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,3

m.kr.

04-853 Bjargráðasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Bjargráðasjóður 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 18.637,7
Greitt úr ríkissjóði 15.968,2
Innheimt af ríkistekjum 2.669,5
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

06-101 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa	332,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,1
Gjöld umfram tekjur	**326,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	326,1

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnartíðindi	25,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	25,7

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:	
1.10 Útgáfa lagasafns	2,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	7,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,2

m.kr.

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	74,5
1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	33,6
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	106,8
1.28 Neytendasamtökin	8,5
1.40 Alþjóðasamstarf	11,9
1.45 Mannréttindamál	16,7
1.47 Íslensk ættleiðing	9,5
1.90 Ýmislegt	22,0
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	13,8
Almennur rekstur samtals	297,3
Gjöld samtals	**297,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,6
Gjöld umfram tekjur	**253,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	252,2
Innheimt af ríkistekjum	1,5

06-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,6

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	118,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,8
Gjöld umfram tekjur	**110,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	110,6

m.kr.

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:	
1.01 Héraðsdómstólar	956,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,4
Gjöld umfram tekjur	**949,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	949,6

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum	696,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-302,9
Gjöld umfram tekjur	**393,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	393,9

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	152,3
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	3,8
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4,0
Almennur rekstur samtals	160,1
Gjöld samtals	**160,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,0
Gjöld umfram tekjur	**146,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	146,1

m.kr.

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:
1.10 Bætur brotaþola 70,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -50,0

Gjöld umfram tekjur **20,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

06-236 Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn

Almennur rekstur:
1.10 Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn 251,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 251,0

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:
1.01 Persónuvernd 59,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,6

Gjöld umfram tekjur **56,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,4

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:
1.05 Ríkissaksóknari 127,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 127,3

m.kr.

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	1.367,0
1.11 Rekstur lögreglubifreiða	288,0
Almennur rekstur samtals	1.655,0
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	168,0
Gjöld samtals	**1.823,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-605,0
Gjöld umfram tekjur	**1.218,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.218,0

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lögregluskóli ríkisins	200,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	200,5

06-309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008

Almennur rekstur:	
1.01 Sérstakur saksóknari	1.178,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.178,0

06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	3.107,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-47,0
Gjöld umfram tekjur	**3.060,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.060,0

06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum 892,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 892,0

06-325 Samræmd neyðarsvörun

Almennur rekstur:
1.10 Samræmd neyðarsvörun 282,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 282,5

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis löggæslukostnaður 12,4
1.16 Efling almennrar löggæslu 12,9
1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði 3,5
1.18 Viðbótartryggingar lögreglumanna 30,4
Almennur rekstur samtals 59,2

Gjöld samtals **59,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 59,2

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 2.428,0

Viðhaldsverkefni:
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta 237,0

Gjöld samtals **2.665,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -83,0

Gjöld umfram tekjur **2.582,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.582,0

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:
6.41 Landhelgissjóður Íslands 528,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -18,5

Gjöld umfram tekjur **510,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 510,4

06-397 Schengen-samstarf

Almennur rekstur:
1.01 Schengen-samstarf 109,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 109,2

06-398 Útlendingastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Útlendingastofnun 210,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 210,1

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjavík 292,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -8,1

Gjöld umfram tekjur **284,5**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	284,5

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	64,9
1.20 Löggæsla	104,8
Almennur rekstur samtals	169,7
Gjöld samtals	**169,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**167,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	167,8

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	55,2
1.20 Löggæsla	102,4
Almennur rekstur samtals	157,6
Gjöld samtals	**157,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,0
Gjöld umfram tekjur	**152,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	152,6

06-414 Sýslumaður Snæfellinga

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	69,4
1.20 Löggæsla	93,4
Almennur rekstur samtals	162,8
Gjöld samtals	**162,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	162,8

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Búðardal	23,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,2

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Patreksfirði	31,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,9

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Bolungarvík	28,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,6

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	84,7
1.20 Löggæsla	214,1
Almennur rekstur samtals	298,8
Gjöld samtals	**298,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,6
Gjöld umfram tekjur	**297,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	297,2

m.kr.

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:

1.01 Sýslumaðurinn á Hólmavík	25,7

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	25,7

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn	57,2
1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	50,0
1.20 Löggæsla	78,9
Almennur rekstur samtals	186,1
Gjöld samtals	**186,1**

Sértekjur:

Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**182,1**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	182,1

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn	57,3
1.20 Löggæsla	84,8
Almennur rekstur samtals	142,1
Gjöld samtals	**142,1**

Sértekjur:

Sértekjur	-4,2
Gjöld umfram tekjur	**137,9**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	137,9

m.kr.

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Siglufirði	48,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	48,0

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	153,9
1.20 Löggæsla	311,6
Almennur rekstur samtals	465,5
Gjöld samtals	**465,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,8
Gjöld umfram tekjur	**457,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	457,7

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	71,1
1.20 Löggæsla	96,6
Almennur rekstur samtals	167,7
Gjöld samtals	**167,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**167,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	167,0

m.kr.

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	68,0
1.20 Löggæsla	100,9
Almennur rekstur samtals	168,9
Gjöld samtals	**168,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,0
Gjöld umfram tekjur	**159,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	159,9

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	72,7
1.20 Löggæsla	159,8
Almennur rekstur samtals	232,5
Gjöld samtals	**232,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**230,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,0

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	32,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,5

m.kr.

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	19,5
1.05 Lögbirtingablað	23,2
Almennur rekstur samtals	42,7
Gjöld samtals	**42,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,5
Innheimt af ríkistekjum	23,2

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	59,2
1.20 Löggæsla	106,7
Almennur rekstur samtals	165,9
Gjöld samtals	**165,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**165,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	165,5

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	64,6
1.20 Löggæsla	96,6
Almennur rekstur samtals	161,2
Gjöld samtals	**161,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,1
Gjöld umfram tekjur	**151,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	151,1

m.kr.

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	117,5
1.20 Löggæsla	224,6
Almennur rekstur samtals	342,1
Gjöld samtals	**342,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,1
Gjöld umfram tekjur	**333,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	333,0

06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	133,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**133,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	133,2

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	173,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**171,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,7

m.kr.

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Kópavogi	181,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**180,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	180,6

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	11,1
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	92,9
Almennur rekstur samtals	104,0
Gjöld samtals	**104,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	104,0

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	1.259,0
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	9,1
Gjöld samtals	**1.268,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-82,0
Gjöld umfram tekjur	**1.186,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.186,1

m.kr.

06-591 Fangelsisbyggingar

Stofnkostnaður:	
6.10 Stofnframkvæmdir	13,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,6

06-603 Þjóðskrá Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskrá Íslands	955,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-240,3
Gjöld umfram tekjur	**715,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	105,3
Innheimt af ríkistekjum	610,2

06-701 Þjóðkirkjan

Almennur rekstur:	
1.01 Biskup Íslands	1.328,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Skálholtsstaður	10,4
6.22 Hallgrímskirkja	16,2
6.23 Hóladómkirkja	4,5
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík	4,9
Stofnkostnaður samtals	36,0
Gjöld samtals	**1.364,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-86,0
Gjöld umfram tekjur	**1.278,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.278,0

m.kr.

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kirkjumálasjóður 233,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 233,3

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kristnisjóður 76,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 76,3

06-733 Kirkjugarðar

Almennur rekstur:
1.11 Kirkjugarðar 850,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 850,7

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar 1.632,0
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga 227,0
Almennur rekstur samtals 1.859,0

Gjöld samtals 1.859,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.859,0

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sókna 302,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 302,0

m.kr.

06-801 Neytendastofa

Almennur rekstur:

1.01 Neytendastofa	144,6

Sértekjur:

Sértekjur	-12,4
Gjöld umfram tekjur	**132,2**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	107,7
Innheimt af ríkistekjum	24,5

06-805 Talsmaður neytenda

Almennur rekstur:

1.01 Talsmaður neytenda	14,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	14,3

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**23.507,3**
Greitt úr ríkissjóði	**22.822,2**
Innheimt af ríkistekjum	**685,1**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

07-101 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	344,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-33,2
Gjöld umfram tekjur	**311,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	311,3

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	48,4
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	7,2
1.90 Ýmislegt	112,4
Almennur rekstur samtals	168,0
Gjöld samtals	**168,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	168,0

07-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,5

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:	
6.21 Leiguíbúðir	236,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	565,0
Viðskiptahreyfingar	-329,0

m.kr.

07-207 Varasjóður húsnæðismála

Stofnkostnaður:
6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:
1.01 Ríkissáttasemjari 58,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,6

Gjöld umfram tekjur 55,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,5

07-313 Jafnréttisstofa

Almennur rekstur:
1.01 Jafnréttisstofa 104,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -19,4

Gjöld umfram tekjur 85,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 85,5

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 469,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -53,8

Gjöld umfram tekjur 415,9

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	231,1
Innheimt af ríkistekjum	184,8

07-341 Umboðsmaður skuldara

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður skuldara	500,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	500,0

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	498,1
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	432,4
Almennur rekstur samtals	930,5
Gjöld samtals	**930,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	930,5

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	100,4
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	1.992,4
Almennur rekstur samtals	2.092,8
Stofnkostnaður:	
6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	160,0
6.27 Jaðar, Ólafsvík	50,0
6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	55,5
6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	161,8
Stofnkostnaður samtals	427,3
Gjöld samtals	**2.520,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-396,4
Gjöld umfram tekjur	**2.123,7**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.123,7

07-515 Framkvæmdasjóður aldraðra

Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna öldrunarstofnana	270,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	1.217,0
Gjöld samtals	**1.487,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,5
Innheimt af ríkistekjum	1.487,5

07-521 Hrafnista, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.574,0
1.11 Dvalarrými	196,0
Almennur rekstur samtals	1.770,0
Gjöld samtals	**1.770,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-22,0
Gjöld umfram tekjur	**1.748,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.748,0

07-522 Hrafnista, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.200,0
1.11 Dvalarrými	207,0
1.15 Dagvist	28,0
Almennur rekstur samtals	1.435,0
Gjöld samtals	**1.435,0**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,0
Gjöld umfram tekjur	**1.420,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.420,0

07-523 Grund, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.380,0
1.11 Dvalarrými	91,0
Almennur rekstur samtals	1.471,0
Gjöld samtals	**1.471,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,0
Gjöld umfram tekjur	**1.453,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.453,0

07-527 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	307,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,8
Gjöld umfram tekjur	**303,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	303,9

07-530 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	219,7
1.11 Dvalarrými	10,7
Almennur rekstur samtals	230,4
Gjöld samtals	**230,4**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,7
Gjöld umfram tekjur	**227,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	227,7

07-531 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	133,6
1.11 Dvalarrými	23,3
1.15 Dagvist	6,5
Almennur rekstur samtals	163,4
Gjöld samtals	**163,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,7
Gjöld umfram tekjur	**161,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	161,7

07-532 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	141,7
1.11 Dvalarrými	36,7
1.15 Dagvist	6,1
Almennur rekstur samtals	184,5
Gjöld samtals	**184,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**182,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	182,6

m.kr.

07-533 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	81,4
1.11 Dvalarrými	9,7
1.15 Dagvist	3,8
Almennur rekstur samtals	94,9
Gjöld samtals	**94,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**93,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,6

07-534 Seljahlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	165,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**163,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	163,8

07-536 Höfði, Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	360,4
1.11 Dvalarrými	91,5
1.15 Dagvist	21,1
Almennur rekstur samtals	473,0
Gjöld samtals	**473,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,7
Gjöld umfram tekjur	**468,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	468,3

m.kr.

07-537 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	215,8
1.11 Dvalarrými	60,9
Almennur rekstur samtals	276,7
Gjöld samtals	**276,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**273,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	273,6

07-538 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	69,1
1.11 Dvalarrými	33,8
Almennur rekstur samtals	102,9
Gjöld samtals	**102,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**101,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	101,9

07-539 Fellaskjól, Grundarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	59,8
1.11 Dvalarrými	10,3
Almennur rekstur samtals	70,1
Gjöld samtals	**70,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**69,1**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	69,1

07-540 Jaðar, Ólafsvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	73,3
1.11 Dvalarrými	16,5
1.15 Dagvist	2,1
Almennur rekstur samtals	91,9
Gjöld samtals	**91,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**90,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,9

07-542 Barmahlíð, Reykhólum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	87,2
1.11 Dvalarrými	6,7
Almennur rekstur samtals	93,9
Gjöld samtals	**93,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,4
Gjöld umfram tekjur	**92,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	92,5

07-543 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	171,7
1.11 Dvalarrými	63,9

	m.kr.
1.15 Dagvist	14,4
Almennur rekstur samtals	250,0
Gjöld samtals	**250,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**247,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	247,7

07-545 Uppsalir, Fáskrúðsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	94,2
1.11 Dvalarrými	40,3
Almennur rekstur samtals	134,5
Gjöld samtals	**134,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**133,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	133,2

07-547 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	119,2
1.11 Dvalarrými	13,3
1.15 Dagvist	0,9
Almennur rekstur samtals	133,4
Gjöld samtals	**133,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,6
Gjöld umfram tekjur	**131,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	131,8

m.kr.

07-548 Hjallatún, Vík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	90,0
1.11 Dvalarrými	19,7
Almennur rekstur samtals	109,7
Gjöld samtals	**109,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**108,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	108,6

07-549 Kumbaravogur, Stokkseyri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	280,6
1.11 Dvalarrými	14,2
Almennur rekstur samtals	294,8
Gjöld samtals	**294,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,1
Gjöld umfram tekjur	**290,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	290,7

07-550 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	226,0
1.11 Dvalarrými	205,6
1.17 Geðrými	222,8
Almennur rekstur samtals	654,4
Gjöld samtals	**654,4**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,0
Gjöld umfram tekjur	**651,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	651,4

07-551 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	215,8
1.11 Dvalarrými	26,6
1.15 Dagvist	10,6
Almennur rekstur samtals	253,0
Gjöld samtals	**253,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,0
Gjöld umfram tekjur	**250,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	250,0

07-552 Holtsbúð, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	306,4
1.15 Dagvist	10,4
Almennur rekstur samtals	316,8
Gjöld samtals	**316,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,9
Gjöld umfram tekjur	**312,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	312,9

m.kr.

07-555 Dvalarrými aldraðra, önnur

Almennur rekstur:
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur 415,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 415,1

07-556 Vesturhlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Vesturhlíð, Reykjavík 12,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,8

07-557 Hlíðabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Hlíðabær, Reykjavík 51,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,6

07-558 Lindargata, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Lindargata, Reykjavík 46,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,6

07-559 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga

Almennur rekstur:
1.10 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga 93,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 93,3

m.kr.

07-560 Múlabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Múlabær, Reykjavík 77,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 77,2

07-561 Fríðuhús, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Fríðuhús, Reykjavík 38,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,4

07-562 Dagvistun aldraðra, aðrar

Almennur rekstur:
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar 542,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 542,9

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Stjórnarnefnd málefna fatlaðra 10,4
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl. 6,4
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra 7,8
1.83 Liðveisla við fólk sem er háð öndunarvélum 33,3
1.90 Ýmis verkefni 204,6
Almennur rekstur samtals 262,5

Gjöld samtals 262,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 262,5

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 2.889,4

	m.kr.
1.30 Verndaðir vinnustaðir	61,9
1.86 Samningur við Reykjavíkurborg um þjónustu við geðfatlaða	264,2
Almennur rekstur samtals	3.215,5
Gjöld samtals	**3.215,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-71,4
Gjöld umfram tekjur	**3.144,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.144,1

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	2.032,4
1.86 Samningar við sveitarfélög um þjónustu við geðfatlaða	69,3
1.89 Þjónusta á vegum félagasamtaka	13,2
Almennur rekstur samtals	2.114,9
Gjöld samtals	**2.114,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-65,1
Gjöld umfram tekjur	**2.049,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.049,8

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	364,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-33,1
Gjöld umfram tekjur	**331,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	331,8

m.kr.

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	221,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**220,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	220,1

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	1,5
1.86 Samningur við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um málefni fatlaðra	383,2
Almennur rekstur samtals	384,7
Gjöld samtals	**384,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	384,7

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	1,6
1.85 Samningur við Norðurþing um þjónustu við fatlaða	133,0
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	935,4
Almennur rekstur samtals	1.070,0
Gjöld samtals	**1.070,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.070,0

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	326,1

	m.kr.
1.86 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	30,4
Almennur rekstur samtals	356,5
Gjöld samtals	**356,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,0
Gjöld umfram tekjur	**351,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	351,5

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	451,1
1.72 Skaftholt	50,8
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	106,4
Almennur rekstur samtals	608,3
Gjöld samtals	**608,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,7
Gjöld umfram tekjur	**603,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	603,6

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.01 Styrktarfélag vangefinna	717,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	717,2

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:	
1.70 Vistheimilið Skálatúni	362,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 362,0

07-722 Sólheimar í Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Sólheimar í Grímsnesi 264,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 264,2

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 376,2

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -24,7

Gjöld umfram tekjur 351,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 351,5

07-755 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta

Almennur rekstur:
1.01 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta 284,2

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -11,6

Gjöld umfram tekjur 272,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 272,6

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 22,8

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 63,0

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	269,4
Gjöld samtals	**355,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,5
Gjöld umfram tekjur	**338,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	338,7

07-821 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	971,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	47,5
Gjöld samtals	**1.018,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-137,7
Gjöld umfram tekjur	**881,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	881,2

07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra- og feðralaun	321,0
1.15 Umönnunargreiðslur	1.315,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	160,0
1.25 Dánarbætur	70,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	1.934,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	160,0
1.41 Heimilisuppbót	2.863,0
1.51 Frekari uppbætur	340,0
1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega	1.082,0

	m.kr.
1.55 Bifreiðakostnaður	1.132,0
1.91 Annað	49,6
Almennur rekstur samtals	9.426,6
Gjöld samtals	**9.426,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9.426,6

07-827 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	8.260,0
1.15 Örorkulífeyrir	4.950,0
1.16 Aldurstengd örorkuuppbót	2.171,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	14.515,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	13.661,0
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	270,0
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	70,0
1.31 Örorkustyrkur	180,0
1.35 Barnalífeyrir	2.725,0
1.91 Annað	456,0
Almennur rekstur samtals	47.258,0
Gjöld samtals	**47.258,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22.458,7
Innheimt af ríkistekjum	24.799,3

07-831 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra	67,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,0
Gjöld umfram tekjur	**59,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,3

m.kr.

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Vinnumálastofnun	919,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-722,5
Gjöld umfram tekjur	**197,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	197,0

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsdómur	7,5
1.13 Kjararannsóknarnefnd	45,8
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	18,5
1.90 Ýmislegt	6,7
Almennur rekstur samtals	78,5
Gjöld samtals	**78,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	78,5

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	1.809,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.809,0

07-983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	105,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	105,8

m.kr.

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	23.430,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	529,5
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	184,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	912,0
1.41 Framlög og styrkir	40,0
1.81 Vaxtatekjur	43,2
Almennur rekstur samtals	25.138,7
Gjöld samtals	**25.138,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-244,0
Gjöld umfram tekjur	**24.894,7**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	24.894,7

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsmálaskóli alþýðu	12,6
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	3,0
Almennur rekstur samtals	15,6
Gjöld samtals	**15,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,6

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	30,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

m.kr.

07-988 Starfsendurhæfing

Almennur rekstur:

1.10 Starfsendurhæfing	319,9

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	319,9

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:

1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	81,9
1.11 Fæðingarorlofssjóður	8.013,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	594,0
Almennur rekstur samtals	8.688,9
Gjöld samtals	**8.688,9**

Sértekjur:

Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**8.688,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	594,0
Innheimt af ríkistekjum	8.094,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:

1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	37,2
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	31,1
1.35 Félag heyrnarlausra	7,2
1.36 Félagið Geðhjálp	18,8
1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	9,8
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	36,9
1.41 Stígamót	30,4
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	23,0
1.44 Athvarf fyrir heimilislausa	26,8
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa	2,8
1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna	45,5

	m.kr.
1.90 Ýmis framlög	90,5
1.98 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis	55,9
Almennur rekstur samtals	415,9
Gjöld samtals	**415,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	415,9

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**121.475,5**
Greitt úr ríkissjóði	**60.035,2**
Innheimt af ríkistekjum	**61.769,3**
Viðskiptahreyfingar	**-329,0**

m.kr.

08 Heilbrigðisráðuneyti

08-101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	557,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,9
Gjöld umfram tekjur	**551,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	551,4

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,6

08-202 Sjúkratryggingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkratryggingar Íslands	739,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-324,4
Gjöld umfram tekjur	**415,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	415,3

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	4.907,0
1.15 Lyf	8.469,0
1.16 Lyf með S-merkingu	4.365,0
1.21 Hjálpartæki	2.863,0

	m.kr.
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	137,0
1.31 Þjálfun	1.608,0
1.35 Tannlækningar	1.672,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	400,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	1.211,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	218,0
1.55 Sjúkradagpeningar	208,0
1.91 Annað	166,0
Almennur rekstur samtals	26.224,0
Gjöld samtals	**26.224,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26.224,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	197,0
1.15 Bætur til framfærslu	426,0
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	60,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	66,0
Almennur rekstur samtals	749,0
Gjöld samtals	**749,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-40,0
Gjöld umfram tekjur	**709,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	649,0
Innheimt af ríkistekjum	60,0

08-209 Sjúklingatrygging

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatrygging	120,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,1

m.kr.

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:

1.01 Landlæknir	324,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	324,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:

1.01 Lýðheilsustöð	203,0
1.90 Forvarnasjóður	138,7
Almennur rekstur samtals	341,7
Gjöld samtals	**341,7**

Sértekjur:

Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**341,6**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	230,6
Innheimt af ríkistekjum	111,0

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:

1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	130,5

Stofnkostnaður:

6.10 Fasteign	1,0
Gjöld samtals	**131,5**

Sértekjur:

Sértekjur	-3,7
Gjöld umfram tekjur	**127,8**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	127,8

m.kr.

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Geislavarnir ríkisins	92,7

Sértekjur:

Sértekjur	-19,3
Gjöld umfram tekjur	**73,4**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	68,2
Innheimt af ríkistekjum	5,2

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:

1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	175,5
1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	56,7
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri	7,6
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal	25,7
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	33,0
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	4,0
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	8,3
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	6,7
1.90 Ýmis starfsemi	2,4
Almennur rekstur samtals	319,9

Stofnkostnaður:

6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	4,4
Gjöld samtals	**324,3**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	324,3

08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri

Almennur rekstur:

1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri	4.369,0

Viðhaldsverkefni:

5.01 Fasteign	79,0

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	75,5
Gjöld samtals	**4.523,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-416,0
Gjöld umfram tekjur	**4.107,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.107,5

08-373 Landspítali

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali	35.374,0
Viðhaldsverkefni:	
5.60 Viðhald	178,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	177,0
6.70 Nýframkvæmdir	133,0
Stofnkostnaður samtals	310,0
Gjöld samtals	**35.862,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2.993,0
Gjöld umfram tekjur	**32.869,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32.739,0
Innheimt af ríkistekjum	130,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	103,3
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnkostnaður	20,0
Gjöld samtals	**123,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 123,3

08-383 Sjúkrahótel

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahótel 90,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 90,7

08-384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn

Almennur rekstur:
1.01 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn 131,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 131,6

08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 615,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 615,9

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjastofnun 382,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -55,2

Gjöld umfram tekjur 327,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 327,5

m.kr.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:		
1.16	Lyfjagreiðslunefnd	36,2
1.17	Vísindasiðanefnd	26,9
1.30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	20,5
1.31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	305,5
1.32	Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	6,0
1.33	Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga	10,6
1.34	Hjartaheill	5,3
1.35	Hjartavernd, rannsóknarstöð	61,7
1.36	Stórstúka Íslands	1,3
1.37	Skrifstofa líknarfélaga	4,8
1.38	Félagið Heyrnarhjálp	7,6
1.40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,9
1.42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	234,2
1.43	Viðbúnaður gegn farsóttum	47,4
1.46	Matskerfi umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma	46,7
1.55	Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	227,7
1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	68,3
1.68	Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna	17,8
1.71	Norræni lýðheilsuháskólinn	19,6
1.73	Bláa lónið, húðmeðferðir	47,6
1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	15,7
1.90	Ýmis framlög	43,7
1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	5,4
1.98	Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	59,6
Almennur rekstur samtals		1.323,0
Stofnkostnaður:		
6.91	Upplýsingatæknimál	23,0
Gjöld samtals		**1.346,0**
Sértekjur:		
Sértekjur		-30,0
Gjöld umfram tekjur		**1.316,0**
Fjármögnun:		
Greitt úr ríkissjóði		1.316,0

m.kr.

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	580,2
1.15 Dagvist	18,9
Almennur rekstur samtals	599,1
Gjöld samtals	**599,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,1
Gjöld umfram tekjur	**592,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	592,0

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	839,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,6
Gjöld umfram tekjur	**828,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	828,9

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.335,2
1.15 Dagvist	62,8
Almennur rekstur samtals	1.398,0
Gjöld samtals	**1.398,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,8
Gjöld umfram tekjur	**1.381,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.381,2

m.kr.

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	555,2
1.71 Endurhæfingardeild	108,2
Almennur rekstur samtals	663,4
Gjöld samtals	**663,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,8
Gjöld umfram tekjur	**656,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	656,6

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	595,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,9
Gjöld umfram tekjur	**587,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	587,2

08-428 Fellsendi, Búðardal

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	182,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,7
Gjöld umfram tekjur	**180,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	180,0

m.kr.

08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.189,7
1.11 Dvalarrými	95,3
1.15 Dagvist	52,5
Almennur rekstur samtals	1.337,5
Gjöld samtals	**1.337,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,5
Gjöld umfram tekjur	**1.321,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.321,0

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	171,4
1.11 Dvalarrými	19,6
1.15 Dagvist	6,6
Almennur rekstur samtals	197,6
Gjöld samtals	**197,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**195,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	195,1

08-447 Sóltún, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	985,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	985,8

m.kr.

08-478 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:
1.10 Vistheimilið Bjarg 55,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,8

08-479 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:
1.10 Hlaðgerðarkot 85,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 85,0

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ 1.264,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.264,7

08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands 523,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 523,4

08-493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:
1.10 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 457,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 457,0

m.kr.

08-494 Hlein

Almennur rekstur:

1.10 Hlein	109,9

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	109,9

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	114,6
1.11 Heilbrigðisþjónusta í fangelsum	20,9
1.12 Heimahjúkrun	96,4
1.13 Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva	70,4
Almennur rekstur samtals	302,3

Stofnkostnaður:

6.01 Tæki og búnaður	32,9
Gjöld samtals	**335,2**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	335,2

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:

1.11 Sjúkraflutningar	627,0
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	138,8
1.15 Sjúkraflug	122,2
Almennur rekstur samtals	888,0
Gjöld samtals	**888,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	888,0

08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:

1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.543,0

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -397,5

Gjöld umfram tekjur **4.145,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.145,5

08-508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:
1.01 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu 978,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 978,7

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla 168,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,5

Gjöld umfram tekjur **166,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 166,6

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:
1.01 Læknavaktin 240,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 240,3

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík 109,8

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -7,7

Gjöld umfram tekjur **102,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 102,1

08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu

Almennur rekstur:
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu 491,2

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,5

Gjöld umfram tekjur 490,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 490,7

08-588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi 279,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,2

Gjöld umfram tekjur 278,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 278,8

08-700 Heilbrigðisstofnanir

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 111,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 25,5
6.55 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði 22,7
6.61 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga 15,0
6.87 Heilbrigðisstofnun Suðurlands 62,3
Stofnkostnaður samtals 125,5

Gjöld samtals 236,5

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	236,5

08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	1.022,1
1.11 Sjúkrasvið	1.414,3
1.21 Hjúkrunarrými	420,7
Almennur rekstur samtals	2.857,1
Gjöld samtals	**2.857,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-158,0
Gjöld umfram tekjur	**2.699,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.699,1

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	122,1
1.11 Sjúkrasvið	31,9
1.21 Hjúkrunarrými	93,5
Almennur rekstur samtals	247,5
Gjöld samtals	**247,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,7
Gjöld umfram tekjur	**239,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	239,8

08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	341,7

	m.kr.
1.11 Sjúkrasvið	305,3
1.21 Hjúkrunarrými	257,9
Almennur rekstur samtals	904,9
Gjöld samtals	**904,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-70,0
Gjöld umfram tekjur	**834,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	834,9

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	128,1
1.11 Sjúkrasvið	60,3
1.21 Hjúkrunarrými	178,7
Almennur rekstur samtals	367,1
Gjöld samtals	**367,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,0
Gjöld umfram tekjur	**351,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	351,1

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	207,3
1.11 Sjúkrasvið	122,5
1.21 Hjúkrunarrými	332,2
Almennur rekstur samtals	662,0
Gjöld samtals	**662,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-84,4
Gjöld umfram tekjur	**577,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 577,6

08-756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 184,0
1.11 Sjúkrasvið 49,6
1.21 Hjúkrunarrými 161,5
Almennur rekstur samtals 395,1

Gjöld samtals 395,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -18,4

Gjöld umfram tekjur 376,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 376,7

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 386,6
1.11 Sjúkrasvið 135,3
1.21 Hjúkrunarrými 131,6
Almennur rekstur samtals 653,5

Gjöld samtals 653,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -96,1

Gjöld umfram tekjur 557,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 557,4

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 848,4

	m.kr.
1.11 Sjúkrasvið	430,0
1.21 Hjúkrunarrými	431,3
Almennur rekstur samtals	1.709,7
Gjöld samtals	**1.709,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-128,2
Gjöld umfram tekjur	**1.581,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.581,5

08-779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	115,3
1.11 Sjúkrasvið	46,9
Almennur rekstur samtals	162,2
Gjöld samtals	**162,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**162,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	162,1

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	213,4
1.11 Sjúkrasvið	264,0
1.21 Hjúkrunarrými	62,5
Almennur rekstur samtals	539,9
Gjöld samtals	**539,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-27,6
Gjöld umfram tekjur	**512,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	512,3

m.kr.

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	1.156,2
1.11 Sjúkrasvið	455,4
1.21 Hjúkrunarrými	320,2
Almennur rekstur samtals	1.931,8
Gjöld samtals	**1.931,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-240,7
Gjöld umfram tekjur	**1.691,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.691,1

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	701,2
1.11 Sjúkrasvið	501,3
1.21 Hjúkrunarrými	254,8
Almennur rekstur samtals	1.457,3
Gjöld samtals	**1.457,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-151,8
Gjöld umfram tekjur	**1.305,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.305,5

08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur

Almennur rekstur:	
1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	530,2
1.21 Hjúkrunarrými	431,6
Almennur rekstur samtals	961,8
Gjöld samtals	**961,8**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-121,5
Gjöld umfram tekjur	**840,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	840,3
08 Heilbrigðisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**97.611,4**
Greitt úr ríkissjóði	**96.977,7**
Innheimt af ríkistekjum	**633,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	594,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,0
Gjöld umfram tekjur	**584,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	584,6

09-103 Fjársýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	496,8
1.43 Tekjubókhaldskerfi	372,2
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	486,1
Almennur rekstur samtals	1.355,1
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	8,5
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	14,1
Stofnkostnaður samtals	22,6
Gjöld samtals	**1.377,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**1.376,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.376,4

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,1

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,1

09-210 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	2.002,9
1.41 Skattvinnslukerfi	372,7
Almennur rekstur samtals	2.375,6
Stofnkostnaður:	
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	57,3
Gjöld samtals	**2.432,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,6
Gjöld umfram tekjur	**2.413,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.324,3
Innheimt af ríkistekjum	89,0

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	31,7
1.30 Þungaskattur	7,1
Almennur rekstur samtals	38,8
Gjöld samtals	**38,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,8

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirskattanefnd	111,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	111,4

m.kr.

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	273,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	273,3

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	772,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-292,8
Gjöld umfram tekjur	**479,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	479,2

09-262 Tollstjórinn

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn	1.724,2
1.45 Tollafgreiðslukerfi	224,4
Almennur rekstur samtals	1.948,6
Gjöld samtals	**1.948,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**1.947,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.782,6
Innheimt af ríkistekjum	165,0

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	4.105,0

	m.kr.
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	386,3
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	222,7
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	44,6
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	156,4
1.10 Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara	375,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	143,9
Almennur rekstur samtals	5.433,9
Gjöld samtals	**5.433,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7.693,9
Viðskiptahreyfingar	-2.260,0

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	2.456,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2.456,5

09-393 Starfsendurhæfingarsjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Starfsendurhæfingarsjóður	250,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	250,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	330,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	330,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:	
1.11 Afskriftir skattkrafna	10.000,0

m.kr.

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 10.000,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 2.600,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.400,0
Viðskiptahreyfingar 200,0

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 9.200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9.200,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 9.800,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9.800,0

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins 149,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -149,7

Gjöld umfram tekjur 0,0

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:
1.01 Ríkiskaup 1.485,2

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.485,2

Gjöld umfram tekjur **0,0**

09-971 Ríkisábyrgðir

Stofnkostnaður:
6.01 Ríkisábyrgðir 3.072,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.072,0

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:
6.11 Tapaðar kröfur 90,0
6.15 Tjónabætur 20,0
Stofnkostnaður samtals 110,0

Gjöld samtals **110,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0
Viðskiptahreyfingar 90,0

09-976 Lánaumsýsla ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.01 Lánaumsýsla ríkissjóðs 110,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 110,8

09-977 Bankasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Bankasýsla ríkisins 55,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,9

m.kr.

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur húsnæðis	193,5
1.05 Rekstur tölvukerfis	67,8
Almennur rekstur samtals	261,3
Stofnkostnaður:	
6.21 Húsnæði	19,0
6.41 Tölvubúnaður	5,0
Stofnkostnaður samtals	24,0
Gjöld samtals	**285,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-255,2
Gjöld umfram tekjur	**30,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,1

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga	4,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,5

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	109,5
1.11 Rekstur fasteigna	1.670,0
Almennur rekstur samtals	1.779,5
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna	2.067,0
Gjöld samtals	**3.846,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3.846,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

m.kr.

09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:
1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll 544,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 544,3

09-989 Ófyrirséð útgjöld

Almennur rekstur:
1.90 Ófyrirséð útgjöld 5.000,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -167,6

Gjöld umfram tekjur 4.832,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.832,4

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 160,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 160,0

09-994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu

Almennur rekstur:
1.01 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu 95,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 53,6

	m.kr.
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	8,5
1.13 Kjarasamningar	6,9
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	57,1
1.15 Kjararannsóknir	11,2
1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka	304,2
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	27,3
1.31 Lífeyrissjóður bænda	45,0
1.45 Ýmsar nefndir	23,0
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	4,1
1.60 Dómkröfur	252,2
1.65 Kjararáð	30,6
1.67 Þjóðlendumál	4,5
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	2,7
1.90 Ýmis verkefni	85,5
1.94 Þróunarmál í upplýsingatækni	12,7
Almennur rekstur samtals	929,1
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins	9,0
6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	3,1
6.95 Þróunarmál í upplýsingatækni	13,2
Stofnkostnaður samtals	25,3
Gjöld samtals	**954,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,9
Gjöld umfram tekjur	**928,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	928,5
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**57.241,6**
Greitt úr ríkissjóði	**46.501,1**
Innheimt af ríkistekjum	**2.710,5**
Viðskiptahreyfingar	**8.030,0**

m.kr.

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

10-101 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa	401,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-35,5
Gjöld umfram tekjur	**365,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	365,8

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fastanefndir	15,1
1.18 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	207,1
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	57,1
1.98 Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis	15,8
Almennur rekstur samtals	295,1
Gjöld samtals	**295,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**295,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	293,2
Innheimt af ríkistekjum	1,8

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,1

m.kr.

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	508,7
1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	80,9
1.05 Umdæmi og rekstrardeildir	6.330,0
Almennur rekstur samtals	6.919,6
Gjöld samtals	**6.919,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6.330,0
Gjöld umfram tekjur	**589,6**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	589,6

10-212 Samgönguverkefni

Almennur rekstur:	
1.07 Þjónusta	3.122,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	936,0
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	284,0
1.21 Rannsóknir	128,0
Almennur rekstur samtals	4.470,0
Viðhaldsverkefni:	
5.10 Viðhald	4.679,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Framkvæmdir	5.976,0
Gjöld samtals	**15.125,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	284,0
Innheimt af ríkistekjum	14.766,0
Viðskiptahreyfingar	75,0

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umferðarstofa	434,9

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-234,1
Gjöld umfram tekjur	**200,8**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	200,8

10-281 Rannsóknanefnd umferðarslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa	28,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**26,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,7

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	670,4
1.11 Vaktstöð siglinga	291,0
Almennur rekstur samtals	961,4
Stofnkostnaður:	
6.60 Vitabyggingar	28,5
6.80 Sjóvarnargarðar	168,8
Stofnkostnaður samtals	197,3
Gjöld samtals	**1.158,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-220,0
Gjöld umfram tekjur	**938,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	682,1
Innheimt af ríkistekjum	256,6

m.kr.

10-336 Hafnarframkvæmdir

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 12,2

Stofnkostnaður:
6.70 Hafnabótasjóður 351,2
6.72 Landeyjahöfn 203,0
6.76 Ferjubryggjur 10,9
Stofnkostnaður samtals 565,1

Gjöld samtals **577,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 577,3

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa 36,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,4

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn Íslands 452,4

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -4,9

Gjöld umfram tekjur **447,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 227,5
Innheimt af ríkistekjum 220,0

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta 2.339,0

Viðhaldsverkefni:
5.41 Viðhald 58,0

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.41 Framkvæmdir 229,0

Gjöld samtals **2.626,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.027,5
Innheimt af ríkistekjum 598,5

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa 39,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,1

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin 287,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -12,3

Gjöld umfram tekjur **275,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0
Innheimt af ríkistekjum 270,3

10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu 37,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 37,5

10-521 Fjarskiptasjóður

Stofnkostnaður:
6.41 Fjarskiptasjóður 45,4

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,4
Gjöld umfram tekjur	**40,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	11.190,0
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	928,0
Almennur rekstur samtals	12.118,0
Gjöld samtals	**12.118,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12.118,0

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**33.741,8**
Greitt úr ríkissjóði	**16.725,7**
Innheimt af ríkistekjum	**16.941,1**
Viðskiptahreyfingar	**75,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 202,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 202,6

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,6

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands 1.140,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -630,0

Gjöld umfram tekjur **510,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 510,0

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 5,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,1

11-242 Tækniþróunarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Tækniþróunarsjóður 720,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	720,0

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:	
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	157,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	157,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	3,6
1.15 Fjárfestingarstofan	17,3
1.19 Staðlaráð	55,3
1.30 Alþjóðlegt samstarf	21,8
1.48 Átak til atvinnusköpunar	140,0
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis	39,7
Almennur rekstur samtals	277,7
Gjöld samtals	**277,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	222,4
Innheimt af ríkistekjum	55,3

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Orkustofnun	419,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-122,4
Gjöld umfram tekjur	**296,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	296,7

m.kr.

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur Orkusjóðs 30,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,5

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis 974,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 974,0

11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Almennur rekstur:
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku 245,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 245,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.22 Vistvænir orkugjafar 14,7
1.24 Notendur utan samveitna 41,9
1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis 23,8
Almennur rekstur samtals 80,4

Gjöld samtals 80,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,4

11-401 Byggðaáætlun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðaáætlun 317,6

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	317,6

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:	
1.10 Byggðastofnun	140,2
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	146,8
Almennur rekstur samtals	287,0
Gjöld samtals	**287,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	287,0

11-501 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálastofa	253,2
1.13 Markaðs- og kynningarmál erlendis	201,9
Almennur rekstur samtals	455,1
Gjöld samtals	**455,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,7
Gjöld umfram tekjur	**434,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	433,5
Innheimt af ríkistekjum	0,9

11-599 Ýmis ferðamál

Almennur rekstur:	
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	75,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	73,8
1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis	36,3
Almennur rekstur samtals	185,1
Gjöld samtals	**185,1**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	185,1
11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**4.728,7**
Greitt úr ríkissjóði	**4.672,5**
Innheimt af ríkistekjum	**56,2**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	247,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,8
Gjöld umfram tekjur	**246,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	246,6

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.15 Fastanefndir	24,7
1.20 Rafræn viðskipti	6,3
1.24 Endurskoðendaráð	10,0
1.42 Athugun á skuldavanda heimilanna	6,0
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	24,6
Almennur rekstur samtals	71,6
Gjöld samtals	**71,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,6
Innheimt af ríkistekjum	12,0

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	2,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,1

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	1.341,0

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,0
Gjöld umfram tekjur	**1.327,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.327,0

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Samkeppniseftirlitið	315,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	315,6

12-431 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	170,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,6
Gjöld umfram tekjur	**159,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,1
Innheimt af ríkistekjum	154,8

12-501 Hagstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Hagstofa Íslands	718,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-67,1
Gjöld umfram tekjur	**651,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	651,5

m.kr.

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:

1.10 Flutningssjóður olíuvara	430,0

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	430,0

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**3.204,3**
Greitt úr ríkissjóði	**1.280,5**
Innheimt af ríkistekjum	**1.923,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	314,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,9
Gjöld umfram tekjur	**296,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	296,9

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	5,9
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	4,8
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	13,0
1.35 Umhverfisvöktun	12,9
1.40 Alþjóðastofnanir	24,6
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	7,7
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	7,3
1.44 Skógræktarfélag Íslands	34,0
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	0,5
1.56 Vernd Breiðafjarðar	7,2
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	43,8
1.90 Ýmis verkefni	34,6
1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	77,0
Almennur rekstur samtals	273,3
Gjöld samtals	**273,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	273,3

m.kr.

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	2,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,9

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:	
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	25,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,2
Gjöld umfram tekjur	**20,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,7

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	886,7
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	18,1
Almennur rekstur samtals	904,8
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	24,0
Gjöld samtals	**928,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-165,9
Gjöld umfram tekjur	**762,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	614,9
Innheimt af ríkistekjum	148,0

m.kr.

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður

Almennur rekstur:	
1.01 Vatnajökulsþjóðgarður	252,8
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	159,8
Gjöld samtals	**412,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-99,8
Gjöld umfram tekjur	**312,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	312,8

14-231 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Landgræðsla ríkisins	586,9
1.90 Fyrirhleðslur	67,7
Almennur rekstur samtals	654,6
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fasteigna	8,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	38,4
Gjöld samtals	**701,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-141,1
Gjöld umfram tekjur	**559,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	557,9
Innheimt af ríkistekjum	2,0

14-241 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	398,4

	m.kr.
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fasteigna	6,2
Stofnkostnaður:	
6.20 Fasteignir	9,1
Gjöld samtals	**413,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-178,7
Gjöld umfram tekjur	**235,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,0
Innheimt af ríkistekjum	5,0

14-243 Hekluskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Hekluskógar	20,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,3

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	64,0
1.10 Úrvinnslusjóður	863,0
Almennur rekstur samtals	927,0
Gjöld samtals	**927,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,0
Gjöld umfram tekjur	**902,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	902,0

m.kr.

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun 1.440,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.440,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Skipulagsstofnun 181,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -11,1

Gjöld umfram tekjur **170,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 170,2

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga
sem annast sjálf skipulagsmál sín 60,0
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga
við skipulagsmál 54,4
Almennur rekstur samtals 114,4

Gjöld samtals **114,4**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 114,4

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands 248,4

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -14,8

Gjöld umfram tekjur **233,6**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,6
Innheimt af ríkistekjum	3,0

14-320 Byggingarstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Byggingarstofnun	376,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,6
Gjöld umfram tekjur	**360,9**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	360,9

14-381 Ofanflóðasjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	15,0
Stofnkostnaður:	
6.60 Ofanflóðasjóður	432,0
Gjöld samtals	**447,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-370,0
Gjöld umfram tekjur	**77,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	77,0

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands	515,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-90,3
Gjöld umfram tekjur	**425,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	425,3

m.kr.

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:	
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	7,9
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	7,9
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	16,7
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	7,9
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	7,9
1.15 Náttúrustofa Sandgerði	7,9
1.16 Náttúrustofa Húsavík	7,6
Almennur rekstur samtals	63,8
Gjöld samtals	**63,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,8

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	33,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,4
Gjöld umfram tekjur	**27,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,4

14-412 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.256,0
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	229,3
Almennur rekstur samtals	1.485,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	18,7
Gjöld samtals	**1.504,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-864,3
Gjöld umfram tekjur	**639,7**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	639,7
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**6.939,0**
Greitt úr ríkissjóði	**3.886,7**
Innheimt af ríkistekjum	**3.052,3**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	75.061,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75.341,0
Viðskiptahreyfingar	-280,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**75.061,0**
Greitt úr ríkissjóði	**75.341,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-280,0**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	3.900,0
Rekstrargjöld	3.200,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	60,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**760,0**
Hagnaður (-tap)	**760,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	760,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**805,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	15,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	3,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-12,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Greitt til Háskóla Íslands	552,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-552,0**
Breyting á handbæru fé	**241,0**
Handbært fé í ársbyrjun	857,0
Handbært fé í árslok	1.098,0

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	22.974,0
Rekstrargjöld	22.131,5
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**852,5**
Hagnaður (-tap)	**852,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	852,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	125,0
Handbært fé frá rekstri	**977,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	250,0
Áhættufjármunir	-1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-248,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	1.000,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-1.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-271,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.006,9
Handbært fé í árslok	735,9

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-301 Íslenskar orkurannsóknir

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	800,0
Rekstrargjöld	850,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-40,0**
Hagnaður (-tap)	**-40,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-40,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	70,0
Handbært fé frá rekstri	**30,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	30,0
Áhættufjármunir	40,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-70,0**
Breyting á handbæru fé	**-40,0**
Handbært fé í ársbyrjun	90,0
Handbært fé í árslok	50,0

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

42 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	11.925,7
Fjármagnsgjöld	7.580,7
Framlög í afskriftasjóð útlána	3.459,8
Hreinar fjármunatekjur	**885,2**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	8.272,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	589,0
Hagnaður (-tap)	**8.588,2**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	8.588,2
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.863,9
Handbært fé frá rekstri	**4.724,3**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	16.300,0
Afborganir af veittum löngum lánum	5.400,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	79,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-10.979,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	12.600,0
Afborganir af teknum löngum lánum	6.306,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**6.294,0**
Breyting á handbæru fé	**39,3**
Handbært fé í ársbyrjun	449,8
Handbært fé í árslok	489,1

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	11.396,0
Fjármagnsgjöld	10.778,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	392,0
Hreinar fjármunatekjur	**226,0**
Aðrar rekstrartekjur	56,0
Önnur rekstrargjöld	120,0
Hagnaður (-tap)	**162,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	162,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.290,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	4.294,0
Handbært fé frá rekstri	**1.166,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	4.406,0
Annað (inn)	304,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**4.710,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	7.146,0
Annað (út)	44,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-7.190,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.314,0**
Handbært fé í ársbyrjun	6.641,0
Handbært fé í árslok	5.327,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	11.156,0
Fjármagnsgjöld	10.551,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	384,0
Hreinar fjármunatekjur	**221,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	565,0
Aðrar rekstrartekjur	55,0
Önnur rekstrargjöld	405,0
Hagnaður (-tap)	**436,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	436,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.221,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	4.203,0
Handbært fé frá rekstri	**1.418,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	23.099,0
Afborganir af veittum löngum lánum	4.313,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	9,0
Annað (inn)	298,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-18.497,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	23.223,0
Afborganir af teknum löngum lánum	6.995,0
Annað (út)	43,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**16.185,0**
Breyting á handbæru fé	**-894,0**
Handbært fé í ársbyrjun	6.501,0
Handbært fé í árslok	5.607,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	815,0
Fjármagnsgjöld	771,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	28,0
Hreinar fjármunatekjur	**16,0**
Aðrar rekstrartekjur	4,0
Önnur rekstrargjöld	9,0
Hagnaður (-tap)	**11,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	11,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-235,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	307,0
Handbært fé frá rekstri	**83,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	315,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	1,0
Annað (inn)	22,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**336,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	511,0
Annað (út)	3,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-514,0**
Breyting á handbæru fé	**-95,0**
Handbært fé í ársbyrjun	475,0
Handbært fé í árslok	380,0

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	5.971,0
Fjármagnsgjöld	5.648,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	205,0
Hreinar fjármunatekjur	**118,0**
Aðrar rekstrartekjur	29,0
Önnur rekstrargjöld	63,0
Hagnaður (-tap)	**84,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	84,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-1.724,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	2.250,0
Handbært fé frá rekstri	**610,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	2.308,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Annað (inn)	159,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**2.462,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	3.744,0
Annað (út)	23,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-3.767,0**
Breyting á handbæru fé	**-695,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3.480,0
Handbært fé í árslok	2.785,0

m.kr.

47-219 Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	30.876,0
Fjármagnsgjöld	29.202,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	1.062,0
Hreinar fjármunatekjur	**612,0**
Aðrar rekstrartekjur	152,0
Önnur rekstrargjöld	750,0
Hagnaður (-tap)	**14,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	14,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-8.914,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	11.633,0
Handbært fé frá rekstri	**2.733,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	20.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	11.936,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	26,0
Annað (inn)	824,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-7.266,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	20.108,0
Afborganir af teknum löngum lánum	19.360,0
Annað (út)	119,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**629,0**
Breyting á handbæru fé	**-3.904,0**
Handbært fé í ársbyrjun	17.993,0
Handbært fé í árslok	14.089,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	200,0
Fjármagnsgjöld	6,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	200,0
Hreinar fjármunatekjur	**-6,0**
Aðrar rekstrartekjur	150,0
Önnur rekstrargjöld	130,0
Hagnaður (-tap)	**14,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	14,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	240,0
Handbært fé frá rekstri	**254,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	350,0
Afborganir af veittum löngum lánum	100,0
Áhættufjármunir	750,0
Sala áhættufjármuna	50,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-950,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands	500,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**500,0**
Breyting á handbæru fé	**-196,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.402,0
Handbært fé í árslok	1.206,0

m.kr.

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	11,5
Hreinar fjármunatekjur	**11,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	30,5
Önnur rekstrargjöld	34,5
Hagnaður (-tap)	**7,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	7,5
Handbært fé frá rekstri	**7,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	25,0
Afborganir af veittum löngum lánum	11,8
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-13,2**
Breyting á handbæru fé	**-5,7**
Handbært fé í ársbyrjun	92,8
Handbært fé í árslok	87,1

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.500,0
Fjármagnsgjöld	775,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	600,0
Hreinar fjármunatekjur	**125,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	287,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	422,8
Hagnaður (-tap)	**9,2**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	9,2
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	600,0
Handbært fé frá rekstri	**609,2**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.000,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.000,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.300,0
Annað (út)	100,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.600,0**
Breyting á handbæru fé	**209,2**
Handbært fé í ársbyrjun	476,1
Handbært fé í árslok	685,3

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta 2011

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	3.236,7
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	8.316,9
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	8.201,9
	Samtals	**19.755,5**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	2.504,0
	Samtals	**2.504,0**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	516,5
	01.3.2 Frumrannsóknir í hugvísindum	274,2
	Samtals	**790,7**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagskýrslugerð	651,5
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta	1.475,6
	Samtals	**2.127,1**
Almenn opinber þjónusta samtals		**25.177,3**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	10.664,6
	03.1.2 Brunavarnir	360,9
	Samtals	**11.025,5**
03.2	Dómstólar	3.738,9
03.3	Fangelsi	1.199,7
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	3.811,3
Löggæsla og öryggismál samtals		**19.775,4**

		m.kr.
04.	**Fræðslumál**	
04.1	Grunnskólastig	619,1
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	14.605,0
	04.2.2 Sérskólastig	3.388,0
	Samtals	**17.993,0**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	24.655,2
	Samtals	**24.655,2**
04.4	Aðrir skólar, óta.	15,6
04.5	Námsaðstoð	541,0
04.6	Önnur fræðslumál, óta.	965,8
Fræðslumál samtals		**44.789,7**
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	42.138,5
	05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	838,2
	05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	26.502,7
	Samtals	**69.479,4**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	17.718,8
	05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	201,2
	05.2.3 Tannlæknisþjónusta	1.672,0
	05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	1.608,0
	Samtals	**21.200,0**
05.4	Lyf og hjálpartæki	16.024,5
05.6	Önnur heilbrigðismál	3.637,7
Heilbrigðismál samtals		**110.341,6**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	9.408,0
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	53.564,9
	06.1.4 Atvinnuleysisbætur	24.894,7

		m.kr.
	06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	11.186,1
	06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	11.398,0
	Samtals	**110.451,7**
06.2	Velferðarmál	
	06.2.1 Barna- og unglingaheimili	930,5
	06.2.3 Málefni fatlaðra	10.863,6
	06.2.4 Önnur velferðarheimili	165,4
	06.2.6 Önnur velferðarþjónusta	1.992,6
	Samtals	**13.952,1**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals		**124.403,8**
07.	**Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál**	
07.1	Húsnæðis- og skipulagsmál	
	07.1.1 Húsnæðismál	266,0
	07.1.2 Skipulagsmál	2.085,8
	Samtals	**2.351,8**
07.3	Hreinsunarmál	
	07.3.1 Almenn hreinsunarmál	2.342,0
	Samtals	**2.342,0**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals		**4.693,8**
08.	**Menningarmál**	
08.0	Menningarmál	
	08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	522,1
	08.0.2 Söfn, listir o.fl.	5.875,0
	08.0.3 Fjölmiðlar	3.321,6
	08.0.4 Kirkjumál	4.599,3
	08.0.5 Önnur menningarmál	139,7
	Samtals	**14.457,7**
Menningarmál samtals		**14.457,7**

		m.kr.
09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.1	Eldsneytismál	430,0
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	1.291,4
	09.2.3 Orkumál	335,2
	Samtals	**1.626,6**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**2.056,6**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	559,9
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	11.006,0
	10.1.4 Framleiðnistarfsemi	1.426,3
	10.1.6 Farsóttarvarnir	47,3
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	1.056,4
	Samtals	**14.095,9**
10.2	Skógræktarmál	665,0
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	12,9
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	2.170,9
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	964,5
	Samtals	**3.148,3**
10.5	Önnur sjávarútvegs- og landbúnaðarmál	579,7
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**18.488,9**
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	1.878,0
Iðnaðarmál samtals		**1.878,0**
12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	14.494,6
	12.1.2 Umferðarmál	227,5
	Samtals	**14.722,1**

		m.kr.
12.2	Sjó- og vatnasamgöngur	
	12.2.2 Sjósamgöngur	1.516,0
	Samtals	**1.516,0**
12.4	Loftsamgöngur	
	12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	3.357,5
	Samtals	**3.357,5**
12.7	Önnur samgöngumál	1.688,5
Samgöngumál samtals		**21.284,1**
13.	**Önnur útgjöld vegna atvinnuvega**	
13.2	Ferðaþjónusta	619,5
13.4	Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	5.703,5
13.5	Almenn launa- og atvinnumál	2.979,4
13.6	Önnur atvinnumál	3.676,6
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals		**12.979,0**
14.	**Önnur útgjöld ríkissjóðs**	
14.0	Önnur útgjöld ríkissjóðs	
	14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	75.061,0
	14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	12.145,3
	14.0.3 Önnur þjónusta	26.267,8
	Samtals	**113.474,1**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals		**113.474,1**
Heildargjöld samtals		**513.800,0**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2011

m.kr.

Rekstrargjöld	**204.449,3**
Laun	114.212,4
Lífeyrisskuldbindingar	5.433,9
Fjármagnstekjuskattur	2.600,0
Önnur gjöld	116.021,6
Sértekjur	-33.818,6
Fjármagnskostnaður	**75.061,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	**209.803,2**
Lífeyristryggingar	47.258,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	25.095,5
Sjúkratryggingar	22.007,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	12.118,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	10.995,0
Afskriftir skattkrafna	10.000,0
Vaxtabætur	9.800,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	9.426,6
Barnabætur	9.200,0
Fæðingarorlofssjóður	8.607,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.272,0
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	2.456,5
Framlag til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga	2.394,3
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	32.173,3
Viðhald	**7.895,0**
Vegakerfi	4.679,0
Annað	3.216,0
Stofnkostnaður	**12.812,4**
Vegakerfi	5.976,0
Háskólar og framhaldskólar	953,8
Heilbrigðisstofnanir	569,4
Flugvellir	229,0
Annað	5.084,2
Fjármagnstilfærslur	**3.779,1**
Hafnarframkvæmdir	526,9
Ofanflóðasjóður	365,0
Leiguíbúðir	236,0
Menningastofnanir	40,7
Annað	2.610,5
Gjöld samtals	**513.800,0**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2011

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-977	**Höfundarréttargjöld**	
	Höfundarréttargjald	37,6
	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	4,3
	Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	9,7
	Greitt úr ríkissjóði	51,6
03-611	**Íslandsstofa**	
	Markaðsgjald	398,6
	Greitt úr ríkissjóði	398,6
04-190	**Ýmis verkefni**	
	Strandveiðigjald	30,0
	Greitt úr ríkissjóði	30,0
04-215	**Fiskistofa**	
	Gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni	15,0
	Tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks	16,5
	Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum	13,0
	Greitt úr ríkissjóði	44,5
04-234	**Matvælastofnun**	
	Eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbætandi efnum	6,0
	Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru	2,0
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum	22,0
	Vinnsluleyfi fiskvinnslustöðva	2,4
	Gjald fyrir landamæraeftirlit	6,1
	Fóðureftirlitsgjald af innflutningi	34,0
	Greitt úr ríkissjóði	72,5
04-818	**Búnaðarsjóður**	
	Búnaðargjald á búvöruframleiðslu	400,0
	Greitt úr ríkissjóði	400,0
04-824	**Verðmiðlun landbúnaðarvara**	
	Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins	93,0
	Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk	312,0
	Greitt úr ríkissjóði	405,0

04-827	**Fóðursjóður**	
	Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð	1.400,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.400,0
04-843	**Fiskræktarsjóður**	
	Gjald af veiðitekjum	11,0
	Greitt úr ríkissjóði	11,0
06-603	**Þjóðskrá Íslands**	
	Brunabótamatsgjald	144,0
	Fasteignamatsgjald	234,2
	Skráningargjald nýrra fasteigna í fasteignaskrá	9,0
	Greitt úr ríkissjóði	385,1
	Viðskiptahreyfing	2,1
06-801	**Neytendastofa**	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum til Neytendastofu	12,0
	Greitt úr ríkissjóði	12,0
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Skráning vinnuvéla	4,2
	Greitt úr ríkissjóði	4,2
07-341	**Umboðsmaður skuldara**	
	Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	500,0
	Greitt úr ríkissjóði	500,0
07-515	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.487,5
	Greitt úr ríkissjóði	1.487,5
07-827	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	24.799,3
	Greitt úr ríkissjóði	24.799,3
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	1.986,3
	Greitt úr ríkissjóði	1.734,3
	Viðskiptahreyfing	252,0
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	29.568,0
	Greitt úr ríkissjóði	24.894,7
	Viðskiptahreyfing	4.673,3

07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**	
	Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnutryggingargjaldi	30,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	30,0
07-989	**Fæðingarorlof**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	8.524,8
	Greitt úr ríkissjóði	8.094,0
	Viðskiptahreyfing	430,8
08-208	**Slysatryggingar**	
	Slysatryggingagjald vegna sjómanna	60,0
	Greitt úr ríkissjóði	60,0
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	111,0
	Greitt úr ríkissjóði	111,0
08-397	**Lyfjastofnun**	
	Gjald vegna innflutnings og sölu óskráðra lyfja	8,2
	Lyfjaeftirlitsgjald	113,0
	Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar	56,0
	Greitt úr ríkissjóði	144,8
	Viðskiptahreyfing	32,4
09-391	**Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**	
	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.456,5
	Greitt úr ríkissjóði	2.456,5
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	
	Olíugjald til reksturs Vegagerðarinnar	579,6
	Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi	4,0
	Leyfisgjöld Vegagerðarinnar vegna leigubifreiða	6,0
	Greitt úr ríkissjóði	589,6
10-212	**Samgönguverkefni**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar	7.870,0
	Olíugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar	6.270,4
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald, til framkvæmda Vegagerðarinnar	740,0
	Greitt úr ríkissjóði	14.766,0
	Viðskiptahreyfing	114,4

10-251	**Umferðarstofa**	
	Skráningargjöld ökutækja	253,8
	Umferðaröryggisgjald	112,2
	Greitt úr ríkissjóði	193,8
	Viðskiptahreyfing	172,2
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Vitagjald	250,0
	Greitt úr ríkissjóði	250,0
10-471	**Flugmálastjórn Íslands**	
	Gjald fyrir útgáfu skírteina Flugmálastjórnar til einstaklinga	8,2
	Gjald fyrir útgáfu starfsleyfa og skírteina Flugmálastjórnar til lögaðila	11,7
	Skráning loftfars til atvinnuflugs	1,5
	Greitt úr ríkissjóði	21,4
10-475	**Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**	
	Flugvallaskattur	375,0
	Varaflugvallagjald	371,0
	Greitt úr ríkissjóði	598,5
	Viðskiptahreyfing	147,5
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Leyfis- og árgjöld Póst- og fjarskiptastofnunar	124,3
	Rekstrargjald vegna starfsemi á sviði póst- og fjarskipta	140,5
	Gjald fyrir úthlutuð símnúmer til fjarskiptafélaga	35,0
	Greitt úr ríkissjóði	259,3
	Viðskiptahreyfing	40,5
10-513	**Jöfnunarsjóður alþjónustu**	
	Jöfnunargjald vegna alþjónustu fjarskiptafyrirtækja	37,5
	Greitt úr ríkissjóði	37,5
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	55,3
	Greitt úr ríkissjóði	55,3
11-501	**Ferðamálastofa**	
	Gjald vegna eftirlits með tryggingum og rekstri ferðaskrifstofa	0,9
	Greitt úr ríkissjóði	0,9
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Eftirlitsgjald endurskoðendaráðs	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	10,0

12-402	**Fjármálaeftirlitið**	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	1.419,1
	Greitt úr ríkissjóði	1.327,0
	Viðskiptahreyfing	92,1
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**	
	Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur	430,0
	Greitt úr ríkissjóði	430,0
14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Gjöld vegna starfsleyfa Umhverfisstofnunar	4,0
	Gjald af veiðikorti	44,0
	Veiðileyfi hreindýraráðs	88,0
	Greitt úr ríkissjóði	136,0
14-287	**Úrvinnslusjóður**	
	Úrvinnslugjald	920,0
	Greitt úr ríkissjóði	902,0
	Viðskiptahreyfing	18,0
14-289	**Endurvinnslan hf.**	
	Skilagjald á einnota umbúðir	1.360,0
	Umsýsluþóknun af einnota umbúðum	80,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.440,0
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	
	Skipulagsgjald	120,0
	Greitt úr ríkissjóði	114,4
	Viðskiptahreyfing	5,6
14-310	**Landmælingar Íslands**	
	Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
14-320	**Byggingarstofnun**	
	Gjald fyrir yfireftirlit með rafföngum á markaði	30,0
	Byggingaröryggisgjald	520,0
	Gjöld fyrir yfireftirlit og úrtaksskoðanir á rafveitum	180,0
	Greitt úr ríkissjóði	360,9
	Viðskiptahreyfing	369,1
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	1.340,0
	Greitt úr ríkissjóði	77,0
	Viðskiptahreyfing	1.263,0

Heildartekjur	**96.712,2**
Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**89.069,2**
Mismunur	**7.643,0**
Þar af viðskiptahreyfingar	**7.643,0**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2011

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	6,0
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Háskóli Íslands	520,0
	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	552,0
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	
	Fisksjúkdómagjald	5,0
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Háskólinn á Akureyri	63,4
02-216	**Landbúnaðarháskóli Íslands**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landbúnaðarháskóli Íslands	6,2
	Innritunargjöld, Landbúnaðarháskóli Íslands	20,0
02-217	**Hólaskóli - Háskólinn á Hólum**	
	Innritunargjöld, Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal	8,0
02-223	**Námsmatsstofnun**	
	Prófgjöld vegna prófa í íslensku við veitingu íslensks ríkisborgararéttar	2,0
02-238	**Tækjasjóður**	
	Leyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands	110,5
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn í Reykjavík	7,4
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Akureyri	6,3
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Laugarvatni	1,4
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Hamrahlíð	9,6

02-305 Menntaskólinn við Sund
Innritunargjöld, Menntaskólinn við Sund 6,0

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði
Innritunargjöld, Menntaskólinn á Ísafirði 2,7

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum
Innritunargjöld, Menntaskólinn á Egilsstöðum 2,7

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi
Innritunargjöld, Menntaskólinn í Kópavogi 8,3

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík
Innritunargjöld, Kvennaskólinn í Reykjavík 4,7

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 9,5

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn Ármúla 8,4

02-352 Flensborgarskóli
Innritunargjöld, Flensborgarskóli 6,3

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurnesja 7,3

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Vesturlands 4,9

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 1,8

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 2,9

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurlands 7,2

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands
Innritunargjöld, Verkmenntaskóli Austurlands 1,6

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri
Innritunargjöld, Verkmenntaskólinn á Akureyri 10,0

02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	
	Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	5,7
02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	0,9
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Húsavík	1,1
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Laugum	1,0
02-365	**Borgarholtsskóli**	
	Innritunargjöld, Borgarholtsskóli	8,7
02-367	**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**	
	Innritunargjöld, Snæfellsskóli	1,5
02-370	**Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	0,4
02-372	**Menntaskólinn á Tröllaskaga**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð	0,1
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Hafnarfirði	4,7
02-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**	
	Hluti Reykjavíkurborgar í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands	129,1
04-215	**Fiskistofa**	
	Árlegt eftirlitsgjald með fiskeldisstöðvum	0,4
04-234	**Matvælastofnun**	
	Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á sláturafurðum	10,4
	Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum	109,5
	Gjöld vegna eftirlits með innflutningi dýra	4,6
	Gjald vegna matvælaeftirlits	11,5
	Útflutningsvottorð Matvælastofnunar	2,8
	Vottorð Yfirdýralæknis	1,3
04-413	**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**	
	Gjald vegna ólögmæts sjávarafla	35,0

04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	
	Afgjöld ríkisjarða	47,0
	Sala jarðeigna jarðasjóðs	100,0
	Greitt úr ríkissjóði	131,0
	Viðskiptahreyfing	16,0
06-102	**Stjórnartíðindi**	
	Auglýsingar í Stjórnartíðindum	25,7
06-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalaþýðenda	1,5
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	
	Auglýsingar í Lögbirtingablaði	23,2
06-603	**Þjóðskrá Íslands**	
	Ljósrit og endurrit úr embættisbókum	2,2
	Gjald fyrir rafræn veðbandayfirlit	110,3
	Íbúaskrá Þjóðskrár	0,3
	Aðgangur að skrám Þjóðskrárinnar	97,5
	Vottorð Þjóðskrár	14,8
06-801	**Neytendastofa**	
	Eftirlitsgjald til Neytendastofunnar	12,5
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins	10,3
	Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins	164,1
	Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum	6,2
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	
	Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins	4,5
	Vottorð frá Geislavörnum ríkisins	0,7
08-373	**Landspítali**	
	Slysastofugjöld Landspítalans	130,0
08-397	**Lyfjastofnun**	
	Markaðsleyfi Lyfjastofnunar	176,1
	Vottorð Lyfjastofnunar	6,6

09-210	**Ríkisskattstjóri**	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá	51,0
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá	32,0
	Vottorðsgjöld, hlutafélaga- og fyrirtækjaskrár	6,0
09-262	**Tollstjórinn**	
	Aðgangur að tollalínu	20,0
	Tollafgreiðslugjöld til Tollstjórans	145,0
10-190	**Ýmis verkefni**	
	Gjald vegna málskots til úrskurðanefndar fjarskipta- og póstmála	1,8
10-251	**Umferðarstofa**	
	Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðarskólans	7,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Prófgjöld Siglingastofnunar Íslands	1,0
	Skoðunargjöld skipa	1,3
	Aðgangur að skrám Siglingastofnunar Íslands	3,0
	Vottorð Siglingastofnunar	1,3
10-471	**Flugmálastjórn Íslands**	
	Prófgjöld Flugmálastjórnar	10,6
	Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteina Flugmálastjórnar	10,0
	Árgjöld vegna framhaldsvottunar Flugmálastjórnar	176,1
	Ýmsar leyfisheimildir og vottanir Flugmálastjórnar	1,9
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki	11,0
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa fasteignasala	2,0
12-431	**Einkaleyfastofan**	
	Gjöld fyrir einkaleyfi	33,0
	Gjöld fyrir vörumerki	168,0
	Gjöld fyrir hönnunarvernd	1,5
	Faggilding hjá Einkaleyfastofunni	9,0
	Greitt úr ríkissjóði	154,8
	Viðskiptahreyfing	56,7
14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Mengunareftirlitgjald	12,0
14-231	**Landgræðsla ríkisins**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landgræðsla ríkisins	2,0

14-241	**Skógrækt ríkisins**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Skógrækt ríkisins	5,0
	Heildartekjur	**3.450,5**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**3.377,8**
	Mismunur	**72,7**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**72,7**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2011

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-978	**Listasjóðir**	
	Listamannalaun	408,8
	Greitt úr ríkissjóði	408,8
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	233,3
	Greitt úr ríkissjóði	233,3
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	1.859,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.859,0
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	302,0
	Greitt úr ríkissjóði	302,0
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	85,0
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	95,0
10-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	11.190,0
	Greitt úr ríkissjóði	11.190,0
	Lögbundin framlög alls	**14.088,1**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**14.088,1**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Fjárlagafrumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í *fyrri hluta* er fjallað um stefnu og horfur í ríkisfjármálum og birt stefnumörkun um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í *síðari hluta* eru sex lagagreinar frumvarpsins ásamt fjórum nánari sundurliðunum, sem jafnframt hafa lagagildi, og fimm séryfirlitum. Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er sýndur áætlaður rekstrarreikningur ríkissjóðs, þ.e. tekjur og gjöld, á rekstrargrunni en sjóðshreyfingar eru einnig sýndar. Tekjunum er skipt eftir meginflokkum og helstu skattstofnum. Frekari skiptingu teknanna er að finna í *sundurliðun 1*. Gjöldin eru flokkuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. eftir ráðuneytum. Nánari skipting á fjárreiðum ríkisaðila í A-hluta er sýnd í *sundurliðun 2*.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs. Niðurstaða rekstrar- og fjármunahreyfinga er hreinn lánsfjárjöfnuður en hann er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna.
- Í 3. gr. eru sýndar lykiltölur úr starfsemi ríkisfyrirtækja í B-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er um að ræða hagnað eða tap hlutaðeigandi fyrirtækis, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu þess og lántöku ef um slíkt er að ræða. Fjárreiður B-hluta fyrirtækja koma nánar fram í *sundurliðun 3*.
- Í 4. gr. eru sýndar fjárreiður lánastofnana í C-hluta og er hún eins að uppbyggingu og 3. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta koma nánar fram í *sundurliðun 4*.
- Í 5. gr. eru ákvæði sem snúa að lántökuheimildum ríkisins, heimildum til endurlána til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og niðurfellingu skulda.
- Í 6. gr. er kveðið á um heimildir fjármálaráðherra sem snerta framkvæmd fjárlaga, svo sem heimildir til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar eigna og fasteignakaupa.

Á eftir lagaákvæðum frumvarpsins eru nokkur séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um ríkisfjármálin. Fyrst er yfirlit um *málaflokkaskiptingu gjalda* í A-hluta sem byggir á alþjóðlegum staðli og síðan yfirlit um *hagræna skiptingu gjalda* í rekstur, fjármagnskostnað, neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald, stofnkostnað og fjármagnstilfærslur. Enn fremur er séryfirlit um *markaðar tekjur* sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs en er varið til fjármögnunar á útgjöldum verkefna í A-hluta ríkissjóðs og annað yfir aðrar *rekstrartekjur* stofnana, sem einnig færast á tekjuhlið ríkissjóðs. Þar á eftir er birt yfirlit um *lögbundin framlög* sem veitt eru til nokkurra aðila.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er ítarleg umfjöllun sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er yfirlit yfir ríkisfjármálin.
- Í öðrum kafla er gerð grein fyrir tekjuhlið A-hluta frumvarpsins þar sem farið er yfir áætlanir um einstaka tekjustofna.
- Í þriðja kafla er að finna ítarlega umfjöllun um gjaldahlið A-hluta frumvarpsins í heild og eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum fyrirtækja ríkisins í B-hluta.
- Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
- Í sjötta kafla er fjallað um lánsfjármál, þ.e. lántökur, endurlán og ábyrgðir.
- Í sjöunda kafla er fjallað um heimildir fjármálaráðherra.
- Í áttunda kafla er veitt yfirlit um ríkisábyrgðir og áhættuskuldbindingar ríkissjóðs.
- Í níunda kafla er gerð grein fyrir skattastyrkjum.
- Í tíunda kafla er birt yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins.

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

1 Yfirlit ríkisfjármála

Hér eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarpsins. Einungis er tæpt á meginatriðum en fjallað er nánar um einstök atriði annars staðar í greinargerðinni bæði í fyrri og seinni hluta frumvarpsins.

Afkoma ríkissjóðs. Í kjölfar hruns fjármálakerfisins haustið 2008 versnaði afkoma ríkissjóðs án fordæma, þar sem fóru saman mikill tekjubrestur og hröð útgjaldaukning, m.a. vegna stórfelldrar hækkunar vaxtagjalda og aukningar tilfærsluútgjalda einkum vegna atvinnuleysisbóta og útgjalda við auknar vaxta- og húsaleigubætur. Ný ríkisstjórn brást við þessum aðstæðum með því að setja fram áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum sem mótuð var í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) og miðar að því að ná jafnvægi í ríkisfjármálum og þjóðarbúskapnum. Markmið áætlunar stjórnvalda eru einföld og skýr, þ.e. að jöfnuður án vaxtatekna og vaxtagjalda eða hin svokallaði frumjöfnuður, verði orðinn jákvæður árið 2011 og að umtalsverður afgangur verði orðinn á heildarjöfnuði árið 2013 til að unnt verði að byrja að lækka skuldabyrði ríkissjóðs og mæta öðrum skuldbindingum sem leiddu af bankahruninu. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2011 er unnið á grundvelli þeirrar áætlunar stjórnvalda. Nánari grein er gerð fyrir áætluninni og markmiðum hennar í kafla 3 í fyrri hluta fjárlagafrumvarpsins.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verður frumjöfnuður um 17 mia.kr. á árinu 2011 á rekstrargrunni, sem jafngildir um 1% af vergri landsframleiðslu (VLF). Á greiðslugrunni er útkoman hins vegar allnokkru lakari þar sem frumjöfnuður er áætlaður um 6 mia.kr. eða 0,4% af VLF. Markmið áætlunar um jöfnuð í ríkisfjármálum eru sett á greiðslugrunni og mun því þetta fyrsta meginmarkið áætlunarinnar nást gangi áform fjárlagafrumvarpsins eftir á næsta ári. Á árinu 2009 varð um 100 mia.kr. halli á frumjöfnuði ríkisstarfseminnar. Á yfirstandandi ári er áætlað að frumjöfnuður verði neikvæður um 27,5 mia.kr., en ef frá eru taldar einskiptis, óreglulegar tekjur vegna Avens-samkomulags Seðlabankans og lífeyrissjóðanna um kaup á íbúðabréfum verður frumhallinn um 45 mia.kr. í ár. Að þessum óreglulegu tekjum ársins 2010 undanskildum verður bati á frumjöfnuði milli áranna 2010 og 2011 því um 3,8% af VLF á rekstrargrunni. Hér er um mjög verulegan viðsnúning, eða sem svarar til um 116 mia.kr. milli áranna 2009 og 2011.

Heildarjöfnuður mun einnig batna til muna á næsta ári þótt gert sé ráð fyrir að hann verði neikvæður um 36,4 mia.kr. Samkvæmt áætlun fyrir árið 2010 mun heildarjöfnuður verða neikvæður um 74,5 milljarða króna, en 92 mia.kr. ef frá eru taldar tekjur vegna Avens-samkomulagsins og verður batinn á þennan mælikvarða þá um 55,6 mia.kr. Eftir sem áður stefnir í að halli á heildarafkomu ríkissjóðs á greiðslugrunni á árinu 2011 verði

mjög verulegur, eða 47,3 mia.kr., en það er nánast sami mælikvarði og handbært fé frá rekstri sem sýnt er í töflunni hér á eftir.

Gripið hefur verið til margþættra aðgerða til þess að ná þessum árangri í ríkisfjármálunum og í frumvarpinu er áformaðar frekari ráðstafanir, bæði á tekju- og gjaldahlið, til að bæta afkomuna á árinu 2011.

Rekstrargrunnur, mia.kr.	Reikn. 2009	Fjárlög 2010	Áætlun 2010	Frumvarp 2011
Tekjur	439,5	461,9	470,8	477,4
Gjöld	578,8	560,7	545,3	513,8
Heildarjöfnuður	**-139,3**	**-98,8**	**-74,5**	**-36,4**
sem hlutfall af VLF (%)	-9,3	-6,2	-4,6	-2,1
Frumjöfnuður	**-99,1**	**-40,0**	**-27,5**	**16,9**
sem hlutfall af VLF (%)	-6,6	-2,5	-1,7	1,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	-2,5	-4,1	-13,5	-10,9
Handbært fé frá rekstri	**-141,8**	**-102,9**	**-88,0**	**-47,3**
Fjármunahreyfingar [2]	-11,7	-234,4	-133,3	-4,8
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**-153,5**	**-337,3**	**-221,3**	**-52,1**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 47,3 mia.kr. árið 2011 og að fjármunahreyfingar verði neikvæðar um 4,8 mia.kr., sem hefur í för með sér að lánsfjárjöfnuður verður neikvæður um 52,1 mia.kr. Áformað er að lánsfjárþörf ríkissjóðs verði mætt með 32 mia.kr. lántöku og með því að draga á innstæður í Seðlabanka Íslands. Hér er um mikla breytingu á lánsfjárjöfnuði og lántöku ríkissjóðs að ræða frá hruni fjármálakerfisins en samkvæmt ríkisreikningi voru lántökur ríkissjóðs umfram afborganir á árunum 2008 og 2009 annars vegar 456,8 mia.kr. og hins vegar 197,1 mia.kr. Áætlað er að lántaka umfram afborganir á yfirstandandi ári verði um 135 mia.kr.

Efnahagsforsendur. Þjóðhagsspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að samdráttur í landsframleiðslu á árinu 2010 verði 2,9% sem er um 0,6 % meiri samdráttur en spáð var í nóvember 2009 í tengslum við útgáfu fjárlaga 2010. Ástæða þess er einkum sú að hluti stóriðjuframkvæmda fer seinna af stað en áður var gert ráð fyrir og að meiri samdráttur hefur orðið í annarri atvinnutengdri starfsemi. Fjárfestingar munu því að hluta til færast inn á 2011 og er nú spáð meiri hagvexti árið 2011 en áður, þ.e. 3,2% í stað 2,3%. Spáð er að verðlag hækki að meðaltali um 3,5% milli þessara ára og að kaupmáttur ráðstöfunartekna á

mann aukist um 4,4% á næsta ári sem er mikill viðsnúningur frá efnahagshruninu en áætlað er að kaupmáttur minnki um 7,2% á yfirstandandi ári og að hann hafi lækkað um 17,7% á árinu 2009. Gert er ráð fyrir að samdrætti í einkaneyslu ljúki á næsta ári og að hún aukist um 3,4% og að atvinnuleysi verði 8,3% af mannafla samanborið við 9,1% í ár. Áætlað er að viðskiptajöfnuður verði neikvæður á árinu 2011 eða sem nemur 0,9% af landsframleiðslu.

Tekjuhlið. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 477,4 mia.kr. á árinu 2011 sem er um 6,6 mia.kr. aukning frá því sem gert er ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2010. Ef tekjur vegna Avens-samkomulagsins eru undanskildar, en þar er um að ræða einskiptis, óreglulegar tekjur, aukast tekjur ríkissjóðs um 24,1 mia.kr. Frumtekjur eru áætlaðar 455,6 mia.kr. og aukast um 29,3 mia.kr. frá áætlun 2010, en ástæðan fyrir meiri aukningu frumtekna en heildartekna er að vaxtatekjur lækka um 5,2 mia.kr. á milli ára. Skatttekjur eru áætlaðar 445,5 mia.kr. samanborið við 414,8 mia.kr. í áætlun fyrir árið 2010 og hækka því um 30,7 milljarða króna. Breyting á milli ára stafar af verðlagsbreytingum og breytingum á skattstofnum vegna hagþróunar á næsta ári og fyrirhuguðum aðgerðum til tekjuaukningar, sem nema 11 mia.kr. Nánar er fjallað um tekjur ríkissjóðs í kafla 2 hér á eftir.

Gjaldahlið. Heildargjöld ríkissjóðs árið 2011 eru áætluð 513,8 mia.kr. og lækka um 31,5 mia.kr. frá áætlaðri útkomu þessa árs eða um 8,5% að raunvirði. Rekstrargjöld lækka um 11,7 mia.kr. miðað við verðlag hvers árs þegar leiðrétt hefur verið fyrir breyttri framsetningu á flokkun á milli rekstrargjalda og tilfærsluframlaga. Lækkunar gætir í öllum ráðuneytum en þó hlutfallslega minnst hjá velferðarstofnunum sem veita heilbrigðisþjónustu eða þjónustu við fatlaða, framhaldsskólum og í löggæslu. Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 9,3 mia.kr. frá áætlaðri útkomu þessa árs að teknu tilliti til breyttrar framsetningar. Útgjöld sjúkratrygginga lækka um 2,3 mia.kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2010, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lækkar um 2,2 mia.kr., vaxtabætur lækka um 2,0 mia.kr. og barnabætur um 1,3 mia.kr.i. Framlög til Fæðingarorlofssjóðs lækka um 0,9 mia.kr. og framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs lækkar um 0,6 mia.kr. vegna minna atvinnuleysis. Á móti hækka útgjöld vegna lífeyristrygginga um 1,5 mia.kr. m.a. vegna forsendna um fjölgun bótaþega og vegna skerðingar á lífeyrisgreiðslum úr almennum lífeyrissjóðum. Stofnkostnaður og viðhald lækkar um 11,5 mia.kr. frá áætlun ársins 2010. Þar af lækka framlög til vegaframkvæmda um 6,3 mia.kr. en þar af skýrast um 3 mia.kr. af því að reiknað er með að þær framkvæmdir verði umfram fjárheimildir fjárlaga sem því nemur í ár. Loks lækka vaxtagjöld ríkisins um 1 mia.kr. frá áætlaðri útkomu 2010. Nánar er fjallað um útgjaldabreytingar árið 2011 í kafla 3 hér á eftir.

2 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er gerð grein fyrir tekjuhorfum ríkissjóðs árið 2011, eins og þær eru metnar út frá þeim forsendum sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Þá er einnig gerð grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 2010.

2.1 Tekjuhorfur 2010

Helstu niðurstöður. Í fjárlögum ársins 2010 var áætlað að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 461,9 mia.kr. eða 5,1% meiri en árið 2009 að nafnvirði. Farið var í umtalsverðar tekjuöflunaraðgerðir í upphafi ársins sem hefur skilað sér í auknum tekjum þrátt fyrir að skattstofnar hafi dregist saman. Nú liggja fyrir upplýsingar um innheimtu teknanna fyrstu átta mánuði ársins og uppfærðar spár um efnahagsþróunina, auk ársuppgjörs ríkissjóðs í ríkisreikningi 2009.

Niðurstaða ríkisreiknings á rekstrargrunni varð 22 mia.kr. hærri en áætlað hafði verið í fjáraukalögum fyrir árið 2009. Það frávik liggur að mestu í of mikilli lækkun á frumálagningu tekjuskatta, en hliðstætt frávik var í afskriftum skattkrafna á gjaldahlið ríkisreiknings. Áhrif þessa á afkomu ríkissjóðs fyrir árið 2009 voru því óveruleg.

Einkaneysla hefur dregist minna saman en gert var ráð fyrir við undirbúning gildandi fjárlaga fyrir ári. Á fyrri hluta þessa árs dróst hún saman um 1,1% að raunvirði á milli ára. Í uppfærðri þjóðhagsspá Hagstofunnar í júní síðastliðnum er gert ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 0,1% á árinu öllu og þarf hún því að aukast um 0,9% á seinni helmingi ársins til að spáin rætist. Á móti kemur að þjóðarútgjöld hafa dregist meira saman en reiknað var með fyrir ári sem stafar af því að fjárfesting er töluvert minni en reiknað var með í fyrri spá.

Tekjur ríkissjóðs á árinu hafa verið endurmetnar með hliðsjón af ofangreindum forsendum, en þó fyrst og fremst á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga um innheimtu teknanna og horfum um innheimtuna til ársloka. Endurmetin áætlun hljóðar upp á 470,8 mia.kr. heildartekjur á árinu. Hún felur í sér 1% raunaukningu heildartekna árið 2010 í stað 0,9% raunsamdráttar í áætlun fjárlaga.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun má að mestu rekja aukningu heildartekna til meiri tekna af sölu eigna, fyrst og fremst vegna svokallaðs Avens-samkomulags Seðlabankans og lífeyrissjóðanna um kaup á íbúðabréfum. Bókfærðar tekjur ríkissjóðs vegna samkomulagsins nema um 17,5 mia.kr. Þá er reiknað með að skatttekjur í heild verði nánast óbreyttar frá fjárlögum en að hlutdeild beinna skatta verði tæplega 6 mia.kr. minni og óbeinna skatta tilsvarandi meiri. Vaxtatekjur verða aftur á móti töluvert minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum en þar er um að ræða breyttar forsendur sem jafnframt leiða til lægri vaxtagjalda. Forsendur fjárlaga um verðbólgu eru óbreyttar en spá um 5% veikingu krónunnar hefur ekki gengið

eftir og er nú gert ráð fyrir 0,6% styrkingu krónunnar. Þá er spáð heldur meiri samdrætti kaupmáttar ráðstöfunartekna en reiknað með að atvinnuleysi verði hins vegar nokkru minna en í forsendum fjárlaga. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu er nánast óbreytt frá árinu 2009 og verður 25,8% árið 2010 samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun. Hér á eftir verður fjallað nánar um helstu tekjuliði.

2.2 Þróun einstakra tekjustofna 2010

Skattar á tekjur og hagnað. Í endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað verði 8,1 mia.kr. minni en í áætlun fjárlaga og nemi 142,9 mia.kr. Tekjuskattur einstaklinga er 4,5 mia.kr. undir áætlun eftir fyrstu átta mánuði ársins og er áætlun hans lækkuð um 5,1 mia.kr. Í ársbyrjun 2010 var skattþrepunum fjölgað úr einu í þrjú. Innheimtur tekjuskattur í staðgreiðslu hefur aukist um 5,3 mia.kr. eða um 9,3% á fyrstu átta mánuðum ársins miðað við fyrra ár og er um 7,3% undir áætlun tímabilsins. Tekjuskattsstofninn í staðgreiðslu hefur dregist nokkuð saman milli ára og tekjuáhrif kerfisbreytingarinnar eru því meiri en sem nemur aukinni innheimtu miðað við fyrra ár. Þá munu heildaráhrif nýja kerfisins ekki liggja fyrir fyrr en að lokinni álagningu 2011. Ný heimild til úttektar séreignarsparnaðar fyrir allt að 1,5 milljónum króna í viðbót við fyrri heimild tók gildi í ársbyrjun 2010 og eru áætluð áhrif hennar á tekjuskatt í samræmi við áætlun fjárlaga eða tæpir 5 mia.kr. Áætlun um fjármagnstekjuskatt einstaklinga er lækkuð um 1,7 mia.kr. Fjármagnstekjuskattur var hækkaður í 18% í ársbyrjun 2010 og um leið voru tekin upp skattleysismörk fyrir vaxtatekjur, samtals 100 þús.kr. á framteljanda á ári. Frávik frá áætlun um innheimtu fjármagnstekjuskatts á fyrstu átta mánuðum ársins er neikvætt um 8,1%. Skýringin liggur að hluta til í meiri endurgreiðslum í júlí en reiknað hafði verið með og að vextir á innstæðureikningum hafa lækkað hraðar en gert hafði verið ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Áætlun um tekjuskatt lögaðila 2010 af hagnaði ársins 2009 er óbreytt frá fjárlögum. Álagning hans mun liggja fyrir í október 2010 og verður áætlunin þá endurmetin. Hækkun tekjuskatts lögaðila til jafns við fjármagnstekjuskatt, úr 15% í 18% í ársbyrjun hefur þó ekki áhrif fyrr en við álagningu 2011.



Tryggingagjöld. Tryggingagjaldsstofninn dróst aðeins lítillega saman að nafnvirði á fyrri helmingi ársins eftir mikinn samdrátt allt frá því í árslok 2008. Hér er reiknað með að á árinu í heild muni stofninn dragast saman um 1,6% en í fjárlögum var reiknað með nær engri breytingu milli ára. Eigi að síður er áætlun um tekjur af tryggingagjaldi hækkuð um 1,7 mia.kr. frá fjárlögum en þær voru vanmetnar í áætlun fjárlaga. Gjaldið var hækkað í ársbyrjun um 1,65 prósentustig eða úr 7,0% í 8,65%.

Eignarskattar. Tekjur af stimpilgjaldi stefna í 2,5 mia.kr. og eru þær lækkaðar um 490 m.kr. frá fyrri áætlunum. Hér er litið til innheimtu þessa tekjuliðar á fyrstu átta mánuðum ársins. Stimpilgjaldið hefur fylgt umsvifum á fasteignamarkaði og í fjármálalífi og hefur dregist saman um 17,6% það sem af er ári, sem einkum má rekja til minni umsvifa á fasteignamarkaði. Á móti kemur hækkun áætlana um erfðafjárskatt og auðlegðarskatt um annars vegar 260 m.kr. og hins vegar 320 m.kr. Aðrir smærri liðir eignarskatta eru óbreyttir frá fjárlögum. Endurskoðun leiðir því til lítils háttar hækkunar áætlaðra tekna af eignarsköttum, eða um 90 m.kr.

Skattar á vöru og þjónustu. Áætlað er að skattar á vöru og þjónustu muni skila ríkissjóði 195,5 mia.kr. á árinu 2010 sem er 5,9 mia.kr. meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar af hækka áætlanir um virðisaukaskatt um 2,2 mia.kr. en aðeins er gert ráð fyrir að einkaneysla dragist saman að raunvirði um 0,1% fyrir árið í heild, sem er mun minna en verið hefur undanfarin tvö ár. Innheimta óbeinna skatta jókst í heild sinni um 3,7% að raunvirði á fyrstu átta mánuðum ársins enda voru krónutölugjöld sem eru veigamestu liðir vörugjaldanna hækkuð um miðbik sl. árs og aftur í byrjun ársins 2010.

Virðisaukaskattur jókst um 10,7% að nafnvirði á fyrstu átta mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra sem einkum má rekja til þess að efra þrep virðisaukaskattsins var hækkað úr 24,5% í 25,5% í ársbyrjun. Þá er innheimtan á tímabilinu frá janúar til ágúst 2,5 mia.kr. yfir áætlun fjárlaga og er áætlunin fyrir árið í heild hækkuð með hliðsjón af því. Virðisaukaskattskyld velta á fyrri helmingi ársins er 3,6% minni að raunvirði en á sama tíma árið 2009 en álagður virðisaukaskattur hefur dregist enn meira saman vegna mikillar aukningar innskatts. Hluti virðisaukaskatts ársins 2009 innheimtist í janúar 2010 vegna greiðslufrestunarheimilda sem hófust í árslok 2008. Þær tóku enda í júní 2010 eins og reiknað hafði verið með í áætlun fjárlaga.

Skattstofn vörugjalda af bensíni og olíu hefur dregist töluvert saman frá fyrra ári en þessir liðir skila þó meiri tekjum í ár sökum gjaldhækkana áranna 2009 og 2010. Báðir liðir eru lítillega undir áætlun fjárlaga í janúar–ágúst. Tekjur af áfengis- og tóbakgjaldi eru annars vegar 2,4% og hins vegar 1,9% undir áætlun og eru áætlaðar tekjur ársins því lækkaðar lítillega frá fjárlögum. Þessir skattstofnar hafa einnig dregist verulega saman en tekjurnar hafa þó aukist um 8,4% og 8,5% frá fyrra ári. Vörugjöld af ökutækjum eru áætluð 1,4 mia.kr., óbreytt frá fjárlögum, en 22% samdráttur hefur verið á þessum lið frá sama

tíma í fyrra. Það má meðal annars rekja til styrkingar krónunnar á fyrstu átta mánuðum ársins sem lækkar skattstofninn þrátt fyrir aukningu í nýskráningum bifreiða á sama tíma.

Liðurinn önnur neyslu- og leyfisgjöld í flokki skatttekna er hækkaður um 2,4 mia.kr. Skýrist það af 1,2 mia.kr. hækkun á veiðigjaldi auk þess sem eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins hefur verið endurflokkað og kemur nú inn í þennan skattaflokk (1,2 mia.kr.).

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2008	Reikningur 2009	Fjárlög 2010	Áætlun 2010	Frumvarp 2011
I Skatttekjur	**413.845**	**385.107**	**414.618**	**414.822**	**445.544**
Skattar á tekjur og hagnað	169.979	150.868	150.926	142.876	155.217
Einstaklingar	133.045	109.947	123.800	117.000	125.700
Tekjuskattur einstaklinga	93.498	88.612	100.300	95.200	101.000
Skattur á fjármagnstekjur	39.554	21.336	23.500	21.800	24.700
Lögaðilar	32.904	31.112	17.700	17.700	21.700
Ótalið annars staðar	4.030	9.809	9.426	8.176	7.817
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	2.723	4.655	4.660	3.220	2.600
Útvarpsgjald	0	3.738	3.370	3.560	3.700
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.307	1.416	1.396	1.396	1.517
Tryggingagjöld	40.834	44.757	60.680	62.332	65.246
Eignarskattar	7.436	5.321	8.132	8.222	10.658
Skattar á vörur og þjónustu	191.866	179.348	189.549	195.498	207.677
Virðisaukaskattur	134.216	121.248	124.700	126.900	134.100
Almenn vörugjöld	18.870	21.103	28.194	28.398	31.366
Vörugjald af ökutækjum	6.826	1.641	1.400	1.400	1.900
Almennt vörugjald af bensíni	1.904	3.260	4.590	4.440	4.870
Sérstakt vörugjald af bensíni	6.833	7.731	7.420	7.340	7.870
Olíugjald	5.921	6.198	6.260	6.260	6.850
Aðrir sértækir veltuskattar	8.444	7.982	7.286	8.396	7.800
Bifreiðagjald	4.701	5.308	5.660	5.960	6.320
Þungaskattur/kílómetragjald	1.028	849	780	740	810
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	3.122	4.028	3.259	5.663	5.792
Aðrir skattar	3.731	4.813	5.331	5.894	6.746
II Aðrar rekstrartekjur	**53.712**	**51.898**	**44.996**	**34.424**	**29.510**
Arðgreiðslur	1.057	1.197	1.387	1.179	1.226
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	42.197	44.196	35.440	26.933	21.768
Neyslu- og leyfisgjöld	8.503	4.532	6.790	5.092	5.267
Annað	1.955	1.973	1.380	1.220	1.250
III Sala eigna	**2.832**	**1.081**	**600**	**19.800**	**600**
V Fjárframlög	**1.494**	**1.429**	**1.667**	**1.708**	**1.716**
Heildartekjur ríkissjóðs	**471.884**	**439.516**	**461.881**	**470.754**	**477.370**
Sjóðshreyfing	**448.162**	**415.842**	**445.933**	**452.033**	**459.097**

Aðrar rekstrartekjur. Áætlun fjárlaga um aðrar rekstrartekjur lækkar um 10,6 mia.kr. og skýrist það að langmestu leyti af lækkun á vaxtatekjum ríkissjóðs eða 8,5 mia.kr. Áætlun ársins um arðgreiðslur er lækkuð lítillega og ýmis neyslu- og leyfisgjöld eru lækkuð um 1,7 mia.kr. Munar þar mest um að flokkun eftirlitsgjalds Fjármálaeftirlitsins (1,2 mia.kr.) hefur verið breytt, það flokkaðist áður hér en hefur verið fært í flokk með skatttekjum. Sala eigna var áætluð 600 m.kr. í fjárlögum en þar var ekki gert ráð fyrir sölu sendiherrabústaðar í London að fjárhæð 1,7 mia.kr. Þá var ekki heldur gert ráð fyrir hagnaði ríkissjóðs vegna þeirra ráðstafana sem gerðar voru um eignir Avens B.V. í Lúxemborg. Hagnaður ríkissjóðs vegna þeirra er áætlaður 17,5 mia.kr. Áætlun fjárlaga hefur verið hækkuð sem þessu nemur eða um 19,2 mia.kr.

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2011

Helstu niðurstöður. Tekjuáætlun komandi árs hljóðar upp á 477,4 ma.kr. heildartekjur eða 27,8% af landsframleiðslu. Tekjuáætlunin er byggð á tekjuáætlun ársins 2010, þjóðhagsspá fyrir árið 2011 og áformum um nýja tekjuöflun en þau miðast við að ná markmiðum áætlunar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Tekjuáætlun ársins 2010 hefur verið uppfærð samhliða vinnu við tekjuáætlun næsta árs og er gerð grein fyrir henni hér fyrir framan. Þjóðhagsspá Hagstofunnar frá júní sl. er lögð til grundvallar áætlunum um þróun skattstofnanna á næsta ári. Ekki síst mun tekjuþróunin þó mótast af markmiðum áætlunarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum en gert er ráð fyrir að nýjar aðgerðir skili ríkissjóði 11 mia.kr. tekjum á næsta ári, auk tekjuáhrifa fyrri aðgerða frá árunum 2009 og 2010. Samanlögð áhrif varanlegra tekjuöflunaraðgerða allt frá desember 2008 og nýrra aðgerða ársins 2011 eru áætluð um 5% af VLF á næsta ári (sjá einnig töflu á bls. 34 í fyrra hefti frumvarpsins.)

Samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofunnar mun hagkerfið vaxa á ný, um 3,2% á næsta ári, eftir tveggja ára samdrátt. Einkaneysla mun aukast um 3,4% og þjóðarútgjöld um 4,0%, byggt á spá um fjórðungs aukningu fjármunamyndunar. Þróun atvinnu og launa er mikilvæg fyrir stóra skattstofna ríkissjóðs og á næsta ári er áfram spáð umtalsverðu atvinnuleysi þótt úr því dragi milli ára. Við aðlögun vinnumarkaðarins á árunum 2009 og 2010 hefur heildarlaunastofninn lækkað mikið, einkum vegna minni vinnuaflsnotkunar, en einnig hafa laun starfandi einstaklinga lækkað, mest meðal hæstu tekjuhópanna. Þess má vænta að slaki á vinnumarkaði haldi aftur af launahækkunum enn um skeið í flestum atvinnugreinum en þó e.t.v. minna í þeim sem búa við sterka samkeppnisstöðu og góð afkomuskilyrði. Tekjur manna úr lífeyrissjóðum, almannatryggingum og atvinnuleysistryggingasjóði, sem einnig eru hluti tekjuskattsstofnsins, munu mótast af því áfalli sem fjármálakerfið og ríkissjóður hafa orðið fyrir. Óvíst er því hvort stórir skattstofnar muni ná að fylgja vexti hagkerfisins í heild á fyrstu misserum efnahagsbatans. Margir stórir tekjuliðir meðal óbeinu skattanna, sem dregist hafa mjög saman undanfarin 2–3 ár, munu þó taka við sér þegar linnir samdrætti ráðstöfunartekna og einkaneyslu. Spáð er stöðugu

gengi krónunnar og 3,5% verðbólgu í þjóðhagsspá næsta árs. Nánari umfjöllun um spána er í 8. kafla fyrra heftis fjárlagafrumvarpsins.

Í tekjuáætluninni er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á skattkerfinu sem skila muni ríkissjóði alls 11 mia.kr. tekjum á árinu 2011. Gert er ráð fyrir að skatthlutföll skatta á fjármagnstekjur einstaklinga og hagnað lögaðila hækki úr 18% í 20%. Miðað er við að erfðafjárskattur hækki úr 5% í 10% og að auðlegðarskattur, sem tekinn var upp árið 2010 muni skila meiri tekjum á næsta ári með hækkun á skatthlutfallinu, sem nú er 1,25%, og/eða lækkun skattleysismarka. Einnig er gert ráð fyrir að tekið verði upp sérstakt vörugjald á áfengi og tóbak í Fríhafnarversluninni á árinu 2011. Þá er reiknað með nokkrum tekjuauka með innbyrðis breytingum á gjaldtöku áfengis með tilliti til styrkleika og sömuleiðis á tóbaksgjaldi. Ráðgert er að hækka kolefnisgjald í átt til þess sem gerist í Evrópu. Í undirbúningi er að gjörbreyta reglum um álagningu bifreiðagjalds og vörugjalds á bifreiðar þannig að þær taki mið af losun gróðurhúsalofttegunda og er stefnt að nokkurri tekjuaukningu samfara því. Loks hefur verið til skoðunar að leggja sérstakan skatt á bankastarfsemi, m.a. með hliðsjón af nýrri löggjöf á því sviði í nokkrum nágrannalöndum okkar. Framangreindar aðgerðir eru taldar munu skila ríkissjóði ríflega 8 mia.kr. tekjum. Þá eru ótalin áform um frekari heimildir til úttektar á séreignarsparnaði. Í frumvarpinu er reiknað með að tekjuskattur af slíkri valfrjálsri heimild gæti numið 3 mia.kr. á næsta ári til viðbótar við tekjuáhrif fyrri heimilda.

	Mia.kr.			% af VLF		
Rekstrargrunnur	2009	2010	2011	2009	2010	2011
Heildartekjur	439,5	470,8	477,4	29,3	29,3	27,8
Skatttekjur	385,1	414,8	445,5	25,7	25,8	25,9
Beinir skattar	205,8	219,3	237,9	13,7	13,7	13,8
Óbeinir skattar	179,3	195,5	207,7	12,0	12,2	12,1
Vaxtatekjur	44,1	26,7	21,6	2,9	1,7	1,3
Frumtekjur	395,4	444,0	455,8	26,4	27,6	26,5
Óreglulegar tekjur [1]	1,1	19,8	0,6	0,1	1,2	0,0
Heildartekjur án óreglulegra tekna	438,4	451,0	476,8	29,2	28,1	27,7
Frumtekjur án óreglulegra tekna	394,3	424,2	455,2	26,3	26,4	26,5

1. Óreglulegar tekjur eru sala eigna, söluhagnaður og sérstakt endurmat.

Raunaukning skatttekna á milli áranna 2010 og 2011 verður 3,7% miðað við þá tekjuáætlun sem hér er lögð fram. Raunaukning heildartekna verður 2,1% sé leiðrétt fyrir söluhagnaði á árinu 2010 en án slíkrar leiðréttingar dragast þær saman um 2,0% milli ára. Skatttekjur munu nema 25,9% af landsframleiðslu, sem er 0,1 prósentustigi hærra en árið 2010 en heildartekjur munu nema 27,8% af landsframleiðslu á árinu 2011. Helsti mælikvarði áætlunarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum eru frumtekjur, en þær eru skilgreindar sem heildartekjur að frádregnum vaxtatekjum. Ennfremur kann að vera rétt að undanskilja óreglulegar tekjur á borð við söluhagnað þegar markmið og árangur aðgerða er

metinn. Á slíkan mælikvarða aukast tekjur ríkissjóðs úr 26,4% á árinu 2010 í 26,5% af landsframleiðslu árið 2011. Hér á eftir verður fjallað nánar um helstu tekjuliði á árinu 2011.

2.4 Þróun einstakra tekjustofna 2011

Skattar á tekjur og hagnað. Skattar á tekjur og hagnað nema samtals rúmum 155 mia.kr. í fjárlagafrumvarpi ársins 2011 og aukast um 12,3 mia.kr. frá árinu 2010. Tekjuskattur einstaklinga er áætlaður 101 mia.kr. á næsta ári, 5,8 mia.kr. meiri en árið 2010. Ekki er reiknað með breytingum á þriggja þrepa tekjuskattskerfinu sem hefur gilt frá ársbyrjun 2010. Ívilnandi reglur um frádrátt vegna fjárfestingar í sprotafyrirtækjum og framkvæmda við íbúðarhúsnæði eru taldar geta lækkað tekjuskattinn um 0,5 ma.kr. Eftir mikinn samdrátt fjármagnstekna á árunum eftir hrun er reiknað með litlum breytingum á árinu 2011, en þó áframhaldandi um 1% samdrætti vaxtatekna en lítils háttar aukningu í öðrum flokkum fjármagnstekna. Gert er ráð fyrir hækkun skatthlutfallsins fyrir fjármagnstekjur einstaklinga og hagnað lögaðila úr 18% í 20%. Það verður þó enn nokkru lægra en algengt er á hinum Norðurlöndunum og evrusvæðinu. Tekjuáhrif hækkunarinnar eru áætluð 1,5 mia.kr. fyrir fjármagnstekjuskattinn, en 0,5 mia.kr. fyrir tekjuskatt lögaðila þar sem þau koma ekki fram að fullu fyrr en á árinu 2012. Hins vegar mun hækkunin á tekjuskatti lögaðila úr 15% í 18% sem lögfest var í lok árs 2009 koma fram að fullu á árinu 2011. Áætlað er að fjármagnstekjuskattur einstaklinga muni nema 24,7 mia.kr. en tekjuskattur lögaðila 21,7 mia.kr. árið 2011. Sá síðarnefndi verður endurskoðaður þegar álagning á tekjur lögaðila liggur fyrir október.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2009	Fjárlög 2010	Áætlun 2010	Frumvarp 2011
Einstaklingar	109.947	123.800	117.000	125.700
Tekjuskattur einstaklinga	88.612	100.300	95.200	101.000
Fjármagnstekjuskattur	21.336	23.500	21.800	24.700
Lögaðilar	31.112	17.700	17.700	21.700
Ótalið annars staðar	9.809	9.426	8.176	7.817
Samtals	**150.868**	**150.926**	**142.876**	**155.217**

Tryggingagjald. Reiknað er með að stofn tryggingagjaldsins muni aukast um 4,4% milli áranna 2010 og 2011. Að baki þeirri spá eru forsendur um að vinnuaflseftirspurn muni minnka lítils háttar áfram þrátt fyrir minna atvinnuleysi og að nafnlaun hækki að jafnaði um 4–5%. Miðað við þessar forsendur verður tryggingagjaldsstofninn 811 mia.kr. á árinu 2011. Reiknað er með óbreyttu skatthlutfalli tryggingagjaldsins.

Eignarskattar. Ein af forsendum tekjuáætlunar fyrir komandi ár er að hinn tímabundni auðlegðarskattur sem fyrst var lagður á í ár muni verða hækkaður sem liður í aukinni tekjuöflun stjórnvalda. Miðað er við að hann skili 1,5 milljarði króna í viðbótartekjur

með hækkun á skatthlutfallinu, sem nú er 1,25%, og/eða lækkun skattleysismarka, en þau miðast við 90 m.kr. nettóeignir hjá einhleypum einstaklingum og 120 m.kr. hjá hjónum. Erfðafjárskattur er lágur hérlendis miðað við flest nágrannalönd okkar og er hér reiknað með að hlutfall hans hækki úr 5% í 10% á árinu 2011 sem skili ríkissjóði um 1 mia.kr. í viðbótartekjur. Reiknað er með samdrætti skattstofna auðlegðar- og erfðafjárskatta en að stimpilgjaldsstofninn aukist lítillega milli ára. Sjá nánar í töflu hér á eftir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2009	Fjárlög 2010	Áætlun 2010	Frumvarp 2011
Auðlegðarskattur (2009 eignarskattar vegna fyrri ára)	12	3.500	3.820	5.210
Erfðafjárskattur	1.643	1.090	1.350	2.350
Stimpilgjöld	2.934	3.000	2.510	2.600
Sértækir eignarskattar	732	542	542	498
Samtals	**5.321**	**8.132**	**8.222**	**10.658**

Skattar á vöru og þjónustu. Skattar á vöru og þjónustu eru áætlaðir 207,7 mia.kr. á næsta ári og felur það í sér 2,6% raunaukningu. Hér flokkast virðisaukaskattur, almenn og sértæk vörugjöld og aðrir óbeinir skattar sem sjá má í nánari sundurliðun í töflu á bls. 208. Byggt er á áætlunum um þróun ráðstöfunartekna, einkaneyslu, innflutnings, verðlags og fleiri hagstærða sem áhrif hafa á almenna eftirspurn. Milli áranna 2010 og 2011 er áætlað að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 3,7%, einkaneyslan um 3,4% og þjóðarútgjöld um 4,0% samkvæmt þjóðhagsspá. Krónutölugjöldin svokölluðu, þ.e. þau vörugjöld sem eru föst krónutala á magneiningu, falla hér undir og er reiknað með 4,0% verðlagshækkun þeirra á árinu 2011. Áætlað er að hún leiði til 1,7 mia.kr. tekjuaukningar fyrir ríkissjóð.

Áætlun um virðisaukaskatt tekur mið af einkaneyslu og fleiri liðum innlendrar eftirspurnar. Nafnaukning einkaneyslu sem nemur 7,9% vegur þyngst en samdráttur samneyslu, lítill vöxtur annarrar fjármunamyndunar en í atvinnuvegum og fleiri þættir gera það að verkum að vog virðisaukaskatts hækkar um 4,7% að nafnvirði milli ára. Virðisaukaskattskyld velta hefur dregist mjög mikið saman frá árinu 2008 og reiknað er með hægum viðsnúningi á næsta ári. Vörugjöld af ökutækjum munu skila um fjórðungi meiri tekjum en á fyrra ári eða 1,9 mia.kr. Reiknað er með að yfir 4.000 bílar verði fluttir til landsins eftir algjört hrun tvö ár í röð en að meðalvörugjald á hvert ökutæki á föstu gengi lækki. Vörugjöld á bensín og díselolíu munu skila alls 1,6 mia.kr. meiri tekjum en árið 2010 en reiknað er með að sala bensíns aukist um 3,2% og olíu um 5,0% auk verðlagshækkunar gjaldanna.

Við upptöku kolefnisgjalds í ársbyrjun 2010 var aðeins lagt á 50% af fullu gjaldi miðað við verð á losunarheimildum á markaði í Evrópu. Nú er gert ráð fyrir að taka næsta skref í átt að fullu gjaldi og miða við 75%. Gjaldið er miðað við verð í evrum, sem er óbreytt 14 evrur og það reiknað yfir í íslenskar krónur. Tekjuáhrif þessa eru 1,0 mia.kr. Í undirbúningi er einnig að breyta skattlagningu ökutækja og eldsneytis þannig að hún taki

mið af kolefnislosun. Þotueldsneyti er ekki talið með í skattstofni kolefnisgjalds á árinu 2011 sem leiðir til um 0,5 mia.kr. lækkunar tekna. Reiknað er með vexti skattstofnsins á milli ára, 3,2% í bensíni en 4,0% í gas- og svartolíu. Orkuskattar á rafmagn og heitt vatn, sem einnig voru teknir upp í ársbyrjun 2010, eru taldir munu skila 2,2 mia.kr. tekjum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2009	Fjárlög 2010	Áætlun 2010	Frumvarp 2011
Virðisaukaskattur	121.248	124.700	126.900	134.100
Vörugjöld	39.932	47.864	47.839	52.856
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	3.269	3.450	3.770	4.070
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	552	1.480	1.780	1.750
Vörugjöld af ökutækjum	1.641	1.400	1.400	1.900
Vörugjald af bensíni	3.260	4.590	4.440	4.870
Sérstakt vörugjald af bensíni	7.731	7.420	7.340	7.870
Kolefnisgjald	.	2.580	2.580	3.190
Olíugjald	6.198	6.260	6.260	6.850
Sérstakur skattur af seldri raforku	.	1.890	1.890	2.020
Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	.	190	210	200
Flutningsjöfnunargjöld	353	520	380	430
Áfengisgjald	9.704	10.299	10.199	11.180
Tóbaksgjald	4.390	4.760	4.640	5.270
Ýmis vörugjöld	2.834	3.025	2.950	3.256
Tollar og innflutningsgjöld	5.309	4.820	5.930	5.142
Aðrir sértækir skattar á vöru og þjónustu	2.673	2.466	2.466	2.658
Bifreiðaskattar	6.158	6.440	6.700	7.130
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	4.028	3.259	5.663	5.792
Samtals	**179.348**	**189.549**	**195.498**	**207.677**

Áfengissala, sem einnig hefur dregist verulega saman frá því fjármálakreppan reið yfir, er talin hafa náð botni. Gert er ráð fyrir að salan verði lítillega meiri í öllum flokkum á næsta ári. Tóbakssala dregst hins vegar enn saman milli ára í forsendum tekjuáætlunar, eða um 3,6%. Gert er ráð fyrir að tekið verði upp að einhverjum hluta sérstakt vörugjald á áfengi og tóbak í Fríhafnarversluninni á árinu 2011. Þá eru til skoðunar innbyrðis breytingar á gjaldtöku áfengis með tilliti til styrkleika og sömuleiðis á tóbaksgjaldi. Þessar breytingar eru samanlagt taldar munu skila ríkissjóði 1,3 mia.kr. í auknar tekjur á árinu 2011.

Bifreiðagjald mun skila ríkissjóði 0,4 mia.kr. meiri tekjum en 2010, eða 6,3 mia.kr. Þar af er gert ráð fyrir að ofannefnd kerfisbreyting með hliðsjón af kolefnislosun leiði jafnframt til 0,2 mia.kr. viðbótartekna. Reiknað er með að gjaldskyldum bifreiðum fjölgi lítillega á ný eftir fækkun undanfarin tvö ár. Þá er reiknað með 5% aukningu í akstri kílómetragjaldsskyldra ökutækja.

Liðurinn önnur neyslu- og leyfisgjöld í flokki skatttekna nær yfir ýmis neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld, þar á meðal veiðigjald (2,2 mia.kr.), og er þessi liður talinn munu skila 5,8 mia.kr. sem er lítillega meira en á árinu 2010.

Aðrir skattar. Til skoðunar hefur verið að leggja sérstakan skatt á bankastarfsemi, m.a. með hliðsjón af nýrri löggjöf á því sviði í nokkrum nágrannalöndum okkar. Tekjur af þessum nýja skatti eru áætlaðar 1 mia.kr. á næsta ári.

Aðrar rekstrartekjur. Áætlað er að aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs nemi alls 29,5 mia.kr. á árinu 2011 sem er 4,9 mia.kr. lækkun milli ára. Arðgreiðslur eru áætlaðar 1,3 mia.kr. sem er óbreytt áætlun. Vaxtatekjur eru áætlaðar 21,6 mia.kr. og lækka um 5,1 mia.kr. frá áætlun 2010. Þar af lækka dráttarvextir af skattskuldum um 0,3 mia.kr., af veittum lánum um 1,8 mia.kr. og af bankareikningum um 3,0 mia.kr. Sjá nánari umfjöllun um vaxtatekjuáætlun ársins 2011 í kafla 3.4.2 í fyrra hefti frumvarpsins. Ýmis neyslu- og leyfisgjöld sem ekki teljast til skatta eru talin munu aukast úr 5,1 mia.kr. árið 2010 í 5,3 mia.kr. á næsta ári.

Sala eigna. Gert er ráð fyrir að tekjur af sölu fasteigna, jarða og annarra eigna nemi 0,6 mia.kr. árið 2011.

Fjárframlög. Loks er gert er ráð fyrir að fjárframlög frá opinberum aðilum nemi alls 1,7 mia.kr. á árinu 2011 og er það sama fjárhæð og áætluð er fyrir árið 2010.

3 Gjöld A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um áætluð heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 2011, helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar og skiptingu útgjalda hagrænt og eftir málaflokkum. Í kaflanum er fyrst farið yfir verðlagsforsendur útgjaldahliðar frumvarpsins og atriði sem varða framsetningu hennar. Þá er kynnt endurskoðuð áætlun um útgjöld ríkissjóðs á þessu ári og helstu breytingar sem horfur eru á að verði frá áformum gildandi fjárlaga og síðan gerð grein fyrir útgjaldabreytingum í frumvarpinu með samanburði milli ára eftir helstu útgjaldatilefnum og með hagrænni skiptingu eftir rekstri, tilfærslum, viðhaldi og stofnkostnaði. Þá er í þessum kafla fjallað um aðhaldsaðgerðir ráðuneyta sem fyrirhugaðar eru á næsta ári, áform um endurskipulagningu opinberrar þjónustu, þróun frumútgjalda ríkissjóðs, regluverk fjárlagagerðar og umbætur á því, útgjöld vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar og loks reglur um safnliði fjárlaga. Í sérstökum köflum hér á eftir er fjallað ítarlegar um útgjöld einstakra ráðuneyta, málaflokka og verkefna. Vakin er athygli á því að í 3. kafla fyrri hluta frumvarpsins er fjallað um áætlun um ríkisútgjöldin til næstu fjögurra ára, þ.e. árin 2011–2014.

Verðlagsforsendur. Frumvarpið er sett fram á áætluðu verðlagi ársins 2011 í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem birt var í júní sl. Á árinu 2009 voru gerðir kjarasamningar við flest aðildarfélög innan ASÍ og BSRB í samræmi við stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Í samningunum var kveðið á um umtalsverðar hækkanir á lægstu launum sem komu til framkvæmda í tveimur áföngum á árinu 2009 og þann 1. júlí sl. Samningarnir voru framlengdir að öðru leyti til loka nóvember 2010. Algeng hækkun hjá þessum hópum var 3,25% frá 1. júlí 2009, 3,15% frá 1. nóvember 2009 og 6% frá 1. júní 2010, eða samtals sem svarar til um 13% á þessu tímabili. Launagrunnur fjárlagafrumvarpsins hefur verið hækkaður miðað við þessa samninga ársins 2009 en að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir launahækkunum starfsmanna ríkisins á næsta ári í forsendum frumvarpsins. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir verðlagshækkunum á grunnfjárhæðum bótakerfa eins og lífeyristryggingum, atvinnuleysistryggingum, barnabótum, vaxtabótum og fæðingarorlofsgreiðslum. Hallarekstur í ríkisfjármálum og samdráttaraðgerðir sem nauðsynlegt hefur verið að grípa til í þessu frumvarpi, auk óhjákvæmilegra nýrra útgjaldaskuldbindinga sem falla til, m.a. vegna skuldabyrði og atvinnuleysis, gefa ekki svigrúm til þess að standa undir slíkum verðlagshækkunum.

Á það má benda í þessu samhengi að grunnbætur almannatrygginga, þ.e. ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbætur, hafa hækkað um rúm 48% á árabilinu 2006 til 2010 þrátt fyrir að verðbætur á lífeyrir hafi verið skertar að hluta í fjárlögum ársins 2009 og að fullu árið 2009. Frá árinu 2008 hefur auk þess sérstök viðbót á almannatryggingar fyrir

framfærsluviðmið hækkað um 26% til viðbótar. Á sama tíma, þ.e. frá 2006, hefur launavísitala hækkað um 29%.

Í samræmi við spá um hækkun á vísitölu neysluverðs í þjóðhagsspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að önnur rekstrargjöld en laun, en algengt er þau nemi um 20–30% af rekstrarveltu stofnana, hækki um 3,5% milli áranna 2010 og 2011. Þetta þýðir að allur almennur rekstur stofnana, annar en launakostnaðar, hækkar sem þessu nemur. Gengið er út frá því eins og undanfarin ár að sama hækkun eigi yfirleitt við um sértekjur stofnana. Í þeim tilvikum þar sem stofnun er fjármögnuð að verulegum hluta eða að fullu með sértekjum hefur hins vegar lengi verið gengið út frá því í verðlagsreikningi fjárlaga að sértekjur hækki í takt við launakostnað í samræmi við vægi hans í veltunni enda algengt að um sé að ræða útselda þjónustu. Þar sem ekki er gert ráð fyrir launahækkun á næsta ári í frumvarpinu hefur það í för með sér að fyrir þessar stofnanir er heldur ekki reiknað með jafn mikilli hækkun sértekjuöflunar eins og ella væri.Ekki er gert ráð fyrir verðhækkun á fjárheimildum stofnkostnaðarliða heldur að þar verði í öllum tilvikum um að ræða rammafjárveitingar sem haga þurfi verkáætlunum eftir.

Í forsendum frumvarpsins hefur ekki tíðkast að spá fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur hefur vanalega verið miðað við gengi þeirra í byrjun september á undan fjárlagaárinu. Þannig er í þessu frumvarpi miðað við gengi íslensku krónunnar gagnvar öðrum gjaldmiðlum samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands þann 1. september sl. Miðað við forsendur fjárlaga þessa árs hefur gengi íslensku krónunnar styrkst talsvert og er gengisvísitalan í þessu frumvarpi 10,1% lægri en í fjárlögum 2010, gengi evru rúmlega 14,3% lægra og gengi dollars rúmlega 4,1% lægra. Þetta leiðir til lækkunar á fjárheimildum fjárlagaliða í frumvarpinu þar sem útgjöld eru greidd eða beintengd við erlenda mynt, en það á t.d. við um stóran hluta útgjalda sendiráða, framlög og aðildargjöld til tiltekinna alþjóðasamtaka og lyfjakostnað.

Framsetning gjaldahliðar. Framsetning fjárlagafrumvarpsins er í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Það felur meðal annars í sér að útgjöldin í frumvarpinu eru eins og áður sett fram á rekstrargrunni og eru gjaldfærð á það ár þegar efnt er til skuldbindingar fremur en þegar greiðslur fara fram. Í meginatriðum er miðað við sömu reikningsskilareglur og hjá almennum fyrirtækjum að því frátöldu að fjárfestingar eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi þegar stofnað er til þeirra en eru ekki eignfærðar og afskrifaðar. Auk þess er beitt verðbólguleiðréttum reikningsskilum á vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar.

Gjöldin eru einnig sýnd á greiðslugrunni. Heildargreiðslur úr ríkissjóði eru áætlaðar 506,3 mia.kr. en heildargjöld á rekstrargrunni 513,8 mia.kr. samkvæmt frumvarpinu. Mismunurinn þar á milli er 7,5 mia.kr. og skýrist að mestu af tveimur liðum. Í fyrsta lagi eru afskrifaðar skattkröfur áætlaðar 10 mia.kr. en þær eru færðar til gjalda í rekstrarreikninginn án þess að greiðslur komi úr ríkissjóði og í öðru lagi eru greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga hærri en gjaldfærð skuldbinding og er mismunurinn 2,3 mia.kr.

Fjárveitingar til ráðuneyta, stofnana og verkefna á útgjaldahlið A-hluta frumvarpsins eru birtar í sundurliðun 2 á bls. 17. Þar koma fram heimiluð útgjöld einstakra viðfangsefna á rekstrargrunni en frá þeim dragast sértekjur þannig að samtölur ráðuneyta og fjárlagaliða sýna gjöld umfram sértekjur. Með sértekjum er átt við sölu ríkisaðila á vöru og þjónustu ásamt innbyrðis viðskiptum á milli þeirra innan A-hluta frumvarpsins. Í sundurliðun 2 kemur einnig fram áætluð fjármögnun útgjalda á árinu með beinum greiðslum úr ríkissjóði eða innheimtu ríkistekna sem færast á tekjuhlið frumvarpsins en eru markaðar til viðkomandi verkefna á útgjaldahliðinni. Í sérstökum yfirlitum er heildarútgjöldum ríkissjóðs skipt í fyrsta lagi eftir helstu málaflokkum ríkisstarfseminnar og er sú skipting sýnd í séryfirliti 1 á bls.176. Í öðru lagi er heildarútgjöldunum skipt í almennan rekstur, neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald, stofnkostnað og fjármagnstilfærslur. Er sú skipting kölluð hagræn skipting ríkisútgjalda og sýnd í séryfirliti 2 á bls. 181. Sú breyting er gerð á framsetningu útgjalda innan A-hluta að rekstrargjöld ársins 2011 hækka um 1,2 mia.kr. og tilfærsluútgjöld lækka um sömu fjárhæð miðað við framsetningu fjárlaga 2010 þar sem hluti af framlagi vegna S-merktra lyfja hafði fyrir mistök verið færður sem tilfærsluframlag í stað rekstrargjalda.

Í séryfirlitum á bls. 182 og 188 eru birt yfirlit yfir markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur ríkisstofnana úr tekjuhlið frumvarpsins auk þess sem gerð er grein fyrir ráðstöfun teknanna til fjármögnunar á verkefnum á gjaldahliðinni. Þá er á bls. 194 yfirlit yfir lögbundin útgjöld ríkissjóðs.

Í september sl. voru samþykkt lög á Alþingi um breytingar á Stjórnarráði Íslands. Lögin taka gildi um áramót en undirbúningur breytinganna er þegar hafinn. Samkvæmt lögunum verður ráðuneytum fækkað með sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í nýtt innanríkisráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í nýtt velferðarráðuneyti. Markmiðið með breytingunum er að endurskipuleggja ráðuneyti í því skyni að bæta þjónustu hins opinbera við almenning og atvinnulíf eins og unnt er með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni. Þar sem þessi lagasetning hafði ekki verið leidd til lykta við frágang talnaefnis fjárlagafrumvarpsins miðast framsetning á fjárheimildum ráðuneyta í því við núverandi skipulag Stjórnarráðsins. Er gert ráð fyrir því að við 2. umræðu um frumvarpið á Alþingi verði lagðar fram tillögur um viðeigandi breytingar á því vegna sameininga ráðuneyta.

Nú í sumar tókst samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma við flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna 1. janúar 2011. Þessi áform fela í sér viðamestu endurskipulagningu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá flutningi grunnskólanna árið 1996. Með samkomulaginu er lagður grunnur að því að færa ábyrgð á fjármögnun þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og tryggja sveitarfélögum sanngjarnan fjárhagsramma sem tekur tillit til umfangs verkefna. Jafnframt er tekið mið af brýnni þörf fyrir aðhald í opinberum rekstri og sameiginlegum áformum ríkis og sveitarfélaga um að bæta afkomu hins opinbera og skapa þannig forsendur fyrir lækkun skulda. Nú er unnið að

því að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar vegna yfirfærslunnar og gerð heildarsamkomulags milli aðila sem tekur til allra þátta s.s. húsnæðismála og starfsmannamála. Þegar samkomulag um þessa þætti liggur betur fyrir í haust er gert ráð fyrir að þessi breytta verkaskipting verði útfærð með breytingartillögum við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins. Þær breytingar verða í stórum dráttum á þá leið að fjárveitingar á sviði málefna fatlaðra falla niður en á móti lækkar tekjuskattur til ríkisins um sambærilega fjárhæð við það að útsvar til sveitarfélaga verður aukið sem því nemur. Auk þess er fyrirhugað að veita sérstök tímabundin framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tengslum við þessa verkefnayfirfærslu.

3.1 Endurmetnar útgjaldahorfur ársins 2010

Útgjöld ríkissjóðs árið 2010 hafa verið endurskoðuð í ljósi breyttra forsendna og þróun efnahagsmála á árinu. Tekið er mið af rauntölum það sem af er árinu og spá um þróun útgjalda til áramóta. Ýmsar fyrirliggjandi ákvarðanir stjórnvalda á árinu auk tillagna sem settar hafa verið fram vegna undirbúnings frumvarps til fjáraukalaga eru jafnframt hluti af útgjaldaendurskoðun ársins. Heildargjöld ríkissjóðs árið 2010 eru áætluð 545,3 mia.kr. og er þar með gert ráð fyrir að þau lækki um 15,4 mia.kr. frá áætlun fjárlaga. Gert er ráð fyrir að til falli 15,5 mia.kr. í nýjum og breyttum útgjaldaskuldbindingum sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Á móti kemur 31 mia.kr. lækkun útgjalda vegna nokkurra þátta sem reynst hafa verið ofmetnir í áætlun fjárlaga.

Hafa þarf í huga að við endurskoðun útgjaldaáætlunarinnar er leitast við að leggja mat á öll útgjöld sem horfur eru á að falli til á árinu án tillits til þess hvenær eða hvort fjárheimildir hafa verið veitt til þeirra. Sem dæmi má taka að í endurmatinu fyrir árið 2010 er nú gert ráð fyrir að vegaframkvæmdir verði um 3 mia.kr. umfram þá fjárheimild sem veitt er í gildandi fjárlögum ársins á grundvelli þess að gert er ráð fyrir að heimilað verði að flytja afgangsheimildir frá fyrra ári til yfirstandandi árs.

Meginskýringin á lækkun útgjalda frá forsendum fjárlaga 2010 er að áætlun um vaxtagjöld ársins lækkar verulega eða um rúmlega 20 mia.kr. Þessi mikla lækkun skýrist aðallega af þrennu. Í fyrsta lagi lækkar áætlaður vaxtakostnaður ríkisverðbréfa vegna þess að vaxtakjör í útboðum ríkisskuldabréfa hafa reynst ríkissjóði hagkvæm það sem af er árinu þrátt fyrir mikla útgáfuþörf. Í öðru lagi er nú miðað við að nýta aðeins helming af lánafyrirgreiðslu Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands og þriðjung frá Póllandi en í fjárlögum var gengið út frá því að draga þyrfti á þær lánsfjárheimildir að fullu. Í þriðja lagi var skuldabréf, sem ríkissjóður gaf út til Seðlabanka í árslok 2008 til að styrkja eiginfjárstöðu hans vegna tap bankans á veð- og daglánum við fall bankanna, lækkað í árslok 2009 með kaupum Seðlabanka á kröfum sem ríkissjóður yfirtók í árslok 2008. Einnig hefur þróun vaxta og gengis verið ríkissjóði hagkvæmari en áætlað var. Gert er ráð fyrir að greiddir vextir lækki talsvert minna, eða um 13,7 mia.kr., sem skýrist aðallega af uppkaupum erlendra skulda, minni lántökum frá samstarfsþjóðum og lækkun á skuldabréfi Seðlabanka.

Rekstrargrunnur, m.kr.	m.kr.
Heildarbreyting frá fjárlögum 2010	**-15.434,0**
Þar af:	
Vaxtagjöld	-20.301,0
Lífeyristryggingar	-2.855,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	-2.064,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	-1.370,0
Fjármagnstekjuskattur	-1.440,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	-570,0
Breyttar horfur til lækkunar á útgjöldum:	**-28.600,0**
Samgönguframkvæmdir umfram áætlanir	3.450,0
Vaxtabætur	1.726,0
Hækkun ýmissa rekstrargjalda	1.636,0
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.451,0
Sjúkratryggingar	1.511,0
Viðhald fasteigna í umsjón ríkisins	1.065,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, húsaleigubætur	644,0
Ýmisar fjármagnstilfærslur	505,0
Stofnkostnaður í húsnæði skóla og heilbrigðisstofnana	428,0
Ofafnflóðasjóður	400,0
Barnabætur	350,0
Auknar útgjaldaskuldbindingar:	**13.166,0**
Endurmat á gengisforsendum til lækkunar vegna styrkingar krónunnar er áætlað um 1,4 ma.kr.	

Af öðrum stórum útgjaldaliðum sem horfur eru á að verði undir áætlunum fjárlaga má nefna lífeyristryggingar sem lækka um 2,8 mia.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð sem lækka um 1,4 mia.kr. Samtals lækka þessir tveir liðir um 4,2 mia.kr. og skýrist það meðal annars af því að öryrkjum hefur ekki fjölgað eins mikið og gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins og að framtaldar tekjur lífeyrisþega, þ.m.t. fjármagnstekjur, hafa farið hækkandi. Þá er gert ráð fyrir því að greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs verði rúmum 2 mia.kr. lægri á árinu en áætlað hafði verið. Samkvæmt endurskoðaðri spá er útlit fyrir að atvinnuleysi í ár verði nokkru lægra en reiknað var með í forsendum fjárlaga 2010. Í fjárlögum var reiknað með 9,6% atvinnuleysi á árinu en nú er hins vegar útlit fyrir að atvinnuleysið verði um 8,6%. Áætlað er fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna lækki um 1,4 mia.kr. en skatturinn færist einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins. Loks má nefna að framlög til LÍN lækka um 452 m.kr. í ljósi þess að endurskoðuð áætlun um fjölda lánþega á árinu er heldur lægri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

Vegna styrkingar íslensku krónunnar á þessu ári hafa gengisforsendur fjárlaga ársins 2010 verið endurmetnar. Þetta leiðir til þess að fjárlagaliðir sem hafa beina tengingu við gengi lækka samtals um tæpa 1,4 mia.kr. Þessa gætir nokkuð víða í rekstri hins opinbera en mest hefur þetta áhrif á fjárveitingar vegna S-merkt lyfja sem lækka um 294 m.kr. og önnur

lyf um 172 m.kr. Aðrir liðir sjúkratrygginga lækka einnig og má nefna að fjárveitingar til hjálpartækja lækka um 111 m.kr. og brýn meðferð erlendis um 49 m.kr. Fjárframlög til sendiráða lækka um 129 m.kr. og til Landhelgissjóðs vegna smíði á nýju varðskipi um 130 m.kr. Þá eru fjárveitingar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækkaðar um 118 m.kr. vegna gengisstyrkingarinnar og Þróunarsjóður EFTA um sömu fjárhæð, auk þess sem ramma-áætlun ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun er lækkuð um 109 m.kr. Þessar og aðrar breytingar vegna styrkingar krónunnar eru innifaldar í þeim útgjaldabreytingum sem koma fram í töflunni hér fyrir framan.

Hvað varðar útgjöld sem áætlað er að verði umfram forsendur fjárlaga er fyrst að nefna að áætlað er að framkvæmdir í samgöngumálum verði um 3,4 mia.kr. hærri en ráðgert var í fjárlögum ársins. Þetta stafar af því að vegaframkvæmdir verða að hluta til fjármagnaðar með afgangsfjárheimildum síðasta árs en að mestu er um að ræða framkvæmdir sem hafa tafist frá því sem áformað var. Að teknu tilliti til úthlutana eftir endurálagningu vaxtabóta í kjölfar álagningar skatta á einstaklinga liggur fyrir að þær greiðslur verða um 1,7 mia.kr. hærri en gengið var út frá í fjárlögum. Þessi breyting skýrist aðallega af vanmati á áhrifum af því að skuldir heimilanna hafa farið vaxandi á sama tíma og tekjur þeirra hafa lækkað en það leiðir til þess að tekju- og eignaskerðingar vaxtabótakerfisins verða minni en ella og bótagreiðslur þar með hærri. Horfur eru á að önnur rekstrargjöld ríkisins en laun verði um 1,6 mia.kr. hærri en í áætlun fjárlaga og skýrist það af verulegum hluta af mati á nýtingu afgangsfjárheimilda frá fyrri árum. Sjúkratryggingar, önnur en S-merkt lyf, eru færð sem tilfærsluframlög og er að óbreyttu gert ráð fyrir allt að 1,5 mia.kr. halla í heild á þeim lið á þessu ári. Stafar það fyrst og fremst af meira umfangi við sérfræðilæknisþjónustu en gert var ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að ýmsar aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur geti hækkað um allt að 1,4 mia.kr. Tilfærsluframlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækka um rúmar 640 m.kr. vegna stigvaxandi útgjalda við húsaleigubætur sveitarfélag sem hér er gengið út frá að ríkið taki áfram þátt í að fjármagna þótt samkomulag um það hafi runnið út í apríl sl. Þá er gert ráð fyrir að stofnkostnaður á sviði menntamála og heilbrigðisstofnana hækki um tæpar 500 m.kr. Gert er ráð fyrir að viðhaldsverkefna við húsnæði í eigu ríkisins hækki um rúman 1 mia.kr. Þar munar mest um 500 m.kr. átaksverkefni ríkisstjórnarinnar með viðhaldsverkefnum til að fjölga störfum í byggingariðnaði á þessu ári en einnig er reiknað með að nýttar verði afgangsheimildir frá fyrri árum til slíkra verkefna. Talið er að framkvæmdir á vegum Ofanflóðasjóðs aukist um 400 m.kr. vegna nýtingar á fjárheimildum fyrra árs, auk þess sem greiðslur vegna annarra fjármagnstilfærslna aukist um rúmar 500 m.kr. vegna nýtingar á fyrra árs fjárheimildum, þar af um 200 m.kr. vegna Fjarskiptasjóðs. Loks eru greiðslur vegna barnabóta nú áætlaðar 350 m.kr. hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum og byggir það á raunútgjöldum samkvæmt skattálagningu á þessu ári.

3.2 Útgjaldahlið fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2011 eru áætluð 513,8 mia.kr. og lækka um 47,5 mia.kr. að frátöldum launa-, gengis- og verðlagsbreytingum, eða um 8,5% frá fjárlögum 2010. Í töflunni hér á eftir er samanburður á fjárlögum ársins 2010 og fjárlagafrumvarpi 2011 að undanskildum launa-, gengis- og verðlagshækkunum fjárveitinga á milli ára til að sýna breytingar að raunvirði.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp[1] 2011	Breyting m.kr.	Breyting %
Rekstrargjöld	215.426	203.000	-12.426	-5,8
Fjármagnskostnaður	94.320	75.061	-19.259	-20,4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	220.776	210.678	-10.097	-4,6
Viðhald	7.966	7.807	-159	-2,0
Stofnkostnaður	22.237	16.624	-5.613	-25,2
Samtals	**560.724**	**513.171**	**-47.554**	**-8,5**

[1] Án verðlagshækkana

Vakin er athygli á því að framsetning útgjaldahliðar fjárlaga 2010 í töflum sem og í öllum samanburði hefur verið aðlöguð þannig að 1.199 milljón kr. tilfærsluframlög S-merktra lyfja hafa verið færð sem rekstrargjöld og 523 milljón kr. rekstrarframlag sem tilheyrir sjóði til að mæta ófyrirséðum og óvæntum útgjöldum hefur verið fært sem tilfærsluframlög. Nettóbreytingin er 676 milljón kr., þ.e. rekstragjöld hækka um 676 milljónir kr. frá útgefnum fjárlögum og neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um sömu upphæð. Þessi leiðrétting er gerð svo að samanburður sé byggður á sömu forsendum.

Rekstrargjöld lækka um 11 mia.kr. frá fjárlögum ársins 2010 en um 12,4 mia.kr. þegar verðlagsbreytingar eru undanskildar eða sem svarar til 5,8% lækkunar að raunvirði milli ára. Fjármagnskostnaður ríkisins eru áætlaður 75,1 mia.kr. í frumvarpinu og lækkar um 19,3 mia.kr. frá fjárlögum 2010. Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 11 mia.kr. frá fjárlögum ársins 2010 en um 10,1 mia.kr. þegar verðlagsbreytingar eru undanskildar eða sem svarar til 4,6% lækkunar að raunvirði milli ára. Viðhald og stofnkostnaður lækkar um 5,8 mia.kr. á verðlagi ársins 2010 eða um 19,1%, en verðlagsbreytingar eru óverulegar. Framlög til samgönguverkefna lækka mest eða um 3,5 mia.kr.

3.2.1 Útgjaldabreytingar 2011 – eftir helstu tilefnum

Heildargjöld ríkissjóðs lækka verulega milli ára en að baki þeirri lækkun eru hins vegar umtalsverðar breytingar á ýmsum útgjaldaþáttum bæði til hækkunar og lækkunar. Eftirfarandi tafla sýnir helstu breytingar frá fjárlögum 2010.

Rekstrargrunnur, m.kr.	m.kr.
Frumútgjöld	466.404,3
Vaxtagjöld	94.320,0
Fjárlög 2010	**560.724,3**
Vaxtabætur, veikleiki í fjárlögum 2010	1.930,0
Áhrif af skertum greiðslum úr almennum lífeyrissjóðum.	1.040,0
Fjárheimild til að mæta ófyrirséðum útgjöldum hækki í 5 mia.kr.	946,0
Sérstakur saksóknari, aukið rekstrarumfang	841,2
Sérfræðilækningar, umframútgjöld	740,0
Ríkisábyrgðir	727,0
Alþjóðastofnanir, aðildargjöld o.fl.	590,0
Rekstur Hörpu, ráðstefnu- og tónlistarhúss	465,0
Elli- og örorkulífeyrir, endurmetin fjárþörf	-3.030,0
Atvinnuleysi lækkar	-2.100,0
Fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum	-2.047,0
Varðskip fyrir Landhelgisgæsluna	-1.060,4
Framkvæmdir við Landeyjahöfn	-712,1
Önnur bundin útgjöld og niðurfelld fjárframlög	-31,4
Auknar útgjaldaskuldbindingar án markaðra ríkistekna	**-1.701,7**
Aukin útgjöld fjármögnuð með mörkuðum ríkistekjum	1.420,5
Alls auknar útgjaldaskuldbindingar	**-281,2**
Aðhaldsráðstafanir	***-28.013,8***
Frumútgjöld 2011 á verðlagi 2010	**438.109,3**
Launa- og verðlagsbreytingar	*3.826,2*
Gengisbreytingar	*-3.196,5*
Frumútgjöld 2011 á verðlagi 2011	**438.739,0**
Lækkun vaxtagjalda	-19.259,0
Heildargjöld 2011 á verðlagi 2011	**513.800,0**

Útgjöld sem má rekja til afleiðinga efnahagskreppunnar eða ýmsum öðrum útgjaldaskuldbindingum sem eru bundin í lögum, samningum eða með ákvörðunum ríkisstjórnar ásamt niðurfelldum fjárheimildum lækka um 1,7 mia.kr. frá fjárlögum 2010. Helstu ástæður þess að útgjaldaskuldbindingar lækka milli ára eru að áætluð útgjöld lífeyristryggingа lækka um 1,7 mia.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð sem lækka um 1,3 mia.kr. í samræmi við nýtt endurmat. Samtals lækka þessir tveir liðir um 3 mia.kr. og skýrist það m.a. af því að fjöldi öryrkja er lægri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir og að aðrar framtaldar tekjur lífeyrisþega, þ.m.t. fjármagnstekjur, hafa farið hækkandi. Bætur Atvinnuleysistryggingasjóðs lækka um 2,1 mia.kr. vegna lægra atvinnuleysis, fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir sjálfum sér lækkar um 2 mia.kr. en sú lækkun hefur engin áhrif á afkomu ríkissjós þar sem skatturinn færist einnig á tekjuhlið sjóðsins.

Á móti lækkun útgjalda koma ýmsar skuldbindingar sem leiða af sér aukin útgjöld. Mest munar um veikleika í vaxtabótakerfinu sem áætlaður er um 1,9 mia.kr. og auknar greiðslur lífeyristryggingа upp á rúman 1 mia.kr. vegna áhrifa af skerðingum á greiðslum úr

almennum lífeyrissjóðum en þar sem þær eru tekjutengdar við greiðslur lífeyristrygginga hækkar það útgjöld lífeyristrygginga ríkisins. Þá er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir tæplega 1 mia.kr. hækkun á sjóði til að mæta ófyrirséðum og óvæntum útgjöldum en með henni verður sjóðurinn 5 mia.kr. á árinu 2011. Útgjöld vegna embættis sérstaks saksóknara aukast sem nemur 0,8 mia.kr., sérfræðilækniskostnaður sjúkratrygginga hækkar um 0,7 mia.kr. en um er að ræða útgjöld umfram sparnaðaráform, áfallnar ríkisábyrgðir eru metnar á 0,7 mia.kr. til hækkunar, framlög til alþjóðastofnana hækka um tæplega 0,6 mia.kr., einkum vegna aðildargjalda og að lokum er gert ráð fyrir tæplega 0,5 mia.kr. framlög í tengslum við rekstur tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu sem áformað er að opnað verði næsta vor.

Niðurfelld framlög vegna margvíslegra tímabundinna verkefna nema um 4,5 mia.kr. Munar þar mest um 1,1 mia.kr. vegna smíði á nýju varðskipi en með lækkuninni verður áfram til staðar 0,6 mia.kr. fjárheimild vegna smíði varðskipsins á árinu 2011 en afhending skipsins dregst um eitt ár vegna jarðskjálftanna sem urðu í Chile þar sem það er smíðað. Þá lækka framlög til framkvæmda við Landeyjahöfn um 0,7 mia.kr. þar sem þeim verður að mestu lokið á þessu ári. Önnur niðurfelld framlög nema alls um 2,7 mia.kr. og vega þau upp að fullu ýmis önnur lægri útgjaldatilefni, þannig að nettóbreyting vegna þeirra er því sem næst engin. Þá er gert ráð fyrir að útgjaldahliðin hækki um 1,4 mia.kr. vegna veltu sjóða og verkefna sem fjármögnuð eru með jafn mikilli aukningu ríkistekna sem þeim tengjast en það hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Mest munar um 0,5 mia.kr. framlag til nýs embættis umboðsmanns skuldara sem tók til starfa 1. ágúst 2010 og 0,4 mia.kr. hækkun á útgjöldum Fjármálaeftirlitsins en það er í báðum tilvikum fjármagnað með gjaldtöku á fjármálastofnanir. Veigamesta breytingin á útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins samanborið við fjárlög ársins 2010 leiðir af ákvörðunum stjórnvalda um fjölmargar almennar og sértækar aðgerðir til að draga saman ríkisútgjöldin sem nemur 28 mia.kr. á árinu 2010. Því til viðbótar er í frumvarpinu ekki reiknað með hækkun á launum ríkisstarfsmanna né á grunnfjárhæðum almannatrygginga eða annarra bótakerfa en áætlað er að það komi í veg fyrir a.m.k. 5 mia.kr. útgjöld sem ella hefðu fallið til.

Þessu til viðbótar kemur launa-, gengis- og verðlagshækkun sem reiknað er með að verði afar aðhaldssöm. Í fyrsta lagi er reiknað með að önnur rekstrargjöld í almennum rekstri stofnana, en algengt er að þau nemi um 20–30% af veltu, hækki sem nemur spá um verðbólgu milli ára. Kostnaður sem hlýst af þeim hækkunum og nokkrum öðrum bundnum verðlagsþáttum nemur um 3,3 mia.kr. Í öðru lagi hækkar fjárlagagrunnur ársins 2011 um 0,5 mia.kr. vegna hækkunar á launum hinna lægst launuðu frá 1. júní 2010 og er með því verið að mæta hærri launakostnaði stofnana fyrir tímabilið janúar-maí á næsta ári. Í þriðja lagi lækka útgjöld á hinn bóginn vegna styrkingar íslensku krónunnar á þessu ári en fjárveitingar sem taka mið af stöðu hennar gagnvart erlendum gjaldmiðlum að hluta eða öllu leyti lækka samtals um 3,2 mia.kr. Alls nema launa-, gengis- og verðlagshækkanir því um 0,6 mia.kr. Nánar er fjallað um verðlagsforsendurnar fyrr í þessum kafla.

Eins og rakið er hér að framan er áætlað að frumútgjöld ársins 2011 án launa-, gengis- og verðlagshækkana verði 438,1 milljarður kr. og lækka þau þar með í frumvarpinu um 28,3 mia.kr. frá fjárlögum 2010 eða sem svarar til 6,1% að raunvirði. Miðað er við að fjármagnskostnaður ríkisins verði 75,1 mia.kr. skv. frumvarpinu og lækki um 19,3 mia.kr. frá fjárlögum 2010. Heildarútgjöld án verðlagsbreytinga eru því áætluð á næsta ári 513,2 mia.kr. og lækka um 47,5 mia.kr. frá fjárlögum ársins 2010.

3.2.2 Útgjaldabreytingar 2011 – eftir málaflokkum og hagrænni skiptingu

Hér að framan var greint frá útgjaldabreytingum ársins 2011 samanborið við fjárlög 2010 og breytingarnar flokkaðar eftir tilefnum. Í þessu kafla eru útgjöld ársins flokkuð eftir málaflokkum og hagrænni skiptingu og þau borin saman við áætlaða útkomu ársins 2010 sem byggir á endurmati á útgjaldaforsendum gildandi fjárlaga.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2010	Frumvarp[1] 2011	Breyting m.kr.	Breyting %
Almenn opinber þjónusta	31.149	25.818	-5.330	-17,1
Löggæsla og öryggismál	21.576	19.534	-2.042	-9,5
Fræðslumál	47.435	44.659	-2.776	-5,9
Heilbrigðismál	117.258	111.022	-6.236	-5,3
Almannatryggingar og velferðarmál	128.766	124.242	-4.524	-3,5
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	5.386	4.681	-705	-13,1
Menningar- og kirkjumál	15.381	14.310	-1.071	-7,0
Eldsneytis- og orkumál	2.696	2.017	-679	-25,2
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	19.403	17.908	-1.494	-7,7
Iðnaðarmál	2.357	1.869	-488	-20,7
Samgöngumál	29.563	21.175	-8.388	-28,4
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	12.931	12.950	19	0,1
Önnur útgjöld ríkissjóðs	111.391	112.986	1.594	1,4
Samtals	**545.291**	**513.171**	**-32.120**	**-5,9**

[1] Án verðlagshækkana.

Raunlækkun útgjalda málaflokka frá endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2010 er mjög misjöfn, sem skýrist bæði af því hvar mest er um niðurfellingar á fjárveitingum til tímabundinna verkefna og af því hvar borið er niður í aðhaldsráðstöfunum. Mest lækka útgjöld til samgöngumála, bæði að raunvirði og hlutfallslega, eða um 8,4 mia.kr. sem gerir um 28,4% lækkun. Næst mesta hlutfallslega lækkunin er í málaflokknum eldsneytis- og orkumál eða um 25,2% en þar þó einungis um að ræða um 0,7 mia.kr. lækkun. Lækkun í málaflokknum iðnaðarmál er um 20,7% að raunvirði en nánast öll lækkunin stafar af því að álagningu iðnaðarmálagjalds á einstaklinga og lögaðila verður hætt á árinu 2011. Næst mest lækkun útgjalda í krónum talið er í málaflokknum heilbrigðismál eða um 6,2 mia.kr. sem gerir um 5,3% raunlækkun. Skýrist breytingin af lækkun framlags að upphæð 5,4 mia.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiðum og af 0,8 mia.kr. lækkun framlags vegna annarra útgjalda-

skuldbindinga og niðurfellinga. Þriðja mesta lækkun útgjalda er í málflokknum almenn opinber þjónusta eða um 5,3 mia.kr. sem nemur um 17,1 % að raunvirði. Breytinguna má rekja til aðhaldsaðgerða sem nema um 1,8 mia.kr. og allt að 3,5 mia.kr. lækkun útgjalda á næsta ári vegna einskiptis kostnaðar sem tilfellur í ár, breyttra útgjaldaskuldbindinga og niðurfellinga á næsta ári. Munar hér mest um 0,8 milljarða framlag í ár vegna kaupa á nýjum sendiherrabústað í London sem kemur í stað eldri dýrari bústaðar sem var seldur, 0,5 mia.kr. framlags í ár til mannaflsfrekra framkvæmda í viðhald á opinberum byggingum og 0,5 mia.kr. sérfræðikostnaður vegna aðgerða í kjölfar efnahagshrunsins. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála lækka að raunvirði um 3,5% eða um 4,5 mia.kr., sem skýrist af aðhaldsaðgerðum að upphæð 6,5 mia.kr., útgjaldaskuldbindingum sem auka útgjöld um 2,1 mia.kr. og niðurfelldum framlögum sem nema um 0,1 mia.kr.

Í málaflokknum önnur útgjöld vegna atvinnuvega er gert ráð fyrir að útgjöld verði nánast óbreytt á milli ára, en á móti aðhaldsaðgerðum sem nema um 0,6 mia.kr. koma auknar útgjaldaskuldbindingar og niðurfellingar sem nema svipaðri upphæð. Til hækkunar á árinu 2011 munar mest um auknar ríkisábyrgðir sem nema 0,7 mia.kr. og aukin útgjöld sem fjármögnuð eru með ríkistekjum en þau nema um 0,5 mia.kr., en til lækkunar á næsta ári munar mest um 0,4 mia.kr. framlag vegna markaðsátaks í ferðamálum vegna eldgossins í Eyjafjallajökli, en um er að ræða einskiptis framlag í ár sem ekki er gert ráð fyrir á næsta ári. Í málaflokknum önnur ríkisútgjöld hækka fjárframlög á milli ára um 1,6 mia.kr. eða 1,4% að raunvirði og munar þar mest um 1,9 mia.kr. hækkun á sjóði til að mæta ófyrirséðum og óvæntum útgjöldum á árinu 2011 samanborið við útgjaldamat fyrir árið 2010.

Eins og rakið er hér að framan í kafla 3.1 er áætlað að heildargjöld ársins 2010 verði 545,3 mia.kr. og að þau lækki um 32,1 mia.kr. á næsta ári skv. fjárlagafrumvarpinu þegar launa-, gengis- og verðlagshækkanir næsta árs eru frátaldar eða um 5,9%. Áætlað er að frumútgjöld ársins 2010 geti orðið um 471,3 milljarðar kr. og lækka frumútgjöldin milli ára um 33,2 mia.kr. að raunvirði sem svarar til 7,0% lækkunar.

Hér á eftir er farið yfir helstu breytingar sem gert er ráð fyrir að verði á útgjaldahliðinni árið 2011 miðað við endurskoðaða áætlun fyrir árið 2010 eftir hagrænni skiptingu í rekstur, vaxtagjöld, neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald og stofnkostnað.

Rekstrargjöld. Með rekstrargjöldum er átt við laun og önnur rekstrargjöld vegna kaupa á vörum og þjónustu í A-hluta ríkissjóðs að frádregnum sértekjum. Er hér um að ræða eiginlegan rekstur ríkissjóðs, t.d. rekstur mennta- og heilbrigðisstofnana og kaup ríkisins á þjónustu af einkaaðilum og sjálfseignastofnunum svo sem vegna reksturs hjúkrunarheimila. Rekstrargjöld ársins 2011 eru áætluð 204,4 milljarðar króna og lækka um 13,1 mia.kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2010 að raunvirði, en með launa- og verðlagshækkunum lækka þessi útgjöld um 11,7 mia.kr. Hefur þá verið tekið tillit til nokkurra atriða sem leiða af breyttri framsetningu á flokkun á milli rekstrargjalda og tilfærsluframlaga, en 1.199 m.kr. tilfærsluframlög S-merktra lyfja hafa verið færð sem rekstrargjöld og 523 mi.kr.

rekstrarframlag sem tilheyrir sjóði til að mæta ófyrirséðum og óvæntum útgjöldum hafa verið færð sem tilfærsluframlög í endurmati á útgjöldum ársins 2010. Nettóbreytingin er 676 milljónir kr., þ.e. rekstragjöld hækka um 676 milljónir kr. frá útgefnum fjárlögum og neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um sömu upphæð. Að frátöldum launa-, gengis- og verðlagsbreytinga lækka rekstrargjöld um 6,1% að raunvirði.

Ráðuneytum og stofnunum ríkisins er almennt ætlað að draga saman rekstur sinn um 9% frá fjárlögum 2009. Undantekningar eru annars vegar hjá háskólum þar sem markmiðið er 7,5% að meðaltali og hjá velferðarstofnunum, framhaldskólum og löggæsluaðilum þar sem markmiðið er 5%. Ekki er gert ráð fyrir neinni fjölgun starfa né framlögum í tengslum við fjölgun nemenda á framhalds- og háskólastigi ef undan er skilið 90 m.kr. framlag sem ætlað er að mæta fjölgun nemenda sem eru yngri en 18 ára. Þá er ekki gert ráð fyrir að hækkun verði á launum ríkisstarfsmanna á árinu 2011 eins og nánar er fjallað í kafla um verðlagsforsendur frumvarpsins hér fyrir framan.

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Undir þennan flokk útgjalda falla almannatryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur, vaxtabætur, beinar greiðslur til bænda og aðrar greiðslur samkvæmt samningum um búvöruframleiðslu og aðrar tekjutilfærslur til einstaklinga. Hér er einnig um að ræða rekstrartilfærslur til fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisaðila utan A-hluta ríkissjóðs svo sem til fyrirtækja í B-hluta og lánasjóða í C-hluta. Samtals eru neyslu- og rekstrartilfærslur áætlaðar um 209,8 mia.kr. á árinu 2011 og lækka um 9,3 mia.kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2010. Hefur þá verið tekið tillit til breyttrar flokkunar á milli rekstrargjalda og tilfærsluframlaga, sbr. skýringar við rekstargjöld hér á undan. Þegar gengis- og verðlagshækkanir eru undanskildar lækka neyslu- og rekstrartilfærslur um 8,4 mia.kr. eða sem svarar til 3,8% að raunvirði milli ára.

Útgjöld sjúkratrygginga lækka um 2,3 mia.kr., sem m.a. skýrist af hagræðingaraðgerðum upp á 0,8 mia.kr., gengisbreytingum sem lækka framlög um 0,6 mia.kr. miðað við áætlun 2010 og umframgjöldum vegna sjálfstætt starfandi sérfræðilækna sem áætluð eru um 1,0 milljarður kr., en samningar sérfræðilækna verða lausir á árinu 2011. Á móti lækkun útgjalda er magnaukning vegna almennra lyfjakaupa sem nemur um 0,1 mia.kr. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lækkar um 2,2 mia.kr., vaxtabætur lækka um 2,0 mia.kr. og barnabætur um 1,3 mia.kr. sem ætlunin er m.a. að ná fram með því að lækka bætur til hinna tekjuhærri. Framlög til Fæðingarorlofssjóðs lækka um 0,9 mia.kr. og framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs lækkar um 0,6 mia.kr. vegna minna atvinnuleysis. Á móti hækka útgjöld vegna lífeyristrygginga um 1,5 mia.kr. vegna fjölgunar bótaþega og vegna skerðingar á lífeyrisgreiðslum úr almennum lífeyrissjóðum en þar sem þær eru tekjutengdar við greiðslur lífeyristrygginga hækka útgjöld lífeyristrygginga þegar lífeyrissjóðsgreiðslur lækka. Aðrir liðir lækka samtals um 0,5 mia.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur[1] 2008	Reikningur[1] 2009	Fjárlög 2010	Áætlun 2010	Frumvarp 2011
Rekstrargjöld	**236.704**	**210.791**	**215.426**	**216.145**	**204.449**
Laun	118.490	119.883	119.276	119.589	114.212
Lífeyrisskuldbindingar	40.494	432	5.327	5.327	5.434
Fjármagnstekjuskattur	2.723	4.655	4.647	3.207	2.600
Önnur gjöld	114.692	125.604	118.148	120.414	116.022
Sértekjur	-39.695	-39.782	-31.971	-32.391	-33.819
Fjármagnskostnaður	**35.496**	**84.342**	**94.320**	**74.019**	**75.061**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**184.450**	**236.830**	**220.776**	**219.076**	**209.803**
Lífeyristryggingar	43.610	46.297	48.652	45.797	47.258
Atvinnuleysistryggingasjóður	4.879	25.538	27.805	25.741	25.096
Sjúkratryggingar	22.158	25.990	22.809	24.321	22.007
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	12.394	11.802	13.645	14.289	12.118
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	10.416	10.709	10.812	11.062	10.995
Afskriftir skattkrafna	11.529	27.551	10.000	10.000	10.000
Vaxtabætur	7.013	10.429	10.070	11.796	9.800
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	7.902	9.603	10.703	9.333	9.427
Barnabætur	8.875	10.085	10.100	10.450	9.200
Fæðingarorlofssjóður	9.539	10.274	9.532	9.532	8.607
Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.768	6.820	8.985	8.415	8.272
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	1.493	2.187	2.358	2.496	2.457
Framlag til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga	2.957	2.857	2.630	2.630	2.394
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	35.919	36.688	32.674	33.213	32.173
Viðhald	**7.029**	**8.408**	**7.966**	**9.031**	**7.895**
Vegakerfi	3.463	4.760	4.679	4.679	4.679
Annað	3.566	3.647	3.287	4.352	3.216
Stofnkostnaður	**26.594**	**31.355**	**17.611**	**21.339**	**12.812**
Vegakerfi	18.114	15.405	8.976	12.276	5.976
Háskólar og framhaldskólar	1.547	1.165	1.218	1.599	954
Heilbrigðisstofnanir	1.176	1.568	732	911	569
Flugvellir	1.297	902	258	258	229
Annað	4.460	12.315	6.427	6.295	5.084
Fjármagnstilfærslur	**199.082**	**7.057**	**4.626**	**5.681**	**3.779**
Hafnarframkvæmdir	1.464	744	699	850	527
Ofanflóðasjóður	808	638	553	953	365
Leiguíbúðir	1.100	1.100	436	436	236
Menningastofnanir	177	415	66	66	41
Tapaðar kröfur	192.185	0	0	0	0
Annað	3.347	4.161	2.872	3.377	2.611
Gjöld samtals	**689.355**	**578.782**	**560.724**	**545.291**	**513.800**

[1] Fjárhæðir aðlagaðar vegna flokkunar á Ríkisútvarpi og kirkjugörðum undir rekstur í stað tilfærslna áður

Fjármagnskostnaður. Áætlað er að gjaldfærðir áfallnir vextir af skuldum ríkissjóðs verði 75,1 mia.kr. á næsta ári og hækki um 1,0 mia.kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2010. Vaxtakostnaður vegna eiginfjármögnunar viðskiptabankanna, sem áætlaður er 14,4 mia.kr. í ár, lækkar um 2,1 mia.kr. á milli ára vegna áætlaðra lækkun vaxta. Á móti eykst vaxtakostnaður vegna lántöku hjá samstarfsþjóðum til styrkingar gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans um 1,6 mia.kr. á næsta ári og er vaxtakostnaður alls áætlaður 4,7 milljarðar króna. Vegna áætlaðra lækkun vaxta er miðað við að vaxtagjöld vegna ríkisverðbréfa lækki um 0,4 mia.kr. frá fyrra ári þrátt fyrir halla á rekstri ríkissjóðs og aukna útgáfu.

Viðhaldsverkefni. Framlög til viðhaldsverkefna eru áætluð 7,9 mia.kr. og lækka um 1,1 mia.kr. frá árinu 2010, en í ár hefur auknu fjármagni verið varið til mannaflsfrekra framkvæmda, t.d. viðhald á opinberum byggingum, til að draga úr atvinnuleysi.

Stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur eru áætlaðar 16,6 mia.kr. og lækka um 10,4 mia.kr. frá áætlun ársins. Framlag til vegaframkvæmda lækkar um 6,3 mia.kr. Þá fellur niður 1,0 mia.kr. framlag vegna byggingu Landeyjahafnar.

3.2.3 Aðhaldsaðgerðir árið 2011

Í þessum kafla er fjallað um sérstakar aðhaldsaðgerðir á útgjaldahlið fjárlaga 2011 en þær eru hluti af aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Áætlað er að aðgerðirnar lækki útgjaldahorfur um samtals 33 mia.kr. á næsta ári og jafngildir það um 7,4% lækkun á veltu fjárlaga 2010 þegar undanskilin eru vaxtagjöld og óreglulegir liðir á borð við afskriftir skattkrafna og lífeyrisskuldbindingar, með sama hætti og gert er í kafla 3.2.5 hér á eftir um þróun útgjalda ríkissjóðs. Aðgerðirnar felast í fyrsta lagi í sértækum ráðstöfunum til lækkunar á nokkrum útgjaldaþungum liðum sem nema samtals 10 mia.kr., s.s. vegaframkvæmdum, vaxtabótum og fæðingarorlofi. Því til viðbótar er með ákvörðun um afar aðhaldssama verðlagshækkun fjárveitinga frumvarpsins komið í veg fyrir um 5 mia.kr. útgjöld sem ella hefðu fallið til vegna hækkana á bótagreiðslum. Þetta tvennt gerir kleift að í öðrum almennum aðhaldsaðgerðum, sem nema samtals 18 mia.kr., er hægt að komast hjá því að skerða bætur almannatrygginga og að gerð er mun lægri aðhaldskrafa á framlög til sjúkratrygginga, heilbrigðisstofnana, stofnana fyrir fatlaða, framhaldsskóla og löggæslu.

Ráðuneytunum var í byrjun árs falið að undirbúa valkosti og tillögur um lækkun útgjalda sem næmi um 10% af heildar veltu. Í sumum ráðuneytum einkum þeim stærri, fór sá undirbúningur fram í sérstökum vinnuhópum um aðhaldsaðgerðir og einnig hafa ráðuneytin leitað eftir hugmyndum frá undirstofnunum. Auk þess hefur verið starfandi stýrihópur á vegum fjármálaráðuneytisins sem hefur það hlutverk annars vegar að taka saman og miðla leiðbeiningum um helstu úrræði sem hægt er að grípa til í hagræðingar- og sparnaðarskyni og hins vegar að skipuleggja með hvaða hætti samráð og samvinna milli forstöðumanna stofnana innbyrðist og við ráðuneytin eigi sér stað.

Hér á eftir er fjallað um beinar aðhaldsaðgerðir í fjárlagafrumvarpinu, sem nema samtals 28 mia.kr., eftir hagrænni skiptingu og með skiptingu á ráðuneyti og gerður samanburður við veltutölur fjárlaga 2010 að frádregnum vaxtagjöldum og óreglulegum liðum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Lækkun m.kr.	Velta 2010	Lækkun %
Rekstur	-12.720,8	204.776,0	-6,2%
Tilfærslur	-11.375,5	211.451,5	-5,4%
Viðhald og stofnkostnaður	-3.917,5	27.748,1	-14,1%
Samtals	**-28.013,8**	**443.975,6**	**-6,3%**

Rekstur. Sparnaðargerðir í rekstri nema samtals 12,7 mia.kr. Ráðgert er að lækka flesta þá útgjaldaliði sem heyra undir rekstur, þ.m.a. laun, ferðakostnað, aðkeypta þjónustu ofl. Misjafnt er hvernig ráðuneytin útfæra sparnaðaraðgerðir í rekstri en m.a. eru áform um að grípa til skipulagsbreytinga eins og með sameiningu stofnana og niðurfellingu verkefna.

Rekstrargrunnur, m.kr., rekstrarútgjöld	Lækkun m.kr.	Velta 2010	Lækkun %
Æðsta stjórn ríkisins	-188,5	3.334,8	-5,7%
Forsætisráðuneyti	-77,9	746,7	-10,4%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	-2.792,4	40.872,2	-6,8%
Utanríkisráðuneyti	-655,2	6.914,4	-9,5%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	-349,1	4.421,6	-7,9%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	-1.459,2	19.865,9	-7,3%
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	-1.423,1	26.295,9	-5,4%
Heilbrigðisráðuneyti	-3.888,0	75.758,7	-5,1%
Fjármálaráðuneyti	-631,4	10.361,8	-6,1%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	-704,1	7.835,1	-9,0%
Iðnaðarráðuneyti	-66,9	1.683,1	-4,0%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	-224,0	2.494,7	-9,0%
Umhverfisráðuneyti	-261,0	4.191,1	-6,2%
Samtals	**-12.720,8**	**204.776,0**	**-6,2%**

Markmið um samdrátt í rekstrarútgjöldum 2011 voru að ná fram 9% lækkun á veltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá framhaldsskólum, heilbrigðisstofnunum, stofnunum fyrir fatlaða og lögregluembættum. Taflan að ofan sýnir hvernig lækkun útgjaldanna skiptist á ráðuneyti. Ráðuneyti þar sem rekstrarveltan er að stærstum hluta í stjórnsýslu og eftirlitsstofnunum eru með hæstu hlutföllin í samdrætti útgjalda en það eru forsætisráðuneytið, utanríkisráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og efnahags- og viðskiptaráðuneytið. Forgangsröðun og sértæk útfærsla forsætisráðuneytis og utanríkisráðuneytis veldur því að áform um aðhaldsaðgerðir þar munu skila meira en 9% af rekstrarveltu fjárlaga 2010 í sparnaði. Heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið eru með lágt hlutfall aðhaldsaðgerða þar sem rekstrar-

velta þessara ráðuneyta eru að miklu leyti í heilbrigðis- og velferðarstofnunum. Lágt hlutfall hjá iðnaðarráðuneytinu skýrist á því að þar eru liðir sem teljast sem tilfærslur í fjárlögum en eru í reynd ígildi rekstrarliða og eru meðhöndlaðir sem slíkir í aðhaldsútfærslunni. Iðnaðarráðuneytið er því með umfangsmeiri aðhaldsaðgerðir á tilfærsluliðum sem vega á móti lágu hlutfalli aðhaldsaðgerða á rekstrarliðum ráðuneytisins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Aðgerðir til lækkunar á neyslu- og rekstrartilfærslum nema samtals 11,4 mia.kr. frá fjárlögum 2010. Aðhaldsráðstafanirnar fela í sér breytingar í bótakerfum, lækkun á sérstökum viðbótarframlögum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, skerðingu ýmiss úthlutunarliða og styrkja o.fl.

Rekstrargrunnur, m.kr., tilfærslur	Lækkun m.kr.	Velta 2010	Lækkun %
Æðsta stjórn ríkisins	-5,0	60,3	-8,3%
Forsætisráðuneyti	-2,6	133,5	-1,9%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	-479,4	16.883,2	-2,8%
Utanríkisráðuneyti	-132,8	4.852,8	-2,7%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	-593,9	14.324,9	-4,1%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	-262,5	3.006,7	-8,7%
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	-2.298,2	99.749,1	-2,3%
Heilbrigðisráðuneyti	-796,0	25.602,5	-3,1%
Fjármálaráðuneyti	-3.434,0	23.387,8	-14,7%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	-2.933,0	16.452,3	-17,8%
Iðnaðarráðuneyti	-387,1	4.146,0	-9,3%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	-4,0	563,1	-0,7%
Umhverfisráðuneyti	-47,0	2.289,3	-2,1%
Samtals	**-11.375,5**	**211.451,5**	**-5,4%**

Í krónum talið kemur stærstur hluti af ráðstöfunum til að draga úr tilfærsluútgjöldum fram hjá fjármálaráðuneytinu eða 3,4 mia.kr. en undir það ráðuneyti heyra barnabætur og vaxtabætur og áform eru um að draga úr útgjöldum á þessum liðum. Hlutfallslega er lækkunin mest hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og er það fyrst og fremst vegna aðgerða til að lækka útgjöld vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga önnur en lögboðin framlög. Í töflunni hér á eftir er nánari skipting á aðhaldsaðgerðum eftir helstu tilfærsluliðum.

Rekstrargrunnur, m.kr., tilfærsluliðir	Lækkun m.kr.	Velta 2010	Lækkun %
Lífeyristryggingar	-700,0	59.355,0	-1,2%
Atvinnuleysistryggingasjóður	-500,0	26.030,0	-1,9%
Sjúkratryggingar	-789,0	24.008,0	-3,3%
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	-2.756,0	13.645,0	-20,2%
Barnabætur	-1.200,0	10.100,0	-11,9%
Vaxtabætur	-2.200,0	10.070,0	-21,8%
Fæðingarorlofssjóður	-1.000,0	9.013,0	-11,1%
Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	-188,5	1.129,8	-16,7%
Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	-162,0	1.800,0	-9,0%
Ýmislegt	-1.880,0	56.300,7	-3,3%
Samtals	**-11.375,5**	**211.451,5**	**-5,4%**

Viðhald og stofnkostnaður. Ráðstafanir til lækkunar á viðhaldi og stofnkostnaði nema samtals 3,9 mia.kr. Mestur er samdrátturinn í vegaframkvæmdum eða um 3 mia.kr. Hlutfallslega eru dregið mest úr útgjöldum hjá umhverfisráðuneytinu en þar eru áform um að draga verulega úr framkvæmdum í Vatnajökulsþjóðgarði og á vegum Ofanfljóðssjóðs.

Rekstrargrunnur, m.kr., stofnkostnaður	Lækkun m.kr.	Velta 2010	Lækkun %
Æðsta stjórn ríkisins	-3,5	132,6	-2,6%
Forsætisráðuneyti	-8,0	105,4	-7,6%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	-355,7	2.607,9	-13,6%
Utanríkisráðuneyti	-12,0	118,0	-10,2%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	-16,0	160,4	-10,0%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	-32,8	2.139,2	-1,5%
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	-141,5	2.782,7	-5,1%
Heilbrigðisráðuneyti	-101,0	1.012,0	-10,0%
Fjármálaráðuneyti	-52,0	2.601,0	-2,0%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	-3.087,0	15.567,7	-19,8%
Iðnaðarráðuneyti	0,0	0,0	-
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	0,0	0,0	-
Umhverfisráðuneyti	-108,0	521,2	-20,7%
Samtals	**-3.917,5**	**27.748,1**	**-14,1%**

3.2.4 Endurskipulagning stjórnsýslu og þjónustu ríkisins

Í skýrslu fjármálaráðherra um jöfnuð í ríkisfjármálum frá 2009 kemur fram að talsverðum hluta af lækkun rekstrarkostnaðar næstu ára verði náð með aukinni hagræðingu í starfsemi ríkisins svo sem með endurskipulagningu stofnanakerfisins, verkefnaflutningi og sameiningu ráðuneyta og stofnana ásamt endurmati þeirra verkefna sem verið er að sinna. Voru hagræðingaráformunum sett skýr markmið um að ekki yrði ráðist í breytingar nema þær skiluðu rekstarsparnaði sem næmi um 5–10% af veltu, sem náist með náttúrulegri fækkun starfsmanna, aukinni samlegð og stærðarhagkvæmni.

Unnið hefur verið eftir þessum markmiðum og samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, en þar er kveðið á um umtalsverðar stjórnkerfisbreytingar og umbætur í því skyni að gera þjónustu hins opinbera við almenning og atvinnulíf eins góða og kostur er með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni. Það eru þó ekki eingöngu fjárhagslegir hvatar sem liggja að baki endurskipulagningu opinberrar þjónustu á ákveðnum sviðum. Hún er líka nauðsynleg og tímabær vegna breytinga sem orðið hafa á þörfum fólks í samfélaginu, byggðaþróun, atvinnuháttum, samgönguleiðum og fjarskipta- og tækniþróun. Þá er ljóst að þróun í upplýsingatækni hefur skapað forsendur til þess að endurskoða margvíslega starfsemi á vegum hins opinbera. Markmiðið er að forgangsraða í ríkisrekstrinum með nýjum hætti, verja grunnþjónustu, auka skilvirkni í ríkisrekstri með stærri og hagkvæmari einingum, einfalda stjórnsýslu og bæta þjónustu, endurskoða verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og gera ríkiskerfið betur í stakk búið til að takast á við breytingar.

Endurskipulagning opinberrar þjónustu tengist einnig víðtækari áformum ríkisins sem fram koma í svonefndir sóknaráætlun 20/20 en hún felur í stefnu um hvernig styrkja megi menntun og menningu, nýsköpun og þróun, umhverfismál og samfélagslega innviði. Bæta á samkeppnishæfni landsins og einstakra landshluta og móta heildstæða atvinnustefnu. Skilvirk, einföld og hagkvæm opinber þjónusta styður við þetta markmið ríkisstjórnarinnar.

Flest ráðuneytin hafa farið yfir þau verkefni sem þau sinna og greint möguleika til einföldunar og hagræðingar í rekstri. Þegar hafa opinber hlutafélög á sviði flugvallarekstrar og flugleiðsöguþjónustu verið sameinuð. Skattstofum hefur verið fækkað úr 10 í 1 og lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp þess efnis að fækka lögregluembættum úr 15 í 6. Varnarmálastofnun verður lögð niður um áramótin og verða verkefni hennar endurskoðuð og færð til innan stjórnkerfisins. Lagt hefur verið fram frumvarp um sameiningu fjögurra samgöngustofnana í tvær og einnig frumvarp um sameiningu þriggja slysarannsóknarnefnda í eina samgönguslysarannsóknarnefnd. Lagt hefur verið fram frumvarp um sameiningu Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlitsins. Þá er stefnt að fækkun sýslumannsembætta úr 25 í sjö, unnið að sameiningu Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar og endurskoðun á fyrirkomulagi lyfjamála sem nú er sinnt af fimm aðilum innan ríkisins. Ætlunin er að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaga um næstu áramót og einnig er stefnt að flutningi á öldrunarþjónustu til sveitarfélaganna.

Þjóðskrá og Fasteignaskrá Íslands voru sameinaðar í júlí 2010 og er ætlunin að koma á fót upplýsingatæknimiðstöð ríkisins sem sér um tæknilegan rekstur opinberra grunnskráa, hefur umsjón með miðlægum verkefnum á sviði upplýsingatækni og veitir ráðgjöf til ráðuneyta og ríkisstofnana um upplýsingatæknimál. Markmið er að lækka útgjöld með betri nýtingu mannafla, skipulags og upplýsingatæknikerfa og hins vegar að auka skilvirkni og bæta þjónustu við notendur með aukinni samræmingu og samvirkni, meiri sveigjanleika og samnýtingu lausna. Frumathuganir gefa til kynna að hægt sé að ná verulegri hagræðingu með þessari tilhögun.

Í september 2010 samþykkt Alþingi frumvarp um fækkun ráðuneyta úr 12 í 10 þannig að 1. janúar 2011 verða til tvö ný ráðuneyti á grunni fjögurra áður. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og dómsmála- og mannréttindaráðuneytið verða lögð niður og sett á laggirnar innanríkisráðuneyti í stað þeirra. Þá verða heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingarmálaráðuneytið aflögð en nýtt velferðarráðuneyti komið á fót. Þá eru áformaðar frekari breytingar með sameiningu iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis í nýtt atvinnuvegaráðuneyti þegar á næsta ári og einnig verður þá staða umhverfismála styrkt innan stjórnarráðsins með nýju umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Eru þetta umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á Stjórnarráði Íslands síðan lögin um Stjórnarráðið voru sett árið 1969 og ákveðið að kveða á um heiti ráðuneyta í lögum. Sameining ráðuneyta mun hafa áhrif á þær stofnanir sem undir þau heyra og verður stofnanakerfið endurskoðað í ljósi breyttra áherslna og ætti að vera mörg tækifæri til þess að nýta fjármuni betur.

Hafa verður í huga að oft kemur fjárhagsleg hagræðing af kerfisbreytingum eins og sameiningum stofnana og endurskipulagningu á verkefna þeirra ekki fram fyrr en eftir nokkurn tíma. Ríkisstjórnin hefur í þessari vinnu lagt miklu áherslu á að horft verði nokkur ár fram í tímann við undirbúning og framkvæmd slíkra breytinga en að sem fyrst verði teknar ákvarðanir sem unnt verði að vinna út frá.

3.2.5 Þróun útgjalda ríkissjóðs

Áætlað er að frumútgjöld ríkissjóðs 2011 án óreglulegra liða verði 417,5 mia.kr. Frumútgjöld eru heildarútgjöld að frádregnum vaxtagjöldum. Óreglulegir liðir teljast vera: vaxtagjöld, afskriftir skattkrafna, lífeyrisskuldbindingar, fjármagnstekjuskattur, ríkisábyrgðir og tapaðar kröfur. Hér er um að ræða útgjaldaliði sem geta sveiflast mikið milli ára s.s. vegna hagþróunar eða eftir mati eftir á við reikningshaldslegt uppgjör og sem stjórnvöld geta ekki haft mikil áhrif á, a.m.k. ekki til skamms tíma. Við ákvörðun útgjaldaramma eru atvinnuleysisbætur og Jöfnunarsjóður sveitarfélaganna einnig undanskilinn sem óreglulegir liðir en það er ekki gert hér. Í frumvarpi 2011 nema óreglulegir liðir samtals 21,2 mia.kr. og hér er fjallað um útgjaldaþróun frumútgjalda án þeirra.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2011	% af heildarútgjöldum
Heildarútgjöld ríkissjóðs	513.800,0	100,0
Vaxtagjöld	-75.061,0	14,6
Afskriftir skattkrafna	-10.000,0	1,9
Lífeyrisskuldbindingar	-5.433,9	1,1
Fjármagnstekjuskattur	-2.600,0	0,5
Ríkisábyrgðir	-3.072,0	0,6
Tapaðar kröfur	-110,0	0,0
Frumútgjöld ríkissjóðs án óreglulegra liða	**417.523,1**	**81,3**

Á árunum 2002 til 2011 er áætlað að frumútgjöldin hafi að meðaltali verið 444,9 mia.kr. án óreglulegra liða og að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Frumútgjöld á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs hækkuðu samfellt frá árinu 2002 til ársins 2009 en áætlað er að útgjöld áranna 2010 og 2011 lækki samtals að raunvirði um 85,6 mia.kr. frá árinu 2009. Áætluð lækkun frumútgjalda á milli áranna 2010 og 2011 nemur um 48,5 mia.kr. á raunvirði. Miðað við áætlun frumvarpsins fyrir árið 2011 hækka frumútgjöld um 33,8 mia.kr. eða um 9% á raunvirði frá árinu 2002. Neyslu- og rekstrartilfærslur munu hafa hækkað mest á þessu tímabili eða um 41,2 mia.kr. að raunvirði sem jafngildir 26% hækkun og skýrist það m.a. af háu atvinnuleysi og auknum útgjalda til almannatrygginga. Rekstrarútgjöld hækka um 4,2 mia.kr. að raunvirði frá árinu 2002 eða um sem nemur 2%. Viðhald og fjárfestingar munu hins vegar lækka um 11,7 mia.kr. að raunvirði frá árinu 2002 eða um 35%.



Undanfarin tíu ár hafa frumútgjöld ríkissjóðs verið á bilinu 25–30% af vergri landsframleiðslu (VLF). Áætlað er að útgjöldin á næsta ári verði um 25% af VFL. Á árunum 2002–2011 er áætlað að frumútgjöld ríkissjóðs án óreglulegra liða nemi að meðaltali um 28%. Sé litið til þróun einstakra útgjaldaþátta þá er áætlað að rekstrarútgjöld ríkissjóðs verði tæp 12% af VLF en meðaltal síðustu 10 ára er rúm 13% af VFL. Áætlað er að neyslu- og rekstrartilfærslur verði tæp 12% af VFL sem er svipað og meðaltal síðustu 10 ára. Fjárfestingar ríkissjóðs verða tæp 1% af VFL en meðaltal síðustu 10 ára nemur tæp 2% af VFL.



Annar mælikvarði á þróun útgjalda eru frumútgjöld ríkissjóðs á mann. Áætlað er að frumútgjöld á mann verði um 1.321 þús.kr. á næsta ári án óreglulegra liða. Gert er ráð fyrir að frumútgjöld á mann hafi að meðaltali verið 1.464 þús.kr. á árunum 2002 til 2011. Í heild

er áætlað að frumútgjöld á mann hafi lækkað um 19 þús.kr. eða um rúmlega 1% á raunvirði á milli áranna 2002 til 2011. Neyslu- og rekstrartilfærslur á mann hafa hækkað um 14% frá árinu 2002 en rekstrarútgjöld mann hafa hins vegar lækkað um rúm 7% á sama tímabili.



3.2.6 Traustari umgjörð fjárlaga

Góður trúverðugleiki fjárlaga hefur afgerandi þýðingu á tímum mikils og nauðsynlegs aðhalds í útgjöldum ríkissjóðs. Trúverðugleiki útgjalda fjárlaga er m.a. kominn undir vilja og getu ríkisstjórnar, ráðuneyta og stofnana til að halda útgjöldum ríkissjóðs innan heimilda fjárlaga. Alþingi og stofnanir þess hafa einnig mikilvægu hlutverki að gegna við eftirlit með að framkvæmd fjárlaga verði í samræmi við ákvarðanir Alþingis. Stjórnvöld hafa sett fram markmið um að styrkja regluverk fjármálastjórnar ríkisins og ráðast í margvíslegar umbætur sem snúa að framkvæmd fjárlaga. Unnið hefur verið að þessum markmiðum í þeim tilgangi að auðvelda forstöðumönnum stofnana og ráðuneytum eftirfylgni með útgjöldum.

Almennt gildir að forstöðumaður stofnunar er ábyrgur fyrir því að reksturinn sé innan heimilda fjárlaga. Telji forstöðumaður hættu á að útgjöldin fari umfram heimildir ber honum að tilkynna það sínu ráðuneyti. Ráðuneytinu er ætlað í samvinnu við forstöðumann stofnunar að leita leiða til að tryggja fjárhagslegan rekstur stofnunar.

Í 37. gr. fjárreiðulaga er að finna heimild til að geyma ónýttar fjárheimildir og draga skuldir frá fyrra ári að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra. Yfirfærsla innstæðna og skulda var tekin upp á árinu 1992 í því skyni að auka fjármálalega ábyrgð í kerfinu. Stofnanir þurftu þar með að axla ábyrgð á umframútgjöldum en gátu jafnframt gert ráð fyrir því að ef þær skiluðu afgangi yrði hann ekki af þeim tekinn. Á undanförnum árum hefur yfirfærslan verið unnin á grundvelli verklagsreglna sem kynntar hafa verið ráðuneytum og samstaða er um. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkisfjármála hafa verið kynntar viðmiðanir sem miða að því að draga úr yfirfærslu fjárheimilda án þess að það dragi úr gildi heimildanna sem tæki til aðhalds og stöðugleika í rekstri stofnana ríkisins. Almennt er miðað við svipað verklag og verið hefur varðandi tilfærsluframlög og stofnkostnað eins og þær reglur hafa verið settar fram í frumvörpum til lokafjárlaga. Hvað varðar uppsafnaðar fjárheimildir til almenns rekstrar sérstaklega hefur verið tekið upp breytt viðmið um að afgangur umfram 4% af veltu falli niður, nema sérstakar ástæður séu til annars. Við innleiðingu þessara reglna var þó tekið mið af aðstæðum og sýndur sanngjarn sveigjanleiki í

framkvæmd. Í þeim tilvikum hefur verið miðað við að yfirfærðar fjárheimildir geti orðið að hámarki 10% rekstrarfjárveitinga á ársgrundvelli. Mestu skiptir þó í þessu sambandi að nú er farið vandlegar yfir ástæður fyrir ónotuðum fjárheimildum og lagt mat á þörf fyrir hugsanlegan flutning þeirra milli ára.

Í fjárlagafrumvarpinu er að finna 5 mia.kr. safnlið, eins konar varasjóð, sem fjármálaráðherra er heimilt að nota til að bregðast við ófyrirséðum eða óvæntum útgjöldum á fjárlagaárinu án þess að það raski útgjaldahlið fjárlaga. Varasjóðurinn er eitt þeirra tækja sem er ætlað að styrkja trúverðugleika fjárlaga og draga úr hættu á að útgjöld fari umfram heimildir í fjárlögum. Þessi fjárheimild er fyrst og fremst ætluð til þess að mæta hugsanlegum frávikum í gengis- og verðlagsforsendum frumvarpsins. Vegna annarra skuldbindinga ríkisins verður sjóðnum einungis ætlað að mæta útgjöldum sem eru óhjákvæmileg og voru ófyrirséð við afgreiðslu fjárlaga.

Í langtímaáætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum, sem kynnt er í kafla 3 í fyrri hluta fjárlagafrumvarpsins, eru settir bindandi heildarútgjaldarammar þar sem gengið verður út frá römmum á nafnvirði fyrstu tvö árin. Árleg fjárlagagerð ráðuneyta mun því fara fram á grundvelli þessara ramma. Þetta er talið vera afar þýðingarmikið skref í átt til þess að styrkja umgjörð fjárlagagerðarinnar. Margir aðilar, þ.m.t. alþjóðastofnanir, sem fylgjast með ríkisfjármálum hér á landi hafa talið þetta breytta verklag vera lykilatriði í að auka trúverðugleika fjárlaganna frá því sem verið hefur.

Útgjaldaramminn fyrir hvert ár felur í sér áætlaðar launa-, gengis- og verðlagsbreytingar. Næstu tvö árin er gert ráð fyrir að ramminn verði bindandi á nafnvirði ef frávik frá verðlagsforsendum verða innan við 1,5% en annars geti viðeigandi útgjaldaþættir komið til endurskoðunar. Eins og áður segir miðast langtímaáætlunin við að mynduð verði árlega óskipt fjárheimild sem nemur 5 mia.kr. til að mæta ófyrirséðum og óhjákvæmilegum verðfrávikum og skuldbindingum á hverju ári. Að öðru leyti verða allar ákvarðanir og frávik að rúmast innan heildarrammans. Heildarrammanum verður því ekki breytt á síðari stigum þannig að mæta verður hækkunum sem kunna að verða ákveðnar á útgjöldum einstakra málaflokka ríkisstarfseminnar með jafnmikilli lækkun annarra málaflokka. Útgjaldarammar fyrir árin 2013 og 2014 geta komið til endurskoðunar vegna undirbúnings fjárlagafrumvarps ársins 2013 með tilliti til launa- og verðlagsforsendna og hugsanlegra breytinga á aðstæðum.

3.2.7 Rannsóknir og þróunarstarf

Stefna Vísinda- og tækniráðs frá 19. desember 2009 sem gildir út árið 2012 byggir á þremur leiðarljósum: samvinnu og samnýtingu; gæðum og ávinningi og alþjóðlegum vísindum og nýsköpun. Unnið er að framkvæmd stefnunnar með ýmsum hætti.

Í samræmi við þessar áherslur hefur mennta- og menningarmálaráðherra sett fram stefnu um að standa vörð um starfsemi opinberu háskólanna með því að stofna samstarfsnet þeirra með hugsanlega sameiningu í huga. Markmiðið er þríþætt: Í fyrsta lagi að efla

háskólakennslu, rannsóknir og nýsköpun til styrktar framtíðaruppbyggingu íslensks samfélags. Í öðru lagi að hagræða í rekstri háskólanna þannig að fjármunir nýtist sem allra best. Í þriðja lagi að halda uppi öflugri og fjölbreyttri háskólastarfsemi víðs vegar á landinu. Verkefnisstjórn skipuð fulltrúum opinberu háskólanna vinnur að framkvæmd stefnunnar.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur einnig skipað gæðaráð sem í sitja erlendir sérfræðingar til að annast gæðaeftirliti með kennslu og rannsóknum við háskóla.

Þá hefur starfshópur mennta- og menningarmálaráðherra skilað áfangaskýrslu um þekkingarsetur á Íslandi. Þar er fjallað um 189 setur sem starfa ýmist að menningarmálum, háskólamálum og símenntun eða eru hluti af stoðkerfi atvinnulífsins. Hjá þeim vinna 864 manns í u.þ.b. 550 störfum og námu tekjur setranna um 5 mia.kr. árið 2009 en þar af námu framlög ríkisins helmingi.

Við fjárlagagerð hefur verið leitast við að hlífa rannsóknarsjóðum sem veita verkefnastyrki á grundvelli umsókna sem standast gæðamat og snúa verkefnum sem unnin eru í samstarfi háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Þetta er talin vera ein helsta forsenda öflugs rannsóknar- og nýsköpunarstarfis.

Rannsóknamiðstöð Íslands kannar annað hvort ár hversu miklu fé er varið til rannsókna og þróunarvinnu og hvernig því er ráðstafað. Síðustu tölur eru fyrir árið 2007 en tölur fyrir árið 2009 eru í vinnslu um þessar mundir. Fjárlagafrumvarp, fjárlög og ríkisreikningur eru yfirfarin árlega í sama tilgangi, meðal annars með hliðsjón af niðurstöðu nýjustu könnunar hverju sinni. Efnahagsforsendur hér á landi hafa breyst verulega frá árinu 2007 og því þarf að hafa fyrirvara varðandi forsendur frá 2007 sem beitt er á tölur sem birtar eru hér um árin 2008 til og með 2011.

Niðurstaða Rannsóknamiðstöðvarinnar er sú að útgjöld landsmanna til rannsókna og þróunar hafi verið um 35 mia.kr. á árinu 2007. Þar af hafi útgjöld ríkisaðila verið um 15 mia.kr. eða 43%. Ríkissjóður er talinn hafa fjármagnað tæplega 14 mia.kr. rannsóknaumsvif í landinu eða um 40%, fyrirtæki lögðu til rúmlega helming og 10% komu erlendis frá. Af framlagi ríkisins fóru um það bil 12,2 mia.kr. í rannsóknaútgjöld hjá ríkisaðilum. Áætlað er að fjárhæðin hafi verið 16,3 mia.kr. árið 2009 og verði 14,5 mia.kr. á árinu 2011 samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Skipting eftir ráðuneytum er sýnd í töflu.

Verðlag hvers árs, m.kr.	Reikn. 2003	Reikn. 2004	Reikn. 2006	Reikn. 2007	Reikn. 2009	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Mennta- og menningarmálaráðun.	4.740	4.788	5.717	7.763	10.771	10.116	9.236
Sjávarútvegs- og landbúnaðarr.	1.558	1.694	2.391	2.032	2.469	2.394	2.201
Heilbrigðisráðuneyti	747	946	1.074	1.173	1.283	1.247	1.217
Iðnaðarráðuneyti	314	483	720	705	972	1.051	983
Umhverfisráðuneyti	432	369	361	397	614	683	653
Önnur ráðuneyti	353	197	155	170	212	189	189
Fjárveitingar ríkisins	**8.144**	**8.477**	**10.418**	**12.240**	**16.321**	**15.680**	**14.479**

Rannsóknamiðstöðin metur einnig ríkisframlög til rannsókna og þróunar eftir viðtakendum og er niðurstaðan sýnd í töflu.

Verðlag hvers árs, m.kr.	Reikn. 2003	Reikn. 2004	Reikn. 2006	Reikn. 2008	Reikn. 2009	Fjárlög 2010	Frv. 2011
Menntastofnanir	3.366	3.290	4.206	5.457	6.810	6.662	6.256
Opinberar rannsóknastofnanir	1.849	1.825	2.152	2.278	2.768	2.677	2.559
Rannís og sjóðir vistaðir þar	683	860	1.357	1.553	2.338	2.260	2.207
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna	1.435	1.553	1.735	1.611	1.756	1.648	1.488
Alþjóðlegar stofnanir, annað erlent	439	429	467	536	1.503	1.190	859
Sjóðir aðrir en í vörslu Rannís	153	254	242	632	928	980	882
Áætlanir og verkefni.	219	266	259	173	218	263	229
Samtals	**8.144**	**8.477**	**10.418**	**12.240**	**16.321**	**15.680**	**14.479**

Framlag vegna þátttöku í rammaáætlunum ESB á sviði rannsókna og þróunar skýrir stærsta hluta þess sem fellur undir alþjóðlegar stofnanir og annað erlent. Framlagið lækkar í frumvarpi 2011 vegna endurskoðunar á hagvaxtartölum og styrkingar á gengi íslensku krónunnar. Þess skal getið að Íslendingar fengu um 21 milljónir evra í rannsóknastyrki úr 7. rammaáætlun ESB á árunum 2007–2009 og að fengnir styrkir hafa í heildina verið nokkuð hærri en framlag Íslands til áætlunarinnar.

Skipting ríkisframlaga eftir viðfangsefnum rannsókna hefur einnig verið metin. Matið er vandasamt og því ekki eins nákvæmt og væri æskilegt, en samkeppnissjóðir og almenn þróun vísinda skarast við málaflokka sem er getið í töflunni og því ekki hægt að líta þannig á að um endanlega flokkun sé að ræða. Ástæðan er sú að flestir ríkisaðilar sem fást við rannsóknir sinna fleiri en einni tegund viðfangsefna auk þess sem skipting framlaga til rannsókna og þróunarstarfs er almennt ekki aðgreind frá öðrum útgjöldum þeirra í fjárlögum eða ríkisreikningi og þeim skipt eftir viðfangsefnum.

Verðlag hvers árs, m.kr.	Reikn. 2003	Reikn. 2004	Reikn. 2006	Reikn. 2008	Reikn. 2009	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Almenn þróun vísinda	3.387	3.302	3.762	4.914	6.402	6.186	5.795
RANNIS og sjóðir	683	864	1.363	1.560	2.346	2.266	2.216
Sjávarútvegur	900	881	1.127	1.929	2.165	2.104	1.929
Samfélagsgerð og samskipti	836	928	1.165	1.232	2.341	1.977	1.572
Heilsuvernd	825	905	1.053	1.173	1.272	1.204	1.178
Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi	606	651	1.051	780	1.000	984	920
Umhverfismál	279	316	299	318	381	465	463
Iðnaður	210	317	427	138	159	157	158
Orkumál	162	145	84	99	101	123	62
Samgöngur og skipulag	232	71	72	79	119	98	75
Ýmsir sjóðir sem styrkja rannsóknir	24	97	15	18	35	116	111
Samtals	**8.144**	**8.477**	**10.418**	**12.240**	**16.321**	**15.680**	**14.479**

Eins og á undanförnum árum er talið að stærsti hluti ríkisframlaga renni til almennrar þróunar vísinda. Stór hluti af rannsókna- og þróunarstarfi háskóla fellur undir þennan flokk.

Áherslur fyrirtækja verða ekki lesnar út úr töflunum hér að framan enda ráðstafa þau aðeins litlum hluta þess fjár sem ríkið leggur til rannsóknarmála. Talið er að árið 2007 hafi rúmlega 5% af útgjöldum íslenskra fyrirtækja til rannsókna og þróunar verið greiddar af opinberu fé, samanborið við 6,4% að meðaltali hjá OECD ríkjunum. Lög um skattaívilnanir til nýsköpunarfyrirtækja vegna kostnaðar við rannsókna- og þróunarstarf og til fjárfesta sem leggja fé í nýsköpunarfyrirtæki verður beitt í fyrsta sinn við álagningu árið 2010.

3.2.8 Íslenska upplýsingasamfélagið

Í frumvarpinu er áætlað fyrir útgjöldum til málefna upplýsingasamfélagsins í samræmi við stefnu stjórnvalda fyrir árin 2008–2012. Þetta er þriðja stefna stjórnvalda af þessu tagi og að þessu sinni er kjörorð hennar Netríkið Ísland. Markmið er að Ísland verði meðal fremstu þjóða í rafrænni stjórnsýslu og nýtingu upplýsingatækni. Stefnan byggir á þremur meginstoðum en þær eru skilvirkni, þjónusta og framþróun. Leitast hefur verið við að veita fjármagni í verkefni sem leiða til aukinnar sjálfsafgreiðslu, einfaldari og nútímavæddari stjórnsýslu. Í stað þess að fólk ferðist á milli stofnanna verði það gögnin sem flytjast á milli og þannig sparist tími og fyrirhöfn í samskiptum við hið opinberra.

Sú endurskipulagningarvinna sem ríkisstjórnin lagði upp með að gera á stjórnkerfi og stjórnsýslu er nú þegar hafin. Breytingarnar miða m.a. að fækkun ráðuneyta og undirstofnana þeirra samanber sameining skattstofa landsins, fækkun lögregluumdæma, dómstóla og embætta sýslumanna. Ennfremur er unnið að sameiningu eða samþættingu á stofnunum innan sviða velferðar-, samgöngu-, umhverfis- og atvinnumála. Aukið gegnsæi, upplýsingagjöf og samráð eru leiðarljós sem ríkistjórnin hefur sett sér að vinna eftir í breytingaferlinu. Til að slíkt gangi eftir og breytingarnar á stjórnsýslunni beri tilskyldan árangur mun enn frekar verða stuðst við upplýsingatækni. Hlutverk hennar mun því áfram verða veigamikið bæði í breytingaferlinu sjálfu og hjá þeim ráðuneytum og stofnunum sem koma til með að starfa eftir að því er að mestu lokið.

Samkvæmt frumvarpinu verður fjármagni veitt til 13 verkefna og eru fjárheimildirnar á bilinu 2–8 m.kr. hver.og lagt er til að samtals verður varið um 48 m.kr. til þeirra á næsta ári. Gert er ráð fyrir útgjöldunum á fjárlagaliðum viðkomandi aðila sem annast verkefnin. Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið mótar tillögu um hvaða verkefni eru fjármögnuð og leggur þær fyrir ráðherranefnd um ríkisfjármál. Endanleg ákvörðun um hvert verkefni er svo alltaf í höndum Alþingis.

Rekstrargrunnur, m.kr.		Frumvarp 2011
01-996-6.51	**Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta**	
	Opinberir vefir uppfylli skilyrði um aðgengi fatlaðra (A-vottun)	3
	Vakta þróun upplýsingasamfélagsins	5
02-299-1.90	**Háskóla og rannsóknarstarfsemi, háskólastarfsemi**	
	Námsferill frá grunnskóla til háskóla	4
02-319-1.11	**Framhaldsskólar, sameiginleg þjónusta**	
	Frjáls og opinn hugbúnaður í skólastarfi	2
02-999-1.98	**Ýmis framlög menntamálaráðuneytis**	
	Árveknipjónusta á bókasöfnum	3
06-313-1.01	**Lögreglan**	
	Lögreglustöð á netinu, m.a. tilkynningar til lögreglu	3
07-190-1.90	**Félagsmálaráðuneytið, ýmis verkefni**	
	Rafrænn samskiptavettvangur ráðuneytis og stofnana þess	2
07-821-1.01	**Tryggingastofnun ríkisins**	
	Tryggur, þjónustuvefur Tryggingastofnunar ríkisins	8
08-506-1.01	**Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**	
	Rafræn samskipti við skjólstæðinga heilsugæslustöðvar o.fl.	3
09-999-1.94	**Fjármálaráðuneyti, þróunarmál í upplýsingatækni**	
	Bakland rafrænnar stjórnsýslu verði styrkt	3
	Innleiðing á frjálsum og opnum hugbúnaði	5
	Auka aðkomu almennings að stefnumótun, reglusetningu o.fl.	5
12-190-1.90	**Viðskiptaráðuneyti, ýmis viðskipta- og bankamál**	
	Grunngerð rafrænna viðskipta	2
	Samtals	**48**

3.2.9 Safnliðir

Alþingi ákveður fjárframlög til einstakra verkefna og stofnana og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Nauðsynlegt er þó fyrir framkvæmdarvaldið að hafa ákveðinn sveigjanleika innan ársins til að mæta breytingum á forsendum frá samþykkt fjárlaga og færa fjárheimildir á þá fjárlagaliði þar sem stofnað er til þeirra. Þannig eru í frumvarpinu tilteknir safnliðir með óskiptum fjárheimildum sem venja hefur verið að ráðstafa innan ársins með millifærslu á aðra fjárlagaliði án þess að sækja þurfi til þess heimild Alþingis enda er heildarfjárheimild óbreytt eftir sem áður. Í lok greinargerðar um hvert ráðuneyti í skýringum með frumvarpinu er yfirlit yfir slík viðfangsefni með óskiptum fjárheimildum sem ætlaðar eru til að mæta ýmsum sameiginlegum eða ófyrirséðum kostnaði tilteknina verkefna. Fjárheimildir eru millifærðar af þessum viðfangsefnum á önnur viðfangsefni þar sem viðkomandi kostnaður er gjaldfærður miðað við framvinduna innan ársins. Eru millifærslurnar í samræmi við þær forsendur og þau verkefni sem liðirnir ná yfir. Má þar t.d. nefna safnliði vegna fjárfestinga, ófyrirséðra útgjalda, sameiginleg útgjöld vegna heimildagreinar fjárlaga, ráðstöfunarfé ráðherra og safnliði fyrir vissa flokka samstæðra stofnana til að mæta breytingum á forsendum um t.d. nemendafjölda eða nýtingu hjúkrunarrýma o.fl. Verði breytingar á forsendum, t.d. um nýtingu hjúkrunarrýma, er millifært af viðkomandi

safnlið á viðkomandi hjúkrunarheimili ef nýtingin er meiri en áætlað var í fjárlögum en af hjúkrunarheimilinu á safnliðinn ef nýtingin reynist minni. Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimildir á milli einstakra rekstrarviðfangsefna hvers ríkisaðila í A-hluta. Er heimildin til komin þar sem áætlanir geta breyst um hvernig verkefni skipast innan hverrar stofnunar og ekki talin ástæða til að leggja hvert slíkt tilvik fyrir Alþingi. Ekki er um að ræða að heimilt sé að millifæra fjárheimildir ef t.d. verkefni er fært frá einni stofnun til annarrar eða ef áformað er að nota ónýtta stofnkostnaðarheimild til reksturs. Í slíkum tilvikum er sótt um breytingu til Alþingis í fjáraukalögum. Ekki er um að ræða breytingu á þeirri framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár. Var í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 í fyrsta sinn birt yfirlit yfir millifærsluliði hjá hverju ráðuneyti en ekki þótti nægjanlega skýrt við samþykkt fjárlaga hve víðtækar heimildir framkvæmdarvaldið hefði í þessum efnum. Fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis og því eðlilegt að við afgreiðslu fjárlaga liggi fyrir hvert svigrúm framkvæmdarvaldsins er til að millifæra fjárheimildir á milli fjárlagaliða innan ársins.

Fjármálaráðuneytið hefur gert viðmiðunarreglur um millifærslur fjárheimilda innan ársins og eru þær eftirfarandi:

Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimild milli einstakra rekstrarverkefna innan stofnunar enda séu verkefnin skilgreind í fjárlögum. Með ákvæðinu er komið á móts við sjónarmið um aukinn sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna sinna. Einnig eru í fjárlögum óskiptir safnliðir sem hafa verið notaðir til að mæta ýmsum sameiginlegum kostnaði og millifært er af milli fjárlagaliða. Er í fjárlagafrumvarpi birtur listi yfir þá liði. Tilvik, sem fela í sér greiðslu kostnaðarhlutdeildar, kaup eða sölu þjónustu milli verkefna, skulu hins vegar gerð með útgáfu reiknings sem færist til gjalda og tekna í bókhaldi á viðkomandi verkefni. Hvert ráðuneyti ber ábyrgð á millifærslu fjárheimilda samkvæmt reglum þessum og að fjárheimildir séu fyrir hendi en fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með millifærslunum og heldur skrá með skýringum um einstakar millifærslur.

1. Alþingi ákvarðar fjárheimildir einstakra fjárlagaliða og verkefna í fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum.

2. Eftir afgreiðslu fjárlaga er heimilt að millifæra fjárheimildir innan fjárlagaársins á milli einstakra rekstrarverkefna hvers ríkisaðila í A-hluta enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum, sbr. 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

3. Sé talið nauðsynlegt að millifæra fjárheimildir á fjárlagaliði eða viðfangsefni, sem ekki eru tilgreind í fjárlögum og stofna nýjan fjárlagalið eða viðfangsefni innan ársins, skal Fjársýsla ríkisins hafa samráð við fjárlagaskrifstofu um það.

4. Óheimilt er að millifæra fjárheimildir á milli framkvæmdaviðfangsefna (stofnkostnaðar- og viðhaldsviðfangsefna) og rekstrarviðfangsefna, sbr. lið 2, nema Alþingi veiti heimild til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

5. Tilteknir fjárlagaliðir og viðfangsefni eru skilgreind sem safnliðir með óskiptri fjárheimild og er þeim ætlað að mæta ýmsum kostnaði við sameiginleg verkefni ráðuneyta eða samstæðra stofnana. Sumir safnliðir fjárlaga eru ætlaðir til að millifæra fjárheimildir til stofnana þar sem framlög til þeirra eru ákvörðuð miðað við tilteknar forsendur um þjónustu eða framleiðslu og endanleg fjárheimild á að ráðast af uppgjöri á því magni þjónustu sem veitt er, svo sem fjölda nemenda eða legurýma. Heimilt er að millifæra fjárheimildir innan ársins af slíkum safnliðum til viðkomandi verkefna í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna eins og tilgreint er í fjárlagafrumvarpi.

6. Viðfangsefni fjárlaga, sem flokkast sem safnliðir, skulu einvörðungu notaðir til að flytja heimildir innan ársins á viðkomandi viðfangsefni þar sem efnt er til útgjaldanna og þau eru gjaldfærð. Sjálfir liðirnir skulu ekki notaðir til að færa gjöld eða tekjur í bókhaldi.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.514,5	3.334,8	3.230,8	-3	-8
Neyslu- og rekstrartilfærslur	73,1	60,3	55,3	-8	-24
Stofnkostnaður og viðhald	259,6	132,6	34,1	-74	-87
Samtals	**3.847,2**	**3.527,7**	**3.320,2**	**-6**	**-14**
Greitt úr ríkissjóði	-	3.527,7	3.320,2	-6	-
Innheimt af ríkistekjum	-			-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**3.527,7**	**3.320,2**	**-6**	-

Heildargjöld á fjárlagaliðum æðstu stjórnar ríkisins árið 2011 eru áætluð um 3.377 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 57 m.kr. en þær nema 1,7% af heildargjöldum. Gjöld umfram tekjur eru 3.320 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, á bls. 210, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu dragast útgjöld æðstu stjórnar ríkisins saman um 232 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2010 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum nemur lækkunin 207,5 m.kr. milli ára eða sem svarar til 5,9%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld um 197 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða breytingar til hækkunar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 sem nema 200 m.kr. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 235 m.kr. Nettólækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 35 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2011, sem eru áætlaðar 24,5 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 3.320,2 m.kr.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.230,8 m.kr. og lækka um 104 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem falla undir æðstu stjórn ríkisins eru lækkaðar alls um 188,5 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá velferðarstofnunum, fram-

haldskólum og löggæsluaðilum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá æðstu stjórn ríkisins nemur 5,7% af rekstrarveltu að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 200 m.kr. aukinni útgjaldaskuldbindingu vegna Stjórnlagaþings. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 140 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 24,5 m.kr. Í því sambandi er bent á að fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum ríkisstarfsmanna á næsta ári en það er liður í aðhaldsáformum til að draga úr hallarekstri ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir auknum launakostnaði sem stafar af hækkun til þeirra lægst launuðu sem tók gildi 1. júlí á yfirstandandi ári en gildir allt árið 2011.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 5 m.kr. og verða 55,3 m.kr. en eru 60,3 m.kr. í fjárlögum ársins 2010. Lækkunin nemur 8,3%.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 34,1 m.kr. og er það 98,5 m.kr. lækkun milli ára. Framlög lækka um 3,5 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 10% lækkun. Því til viðbótar falla niður 95 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundinna stofnkostnaðarverkefna.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda æðstu stjórnar ríkisins árið 2011 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins eftir málefnaflokkum



Fjárlagaliðir æðstu stjórnar ríkisins

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar á fjárveitingum stofnana og verkefna sem falla undir æðstu stjórn ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	168,3	188,3	174,0	-7,6	3,4
Alþingi	2.320,4	2.259,4	2.107,0	-6,7	-9,2
Framkvæmdir á Alþingisreit	194,6	95,0	0,0	-100,0	-100,0
Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008	215,5	100,0	0,0	-100,0	-100,0
Stjórnlagaþing	0,0	0,0	200,0	-	-
Ríkisstjórn	248,1	214,3	214,3	0,0	-13,6
Hæstiréttur	123,8	131,0	131,0	0,0	5,8
Umboðsmaður Alþingis	121,9	114,9	105,3	-8,4	-13,6
Ríkisendurskoðun	454,6	424,8	388,6	-8,5	-14,5
Samtals	**3.847,2**	**3.527,7**	**3.320,2**	**-5,9**	**-13,7**

101 Embætti forseta Íslands. Gert er ráð fyrir 174 m.kr. fjárveitingu til embættisins á næsta ári og jafngildir það 17 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Áformað er að lækka útgjöld í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Er í því sambandi lögð til 7,5 m.kr. lækkun fjárveitingar til almenns rekstrar og 9,5 m.kr. lækkun vegna opinberra heimsókna.

201 Alþingi. Gert er ráð fyrir 2.107 m.kr. framlögum til Alþingis og jafngildir það 171,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar eru af tvennum toga. Niður fellur 40 m.kr. tímabundið framlag sem veitt er í fjárlögum þessa árs vegna þings Norðurlandaráðs sem haldið verður á Íslandi í haust. Þá er lögð til 131,5 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna markmiðs ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Gera má þó ráð fyrir að í umfjöllun fjárlaganefndar um frumvarpið þurfi að athuga hvort skoða þurfi sérstaklega hvernig tilteknum þáttum í starfi Alþingis verður sinnt með tilliti til álags sem leiðir af miklum önnum og fjölda veigamikilla mála sem þingið þarf að meðhöndla. Einnig hafa komið fram ábendingar, bæði í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og þingmannanefndar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndarinnar, um að mikilvægt sé að efla sjálfstæði og eftirlitshlutverk Alþingis. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir fjárveitingar og útgjöld Alþingis.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Alþingiskostnaður	892,7	808,4	769,8	-4,8	-13,8
Framlög til þingflokka	65,0	58,5	53,5	-8,5	-17,7
Fastanefndir	10,2	15,9	15,4	-3,1	51,0
Alþjóðasamstarf	59,4	144,2	91,2	-36,8	53,5
Almennur rekstur	907,4	870,5	828,9	-4,8	-8,7
Sérverkefni	54,1	48,1	45,7	-5,0	-15,5
Rekstur fasteigna	266,6	277,2	269,4	-2,8	1,1
Fasteignir	25,9	14,0	12,5	-10,7	-51,7
Tæki og búnaður	39,1	22,6	20,6	-8,8	-47,3
Samtals	**2.320,4**	**2.259,4**	**2.107,0**	**-6,7**	**-9,2**

205 Framkvæmdir á Alþingisreit. Niður fellur tímabundið framlag að fjárhæð 95 m.kr. sem veitt var í fjárlögum þessa árs til verndar fornminjum á Alþingisreit og er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til þessa liðar í frumvarpinu.

207 Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008. Rannsóknanefnd Alþingis hefur lokið störfum og 100 m.kr. framlag til hennar í gildandi fjárlögum fellur niður. Kostnaður við störf nefndarinnar og útgáfu á skýrslu hefur reynst meiri en reiknað var með í fjárlögum og gert er ráð fyrir að í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2010 verði sótt um fjárheimild vegna þess.

290 Stjórnlagaþing. Sótt er um 200 m.kr. tímabundið framlag vegna stjórnlagaþings, sbr. lög nr. 90/2010. Stjórnlagaþingið skal skipað minnst 25 og mest 31 þjóðkjörnum fulltrúa og skal koma saman eigi síðar en 15. febrúar 2011 og ljúka störfum tveimur mánuðum seinna. Þingið getur þó ákveðið sjálft að ljúka störfum fyrr og eins er því heimilt að óska eftir því við Alþingi að starfstími þess verði framlengdur um allt að tvo mánuði. Fjárheimildin tekur mið af áætlun fjármálaráðuneytis frá því í sumar um að kostnaður við stjórnlagaþingið og undirbúning þess geti verið á bilinu 160–250 m.kr. eftir því hvort miðað er við tveggja eða fjögurra mánaða starfstíma. Að störfum er nú undirbúningsnefnd stjórnlagaþings og gera má ráð fyrir að nákvæmari kostnaðaráætlun muni liggja fyrir í haust eftir því sem fleiri mál skýrast er varða undirbúning þinghaldsins og umgjörð þess. Gert er ráð fyrir að í frumvarpi til fjáraukalaga verði sótt um fjárheimild á þennan lið til að halda þjóðfund í haust og sinna ýmsum undirbúningi fyrir stjórnlagaþingið. Einnig er reiknað með að í fjáraukalagafrumvarpinu verði sótt um framlag á fjárlagalið *06-111 Kosningar* hjá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti vegna kostnaðar við kosningu fulltrúa á stjórnlagaþingið.

610 Umboðsmaður Alþingis. Gert er ráð fyrir 105,3 m.kr. fjárveitingu til embættisins og jafngildir það 10,3 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana. Aðrar breytingar skýrast af verðlagsreikningi frumvarpsins.

620 Ríkisendurskoðun. Gert er ráð fyrir 388,6 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 38,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana. Aðrar breytingar skýrast af verðlagsreikningi frumvarpsins.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	890,3	746,7	676,7	-9	-24
Neyslu- og rekstrartilfærslur	150,4	133,5	131,8	-1	-12
Stofnkostnaður og viðhald	164,9	105,4	95,4	-9	-42
Samtals	**1.205,6**	**985,6**	**903,9**	**-8**	**-25**
Greitt úr ríkissjóði	-	985,6	897,9	-9	-
Innheimt af ríkistekjum	-		6,0	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**985,6**	**903,9**	**-8**	-

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 936 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 32 m.kr. en þær nema 3,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 904 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 898 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 6 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, á bls. 210, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Einnig er vakin athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra sem gerð var í gildandi fjárlögum yfirstandandi árs m.a. í tengslum við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem fluttust frá ráðuneyti í ár en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tók við verkefnum. Í töflum í þessum kafla lækka útgjöld forsætisráðuneytis þess vegna um 5 m.kr. á árinu 2009 frá því

fram kemur í ríkisreikningi 2009 vegna verkefna sem flutt hafa verið til annarra ráðuneyta. Er þetta gert til að gefa betri mynd af þróun útgjalda milli ára í viðkomandi ráðuneytum. Í frumvarpinu hefur framsetningu fjárheimilda hins vegar ekki verið breytt miðað við áform um sameiningu ráðuneyta fyrir komandi fjárlagaár. Tillögur um þær breytingar munu koma fram við 2. umræðu frumvarpsins.

Í frumvarpinu dragast útgjöld forsætisráðuneytisins saman um 86,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2010 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 81,7 m.kr. milli ára eða sem svarar til 8,3%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 88,5 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema 37 m.kr. Þar af eru 6 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 35 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 2 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2011, sem eru áætlaðar 4,8 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 903,9 m.kr.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 676,7 m.kr. og lækka um 70 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 77,9 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá velferðarstofnunum, framhaldskólum og löggæsluaðilum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá forsætisráðuneytinu nemur 10,4% af rekstrarveltu að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 26 m.kr. Þar má nefna tillögu um 20 m.kr. fjárveitingu til Sóknaráætlunar 20/20. Á móti fellur niður 25 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til áætlunarinnar í fjárlögum 2010. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar 6,9 m.kr. Í því sambandi er bent á að fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum ríkisstarfsmanna á næsta ári en það er liður í aðhaldsáformum til að draga úr hallarekstri ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir auknum launakostnaði sem stafar af hækkun til þeirra lægst launuðu sem tók gildi 1. júlí á yfirstandandi ári en gildir allt árið 2011.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1,7 m.kr. og verða 131,8 m.kr. en eru 133,5 m.kr. í fjárlögum ársins 2010. Sett var markmið um 9% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 2,6 m.kr. Verðlagsreikningur frumvarpsins á fjárveitingum sem teljast til tilfærslna leiðir til 2,1 m.kr. lækkunar vegna styrkingar á gengi krónunnar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 95,4 m.kr. og er það 10 m.kr. lækkun milli ára. Framlög lækka um 8 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 10% lækkun. Auk þess lækka framlög til tímabundinna stofnkostnaðarverkefna á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins um 2 m.kr.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2011 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Forsætisráðuneytið hefur gert samning við Vesturfarasetrið á Hofsósi um 28 m.kr. árlegt framlag á árunum 2008 til 2011. Samkvæmt samningnum er veitt 18 m.kr. rekstrarframlag til menningartengsla Íslendinga og fólks af íslenskum ættum sem búsett er í Norður–Ameríku og 10 m.kr. framlag til uppbyggingar á gamla þorpskjarnanum á Hofsósi. Samningurinn nemur 3% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2011.

Tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð

Markmið tilraunaverkefnis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð hjá forsætisráðuneyti er að kanna hvort munur sé á efni og afgreiðslu erinda sem berast umboðsmanni barna eftir kyni þeirra sem bera upp erindið annars vegar og kyni þeirra barna sem málið varðar hins vegar. Umboðsmaður barna ætlar í verkefninu að fara yfir öll erindi sem berast embættinu á almanaksárinu 2010 og varða beinlínis málefni barna. Sérstaklega verður skoðað hvort munur sé á fjölda erinda sem berast annars vegar frá stúlkum og hins vegar drengjum. Einnig á að meta hversu miklum tíma starfsfólk ver í að afgreiða innkomin erindi eftir því hvort þau varða drengi eða stúlkur svo og hvaða mál hafa leitt til frekari vinnu eftir að þau

eru afgreidd. Þá á að kanna mun á efni erinda eftir kyni þess sem málið varðar jafnframt því að mæla hversu stórum hluta af starfsemi embættisins er varið í að sinna erindum sem þessum. Innan embættisins starfar fólk sem hefur þekkingu, reynslu og menntun á sviði kynjafræðinnar sem kemur sér vel í verkefninu. Stefnt er að því að niðurstöður liggi fyrir eins fljótt og auðið er á árinu 2011.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir forsætisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	288,2	305,7	282,5	-7,6	-2,0
Ýmis verkefni	395,2	231,4	208,4	-9,9	-47,3
Ráðstöfunarfé	0,0	3,5	2,5	-28,6	-
Samtals	**683,4**	**540,6**	**493,4**	**-8,7**	**-27,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 51,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 49,3 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiði ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda og aðrar breytingar á útgjaldaskuldbindingum lækka útgjöld um 2 m.kr. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 282,5 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar og jafngildir það 27 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til 27 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um 9% samdrátt í rekstrarveltu. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af verðlagsreikningi frumvarpsins.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 208,4 m.kr. og jafngildir það 23,3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á þessum lið eru í stórum dráttum af þrennum toga. Í fyrsta lagi er lögð til samtals 21,3 m.kr. lækkun framlaga á fjórum viðfangsefnum liðarins til að koma til móts við markmið ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Þessar lækkanir eru 0,6 m.kr. á viðfangsefninu *1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga*, 9,9 m.kr. á viðfangsefninu *1.19*

Efnahagsrannsóknir, 7 m.kr. á viðfangsefninu *1.56 Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn* og 3,8 m.kr. á viðfangsefninu *1.90 Ýmis verkefni*. Í öðru lagi er gerð tillaga um 20 m.kr. fjárveitingu á nýtt viðfangsefni *1.58 Sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi*. Um er að ræða tímabundið framlag en óvíst á þessu stigi til hve margra ára verkefnið varir. Í samræmi við þingsályktunartillögu um verkefnið lagði ríkisstjórnin 20 m.kr. til þess af ráðstöfunarfé sínu og 25 m.kr. eru veittar til þess í fjárlögum 2010. Sú ráðstöfun var einkum ætluð til koma verkefninu af stað, hafa samráð við alla tilskylda aðila, safna hugmyndum og undirbúa áætlun og framhald verkefnisins. Í ljósi þröngrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs hefur verið lagt upp með að takmarka bein útgjöld ríkisins við verkefnið eins og kostur er. Þannig er t.d. lögð áhersla á að þeir hagsmunaaðilar sem koma að áætluninni standi undir kostnaði sem af þátttöku þeirra leiðir. Þeim tilmælum hefur verið beint til ráðuneyta og stofnana að þau standi straum af kostnaði sínum tengdum verkefninu. Í ljósi reynslu annarra ríkja sem unnið hafa slíka umfangsmikla áætlanagerð er ljóst að verkefnið mun vara um nokkurra ára skeið og áætlað er að kostnaður við það muni nema um 20 m.kr. á ári. Þessum fjármunum er ætlað að standa undir lágmarkskostnaði vegna verkefnisstjórnar heildarverkefnisins og samræmda ráðgjöf, gagnaöflun og verkstjórn við gerð sóknaráætlana fyrir einstök sóknarsvæði og samþættingu. Enn fremur er þeim ætlað að standa undir kostnaði við kynningarfundi, ráðstefnur og útgefið efni. Á móti fellur niður 25 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til þessa verkefnis í fjárlögum yfirstandandi árs á öðru viðfangsefni, *1.90 Ýmis verkefni*, þannig að lækkun framlagsins nemur 5 m.kr, nettó. Í þriðja lagi er sótt um 3 m.kr. fjárveitingu á viðfangsefnið *1.90 Ýmis verkefni* vegna kostnaðar við hátíðarhöld á Austurvelli 17. júní ár hvert. Reykjavíkurborg hefur til þessa skipulagt, séð um og staðið undir kostnaði við hátíðarhöldin, en orðið hefur að samkomulagi að ríkið taki yfir skipulagningu þeirra og greiðslu kostnaðar en Reykjavíkurborg annist framkvæmdina. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af verðlagsreikningi frumvarpsins.

199 Ráðstöfunarfé. Í samræmi við aðhaldsmarkmið ráðuneytisins er lagt til að ráðstöfunarfé ráðherra lækki um 1 m.kr. og verði 2,5 m.kr.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 203 Fasteignir Stjórnarráðsins; 241 Umboðsmaður barna; 253 Vest–norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn; 261 Óbyggðanefnd; 271 Ríkislögmaður; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignir forsætisráðuneytis	123,2	102,0	103,3	1,3	-16,2
Fasteignir Stjórnarráðsins	54,2	24,2	16,2	-33,1	-70,1
Umboðsmaður barna	39,2	39,9	37,1	-7,0	-5,4
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	12,5	16,2	12,5	-22,8	0,0
Óbyggðanefnd	79,0	53,9	42,1	-21,9	-46,7
Ríkislögmaður	60,6	66,3	61,7	-6,9	1,8
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	84,2	83,0	89,6	8,0	6,4
Ísl. uppl.samfélagið, sameiginleg verkefni ráðun	69,3	59,5	48,0	-19,3	-30,7
Samtals	**522,2**	**445,0**	**410,5**	**-7,8**	**-21,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 35,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 39,2 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiði ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 14 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 10 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins. Gert er ráð fyrir 16,2 m.kr. fjárveitingu á þessum lið og að hún lækki um 8 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs vegna kröfu um lækkun ríkisútgjalda.

241 Umboðsmaður barna. Gert er ráð fyrir 37,1 m.kr. fjárveitingu á þessum lið og að hún lækki um 3 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum þessa árs vegna aðhaldskröfu. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af verðlagsreikningi frumvarpsins.

253 Vest–norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn. Gert er ráð fyrir 12,5 m.kr. fjárveitingu á þessum lið og að hún lækki um 1,6 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum aðhaldskröfu. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

261 Óbyggðanefnd. Gert er ráð fyrir 42,1 m.kr. fjárveitingu á þessum lið og að hún lækki um 12 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs vegna aðhaldskröfu. Aðrar breytingar leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

271 Ríkislögmaður. Gert er ráð fyrir 61,7 m.kr. fjárveitingu á þessum lið og að hún lækki um 5 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum vegna aðhaldskröfu. Aðrar breytingar leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Gert er ráð fyrir 89,6 m.kr. fjárveitingu á þessum lið og jafngildir það 6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum. Á umliðnum árum hefur Þjóðgarðurinn á Þingvöllum haft um 6 m.kr. á ári í tekjur af lóðarleigu. Um er að ræða eignatekjur sem falla í flokk ríkistekna og hefur stofnunin fengið fjárheimild til jafns við tekjurnar í lokafjárlögum. Núna er áætlað fyrir þessum tekjum í fjárlagafrumvarpinu og sótt um heimild til að ráðstafa þeim til reksturs stofnunarinnar. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af verðlagsreikningi frumvarpsins.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta. Gert er ráð fyrir 48 m.kr. fjárveitingu til þeirra verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins sem forsætisráðuneytið annast og jafngildir það 11,6 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Lögð er til 9,6 m.kr. lækkun rekstrarframlags vegna kröfu um lækkun ríkisútgjalda. Aðrar breytingar á rekstrarfjárheimild skýrast af verðlagsreikningi frumvarpsins. Niður falla samtals 10 m.kr. stofnkostnaðarframlög sem veitt voru til nýrra verkefna í fjárlögum 2010. Á móti er sótt um samtals 8 m.kr. ný framlög til tveggja verkefna og eru framlögin eins og jafnan áður veitt tímabundið til eins árs. Annars vegar 5 m.kr til verkefnis sem snýr að því að vakta þróun upplýsingasamfélagsins, meta stöðu Íslands miðað við önnur lönd og meta stöðu stofnana innbyrðis. Verkefnið felur m.a. í sér þátttöku í erlendu og innlendu samstarfi, gerð kannana, þróun innlendra mælikvarða og stefnumótun á einstökum verkefnasviðum. Hins vegar er tillaga um 3 m.kr. til verkefnis sem miðar að því að sjá til þess að opinberir vefir standist kröfur og viðmið ESB og að frammistaða Íslands í þeim efnum verði ekki síðri en hjá nágrannalöndum okkar.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2.9 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun mennta- og menningarmálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	36.687,0	40.872,2	38.965,3	-5	6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	21.187,9	16.883,2	15.563,0	-8	-27
Stofnkostnaður og viðhald	3.879,1	2.607,9	1.966,7	-25	-49
Samtals	**61.754,0**	**60.363,3**	**56.495,0**	**-6**	**-9**
Greitt úr ríkissjóði	-	58.721,0	54.894,1	-7	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.642,3	1.600,9	-3	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**60.363,3**	**56.495,0**	**-6**	-

Heildargjöld mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 63.846,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 7.351,7 m.kr. en þær nema 11,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 56.495 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 54.894,1 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.600,9 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, á bls. 310, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu dragast útgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytis saman um 3.899,9 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2010 en þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 3.868,3 m.kr. milli ára eða sem svarar til 6,4%. Skipta má útgjaldabreytingum í fjóra þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 3.627,5 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema 349,3 m.kr. Á móti vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður en þau nema 621,7 m.kr. Nettó lækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 272,4 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2011, sem eru áætlaðar til hækkunar 486,3 m.kr. og til lækkunar, vegna gengisáhrifa 454,7 m.kr. eða nettó hækkun sem nemur 31,6 m.kr.

Fjárveitingar til verkefna mennta- og menningarmálaráðuneytisins markast af því að gert er ráð fyrir umtalsverðum aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Hagræðingarkrafa framhaldsskóla er þó

þriðja árið í röð nálægt helmingi lægri en hjá almennum stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum. Engu að síður kalla sparnaðaráform á árinu 2011 á umtalsverðar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki útgjöld sem nemur 6% af veltu fjárlaga 2010. Hjá háskólum eru áform um að auka samstarf og samnýtingu opinberu háskólanna og mynda svokallað háskólanet. Aðrir háskólar eru einnig hvattir til að auka samstarf sín á milli. Við útfærslu hagræðingar á framhaldsskólastigi er markmiðið að hlífa kennslu eftir fremsta megni til þess sérstaklega að tryggja nemendum á fræðsluskyldualdri og nemendum á starfsbrautum inngöngu í framhaldsskóla. Í því skyni er m.a. gert ráð fyrir að talsverður hluti útgjaldalækkunar komi fram á ýmsum framlögum á safnlið vegna framhaldsskólastigsins. Gert er ráð fyrir að framhaldsskólarnir mæti aðhaldsmarkmiðum með mismunandi hætti enda eru aðstæður að sumu leyti ólíkar eftir skólum. Auk þess sem hver skóli um sig útfærir aðhaldsaðgerðir mun ráðuneytið beita sér fyrir auknu samstarfi milli framhaldsskóla og breytingum á skipulagi fjarnáms sem auðveldi skólunum að halda uppi góðri þjónustu á tímum minnkandi fjárveitinga. Í málefnaflokkum á sviði menningar, lista, íþrótta og æskulýðsmála er miðað við að draga úr framlögum til styrkja og verkefna sem eru ekki lögbundin, fremur en að minnka lögbundna starfsemi og grunnstarfsemi stofnana sem ríkið rekur.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 38.965,3 m.kr. og lækka um 1.906,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 2.792,4 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá velferðarstofnunum, framhaldskólum og löggæsluaðilum. Vissir liðir sem eru ekki rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá mennta- og menningarráðuneytinu nemur 7,2% af rekstrarveltu að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 664,5 m.kr. Þar munar mest um 410 m.kr. framlag til Hörpunnar, tónlistar og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík; 90 m.kr. vegna fjölgunar ársnemenda í framhaldsskólum yngri en 18 ára; 55,1 m.kr. til Sinfóníuhljómsveitar Íslands vegna flutnings í Hörpuna; 15 m.kr. til rannsóknaseturs Vestmannaeyja í stað tímabundins framlags; 26,5 m.kr. til aukinna verkefna nýrrar Fjölmiðlastofu skv. frumvarpi til laga um fjölmiðla; 18 m.kr. til Þjóðskjalasafns Íslands til að ganga frá skjalasafni og gögnum rannsóknanefndar skv. lögum nr. 142/2008 og 10 m.kr. viðbótaframlag til verkefna til aðgerðaráætlunar í þágu barna og ungmenna. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 216,3 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 437,3 m.kr. Í því sambandi er bent á að fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna á næsta ári en það

er liður í aðhaldsáformum til að draga úr hallarekstri ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir auknum launakostnaði sem stafar af hækkun til þeirra lægst launuðu sem tók gildi 1. júlí á yfirstandandi ári en gildir allt árið 2011.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1.320,2 m.kr. og verða 15.563 m.kr. en eru 16.883 m.kr. í fjárlögum ársins 2010. Sett var markmið um 9% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisfjármál og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 479,4 m.kr. vegna þess. Þar að auki lækka útgjöld vegna hagrænna og kerfislægra breytinga og þar vegur þyngst 378 m.kr. lækkun til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 250 m.kr. lækkun til Rammaáætlana ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun og auk þess falla niður 81,7 m.kr. vegna tímabundinna framlaga. Á móti kemur að gert er ráð fyrir nokkrum auknum tilfærslum, munar þar mest um 150 m.kr. tímabundið framlag í sjóð fyrir samstarf opinberra háskóla; 20 m.kr. vegna aðildar starfsmanna hjá ríkis og sveitarfélögum að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og 35 m.kr. vegna aukinna listamannalauna. Styrking á gengi krónunnar leiðir til 405,7 m.kr lækkunar og vega þar þyngst lækkanir á Lánasjóði íslenskra námsmanna og Rammaáætlunar ESB um menntun og rannsóknir.

Viðhalds- og stofnkostnaður lækkar um 641,2 m.kr. og verður 1.966,7 m.kr. en er 2.607,9 m.kr. í fjárlögum 2010. Til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum er miðað við 10% hagræðingu og lækka framlög af þeim sökum um 355,7 m.kr. Þar vegur þyngst 48 m.kr. lækkun til Háskóla Íslands, 64 m.kr. lækkun til framhaldsskóla, 59,5 m.kr. lækkun til menningarstofnana og 64,9 m.kr. lækkun ýmissa stofnkostnaðarframlaga. Þá falla niður tímabundin framlög að upphæð 323,7 m.kr. og eru helstu breytingarnar þær að 175 m.kr. til byggingar nýrrar kennsluálmu við Háskólann á Akureyri, 25 m.kr. til Lækningaminjasafns Íslands og 70 m.kr. til eftirlits vegna Tónlistar og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík falla niður. Á móti er sótt um nýtt 44,2 m.kr. tímabundið framlag vegna áframhaldandi eftirlits með byggingu Hörpunnar.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2011 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 12.025,4 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2010, eru á áætluðu verðlagi ársins 2011 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 18,8% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2011.

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 6.267,9 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 477,9 m.kr. Að lokum eru 5.279,6 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem mennta- og menningarmálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 11 – 12 mia.kr. bundnir árlega vegna framangreindra verkefna. Fjárhæðir til einstakra samninga kunna þó að verða aðrar en kemur fram kemur í töflunni. Ákvarðanir um tilhögun verkefna og skuldbindingar í samningum verða teknar þegar samningar renna út. Vegna aðhalds í ríkisfjármálum hefur verið dregið úr gerð nýrra samninga jafnframt því sem samningsskilmálum er breytt, svo sem með því að stytta samningstíma, setja meiri fyrirvara við samningsfjárhæðir, auka sveigjaleika til að bregðast við hagræðingarkröfu stjórnvalda og efla eftirlit með framkvæmd samninga. Með því er meðal annars brugðist við athugasemdum Ríkisendurskoðunar.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2010	2011	2012	2013	2014
Háskólinn á Bifröst	A	329,4	306,4	306,4	306,4	306,4
Háskólinn í Reykavík, háskólanám	A	2.089,0	1.918,0	1.918,0	1.918,0	1.918,0
Listaháskóli Íslands, háskólanám	A	641,8	616,6	616,6	616,6	616,6
Stoðþj., viðhald og leiga Iðnsk. í Hafnarf.	A	116,3	116,3	116,3	116,3	116,3
Verslunarskóli Íslands, framhaldsskólanám	A	913,4	858,5	858,5	858,5	858,5
Keilir	A	108,0	98,3	98,3	98,3	98,3
Hraðbraut, framhaldsskóli	A	160,1	141,7	141,7	141,7	141,7
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað, framh.skóli	A	27,3	25,6	25,6	25,6	25,6
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, framh.skóli	A	29,2	27,6	27,6	27,6	27,6
Tækniskólinn	A	1.686,2	1.610,0	1.610,0	1.610,0	1.610,0
Menntaskóli Borgarfjarðar	A	167,2	170,1	170,1	170,1	170,1
Víkingsnaust	B	17,0	15,0	-	-	-
Höfundarréttargreiðslur v/ljósritunar í skólum	B	55,3	52,1	52,1	52,1	52,1
Íslenska óperan	B	140,6	133,6	133,6	133,6	133,6
Samningar við sveitafél. um menningamál	B	265,0	259,2	259,2	259,2	259,2
Afrekssjóður ÍSÍ	C	25,5	24,7	24,7	24,7	24,7
Bókamessan í Frankfurt	C	100,0	100,0	-	-	-
Endurmenntun HÍ, endurmenntun frh.sk.	C	34,0	34,0	34,0	34,0	34,0
Evrópuverkefni á sviði æskulýðsmála	C	8,9	9,2	9,5	9,8	-
Feneyjartvíæringurinn	C	10,0	10,0	10,0	10,0	10,0
Ferðasjóður íþróttasambands Íslands	C	57,0	54,1	54,1	54,1	54,1
Fræðslumiðst. atvinnulífsins, verkefni FA	C	88,3	83,2	83,2	83,2	83,2
Fræðslum.st. atvinnul. greitt til fræðsluaðila	C	680,9	699,6	699,6	699,6	699,6
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	C	243,8	223,1	223,1	223,1	223,1
Háhraðanet framh.sk. og símenntunarmiðst.	C	52,8	52,8	52,8	52,8	52,8
Háskólasetur Vestfjarða	C	68,0	64,6	64,6	64,6	64,6
Þekkingarnet Austurlands	C	41,9	39,4	39,4	39,4	39,4
Þekkingarnet Vestmannaeyja	C	15,0	13,9	13,9	13,9	13,9
Þekkingarnet Suðurlands	C	15,0	14,3	14,3	14,3	14,3
Þekkingarnet Þingeyinga	C	37,4	35,2	35,2	35,2	35,2
Háskóli Íslands - menntun tannsmiða	C	13,5	12,4	12,4	12,4	12,4
Síldarminjasafnið á Siglufirði	C	12,0	10,6	10,6	10,6	10,6
Hönnunarmiðstöð Íslands	C	8,5	8,5	8,5	8,5	8,5
ÍSÍ - framlag til sérsambanda	C	63,7	61,8	61,8	61,8	61,8
Kvikmyndaskóli Íslands	C	42,0	39,0	39,0	39,0	39,0
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	C	14,4	13,0	13,0	13,0	13,0
Listahátíð í Reykjavík	C	32,4	29,2	29,2	29,2	29,2
Lundur, nemendagarðar	C	32,6	32,6	32,6	32,6	32,6
Reykjavíkurakademían	C	16,2	15,2	15,2	15,2	15,2
Ríkisútvarpið ohf.	C	3.218,0	2.980,0	2.980,0	2.980,0	2.980,0
Símenntunarmiðstöðvar á 11 stöðum	C	186,6	175,3	175,3	175,3	175,3
Skriðuklaustur	C	19,3	15,3	15,3	15,3	15,3
Snorrastofa í Reykholti - rekstur	C	17,4	16,1	16,1	16,1	16,1
Ýmsir minni samningar	C	124,5	66,5	37,1	32,1	26,7
Samtals		**12.025,4**	**11.282,6**	**11.138,5**	**11.133,8**	**11.118,6**

Þróunarverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð

Tilraunaverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð felst í því að safna, greina og birta upplýsingar um fjölda umsókna og úthlutana listamannalauna á síðustu árum. Vonir standa til að samantektin auðveldi ákvarðanir um framlög, frekari athugun á einstökum sjóðum sem veita listamannalaun, verkefninu í heild eða breytingar á lögum og reglugerðum.

Lögum um listamannalaun nr. 57/2009 er ætlað að efla listsköpun í landinu. Starfslaun listamanna skulu veitt úr sex sjóðum skv. gildandi lögum og reglugerð nr. 834/2009. Veitir Alþingi árlega framlag í fjárlögum til þessa verkefnis og árið 2010 nam fjárveitingin 373,8 m.kr.

Tímaáætlun. Verkefnið verður unnið á tímabilinu janúar – maí 2011.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mennta- og menningarmálar., aðalskrifstofa	644,3	628,4	579,1	-7,8	-10,1
Ráðstöfunarfé	0,0	6,7	6,1	-9,0	-
Samtals	**644,3**	**635,1**	**585,2**	**-7,9**	**-9,2**

Heildarfjárveiting lækkar um 55,1 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum aðalskrifstofu um 56,5 m.kr. og lækka ráðstöfunarfé um 0,6 m.kr., sem hvort um sig jafngildir 9% lækkun. Þá er lagt til að 2 m.kr. verði millifærðar af *720-1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni* yfir á aðalskrifstofu vegna endurskoðunar á höfundarréttarlögum.

Háskólar og rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201-203 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; 210 Háskólinn á Akureyri; 216 Landbúnaðarháskóli Íslands; 217 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum; 223 Námsmatsstofnun; 225 Háskólinn á Bifröst; 227 Háskólinn í Reykjavík; 228 Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknarmiðstöð Íslands; 234 Ritlauna- og rannsóknarsjóður prófessora; 235-239 rannsóknarsjóðir, 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhalds og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	9.963,3	10.096,4	9.434,0	-6,6	-5,3
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	224,4	201,7	188,4	-6,6	-16,0
Raunvísindastofnun Háskólans	380,6	375,8	350,3	-6,8	-8,0
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	283,1	263,9	274,2	3,9	-3,1
Háskólinn á Akureyri	1.438,4	1.376,5	1.287,0	-6,5	-10,5
Landbúnaðarháskóli Íslands	550,9	596,5	559,5	-6,2	1,6
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	276,6	257,6	238,7	-7,3	-13,7
Námsmatsstofnun	127,5	122,8	113,2	-7,8	-11,2
Háskólinn á Bifröst	348,3	332,9	306,4	-8,0	-12,0
Háskólinn í Reykjavík	2.185,8	2.089,0	1.918,0	-8,2	-12,3
Listaháskóli Íslands	671,7	641,8	616,6	-3,9	-8,2
Rannsóknamiðstöð Íslands	188,2	194,8	213,3	9,5	13,3
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	0,0	184,7	184,7	0,0	0,0
Markáætlun á sviði vísinda og tækni	312,5	315,0	285,0	-9,5	-8,8
Rannsóknasjóður	780,2	815,0	782,5	-4,0	0,3
Tækjasjóður	321,4	115,0	110,5	-3,9	-65,6
Rannsóknarnámssjóður	95,1	100,0	96,0	-4,0	0,9
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk.	647,8	310,0	99,0	-68,1	-84,7
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	258,6	204,5	428,7	109,6	65,8
Alþjóðleg samskipti	1.845,6	1.452,0	1.036,4	-28,6	-43,8
Samtals	**20.900,0**	**20.045,9**	**18.522,4**	**-7,6**	**-11,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 1.539 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar 15,5 m.kr. vegna almennra verðlagsbreytinga. Verðlagsbreytingar nema í heildina 182,2 m.kr. en á móti kemur 166,7 m.kr. lækkun vegna styrkingar íslensku krónunnar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 1.424,1 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og svarar það 7,1% af veltu. Helstu ráðstafanir eru þær að fjárframlög til reksturs háskóla og háskólastofnana eru lækkuð á bilinu 5% til 9%, að frátöldum verðlagsbreytingum, en fjárframlög í samkeppnissjóði á sviði rannsókna eru lækkuð minna, eða um 4%. Lagt er til á hinn bóginn að framlög hækki um 159 m.kr. vegna nýrra verkefna og er þar um er að ræða 150 m.kr. tímabundið framlag til tveggja ára til að greiða fyrir samstarfi opinberra háskóla, 5 m.kr. framlag vegna laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og 4 m.kr. tímabundið framlag til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins. Áætlað er að framlög til þátttöku í rammaáætlunum ESB lækki um 250 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs þar sem hlutdeild Íslands í þeim hefur verið endurskoðuð með tilliti til bráðabirgðatalna um landsframleiðslu á árinu 2009. Þá hækka útgjöld málaflokksins vegna millifærslu á 158,6 m.kr. framlagi til fræða- og þekkingarsetra sem áður var áætlað fyrir á málefnaflokki framhaldsskóla. Um er að ræða Háskólasetur Vestfjarða, Þekkingarsetur Vestmannaeyja, Þekkingarsetur Suðurlands og fjárlagaviðfangið Fræða- og þekkingarsetur. Á hinn bóginn falla niður samtals 183 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Þar ber

helst að nefna 175 m.kr. stofnkostnaðarframlag til að ljúka framkvæmdum við kennsluálmu við Háskólann á Akureyri og 5 m.kr. framlag til Rannsóknarseturs í stærðfræði við Háskólann í Reykjavík. Farið er fram á að tímabundið 15 m.kr. framlag til rannsóknarseturs í Vestmannaeyjum, nú Þekkingarsetur Vestmannaeyja, sem átti að falla niður verði framlengt og samningur við setrið endurnýjaður.

Stefna mennta- og menningarmálaráðherra er að standa vörð um starfsemi opinberu háskólanna með því að stofna samstarfsnet þeirra með hugsanlega sameiningu í huga. Markmiðið er að öflugt samstarfsnet opinberra háskóla verði starfandi á Íslandi árið 2012. Að slíku háskólaneti standi allir opinberu háskólarnir þ.e. Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Háskóli Íslands verði þungamiðjan í netinu enda er hann langstærsti háskólinn í landinu. Háskólanetinu er m.a. ætlað að bjóða upp á fjölbreytt háskólanám á öllum helstu fræðasviðum. Skipulag náms og rannsókna miðist við að háskólarnir vinni náið saman og njóti krafta allra núverandi skóla sem starfi áfram undir eigin nafni. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi aukin tækifæri til samsetningar náms með því að sækja námskeið í fleiri en einum skóla. Fjarkennsla verður notuð í auknum mæli til að bjóða upp á fjölbreytt nám víða á landinu með samstarfi við þekkingarsetur og símenntunarmiðstöðvar. Aðrir háskólar hafa einnig verið hvattir til samstarfs sín á milli og við netið enda er miðað við að aðrar háskóla- og rannsóknastofnanir geti tekið þátt í starfi netsins, óháð rekstrarformi.

Farið er fram á að veitt verði tímabundið 300 m.kr. framlag sem renni til þessa samstarfs þar af 150 m.kr. í fjárlögum 2011 og 150 m.kr. í fjárlögum 2012. Að auki er lagt til að samdráttur í framlögum til opinberu háskólanna verði heldur minni en til þeirra háskóla sem eru reknir af öðrum og hafa einnig umtalsverðar tekjur af skólagjöldum. Tekið er mið af því hvort þessir skólar bjóði upp á nám á sömu fræðasviðum og opinberu skólarnir eða ekki. Þannig er tekið sérstakt tillit til sérstöðu Listaháskóla Íslands. Leitast er við að hlífa samkeppnissjóðum sem styrkja rannsóknir á grundvelli faglegs mats. Þá hefur mennta- og menningarmálaráðherra sett á stofn gæðaráð til að hafa með höndum gæðaeftirlit með kennslu og rannsóknum í háskólum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 30 m.kr. verði ráðstafað til reksturs gæðaráðs og hefur verið samið við Rannsóknarmiðstöð Íslands um að veita ráðinu nauðsynlega þjónustu.

Skerðing á fjárframlögum til háskóla og háskólastofnana mun óhjákvæmilega hafa áhrif á þjónustu sem þær veita. Þegar hefur verið dregið úr námsframboði og hliðrað til við almennan rekstur stofnana. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur í víðtæku samstarfi við hagsmunaaðila leitað leiða til að auka samstarf háskólanna og þá um leið að dregið verði úr almennum rekstrarkostnaði í gegnum samnýtingu stjórnsýslu og stoðþjónustu, svo dæmi séu tekin. Með því að hvetja til samstarfs, standa vörð um samkeppnissjóði á sviði rannsókna og stofna Gæðaráð er leitast við að standa vörð um gæði kennslu og rannsókna á niðurskurðartímum.

Ráðuneytið áætlar skiptingu fjárveitinga milli kennslu og rannsókna á grundvelli reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla og samninga við háskólana á grundvelli laga nr. 63/2006 um háskóla. Við skiptingu fjárveitinga til kennsluþáttarins er stuðst við endurskoðað reiknilíkan. Gert er ráð fyrir að líkaninu og reglunum verði breytt í áföngum á næstu árum. Helstu breytingar sem gerðar eru að þessu sinni eru í fyrsta lagi að skólar fá sérstök brautskráningarframlög til viðbótar við framlög á grundvelli ársnemendafjölda. Miðað er við meðalfjölda árin 2007 og 2008. Þetta er til að koma á móts við það að kostnaður á nemanda fer gjarnan vaxandi eftir því sem lengra líður á námið en ársnemendaframlögin hafa ekki tekið mið af því á hvar í námi nemendur eru staddir. Í öðru lagi miðast framlögin að mestu við veginn meðalfjölda ársnemenda á liðnum árum en aðeins að litlu leyti við spá um fjölda á komandi ári. Það leiðir til þess að breytingar á ársnemendafjölda hafa ekki samstundis áhrif á fjárveitingar heldur smám saman. Í þriðja lagi eru gerðar ýmsar breytingar á stikum og öðrum forsendum sem breyta verðhlutföllum innbyrðis milli verðflokka og leiða til þess að munur á lægsta flokki og öðrum verðflokkum náms minnkar.

Nám við Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólann á Hólum og hluti af námi Listaháskólans hefur ekki verið endanlega flokkað samkvæmt reglum um fjárveitingar. Í umfjöllun hér á eftir um skiptingu fjárveitinga til kennslu annars vegar og rannsókna hins vegar er stuðst við bráðabirgðaflokkun náms í Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólanum á Hólum. Framlög vegna búreksturs og staðarhalds eru færð undir rannsóknir og annað. Þá hefur 103 m.kr. framlag í Háskólasjóð verið fært undir rannsóknir og annað hjá Háskóla Íslands þar sem fjárveiting sjóðsins hefur verið færð undir rekstrarviðfang skólans.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Kennsla frumvarp 2011	Rannsóknir og annað frumvarp 2011	Frumvarp alls 2011
Háskóli Íslands	5.708,4	3.173,6	8.882,0
Háskólinn á Akureyri	855,6	431,4	1.287,0
Háskólinn á Bifröst	261,1	45,3	306,4
Háskólinn í Reykjavík	1.491,2	426,8	1.918,0
Listaháskóli Íslands	581,8	34,8	616,6
Landbúnaðarháskóli Íslands	320,6	238,9	559,5
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	141,2	97,5	238,7
Samtals	**9.359,9**	**4.448,3**	**13.808,2**

Í töflunni hér að ofan er tekið mið af endurskoðuðu reiknilíkani. Í frumvarpinu er miðað við að brautskráningarframlag sé 150 þús.kr. fyrir bakkalárgráðu, 50 þús.kr. fyrir viðbótarnám eftir bakkalárgráðu, 100 þús.kr. fyrir meistara- og kandídatsgráðu og að lokum 1 m.kr. fyrir doktorspróf. Brautskráningarframlög miðast við meðalfjölda árin 2007 og 2008 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Verðflokkar náms eru á bilinu 474 til 2.224 þús.kr. á ársnemenda. Frá þessu eru dregnar annars vegar tekjur skóla af lögbundnum skrásetningargjöldum ársnemenda sem nú eru 45 þús.kr. á nemanda en á síðustu árum hefur verið miðað við lægri fjárhæð. Ríkistekjum af skrásetningargjöldum nemenda sem ekki þreyta próf og jafn háum útgjöldum er haldið fyrir utan líkanið eins og verið hefur þótt áætlað sé fyrir þeim í frumvarpinu. Sértekjur einkareknu háskólanna af skólagjöldum og útgjöld á móti þeim koma ekki fram í frumvarpinu. Hins vegar er dregin frá, eins og gert hefur verið til þessa, áætluð fjárbinding í húsnæði sem ríkið hefur keypt eða byggt og opinberu háskólarnir hafa afnot af. Húsnæðisstærðir og fjárhæðir hafa verið uppfærðar með tilliti til að bæta samræmi við rauntölur hjá skólunum. Þessir frádráttarliðir og framsetning þeirra í frumvarpinu gera það að verkum að útgjöld ríkisins vegna skólanna eru ekki samanburðarhæf með beinum hætti í fjárlögum, þótt skólarnir fái framlög samkvæmt sömu reglum. Verð sem greidd eru á ársnemenda í Listaháskólanum eru á bilinu 731 til 2.995 þús.kr. og eru framlög til þróunarstarfs að hluta til innifalin.

Verðflokkar, án frádráttarliða	Verð Þús.kr.	Verðhlutfall
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt.	474	1,0
Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt.	672	1,4
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu.	731	1,5
Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga.	842	1,8
Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr., m.a. verkl. æfingar og notkun sérhæfðs búnaðar.	935	2,0
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun.	1.371	2,9
Nám í tannlækningum	2.224	4,7

Í frumvarpinu er framlag til kennslu miðað við 13.163 ársnemendur í þeim háskólum sem hljóta framlag skv. útreikningum í reiknilíkani háskóla sem er fækkun um 1,6% frá forsendum fjárlaga 2010. Ársnemendafjöldi tekur aðallega mið af raunverulegum fjölda ársnemenda á árunum 2007 til 2009 en að hluta til einnig af nemendaforsendu í fjárlögum 2010 og spá um fjölda á árinu 2011. Við endurskoðun á reiknilíkani breyttist vægið milli reikniflokka. Röðun í reikniflokka og heildarfjöldi ársnema tók einnig breytingum á milli ára. Við endurskoðun líkansins var eftir megni reynt að hafa sem minnst áhrif á kennslufjárveitingar til einstakra skóla á árinu 2011 en í nokkrum tilvikum var ekki hjá því komist að gera smávægilegar breytingar á ársnemendafjölda til þess að það tækist.

Til viðbótar eru áætlaðir 480 ársnemendur hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Hólaskóla – Háskólanum á Hólum.

Ársnemendur	HÍ	HA	HB	HR	LHÍ	LBHÍ	HH	Áætlað 2011	Áætlað 2010
Félags- og mannvísindi	4.400	570	530	900	-	-	-	6.400	6.450
Tölvufræði og stærðfræði	130	-	-	290	-	-	-	420	486
Hjúkrunarfræði	560	330	-	-	-	-	-	890	850
Kennaranám o.þ.h.	1.750	300	-	150	30	-	-	2.230	2.415
Verk-, tækni-, efnafræði	1.400	100	-	740	-	-	-	2.240	2.150
Læknisfræði	350	-	-	-	-	-	-	350	370
Tannlækningar	55	-	-	-	-	-	-	55	55
Listnám	-	-	-	-	353	-	-	353	353
Framhaldsskólastig	-	-	40	185	-	-	-	225	245
Háskólastig/viðbótarstig ófl.	-	-	-	-	-	290	190	480	0
Samtals 2011	**8.645**	**1.300**	**570**	**2.265**	**383**	**673**	**190**	**13.643**	**13.374**
Áætlað 2010	**8.635**	**1.421**	**610**	**2.325**	**383**	**-**	**-**	**13.374**	
Meðal verðhlutfall	1,4	1,4	1,0	1,3	3,3	-	-	1,4	

1. Háskóli Íslands og tengdar stofnanir. Hér er fjallað um Háskóla Íslands, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, sem er háskólastofnun sem tengist læknadeild, og Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, sem er stofnun innan Háskóla Íslands.

201 Háskóli Íslands. Lagt er til að fjárveiting skólans lækki um 767 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 718 m.kr. og framlög til viðhalds og stofnkostnaðar um 48 m.kr. Þá fellur niður 1 m.kr. tímabundið framlag til kennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu. Lagt er til að fjárlagaviðfangið *1.13 Háskólasjóður* falli niður og 103 m.kr. fjárveiting viðfangsins verði millifærð á fjárlagaviðfang *1.01 Háskóli Íslands*. Að lokum er lagt til að sértekjur verði hækkaðar um 1.273 m.kr. til samræmis við ríkisreikning og hækka gjöld um sömu fjárhæð. Um er að ræða erlenda styrki sem fara í gegnum bókhald Alþjóðaskrifstofu háskólans.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Lagt er til að framlag lækki um 16,1 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum

203 Raunvísindastofnun Háskólans. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 30,1 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum. Tillagan er hluti af aðgerðum ráðuneytisins til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

2. Aðrir háskólar og háskólastofnanir. Hér er fjallað um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hólaskóla – Háskólann á Hólum, Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Gert er ráð fyrir að framlag til stofnunarinnar hækki um 9,8 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag lækki um 13,2 m.kr. á næsta ári sem er liður í aðgerðum ráðuneytisins til að ná markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi er lagt til að 23 m.kr. verði millifærðar af *02-299-1.90 Háskóla- og rannsóknarstarfsemi* yfir á *02-209-1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* vegna umsýslu með veitingu styrkja til íslenskunáms fyrir útlendinga. Þar af er 3 m.kr. ætlaðar í laun hálfs stöðugildis en 20 m.kr. í styrkveitingar. Miðað er við að hægt sé að styrkja 18-20 erlenda nemendur til náms í íslensku á hverju skólaári.

210 Háskólinn á Akureyri. Framlag til skólans lækkar um 105 m.kr. í frumvarpinu að frátöldum verðlagshækkunum og er það liður í aðhaldsaðgerðum ráðuneytisins.

216 Landbúnaðarháskóli Íslands. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 45,7 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum til að mæta markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum.

217 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Fyrirhugað er að framlag lækki um 21,7 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til rekstrar og viðhalds og stofnkostnaðar lækki samtals um 19,7 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiðum frumvarpsins. Í öðru lagi fellur niður tímabundið 2 m.kr. framlag til Guðbrandsstofnunar að Hólum í Hjaltadal.

225 Háskólinn á Bifröst. Framlag lækkar um 30 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum vegna hagræðingaráforma frumvarpsins.

227 Háskólinn í Reykjavík. Lagt er til að framlag lækki um 192,6 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi dragast framlög saman um 187,6 m.kr. til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag til Rannsóknarseturs í stærðfræði.

228 Listaháskóli Íslands. Frumvarpið gerir ráð fyrir að framlag til skólans lækki um 32,1 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum sem liður í aðhaldsráðstöfunum. ráðuneytisins.

3. Þjónustu- og rannsóknastofnanir. Hér er fjallað um Námsmatsstofnun og Rannsóknarmiðstöð Íslands.

223 Námsmatsstofnun. Frumvarpið felur í sér að framlag lækki um 10,9 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

231 Rannsóknarmiðstöð Íslands. Framlag til stofnunarinnar hækkar um 21 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 5 m.kr. fjárveitingu vegna umsýslu í tengslum við nýleg lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem stofnuninni er falið að annast um samkvæmt lögunum. Í öðru lagi er lagt til að framlag stofnunarinnar lækki um 14 m.kr. vegna áforma um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í þriðja lagi er lagt til að 30 m.kr. verði millifærðar af viðfangsefninu *02-299-1.90 Háskóla- og rannsóknarstarfsemi* yfir á *02-231-1.01 Rannsóknarmiðstöð Íslands* vegna umsýslu með gæðaeftirliti háskólanna. Gert er ráð fyrir hálfu stöðugildi hjá Rannís ásamt aðkeyptri þjónustu vegna verkefnisins en það felur í sér eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum, rekstri Gæðaráðs, viðurkenningar á fræðasviðum háskóla og ytri úttektum á háskólastigi. Að lokum er lagt til að sértekjur stofnunarinnar verði hækkaðar um 28,5 m.kr. til samræmis við reynslutölur undanfarinna ára og að gjöld hækki um sömu fjárhæð.

4. Rannsóknasjóðir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlög til rannsóknasjóða ráðuneytisins lækki samtals um 71 m.kr., en það svarar til 5,3% af veltu þeirra, sem er liður í aðhaldsráðstöfunum ráðuneytisins. Lækkun samkeppnissjóða er þó minni eða 4% af veltu þeirra. Skerðingin er minni en ella hefði þurft að vera með því móti að dregið er meira úr framlögum á öðrum úthlutunarliðum hjá ráðuneytinu. Þar af lækkar framlag til Markáætlunar á sviði vísinda og tækni um 30 m.kr., framlag til Rannsóknasjóðs lækkar um 32,5 m.kr., framlag til Tækjasjóðs lækkar um 4,5 m.kr. og framlag til Rannsóknarnámssjóðs lækkar um 4 m.kr.

5. Aðrir liðir. Hér er fjallað um ýmsa safnliði tengda háskóla- og rannsóknarstarfsemi.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Gert er ráð fyrir að heildarframlög til liðarins lækki um 211 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er gert ráð fyrir að fjárheimild lækki um 36 m.kr. til að mæta markmiðum í útgjaldaramma ráðuneytisins um samdrátt í ríkisútgjöldum. Hins vegar fellur niður 175 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum ársins 2010 til að ljúka framkvæmdum við kennsluálmu Háskólans á Akureyri.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Lagt er til að heildarframlög til liðarins hækki um 219,7 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er lagt til að á viðfangsefninu *1.90 Háskólastarfsemi* verði veitt 150 m.kr. óskipt fjárheimild til að fjármagna

verkefni um aukið samstarf í tengslum við uppbyggingu samstarfsnets háskóla. Gert er ráð fyrir að framlagið verði tímabundið til loka ársins 2012 þannig að samtals verði 300 m.kr. varið til breytinganna á tveimur árum. Að háskólanetinu standa allir opinberu háskólarnir þ.e. Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum en auk þess geta aðrar háskóla- og rannsóknastofnanir tekið þátt í starfi netsins, óháð rekstrarformi. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 4 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnis sem ber heitið Námsferill frá grunnskóla til háskóla. Um er að ræða úthlutun 2011 vegna framkvæmdar stefnu um upplýsingasamfélagið, 2008–2012. Markmið verkefnisins er að koma á rafrænu aðgengi allra að námsferli sínum, frá grunnskóla til háskóla. Í þriðja lagi hækka framlög liðarins um 158,6 m.kr. vegna tillögu um að millifæra fjárveitingar til fræða og þekkingarsetra af fjárlagaliðnum *451 Símenntun fjarkennsla* yfir á *299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi*. Um er að ræða fjárlagaviðföngin *1.32 Þekkingarsetur Vestmannaeyja*, *1.33 Fræða- og þekkingarsetur 1.34 Háskólasetur Vestfjarða og 1.35 Þekkingarsetur Suðurlands.* Í fjórða lagi er lagt til að 30 m.kr. verði millifærðar af *1.90 Háskólastarfsemi* yfir á *231-1.01 Rannsóknarmiðstöð Íslands* vegna umsýslu með gæðaeftirliti háskólanna. Í fimmta lagi að millifærðar verði 23 m.kr. af *1.90 Háskólastarfsemi* yfir á *209-1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* vegna umsýslu með veitingu styrkja til íslenskunáms fyrir útlendinga. Að lokum er gert ráð fyrir að útgjöld lækki um 39,9 m.kr. til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum, sem skiptist á eftirfarandi liði: *1.25 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna* lækkar um 1 m.kr., *1.32 Þekkingarsetur Vestmannaeyja* lækkar um 1,1 m.kr., *1.33 Fræða- og þekkingarsetur* lækkar um 4,5 m.kr., *1.34 Háskólasetur Vestfjarða* lækkar um 5,1 m.kr., *1.35 Þekkingarsetur Suðurlands* lækkar um 1,1 m.kr., *1.73 Reykjavíkurakademían* lækkar um 1,5 m.kr., *180 Vísindastarfsemi* lækkar um 1,9 m.kr., *1.90 Háskólastarfsemi* lækkar um 22 m.kr. og *1.91 Háskólar, óskipt* lækkar um 1,7 m.kr.

985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun. Gert er ráð fyrir að heildarframlög til liðarins lækki um 256,3 m.kr. að frátöldum gengis- og verðlagsreikningi frumvarpsins. Í fyrsta lagi er áætlað er að framlög til rammaáætlana lækki um 250 m.kr. þar sem skuldbindingar Íslands vegna þátttöku í rannsóknaráætlunum ESB hafa verið endurskoðaðar með tilliti til hagvaxtar á árinu 2009. Hlutur Íslands í sameiginlegum kostnaði EFTA ríkjanna lækkar við þetta úr 3,16% í 2,94%. Meðtalin er tímabundin lækkun um tæpar 600 þús. evrur vegna leiðréttingar á greiðslum fyrir árið 2009. Í öðru lagi er lagt til að framlag á viðfangsefninu *1.01 Landskrifstofa menntaáætlana ESB* lækki um 6,4 m.kr. Tillagan er hluti af aðhaldsaðgerðum ráðuneytisins. Þessu til viðbótar lækkar endurmat á gengisforsendum fjárlagafrumvarpsins framlög til liðarins um 161 m.kr.

Framhaldsskólar.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301-309; 350-372; 504-581 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla: 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra og 451 Framhaldsfræðsla. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á heitum liða: 372 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð verður 372 Menntaskólinn á Tröllaskaga; 451 Símenntun og fjarkennsla verður 451 Framhaldsfræðsla.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 1.197,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema 147,1 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins um 1.120,4 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2010 til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum, sem jafngildir 5,8% lækkun frá veltu fjárlaga 2010.

Við útfærslu hagræðingar á framhaldsskólastigi var reynt að hlífa rekstri framhaldsskóla eftir fremsta megni til þess sérstaklega að tryggja nemendum á fræðsluskyldualdri og nemendum á starfsbrautum inngöngu í framhaldsskóla. Í frumvarpinu er lagt til að bein framlög til reksturs framhaldsskóla lækki um 573,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum en það svarar til 3,7% af rekstrarfjárveitingu þeirra í fjárlögum yfirstandandi árs. Í staðinn er gengið á safnlið málaflokksins, m.a. með því að draga verulega úr framlagi til námsefnisgerðar eða um 40 m.kr. og fella niður 204,8 m.kr. framlag til sjálfsmatskerfis framhaldsskóla. Framlag til stofnkostnaðar er lækkað um 63 m.kr., framlög til framhaldsfræðslu eru lækkuð um 107,2 m.kr. og framlög til annarra verkefna lækka um lægri fjárhæðir. Hlutfallsleg lækkun fjárlagaliða málaflokksins vegna aðhaldsaðgerða liggur á bilinu 3,5% – 19,3%.

Gert er ráð fyrir að skólarnir mæti aðhaldsmarkmiðum með mismunandi hætti enda eru aðstæður að sumu leyti ólíkar eftir skólum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur meðal annars áherslu á þróun námsframboðs á grundvelli nýrra laga um framhaldsskóla, að 16–18 ára nemendur njóti forgangs við innritun vegna fræðsluskyldu sem hvílir á ríkinu og að sem flestir nemendur ljúki námi án tafa. Auk þess sem hver skóli um sig útfærir sparnaðaraðgerðir mun ráðuneytið beita sér fyrir auknu samstarfi milli framhaldsskóla og breytingum á skipulagi fjarnáms sem auðveldi skólunum að halda uppi góðri þjónustu á tímum minnkandi fjárveitinga.

Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að útgjöld framhaldsskóla aukist af öðrum tilefnum um 131,9 m.kr. Þar vegur þyngst 90 m.kr. framlag vegna fjölgunar ársnemenda yngri en 18 ára og 20 m.kr. hækkun vegna aðildar starfsmanna ríkis og sveitarfélaga að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í tengslum við nýsamþykkt lög um framhaldsfræðslu. Aðrar breytingar nema 21,9 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólinn í Reykjavík	520,5	482,8	458,2	-5,1	-12,0
Menntaskólinn á Akureyri	526,6	507,8	481,2	-5,2	-8,6
Menntaskólinn að Laugarvatni	147,2	160,5	150,3	-6,4	2,1
Menntaskólinn við Hamrahlíð	801,1	719,2	695,8	-3,3	-13,1
Menntaskólinn við Sund	440,3	428,7	409,5	-4,5	-7,0
Menntaskólinn á Ísafirði	247,7	288,1	261,1	-9,4	5,4
Menntaskólinn á Egilsstöðum	272,1	273,2	262,1	-4,1	-3,7
Menntaskólinn í Kópavogi	757,8	696,6	695,4	-0,2	-8,2
Kvennaskólinn í Reykjavík	345,0	307,6	317,9	3,3	-7,9
Fasteignir framhaldsskóla	235,8	61,5	57,0	-7,3	-75,8
Framhaldsskólar, stofnkostnaður	719,6	627,0	564,0	-10,0	-21,6
Framhaldsskólar, almennt	1.055,1	1.809,9	1.467,0	-18,9	39,0
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.001,7	869,0	855,2	-1,6	-14,6
Fjölbrautaskólinn Ármúla	939,3	708,3	683,0	-3,6	-27,3
Flensborgarskóli	558,8	509,7	531,0	4,2	-5,0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	678,2	651,5	638,4	-2,0	-5,9
Fjölbrautaskóli Vesturlands	487,6	481,1	440,9	-8,4	-9,6
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	197,5	176,7	184,7	4,5	-6,5
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	339,2	319,2	332,7	4,2	-1,9
Fjölbrautaskóli Suðurlands	685,5	700,4	664,1	-5,2	-3,1
Verkmenntaskóli Austurlands	195,1	224,0	210,9	-5,8	8,1
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.086,8	1.031,3	980,0	-5,0	-9,8
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	488,9	467,3	466,6	-0,1	-4,6
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	154,7	112,1	125,6	12,0	-18,8
Framhaldsskólinn á Húsavík	142,1	134,3	121,2	-9,8	-14,7
Framhaldsskólinn á Laugum	154,3	181,1	180,4	-0,4	16,9
Borgarholtsskóli	948,0	821,0	803,2	-2,2	-15,3
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	229,5	198,8	201,1	1,2	-12,4
Menntaskóli Borgarfjarðar	183,7	167,2	170,1	1,7	-7,4
Menntaskólinn Hraðbraut	139,2	160,1	141,7	-11,5	1,8
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	47,3	73,7	101,2	37,3	114,0
Menntaskólinn á Tröllaskaga	2,9	62,6	77,1	23,2	-
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	262,9	243,8	223,1	-8,5	-15,1
Símenntun og fjarkennsla	1.258,8	1.348,7	1.175,1	-12,9	-6,6
Tækniskólinn	1.920,3	1.686,2	1.610,0	-4,5	-16,2
Iðnskólinn í Reykjavík	68,4	-	-	-	-
Iðnskólinn í Hafnarfirði	716,2	612,5	574,3	-6,2	-19,8
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	31,0	29,2	27,6	-5,5	-11,0
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	27,8	27,3	25,6	-6,2	-7,9
Verslunarskóli Íslands	995,9	913,4	858,5	-6,0	-13,8
Samtals	**20.010,4**	**19.287,4**	**18.236,8**	**-5,4**	**-8,9**

Millifærslur leiða til 98,6 m.kr. lækkunar á fjárheimildum málaflokksins. Annars vegar eru 158,6 m.kr. millifærðar yfir á málaflokk háskóla og rannsókna vegna háskóla- og rannsóknarsetra. Hins vegar eru 60 m.kr. millifærðar frá félags- og tryggingamálaráðuneyti vegna Fræðslusjóðs samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu.

Á móti falla niður samtals 110,6 m.kr. tímabundin framlög til ýmissa verkefna.

Auk ofangreindra breytinga nema innbyrðis tilfærslur á milli framhaldsskóla alls 558,7 m.kr. Þær skýrast að mestu leyti á breytingum á framlagi til húsnæðis skóla og breytingum á nemendaframlögum vegna breyttrar samsetningar nemenda. Í fjárlögum yfirstandandi árs var ákveðið að bæta framhaldsskólum sem fjölguðu nemendum umfram forsendur fjárlaga, að beiðni ráðuneytisins, 60% af áætluðum útgjaldaauka samkvæmt reiknilíkani. Í áætlun fyrir árið 2011 er ekki gerður greinarmunur á þessum nemendum og öðrum og skýrir það að hluta til tilfærslu fjárheimilda á milli skóla. Í fjárlögum yfirstandandi árs var horfið frá því að tengja framlög vegna húsaleigu við nemendafjölda og þau ákveðin með hliðsjón af leigusamningum sem ráðuneytið staðfestir. Í tengslum við þessar breytingar var einungis tekið tillit til leigusamninga við Fasteignir ríkissjóðs hjá þeim framhaldsskólum sem eru í húsnæði á vegum ríkisins en annars var tekið tillit til þjónustusamninga. Auk þess er gert ráð fyrir að húsnæði framhaldsskóla aukist um 9.671 fermetra á næsta ári. Að lokum er lagt til að tímabundið 7 m.kr. framlag sem veitt hefur verið frá og með árinu 2007 á *367 Framhaldsskóli Snæfellinga* til reksturs framhaldsskóladeildar á Patreksfirði verði varanlegt og hækki í 9 m.kr.

Í forsendum frumvarps til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir 20.103 ársnemendum og eru það u.þ.b. 58 fleiri ársnemendur en áætlað var í fjárlögum yfirstandandi árs. Miðað við áætlun í frumvarpi til fjárlaga 2010 nemur fjölgunin hins vegar 464 ársnemendum. Á fyrri hluta árs 2010 voru nemendatölur allmargra skóla endurskoðaðar m.a. með hliðsjón af því að fleiri nýnemar voru innritaðir en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar er að miðað verði við 20.045 ársnemendur eða 58 færri en nú er lagt til að miða við vegna ársins 2011. Ástæður fjölgunarinnar eru fyrst og fremst fjölgun árganga í nýjum framhaldsskólum í Mosfellsbæ og á Tröllaskaga. Þá hefur nemendum fjölgað vegna ákvæða laga um fræðsluskyldu til 18 ára aldurs.

	Reiknaðir ársnem. 2008	Reiknaðir ársnem. 2009	Áætlaðir ársnem. 2010	Áætlaðir ársnem. 2011	Áætlað hlutfall bóknáms	Fjárveiting 2011	Þús. kr. á árs-nemanda
Menntaskólinn í Reykjavík	870	885	895	895	97,5	458,2	512
Menntaskólinn á Akureyri	761	747	745	745	99,5	481,2	646
Menntaskólinn að Laugarvatni	135	152	160	155	95,5	150,3	970
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.157	1.173	1.178	1.190	97,1	695,8	585
Menntaskólinn við Sund	706	729	732	732	96,0	409,5	559
Menntaskólinn á Ísafirði	253	263	321	308	81,4	261,1	848
Menntaskólinn á Egilsstöðum	329	325	322	319	96,1	262,1	822
Menntaskólinn í Kópavogi	1.022	1.114	1.031	1.031	91,1	695,4	674
Kvennaskólinn í Reykjavík	542	567	569	590	99,5	317,9	539
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.170	1.264	1.167	1.177	71,0	855,2	727
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	1.182	1.257	991	991	91,5	683,0	689
Flensborgarskóli	772	801	808	808	95,0	531,0	657
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	877	945	908	898	82,9	638,4	711
Fjölbrautaskóli Vesturlands	590	551	575	568	77,3	440,9	776
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	237	241	222	220	87,5	184,7	840
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	377	373	361	359	79,1	332,7	927
Fjölbrautaskóli Suðurlands	875	887	884	884	86,7	664,1	751
Verkmenntaskóli Austurlands	193	193	184	182	68,5	210,9	1.159
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.291	1.282	1.186	1.186	73,7	980,0	826
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	716	760	720	738	92,4	466,6	632
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	117	167	122	122	90,5	125,6	1.030
Framhaldsskólinn á Húsavík	139	132	135	135	98,7	121,2	898
Framhaldsskólinn á Laugum	120	122	121	121	99,1	180,4	1.491
Borgarholtsskóli	1.097	1.147	1.055	1.070	74,0	803,2	751
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	204	208	214	209	94,2	201,1	962
Menntaskólinn í Borgarnesi	97	148	182	175	91,0	170,1	972
Menntaskólinn Hraðbraut	251	250	250	235	94,5	141,7	603
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	-	25	100	150	100,0	101,2	675
Menntaskólinn á Tröllaskaga	-	14	45	68	100,0	77,1	1.134
Tækniskólinn	1.729	1.867	1.752	1.752	45,3	1.610,0	919
Iðnskólinn í Hafnarfirði	543	550	558	558	37,1	574,3	1.029
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	24	24	15,7	27,6	1.150
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	24	28	24	24	39,5	25,6	1.067
Verslunarskóli Íslands	1.518	1.544	1.424	1.424	97,4	858,5	603
Framhaldsskólar almennt, v/nem.uppgj.	-	-	80	60	-	-	-
Samtals	**19.918**	**20.735**	**20.045**	**20.103**	**82,4**	**14.736,6**	**733**

316 Fasteignir framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að framlög lækki um 5,7 m.kr. þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar til að mæta aðhaldsmarkmiðum í útgjaldaramma ráðuneytisins.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 564 m.kr., sem er 63 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs í samræmi við markmið

ráðuneytisins um lækkun útgjalda. Áætlað er að ráðstafa 525 m.kr. af fjárveitingunni til byggingarframkvæmda og 39 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði eins og taflan sýnir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Framhaldsskólar í Reykjavík	240,0	240,0
Menntaskólinn í Reykjavík	50,0	47,0
Menntaskólinn á Laugarvatni	25,0	25,0
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	25,0	-
Verkmenntaskólinn á Akureyri	35,0	-
Framhaldsskólinn á Laugum	15,0	15,0
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	85,0	85,0
Menntaskólinn á Tröllaskaga	33,0	33,0
Byggingarframkvæmdir, óskipt	30,0	30,0
Héraðsskólahúsið á Laugarvatni	50,0	50,0
Tæki og búnaður, óskipt	39,0	39,0
Samtals	**627,0**	**564,0**

Samkvæmt verksamningi og samkomulagi við Reykjavíkurborg munu framkvæmdir við Fjölbrautaskólann í Ármúla halda áfram á næsta ári. Í drögum að nýrri framkvæmdaáætlun er lögð áhersla á húsnæði Menntaskólans við Sund og Kvennaskólans. Gert er ráð fyrir að Kvennaskólinn fái afnot af Miðbæjarskólanum. Áframhaldandi framkvæmdir verða við Menntaskólann í Reykjavík en þar er um að ræða gamla skólahúsið og Íþöku. Unnið hefur verið að endurbótum á heimavist Menntaskólans á Laugarvatni og verður svo áfram. Auk framlags í fjárlögum verður tekjum af útleigu til hótelrekstrar varið til framkvæmdanna. Unnið er að hönnun Framhaldsskólans í Mosfellsbæ og mun henni ljúka um mitt ár 2011. Fallið hefur verið frá áformum um að byggja nýtt skólahúsnæði fyrir Menntaskólann á Tröllaskaga og er verið að ganga frá samkomulagi um fyrirkomulag húsnæðismála þar. Framkvæmdum við lóð Framhaldsskólans á Laugum er að ljúka. Gert er ráð fyrir að þegar lyktir þessara mála liggja betur fyrir í haust kann að reynast tilefni til að gera tillögur um að flytja þessar fjárheimildir á óskiptan lið við 2. umræðu frumvarpsins. Áætlað er að ljúka vinnu við að innrétta Héraðsskólahúsið á Laugarvatni á árinu 2011. Gert er ráð fyrir að á yfirstandandi ári ljúki framkvæmdum við viðbyggingu Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Verkmenntaskólans á Akureyri.

319 Framhaldsskólar, almennt. Á þessum fjárlagalið er aðallega áætlað fyrir sameiginlegum útgjöldum framhaldsskóla en einnig óskiptum framlögum sem mennta- og menningarmálaráðuneytið millifærir yfir á hlutaðeigandi skóla þegar forsendur þar að lútandi liggja fyrir. Gert er ráð fyrir að fjárheimild á fjárlagaliðnum nemi 1.467 m.kr. á

næsta ári sem jafngildir 352,3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Til að mæta aðhaldsmarkmiðum ráðuneytisins lækka framlög til fjárlagaliðarins um 349,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Helstu lækkanir eru þær að 204,8 m.kr. framlag á viðfangsefninu *1.20 Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla* er fellt niður. Í samræmi við yfirlýsingu þáverandi menntamálaráðherra í tengslum við kjarasamninga á árinu 2005 hefur framlaginu verið skipt á milli framhaldsskólanna í hlutfalli við stöðugildi kennara en það skilyrði sett fyrir úthlutun til einstakra skóla að þeir sýni viðunandi áfangaárangur í framkvæmd sjálfsmats að mati menntamálaráðuneytis. Til að draga úr útgjöldum og þörf fyrir frekari skerðingu framlaga til kennslu er áformað að falla frá þessu fyrirkomulagi. Þá er fjárheimild á *1.18 Námsefnisgerð* lækkuð um 40 m.kr. og á *1.90 Framhaldsskólar*, *óskipt* lækkuð um 43,1 m.kr. Á öðrum viðfangsefnum fjárlagaliðarins er gerð 9% hagræðingarkrafa, en þau eru eftirfarandi: *1.11 Sameiginleg þjónusta; 1.16 Nýjungar í skólastarfi; 1.17 Námsskrárgerð; 1.21 Nám tannsmiða; 1.26 Verkefnasjóður skólasamninga; 1.28 Mat á skólastarfi; 1.30 Endurmenntun; 1.31 Keilir; 1.33 Myndlistarskólinn á Akureyri; 1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík; 1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi; 1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar; 1.39 Nám í listdansi og 1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu* og nemur lækkun þeirra samtals 61,4 m.kr. Til hækkunar kemur í fyrsta lagi tillaga um 5,3 m.kr. aukningu framlags á *1.12 Orlof kennara* vegna fjölgunar námsorlofa um 1,5 stöðugildi. Í öðru lagi er lagt til að framlag á *1.90 Framhaldsskólar*, *óskipt* hækki um 90 m.kr. til að mæta útgjöldum við fjölgun nemenda yngri en 18 ára. Á viðfangsefninu er áætlað fyrir ófyrirséðum útgjöldum framhaldsskóla en auk þess er hann notaður til að gera upp fjárheimildir við skólana með hliðsjón af ársnemendafjölda. Í þriðja lagi er farið fram á 2 m.kr. tímabundið framlagi á *1.11 Sameiginleg þjónusta* til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins árið 2011. Niður falla tímabundin framlög að fjárhæð samtals 103,6 m.kr. Þar ber fyrst að nefna eftirfarandi framlög sem veitt voru til fjögurra ára á lið *1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu* vegna breyttrar námsskipanar, 35 m.kr. til endurmenntunar grunn- og framhaldsskólakennara, 5 m.kr. til ráðningar verkefnisstjóra, 30 m.kr. vegna námskrárgerðar í grunn- og framhaldsskólum og 20 m.kr. til verkefna um breytta námsskipan. Þá falla niður tímabundin framlög á yfirstandandi ári til tveggja verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins að fjárhæð samtals 11 m.kr.

441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra. Gert er ráð fyrir að framlag á liðnum lækki um 21,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum, þegar frá eru taldar verðlagsbreytingar, í samræmi við hagræðingarkröfu sem gerð er almennt á rekstur stofnana ráðuneytisins.

451 Framhaldsfræðsla. Lagt er til að framlag lækki um 185,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum, þegar verðlagsbreytingar hafa verið dregnar frá. Til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar eru framlög lækkuð um 107,2 m.kr. Á móti kemur tillaga um að 60 m.kr.

verði millifærðar af fjárlagaliðnum *07-984-1.45 Atvinnuleysistryggingasjóður* yfir á viðfangsefnið *1.12 Fræðslusjóður* undir þessum lið í samræmi við forsendur frumvarps sem varð að lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Af sömu ástæðu er lagt til að veittar verði 20 m.kr. vegna aðildar félagsmanna BSRB að Fræðslusjóðnum og nemi framlag vegna þeirra 90 m.kr. á árinu 2011 og 110 m.kr. á árinu 2012. Þá er lagt til að 158,6 m.kr. fjárheimild til háskólasetra verði millifærð af fjárlagaliðnum yfir á *299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi* og er þar um að ræða eftirfarandi viðfangsefnaliði: *1.20 Þekkingarsetur Vestmannaeyja* 15 m.kr., *1.31 Fræða- og þekkingarsetur* 60,6 m.kr*, 1.32 Háskólasetur Vestfjarða* 68 m.kr. og *1.34 Þekkingarsetur Suðurlands* 15 m.kr.

Grunnskólar.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar, almennt	104,7	198,1	192,2	-3,0	83,6
Námsgagnastofnun	434,1	456,9	426,9	-6,6	-1,7
Samtals	**538,8**	**655,0**	**619,1**	**-5,5**	**14,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 51 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins um 59 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Á móti koma 8 m.kr. til hækkunar.

720 Grunnskólar, almennt. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 9,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar verðlagsbreytingar hafa verið taldar frá. Breytingin skýrist af því að framlagið lækkar um 17,9 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Á móti kemur að lagt er til að á viðfangsefninu *1.31 Sérstök fræðsluverkefni* verði veittar 10 m.kr. til viðbótar til verkefna á grundvelli aðgerðaráætlunar í þágu barna og ungmenna og til þjónustu við börn með athyglisbrest og ofvirkni, í samræmi við samstarfssamning þriggja ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Að lokum er lagt til að 2 m.kr. verði millifærðar af *1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni* yfir á *101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa* vegna áforma um að hefja endurskoðun á höfundarréttarlögum. Gert er ráð fyrir að vinnan taki nokkur ár.

725 Námsgagnastofnun. Lagt er til að framlag lækki um 41,1 m.kr. frá fjárlögum þessa árs, að frátöldum almennum verðlagsbreytingum í samræmi við aðhaldsmarkmið ráðuneytisins.

Námsaðstoð

Tveir fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun námskostnaðar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lánasjóður íslenskra námsmanna	6.995,7	8.985,0	8.272,0	-7,9	18,2
Jöfnun á námskostnaði	604,5	522,7	541,0	3,5	-10,5
Samtals	**7.600,2**	**9.507,7**	**8.813,0**	**-7,3**	**16,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 425 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Gert er ráð fyrir að framlag til sjóðsins lækki um 713 m.kr. Annars vegar er um að ræða 378 m.kr. lækkun vegna breyttra forsendna frá fjárlögum 2010. Þar vegur þyngst að lánþegar á Íslandi reyndust vera 10% færri en áætlað hafði verið við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. Á móti er að reiknað með að skólagjaldalán aukist um 12% og að lánþegum erlendis fjölgi um 7% frá fyrri áætlun. Þessi áætlun miðast við að fjöldi þeirra sem tekur lán hjá sjóðnum árið 2011 verði ríflega 12.300 manns sem er sambærilegt því sem er í ár. Í öðru lagi er lagt til að framlag til sjóðsins lækki um 47 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Í þriðja lagi lækkar framlag til sjóðsins um 288 m.kr. vegna styrkingar íslensku krónunnar frá forsendum gildandi fjárlaga en það dregur úr fjárþörf vegna útlána til náms í öðrum löndum. Gerð er nánari grein fyrir fjárreiðum sjóðsins í umfjöllun um C-hluta fjárlaga.

102 Jöfnun námskostnaðar. Gert er ráð fyrir að fjárframlög til jöfnunar á námskostnaði verði óbreytt þegar frá er talin 18,3 m.kr. hækkun vegna almennra verðlagsbreytinga.

Málefnaflokkar á sviði menningar, lista, íþrótta og æskulýðsmála.

Hér er fjallað um áherslur og viðmið að baki tillögum í frumvarpinu varðandi málefnaflokkana Söfn, listastofnanir o.fl. og Annað. Heildarfjárveiting til þessara málefnaflokka er áætluð 9.732,5 m.kr. og lækkar um 632,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar.

Áformað er að lækka útgjöld málefnaflokkanna um samtals 919,9 m.kr. með hagræðingaraðgerðum eða um 9% frá veltu gildandi fjárlaga. Við útfærslu þessarar lækkunar í fjárlagafrumvarpinu voru notuð sömu viðmið og við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 2010. Miðað er við að draga úr framlögum til styrkja og verkefna sem eru ekki lögbundin, fremur en að minnka lögbundna starfsemi og grunnstarfsemi stofnana sem ríkið rekur. Í fyrsta lagi er leitast við að standa vörð um starf í þágu barna og ungmenna svo sem grunnþjónustu á sviði íþrótta- og æskulýðsmála og er skerðing á slíkum liðum því lægri eða í kringum 5%. Í annan stað er leitast við að hlífa eftir megni rekstri stofnana þjóðarinnar sem starfa samkvæmt lögum og annast grunnstarfsemi, hver á sínu sviði menningar og lista. Þetta er gert til að veikja sem minnst þá undirstöðu og faglegu færni sem hefur verið byggð upp á löngum tíma. Þróttmikil starfsemi þessara stofnana er í flestum tilvikum forsenda starfsemi annarra á viðkomandi sviði. Gerð er 8–10% hagræðingarkrafa á flestar þessar stofnanir. Í þriðja lagi er reynt að skerða sem minnst framlög til sjóða sem veita styrki til verkefna og reksturs á grundvelli faglegs mats á umsóknum á tilteknum málefnasviðum. Þetta leiðir til þess að framlög til annarra verkefna og safnliða eru skert hlutfallslega meira og jafnvel felld niður. Þó er tekið tillit til lækkana í fjárlögum yfirstandandi árs. Fjárlaganefnd hefur í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið unnið að tillögum um breytt fyrirkomulag við úthlutun á safnliðum sem verða kynntar og ræddar í tengslum við þinglega meðferð frumvarpsins.

Áform um 9% lækkun framlaga til málefnaflokkanna, til mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum, hefur í för með sér að draga þarf úr umsvifum á nánast öllum sviðum. Í ár mæta flestar menningar- og listastofnanir minni fjárveitingum með því að lækka rekstrarkostnað án þess að minnka þjónustu mikið. Búist er við því að á árinu 2011 þurfi stofnanir almennt að draga meira saman seglin. Því hefur verið beint til stofnana að hlífa grunnþjónustu og kjarnastarfsemi eftir því sem unnt er en draga frekar úr stoðþjónustu auk þess að halda uppsögnum í lágmarki.

Söfn, listastofnanir o.fl.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaefnaflokksins: 901-919 Söfn; 961 Fjölmiðlastofa; 965 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið ohf; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 977 Höfundaréttargjöld; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarnefnd; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndamiðstöð Íslands; 982 Listir, framlög. Fjölmiðlastofa og Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík eru nýir fjárlagaliðir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fornleifavernd ríkisins	92,1	108,2	81,0	-25,1	-12,1
Þjóðminjasafn Íslands	467,1	413,3	367,3	-11,1	-21,4
Þjóðskjalasafn Íslands	415,2	296,1	224,2	-24,3	-46,0
Þjóðmenningarhúsið	109,3	94,8	83,2	-12,2	-23,9
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	713,2	656,1	598,3	-8,8	-16,1
Listasafn Einars Jónssonar	18,7	17,1	15,6	-8,8	-16,6
Listasafn Íslands	171,9	162,4	151,5	-6,7	-11,9
Kvikmyndasafn Íslands	50,3	50,6	41,8	-17,4	-16,9
Blindrabókasafn Íslands	82,2	80,3	77,7	-3,2	-5,5
Náttúruminjasafn Íslands	23,1	25,3	21,1	-16,6	-8,7
Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	32,9	33,5	28,1	-16,1	-14,6
Safnasjóður	104,7	94,4	97,3	3,1	-7,1
Söfn, ýmis framlög	334,6	240,7	169,6	-29,5	-49,3
Samtals	**2.615,3**	**2.272,8**	**1.956,7**	**-13,9**	**-25,2**
Fjölmiðlastofa	0,0	0,0	37,4	0,0	0,0
Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	0,0	0,0	424,4	0,0	0,0
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	527,0	287,9	171,6	-40,4	-67,4
Ríkisútvarpið	3.575,0	3.218,0	2.980,0	-7,4	-16,6
Íslenski dansflokkurinn	122,5	120,4	113,0	-6,1	-7,8
Þjóðleikhúsið	716,2	707,8	647,0	-8,6	-9,7
Sinfóníuhljómsveit Íslands	668,9	655,6	717,1	9,4	7,2
Höfundarréttargjöld	53,0	52,5	52,5	0,0	-0,9
Launasjóðir listamanna	332,9	373,8	408,8	9,4	22,8
Húsafriðunarnefnd	157,9	97,8	46,4	-52,6	-70,6
Listskreytingasjóður	9,7	7,1	0,7	-90,1	-92,8
Kvikmyndamiðstöð Íslands	817,6	524,0	519,1	-0,9	-36,5
Listir, framlög	1.029,7	860,3	795,8	-7,5	-22,7
Samtals	**8.010,4**	**6.905,2**	**6.913,8**	**0,1**	**-13,7**
Samtals	**10.625,7**	**9.178,0**	**8.870,5**	**-3,4**	**-16,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins er áætluð 8.870,5 m.kr. og lækkar um 420,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema 113,2 m.kr. Helstu breytingar eru að gert er ráð fyrir að draga úr útgjöldum málefnaflokksins um 746,6 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum um samdrátt í ríkisfjármálum. Á móti kemur að lagt er til að framlag til málaefnaflokksins hækki um 597,2 m.kr. af öðrum tilefnum. Hækkunin skýrist í fyrsta lagi af 424,4 m.kr. framlagi til Hörpunnar, tónlistar og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavíkur, sem gert er ráð fyrir að hefji starfsemi sína á fyrri hluta árs 2011. Í öðru lagi af 55,1 m.kr. framlagi til Sinfóníuhljómsveitar Íslands vegna flutnings í Hörpuna. Í þriðja lagi af 35 m.kr. hækkun til fjölgunar listamannalauna. Í fjórða lagi af 26,5 m.kr. framlagi til nýrrar Fjölmiðlastofu skv. frumvarpi til laga um fjölmiðla. Í fimmta lagi af 18 m.kr. tímabundnu framlagi til Þjóðskjalasafns Íslands til að ganga frá skjalasafni og gögnum rannsóknanefndar skv. lögum nr. 142/2008. Að lokum

er lagt til að veitt verði 8,5 m.kr. framlag til að endurnýja samning við Hönnunarmiðstöð Íslands sem hefur verið með tímabundið framlag. Til lækkunar kemur að 282,3 m.kr. tímabundin verkefni falla niður.

Söfn

Hér verður fjallað í einu lagi um söfn og aðrar stofnanir sem vinna að varðveislu menningararfs þjóðarinnar og eru á fjárlagaliðnum 901 – 919 en það eru Fornleifavernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Þjóðmenningarhúsið, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Blindrabókasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Gljúfrasteinn – Hús skáldsins, Safnasjóður og Söfn, ýmis framlög.

901 Fornleifavernd ríkisins. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 27,9 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi af 7 m.kr. samdrætti til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir niðurfellingum á 20,9 m.kr. tímabundnum framlögum sem veitt voru í fjárlögum 2010 og skiptust þannig: 2,8 m.kr. til fornleifarannsóknar á hinu forna biskups- og menntasetri að Hólum í Hjaltadal sem staðið hefur í nokkur ár, 1,7 m.kr. til Þorláksbúðarfélagsins til áframhaldandi vinnu við endurreisn Þorláksbúðar í Skálholti, 2,8 m.kr. til að halda áfram fornleifauppgreftri á tanganum við Kolkuós (Kolbeinsárós), 1,7 m.kr. til rannsókna á menningarsögulegum minjum í Hringsdal og nágrenni hans á vegum Arnfirðingafélagsins, 5,6 m.kr. til Hins þingeyska fornleifafélags til fornleifarannsókna í Suður–Þingeyjarsýslu, 2,8 m.kr. til Fornleifastofnunar Íslands til úrvinnslu fornleifarannsóknar sem fram fór í Skálholti árin 2002–2007, 0,7 m.kr. til Byggðasafns Skagfirðinga vegna Tyrfingsstaðaverkefnisins og að lokum 2,8 m.kr. til Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna til áframhaldandi fornleifarannsókna í Breiðafjarðareyjunum Skáley og Hrappsey.

902 Þjóðminjasafn Íslands. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 50 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af tveimur tilefnum. Annars vegar eru 45 m.kr. aðhaldsráðstafanir til að mæta markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum sem skiptist þannig: *1.01 Þjóðminjasafn Íslands almennur rekstur* lækkar um 33,8 m.kr. og *5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins* lækkar um 11,2 m.kr. Hins vegar er lagt til að tímabundin fjárveiting sem veitt var við 3. umræðu fjárlaga 2010 til fjarvinnslu Forsvars á Hvammstanga falli niður. Loks er gert ráð fyrir leiðréttingu á sértekjum til hækkunar um 9,7 m.kr. og hækkar fjárheimild um sömu fjárhæð.

903 Þjóðskjalasafn Íslands. Lagt er til að útgjöld lækki um 74,7 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 18 m.kr. tímabundið framlag til þriggja ára vegna hlutdeildar í framkvæmd laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008. Þjóðskjalasafni er ætlað að taka við bæði skjalasöfnum og gagnagrunnum rannsóknanefndarinnar. Í öðru lagi er tillaga um 17,7 m.kr. samdrátt í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: *1.01 Þjóðskjalasafn Íslands, almennur rekstur* lækkar um 10,3 m.kr. og *1.11 Héraðsskjalasöfn* lækka um 7,4 m.kr. Í þriðja lagi er gerð tillaga um niðurfellingu á 75 m.kr. tímabundinni fjárveitingu sem veitt var í 2. umræðu í fjárlögum 2010. Um var að ræða framlag til grunnskráningar og endurskráningar á lítt eða óskráðum skjalasöfnum og vinnu við stafræna gerð manntala sem átti að fara fram árin 2008 og 2009. Verkefnið var hluti af mótvægisaðgerðum sem ákveðið var að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks. Loks er gert ráð fyrir leiðréttingu á sértekjum til lækkunar um 5,3 m.kr. og lækkar fjárheimild um sömu fjárhæð.

904 Þjóðmenningarhúsið. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 12,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 65,6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum sem er liður í aðhaldsráðstöfunum ráðuneytisins í frumvarpinu. Þá er gert ráð fyrir leiðréttingu á sértekjum til hækkunar um 28,2 m.kr. og hækkar fjárheimild um sömu fjárhæð.

906 Listasafn Einars Jónssonar. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 1,7 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum til að mæta markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum.

907 Listasafn Íslands. Miðað er við að framlag lækki um 12,9 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum til að mæta markmiðum í áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum og skiptist það þannig; *1.01. Listasafn Íslands* 12,5 m.kr. og *1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar* 0,4 m.kr.

908 Kvikmyndasafn Íslands. Áformað er að framlag lækki um 9,7 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af tveimur tilefnum. Annars vegar er lögð til 4,5 m.kr. lækkun til að mæta hagræðingarmarkmiðum. Hins vegar er lagt til að niður falli tímabundin fjárveiting sem veitt var í fjárlögum 2007–2010 til kaupa og viðgerðar á kvikmyndasafni Ósvaldar Knudsen.

909 Blindrabókasafn Íslands. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 4,0 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

911 Náttúruminjasafn Íslands. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 4,5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum og er um að ræða tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2010.

913 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 5,6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum sem er hluti af aðhaldsaðgerðum ráðuneytisins.

918 Safnasjóður. Gert er ráð fyrir að framlag til sjóðsins haldist óskert frá fjárlögum yfirstandandi árs.

919 Söfn, ýmis framlög. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 74 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er tillaga um 64 m.kr. samdrátt í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: *1.01 Listasafn ASÍ* 2,1 m.kr., *1.11 Nýlistasafn* 0,8 m.kr., *1.14 Hönnunarsafn Íslands* 1,1 m.kr., *1.17 Leikminjasafn Íslands* 0,7 m.kr., *1.42 Síldarminjasafnið á Siglufirði* 1,4 m.kr., *1.90 Söfn, ýmis framlög* 15,5 m.kr., *1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis* 14,1 m.kr., *6.45 Víkinganaust í Reykjanesbæ* 2 m.kr., og *6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður* 26,3 m.kr. Í öðru lagi er lagt til að tímabundið 8,5 m.kr. framlag til viðfangsefnisins *1.14 Hönnunarmiðstöð Íslands* sem átti að falla niður verði gert varanlegt þar sem fyrirhugað er að endurnýja samning sem mennta- og menningarmálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið gerðu við miðstöðina árið 2009. Í þriðja lagi er tillaga um niðurfellingu á 10 m.kr. tímabundnu framlagi á *1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis* vegna Safnahúss í Búðardal.

Tillaga um skiptingu viðfangsefnis *1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytisins* kemur fram í töflunni hér fyrir neðan. Samkvæmt henni lækkar framlag um 24,1 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af niðurfellingu 10 m.kr. framlags vegna Safnahúss í Búðardal og 14,1 m.kr. samdrætti í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum Gert er ráð fyrir að framlög til samninga og sérstakra verkefna ríkisstjórnarinnar lækki um 10% en að óskipt framlag ráðuneytisins lækki um 53% en af þeim lið verða veittir ýmsir styrkir s.s. til Þjóðbúningaráðs, Íslandsdeild ICOM og Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Byggðasafnið í Görðum vegna Kútters Sigurfara, samningur	10,2	9,1
Hvalamiðstöðin á Húsavík, samningur	6,0	5,4
Heklusetur Leirubakka, samningur	5,1	4,6
Galdrasýning á Ströndum, samningur	5,1	4,6
Tónlistarsafn Íslands, samningur	5,7	5,1
Þjóðtrúarstofa, styrkur til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs.	8,5	7,6
Safnahús í Búðardal, samningur	10,0	0,0
Til styrktar atvinnulífi á NAog Austurlandi. - efla jarðfræðirannsóknir	8,0	7,2
Verkefni tengd heimsminjasamningi UNESCO	6,0	6,0
Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2,0	2,0
Stafkirkja í Heimaey	3,0	3,0
Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem eru utan verksvið Safnasjóðs	12,3	9,0
Óskipt	4,5	0,0
Íslandsdeild ICOM	0,4	0,0
Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga	0,5	0,0
Þjóðbúningaráð	0,4	0,0
Samtals	**87,7**	**63,6**

Aðrar stofnanir, stofnkostnaður, sjóðir og ýmsir styrkir

Hér verður fjallað um viðhald og stofnkostnað menningarstofnana, aðrar stofnanir og ýmsa styrki sem eru á fjárlagaliðnum 961–982 en það eru Fjölmiðlastofa; Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík; Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; Ríkisútvarpið ohf: Íslenski dansflokkurinn, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Höfundaréttargjöld, Launasjóðir listamanna, Húsafriðunarnefnd, Listskreytingasjóður, Kvikmyndamiðstöð Íslands og Listir, framlög. Fjölmiðlastofa og Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík eru nýir liðir.

961 Fjölmiðlastofa. Í frumvarpi til laga um fjölmiðla eru sett ný markmið um aukið faglegt eftirlit með fjölmiðlum og lagt til að sett verði á laggirnar sjálfstæð stofnun, Fjölmiðlastofa. Henni er ætlað að leysa útvarpsréttarnefnd af hólmi, sem er það stjórnvald sem fer með eftirlit og umsjón með starfsemi hljóð- og myndmiðla. Auk þess er Fjölmiðlastofu ætlað að hafa sambærilegt eftirlit og umsjón með starfi annarra fjölmiðla. Framlag til stofnunarinnar skýrist af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 23 m.kr. rekstrarframlag vegna nýrra verkefna samkvæmt frumvarpinu. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 3,5 m.kr. tímabundið stofnkostnaðarframlag. Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að millifærðar verði til Fjölmiðlastofu 10,3 m.kr. af *02-999-1.13 Útvarpsréttarnefnd* og fellur sá viðfangsefnaliður niður. Samtals er því gert ráð fyrir 36,8 m.kr. útgjöldum á liðnum.

965 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að framlag verði 410 m.kr. auk 14,4 m.kr. verðlagshækkunar eða samtals 424,4 m.kr. Upphæðin miðast við að greiðslur hefjist frá og með mars á næsta ári. Á ársgrundvelli verður því framlag ríkissjóðs samtals 509,7 m.kr. miðað við áætlað verðlag 2011. Framlag ríkissjóðs er í samræmi við fyrirliggjandi áætlun um leigugreiðslur til Hörpunnar.

969 Endurbætur menningarstofnana. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 116,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 44,2 m.kr. tímabundið framlagi vegna reksturs Austurhafnar - TR ehf. og eftirlits við byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpunnar. Gert ráð fyrir að eftirlitskostnaður ríkissjóðs muni nema 44,2 m.kr. á árinu 2011. Í öðru lagi er tillaga um 59,5 m.kr. samdrátt í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: *6.03 Þjóðskjalasafn Íslands* 20 m.kr., *6.21 Endurbætur menningarstofnana* 13,2 m.kr., *6.73 Þjóðleikhúsið* 20 m.kr., og *6.82 Geymsluhúsnæði* 6,3 m.kr. Í þriðja lagi er tillaga um niðurfellingu á 101 m.kr. tímabundnum fjárveitingum sem skiptast þannig: *6.21 Endurbætur menningarstofnana* 6 m.kr. sem veitt var í fjárlögum 2007-2010 til Reykholtskirkju, *6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík*, 70 m.kr. sem veitt var í fjárlögum 2009 og 2010 vegna eftirlits með framkvæmdum við tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í samræmi við samkomulag milli ríkisins og Reykjavíkurborgar þar sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði 54% á móti 46% framlagi Reykjavíkurborgar og *6.83 Lækningaminjasafn Íslands* 25 m.kr. vegna samnings við Seltjarnarnesbæ um Lækningaminjasafn Íslands.

971 Ríkisútvarpið. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 289,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum, sem nema 51,2 m.kr., til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

972 Íslenski dansflokkurinn. Gert er ráð fyrir að fjárveiting lækki um 9,6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum vegna aðhaldsáforma.

973 Þjóðleikhúsið. Gert er ráð fyrir að fjárheimild lækki um 70,8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Gert er ráð fyrir að framlag hækki um 45,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af hækkun á húsaleigu við flutning úr Háskólabíói í Hörpuna. Fyrirhugað er að hljómsveitin flytji um miðjan mars 2011. Áætlað er að húsaleiga hækki um 55,1 m.kr. og er 82% hlutur ríkissjóðs því 45,2 m.kr. en hluti Reykjavíkurborgar 9,9 m.kr. Ekki er gerð hagræð-

ingarkrafa í rekstrarframlagi til hljómsveitarinnar í frumvarpinu vegna fyrirhugaðs flutnings í Hörpu.

978 ***Launasjóður listamanna.*** Áætlað er að útgjöld hækki um 35 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Samkvæmt lögum nr. 57/2009 er gert ráð fyrir að listamannalaunum fjölgi úr 1.325 mánaðarlaunum árið 2010 í 1.465 árið 2011 og síðan í 1.600 mán-aðarlaun árið 2012. Framlag til sjóðsins hefði þurft að hækka um 38,5 m.kr. vegna fjölgunar á árinu 2011 en þar sem gert er ráð fyrir að liðurinn skili afgangi í árslok 2010 er sótt um 35 m.kr. hækkun.

979 ***Húsfriðunarnefnd.*** Miðað er við að framlag lækki um 51,6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er lögð til 3,9 m.kr. lækkun til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: *1.01 Húsfriðunarnefnd 2,7 m.kr.* og *6.10 Húsafriðunarsjóður* 1,2 m.kr. Í öðru lagi er lagt til að niður falli tímabundnar fjárveitingar að fjárhæð 47,7 m.kr. sem veittar voru í 2. og 3. umræðu fjárlaga 2010 til ýmissa verkefna. Loks eru gerðar leiðréttingar og millifærslur milli viðfangsefnanna *1.01 Húsfriðunarnefnd* og *6.10 Húsafriðunarsjóður* með hliðsjón af ríkisreikningi sem hafa ekki áhrif á útgjöld.

980 ***Listskreytingarsjóður.*** Lagt er til að fjárheimild lækki um 6,4 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs til að mæta markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Það þýðir að dregið verði tímabundið úr umsvifum sjóðsins en veitt framlag til að greiða fyrir eftirlit með verkefnum sem unnið er að.

981 ***Kvikmyndamiðstöð Íslands.*** Gert er ráð fyrir að framlag til rekstrar lækki um 5,9 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

982 ***Listir, framlög.*** Lagt er til að útgjöld lækki um 64,9 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af tveimur tilefnum. Annars vegar er 60,4 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: *1.14 Bókasafnssjóður höfunda* 1,8 m.kr., *1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar* 1,4 m.kr., *1.18 Bókmenntasjóður* 3 m.kr., *1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga* 3 m.kr., *1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga* 0,4 m.kr., *1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa* 6 m.kr., *1.25 Tónlistarsjóður* 2,3 m.kr., *1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin* 1,2 m.kr., *1.30 Íslenska Óperan* 7 m.kr., *1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál* 5,8 m.kr., *1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis* 2,3 m.kr., *1.80 Listahátíð í Reykjavík* 3,2 m.kr., *1.90 Listir* 13,8 m.kr., *1.91*

Menningarstofnanir, óskipt 2,9 m.kr., *1.27 Tónlist fyrir alla* 6,3 m.kr. og fellur viðfangsefnið niður. Hins vegar er lagt til að tímabundin 4,5 m.kr. fjárveiting sem veitt var í 3. umræðu fjárlaga 2010 til sjálfstæðra leikhúsa falli niður. Á nýjan viðfangsefnalið *1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarsamstarfsemi* eru millifærðar 120 m.kr. af *1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál*. Á *1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál* er framlag til menningasamninga við sveitarfélög á Suðurnesjum, Vesturlandi, Austurlandi, Eyþingi, Norðurland vestra og Vestfjörðum. Unnið er að endurnýjun samninga.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til málefnaflokksins: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarsk.	67,9	67,8	61,6	-9,1	-9,3
Ýmis fræðistörf	146,8	103,3	87,1	-15,7	-40,7
Norræn samvinna	20,3	19,4	13,9	-28,4	-31,5
Æskulýðsmál	235,0	199,4	188,9	-5,3	-19,6
Ýmis íþróttamál	420,7	354,3	333,2	-6,0	-20,8
Tungutækni	0,4	0,0	0,0		
Ýmislegt	543,5	324,0	177,3	-45,3	-67,4
Samtals	**1.434,6**	**1.068,2**	**862,0**	**-19,3**	**-39,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 211,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en þær nema 5,2 m.kr. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að draga úr útgjöldum um 173,3 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Auk þess falla niður 30,8 m.kr. til tímabundinna verkefna og millifærðar eru 10,3 m.kr. af lið útvarpsréttarnefndar á Fjölmiðlastofu. Á móti er lagt til að framlag til málaefnaflokksins hækki um 3 m.kr. vegna verkefnisins Árvekniþjónusta í bókasöfnum.

430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnaskertra. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 6,8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum til að mæta aðhaldsmarkmiðum ráðuneytisins.

983 Ýmis fræðastörf. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 16,8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af tveimur tilefnum. Annars vegar 14,4 m.kr. lækkun til að mæta markmiðum um útgjaldaaðhald sem

skiptist þannig: *1.10 Fræðistörf* 3,6 m.kr., *1.11 Styrkir til útgáfumála* 3,6 m.kr., *1.23 Hið íslenska bókmenntafélag* 0,9 m.kr., *1.52 Skriðuklaustur* 1,7 m.kr., *1.53 Snorrastofa* 1,7 m.kr., *1.54 Fornleifasjóður* 1,9 m.kr., og *1.55 Þórbergssetur* 1 m.kr. Hins vegar er lagt til að tímabundin 2,4 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum 2010 til *1.52 Skriðuklaustur* vegna áframhaldandi fornleifarannsókna á klaustri sem starfrækt var á Skriðu í Fljótadal 1493-1554 falli niður.

984 Norræn samvinna. Miðað er við að framlag lækki um 5,5 m.kr. á næsta ári vegna aðhaldsráðstafana og skiptist það þannig: *1.90 Norræn samvinna* 0,7 m.kr. og *1.98 Ýmis verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu* 4,8 m.kr.

988 Æskulýðsmál. Lagt er til að fjárveiting lækki um 10,7 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það alfarið af samdrætti í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og skiptist þannig á viðfangsefni: *1.10 Æskulýðsráð ríkisins* 0,1 m.kr., *1.12 Ungmennafélag Íslands* 3,1 m.kr., *1.13 Bandalag íslenskra skáta* 0,9 m.kr., *1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni* 0,1 m.kr., *1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi* 0,1 m.kr., *1.17 Landssamband KFUM og KFUK* 0,9 m.kr. *1.18 Æskulýðsrannsóknir* 0,2 m.kr., og *1.90 Æskulýðsmál* 5,3 m.kr. Af 101,6.kr. framlagi til Ungmennafélags Íslands í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 18,2 m.kr. renni til reksturs ungmenna- og tómstundabúða að Laugum í Sælingsdal, sem er samstarfsverkefni UMFÍ og sveitarfélagsins Dalabyggðar og að 9,1 m.kr. verði varið til unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið er árlega um verslunarmannahelgina.

989 Ýmis íþróttamál. Lagt er til að útgjöld lækki um 21,2 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er tillaga um 14,2 m.kr. samdrátt í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: *1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands* 4,4 m.kr., *1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands* 2,9 m.kr., *1.14 Íþróttasamband fatlaðra* 0,7 m.kr., *1.15 Skólaíþróttir* 0,4 m.kr., *1.16 Íþróttasjóður* 0,6 m.kr., *1,17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri* 0,3 m.kr. *1.20 Glímusamband Íslands* 0,4 m.kr. *1.21 Skáksamband Íslands* 0,6 m.kr. *1.25 Skákskóli Íslands* 0,3 m.kr., *1.29 Afrekssjóður ÍSÍ* 0,8 m.kr. og *1.30 Bridgesamband Íslands* 2,8 m.kr. Í öðru lagi er tillaga um niðurfellingu á 15 m.kr. tímabundinni fjárveitingu sem veitt var í fjárlögum 2010 á *1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands* til undirbúnings og þátttöku í vetrarólympíuleikunum 2010. Í þriðja lagi eru millifærðar 8 m.kr. af *999-1.90 Ýmislegt, Ýmis framlög* yfir á *1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands* vegna Ólympíuleika og smáþjóðaleika. Af 149,1 m.kr. framlagi til Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands í frumvarpinu er gert ráð fyrir 61,8 m.kr. vegna samnings um fjármögnun sérsambanda ÍSÍ og 8 m.kr. til Ólympíuleika og smáþjóðaleika.

999 Ýmislegt. Gert er ráð fyrir að framlag lækki um 150,4 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 3 m.kr. framlag á *1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis* til tímabundins verkefnis til eins árs sem nefnist Árvekniþjónusta á bókasöfnum. Markmið þess er að bókasöfn landsins geti boðið notendum þá þjónustu að láta þá vita af nýskráðu efni á þeirra áhugasviði í bókasafnskerfinu Gegni. Í öðru lagi er tillaga um 121,7 m.kr. samdrátt í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem skiptist þannig: *1.81 Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO* 0,4 m.kr., *1.90 Ýmis* framlög 23,3 m.kr., *1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis* 33,1 m.kr. og *6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög* 64,9 m.kr. Í þriðja lagi er tillaga um niðurfellingu á 13,4 m.kr. tímabundnum fjárveitingum sem skiptist þannig: *1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis* 7,5 m.kr. sem veitt var í fjárlögum 2007 til fjögurra ára til Þórbergssetur að Hala í Suðursveit skv. samningi og 5,9 m.kr. sem veitt var skv. samningi til Íþróttaakademíunnar í Reykjanesbæ. Í fjórða lagi eru tvær millifærslur. Annars vegar eru 10,3 m.kr. færðar af *1.13 Útvarpsréttarnefnd* yfir á *961 Fjölmiðlastofa* í samræmi við ákvæði í frumvarpi til laga um fjölmiðla sem gerir ráð fyrir að sett verði á laggirnar Fjölmiðlastofa sem leysi útvarpsréttarnefnd af hólmi. Að lokum eru millifærðar 8 m.kr. af *1.90 Ýmis framlög yfir* á *989 1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands* vegna Ólympíuleika og smáþjóðaleika.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Þórbergssetur til uppbyggingar, samningur	7,5	0,0
Til styrktar atvinnulífi á NA og Austurland. - Urðarbrunnur menningarfélag	8,0	7,2
Til styrktar atvinnulífi á NA og Austurlandi. - efling menningarlífs á Seyðisfirði	8,0	7,2
Til styrktar atvinnulífi á Norðurl.vestra, þekkingarsetur á Skagaströnd	9,0	8,1
Íslenska upplýsingasamfélagið 2011, Árvekniþjónusta á bókasöfnum	0,0	3,0
Ýmis verkefni í upplýsingatækni, menningarmál	10,5	10,0
Alþjóðasamningar, menningarmál, aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	20,0	20,0
Verkefni, samingar vegna íþróttamála	10,2	3,8
Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	1,6	2,0
Samningar við listamannasamtök og styrkir til ýmissa verkefna	0,0	24,9
Samningar og styrkir varðandi menningarmál á grundvelli umsókna	14,4	0,0
Óskipt	20,1	0,0
Alþjóðlega kvikmyndahátíðin, samningur	6,8	0,0
Bókmenntahátíð í Reykjavík	1,4	0,0
Leiklistarsambandið	2,4	0,0
Bandalag íslenskra listamanna	1,8	0,0
Útflutningsmiðstöð tónlistar	2,0	0,0
Rithöfundasambnad Íslands - höfundamiðstöð	2,0	0,0
Menningarrannsóknir	4,0	0,0
Samtals	**129,7**	**86,2**

Tillaga um skiptingu fjárheimildar viðfangsefnisins *1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytisins* kemur fram í töflunni hér fyrir neðan. Samkvæmt henni lækkar framlagið um 46,5 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af niðurfellingu 13,4 m.kr. framlags og 33,1 m.kr. samdrætti í útgjöldum til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum Gert er ráð fyrir að framlög til samninga og sérstakra verkefna ríkisstjórnarinnar lækki um 10%. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið ráðstafi óskiptu fjármagni til venjubundinna samninga s.s. við Bandalag íslenskra listamanna, Rithöfundasamband Íslands og Leiklistasambandið og styrki t.d. bókmenntahátíð í Reykjavík og Höfundamiðstöð.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild.

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinga. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2.9 hér fyrir framan.

Yfirlitið hér fyrir neðan sýnir áformuð framlög af óskiptri fjárheimild á viðfangsefninu *99-999-9.99 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytisins* undir þessum fjárlagalið.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
02-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
02-234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	Launagreiðslur til prófessora hjá ríkisreknum háskólastofnunum.
02-299-1.91	Háskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld háskóla.
02-319-1.12	Orlof kennara	Námsorlof kennara í framhaldsskólum.
02-319-1.14	Sérkennsla	Sérkennsla í framhaldsskólum.
02-319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld framhaldsskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga.
02-982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt	Ófyrirséð útgjöld menningarstofnana.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	6.628,5	6.914,4	5.943,1	-14	-10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	5.077,2	4.852,8	4.883,5	1	-4
Stofnkostnaður og viðhald	55,6	118,0	106,0	-10	91
Samtals	**11.761,3**	**11.885,2**	**10.932,6**	**-8**	**-7**
Greitt úr ríkissjóði	-	11.519,5	10.534,0	-9	-
Innheimt af ríkistekjum	-	365,7	398,6	9	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**11.885,2**	**10.932,6**	**-8**	-

Heildargjöld utanríkisráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 11.003 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 70 m.kr. en þær nema 0,64% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru um 10.933 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 10.534 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og um 399 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, á bls. 210, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu hefur framsetningu fjárheimilda hins vegar ekki verið breytt miðað við áform um sameiningu ráðuneyta fyrir komandi fjárlagaár. Tillögur um þær breytingar munu koma fram við 2. umræðu frumvarpsins.

Í frumvarpinu dragast útgjöld utanríkisráðuneytisins saman um 287,3 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2010 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 953 m.kr. milli ára eða sem svarar til um 8%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 800 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema 656,7 m.kr. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 144 m.kr. Nettó hækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindinga er því alls 512,7 m.kr. Loks bætast við verðlags- og gengisbreytingar ársins 2011, sem eru áætlaðar 665,3 m.kr. til lækkunar, þannig að heildargjöldin verða um 10.933 m.kr. Vakin er athygli á því að stór hluti útgjalda utanríkisráðuneytisins er í erlendum gjaldmiðlum en við gerð fjárlaga er að fullu tekið tillit til gengisbreyting íslensku krónunnar við útreikning útgjalda ráðuneytisins. Þannig leiða verðlags-

og gengisbreytingar margra fjárlagaliða ráðuneytisins til lækkunar vegna styrkingar íslensku krónunnar á árinu gagnvart helstu gjaldmiðlum frá gengisforsendur gildandi fjárlaga.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 5.943,1 m.kr. og lækka um 971,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 655,2 m.kr. vegna áforma um lækkun á rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá velferðarstofnunum, framhaldskólum og löggæsluaðilum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Auk þess ákvað ríkisstjórnin nokkrar sértækar ráðstafanir til lækkunar á útgjöldum þ.á.m. á rekstrarverkefnum á sviði þróunarmála. Lækkunin hjá utanríkisráðuneytinu nemur um 9,5% af rekstrarveltu að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 19,5 m.kr. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 144 m.kr. Loks nema verðlags- og gengisbreytingar fjárveitinga til rekstrar um 191,8 m.kr. til lækkunar sem skýrist einkum af styrkingu íslensku krónunnar frá fyrra ári. Í því sambandi er bent á að fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna á næsta ári en það er liður í aðhaldsáformum til að draga úr hallarekstri ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir auknum launakostnaði sem stafar af hækkun til þeirra lægst launuðu sem tók gildi 1. júlí á yfirstandandi ári en gildir allt árið 2011.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 30,7 m.kr. og verða 4.883,5 m.kr. en eru 4.852,8 m.kr. í fjárlögum ársins 2010. Sett var markmið um 9% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 32,8 m.kr. Því til viðbótar eru ráðstafanir til að lækka útgjöld fjárlagaliðarins *Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfssemi* um 100 m.kr. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir hækkun fjárheimilda vegna aukinna útgjaldaskuldbindinga um 636,6 m.kr. sem að stærstum hluta má rekja til hækkunar á aðildargjöldum alþjóðastofnana. Verðlags- og gengisbreytingar fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nema 473,1 m.kr. til lækkunar sem skýrist af styrkingu íslensku krónunnar frá fyrra ári.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 106 m.kr. og er það 12 m.kr. lækkun milli ára sem gerð er til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 10% lækkun.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2011 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Utanríkisráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga um langtímaverkefni á sviði þróunarsamvinnu sem áætlað er að nemi samtals um 537 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2010, eru á áætluðu verðlagi ársins 2011. Samtals nema þessir samningar 6,2% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2011 og miðast við hámarks skuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Að undanskyldum samningum við Landsnefnd UNIFEM á Íslandi, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og Rauða kross Íslands eru samningarnir gerðir af Þróunarsamvinnustofnun Íslands og eru skuldbindingar þeirra gerðar í Bandaríkjadölum en hafa, að undanskildu árinu 2010, hér verið umreiknaðar á fjárlagagengi fjárlagafrumvarps 2011.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2010	2011	2012	2013	2014
Landsnefnd UNIFEM á Íslandi, ...	C	4,5	5,0	5,5	0,0	0,0
Félag S.þ. á Íslandi, samstarfssamn.	C	3,6	3,6	3,6	0,0	0,0
Rauði Kross Íslands, samstarfssamn.	C	5,0	5,0	5,0	0,0	0,0
Fullorðinsfræðsla í Mósambík	C	41,3	57,6	57,6	57,6	57,6
Aðstoð við fiskimálaráðuneytið í Mósambík	C	100,0	143,9	143,9	134,3	134,3
Heilsugæsla Monkey Bay, Malaví	C	67,8	90,0	90,0	90,0	90,0
Fiskgæðaverkefni, Úganda	C	76,1	119,9	119,9	101,9	63,0
KDDP - Kalangala byggðaþróun, Úganda	C	131,3	164,3	155,9	119,9	119,9
Jarðhitaverkefni, Níkaragva	C	87,9	77,5	65,4	65,4	65,4
Benguela Current Commission	C	14,1	13,6	13,6	13,6	13,6
NAI, árlegt stofnframlag	C	4,1	4,0	4,0	4,0	4,0
Genabanki SADC, stofnfrumurannsóknir	C	1,6	1,6	1,6	1,6	1,6
Samtals		**537,3**	**685,9**	**665,9**	**588,2**	**549,2**

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem fagráðuneyti stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í samningstöflum ráðuneyta. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B. Í töflunni hér á undan eru eingöngu samningar, samtals að fjárhæð 685 m.kr. sem utanríkisráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði endurnýjaðir þegar að því kemur eða nýir samningar gerðir um samskonar viðfangsefni.

Tilraunarverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands, sem er ein af grunnstoðum íslenskrar utanríkisstefnu, er framkvæmd annars vegar af Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) og hinsvegar af utanríkisráðuneytinu. Tilraunaverkefni um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð tekur eingöngu til verkefna sem utanríkisráðuneytið sinnir og er því ætlað að efla afrakstur þróunarsamvinnu Íslands og stuðla að því að Ísland leggi sitt af mörkum við framkvæmd alþjóðasamninga um jafnréttismál. Í verkefninu felst að framlög til þróunarsamvinnu eru greind út frá stefnu Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna en þessir þættir eru bæði þverlægt og sértækt markmið í stefnu Íslands. Skal samþætting jafnréttissjónarmiða höfð að leiðarljósi við stefnumótun, áætlanagerð og framkvæmd á vettvangi alþjóðastofnana.

Verkefnið hófst í júní 2010 og er áætlað að því ljúki í janúar 2011. Gert er ráð fyrir að sambærileg greining verði gerð á fjárhagsáætlun ársins 2010. Heildarframlög utanríkisráðuneytisins sem metin verða við greininguna nema ríflega 2,5 milljörðum kr. á árinu 2009.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir utanríkisráðuneytið

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa; 111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 261,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlags- og gengisbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 137,3 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkistjórnarinnar um samdrátt í ríkisfjármálum en það svarar til um 8% af veltu málaflokksins í fjárlögum 2010. Þá koma fram ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum að fjárhæð 19,5 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 144 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.093,6	1.069,8	985,0	-7,9	-9,9
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	182,2	356,4	301,8	-15,3	65,6
Ýmis verkefni	101,3	287,5	182,4	-36,6	80,1
Ráðstöfunarfé	0,0	3,5	3,5	0,0	-
Samtals	**1.377,1**	**1.717,2**	**1.472,7**	**-14,2**	**6,9**

101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi um 985 m.kr. og dragist saman um 100 m.kr. að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs eða sem svarar til um 9%. Lækkunin skýrist af markmiðum samdrátt ríkisútgjalda en ráðuneytið hyggst ná fram hagræðingu á aðalskrifstofunni með því að draga úr ferðakostnaði, eignakaupum og lækka launakostnað með því að ráða ekki í þær stöður starfsmanna sem fara í leyfi eða láta af störfum. Aðrar breytingar á fjárheimildum aðalskrifstofunnar skýrast af verðlags- og gengisbreytingum sem nema samtals 15,3 m.kr. til hækkunar.

111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 302 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 56,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi tímabundin 44 m.kr. fjárheimild sem veitt var í fjárlögum 2009 til að koma á fót starfsstöð á Ísafirði og efla fjarvinnu í 24,5 m.kr. og er hún ætluð til áframhaldandi reksturs útibúsins til ársloka 2012. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 32 m.kr. lækkun fjárheimildar vegna hagræðingar í samræmi við aðhaldsáform ráðuneytisins. Aðrar breytingar fjárlagaliðarins eru vegna verðlagshækkana og nema samtals 1,9 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins nemi 182,4 m.kr. og jafngildir það 105,2 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 100 m.kr. lækkun á 250 m.kr. fjárheimild vegna umsóknar Íslands að Evrópusambandinu í fjárlögum yfirstandi árs og lækkar hún því í 150 m.kr. og fellur að óbreyttu niður í lok næsta árs. Í öðru lagi lækka fjárheimildir til náms í heimskautarétti um 1,2 m.kr. og í þriðja lagi lækkar fjárheimild samnings með tæknilegum viðskiptahindrunum um 4 m.kr. Aðrar breytingar fjárlagaliðarins eru verðlags- og gengisbreytingar, samtals 0,1 m.kr. til hækkunar.

199 Ráðstöfunarfé. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 3,5 m.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá núgildandi fjárlögum.

Varnarmál

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður, 214 Varnarmálastofnun. Breytingar voru gerðar í fjárlögum 2009 í þá veru að aðrir liðir málaflokksins voru sameinaðir undir Varnarmálastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Varnarmál	23,0	0,0	0,0	-	-100,0
Varnarmálastofnun	1.071,0	968,3	889,0	-8,2	-17,0
Samtals	**1.094,0**	**968,3**	**889,0**	**-8,2**	**-18,7**

Heildarfjárveiting til málaflokksins eru áætluð um 889 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 100 m.kr. lækkun að raungildi eða sem nemur 10,3% lækkun frá gildandi fjárlögum. Um er að ræða sértæka hagræðingaraðgerð til að mæta markmiðun ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar á fjárheimildum eru verðlags- og gengisbreytingar, samtals 20,6 m.kr. Athygli er vakin á því að framsetning frumvarpsins tekur á þessu stigi ekki mið af fyrirhuguðum breytingum á stofnuninni en ráðgert að tillögur um það komi fram við aðra umræðu frumvarpsins.

Sendiráð Íslands og fastanefndir

Til þessa málaflokkar telst einn fjárlagaliður, 300 Sendiráð.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands	2.845,7	3.065,5	2.675,0	-12,7	-6,0
Samtals	**2.845,7**	**3.065,5**	**2.675,0**	**-12,7**	**-6,0**

Heildarframlög til málaflokksins á næsta ári eru áætluð um 2.675 m.kr. sem er 192,2 m.kr. lækkun á útgjöldum að raungildi frá yfirstandi ári en það svarar til um 7% af veltu. Skýrist það af aðhaldsráðstöfunum í samræmi við markmið ríkistjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Hyggst ráðuneytið ná fram hagræðingu í sendiráðum með endurskoðun staðaruppbóta, risnu- og ferðakostnaðar, fækkun starfsmanna og frestun starfsmannaflutninga. Þá verður einnig dregið úr viðhalds- og stofnkostnaði sendiráða. Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins skýrast af verðlags- og gengisbreytingum og nema þær 198,3 m.kr. til lækkunar vegna styrkingar íslensku krónunnar miðað við gengisforsendum gildandi fjárlaga. Hér á eftir gefur að líta töflu yfir áætlaðan kostnað einstakra sendiskrif-stofa. Vakin er athygli á því að undir liðnum *Annað* er færður sameiginlegur kostnaður þeirra, sem í rauntölum kemur fram að stórum hluta undir hverri sendiskrifstofu fyrir sig. Því þarf

gera ráð fyrir að rauntölur hverrar skrifstofu verði nokkuð hærri en þessi áætlun þótt heildarveltan verði sú sama.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Áætlun 2010 m.kr.	Áætlun 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands Berlín	125,6	129,4	113,0	-12,7	-10,1
Sendiráð Íslands Kaupmannahöfn	150,2	150,3	131,2	-12,7	-12,7
Sendiráð Íslands London	157,5	169,6	148,0	-12,7	-6,0
Sendiráð Íslands Moskva	113,4	121,1	105,7	-12,7	-6,8
Sendiráð Íslands Osló	72,3	79,8	69,7	-12,7	-3,7
Sendiráð Íslands París	188,1	181,2	158,2	-12,7	-15,9
Sendiráð Íslands Stokkhólmi	69,4	72,6	63,4	-12,7	-8,7
Sendiráð Íslands Washington	130,8	124,8	108,9	-12,7	-16,7
Fastanefnd Íslands New York	177,5	171,3	149,5	-12,7	-15,8
Sendiráð Íslands Brussel	246,2	244,2	213,2	-12,7	-13,4
Fastanefnd Íslands hjá NATO	155,6	155,2	135,5	-12,7	-12,9
Fastanefnd Íslands Genf	133,7	150,4	131,3	-12,7	-1,8
Sendiráð Íslands Vín	95,1	104,5	91,2	-12,7	-4,1
Sendiráð Íslands Peking	132,2	132,8	115,9	-12,7	-12,3
Sendiráð Íslands Ottawa	54,3	58,7	51,2	-12,7	-5,6
Sendiráð Íslands Tókýó	66,6	68,2	59,5	-12,7	-10,6
Sendiráð Íslands Helsinki	85,6	78,2	68,3	-12,7	-20,3
Fastanefnd Íslands Strassborg	32,7	0,0	0,0	-	-100,0
Aðalræðisskrifstofa New York	45,9	49,5	43,2	-12,7	-5,9
Aðalræðisskrifstofa Winnipeg	43,3	44,3	38,7	-12,7	-10,7
Sendiráð Íslands Róm	25,7	0,0	0,0	-	-100,0
Sendiráð Íslands Nýja Dehli	94,1	100,5	87,7	-12,7	-6,8
Sendiráð Íslands Pretoría	9,4	0,0	0,0	-	-100,0
Aðalræðisskrifstofa Þórshöfn	48,8	47,0	41,0	-12,7	-15,9
Annað	358,0	543,9	474,8	-12,7	32,6
Samtals	**2.812,0**	**2.977,5**	**2.599,0**	**-12,7**	**-7,6**

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.697,9	1.380,3	1.235,0	-10,5	-27,3
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	2.043,9	1.556,4	1.269,0	-18,5	-37,9
Alþjóðastofnanir	2.318,3	2.831,8	2.993,3	5,7	29,1
Samtals	**6.060,1**	**5.768,5**	**5.497,3**	**-4,7**	**-9,3**

Heildarfjárveiting til málaflokksins á næsta ári er áætluð 5.497,3 m.kr. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld hans aukist sem nemur 233,3 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Annars vegar er um að ræða 370,5 m.kr. aðhaldsaðgerðir til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um lækkun á ríkisútgjöldum en hins vegar eru 603,8 m.kr. hækkun á tilfærslum sem að stærstum hluta skýrast af hækkun aðildargjalda til alþjóðastofnana. Aðrar breytingar skýrast af verðlags- og gengisbreytingum en þær nema samtals um 505 m.kr. til lækkunar vegna áhrifa af styrkingu íslensku krónunnar frá fyrra ári.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til stofnunarinnar nemi um 1.235 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 100 m.kr. lækkun fjárheimilda að raunvirði frá núgildandi fjárlögum. Um er að ræða sértæka hagræðingarkröfu til að lækka ríkisútgjöld sem mætt verður með því að draga úr fjárveitingum til samstarfslandanna án þess að fækka þeim. Aðrar breytingar á fjárheimildum eru vegna gengis- og verlagsbreytinga og nema þær 45,3 m.kr. til lækkunar.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfssemi. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi um 1.269 m.kr. á næsta ári og lækki að raungildi um 256,5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er óskað eftir 14 m.kr. fjárveitingu vegna hækkunar á aðildarframlagi til Matvæla og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og hins vegar er gert ráð fyrir að lækka fjárheimildir liðarins um 270,5 m.kr. vegna hagræðingar í ríkisrekstri Um er að ræða eftirtaldar tillögur eftir viðfangsefnum: Á lið 1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna er gert ráð fyrir 7,8 m.kr. hagræðingu. Á lið 1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF lækkar heimildin um 5,2 m.kr. Á lið 1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna er gert ráð fyrir 6,1 m.kr. lækkun. Á lið 1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM er hagrætt um 4,7 m.kr. Á lið 1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð er 5 m.kr. hagræðing. Á lið 1.41 er gert ráð fyrir 141,7 m.kr. lækkun og á lið 1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt er 100 m.kr. lækkun. Aðrar breytingar á fjárheimild liðarins stafa af breytingum á gengi íslensku krónunnar og á verðlagi og nema um 31 m.kr. til lækkunar.

Alþjóðastofnanir. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir liðarins nemi 2.993,3 m.kr. á næsta ári og hækki um 590,3 m.kr. að raunvirði frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 2,6 m.kr. fjárveitingu á lið 1.10 vegna aðildar Íslands að nýrri stofnun um endurnýjanlega orku, IRENA. Í öðru lagi er óskað eftir 7,8 m.kr. hækkun á fjárveitingu til liðar 1.39 Evrópuráðið. Um að ræða leiðréttingu vegna tímabundinnar fjárheimildar sem felld var út í tvígang í fjárlögum. Í þriðja lagi er óskað eftir 148,4 m.kr. hækkun framlaga til liðar 1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO. Um er að ræða. 61 m.kr. fjárheimild vegna hækkunar á framlagi í mannvirkjasjóð NATO, 25 m.kr. tímabundna heimild vegna rekstrarhalla hjá bandalaginu frá fyrri árum og 62,4 m.kr. hækkun á tímabundnu

framlagi vegna framkvæmda við nýjar höfuðstöðvar bandalagsins. Framlag Íslands er áætlað 84,5 m.kr. á árinu 2011. Núgildandi kostnaðaráætlun NATO vegna byggingar nýrra höfuðstöðva gerir ráð fyrir rúmlega 20 mia.kr. heildarkostnaði og stighækkandi framlögum aðildarríkja fram til ársins 2015. Hlutdeild Íslands er áætluð rúmlega 600 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2010. Í fjórða lagi er óskað eftir 164 m.kr. til liðar 1.73 þróunarsjóður EFTA. en gert er ráð fyrir að greiðslur ársins 2011 verði um 1.650 m.kr. miðað við gengisforsendur fjárlaga 2010. Með samningum í tengslum við stækkun ESB og EES var samið um aukin framlög EFTA-ríkjanna þriggja til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti. Framlagið ríkjanna er í formi greiðslna vegna verkefna á vegum þróunarsjóðs EFTA á tímabilinu 1. maí 2004 til 30. apríl 2009. Töluverður tími hefur yfirleitt liðið frá því styrkhæf verkefni fara í umsóknarferli þar til þau eru afgreidd og greiðslur úr sjóðnum vegna þeirra hefjast. Á þessu ári var gengið frá samningi um nýtt úthlutunartímabil verkefnasjóðsins sem verður frá 2010 til 2014. Í fimmta lagi er óskað eftir samtals 267,5 m.kr. fjárheimild vegna breytinga á aðildargjöldum til alþjóðastofnana. Ástæður þess að aðildargjöld Íslands hækka svo mikið á milli ára er annars vegar breyting á kostnaði við rekstur stofnananna og hinsvegar breyting á skiptingu kostnaðar en honum er í flestum tilvikum skipt á aðildarríkin eftir ákveðnum hagstærðum eins og vergum þjóðartekjum. Í mörgum tilfellum er verið að notast við viðmiðunar ár sem geta legið nokkur ár til baka. Í þeim tilfellum voru þjóðartekjur hlutfallslega hærri á Íslandi og gengi íslensku krónunnar mun sterkara en nú er í samanburði við önnur aðildarríki. Að sama skapi má reikna með að gjöldin geti lækkað þegar miðað verður við fyrstu árin eftir efnahagshrunið þegar þjóðartekjur lækkuðu og krónan veiktist mikið. Hér á eftir er yfirlit um raunbreytingar aðildargjalda viðkomandi stofnanna. Á móti vegur að fjárheimildum til verkefna undir þessum fjárlagalið lækka samtals um 428,8 m.kr. vegna gengis- og verðlagsbreytinga sem skýrist af mestu leyti af hækkun á gengi krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum miðað við forsendur fjárlaga 2010.

Rekstrargrunnur, m.kr.		Breyting
401-110	Sameinuðu þjóðirnar, UN	14,0
401-111	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	-10,5
401-113	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	8,0
401-115	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	4,3
401-116	Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	3,5
401-135	Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	-4,4
401-139	Evrópuráðið	12,7
401-141	Atlantshafsbandalagið, NATO	59,0
401-170	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	44,5
401-171	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	40,4
401-172	EFTA-dómstóllinn	13,0
401-181	Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	3,0
401-185	Alþjóðleg friðargæsla	80,0
Samtals		**267,5**

Íslandsstofa

Einn liður heyrir undir þennan málaflokk, 03-611 Íslandsstofa. Málaflokkurinn hét áður Útflutningsráð Íslands en breyttist með lögum um Íslandsstofu nr. 38/2010. Framlag til Íslandsstofu nemur 398,6 m.kr. og er jafnt þeim tekjum sem markaðsgjald skilar en það er 0,05% af tryggingargjaldsstofni. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 32,9 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Íslandsstofa	384,4	365,7	398,6	9,0	3,7
Samtals	**384,4**	**365,7**	**398,6**	**9,0**	**3,7**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2.9 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
03-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.970,9	4.421,6	3.830,5	-13	-4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	14.714,2	14.324,9	14.662,8	2	0
Stofnkostnaður og viðhald	300,4	160,4	144,4	-10	-52
Samtals	**18.985,5**	**18.906,9**	**18.637,7**	**-1**	**-2**
Greitt úr ríkissjóði	-	16.352,8	15.968,2	-2	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.554,1	2.669,5	5	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**18.906,9**	**18.637,7**	**-1**	-

Heildargjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 20.380 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.742.3 m.kr. en þær nema 8,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 18.637,7 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 15.968,2 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.669,5 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, á bls. 210, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu hefur framsetningu fjárheimilda ekki verið breytt miðað við áform um sameiningu ráðuneyta fyrir komandi fjárlagaár. Tillögur um þær breytingar munu koma fram við 2. umræðu frumvarpsins. Í þessu sambandi er gert ráð fyrir að áfram verði til skoðunar hugsanleg sameining iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis í eitt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Í frumvarpinu dragast útgjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins saman um 854,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2010 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 269,2 m.kr. milli ára eða sem svarar til 1,4%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 959 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema samtals 108,3 m.kr. Þar af eru 150 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 4 m.kr.

Nettó lækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindinga er því alls 104,3 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2011, sem eru áætlaðar 585,5 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 18.637,7 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.830,5 m.kr. og lækka um 591,1 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 349,1 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá velferðarstofnunum, framhaldskólum og löggæsluaðilum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu nemur 7,9% af rekstrarveltu að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Þá er gert ráð fyrir að ýmsar útgjaldaskuldbindingar í rekstri lækki um 321,9 m.kr. Þar munar mest um að gert er ráð fyrir að fjárheimild Verkefnasjóðs sjávarútvegsins lækki um 290,3 m.kr. þar sem rekstur sem fjármagnaður hefur verið með sértekjum sem því nemur hefur verið vanmetinn á fjárlögum. Tillagan hefur hins vegar í för með sér að á móti þessari lækkun á rekstrarramma ráðuneytisins kemur samsvarandi hækkun á tilfærsluframlögum úr sjóðnum við ráðstöfun á sértekjunum. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 79,9 m.kr. Í því sambandi er bent á að fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna á næsta ári en það er liður í aðhaldsáformum til að draga úr hallarekstri ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir auknum launakostnaði sem stafar af hækkun til þeirra lægst launuðu sem tók gildi 1. júlí á yfirstandandi ári en gildir allt árið 2011.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 337,9 m.kr. og verða 14.662,8 m.kr. en eru 14.324,9 m.kr. í fjárlögum ársins 2010. Sett var markmið um 9% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 593,9 m.kr. Aðrar breytingar á útgjaldaskuldbindingum leiða til 430,2 m.kr. hækkunar. Það skýrist fyrst og fremst af 290,3 m.kr. veltuaukningu hjá Verkefnasjóði sjávarútvegsins vegna hækkaðra sértekna eins og rakið var nánar hér á undan í kaflanum. Þá er gert ráð fyrir 80 m.kr. hækkun á framlagi til Búnaðarsjóðs í samræmi við endurskoðaða áætlun um tekjur af búnaðargjaldi sem gerir ráð fyrir samsvarandi hækkun. Á móti falla niður 4 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem lýkur á þessu ári. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur um 505,6 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 144,4 m.kr. og er það 16 m.kr. lækkun milli ára. Framlög lækka um 16 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 10% lækkun. Skýrist það alfarið af lækkun á framlagi til Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2011 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 10.634 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2010, eru á áætluðu verðlagi ársins 2011 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 53,9% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2011.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2010	2011	2012	2013	2014
Samningur um mjólkurframleiðslu	B	5.534,0	5.811,0	6.101,0	6.108,0	6.047,0
Samningur um sauðfjárframleiðslu	B	4.102,0	4.307,0	4.522,0	4.541,0	4.495,0
Samningur við Samband garðyrkjubænda	B	459,8	483,0	483,0	483,0	483,0
Samningur við Bændasamtök Íslands	A	538,6	394,0	394,0	394,0	394,0
Samtals		**10.634,4**	**10.995,0**	**11.500,0**	**11.526,0**	**11.419,0**

Samningar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 394 m.kr. á næsta ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 10.601 m.kr. Samningur við Bændasamtök Íslands rennur út í árslok 2010 og er hafin vinna við endurnýjun samningsins sem taki mið af þeim fjárveitingum sem veittar verða til sam-

takanna í fjárlagafrumvarpi 2011. Verði sá samningur endurnýjaður má búast við að til jafnaðar verði um 11,5 mia.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verka.

Tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð

Markmið verkefnis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu er að gera úttekt á úthlutunum Rannsóknarsjóðs til auka verðmæti sjávarfangs (AVS). Styrkir AVS sjóðsins eru veittir til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis. Styrkirnir eru veittir til hagnýtra rannsókna og eru ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum og rannsókna-, þróunar- og háskólastofnunum í þeim tilgangi að auka verðmæti sjávarfangs. Tilraunaverkefni þessu er ætlað að kanna hlutfall kynjanna meðal umsækjenda og verkefnisstjóra, þær fjárhæðir sem konur sækja um annars vegar og karlar hins vegar og hvernig það fjármagn sem til úthlutunar var skiptist á milli kynjanna. Einnig verður gerð könnun á því hvernig kynjaskipting er í faghópum þeim sem meta umsóknir sem berast sjóðnum. Áætlað er að ljúka verkefninu í lok árs 2010. Niðurstöður verkefnisins gætu leitt til breytinga á umsóknarskilyrðum m.t.t. dreifingar á styrkjum eftir kynjum. Auk þess mun ráðuneytið fara yfir niðurstöður þessarar greiningar með stjórn sjóðsins, eftir því sem tilefni er til.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifst.	450,4	456,5	426,5	-6,6	-5,3
Ýmis verkefni	387,5	381,9	364,6	-4,5	-5,9
Ráðstöfunarfé	0,0	3,5	3,0	-14,3	-
Samtals	**837,9**	**841,9**	**794,1**	**-5,7**	**-5,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 51,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 77,2 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum í útgjaldaramma ráðuneytisins. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 30 m.kr. Sú hækkun skýrist alfarið af 30 m.kr. framlagi til hafna vegna strandveiða sem fjármagnað er með sérstöku gjaldi. Á hinn bóginn falla niður samtals 4 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 426,5 m.k.r og jafngildir það 36,1 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist sú lækkun af útfærslu ráðuneytisins á aðhaldsmarkmiðum í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum ráðuneytisins í Brussel fækki í einn sem starfi við fastanefnd Íslands við Evrópusambandið í Brussel. Þá verður endurskoðuð þátttaka í hagsmunatengdum fundum sem haldnir eru erlendis og notkun fjarfundabúnaðar aukin. Almenns aðhalds verður gætt á öllum sviðum í rekstri aðalskrifstofu. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

190 Ýmis verkefni. Farið er fram á að framlög til þessa liðar verði 364,6 m.kr. og jafngildir það 14,6 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist sú lækkun fyrst og fremst af markmiðum stjórnvalda um sparnað í ríkisútgjöldum en breytingarnar snerta eftirfarandi viðfangsefni: Á *1.11 Framkvæmd búvörusamnings* er gert ráð fyrir 1 m.kr. lækkun á framlagi vegna aðhaldsaðgerða. Á *1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða* er lögð til 0,7 m.kr. lækkun vegna sparnaðar í ríkisútgjöldum. Á *1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir* er gert ráð fyrir 4 m.kr. lækkun vegna hagræðingar. Á *1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins* er lögð til 9,3 m.kr. lækkun til sparnaðar. Á *1.34 Eldi sjávarafurða* er lagt til að hagrætt verði um 1 m.kr. Á *1.35 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla* er annars vegar gert ráð fyrir að niður falli 4 m.kr. tímabundið framlag vegna skólaskipsins Drafnar. Hins vegar er lögð til 2 m.kr. lækkun á framlagi vegna aðhaldsaðgerða. Á *1.36 Matvælasetur* er gert ráð fyrir 0,6 m.kr. hagræðingu. Á *1.62 Framlag til hafna vegna strandveiða* er gert ráð fyrir 30 m.kr. framlagi til þessa nýja viðfangsefnis. Með lögum nr. 33/2010 um veiðieftirlitsgjald er gert ráð fyrir að við útgáfu leyfis til strandveiða skuli greiða sérstakt 50.000 kr. strandveiðigjald sem reiknað er með að skili 30 m.kr. í tekjur á árinu 2011. Gert er ráð fyrir að Fiskistofa innheimti gjaldið en að tekjum af því skuli renna til þeirra hafna þar sem afla, sem fenginn er við strandveiðar, hefur verið landað. Á þeim tíma sem strandveiðar eru stundaðar þurfa starfsmenn hafnanna, sérstaklega smærri hafna, að vera viðbúnir þeirri auknu umsýslu sem fylgir strandveiðum og þykir því rétt að koma til móts við hafnir hvað þetta varðar. Á *1.90 Ýmis verkefni* er gert ráð fyrir 11 m.kr. lækkun vegna sparnaðaraðgerða. Á *1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis* er lögð til 11 m.kr. lækkun vegna hagræðingar. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áætlaða ráðstöfun á safnliðnum *1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis* undir þessum fjárlagalið.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
04-190-1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis		
Beint frá býli	0,0	6,0
Selasetur á Hvammstanga	0,0	6,0
Rannsóknar- og þróunarstarfsemi í landbúnaði	8,1	5,0
Tilraunastöðin Stóra-Ármót	2,0	1,0
Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks	3,0	2,5
Til að gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi, m.a. vegna alþjóðasamninga	3,0	0,0
Hafréttarstofnun	6,0	3,0
Vör, sjávarrannsóknasetur í Ólafsvík	26,0	23,2
Rannsóknir á sjávardýrum og eldi á Patreksfirði	20,0	16,4
Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd	28,0	25,0
Samvinnuverkefni Versins á Sauðárkróki, Matís ohf. og Háskólans á Hólum	20,0	20,0
Samtals	**116,1**	**108,1**

199 Ráðstöfunarfé. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 3 m.kr. og jafngildir það 0,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum.

Eftirlitsstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 215 Fiskistofa; 217 Verðlagsstofa skiptaverðs og 234 Matvælastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fiskistofa	729,9	772,9	721,7	-6,6	-1,1
Verðlagsstofa skiptaverðs	25,2	14,4	12,9	-10,4	-48,8
Matvælastofnun	941,2	958,8	954,0	-0,5	1,4
Samtals	**1.696,3**	**1.746,1**	**1.688,6**	**-3,3**	**-0,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 87,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 97,3 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum og svarar það til 5,6% af veltu í fjárlögum 2010. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 9,9 m.kr. Skýrist sú aukning fyrst og fremst af millifærslu framlags til Matvælastofnunar frá Bændasamtökum Íslands vegna forðagæsluverkefna sem stofnunin hefur yfirtekið.

215 Fiskistofa. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 721,7 m.kr. og jafngildir það 65,7 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum 2010. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum en gert er ráð fyrir að henni verði mætt með lækkun launa og endurskipulagningu á starfseminni. Auk þess er gert er ráð fyrir að sértekjur stofnunarinnar verði auknar með hækkun á gjöldum sem Fiskistofa innheimtir og renna til reksturs hennar. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

217 Verðlagsstofa skiptaverðs. Gert er ráð fyrir að framlög til fjárlagaliðarins verði 12,9 m.kr. og jafngildir það 1,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af ráðstöfunum til að draga úr ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

234 Matvælastofnun. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 954 m.kr. og jafngildir það 20 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum ársins. Skýrist sú lækkun af tveimur tilefnum. Annars vegar er gert ráð fyrir 30 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða. Hins vegar er lagt til að millifærðar verði á liðinn 10 m.kr. framlag af lið Bændasamtaka Íslands, *04-811-1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt*, vegna forðagæsluverkefna sem Matvælastofnun hefur yfirtekið. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

Skógrækt og landgræðsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 331 Héraðs- og Austurlandsskógar; 332 Suðurlandsskógar; 334 Vesturlandsskógar; 335 Skjólskógar á Vestfjörðum og 336 Norðurlandsskógar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Héraðs- og Austurlandsskógar	133,7	128,3	117,6	-8,3	-12,0
Suðurlandsskógar	99,4	102,2	93,1	-8,9	-6,3
Vesturlandsskógar	47,5	55,5	50,5	-9,0	6,3
Skjólskógar á Vestfjörðum	45,7	43,7	39,9	-8,7	-12,7
Norðurlandsskógar	102,8	95,1	86,5	-9,0	-15,9
Samtals	**429,1**	**424,8**	**387,6**	**-8,8**	**-9,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins verður 387,6 m.kr. og lækkar um 38,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Lækkunin skýrist alfarið af útfærslu ráðuneytisins á markmiðum frumvarpsins um samdrátt í ríkisútgjöldum. Ekki eru áformaðar aðrar breytingar á fjárveitingum til verkefna á sviði skógræktar og landgræðslu hjá ráðuneytinu í fjárlagafrumvarpinu að frátöldum verðlagsbreytingum.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Hafrannsóknastofnunin; 405 Veiðimálastofnun; 411 Matvælarannsóknir; 413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins; 415 Sjóður til síldarrannsókna; 417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs; 421 Bygging rannsóknastofnana atvinnuveganna; 423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna; 481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar; 483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar og 487 Hagþjónusta landbúnaðarins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hafrannsóknastofnunin	1.522,4	1.367,2	1.267,0	-7,3	-16,8
Veiðimálastofnun	99,9	108,4	99,9	-7,8	0,0
Matvælarannsóknir	416,7	461,4	424,2	-8,1	1,8
Verkefnasjóður sjávarútvegsins	-214,0	35,0	35,0	0,0	-116,4
Sjávarspendýrasjóður	-0,4	0,0	0,0	-	-100,0
Sjóður til síldarrannsókna	-17,1	0,0	0,0	-	-100,0
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	328,5	305,8	265,8	-13,1	-19,1
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	6,3	9,4	9,4	0,0	49,2
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	59,2	58,1	53,3	-8,3	-10,0
Húsbyggingarsjóður	-21,5	0,0	0,0	-	-100,0
Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	168,0	158,7	151,2	-4,7	-10,0
Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar	63,4	58,8	22,1	-62,4	-65,1
Hagþjónusta landbúnaðarins	25,3	25,6	24,9	-2,7	-1,6
Samtals	**2.436,7**	**2.588,4**	**2.352,8**	**-9,1**	**-3,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 277,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 275,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem samtals draga úr útgjöldum um 1,5 m.kr., nettó. Skýrist það fyrst og fremst af 40 m.kr. tímabundnu framlagi til Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs í tengslum við nýrra tekna í ríkissjóð af leigu fyrir aflaheimildir í skötusel og frístundaveiða sbr. lög 22/2010. Einnig er gert ráð fyrir að 31,9 m.kr. fjárheimild flytjist til Landgræðslu ríkisins hjá umhverfisráðuneytinu frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu þar sem verkefnið Bændur græða landið mun flytjast til stofnunarinnar. Þá er lögð til 10 m.kr. lækkun á framlögum til Matvælarannsókna í samræmi við samning frá stofnun Matís ohf. um tímabundin kaup ríkisins á rannsóknarverkefnum.

401 Hafrannsóknastofnunin. Gert er ráð fyrir að fjárveiting fjárlagaliðarins verði 1.267 m.kr. og jafngildir það 123 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af aðgerðum til lækkunar ríkisútgjalda. Gert er ráð fyrir að rannsóknaskipinu

Bjarna Sæmundssyni verði lagt og verkefni þess flutt, eftir því sem kostur er, yfir á önnur rannsóknarskip. Þetta mun hafa í för með sér færri úthaldsdaga og þar með minni rannsóknir á uppsjávarfiski, þ.e. á síld, loðnu og makríl auk þess sem þátttöku í bergmálsmælingum á karfa í Grænlandshafi yrði hætt. Gert er ráð fyrir að fækka í áhöfnum rannsóknaskipa um 10–12 manns auk þess sem að laun annarra starfsmanna, er tengjast úthaldi skipa, munu lækka. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

405 ***Veiðimálastofnun.*** Gert er ráð fyrir að framlag þessa fjárlagaliðar verði 99,9 m.kr. og jafngildir það 9,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af sparnaðaraðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

411 ***Matvælarannsóknir.*** Gert er ráð fyrir 424,2 m.kr. fjárveitingu til fjárlagaliðarins og jafngildir það 51,5 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum ársins. Skýrist það af tveimur tilefnum. Annars vegar er gert ráð fyrir 41,5 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða. Hins vegar er gert ráð 10 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við samning þess efnis en í framhaldi af stofnun Matís ohf. var gert ráð fyrir að ríkið yki tímabundið kaup sín á rannsóknaverkefnum um alls 650 m.kr. Miðað var við að 130 m.kr. yrði varið til þeirra árið 2007, 120 m.kr. árið 2008, 100 m.kr. árin 2009 og 2010, 90 m.kr. árið 2011, 65 m.kr. árið 2012 og 45 m.kr. árið 2013 sem yrði síðasta ár verkefnisins. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

417 ***Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs.*** Gert er ráð fyrir að framlag þessa fjárlagaliðar verði 265,8 m.kr. og jafngildir það 40 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af tveimur tilefnum. Annars vegar er lögð til 80 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum. Hins vegar er gert ráð fyrir að veitt verði tímabundið 40 m.kr. framlag til liðarins í eitt ár. Í lögum nr. 22/2010 um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða er meðal annars gert ráð fyrir að fiskveiðiárin 2009/2010 og 2010/2011 hafi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til sérstakrar ráðstöfunar hvort ár um sig allt að 2.000 lestir af skötusel án þess að þeim verði úthlutað á grundvelli aflahlutdeilda í tegundinni heldur gegn greiðslu gjalds. Gert er ráð fyrir að í fjárlögum verði veitt framlag til AVS Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs sem svari til 40% af tekjunum og að Átak til atvinnusköpunar hjá iðnaðarráðuneytinu fái framlag sem svari til 60% af tekjunum. Markmiðið með þessari ráðstöfun er að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum. Áætlað er að tekjurnar verði samtals 60 m.kr. á árinu 2011 og er því gert ráð fyrir að AVS fái 24 m.kr. framlag í fjárlögum. Þá er í lögum nr. 22/2010 einnig reiknað með að þessi sömu fiskveiðiár hafi ráðherra til ráðstöfunar allt að 200 lestir af óslægðum botnfiski á hvoru ári. Gert

er ráð fyrir að gegn greiðslu verði heimilt að ráðstafa þessum aflaheimildum til skipa sem hafa leyfi til frístundaveiða. Gert er ráð fyrir að AVS og Átak til atvinnusköpunar fái framlag á fjárlögum eftir sömu skiptingu og við leigu á skötuselskvóta. Áætlað er að tekjurnar verði samtals 40 m.kr. og er því gert ráð fyrir að AVS fái 16 m.kr. framlag á fjárlögum. Samtals er því hér um 40 m.kr. tímabundið framlag að ræða.

423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Gert er ráð fyrir að fjárveiting fjárlagaliðarins verði 53,3 m.kr. og jafngildir það 5,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar. Gert er ráð fyrir að framlag til fjárlagaliðarins verði 151,2 m.kr. og jafngildir það 10 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af ráðstöfunum til lækkunar ríkisútgjalda. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar. Gert er ráð fyrir 22,1 m.kr. fjárveitingu til fjárlagaliðarins og jafngildir það 37,1 m.kr. lækkun að raungildi. Á *1.11 Bændur græða landið* er annars vegar lagt til að 31,9 m.kr. fjárheimild liðarins verði millifærð á *14-231-1.01 Landgræðsla ríkisins* hjá umhverfisráðuneytinu þar sem gert er ráð fyrir að sú stofnun muni hafa forræði verkefnisins alfarið með höndum. Hins vegar er gert ráð fyrir 3,1 m.kr. lækkun vegna hagræðingaraðgerða. Á *1.15 Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar* er lögð til 2,1 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

487 Hagþjónusta landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 24,9 m.kr. sem er 1 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu; 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og 807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	5.537,4	5.649,0	5.811,0	2,9	4,9
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	4.137,0	4.165,0	4.307,0	3,4	4,1
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu	431,9	459,8	483,0	5,0	11,8
Samtals	**10.106,3**	**10.273,8**	**10.601,0**	**3,2**	**4,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 178 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 178 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í því sambandi er gert ráð fyrir að niður falli framlög til Lífeyrissjóðs bænda sem veitt hafa verið á fjárlögum um langt árabil án þess þó að fyrir liggi sérstök löggjöf eða samningar sem kveði á um slíka greiðsluskyldu á hendur ríkissjóði. Við útfærslu á hagræðingarmarkmiðum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að ná fram ákveðnu aðhaldsmarkmiði í fjárveitingum er snúa að framlögum til bænda eins og gert var ráð fyrir í öðrum sviðum ráðuneytisins. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að þessari hagræðingu verði náð fram með skerðingu á framlögum til Bændasamtaka Íslands, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og Lífeyrissjóðs bænda. Greiðslur vegna búvörusamninga munu hins vegar taka breytingum samkvæmt samningum sem gerðir voru á árinu 2009 en samkvæmt þeim munu framlögin á árinu 2011 hækka um 5% frá fjárlögum 2010. Sú hækkun kemur til viðbótar 2% hækkun á framlögum sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2010. Hækkanir á framlögum vegna búvörusamninga koma fram í verðlagsreikningi frumvarpsins.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Fjárveiting til þessa liðar grundvallast á breytingum sem gerðar voru þann 18. apríl 2009 á samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 25. janúar 2007. Gert er ráð fyrir 5.811 m.kr. fjárveitingu til fjárlagaliðarins og jafngildir það 162 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs að með töldum verðlagsbreytingum. Samkvæmt samningnum frá 2009 er gert ráð fyrir að á árinu 2011 hækki framlög um 2% en auk þess bætist við helmingur af því sem upp á vantar til að framlag ársins uppfylli ákvæði gildandi samnings. Þó verði hækkun milli ára ekki umfram 5%. Samkvæmt reiknilíkani samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu er gert ráð fyrir að framlög hækki um 5% frá fjárlögum þessa árs sem skiptist þannig eftir viðfangsefnum: 234 m.kr. á *1.01 Beinar greiðslur til bænda*, 7 m.kr. á *1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi*, 28 m.kr. á *1.06 Gripagreiðslur*, 8 m.kr. á *1.07 Óframleiðslutengdur stuðningur*. Þá er gert ráð fyrir að niður falli 115 m.kr. framlag á viðfangsefni *1.02, Lífeyrissjóður bænda*, vegna hagræðingaraðgerða til að mæta markmiðum um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Fjárveiting til þessa liðar grundvallast á breytingum sem gerðar voru þann 18. apríl 2009 á samningi um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslu frá 25. janúar 2007. Gert er ráð fyrir 4.307 m.kr. fjárveitingu til fjárlagaliðarins og jafngildir það 142 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs að með töldum verðlagsbreytingum. Samkvæmt samningnum frá 2009 er gert ráð fyrir að á árinu 2011 hækki framlög um 2% en auk þess bætist við helmingur af því sem upp á vantar til að framlag ársins uppfylli ákvæði gildandi samnings. Þó verði hækkun milli ára ekki umfram 5%. Samkvæmt reiknilíkani samnings um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslu er gert ráð fyrir að framlög hækki um 5% frá fjárlögum þessa árs sem skiptist þannig eftir viðfangsefnum: 106 m.kr. á *1.01 Beinar greiðslur til bænda*, 55 m.kr. á *1.11 Gæðastýring*, 19 m.kr. á *1.12 Ullarnýting*, 17 m.kr. á *1.13 Markaðsstarf og birgðahald*, 3 m.kr. á *1.14 Svæðisbundinn stuðningur*, 5 m.kr. á *1.15 Nýliðunar- og átaksverkefni*. Þá er gert ráð fyrir að niður falli 63 m.kr. framlag á viðfangsefni *1.02, Lífeyrissjóður bænda*, vegna hagræðingaraðgerða ríkisstjórnarinnar til að mæta markmiðum í ríkisfjármálum.

807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu. Fjárveiting til þessa liðar grundvallast á breytingum sem gerðar voru þann 22. júlí 2009 á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 12. mars 2002. Gert er ráð fyrir 483 m.kr. fjárveitingu til fjárlagaliðarins og jafngildir það 23,2 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs að með töldum verðlagsbreytingum. Samkvæmt samningnum frá 2009 er gert ráð fyrir að á árinu 2011 hækki framlög um 2% en auk þess bætist við helmingur af því sem upp á vantar til að framlag ársins uppfylli ákvæði gildandi samnings. Þó verði hækkun milli ára ekki umfram 5%. Samkvæmt reiknilíkani samnings um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslu er gert ráð fyrir að framlög hækki um 5% frá fjárlögum þessa árs sem skiptist þannig eftir viðfangsefnum: 11,4 m.kr. á *1.01 Beinar greiðslur til bænda*, 1,8 m.kr. á *1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt*. Auk þess er gert ráð fyrir 10 m.kr. hækkun á *1.05, Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt*.

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Bændasamtök Íslands; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 827 Fóðursjóður; 828 Garðávaxtasjóður; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 843 Fiskræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki og 853 Bjargráðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bændasamtök Íslands	603,2	538,6	394,0	-26,8	-34,7
Búnaðarsjóður	409,9	320,0	400,0	25,0	-2,4
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	151,0	148,3	15,3	-89,7	-89,9
Verðmiðlun landbúnaðarvara	404,1	405,0	405,0	0,0	0,2
Fóðursjóður	1.410,3	1.400,0	1.400,0	0,0	-0,7
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	224,4	147,0	131,0	-10,9	-41,6
Stuðningur við fiskeldi	166,1	0,0	0,0	-	-100,0
Fiskræktarsjóður	-6,0	11,0	11,0	0,0	-283,3
Greiðslur vegna riðuveiki	13,8	52,0	47,3	-9,0	242,8
Bjargráðasjóður	10,0	10,0	10,0	0,0	0,0
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	92,4	0,0	0,0	-	-100,0
Samtals	**3.479,2**	**3.031,9**	**2.813,6**	**-7,2**	**-19,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 222,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 292,2 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum um aðhaldsráðstafanir. Skýrist það fyrst og fremst af 138,5 m.kr. hagræðingu hjá Bændasamtökum Íslands og 133 m.kr. hagræðingu hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 70 m.kr. Skýrist það annars vegar af 80 m.kr. hækkun á framlagi til Búnaðarsjóðs vegna endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af búnaðargjaldi og hins vegar er gert ráð fyrir að 10 m.kr. framlag færist frá Bændasamtökum Íslands yfir til Matvælastofnunar vegna forðagæsluverkefna sem stofnunin hefur yfirtekið. Við útfærslu á hagræðingarmarkmiðum ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir að ná fram ákveðnu aðhaldsmarkmiði í fjárveitingum er snúa að framlögum til bænda eins og gert var ráð fyrir í öðrum sviðum ráðuneytisins. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að þessari hagræðingu verði að náð fram með skerðingu á framlögum til Bændasamtaka Íslands, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og Lífeyrissjóðs bænda. Greiðslur vegna búvörusamninga munu hins vegar sem fyrr taka breytingum samkvæmt samningum sem gerðir voru á árinu 2009 en samkvæmt þeim munu framlögin á árinu 2011 hækka um 5% frá fjárlögum 2010.

811 Bændasamtök Íslands. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 394 m.kr. og jafngildir það 148,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum ársins. Á *1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt* er annars vegar gert ráð fyrir 88,5 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum. Hins vegar er lagt til að millifærðar verði af liðnum 10 m.kr. framlag á lið *04-811-1.11, Matvælastofnun,* vegna forðagæsluverkefna sem Matvælastofnun hefur yfirtekið. Á *1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni* er gert ráð fyrir 50 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða stjórnvalda.

818 Búnaðarsjóður. Gert er ráð fyrir að veitt verði 400 m.kr. fjárveiting til liðarins og jafngildir það 80 m.kr. raunhækkun frá gildandi fjárlögum. Skýrist það af endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur sem gerir ráð fyrir að tekjur af búnaðargjaldi hækki um 80 m.kr.

821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 15,3 m.kr. og jafngildir það 133 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af hagræðingaraðgerðum stjórnvalda til að mæta markmiðum í ríkisfjármálum.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Gert er ráð fyrir 131 m.kr. fjárveitingu til fjárlagaliðarins og jafngildir það 16 m.kr. raungildislækkun frá fjárlögum ársins. Skýrist það af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum.

851 Greiðslur vegna riðuveiki. Gert er ráð fyrir 47,3 m.kr. framlagi til fjárlagaliðarins sem er 4,7 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af aðgerðum til lækkunar ríkisútgjalda

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2.9 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
04-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun ráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	19.699,9	19.865,9	19.563,8	-2	-1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	4.248,8	3.006,7	2.977,4	-1	-30
Stofnkostnaður og viðhald	4.811,7	2.139,2	966,1	-55	-80
Samtals	**28.760,4**	**25.011,8**	**23.507,3**	**-6**	**-18**
Greitt úr ríkissjóði	-	24.345,2	22.822,2	-6	-
Innheimt af ríkistekjum	-	666,6	685,1	3	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**25.011,8**	**23.507,3**	**-6**	-

Heildargjöld dómsmála- og mannréttindaráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 25.185 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.678 m.kr. en þær nema tæpum 7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 23.507 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 22.822 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og allur mismunurinn, eða 685 m.kr., innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, á bls. 210, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Einnig er vakin athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið aðlöguð að flutningi verkefna á milli þeirra sem gerð var í gildandi fjárlögum yfirstandandi árs, m.a. í tengslum við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem fluttust frá ráðuneyti í ár en hækkaðar á sama hátt hjá því ráðuneyti sem tók við verkefnum. Í töflum í þessum kafla hækka útgjöld dómsmála- og mannréttindaráðuneytis þess vegna um 18 m.kr. á árinu 2009 frá því fram kemur í ríkisreikningi 2009 vegna verkefna sem flutt voru frá öðrum ráðuneytum. Er þetta gert til að gefa betri mynd af þróun útgjalda milli ára í viðkomandi ráðuneytum. Í frumvarpinu hefur framsetningu fjárheimilda hins vegar ekki verið breytt miðað við áform um sameiningu ráðuneyta fyrir komandi fjárlagaár. Tillögur um þær breytingar munu koma fram við 2. umræðu frumvarpsins.

Í frumvarpinu dragast útgjöld dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins saman um 1.809 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2010 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 1.505 m.kr. milli ára eða sem svarar til 6%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 1.755 m.kr. í samræmi við mark-

mið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar hækkanir á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema 1.129 m.kr. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 1.183 m.kr. Nettólækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindinga er því alls 54 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2011, sem eru áætlaðar 304 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 23.507 m.kr.

Fjárveitingar til verkefna dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins markast af því að gert er ráð fyrir umtalsverðum aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Hagræðingarkrafa til löggæslu er þó nálægt helmingi lægri en hjá almennum stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum. Engu að síður kalla sparnaðaráform á árinu 2011 á umtalsverðar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki útgjöld sem nemur rúmlega 7% af veltu fjárlaga 2010. Nánast að öllu leyti er um að ræða hagræðingu í rekstri stofnana sem heyra undir ráðuneytið. Gripið verður til aðhaldsaðgerða á nánast öllum sviðum rekstrar auk þess sem fyrirhugað er að leggja til breytingar á lögreglulögum sem fela það í sér að lögregluumdæmum verði fækkað og að yfirstjórn lögreglu verði skilin frá embættum sýslumanna. Þetta væri gert bæði í hagræðingarskyni til að ná fram settum markmiðum án þess að til þurfi að koma skert þjónusta og eins til að efla faglegt starf. Þá þarf einnig að gera breytingar á lögum til að markmið ráðuneytisins um sambærilegan samdrátt í framlögum til þjóðkirkjunnar og áformuð eru í öðrum málaflokkum nái fram að ganga.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 19.564 m.kr. og lækka um 302 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 1.457 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Lækkunin hjá dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu nemur 7,3% af fjárlögum ársins í ár. Almenn markmið ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum, sem sett voru miðað við veltu, 9% hjá stjórnsýslustofnunum og 5% í löggæslu eru útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 899 m.kr. Þar munar langmest um 841 m.kr. til að styrkja starfsemi embættis sérstaks saksóknara. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna að fjárhæð 117 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 375 m.kr. Í því sambandi er bent á að fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna á næsta ári en það er liður í aðhaldsáformum til að draga úr hallarekstri ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir auknum launakostnaði sem stafar af hækkun til þeirra lægst launuðu sem tók gildi 1. júlí á yfirstandandi ári en gildir allt árið 2011.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 29 m.kr. og verða 2.977 m.kr. en eru 3.007 m.kr. í fjárlögum ársins 2010. Sett var markmið um 9% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðu-

neytisins lækki um 263 m.kr. Á móti vegur 235 m.kr. hækkun vegna sanngirnisbóta til fyrrum vistmanna á Breiðuvík og fleiri stofnunum og heimilum. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna er óveruleg.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 966 m.kr. og felur það í sér 1.173 m.kr. lækkun milli ára. Þar vegur langþyngst 1.060 m.kr. lækkun hjá Landhelgissjóði þar sem nú er aðeins ólokið lokauppgjöri vegna kaupa á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna, sem gert er ráð fyrir að verði afhent næsta sumar. Þá lækka framlög um 33 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 9% lækkun þeirra. Verðlagsreikningur fjárlaga er tengdur við gengi íslensku krónunnar og vegna styrkingar hennar lækka fjárheimildir vegna kaupa á varðskipinu um 72 m.kr.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2011 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

Útgjöld dómsmála- og mannréttindaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Skuldbindandi samningar

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök og einkaaðila um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.858 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2010, eru á áætluðu verðlagi ársins 2011 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 7,1% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2011.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2010	2011	2012	2013	2014
Rekstrarkostnaður þjóðkirkju Íslands	B	1.408,8	1.242,0	1.242,0	1.242,0	1.242,0
Neyðarlínan hf.	C	302,8	282,5	282,5	282,5	282,5
Þjóðskrá, afnot af þjóðskrá	C	6,8	6,8	6,8	6,8	6,8
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	C	107,6	106,8	106,8	106,8	106,8
Slysatryggingar lögreglumanna	C	32,0	30,4	30,4	30,4	30,4
Samtals		**1.858,0**	**1.668,5**	**1.668,5**	**1.668,5**	**1.668,5**

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem ráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni, en ekki er um slíka samninga að ræða hjá dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 1.242 m.kr. Þá eru 427 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem dómsmála- og mannréttindaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 1.670 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð.

Verkefni ráðuneytisins eru tvö: annars vegar að skoða og greina þróun starfsmannafjölda hjá stofnunum ráðuneytisins og hins vegar fjölgun kvenna innan lögreglunnar og áhrif Lögregluskólans í því samhengi.

Markmið verkefnis um starfsmannasamsetningu er að fylgjast reglulega með kynjahlutfalli starfsfólks stofnana ráðuneytisins og eftir atvikum að gera tillögur um breytingar á starfsmannastefnu í ljósi tölfræðinnar. Mun fleiri karlar en konur starfa hjá stofnunum ráðuneytisins og hefur hlutfallið verið nær óbreytt á síðustu þremur árum, eða um 62% karlar og 38% konur. Skipting er þó mjög misjöfn eftir málaflokkum. Þannig eru 77% starfsfólks löggæslustofnana karlar en hjá dómsstólum eru konur 65% starfsfólksins. Í öðrum málaflokkum er skiptingin jafnari.

Í lögreglulögunum frá 1996 er mælt fyrir um starfsemi Lögregluskóla ríkisins. Með þeirri löggjöf var það m.a. augljós vilji löggjafans að fjölga konum innan lögreglunnar. Í því sambandi var horft til þess að í nágrannalöndum okkar var hlutfall kvenna á bilinu 15 – 20%. Starf lögreglu er fjölbreytt og að mestu leyti snýst það um samskipti við fólk og þá getur skipt máli að hafa sérfræðinga af báðum kynjum til að geta tekist á við verkefnin. Það er verðugt markmið að stefna að því að konur verði a.m.k. 15% af heildafjölda lögreglumanna hér á landi eftir 5 ár. Þegar skólinn tók til starfa, voru um 25 konur í lögreglunni, sem var um 4% af heildarfjöldanum á þeim tíma. Nú eru konur um 60 talsins, eða meira en 10% af lögregluþjónum. Frá árinu 2000 hafa konur að meðaltali verið 21% af útskriftarárgöngum skólans. Ef fjölda lögreglumanna er skipt eftir starfsstigum og kyni, þá

kemur í ljós að í æðstu stöðum eru aðeins tvær konur á móti 80 körlum, eða 2,4%. Af 23 yfirlögregluþjónum er engin kona. Í megindráttum má segja að tekist hafi að fjölga konum í samræmi við markmið laganna frá 1996, en þær hafa ekki enn sem komið er, komist til æðstu metorða innan lögreglunnar og þarfnast það nánari skoðunar.

Vinna við verkefnin er hafin og er áætlað að henni ljúki í lok maí 2011.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskr.	383,7	338,2	326,1	-3,6	-15,0
Stjórnartíðindi	27,3	0,0	25,7	-	-5,9
Lagasafn	1,4	0,0	0,0	-	-
Kosningar	241,2	24,0	7,2	-70,0	-97,0
Ýmis verkefni	271,7	276,4	253,7	-8,2	-6,6
Ráðstöfunarfé	0,0	5,6	5,6	0,0	-
Samtals	**925,3**	**644,2**	**618,3**	**-4,0**	**-33,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 32 m.kr. frá gildandi fjárlögum að raungildi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 34 m.kr., en breytt tekjuflokkun leiðir til 26 m.kr. hækkunar framlags hjá Stjórnartíðindum. Þá er 17 m.kr. lækkun vegna kosninga, en engar kosningar eru áætlaðar á næsta ári og er því aðeins áætlað fyrir útgjöldum vegna starfa landskjörstjórnar og vinnu við endurskoðun kosningalaga. Helstu ráðstafanir til lækkunar á útgjöldum eru þær að endursamið verður um þjónustu við Slysavarnarfélagið Landsbjörg og dregið úr útgjöldum aðalskrifstofu.

101 Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 15 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum en það svarar til um 4,5% af veltu. Nú hefur verið dregið mjög úr erlendum kostnaði aðalskrifstofunnar þar sem þyngst vegur niðurlagning á starfsstöð í Brussel vegna Schengen samstarfsins en brýnustu verkefnum á því sviði verður áfram sinnt af starfsfólki ráðuneytisins. Sparnaður vegna þessa er meiri en sem nemur hagræðingarkröfunni.

102 Stjórnartíðindi. Tekjur fyrir birtingar í Stjórnartíðindum hafa verið taldar til sértekna í fjárlögum en í ríkisreikningi eru þær flokkaðar sem aðrar rekstrartekjur og þar með ríkistekjur. Nú er gert ráð fyrir 26 m.kr. útgjaldaheimild til samræmis við ríkisreikning. Þótt tillagan leiði til hækkunar fjárheimildar þá hefur hún ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs því ríkistekjur liðarins koma á móti hækkun heimildarinnar.

190 Ýmis verkefni. Samtals er lagt til að fjárveiting til liðarins lækki um 26 m.kr að raungildi. Breytingar eru þó í báðar áttir, þannig fellur niður 20 m.kr. framlag til Ráðgjafastofu heimilanna vegna vinnu í tengslum við greiðsluaðlögun. Á móti vegur 10 m.kr. framlag vegna aðgerðaráætlunar gegn mansali í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Lækkun heimilda vegna almenns samdráttar nemur samtals 19 m.kr., sem næst m.a. með lækkun á þóknunum til fastanefnda og nýjum samningi við Slysavarnafélagið Landsbjörg. Þá eru 7 m.kr. millifærðar af lið *06-391 Húsnæði löggæslustofnana* og sá fjárlagaliður þar með lagður niður.

Dómsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola; 236 Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn og 251 Persónuvernd.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	112,1	115,8	110,6	-4,5	-1,3
Héraðsdómstólar	947,4	1.033,4	949,6	-8,1	0,2
Málskostnaður í opinberum málum	515,5	380,5	393,9	3,5	-23,6
Opinber réttaraðstoð	277,2	235,6	146,1	-38,0	-47,3
Bætur brotaþola	87,4	20,0	20,0	0,0	-77,1
Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum	0,0	0,0	251,0	-	-
Persónuvernd	57,2	66,4	56,4	-15,1	-1,4
Samtals	**1.996,8**	**1.851,7**	**1.927,6**	**4,1**	**-3,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 48 m.kr. frá gildandi fjárlögum að raungildi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 123 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Á móti vegur nýr fjárlagaliður, vegna sanngirnisbóta með 251 m.kr. fjárveitingu. Á hinn bóginn falla niður samtals 80 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna vegna greiðsluaðlögunar. Með lögum um umboðsmann skuldara hafa þau málefni færst yfir til félagsmálaráðuneytisins.

Í fjárlögum ársins í ár voru fjárveitingar til Hæstaréttar og héraðsdómstóla hækkaðar til að mæta fyrirséðu tímabundnu auknu álagi á dómskerfið í heild sinni. Aukið álag hefur

ekki enn komið fram að fullu og eru stofnanir því betur í stakk búnar, en ella væri, til þess að mæta lækkun heimilda á næsta ári. Lækkunin nemur 7 m.kr hjá *06-201 Hæstarétti* og 91 m.kr. hjá *06-210 Héraðsdómstólum*. Ekki er áætlað að útgjöld vegna opinbers málskostnaðar eða bóta brotaþola lækki á milli ára.

232 Opinber réttaraðstoð. Gert er ráð fyrir að tímabundnar fjárveitingar samtals að fjárhæð 80 m.kr. falli niður. Með lögum nr. 100/2010 um umboðsmann skuldara skal hann greiða fyrir kostnað sem hlýst af umsjónamönnum skuldara í greiðsluaðlögun. Þar með falla niður greiðslur sem áður voru á þessum lið, 50 m.kr. vegna laga nr. 50/2009 um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna og hins vegar 30 m.kr. þegar ákvæðum um greiðsluaðlögun var bætt inn í lög um gjaldþrotaviðskipti.

236 Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn. Gerð er tillaga um 251 m.kr. framlag vegna bóta og rekstrarkostnaðar við framkvæmd laga um samningsbætur fyrir misgjörðir á stofnunum og heimilum. Fyrirkomulagi þessara mála var breytt með lögum nr. 47/2010, þar sem dómsmála- og mannréttindaráðherra er falin framkvæmd laga um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lögin. Í því fellst m.a. að ráða sérstakan talsmann þolenda, fela sýslumannsembætti umsjón með bótagreiðslum og skipa nefnd sem útskurðar um bætur, ef tilteknir einstaklingar sætta sig ekki við viðmið sýslumannsembættisins í tilteknum málum. Eðli máls samkvæmt er mikil óvissa varðandi fjárhæðir bótagreiðslna en hér er gert ráð fyrir að þær geti numið allt að 235 m.kr. og að rekstrarkostnaður vegna talsmanns og úrskurðarnefndar verði um 16 m.kr.

Löggæslustofnanir og öryggismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 309 Sérstakur saksóknari; 310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu; 312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum; 325 Samræmd neyðarsímsvörun; 390 Ýmis löggæslu- og öryggismál; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður; 397 Schengen-samstarf og 398 Útlendingastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	131,1	134,3	127,3	-5,2	-2,9
Ríkislögreglustjóri	1.293,7	1.245,1	1.218,0	-2,2	-5,9
Lögregluskóli ríkisins	214,4	220,6	200,5	-9,1	-6,5
Sérstakur saksóknari skv. lögum nr. 135/2008	227,0	317,8	1.178,0	270,7	418,9
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	3.192,0	3.129,5	3.060,0	-2,2	-4,1
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	949,0	904,4	892,0	-1,4	-6,0
Samræmd neyðarsímsvörun	275,1	290,9	282,5	-2,9	2,7
Ýmis löggæslu- og öryggismál	65,1	69,6	59,2	-14,9	-9,1
Húsnæði löggæslustofnana	0,0	10,0	0,0	-100,0	-
Landhelgisgæsla Íslands	2.627,5	2.802,2	2.582,0	-7,9	-1,7
Landhelgissjóður Íslands	4.509,2	1.655,8	510,4	-69,2	-88,7
Schengen-samstarf	102,5	122,3	109,2	-10,7	6,5
Útlendingastofnun	224,6	221,7	210,1	-5,2	-6,5
Samtals	**13.811,2**	**11.124,2**	**10.429,2**	**-6,2**	**-24,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins verður 10.429 m.kr. og lækkar um 821 m.kr. frá gildandi fjárlögum að raungildi. Almennar launa- og verðlagsbreytingar nema 126 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 602 m.kr., eða sem svarar til 5,4% af veltu í fjárlögum 2010. Þar af eru 226 m.kr. hjá Landhelgisgæslunni og 170 m.kr. hjá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Aðrar breytingar eru annars vegar 841 m.kr. hækkun hjá embætti sérstaks saksóknara og hins vegar 1.060 m.kr. lækkun hjá Landhelgissjóði.

Hjá *06-397 Schengen-samstarfinu* og *06-395 Landhelgisgæsla Íslands* er verðlagsuppfærsla tengd við gengisskráningu og sökum styrkingar krónunnar leiðir það til 13 m.kr. lækkunar á Schengen-samstarfinu og 30 m.kr. lækkun hjá Landhelgisgæslunni. Fjárlagaliðurinn *06-391 Húsnæði löggæslustofnana* fellur niður en 7 m.kr. fjárveiting er millifærð á lið *06-190 Ýmis verkefni*.

303 Ríkislögreglustjóri. Gerð er tillaga um 67 m.kr. lækkun fjárheimilda eða sem svarar til 5,4% af veltu. Embættið áformar að fækka enn frekar yfirmönnum og lækka kostnað vegna alþjóðlegs samstarfs, auk þess sem ýmsir aðrir möguleikar verða kannaðir í því skyni að reksturinn verði áfram innan ramma fjárlaga.

309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008. Lagt er til að fjárveiting embættisins verði aukin tímabundið um 841 m.kr. þannig að hún verði samtals 1.159 m.kr. á næsta ári. Starfsemi og fjárveitingar til embættisins hafa verið til umfjöllunar á fundum ríkisstjórnarinnar. Þann 18. maí var samþykkt að stórauka tímabundið starfsemina frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlögum. Aukningin byggir á áætlun embættisins um að ljúka í árslok 2014 öllum rannsóknum og saksókn mála tengdu banka-

hruninu. Áætlun embættisins tekur til áranna 2010 til 2014 og miðast við þreföldun starfsmannafjölda frá vormánuðum 2010.

310 ***Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.*** Lagt er til að fjárveitingin lækki um 170 m.kr. en á móti vega launa- og verðlagsbætur að fjárhæð 100 m.kr. Munar þar mestu um hækkun vegna úrskurðar gerðardóms í kjaradeilu lögreglumanna frá því í sumar. Til að mæta aðhaldsmarkmiðum hafa á liðnum árum verið gerðar umtalsverðar breytingar á skipulagi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, m.a. tekið upp nýtt vaktafyrirkomulag, en einnig hafa verkefni og verkferlar verið endurskoðaðir og endurskipulagðir. Má þar nefna að afgreiðslu ökuskírteina og vegabréfa hefur verið flutt frá embættinu.

395 ***Landhelgisgæsla Íslands.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til stofnunarinnar verði 2.582 m.kr. á næsta ári og lækki um 227 m.kr. eða 8% á milli ára. Verðlagsútreikningur stofnunarinnar er að hluta til háður gengi íslensku krónunnar vegna reksturs þyrlusveitar og leiðir styrking krónunnar frá forsendum fjárlaga 2010 til 30 m.kr. lækkunar á framlögum. Til þess að tryggja rekstur björgunarþyrluþjónustu, þrátt fyrir lækkun fjárveitinga, hefur Landhelgisgæslan sóst eftir verkefnum erlendis með góðum árangri. Nú þegar hafa náðst samningar um fjögur verkefni á vegum Landamærastofnunar Evrópu, auk mengunarvarnarverkefnis í Mexikóflóa. Ávinningur af verkefnunum er fjárhagslegur, auk þess sem starfsmenn fá mikilvæga þjálfun við ólíkar aðstæður. Landhelgisgæslan stefnir að því að taka á leigu 3ju björgunarþyrluna nú í vetur og nýta sértekjur vegna erlendra verkefna til að fjármagna þann rekstur. Stefnt er að áframhaldandi verkefnum erlendis á næstu árum.

396 ***Landhelgissjóður Íslands.*** Fjárveiting til liðarins lækkar um 1.060 m.kr. að raungildi, þar sem nú þarf einungis að fjármagna lokauppgjör vegna byggingar varðskips fyrir Landhelgisgæsluna, að fjárhæð um 500 m.kr., þar sem tafabætur dragast frá lokagreiðslu. Jarðskjálfti sem var í Chile sl. vetur leiddi til þess að skipasmíðastöðin skemmdist mikið og afhending skipsins dregst því um eitt ár og er nú áætluð um mitt ár 2011.

398 ***Útlendingastofnun.*** Lagt er til að fjárveiting lækki um 16 m.kr. Lækkun heimilda um 9% leiðir til 20 m.kr. lækkunar en á móti vegur nýtt 4 m.kr. framlag vegna nýsamþykktra laga sem m.a. er ætlað að rýmka heimildir til að veita útlendingum dvalarleyfi hér á landi, auk annarra réttarbóta fyrir hælisleitendur. Útgjöld stofnunarinnar hafa reynst mjög sveiflukennd i hlutfalli við fjölda hælisleitenda en ráðuneytið hefur skipað vinnuhóp sem m.a. er ætlað að gera tilögur um breytingar á fjármögnun útgjalda tengdum hælisleitendum.

Sýslumenn

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 412–437 sýslumannsembætti; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumaðurinn í Reykjavík	333,7	312,2	284,5	-8,9	-14,7
Sýslumaðurinn á Akranesi	190,1	176,9	167,8	-5,1	-11,7
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	169,3	160,1	152,6	-4,7	-9,9
Sýslumaður Snæfellinga	179,0	171,7	162,8	-5,2	-9,1
Sýslumaðurinn í Búðardal	25,4	25,4	23,2	-8,7	-8,7
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	37,9	35,0	31,9	-8,9	-15,8
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	33,7	31,5	28,6	-9,2	-15,1
Sýslumaðurinn á Ísafirði	322,1	309,5	297,2	-4,0	-7,7
Sýslumaðurinn á Hólmavík	29,2	28,2	25,7	-8,9	-12,0
Sýslumaðurinn á Blönduósi	189,7	199,9	182,1	-8,9	-4,0
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	157,6	145,5	137,9	-5,2	-12,5
Sýslumaðurinn á Siglufirði	49,8	52,7	48,0	-8,9	-3,6
Sýslumaðurinn á Akureyri	502,5	477,9	457,7	-4,2	-8,9
Sýslumaðurinn á Húsavík	182,0	176,0	167,0	-5,1	-8,2
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	182,7	169,0	159,9	-5,4	-12,5
Sýslumaðurinn á Eskifirði	255,7	240,2	230,0	-4,2	-10,1
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	36,6	35,7	32,5	-9,0	-11,2
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	40,8	44,7	42,7	-4,5	4,7
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	173,0	173,3	165,5	-4,5	-4,3
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	167,7	159,1	151,1	-5,0	-9,9
Sýslumaðurinn á Selfossi	388,6	347,6	333,0	-4,2	-14,3
Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	153,5	146,0	133,2	-8,8	-13,2
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	202,6	188,1	171,7	-8,7	-15,3
Sýslumaðurinn í Kópavogi	206,1	198,1	180,6	-8,8	-12,4
Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	133,6	130,8	104,0	-20,5	-22,2
Húsnæði og búnaður sýslumanna	56,7	0,0	0,0	-	-100,0
Samtals	**4.399,6**	**4.135,1**	**3.871,2**	**-6,4**	**-12,0**

Heildarfjárveiting til málaflokksins lækkar um 354 m.kr. milli ára að raungildi. Það er að meðaltali 8,6% lækkun. Launa- og verðlagsbætur nema 91 m.kr. Embættin eru 24 talsins, mörg hver mjög fámenn og ljóst er að framkvæmd fjárlaga á næsta ári hvílir að miklu leyti á því að frumvarp til breytinga á lögreglulögum nái fram að ganga. Ekki þykir ástæða til þess að fjalla um einstök embætti, þar sem ekki eru fyrirhugaðar breytingar aðrar en lækkun útgjalda og verðlagsbætur. Engin útgjaldaaukning er fyrirhuguð á móti þessu, né heldur millifærslur verkefna á milli embætta.

Á vorþingi 2010 var lagt fram frumvarp á Alþingi um breytingu á lögreglulögum sem felur m.a. í sér að lögregluumdæmum verði fækkað úr 15 í 6 og að yfirstjórn lögreglu verði skilin frá embættum sýslumanna. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu en fyrirhugað er að

leggja það aftur fram á haustþingi. Markmiðið með breytingunum er m.a. að mæta lækkuðum fjárveitingum með sparnaði í yfirstjórn og draga sem minnst úr þjónustu. Um leið er komið til móts við ákveðin fagleg sjónarmið. Nái frumvarpið fram að ganga verða fjórir nýir lögreglustjórar utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja, þ.e. á Vesturlandi og Vestfjörðum, á Norðurlandi, á Austurlandi og á Suðurlandi. Fjárlagafrumvarp tekur mið af núverandi embættaskipan en verði frumvarpið að lögum fyrir 2. umræðu fjárlaga verða gerðar tillögur um viðeigandi breytingar á framsetningu einstakra fjárlagaliða.

Í hagræðingarskyni hefur ráðuneytið nú þegar gripið til þess ráðs að setja sama sýslumanninn yfir fleiri en eitt embætti. Byggir sú ráðstöfun á breytingu á lögum um framkvæmdavald ríkisins í héraði, sem samþykkt var á Alþingi þann 1. júní sl. Gera má ráð fyrir að gripið verði til þessa úrræðis í auknum mæli á næstu misserum.

Fangelsismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Fangelsismálastofnun og 591 Fangelsisbyggingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkisins	1.095,7	1.282,9	1.186,1	-7,5	8,3
Fangelsisbyggingar	8,7	15,0	13,6	-9,3	56,3
Samtals	**1.104,4**	**1.297,9**	**1.199,7**	**-7,6**	**8,6**

Heildarfjárveiting til málaflokksins lækkar um 117 m.kr. milli ára að raungildi. Fangelsismálastofnun hefur nú þegar gripið til þeirra aðgerða sem duga til að reksturinn rúmist innan heimilda næsta árs. Vandi stofnunarinnar fellst hins vegar í því að meira en 300 manns bíða þess að hefja afplánun fangelsisrefsingar. Reiknað hefur verið með að 30 til 40 fangarými þurfi, eða ígildi þeirra, til viðbótar þeim sem nú eru í landinu, þannig að biðlistinn haldi í horfinu. Til skoðunar er hjá ráðuneytinu hvaða valkostir koma helst til greina til að bæta úrræði á þessu sviði á næstunni þrátt fyrir erfiðar aðstæður í ríkisfjármálum um þessar mundir.

Að auki hefur verið skipuð nefnd til að endurskoða lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005. Nefndin mun m.a. skoða til hlítar þá kosti sem geta komið í stað fangelsisrefsingar eins og samfélagsþjónustu og rafrænt eftirlit.

Landsskrár

Ein stofnun, 603 Þjóðskrá Íslands telst til þessa málaflokks.

Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld málaflokksins dragist saman um 80 m.kr. á næsta ári að raungildi, sem svarar til 10% af veltu. Þann 1. júlí sl. sameinuðust þjóðskrá, sem var

skrifstofa í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu og Fasteignaskrá Íslands í eina stofnun, Þjóðskrá Íslands. Markmið sameiningar er m.a. að efla upplýsingatækniþekkingu á einum stað, sem aftur leiðir til þess að stofnunin hefur burði til þess að taka að sér skráarrekstur fyrir aðrar stofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir. Jafnfram skapast meiri möguleikar á því lækka útgjöldin í samræmi við fyrirætlan í frumvarpinu, einkum með því að ráða ekki í þau störf sem losna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignaskrá Íslands	609,5	500,6	0,0	-100,0	-100,0
Þjóðskrá Íslands	0,0	0,0	715,5	100,0	-
Þjóðskrá	296,8	299,9	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	**906,3**	**800,5**	**715,5**	**-10,6**	**-21,1**

Kirkjumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks: 701 Þjóðkirkjan; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðar; 735 Sóknargjöld og 735 Jöfnunarsjóður sókna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðkirkjan	1.487,9	1.367,4	1.278,0	-6,5	-14,1
Kirkjumálasjóður	279,6	257,4	233,3	-9,4	-16,6
Kristnisjóður	97,3	82,2	76,3	-7,2	-21,6
Kirkjugarðar	918,9	917,2	850,7	-7,3	-7,4
Sóknargjöld	2.216,0	2.040,0	1.859,0	-8,9	-16,1
Jöfnunarsjóður sókna	361,7	333,0	302,0	-9,3	-16,5
Samtals	**5.361,4**	**4.997,2**	**4.599,3**	**-8,0**	**-14,2**

Lagt er til að framlög til málaflokksins í heild, lækki um 429 m.kr. eða 8,6% að raungildi.

701 Þjóðkirkjan. Gerð er tillaga um 100 m.kr. lækkun fjárheimilda, eða sem svarar til 7,5% af veltu í fjárlögum 2010. Á móti vega 11 m.kr. vegna verðlagsreiknings frumvarpsins. Til þess að lækkunin gangi eftir er nauðsynlegt að gera breytingu á lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar, þar sem kveðið er á um forsendur fyrir greiðslum ríkisins til kirkjunnar. Jafnframt þarf að gera samsvarandi breytingu á samkomulagi ríkis og kirkju frá árinu 1997.

707 ***Kristnisjóður.*** Framlag til sjóðsins verður 76,3 m.kr. á næsta ári og lækkar um 5,9 m.kr. eða 7,2% af veltu fjárlaga 2010. Árlegt framlag í fjárlögum til kristnisjóðs skal svara til 15 fastra árslauna presta í fámennustu prestaköllunum. Eins og varðandi fjárveitingu til þjóðkirkjunnar er nauðsynlegt að gera breytingu á lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar, þar sem kveðið er á um forsendur fyrir greiðslum ríkisins til sjóðsins.

733 ***Kirkjugarðar.*** Lagt er til að framlög til kirkjugarða lækki um 83 m.kr. eða 9%. Á móti vegur verðlagshækkun að fjárhæð 19 m.kr. Samkomulag um framlag ríkisins til kirkjugarða byggir á reiknilíkani þar sem um 20% af framlaginu tekur mið af fjölda jarðsetninga og líkbrennslum en um 80% framlagsins miðast við stærð svæða í umhirðu hjá görðunum í lok ársins 2008.

735 ***Sóknargjöld.*** Gerð er tillaga um 184 m.kr. lækkun framlaga eða um 9%. Lögboðið framlag til sókna þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga breytist að öllu jöfnu í samræmi við áætlaða breytingu á meðaltekjuskattstofni einstaklinga 16 ára og eldri, sem og fjölgun einstaklinganna. Nú er hins vegar, eins og í ár, með breytingu á lögum nr. 91/1987 gert ráð fyrir að festa fjárhæðina við 698 kr. á einstakling á mánuði sem er liður í útfærslu ráðuneytisins á aðhaldsmarkmiðum í samræmi við áætlun stjórnvalda um jöfnuð í ríkisfjármálum. Með sama hætti er gert ráð fyrir lækkun á liðunum *06-705 Kirkjumálasjóður* og *06-736 Jöfnunarsjóður sókna* en framlög til þeirra eru tiltekin hlutföll af framlagi vegna sóknargjalda.

Neytendamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks: 801 Neytendastofa og 805 Talsmaður neytenda.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Neytendastofa	241,4	145,2	132,2	-9,0	-45,2
Talsmaður neytenda	14,0	15,8	14,3	-9,5	2,1
Samtals	**255,4**	**161,0**	**146,5**	**-9,0**	**-42,6**

Gerð er tillaga um 15 m.kr. lækkun útgjalda málafloksins sem er 10% af veltu. Lækkunin er hlutfallslega sú sama hjá báðum stofnunum. Nú er unnið að aðgerðum til að færa rekstur Neytendastofu að fjárheimildum. Útgjöld ársins 2009 gefa hins vegar ekki rétta mynd í samanburði við fjárheimildir nú, þar sem með lögum nr. 29/2009 færðust umfangsmikil verkefni frá stofnuninni og yfir til Brunamálastofnunar.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
06-190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld dómsstóla.
06-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
06-390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld löggæslustofnana.
06-490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sýslumanna.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun félags- og tryggingamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	25.949,3	26.295,9	25.574,2	-3	-1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	94.361,6	99.749,1	93.341,1	-6	-1
Stofnkostnaður og viðhald	4.023,3	2.782,7	2.560,2	-8	-36
Samtals	**124.334,2**	**128.827,7**	**121.475,5**	**-6**	**-2**
Greitt úr ríkissjóði	-	65.173,4	60.035,2	-8	-
Innheimt af ríkistekjum	-	63.860,3	61.769,3	-3	-
Viðskiptahreyfingar	-	-206,0	-329,0	60	-
Samtals	-	**128.827,7**	**121.475,5**	**-6**	-

Heildargjöld félags- og tryggingamálaráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 123.458 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.982 m.kr. en þær nema 1,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 121.476 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 60.035 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 61.769 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 329 m.kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, á bls. 210, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Einnig er vakin athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra sem gerð var í fjárlögum yfirstandandi árs m.a. í tengslum við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem fluttust frá ráðuneyti í ár en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tók við verkefnum. Í töflum í þessum kafla hækka útgjöld félags- og tryggingarmálaráðuneytis þess vegna um 10.344 m.kr. á árinu 2009 frá því fram kemur í ríkisreikningi 2009 vegna verkefna sem flutt hafa verið frá öðrum ráðuneytum. Er þetta gert til að gefa betri mynd af þróun útgjalda milli ára í viðkomandi ráðuneytum. Þá er vakin athygli á að í frumvarpinu hefur framsetningu fjárheimilda ekki verið breytt í ljósi ný samþykktra laga um sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í nýtt velferðarráðuneyti frá og með 1. janúar 2011. Tillögur um þær breytingar munu koma fram við 2. umræðu frumvarpsins. Þá þarf að gera breytingu á frumvarpinu samþykki Alþingi frumvarp um breytingu á lögum um málefni fatlaðra vegna tilfærslu málaflokksins til sveitarfélaga samanber viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga dags. 13. mars 2009 og samkomulag um fjárhagsramma tilfærslunnar frá 6. júlí 2010.

Í frumvarpinu dragast útgjöld félags- og tryggingamálaráðuneytisins saman um 7.788 m.kr. á verðlagi ársins 2010 en þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 7.352 m.kr. milli ára eða sem svarar til 6%. Útgjaldabreytingunni milli ára má skipta í fjóra þætti. Í fyrsta lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að gerðar verði ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 3.863 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi lækka útgjöld ráðuneytisins um 3.725 m.kr. vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum. Þar má nefna 4.236 m.kr. lækkun af hagrænum ástæðum svo sem vegna minnkandi atvinnuleysis og minni fjárþarfar bótaflokka almannatrygginga en á móti koma til hækkunar 570 m.kr. nýjar skuldbindingar m.a. vegna reksturs nýrrar stofnunar, Umboðsmanns skuldara. Stofnunin verður alfarið fjármögnuð með ríkistekjum og hefur þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema um 201 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2011, sem eru áætlaðar 436 m.kr.

Fjárveitingar til verkefna félags- og tryggingamálaráðuneytisins markast af því að gert er ráð fyrir umtalsverðum aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Hagræðingarkrafa stofnana sem annast þjónustu við börn og ungmenni, fatlaða og aldraða er þó þriðja árið í röð nálægt helmingi lægri en hjá almennum stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum. Einnig hefur ríkisstjórnin ákveðið að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir beinum skerðingum á bótum lífeyrisþega og atvinnuleysisbótum heldur eingöngu að ekki verði verðlagshækkanir á bótafjárhæðum. Engu að síður kalla sparnaðaráformin á árinu 2011 á umtalsverðar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki útgjöld sem

nemur 3% af veltu fjárlaga 2010. Í útgjaldaramma ráðuneytisins felst markmið um 1.660 m.kr. sparnað með almennum hagræðingaraðgerðum samkvæmt sinni forgangsröð á verkefnum og að með nokkrum sértækum aðgerðum yrði dregið úr útgjöldum um 2,2 mia.kr. á þremur sviðum: í Atvinnuleysistryggingasjóði, 0,5 mia.kr., almannatryggingum, 0,7 mia.kr., og Fæðingarorlofssjóði, 1 mia.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 25.574 m.kr. og lækka um 722 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið lækka alls um 1.423 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 9% samdrátt í rekstri stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá velferðarstofnunum, framhaldskólum og löggæsluaðilum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu nemur 5,4% af rekstrarveltu að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Aðhaldið verður útfært með hagræðingu í fasteignakostnaði, breyttum áherslum í þeim úrræðum sem stofnanir ráðuneytisins veita með það að markmiði að draga úr kostnaði. Þá er fyrirhugað að lækka daggjöld og fækka dvalarrýmum hjá stofnunum í málaflokki aldraðra. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema samtals 409 m.kr. Þar munar mest um rekstur embætti Umboðsmanns skuldara en gert er ráð fyrir að 500 m.kr. verði varið til starfsemi stofnunarinnar á árinu 2011. Til nýrra verkefna innan málaflokks fatlaðra eru ætlaðar 64,6 m.kr. og til annarra verkefna sem falla undir ráðuneytið eru ætlaðar 42 m.kr. Á móti er gert ráð fyrir að vaxtakostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa lækki um 225 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þá falla niður framlög að fjárhæð 67 m.kr. Munar þar mestu um framlag að fjárhæð 57 m.kr. til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem lögð hefur verið niður. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 359 m.kr. Í því sambandi er bent á að fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna á næsta ári en það er liður í aðhaldsáformum til að draga úr hallarekstri ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir auknum launakostnaði sem stafar af hækkun til þeirra lægst launuðu sem tók gildi 1. júlí á yfirstandandi ári en gildir allt árið 2011.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 6.408 m.kr. og verða 93.341 m.kr. en eru 99.749 m.kr. í fjárlögum ársins 2010. Þrátt fyrir að frumvarpið geri ráð fyrir veigamiklum aðhaldsaðgerðum er ekki áformað að lækka viðmiðunarfjárhæðir bóta almannatrygginga og atvinnuleysisbóta þótt velta þessara liða nemi um 87 mia.kr. eða sem svarar til um 20% af heildarveltu ríkissjóðs sem stjórnvöld geta haft áhrif á með ákvörðunum þegar vaxtagjöld og ýmsir óreglulegir liðir eru undanskildir. Sett var markmið um 9% lækkun almennra tilfærslustyrkja til félagasamtaka og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um samtals 2.298 m.kr. þar af 98 m.kr. hjá ráðuneytinu en 2,2 mia.kr. á þremur stórum tilfærsluliðum. Skiptist það þannig að 1 mia.kr.

er vegna lækkunar sem lagt er til að gerð verði á útgjöldum Fæðingarorlofssjóðs, 0,7 mia.kr. vegna lækkunar á útgjöldum almannatrygginga og 0,5 mia.kr. vegna lækkunar á útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þá lækka tilfærsluútgjöld um 3.996 m.kr. vegna endurmats á áætluðum útgjaldaskuldbindingum. Þar af lækka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 2,1 mia.kr. í samræmi við spár um að atvinnuleysi minnki úr 9,6% á þessu ári í 8,3% á árinu 2011 Áætlað er að útgjöld almannatrygginga lækki um 3 mia.kr. Sú lækkun tekur mið af þróun útgjalda ársins 2010 en m.a. má rekja þá lækkun til þess að fjölgun örorkulífeyrisþega er minni reiknað var með. Til hækkunar á áætlun um bætur almannatrygginga kemur að gert er ráð fyrir um 1 mia.kr. útgjaldaaukningu að óbreyttu vegna skerðingar almennra lífeyrissjóða á greiðslum til lífeyrisþega. Niður falla tímabundnar fjárheimildir að fjárhæð 134 m.kr. og 60 m.kr. eru millifærðar úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna starfsmenntunar á fjárlagalið mennta- og menningarmálaráðuneytisins *02-451-1.12 Símenntun og fjarkennsla.* Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur um 20 m.kr. Fjárheimildir frumvarpsins miðast við óbreyttar viðmiðunarfjárhæðir bóta atvinnuleysis- og almannatrygginga á næsta ári og er það liður í aðhaldsaðgerðum á sama hátt og á við um áform um óbreytt launakjör ríkisstarfsmanna. Vikið er nánar að áformum um sparnað og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.560 m.kr. og er það 223 m.kr. lækkun milli ára. Framlög lækka um 142 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þar vegur þyngst 100 m.kr. lækkun á fjárheimildum til bygginga öldrunarstofnana og 38 m.kr. lækkun á framlagi í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þá lækka fjárheimildir vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum sem nemur samtals 138 m.kr. Breytinguna má rekja til lækkunar á fjárþörf til niðurgreiðslu vaxta á lánum til félagslegra leiguíbúða um 200 m.kr. milli ára en á móti kemur 120 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna Framkvæmdasjóðs aldraðra sem skýrist annars vegar af áætlun um fjölgun gjaldenda miðað við forsendur gildandi fjárlaga og hins vegar af áformum um hækkun á gjaldi sem rennur í sjóðinn í takt við verðlagsbreytingar.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2011 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

Útgjöld félags- og tryggingamálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Skuldbindandi samningar

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 4.073 m.kr. á yfirstandandi ári. Flestir þeir samningar sem félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur staðið að eru við sveitarfélög og félagasamtök um þjónustu við fatlaða. Þar sem gert er ráð fyrir að þjónusta við fatlaða verði hjá sveitarfélögum frá og með árinu 2011 renna flestir samningar ráðuneytisins í þeim málaflokki út í árslok 2010. Af þeirri ástæðu eru ekki skráðar fjárhæðir við þá samninga frá og með árinu 2011 í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2010, eru á áætluðu verðlagi ársins 2011 og miðast við hámarks skuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 0,2% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2011.

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem félags- og tryggingamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 3.956 m.kr. á yfirstandandi ári. Engir samningar falla undir B flokk en þar falla undir samningar sem bæði ráðuneytin standa. Að lokum eru 117 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem félags- og tryggingamálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu, aðrir en þeir sem varða þjónustu við fatlaða, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 350 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2010	2011	2012	2013	2014
Árbót, meðferð barna og ungmenna	A	57,0				
Háholt, meðferð barna og ungmenna	A	87,0	90,0	90,0		
Laugaland, meðferð barna og ungmenna	A	74,0	85,0	85,0		
Brúarholt, meðferð barna og ungmenna	A	87,0				
ÖBÍ, verndaður vinnustaður	A	19,4				
Múlalundur, verndaður vinnustaður	A	23,7				
Blindrafélagið, verndaður vinnustaður	A	21,4				
Ás styrktarfélag, þjónusta við fatlaða	A	746,6				
Þjónusta við fatlaða á Norðurlandi vestra	A	400,3				
Akureyrarkaupstaður, þjónusta við fatlaða	A	977,2				
Norðurþing, þjónusta við fatlaða	A	139,0				
Sveitarf. Hornafjörður, þjónusta við fatlaða	A	31,7				
Hólabrekka, sambýli fatlaðra	A	43,5				
Vestmannaeyjabær, þjónusta við fatlaða	A	110,8				
Landspítali, málefni barna og ungmenna	C	36,0	36,0			
Velferðarsvið Rvk., þjónusta við fatlaða	A	81,9				
Skálatún, þjónusta við fatlaða	A	377,2				
Vímulaus æska, - rekstur Foreldrahúss	C	11,0				
Skaftholt,- sambýli fatlaðra	A	53,0				
Reykjavíkurborg þjónusta við geðfatlaða	A	505,3				
Reykjavíkurborg, -heimili fyrir heimilislausa	C	11,3				
Reykjanesbær- þjónusta við geðfatlaða	A	9,6				
Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	C	11,9				
Breiðabólsstaður, þjónusta fyrir fatlaða	A	27,8				
Kerlingadalur, heimili fyrir fatlaða	A	22,5				
Velferðarsvið Reykjavíkur	C	28,5	28,6			
Hafnarfjarðarkaupstaður, málefni fatlaðra	A	59,7				
Sjónarhóll	C	18,2	16,9			
Samtals		**4.072,5**	**256,5**	**175,0**	**0,0**	**0,0**

Samstarfi Barnaverndarstofu við rekstraraðila tveggja meðferðarheimila fyrir börn og unglinga var hætt á yfirstandandi ári. Um er að ræða heimilin Árbót og Brúarholt. Þá hefur ekki tekist að gera samning við Sólheima í Grímsnesi eftir að samningur við heimilið rann út 31. desember 2008. Framlög til heimilisins frá þeim tíma hafa verið samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum hvers árs.

Tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð

Félags- og tryggingamálaráðuneytið vinnur að þremur tilraunaverkefnum í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Tvö þeirra eru unnin af Vinnumálastofnun og hið þriðja af Barnaverndarstofu.

Greiðslur atvinnuleysisbóta. Verkefnið felst í að greina útgjöld til atvinnuleysistryggginga út frá kynjasjónarmiðum og meta áhrif núverandi aðferða við greiðslu atvinnuleysistrygginga á kynin. Markmiðið með greiningu er að fyrir liggi gögn sem auðveldi skoðun á því á hvern hátt grunnbætur, tekjutengdar bætur og barnadagpeningar koma í hlut kynjanna.

Jafnframt mun greiningin auðvelda mat á því hvort skiptingin sé eðlileg í samhengi við stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Í framhaldi munu upplýsingarnar sem fást úr þessari greiningu nýtast til endurskoðunar á reglum og lögum um greiðslu atvinnuleysistrygginga. Markvissari greining og samantekt upplýsinga verður unnin í september 2010–febrúar 2011 og ef ástæða þykir til verður unnið að nauðsynlegum breytingum í mars–ágúst 2011.

Útgjöld vegna úrræða atvinnuleitenda. Vinnumálastofnun er heimilt að kosta að hluta eða öllu leyti þátttöku atvinnuleitenda í ýmsum úrræðum til að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. Verkefnið felst í að greina útgjöld vegna þessa kynbundið og meta áhrif núverandi aðferða við útdeilingu fjármagns á kynin. Markmiðið með greiningu útgjalda til slíkra úrræða er að fyrir liggi gögn sem auðveldi skoðun á því á hvern hátt fjármagnið kemur í hlut kynjanna. Jafnframt mun greiningin auðvelda mat á hvort sú skipting sé eðlileg í samhengi við stöðu kynjanna á atvinnuleysisskrá. Í framhaldi munu upplýsingarnar sem fást úr þessari greiningu nýtast til skoðunar á þeim reglum og aðferðum sem Vinnumálastofnun vinnur samkvæmt í ljósi framangreinds. Áætlað er að á árinu 2010 verði útgjöld vegna þessara úrræða milli 600 og 1.000 m.kr. en þau eru að nokkru leyti háð lögum og reglum en einnig verklagi og vinnubrögðum innan Vinnumálastofnunar. Töluverður sveigjanleiki er því til að stýra útdeilingu fjármagns við fjárlagagerð. Markvissari greining og samantekt upplýsinga verður unnin í september 2010–febrúar 2011 og ef ástæða er til verða gerðar nauðsynlegar breytingar í mars–ágúst 2011.

Stofnanir Barnaverndarstofu. Markmið verkefnisins er að skoða stöðu kynjanna í þremur úrræðum Barnaverndarstofu, bæði hvað varðar umsóknir og nýtingu úrræðanna og kynjaskiptingu starfsmanna. Um er að ræða þrjú viðfangsefni þar sem eftirtalin úrræði Barnaverndarstofu verða skoðuð: langtímameðferðarheimili Barnaverndarstofu, meðferðardeild Stuðla og fjölþáttameðferð MST. Teknar verða saman upplýsingar um kynjaskiptingu hvað varðar umsóknir um úrræði og nýtingu fyrir það ár. Niðurstöður úr hverju verkefni fyrir sig verða skoðaðar og bornar saman. Fjárhagslegt umfang verkefnisins á árinu 2009 náði yfir 71,4% af fjárlögum stofnunarinnar. Verkefnið hefst með undirbúningi haustið 2010 og er áætlað að því ljúki vorið 2011 og verða niðurstöður verkefnisins þá metnar.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir félags- og tryggingarmálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Félags- og tryggingamálaráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	340,2	322,8	311,3	-3,6	-8,5
Ýmis verkefni	121,5	154,7	168,0	8,6	38,3
Ráðstöfunarfé	0,0	3,5	3,5	0,0	-
Samtals	**461,7**	**481,0**	**482,8**	**0,4**	**4,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 47 m.kr. til að ná markmiði ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda. Nýjar útgjaldaskuldbindingar auka útgjöld málaflokksins um 42 m.kr.

101 Félags- og tryggingamálaráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 311,3 m.kr. og dragist saman um 14 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi verða rekstrarútgjöld lækkuð um 29 m.kr. með aðgerðum í samræmi við markmið í útgjaldaramma ráðuneytisins um aðhaldsaðgerðir. Lækkunin svarar til 9% frá fjárlögum 2010. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 15 m.kr. framlag til aðalskrifstofunnar vegna aukinna verkefna og aðgerða í tengslum við skuldamál einstaklinga og heimila. Launa- og verðlagsbreytingar nema 2,5 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 168 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er gerð 18 m.kr. hagræðingarkrafa á nokkrum viðfangsefnum í samræmi við áform frumvarpsins um lækkun ríkisútgjalda. Í öðru lagi er óskað eftir 10 m.kr. fjárheimild til aðgerðaráætlunar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis. Í þriðja lagi er lagt til að framlag til aðgerðaráætlunar í þágu barna og til þjónustu við börn með athyglisbrest og ofvirkni hækki um 10 m.kr. Í fjórða lagi er gerð tillaga um 5 m.kr. hækkun fjárheimilda til mótvægissjóðs Velferðarvaktarinnar. Í fimmta lagi er óskað eftir tímabundnu 2 m.kr. framlagi til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Launa- og verðlagsbætur þessa liðar nema 4,3 m.kr.

Húsnæðismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 205 Leiguíbúðir; 207 Varasjóður húsnæðismála.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Leiguíbúðir	1.100,0	436,0	236,0	-45,9	-78,5
Varasjóður húsnæðismála	60,0	30,0	30,0	0,0	-50,0
Samtals	**1.160,0**	**466,0**	**266,0**	**-42,9**	**-77,1**

205 Leiguíbúðir. Frumvarpið gerir ráð fyrir að framlag til þessa liðar nemi 236 m.kr. og lækki um 200 m.kr. Lækkunin skýrist af því að gert er ráð fyrir að vaxtamunur milli almennra útlánsvaxta Íbúðalánasjóðs og lána til leiguíbúða verði umtalsvert minni en í forsendum fjárlaga 2010. Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimilt verði að veita 150 lán til leiguíbúða á árinu 2011. Lánin eru veitt þeim aðilum sem leigja íbúðir til einstaklinga er uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk samkvæmt VIII. kafla húsnæðislaga. Lánin bera 3,5% vexti og greiðir ríkissjóður muninn milli útlánsvaxta Íbúðalánasjóðs sem nú eru 5% að frádregnu afskriftar- og uppgreiðsluálagi sem er samtals 0,95%. Vaxtamunurinn 2011 er því áætlaður 0,55%. Skuldbinding ríkissjóðs vegna þessara framlaga til niðurgreiðslu vaxta er áætluð 236 m.kr. út lánstímann sem er 50 ár og er miðað við 5% ávöxtunarkröfu.

207 Varasjóður húsnæðismála. Gert er ráð fyrir að framlag til liðarins verði 30 m.kr. en það er óbreytt heimild frá fjárlögum 2010 en viðræður eiga sér nú stað milli ríkis og Samband íslenskra sveitarfélag um framlengingu á samning sem rann út um síðustu áramót. i drögum sem liggja fyrir er gert ráð fyrir 30 m.kr. framlagi úr ríkissjóði og 20 m.kr. mótframlagi sveitarfélaganna sem greitt verður úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fjármunirnir yrðu þá notaðir til söluframlaga í þeim tilfellum þegar söluandvirði íbúða væri lægra en áhvílandi lán hjá íbúðalánasjóði.

Stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 302 Ríkissáttasemjari; 313 Jafnréttisstofa; 331 Vinnueftirlit ríkisins; 341 Umboðsmaður skuldara.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissáttasemjari	53,0	59,9	55,5	-7,3	4,7
Jafnréttisstofa	36,4	61,3	85,5	39,5	134,9
Vinnueftirlit ríkisins	494,7	444,6	415,9	-6,5	-15,9
Umboðsmaður skuldara	0,0	0,0	500,0	-	-
Samtals	**584,1**	**565,8**	**1.056,9**	**86,8**	**80,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 485 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 45 m.kr. í til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Nýjar útgjaldaskuldbindingar nema 529,3 m.kr. sem skýrast að mestu með stofnun embættis umboðsmanns skuldara.

302 Ríkissáttasemjari. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 55,5 m.kr. og dragist saman um 5,4 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Fjárheimild embættisins lækkar um 9% frá fjárlögum 2010 í samræmi við markmið um lækkun ríkisútgjalda. Launa og verðlagshækkanir nema um 1,1 m.kr.

313 Jafnréttisstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 85 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 23,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Við vinnslu frumvarpsins var gert ráð fyrir að starfsemi Fjölmenningarseturs á Ísafirði yrði sameinuð starfsemi Jafnréttisstofu. Því var 29,3 m.kr. fjárheimild Fjölmenningarsetursins, að teknu tilliti til 9% aðhaldskröfu, færð undir fjárlaganúmer Jafnréttisstofu. Horfið hefur verið frá þessari sameiningu. Við 2. umræðu frumvarpsins verður lögð fram tillaga um að færa fjárheimild Fjölmenningarsetursins til fyrra horfs. Gerð er 5,5 m.kr. hagræðingarkrafa á starfsemi Jafnréttisstofu í samræmi við markmið um lækkun ríkisútgjalda. Sú krafa svarar til 9% lækkunar á fjárheimild milli ára. Launa- og verðlagshækkanir nema um 0,4 m.kr.

331 Vinnueftirlit ríkisins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 416 m.kr. á næsta ári og er það 33,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum ársins 2010. Gerð er krafa um 7,5% lækkun útgjalda sem stofnuninni verður ætlað að ná með aðgerðum í samræmi við leiðarljós ríkisstjórnarinnar um aðhaldsaðgerðir. Launa- og verðlagsbreytingar nema 4,9 m.kr.

341 Umboðsmaður skuldara. Í frumvarpinu er lagt til að veitt verði 500 m.kr. fjárheimild til reksturs nýrrar stofnunar, Umboðsmanns skuldara. Gert er ráð fyrir að þar af verði um 480 m.kr. vegna rekstrar og 20 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Mikil óvissa er um þessa áætlun þar sem ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um heildarfjölda einstaklinga og heimila sem þurfa að nýta sér úrræði stofnunarinnar né um fjölda mála sem þurfa aðkomu umsjónarmanns með greiðsluaðlögun. Alls er gert ráð fyrir að starfsmenn umboðsmanns verði um 50 þegar umsvif hennar verða sem mest. Kostnaður af starfsemi umboðsmanns skuldara er greiddur af lánastofnunum með sérstöku gjaldi. Í frumvarpi til fjáraukalaga er gert ráð fyrir að velta stofnunarinnar verði um 240 m.kr. frá 1. ágúst til loka yfirstandandi árs, auk þess sem falli til stofnkostnaður sem nemi um 80 m.kr. Embættið er stofnað á grunni Ráðgjafarstofu um fjármála heimilanna sem

starfrækt var í rúm 13 ár og var öllum starfsmönnum Ráðgjafarstofunnar boðið starf hjá umboðsmanni skuldara. Hlutverk umboðsmanns skuldara er að veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar, hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánadrottna skuldara og fara með framkvæmd greiðsluaðlögunar.

Málefni barna

Til þessa málaflokks telst fjárlagaliðurinn 400 Barnaverndarstofa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnaverndarstofa	924,8	964,0	930,5	-3,5	0,6
Samtals	**924,8**	**964,0**	**930,5**	**-3,5**	**0,6**

400 Barnaverndarstofa. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 930 m.kr. og að rekstrargjöld liðarins lækki um 48,2 m.kr. að raunvirði frá fjárlögum yfirstandi árs. Sú breyting skýrist af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum og svarar hún til 5% af fjárheimildum ársins 2010. Gert er ráð fyrir að sparnaðurinn nái jafnt til þjónustu sem veitt er af stofnunum Barnaverndarstofu og þjónustu sem veitt er af aðilum samkvæmt þjónustusamningum. Stofnunin þarf því að grípa til aðgerða til þess að lækka rekstrarútgjöld sín í samræmi við þær aðgerðir sem ríkisstjórn hefur samþykkt um sparnað í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbreytingum sem nema 14,7 m.kr.

Málefni fatlaðra

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700 Málefni fatlaðra; 701-708; Málefni fatlaðra, svæðisskrifstofur; 711 Ás styrktarfélag; 720 Skálatúnsheimilið Mosfellsbæ; 722 Sólheimar Grímsnesi; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins; 755 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 560,5 m.kr. ef frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar frá gildandi fjárlögum. Lækkunin skýrist að meginhluta af hagræðingaráformum vegna aðhalds í ríkisfjármálum að fjárhæð 609,6 m.kr. Nýjar útgjaldaskuldbindingar nema 50,5 m.kr. og þá eru felldar niður fjárheimildir fyrir 1,4 m.kr. Aðrar breytingar málaflokksins eru vegna launa- og verðlagshækkana, samtals 113,8 m.kr. Unnið er að undirbúningi þess að flytja málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga þann 1. janúar 2011 í samræmi við samkomulag um fjárhagsramma tilfærslunnar frá 6. júlí 2010. Þegar heildarsamkomulag liggur fyrir og nauðsynlegar lagabreytingar vegna yfirfærslunnar hafa verið gerðar er gert ráð fyrir að gerðar verði tillögur um niðurfellingar á fjárveitingum til mála-

flokksins við umfjöllun fjárlagafrumvarpsins á Alþingi. Fjárlagaliðir 701–722 ásamt fjárlagalið 795 munu falla niður við tilfærsluna. Fjárveitingar vegna fjárlagaliða *750 Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins* og *755 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra og sjónskertra*, ásamt hluta af fjárlagalið 700 munu standa eftir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	151,2	343,9	262,5	-23,7	73,6
Málefni fatlaðra, Reykjavík	3.016,0	3.218,6	3.144,1	-2,3	4,2
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	1.985,1	2.093,1	2.049,8	-2,1	3,3
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	334,4	345,9	331,8	-4,1	-0,8
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	211,8	228,9	220,1	-3,8	3,9
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	397,6	401,9	384,7	-4,3	-3,2
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	1.102,1	1.117,9	1.070,0	-4,3	-2,9
Málefni fatlaðra, Austurlandi	330,4	367,0	351,5	-4,2	6,4
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	573,9	605,6	603,6	-0,3	5,2
Styrktarfélag vangefinna	735,6	746,6	717,2	-3,9	-2,5
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	369,7	377,2	362,0	-4,0	-2,1
Sólheimar í Grímsnesi	271,4	274,9	264,2	-3,9	-2,7
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	398,9	377,6	351,5	-6,9	-11,9
Þjónustumiðst. fyrir blinda og sjónskerta	289,8	292,3	272,6	-6,7	-5,9
Framkvæmdasjóður fatlaðra	639,6	379,6	338,7	-10,8	-47,0
Samtals	**10.807,5**	**11.171,0**	**10.724,3**	**-4,0**	**-0,8**

700 Málefni fatlaðra. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi 262,5 m.kr. og lækki um 85,1 m.kr. að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Breytingin skýrist af fjórum megin tilefnum. Í fyrsta lagi af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 24,9 m.kr. Í öðru lagi er óskað eftir að millfærðar verði 90,1 m.kr. á fjárlagaliðinn *701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.* vegna þjónustu við geðfatlaða. í þriðja lagi er óskað eftir að millifærðar verði 33,5 m.kr. á fjárlagaliðinn *988 Starfsendurhæfing*, vegna þjónustusamnings við Hringsjá. Í fjórða lagi er sótt um 44,0 m.kr. fjárveitingu vegna þjónustu við alvarlega fatlaða einstakling sem þarf stöðuga umönnun og öryggisgæslu. Í fimmta lagi er farið fram á 19,4 m.kr. millifærslu frá Landsspítalanum. Tillagan byggir á samkomulagi um útskriftir af geðsviði spítalans á vegum átaks í þjónustu við geðfatlaða. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir, samtals 3,7 m.kr.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 3.144 m.kr. og lækki um 112,2 m.kr.að raungildi frá fjárlögum 2010. Breytingin skýrist af tveimur megin tilefnum. Í fyrsta lagi af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 163,5 m.kr. og í öðru lagi er lagt til að 513 m.kr. verði millifærðar af liðnum *700 Málefni fatlaðra* vegna reksturs þjónustuúrræða fyrir geðfatlaða. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir, samtals 37,7 m.kr.

702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi. Gert er ráð fyrir að liðurinn hafi um 2.050 m.kr. fjárheimild á næsta ári og lækki um 67,8 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2010. Breytingin skýrist af tveimur megin tilefnum. Í fyrsta lagi lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 106,6 m.kr. Í öðru lagi er lagt til að 38,8 m.kr. verði millifærðar af liðnum *700 Málefni fatlaðra* vegna reksturs þjónustuúrræða fyrir geðfatlaða. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagshækkunum sem nema samtals 24,5 m.kr.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 331,8 m.kr. og lækki um 17,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum ef frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Breytingin skýrist af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir sem nema 3,3 m.kr.

704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 11,5 m.kr. að raunvirði frá fjárlögum og skýrist það af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir, samtals 2,7 m.kr.

705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra. Gert er ráð fyrir að fyrir að fjárheimild liðarins verði 384,7 m.kr. og lækki um 20,1 m.kr. að raungildi. Breytingin skýrist af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir, samtals 2,9 m.kr.

706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi 1.070 m.kr. og lækki um 56 m.kr. frá gildandi fjárlögum að raunvirði. Breytingin skýrist af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir, samtals 8,1 m.kr.

707 Málefni fatlaðra, Austurlandi. Gert er ráð fyrir að fyrir að fjárheimild liðarins verði 351,5 m.kr. og lækki um 19,7 m.kr. að raungildi frá yfirstandi fjárlögum. Breytingin skýrist af tveimur megin tilefnum. Í fyrsta lagi af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 18,3 m.kr. Í öðru lagi er lagt til að tímabundin heimild 1,4 m.kr. til framkvæmda við lóð og aðgengismál við Jónsver á Vopnafirði verði felld niður. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir, samtals 4,2 m.kr.

708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi. Gert er ráð fyrir að fyrir að fjárheimild liðarins nemi 603,6 m.kr. og lækki um 9,7 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2010. Breytingin skýrist af tveimur megin tilefnum. Í fyrsta lagi lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum um 30,3 m.kr. Í öðru lagi er sótt um 20,6 m.kr. fjárheimild til þess að standa straum af kostnaði við öryggisgæslu við fatlaðan einstakling. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir, samtals 7,7 m.kr.

711 Styrktarfélag vangefinna. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 717,2 m.kr. og rekstrargjöld liðarins lækki um 37,3 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2010. Breytingin skýrist af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir, samtals 7,9 m.kr.

720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 362 m.kr. og rekstrargjöld lækki um 18,9 m.kr. að raunvirði frá gildandi fjárlögum sem skýrist af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir, samtals 3,7 m.kr.

722 Sólheimar í Grímsnesi. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi 264,2 m.kr. og rekstrargjöld lækki um 13,7 m.kr. að raunvirði frá fjárlögum 2010. Breytingin skýrist af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir, samtals 3,0 m.kr.

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi 351,5 m.kr. og lækki um 28 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum sem skýrist af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir, samtals 1,9 m.kr.

755 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 272,6 og lækki um 22,1 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2010 sem skýrist af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir, samtals 2,4 m.kr.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 338,7 m.kr. og útgjöld lækki um 41 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2010. Breytingin skýrist af lækkun útgjalda vegna aðhalds í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar eru launa- og verðlagshækkanir, samtals 0,1 m.kr.

Vinnumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga; 988 Starfsendurhæfing og 989 Fæðingarorlofssjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vinnumálastofnun	289,3	213,7	197,0	-7,8	-31,9
Vinnumál	89,0	84,9	78,5	-7,5	-11,8
Ábyrgðasjóður launa	2.158,3	1.833,0	1.809,0	-1,3	-16,2
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	95,6	105,8	105,8	0,0	10,7
Atvinnuleysistryggingasjóður	25.489,6	27.801,0	24.894,7	-10,5	-2,3
Félagsmálaskóli alþýðu	26,6	17,0	15,6	-8,2	-41,4
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	-27,4	0,0	0,0	-	-100,0
Starfsendurhæfing	0,0	309,1	319,9	3,5	-
Fæðingarorlof	10.765,7	9.620,0	8.688,0	-9,7	-19,3
Samtals	**38.886,7**	**39.984,5**	**36.108,5**	**-9,7**	**-7,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 3.889 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 1.561 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að ná markmiðum um lækkun ríkisútgjalda. Þar af hefur verið ákveðið að gera ráðstafanir til þess að útgjöld Fæðingarorlofssjóðs lækki um 1.000 m.kr. Í því skyni er áformað gera breytingar sem geta falið í sér styttingu orlofsréttar, lækkun hámarksgreiðslna eða lækkun á hlutfalli útgreiðslu af reiknuðum bótum. Einnig hefur verið ákveðið að gera ráðstafanir til að draga úr útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs sem nemur 500 m.kr. með breytingum á skilyrðum fyrir rétti til hlutaatvinnuleysisbóta sem aukinn var tímabundið í kjölfar fjármálakreppunnar. Lagafrumvörp um viðeigandi breytingar á bótakerfunum til að tryggja framgang þessara forsendna fjárlagafrumvarpsins verða lögð fram á haustþinginu. Útgjöld málaflokksins lækka um 2.197 m.kr. vegna endurmats á áætluðum útgjaldaskuldbindingum en þar vegur þyngst að gert er ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs lækki um 2.100 m.kr. í kjölfar minnkandi atvinnuleysis. Þá eru felld niður 130 m.kr. tímabundin fjárheimild til Vinnumálastofnunar.

980 Vinnumálastofnun. Gert er ráð fyrir að fjárveiting liðarins nemi 197 m.kr. og rekstrargjöld dragist saman um 19 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Svarar það til 9% lækkunar rekstrarútgjalda í fjárlögum 2010. Launa- og verðlagshækkanir nema samtals 2,3 m.kr.

981 Vinnumál. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 78,5 m.kr. og lækki um 7 m.kr. að frádregnum verðlagsbreytingum. Það svarar til 8,2% lækkunar útgjalda milli ára. Launa- og verðlagsbreytingar nema 0,6 m.kr.

982 ***Ábyrgðasjóður launa.*** Áætlað er að útgjöld sjóðsins á næsta ári verði 1.809 m.kr. sem er lækkun um 24 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Áætlað er að vaxtagjöld sjóðsins af skuld við ríkissjóð vegna fyrirfram greiddra markaðra tekna lækki um þá fjárhæð.

983 ***Foreldrar langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna.*** Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi 105,8 m.kr. og verði óbreytt frá fjárlögum 2010.

984 ***Atvinnuleysistryggingasjóður.*** Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins á næsta ári verði 24.895 m.kr. sem er raunlækkun um 2.912 m.kr. frá fjárlögum ársins 2010. Breytingar á útgjöldum sjóðsins skýrast af eftirfarandi fimm tilefnum: Í fyrsta lagi lækka útgjöld sjóðsins um 2.100 m.kr. sökum minna atvinnuleysis. Spár gera ráð fyrir að atvinnuleysi á árinu 2011 verði að jafnaði 8,3%. Í forsendum fjárlaga 2010 var á hinn bóginn reiknað með 9,6% atvinnuleysi. Í öðru lagi er áformað að útgjöld sjóðsins verði lækkuð um 500 m.kr. með sértækum sparnaðaraðgerðum og aðgerðum Vinnumálastofnunar. Áformað er að stytta tímabil hlutaatvinnuleysisbóta eða breyta skilyrðum um lækkun starfshlutfalls vegna slíkra bóta eða gera aðrar breytingar á bótarétti til að draga úr útgjöldum sjóðsins en það kemur til nánari skoðunar við umfjöllun á frumvarpi sem lagt verður fram á haustþinginu í því skyni. Einnig er ætlunin að áfram verði byggt á aðgerðum sem Vinnumálastofnun hefur staðið að á yfirstandandi ári og beinst hafa að vinnumarkaðsúrræðum fyrir ungt fólk og markvissum aðgerðum til að draga úr bótasvikum. Í þriðja lagi lækkar 130 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2010, einkum vegna vinnumarkaðsaðgerða fyrir ungt fólk en einnig vegna álags á greiðsluþjónustu, og verður 75 m.kr. Í fjórða lagi er lagt til að 60 m.kr. framlag sem varið hefur verið til starfsmenntunar úr Atvinnuleysistryggingasjóði verði millifært á fjárlagalið *02-451-1.12 Símenntun og fjarkennsla* hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að vaxtatekjur sjóðsins af inneign hans hjá ríkissjóði hækki um 197 m.kr. Aðrar breytingar eru verðlagsbreytingar samtals 5,5 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Atvinnuleysisbætur	25.210,4	26.030,0	23.430,0	-10,0	-7,1
Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	439,7	575,0	525,5	-8,6	19,5
Styrkir til fiskvinnslustöðva	306,6	184,0	184,0	0,0	-40,0
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	170,2	912,0	912,0	0,0	435,8
Framlög og styrkir	42,4	40,0	40,0	0,0	-5,7
Starfsmenntasjóður	87,9	60,0		-100,0	-100,0
Vaxtatekjur	-767,6	3,9	-196,8	-5.146,2	-74,4
Samtals	**25.489,6**	**27.804,9**	**24.894,7**	**-10,5**	**-2,3**

985 Félagsmálaskóli alþýðu. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi 15,6 m.kr. og lækki um 1,5 m.kr. í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda.

988 Starfsendurhæfing. Framlög til liðarins eru áætluð 320 m.kr. á næsta ári og hækka að raungildi um 7,7 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lagt til 25,8 m.kr. lækkun til að draga úr útgjöldum ríkissjóðs en það svarar til 8,3% lækkunar á milli ára. Í öðru lagi eru 33,5 m.kr. fjárveiting flutt á þennan fjárlagalið af viðfangsefninu *700-1.80 Starfsþjálfun fatlaðra*. Fjármunir til verkefna á sviði starfsendurhæfingar eru nýttir til að fylgja eftir tillögum örorkumatsnefndar um leiðir til að efla starfsendurhæfingu og aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir sem til lengri tíma litið geta komið í veg fyrir ótímabæra skerðingu á starfsorku.

989 Fæðingarorlofssjóður. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjöld sjóðsins á næsta ári verði 8.688 m.kr. og lækki frá gildandi fjárlögum um 932 m.kr. Breytingin milli ára skýrist af tveimur megin tilefnum. Annars vegar er áformað að draga úr útgjöldum sjóðsins um 1.000 m.kr. með sértækum aðhaldsaðgerðum sem geta falið í sér styttingu orlofsréttar, lækkun hámarksgreiðslna eða lækkun á hlutfalli útgreiðslu af reiknuðum bótum. Við umfjöllun frumvarps um breytingar á lagaákvæðum í þessu skyni sem lagt verður fram á haustþinginu koma til skoðunar leiðir til að ná þessu markmiði um lækkun á útgjöldum sjóðsins. Hins vegar er lagt til að framlag til viðfangsefnisins *989-1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar* hækki um 75 m.kr. Þar er byggt á mati á áætluðum útgjöldum ársins 2010. Þá er gerð 8 m.kr. hagræðingarkrafa vegna umsýslukostnaðar Vinnumálastofnunar með sjóðnum. Aðrar breytingar eru verðlags- og launahækkanir, samtals 0,9 m.kr.

Almannatryggingar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 821 Tryggingastofnun ríkisins; 825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 827 Lífeyristryggingar; 831 Eftirlaunasjóður aldraða.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tryggingastofnun ríkisins	969,1	959,2	881,2	-8,1	-9,1
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	9.607,3	10.703,0	9.426,6	-11,9	-1,9
Lífeyristryggingar	47.795,3	48.652,0	47.258,0	-2,9	-1,1
Eftirlaunasjóður aldraða	73,5	59,3	59,3	0,0	-19,3
Samtals	**58.445,2**	**60.373,5**	**57.625,1**	**-4,6**	**-1,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 2.759 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Útgjaldabreytingin skiptist í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 786 m.kr. til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Þar af er áformað að draga úr útgjöldum bótaflokka almannatrygginga um 700 m.kr. en leitast verður við að ná samkomulagi við lífeyrissjóðina sem m.a. feli það í sér að lífeyrissjóðirnir muni ekki líta til bóta almannatrygginga við samanburð á tekjum örorkulífeyrisþega fyrir og eftir orkutap. Með því móti má ná fram fyrr greindum sparnaði í útgjöldum tekjutengdra bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar. Í öðru lagi lækka útgjöld um 1.962 m.kr. vegna breyttra útgjaldaskuldbindinga en þar vegur þyngst breyting á bótaflokki almannatrygginga sem lækkar um 3.030 m.kr. vegna endurmats á áætluðum útgjöldum þar sem einkum er tekið mið af þróun raunútgjalda á yfirstandandi ári. Á móti vegur að lækkun almennra lífeyrissjóða á greiðslum til lífeyrisþega sinna um allt að 7–10% mun að óbreyttu hækka útgjöld lífeyristrygginga ríkisins um 1.040 m.kr. vegna tekjutenginga þeirra. Aðrar breytingar þessa málaflokks eiga sér skýringar í millifærslu á fjárheimild.

821 Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi um 881 m.kr. og að útgjöld dragist saman um 88 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er stofnuninni ætlað að lækka útgjöld um 86,1 m.kr. með hagræðingaraðgerðum í samræmi við markmið um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækkar framlag til verkefnis íslenska upplýsingasamfélagsins um 2 m.kr. á næsta ári. Launa- og verðlagsbætur nema 10,1 m.kr.

825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld til bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru áætluð 9.427 m.kr. og lækka um 1.276 m.kr. frá fjárlögum 2010. Í fyrsta lagi er áætlað að útgjöldin lækki um 1.296 m.kr. þar sem endurmat á áætlun um fjárþörf hans reynist vera lægri sem því nemur en áætlað var í fjárlögum 2010. Er þá m.a. litið til þróun þessara útgjalda á yfirstandandi ári. Þetta endurmat er nokkuð mismunandi eftir bótaflokkum eins og sjá má af meðfylgjandi töflu. Í öðru lagi eru 19,4 m.kr. millifærðar á viðfangsefnið *825-191 Annað* millifærðar af viðfangsefninu *999-198 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis*. Um er að ræða heimild til greiðslu bóta fyrir vinnutap líffæragjafa, sbr. lög nr. 40/2009.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	334,0	341,0	321,0	-5,9	-3,9
Umönnunargreiðslur	1.482,9	1.235,0	1.315,0	6,5	-11,3
Makabætur og umönnunarbætur	169,0	173,0	160,0	-7,5	-5,3
Dánarbætur	62,6	58,0	70,0	20,7	11,8
Endurhæfingarlífeyrir	1.964,0	2.090,0	1.934,0	-7,5	-1,5
Barnalífeyrir vegna menntunar	123,2	123,0	160,0	30,1	29,9
Heimilisuppbót	2.863,6	3.140,0	2.863,0	-8,8	0,0
Frekari uppbætur	1.290,2	603,0	340,0	-43,6	-73,6
Sérstök uppbót lífeyrisþega	1.025,8	1.567,0	1.082,0	-31,0	5,5
Bifreiðakostnaður		1.343,0	1.132,0	-15,7	-
Uppbætur vegna bifreiðakaupa	292,0			-	-100,0
Annað		30,0	49,6	65,3	-
Samtals	**9.607,3**	**10.703,0**	**9.426,6**	**-11,9**	**-1,9**

827 Lífeyristryggingar. Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 47.258 m.kr. á næsta ári og lækka um 1.394 m.kr. frá fjárlögum 2010. Breytingar á útgjöldum liðarins skýrast af þremur megin tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir útgjöldin lækki um 1.734 m.kr. á grundvelli endurmats á fjárþörf tryggingakerfisins þar sem m.a. er tekið mið af þróun útgjalda bótaflokkanna á árinu 2010. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að útgjöldin aukist að óbreyttu um 1.040 m.kr. vegna skerðinga almennra lífeyrissjóða á lífeyrisgreiðslum til bótaþega sinna um 7–10%. Vegna tenginga lífeyristrygginga ríkisins við tekjur bótaþega, þ.m.t. greiðslur úr almennum lífeyrissjóðum, mun skerðingar hjá almennu lífeyrissjóðunum leiða til hækkunar á lífeyrisbótum ríkisins til elli- og örorkulífeyrisþega. Á móti vegur, í þriðja lagi, að gert er ráð fyrir að unnt verði að lækka útgjöld bótaflokksins um 700 m.kr. með því að ná samkomulagi við lífeyrissjóðina um að þeir líti ekki til bóta almannatrygginga við samanburð á tekjum örorkulífeyrisþega fyrir og eftir orkutap. Með því móti má ná fram sparnaði í útgjöldum tekjutengdra bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	8.616,9	8.720,0	8.260,0	-5,3	-4,1
Örorkulífeyrir	7.137,5	5.030,0	4.950,0	-1,6	-30,6
Aldurstengd örorkuuppbót		1.976,0	2.171,0	9,9	-
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	13.534,2	15.700,0	14.515,0	-7,5	7,2
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	13.570,7	13.351,0	13.661,0	2,3	0,7
Vasapeningar ellilífeyrisþega	142,4	317,0	270,0	-14,8	89,6
Vasapeningar örorkulífeyrisþega	58,6	90,0	70,0	-22,2	19,5
Örorkustyrkur	184,1	172,0	180,0	4,7	-2,2
Barnalífeyrir	2.727,3	2.840,0	2.725,0	-4,0	-0,1
Annað	1.823,6	456,0	456,0	0,0	-75,0
Samtals	**47.795,3**	**48.652,0**	**47.258,0**	**-2,9**	**-1,1**

831 Eftirlaunasjóður aldraðra. Áætlað er að hlutur ríkissjóðs í þessum eftirlaunum til aldraðra verði 59,3 m.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 2010. Sjóðurinn greiðir lífeyri til þeirra sem fæddir eru árið 1915 eða fyrr og maka þeirra sem njóta lítilla eða engra réttinda úr lífeyrissjóði.

Málefni aldraðra

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 505 Öldrunarstofnanir, almennt; 515 Framkvæmdasjóður aldraðra; 555 Dvalarrými aldraðra, önnur; 562 Dagvistun aldraðra, aðrar svo og fjárlagaliðir einstakra dvalar- og hjúkrunarheimila.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Framkvæmdasjóður aldraðra	1.382,8	1.368,0	1.487,0	8,7	7,5
Öldrunarstofnanir	13.046,5	12.888,4	13.865,5	7,6	6,3
Samtals	**14.429,3**	**14.256,4**	**15.352,5**	**7,7**	**6,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 656 m.kr. frá fjárlögum 2010 þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Framlög til málaflokksins lækka um 718 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri ráðuneytisins. Markmiði um lækkun útgjalda verður mætt annars vegar með lækkun daggjalda og hins vegar með fækkun heimilaðra rýma. Miðað er við að heimiluðum rýmum á hjúkrunarrýmum fækki um 39 og dvalarrýmum um 47. Útgjöld lækka vegna þessa um 462 m.kr. Engin breyting er gerð á fjölda rýma í dagvistun. Útgjaldalækkun vegna breytinga á fjárhæð daggjalda nemur um 156 m.kr. Gert er ráð fyrir að daggjöld á hjúkrunarrýmum lækki um 1,2% og um 5% á dagvistarrýmum. Framlög til stofnkostnaðar lækka um 100 m.kr. Þá aukast tekjur í Framkvæmdasjóð aldraða um 62 m.kr.

505 Öldrunarstofnanir, almennt. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins nemi um 2.124 m.kr., og að fjárheimild þessa safnliðar hækki um 923 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi er gerð 118,6 m.kr. hagræðingarkrafa til að lækka útgjöld ríkissjóðs. Í öðru lagi hækka fjárheimildir um 1.041 m.,kr. m.a. vegna hjúkrunarheimilanna Mörkin í Reykjavík og Boðaþing í Kópavogi sem hófu starfsemi á árinu 2010. Þessum stofnunum hefur ekki verið úthlutað sérstakt fjárlagaliðanúmer, líkt og sambærilegar stofnanir hafa, en gert er ráð fyrir að lögð verði fram tillaga um slíkt við 2. umræðu frumvarpsins. Rekstur beggja stofnananna var fjármagnaður með rekstrarfjárveitingum hjúkrunarheimilanna Víðiness í Reykjavík og Vífilstaða í Garðabæ ásamt fjárveitingum dvalarheimilanna Skjólbraut og Gullsmára í Kópavogi, en rekstri þeirra var hætt á árinu 2010. Auk þess voru fjárheimildir fluttar frá *521-101 Hrafnistu í Reykjavík.* Þá er gert ráð fyrir að 160 m.kr. verði varið til byggingar nýs hjúkrunarheimilis á Eskifirði og eru fjárheimildir fluttar á milli viðfangsefna innan fjárlagaliðarins. Aðrar breytingaskýrast af launa- og verðlagshækkunum, samtals 44,1 m.kr.

515 Framkvæmdasjóður aldraðra. Gjöld sjóðsins samkvæmt frumvarpinu eru áætluð 1.487 m.kr. en eru 1.368 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn fær tekjur af sérstöku gjaldi, sem lagt er á einstaklinga sem skattskyldir eru til tekjuskatts og kemur það til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga hvert ár. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gjaldendur verði 175.080 á álagningarárinu 2011 og fjölgi um 5% frá áætlun fjárlaga yfirstandandi árs. Þá er fyrirhugað að gjaldið verði hækkað um 4% á milli ára til samræmis við verðlagshækkanir og hækki úr 8.400 kr. í 8.736 kr.

521-552 Öldrunarheimili. Gert er ráð fyrir að framlög ríkissjóðs til reksturs hjúkrunarheimila á fjárlagaliðum 521-552 nemi um 8.977 m.kr. og lækki samtals um 780 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Þar af er fyrirhugað að útgjöld lækki um 486,1 m.kr. til að mæta markmiði um aðhaldsráðstafanir í útgjaldaramma ráðuneytisins. Þá eru millifærðar samtals 575,1 m.kr. af þremur viðfangsefnum fjárlagaliðarins, *521-101 Hrafnista*, *Reykjavík, 535-101 Víðines og 553-101 Vífilstaðir, Garðabæ* yfir á viðfangsefnið *505-113 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana*. Fjármunirnir verða notaðir til að reka ný hjúkrunarheimili í Mörkinni í Reykjavík og við Boðaþing í Kópavogi. Launa- og verðlagsbreytingar þessa liðar nema 140,7 m.kr.

555 Dvalarrými aldraðra, önnur. Gert er ráð fyrir að framlög ríkissjóðs til reksturs þessara dvalarrýma nemi 415 m.kr. og lækkar það um 145 m.kr. frá fjárlögum 2010 að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Gert er ráð fyrir að lækka útgjöldin um 69 m.kr. til að mæta áformum um hagræðingu í ríkisfjármálum. Til að ná þessu markmiði verður heimiluðum rýmum fækkað um 22. Dvalarheimilin Skjólbraut og Gullsmári í Kópavogi voru lögð niður á árinu 2010 og 76 m.kr. rekstrarfjárveitingar þeirra fluttar á

fjárlagalið *505-113 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana* til að fjármagna rekstur hjúkrunarheimilisins að Boðaþingi í Kópavogi. Launa- og verðlagsbreytingar fjárlagaliðarins eru áætlaðar um 8 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir, almennt	660,8	1.156,8	2.123,7	83,6	221,4
Framkvæmdasjóður aldraðra	1.382,8	1.368,0	1.487,0	8,7	7,5
Hrafnista, Reykjavík	1.655,0	2.125,6	1.748,0	-17,8	5,6
Hrafnista, Hafnarfirði	1.359,6	1.485,6	1.420,0	-4,4	4,4
Grund, Reykjavík	1.407,4	1.519,1	1.453,0	-4,4	3,2
Garðvangur, Garði	284,1	311,2	303,9	-2,3	7,0
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	214,3	235,2	227,7	-3,2	6,3
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	154,7	161,0	161,7	0,4	4,5
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	179,6	181,8	182,6	0,4	1,7
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	77,9	108,2	93,6	-13,5	20,2
Seljahlíð, Reykjavík	156,7	163,5	163,8	0,2	4,5
Víðines	270,7	288,2	0,0	-100,0	-100,0
Höfði, Akranesi	452,1	491,7	468,3	-4,8	3,6
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	270,3	274,7	273,6	-0,4	1,2
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	98,9	101,1	101,9	0,8	3,0
Fellaskjól, Grundarfirði	63,6	68,7	69,1	0,6	8,6
Jaðar, Ólafsvík	67,6	90,6	90,9	0,3	34,5
Barmahlíð, Reykhólum	106,6	106,9	92,5	-13,5	-13,2
Dalbær, Dalvík	249,9	256,9	247,7	-3,6	-0,9
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	135,5	132,2	133,2	0,8	-1,7
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	87,8	131,2	131,8	0,5	50,1
Hjallatún, Vík	101,4	108,1	108,6	0,5	7,1
Kumbaravogur, Stokkseyri	262,9	306,3	290,7	-5,1	10,6
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	616,7	672,6	651,4	-3,2	5,6
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	249,7	256,8	250,0	-2,6	0,1
Holtsbúð, Garðabæ	310,9	320,2	312,9	-2,3	0,6
Vífilsstaðir, Garðabæ	372,3	390,4	0,0	-100,0	-100,0
Dvalarrými aldraðra, önnur	469,0	552,3	415,1	-24,8	-11,5
Vesturhlíð, Reykjavík	5,0	12,5	12,8	2,4	156,0
Hlíðabær, Reykjavík	51,3	53,4	51,6	-3,4	0,6
Lindargata, Reykjavík	46,6	48,1	46,6	-3,1	0,0
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	87,2	96,5	93,3	-3,3	7,0
Múlabær, Reykjavík	72,7	79,9	77,2	-3,4	6,2
Fríðuhús, Reykjavík	39,7	39,7	38,4	-3,3	-3,3
Dagvistun aldraðra, aðrar	476,7	561,4	542,9	-3,3	13,9
Samtals	**12.498,0**	**14.256,4**	**13.865,5**	**-2,7**	**10,9**

556-562 Dagvistun aldraðra. Gert er ráð fyrir að framlag til þeirra heimila sem undir fjárlagaliðina falla nemi 863 m.kr. og lækki um 44 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2010. Breytingin er gerð til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um lækkun út-

gjalda. Gert er ráð fyrir að lækka daggjald í dagvistum um 5% til að ná þessu markmiði. Þá hækka fjárveitingar um 15,3 m.kr. vegna launa- og verðlagsbóta.

Sundurliðun fjárveitinga á öldrunarheimili sem falla undir fjárlagaliði 521-562 er sýnd í töflunni hér á undan.

Önnur mál

Til þessa málaflokks telst fjárlagaliðurinn 999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmál, ýmis starfsemi	566,2	565,5	415,9	-26,5	-26,5
Samtals	**566,2**	**565,5**	**415,9**	**-26,5**	**-26,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 156 m.kr.að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 48,1 m.kr. lækkun fjárheimilda til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum. Í öðru lagi fellur niður 56,5 m.kr. heimild til Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna, en starfseminni var hætt með stofnun umboðsmanns skuldara. Í þriðja lagi fellur niður 2,8 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2010 til Félags heyrnarlausra. í fjórða lagi eru millifærðar 48,9 m.kr. á aðra fjárlagaliði. Annars vegar eru færðar 19,6 m.kr. yfir á viðfangsefni á fjárlagalið *825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð*. Um er að ræða heimild til greiðslu bóta fyrir vinnutap líffæragjafa, sbr. lög nr. 40/2009. Tryggingastofnun ríkisins hefur verið falið að annast framkvæmd laganna. Hins vegar eru svo millifærðar 29,3 m.kr. á fjárlagaliðinn *313 Jafnréttisstofa*. Eins og fram kemur í umfjöllun um starfsemi Jafnréttisstofu er gert ráð fyrir að við 2. umræðu frumvarpsins verði gerð tillaga um að millifærslan gangi til baka þar sem fallið hefur verið frá áformum um breytingu á þessu fyrirkomulagi. Aðrar breytingar skýrast a launa- og verðlagshækkunum, samtals 6,7 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áformuð framlög af óskiptri fjárheimild á viðfangsefninu *1.98 Ýmis framlög félags og tryggingamálaráðuneytis*.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	11,6	10,8
Rannsóknir í vinnu- og jafnréttismálum	7,0	6,5
Sjónarhóll	18,2	16,9
Styrkur til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis frá	23,5	21,7
Lög um líffæragjafa og bótagreiðslur vegna vinnutaps	21,5	0,0
Samtals	**81,8**	**55,9**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2.9 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
07-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
07-505-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	Ófyrirséð útgjöld hjúkrunarheimila og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga eða reiknilíkans.
07-700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	Ófyrirséð útgjöld vegna veikinda og forfalla hjá stofnunum fatlaðra.
07-700-1.90	Ýmis verkefni	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld stofnana fatlaðra.

08 Heilbrigðisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	79.665,9	75.758,7	73.066,6	-4	-8
Neyslu- og rekstrartilfærslur	27.028,3	25.602,5	23.695,5	-7	-12
Stofnkostnaður og viðhald	1.391,3	1.012,0	849,3	-16	-39
Samtals	**108.085,5**	**102.373,2**	**97.611,4**	**-5**	**-10**
Greitt úr ríkissjóði	-	101.714,0	96.977,7	-5	-
Innheimt af ríkistekjum	-	659,2	633,7	-4	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**102.373,2**	**97.611,4**	**-5**	-

Heildargjöld heilbrigðisráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 103.098 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.487 m.kr. en þær nema 5,3% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 97.611 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 96.977 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 634 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, á bls. 210, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Einnig er vakin athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra sem gerð var í fjárlögum yfirstandandi árs m.a. í tengslum við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem fluttust frá ráðuneyti í ár en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tók við verkefnum. Í töflum í þessum kafla lækka útgjöld heilbrigðisráðuneytis vegna þess um 10.344 m.kr. á árinu 2009 frá því sem fram kemur í ríkisreikningi 2009 vegna verkefna sem flutt hafa verið til annarra ráðuneyta. Er þetta gert til að gefa betri mynd af þróun útgjalda milli ára í viðkomandi ráðuneytum. Í frumvarpinu hefur framsetningu fjárheimilda hins vegar ekki verið breytt miðað við áform um sameiningu ráðuneyta fyrir komandi fjárlagaár. Tillögur um þær breytingar munu koma fram við 2. umræðu frumvarpsins.

Í frumvarpinu dragast útgjöld heilbrigðisráðuneytisins saman um 3.818 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2010, en að teknu tilliti til áhrifa almennra verðlags- og gengisbreytinga lækka útgjöldin um 4.762 m.kr. milli ára eða sem svarar til 4,7%. Útgjaldabreytingunum má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 4.785 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbind-

ingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema 1.173 m.kr. Þar af eru 9 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 206 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 967 m.kr. Loks bætast við verðlagsbreytingar ársins 2011, sem áætlað er að lækki útgjöld um 944 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 97.611 m.kr.

Fjárveitingar til verkefna heilbrigðisráðuneytisins markast af því að gert er ráð fyrir umtalsverðum aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Hagræðingarkrafa heilbrigðisstofnana og starfsemi sem telst til heilbrigðisþjónustu er þó þriðja árið í röð nálægt helmingi lægri en hjá almennum stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum. Einnig hefur ríkisstjórnin ákveðið að aðhaldsmarkmið í sjúkratryggingum verði mun lægra en í öðrum málaflokkum eða 3%. Engu að síður kalla sparnaðaráformin á árinu 2011 á umtalsverðar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Aðhaldsráðstafanir nema samtals um 4,7% af heildarveltu ráðuneytisins. Ráðuneytið ráðgerir að ná þessu fram með margvíslegum aðhaldsaðgerðum sem ná til allrar starfsemi ráðuneytisins og með forgangsröðun verkefna, en ætlunin er að efla grunnþjónustu einkum á sviði heilsugæslunnar, m.a. með því að efla sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni, efla sjúkraflutninga og auka framlag til heimahjúkrunar þar sem hjúkrunarrýmum er fækkað. Á móti auknu framlagi til heilsugæslu, sjúkraflutninga og heimahjúkrunar er ráðgert að draga úr starfsemi sjúkrasviða heilbrigðisstofnana. Unnið verður áfram í haust að áformum heilbrigðisráðuneytisins um aðhaldsaðgerðir fyrir árið 2011 og við nánari útfærslu kann að reynast ástæða til gera einhverjar tilfærslur eða breytingar á fjárheimildum sem yrðu lagðar fram við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins. Slíkar breytinga mundu þó ekki hafa áhrif á heildarumfang aðhaldsaðgerða ráðuneytisins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 73.067 m.kr. og lækka um 3.891 m.kr. frá fjárlögum þessa árs þegar undan er skilin 1.199 m.kr. millifærsla fjárheimildar vegna S-merktra lyfja af tilfærslugjöldum yfir á önnur rekstrargjöld til leiðréttingar á rangri framsetningu í fjárlögum 2010. Rekstrarfjárveitingar tiltekinna stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 3.888 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá velferðarstofnunum, framhaldskólum og löggæsluaðilum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá heilbrigðisráðuneytinu nemur 5,1% af rekstrarveltu að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 121 m.kr. Þar munar mest um 89 m.kr. framlag til sjúkraflutninga. Á móti fellur niður fjárveiting sem veitt var til tímabundinna verkefna að fjárhæð 123 m.kr. Loks hækka fjárveitingar til rekstrar um 701 m.kr. vegna

verðlagsbreytinga þegar frá er talin lækkun á framlagi til S-merktra lyfja vegna styrkingar krónunnar gagnvart öðrum myntum. Í því sambandi er bent á að fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna á næsta ári en það er liður í aðhaldsáformum til að draga úr hallarekstri ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir auknum launakostnaði sem stafar af hækkun til þeirra lægst launuðu sem tók gildi 1. júlí á yfirstandandi ári en gildir allt árið 2011.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 708 m.kr. og verða 23.696 m.kr. en eru 24.404 m.kr. í fjárlögum ársins 2010 ef undan er skilin 1.199 m.kr. millifærsla fjárheimildar vegna S-merktra lyfja af tilfærslugjöldum yfir á önnur rekstrargjöld til leiðréttingar á rangri framsetningu í fjárlögum 2010. Sett var markmið um 9% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða og 3% lækkun sjúkratrygginga við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 796 m.kr. vegna aðhaldsaðgerða. Þyngst vegur 400 m.kr. lækkun fjárveitingar til almennra lyfja, 289 m.kr. lækkun á framlagi til hjálpartækja og 100 m.kr. lækkun á sérfræðilækniskostnaði. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 1.051 m.kr. aukningu í útstreymi tilfærslukerfa sem leiðir af lýðfræðilegri þróun og útgjalda umfram forsendur fjárlaga 2010. Á móti fellur niður 20 m.kr. tímabundið framlag til hjálpartækja. Að raunvirði hækka framlög vegna neyslu- og rekstrartilfærslna um 235 m.kr. eða um 1 %. Verðlagslækkun fjárveitinga sem teljast til neyslu- og rekstrartilfærslna nemur um 943 m.kr. og skýrist það einkum af því að lyfjaframlög eru tengd gengi krónunnar sem hefur styrkst talsvert frá forsendum fjárlaga 2010.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 849 m.kr. og er það 163 m.kr. lækkun milli ára. Framlög lækka um 101 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 10% lækkun. Þar vegur þyngst 25 m.kr. lækkun á framlagi til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og 25 m.kr. lækkun hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Því til viðbótar falla niður framlög að upphæð 62 m.kr. sem veitt voru til tímabundinna stofnkostnaðarverkefna, þ.a. er 60 m.kr. fjárveiting til LSH vegna kaupa á nýju tölvusneiðmyndatæki.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2011 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Heilbrigðisráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 8.777 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2010, eru á áætluðu verðlagi ársins 2011 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í tilteknum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 8,4% af heildarútgjöldum ráðuneytisins á árinu 2011.

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem heilbrigðisráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 8.777 m.kr. á yfirstandandi ári. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 8.690 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga. Þar skal fyrst nefna samning við Akureyrarbæ um heilsugæslu og sjúkraflutninga og Hornafjörð um heilbrigðisþjónustu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2010	2011	2012	2013	2014
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	A	173,6	175,5	175,5	175,5	175,5
Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	A	56,1	56,7	56,7	56,7	56,7
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	A	654,0	615,9	615,9	615,9	615,9
Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir	A	324,3	305,5	305,5	305,5	305,5
Hjartavernd, hóprannsóknir	A	65,7	61,7	61,7	61,7	61,7
Sjúkrahótel	A	91,8	90,7	90,7	90,7	90,7
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjón	A	1.361,9	1.321,0	1.321,0	1.321,0	1.321,0
Samningur við Hornafjörð um öldrunarþjón	A	228,5	195,1	195,1	195,1	195,1
Sóltún, Reykjavík	A	973,4	985,8	985,8	985,8	985,8
Reykjalundur	A	1.345,6	1.264,7	1.264,7	1.264,7	1.264,7
Hlein	A	108,7	109,9	109,9	109,9	109,9
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, endurhæfing	A	553,6	523,4	523,4	523,4	523,4
Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæði	A	919,3	978,7	978,7	978,7	978,7
Læknavaktin ehf., vaktþjónusta	A	254,0	240,3	240,3	240,3	240,3
Sjúkraflutningar á Akureyri	A	66,6	66,9	66,9	66,9	66,9
Sjúkraflutningar á Suðurnesjum	A	66,6	66,9	66,9	66,9	66,9
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu	A	385,6	475,0	475,0	475,0	475,0
RKÍ, öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutn.	A	134,1	138,8	138,8	138,8	138,8
Mýflug - sjúkraflug á Norðursvæði	A	112,6	122,2	122,2	122,2	122,2
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	A	474,9	490,7	490,7	490,7	490,7
Heilsugæslustöðin í Salahverfi Kópavogi	A	242,0	242,0	242,0	242,0	242,0
Heilbrigðisst. Suð-Austurl., rekstur heilbrþj.	A	184,0	162,1	162,1	162,1	162,1
Samtals		**8.776,9**	**8.689,5**	**8.689,5**	**8.689,5**	**8.689,5**

Tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð

Á vegum heilbrigðisráðuneytis verða unnin fjögur tilraunaverkefni á þessu sviði. Tvö þeirra eru unnin af Landspítala, eitt af Lýðheilsustöð og það fjórða hjá ráðuneytinu.

Biðlisti í hjartaþræðingu og biðlisti í liðskiptaaðgerðir á mjöðm og hné. Markmið tilraunaverkefnanna er að skoða hvort því fjármagni sem veitt er til hjartaþræðinga og liðskiptaaðgerða á mjöðm og hné á Landspítalanum komi báðum kynjum jafnt til góða, að teknu tilliti til algengi og alvarleika sjúkdómsins hjá hvoru kyninu fyrir sig. Ef vel tekst til gæti aðferðafræðin mögulega nýst sem hjálpartæki til samskonar greininga á annarri heilbrigðisþjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

Skoðað verður hvort annað kynið sé valið fram yfir hitt af biðlista fyrir hjartaþræðingar og liðskiptaaðgerða á mjöðm og hné. Eingöngu verða skoðaðar valaðgerðir og lagt mat á biðtíma karla og kvenna eftir þjónustunni. Bendi niðurstaðan til þess að annað kynið sé valið fram yfir hitt af biðlistanum kann að vera áhugavert að skoða nánar hver ástæða þess sé og hvort ástæða sé til að grípa inn í með viðeigandi hætti.

Gert er ráð fyrir að á árinu muni kostnaður sem veitt er til hjartaþræðinga á Landspítalanum nema um 1,6% af heildarframlagi ríkisins til spítalans. Sé einungis litið til kostnaðar við valaðgerðir þá má gera ráð fyrir að hann verði í kringum 0,4% af heildar-

framlaginu. Kostnaður á árinu sem fellur til vegna liðskiptaaðgerða á mjöðm og hné nemur innan við 1% af heildarframlagi ríkisins til spítalans.

Áætlað er að undirbúningur að vinnu verkefnanna hefjist á haustmánuðum 2010 en að vinnan hefjist að fullum þunga í byrjun árs 2011 og að henni ljúki í júní 2011.

Forvarnasjóður Lýðheilsustöðvar. Markmið tilraunaverkefnisins er að fá yfirsýn yfir kynjaáhrif úthlutana úr Forvarnasjóði. Hlutverk Forvarnasjóðs er að efla og stuðla að forvörnum gegn áfengis- og vímuefnaneyslu. Alls bárust 129 umsóknir á árinu 2010 og voru veittir styrkir til 79 verkefna. Heildarupphæð sem sótt var um var 242,5 m.kr. og heildarúthlutun 71,3 m.kr. Kynjaskipting ábyrgðamanna umsókna er 79 konur og 50 karlar. Kynjaskipting úthlutunar úr forvarnarsjóði er 48 konur og 31 karl. Heildarfjármagn til ráðstöfunar árið 2010 er 71,3 m.kr.

Áætlað að ljúka við úrvinnslu úthlutunar vegna tilraunaverkefnis fyrir árið 2010 í júní 2011.

Gæðastyrkir heilbrigðisráðuneytisins. Markmið tilraunaverkefnisins er að greina umsóknir og úthlutun gæðastyrkja heilbrigðisráðuneytisins út frá kynjasjónarmiðum og kanna þar með kynjaáhrif úthlutunarinnar.

Heilbrigðisráðuneytið hefur veitt gæðastyrki árlega frá árinu 2001, en styrkirnir hafa verið veittir í samræmi við stefnumörkun heilbrigðisyfirvalda í gæðamálum.Gæðastyrkirnir eru fyrst og fremst hugsaðir til hvatningar og viðurkenningar fyrir heilbrigðisstarfsmenn, sem og til að örva frumkvæði í heilbrigðisþjónustunni. Heildarúthlutunarfjárhæð var 2,4 milljónir króna á árinu 2010 og styrkupphæðir á bilinu 100 – 200 þúsund kr. hver. Með tilraunaverkefninu er ætlunin að skoða m.a. kynjahlutfall umsækjanda, styrkhafa og markmið verkefnanna sem hlutu styrk (kynjamiðuð/hlutlaus). Í kjölfarið verður athugað hvort niðurstöðurnar samræmist markmiðum um jafnrétti kynjanna og metið hvort þörf sé á að flétta sérstaklega kynjasjónarmiðum inn í úthlutunarferli gæðastyrkja næsta árs.

Greining gagna fer fram á tímabilinu 16. ágúst – 13. september 2010 en gert er ráð fyrir að ljúka mati á niðurstöðum fyrir septemberlok. Einnig er gert ráð fyrir að úthlutunarnefnd gæðastyrkja næsta árs hafi niðurstöður tilraunaverkefnis í huga.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa; 199 Ráðstöfunarfé.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 555 m.kr. og lækkar um 53,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og skýrist það af lækkun framlags til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	519,0	599,0	551,4	-7,9	6,2
Ráðstöfunarfé	0,0	3,6	3,6	0,0	-
Samtals	**519,0**	**602,6**	**555,0**	**-7,9**	**6,9**

101 Heilbrigðisráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 551,4 m.kr. og lækki um 53,9 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum, en sú lækkun er í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana. Þá hækkar liðurinn um 6,3 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til tryggingamála: 202 Sjúkratryggingastofnun; 206 Sjúkratryggingar; 208 Slysatryggingar og 209 Sjúklingatrygging.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkratryggingar Íslands	546,9	477,0	415,3	-12,9	-24,1
Sjúkratryggingar	30.837,6	27.728,0	26.224,0	-5,4	-15,0
Slysatryggingar	661,5	636,0	709,0	11,5	7,2
Sjúklingatrygging	97,4	120,1	120,1	0,0	23,3
Samtals	**32.143,4**	**28.961,1**	**27.468,4**	**-5,2**	**-14,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 27.468,4 m.kr. og hækkar um 160,6 m.kr. frá fjárlögum 2010 þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Í samræmi við markmið um aðhaldsaðgerðir í útgjaldaramma ráðuneytisins er í frumvarpinu gert ráð fyrir að lækka framlag til málaflokksins um 853,5 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga, eða um 3%. Samdrátturinn felst einkum í lækkun framlags til almennra lyfja, hjálpartækja og læknis-kostnaðar sem nemur samtals 789 m.kr. Þá lækka fjárheimildir um 21,7 vegna flutnings verkefna á milli stofnana ráðuneytisins og um 20 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem eru felld niður. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 1.056 m.kr. í auknum útgjaldaskuldbindingum, að stærstum hluta vegna auknum læknis- og lyfjakostnaði. Þá er reiknað með að útgjöld lækki um 1.653,3 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga sem skýrist aðallega af áhrifum af styrkingu íslensku krónunnar á framlög sem tengd eru við gengi erlendra gjaldmiðla. Hér á eftir er gerð grein fyrir breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

202 *Sjúkratryggingar Íslands.* Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Sjúkratrygginga Íslands verði 415,3 m.kr. á árinu 2011. Útgjöldin lækka um 64,5 m.kr. frá fjárlögum 2010 á

grundvelli áforma ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af tillögu um verkefnaflutning frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til Sjúkratrygginga Íslands vegna mæðra- og ungbarnaverndar erlendis, alls 1,5 m.kr. og af launa- og verðlagshækkunum sem nema 1,3 m.kr.

206 Sjúkratryggingar. Gert er ráð fyrir 26.224 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar á næsta ári og jafngildir það 151 m.kr. hækkun framlags frá fjárlögum 2010 að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ná niður lækniskostnaði um 100 m.kr. á grundvelli áforma ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Samningur við Læknafélag Reykjavíkur um sérfræðilæknisþjónustu rennur út þann 31. mars 2011, en stefnt er að því að ná fram í nýjum samningi umræddri lækkun og sparnaðaráformum áranna 2009 og 2010 sem ekki hefur verið náð ennþá. Þá er fyrirséður veikleiki í lækniskostnaði sem er umfram sparnaðaráform í fjárlögum 2009 og 2010 en vegna þess er lagt til að framlag hækki um 630 m.kr. Lagt er til að útgjöld hækki um 70 m.kr. vegna efniskaupa og um 40 m.kr.vegna samnings um sálfræðiþjónustu. Þá er lagt til að 23 m.kr. verði færðar af lækniskostnaði sjúkratrygginga á liðinn *373 Landspítali* til að mæta auknum komum á göngudeildir spítalans, en frá 1. maí 2010 ákvað ráðuneytið að fyrsta endurkoma eftir sjúkrahúsdvöl fari fram á göngudeildum sjúkrahúsa í stað þess að fara fram á einkastofum. Í öðru lagi er lagt til að útgjöld til lyfjakaupa lækki um 305 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Á grundvelli áforma ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum er stefnt að lækkun í lyfjakostnaði vegna almennra lyfja um 400 m.kr. Ætlunin er að ná 300 m.kr. lækkun með aðgerðum sem breyta ávísanavenjum lækna og stuðla að hagkvæmari notkun lyfja og 100 m.kr. með almennri endurskoðun á lyfjaverði. Á móti er gert ráð fyrir að framlag hækki um 95 m.kr., þ.e. 1% til að mæta lýðfræðilegri fjölgun sjúklinga. Í þriðja lagi er lagt til að framlag til S-merktra lyfja hækki um 148 m.kr. frá gildandi fjárlögum, en það jafngildir 3% magnaukningu í notkun lyfjanna til að mæta fjölgun í hópi þeirra sem þurfa á slíkum lyfjum að halda. Í fjórða lagi er lagt til að framlag til hjálpartækja lækki um 289 m.kr. til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Áformað er að ná þeirri lækkun með takmörkun á greiðsluþátttöku ríkisins ýmist með breytingum sem snúa að magni eða hlutdeild í kostnaði. Þá fellur niður tímabundið 20 m.kr. framlag til kaupa á hjálpartækjum fyrir aldraða í heimahúsum. Í fimmta lagi er lagt til að flytja 35 m.kr. af liðnum *1.55 Sjúkradagpeningar* yfir á liðinn *1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innanlands.* Hér er um aðgerð að ræða til að mæta auknum ferðakostnaði sjúklinga og kostnaði við sjúkraflutninga vegna samdráttar í þjónustu sjúkrasviða heilbrigðisstofnana, en aðgerðin hefur ekki áhrif á útgjöld sjúkratrygginga. Aðrar breytingar á málaflokknum skýrast af gengis- og verðlagsbreytingum, en alls er gert ráð fyrir að útgjöld lækki um 1.655 m.kr. vegna þeirra og hefur styrking krónunnar á árinu þar helst áhrif.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	6.036,6	4.290,0	4.907,0	14,4	-18,7
Lyf	10.743,4	9.548,0	8.469,0	-11,3	-21,2
Lyf með S-merkingu	4.850,3	4.919,0	4.365,0	-11,3	-10,0
Hjálpartæki	2.766,1	3.279,0	2.863,0	-12,7	3,5
Hjúkrun í heimahúsum	152,5	136,0	137,0	0,7	-10,2
Þjálfun	2.224,2	1.591,0	1.608,0	1,1	-27,7
Tannlækningar	1.370,3	1.672,0	1.672,0	0,0	22,0
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	345,6	352,0	400,0	13,6	15,7
Brýn meðferð erlendis	1.688,7	1.289,0	1.211,0	-6,1	-28,3
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	266,1	243,0	218,0	-10,3	-18,1
Sjúkradagpeningar	180,5	243,0	208,0	-14,4	15,2
Annað	213,3	166,0	166,0	0,0	-22,2
Samtals	**30.837,6**	**27.728,0**	**26.224,0**	**-5,4**	**-15,0**

208 Slysatryggingar. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til slysatrygginga verði 709 m.kr. á árinu 2011 sem er 73 m.kr. hækkun að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Lagt er til að bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar hækki um 46 m.kr. og að bætur til framfærslu hækki um samtals 27 m.kr. til að mæta veikleikum í fjárveitingum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	145,7	151,0	197,0	30,5	35,2
Bætur til framfærslu	383,3	359,0	386,0	7,5	0,7
Kaup og aflahlutur sjómanna	35,4	60,0	60,0	0,0	69,5
Stjórnunarkostnaður	97,1	66,0	66,0	0,0	-32,0
Samtals	**661,5**	**636,0**	**709,0**	**11,5**	**7,2**

Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúsþjónusta

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 358 Sjúkrahúsið á Akureyri; 373 Landspítali; 379 Sjúkrahús, óskipt; 383 Sjúkrahótel; 384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn og 388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 37.938 m.kr. og lækkar um 615 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í samræmi við markmið í útgjaldaramma ráðuneytisins um samdrátt í ríkisútgjöldum er í frumvarpinu gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins um 561,9 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Vegur þar þyngst lækkun á rekstrarframlagi Landspítalans um 441,6 m.kr. og um 62 m.kr. til Sjúkrahússins á Akureyri, eða sem svarar til um 1,3%. Þá koma fram nokkur ný tilefni

vegna útgjaldaskuldbindinga sem samtals hækka útgjöld um 7 m.kr. Á hinn bóginn fellur niður 60 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til kaupa á nýju tölvusneiðmyndatæki á Landspítala.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahúsið á Akureyri	4.187,5	4.140,8	4.107,5	-0,8	-1,9
Landspítali	35.584,3	33.102,1	32.869,0	-0,7	-7,6
Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans	60,8	0,0	0,0	-	-
Sjúkrahús, óskipt	19,2	96,9	123,3	27,2	542,2
Sjúkrahótel	87,7	91,8	90,7	-1,2	3,4
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	124,2	129,2	131,6	1,9	6,0
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	667,7	654,0	615,9	-5,8	-7,8
Samtals	**40.731,4**	**38.214,8**	**37.938,0**	**-0,7**	**-6,9**

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar eru áform um að heilbrigðisþjónustan verði tekin til endurskoðunar með heildstæðri stefnumörkun og endurspeglast þær áherslur í kröfum um hagræðingu í frumvarpinu. Standa á vörð um grunnþjónustuna, þ.e. heilsugæsluna sem setja á í öndvegi sem fyrsta viðkomustað í heilbrigðiskerfinu og sérhæfða sjúkrahúsþjónustu sem veitt er á Landspítala og Sjúkrahúsinu Akureyri. Stefnumörkunin felur í sér að samhliða eflingu heilsugæslunnar á landsvísu verði dregið úr þjónustustigi sjúkrasviða heilbrigðisstofnana. Lagðar eru fram tillögur um aðgerðir sem miða að því að efla grunnþjónustuna, m.a. sjúkraflutninga, sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni og heimahjúkrun.

Við nánari útfærslu á aðhaldsformum heilbrigðisráðuneytisins í haust kann að reynast ástæða til gera tillögur um einhverjar tilfærslur eða breytingar á fjárheimildum til þessa málaflokks við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins þótt markmið um heildarumfang aðhaldsaðgerðanna verði eftir sem áður óbreytt.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

101 Sjúkrahúsið á Akureyri. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gjöld umfram tekjur sjúkrahússins verði 4.107,5 m.kr. og dragist saman um 64,6 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagsbreytingum. Annars vegar er lagt til að rekstrarútgjöld dragist saman um 1,3%, eða um 57,7 m.kr., og stofnkostnaður um 2,5 m.kr. og er það liður í útfærslu ráðuneytisins á aðhaldsmarkmiðum frumvarpsins. Hins vegar er lagt til að framlag lækki um 4,4 m.kr. vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af launa- og verðlagsreikningum.

373 Landspítali. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld spítalans nemi 32.869 m. kr. á næsta ári og jafngildir það 525,8 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs að frátöldum verðlagsbreytingum. Í fyrsta lagi er lagt til að rekstrarútgjöld lækki um 1,3%, eða um 429,3

m.kr., og stofnkostnaður um 12,3 m.kr. og er það liður í útfærslu ráðuneytisins á aðhaldsmarkmiðum frumvarpsins. Í öðru lagi er lagt til að flutt verði 19,4 m. kr. framlag til félags- og tryggingamálaráðuneytis með vísan til samkomulags frá í febrúar 2007 um flutning verkefna á sviði þjónustu við geðfatlað fólk. Í þriðja lagi er lagt til að flutt verði 2,7 m.kr. fjárheimild yfir á liðinn *301 Landlæknir* vegna hálfrar stöðu félagsráðgjafa í alnæmisvörnum, en fram til þessa hefur spítalinn greitt landlæknisembættinu fyrir þjónustuna samkvæmt reikningi. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að fjárveiting lækki um 35,3 m.kr. vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Þar af eru 65,3 m.kr. lækkun á fjárheimild til endurráðstöfunar innan ráðuneytisins og 30 m.kr. hækkun til að styrkja starfsemi barna- og unglingageðdeildar og efla sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni. Í fimmta lagi er lagt til að framlag hækki um 23,2 m. kr. en um er að ræða fjárveitingu sem flutt er af lið *206 Sjúkratryggingar Íslands* til að mæta auknum komum á göngudeild spítalans, en frá 1. maí 2010 ákvað ráðuneytið að fyrsta endurkoma eftir sjúkrahúsdvöl fari fram á göngudeildum í stað þess að fara fram á einkastofum. Í sjötta lagi er lagt til að framlag hækki um 10 m.kr. til að koma á fót þverfaglegu meðferðarteymi fyrir börn og unglinga með alvarlega offitu. Að lokum er tímabundið 60 m.kr. framlag sem veitt var til kaupa á nýju tölvusneiðmyndatæki fellt niður. Aðrar breytingar á fjárheimild spítalans skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

379 Sjúkrahús, óskipt. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði 123,3 m.kr. á árinu 2011 og hækki um 26,4 m.kr. frá fjárlögum 2010. Hækkunin skýrist af tillögu um 35 m.kr. framlag vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Þá er lagt til að fjárveiting lækki um 8,1 m.kr. í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum. Að lokum er lagt til að 0,5 m.kr. verði fluttar yfir á liðinn *384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn* til að mæta kostnaði við túlkaþjónustu.

383 Sjúkrahótel. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld hótelsins nemi 90,7 m. kr. á næsta ári og jafngildir það um 6 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs að frátöldum verðlagsbreytingum. Lækkunin skýrist af áformum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum og nemur um 7% frá gildandi fjárlögum. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld hvíldarheimilisins nemi 131,6 m. kr. á næsta ári og jafngildir það um 0,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs að frátöldum verðlagsbreytingum. Skýrist sú hækkun af eflingu túlkaþjónustu. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld samtakanna nemi 615,9 m. kr. á næsta ári og jafngildir það um 46 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs að frátöldum verðlagsbreytingum. Lækkunin skýrist af áformum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum og nemur um 7%. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

Öldrunarstofnanir, endurhæfing o.fl.

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir sem tilheyra hjúkrunarheimilum: 408 Sunnuhlíð, Kópavogi; 409 Hjúkrunarheimilið Skjól; 410 Hjúkrunarheimilið Eir; 412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær; 413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum; 428 Fellsendi; 434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu; 437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu og 447 Sóltún, Reykjavík. Önnur heimili með hjúkrunarrými eru talin til málefnaflokks aldraðra hjá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Einnig teljast til málaflokksins eftirfarandi endurhæfingarstofnanir: 478 Vistheimilið Bjarg; 479 Hlaðgerðarkot; 491 Reykjalundur, Mosfellsbæ; 492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands; 493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun og 494 Hlein.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir	6.612,7	6.796,5	6.727,8	-1,0	1,7
Endurhæfingarstofnanir	2.668,9	2.642,7	2.495,8	-5,6	-6,5
Samtals	**9.281,6**	**9.439,2**	**9.223,6**	**-2,3**	**-0,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 9.223,6 m.kr. og lækkar um 345 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og skýrist af lækkun framlags til að mæta markmiðum um samdrátt í útgjöldum í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum.

Sundurliðun fjárveitinga á hjúkrunarheimili sem falla undir fjárlagaliði 408-447 er sýnd í töflunni hér á eftir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sunnuhlíð, Kópavogi	551,8	591,1	592,0	0,2	7,3
Hjúkrunarheimilið Skjól	778,5	834,5	828,9	-0,7	6,5
Hjúkrunarheimilið Eir	1.360,5	1.387,2	1.381,2	-0,4	1,5
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	632,7	655,0	656,6	0,2	3,8
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	587,2	585,5	587,2	0,3	0,0
Fellsendi, Búðardal	182,0	179,4	180,0	0,3	-1,1
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþj.	1.292,5	1.361,9	1.321,0	-3,0	2,2
Samn. við Sveitarf. Hornafjörð, öldrunarþj.	202,3	228,5	195,1	-14,6	-3,6
Sóltún, Reykjavík	1.025,2	973,4	985,8	1,3	-3,8
Samtals	**6.612,7**	**6.796,5**	**6.727,8**	**-1,0**	**1,7**

Heildarfjárveiting til öldrunarstofnana nemur 6.727,8 m.kr. og lækkar um 168 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Skýrist það af aðhaldsaðgerðum til að mæta markmiðum um samdrátt í útgjöldum í frumvarpinu. Frekari upplýsingar um öldrunarstofnanir er að finna í umfjöllun félags- og tryggingamálaráðuneytis.

Á eftirfarandi yfirliti er sýnd sundurliðun fjárveitinga til endurhæfingarstofnana sem falla undir fjárlagaliði 478-494.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistheimilið Bjarg	55,8	58,8	55,8	-5,1	0,0
Hlaðgerðarkot	86,3	89,7	85,0	-5,2	-1,5
Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.387,0	1.345,6	1.264,7	-6,0	-8,8
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	562,8	553,6	523,4	-5,5	-7,0
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	465,9	486,3	457,0	-6,0	-1,9
Hlein	111,1	108,7	109,9	1,1	-1,1
Samtals	**2.668,9**	**2.642,7**	**2.495,8**	**-5,6**	**-6,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 2.495,8 m.kr. og lækkar um 177 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og skýrist af 7% lækkun framlags frá gildandi fjárlögum til Vistheimilisins Bjargs, Hlaðgerðarkots, Reykjalundar, Mosfellsbæ, Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands og Sjálfsbjargar, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnunar til að koma til móts við markmið ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum.

Heilsugæsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 500 Heilsugæslustöðvar almennt; 501 Sjúkraflutningar. Fjárlagaliðirnir 506-588 eru liðir einstakra heilsugæslustöðva án starfstengsla við sjúkrahús.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilsugæslustöðvar, almennt	158,9	282,9	335,2	18,5	111,0
Sjúkraflutningar	803,3	771,0	888,0	15,2	10,5
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.225,4	4.106,7	4.145,5	0,9	-1,9
Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	895,0	919,3	978,7	6,5	9,4
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	162,9	164,9	166,6	1,0	2,3
Læknavaktin	279,2	254,0	240,3	-5,4	-13,9
Heilsugæslustöðin Dalvík	103,0	104,5	102,1	-2,3	-0,9
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	483,8	474,9	490,7	3,3	1,4
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	279,7	278,1	278,8	0,3	-0,3
Samtals	**7.391,2**	**7.356,3**	**7.625,9**	**3,7**	**3,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 7.625,9 m.kr. og hækkar um 189,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 59,5 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta aðhaldsmarkmiðum í útgjaldaramma ráðuneytisins. Þá koma fram ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 257,8 m.kr. Þar af eru 162,5 sem styrkja grunnþjónustu heilsugæslunnar og vinna gegn samdrætti útgjalda, en um er að ræða endurráðstöfun fjárheimilda ráðuneytisins vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna. Á hinn bóginn falla niður samtals 8,4 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

Almennt er áhersla ráðuneytisins sú að standa vörð um grunnþjónustuna og setja heilsugæsluna í öndvegi sem fyrsta viðkomustað í heilbrigðiskerfinu. Á grundvelli þess eru lagðar fram tillögur sem styrkja þjónustu á sviði heilsugæslunnar og miða m.a. að því að efla sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni í kjölfar efnahagshrunsins, að efla sjúkraflutninga og auka heimahjúkrun. Þá miða tillögurnar einnig að því að byggja upp hjúkrun í framhaldsskólum og fjölga sérnámsstöðum í heimilislækningum. Auk þess er stefnt að því að hefja bólusetningu ungbarna gegn lunga- og eyrnabólgu í apríl á næsta ári. Hér er um nýmæli að ræða, forvarnaraðgerð sem mun skila ávinningi til lengri tíma.

Við nánari útfærslu á aðhaldsformum heilbrigðisráðuneytisins í haust kann að reynast ástæða til gera tillögur um einhverjar tilfærslur eða breytingar á fjárheimildum til þessa málaflokks við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins þótt markmið um heildarumfang aðhaldsaðgerðanna verði eftir sem áður óbreytt.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 335,2 m.kr. á næsta ári og aukist um 49,7 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum. Annars vegar er lagt til að fjárheimild til stofnkostnaðar lækki um 23,6 m.kr. í samræmi við áform um samdrátt í ríkisútgjöldum en þ.a. eru 3,6 m.kr. vegna byggingar heilsugæslustöðva.

Hins vegar er lagt til að fjárveiting hækki um 73,3 m.kr. vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fjárveiting hækki um 35 m.kr. til að mæta ófyrirséðum útgjöldum innan ársins. Í öðru lagi er lagt til að fjárveiting hækki um 11 m.kr. til að koma á fót kennslustöðum í hjúkrun í heilsugæslu. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 96,4 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við aukna heimahjúkrun. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að fjárveiting lækki um 51,2 m.kr. með millifærslu á lið *508 Miðstöð Heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu* til að mæta kröfum samnings um heimahjúkrun við Reykjavíkurborg. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að fjárveiting lækki um 10 m.kr. með millifærslu fjárheimildar á lið *08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis*, vegna geðheilbrigðisþjónustu við heyrnarlausa nemendur sem urðu fyrir ofbeldi í heimavist Heyrnleysingjaskóla Íslands. Í sjötta lagi er lagt til að 7,9 m.kr. verði millifærðar á liðinn *506 Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins* til að standa straum af kostnaði við samning um Hugræna atferlismeðferð. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

501 Sjúkraflutningar. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 888 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 106 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist hækkunin í fyrsta lagi af tillögu um 89 m.kr. fjárveitingu til að standa straum af kostnaðarhækkun vegna endurnýjunar samnings um sjúkraflutninga við Slökkvilið höfuðborgarsvæðis og í öðru lagi af tillögu um 17 m.kr. framlag til að efla sjúkraflutninga á Suðurnesjum en um er að ræða flutning fjárveitinga innan ráðuneytisins vegna breyttrar forgangsröðunar. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að útgjöld nemi 4.145,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 9,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þess árs. Gert er ráð fyrir að fjárveiting lækki um 11,3 m.kr. í samræmi við áform um samdrátt í útgjöldum og lækki auk þess um 96,7 m.kr.vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Áformað er að fækka heilsugæslustöðvum með því að stækka þær og gera öflugri. Sýnt hefur verið fram á að stærri heilsugæslustöðvar eru hagkvæmari einingar í rekstri auk þess sem auðveldara er að manna slíkar einingar og halda uppi öflugri þjónustu og heilsuvernd. Lagt er til að með tilflutningi heimilda innan ráðuneytisins hækki framlag um 89 m.kr. vegna aðgerða sem miða að því að efla sálfélagslega þjónustu með áherslu á börn og ungmenni, efla heimahjúkrun, fjölga sérnámsstöðum í heimilislækningum og að koma á fót hjúkrun í framhaldsskólum og draga úr áhrifum samdráttarins. Jafnframt er lögð til 7,9 m.kr. hækkun með millifærslu fjárveitingar af lið *500 Heilsugæslustöðvar almennt* til að standa straum af kostnaði við samning um Hugræna atferlismeðferð. Þá er gerð tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins Rafræn samskipti við skjólstæðinga heilsugæslustöðva. Að

lokum er gerð tillaga um 1,5 m.kr. lækkun framlags með millifærslu á lið *202 Sjúkratryggingar Íslands* til að mæta kostnaði við mæðra- og ungbarnavernd erlendis. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að útgjöld verði 978,7 m.kr. á næsta ári. Án launa- og verðlagsbreytinga er miðað við að fjárveiting hækki um 51,2 m.kr. með millifærslu af lið *500 Heilsugæslustöðvar almennt* til að uppfylla samning um heimahjúkrun við Reykjavíkurborg.

517 Læknavaktin. Gert er ráð fyrir að útgjöld nemi 240,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 15,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að framlag lækki 22 m.kr. vegna aðhaldsráðstafana en að fjárveiting hækki um 6,3 m.kr. vegna leiðréttingar á verðlagsreikningi frá árinu 2008. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

552 Heilsugæslustöðin Dalvík. Gert er ráð fyrir að útgjöld nemi 102,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs í samræmi við áform um samdrátt í útgjöldum.

553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu. Gert er ráð fyrir að útgjöld nemi 490,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 10,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin skýrist af tillögum um breytta forgangsröðun verkefna innan ráðuneytisins. Annars vegar af 7,8 m.kr. hækkun framlags til að efla heimahjúkrun og hins vegar af 3 m.kr. fjárveitingu til að koma á fót hjúkrun í framhaldsskólum á þjónustusvæði heilsugæslunnar.

Heilbrigðisstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700 Heilbrigðisstofnanir og liðirnir 716-795 sem eru fjárlagaliðir einstakra heilbrigðisstofnana.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 11.965,9 m.kr. og lækkar um 3.041,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en það svarar til um fjórðungs lækkunar á veltu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 2.805,1 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga og er það liður í útfærslu ráðuneytisins á markmiðum um aðhaldsaðgerðir í samræmi við áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Þá er gert ráð fyrir að fjárveitingar málaflokksins lækki um 236 m.kr. vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins,. Annars vegar er um að ræða 514,6 m.kr. lækkun framlags til endurráðstöfunar innan ráðuneytisins og hins vegar 278,6 m.kr. hækkun til að styrkja heilsugæsluna og vinna gegn samdrættinum.

Almennt er áhersla ráðuneytisins sú að standa á vörð um grunnþjónustuna og setja heilsugæsluna í öndvegi sem fyrsta viðkomustað í heilbrigðiskerfinu. Samhliða eflingu heilsugæslunnar verður dregið úr þjónustustigi á sjúkrasviðum heilbrigðisstofnana og einnig úr umfangi á hjúkrunarsviðum þeirra. Gert er ráð fyrir að starfsemi þessara stofnana verði breytt í eins konar heilsugæslusjúkrahús sem veiti almenna heilbrigðisþjónustu. Metin hefur verið þörf fyrir fjölda sjúkrarýma á þjónustusvæðum stofnananna þar sem miðað er við fjölda íbúa og nýtingu rýma. Á grundvelli þess er stefnt að fækkun sjúkrarýma um samtals 91, þannig að þau verði 235 í stað 326 áður. Jafnframt er einingaverð sem notað er við útreikning á greiðslum fyrir hvert sjúkrarými samræmt. Utan sérgreinasjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri verða skurðstofur áfram í rekstri á Akranesi, Ísafirði, í Neskaupstað, í Hafnarfirði og í Vestmannaeyjum. Þá er gert ráð fyrir að hjúkrunarrýmum verði fækkað um 34 og þau fari úr 458 í 424. Það er í samræmi við mat á þörf fyrir fjölda rýma eftir svæðum og reynslutölur um nýtingu rýma hjá viðkomandi stofnunum. Til að styrkja grunnþjónustuna einkum á sviði heilsugæslunnar og til að vinna gegn áhrifum samdráttarins eru lagðar fram tillögur um aðgerðir sem m.a. miða að því að efla sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni í kjölfar efnahagshrunsins, að efla sjúkraflutninga til að mæta samdrætti í starfsemi sjúkrasviða tiltekinna stofnana og auka framlag til heimahjúkrunar þar sem hjúkrunarrýmum er fækkað. Þessu til viðbótar er reiknað með að opna slysamóttöku á heilsugæslusviði heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisstofnanir	51,1	291,0	236,5	-18,7	362,8
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	2.848,9	2.784,8	2.699,1	-3,1	-5,3
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	271,2	261,3	239,8	-8,2	-11,6
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	1.050,5	1.020,2	834,9	-18,2	-20,5
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	421,0	394,8	351,1	-11,1	-16,6
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	862,0	822,0	577,6	-29,7	-33,0
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	467,0	451,0	376,7	-16,5	-
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	921,0	925,9	557,4	-39,8	-39,5
Heilbrigðisstofnun Austurlands	2.071,4	2.029,2	1.581,5	-22,1	-23,7
Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	192,3	184,0	162,1	-11,9	-15,7
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	684,6	672,1	512,3	-23,8	-25,2
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	2.053,7	2.016,7	1.691,1	-16,1	-17,7
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.745,0	1.704,9	1.305,5	-23,4	-25,2
St. Jósefsspítali, Sólvangur	1.385,8	1.322,7	840,3	-36,5	-39,4
Samtals	**15.025,5**	**14.880,6**	**11.965,9**	**-19,6**	**-20,4**

Við nánari útfærslu á aðhaldsformum heilbrigðisráðuneytisins í haust kann að reynast ástæða til gera tillögur um einhverjar tilfærslur eða breytingar á fjárheimildum til þessa málaflokks við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins þótt markmið um heildarumfang aðhaldsaðgerðanna verði eftir sem áður óbreytt.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

700 ***Heilbrigðisstofnanir.*** Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld verði 236,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 54,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af tillögum um lækkun stofnkostnaðar í samræmi við áform um samdrátt í útgjöldum. Gert er ráð fyrir að farið verði hægar í endurbætur og endurskipulagningu á gömlu sjúkrahúsbyggingunum á Húsavík og Selfossi sem nemur 62,7 m.kr., þar af lækkar framlag til heilbrigðisstofnunar Þingeyinga um 35 m.kr. og 27,7 m.kr. til heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Af þessum 62,7 m.kr. er gert ráð fyrir að 12,7 m.kr. verði endurráðstafað og þær færðar yfir á viðfangið *6.55 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði* til að ljúka uppgjöri á framkvæmdum sem lauk 2009. Þá er lögð til 4,5 m.kr. lækkun á tækja- og búnaðalið heilbrigðisstofnana í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í stofnkostnaði. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

716 ***Heilbrigðisstofnun Vesturlands.*** Gert er ráð fyrir að útgjöld nemi 2.699,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 112,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, sem skýrist af tillögu um 101,6 m.kr. lækkun vegna aðhaldsráðstafana og af tillögu um 11,2 m.kr. lækkun framlags vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Annars vegar er lagt til að fjárveiting vegna sjúkrasviðs og hjúkrunarrýma lækki um 55,4 m.kr. og hins vegar að fjárveiting til heilsugæslu hækki um 44,2 m.kr. til að draga úr áhrifum samdráttarins með því að efla sjúkraflutninga, sálfélagslega þjónustu og heimahjúkrun vegna fækkunar hjúkrunarrýma. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

721 ***Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.*** Gert er ráð fyrir að útgjöld verði 239,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 25,1 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, sem skýrist af tillögu um 23,2 m.kr. lækkun framlags til að mæta aðhaldsmarkmiðum og af tillögu um 1,9 m.kr. lækkun framlags vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Annars vegar er lagt til að fjárveiting vegna sjúkrasviðs lækki um 2,9 m.kr. og hins vegar að fjárveiting til heilsugæslu hækki um 1 m.kr. til að draga úr áhrifum samdráttarins með því að efla sálfélagslega þjónustuvið börn og ungmenni. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

726 ***Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.*** Gert er ráð fyrir að útgjöld verði 834,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 194,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist

það af tillögu um 194,1 m.kr. lækkun framlags vegna aðhaldsaðgerða og af tillögu um 0,4 m.kr. lækkun framlags vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Annars vegar er lagt til að fjárveiting vegna sjúkrasviðs lækki um 2,9 m.kr. og hins vegar að fjárveiting til heilsugæslu hækki um 2,5 m.kr. til að draga úr áhrifum samdráttarins með því að efla sálfélagslega þjónustuvið börn og ungmenni. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

745 ***Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld verði 351,1 m.kr. árið 2011. Það jafngildir 51,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, sem skýrist af tillögu um 48,7 m.kr. lækkun útgjalda til að mæta aðhaldsmarkmiðum og af tillögu um 3,2 m.kr. lækkun framlags vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Annars vegar er lagt til að fjárveiting vegna sjúkrasviðs og hjúkrunarrýma lækki um 9,8 m.kr. og hins vegar að fjárveiting til heilsugæslu hækki um 6,6 m.kr. til að draga úr áhrifum samdráttarins með því að efla sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni og auka heimahjúkrun vegna fækkunar hjúkrunarrýma. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

751 ***Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.*** Gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld verði 577,6 m.kr. á næsta ári en það jafngildir 247,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af tillögu um 228,4 m.kr. lækkun framlags vegna hagræðingaráforma og af tillögu um 19,5 m.kr. lækkun framlags vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Annars vegar er lagt til aðfjárveiting vegna sjúkrasviðs lækki um 30 m.kr. og hins vegar að fjárveiting til heilsugæslu hækki um 10,5 m.kr. til að draga úr áhrifum samdráttarins með því að efla sjúkraflutninga og sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

756 ***Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð.*** Gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld verði 376,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 80 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af tillögu um 73,5 m.kr. lækkun framlags til að mæta aðhaldsmarkmiðum og af tillögu um 6,5 m.kr. lækkun framlags vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Annars vegar er lagt til að fjárveiting vegna sjúkrasviðs og hjúkrunarrýma lækki um 16,8 m.kr. og hins vegar að fjárveiting til heilsugæslu hækki um 10,3 m.kr. til að draga úr áhrifum samdráttarins með því að efla sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni og auka heimahjúkrun vegna fækkunar hjúkrunarrýma. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

761 ***Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 557,4 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 374 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs.

Skýrist það af tillögu um 346,1 m.kr. lækkun framlags í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum og af tillögu um 27,9 m.kr. lækkun framlags vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Annars vegar er lagt til að fjárveiting vegna sjúkrasviðs og hjúkrunarrýma lækki um 44,5 m.kr. og hins vegar að fjárveiting til heilsugæslu hækki um 16,6 m.kr. til að draga úr áhrifum samdráttarins með því að efla sjúkraflutninga, sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni og auka heimahjúkrun vegna fækkunar hjúkrunarrýma. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

777 ***Heilbrigðisstofnun Austurlands.*** Gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld verði 1.581,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 466,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar er um að ræða tillögu um 436,2 m.kr. lækkun framlags vegna aðhaldsaðgerða og tillögu um 30,6 m.kr. lækkun framlags vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Annars vegar er lagt til að fjárveiting vegna sjúkrasviðs lækki um 35,6 m.kr. og hins vegar að fjárveiting til heilsugæslu hækki um 5 m.kr. til að draga úr áhrifum samdráttarins með því að efla sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

779 ***Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands.*** Gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld verði 162,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 23,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af tillögu um 31,9 m.kr. lækkun útgjalda í samræmi við áform um samdrátt í útgjöldum ráðuneytisins og af tillögu um 8,1 m.kr. hækkun framlags vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Annars vegar er lagt til að fjárveiting vegna sjúkrasviðs lækki 1,5 m.kr. og hins vegar að fjárveiting til heilsugæslu hækki um 9,6 m.kr. til að draga úr áhrifum samdráttarins með því að efla sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni og auka heimahjúkrun vegna fækkunar hjúkrunarrýma. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

781 ***Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum.*** Gert er ráð fyrir að fjárheimild verði 512,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 164,3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af tillögu um 141,7 m.kr. lækkun framlags vegna hagræðingaraðgerða og af tillögu um 22,6 m.kr. lækkun framlags vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Annars vegar er lagt til að fjárveiting vegna sjúkrasviðs og hjúkrunarrýma lækki um 39,9 m.kr. og hins vegar að fjárveiting til heilsugæslu hækki um 17,3 m.kr. til að draga úr áhrifum samdráttarins með því að efla sjúkraflutninga, sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni og auka heimahjúkrun vegna fækkunar hjúkrunarrýma. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

787 ***Heilbrigðisstofnun Suðurlands.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting nemi 1691,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 339 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af tillögu um 306,3 m.kr. lækkun framlags vegna aðhaldsáforma og af tillögu um 32,7 m.kr. hækkun framlags vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Annars vegar er lagt til að fjárveiting vegna sjúkrasviðs lækki 105,9 m.kr. og hins vegar að fjárveiting til heilsugæslu hækki um 73,2 m.kr. til að draga úr áhrifum samdráttarins með því að opna nýja slysamóttöku, efla sjúkraflutninga og sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni auk þess að fjölga sérnámsstöðum heimilislækna. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

791 ***Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 1.305,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 412,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs.Um er að ræða tillögu um 360,4 m.kr. lækkun framlags í samræmi við markmið um samdrátt í útgjöldum og af tillögu um 52,3 m.kr. lækkun framlags vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins. Annars vegar er lagt til að fjárveiting vegna sjúkrasviðs lækki um 134,1 m.kr. og hins vegar að fjárveiting til hjúkrunarrýma hækki um 81,8 m.kr. til að draga úr áhrifum samdráttarins m.a. með því að auka heimahjúkrun og hjúkrun í framhaldsskólum og efla sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni. Gert er ráð fyrir auknu framlagi til sjúkraflutninga á Suðurnesjum á liðnum *08 501 Sjúkraflutningar*. Aðrar breytingar á fjárheimild skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

795 ***St. Jósefsspítali, Sólvangur.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 840,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 493,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs.Skýrist það af tillögu um 458,5 m.kr. lækkun framlags til að mæta aðhaldsmarkmiðum og af tillögu um 35,3 m.kr. lækkun vegna breyttrar forgangsröðunar verkefna innan ráðuneytisins.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 305 Lýðheilsustöð; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins og 397 Lyfjastofnun.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins verður 1.194,3 m.kr. og lækkar um 84,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum sem nemur 94,3 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum. Þá koma fram tilefni sem hækka útgjöldin um 1,6 m.kr. Á hinn bóginn er fellt niður 2 m.kr. tímabundið framlag til íslenska upplýsingasamfélagsins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknir	345,2	348,0	324,0	-6,9	-6,1
Lýðheilsustöð	324,9	350,1	341,6	-2,4	5,1
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	198,2	130,0	127,8	-1,7	-35,5
Geislavarnir ríkisins	91,9	79,3	73,4	-7,4	-20,1
Lyfjastofnun	372,0	361,9	327,5	-9,5	-12,0
Samtals	**1.332,2**	**1.269,3**	**1.194,3**	**-5,9**	**-10,4**

Unnið er að endurskipulagningu á verkefnum eftirlits- og stjórnsýslustofnana heilbrigðisráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytis með það að markmiði að efla og einfalda stjórnsýsluna og ná fram hagræðingu. Markmiðið er að ný stofnun taki til starfa á næsta ári sem taki yfir hlutverk Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar. Til skoðunar er að hlutverk nýrrar stofnunar taki einnig til sambærilegra verkefna sem nú heyra undir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Hér á eftir er gerð grein fyrir breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

301 Landlæknir. Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag nemi 324 m.kr. á næsta ári og lækki um 28,6 m.kr. að raungildi frá verðlagi gildandi fjárlaga. Annars vegar er lögð til 31,3 m.kr. lækkun á fjárveitingu til að mæta áformum frumvarpsins um samdrátt í ríkisútgjöldum. Hins vegar er lagt til að 2,7 m.kr. verði færðar frá Landspítala til að standa undir kostnaði við hálft stöðugildi félagsráðgjafa sem starfar að alnæmisvörnum en spítalinn hefur greitt embættinu fyrir þessa þjónustu samkvæmt reikningi. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

305 Lýðheilsustöð. Gert er ráð fyrir að fjárheimild nemi um 341,6 m.kr. á næsta ári, en það jafngildir um 10,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að fjárframlag lækki um 19,8 m.kr. vegna aðhaldsráðstafana. Á móti er gert ráð fyrir að framlag í Forvarnasjóð hækki um 8,9 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um hækkun markaðra tekna sjóðsins af áfengisgjaldi. Þá er lagt til að 10 m.kr. tímabundnu framlagi sem veitt var árið 2006 verði endurráðstafað til Lýðheilsustöðvar en framlaginu er ætlað að efla enn frekar og samræma almennt forvarnarstarf stöðvarinnar. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 127,8 m.kr. á næsta ári og lækki um 3,9 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af launa- og verðlagsreikningum.

327 Geislavarnir ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárveiting nemi um 73,4 m.kr. á næsta ári og lækki um 6,7 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs vegna aðhaldsráðstafana. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

397 Lyfjastofnun. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 327,5 m.kr. á næsta ári og lækki um 34,6 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að framlagið lækki um 32,6 m.kr. til að mæta markmiðum um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins. Að auki fellur niður 2 m.kr. tímabundin fjárveiting til íslenska upplýsingasamfélagsins. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 340 Málefni fatlaðra og 399 Heilbrigðismál ýmis starfsemi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	321,7	320,7	324,3	1,1	0,8
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	1.339,5	1.328,6	1.316,0	-0,9	-1,8
Samtals	**1.661,2**	**1.649,3**	**1.640,3**	**-0,5**	**-1,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 1.640,3 m.kr. og lækkar um 28,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 34 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum um aðhaldsráðstafanir. Á móti er gert ráð fyrir nýjum útgjaldatilefnum sem hækka framlög um 110 m.kr. Er þar helst að nefna 100 m.kr. framlag sem verja á til að bólusetja ungabörn gegn lungna- og eyrnabólgum. Á hinn bóginn falla niður samtals 104,9 m.kr. sem veitt var til tveggja tímabundinna verkefna. Þar af voru 102,9 m.kr. veittar til varnar svínainflúensu og 2 m.kr. vegna íslenska upplýsingasamfélagsins.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.316 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 28,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum er í fyrsta lagi lögð til 34 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna samninga og styrkja til félagasamtaka sem undir fjárlagaliðinn heyra. Í annan stað er lögð til 100 m.kr. hækkun á fjárheimildum liðarins til að standa straum af kostnaði við bólusetningar gegn lungna- og eyrnabólgu hjá ungabörnum sem hefjast eiga 1. apríl á næsta ári. Hér er um að ræða nýmæli, forvarnaraðgerð sem skila á ávinningi til lengri tíma. Í þriðja lagi er stofnað nýtt viðfangsefnanúmer og 10 m.kr. millifærðar á það af liðnum *08-500* til að standa straum af

kostnaði við geðheilbrigðisþjónustu við nemendur Heyrnleysingjaskólans. Þá eru í fjórða lagi felldar niður tímabundnar fjárveitingar til tveggja verkefna, 102,9 m.kr. sem veitt var til varnar svínainflúensu og 2 m.kr. framlag til íslenska upplýsingasamfélagsins.

Yfirlitið hér á eftir sýnir áformuð framlög af óskiptri fjárheimild á viðfangsefninu *08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis* undir þessum fjárlagalið.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjálög 2010	Frumvarp 2011
Sundurliðun á óskipt viðfangsefni		
08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytisins		
Gæðastyrkir heilbrigðisráðuneytisins	2,4	2,4
Athvarf fyrir geðsjúkra á Akureyri	2,0	2,0
Styrkur til Félags Heyrnarlausra	0,0	10,0
Aðgerðaáætlun fyrir börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni.	33,7	33,7
Missoc þátttökugjalds	2,2	2,2
Þátttaka í alþjóðlegu starfi	2,2	2,2
Samkomulag við Blindrafélagið um blindrahunda.	2,6	2,6
Óskipt	2,4	4,5
Samtals	**47,5**	**59,6**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
08-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
08-379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sjúkrahúsa.
08-379-6.50	Stofnkostnaður	Stofnkostnaður sjúkrahúsa.
08-500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilsugæslustöðva.
08-500-6.01	Heilsugæslustöðvar. Tæki og búnaður.	Tækjakaup fyrir heilsugæslustöðvar.
08-700-1.01	Heilbrigðisstofnanir. Almennur rekstur.	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilbrigðisstofnana.
08-700-6.01	Heilbrigðisstofnanir. Tæki og búnaður.	Tækjakaup fyrir heilbrigðisstofnanir.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	13.080,4	20.335,5	17.696,3	-13	35
Neyslu- og rekstrartilfærslur	51.424,9	33.387,8	33.851,6	1	-34
Stofnkostnaður og viðhald	6.653,8	5.056,0	5.693,7	13	-14
Samtals	**71.159,1**	**58.779,3**	**57.241,6**	**-3**	**-20**
Greitt úr ríkissjóði	-	48.207,1	46.501,1	-4	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.473,2	2.710,5	10	-
Viðskiptahreyfingar	-	8.099,0	8.030,0	-1	-
Samtals	-	**58.779,3**	**57.241,6**	**-3**	-

Heildargjöld fjármálaráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 63.497 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 6.255 m.kr. en þær nema tæplega 10% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru um 57.242 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 46.501 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.711 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 8.030 m.kr., færist sem viðskiptahreyfingar ríkissjóðs.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, á bls. 210, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu dragast útgjöld fjármálaráðuneytisins saman um 1.808 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2010 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 1.538 m.kr. milli ára eða sem svarar til 2,6% af veltu. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 4.117 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem falla til á árinu 2011 en þær nema 2.543 m.kr. Þar af eru 99 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 234 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 2.309 m.kr. Loks bætast við auknar fjárheimildir sem skýrast af verðlagshækkunum sem eru áætlaðar um 271 m.kr.

Fjárveitingar til verkefna fjármálaráðuneytisins markast af því að gert er ráð fyrir umtalsverðum aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Markmið um samdrátt í útgjöldum sem sett er miðað við veltu stofnana ráðuneytisins, en þær teljast flestar til almennra stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, er

9% í frumvarpinu fyrir næsta ár og er 10% í fjárlögum yfirstandandi árs. Sparnaðaráformin á árinu 2011 kalla á umtalsverðar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki útgjöld sem nemur 7% af veltu fjárlaga 2010. Veigamestu ráðstafanirnar sem eru áformaðar miða að því að draga úr útgjöldum vegna vaxtabóta sem nemur 2,2 mia.kr. og úr útgjöldum vegna barnabóta sem nemur 1,2 mia.kr. Aðrar aðhaldsaðgerðir eru flest allar í rekstri en gert er ráð fyrir að á næsta ári komi fram að fullu þær hagræðingaraðgerðir sem gripið hefur verið til á þessu og síðasta ári með sameiningu landsins í eitt skattumdæmi annars vegar og eitt tollumdæmi hins vegar.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 17.696 m.kr. og lækka um 2.116 m.kr. frá fjárlögum þessa árs þegar undan er skilin breytt framsetning á fjárheimild til að mæta ófyrirséðum útgjöldum á árinu 2011 en hún felur í sér að 523 m.kr. eru fluttar úr rekstrarheimildum í tilfærsluheimildir. Rekstrarfjárveitingar til flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar um alls 631,4 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá velferðarstofnunum og löggæslu. Vissir liðir sem ekki eru skilgreindir sem rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá fjármálaráðuneytinu nemur 6,1% að raungildi þegar frá eru taldir óreglulegir liðir sem ekki teljast til eiginlegs rekstrar eins og fjármagnstekjuskattur eða lífeyrisskuldbindingar. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við hlutfall af veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjölluninni hér á eftir. Lækkun rekstrargjalda að öðru leyti skýrist að mestu af lægri fjármagnstekjuskatti ríkisins en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2010 en hann lækkar um 2.047 m.kr. milli ára. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 654 m.kr. Þar munar mest um 234 m.kr. fjárveitingar til sérstaks átaks í skattrannsóknum, skatteftirliti og vegna aukins umfangs í skattkerfinu. Breytt flokkun tekna fyrir tollafgreiðslu sem ríkistekjur í stað sértekna skýra tæpa 139 m.kr. aukna fjárheimild hjá embætti tollstjóra. Þær fjárheimildir eru hins vegar fjármagnaðar með ríkistekjum en ekki beinu framlagi úr ríkissjóði. Aðrar hækkanir stafa af endurnýjun samnings við Seðlabanka Íslands, auknu umfangi vegna efnahagástandsins og verkefnum á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 91,5 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 201 m.kr. Í því sambandi er bent á að fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna á næsta ári en það er liður í aðhaldsáformum til að draga úr hallarekstri ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir auknum launakostnaði sem stafar af hækkun til þeirra lægst launuðu sem tók gildi 1. júlí á yfirstandandi ári en gildir allt árið 2011.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 59 m.kr. að frátalinni breyttri framsetningu á fjárheimild til að mæta ófyrirséðum útgjöldum sem felur í sér að 523 m.kr. færast úr rekstri

yfir í tilfærslur. Ríkisstjórnin hefur sett sér markmið um að draga úr greiðslum útgjaldaþungra bóta- og styrkjakerfa. Í því sambandi gert ráð fyrir 1.200 m.kr. lækkun á útgjöldum vegna barnabóta og 2.200 m.kr. lækkun á útgjöldum vegna vaxtabóta en þær breytingar fela einkum í sér aukna tekjutengingu bótanna. Á móti kemur annars vegar að áætlað er að kerfislægur vöxtur í útgreiðslum barnabóta verði um 300 m.kr. milli ára og hins vegar að útgreiðslur vaxtabóta eru nú taldar hafa verið vanmetnar auk sem einnig er gert ráð fyrir innbyggðum vexti í kerfinu og nemur sú hækkun um 1.930 m.kr. Í samræmi við áform í stöðugleikasáttmála við aðila vinnumarkaðarins er gert ráð fyrir að greiðslur til starfsendurhæfingarsjóðs hækki um 100 m.kr. á næsta ári. Þá mun endurskoðuð áætlun um framlag til jöfnunar á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða leiða til tæplega 100 m.kr. hækkunar. Loks er gert ráð fyrir að fjárheimild vegna ófyrirséðra útgjalda sem flokkast til neyslu- og rekstrartilfærslna hækki um 946 m.kr. á milli ára. Er það gert til að heildarfjárheimildin á þeim lið fjárlaganna verði 5 mia.kr. í samræmi við forsendur í langtímaáætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Aðrar breytingar stafa af samdrætti í útgjöldum til að mæta markmiðum um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 5.694 m.kr. og er það 638 m.kr. hækkun milli ára. Framlög lækka um 52 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Því til viðbótar falla niður framlög að upphæð 142 m.kr. sem veitt voru til tímabundinna stofnkostnaðarverkefna, annars vegar til breytinga á upplýsingakerfum stofnana skattkerfisins og hins vegar vegna viðhaldsverkefna á fasteignum ríkisins. Gert er ráð fyrir að ríkisábyrgðir hækki um 727 m.kr. á næsta ári vegna ábyrgða sem lenda á ríkissjóði vegna skulda sem voru hjá bönkunum fyrir einkavæðingu þeirra en þessi útgjöld teljast til stofnkostnaðar í reikningshaldi ríkisins. Aðrar hækkanir stafa af tímabundinni fjárveitingu vegna breytinga á tölvukerfum hjá ríkisskattstjóra vegna skattkerfisbreytinga.



Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2011 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á undan.

Skuldbindandi samningar

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.319 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2010, eru á áætluðu verðlagi ársins 2011 og taka mið af niðurskurði í frumvarpinu samkvæmt markmiðum ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Jafnframt geta fjárhæðirnar orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 2,3% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2011.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2010	2011	2012	2013	2014
Fjárhags- og starfsmannakerfi	A	490,3	478,0	478,0	478,0	478,0
Tekjubókhaldskerfi	A	377,0	367,6	367,6	367,6	367,6
Skattvinnslukerfi	A	370,0	360,7	360,7	360,7	360,7
Lánaumsýsla Seðlabanka Íslands	A	82,1	110,8	110,8	110,8	110,8
Samtals		**1.319,4**	**1.317,1**	**1.317,1**	**1.317,1**	**1.317,1**

Allir framangreindir þjónustusamningar á vegum fjármálaráðuneytisins eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga. Á árinu 2002 var gerður samningur um rekstur og viðhald á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins að undangengnu útboði og er reiknað með að árlegur kostnaður við hann verði um 478 m.kr. Útgjöld vegna þjónustusamninga um rekstur eldra launagreiðslukerfis og bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins féllu niður frá og með árinu 2006. Þó er nauðsynlegt að reka gagnagrunn eldri kerfanna áfram um sinn vegna launa- og bókhaldsgagna fyrri ára sem þar er að finna. Undir liðnum skattvinnslukerfi eru samningar um rekstur nokkurra kerfa sem samanlagt nema tæpri 361 m.kr. á ári. Um er að ræða rekstrar- og viðhaldssamninga við Skýrr, samninga um veffrámtal, notendaleyfi, gagnaflutninga og rekstur staðarnets fyrir skattkerfið í heild. Gerður var samningur við Seðlabanka Íslands árið 2007, um að bankinn tæki að sér helstu verkefni sem Lánasýsla ríkisins hafði áður með höndum. Vegna aukins umfangs í umsýslu lána- og skuldamála hefur verið ákveðið að endurnýja samninginn við Seðlabankann og fela honum viðbótarverkefni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að jafnaði verði nálægt 1.317 m.kr. bundinn árlega vegna framangreindra verkefna.

Tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð

Fjármálaráðuneytið mun standa fyrir einu tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn. Markmið þessa verkefnis er að kanna áhrif millifæranleika persónuafsláttar milli sambýlisfólks út frá kynjasjónarmiðum. Verkefnið byggir á könnun á því hvernig framteljendur hafa notfært sér millifæranleika persónuafsláttar frá tekjuskatti. Hann var upphaflega 80% en var síðan aukinn og var orðinn 100% tekjuárið 2003. Kannað verður hversu mikið millifæranleikinn er nýttur og af hverjum ásamt því að skoða hvort um viðvarandi eða tímabundna nýtingu er að ræða. Allar upplýsingar um þetta efni (tekjur, aldur, barnafjöldi, eignir, skuldir o.s.frv.) liggja fyrir í gagnasafni ráðuneytisins að undanskildum upplýsingum um menntun. Niðurstöðurnar verða nýttar til að meta áhrif á jafnrétti kynjanna og hvort breytinga sé þörf til að millifæranleiki persónuafsláttar samræmist jafnréttismarkmiðum. Um er að ræða hluta af venjubundnum rannsóknaverkefnum starfsmanna tekju- og skattaskrifstofu. Verkefnið verður unnið á fyrri hluta árs 2011 og mun skýrsla um það liggja fyrir í júlí sama ár.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir fjármálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	720,1	630,5	584,6	-7,3	-18,8
Ráðstöfunarfé	0,0	3,5	3,1	-11,4	-
Samtals	**720,1**	**634,0**	**587,7**	**-7,3**	**-18,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 52,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar sem nema 6,1 m.kr. Lækkun fjárheimildar á aðalskrifstofu ráðuneytisins að upphæð um 36,5 m.kr. er til að mæta aðhaldsmarkmiðum í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Að auki fellur niður tímabundin fjárveiting að upphæð 35,5 m.kr. vegna aðkeyptrar þjónustu í tengslum við endurreisn efnahagslífsins. Gert er ráð fyrir viðbótarfjárheimild að upphæð 20 m.kr. í frumvarpinu vegna aukins umfangs á sviði fjárstýringar og skuldastýringar ríkissjóðs. Ráðstöfunarfé ráðherra lækkar um 0,4 m.kr. á milli ára.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 210 Ríkisskattstjóri; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður og 262 Tollstjórinn.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	1.186,1	2.446,3	2.413,3	-1,3	103,5
Skattstofan í Reykjavík	436,6	0,0	0,0	-	-100,0
Skattstofa Vesturlands	90,2	0,0	0,0	-	-100,0
Skattstofa Vestfjarða	41,8	0,0	0,0	-	-100,0
Skattstofa Norðurlands vestra	44,1	0,0	0,0	-	-100,0
Skattstofa Norðurlands eystra	126,8	0,0	0,0	-	-100,0
Skattstofu Austurlands	65,7	0,0	0,0	-	-100,0
Skattstofa Suðurlands	79,7	0,0	0,0	-	-100,0
Skattstofa Vestmannaeyja	29,6	0,0	0,0	-	-100,0
Skattstofa Reykjaness	285,6	0,0	0,0	-	-100,0
Skatta- og tollamál	9,9	89,6	38,8	-56,7	291,9
Yfirskattanefnd	110,5	117,3	111,4	-5,0	0,8
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	188,1	173,4	273,3	57,6	45,3
Innheimtukostnaður	362,1	509,1	479,2	-5,9	32,3
Tollstjórinn	1.963,8	1.869,7	1.947,6	4,2	-0,8
Samtals	**5.020,6**	**5.205,4**	**5.263,6**	**1,1**	**4,8**

Útgjöld stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála lækka um rúmar 24 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum verðlagsbreytingum. Alls koma 363,1 m.kr. til lækkunar útgjalda til þess að mæta markmiðum um samdrátt ríkisútgjalda. Vegna tímabundins átaks í skattrannsóknum, skatteftirliti og vegna bankahrunsins er lagt til að veittar verði 234 m.kr. til tveggja stofnana skattkerfisins. Breytt fjármögnun á embætti tollstjórans skýrir 138 m.kr. aukna fjárheimild þar en í staðinn færast jafn miklar markaðar tekjur á tekjuhlið. Launa- og verðlagsbreytingar á sviði skatta- og tollamála nema 82,5 m.kr.

210 Ríkisskattstjóri. Þann 1. janúar 2010 voru embætti ríkisskattstjóra og skattstofur landsins sameinaðar undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Fjárheimild embættisins lækkar um 64,5 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs og nemur alls 2.413,3 m.kr. Verðlagshækkanir eru 31,5 m.kr. Raunlækkunin stafar af samdrætti í útgjöldum að upphæð 141,9 m.kr. til þess að mæta aðhaldsmarkmiðum ráðuneytisins og brottfalli tveggja tímabundinna fjárveitinga að upphæð 83,7 m.kr. Hækkun á fjárheimildum kemur annars vegar til af sérstöku átaki í skattrannsóknum og skatteftirliti og hins vegar auknu umfangi embættisins í kjölfar bankahrunsins. Alls nema þessar fjárveitingar 126 m.kr. og eru þær veittar til tveggja ára. Veitt er tímabundin fjárveiting að upphæð 35 m.kr. vegna breytinga á tölvukerfum skattkerfisins.

212 Skatta- og tollamál. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir til sérstakra skatta- og tollaverkefna lækki um 51,7 m.kr. í samræmi við áform um lækkun ríkisútgjalda. Nemur lækkunin tæpum 60% af veltu umræddra verkefna. Um er að ræða lækkun fjárheimilda vegna umsýslu þungaskatts, hugbúnaðargerðar fyrir skattkerfið og annarra sameiginlegra verkefna á vegum stofnana skattkerfisins. Verðlagsbreytingar nema 0,9 m.kr. á næsta ári.

214 Yfirskattanefnd. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir til nefndarinnar skerðist um 6,8 m.kr. að frátöldum verðlagsbótum. Lækkun fjárheimilda er í samræmi við áætlanir ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Verðlagsbreytingar nema 0,9 m.kr.

215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir til embættisins aukist um 97,8 m.kr. að frátöldum verðlagsbótum. Hækkunin skýrist af tímabundinni fjárveitingu að upphæð 107,9 m.kr. til tveggja ára vegna átaks í skattrannsóknum og skatteftirliti. Lækkun fjárheimilda til að mæta aðhaldsmarkmiðum nemur 10,1 m.kr. Verðlagsbreytingar nema 2,1 m.kr. á næsta ári.

250 Innheimtumál. Miðað er við svipað umfang í þessum útgjöldum og árið 2008 en gerð er tillaga um 46 m.kr. hagræðingu við innheimtu. Árið 2009 var kostnaður vegna þjónustugjalda fjármálastofnana um 121 m.kr., lögfræðikostnaður tæpar 63 m.kr. og póstburðargjöld og prentun um 82 m.kr. Áætlað er að hagræða á þessum kostnaðarliðum m.a. með útboði á þjónustu og notkun rafrænna lausna.

262 Tollstjórinn. Fjárheimild stofnunarinnar nemur alls 1.947,6 m.kr. Samkvæmt frumvarpinu eykst fjárheimildin um tæpar 47 m.kr. frá yfirstandandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Sú hækkun gefur þó ekki rétta mynd af breytingum á milli ára því raunverulega lækka fjárheimildirnar um 106,6 m.kr. vegna aðhaldsaðgerða til að mæta markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Breytt flokkun tekna fyrir tollafgreiðslu þannig að þær færast sem ríkistekjur í stað sértekna leiðir til þess að fjárveiting hækkar um 138,5 m.kr. en á móti færast jafn miklar markaðar tekjur á tekjuhlið ríkissjóðs og verður afkoman því óbreytt eftir sem áður. Veitt er tímabundin fjárheimild að upphæð 15 m.kr. til þess að annast framkvæmd laga um greiðsluuppgjör vegna skattaskulda. Launa- og verðlagsbreytingar nema 31 m.kr.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málaflokks teljast þrír fjárlagaliðir: 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun; 391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða og 393 Starfsendurhæfingarsjóður. Áætlað er að útgjöld málaflokksins nemi 8.140,4 m.kr. árið 2011 og hækki um 306 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	431,7	5.326,7	5.433,9	2,0	1.158,7
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	2.258,5	2.357,7	2.456,5	4,2	8,8
Starfsendurhæfingarsjóður	0,0	150,0	250,0	66,7	-
Samtals	**2.690,2**	**7.834,4**	**8.140,4**	**3,9**	**202,6**

381 Lífeyrisskuldbindingar. Á þennan lið er áætlað bæði fyrir greiddum verðlagsuppbótum á lífeyri og reiknuðum breytingum vegna skuldbindinga ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum við ávinnslu ríkisstarfsmanna á lífeyrisréttindum á árinu umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Í árslok 2009 námu þessar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs tæpum 340 mia.kr. Fyrirframgreiðslur ríkissjóðs í sjóðina voru samkvæmt ríkisreikningi 139 mia.kr. í árslok 2009. Gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs námu 1.687 m.kr. á árinu 2009. Þar af færast 764 m.kr. hjá fjármálaráðuneytinu og 923 m.kr. hjá ríkisstofnunum vegna viðbótariðgjalda. Lækkun á gjaldfærðum nýjum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs er veruleg á milli ára eða 40,1 mia.kr. Raunávöxtun opinberu lífeyrissjóðanna var jákvæð um 3% hjá B-deild LSR og 2,53% hjá LH á árinu 2009. Þrátt fyrir það rýrnuðu eignir beggja sjóðanna upp í óuppgerðar skuldbindingar á árinu. Í árslok 2009 var eignastaða B-deildar LSR neikvæð um 4,1% en hún var neikvæð um 2,9% í ársbyrjun. Eignastaða LH lækkaði úr 14,3% í ársbyrjun í 13,9% í árslok 2009. Áhrif rýrnunar á eignastöðu sjóðanna kemur fram í hækkun á skuldbindingu ríkissjóðs gagnvart þeim og á árinu 2009 nam sú hækkun um 4,6 mia.kr. Önnur áhrif á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs á árinu 2009 voru ýmist til hækkunar eða lækkunar. Má þar nefna nýjar lífslíkutöflur við uppgjör ársins sem fólu í sér um 3,5 mia.kr. hækkun og áhrif launabreytinga og réttindaávinnslu um 15 mia.kr. hækkun. Á móti vóg lækkun á þingfararkaupi og ráðherralaunum með úrskurði kjararáðs og niðurfelling á lögum um eftirlaun æðstu embættismann og voru áhrif þess við ársuppgjörið gróft áætluð um 2 mia.kr. til lækkunar á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs. Þá fól jákvæð raunávöxtun opinberu lífeyrissjóðanna í sér að innstæða ríkissjóðs hjá þeim vegna fyrirframgreiðslna hækkaði um 14,7 mia.kr. vegna vaxta og verðbóta.

Gert er ráð fyrir að árin 2010 og 2011 breytist skuldbindingin í samræmi við launaþróun og áunnin réttindi. Ekki verði um að ræða teljandi breytingar vegna launahækkana eða breyttra reikniforsendna svo sem á lífslíkum lífeyrisþega. Alls er áætlað að gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindinga verði rúmir 5,4 mia.kr. á næsta ári sem er svipað því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2010. Hins vegar er gert ráð fyrir að greiðslur úr ríkissjóði vegna uppbóta á lífeyri fyrrum starfsmanna verði nokkru hærri en gjaldfærslan eða um 7,7 mia.kr. Eins og á fyrri árum er miðað við að ekki verði nýtt

heimild í lögum til að draga viðbótariðgjöld stofnana frá verðlagsuppbótunum og styrkir það stöðu áður nefndra lífeyrissjóða.

Í ljósi aðstæðna er ekki gert ráð fyrir sérstakri fyrirframgreiðslu vegna skuldbindinga sjóðsins eins og verið hefur undanfarin ár, enda þyrfti þá að fjármagna slíkt með láni. Uppsafnaðar flýtigreiðslur ríkissjóðs nema nú tæpum 140 mia.kr. með áorðinni ávöxtun. Ef engar frekari slíkar greiðslur koma frá ríkissjóði mun B-deild LSR komast í þrot á árinu 2024 og LH á árinu 2026. Í forsendum er gert ráð fyrir 3,5% raunávöxtun eigna frá árslokum 2008. Við það að sjóðirnir tæmast mundi ríkissjóður sem bakábyrgðaraðili í kjölfarið á því þurfa að greiða árlega 18–20 mia.kr. næstu 10 árin frá og með 2024 en greiðslurnar færu síðan lækkandi. Greiðsla ríkissjóðs vegna bakábyrgðar kemur til viðbótar greiðslu lífeyrishækkana sem árlega munu nema u.þ.b. 10 mia.kr. á þessu tímabili.

Loks skal þess getið að lífeyrisskuldbindingar ríkisfyrirtækja og stofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda í reikningum þeirra. Þar sem kjarasamningar við stéttarfélög ríkisstarfsmanna eru lausir seinni hluta ársins 2010 er meiri óvissa en ella um áætlun um breytingu lífeyrisskuldbindinga.

391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir 98,8 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa fjárlagaliðar. Í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins um framlengingu kjarasamninga í nóvember 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu sem m.a. fól það í sér að veitt yrði framlag úr ríkissjóði til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Á árinu 2006 voru sett lög nr. 177/2006 sem kveða á um að af almennu tryggingagjaldi skuli ráðstafa til sjóðanna 0,15% árið 2007, 0,20% árið 2008, 0,25% árið 2009 og 0,325% árið 2010 og eftirleiðis. Miðað við nýjustu spár um stofn tryggingagjalds og þróun þjóðhagsforsendna er reiknað með því að framlagið verði 2.456,5 m.kr. árið 2011. Lagasetningin felur jafnframt í sér að framlagið verði fjármagnað með mörkuðum tekjum af tryggingagjaldi.

393 Starfsendurhæfingarsjóður. Gert er ráð fyrir 100 m.kr. hækkun á framlagi til Starfsendurhæfingarsjóðs á næsta ári. Sjóðnum er ætlað að veita þjónustu og úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og slasast þannig að vinnugeta skerðist. Markmiðið er að koma að málum eins snemma og kostur er, til að stuðla að því að sérhver einstaklingur verði eins virkur á vinnumarkaði og starfsgeta hans leyfir. Sjóðurinn mun skipuleggja og hafa umsjón með störfum þjónustufulltrúa sem verða aðallega á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna og greiða bæði kostnað af störfum þeirra og kostnað við ráðgjöf fagaðila. Ennfremur mun Starfsendurhæfingarsjóður hafa fjármuni til þess að greiða fyrir kostnað við úrræði og endurhæfingu til viðbótar því sem veitt er af hinni almennu heilbrigðisþjónustu. Í Stöðugleikasáttmála ríkisstjórnar-

innar og aðila vinnumarkaðarins og fleiri hagsmunaaðila kom fram að fyrirhugað væri að sjóðurinn fái úr ríkissjóði 150 m.kr. framlag á árinu 2010 en að það hækki í 250 m.kr. árið 2011 og 350 m.kr. árið 2012.

Barnabætur og vaxtabætur

Til þessa málaflokks fjárlagaliðirnir: 811 Barnabætur og 821 Vaxtabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnabætur	10.084,5	10.100,0	9.200,0	-8,9	-8,8
Vaxtabætur	10.429,3	10.070,0	9.800,0	-2,7	-6,0
Uppbætur á ellilífeyri	-5,4	0,0	0,0	-	-
Samtals	**20.508,4**	**20.170,0**	**19.000,0**	**-5,8**	**-7,4**

811 Barnabætur. Gert er ráð fyrir að barnabætur nemi 9.200 m.kr. á næsta ári sem er 900 m.kr. lægri upphæð en er í núgildandi fjárlögum. Áætlanir gera ráð fyrir að heildarupphæð barnabóta eftir álagningu verði hins vegar 10.500 m.kr. á þessu ári. Fyrirhugað er að breyta reglum um úthlutun bótanna til að ná þessu markmiði þannig að barnabætur vegna barna yngri en 7 ára verði skertar af tekjum eins og aðrar bætur. Ennfremur verði tekjuskerðingarhlutfall vegna eins barns hækkað úr 2% í 3%. Þetta er gert til að lækkun bótanna komi fremur fram hjá þeim sem hafa hærri tekjur. Lagt verður fram frumvarp á haustþingi um nauðsynlegar lagabreytingar vegna þessa.

821 Vaxtabætur. Gerð er tillaga um 9.800 m.kr. fjárheimild til greiðslu vaxtabóta á næsta ári sem er 270 m.kr. lægri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2010. Nú er áætlað að þessi útgjöld verði að óbreyttu um 1,9 mia.kr. hærri á næsta ári en reiknað var með í fjárlögum 2010, bæði vegna vanmats í áætluninni og vegna innbyggðrar aukningar í bótakerfinu milli ára. Til þess að ná settum markmiðum um að lækkun þessara útgjalda bitni síður á hinum tekjulægri en tekjuháum er gert ráð fyrir því að gerð verði sú breyting á bótaréttinum að tekjutenging þeirra verði 7% í stað 6% nú. Þannig reiknaðar bætur verði síðan skertar um 8%. Frumvarp um umræddar breytingar verður lagt fram á haustþingi.

Afskrifaðar kröfur, fjármagnstekjuskattur og ríkisábyrgðir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur, 971 Ríkisábyrgðir og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Afsriftir skattkrafna	27.551,2	10.000,0	10.000,0	0,0	-63,7
Fjármagnstekjuskattur	4.654,7	4.647,0	2.600,0	-44,0	-44,1
Ríkisábyrgðir	3.505,4	2.345,0	3.072,0	31,0	-12,4
Tapaðar kröfur og tjónabætur	17,0	110,0	110,0	0,0	547,1
Samtals	**35.728,3**	**17.102,0**	**15.782,0**	**-7,7**	**-55,8**

Fjárheimildir þessa málefnaflokks nema 15.782 m.kr. og hækka um 1.320 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Áætlun um afskrifaðar skattkröfur er óbreytt milli ára. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum á kröfum sem taldar eru vera sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynslan hefur leitt í ljós að muni að líkindum ekki innheimtast. Erfitt er að áætla fyrir þessum gjaldfærslum fyrir fram í fjárlögum. Vakin er athygli á því að þótt afskrifaðar kröfur séu færðar til gjalda á þennan lið í uppgjöri á rekstrargrunni þá hefur það ekki í för með sér neinar greiðslur úr ríkissjóði. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna lækki um 2.047 m.kr. og verði 2.600 m.kr. Áætlað er að þar af verði um 380 m.kr. af dráttarvöxtum skatttekna, 760 m.kr. af vaxtatekjum af lánum og 1.380 m.kr. af vaxtatekjum af bankareikningum. Greiðslur úr ríkissjóði vegna fjarmagnstekjuskatts lækka um 2.028 m.kr. og verða 2.400 m.kr. Fjármagnstekjuskatturinn færist einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins. Í þriðja lagi er áætlað fyrir 3.072 m.kr. fjárheimild vegna ríkisábyrgða sem fallið geta á ríkissjóð vegna innleystra ábyrgða föllnu bankanna þriggja. Þegar ríkisviðskiptabankarnir þrír voru upphaflega gerðir að hlutafélögum hvíldu á þeim ýmsar skuldbindingar vegna skuldabréfa sem þá höfðu verið útgefin. Ríkissjóður er enn ábyrgur fyrir þeim skuldbindingum. Hér er um að ræða Útvegsbanka Íslands sem Íslandsbanki yfirtók í gegnum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Búnaðarbanka Íslands sem síðar var sameinaður Kaupþing banka og Landsbanka Íslands, sem yfirtók skuldbindingar Lánasjóðs Landbúnaðarins. Ábyrgð ríkissjóðs er einföld í öllum tilvikum. Það merkir að kröfuhafar verða fyrst að ganga að skuldara og sanna greiðslufall hans, t.d. með gjaldþroti skuldara áður en hægt er að ganga að ríkissjóði. Frá því að bankarnir þrír féllu í október 2008 hefur ríkissjóður, án skyldu, reynt að greiða af þessum lánum eftir því sem þau féllu á gjalddaga. Í öllum tilvikum er um að ræða skuldir í íslenskum krónum við innlenda aðila utan eitt lán hjá Landsbanka Íslands frá árinu 1996. Það lán greiðist í einu lagi árið 2011. Ríkissjóður getur yfirtekið greiðsluskyldu samkvæmt upphaflegum afborgunarskilmálum og þarf því ekki að greiða upp lánin þegar ríkisábyrgðin verður innleyst. Gert er ráð fyrir að greiðslur vegna ríkisábyrgða nemi 2.792 m.kr. árið 2012 og 2.232 m.kr. árið 2013. Loks er gert ráð fyrir óbreyttri fjárheimild vegna tapaðra krafna og tjónabóta í frumvarpinu milli ára eða 110 m.kr. Útgjöld á þeim lið námu 17 m.kr. á árinu 2009.

Óviss útgjöld

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Óviss útgjöld

989 Óviss útgjöld. Á þessum lið er að finna 5 mia.kr. fjárheimild til þess að bregðast við óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum, eins og t.d. í gengismálum, verðlagsmálum, vegna kjarasamninga o.s.frv. Nánar er gerð grein fyrir þeim viðmiðum sem stuðst verður við vegna ráðstöfunar af þessum lið í inngangi að gjaldakafla A-hluta á bls. 210.

Þjónusta við ríkisaðila

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 103 Fjársýsla ríkisins; 901 Framkvæmdasýsla ríkisins; 905 Ríkiskaup; 976 Lánaumsýsla ríkissjóðs; 977 Bankasýsla ríkisins; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 984 Fasteignir ríkissjóðs og 985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjársýsla ríkisins	1.322,8	1.424,0	1.376,4	-3,3	4,1
Framkvæmdasýsla ríkisins	-9,6	0,0	0,0	-	-100,0
Ríkiskaup	3,2	0,0	0,0	-	-100,0
Lánaumsýsla ríkisins	86,2	82,1	110,8	-	28,5
Bankasýsla ríkisins	1,6	51,4	55,9	-	3.393,8
Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	17,3	31,0	30,1	-	74,0
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	97,4	14,5	4,5	-	-95,4
Fasteignir ríkissjóðs	178,2	80,0	0,0	-	-100,0
Rekstur fyrrum varnarsv. við Keflavíkurflugvöll	974,4	618,7	544,3	-	-44,1
Samtals	**2.671,5**	**2.301,7**	**2.122,0**	**-7,8**	**-20,6**

Þessi málefnaflokkur tekur til stofnana og verkefna sem snúa að þjónustu við aðra ríkisaðila, s.s. bókhalds- og innkaupaþjónustu. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 7.860 m.kr., en gert er ráð fyrir að innheimtar verði 5.738 m.kr. sértekjur fyrir veitta þjónustu. Engar meiriháttar breytingar eru á umræddum stofnunum og verkefnum milli ára. Árið 2009 voru fasteignamál felld undir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið og þ.m.t. Fasteignaskrá Íslands og Yfirfasteignamatsnefnd. Sama ár var komið á fót sérstakri Bankasýslu ríkisins sem fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum meðan á uppbyggingu og endurreisn fjármálakerfisins stendur.

103 Fjársýsla ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi 1.376,4 m.kr. í frumvarpinu og lækki um 47,6 m.kr. milli ára. Tvær breytingar eru gerðar á fjárheimildum stofnunarinnar í frumvarinu. Annars vegar eru þær skertar um 82,5 m.kr. til þess að mæta markmiðum um aðhaldsráðstafanir í útgjaldaramma ráðuneytisins og hins vegar aukast fjárheimildir um 34,9 m.kr. vegna áætlaðra verðlagsbreytinga á næsta ári.

901 Framkvæmdasýsla ríkisins. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild og sértekjur stofnunarinnar hækki um 1,6 m.kr. milli ára og rekstrarvelta verði um 149,7 m.kr. Hækkunin stafar af launa- og verðlagsspá fyrir næsta ár. Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda selur stofnunin ráðuneytum og ríkisstofnunum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem miðast við að tekjurnar standi undir rekstri hennar.

905 Ríkiskaup. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild og sértekjur stofnunarinnar lækki um rúmar 300 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og að veltan nemi 1.485,2 m.kr. á næsta ári. Fyrst og fremst er um að ræða samdrátt í umsvifum stofnunarinnar sem stafar af færri útboðum og minni innkaupum. Samkvæmt lögum um opinber innkaup skal þóknun, sem stofnunin innheimtir af viðskiptavinum sínum, standa undir rekstrinum og er því ekkert framlag til hennar úr ríkissjóði.

976 Lánaumsýsla ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir fjárheimild að upphæð 110,8 m.kr. á þessum lið í frumvarpinu. Fjármálaráðuneytið hefur samið við Seðlabanka Íslands um að bankinn taki að sér ákveðin verkefni á sviði lánaumsýslu samkvæmt samningi við ráðuneytið. Verið er að endurskoða samninginn með það að markmiði að auka umsýslu Seðlabankans og er ráðgert að undirrita hann síðar á árinu. Hækkun fjárveitingar á þessum lið er ætlað að mæta auknum útgjöldum vegna samningsins.

977 Bankasýsla ríkisins. Fjárheimildir stofnunarinnar nema 55,9 m.kr. á næsta ári og hækka um 4,5 m.kr. frá yfirstandandi fjárlögum. Veitt er tímabundin fjárveiting að upphæð 7,5 m.kr. til þess að mæta auknu umfangi fyrstu þrjú árin í starfrækslu stofnunarinnar en jafnframt er gerð hagræðingarkrafa sem nemur 3 m.kr. til þess að mæta aðhaldsáformum. Lög um Bankasýslu ríkisins kveða á um að stofnunin starfi tímabundið og ekki lengur en í fimm ár.

980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga. Starfsemi rekstrarfélagsins er að stærstum hluta fjármögnuð með þjónustugjöldum sem innheimt eru hjá ráðuneytum við Arnarhól fyrir leigu og rekstur húsnæðis, tölvuþjónustu og öryggisgæslu. Gert er ráð fyrir 1,5 m.kr. lækkun fjárheimildir vegna hagræðingaraðgerða en óbreyttum fjárheimildum að öðru leyti ef frá eru taldar verðlagshækkanir.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Fjárheimildir á þessum lið lækka um 10 m.kr. á næsta ári til þess að mæta markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Alls var 14,5 m.kr. fjárheimild á þessum lið til þess að ráðast í viðhald á húsnæði stjórnarráðsins. Fjárveitingin verður því 4,5 m.kr. á næsta ári.

981 Fasteignir ríkissjóðs. Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármögnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna

ríkissjóðs. Engar breytingar eru gerðar á veltu stofnunarinnar í frumvarpinu. Hins vegar fellur niður tímabundin fjárveiting að upphæð 80 m.kr. sem veitt var í fjárlögum 2010 til þess að ráðast í mannaflsfrek viðhaldsverkefni.

985 ***Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.*** Gert er ráð fyrir að dregið verði úr framlagi til fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll um 74,4 m.kr. ef tekið er tillit til verðlagsbreytinga og að fjárheimild til reksturs svæðanna nemi 544,3 m.kr. á næsta ári. Rekstur eignanna og önnur umsýsla er í höndum þróunarfélags sem stofnað var sérstaklega um eignir ríkisins á fyrrum varnarsvæðum við Keflavíkurflugvöll. Fjárveitingunni er ætlað að standa straum af kostnaði við að koma eignum á svæðinu í söluhæft ástand og að annast rekstur, viðhald og framkvæmdir á fasteignum á næsta ári. Gert er ráð fyrir því að hægt verði á áformum um afmarkaða þætti í starfsemi félagsins.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	0,0	350,0	330,0	-5,7	-
Ríkisstjórnarákvarðanir	0,0	160,0	160,0	0,0	-
Aðflutningsgjöld af útflutningi notaðra ökutækja	389,1	0,0	0,0	-	-100,0
Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	145,6	91,8	95,0	3,5	-34,8
Ýmislegt	2.106,2	1.043,6	928,5	-11,0	-55,9
Samtals	**2.640,9**	**1.645,4**	**1.513,5**	**-8,0**	**-42,7**

481 ***Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.*** Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að verða gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 20 m.kr. lækkun á fjárheimildinni. Byggir sú tillaga á spám um samdrátt í fasteignasölu en auk þess er lagt til að dregið verði úr því að ráðstafa söluandvirði eigna til viðhalds eða breytinga á annarri eign. Sérstök umfjöllun er um 6. gr. frumvarpsins í kafla 7 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

990 ***Ríkisstjórnarákvarðanir.*** Af þessum lið er greiddur kostnaður vegna ýmissa mála á vegum ráðuneyta sem eðlilegt þykir að ríkisstjórnin taki sameiginlega ákvörðun um og

ýmis tilfallandi útgjöld sem ekki hefur verið séð fyrir á öðrum fjárlagaliðum. Gert er ráð fyrir að fjárheimildin haldist óbreytt milli ára og nemi 160 m.kr. á næsta ári.

994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu. Í fjárlögum ársins 2008 var ákveðið að endurgreiða ríkisstofnunum virðisaukaskatt af vinnslu, skráningu og daglegum rekstri tölvukerfa til viðbótar við almenna endurgreiðslu vegna hugbúnaðargerðar og tölvuþjónustu. Tilgangurinn með þessu er að láta virðisaukaskattsreglur ekki hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í ríkisstofnunum um hvort tölvuvinnsla fer fram á þeirra eigin vegum eða er keypt að. Framkvæmdin er þannig að virðisaukaskattur af þjónustunni er gjaldfærður á þennan sameiginlega lið en ekki á fjárlagaliði einstakra stofnana. Engar breytingar eru gerðar á fjárheimildinni milli ára að undanskildum launa- og verðalagsbreytingum sem nema 3,2 m.kr.

999 Ýmislegt. Á þennan lið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærðar á aðra liði ráðuneytisins. Fjárveitingar til þeirra nema alls um 928,5 m.kr. og lækka um tæpar 130 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum verðlagshækkunum sem nema 14,5 m.kr. Í fyrsta lagi er gert er ráð fyrir niðurskurði á fjárveitingum um rúm 10% af rekstrarveltu umræddra verkefna, eða sem nemur 107,6 m.kr., til þess að mæta áformum um lækkun ríkisútgjalda. Í öðru lagi fellur niður 18 m.kr. framlag til verkefna fyrir árið 2010 sem unnin eru á grundvelli stefnu um íslenska upplýsingasamfélagið. Á móti kemur að veittar eru 12,7 m.kr. til verkefna næsta árs sem skilgreind eru í framkvæmdaáætlun með stefnunni. Í þriðja lagi fellur niður 16,5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2010 til að kosta ófyrirséðan málarekstur ríkisins í þjóðlendumálum.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2.9 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
09-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar ákvarðanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
09-212-1.01	Skatta- og tollamál. Ýmis sameiginleg útgjöld	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld skattstofa og tollstjóra.
09-481-601	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna notkunar á heimildagrein fjárlaga.
09-973-6.11	Tapaðar kröfur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tapaðra krafna.
09-973-6.15	Tjónabætur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tjónabóta.
09-989-1.90	Ófyrirséð útgjöld	Ófyrirséð og óvænt útgjöld eins og t.d. í gengismálum, verðlagsmálum og vegna kjarasamninga.
09-990-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar	Ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um sérstök framlög til ýmissa fjárlagaliða eftir afgreiðslu fjárlaga.
09-999-1.90	Ýmis verkefni	Ófyrirséð útgjöld ýmissa stofnana ráðuneytisins.
09-999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins	Til endurnýjunar á bifreiðum ráðherra allra ráðuneytanna.

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	7.695,4	7.835,1	7.262,7	-7	-6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	15.775,5	16.452,3	14.734,7	-10	-7
Stofnkostnaður og viðhald	24.904,9	15.567,7	11.744,4	-25	-53
Samtals	**48.375,8**	**39.855,1**	**33.741,8**	**-15**	**-30**
Greitt úr ríkissjóði	-	23.644,9	16.725,7	-29	-
Innheimt af ríkistekjum	-	16.135,2	16.941,1	5	-
Viðskiptahreyfingar	-	75,0	75,0	-	-
Samtals	-	**39.855,1**	**33.741,8**	**-15**	-

Heildargjöld ráðuneytisins árið 2011 eru áætluð um 40.586,2 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 6.844,4 m.kr. en þær nema 16,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 33.741,8 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 16.725,7 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 16.941,7 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 75 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, á bls. 210, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu hefur framsetningu fjárheimilda ekki verið breytt miðað við áform um sameiningu ráðuneyta fyrir komandi fjárlagaár. Tillögur um þær breytingar munu koma fram við 2. umræðu frumvarpsins.

Í frumvarpinu dragast útgjöld samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins saman um 6.603,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2010 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 6.113,3 m.kr. milli ára eða sem svarar til 15,3%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 6.724,1 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema 897,8 m.kr. Þar af eru 31,7 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 777,1 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindinga er því alls 120,7 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2011, sem eru áætlaðar 490,1 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 33.741,8 m.kr.

Fjárveitingar til verkefna ráðuneytisins markast af því að gert er ráð fyrir umtalsverðum aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Áætlað er að aðhaldsaðgerðir ráðuneytisins á næsta ári lækki útgjöld sem nemur 16,9% af veltu fjárlaga 2010. Gert er ráð fyrir að aðhaldsmarkmiðum í rekstri verði fyrst og fremst mætt með almennum aðgerðum til lækkunar rekstrarkostnaðar ýmissa rekstrarþátta ráðuneytisins. Í tilfærslum kemur hagræðingin að mestu leyti fram með lækkun á sérstökum viðbótarframlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá er gert ráð fyrir að hagræðingu í viðhalds- og stofnkostnaðarverkefnum verði fyrst og fremst náð með lækkun á framlögum til vegaframkvæmda.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 7.262,7 m.kr. og lækka um 572,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 704,1 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá velferðarstofnunum, framhaldskólum og löggæsluaðilum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu nemur 9% af rekstrarveltu að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 39,3

m.kr. Þar munar mest um 28,4 m.kr. hækkun á framlagi Umferðarstofu í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar en hún gerir ráð fyrir samsvarandi hækkun tekna. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 5 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 97,4 m.kr. Í því sambandi er bent á að fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna á næsta ári en það er liður í aðhaldsáformum til að draga úr hallarekstri ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir auknum launakostnaði sem stafar af hækkun til þeirra lægst launuðu sem tók gildi 1. júlí á yfirstandandi ári en gildir allt árið 2011.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1.717,6 m.kr. og verða 14.734,7 m.kr. en eru 16.452,3 m.kr. í fjárlögum ársins 2010. Sett var markmið um 9% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 2.933 m.kr. Þar vega þyngst annars vegar 1,2 mia.kr. lækkun á sérstökum viðbótarframlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en framlag þetta var veitt í fjárlögum 2010 til að létta tímabundið undir með sveitarfélögum vegna hækkunar á tryggingagjaldi sem hefur áhrif á launakostnað þeirra. Hins vegar er gert ráð fyrir sérstakt viðbótarframlag til sjóðsins sem tekið var upp í fjárlögum 2009 til frekari stuðnings við sveitarfélög falli niður. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum skuldbindingum í tilfærslum sem nema 852,7 m.kr. Munar þar mest um að horfur eru á að kostnaður í tengslum við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur frá apríl 2008 aukist um 556 m.kr. að óbreyttu. Samkomulag þetta rann út í mars á þessu ári. Aftur á móti er gert ráð fyrir að gripið verði til aðhaldsráðstafana vegna þessara umframútgjalda húsaleigubótakerfisins sem leiði til þess að komið verði í veg fyrir þau þannig að framlagið geti verið óbreytt frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2010, eða tvöfalt hærra en reiknað var með þegar samkomulagið var gert. Þá er gert ráð fyrir 294 m.kr. hækkun á lögbundnum framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna endurskoðaðrar áætlunar um skatttekjur ríkisins sem þau tengjast. Á móti falla niður 30 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem lýkur á þessu ári. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur um 392,7 m.kr

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 11.744,4 m.kr. og er það 3.823,3 m.kr. lækkun milli ára. Framlög lækka um 3.087 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 10% lækkun. Þar vegur þyngst 3 mia.kr. lækkun á framlögum til vegaframkvæmda. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í viðhalds- og stofnkostnaði sem samtals nema 5,8 m.kr. Munar þar mest um annars vegar 50 m.kr. tímabundið framlag til Siglingastofnunar Íslands vegna frestunar framkvæmda á árinu 2010 og hins vegar samningsbundinni 44 m.kr. lækkun á framlögum til Fjarskiptasjóðs. Því til viðbótar falla niður framlög sem veitt voru til tímabundinna stofnkostnaðarverkefna og nema samtals 742,1 m.kr. Skýrist sú lækkun annars vegar af niðurfellingu á samtals 712,1 m.kr. framlagi til gerðar Landeyjahafnar og hins vegar 30 m.kr. tímabundnu framlagi sem veitt var í fjárlögum 2010 vegna vinnu við grjótgarð við Reykhólahöfn.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2011 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

Útgjöld samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis eftir málefnaflokkum



Skuldbindandi samningar

Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 4.474,3 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2010, eru á áætluðu verðlagi ársins 2011 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 10,3% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2011.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2010	2011	2012	2013	2014
Samningar um áætlunarflug innanlands	B	290,0	284,0	284,0	284,0	284,0
Slysavarnaskóli sjómanna	B	61,2	57,1	57,1	57,1	57,1
Flugvellir- og flugleiðsöguþjónusta	A	2.847,1	2.626,0	2.626,0	2.626,0	2.626,0
Samningar við sérleyfishafa	C	298,0	185,0	185,0	185,0	185,0
Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars	C	55,0	55,0	55,0	55,0	55,0
Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara	C	76,0	76,0	76,0	76,0	76,0
Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs	C	416,0	498,0	498,0	498,0	498,0
Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs	C	106,0	106,0	106,0	106,0	106,0
Samningur um Mjóafjarðarferjuna Skrúði	C	10,0	10,0	10,0	10,0	10,0
Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi	C	6,0	6,0	6,0	6,0	6,0
Samningur um Vaktstöð siglinga	C	309,0	291,0	291,0	291,0	291,0
Samtals		**4.474,3**	**4.194,1**	**4.194,1**	**4.194,1**	**4.194,1**

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 2.626 m.kr. á næsta ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 341,1 m.kr. Að lokum eru 1.227 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 4,2 mia.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna. Ekki er gert ráð fyrir að samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi, sem rennur út á þessu ári, verði endurnýjaður.

Tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð

Í þessu verkefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð verða áhrif Héðinsfjarðarganga á efnahagslega, félagslega, menningarlega og pólitíska stöðu mismunandi hópa metin með fjölbreyttum aðferðum. Fylgst verður náið með breytingum sem verða í kjölfar opnunar ganganna á árinu 2010 og þróun mála á fyrrgreindum sviðum fylgt fram til ársloka 2012.

Í fyrri rannsóknum hefur komið fram að staða kvenna í strjálbýli er að mörgu leyti lakari en þeirra sem búa í þéttbýli. Atvinnumöguleikar þeirra og launakjör eru oft takmarkaðri og ýmsir þættir í þéttum, fámennum samfélögum virðast í ákveðnum tilvikum geta unnið gegn jafnrétti kynjanna. Íbúar af erlendum uppruna upplifa einnig oft meiri einangrun í samfélögum sem einkennast af sterkum innbyrðis tengslum innfæddra. Að þessu leyti virðist sem félagslegur auður samfélaga geti orðið nokkur byrði fyrir þá hópa sem höllum fæti standa í samfélaginu. Brottflutningur ungra kvenna er eitt helsta einkenni fámennra samfélaga á Vesturlöndum, og í íslenskum sveitum og sjávarbyggðum hafa stúlkur um langt skeið verið líklegri en drengir til að flytja á brott. Að hluta til skýrist þetta af því að starfsmöguleikar kvenna í slíkum samfélögum eru oft einhæfir og bundin við láglaunastörf. Á Íslandi endurspeglast þetta í því að óútskýrður launamunur kvenna á höfuðborgarsvæðinu er tæp 10% en tæp 30% á landsbyggðinni. Þá hefur verið á það bent að sá félagslegi auður sem felist í samhjálp og stuðningi í fámennum samfélögum byggist að verulegu leyti á ólaunaðri vinnu kvenna við umönnunarstörf við börn, aldraða og sjúka sem sinnt sé af launuðu fagfólki í þéttbýlinu. Með Héðinsfjarðargöngum tvöfaldast stærð félagsins og margvísleg tengsl við þéttbýli Akureyrar verða auðveldari. Þetta kann að verða til þess að bæta félagslega stöðu kvenna og íbúa af erlendum uppruna og styrkja þar með byggðakjarnana til framtíðar. Fylgst verður með breytingum á stöðu þessara hópa á grundvelli kannana og opinberra gagna. Verkefnið er hluti af stærra verkefni sem hefur það að markmiði að leggja heildstætt mat á breytingar á samfélagi, menningu og lífsháttum á norðanverðum Tröllaskaga, og auka skilning á áhrifum stórframkvæmda í vegagerð almennt.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðun., aðalskrifstofa	385,6	384,2	365,8	-4,8	-5,1
Ýmis verkefni	443,6	300,9	295,0	-2,0	-33,5
Ráðstöfunarfé	0,0	3,1	3,1	0,0	-
Samtals	**829,2**	**688,2**	**663,9**	**-3,5**	**-19,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 29,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 29,4 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 5 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 5 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

101 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlag þessa fjárlagaliðar verði 365,8 m.kr. og jafngildir það 22,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum ársins. Skýrist það af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að veitt verði 295 m.kr. til þessa fjárlagaliðar sem er 7 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin fyrst og fremst af áformum stjórnvalda um sparnað í ríkisútgjöldum en breytingarnar snerta eftirfarandi viðfangsefni: Á *1.11 Fastanefndir* er í fyrsta lagi gert ráð fyrir 1,2 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða, í öðru lagi er lagt til að niður falli 5 m.kr. tímabundið framlag vegna eftirlits með fjármálum sveitarfélaga, í þriðja lagi er gert ráð fyrir tímabundnu 5 m.kr. framlagi í eitt ár vegna aukinna verkefna við eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Á *1.23 Slysavarnarskóli sjómanna* er lögð til 4,7 m.kr. lækkun vegna sparnaðaraðgerða. Á *1.98 Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis* er gert ráð fyrir 1,1 m.kr. lækkun vegna hagræðingar. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af verðlagsreikningi frumvarpsins. Eftirfarandi tvær töflur gefa yfirlit yfir ýmis verkefni og ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fastanefndir	16,8	16,2	15,0	-7,4	-10,7
Slysavarnaskóli sjómanna	66,1	61,2	57,1	-6,7	-13,6
Flugskóli Íslands	29,0	0,0	0,0	-	-100,0
Samn. um flug milli Íslands og Narssarssuaq	6,5	0,0	0,0	-	-100,0
Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðun.	21,5	16,4	15,8	-3,7	-26,5
Græni trefillinn - stígagerð	98,0	0,0	0,0	-	-100,0
Samtals	**237,9**	**93,8**	**87,9**	**-6,3**	**-63,1**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
10-190-1.98 Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis		
Sameining stofnana/hlutafélaga	4,0	0,0
Samþætting áætlana m.t.t. aðildar að Evrópusambandinu	3,0	0,0
Sameining sveitarfélaga	5,0	0,0
Endurskoðun á regluverki og upplýsingagjöf varðandi fjármál sveitarfélaga	3,0	0,0
Afnám einkaréttar í póstþjónustu	1,0	0,0
Sameining stofnana	0,0	4,0
Samþætting áætlana	0,0	3,0
Efling sveitarstjórnarstigsins	0,0	5,0
Undirbúningur strandflutninga	0,0	3,0
Óskipt	0,4	0,8
Samtals	**16,4**	**15,8**

Vegamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 211 Rekstur Vegagerðarinnar; 212 Samgönguverkefni; 251 Umferðarstofa og 281 Rannsóknanefnd umferðarslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstur Vegagerðarinnar	640,5	627,0	589,6	-6,0	-7,9
Samgönguverkefni	25.843,3	18.532,0	15.125,0	-18,4	-41,5
Umferðarstofa	286,2	202,8	200,8	-1,0	-29,8
Rannsóknanefnd umferðarslysa	32,4	29,2	26,7	-8,6	-17,6
Samtals	**26.802,4**	**19.391,0**	**15.942,1**	**-17,8**	**-40,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 3.508,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 3.506,8 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þar vegur þyngst 3 mia.kr.

lækkun á framlögum til samgönguverkefna. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 28 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 30 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

211 Rekstur Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir framlag til fjárlagaliðarins verði 589,6 m.kr. og jafngildir það 49,2 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum sem kemur öll fram á viðfangsefni *1.01 Almennur rekstur*. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir útgjöld til vegamála.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Almennur rekstur	560,0	546,1	508,7	-6,8	-9,2
Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	80,9	80,9	80,9	0,0	0,0
Umdæmi og rekstrardeildir	-0,4	0,0	0,0	-	-100,0
Þjónusta	3.644,8	3.383,0	3.122,0	-7,7	-14,3
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	1.080,7	1.047,0	936,0	-10,6	-13,4
Styrkir til innanlandsflugs	346,0	308,0	284,0	-7,8	-17,9
Rannsóknir	149,2	139,0	128,0	-7,9	-14,2
Viðhald	4.759,8	4.679,0	4.679,0	0,0	-1,7
Framkvæmdir	15.862,8	8.976,0	5.976,0	-33,4	-62,3
Umferðarstofa	286,2	202,8	200,8	-1,0	-29,8
Rannsóknanefnd umferðarslysa	32,4	29,2	26,7	-8,6	-17,6
Samtals	**26.802,4**	**19.391,0**	**15.942,1**	**-17,8**	**-40,5**

212 Samgönguframkvæmdir. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 15.125 m.kr. og jafngildir það 3.454,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist sú lækkun fyrst og fremst af markmiðum stjórnvalda um samdrátt í ríkisútgjöldum en breytingarnar snerta eftirfarandi viðfangsefni: Á *1.07 Þjónusta* er lögð til 304,3 m.kr. lækkun vegna hagræðingaraðgerða. Á *1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa* er annars vegar lögð til 84,2 m.kr. lækkun vegna sparnaðarráðstafana og hins vegar fellur niður tímabundið 30 m.kr. framlag, sem veitt var í fjárlögum 2008, vegna fjölgunar ferða Herjólfs. Á *1.13 Styrkir til innanlandsflugs* er gert ráð fyrir 23,6 m.kr. lækkun vegna aðgerða til lækkunar ríkisútgjalda. Á *1.21 Rannsóknir* er gert ráð fyrir 12,5 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða. Á *6.10 Samgönguverkefni* er lagt til að framlag til framkvæmda í vegamálum lækki um 3 mia.kr. frá framlagi gildandi fjárlaga í samræmi við samkomulag um framkvæmdastigið. Tillagan er hluti af aðgerðum stjórnvalda til að bregðast við þörf á lækkun ríkisútgjalda vegna efnahagsástandsins. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar	19.159,0	15.714,6
Beinar greiðslur úr ríkissjóði		
Jarðgangaátak	4.255,3	0,0
Styrkir til innanlandsflugs	308,0	284,0
Samtals	**4.563,3**	**284,0**
Skil á mörkuðum tekjustofnum	14.520,7	15.355,6
Viðskiptahreyfing á gjaldahlið A-hluta	75,0	75,0
Ráðstöfun markaðra tekna		
Innheimtar tekjur	14.480,0	15.470,0
Afborganir af ferjulánum, vegna skuldar frá 1999	-20,9	0,0
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	61,6	-114,4
Greitt úr ríkissjóði	14.520,7	15.355,6

Gert er ráð fyrir að heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar verði 15.714,6 m.kr. á árinu 2011. Hún er fjármögnuð í fyrsta lagi með 284 m.kr. greiðslu úr ríkissjóði vegna styrkja til innanlandsflugs. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjárveiting Vegagerðarinnar verði fjármögnuð með mörkuðum tekjustofnum að fjárhæð 15.355,6 m.kr. Reiknað er með að innheimtar markaðar tekjur verði 15.470 m.kr. og að viðskiptahreyfing að fjárhæð 114,4 m.kr. færist á tekjuhlið ríkissjóðs. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 75 m.kr. í afskriftir markaðra tekna. Í töflunni hér á undan má sjá hvernig heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar er fjármögnuð en einnig er hægt að sjá yfirlit um markaðar tekjur í séryfirliti 3 í frumvarpinu.

251 Umferðarstofa. Gert er ráð fyrir 200,8 m.kr. fjárveitingu til fjárlagaliðarins og jafngildir það 2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist annars vegar af 30,4 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða og hins vegar er lögð til 28,4 m.kr. hækkun á framlagi í samræmi við endurskoða áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar.

281 Rannsóknanefnd umferðarslysa. Gert er ráð fyrir 26,7 m.kr. fjárveitingu til þessa fjárlagaliðar sem jafngildir 2,6 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af sparnaðarráðstöfunum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

Siglingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 335 Siglingastofnun Íslands; 336 Hafnarframkvæmdir og 381 Rannsóknanefnd sjóslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Siglingastofnun Íslands	1.127,0	967,5	938,7	-3,0	-16,7
Hafnarframkvæmdir	2.073,3	1.353,0	577,3	-57,3	-72,2
Rannsóknanefnd sjóslysa	35,6	39,2	36,4	-7,1	2,2
Samtals	**3.235,9**	**2.359,7**	**1.552,4**	**-34,2**	**-52,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 820,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 128 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 50 m.kr. Skýrist það af tímabundinni 50 m.kr. hækkun vegna frestunar á sjóvarnarframkvæmdum sem áformaðar voru í ár en færast til næsta árs. Á hinn bóginn falla niður samtals 742,1 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Þar vega þyngst samtals 712,1 m.kr. niðurfelling á tímabundnum framlögum vegna framkvæmda við Landeyjahöfn.

335 Siglingastofnun Íslands. Gert er ráð fyrir að framlag til fjárlagaliðarins verði 938,7 m.kr. og jafngildir það 40,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin fyrst og fremst af markmiðum frumvarpsins um aðhaldsráðstafanir en breytingarnar snerta eftirfarandi viðfangsefni: Á *1.01 Almennur rekstur* er lögð til 44,3 m.kr. lækkun vegna sparnaðaraðgerða. Á *1.11 Vaktstöð siglinga* er gert ráð fyrir 27,8 m.kr. lækkun vegna ráðstafana til lækkunar ríkisútgjalda. Á *6.60 Vitabyggingar* er gert ráð fyrir 3,5 m.kr. sparnaði. Á *6.80 Sjóvarnargarðar* er annars vegar farið fram á 50 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til liðarins í eitt ár. Vegna frestunar á ákveðnum sjóvarnarframkvæmdum er gert ráð fyrir að í fjáraukalögum 2010 verði heimilað að 50 m.kr. verði millifærðar af fjárlagaliðnum yfir á fjárlagalið Landeyjahafnar. Með tillögu þessari er gert ráð fyrir að það framlag gangi til sjóvarnaframkvæmdarinnar á næsta ári. Hins vegar er gert ráð fyrir 14,8 m.kr. lækkun vegna hagræðingaraðgerða. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

336 Hafnarframkvæmdir. Gert er ráð fyrir 577,3 m.kr. framlagi til fjárlagaliðarins en það jafngildir 776,1 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Breytingin snertir eftirfarandi viðfangsefni: Á *1.01 Almennur rekstur* er gert ráð fyrir 1,2 m.kr. sparnaði. Á *6.70 Hafnabótasjóður* er í fyrsta lagi lagt til að framlag hækki um 130

m.kr. Um er að ræða framlag sem heimilað var með gildandi fjárlögum að millifært yrði úr Hafnabótasjóði til Landeyjahafnar með breyttum forgangi innan ramma ráðuneytisins. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 31,4 m.kr. lækkun vegna ráðstafana til lækkunar ríkisútgjalda. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að niður falli 30 m.kr. tímabundið framlag, sem veitt var í fjárlögum 2010, vegna vinnu við grjótgarð við Reykhólahöfn. Á *6.72 Landeyjahöfn* er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að framlag til Landeyjahafnar lækki um 567,1 m.kr. og verði 203 m.kr. Samkvæmt kostnaðaráætlun verksins er gert ráð fyrir að 203 m.kr. þurfi á árinu 2011 við landgræðslu á Landeyjasandi, lóðafrágangs, dýpkunar á sandrifi, breytingar á ferjuaðstöðu í Vestmannaeyjum auk hönnunar- og eftirlitskostnaðar. Á árinu 2012 er gert ráð fyrir að kostnaður við þessi verkefni verði 100 m.kr. og 42 m.kr. á árinu 2013 en það er síðasta ár verksins. Í öðru lagi fellur niður 145 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2010 til að ljúka við framkvæmdir í Landeyjahöfn. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 130 m.kr. lækkun á framlagi en um er að ræða framlag sem heimilað var með gildandi fjárlögum að millifært yrði úr Hafnabótasjóði til Landeyjahafnar með breyttum forgangi innan ramma ráðuneytisins. Á *6.76 Ferjubryggjur* er gert ráð fyrir 1,4 m.kr. hagræðingu. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

381 Rannsóknanefnd sjóslysa. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 36,4 m.kr. og jafngildir það 3,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist það alfarið af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

Flugmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 471 Flugmálastjórn Íslands; 475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta og 481 Rannsóknanefnd flugslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flugmálastjórn Íslands	485,8	460,0	447,5	-2,7	-7,9
Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	3.711,3	2.847,1	2.626,0	-7,8	-29,2
Rannsóknanefnd flugslysa	42,7	42,2	39,1	-7,3	-8,4
Samtals	**4.239,8**	**3.349,3**	**3.112,6**	**-7,1**	**-26,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 270,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 270,5 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þar munar mest um 209,4 m.kr. hagræðingu á fjárlagalið flugvalla- og flugleiðsöguþjónustu.

471 Flugmálastjórn Íslands. Gert er ráð fyrir 447,5 m.kr. framlagi til fjárlagaliðarins en það jafngildir 21,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Heildarfjárveiting til flugvallaliða 10-471 og 10-475	3.307,1	3.073,5
Beinar greiðslur úr ríkissjóði	2.481,7	2.255,0
Skil á mörkuðum tekjustofnum	825,4	818,5
Viðskiptahreyfing á gjaldahlið A-hluta	0,0	0,0
Ráðstöfun markaðra tekna		
Innheimtar tekjur	937,0	966,0
Afborganir lána	-186,0	-111,6
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	74,4	-35,9
Greitt úr ríkissjóði	825,4	818,5

Gert er ráð fyrir að heildarfjárveiting til flugvallaliða *10-471 Flugmálastjórn Íslands* og *10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* verði 3.073,5 m.kr. á árinu 2011. Fjárveitingin er fjármögnuð annars vegar með 2.255 m.kr. greiðslu úr ríkissjóði og hins vegar með mörkuðum tekjum að fjárhæð 818,5 m.kr. Reiknað er með að innheimtar markaðar tekjur verði 966 m.kr. Að frádregnum 111,6 m.kr. vegna afborgana af lánum, stendur viðskiptahreyfing að fjárhæð 35,9 m.kr. sem færist á tekjuhlið ríkissjóðs.

475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til þessa fjárlagaliðar verði 2.626 m.kr. og jafngildir það 245,3 m.kr. raunlækkun frá gildandi fjárlögum. Skýrist lækkunin alfarið af hagræðingaraðgerðum en breytingarnar snerta eftirfarandi viðfangsefni: Á *1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* er annars vegar gert ráð fyrir samtals 209,4 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða. Hins vegar er lagt til að 1.402 m.kr. fjárheimild verði millifærð á þennan fjárlagalið af *10-475-1.11, Keflavíkurflugvöllur*. Í lögum nr. 153/2009 er kveðið á um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar. Tillaga þessi snýr að því að aðlaga framsetningu fjárlaga að þessari breyttu lagasetningu með því að færa fjárheimildir Keflavíkurflugvallar yfir á þetta viðfangsefni. Á *1.11 Keflavíkurflugvöllur* er gert ráð fyrir, eins og fyrr segir, að 1.402 m.kr. fjárheimild þessa viðfangsefnis færist yfir á *10-475-1.01, Flugvellir og flugleiðsöguþjónustu*, í samræmi við fyrrnefnan samruna. Á *5.41 Viðhald* er lögð til 7,2 m.kr. lækkun vegna sparnaðaraðgerða. Á *6.41 Framkvæmdir* er gert ráð fyrir 28,7 m.kr. lækkun vegna aðgerða til lækkunar ríkisútgjalda. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

481 Rannsóknanefnd flugslysa. Gert er ráð fyrir að fjárveiting á þennan fjárlagalið verði 39,1 m.kr. og jafngildir það 3,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum ársins. Skýrist það af hagræðingaraðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

Póst- og fjarskiptamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 512 Póst- og fjarskiptastofnunin; 513 Jöfnunarsjóður alþjónustu og 521 Fjarskiptasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Póst- og fjarskiptastofnunin	282,3	302,9	275,3	-9,1	-2,5
Jöfnunarsjóður alþjónustu	196,6	35,0	37,5	7,1	-80,9
Fjarskiptasjóður	987,9	84,0	40,0	-52,4	-96,0
Samtals	**1.466,8**	**421,9**	**352,8**	**-16,4**	**-75,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 69,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 33,4 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem samtals lækka útgjöldin um 35,7 m.kr. Munar þar mest um 44 m.kr. samningsbundna lækkun til Fjarskiptasjóðs.

512 Póst- og fjarskiptastofnunin. Gert er ráð fyrir 275,3 m.kr. framlagi til fjárlagaliðarins sem er 27,6 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lögð til 33,4 m.kr. lækkun á framlagi vegna aðhaldsaðgerða. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 5 m.kr. framlagi vegna nýrra verkefna Póst- og fjarskiptastofnunar í tengslum við frumvarp til fjölmiðlalaga. Þau verkefni lúta að ákvörðun um endurgjald þegar fallist er á flutningsrétt eða flutningsskyldu hjá fjarskiptafyrirtækjum eða veitendum fjölmiðlaþjónustu. Í þeim tilvikum þarf Póst- og fjarskiptastofnun að sjá um að gerðir verði viðeigandi útreikningar og kostnaðargreining. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 0,8 m.kr. hækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar en hún gerir ráð fyrir samsvarandi hækkun tekna.

513 Jöfnunarsjóður alþjónustu. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til þessa fjárlagaliðar verði 37,5 m.kr. en það jafngildir 2,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum ársins. Skýrist það af 2,5 m.kr. hækkun af framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar en hún gerir ráð fyrir samsvarandi hækkun tekna af jöfnunargjaldi á fjarskipti.

521 Fjarskiptasjóður. Gert er ráð fyrir 40 m.kr. framlagi til fjárlagaliðarins en það jafngildir 44 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Er sú lækkun í samræmi við áætlanir um verksamninga sjóðsins.

Sveitarstjórnarmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	11.801,7	13.645,0	12.118,0	-11,2	2,7
Samtals	**11.801,7**	**13.645,0**	**12.118,0**	**-11,2**	**2,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 1.906 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 2.756 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Skýrist það annars vegar af samtals 2,2 mia.kr. lækkun á sérstökum viðbótarframlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hins vegar er gert ráð fyrir að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir 556 m.kr. umframútgjöld vegna húsaleigubótakerfis sveitarfélaga. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 850 m.kr. Skýrist sú hækkun annars vegar af horfum á 556 m.kr. hækkun útgjalda að óbreyttu húsaleigubótakerfis sveitarfélaga og hins vegar er gert ráð fyrir að lögbundin framlög til sjóðsins hækki um 294 m.kr. Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga þar sem eftir er að ganga frá heildarsamkomulag um yfirfærsluna og leggja fram viðeigandi frumvörp um breytingar á lögum sem varða málaflokkinn. Er því gert ráð fyrir að yfirfærslan á þessum verkefnum bíði til 2. umr. frumvarpsins.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 12.118 m.kr. og jafngildir það 1.906 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist það fyrst og fremst af áformum stjórnvalda um lækkun ríkisútgjalda. Á *1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög* er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 673 m.kr. að meðtöldum verðlagshækkunum að fjárhæð 379 m.kr. Sú fjárhæð miðast við áætlun um innheimtar skatttekjur á næsta ári, en sjóðurinn fær framlag sem svarar til 2,12% af skatttekjunum, og um þróun álagningarstofns útsvars til næsta árs, en sjóðurinn fær framlag sem svarar til 0,264% af stofninum Á *1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög* er vegna aðhaldsaðgerða í fyrsta lagi lagt til að niður falli 1,2 mia.kr. framlag sem var veitt í fjárlögum 2010 til að koma til móts við hækkun á launakostnaði sveitarfélaga vegna hækkunar á tryggingagjaldi. Í

öðru lagi er lagt til að niður falli 1 mia.kr. framlag sem var veitt í fjárlögum 2009 til stuðnings við sveitarfélög. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 556 m.kr. hækkun verði að óbreyttu á framlagi vegna viðbótarkostnaðar í tengslum við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur frá apríl 2008. Er þá miðað við áætlaða útkomu ársins 2010 og að engin frekari vöxtur verði í útgjöldunum til ársins 2011. Viðbótarkostnaður við kerfið vegna samkomulagsins væri þar með orðinn 1.484 m.kr. en hann var upphaflega áætlaður 432 m.kr. eða um þrefalt lægri. Hins vegar er í frumvarpinu gengið út frá því sem aðhaldsráðstöfun að í nýju samkomulagi ríkis og sveitarfélaga verði gerðar breytingar á kerfinu sem dragi út útgjöldum við það sem nemur a.m.k. áætluðum umframgjöldum ársins 2010 enda er fjárhagsstaða beggja aðila afar erfið. Viðbótarkostnaðurinn verði þannig um tvöfalt meiri til frambúðar en gert var ráð fyrir í upphafi fremur en þrefalt meiri. Fyrra samkomulag rann út í mars 2010 og þurfa ríkið og sveitarfélögin að semja sín í milli um fyrirkomulag bótakerfisins og fjármögnun á því.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2.9 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
10-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.505,0	1.683,1	1.350,7	-20	-10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	4.722,8	4.146,0	3.378,0	-19	-28
Stofnkostnaður og viðhald				-	-
Samtals	**6.227,8**	**5.829,1**	**4.728,7**	**-19**	**-24**
Greitt úr ríkissjóði	-	5.357,4	4.672,5	-13	-
Innheimt af ríkistekjum	-	471,7	56,2	-88	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**5.829,1**	**4.728,7**	**-19**	-

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 5.501,8 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 773,1 m.kr. en þær nema 14% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.728,7 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.672,5 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 56,2 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, á bls. 210, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu hefur framsetningu fjárheimilda ekki verið breytt miðað við áform um sameiningu ráðuneyta fyrir komandi fjárlagaár. Tillögur um þær breytingar munu koma fram við 2. umræðu frumvarpsins. Í þessu sambandi er áfram gert ráð fyrir að til skoðunar verði hugsanleg sameining iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis í eitt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Í frumvarpinu dragast útgjöld iðnaðarráðuneytisins saman um 1.141,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2010 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 1.100,4 m.kr. milli ára eða sem svarar til 18,9%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 454 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær dragast saman um 43,5 m.kr. Í þriðja lagi er um að ræða tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 644 m.kr. Nettólækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 687,5 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2011, sem eru áætlaðar 41,1 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 4.728,7 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.350,7 m.kr. og lækka um 332,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 66,9 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá velferðarstofnunum, framhaldskólum og löggæsluaðilum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá iðnaðarráðuneytinu nemur 3,9% af rekstrarveltu að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Þá er gert ráð fyrir ýmsum breytingum á útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem samtals dragast saman um 64,5 m.kr. Þessu til viðbótar falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 214 m.kr. Þar vegur þyngst niðurfelling á tímabundnu 162 m.kr. framlagi til Orkustofnunar vegna djúpborunarverkefnis. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 13 m.kr. Í því sambandi er bent á að fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna á næsta ári en það er liður í aðhaldsáformum til að draga úr

hallarekstri ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir auknum launakostnaði sem stafar af hækkun til þeirra lægst launuðu sem tók gildi 1. júlí á yfirstandandi ári en gildir allt árið 2011.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 768 m.kr. og verða 3.378 m.kr. en eru 4.146 m.kr. í fjárlögum ársins 2010. Sett var markmið um 9% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 387,1 m.kr. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í tilfærslum sem nema 21 m.kr. Á móti falla niður 430 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður. Þar vegur þyngst niðurfelling á 420 m.kr. framlags til Samtaka iðnaðarins þar sem gerð hefur verið lagabreyting um að innheimtu iðnaðarmálagjalds verði hætt frá og með árinu 2011. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur um 28,1 m.kr.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2011 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

Útgjöld iðnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum



Skuldbindandi samningar

Iðnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 428,3 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2010, eru á áætluðu verðlagi ársins 2011 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 7,1% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2011.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2010	2011	2012	2013	2014
Markaðssetning Íslands í N-Ameríku	C	83,0	83,0	83,0	83,0	83,0
Samningar við Grænland og Færeyjar	C	14,5	14,5	14,5	14,5	14,5
Menningarsamningar við samtök sveitarfélaga	C	42,0	42,0	42,0	42,0	42,0
Samn. um framl. til Hönnunarmiðst. Íslands	C	10,0	10,0	10,0	10,0	10,0
Vaxtarsamningar	C	215,0	215,0	215,0	215,0	215,0
Háskólasetur Vestfjarða	C	17,9	0,0	0,0	0,0	0,0
Fræðslunet Austurlands	C	17,9	0,0	0,0	0,0	0,0
Norrænt samstarf NPP/NORA	C	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0
Samtals		**428,3**	**392,5**	**392,5**	**392,5**	**392,5**

Áætlað er að kostnaður vegna samninga sem iðnaðarráðuneytið stendur eitt að verði 392,5 m.kr. en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 400 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að samningar um háskólasetur Vestfjarða og fræðslunet Austurlands, sem renna út á þessu ári, verði endurnýjaðir.

Tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð

Markmið tilraunaverkefnis iðnaðarráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð er að leggja mat á hvernig starfsemi sjóða á vegum iðnaðarráðuneytis nýtist hvoru kyni og eftir atvikum hvort ástæða sé til að endurskoða úthlutunarreglur þegar meirihluti styrkþega er af öðru kyninu. Verkefnið tekur til eftirfarandi sjóða á vegum ráðuneytisins: Tækniþróunarsjóður, Orkusjóður og Átak til atvinnusköpunar.

Árið 2007 fól iðnaðarráðuneytið Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands (RIKK) að gera athugun á hvort samþættingarsjónarmið hefðu verið lögð til grundvallar við töku ákvarðana um styrki, lán og fjárfestingar hjá tilteknum sjóðum á vegum ráðuneytisins og hvaða árangur hefði orðið af verkefnum sem hafa haft það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri. Við gerð úttektarinnar kom í ljós að erfitt var að afla upplýsinga um kynjaskiptingu styrkþega þar sem slíkum upplýsingum var almennt ekki haldið til haga hjá viðkomandi sjóðum. Í framhaldinu óskaði ráðuneytið eftir því, með vísan til 17. gr. jafnréttislaga, að kyngreindum tölulegum upplýsingum sé safnað á kerfisbundinn máta. Ráðuneytið hefur óskað eftir því að upplýsingar um kynjaskiptingu styrkþega verði kerfisbundið haldið til haga fyrir árin 2010 og 2011 og þeim upplýsingum skilað til ráðuneytisins í lok hvors árs.

Upplýsingar um kynjaskiptingu styrkþega ætti að liggja fyrir í lok ársins 2010. Þá hefst vinna við mat á kynjaáhrifum úthlutana og áætlað er að því ljúki um mitt ár 2011. Gert er ráð fyrir að úttekt sem þessi verði framvegis framkvæmd árlega svo meta megi árangur af verkefninu.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	229,3	214,3	202,6	-5,5	-11,6
Ráðstöfunarfé	0,0	5,6	5,6	0,0	-
Samtals	**229,3**	**219,9**	**208,2**	**-5,3**	**-9,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 13,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Lækkunin skýrist af aðhaldsráðstöfunum til að mæta markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum.

101 Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 202,6 m.kr. og jafngildir það 13,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist það af hagræðingaraðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

Iðnaðarmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands; 240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja; 242 Tækniþróunarsjóður; 245 Samtök iðnaðarins; 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	508,5	504,1	510,0	1,2	0,3
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	18,9	10,1	5,1	-49,5	-73,0
Tækniþróunarsjóður	640,6	720,0	720,0	0,0	12,4
Samtök iðnaðarins	459,0	420,0	0,0	-100,0	-100,0
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	224,9	157,0	157,0	0,0	-30,2
Iðja og iðnaður, framlög	319,8	242,0	277,7	14,8	-13,2
Samtals	**2.171,7**	**2.053,2**	**1.669,8**	**-18,7**	**-23,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 390,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 29,5 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum stjórnvalda um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 64,3 m.kr. Skýrist sú hækkun fyrst og fremst af 60 m.kr. tímabundnu framlagi til Átaks til atvinnusköpunar vegna tekna af leigu fyrir aflaheimildir í skötusel og frístundaveiða sbr. lög 22/2010. Á hinn bóginn falla niður samtals 425 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Munar þar mest um niðurfellingu á 420 m.kr. fjárheimild til Samtaka iðnaðarins vegna lagbreytinga sem gerðar hafa verið og fela það í sér að hætt verður að innheimta iðnaðarmálagjald frá og með árinu 2011.

240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja. Gert er ráð fyrir 5,1 m.kr. framlagi til fjárlagaliðarins en það jafngildir 5 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af niðurfellingu á tímabundnu framlagi sem veitt var í fjárlögum 2005 vegna rannsóknar á samfélagsáhrifum virkjana- og álversframkvæmda á Austurlandi.

245 Samtök iðnaðarins. Gert er ráð fyrir að 420 m.kr. fjárheimild þessa fjárlagaliðar falli niður í samræmi við lög um breytingu á lögum nr. 134/1994, um iðnaðarmálagjald. Gert er ráð fyrir að álagningu iðnaðarmálagjalds verði hætt að lokinni álagningu á einstaklinga og lögaðila árið 2010 vegna rekstrarársins 2009 en fjárlagaliðurinn hefur að fullu verið fjármagnaður með tekjum af þessu gjaldi.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Gert er ráð fyrir framlag þessa fjárlagaliðar verði 277,7 m.kr. og jafngildir það 35 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum ársins. Þessi breyting snertir eftirfarandi viðfangsefni: Á *1.19 Staðlaráð* er lögð til 4,5 m.kr. hækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um tekjur af tryggingagjaldi. Á *1.30 Alþjóðlegt samstarf* er lögð til 1 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða. Á *1.48 Átak til atvinnusköpunar* er lagt til að veitt verði 60 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár. Í lögum nr. 22/2010 um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða er meðal annars gert ráð fyrir að fiskveiðiárin 2009/2010 og 2010/2011 hafi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til sérstakrar ráðstöfunar hvort ár um sig allt að 2.000 lestir af skötusel án þess að þeim verði úthlutað á grundvelli aflahlutdeilda í tegundinni heldur gegn greiðslu gjalds. Gert er ráð fyrir að í fjárlögum verði veitt framlag til AVS Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs sem svari til 40% af tekjunum og að Átak til atvinnusköpunar fái framlag sem svari til 60% af tekjunum en markmiðið með þessari ráðstöfun er að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum. Áætlað er að tekjurnar verði samtals 60 m.kr. á árinu 2011 og er því gert ráð fyrir að Átak til atvinnusköpunar fái 36 m.kr. framlag á fjárlögum. Hins vegar er í lögum nr. 22/2010

gert ráð fyrir að þessi sömu fiskveiðiár hafi ráðherra til ráðstöfunar allt að 200 lestir af óslægðum botnfiski á hvoru ári. Gert er ráð fyrir að gegn greiðslu verði heimilt að ráðstafa þessum aflaheimildum til skipa sem hafa leyfi til frístundaveiða. Gert er ráð fyrir að AVS og Átak til atvinnusköpunar fái framlag á fjárlögum eftir sömu skiptingu og við leigu á skötuselskvóta. Áætlað er að tekjurnar verði samtals 40 m.kr. og er því gert ráð fyrir að Átak til atvinnusköpunar fái 24 m.kr. framlag á fjárlögum. Samtals er því hér um 60 m.kr. tímabundið framlag að ræða. Á *1.50 Nýsköpun og markaðsmál* er gert ráð fyrir að 28 m.kr. fjárheimild liðarins falli niður vegna hagræðingaraðgerða í ríkisútgjöldum. Gert er ráð fyrir að samkeppnissjóðir á vegum iðnaðarráðuneytis verði hinn faglegi vettvangur fyrir styrkúthlutanir sem þessar. Á *1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis* er lögð til 0,5 m.kr. lækkun vegna sparnaðaraðgerða. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins. Yfirlitið hér á eftir sýnir áformuð framlög af óskiptri fjárheimild á *1.98 Ýmis framlög iðnaðarráðuneytis* undir þessum fjárlagalið.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
11-299-1.98 Ýmis framlög iðnaðarráðuneytis		
Loftslagsmál	3,0	1,0
Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála	10,3	12,0
Verkefni á sviði nýsköpunarmála	10,0	10,0
Jafnréttismál	3,2	3,2
Hönnunarmiðstöð Íslands	10,0	10,0
Hátæknivettvangur	3,5	3,5
Samtals	**40,0**	**39,7**

Orkumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður; 373 Niðurgreiðslur á húshitun; 375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku og 399 Ýmis orkumál.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Orkustofnun	509,9	651,6	296,7	-54,5	-41,8
Orkusjóður	38,1	36,9	30,5	-17,3	-19,9
Niðurgreiðslur á húshitun	1.069,1	1.129,8	974,0	-13,8	-8,9
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	236,1	245,0	245,0	0,0	3,8
Ýmis orkumál	113,6	83,0	80,4	-3,1	-29,2
Samtals	**1.966,8**	**2.146,3**	**1.626,6**	**-24,2**	**-17,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 559 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 232,2 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins. Munar þar mest um 188,5 m.kr. lækkun á niðurgreiðslum til húshitunar. Þá koma fram ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem samtals lækka útgjöldin um 107,8 m.kr. Skýrist það fyrst og fremst af millifærslu á 98,6 m.kr. framlagi frá Orkustofnun til Veðurstofu Íslands í samræmi við samning um mælingar og rannsóknir á vatnafari landsins. Þessu til viðbótar falla niður samtals 219 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Skýrist það annars vegar af niðurfellingu á 162 m.kr. framlagi til Orkustofnunar vegna djúpborunarverkefnis og hins vegar af niðurfellingu á 57 m.kr. framlagi til Orkustofnunar vegna greinargerðar til landgrunnsnefndar S.Þ. um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna.

301 Orkustofnun. Gert er ráð fyrir 296,7 m.kr. fjárveitingu til liðarins sem jafngildir 360,1 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist sú lækkun í fyrsta lagi af 162 m.kr. niðurfellingu á tímabundnu framlagi vegna djúpborunarverkefnis sem veitt var í fjárlögum 2009 og 2010. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að millifærðar verði af fjárlagaliðnum 98,6 m.kr. til Veðurstofu Íslands í samræmi við samning milli iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis um mælingar og rannsóknir á vatnafari landsins en samningurinn var undirritaður í desember 2008. Samkvæmt honum hefur Orkustofnun keypt þessa þjónustu af Veðurstofunni frá því að Vatnamælingar voru fluttar frá Orkustofnun og sameinaðar Veðurstofunni í ársbyrjun 2008. Í samningnum, sem gildir til ársloka 2010, er ákvæði þess efnis að fjárheimildirnar skuli flytjast til Veðurstofunnar að samningstíma loknum. Uppreiknaðar fjárheimildir samkvæmt samningi nema 107,2 m.kr. en að teknu tilliti til hagræðingarkröfu er gert ráð fyrir að 98,6 m.kr. flytjist til Veðurstofu Íslands. Í þriðja lagi fellur niður tímabundið 57 m.kr. framlag, sem veitt var í fjárlögum 2010, vegna greinargerðar til landgrunnsnefndar S.Þ um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 33,5 m.kr. lækkun á framlagi vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum. Í fimmta lagi er lagt til að 12 m.kr. fjárheimild, sem veitt var í fjárlögum 2006 til að undirbúa innleiðingu á vatnatilskipun Evrópusambandsins, verði flutt til Umhverfisstofnunar sem mun annast stjórnsýslu á sviði vatnsverndar samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Í sjötta lagi er gert ráð fyrir 3 m.kr. tímabundnu framlagi í þrjú ár til rannsókna á gæðum malar og sands á hafsbotni á efnistökusvæðum í Kollafirði. Samkvæmt lögum nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins er iðnaðarráðherra heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald fyrir töku eða nýtingu sem hann heimilar og skal tekjum af leyfum að jafnaði varið til hafsbotns- og landgrunnsrannsókna. Endurgjald sem greitt hefur verið í ríkissjóð samkvæmt lögum þessum nemur um 9,5 m.kr. á árunum 2005-2009. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

371 Orkusjóður. Gert er ráð fyrir 30,5 m.kr. framlagi til þessa fjárlagaliðar en það jafngildir 7,4 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist sú lækkun af sparnaðaraðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

373 Niðurgreiðslur á húshitun. Gert er ráð fyrir að fjárveiting verði 974 m.kr. og jafngildir það 188,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af aðhaldsaðgerðum en við val á þeim verður horft til sjónarmiða um bætta orkunýtni og orkusparnað, einföldun og forgangsröðun sem grundvallast á að hitun íbúðarhúsnæðis gangi fyrir. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

399 Ýmis orkumál. Gert er ráð fyrir 80,4 m.kr. framlagi til fjárlagaliðarins en það jafngildir 2,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum ársins. Skýrist það af 2,8 m.kr. lækkun á *1.24 Notendur utan samveitna* vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins. Yfirlitið hér á eftir sýnir áformuð framlög af óskiptri fjárheimild á *1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis* undir þessum fjárlagalið.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
11-399-1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis		
Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga	4,2	4,1
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	8,4	8,4
Olíumál	2,0	2,0
Alþjóðlegt samstarf	3,0	2,0
Erlendir orkusamningar	3,0	2,0
Norræn verkefni	3,0	0,0
Orkusparnaðarverkefni	0,0	5,3
Samtals	**23,6**	**23,8**

Byggðamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Byggðaáætlun og 411 Byggðastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Byggðaáætlun	354,0	317,6	317,6	0,0	-10,3
Byggðastofnun	482,9	365,7	287,0	-21,5	-40,6
Samtals	**836,9**	**683,3**	**604,6**	**-11,5**	**-27,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 81,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Lækkunin skýrist af markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum og kemur öll til hjá Byggðastofnun.

411 Byggðastofnun. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 287 m.kr. og jafngildir það 81,7 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist það af áformum stjórnvalda um sparnað í ríkisútgjöldum en breytingarnar snerta eftirfarandi viðfangsefni: Á *1.10 Byggðastofnun* er lögð til 71,6 m.kr. lækkun vegna hagræðingar. Á *1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni* er gert ráð fyrir 10,1 m.kr. lækkun vegna sparnaðaraðgerða. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

Ferðamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Ferðamálastofa og 599 Ýmis ferðamál.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ferðamálastofa	718,4	472,8	434,4	-8,1	-39,5
Ýmis ferðamál	304,7	253,6	185,1	-27,0	-39,3
Samtals	**1.023,1**	**726,4**	**619,5**	**-14,7**	**-39,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 96,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Lækkunin er gerð til að mæta markmiðum ráðuneytisins um samdrátt í ríkisútgjöldum.

501 Ferðamálastofa. Gert er ráð fyrir 434,4 m.kr. framlagi til þessa fjárlagaliðar og jafngildir það 30,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist sú lækkun af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum. Annars vegar er á *1.01 Ferðamálastofa* lögð til 10,4 m.kr. lækkun og hins vegar er gert ráð fyrir 19,8 m.kr. lækkun á *1.13 Markaðs- og kynningarmál erlendis*. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

599 Ýmis ferðamál. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 185,1 m.kr. en það jafngildir 66,5 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum ársins. Skýrist lækkunin af áformum stjórnvalda um sparnað í ríkisútgjöldum en breytingarnar snerta eftirfarandi viðfangsefni: Á *1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu* er lögð til 10 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða. Á *1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku* er gert ráð fyrir 5 m.kr. hagræðingu. Á *1.90 Ýmis ferðamál* er gert ráð fyrir að 51,5 m.kr. fjár-

heimild liðarins falli niður vegna hagræðingaraðgerða í ríkisútgjöldum. Gert er ráð fyrir að samkeppnissjóðir á vegum iðnaðarráðuneytis verði hinn faglegi vettvangur fyrir styrkúthlutanir sem þessar. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins. Yfirlitið hér á eftir sýnir áformuð framlög af óskiptri fjárheimild á viðfangsefninu *1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis* undir þessum fjárlagalið.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
11-599-1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis		
Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	20,0	30,0
Til markaðsstarfs og gestastofa	15,1	0,0
Verkefni á sviði stefnumótunar í ferðaþjónustu	0,0	6,3
Samtals	**35,1**	**36,3**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2.9 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
11-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun efnahags- og viðskiptaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.621,7	2.494,7	2.735,0	10	4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	383,6	563,1	469,3	-17	22
Stofnkostnaður og viðhald				-	-
Samtals	**3.005,3**	**3.057,8**	**3.204,3**	**5**	**7**
Greitt úr ríkissjóði	-	1.322,7	1.280,5	-3	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.735,1	1.923,8	11	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**3.057,8**	**3.204,3**	**5**	-

Heildargjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 3.296,8 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 92,5 m.kr. en þær nema 2,8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.204,3 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.280,5 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.923,8 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, á bls. 210, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Einnig er vakin athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra sem gerð var í gildandi fjárlögum yfirstandandi árs m.a. í tengslum við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem fluttust frá ráðuneyti í ár en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tók við verkefnum. Í töflum í þessum kafla lækka útgjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytis þess vegna um 7,7 m.kr. á árinu 2009 frá því fram kemur í ríkisreikningi 2009 vegna verkefna sem flutt hafa verið til annarra ráðuneyta. Er þetta gert til að gefa betri mynd af þróun útgjalda milli ára í viðkomandi ráðuneytum.

Í frumvarpinu aukast útgjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytisins um 135,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2010 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum hækka útgjöldin um 146,5 m.kr. milli ára eða sem svarar til 4,8%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 228 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á út-

gjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema 365,4 m.kr. Þar af eru 297,6 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 2 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindinga er því alls 363,4 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2011, sem eru áætlaðar 11,1 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 3.204,3 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.735 m.kr. og hækka um 240,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 224 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá velferðarstofnunum, framhaldskólum og löggæsluaðilum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu nemur 9% af rekstrarveltu að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 455,4 m.kr. Þar munar mest um 397,4 m.kr. hækkun á framlögum til Fjármálaeftirlitsins vegna aukins rekstraumfangs. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 2 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 10,9 m.kr. Í því sambandi er bent á að fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum starfsmanna á næsta ári en það er liður í aðhaldsáformum til að draga úr hallarekstri ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir auknum launakostnaði sem stafar af hækkun til þeirra lægst launuðu sem tók gildi 1. júlí á yfirstandandi ári en gildir allt árið 2011.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 93,8 m.kr. og verða 469,3 m.kr. en eru 563,1 m.kr. í fjárlögum ársins 2010. Sett var markmið um 9% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 4 m.kr. Gert er ráð fyrir að aðrar útgjaldaskuldbindingar í tilfærslum lækki um 90 m.kr. en það skýrist af lækkun á fjárheimild Flutningssjóðs olíuvara í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af flutningsjöfnunargjaldi á olíuvörur. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur um 0,2 m.kr.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2011 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

Útgjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð

Ráðuneytið vinnur að tveimur tilraunaverkefnum í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Annars vegar er það verkefni er snýr að styrkúthlutun af ráðstöfunarfé ráðherra og hins vegar verkefni sem unnið verður í tengslum við rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila. Styrkúthlutun af ráðstöfunarfé ráðherra fer fram tvisvar á ári en fyrri úthlutunin hefur þegar farið fram. Er gert ráð fyrir að þær verði báðar greindar út frá aðferðafræði kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar. Eftir styrkveitingu í árslok verður tekið saman hve margir sóttu um styrki og kyn umsækjenda. Teknar verða saman niðurstöður hvaða margir af hvoru kyni fengu úthlutað og hvort einhver kynjamunur sé á upphæðum úthlutunar og kannað hvaða áhrif úthlutunin hefur á bæði kynin en reiknað er með að verkefninu ljúki á innan við ári.

Í rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila, sem áformað er að hefja, er gert ráð fyrir að gögnin verði sérstaklega greind eftir kyni. Með því geta stjórnvöld og aðrir sem málið varðar nýtt sér upplýsingarnar til að uppfylla jafnréttismarkmið við stefnumótun. Gert er ráð fyrir að í þessu verkefni geti söfnun upplýsinga staðið yfir í allt að eitt til tvö ár og að allri úrvinnslu verði lokið fyrir 1. maí 2013.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	271,4	261,0	246,6	-5,5	-9,1
Ýmis verkefni	66,4	67,2	71,6	6,5	7,8
Ráðstöfunarfé	0,0	2,1	2,1	0,0	-
Samtals	**337,8**	**330,3**	**320,3**	**-3,0**	**-5,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 13,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 29,4 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 18 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 2 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlag til þessa fjárlagaliðar verði 246,6 m.kr. og jafngildir það 17,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er gert ráð fyrir 23,5 m.kr. lækkun vegna sparnaðaraðgerða í ríkisútgjöldum. Hins vegar er lagt til að veitt verði 6 m.kr. tímabundið framlag til að ráða starfsmann í nefnd um fjármálastöðugleika. Gert er ráð fyrir að verkefni nefndarinnar verði umfangsmikil á næstu mánuðum og því sé nauðsynlegt að einn starfsmaður geti sinnt nefndinni að fullu. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir 71,6 m.kr. framlagi til fjárlagaliðarins en það jafngildir 4,1 m.kr. hækkun frá fjárlögum ársins. Lækkunin skýrist af eftirfarandi: Á *1.15 Fastanefndir* er annars vegar lögð til 4 m.kr. hækkun vegna vinnu eftirlitsnefndar um verklagsreglur um skuldaaðlögun en sú vinna hefur verið mjög umfangsmikil. Nefndin þarf að fara yfir mikið umfang gagna og þar sem um viðkvæmar upplýsingar er að ræða fer skoðun á þeim fram inn í fjármálafyrirtækjunum sjálfum. Tillagan byggir á lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Hins vegar er gert ráð fyrir 2 m.kr. lækkun vegna sparnaðaraðgerða í ríkisútgjöldum. Á *1.20 Rafræn viðskipti* er lögð til 0,6 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða. Á *1.42 Athugun á skuldavanda heimilanna* er lagt til að veitt verði tímabundið 6 m kr. framlag til undirbúnings verkefnisins. Megináhersla verkefnisins verður lögð á að afla nýrra gagna og meta stöðuna á grundvelli þeirra með það að markmiði að leysa bráðavanda á skuldastöðu heimilanna. Jafnframt verði þessi vinna skipulögð þannig að hægt verði að endurtaka ferlið með reglubundnum hætti næstu 1–3 árin. Verkið er umfangsmikið en miðað er við að hafist verði handa við undirbúning sem leiði til 6 m.kr. kostnaðar á árinu 2011. Á *1.90 Ýmis viðskipta- og*

bankamál er í fyrsta lagi lögð til 3,3 m.kr. lækkun vegna hagræðingaraðgerða. Í öðru lagi fellur niður tímabundið 2 m.kr. framlag til verkefnis Íslenska upplýsingasamfélagsins um aðlögun íslensks viðskiptaumhverfis að alþjóðlegum stöðlum og reglum. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 2 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnis Íslenska upplýsingasamfélagsins um grunngerð rafrænna viðskipta. Markmið verkefnisins er að gera tækniforskrift sem hafi að geyma leiðbeiningar um uppsetningu, sendingu og nýtingu viðskiptaskeyta fyrir rafræn innkaup, innleiðingu viðskiptaskeytanna og þróun umhverfis sem styður við skilvirka miðlun þeirra og varðveislu viðskiptaskjala. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

Viðskiptamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fjármálaeftirlitið; 411 Samkeppniseftirlitið og 431 Einkaleyfastofan.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaeftirlitið	1.135,8	1.021,5	1.327,0	29,9	16,8
Samkeppniseftirlitið	294,9	287,8	315,6	9,7	7,0
Einkaleyfastofan	210,7	186,6	159,9	-14,3	-24,1
Samtals	**1.641,4**	**1.495,9**	**1.802,5**	**20,5**	**9,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 302,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 134,6 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins. Þar vegur þyngst 91,9 m.kr. hagræðing hjá Fjármálaeftirlitinu. Þá koma fram ýmis ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 437,4 m.kr. Skýrist sú hækkun fyrst og fremst af 397,4 m.kr. hækkun á fjárheimild Fjármálaeftirlitsins vegna aukins rekstrarumfangs en það jafngildir 39% hækkun frá fjárlögum 2010.

402 Fjármálaeftirlitið. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 1.327 m.kr. en það jafngildir 305,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Útgjöld Fjármálaeftirlitsins eru fjármögnuð með eftirlitsgjaldi sem færist á tekjuhlið ríkissjóðs. Annars vegar er gert ráð fyrir 397,4 m.kr. hækkun vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna hjá stofnuninni en þar af má gera ráð fyrir að um 180 m.kr. teljist til tímabundinna verkefna vegna mikils umfangs rannsóknarverkefna á árunum 2011 til 2013, tengdu bankahruninu. Þar sem rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins lá ekki fyrir fyrr en komið var að lokaundirbúningi fjárlagafrumvarps 2011 hefur ekki gefist

ráðrúm til að yfirfara forsendur áætlunarinnar sem skyldi. Áætlunin gerir ráð fyrir tæplega 60% aukningu á rekstrarumfangi stofnunarinnar frá fjárlögum 2010 eða 200 m.kr. umfram þá tillögu sem hér liggur fyrir. Þurfa stjórnvöld því að taka afstöðu til og meta hvert umfang þessara verkefna á að vera á árinu 2011. Hins vegar er gert ráð fyrir 91,9 m.kr. lækkun vegna hagræðingaraðgerða í ríkisútgjöldum.

411 Samkeppniseftirlitið. Gert er ráð fyrir að fjárveiting verði 315,6 m.kr. en það jafngildir 24,1 m.kr. hækkun frá fjárlögum ársins. Í fyrsta lagi er lögð til 30 m.kr. hækkun á framlagi til að standa straum af kostnaði við 2–3 stöðugildi vegna aukinna rannsóknarverkefna stofnunarinnar en tillagan byggir á frumvarpi til laga breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, sem hefur það að markmiði að veita aukið aðhald á samkeppnismörkuðum. Í öðru lagi er lagt til að framlag hækki tímabundið í tvö ár um 20 m.kr. til að standa straum að kostnaði við fjölgun starfa og aukið svigrúm til aðkeyptrar sérfræðiþjónustu í samræmi við fjölgun verkefna frá bankahruni. Þessi aukning á verkefnum lýsir sér m. a. í fjölgun mála og hefur leitt til þess að ekki er unnt að taka upp mikilvægar rannsóknir er snúa að starfsemi stofnunarinnar. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 25,9 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

431 Einkaleyfastofan. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessa fjárlagaliðar verði 159,9 m.kr. en það jafngildir 26,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skýrist það annars vegar af 16,8 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða. Hins vegar er gert ráð fyrir 10 m.kr. lækkun á framlagi en samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar er gert ráð fyrir samsvarandi minni tekjum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

Hagáætlanir og hagtölur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Hagstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hagstofa Íslands	673,1	711,6	651,5	-8,4	-3,2
Samtals	**673,1**	**711,6**	**651,5**	**-8,4**	**-3,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 64 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Skýrist það af markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

501 Hagstofa Íslands. Gert er ráð fyrir 651,5 m.kr. framlagi til fjárlagaliðarins en það jafngildir 64 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum leiða af verðlagsreikningi frumvarpsins.

Flutningsjöfnun

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Flutningssjóður olíuvara.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flutningssjóður olíuvara	353,0	520,0	430,0	-17,3	21,8
Samtals	**353,0**	**520,0**	**430,0**	**-17,3**	**21,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 90 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Skýrist sú lækkun af endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af flutningsjöfnunargjaldi á olíuvörur en hún gerir ráð fyrir að tekjurnar lækki um 90 m.kr. frá fjárlögum 2010. Gert er ráð fyrir að fjárheimild *12-811 Flutningssjóður olíuvara* lækki samsvarandi.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2.9 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
12-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	4.245,0	4.191,1	4.553,6	9	7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.305,6	2.289,3	2.059,2	-10	-11
Stofnkostnaður og viðhald	387,3	521,2	326,2	-37	-16
Samtals	**6.937,9**	**7.001,6**	**6.939,0**	**-1**	**0**
Greitt úr ríkissjóði	-	4.061,8	3.886,7	-4	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.939,8	3.052,3	4	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**7.001,6**	**6.939,0**	**-1**	-

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 8.945 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.006 m.kr. en þær nema 22% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 6.939 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 3.887 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 3.052 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, á bls. 210, er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Í frumvarpinu dragast útgjöld umhverfisráðuneytisins saman um 101,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2010 en þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 62,6 m.kr. milli ára eða sem svarar til 0,9%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 416 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema 586,3 m.kr. Þar af eru 148 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs og 142,5 m.kr. millifærð fjárheimild frá iðnaðarráðuneytinu sem veldur þá jafn mikilli lækkun þar. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 271,8 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindinga er því alls 314,5 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2011, sem eru áætlaðar 38,9 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 6.939 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.553,6 m.kr. og hækka um 362,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og

verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 261 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 9% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá velferðarstofnunum, framhaldskólum og löggæsluaðilum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá umhverfisráðuneytinu nemur 6,2% af rekstrarveltu að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 774,5 m.kr. Þar munar mest um 310 m.kr. vegna aukinnar veltu Úrvinnslusjóðs og 100 m.kr. hækkun á framlagi vegna nýrrar Byggingarstofnunar, samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki, auk þess sem 142,5 m.kr. fjárheimildir eru fluttar til umhverfisráðuneytis frá öðrum ráðuneytum vegna tilflutnings á verkefnum. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 188 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 37 m.kr. Í því sambandi er bent á að fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkanir verði á launum ríkisstarfsmanna á næsta ári en það er liður í aðhaldsáformum til að draga úr hallarekstri ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir auknum launakostnaði sem stafar af hækkun til þeirra lægst launuðu sem tók gildi 1. júlí á yfirstandandi ári en gildir allt árið 2011.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 230,1 m.kr. og verða 2.059,2 m.kr. en eru 2.289,3 m.kr. í fjárlögum ársins 2010. Sett var markmið um 9% lækkun almennra tilfærslustyrkja og úthlutunarliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 47 m.kr. Aðrar breytingar á útgjaldaskuldbindingum leiða til 101,2 m.kr. lækkunar. Vegur þar þyngst 170 m.kr. lækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf. og 47 m.kr. hækkun á framlagi til skipulagsmála sveitarfélaga. Til viðbótar lækka tilfærsluútgjöld um 83,8 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður. Verðlagshækkun fjárveitinga sem teljast til tilfærslna nemur 1,9 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 326,2 m.kr. og er það 195 m.kr. lækkun milli ára. Framlög lækka um 108 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 10% lækkun. Í því skyni lækka framlög til framkvæmda í Vatnajökulsþjóðgarði um 55 m.kr. og framlög til Ofanflóðasjóðs um 53 m.kr. Því til viðbótar lækka framlög til sjóðsins um 80 m.kr. í samræmi við framkvæmdaáætlun. Aðrar breytingar eru smærri.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2011 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Umhverfisráðuneytið hefur samningsskyldur við Skógræktarfélag Íslands vegna verkefnis um Landgræðsluskóga og Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins vegna samstarfssamnings um Hekluskóga. Samningurinn um Landgræðsluskóga kveður á um 35 m.kr. árlegt framlag og gildir út árið 2013 en samningurinn um Hekluskóga kveður á um 50 m.kr. árlegt framlag og gildir út árið 2016. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Vegna útgjaldaaðhalds hafa fjárveitingar verið lækkaðar í fjárlögum síðustu tveggja ára og í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir 34 m.kr. framlagi til Skógræktarfélagsins og 20,3 m.kr. til Hekluskóga og hefur fjárhæðum í töflunni verið breytt til samræmis við það. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2010, eru á áætluðu verðlagi ársins 2011 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 0,6% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2011.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2010	2011	2012	2013	2014
Skógræktarfélag Íslands	A	35,0	34,0	35,0	35,0	0,0
Hekluskógar	B	22,6	20,3	50,0	50,0	50,0
Samtals		**57,6**	**54,3**	**85,0**	**85,0**	**50,0**

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem umhverfisráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 34 m.kr. á næsta ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 20,3 m.kr. á næsta ári. Að lokum

eru samningar sem umhverfisráðuneytið stendur eitt að og eru þeir auðkenndir með bókstafnum C, en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá umhverfisráðuneytinu. Samkvæmt samningum eru 85 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð

Umhverfisráðuneytið er með tvö tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð.

Veiðikortasjóður. Markmið þessa verkefnis er að greina kynjahlutfall veiðikortahafa, greina umsóknir eftir styrkjum úr Veiðikortasjóði eftir kyni og kynjahlutfall þeirra sem fá rannsóknastyrk og hvort fylgni sé þarna á milli. Allir sem stunda veiðar á villtum dýrum skulu afla sér veiðikorts og sér Umhverfisstofnun um útgáfu þeirra gegn gjaldi. Tekjur af gjaldi fyrir veiðikort renna í Veiðikortasjóð og skal þeim varið til rannsókna, vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Umhverfisráðherra úthlutar fé úr sjóðnum að jafnaði einni sinni á ári. Í næstu auglýsingu um umsóknir um styrk úr sjóðnum munu bæði kynin vera hvött til að sækja um úr sjóðnum. Kyngreining á úthlutun úr sjóðnum hefst við næstu úthlutun, eða á árinu 2011, en þá mun nákvæmari skráning á kyni handhafa veiðikorta liggja fyrir.

Efnalöggjöf Evrópusambandsins. Markmið þessa verkefnis er að kanna hvort framkvæmd nýrra laga um efni og efnavörur nái jafnt til karla sem kvenna og varpa ljósi á hvort mismunandi sé eftir kynjum hverjir leita eftir upplýsingum um áhættumat vegna efna og þá í framhaldi af því að athuga hvort ástæða sé til að endurskoða hvernig efnalöggjöfin er kynnt og framkvæmd hér á landi. Ný efnalöggjöf Evrópusambandsins, REACH, miðar að því að breyta kröfum sem gerðar eru til áhættumats efna áður en þau eru sett á markað, fækka efnum sem eru hættuleg notendum og bæta þar með umhverfi og heilsu fólks. Verið er að vinna kynningar- og fræðsluefni um helstu efnavöruflokka sem notaðir eru á heimilum. Þetta fræðsluefni mun birtast á heimasíðu Umhverfisstofnunar á árinu 2011 og munu þau sem sækja upplýsingarnar verða beðin um að fylla út kyngreinanlegar upplýsingar. Verkefnið mun standa yfir í 6 mánuði þ.e.a.s. varðandi kynjagreiningu á fyrirspurnunum. Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir þarf að meta hvort um sé að ræða mismun milli kynjanna og hvers vegna svo sé, að teknu tilliti til mismunandi áhrifa eiturefna á kynin. Markmið með þeirri greiningu er að skoða hvort það kynningarefni, og kynningar sem stofnunin notar, höfði mismunandi til kynjanna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	317,6	300,1	296,9	-1,1	-6,5
Ýmis verkefni	411,3	290,4	273,3	-5,9	-33,6
Ráðstöfunarfé	0,0	3,1	2,9	-6,5	-
Samtals	**728,9**	**593,6**	**573,1**	**-3,5**	**-21,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 26,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 25,6 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 10,5 m.kr. Á hinn bóginn falla niður samtals 11 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 296,9 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar og jafngildir það 6,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi er sótt um 10 m.kr. fjárveitingu vegna nýrra verkefna ásamt kerfisbreytingum varðandi EES löggjöfina. Ráðuneytið áformar að undirbúa nýja löggjöf sem tekur mið af mengunarbótareglunni og nytjagreiðslureglunni. Einnig er fyrir höndum innleiðing stórra gerða og laga á grundvelli EES samningsins, þ.e.a.s. loftlagstilskipunin og tilskipun um votlendi. Ráðuneytið fyrirhugar að hefja sameiningu stofnana á næsta ári sem felur í sér útlagðan kostnað. Einnig er um að ræða ný verkefni, s.s. utanumhald og eignarhald á skógræktarsvæðum og endurheimt votlendis. Í öðru lagi fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 til að kosta stöðu sérfræðings við Umhverfisstofnun Evrópu. Í þriðja lagi er lögð til 6,2 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við markmið um útgjaldalækkun í frumvarpinu.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir 273,3 m.kr. framlagi á þessum lið og jafngildir það 19,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar eru af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er lagt til að 4,5 m.kr. fjárheimild verði flutt af viðfangsefni *1.35 Umhverfisvöktun* til Umhverfisstofnunar sem bera mun ábyrgð á framkvæmd laga um stjórn vatnamála verði frumvarp þar um að lögum. Í öðru lagi er sótt um 5 m.kr. fjárveitingu á viðfangsefni *1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál*. Rekstarkostnaður nefndarinnar hefur lengi verið umfram heimildir fjárlaga og brýnt er að taka á þeim vanda sem fyrst. Eins hefur umboðsmaður Alþingis ítrekað gert athugasemdir við tímafresti úrskurða og fjölda óafgreiddra kærumála og bent á mikilvægi þess að nefndin geti haldið uppi viðunandi afgreiðsluhraða. Í þriðja lagi

fellur niður 1 m.kr tímabundið framlag á viðfangsefni *1.98 Ýmis verkefni umhverfisráðuneytis* til vinnslu á kynningarefni fyrir upplýsingamiðstöð og gestastofu á Álftanesi. Í fjórða lagi er lögð til samtals 19,2 m.kr. lækkun fjárveitinga á þennan lið í samræmi við aðhaldsmarkmið ráðuneytisins. Lækkunin skiptist þannig milli viðfangsefna: *1.10 Fastanefndir* 0,6 m.kr., *1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum* 1,3 m.kr., *1.35 Umhverfisvöktun* 1,8 m.kr., *1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum* 1,8 m.kr., *1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins* 2 m.kr., *1.44 Skógræktarfélag Íslands* 3,4 m.kr., *1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum* 0,5 m.kr., *1.56 Vernd Breiðafjarðar* 0,7 m.kr. og *1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis* 7,1 m.kr. Aðrar breytingar á fjárheimildum liðarins skýrast af verðlagsreikningi frumvarpsins. Eftirfarandi tafla sýnir ráðstöfun framlaga á viðfangsefninu *1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis*.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:14-**190-1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis**		
Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	15,5	14,4
Frjáls félagasamtök	11,5	11,5
Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	9,2	9,0
Staðardagskrá 21	5,7	5,0
Umhverfisfræðsluráð	1,9	1,9
Byggingastaðlar	0,9	0,9
Vistvæn innkaup	4,8	4,8
Ýmis umhverfisverkefni	0,4	0,0
Loftslagsbreytingar - ný verkefni	15,0	13,0
Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	5,0	5,0
Byggingastaðlar - úttekt	1,0	0,0
Formennska Íslands í CAFF, vinnuhópi Norðurskautsráðsins.	7,5	7,5
Styrkur til reksturs upplýsingamiðstöðvar á Álftanesi.	2,0	2,0
Gerð kynningarefnis fyrir upplýsingamiðstöð á Álftanesi.	1,0	0,0
Úttektir og hagræðing	2,0	2,0
Samtals	**83,4**	**77,0**

199 Ráðstöfunarfé. Í samræmi við aðhaldsmarkmið ráðuneytisins er lagt til að ráðstöfunarfé ráðherra lækki um 0,2 m.kr. og verður það þá 2,9 m.kr.

Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 211 Umhverfisstofnun; 212 Vatnajökulsþjóðgarður; 231 Landgræðsla ríkisins; 241 Skógrækt ríkisins; 243 Hekluskógar; 287 Úrvinnslusjóður og 289 Endurvinnslan hf.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	24,8	22,6	20,7	-8,4	-16,5
Umhverfisstofnun	816,0	731,9	762,9	4,2	-6,5
Vatnajökulsþjóðgarður	321,9	385,2	312,8	-18,8	-2,8
Landgræðsla ríkisins	538,3	596,2	559,9	-6,1	4,0
Skógrækt ríkisins	276,3	258,3	235,0	-9,0	-14,9
Hekluskógar	25,5	22,6	20,3	-10,2	-20,4
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	158,2	0,0	0,0	-	-100,0
Úrvinnslusjóður	803,7	592,0	902,0	52,4	12,2
Endurvinnslan hf.	1.410,3	1.610,0	1.440,0	-10,6	2,1
Samtals	**4.375,0**	**4.218,8**	**4.253,6**	**0,8**	**-2,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 19,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 225,3 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þá koma fram nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 335,4 m.kr. Mest munar um 310 m.kr. aukningu hjá Úrvinnslusjóði sem fjármögnuð er með tekjum af úrvinnslugjaldi, 93,5 m.kr. hækkun til Umhverfisstofnunar en þar af eru 86,5 m.kr. vegna innleiðingu á vatnatilskipun Evrópusambandsins, 170 m.kr. lækkun á tilfærsluframlagi til Endurvinnslunnar hf. vegna minni tekna af skilagjaldi og 31,9 m.kr. hækkun til Landgræðslu ríkisins vegna flutnings á fjárheimildum verkefnisins *Bændur græða landið* frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Á hinn bóginn falla niður samtals 91 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn. Gert er ráð fyrir 20,7 m.kr. fjárveitingu til stöðvarinnar og að hún lækki um 1,8 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs vegna kröfu um lækkun ríkisútgjalda.

211 Umhverfisstofnun. Gert er ráð fyrir 762,9 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 25,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar eru af fimm tilefnum. Í fyrsta lagi er sótt um 70 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til innleiðingar á vatnatilskipun Evrópusambandsins. Reiknað er með að eftir það verði kostnaðurinn að mestu fjármagnaður í samræmi við mengunarbótaregluna og nytjagreiðsluregluna með sérstakri gjaldtöku á atvinnurekstur sem nýtir vatnsauðlindina.Samkvæmt frumvarpi til laga um stjórn vatnamála mun Umhverfisstofnun annast stjórnsýslu á sviði vatnsverndar og bera ábyrgð á framkvæmd laganna. Af sama tilefni er lagt til að til Umhverfisstofnunar flytjist 12 m.kr. fjárheimild sem Orkustofnun fékk í fjárlögum 2006 til að undirbúa innleiðingu á vatnatilskipuninni og auk

þess 4,5 m.kr. fjárheimild af fjárlagaviðfangi *14-190-135 Umhverfisvöktun*. Í öðru lagi er farið fram á 9 m.kr. fjárveitingu til reksturs Surtseyjastofu. Í fjárlögum 2010 er 8 m.kr. framlag til reksturs stofunnar en áætlaður kostnaður er 17 m.kr. á ári. Í þriðja lagi er lögð til 2 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar. Þar er reiknað með að tekjur af hreindýraveiðileyfum lækki um 14 m.kr. en að tekjur af gjaldi fyrir veiðikort hækki um 8 m.kr. og að önnur leyfis- og eftirlitsgjöld hækki um 4 m.kr. Í fjórða lagi fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag vegna undirbúnings fyrir olíuleit á Drekasvæði. Í fimmta lagi er lögð til 63,4 m.kr. lækkun á fjárveitingu vegna markmiðs um lækkun ríkisútgjalda, annars vegar 46,4 m.kr. lækkun á almennri rekstrarfjárheimild og hins vegar að á viðfangi *1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink* falli brott 17 m.kr. fjárheimild til endurgreiðslu á kostnaði við refaveiðar.

212 Vatnajökulsþjóðgarður. Gert er ráð fyrir 312,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 72 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Lögð er til 72 m.kr. lækkun fjárveitingar, þar af 17 m.kr. lækkun rekstrarfjárveitingar og 55 m.kr. lækkun stofnkostnaðarframlaga, í samræmi við markmið stjórnvalda í ríkisfjármálum og aðhaldsmarkmið ráðuneytisins.

231 Landgræðsla ríkisins. Gert er ráð fyrir 559,9 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 44,4 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Breytingarnar eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi er lagt til að 86 m.kr tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2010 vegna hækkunar á áburðarverði framlengist um eitt ár en lækki um 16 m.kr. og verði 70 m.kr. þar sem verðhækkunin hefur að hluta til gengið til baka. Í öðru lagi er lagt til að 31,9 m.kr. fjárheimild verð flutt til stofnunarinnar af fjárlagaviðfangi *04-483-1.11 Bændur græða landið* hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Miðað er við að Landgræðsla ríkisins hafi forræði verkefnisins alfarið með höndum. Tillagan hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Í þriðja lagi er lögð til 60,3 m.kr. lækkun á almennri rekstrarfjárheimild í samræmi við markmið frumvarpsins um samdrátt í ríkisútgjöldum.

241 Skógrækt ríkisins. Gert er ráð fyrir 235 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 25,5 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum í samræmi við tillögu þar um vegna útgjaldaaðhalds. Einnig er reiknað með að sértekjur lækki um 2,1 m.kr. þar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið áformar að draga úr kaupum á rannsóknum hjá stofnuninni, sem fjármagnaðar eru af lið *04-483-1.15 Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar*. En á móti lækka gjöld jafn mikið og hefur breytingin því ekki áhrif á framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar.

243 Hekluskógar. Gert er ráð fyrir 20,3 m.kr. fjárveitingu á þessum lið sem er lækkun um 2,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs í samræmi við aðhaldsmarkmið í útgjaldaramma ráðuneytisins.

287 Úrvinnslusjóður. Gert er ráð fyrir 902 m.kr. fjárveitingu á þessum lið og er það 310 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs. Fjárveitingin er að fullu fjármögnuð með mörkuðum ríkistekjum af úrvinnslugjaldi. Í endurskoðaðri áætlun er reiknað með að á næsta ári verði tekjur af úrvinnslugjaldi 920 m.kr. Gert er ráð fyrir að tekjunum verði öllum veitt til sjóðsins að undanskildum 18 m.kr. sem ekki verði ráðstafað til útgjalda í samræmi við aðhaldsmarkmið ráðuneytisins. Í júní sl. var úrvinnslugjald á nokkra vöruflokka hækkað og áætlað var að breytingin myndi leiða til 140 m.kr. hækkunar tekna. Stjórn sjóðsins áformar að leggja til enn frekari hækkanir á úrvinnslugjöldum í haust og miðast þessi tekjuáætlun við að sú tillaga nái fram að ganga. Ekki liggur þó fyrir hvort sótt verði um alla hækkunina 2011 eða henni skipt á árin 2011 og 2012. Áætlað er að stofnunin muni hafa 25 m.kr. vaxtatekjur af inneign sinni hjá ríkissjóði en í fjárlögum yfirstandandi árs er reiknað með 40 m.kr. vaxtatekjum. Útgjöld á næsta ári eru áætluð 808 m.kr.

289 Endurvinnslan hf. Lögð er til 170 m.kr. lækkun á framlagi. Framlag ríkissjóðs til Endurvinnslunnar hf. er alfarið fjármagnað með mörkuðum ríkistekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir í samræmi við lög nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Áætlað er að á árinu 2011 muni þessi gjöld skila 1.440 m.kr. tekjum en það er 170 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs. Gert er ráð fyrir að tekjunum verði öllum veitt til Endurvinnslunnar hf. Samkvæmt lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, skulu umbúðir, sem lög nr. 52/1989 taka til, falla undir fyrrnefndu lögin frá og með 1. janúar 2011 jafnframt því sem síðarnefndu lögin falla þá úr gildi. Í umhverfisráðuneytinu er unnið að skipan á framtíðarfyrirkomulagi þessara mála með innleiðingu framleiðenda-ábyrgðar á söfnun og endurvinnslu þessara umbúða fyrir augum.

Skipulagsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Skipulagsstofnun; 303 Skipulagsmál sveitarfélaga; 310 Landmælingar Íslands; 320 Byggingarstofnun og 381 Ofanflóðasjóður. Brott fellur fjárlagaliður 321 Brunamálastofnun ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skipulagsstofnun	160,1	173,8	170,2	-2,1	6,3
Skipulagsmál sveitarfélaga	145,8	88,4	114,4	29,4	-21,5
Landmælingar Íslands	252,6	232,1	233,6	0,6	-7,5
Byggingarstofnun	0,0	0,0	360,9	-	-
Brunamálastofnun	211,5	279,4	0,0	-100,0	-100,0
Ofanflóðasjóður	-121,1	210,0	77,0	-63,3	-163,6
Samtals	**648,9**	**983,7**	**956,1**	**-2,8**	**47,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 37,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 89,4 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Fram koma nokkur ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöld um 52 m.kr. Helstu breytingar eru að reiknað er með að Byggingarstofnun verði sett á fót um næstu áramót í samræmi við frumvarp til laga um mannvirki og yfirtaki m.a. núverandi starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins sem verði lögð niður. Gert er ráð fyrir 100 m.kr. hækkun fjárveitingar til nýrra verkefna Byggingarstofnunar, 26 m.kr. aukningu til skipulagsmála sveitarfélaga en 80 m.kr. lækkun á framlögum til Ofanflóðasjóðs. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

301 Skipulagsstofnun. Gert er ráð fyrir 170,2 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og að hún lækki um 4,8 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs vegna markmiðs um lækkun ríkisútgjalda.

303 Skipulagsmál sveitarfélaga. Á þennan lið er veitt fé til að standa straum af hlut Skipulagssjóðs í kostnaði sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana. Gert er ráð fyrir 114,4 m.kr. fjárveitingu á liðinn sem er 26 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Á viðfangsefni *1.10 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín* er lögð til 10 m.kr. hækkun. Áætlað er að á árinu 2011 verði heildartekjur af skipulagsgjaldi 120 m.kr. og að helmingur teknanna falli til í þessum sveitarfélögum. Þarf samkvæmt því að yfirfæra 60 m.kr. úr Skipulagssjóði til þessara sveitarfélaga en það er 10 m.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 2010. Á viðfangsefni *1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál* er sótt um 47 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðarþátttöku í skipulagsgerð sveitarfélaga. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 áttu sveitarfélög hafa lokið gerð aðalskipulags fyrir allt land innan marka sveitarfélaganna fyrir árið 2008. Fjögur til fimm sveitarfélög eiga enn eftir að ljúka gerð aðalskipulags. Sveitarfélögum ber einnig að endurskoða aðalskipulag á fjögurra ára fresti. Mörg sveitarfélög sem luku við fyrsta aðalskipulagið samkvæmt lögunum fyrir nokkrum árum eru langt komin

með endurskoðun. Þar við bætist að við sameiningu sveitarfélaga þarf að vinna nýtt aðalskipulag fyrir sameinað sveitarfélag. Samkvæmt lögunum getur sveitarfélag fengið greiddan allt að helmingi kostnaðar við gerð eða endurskoðun aðalskipulags úr Skipulagssjóði og þar sem sérstakar aðstæður ríkja, t.d. ef þörf er á óvenju umfangsmikilli skipulagsvinnu í fámennu sveitarfélagi, er unnt að semja um hærri kostnaðarþátttöku. Á móti fellur niður 31 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2000 til kostnaðarþátttöku í aðalskipulagsvinnu sveitarfélaga þannig að í heild hækkar fjárveiting á þetta viðfangsefni um 16 m.kr.

310 ***Landmælingar Íslands.*** Gert er ráð fyrir 233,6 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildi það 1,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar eru af tvennum toga. Annars vegar er sótt um 6 m.kr. fjárveitingu vegna innleiðingu á tilskipun 2007/2/EB um stofnun innra skipulags fyrir staðbundnar landupplýsingar, samkvæmt lagafrumvarpi þar um og kostnaðarmati. Markmið laganna er að tryggja samræmda uppbyggingu á grunngerð landupplýsinga með það fyrir augum að auka möguleika á samnýtingu landupplýsingagagna og tryggja aðgengi stjórnvalda og almennings að upplýsingunum. Hins vegar er lögð til 7,5 m.kr. lækkun til að mæta markmiði ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda.

320 ***Byggingarstofnun.*** Þessi fjárlagaliður er nýr og byggist á frumvarpi til laga um mannvirki sem lagt var fram á síðasta þingi. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu en reiknað er með að það verði endurflutt á haustþinginu. Samkvæmt frumvarpinu yfirtekur Byggingarstofnun starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins, sem verður lögð niður, en öllum starfsmönnum Brunamálastofnunar verður boðið starf hjá hinni nýju stofnun. Byggingarstofnun er auk þess ætluð ný og aukin verkefni er lúta að öryggi mannvirkja. Gert er ráð fyrir 360,9 m.kr. fjárveitingu til Byggingarstofnunar og jafngildir það 75,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárheimild Brunamálastofnunar í fjárlögum 2010. Miðað er við að 279,4 m.kr. fjárheimild Brunamálastofnunar flytjist til Byggingarstofnunar en auk þess er sótt um 100 m.kr. hækkun til nýrra verkefna og uppbyggingu stofnunarinnar. Í kostnaðarmati fjármálaráðuneytis á frumvarpi til laga um mannvirki sem lagt var fram á síðasta þingi var áætlað að kostnaður við ný og aukin verkefni yrði 184 m.kr. og sértekjur 14 m.kr. Miðaðist umsögnin við áætlun umhverfisráðuneytis um að uppbyggingu og stærð stofnunarinnar þar sem reiknað var með að á fyrsta starfsári yrði ráðið í 8 til 10 stöðugildi og önnur 4 til 6 á öðru starfsári og gert ráð fyrir að taka muni að minnsta kosti tvö ár að koma hinni nýju stofnun í fullan rekstur. Ennfremur er þar reiknað með að stofnkostnaður, sem áætlað er að geti numið um 60 m.kr. á hvoru ári, verði látinn rúmast innan framangreinds kostnaðarramma. Nú er gert ráð fyrir að hægar verði farið í uppbyggingu stofnunarinnar og er því sótt um 100 m.kr hækkun fjárheimildar í stað 170 m.kr.

Starfsemi Byggingarstofnunar verður að fullu fjármögnuð með mörkuðum ríkistekjum af byggingaröryggisgjaldi, sem leysir af hólmi núverandi brunavarnargjald, ásamt mörkuðum ríkistekjum sem innheimtar eru samkvæmt lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Gert er ráð fyrir að byggingaröryggisgjald hækki frá núverandi brunavarnargjaldi en að á móti verði ofanflóðagjald lækkað og að þannig verði óveruleg breyting á gjöldum ríkið leggur á vátryggingaverðmæti fasteigna. Á hinn bóginn er lögð til 24,1 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við markmið ráðuneytisins um lækkun ríkisútgjalda. Verðlagsbætur nema 5,6 m.kr. og er þannig gert ráð fyrir 360,9 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar á árinu 2011.

381 Ofanflóðasjóður. Gert er ráð fyrir að á næsta ári verði Ofanflóðasjóði veitt 77 m.kr. framlag af mörkuðum ríkistekjum af ofanflóðagjaldi og er það 133 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Auk fyrrgreinds 77 m.kr. framlags af ofanflóðagjaldi er áætlað að sjóðurinn muni hafa 370 m.kr. vaxtatekjur af inneign sinni hjá ríkissjóði og er því reiknað með að fjárhagsleg framkvæmdageta sjóðsins á árinu 2011 verði 447 m.kr. fyrir utan ónýttar heimildir frá fyrri árum. Tillögur um breytingar á fjárheimildum eru fjórar. Í fyrsta lagi er lögð til 100 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við framkvæmdaáætlun frá 2009 þar sem reiknað er með 600 m.kr. framlagi á árinu 2010, 500 m.kr. á árunum 2011 og 2012 og 900 m.kr. á árinu 2013. Í öðru lagi er sótt um 20 m.kr. framlag til að mæta lækkun vaxtatekna af inneign sjóðsins hjá ríkissjóði. Í þriðja lagi er lögð til 53 m.kr. lækkun á framkvæmdafé vegna markmiðs um lækkun ríkisútgjalda og í fjórða lagi er farið fram á að 7 m.kr. fjárheimild verði millifærð af framkvæmdafé yfir á almennan rekstur til að mæta kostnaði sem ekki er heimfærður beint á framkvæmdir og í samræmi við viðfangsefnaskiptingu á útgjöldum sjóðsins í ríkisreikningi. Í áætlunum sjóðsins er reiknað með framkvæmdum fyrir um 1.190 m.kr. í ár og 660 m.kr. á næsta ári. Stærstu framkvæmdirnar eru við snjóflóðagarð í Bolungavík og upptökustoðvirki í Neskaupstað.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 412 Veðurstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrufræðistofnun Íslands	340,8	411,5	425,3	3,4	24,8
Náttúrustofur	133,6	127,6	63,8	-50,0	-52,2
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	34,0	28,3	27,4	-3,2	-19,4
Veðurstofa Íslands	676,7	638,1	639,7	0,3	-5,5
Samtals	**1.185,1**	**1.205,5**	**1.156,2**	**-4,1**	**-2,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 57,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 75,7 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Munar þar mest um lækkun rekstrarframlaga til Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá koma fram tvö ný tilefni fyrir útgjaldaskuldbindingum sem samtals auka útgjöldin um 157,3 m.kr., þ.e. 98,6 m.kr. vegna samnings um flutning fjárheimilda til vatnafarsrannsókna frá Orkustofnun til Veðurstofunnar og 58,7 m.kr. framlag til Náttúrufræðistofnunar vegna hærri leigukostnaðar í nýju húsnæði. Á hinn bóginn falla niður samtals 138,8 m.kr. af framlögum sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Þar er um að ræða nokkur rannsóknarframlög hjá Veðurstofunni, samtals að fjárhæð 50 m.kr., 36 m.kr. framlag vegna flutnings Náttúrufræðistofnunar í nýtt húsnæði og 52,8 m.kr. framlög til náttúrustofa sveitarfélaganna. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

401 ***Náttúrufræðistofnun Íslands.*** Gert er ráð fyrir 425,3 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 6,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Óskað er eftir 58,7 m.kr. fjárheimild vegna hærri leigukostnaðar í nýju húsnæði í Urriðaholti, en áætlað er að stofnunin flytji þangað í október 2010. Miðað við vísitölu neysluverðs í júlí og gengi krónunnar gagnvart evru um miðjan ágúst 2010 verður leigukostnaður í nýja húsnæðinu 103,1 m.kr. á ári. Á móti kemur að stofnunin losnar undan 28,7 m.kr. árlegum kostnaði í núverandi húsnæði í Reykjavík. Í fjárlögum yfirstandandi árs er 15,7 m.kr. fjárheimild vegna leigu á nýja húsnæðinu. Samningur um húsnæðið í Urriðaholti gildir til 1. desember 2034 og breytist leiguverð að hálfu miðað við vísitölu neysluverðs og að hálfu miðað við gengi íslensku krónunnar gagnvart evru. Aðrar breytingar eru þær að niður fellur 36 m.kr. tímabundið framlag sem stofnunin hefur í fjárlögum þessa árs vegna kostnaðar við flutning í nýtt húsnæði og lögð er til 16,1 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta markmiðum frumvarpsins um lækkun ríkisútgjalda.

403 ***Náttúrustofur.*** Gert er ráð fyrir 63,8 m.kr. fjárveitingu á þessum lið og jafngildir það 64,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist annars vegar af því að niður falla samtals 52,8 m.kr. framlög sem veitt eru tímabundið í fjárlögum 2010. Um er að ræða 6,4 m.kr. framlag hjá hverri stofu nema stofunnar á Húsavík þar sem það er 14,4 m.kr. Hins vegar er lögð til 11,9 m.kr. lækkun á fjárveitingu til að koma til móts við markmið um lækkun ríkisútgjalda og nemur lækkunin 1,7 m.kr. á hverja stofu.

407 ***Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.*** Gert er ráð fyrir 27,4 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og að hún lækki um 1,2 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs vegna aðhaldsmarkmiðs í útgjaldaramma ráðuneytisins.

412 Veðurstofa Íslands. Gert er ráð fyrir 639,7 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það jafngildir 2,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og eru breytingarnar af þrennum toga. Í fyrsta lagi er lagt til að 98,6 m.kr. fjárheimild verði flutt frá Orkustofnun til Veðurstofunnar í samræmi við samning iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis frá árinu 2008, um mælingar og rannsóknir á vatnafari landsins. Samkvæmt samningnum hefur Orkustofnun keypt þessa þjónustu af Veðurstofunni frá því að Vatnamælingar voru fluttar frá Orkustofnun og sameinaðar Veðurstofunni í ársbyrjun 2008. Fjárheimild Orkustofnunar lækkar jafn mikið vegna þessa tilflutnings og hefur tillagan því ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Í öðru lagi er lögð til 46,5 m.kr. lækkun vegna áforma um útgjaldaaðhald hjá stofnuninni í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í þriðja lagi falla niður samtals 50 m.kr. framlög sem veitt hafa verið til tímabundinna verkefna. Um er að ræða niðurfellingu á 3 m.kr. framlagi til undirbúnings olíuleitar á Drekasvæðinu, 20 m.kr. framlagi til kortlagningu flóða, 16 m.kr. framlagi til rannsókna á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á Ísland í tilefni alþjóðlega heimskautaársins, 4 m.kr. framlagi til snjóflóðarannsókna og 7 m.kr. framlagi til að koma upp samhæfðum gagnagrunni yfir stöðvarekstur og athuganasögu stofnunarinnar.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2.9 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
14-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrargrunnur	Reikn. 2009 m.kr.	Fjárlög 2010 m.kr.	Endurmat 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá emati %	Breyting frá reikn. %
Erlend lán	13.846	20.634	14.358	16.091	-22,0	12,1	16,2
Ríkisbréf og ríkisvíxlar	33.687	45.197	37.188	38.034	-15,8	2,3	12,9
Önnur innlend lán	1.754	1.650	1.627	1.600	-3,0	-1,7	-8,8
Seðlabanki vegna veð- og daglána	6.876	7.493	4.083	4.158	-44,5	1,8	-39,5
Eiginfjármögnun banka	24.804	16.761	14.394	12.307	-26,6	-14,5	-50,4
Annar vaxtakostnaður	3.051	2.184	1.970	1.970	-9,8	0,0	-35,4
Lántökukostnaður	324	400	400	900	125,0	125,0	177,8
Samtals	**84.342**	**94.319**	**74.020**	**75.060**	**-20,4**	**1,4**	**-11,0**

Áætlað er að vaxtagjöld ríkissjóðs nemi 75 mia.kr. á árinu 2011 og lækki um tæpa 19,3 mia.kr. frá fjárlögum 2010. Nokkrir þættir skýra þessa lækkun. Í fyrsta lagi lækkaði nafnverð skuldabréfs, sem ríkissjóður gaf út til Seðlabanka í árslok 2008 til að styrkja eiginfjárstöðu bankans, um 134 mia.kr. í árslok 2009 með kaupum Seðlabanka á kröfum sem ríkissjóður yfirtók í árslok 2008 vegna veð- og daglána Seðlabanka og verðbréfalána ríkissjóðs. Í öðru lagi lækkar eiginfjárframlag til viðskiptabankanna frá því sem áður var áætlað. Í þriðja lagi hafa erlendar skuldir verið keyptar upp á árinu 2010 sem eru á gjalddaga árið 2011 og eru áætlanir um frekari uppkaup, sé það talið hagkvæmt. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að minna verði tekið af erlendum lánum en áætlað var í fjárlögum. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir lægra vaxtastigi en við gerð fjárlaga.

Á árinu 2010 er nú áætlað að vaxtagjöld verði 74 mia.kr. en fjárlög höfðu gert ráð fyrir 94,3 mia.kr. Fernt skýrir aðallega þessa lækkun. Í fyrsta lagi lækkar áætlaður vaxtakostnaður ríkisverðbréfa vegna þess að vaxtakjör í útboðum ríkisskuldabréfa hafa reynst lægri en reiknað var með fyrir þrátt fyrir fyrirsjáanlega mikla útgáfu. Í öðru lagi verður nú minna tekið af lánafyrirgreiðslu Danmerkur, Svíþjóðar, Finnlands og Póllands. Í þriðja lagi var skuldabréf, sem ríkissjóður gaf út til Seðlabanka í árslok 2008 til að styrkja eiginfjárstöðu bankans lækkað um 134 mia.kr. í árslok 2009 með kaupum Seðlabanka á kröfum sem ríkissjóður yfirtók í árslok 2008. Auk þess hefur vaxtastig reynst lægra en áætlanir fjárlaga gerðu ráð fyrir sem lækkar m.a. áætlaðan vaxtakostnað vegna endurfjármögnunar banka.

Meginskýringuna á hækkun vaxtagjalda 2011 frá áætlaðri útkomu 2010 er að finna í aukningu innlendra ríkisverðbréfa og lánum samstarfsþjóða sem koma að fullum þunga í vaxtakostnað 2011 en meirihluti lántökunnar átti sér stað um mitt árið 2010. Á móti kemur að vaxtakostnaður af endurfjármögnun bankanna lækkar vegna áætlunar um lækkandi vexti Seðlabankans frá yfirstandandi ári.

Annar vaxtakostnaður lækkar um 0,2 mia.kr. á milli frumvarps 2011 og fjárlaga 2010 vegna áætlunar um lægra vaxtastig. Um er að ræða vexti af stöðu inneigna Ofanflóðasjóðs, Fjarskiptasjóðs, Úrvinnslusjóðs og annarra aðila sem eiga kröfur á markaða tekjustofna hjá ríkissjóði.

Gert er ráð fyrir að lántökukostnaður hækki um 0,5 mia.kr. á milli frumvarps og fjárlaga en aðallega er um að ræða að reiknað er með nýjum erlendum lántökum á næsta ári til fjármögnunar erlendum lánum á gjalddaga.

Endurmat greiddra vaxta fyrir árið 2010 gerir ráð fyrir því að vaxtagreiðslur ársins nemi tæpum 76,7 mia.kr. Vaxtagreiðslur á árinu 2011 eru áætlaðar 75,3 mia.kr. sem er um 15 mia.kr. lægri fjárhæð en fjárlög 2010 gerða ráð fyrir. Lækkun frá fjárlögum skýrist aðallega af áætlun um lægra vaxtastig á milli ára, uppkaup Seðlabanka á áður yfirteknum kröfum ríkissjóðs og minni erlendrar lántöku frá Norðurlöndum og Póllandi.

Áætlað er að mismunur gjaldfærðra og greiddra vaxta verði 280 m.kr. á næsta ári sem kemur fram sem viðskiptahreyfing á þessum fjárlagalið.

Nánar má lesa um skuldir og kröfur ríkissjóðs í kafla 6.4 hér fyrir aftan.

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja B-hluta

Í B-hluta fjárlaga eru settar fram fjárreiður ríkisfyrirtækja, enda séu þau hvorki sameignar- né hlutafélög, sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Það sama á við um afskriftir. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta eru áætlaðar 27.674 m.kr. á árinu 2011 og rekstrargjöld 26.181 m.kr. Miðað við fjárlög 2010 lækka tekjurnar um 620 m.kr. en gjöldin um 947 m.kr. Miðað við ríkisreikning ársins 2009 lækka tekjur B-hlutans um 2.973 m.kr. og gjöld um 2.497 m.kr. Áætlað er að fjármunatekjur verði 80 m.kr. umfram fjármagnsgjöld og er það sama fjárhæð og í fjárlögum 2010 en lækkun um 169 m.kr. frá reikningi 2009. Eins og í ár er ekki gert ráð fyrir neinu rekstrarframlagi frá A-hluta ríkissjóðs til B-hlutans á árinu 2011. Miðað við framangreindar forsendur er gert ráð fyrir 1.572 m.kr. hagnaði á B-hluta ríkisjóðs á næsta ári og hækkar hann um 327 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2010 en lækkar um 632 m.kr. frá reikningi 2009. Aukinn hagnað má rekja til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins en áætlað er að hann hækki um 227 m.kr. á milli ára og 100 m.kr. hjá Happdrætti háskóla Íslands en á móti er gert ráð fyrir lítilsháttar halla hjá Íslenskum orkurannsóknum eins og á þessu ári.

Fjárfestingar eru áætlaðar 330 m.kr., þar af 295 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 38 m.kr. í áhættufjármunum. Sala varanlegra rekstrarfjármuna er áætluð 3 m.kr. Fjárfestingar aukast um 23 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2010 en minnka um 184 m.kr. miðað við reikning 2009.

Engar lántökur eru áformaðar hjá B-hluta fyrirtækjum á árinu 2011 frekar en í ár.

Arðgreiðsla B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð á árinu 2011 er áætluð 1.000 m.kr. og er það sama fjárhæð og í fjárlögum 2010. Á árinu 2009 nam arðgreiðslan 960 m.kr. Einungis Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiðir arð í ríkissjóð en Happdrætti Háskóla Íslands greiðir hluta af hagnaði sínum beint til Háskóla Íslands og áætlað er að á árinu 2011 nemi það framlag 552 m.kr. en gert er ráð fyrir að framlagið verði 600 m.kr. á yfirstandandi ári.

Gangi framangreindar forsendur eftir er áætlað að handbært fé B-hluta fyrirtækja verði 1.884 m.kr. í árslok 2011.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Rekstrartekjur	28.294,0	27.674,0
Rekstrargjöld	-27.128,6	-26.181,5
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	80,0	80,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**1.245,4**	**1.572,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	0,0	0,0
Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld	0,0	0,0
Hagnaður (-tap)	**1.245,4**	**1.572,5**
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	1.245,4	1.572,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	245,0	240,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	0,0	0,0
Handbært fé frá rekstri	**1.490,4**	**1.812,5**
Varanlegir rekstrarfjármunir	-330,0	-295,0
Áhættufjármunir	-28,5	-38,5
Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað	5,0	3,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-353,5**	**-330,5**
Tekin löng lán	0,0	0,0
Afborganir af teknum löngum lánum	0,0	0,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-1.000,0	-1.000,0
Annað	-600,0	-552,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-1.600,0**	**-1.552,0**
Breyting á handbæru fé	-463,1	-70,0
Handbært fé í ársbyrjun	1.596,5	1.953,9
Handbært fé í árslok	1.133,4	1.883,9

22 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, B-hluti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Áætlað er að á árinu 2011 verði 760 m.kr. hagnaður af rekstri happdrættisins en það er 100 m.kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2010 og 120 m.kr. verri afkoma en í reikningi ársins 2009. Tekjur og markaðshlutdeild happdrættisins ráðast af samkeppnisaðstæðum á happdrættismarkaði. Tekjuþróun og markaðshlutdeild happdrættisins hefur verið hagstæð síðustu ár. Hins vegar hafa orðið töluverðar breytingar í umhverfinu á undanförnum misserum og því erfitt að spá fyrir um framtíðina. Áætlun um tekjur og gjöld happdrættisins byggir á þeirri forsendu að starfsheimildir á happdrættismarkaði taki ekki stórstígum breytingum.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal það greiða leyfisgjald í ríkissjóð sem svarar 20% af nettóársarði, þó ekki hærri fjárhæð en 150 m.kr. Tekjur af leyfisgjaldinu renna til Tækjasjóðs, samkvæmt lögum nr.3/2003, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, og á fjárlögum er framlagið veitt á liðnum 02-238 Tækjasjóður. Eins og

áður segir er áætlað að á árinu 2011 skili rekstur happdrættisins 760 m.kr. hagnaði og eru 20% af þeirri fjárhæð 152 m.kr. Gert er ráð fyrir að 41,5 m.kr. af tekjum leyfisgjaldsins verði haldið eftir á viðskiptareikningi eða 4,5 m.kr. hærri fjárhæð en gert var í fjárlögum 2010. Framlag í Tækjasjóð á árinu 2011 verður því 110,5 m.kr.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal verja ágóða af rekstri þess til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Ennfremur er heimilt að verja ágóðanum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginga, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir skólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast.

Gert er ráð fyrir að framlag til framkvæmda og viðhalds fasteigna Háskóla Íslands verði 552 m.kr. á árinu 2010 eða 48 m.kr. lægra en í fjárlögum 2010. Framlagið verður eingöngu fólgið í peningalegu framlagi þar sem lán vegna fyrri byggingaframkvæmda eru uppgreidd og því er ekki lengur um að ræða neinar greiðslur vaxta og afborgana. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að fjárheimildir Háskóla Íslands til framkvæmda verði 552 m.kr. á árinu 2011. Peningalegt framlag Happdrættis Háskóla Íslands til Háskóla Íslands á árinu 2011 takmarkast við þá fjárhæð.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

101 Áfengis og tóbaksverslun ríkisins. Rekstrartekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins árið 2011 eru áætlaðar um 23 mia.kr. sem er 1,6% lægri tekjur en gert er ráð fyrir í fjárlögum 2010. Gert er ráð fyrir 5% samdrætti í seldu magni áfengis frá rekstraráætlun ársins 2010. Ekki er gert ráð fyrir hækkun áfengis- og tóbaksgjalda. Gert er ráð fyrir 2% samdrætti í seldu magni vindlinga á árinu 2011. Söluspá byggir á söluþróun áfengis og tóbaks það sem af er ári 2010 en til hliðsjónar eru hafðar spár um verðlagsþróun og þróun ráðstöfunartekna. Rekstrargjöld eru áætluð um 22 mia.kr. og eru 2,6% lægri en gert er ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs. Launakostnaður er stærsti einstaki kostnaðarliðurinn fyrir utan vörunotkun. Gert er ráð fyrir lækkun á launakostnaði frá fjárlögum 2010 sem nemur 7,3%. Vörunotkun er í samræmi við áætlaða sölu og byggð á þeim álagningarreglum sem í gildi eru. Rekstrarliðir taka almennt mið af spá um selt magn og almenna verðlagsþróun. Gert er ráð fyrir 4% hækkun á rekstrar- og dreifingarkostnaði vegna verðlagsbreytinga. Eftirlaunaskuldbindingar vegna starfsmanna í B-hluta LSR eru áætlaðar 25 m.kr. Áætlað er að fjármunatekjur verði 10 m.kr. á næsta ári. Gert er ráð fyrir að verja 250 m.kr. til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum. Áætlað er að hagnaður verði 852,5 m.kr. og að handbært fé stofnunarinnar verði 735,9 m.kr. í árslok og lækki um 271 m.kr. Reiknað er með arðgreiðslu í ríkissjóð að upphæð 1.000 m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

301 Íslenskar orkurannsóknir. Gert er ráð fyrir að umfang starfseminnar dragist enn saman á árinu 2011 og að ársveltan verði um 800 m.kr. í stað 950 m.kr. eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum 2010. Þó er rétt að vekja athygli á því að búast má við talsverðum sveiflum í rekstrartekjum fyrirtækisins frá ári til árs eftir markaðsaðstæðum. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið verði rekið með 40 m.kr. tapi á árinu. Fyrirtækið er jafnt og þétt að byggja upp tækjakost sinn til orku- og jarðrannsókna og gerir ráð fyrir að fjárfesta 30 m.kr. í slíkum búnaði. Afskriftir af tækjum og búnaði eru taldar nema 70 m.kr. Gert er ráð fyrir að afla verkefna erlendis vegna samdráttar innanlands. Það verður gert í gegnum hlutafélög í samstarfi við aðra og er því gert ráð fyrir að fjárfesta 40 m.kr. í hlutafé í slíkum félögum. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á rekstrartengdum eignum og skuldum. Handbært fé í ársbyrjun er áætlað um 90 m.kr. en gert er ráð fyrir að það lækki í 50 m.kr. í árslok 2011.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru settar fram fjárreiður lánastofnana í eigu ríkisins enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin.

Áætlað er að á árinu 2011 verði fjármunatekjur lánastofnana í C-hluta 73,8 mia.kr. samanborið við 90,5 mia.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og 110,8 mia.kr. í ríkisreikningi 2009. Lækkunin frá fjárlögum 2010 er 16,7 mia.kr. eða um 18,5%. Lækkun fjármunatekna er mest hjá Íbúðalánasjóði eða 19,4 mia.kr. en gert er ráð fyrir að fjármunatekjur Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækki um 3,2 mia.kr. Heildarfjármagnsgjöld eru áætluð 65,3 mia.kr. en eru 82,7 mia.kr. í fjárlögum 2010 og 103,2 mia.kr. í ríkisreikningi 2009. Lækkunin frá fjárlögum 2010 er 17,4 mia.kr. eða 21%. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru þannig töluvert lægri en í fjárlögum yfirstandandi árs, sem og í ríkisreikningi 2009. Lækkunin skýrist af því að í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir að verðbólga á árinu 2011 verði minni en reiknað var með á árinu 2010 við afgreiðslu fjárlaga þess árs. Þannig er í forsendum frumvarpsins reiknað með að vísitala neysluverðs hækki um 3,5% milli áranna 2010 og 2011 en verðlagsforsendur fjárlaga 2010 miðuðust við 5% hækkun vísitölunnar milli áranna 2009 og 2010. Þar sem veitt og tekin lán sjóðanna eru yfirleitt verðtryggð, eins og t.d. í tilviki Íbúðalánasjóðs, geta frávik verðlagsbreytinga frá forsendum fjárlaga og breytingar á verðlagi á milli ára valdið miklum sveiflum, bæði í fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum.

Framlög í afskriftasjóð útlána verða rúmir 6,3 mia.kr., eða um 10,1% af áætluðum heildarútlánum á árinu 2011, en í fjárlögum yfirstandandi árs nemur framlagið 6,7% af áætluðum útlánum ársins. Framlög úr A-hluta ríkissjóðs til rekstrar C-hluta sjóða eru áætluð tæpir 9,2 mia.kr. samanborið við 10 mia.kr. í fjárlögum 2010 og 8,3 mia.kr. í ríkisreikningi 2009. Munar þar mest um 8,3 mia.kr. framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna en framlag til sjóðsins lækkar um rúmar 700 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlag til Íbúðalánasjóðs lækkar um 77 m.kr. og framlag til Byggðastofnunar lækkar um 75 m.kr. auk þess sem framlag til Orkusjóðs lækkar um rúmar 6 m.kr. Aðrar rekstrartekjur næsta árs eru áætlaðar 486 m.kr. sem er hækkun um rúmar 240 m.kr. frá fjárlögum 2010. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 2.523 m.kr. sem er 102 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Áætlað er að C-hluta sjóðir verði reknir með um 9,3 mia.kr. hagnaði á árinu 2011, samanborið við 10,5 mia.kr. hagnað samkvæmt áætlun fjárlaga 2010 og 2,4 mia.kr. hagnaði í ríkisreikningi 2009. Mestur er hagnaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna 8,6 mia.kr. sem gengur til að viðhalda eiginfjárstöðu sjóðsins og standa undir framtíðarskuldbindingum hans. Hagnaður Íbúðalánasjóðs er áætlaður rúmar 700 m kr. Að teknu tilliti til liða sem ekki

hafa áhrif á sjóðstreymi og breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er áætlað að handbært fé frá rekstri C-hluta sjóða verði samtals 11,6 mia.kr. á árinu 2011. Það er 5,2 mia.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs en 1,6 mia.kr. lækkun miðað við reikning 2009.

Gert er ráð fyrir að veitt löng lán C-hluta sjóða á næsta ári verði samtals 62,8 mia.kr. Það er rúmlega 13,7 mia.kr., eða 17,9%, lægri lánveitingar en áætlaðar eru á fjárlögum 2010. Lánveitingar Íbúðalánasjóðs eru áætlaðar 43,1 mia.kr. þar af 20 mia.kr. til almennra íbúðalána og 23,1 mia.kr. til leiguíbúða. Reiknað með að í heild lækki lánveitingar Íbúðalánasjóðs um 12,4 mia.kr. Lánveitingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru áætlaðar 16,3 mia.kr. og lækka um 1,6 mia.kr. frá fjárlögum 2010. Þá er gert ráð fyrir að á árinu 2011 innheimti C-hluta sjóðir samtals 29,8 mia.kr. í afborganir af veittum löngum lánum en það er 0,5 mia.kr. lægri afborganir en áætlaðar eru á fjárlögum ársins í ár.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011
Fjármunatekjur	90.524,7	73.851,2
Fjármagnsgjöld	-82.707,6	-65.311,7
Framlög í afskriftasjóð útlána	-5.168,8	-6.330,8
Hreinar fjármunatekjur	**2.648,3**	**2.208,7**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	10.025,8	9.154,5
Aðrar rekstrartekjur	245,0	486,0
Önnur rekstrargjöld	-2.421,8	-2.523,3
Hagnaður (-tap)	**10.497,3**	**9.325,9**
Sjóðsstreymi:		
Hagnaður (-tap)	10.497,3	9.325,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-36.959,0	-20.407,9
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	43.285,0	22.687,0
Handbært fé frá rekstri	**16.823,3**	**11.605,0**
Veitt löng lán	-76.638,0	-62.774,0
Afborganir af veittum löngum lánum	30.305,0	29.789,8
Varanlegir rekstrarfjármunir	-131,0	-120,0
Áhættufjármunir, nettó	1.188,0	907,0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	**-45.276,0**	**-32.197,2**
Tekin löng lán	82.877,0	58.931,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-47.729,0	-45.362,0
Annað, nettó	-9.777,0	168,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**25.371,0**	**13.737,0**
Breyting á handbæru fé	-3.081,7	-6.855,2
Handbært fé í ársbyrjun	55.280,9	37.510,7
Handbært fé í árslok	52.199,2	30.655,5

Lántökur sjóða í C-hluta eru áætlaðar samtals 58,9 mia.kr. en það er lækkun um 24 mia.kr. frá áætlun fjárlaga 2010 og skýrist að mestu af minni útlánaþörf Íbúðalánasjóðs. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar rúmir 45,4 mia.kr. en eru 47,7 mia.kr. á fjárlögum yfirstandandi árs. Afföll af sölu verðbréfa Íbúðalánasjóðs árið 2011 eru áætluð rúmar 200 m.kr. en eru 10,3 mia.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs en ávöxtunarkrafa bréfanna hefur verið að færast mun nær vaxtastiginu en verið hefur undanfarin tvö ár og skýrir það þennan mikla mun. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til 500 m.kr. eiginfjárframlag eins og í fjárlögum 2010. Gangi framangreindar áætlanir eftir er gert ráð fyrir að handbært fé lánastofnana í C-hluta lækki um 6,9 mia.kr. á árinu 2011 og verði um 30,7 mia.kr. í árslok.

42 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, C-hluti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Útlán sjóðsins árið 2011 eru áætluð 16.300 m.kr. og lækka um 1.608 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2010 en hækka um 2.002,2 m.kr. frá ríkisreikningi 2009. Lækkun lánveitinga milli áranna 2010 og 2011 er tæp 9% sem skýrist að mestu af því að fjölgun lánþega samkvæmt forsendum fjárlaga 2010 reyndist minni en áætlanir gerðu ráð fyrir. Eins og á undanförnum árum er framlag A-hluta ríkissjóðs til sjóðsins á liðnum 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar á framlagsþörf. Framlag ríkissjóðs er 51% útlána eins og reiknað var með í fjárlögum 2010, auk framlags til að standa undir rekstri og vaxtastyrk til námsmanna, og er við það miðað í frumvarpinu. Framlag ríkissjóðs er samkvæmt þessu áætlað 8.272 m.kr. og lækkar um 713 m.kr. eða um 7,9% frá áætlun fjárlaga 2010. Af framlagi ríkissjóðs er áætlað að 281 m.kr. séu vegna vaxtastyrks og 308 m.kr. vegna rekstrar.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 11.925,7 m.kr., fjármagnsgjöld 7.580,7 m.kr. og framlög í afskriftasjóð útlána 3.459,8 m.kr. Hreinar fjármunatekjur eru samkvæmt þessu áætlaðar jákvæðar um 885,2 m.kr. en voru um 325,8 m.kr. á fjárlögum yfirstandandi árs og jákvæðar um 1.896,4 m.kr. í ríkisreikningi 2009. Miðað við framangreindar forsendur er áætlað að hagnaður sjóðsins verði 8.588,2 m.kr. og lækki um 88,6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Útlán sjóðsins eru verðtryggð og námu, að frádregnum afskriftareikningi, 117.931 m.kr. í árslok 2009.

Námslán eru vaxtalaus á námstíma en fylgja neysluverðsvísitölu og bera 1% vexti frá námslokum. Í árslok 2009 nam bókfært eigið fé sjóðsins 61.241 m.kr. Þar sem núvirði útlána í árslok var 31.624 m.kr. lægra en bókfært verðmæti þeirra, var núvirði eigin fjár 29.617 m.kr.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn innheimti 5.400 m.kr. í afborganir af veittum löngum lánum og er það óbreytt frá fjárlögum 2010. Áætlað er að verja 79 m.kr. til kaupa á

varanlegum rekstrarfjármunum. Þá er áætlað að sjóðurinn taki 12.600 m.kr. í löng lán og greiði 6.306 m.kr. í afborganir af teknum lánum. Gangi framagreindar forsendur hækkar handbært fé sjóðsins um 39,3 m.kr. á árinu og verður 489,1 m.kr. í árslok.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

Íbúðarlánasjóður

Fall bankanna og efnahagshrunið haustið 2008 hafði mikil skaðleg áhrif á efnahag og rekstur Íbúðalánasjóðs eins og annarra lánastofnana. Áhrifin hafa verið bæði bein og óbein. Fall bankanna veldur beinum áhrifum vegna krafna Íbúðalánasjóðs á þá en óbeinu áhrifin koma fram á lengri tíma í kjölfar áhrifa efnahagshrunsins á greiðslugetu lánþega, atvinnustig, fasteignaverð og efnahagslífið almennt og birtast í vaxandi vanskilum og töpuðum útlánum.

Þegar við fall bankanna árið 2008 varð ljóst að tap Íbúðalánasjóðs vegna lausafjáreigna sjóðsins og stöðu afleiðusamninga við fjármálafyrirtæki yrði mikið. Við ársuppgjör 2008 var eiginfjárhlutfallið þannig orðið 4,6% og því undir langtímamarkmiði sjóðsins sem er 5% samkvæmt. reglugerð 544/2004. Á árinu 2009 versnaði eiginfjárstaða sjóðsins enn frekar og var eiginfjárhlutfallið komið niður í 3% í lok ársins. Í kjölfar birtingar á ársuppgjöri hans ákvað félags- og tryggingamálaráðherra að skipa vinnuhóp, sem fjalla ætti um eiginfjárhlutfall sjóðsins og leggja fram tillögur um mögulegar aðgerðir til styrkingar þess ef þörf væri talin á slíku. Hópurinn hefur nú skilað áliti sínu en það hefur ekki verið gert opinbert og er það til umsagnar hjá Fjármálaeftirlitinu sem leggur mat á tillögurnar með tilliti til þeirra krafna sem það gerir til fjármálafyrirtækja.

Útlán Íbúðalánasjóðs á árinu 2011 eru áætluð 43,1 mia.kr. en eru 55,5 mia.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og nemur lækkunin milli ára rúmum 22%. Lántökur sjóðsins eru áætlaðar tæplega 43,3 mia.kr. á árinu 2011.

Gert er ráð fyrir að innheimtar afborganir af veittum löngum lánum og uppgreiðsla eldri lána nemi um 23,3 mia.kr. en það er nánast sama fjárhæð og á yfirstandandi ári. Afborganir sjóðsins af teknum löngum lánum eru áætlaðar 37,8 mia.kr. sem einnig er nánast sama fjárhæð og á yfirstandandi ári. Fjármunatekjur næsta árs eru áætlaðar 60,2 mia.kr. en þær voru áætlaðar 79,6 mia.kr. í fjárlögum 2010. Fjármagnsgjöld eru áætluð 57 mia.kr. en í fjárlögum yfirstandandi árs voru þau áætluð 76,5 mia.kr. Breytingin milli ára liggur í lægri verðbólguspá samanborið við spá fjárlaga 2010 en í forsendum fjárlaga 2010 var reiknað með 5% verðbólgu en gert er ráð fyrir um 2,3% verðbólgu á árinu 2011. Áætlað er að leggja 2 mia.kr. í afskriftasjóð útlána.

Hreinar fjármunatekjur verða um 1,2 mia.kr. og hagnaður ársins rúmar 700 m.kr. Rekstrartekjur sjóðsins eru áætlaðar 297 m.kr. en þær voru áætlaðar 210 m.kr. í

fjárlögum 2010. Hækkunin nemur 41%. Rekstrargjöld næsta árs eru áætluð 1.346 m.kr. sem er 16% hækkun frá 2010. Við gerð fjárlagatillagna fyrir árið 2011 var sama vinnulag viðhaft og fyrir árið 2010. Heildaráætlun er gerð fyrir Íbúðalánasjóð og öðrum liðum en útlánum skipt á einstök fjárlaganúmer í hlutfalli við heildarútlánin. Er þetta gert þar sem sjóðnum er ekki skipt upp í rekstri eftir fjárlaganúmerum heldur rekin sem ein óskipt heild. Af þessum sökum geta hlutföll milli einstakra liða verið nokkur önnur en fyrri ár og því ekki samanburðarhæf.

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild. Fjármunatekjur húsbréfadeildar á árinu 2011 eru áætlaðar 11,4 mia.kr. og fjármagnsgjöld 10,8 mia.kr. Framlag í afskriftarsjóð útlána eru 392 m.kr. og hreinar fjármunatekjur því 226 m.kr. Rekstrartekjur eru áætlaðar 56 m.kr., rekstrargjöldin 120 m.kr. og hagnaður ársins 162 m.kr. Innheimtar afborganir veittra lána eru áætlaðar 4,4 mia.kr. og afborganir sjóðsins af útgefnum húsbréfum og endurfjármögnunarbréfum er áætlaðar 7,1 mia.kr. Reiknað er með að handbært fé minnki um 1,3 mia.kr. og verði 5,3 mia.kr. í árslok 2011.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir og aðrir lánaflokkar. Heildarlánveitingar til leiguíbúða og annarra lánflokka á næsta ári eru áætlaðar 23,1 mia.kr. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að veitt verði lán til 150 leiguíbúða sem er óbreyttur fjöldi lána frá yfirstandandi ári. Miðað er við að meðallán til þessara íbúða verði um 20 m.kr. og áætluð heildarútlán verði um 3 mia.kr. Til niðurgreiðslu vaxta vegna leiguíbúða eru ætlaðar 565 m.kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrr að lána allt að 8,5 mia.kr. til almennra leiguíbúða á vöxtum sem taka mið af fjármögnunarkostnaði Íbúðalánasjóðs hverju sinni. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 3,5 mia.kr. til eftirtaldra verkefna: lán til byggingar þjónustumiðstöðva aldraðra; lán til bygginga og kaupa á sambýlum fyrir fatlaða; lán til meiriháttar utanhússviðgerða á félagslegum íbúðum; lán fyrir einstaklinga með sérþarfir; til að lána og styrkja til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði og lán til vistheimila fyrir börn og unglinga. Loks er gert ráð fyrir að lána allt að 8,1 mia.kr. til skuldbreytinga á vanskilum og til að mæta minnkandi innstreymi vegna lenginga á lánstíma og frystingar á þegar veittum lánum. Reiknað er með að lántökur deildarinnar verði rúmir 23 mia. kr. og afborganir af teknum lánum 7 mia.kr. Handbært fé deildarinnar í árslok er áætlað 5,6 mia.kr.

211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán. Með breytingum, sem gerðar voru á lögum um húsnæðismál í desember 2004 var veitingu viðbótarlána hætt. Í frumvarpinu er því hvorki gert ráð fyrir nýjum lánveitingum eða lántökum í tengslum við lánaflokkinn. Sjóðsstaða er áætluð jákvæð um 380 m.kr. í árlok 2011 og er það 95 m.kr. lækkun frá áætlaðri sjóðsstöðu í árslok 2010.

215 Íbúðalánasjóður, byggingasjóður ríkisins og verkamanna. Sjóðirnir hafa ekki stundað útlánastarfsemi síðan Íbúðalánasjóður tók til starfa. Því er hvorki gert ráð fyrir nýjum lánveitingum eða lántökum vegna þeirra. Áætlað er að á árinu 2011 verði 85 m.kr. hagnaður af starfsemi sjóðanna. Reiknað er með að sjóðstaða þeirra versni um 1,9 mia. kr. og verði tæpir 2,8 mia.kr. í árslok 2011.

219 Íbúðalánasjóður, almenn íbúðalán. Áætlað er að á árinu 2011 muni fjármunatekjur vegna almennra íbúðalána nema um 30,9 mia.kr. Fjármagnsgjöldin eru áætluð um 29,2 mia.kr. Áætlað er að leggja 1,1 mia.kr. í afskriftasjóð útlána. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar 612 m.kr. og hagnaður ársins 14 m.kr. Gert er ráð fyrir að á næsta ári nemi ný almenn íbúðalán 20 mia.kr. Lántökur á næsta ári eru áætlaðar um 20,1 mia.kr. Umtalsverð lækkun er á áætluðum nýjum útlánum og lántökum sjóðsins samanborið við fyrra ár. Það má rekja til minni umsvifa á fasteignamarkaði. Í áætlunum er reiknað með svipuðu vaxtastigi á verðbréfamarkaði á árinu 2011 og á yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að handbært fé deildarinnar verði 14,1 mia. kr. í árslok 2011.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Hann fjárfestir í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum og tekur því meiri áhættu en aðrar lánastofnanir ríkisins. Innan sjóðsins er rekin Tryggingardeild útflutnings sem veitir tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning. Gert er ráð fyrir að fjármunatekjur sjóðsins verði 200 m.kr. á árinu 2011 og eru þær 103 m.kr. lægri frá fjárlögum 2010 en 43,8 m.kr. lægri en árið 2009. Ráðgert er að leggja 200 m.kr. í afskriftarsjóð. Rekstrarkostnaður skrifstofu sjóðsins er áætlaður 130 m.kr. en það er 1,2 m.kr. hærri kostnaður en árið 2009. Gert er ráð fyrir 6 m.kr. tapi á rekstri sjóðsins en árið 2009 var hagnaður af rekstri sjóðsins 13 m.kr. en þá voru lagðar 246,7 m.kr. í afskriftasjóð. Á árinu 2008 var undirritað samkomulag milli Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og fjármálaráðuneytis um greiðslur stofnfjárframlaga til sjóðsins. Var gert ráð fyrir að sjóðnum yrði veitt 1.500 m.kr. framlag á árunum 2007–2009 í samræmi við lög nr. 133/2005 um ráðstöfun á söluandvirði Landsíma Íslands. Var gert ráð fyrir að það framlag kæmi til viðbótar 1.000 m.kr. framlagi til sjóðsins sem veitt var á árinu 2006 í samræmi við sömu lög. Á árinu 2008 var samlagsfélagið Frumtak stofnað þar sem Nýsköpunarsjóður skuldbatt sig til að greiða 1.500 m.kr. og aðrir fjárfestar tæpar 2.600 m.kr. en tilgangur félagsins er m.a. annars að fjárfesta í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Á árunum 2007–2009 hafa um 462,8 m.kr. verið greiddar út úr ríkissjóði vegna þessa og gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði 500 m.kr. í fjárlögum 2010 og 500 m.kr. á árinu 2011 samkvæmt

áætlunum um greiðsluskyldu sjóðsins. Gangi það eftir hefur ríkissjóður greitt í árslok 2011 1.462,8 m.kr. af þeim 1.500 m.kr. sem fyrrgreint samkomulag gerði ráð fyrir. Verði það raunin mun handbært fé sjóðsins í árslok 2011 verða um 1.206 m.kr.

371 ***Orkusjóður. Meginhlutverk.*** Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Sjóðurinn veitir lán til jarðhitaleitar, þar sem hagkvæmt þykir, með það að markmiði að draga úr kostnaði við upphitun húsnæðis. Einnig veitir hann styrki til þróunarverkefna, rannsókna og fræðslu til að stuðla að minni notkun á jarðefnaeldsneyti. Lagt er til að sjóðurinn fái 30,5 m.kr. rekstrarframlag frá A-hluta ríkissjóðs af liðnum 11-371 Orkusjóður. Miðað er við að framlagið og hreinar fjármunatekjur að fjárhæð 11,5 m.kr. standi undir rekstrarútgjöldum sjóðsins. Reiknað er með 25 m.kr. útlánum úr sjóðnum á árinu 2011. Gert er ráð fyrir að handbært fé sjóðsins verði 87,1 m.kr. í árslok.

411 ***Byggðastofnun.*** Stærsti hluti af tekjum stofnunarinnar kemur af fjármagnstekjum en þær eru áætlaðar 1.500 m.kr. árið 2011. Á móti koma 775 m.kr. fjármagnsgjöld og 600 m.kr. framlög í afskriftasjóð útlána en það er um 20% af áætluðum nýjum útlánum stofnunarinnar á árinu. Árið 2009 voru 3.721 m.kr. settar á afskriftareikning sem varúðarframlag til að mæta fyrirsjáanlegum töpum á útlánastarfsemi. Gert er ráð fyrir 287 m.kr. framlagi úr ríkissjóði sem er 74,4 m.kr. lægri upphæð en í fjárlögum 2010. Skýrist það fyrst og fremst af hagræðingu í ríkisrekstri. Af framlaginu er gert ráð fyrir 146,8 m.kr. til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni sem er lækkun um 8,6 m.kr. frá fjárlögum 2010 og 140,2 m.kr. til almenns rekstrar stofnunarinnar sem er lækkun um 70,1 m.kr. Gert er ráð fyrir að veita 3.000 m.kr. í ný lán en það er sama fjárhæð og gert var ráð fyrir í gildandi fjárlögum. Áætlað er að innheimta 1.000 m.kr. í afborganir af veittum lánum og greiða 1.300 m.kr. í afborganir af teknum lánum. Gert er ráð fyrir að taka 3.000 m.kr. í nýjum lánum sem er jafn mikið og er í gildandi fjárlögum. Gangi framangreint eftir er áætlað að handbært fé stofnunarinnar verði 685,8 m.kr. í árslok 2011.

6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum hjá A-hluta ríkissjóðs, ríkisfyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og öðrum aðilum sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins.

6.1 Horfur fyrir árið 2010

Horfur eru á að á árinu 2010 verði hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs neikvæður um 221,3 mia.kr. þar sem reiknað er með að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 88 mia.kr. og fjármunahreyfingar neikvæðar um 133,3 mia.kr. Við afgreiðslu á fjárlögum 2010 var áætlað að hreinn lánsfjárjöfnuður yrði neikvæður um 337,3 mia.kr. og er því nú áætlað að hreinn lánsfjárjöfnuður lækki um 116 mia.kr. frá fjárlögum. Minni lánsfjárþörf skýrist í fyrsta lagi af meiri afborgunum af veittum lánum ríkissjóðs þar sem horfur eru á að þær verði samtals 96 mia.kr. eða 75,5 mia.kr. meiri en í fjárlögum. Aukninguna má í fyrsta lagi rekja til 56,9 mia.kr. lækkunar á gjaldeyrisforðaláni til Seðlabanka Íslands eftir að ríkissjóður keypti upp samsvarandi skuldir vegna lána á gjalddaga 2011 og 24,6 mia.kr. lækkunar vegna sams konar uppkaupa sem áformuð eru í ár en á móti koma 6 mia.kr. minni afborganir en ætlað var vegna sölu bygginga á Keflavíkurflugvelli sem fram fór í október 2007. Í öðru lagi er nú áætlað að lánveitingar ríkissjóðs verði alls 203,5 mia.kr. eða 29,6 mia.kr. minni en í fjárlögum. Reiknað er með að lánveitingar ríkissjóðs til Seðlabankans til að styrkja gjaldeyrisvaraforða bankans jafngildi 188,4 mia.kr., sem er 31,6 mia.kr. minni lánveiting en áætluð er í fjárlögum, og að lán til Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði 11,5 mia.kr. sem er 1,6 mia.kr. minna en í fjárlögum. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að ríkissjóður veiti allt að 3,6 mia.kr. viðbótarlán til Arion banka hf. í samræmi við endanlegt mat á áhættugrunni bankans og samkomulag við skilanefnd Kaupþings hf. um yfirtöku nefndarinnar f.h. kröfuhafa á 87% eignarhlut í bankanum. Í þriðja lagi er nú reiknað með að eiginfjárframlög ríkissjóðs verði alls 26 mia.kr. sem er 4 mia.kr. meiri framlög en í fjárlögum. Loks er í fjórða lagi reiknað með að handbært fé frá rekstri verði 15 mia.kr. meira en í fjárlögum.

Lántökur ríkissjóðs eru áætlaðar 370 mia.kr., sem er 70 mia.kr. minni lántaka en gert er ráð fyrir í fjárlögum, og reiknað er með að ríkissjóður greiði 235 mia.kr. í afborganir af teknum lánum, sem er 100 mia.kr. meira en áætlað er í fjárlögum. Lántökur umfram afborganir af teknum lánum verða þá 135 mia.kr. Samkvæmt því minnkar handbært fé um 86,3 m.kr. og staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands versnar sem því nemur.

Lántökur árið 2010. Eins og áður sagði er reiknað með að á árinu 2010 verði heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs 370 mia.kr. en í fjárlögum eru lántökur áætlaðar 440 mia.kr. sem skiptast jafnt í innlend og erlend lán. Nú er reiknað með að innlendar lántökur

verði 230 mia.kr. og erlendar lántökur jafngildi 140 mia.kr. Lækka því erlendar lántökur um 80 mia.kr. frá áætlun fjárlaga en innlendar aukast um 10 mia.kr. Við afgreiðslu fjárlaga 2010 var áætlað að ríkissjóður myndi fullnýta lánalínur frá Norðurlöndum og Póllandi í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að jafngildi 220 mia.kr. til að efla gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Var þar um að ræða eftirstöðvar af 1. hluta ásamt 2., 3. og 4. hluta af lánum Norðurlandanna og lán frá Póllandi. Nú er hins vegar reiknað með að í ár verði þessar lántökur 76 mia.kr., eða 144 mia.kr. minni en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga og að einungis verði teknar eftirstöðvar af 1. hluta og 2. hluti af lánum Norðurlandanna og 1. hluti af láni Póllands. Til viðbótar þessari 76 mia.kr. lántöku kemur 64 mia.kr. lántaka vegna kaupa ríkissjóðs á skuldabréfum Avens B.V. Í maí sl. gerði ríkissjóður samkomulag við Seðlabankann í Lúxemborg um kaup á þessum bréfum þar sem að baki voru íbúðabréf og ríkisbréf ásamt reiðufé, og greiddi ríkissjóður fyrir þessar eignir með skuldabréfi að fjárhæð 401,5 milljónir evra, jafngildi um 64 mia.kr., auk 35 milljóna evra og 5 mia.kr. í reiðufé. Nánar er vikið að þessum viðskiptum í undirkafla 6.4 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs.

Eins og áður sagði er reiknað með að í ár muni ríkissjóður greiða 235 mia.kr. í afborganir af teknum lánum, sem er 100 mia.kr. meiri afborganir en áætlaðar eru í fjárlögum. Hækkun afborgana skýrist að stærstum hluta af uppkaupum ríkissjóðs á evruskuldabréfum á gjalddaga 2011 og 2012 fyrir rúma 88 mia.kr. og 5 mia.kr. afborgun af skuldabréfi vegna kaupa á eignum Avens B.V.

Reiknað er með að í ár nemi lántökur ríkisfyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar samtals 80,4 mia.kr. og að afborganir þessara aðila af teknum lánum verði 65,6 mia.kr. Nettólántökur þeirra verða samkvæmt því 14,8 mia.kr., eða 12,2 mia.kr. minni en í fjárlögum. Horfur eru á að lántökur Íbúðalánasjóðs verði 3,4 mia.kr. minni en í fjárlögum og að sjóðurinn greiði 4,3 mia.kr. minna í afborganir af teknum lánum. Reiknað er með að lántökur Landsvirkjunar verði 7 mia.kr. innan heimildar fjárlaga og að fyrirtækið greiði 3,5 mia.kr. meira í afborganir af teknum lánum en þar var reiknað með. Ekki er reiknað með að Byggðastofnun taki nein ný lán í ár en stofnunin hefur 4 mia.kr. lántökuheimild í fjárlögum og horfur eru á að stofnunin greiði 1,4 mia.kr. minna í afborganir af teknum lánum en gert er ráð fyrir í fjárlögum.

Í heildina tekið er því reiknað með að í ár verði hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs 135 mia.kr. og hrein lánsfjárþörf fyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar alls 14,8 mia.kr. Samtals eru það 149,8 mia.kr. eða sem nemur 9,3% af vergri landsframleiðslu. Að frátalinni 140 mia.kr. lántöku til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans nemur hrein lánsfjárþörf 9,8 mia.kr., eða 0,6% af vergri landsframleiðslu.

6.2 Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2011

Áætlað er að á árinu 2011 verði heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar samtals 343,3 mia.kr. Afborganir þessara aðila af teknum

lánum eru áætlaðar 309,1 mia.kr. og er hrein lánsfjárþörf þeirra á næsta ári því áætluð 34,2 mia.kr. Reiknað er með að ríkissjóður muni taka 267 mia.kr. að láni og greiða 235 mia.kr. í afborganir af teknum lánum. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 2011 er því áætluð 32 mia.kr., eða 103 mia.kr. minni en horfur eru á fyrir árið í ár. Minni lánsfjárþörf á næsta ári skýrist annars vegar af minni þörf ríkissjóðs fyrir rekstrarlán þar sem áætlað er að staða handbærs fjár frá rekstri verði 40,6 mia.kr. betri á næsta ári en í ár og hins vegar af 128,5 mia.kr. minna fjárútstreymi í gegnum fjármunahreyfingar. Þá er miðað við að á næst ári verði minna gengið á inneign ríkissjóðs í Seðlabankanum, eða 20,1 mia.kr. samanborið við 86,3 mia.kr. í ár.

Lántökur fyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar eru áætlaðar 76,3 mia.kr. og afborganir tekinna lána 74,1 mia.kr. Hrein lánsfjáraukning þessara aðila er því áætluð 2,2 mia.kr. en það er 12,6 mia.kr. minni aukning en útlit er fyrir í ár. Munar þar mest um 23 mia.kr. minni nettólántökur Íbúðalánasjóðs á móti 3,9 mia.kr. hærri nettólántökum Byggðastofnunar og 6,5 m.kr. meiri nettólántökum Landsvirkjunar. Nánari grein er gerð fyrir lántökuáformun einstakra fyrirtækja og sjóða aftast í þessum kafla.

Á næsta ári er því reiknað með 32 mia.kr. hreinni lánsfjárþörf hjá A-hluta ríkissjóðs og 2,2 mia.kr. hjá fyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og Landsvirkjun. Hrein lánsfjárþörf þessara aðila er því áætluð samtals 34,2 mia.kr. eða sem nemur um 2% af vergri landsframleiðslu.

	Horfur 2010			Frumvarp 2011		
Í milljörðum króna	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	**298,4**	**152,0**	**450,4**	**-**	**-**	**343,3**
Ríki	292,4	140,0	**432,4**	-	-	**313,3**
A-hluti	230,0	140,0	**370,0**	-	-	**267,0**
B- og C-hluti	62,4	0,0	**62,4**	-	-	**46,3**
Landsvirkjun	6,0	12,0	**18,0**	-	-	**30,0**
Afborganir	**178,1**	**122,5**	**300,6**	**-**	**-**	**309,1**
Ríki	176,9	94,2	**271,1**	-	-	**274,1**
A-hluti	142,0	93,0	**235,0**	-	-	**235,0**
B- og C-hluti	34,9	1,2	**36,1**	-	-	**39,1**
Landsvirkjun	1,2	28,3	**29,5**	-	-	**35,0**
Hrein lánsfjárþörf	**120,3**	**29,5**	**149,8**	**-**	**-**	**34,2**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	**7,5%**	**1,8%**	**9,3%**	**-**	**-**	**2,0%**

6.3 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs

Gert er ráð fyrir að á árinu 2011 verði tekjujöfnuður A-hluta ríkissjóðs neikvæður um 36,4 mia.kr. og horfur eru á að í ár verði tekjujöfnuður neikvæður um 74,5 mia.kr. Er því gert ráð fyrir að afkoman batni um 38,1 mia.kr. milli ára og endurspeglar afkomubatinn áætlun um mikla lækkun ríkisútgjalda á næsta ári, í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar

um jöfnuð í ríkisfjármálum, samfara nokkurri hækkun tekna. Reiknað er með að á rekstrargrunni lækki gjöld um 31,5 mia.kr. og tekjur aukist um 6,6 mia.kr. Á greiðslugrunni lækka gjöld um 33,5 mia.kr. og tekjur aukast um 7,1 mia.kr. Handbært fé frá rekstri eykst því um 40,6 mia.kr. milli ára.

Áætlað er að á árinu 2011 verði hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs neikvæður um 52,1 mia.kr. þar sem reiknað er með að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 47,3 mia.kr. og fjármunahreyfingar neikvæðar um 4,8 mia.kr. Til samanburðar eru horfur á að í ár verði hreinn lánsfjárjöfnuður neikvæður um 221,3 mia.kr. Betri staða á næsta ári skýrist aðallega af því að gert er ráð fyrir minni þörf ríkissjóðs fyrir rekstrarlán, enda batnar staða handbærs fjár frá rekstri, og til muna dregur úr lánveitingum umfram afborganir af veittum lánum auk þess sem gert er ráð fyrir verulegri lækkun á eiginfjárframlögum ríkissjóðs.

M.kr.	Horfur 2010	Frumvarp 2011
Handbært fé frá rekstri	**-87.951**	**-47.307**
Fjármunahreyfingar:		
Veitt lög lán	-203.500	-12.600
Afborganir veittra lána	96.000	8.600
Hlutabréfakaup og eiginfjárframlög	-26.000	-1.000
Sala hlutabréfa og eignarhluta	200	200
Fjármunahreyfingar samtals	**-133.300**	**-4.800**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-221.251**	**-52.107**
Fjármögnun:		
Tekin lög lán	370.000	267.000
Afborganir af teknum lánum	-235.000	-235.000
Fjármögnun samtals	**135.000**	**32.000**
Breyting á handbæru fé	**-86.251**	**-20.107**

Reiknað er með að fjármunahreyfingar næsta árs verði í heild neikvæðar um 4,8 mia.kr. en neikvæðar um 133,3 mia.kr. í ár, og dregur því út nettóútstreymi um 128,5 mia.kr. milli ára. Minnkun útstreymis er í stórum dráttum af þrennum toga. Í fyrsta lagi af því að í ár er reiknað með að ríkissjóður veiti Seðlabankanum jafngildi 188,4 mia.kr. í ný gjaldeyrisforðalán. Á næsta ári er hins vegar reiknað með að framlengt verði gjaldeyrisforðalánunum sem ríkissjóður veitti Seðlabanka Íslands á árunum 2006 og 2008 og eru á gjalddaga á næsta ári og nettast því innheimtar afborganir og lánveitingar út. Í öðru lagi af því að í ár er reiknað með uppkaupum erlendra skulda fyrir rúmlega 81 mia.kr. Í þriðja lagi er reiknað með að fjármögnun sparisjóðakerfisins ljúki í ár og er þar gert ráð fyrir 20 mia.kr. framlögum, auk þess sem önnur eiginfjárframlög eru áætluð 6 mia.kr. en aðeins 1 mia.kr. á næsta ári. Hreinn lánsfjárjöfnuður verður samkvæmt þessu neikvæður um

52,1 mia.kr. á árinu 2011. Á móti koma lántökur ríkissjóðs sem áætlað er að verði 32 mia.kr. umfram afborganir af teknum lánum. Gangi þetta eftir minnkar handbært fé um 20,1 mia.kr. á næsta ári og versnar staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands sem því nemur.

Handbært fé frá rekstri. Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Horfur eru á að í ár verði handbært fé frá rekstri neikvætt um tæpa 88 mia.kr. en á árinu 2011 neikvætt um 47,3 mia.kr. Breyting milli ára er jákvæð um 40,6 mia.kr. og skýrist eins og áður hefur komið fram aðallega af lækkun útgjalda en einnig af auknum tekjum.

Veitt löng lán. Í 2. tl. 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild til 12,6 mia.kr. lánveitinga úr ríkissjóði til lengri tíma en eins árs og er þar um að ræða heimild vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Veitt lán í ár eru áætluð samtals 203,5 mia.kr. og samkvæmt því lækka lánveitingar milli ára um 190,9 mia.kr. Lækkun milli ára skýrist aðallega af því að reiknað með að í ár veiti ríkissjóður Seðlabanka Íslands jafngildi 188,4 mia.kr. í gjaldeyrisforðalán auk þess að veita Arion banka hf. víkjandi lán allt að 3,6 mia.kr. í samræmi við endanlegt mat á áhættugrunni bankans. Á næsta ári er áformuð erlend lántaka til að endurfjármagna gjaldeyrisforðalán sem ríkissjóður veitti Seðlabanka Íslands á árunum 2006 og 2008 og að þessum lánum ríkissjóðs til bankans verði framlengt.

Afborganir veittra lána. Horfur eru á að í ár nemi innheimtar afborganir veittra lána 96 mia.kr. og áætlað er að á árinu 2011 verði afborganir 8,6 mia.kr. Lækkun milli ára er 87,4 mia.kr. Munar þar mest um að á þessu ári er keyptur upp hluti af erlendu láni sem ríkissjóður tók á árinu 2006 og veitti áfram til Seðlabankans til styrkingar á gjaldeyrisforða bankans. Við uppkaup skuldanna lækka veitt lán til Seðlabanka tilsvarandi, eða um 81,5 mia.kr. Á þessu ári féll einnig í gjalddaga 6,5 mia.kr. lokaafborgun af 32 mia.kr. láni sem bankinn fékk hjá ríkissjóði á árinu 2005 þegar hluti af söluandvirði Landssíma Íslands hf. var ávaxtaður hjá bankanum í skuldabréfum. Afborganir Lánasjóðs íslenskra námsmanna á næsta ári eru áætlaðar 6,3 mia.kr. og hækka um 0,4 mia.kr. milli ára. Aðrar smærri afborganir eru áætlaðar samtals um 2,3 mia.kr.

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Undir þennan lið falla eiginfjárframlög og kaup á eignarhlutum í félögum sem færðir eru í efnahagsreikning ríkissjóðs. Við afgreiðslu fjárlaga í desember í fyrra var reiknað með að ríkið kynni að þurfa að leggja sparisjóðkerfinu til allt að 20 mia.kr. í eiginfjárframlög. Enn er óvíst um niðurstöðu þeirra mála en viðræður standa yfir og vonir standa til að þeim ljúki fljótlega. Fyrr á þessu ári lagði ríkissjóður 3,6 mia.kr. eiginfjárframlag til Byggðastofnunar og reiknað er með að ríkissjóður taki þátt í hlutafjáraukningu í Farice ehf. með allt að 1,5 mia.kr. framlagi en ekki

varð af fyrirhugaðri hlutafjáraukningu á árinu 2009. Hvað næsta ár varðar þá er í frumvarpinu áætlað fyrir samtals 1 mia.kr. í hlutafjárkaup og eiginfjárframlög ríkissjóðs. Ber þar hæst 500 m.kr. framlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins vegna skuldbindinga Nýsköpunarsjóðs við samlagssjóði sem sjóðurinn stofnaði með lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum á grundvelli 2. mgr. 5. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landsíma Íslands hf. Í heild er framlag ríkissjóðs 1.500 m.kr. og áætlað hefur verið fyrir 500 m.kr. árlegu framlagi í fjárlögum 2007–2010. Greiðslur hafa þó ekki verið jafn örar og upphaflega var reiknað með og nema þær tæpum 624 m.kr. frá 2007 til ágústloka 2010. Er því enn áætlað fyrir eiginfjárframlagi til Nýsköpunarsjóðsins í þessu frumvarpi, en um greiðslurnar fer eftir samkomulagi fjármálaráðuneytis og sjóðsins frá 29. desember 2008. Framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar er áætlað 235 m.kr. en önnur framlög eru smærri. Í júní sl. samþykkti bankaráð Norræna fjárfestingarbankans að auka hlutafé bankans um 2 milljarða evra. frá og með 1. janúar 2011 og verður þá heildarhlutafé samkvæmt samþykktum bankans rúmlega 6,1 milljarðar evra. Samþykktin er með fyrirvara um að nauðsynlegra heimilda til hennar hafi þá verið aflað í aðildarríkjunum. Hlutur Íslands í hlutafjáraukningunni nemur tæpum 19,5 milljónum evra, eða sem svarar til u.þ.b. 3 milljarða íslenskra króna, og gert er ráð fyrir að sótt verði um heimild til hennar í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2010. Við hlutafjáraukninguna lækkar hlutfall innborgaðs hlutafjár af heildarhlutafé bankans úr 10,1% í 6,8% en um innköllun hlutafjárloforða fer eftir því sem bankastjórnin telur nauðsynlegt til að standa við skuldbindingar bankans. Engin ákvörðun um innköllun liggur fyrir og ekki er reiknað með greiðslu á hlutafjárframlagi til bankans í þessu frumvarpi. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir helstu eiginfjárframlög og áform þar um í ár og á næsta ári.

M.kr.	Áætlun 2010	Frumvarp 2011
Sparisjóðir	20.000,0	0,0
Byggðastofnun	3.600,0	0,0
Eignarhaldsfélagið Farice ehf.	1.500,0	0,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	500,0	500,0
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	234,0	235,0
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	18,0	15,0
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	5,0	5,0
Önnur hluta- og stofnfjárframlög	143,0	245,0
Samtals	**26.000,0**	**1.000,0**

Sala hlutabréfa og eignarhluta. Í frumvarpinu er ekki reiknað með sölu á tilteknum eignarhlutum ríkissjóðs í félögum. Eingöngu er gert ráð fyrir 200 m.kr. tekjum af sölu smærri eignarhluta.

Hreinn lánsfjárjöfnuður. Áætlað er að hreinn lánsfjárjöfnuður verði neikvæður um tæpa 221,3 mia.kr. í ár og neikvæður um 52,1 mia.kr. á næsta ári. Breyting milli áranna er 169,1 mia.kr. til hækkunar á hreinum lánsfjárjöfnuði og skýrist af 40,6 mia.kr. hækkun á handbæru fé frá rekstri og 128,5 mia.kr. minna útstreymi í gegnum fjármunahreyfingar eins og áður hefur verið rakið.

Lántökur A-hluta ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir 267 mia.kr. lántökum ríkissjóðs á árinu 2011 og í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild fyrir fjármálaráðherra til að taka þá fjárhæð að láni fyrir hönd ríkissjóðs. Lántökur á yfirstandandi ári eru áætlaðar 370 mia.kr. og er því áætlað að lántökur á næsta ári verði 103 mia.kr. minni en í ár. Eins og áður hefur verið rakið er minni lánsfjárþörf tilkomin vegna bættri stöðu handbærs fjár frá rekstri, minni lánveitingum umfram afborganir af veittum lánum og minni eiginfjárframlögum.

Afborganir af teknum lánum. Áætlað er að á árinu 2011 greiði ríkissjóður 235 mia.kr. í afborganir af teknum lánum og jafn mikið í ár. Er því reiknað með að á þessum tveimur árum aukist skuldir ríkissjóðs um 167 mia.kr. að nafnverði.

6.4 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs

Taflan hér á eftir gefur yfirlit um langtímaskuldir, kröfur og eignahluti ríkissjóðs í árslok 2009 og áætlaðar stöður í árslok 2010 og 2011 á verðlagi í lok hvers árs, sbr. einnig nánari sundurliðun í töflu 9 um eignir og skuldir ríkissjóðs í töfluviðauka fyrra heftis frumvarpsins.

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	Árslok 2009	Áætlun 2010	Frumvarp 2011
Skuldir ríkissjóðs	**1.176.437**	**1.285.200**	**1.329.100**
Ríkisbréf og ríkisvíxlar	438.206	496.200	533.100
Skuldabréf vegna endurfjármögnunar Seðlabanka Íslands	159.309	165.700	171.200
Skuldabréf vegna eiginfjárframlaga til fjármálastofnana	186.479	210.000	210.000
Aðrir innlendar langtímaskuldir	35.859	35.700	35.100
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	281.270	314.300	314.100
Aðrar erlendar langtímaskuldir	75.314	63.300	65.600
Kröfur ríkissjóðs	**437.191**	**532.500**	**548.600**
Veitt lán	137.439	134.500	140.800
Vegna gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	223.904	319.900	326.100
Viðskiptareikningar, nettó	75.848	78.100	81.700
Hreinar lántökur ríkissjóðs	**739.246**	**752.700**	**780.500**
Handbært fé, nettó	226.456	141.200	121.100
Hrein staða ríkissjóðs	**-512.790**	**-611.500**	**-659.400**
Hlutafé, eignarhlutir og stofnfé	334.056	359.900	360.700
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	**-178.734**	**-251.600**	**-298.700**

Samkvæmt ríkisreikningi námu skuldir ríkissjóðs 1.176,4 mia.kr. í árslok 2009 og áætlað er að skuldirnar verði 1.285,2 mia.kr. í árslok 2010 og 1.329,1 mia.kr. í árslok 2011. Hreinar lántökur ríkissjóðs námu hins vegar 739,2 mia.kr. í árslok 2009 og áætlað er að hreinar lántökur verði 752,7 mia.kr. í árslok 2010 og 780,5 mia.kr. í árslok 2011.

Halla á rekstri ríkissjóðs og afborgunum af teknum lánum á árunum 2010 og 2011 verður mætt með útgáfu ríkisskuldabréfa og með því að draga á innistæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Horfur eru á að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um næstum 88 mia.kr. í ár og neikvætt um 47,3 mia.kr. á árinu 2011. Útgáfa ríkisverðbréfa umfram innlausn verður því hvað mest á yfirstandandi ári. Samkvæmt áætlun frumvarpsins eykst staða ríkisbréfa og ríkisvíxla um 95 mia.kr. milli ársloka 2009 og 2011. Kjör í útboðum á árinu 2010 hafa verið ríkissjóði hagfelld og er nú svo komið að vextir í útboðum hafa aldrei verið jafn lágir. Fer þar saman mikil eftirspurn eftir ríkistryggðum skuldabréfum og vaxtalækkunarferli Seðlabanka Íslands.

Með samkomulagi sem gert var í byrjun árs 2009 og tók gildi í árslok 2008 framseldi Seðlabanki Íslands til ríkissjóðs samtals 345 mia.kr. kröfur sem bankinn hafði tekið sem tryggingar fyrir veð- og daglánum sem hann hafði veitt fjármálafyrirtækjum í samræmi við hlutverk sitt sem seðlabanki. Tilgangur samkomulagsins var að tryggja bankanum viðunandi eiginfjárstöðu. Ríkissjóður keypti tryggingabréfin og lét í staðinn 270 mia.kr. verðtryggt ríkisskuldabréf. Skuldabréfið er með einni afborgun í lok lánstíma í ársbyrjun 2014 og ber 2,5% vexti. Með samkomulagi sem tók gildi í árslok 2009 framseldi ríkissjóður kröfurnar ásamt kröfum vegna verðbréfalána ríkissjóðs til Seðlabanka gegn lækkun skuldabréfsins fyrir um 134 mia.kr. Staða skuldabréfsins nam í árslok 2009 159,3 mia.kr. og verður staða þess um 171,2 mia.kr. í árslok 2011.

Í árslok 2010 er gert ráð fyrir því að eiginfjárframlag ríkisins til fjármálastofnana nemi 210 mia.kr. en 186,5 mia.kr. eru bókfærðir vegna þessa í árslok 2009. Er þá meðtalið framlag til Byggðastofnunar að fjárhæð 3,6 mia.kr. sem greitt var í júní sl. en að auki er gert ráð fyrir að framlög til sparisjóðakerfisins geti numið allt að 20 mia.kr. Fjármögnun þessara eiginfjárframlaga fer fram með afhendingu ríkisskuldabréfa en gefinn var út nýr skuldabréfaflokkur sérstaklega til þessa. Gjalddagi flokksins er eftir 9 ár og taka vextir mið af vaxtakjörum viðskiptareikninga innlánsstofnana í Seðlabanka. Á móti þessari skuld kemur eignarhluti ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjunum og krafa ríkissjóðs vegna víkjandi gengisbundinna lána sem Íslandsbanka og Arion banka voru veitt í tengslum við sölu ríkissjóðs á eignarhlutum í þessum bönkum.

Aðrar innlendar langtímaskuldir eru aðallega vegna kaupa ríkissjóðs á helmings hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun í árslok 2006. Því kemur eignarhlutur ríkissjóðs í Landsvirkjun á móti þessari skuld.

Minna verður tekið af lánafyrirgreiðslu samstarfsþjóða Íslands sem ríkissjóði eru veitt í tengslum við efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það er um helmingur frá Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi og um þriðjungur frá Póllandi. Þegar hefur

verið tekið lán frá Færeyjum. Gert var ráð fyrir því að lán Norðurlanda yrðu greidd út í fjórum áföngum og lán Póllands í þremur. Hluti fyrsta áfanga lána frá Norðurlöndunum var tekinn undir lok árs 2009 og í júní sl. höfðu verið tekin lán sem svöruðu til um helmings af lánsloforðum Norðurlanda og þriðjungs frá Póllandi. Staða þessara lána er áætluð um 121,7 mia.kr. í árslok 2010 og um 125,6 ma.kr. í árslok 2011. Gert er ráð fyrir að þessum lántökum sé veitt áfram til Seðlabanka Íslands á árinu 2010.

Í maí sl. gerði ríkissjóður samkomulag við Seðlabankann í Lúxemborg um kaup á eignavörðum skuldabréfum Avens B.V. (Landslux Notes) þar sem að baki voru aðallega íbúðabréf en einnig ríkisbréf og reiðufé. Með kaupunum tryggði ríkissjóður sér full yfirráð yfir eignum Avens B.V. sem var stærsti einstaki eigandi krónueigna utan Íslands en krónueignir félagsins námu um fjórðungi allra krónueigna erlendra aðila. Ríkissjóður greiddi fyrir þessar eignir með útgáfu skuldabréfs að fjárhæð 401,5 milljónum evra, jafngildi um 64 mia.kr., og 35 milljónir evra og 5 mia.kr. í reiðufé. Skuldabréfið er til 15 ára með afborgunum af höfuðstól á 6 mánaða fresti og var fyrsta afborgun skuldarinnar greidd í september sl. Ríkissjóður keypti til viðbótar íbúðabréf af Eignarhaldsfélagi Seðlabanka Íslands og gerði síðar samkomulag um sölu allra íbúðabréfanna til 26 innlendra lífeyrissjóða fyrir rúmar 549 milljónir evra. Samkvæmt samkomulaginu munu lífeyrissjóðirnir selja erlendar eignir og greiða fyrir bréfin í evrum og hafa sjóðirnir heimild fram til 15. desember nk. til að fullnusta samkomulagið. Áformað er að ríkissjóður veiti fénu áfram í formi láns til Seðlabanka Íslands. Hér er ekki um fjárfestingu að ræða hjá ríkissjóði heldur aukningu á gjaldeyrisforða Seðlabankans og endurskipulagningu á skuldum og höfðu þessi viðskipti í för með sér um 17,5 mia.kr. hagnað fyrir ríkissjóð. Þessi viðskipti skýra hærri kröfu á Seðlabanka vegna gjaldeyrisforða heldur en lántökur vegna hans.

Hluti af erlendum lánum sem tekin voru til styrkingar á gjaldeyrisforða á árunum 2006 og 2008, upphaflega að fjárhæð 1,3 milljarðar evra á gjalddaga í september og desember 2011 og 250 milljón evra sem eru á gjalddaga í apríl 2012, hafa verið keypt til baka á mjög ásættanlegum markaðskjörum fyrir ríkissjóð. Lán samstarfsþjóða Íslands og andvirði samnings í evrum við lífeyrissjóði um kaup á íbúðabréfum hafa gert ríkissjóði kleift að nýta hagkvæm tækifæri á markaði til kaupa á evru-skuldum fyrir gjalddaga. Nú þegar hafa skuldir fyrir yfir 400 milljónir evra verið keyptar til baka og verður uppkaupum haldið áfram á meðan kjör eru ásættanleg. Á móti evru-skuldum ríkissjóðs á ríkissjóður kröfur á hendur Seðlabankanum í formi veittra lána frá 2006 og 2008.

Aðrar erlendar langtímaskuldir eru lán sem tekin hafa verið erlendis á árum áður og hafa verið að greiðast niður jafnt og þétt.

Veitt lán ríkissjóðs, önnur en vegna gjaldeyrisforða, eru að meginstofni veitt víkjandi lán til Íslandsbanka og Arion banka, eins og áður er sagt frá, og hins vegar endurlán ríkissjóðs til aðila er njóta ríkisábyrgðar svo sem Lánasjóðs íslenskra námsmanna og Alþjóðaflugþjónustunnar.

Samkvæmt endurmati á sjóðstreymi ríkissjóðs lækkar handbært fé nokkuð milli ársloka 2009 og áætlunar 2010 eða um rúma 85 mia.kr. og um 20,1 mia.kr. til viðbótar á árinu 2011.

Hrein staða ríkissjóðs er neikvæð í árslok 2009 um 512,8 mia.kr. og er áætluð að vera neikvæð um 611,5 mia.kr. í árslok 2010 og um 659,4 mia.kr. í árslok 2011.

Hlutafé, eignahlutir og stofnfé hækkar um 25,8 mia.kr. milli 2009 og 2010. Það skýrist aðallega af áformaðri eiginfjáraukningu til sparisjóðanna fyrir allt að 20 mia.kr. og 3,6 mia.kr. framlagi til Byggðastofnunar. Á milli áranna 2010 og 2011 nemur hækkunin 0,8 mia.kr.

Hrein staða að teknu tilliti til eigna er neikvæð um 178,7 mia.kr. í árslok 2009 og er áætluð að vera neikvæð um 251,6 mia.kr. í árslok 2010 og um 298,7 mia.kr. í árslok 2011.

6.5 Lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða - ríkisábyrgðir

Í 3. tl. 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlögum. Reiknað er með að í ár verði lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða samtals 80,4 mia.kr. og áætlað er að þær verði 76,3 mia.kr. árið 2011, eða 4,1 mia.kr. minni. Helstu breytingar eru 12 mia.kr. hækkun á lántökum Landsvirkjunar og 3 mia.kr. hækkun hjá Byggðastofnun en 19 mia.kr. lækkun á lántökum Íbúðalánsjóðs.

Reiknað er með að í ár greiði ríkisfyrirtæki og sjóðir samtals 65,6 mia.kr. í afborganir af teknum lánum og 74,1 mia.kr. árið 2011. Útlit er því fyrir að í ár aukist nettóskuldir þessara aðila um 14,8 mia.kr. og um 2,2 mia.kr. árið 2011, eða um samtals um 17 mia.kr. á þessum tveimur árum.

Hér á eftir eru raktar lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 3. tl. 5. gr. Nánari greinargerðir um stofnanir í B- og C-hluta eru í 4. og 5. kafla frumvarpsins.

Landsvirkjun. Lagt er til að Landsvirkjun verði heimiluð allt að 30 mia.kr. lántaka á árinu 2011 í samræmi við rekstrar-, fjárfestingar- og lausafjáráætlanir fyrirtækisins. Áætlað er að á næst ári muni fyrirtækið greiða 35 mia.kr. í afborganir af teknum lánum. Fyrirtækið hefur 25 mia.kr. lántökuheimild í fjárlögum 2010 en reiknað er með að 18 mia.kr. af þeirri heimild verði nýtt enda hafa aðstæður á lánamarkaði verið óhagstæðar. Reiknað er með að í ár greiði fyrirtækið 29,5 mia.kr. í afborganir af teknum lánum. Miðað við það mun fyrirtækið greiða niður skuldir um 16,5 mia.kr. að nafnvirði á þessum tveimur árum. Fjárfestingar eru áætlaðar 7,5 mia.kr. í ár en 12 mia.kr. á næsta ári. Í fjárfestingaráformum fyrirtækisins er reiknað með að framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun verði hafnar á þessu ári og aukast því fjárfestingar ársins 2010 um 4,5 frá því sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Á árinu 2011 er eins og áður sagði áætlað að verja um 12 mia.kr. í framkvæmdir og eru þær einkum vegna Búðarhálsvirkjunar.

Íbúðalánasjóður. Sótt er um 43,3 mia.kr. lánsfjárheimild til handa Íbúðalánasjóði á árinu 2011. Lántökur íbúðalánadeildar eru áætlaðar 20,1 mia.kr. og lántökur vegna leiguíbúða eru áætlaðar 23,2 mia.kr. Reiknað er með að lántökur sjóðsins í ár verði 62,4 mia.kr. og er því gert ráð fyrir rúmlega 19 mia.kr. minni lántöku á næsta ári en í ár. Gert er ráð fyrir samsvarandi samdrætti í lánveitingum. Áætlað er að á árinu 2011 greiði sjóðurinn 37,7 mia.kr. í afborganir af teknum lánum en 33,8 mia.kr. í ár. Hrein lánsfjárþörf sjóðsins á næsta ári er áætluð 5,6 mia.kr. og 28,6 mia.kr. á þessu ári. Er þannig útlit fyrir að á þessum tveimur árum aukist skuldsetning sjóðsins um 34,2 mia.kr.

Byggðastofnun. Farið er fram á 3 mia.kr. lánsfjárheimild fyrir Byggðastofnun á árinu 2011. Ekki er reiknað með að stofnunin taki nein lán í ár en fyrr á þessu ári lagði ríkissjóður henni til 3,6 mia.kr. eiginfjárframlag. Gert er ráð fyrir að í ár greiði stofnunin 2,2 mia.kr. í afborganir af teknum lánum og áætlað er að á næsta ári verði afborganirnar 1,3 mia.kr. Miðað við það mun stofnunin greiða 0,5 mia.kr. í afborganir umfram nýjar lántökur á þessum tveimur árum. Lánveitingar á næsta ári eru áætlaðar 3 mia.kr. og er það óbreytt fjárhæð miðað við gildandi fjárlög.

7 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 29 gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 6. gr. fjárlaga. Heimildum fjármálaráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær samtals 72 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að heimild til eftirgjafar gjalda er 1, til sölu húsnæðis eru 15, til sölu eignarhluta í húsnæði eru 13, til sölu lóða og jarða eru 10, til kaupa og sölu hlutabréfa eru 3, til kaupa og leigu á fasteignum eru 16 og ýmsar heimildir eru 14. Í frumvarpinu er lagt til að fjárveiting til útgjalda vegna heimildagreinar sé 330 m.kr. Ef nýta á allar eða flestar heimildanna er þó ljóst að fjárveitingin dugir skammt.

Í fyrsta flokki er heimild til handa fjármálaráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar um heilbrigði öldrunar. Heimildin er óbreytt frá fyrra ári en hún er komin til vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi um heimildir í þessum flokki má nefna 2.14 sem er almennt orðuð heimild til sölu á húsnæði dómstóla, lögreglu- og sýslumannsembætta og kaup eða leigu á öðru hentugra húsnæði. Ástæða heimildarinnar er að veita yfirvöldum svigrúm til endurskipulagningar húsnæðismála þessara aðila í tengslum við skipulagsbreytingar sem nú eiga sér stað í málaflokknum. Heimild 2.15 er til sölu á fasteigninni Baughól 44, Húsavík, en húsnæðið var áður bústaður dýralæknis en stendur nú ónotað. Heimild 3.11 er til sölu á íbúðarhúsnæði sem ekki er lengur nýtt í þágu heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi. Heimild 3.12 er til sölu á fyrrum húsnæði Lyfjastofnunar en stofnunin hefur nú verið flutt annað. Heimild 3.13 er til sölu á eignarhlut ríkisins í Víðinesi á Kjalarnesi en þar hefur starfsemi verið lögð niður og flutt í annað húsnæði.

Fjórði flokkurinn eru heimildir til sölu lóða og jarða. Heimildirnar eru flestar frá fyrri árum. Heimildir 4.7 og 4.8 eru nýjar og eru til komnar vegna almennrar umsýslu Jarðasjóðs. Heimild 4.10 er til sölu á fasteignum ríkisins að Efri–Brú í Grímsnesi þar sem Götusmiðjan hefur hætt starfsemi á staðnum.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til kaupa og sölu hlutabréfa. Umræddar þrjár heimildir eru óbreyttar frá fyrra ári.

Í sjötta flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Þar er helst að nefna heimild 6.13 sem er sama efnis og heimild 3.8 í núgildandi fjárlögum nema að felldur hefur verið út sá hluti hennar sem snýr að sölu eignar. Heimild 6.14 er vegna nauðsynlegrar stækkunar á húsnæði Héraðsdóms Reykjavík. Heimild 6.15 er til kaupa á jörðinni Teigarhorni, Djúpavogshreppi, vegna sérstöðu hennar í náttúrufræðilegu tilliti. Heimild 6.16 er til kaupa á tilteknum mannvirkjum á Hvanneyri sem nýtt eru af Landbúnaðarháskóla Íslands.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem flestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig að mestu sjálfar. Rétt er þó að nefna heimild 7.13 en þar er heimild til leigu á björgunarþyrlum fyrir starfsemi Landhelgisgæslunnar í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um lágmarksgetu til björgunar. Heimild 7.14 er til komin vegna þeirrar óvissu sem skapast hefur um eiginfjárhlutfall fjármálastofnana að hluta eða öllu í eigu ríkisins vegna nýgenginna dóma um gengisbundin lán.

8 Ríkisábyrgðir og áhættuskuldbindingar

Fjárhagsáhætta ríkissjóðs felst í því að ýmsir þættir geta leitt til þess að rekstarniðurstaða ríkissjóðs og skuldastaða verði frábrugðin því sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Helstu liðir sem hafa áhrif á fjárhagsáhættu ríkissjóðs eru annars vegar lífeyrisskuldbindingar og hins vegar ríkisábyrgðir.

Skráðar ríkisábyrgðir - Eftirstöðvar [1, 5, 6]	31. júlí 2010	31. des. 2009
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir B- og C- hluta	**936.235,0**	**910.359,0**
Íbúðalánasjóður [2]	909.464,0	878.552,0
Byggðastofnun	18.015,0	22.586,0
Rafmagnsveitur ríkisins	4.863,0	5.220,0
Annað	3.893,0	4.000,0
E-hluti sameignar- og hlutafélaga	**241.571,0**	**267.983,0**
Eignarhaldsfélagið Farice ehf.	6.969,0	7.056,0
Landsvirkjun [3]	225.612,0	251.128,0
Landssími Íslands hf.	5.136,0	5.434,0
Annað	3.854,0	4.365,0
Sveitarfélög og fyrirtæki þeirra	**0,0**	**1.185,0**
Hitaveit Akraness og Borgarfjarðar	0,0	1.185,0
Atvinnuveegir [4]	**29.568,0**	**32.091,0**
Landsbanki Íslands hf. [4]	10.202,0	10.979,0
Lánasjóður landbúnaðarins [4]	13.774,0	15.028,0
Annað [4]	5.592,0	6.084,0
Skráðar ríkisábyrgðir samtals	**1.207.374,0**	**1.211.618,0**

[1] Staða ríkisábyrgða er sýnd með áföllnum vöxtum og verðbótum í lok viðkomandi tímabils

[2] Tölur fyrir Íbúðalánasjóð sýna verðbréfaútgáfu á nafnverði með áföllnum vöxtum og verðbótum, utan Húsbréf, sem eru á markaðsvirði. Tölur vegna íbúðabréfa (HFF bréf) innifela bréf sem frátekin eru vegna samnings við aðalmiðlara.

[3] Ríkissjóður keypti 50% hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun miðað við árslok 2006. Reykjavíkurborg og Akureyrarbær eru ábyrgðaraðilar að 50% skuldbindinga Landsvirkjunar sem stofnað var til fyrir árslok 2006. Í ársbyrjun 2012 yfirtekur Ríkissjóður þessar ábyrgðarskuldbindingar. Alls nema þessar skuldbindingar 130 milljörðum í lok júlí 2010.

[4] Lánasjóður Landbúnaðarins er í eigu Landsbanka Íslands hf (gamla). Ábyrgðir vegna föllnu bankanna þriggja eru færðar hér sem ríkisábyrgðir þar sem ekki hefur verið gengið frá uppgjörum þessara banka og krafa því ekki formlega fallin á ríkissjóð.

[5] Innistæður í íslenskum bönkum, sem njóta ríkisábyrgðar samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands, eru ekki meðtaldar í yfirliti þessu.

[6] Huganlegar ábygðir vegna innistæðna í útibúum íslenskra banka erlendir eru ekki meðtaldar í yfirliti þessu

Hreinar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs vegna ríkisstarfsmanna námu um 340 mia.kr. í árslok 2009 og er sú skuldbinding færð í ríkisreikning.

Veiting ríkisábyrgða byggir á lögum nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir. Staða ríkisábyrgða þann 31. júlí 2010 nam 1.207 mia.kr. Áætlað er að í lok árs 2010 muni staða ríkisábyrgða nema um 1.160 mia.kr. Áætlað er að staðan lækki og verði 1.082 mia.kr. í lok ársins 2011.

Um 68% ríkisábyrgða eru vegna skulda Íbúðalánasjóðs. Þróun virðis eigna og skulda Íbúðalánasjóðs getur leitt til þess að ríkissjóður þurfi að leggja til fjármagn til þess að styrkja eiginfjárstöðu Íbúðalánasjóðs. Fjármögnun á slíku eiginfjárframlagi myndi auka skuldsetningu ríkissjóðs.

Skuldastaða ríkisins felur í sér fjárhagsáhættu. Áhættan felst í því að hækkun ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa myndi leiða til hærri vaxtakostnaðar af nýrri lántöku en það myndi hafa neikvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu ríkissjóðs.

Réttaróvissa um lögmæti og vaxtakjör lána íslenskra banka í erlendum gjaldmiðlum gæti haft í för með sér óvissu um stöðu bankakerfisins. Fjárhagsáhætta felst í því að hugsanlega þyrfti ríkissjóður að styrkja eiginfjárgrunn kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja. Fjármögnun á slíku eiginfjárframlagi myndi auka skuldsetningu ríkissjóðs.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga getur falið í sér fjárhagsáhættu fyrir ríkissjóð þótt ekki sé um að ræða ríkisábyrgð á skuldum sveitarfélaga. Ef sveitarfélag lendir í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar vegna slæmrar fjárhagsstöðu er hugsanlegt að ríkið þyrfti að veita tímabundna lánafyrirgreiðslu til viðkomandi sveitarfélags ef framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga nægja ekki til að mæta viðkomandi skuldbindingum.

9 Skattastyrkir

9.1 Skattastyrkir sem hagstjórnartæki

Skattalegar ívilnanir eða afslættir er eitt þeirra hagstjórnartækja sem stjórnvöld hafa yfir að ráða og beita í æ ríkari mæli. Hugtakið skattastyrkur (e. tax expenditure) hefur verið notað sem mælikvarði á áhrif þessara ívilnana, en því er ætlað að gefa til kynna hver sé líklegur tekjumissir hins opinbera vegna þeirra. Útgangspunkturinn við mat á umfangi þessara ívilnana er skilgreining á því hver sé grunngerð skattkerfisins (*Bench marking*) og hvaða frávik séu til staðar frá þeirri grunngerð. Þessum frávikum eða ívilnunum er gjarnan skipt í eftirfarandi flokka:

- Undanþágur frá skattskyldu
- Lægri skatthlutföll
- Lengri greiðslufresti
- Skattafslætti, þ.e. frádrætti frá skatti
- Frádrætti frá skattstofni

Þá eru einnig til neikvæðir skattastyrkir eins og í þeim tilvikum þegar lagður er á hærri skattur á tekjur eða eignir hjá tilteknum afmörkuðum hópi skattgreiðenda umfram það sem gerist hjá skattgreiðendum almennt. Sem dæmi um neikvæðan skattastyrki væri t.d. hærri fasteignaskattur á skrifstofuhúsnæði, en á atvinnuhúsnæði almennt.

Ljóst er að með víðtækri beitingu skattastyrkja verða mörkin milli tekna og gjalda hjá hinu opinbera óskýrari og um leið verður skattkerfið ógagnsærra og flóknara. Ennfremur er tilhneigingin til að viðhalda þeim mjög rík, jafnvel þótt upprunalegu rökin fyrir tilvist þeirra sé ekki lengur til staðar. Dæmi um það gæti verið sjómannaafslátturinn. Breikkun skattstofna með fækkun undanþága og fáum skatthlutföllum er ein þeirra leiða sem unnt er að nota til að draga úr vægi skattastyrkja og um leið verður skattkerfið gagnsærra og einfaldara. Önnur leið sem hér verður fjallað nánar um er lögformlegt uppgjör sem birt er sem hluti af fjárlagaáætlun og/eða bókhaldi hins opinbera.

Í allmörgum aðildarríkjum OECD er slíkt uppgjör til dæmis lögformlegur hluti af fjárlögum en hjá öðrum eru þau birt sem fylgiskjöl með fjárlögum eða yfirlit með endanlegu uppgjöri á reikningshaldi ríkisins, eins og gert er hér á landi. Með reglulegri birtingu slíkra uppgjöra óháð formi er vakin sérstök athygli á því að í stað tiltekinnar ívilnunar á tekjuhlið gætu komið aukin útgjöld í formi beinna styrkja til þeirra sem notið hafa viðkomandi ívilnunar. Sem dæmi um þetta má taka niðurfellingu bifreiðagjalda til öryrkja en þeirri ívilnun eða sömu áhrifum mætti eins ná með samsvarandi hækkun örorkubóta hjá viðkomandi einstaklingum.

Ljóst er að mat á þessum ívilnunum, eða skattastyrkjum, er alls ekki einhlítt og kallar oft á tíðum á áætlanir með tilheyrandi ónákvæmni. Ennfremur er alltaf spurning hversu langt á að ganga í skilgreiningu á því hvaða þætti ber að telja sem skattastyrk, enda víða grá svæði. Í 10. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, segir: „Skattafslættir sem ekki eru útborganlegir, skulu dregnir frá tekjum samkvæmt 1. tölulið, 9. gr. Þeir skulu þó sýndir sérstaklega í tekjuyfirliti ríkisreiknings.” [1] Þetta ákvæði var nýmæli í fjárreiðulögunum sem samþykkt voru á árinu 1997. Þau komu til framkvæmda frá og með árinu 1998 þegar birt var mat á skattastyrkjum ríkisins í tekjuyfirliti ríkisreiknings fyrir það ár eftir skatttegundum og málaflokkum. Þó svo að skilgreining á skattastyrkjum samkvæmt íslenskum fjárreiðulögunum sé fremur þröng í alþjóðlegu tilliti nær hún samt þeim megintilgangi að kalla fram uppgjör á þessum mikilvæga þætti í fjármálastjórn ríkisins sem gjarnan hverfur í skuggann af hefðbundinni umræðu um tekjur, útgjöld og afkomu ríkissjóðs. Rétt er að árétta að uppgjör á skattastyrkjum hefur engin áhrif á þessar grunnstærðir ríkisfjármálanna heldur er því einungis ætlað að veita upplýsingar og skapa vitund um áhrif þessa hagstjórnartækis sem Alþingi beitir á hverju ári með samþykkt fjárlaga. Á hinn bóginn vaknar sú spurning hvort þetta lögbundna yfirlit sem nú birtist einungis sem séryfirlit í ríkisreikningi ár hvert sem eftiráuppgjör eigi heima í frumvarpi til fjárlaga ásamt áætlun um hvers sé að vænta á yfirstandandi ári og komandi ár. Með því næðist fram aukið gagnsæi í fjárlagaáætlun ríkisins og ríkisbúskapnum almennt.

9.2 Umfang skattastyrkja

Sem fyrr segir var sérstakt uppgjör á skattastyrkjum fyrst birt í ríkisreikningi fyrir árið 1998. Á því ári námu þeir 6,3 mia.kr., eða 3,9% af heildarskatttekjum ríkisins. Ef horft er til hvernig sú stærð skiptist eftir skatttegundum flokkast tæp 75% af heildarfjárhæðinni undir tekjuskatta, 2,3 mia.kr. og virðisaukaskatt, 2,4 mia.kr. Aðrir stórir liðir, eða samtals um 1,1 mia.kr., eru tollar og vörugjöld. Í ríkisreikningi fyrir árið 2009 nemur mat á skattastyrkjum ársins samtals 14,6 mia.kr. sem svarar til 3,8% af heildarskatttekjum, eða svipað hlutfall og 1998. Heildarfjárhæðin dróst hins vegar saman um 5,5% í krónum talið frá árinu 2008 vegna mikils samdráttar í innflutningi og þar með tekjum af tollum og vörugjaldi. Hins vegar eru miklar breytingar á innbyrðis skiptingu uppgjörsins milli skattstofna á þessu ellefu ára tímabili. Á árinu 2009 teljast 11 mia.kr., eða þrír fjórðu fjárhæðarinnar, til virðisaukaskatts, en einungis tæpir 2 mia.kr. til tekjuskatta eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

---

[1] Í 9.gr. er að finna upptalningu á þeim þáttum sem teljast til ríkistekna í A-hluta. 1. töluliður 9.gr. er svohljóðandi: *Skattar og gjöld sem ríkið leggur á og innheimtir á grundvelli laga án þess að á móti komi beint framlag eða þjónusta í réttu hlutfalli við greiðslur.*

Skattastyrkir	1998 mia	1998 %	2009 mia	2009 %
Tekjuskattar	2,3	36,5	2,0	13,7
Virðisaukaskattur	2,4	38,1	10,9	74,7
Tollar og vörugjöld	1,1	17,5	1,2	8,2
Aðrir skattar	0,5	7,9	0,5	3,4
Samtals	**6,3**	**100,0**	**14,6**	**100,0**
Hlutfall af skatttekjum alls, %	*3,9*		*3,8*	
Hlutfall af VLF, %	*1,1*		*1,0*	

Í töflunni kemur glöggt fram veruleg aukning í ívilnunum frá virðisaukaskatti sem hafa nær fimmfaldast á tímabilinu 1998–2009 á sama tíma og vísitala neysluverðs hefur hækkað um 88%. Hér er því um fjórföldun að raungildi að ræða. Tveir liðir vega þar þyngst. Annars vegar er endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu manna við byggingu og endurbætur á íbúðarhúsnæði og hins vegar endurgreiðslur virðisaukaskatts til sveitarfélaga af margvíslegum þjónustukaupum.[2] Sjómannafslátturinn skiptir mestu máli í tilviki tekjuskattanna en hann hefur dregist saman í krónum talið á tímabilinu sem skýrir að stærstum hluta minnkandi vægi tekjuskatta í heildaruppgjörinu.

Ljóst er að skattastyrkir munu aukast á árunum 2010 og 2011, þó ekki liggi fyrir nákvæmar tölur um fjárhæðir. Það skýrist einkum af tvennu. Annars vegar munu endurgreiðslur virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði aukast verulega vegna hækkunar endurgreiðsluhlutfallsins úr 60% í 100% á árinu 2010, sem áform eru um að framlengja yfir á árið 2011. Þá hafa verið samþykkt lög sem veita nýsköpunarfyrirtækjum ívilnum í formi frádráttar frá tekjuskatti sem mun hækka þá fjárhæð sem fellur undir tekjuskatta. Á móti því vegur hins vegar lækkandi sjómannaafsláttur sem falla mun niður á næstu árum.

9.2 Alþjóðleg þróun

Á árinu 2010 hafa verið gefnar út á alþjóðavettvangi tvær viðamiklar skýrslur um uppgjör skattastyrkja. Sú fyrri er skýrsla OECD *Tax Expenditures in OECD Countries* sem fjallar um sögulegan bakgrunn þessa uppgjörs, hugmyndafræðina og hlutverk uppgjörsins í fjárlagaferlinu. Í skýrslunni má einnig finna lýsingu á aðferðarfræði einstakra ríkja (Kanada, Frakkland, Þýskaland, Japan, Suður–Kórea, Holland, Spánn, Svíþjóð, Bretland og Bandaríkin) og stöðu uppgjörsins í ríkisbúskapnum hjá þeim. Ljóst er að samanburður skattastyrkja milli landa er afar erfiður, enda engin ein lína sem hefur verið mörkuð fyrir OECD-ríkin sem heild, þó svo að flest aðhyllist þau þá stefnu sem stofnunin hefur lagt

[2] Strangt tiltekið ætti sú skattaívilnun sem felst í lægra þrepi virðisaukaskatts (matvörur, bækur, blöð o.fl.) að teljast sem skattastyrkur, en í þessu uppgjöri er það ekki gert.

grunn að á undangengnum áratugum. Því ber að hafa allan fyrirvara á þeim tölum sem birtar eru fyrir einstök ríki. Samkvæmt skýrslunni er hlutfall skattastyrkja af landsframleiðslu hæst í Frakklandi, eða um 7%, næst koma Bandaríkin með 6,2% og síðan Svíþjóð með 5,7%. Skattastyrkir í Japan, Suður–Kórea og Þýskalandi mælast undir 1% af landsframleiðslu, eða talsvert lægra en hér á landi.

Seinni skýrslan ber heitir *Tax Expenditures in the Nordic Countries.*[3] Í inngangi skýrslunnar kemur fram að tilurð hennar megi að hluta til rekja til óska Ríkisendurskoðunar í einstökum ríkjum um betri upplýsinga á þessu sviði, auk krafna frá ýmsum öðrum aðilum um gagnsæi og nákvæmari upplýsingar um opinber fjármál. Skýrslan er að flestu leyti byggð upp með svipuðu sniði og skýrsla OECD, þ.e. fyrst kemur almennur hluti og síðan sérstakur kafli um hvert ríki. Sömu fyrirvarar eru hafðir hér á talnasamanburði milli landanna. Samkvæmt skýrslunni eru skattastyrkir sem hlutfall af landsframleiðslu hæstir í Svíþjóð, eða 8% [4], og litlu lægri í Finnlandi, eða 7%. Í Noregi mælast skattastyrkirnir 5,4% af landsframleiðslu og 4,4% í Danmörku. Miðað við þessar tölur er skattastyrkjum beitt í talsvert minni mæli á Íslandi en hjá grannþjóðunum, en það þarf enn og aftur að árétta fyrirvarann um erfiðan samanburð milli landa.

---

[3] Skýrslan er unnin af vinnuhópi norrænna skattahagfræðinga og var niðurstaða hennar fyrst kynnt á fundi í Osló 2009. Ísland átti ekki fulltrúa í þeim vinnuhópi og tók ekki þátt í rannsókninni.

[4] Tölurnar fyrir Svíþjóð í OECD-skýrslunni og norrænu skýrslunni eru ekki fyllilega sambærilegar.

10 Yfirlit yfir lagabreytingar

Lagðar verða fram eftirfarandi breytingar á lögum vegna áforma í fjárlagafrumvarpinu:

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:
Lög nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Stefnt er að breytingu á nokkrum þáttum í lögunum, meðal annars fjárhæðarmörkunum.

Lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta. Lögð verður til hækkun á kolefnisgjaldi af fljótandi eldsneyti sem er hluti af tekjuöflunaraðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Lög nr. 6/2007, um ríkisútvarpið ohf. Lögð verður til 4% hækkun á útvarpsgjaldi. Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum skattskyldir eru og lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. lögum um tekjuskatt. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða fá það gjald fellt niður skv.lögum um málefni aldraðra.

Lög nr. 88/2005, tollalög. Lagðar verða til breytingar á lögunum sem eru afleiddar af þeim breytingum gera þarf á lögum nr. 96/1995, um gjald á áfengi og tóbak.

Lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald. Lögð verður til 4% gjaldskrárhækkun á olíugjaldi og kílómetragjaldi.

Lög nr. 14/2004, um erfðafjárskatt. Lagðar verða til breytingar á erfðafjárskattinum í tengslum við tekjuöflunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar**.** Miðað er við að skatthlutfallið hækki úr 5% í 10%.

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lagðar verða fram ýmsar breytingar á lögunum, m.a. í tengslum við tekjuöflunargerðir ríkisstjórnarinnar. Má þar nefna hækkun á fjármagnstekjuskatti og tekjuskatti lögaðila úr 18% í 20% og hækkun á auðlegðarskatti.

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Lagt verði til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hækki um 4% og verði 8.736 kr. Gjaldið er greitt af öllum einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt, hafa tekjur yfir skattleysismörkum og eru eldri en 16 ár og yngri en 70 ára í lok tekjuárs. Gjaldið kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lögð verður til breyting á eftirlitsgjaldi miðað við áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins.

Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lagðar verða til breytingar til bráðabirgða á lögunum þar sem heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar verður framlengd sem hluti af tekjuöflunaraðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Lagðar verða fram breytingar á lögunum í tengslum við tekjuöflunargerðir ríkisstjórnarinnar sbr. lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Lög nr. 96/1995, um gjald á áfengi og tóbaki. Lagðar verða til breytingar á lögunum í þá veru að tekið verði upp sérstakt vörugjald á áfengi og tóbak sem selt er í komufríhöfn.

Lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Lögð verður til 4% gjaldskrárhækkun á bensíngjaldi og sérstöku bensíngjaldi. Þá verða lagðar til breytingar á vörugjaldi bifreiða sem er hluti af kerfisbreytingu er felur í sér skattlagningu á grundvelli losunar gróðurhúsalofttegunda.

Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Lagðar verða til ýmsar minniháttar breytingar á lögunum í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlaga.

Lög nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Lagðar verða til breytingar á bifreiðagjaldi sem er hluti af kerfisbreytingu er felur í sér skattlagningu á grundvelli losunar gróðurhúsalofttegunda.

Lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Lagðar verða fram breytingar á lögunum í tengslum við tekjuöflunargerðir ríkisstjórnarinnar, sbr. lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Lög nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála. Lögð verður til 4% hækkun á flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi.

Ný sérlög um skatt af fjármálaþjónustu. Þessi nýju lög eru hluti af tekjuöflunaraðgerðum ríkisstjórnarinnar í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps og er ætlað að skila 1 mia.kr. á árinu 2011.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:

Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar. Lagt verði til að bætur almannatrygginga skuli ekki hækka á árinu 2011 þrátt fyrir verðlagsviðmið samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Lög nr. 56/2006, um atvinnuleysistryggingar. Lagðar verða til breytingar á fyrirkomulagi um hlutaatvinnuleysisbætur til að mæta sparnaðaráformum ríkisstjórnarinnar.

Lög nr. 44/2005, um samkeppnislög. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram að nýju og lögfest verði aukið aðhald með samkeppnismörkuðum.

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lagt er til að lögunum verði breytt til að ná fram tvenns konar breytingum annars vegar á barnabótum og hins vegar á vaxtabótum. Fyrirhugað er að breyta reglum um úthlutun barnabóta til að barnabætur vegna barna yngri en 7 ára verði skertar af tekjum eins og aðrar bætur. Ennfremur verður tekjuskerðingarhlutfall vegna eins barns hækkað úr 2% í 3%. Þá er gert ráð fyrir að tekjutenging vaxtabóta verði 7% í stað 6% nú og reiknaðar bætur verða síðan skertar um 8%.

Lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Lagðar verða til breytingar á lögunum rétt til bótagreiðslna sem ætlað er að draga úr útgjöldum sjóðsins um 1 mia.kr.

Lög nr. 15/1998, um dómstóla. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram að nýju og lögfest verði tillaga um fækkun dómstóla úr átta í einn.

Lög nr. 90/1996, lögreglulög. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram að nýju og lögfest verði tillaga um að fullur aðskilnaður verði á milli löggæslunnar og sýslumannsembætta og lögregluumdæmin verði stækkuð og þeim fækkað úr 15 í 6.

Lög nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Lagt er til að lögunum verði breytt þannig að lækkun á fjárheimildum til kirkjunnar geti gengið eftir. Í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar er kveðið á um forsendur fyrir greiðslum ríkisins.

Lög nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl. Lagt verður til að sóknargjöld verði ákvörðuð sem föst krónutala, samtals 698 kr. á einstakling á mánuði. Lögboðið framlag til sókna þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga breytist að öllu jöfnu í samræmi við áætlaða breytingu á meðaltekjuskattstofni einstaklinga 16 ára og eldri, sem og fjölgun einstaklinganna. Nú er hins vegar, eins og í ár gert ráð fyrir að festa fjárhæðina og ná þannig fram markmiðum frumvarpsins um lækkun fjárheimilda sem taka mið af sóknargjöldum.

Frumvarp til laga um fjölmiðla. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram að nýju og lögfest verði tillaga um stofnun nýrrar stofnunar, Fjölmiðlastofa. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna Fjölmiðlastofu greiðist úr ríkissjóði.

Frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram að nýju og lögfest verði tillaga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna rannsóknarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Frumvarp til laga um mannvirki. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram að nýju og lögfest verði tillaga um nýja stofnun Byggingarstofnun sem taka mun yfir verkefni Brunamálastofnunar og Skipulagsstofnunar auk þess sem hún mun fá ný verkefni.

Atriðisorðaskrá

A

bls.

Aðrar rekstrartekjur ... 183
Afborganir lána ríkissjóðs ... 4
Afborganir veittra lána ríkissjóðs ... 4
Afrekssjóður ÍSÍ ... 271
Afskriftir skattkrafna ... 177, 367
Alþingi ... 233
Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT) ... 285
Alþjóðasamstarf ... 226, 234
Alþjóðastofnanir ... 279, 408
Atvinnuleysistryggingasjóður ... 179, 323
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni ... 396

Á

Ábyrgðargjald vegna launa ... 179
Ábyrgðasjóður launa ... 179, 186, 323
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ... 5, 420
Áfengisgjald ... 204

B

Bandalag íslenskra leikfélaga ... 269
Bandalag íslenskra skáta ... 270
Bankasýsla ríkisins ... 368, 370
Barnabætur ... 177, 366
Barnaverndarstofa ... 318
Bifreiðakostnaður ... 327
Bjargráðasjóður ... 293, 295
Blindrabókasafn Íslands ... 263, 265
Borgarholtsskóli ... 185
Bridgesamband Íslands ... 271
Brunamálastofnun ríkisins ... 182, 406, 414
Búnaðarsjóður ... 178, 293
Byggðaáætlun ... 396
Byggðastofnun ... 6, 396, 430, 441
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins ... 291
Bændasamtök Íslands ... 294
Bændur græða landið ... 291
Bætur brotaþola ... 302
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð ... 177, 328
Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar ... 342

D

Dagvistun aldraðra, aðrar ... 344
Dvalarrými aldraðra, önnur ... 330

E

Eftirlaunasjóður aldraðra ... 328
Eignarskattar ... 3, 202
Einkaleyfastofan ... 187
Embætti forseta Íslands ... 233, 239
Endurhæfingarsjóður ... 366
Endurskoðendaráð ... 372
Endurvinnslan hf. ... 182, 412

F

Fangelsisbyggingar ... 307
Fasteignaskrá Íslands ... 179, 186, 308
Fasteignir forsætisráðuneytis ... 239
Fasteignir framhaldsskóla ... 254
Fasteignir ríkissjóðs ... 371
Fasteignir Stjórnarráðsins ... 240
Ferðamálastofa ... 181, 397
Félagsmál, ýmis starfsemi ... 333
Félagsmálaskóli alþýðu ... 324
Fiskistofa ... 178, 185, 287
Fiskræktarsjóður ... 179, 293
Fjármagnstekjuskattur ... 177, 367
Fjármálaeftirlitið ... 187, 219, 402
Fjárreiður lánastofnana í C-hluta ... 6
Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta ... 5
Fjársýsla ríkisins ... 230, 369
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra ... 184
Fjölbrautaskóli Snæfellinga ... 185
Fjölbrautaskóli Suðurlands ... 184
Fjölbrautaskóli Suðurnesja ... 184
Fjölbrautaskóli Vesturlands ... 184
Fjölbrautaskólinn Ármúla ... 184
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ... 184
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ ... 184
Flensborgarskóli ... 184
Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta ... 181, 384
Flutningssjóður olíuvara ... 181, 404
Fornleifavernd ríkisins ... 263
Fóðursjóður ... 178, 295

Framhaldsskólar, stofnkostnaður ... 258
Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð ... 185
Framhaldsskólinn á Húsavík ... 185
Framhaldsskólinn á Laugum ... 185
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu ... 185
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ ... 185
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum ... 184
Framkvæmdasjóður aldraðra ... 179, 329
Framkvæmdasjóður fatlaðra ... 321
Framkvæmdasýsla ríkisins ... 369
Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands ... 183
Framleiðnisjóður landbúnaðarins ... 293
Fræða- og þekkingarsetur ... 260
Fræðslumiðstöð Vestfjarða ... 260
FS-net, símenntunarstöðvar ... 259
Fullorðinsfræðsla fatlaðra ... 259
Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef ... 178
Fæðingarorlof ... 180, 325
Fæðingarorlofssjóður ... 177

G

Garðávaxtasjóður ... 293
Geislavarnir ríkisins ... 186, 356
Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum ... 179, 182
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra ... 179
Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða ... 180
Glímusamband Íslands ... 271
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu ... 292
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu ... 292
Greiðslur vegna riðuveiki ... 293
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu ... 292
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ... 321
Grænlandssjóður ... 272

H

Hafnarframkvæmdir ... 177, 383
Hafrannsóknastofnunin ... 289
Hagræn skipting gjalda í A-hluta ... 177
Hagstofa Íslands ... 404
Hagþjónusta landbúnaðarins ... 292
Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs ... 4
Happdrætti Háskóla Íslands ... 5, 421
Háskóla- og rannsóknastarfsemi ... 254
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður ... 254

Háskólasjóður ... 251
Háskóli Íslands ... 183, 250
Háskólinn á Akureyri ... 183, 252
Háskólinn á Bifröst ... 252
Háskólinn í Reykjavík ... 253
Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis ... 268
Heilbrigðisstofnun Austurlands ... 353
Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands ... 354
Heilbrigðisstofnun Suðurlands ... 354
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja ... 354
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða ... 352
Heilbrigðisstofnun Vesturlands ... 351
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga ... 353
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi ... 352
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð ... 349, 353
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði ... 352
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki ... 352
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði ... 349
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum ... 354
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu ... 348
Heilsugæslustöðin Dalvík ... 349
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi ... 349
Heilsugæslustöðin Lágmúla ... 348
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík ... 348
Heilsugæslustöðvar, almennt ... 346
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands ... 344
Heimildir ... 9
Hekluskógar ... 412
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands ... 356
Héraðs- og Austurlandsskógar ... 288
Héraðsdómstólar ... 301
Héraðsskjalasöfn ... 264
Hið íslenska bókmenntafélag ... 270
Hjúkrunarheimili, almennt ... 357
Hlaðgerðarkot ... 344
Hlein ... 344
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum ... 183
Húsafriðunarnefnd ... 268
Húsafriðunarsjóður ... 268
Hæstiréttur ... 235, 301
Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur ... 268
Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir ... 178, 268
Höfundarréttargjöld ... 178, 268
Hönnunarmiðstöð Íslands ... 266
Hönnunarsafn Íslands ... 266

I

Iðnaðarmálagjald ... 181
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja ... 391
Iðnskólinn í Hafnarfirði ... 185
Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum ... 186
Inngangur ... 191
Innheimtukostnaður ... 362

Í

Íbúðalánasjóður ... 6
Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta ... 241
Íslenskar orkurannsóknir ... 5, 423
Íslenski dansflokkurinn ... 267
Íslenskukennsla fyrir útlendinga ... 259
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands ... 271
Íþróttasamband fatlaðra ... 271
Íþróttasjóður ... 271

J

Jafnréttisstofa ... 317
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins ... 185, 295
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða ... 180, 365
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku ... 393
Jöfnunarsjóður alþjónustu ... 181, 386
Jöfnunarsjóður sókna ... 189, 309
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ... 177, 189, 387

K

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög ... 4
Keflavíkurflugvöllur ... 384
Kirkjugarðar ... 309
Kirkjumálasjóður ... 189, 309
Kosningar ... 300
Kristnisjóður ... 308
Kvennaskólinn í Reykjavík ... 184
Kvikmyndamiðstöð Íslands ... 261, 268
Kvikmyndasafn Íslands ... 265
Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins ... 285
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar ... 268

L

Lagasafn ... 299
Landbúnaðarháskóli Íslands ... 183, 252

Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar ... 291
Landgræðsla ríkisins ... 187, 411
Landhelgisgæsla Íslands ... 304
Landhelgissjóður Íslands ... 304
Landlæknir ... 355
Landmælingar Íslands ... 182, 414
Landspítali ... 186, 343
Landssamband KFUM og KFUK ... 270
Lánasjóður íslenskra námsmanna ... 6, 177, 261, 426
Lánaumsýsla ríkissjóðs ... 370
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir ... 7
Leiguíbúðir ... 177, 316
Listaháskóli Íslands ... 253
Listahátíð í Reykjavík ... 268
Listamannalaun ... 189
Listasafn Einars Jónssonar ... 265
Listasafn Íslands ... 265
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar ... 266
Listasjóðir ... 189, 268
Listir, framlög ... 268
Listskreytingasjóður ... 261
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun ... 364
Lífeyristryggingar ... 177, 179, 327
Lyfjastofnun ... 180, 186, 356
Lýðheilsustöð ... 180, 189, 356, 445
Læknavaktin ... 348
Lögreglan ... 303

M

Markaðar tekjur ... 178
Markaðs- og kynningarmál erlendis ... 397
Markaðsgjald ... 178
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu ... 397
Markáætlun á sviði vísinda og tækni ... 253
Matskerfi umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma ... 345
Matvælarannsóknir ... 290
Matvælasetur ... 285
Matvælastofnun ... 178, 185, 287
Málefni fatlaðra ... 318, 320, 357
Málefni fatlaðra, Austurlandi ... 320
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra ... 320
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra ... 320
Málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 319
Málefni fatlaðra, Reykjavík ... 319
Málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 320

Málefni fatlaðra, Vestfjörðum ... 319
Málefni fatlaðra, Vesturlandi ... 319
Málskostnaður í opinberum málum ... 301
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður ... 267
Menntaskólinn að Laugarvatni ... 183
Menntaskólinn á Akureyri ... 183
Menntaskólinn á Egilsstöðum ... 184
Menntaskólinn á Ísafirði ... 184
Menntaskólinn á Laugarvatni ... 183
Menntaskólinn í Kópavogi ... 184
Menntaskólinn í Reykjavík ... 183
Menntaskólinn við Hamrahlíð ... 183
Menntaskólinn við Sund ... 183
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna ... 254
Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu ... 347

N

Námsefnisgerð ... 259
Námsgagnastofnun ... 260
Námsmatsstofnun ... 183, 253
Námsskrárgerð ... 259
Náttúrufræðistofnun Íslands ... 415
Náttúruminjasafn Íslands ... 265
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn ... 410
Náttúrustofur ... 416
Neytendasamtökin ... 401
Neytendastofa ... 179, 186, 309, 414
Niðurgreiðslur á húshitun ... 393
Norðurlandsskógar ... 288
Norræn samvinna ... 270
Nýlistasafn ... 265
Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis ... 393
Nýsköpunarmiðstöð Íslands ... 392
Nýsköpunarsjóður ... 6, 430
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins ... 6, 430

O

Ofanflóðasjóður ... 177, 182, 414
Olíugjald ... 180, 204
Opinber réttaraðstoð ... 301
Orku-, umhverfis- og auðlindagjöld ... 204
Orkusjóður ... 6, 394, 430
Orkustofnun ... 394

Ó

Óbyggðanefnd 240

P

Persónuvernd 300
Póst- og fjarskiptastofnunin 187

R

Rafræn viðskipti 401
Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun 254
Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008 234
Rannsóknamiðstöð Íslands 248, 254
Rannsóknanefnd flugslysa 385
Rannsóknanefnd sjóslysa 383
Rannsóknanefnd umferðarslysa 382
Rannsóknasjóður 291
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs 291
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum 408
Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar 291
Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar 291
Raunvísindastofnun Háskólans 251
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól 368
Rekstrarreikningur ríkissjóðs 191
Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs 3
Reykjalundur, Mosfellsbæ 344
Reykjavíkurakademían 254
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 248
Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag 238
ríkisábyrgðir 7
Ríkisábyrgðir 367
Ríkisendurskoðun 235
Ríkiskaup 370
Ríkislögmaður 240
Ríkissaksóknari 302
Ríkissáttasemjari 317
Ríkisskattstjóri 186, 363
Ríkisstjórn 234
Ríkisstjórnarákvarðanir 372
Ríkisútvarpið 267
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn 342

S

Safnasjóður ... 265
Sala eigna ... 3, 9, 206
Sala hlutabréfa og eignarhluta ... 4
Sala varanlegra rekstrarfjármuna ... 420
Samkeppniseftirlitið ... 403
Samningar við sveitarfélög um menningarmál ... 269
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra ... 269
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið ... 342
Samtök iðnaðarins ... 181, 391
Sendiráð Íslands ... 277
Sérstakur saksóknari ... 302
Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008 ... 302
Sérstök uppbót lífeyrisþega ... 327
Siglingastofnun Íslands ... 181, 187, 383
Sinfóníuhljómsveit Íslands ... 185, 267
Símenntun og fjarkennsla ... 259
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun ... 344
Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs ... 4
Sjóðstreymi ríkissjóðs ... 191
Sjóður til síldarrannsókna ... 289
Sjúklingatrygging ... 339
Sjúkraflutningar ... 346
Sjúkrahótel ... 344
Sjúkrahúsið á Akureyri ... 343
Sjúkratryggingar ... 177, 340
Sjúkratryggingar Íslands ... 340
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld ... 362
Skattar á tekjur og hagnað ... 201
Skattrannsóknarstjóri ríkisins ... 364
Skatttekjur ... 3, 194, 198
Skáksamband Íslands ... 271
Skákskóli Íslands ... 271
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ ... 321
Skipulagsmál sveitarfélaga ... 182, 413
Skipulagsstofnun ... 413
Skjólskógar á Vestfjörðum ... 288
Skógrækt ríkisins ... 188, 411
Skógræktarfélag Íslands ... 408
Skólaíþróttir ... 271
Skriðuklaustur ... 270
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna ... 291
Slysatryggingar ... 180, 342
Slysavarnaskóli sjómanna ... 378
Snorrastofa ... 270

Sóknargjöld 189, 309
Sólheimar í Grímsnesi 321
Sóltún, Reykjavík 330
Sprotasjóður 260
St. Jósefsspítali, Sólvangur 355
Staðlaráð 393
Starfsemi áhugaleikfélaga 268
Starfsendurhæfing 324
Stjórnartíðindi 299
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 251
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar 416
Styrkir til ferja og sérleyfishafa 380
Styrkir til innanlandsflugs 380
Styrktarfélag vangefinna 320
Suðurlandsskógar 288
Sýslumaður Austurlands 306
Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins 305
Sýslumaður Norðurlands 306
Sýslumaður Suðurlands 306
Sýslumaður Suðurnesja 306
Sýslumaður Vestfjarða 306
Sýslumaður Vesturlands 306

T

Talsmaður neytenda 310, 402
Tannverndarsjóður 189
Tapaðar kröfur 367
Tapaðar kröfur og tjónabætur 367
Tekin löng lán ríkissjóðs 4
Tekjujöfnuður 3
Tekjuskattur og fjármagnstekjuskattur einstaklinga 201
Tilraunastöð Háskólans að Keldum 183, 254
Tollstjórinn 186, 364
Tóbaksvarnir 189
Tónlist fyrir alla 268
Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík 267
Tryggingagjald 179, 181, 202
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga 179, 322
Tryggingastofnun ríkisins 326
Tækjasjóður 183, 422
Tækniþróunarsjóður 392

U

Umboðsmaður Alþingis 235
Umboðsmaður barna 240
Umferðarstofa 180, 187, 382
Umhverfisstofnun 182, 187, 411
Umhverfisvöktun 408
Ungmennafélag Íslands 270

Ú

Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál 409
Úrskurðarnefnd upplýsingalaga 238
Úrvinnslusjóður 182, 412
Útflutningsráð Íslands 178, 280
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 371
Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni 270
Útlendingastofnun 302

V

Vaktstöð siglinga 383
Varnarmálastofnun 277
Vatnajökulsþjóðgarður 411
Vaxtabætur 177, 213, 366
Vaxtagjöld ríkissjóðs 3, 417
Veðurstofa Íslands 416
Veiðimálastofnun 290
Verðlagsstofa skiptaverðs 223, 287
Verðmiðlun landbúnaðarvara 178, 294
Verðtilfærslugjald á mjólk 295
Verkefnasjóður sjávarútvegsins 185, 289
Verkmenntaskóli Austurlands 184
Verkmenntaskólinn á Akureyri 184
Vesturfarasetrið á Hofsósi 237
Vesturlandsskógar 288
Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 271
Vinnueftirlit ríkisins 179, 186, 317
Vinnumálastofnun 10, 322
Virðisaukaskattur 3, 203, 372
Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu 372
Vistheimilið Bjarg 344
Vistvænir orkugjafar 395
Víkinganaust í Reykjanesbæ 266

Y

Yfirskattanefnd ... 362

Ý

Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis ... 397

Þ

Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011 ... 269
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ... 240
Þjóðkirkjan ... 308
Þjóðleikhúsið ... 267
Þjóðlendumál ... 372
Þjóðmenningarhúsið ... 264
Þjóðminjasafn Íslands ... 263
Þjóðskjalasafn Íslands ... 264
Þjóðskrá ... 186, 308
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta ... 321
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi ... 279
Þróunarsamvinnustofnun Íslands ... 279
Þungaskattur ... 180
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis ... 275

Æ

Æskulýðsmál ... 270
Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi ... 270
Æskulýðsrannsóknir ... 270
Æskulýðsráð ríkisins ... 270

Ö

Öldrunarstofnanir, almennt ... 329

2. Skýrsla um efnahagsstefnu. [2. mál]

Þjóðhagsáætlun 2011.

(Lögð fram af efnahags- og viðskiptaráðherra 4. október 2010.)

Inngangur.

Verulegur árangur hefur náðst við endurreisn hagkerfisins eftir hrun bankakerfisins í október 2008. Hagkerfið ber þó enn skýr merki áfallsins og fjölmargt er óunnið áður en tekist hefur að endurvinna traust þjóðarinnar og alþjóðasamfélagsins. Efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar endurspeglar mikilvægi ábyrgrar efnahagsstjórnar við þessar aðstæður.

Við breytingar á skipan Stjórnarráðsins 1. október 2009 var hagspárgerð fyrir forsendur fjárlagafrumvarpsins flutt frá fjármálaráðuneytinu til sérstakrar skrifstofu á vegum Hagstofunnar. Afleiðing þessa fyrirkomulags er m.a. sú að ekki liggur fyrir ný þjóðhagsspá að hausti heldur miðast fjárlagafrumvarpið við hagspá sem unnin var í júní. Spáin verður uppfærð í nóvember fyrir 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið. Þjóðhagsáætlun þessa árs birtir því ekki nýja hagspá heldur lýsir hún meginatriðum efnahagsáætlunar stjórnvalda. Verið er að meta afleiðingar af flutningi hagspárgerðarinnar úr Stjórnarráðinu. Í því samhengi verður m.a. kannað hvort fara mundi betur á því að flytja verkefnið til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Til þess að tryggja upplýsta umræðu um efnahagsmál þarf hins vegar einnig að athuga vel hvort ekki sé lag að stofnuð verði ný sjálfstæð stofnun um efnahagsmál sem heyrir undir fjárveitingavald Alþingis.

Efnahagsáætlunin miðar að því að endurvinna nauðsynlegt traust á hagkerfinu og undirbyggja með því sjálfbæran og sterkan hagvöxt til framtíðar. Áætlunin byggist í megindráttum á fjórum þáttum. Í fyrsta lagi er unnið að því að endurbyggja stöndugt fjármálakerfi með vel fjármögnuðum fjármálastofnunum sem geta sinnt þörfum íslenskra heimila og fyrirtækja. Í því samhengi er vert að leggja áherslu á að virkir fjármálamarkaðir eru ein forsenda hagvaxtar í þróuðum hagkerfum. Mikilvæg skref hafa einnig verið tekin, og enn fleiri eru í undirbúningi, við endurmótun umgjarðar fjármálakerfisins. Markmiðið með þeir breytingum er að koma í veg fyrir að þeir atburðir sem áttu sér stað í september og október 2008 endurtaki sig. Í öðru lagi er verið að tryggja fjárhagslega stöðu ríkissjóðs og hins opinbera til framtíðar. Mikil aukning á skuldsetningu ríkissjóðs í kjölfar bankahrunsins dró úr trausti á ríkissjóð. Mikilvæg skref hafa þegar verið tekin í þessa átt með fjárlögum ársins 2010, bættri umgjörð ríkisfjármála og sterkri skuldastýringu. Á næstu mánuðum verða tekin enn fleiri skref með fjárlögum ársins 2011 og bættri umgjörð fjármála sveitarfélaganna. Í þriðja lagi hefur peningastefnan verið nýtt til þess tryggja stöðugleika krónunnar. Ljóst er að verulegur árangur hefur náðst á því sviði á árinu. Erfið verkefni blasa þó við á næstu mánuðum. Taka þarf frekari skref í átt að afnámi gjaldeyrishafta og móta þarf peningastefnu til framtíðar til þess að taka við af núverandi blöndu gengis- og verðbólgumarkmiða. Í fjórða lagi verður að tryggja aðlögun skulda fyrirtækja og heimila. Flöt niðurfelling skulda er ekki skynsamleg leið þar sem hún kemur ekki fólki í neyð að neinu gagni og gæti gert fjárhagsstöðu ríkissjóðs og þar af leiðandi skattgreiðanda enn verri. Hins vegar er ljóst að ósjálfbær skuldabyrði heimila og fyrirtækja hefur slæm áhrif samfélagið, tefur endurreisn hagkerfisins og getur dregið úr hagvexti til margra ára ef ekkert er að gert. Það er því nauðsynlegt að sem flestir sem á þurfa að halda nýti þau skuldaúrræði sem stjórnvöld hafa kynnt og að fjármálafyrirtækin nýti það

svigrúm sem myndaðist við stofnun þeirra til þess að taka á skuldavanda heimila og fyrirtækja. Skuldaaðlögun mun verða öllum til góða þar sem hún styrkir forsendur hagvaxtar. Aukinn hagvöxtur gefur heimilum og fyrirtækjum betra tækifæri til þess að standa undir skuldbindingum sínum þegar hlutfall þeirra af landsframleiðslu og tekjum lækkar á nýjan leik.

Efnahagsáætlunin mun leggja grunn að hagkerfi sem verður sterkara en það sem hrundi árið 2008 með þróttmiklum og sjálfbærum hagvexti til framtíðar með bættri stöðu heimila og fyrirtækja.

Endurreisn fjármálakerfisins.

Við endurfjármögnun bankanna fór stærstur hluti bankakerfisins aftur í hendur kröfuhafa gömlu bankanna í gegnum skilanefndir þeirra. Ríkissjóður gerðist hins vegar stærsti eigandi Landsbanka og minnihlutaeigandi í bæði Íslandsbanka og Arion, sem einnig var veitt víkjandi lán úr ríkissjóði til þess að tryggja fjárhagslega stöðu nýju bankanna. Að fordæmi flestra nágrannaríkja okkar sem hafa tekið yfir stóra hluta fjármálakerfa sinna var ákveðið að setja á stofn sérstaka stofnun, Bankasýslu ríkisins, sem fer með eigendahlutverk ríkissjóðs. Hlutverk Bankasýslunnar er að gæta hagsmuna ríkissjóðs sem eiganda, vera leiðandi í hagræðingu á fjármálamarkaði og leggja fram tillögur til fjármálaráðherra um sölu eignarhluta í fyllingu tímans. Bankasýslunni er einnig ætlað að koma með tillögur til fjármálaráðherra ef ríkissjóður þarf að leggja fjármálafyrirtækjum til aukið eigið fé.

Einnig er stefnt að því að endurfjármagna Íbúðalánasjóð fyrir árslok og tryggja með því að sjóðurinn hafi það 5% eiginfjárhlutfall sem kveðið er á um í reglugerðum. Sjóðurinn hefur tapað verulegum fjármunum í kjölfar bankahrunsins og var eiginfjárhlutfall hans komið vel undir lágmörk. Á sama tíma og fjárhagsstaða sjóðsins verður bætt verður unnið að því að styrkja umgjörð sjóðsins í samræmi við niðurstöðu uppfærðrar viðskiptaáætlunar sjóðsins.

Sparisjóðirnir.

Líkt og með eignarhluti ríkissjóðs í viðskiptabönkunum verður allt stofnfé sem ríkissjóður mun eignast í sparisjóðum landsins flutt Bankasýslu ríkisins til umsýslu.

Sparisjóðirnir gegna mikilvægu hlutverki á íslenskum fjármálamarkaði. Þetta á ekki síst við á landsbyggðinni þar sem sjóðirnir eru víða einir um að veita fjármálaþjónustu. Ríkisstjórnin hefur því lagt mikla áherslu á að sparisjóðakerfið komist í gegnum þetta erfiða tímabil. Hins vegar er ljóst að hvorki er nægjanlegt né ásættanlegt að sjóðirnir njóti eingöngu aðstoðar úr ríkissjóði. Aðrir kröfuhafar þurfa einnig að leggja sitt af mörkum. Þessu til viðbótar er þörf á verulegri hagræðingu til þess að sparisjóðirnir geti verið sjálfbærir áfram.

Átta sparisjóðir sóttu um eiginfjárframlag samkvæmt neyðarlögunum (lögum nr. 125/2008) í byrjun árs 2009. Staða sumra þeirra var þó svo erfið að eiginfjárframlagið eitt og sér dugði ekki til. Einn sjóður dró umsókn sína til baka og aflaði stofnfjár annars staðar. Tveir stærstu sjóðirnir, Byr og Sparisjóðurinn í Keflavík, náðu ekki nauðsynlegum samningum við kröfuhafa sína og féllu í apríl á þessu ári. Stofnuð voru ný fjármálafyrirtæki, Byr hf. og SpKef sparisjóður, sem tóku við innstæðum og eignum föllnu fjármálafyrirtækjanna tveggja. Fimm minni sparisjóðir fóru í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu með kröfuhöfum sínum þar sem Seðlabanki Íslands var sá stærsti vegna krafna sem hann fékk við fall Sparisjóðabankans. Samþykki Eftirlitsstofnunnar EFTA (ESA) vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar þeirra lá fyrir um það leyti sem dómur féll um ólögmæti gengistryggingar í lánasamningum í júní. Dómurinn hefur tafið fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna, en

búið er að fara yfir hugsanleg áhrif ólögmætis gengislána á sjóðina. Áhrifin eru mismikil, en í flestum tilvikum þarf viðbótarframlag frá kröfuhöfum. Tveir þessara sjóða hafa þegar náð að uppfylla nauðsynleg skilyrði að meðtöldum hugsanlegum áhrifum vegna gengislána og hinir þrír eru að vinna að lúkningu sinna mála.

Við fall Byrs og Sparisjóðsins í Keflavík var í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins kveðið á um að gömlu og nýju sjóðirnir skyldu leita leiða til að semja sín á milli um greiðslu fyrir yfirfærðar eignir. Samningar þar um eru nálægt lokastigi og ættu nýju innlánastofnanirnar að verða fullfjármagnaðar innan tíðar.

Úrlausn annarra krafna.

Við fall stóru bankanna eignaðist Seðlabankinn kröfur á fleiri fjármálafyrirtæki en sparisjóðina. Hluti þessara krafna var fluttur til fjármálaráðuneytis strax eftir fall bankanna en annar hluti var áfram hjá Seðlabanka Íslands. Ráðgjafi var fenginn til að greina hagkvæmasta fyrirkomulagið við umsýslu þessara krafna og var niðurstaðan sú að bæði hagkvæmast og skilvirkast væri að flytja þær allar til eignarhaldsfélags í eigu Seðlabankans. Allar kröfur sem Seðlabankinn eignaðist við hrunið voru því fluttar í Eignasafn Seðlabanka Íslands hf. í upphafi þessa árs og verður unnið úr þeim þar.

Umgjörð fjármálakerfisins.

Verulegar breytingar hafa verið gerðar á lögum um fjármálafyrirtæki frá hruni bankakerfisins, m.a. í ljósi þeirra tillagna sem settar voru fram í skýrslu Kaarlo Jännäri.

Meðal þeirra breytinga sem gerðar hafa verið er að veita áhættustýringu formlegri stöðu innan fjármálafyrirtækja, lagt hefur verið blátt bann við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum eða stofnfjárbréfum, reglur um lán til tengdra aðila hafa verið hertar, auknar kvaðir eru nú á fjármálafyrirtækjum varðandi veitingu gagna til eftirlitsstofnana, auknar hafa verið hæfis- og hæfniskröfur sem stjórnarmenn og framkvæmdastjóra þurfa að uppfylla auk þess sem skerpt hefur verið á ákvæðum um persónulega ábyrgð þessara aðila. Auk þess hafa verið settar reglur um kaupauka og starfslokasamninga. Þessu til viðbótar hafa kröfur um gagnsæi í eignarhaldi fyrirtækja verið auknar. Lagabreytingarnar undirbyggja breytingar á reglum Fjármálaeftirlitsins um tengda aðila, stórar áhættuskuldbindingar, lán í erlendri mynt og lausafjárstýringu.

Fjármálaeftirlitið undirbýr einnig skrá yfir alla þá sem skulda umfram 300 milljónir kr. til þess að betri yfirsýn fáist yfir stórar áhættuskuldbindingar fjármálakerfisins. Gert er ráð fyrir að skráin verði komin í gagnið sumarið 2011. Áfram er unnið að frekari breytingum á lagaumgjörð fjármálafyrirtækja, m.a. með skýrari reglum um eigið fé og útreikninga á fjárhagslegum styrk og um starfsheimildir einstakra tegunda fjármálafyrirtækja.

Breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og lögum um Seðlabanka Íslands eru í undirbúningi. Stefnt er að því að frumvarpsdrög verði lögð fyrir efnahags- og viðskiptaráðherra á fyrsta ársfjórðungi 2011. Vonast er til þess að Alþingi ljúki umfjöllun sinni á vorþingi 2011. Ekki er gert ráð fyrir að tekin verði ákvörðun um hugsanlega sameiningu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands eða aðrar breytingar á stofnanalegri umgjörð eftirlits með fjármálakerfinu að sinni. Hins vegar er ljóst að stofnanaleg umgjörð eftirlits með fjármálafyrirtækjum og fjármálakerfinu verður endurskoðuð þegar um hægist í rannsóknum Fjármálaeftirlitsins og staða þessara mála verður skýrari í öðrum Evrópuríkjum.

Mikilvægt er að ný lög um innstæðutryggingakerfi verið samþykkt. Innstæður almennra sparifjáreigenda og fyrirtækja sem trygging innstæðudeildar Tryggingarsjóðs innstæðu-

eigenda tekur til verða þó áfram tryggar í samræmi við fyrri yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar. Yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar um verður aðeins breytt í fyrirframtilkynntum og vel ígrunduðum skrefum eftir því sem traust á fjármálakerfinu vex í samráði við Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið. Stefnt er að því að stofnanirnar tvær skili efnahags- og viðskiptaráðherra skýrslu um viðnámsþrótt fjármálakerfisins áður en innlánstryggingin verður afnumin.

Hugmyndir um þjóðarvarúð þurfa að tengjast náið endurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands og framtíð peningastefnunnar. Í þessari vinnu er mikilvæg sú breyting sem hófst í október 2009 í átt að því að færa umgjörð alls fjármálamarkaðarins og efnahagsmála, þ.m.t. lög um Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið, undir sama ráðuneytið með stofnun efnahags- og viðskiptaráðuneytisins.

Bætt samráð vegna fjármálastöðugleika.

Til viðbótar við breytingar á regluverki fjármálamarkaðarins hefur verið unnið að bættri stjórnskipan til þess að tryggja fjármálastöðugleika. Flutningur á löggjöf um Seðlabankans til nýs efnahags- og viðskiptaráðuneytis, sem hafði fyrir umsjón með löggjöf um Fjármálaeftirlitið, í október 2009 var mikilvægt skref í þá átt.

Til þess að styrkja samráð stjórnvalda sem hafa með fjármálamarkaðinn að gera hafa forsætisráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra, fjármálaráðherra, Seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins gert með sér samkomulag. Á grundvelli þess starfar nefnd um fjármálastöðugleika en henni er ætlað að vera samráðsvettvangur um mál sem snúa að fjármálastöðugleika og sinna samstarfi við sams konar nefndir í nágrannaríkjunum. Fulltrúi efnahags- og viðskiptaráðuneytisins leiðir nefndina. Nefndinni hefur verið gefið mun skýrari skyldur en forverum hennar auk þess sem upplýsingagjöf til ráðherranefndar um efnahagsmál er tryggð. Í ráðherranefndinni sitja forsætisráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra. Nefndin getur boðað seðlabankastjóra og forstjóra Fjármálaeftirlitsins á sinn fund ef efni standa til. Íslensk stjórnvöld hafa auk þess skrifað undir samkomulag við önnur norræn ríki og Eystrasaltsríki um samráð vegna hugsanlegra fjármálaáfalla.

Úrlausn skuldavanda heimila og fyrirtækja

Skuldsetning einkageirans á Íslandi í aðdraganda bankahrunsins var fordæmalaus. Eftir hrun bankakerfisins, samdrátt landsframleiðslu og tekna heimila og fyrirtækja er því ljóst að draga verður úr skuldsetningu heimila og fyrirtækja. Sams konar aðlögun skulda einkageirans hefur yfirleitt átt sér stað í kjölfar fjármálakreppu. Í flestum tilfellum lækka skuldirnar niður í hlutföll sem sjá mátti fyrir þá eignabólu sem byggist oftast upp í aðdraganda fjármálaáfalla. Í ljósi mikillar skuldsetningar ríkissjóðs í kjölfar fjármálahrunsins er þó ljóst að nauðsynleg aðlögun skulda heimila og fyrirtækja hérlendis verður að fara fram án mikilla afskipta ríkissjóðs. Ólíkt reynslu flestra annarra þjóða, t.d. Japans undanfarna tvo áratugi, hefur hins vegar verið mótað nýtt bankakerfi sem hefur verulega afskriftarreikninga sem bankarnir þurfa að nýta til þess að aðlaga skuldir heimila og fyrirtækja að greiðslugetu. Í þessu tilliti er einnig mikilvægt að ríkissjóður tryggi að opinberir aðilar séu nægilega vel fjármagnaðir til þess að þeir geti tekið kröftuglega þátt í skuldaaðlögun. Slík skuldaaðlögun er forsenda þess að hagkerfið taki við sér af krafti á nýjan leik.

Aðlögun skulda íslenskra einkaaðila mun á næstu missirum aðallega fara fram á þrjá vegu: Í fyrsta lagi með auknum hagvexti og tekjum. Í öðru lagi með niðurgreiðslu skulda og í þriðja lagi með afskriftum og niðurfærslu skulda, m.a. í gegnum gjaldþrot og nauðasamninga.

Aðgerðir fyrir heimilin.

Fjöldi heimila stendur frammi fyrir fjárhagserfiðleikum í kjölfar hækkandi lána, aukins atvinnuleysis og lækkunar kaupmáttar. Erfið staða heimilanna orsakast m.a. af mikilli skuldsetningu geirans, en skuldir heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hækkuðu úr 178% árið 2000 í 250% árið 2008.

Samkvæmt rannsókn Seðlabankans eru um 28% heimila í einhverjum fjárhagsvanda. Bankinn telur að aðgerðir stjórnvalda hafi lækkað hlutfallið niður í 23%, en aðgerðir stjórnvalda hafa auk þess komið í veg fyrir að enn önnur lendi í vanda. Vísbendingar eru um að 5–10% heimila eigi í verulegum fjárhagsvanda.

Þrátt fyrir að aðlögun skulda heimila sé mikilvæg er ljóst að flöt niðurfærsla skulda er ekki skynsamleg leið til þess að bæta fjárhagsstöðu almennings. Annars vegar vegna þess að langstærstur hluti skulda almennings er í eigu ríkissjóðs í gegnum Íbúðalánasjóð en lækkun á eignum Íbúðalánasjóðs þyrfti að fjármagna með eiginfjárframlagi ríkissjóðs sem væri fjármagnað að endingu með hærri sköttum á almenning. Hins vegar dregur flatur niðurskurður úr getu fjármálakerfisins og ríkissjóðs til þess að aðstoða þá sem raunverulega þurfa á fjárhagsaðstoð og niðurfærslu skulda að halda.

Aðgerðir til að auðvelda heimilum að ráða við versnandi fjárhagsstöðu má í grunninn skipta í tvennt. Annars vegar eru það aðgerðir sem geta nýst öllum og hins vegar aðgerðir sem eru sérsniðnar að fólki í verulegum fjárhagserfiðleikum.

Heimild til útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar, auknar vaxtabætur og greiðslujöfnun skulda hafa verið þau þrjú meginúrræði sem staðið hafa öllum til boða. Útgreiðslur séreignarsparnaðar sem nema samtals um 35 milljörðum kr. fyrir skatta, eða rúmlega 2% af landsframleiðslu ársins 2010, hafa auðveldað fjölmörgum heimilum að takast á við þá erfiðleika sem hratt lækkandi laun, hækkandi lán og atvinnumissir hefur haft í för með sér. Útgreiðslan eftir skatta er rúmlega 1% af landsframleiðslu. Vaxtabætur voru auk þess hækkaðar um 2 milljarða kr. árið 2009 til þess að koma til móts við skuldsett heimili. Vaxtabótakerfið auðveldar skynsamlega nýtingu fjár þar sem útgreiðslur ráðast bæði af skuldsetningu og tekjum heimila. Greiðslujöfnun lána hefur einnig nýst fjölmörgum heimilum vel, ekki síst þeim sem sóttu snemma um slíka fyrirgreiðslu.

Þessu til viðbótar munu dómar Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggðra lána og lagasetning í kjölfar þeirra nýtast fjölmörgum heimilum, en 28.500 heimili er með gengistryggð bílalán auk um 8.500 heimili sem eru með blönduð bílalán. Þessu til viðbótar eru um 1.500 heimil með gengistryggð/erlend húsnæðislán og um 5.500 með blönduð fasteignalán. Rannsóknir Seðlabanka Íslands á skuldastöðu heimila gefa til kynna að bílalán séu stærsti einstaki þátturinn í þeim skuldaerfiðleikum sem mörg heimili standa frammi fyrir. Frysting afborgana og vaxta gengistryggðra lána hefur haft jákvæð áhrif á greiðslubyrði þessara heimila sem sjá nú fram á langvarandi lausn með dómum Hæstaréttar og því lagafrumvarpi sem boðað hefur verið í kjölfar þess. Löggjöfinni sem efnahags- og viðskiptaráðherra stefnir að því að leggja fram við upphaf þings er ætlað að skýra sviðið og tryggja að fjárhagsleg framtíð heimila ráðist ekki með eins konar hlutkesti eftir því hvaða banka eða þjónustufulltrúa viðkomandi fékk afhentan lánasamning frá. Meðferð uppgjörsins verður einnig skýrt og tekin öll tvímæli af þáttum sem þykja óskýrir í núverandi lagasetningu. Dómarnir og afleidd lagasetning mun þó ekki aðeins hafa áhrif á þau heimili sem eiga beina aðild að slíkum lánasamningum. Áhrifanna mun gæta í hagkerfinu öllu þegar staða fjölda heimila batnar og möguleiki er á betri viðspyrnu hagkerfisins í kjölfar efnahagshrunsins.

Heimilum í verulegum fjárhagserfiðleikum stendur greiðsluaðlögun til boða. Henni er ætlað gera heimilum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma jafnvægi á milli skulda og greiðslugetu þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð.

Nokkrar tafir hafa orðið á fjárhagslegri endurskipulagningu heimila. Í ljósi bættra úrræða, aukinnar lagalegrar vissu eftir dóma Hæstaréttar og stofnun embættis umboðsmanns skuldara standa vonir til þess að framtíðarlausn finnist á fjárhagslegum vanda illra staddra heimila.

Skuldavandi fyrirtækja.

Aðlögun skulda fyrirtækja er ekki síður mikilvæg fyrir hagkerfið en bætt fjárhagsstaða heimila. Skuldsetning íslenskra fyrirtækja í aðdraganda fjármálahrunsins á sér varla fordæmi. Veiking krónunnar og lítil eftirspurn í kjölfar bankahrunsins gerði stöðuna enn erfiðari.

Nauðsynlegt er að ljúka við umbreytingu skulda og nauðsynlegar afskriftir til þess að fyrirtækin geti tekið að fjárfesta að nýju og ráða fleira starfsfólk til þess að bregðast við bættri samkeppnisstöðu íslenskrar framleiðslu eftir lækkun raungengisins. Þrátt fyrir að raungengið hafið hækkað um nærri 12% það sem af er ári er ljóst að samkeppnishæfni hagkerfisins er mun betri á þann mælikvarða en verið hefur um langt skeið. Umbreyting skuldanna er því forsenda þess að fyrirtækin geti nýtt sér bætta samkeppnisstöðu og þar með að hagkerfið allt geti tekið að vaxa að nýju. Endurskipulagning skulda, þ.m.t. skynsamlegar afskriftir, nýtast því öllum með aukinni atvinnu og vexti hagkerfisins.

Endurskipulagning skulda fyrirtækja hefur gengið allt of hægt. Fyrir því eru fjölmargar ástæður, m.a. töf á stofnsetningu nýju bankanna, óvissa um lögmæti lánasamninga, óstöðugleiki í hagkerfinu og skortur á þekkingu innan fjármálafyrirtækja á endurskipulagningu skulda eftir langt uppgangsskeið. Hins vegar ættu allar aðstæður að vera fyrir hendi nú innan bankanna að taka hratt á skuldavanda fyrirtækjanna. Til þess hafa þeir verulegt svigrúm á afskriftarreikningum í kjölfar stofnunar nýju bankanna. Ríkisvaldið hefur bætt umgjörð fyrir skuldaaðlögun, m.a. með breytingum á gjaldþrotalöggjöf, fjölgun dómara til þess að draga úr töfum innan dómskerfisins og breytingum á skattalöggjöf.

Peningastefnan.

Við hrun bankakerfisins var verðbólgumarkmiði Seðlabankans ýtt til hliðar um stundarsakir á meðan stjórntækjum peningastefnunnar er beitt til þess að tryggja stöðugleika gjaldmiðilsins. Til þess að styrkja trúverðugleika peningastefnunnar var einnig ákveðið snemmárs 2009 að fela ákvarðanir um beitingu stjórntækja banka í hendur fimm manna peningastefnunefnd. Í nefndinni sitja bankastjóri, aðstoðarbankastjóri og aðalhagfræðingur Seðlabankans auk tveggja virtra einstaklinga utan bankans sem efnahags- og viðskiptaráðherra skipar. Til þess að auka á gagnsæi í ákvörðunum bankans eru fundargerðir peningastefnunefndar nú einnig birtar.

Peningastefnan eins og aðrir þættir hagstjórnar hefur beðið mikinn álitshnekki við þann mikla efnahagslega óstöðugleika og gjaldeyriskreppu sem riðið hefur yfir þjóðina undanfarin ár. Mótun peningastefnu til framtíðar verður að taka mið af þeirri staðreynd og því ójafnvægi sem einkennt hefur hagkerfið, en ljóst er að peningastefnan hefur átt erfitt með að uppfylla markmið sín hvert sem stjórntækið hefur verið. Það er því verðugt verkefni fyrir dyrum við að móta umgjörð og markmið peningastefnunnar þegar núverandi fyrirkomulag gengisstöðugleika með gjaldeyrishöftum, sem aldrei átti að vera til annars en skamms tíma, verður lyft. Seðlabankinn mun innan tíðar skila skýrslu um framtíð peningastefnunnar en bankinn

skilaði forsætisráðherra áfangaskýrslu um í júní 2009. Í áfangaskýrslunni voru reifaðir ýmsir möguleikar fyrir peningastefnuna en sérstaklega var rætt um að í umhverfi verðbólgumarkmiðs og fljótandi gengis (sem var grundvöllur peningastefnunnar frá mars 2001 til október 2008) þyrfti hugsanleg að fjölga stjórntækjum peningastefnunnar, t.d. með beitingu þjóðhagslegra varúðartækja. Einnig hafa komið upp hugmyndir um virkari aðgerðir á gjaldeyrismarkaði.

Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur skipað nefnd sem endurskoða á lög um Seðlabanka Íslands. Stefnt er að því að nefndin skili tillögum sínum fyrir árslok 2010 og að lagt verði fram frumvarp á Alþingi fyrir miðjan febrúar 2011. Nefndin mun taka sérstakt tillit til þeirra athugasemda sem komið hafa fram eftir hrunið, m.a. í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, um heimildir Seðlabankans til þess að sinna lögboðnu eftirlitshlutverki sínu.

Vinna við mótun peningastefnu til framtíðar og endurskoðun löggjafar um Seðlabanka Íslands þarf að fara fram óháð hugsanlegri aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evru í kjölfarið. Hins vegar er ljóst að kostnaður við að endurvinna traust á peningastefnuna verður lægri ef Ísland ákveður að ganga í Evrópusambandið og fá þar með aðgang að trúverðugleika Seðlabanka Evrópu.

Gjaldeyrishöft.

Gjaldeyrishöftum var komið á við fall bankanna til þess að bregðast við sérstökum aðstæðum þar sem hætta var á gríðarlegu útflæði fjármagns á sama tíma og fjármálakerfi landsins var að mestu óvirkt og nær einstök óvissa ríkti um framtíð hagkerfisins. Frá upphafi hefur verið stefnt að því að höftunum verði lyft í fyllingu tímans í fyrirframtilgreindum og stýrðum skrefum. Hins vegar er ljóst að afnám haftanna hefur gengið hægar en vonast var eftir í fyrstu, bæði vegna þess hve erfið úrlausnar ýmis innlend vandamál hafa reynst og vegna þess hversu mikil óvissa og óstöðugleiki hafa áfram ríkt á alþjóðamörkuðum.

Áætlun stjórnvalda um afnám haftanna var birt í ágúst 2009 eftir samþykkt í ríkisstjórn. Unnið er eftir áætluninni sem er byggð á þeirri grunnhugsun að höftunum verði lyft í fyrirframákveðnum og stýrðum skrefum eftir því sem tilefni gefast. Í byrjun nóvember 2009 var fyrsta skrefið tekið þegar opnað var fyrir innflæði fjármagns og þær greiðslur sem af þeim leiðir. Samkvæmt áætluninni mun næsta skref felast í því að draga úr höftum á þeim fjármálaafurðum sem hafa lengstan líftíma. Síðasta skrefið við afnám haftanna verður að lyfta þeim á fjármálaafurðum með stystan líftíma.

Til þess að styrkja framkvæmd gjaldeyrishaftanna voru rannsóknir á brotum tengdum þeim fluttar til Seðlabankans frá Fjármálaeftirlitinu í júní 2010. Á sama tíma var lagaheimild haftanna framlengd frá nóvember 2010 til ársloka 2011. Markmiðið með breytingunum var að auka skilvirkni eftirlits og rannsókna á brotum. Auk þess þótti mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið gæti nýtt alla krafta sína við eftirlit með nýju fjármálakerfi og rannsóknir á því sem úrskeiðis fór við hrun bankakerfisins.

Reglur um gjaldeyrishöftin eru endurskoðaðar á sex mánaða fresti enda er nauðsynlegt að bregðast tímanlega við tilraunum til undanskota, en rannsóknir sýna að máttur gjaldeyrishafta þverr með tímanum. Ekki verður því hjá því komist að gera breytingar á umgjörð gjaldeyrishaftanna reglulega á meðan þau eru við lýði. Höftin mega ekki linast og leka heldur verður afnám þeirra að fara fram í skýrt mörkuðum og fyrirframákveðnum skrefum.

Styrking gjaldeyrisvaraforðans er mikilvæg fyrir afnám haftanna. Styrking gjaldeyrisvaraforðans tryggir greiðsluhæfi ríkissjóðs í erlendri mynt og aðgengi hagkerfisins að gjaldeyri ef í harðbakkann slær. Forðinn gefur Seðlabankanum einnig tækifæri til þess að tak-

marka hugsanlegt ýkt gjaldeyrisflökt þegar svo ber undir. Seðlabankinn hefur einnig getað nýtt gjaldeyrinn til uppkaupa á skuldabréfum ríkissjóðs í erlendri mynt með afslætti. Styrking forðans hefur verið þrískipt. Í fyrsta lagi veitir samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn aðgang að 600 milljörðum kr. í formi lána frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Norðurlöndunum og Póllandi. Í öðru lagi hefur Seðlabankinn styrkt gjaldeyrisvaraforðann í kjölfar sölu eigna sem tengjast hruni bankakerfisins, þ.e. sölu Avens-bréfa til lífeyrissjóða og endurheimt veðs í danska FIH-bankanum vegna láns til Kaupþings í október 2008. Þessi tvö uppgjör hafa þegar styrkt gjaldeyrisvaraforðann um samtals nærri 130 milljörðum kr. Seðlabankinn telur möguleika á að hann endurheimti veð sitt í FIH að fullu þegar fram líða stundir. Í þriðja lagi hóf Seðlabankinn regluleg kaup gjaldeyris í lok ágúst 2010. Seðlabankinn kaupir nú gjaldeyri á vikulegum uppboðum. Fyrstu tvo mánuði kaupanna keypti bankinn gjaldeyri fyrir samtals 15 milljarða kr. Skipulag gjaldeyriskaupanna miðar að því að þau hafi sem minnst áhrif á þróun gengis krónunnar.

Styrk stjórn fjármála hins opinbera.

Bætt fjárhagsstaða hins opinbera er forsenda þess að hægt verði að endurvinna traust á íslenska hagkerfið. Háar skuldir hins opinbera geta dregið úr trúverðugleika en einnig benda nýlegar rannsóknir til þess að hagvöxtur dragist saman þegar skuldir hins opinbera hafa náð ákveðnu hlutfalli af landsframleiðslu. Lækkun skulda hins opinbera frá því háa hlutfalli sem þær voru við fall bankakerfisins er því einnig líklega mikilvægt skref til að efla vöxt hagkerfisins til framtíðar.

Ríkisstjórnin lagði fram metnaðarfulla áætlun um hvernig tryggja mætti sjálfbærni fjármála ríkissjóðs til framtíðar sumarið 2009. Áætlunin hefur nú verið uppfærð og birt með fjárlögum. Enn er stefnt að því að afgangur verði af frumjöfnuði hins opinbera árið 2011, þ.e. að ríki og sveitarfélög skili afgangi þegar litið er fram hjá vaxtagjöldum og vaxtatekjum. Fjárlagafrumvarp ársins 2011 er í samræmi við þessa stefnu þar sem lagt er til að afkoma ríkissjóðs verði bætt um 44 milljarða kr. miðað við það sem ella hefði orðið. Ráðstafanir til aukinnar tekjuöflunar nema 11 milljörðum kr. Aðgerðir til samdráttar í útgjöldum nema 33 milljörðum kr. miðað við horfur að óbreyttu.

Gert er ráð fyrir að staða sveitarfélaganna verði áfram nokkurn veginn í jafnvægi. Fjárlagafrumvarp ársins 2011 byggist á þeim mikilvægu skrefum sem stigin voru í fjárlögum 2010 við að endurheimta sjálfbærni ríkisfjármála eftir mikinn hallarekstur ríkissjóðs árið 2009 til þess að draga úr áhrifum kreppunnar. Mikilvægt er að framkvæmd þeirra fjárlaga hefur að langmestu leyti gengið samkvæmt áætlun þrátt fyrir samdrátt í virðisaukaskattstekjum á öðrum ársfjórðungi. Þrátt fyrir að þá verði mikilvægum áfanga náð verður að ganga lengra til þess að tryggja verulegan afgang á fjármálum hins opinbera árið 2013. Áætlun um ríkisfjármál til millilangs tíma er þó undir stöðugri endurskoðun, bæði í ljósi þróunar hagkerfisins og ekki síður skuldastöðu ríkissjóðs. Lægri skuldastaða ríkissjóðs gæti aukið svigrúm fjármála hins opinbera. Á sama hátt er þó hætt við að ef enn frekari byrðar verði lagðar á ríkissjóð sé hætt við að lítið sem ekkert svigrúm verði til þess að bregðast við óvæntum atburðum.

Hraði aðlögunar ríkisfjármála ræðst þó einnig af öðrum þáttum, t.d. samspili við peningastefnuna. Í því samhengi er ljóst að erfitt verður að losa gjaldeyrishöftin að fullu fyrr en óvissu um þróun ríkisfjármála hefur verið eytt, en um 29% af útistandandi innlendum skuldabréfum ríkisins eru talin í eigu erlendra aðila, þar af nærri 45% af útistandandi ríkisvíxlum.

Allar aðgerðir í ríkisfjármálum miðast að því að viðhalda norrænu velferðarsamfélagi en fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi jafnaðar fyrir „durable“ hagvöxt. Því er reynt eftir fremsta megni að takmarka niðurskurð til heilbrigðis-, félags- og menntamála. Nauðsynlegt er að viðhalda grunnstoðum samfélagsins. Með því má takmarka verulega mögulegan spekileka, en vel menntað og þjálfað starfsfólk er grundvöllur endurreisnar hagkerfisins. Ljóst virðist vera frá reynslu annarra norrænna ríkja að slík markmið séu raunhæf, enda líkist aðlögun fjármála hins opinbera mjög því sem ávannst í Danmörku á fyrri hluta níunda áratugarins. Þá er hún lítið eitt hraðari en aðlögun annarra norrænna ríkja á tíunda áratug síðustu aldar. Í samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar frá 2009 segir að ríkisfjármálum verði beitt til að „verja grunnvelferðarkerfið og auka kjarajöfnuð um leið og staðið er undir fjárhagsskuldbindingum ríkissjóðs og stutt eftir megni við baráttuna við atvinnuleysi og nýja sókn í atvinnulífi um allt land“.

Styrking umgjarðar ríkisfjármála.

Umgjörð fjármála hins opinbera telst enn nokkuð veik þrátt fyrir nokkrar umbætur á umgjörð ríkisfjármála undanfarin ár. Skortur á sterkri fjármálalegri umgjörð átti þannig þátt í því að ríkissjóður stóð ekki gegn ofþenslunni eins og nauðsynlegt var. Einnig hefur veik umgjörð fjármála sveitarfélaga miðað við samanburðarlönd átt þátt í þeim fjárhagserfiðleikum sem mörg sveitarfélög standa nú frammi fyrir. Í ljósi erfiðrar skuldastöðu ríkissjóðs og mikilvægis aðhalds í ríkisfjármálum við að endurvinna traust á íslensku hagkerfi er ljóst að enn frekari umbóta er þörf á umgjörð fjármála hins opinbera.

Mikilvægt skref í átt til bættrar umgjarðar ríkisfjármála var tekið árið 2009 með birtingu áætlunar um ríkisfjármál fram til ársins 2011. Hlutverk Ríkisendurskoðunar við eftirlit með fjármálum ríkisins hefur einnig aukist. Þá grundvallast fjárlögin nú á hagspá sem unnin er af sjálfstæðum sérfræðingum Hagstofu Íslands en ekki starfsmönnum fjármálaráðuneytisins eins og áður var.

Enn frekari umbætur hafa verið gerðar með fjárlagafrumvarpi ársins 2011. Í frumvarpinu er settur fram rammi fjárlaga til tveggja ára á nafnvirði. Ráðuneyti og stofnanir eiga að hafa betri yfirsýn yfir þróun eigin fjármála þegar þau sjá lengra en eitt ár fram í tímann. Með því gefst tækifæri til þess að móta nauðsynlegar aðhaldsaðgerðir á skýrari hátt á dýpri grunni. Framsetning fjárlagarammanna á nafnverði, þ.e. þar sem ekki er verið að leiðrétta fyrir verðlagsþróun, er einnig mikilvægt skref. Með slíkri framsetningu styðja ríkisfjármál betur við peningastefnu Seðlabankans og sameiginlegt verðbólgumarkmið bankans og ríkisstjórnarinnar því að ríkissjóður getur síður brugðist við hærri verðbólgu með verðbólguhvetjandi útgjaldaauka. Þetta er því mikilvægt skref í þá átt að tryggja til framtíðar bætta samvirkni ríkisfjármála og peningamála þar sem bæði stjórntækin verða nýtt til þess að draga hagkerfið í sömu átt, ólíkt því sem átti sé stað í aðdraganda hrunsins. Markmið allra þessara breytinga er að umgjörð ríkisfjármála verði í samræmi við það sem best gerist annars staðar.

Til viðbótar við bætta umgjörð fjárlaga hefur fjármálaráðuneytið styrkt getu sína til skuldastjórnunar í kjölfar stóraukinnar útgáfu ríkisskuldabréfa. Til þess að bæta umgjörð á þessu sviði enn hafa útgáfuáætlanir verið styrktar og skuldastjórnunaráætlun mótuð til næstu ára. Vinna á öllum þessum sviðum hefur farið fram í samstarfi við færustu innlenda og erlenda sérfræðinga.

Bætt fjárhagsleg umgjörð sveitarfélaga.

Í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu fjölda sveitarfélaga og mikilvægis sveitarstjórnarstigsins fyrir bætta afkomu hins opinbera í heild hefur aukin áhersla verið lögð á að styrkja fjárhagslega umgjörð sveitarstjórnarstigsins og samskipti ríkis og sveitarfélaga um málefni sem varða bæði stjórnsýslustig.

Árið 2009 var komið á fót samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál, en efnahags- og viðskiptaráðuneyti hefur veitt nefndinni forustu. Samráðsnefndin byggði starf sitt á vinnu sem unnin hafði verið frá árinu 2007 þar til í bankahruninu. Nefndinni var falið það hlutverk að vinna tillögur að nýjum fjárhagsreglum fyrir sveitarstjórnarstigið. Tillögum samráðsnefndarinnar, sem notið hefur ráðlegginga innlendra og erlendra ráðgjafa, var skilað til jónsmessunefndar í september 2010 og er gert ráð fyrir að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra leggi fram frumvarp um breytingar á sveitarstjórnarlögum, sem feli m.a. í sér skýrar fjármálareglur fyrir sveitarfélög og hagstjórnarsamkomulagi ríkis og sveitarfélaga, fyrir árslok 2010. Varðandi fjármálareglurnar er um að ræða tvær meginreglur. Annars vegar er jafnvægisregla rekstrar en samkvæmt henni er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að jafnvægi sé á milli samanlagðra rekstrartekna og -gjalda samstæðu (A- og B-hluta) á hverju þriggja ára tímabili. Hins vegar eru um að ræða skuldareglu en samkvæmt henni er sveitarfélögum skylt að takmarka skuldir og skuldbindingar samstæðu við 150% af skilgreindum tekjum samstæðu A- og B-hluta. Í núgildandi sveitarstjórnarlögum eru að vísu álíka ákvæði um hallalausan rekstur. Rannsóknir á vegum samráðsnefndarinnar gefa hins vegar til kynna að í þeim tilfellum þar sem lagaramminn er ekki nægilega skýr um ákveðin atriði hefur verið tilhneiging til að leita leiða til þess að fara í kringum lögin. Með hliðsjón af þessu er lögð áhersla á mikilvægi þess að hert sé á þessum ákvæðum og tryggt að þau séu nægilega skýr.

Til þess að tryggja skýra umgjörð fjármála sveitarfélaga er mikilvægt að ný lög tryggi fjárhagslegt sjálfstæði þess hlutar í rekstri sveitarfélaga sem sinnir lögbundnum verkefnum. Þetta er ekki síst mikilvægt þar sem miklar skuldbindingar hvíla á mörgum sveitarsjóðum vegna ábyrgða sem sveitarfélögin hafa tekið á sig vegna annars en lögbundins rekstrar. Einnig er kveðið á um slíkar ábyrgðir í sérlögum um ákveðin fyrirtæki. Þessar skuldbindingar geta sett fjárhagslegt sjálfstæði sumra sveitarfélaga í hættu.

Mikilvægur hluti af tillögum nefndarinnar varðandi fjármálareglur er að gefa þeim sveitarfélögum sem best standa meira fjárhagslegt svigrúm umfram þau sem verr eru sett. Því er lagt til að sveitarfélögum verði skipað í þrjá flokka eftir því hvar þau standa gagnvart fyrrgreindum fjármálareglum. Með þessu er sveitarfélögum veittur hvati til að ávinna sér aukið sjálfræði í fjármálum með því að ástunda ábyrga fjármálastjórn. Því er lagt til að eftirlit með fjármálum sveitarfélaga taki mið af eftirfarandi flokkun:

- Flokkur 1: Sveitarfélag með skuldir lægri en 150% af tekjum og með jákvæða samanlagða rekstarafkomu síðustu þrjú ár. Fjárhagslegt eftirlit fyrir þennan flokk verður að mestu óbreytt frá því sem nú er í dag.
- Flokkur 2: Sveitarfélag með skuldir á bilinu 150% og 250% af tekjum, eða neikvæða samanlagða rekstrarafkomu síðustu þrjú árin. Sveitarfélag sem er í þessum flokki þarf að undirbúa fjárhagsáætlun vandlega og framfylgja henni af festu. Þá þarf utanaðkomandi eftirlit að vera til staðar varðandi möguleika til lántöku og fjárfestingar.
- Flokkur 3: Sveitarfélag með skuldir umfram 250% af tekjum eða hefur ekki farið eftir ítrekuðum tilmælum eftirlitsnefndar í fjármálum sínum. Sveitarfélag í þessum flokki þarf að gangast undir bindandi samkomulag við ríkisvaldið eða vera sett undir fjárhaldsstjórn.

Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál leggur einnig mikla áherslu á að öll samskipti ríkis og sveitarfélaga séu í föstum skorðum. Í því skyni hefur nefndin lagt til að sveitarstjórnarlög kveði á um að skipa skuli sérstakt samstarfsráð ríkis og sveitarfélaga og gert verði samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um stjórn fjármála hins opinbera til fjögurra ára í senn. Jafnframt komi skýrt fram í lögum hvernig fara skuli með ágreining sem komið getur upp um fjárhagsmál á milli ríkis og sveitarfélaga.

Samráðsnefndin hefur einnig lagt áherslu á mikilvægi skilvirks eftirlits með því að fjármálareglum sé framfylgt, ekki síst eftir því sem sveitarfélögin verða stærri, t.d. með sameiningu þeirra. Í því skyni gæti reynst nauðsynlegt að styrkja eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Einnig er mikilvægt að betri yfirsýn fáist um fjármál sveitarfélaga með bættri gagnasöfnun. Unnið er að því í samstarfi sveitarfélaganna og Hagstofunnar að bæta verulega gagnasöfnun um fjármál sveitarfélaga til þess að auðvelda eftirlit og tryggja betri yfirsýn yfir fjármál hins opinbera í heild.

Bætt fjárhagsleg umgjörð sveitarfélaga og styrkari stoðir fyrir fjárhagsleg samskipti stjórnsýslustiganna tveggja er ekki aðeins mikilvæg fyrir aðlögun fjármála hins opinbera í kjölfar bankahrunsins. Mikilvægi þeirra breytinga sem lagðar eru til liggja ekki síður í því að með þeim verður lagður grunnur að fjárhagslegum styrk og sjálfstæði sveitarfélaga og sveitarstjórnarstigsins til framtíðar, sem ætti að tryggja sveitarfélögum hagstæð lánakjör vegna nauðsynlegra framkvæmda. Þær tillögur að lagabreytingum sem lagðar hafa verið fram ættu því að tryggja bætta fjárhagsstöðu hins opinbera, styrkja fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga og getu þeirra til þess að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Á sama tíma yrði samstarf og samráð ríkissjóðs við sveitarfélög aukið og formfest varðandi málefni sem snúa að báðum stjórnsýslustigum.

Samskiptin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Íslensk stjórnvöld leituðu aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) í október 2008 eftir að hagkerfið var komið í algjört öngstræti eftir fall bankakerfisins. Tveggja ára samstarfssamningur sem grundvallaðist á viljayfirlýsingu (e. Letter of Intent) íslenskra stjórnvalda sem lagði línurnar fyrir efnahagsstefnu næstu missira var samþykktur í stjórn AGS 19. nóvember sama ár. Efnahagsáætluninni fylgdu lán frá AGS, Norðurlöndunum og Póllandi til styrktar gjaldeyrisvaraforðanum. Lánunum er skipt í nokkra hluta sem aðgangur er veittur að við hverja endurskoðun efnahagsáætlunarinnar þar sem árangur efnahagsáætlunarinnar er metinn og ný markmið skilgreind. Mikilvægi lánanna felst ekki síst í því að tryggja endurgreiðslur útistandandi erlendra skulda ríkissjóðs árin 2011 og 2012 þar sem erlendir fjármagnsmarkaðir lokuðust íslenskum aðilum í kjölfar hrunsins. Þessu markmiði var að fullu náð við aðra og þriðju endurskoðun efnahagsáætlunarinnar.

Mikilvægi samstarfsins við AGS liggur þó ekki aðeins í þeirri fjármögnun sem efnahagsáætlunin veitir aðgang að. Samstarfið við AGS gefur íslenskri efnahagsstefnu ákveðinn trúverðugleika sem er ekki síst mikilvægur í ljósi þess álitshnekkis sem íslensk efnahagsstjórn varð fyrir í kjölfar bankahrunsins. Trúverðugleikinn kemur ekki aðeins af samstarfi við sérfræðinga sjóðsins heldur ekki síður viðurkenningu fulltrúa þeirra 186 þjóða sem aðilar eru að sjóðnum við hverja endurskoðun á réttmæti þeirra grundvallarstoða sem efnahagsáætlunin byggist á. Þessu til viðbótar hafa íslensk stjórnvöld notið góðs af samstarfi við sérfræðinga á vegum sjóðsins við úrlausn ýmissa tæknilegra atriða.

Augljós geta ríkissjóðs til þess að standa við endurgreiðslur lána sinna og staðfesting sjóðsins á að stjórnvöld fylgi eftir skynsamri efnahagsáætlun eru því forsendur þess að ís-

lenska hagkerfið njóti á ný trausts, aðgengi fáist að erlendum fjármagnsmörkuðum að nýju og þar með verði hægt að byggja hér upp sjálfbæran hagvöxt til framtíðar. Samþykkt þriðju endurskoðunar efnahagsáætlunarinnar 29. september 2010 var því mikilvægt skref fyrir endurreisn hagkerfisins. Mikilvægt er fyrir stjórnvöld að sýna fram á festu við stjórn efnahagsmála næstu missirin svo að hagkerfið njóti á ný nægilegs trausts án ytri aðstoðar þegar samstarfinu við AGS lýkur í ágúst 2011.

Efnahagsforsendur.

Efnahagsþróunin hér á landi er ekki ólík því sem gerst hefur í öðrum löndum sem hafa strítt við fjármálakreppu. Lækkun raungengis mun áfram styrkja samkeppnishæfni útflutningsgreina, en þó er gert ráð fyrir að framlag nettóútflutnings til landsframleiðslu fari minnkandi á komandi árum. Í staðinn mun aukin fjárfesting og einkaneysla ýta undir hagvöxt og er spáð um 3% hagvexti árið 2011. Þá er sérstaklega horft til fjárfestinga í orkugeiranum upp úr 2011 og vaxandi einkaneyslu samhliða hækkandi væntingavísitölu og aukinni kortaveltu. Spáð er áframhaldandi hjöðnun verðbólgu og er talið að hún mælist um 5% við árslok, en styrking krónunnar og minni eftirspurn mun áfram halda aftur af hækkandi verðlagi. Búist er við að viðskiptajöfnuður batni lítillega til millilangs tíma aðallega vegna jákvæðs þjónustujafnaðar. Að öllum líkindum mun tímabil sem einkennist af jákvæðum viðskiptajöfnuði og minni einkaneyslu reynast lengra á Íslandi en í öðrum löndum sem lent hafa í fjármálakreppu. Ástæðan er sú að Ísland er annars vegar að takast á við erlendar skuldir sem kallar á jákvæðan viðskiptajöfnuð og hins vegar að greiða niður skuldir hins opinbera sem kallar á jákvæðan frumjöfnuð. En aðgerðir ríkisins til að ná jákvæðum frumjöfnuði í gegnum niðurskurð og skattahækkanir hefur óhjákvæmilega neikvæð áhrif á einkaneyslu.

Efnahagsstefnan miðar að því að endurvekja traust á íslenskt efnahagslíf, tryggja stöðugleika og leggja grundvöll að sjálfbærum hagvexti til framtíðar. Mikilvægur stöðugleiki virðist einnig vera að myndast í hagkerfinu með gólfi á gengi krónunnar og hratt lækkandi verðbólgu. Efnahagslegur stöðugleiki er önnur forsenda þess að hagkerfið taki við sér að nýju. Fyrirtækin verða að nýta bætta samkeppnisstöðu sína með veikingu raungengisins. Þrátt fyrir að bráðabirgðatölur um þróun landsframleiðslu á öðrum ársfjórðungi hafi valdið vonbrigðum gefa önnur haggögn tilefni til varfærinnar bjartsýni og vonar um að hagvöxtur taki við sér að nýju undir lok árs 2010 og að hagkerfið nái fyrri hagvaxtarferli innan fárra ára. Mikil skuldsetning heimila, fyrirtækja og hins opinbera verður þó líklega dragbítur á hagkerfinu næstu missiri. Sterkari umgjörð hagkerfisins, aukinn stöðugleiki og lækkun skuldahlutfalla heimila, fyrirtækja og hins opinbera ætti þó að styðja við aðra sterka grunnþætti hagkerfisins, líkt og aldurssamsetningu, atvinnuþátttöku og lífeyriskerfið, til þess að tryggja enn betri lífskjör þjóðarinnar til framtíðar.

3. Fyrirspurn [3. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um öryggi Hvalfjarðarganga.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að bæta öryggi Hvalfjarðarganga, en göngin fengu nýlega lægstu einkunn í úttekt á öryggi nokkurra evrópskra jarðganga?
2. Hefur komið til greina að stjórna hraða og flæði bíla í gegnum göngin í samræmi við öryggisreglur Mont Blanc ganganna?

4. Fyrirspurn [4. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um afskriftir lána.

Frá Ásbirni Óttarssyni.

1. Um hve háa fjárhæð voru húsnæðislán gömlu bankanna afskrifuð við kaup nýju bankanna á þeim?
2. Um hve háa fjárhæð voru lán fyrirtækja afskrifuð við kaup nýju bankanna á þeim?
3. Hvað mundi það kosta lánastofnanir ef dómur Hæstaréttar frá 16. september sl. næði líka til fyrirtækja?
4. Hversu há eru þau lán til fyrirtækja sem hugsanlega mundu falla undir dóm um gengistryggð lán hjá Hæstarétti?

Svar óskast sundurliðað eftir lánastofnunum.

Skriflegt svar óskast.

5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um rannsókn á embættisfærslum og ákvörðunum íslenskra stjórnvalda og samskiptum þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Evrópska efnahagssvæðinu.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Ólöf Nordal,
Ragnheiður E. Árnadóttir, Einar K. Guðfinnsson, Jón Gunnarsson,
Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson,
Ásbjörn Óttarsson, Árni Johnsen, Tryggvi Þór Herbertsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Kristján Þór Júlíusson, Bjarni Benediktsson, Pétur H. Blöndal.

Alþingi ályktar að skipuð verði sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis sem rannsaka skuli embættisfærslur og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda og samskipti þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Evrópska efnahagssvæðinu. Skal nefndin skipuð þremur sérfræðingum á þeim sviðum sem rannsóknin nær til.

Rannsóknarnefndin skal leggja mat á hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, brotið starfsskyldur sínar eða gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu fyrir íslenskra ríkið og íslensku þjóðina og eftir atvikum leggja mat á hverjir bera á þeim ábyrgð.

Rannsóknarnefndin skal fá í hendur allar þær rannsóknarheimildir sem henni eru nauðsynlegar til þess að geta varpað skýru ljósi á rannsóknarefnið. Skal hún meðal annars hafa aðgang að öllum gögnum stjórnvalda, þ.m.t. fundargerðum, minnisblöðum og greinargerðum, sem varpað geta ljósi á rannsóknarefnið. Jafnframt skuli sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfum nefndarinnar um að láta henni í té upplýsingar, gögn og skýringar sem hún fer fram á. Með gögnum er m.a. átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga og önnur gögn sem nefndin óskar eftir í þágu rannsóknarinnar. Nefndinni verði heimilt að kalla einstaklinga til fundar við sig til að afla munnlegra upplýsinga í þágu rannsóknarinnar og skuli viðkomandi þá skylt að mæta til skýrslutöku hjá nefndinni. Skylt verði að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að veita upplýsingar þótt þær séu háðar þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, sérstökum reglum um utanríkismál, öryggi ríkisins eða fundargerðir ríkisstjórnar og ráðherrafunda og fundargerðir nefnda Alþingis. Sama gildi um upplýsingar sem óheimilt er að lögum að veita fyrir dómi nema með samþykki ráðherra, forstöðumanns eða annars yfirmanns viðkomandi, jafnt hjá hinu opinbera sem einkafyrirtæki. Nefndinni skuli vera heimilt að framkvæma skýrslutökur fyrir opnum tjöldum telji hún tilefni til. Stjórnvöld skuli veita nefndinni alla nauðsynlega aðstoð sem hún óskar eftir við störf sín, og skal nefndin, ef hún þess óskar, fá aðgang að gögnum og skýrslum sem sérfróðir aðilar á vegum stjórnvalda hafa unnið um málefni sem falla undir starf nefndarinnar. Að öðru leyti skulu rannsóknarheimildir nefndarinnar vera hinar sömu og rannsóknarnefndar Alþingis sem skipuð var á grundvelli laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Nefndin skal eigi síðar en 1. janúar 2012 skila Alþingi skýrslu um rannsóknina ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að vinna á þágu rannsóknarinnar og verði skýrslan þegar í stað gerð opinber. Jafnframt skal Alþingi taka skýrsluna til umfjöllunar

og kjósa nefnd níu þingmanna til að fjalla um hana og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar.

Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Þessi þingsályktunartillaga var lögð fram á 138. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreidd og er því endurflutt.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi skipi sérstaka rannsóknarnefnd, þriggja sérfræðinga, sem falið verði það hlutverk að rannsaka embættisfærslur og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda og samskipti þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Evrópska efnahagssvæðinu. Er þar átt við samskipti íslenskra stjórnvalda við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innlánsreikninga Landsbanka Íslands hf. í löndunum tveimur, svokallaðra Icesave-reikninga.

Er nefndinni ætlað það hlutverk að leggja mat á hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, brotið starfsskyldur sínar eða gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu fyrir íslenska ríkið og íslensku þjóðina og eftir atvikum leggja mat á hverjir beri á þeim ábyrgð.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að rannsóknarnefndin fái í hendur allar þær rannsóknarheimildir sem henni eru nauðsynlegar til þess að geta varpað skýru ljósi á rannsóknarefnið. Er lagt til að þær rannsóknarheimildir skuli verða hinar sömu og rannsóknarnefnd Alþingis, sem skipuð var á grundvelli laga nr. 142/2008, um rannsókna á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, voru tryggðar í þeim lögum.

Tillagan mælir fyrir um að nefndin skili Alþingi sambærilegri skýrslu og rannsóknarnefnd Alþingis, undir formennsku Páls Hreinssonar, skilaði þinginu hinn 12. apríl 2010 og að Alþingi taki efni hennar og niðurstöður til sambærilegrar meðferðar á sínum vettvangi. Jafnframt að Alþingi kjósi níu manna þingnefnd sem fjalla skuli um hana og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar.

Óumdeilt er að Icesave-málið varðar einhverja mestu þjóðarhagsmuni sem stjórnvöld hér á landi hafa þurft að takast á við og telja flutningsmenn tillögunnar fullt tilefni til að framganga íslenskra stjórnvalda og ákvarðanir þeirra sem lúta að Icesave-málinu verði rannsökuð af hálfu þeirrar nefndar sem lagt er til að skipuð verði.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis gefur að líta vandaða og ítarlega umfjöllun um það rannsóknarefni sem þeirri nefnd sem tillaga þessi mælir fyrir um að verði komið á fót er ætlað að fjalla um. Er þar m.a. að finna umfjöllun um löggjöf um fjármálamarkaðinn og áhrif aðildar Íslands að EES (15. kafli), Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og ábyrgð á innlánum almennt (17. kafli) og innlán fjármálastofnana í útibúum erlendis (18. kafli). Þótt sú umfjöllun muni án efa nýtast hinni nýju rannsóknarnefnd vel í störfum sínum þá snýr hún ekki nema að hluta að þeim atriðum sem sú rannsókn sem þessari tillögu er ætlað að hrinda í framkvæmd snýr að, þ.e. embættisfærslum, ákvörðunum og samskiptum íslenskra stjórnvalda við bresk og hollensk stjórnvöld eftir hrun bankakerfisins.

Helstu ástæður þess að þessi tillaga er nú lögð fram eru eftirfarandi:

1. Flutningsmenn telja ljóst að lánasamningar þeir sem íslensk stjórnvöld undirrituðu hinn 5. júní 2009 og viðaukasamningarnir frá 19. október 2009 hafi strítt svo freklega gegn hagsmunum íslenska ríkisins að með undirritun sinni á þá hafi stjórnvöld gerst sek um

mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu sinni fyrir íslenska ríkið og íslenska skattgreiðendur.

2. Flutningsmenn telja að með undirritun sinni á áðurnefnda samninga hafi ríkisstjórn Íslands farið út fyrir það samningsumboð sem Alþingi veitti henni með samþykkt þingsályktunar hinn 5. desember 2008 þar sem ríkisstjórnin hafi með því ekki gætt hagsmuna íslenska ríkisins með þeim hætti sem henni bar, né hafi hún í þeim samningum virt hin sameiginlegu viðmið sem ályktunin mælti fyrir um að skyldu vera forsenda og grundvöllur samningsniðurstöðu.
3. Flutningsmenn telja mikilvægt að rannsakað verði hvort íslensk stjórnvöld hafi í samningaviðræðum við Breta og Hollendinga fallið frá lagalegum rétti íslenska ríkisins gagnvart viðsemjendum sínum og þeim kröfum sem framkomnar eru á hendur því og þar með skaðað hagsmuni íslenska ríkisins.
4. Flutningsmenn vísa tillögu sinni til stuðnings til 17. kafla skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þar fjallar nefndin um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og ábyrgð á innlánum almennt. Nefndin fjallar um efnislegt inntak og þýðingu tilskipunar Evrópusambandsins 94/14/EB um innstæðutryggingakerfi og túlkun fræðimanna á lagalegri þýðingu hennar. Sú umfjöllun sem þar birtist er að mati flutningsmanna samfelldur og kerfisbundinn lögfræðilegur rökstuðningur rannsóknarnefndarinnar fyrir því að samkvæmt tilskipuninni beri íslenska ríkinu engin lagaleg skylda til þess að ábyrgjast skuldir einkarekinna banka eða kröfur breskra og hollenskra stjórnvalda á hendur Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta í Icesave-málinu.
5. Flutningsmenn telja að umfjöllun rannsóknarnefndar Alþingis sérstaklega athyglisverða í ljósi þess að þrátt fyrir þau skýru sjónarmið sem nefndin teflir fram hafi íslensk stjórnvöld, ekki síst núverandi ríkisstjórn, engu síður ítrekað fallist á kröfur breskra og hollenskra stjórnvalda í Icesave-málinu. Það hafi núverandi ríkisstjórn gert í tvígang með undirritun sinni á lánasamninga og viðbótarlánasamninga. Það hafi hún jafnframt gert með því að leggja fram tvö frumvörp til laga á Alþingi sem mæltu fyrir um að ríkisábyrgð vegna lánasamninganna yrði veitt, án þess að hún hvildi á lagalegri skuldbindingu íslenska ríkisins. Að mati flutningsmanna leiða ákvarðanir stjórnvalda um að undirrita lána- og viðbótarlánasamninga við Breta og Hollendinga og tilraunir þeirra til að fá ríkisábyrgð vegna þeirra lögfesta á Alþingi til þess að rannsókn á þeim sé óumflýjanleg.
6. Að lokum benda flutningsmenn á að fram hafa komið opinberar yfirlýsingar sem benda til þess að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands eða embættismenn á þeirra vegum hafi tekið ákvörðun um að undirrita samninga við bresk og hollensk stjórnvöld, um skuldbindingar sem allt bendir til að hafi verið íslenska ríkinu fjárhagslega ofviða, þrátt fyrir að hafa haft vitneskju um að á þeim tíma hafi slíkar ákvarðanir ekki notið stuðnings meiri hluta alþingismanna. Þær yfirlýsingar veiti sterkar vísbendingar um að ríkisstjórnina hafi skort umboð til þess að undirrita samningana, en engu síður gert það. Slíkt brjóti gegn þeim grundvallarreglum sem gilda um stjórnskipan landsins og ákvæðum íslenskra laga um fjárskuldbindingar á hendur ríkinu.

Sú afstaða flutningsmanna að sýnt hafi verið fram á með lögfræðilegum rökum að samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar beri íslenska ríkinu engin lagaleg skylda til þess að ábyrgjast kröfur breskra og hollenskra stjórnvalda á hendur Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta í Icesave-málinu felur ekki í sér að stjórnvöldum sé óheimilt að semja um lyktir Icesave-málsins. Hins vegar telja flutningsmenn, eins og áður segir, að með þeim samningum sem gerðir voru hafi íslensk stjórnvöld hvorki gætt hagsmuna

íslenska ríkisins með þeim hætti sem þeim bar, né hafi þau virt hin sameiginlegu viðmið sem þingsályktunin sem samþykkt var á Alþingi hinn 5. desember 2008 mælti fyrir um að skyldu vera forsenda og grundvöllur samningsniðurstöðu og þar með farið út fyrir það samningsumboð sem Alþingi veitti þeim með samþykkt þingsályktunarinnar.

Þegar af þessum ástæðum sem að framan greinir telja flutningsmenn mikilvægt að fram fari rannsókn á því hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, brotið starfsskyldur sínar en ekki síst hvort þeir hafi gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu sinni fyrir íslenska ríkið.

Hér á eftir gefur að finna umfjöllun um ýmsa þætti Icesave-málsins sem flutningsmenn telja nauðsynlegt að horft verði til við rannsóknina.

2. Ályktun Alþingis hinn 5. desember 2008.

Hinn 5. desember 2008 samþykkti Alþingi þingsályktun þar sem ríkisstjórninni var falið að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar höfðu komið sér saman um. Laut ályktunin fyrst og fremst að því að ríkisstjórninni skyldi falið að ganga til samninga við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innlánsreikninga Landsbanka Íslands í löndunum tveimur, svokallaðra Icesave-reikninga.

3. Hin sameiginlegu viðmið.

Hin sameiginlegu viðmið sem vísað var til í ályktuninni sem samþykkt var á Alþingi fylgdu tillögunni í fylgiskjali, en þau voru svohljóðandi:

„1. Ríkisstjórn Íslands hefur átt viðræðufundi með stofnunum Evrópusambandsins og hlutaðeigandi aðildarríkjum þess um skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að því er tekur til tilskipunar um innstæðutryggingar 94/19/EBE. Aðilar komu sér saman um að tilskipunin um innstæðutryggingar hafi verið felld inn í löggjöfina um Evrópska efnahagssvæðið í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og gildi því á Íslandi með sama hætti og hún gildir í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

2. Viðurkenning allra aðila á þessari lagalegu stöðu greiðir fyrir skjótri niðurstöðu samningaviðræðna þeirra sem nú standa yfir um fjárhagsaðstoð við Ísland, þ.m.t. við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þessar samningaviðræður skulu fara fram með samhæfðum og samræmdum hætti og skal þar tekið tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.

3. Stofnanir Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins munu taka áframhaldandi þátt í þessu ferli sem fer fram í samráði við þær.“

4. Álit meiri hluta utanríkismálanefndar Alþingis, 5. desember 2008.

Utanríkismálanefnd Alþingis fékk áðurnefnda þingsályktunartillögu sem samþykkt var hinn 5. desember 2008 til meðferðar. Við afgreiðslu málsins frá nefndinni skilaði meiri hluti nefndarinnar nefndaráliti þar sem meðal annars var fjallað um hin sameiginlegu viðmið sem vísað er til hér að framan. Í nefndarálitinu segir m.a.: „Frumforsenda þess að leitað væri pólitískrar lausnar á málinu var að tryggt yrði að tekið yrði tillit til hinna erfiðu aðstæðna sem nú eru uppi á Íslandi. Þau umsömdu viðmið sem þingsályktunartillagan fjallar um fela í sér viðunandi forsendur fyrir lausn að áliti meiri hlutans. Ekki er fallið frá þeim lagarökum

sem Ísland hefur sett fram, en fallist á að leita samninga á grundvelli sameiginlegra viðmiða. Þau eru annars vegar að tilskipunin gildi með sama hætti hér á landi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu og hins vegar að samningar um lausn taki mið af sérstakri og fordæmislausri stöðu Íslands. Hvorugar þessara forsendna geta talist íþyngjandi fyrir Ísland eða íslenska hagsmuni. Í þessu sambandi var nefndin upplýst um þau meginsamningsmarkmið sem stjórnvöld hafa sett sér og fram kom að stöðu Íslands verði haldið á lofti í þeim viðræðum sem í hönd fara þannig að sem hagstæðust niðurstaða fáist fyrir Ísland. Leiði samningar ekki til ásættanlegrar niðurstöðu fyrir Ísland er það sjálfstætt úrlausnarefni hvernig stjórnvöld og Alþingi vinna úr þeirri stöðu, en hin umsömdu viðmið fela ekki í sér að stjórnvöld afsali sér með einhverjum hætti lagalegri stöðu að þjóðarétti sem ríkið hefur í dag.“

Jafnframt segir í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar: „Í tillögunni kemur fram að endanlegar niðurstöður samninga sem nást í viðræðunum verði lagðar fyrir Alþingi til öflunar viðeigandi fjárheimilda eftir því sem aðstæður krefjast. Álit meiri hlutans er að þetta verði að sjálfsögðu gert í samræmi við stjórnskipulegar kröfur og eðli þeirra samninga sem nást.“

Með vísan til þess sem fram kemur í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar má í fyrsta lagi ljóst vera að frumforsenda þess að þingsályktunartillagan hlaut stuðning meiri hluta alþingismanna var sú að í samningaviðræðum um lyktir málsins skyldu viðsemjendur ríkisstjórnar Íslands taka tillit til hinna erfiðu aðstæðna sem upp komu á Íslandi í kjölfar bankahrunsins og að samningsniðurstaðan tæki mið af hinni sérstöku og fordæmislausu stöðu sem upp var komin á Íslandi, með ívilnandi hætti, að mati flutningsmanna frumvarps þessa, en ekki íþyngjandi.

Í annan stað er ljóst að með afgreiðslu málsins frá nefndinni undirstrikaði meiri hluti hennar sérstaklega þann skilning sinn og meiri hluta Alþingis, að hin umsömdu viðmið, sem taka átti tillit til í samningaviðræðum aðila, fælu ekki í sér að stjórnvöld afsöluðu sér með einhverjum hætti lagalegri stöðu að þjóðarétti sem ríkið hafði á þeim tíma.

Í þriðja lagi lagði meiri hluti utanríkismálanefndar sérstaka áherslu á að niðurstöður samninga skyldu lagðar fyrir Alþingi til öflunar viðeigandi fjárheimilda og í samræmi við stjórnskipulegar kröfur, en með því er vísað til ákvæða 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins. Er því ljóst að forsenda þess að meiri hluti nefndarinnar samþykkti þá að fela ríkisstjórninni að leiða málið til lykta var sú að slíkur samningur mundi ekki skuldbinda íslenska ríkið nema að fengnu samþykki Alþingis, í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Að lokum er síðan ljóst að meiri hluti nefndarinnar leit á það sem sjálfstætt úrlausnarefni fyrir stjórnvöld og Alþingi að vinna úr þeirri stöðu sem upp kynni að koma leiddu samningaviðræður ekki til ásættanlegrar niðurstöðu fyrir Ísland, eins og raun varð á, og gerð er grein fyrir hér á eftir.

5. Samningarnir við bresk og hollensk stjórnvöld.

Í kjölfar samþykktar þingsályktunarinnar skipaði ríkisstjórn Íslands samninganefnd, undir forustu Svavars Gestssonar sendiherra, til þess að gæta hagsmuna Íslands í samningaviðræðum við Hollendinga og Breta. Niðurstöður þeirra samningaviðræðna við ríkisstjórnir Hollands og Bretlands leiddu til þess að undirritaðir voru samningar af hálfu ríkisstjórnar Íslands hinn 5. júní 2009 (Loan Agreement between The Depositors´ and Investors´ Guarantee Fund of Iceland and Iceland and The Commissioners of Her Majesty´s Treasury og Loan Agreement between The Depositors´ and Investors´ Guarantee Fund of Iceland and Iceland and The State of The Netherlands). Í þeim samningum var meðal annars gert ráð fyrir að

Tryggingarsjóður innstæðueigenda skuldbyndi sig til greiðslu að fjárhæð a.m.k. 650 milljarðar ísl. kr. að viðbættum 5,55% vöxtum á höfuðstól fjárhæðarinnar og að íslenska ríkið gengist í ábyrgð vegna skuldbindingarinnar, þar á meðal vaxtagreiðslnanna, sem reikna má með að hafi numið allt að 300 milljörðum kr. fyrstu sjö árin eftir gildistöku samninganna.

Raunar er erfitt að henda reiður á hversu háar fjárskuldbindingar fólust í samningunum tveimur við ríkisstjórnir Bretlands og Hollands. Sú óvissa stafar meðal annars af því að ekki hefur legið fyrir hversu mikill hluti heildarfjárhæðarinnar, um 650 milljarða kr., að viðbættum hinum háu vöxtum, kemur í hlut Íslendinga að greiða eða hvort innstæður njóti forgangs fram yfir aðrar kröfur samkvæmt neyðarlögunum svokölluðu, sem samþykkt voru við hrun íslensku viðskiptabankanna. Ekki er hægt að ganga út frá því með vissu að það ákvæði neyðarlaganna standist. Hins vegar liggur fyrir að látið verður á þetta álitaefni reyna fyrir dómstólum. Á það hefur verið bent að stæðust forgangsákvæði neyðarlaganna ekki mundi greiðslubyrði íslenska ríkisins verða mun meiri en gefið var til kynna af hálfu ríkisstjórnar Íslands í kjölfar undirritunar samninganna.

Hvað sem þessu líður er ljóst að samningarnir frá 5. júní 2009 fólu í sér gríðarlegar skuldbindingar af hálfu íslenska ríkisins og íslensku þjóðarinnar, raunar þær mestu sem um getur í sögu hennar. Jón Daníelsson, prófessor í hagfræði við London School of Economics, benti á að þær fjárskuldbindingar sem samningarnir kváðu á um jafngiltu því, að teknu tilliti til höfðatölu, að Bretar samþykktu að takast á herðar 700 milljarða punda skuldbindingu og Bandaríkjamenn skuldbindingu að fjárhæð 5,6 trilljónir dollara.

Samningarnir við bresk og hollensk stjórnvöld voru kynntir Alþingi og alþingismönnum og í kjölfarið lagði ríkisstjórn Íslands fram á Alþingi og mælti fyrir frumvarpi til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að veita Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ríkisábyrgð vegna lána sjóðsins frá breska og hollenska ríkinu samkvæmt samningum dags. 5. júní 2009 til að standa straum af lágmarksgreiðslum, sbr. 10. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi. Sagði í frumvarpinu að ábyrgðin tæki til höfuðstóls lánanna eins og hvor um sig muni standa að sjö árum liðnum frá undirritun samninganna, 5. júní 2016, auk vaxta af lánsfjárhæðinni, og afmarkaðist að öðru leyti af ákvæðum samninganna, þ.m.t. um endurskoðun þeirra.

6. Niðurstaðan í andstöðu við hagsmuni íslensku þjóðarinnar.

Þegar samningarnir við Breta og Hollendinga frá 5. júní 2009 eru skoðaðir í heild er vandséð að íslensk stjórnvöld hafi náð fram nokkrum þeim samningsmarkmiðum sem ætla má að að þau hafi lagt áherslu á að ná fram í samningaviðræðunum. Á hinn bóginn verður ekki betur séð en að viðsemjendur ríkisstjórnarinnar hafi náð öllum sínum samningsmarkmiðum fram. Raunar blasir við að viðsemjendur íslensku ríkisstjórnarinnar hafi tekið ákvörðun um hverjar skuldbindingar íslenska ríkisins væru vegna Icesave-reikninganna og að á þá ákvörðun hafi íslenska samninganefndin og ríkisstjórn Íslands fallist. Virðist ljóst að íslenska samninganefndin hafi gengið til samningaviðræðna við viðsemjendur sína á þeim forsendum að íslenska ríkið væri greiðsluskylt vegna innlána á Icesave-reikningunum og því einungis samið um þau greiðslukjör sem fram koma í áðurnefndum samningum. Sú skoðun flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu er raunar staðfest í greinargerð með frumvarpi ríkisstjórnar Íslands, þskj. 204, 136. mál, en í 11. kafla greinargerðarinnar, „Samningsmarkmið og rök íslensku samninganefndarinnar“, segir á bls. 13: „Heildarfjárhæð skuldbindinganna var því ekki samningsatriði heldur var verkefnið að semja um sem hagstæðasta skilmála.“

Ekki verður séð að sú nálgun sé í samræmi við þá þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi hinn 5. desember 2008, né þá kynningu sem fram fór á hlutverki samninganefndarinnar þegar hún var skipuð. Samkvæmt þeirri tillögu ályktaði Alþingis einungis að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við stjórnvöld á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana. Í þeim viðmiðunum er hins vegar ekkert sem mælir fyrir um að Alþingi hafi litið svo á að íslenska ríkið væri greiðsluskylt, né heldur eru ákvæði samningsins í samræmi við þau viðmið sem leggja skyldi til grundvallar við samningsgerðina, eins og vikið verður að hér að neðan. Þar við bætist að flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja að þau kjör sem samninganefnd ríkisstjórnar Íslands samdi um og koma fram í samningunum við Breta og Hollendinga frá 5. júní 2009 hafi verið afleit með tilliti til hagsmuna Íslands.

Strax í kjölfar þess að lánasamningarnir við Breta og Hollendinga frá 5. júní 2009 voru kynntir og í kjölfarið eftir að frumvarp ríkisstjórnarinnar um að veita fjármálaráðherra heimild til að veita ríkisábyrgð vegna þeirra var lagt fram á Alþingi komu fram alvarlegar athugasemdir, jafnt innan þings sem utan, við samningana og við frumvarp ríkisstjórnarinnar. Þær athugasemdir lutu efnahagslegum og lagalegum forsendum samninganna, samningskjörum og í raun öllum þeim meginforsendum sem samningarnir byggðust á.

7. Brostnar forsendur.

Eins og áður segir var á það bent að vandséð væri af efni þeirra samninga sem gerðir voru við ríkisstjórnir Hollands og Bretlands að nokkurt tillit hefði verið tekið til „hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála og efnahagskerfi sitt. …“ Það segir sig sjálft þegar litið er til þeirra gríðarlegu fjárhagsskuldbindinga sem samningarnir kváðu á um fyrir íslenska ríkið hefði gildistaka þeirra gert íslensku þjóðinni nær ókleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.

Af þeirri ástæðu var á það bent að þær forsendur sem leggja átti til grundvallar í samningaviðræðum ríkisstjórnar Íslands við ríkisstjórnir Bretlands og Hollands væru brostnar og af þeirri ástæðu væri útilokað að Alþingi Íslendinga gæti án fyrirvara samþykkt ríkisábyrgð vegna skuldbindinganna sem af þeim leiddi. Lögfesting slíkrar ríkisábyrgðar samræmdist augljóslega ekki hagsmunum Íslands en þar við bættist að í þeim réttarreglum Evrópusambandsins sem giltu um innstæðutryggingar væri ekki kveðið á um að íslenska ríkinu bæri skylda að lögum til þess að gangast í ábyrgðir vegna innstæðna á innlánsreikningum í útibúum íslenskra banka í Evrópu, eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

8. Ísland beri ekki hallann af réttaróvissu um löggjöf Evrópusambandsins.

Í athugasemdum við tillögu þá til þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi hinn 5. desember 2008 segir meðal annars um þetta álitaefni:

„Íslensk stjórnvöld voru ekki tilbúin til að fallast á að íslenska ríkinu bæri að ábyrgjast greiðslur til innlánseigenda ef þær færu fram úr því sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta gæti staðið undir af inngreiðslum í sjóðinn. Hafa þau haldið því skýrt til haga í öllum sínum viðræðum við stjórnvöld viðkomandi ríkja að þau telji að vafi leiki á um ábyrgð ríkja á tryggingarsjóðnum, ekki síst undir kringumstæðum þar sem fjármálakerfi aðildarríkis hrynur nánast að fullu eins og reyndin er hér á landi. Þessari lagatúlkun hefur verið hafnað af þeim ríkjum sem hlut eiga að máli svo og af Evrópusambandinu.

Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur verið lögð áherslu á að fá úr málinu skorið fyrir viðeigandi úrskurðaraðila eða dómstól. Þessu hafa aðildarríki Evrópusambandsins alfarið hafnað. Afstaða þeirra byggist ekki síst á því að þau telja það mjög varhugavert að gefa með einhverjum hætti til kynna að vafi kunni að leika á um gildissvið þess innlánatryggingakerfis sem liggur til grundvallar innlánastarfsemi í Evrópu, þar sem ótvírætt gildi tilskipunarinnar sé forsenda þess að innistæðueigendur treysti bönkum fyrir sparifé sínu. Réttaróvissa kynni að valda ófyrirséðum afleiðingum í evrópsku bankakerfi.“

Ef þær ástæður sem færðar eru fyrir andstöðu viðsemjenda íslensku ríkisstjórnarinnar við að láta hlutlausa og óvilhalla úrskurðaraðila eða dómstóla skera úr um gildissvið evrópska innlánatryggingakerfisins, þeirra réttarreglna sem um það gilda og ábyrgð þjóðríkja á skuldbindingum fjármálastofnana sem í þeim starfa eru réttar, þá eru þær vísbending um að Hollendingar og Bretar hafi talið að þeir sem dregið hafa í efa skyldur íslenska ríkisins til þess að ábyrgjast innstæður á innlánsreikningum í útibúum íslenskra banka í Evrópu hafi mikið til síns máls. Þær eru einnig til marks um að Hollendingar og Bretar hafi krafist þess og jafnvel beitt þvingunum til þess að tryggja að Íslendingar bæru hallann og allan kostnað af þeim vanbúnaði eða göllum sem voru á þeirra eigin regluverki sem í ljós komu í kjölfar bankahrunsins í októberbyrjun árið 2008, ellegar hefði réttaróvissa um gildissvið þess leitt til þess að innstæðueigendur hefðu getað vantreyst evrópskum bönkum fyrir sparifé sínu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum í evrópsku bankakerfi.

Flutningsmenn draga ekki í efa þá skoðun viðsemjenda ríkisstjórnar Íslands og embættismanna innan Evrópusambandsins að dómsmál um gildissvið löggjafar sambandsins um innlánstryggingakerfi þess séu til þess fallin að draga fram galla kerfisins og draga verulega úr tiltrú á því. Þá draga flutningsmenn tillögunnar það heldur ekki í efa að það samræmist hagsmunum Evrópusambandsins og aðildarríkja þess að komið verði í veg fyrir að dómsmál um gildissvið réttarreglnanna verði rekið. Slík afstaða viðsemjenda Íslands felur hins vegar í sér þá kröfu þeirra að fórnarkostnaðurinn af vanbúnaði og ágöllum evrópskrar löggjafar um innstæðutryggingar í evrópska bankakerfinu verði lagður á íslensku þjóðina. Það segir sig sjálft að á slíkar kröfur hefðu stjórnvöld sem ætlað var að gæta hagsmuna íslensku þjóðarinnar aldrei átt að fallast. Það gerði ríkisstjórn Íslands hins vegar að mati flutningsmanna og fór með því út fyrir það samningsumboð sem Alþingi veitti henni með samþykkt þingsályktunarinnar 5. desember 2008.

9. Íslenska ríkið standi ávallt við skuldbindingar sínar.

Íslenska ríkið hefur ávallt staðið við þær skuldbindingar sem það hefur tekið sér á herðar. Það hefur ávallt verið metnaðarmál íslenskra stjórnvalda og íslenska ríkisins að standa við skuldbindingar sínar og á því viðhorfi má ekki verða breyting.

Íslenska ríkinu ber að standa við allar þær skuldbindingar sem það hefur tekið sér á herðar lögum samkvæmt eða samkvæmt þeim samningum sem það hefur skuldbundið sig með. Á hinn bóginn er útilokað að réttlæta að íslenska ríkið taki á sig ábyrgðir sem það hefur aldrei gengist undir eða ber ábyrgð á með öðrum hætti.

Sú meginregla gildir í réttarríkjum allra vestrænna þjóða að aðili verður ekki knúinn til þess að greiða fjárskuldbindingar sem hann er ekki skuldbundinn til þess að gera lögum samkvæmt og hefur ekki undirgengist í frjálsum samningum. Þessi meginregla gildir jafnt í samskiptum einstaklinga, lögaðila og milli einstakra ríkja.

Í Icesave-málinu hefur hins vegar alltaf verið ágreiningur um hverjar skuldbindingar Íslendinga séu lögum samkvæmt.

10. Ágreiningur um í hverju skuldbindingarnar felast.

Um skuldbindingar íslenska ríkisins vegna innlánsreikninga í útibúum íslenskra banka í Evrópu, þar á meðal vegna Icesave-samninganna, hefur verið djúpstæður ágreiningur og lögfræðilegur vafi hefur leikið á því hvort íslenska ríkinu beri skylda að lögum, þ.e. ákvæðum réttarreglna Evrópusambandsins og samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, að gangast í ábyrgðir vegna þeirra. Hefur þar einkum verið vísað til ákvæða tilskipunar 94/19/EB um innlánatryggingakerfi.

Á það hefur verið bent að helgasta grundvallarregla í réttarríkjum vestrænna þjóða tryggi öllum þeim sem eiga í réttarágreiningi við annan aðila að úr þeim ágreiningi sé skorið af hálfu hlutlauss og óvilhalls aðila. Slíkur aðili geti eftir atvikum verið dómstóll, innlendur eða alþjóðlegur, eða gerðardómur sem deiluaðilar komi sér saman um að skjóta ágreiningi sínum til. Rétturinn til að fá úr ágreiningi leyst af hálfu hlutlauss aðila nái jafnt til einstaklinga, lögaðila sem þjóðríkja. Þessum rétti sé ekki gert ráð fyrir að nokkur afsali sér. Sú viðleitni að leita réttar síns hjá hlutlausum aðila vegna þeirra hagsmuna sem í húfi eru hverju sinni sé sjálfsagður og viðurkenndur og ekki til þess fallinn að draga úr trúverðugleika þess sem það gerir. Vilji ríki eða ríkjasambönd hins vegar beita öðrum aðferðum við lausn ágreiningsmála sinna, svo sem þvingunaraðgerðum eða nauðung, þá séu þær að fara á svig við grundvallarreglur réttarríkisins. Þess háttar háttsemi sé til þess fallin að varpa skugga á trúverðugleika þess sem að henni verður uppvís, auk þess sem almennt sé talið að hún geti ein og sér leitt til þess að þeir samningar sem nást með henni séu óskuldbindandi enda teljist hún ólögmæt aðferð við að ná fram samningum í öllum siðuðum löndum.

Ljóst má vera að ríkisstjórn Íslands hefur ekki lagt megináherslu á að fá hlutlausan aðila til þess að skera úr um skuldbindingu íslenska ríkisins til þess að ábyrgjast innlánsreikninga í útibúi einkafyrirtækis í Evrópu, þrátt fyrir að sterk lögfræðileg rök hafi verið færð fyrir því að íslenska ríkið sé ekki skuldbundið til þess að takast slíkar ábyrgðir á herðar samkvæmt þeim lögum sem um þær gilda.

Færð voru fyrir því rök að í ljósi þeirra þjóðarhagsmuna sem í húfi voru hefði ríkisstjórn Íslands borið skylda til þess að leita allra leiða til þess að tryggja að viðeigandi og hlutlaus aðili yrði fenginn til þess að skera úr um gildissvið þess innlánstryggingakerfis sem liggur til grundvallar innlánastarfsemi í Evrópu og þeirrar ábyrgðar sem íslenska ríkið kynni að bera á innlánum í útibúum íslenskra banka í Evrópu samkvæmt þeim lagareglum sem um slíka innlánastarfsemi gildi. Á það var bent að ólíklegt væri að slík niðurstaða gæti orðið verri fyrir hagsmuni íslenska ríkisins og íslensku þjóðarinnar en niðurstöður þeirra samninga sem undirritaðir voru af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar hinn 5. júní 2005.

Sú leið var hins vegar ekki farin, heldur ákváðu íslensk stjórnvöld að leiða Icesave-málið til lykta með þeim hætti sem líst hefur verið.

10.1. Álit lögfræðinga.

Ýmsir lögfræðingar, íslenskir sem erlendir, hafa staðhæft að íslenska ríkið sé að lögum ekki skuldbundið til þess að gangast í ábyrgðir vegna innstæðna í útibúum íslenskra banka, þar á meðal vegna Icesave-reikninganna. Þar hafa farið fremstir í flokki þeir Lárus Blöndal, hæstaréttarlögmaður, og Stefán Már Stefánsson lagaprófessor við Háskóla Íslands. Hafa þeir Lárus og Stefán Már skrifað fjölmargar greinar um lagalegar skuldbindingar íslenska ríkisins á innlánum íslensku bankanna. Í grein sem lögfræðingarnir tveir rituðu í Morgunblaðið hinn 28. janúar 2009 segir m.a.:

„Við undirritaðir höfum í greinum okkar reynt að nálgast það sem við teljum vera lögfræðilega rétta niðurstöðu. Í stuttu máli er niðurstaða okkar sú, í fyrri greininni sem birtist 15. okt. sl., að íslenska ríkið beri ekki ábyrgð á innistæðum í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Með lögum um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta frá árinu 1999 var sett á stofn innistæðutryggingakerfi á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB um innlánatryggingakerfi. Samkvæmt því ber Tryggingarsjóður innistæðueigenda og fjárfesta, sem er sjálfseignarstofnun, ábyrgð á innlánum. Lánastofnanirnar sjálfar bera kostnaðinn við fjármögnun sjóðsins. Í 25. málsgrein aðfararorða tilskipunarinnar kemur fram að aðildarríkin geti ekki orðið ábyrg gagnvart innistæðueigendum ef þau hafa komið upp tryggingarkerfi í samræmi við tilskipunina eins og við gerðum hér á Íslandi á árinu 1999 og óumdeilt er.“

Þeir Lárus Blöndal og Stefán Már Stefánsson gerðu nánari grein fyrir þessari niðurstöðu sinni í grein sem ber heitið „Er Evrópusambandið bótaábyrgt?“ Í greininni færðu þeir rök fyrir þeirri niðurstöðu sinni að íslenska ríkið bæri ekki ábyrgð á innstæðum í útibúum íslenskra banka erlendis við hugsanlegt gjaldþrot íslensku bankanna heldur aðeins viðkomandi tryggingakerfi sem hér á landi er Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta. Bentu þeir á að sjóðurinn væri sjálfseignarstofnun lögum samkvæmt og jafnframt að umrætt tryggingakerfi væri í fullu samræmi við ákvæði tilskipunar 94/19/EB. Lögfræðingarnir tveir færðu eftirfarandi röksemdir fyrir niðurstöðu sinni:

„1. Hlutverk tryggingakerfanna samkvæmt tilskipuninni væri ekki að takast á við allsherjar bankahrun eins og gerst hefði hér á landi. Ef svo hefði verið hefði þurft að greiða gífurlegar fjárhæðir inn í Tryggingasjóðinn, t.d. á árinu 2008, sem næmi mörgum tugum prósenta af heildarinnlánum það ár. Fyrrgreind niðurstaða var talin styðjast við lokamálslið 24. málsgreinar aðfararorða tilskipunarinnar (en málsgreinin fjallar um fjármögnun innlánatryggingakerfa) þar sem gert er ráð fyrir að fjármögnunin megi ekki stefna stöðugleika viðkomandi bankakerfis í hættu. Stöðugleiki viðkomandi bankakerfis hefði einmitt verið í hættu við aðstæður. Fjármögnunin hefði orðið að vera úr öllu hófi. Því hafi orðið að gera ráð fyrir að tilskipunin tæki einungis á meðaláföllum þannig að greiðslur í tryggingasjóði stefndi ekki stöðugleika viðkomandi bankakerfis í hættu.

2. Bent var á að ákveðnar reglur væru um inngreiðslur í sjóðinn samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Heildareign innstæðudeildar sjóðsins skyldi nema að lágmarki 1% af meðaltali tryggðra innistæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Engin ákvæði væru um það í viðkomandi tilskipun hvernig fjármagna ætti sjóðinn. Ganga yrði út frá því að þessar reglur íslenskra laga hafi verið tilkynntar viðkomandi yfirvöldum (hér Eftirlitsstofnun EFTA) í samræmi við fyrrgreinda tilskipun og væri ekki kunnugt um að neinar athugasemdir hefðu komið fram. Því mætti leggja til grundvallar að innleiðingin hafi verið rétt að þessu leyti. Þá hafi komið fram þessu til staðfestingar að fjármögnun tryggingarkerfanna er með ýmsum hætti innan EES og verður síðar að því vikið.

3. Í 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar væri gert ráð fyrir því að lánastofnun hafi ekki fullnægt skyldum sínum og kveðið á um aðgerðir af því tilefni. Mætti þá eftir atvikum útiloka viðkomandi lánastofnun frá markaðnum með skýru samþykki lögbærra yfirvalda en þá með minnst 12 mánaða fyrirvara. Ákvæðið þótti sýna að jafnvel þótt eitthvað hafi verið athugavert við innlánatryggingar umræddra útibúa Landsbankans á árinu 2008, t.d. að skyldubundin framlög til Tryggingarsjóðs hafi ekki verið greidd, hefði ekki ennþá verið unnt að koma viðurlögum samkvæmt tilskipuninni í framkvæmd.

4. Þá var bent á að væru reglur tilskipunarinnar túlkaðar með þeim hætti að greiða ætti framangreindar fjárhæðir að fullu til innistæðueigenda hvernig sem á stæði gæti það bakað smáum ríkjum gífurlegar fjárhagslegar skuldbindingar sem settu fullveldisrétt þeirra í hættu. Smáríki væru mun útsettari fyrir þessari hættu en stærri ríkin því að bankastofnanir þeirra ættu í útrás mun auðveldara með að ná óhóflegu hlutfalli af tekjum viðkomandi þjóðarbús heldur en í stærri ríkjum. Slíkur mismunur milli minni og stærri ríkja varðandi áhættu í útrás gæti hvorki verið tilgangur tilskipunarinnar né leitt af henni.
5. Loks þótti athyglisvert að hvergi væri í tilskipuninni kveðið á um sérstaka ábyrgð aðildarríkjanna á skuldbindingum tryggingarsjóðsins, t.d. í tengslum við þær 20.000 ECU sem þar eru nefndar í 7. gr. hennar. Reyndar væri þvert á móti sagt í aðfararorðum tilskipunarinnar að aðildarríki beri ekki ábyrgð á gagnvart innistæðueigendum ef það hefur komið á fót innlánatryggingakerfi í samræmi við tilskipunina.

Niðurstaða okkar var því sú að þessar röksemdir samanlagt leiddu til þess að íslenska ríkið bæri enga ábyrgð á innistæðum útibúa erlenda banka við gjaldþrot þeirra.“

Niðurstaða þeirra Lárusar Blöndal og Stefáns Más Stefánssonar er skýr og afdráttarlaus: Íslenska ríkinu ber ekki skylda að lögum til þess takast á herðar þær fjárskuldbindingar sem kveðið er á um í þeim samningum sem samninganefnd ríkisstjórnar Íslands undirritaði hinn 5. júní 2009 við ríkisstjórnir Hollands og Bretlands og til að lögfesta ríkisábyrgð vegna þeirra.

Undir niðurstöður þeirra Lárusar Blöndal og Stefáns Más Stefánssonar hafa fjölmargir íslenskir lögfræðingar og aðrir málsmetandi aðilar tekið. Í því sambandi má geta þess að fram hefur komið að í athugasemdum við frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem samþykkt var sem lög frá Alþingi, nr. 98/1999, segir að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta sé „heimilt að taka lán til að greiða kröfuhöfum, hrökkvi eignir sjóðsins ekki til“. Tryggingarsjóður hafi verið birtur í ríkisreikningi, en Ríkisendurskoðun hafi ítrekað gert athugasemdir við það, þar sem sjóðurinn sé sjálfseignarstofnun en ekki ríkisstofnun. Í því felist að Ríkisendurskoðun telji að ríkissjóður beri ekki lögformlega ábyrgð á skuldbindingum Tryggingarsjóðsins.

10.2. Álit breskra lögfræðinga.

Eins og fram kom í frétt Morgunblaðsins hinn 7. júlí sl. skilaði breska lögmannsstofan Mischon de Reya Össuri Skarphéðinssyni, utanríkisráðherra, lögfræðiáliti vegna hugsanlegrar ábyrgðar íslenska ríkisins á innstæðum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi, svokölluðum Icesave-reikningum. Álitsgerðin, sem dagsett er hinn 29. mars 2009, var ekki lögð fram á Alþingi samhliða öðrum fylgigögnum Icesave-frumvarpsins sem byggðist á lánasamningunum frá 5. júní 2009.

Í álitinu kemur meðal annars fram sú skoðun bresku lögfræðinganna að þeir hafi hvorki fundið neina skriflega staðfestingu þess að Ísland hafi formlega undirgengist að ábyrgjast skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, hvað varðar Icesave-reikningana, né undirgengist aðrar skuldbindingar en þær sem felast í tilskipuninni eins og hún var innleidd í lögum nr. 98/1999.

Jafnframt kemur fram sú skoðun bresku lögfræðinganna að samkomulag um ábyrgð ríkisins vegna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, og þar með vegna Icesave-reikninganna, mundi alltaf þurfa lögformlegt samþykki Alþingis Íslendinga til þess að vera lagalega bindandi.

Enn fremur kemur fram að „ruglingslegar“ og „mótsagnakenndar“ yfirlýsingar stjórnvalda í bréfum íslenska viðskiptaráðuneytisins á árinu 2008 hafi ekki hjálpað málstað Íslendinga í Icesave-málinu, en þrátt fyrir þær sé ekki lagalega bindandi fyrir Ísland að ganga lengra en tilskipunin og EES-samningurinn mæli fyrir um, hún gildi með sama hætti fyrir Ísland og önnur ESB-ríki.

Þá sögðu bresku lögmennirnir að yfirlýsingar ráðherra síðan þá og viljayfirlýsing Íslands og Hollands frá því í október hafi ekki nein réttaráhrif, öfugt við yfirlýsingar ráðherra í ríkisstjórn Íslands sem gefnar hafa verið þar um.

Við síðari meðferð Icesave-málsins á Alþingi aflaði þingið ítarlegri lögfræðilegra álitsgerða frá bresku lögmannsstofunum Mischon de Reya og Ashurst AS þar sem fjallað var með ítarlegum hætti um framangreind sjónarmið og fleiri álitamál sem tengjast Icesave-málinu.

10.3. Skýrsla seðlabanka Frakklands, álit framkvæmdastjórnar ESB og afstaða fjármálaráðherra Hollands.

Í áðurnefndri grein þeirra Lárusar Blöndal, hæstaréttarlögmanns, og Stefáns Más Stefánssonar, prófessors, er vikið að niðurstöðum evrópskra stofnana og ríkja um efnislegt inntak og hlutverk tilskipunar 94/19/EB, en þar segir:

„Bankanefnd Frakklands samdi heildarskýrslu fyrir seðlabanka Frakklands árið 2000. Jean Claude Trichet var þá formaður bankanefndarinnar en hann er nú bankastjóri Seðlabanka Evrópu. Skýrslan lýsir franskri löggjöf frá 1999 um breytingu á frönsku bankalögunum frá 1994 þar sem tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi var innleidd. Í skýrslu þessari segir svo á bls. 187:

„Même si l´objectif de renforcement de la stabilité du systéme cancaire a été clarement affiché, il n´en demeure pas moins que, comme dans la plupart des pays disposant de systémes de garantie des depôts élaborés, le dispositif framcais ne vise pas á traiter des crises de nature systémique, qui relévent d´autres moyens d´actions.“ (Á ensku: „Although the goal of enhanching the stability of the banking system was clearly stated, the system introduced in France, as in most countries possessing formal deposit guarantee schemes, was not meant to deal with systematic crisis, for which other measures are needed.“)

Samkvæmt þessu leit seðlabanki Frakklands svo á að frönsku lögin um innlánatryggingakerfi tækju ekki á aðstæðum eins og bankahruni heldur yrði að beita öðrum aðferðum til að ná til þess. Af þessum ummælum má einnig álykta að Frakkar hafi talið sig innleiða fyrrgreinda franska löggjöf að öllu leyti í samræmi við tilskipun 94/19 þar eð ella hefðu þeir ekki lögtekið hana með þessum hætti.“

Þá vísa þeir Lárus og Stefán Már í fréttatilkynningu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá haustdögum 2008 þar sem fram kemur meðal annars að innlánstryggingakerfi aðildarríkjanna séu mismunandi að gerð og að aðildarríkjunum sé frjálst að velja það kerfi sem henti bankakerfi þeirra. Í sumum kerfanna sé greitt samtímis af innlánum en í öðrum sé greitt eftir á. Einnig komi þar fram að prófun hafi verið gerð á innlánstryggingakerfunum sem hafi tekið mið af bæði meiri og minni háttar áföllum í bankakerfinu. Í ljós hafi komið að flest kerfin hafi verið í stakk búin til að mæta meðaláföllum.

Jafnframt rifja þeir Stefán Már og Lárus Blöndal upp í grein sinni að haustið 2008 hafi Írar ákveðið að bæta á næstu tveimur árum ríkisábyrgð við þá ábyrgð sem Tryggingarsjóður innlána, sambærilegur þeim sem er starfræktur á Íslandi, veitti innlánseigendum. Segja þeir að þessi ákvörðun hafi þó einungis náð til sex tilgreindra írskra banka. Við þessar fréttir hafi komið fram sú afstaða Breta og fleiri aðildarríkja ESB að Írum væri þetta óheimilt þar sem

aðgerðin fæli í sér ríkisaðstoð sem skekkti samkeppnisstöðu banka á Evrópusambandssvæðinu. Ætti þetta bæði við almennt við um samkeppnisstöðu banka í Evrópu en einnig alveg sérstaklega á Írlandi þar sem ekki fengju allir bankar þessa ríkisábyrgð. Segja þeir Stefán Már og Lárus að málið sé nú til skoðunar hjá ESB og að ríki sem harðlega gagnrýndu þessa ákvörðun Íra hafi síðan tekið upp ríkisábyrgð að hluta eða öllu leyti á innlánum. Telja þeir Stefán Már og Lárus þetta sýna að afstaða stærstu aðildarríkjanna í ESB virðist hafa verið sú að ekki væri heimilt að tryggja innlán með ríkisábyrgð þar sem það hefði áhrif á samkeppnisstöðu á fjármálamarkaði. Að lokum komast þeir Stefán Már Stefánsson og Lárus Blöndal að eftirfarandi niðurstöðu:

„Niðurstaðan er því sú að seðlabanki Frakklands og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafa bæði gefið sterklega í skyn að tilskipunin sé ekki til þess fallin að mæta stóráföllum eins og bankahruni. Sum aðildarríkin hafa auk þess gert fyrirvara varðandi lögmæti þess að veita ríkisábyrgð til viðbótar þeirri tryggingu sem innlánstryggingakerfin veita.“

Að lokum er ástæða til þess að rifja upp að Wouter Bos, fyrrverandi fjármálaráðherra Hollands, vék að efnislegu inntaki og hlutverki evrópskra réttarreglna um innstæðutryggingar í ræðu sem hann hélt hinn 3. mars 2009 á ráðstefnu Eumedion Conference, en í ræðu sinni sagði ráðherra meðal annars:

„The question is how to achieve this. First and foremost, European countries need to take a close look at how the deposit guarantee scheme is organised. It was not designed to deal with a systemic crisis but with the collapse of a single bank.“

Eins og sjá má af framangreindri tilvitnun í ræðu fyrrverandi fjármálaráðherra Hollands kemur með afar skýrum hætti fram sú skoðun hans að hið evrópska innlánstryggingakerfi var ekki útbúið í þeim tilgangi að bregðast við kerfishruni bankakerfa, eins og ýmsir stjórnmála- og fræðimenn hafa haldið fram og hér er rakið, heldur til þess að bregðast við falli einstakra banka eða fjármálastofnana.

11. Ýmis önnur álitamál.

11.1. Ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar.

Í umræðum um Icesave-málið hefur þeirri spurningu verið varpað fram hvort Alþingi Íslendinga hafi yfir höfuð verið heimilt að samþykkja að óbreyttu lög um ríkisábyrgð á skuldum einkafyrirtækisins Landsbanka Íslands hf.

Í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er kveðið svo á að ekki megi taka lán, er skuldbindi ríkið, nema samkvæmt lagaheimild. Í greininni segir:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.“

Bent hefur verið á að sé það rétt, sem til dæmis lögfræðingarnir Lárus Blöndal og Stefán Már Stefánsson hafa haldið fram og fært rök fyrir, að íslenska ríkið beri ekki samkvæmt gildandi lögum ábyrgð á Icesave-skuldbindingum Landsbanka Íslands hf., má halda því fram með rökum að Alþingi sé líklega óheimilt að samþykkja ríkisábyrgð vegna þeirra. Með ríkisábyrgðinni væri þá í reynd ekki verið að taka lán, þar sem lánsfé kemur til ríkisins gegn afhendingu skuldabréfs, heldur væri með henni verið að veita ábyrgð fyrir skuld sem annar aðili en íslenska ríkið hefur þegar stofnað til, í þessu tilviki einkafyrirtæki.

Hvergi er í stjórnarskránni veitt heimild fyrir því að íslenska ríkið taki á sig slíkar skuldbindingar.

11.2. Pólitísk skuldbinding ekki til staðar.

Flutningsmenn tillögu þessarar benda á að þó svo að fulltrúar ríkisstjórnar Íslands hafi undirritað lánasamninga við hollensk og bresk stjórnvöld, hinn 5. júní sl., þá feli undirskrift þeirra hvorki í sér að stofnast hafi lagaleg né pólitísk skuldbinding fyrir Íslands hönd sem leiði til þess að íslenska ríkinu beri að ábyrgjast Icesave-innlánsreikninga Landsbanka Íslands hf. Hið sama gildi um önnur skjöl sem fyrir liggja. Byggist sú niðurstaða á ákvæðum stjórnarskrár Íslands sem kveður svo á að ekki megi taka lán, sem skuldbindi íslenska ríkið, nema samkvæmt lagaheimild frá Alþingi. Þegar af þeirri ástæðu hafi íslenskir ráðherrar, embættismenn og samninganefndir á þeirra vegum ekki haft heimildir til þess að gefa nein skuldbindandi fyrirheit fyrir Íslands hönd, nema með fyrirvara um samþykki Alþingis, eins og meðal annars kom fram í áliti breskra lögmanna sem um þetta álitaefni hafa fjallað. Um þetta hafi viðsemjendur íslenska ríkisins fulla vitneskju.

11.3. Siðferðisleg skylda leiðir ekki til ábyrgðar.

Því hefur verið haldið fram, m.a. af Gylfa Magnússyni, efnahags- og viðskiptaráðherra, að íslenska ríkinu beri siðferðisleg skylda til þess að gangast í ábyrgðir vegna Icesave-innlánsreikninga Landsbanka Íslands hf., m.a. vegna framgöngu tiltekinna íslenskra ríkisborgara í viðskiptum.

Flutningsmenn telja að íslenska ríkinu verði ekki gert að taka á sig himinháar fjárskuldbindingar og ábyrgðir vegna skuldbindinga sem einkaaðilar hafa stofnað til, í þessu tilviki Landsbanki Íslands hf. Skuldbinding á borð við þá sem um getur í lánasamningum íslenska ríkisins við hollenska og breska ríkið getur aldrei byggst á gildismati einstakra ráðherra um hvað sé siðlegt og hvað ekki. Þvert á móti telja flutningsmenn það siðferðilega rangt að skuldsetja íslenska ríkið og íslenskan almenning til langrar framtíðar, án þess að hún hvíli á ótvíræðri lagaskyldu eða samkomulagi sem nýtur ótvíræðs stuðnings meiri hluta Alþingis.

12. Icesave-lög samþykkt á Alþingi hinn 2. september 2009 – Viðaukasamningar.

Hinn 3. september 2009 tóku gildi á Alþingi lög nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Ákvæði laganna byggðust í grunninn á ákvæðum lánasamninganna við bresk og hollensk stjórnvöld, dags. 5. júní 2009. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi náðist þverpólitísk samstaða um að binda ábyrgð ríkisins á Icesave-reikningum Landsbanka Íslands hf. ströngum efnahagslegum og lagalegum skilyrðum eða fyrirvörum. Jafnframt var gildistaka laganna bundin því skilyrði að fyrirvararnir yrðu kynntir viðsemjendum íslenskra stjórnvalda, Bretum og Hollendingum, og jafnframt að ríkin tvö féllust á þá, sbr. 2. gr. 1. gr. laga nr. 96/2009.

Á fyrirvarana féllust bresk og hollensk stjórnvöld ekki sem leiddi til endurnýjaðra viðræðna um lausn málsins milli landanna þriggja. Þær samningaviðræður leiddu til þess að gerðir voru viðaukasamningar við lánasamningana, sem dagsettir voru hinn 19. október 2009.

Í kjölfarið lagði Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra, fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. (þskj. 76, 76. mál).

Í greinargerð með frumvarpinu sagði m.a.:

„Í kjölfar lagasetningarinnar ræddu aðilar lánasamninganna saman og fljótlega kom fram að bresk og hollensk stjórnvöld væru ekki reiðubúin til að fallast á fyrirvara Alþingis að öllu leyti. Að loknum viðræðum aðila lánasamninganna varð niðurstaðan sú að gera viðaukasamninga og með þeim hætti samrýma þau að mestu leyti efni lánasamninganna og þeirra fyrirvara sem koma fram í 1.–4. gr. laga nr. 96/2009. Það er mat ríkisstjórnarinnar að meginefni fyrirvaranna hafi náð fram að ganga. Litið er svo á að lengra verði ekki komist og nauðsynlegt sé að ljúka málinu. Hinir endanlegu samningar eru að mati ríkisstjórnarinnar viðunandi lausn á einni erfiðustu milliríkjadeilu Íslands á lýðveldistímanum.“

Um frumvarp fjármálaráðherra náðist engin samstaða á Alþingi. Stjórnarandstaðan á Alþingi hafnaði því mati ríkisstjórnarinnar alfarið að með hinum nýju viðaukasamningum hefðu þeir fyrirvarar sem Alþingi setti ríkisábyrgðinni með lögum nr. 96/2009 náð fram að ganga og hélt því þvert á móti fram að þeir væru að engu orðnir. Frumvarpið leiddi til harðra pólitískra átaka á Alþingi og um það fór fram lengsta umræða í sögu þingsins.

Frumvarpið var engu að síður samþykkt sem frá Alþingi hinn 30. desember 2009 með 33 atkvæðum gegn 30 (lög nr. 1/2010).

13. Synjun forseta Íslands og þjóðaratkvæðagreiðsla.

Á meðan frumvarp fjármálaráðherra sem síðar varð að lögum nr. 1/2010 var til meðferðar á Alþingi kom fram víðtæk krafa í samfélaginu um að forseti Íslands synjaði þeim staðfestingar, með vísan til 26. gr. stjórnarskrárinnar, og að lögin yrðu borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Efndi InDefence-hópurinn í því skyni til undirskriftasöfnunar þar sem skorað var á forseta Íslands að synja lögunum staðfestingar. 2. janúar 20101 afhentu forsvarsmenn hópsins forsetanum 56.089 undirskriftir kosningarbærra manna þar um.

Hinn 5. janúar 2010 synjaði forseti Íslands lögum nr. 1/2010 staðfestingar og vísaði þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í kjölfarið var boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu um lög nr. 1/2010 og fór hún fram hinn 6. mars 2010.

Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar voru afgerandi. 93,2% þeirra sem þátt tóku í atkvæðagreiðslunni greiddu atkvæði gegn gildistöku laganna, 1,8% greiddu þeim atkvæði sitt, 4,7% atkvæðaseðla voru auðir, en 0,3% ógildir. 144.232 Íslendingar tóku þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni eða 62,72% kosningarbærra manna.

Í kjölfar niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar voru lög nr. 1/2010 numin úr gildi. Jafnframt skipaði ríkisstjórn Íslands nýja samninganefnd undir forustu Bandaríkjamannsins Lee Buchheit til þess að gæta hagsmuna íslenska ríkisins í samningaviðræðum við bresk og hollensk stjórnvöld í kjölfar þess að lög nr. 1/2010 voru felld úr gildi að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þær samningaviðræður standa enn yfir og hvorki fyrirséð hvenær þeim muni ljúka né til hvaða niðurstöðu þær kunna að leiða.

14. Viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar 7. apríl 2010.

Ástæða er til að geta þess í þessu sambandi að hinn 7. apríl 2010 undirritaði ríkisstjórnin viljayfirlýsingu gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum vegna annarrar endurskoðunar efnahagsáætlunar ríkisstjórnar Íslands og sjóðsins, en þar segir m.a.:

„20. Our ability to fully implement the program described above is dependent on access to the external financing committed under the program. We firmly expect to be able to meet

the preconditions set by some of our bilateral partners to access this finance. In this context, we wish to reaffirm that Iceland will honor its obligations in regard to the insured retail depositors of the intervened banks. Iceland has already affirmed in its Letter of Intent dated 15 November 2008 that it is willing to ensure that the United Kingdom and the Netherlands will be reimbursed in respect of deposits of Landsbanki branches in those two countries (up to the Euro 20,887 minimum provided for under Icelandic Law and the EU Deposit Guarantee Directive 90/19/EC). Iceland has also given an assurance that the United Kingdom and the Netherlands will receive the reasonable time value of money, provided that comprehensive agreements are reached. Iceland remains ready to conclude at the earliest convenience the negotiations with the Governments of the United Kingdom and the Netherlands regarding a legal and financial settlement of this matter."

Í fljótu bragði verður ekki betur séð af þessum kafla viljayfirlýsingarinnar en að ríkisstjórn Íslands hafi stigið stærra skref en áður hefur verið gert við að viðurkenna skyldu íslenska ríkisins til þess að ábyrgjast skuldir vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands. Verður ekki betur séð en að í fyrri viljayfirlýsingum ríkisstjórnar Íslands hafi hún fallist á að um skuldbindingu sé að ræða í samræmi við tilskipun ESB um innlánstryggingakerfi. Hafa ber í huga í því sambandi að í þeirri tilskipun er ekki kveðið á um skyldur aðildarríkja til þess að gangast í ábyrgðir fyrir skuldir einkafyrirtækja. Af þeirri ástæðu gátu íslensk stjórnvöld haft uppi kröftugar varnir gagnvart kröfum Breta og Hollendinga.

Í viljayfirlýsingunni frá 7. apríl sl. virðist ríkisstjórn Íslands hins vegar viðurkenna greiðsluskuldbindingu íslenska ríkisins gagnvart kröfum Breta og Hollendinga vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf., auk vaxta.

Sé sá skilningur réttur er hætt við að ríkisstjórn Íslands hafi slegið vopnin úr eigin höndum og dregið mjög úr möguleikum íslenska ríkisins til þess að vefengja lögmæti krafna breskra og hollenskra stjórnvalda á hendur því íslenska.

Ástæða er til þess að halda því til haga að viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar 7. apríl 2010 var gefin af hennar hálfu án samráðs við Alþingi Íslendinga og án samráðs við forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna.

15. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis.

Eins og fram kemur í inngangi þessarar greinargerðar er meginástæða þess að tillaga þessi er lögð fram sú ítarlega umfjöllun sem birtist í 17. kafla skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og ábyrgð á innlánum almennt.

Í kaflanum fara skýrsluhöfundar m.a. yfir efnislegt inntak og þýðingu tilskipunar Evrópusambandsins 94/19/EB um innstæðutryggingakerfi og túlkun erlendra fræðimanna á lagalegri þýðingu hennar. Jafnframt fjallar nefndin um innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt, sbr. lög nr. 39/1996 og lög nr. 98/1999. Enn fremur fjallar nefndin um nýja tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar, nr. 09/14/EB.

Í inngangi 17. kafla rannsóknarskýrslunnar kemur fram að rannsóknarnefnd Alþingis hafi talið rétt að beina athugun sinni að innleiðingu á tilskipun ESB 94/19/EB um innstæðutryggingakerfi í íslenskan rétt, hvaða skyldur verði taldar leiða af tilskipuninni, að málefnum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta almennt og hvernig innstæður og innstæðutryggingar komu við sögu í viðlagaundirbúningi íslenskra stjórnvalda í aðdraganda bankahrunsins.

Nefndin tekur þó fram að athugun og umfjöllun hennar um innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt og hvaða skyldur hvíldu á íslenska ríkinu samkvæmt henni miði ekki að því

að taka afstöðu til grundvallar og efnis þeirra samninga sem gerðir voru við stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi vegna innstæðna á Icesave-reikningunum í útibúum Landsbanka Íslands í Bretlandi og Hollandi. Sama gildi um þá ríkisábyrgð sem Alþingi samþykkti síðar að veita vegna samninganna (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 197).

Sú afstaða rannsóknarnefndar Alþingis er að mati flutningsmanna tillögunnar eðlileg, enda var það ekki hlutverk nefndarinnar, samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem hún starfaði eftir, að fella dóma yfir þeim samningum sem gerðir voru eða að kveða upp úr um skyldur íslenska ríkisins til að ábyrgjast skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Engu síður leikur lítill vafi á því að mati flutningsmanna eftir nákvæma yfirferð yfir umfjöllun rannsóknarnefndarinnar hver afstaða hennar til álitaefnisins er.

15.1. Tilskipun 94/19/EB og íslensk lög um innstæðutryggingar.

Umfjöllun rannsóknarnefndar Alþingis er heildstæðasta, ítarlegasta og fræðilegasta umfjöllun sem birst hefur á Íslandi um lagalegar skyldur íslenska ríkisins til þess að ábyrgjast skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins 94/19/EB.

Fáum sem kynna sér þá umfjöllun ætti að dyljast að þar gefur að líta samfelldan og kerfisbundinn lögfræðilegan rökstuðning fyrir því að samkvæmt tilskipuninni beri íslenska ríkinu, og þar með íslenskum skattgreiðendum, engin lagaleg skylda til þess að ábyrgjast skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og þar með fallast á kröfur breskra og hollenskra stjórnvalda á hendur honum í Icesave-málinu.

Í skýrslunni rifjar rannsóknarnefndin upp tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að tilskipun um innstæðutryggingakerfi, en þar segir:

„Í minnisblaði til skýringar sem fylgdi tillögu framkvæmdastjórnarinnar var sérstakur kafli þar sem gerð var grein fyrir því sem ekki væri tekin afstaða til í tillögunni. Í fyrsta lagi var þar talin lögformlega staða eða skipulag innlánatryggingakerfis sem valið væri í hverju landi. Í öðru lagi tók tillagan ekki til þess hvernig kerfið væri fjármagnað. Tekið var fram í því sambandi að eftir að framkvæmdastjórnin hefði „verið fullvissuð um að tilhögun fjármögnunar yrði nægilega traust til að geta borgað öllum innstæðueigendum, sem tryggðir væru, þ. á m. hjá útibúum í öðru aðildarríki, væri ekki talið nauðsynlegt að samræma reglur sem væru nátengdar stjórn og skipulagi hvers og eins sjóðs.“ Þá var velt upp því álitaefni hvort hið opinbera gæti veitt aðstoð í neyðartilvikum þegar fjármunir innlánatryggingakerfis væru uppurnir. Í minnisblaðinu er tekið fram að það þótti ekki viðeigandi að banna slíka aðstoð í tilskipuninni en hún gæti reynst nauðsynleg í framkvæmd. Þó væri slík aðstoð sem almenn regla ekki æskileg og gæti brotið í bága við reglur sáttmálans um ríkisaðstoð.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 264.)

Rannsóknarnefndin vísar jafnframt til þess sem fram kemur í aðfaraorðum tilskipunar nr. 94/19/EB: „Í 24. málsgrein aðfaraorða tilskipunar 94/19/EB sagði hins vegar þá og segir enn:

„Tilskipun þessi getur ekki gert aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra ábyrg gagnvart innstæðueigendum ef þau hafa séð til þess að koma á einu eða fleiri kerfum viðurkenndum af stjórnvöldum sem ábyrgjast innlán eða lánastofnanirnar sjálfar og tryggja að innstæðueigendur fái bætur og tryggingu í samræmi við skilmálana í þessari tilskipun.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 264–265).

Þáverandi viðskiptaráðherra lagði þann 11. desember 1995 fram frumvarp á Alþingi um ýmsar breytingar á lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, til að bregðast við tilskipun 94/19/EB um innlánstryggingar þar sem meginatriði tilskipunarinnar voru lögfest.

Var þar lagt til að Tryggingarsjóður innstæðueigenda yrði sjálfseignarstofnun, en slík stofnun er að lögum sjálfstæður einkaréttarlegur aðili sem ekki lýtur eignarrétti einhvers eða einhverra tiltekinna aðila og ber því ábyrgð á skuldbindingum sínum með eignum sínum nema annar aðili hafi með lögum eða samningum tekið á sig slíka ábyrgð (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 207).

Í almennum athugasemdum við frumvarpið var m.a. fjallað um efni tilskipunar Evrópusambandsins um innstæðutryggingar. Í þessum almennu athugasemdum sagði m.a.: „Þess má geta að samkvæmt tilskipuninni getur ríkisábyrgð eða ábyrgð annarra opinberra aðila á skuldbindingum viðskiptabanka eða sparisjóðs ekki komið í stað innstæðutrygginga.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 202).

Í athugasemdum við 16. gr. frumvarpsins sagði síðan:

„Tryggingarsjóður viðskiptabanka er í eigu ríkisins en Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun. Gert er ráð fyrir að hinn nýi sjóður verði sjálfseignarstofnun. Hvorki ríkissjóður né viðskiptabankar og sparisjóðir sem aðilar eru að sjóðnum munu bera ábyrgð á skuldbindingum hans.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 202).

Með samþykkt núverandi laga um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, nr. 98/1999, voru Tryggingarsjóður viðskiptabanka og innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða sameinaðir undir merkjum nýs sjóðs, Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, sem verið hefur sjálfseignarstofnun síðan. Þessar lagabreytingar höfðu ekki í för með sér efnislegar breytingar hvað varðar ábyrgð ríkisins á skuldbindingum Tryggingarsjóðsins.

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram að ekki verði annað séð en að reglur laga um íslenska tryggingarsjóðinn séu um margt áþekkar þeim reglum sem gilda t.d. annars staðar á Norðurlöndum um þau lágmarksatriði sem tilskipun Evrópusambandsins um innlánstryggingakerfin hljóðar um. Það eigi bæði við um reglur um fjármögnun og stærð innlánstryggingarsjóðsins. Þá segir nefndin að ekki verði annað séð en að Ísland hafi með lögum innleitt efnislega þær lágmarksreglur sem leiðir beint af tilskipuninni og skipta máli í þessu sambandi.

Þá minnir rannsóknarnefnd Alþingis sérstaklega á að aðildarríki ESB og EES hafi í framhaldi af innleiðingu tilskipunar 94/19/EB tilkynnt hlutaðeigandi stofnunum ESB og EES um tilheyrandi lagasetningu og að ekki liggi annað fyrir en að þær stofnanir hafi tekið við þeim tilkynningum athugasemdalaust í tilviki Íslands (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 216–217). Auk þess kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að ekki verði staðhæft að íslensk stjórnvöld eða Alþingi hafi sýnt af sér vanrækslu eða mistök við innleiðingu á tilskipuninni sem slíkri (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 310).

15.2. Skrif fræðimanna og lögskýringargögn um ríkisábyrgð á innlánum.

Kjarni Icesave-deilunnar milli íslenska ríkisins, annars vegar, og breska og hollenska ríkisins, hins vegar, snýst fyrst og fremst um túlkun á tilskipun ESB 94/19/EB og einkum því álitaefni hver verði réttarstaða innstæðueigenda ef innlánatryggingakerfi, sem komið hefur verið upp í viðkomandi ríki og starfar eftir reglum sem fullnægja að forminu til lágmarksreglum tilskipunar ESB, hefur ekki tiltæka fjármuni til þess að greiða að fullu þær fjárkröfur sem að því er beint vegna tapaðra innlána.

Rannsóknarnefnd Alþingis bendir réttilega á að í tilskipuninni sjálfri eða gögnum um undirbúning hennar komi ekkert fram um það hvernig staðið skuli að málum ef eignir tryggingarsjóðs duga ekki til að greiða lágmarksbætur (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls 214).

Til þess að svara spurningunni um hverjar skyldur ríkja samkvæmt tilskipuninni eru í þeim tilvikum þegar eignir tryggingarsjóða innstæðueigenda duga ekki til að greiða lágmarksbætur samkvæmt tilskipuninni vísar rannsóknarnefndin til fjölda fræðiskrifa erlendra lögfræðinga og gagna Evrópusambandsins um ábyrgð á skuldbindingum innstæðueigenda á EES-svæðinu.

Í þeirri umfjöllun rannsóknarnefndarinnar er vísað til þess minnisblaðs sem fylgdi tillögu framkvæmdastjórnar ESB sem vísað er í hér að framan. Þá segir nefndin að þegar könnuð sé umfjöllun í fræðiskrifum um tilskipun 94/19/EB fari ekki mikið fyrir lögfræðilegu mati á því hvort fyrir hendi sé bein skylda eða ábyrgð aðildarríkis, þar sem komið hefur verið á innstæðutryggingakerfi sem talið er samrýmast tilskipuninni, til að gera viðkomandi tryggingarsjóði kleift að greiða þá lágmarkstryggingarfjárhæð sem kveðið er á um í lögum um sjóðinn. Ekki séu fyrir hendi bein ákvæði um þessi atriði í tilskipuninni sjálfri. Þó vísar rannsóknarnefndin til 24. málsgreinar aðfaraorða tilskipunarinnar, sem vitnað er til hér að framan, og segir að þau séu líklega það úr tilskipuninni sjálfri sem helst varði viðfangsefnið með beinum hætti. Hins vegar vísar nefndin til skrifa fræðimanna sem túlkað hafa lagalega þýðingu 24. málsgreinar aðfaraorðanna.

Þar vísar rannsóknarnefnd Alþingis í fyrsta lagi til greinar sem Mads Andenæs, prófessor við lagadeild Háskólans í Ósló, skrifaði í safnrit um bankalöggjöf og innri markað ESB árið 1995 og segir: „Þar sagði hann m.a. að sú málsgrein útilokaði (e. „cut off“) nokkra almenna ábyrgð aðildarríkja: þau bæru ekki ábyrgð gagnvart innstæðueigendum svo lengi sem þau hefðu uppfyllt skilyrði tilskipunarinnar (e. „complied with the Directive“). Að þessu sögðu tók Andenæs hins vegar fram að það kynnu eflaust margar spurningar að vakna um ábyrgð vegna rangrar innleiðingar tilskipunarinnar. Óljóst væri hvaða takmörk á ábyrgð ríkja kynni að leiða af 24. mgr. aðfaraorðanna.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 265).

Rannsóknarnefnd Alþingis vísar einnig til greinar sem Nevenko Misita, gestaprófessor við lagadeild Stokkhólmsháskóla, birti í tímaritinu Journal og International Banking Regulation árið 2003. Í greininni er fjallað um reglur ESB um vernd innstæðueigenda, þar á meðal um ríkisábyrgð (e. „State Guarantee“). Í skýrslunni segir:

„Misita lýsir framangreindum tveimur meginsjónarmiðum um hugsanlega ábyrgð aðildarríkja á innstæðutryggingakerfum sínum nánar svo að annars vegar aðhyllist sumir þá skoðun að sjálf tilvist 24. mgr. aðfaraorðanna þýði að engin ábyrgð geti hvílt á ríki eða lögbæru stjórnvaldi svo framarlega sem viðkomandi yfirvöld hafi innleitt tilskipunina með réttum hætti (e. „taken care of introducing or recognising protection in terms of the Directive“). Síðasttilvitnuð orð útskýrir Misita nánar svo að þau feli í sér að innstæðutryggingakerfið sé nægilega fjármagnað til að geta tekið yfir fall banka sem „með sanngirni má sjá fyrir“ (e. „reasonably foreseeable“). Hann útskýrir það sjónarmið ekki nánar nema hann nefnir að slíkar röksemdir geri þannig ráð fyrir að engin ábyrgð aðildarríkis á innstæðutryggingakerfi sínu væri til staðar í tilviki kerfishruns (e. „system breakdowns“). Neytendur, þ.e. innstæðueigendur, gætu í slíkum tilvikum ekki rétt sig á að tilskipunin áskildi að aðildarríki ábyrgðist gagnvart innstæðueigendum skuldbindingar innstæðutryggingakerfis sem það hefði komið á fót og byggt þá gagnvart ríkinu á fordæmum Evrópudómstólsins í svonefndum Francovich- og Faccini Dori-málum. Þess má geta að þarna vísar Misita til þekktra dóma Evrópudómstólsins um skaðabótaábyrgð aðildarríkja ESB, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, vegna ófullnægjandi innleiðingar tilskipana sambandsins í landsrétt aðildarríkja en til þeirra fordæma er iðulega vísað og þeim fylgt í síðari dómaframkvæmd dómstólsins.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 266).

Eins og áður segir kemur fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að af þeim gögnum sem nefndin hafði aðgang að við vinnslu hennar verði ekki séð að stofnanir ESB og EES hafi gert athugasemdir við innleiðingu tilskipunarinnar af hálfu Íslands. (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 211).

Rannsóknarnefnd Alþingis vísar í skýrslu sinni til forúrskurðar Evrópudómstólsins í máli Peters Paul o.fl. gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi frá árinu 2004, en þar var m.a. fjallað um vanrækslu þýskra stjórnvalda við að innleiða tilskipun 94/19/EB. Í skýrslu rannsóknarnefndar segir m.a. um þennan forúrskurð:

„Af niðurstöðu Evrópudómstólsins hér um ákvæði 3. gr. tilskipunarinnar um eftirlit aðildarríkja með fjármálastofnunum virðist mega draga þá ályktun að ákvæði tilskipunarinnar um uppbyggingu og starfrækslu innstæðutryggingakerfanna og aðkomu stjórnvalda að þeim veiti innstæðueigendum ekki sjálfstæð lögvarin réttindi sem byggt verði á fyrir dómstólum.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 268).

Rannsóknarnefnd Alþingis vísar jafnframt í skýrslu sinni til skrifa fræðimannsins Michael Tison, en þar segir:

„Í grein eftir fræðimanninn Michael Tison frá árinu 2005 er forúrskurður Evrópudómstólsins í ofangreindu máli dreginn saman með þeim orðum að ábyrgð aðildarríkis nái ekki lengra en að sjá til þess að koma á fót eða viðurkenna innstæðutryggingakerfi sem fullnægi lágmarksskilyrðum tilskipunar 94/19EB. Hann segir 24. mgr. aðfaraorða tilskipunarinnar styðja þá niðurstöðu. Í neðanmálsgrein á sama stað lýsir höfundur því að ljóst sé að sá fyrirvari sem felst í þessum aðfaraorðum hafi verið hafður með aðfaraorðum tilskipunarinnar vegna ótta við að kostnaður vegna falls banka myndi í óhóflegum mæli lenda á aðildarríkjum. Afleiðingin væri sú að aðildarríki þyrfti ekki að axla „Francovich-ábyrgð“, sbr. fyrri tilvísun til dóms Evrópudómstólsins í því máli, fyrir að fylgja ekki tilskipuninni hefði það gengið úr skugga um að koma á fót eða viðurkenna kerfi sem með sanngirni (e. „reasonably“) væri unnt að greiða bætur til innstæðueigenda samkvæmt lágmarkskröfum tilskipunarinnar. Í beinu framhaldi sagði höfundur ljóst að innstæðusjóðir flestra aðildarríkja myndu ekki ráða við umfangsmikla bankakrísu (e. „would not be able to cope with a major banking crisis“). Í því samhengi verndaði 24. mgr. aðfaraorðanna aðildarríkin með réttu frá Francovich-ábyrgð. Á sama hátt ætti aðildarríki ekki að axla Francovich-ábyrgð þegar það hefði viðurkennt innstæðutryggingakerfi sem þegar á reyndi gæti ekki séð fyrir fullnægjandi bótum vegna óstjórnar á eignum þess (e. „provide for adequate compensation because of mismanagement of its assets“) á meðan fjármögnunarleiðir sem aðildarríki hefði mælt fyrir um væru fullnægjandi (e. „while the funding arrangements imposed by the Member State were adequete“).“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 268–269).

Rannsóknarnefnd Alþingis vísar enn fremur til doktorsritgerðar Inge Kaasen við lagadeild Háskólans í Ósló, en þar segir:

„Árið 2000 kom út í Noregi bókin Banksikring og konkurranse sem er að stofni til doktorsritgerð Inge Kaasen við lagadeild Háskólans í Osló. Þar er sérstaklega fjallað um starfsemi norska innstæðutryggingarsjóðsins og annan stuðning opinberra aðila, svo sem Seðlabanka Noregs, við bankana með tilliti til samkeppnis- og ríkisstyrkjareglna samkvæmt EES-samningnum. Í ritinu er hvergi fjallað um að fyrir hendi sé ríkisábyrgð á lágmarksskuldbindingum tryggingarsjóðsins eða skylda ríkisins til að gera sjóðnum kleift að standa undir slíkum greiðslum.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 269).

Þá segir rannsóknarnefndin:

„Miðað við viðfangsefni og umfang doktorsritgerðarinnar verður að ætla að þar hefði verið að finna umfjöllun um þessi atriði ef höfundur hefði á annað borð talið að slík réttarregla væri hugsanlega fyrir hendi.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 269).

Í þessu sambandi sér rannsóknarnefnd Alþingis ástæðu til að geta skýrslu sem norsk nefnd um endurskoðun þarlendra laga um fjármálastofnanir og fjármálastarfsemi (n. Banklovkommisjonen) skilaði af sér og fjallaði um innstæðutryggingar í tilefni af endurskoðun reglna um þau mál í Noregi vegna tilskipunar 94/19/EB.

Í norsku skýrslunni segir að sérstök spurning sé í hversu ríkum mæli EES-regluverkið takmarki fjármögnun og rekstur hins opinbera á tryggingakerfi. Segja höfundar skýrslunnar að í aðfaraorðum tilskipunarinnar sé gengið út frá því að kostnaður við fjármögnun á innstæðutryggingakerfi hvíli sem aðalregla á lánastofnunum. Kerfið geti ekki byggt á tryggingu sem aðildarríki eða svæðisbundin yfirvöld inna af hendi. Í samræmi við þetta sé hið sameiginlega norska tryggingakerfi byggt upp. Þá kemur fram í skýrslunni að í aðfaraorðum tilskipunarinnar segi að þetta megi ekki stofna stöðugleika bankakerfis í viðkomandi landi í hættu. Ríkisstuðningur sé þannig ekki útilokaður, en verði í því tilviki að vera í samræmi við almennar reglur um ríkisstyrki á EES-svæðinu. Það sé þannig gengið út frá því að tryggingakerfið eigi ekki að vera fjármagnað eða rekið af ríkinu. Rannsóknarnefnd Alþingis dregur þá ályktun í skýrslu sinni að þögn Inge Kaasen í doktorsritgerð sinni um hugsanlega beina ríkisábyrgð á skuldbindingum norska tryggingarsjóðsins taki líklega mið af ofangreindri afstöðu sem fram kom við undirbúning norskra laga um sjóðinn. (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 269–270.)

Rannsóknarnefnd Alþingis vísar einnig til sjónarmiða sem fram koma í skýrslu sem gefin var út árið 2001 af alþjóðlegu samtökunum Financial Stability Forum (nú Financial Stability Board), en samtökin voru stofnuð árið 1999 af fjármálaráðherrum og seðlabankastjórum hinna svokölluðu G7-ríkja. Í skýrslunni segir m.a.:

Innstæðutryggingakerfi getur tekist á við takmarkaðan fjölda bankagjaldþrota í einu en ekki má gera ráð fyrir að það ráði eitt og sér við kerfishrun (e. „ … deposit insurance system can deal with a limited number of simultaneous bank failures, but cannot be expected to deal with a systematic banking crisis by itself“) (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 271).

Að lokum vísar rannsóknarnefnd Alþingis til skýrslu sem frönsk nefnd undir forsæti þáverandi bankastjóra Seðlabanka Frakklands, Jean-Claude Trichet, sem hefur eftirlit með fjármálastarfsemi þar í landi (f. „Commission Bancaire“) gaf út árið 2001, og vísað er til í kafla 10.3. í greinargerð þessari, þar sem fjallað var um reynslu Frakka af virkni og skipulagi innstæðutryggingakerfa.

Í þeirri skýrslu koma meðal annars fram sömu sjónarmið og rakin hafa verið hér að framan um takmörk innstæðutryggingakerfa gagnvart kerfishruni. Segir í skýrslunni að almennt væri viðurkennt að innstæðutryggingakerfum væri hvorki ætlað né þau fær um að fást við kerfiskrísur.

Í lok þessarar afar merkilegu umfjöllunar rannsóknarnefndar Alþingis segir nefndin:

„Það hefur vakið athygli rannsóknarnefndarinnar, og þá m.a. í ljósi þeirrar umræðu og sjónarmiða sem sett voru fram við fall íslensku bankanna og síðar um meinta skyldu ríkisins til að gera íslenska tryggingarsjóðnum kleift að gera þá lágmarksfjárhæð sem kveðið er á um í lögum nr. 98/1999 og tilskipun 94/19/EB, að ekki skuli finnast í undirbúningsgögnum tilskipunarinnar, samantektum um hana á vettvangi ESB þar til í október 2008 og í skrifum fræðimanna, sbr. til dæmis þau sem hér hafa verið rakin, skýrari og markvissari umfjöllun

um hugsanlegar skyldur aðildarríkjanna að þessu leyti.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 272.)

Undir þessi sjónarmið rannsóknarnefndarinnar taka flutningsmenn þessarar tillögu. Eins og áður segir gildir sú meginregla í réttarríkjum allra vestrænna þjóða að enginn verður knúinn til þess að greiða fjárskuldbindingar sem viðkomandi er ekki skuldbundinn til þess að gera lögum samkvæmt og hefur ekki undirgengist í frjálsum samningum. Sú meginregla gildir jafnt í samskiptum einstaklinga, lögaðila og á milli einstakra ríkja.

Af umfjöllun rannsóknarnefndar Alþingis að ráða og þeim gögnum og heimildum sem nefndin teflir fram í skýrslunni verður ekki séð að íslenska ríkinu, og þar með íslenskum skattgreiðendum, beri lagaleg skylda til að gangast í ábyrgðir fyrir þeim kröfum sem Bretar og Hollendingar hafa sett fram á hendur íslenska tryggingarsjóðnum í Icesave-málinu.

Flutningsmenn tillögu þessarar telja að full ástæða sé til að rannsakað verði hvers vegna íslensk stjórnvöld ákváðu, þrátt fyrir þær röksemdir sem fram koma í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og hér hefur verið gerð grein fyrir, að undirrita í tvígang lánasamninga við bresk og hollensk stjórnvöld um greiðslu á skuldbindingum sem engan veginn verður séð að þjóðinni beri að greiða.

15.3. Ný tilskipun um innstæðutryggingar nr. 2009/14/EB.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram enn ein sterk vísbending um að íslenska ríkinu beri ekki að ábyrgjast kröfur Breta og Hollendinga á hendur Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. Hana má finna í umfjöllun nefndarinnar um þær breytingar sem gerðar voru á innstæðutryggingum innan Evrópusambandsins með nýrri tilskipun um þær nr. 2009/14/EB. Um samanburð á hinni nýju tilskipun Evrópusambandsins og tilskipun nr. 94/19/EB segir nefndin:

„Þegar hin nýja tilskipun er skoðuð vekur það athygli að til viðbótar þeim atriðum sem lagt var til að breytt væri með tillögu framkvæmdastjórnarinnar frá 15. október 2008 voru gerðar breytingar á orðalagi 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar 94/19/EB en samkvæmt tilskipuninni frá 1994 hljóðaði það ákvæði svo í íslenskri þýðingu af tilskipuninni: „Innlánatryggingakerfin tryggja að samanlögð innlán hvers innstæðueiganda séu tryggð upp á 20.000 ECU ef innlánin verða ótiltæk.“

Í hinni nýju tilskipun nr. 2009/14/EB hljóðar ákvæði fyrsta málsliðar 1. mgr. 7. gr. svo:

„Member States shall ensure that the coverage for the aggregate deposits of each depositor shall be at least EUR 50 000 in the event of deposits being unavailable.“

Við samanburð á þessum ákvæðum sést að þarna hefur verið skipt út orðalaginu „Innlánatryggingakerfin tryggja (…)“ fyrir „Aðildarríkin tryggja (…) eða á ensku „Deposit-guarantee schemes shall stipulate (…)“ fyrir „Member States shall ensure (…)“. Breytingin er þannig tvíþætt. Annars vegar er þeirri skyldu sem ákvæðið mælir fyrir um ekki beint að „innlánatryggingakerfunum“ eins og áður heldur að „aðildarríkjunum“. Hins vegar er sagnorðinu sem fylgir frumlaginu breytt, frá „stipulate“ yfir í „ensure“. (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, bls. 274–275).

Af þessum samanburði rannsóknarnefndar Alþingis á orðalagi gömlu tilskipunarinnar og hinnar nýju verður ekki betur séð en að með hinni nýju tilskipun hafi Evrópusambandið tekið ákvörðun um að kveða mun skýrar í löggjöf sinni á um ábyrgð ríkjanna á skuldbindingum innlánstryggingakerfanna en gert hefur verið fram til þessa.

Af þessari breytingu telja flutningsmenn ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að samkvæmt hinni eldri tilskipun nr. 94/19/EB hafi slíkri ríkisábyrgð ekki verið til að dreifa. Hafi

hún verið til staðar er vandséð hvers vegna Evrópusambandið sá ástæðu til að gera á ákvæðinu þá breytingu sem lýst er í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

15.4. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis krefst rannsóknar.

Eins og áður segir er umfjöllun rannsóknarnefndar Alþingis sérstaklega athyglisverð í ljósi þess að þrátt fyrir þau skýru sjónarmið sem nefndin teflir fram í skýrslu sinni hafa íslensk stjórnvöld, og þá ekki síst núverandi ríkisstjórn, ítrekað fallist á kröfur breskra og hollenskra stjórnvalda í Icesave-málinu. Það gerði núverandi ríkisstjórn í tvígang með undirritun sinni á lánasamninga og viðbótarsamninga. Það gerði hún jafnframt með því að leggja fram tvö frumvörp til laga á Alþingi sem mæltu fyrir um að ríkisábyrgð vegna lánasamninganna við Breta og Hollendinga yrði veitt með lögum, án þess að hún hvíldi á lagalegri skuldbindingu íslenska ríkisins. Ákvarðanir stjórnvalda um að undirrita lána- og viðbótarsamningana við Breta og Hollendinga og tilraunir þeirra til að fá ríkisábyrgð vegna þeirra lögfesta á Alþingi sæta miklum tíðindum í ljósi þeirrar umfjöllunar sem finna má í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Þegar af þeirri ástæðu telja flutningsmenn þessarar tillögu mikilvægt að fram fari sú rannsókn sem tillaga þessi mælir fyrir um.

Raunar telja flutningsmenn að þær veigamiklu upplýsingar sem fram koma í 17. kafla skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis krefjist þess að fram fari rannsókn á því hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, brotið starfsskyldur sínar, en ekki síst hvort þeir hafi gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu fyrir íslenska ríkið.

16. Áminningarbréf Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Að mati flutningsmanna þessarar tillögu breytir nýlegt áminningarbréf Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) til íslenskra stjórnvalda engu um nauðsyn þess að stofnað verði til þeirrar rannsóknar sem tillaga þessi mælir fyrir um.

Af áminningarbréfi ESA að ráða er það skoðun stofnunarinnar að Ísland sé að lögum skuldbundið samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins 94/19/EB til þess að tryggja greiðslu lágmarkstryggingar til breskra og hollenskra innstæðueigenda.

Sú skoðun ESA er að mati flutningsmanna í besta falli afar hæpin og virðist fremur byggjast á því sem stofnunin vildi að stæði í tilskipun 94/19/EB en á þeim lagareglum sem þar er raunverulega að finna.

Í annan stað blasir við að niðurstaða ESA er í algjöru ósamræmi við þau sjónarmið sem rannsóknarnefnd Alþingis færir fram, og hér hefur verið gerð grein fyrir, gegn þeirri skoðun að Ísland sé samkvæmt tilskipun 94/19/EB með vísan til ákvæða tilskipunarinnar sjálfrar, lögskýringargagna sem henni fylgja og skrifum fjölmargra erlendra fræðimanna og stofnana um álitaefnið.

Þá vekur skoðun ESA furðu flutningsmanna í ljósi þess að eitt meginhlutverk ESA er að gæta þess að ekki séu veittir ríkisstyrkir sem brjóta í bága við lög og reglur Evrópusambandsins og EES-samningsins. Með niðurstöðu sinni er ESA þvert á móti að mælast til þess að íslensk stjórnvöld veiti Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ríkisstyrk sem nemur hátt í heilli þjóðarframleiðslu Íslands.

Fjölmargar fleiri röksemdir má færa fram gegn þeirri skoðun sem fram kemur í áminningarbréfi ESA til íslenskra stjórnvalda. Um þær vísa flutningsmenn til ítarlegrar greinar Stefáns Más Stefánssonar, lagaprófessors, og Lárusar Blöndal, hæstaréttarlögmanns, sem

birtist í Morgunblaðinu 4. júní sl., en greinin er birt með tillögu þessari sem fylgiskjal. Flutningsmenn taka undir þau sjónarmið sem þar koma fram, en þau leiða í ljós að niðurstaða ESA byggist á lagalega mjög veikum grunni og er í besta falli mjög umdeilanleg.

Flutningsmenn benda á að í niðurstöðu ESA felst hvorki dómur um efni málsins né þau atriði sem tillaga þessi mælir fyrir um að verði rannsökuð og hefur að mati flutningsmanna veigalitla þýðingu um niðurstöður hennar.

17. Skortur á umboði ríkisstjórnarinnar til undirritunar lánasamninga?

Að mati flutningsmanna tillögu þessarar er saga Icesave-málsins að mörgu leyti saga afdrifaríkra mistaka sem íslensk stjórnvöld hafa gert í samskiptum sínum við bresk og hollensk stjórnvöld. Opinber gögn, ákvarðanir og embættisfærslur stjórnvalda og embættismanna á þeirra vegum og yfirlýsingar þeirra á opinberum vettvangi bera þess glögg merki. Fyrir liggja sterkar vísbendingar um að núverandi ríkisstjórn hafi, fyrir hönd ríkissjóðs, undirritað skuldbindingar gagnvart hollenskum og breskum stjórnvöldum þrátt fyrir að á þeim tíma sem undirritanirnar áttu sér stað hafi ekki legið fyrir meirihlutastuðningur fyrir slíkum ákvörðunum á Alþingi.

Í því sambandi telja flutningsmenn fulla ástæðu til að rifja það sérstaklega upp að strax í kjölfar þess að lánasamningarnir við Breta og Hollendinga, sem gerðir voru hinn 5. júní 2009, voru kynntir síðastliðið sumar lýstu forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna yfir miklum efasemdum um að þeir nytu meirihlutastuðnings á Alþingi. Þeir töldu verulegan vafa á því ríkisstjórnin hefði tryggt sér stuðning meiri hluta alþingismanna áður en hún tók ákvörðun um að samþykkja fyrir sitt leyti skuldbindingar fyrir íslenska ríkið sem námu hundruðum milljarða íslenskra króna.

Þeim efasemdum vísuðu forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar á bug.

Eftir undirritun Icesave-samninganna var Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra ítrekað spurður að því á Alþingi hvort sú ákvörðun að undirrita lánasamningana nyti meirihlutastuðnings á Alþingi.

Í umræðum á Alþingi hinn 15. júní 2009 sagði fjármálaráðherra: „Um málið að öðru leyti er það að segja að ríkisstjórnin hafði fullt samningsumboð og fyrirmæli frá Alþingi um að leiða það til lykta með samningum. … Í framhaldinu verður svo útbúið frumvarps sem ég mun leggja fram í ríkisstjórn og væntanlega fá heimild til þess að leggja fram sem stjórnarfrumvarp í trausti þess að það njóti tilskilins meiri hluta á Alþingi og eftir það verði málið í höndum Alþingis.“

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra var einnig og ítrekað innt svara við því á Alþingi hvort þeir lánasamningar sem ríkisstjórnin undirritaði við Breta og Hollendinga nytu meirihlutastuðnings þingmanna.

Í umræðum á Alþingi hinn 11. júní 2009 sagði forsætisráðherra: „Mér er auðvitað kunnugt um að það voru að einhverju leyti skiptar skoðanir í þingflokki Vinstri grænna um málið en mér er ekki kunnugt um og hefur ekki verið tjáð annað af formanni Vinstri grænna en að málið hafi fylgi ríkisstjórnarinnar og að stjórnarfrumvarp um þetta mál verði lagt fram. Ég verð auðvitað að treysta því að málið hafi fullan stuðning stjórnarflokkanna þegar þetta kemur til atkvæða.“

Síðar í sömu umræðu sagði forsætisráðherra m.a.: „Stjórnarflokkarnir hafa 34 þingmenn í meiri hluta á móti 29 hjá stjórnarandstöðunni og ég trúi ekki öðru en það dugi til að tryggja þetta mál í höfn.“

Í ræðu sem Lilja Mósesdóttir, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs, hélt á Alþingi hinn 20. ágúst 2009 staðfesti þingmaðurinn að ríkisstjórnin hefði undirritað Icesave-samningana án þess hafa fyrir því traustan meirihlutastuðning á Alþingi. Í ræðunni sagði Lilja m.a.:

„Frá upphafi hef ég ásamt félögum mínum í þingflokki VG, hæstvirtum ráðherra Ögmundi Jónassyni og háttvirtum þingflokksformanni Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, verið á móti Icesave-samningnum.Þessi andstaða okkar kom skýrt fram á fundi þingflokks VG fyrir rúmum tveimur mánuðum þegar við höfnuðum beiðni hæstvirts fjármálaráðherra um umboð til að klára Icesave-lánasamningana.“

Í marsmánuði síðastliðnum tók sami þingmaður síðan af allan vafa um að ríkisstjórn Íslands og fulltrúar hennar hefðu fyrir hönd íslenska ríkisins undirritað Icesave-lánasamningana án þess að hafa fyrir því meirihlutastuðning á Alþingi.

Í frétt Stöðvar 2 hinn 8. mars sl. er það haft eftir þingmanninum að mistekist hafi að ná samstöðu innan stjórnarflokkanna um framgang Icesave-málsins strax í byrjun síðasta árs. Í fréttinni segir jafnframt: „Þá hafi fimm þingmenn lagst gegn því í þingflokki Vinstri grænna að Steingrímur J. Sigfússon formaður flokksins og fjármálaráðherra færi og undirritaði samninginn. Hann hafi samt gert það.“

Yfirlýsingar þingmannsins geta vart verið skýrari. Og það er engin ástæða til að draga þær í efa, enda hefur þeim ekki verið andmælt opinberlega.

Samkvæmt stjórnarskrá Íslands fer Alþingi Íslendinga með fjárstjórnarvaldið. Það er grundvallarregla í okkar stjórnskipun að íslenska ríkið verður ekki skuldsett nema fyrir liggi að meiri hluti Alþingismanna samþykki slíka skuldbindingu.

Að mati flutningsmanna brýtur það gegn stjórnskipun landsins og ákvæðum íslenskra laga þegar ráðherrar í ríkisstjórn hafa forgöngu um að samþykkja fjárskuldbindingar á hendur ríkissjóði án þess að slík ákvörðun njóti stuðnings meiri hluta Alþingis.

Í tilviki Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra og núverandi ríkisstjórnar verður ekki betur séð en að ríkisstjórn Íslands hafi, að undirlagi fjármálaráðherra, undirritað lánasamninga sem fela í sér fjárskuldbindingu sem jafngiltu samkvæmt efni sínu tæpri einni þjóðarframleiðslu íslenska ríkisins. Auk þess virðist blasa við að fjármálaráðherra hafi ákveðið að gangast í slíkar skuldbindingar, fyrir hönd íslenska ríkisins, þrátt fyrir að honum hafi verið fullvissaður um af eigin samherjum að sú ákvörðun nyti ekki stuðnings meiri hluta Alþingismanna.

Slíkar embættisfærslur verðskulda að þær séu rannsakaðar af hlutlausri rannsóknarnefnd. Það er að sjálfsögðu mjög alvarlegt mál ef ráðherrar eða ríkisstjórn undirgengst himinháar fjárskuldbindingar á hendur íslenska ríkinu án þess að hafa til þess umboð og fela í sér embættisfærslur sem eru á lagalega gráu svæði.

Hvorki forsætisráðherra né fjármálaráðherra hefur andmælt þeim fullyrðingum stjórnarþingmannsins sem að framan er getið.

Að mati flutningsmanna þessarar tillögu verður fjármálaráðherra að svara því hvort þær eigi við rök að styðjast. Séu þær réttar verður fjármálaráðherra að skýra út hvers vegna lánasamningarnir við Breta og Hollendinga voru undirritaðir af hans hálfu og ríkisstjórnarinnar þegar fyrir lá að meiri hluti Alþingis var þeirri ákvörðun mótfallinn. Jafnframt verður fjármálaráðherra að svara því hvort hann telji að þær embættisfærslur sem hér hefur verið lýst, og hann ber stjórnskipulega ábyrgð á, séu í samræmi við þau lög og þær reglur sem gilda um heimildir stjórnvalda til þess að gangast í fjárhagslegar skuldbindingar fyrir hönd íslenska ríkisins.

Að sama skapi telja flutningsmenn að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra verði að svara því hvort henni hafi verið kunnugt um að lánasamningarnir við Breta og Hollendinga hafi verið undirritaðir án þess að sú ákvörðun hafi notið meirihlutastuðnings á Alþingi.

Þessa framgöngu íslenskra stjórnvalda og erindreka þeirra í Icesave-málinu og fjölmarga fleiri þætti málsins telja flutningsmenn að nauðsynlegt sé að rannsaka. Mikilvægt er að slík rannsókn geti farið fram fyrir opnum tjöldum eftir því sem kostur er svo hægt verði að varpa ljósi á samskipti þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld. Þá er nauðsynlegt að leiða í ljós með hvaða hætti íslensk stjórnvöld gættu hagsmuna íslenska ríkisins í málinu, hvernig ákvarðanir voru teknar og hvort þær voru í samræmi við þau lög sem gilda í landinu um slíkar ákvarðanatökur.

18. Landsdómur kallaður saman.

Hinn 28. september sl. samþykkti meiri hluti alþingismanna þingsályktun, með 33 atkvæðum gegn 30, sem mælti fyrir um að höfða skyldi sakamál gegn Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir landsdómi. Sambærilegar tillögur um málshöfðun gegn Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra, Árna M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, og Björgvin G. Sigurðssyni, fyrrverandi viðskiptaráðherra, voru hins vegar felldar.

Í þeirri ákæru sem meiri hluti alþingismanna samþykkti kemur fram að sakamálið gegn Geir H. Haarde sé höfðað á hendur honum fyrir brot framin á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama ár, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, aðallega fyrir brot gegn lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, en til vara fyrir brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga. Er honum m.a. gefið það að sök að hafa ekki „fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins“, eins og segir í ákærunni, og þess krafist að hann verði látinn sæta refsingu fyrir.

Í ljósi þeirra sjónarmiða sem fram koma m.a. í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, og lýst er að hér að framan, telja flutningsmenn tillögunnar þennan ákæruliið á hendur fyrrverandi forsætisráðherra sæta mikilli furðu, því að hann samræmist engan veginn meginröksemdum íslenskra stjórnvalda í deilunni við Breta og Hollendinga í Icesave-málinu.

Allt frá upphafi Icesave-málsins hafa Íslendingar haldið því fram að íslenska ríkið beri lögum samkvæmt hvorki ábyrgð á Icesave-reikningum Landsbanka Íslands hf. né á skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Engu síður hefur meiri hluti alþingismanna nú ákveðið að ákæra fyrrverandi forsætisráðherra landsins fyrir vanrækja skyldur sem íslensk stjórnvöld hafa mánuðum saman neitað að kannast við í deilunni við Breta og Hollendinga.

Slíkar þversagnir af hálfu Íslendinga eru að mati flutningsmanna tillögunnar ekki einungis óskiljanlegar heldur beinlínis skaðlegar fyrir hagsmuni íslenska ríkisins.

Hvað sem þeim líður liggur nú fyrir að landsdómur verður kallaður saman í fyrsta skipti í sögunni. Þar verður réttað yfir fyrrverandi forsætisráðherra Íslands vegna embættisfærslna hans í tengslum við Icesave-málið sem áttu sér stað fyrir hrun bankakerfisins.

Sú ákvörðun meiri hluta alþingismanna að draga fyrrverandi forsætisráðherra fyrir landsdóm og krefjast refsingar yfir honum þar vegna embættisfærslna hans í tengslum við Icesave-málið *fyrir* hrun bankakerfisins leiðir til þess að mati flutningsmanna að nauðsynlegt sé og eðlilegt að ganga þá leið sem nú hefur verið mörkuð á enda, þannig að tryggt verði að eitt sé látið yfir alla ganga.

Það verður að mati flutningsmanna einungis gert með því að efnt verði til rannsóknar á embættisfærslum, ákvörðunum og samskiptum íslenskra stjórnvalda við bresk og hollensk stjórnvöld *eftir* hrun bankakerfisins, þannig að hægt verði að leggja mat á það hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, brotið starfsskyldur sínar eða gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu fyrir íslenska ríkið og íslensku þjóðina og eftir atvikum að leggja mat á hverjir beri á þeim ábyrgð.

19. Rannsóknarnefnd á vegum Alþingis.

Eins og fram kemur í þingsályktunartillögu þessari er lagt til að Alþingi skipi sérstaka rannsóknarnefnd, þriggja sérfræðinga, sem falið verði það hlutverk að rannsaka embættisfærslur og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda og samskipti þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tillagan mælir fyrir um að nefndin skuli leggja mat á það hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, brotið starfsskyldur sínar eða gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu fyrir íslenska ríkið og íslensku þjóðina og eftir atvikum að leggja mat á hverjir beri á þeim ábyrgð. Í því skyni er lagt til að nefndinni verði tryggðar allar þær rannsóknarheimildir sem henni eru nauðsynlegar til þess að geta varpað skýru ljósi á rannsóknarefnið og út frá því gengið að rannsóknarheimildir hennar verði sambærilegar þeim sem rannsóknarnefnd Alþingis vegna bankahrunsins voru tryggðar með lögum nr. 142/2008. Þá mælir tillagan fyrir um að nefndin skili Alþingi skýrslu um niðurstöður sínar.

Flutningsmenn telja fyrirsjáanlegt að umfang þeirrar rannsóknar sem lagt er til að ráðist verði í verði afar umfangsmikið, enda mun hún lúta að öllum ákvörðunum, embættisfærslum og samskiptum íslenskra stjórnvalda við bresk og hollensk stjórnvöld allt frá því að Icesave-innlánsreikningum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi var komið á fót.

Að mati flutningsmanna er engum blöðum um það að fletta að meginábyrgðin á því tjóni sem Icesave-málið hefur valdið íslenska ríkinu bera þeir stjórnendur og eigendur Landsbanka Íslands hf. sem stóðu að því að koma Icesave-reikningunum á fót.

Engu síður er það skoðun flutningsmanna að uppgjör á framgöngu íslenskra stjórnvalda í Icesave-málinu þurfi að fara fram, enda fullt tilefni til. Vandséð er að nokkur íslenskur stjórnmálamaður ætti að geta sett sig upp á móti því að slík rannsókn fari fram, enda er uppi um það rík krafa í samfélaginu.

Slíkri rannsókn verður að mati flutningsmanna best fyrir komið með því að Alþingi skipi rannsóknarnefnd þá sem lagt er til að komið verði á fót með tillögu þessari sem rannsaki embættisfærslur og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda og samskipti þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld og leggi mat á það hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, meti hvort þeir hafi brotið starfsskyldur sínar eða gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu sinni fyrir íslenska ríkið og íslensku þjóðina og leggi eftir atvikum mat á hverjir beri á þeim ábyrgð, t.d. í skilningi laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

Alþingismenn hafa áður óskað eftir slíkri rannsókn af minna tilefni.

Fyrirsjáanlegt er að verði þingsályktunartillaga þessi samþykkt þurfi Alþingi að setja sérstök lög um þá nefnd sem tillagan mælir fyrir um að stofnuð verði. Slík lagasetning þarf ekki að taka langan tíma enda getur Alþingi sótt fyrirmynd slíkrar löggjafar til laga nr. 148/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Tillagan gerir ráð fyrir að sá kostnaður sem hlýst af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Tillögunni fylgdi fylgiskjal: Áminning ESA. *Stefán Már Stefánsson og Lárus L. Blöndal:* (Morgunblaðið 4. júní 2010.)

6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir.

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 55. gr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Áður en umræða hefst um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og skýrslur getur forseti gert tillögu um hve lengi umræðan skuli standa. Ræðutími einstakra þingmanna getur þá orðið styttri en greinir í 80. gr. Við upphaf 2. og 3. umræðu um lagafrumvörp og síðari umræðu um þingsályktunartillögur skal tillaga forseta um hve lengi umræðan má standa taka mið af óskum nefnda um heildartíma umræðu. Eigi má takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo að hún standi skemur en þrjár klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði og ræður afl atkvæða úrslitum. Í tillögu forseta um heildartíma umræðu skal skipta umræðutíma því sem næst að hálfu jafnt milli þingflokka og að hálfu skal hafa hliðsjón af því hve margir þingmenn eiga aðild að hverjum þingflokki en forseti ákveður ræðutíma þingmanna utan flokka. Ákvæði þessarar málsgreinar ná einnig til ræðutíma ráðherra. Tillögur forseta samkvæmt þessari málsgrein ná ekki til umræðna um frumvörp til fjárlaga og frumvörp til stjórnarskipunarlaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 138. löggjafarþingi.

Starfshættir Alþingis hafa verið til umræðu og skoðunar meðal almennings á síðustu missirum, sérstaklega í kjölfar bankahrunsins. Alþingismenn hafa látið til sín taka í þessari umræðu og hafa margir hverjir kallað á virkari og nútímalegri vinnubrögð, m.a. í ljósi nýrrar reynslu. Einnig hefur verið litið til þess að rétt væri að skipuleggja vinnu þingsins betur til að freista þess að auka traust almennings til Alþingis og bæta ásýnd þess. Hér á landi er umræðuhefð þingsins fyrir löngu orðin úrelt. Ekki er reynt að áætla hvað hver umræða taki mikinn tíma hverju sinni miðað við eðli mála. Nefndir þingsins hafa að mati flutningsmanns getu og burði til að áætla umræðutíma þannig að hvert mál fái næga og vandaða umfjöllun. Yrði slíku fyrirkomulagi komið á væri fyrir fram hægt að halda utan um dagskrá þingsins og tímaáætlanir stæðust. Einnig er rétt að benda á að um langt skeið hefur svokallað málþóf verið

þekkt fyrirbæri eins og lesa mátti í umfjöllun dagblaðs fyrr á árinu en þar sagði „Málþóf er aldagömul aðferð til að stöðva mál og á rætur sínar að rekja til Rómaveldis. Þó tíðkast það aðeins í örfáum löndum í dag og þekkist ekki hjá öðrum Norðurlandaþjóðum. Kató yngri er fyrsti skráði málþófsmaðurinn. Árið 60 fyrir Krist kom hann í veg fyrir að Júlíus Sesar kæmi máli í gegnum rómverska þingið með því að tala fram á kvöld, en Rómverjar höfðu lög um að öllum ákvörðunum þingsins yrði að ljúka í birtu.“ Oftast er það stjórnarandstaða hvers tíma sem stundar málþóf og oftast í aðdraganda þinghléa hvers árs. Engir íslensku stjórnmálaflokkanna eru undanskildir í þessu samhengi. Hafa þeir allir stundað málþóf í einhverjum mæli allt eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu í það sinnið. Rökin fyrir málþófi eru þau að með því má skapa svokallaða samningsaðstöðu í lok hverrar þinglotu þannig að allir flokkar fái eitthvað fyrir sinn snúð. Þannig nái einstök mál einstakra flokka fram að ganga eða ekki og þegar um slíkt hefur samist leggst málþófið niður. Hafa sumir reynt að færa rök fyrir því að málþóf sé eðlilegur hluti af lýðræðinu því þannig verði meiri hlutinn neyddur til að taka tillit til minni hlutans. Flutningsmaður telur að slík rök vegi ekki mjög þungt og rök séu fyrir því að málþóf sé lýðræðinu heldur skaðlegra en hitt því málþóf grefur undan trausti á Alþingi almennt. Þingmenn hafa þó fært þau rök fram að málþóf sé ein fárra leiða sem stjórnarandstaðan hefur til að hafa áhrif á framgang mála á Alþingi, sérstaklega undir þinglokin. Þótt færa megi slík rök fram telur flutningsmaður rétt að breyta fyrirkomulagi ræðutíma þannig að mál fái eðlilegan umræðutíma en málþóf leggist af.

Til að koma til móts við þau sjónarmið að málþóf sé tæki stjórnarandstöðunnar til að hafa áhrif á gang mála, og vegna frekar veikrar stöðu stjórnarandstöðu á Alþingi miðað við stöðu hennar í öðrum norrænum þjóðþingum, telur flutningsmaður eðlilegt að samhliða þeirri breytingu á þingsköpum sem hér er lögð til væri staða stjórnarandstöðunnar styrkt. Stjórnarandstöðuna mætti styrkja t.d. með því að hluti formanna nefnda þingsins kæmi úr hennar röðum, minni hluti þingsins gæti knúið á um að umdeild mál færu í þjóðaratkvæðagreiðslu og önnur slík atriði. Með því að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar mætti ná fram breiðari sátt um að skapa nýja og bætta umræðuhefð á Alþingi þannig að áætlað væri fyrir fram hve langan tíma hver einstök umræða tæki um hvert mál fyrir sig.

Flutningsmaður telur að umræðuhefð Alþingis sé gamaldags. Hún er ekki í anda nútímalegra vinnubragða þar sem unnið er af vandvirkni og eftir vinnuáætlun. Mikil endurnýjun hefur átt sér stað á Alþingi og fjöldi nýrra þingmanna hefur tekið þar sæti. Endurnýjun á Alþingi í síðustu kosningum árið 2009 er sú mesta frá upphafi. Nýir þingmenn eru 27 af 63, eða 43%. Í kosningunum 2007 komu 24 nýir þingmenn á þing og hefur því orðið meiri endurnýjun á Alþingi á tveimur árum en nokkru sinni í sögunni. Alls hafa því 42 þingmenn af 63, eða ⅔ hlutar þingsins, mjög stutta þingreynslu og því fylgja ferskir vindar. Konur hlutu einnig bestu kosningu frá upphafi en nú eru 43% þingmanna konur. Með nýjum þingmönnum skapast tækifæri til breytinga, tækifæri til að taka upp breytt og bætt vinnubrögð. Margir hinna nýju þingmanna hafa furðað sig á úreltum hefðum og kallað eftir breytingum á vinnubrögðum Alþingis. Hafa þeir sumir hverjir gert eðlilegar kröfur um að hægt sé að gefa út vinnuáætlanir sem standist dag frá degi og viku til viku þar sem gefið er upp hvaða mál verði á dagskrá og hvenær. Þannig geti þingmenn undirbúið ræður sínar á Alþingi svo að eðlilegt megi teljast. Einnig sýni vinnuáætlun hvenær þingmenn geti sinnt öðrum störfum, svo sem í kjördæmi og flokksstarfi eða jafnvel fjölskyldulífi þannig að þingmenn megi ganga út frá því hvenær þeir geti átt samverustundir með fjölskyldum sínum.

Flutningsmaður telur að umræðuhefð Alþingis þurfi nú að taka breytingum því almenningur nýtir sér upplýsingatæknina í æ ríkari mæli til að fylgjast með innihaldi umræðunnar

á Alþingi. Önnur þjóðþing, svo sem þau norrænu, sem við berum okkur helst saman við hafa einbeittari umræðuhefð og fara eftir áætlunum um upphaf og endi hverrar umræðu. Alþingi þarf að komast út úr ómarkvissum vinnubrögðum og koma á skipulagi þar sem öll mál fá eðlilega langan umræðutíma en þó fái ekkert mál minna en þriggja klukkustunda umræðu í þinginu. Gera má ráð fyrir að mörg mál fengju mun meiri tíma allt eftir mati þingnefndanna og ákvörðun þingmanna í atkvæðagreiðslu um ræðutíma.

Í frumvarpi þessu er tekið mið af þeim reglum sem gilda um ræðutímann í norska Stórþinginu. Í ljósi eðlis frumvarpa til fjárlaga og frumvarpa til stjórnarskipunarlaga er nýbreytnin ekki látin ná til þeirra.

Í frumvarpinu er lagt til að forseti fái heimild til að leggja fram tillögu áður en umræða hefst um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og skýrslur um hve lengi umræðan skuli standa. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði og ræður afl atkvæða úrslitum. Ræðutími einstakra þingmanna og ráðherra getur samkvæmt þessu orðið styttri en fjallað er um í 80. gr. þingskapa. Forseti má eigi takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo að hún standi skemur en þrjár klukkustundir alls. Við upphaf 2. og 3. umræðu um lagafrumvörp og síðari umræðu um þingsályktunartillögur skal tillaga forseta um hve lengi umræðan má standa taka mið af óskum nefnda um heildartíma umræðu.

Frumvarp þetta miðar að því að skipuleggja umræður um þingmál betur en nú er og þar með störf Alþingis. Brýn nauðsyn er á að umræðuhefð þingsins breytist og traust til þess um vönduð vinnubrögð aukist frá því sem nú er.

Samhliða þessari breytingu á þingsköpum væri eðlilegt að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar til að hafa áhrif á gang mála, svo sem með því að hluti formanna nefnda þingsins kæmi úr hennar röðum, minni hluti þingsins gæti knúið á um að umdeild mál færu í þjóðaratkvæðagreiðslu og önnur slík atriði.

7. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [7. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Pétur H. Blöndal, Höskuldur Þórhallsson,
Eygló Harðardóttir, Valgerður Bjarnadóttir.

1. gr.

Síðari málsliður 51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Sé þingmaður skipaður ráðherra skal hann víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherradómi og tekur varamaður hans sætið á meðan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 123., 131., 132., 135., 136. og 138. löggjafarþingi. Jafnframt flutti Kristinn H. Gunnarsson frumvarp á 130. löggjafarþingi 2003–2004 þar sem m.a.

var lögð til sambærileg breyting. Í ljósi þess að umræða um þetta málefni hefur aukist, ekki síst í tengslum við umræður um stjórnlagaþing, er frumvarpið flutt enn að nýju.

Íslenskt réttarríki byggist á hugmyndum franskra umbótasinna á 18. öld um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Hugsunin að baki slíkri skiptingu var að hver valdhafi um sig takmarkaði vald hins, en hver hluti ríkisvaldsins fyrir sig átti þó að vera sem sjálfstæðastur. Þó að stjórnarskrá okkar byggist á þessum hugmyndum gerir hún samt ráð fyrir að ráðherrar geti jafnframt verið alþingismenn. Aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdarvalds er því í raun ekki eins mikill og 2. gr. stjórnarskrárinnar áskilur.

Sagt er að stærsti hluti hinnar eiginlegu vinnu við þingmál fari fram í þingnefndum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að ráðherrar eiga ekki sæti í nefndum þingsins. Núverandi fyrirkomulag leiðir því til þess að um sjötti hluti þingheims er ekki nema að litlu leyti virkur í þingstarfinu. Með þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er lagt til að ráðherrar geti ekki átt sæti á þingi þann tíma er þeir gegna ráðherradómi. Jafnhliða þeirri breytingu, sem frumvarpið mælir fyrir um, telja flutningsmenn rétt að skoða hvort ástæða sé til að fækka þingmönnum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði sú að um leið og forseti hefur skipað alþingismann ráðherra taki varamaður sæti ráðherrans á þingi. Ráðherra á hins vegar rétt á þingsæti sínu aftur jafnskjótt og hann lætur af ráðherradómi ef þing hefur ekki verið rofið og boðað til nýrra kosninga. Núna er staðan sú að ráðherra getur sagt af sér þingmennsku og látið varamann taka sæti sitt í staðinn. Mjög ólíklegt er að ráðherra mundi gera slíkt að öllu óbreyttu, því að ef hann missti ráðherraembættið aftur ætti hann ekki afturkvæmt í þingmennskuna fyrr en að afloknum kosningum, þ.e. ef hann næði kjöri, þannig að við núverandi aðstæður hafa ráðherrar ekki um góða kosti að velja í þessu sambandi. Með þessu móti munu allir sem sæti eiga á Alþingi hverju sinni geta sinnt þeim skyldum sem á þeim hvíla. Hins vegar er áfram gert ráð fyrir að ráðherrar geti tekið þátt í umræðum á þingi og svarað fyrirspurnum samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar um í þingsköpum. Sú breyting á stjórnarskránni, sem hér er lögð til, á sér hliðstæðu bæði í Noregi og Svíþjóð þar sem slíkt fyrirkomulag þykir hafa gefist mjög vel. Frumvarpið er í anda stefnu Framsóknarflokksins og á flokksþingi í mars 2007 var samþykkt ályktun í tengslum við umfjöllun um aðskilnað löggjafar- og framkvæmdarvalds þar sem segir að styrkja þurfi stöðu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldinu og að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmennsku og verði gert kleift að setjast aftur á þing, ljúki þeir ráðherradómi. Á flokksþingi í janúar 2009 var enn fremur samþykkt ályktun þar sem segir að styrkja þurfi faglega stöðu nefnda og sérfræðiaðstoð við þingið og með því að styrkja stöðu þingflokka og þingmanna svo að þeir geti leitað sér óháðrar sérfræðiaðstoðar, auk þess sem ályktað var um að þingmenn segðu af sér þingmennsku væru þeir valdir til að gegna ráðherraembætti.

Um málið hefur skapast þverpólitísk sátt meðal ungra stjórnmálamanna sem samþykktu eftirfarandi ályktun um þrískiptingu ríkisvaldsins á Þingi unga fólksins árið 2007: „ÞUF telur nauðsynlegt að skýr skil séu á milli hinna þriggja greina ríkisvaldsins. Til að styrkja stöðu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi er rétt að styrkja nefndasvið Alþingis og Þing unga fólksins telur að enginn skuli gegna þingmennsku og embætti ráðherra á sama tíma. Þing unga fólksins ítrekar að ráðherrar og forstjórar ríkisstofnana bera ábyrgð á ráðuneytum þeim og stofnunum sem þeir eru í forsvari fyrir. Það á ekki að líðast að ráðuneyti og ríkisstofnanir geti farið fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög kveða á um en þeim ber að fylgja rétt eins og öðrum lögum sem Alþingi setur.“

8. Tillaga til þingsályktunar [8. mál]

um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnaskyni.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Þór Saari,
Þráinn Bertelsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga að koma á reglulegum árlegum heimsóknum í forvarnaskyni sem bjóðist öllum sem eru 75 ára og eldri til að hægt verði að veita þeim þjónustu strax og þurfa þykir svo að þeir geti búið sem lengst heima.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga sama efnis var flutt á 138. löggjafarþingi.

Á seinni árum hefur þjónusta við eldri borgara aukist. Megináherslan hefur verið á að bæta lífsgæði aldraðra með því að gefa þeim færi á að búa sem lengst heima. Félagsþjónusta sveitarfélaga, með aðstoð við þrif og matarinnkaup, sem og heimaþjónusta ríkisins frá heilsugæslustöðvum með heimahjúkrun, eiga að tryggja að sem flestir geti búið heima sem lengst.

Meginþema velferðarnefndar Norðurlandaráðs árið 2010 er lífsgæði eldri borgara á Norðurlöndum. Í nefndinni eiga sæti þingmenn allra Norðurlandanna, en fyrir Íslands hönd eru þær Siv Friðleifsdóttir sem formaður og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Nefndin hefur kynnt sér lífsgæði eldri borgara í Danmörku en þar hafa stjórnvöld tekið markviss skref með því að grípa snemma inn í til að fyrirbyggja að smávægilegur heilsubrestur vindi of hratt upp á sig þannig að hinn aldraði þurfi stofnanavist. Danir hafa komið upp nokkurs konar forvarnakerfi í þessu sambandi sem felst í því að öllum íbúum sem eru 75 ára og eldri er boðin heimsókn einu sinni til tvisvar á ári af öldrunarþjónustufulltrúa. Öllum sveitarfélögum ber lagaleg skylda til að bjóða upp á slíkar heimsóknir.

Í heimsókninni til hins aldraða er farið yfir alla þætti sem varða heilsu og aðstæður hans og metið hvort viðkomandi þurfi á einhverri aðstoð að halda eða ekki. Aðstoðin getur falist í tímabundinni aðstoð við þrif, innkaup, þjálfun eða annað slíkt. Sveitarfélagið Kaupmannahöfn hefur lagt áherslu á það að hjálpa fólki til sjálfshjálpar og því er gjarnan gripið inn í með þjálfun til að viðkomandi einstaklingur geti sjálfur séð um þrif, innkaup o.þ.h. Ef slík úrræði duga ekki fær fólk langvarandi aðstoð af sama tagi og eftir atvikum heimahjúkrun.

Dönsk stjórnvöld telja að með slíkum árlegum heimsóknum hafi tekist að tryggja fleiri eldri borgurum bætt lífsgæði heima fyrir í stað innlagnar á stofnun. Einnig hafi á þennan hátt sparast fé sem nýtt hefur verið á skynsamlegan hátt innan öldrunarþjónustunnar.

Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að fólk eigi að geta búið heima eins lengi og kostur og vilji er til, m.a. með því að samþætta heimaþjónustu og heimahjúkrun. Samkvæmt samanburðartölum OECD þar sem skoðað er hve hátt hlutfall þeirra sem eru 65 ára og eldri vistast í hjúkrunarrýmum (utan sjúkrahúsa) árið 2007 kemur í ljós að á Íslandi vistast 6% eldri borgara (65+) í hjúkrunarrýmum, 5,5% í Noregi, 4,6% í Finnlandi og 4,5% í Danmörku. Í Svíþjóð er hlutfallið hærra eða 6,8% árið 2006, en ekki kom fram hlutfallið árið 2007. Samkvæmt skýrslu OECD um heilbrigðismál á Íslandi frá 2008 erum við Íslendingar með hlutfallslega mörg hjúkrunarrými (langtímarými) fyrir aldraða, 65 ára og eldri, en jafnframt kom fram að framboð rýma á ákveðnum landsvæðum er ekki í samræmi við þörf. Þannig er líklega offramboð rýma á ákveðnum svæðum en skortur á öðrum. Í skýrslunni segir að þessi

staðreynd komi á óvart í ljósi þess hve íslenska þjóðin er ung en að hugsanlega megi rekja hátt hlutfall hjúkrunarrýma á Íslandi til þess að framboð heimaþjónustu sé ekki nægilegt og að það vanti millilausnir, svo sem íbúðir fyrir aldraða í nálægð hjúkrunarheimila.

Þar sem hlutfall aldraðra fer hækkandi og gerðar eru meiri kröfur en fyrr um góða þjónustu er brýnt að veita þá þjónustu á sem hagkvæmastan hátt. Það er því hagur allra að taka upp árlegar heimsóknir til eldri borgara 75 ára og eldri svo að unnt sé að veita þjónustu við hæfi á sem skilvirkastan hátt og þannig fyrirbyggja óþarfa stofnanavist og auka lífsgæði eldri borgara. Mikilvægt er að náið samráð verði haft við sveitarfélög í samræmi við fyrirætlanir um að flytja málefni aldraðra alfarið yfir til þeirra.

Í dönsku lögunum um fyrirbyggjandi heimsóknir til eldri borgara (lov om forebyggende hjemmebesøg til ældre m.v.) er kveðið á um að sveitarstjórnir eigi að gefa öllum sem orðnir eru 75 ára og eldri og búa í sveitarfélaginu kost á fyrirbyggjandi heimsókn. Sveitarstjórn skal skipuleggja heimsóknirnar eftir þörfum og á hver eldri borgari rétt á a.m.k. tveimur árlegum fyrirbyggjandi heimsóknum. Sveitarstjórnir geta undanskilið þá sem þegar fá bæði persónulega og almenna þjónustu skv. 83. gr. laganna um félagslega þjónustu (lov om social service). Innanríkisráðherra og félagsmálaráðherra geta í samráði við heilbrigðisráðherra sett reglur um skyldur sveitarfélaga samkvæmt lögunum, m.a. um að samþætta þjónustuna við aðrar almennar fyrirbyggjandi og uppbyggjandi aðgerðir sveitarfélagsins.

9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um rýmri fánatíma.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að setja reglugerð um notkun þjóðfánans í því skyni að rýmka fánatíma.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga sama efnis var flutt á 138. löggjafarþingi.

Lög um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið eru að stofni til frá árinu 1944 og hafa tekið mjög litlum breytingum frá upphafi og má færa rök fyrir því að þau séu full gamaldags.

Tillaga sú sem hér er lögð fram snýr að því að rýmka heimildir um notkun þjóðfánans. Í 7. gr. laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, kemur fram að með reglugerð skuli kveða á um fánadaga og hve lengi dags megi halda fánanum við hún. Árið 1998 var gerð breyting á fánalögum með lögum nr. 67/1998 og m.a. þessu ákvæði. Í stað forsetaúrskurðar skyldi kveðið á um fánadaga og fánatíma með reglugerð, sbr. 4. gr. breytingalaganna. Í fylgiskjali II með frumvarpi að breytingalögunum var tillaga um efni reglugerðarinnar og var fánatími þar sá sami og er í gildandi forsetaúrskurði, sbr. 7. gr. tillögunnar, en reglugerð um nánari útfærslu á fánalögunum hefur hins vegar aldrei verið sett og er því forsetaúrskurðurinn enn í gildi.

Í forsetaúrskurði um fánadaga og fánatíma, nr. 5/1991, segir í 3. gr.:

„Fána skal eigi draga á stöng fyrr en klukkan sjö að morgni og að jafnaði skal hann eigi uppi vera lengur en til sólarlags og aldrei lengur en til miðnættis.

Ef flaggað er við útisamkomu, opinbera athöfn, jarðarför eða minningarathöfn má fáni vera uppi lengur en til sólarlags eða svo lengi sem athöfn varir, en þó aldrei lengur en til miðnættis.“

Flutningsmaður leggur til það svigrúm að hafa megi fánann uppi allan sólarhringinn yfir bjartasta tímann á sumrin, frá 15. maí til 15. ágúst. Hluta þessa tímabils er sólsetur eftir miðnætti og sólarupprás skömmu síðar. Vera má að í framtíðinni verði grundvöllur fyrir því að afnema með öllu hömlur á því hvenær fáninn megi vera uppi, þ.e. að hann megi þá vera á stöng allan sólarhringinn allan ársins hring. Flutningsmaður telur hins vegar eðlilegt að eitt skref verði tekið í einu og reynslan síðan látin skera úr um hvort frekari skref verði tekin. Rétt er að byrja á því að heimila að fáninn sé uppi allan sólarhringinn á sumrin. Íslendingar eru stoltir af fána sínum og vilja margir flagga honum. Þótt flutningsmaður hafi ekki tölulegar upplýsingar um fánanotkun almennings er það skoðun hans að vel færi á því að auka notkun fánans almennt. Líklegt er að þessi breyting feli í sér leiðir til aukinnar notkunar á þjóðfána Íslendinga. Aukin notkun þjóðfánans kæmi sérlega fram á sumrin, bæði í íbúða- og sumarhúsabyggðum þar sem íbúar landsins þyrftu þá ekki að hafa áhyggjur af því að gleyma að taka fánann niður á kvöldin líkt og nú. Má því leiða líkur að því að fáninn muni blakta fleiri daga en að óbreyttum lögum.

Á síðustu árum hefur farið fram umræða í samfélaginu um hvort ekki mætti breyta lögunum þannig að unnt yrði að auka frjálsræði um notkun fánans með tilliti til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu. Hafa meðal annars Bændasamtök Íslands verið því fylgjandi svo að unnt verði að merkja íslenskar landbúnaðarvörur með þjóðfánanum. Með fyrrnefndum breytingalögum frá 1998 var gerð breyting í þá veru en vegna vankanta hefur ekki reynst unnt að koma henni í framkvæmd. Erfitt hefur reynst að skilgreina hlutlægar gæðaviðmiðanir til að uppfylla skilyrði laganna á fullnægjandi hátt, en lögin kveða á um að gæði þeirrar starfsemi sem markaðssetningin taki til eigi að vera samkvæmt því sem ráðuneytið mælir fyrir í reglugerð. Reglugerðin hefur ekki verið sett og þess vegna ekki hægt að nýta heimildina. Forsætisráðherra lagði fram frumvarp á á 138. löggjafarþingi (þskj. 921, 532. mál), sem miðaði að því að hægt yrði að gera möguleikann á notkun þjóðfánans til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu aðgengilegri en áður hefur verið. Sníða átti af núverandi vankanta. Frumvarp forsætisráðherra náði ekki fram að ganga.

10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Ólöf Nordal, Birgir Ármannsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Jón Gunnarsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Pétur H. Blöndal.

1. gr.

2. mgr. 165. gr. laganna orðast svo:

Strax eftir dómtöku máls skulu dómarar ræða með sér fyrir luktum dyrum röksemdir og niðurstöðu dóms. Fyrir málflutning felur forseti einum dómara að vera frummælandi á þeim fundi en forseti stýrir þar ráðagerðum, ber fram spurningar, stuðlar að því að álit hvers dóm-

ara komi þar sem skýrast fram og telur atkvæði þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef meiri hluti er fyrir röksemdum og niðurstöðu frummælanda semur hann atkvæði að dómi. Sé frummælandi í minni hluta skulu þeir dómarar sem mynda meiri hluta ákveða hver þeirra skuli semja atkvæði að dómi. Dómarar skulu staðfesta atkvæði sitt skriflega, eftir atvikum með athugasemdum við forsendur. Þeir sem ekki eru sammála meiri hluta dómara skila sératkvæði. Við birtingu dóma skal koma fram hver samið hafi dómsatkvæði, þegar fleiri en einn eiga aðild að því. Atkvæði annarra dómara skulu einnig birt ásamt forsendum þeirra. Dómari sem greiðir atkvæði með ómerkingu héraðsdóms eða frávísun máls og verður í minni hluta verður einnig að greiða atkvæði um efni máls. Dómarar ganga í sameiningu frá dómi með eða án sératkvæða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 138. löggjafarþingi en var ekki afgreitt og er það því endurflutt.

Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði breyting á því ákvæði laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum, sem mælir fyrir um með hvaða hætti dómarar við Hæstarétt Íslands skuli standa að því að semja hæstaréttardóma og hvernig staðið skuli að birtingu þeirra.

Rík krafa hefur verið uppi í samfélaginu um aukið gagnsæi í störfum helstu valdastofnana samfélagsins. Hefur sú krafa magnast á síðustu missirum, ekki síst í kjölfar þess að rannsóknarnefnd Alþingis birti skýrslu sína. Með frumvarpi þessu er reynt að koma til móts við þá kröfu að því er dóma Hæstaréttar Íslands varðar. Samkvæmt núverandi skipan kemur fram í dómum Hæstaréttar Íslands hvaða dómarar við réttinn hafa dæmt í málum hverju sinni. Að undanskildum sératkvæðum dómara við dómsniðurstöður bera dómar Hæstaréttar Íslands hins vegar ekki með sér hver þeirra dómara samdi dóminn. Með frumvarpinu er úr þessu ógagnsæi bætt og lagt til að í dómum Hæstaréttar verði birt hvaða dómari við réttinn semur dóm hverju sinni, dómarar staðfesti atkvæði sín skriflega og þeim heimilað að gera skriflegar athugasemdir við dómsforsendur telji þeir ástæðu til.

Með breytingunni eykst gagnsæi í dómstörfum við Hæstarétt Íslands og þeim sem dómana lesa verður gert kleift að kynna sér hvaða dómari samdi dóm hverju sinni auk þess sem viðhorf einstakra dómara til sakarefnis máls hverju sinni verða aðgengilegri en þau eru nú. Þá eykur meira gagnsæi aðhald þeirra sem utan réttarins standa gagnvart dómurum Hæstaréttar og veitir þeim betra tækifæri til þess að tjá sig um og greina dómsniðurstöður. Auk þess verður að ætla að breytingin stuðli að því að auka persónulega ábyrgð einstakra dómara á dómsniðurstöðu. Einnig má gera ráð fyrir að textar í dómum verði skýrari þar sem ekki verður jafn rík ástæða og nú til að bræða saman í texta dóma sjónarmið einstakra dómara en slíkt er stundum til þess fallið að gera merkinguna óskýra. Má finna augljós dæmi úr sögu réttarins um slíkt. Nærtækt dæmi sem nefna má í því sambandi er dómur Hæstaréttar frá 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000, Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands, sem í daglegu tali er nefndur öryrkjadómurinn. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar Íslands í því máli þóttu svo óljósar og óskýrar að þáverandi forseti Alþingis skrifaði forseta Hæstaréttar Íslands bréf til þess að fá útskýringar frá réttinum um hvað í dómi hans fælist.

Jafnframt var skipuð sérstök nefnd sem fengið var það hlutverk að greina dóminn og þýðingu hans.

Samkvæmt núgildandi lögum mælir 1.–3. málsl. 2. mgr. 165. gr. laganna fyrir um að dómarar skuli strax eftir dómtöku máls ræða með sér fyrir luktum dyrum röksemdir og niðurstöðu dóms. Fyrir málflutning skuli forseti dómsins fela einum dómara á þeim fundi að hafa framsögu en forseti stýri þar ráðagerðum, beri fram spurningar, stuðli að því að álit hvers dómara komi þar sem skýrast fram og telji atkvæði þeirra. Þá mælir ákvæðið svo fyrir að afl atkvæða ráði úrslitum dómsmáls. Ekki er lagt til að á þessu verði gerð breyting.

Með frumvarpi þessu er hins vegar lagt til að í stað 4. og 5. málsl. 2. mgr. 165. gr. laganna komi sex nýir málsliðir þar sem lögð er til breyting á núgildandi skipan varðandi það með hvaða hætti hæstaréttardómarar skuli standa að því að semja hæstaréttardóma og hvernig staðið skuli að birtingu þeirra.

Í 4. og 5. málsl. 2. mgr. 165. gr. gildandi laga er mælt fyrir um að forseti dómsins skuli að lokinni umræðu fela frummælanda úr röðum dómara að semja atkvæði að dómi. Þá segir að greinist dómarar í meiri og minni hluta semji frummælandi atkvæði fyrir þann hluta sem hann heyrir til, en hinir dómararnir ákveði hver þeirra semji atkvæði þeirra.

Í stað þess fyrirkomulags sem núgildandi málsliðir mæla fyrir um er í fyrsta lagi lagt til að ef meiri hluti dómara er fyrir röksemdum og niðurstöðu frummælanda þá skuli hann semja atkvæði að dómi. Sé frummælandi hins vegar í minni hluta skuli þeir dómarar sem mynda meiri hluta ákveða hver þeirra skuli semja atkvæði að dómi. Dómarar skuli þá staðfesta atkvæði sitt skriflega og eftir atvikum með athugasemdum við forsendur. Þeir dómarar sem ekki eru sammála meiri hluta dómara skila sératkvæði.

Í annan stað mælir frumvarpið fyrir um að við birtingu dóma skuli koma fram hvaða dómari hafi samið dómsatkvæði, þegar fleiri en einn eiga aðild að því. Atkvæði annarra dómara skuli einnig birt ásamt forsendum þeirra fyrir niðurstöðu sinni.

Eftir sem áður gerir frumvarpið ráð fyrir að dómari sem greiðir atkvæði með ómerkingu héraðsdóms eða frávísun máls og verður í minni hluta verði einnig að greiða atkvæði um efni máls og að dómarar skuli ganga í sameiningu frá dómi með eða án sératkvæða. Því er ekki lögð til breyting á 6. og 7. málsl. núgildandi 2. mgr. 165. gr.

Verði núgildandi skipan um með hvaða hætti dómarar við Hæstarétt Íslands skuli standa að því að semja hæstaréttardóma og hvernig staðið skuli að birtingu þeirra breytt með þeim hætti sem frumvarp þetta mælir fyrir um verður hún færð nær því sem tíðkast m.a. hjá hæstarétti Noregs, hæstarétti Bandaríkjanna og hjá Mannréttindadómstól Evrópu.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið taki gildi um leið og það hefur verið samþykkt sem lög frá Alþingi.

Verði frumvarpið samþykkt leiðir það ekki til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Þuríður Backman, Sigurður Ingi Jóhannsson, Vigdís Hauksdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Guðmundur Steingrímsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hefja undirbúning að setningu reglna um að hámarksmagn transfitusýra í matvælum verði tvö grömm í hverjum hundrað grömmum af fitumagni vörunnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur áður verið flutt á 135., 136. og 138. löggjafarþingi.

Á undanförnum árum hefur mikil umræða skapast um transfitusýrur sem finnast í ýmsum matvælum. Neysla á transfitusýrum eykur líkur á hjarta- og æðasjúkdómum mun meira en neysla á mettaðri fitu, sem þó er vel þekktur áhættuvaldur fyrir slíka sjúkdóma. Þannig valda þær hækkun á LDL-kólesteróli (slæmu kólesteróli) og lækkun á HDL-kólesteróli (því góða). Að auki eykur neysla hertrar fitu/transfitusýra hættu á offitu og sykursýki 2. Líkur á hjarta- og æðasjúkdómum eru taldar aukast um 25% ef neytt er 5 g af hertri fitu á dag. Auðvelt að fá margfalt það magn eingöngu í einni máltíð.

Transfitusýrur myndast þegar olía er hert en hörð fita er notuð til að matvæli fái ákveðna eiginleika sem taldir eru eftirsóknarverðir, svo sem aukið geymsluþol. Einkum er um að ræða matvörur þar sem bökunarsmjörlíki eða djúpsteikingarfeiti sem inniheldur herta fitu er notað við framleiðslu. Þær vörur sem mögulega innihalda transfitusýrur eru t.d. smjörlíki, steikingarfeiti, kökur og kex auk franskra kartaflna. Þá inniheldur djúpsteiktur skyndibitamatur, örbylgjupopp, snakk og sælgæti í mörgum tilvikum umtalsvert magn transfitusýra. Frá náttúrunnar hendi má svo finna transfitusýrur t.d. í rjóma og smjöri. Dæmi eru um að hert fita geti verið allt að 60% af heildarfitumagni í matvöru.

Steen Stender, yfirlæknir á Gentofte Hospital í Danmörku, hefur rannsakað magn transfitusýra í völdum fæðuflokkum, skyndibita, kexi, kökum og örbylgjupoppi, en þar kemur í ljós að Ísland er í 8. sæti á lista 24 þjóða sem rannsóknin náði til. Magnið sem kemur fram í töflunni hér á eftir er meðaltalsmagn í þessum fæðuflokkum og miðast við 100 g:

Ungverjaland	42 g
Tékkland	41 g
Pólland	39 g
Búlgaría	38 g
Bandaríkin	36 g
Kanada	36 g
Perú	36 g
Ísland	35 g
Rúmenía	30 g
Suður-Afríka	29 g
Frakkland	25 g
Þýskaland	25 g

Portúgal	24 g
Spánn	24 g
Bretland	24 g
Holland	23 g
Rússland	23 g
Austurríki	22 g
Ítalía	21 g
Noregur	16 g
Svíþjóð	14 g
Finnland	10 g
Sviss	5 g
Danmörk	0,4 g

Það vekur óneitanlega athygli að Ísland skuli raða sér á bekk með Austur-Evrópuþjóðum og Bandaríkjamönnum í þessum efnum og tróna á toppnum þegar Norðurlandaþjóðirnar eru skoðaðar. Steen Stender fullyrðir jafnframt út frá rannsóknum sínum að transfitusýrur séu ágætar í skóáburð og koppafeiti en eigi ekkert erindi í matvæli sem ætluð eru til manneldis.

Samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er æskilegt að neysla transfitusýra fari ekki yfir 2 g á dag. Rannsóknir á neysluháttum Íslendinga gefa til kynna að neysla á transfitusýrum sé hér nokkuð hærri en þau mörk og hærri en sambærilegar neyslutölur hjá mörgum öðrum Evrópuþjóðum. Neysla á transfitusýrum hefur minnkað um tæplega þriðjung á sl. tveimur áratugum. Vegur þar þyngst minni smjörlíkisneysla og það að samsetningu smjörlíkis hefur verið breytt. Enn sem komið er skipa Íslendingar sér þó á bekk með þeim sem neyta mestrar hertrar fitu eða um 3,5 g sem er tæplega tvöföld sú neysla sem mælt er með.

Hérlendis er ekki skylda að merkja matvöru með næringargildismerkingu. Engar reglur eru í gildi um leyfilegt magn hertrar fitu í matvælum og engar reglur eru til um merkingar matvöru varðandi magn þessarar fitu. Neytendum er því ekki gefinn kostur á að forðast transfitusýrur þó að vilji sé fyrir hendi.

Danir settu árið 2003 reglur sem kveða á um að það feitmeti sem reglurnar ná til megi ekki innihalda meira en tvö grömm af transfitusýrum per hundrað grömm af fitu. Þessar reglur ná þó ekki til transfitusýra sem eru í vörunni frá náttúrunnar hendi. Evrópusambandið samþykkti reglurnar í upphafi en eftir kæru frá tveimur matvælaframleiðendum, sem töldu þær hindra frítt flæði matvöru innan sambandsins, gerði það athugasemd og óskaði eftir að Danir felldu reglurnar niður þar sem þær kynnu að hindra frítt flæði matvöru innan ESB. Danir neituðu og voru tilbúnir að fara með málið fyrir Evrópudómstólinn en sambandið féll frá málaferlum á hendur Dönum því að sýnt þótti að Danir væru með þessu að sporna við hugsanlegu heilsutjóni þegna sinna af völdum óæskilegs mataræðis, sem felst í neyslu transfitusýra, og að sú niðurstaða byggðist á viðurkenndum vísindarannsóknum. Með því hefur Evrópusambandið tekið afstöðu til þess að það beri að lágmarka transfitusýrur í matvælum ekki eingöngu í Danmörku heldur á öllu Evrópusambandssvæðinu.

Danmörk er því fyrsta landið í heiminum til að setja takmarkandi reglur um iðnaðarframleiddar transfitusýrur í matvælum og gilda þær einnig um innflutt matvæli. Brot á reglunum geta kostað tveggja ára fangelsi. Reynsla Dana sjálfra af þessum reglum er sú að enn er mikið magn matvæla flutt inn frá löndum sem ekki hafa sett sér reglur um hámark transfitusýra en í mörgum tilvikum hafa matvælaframleiðendur breytt framleiðsluháttum sínum til að koma til móts við hinar nýju reglur.

Bandaríkjamenn hafa valið þá leið að setja reglugerð um merkingar á matvælum þannig að hlutfall transfitusýra/hertrar fitu komi skýrt og greinilega fram á umbúðum og síðan er neytendum gert að velja hvort þeir neyta matvælanna eða ekki. Talið er að innleiðing slíkra reglna sé tímafrek og hún kosti eftirlitskerfið mjög mikið auk þess sem innleiðing og upplýsing til alls almennings taki langan tíma og sé erfið í framkvæmd. Þess utan er hægara sagt en gert að afla upplýsinga um innihald matvöru, rýna þarf í innihaldslýsingar og þekkja mismunandi heiti hertrar fitu til að eiga möguleika á að forðast hinar hættulegu transfitusýrur. Best væri þó ef neytendur veldu olíur og mjúka fitu í stað hinnar hertu. Þá benda rannsóknir til þess að lýsisneysla vinni gegn neikvæðum afleiðingum af neyslu transfitusýra. Bandarísku reglurnar ná þó ekki til veitingastaða þar sem maturinn er ekki í umbúðum en heilbrigðisnefnd New York borgar hefur frá júlí 2007 bannað notkun transfitusýra á veitingastöðum.

Með þingsályktunartillögu þessari er því beint til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að setja reglur, sambærilegar þeim dönsku, enda má ætla að fjölmargir Íslendingar séu í bráðri hættu vegna ofneyslu á transfitusýrum.

12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Bjarni Benediktsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Jón Gunnarsson, Ólöf Nordal, Kristján Þór Júlíusson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Ásbjörn Óttarsson, Pétur H. Blöndal, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela efnahags- og viðskiptaráðherra að móta reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum í verslunum, til þess að tryggja eðlilegt og sanngjarnt samkeppnisumhverfi innlendrar matvælaframleiðslu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 136. löggjafarþingi (363. mál) og aftur á 138. löggjafarþingi (22. mál). Mælt var fyrir málinu á síðara þinginu og var því vísað til viðskiptanefndar þaðan sem það fór til umsagnar. Nær allir umsagnaraðilar hvöttu til samþykktar tillögunnar. Bændasamtökin vísuðu til samþykktar búnaðarþings í þessa veru. Þá lýsti Matís yfir stuðningi við hugmyndina að því að setja reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum í verslunum og telja Neytendasamtökin að slíkar reglur kunni að leiða til verðlækkunar. Samtök iðnaðarins fagna því að mótaðar verði slíkar reglur og Viðskiptaráð hvetur til þess að tillagan verði samþykkt. MAST telur forsendur tillögunnar umdeilanlegar en hvetur til að matvælavernd verði tryggð ef af samþykkt tillögunnar verður.

Mikil umræða hefur átt sér stað um svokallaða skilaskyldu á ferskum matvörum. Skilaskyldan felur í sér að kjósi verslunareigandi svo, getur hann sér að kostnaðarlausu krafist þess að framleiðandi taki til baka framleiðsluvörur sem eru að nálgast síðasta söludag. Þetta á við um íslenskar matvörur en ekki þær erlendu.

Margir íslenskir matvælaframleiðendur telja að þetta fyrirkomulag skapi mikla skekkju í samkeppnisumhverfinu. Innlendir framleiðendur þurfi að bera kostnað af þeirri rýrnun sem

hlýst af því að vöru er skilað en sá sem flytur inn matvörur geti komið ábyrgðinni og kostnaðinum af sér yfir á herðar kaupmannsins. Þetta fyrirkomulag leiði síðan til þess að það skapist hvatning fyrir seljanda vörunnar að halda fremur fram þeirri vöru sem ekki er með skilaskyldu, til þess að tryggja að kostnaðurinn af rýrnun falli ekki á hann.

Þau sjónarmið hafa á hinn bóginn heyrst af hálfu seljenda að í skilaskyldu felist trygging fyrir því að ekki verði óeðlileg birgðasöfnun í verslun, með tilheyrandi kostnaði og rýrnun sem að lokum falli á neytendur í hærra vöruverði. Þess ber þó að geta að margir birgjar sjá sjálfir um að fylla á í búðunum og stýra magni, að minnsta kosti að mestu leyti.

Mjög mikilvægt er að um þessi mál gildi sanngjarnar leikreglur sem tryggi samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi hinnar gríðarlegu samþjöppunar í matvöruverslun sem hefur orðið hér á landi, þar sem tvær verslunarkeðjur ráða drýgstum hluta markaðarins.

13. Frumvarp til laga [13. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Kristján Þór Júlíusson, Pétur H. Blöndal, Gunnar Bragi Sveinsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ásbjörn Óttarsson, Jón Gunnarsson.

1. gr.

19., 22., 24., 26. og 27. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var flutt á 138. löggjafarþingi, því var vísað til sjávarútvegsnefndar, kallað eftir umsögnum en málið var ekki afgreitt og er því endurflutt. Sjö efnislegar umsagnir bárust og voru nær allar á þann veg að mælt var með samþykkt þess. BSRB gerði ekki athugasemdir við frumvarpið. Bændasamtökin mæltu með því að það yrði samþykkt óbreytt. Neytendasamtökin styðja frumvarpið efnislega þótt þau telji það ganga of skammt. Samkeppniseftirlitið leggst ekki gegn frumvarpinu, en telur að breyta þurfi jafnframt öðrum greinum laganna sem frumvarpinu er ætlað að breyta. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hafa ekki efnislegar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar og Viðskiptaráð lýsir ánægju með framlagt frumvarp. Af þessu er ljóst að umsagnaraðilar leggjast engir gegn frumvarpinu en tveir vilja enn fremur gera frekari breytingar.

Megintilgangurinn með lagafrumvarpi þessu er að draga úr millifærslukerfi í landbúnaði og gera verðlagningu gagnsærri. Ætla má að með þessu verði skilyrði fyrir samkeppni einnig bætt og innlendum mjólkurafurðastöðvum gert betur kleift að takast á við samkeppni frá útlöndum. Þá mun skilgreindur opinber stuðningur við landbúnað lækka um allt að 400 millj. kr.

Frumvarp um skylt mál var flutt á 135. löggjafarþingi (þskj. 218, 203. mál). Málið fékk jákvæðar viðtökur fulltrúa tveggja af þremur þeirra stjórnmálaflokka sem til máls tóku í 1. umræðu. Fram kom það sjónarmið þingmanns Samfylkingarinnar að ganga ætti lengra í átt til frjálsrar verðlagningar. Fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs, núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, taldi á hinn bóginn að verið væri „að fella niður eina af þeim stoðum sem settar voru til að standa undir félagslega uppbyggðu landbúnaðarkerfi, bæði framleiðslu, úrvinnslu og dreifingu á mjólk og mjólkurvörum …“.

Því miður hlaut málið ekki endanlega afgreiðslu. Það frumvarp sem nú er flutt byggist að talsverðu leyti á þeim hugmyndum sem þá voru settar fram en er þó sett fram í nokkuð öðrum búningi.

Hér verður gerð grein fyrir núgildandi fyrirkomulagi þessara mála og þess freistað að varpa ljósi á hvernig þau hafa þróast. Í upphafi skal dreginn fram munur á verðmiðluninni annars vegar og verðtilfærslunni hins vegar.

1. Verðmiðlunargjaldið.

Í 19. gr. laganna segir m.a. um verðmiðlunargjald:

„Tekjum af verðmiðlunargjaldi skal m.a. varið þannig:

1. til verðmiðlunar á milli afurðastöðva til þess að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöðvum í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna og til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum, sbr. 60. gr.,
2. til að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva,
3. til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað.“

Samkomulag var um það í verðlagsnefnd, við verðlagningu 1. janúar 2006, að beina því til stjórnvalda að hætta innheimtu verðmiðlunargjalds, með breytingu á lögum þar sem ekki væri þörf á því eftir sameiningu fyrirtækja í mjólkuriðnaði. Fulltrúar ráðuneytis, launþega-hreyfingarinnar (ASÍ/BSRB), fulltrúar bænda og fulltrúar afurðastöðva voru sammála um þessa ráðstöfun. Þetta var hluti af verðlagsákvörðun nefndarinnar 1. janúar 2006.

2. Verðtilfærslan.

Samkvæmt búvörulögum er ákvæðum um verðtilfærslu mjólkurvara er skipt í tvennt. Í fyrsta lagi er um að ræða hinn lögbundna þátt skv. 22. gr. laganna (2,65 kr. á lítra innan greiðslumarks). Þennan lögbundna hluta verðtilfærslunnar verður að framkvæma með innheimtu samkvæmt lögum (2,65 kr. á lítra) og útgreiðslu miðað við lítra og/eða kíló vöru samkvæmt verðskrá verðlagsnefndar búvöru eins og nefndin ákveður hverju sinni. Innheimtan samsvarar um 310–320 millj. kr. á ári. Greitt er úr sjóðnum með vörum eins og nýmjólk, smjöri og undanrennudufti o.fl., þ.e. vörum sem eru undirverðlagðar. Þannig er verðlagningu á þessum vöruflokkum haldið niðri með því að verðleggja aðra vöruflokka hærra. Fjárreiðum og rekstri þessara sjóða er haldið aðskildum frá öðru og er ársreikningur staðfestur af löggiltum endurskoðanda sendur Fjársýslu ríkisins ár hvert. Þessi upphæð kemur inn í fjárlög (inn- og útgreiðslur) án þess þó að vera eiginleg ríkisútgjöld. Engu síður eru þessar greiðslur túlkaðar sem opinber stuðningur þegar metinn er opinber stuðningur við íslenskan landbúnað vegna samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og tilkynninga þar að lútandi. Ástæðan er sú að þessi ráðstöfun er gerð fyrir tilstilli hins opinbera með löggjöf, jafnvel þó að hér sé eingöngu verið að færa til rekstrarfé afurðastöðva milli vöruflokka mjólkur. Ríkið leggur ekki til fjármuni úr ríkissjóði til þessa verkefnis, eins og fyrr segir.

Hitt ákvæðið sem varðar verðmiðlun er svokölluð frjáls verðmiðlun skv. 13. gr. laganna þar sem innheimt er af seldum lítrum og/eða kílóum af tilteknum vörum með háa framlegð og greitt út á vörur með lága eða neikvæða framlegð eftir seldu magni.

Tekjustofn þessa hluta og útgreiðslur eru eftirfarandi: Sjóðurinn hefur tekjur af vöruflokkum með háa framlegð svo sem rjómaís, jógúrtvörum og sérostum. Gjöld sjóðsins felast í því að greitt er með vörum sem hafa lága/neikvæða framlegð. Magur ostur, skyr og drykkjarmjólk undangengin ár.

Í 13. gr. laganna, sem heimilar þessa tilfærslu, segir:

„Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Leggja skal slíka samninga fyrir verðlagsnefnd til upplýsingar.“

Á undangengnum árum hefur verðlagsnefnd, í samkomulagi við mjólkuriðnaðinn, nýtt þennan hluta verðtilfærslu til að greiða niður drykkjarmjólk (nýmjólk) þar sem tekjustofn lögbundins hluta hefur verið fullnýttur og ekki svigrúm til frekari gjalda. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á þessum hluta verðmiðlunar, þ.e. hinni frjálsu verðmiðlun sem á sér stað innan afurðastöðvanna sjálfra, án atbeina ríkisvaldsins.

Lagt er til í frumvarpinu að 19. gr. búvörulaga um álagningu verðmiðlunargjalds verði felld brott. Breytingunni er ætlað að færa form og ábyrgð rekstrar til afurðastöðvanna. Sú breyting sem hefur orðið á rekstrarumhverfi fyrirtækja í mjólkuriðnaði gerir þetta verðmiðlunarkerfi þess utan óþarft. Lagt er til að verðtilfærslugjald skv. 22. gr. búvörulaga verði afnumið og form og ábyrgð rekstrar þannig fært til afurðastöðvanna. Nokkur forsaga er að baki verðtilfærslu milli einstakra mjólkurafurða. Á sínum tíma voru niðurgreiðslur á verði mjólkur og mjólkurafurða mjög breytilegar sem hlutfall af verði hverrar afurðar. Niðurgreiðslur voru afnumdar árið 1992 en þess í stað teknar upp beinar greiðslur til bænda og var ákveðið, til að valda ekki röskun á markaði, að heimila tilfærslur á milli verðs einstakra afurða. Verðtilfærsla milli mjólkurafurða hefur verið stunduð síðan þá. Ljóst er hins vegar að þetta fyrirkomulag stuðlar að umdeilanlegri verðmyndun og tekur ekki nægjanlegt tillit til raunverulegs framleiðslukostnaðar. Allt að einu er það ekki talið eðlilegt að opinber stýring af þessu tagi stýri verðlagningu einstakra vörutegunda og vöruflokka þar sem verðlagning á einni vörutegund er notuð til þess að lækka eða hækka verð á annarri vörutegund.

Jafnframt er lagt til að felldar verði brott greinar sem fjalla um framkvæmd verðmiðlunar og verða óþarfar að samþykktum þeim breytingum sem í frumvarpinu felast.

14. Fyrirspurn [14. mál]

til iðnaðarráðherra um efnahag Byggðastofnunar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver verða áhrif á efnahagsreikning Byggðastofnunar, að mati stofnunarinnar, af þeirri ákvörðun að fella niður aflamark í rækju?
2. Var kannað fyrir fram hjá Byggðastofnun eða í ráðuneytinu hvaða áhrif þessi ákvörðun hefði á efnahagslega stöðu Byggðastofnunar?

3. Hvernig verður brugðist við af hálfu ríkisvaldsins til þess að styrkja efnahag Byggðastofnunar í kjölfar ákvörðunar stjórnvalda um rækjuveiðar?

15. Fyrirspurn [15. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við ríkisábyrgð og áfallnar skuldbindingar.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver var fjárhæð láns frá breskum yfirvöldum í pundum sem ráðherra veitti ríkisábyrgð á með undirskrift sinni 5. júní 2009?
2. Hver var fjárhæð láns frá hollenskum yfirvöldum í evrum sem ráðherra veitti ríkisábyrgð á með undirskrift sinni 5. júní 2009?
3. Hversu há var þessi ríkisábyrgð í krónum á gengi undirskriftardags?
4. Hvað hefði þessi ríkisábyrgð kostað ríkissjóð í áfallna vexti árið 2009 á árslokagengi þess árs?
5. Hvað hefði þessi ríkisábyrgð kostað ríkissjóð í áfallna vexti árið 2010 á gengi 1. september 2010?
6. Hvað hefði ríkisábyrgð samkvæmt lögum nr. 96/2009, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 1/2010, kostað ríkissjóð í áfallna vexti hvort áranna 2009 og 2010 með sama hætti?
7. Hvers vegna var ekki minnst á ríkisábyrgð og áfallnar skuldbindingar vegna samninga og viðaukasamninga við bresk og hollensk yfirvöld, sem ráðherra hafði undirritað 19. október 2009, í fjárlögum fyrir árið 2010 og í fjáraukalögum fyrir árið 2009 sem samþykkt voru í árslok 2009?

Skriflegt svar óskast.

16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um rannsókn á einkavæðingu bankanna.

Flm.: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Skúli Helgason, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Magnús Orri Schram, Oddný G. Harðardóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Björgvin G. Sigurðsson, Róbert Marshall, Kristján L. Möller, Mörður Árnason, Valgerður Bjarnadóttir, Helgi Hjörvar.

Alþingi ályktar að gerð verði sjálfstæð og óháð rannsókn á einkavæðingu og sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands og tengdum málefnum. Til verksins verði fengnir sjálfstæðir aðilar sem hafi sömu heimildir til skýrslutöku og gagnaöflunar og

rannsóknarnefnd Alþingis hafði. Ef nauðsyn krefur setur Alþingi lög til að tryggja aðgengi rannsóknarnefndar að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum. Forseti Alþingis skipar þriggja manna nefnd til að vinna rannsóknina og skila um hana skýrslu til Alþingis innan sex mánaða frá skipun nefndarinnar. Í rannsókninni verði m.a. skoðuð ítarlega eftirfarandi atriði og leitast við að svara eftirfarandi spurningum, auk annarra atriða sem þarfnast úttektar:

a. Hvers vegna var ákveðið að selja báða ríkisbankana í einu (á sama árinu)? Hverjir tóku þá ákvörðun og hvernig var hún rökstudd?
b. Hvers vegna var dreifð eignaraðild ekki höfð að leiðarljósi við sölu ríkisins á hlutabréfum í ríkisbönkunum árið 2002?
c. Hvaða hlutverki gegndi ráðherranefnd um einkavæðingu í ferlinu? Hver var lagaleg staða hennar og ábyrgð vegna sölu hlutabréfa í bönkunum?
d. Hver var ábyrgð hvers ráðherra fyrir sig sem kom að ákvörðunum um sölu hlutabréfa bankanna? Farið verði vandlega í að skilgreina ábyrgð og aðkomu hvers ráðherra fyrir sig.
e. Hvers vegna var verklagsreglum framkvæmdanefndar um einkavæðingu við sölu bankanna ekki fylgt? Hver tók þá ákvörðun og hver bar á henni ábyrgð?
f. Hver var aðferðafræði framkvæmdanefndar um einkavæðingu við að meta hvert væri fullnægjandi söluverð hlutanna?
g. Hvers vegna var gengið að tilboði Samson-hópsins í Landsbankann þegar hagstæðara tilboð lá fyrir?
h. Hvert var hlutverk breska HSBC-bankans sem ráðgjafa framkvæmdanefndar um einkavæðingu?
i. Hvernig var svokallað matslíkan vegna sölu Landsbankans unnið fyrir framkvæmdanefnd um einkavæðingu?
j. Hvaða hlutverki gegndi þýski bankinn Hauck & Aufhäuser fyrir S-hópinn við kaup á Búnaðarbankanum?
k. Var gert samkomulag um víxlfjármögnun kaupenda á kaupum á hlutabréfum í ríkisbönkunum?
l. Gerð verði nákvæm málsatvikalýsing á því sem gerðist mánuðina áður en gengið var frá sölu bankanna, m.a. verði skoðuð atvik og ástæður fyrir því að eignir og félög í eigu bankanna voru seld skömmu fyrir einkavæðingu.
m. Rannsakað verði hvort óeðlileg tengsl, sem hefðu m.a. getað leitt til vanhæfis, voru milli kaupenda bankans og seljenda og einstakra ráðherra sem báru ábyrgð á sölu hlutabréfanna í bönkunum tveimur. Einnig verði skoðað hvernig fjárhagslegur styrkur væntanlegra kaupenda beggja bankanna var greindur og metinn sem og hagsmunatengsl þeirra í íslensku samfélagi.
n. Farið verði vandlega yfir það hvort og þá hvaða afslætti ríkið veitti frá upphaflegum tilboðum í kaup á hlutabréfum ríkisins í bönkunum, hverjir tóku þá ákvörðun að veita afslátt frá upphaflegum tilboðum og á grundvelli hvaða lagaheimilda slíkur afsláttur var veittur. Einnig hvort og þá hvaða eignir bankanna, kröfur á hendur þeim eða mögulegar ábyrgðir voru taldar réttlæta afslátt frá upphaflegum tilboðum, Heads Of Agreements og endanlegum kaupsamningum. M.a. verði áreiðanleikakannanir skoðaðar gefist tilefni til þess.
o. Gefið verði nákvæmt yfirlit yfir það hvernig kaupverðið var greitt, þ.e. nákvæmar dagsetningar um það hvenær greiðslur áttu sér stað, hvaða fjárhæðir voru greiddar hverju

sinni, í hvaða mynt kaupverðið var greitt og hvaða fjárhæð var greidd í íslenskum krónum fyrir hlutabréfin í hvorum banka fyrir sig.

Greinargerð.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (1. bindi, 6. kafla á bls. 227) er sérstakur kafli helgaður einkavæðingu og eignarhaldi bankanna. Þar er þó tekið fram að ekki sé um að ræða heildarúttekt á einkavæðingu bankanna og tengdum málefnum. Er þingsályktunartillögu þessari ætlað að tryggja að sjálfstæð og óháð rannsókn fari fram um þessi mál. Í bréfi Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra til þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, dagsettu 7. júní sl., segir:

„Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og vinnuhóps um siðferði er sett fram beitt gagnrýni á einkavæðingu bankanna. Helstu gagnrýnisefni sem fram koma í skýrslu rannsóknarnefndarinnar á einkavæðingu bankanna eru eftirfarandi:

- Stjórnvöld létu pólitísk markmið um að ljúka einkavæðingu bankanna hafa forgang gagnvart þeim faglegu markmiðum sem áður höfðu verið sett fram og gengið hafði verið út frá.
- Þrátt fyrir að lagt hafi verið upp úr því við sölu Landsbankans að erlent fé kæmi þannig í ríkissjóð fór svo í reynd að 70% kaupverðs voru greidd með lánum frá Kaupþingi.
- Eftir að Samson lýsir áhuga á kaupum á banka hér á landi er öllum verklagsreglum vikið til hliðar til þess að svo megi verða. a) ákveðið er að selja báða bankana um svipað leyti þvert ofan í það sem áður hafði verið lagt upp með, b) matslíkani er stillt af þannig að Samson komi vel út, c) Samson fékk viðkvæmar upplýsingar úr Landsbankanum áður en gengið var til samninga, d) horfið var frá stefnumörkun um dreift eignarhald.
- Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sætti sig við að S-hópurinn virti ekki afdráttarlausan tímafrest til að veita ásættanlegar upplýsingar um hver hin erlenda fjármálastofnun væri sem ætti aðild að hópnum.“

Það er skoðun flutningsmanna að eðlilegt sé að rannsókn á einkavæðingu bankanna beinist m.a. að því að upplýsa framangreind atriði nánar. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að sjálfstæð og óháð rannsókn á sölu ríkisbankanna árið 2002 svari m.a. þeim spurningum sem varpað er fram í tillögunni, ásamt öðrum þeim sem rannsóknarnefndin kýs að spyrja, og að rannsóknin beinist að þeim atriðum sem þar eru talin upp. Flutningsmenn árétta þó að jafnframt sé mikilvægt að skoða önnur atriði sem málið varða og upp kunna að koma við rannsókn þess.

Markmið rannsóknar af þessu tagi er að varpa ljósi á rás atburða við sölu Landsbankans og Búnaðarbankans árið 2002 svo að ljóst sé hvar í stjórnkerfinu, hvenær og hvers vegna hver einasta veigamikil ákvörðun í því ferli var tekin. Aðeins þannig má draga réttan lærdóm af þessu umdeilda söluferli og byggja á þeim lærdómi við setningu laga og reglna um einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um gerð samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Pétur H. Blöndal, Jón Gunnarsson, Ásbjörn Óttarsson, Árni Johnsen, Kristján Þór Júlíusson, Sigurður Kári Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að hefja stefnumótun um gerð samninga við önnur ríki um gagnkvæma vernd fjárfestinga. Verði að því stefnt að fjölga gerð slíkra samninga til þess að efla traust og skapa hagfelld skilyrði fyrir beina erlenda fjárfestingu hér á landi sem og fjárfestingu íslenskra aðila erlendis. Gerð slíkra samninga stuðlar jafnframt að aukinni milliríkjaverslun og veitir fjárfestum aukna vernd. Sérstaklega verði að því stefnt að gera samninga af þessu tagi við þau ríki þar sem Íslendingar hafa mestu viðskiptahagsmunina.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga sama efnis var lögð fram á Alþingi á 138. löggjafarþingi (176. mál) og að aflokinni fyrri umræðu var henni vísað til utanríkismálanefndar. Málið var sent til umsagnar og viðbrögð sem bárust voru mjög jákvæð. Í því sambandi má vísa í umsögn iðnaðarráðuneytisins sem tekur undir að hafin verði sú stefnumótun sem tillagan kveður á um. Þá mæla Samtök atvinnulífsins í sinni umsögn með samþykkt tillögunnar. Málið var hins vegar ekki afgreitt frá Alþingi og er því endurflutt. Tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Hinn 12. ágúst sl. lagði fyrsti flutningsmaður þessa máls eftirfarandi fyrirspurn fyrir utanríkisráðherra á Alþingi (123. mál 137. löggjafarþings):

1. Hversu margir samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga eru í gildi?
2. Er í undirbúningi að vinna að gerð fleiri slíkra samninga og ef svo er, við hvaða lönd?

Þessar spurningar voru lagðar fram að gefnu tilefni. Samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga hafa verið að ryðja sér til rúms í samskiptum þjóða. Er þeim ætlað að tryggja vernd fjárfestinga og stuðla með því að fjárfestingu á milli landa og greiða fyrir alþjóðlegum viðskiptum. Við Íslendingar höfum á hinn bóginn gert mjög fáa slíka samninga. Núverandi aðstæður gera það mjög knýjandi að settur verði mikill kraftur í gerð slíkra samninga. Lærdómurinn sem við getum líka dregið af samskiptum við aðrar þjóðir, jafnvel svokallaðar vinaþjóðir, sýnir okkur að fullt tilefni er til að leggja sérstaka rækt við þessi mál.

Traust og trúverðugleiki.

Í fyrsta lagi er ljóst að mjög brýnt er að laða erlenda fjárfesta hingað til lands. Sárlega vantar aukið fjármagn hingað. Leiðin til þess er meðal annars sú að fá erlenda fjárfesta til þess að leggja fram fjármagn til atvinnuuppbyggingar, með lánsfé og beinni hlutafjárþátttöku. Þá er hvað brýnasta verkefni okkar Íslendinga nú að byggja upp atvinnulífið og skapa ný störf sem þörfin kallar hvarvetna á.

Á hinn bóginn er augljóst að trúverðugleiki okkar víða erlendis hefur beðið hnekki. Hrun fjármálakerfisins og tap margra erlendra fjárfesta og kröfuhafa hefur meðal annars stuðlað að því að erlendir fjárfestar halda að sér höndum og eru ekki viljugir til þess að fjárfesta hérlendis. Þá hafa umdeildar og lítt hugsaðar aðgerðir stjórnvalda nú upp á síðkastið, svo sem í skattamálum, rýrt enn trúverðugleika okkar út á við og hamlað því að erlendir fjárfestar vildu lána hingað fé, hvað þá að taka þátt í atvinnuuppbyggingu með beinum hætti. Með

öðrum orðum, það er óumdeilt að síðan fjármálakerfi landsins hrundi hefur traust gagnvart Íslandi laskast. Ákvarðanir um hvar skuli fjárfest byggjast ekki einvörðungu á arðsemi fjárfestingarinnar heldur einnig á því hversu trúverðugt og traust ástandið er í því landi þar sem fjárfesta á. Við núverandi aðstæður er á brattann að sækja fyrir Ísland og því mikilvægt að stjórnvöld geri allt sem í þeirra valdi stendur til þess að efla traust og trúverðugleika landsins og komi þannig til móts við erlenda fjárfesta.

Það er þekkt frá öðrum ríkjum sem vilja laða til sín erlenda fjárfestingu að þau gera það með því að skapa traust og trúverðugleika. Einn liður í því gæti verið að gera samninga við önnur ríki um gagnkvæma vernd fjárfestinga. Sem dæmi má nefna ríkin sem urðu til við skiptingu Tékkóslóvakíu, Tékkland og Slóvakíu. Hluti af áætlun ríkisstjórna þeirra landa til að laða að erlenda fjárfestingu var að ráðast í gerð eins margra samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga og mögulegt var. Þótt því sé ekki saman að líkja, ástandinu í þeim löndum og núverandi ástandi á Íslandi, er engu síður ljóst að áreiðanleiki og álit þjóðarinnar hefur beðið hnekki. Mikilvægt er að stjórnvöld sæki fram og endurveki traust á Íslandi erlendis, slíkt gerist ekki af sjálfu sér, stjórnvöld verða að grípa til aðgerða sem sýna að alvara fylgi máli þegar talað er um að efla erlenda fjárfestingu hérlendis.

Að vernda eignir Íslendinga erlendis.

Hin hlið þessa máls er einnig afar mikilvæg, þ.e að vernda fjárfestingar íslenskra aðila erlendis. Íslendingar eiga umtalsverða fjármuni bundna í erlendum fjárfestingum af margs konar toga. Enn eru í bókum okkar bókfærðar umtalsverðar eignir Íslendinga erlendis, á móti þeim skuldum sem á bak við þær eignir standa í flestum tilvikum. Samkvæmt nýjasta yfirliti Seðlabanka Íslands má sjá að heildareignir okkar í útlöndum nemi um 8.400 milljörðum ísl. kr. Hér er þó ekki allt sem sýnist. Á bak við þessar tölur eru eignir sem eru margar hverjar lítils virði. Hafa hrunið í verði, eru í slitameðferð, gjaldþrotaskiptum og sæta nauðasamningum svo að dæmi séu tekin. Engu síður gefa þær til kynna að um mikla hagsmuni sé að ræða fyrir okkur að leikreglurnar séu þannig að þessar eignir njóti eðlilegrar verndar og ekki sé hægt með óeðlilegum hætti að ráðast að þeim eða rýra verðmætið. Athyglisvert er að velta því fyrir sér hvort samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga hefðu leitt til sambærilegs verðfalls á þessum eignum og raun varð á.

Hvað eru samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga?

Áður en lengra er haldið er eðlilegt að varpa nokkru ljósi á það sem við köllum samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga (e. Bilateral Investment Treaties). Í sem skemmstu máli má segja að hér sé um að ræða tiltölulega nýtt fyrirbrigði sem rekja má aftur til ársins 1959 þegar fyrsti samningurinn af þessu tagi leit dagsins ljós. Samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga eru í dag u.þ.b. 2.500 og flest vestræn ríki eru með tugi slíkra samninga í gildi. Samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga eru tvíhliða samningar þar sem þau ríki sem í hlut eiga leitast við að skapa hagstæðar aðstæður fyrir fjárfestingar af hálfu fjárfesta annars ríkis á landsvæði hins ríkisins. Slíkum samningum er ætlað að hvetja til fjárfestinga milli þeirra ríkja sem í hlut eiga og tryggja vernd fjárfestinga og stuðla þannig að auknum viðskiptum milli ríkjanna. Ástæður þess að ríki gera slíka samninga eru m.a. til að tryggja aukna vernd fjárfestinga þegna sinna erlendis, og til að laða að erlenda fjárfestingu með því að veita erlendum fjárfestum aukna vernd.

Samningar um gagnkvæma vernd fjárfestinga kveða á um að fjárfestingar fjárfesta hvors ríkis um sig skuli njóta fullrar verndar og öryggis á landsvæði hins ríkisins og að ekki verði

gripið til neinna óréttmætra aðgerða sem varða fjárfestingar fjárfesta hins ríkisins í landinu. Slíkir samningar fela jafnframt í sér að ekki megi taka fjárfestingar fjárfesta eignarnámi, þjóðnýta þær eða gera ráðstafanir gagnvart þeim er hafa sömu áhrif og eignarnám eða þjóðnýting. Komi til slíkra aðgerða skal slíkt aðeins gert samkvæmt tilhlýðilegri lagalegri málsmeðferð og gegn skilagóðum, nægilegum og skilvirkum bótum. Auk þess er í slíkum samningum yfirleitt mælt fyrir um að ríki skuli tryggja að fjárfestar hins ríkisins geti yfirfært fjárfestingar sínar og ágóða, sem bundinn er á landsvæði fyrrnefnda ríkisins, án tafar og án nokkurra hafta, þ.m.t. gjaldeyrishafta.

Deilur milli ríkja getur hvor samningsaðili lagt fyrir gerðardóm sex mánuðum eftir að samningaviðræður um úrlausn deilu hefjast, og er slíkur gerðardómur þá skipaður sérstaklega í slíkum tilvikum. Sé um að ræða deilu milli fjárfestis og ríkis getur fjárfestirinn lagt hana fyrir Alþjóðastofnunina um lausn fjárfestingardeilna eða fyrir sérstakan gerðardóm. Í báðum tilvikum fengist endanleg lausn sem væri bindandi fyrir þau ríki, og fjárfesta þeirra eftir atvikum. En þess má geta að Ísland hefur frá 1966 verið aðili að Washington-sáttmálanum um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja sem öðlaðist gildi hérlendis 14. október 1966 (C-13/1966), en sáttmálinn er ein af forsendum þeirrar þróunar sem hefur orðið á þessu sviði.

Hvað hefði gerst í Bretlandi?

Áhugavert er að velta því fyrir sér hvort samningar af þessum toga hefðu einhverju breytt í þeim erfiðu og sársaukafullu deilum sem við höfum staðið í upp á síðkastið, meðal annars út af Icesave-innlánunum. Svarið er örugglega ekki einhlítt. En óhætt er þó að fullyrða að staða okkar hefði án efa orðið mun sterkari með slíkan samning í farteskinu. Ástæða þess að við gerðum ekki slíka samninga við Bretland eða önnur ríki sem okkur eru mikilvægust í viðskiptum er hins vegar sennilega sú að samskiptin hafa verið góð, ekki hefur hlaupið snurða á þráðinn frá tímum landhelgisdeilnanna, þessi ríki eru vestræn lýðræðis- og réttarríki, við eigum samskipti við þau á grundvelli annarra samninga, svo sem EES-samningsins, og því hefur án efa ekki verið talin þörf á sérstökum samningi um gagnkvæma vernd fjárfestinga.

Nú er öldin hins vegar önnur og ljóst af samskiptum okkar við þessi ríki sum hver að fullt tilefni er fyrir okkur að hyggja að slíkum samningum, meðal annars til þess að tryggja og vernda eignir íslenskra aðila erlendis, jafnframt því að laða hingað til lands erlent fjármagn.

Ef samningur um gagnkvæma vernd fjárfestinga hefði gilt á milli Íslands og Bretlands hefði verið til augljós og óumdeildur vettvangur til að láta reyna á réttmæti þess að bresk stjórnvöld beittu hryðjuverkalögunum með þeim hætti sem gert var. Slíkir samningar skapa þannig úrræði fyrir þau ríki sem standa að gagnkvæmum samningi um vernd fjárfestinga til að leysa úr deilum sín á milli. Jafnframt verður til möguleiki fyrir fjárfesta sem eru með beinar fjárfestingar í öðru hvoru samningsríkinu til beinnar málshöfðunar gagnvart því ríki þar sem fjárfesting er til staðar. Þeir fjárfestar sem höfðu ráðist í beinar fjárfestingar í Bretlandi hefðu því einnig getað farið með mál gegn breska ríkinu fyrir alþjóðlegan gerðardóm, en slík mál eru að öllu jöfnu leyst fyrir alþjóðlegum gerðardómi fyrir tilstuðlan Alþjóðastofnunarinnar um lausn fjárfestingardeilna í Washington DC (ICSID).

Yrði niðurstaðan sú að um óréttmæta beitingu hryðjuverkalaganna hefði verið að ræða væri aðstaðan önnur. Þá væri komin upp sú staða að það væri Ísland og íslenskir fjárfestar sem hefðu ótvíræða möguleika á að krefjast bóta frá breskum yfirvöldum, í stað þess að bresk stjórnvöld komist upp með það að þvinga íslensku þjóðina til nauðungarsamninga án

dóms og laga. Það hlýtur því að vera grundvallarspurning af hverju slíkur samningur við Bretland var ekki í gildi. Leitast var við að svara þeirri spurningu hér að framan.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra vék að þessu atriði í svari sínu við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns þessa máls. Orðrétt sagði ráðherra: „Ég vil síðan í lokin segja að undir ræðu minni hef ég aðeins verið að þenkja um hugmynd hv. þingmanns um að ef í gildi væri slíkur samningur milli okkar og Bretlands. Ég hygg að það sé alveg rétt að við hefðum átt tök á því að skjóta þeirri ákvörðun sem breska ríkisstjórnin tók í október sl. til slíks gerðardóms. Það hefði væntanlega styrkt stöðu okkar töluvert í því stríði sem háð var um þann tiltekna hluta þeirrar deilu.“

Þetta er athyglisvert sjónarmið sem er í samræmi við þá hugsun sem meðal annars býr að baki þeirri þingsályktunartillögu sem hér er flutt.

Bretar hafa gert marga samninga, Íslendingar fáa.

Athyglisvert er að Bretland hefur gert hvað flesta slíka samninga af ríkjum heims og er með yfir 100 slíka samninga í gildi við hin ýmsu ríki, þó ekki Ísland. Er ekki ólíklegt að þetta eigi að nokkru rætur sínar að rekja til reynslu Breta af fjárfestingum víða um heim og þýðingu þess að fjárfestar geti notið eðlilegrar verndar við viðsjárverðar aðstæður.

Samkvæmt upplýsingum úr svari utanríkisráðherra á Alþingi við fyrrgreindri fyrirspurn hefur Ísland gert samtals ellefu samninga af þessu tagi, þ.e. við Chile, Egyptaland, Indland, Suður-Kóreu, Kína, Lettland, Líbanon, Litháen, Mexíkó, Víetnam og Singapúr, en Singapúrsamningurinn er reyndar hluti af fjárfestingarsamningi EFTA og Singapúr. Samningarnir við Egyptaland og Líbanon bíða fullgildingar en fyrrgreindir samningar ná allir til gagnkvæmrar verndar fjárfestinga. Reyndar er frammistaða Íslands í gerð slíkra samninga ekki ofarlega á lista þegar fjöldi slíkra samninga er skoðaður á heimsvísu. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Alþjóðastofnunarinnar um lausn fjárfestingardeilna er Ísland í 119.–123. sæti af 174 þjóðum sem gert hafa slíka samninga. Þau lönd sem eru með Íslandi í flokki í þessum efnum og hafa gert u.þ.b. jafnmarga samninga og Ísland eru Burkína Fasó, Trínidad og Tóbagó, Zaír og Zambía.

Fátt nýtt að gerast.

Því miður er svo að sjá sem fátt nýtt sé að gerast í þessum málum á vettvangi utanríkisráðuneytisins. Í svari ráðherra í fyrrgreindri umræðu segir hann meðal annars:

„Hv. þingmaður spyr sömuleiðis hvort það sé í undirbúningi að vinna að gerð fleiri slíkra samninga og ef svo er, við hvaða lönd. Frá því er skemmst að segja að rituð hafa verið drög að fjárfestingarsamningi við Úganda. Ísland og Albanía annars vegar og hins vegar Ísland og Tyrkland hafa líka skipst á skriflegum tillögum að texta fjárfestingarsamnings og er til skoðunar að hefja formlegar samningaviðræður við þau ríki. Ég hef sjálfur átt fund með utanríkisráðherra Úkraínu um gerð slíks samnings í framtíðinni og hafa gengið textar á milli Íslands og Úkraínu um það. Þær viðræður fóru hins vegar í biðstöðu þegar ákveðið var af hálfu EFTA-ríkjanna að hefja fríverslunarviðræður við Úkraínu.

Það eru ekki sem stendur í gangi formleg samskipti við önnur ríki um gerð fjárfestingarsamnings. Hins vegar hafa átt sér stað á undanförnum árum og missirum óformlegar þreifingar á milli Íslands og ýmissa ríkja sem kunna að leiða til þess að gerður verði slíkur samningur. Menn geta svo velt því fyrir sér hvenær sprettur þörf á slíkum tvíhliða fjárfestingarsamningum. Hún ræðst yfirleitt af því hversu víðtæk ákvæði eru um fjárfestingar og vernd þeirra í fríverslunarsamningum sem við eigum við viðkomandi ríki, þ.e. ef slíkum samning-

um er til að dreifa. Yfirleitt er það svo að ef fríverslunarsamningurinn nær bæði til stofnfjárfestinga og fjárfestingarverndar hafa menn ekki talið þörf á sérstökum fjárfestingarsamningum. Ef þessir tveir þættir eru hins vegar ekki tryggðir í þeim fríverslunarsamningum sem við höfum við ríki er hægt að bregðast við því með því að gera slíka fjárfestingarsamninga eins og hv. þingmaður ræddi áðan.“

Þessar upplýsingar sýna að ekki er margt að gerast á þessu sviði hér á landi. Þeir samningar sem gerðir hafa verið af þessu tagi og áform eru um snerta ekki samskipti okkar við þau ríki þar sem við eigum mest viðskipti. Svar ráðherra gefur til kynna að Ísland hafi hingað til treyst að mestu leyti á að fríverslunarsamningar á vegum EFTA skapi nægjanlega hagfelld skilyrði fyrir beinni erlendri fjárfestingu hérlendis og veiti beinum fjárfestingum íslenskra aðila erlendis þá réttarvernd sem nauðsynleg er. Það var ekki raunin eins og beiting Breta á hryðjuverkalögum gagnvart Íslandi sannar. Bretar, sem hingað til hafa talist til vinaþjóða Íslendinga, settu Ísland á lista með illræmdum hryðjuverkasamtökum og ríkjum sem veita slíkum samtökum stuðning. Jafnframt er ljóst að ákvæðum um fjárfestingar og vernd fjárfestinga er ekki til að dreifa í öllum þeim fríverslunarsamningum sem gerðir hafa verið á vegum EFTA og kom slíkt ákvæði ekki inn fyrr en nú í seinni tíð. Þar að auki er inntak þeirra ákvæða ekki efnislega sambærilegt því að hafa sérstakan samning um gagnkvæma vernd fjárfestinga, sérstaklega með tilliti til úrlausnar hugsanlegra ágreiningsmála.

Reynsla síðustu missira sýnir að nú er fullt tilefni til þess að gangskör verði gerð að því að hefja viðræður við þau ríki þar sem viðskiptahagsmunir Íslands eru hvað mestir og að stefnt verði að því að gera samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga við þau ríki. Í húfi geta verið gríðarlegir þjóðarhagsmunir eins og hrikaleg dæmi frá Bretlandi sanna. Þá geta þessir samningar verið ein mikilvæg forsenda þess að okkur takist að laða hingað erlent fjármagn, sem þörfin kallar á. Augljóst virðist því að nú verði gerð gangskör að því að marka stefnu sem hefur það í för með sér að fjölga gerð samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga í samræmi við það sem lýst er í þessu þingmáli.

18. Frumvarp til laga [18. mál]

um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Álfheiður Ingadóttir, Baldvin Jónsson,
Björn Valur Gíslason, Eygló Harðardóttir, Guðmundur Steingrímsson,
Helgi Hjörvar, Höskuldur Þórhallsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Margrét Tryggvadóttir, Mörður Árnason, Ólafur Þór Gunnarsson,
Ólína Þorvarðardóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Þráinn Bertelsson.

1. gr.

Lög þessi gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorkuvopn. Umferð kjarnorkuknúinna farartækja er bönnuð á hinu friðlýsta svæði og einnig flutningur eða losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs.

2. gr.

Markmið laga þessara er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorkuvopnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorkuóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

3. gr.

Í lögum þessum merkir „kjarnorkuvopn“ hvers kyns vopn eða sprengju þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti, en tekur ekki til flutningstækja eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu.

Í heiti laganna, og annars staðar þar sem annað kemur ekki fram, merkir „Ísland“ íslenskt land, landhelgi, lofthelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og allt íslenskt yfirráðasvæði samkvæmt lögum, þjóðarétti og ýtrustu fullveldisréttindum í og á landi, á og yfir hafsbotni, í sjó og ofan sjávar og í lofti.

Hið „friðlýsta svæði“ merkir í lögum þessum allt íslenskt yfirráðasvæði sem lýst er í þessari grein þar sem geymsla, framleiðsla, tilraunir og hvers kyns meðhöndlun eða flutningur kjarnorkuvopna er bannaður, sbr. þó ákvæði 12. gr.

4. gr.

Enginn íslenskur ríkisborgari eða maður sem hefur varanlegt dvalarleyfi á Íslandi, erlendur ríkisborgari sem er í þjónustu íslenska ríkisins eða dvelst innan hins friðlýsta íslenska svæðis má:

1. búa til kjarnorkuvopn af neinu tagi, afla sér slíks vopns eða hafa það undir höndum;
2. veita aðstoð, hjálp eða atbeina til þess að nokkur búi til, afli sér eða hafi undir höndum kjarnorkuvopn af neinu tagi.

5. gr.

Bannað er innan hins friðlýsta svæðis að koma fyrir kjarnorkuvopnum af neinu tagi, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn annan hátt.

6. gr.

Bannað er að flytja kjarnorkuvopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 10. gr.

7. gr.

Allar tilraunir með kjarnorkuvopn eða tilraunir, sem tengjast notkun kjarnorkuvopna, eru óheimilar innan hins friðlýsta svæðis.

8. gr.

Sérhverju því farartæki, sem að einhverju eða öllu leyti er knúið kjarnorku, er bannað að koma inn á hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 10. gr.

9. gr.

Öll umferð farartækja, sem flytja kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang, er bönnuð innan hins friðlýsta svæðis, sbr. þó ákvæði 10. gr.

Losun kjarnorkuúrgangs eða annarra geislavirkra efna hvort sem þau teljast hágeislavirk eða lággeislavirk, þar með taldir geislavirkir vökvar, er með öllu óheimil innan hins friðlýsta svæðis.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 8. gr. og fyrri málsgreinar 9. gr. þessara laga er heimilt að veita undanþágu fyrir friðsamlega umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðdvalar í eða á sjó eða í lofti á alþjóðlegum leiðum að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum. Slíkar undanþágur geta þó aldrei tekið til svæðisins innan 12 sjómílna marka og lofthelginnar þar upp af.

11. gr.

Aldrei skal leyfa komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna land- eða lofthelgi eða heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum samkvæmt lögum þessum. Íslensk yfirvöld skulu í vafatilfellum ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila, sem völ er á, til að byggja á ákvörðun sína og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð sín í milli þegar taka þarf slíkar ákvarðanir.

12. gr.

Íslensk yfirvöld skulu leita með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti við einstök ríki, samtök ríkja og alþjóðastofnanir, eins víðtækrar alþjóðlegrar viðurkenningar á hinu friðlýsta svæði og kostur er. Skal eftir því leitað að slíkar viðurkenningar feli í sér yfirlýsingar um að hið friðlýsta svæði sé virt og viðurkennt. Einnig skulu yfirvöld leita viðurkenningar á rétti Íslands til að fylgjast með eða láta fylgjast með hinu friðlýsta svæði og til að refsa fyrir eða mótmæla eftir atvikum brotum á friðlýsingu þessari.

13. gr.

Hver sá sem sekur er fundinn um alvarlegt brot gegn ákvæðum laga þessara skal sæta fangelsisvist allt að tíu árum.

14. gr.

Framkvæmd laga þessara heyrir undir og er á ábyrgð utanríkisráðherra, en hafa skal hann samráð við Alþingi og utanríkismálanefnd Alþingis um allar meiri háttar ákvarðanir er tengjast framkvæmdinni, sbr. 24. gr. laga nr. 55/1991. Heimilt er utanríkisráðherra að fela samgönguráðherra, umhverfisráðherra eða öðrum ráðherrum, sem aðstæður kunna að mæla með, að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2011.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú lagt fram í tíunda sinn. Síðast var frumvarp þetta lagt fram á 136. löggjafarþingi og var því þá vísað til utanríkismálanefndar sem sendi frumvarpið til umsagnar. Nefndinni bárust nokkrar umsagnir en málið var þó ekki afgreitt frá nefndinni.

Í gegnum tíðina hefur frumvarpið notið stuðnings þingmanna allra hinna rótgrónu flokka nema Sjálfstæðisflokksins og var engin undantekning á því á 136. löggjafarþingi þegar þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar, Frjálslynda flokksins og Framsóknarflokksins fluttu málið á þingi. Flutningsmenn voru þá Árni Þór Sigurðsson, Steingrímur J. Sigfússon, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ellert B. Schram, Guðjón A. Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Höskuldur Þórhallsson, Kristinn H. Gunnarsson, Katrín Jakobsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Álfheiður Ingadóttir og Helgi Hjörvar.

Í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnarflokka segir m.a. í umfjöllun um utanríkismál:

„Málefni norðurslóða verða forgangsmál og viðfangsefni svæðisins þarf að leysa á grundvelli gildandi alþjóðasamninga, alþjóðastofnana og svæðasamstarfs. Áhersla verði lögð á að vernda viðkvæmt lífríki svæðisins, sjálfbæra nýtingu auðlinda og aukið samstarf á Norðurlöndum um viðbúnað gegn umhverfisvá og slysum á norðurhöfum, leit og björgun.

Áfram verði unnið að mótun öryggisstefnu Íslands á grundvelli eigin hættumats í nánu samstarfi við nágrannaþjóðir og önnur bandalagsríki. Varnarmálastofnun verði endurskoðuð, sem og loftrýmisgæsla, í samræmi við áherslur í áhættumatsskýrslu fyrir Ísland. Unnið verði á grundvelli víðtæks öryggishugtaks og áhersla lögð á sameiginlegt alþjóðlegt öryggi.

Ísland verður friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum og íslensk stjórnvöld munu beita sér fyrir kjarnorkuafvopnun á alþjóðavettvangi.“

Á síðasta löggjafarþingi voru samþykkt lög um niðurlagningu Varnarmálastofnunar. Þá hafa málefni Norðurslóða fengið aukið vægi í umræðum og stefnuyfirlýsingum stjórnvalda eins og glöggt kemur fram í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis um utanríkismál sl. vor (þskj. 1070 – 611. mál). Full ástæða er til að vekja athygli á mikilvægi friðlýsingar Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og er frumvarp þetta nú endurflutt enn einu sinni í því augnamiði.

Á umliðnum árum hafa æ fleiri kallað á friðlýsingu Norðurpólsins fyrir kjarnorkuvopnum. Til marks um það eru yfirlýsingar hinna kanadísku Pugwash-samtaka friðarsinnaðra vísindamanna og hvatning japanska friðarfrömuðarins Daisaku Ikeda, en bæði Pugwash og Ikeda eru handhafar friðarverðlauna Nóbels. Verði af friðlýsingunni eykur það enn á mikilvægi þess að Ísland geri slíkt hið saman, enda færðust flutningaleiðir kjarnorkuvopna þá í einhverjum tilvikum nær landinu en ella.

Hvað varðar sögu frumvarpsins og rökstuðning flutningsmanna er að öðru leyti vísað til greinargerðar fyrir frumvarpinu á 135. löggjafarþinginu, sem fylgir hér á eftir:

„Frumvarp þetta er nú flutt á Alþingi í áttunda sinn. Það var síðast flutt á 125. löggjafarþingi, árið 2000, og er nú endurflutt með þeirri breytingu einni að það nær ekki til efnavopna. Sem betur fer hafa Íslendingar nú fullgilt samning um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra sem, eins og nafnið gefur til kynna, felur í sér allar þær skuldbindingar sem friðlýsing landsins fyrir efnavopnum felur í sér.

Þörfin fyrir að Ísland hafi frumkvæði að afvopnun og friðlýsingu fyrir kjarnorkuvopnum hefur því miður fremur aukist en hitt vegna atburða á alþjóðavettvangi. Má þar nefna fregnir um áhuga á þróun kjarnorkuvopna í Íran og Norður-Kóreu og þá staðreynd að kjarnorkuveldin hunsa algerlega þau ákvæði samningsins um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, NPT-samningsins svonefnda, sem skylda þau til kjarnorkuafvopnunar. En um leið hefur brotthvarf bandaríska hersins og lokun herstöðvarinnar gert að verkum að auðveldara ætti að vera að friðlýsa landið fyrir kjarnorkuvopnum. Það er von flutningsmanna að Alþingi geti nú sameinast um að nýta þetta tækifæri og lögbinda þann yfirlýsta vilja stjórnvalda að Ísland

eigi engan þátt í þróun, geymslu eða flutningi kjarnorkuvopna og stuðli þannig að friðvænlegri heimi.

Yfirgnæfandi meiri hluti sveitarfélaga hér á landi hefur lýst því yfir að landsvæði þeirra skuli vera friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum. Af 79 sveitarfélögum hafa 74 verið friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum, eða 94%, og aðeins tæplega 17.000 manns búa utan friðlýsingar, sem þýðir að 95% Íslendinga eru í friðlýstum sveitarfélögum. Ætla má að þau sveitarfélög sem eftir standa – Reykjanesbær, Vogar, Sandgerði, Skútustaðahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur – hafi enn minni ástæðu til að friðlýsa ekki landsvæði sín nú þegar bandaríski herinn er farinn af landi brott.

Þó er rétt að minna á að yfirlýsingar á sveitarstjórnarstigi hafa auðvitað ekkert lagalegt gildi og almennt veikari stöðu en kjarnorkufriðlýsing landsins alls, lofthelginnar og efnahagslögsögunnar sem með frumvarpinu yrði bundin í lög. En samþykktir þessara sveitarfélaga má líta á sem afgerandi yfirlýsingu frá sveitarfélögum landsins um að friðlýsa beri landið allt og styrkja þannig ákvarðanir sveitarfélaganna. Eftir brottför hersins ætti ekkert að standa í vegi fyrir því að þessi fyrirliggjandi vilji yfirgnæfandi meiri hluta sveitarstjórna verði lögfestur og gildi fyrir landið allt. Því fylgdi svo einnig að afla alþjóðlegrar viðurkenningar annarra ríkja og alþjóðasamtaka, ekki síst kjarnorkuveldanna sjálfra, á því að Ísland sé kjarnorkuvopnalaust svæði.

Nýjustu fréttir af friðlýsingu sveitarfélaga eru þær að Reykjanesbær telur slíkt ekki vera á sínu forræði „þar sem innan bæjarmarkanna er m.a. flugverndarsvæði sem er á forræði utanríkisráðuneytisins“. (Úr bókun bæjarráðs Reykjanesbæjar, 10. janúar 2008.) Reykjanesbær, sem er langstærsta sveitarfélagið af þeim fimm sem ekki eru þegar friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum, telur með öðrum orðum að utanríkisráðherra og ríkisstjórnin verði að skera úr um friðlýsingu sveitarfélagsins. Þetta eykur enn á mikilvægi þess að Alþingi taki málið fyrir eins og lagt er til í þessu frumvarpi.

Þróun mála í friðlýsingu annarra landa hefur líka verið friðelskandi fólki mjög í hag undanfarin ár. Í reynd þarf að fara norður fyrir miðbaug til að finna land sem ekki hefur skrifað undir samning um friðlýsingu fyrir kjarnorkuvopnum. Mið- og Suður-Ameríka (Tlatelolco-samningurinn), Suðaustur-Asía (Bangkok-samningurinn), Eyjaálfa og eyjarnar í Suður-Kyrrahafi (Rarotonga-samningurinn) og Suðurskautslandið eru allt svæði sem hafa verið friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum. Árið 1996 skrifuðu Afríkuríkin öll undir samning um friðlýsingu álfunnar (Palindaba-samningurinn) og 20 ríki álfunnar hafa staðfest samninginn þótt enn vanti átta staðfestingar upp á að hann taki gildi. Svipað er uppi á teningnum í Mið-Asíu þar sem þau ánægjulegu tíðindi áttu sér stað fyrir tveimur árum að fimm lönd skrifuðu undir slíkan samning og tvö þeirra, Kirgisistan og Úsbekistan, hafa þegar staðfest samninginn. Þá hafa Mongólar tekið það upp á sitt einsdæmi að lýsa yfir friðlýsingu landsins fyrir kjarnorkuvopnum við talsverðan fögnuð annarra ríkja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur nú tækifæri til að fylgja t.d. þessu ánægjulega fordæmi Mongólíu á alþjóðavettvangi. Slík friðlýsing gæti þar að auki verið fyrsta skrefið í friðlýsingu Norðurlanda, sem lengi hefur verið á dagskrá friðarsinna, en ekki hlotið brautargengi enn sem komið er.

Óhætt er að slá því föstu að meiri hluti allra landa séu friðlýst og að þróunin sé öll í þá átt að friðlýsa stærri og mikilvægari svæði fyrir kjarnorkuvopnum. Á hinn bóginn er því ekki að neita að á undanförnum árum hafa sum kjarnorkuveldi, sér í lagi Indland og Pakistan, fremur verið að bæta við kjarnorkuvopnaútbúnað sinn en að stuðla að eyðingu slíkra vopna. Mestu kjarnorkuveldin, Bandaríkin og Rússland, vinna áfram að þróun kjarnorkuvígbúnaðar sem gengur þvert á ákvæði NPT-samningsins. Langflest ríki viðurkenna þó hættuna sem staf-

ar af slíkum vopnum og hafna kenningunni um gagnkvæmt ógnarjafnvægi sem er löngu orðin úrelt ef hún hefur þá nokkurn tímann átt við.

Í því sambandi má benda á dóm Alþjóðadómstólsins í Haag um beitingu kjarnorkuvopna og ógnun þess. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki aðeins bryti notkun kjarnorkuvopna gegn alþjóðalögum, heldur líka það að ógna eða hóta því að beita þeim gegn öðru ríki. Rökstuðningur dómstólsins er sá að til þess að vopn geti talist lögmætt verði beiting þess að geta beinst að hernaðarlegum skotmörkum eingöngu en ekki óbreyttum borgurum. Eðli kjarnorkuvopna sé hins vegar þannig að beiting þeirra muni ávallt bitna á óbreyttum borgurum, auk þess sem þau hafi neikvæð umhverfisáhrif sem leiðir til enn meiri skaða óbreyttra borgara. Sams konar rök eru færð á grundvelli þess að ávallt beri að virða hlutlaus svæði, en kjarnorkuvopn séu þess eðlis að aldrei sé hægt að útiloka að beiting þeirra bitni líka á íbúum og umhverfi hlutlausra svæða. Að lokum telur Alþjóðadómstóllinn að þjóðum heims sé skylt að semja um algjöra kjarnorkuafvopnun undir ströngu alþjóðlegu eftirliti.

Fyrir utan það öryggi sem friðlýsing fyrir kjarnorkuvopnum mundi veita okkur Íslendingum er friðlýsingin stórt umhverfismál. Tímabært er að hugað sé að þeim umhverfisógnum sem okkur og heiminum öllum stafar af kjarnorkuvopnum, kjarnorkuknúnum farartækjum og kjarnorkuúrgangi. Sem fiskveiðiþjóð eiga Íslendingar sérstaklega mikið undir því að engin hætta skapist á því að geislavirk efni komist út í lífríki sjávarins í kringum landið. Sjálfsagður liður í þessu er að banna með öllu siglingar eða umferð kjarnorkuknúinna farartækja upp að landinu.

Fylgiskjöl með þessu frumvarpi eru í fyrsta lagi sýnishorn af samningi um friðlýsingu kjarnorkuvopna í rómönsku Ameríku, Tlatelolco-samningurinn svokallaði frá árinu 1967. Í annan stað fylgir með brot úr lokayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál frá 1978. Þar er m.a. hvatt til myndunar kjarnorkulausra svæða á borð við það sem þetta frumvarp kveður á um, og að auki gert ráð fyrir að kjarnorkuveldin skuli „virða að fullu stöðu hins kjarnorkuvopnalausa svæðis“ og „virða bann við beitingu eða hótunum um beitingu kjarnorkuvopna gegn ríkjum á svæðinu.“ Þriðja fylgiskjalið er samningurinn um að dreifa ekki kjarnavopnum (Non-Proliferation Treaty, NPT) sem Ísland og 188 önnur ríki hafa fullgilt (aðeins fjögur ríki standa eftir). Fjórða fylgiskjalið er síðan samningur um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, sem fullgiltur var árið 1997 af Íslands hálfu. Sá samningur kemur eins og áður segir í stað þess hluta sem fjallaði um efnavopn í fyrri frumvörpum af því tagi sem hér er lagt fram.

Saga frumvarpsins á þingi.

Skylt er að geta þess að þessu máli og öðrum hliðstæðum hefur verið hreyft áður á Alþingi. Að minnsta kosti fjórum sinnum, á 97., 100., 102. og 107. löggjafarþingi, hefur verið flutt tillaga til þingsályktunar um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði. Í tvö fyrstu skiptin voru þar á ferð þingmenn Alþýðubandalagsins, Svava Jakobsdóttir og Magnús Torfi Ólafsson. Á 102. þingi var svipuð tillaga hins vegar flutt af Guðrúnu Helgadóttur og fleiri þingmönnum Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins. Sama tillaga var svo endurflutt á 107. þingi af þingmönnum þessara flokka auk Kvennalistans. Þar að auki hafa verið fluttar margs konar tillögur sem efninu tengjast, svo sem um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum var fyrst komið í frumvarpsbúning á 109. löggjafarþingi árið 1987 og var þá flutt af þingmönnum Alþýðubandalags, Framsóknarflokks og Kvennalista, þeim Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni, Páli Péturssyni, Guðrúnu

Helgadóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Hjörleifi Guttormssyni. Frumvarpið var endurflutt á næsta þingi sama árs af þingmönnum Alþýðubandalagsins og Kvennalista, Steingrími J. Sigfússyni og Kristínu Einarsdóttur.

Á 115. löggjafarþingi árið 1991 var frumvarpið aftur lagt fyrir Alþingi af þingmönnum Alþýðubandalagsins, Framsóknarflokksins, Alþýðuflokksins og Kvennalista, þ.e. allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins. Flutningsmenn voru þá Steingrímur J. Sigfússon, Steingrímur Hermannsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Einarsdóttir, Páll Pétursson, Gunnlaugur Stefánsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Ólafur Ragnar Grímsson.

Frumvarpið var næst flutt á 120. þingi árið 1996 af þingmönnum Alþýðubandalags, Alþýðuflokks, Þjóðvaka og Kvennalista. Flutningsmenn voru þá Steingrímur J. Sigfússon, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Á næsta þingi, 121. löggjafarþingi, árið 1996 var frumvarpið endurflutt, en nokkrar breytingar höfðu þá orðið á þingflokkum og voru flutningsmenn þá úr Alþýðubandalaginu, þingflokki jafnaðarmanna (þingmenn Alþýðuflokks og Þjóðvaka) og Kvennalista. Þeir voru Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur Árni Stefánsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Á 122. löggjafarþingi árið 1997 var frumvarpið svo flutt í fimmta sinn af sömu þingmönnum nema að þá kom Kristín Halldórsdóttir í stað Þórunnar Sveinbjarnardóttur sem hafði komið inn sem varamaður árið áður. Sömu þingmenn endurfluttu frumvarpið svo á 123. löggjafarþingi árið 1998.

Þegar frumvarpið var síðast flutt á 125. löggjafarþingi árið 2000 höfðu orðið breytingar á þingflokkaskipan en þá var frumvarpið flutt af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar, þeim Steingrími J. Sigfússyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Þuríði Backman og Össuri Skarphéðinssyni.

Alls hefur frumvarpið því verið flutt átta sinnum. Ánægjulegt er að í gegnum tíðina hefur náðst góð samstaða um frumvarpið þvert á flokkslínur eins og rakið er hér að framan. Það eru einungis þingmenn Sjálfstæðisflokksins af hinum rótgrónu þingflokkum sem ekki hafa staðið að flutningi frumvarps um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum. Er það von flutningsmanna nú að þessi samstaða haldist og eflist frekar en hitt þannig að frumvarpið hljóti nú fulla afgreiðslu á Alþingi.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er megintilgangur þess skýrður nánar en fram kemur í heiti frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um markmið laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er vikið að skilgreiningum eða merkingu orða að svo miklu leyti sem slíkt var talið nauðsynlegt.

Hugtakið kjarnorkuvopn er hér skilgreint á sama hátt og í flestum hliðstæðum tilfellum, þ.e. þegar verið er að fjalla um eða ákveða hvað skuli teljast „kjarnorkuvopn“ við skilgreiningu hugtaka í sambandi við kjarnorkuvopnalaus svæði, sbr. fylgiskjöl.

Ákvæði um „íslenskt yfirráðasvæði“ og hið „friðlýsta svæði“ skýra sig í raun sjálf. Flutningsmenn telja eðlilegt að friðlýsingin nái til alls þess svæðis sem ýtrustu kröfur Íslands, á grundvelli þjóðaréttar og fullveldisréttar, ná til, sjá einkum lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, og hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, einkum V. hluta, 55.–57. gr., og VI. hluta, 76. gr.

Um 4.–7. gr.

Í 4.–7. gr. eru tíundaðar kvaðir sem fylgja hinu friðlýsta svæði. Þar eru í öllum aðalatriðum á ferðinni atriði sem Íslendingar hafa þegar undirgengist með fullgildingu samningsins um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum, sjá fskj. II, 1. og 2. gr., og samninga um tilraunabann og bann við staðsetningu kjarnorkuvopna á hafsbotni (undirritaður fyrir Íslands hönd 11. febr. 1971). Hér eru hins vegar persónulega lagðar kvaðir á alla íslenska ríkisborgara og erlenda menn í þjónustu ríkisins eða sem dvelja innan svæðisins. Þannig er kjarnorkuvopnabannið í senn bundið ríkinu sem samanstendur af borgurunum, íslensku yfirráðasvæði og öllum íslenskum ríkisborgurum sem einstaklingum, hvar og hvenær sem er. Að öðru leyti vísast til fylgiskjals um skýringar.

Um 8. gr.

Í 8. gr. eru skýr fyrirmæli um að kjarnorkuknúin farartæki megi ekki koma inn á hið friðlýsta svæði nema ferð þeirra falli undir ákvæði 10. gr.

Um 9. gr.

Rétt þykir að taka af öll tvímæli af Íslands hálfu um að losun geislavirks úrgangs eða geislavirkra efna í íslenskri lögsögu er bönnuð hverjum sem er. Í reynd má segja að slíkt bann sé þegar að flestu leyti í gildi með lögum nr. 20/1972, lögum um bann við losun hættulegra efna í sjó, einnig með aðild Íslands að alþjóðasamningum, einkum samningnum um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sjá lög nr. 20/1973, og samningnum um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningurinn LDZ), sjá lög nr. 53/1973. Flutningar með slík efni skulu lúta sömu takmörkunum og umferð vígvéla og kjarnorkuknúinna farartækja eru sett, en óhjákvæmilegt er að hafa sambærileg ákvæði um rétt til friðsamlegrar umferðar í þessu tilviki, sbr. 23. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 10. gr.

Óhjákvæmilegt er að hafa heimildir til að veita undanþágur vegna alþjóðlegs réttar og skuldbindinga Íslands, en gert er ráð fyrir að einungis bein umferð eða gegnumferð, án óþarfa viðdvalar á alþjóðlegum leiðum, geti verið undanþegin ákvæðum 6., 8. og fyrri málsgreinar 9. gr. og þó aldrei nær landi en að 12 mílna mörkum. Við samningu þessarar greinar var höfð hliðsjón af ákvæðum í lögum um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, en þetta frumvarp gengur lengra og heimilar engar undanþágur gagnvart íslensku innsævi, íslensku landhelginni (innan 12 mílna marka) og loftrýmisins þar yfir. Frumvarpið byggir því á ýtrustu kröfum um rétt okkar Íslendinga til að friðlýsa án undantekninga land okkar, landhelgi og lofthelgi þar yfir og til að friðlýsa eftir því sem fært er með tilliti til alþjóðlegrar umferðar um efnahagslögsöguna alla, landgrunnið og önnur svæði sem talist geta íslensk yfirráða- eða áhrifasvæði. Að öðru leyti vísast til alþjóðlegs réttar og skuldbindinga Íslendinga á sviði samgöngumála, sérstaklega hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 11. gr.

Hér er það skýrt tekið fram að stjórnvöldum sé óheimilt að gefa undanþágur frá ákvæðum um hið friðlýsta svæði, jafnvel þótt um friðsamlegar heimsóknir sé að ræða. Komi upp vafaatriði í þessu sambandi skal ætíð aflað bestu fáanlegra upplýsinga og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð um allar ákvarðanir í slíkum tilfellum. Hafa má til hliðsjónar ákvæði samninga risaveldanna um takmörkun kjarnorkuvígbúnaðar, svo sem SALT-samningana, um hvenær farartæki eða stöðvar eru skilgreind sem búin kjarnorkuvopnum.

Um 12. gr.

Greinin leggur þá skyldu á herðar stjórnvöldum að afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar eins og gert hefur verið í hliðstæðum tilfellum og samþykktir Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðlegra aðila gera ráð fyrir.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um refsiákvæði og er hliðstæð ákvæðinu í nýsjálensku lögunum.

Um 14. gr.

Eðlilegt þykir að framkvæmd laganna heyri undir utanríkisráðherra en honum sé heimilt að fá aðra ráðherra til aðstoðar við sig ef aðstæður mæla með. Náið samráð skal vera milli utanríkisráðherra og Alþingis um framkvæmdina. Í fyrri útgáfum frumvarpsins var tekið mið af nýsjálenska fyrirkomulaginu og framkvæmdin látin heyra undir forsætisráðherra en hér er horfið frá því eins og áður sagði. Ekki er ólíklegt að framkvæmd málsins verði falin fleiri en einum ráðherra, auðvitað fyrst og fremst utanríkisráðherra en einnig samgönguráðherra og e.t.v. umhverfisráðherra. Æskilegt væri að þingnefnd tæki afstöðu til þessara kosta.

Um 15. gr.

Rétt þykir að nokkur tími gefist frá samþykkt laganna til gildistöku þannig að undirbúa megi framkvæmdina sem best.

Fylgiskjal I.

Samningur um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku.

(Tlatelolco-samningurinn árið 1967.)

Samningsaðilar skuldbinda sig til að banna og fyrirbyggja, hver á sínu yfirráðasvæði, eftirfarandi:

a. tilraunir, notkun, smíði eða öflun með nokkrum hætti á hvers kyns kjarnorkuvopnum, hvorki fyrir eigin hönd eða annars, beint eða óbeint; og
b. móttöku, geymslu, uppsetningu eða hvers konar eignaraðild að kjarnorkuvopnum, beint eða óbeint.

Aðilar skuldbinda sig einnig til að ráðast hvorki í né efla, leyfa, eða á nokkurn hátt taka þátt í tilraunum, notkun, smíði, öflun eða yfirráðum yfir hvers kyns kjarnorkuvopnum.

Stofnun sem beri nafnið „Eftirlitsstofnun með banni við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku“ skal bera ábyrgð á eftirliti með að ákvæði samningsins séu haldin og skal hún

halda fundi með aðildarríkjum á tveggja ára fresti eða þegar þörf gerist. Höfuðstöðvar stofnunarinnar skulu vera í Mexíkóborg.

Stofnunin skal hafa allsherjarráð, stjórnarnefnd og ritaraembætti. Allsherjarráðið skal halda fund á tveggja ára fresti og álykta um öll mál er varða samninginn. Stjórnarnefndin skal skipuð fimm mönnum, kosnum af allsherjarráði, og skal hún starfa óslitið.

Sérhver samningsaðili skal ganga til samninga við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina (IAEA) um að taka upp eftirlitskerfi þeirrar stofnunar með kjarnorkumálum sínum. Hann skal skila skýrslum á tveggja ára fresti bæði til eftirlitsstofnunarinnar og til IAEA þar sem staðfest er að ekkert það sem stríðir gegn ákvæðum samningsins hafi átt sér stað á yfirráðasvæði hans.

Aðalritara er heimilt að fara fram á nánari upplýsingar um öll atvik og atriði er varða samninginn og ber að veita honum tafarlausa fyrirgreiðslu.

IAEA og stjórnarnefndin skulu hafa vald til að gera sérstakar kannanir, hinir fyrrnefndu í samræmi við samkomulag sem þeir hafa gert við hvern aðila fyrir sig en stjórnarnefndin

a. þegar fram á slíkt er farið af hálfu einhvers aðila sem hefur grun um að einhverjar framkvæmdir, sem brjóta í bága við samninginn, hafi átt sér stað eða séu í þann veginn að eiga sér stað á yfirráðasvæði annars aðila eða annars staðar á vegum hins síðarnefnda aðila eða
b. þegar farið er fram á slíkt af hálfu aðila sem sakaður er um að hafa brotið gegn ákvæðum samningsins.

Samningsaðilar, sem hyggjast sprengja kjarnorkusprengju í friðsamlegum tilgangi, skulu tilkynna það eftirlitsstofnuninni og IAEA með eins löngum fyrirvara og aðstæður krefja. Tæknilegum fulltrúum stjórnarnefndar eftirlitsstofnunarinnar og IAEA er þá heimilt að fylgjast með öllum undirbúningi og eiga greiðan aðgang að svæðinu.

Verði uppvíst um brot á samningnum skal allsherjarráðið skila skýrslu samtímis til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, til aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til stjórnarnefndar samtaka Ameríkuríkja og til IAEA.

Öllum þjóðum rómönsku Ameríku, svo og öðrum fullvalda þjóðum sem liggja í heild sinni sunnan 35. gráðu norður á vesturhveli jarðar, er heimilt að undirrita samninginn.

Undirritendur geta við staðfestingu samningsins sett fram skilyrði (t.d. um að önnur ríki staðfesti samninginn) sem þurfi að mæta áður en þeir telji sig bundna af samningnum.

Samningurinn skal gilda um ótakmarkaðan tíma, en þó er sérhverjum samningsaðila heimilt að segja upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara til aðalritara enda telji viðkomandi aðili að þær aðstæður hafi komið til eða séu í þann veginn að koma til er varða brýnustu hagsmuni hans.

Framkvæmd samningsins skal frestað af hálfu allra samningsaðila komi til nýtt veldi er ráði yfir kjarnorkuvopnum.

Samningnum fylgja tveir hliðarsamningar (protocol).

Í hliðarsamningi I samþykkja Bretland og Holland að framfylgja þeim ákvæðum samningsins er lúta að banni við kjarnorkuvopnum á þeim svæðum sem eru á ábyrgð þeirra (t.d. á Falklandseyjum). Samþykktin felur í sér skuldbindingar gagnvart IAEA en ekki gagnvart eftirlitsstofnuninni.

Í hliðarsamningi II gera Bandaríkin og fleiri aðilar með sér samning um að beita ekki kjarnorkuvopnum gegn nokkrum öðrum aðila að samningnum né heldur hóta beitingu slíkra vopna. Bandaríkin áskilja sér óskoraðan lagalegan rétt til að veita eða neita aðilum utan

samningsins um yfirferðarleyfi og flutningsleyfi. Bandaríkin mundu og skoða árás af hálfu samningsríkis með stuðningi kjarnorkuveldis sem brot á ákvæðum samningsins.

Bandaríkin líta svo á að sú tækni að beita kjarnorkusprengingum í friðsamlegum tilgangi sé óaðgreinanleg frá þeirri tækni að framleiða kjarnorkuvopn. Þau leggja því þann skilning í skilgreiningu samningsins á kjarnorkuvopnum að hún nái til hvers kyns tækja sem nota má til að framleiða kjarnorku.

Fylgiskjal II.

Úr lokayfirlýsingu aukaþings Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál 1978.

60. Myndun kjarnorkuvopnalausra svæða á grundvelli frjálsra samninga milli ríkja á viðkomandi svæði er mikilvægur þáttur í afvopnun.

61. Rétt er að styðja myndun slíkra svæða með það endanlega markmið í huga að losa heiminn að fullu við kjarnorkuvopn. Við myndun slíkra svæða skal tekið tillit til sérkenna hvers svæðis. Þau ríki, sem þátt taka í myndun slíkra svæða, ættu að skuldbinda sig til að styðja að fullu markmið, tilgang og grundvallarreglur þeirra samninga eða samkomulaga er miða að stofnun svæðanna og tryggja þar með að þau verði í raun laus við kjarnorkuvopn.

62. Hvað varðar slík svæði er gert ráð fyrir að kjarnorkuveldin taki á sig vissar skuldbindingar sem samið skal um við lögmæt yfirvöld á svæðinu, einkum:

a. að virða að fullu stöðu hins kjarnorkuvopnalausa svæðis;
b. að virða bann við beitingu eða hótunum um beitingu kjarnorkuvopna gegn ríkjum á svæðinu.

63. Með tilliti til ríkjandi aðstæðna hverju sinni og án þess að það rýri gildi annarra ráðstafana sem til greina koma á öðrum svæðum eru eftirfarandi ákvæði sérlega æskileg:

a. Viðurkenning allra viðkomandi ríkja á þeim ákvæðum er tryggja fullt gildi samningsins um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku (Tlatelolco-samningsins) með sérstöku tilliti til þeirra skoðana sem fram komu á tíundu ráðstefnunni um framfylgd samningsins.
b. Undirritun og samþykki á viðbótarákvæðum við samninginn um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku (Tlatelolco-samninginn) af hálfu þeirra ríkja sem rétt eiga á að gerast aðilar að þeim samningum en hafa ekki gert það.
c. Í Afríku, þar sem Einingarsamtök Afríku hafa samþykkt ályktun um kjarnorkuafvopnun svæðisins, skal öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þetta markmið verði hindrað.
d. Að taka til alvarlegrar athugunar þær þörfu og áríðandi ráðstafanir sem lýst er í málsgreinunum hér að ofan og nauðsynlegar eru til að hrinda í framkvæmd tillögunni um lýsingu kjarnorkuvopnalauss svæðis í Miðausturlöndum í samræmi við viðeigandi ályktanir allsherjarþingsins þar sem allir aðilar, sem málið varðar beint, hafa lýst yfir stuðningi sínum við hugmyndina og þar sem hætta er á útbreiðslu kjarnorkuvopna. Myndun kjarnorkuvopnalauss svæðis í Miðausturlöndum mundi stórlega bæta horfur á alheimsfriði og öryggi. Meðan beðið er eftir stofnun slíks svæðis í þessum heimshluta ættu ríki á svæðinu að lýsa því yfir formlega að þau muni forðast á gagnkvæmum grundvelli að

framleiða, afla sér eða á nokkurn annan hátt að eignast kjarnorkuvopn og kjarnorkusprengibúnað og að heimila staðsetningu kjarnorkuvopna á yfirráðasvæðum sínum af hálfu þriðja aðila og samþykkja að leggja öll sín kjarnorkumál undir eftirlit Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Taka skal til athugunar að öryggisráðið taki þátt í undirbúningi stofnunar kjarnorkuvopnalauss svæðis í Miðausturlöndum.

e. Öll ríki Suður-Asíu hafa lýst yfir þeirri ákvörðun sinni að heimila ekki kjarnorkuvopn í ríkjum sínum. Engar ráðstafanir skyldu gerðar af þeirra hálfu er yrðu til þess að vikið yrði af þeirri braut. Í þessu samhengi hefur spurningin um myndun kjarnorkuvopnalauss svæðis verið afgreidd í ýmsum ályktunum öryggisráðsins en þar er málið enn til umfjöllunar.

64. Stofnun friðarsvæða í ýmsum heimshlutum með viðeigandi skilyrðum skilgreindum af viðkomandi ríkjum á svæðinu þar sem tekið er mið af sérkennum svæðisins og grundvallarhugsjón stofnsamnings Sameinuðu þjóðanna og í samræmi við alþjóðalög getur stuðlað að eflingu öryggis ríkja innan slíkra svæða og að heimsfriði og öryggi. Í þessu sambandi bendir allsherjarráðið á tillögur um stofnun friðarsvæða, m.a.:

a. Í Suðaustur-Asíu þar sem ríki á svæðinu hafa lýst áhuga á stofnun slíks svæðis í samræmi við sjónarmið sín.

b. Á Indlandshafi með tilliti til umræðna öryggisráðsins og viðeigandi ályktana þess og þeirrar nauðsynjar að tryggja frið og öryggi á svæðinu.

65. Að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnorkuvopna er brýnn og óaðskiljanlegur þáttur í viðleitninni til að stöðva vígbúnaðarkapphlaupið og snúa því við. Markmiðið með takmörkun kjarnorkuvopna er annars vegar að koma í veg fyrir tilkomu fleiri kjarnorkuþjóða í viðbót við kjarnorkuveldin fimm og hins vegar að fækka og loks útrýma kjarnorkuvopnum að fullu. Þetta felur í sér skuldbindingar og ábyrgð bæði af hálfu kjarnorkuvopnaðra ríkja og ríkja sem ekki ráða yfir kjarnorkuvopnum. Skulu hinir fyrrnefndu leitast við að stöðva vígbúnaðarkapphlaupið með því að hrinda tafarlaust í framkvæmd þeim aðgerðum sem lýst er í viðeigandi greinum þessarar lokayfirlýsingar en öll ríki skulu beita sér fyrir að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnorkuvopna.

66. Mögulegt er og skylt að gera ráðstafanir á innanlandsvettvangi sem og á alþjóðavettvangi til að minnka hættu á útbreiðslu kjarnorkuvopna án þess að stofna í hættu framboði á orku og þróun kjarnorkutækni til friðsamlegra nota. Því skulu kjarnorkuveldin og þau ríki, sem ekki búa yfir kjarnorkuvopnum, leitast við að gera sameiginlegar ráðstafanir til að komast að alþjóðlegu samkomulagi um aðferðir til að stemma stigu við útbreiðslu kjarnorkuvopna.

67. Full framkvæmd allra atriða þeirra samkomulaga sem til eru um stöðvun á útbreiðslu kjarnorkuvopna, t.d. samningsins um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna og samningsins um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku (Tlatelolco-samningurinn), af hálfu þeirra sem aðild eiga að samningunum er mikilvægt framlag til þessarar viðleitni. Fylgi við slíka samninga hefur aukist á síðari árum og sú von hefur verið látin í ljós af hálfu aðila að slíkum samningum að framhald verði á þeirri þróun.

68. Ráðstafanir, sem gerðar eru til að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnorkuvopna, ættu ekki að skerða fullan rétt þjóða til að framkvæma og þróa áætlanir sínar um friðsamlega notkun kjarnorku til efnahagslegrar og félagslegrar þróunar í samræmi við hagsmuni sína og þarfir. Öll ríki ættu og að eiga aðgang að og hafa fullt frelsi til að afla sér tækniþekkingar, búnaðar og efna til friðsamlegrar notkunar á kjarnorku með sérstöku tilliti til þarfa þróunarríkjanna. Alþjóðleg samvinna á þessu sviði ætti að eiga sér stað undir viðurkenndu alþjóð-

legu eftirliti í umsjá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar án mismununar til að fyrirbyggja útbreiðslu kjarnorkuvopna.

69. Tekið skal fullt tillit til ákvarðana sérhverrar þjóðar á sviði friðsamlegrar nýtingar kjarnorkuvopna án þess að stofna í hættu orkunýtingarstefnu hvers ríkis fyrir sig eða alþjóðlegri samvinnu, samningum eða verksamningum um friðsamlega nýtingu kjarnorku, enda séu viðhafðar þær varúðarráðstafanir sem getið er um hér að ofan.

70. Í samræmi við niðurstöður og ákvæði samþykktar allsherjarráðsins nr. 32/50 frá 8. desember 1977 skal alþjóðleg samvinna um flutning og nýtingu á kjarnorku til efnahagslegrar og þjóðfélagslegrar þróunar efld, einkum í þróunarlöndum.

71. Reynt verði að leiða til lykta störf nefndarinnar um nýtingu kjarnorkueldsneytis (Nuclear Fuel Cycle Evaluation) í fullu samræmi við markmið þau sem sett voru fram í lokayfirlýsingu á stofnþingi nefndarinnar.

72. Öll ríki skulu halda fast við milliríkjasamþykkt um bann við notkun eiturefna og sýkla í hernaði sem undirritaður var í Genf 17. júní 1925.

73. Öll ríki, sem ekki eru þegar aðilar að samþykktinni um bann við þróun, framleiðslu og birgðasöfnun gerla- (lífrænna) og eiturefna og um eyðingu þeirra, ættu að íhuga aðild að henni.

74. Ríki skulu einnig íhuga möguleika á því að gangast inn á marghliða samninga sem þegar hafa verið gerðir um afvopnunarmál og getið er um hér að neðan.

75. Algert bann við þróun, framleiðslu og birgðasöfnun eiturefnavopna og eyðing slíkra vopna eru meðal brýnustu aðgerða til afvopnunar. Því er gerð milliríkjasamnings í þessu skyni eitt brýnasta verkefnið sem fyrir liggur en umræður um þessi mál hafa nú staðið yfir um nokkurra ára skeið. Að gerðum slíkum milliríkjasamningi skyldu öll ríki stuðla að því að tryggja sem víðtækast gildi samningsins með tímabærri undirritun og gildistöku hans.

76. Nauðsynlegt er að gera milliríkjasamning er bannar þróun, framleiðslu, birgðasöfnun og notkun geislavopna.

Með frumvarpinu voru einnig eftirfarandi fylgiskjöl:

III. Auglýsing um fullgildingu um að dreifa ekki kjarnavopnum. Utanríkisráðuneytið, 23. október 1969. Emil Jónsson.

IV. Auglýsing um samning um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra. Utanríksráðuneytinu, 5. maí 1997. Halldór Ásgrímsson.

---

19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Hjörvar, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Magnús Orri Schram, Mörður Árnason, Eygló Harðardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Með kaupum og rekstri íbúðarhúsnæðis, þar á meðal útleigu.

b. Við bætist ný málsgrein, 10. mgr., svohljóðandi:

Lífeyrissjóði er heimilt að stofna félag um rekstur íbúðarhúsnæðis skv. 11. tölul. 1. mgr. eða gera samning við einkaaðila um slíkan rekstur.

2. gr.

Við 38. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er lífeyrissjóði heimilt að fjárfesta í íbúðarhúsnæði í samræmi við 11. tölul. 1. mgr. 36. gr. Lífeyrissjóði er jafnframt heimilt að halda því íbúðarhúsnæði sem hann hefur eignast við yfirtöku skv. 2. mgr. og skal líta á slíkt sem fjárfestingu skv. 11. tölul. 1. mgr. 36. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 136. og 137. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Það er því lagt fram í þriðja sinn og er efnislega óbreytt. Með frumvarpinu er lagt til að lífeyrissjóðir fái heimild til að eiga og reka íbúðarhúsnæði. Með rekstri er m.a. átt við útleigu húsnæðisins. Í lögunum nú er blátt bann lagt við því að lífeyrissjóður fjárfesti í fasteignum nema það sé nauðsynlegt vegna starfsemi sjóðsins en frumvarpið leggur til undanþágu frá því þegar um íbúðarhúsnæði er að ræða. Þá er lagt til að lífeyrissjóðirnir geti stofnað félag um rekstur húsnæðisins eða gert samning við einkaaðila um hann. Með þessu er lífeyrissjóðum m.a. gert kleift að gera samning við leigumiðlanir um útleigu íbúða eða stofna leigumiðlun og/eða -félag. Um slíka starfsemi gilda þá lög þar um.

Fordæmi eru fyrir heimild af þessu tagi í öðrum löndum, m.a. á Norðurlöndum og í Þýskalandi. Aukið hlutfall fasteigna í félagslegri eigu er til þess fallið að stuðla að stöðugleika á fasteignamarkaði. Þar með er dregið úr þeim neikvæðum áhrifum sem verðsveiflur á fasteignamarkaði hafa á efnahagslífið.

Heimild til handa lífeyrissjóðunum að fjárfesta í íbúðarhúsnæði getur verið einn þáttur í því að koma hreyfingu á fasteignamarkaðinn ásamt því sem heimildin gæti orðið grundvöllur fyrir því að á Íslandi skapist traustur og góður leigumarkaður eins og má víða sjá í nágrannalöndum okkar. Þá verður ekki séð að íbúðarhúsnæði til handa fólkinu í landinu sé síðri fjárfesting en erlend hlutabréf sem sjóðirnir hafa lögfesta heimild til að fjárfesta í. Fjárfesting í fasteignum er kannski ekki til þess fallin að skila skammtímahagnaði en er góð langtímafjárfesting og ætti því að samrýmast vel fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna.

20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Bjarni Benediktsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ólöf Nordal, Birgir Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Einar K. Guðfinnsson, Kristján Þór Júlíusson, Ásbjörn Óttarsson, Jón Gunnarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Árni Johnsen.

1. gr.

Við 1. mgr. 123. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama á við um mál þar sem deilt er um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við verðlag eða við gengi erlendra gjaldmiðla og um skilmála slíkra skuldbindinga, svo sem um vexti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi falla úr gildi 1. janúar 2012.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 138. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreitt og er það því endurflutt.

Með frumvarpinu er lagt til að við 1. mgr. 123. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, bætist nýr málsliður sem mælir fyrir um það að dómsmál þar sem deilt er um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við verðlag eða við gengi gjaldmiðla og um skilmála slíkra skuldbindinga, svo sem um vexti, skuli sæta flýtimeðferð samkvæmt ákvæðum XIX. kafla laganna, en sá kafli fjallar um flýtimeðferð einkamála fyrir dómstólum.

Núgildandi ákvæði 123. gr. laga um meðferð einkamála mælir fyrir um að hyggist aðili höfða mál vegna ákvörðunar eða athafnar stjórnvalds eða verkfalls, verkbanns eða annarra aðgerða sem tengjast vinnudeilu og það færi ella eftir almennum reglum laganna geti aðili málsins óskað eftir því að málið sæti flýtimeðferð ef brýn þörf er á skjótri úrlausn, enda hafi dómsniðurstaðan almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmuni hans.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands, í málum Óskars Sindra Atlasonar gegn SP-Fjármögnun hf. og Sigurðar Pálmasonar gegn Lýsingu hf., þar sem gengistrygging lána var annars vegar dæmd ólögmæt og hins vegar þar sem rétturinn ákvarðaði vaxtaútreikning við endurreikning þeirra hefur risið upp ágreiningur um fordæmisgildi dómanna og áhrif þeirra á ýmis álitamál tengd niðurstöðum Hæstaréttar. Nægir þar að nefna ágreining um hvort dómarnir hafi þýðingu varðandi gengistryggð húsnæðislán, gengistryggð lán til fyrirtækja og fleiri álitamál. Þá hefur efnahags- og viðskiptaráðherra boðað aðgerðir ríkisstjórnarinnar og lagt fram frumvarp sem ætlað er að bregðast við niðurstöðum Hæstaréttar. Að mati fræðimanna á sviði lögfræði er ekki ólíklegt að samþykkt þess frumvarps kunni að leiða til réttarágreinings fyrir dómstólum.

Eins og áður segir er viðbúið að látið verði reyna á þau álitaefni sem hér hafa verið nefnd og eftir atvikum önnur álitamál sem tengjast gengis- eða verðtryggingu lána fyrir dómstólum. Niðurstaða slíkra dómsmála munu augljóslega hafa almenna þýðingu og varða stórfellda hagsmuni fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fjármálastofnanir.

Mikilvægt er að álitaefni sem risið hafa í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslandsumgengistryggð lán hljóti skjóta úrlausn í dómskerfinu, leiði sá ágreiningur sem uppi er til þess að látið verði á hann reyna fyrir dómstólum.

Til þess að tryggja hraða málsmeðferð þeirra álitamála sem hér hafa verið nefnd og varða með einum eða öðrum hætti réttaráhrif dóma Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggðra lán og álitaefni þeim tengd er lagt til í frumvarpi þessu að slík mál sem dómstólar fá til meðferðar fái skilyrðislausa flýtimeðferð innan dómskerfisins samkvæmt lögum um meðferð einkamála.

Gera má ráð fyrir að sá ágreiningur sem upp kann að koma og tengist gengis- eða verðtryggingu lána og skilmálum slíkra skuldbindinga verði til lykta leiddur fyrir 1. janúar 2012. Er því lagt til að sú sértæka málsmeðferðarregla sem lagt er til með frumvarpinu að verði lögfest falli úr gildi eigi síðar en hinn 1. janúar 2012.

21. Fyrirspurn [21. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um skuldastöðu sjávarútvegsins og meðferð sjávarútvegsfyrirtækja hjá lánastofnunum.

Frá Ólínu Þorvarðardóttur.

1. Hver er skuldastaða íslenskra útgerðarfyrirtækja hjá bönkunum annars vegar og Byggðastofnun hins vegar?
2. Hve mikið hefur verið afskrifað af skuldum útgerðarinnar hjá bönkunum og hjá Byggðastofnun?
3. Eru til verklagsreglur í bönkunum og í Byggðastofnun um afskriftir á skuldum sjávarútvegsfyrirtækja og hverjar eru þær?
4. Hafa lán sjávarútvegsfyrirtækja verið fryst eftir bankahrunið hjá bönkunum og Byggðastofnun? Hvaða upphæðir er um að ræða og til hve langs tíma?
5. Sér ráðherra ástæðu til þess að fram fari opinber rannsókn á viðskiptaaðferðum og skuldafyrirgreiðslu sjávarútvegsfyrirtækja hjá íslenskum lánastofnunum?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í þriðja sinn er þess nú freistað að kalla eftir upplýsingum hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum um viðskiptahætti og skuldameðferð íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja hjá lánastofnunum.

Umbeðnar upplýsingar varða umtalsverðar hagstærðir sem skipta máli í íslensku efnahagslífi og hljóta því að teljast opinberar í skilningi upplýsingalaga. Upplýsingagjöf bankanna um starfsemi þeirra er „mikilvægur þáttur í heilbrigðu fjármálakerfi“ eins og fjármálaráðuneytið hefur áður bent á og eigendastefna ríkisins gerir ráð fyrir.

Nýlegar fregnir af milljarðaafskriftum til einstakra sjávarútvegsfyrirtækja á sama tíma og íslenskur almenningur berst í bökkum með skuldir sínar gefa ástæðu til þess að kalla nú eftir fyrrgreindum upplýsingum og fá þær fram í dagsljós opinberrar umræðu, m.a. svo að stjórnvöld geti metið möguleika bankakerfisins til almennra afskrifta.

22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um rannsókn á Íbúðalánasjóði.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Guðlaugi Þór Þórðarsyni,
Jónínu Rós Guðmundsdóttur, Pétri H. Blöndal, Skúla Helgasyni,
Þór Saari og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Alþingi ályktar að á vegum þess fari fram sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi Íbúðalánasjóðs frá aðdraganda breytinganna á fjármögnun og lánareglum Íbúðalánasjóðs sem hrint var í framkvæmd á árinu 2004. Í kjölfar þess fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi Íbúðalánasjóðs.

Greinargerð.

Í ljósi þeirrar ályktunar rannsóknarnefndar Alþingis um að breytingar á fjármögnun og lánareglum Íbúðalánasjóðs hafi stuðlað að verulegu ójafnvægi í hagkerfinu og falið í sér ein af stærri hagstjórnarmistökum í aðdraganda að falli bankanna er lagt til að fram fari sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi sjóðsins. Rannsaka þarf ákvörðun og framkvæmd breyttrar fjármögnunar þegar íbúðabréf leystu húsbréf af hólmi og áhrif rýmri útlánareglna. Rannsaka þarf fjármögnun Íbúðalánasjóðs á útlánum viðskiptabanka og sparisjóða og áhættustýringu sjóðsins.

Mikilvægt er að Alþingi fái skýra mynd af starfsemi Íbúðalánasjóðs því að fyrir liggur að ríkissjóður mun þurfa að leggja sjóðnum til umtalsvert fé vegna útlánatapa. Þá skiptir sköpum að til framtíðar verði ekki litið fram hjá hagrænum áhrifum húsnæðislánamarkaðarins.

23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 2009“ í ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum, sbr. 1. gr. laga nr. 61/2009, kemur: 31. desember 2010.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 74/2009 var gerð breyting á ákvæði til bráðabirgða VII í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Breytingin fólst í því að bætt var við ákvæðið heimild fyrir slitastjórn fjármálafyrirtækis, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að greiða skuldir vegna launa, þ.m.t. laun í uppsagnarfresti. Heimildin gilti til 31. desember 2009 en tilefni hennar var að slitastjórn SPRON taldi sig ekki hafa lagaheimild til að greiða skuldir vegna launa.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, sem var kveðinn upp 14. júlí 2010, var Askar Capital hf. tekið til slitameðferðar og var félaginu skipuð slitastjórn. Meðal verka slitastjórnar er að annast meðferð krafna meðan á slitum stendur. Slitastjórn Askar Capital hf. telur fyrrgreint bráðabirgðaákvæði girða fyrir að henni sé heimilt að greiða starfsmönnum laun í uppsagnarfresti enda heimildin fallin úr gildi, sbr. framangreint.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gildistími í síðari málslið ákvæðis til bráðabirgða VII í lögum um fjármálafyrirtæki verði framlengdur til 31. desember 2010. Sá tímafrestur á að duga slitastjórn Askar Capital hf. þar sem kröfulýsingarfresti lýkur í október sama ár og boðað hefur verið til hluthafafundar 14. desember nk. Það er skilyrði samkvæmt ákvæðinu að víst sé að nægilegt fé sé til að greiða að fullu eða í jöfnu hlutfalli kröfur sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð.

Frumvarpið varðar aðeins fjármálafyrirtæki. Hugmyndir hafa komið fram um hvort ekki væri eðlilegt að heimild í þessa veru gilti almennt um fyrirtæki sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta, þ.e. að skiptastjóri geti greitt skuldir vegna launa að því skilyrði uppfylltu að nægt fé sé til að greiða að fullu eða í jöfnu hlutfalli kröfur sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð. Viðskiptanefnd hvetur allsherjarnefnd til að skoða hið fyrsta hvort rétt væri að gera slíka breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

24. Frumvarp til laga [24. mál]

um breytingu á lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, með síðari breytingum.

Flm.: Mörður Árnason, Valgerður Bjarnadóttir.

1. gr.

2.–4. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hætt sé sérstökum álagsgreiðslum til formanna þingnefnda og þingflokka. Störf alþingismanna yrðu þannig lögð að jöfnu hvað þingfararkaup varðar, hvar og hvernig sem þau eru unnin, í samræmi við meginreglur lýðræðisskipunar.

Rök að baki þessum greiðslum hafa verið nefnd þau að um sé að ræða þóknun fyrir þingstörf sem sérstakar skyldur fylgi. Formennska í þingnefnd og þingflokki er vissulega ábyrgðarmikið starf og annasamt en ekki verður annað séð en að jafnframt skyldum og ábyrgð felist einnig í slíku starfi einmitt þau áhrif og völd sem flestir alþingismenn sækjast eftir fyrir hönd kjósenda sinna og málstaðar. Að minnsta kosti er ekki líklegt að ásókn minnki í þessi störf þótt álagsgreiðslurnar yrðu afnumdar.

Heildarkostnaður við þessar álagsgreiðslur til um það bil sextán þingmanna nemur í kringum 15 millj. kr. á ári, og munar um minna fyrir ríkissjóð í harðindum sem nú ganga yfir.

Þess skal getið að frumvarpið sem varð að lögunum nr. 88/1995 var lagt fram á alþingi 15. júní og afgreitt samdægurs eftir þrjár umræður frá kl. 17.22 til kl. 20.38. Ákvæðin um álagsgreiðslur til formannanna komu inn í 3. gr. samkvæmt breytingartillögu meiri hluta

efnahags- og viðskiptanefndar, en enginn rökstuðningur fylgdi tillögunni, hvorki í nefndarálitinu né framsöguræðu nefndarformannsins, Vilhjálms Egilssonar, og ekki heldur í ræðum annarra þingmanna.

25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Magnús Orri Schram, Margrét Tryggvadóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Siv Friðleifsdóttir, Lilja Mósesdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Björn Valur Gíslason, Álfheiður Ingadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn ráðgjafarstofu fyrirtækja. Markmið ráðgjafarstofunnar verði að aðstoða fyrirtæki sem eiga í greiðsluörðugleikum við endurskipulagningu rekstrar eða við að hætta rekstri.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur þrívegis verið lögð fram á Alþingi, á 136. löggjafarþingi (459. mál), 137. löggjafarþingi (116. mál) og 138. löggjafarþingi (73. mál). Á 137. þingi var tillagan tekin til umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd en varð ekki útrædd. Nefndinni bárust tólf umsagnir um málið sem voru flestar mjög jákvæðar og studdu langflestir umsagnaraðilar að tillagan næði fram að ganga. Nánar verður vikið að afstöðu þeirra síðar í greinargerð þessari.

Óveður ríkir nú í íslensku og alþjóðlegu efnahagsumhverfi. Gjaldþrot Glitnis, Landsbankans og Kaupþings hafa orsakað geysilega erfiðleika hjá íslenska ríkinu og í atvinnulífinu. Ljóst má vera að fjölmörg fyrirtæki eiga í miklum greiðsluerfiðleikum og eiga á hættu að verða gjaldþrota eða hætta rekstri á næstu missirum. Árið 2008 urðu 748 fyrirtæki gjaldþrota og árið 2009 urðu 910 fyrirtæki gjaldþrota. Til samanburðar urðu 528 fyrirtæki gjaldþrota árið 2005 og 601 fyrirtæki árið 2004. Í ár hefur 621 fyrirtæki orðið gjaldþrota frá janúar til ágúst og fjöldi fyrirtækja hefur komist í greiðsluþrot þótt ekki hafi verið farið fram á gjaldþrot.

Enginn formlegur stuðningur hefur verið við fyrirtæki til að aðstoða þau í samskiptum við lánardrottna og vandinn er mikill. Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að setja upp stuðningskerfi sem allra fyrst fyrir fyrirtæki í greiðsluerfiðleikum ef atvinnulífið á að eiga sér viðreisnar von.

Ráðgjafarstofa fyrir fyrirtæki í greiðsluörðugleikum mundi gegna svipuðu hlutverki og ráðgjafarstofa fyrir heimili og/eða umboðsmaður skuldara. Hún mundi aðstoða eigendur og stjórnendur fyrirtækja við að yfirfara reksturinn, semja við lánardrottna og ráðleggja um hvort halda ætti rekstri áfram eður ei. Hugmyndin er ekki ný af nálinni, og á við hvort sem stormar geisa í efnahagslífinu eða þegar vel gengur. Evrópusambandið setti fram þess háttar hugmyndir í verkefninu *Restructuring, Bankruptcy and a Fresh Start* árið 2002. Ef samfélög telja það þess virði að einstaklingar hefji rekstur fyrirtækja, þá þarf að vera til stuðningskerfi til að takast á við rekstrarörðugleika og gjaldþrot fyrirtækja. Dæmi um stuðning landa við fyrirtæki í rekstrarörðugleikum er *Schuldenhelpline,* sem er hjálparsími og vefsíða fyrir einstaklinga og lítil fyrirtæki í Þýskalandi, *Entreprise Prévention* í Frakklandi og *Startvækst*

vefsíðan í Danmörku. Þannig er mest áhersla lögð á að aðstoða einstaklinga (einyrkja) og lítil fyrirtæki, þar sem meiri líkur eru á að stærri fyrirtæki geti nálgast nauðsynlega aðstoð og þekkingu til að vinna sig út úr rekstrarörðugleikum eða hætta rekstri.

Mikilvægt er að ráðgjafarstofa starfi náið með öðru stuðningskerfi við atvinnulífið og með dómskerfinu. Tilvalið væri að ráðgjafarstofan starfaði með Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem þegar styður markvisst við frumkvöðla, lítil og meðalstór fyrirtæki. Stofan mundi leiða samvinnu endurskoðenda, fjármálastofnana, lögfræðinga, skiptastjóra, dómstóla, Ábyrgðasjóðs launa og ríkisskattstjóra til að hjálpa rekstraraðilum að komast út úr erfiðleikunum eða taka ákvörðun um rekstrarstöðvun. Stjórnendum yrði kennt hver viðvörunarmerkin væru, utanaðkomandi ráðgjöf gæti komið að eins fljótt og hægt er, og skýrar upplýsingar yrðu aðgengilegar um leiðir út úr erfiðleikum, svo sem um endurskipulagningu rekstrar, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti. Nauðsynlegt er að bjóða upp á þjónustuna bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, og mundi stuðningsnet Nýsköpunarmiðstöðvar um land allt henta vel.

Í umsögn Byggðastofnunar segir: „Byggðastofnun telur að ráðgjöf af því tagi sem stofunni [ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum] er ætlað að veita sé nauðsynleg við núverandi aðstæður. Byggðastofnun hefur mikla reynslu af stuðningi við atvinnufyrirtæki og hjá stofnuninni er sérstakt fyrirtækjasvið, þar sem mikil reynsla er við fjárhagslega endurskipulagningu hjá fyrirtækjum í rekstrarvanda. Stofnunin vill einnig benda á að um allt land eru starfandi atvinnuþróunarfélög, sem einnig hafa mikla reynslu á þessu sviði.“

Einkar athyglisverð var einnig ábending ríkisskattstjóra: „Ríkisskattstjóri bendir á að ef vel tekst til eru vissar líkur á því að minna yrði um að skattgreiðslur fyrirtækja töpuðust vegna þrotameðferðar. Þannig gæti meðferð af því tagi sem flutningsmenn þingsályktunarinnar leggja til, dregið úr ýmissi óreglu sem einkenna fyrirtæki sem komin eru í greiðsluerfiðleika.“

Fáir hafa meiri innsýn inn í fjárhagsstöðu fyrirtækja en Creditinfo. Í umsögn þess um tillöguna lýsir fyrirtækið yfir stuðningi sínum við hana og telur fulla þörf á að koma henni til framkvæmda. Þar segir m.a.: „Mikilvægt er að koma fyrirtækjum, sem líkleg eru til að lenda í greiðsluþroti, fljótt til hjálpar. Vandi slíkra fyrirtækja getur vaxið hratt á tiltölulega skömmum tíma og rekstri sem hefði mátt bjarga verður ekki bjargað ef of seint er gripið í taumana.“ Þá er áréttað mikilvægi þess að fyrirtæki séu upplýst um hvenær þau geti leitað til ráðgjafarstofunnar og hvaða hjálp þau geti fengið þar, en Creditinfo býðst til að veita aðstoð sína til að auðvelda slíkt, án sérstaks endurgjalds. Creditinfo fjallar jafnframt um mikilvægi þess að hafa gagnsæi í samskiptum kröfuhafa og skuldara og hugsanlegt hlutverk ráðgjafarstofu sem milliliðar í því samhengi, til þess að allt sé uppi á borðum og kröfuhafar þurfi ekki að óttast undanskot eigna umbjóðenda ráðgjafarstofu eða að kröfuhöfum verði mismunað með einhverjum hætti.

Þá kom ábending frá Creditinfo um rýmkun á heimildum varðandi afskriftir krafna, m.a. vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna sölu á vöru/þjónustu. Skattyfirvöld hafa gert kröfu um árangurslaust fjárnám eða gjaldþrot áður en afskrift kröfu er heimiluð, en Creditinfo leggur til að slíkt verði heimilað á grundvelli yfirlýsingar ráðgjafarstofunnar, svo framarlega sem virðisaukaskattur sé greiddur af kröfunni ef hún fæst greidd síðar.

Samfélagslegar afleiðingar af gjaldþroti fyrirtækja eru margvíslegar. Eigendur geta misst allt sitt, starfsmenn missa atvinnuna og lánardrottnar tapa fjármunum. Álag á starfsmenn og eigendur getur verið geysilega mikið og jafnvel leitt til varanlegs heilsuskaða. Því skiptir miklu að ríkið grípi strax til aðgerða til að lágmarka skaðann bæði fyrir einstaklinga og sam-

félagið, enda ætti stuðningskerfi fyrirtækja í greiðsluörðugleikum að vera jafnmikilvægur þáttur í að viðhalda stöðugu atvinnulífi og sá stuðningur sem veittur er fyrirtækjum í upphafi rekstrar. Í þeim tilgangi er þessi tillaga nú flutt í fjórða skipti.

26. Fyrirspurn [26. mál]

til forsætisráðherra um efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvernig var staðið að samþykkt íslenskra stjórnvalda á þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins?
2. Var málið borið upp og rætt í ríkisstjórn og standa allir ráðherrar að samþykktinni?
3. Var málið borið upp og rætt í þingflokkum stjórnarflokkanna og var gengið úr skugga um að áætlunin nyti stuðnings þingflokka stjórnarflokkanna og þar með meiri hluta Alþingis?

27. Fyrirspurn [27. mál]

til iðnaðarráðherra um húshitunarkostnað.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hefur verið árlegur og endanlegur húshitunarkostnaður heimila á einstökum orkuveitusvæðum frá árinu 2000 á núgildandi verðlagi?
2. Hver er framangreindur kostnaður núna eftir verðlagsbreytingar sem urðu 1. október sl.?

Svar óskast sundurliðað þannig að kostnaðurinn sé reiknaður út fyrir: a. íbúð í fjölbýli100 fm, b. raðhús 140 fm, c. einbýlishús 180 fm, d. einbýlishús 250 fm.

Skriflegt svar óskast.

28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um millilandaflug um Ísafjarðarflugvöll.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Ásbjörn Óttarsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Guðmundur Steingrímsson, Ásmundur Einar Daðason.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að tryggja að á Ísafjarðarflugvelli sé nægjanlegur búnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þaðan millilandaflugi með flugvélum sem núna hafa heimild til þess að fljúga um völlinn.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 138. löggjafarþingi en fékkst ekki rædd og er því flutt að nýju.

Ísafjarðarflugvöllur gegnir ómetanlegu hlutverki og er ein helsta samgönguæð Vestfirðinga. Unnið hefur verið að margvíslegum endurbótum á flugvellinum og hafa þær verið til mikilla bóta fyrir flugsamgöngur til Vestfjarða. Það heftir hins vegar vaxtarmöguleika vallarins að ekki er almenn heimild til þess að stunda um hann millilandaflug. Slík starfsemi var þó stunduð á árum áður og skipti miklu máli. Landfræðilegar aðstæður til almenns millilandaflugs eru að sönnu erfiðar. Á hinn bóginn er völlurinn einn hinn fjölfarnasti í almennu innanlandsflugi og með undanþágum er stundað þaðan takmarkað millilandaflug. Þann þátt starfseminnar þarf að efla með sérstakri áherslu á þá möguleika sem eru til aukins samstarfs Vestfjarða og Grænlands.

Um árabil voru allmiklar flugsamgöngur á milli Ísafjarðar og Grænlands. Þessi starfsemi skapaði umsvif og tekjur og opnaði nýja möguleika til samskipta á milli Vestfjarða og Grænlands. Slík samskipti eru mikilvæg enda er landfræðilega stutt þarna á milli. Mikill áhugi hefur verið á slíku samstarfi.

Í skýrslunni *Vaxtarsamningur Vestfjarða*, sem unnin var af verkefnisstjórn um byggðaáætlun Vestfjarða og iðnaðarráðuneytið gaf út árið 2005, var m.a. vikið að þessu. Þar segir: „Flugfélag Íslands hefur um árabil notað Ísafjörð sem höfn í tengslum við flutninga á fólki og vörum til austurstrandar Grænlands, en þangað er innan við einnar klukkustundar flug. Þessu svæði mætti þjóna mun meira frá Ísafirði en gert er og jafnvel bjóða ferðafólki á Vestfjörðum í stuttar útsýnisferðir til Grænlands.“

Þess má og geta að vegalengdin milli Vestfjarða og Grænlands er 275 km þar sem styst er. Landfræðilegar aðstæður eru því til frekara samstarfs.

Möguleikar á samstarfi Grænlands og Vestfjarða.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi utanríkisráðherra, tók málið upp í heimsókn til Grænlands dagana 20.–21. júní árið 2008, þar sem Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, var með í för. Í greinargerð sem hann skrifaði að heimsókninni lokinni var m.a. vakin athygli á ýmsum möguleikum á frekari samstarfi Vestfjarða og Grænlands. Eftirfarandi er meðal þess sem nefnt er í greinargerð bæjarstjóra:

- Nálægðin við Austur-Grænland.
- Núverandi tengsl við Grænland í gegnum vinabæjarsamskipti við Nanortalik.
- Twin Otter skíðavélarnar sem fljúga frá Ísafirði og veita mikilvæga þjónustu.
- Möguleiki á samstarfi í ferðaþjónustu með frekara flugi og siglingum, nefndi bæjarstjóri sérstaklega stærstu skútu á Íslandi, Aurora.
- Hafnir Ísafjarðarbæjar sem þjónustuhafnir fyrir Austur-Grænland vegna fiskilandana, ferðaþjónustu, námavinnslu og olíuvinnslu.
- Siglingar með vistir til byggða við Austur-Grænland ef áhugi væri fyrir því.
- Þjónusta sjúkrahúss.
- Menntaskóli.
- Flest almenn þjónusta fyrir fólk og fyrirtæki.
- Formlegur vilji bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar til að gerast þjónustuhöfn og þjónustumiðstöð fyrir A-Grænland.

Í greinargerðinni segir enn fremur:

„Öryggis- og umhverfismál koma þar einnig til skoðunar ekki hvað síst vegna aukinna

siglinga, oft á tíðum vanbúinna stórra skemmtiferðaskipa. Þessu gæti fylgt staðsetning þyrlu og varðskips/herpskipa á Ísafirði. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur hreyft við því máli við yfirmann herstjórnarinnar á Grænlandi með sérstakri áherslu á Ísafjarðarbæ eftir fund dómsmálaráðherra með fulltrúum Ísafjarðarbæjar í vetur.

Með tilboði Háskólaseturs Vestfjarða um að greiða námskostnað Grænlendings við Haf- og strandsvæðistjórnunarnám Háskólasetursins (Coastal and Marine Management) eru bundnar vonir við að tengsl Ísafjarðarbæjar/Vestfjarða við Grænland aukist og þar með möguleikar á samstarfi. Íslensk fyrirtæki, s.s. verktakar og verkfræðifyrirtæki á okkar svæði og reyndar víða ættu jafnframt að eiga möguleika á verkefnum sem tengjast uppbyggingu og framkvæmdum sem fyrirsjáanlega verða á Grænlandi á næstu árum. Það hafa jafnvel heyrst raddir um að Grænlendingar hefðu möguleika á raforkukaupum frá Íslandi.“

Forsendan er að hægt sé að stunda millilandaflug frá Ísafirði.

Forsenda alls þessa er m.a. að hægt sé að stunda bærilegar flugsamgöngur á milli landanna. Núna eru margs konar vankantar á slíku flugi. Ekki er almenn heimild til millilandaflugs frá Ísafjarðarflugvelli. Hins vegar er möguleiki fyrir flugrekendur að fá undanþágur, sé eftir því leitað. Slíkt er þó tafsamt og getur reynst þvælið þegar það hentar flugrekanda að nýta Ísafjarðarflugvöll sem lendingarstað vegna flugs á milli landa. Dæmi er um flugvél sem millilenti á leið til Grænlands en þurfti að bíða á Ísafirði í að minnsta kosti sólarhring á meðan farið var í gegnum undanþágubeiðni um heimild til þess að nota völlinn til millilandaflugs. Fyrirtæki á borð við Flugfélag Íslands, sem hefur notað Ísafjarðarflugvöll til flugs til Grænlands, hafa fengið slík leyfi til lengri tíma í senn. Þau úrræði eru ekki til staðar fyrir þá aðila sem vilja nota völlinn í einstök skipti.

Ísafjarðarflugvöllur er gríðarlega þýðingarmikill þáttur í samgöngukerfi Vestfjarða. Um flugvöllinn fóru á árinu 2008 tæplega 52 þúsund manns og var það um það bil 15% fjölgun frá árinu 2006. Verulegar fjárfestingar hafa verið gerðar á flugvellinum, jafnt til að auka öryggi og að bæta aðstöðu farþega. Sú aðstaða mundi að sjálfsögðu nýtast fyrir alþjóðaflug, þótt ljóst sé að ráðast þarf í kostnað til þess að bæta stöðu flugvallarins svo mæta megi kröfum sem það útheimtir.

Grænlandssetur í Bolungarvík.

20. mars sl. var ákveðið að stofna sérstakt Grænlandssetur í Bolungarvík. Markmiðið með stofnun þess er að efla samskipti við Grænland, næsta nágranna í vestri. Formaður félagsins er Jónas Guðmundsson sýslumaður. Á stofnfundinum var m.a. vakin athygli á mögulegri aðkomu Vestnorræna ráðsins að því styrkja þessi tengsl, m.a. á grundvelli hins nýja Grænlandsseturs.

Hinn 17. mars árið 2007 var að frumkvæði Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur samþykkt á Alþingi þingsályktun sem undirstrikar áhuga á að sinna betur þessum samskiptum við Grænland. Þingsályktunin er svohljóðandi: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á möguleikum þess að efla norðanverða Vestfirði sem miðstöð þjónustu við vaxandi fiskveiðar við Austur-Grænland og skoða sérstaklega þann kost að þjónustumiðstöð og umskipunarhöfn fyrir siglingar í Norðurhöfum verði á Vestfjörðum. Haft verði náið samráð við heimamenn við gerð úttektarinnar.“

Þá hefur Úlfar Ágústsson á Ísafirði verið ötull í því að vekja athygli á þeim möguleikum sem eru á frekara samstarfi Íslands og Grænlands þar sem samgöngur við norðanverða Vestfirði gætu verið lykillinn.

Helstu atriði.

Landfræðilegar aðstæður setja millilandaflugi um Ísafjarðarflugvöll skorður. En í ljósi þess að um völlinn fara meira en 50 þúsund farþegar árlega í innanlandsflugi og heimild er til takmarkaðs millilandaflugs er eðlilegt að unnið verði að því að opna fyrir frekara millilandaflug svo sem landfræðilegar aðstæður leyfa. Slíkt gæti eflt íslenska ferðaþjónustu, styrkt einkanlega samstarf Íslands og Grænlands á ýmsan hátt, rennt fleiri stoðum undir vaxandi ferðaþjónustu á Vestfjörðum og nýtt þá fjárfestingu sem þegar hefur verið gerð í innviðum á margvíslegum sviðum ennþá betur.

29. Fyrirspurn [29. mál]

til forseta Alþingis um atvikin í Alþingishúsinu 8. desember 2008.

Frá Merði Árnasyni.

1. Með hvaða hætti ræðir skrifstofustjóri Alþingis um 100. gr. hegningarlaga í beiðni sem hann sendi lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins 19. desember 2008 vegna atvika í Alþingishúsinu 8. þess mánaðar?
2. Telur forseti að þessi grein hegningarlaga, um mann „sem ræðst á Alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin,“ eigi við um atvikin sem til báru 8. desember 2008?

Skriflegt svar óskast.

30. Fyrirspurn [30. mál]

til fjármálaráðherra um skattrannsóknir og skatteftirlit.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hver var heildarhækkun á opinberum gjöldum árlega á tímabilinu 2000–2009 í kjölfar skattrannsókna og skatteftirlits, sundurliðað eftir lögaðilum, einstaklingum og tegundum skattsvika? Hve hátt hlutfall er það af skatttekjum og áætluðum skattsvikum og hver er hlutur stórfyrirtækjaeftirlits ríkisskattstjóra?
2. Hver var árlegur fjöldi mála hjá skattyfirvöldum á tímabilinu 2000–2009, sundurliðað eftir uppruna, afgreiðslu og embættum (a. skattrannsóknarstjóra ríkisins, b. ríkisskattstjóra, skattstjórum og stórfyrirtækjaeftirliti, c. yfirskattanefnd)?
3. Hversu mörgum málum frá umræddu tímabili er ólokið hjá skattrannsóknarstjóra og um hvaða fjárhæðir er þar að ræða?
4. Hvað störfuðu margir (stöðugildi) við skatteftirlit og skattrannsóknir árlega 2000–2009?
5. Að hverju hafa skatteftirlit og skattrannsóknir helst beinst á árunum 2000–2009, þ.e. í hve miklum mæli:

a. að fjármálafyrirtækjum og fjármálastofnunum (bönkum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum, lífeyrissjóðum o.s.frv.),
b. að svonefndum skattaparadísum,
c. að skilum á fjármagnstekjuskatti,
d. að ólöglegum frádráttarliðum,
e. að skatti af hlutabréfakaupum stjórnenda og starfsmanna (þ.e. með svokölluðum kúlulánum),
f. að hlunnindum og eigin neyslu forsvarsmanna sem færð er á rekstur fyrirtækisins?

6. Hvað hafa verið kveðnir upp margir dómar í skattsvikamálum á tímabilinu 2000–2009? Hversu mörgum málum lauk með sektarúrskurði hjá yfirskattanefnd og hversu mörgum með sektarmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra (frá 2006)? Óskað er sundurgreiningar eftir tegundum skattsvika.
7. Hvað hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins rannsakað mörg mál þar sem um hefur verið að ræða vanskil á fjármagnstekjuskatti á umræddu tímabili? Hve háar fjárhæðir voru í vanskilum í þeim tilvikum og hve mikið hefur innheimst?
8. Hver er ábyrgð löggiltra endurskoðenda vegna rangra skila og rangra upplýsinga, af ásetningi eða af gáleysi? Eru dæmi um að löggiltir endurskoðendur hafi á umræddu tímabili sætt refsingu vegna brota á skattalögum?

Skriflegt svar óskast.

31. Fyrirspurn [31. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um hlutdeild Íslendinga í erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað eiga íslenskir einstaklingar og lögaðilar mikið í erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum? Hver eru fyrirtækin, hvar starfa þau, hver er hlutur Íslendinga í þeim, hvenær eignaðist íslenski aðilinn fyrst hlut í fyrirtækinu og hvers virði er heildarhlutur Íslendinga í fyrirtækjunum talinn?
2. Hver eru tuttugu umsvifamestu fyrirtækin að fjórðungi eða meira í eigu Íslendinga (velta) og hverjir eru tuttugu helstu eigendur erlendra sjávarútvegsfyrirtækja hérlendis (miðað við veltu fyrirtækis og hlut)?

Skriflegt svar óskast.

32. Fyrirspurn [32. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um kynningarstarf vegna hvalveiða.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvernig hefur verið háttað kynningu á málstað og sjónarmiðum stjórnvalda í hvalveiðimálum á árunum 1999–2009, sbr. þingsályktun á 123. löggjafarþingi (92. mál), hverjir hafa markhóparnir verið og hverjir hafa skipulagt kynningarstarfið og annast það?
2. Hversu miklir fjármunir hafa runnið til slíkrar kynningar af fjárlögum hvers árs á þessu tímabili, af ráðstöfunarfé ráðherra og úr einstökum sjóðum sem ráðherra ber ábyrgð á, og hvernig hefur þeim verið varið, flokkað eftir árum, svo sem til ráðgjafar- og almannatengslafyrirtækja heima og erlendis, samtaka sem berjast fyrir hvalveiðum, í auglýsingar (hvar?), til annars kynningarefnis (hvers?), ferða á ráðstefnur (hverjar?), annars ferðakostnaðar (hvers?) o.s.frv., bæði af fjárlagalið 05-190-1.33 og öðrum liðum ráðuneytisins?

Skriflegt svar óskast.

33. Fyrirspurn [33. mál]

til iðnaðarráðherra um lánveitingar Byggðastofnunar.

Frá Merði Árnasyni.

1. Fá fyrirtæki lán hjá Byggðastofnun án þess að veð sé lagt til tryggingar? Hve mörg slík lán hafa verið veitt á árunum 2006–2009 og til hverra? Hver er heildarupphæð slíkra lána og hversu mörg þeirra eru í vanskilum?
2. Skiptir Byggðastofnun við fyrirtæki sem eingöngu eru stofnuð til að fá veðlaus lán hjá stofnuninni, þ.e. svokölluð skúffufyrirtæki? Hver dæmi eru um þetta frá árunum 2006–2009? Upplýsingar óskast um lánsupphæð, nafn fyrirtækis, eiganda þess og aðsetur.

Skriflegt svar óskast.

34. Fyrirspurn [34. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um auglýsingastjóra og dagskrárráð Ríkisútvarpsins.

Frá Merði Árnasyni.

Hvers vegna er auglýsingastjóri Ríkisútvarpsins ohf. í dagskrárráði Ríkisútvarpsins ohf.?

35. Fyrirspurn [35. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um viðbrögð fjölmiðla við athugasemdum rannsóknarnefndar Alþingis.

Frá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur.

Hefur ráðherra upplýsingar um hvort, og þá hvernig, fjölmiðlar hafa brugðist við umfjöllun og athugasemdum rannsóknarnefndar Alþingis um starfsemi fjölmiðla?

36. Fyrirspurn [36. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um samvinnu mennta- og menningarstofnana á Suðurlandi.

Frá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur.

Hafa verið kannaðir möguleikar á aukinni samvinnu, og eftir atvikum sameiningu, mennta- og menningarstofnana á Suðurlandi eftir tilkomu Landeyjahafnar.

37. Fyrirspurn [37. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um aðgengi að bekkjarskólum á framhaldsskólastigi.

Frá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra tryggja jafnt aðgengi allra grunnskólanema sem sækja um skólavist í svonefndum bekkjarskólum á framhaldsskólastigi?

38. Frumvarp til laga [38. mál]

um rannsókn á starfsemi fjármálafyrirtækja á tímabilinu frá október 2008 til ársloka 2009.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Helgi Hjörvar, Gunnar Bragi Sveinsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Vigdís Hauksdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1. gr.

Stofna skal sérstaka nefnd á vegum Alþingis sem rannsaki verklag og ákvarðanatöku íslenskra fjármálafyrirtækja frá gildistöku laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr

ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., og til loka ársins 2009 en þá tók til starfa eftirlitsnefnd samkvæmt lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Nefndin skal kanna starfsvenjur og verklagsreglur eftirlitsskyldra fjármálafyrirtækja og framkvæmd þeirra með tilliti til samkeppnis- og jafnræðissjónarmiða. Einnig skal nefndin kanna hvernig íslensk fjármálafyrirtæki hafa framfylgt tilmælum stjórnvalda frá 2. desember 2008 um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja og áliti Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 um ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum. Nefndin skal, m.a. í þeim tilgangi að eyða tortryggni og grunsemdum um óeðlileg vinnubrögð innan fjármálastofnana, leggja mat á hvort mistök, mismunun eða óeðlilegir starfshættir hafi átt sér stað á þessum tíma.

Nefndin skal í þessu skyni:

a. afla upplýsinga um verklag og ákvarðanir hjá fjármálafyrirtækjum við sölu fyrirtækja, fjárhagslega endurskipulagningu þeirra, afskriftir skulda og almenna fyrirgreiðslu til handa fyrirtækjum og eigendum fyrirtækja sem eru í fjárhagsvandræðum,
b. meta hvort farið hafi verið eftir tilmælum stjórnvalda og samkeppnisyfirvalda og einnig hvort hlutlægni og jafnræði hafi verið höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku,
c. gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur vaknar við rannsókn nefndarinnar um óeðlilega starfshætti, og
d. skila til Alþingis skýrslu með rökstuddum niðurstöðum rannsóknar sinnar. Skal skýrslan innihalda sundurliðaða greiningu á afskriftum skulda og almennri fyrirgreiðslu til handa fyrirtækjum og einstaklingum sem ekki teljast eiga rót sína að rekja til öflunar og rekstrs heimilis.

2. gr.

Skipa skal nefnd þriggja manna til að rannsaka og leggja mat á þau atriði sem tilgreind eru í 1. gr.

Í nefndinni skulu eiga sæti:

a. dómari við Hæstarétt, skipaður af forsætisnefnd Alþingis, og skal dómsmálaráðherra veita honum leyfi frá störfum réttarins meðan nefndin starfar,
b. sérfræðingur í banka- og fjármálarétti eða öðrum tengdum réttarsviðum, skipaður af forsætisnefnd Alþingis,
c. hagfræðingur, viðskiptafræðingur, löggiltur endurskoðandi eða annar háskólamenntaður sérfræðingur, sem hefur víðtæka þekkingu á starfsemi fjármálamarkaða og fjármálafyrirtækja, skipaður af forsætisnefnd Alþingis.

Nefndin skal í störfum sínum vera óháð fyrirmælum frá öðrum, þ.m.t. Alþingi.

3. gr.

Um hæfi nefndarmanna skal fara eftir reglum 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Nefndarmanni ber að víkja sæti ef hann tengist einstaklingi, stofnun eða fyrirtæki sem rannsókn nefndarinnar beinist að.

Þagnarskylda skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sbr. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hvílir á nefndarmönnum um þær upplýsingar sem nefndinni berast og leynt eiga að fara.

Ákvæði 2. mgr. skulu ekki standa því í vegi að rannsóknarnefndin geti birt upplýsingar sem annars væru háðar þagnarskyldu ef nefndin telur slíkar upplýsingar nauðsynlegar til að

rökstyðja niðurstöður sínar. Nefndin skal þó aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að verulegir almannahagsmunir vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.

4. gr.

Sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum og lögaðilum er skylt að verða við kröfum nefndarinnar um að láta í té upplýsingar, gögn og skýringar sem hún fer fram á. Með gögnum er átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga og önnur gögn sem nefndin óskar eftir í þágu rannsóknarinnar. Nefndinni er heimilt að kalla einstaklinga til fundar við sig til að afla munnlegra upplýsinga í þágu rannsóknarinnar og er viðkomandi þá skylt að mæta. Heimilt er að taka það sem fer fram á slíkum fundum upp á hljóð- eða myndband.

Skylt er að verða við kröfum nefndarinnar um að veita upplýsingar þó að þær séu háðar þagnarskyldu, t.d. skv. 58. gr. laga nr. 161/2002, um starfsemi fjármálafyrirtækja.

5. gr.

Nefndinni er heimilt í þágu rannsóknarinnar að beita ákvæði 73. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, til þess að varna því að gögnum sé fargað og skal lögregla framfylgja þeirri ákvörðun.

Nefndin getur við rannsókn máls gert athuganir á starfsstöð opinberrar stofnunar, fyrirtækis, samtaka fyrirtækja eða í öðru húsnæði og lagt hald á gögn ef nefndin telur það nauðsynlegt í þágu rannsóknarinnar. Við framkvæmd aðgerða samkvæmt þessari grein skal fylgja ákvæðum laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, um leit og hald á munum. Nefndinni er heimilt að leita atbeina lögreglu við framkvæmd leitar.

6. gr.

Sérhverjum er skylt að koma fyrir nefndina til skýrslutöku krefjist hún þess. Nefndin skal tilkynna þeim sem hún óskar eftir að komi fyrir nefndina um skýrslutöku með sannanlegum hætti og upplýsa um stað og stund hennar. Taka skal upp það sem fram fer í skýrslutöku á hljóð- eða myndband.

Þeim sem kemur fyrir nefndina á fund skv. 4. gr. eða er kallaður til skýrslutöku skv. 1. mgr. er heimilt að hafa með sér aðstoðarmann á eigin kostnað.

7. gr.

Óheimilt er að rýra réttindi, segja upp samningi, slíta honum eða láta mann gjalda þess á annan hátt ef hann hefur látið nefndinni í té upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina. Séu leiddar líkur að því skal gagnaðili sýna fram á að ákvörðun sé reist á öðrum forsendum en þeim að viðkomandi aðili hafi veitt nefndinni upplýsingar.

8. gr.

Ekki er heimilt að nota upplýsingar sem einstaklingur hefur veitt nefndinni sem sönnunargagn í sakamáli sem höfðað er gegn honum.

9. gr.

Nefndin skal skila niðurstöðum sínum ekki síðar en 1. janúar 2012.

Forseti Alþingis og formenn þingflokka fjalla um skýrslu nefndarinnar og gera tillögu um meðferð Alþingis á niðurstöðum hennar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt helsta verkefni íslenskra stjórnvalda um þessar mundir er að tryggja einstaklingum og fyrirtækjum lausnir á þeim skuldavanda sem við þeim blasir. Nokkur umræða hefur átt sér stað um starfsemi og ákvarðanatöku fjármálafyrirtækja síðan í október 2008 og tortryggni verið mikil í þeirra garð. Markmið frumvarps þessa er að skapa traustan farveg fyrir þá umræðu. Lögð er til stofnun sérstakrar nefndar sem verði sjálfstæð og óháð og skuli fara yfir starfsemi fjármálafyrirtækjanna frá október 2008 til ársloka 2009.

Sú sérstaka staða er nú uppi að fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar eiga í fjárhagslegum erfiðleikum. Af þeim sökum geta fjármálafyrirtæki þurft að taka erfiðar og afdrifaríkar ákvarðanir sem haft geta áhrif á það hvort fyrirtæki halda lífi eða ekki. Frá setningu neyðarlaganna svokölluðu og fram til ársloka 2009 var ekkert eftirlit með því hvernig fjármálafyrirtæki tóku ákvarðanir um afskriftir skulda, fjárhagslega endurskipulagningu og fleira því tengt. Í lok ársins 2009 voru samþykkt lög nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, og fólu þau m.a. í sér að sérstök eftirlitsnefnd yrði stofnuð til þess að hafa eftirlit með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar samkvæmt lögunum. Hlutverk eftirlitsnefndarinnar er að kanna og fylgjast með því hvort eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði framfylgja samræmdum reglum sem Samtök fjármálafyrirtækja hafa sett sér um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og voru staðfestar 2. mars 2010 af Fjármálaeftirlitinu. Eftirlitsnefnd þessi tók til starfa í lok árs 2009 en lögin um hana tóku gildi 31. október 2009. Ljóst er af lögum nr. 107/2009 að eftirlit nefndarinnar nær ekki lengra aftur í tímann en til 31. október 2009. Því má segja að nokkurs konar tómarúm hafi myndast á tímabilinu frá október 2008 til loka október 2009.

Frumvarpið hefur þann tilgang að koma á fót nefnd sem hafi það hlutverk að rannsaka starfsemi fjármálafyrirtækjanna í framangreindu millibilsástandi. Er frumvarpið að nokkru leyti byggt á lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Ýmsar sögusagnir hafa gengið um ósamræmd og ógagnsæ vinnubrögð af hálfu fjármálafyrirtækja og hafa margir leitt að því líkur að slík fyrirtæki hafi mismunað viðskiptavinum sínum, hvorki hugað að samkeppnissjónarmiðum né jafnræðissjónarmiðum. Þessu hafa fjármálafyrirtækin vísað á bug og haldið því fram að allar ákvarðanir hafi verið teknar á grundvelli almenns mats í þeim eina tilgangi að hámarka verðmæti og tryggja hagsmuni bankanna. Flutningsmenn telja mikilvægt að nefndin taki í skýrslu sinni afstöðu til þess á hvaða hátt skuli birta upplýsingar um afskriftir skulda til handa fyrirtækjum og eigendum þeirra. Sérstaklega hugi nefndin að því, með almannahagsmuni að leiðarljósi, að birta í skýrslunni upplýsingar um hvaða aðilar hafi fengið felldar niður skuldir sínar við fjármálafyrirtæki. Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um meðferð mála sem tengjast afskriftum og endurskipulagningu hjá fjármálafyrirtækjum telja flutningsmenn mikilvægt að nefndin verði sett á fót, enda telja þeir það afar mikilvægt og til hagsbóta fyrir alla, almenning og fjármálafyrirtæki, að grunsemdum sé eytt svo að traust skapist á ný um bankastarfsemi í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er hlutverk nýrrar rannsóknarnefndar skilgreint í fjórum liðum og auk þess fjallað um ástæður þess að stofnað er til rannsóknarinnar.

Hlutverk nefndarinnar samkvæmt ákvæðinu er í fyrsta lagi að afla upplýsinga um ákvarðanatöku og verklag fjármálafyrirtækja, t.d. með því að fara yfir fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, sölu þeirra, afskriftir skulda og almenna fyrirgreiðslu í bankakerfinu á tímabilinu frá október 2008 til áramóta 2009.

Í öðru lagi skal nefndin meta hvort fjármálastofnanir hafi farið eftir tilmælum um hlutlægni, jafnræði og samkeppnissjónarmið.

Í þriðja lagi skal nefndin tryggja að ef upp kemst um óeðlilega starfshætti við rannsóknina verði hlutaðeigandi yfirvöldum tilkynnt um slíkt. Hægt er að sjá fyrir sér að nefndin sendi tilteknar upplýsingar um starfsemi fjármálafyrirtækjanna til Fjármálaeftirlitsins sem eftirlitsaðila þeirra.

Í fjórða lagi gerir frumvarpið ráð fyrir því að nefndin safni upplýsingum og setji fram rökstudda niðurstöðu í skýrslu til Alþingis. Þá er sérstaklega tekið fram að gert sé ráð fyrir því að skýrslan innihaldi sundurliðaða greiningu á afskriftum skulda og almennri fyrirgreiðslu til handa fyrirtækjum og einstaklingum. Er ekki gert ráð fyrir því að allar fáanlegar upplýsingar verði birtar heldur aðeins þær sem tengjast lántöku vegna annarra fjárfestinga en til öflunar, reksturs og viðhalds heimilis, svo sem þær sem tengjast atvinnurekstri í víðum skilningi. Við framsetningu slíkra upplýsinga verður að gæta meðalhófs og líta til þeirra meginreglna sem gilda um birtingu persónuupplýsinga. Hjá því verður þó ekki komist að telja að almannahagsmunir af birtingu téðra upplýsinga séu töluverðir enda er rannsóknarnefndinni fengið þetta ákveðna hlutverk með tiltekið markmið í huga sem vart verður náð á annan hátt. Það má ímynda sér að í einhverjum tilvikum teljist fyrirtæki eða einstaklingar hafa verulega hagsmuni af því að upplýsingar séu ekki birtar. Telja verður að í slíkum tilvikum verði nefndin að ganga eins langt og henni er fært við að birta upplýsingarnar, t.d. þannig að persónueinkenni verði afmáð.

Um 2. gr.

Í þessari grein er tiltekið að skipa skuli þriggja manna nefnd til þess að sinna rannsókninni. Í nefndinni skuli sitja hæstaréttardómari, sérfræðingur í banka- og fjármálarétti og hagfræðingur, viðskiptafræðingur, löggiltur endurskoðandi eða annar háskólamenntaður sérfræðingur með sambærilega menntun. Markmið þessarar greinar og skilyrða um hæfni nefndarmanna er að tryggja að rannsóknin fari fram af hæfum og óháðum einstaklingum sem búi yfir þekkingu og reynslu til að fara yfir flókin bankaviðskipti. Gert er ráð fyrir að forsætisnefnd Alþingis hlutist til um skipanir aðila í nefndina. Aðkoma dómsmálaráðherra er nauðsynleg hvað varðar skipun hæstaréttardómara í nefndina enda þarf að veita viðkomandi dómara leyfi frá störfum meðan á rannsókninni stendur. Þá er í greininni tiltekið að nefndin sé sjálfstæð og óháð fyrirmælum frá öðrum, þar á meðal Alþingi.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að um hæfi nefndarmanna fari eftir 3. gr. stjórnsýslulaga. Í téðri grein stjórnsýslulaga er lýst sérstökum hæfisreglum laganna sem ætlað er að koma í veg fyrir að hinar almennu efnisreglur stjórnsýsluréttarins séu brotnar með þeim hætti að byggt sé á ómálefnalegum sjónarmiðum við úrlausn máls. Séu starfsmenn stjórnvalda taldir vanhæfir

leikur skynsamlegur vafi á óhlutdrægni þeirra út í frá séð (sbr. Pál Hreinsson: *Hæfisreglur stjórnsýslulaga,* bls. 373–374). Því er áréttað að nefndarmanni beri að víkja sæti tengist hann einstaklingi, stofnun eða fyrirtæki sem rannsókn nefndarinnar beinist að.

Í 2. mgr. kemur fram að þagnarskylda hvíli á nefndarmönnum og er þá átt við þagnarskyldu samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Í 3. mgr. segir að tilvísun til þagnarskyldu samkvæmt þeim lögum skuli ekki standa því í vegi að nefndin geti birt upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu telji nefndin að upplýsingarnar séu nauðsynlegar til að rökstyðja niðurstöður sínar. Þó ber nefndinni að gæta varúðar í meðförum upplýsinga um persónuleg málefni einstaklinga og aðeins birta slíkar upplýsingar á grundvelli verulegra hagsmuna almennings. Ljóst er að hluti af umfjöllun rannsóknarnefndarinnar getur snert persónuleg málefni einstaklinga og er því sérstaklega mikilvægt að nefndarmenn vandi mat sitt á því hvað telst nauðsynlegt að birta.

Um 4. gr.

Fyrri málsgrein ákvæðisins skyldar einstaklinga, stofnanir og lögaðila til að verða við kröfum nefndarinnar um upplýsingar, gögn og fleira. Einnig er þar tekið fram að nefndinni sé heimilt að kalla til sín einstaklinga til fundar og afla munnlegra upplýsinga sem heimilt er að hljóðrita.

Seinni málsgreinin felur í sér mikilvæga heimild til handa nefndinni þar sem í henni felst skylda til að láta af hendi upplýsingar sem leynt skulu fara á grundvelli bankaleyndar, sbr. 58. gr. laga um starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 161/2002. Eðlilegt verður að teljast að nefndin fái þessar heimildir, enda um að ræða upplýsingar sem hljóta að teljast forsenda rannsóknarinnar.

Um 5. gr.

Ákvæðið veitir nefndinni heimild til þess að beita 73. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, til þess að loka húsum eða geymslustöðum, afgirða svæði, varna mönnum för eða banna þeim að fara með ákveðna muni burt. Allt eru það úrræði sem ekki þarf úrskurð dómara fyrir og þjóna því markmiði að koma í veg fyrir að gögnum máls verði spillt.

Þá segir einnig í greininni að nefndin geti gert athuganir á starfsstöðvum opinberra stofnana, fyrirtækja, samtaka fyrirtækja eða í öðru húsnæði og geti lagt hald á gögn sem nauðsynleg eru í þágu rannsóknarinnar. Um framkvæmd slíkrar aðgerðar gilda ákvæði í lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Um 6. gr.

Ákvæðið skyldar hvern þann sem nefndin óskar eftir að fá á fund sinn til að hlýða kalli um skýrslutöku. Einnig er skylt samkvæmt ákvæðinu að skýrslutakan sé tekin upp á hljóð- eða myndband, ólíkt því sem segir í 4. gr. þar sem upptaka er valkvæð. Heimilt er þeim sem kemur fyrir nefndina, hvort sem er til að gefa skýrslu eða til að veita munnlegar upplýsingar skv. 4. gr., að hafa með sér aðstoðarmann á eigin kostnað.

Um 7. gr.

Markmið ákvæðisins er að tryggja réttindi þeirra aðila sem láta nefndinni í té upplýsingar. Er þar átt við réttindi sem viðkomandi aðili á hjá t.d. vinnuveitanda sínum og er með þessu reynt að girða fyrir að vinnuveitandi láti starfsmann gjalda fyrir það að hafa afhent nefndinni upplýsingar, t.d. með því að segja upp samningi við hann eða rýra réttindi hans. Ákvæðið

gerir kröfu um að orsakatengsl séu milli upplýsingagjafar til nefndarinnar og þeirrar ákvörðunar sem takmarkar eða rýrir réttindi viðkomandi aðila en erfitt getur verið fyrir aðilann sem veitti upplýsingar að færa sönnur á meðferð sem hann hlaut. Því er tekið fram í ákvæðinu að séu leiddar líkur að því að viðkomandi einstaklingur hafi verið látinn gjalda þess að hafa veitt nefndinni upplýsingar þurfi gagnaðilinn að sanna sjálfur að þær ástæður hafi ekki legið að baki ákvörðun, t.d. um að slíta vinnusamningi eða breyta kjörum viðkomandi aðila.

Um 8. gr.

Upplýsingar sem einstaklingur hefur veitt nefndinni má ekki leggja fram sem sönnunargagn í sakamáli sem höfðað hefur verið gegn honum. Slíkt ákvæði er nauðsynlegt þar eð málsmeðferð samkvæmt lögum þessum er ekki sambærileg við rannsókn hjá lögreglu eða rannsókn á grundvelli laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, og því ekki tryggt að viðkomandi einstaklingur hafi notið allra þeirra réttinda á rannsóknarstigi sem honum eru veitt samkvæmt þeim lögum og mannréttindasáttmála Evrópu. Því er mælt svo fyrir um í ákvæðinu að sjálfstæð gagnaöflun skuli fara fram verði sakamál höfðað gegn einstaklingi sem gefið hefur skýrslu fyrir nefndinni.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er tekið fram að nefndin skuli skila niðurstöðum sínum ekki síðar en 1. janúar 2012. Í framhaldi þeirra skýrsluskila er gert ráð fyrir að Alþingi taki sérstaklega afstöðu til skýrslunnar og ákveði meðferð hennar.

Um 10. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

39. Fyrirspurn [39. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um nauðungarsölur og uppboðsbeiðnir.

Frá Ólínu Þorvarðardóttur.

1. Hve margar nauðungarsölur og uppboðsbeiðnir á þessu ári hafa verið vegna:
   a. atvinnuhúsnæðis,
   b. nýbygginga í eigu verktaka og lögaðila,
   c. heimila, þ.e. almenns íbúðarhúsnæðis,
   d. annarra eigna, svo sem sumarhúsa, báta, bíla?
2. Hve margar uppboðsbeiðnir hafa verið afturkallaðar það sem af er árinu?
3. Hverjir voru helstu gerðarbeiðendur þeirra uppboða sem fram hafa farið í ár?
4. Hversu margar fasteignir voru boðnar upp árið 2002 og hve margar uppboðsbeiðnir voru afturkallaðar það ár?

Skriflegt svar óskast.

40. Fyrirspurn [40. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um vinnslu hvalafurða.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað var mikill hluti hvers hvals (% þyngdar) sem veiddist á vertíðinni 2009–2010 nýttur í vinnslu: a) hverrar veiddrar hrefnu, b) hverrar veiddrar langreyðar?
2. Hve miklar afurðir (í tonnum) fengust að meðaltali af hverju dýri: a) hrefnu, b) langreyði – og hvernig er skipting þeirra í kjöt, spik/rengi, mjöl, lýsi?
3. Ef hvalafli frá vertíðinni 2009–2010 var ekki eða að litlu leyti unninn í mjöl og lýsi, hver er þá skýringin á því?
4. Hvar voru hvalhræ á þessum tíma urðuð og hversu mörg á hverjum stað? Hversu mörg hvalhræ voru losuð í sjó?

Skriflegt svar óskast.

41. Lög [23. mál]

um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. október 2010.)

Samhljóða þskj. 23.

42. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

Flm.: Ásmundur Einar Daðason, Þuríður Backman,
Jórunn Einarsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga sem tryggi beina þátttöku fulltrúa sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu á þjónustusvæði viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Markmiðið með frumvarpinu verði að auka íbúa- og atvinnulýðræði og að sjónarmið og óskir heimamanna og starfsmanna heilbrigðisstofnana ráði meiru en nú er þegar heilbrigðisþjónusta er skipulögð og þjónustu forgangsraðað.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 138. löggjafarþingi (617. mál).

Með tillögunni ályktar Alþingi að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa og leggja fram á næsta þingi lagafrumvarp þess efnis að fulltrúar sveitarstjórna og starfsmenn heilbrigðisstofnana komi með beinum hætti að skipulagningu þjónustu hjá viðkomandi heilbrigðisstofnun með skipan stjórnar sem hefði það hlutverk að hafa eftirlit með rekstri heilbrigðisstofnana og vera ráðgefandi varðandi skipulag og þjónustu stofnunarinnar.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, er landinu skipt í heilbrigðisumdæmi þar sem starfa skal heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir. Markar ráðherra stefnu um heilbrigðisþjónustu á grundvelli laganna en forstjórar heilbrigðisstofnana eru skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn og bera þeir ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir og að rekstrarafkoma og rekstrarútgjöld stofnunar séu í samræmi við fjárlög, sbr. 9. gr. laganna. Í lögunum er hvergi að finna ákvæði sem veitir fulltrúum sveitarfélaga í viðkomandi heilbrigðisumdæmi eða almennum starfsmönnum heilbrigðisstofnana aðkomu að skipulagningu heilbrigðisþjónustunnar. Lög nr. 40/2007 felldu úr gildi lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Töluverðar breytingar höfðu verið gerðar á þeim lögum til að mynda þegar samþykktar voru breytingar sem fólu í sér að stjórnir heilbrigðisstofnana voru lagðar niður, sbr. breytingalög nr. 78/2003. Fyrir þessar breytingar skipaði heilbrigðisráðherra fimm manna stjórnir heilsugæslustöðva, sveðissjúkrahúsa, deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa en þrír fulltrúar voru tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn, einn af starfsmönnum viðkomandi stofnunar og einn án tilnefningar. Umræddar breytingar voru rökstuddar með tilliti til áður samþykktra breytinga á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, er kváðu á um aukið starfssvið og ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana. Framangreindar breytingar mættu nokkurri andstöðu enda mikilvægt að viðhalda stjórnum heilbrigðisstofnana, einkum úti á landi, og að sveitarfélögin og starfsmenn geti áfram átt aðild að þeim. Ekki er hægt að halda því fram að embættisleg ábyrgð forstöðumanns verði óljós á meðan stjórnir stofnananna eru fyrst og fremst ráðgefandi og þær hafi ekki ákvörðunarvald. Samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, bera þær og forstöðumenn stofnana þó ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir séu í samræmi við heimildir. Jafnframt bera stjórnir og forstöðumenn ábyrgð á því að ársreikningar séu gerðir í samræmi við lög þessi og staðið sé við skilaskyldu á þeim til Fjársýslu ríkisins, sbr. 49. gr. laganna.

Með því að í stjórnum heilbrigðisstofnana sitji fulltrúar sveitarfélaga og starfsmanna stofnananna mun hvort tveggja íbúalýðræði og atvinnulýðræði aukast. Með auknum tengslum við þau sveitarfélög sem heilbrigðisstofnun þjónustar tækist betur að samhæfa starfsemi heilbrigðisstofnunarinnar og áherslur í störfum sveitarfélaganna, svo sem í átaks- og kynningarverkefnum, til að mynda í skólum. Er það mikilvægt á tímum sem þessum þar sem huga þarf sérstaklega að heilsu barna og áhrifum kreppunnar á heilsufar þeirra. Enn fremur hefur gefist vel að starfsfólk eigi aðild að stjórnum enda getur reynsla þess og nálægð við íbúa verið mikilvæg þegar kemur að skipulagningu heilbrigðisþjónustu. Að auka íbúa- og atvinnulýðræði með þessum hætti er mikilvægt skref til að styrkja stöðu heilsugæslunnar og auka nærþjónustu innan heilbrigðiskerfisins en eitt af áherslumálum hjá sveitarstjórnum og heilbrigðisstofnunum um allt land hefur verið að standa vörð um heilsugæsluna. Komi heimamenn og starfsmenn að skipulagningu þjónustunnar mun þörfum sjúklinga á viðkomandi svæði frekar vera mætt. Það festir betur í sessi að almenn heilbrigðisþjónusta sé veitt í heimabyggð og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

43. Tillaga til þingsályktunar [42. mál]

um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2010–2013. Áætlunin byggist á aðgerðum í nýsköpun og atvinnuþróun í samræmi við aðra stefnumótun við gerð Sóknaráætlunar 2020.

Meginmarkmið byggðaáætlunarinnar verði að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum og efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum.

Til þess að ná markmiðum áætlunarinnar verði gripið til eftirfarandi aðgerða sem falla undir átta skilgreind lykilsvið:

1. *Atvinnustefna.* Kjarni atvinnustefnunnar er bætt samkeppnishæfni, nýsköpun og sjálfbær þróun atvinnulífsins þar sem byggt er á sérstöðu og styrkleikum hvers svæðis eða atvinnugreinar fyrir sig, menntun, rannsóknum og margvíslegum menningar- og samfélagslegum þáttum.
2. *Samþætting áætlana og aukið samstarf.* Samþætting opinberra áætlana, m.a. á sviði byggðamála, menntamála, orkumála, samgangna, fjarskipta og menningarmála, er hugsuð í þeim tilgangi að bæta árangur í þágu atvinnulífs og búsetuskilyrða auk betri nýtingar fjármuna.
3. *Efling stoðkerfis atvinnulífsins.* Tilgangurinn með þessu er m.a. að auka skilvirkni atvinnulífsins og gera það einfaldara. Það er meðal annars gert með því að leggja áherslu á vaxtarsamninga sem byggjast á klasahugsun og á svæðisbundin þekkingarsetur sem samþætta þverfagleg fræðasvið og staðbundnar áherslur, sérkenni og styrkleika og eru líkleg til að skila auknum árangri í nýsköpun og atvinnuþróun.
4. *Nýsköpun og sprotafyrirtæki.* Stuðningur við nýsköpun og sprotafyrirtæki verði þrenns konar. Í fyrsta lagi í gegnum menntakerfið og stoðkerfi atvinnulífsins, svo sem Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögin, starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og sjóði til stuðnings nýsköpun, atvinnusköpun og sprotafyrirtækjum. Í öðru lagi í gegnum skattalegar ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsókna og þróunar. Í þriðja lagi í gegnum skilgreind verkefni, klasa eða áherslur opinberra aðila, svo sem að auka hlutfall innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum eða að þróa leiðir til að nýta eða binda koltvísýring úr útblæstri orku- og iðjuvera.
5. *Erlend nýfjárfesting í atvinnulífinu.* Til viðbótar við innlenda nýsköpun og vöxt atvinnulífsins, sem kalla má „innri vöxt“, er mikilvægt að stuðla markvisst að erlendri nýfjárfestingu í atvinnulífinu. Rammalöggjöf um ívilnanir vegna fjárfestingar mun taka til svæða sem skilgreind eru á byggðakorti Eftirlitsstofnunar EFTA og mikilvægt að atvinnuþróunarfélög eigi samstarf við Fjárfestingarstofu um kynningu á helstu kostum og styrkleikum svæða.
6. *Efling ferðaþjónustu.* Eftir mikinn vöxt, vöruþróun og nýsköpun á síðustu árum er ferðaþjónustan orðin ein af meginstoðum íslensks efnahagslífs og skapar um fimmtung gjaldeyristekna þjóðarbúsins. Mikilvægt er að byggja nú á þeim styrkleikum sem til staðar eru og markaðssetja þá sérstaklega gagnvart erlendum ferðamönnum um leið og gætt er að gæðum og frekari vöruþróun. Horfa þarf sérstaklega til sviða þar sem sérstaða ís-

lenskrar náttúru, afurða og náttúruauðlinda nýtist, svo sem heilsu- og lífsstílstengdrar ferðaþjónustu.

7. *Félagsauður*. Félagsauður hvers svæðis er grundvöllur atvinnulífs, þjónustu og almennrar þátttöku í uppbyggingu samfélagsins. Félagsauðurinn ræður því miklu um almenn búsetuskilyrði og samkeppnishæfni. Menntun, menning, félagsstarf, lýðræðisleg þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn eru allt atriði sem skipta máli. Jafnrétti og þátttaka beggja kynja í atvinnulífi og samfélagsmótun er sérstakt viðfangsefni sem líta þarf til.
8. *Efling menningarstarfs og skapandi greina.* Menning og listir skipa æ ríkari sess í nýsköpun og eflingu atvinnulífs um land allt og hafa þar með jákvæð áhrif á byggðaþróun. Svæðisbundnir menningarsamningar hafa reynst vel og styðja við fjölbreytt menningar- og listalíf á landsbyggðinni og efla tengsl lista og menningartengdrar ferðaþjónustu. Mikilvægt er að styrkja grundvöll skapandi greina með því að auka áherslu á menntun á þessu sviði. Nýta má menningarsamninga og vaxtarsamninga í þessu skyni og koma á víðtæku samstarfi við þekkingarsetur og menningarsetur í heimabyggð, framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar um eflingu menntunar á sviði skapandi greina.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi, skv. 7. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 106/1999, tillögu að stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Í henni skal einnig gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu. Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar um Byggðastofnun nr. 347/2000 segir jafnframt að í byggðaáætlun skuli gerð grein fyrir framvindu gildandi byggðaáætlunar. Lögum samkvæmt vann iðnaðarráðherra að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun og hafði við gerð hennar víðtækt samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög og fleiri.

Haustið 2008 fól iðnaðarráðuneyti Byggðastofnun að vinna frumdrög að nýrri byggðaáætlun sem skyldi byggja á grunni gildandi áætlunar fyrir árin 2006–2009. Árið 2009 var þessi grunnur endurskoðaður með tilliti til samstarfsyfirlýsingar nýrrar ríkisstjórnar og ákveðið að móta byggðaáætlunina þannig að hún yrði fyrst og fremst innlegg í Sóknaráætlun 2020 sem nú er unnið að.

Hér á eftir er fyrst farið stuttlega yfir meginmarkmiðin á hverju lykilsviði fyrir sig og svo fylgir listi yfir aðgerðir sem eru leiðir til að hrinda markmiðunum í framkvæmd.

I. Atvinnustefna.

Mikilvægur liður í Sóknaráætlun 20/20 verður greining á styrkleikum og samkeppnishæfni atvinnulífs á Íslandi, bæði einstakra landshluta og atvinnugreina. Unnið verður í nánu samráði við helstu hagsmunaaðila. Við úrvinnslu og eftirfylgni verður byggt á klasahugmyndafræði um samstarf í samkeppni. Auk niðurstöðu samkeppnisgreininga sóknaráætlunar er lagt til að þegar verði hugað að uppbyggingu klasa á sviðum þar sem sterkur vísir er þegar til staðar. Þá þarf að huga sérstaklega að samkeppnishæfni Íslands á sviði beinna erlendra fjárfestinga.

1. Samkeppnishæfni og klasar.

Markmið: Skilgreina styrkleika og samkeppnishæfni.

Meginhugmynd: Í samráði við helstu hagsmunaaðila verður unnin greining á styrkleikum og samkeppnishæfni atvinnulífs á Íslandi, bæði einstakra landshluta og atvinnugreina, með tilliti til nýsköpunar, rannsókna og þróunar og beinna fjárfestinga. Lögð verður áhersla á að byggja á þeim þáttum sem þegar eru til staðar. Sérstaklega verður litið til sóknarfæra sem stuðla að klasasamstarfi atvinnugreina innan landshluta. Stoðkerfi atvinnulífsins tekur svo mið af greiningunni á samkeppnishæfni við ákvarðanir um uppbyggingu og stuðning auk þess sem atvinnustefnan mun birtast í samþættingu opinberra áætlana.

Árangursmat: Innleiðing stefnumótunar hjá stoðkerfi atvinnulífs og í samþættingu opinberra áætlana. Stofnun klasasamstarfs og samvinnuverkefni innlendra og erlendra aðila um uppbyggingu.

Ábyrgð á framkvæmd: Stýrihópur sóknaráætlunar á vegum forsætisráðuneytis.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, Nýsköpunarmiðstöð, viðskiptaráðuneyti, umhverfisráðuneyti, atvinnuþróunarfélög/sveitarfélög, Fjárfestingarstofa.

Tímaáætlun: 2010.

2. Heildstæð orkunýtingarstefna.

Markmið: Að ljúka mótun heildstæðrar orkunýtingarstefnu.

Meginhugmynd: Lokið verði við mótun heildstæðrar orkustefnu á vegum iðnaðarráðuneytisins, með áherslu á græna atvinnustarfsemi, m.a. með því að nýta endurnýjanlega orku á sjálfbæran og samfélagslega ábyrgan hátt til verðmæta- og atvinnusköpunar. Fjallað verður sérstaklega um möguleika á nýtingu orkuauðlinda til atvinnu- og verðmætasköpunar á næstu missirum. Breyttar aðstæður, bæði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og ný eftirspurn frá umhverfisvænum iðnaði kalla á nýja nálgun við uppbyggingu og fjármögnun orkuöflunar svo við getum mætt eftirspurninni. Í tengslum við mótun atvinnustefnu verði lagðar áherslur um það til hvers kyns uppbyggingar nýta á orkuauðlindirnar og tækifærin svo kynnt markvisst fyrir mögulegum fjárfestum.

Unnið er að því að rammaáætlun um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma fái lögformlega stöðu og að á grundvelli hennar verði reglubundið lögð fram þingsályktunartillaga um orkunýtingu. Með rammaáætluninni er stefnt að langþráðri sátt um orkunýtingarkosti þannig að uppbygging sem tengist nýtingu sjálfbærra orkuauðlinda verði sem markvissust.

Árangursmat: Kynning stefnumótunar í tveimur áföngum og samráð við hagsmunaaðila.

Ábyrgð á framkvæmd: Stýrihópur um mótun heildstæðrar orkustefnu á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Aðrir þátttakendur: Orkustofnun, umhverfisráðuneyti, orkufyrirtæki, stýrihópur um sóknaráætlun, sveitarfélög, Fjárfestingarstofa, Nýsköpunarmiðstöð.

Tímaáætlun: 2010.

3. Efling landshluta- og héraðakjarna.

Markmið: Að skilgreina skilvirkar vinnu- og þjónustusóknir og efla landshluta- og héraðakjarna.

Meginhugmynd: Þessi aðgerð mun taka mið af umfjöllun á vettvangi Sóknaráætlunar 2020, en hún byggist á því að skipting landsins í vinnusóknarsvæði verði greind í skilvirkar daglegar vinnu- og þjónustusóknir. Þá verði kannað hvort efla megi kjarna svæðanna, t.d. með því að stækka svæðin með samgöngubótum, svo sem vegstyttingum og almenningssamgöngum. Þannig mætti skapa fólki til sveita betri skilyrði til að sækja vinnu utan heimilis og nýta betur þjónustufjárfestingar ríkis og sveitarfélaga, sem tengist eflingu sveitarstjórnarstigsins. Niðurstöður greininga gætu leitt til áherslubreytinga í áætlunum ríkis og sveitarfélaga og orðið hluti af heildstæðri sóknaráætlun. Eitt af markmiðunum er að almenningur og fyrirtæki geti sótt sem mest af þjónustu í skilgreindar þjónustumiðstöðvar. Þannig næst bæði hagræðing og bætt þjónusta.

Atvinnuþróunarfélögin greini aðstæður hvert á sínu starfssvæði samkvæmt sameiginlegu verklagi og skilgreiningarkvörðum sem þau ákveða í samráði við Byggðastofnun og stýrihóp um sóknaráætlun sem samhæfir niðurstöður félaganna.

Árangursmat: Atvinnuþróunarfélögin munu skila til Byggðastofnunar niðurstöðum sem metnar verða með hliðsjón af markmiðum og kvörðum sem settir verða sameiginlega fyrir öll svæðin. Farið verður yfir verkið og það skilgreint á fundi í upphafi og niðurstöðum og árangri lýst á fundi í verklok.

Ábyrgð á framkvæmd: Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, sveitarfélög, stýrihópur um Sóknaráætlun 2020.

Tímaáætlun: 2010–2011.

4. Iðn- og orkugarðar – efnaverkfræðiklasi.

Markmið: Stuðla að uppbyggingu iðngarða sem tengjast orkuvinnslu, svo sem efnaverkfræðiklasa sem tengist íslenskum jarðhitasvæðum og háskólum.

Meginhugmynd: Iðngarðar með áherslu á nýsköpun sem tengist jarðvarma gæti orðið lyftistöng fyrir íslenskt atvinnulíf. Í iðngörðunum yrði byggt á efnum frá orkuvinnslu, auk

hita og raforku. Efnaverkfræðiklasi er álitlegur kostur fyrir iðngarð. Hann samanstæði af mörgum fyrirtækjum sem saman mynduðu heild þar sem hver framleiðslueining styddi aðra. Hráefni sem kæmi frá jarðvarmaverum skapaði grunn að slíkum klasa. Þar sem engin ein framleiðslueining klasans mundi framleiða öll efnasambönd gæti hver og einn sérhæft sig í framleiðslu tiltekinna efna sem svo mætti nýta sem undirstöður í flóknari efnasambönd hjá öðrum. Uppbygging getur farið fram í áföngum. Hver eining gæti þurft á bilinu 30 til 50 MW af raforku til starfseminnar.

Fjárfestingarstofa hefur þegar haft frumkvæði að mótun hugmyndar um „grænan iðngarð“ í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð og Kadeco þar sem áhersla er lögð á mögulega aðkomu erlendra aðila til að tryggja hraða uppbyggingu. Markmið þessa verkefnis er að ljúka kortlagningu allra kosta á þessu sviði samhliða því sem stutt er við þau verkefni sem þegar eru í undirbúningi. Nýsköpunarmiðstöð mun leiða könnun á mögulegri hráefnisvinnslu og staðsetningu slíkra iðngarða og efnaverkfræðiklasa auk þess að leita vísindalegs samstarfs. Fjárfestingarstofa mun leita erlendra fjárfesta og samstarfsaðila við uppbyggingu.

Árangursmat: Skýrsla NMÍ og Fjárfestingarstofu um framgang og ákvörðun um framkvæmdir við iðngarða og efnaverkfræðiklasa.

Ábyrgð á framkvæmd: Nýsköpunarmiðstöð.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, orkufyrirtækin, Fjárfestingarstofa, háskólar og eftir atvikum fleiri.

Tímaáætlun: 2011–2013.

5. Efling líftækni.

Markmið: Efling framsækinna nýsköpunarfyrirtækja í líftækni með klasasamstarfi.

Meginhugmynd: Líftækni gæti á næstu áratugum haft svipuð áhrif á nýsköpun og framvindu atvinnulífsins og upplýsingatæknin hefur haft síðustu áratugi. Líftækni liggur til grundvallar margvíslegum lausnum á sviði auðlindanýtingar, heilsugæslu og umhverfisverndar. Þróun líftækninnar byggist á þremur meginstoðum, þ.e. þekkingu á erfðum og flóknum lífsferlum í frumum, frumframleiðslu í lífheiminum og samþættingu líftækninnar þvert á hefðbundna atvinnuvegaskiptingu. Líftæknin verður því best byggð upp með samræmdu átaki í samstarfi allra greina og innan hennar munu skapast mörg tækifæri til uppbyggingar nýrra fyrirtækja. Hér á landi er orðinn til vísir að líftækniklasa og mögulegt að efla enn samstarfið. Komið verði á formlegu klasasamstarfi um rannsóknir, þróun og nýsköpun á sviði líftækni sem með samræmdum aðgerðum getur leitt til stofnunar og eflingar framsækinna líftæknifyrirtækja.

Árangursmat: 1) myndun klasasamstarfs, 2) árangursmarkmið samstarfsaðila.

Ábyrgð á framkvæmd: Nýsköpunarmiðstöð.

Aðrir þátttakendur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, Matís, háskólar og Samtök líftæknifyrirtækja.

Tímaáætlun: 2010–2013.

6. Þróun vistvænna veiða á grunnslóð og nýting nýrra veiðistofna.

Markmið: Efling sjálfbærrar nýtingar nytjastofna á strandsvæðum.

Meginhugmynd: Aukin áhersla verður lögð á rannsóknir á stöðu vistkerfa á grunnslóðinni kringum landið, landnámi nýrra nytjategunda og þekktra tegunda þar sem útbreiðsla er að breytast. Meginviðfangsefni rannsóknanna verður að leggja grunn að aukinni verðmætasköpun með bættri nýtingu sjávarfangs og þróun vistvænna aðferða við öflun þess. Rannsóknasetur á landsbyggðinni munu hafa mikilvægu hlutverki að gegna við framkvæmd verkefnisins.

Nýjar nytjategundir eru að nema hér land og útbreiðsla margra þekktra tegunda við Ísland að breytast. Þróa þarf veiðar og nýtingu nýrra tegunda og bregðast við tilkomu nýrra nytjastofna á svæðum þar sem þeir hafa ekki áður verið til staðar. Miklir möguleikar eru á að efla nýtingu margvíslegs sjávarfangs á grunnslóð. Á það við ýmsar fisktegundir, en einnig fleiri sjávardýr, þörunga og þang, ásamt þróun líftæknilegra aðferða við vinnslu og nýtingu.

Árangursmat: Árlega verði lagt mat á framþróun.

Ábyrgð á framkvæmd: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Hafrannsóknastofnunin, rannsóknasetur, aðrar rannsóknastofnanir og fyrirtæki.

Tímaáætlun: 2010–2013.

7. Fiskeldi.

Markmið: Fiskeldisafurðir verði samkeppnishæfar á alþjóðlegum mörkuðum.

Meginhugmynd: Á Íslandi er stundað eldi á bleikju, laxi, þorski, lúðu, sandhverfu, regnbogasilungi og urriða auk tilraunaeldis á fleiri tegundum. Einnig eru víða gerðar tilraunir með kræklingarækt. Stórefla þarf rannsóknir og þróun á fiskeldi og framleiðslu valinna tegunda þannig að gott vald náist á öllum þáttum eldis þeirra. Þannig verði markvisst unnið að því að fiskeldi stóraukist og framleiðsla valinna tegunda verði samkeppnisfær á alþjóðlegum mörkuðum.

Þorskeldi byggist nú aðallega á föngun og eldi á villtum þorski og er reiknað með um 2.000 tonna framleiðslu í ár. Forsenda verulegrar aukningar er að áfram verði unnið að kynbótum og framleiðslu seiða úr kynbættum efnivið. Framleiðsla bleikju er nú undir getu en forsenda aukningar er átak í markaðsöflun. Kræklingarækt hefur verið í þróun í allnokkur ár en framleiðslan verið lítil hingað til. Á næstu árum kemur í ljós hvort tekst að

gera kræklingarækt arðbæra. Landssamband fiskeldisstöðva hefur látið vinna skýrslu um stöðu fiskeldis á Íslandi, framtíðaráform og stefnumótun og er í skýrslunni gerð grein fyrir helstu áherslum í rannsóknar- og þróunarstarfi í fiskeldi á næstu árum.

Árangursmat: Árlega verði lagt mat á framþróun.

Ábyrgð á framkvæmd: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Fiskeldisnefnd, fyrirtæki, háskólar og rannsóknastofnanir.

Tímaáætlun: 2012–2013.

II. Samþætting áætlana og aukið samstarf.

Stjórnvöld vinna reglubundnar áætlanir á ýmsum sviðum. Til að áætlanagerðin verði markviss hluti af heildstæðri stefnu um bætta samkeppnishæfni er unnið að því á vegum stýrihóps um sóknaráætlun að samþætta áætlanirnar. Flestar miða áætlanirnar að eflingu innviða.

8. Samþætting opinberra áætlana.

Markmið: Auka skilvirkni við eftirfylgni stefnumótunar með samþættingu opinberra áætlana á ýmsum sviðum.

Meginhugmynd: Stjórnvöld leggja fram margvíslegar áætlanir á borð við byggðaáætlun, samgönguáætlun, áætlun í menntamálum, umhverfisverndaráætlun, fjarskiptaáætlun og áætlanir í orkumálum. Þá er nú unnið að rammaáætlun um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Með því að samþætta þessar áætlanir í gegnum vinnu við sóknaráætlun fyrir alla landshluta í samráði við hagsmunaaðila má ná betri árangri við eftirfylgni og framkvæmd stefnumála. Áhersla verði lögð á markvissa samþættingu opinberra áætlana við fyrirhugaðar breytingar í stjórnsýslunni. Þessi aðgerð tengist einu helsta verkefni Sóknaráætlunar 2020 og mun að líkindum verða fellt inn í þá vinnu.

Árangursmat: Samstarfshópur ráðuneyta skili tillögum einu sinni á ári til viðkomandi ráðuneytis um samþættingu og breytingar. Árangur mælist af virkni ráðuneyta og stofnana á þessu sviði.

Ábyrgð á framkvæmd: Forsætisráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, önnur ráðuneyti og undirstofnanir þeirra.

Tímaáætlun: 2010–2011.

9. Fjölþjóðlegt samstarf.

Markmið: Að stuðla að gagnvirku flæði upplýsinga og þekkingar og styðja fjölþjóðleg þekkingarnet á sviði byggðamála.

Meginhugmynd: Á grundvelli góðrar reynslu verði Ísland áfram virkur þátttakandi í NORA, Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins NPP og ESPON.

Samstarfsvettvangur Norðurlanda á sviði byggðamála er norræna embættismannanefndin um byggðamál (NR-K). Samstarfið felst í því að miðla reynslu, þekkingu, umræðum og kynnum í því skyni að skapa traustari grunn fyrir stefnumótun í byggðamálum. NR-K hefur veitt fjárstyrki til samstarfs grannsvæða yfir landamæri, langmest til samstarfsins á Norður-Atlantshafssvæðinu, NORA. Byggðastofnun er tengiliður Íslands við NORA. Mörg góð verkefni hafa verið styrkt með fjármunum frá NORA og Íslendingar hafa verið mjög virkir þátttakendur í verkefnum sem styrkt hafa verið.

Meginmarkmið Norðurslóðaáætlunarinnar NPP 2007–2013 er að efla atvinnu-, efnahags- og félagslega samvinnu svæða og landa á norðurslóðum með samstarfsverkefnum yfir landamæri á milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Norðurslóðaáætlun er ein af fimm svæðaáætlunum Evrópusambandsins sem tilheyra Interreg IV. Norðurslóðaáætlun hefur fengið víðtæka verkefnaþátttöku og stofnanir, sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög verið virkir þátttakendur í mörgum verkefnum sem þótt hafa skilað góðum árangri. Norðurslóðaáætlun nær landfræðilega yfir mjög víðfeðmt svæði en þátttökulönd eru Skotland, Norður-Írland, Svíþjóð, Finnland og Írland auk Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja. Byggðastofnun er landstengiliður NPP á Íslandi.

Fjölþjóðlegar og þverfaglegar byggðarannsóknir í ESB hófust með ESPON-áætluninni 2002. Sú áætlun er Interreg C-áætlun. Miðpunktur ESPON-starfsins er lítil stofnun í Lúxemborg en á vegum áætlunarinnar áttu á annað hundrað evrópskir háskólar og rannsóknastofnanir í rannsóknastarfi á síðasta starfstímabili hennar frá 2002–2006. Öll aðildarlönd ESB, umsóknarlöndin og Noregur, Sviss og Liechtenstein eru aðilar að ESPON og með tímabilinu 2007–2013 er Ísland líka þátttakandi. Byggðastofnun hefur starfrækt samband við ESPON og mun áfram rækja stjórnunarlegt hlutverk. Auglýst var eftir stofnun til að starfrækja faglegt net ESPON á Íslandi og hefur Byggðastofnun valið Háskólann á Akureyri til þess.

Árangursmat: Hver áætlun skilar ársskýrslu til iðnaðarráðuneytis og lýsir starfinu og árangri af því.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti, Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur: Háskólar, fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir í stoðkerfi atvinnulífsins.

Tímaáætlun: 2010–2013.

10. Tölfræðileg gögn um byggðaþróun.

Markmið: Fá haldgóðar upplýsingar um stöðu og þróun atvinnu- og mannlífs.

Meginhugmynd: Upplýsingar um þróun atvinnulífs og ýmissa samfélagslegra þátta eru forsendur markvissrar stefnumótunar um byggðaþróun. Unnið hefur verið að styrkingu upplýsingasöfnunar t.d. með alþjóðlegu samstarfi sem þarf að efla með víðtæku innlendu samráði. Stofna þarf starfshóp til að móta sameiginlegar tillögur hagsmunaaðila um söfnun, úrvinnslu og birtingu byggðatengdra upplýsinga er byggist m.a. á þeirri forvinnu sem þegar hefur farið fram hjá Byggðastofnun. Á árinu 2007 var á vegum Byggðastofnunar unnin greining á því hvaða upplýsingar væru til staðar og á hvaða formi, jafnframt því að skoðað var hvernig nágrannaþjóðir okkar safna og birta byggðatengdar upplýsingar. Víðast er lögð áhersla á upplýsingaöflun um frumkvöðlastarfsemi, nýsköpun og nýja tækni, menntun og starfshæfni, ferðamennsku og ástand jaðarsvæða. Jafnframt var unnið að mati á því hvaða upplýsingar teldust mikilvægar út frá byggðalegum forsendum og hvaða svæðagrundvöllur væri nauðsynlegur.

Mikilvægt er að tölfræðileg gögn um byggðaþróun séu ávallt tiltæk, enda eru slík gögn grundvallaratriði við stöðulýsingu og áætlanagerð á sviði byggðamála. Mikið er til af gögnum um byggðaþróun og er Hagstofa Íslands þar lykilaðili þar sem hún vinnur með og geymir mikið af byggðatengdum upplýsingum á aðgengilegu formi. Fjölmargir aðrir aðilar afla og varðveita upplýsingar en nokkuð hefur vantað upp á að gögnum sem snúa að byggðamálum sé markvisst safnað, unnið úr þeim og þau birt með reglubundnum hætti. Upplýsingar um íbúaþróun, atvinnuþátttöku, tekjuþróun, menntunarstig, afkomu atvinnugreina, nýsköpun og áhrif þessara þátta á hagkerfi og samfélag þurfa að vera aðgengilegar og samhæfðar við alþjóðlegar samanburðarrannsóknir, bæði hvað varðar val grunnupplýsinga og framsetningu þeirra eftir úrvinnslu. Auk stöðugrar gagnaöflunar og miðlunar tölfræðilegra upplýsinga um byggðamál þarf að vera unnt að vinna sértækar greiningar með stuttum fyrirvara, t.d. þar sem búist er við breytingum, jafnt vegna nýrra sóknarfæra í atvinnulífi og aðsteðjandi vanda.

Árangursmat: Starfshópurinn skili tillögum innan settra tímamarka.

Ábyrgð á framkvæmd: Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Hagstofa Íslands, ríkisskattstjóri, Rannís, Ferðamálastofa, Fiskistofa, Bændasamtökin, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun, rannsóknastofnanir, háskólar o.fl.

Tímaáætlun: 2010–2013.

III. Efling stoðkerfis atvinnulífsins.

Stoðkerfi atvinnulífsins er margbrotið og er ýmist almennt eða tengt einstökum atvinnugreinum, fagsviðum eða svæðum. Mikilvægt er að gera ítarlega úttekt á stoðkerfinu í heild og leita leiða til að gera það skilvirkara og einfaldara fyrir atvinnulífið um leið. Þungamiðjan í stoðkerfinu í gegnum byggðaáætlun verður tvíþætt: Annars vegar í gegnum vaxtarsamninganna þar sem aðilar á hverjum stað skilgreina styrkleika og sóknarfæri á sviði klasasamstarfs. Hins vegar í gegnum uppbyggingu þekkingarsetra. Stofnun Íslandsstofu verður skref í efldum stuðningi við útflutning á öllum sviðum með samræmdri og skilvirkri markaðssetningu.

11. Skilvirkara stoðkerfi.

Markmið: Bæta samhæfingu og skilvirkni í stoðkerfi atvinnulífsins.

Meginhugmynd: Myndaður verði starfshópur sem geri tillögur um bætt fyrirkomulag í stoðkerfi atvinnulífsins, aukna samhæfingu í störfum og aukið samstarf innan kerfisins. Starfshópurinn hugi m.a. að leiðum til að bæta og þróa þjónustu stoðkerfisins við konur.

Þekking er ein helsta uppspretta verðmætasköpunar og hagvaxtar. Samstarf stjórnvalda, atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana er mikilvægt. Í því felst að þríþætt stoðkerfi vinnur saman að framleiðslu, úrvinnslu, miðlun þekkingar og markaðssetningu er lýtur að samþættingu atvinnulífs og rannsóknarumhverfis.

Stöðugt þarf að leita leiða til að ná sem mestum árangri og nýta fjármagn og mannauð sem best. Hérlendis er stoðkerfi atvinnulífsins nokkuð fastbundið hefðbundnum atvinnugreinum, þ.e. landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði og ferðaþjónustu. Margar vaxtargreinar íslensks atvinnulífs falla illa að slíkri skiptingu og má þar nefna greinar eins og líftækni, ferðaþjónustu og fiskeldi. Víðast í nágrannalöndum okkar er í auknum mæli horfið frá aðgerðum sem beinast fyrst og fremst að einstökum atvinnugreinum en sjónum beint í ríkara mæli að tilteknum svæðum og þeim möguleikum sem felast í atvinnulífi, umhverfi og menningararfi þeirra. Starfshópurinn láti framkvæma ítarlega greiningu á stoðkerfinu, uppbyggingu þess, áherslum, svæðisbundnum sérkennum, virkni og fjármögnun og geri tillögur um úrbætur sem leiði til aukins árangurs og samlegðaráhrifa. Lögð er áhersla á að stoðkerfið verði einn af burðarásum samstarfs í þekkingarsetrum, sbr. 2. tillögu.

Árangursmat: Starfshópurinn leggi fram tillögur um breytingar á grundvelli greiningar á stöðu og í samráði við aðila stoðkerfisins.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Ferðamálastofa, Bændasamtök Íslands, Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Fjárfestingarstofa, atvinnuþróunarfélög/sveitarfélög, leiðbeiningarmiðstöðvar í landbúnaði og fleiri.

Tímaáætlun: 2010.

12. Þróun og styrking vaxtarsamninga.

Markmið: Að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsvísu.

Meginhugmynd: Vaxtarsamningar verða ein helsta burðarstoð atvinnuþróunar og nýsköpunar og nú er komið að endurnýjun þeirra í nýrri mynd. Verkefni á sviði nýsköpunar og þróunar sem skilgreind eru í byggðaáætluninni verði samræmd og tengd saman í gegnum vaxtarsamninga. Tilgangur þess er að efla staðbundna klasa með þátttöku þeirra í stærri heild sem getur náð meiri árangri í samstarfi, t.d. alþjóðlegu samstarfi, en einir sér. Þetta eykur einnig áhrif heimamanna á stefnumótun og framkvæmd aðgerða byggðaáætlunarinnar. Til þess að greiða götu þessa þarf að ljúka þeirri vinnu við framtíðarstefnumótun fyrir vaxtarsamninga sem hafin er. Mikilvægt er að það klasasamstarf sem stofnað hefur

verið til verði sem mest sjálfbært svo svigrúm sé til þess að halda áfram að styðja og þróa nýja klasa auk þess að leggja aukna áherslu á rannsóknir og nýsköpun, m.a. í gegnum þekkingarsetrin.

Lögð hefur verið mikil áhersla á vaxtarsamninga sem aðferð til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Gerðir hafa verið slíkir samningar við sjö atvinnuþróunarfélög á grundvelli byggðaáætlunar 2006–2009. Í vaxtarsamningum er ábyrgð og framkvæmd færð út í landshlutana og á vegum þeirra hefur verið unnið að ýmsum nýjum og árangursríkum verkefnum. Við framkvæmd vaxtarsamninga hefur verið lögð áhersla á aðferðafræði klasa á grundvelli sérstöðu og styrkleika hvers svæðis. Við gerð nýrra vaxtarsamninga er mikilvægt að byggt sé á því sem vel hefur tekist við framkvæmd fyrri samninga, með áherslu á skilvirka stjórnun og árangursmat.

Árangursmat: Mikilvægt er að viðmið árangurs verkefna samningsins séu skilgreind strax í upphafi og þau endurskoðuð reglulega með hliðsjón af framvindu hvers samnings. Árangur af starfi vaxtarsamninga verði metinn með reglubundnum hætti á grundvelli þeirra markmiða og áherslna sem lýst er í byggðaáætlun, einstökum samningum og verkefnum. Við mat á árangri einstakra vaxtarsamninga verði unnið með samræmda grunnmælikvarða allra vaxtarsamninga þannig að fram komi mat á heildarárangri af starfi þeirra. Almennir mælikvarðar verða því settir öllum vaxtarsamningum. Byggðastofnun og Nýsköpunarmiðstöð eru ábyrgðaraðilar á framkvæmd árangursmats samninganna í nánu samstarfi við stjórnir samninganna.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Atvinnuþróunarfélög/sveitarfélög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Byggðastofnun.

Tímaáætlun: 2010–2013.

13. Efling þekkingarsetra.

Markmið: Auka rannsóknir, þróun, og nýsköpun í þágu efnahagslegra og félagslegra framfara og treysta þann árangur sem náðst hefur víða um land með myndun og starfi svæðisbundinna þekkingarsetra.

Meginhugmynd: Þekkingarsetur vísar til samstarfs fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana og stuðningskerfisins um rannsóknir, þróun og nýsköpun í þágu félagslegra og efnahagslegra framfara. Tilgangur samstarfsins er m.a. að örva nýsköpun í fyrirtækjum og efla samkeppnishæfni svæða og er því lögð áhersla á hagnýtar rannsóknir þar sem tekið er mið af svæðisbundnum þörfum atvinnulífs, styrkleikum og tækifærum.

Á vegum menntamálaráðuneytis hefur verið unnin áfangaskýrsla þar sem starfsemi þekkingarsetra er kortlögð og verður hún nýtt sem grundvöllur fyrir áframhaldandi uppbyggingu. Við uppbyggingu þekkingarsetra verði lögð áhersla á samstarf og virkar þekkingarlínur á milli þekkingarsetra hérlendis og erlendra þekkingarsetra sem starfa á áþekkum kjarnasviðum með það að markmiði að styðja enn frekar við nýsköpun og þróun.

Þannig verði þekkingarsetur á landinu hluti af alþjóðlegu netsamstarfi sem lagt getur grunn að uppbyggingu samkeppnishæfra atvinnusvæða á alþjóðavísu.

Með auknum rannsóknum, svo og nýsköpunar- og fræðistörfum innan þekkingarsetra, má auka möguleika þeirra til að afla fjármagns til verkefna í innlenda og erlenda samkeppnissjóði.

Vaxtarsamningar verði leiðandi í þróun klasasamstarfs fyrirtækja og opinberra aðila um rannsóknir og þróun í tengslum við þekkingarsetrin.

Árangursmat: Aðilar þekkingarsetra gera með sér samstarfssamning með skilgreindum markmiðum og áherslum. Árangur verður metinn með hliðsjón af markmiðum þekkingarsetranna um samstarf innan stoðkerfisins.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og undirstofnanir þessara ráðuneyta auk atvinnuþróunarfélaga, sveitarfélaga og samtaka þeirra.

Tímaáætlun: 2010–2013.

Annað: Mikilvægt er að allir samningar ríkisins er fjalla um menntun, menningu, ferðamál, rannsóknir og þróun tengist með beinum hætti starfi þekkingarsetra.

IV. Nýsköpun og sprotafyrirtæki

Stuðningur við nýsköpun og sprotafyrirtæki er mjög mikilvægur til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu og fjölga atvinnutækifærum. Slík fyrirtæki renna þannig sterkari stoðum undir þau byggðarlög sem þau starfa í og bæta búsetuskilyrði. Í þessari byggðaáætlun er stuðningurinn þrenns konar. Í fyrsta lagi í gegnum menntakerfið og stoðkerfi atvinnulífsins svo sem starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, atvinnuþróunarfélögin og Byggðastofnun og sjóði til stuðnings nýsköpun, atvinnusköpun og sprotafyrirtækjum. Í öðru lagi í gegnum skattalegar ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsókna og þróunar. Í þriðja lagi í gegnum skilgreind verkefni, klasa eða áherslur opinberra aðila, svo sem að auka hlutfall innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum, að þróa leiðir til að nýta eða binda koltvísýring úr útblæstri orku- og iðjuvera, efla nýsköpun í ferðaþjónustu og svo framvegis.

14. Ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og vegna rannsókna og þróunar.

Markmið: Auðvelda nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum að fjármagna sig sjálf og stunda rannsóknir og þróun.

Meginhugmynd: Alþingi hefur til meðferðar frumvörp til laga um endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar og ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum. Hagsmunaaðilar hafa kallað eftir slíku skrefi árum saman enda mikilvægt að stuðningur við nýsköpunarstarf í atvinnulífinu felist ekki aðeins í opinberu stoðkerfi eða beinum

styrkjum heldur í umhverfi sem gerir þeim kleift að nýta eigin styrk og stuðning frá einkaaðilum sem hafa trú á framtíð þeirra. Með þessum lögum er fyrirtækjum bæði gert auðveldara að fjármagna sig sjálf og stunda rannsóknar- og þróunarstarf.

Um leið og lögin taka gildi er mikilvægt að kynna þau, byggja upp skilvirkt afgreiðsluferli og hraða afgreiðslu umsókna. Kynningin verði í samvinnu við atvinnuþróunarfélög um allt land.

Árangursmat: Gildistaka laga og reglubundin úttekt á tölum um nýtingu úrræða.

Ábyrgð á framkvæmd: Fjármálaráðuneyti, Rannís.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, ríkisskattstjóri og atvinnuþróunarfélög.

Tímarammi: 2010.

15. Impra hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Akureyri.

Markmið: Að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni.

Meginhugmynd: Starfsstöð Impru á Akureyri var sett á fót í desember 2002 á grundvelli markmiða byggðaáætlunar 2002–2005. Hún hefur gegnt lykilhlutverki í nýsköpunar- og þróunarstarfi á landsbyggðinni, m.a. með rekstri fjölmargra sérhæfðra verkefna sem sniðin hafa verið að þörfum tiltekinna markhópa og með tæknilegri ráðgjöf um vöruþróun og markaðssetningu.

Árangursmat: Á tveggja ára fresti verði gerð úttekt á árangri af starfsemi Impru á Akureyri.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Tímaáætlun: 2010–2013.

16. Nýsköpunarsjóður framhaldsskólanema.

Markmið: Efla áhuga framhaldsskólanema á iðngreinum og nýsköpun með betri nýtingu verknámsaðstöðu um land allt.

Meginhugmynd: Stofna sjóð í samstarfi við hagsmunaaðila í atvinnulífinu sem auglýsir eftir hugmyndum að nýsköpun sem hægt er að þróa í verknámsaðstöðu framhaldsskólanna á sumrin. Góðar hugmyndir eru styrktar þannig að nemendur geti unnið í sumarleyfum að útfærslu og framleiðslu undir handleiðslu verknámskennara og nýtt þannig aðstöðu og tækjabúnað auk þess sem dregið er úr atvinnuleysi skólafólks. Þarna kynnast nemendur ekki aðeins verknámi heldur einnig nýsköpunarvinnu.

Árangursmat: Fjöldi umsókna og þátttakenda. Gæði verkefna.
Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Menntamálaráðuneyti og framhaldsskólar, Nýsköpunarmiðstöð, Samtök iðnaðarins, fræðslumiðstöðvar, Samtök framhaldsskólanema.

Tímaáætlun: 2010–2013.

17. Heildstæð áætlun um aukna hlutdeild innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum.

Markmið: Auka hlutdeild innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum og spara þannig gjaldeyri, draga úr koltvísýringsútblæstri og hvetja til nýsköpunar og þróunar.

Meginhugmynd: Setja fram heildstæða áætlun um að auka hlutdeild innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum með sameiginlegu átaki fjölmargra hagsmunaaðila, skattalegum ívilnunum, uppbyggingu fjölorkustöðva og hvatningu til nýsköpunar og þróunar. Í stað þess að velja orkugjafa er ætlunin að skapa almennar forsendur fyrir orkuskiptum, enda munu tækniframfarir og viðtökur markaðarins ráða mestu um það hvaða lausnir ná útbreiðslu. Iðnaðarráðuneytið hefur unnið að orkustefnu í samgöngum í samvinnu við Vistorku. Stefnt er að því að íslenskt efnahagslíf og samfélag geti starfað að mestu án innflutts jarðefnaeldsneytis árið 2050 en markaðir verði skilgreindir áfangar á þeirri leið. Þegar áætlunin um orkuskipti í samgöngum og merki hennar verður kynnt gefst öllum hagsmunaaðilum sem vilja vinna undir merki hennar kostur á að tengja sig verkefninu uppfylli þeir kröfur um visthæfni og nýsköpun. Víða um land er unnið rannsóknar- og þróunarstarf á sviði visthæfra innlendra orkugjafa sem tengja má betur saman. Mikilvægur þáttur í áætluninni er uppbygging fjölorkustöðva svo hægt sé að ferðast um landið á innlendum orkugjöfum.

Árangursmat: Innleiðing ívilnana, mælanlegir áfangar í notkun innlends visthæfs eldsneytis.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Umhverfisráðuneyti, Vistorka, fjármálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, Nýsköpunarmiðstöð, háskólar, innflytjendur eldsneytis, hagsmunaaðilar í bílgreinum, sjávarútvegi og landbúnaði.

Tímaáætlun: 2010.

18. Alþjóðlegt verkefni um nýtingu koltvísýrings frá stóriðju og jarðvarmaverum.

Markmið: Koma á alþjóðlegu samstarfsverkefni um þróun leiða til að breyta koltvísýringi frá stóriðju og jarðvarmaverum í hráefni.

Meginhugsun: Ljóst er að uppbyggingu margvíslegs iðnaðar á næstu árum mun fylgja losun gróðurhúsalofttegunda á borð við koltvísýring. Takist að þróa hagkvæmar leiðir til að

nýta koltvísýringinn fremur sem hráefni í eldsneyti eða önnur efni er það því ekki aðeins mikilvægt skref í umhverfismálum heldur einnig verðmætasköpun. Einn aðili er þegar að hefja framleiðslu á eldsneyti úr náttúrulegum koltvísýringi frá jarðvarma auk þess sem slík nýting verður eðlilegur hluti iðngarða í tengslum við orkuver og efnaverkfræðiklasa. Ísland getur boðið upp á kjörskilyrði til að leiða fjölþjóðlegt þróunarverkefni á þessu sviði og mun Nýsköpunarmiðstöð hafa frumkvæði að því að koma því af stað.

Árangursmat: Fjöldi samstarfsaðila sem skrá sig til þátttöku og umfang verkefnis.

Ábyrgð á framkvæmd: Nýsköpunarmiðstöð.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, innlendir og erlendir háskólar, orkufyrirtækin, stóriðjufyrirtæki.

Tímaáætlun: 2010–2013.

19. Vistvæn orkuöflun til húshitunar og niðurgreiðslur kostnaðar.

Markmið: Minnka kostnað á rafhitunarsvæðum með innleiðingu nýrra lausna við húshitun.

Meginhugmynd: Skoðaðar verði aðrar leiðir en bein rafkynding á svæðum sem nýta raforku til húshitunar. Hvatt verður til uppsetningar varmadælna þar sem það þykir hagkvæmt. Einnig verði könnuð hagkvæmni viðarkyndingar, sem nýta mundi grisjunarvið úr skógum landsins.

Á undanförnum árum hefur hið opinbera varið allt að 930 millj. kr. árlega til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði auk um 250 millj. kr. í jarðhitaleit. Með þessum hætti hefur verið leitast við að jafna orkukostnað á milli þeirra svæða sem búa við hitaveitu og þeirra sem eru á svokölluðum köldum svæðum og nýta raforku og olíu til húshitunar, sem að öllu jöfnu er mun dýrara en hitaveitur. Lögð hefur verið áhersla á að draga úr notkun raforku til húshitunar og því hafa verið byggðar margar hitaveitur víða um land allt undanfarin ár og hafa þær verið styrktar af hinu opinbera til að standa undir hluta þess kostnaðar sem hlýst af lagningu veitnanna. Nú er talið að hitaveituvæðing á Íslandi hafi nánast náð hámarki hvað hagkvæmni varðar. Því þarf að leggja áherslu á aðrar lausnir til umhverfisvænnar orkuöflunar sem mætti styrkja með svipuðum hætti og hitaveitur hafa verið styrktar fram að þessu.

Árangursmat: Lagt verður mat á þann sparnað sem hlýst af því að notendur rafhitunar breyti yfir í aðra orkugjafa svo sem varmadælur eða viðarkyndingu.

Ábyrgð á framkvæmd: Orkustofnun/Orkusetur.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti.

Tímaáætlun: 2011.

V. Erlend nýfjárfesting í atvinnulífinu.

Bein erlend fjárfesting felur ekki aðeins í sér fjölgun starfa, aukin verðmæti inn í hagkerfið og mikilvæga traustsyfirlýsingu á íslenskt atvinnu- og efnahagslíf heldur er hún í flestum tilfellum hvati til nýsköpunar og þróunar. Með fjárfestingum eru erlendir aðilar að leggja fjármagn í framkvæmdir og deila áhættunni með innlendum aðilum í stað þess að bjóða aðeins lánsfé gegn vöxtum. Núverandi staða Íslands á alþjóðavettvangi og samkeppni um erlendar fjárfestingar gerir okkur nauðsynlegt að bæta samkeppnisstöðuna með ívilnunum til handa erlendum fjárfestum enda skila þær sér til baka í formi verðmætasköpunar og tekjuauka. Rammalöggjöf um ívilnanir vegna erlendra fjárfestinga í stað stakra fjárfestingarsamninga er mikilvægt skref sem stíga þarf auk þess sem efla verður kynningarstarf atvinnuþróunarfélaga á tækifærum, kostum og styrkleikum allra landshluta í gegnum samstarf við Fjárfestingarstofu.

20. Rammalöggjöf um ívilnanir.

Markmið: Gera ívilnanir vegna erlendra nýfjárfestinga gegnsærri og bæta samkeppnisstöðu Íslands sem fjárfestingarkosts.

Meginhugmynd: Með rammalöggjöf um ívilnanir vegna erlendra nýfjárfestinga verður ferlið gagnvart erlendum fjárfestum mun einfaldara og gegnsærra auk þess hægt verður að kynna markvisst þær ívilnanir sem í boði eru og tengja styrkleikum og tækifærum Íslands og einstakra landshluta. Núverandi ferli, sem felur í sér sérsniðna fjárfestingarsamninga vegna einstakra verkefna, byggða á heimildarlögum frá Alþingi og með fyrirvara um samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA, er tímafrekt og ógegnsætt.

Heimild til að veita ívilnanir er byggð á byggðakorti ESA af Íslandi og nú miðast það við landsbyggðarkjördæmin þrjú.

Iðnaðarráðuneytið mun leggja fram frumvarp að rammalöggjöf um ívilnanir.

Árangursmat: Gildistaka rammalöggjafar, nýfjárfestingar á grundvelli rammalöggjafar.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Alþingi, ESA.

Tímaáætlun: 2010–2013.

21. Markviss kynning á tækifærum fyrir erlendar nýfjárfestingar.

Markmið: Styrkleikar og tækifæri Íslands og einstakra landshluta verði kynnt erlendum fjárfestum með markvissum og samræmdum hætti til að efla atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun.

Meginhugmynd: Fjárfestingarstofa annist samræmda kynningu á Íslandi og einstökum landshlutum sem fjárfestingarkosti fyrir erlenda fjárfesta auk þess að samræma upplýsingaöflun og greiningarvinnu. Atvinnuþróunarfélög, í samvinnu við sveitarfélög og landshlutasamtök, verði bakhjarlar og samstarfsaðilar Fjárfestingarstofu í þessu mikilvæga

verkefni og leggi áherslu á að láta vinna greiningar og upplýsingaefni um styrkleika og tækifæri einstakra svæða, landshluta eða atvinnugreina með samræmdum hætti.

Sérstök kynningarverkefni um einstök svæði, verkefni eða greinar verði unnin í samráði við Fjárfestingarstofu og framkvæmd samkvæmt umsaminni verkefnaáætlun. Mikilvægt er að fyrir liggi skilgreindar boðleiðir, upplýsingamiðlun og verkaskipting þegar erlendir fjárfestar leita eftir upplýsingum um fjárfestingartækifæri eða staðsetningu fyrir nýfjárfestingu. Í undirbúningi að stofnun Íslandsstofu hefur komið skýrt fram að kynning á Íslandi sem fjárfestingarkosti er eitt af lykilhlutverkum stofunnar. Það starf verður undirbúið af kostgæfni.

Árangursmat: Fjöldi skilgreindra samstarfsverkefna á sviði kynningar, fjöldi nýfjárfestingarverkefna.

Ábyrgð á framkvæmd: Fjárfestingarstofa og atvinnuþróunarfélögin.

Aðrir þátttakendur: Íslandsstofa, iðnaðarráðuneyti, Byggðastofnun, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga.

Tímaáætlun: 2010–2013.

VI. Efling ferðaþjónustu.

Innviðir ferðaþjónustunnar hafa byggst hratt upp á undanförnum árum og greinin er nú ein af aðalútflutningsgreinum Íslendinga. Ferðaþjónustan er einnig sú atvinnugrein sem hraðast getur aukið gjaldeyristekjur og fjölgað störfum án umfangsmikilla fjárfestinga. Áherslan er því lögð á frekari vöruþróun og nýsköpun á grunni vandaðrar úttektar á auðlindum greinarinnar og stefnumótun og sýn m.a. unnin á forsendum heimamanna. Þessi vöruþróun miðar að því að skapa fleiri tækifæri til upplifunar, dreifa ferðamannastraumnum, bæði um landið og yfir árið og auka þau verðmæti sem greinin skapar um leið og sjálfbærni er lykilhugtak. Horfa þarf sérstaklega til sviða sem eiga það sameiginlegt að byggja á sérstöðu Íslands sem áfangastaðar, eru óháðir árstíðum og skapa mikil verðmæti.

22. Nýsköpun og vöruþróun í ferðaþjónustu tengd heilsu, lífsstíl, ráðstefnum og menningu.

Markmið: Kortleggja innviði og vöruframboð, skilgreina sóknarfærin, efla nýsköpun og miðla samræmdum skilaboðum um kosti Íslands á viðkomandi sviðum.

Meginhugmynd: Á undanförnum árum hefur mikið starf verið unnið í þróun ýmiss konar afþreyingar fyrir ferðamenn. Nýjar áherslur hafa m.a. tengst sjálfbærri þróun, heilsueflingu og útivist og menningartengdri ferðaþjónustu. Mikilvægt er að hlúð verði að sjálfbærri nýsköpun innan ferðaþjónustunnar til að auka framlegð og styrkja samkeppnisstöðu hennar gagnvart ferðaþjónustu annarra landa.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins hefur verið unnið að samantekt um möguleika heilsu- og lífsstílstengdrar ferðaþjónustu á Íslandi. Næstu skref eru að taka á þeim veikleikum eða vöntun á vöruframboði sem greiningin leiðir í ljós og móta svo áætlun um kynningu á Íslandi sem valkosti. Skilgreina þarf markmið og stefnu í uppbyggingu heilsuferðaþjón-

ustu og síðan byggja upp þekkingargrunn er nýtist þeim sem vilja hasla sér völl innan þessarar greinar ferðaþjónustunnar og nýtist opinberum aðilum í stuðningsverkefnum, m.a. við mótun sameiginlegs vörumerkis fyrir Ísland sem heilsulind. Þá þarf einnig að skoða þann möguleika sem stærri verkefni á þessu sviði skapa til að fá hingað erlenda og innlenda nýfjárfestingu í ferðaþjónustu. Samkeppnisgreining gæti aukið áhuga erlendra fjárfesta ekki síður en ferðamanna.

Fundir, ráðstefnur, menningarviðburðir og hvataferðir fyrirtækja eru mikilvæg uppspretta tekna utan háannar í ferðaþjónustu. Tenging við náttúrutengda afþreyingu eða útivist skapar sóknarfæri fyrir marga landshluta. Þá rís nú ráðstefnu- og tónlistarhús í Reykjavík og menningarhús víða um land sem opnar íslenskri ferðaþjónustu nýja möguleika. Þeir verða aðeins nýttir með kynningu á Íslandi sem stað fyrir stærri fundi, ráðstefnur og menningarviðburði.

Vinna þarf áfram með greiningu á því hvernig nýta megi betur náttúru landsins, sögu þjóðarinnar og menningu í allri sinni fjölbreytni, hvort sem um er að ræða samtímasögu og menningu nútíðar eða sagnaarfinn.

Árangursmat: Fjöldi afþreyingarmöguleika er stendur ferðamönnum til boða samkvæmt gagnagrunni Ferðamálastofu, þjónustukaup erlendra og innlendra ferðamanna.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Umhverfisstofnun, heilbrigðisráðuneyti, atvinnuþróunarfélög, Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, SAF og hagsmunaaðilar innan ferðaþjónustunnar.

Tímaáætlun: 2010–2013.

23. Rannsóknir og þekkingaruppbygging í ferðaþjónustu.

Markmið: Efla hagnýtar rannsóknir og þróun í ferðaþjónustu og koma á varanlegu og markvissu samstarfi fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana.

Meginhugmynd: Unnið verði á grunni markvissrar langtímaáætlunar þar sem hagnýt rannsóknar- og fræðsluverkefni eru skilgreind í samvinnu við hagsmunaaðila. Þróað verður hagnýtt fræðsluefni og verkefni sem nýtist fólki sem starfar í ferðaþjónustu. Hagnýtar rannsóknir og kannanir verði auknar til stuðnings við markvissa vöruþróun, atvinnuuppbyggingu og markaðssetningu. Haldið verði áfram að efla gerð hliðarreiknings við þjóðhagsreikning (*Tourism Satellite Account*) um ferðaþjónustu en fyrstu tölur byggðar á þeirri aðferðafræði voru birtar síðari hluta árs 2008. Hagstofa Íslands hefur stýrt þessu verkefni í samstarfi við iðnaðarráðuneytið.

Árangursmat: Byggt verði á endurmati frá ferðaþjónustuaðilum.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa, (Hagstofan og Rannsóknamiðstöð ferðamála).

Aðrir þátttakendur: Nýsköpunarmiðstöð, Byggðastofnun, sveitarstjórnir, háskólar, ýmis hagsmunasamtök, fræðslusamtök atvinnulífsins og fagfélög innan ferðaþjónustunnar.

Tímaáætlun: 2010–2013.

24. Undirbúningur landnýtingaráætlunar fyrir ferðaþjónustu á hálendinu.

Markmið: Safna saman fyrirliggjandi rannsóknum og gögnum og meta frekari rannsóknaþörf svo ljúka megi gerð landnýtingaráætlunar fyrir ferðaþjónustu á hálendi Íslands.

Meginhugmynd: Fjölmargir aðilar hafa safnað gögnum og sinnt rannsóknum á áhrifum ferðaþjónustu á hálendið og fjölfarna ferðamannastaði. Þörfin fyrir heildstæða áætlun um landnýtingu ferðaþjónustunnar á hálendinu vex með fjölda ferðamanna sem þangað sækja. Til að undirbúa gerð slíkrar landnýtingaráætlunar þarf að kortleggja fyrirliggjandi rannsóknir á áhrifum og gögn um ferðahegðun og gera áætlun um frekari rannsóknir eftir því sem þörf krefur. Í því skyni mun Ferðamálastofa kalla til samráðshóp aðila sem lýkur þeirri vinnu og gerir tillögur um næstu skref og tímasetta áætlun um gerð landnýtingaráætlunar fyrir hálendið.

Árangursmat: Áfangaskýrsla og áætlun um rannsóknir og vinnslu landnýtingaráætlunar.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Byggðastofnun, sveitarfélög, háskólar, rannsóknaraðilar á sviði ferðaþjónustu, SAF, ferðamálasamtök, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, nefnd um skipulag miðhálendisins.

Tímaáætlun: 2011–2012.

25. Þróun gæða- og umhverfisviðmiða fyrir íslenska ferðaþjónustu.

Markmið: Koma á samræmdu gæða- og umhverfiskerfi fyrir smá sem stór fyrirtæki.

Meginhugmynd: Í byggðaáætlun 2006–2009 hófst vinna við að koma á gæða- og umhverfisvottunarkerfi sem nýtist íslenskri ferðaþjónustu í heild. Í þessu samhengi hefur einkum verið horft til þeirrar aðferðafræði sem unnið hefur verið eftir í nágrannalöndum okkar, svo og í Nýja-Sjálandi. Mikilvægt er að stefna áfram að því markmiði að samræma gæðakröfur innan ferðaþjónustunnar. Jafnframt er mikilvægt að veita fyrirtækjum faglegan stuðning og ráðgjöf til þess að taka þátt í þeirri vinnu.

Samhliða aukinni vetrarferðamennsku þarf að huga sérstaklega að vottunarmálum fyrir ferðaþjónustuaðila sem bjóða upp á útivist og ferðalög. Vetrarferðir, og raunar einnig hálendis- eða jöklaferðir að sumarlagi, gera ríkar kröfur um undirbúning, aðgát og viðbrögð.

Árangursmat: Fjöldi fyrirtækja sem starfa á grunni þess kerfis sem þróað verður.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Nýsköpunarmiðstöð Íslands, iðnaðarráðuneyti, SAF, fræðslusamtök atvinnulífsins, ferðamálasamtök og landshlutamiðstöðvar.

Tímaáætlun: 2010–2011.

26. Fjölgun veigamikilla ferðamannastaða.

Markmið: Auka dreifingu ferðamanna um landið með markvissri uppbyggingu nýrra áfangastaða, svo og viðhaldi þeirra ferðamannastaða sem þegar eru til staðar.

Meginhugmynd: Unnin verði greining á hverju landsvæði þar sem horft verður til raunverulegra framkvæmdaverkefna til að byggja upp meginferðamannastaði. Tillögunum verði í framhaldi raðað í forgangsröð og markvisst unnið að uppbyggingu samkvæmt þeirri áætlun. Ferðamálastofa sem og aðrir er koma að úthlutun styrkfjár styðjist við þessa greiningu þegar kemur að nýtingu fjármagns.

Árangursmat: Dreifing ferðamanna sé vöktuð á landsvæðunum. Framkvæmdir metnar á grunni áætlunar með reglubundnum hætti.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Umhverfisráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, Byggðastofnun, þjóðgarðar, Umhverfisstofnun, Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins, Vegagerðin, sveitarfélög o.fl.

Tímaáætlun: 2010–2013.

27. Ferðaþjónusta tengd hefðbundnum atvinnugreinum.

Markmið: Skoða sérstaklega hvernig stuðla megi að frekari uppbyggingu ferðaþjónustu tengdri landbúnaði og sjávarútvegi.

Meginhugmynd: Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á nýtingu hefðbundins staðbundins hráefnis og landbúnaðarafurða í margvíslegum matarverkefnum. Mikilvægt er að greina hvernig til hefur tekist og hvað þarf til að efla þessa starfsemi en bændamarkaðir eða sala afurða beint frá býli geta verið vaxandi tekjulind auk þess sem svæðisbundnar afurðir í matargerð geta verið mikilvægur þáttur í upplifun ferðamanna. Þá þarf að leysa kvótamál tengd vaxandi sjóstangveiði ferðamanna.

Árangursmat: Einföldun reglna og hindrunarlaus vöxtur greinarinnar.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og stofnanir þess.

Tímaáætlun: 2011–2012.

VII. Félagsauður.

Félagsauður hvers samfélags er innri styrkur þess til verkefna hvort sem er á sviði nýsköpunar, atvinnuuppbyggingar eða bættrar þjónustu og innviða. Félagsauðurinn hefur því afgerandi áhrif á búsetuskilyrði. Hann má til dæmis efla með menntun, menningarstarfi eða hvatningu til lýðræðislegrar þátttöku í ákvörðunum. Jöfn staða og tækifæri kynjanna á vinnumarkaði, tækifæri til að afla sér menntunar við hæfi, sækja þjónustu og afþreyingu og margt fleira hefur áhrif á búsetuval. Skapandi greinar efla skapandi atvinnulíf. Því er mikilvægt að taka félagsauðinn ætíð með í reikninginn í allri áætlanagerð.

28. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga.

Markmið: Að lýsa orsökum búferlaflutninga.

Meginhugmynd: Lagt er til að gerð verði rannsókn á orsökum búferlaflutninga á Íslandi og hvaða áhrifaþættir ráða búsetuvali kynjanna. Í framhaldi af því verði gerð áætlun um úrbætur, sé tilefni til.

Árið 1997 kom út skýrslan „Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga“. Skýrsla þessi vakti verðskuldaða athygli á sínum tíma.

Margt hefur breyst í íslensku samfélagi frá útkomu skýrslunnar og upplýsingar í skýrslunni voru ekki kyngreindar. Í ljósi þess að mikill kynjahalli er orðinn á landsbyggðinni, þar sem konur eru víða mun færri en karlar, karlar leita sér mun síður menntunar en konur og ekki síst vegna upplýsinga nýrra rannsókna sem sýna aukinn launamun karla og kvenna á landsbyggðinni er ástæða til að ráðast í þessa rannsókn. Skoða þarf þær samfélagsbreytingar sem átt hafa sér stað tengt atvinnulífi.

Árangursmat: Skýrslan verður kynnt og hún birt í heild sinni þegar rannsókninni og úrvinnslu er lokið.

Ábyrgð á framkvæmd: Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur: Jafnréttisstofa, Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofan, háskólar og rannsóknastofnanir.

Tímaáætlun: 2012.

29. Bætt aðgengi að menntun.

Markmið: Að bæta framboð og aðgengi að menntun á öllum skólastigum.

Meginhugmynd:

1. Að þekkingarsetrin verði miðstöðvar fjarnáms í sem flestum greinum sem kenndar eru á framhalds- og háskólastigi, einkum á þeim stöðum þar sem framhalds- og háskólar eru ekki staðsettir.
2. Að efla framboð á starfs- og iðnnámi og gera skólum kleift að mæta ólíkum þörfum nemenda þar sem hver skóli byggi, eftir því sem hægt er, á sérkennum og styrkleikum hvers svæðis.

3. Að kortleggja í samvinnu við framhaldsskóla, fræðslusamtök á vinnumarkaði og Samtök iðnaðarins þau fyrirtæki í hverjum landshluta sem tekið geta nemendur á námssamning svo þeir geti lokið iðnnámi í sinni heimabyggð.

Árangursmat: Metið af menntamálaráðuneyti. Árangur verður metinn út frá fjölda nema í námi og útskrifuðum nemum í gegnum fjarnám í samanburði við fyrri ár.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Símenntunarstöðvar, Byggðastofnun, sveitarfélög, háskólar og framhaldsskólar og samgönguráðuneyti.

Tímaáætlun: 2011.

30. Áætlun um útrýmingu kynbundins launamunar.

Markmið: Að skilja orsakir kynbundins launamunar eftir svæðum svo gera megi markvissa aðgerðaáætlun.

Meginhugmynd: Rannsóknir benda til að kynbundinn launamunur sé mismunandi eftir svæðum. Frekari rannsóknir á þróun kynbundins launamunar og skýringum þess að hann er mismunandi eru mikilvægar forsendur markvissrar aðgerðaáætlunar um útrýmingu hans. Þá benda rannsóknir einnig til þess að munurinn á tekjum karla og kvenna sé mjög mismunandi eftir svæðum en sá munur getur einnig haft áhrif á þann kynjahalla sem víða gætir á landsbyggðinni og verður sífellt alvarlegra lýðfræðilegt vandamál þar sem fæðingartíðni lækkar og það fækkar í þeim aldurshópum sem samfélagið hvílir á.

Árangursmat: Kannanir á kynbundnum launamun og tekjum karla og kvenna.

Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Jafnréttisstofa, Byggðastofnun, Hagstofan, háskólar og rannsóknastofnanir.

Tímaáætlun: 2013.

31. Menning, skapandi greinar og listnám.

Markmið: Efla fjölbreytni og nýsköpun í lista- og menningarmálum og þróun skapandi greina.

Meginhugmynd: Fjölbreytt menningarlíf, listir og skapandi greinar hafa blómstrað víða um land. Svæðisbundnir menningarsamningar hafa skilað miklu og mikilvægt er að áfram verði stutt við fjölbreytt menningar- og listalíf á landsbyggðinni og tengsl þess við atvinnulífið verði bætt. Til að ná enn meiri árangri þarf að efla menntun á þessum sviðum. Menningarsamningar gætu í samstarfi við vaxtarsamninga og aðra álíka samninga sem

kostaðir eru af ríkinu komið á fót og stutt samstarfsverkefni með framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum og þannig unnið að framgangi þessara greina. Verkefnin gætu einnig tengst hugmyndum um þekkingarsetur á landsbyggðinni, sérstaklega ef þau ættu að tengjast starfsemi á háskólastigi. Þau ættu að byggjast á menningar- og náttúrusérkennum hvers svæðis, vera sem víðtækust á sviði rit-, nytja-, sviðs- og sjónlista og hafa tengsl við atvinnulíf, t.d. framleiðslufyrirtæki.

Árangursmat: Stjórnir vaxtar- og menningarsamninga munu meta árangur af því tveggja ára starfi sem tillagan er um. Eftirsóknarvert er að geta metið svæðisbundinn árangur af listnámi, hvort það muni hafa áhrif á starfsemi sem fyrir er á svæðinu, leiða til nýrrar starfsemi, og hvort það muni hafa áhrif á búsetu-, starfs- og námsval nemendanna.

Ábyrgð á framkvæmd: Svæðisbundnir menningar- og vaxtarsamningar.

Aðrir þátttakendur: Þekkingarsetur, atvinnuþróunarfélög, símenntunarstöðvar, framhaldsskólar, leikfélög, framleiðslu- og ferðafyrirtæki.

Tímaáætlun: Gert er ráð fyrir undirbúningstímabili 2010 og að verkefninu verði hrundið í framkvæmd á árunum 2012–2013.

Fylgiskjal.

Byggðastofnun:

Byggðaþróun – Ástand og horfur.

1. INNGANGUR

Stefnumótandi byggðaáætlun „skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum“ segir í 7. grein laga nr. 106/1999 um Byggðastofnun. Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun samkvæmt þessari lagagrein í samvinnu við Byggðastofnun, ráðuneyti, sveitarfélög og fleiri og leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um slíka áætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu, áætlunum um aðgerðir, tengslum byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Byggðastefna íslenskra stjórnvalda mótast mjög af því að Ísland er hluti alþjóðlegs samfélags, markaðar og regluverks. Byggðastefna Evrópusambandsins stefnir að „byggðalegum fjölbreytileika“[1] og líkri stefnu fylgja Norðurlönd.[2]

Á vettvangi norrænna byggðarannsókna og norræns samstarfs um byggðamál hefur athygli beinst að þróun byggðastefnu yfir í þriðju kynslóð byggðastefnu með áherslu á sérkenni svæða og „byggðalegan fjölbreytileika“. Fyrsta kynslóð byggðastefnu á Norðurlöndum var samkvæmt þessum viðhorfum mótuð á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar og miðaði að því að jafna efnahagsskilyrði innanlands með hagrænum aðgerðum, styrkjum og undanþágum. Önnur kynslóð byggðastefnu óx smám saman á 10. áratugnum, framyfir aldamót, undir áhrifum vaxandi samkeppni við nýja þátttakendur í alþjóðavæðingunni, einkum lönd í Suðaustur-Asíu. Þessu fylgdu kröfur um meiri samkeppnishæfni og vöxt og þá færðust áherslur yfir á að efla svæðisbundinn vöxt til þess að mynda vöxt á landsvísu. Samkvæmt því var m.a. víða gripið til gerðar svæðisbundinna vaxtarsamninga. Áherslan á svæðin, á vöxt á landshlutavísu, og starfið á þeim grunni hefur leitt til fleiri tækifæra til ábyrgðar á landshlutastigi. Því hefur umræða um stefnumótun beinst að mikilvægi öflugs framkvæmdafólks og skilvirkrar forystu á landshlutastigi. Með breyttu samstarfi um stefnumótun og „stækkun svæða“, sameiningum, hefur verið leitast við að efla frumkvæði, forystu og ábyrgð landshlutanna. Hér virðist vegurinn fyrir 3. kynslóð byggðastefnu vera varðaður. Athyglinni verði beint að sérstöðu hvers einstaks landshluta og vaxtarskilyrðum hans, stefnan þarf að vera sveigjanleg og þeir sem bera ábyrgð á henni líka. Alþjóðavæðingin virðist þannig koma í veg fyrir eina stefnu fyrir alla byggð hvers lands og mikilvægt að marka stefnu og áætlanir til framtíðar á þessum skilningi. Hin hraðvirku áhrif í alþjóðlegu efnahagskerfi hafa orðið Íslendingum augljós á árunum 2008 og 2009.

Lífskjör á Íslandi voru um langt árabil með því besta sem þekkist í hinum vestræna heimi. Hagvöxtur hefur verið mikill, verðbólga fremur lág og lítið sem ekkert atvinnuleysi. Á síðari hluta árs 2008 urðu hins vegar alger og snögg umskipti. Ísland hefur orðið sérstaklega illa úti í þeirri heimskreppu sem nú geisar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, og stærstu banka-

---

[1] Green Paper on Territorial Cohesion; Turning territorial diversity into strength: http://ec.europa.eu/regional_policy/consultation/terco/paper_terco_en.pdf

[2] www.nordregio.se/pdf/R2009_1.pdf

stofnanir landsins hafa orðið gjaldþrota, en saman mynduðu þeir um 85% af bankakerfi landsins. Gjaldeyrismarkaður heima fyrir þornaði upp og alvarleg röskun varð á greiðslumiðlun til og frá landinu. Margt hefur verið rætt og ritað um orsakir þessa, en ljóst er að íslensku bankarnir höfðu vaxið mjög hratt á undangengnum árum. Þetta leiddi til þess að í árslok 2007 var íslenska bankakerfið orðið eitt hið stærsta í heimi í samanburði við verga landsframleiðslu. Það var því ljóst að fall þeirra myndi skapa djúpstæða kreppu á Íslandi. Fall íslensku krónunnar og háir vextir hafa leitt mikla erfiðleika yfir atvinnulífið. Mörg fyrirtæki hafa farið í þrot og atvinnuleysi hefur margfaldast. Skráð atvinnuleysi á árinu 2009 varð með 9,1% í maímánuði en lækkaði síðan stöðugt til septembermánaðar þegar það fór niður í 7,2%. Atvinnuleysi jókst hins vegar lítillega í októbermánuði og mældist þá 7,6%.[3] Atvinnuleysi ársins 2009 samsvarar því að stærstur hluti þeirra fjölgunar á störfum sem varð frá árinu 2000 hafi tapast. Á tímabilinu 2000–2008 fjölgaði hins vegar íbúum landsins um tæplega 37.000 eða um 13%. Þetta hefur leitt til þess að þjóðarbúskapurinn hefur færst inn í tímabil mikils samdráttar, stóraukins fjárlagahalla og mikillar aukningar opinberra skulda. Í kjölfar bankahrunsins sömdu íslensk stjórnvöld um lánafyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli áætlunar sem hefur þríþætt markmið: Í fyrsta lagi að koma á stöðugleika á gjaldeyrismarkaði og stuðla að hækkun á gengi íslensku krónunnar, í öðru lagi að móta stefnu í ríkisfjármálum fyrir árin eftir 2009 sem viðbrögð við fyrirsjáanlegum halla í ríkisrekstrinum, og í þriðja lagi að endurreisa fjármálakerfið. Mikill vandi blasir við í ríkisfjármálunum þar sem stöðva þarf hallarekstur ríkissjóðs. Það er mat Fjármálaráðuneytisins að ná þurfi fram allt að 40–50 milljarða króna sparnaði í ríkisrekstri á fjárlögum ársins 2010. Það svarar til 10% af útgjaldaveltu ráðuneytanna.

Grunnstoðir íslensks efnahagslífs eru þó sterkar. Landið býður uppá aðgengi að hreinum orkugjöfum, ríkulegum auðlindum í hafinu og velmenntað vinnuafl auk þess sem grunnstoðir samfélagsins eru að öðru leyti sterkar. Í þessum aðstæðum felast tækifæri þjóðarinnar til þess að vinna sig upp úr kreppunni til sjálfbærrar þróunar og þessar aðstæður – ásamt því að íbúafjöldi virðist vaxa utan höfuðborgarsvæðisins – rökstyðja að svipaðar áherslur verði lagðar í byggðaþróun nú og við síðustu byggðaáætlanir, að byggja á frumkvæði, auðlindum og mannauði í landshlutunum eins og gert er í vaxtarsamningunum, breyta byggðalegum fjölbreytileika í styrkleika eins og annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu. Skilgreina þarf sérkenni svæðanna, samfélög, auðlindir, sóknarfæri og veikleika og byggja áherslur og markmið á niðurstöðunum, samhæfa opinberar áætlanir og miða þær að sömu markmiðum og framtíðarsýn og draga þannig úr líkum á ágreiningi og hámarka samvirkni.

Undirbúningur fyrir þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun hófst haustið 2008 með fundum iðnaðarráðuneytis, Byggðastofnunar og annarra undirstofnana ráðuneytisins, um það leyti sem íslenska bankakerfið hrundi. Einmitt þá má segja að skyggni til framtíðar hafi verið minnst um langan tíma, örðugt hafi verið að meta framtíðarhorfur og hverjar áherslur og aðgerðir ættu að einkenna tillögur um stefnumótandi byggðaáætlun. Ráðuneytið fól Byggðastofnun að vinna að mótun áætlunarinnar og var ákveðið að hafa vinnsluferilinn opinn og leita víða eftir viðhorfum. Því gekkst Byggðastofnun fyrir málþingi undir heitinu *Byggðaþróun við breyttar aðstæður* föstudaginn 28. nóvember í Reykjavík og bauð til þess fulltrúum allra ráðuneyta, atvinnuþróunarfélaga, samtaka sveitarfélaga og fjölda stofnana sem Byggðastofnun taldi áríðandi að hafa samráð við um áætlunina. Í framhaldinu vann Byggðastofnun úr viðhorfum sem fram komu á málþinginu og lagði til kynningar á vefsíðu

[3] Vinnumálastofnun – Staðan á vinnumarkaði – Október 2009.

sinni ásamt gögnum málþingsins.[4] Tillögur mótuðust áfram í samstarfi Byggðastofnunar og iðnaðarráðuneytisins og í mars 2009 voru drög að aðgerðartillögum lögð til kynningar og umsagnar á vefsíðu Byggðastofnunar. Starfsmenn Byggðastofnunar héldu síðan fundi um þau seinni hluta marsmánaðar í samstarfi við átta atvinnuþróunarfélög í jafnmörgum landshlutum auk fundar með starfsmönnum og formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga í Reykjavík. Til funda í landshlutunum voru boðaðir sveitarstjórnarmenn, stjórnir landshlutasamtaka sveitarfélaga og stjórnir og starfsfólk atvinnuþróunarfélaganna, drögin kynnt og rædd, fundarmenn beðnir um ábendingar og athugasemdir sem síðan var skilað til Byggðastofnunar í apríl og raunar fram í maí. Í júní og júlí 2009 voru tillögur þróaðar áfram í samstarfi iðnaðarráðuneytisins og Byggðastofnunar og stofnunin lagði þá fram fylgirit með tillögunni, *Byggðaþróun, ástand og horfur*.

Í nóvember 2009 voru endurskoðaðar aðgerðartillögur sendar til umsagnar þeirra sem gert höfðu skriflegar athugasemdir á vormánuðum og fylgiritið birt á heimasíðu Byggðastofnunar. Í framhaldinu voru nokkur atriði þess uppfærð í byrjun desember, verkefnaskrár NPP- og NORA-áætlananna og upplýsingar um atvinnuleysi.

2. ÞRÓUN SÍÐUSTU ÁRA OG ÞRÓUNARHORFUR

2.1 Mannfjöldi, tekjur og atvinna

2.1.1 Mannfjöldi

Mikil fjölgun fólks hefur verið á suðvesturhluta landsins síðastliðin ár sem framhald á þróun sem hefur verið viðvarandi alla 20. öldina.[5] Á tímabilinu frá 1. desember 2000 til 1. desember 2008 fjölgaði íbúum á Íslandi úr 282.845 í 319.756. Fjölgunin er 36.911 manns eða 13,05%. Hlutfallslega mesta fjölgunin á þessu tímabili varð á Suðurnesjum um 30,8%, á höfuðborgarsvæðinu um 15,2%, á Suðurlandi um 14,5%, á Vesturlandi 10,2%, á Austurlandi um 9,5% og á Norðurlandi eystra um 3,1%. Fækkun varð hins vegar á Vestfjörðum, um 9,5% og á Norðurlandi vestra um 6,1%.

Tafla 2.1.1.1 Íbúafjöldi eftir svæðum árin 2000 og 2004.

Landssvæði	íbúar '00	íbúar '04	Mism.	%
Höfuðborgarsvæði	175.000	183.990	8.990	5,14%
Suðurnes	16.491	17.092	601	3,64%
Vesturland	14.263	14.418	155	1,09%
Vestfirðir	8.150	7.698	-452	-5,55%
Norðurland vestra	7.873	7.598	-275	-3,49%
Norðurland eystra	28.181	28.404	223	0,79%
Austurland	11.768	12.298	530	4,50%
Suðurland	21.119	21.793	674	3,19%
Samtals:	**282.845**	**293.291**	**10.446**	**3,69%**

Þróunin var þó ekki einsleit allt tímabilið eins og meðfylgjandi myndir og töflur bera með sér. Á árabilinu 2000–2004 var stöðug fólksfjölgun á áhrifasvæði höfuðborgarinnar, á Akureyri og allra næstu sveitarfélögum og Mið-Austurlandi sem rekja má til virkjunarframkvæmda á svæðinu. Víðast hvar annars staðar var ákveðin fækkun.

[4] www.byggdastofnun.is/page/byggdaaetlun1013
[5] Hagstofa Íslands www.hagstofa.is

Tafla 2.1.1.2 Íbúafjöldi eftir svæðum árin 2004 og 2008

Landssvæði	íbúar '04	íbúar '08	Mism.	%
Höfuðborgarsvæði	183.990	201.585	17.595	9,56%
Suðurnes	17.092	21.564	4.472	26,16%
Vesturland	14.418	15.720	1.302	9,03%
Vestfirðir	7.698	7.374	-324	-4,21%
Norðurland vestra	7.598	7.395	-203	-2,67%
Norðurland eystra	28.404	29.060	656	2,31%
Austurland	12.298	12.882	584	4,75%
Suðurland	21.793	24.176	2.383	10,93%
Samtals:	**293.291**	**319.756**	**26.465**	**9,02%**

Á árabilinu 2004–2008 varð fjölgun á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess ákveðnari og náði á því tímabili frá Borgarfirði og austur fyrir Þjórsá. Á árinu 2008 mátti sjá nokkra breytingu á þeirri þróun sem verið hefur undanfarin ár þar sem það fjölgaði í öllum landshlutum utan Austurlands þar sem rekja má fækkun íbúa til að þess að stórframkvæmdum á svæðinu er að mestu lokið. Vísbendingar um áframhald á þessari þróun má sjá í bráðabirgðatölum Hagstofunnar um mannfjölda 1. apríl 2009. Íbúum fjölgaði þá í mörgum sveitarfélögum utan við höfuðborgarsvæðið og þar á meðal nokkrum sem hafa búið við viðvarandi fólksfækkun til margra ára. Þegar litið er til kynjaskiptingar mannfjöldans má sjá að skipting og þróun skiptingarinnar er með nokkuð mismunandi hætti eftir landssvæðum. Þannig fjölgaði körlum á landinu um tæplega 21.000 frá árinu 2000 til ársins 2008 á meðan konum fjölgaði aðeins um tæp 16.000 á sama tímabili. Þetta hefur leitt af sér að karlar eru nú fleiri ern kon-

Mynd 2.1.1.1 Þróun íbúafjöldans eftir sveitarfélögum árin 2000–2004.



Mynd 2.1.1.2 Þróun íbúafjöldans eftir sveitarfélögum árin 2004–2008.



ur á öllum landssvæðum en árið 2000 og 2004 voru konur mun fleiri en karlar á höfuðborgarsvæðinu. Þróunin hefur verið mjög mismunandi eftir landsvæðum en hlutfallslega er mestur kynjahalli á Austurlandi þar sem karlar eru tæp 7.000 á móti innan við 6.000 konum. Helsta ástæða þessa munar á Austurlandi eru stórframkvæmdirnar á Austurlandi og líklegt verður að telja að þessi munur muni minnka verulega á næstu misserum.

Tafla 2.1.1.3 Kynjaskipting eftir svæðum 2000, 2004 og 2008 og breyting á milli áranna 2000 og 2008.

Karlar	2000	2004	2008	Breyting	% Breyting
Höfuðborgarsvæðið	86.275	90.844	101.364	15.089	17,49%
Suðurnes	8.412	8.711	11.187	2.775	32,99%
Vesturland	7.312	7.447	8.181	869	11,88%
Vestfirðir	4.179	3.949	3.800	-379	-9,07%
Norðurland vestra	4.047	3.867	3.787	-260	-6,42%
Norðurland eystra	14.288	14.319	14.686	398	2,79%
Austurland	6.090	6.675	6.985	895	14,70%
Suðurland	10.990	11.226	12.548	1.558	14,18%
Samtals	**141.593**	**147.038**	**162.538**	**20.945**	**14,79%**

Konur	2000	2004	2008	Breyting	% Breyting
Höfuðborgarsvæðið	88725	93.146	100.221	11.496	12,96%
Suðurnes	8.079	8.381	10.377	2.298	28,44%
Vesturland	6.951	6.971	7.539	588	8,46%
Vestfirðir	3.971	3.749	3.574	-397	-10,00%
Norðurland vestra	3.826	3.731	3.608	-218	-5,70%
Norðurland eystra	13.893	14.085	14.374	481	3,46%
Austurland	5.678	5.623	5897	219	3,86%
Suðurland	10.129	10.567	11.628	1499	14,80%
Samtals	**141252**	**146.253**	**157218**	**15966**	**11,30%**

Tilflutningar fólks úr dreifbýli í þéttbýli er alþjóðleg þróun. Byggðaaðgerðir verða að taka mið af þeirri þróun og því að fólk sækist í að búa í meira þéttbýli þar sem að oftast er að finna fjölbreyttari möguleika á ýmsum sviðum. Á sama hátt verða mælikvarðar sem nota á til að meta árangur af byggðastefnu og byggðaaðgerðum að taka mið af þessum staðreyndum. Þeir mælikvaðar sem litið verður til eru mannfjöldabreytingar og fólksflutningar, breyting á fjölda starfa, hagvexti og tekjum.

Ef hugað er að þróun byggðamála á gildistíma Byggðaáætlunar 2006–2009 er hægt að fullyrða að nokkuð víða hefur mikið áunnist þó þróunin hafi orðið mismunandi eftir svæðum, líkt og við er að búast þar sem það er að sjálfsögðu þannig að fleiri þættir en byggðaaðgerðir einar hafa áhrif á þróun mála.

2.1.2 Atvinnuleysi

Atvinnuleysi á landinu var lítið meginhluta tímabilsins frá árinu 2000 til haustsins 2008, hvort heldur sem er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni.[6] Frá þessu voru þó tíma- og staðbundnar undantekningar. Gjörbreytt staða er nú uppi með þeirri gífurlegu aukningu sem varð í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Sú aukning hélt áfram á fyrstu mánuðum ársins 2009 og í októberlok mældist atvinnuleysi 7,6% en var í kringum 1% fyrri hluta árs 2008. Atvinnulausir karlar reyndust vera 8,0% á móti 7,6% hjá konum. Meginþungi þess atvinnuleysis er á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess. Í þessum kafla er byggt á tölum frá Vinnumálastofnun.

Mynd. Hlutfallslegt atvinnuleysi í október 2009



Mynd 2.1.2.1



Á höfuðborgarsvæðinu voru rúmlega 5.500 manns atvinnulausir í árslok 2008 en hafði fjölgaði í rúmlega 10.000 í októberlok 2009 eða 7,4%. Þetta er mikil breyting þar sem atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu voru innan við eitt þúsund á fyrri hluta ársins 2008. Á tímabilinu fyrir árið 2008 var atvinnuleysi mest á fyrri hluta árs 2003 þegar það fór í 4.000 manns og á fyrri hluta ársin 2004 þegar það fór í tæplega 4000 manns. Frá þeim tíma hafði það síðan minnkað stöðugt fram til haustsins 2008 eins og áður segir.

[6] Vinnumálastofnun www.vinnumalastofnun.is

Mynd 2.1.2.2



Á Suðurnesjum var mjög lítið atvinnuleysi á árunum 2000–2001 en jókst nokkuð á árunum á eftir þegar það var á bilinu 200–400 manns voru atvinnulausir. Það minnkaði síðan fram til haustins 2008 þegar það margfaldaðist á stuttum tíma og stóð í tæplega 1.200 manns í árslok. Eins og á höfuðborgarsvæðinu jókst atvinnuleysið á árinu 2009 og stóð í rúmlega 1.500 manns í októberlok eða 12,6%.

Mynd 2.1.2.3



Atvinnuleysi á Vesturlandi sveiflaðist mikið á tímabilinu 2000–2008. Það er nú í hámarki en stóð í árslok 2008 í rúmlega 300 manns. Hæst hafði það áður farið í ársbyrjun 2003 þegar það fór í tæplega 300 manns. Frá seinni hluta árs 2005 var mjög lítið atvinnuleysi á svæðinu eða á bilinu 50–100 manns alveg fram til ársins 2008 þegar að það fór að aukast. Í októberlok voru atvinnulausir á Vesturlandi tæplega 450 manns eða 4,7%.

Mynd 2.1.2.4



Á Vestfjörðum er atvinnuleysi með því minnsta á landinu eða 2,5% og er í október lok 2009 nálægt hæstu toppum tímabilsins frá árinu 2000. Mesta atvinnuleysið var í kringum áramótin 2000/2001 þegar það fór í 140 manns og í upphafi árs 2004 þegar það var um 130 manns. Frá þeim tíma fór atvinnuleysi minnkandi fram til haustsins 2008 með þeirri undantekningu að tímabundin aukning varð sumarið 2007.

Mynd 2.1.2.5



Árstíðasveiflur einkenna atvinnuleysi á Norðurlandi vestra framan af tímabilinu. Sjá má atvinnuleysi upp á 80–120 manns yfir vetrarmánuðina sem aftur fór niður í 20–40 manns yfir sumarmánuðina. Heldur dró úr þessum sveiflum síðustu þrjú árin og var atvinnuleysi undir 40 allt fram til hausts 2008 þegar atvinnuleysi jókst nokkuð og fór í 70 manns í árslok. Á árinu hefur atvinnuleysi aukist nokkuð og mælist í október lok 2,2% sem er svipað og það var yfir vetrarmánuðina á árunum 2000–2005.

Mynd 2.1.2.6



Þróun atvinnuleysis á Norðurlandi eystra var að mörgu leyti lík og á Norðurlandi vestra þar sem að árstíðasveiflur eru greinilegar. Atvinnuleysi á vetrum árin 2000–2005 fór í 500–600 manns en lækkaði um 200–300 manns á sumrin. Frá árinu 2005 minnkuðu þessar sveiflur verulega um leið og atvinnuleysi minnkaði niður í 300 manns. Frá haustinu 2008 til áramóta þrefaldaðist atvinnuleysi á Norðurlandi eystra og var 940 manns í árslok. Mjög veruleg aukning varð á atvinnuleysi í upphafi árs 2009 og fór það hæst yfir 1.600 manns en minnkaði nokkuð í mars- og aprílmánuðum. Í október lok voru tæplega 1.100 manns atvinnulausir á Norðurlandi eystra eða 8,3%.

Mynd 2.1.2.7



Á Austurlandi voru tæplega 400 manns atvinnulausir ársbyrjun 2001. Nokkrar sveiflur voru á atvinnuleysi á tímabilinu 2001–2004, en eftir það fram til haustsins 2008 var atvinnuleysi á Austurlandi lítið. Frá haustmánuðum hefur það farið úr tæplega 50 upp í tæplega 250 í árslok. Í upphafi árs 2009 varð veruleg aukning eins og víðast hvar annars staðar á landinu og fór hæst í 460 manns í mars en lækkaði á árinu og var í októberlok um 240 manns eða 2,8%.

Mynd 2.1.2.8



Á Suðurlandi voru miklar árstíðarsveiflur framan af tímabilinu 2000–2008 þar sem atvinnuleysi á vetrum fór í 300–400 manns. Veruleg minnkun varð á atvinnuleysi frá og með árinu 2004 allt fram til hausts 2008 þegar atvinnuleysi stóð í um 100 manns. Fram til áramóta sexfaldaðist atvinnuleysið og hélt áfram að aukast í upphafi árs 2009 og fór hæst í 1.000 manns. Í októberlok stóð það í tæplega 700 manns eða 4,6%.

Mynd 2.1.2.9



2.1.3 Atvinnutekjur

Meðalatvinnutekjur hækkuðu um 37–38%, bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess á tímabilinu 2000–2005, en nýrri tölur eru ekki til.[7] Mest var hækkunin á Austurlandi um 52% þar sem meðalatvinnutekjur á árinu 2005 voru rétt neðan landsmeðaltals. Minnst var hækkunin á Suðurnesjum 28% og 33% á Suðurlandi. Atvinnutekjur á landsbyggðinni voru á tímabilinu 15–20% lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Meðalatvinnutekjur voru lægstar á Norðurlandi vestra og Suðurlandi þar sem þær voru aðeins 83% af landsmeðaltali. Líkur eru á að munur á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis hafi minnkað á árinu 2006 en í skýrslu um Hagvöxt landshluta 2006, sem unnin var af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðastofnun, kemur fram að hagvöxtur utan höfuðborgarsvæðisins var meiri árið 2006 en hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu. Búast má við að nú sé þessi staða breytt í kjölfar fjöldaatvinnuleysis og lækkunar launa víða í samfélaginu.

Tafla 2.1.3.1 Meðalatvinnutekjur eftir landssvæðum árin 2000–2005

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Höfuðborgarsvæði	106,2	105,6	105,3	106,0	106,8	106
Utan höfuðborgarsvæðis	90,4	91,3	91,8	90,6	89,2	90,1
Vesturland	92,1	92,9	92,2	90,7	91,1	92,1
Vestfirðir	89,6	88,5	89,7	87,2	86,2	87,1
Norðurland vestra	83,9	84,0	85,6	84,7	83,1	83,4
Norðurland eystra	89,8	91,6	92,8	91,0	90,5	90,6
Austurland	89,7	91,5	93,8	92,5	95	99,0
Suðurland	86,3	87,6	87,4	87,1	84,0	83
Suðurnes	100,2	99,4	98,9	97,6	92	93

Heimild: Hagstofa Íslands

Meðalatvinnutekjur karla á höfuðborgarsvæðinu og utan þess fylgja nokkuð heildarþróuninni. Þannig eru meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu nokkuð yfir landsmeðaltali á meðan þær eru undir meðaltali utan þess. Þá eru tekjurnar lægstar á Norðurlandi vestra og Suðurlandi en hæstar utan höfuðborgarsvæðisins á Austurlandi.

[7] Hagstofa Íslands www.hagstofa.is

Tafla 2.1.3.2 Atvinnutekjur karla eftir landssvæðum árin 2000–2005

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Alls	100,0	100,0	100,0	100	100,0	100,0
Höfuðborgarsvæði	105,6	104,8	104,2	105,3	106,3	105,6
Utan höfuðborgarsvæðis	92,0	93,1	93,9	92,2	90,7	91,4
Vesturland	93,8	94,7	94,0	92,1	92,9	93,8
Vestfirðir	91,5	90,3	91,8	88,7	87,6	88,9
Norðurland vestra	82,8	82,6	85,0	84,2	82,5	83,8
Norðurland eystra	92,8	94,7	96,2	93,6	93,2	93,1
Austurland	91,1	93,7	97,1	95,0	96,1	97,5
Suðurland	85,8	87,8	88,2	87,7	84,7	84
Suðurnes	103,3	102,4	101,6	100,2	94	94

Heimild: Hagstofa Íslands

Meiri munur er á atvinnutekjum kvenna á höfuðborgarsvæðinu og utan höfuðborgarsvæðisins en hjá körlum. Atvinnutekjur er lægstar á Suðurlandi, Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. En minna munar á milli einstakra svæða utan höfuðborgarsvæðisins en hjá körlum.

Tafla 2.1.3.3 Atvinnutekjur kvenna eftir landssvæðum árin 2000–2005

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Alls	100	100	100	100	100	100
Höfuðborgarsvæði	109,1	109	109	109	109	108
Utan höfuðborgarsvæðis	84,8	85,2	85,3	85,1	84,0	85,2
Vesturland	85,5	85,9	85,3	85,2	84,6	86,0
Vestfirðir	85,1	83,2	83,9	82,4	82,4	83,7
Norðurland vestra	82,9	83,6	84,2	83,6	82,6	82,6
Norðurland eystra	82,5	84,5	85,0	84,9	84,4	85,7
Austurland	83,5	83,4	83,4	83,7	85,8	89,2
Suðurland	83,6	83,9	83,4	84	81,6	81,4
Suðurnes	91,5	90,8	90,9	90,3	86,3	87,9

Heimild: Hagstofa Íslands

Í skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands útgefin í september 2008 (bls. 40), *„Kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði“*, kemur m.a. eftirfarandi fram: „Að meðaltali eru heildarlaun á höfuðborgarsvæðinu 12% hærri en á landsbyggðinni og ef tekið er tillit til vinnuframlags breikkar bilið á milli starfsmanna á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Karlar á höfuðborgarsvæðinu hafa 16% hærra heildartímakaup en karlar á landsbyggðinni en þessi munur er 29% á meðal kvenna.“ Munur á launum karla og kvenna er samkvæmt skýrslunni einnig meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Mismunur í launum er því verulegur bæði á milli kynja og einnig eftir búsetu fólks sem styður niðurstöður Hagstofunnar um atvinnutekjur hér að framan.

Mynd 2.1.3.1 Fjöldi starfa á höfuðborgarsvæðinu og utan þess 2000–2007.



Á tímabilinu 2000–2007 fjölgaði störfum um 20.700 á landinu öllu. Öll sú fjölgun og meiri til varð á höfuðborgarsvæðinu en þar fjölgaði störfum á þessum tímabili um 21.100 á meðan störfum utan höfuðborgarsvæðisins fækkaði um 400. Ef litið er til kynjaskiptingar þá fjölgaði körlum í störfum á höfuðborgarsvæðinu um 13.900 en konum í störfum um 7.200. Meginhluta þessarar aukningar má rekja til aukningar í þjónustustarfsemi, bæði í opinbera og einkageiranum. Utan höfuðborgarsvæðisins fækkaði hins vegar starfandi körlum um 1.000 en konum fjölgaði um 600. Ef dregnar eru ályktanir af tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi er ekki óvarlegt að ætla a.m.k. 15 þúsund störf hafi tapast frá haustmánuðum 2008 til aprílloka 2009. Ætla má að allt að 11 þúsund þeirra séu á höfuðborgarsvæðinu og um 4 þúsund á landsbyggðinni, þ.m.t. á Suðurnesjum.

Sé litið til þróunar starfa á liðnum árum sést að hún var mjög á þann veg að störf lögðust af á landsbyggðinni. Ný störf urðu til á höfuðborgarsvæðinu, líka í landbúnaði og fiskveiðum. Þessi þróun kemur skýrt fram á töflunni hér til hliðar.[8]

Mynd 2.1.3.2

Störf tapast aðeins á landsbyggðinni

Breytingar á fjölda starfandi eftir atvinnugreinum og svæðum

	1997-2007	
	Höfuðb.	Landsb.
Allar atvinnugreinar	31100	3700
Landbúnaður og fiskveiðar	200	-1900
Framleiðslustarfsemi	3600	-3200
Þjónustustarfsemi	27300	8800

Heimild: Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands (2008)

2.2 Hagþróun

2.2.0 Almennt

Undanfarin ár hafa verið nokkrar sveiflur í framleiðslu í einstökum landshlutum en á tímabilinu frá 2000–2006 má segja að hagvöxtur hafi verið að mestu bundinn við þrjú svæði hér á landi.[9] Í fyrsta lagi er vöxtur á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess, frá Árnessýslu í austri og vestur í Borgarfjörð. Þá hefur verið töluverður hagvöxtur á Akureyri og nágrenni. Í þriðja lagi hefur verið mikill vöxtur á Mið-Austurlandi, vegna hinna miklu framkvæmda

---

[8] Lilja Mósesdóttir: Missir landsbyggðin af þekkingarsamfélaginu? Erindi á ársfundi Fræðasetra HÍ 2008 www.fraedasetur.hi.is/page/fraedasetur

[9] Hagþróun – Dr. Sigurður Jóhannesson og Sigurður Árnason, 2008. *Hagvöxtur landshluta 2000–2006*, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðastofnun.

þar. Annars staðar á landinu var hagvöxtur lítill eða enginn á þessu tímabili. Ef litið er til íbúatalna má greina mismunandi breytingar. Á Vesturlandi hefur orðið veruleg fólksfjölgun á suðurhluta svæðisins, í Borgarbyggð, á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit, á meðan að það hefur orðið fækkun á Snæfellsnesi og í Dölum. Á Norðurlandi eystra er fjölgun íbúa bundin við Akureyri og 2–3 allra næstu sveitarfélög, á meðan fólki fækkar annars staðar. Á Austurlandi er fólksfjölgun bundin við Mið-Austurland, þ.e. Fljótsdalshérað, Fljótsdalshrepp og Fjarðabyggð. Stór hluti af þeirri fjölgun eru erlendir verkamenn sem starfa við álversframkvæmdirnar. Á Suðurlandi nær fjölgunin austur að Þjórsá og jafnvel austur fyrir hana en fólki fækkar í Austur-Skaftafellssýslu og í Vestmannaeyjum.

Íbúatölurnar sjálfar segja ekki alla söguna. Í mörgum litlum byggðarlögum fækkar fólki undir fertugu ört meðan fjöldi þeirra sem eldri eru helst stöðugur. Tölur um fólksfjölgun og vöxt útsvarstekna í einstökum sveitarfélögum voru notaðar til þess að áætla hagvöxt þar á árunum 2000 til 2006. Þessar tölur virðast gefa allgóðar vísbendingar um raunverulegan hagvöxt, einkum þó útsvarstekjurnar, en þær skýra um 80% af breytileika í hagvexti á tímabilinu. Út frá þessum vísbendingum má áætla hagvöxt á smærri svæðum en áður hefur verið gert. Mjög hraður vöxtur var á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2000 til 2006. Þessi vöxtur smitaði út frá sér til nágrannabyggðanna. Þannig má sjá að töluverður vöxtur var í Árnessýslu á þessu tímabili. Vöxtur var einnig allmikill í Borgarfirði og á Suðurnesjum. Vöxt í Borgarfirði má raunar bæði tengja við Hvalfjarðargöng, sem stytti leiðina til höfuðborgarinnar um 50 kílómetra, og uppbyggingu stóriðju á Grundartanga. Í grannhéruðum höfuðborgarinnar má fá ódýrar lóðir, auk þess sem njóta má þeirra kosta sem lítil byggðarlög bjóða (til dæmis stuttra vegalengda), en samt er ekki langt í stórar verslanir og aðra þjónustu í höfuðborginni. Þá sækja margir vinnu til Reykjavíkur og margir borgarbúar fara á degi hverjum til vinnu í grannhéruðum. Geysimikill vöxtur var á framkvæmdasvæði Kárahnjúkavirkjunar og Fjarðaáls en samdráttur eða stöðnun var í grannhéruðum á Austurlandi. Þá var nokkur vöxtur í Eyjafirði og í Skagafirði en annars staðar á Norðurlandi var víðast hvar lítils háttar samdráttur eða stöðnun. Byggð eflist heldur á Ísafirði en annars staðar á Vestfjörðum er stöðnun í framleiðslu eða samdráttur.

Á utanverðu Snæfellsnesi og í Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjum og Vestur Skaftafellssýslu var víða lítils háttar vöxtur en vísbendingar um einstaka sveitarfélög eru ekki á einn veg. Svipaða mynd og hér hefur verið dregin upp má sjá þegar fasteignaverð í þéttbýli er skoðað. Það hækkaði afar mikið á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi fram á árið 2008 en mun minna annars staðar á landinu. Þegar fasteignaverð árin 2007–2008 er skoðað sést að áhrifa höfuðborgarinnar gætir upp í Borgarfjörð, austur fyrir Selfoss og suður til Keflavíkur. Þá er verð hærra á Akureyri, Mið-Austurlandi og í Skagafirði en annars staðar á landsbyggðinni. Annars staðar á landinu er fasteignaverð yfirleitt innan við helmingur af verði í höfuðborginni.

Enn einn mælikvarðinn sem hægt er að setja á hagþróun eða þenslu á einstökum svæðum er hversu mikið var byggt á viðkomandi svæði. Á mynd 2.2.0.1 er yfirlit yfir heildarfjölda fokheldra fermetra eftir landssvæðum á árunum 2002–2008. Þar sést gríðarlegur munur sem hefur verið á byggingarmagni á landinu á tímabilinu. Á meðan fokheldir fermetrar á Reykjanesi (Suðurnes og höfuðborgarsvæðið án Reykjavíkur) voru 1,5 milljón og 1 milljón í Reykjavík voru þeir aðeins 38 þúsund á Vestfjörðum og 94 þúsund á Norðurlandi vestra.

Á mynd 2.2.0.1 sést vel að hversu gríðarlegur munur er á byggingarmagni eftir landssvæðum og árum. Þessar tölur renna stoðum undir það sem áður hefur verið sagt um þenslusvæði á landinu, þ.e. í kringum höfuðborgarsvæðið og síðan á Austurlandi.

Mynd 2.2.0.1 Heildarfjöldi fokheldra fermetra eftir landssvæðum á árunum 2002–2008.



Heimild: Fasteignamat ríkisins

Mynd 2.2.0.2 Heildarfjöldi fokheldra fermetra eftir landssvæðum og árum á árunum 2002–2008.



Heimild: Fasteignamat ríkisins

Víða í þéttbýli á landsbyggðinni eru umhverfismál með þeim hætti að það laðar ekki til búsetu. Mikilvægt er að virkja íbúa til að taka þátt í að móta tillögur um hvernig samfélagið og umhverfið verði áhugaverðara og betra til búsetu. Misjafnt er eftir þéttbýliskjörnum hvar skórinn kreppir. Leggja þarf áherslu á ímynd hvers samfélags, sjálfsvirðingu og sérstöðu frekar en að leita fyrirmynda á höfuðborgarsvæðinu.

2.2.1 Atvinnugreinar

„Rekstraraðstæður fyrirtækja hafa versnað mikið í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar og hruns íslensku bankanna. Þannig hefur eftirspurn eftir framleiðslu fyrirtækja almennt dregist saman. Þá hefur lækkun á gengi krónunnar, hátt vaxtastig og takmörkuð geta bankanna til þess að veita lán leitt til þess að mörg fyrirtæki hafa farið í þrot. Fyrirtæki í útflutningi njóta þó góðs af bættri verðsamkeppnisstöðu og tekjur í erlendri mynt gera þeim auðveldara fyrir að greiða af erlendum lánum.“[10] Gert er ráð fyrir samdrætti í framleiðslu á árinu 2009 en hægum bata spáð næstu ár.

Heildarframleiðslugeta álvera á Íslandi er tæplega 800.000 tonn eftir að álver Alcoa Fjarðaráls náði fullum afköstum upp á 350.000 tonn á síðasta ári. Áætlanir eru um nýtt í Helguvík og stækkanir á öðrum sem gætu leitt til þess að framleiðslugeta álvera á Íslandi myndi aukast um rúmlega 50%. Inni í þessum tölum er ekki hugsanlegt álver á Bakka við Húsavík. Fjármálakreppan hefur leitt af sér miklu lækkun á eftirspurn og verði á áli. Útflutningsverðmæti áls verður því minna en á móti kemur að súrál ætti að lækka líka sem leiðir til lægri aðfangakostnaðar. Gert er ráð fyrir að álverð hækki á næstum árum. Lækkun álverðs leiðir að auki til lækkaðra tekna af raforkusölu í þeim tilfellum þar sem rafmagnsverði tengist álverði.

Á fiskveiðiárunum 2007–2008 var þorskkvóti minnkaður um 63.000 tonn, úr 193.000 tonna í 130.000 tonn. Á fiskveiðiárinu 2008–2009 var hann aukinn um 30.000 tonn í 160.000 tonn. Vegna lágs gengis íslensku krónunnar og hás verðs á íslenskum sjávarafurðum í erlendri mynt fékk útgerðin gott verð fyrir afurðir sínar. Á móti kemur að gengisfall krónunnar hafði áhrif til hækkunar á skuldum og að olíuverð hækkaði mikið. Í kjölfar þeirrar efnahagslægðar sem riðið hefur yfir hefur eftirspurn eftir dýrari sjávarafurðum dregist saman en það hefur leitt til þess að verð hefur lækkað í erlendri mynt. T.d. lækkaði verð á ferskum þorski um þriðjung á einu ári, frá fyrsta ársfjórðungi 2008. Búist er við að verð á sjávarafurðum muni enn lækka nokkuð.

Gjaldþrotum hefur fjölgað að undanförnu, mest í byggingastarfsemi og verslun. Vegna samdráttar í innlendri eftirspurn og stöðu fasteignamarkaðarins má búast við að þessar greinar verði áfram í erfiðleikum með sinn rekstur.

Lægra gengi krónunnar hefur leitt til þess að innlend fyrirtæki eru nú samkeppnishæfari en áður bæði á innlandsmarkaði og í útflutningi. Á móti kemur samdráttur í eftirspurn á erlendum mörkuðum. Búast má við aukningu í tekjum af erlendum ferðamönnum á árinu 2009 jafnvel þó þeim fjölgi ekki því vegna stöðu krónunnar eru tekjur af hverjum ferðamanni hærri en áður á árinu 2009.[11]

2.3 Menntun, menning, samfélag

2.3.1 Samfélag

Síðasta áratug hefur áhersla stjórnvalda í atvinnu- og byggðaþróun víðast hvar verið á alþjóðavæðingu, á að samfélög lagi sig að einum alþjóðlegum markaði, færi atvinnuþróun yfir á vaxandi greinar á þeim markaði og sæki sér menntun sem auki færni einstaklinga og samfélaga og þar með samkeppnishæfni á alþjóðavísu. Um leið og finna má áherslu á alþjóðavæðingu og sjálfbæra þróun, að auðlindir séu nýttar hæfilega, í byggðastefnu evrópskra ríkja og ríkjasambanda í upphafi 21. aldar, má líka finna áherslu á byggðalega fjölbreytni, á að

---

[10] Fjármálaráðuneytið: Þjóðarbúskapurinn – vorskýrsla. Þjóðhagsspá fyrir árin 2009–2014, bls.28.

[11] Byggt á Fjármálaráðuneytið: Þjóðarbúskapurinn – vorskýrsla. Þjóðhagsspá fyrir árin 2009–2014, bls.28–30.

menning byggða og svæðasamfélaga verði vernduð og nýtt byggðum til eflingar. Byggðastefnu er þannig beitt gegn þeirri afleiðingu alþjóðavæðingarinnar að samfélög og menning verði einsleitari og ofuráhersla lögð á samkennd á stórum svæðum, en um leið á að styðja fjölbreytileika svæðanna. Umræður um fjölbreytt svæðasamfélög beinast einkum að nýtingu svæðisbundinna sérkenna, félagsauði og náttúruauðlindum og stjórnunaraðferðum við hæfi.

Sérstakar aðstæður hvers svæðis geta varðað samfélag, menningu og náttúrufar og vegið þungt í lífsgæðum íbúa ekki síður en möguleiki til atvinnusköpunar. Á Íslandi sýna kannanir að íbúar á landsbyggðinni meta mikils þætti eins og öruggt, barnvænt umhverfi og samfélag, kyrrð og ró, stuttar vegalengdir t.d. milli heimilis og skóla og til vinnu, samstöðu íbúa, samkennd og samfélag sem býður upp á mikla þátttöku og virkni hvers og eins. Þessar aðstæður auka sjálfstraust og ánægju íbúanna með eigið samfélag og verða þar með mikilvægir búsetuþættir, verðugt viðfangsefni byggðastefnu. Jákvætt viðhorf íbúanna til eigin samfélags hlýtur að vera undirstaða uppbyggingar.

Kenningar um sjálfsmynd samfélaga eru sóttar í hugmyndir um sjálfsmynd einstaklinga, þar sem veik sjálfsmynd er talin valda framtaksleysi og uppgjöf en sterk sjálfsmynd áræðni og dugnaði. Samfélög, þar sem fólksfækkun hefur verið viðvarandi, þurfa að nýta sér staðbundna sérstöðu, þekkingu og menningu til að endurvekja og byggja upp sjálfsmynd íbúanna á svæðinu og ímynd þess hjá öðrum. Mikil áhersla hefur verið lögð á átaksverkefni á sviði atvinnuuppbyggingar, samgangna og menntamála en sífellt fleiri vísbendingar styðja mikilvægi félagslegra þátta, samfélagsanda og almennra búsetugæða til þess að styrkja byggð í landinu. Rannsóknir[12] á þýðingu félagslegs umhverfis fyrirtækja fyrir nýsköpunarstarfsemi og atvinnuþróun hafa sýnt fram á tengsl milli þess anda sem ríkir í byggðarlagi og þess hversu virkir íbúar, fyrirtæki og einyrkjar eru í nýsköpunarstarfi. Sjálfsmynd samfélaga byggir á einkennum, eiginleikum og sérstöðu svæðisins, er sameiningartákn með félagslegt gildi fyrir íbúana og auðveldar íbúum að finna sameiginlega upplifun.[13] Ábyrgð samfélagsins sjálfs er að halda ímynd svæðisins á lofti með því að viðhalda þekkingu og varðveita staðbundinn menningararf. Aðgerðir sem efla bjartsýni, drifkraft og jákvæð viðhorf almennings gagnvart sjálfum sér og samfélagi sínu, styrkir búsetu og nýsköpunarumhverfi byggðarlaga.

2.3.2 Menning

Menning samfélaga, þ.e. samskipta- og starfshættir einstaklinga í samfélagi, hefur mótast af lífsbaráttu, stað og tíma. Hættir sjálfsþurftabúskaparins breyttust þegar fólk flutti úr dreifbýli í þéttbýli verkskipting jókst. Samskipta- og starfshættir í alþjóðavæddu samfélagi eru aðrir en voru og gamlar venjur, hefðir og gildi gefa eftir og falla í gleymsku. Alþjóðavæðingin hefur í för með sér alþjóðlega menningu og staðbundin gildi dofna og hverfa. Í byggðastefnu er víða lögð áhersla á að bregðast við þessari þróun, greina og efla staðbundna menningu og byggja á henni lífsgæði, störf og sjálfbæra þróun.

Í daglegu tali um menningu er oft vísað til listgreina og bókmennta, leiklistar, tónlistar og myndlistar auk menningararfs, kvikmynda, útvarps, íþrótta og æskulýðsmála. Menningarstarf fer fram um land allt, ýmist á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka eða einstaklinga og

---

[12] Elín Aradóttir og Kjartan Ólafsson (2004). Samfélagsandi og nýsköpunarstarf. Rannsókn á völdum landsbyggðasvæðum. Akureyri: Byggðarannsóknarstofnun Íslands

[13] Ray, Cristopher (2001). Culture Economies, a perspective on local rural development in Europe. Newcastel: Center for Rural Economy

einkennist gjarnan, einkum í fámennum byggðarlögum, af mikilli virkni íbúanna.[14]

Íþrótta- og æskulýðsmál eru yfirleitt í höndum sveitarfélaga og íþróttasamtaka og eru víða talin mikilvægur búsetuþáttur, íþróttir taldar þroskandi og góður forvarnakostur. Ríkið hefur lengi stutt íþróttastarf á ýmsa vegu og setti Lýðheilsustöð á laggirnar árið 2003 til þess „að viðhalda og efla heilbrigði fólks, með forvarnarstarfi og samfélagslegri ábyrgð á heilbrigði.“[15] Starfsáherslur á þessu sviði varpa nýju ljósi á aðstæður í byggðum landsins sem í könnunum eru taldar til lífsgæða af íbúum.

Á þessum fyrsta áratug 21. aldar hefur ríkið stutt við menningarstarfsemi utan höfuðborgarinnar með fjárstuðningi til menningarsamninga og menningarhúsa. Fyrsti menningarsamningurinn var gerður fyrir Austurland að frumkvæði heimamanna og undirritaður árið 2001. Hann varð fordæmi fyrir gerð menningarsamninga í öðrum landshlutum, alls átta. Samningarnir eru samstarfssamningar ríkis og landshlutasamtaka sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaganna. Þau leggja fram fjármuni á móti framlagi ríkisins, menntamálaráðuneytisins, en iðnaðarráðuneyti hefur einnig varið fjármunum til þessara samninga. Menningarráð hvers landshluta stýrir framkvæmd og veitir styrki til verkefna á starfssvæði sínu. Þannig hefur fjöldi styrkja verið veittur til menningarverkefna á landinu öllu. Mörg menningarverkefni eru líka unnin á vegum vaxtarsamninganna. Munur á þeim og verkefnum samkvæmt menningarsamningunum er m.a. að þau eru samstarfsverkefni og taka oft til stærri svæða en verkefni á vegum menningarsamninga geta verið verkefni einstaklinga, einstakra félaga eða fyrirtækja.

Árið 1999 ákvað þáverandi ríkisstjórn að veita stofnstyrki til uppbyggingar fimm menningarhúsa utan höfuðborgarinnar og slík hús hafa verið byggð upp á Ísafirði, Akureyri og í Skagafirði.[16] [17] [18]

Varðveisla menningararfs er bæði menningar- og byggðamál og menningarminjar finnast á öllum svæðum. Á vegum ríkisins starfa minjaverðir á svæðum sem samsvara svæðum menningar- og vaxtarsamninga um mestallt landið. Með auknum fjárveitingum hins opinbera hafa fornleifarannsóknir vaxið mjög undanfarin ár og er sinnt bæði af einkaaðilum og ríkinu. Í þeim hafa tekið þátt bæði innlendir og erlendir sérfræðingar og má t.d. nefna Hólarannsóknina í Skagafirði. Flest söfn eru rekin af ríki eða sveitarfélögum eða í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Mikil gróska í safnastarfi hefur styrkt menningartengda ferðaþjónustu.

2.3.3 Skapandi greinar

Segja má að frá upphafi byggðar hafi íslensk skáld haft sig í frammi við hirðir erlendra konunga og rithöfundar skráð sögu þessara kónga og ritverk sem enn teljast mikilvægar bókmenntir. Menning þessarar fámennu þjóðar hefur alið Nóbelsskáld og á síðustu árum hafa bækur margra íslenskra rithöfunda verið þýddar á erlend tungumál. Alþjóðleg velgengni tónlistarkonunnar Bjarkar hefur vakið athygli á Íslandi og sýnir hvernig skapandi greinar geta leitt til atvinnusköpunar, ímyndarsköpunar eða breytingar á ímynd samfélaga og peningalegra verðmæta. Hún styður líka þá kenningu að lítil menningarsamfélög hafi gildi og geti alið öfluga, skapandi listamenn sem fá vægi í alþjóðasamfélaginu.

---

14 *Menning,* menntamálaráðuneytið, janúar 2009.

15 Lýðheilsustöð: www.lydheilsustod.is/lydheilsustod/#Lydheilsa

16 Ívar Jónsson: *Árangursmat á samningi ríkisins og sveitarfélaganna á Austurlandi frá 14. maí 2001 og 15. mars 2005 um menningarmál.* 2007

17 *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni, menntamálaráðuneytið*, október 2000

18 www.menntamalaraduneyti.is

Skapandi greinar gefa tækifæri til fjölbreyttara atvinnulífs og sóknarfæra í byggðum landsins. Skapandi greinar er samheiti sem notað er fyrir listgreinar, hönnun, kvikmyndaiðnað, menningarmiðlun, margmiðlun og skyldar greinar. Tækifæri felast í samstarfi hönnuða og framleiðslufyrirtækja, hönnuðir geta m.a. aðstoðað fyrirtæki við vöruþróunarferlið og einstaklingar með rekstarþekkingu og markaðstengsl geta lagt íslenskum hönnuðum lið. Árangur af samstarfi ólíkra hagsmunaaðila veltur á færni manna í samskiptum, einkum trausti, sem er grundvöllur fyrir kraftmikla nýsköpunarstarfsemi og atvinnuþróun.

Vægi skapandi greina má að nokkru sjá af því að dönsk stjórnvöld telja að um 10% af heildarverðmætasköpun í Danmörku verði í skapandi greinum og hafa á árinu 2009 skilgreint fjögur svið skapandi greina sem þau vilja leggja áherslu á og fjárstuðning við til þess að auka samkeppnishæfni Dana á alþjóðavísu. Þessar greinar eru tíska, tónlist, matargerð og tölvuleikir.[19]

Víða á landsbyggðinni er unnið að því að skapa svæðum sérstöðu sem byggir á menningarauði svæðisins, s.s. matarmenningu, handverki, þjóðsögum, tónlist, leiklist, bókmenntum og fornminjum. Um leið er lögð áhersla á, samkvæmt aðferðinni um menningarábata, að efla vitund og þekkingu íbúanna um umhverfi sitt, náttúru og menningu. Menning og staðbundin þekking eru lykilþættir í félags- og efnahagslegri þróun dreifbíla svæða og þeir hafa orðið grundvöllur fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í seinni tíð.

2.3.4 Menningartengd ferðaþjónusta

Á undanförnum árum hefur áhersla verið á menningartengda ferðaþjónustu og sérhæfing aukist t.d. með heilsutengdri ferðaþjónustu og ferðaþjónustu sem tengist viðburðum, eins og fjallað er um hér á eftir. Þá hafa áherslur við markaðssetningu breyst, m.a. færst yfir á markaðssetningu svæða frá menningarlegu sjónarhorni. Til grundvallar liggur greiningarvinna þar sem fengist er við sérstöðu hvers svæðis eða sveitarfélags, söguleg, náttúruleg og menningarleg. Slík vinna sýnir íbúum nánasta samfélag og umhverfi í nýju ljósi, henni hefur fylgt gróska í safnastarfi og mörg söfn og setur verið opnuð undanfarin ár. Má t.d. nefna Þórbergssetur í Suðursveit, Galdrasýninguna á Ströndum, Vesturfarasetrið á Hofsósi, Síldaminjasafnið á Siglufirði, Draugasafnið á Stokkseyri, Landnámssetrið í Borgarnesi, Njálusetrið á Hvolsvelli. Svokallaðar bæjarhátíðir eru grein af menningartengdri ferðaþjónustu, eru af ýmsum toga og haldnar víða um land og laða til sín ferðamenn eins og íþróttamót, ekki síst hestamannamót, sem mörg draga að fjölda erlendra ferðamanna. Reynslan sýnir að samspil heildarinnar hefur úrslitaþýðingu við uppbyggingu á ferðaþjónustu, fjölbreytni og gæði þjónustuþátta, gæði grunngerðar, s.s. samgangna, stoðkerfis og að seglar svæðisins fléttist saman í eina heild og myndi áfangastað ferðamannsins. Lifandi og öflugar menningarstofnanir á borð við bókasöfn, minjasöfn, tónlistarskóla, leikfélög og kóra geta í samstarfi við ferðaþjónustuaðila staðið að fjölþættu menningarstarfi, sýningum, hátíðum og skemmtunum sem laða að innlenda og erlenda ferðamenn og auðga líf íbúanna. Fagmennska í ferðaþjónustu felst ekki síst í samstarfi, því samfélagið allt á þátt í að móta ferðavöruna, allir íbúar svæðisins eru í raun þátttakendur í ferðaþjónustunni með búsetu á áfangastaðnum. Eftirsókn er í því að byggja upp áfangastaði þar sem allt samfélagið er meðvitað um mikilvægi þess að allir séu meðvirkir og hluti af heildinni. Fjölmörg tækifæri eru í ferðaþjónustu á landsbyggðinni og miklir möguleikar í nýsköpun og vöruþróun sem byggist á sögu, menningu og hefðum samfélaga og svæða.

---

[19] Erhvervs- og byggestyrelsen: www.oem.dk/sw25366.asp

2.3.5 Menntun

Möguleikar til menntunar eru mjög mikilvægur búsetuþáttur, aðgengi að framhalds- og háskólanámi sem og möguleikar á störfum fyrir langskólagengna í heimabyggð. Staðsetning háskólanáms hefur mikil áhrif á námssókn og sköpun starfa fyrir langskólagengið fólk. Háskólar geta skapað sérstök sóknarfæri fyrir svæðisbundna þróun utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar og þá einkum með framboði á störfum fyrir háskólamenntað fólk. Þannig styrkja háskólar líka svæðisbundna nýsköpun. Aðgengi að menntun hefur batnað stórlega á undanförnum árum, ekki síst með símenntunarstöðvum, fjarnámi, fjölgun háskóla og háskóla- og þekkingarsetra víða um land.

Aðgerðir ríkisins til þess að efla menntun og menningarstarf í byggðum landsins síðustu ár hafa verið fjölþættar og jafnan í nánu samstarfi við sveitarfélög. Skólar og þekkingarsetur á framhalds- og háskólastigi hafa verið styrkt sem og safna-, rannsóknar- og fræðastarf. Ríkið hefur sérstaklega beitt sér fyrir mikilli uppbyggingu í Háskólanum á Akureyri en líka stutt háskóla á Bifröst, Hvanneyri og Hólum og háskólasetur og rannsóknastofnanir á fleiri stöðum. Áhersla á fjarnám á framhalds- og háskólastigi hefur skilað sér í menntunarstöðvum víða um land.

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands er mikilvæg fyrir byggðaþróun þar sem stofnunin rekur þekkingar- og fræðasetur. Markmið hennar er að efla rannsóknir Háskóla Íslands á landsbyggðinni, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl HÍ við atvinnu- og þjóðlíf. Í upphafi árs 2008 voru átta setur starfandi; á Hornafirði, í Vestmannaeyjum, Hveragerði, Sandgerði, Stykkishólmi, á Bolungarvík, Húsavík og Egilsstöðum: Um mitt ár 2009 tekur til starfa fræðasetur á Skagaströnd. Setrin eru faglega sjálfstæðar einingar og hafa hvert sitt áherslusvið sem tengjast sérstöðu svæðanna, en þrjú svið eru þó áberandi, umhverfisrannsóknir og landnýting, rannsóknir í ferðamálum og rannsóknir á lífríki hafsins. Starfsemi setrana hefur meðal annars mikla þýðingu fyrir svæðisbundna nýsköpun.

Dreifmenntun er hugtak sem lýsir blöndu af menntun sem sótt er með fjarnámi og staðbundnu námi. Þannig gefst nemendum sem eru búsettir í dreifbýli kostur á að sækja nám án þess að flytja búferlum. Framboð á fjar- og dreifnámi hefur vaxið síðustu ár enda verið mikil eftirspurn eftir slíku námi og nemendur úr flestum aldurs- og samfélagshópum. Aukið framboð hefur veitt fleirum tækifæri til náms og þannig verið stuðlað að jöfnun aðstöðu til náms, óháð búsetu.

Í skýrslu starfshóps um fjar- og dreifnám[20] kom m.a. fram að mjög mismunandi er hversu aðgengilegt fjar- og dreifnám er fyrir grunnskólanemendur. Í skýrslunni setti starfshópurinn fram sjö tillögur til að bæta aðgengi nemenda. Meðal tillagna er að sett verði á fót upplýsingaveita, sjálfsmatskerfi skólanna nái til fjar- og dreifnáms, settar verði reglur um að grunnskólanemendur hafi jafnan aðgang að fjar- og dreifnámi í framhaldsskóla, átak verði gert í útgáfu íslenskra rafrænna kennslugagna og efld verði menntun og þjálfun kennara sem taka að sér kennslu í fjar- og dreifnámi með áherslu á aukna samvinnu kennara úr ólíkum skólum.

2.4 Stoðkerfi atvinnu- og byggðaþróunar

2.4.0 Almennt

Stofnanir og stuðningsaðgerðir hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, sem beinast að atvinnu- og byggðaþróun, eru margháttaðar og þrátt fyrir takmarkaða samhæfingu eru þær

---

[20] Menntamálaráðuneytið (2007). Skýrsla starfshóps um fjar- og dreifnám http://bella.stjr.is/utgafur/skyrsla_fjar-dreifnam.pdf

saman nefndar stoðkerfi í einu orði. Í stoðkerfinu eru þannig stofnanir sem stöðugt sinna atvinnu- og byggðamálum, aðgerðaáætlanir og styrktarsjóðir fyrir frumkvöðlastarfsemi, rannsóknir og nýsköpun í atvinnulífi. Þá hafa stjórnvöld oft sett á laggirnar nefndir til að vinna tillögur til snöggra úrbóta við aðsteðjandi vanda í atvinnumálum ákveðinna byggða.

Ástæða er til að bera saman árangur af starfi nefnda sem settar eru á laggirnar tímabundið til þess að bregðast við áfalli byggðarlaga og „fyrirbyggjandi aðgerða“, þróunarstarf s.s. starf atvinnuþróunarfélaga og vaxtarsamninga. Á sama hátt er vert að meta stofnanauppbyggingu með annars vegar mörgum örstofnunum og hins vegar að byggja á þeim stofnanagrunni, starfs- og samstarfshefðum stofnana, sem fyrir eru.

Starfsemi í stoðkerfinu hefur verið efld m.a. með flutningi og tilfærslu verkefna til atvinnuþróunarfélaga, stofnun Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, aukinni starfsemi Fræðasetra Háskóla Íslands, auknu framboði fjarnáms á háskólastigi, þátttöku í erlendum samstarfsáætlunum, opnun starfsstöðva hinna ýmsu stofnana á landsbyggðinni, vaxtarsamningum, fjölbreyttum átaksverkefnum og nú síðast með eflingu Nýsköpunarsjóðs og Tækniþróunarsjóðs sem styrkt hafa mörg sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Áform eru um að verja allt að 270 milljónum króna á næstu 3 árum í svonefnda öndvegisstyrki með áherslu á vistvænt eldsneyti og orkulíftækni, vistvænar byggingar og skipulag og sjálfbæra ferðaþjónustu. Viðbætur við Tækniþróunarsjóð eru jafnframt svonefndir Frumherjastyrkir með 60 milljóna framlagi og Brúarstyrkir sem eru afar mikilvæg viðbót. Af öðrum sjóðum er tengjast beint þróunarverkefnum í atvinnulífinu má nefna Framleiðnisjóð landbúnaðarins og AVS sjóðinn.

Aðgengi sprotafyrirtækja að styrkjum og þolinmóðu fé í öðru formi frá ýmsum opinberum sjóðum og stofnunum hefur aukist á síðustu misserum. Miklar takmarkanir hafa hins vegar verið á lánsfjármögnun til frumkvöðla og sprotafyrirtækja eftir því sem þau komast lengra áfram á þróunarbrautinni. Þessi fyrirtæki eiga það jafnan sammerkt að geta ekki lagt fram þær tryggingar í formi veða sem lánastofnanir, jafnt opinberar sem almenna bankakerfið, gera kröfu um og því hefur fjölmörgum slíkum umsóknum verið hafnað í gegnum tíðina, óháð því hvort þær hafa þótt vænlegar að öðru leyti. Brýnt er að ráða bót á þessu, annað hvort með beinum lánveitingum eða ábyrgðum.

2.4.1 Mótvægisstyrkir

Í upphafi árs 2008 fól iðnaðarráðuneytið Byggðastofnun að hafa umsjón með og veita 360 milljónir til að efla atvinnuþróun, nýsköpun og ferðaþjónustu vegna mótvægisaðgerða ríkisstjórnarinnar á þeim svæðum sem verða fyrir mestum áhrifum vegna skerðingar veiðiheimilda. Við mat á því hvaða svæði yrðu fyrir mestum áhrifum vegna þorskaflaskerðingar var aflað upplýsinga um hugsanleg áhrif þess í sveitarfélögum þar sem yfir tíu tonnum af þorski var landað á fiskveiðiárinu 2006–2007.[21] Byggt var á niðurstöðum í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (2007) *Um áhrif aflasamdráttar í þorski á fjárhag sveitarfélaga*[22] og skýrslu Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (2007) *Hagvöxtur landshluta 1998–2005*,[23] auk annarra gagna sem Byggðastofnun aflaði. Styrkhæf svæði voru skilgreind á eftirfarandi hátt: *Sveitarfélög þar sem hlutfall starfa í veiðum og vinnslu var*

---

[21] Byggðastofnun (2008). Mat á áhrifum niðurskurðar þorskheimilda fiskveiðiárið 2007–2008. Óbirt greinargerð.

[22] Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2007). *Áhrif aflasamdráttar í þorski á fjárhag sveitarfélaga.* Sambands íslenskra sveitarfélaga

[23] Byggðastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2007). *Hagvöxtur landshluta 1998–2005.* www.byggdastofnun.is

10% eða meira. Alls voru 34 sveitarfélög á skilgreindu svæði, íbúar 1. desember 2007 voru 53.214.000 sem var um 17% landsmanna. Ef miðað er við aldurshópinn 16–67 ára var markhópurinn um 35.653 einstaklingar, þar af voru 17.150 konur og 18.503 karlar, kynjahlutfallið var 49% á móti 51%.

Samtals bárust 556 umsóknir, sótt var um fjármögnun á verkefnum að upphæð 3,4 milljarða króna. Um 200 mkr. voru til ráðstöfunar til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna og 160 mkr. til að efla ferðaþjónustu (töflur 2.4.1.1 og 2.4.1.2).

Tafla 2.4.1.1 Atvinnuþróun og nýsköpun – 200 mkr.

Svæði	Fjöldi umsókna	Samtals sótt um
Suðurnes	13	78.950.000
Vesturland	22	123.350.000
Vestfirðir	69	475.477.000
Norðurland vestra	44	226.078.130
Eyjafjörður	35	192.089.250
Norðausturland	25	144.985.000
Austurland	32	215755000
Suðurland	13	71.950.000
Samtals	**253**	**1528487060**

Tafla 2.4.1.2 Ferðaþjónusta – 160 mkr.

Svæði	Fjöldi umsókna	Samtals sótt um
Höfuðborgarsvæði	22	14.040.000
Suðurnes	8	58.000.000
Vesturland	36	212.544.925
Vestfirðir	87	489.564.758
Norðurland vestra	41	264.820.000
Eyjafjörður	30	191.920.000
Norðausturland	27	149.780.000
Austurland	37	238.732.000
Suðurland	14	88456000
Samtals	**303**	**1840966683**

Aðferð

Við mat á umsóknum var lögð áhersla á nýsköpun, ný þróunarverkefni eða endurnýjun í starfandi fyrirtækjum, sköpun nýrra framtíðarstarfa, arðsemi, hve hratt störfin skapast og vaxtar- og markaðsmöguleikar. Samtals uppfylltu 327 umsóknir af 556 kröfur sjóðanna (töflur 2.4.1.3 og 2.4.1.4).

Matsþættir

Mat á verkefnum byggðist á eftirfarandi:.

1. Viðskiptalegar forsendur
2. Atvinnusköpun
3. Hve fljótt störfin verða til
4. Fækkun starfa í sveitarfélaginu/fyrirtækinu

5. Nýnæmi/samkeppni
6. Líkur á árangri
7. Kostnaðaráætlun og verkþættir
8. Heildarfjármögnun

Tafla 2.4.1.3 Atvinnuþróun og nýsköpun – flokkun umsókna

		Samtals stig	Fjöldi	Hlutfall %
I.	Sérlega áhugaverðar umsóknir sem uppfylla mjög vel kröfur sjóðsins	176–200	16	
II.	Góðar umsóknir sem uppfylla vel kröfur sjóðsins	145–175	85	
III.	Umsóknir sem uppfylla vel kröfur sjóðsins	120–144	59	
IV.	Umsóknir sem uppfylla illa kröfur sjóðsins	81–119	40	
V.	Umsóknir sem uppfylla mjög illa kröfur sjóðsins	0–80	16	
VI.	Utan starfssviðs sjóðsins/ófullnægjandi umsókn		37	
			253	**100%**

160 umsóknir uppfylltu kröfur sjóðsins

Tafla 2.4.1.4 Ferðaþjónusta – flokkun umsókna

		Samtals stig	Fjöldi	Hlutfall %
I.	Sérlega áhugaverðar umsóknir sem uppfylla mjög vel kröfur sjóðsins	155–175	1	0
II.	Góðar umsóknir sem uppfylla vel kröfur sjóðsins	125–154	72	24
III.	Umsóknir sem uppfylla vel kröfur sjóðsins	105–124	94	31
IV.	Umsóknir sem uppfylla illa kröfur sjóðsins	70–104	59	19
V.	Umsóknir sem uppfylla mjög illa kröfur sjóðsins	0–69	75	25
VI.	Utan starfssviðs sjóðsins/ófullnægjandi umsókn		2	0
			303	**100%**

167 umsóknir uppfylltu kröfur sjóðsins

Atvinnuþróun og nýsköpun – 200 mkr.

Samtals voru veittir 76 styrkir, flestir til verkefna á Vestfjörðum að upphæð rúmlega 36 mkr. og næstflestir til verkefna á Norðurlandi vestra samtals að upphæð 31 mkr. (tafla 2.4.1.5).

Tafla 2.4.1.5 Atvinnuþróun og nýsköpun – svæði og upphæðir

Svæði	Fjöldi	Styrkupphæð
Suðurnes	3	9600000
Vesturland	9	23750000
Vestfirðir	15	36.100.000
Norðurland vestra	14	31.165.000
Eyjafjörður	13	32400000
Norðausturland	11	28000000
Austurland	8	26.500.000

Suðurland	3	11.500.000
Samtals	**76**	**199015000**

Byggðastofnun annast eftirfylgni

Flestir atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkirnir voru veittir til vöruþróunar og markaðssetningar í iðnaði og sjávarútvegi. Konur fengu 13% af fjármagninu. Að meðaltali voru styrkir til kvenna að upphæð tæplega 2 mkr. en styrkir til karla tæplega 3 mkr. (tafla 2.4.1.6).

Tafla 2.4.1.6 Atvinnuþróun og nýsköpun – kyn styrkhafa

Umsækjandi/ verkefnisstjóri	Fjárhæð alls	Hlutfall %	Meðaltal	Stuðull
Karlar	173365000	87	2.796.000	1
Konur	25650000	13	1.832.000	0
Samtals	**199015000**	**100**		

Ferðaþjónusta – 160 mkr.

Samtals voru veittir 77 ferðaþjónustustyrkir, flestir til verkefna á Vestfjörðum (tafla 2.4.1.7).

Tafla 2.4.1.7 Ferðaþjónusta – svæði og upphæðir

Svæði	Fjöldi	Styrkupphæð
Suðurnes	2	4.000.000
Vesturland	11	19.700.000
Vestfirðir	21	56.400.000
Norðurland vestra	12	15.900.000
Eyjafjörður	6	12.500.000
Norðausturland	7	12.000.000
Austurland	13	27500000
Suðurland	5	12000000
Samtals	**77**	**160000000**

Ferðamálstofu annast eftirfylgni

Ferðaþjónustustyrkir voru veittir til vöruþróunar og markaðssetningar, afgerandi flest eða 37 verkefni tengdust sögu og menningu, 24 verkefni voru sjávartengd, annars vegar í tengslum við sjóstangaveiði og hins vegar vöruþróun á sjávarafurðum til ferðamanna.

Tafla 2.4.1.8 Styrkir til ferðaþjónustuverkefna

Umsækjandi/ verkefnisstjóri	Fjármagn	Hlutfall / fjöldi	Meðaltal	Stuðull
Karlar	112.600.000	70 / 49	2.297.000	1
Konur	47.400.000	30 / 28	1.693.000	0
Samtals	**160.000.000**	**100 / 77**		

Konur fengu 30% fjármagnsins eða rúmar 47 mkr. og karlar rúmar 122 mkr. Konur fengu að meðaltali rúmlega 1,6 mkr. og karlar tæplega 2,30 mkr. í styrk (tafla 2.4.1.8).

Áhrif mótvægisaðgerða að upphæð 360 mkr. á stöðu kynjanna

Í ljósi þess að sjö af hverjum tíu umsækjendum voru karlar má ætla að þau sjónarmið, sem voru lögð til grundvallar, hafi verið hagfelldari körlum en konum. Hins vegar virðist sem matsferlið hafi ekki verið hagfelldara öðru kyninu þar sem hlutfall kvenna sem fengu styrk var það sama og þeirra sem sóttu um styrk og hlutfall karla sem fengu styrk var það sama og karla sem sóttu um styrk. Konurnar fengu hins vegar að meðaltali lægri styrki en karlar. Ætla má að styrkveitingarnar hafi jákvæðari áhrif á stöðu karla. Í besta falli viðheldur styrkveitingin núverandi kynjaskiptingu á vinnumarkaðinum en í versta falli getur hún aukið á mismunandi aðstæður kvenna og karla á vinnumarkaðinum.

Afar mikilvægt er að samþætting kynjasjónarmiða sé höfð að leiðarljósi við alla opinbera stefnumótun og ákvarðanatöku. Því er brýnt að ríkisvaldið setji skýrar verklagsreglur um það hvernig eigi að haga slíkri vinnu og hvaða upplýsingar þurfi að liggja fyrir áður en hafist er handa við að skilgreina forsendur, markhópa eða svæði.

Árangursmat – janúar 2010

Mörgum góðum verkefnum var hafnað og því er mikilvægt að áfram verði stutt við atvinnuþróun og nýsköpun í atvinnulífinu því víða á landsbyggðinni liggja ónýtt tækfæri. Jafnframt er áframhaldandi stuðningur við verkefni sem nú þegar eru komin af stað mikilvægur. Strax í upphafi vinnunnar var lögð áhersla á að meta árangur styrkveitinganna, niðurstöður munu liggja fyrir í byrjun árs 2010.

2.4.2 Mótvægisnefndir

Forsætisráðherra skipaði á árinu 2007 nefnd til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.[24] Sambærilegar nefndir voru skipaðar vegna stöðu mála á Norðurlandi vestra[25] og Norðausturlandi[26] á fyrri hluta ársins 2008. Í nefndunum sátu fulltrúar forsætis- og iðnaðarráðuneyta og fulltrúar heimamanna á hverju svæði. Nefndirnar funduðu með helstu stofnunum, fulltrúum atvinnulífs og sveitarstjórnum á svæðunum og í framhaldi af því bárust nefndunum tillögur um margvísleg verkefni sem voru mislangt komin í útfærslu og framkvæmd. Nefndirnar funduðu einnig með fulltrúum einstakra ráðuneyta um framgang einstakra tillagna. Á fundum með ráðuneytunum komu hins vegar nær engar tillögur fram um flutning verkefna og starfa frá höfuðborgarsvæðinu. Nefndunum var ætlað að gera tillögur um mögulega styrkingu menntunar og rannsókna, uppbyggingu iðnaðar og þjónustu og flutning starfa frá höfuðborgarsvæðinu til landshlutanna.

Í skýrslum nefndanna er lýsing á þróun og stöðu búsetu og atvinnulífs á svæðunum, sem er almennt þannig að þetta eru þau svæði landsins þar sem byggðaþróun hefur verið svæðunum óhagstæð. Þá eru í skýrslunum tillögur sem hægt er að segja að séu almenns eðlis og sértækar tillögur um einstök verkefni á hverju svæði.

Nefndirnar töldu að almennar aðgerðir til að bæta samgöngur, byggja upp farsímasamband og háhraðatengingar og auka öryggi í raforkumálum væru brýnar. Þá var talið efla þyrfti og standa vörðum starfsemi opinberra stofnana á svæðinu á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar og fjölga störfum sem krefðust sérfræðimenntunar.

---

[24] Skýrsla nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum, forsætisráðuneyti apríl 2007

[25] Skýrsla nefndar um atvinnu og samfélag á Norðurlandi vestra, forsætisráðuneyti maí 2008

[26] Skýrsla nefndar um atvinnu og samfélag á Norðurlandi eystra og Austurlandi, forsætisráðuneyti maí 2008

Fimm atriði eru talin skipta höfuðmáli til að bæta aðstæður og öryggi til búsetu og atvinnuuppbyggingar en það eru samgöngur, farsími og háhraði, öryggi í raforkumálum, efling menntunar, rannsókna og nýsköpunar og efling annarrar opinberrar þjónustu.

Stofnað hefur verið Háskólasetur Vestfjarða og Þróunarsetur á Ísafirði, gerður Vaxtarsamningur Vestfjarða og Menningarsamningur Vestfjarða (25 mkr. á ári). Á Vestfjörðum hafa verið áætlaðar vegaframkvæmdir fyrir 10 milljarða króna á næstu árum, fjarsíma- og háhraðaframkvæmdir og framkvæmdir við snjóflóðavarnir fyrir 2,5 milljarða króna. Lögð er til niðurgreiðsla flutningskostnaðar, að auka öryggi raforkuflutninga, að efla menntun, rannsóknir og nýsköpun undir faglegri forystu Háskólaseturs Vestfjarða. Lögð er höfuðáhersla á sjávarútvegs- og matvælasvið, mennta- og rannsóknasvið og menningar- og ferðaþjónustusvið. Lagðar eru fram tillögur um eflingu opinberrar þjónustu í 13 opinberum stofnunum.

Þá eru einnig nefndar sértækar aðgerðir sem sagðar eru ná til alls landsins, en það er að styrkja starfsemi rækjuvinnslustöðva, aðgerðir til flutningsjöfnunar og uppbygging olíuhreinsunarstöðvar á Vestfjörðum.

Á Vestfjörðum komu fram 37 sértækar tillögur um aðgerðir. Þær fólu í sér að til yrðu allt að 80 ný störf á Vestfjörðum og að árlegur kostnaður yrði um 500 mkr.

Menningarsamningur Norðurlands vestra hefur verið gerður (32 mkr. á ári), Vaxtarsamningur Norðurlands vestra (30 mkr. á ári), Menningarhús hefur verið endurbyggt í Skagafirði (90 mkr samtals) og framlög til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra aukin vegna uppbyggingar nýrra námsbrauta sem tengist atvinnulífi á svæðinu (20 mkr. árið 2008) og til viðhalds á FNV (10 mkr.). Stefnt er að uppbyggingu og eflingu Háskólans á Hólum. Auka þarf aðgengi að fjarnámi á framhalds- og háskólastigi og tengja það með beinum hætti við rannsókna- og fræðistofnanir á svæðinu, t.d Verinu.

Mótvægisaðgerðir vegna þorskaflaskerðingar hafa verið (20 mkr.) á Skagaströnd og (20 mkr.) á Sauðárkróki og að 20 mkr. verði varið til viðhalds fasteigna sýslumanns á Blönduósi. Fjármunum verður varið til skráningarstarfa við Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. Opinber verkefni hafa verið flutt til Norðurlands vestra, Fæðingarorlofssjóður til Hvammstanga 2007, Atvinnuleysistryggingasjóður til Skagastrandar, Sektarinnheimta vegna umferðarlagabrota og Þjónustuver Íbúðalánasjóðs samtals 55 störf. Þekkingarsetur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands 3 verði byggt upp á Sauðárkróki (3 stöðugildi), Þekkingarsetur á Skagaströnd (1–2 stöðugildi), uppbygging annarra fiskirannsókna á Sauðárkróki, samstarf safna á Blönduósi (2 stöðugildi) og Selaseturs Íslands eflt. Þá er talið að efla eigi Innheimtumiðstöð á Blönduósi, Vinnumálastofnun á Skagaströnd og koma upp upplýsingakerfi í málefnum fatlaðra.

Talið er að efla þurfi og standa vörðum starfsemi opinberra stofnana á svæðinu á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar, fjölga störfum fyrir menntað fólk og að tengja saman lykilaðila með þekkingarsetrum. Mikilvægt að efla nýsköpun, ekki aðeins í frumvinnslugreinum og iðnaði heldur einnig í þjónustugreinum og list og menningarstarfsemi og byggja á félags- og menningarauði svæðisins.

Nefndin telur að bæta þurfi samgöngur með áherslu á áframhaldandi uppbyggingu tengivega (570 mkr.) og að öðrum vegaframkvæmdum verði flýtt um eitt ár, endurbæta farsímasamband og háhraðatengingar og auka öryggi í raforkumálum. Markaðssetja þarf sérstöðu svæðisins í landbúnaði.

Styrkja þarf heilbrigðis- og öldrunarþjónustu og nýta sameiningu sjúkrahúsanna á Blönduósi og Sauðárkróki til að bæta nýtingu aðstöðu á hvorum stað.

Á Norðurlandi vestra komu fram 11 sérgreindar tillögur um allt að 25 ný störf á sviði rannsókna, ráðgjafar og fleira og var árlegur kostnaður við framkvæmd þeirra áætlaður um 200 mkr.

Bæta þarf samgöngur og stytta vegalengdir milli byggðakjarna, auka öryggi fjarskipta. Auka þarf framboð á menntun og góðri heilbrigðisþjónusta. Fjölga þarf störfum fyrir menntað fólk. Byggja þarf upp þróunar- og frumkvöðlasetur og rannsóknastofnanir sem nýta sérstöðu svæðisins. Auka þarf samvinnu við stjórnvöld um leiðir til eflingar landbúnaðar á sviði ræktunar og vinnslu, hámarka nýtingu lands til landbúnaðarframleiðslu. Markaðssetja sérstöðu svæðanna í landbúnaði, nýta félagsauð. Flytja opinber störf til Norðausturlands og Austurlands enda ýmsir möguleikar til staðar.

Nefndin fyrir Norðausturland gerði tillögur um aðgerðir ríkisvaldsins sem tengjast atvinnu- og menningarmálum. Verksmiðjurekstur hefur verið til skoðunar í Mývatnssveit og á Húsavík; en ekki liggur fyrir kostnaður við þær tilraunir. Samningar eru um eftirfarandi verkefni: Menningarsamningur Eyþings (29 mkr. á ári), Vaxtarsamningur Austurlands (20 mkr. á ári), Vaxtarsamningur Norðausturlands (30 mkr. á ári), Menningarsamningur Austurlands (48 mkr. á ári), Þekkingarnet Austurlands (49 mkr. á árinu 2007). Ríkið kemur að rekstri þekkingarsetra á Húsavík, Egilsstöðum og Höfn í Hornafirði (ekki eru tilgreindar upphæðir). Starfsstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands settar upp á Húsavík (2 stöðugildi) og Egilsstöðum (2 stöðugildi). Nytjaskógaræktun er studd og að skoða þarf leiðir til eflingar landbúnaðar á sviði ræktunar og vinnslu til að hámarka nýtingu lands til landbúnaðarframleiðslu og markaðssetja sérstöðu svæða í landbúnaði.

Á Norðausturlandi komu fram 17 sérgreindar tillögur um allt að 20 ný störf á sviði rannsókna, ráðgjafar og þjónustu í fámennum byggðarlögum á Norðurlandi eystra og Austurlandi og var áætlað að árleg útgjöld við framkvæmd þeirra yrði um 200 mkr.

2.4.3 Stofnanir og stoðkerfið

Stuðningskerfi atvinnu- og byggðaþróunar er margþætt og eftirlit með árangri takmarkað. Færa má rök fyrir því að nýting fjármuna og mannauðs geti verið betri en nú er með betri stefnumörkun, samþættri áætlanagerð og samstarfi.

Skilvirkara samstarf aðila stoðkerfisins á svæðis, lands- og alþjóðavísu er mikilvægt og þarf að auka. Eftirsóknarvert er að þeir fjármunir, sem varið er til kerfisins, nýtist sem best þeim verkefnum sem að er unnið og sem minnsti hluti þess fari til rekstrar og þjónustu stoðkerfisins sjálfs. Í þessu samhengi má benda sérstaklega á starf Nýsköpunarmiðstöðvar Impru og vaxtarsamninga sem hafa verið áberandi í umræðu um nýsköpun og þróun að undanförnu.

Mat á árangri og virk eftirfylgni með verkefnum er sjálfsagður hluti hinna ýmsu eininga stoðkerfisins sem ber að efla.

Mikilvægt er að þekkingarlínur séu opnar og virkar. Því þarf stoðkerfið að leggja aukna áherslu á þekkingaryfirfærslu og skilvirka nálgun að viðfangsefnum hverju sinni. Í þessu samhengi er rétt að huga að leiðum til að efla samstarf innan svæðisbundinna þekkingarsamfélaga með áherslu á starfsemi svæðisbundinna þekkingarsetra þar sem saman koma hinir ýmsu þættir stoðkerfisins, ólíkar fræðigreinar og fjölþætt þekking. Þekkingarlínur milli þekkingarsetra á landsvísu og alþjóðatengsl eru síðan sérlega mikilvæg í stóru, fámennu og dreifbýlu landi.

Nú, þegar illa árar í efnahagslegu tilliti, er mikilvægara en áður að leita leiða til að efla og auka skilvirkni stoðkerfisins. Athyglin hefur beinst að þeim greinum atvinnulífsins sem fyrir eru, nýsköpunarstarfi í þeim, að byggja á mannauði og náttúrugæðum sem þar er og á styrkleikum og sérstöðu svæða. Nýsköpunarverkefni starfandi fyrirtækja eru líkleg til að

skila skjótum árangri og svæðisbundin nýsköpunarverkefni sem ganga þvert á atvinnugreinar og fræðasvið er vænleg til eflingar staðbundins atvinnulífs og byggðar.

Í öllum landshlutum starfa menningarráð í tengslum við menningarsamninga. Þessa starfsemi þyrfti að tengja betur við aðra þætti stoðkerfisins þannig að þeir aðilar sem starfa að menningu, menntun, nýsköpun, rannsóknum og þróun og ráðgjöf í atvinnumálum vinni saman á skapandi og gagnvirkan hátt og þekking þeirra sé aðgengileg og samþætt. Slíkt gæti t.d. gerst með þátttöku í starfi þekkingarsetra þar sem öll þessi öfl gætu fundið samráðsvettvang.

Sérstakt átak verði gert fyrir konur sem vilja ráðast í eigin atvinnurekstur, til að auðvelda þeim vinnslu viðskiptahugmyndar. Styrkja þarf atvinnusköpun kvenna með áherslu á vöruþróun og þjónustugreinar. Bæta og þróa þjónustu stoðkerfisins við konur sem hafa viðskiptahugmyndir en vantar aðstoð við að hrinda þeim í framkvæmd. Nýleg könnun sýnir að konur telja stoðkerfi atvinnulífsins ekki þjóna sínum þörfum með fullnægjandi hætti. Eftirfylgni við kvennaverkefni verði stóraukin meðal annars með rekstrarráðgjöf samhliða fjárveitingum. Boðið verði upp á fleiri og sveigjanlegri úrræði sem taka mið af þörfum kvenna, s.s. ráðgjöf, handleiðslu, tölvukunnáttu, bókhaldsþekkingu, ráðgjöf fagaðila o.s.frv. Jafnframt þarf að endurvekja samstarfsverkefni Byggðastofnunar og félagsmálaráðuneytis um staðbundna atvinnu- og jafnréttisráðgjafa.

Fyrir breyttar áherslur og aðferðir í stoðkerfi atvinnulífsins eru lykilorðin:

- aukið samstarf og samþætting
- aukin eftirfylgni og árangursmat
- virkar þekkingarlínur

2.4.4 Þekkingarsamfélag og þekkingarsetur

Orðið þekkingarsetur vísar til samstarfs fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana og stuðningskerfisins um rannsóknir, þróun og nýsköpun í þágu félagslegra- og efnahagslegra framfara.

Mynd 2.4.4.1 Þekkingarsetur



Hugmyndin um þekkingarsetur hefur þróast undanfarin ár, einkum með tilliti til nýsköpunar, frumkvöðla, rannsókna, háskóla og stuðningskerfis. Leiðir að markmiðinu er að efla menntun og nýsköpun, þekkingarsamfélagið, og að byggja á staðbundnum styrk og sérkennum og með aukinni þátttöku í alþjóðlegum þekkingarnetum. Kökuritið hér á eftir sýnir núverandi hugmyndir um þekkingarsetur í hnotskurn.

Í þingsályktun um byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 er áhersla lögð á gildi rannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar á landsbyggðinni. Þar er gert ráð fyrir að skilgreina forgangssvið og móta fyrirkomulag samstarfs, að áfram verði unnið að uppbyggingu þekkingarsetra, stuðningi við atvinnustarfsemi og eflingu skapandi greina, að unnið verði að því að samhæfa stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni til að gera starfið markvissara og lögð áhersla á að tryggja góða tengingu við uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu en þangað munu setrin leita eftir faglegum stuðningi og þátttöku í starfi sínu. Um ofangreindar áherslur ályktaði Vísinda- og tækniráð 19. desember 2005:

„Vísinda- og tækniráð telur að efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar, sem byggist á sérstöðu í héraði, sé líkleg til verðmætasköpunar á landsbyggðinni og auki því samkeppnishæfni Íslands.“[27]

Þekkingarsetur eru líkleg til að ná fram samlegðaráhrifum ólíkra fræðasviða og vera vettvangur ólíkra sjónarmiða, þau mynda mikilvægan grunn rannsókna og þróunarstarfs og sem slík líkleg til að leiða til skilvirkrar atvinnuþróunar og eflingar byggðar. Starfsemi þekkingarsetra, sem þegar hafa myndast, byggja á staðbundnum sérkennum, tækifærum og áherslum heimamanna og eru sem slík líkleg til að skila miklum árangri.

Haft er eftir hinum kunna fræðimanni og hugmyndafræðingi klasakenninganna, Micael E. Porter, að varasamt sé að flokka atvinnuvegina sem nýja og gamla, framsækna eða úrelta, það sem úrslitum ráði um árangur í atvinnulífinu og samkeppnislega yfirburði sé miklu frekar hvernig staðið er að hlutunum heldur en í hvaða atvinnuvegi er unnið. Upplýsinga- og þekkingarsamfélagið tekur til allra atvinnugreina samfélagsins, bæði þeirra hefðbundnu og þeirra nýju. Þekkingin er mikilvægasta auðlindin og mikilvægi náttúruauðlinda, vinnuafls og fjármagns felst aðallega í þeim skorðum sem þær setja. Án þessara auðlinda blómstrar þekkingin ekki og án þeirra getur stjórnun ekki skilað árangri, er haft eftir hagfræðingnum víðkunna, Peter F. Drucker. Hefðbundin skipting auðlinda í náttúruauðlindir, vinnuafl og fjármagn er takmarkandi og mikilvægt að tekið sé tillit til svæðisbundins félagsauðs, mannauðs, sögu og menningar þegar fjallað er um þekkingarsamfélag eða þekkingarhagkerfi, hverjar séu forsendur öflugs og framsækins atvinnulífs, auk legu eða staðsetningar.

Markmið nútímalegrar atvinnu- og byggðastefnu er að búa til „svæði sem læra“ (e. *learning regions*). Ferlið er að „bræða saman“ tiltekna **skjalfesta** þekkingu t.d. nýjar aðferðir eða þekkingu sem er mikilvæg í nýjum greinum framleiðslu við **þögla** þekkingu t.d. verkvit á tilteknu sviði, sem oft tengist sögulegum aðstæðum svo að úr verði **stað-** eða **svæðisbundin** þekking sem skapar svæðinu sérstöðu og samkeppnisforskot.[28]

Áherslur Evrópusambandsins í þessu samhengi er að finna í Lissabon- og Gautaborgarsáttmálunum sem miða að því að færa aðildarlöndin í átt „að samkeppnishæfu þekkingarsamfélagi, sem getur haldið uppi viðvarandi hagvexti, skapað fleiri og betri störf og tryggt félagslegt jafnvægi“.

---

[27] www.rannis.is/files/Ályktun%20Vísinda-%20og%20tækniráðs%2019des2005_1202917358.pdf
[28] Dr. Karl Benediktsson, erindi.

Mynd 2.4.4.2 Lærandi svæði



Kerfisbundnar matsaðferðir gefa ákveðna mynd af nýsköpunarstarfi og hagrænum árangri OECD-landa. Hefðbundnar greiningar eru t.d. mat á fjárframlagi til rannsókna (inputs) og fjölda einkaleyfa (outputs) svo dæmi séu tekin. En samskipti og samstarf aðila eru taldar jafn mikilvægar og fjárfestingar í rannsóknum og þróun. Þau samskipti eru lykillinn að því að umbreyta því sem lagt er til rannsókna og þróunar í raunverulega nýsköpun, vöruþróun eða viðskiptatækifæri innan starfandi fyrirtækja. Forsenda skilvirks nýsköpunarkerfis í þekkingarsamfélagi nútímans er flæði þekkingar á milli fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana. Bæði í gegnum óformlegar leiðir en jafnframt kerfisbundnar (útgáfur, einkaleyfi).

Flæði tækni og upplýsinga á milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana er forsenda nýsköpunar. Nýsköpun og tækniþróun er árangur flókinna tengsla þátttakenda í kerfinu þar sem þátttakendur eru m.a. fyrirtæki, háskólar og opinberar rannsóknastofnanir.

Viðtekið er að við mat á árangri og virkni nýsköpunarkerfa séu lagðar 4 megináherslur:

- Samskipti og samstarf fyrirtækja, aðallega sameiginlegt rannsóknastarf og annað tæknisamstarf.
- Samskipti á milli fyrirtækja, háskóla og opinberra rannsóknastofnana, þ.m.t. sameiginlegar rannsóknir, samvinna um einkaleyfi, sameiginlegar útgáfur og fleiri óformleg tengsl.
- Flæði þekkingar og tækni til fyrirtækja þ.m.t. tækniyfirfærsla.
- Hreyfanleiki starfsfólks, með áherslu á flutning tæknifólks innan og á milli opinberra aðila og einkafyrirtækja.

Nýsköpunarkerfi eru gjarna greind niður eftir umfangi og viðfangsefnum. Nýsköpunarkerfi á landsvísu, staðbundin nýsköpunarkerfi, svæðisbundin nýsköpunarkerfi, nýsköpunarkerfi bundin ákveðnum atvinnugreinum og nýsköpunarkerfi sem snúa fyrst og fremst að ákveðnum þjóðfélagshópum.

Ekki er um að ræða neina eina algilda skilgreiningu á nýsköpunarkerfum á landsvísu en sem dæmi má nefna eftirfarandi skilgreiningar (OECD 1997):

- „samstarfsnet opinberra stofnana og einkageira sem með starfsemi sinni og samskiptum

hrinda af stað þekkingar og tækniyfirfærslu.“[29]

- „ólíkar stofnanir sem hver fyrir sig og sameiginlega leggja af mörkum til þróunar og miðlunar nýrrar tækni og þekkingar. Mynda vettvang fyrir stjórnvöld til að móta nýsköpunarferlin. Sem slík er um að ræða kerfi samtengdra stofnana til að mynda, varðveita og miðla þekkingu, hæfni og getu til að þróa nýja tækni.“[30]

Svæðisbundin nýsköpunarkerfi eru skilgreind sem samstarfsvettvangur fyrirtækja og stofnana sem saman leiða til þróunar nýrrar vöru eða þjónustu innan ákveðinna starfsgreina.

Undanfarin ár hafa víða um land verið myndaðir vísar að þekkingarsetrum sem er svæðisbundinn samstarfsvettvangur atvinnulífs, háskóla, rannsóknastofnana og stuðningskerfisins með að markmiði að stuðla að efnahags- og félagslegum framförum. Sums staðar má segja að þróun ofangreindra hugmynda um þekkingarsetur sé langt komin í raun. Athugun á fjölda stöðugilda, staðsetningu og stofnanasamsetningu þekkingarsamfélagsins á landsbyggðinni sem tengst geta hugmyndum um þekkingarsetur frá í febrúar 2009, leiðir í ljós að töluverð samþjöppun hefur átt sér stað og má nefna a.m.k. 10 svæði/staði þar sem grundvöllur er fyrir starfsemi öflugra þekkingarsetra og að um sé að ræða um 340 stöðugildi. Þau eru á eftirfarandi stöðum: Vesturlandi (Borgarnes), Vestfjörðum (Ísafjörður), Norðurlandi vestra (Sauðárkrókur), Eyjafirði (Akureyri), Norðurlandi eystra (Húsavík), Austurlandi (Egilsstaðir), Suðausturlandi (Höfn Hornafirði), Suðurlandi (Selfoss), Vestmannaeyjum og Sandgerði/Reykjanesbæ. Meginkjarnar setranna eru á ofangreindum þéttbýlisstöðum en aðilar setranna koma víðar að úr nærumhverfi þeirra og eins getur verið um minni sérstök setur að ræða sem tengjast meginsetrum. Sem dæmi um þetta getum við tekið Vestfirði þar sem þekkingarsamfélagið byggir á a.m.k. 41 stöðugildi frá 10 mismunandi aðilum/stofnunum sem staðsettir eru á Ísafirði, Bolungarvík, Hólmavík og Patreksfirði. Þeir aðilar sem a.m.k. kæmu að Þekkingarsetri Vestfjarða væru Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Rannsókna- og fræðasetur Vestfjarða, Vaxtarsamningur Vestfjarða, Náttúrustofa Vestfjarða, Fornleifavernd, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Hafrannsóknastofnun, Matís, Búnaðarsamtök Vesturlands, Háskólasetur Vestfjarða auk Galdraseturs, Sögusmiðju og Þjóðtrúarstofu.

Taflan hér að neðan sýnir hvar þessi störf liggja og um hversu marga aðila er að ræða.

Tafla 2.4.4.1 Grunnur þekkingarsetra

	Stöðugildi	Aðilar
Vesturland	46	13
Vestfirðir	43,0	12
Norðurland vestra	40,0	15
Eyjafjörður	46,5	12
Norðausturland	30,0	8
Austurland	37,0	13
Suðausturland	10,0	5
Suðurland	30,0	10
Vestmannaeyjar	21,0	10
Reykjanes	37	11
Samtals	**341**	

[29] Freeman, 1987
[30] Metcalfe, 1995

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða aðilar eru teknir með í talningu stöðugilda á landsvísu (utan höfuðborgarsvæðisins).

Tafla 2.4.4.2 Þekkingarsamfélagið – samsetning

Stofnun	Stöðugildi	Hlutfall
Atvinnuþróunarfélag	38,5	11,3%
Háskólasetur	22,0	6,5%
Hafrannsóknastofnun	23,0	6,7%
Landgræðslan	9,0	2,6%
Leiðbeiningarmiðstöðvar landbúnaði	50	14,7%
Matís	14	4,1%
Náttúrustofur	39,0	11,4%
Markaðsstofur	12,5	3,7%
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	17,0	5,0%
Símenntunarmiðstöðvar	28,0	8,2%
Vaxtarsamningar	6,0	1,8%
Menningarsamningar	13,0	3,8%
Veiðimálastofnun	3,0	0,9%
Fornleifavernd	5,0	1,5%
Skógrækt ríkisins	12,0	3,5%
Þekkingar- og rannsóknasetur	49,0	14,4%
	341	100,0%

Samkvæmt ofangreindu eru Leiðbeiningarmiðstöðvar í landbúnaði, þekkingar- og rannsóknarsetur, Atvinnuþróunarfélög, Náttúrustofur, Símenntunarmiðstöðvar, Háskólasetur auk Hafrannsóknastofnunar lykilaðilar í þekkingarsamfélaginu með um 70% stöðugilda. Nýsköpunarmiðstöð er staðsett á 7 stöðum á landsbyggðinni með 17 starfsmenn eða 5,0%. Starfsmenn „hreinna“ útibúa ríkisstofnana eru 105 talsins en aðilar með blandaða fjármögnun /eignarhald eru með 236 starfsmenn eða 69,2% þekkingarsamfélagsins.

Eins og áður sagði eru þegar til virk þekkingarsetur og eru Vestmannaeyjar, Höfn Hornafirði, Sandgerði, Ísafjörður og Húsavík dæmi um staði þar sem þekkingarsetur hafa þróast á afar jákvæðan hátt. Ef Vestmannaeyjar eru skoðaðar í þessu ljósi þá sýnir eftirfarandi tafla samsetningu þekkingarsamfélagsins. Fjölmargir aðilar koma þar við sögu og forsenda árangurs og skilvirkni er samstarf og tengsl sem er raunin.

Tafla 2.4.4.3 Vestmannaeyjar

Heiti	Staður	Fjöldi
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Vestmannaeyjar	2
Atvinnuþróunarfélag	Vestmannaeyjar	1
Matís	Vestmannaeyjar	1
Hafrannsóknastofnun	Vestmannaeyjar	2
Fræðasetur Háskóla Íslands	Vestmannaeyjar	2
Náttúrustofa Suðurlands	Vestmannaeyjar	4
Þekkingarsetur Vestamannaeyja	Vestmannaeyjar	5

Rannsóknaþjónusta Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	1
Surtseyjarstofa	Vestmannaeyjar	1
Viska, Símenntunarmiðstöð	Vestmannaeyjar	2
	Samtals stöðugildi	**21**
	Fjöldi aðila	**10**

Veita þarf auknu fjármagni til rannsókna og þróunarstarfs í staðbundnum þekkingarsetrum og gera þeim þar með frekar kleift að sækja um fjármögnun verkefna í erlenda og innlenda samkeppnissjóði.

Mynd 2.4.4.3 Svæðaskipting á landsbyggðinni 2009



Augljós ávinningur er af auknu samstarfi ólíkra aðila þekkingarsamfélagsins og þá bæði á milli einstakra stofnana/einstaklinga svo og þvert á þekkingarsetrin.

Kortið hér að ofan sýnir umfang þekkingarsamfélaga eftir landshlutum. Hafa verður í huga að skilgreining á störfum sem tilheyra svæðisbundnum þekkingarsamfélögum er ekki algild en um er að ræða sérfræðistörf á ákveðnum fagsviðum hinna ýmsu stofnana samfélagsins. Hér er ekki tekið tillit til háskóla á landsbyggðinni né opinberra stofnana sem þar starfa að öllu leyti eins og Byggðastofnun, Landmælingar Íslands, Skógrækt ríkisins og Landgræðslan.

Á næstu þremur síðum er sundurliðað yfirlit yfir þekkingarsamfélagið á landsbyggðinni skipt niður í 10 svæði þekkingarsetra. Alls eru tiltekin 341 stöðugildi.

Tafla 2.4.4.4 Grunnur þekkingarsetra

Vesturland

Heiti	**Staður**	**Fjöldi**
Landgræðsla	Hvanneyri	2
Atvinnuráðgjöf	Borgarnes	6
Vaxtarsamningur Vesturlands	Borgarnes	1
Búnaðarsamtök Vesturlands	Hvanneyri	11
Menningarráð Vesturlands	Hvanneyri	1
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	Borgarnes	4
Veiðimálastofnun	Hvanneyri	1
Atvinnuráðgjöf	Snæfellsbæ	1
Hafrannsóknastofnun	Ólafsvík	4
Markaðsstofa Vesturlands	Borgarnes	3
Skógrækt ríkisins	Hreðarvatn	3
Náttúrustofa Vesturlands	Stykkishólmur	4
Háskólasetur Snæfellsness	Stykkishólmur	4
Fornleifavernd	Stykkishólmur	1
Landbúnaðarháskóli Íslands	Hvanneyri	
Viðskiptaháskólinn Bifröst	Bifröst	
Landmælingar Íslands	Akranes	
	Samtals stöðugildi	**46**
	Fjöldi aðila	**13**

Vestfirðir

Heiti	**Staður**	**Fjöldi**
Atvinnuráðgjöf	Patreksfjörður	3
Rannsókna- og fræðasetur Vestfjarða	Bolungarvík	3
Vaxtarsamningur Vestfjarða	Ísafjörður	1
Náttúrustofa Vestfjarða	Bolungarvík	8
Fornleifavernd	Bolungarvík	1
Atvinnuráðgjöf	Ísafjörður	2
Menningarsamningur Vestfjarða	Ísafjörður	1
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Ísafjörður	3
Markaðsstofa Vestfjarða	Ísafjörður	1
Hafrannsóknastofnun	Ísafjörður	8
Matís	Ísafjörður	3
Atvinnuráðgjöf	Hólmavík	1
Búnaðarsamtök Vesturlands	Ísafjörður	1
Háskólasetur Vestfjarða	Ísafjörður	7
Sögusmiðjan	Hólmavík	
Galdrasetur	Hólmavík	
	Samtals stöðugildi	**43**
	Fjöldi aðila	**12**

Norðurland vestra

Heiti	Staður	Fjöldi
Atvinnuráðgjöf	Hvammstangi	3
Atvinnuráðgjöf	Blönduós	1
Atvinnuráðgjöf	Sauðárkrókur	1
Atvinnuráðgjöf	Siglufjörður	1
Vaxtarsamningur Norðurlands vestra	Sauðárkrókur	1
Hátæknisetur Íslands	Sauðárkrókur	1
Náttúrustofa Norðurlands vestra	Sauðárkrókur	5
Matís	Sauðárkrókur	1
Fornleifavernd	Sauðárkrókur	1
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Blönduós	4
Leiðbeiningarmiðstöðin	Sauðárkrókur	6
Selasetur	Hvammstangi	3
Sjávarlíftæknisetur	Skagaströnd	3
Menningarráð Norðurlands vestra	Skagaströnd	1
Farskólinn Norðurlandi vestra	Sauðárkrókur	3
Farskólinn Norðurlandi vestra	Blönduós	1
Veiðimálastofnun	Sauðárkrókur	1
Landgræðslan	Hólum	1
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Sauðárkrókur	2
Háskólinn Hólum	Hólum	
Háskólinn Hólum	Sauðárkrókur	
Byggðastofnun	Sauðárkrókur	
	Samtals stöðugildi	**40**
	Fjöldi aðila	**15**

Eyjafjörður

Heiti	Staður	Fjöldi
Búgarður	Akureyri	10
Matís	Akureyri	4
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar	Akureyri	3
Vaxtarsamningur Eyjafjarðar	Akureyri	1
Skógrækt ríkisins	Akureyri	3
Markaðsstofa Norðurlands	Akureyri	2,5
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Akureyri	5
Menningarráð Eyþings	Akureyri	1
Fornleifavernd	Akureyri	1
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Akureyri	5
Símenntun Háskólans Akureyri	Akureyri	2
Hafrannsóknastofnun	Akureyri	4
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	Akureyri	5
Háskólinn Akureyri	Akureyri	
	Samtals stöðugildi	**46,5**
	Fjöldi aðila	**12**

Norðausturland

Heiti	Staður	Fjöldi
Landgræðslan	Húsavík	3
Landgræðslan	Mývatnssveit	1
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	Húsavík	8
Náttúrustofa Norðausturlands	Húsavík	6
Þekkingarsetur Þingeyinga	Húsavík	6
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Húsavík	2
Fræðasetur Háskóla Íslands	Húsavík	1
Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn	Mývatnssveit	1
Búgarður		2
	Samtals stöðugildi	**30**
	Fjöldi aðila	**8**

Austurland

Heiti	Staður	Fjöldi
Matís	Neskaupstaður	3
Þróunarfélag Austurlands	Egilsstaðir	4
Vaxtarsamningur Austurlands	Egilsstaðir	1
Náttúrustofa Austurlands	Egilsstaðir	3
Náttúrustofa Austurlands	Neskaupstaður	5
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Egilsstaðir	2
Markaðsstofa Austurlands	Egilsstaðir	2
Upplýsingamiðstöð Austurlands	Egilsstaðir	1
Menningarsamningur Austurlands	Egilsstaðir	1
Fornleifavernd	Egilsstaðir	1
Landgræðslan	Egilsstaðir	1
Búnaðarsamband Austurlands	Egilsstaðir	4
Þekkingarnet Austurlands	Egilsstaðir	6
Skógrækt ríkisins	Egilsstaðir	3
	Samtals stöðugildi	**37**
	Fjöldi aðila	**13**

Suðausturland

Heiti	Staður	Fjöldi
Þekkingarnet Austurlands	Höfn Hornafirði	1
Matís	Höfn Hornafirði	2
Nýsköpunarmiðstöð	Höfn Hornafirði	1
Háskólasetrið	Höfn Hornafirði	5
Hafrannsóknastofnun	Höfn Hornafirði	1
	Samtals stöðugildi	**10**
	Fjöldi aðila	**5**

Suðurland

Heiti	Staður	Fjöldi
Atvinnuþróunarfélag Suðurlands	Selfoss	3
Háskólasetrið Hveragerði	Hveragerði	2
Landgræðslan	Gnúpverjahreppur	1
Veiðimálastofnun	Selfoss	1
Menningarsamningur Suðurlands	Selfoss	1
Markaðsstofa Suðurlands	Selfoss	1
Búnaðarsamband Suðurlands	Selfoss	12
Fræðslunet Suðurlands	Selfoss	5
Vaxtarsamningur Suðurlands	Selfoss	1
Skógrækt ríkisins	Selfoss	3
Landgræðslan	Gunnarsholt	
	Samtals stöðugildi	**30**
	Fjöldi aðila	**10**

Vestmannaeyjar

Heiti	Staður	Fjöldi
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Vestmannaeyjar	2
Atvinnuþróunarfélag	Vestmannaeyjar	1
Matís	Vestmannaeyjar	1
Hafrannsóknastofnun	Vestmannaeyjar	2
Fræðasetur Háskóla Íslands	Vestmannaeyjar	2
Náttúrustofa Suðurlands	Vestmannaeyjar	4
Þekkingarsetur Vestamannaeyja	Vestmannaeyjar	5
Rannsóknaþjónusta Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	1
Surtseyjarstofa	Vestmannaeyjar	1
Viska, Símenntunarmiðstöð	Vestmannaeyjar	2
	Samtals stöðugildi	**21**
	Fjöldi aðila	**10**

Reykjanes

Heiti	Staður	Fjöldi
Fræðasetur	Sandgerði	2
Háskólasetur Suðurnesja	Sandgerði	1
Náttúrustofa Reykjaness	Sandgerði	4
Rannsóknastöðin BioIce	Sandgerði	10
Hafrannsóknastofnun	Grindavík	4
Miðstöð Símenntunar Suðurnesjum	Reykjanesbær	6
Saltfisksetur Íslands	Grindavík	1
Atvinnuráðgjafi SSS		0,5
Markaðsstofa Suðurnesja	Reykjanesbær	2
Menningarfulltrúi Reykjanesbæjar	Reykjanesbær	1
Upplýsingamiðstöðvar		6
Stofnfiskur	Reykjanesbær/Hafnir	

Orf Lífrækni, Græna smiðjan	Grindavík	
Keilir, Miðstöð vísinda fræða og atvinnulífs	Reykjanesbær	
	Samtals stöðugildi	**37,5**
	Fjöldi aðila	**11**
	Heildarfjöldi stöðugilda	**341**

2.4.5 Svæðisbundnar þróunaráætlanir

Starfsemi sem byggist á svæðisbundnum vaxtarsamningum og menningarsamningum þykir hafa skilað góðum árangri. Starfssvæði þessara samninga hafa ekki verið einstök sveitarfélög, heldur hafa iðnaðarráðuneyti og menntamálaráðuneyti gert þessa samninga við sveitarfélög og fleiri aðila á svæðum sem miðast við starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélaga. Stjórn á framkvæmd þessara samninga og verkefnum sem á þeim byggjast hefur færst til samtaka sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og menningarráða, og það fært með sér ábyrgð, yfirsýn og störf á sviðum samninganna. Þessi þróun varpar ljósi á að samstarf sveitarfélaga um atvinnu- og byggðamál er vaxandi og mikilvægt og er jafnvel forsenda fyrir því að starfsemi og störf á þessum sviðum verði til og þróist á landsbyggðinni.

Áhersla stjórnvalda í atvinnu- og byggðaþróun á Íslandi hefur verið á þessi svæði og er enn, á að þróun byggist á svæðunum, því sem þar er, svæðisbundnum sérkennum, hefðum, mannauði og auðlindum. Áhersla er nú á aukið samstarf í svæðisbundnum þekkingarsamfélögun og sé litið til Evrópusambandsins og Norðurlanda sjást sams konar áherslur. Á þessum grundvelli byggist stefnan um þróun fyrirtækja og samfélaga í alþjóðlegri samkeppni komandi ára.

Sú góða reynsla sem fengist hefur af vaxtarsamningum og menningarsamningum hvetur til að samstarf sveitarfélaga verði eflt á grundvelli þessara samninga, þannig að til þeirra verði sótt markmið fyrir þróunaráætlanir fyrir svæði samninganna og landshlutasamtaka sveitarfélaga og á ábyrgð sveitarfélaganna og samtaka þeirra. Á þann hátt mætti tengja svæðisbundnar áherslur samninganna á sviði atvinnu- og byggðaþróunar við áætlanir einstakra sveitarfélaga, lýsa sérkennum, auðlindum, mannauði, félagsauði og markmiðum um uppbyggingu og setja upp framtíðarsýn fyrir hvert svæði. Slíkar áætlanir þyrfti að vinna í góðri sátt á svæðunum, þannig að hvert sveitarfélag gæti byggt stefnu sína á þessari sameiginlegu svæðisstefnu eða framtíðarsýn. Á þennan hátt sköpuðust líka nýjar og skilvirkar forsendur til samspils á milli áætlana á landsvísu, s.s. áætlana einstakra ráðuneyta, og svæðisbundinna áætlana, á milli stjórnsýslustiga, þannig að draga myndi úr líkum á ágreiningi, en líkur til góðs árangurs áætlana með því að hámarka samvirkni, myndu aukast.

Svæðaáætlanir af því tagi sem hér er lýst byggjast á sérstöðu hvers svæðis, sem elur af sér áherslur og viðfangsefni hverrar áætlunar. Eðlilega geta því efnistök verið ólík, stefna og málefni þó sameiginleg sé stefna að sjálfbærri þróun.

2.5 Landshlutar

2.5.0 Almennt

Erfitt er að spá fyrir um áhrif efnahagskreppunnar á byggðaþróun á komandi árum. Ástand í atvinnulífi hefur að undanförnu verið verst á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Mögulegt er að það hafi þau áhrif að fólki fjölgi í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins, ef atvinnuástand verður betra þar. Búsetuskilyrði eru misjöfn innan landshlutanna. Alls staðar eru þó möguleikar fyrir hendi en nýting þeirra og samkeppnishæfni svæðanna byggist á samgöngum, þekkingu til nýsköpunar og stjórn- og stoðkerfi sem er fært um að styðja nýsköpun og bæta búsetuskilyrði.[31]

2.5.1 Vesturland

Suðvesturland, allt frá Árnessýslu til Borgarfjarðar, er smám saman að verða eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Greiðar samgöngur eru um svæðið og íbúar hafa góðan aðgang að allri þeirri þjónustu og þekkingarstarfsemi sem í boði er á höfuðborgarsvæðinu.

Ferðaþjónusta er vaxandi á Snæfellsnesi og Hvalfjarðargöngin hafa breytt miklu fyrir Vesturland. Miklir möguleikar á Snæfellsnesi, t.d. Búðir, Hellnar, Breiðafjörður o.fl. Áhugi er á að efla menningartengda ferðaþjónustu, auk þess sem Snæfellsnes vill markaðssetja sig sem vistvænt svæði og nýta aðdráttarafl jökulsins. Víða þykja ónýttir ýmsir möguleikar til menningartengdrar ferðaþjónustu, t.d. í Hvalfirði.

Með áframhaldandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Grundartanga, hafnasamstarfi á svæðinu og eflingu háskóla, Viðskiptaháskólans að Bifröst og Landbúnaðarháskólans að Hvanneyri og samstarfi þeirra við atvinnulífið, munu byggðarlög á suðurhluta Vesturlands halda áfram að eflast. Þrír framhaldsskólar eru á svæðinu, á Akranesi, í Grundarfirði og svo nýr skóli í Borgarnesi. Menningarstarf er öflugt, t.d. í Reykholti og Landnámssetur í Borgarnesi. Íbúum hefur fækkað á Snæfellsnesi síðasta áratug nema í Grundarfirði. Með samgöngubótum síðustu ára, Hvalfjarðargöngum, Bröttubrekku, Vatnaleið og í Kolgrafarfirði eru góðar samgöngur af Snæfellsnesi við höfuðborgarsvæðið. Á þéttbýlisstöðunum á norðanverðu Snæfellsnesi er atvinnulíf fremur einhæft en næg atvinna. Sjávarútvegur er þó fjölbreyttur og byggist mjög á sókn á nálæg fiskimið. Ferðaþjónusta stendur traustum fótum og er vaxandi á Snæfellsnesi, m.a. vegna fjölbreyttrar náttúru á landi og sjó og góðra samgangna allan ársins hring. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður árið 2001 og skapar ný sóknarfæri í ferðaþjónustu, t.d. má nýta land betur fyrir

Mynd 2.5.0.1 Hlutfallslegur hagvöxtur landshluta 2000–2006



[31] Halldór Kristjánsson og Sigríður K. Þorgrímsdóttir: Útg. Byggðastofnun, júlí 2008, http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Byggdarlog/Byggdarlog_loka.pdf

sumarhúsabyggð. Möguleikar eru í fiskeldi, kræklingarækt, frekari nýtingu jarðhita á svæðinu og í fullnýtingu sjávarfangs. Í því efni er vert að minnast á sjávarrannsóknasetrið Vör í Ólafsvík þar sem unnið er að rannsóknum og markaðssetningu á beitukóngi.

Í Dalabyggð og Reykhólahreppi hefur fólki fækkað mikið og samdráttur verið í atvinnulífi, einkum í sauðfjárrækt. Möguleikar felast helst í vöruþróun í landbúnaði, ferðaþjónustu, frekari uppbyggingu Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum og víðtækari nýtingu jarðhita. Ferðaþjónusta er vaxandi, ekki síst í Flatey, en mörg tækifæri eru þó enn sem komið er ónotuð á þessu svæði og skortir á þjónustu við ferðamenn. Tækifæri kunna að opnast með vegi um Arnkötludal sem tengir Strandir og Vesturland. Það gæti m.a. verið í þjónustu en einnig opnast möguleikar á samstarfi milli þessara byggðarlaga.

Vaxtarsamningur fyrir Vesturland var gerður árið 2006. Í tengslum við hann má nefna klasastarf í ferðamálum á Vesturlandi undir heitinu „All Senses“.

2.5.2 Vestfirðir

Þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum byggja afkomu sína fyrst og fremst á sjávarútvegi. Atvinnulíf er fremur fábreytt nema á Ísafirði, atvinna hefur verið næg en íbúum hefur samt fækkað alls staðar síðasta áratug. Flytja hefur þurft inn vinnuafl til fiskvinnslu.

Ferðaþjónusta er vaxandi og er víða öflug eins og á Ströndum í nágrenni Hólmavíkur (Sögusmiðjan). Þá eru siglingar um Djúpið o.fl. sem tengist einnig gönguleiðum á Hornströndum. Gistirými er hins vegar veiki hlekkurinn víða, auk skorts á afþreyingu fyrir ferðamenn. Þá má og nefna samgönguörðugleika. Tækifæri eru m.a. talin felast í náttúrulegum aðstæðum, s.s. sjóstangaveiði, auk þess sem menn sjá mikil tækifæri á Hólmavík og nágrenni og vilja frekari uppbyggingu tengda ferðaþjónustu.

Hin mörgu þjóðerni, sem nú má finna á Vestfjörðum, kunna að fela í sér möguleika til atvinnusköpunar og þróunar, t.d. á sviði ferðaþjónustu og skapandi greina. Sóknarfæri felast líka í uppbyggingu rannsókna- og menntastofnana í tengslum við fyrirtæki í hefðbundnum atvinnugreinum og tengdum greinum s.s. eldi sjávardýra. Þorskeldi er í vexti og þorskeldisklasi nokkurra fyrirtækja er nýstofnaður. Á Ísafirði var nýlega sett á fót Háskólasetur Vestfjarða og Þekkingarsetur sem hýsir ýmsa starfsemi. Vetrarsamgöngur innan Vestfjarða hafa háð samstarfi þéttbýlisstaða, fyrirtækja og stofnana. Með greiðari og öruggari samgöngum milli þéttbýlisstaðanna opnast möguleikar og búsetuskilyrði batna.

Í Vestur-Barðastrandarsýslu hefur fólki fækkað mikið undanfarin ár. Atvinnuástand hefur þó verið gott og jafnvel hefur þurft að flytja inn erlent vinnuafl til fiskvinnslu. Atvinnulífið er einhæft og byggist mest á sjávarútvegi. Helstu sóknarfæri auk sjávarútvegs eru í ferðaþjónustu og fiskeldi. Möguleikar eru í ferðaþjónustu, ekki síst tengt Látrabjargi, ef samgöngubætur fást. Bættar samgöngur eru algjör forsenda áframhaldandi búsetu á svæðinu. Talsverðar væntingar eru tengdar mögulegri olíuhreinsunarstöð við Hvestu í Arnarfirði, en óvíst hvað verður. Á Tálknafirði hefur mikil áhersla verið lögð á umhverfismál, en sprotafyrirtækið Villimey sem framleiðir krem úr jurtum, byggir ímynd sína m.a. á hreinleika í umhverfinu.

Í Strandasýslu hefur fólki fækkað stöðugt. Byggð er dreifð og atvinnulíf einhæft, hefur byggst á sauðfjárrækt og hlunnindanýtingu í sveitum og sjávarútvegi á Hólmavík og Drangsnesi. Nokkur vöxtur hefur þó verið í ferðaþjónustu og Galdrasetrið á Hólmavík er dæmi um velheppnaða nýsköpun á því sviði. Árneshreppur hefur sérstöðu hvað samgöngur snertir og er oft einangraður að vetrinum. Miklar væntingar eru vegna vegar um Arnkötludal sem mun breyta mjög miklu fyrir íbúana á Ströndum, en kemur íbúum Árnesshrepps þó ekki til góða nema að takmörkuðu leyti. Sú samgöngubót mun þó breyta miklu, bæði hvað varðar sam-

göngur til höfuðborgarinnar, möguleika á eflingu ferðaþjónustu og samstarf sveitarfélaga, jafnvel sameiningu við Dalabyggð.

Vaxtarsamningur fyrir Vestfirði var gerður árið 2006. Árið 2007 skipaði forsætisráðherra nefnd til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum og fór sú vinna fram í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu. Nefndin gerði tillögur um aðgerðir á ýmsum sviðum og sértækar aðgerðir um 80 ný störf og var áætlað að árlegur kostnaður við þau yrði 500 mkr.

2.5.3 Norðurland vestra

Fólki hefur fækkað mikið í Húnaþingi undanfarin ár og atvinna dregist saman, jafnt í þéttbýli sem sveitum. Atvinnulíf byggist á landbúnaði, sjávarútvegi og þjónustu, tekjur eru almennt lágar nema á Skagaströnd. Ullarþvottastöð er starfandi á Blönduósi og þar og á Hvammstanga eru afurðastöðvar. Með veiðum og vinnslu innfjarðarækju fyrir nokkrum áratugum varð mikil uppsveifla á Hvammstanga sem ekki náðist að fylgja eftir. Aðstæður fyrir stóriðju hafa verið taldar góðar á svæðinu milli Skagastrandar og Blönduóss og með Þverárfjallsvegi stækkar atvinnu- og þjónustusvæðið til Sauðárkróks.

Ferðaþjónusta hefur verið að eflast, ekki síst í Skagafirði. Víða er verið að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu, t.d. Grettistak, Vesturfarasetrið, Hólar, söfnin, fljótasiglingarnar o.fl. Skagfirðingar hafa skapað sér sterka ímynd sem hestamenn og söngmenn, bæði innanlands og utan, a.m.k. hvað hestamennsku varðar. Ferðaþjónustan stendur líklega veikast í A-Hún. Tækifærin eru talin felast í eflingu ferðaþjónustu, m.a. með gönguleiðum, með menningu og sögu o.fl.

Opinber starfsemi hefur verið flutt á svæðið, Fæðingarorlofssjóður á Hvammstanga, Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar á Blönduósi og Vinnumálastofnun á Skagaströnd, auk þess sem hluti af starfsemi Íbúðalánasjóðs og öll starfsemi Byggðastofnunar er á Sauðárkróki.

Íbúum hefur fækkað í Skagafirði en þar er atvinnulíf og opinber þjónusta tiltölulega fjölbreytt, einkum á Sauðárkróki. Sjávarútvegur er öflugur og Kaupfélag Skagfirðinga er stærsta fyrirtækið á svæðinu. Menningartengd ferðaþjónusta hefur verið í þróun, t.d. tengd íslenska hestinum, vesturförum og safnastarfi, sem og matarmenningu. Einnig eru öflugar fornleifarannsóknir í Skagafirði, sérstaklega tengt Hólum. Á þessu sviði eru sóknarfæri sem og í fiskeldi og nýjum búgreinum, t.d. hrossarækt og kornrækt. Hólaskóli hefur eflst á undanförnum árum og starfar nú á háskólastigi. Háskóla- og rannsóknastarf á sviði fiskeldis, sem fram fer í tengslum við öflug útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, fela í sér tækifæri til nýsköpunar. Verið – Vísindagarðar er þekkingarsetur sem starfar í tengslum við Háskólann á Hólum, en hýsir nú einnig Matís og Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður þar einnig með aðsetur. Nú er verið að kanna möguleika á stofnun koltrefjaverksmiðju á Sauðárkróki. Vöruþróun í sauðfjárslátrun í samvinnu við Nýsjálendinga er athyglisverð og lofandi. Landkostir og hafnarskilyrði hafa verið talin góð fyrir orkufrekan iðnað austan við botn Skagafjarðar og þá með hliðsjón af mögulegri orkuframleiðslu jökulánna í Skagafirði.

Vaxtarsamningur fyrir Norðurland vestra var gerður í ársbyrjun 2008. Í janúar 2008 skipaði forsætisráðherra nefnd til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf og samfélag á Norðurlandi vestra og lauk hún störfum hálfu ári síðar. Nefndin gerði tillögur um aðgerðir á ýmsum sviðum og sértækar aðgerðir um 25 ný störf og var áætlað að árlegur kostnaður við þau yrði 200 mkr.

Íbúum á Siglufirði fækkaði allan seinnihluta síðustu aldar og hefur haldið áfram að fækka. Ekki hefur náðst að skapa fjölbreytni í atvinnulífi og sóknarfæri er helst að finna í fullnýtingu sjávarafla og ferðaþjónustu. Uppbygging Síldarminjasafns hefur vakið athygli og hlotið

viðurkenningu og aðstæður til skíðaíþrótta eru óvíða betri frá náttúrunnar hendi en á Siglufirði. Héðinsfjarðargöng munu auðvelda aðgang að fjölbreyttri þjónustu í Eyjafirði og bæta búsetuskilyrði. Nú hefur Fjallabyggð sameinast Ólafsfjarðarbæ, en Héðinsfjarðargöng skapa skilyrði fyrir slíkri sameiningu.

2.5.4 Norðurland eystra

Nokkur íbúafjölgun hefur verið undanfarin ár á Akureyri, Grenivík, í Svalbarðsstrandarhreppi og í Eyjafjarðarsveit. Íbúum hefur hins vegar fækkað í öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð, einkum út með firðinum að vestan. Störfum í iðnaði hefur fækkað, sjávarútvegur eflst en fyrst og fremst hefur störfum fjölgað í þekkingar- og þjónustugreinum. Akureyri hefur eflst sem skólabær með skólum á framhalds- og háskólastigi. Eyjafjörður er fjölmennasta og öflugasta þéttbýlissvæði utan Suðvesturlands og líklegast, ásamt Miðausturlandi, til þess að laða til sín fólk og fyrirtæki utan þess svæðis.

Sameining sveitarfélaga og bættar samgöngur hafa í för með sér bætt búsetuskilyrði, starfsskilyrði fyrirtækja, meiri samkeppnishæfni svæðisins og betri skilyrði til að flytja þangað verkefni frá ríkinu, t.d. tengd sjávarútvegi.

Ferðaþjónusta er vaxandi og Mývatnssveit hefur sérstöðu. Einnig þar hafa menn hug á stefnumótun og frekari markaðssetningu, t.d. á vetrarferðaþjónustu. Aðrir sjá einnig tækifæri tengd vetrarferðamennsku, t.d. á Ólafsfirði. Nálægð við Akureyri er einnig talin gefa tækifæri. Ýmislegt er í vexti, t.d. Hvalaminjasafnið á Húsavík og hvalaskoðunarferðir þaðan hafa visst forskot. Húsvíkingar hugsa einnig um strandmenningu með því að gera hafnarsvæðið aðgengilegt, en slíkt verkefni er í gangi víðar. Auk Mývatns má nefna þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum. Talsvert er verið að vinna í kynningarmálum nyrst og austast á svæðinu en á því svæði eru samgöngur veikleiki. Menn sjá m.a. tækifæri í nýtingu jarðhita á Þeistareykjum, í Kröflu og í Bjarnarflagi, t.d. á Húsavík og nágrenni, auk menningartengdrar ferðaþjónustu. Héðinsfjarðargöng eru talin geta eflt ferðaþjónustuna á því svæði. Skemmtiferðaskip hafa viðdvöl á Akureyri og hugsanlega geta nágrannabyggðir notið enn frekar góðs af. Jarðböðin við Mývatn hafa skapað aukna möguleika í ferðaþjónustu. Áhugi er á heilsutengdri ferðaþjónustu. Hugmynd um útivistarsvæði á Langanesi og í Hrísey og þá sem hreina og umhverfisvæna eyju.

Sóknarfæri eru á flestum sviðum og byggjast á íbúafjölda, þéttbýli og þeirri fjölbreytni sem er að finna á Eyjafjarðarsvæðinu. Vaxtarsamningur fyrir Eyjafjarðarsvæðið var endurnýjaður í ársbyrjun 2008.

Íbúum hefur fækkað á Húsavík og atvinnulíf átt undir högg að sækja, bæði vegna tækniþróunar í fiskveiðum og -vinnslu og breytinga í vinnslu landbúnaðarafurða. Hins vegar hafa fyrirtæki í ferðaþjónustu verið í sókn. Einnig má nefna ferðaþjónustuverkefni sem snertir þingeyska matarmenningu. Nálægð við ríkar orkulindir skapar sóknarfæri til framtíðar, í iðnaði, hátækni og líftækni. Í þessu ljósi eru rannsóknir á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum mikilvægar.

Í Mývatnssveit lagðist starfsemi Kísiliðjunnar af. Fyrirtækið Grænar lausnir hefur reynt að þróa framleiðslu á vörubrettum, en þar eru afar fá störf. Ferðaþjónusta er öflug og þar eru sóknarfæri. Áhersla hefur verið á að lengja ferðamannatímann, efla afþreyingarkosti, eins og jarðböðin eru gott dæmi um, og að nýta nálægðina við þjóðgarð norðan Vatnajökuls.

Í Norður-Þingeyjarsýslu hefur íbúum fækkað mikið undanfarin ár. Samgöngur eru erfiðar, vegalengdir langar, atvinnulíf er einhæft og tekjur lágar. Á svæðinu eru góð skilyrði til sauðfjárræktar og árstíðabundinnar ferðaþjónustu. Á Þórshöfn er staða útgerðar sterk og hefur leitt til nýsköpunar við veiðar og vinnslu á kúfiski. Samgöngubætur, ekki síst nýr vegur um

Hófaskarð sem tengir austasta svæðið vestur á við, munu stækka atvinnu- og þjónustusvæði þéttbýlisstaðanna og auka möguleikana í ferðaþjónustu.

Miklar væntingar hafa verið vegna möguleika á byggingu álvers við Bakka, ekki síst í Suður-Þingeyjarsýslu. Sú framkvæmd hefur þó frestast m.a. vegna efnahagsástandsins og óvíst um framhaldið.

Vaxtarsamningur fyrir Norðausturland var gerður árið 2008. Um svipað leyti skipaði forsætisráðherra nefnd til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf og samfélag í fámennum byggðarlögum á Norðurlandi eystra og Austurlandi og lauk hún störfum um hálfu ári síðar. Nefndin gerði tillögur um aðgerðir á ýmsum sviðum og sértækar aðgerðir um 20 ný störf á sviði rannsókna, ráðgjafar og þjónustu í fámennum byggðarlögum á Norðurlandi eystra og Austurlandi og var áætlað að árleg útgjöld við framkvæmd þeirra yrði um 200 mkr.

2.5.5 Austurland

Á Miðausturlandi hefur verið mikil uppbygging vegna álversins í Reyðarfirði. Þá má nefna eflingu fiskeldis, allt frá Berufirði til Seyðisfjarðar. Sóknarfæri er líka að finna í nýjum búgreinum, einkum á Fljótsdalshéraði. Möguleikar eru í ferðaþjónustu, t.d. í sérstakri náttúru og nálægð við miðhálendið í tengslum við ferjusiglingar milli Seyðisfjarðar og hafna á meginlandi Evrópu. Vonir voru bundnar við möguleika tengda millilandaflugi á Egilsstöðum, en það hefur nú lagst af. Á Austurlandi er öflugt menningarstarf og vaxandi ferðaþjónusta. Þekkingarnet Austurlands var stofnað árið 2006 og rekur m.a. háskólanámssetur á Egilsstöðum.

Uppbygging orkufreks iðnaðar er mjög þýðingarmikil fyrir byggð á Austurlandi. Til þessa verks heyra samgöngubætur milli byggða á Miðausturlandi, uppbygging menntastofnana, opinberrar þjónustu og bygging íbúðarhúsnæðis.

Eftir langt tímabil fólksfækkunar hefur íbúum fjölgað á Miðausturlandi en íbúum hefur áfram fækkað í sveitarfélögum norðan við Fljótsdalshérað. Uppbygging á Miðausturlandi mun hafa áhrif til norðurs þó Vatnsskarðið dragi úr þeim. Miklu skiptir fyrir byggð í Vopnafirði og norður um, þar sem atvinnulíf er einhæft, að vegasamband við Hérað verði bætt.

Eftir mikla uppbyggingu síðustu áratugi varð afturkippur í atvinnulífi á Hornafirði, m.a. vegna hagræðingar og samdráttar í landbúnaði og sjávarútvegi sem stendur þó nokkuð traustum fótum og felur í sér færi til sóknar. Þá skapar starfsemi Nýheima skilyrði til þekkingarstarfsemi í tengslum við sjávarfang og -vinnslu auk þess sem lega Hornafjarðar og nálægð við Vatnajökul skapar sérstöðu fyrir ferðaþjónustu sem hefur verið í þróun og lofar góðu.

Vaxtarsamningur fyrir Austurland var gerður árið 2007.

Vaxandi ferðaþjónusta og mikill straumur sem tengist ferðum Norrænu. Þjónusta við ferðamenn er kannski helsti veikleikinn. Ýmislegt athyglisvert eins og Papeyjarferðir, steinasafnið á Stöðvarfirði, safn um sögu Frakka á Fáskrúðsfirði o.fl. Á suðausturhorninu tengist ferðaþjónustan nálægð við Jökulsárlón, jökulinn, þjóðgarðinn og öræfin. Veikleikinn er einnig sá að ferðamenn staldra ekki við á leið sinni frá Seyðisfirði og norður eða suður um landið. Eitthvað af skemmtiferðaskipum hafa einnig viðkomu á Seyðisfirði og hugsanlega mætti nýta það eitthvað.

2.5.6 Suðurland

Á síðustu árum hefur fólki fjölgað í Árnessýslu og atvinnulíf eflst. Skilyrði virðast vera til þess að þessi þróun haldi áfram, góðir landkostir, þétt byggð og nálægð við höfuðborgarsvæðið. Selfoss er þjónustumiðstöð Suðurlands og uppbygging þar í þjónustugreinum hefur verið mikil. Suðurstrandarvegur mun bæta samband við alþjóðaflugvöll. Breikkun Suður-

landsvegar milli Hveragerðis og Selfoss mun auka öryggi vegfarenda. Mikill straumur ferðamanna er um Suðurland og þar er öflug ferðaþjónusta og vaxandi.

Íbúum hefur heldur fækkað síðasta áratuginn í Rangárþingum en mun meiri fækkun hefur orðið í Vestur-Skaftafellssýslu. Mikil uppbygging er í ferðaþjónustu og einstakir náttúrustaðir fela í sér enn frekari sóknarfæri í þeirri grein. Vatnajökulsþjóðgarður mun væntanlega skapa ný tækifæri á svæðinu. Nýjar fræðigreinar og bætt markaðssetning fela í sér möguleika til þróunar í vinnslu landbúnaðarafurða, nýrra búgreina, matvælaiðnaðar og ferðaþjónustu.

Í Vestmannaeyjum hefur fólki fækkað mikið. Eyjarnar hafa mikla sérstöðu hér á landi vegna legu sinnar, mikilvægis sjávarútvegs, sérstakrar náttúru; fuglalífs og jarðsögu, byggðarsögu og eyjasamfélagsins. Á litlu svæði má fá yfirsýn yfir þetta allt og það, ásamt góðri þjónustu, hefur skapað Vestmannaeyjum sérstöðu sem ráðstefnustað og áfangastað ferðafólks. Þessa sérstöðu má nýta til þess að þróa ferðaþjónustu enn frekar og bjóða þekkingarfyrirtækjum hagstætt starfsumhverfi. Atvinnulíf er einhæft, tengt sjávarútvegi og fiskvinnslu og sóknarfæri í þeim greinum er helst að finna í fullnýtingu sjávarfangs. Þekkingar- og rannsóknastarf í Eyjum er því mikilvægt og bættar samgöngur milli lands og Eyja eru forsenda fyrir þá fjölbreytni í atvinnulífi sem annars eru góð skilyrði fyrir. Miklar væntingar eru vegna fyrirhugaðra samgöngubóta með Landeyjahöfn. M.a. er stefnt að samstarfi við austursvæði Suðurlands og einnig búist við að ferðaþjónusta eflist verulega í Vestmannaeyjum. Tvö ný ferðaþjónustuverkefni sem nefna má eru „Pompeii Norðursins“, þar sem gera á minjar um Vestmannaeyjagosið sýnilegar og Tyrkjaránssetur. Frá árinu 2007 hefur einnig verið unnið að eflingu rannsókna- og háskólastarfs með opnun þekkingarseturs í Eyjum.

Sunnlendingar leggja áherslu á ferðaþjónustu og uppbyggingu hennar, eins og flestir aðrir. Öflug ferðaþjónusta og mikill straumur ferðamanna einkennir Suðurland. Þar er einnig talsverð þjónusta við ferðamenn. Nefna má þætti eins og Sögusetrið, ferðir á Mýrdalsjökul, Gullfoss og Geysi o.fl. Þá eru greiðar samgöngur. Veikleikar eru m.a. að fá ferðamenn til að staldra við á svæðinu nær höfuðborginni. Áhugi er á að nýta garðyrkjuna til eflingar ferðaþjónustu og Vestmannaeyingar telja sig hafa ýmsar hefðir til að byggja ferðaþjónustuna á. Þá er nálægð við óbyggðirnar talinn kostur, t.d. á Vík og Kirkjubæjarklaustri og m.a. horfa menn til Vatnajökulsþjóðgarðs.

Vaxtarsamningur fyrir Suðurland og Vestmannaeyjar var undirritaður árið 2006. Verkefni sem m.a. tengjast vaxtarsamningi eru Safnaklasi Suðurlands með 50–60 þátttakendur, frumkvöðlar í matvælaframleiðslu, en ekki síst Háskólafélag Suðurlands sem stofnað var 2007 og vill auka menntastig á svæðinu með eflingu háskólastarfs sem byggir á því sem fyrir er.

2.5.7 Suðurnes

Suðurnes eru í mikill nálægð við höfuðborgina og má segja að það sé eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Sérstaða Suðurnesja felst í staðsetningu alþjóðaflugvallarins og aðgengilegum háhitasvæðum. Uppbygging á sviði ferðaþjónustu hefur grundvallast á þessum aðstæðum og þær má nýta frekar. Bláa lónið er einn mesti ferðamannastaður landsins. Samt er erfitt að fá ferðamenn til að staldra við á Reykjanesi, annars staðar en í Bláa lóninu. Tækifærin sem menn sjá er t.d. hvalaskoðun, gönguleiðir, samgöngubætur, aukin kynning í Bláa lóninu. Þá má ekki gleyma nálægðinni við alþjóðaflugvöllinn sem skapar margs konar tækifæri, m.a. varðandi ferðaþjónustu.

Hafnarskilyrði og nágrenni við fiskimið hafa skotið stoðum undir mikla útgerð og fiskvinnslu. Ástæða fyrir íbúafjölgun á Suðurnesjum síðustu ár er þó frekar nágrennið við höfuðborgarsvæðið og flugvöllinn. Uppbygging á Vallarsvæðinu er hafin og þar eru möguleikar til vaxtar. Má þar t.d. nefna Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, sem stofnuð var árið

2007 í samstarfi við Háskóla Íslands. Sem stendur er mikið atvinnuleysi á Suðurnesjum og meira en annars staðar á landinu.

3. BYGGÐASTEFNA ERLENDIS OG FJÖLÞJÓÐLEGT SAMSTARF

3.1 Byggðastefna Evrópusambandsins

3.1.1 Um byggðastefnu Evrópusambandsins

Stefna ESB í byggðamálum og byggðaþróun byggist á Lissabon og Gautaborgar sáttmálunum. Í Lissabonsáttmálanum[32] er áherslan á vöxt, samkeppnishæfni og störf en í Gautaborgarsáttmálanum[33] er áhersla á sjálfbæra þróun. Í þessum sáttmálum er áhersla lögð á þróun á sviði rannsókna og tækni, þekkingarsamfélag, nýsköpun, verndun umhverfisins og aðlögunarhæfni vinnuafls. Við mótun núverandi stefnu, sem gildir fyrir tímabilið 2007–2013, var leitast við að einfalda framkvæmd stefnunnar, útdeilingu styrkja og eftirlit. Í meginatriðum ákveða stofnanir sambandsins rammann um starfið, en aðildarríkin eða svæðin hafa svigrúm til að móta áherslur út frá eigin hagsmunum og aðstæðum.

Þrjú meginmarkmið einkenna byggðastefnuna; í fyrsta lagi að auka samleitni svæða (convergence), í öðru lagi að tryggja samkeppnishæfni og atvinnu á tilteknum svæðum og í þriðja lagi að auka samvinnu milli svæða sambandsins. Til þess að ná fram þessum markmiðum veitir Evrópusambandið tæplega 350 milljörðum evra til byggðamála á árunum 2007–2013, sem er um þriðjungur heildarfjárlaga sambandsins. Þrír uppbyggingarsjóðir veita aðallega styrki til verkefna í aðildarríkjunum; samheldnisjóður, byggðaþróunarsjóður og félagsmálasjóður.

Ráðherraráð ESB samþykkti í byrjun október 2006 heildarramma núverandi stefnu á grundvelli tillagna frá framkvæmdastjórn sambandsins.[34] Tillögur framkvæmdastjórnarinnar komu fram að höfðu nánu samráði við aðildarríkin. Ákveðin grundvallarsjónarmið liggja stefnunni til grundvallar, s.s. að styrkveiting frá ESB komi til viðbótar við framlög aðildarríkjanna en ekki í þeirra stað. Jafnframt er lögð áhersla á meðalhóf og jafnrétti kynjanna við ákvörðun verkefna. Á grunni heildarrammans vinna öll aðildarríkin rammaáætlanir þar sem forgangsmál þeirra eru tilgreind ásamt lykilþáttum varðandi framkvæmd stefnunnar. Þar er m.a. að finna greiningu á félags-/hagfræðilegum aðstæðum í ríkjunum og lýsingu á því hvernig áherslur ríkjanna stuðla að því að markmiðum Lissabonsáttmálans verði náð.

Rammaáætlanir aðildarríkjanna innihalda jafnframt tilteknar áætlanir sem þau telja að geti stuðlað að þeim markmiðum sem stefnt er að á viðkomandi svæðum. Sérhver áætlun spannar allt tímabil stefnunnar, þ.e. árin 2007–2013, og varðar yfirleitt einungis eitt af þremur meginmarkmiðum byggðastefnunnar. Sú nýbreytni er í núverandi byggðastefnu að sérhver áætlun fær einungis styrki úr einum sjóði sambandsins. Þetta er gert til þess að einfalda alla yfirsýn og eftirfylgni. Framkvæmdastjórn ESB þarf að samþykkja sérhverja áætlun til þess að tryggja að hún stuðli að heildarmarkmiðum sambandsins og falli innan rammaáætlunar viðkomandi ríkis. Þegar slíkt samþykki liggur fyrir er það í höndum aðildarríkjanna sjálfra að framkvæma áætlanirnar, velja þau verkefni sem rétt er að styrkja ásamt því að fylgjast með og meta árangur þeirra.

Greiðslur styrkja fara fram einu sinni á ári og í þremur áföngum til hverrar áætlunar um sig. Eftirlit er aðallega í höndum aðildarríkjanna sjálfra, en framkvæmdastjórnin fylgist jafn-

---

[32] Lisbon Strategy http://ec.europa.eu/growthandjobs/faqs/background/index_en.htm
[33] Gothenburg Strategy http://europa.eu/eur-lex/en/com/cnc/2001/com2001_0264en01.pdf
[34] http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:291:0011:0032:EN:PDF

framt með framvindu mála. Fyrir sérhverja áætlun ríkis þarf að koma upp nokkrum fjölda eftirlitsaðila til þess að fylgja á eftir verkefnum og miðla upplýsingum til framkvæmdastjórnarinnar.[35]

3.1.2 Styrktarsjóðir

Uppbyggingarsjóðirnir (Structural Funds) tveir, Byggðaþróunarsjóðurinn (ERDF) og Félagsmálasjóðinn (ESF), veita fjármunum til byggðamála, auk Samheldnisjóðsins (CF). Byggðaþróunarsjóðurinn hefur 203 milljarða evra til ráðstöfunar, Félagsmálasjóðinn 75 milljarða evra og Samheldnisjóðurinn (CF) 70 milljarða evra á sama tímabili.[36] Þessum þremur sjóðum til viðbótar er rétt að nefna Evrópska dreifbýlisþróunarsjóðinn (EAFRD) sem hefur til ráðstöfunar 78 milljarða evra á tímabilinu 2007–2013.[37]

Hlutverk Byggðaþróunarsjóðs ESB er að jafna bilið milli þróunar svæða sambandsins. Áhersluatriði sjóðsins eru m.a. rannsóknir, nýsköpun, umhverfismál og uppbygging innviða samfélagsins. Þá styrkir sjóðurinn samstarf milli svæða og yfir landamæri Sjóðurinn veitir styrki í öllum löndum sambandsins og í reglum hans eru sérstök ákvæði um styrki til strjálbýlla afskekktra svæða en Ísland flokkast að stærstum hluta sem slíkt.

Félagsmálasjóðurinn stuðlar að bættum atvinnumöguleikum, hærra atvinnustigi og betri starfhæfni vinnuafls á viðkomandi svæðum. Þetta markmið tengist sterklega Lissabon sáttmálanum, sem er m.a. ætlað að auka samkeppnishæfni sambandsins og gera ESB að framsæknasta þekkingarhagkerfi veraldar. Sjóðurinn veitir styrki í öllum löndum.

Hlutverk Samheldnisjóðsins er að styrkja efnahagslega og félagslega samheldni og auka þannig stöðugleika og sjálfbæra þróun svæðisins. Slíkt felst m.a. í því að bæta samgöngur, auka umhverfisvitund og leggja áherslu á notkun endurnýtanlegrar orku. Sjóðurinn styrkir einungis verkefni frá aðildarríkjum þar sem vergar þjóðartekjur á mann eru undir 90% af meðaltali sambandsins í heild.

Evrópski dreifbýlisþróunarsjóðurinn (European Agricultural Fund for Rural Development (EAFRD)) veitir stuðning til verkefna sem stuðla að aukinni samkeppnishæfni, umhverfisvernd og bættum lífsgæðum íbúa viðkomandi svæðis, en þessir þrír þættir eru meginmarkmið byggðaþróunarstefnu sambandsins. Öll dreifbýlissvæði sambandsins geta sótt um stuðning úr sjóðnum, en einungis ákveðin svæði eru hluti af svonefndri „Leader“ nálgun, (sjá kafla 4.1.4) með forgangsverkefnum allra þriggja markmiða sem er ætlað að bæta stjórnsýslu og virkja þróunarmöguleika viðkomandi svæða. Sjóðurinn veitir styrki í öllum löndum Evrópusambandsins.[38]

3.1.3 Svæðatengdar samstarfsáætlanir

Til þess að efla samheldni styður Byggðaþróunarsjóður ESB 69 svæðatengdar samstarfsáætlanir,[39] sem hver felur í sér mýmörg verkefni. Langflestar þessar áætlanir er fjölþjóðlegar

---

35 Byggt á skýrslu utanríkisráðherra frá apríl 2009 og á vefsíðum ESB

36 Uppbyggingarsjóðir Evrópusambandsins http://ec.europa.eu/regional_policy/policy/fonds/index_en.htm

37 EAFRD http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:261:0032:0034:EN:PDF og http://europa.eu/legislation_summaries/agriculture/general_framework/l60032_en.htm

38 Byggt á skýrslu utanríkisráðherra frá apríl 2009 og vefsíðum ESB

39 http://ec.europa.eu/regional_policy/cooperation/index_en.htm

(Cross border programmes), eða 52.[40] Þeirra á meðal er Norðurslóðaáætlunin (Northern Periphery, NPP) sem Svíar stýra. Þar hefur Ísland tekið þátt í tugum verkefna og tekur þátt í 14 verkefnum 2009. (Sjá kafla 3.3.3 hér á eftir.) Í flokki fjölsvæðaáætlana[41] tekur Ísland þátt ESPON, samstarfsáætlun á sviði byggðarannsókna þar sem öll aðildar- og umsóknarlönd ESB hafa tekið þátt auk Noregs, Sviss og Liechtenstein. Byggðastofnun annast samstarf að Íslands hálfu við báðar þessar samstarfsáætlanir. (Sjá kafla 3.3.4 hér á eftir.)

Auk þessara svæðatengdu samstarfsáætlana og í sama tilgangi og þær eru gerðar, leggur ESB á þessu starfstímabili, 2007–2013, áherslu á samstarf við fjárfestingarbanka á sviði fjármálaverkfræði. Með þessu samstarfi er leitast við að bjóða viðbótarlán til atvinnuþróunar á svæðum ESB, leggja til sérhæfða þekkingu frá þessum stóru fjárfestingarbönkum á sviði fjármála og fjárhagsstýringar, hvetja frumkvæði til þess að nýta kosti þess að blanda styrkjum og lánum til fjármögnunar og tryggja sjálfbærni til langs tíma með áframhaldandi stuðningi úr Byggðaþróunarsjóði ESB með verkferlum sem byggjast á fjármálaverkfræði.[42] Fjórar sameiginlegar stuðningsáætlanir hafa verið skilgreindar og verið er að móta þrjár af þessum fjórum áætlunum, nefndar J-áætlanir.

JEREMIE (Joint European Resources for Micro to medium Enterprises) er sett á laggirnar að frumkvæði framkvæmdastjórnar ESB, Evrópska fjárfestingarbankans (EIB)[43] og Evrópska fjárfestingarsjóðsins (EIF)[44] og á að bæta aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni. Þessi áætlun býður hlutfjárkaup, áhættufjármagn, ábyrgðir, lán og tækniráðgjöf sem hefur margföld áhrif á sjóði ESB með áframhaldandi fjármálaþjónustu í staðinn fyrir styrki.

JESSICA (Joint European Support for Sustainable Investment in City Areas) er sett á laggirnar að frumkvæði framkvæmdastjórnar ESB, EIB og Banka framkvæmdastjórnar Evrópu (CEB)[45] til þess að styðja fjárfestingar í áætlunum og verkefnum til sjálfbærrar þróunar borga. Til verkefna í JESSICA áætluninni getur fjármagn fengist frá framkvæmdaáætlunum ESB og meðfjármagn frá sveitarfélögum, bönkum, lífeyrissjóðum og fjárfestingarsjóðum.

JASPERS (Joint Assistance in Supporting Projects in European Regions) er samstarfsverkefni framkvæmdastjórnarinnar, EIB og Evrópska enduruppbyggingar- og þróunarsjóðsins (EBRD)[46] fyrir tæknilega aðstoðarþjónustu fyrir stór verkefni í ríkjunum 12 sem gengu í ESB árin 2004 og 2007 því þessa þjónusta skorti í löndunum 12. Á vegum áætlunarinnar eru starfandi þrjár framkvæmdaskrifstofur, í Varsjá, Vín og Búkarest og unnið er að 227 verkefnum.

JASMINE (Joint Action to Support Micro-finance Institutions in Europe)[47] er ætlað að bæta aðgengi að fjármagni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki fyrir minnihlutahópa, utangarðsfólk og þjóðernisbrot sem vilja skapa sér atvinnu.

---

40 http://ec.europa.eu/regional_policy/country/prordn/search.cfm?gv_pay=ALL&gv_reg=ALL&gv_obj=11&gv_the=ALL&lan=EN&gv_per=2

41 http://ec.europa.eu/regional_policy/cooperation/interregional/index_en.htm

42 Jaspers, Jeremie, Jessica, Jasmine http://ec.europa.eu/regional_policy/funds/2007/jjj/index_en.htm

43 European Investment Bank: http://www.eib.org

44 European Investment Fund: http://www.eif.org

45 The Council of Europe Bank: http://www.coebank.org/index.asp?ChangeLangue=EN

46 European Bank for Reconstruction and Development: http://www.ebrd.com/

47 http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/08/1312&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=fr

3.1.4 Svæðastefna Evrópusambandsins (Territorial Agenda)

Svæðastefna Evrópusambandsins (Territorial Agenda of the European Union. Towards a More Competitive and Sustainable Europe of Diverse Regions)[48] var samþykkt í Leipzig í maí 2007 á fundi ráðherra sem fara með þróun borga og svæðatengda samheldni (cohesion) í sambandslöndunum.

Svæðastefnunni er ætlað ramma inn aðgerðamiðaða stefnu fyrir samstarf ráðherranna og framkvæmdastjórnar ESB til þess að styrkja svæðatengda samheldni, bætt lífskjör og lífsgæði með jöfnum tækifærum sem snúa að svæða- og staðbundnum möguleikum, óháð því hvar fólk býr, á miðsvæði eða jaðarsvæðum Evrópu. Stefnan byggist á Lissabonsáttmálanum um atvinnuþróun og Gautaborgarsáttmálunum um tillit til náttúrunnar og sjálfbæra þróun. Hún er sett fram í 3 köflum um starf og áherslur auk framkvæmdalýsingar í 4. kaflanum og alls í 46 greinum.

Starfs- og áherslukaflarnir nefnast:

I. Viðfangsefni til framtíðar: Svæðatengd samheldni.
II. Nýjar ögranir: Styrking svæðatengdra sjálfsmynda, betri nýting fjölbreytileika svæða.
III. Svæðatengd forgangsmál fyrir þróun Evrópusambandsins.

3.1.5 Að snúa fjölbreytileika í styrk svæða

Í grænbók framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins dags. 6.10. 2008,[49] er gerð grein fyrir undirbúningi að stefnu Evrópusambandsins um svæðatengda samheldni (territorial cohesion) sem grundvöll til þess að snúa fjölbreytileika í styrk svæða. Þessi vinna er þáttur í að tengja samheldnistefnuna (cohesion policy) byggðasvæðum og skilgreina áhersluþætti, aðferðir og gerðir svæða. Dregnar eru ályktanir um mikilvægar áherslur, t.d. að virða fjölbreytileika svæða, mikilvægi góðs grunnverks, aðgengis almennt og að opinberri þjónustu, á sjálfbærni og á samsömun, að fólki finnist það heyra til á ákveðnum stað. Þá kemur fram áhersla á svæðasamstarf, dreifistjórnun (governance), stofnanasamstarf yfir landamæri, stofnanauppbyggingu eða -gerð og t.d. vakin athygli á að umbreyting amtanna í Danmörku hafi miðað að því að auka samheldniáhersluna í samþættri áætlanagerð. (Að setja upp eitt yfirvald áætlana fyrir borgir og landbúnaðarsvæði.) Í þessu vinnuskjali í aðdraganda þessarar grænbókar er rætt um að svæðistengd viðhorf geirastefnumiða (sectoral policies) séu ofurmikilvæg og um að sums staðar sé mikil áhersla á að samþætta svæðistengdar stefnur og áætlanir, s.s. samgöngur, fjarskipti, sjálfbæra þróun og umhverfismál og að flest lönd hafi einhvers konar landsáætlanir. Bent er á mikilvægi þess að samþætta geirastefnumið (málaflokka) og svæðatengd stefnumið til þess að hámarka samvirkni og forðast ágreining stefnumiða og áætlana.

3.2 Byggðastefna á Norðurlöndum

3.2.1 Noregur

Almennt

Norsk byggðastefna hefur byggst á því að halda beri öllu landinu í byggð. Áhersla er lögð á valfrelsi til búsetu. Mikilvægt er talið að nýta landið og auðlindir þess og ná þannig fram

---

48 http://www.bmvbs.de/Anlage/original_1005295/Territorial-Agenda-of-the-European-Union-Agreed-on-25-May-2007-accessible.pdf

49 Green Paper on Territorial Cohesion; Turning territorial diversity into strength: http://ec.europa.eu/regional_policy/consultation/terco/paper_terco_en.pdf

aukinni verðmætasköpun. Forsendan er að til staðar sé næg og fjölbreytt atvinna, sterk samfélagsgerð og fjölbreytt þjónusta. Áhersla er lögð á að dreifbýlissvæði Noregs taki þátt í átaksverkefnum með það að markmiði að efla byggðina. Lögð er áhersla á að lífsskilyrði séu þau sömu um allt land og að halda við núverandi búsetumynstri. Þetta markmið hefur verið útfært nánar á síðustu árum þannig að það gildi um byggð í einstökum landshlutum (landsdeler) sem samsvara NUTS 2 svæðaskilgreiningu og er m.a. notað innan Evrópusambandsins.

Óhætt er að segja að byggðaaðgerðir Norðmanna eru víðtækar og til þeirra er varið miklu fjármagni. Norðmenn leggja ríka áherslu á þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og taka þátt í öllum þeim áætlunum Evrópusambandsins sem kostur er.

Stefnumótun á sviði byggðamála byggist á samráði og samstarfi við þá sem málið varðar og breið pólitísk samstaða hefur verið um þá umfangsmiklu byggðastefnu sem rekin er.

Formið

Fjórða hvert ár leggur norska ríkisstjórnin fram skýrslu (Stortingsmelding om distriktsog regionalpolitikken) um þróun byggðarinnar. Þar er lýst hver þróunin hefur verið og hver sé stefna stjórnvalda í byggðaaðgerðum. Í raun eru það fylkin sem mest hvílir á varðandi framkvæmd byggðastefnunnar þó svo ríkið leggi fram stærsta hlut fjármunanna. Gerður er greinarmunur á „litlu“ og „stóru“ byggðastefnunni í Noregi. Til stóru byggðastefnunnar teljast ýmis stefnumál stjórnvalda, t.d. á sviði aðgerða í skattakerfinu, grunngerðar (samgangna, fjarskipta, menntunar, heilsugæslu), landbúnaðarstefnu, vinnumálastefnu, menntunar, landvarna og velferðarstefnu. Til litlu byggðastefnunnar teljast hefðbundnar aðgerðir á sviði atvinnu- og markaðsmála sem víða er beitt í hinum vestræna heimi. Þar má einkum nefna svæðisbundna styrki til fyrirtækja og einstakra atvinnugreina.

Í Noregi hefur skattaleg ívilnun verið snar þáttur í byggðastefnu landsins. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið setur skorður við heimildum til að veita styrki til atvinnulífsins. Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt heimild til Norðmanna til að vera með mishá atvinnurekendagjöld og tryggingagjöld eftir landsvæðum. Hæst eru þau í þéttbýlinu í suðurhluta landsins, 14,1%, en lækka eftir því sem norðar dregur og eru engin í nyrstu héruðunum. Einnig hafa Norðmenn fengið heimild til að endurgreiða hluta flutningskostnaðar til og frá ýmsum byggðarlögum í Norður- og Vestur-Noregi. Þessu til viðbótar nota Norðmenn allar þær heimildir sem mögulegt er til að styðja við þau svæði sem eiga undir högg að sækja. Þannig eru veittir styrkir til lítilla nýstofnaðra fyrirtækja og þá horft sérstaklega til fyrirtækja í eigu kvenna.

Sérstakar aðgerðir

Í nyrstu héruðum Noregs, Finnmörku og Norður-Troms, eru sérstakar aðgerðir í gangi vegna þess að þar hefur fækkun íbúa verið viðvarandi vandamál. Fyrir utan þær aðgerðir sem að framan eru nefndar þá er á þessu svæði veittur afsláttur af endurgreiðslu námslána, undanþága frá greiðslu gjalda af rafmagni, lægri skattar á einstaklinga, hærri barnabætur og launauppbót til leikskólakennara.[50] Hluti af byggðaaðgerðum í Noregi hefur verið flutningur opinberra stofnana frá Osló út á land. Þessar áherslur hafa verið mismiklar og breytilegar en í skýrslu frá 2006, „Effekter af utlokalisering av statlige arbeidsplasser“ er þróun þessara að-

[50] Dómur gekk fyrir EFTA dómstólnum þann 3. maí 2006 varðandi barnabæturnar og var niðurstaðan að heimilt sé að vera með slíkar sérreglur á afmörkuðum svæðum.

gerða rakin undanfarna áratugi. Samkvæmt skýrslunni hefur flutningur starfa farið stigvaxandi og á árunum 2000–2006 á að flytja 17 stofnanir að hluta eða að öllu leyti með samtals 1200 störf. Árið 2006 á að flytja stóran hluta, 7 stofnanir sem einkum hafa sinnt ýmis konar eftirliti. Niðurstaða skýrsluhöfunda er að reynsla af flutningi stofnana hafi verið góð.

Byggðamynstur

Í Noregi eru 19 fylki og 430 sveitarfélög. Umræða hefur verið í gangi um fækkun. Helstu verkefni sem fylkjunum er ætlað að sinna eru byggðastefna, háskóla- og framhaldsmenntun, rannsóknir, skipulagsmál, umhverfismál og stjórnun auðlinda, samgöngumál, menningarmál, heilsugæsla og sjúkrahús.

Vert er að geta þess að stjórnvöld leggja áherslu á sterkt höfuðborgarsvæði.

Svæðisbundin uppstokkun

Regional omstilling (mætti útleggjast sem „svæðisbundin uppstokkun“, en „omstilling“ getur haft merkingu eins og „aðlögun“ eða „endursköpun“ o.fl. í þeim dúr) er byggðaáætlun sem er á ábyrgð fylkjanna og sveitarfélaganna, en með aðkomu ríkisins og Innovasjon Norge, eða norsku nýsköpunarmiðstöðvarinnar, hér eftir skammstafað IN. Regional omstilling er ein af mörgum byggðaáætlunum í Noregi. Svæðið getur verið allt frá einu sveitarfélagi til fylkis. Áætlunin er að hámarki til sex ára og er ætluð svæðum sem standa frammi fyrir alvarlegum vandamálum, svo sem fábreytni í atvinnulífi og því að verið er að leggja niður grundvallarfyrirtæki á staðnum. Einnig geta hlutir eins og það að herinn dragi úr umsvifum verið ástæða þess að áætlunin er virkjuð.[51] Markmiðið er að styrkja atvinnulíf með því að stofna ný og ábatasöm fyrirtæki og auka verðmætasköpun og fjölbreytni og möguleika fyrir bæði kynin. Skoða á samfélagið í víðu samhengi, m.a. þjónustu sveitarfélagsins við atvinnulífið. Opinber eignaraðild er mikilvæg og sömuleiðis að tengja atvinnulífið inn í átakið auk sveitarfélagsins. Höfuðábyrgðin verður að liggja hjá heimamönnum. Starfið þarf að byggjast á víðtækri þátttöku og virkni á hinum ýmsu sviðum – og styrkri stjórn. Upplýsingaflæði frá stjórn átaksins til sveitarfélagsins, atvinnulífsins, fjölmiðla og íbúanna þarf að vera gott.

Greining skal taka mið af þróun síðustu 10 ára, íbúaþróun, þróun starfa, menntunar o.fl., spá um áframhaldandi þróun. Stefnumótun, annað stig, byggir á SVÓT-greiningu, skilgreind stefnumál, fjárhagsrammi, ábyrgð og umboð. Það þurfa að vera mælikvarðar eða mat á árangri. Svæðið á að leggja fram 25% kostnaðar, en fylkið 75%. Á sex ára framkvæmdastiginu skal áætlunin metin árlega og tekin ákvörðun um framhaldið á grundvelli þess mats. Fyrir þarf að liggja áætlun um hvernig á að meðhöndla umsóknir, um eftirfylgni, mat á verkefnum og verkefnislok og –framhald. Eigi síðar en tveimur árum fyrir lok áætlunar á að liggja fyrir áætlun um framhaldið.

Á lokastiginu metur IN árangur ásamt stjórn áætlunarinnar. Lokamat er m.a. byggt á spurningakönnun meðal fyrirtækja á svæðinu sem áætlunin nær til. Eftirfylgni byggist á svörum við þessum spurningum:

- Hvaða hæfni hefur orðið til sem er þess virði að verði framhald á?
- Hvaða árangurskröfur er mikilvægt að halda áfram með?
- Hverjir eru viðskiptavinirnir, hvaða svæði eru þetta?
- Hvaða skipulag hentar?

---

[51] Það er raunar áhugavert að víða er tekið tillit til byggðasjónarmiða (í viðbót við varnarsjónarmiðin) þegar verið er að breyta fyrirkomulagi landvarna.

– Hvað gerist ef ekki verður framhald á?

Mikilvægir þættir við lok áætlunar eru að sveitarfélagið sé fært um að halda þróunarvinnu áfram eftir að tímabili lýkur, að það hafi virkjað atvinnulíf, hið opinbera og frumvinnslugreinar til þátttöku og að sveitarfélagið hafi not af verkefninu í frekara starf til þróunar atvinnulífs. Í framhaldinu þarf atvinnulífið að taka við ábyrgðinni af stoðkerfinu. Það er mikilvægt að tapa ekki þeirri þekkingu, reynslu og samstarfsneti sem mótaðist á áætlunartímabilinu, heldur nýta áfram á svæðinu.

Að sumu leyti má segja að „Svæðisbundna uppstokkunar“ verkefnið taki til sömu hluta og hér á sér stað þegar stjórnvöld rjúka af stað til að leysa vandamál sem upp koma í einstökum sveitarfélögum eða á stærri svæðum með sértækum aðgerðum.

Sjá heimasíðu Kommunal- og regionaldeparementet: http://www.regjeringen.no/nb/dep/krd.html?id=504 en þaðan er hægt að sækja mikið af upplýsingum um byggðamál í Noregi.

3.2.2 Svíþjóð

Almennt

Sænska byggðastefnan, sem í gildi er, ber nafnið „Landsstefna um svæðisbundna samkeppnishæfni, frumkvöðlastarf og atvinnu 2007–2013“. (A national strategy for regional competitiveness entrepreneurship and employment 2007–2013.)

Hún byggir á því að allir hlutar landsins eigi að leggja sitt af mörkum til vaxtar Svíþjóðar og sjálfbærrar þróunar landsins. Byggðastefnan setur markið á að skapa vöxt, að þróunin sé sjálfbær og hátt þjónustustig fyrir konur og karla í öllum landshlutum.

Áhersla er lögð á stað- og svæðisbundna samkeppnishæfni. Horft er til stað- og svæðisbundinna vinnumarkaðssvæða (vinnusóknarsvæða) og hvernig þau móta skilyrði til uppbyggingar í strjálbýli og landbúnaðarhéruðum, smáum og meðalstórum bæjum sem og borgum. Litið er svo á að þéttbýli, dreifbýli og sveitir hafi sterk tengsl innbyrðis.

Markmið byggðastefnunnar eru virk, sjálfbær staðbundin vinnumarkaðssvæði sem bjóða upp á hátt þjónustustig um allt landið. Litið er svo á að aðgerðir í öllum málaflokkun hafi áhrif á byggðaþróun.

Lögð er áhersla á samstarf allra aðila sem eiga hagsmuna að gæta í undirbúningi og framkvæmd stefnunnar.[52]

Formið

Í viðbót við Landsstefnuna um svæðisbundna samkeppnishæfni, frumkvöðlastarf og atvinnu 2007–2013 og þróunaráætlun fyrir dreifbýlið (Rural Development Programme) eru margar áætlanir sem ýmist ná til landsins alls eða hluta landsins.

Til landsins alls nær þannig framkvæmdaáætlun fyrir uppbyggingarsjóðina og undir þá áætlun heyra átta svæðisbundnar áætlanir og jafnmargar framkvæmdaáætlanir. Þá eru 21 svæðisbundnar þróunaráætlanir og jafnmargir vaxtarsamningar.

Lögð er áhersla á innbyrðis tengsl áætlana eins og byggðaáætlana, samgönguáætlana, áætlana um uppbyggingu innviða og húsnæðis.

Til vaxtarsamninganna var varið 14,8 milljörðum sænskra króna árið 2007. Af þeirri upphæð komu 44% eða 6,3 milljarðar frá ríkinu. Aðrir aðilar sem leggja fram fé eru uppbyggingarsjóðirnir, lénin, sveitarfélögin og einkaaðilar.

---

[52] http://www.regeringen.se/sb/d/1470 og http://www.skl.se/startsida.asp?C=24

Á árinu 2009 áætlar sænska stjórnin að varið verði 3,5 milljörðum sænskra króna til svæðisbundinna vaxtaraðgerða. Þar inní eru niðurgreiðslur á flutningskostnaði. Af þessum 3,5 milljörðum koma 1,5 milljarðar frá uppbyggingarsjóðunum. Þessu til viðbótar er svo veittur afsláttur af raforkuverði og lækkun launatengdra gjalda, á vissum svæðum, alls tæpir 1,4 milljarðar sænskra króna.

Aðgerðir

Meðal þeirra aðgerða sem grípa á til svo árangur náist er:

- Að þétt sé haldið utan um aðgerðir ríkisins (sem eins og áður segir hafa allar áhrif á byggðamál).
- Skýrari ábyrgð svæðanna (heimafólks) á aðgerðum á tilteknum sviðum.
- Skýr mörk valdsviðs ríkis og sveitarfélaga.
- Samanburður á milli svæða nýttur til breytinga.
- Samstarf við uppbyggingarsjóði og byggðastefnu ESB.

Stefnan byggir á:

- Stað- og svæðisbundin áhrif heimamanna og ábyrgð á ráðstöfun opinberra framlaga.
- Að tekið sé tillit til mismunandi forsendna einstaklingsins til þroska og samkeppnishæfni fyrirtækja á hinum mismunandi svæðum svo sem dreifbýli, litlum og meðalstórum bæjum sem og stórborgum.
- Stefnumiðaðar aðgerðir sem stuðla að sjálfbærum vexti í samstarfi við þátttakendur jafnt staðbundið, svæðisbundið, evrópskt og hnattrænt.
- Samstarf þvert á málaflokka og samræming hjá ríkinu í samstarfi við staðbundna og svæðisbundna þátttakendur.
- Gott aðgengi að þjónustu einkaaðila jafnt sem opinberra aðila bæði fyrir borgarana og fyrirtækin um allt land.
- Aukið framboð vinnuafls með stækkun vinnusóknarsvæða og auknum hreyfanleika innan og milli svæða.
- Svæðisbundin stefnumótun og áætlanir sem ganga út frá samvinnu og samspili á landsvísu og evrópskum vettvangi með það að markmiði að styrkja sjálfbæran vöxt jafnt staðbundið og á héraðagrunni.

Gerð er nánari grein fyrir markmiðum einstakra svæða á sérstöku fylgiskjali.

Evrópusambandið er nálægt

Þegar sænsk stjórnvöld mótuðu þá stefnu sem gildir gagnvart uppbyggingarsjóðum Evrópusambandsins fyrir árin 2007–2013 var lögð áhersla á eftirtalin lykilorð út frá þeim möguleikum og vandamálum sem Svíþjóð og svæðin í landinu stóðu frammi fyrir:

- Nýsköpunarumhverfi og frumkvöðlastarf. (Innovative environments and entrepreneurship)
- Aukin samkeppnishæfni og meira framboð vinnuafls. (Skills supply and increased labour supply)
- Bættar samgöngur og gagnaflutningar. (Accessibility)
- Árangursmiðað samstarf yfir landamæri. (Strategic cross–norder cooperation)

Það er tekið fullt tillit til markmiða Lissabon og Gautaborgaryfirlýsinganna því sjálfbærni er alls staðar höfð að leiðarljósi.

Svæðisbundnar þróunaráætlanir, svæðisbundnir vaxtarsamningar og svæðisbundnar áætlanir fyrir uppbyggingarsjóðina til að styrkja samkeppnishæfni svæðanna og efla atvinnu

ásamt áætlun um svæðasamvinnu, eru verkfæri við framkvæmd stefnunnar sem og stað- og héraðabundin forgangsröðun og aðgerða.

Stefnan gefur líka línuna um framkvæmd áætlana uppbyggingarsjóða ESB í Svíþjóð og er leiðbeinandi fyrir yfirvöld landsins varðandi samstarf í svæðisbundnu þróunarstarfi. Ekki fer á milli mála að sænska byggðastefnan tekur mjög mið af því að landið er aðili að Evrópusambandinu. Við inngöngu Svía í Evrópusambandið fengu þeir sérákvæði vegna norðlægrar legu landsins hvað varðar landbúnað og byggðamál.

Samleitni stefna (cohesion policy) Evrópusambandsins felur í sér þrjú markmið á tímabilinu 2007–2013. Aðlögun (Convergence) svæða, samkeppnishæfni og atvinnu (Regional competitiveness and employment) og evrópska svæðasamvinnu. (European territorial cooperation). Svíar fá fjármuni til markmiða tvö og þrjú. Fjármagn til annars markmiðsins kemur bæði frá Byggðaþróunarsjóðnum og Félagsmálasjóðnum en þriðja markmiðið er fjármagnað í gegnum INTERREG.

Á heimasíðu Sænska sveitarstjórnarsambandsins kemur fram að allt að 60% af málum sem Sænsku sveitarfélögin fjalla um hafa beinan eða óbeinan snertiflöt við Evrópusambandið.

Stefnan

Stefna ríkisstjórnarinnar er að mikilvægt sé að minnka beinar niðurgreiðslur til atvinnulífsins. Þar sem þörf er á fjármögnun til viðbótar því sem markaðurinn veitir aðgang að á að stefna að því að fjárframlög séu endurgreidd. Ríkisstjórnin telur að atvinnulífið eigi að eiga aðgang að áhættufjármagni, ábyrgðum og lánum innan ramma svæðisbundnu uppbyggingarsjóðanna þar sem við á.

Lögð er áhersla á stækkun skilvirkra svæða (functional regions) og þróað upplýsingasamfélag. Með þróun upplýsingasamfélagsins eiga borgararnir að geta unnið, notað þjónustu opinberra og einkaaðila og verið þátttakendur í samfélaginu burtséð frá hvar þeir búa. Með stækkun skilvirkra svæða er hugmyndin að tengja betur saman vinnumarkaðssvæði og draga þannig úr einhæfni, og gera sérhæfingu mögulega.

Tekið er tillit til hinna sérstöku skilyrða sem einkenna strjálbýl svæði í Norður-Svíþjóð sem og mikilvægis borga fyrir samkeppnishæfni svæða og landsins alls. Sérstök áætlun nær til dreifbýlis þar sem tekið er á efnahagslegri, félagslegri og umhverfislegri þróun. (Rural Development Programme.) Strjálbýlu svæðin í Norður Svíþjóð eru sérstök stuðningssvæði í byggðalegu tilliti. Á þessum svæðum búa rúm 15% þjóðarinnar.

Byggðamynstur

Í Svíþjóð eru 20 landsþing/lén og 290 sveitarfélög. Helstu verkefni landsþinganna/lénanna eru að sinna verkefnum sem eru sameiginleg fyrri stór landsvæði og kalla á mikið fjármagn. Skylduverkefni eru rekstur heilsugæslu og sjúkrahúsa, tannlækningar, og rekstur safnvega. Valkvæð verkefni eru menningarmál, menntun, ferðamál og byggðaþróun. Fjölmennasta sveitarfélagið er með yfir 770.000 íbúa og það fámennasta er með 2.600 íbúa.

3.2.3 Finnland

Almennt

Markmið finnskrar byggðastefnu er að skapa jafnvægi í byggðaþróun og tryggja aðgengi að þjónustu í öllu landinu, en einnig að efla samkeppnishæfni héraða og landsins í heild. Forsendur þessa eru að byggja upp þekkingu, nýsköpun, frumkvöðlastarf, atvinnulíf og innviði samfélagsins. Aðgerðunum er ætlað að byggja á styrkleikum hvers héraðs. Sameiginleg

markmið byggðaaðgerða í Finnlandi byggja á Lögum um byggðaþróun (Regionsutveklingslag) og áherslum ríkisstjórnar í byggðamálum hverju sinni. Samkvæmt lögunum er eitt markmiðið að bæta aðstæður fyrir hagvöxt, örva uppbyggingu atvinnufyrirtækja og byggja upp atvinnulíf á grundvelli sérþekkingar og sjálfbærrar þróunar og að tryggja samkeppnishæfni og hagsæld héraðanna. Annað markmið er að draga úr svæðisbundnum mismun, bæta lífsskilyrði og stuðla að jafnari byggðaþróun.

Lög um byggðaþróun vekja upp spurningu um hvernig eigi að byggja upp samkeppnishæfa byggðakjarna og efla á sama tíma svæði sem hafa átt í vök að verjast og búið við mikla fólksfækkun. Önnur grundvallarspurning er hvernig héruðin geta haft stjórn á kostnaði við velferðarþjónustu, uppbyggingu innviða og boðið upp á þjónustu í háum gæðaflokki á sama tíma og þau þurfa að veita nægjanlegum fjármunum til atvinnuuppbyggingar. Grunnforsendan í þessu samhengi er að uppbygging héraðanna leiði til almenns hagvaxtar sem aftur byggi upp hagvöxt héraðanna.

Finnskri byggðastefnu var breytt í grundvallaratriðum á seinni hluta tíunda áratugarins. Núgildandi lög um byggðaþróun voru sett árið 2002. Finnland gerðist aðili að Evrópusambandinu árið 1995 og finnsk byggðastefna byggir að miklu leyti á þeim stuðningi sem verkefni sem falla að stuðningsaðgerðum Evrópusambandsins fá. Samkvæmt því er höfuðáherslan á tímabilinu 2007–2013 á alþjóðavæðingu og aðlögun að þeim áhrifum og möguleikum sem hún skapar. Sum héruð landsins eru með þeim afskekktustu í Evrópu, auk þess sem veðurfar skapar ákveðin vandkvæði. Vegalengdir eru víða miklar og landið strjálbýlt. Þessar aðstæður skapa í mörgum tilvikum erfið skilyrði fyrir hagþróun og samkeppnishæfni. Aldursskipting skapar víða vandkvæði og mikill brottflutningur er frá ýmsum héruðum.

Stefnan fyrir tímabilið 2007–2013 er að styrkja samkeppnishæfni, atvinnuuppbyggingu og velferð héraða og landsins alls. Henni er einnig ætlað að taka mið af svæðisbundnum sérkennum og samrunastefnu Evrópusambandsins. Stefnan hefur skýr markmið: Að mæta með árangursríkum hætti alþjóðlegri samkeppnishæfni, að gera ráð fyrir og mæta breytingum í hinu alþjóðlega viðskiptaumhverfi og að skapa aðlaðandi aðstæður fyrir fyrirtæki og íbúa. Sértækar aðgerðir eru vegna aðstæðna í Austur- og Norður-Finnlandi sem hafa að ýmsu leyti skapast vegna vaxtar í Suður- og Vestur-Finnlandi. Skilgreind hafa verið þrjú áherslusvæði sem stuðningi uppbyggingarsjóða ESB og byggðastuðningi ríkisstjórnarinnar er beint sérstaklega að.

Atvinnu- og efnahagsmálaráðuneytið í samvinnu við önnur ráðuneyti og Héraðsráðin bera ábyrgð á að móta áherslur byggðastefnunnar. Ráðuneytið sér einnig um samræmingu, vöktun og mat á stefnumarkandi áætlun í byggðamálum og vinnur það einnig í samvinnu við önnur ráðuneyti og héraðsráðin. Héraðsráðin eru ábyrg fyrir almennri byggðaþróun á sínum svæðum og vinna það í samráði við opinbera aðila. Þeim ber að vinna og samþykkja þessar stefnumarkandi áætlanir í samráði við opinbera aðila, sveitarfélög, samtök sem koma að byggðaþróun, en einnig að vinna tillögur að verkefnum sem ætlað er að fá stuðning ESB.[53]

Stefnumarkandi áætlanir ráðuneyta í byggðamálum

Það er í valdi ríkisins í Finnlandi að stuðla að byggðaþróun sem er í jafnvægi. Hvert ráðuneyti hefur í samræmi við hlutverk sitt, áhrif á lífskjör fólksins í landinu öllu. Ráðuneyti hafa

---

[53] http://www.tem.fi/index.phtml?l=sv&s=2149 og http://www.kunnat.net/k_perussivu.asp?path=1;161;279;280;37566

með hliðsjón af þessu gert áætlanir um stjórnsýslustarfsemi sína eftir héruðum, sem er til nokkurra næstu ára.

Stefnumarkandi áætlanir ráðuneyta í byggðamálum svara meðal annars spurningum eins og: Hvernig á að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja á jaðarsvæðum? Hvernig á tryggja störf fyrir ungt fólk? Hvernig á að tryggja þjónustu ríkisins án tillits til héraða?

Stefnumarkandi framkvæmdaáætlanir í byggðamálum og áætlunum ráðuneyta er ætlað að hafa áhrif á fjárlagagerð, sem er breytileg frá einu héraði til annars, og krefjast mismunandi ráðstafananna. Kostnaður slíkra ráðstafana er einnig breytilegur eftir íbúafjölda, atvinnuskiptingu og staðsetningu.

Formið

Byggðastefnan er samsett úr héraðsáætlun sem er til 20–30 ára, héraðsbundinni áætlun um landnotkun til 10–20 ára og stefnumarkandi áætlun um byggðamál til fjögurra ára. Héraðsbundin áætlun um landnotkun og stefnumarkandi áætlun í byggðamálum skilgreina nánar með hvaða aðferðum er ætlað að ná þessum markmiðum. Með þessu er einnig ætlunin að ná samræmingu milli landsstjórnarinnar og sveitarstjórnanna.

Stefnumarkandi áætlun um byggðamál er samin til fjögurra ára og tengir saman ofangreindar áætlanir og verkefni sem eru unnin samkvæmt áætlunum ESB og byggja á sérhæfingu svæða.

Sérstakar áætlanir hafa verið gerðar af finnsku stjórninni til að ná markmiðum í byggðamálum. Þar má nefna Héraðsmiðstöðvaáætlunina, Sérfræðimiðstöðvaáætlunina og Þróunaráætlun fyrir eyjar. Eitt megineinkenni finnskra byggðaþróunaráætlana er að þær byggja á litlum og meðalstórum miðstöðvum í byggðaþróun. Áætlanirnar byggja einnig mjög á nýsköpun og byggja á samstarfi margra aðila.

Héraðsmiðstöðvaáætlunin hófst 2001 og gilti til 2006 og náði til 34 héraða. Núgildandi áætlun er fyrir tímabilið 2007–2010 og gerir ráð fyrir tengslaneti 35 héraðsmiðstöðva þar sem byggt er á sérkennum og styrkleikum hvers héraðs. Héraðsmiðstöðvar ná til vinnusóknarsvæða sem geta einnig veitt íbúunum fjölbreytta þjónustu, auk þess sem aukin áhersla er nú lögð á hagþróun svæðisins og samkeppnishæfni. Almennt mat hagsmunaaðila var að fyrri áætlun hefði tekist vel með einstaka undantekningum.

Sérþekkingarmiðstöðvaáætlunin (Centers of Expertice) er upphaflega frá 1994, en núgildandi áætlun er fyrir tímabilið 2007–2013. Áætlunin á að leiða saman sérhæfða þekkingu á ýmsum sviðum og hafa verið skilgreindar 22 sérþekkingarmiðstöðvar, sem ná til 45 sérþekkingarsviða allt frá líftækniiðnaði til menningarstarfsemi. Miðstöðvarnar efla samvinnu milli rannsóknastofnana, menntastofnana og fyrirtækja. Verkefnum er ætlað að styrkja samkeppnishæfni fyrirtækja, efla sérþekkingu í héraði og stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja. Mat á árangri bendir til þess að áætlunin hafi að flestu leyti tekist vel, þó að nokkuð hafi skort á samvinnu milli sérfræðimiðstöðva og alþjóðleg tengsl fremur byggt á einstaklingum en starfsemi miðstöðvanna. Einnig hefur verið gagnrýnt að of hátt hlutfall fjármuna, sem eru lagðir í áætlunina, fari í almennan rekstur miðstöðvanna. Nýju áætluninni er ætlað að taka á þessum vandamálum, auk þess sem vaxandi áhersla er lögð á klasasamstarf. Reiknað er með 21 sérþekkingarmiðstöðvum og 13 klasasamstarfsverkefnum og að unnið verði með 63 svið mismunandi sérþekkingar. Aðrar áætlanir sem eru tengdar byggðamálum í Finnlandi eru sérstök áætlun fyrir strjálbýl svæði og Áætlun fyrir eyjar, en að auki má nefna að skilgreint hefur verið sérstakt tilraunaverkefni í Kainuhéraði í Austur-Finnlandi, en þar er gerð tilraun með sjálfstjórn svæðis sem býr við neikvæða byggðaþróun.

Byggðamynstur

Landinu er skipt í 348 sveitarfélög og er íbúafjöldi þeirra frá rúmlega hundrað upp í rúmlega 560.000 og stærð þeirra frá 5–15.000 km2. Finnlandi er einnig skipt upp í 19 héruð en að auki eru Álandseyjar, sem njóta sjálfstjórnar. Sveitarstjórnir bera ábyrgð á að veita ýmsa þjónustu í Finnlandi.

Atvinnu- og efnahagsmálaráðuneyti Finnlands hefur umsjón með framkvæmd byggðaaðgerða. Í landinu eru reknar héraðsskrifstofur sem veita ýmiss konar þjónustu ríkisvaldsins. Þá eru einnig reknar miðstöðvar fyrir atvinnu- og efnahagsþróun (T&E miðstöðvar), en í gegnum þær er einnig hægt að fá stuðning finnska tækni- og nýsköpunarsjóðsins (Tekes). Héraðsráðin eru lögbundið samstarf sem byggir á sjálfstjórn sveitarfélaga. Þau móta og eru virkir þátttakendur í verkefnum ESB í sínum starfssvæðum. Samband sveitarfélaga er ábyrgt fyrir rekstri sjúkrahúsa og verkefna sem eru á ábyrgð Héraðsráða Finnlands.

Sveitarfélögin veita ýmsa velferðarþjónustu í Finnlandi. Þau bera ábyrgð á starfsemi leikskóla og sérfræði- og tannlæknaþjónustu. Þau eru einnig ábyrg fyrir þjónustu við aldraða og fatlaða og ýmsri annarri velferðarþjónustu. Rekstur framhaldsskóla, iðn- og tæknimenntun er einnig á þeirra ábyrgð. Sveitarfélög sjá einnig um fullorðinsfræðslu, listnám, menningar- og afþreyingarþjónustu og rekstur bókasafna. Þá má líka nefna vatnsveitur, raforkukerfi, meðferð úrgangs, gatnakerfi, umhverfisvernd og þróun og rekstur almenningssamgangna. Sveitarfélögin leitast einnig við að stuðla að viðskiptum og atvinnusköpun á sínum svæðum og gegna mikilvægu hlutverki í skipulagi landnotkunar.

Héraðaráð

Í Finnlandi eru 19 héruð, en að auki eru Álandseyjar sem njóta sjálfstjórnar. Héraðaráð eru lögbundin samstarfsvettvangur sveitarstjórna í Finnlandi. Þau vinna að verkefnum á sviði byggðamála og skipulagi byggðar í landinu. Héraðaráð kveða skýrt á um sameiginlegar þarfir héraða og vinna að því að efla hagsmuni svæðanna. Héraðaráðin hafa einnig önnur verkefni en þau sem kveðið er á í lögum. Fulltrúar í Héraðaráðum Finnlands eru í mörgum tilvikum áhrifamiklir fulltrúar sveitarfélaga og endurspegla pólitískan vilja íbúanna eins og hann hefur komið fram í kosningum.

Héraðaráðin leggja bæði áherslu á áætlanagerð til langs tíma og að bregðast við málum sem eru efst á baugi hverju sinni. Ráðin koma einnig í framkvæmd og samhæfa ýmis verkefni á landsvísu eða á vettvangi Evrópusambandsins. Skipulagning fyrir einstök héruð felur í sér stefnumarkandi byggðaáætlun, sem er grundvallar skjal við þróun héraðsins. Þessu skjali fylgja tvær aðrar áætlanir og framkvæmdaáætlanir sem taka þá einnig til verkefna Evrópusambandsins.

Byggðastuðningur ESB

Heildarstuðningur ESB vegna byggðaaðgerða fyrir tímabilið 2007–2013 er 1.600 milljónir evra, en þar af er stuðningur vegna svæðisbundinna verkefna tæplega 1.000 milljónir evra. Gert er ráð fyrir að mótframlög finnska ríkisins verði 1.900 milljónir evra. Í Norður- og Austur-Finnlandi og á Álandseyjum eru mótframlög finnska ríkisins 50%, en í Suður- og Vestur-Finnlandi 60%.

Í Norður-Finnlandi er stefnt að því að skapa 11.000 ný störf og 1.500 fyrirtæki, stefnt að því að nota 25% af fjárhagsstuðningnum til að skapa störf í 1.000 störf í rannsókna- og þróunarstarfsemi. Megináherslur eru að örva fyrirtækjastarfsemi, nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi, bæta samgöngur og samskipti og veita tæknilega aðstoð

Í Austur-Finnlandi er stefnt að því að skapa 13.000 ný störf og yfir 2.000 fyrirtæki. Stefnt er að því að nota 35% af fjárframlögum til að búa til 800 störf í rannsókna- og þróunarstarf-

semi. Megináherslur eru að örva starfsemi fyrirtækja, efla nýsköpun, tengslanet og þekkingarsetur, bæta aðgengileika svæðisins og starfsumhverfi fyrirtækja og veita tæknilega aðstoð.

Í Vestur-Finnlandi er stefnt að því að skapa 9.800 störf, 2.000 ný fyrirtæki og að 12,5% af fjárhagsstuðningnum verði til að búa til 150 störf í rannsókna- og þróunarstarfsemi Megináherslur eru að örva starfsemi fyrirtækja, efla nýsköpun, tengslanet og þekkingarsetur, bæta aðgengileika svæðisins og starfsumhverfi fyrirtækja, þróa stærri bæjarsvæði og veita tæknilega aðstoð.

Í Suður-Finnlandi er stefnt að því að skapa 4.200 störf, 920 ný fyrirtæki og að 15,5% af fjárhagsstuðningnum verði til að búa til 290 störf í rannsókna- og þróunarstarfsemi Megináherslur eru að örva starfsemi fyrirtækja, efla nýsköpun, tengslanet og þekkingarsetur, bæta aðgengileika svæðisins og starfsumhverfi fyrirtækja, þróa stærri bæjarsvæði, þróa þekkingarklasa og veita tæknilega aðstoð.

3.2.4 Danmörk

Almennt um byggðastefnu

Danmörk er þéttbýl í norrænum samanburði og dönsk byggðastefna ber því vott, landslag og veðurfar líka látlaus og ferðalög auðveld milli landshluta. Þrátt fyrir það má greina ýmis vandamál á landsbyggðinni, m.a. tengd hnignun iðnaðar. Vöxtur og samkeppnisaðstaða Danmerkur er aðalmarkmið í danskri byggðastefnu og áhersla lögð á hagvöxt hvarvetna í landinu, bæði á sterkum og veikum svæðum. Fjárveitingar til veikustu svæða landsins eru tengdar samfjármögnun úr uppbyggingarsjóðum Evrópusambandsins og byggðastefna Danmerkur er nátengd byggðastefnu ESB.

Skilgreind hafa verið sérstök jaðarsvæði með tilliti til lágra meðaltekna og óhagfelldrar þróunar íbúafjöldans. 16 af 98 sveitarfélögum í Danmörku eru á þessum jaðarsvæðum og þar búa um 11% þjóðarinnar. Að auki hafa verið skilgreind sérstök millibilssvæði sem ekki eru skilgreind jaðarsvæði nú en voru styrkhæf á síðasta starfstímabili uppbyggingarsjóða ESB.[54] Aðaltilgangur svæðaskiptingarinnar er að geta stutt fyrirtæki í samræmi við reglur ESB.

Formið

Með lögum sem sett voru 2005 voru dönsku ömtin lögð niður og Danmörku skipt í 5 landshluta (regioner), Norður-Jótland, Mið-Jótland, Suður-Danmörku, Sjáland, og Höfuðborgarsvæðið (með Borgundarhólmi).[55] Í lögunum er kveðið á um landshlutaráð (regionsråd) og vaxtarráð hvers landshluta (regionalt vækstforum). Samkvæmt lögunum tóku svo landshlutaráð til starfa í hverjum landshluta 2007 með ábyrgð á atvinnu- og byggðaþróun. Verkefni hvers landshlutaráðs er í 6 málaflokkum sem tilgreindir eru í lögunum. Einn þeirra er heilbrigðisþjónustan, annar er atvinnu- og byggðaþróun landshlutans. Atvinnu- og byggðaþróunarstarfið er á fimm sviðum og tvö þeirra eru þróunaráætlun og stofnun vaxtarráðs landshlutans. Sama ár, 2005, voru sett lög um atvinnuþróun og Vaxtarráð ríkisins (Danmarks Vækstråd)[56] þar sem líka er kveðið á um hlutverk og verkaskiptingu ríkisins og landshlutanna, hlutverk ráðherra atvinnu- og byggingarmála og Vaxtarráðsins annars vegar og landshlutaráðanna og vaxtarráða landshlutanna hins vegar.

---

[54] Regionale fakta om yderområder: www.ebst.dk/yderomraader

[55] Lov om regioner og nedlæggelse af amtskommunerne: www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=10065

[56] Lov om erhvervsfremme: www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=27062#K4

Danska ríkisstjórnin starfrækir sérstaka ráðherranefnd um byggðastefnu samkvæmt þeirri áætlun um danska alþjóðavæðingu sem stjórnin samþykkti 2006.[57] Markmið áætlunarinnar er að Danmörk verði á öllum sviðum í fremstu röð á heimsvísu. Árlega gefur ríkisstjórnin út greinargerð sem lýsir árangri af byggðastefnunni, síðast í apríl 2008.[58] Þar sem annars staðar í stefnu stjórnvalda kemur fram hin mikla áhersla þeirra á vöxt, vaxtargreinar og vaxtarfyrirtæki.

Dönsk byggðastefna hefur sérstaka áherslu á hinar dreifðu byggðir. Sú áhersla birtist t.d. í dreifbýlislögunum[59] frá 2007 sem hefur heimildir handa matvælaráðherranum til að styrkja atvinnu- og byggðaþróun í dreifbýli Danmerkur. Markmið laganna eru :

1. meiri samkeppnishæfni,
2. fleiri frumkvöðlar og vinnustaðir í dreifbýli,
3. fjölbreytileiki landslags, rík náttúra og hreint umhverfi og
4. eftirsóknarverð lífsgæði fyrir börn, unglinga og fullorðna í dreifbýli með tilliti til þess að styrkja sambandið milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Áherslur í atvinnuþróun

Dönsk stjórnvöld leggja áherslu á vaxtargreinar atvinnulífsins, nýsköpun, útrás og erlenda markaði. Þá hafa þau sérstaklega lagt áherslu á nýsköpun í svonefndum skynjunar- eða upplifunargreinum (d. oplevelsesøkonomi, e. experience economy) til að byggja á sókn til framtíðar. Ríkisstjórnin hefur tilgreint þrjú áherslusvið þessara greina og að þeim er ásetningur um að beina þróunarvinnu á komandi árum. Þessi þrjú svið eru matarmenning, tónlist og tíska.[60]

Byggðamynstur

Mikil breyting varð í Danmörku 2007 með sameiningum sveitarfélaga og umbótum á starfsemi þeirra. Landshlutarnir eru 5 og sveitarfélögin 98 og að hálfu hins opinbera hefur verið lögð áhersla að dyrnar að bæjarskrifstofunni séu líka dyrnar að öllu opinbera kerfinu fyrir þegna landsins og lýsir það viðleitni stjórnvalda til þess að einfalda kerfið fyrir þegnana. Þessi mikla breyting á starfi sveitarfélaga hefur vakið mikla athygli í ESB, einkum fyrir það að með henni næst að stilla saman þróunaráætlanir sem gerðar eru í samráði sveitarfélaga og atvinnulífs annars vegar og atvinnustefnu vaxtarráðanna hins vegar.

Eins og annars staðar í Evrópu leggja dönsk stjórnvöld áherslu á sterkt höfuðborgarsvæði.

3.3 Fjölþjóðlegt samstarf um byggðamál (ESA, EK-R, Nordregio, NORA, NPP, ESPON)

3.3.1 Byggðakort fyrir Ísland

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tók ákvörðun um nýtt byggðakort fyrir Ísland þann 6. desember 2006. Í öllum ríkjum Evrópusambandsins og EFTA þurfa að liggja fyrir slík kort því á þeim eru mörkuð þau landssvæði þar sem heimilt er að veita byggðastyrki. Raunar var ákvörðunin um að sérstakt byggðakort skyldi gilda árið 2007 en með því að íbúafjöldi Íslands fór yfir 300.000 á árinu 2006 gafst færi á að skipta landinu í tvö svokölluð NUTS III

---

57 Fremgang, fornyelse og tryghed: www.globalisering.dk/multimedia/Pixi.pdf

58 Regionalpolitisk vækstredegørelse: www.oem.dk/graphics/oem/Publikationer/Publikationer/2008/Regionalpolitisk%20Vækstredegørelse%202008/site/images/Regionalpolitisk%20Vækstredegørelse%202008.pdf

59 Landdistriktsloven: www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=8675&exp=1

60 Oplevelseszoner: www.ebst.dk/oplevelseszoner

svæði og þar með að nýtt byggðakort tæki gildi 1. janúar 2008. Það leiddi til þess að Reykjanes færðist inn á styrkjasvæðið og þar með er heimilt að veita byggðastyrki á Reykjanesi.

Samkvæmt ákvörðun ESA mega íslensk stjórnvöld veita byggðastyrki í öllum þeim sveitarfélögum sem nú falla undir landsbyggðarkjördæmin þrjú þ.e. Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi á tímabilinu frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2013.

Mynd 3.3.1.1 Byggðastyrkjakort 2008–2013



Hámark styrks má nema allt að 15% af stofnkostnaði einstakra fjárfestinga þó er mögulegt að hækka hann um 10% þegar um millistór fyrirtæki er að ræða og um 20% þegar um lítil fyrirtæki er að ræða. Með millistóru fyrirtæki er hér átt við fyrirtæki sem er með færri en 250 starfsmenn og með litlu fyrirtæki er átt við fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn. Þá er og svigrúm fyrir stjórnvöld til að veita ákveðna tegund af rekstrarstyrkjum svo sem flutningsstyrki til framleiðslufyrirtækja.

Öll áform um styrkveitingar á byggðakortinu ber að tilkynna til ESA.

3.3.2 NUTS flokkunarkerfið

Flokkunarkerfi landsvæða í tölfræðilegum tilgangi (The Nomenclature of Territorial Units for Statistics. NUTS) var tekið upp á vegum Evrópsku hagstofunnar fyrir meira en 30 árum síðan. Tilgangurinn er að leggja fram einfalt og samræmt kerfi til sundurliðunar landsvæða (stjórnsýslueininga) við söfnun og úrvinnslu svæðisbundinnar tölfræði í Evrópusambandinu.

Þetta flokkunarkerfi (hér eftir nefnt NUTS) hefur verið notað í löggjöf Sambandsins síðan 1988 en það var ekki fyrr en árið 2003 að Evrópuþingið og Ráðherraráðið samþykktu gerð (Regulation) um NUTS flokkunarkerfið.

Ef tölfræði á svæðisgrunni á að vera samanburðarhæf þurfa landsvæði, sem bera á saman, að vera sem sambærilegust að fólksfjölda. Gert er ráð fyrir að tekið sé tillit til pólitískra aðstæðna, stjórnsýslulegra aðstæðna og stofnanafyrirkomulags við afmörkun svæðanna. Þar sem það á við er ætlast til að svæði, sem samsett eru án þess að um stjórnsýslulegar einingar sé að ræða, endurspegli efnahagslega, félagslega, sögulega, menningarlega, landfræðilega og umhverfislega þætti. Það má því segja að það er töluverður sveigjanleiki í því hvernig NUTS svæðin eru skilgreind. Það er helst íbúafjöldinn sem er fast viðmið. Þó er hægt að hafa þar nokkuð svigrúm samanber svæðaskiptingu Íslands.

Það NUTS þrep sem landsvæði (stjórnsýslueining) fellur undir er ákveðið á grundvelli íbúafjölda þannig:

Tafla 3.3.2.1 NUTS-þrepin

Þrep	Lágmarks-fólksfjöldi	Hámarks-fólksfjöldi
NUTS I	3.000.000	7000000
NUTS II	800.000	3.000.000
NUTS III	150.000	800.000

. . . . . Þar sem íbúafjöldi ríkis er undir lágmarks viðmiði NUTS þreps er viðkomandi ríki í heild NUTS svæði á því þrepi. Séu ekki til staðar stjórnsýslueiningar af viðeigandi stærð skulu slíkar einingar myndaðar úr aðliggjandi svæðum. Þessar samsettu einingar kallast „óvirkar stjórnsýslueiningar“ („non-administrative units“).

Á meðan Ísland var með undir 300.000 íbúa var landið eitt NUTS III svæði. Þegar íbúafjöldinn fór yfir 300.000 gafst færi á að fá landinu skipt í tvö NUTS III svæði. Ákveðið var að leggja kjördæmaskiptingu landsins til grundvallar. Ástæðan fyrir því er sú að með því móti var hægt að rökstyðja það að Reykjanes yrði inni á byggðakorti af Íslandi. Það var Hagstofa Íslands sem formlega gerði tillögu til Evrópsku hagstofunnar um skiptingu Íslands í tvö NUTS III svæði. Á tillöguna var fallist og gekk skiptingin í gegn 1. janúar 2008. Við þá breytingu tók nýtt byggðakort gildi fyrir Ísland. Eins og fram kemur síðar er Íslandi skipt í höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Hin formlegu mörk eru mörk landsbyggðarkjördæmanna annars vegar og Reykjavíkurkjördæmanna og Kragans hins vegar.

NUTS flokkunin er stigskipt þannig að í hverju landi eru þrjú stig: NUTS stig I, II og III. Fyrsta stigi er skipt upp í annað og öðru í þriðja. Þau lönd sem eru með yfir 7 milljónir íbúa skiptast í fleiri NUTS I svæði eftir íbúafjölda.

Frekari niðurskipting er svo framkvæmd þó hún sé minna notuð. Þá er komið að því sem kallast „Staðbundnar stjórnsýslueiningar“ (Local Administrative Units. LAU). Í því kerfi eru tvö þrep. Efra þrepið, (LAU þrep 1, eða NUTS þrep 4) er skilgreint fyrir flest lönd en þó ekki öll. Neðra þrepið, (LAU þrep 2, eða NUTS þrep 5) er skilgreint á sveitarfélagastiginu. Það eru því jafnmörg LAU 2, eða NUTS 5 svæði á Íslandi og sveitarfélögin eru mörg.

Segja má að í rauninni séu það aðeins NUTS I, II og III svæðin sem skipta máli. NUTS IV (LAU 1)og NUTS V (LAU 2) hafa ekki formlegt gildi þó þau séu til.

Stigskipt NUTS svæðisskipting Íslands lítur þannig út:

Kódi	Land	NUTS I	NUTS II	NUTS III
IS	Ísland			
IS0		Ísland		
IS00			Ísland	
IS001				Höfuðborgarsvæði
IS002				Landsbyggð

Á NUTS IV þrepi er Íslandi skipt í 8 svæði:

1. Austurland
2. Höfuðborgarsvæði
3. Norðurland eystra
4. Norðurland vestra
5. Suðurland
6. Suðurnes (Reykjanes)

7. Vestfirðir
8. Vesturland

Á NUTS V þrepi er Íslandi svo skipt í 79 svæði sem eru hin sömu og sveitarfélögin í landinu.

Til samanburðar má geta þess að Noregur er 1 NUTS I svæði, 7 NUTS II svæði og 19 NUTS III svæði.

NUTS svæðaskilgreiningar ná nú til 31 lands. Það eru löndin á Evrópska efnahagssvæðinu og Sviss.

NUTS svæðaskiptingin og tölfræði svæðanna er grundvöllur ákvarðana um það hvort svæðin eigi rétt á byggðastyrkjum frá ESB. Því er svæðaskiptingin mikilvæg og þörf á að gefa henni gaum.

3.3.3 Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, NPP

Meginmarkmið Norðurslóðaáætlunar er að stuðla að bættu atvinnu- og efnahagslífi og að eflingu búsetuþátta með verkefnum með fjölþjóðlegu samstarfi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Áherslur áætlunarinnar eru á nýsköpun, samkeppnishæfni, aðgengi, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og samfélags auk tengsla þéttbýlis og dreifbýlis. Verkefni innan NPP skapa mikilvæg tengsl og þekkingu sem byggja á alþjóðlegri samvinnu og framtaki.

Mynd 3.3.3.1 Starfssvæði NPP.



Áætlunin nær landfræðilega yfir mjög stórt svæði, en þátttökulönd eru Evrópusambandslöndin, Skotland, Norður-Írland, Svíþjóð, Finnland og Írland auk Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja. Aðstæður og áherslur þátttökusvæða eru margbreytilegar en hafa ákveðin sameiginleg einkenni sem m.a. felast í veðurfarsaðstæðum norðurslóða, miklu dreifbýli, löngum vegalengdum og fl. Fjölþjóðleg samvinna innan Norðurslóðaáætlunar gefur ákveðin tækifæri til að þróa og finna nýjar leiðir til bættra búsetuskilyrða í víðum skilningi.

Mikill áhugi er fyrir þátttöku í verkefnum innan NPP, en í fyrri áætlun voru Íslendingar þátttakendur í 28 aðalverkefnum. Verkefnin hafa hátt nýsköpunargildi, víkka sjónarhorn samstarfsaðila á viðfangsefninu og efla sjálfstraust og getu til þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum á landsbyggðinni.

Áætlunin er samkeppnissjóður sem rekin er á svipuðum forsendum og rannsóknaáætlanir innan EES-samningsins, þar sem umsóknir keppa í gæðum um það fjármagn sem til ráðstöfunar er. Umsóknir eru metnar af sérfræðinefndum í öllum aðildarlöndunum og er stuðningur háður a.m.k. 50% mótframlagi umsóknaraðila hvað íslenska þátttöku varðar. Árlegt framlag Íslands til áætlunarinnar árin 2007 til 2009 eru 400.000€ og er íslensk verkefnaþátttaka styrkt með því fjármagni einvörðungu. Ákvörðun um framlag Íslands fyrir árin 2010 til 2013 liggur

ekki fyrir en vonir standa til að hún verði aukin vegna mikils áhuga og góðs árangurs. Heildarfjármagn áætlunarinnar að viðbættum mótframlögum er um 7 milljónir € fyrir árin 2007–2013.

Ísland var fullgildur aðili við mótun áherslna áætlunarinnar og gerð umsóknar um Norðurslóðaáætlun 2007–2013 til Evrópusambandsins, sem samþykkt var í september 2007. Jafnframt tók Ísland þátt í nefndarstarfi við gerð árangursmælikvarða fyrir áætlunina sem slíka og einstök verkefni innan hennar. Fjárhagsleg endurskoðun og eftirlit einstakra verkefna fer fram hjá Byggðastofnun en heildarendurskoðun á þátttöku Íslands í áætluninni er hjá Ríkisendurskoðun.

Áætluninni hafa borist 54 umsóknir um aðalverkefni á þeim 4 umsóknarfrestum sem liðnir eru og þar af hafa 27 verkefni verið samþykkt. Íslendingar hafa verið þátttakendur í 27 umsóknum og þar af hafa 14 verið samþykkt eða 52%. Samtals hafa borist liðlega 50 umsóknir um forverkefni, en þau hafa þann megin tilgang að vinna að gerð aðalumsókna, leita samstarfsaðila og frágangi mótfjármögnunar. Umsóknir um forverkefni eru ekki bundnar neinum sérstökum umsóknartíma.

Aðalverkefni með íslenskri þátttöku eru:

- *Roadex Network Implementing Accessibility.* Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands, Írlands, Svíþjóðar, Íslands, Grænlands, Noregs og Kanada. Íslenskur þátttakandi er Vegagerð ríkisins í samstarfi við verkfræðistofur og fleiri.
- *New Plants for the Northern Periphery Market.* Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands og Íslands. Íslensku þátttakendurnir eru Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri í samstarfi við garðyrkjustöðvar og fyrirtæki.
- *Rural Transport Solutions.* Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands og Íslands. Íslensku þátttakendurnir eru Þróunarstofa austurlands og Fjarðabyggð í samstarfi við Vegagerðina.
- *The THING Project – THing sites International Networking Group.* Samstarfsverkefni Noregs, Íslands, Skotlands og Færeyja. Íslenski þátttakandinn er Þjóðgarðurinn Þingvöllum í samstarfi við tengda aðila.
- *SMALLEST – Solutions for Microgeneration to Allow Energy Saving Technology.* Samstarfsverkefni Skotlands, Finnlands, Norður Írlands, Færeyja, Svíþjóðar, Íslands og Grænlands. Íslenski þátttakandinn er Þróunarstofa austurlands í tengslum við fjölmarka aðila innan orkugeirans.
- *Retail in Rural Regions.* Samstarfsverkefni Íslands, Írlands, Færeyja, og Skotlands þar sem Rannsóknarsetur verslunarinnar Háskólanum Bifröst er þátttakandi í samstarfi við verslanir, Samtök verslunar, sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög.
- *The Sea as Our Neighbour: Sustainable Adaption to Climate Change in Coastal Communities and Habitats on Europe's Northern Periphery – Coast Adapt.* Samstarfsverkefni Íslands, Norður Írlands, Írlands, Skotlands og Noregs þar sem Háskóli Íslands, Sveitarfélagið Árborg og Mýrdalshreppur eru þátttakendur en meðal tengdra aðila eru Siglingastofnun, Veðurstofa Íslands, Samtök sveitarfélaga, Skipulagsstofnun og fleiri.
- *North Hunt, Sustainable Hunting Tourism.* Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Svíþjóðar, Skotlands og Kanada. Íslenskir þátttakendur eru Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Rannsóknasetur ferðaþjónustunnar, Veiðistjórnarsvið Umhverfisstofnunar.
- *NEED, Northern Environment Education Development.* Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Noregs og Írlands. Íslenskir þátttakendur eru Fræðasetur Háskóla Íslands, Höfn Hornafirði, Háskólasetrið Húsavík, Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum, Þróunarfélag Austurlands, Kirkjubæjarstofa, Þjóðgarðurinn Skaftafelli og sveitarfélögin Hornafjörður, Skaftárhreppur, Fljótsdalshérað og Norðurþing.

- *PELLETime – Solutions for competitive pellet production in medium size enterprises.* Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands og Skotlands. Íslenskir þátttakendur eru Héraðsskógar, Austurlandsskógar og Skógrækt ríkisins
- *Economuseum Northern Europe.* Samstarfsverkefni Íslands, Færeyja, Norður Írlands, Írlands, Noregs og Kanada. Íslenskir þátttakendur eru Fruman Nýheimum, Höfn Hornafirði og Fræðslunet Austurlands.
- *Co-Safe, The cooperation for safety in sparsely populated areas.* Samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands og Grænlands. Íslenskir þátttakendur eru FSA Háskólasjúkrahús, Akureyri og Sjúkraflutningaskólinn í samstarfi við fjölmarga innlenda aðila.
- *OLEII, Our Life as Elderly – implementation.* Samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar, Noregs og Færeyja. Íslenskir þátttakendur eru Akureyrarbær, Hafnarfjarðarbær og Heilbrigðisstofnun Suðausturlands.
- *Northcharr, Sustainable Aquaculture of Arctic charr.* Samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar og Noregs. Íslenskir þátttakendur eru Hólalax ehf, Rifós ehf, Íslandsbleikja ehf, Silfurstjarnan ehf, Klausturbleikja ehf, Skagafjarðarveitur, FISK-Seafood, Akvaplan-Niva og Matís.

Norðurslóðaáætlun 2007–2013 heyrir undir iðnaðarráðuneyti og Byggðastofnun rekur landsskrifstofu áætlunarinnar á Íslandi. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðum Byggðastofnunar[61] og Norðurslóðaáætlunar.

3.3.4 ESPON

Ísland er aðili að ESPON, á öðru starfstímabili áætlunarinnar, frá 2007–2013. Byggðarannsóknir voru umfangsmiklar á fyrsta starfstímabili ESPON, European Spatial Planning Observation Network, 2002–2006, fólu í sér samstarf á annað hundrað evrópskra háskóla og rannsóknastofnana og mikla öflun og miðlun þekkingar, sem einfalt er að nálgast á heimasíðu ESPON, www.espon.eu.

ESPON er ein af svæða- eða byggðatengdu aðgerðaáætlunum Evrópusambandsins, Interreg III C-áætlun. Aðild að ESPON eiga öll lönd Evrópusambandsins og lönd sem sótt hafa um aðild að sambandinu auk Noregs, Sviss, Liechtenstein og Íslands. Einkenni rannsóknaverkefna á vegum ESPON er samanburður milli svæða, víðtæk framsetning upplýsinga á kortum og síðan hinar miklu kröfur um fagleg vinnubrögð. Rannsóknastyrkir hafa aðallega verið veittir fjölþjóðlegum rannsóknateymum háskóla og annarra rannsóknastofnana á sviði byggðaþróunar. ESPON-rannsóknir hafa þegar haft áhrif á stefnumótun ESB í byggðamálum og svo mun áreiðanlega verða í næstu framtíð.

Breytingar hafa orðið á ESPON frá fyrra tímabilinu. Ein breytingin kemur fram í undirheiti áætlunarinnar sem nú er European Observation Network on Territorial Development and Cohesion eða Evrópska netverkið fyrir rannsóknir á svæða- eða byggðaþróun og aðlögun. Í nafnbreytingunni birtist viðurkenning á því að gagnlegra sé að rannsaka byggðaáhrif af áætlunum og stefnumiðum sem stjórnvöld setja fremur en áætlanirnar sjálfar. Breytingar hafa líka orðið á áherslum frá fyrsta starfstímabili ESPON. Á tímabilinu 2007–2013 verða fimm megináherslur fyrir aðgerðir og rannsóknir sem taldar eru upp hér á eftir og hlutfall hverrar áherslu af útgjöldum ESPON sýnt innan sviga:

1. Hagnýtar rannsóknir á byggðaþróun, samkeppnishæfni og aðlögun (42,4%).

---

[61] Byggðatofnun, www.byggdastofnun.is/ og NPP, www.northernperiphery.eu

2. Verkefnamiðaðar rannsóknir á grundvelli óska notenda (14,4%).
3. Vísindavettvangar og -áhöld (13,5%).
4. Fjármögnun, eignarhald og þátttaka (12,2%).
5. Tæknileg aðstoð, greiningarstuðningur og samskipti (17,5%).

Auglýst er eftir styrkumsóknum til undir þremur fyrstu áherslunum en hinar eru starfsáherslur. Undir annarri. áherslunni eru átta skilgreind rannsóknasvið fyrir styrkhæf verkefni.

Byggðastofnun hefur fylgst með starfi ESPON og haft umsjón með því í umboði iðnaðarráðuneytisins. Starfsmenn Byggðastofnunar hafa setið fundi stjórnarnefndar ESPON og í mars gerði stofnunin samning við Háskólann á Akureyri um að hann gegni hlutverki tengiliðs ESPON á Íslandi, tengi íslenska og evrópska háskóla og rannsóknastofnanir á sviði byggðarannsókna og tengi þessar stofnanir og ESPON.

Mikilvægi ESPON-starfsins veltur annars vegar á því að fylgjast með rannsókna- og stefnumótunarvinnu á sviði byggðamála í Evrópusambandinu og á öflugri þátttöku íslenskra háskóla í hinum fjölþjóðlegu byggðarannsóknum sem styrktar eru og áhrif af því starfi á umræðu og stefnumótun í byggðamálum á Íslandi.

3.3.5 EK-R

Norðurlöndin hafa með sér samstarf á sviði byggðamála. Norræna embættismannanefndin um byggðamál (EK-R) er samstarfsvettvangur embættismanna norrænu landanna sem fara með byggðamál. Samstarfið felst í því að miðla reynslu, umræðum og kynnum af starfssystkinum og samvinnu um þróun þekkingar í því skyni að skapa traustari grunn fyrir stefnumótun í byggðamálum. Til samstarfsins er varið á árinu 2009 alla rúmlega 31 milljón danskra króna. Til grannsvæða samstarfsins er varið 10 milljónum danskra króna, til NORA rúmlega 6 milljónum danskra króna, til Nordregio 10 milljónum danskra króna og til rannsóknarverkefna, styrkja og fleira rúmum 5 milljónum danskra króna.

EK-R hefur samþykkt fjárveitingar á árinu 2009 til samstarfs yfir landamæri á 10 norrænum svæðum þar sem stjórnmálamenn, yfirvöld og almenningur tekur þátt í hagnýtu norrænu samstarfi. Þar til viðbótar er samstarfið á Norður-Atlantshafssvæðinu, NORA. Svæðisbundið samstarf á Norðurlöndum hefur fengið nýjar evrópskar áherslur með þátttöku Norðurlanda í Interreg, landamærasvæðaáætlun ESB. Svæðisbundna samstarfið tengist einnig grannsvæðunum á Eystrasalts-, Barentshafs- og Norður-Atlantshafssvæðinu. Ráðherrar byggðamála, orkumála og atvinnumála á Norðurlöndum hafa yfirumsjón með samstarfinu en framkvæmdin er í hjá EK-R.

Samstarfið byggir á samstarfsáætlun um byggðamál en núgildandi áætlun nær til áranna 2009–2012. Samstarfsáætlunin var samþykkt haustið 2008.

Eins og gefur að skilja er í áætluninni leitast við að leggja línurnar um á hvað eigi að leggja höfuðáherslu í starfi EK-R á næstu árum.

Sú sýn sem samstarfsáætlunin byggir á er þessi: Norræn samvinna á að vera kröftug í þróun nýrrar og skarpari byggðastefnu. Kjarni hinnar nýju stefnu er að í nánu samstarfi mismunandi stjórnsýslustiga og geira sé tekist á við þær áskoranir sem hnattvæðingin hefur í för með sér með það að markmiði að styrkja þróunarmöguleika Norðurlandanna á sjálfbæran hátt hvort heldur heimafyrir, á svæðagrunni eða landa.

Áætlunin byggir á því sem nefnt hefur verið þriðja kynslóð byggðastefnu. Fyrsta kynslóðin hafi snúist um að jafna mismun, önnur kynslóðin um að vöxt og sú þriðja sem nú sé ríkjandi byggist á að öll svæði og staðbundin samfélög séu virkjuð og fléttuð inn í evrópska og

hnattræna hagkerfið. Þannig verði getan til nýsköpunar og vaxtar styrkt á besta mögulegan hátt.

Lögð er áhersla á hlutverk og mikilvægi Nordregio (Norrænu fræðastofnunina í skipulags- og byggðamálum).

Þá eru lögð til þrjú aðgerðasvið á starfstímanum. 1) Miðlun reynslu og uppbygging þekkingar. 2) Hnattvæðing og samstarf yfir landamæri. 3) Þriðju kynslóðar byggðastefna. Á hverju aðgerðasviði eru settar fram tillögur um áherslur og verkefni sem vinna á að.

Gengið er út frá að fjárhagsramminn sem er um starfsemina í dag verði óbreyttur út áætlunartímabilið.

Í áætluninni er gegnið út frá að markmiðin um sjálfbærni, jafnrétti og aðgengi eru virt.

Ísland gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2009. Því fylgir einnig formennska í nefndum. Í formennskuáætlun Íslands á sviði byggðamála má nefna að rannsókn á áhrifum háskóla á byggðaþróun, efling nýsköpunar og frumkvöðlastarfa á strjálbýlum svæðum með sérstaka áherslu á stuðning við konur og könnun á því hversu langt áhrifasvæði bæja nær út í nágrennið og hver eru tengsl samgöngubóta og byggðaþróunar.

Mynd 3.3.5.1 Norrænu grannsvæðin



3.3.6 Nordregio

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar starfar rannsóknastofnunin Nordregio sem hefur það hlutverk að stunda rannsóknir á sviði byggða- og skipulagsmála og miðla þekkingu um þau til þeirra sem um byggðamál fjalla. Unnið er nú samkvæmt norrænu rannsóknaráætluninni innan Nordregio. Núgildandi áætlunartímabil nær yfir árin 2007–2009 en unnið er að nýrri áætlun fyrir árin 2010–2012. og munu áherslur taka mið af áherslum samstarfsáætlunarinnar í byggðamálum 2009–2012. Nordregio hefur getið sér orð sem ein virtasta vísindastofnun í Evrópu á sviði rannsókna í byggðamálum. Þar innan veggja er til staðar meiri þekking á samfélögum á strjálbýlum norrænum svæðum en annars staðar. Það háir þátttöku Íslands í rannsóknarverkefnum að á Íslandi eru ekki aðgengilegar svæðisgreindar tölfræðiupplýsingar sem stuðst er við í rannsóknum á ýmsum þáttum byggðamála. Unnið er að því að leita lausna á þeim vanda. Íslendingar hafa tekið þátt í mótun rannsóknaáætlana og mati á styrkumsóknum. Nordregio hefur tekið að sér að vinna rannsóknir sem lagt var upp með í formennskuáætlun Íslands á árinu 2009.

3.3.7 Norræna Atlantssamstarfið, NORA

Norræna Atlantssamstarfið (Nordisk Atlantsamarbejde – NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs.[62] NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofan er í Þórshöfn í Færeyjum og eru landskrifstofur í hverju aðildarlandanna. Starfsemi NORA á Íslandi heyrir undir iðnaðarráðuneytið, en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu sem landskrifstofa. Ísland á þrjá fulltrúa í stjórn, en löndin skiptast á um formennsku. Á árinu 2008 tóku Færeyingar við formennskunni, en Ísland tekur næst við henni árið 2010.

Mynd 3.3.7.1

Starfssvæði NORA

Stærstur hluti tekna NORA kemur frá Norrænu ráðherranefndinni, en einnig koma árleg framlög frá þátttökuþjóðunum, þar af leggja Íslendingar fram 500 þúsund DKK. Heildarfjármagn sem NORA hefur úr að spila árlega eru um 10 milljónir DKK. og af þeim fara á bilinu sex til sjö milljónir í verkefnastyrki.

Starfsemi NORA er margþætt og snýst um að efla samstarf á svæðinu með ýmsu móti, ekki síst með því að veita styrki til samstarfsverkefna. NORA á samstarf við ýmsa aðila í því skyni að fylgja eftir megin stefnumálum sínum og auk verkefnastyrkjanna standa samtökin fyrir ráðstefnum og vinnufundum, t.d. á sviði umhverfismála eða atvinnumála. Má t.d. nefna ráðstefnu um sjálfbæra orkunýtingu í desember 2008 og um nýsköpun í sjávarútvegi í byrjun maí 2009. NORA hefur einnig látið gera úttektir eða rannsóknir.

Eitt af verkefnum NORA sem hófst á árinu 2009 er greining á NORA-svæðinu, sem OECD hefur tekið að sér að gera. Fulltrúar OECD heimsækja NORA-löndin og halda fundi með stjórnmálamönnum, embættismönnum, fulltrúum háskóla og rannsóknastofnana og forsvarsmönnum fyrirtækja, stofnana og hagsmunasamtaka. Markmiðið er að skilgreina NORA-löndin sem svæði og styrkja grundvöll frekari samstarfs á svæðinu. Vonast er til að á grundvelli þessarar vinnu verði hægt að setja fram tillögur sem geti verið til leiðsagnar þegar teknar verða pólitískar ákvarðanir sem snerta svæðið og efli búsetuþróun. Þessi vinna er jafnframt hugsuð sem innlegg í norrænt samstarfs, í víðara samhengi.

NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana á milli landanna. Málaflokkar verkefnastyrkjanna eru auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni, samgöngur og flutningar og efling fámennra byggðarlaga. Áhersla er lögð á samstarf innan samstarfssvæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum, en einnig er lögð áhersla á nýsköpun og sjálfbæra þróun. Samstarfsverkefni sem NORA hefur styrkt hafa skilað góðum árangri, ekki síst hvað varðar þekkingarmiðlun, rannsóknir, samstarf og markaðssókn. Undanfarið hefur umsóknum farið mjög fjölgandi og við fyrri úthlutun 2009 lágu fyrir 39 umsóknir og áttu Íslendingar þátt í 31 af þeim.

---

[62] http://byggdastofnun.is/page/nora

Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þús. DKK. á ári. Ekki er greitt fyrir meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli NORA-landanna sé að ræða. Á árinu 2008 var tvívegis úthlutað verkefnastyrkjum. Í maí var úthlutað 2,6 milljónum DKK. (danskra króna) til 12 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í níu þeirra. Í desember var úthlutað tæpum 3,3 millj. DKK. til 18 verkefna, en Íslendingar taka þátt í 13 af þeim. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er því mjög góð og hefur á undanförnum árum verið í u.þ.b. 70–90% verkefna.

Innan NORA er áhugi á auknum tengslum og verkefnasamstarf við lönd við Norður-Atlantshaf, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada.

Í október heimsótti framkvæmdastjórn NORA Kanada og lagði drög að formlegum samskiptum við ýmsa aðila þar.

Verkefni með íslenskri þátttöku, samþykkt á árinu 2008 og fyrri hluta árs 2009

Auðlindir sjávar

Torskehelse. Rannsókn á dánartíðni eldisþorsks með notkun rafræns skráningarkerfis með það að markmiði að draga úr seiðadauða. Samstarfsverkefni Íslands, Noregs og Færeyja. Íslenskur þátttakandi: Valdimar I. Gunnarsson, Sjávarútvegi.

Rotatorier (hjóldýr). Auka á gæði fæðisframleiðslu í þorskeldi. Samstarfsverkefni Íslands, Noregs og Færeyja, en Matís tekur þátt fyrir Íslands hönd.

Fisk og innovation. Snýr að hagsmunabaráttu innan ESB fyrir norrænan sjávarútveg. Samstarf Íslands og Noregs. Íslenskur þátttakandi: Matís.

Hellefisk vandringsmønster. Rannsókn á lúðu, hún merkt og fylgst með ferðum hennar. Ábyrgð verkefnis: Stjörnu-Oddi, en verkefnið er í samstarfi við Norðmenn, Færeyinga og Grænlendinga.

Effektiv torskeopdræt. Rannsókn í þorskeldi sem snertir aukin gæði í fiskverkun og framleiðslu eldisþorsks. Samstarf Íslands, Noregs og Færeyja. Íslenskur þátttakandi: Matís og Hraðfrystihúsið Gunnvör.

Standard for saltfisk. Myndun samstarfsnets saltfiskverkenda og markaðsaðila. Samstarf Noregs, Íslands og Færeyja. Matís leiddi þetta verkefni, en aðrir íslenskir þátttakendur voru Vísir og Þorbjörn Fiskanes.

Fersk opdrætstorsk. Markaðskönnun fyrir þorskafurðir. Íslenskur þátttakandi: Fiskeldishópur AVS og Hraðfrystihúsið Gunnvör.

Nordatlantiske delikatesser. Hluti norræns verkefnis, „Nordic Delights“, sameiginleg markaðssetning á valdri matvöru, tengt sögu og menningu. Íslenskur þátttakandi: Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Höfn.

Havpattedyr som fødevarer. Vinnufundur á vegum NAMMCO um nýtingu sjávarspendýra. Íslenskur þátttakandi: Sjávarútvegsráðuneytið.

Tejner. Rannsóknarverkefni þar sem skoðuð er aðlögun fisks að gildrum sem hann er veiddur í. Ábyrgð verkefnis: Hafrannsóknastofnun, Ísafirði.

Fiskefilleter og kollagen. Rannsókn á áhrifum kollagens á fiskafurðir, þorsk og síld, með betri afurðir að markmiði. Íslenskur þátttakandi: Matís.

Ferðaþjónusta

Cruise Europe North. Móta á sameiginlega stefnu varðandi móttöku skemmtiferðaskipa á Norður-Atlantssvæðinu. Samstarf Íslands, Noregs og Færeyja. Íslenskir þátttakendur: Akureyrarhöfn og Faxaflóahafnir.

Bådbyggertradition. Varðveisla handverks í bátasmíði. Samstarf Noregs, Íslands og Færeyja. Íslenskur þátttakandi: Síldarminjasafnið.

Nye rejsemål. Leit að samstarfsaðila og stofnun samstarfsnets um ævintýraferðir á Norður-Atlantssvæðinu. Ábyrgð: Borea Adventures, Ísafirði.

Netportal om får og uld. Safnasamstarf um kynningu menningararfs, sérstaklega sem lýtur að sauðfé og ull. Markaðssetning og kynning á handverki og list. Samstarf Íslands og Noregs. Ábyrgð verkefnis: Minjasafn Austurlands.

Net-markedsføring – turisme. Gerð lifandi kynningarefnis fyrir ferðaþjónustu yfir netið. Samstarf Íslands og Færeyja. Ábyrgð: Valgerður Matthíasdóttir.

Miami-Seatrade. Sameiginlegur sýningarbás Íslands, Grænlands og Færeyja á Seatrade Cruise Shipping Convention á Miami. Íslenskur þátttakandi: Cruise Iceland.

Turisme og vilde dyr. Rannsókn á áhrifum ferðamennsku á villt dýralíf. Íslenskir þátttakendur: Selasetrið o.fl.

Fiskerikultur. Rannsókn á sögu norrænna fiskimanna við Austfirði á tilteknu tímabili. Sótt um styrk til að finna samstarfsaðila. Íslenskur þátttakandi: Skálanessetur og Sagnabrunnur ehf.

Upplýsingatækni

Rent hav. Skrá á umfang affalls við fiskveiðar til að hægt sé að hafa bæði yfirsýn og stjórn og eftirlit með því að reglum sé framfylgt. Mögulegt að gefa „grænan stimpil“ til skipa, hafna og útgerða. Samstarf Noregs, Færeyja og Íslands. Íslenskur þátttakandi: Umhverfisstofnun.

Transatlantisk café. Að búa til fundarstað, kaffihús, þar sem norrænir gestir geta „hist“ yfir kaffibolla og spjallað saman með nútímatækni. Samstarf Færeyja, Íslands, Grænlands og Danmerkur. Íslenskir þátttakendur: Annette Finnsdóttir og Ásta Stefánsdóttir.

Samgöngur og flutningar

Energiseminar. Vestnorrænn vinnufundur um bætta orkunýtingu í samgöngum og flutningum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (haldinn í byrjun desember í Reykjavík). Samstarf allra NORA-landanna, auk Svíþjóðar og Álandseyja.

Containerservice. Gera á fýsileikakönnun á gámaflutningum vestur um haf með Mosjøen í Noregi sem miðstöð. Íslenskur þátttakandi: Siglingastofnun og Eimskipafélag Íslands.

Svæðasamstarf

Detailhandel. Rannsókn á verslun í dreifbýli, framhaldsverkefni. Samstarfsverkefni Íslands, Noregs og Færeyja. Ábyrgð verkefnis: Rannsóknasetur verslunarinnar, Bifröst.

Matchmaking med Rusland. Samstarf um fjárfestingar og verslun, þekkingaryfirfærsla í tæknimálum o.fl. Samstarf Íslands, Noregs og Færeyja. Íslenskur þátttakandi: Háskóli Íslands.

Vejrtjeneste for søberedskab. Þróun kerfis fyrir veðurspár á netinu. Samstarf Íslands, Noregs og Færeyja. Ábyrgð verkefnis: Ólafur Rögnvaldsson, en aðrir íslenskir þátttakendur eru Haraldur Ólafsson, Landsbjörg og Almannavarnir.

Edderdun. Sjálfbær nýting æðardúns. Íslenskur þátttakandi: Bændasamtök Íslands.

Lammekød. Markaðssetning á þurrkuðu eða reyktu lambakjöti og myndun samstarfsnets um verkefnið. Íslenskur þátttakandi: Matís.

Bær. Tilraunaverkefni í berjarækt til að athuga hvaða tegundir henta best með Ísland sem tilraunasvæði. Íslenskur þátttakandi: Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.

44. Frumvarp til laga [43. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Valgerður Bjarnadóttir, Siv Friðleifsdóttir, Árni Þór Sigurðsson,
Björgvin G. Sigurðsson, Björn Valur Gíslason, Eygló Harðardóttir,
Helgi Hjörvar, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Magnús Orri Schram,
Mörður Árnason, Róbert Marshall, Sigmundur Ernir Rúnarsson,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Skúli Helgason,
Þór Saari, Þráinn Bertelsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 53. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þingmaður getur, meðan hann gegnir ráðherraembætti, ákveðið að sitja á Alþingi einungis samkvæmt embættisstöðu sinni sem ráðherra, sbr. 51. gr. stjórnarskrárinnar, og tekur varamaður hans þá sæti á Alþingi. Tilkynnir ráðherra forseta ákvörðun sína með bréfi sem forseti kynnir þinginu. Varaþingmaður, sem tekur sæti á Alþingi samkvæmt þessari málsgrein, nýtur allra sömu réttinda meðan hann situr á Alþingi eins og þeir alþingismenn sem eiga þar fast sæti. Varaþingmaðurinn hverfur af þingi þegar kjörtímabilið rennur út eða áður við þingrof eða þegar ráðherranum hefur verið veitt lausn frá embætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er ráðherra sem jafnframt er kjörinn alþingismaður gert kleift, ef hann telur ástæðu til, að ákveða að varamaður hans taki sæti á Alþingi meðan hann gegnir ráðherraembætti en að hann sitji á þingi einungis í krafti embættisstöðu sinnar skv. 51. gr. stjórnarskrárinnar. Nýti hann sér þennan möguleika yrði honum heimilt að taka þátt í umræðum á Alþingi en ætti ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans hefði hins vegar öll réttindi alþingismanns og bæri sömu skyldur. Hann væri m.a. kjörgengur í nefndir Alþingis eins og aðalmaður ólíkt varaþingmönnum sem taka sæti í forföllum aðalmanns, sbr. 2. mgr. 17. gr. þingskapa.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um þrískiptingu valdsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Skilin á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins eru hins vegar óljós þar sem þingmenn, sem taka við ráðherraembætti, halda áfram þingmennsku og atkvæðisrétti sínum á þingi jafnvel þó þeir eigi yfirleitt ekki sæti í þingnefndum.

Flutt hefur verið frumvarp um breytingu á stjórnarskrá þess efnis að skýrt verði kveðið á um að þingmaður sem skipaður verði ráðherra skuli víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherraembætti og varamaður hans taka sæti hans á meðan. Verði það frumvarp samþykkt getur breytingin eðli máls samkvæmt ekki tekið gildi fyrr en á nýju kjörtímabili. Það frumvarp sem nú er lagt fram gerir þeim sem svo kjósa kleift að hafa þennan háttinn á strax á þessu kjörtímabili.

Það er álit flutningsmanna að skýrari aðskilnaður löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins muni styðja við vandaðri vinnubrögð við löggjafarstörfin. Þetta á ekki einungis við um störf framkvæmdarvaldsins sem er ábyrgt fyrir flestum frumvörpum sem lögð eru fram

á Alþingi, heldur einnig um störf löggjafans. Frumkvæði þingmanna að lagasetningu yrði líklega meira við skýrari aðgreiningu frá framkvæmdarvaldinu.

Þó að ráðherra ákveði að varamaður taki sæti hans á Alþingi heldur hann sömu kjörum og aðrir ráðherrar, sbr. 5. gr. laga nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað. Verði frumvarpið að lögum leiðir ákvörðun ráðherra um að varaþingmaður taki sæti hans á Alþingi því til aukinna útgjalda sem nemur þingfararkaupi og öðrum greiðslum til varaþingmannsins.

45. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðarskipan fiskveiðistjórnar.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Helgi Hjörvar, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Oddný G. Harðardóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Skúli Helgason, Valgerður Bjarnadóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Magnús Orri Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðarskipan fiskveiðistjórnar þar sem bornar verði upp grundvallarspurningar, m.a. um hvort taka eigi upp nýtt fiskveiðistjórnarkerfi, setja sérstakt stjórnarskrárákvæði um eignarhald auðlindarinnar og innkalla aflaheimildir og endurúthluta þeim gegn gjaldi til þjóðarinnar.

Greinargerð.

Í sáttmála stjórnarflokkanna er kveðið á um mikilvægi þess að standa vörð um sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum sínum. Þar er enn fremur kveðið á um breytingar á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi að undangengnu samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Það samráð hefur nú staðið yfir í rúmt ár og niðurstaða þess liggur fyrir í skýrslu starfshóps um endurskoðun laga um fiskveiðistjórnun sem nýlega var afhent sjávarútvegsráðherra.

Skoðanakannanir undanfarinna mánaða og missira hafa sýnt ríkan vilja meðal þjóðarinnar til þess að fyrirheit ríkisstjórnarinnar um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu nái fram að ganga. Brýnt er að fá úr því skorið hver þjóðarviljinn er í þessu efni.

Markmið sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar er að fiskveiðar umhverfis landið séu hagkvæmar og skapi verðmæti og störf en séu jafnframt sjálfbærar og vistvænar og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um verndun vistkerfa, lífríkis og hafsbotns. Mörkuð er sú stefna að veiðiheimildir skuli ákvarðast af nýtingarstefnu sem byggist á aflareglu hverju sinni. Því er heitið í stjórnarsáttmálanum að með sérstöku ákvæði í stjórnarskrá verði undirstrikað að fiskstofnarnir umhverfis landið séu sameign þjóðarinnar, enda segir í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir heimildunum.

Þá er því einnig heitið að brugðist verði frekar við áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 24. október 2007, m.a. með því að gæta atvinnufrelsis og tryggja að jafnræðis verði gætt við úthlutun afnotaréttarins og aðgengi að hinni sameiginlegu auðlind.

Íslenskur sjávarútvegur mun gegna lykilhlutverki við þá endurreisn atvinnulífsins sem fram undan er. Það er því afar mikilvægt að skapa greininni bestu rekstrarskilyrði sem völ er á og treysta þannig rekstrargrundvöllinn til langs tíma, en jafnframt verði leitað sátta um stjórn fiskveiða eins og segir í stjórnarsáttmálanum. Meðal brýnna aðgerða sem stjórnarsáttmálinn kveður á um er að:

– takmarka framsal á aflaheimildum, auka veiðiskyldu og endurskoða tilfærslur á heimildum milli ára,
– stofna auðlindasjóð sem fer með ráðstöfun fiskveiðiréttinda í eigu þjóðarinnar, arður af rekstri sjóðsins renni til atvinnuuppbyggingar.

Þá er því heitið að lög um stjórn fiskveiða verði endurskoðuð í heild með það að markmiði að:
– stuðla að vernd fiskstofna,
– stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda sjávar,
– treysta atvinnu,
– efla byggð í landinu,
– skapa sátt meðal þjóðarinnar um eignarhald og nýtingu auðlinda sjávar,
– leggja grunn að innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda á 20 ára tímabili í samræmi við stefnu beggja flokka.

Flutningsmenn tillögunnar telja að ekki verði undan því vikist að efna fyrirheit stjórnarflokkanna um breytingar á fiskveiðistjórninni. Niðurstaða starfshóps sjávarútvegsráðherra og málflutningur forsvarsmanna Landssambands íslenskra útvegsmanna undanfarið bendir hins vegar til þess að breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu muni vart nást fram í fullu samkomulagi við alla hagsmunaaðila.

Flutningsmenn telja að full ástæða sé til þess að þjóðin fái að tjá hug sinn um þetta mikilvæga mál.

Með þingsályktunartillögu þessari er ríkisstjórninni falið að vinna að framgangi málsins og láta orða þær spurningar sem æskilegt er að þjóðin svari.

46. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Ásbjörn Óttarsson, Ásmundur Einar Daðason,
Einar K. Guðfinnsson, Guðmundur Steingrímsson,
Gunnar Bragi Sveinsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að skilgreina Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða, m.a. á sviði atferlis- og veiðarfærarannsókna og þorskeldis. Skilgreiningin verði höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um fjárframlög og stuðning við fyrirtæki og stofnanir á Vestfjörðum. Þetta verði gert í tengslum við þá heildarstefnumótun sem fram undan er af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytisins í málefnum háskóla landsins og sem liður í því að:
– marka hverjum landshluta sérstöðu í rannsóknum og kennslu, og
– leggja grunn að uppbyggingu og verkaskiptingu á sviði rannsókna og háskólakennslu á landsvísu.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður flutt á 138. löggjafarþingi (114. mál) en var ekki útrædd og er því flutt á ný.

Þingsályktunartillagan lýtur að stefnumörkun háskólastarfs í landinu annars vegar og markvissum stuðningi og stefnu fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni hins vegar.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur boðað heildarendurskoðun á málefnum háskólanna. Slík endurskoðun kallar á skýrari stefnumótun en verið hefur þar sem umsvif háskólastarfsemi hafa aukist ört í landinu undanfarin ár. Við mótun mennta- og rannsóknastefnu háskólastigsins er mikilvægt að horfa til sérstöðu háskólasvæðanna og nýta sem best það atgervi og þær stofnanir sem fyrir eru í hverjum landshluta.

Þegar taka þarf ákvarðanir í atvinnumálum er einnig mikilvægt að líta til nýsköpunar- og þróunarmöguleika í samstarfi atvinnufyrirtækja og háskólaumhverfisins.

Á Vestfjörðum hefur nú þegar þróast háskóla- og rannsóknaumhverfi með Háskólasetri Vestfjarða, Rannsókna- og fræðasetrum Háskóla Íslands í Bolungarvík og á Patreksfirði, Vestfjarðaakademíunni, Fræðslumiðstöð Vestfjarða (sem lagði grunn að háskólastarfi á Vestfjörðum fyrir tilkomu Háskólaseturs), útibúi Hafrannsóknastofnunarinnar á Ísafirði, Matís (áður Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins) og fleiri aðilum.

Atvinnufyrirtæki og sveitarfélög í fjórðungnum sameinuðust fyrir fjórum árum um stofnun Háskólaseturs Vestfjarða ásamt háskólunum í landinu, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og fleirum. Háskólasetrið hefur nú byggt upp námsleið í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Á sama tíma hefur Hafrannsóknastofnunin á Ísafirði verið að gera merkilegar veiðarfærarannsóknir í samstarfi við Impru á Nýsköpunarmiðstöð og Hraðfrystihúsið Gunnvör og Matís hafa verið með þorskeldistilraunir, auk þess sem ný rannsókna- og fræðasetur Háskóla Íslands í Bolungarvík og á Patreksfirði, Náttúrustofa Vestfjarða og Snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands hafa sinnt umhverfis-, snjóflóða- og dýralífsrannsóknum, svo að nokkuð sé nefnt.

Nú, þegar ákveðið hefur verið að skerpa stefnumótun íslenska háskólastigsins, liggur beinast við að byggja á þeim grunni sem þegar er til orðinn. Þannig væri eðlilegast að miða rannsókna- og fræðastarf á Vestfjörðum við málefni hafsins og strandsvæða almennt. Slík skilgreining mundi efla rannsóknastofnanir á Vestfjörðum og þau atvinnufyrirtæki sem nú þegar sinna rannsóknum og þróunarstarfi.

Vestfirðir eru náttúruleg rannsóknastofa á sviði sjávarlíffræði, fiskeldisrannsókna, veiðarfærarannsókna, sjávarvistkerfa og stranda, hafstrauma og annarra umhverfisþátta sem tengjast hafinu. Rannsókna- og fræðasetur þau sem fyrir eru hafa góð tök á innbyrðis samstarfi sem og samstarfi við atvinnufyrirtæki í nágrenninu. Má þar nefna vélsmiðjur, rafmagnsverkstæði, sjávarútvegsfyrirtæki (t.d. þorskeldisrannsóknir Hraðfrystihússins Gunnvarar) og hátækniframleiðslu (3X-technology). Þetta þróunar- og rannsóknastarf mætti efla enn frekar og nýta í þágu háskólastigsins og atvinnulífsins á Vestfjörðum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur lagt áherslu á aukinn stuðning við þróunar- og nýsköpunarstarf innan sjávarútvegsins, t.d. í fiskeldi, kræklingarækt, sjávartengdri ferðaþjónustu og nýjungum í matvælaframleiðslu. Enn fremur að rekstrargrundvöllur og núverandi námsframboð Háskólaseturs Vestfjarða verði tryggt til framtíðar ásamt nauðsynlegu fjármagni til frekari uppbyggingar nýrra námsbrauta, t.d. í meistaranámi. Þá er Fjórðungssambandið þess hvetjandi að stjórnvöld tryggi áfram fjármögnun til rannsóknastarfs á Vestfjörðum.

Í þessu sambandi má einnig minna á nálægðina við auðlindir sjávarútvegsins, fiskimiðin, sem góðan grundvöll fyrir því að rannsóknamiðstöð í þorskeldi verði á Vestfjörðum, sömuleiðis að atferlis- og veiðarfærarannsóknir verði starfræktar í samvinnu rannsóknastofnana á Vestfjörðum.

Þingsályktunartillaga þessi er þannig í góðu samræmi við áður fram komna stefnumótun sveitarfélaga og atvinnulífs.

Í nágrannalöndum okkar er að finna dæmi þess hvernig öflugar háskóla- og rannsóknastofnanir hafa orðið til á grundvelli skilgreiningar sérstöðu af því tagi sem hér er lögð til. Má til dæmis nefna háskólann í Tromsö, sem hefur skilgreint sig á alþjóðavísu sem miðstöð rannsókna og kennslu í málefnum haf- og strandsvæða á norðurslóð, m.a. varðandi lífríki sjávar, veiðar, vistkerfi, loftslag, vatna- og sjávarlíffræði, lífsskilyrði sjávardýra, fæðuval og fæðuframboð, auðlindastjórnun og umhverfishagfræði svo að nokkuð sé nefnt.

47. Frumvarp til laga [46. mál]

um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

Flm.: Árni Johnsen, Róbert Marshall, Sigurður Ingi Jóhannsson, Bjarni Benediktsson, Björgvin G. Sigurðsson, Ólöf Nordal, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Helgi Hjörvar, Ásbjörn Óttarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Eygló Harðardóttir, Birkir Jón Jónsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Guðmundur Steingrímsson, Jón Gunnarsson, Einar K. Guðfinnsson, Vigdís Hauksdóttir, Pétur H. Blöndal, Siv Friðleifsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Birgir Ármannsson.

1. gr.

Við 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þetta á einnig við um framkvæmdir, rekstur og starfsemi Helguvíkurhafnar vegna álvers eða annars iðnaðar eða stóriðju á svæðinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkissjóði verði heimilt að styrkja hafnarframkvæmdir við Helguvíkurhöfn. Í ákvæði til bráðabirgða II í hafnalögum, nr. 61/2003, kemur fram að þrátt fyrir 24. gr. laganna sé ríkissjóði heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum, sbr. ákvæði um greiðsluþátttöku í eldri hafnalögum, nr. 23/1994, með síðari breytingum. Með lögum nr. 88/2010 var heimild þessi framlengd til ársloka 2012.

Helguvíkurhöfn er alhliða fiskiskipa- og vöruflutningahöfn, en til stendur að gera hana að stórskipahöfn fyrir álver, kísilver og aðra stóriðju með hafnsækna starfsemi. Höfnin hefur þjónað eldsneytisinnflutningi fyrir Keflavíkurflugvöll og er nú öllu flugeldsneyti á Íslandi skipað upp í Helguvík. Höfnin er enn fremur skilgreind sem neyðarhöfn þar sem unnt er að taka við olíu. Hafnarframkvæmdir í Helguvík eru ódýrari en ef um byggingu nýrrar hafnar með skjólvarnargörðum væri að ræða. Þær framkvæmdir voru m.a. að dýpka vesturhluta

hennar í 12 m dýpi og 14,5 m dýpi við súrálsviðlegukant. Jafnframt hefur skjólvarnargarður NATO verið lengdur um 150 m til að skýla enn betur fyrirhuguðum viðlegukanti í vesturhluta hafnarinnar. Dýpkunarefni var nýtt að stærstum hluta í þá framkvæmd auk stórgrýtis sem sprengt var sérstaklega. Fyrirhugað er að lengja núverandi 150 m viðlegukant um 60 m til austurs og 100 m til vesturs þannig að heildarlengd verði 310 m, en þó með 100 m stækkunarmöguleika til vesturs. Sá viðlegukantur mun þjóna Íslenska kísilverinu ehf. sem staðsett verður norðan við viðlegukantinn og verður skipað upp á færiböndum frá skipi beint í verksmiðjuna. Einnig mun viðlegukanturinn nýtast til almennra farmflutninga fyrir aðra atvinnustarfsemi eins og nú. Byggður verður nýr 360 m viðlegukantur í vesturhluta Helguvíkurhafnar sem mun þjóna álveri Norðuráls og allri almennri gámaþjónustu. Samtímis verður hægt að losa súrálsskip og afgreiða gámaskip. Í fyrstu verður gámasvæðið um 3 hektarar en fyrirhugað er að það verði stækkanlegt. Þá er gert ráð fyrir að sérstakur hafnsögubátur sinni þjónustu við Helguvíkurhöfn.

Helguvík er eftirsóknarverð sem stórskipahöfn fyrst og fremst vegna aðbúnaðarins innan grjótvarnargarðs og olíubryggju NATO en einnig vegna landfræðilegrar legu hafnarinnar. Helguvík er vel varin fyrir öllum áttum nema suðaustanátt sem hefur lítil áhrif á notagildi hafnarinnar þar sem ölduhæð er óveruleg sökum aflandsvinds. Helguvíkursvæðið er enn fremur hentugt þegar norðurslóðasiglingar opnast, bæði hvað olíubirgðastöð varðar og aðra gámaflutninga.

Uppbygging Helguvíkurhafnar er þegar hafin og hefur sveitarfélagið þurft að leggja mikinn kostnað í verkið. Ljóst er að með tilkomu álvers og annarra stóriðjuframkvæmda á svæðinu aukast atvinnu- og skatttekjur sveitarfélagsins sem og ríkissjóðs. Í stöðugleikasáttmála Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, BSRB, Kennarasambands Íslands, SSF, Samtaka atvinnulífsins, ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram vilji ríkisstjórnarinnar til að greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda, sbr. þjóðhagsáætlun, og er sérstaklega minnst á álver í Helguvík í því samhengi, sbr. minnisblað vegna verklegra framkvæmda dags. 16. júní 2009, sem vísað er til í 4. gr. stöðugleikasáttmálans, en þar er álver í Helguvík og tengdar framkvæmdir efstar á blaði. Kappkostað verði að engar hindranir af hálfu stjórnvalda verði í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember 2009. Jafnframt er vísað til þess að sveitarfélög og önnur stjórnvöld muni tryggja að farið verði að tímafrestum við gerð skipulags og allar leyfisveitingar og greitt verði fyrir nýjum fjárfestingum eins og kostur er. Er því breytingin sem frumvarp þetta felur í sér í fullu samræmi við áður nefndan stöðugleikasáttmála.

Gert er ráð fyrir að tekjumöguleikar ríkissjóðs þegar framkvæmdir verða komnar á fullt skrið geti numið allt að 1 milljarði kr. á mánuði, sem gerir 110 milljarða kr. á 10 árum. Eru þeir útreikningar m.a. byggðir á beinum og óbeinum skatttekjum, sem og sparnaði vegna atvinnuleysisbóta. Tekjur sveitarfélaga á svæðinu munu einnig aukast, m.a. vegna fjölgunar íbúa, fasteignagjalda og hafnargjalda. Í vorskýrslu fjármálaráðuneytisins frá árinu 2009, Þjóðarbúskapurinn, kemur fram að tímasetning framkvæmda vegna fyrirhugaðs álvers á Suðurnesjum sé óvenju góð vegna efnahagslegra forsenda. Atvinnuleysi sé mikið og þau störf sem skapist við framkvæmdirnar verði hrein viðbót við þau störf sem fyrir eru. Eru þá ekki meðtalin þau fjölmörgu óbeinu störf sem verða til við framkvæmdir sem þessar. Er því ljóst að uppbygging álvers í Helguvík, sem og Helguvíkurhafnar, mun hafa góð áhrif á atvinnulíf og sveitarfélög á Reykjanesi ekki síst vegna langs framkvæmdatíma þar sem lítil hætta er á ofþenslu.

Fylgiskjal I.

Atvinnu- og hafnasviðs Reykjanesbæjar,
Pétur Jóhannesson framkvæmdastjóri:

Greinargerð um Helguvíkurhöfn.

Hvernig höfn?

Helguvíkurhöfn var upphaflega byggð sem olíuhöfn af NATO á árunum 1987–1989. 150 m stálþilskantur var byggður á árunum 1994–1995 og loðnuflokkunarstöð tók til starfa í febrúar 1995.

Helguvíkurhöfn hefur þjónað eldsneytisinnflutningi fyrir Keflavíkurflugvöll og er nú öllu flugeldsneyti á Íslandi skipað upp í Helguvík.

Síldarvinnslan hf. rekur fiskimjölverksmiðju og starfrækt er loðnuflokkun Helguvíkurmjöls ehf. Aalborg Portland er með sementsbirgðastöð. Hringrás ehf. starfrækir málmsöfnunarstöð og flytur út brotajárn. Alur álvinnsla ehf. starfrækir endurvinnslu á álgjalli í húsnæði Síldarvinnslunnar.

Helguvíkurhöfn er skilgreind sem neyðarhöfn þar sem unnt er að taka við olíu.

Helguvíkurhöfn er því alhliða fiskiskipa og vöruflutningahöfn í dag, en til stendur að gera hana að stórskipahöfn fyrir álver, kísilver og aðra stóriðju með hafnsækna starfsemi.

Vesturhluti Helguvíkurhafnar var dýpkaður í 12 m og 14,5 m við súrálsviðlegukant. Jafnframt var skjólvarnargarður NATO lengdur um 150 m til að skýla enn betur fyrirhuguðum viðlegukanti í vesturhluta hafnarinnar. Dýpkunarefni var nýtt að stærstum hluta í þá framkvæmd, auk stórgrýtis er sprengt var sérstaklega.

Fyrirhugað er að lengja núverandi 150 m viðlegukant um 60 m til austurs og 100 m til vesturs, þannig að heildarlengd verði 310 m, en þó með 100 m stækkunarmöguleika til vesturs. Sá viðlegukantur mun þjóna Íslenska kísilverinu ehf. sem staðsett verður norðan við viðlegukantinn og verður skipað upp á færiböndum frá skipi beint í verksmiðjuna. Einnig mun viðlegukanturinn nýtast til almennra farmflutninga fyrir aðra atvinnustarfsemi eins og nú.

Byggður verður nýr 360 m viðlegukantur í vesturhluta Helguvíkurhafnar, sem mun þjóna álveri Norðuráls og allri almennri gámaþjónustu. Samtímis verður hægt að losa súrálsskip og afgreiða gámaskip. Í fyrstu verður gámasvæðið um 3 hektarar en stækkanlegt.

Nýr vegur í gili sem liggur til álversins og verður jafnframt aðaltengibraut við atvinnusvæðin á Reykjanesi.

Ofangreint lýsir því að hafnarframkvæmdir í Helguvík eru ódýrari, en ef um byggingu nýrrar hafnar með skjólvarnargörðum væri að ræða.

Rök fyrir höfninni í Helguvík.

Það sem gerir Helguvík eftirsóknarverða sem stórskipahöfn er fyrst og fremst sá aðbúnaður sem er fyrir hendi innan grjótvarnargarðs og olíubryggju NATO, ásamt landfræðilegri legu hafnarinnar. Hún er vel varin fyrir öllum áttum nema suðaustanátt sem hefur lítil áhrif á notagildi hafnarinnar þar sem ölduhæð er óveruleg sökum aflandsvinds, en einnig það mikla landsvæði er umlykur Helguvíkurhöfn.

Atvinnusvæði í Reykjanesbæ, alls 186 hektarar, hafa verið skipulagðir í Helguvík og auk þess 113 hektarar í Garði fyrir álver Norðuráls. Jafnframt er unnið að skipulagi atvinnusvæða vestan við Reykjanesbæ, sem nær að Flugstöð Leifs Eiríkssonar, í landi Garðs og Sandgerðis, sem býður upp á mikla framtíðarmöguleika fyrir alls konar atvinnustarfsemi er tengist flugi

og höfn. Það atvinnusvæði getur náð frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar í suðri, Sandgerðisbæ í vestri, Sveitarfélaginu Garði í norðri og Helguvík í austri, alls hátt á annað þúsund hektara.

Hvergi á Íslandi er jafnhentugt byggingarland fyrir atvinnusvæði og í nánd við Helguvík, eins og á Miðnesheiði. Enda er bygging Keflavíkurflugvallar engin tilviljun. Stutt er niður á fast jarðlag, öruggt grágrýtisberg laust við eldgos, sléttlendi hentugt fyrir stórar byggingar og snjóflóð ómöguleg.

Helguvíkursvæðið er því einnig hentugt þegar norðurslóðasiglingar opnast, bæði hvað olíubirgðastöð varðar og aðra gámaflutninga.

Tekjur.

Í fylgiskjali með greinargerðinni eru upplýsingar teknar af vef Samtaka atvinnulífsins þar sem fram kemur augljóslega hversu góð áhrif uppbygging álvers í Helguvík hefði á atvinnulíf og sveitarfélög á Reykjanesi, ekki síst vegna langs framkvæmdatíma, þar sem lítil hætta sé á ofþenslu.

Einnig eru góðar upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu í vorskýrslu 2009 um þjóðhagsspá fyrir árin 2009–2014. Sjá bls. 9 og 10 í meðfylgjandi skjali um frávikssp á vegna fyrirhugaðra álversframkvæmda.

Tekjur ríkissjóðs á meðan uppbyggingu álversins í Helguvík stendur hafa verið taldar ein milljón kr. á mánuði af bæjarstjórunum í Garði og Reykjanesbæ, en þá eru væntanlega teknar með þær fjárhæðir er falla niður við greiðslu atvinnuleysisbóta, auk skatttekjur.

Tekjur sveitarfélaga eru ítarlega greindar í grein Samtaka atvinnulífsins, þó varfærnislega miðað við áætlaðar tekjur Reykjaneshafnar í meðfylgjandi skjali um framkvæmdaáætlun.

Fskj.

Af heimasíðu Samtaka atvinnulífsins:

Mikil áhrif álvers í Helguvík á atvinnulíf og sveitarfélög á Reykjanesi.

(8. júní 2007.)

Norðurál áformar að reisa álver á iðnaðarsvæðinu við Helguvík á Reykjanesi. Áhrif þess á atvinnulíf, vinnumarkað, atvinnutekjur, íbúafjölda og tekjur sveitafélaganna á Suðurnesjum verða umtalsverð. Áhrifin verða mest á svæðinu næst Helguvík en þeirra mun þó gæta allt til höfuðborgarsvæðisins þar sem gert er ráð fyrir nokkurri atvinnusókn þaðan.

Langur framkvæmdatími – lítil hætta á ofþenslu

Áformað er að byggja álverið í áföngum og er stefnt að því að ná allt að 250.000 tonna ársframleiðslu árið 2015. Áætlað er að hefja undirbúningsframkvæmdir fyrir árslok 2007 og gangsetja fyrsta áfanga árið 2010, en áfangaskipting fer eftir því hvernig til tekst með orkuöflun. Gert er ráð fyrir því að bygging álversins krefjist 1.800 ársverka, eða sem nemur 300 ársverkum á ári að jafnaði á 6–8 ára framkvæmdatíma. Þessi langi framkvæmdartími mun draga úr hættu á því að framkvæmdirnar stuðli að ofþenslu á byggingamarkaði. Búast má við að stór hluti starfsmanna muni koma frá Suðurnesjum, bæði á meðan byggingaframkvæmdum stendur og á rekstrartíma. Áætlað er að skiptingin verði þannig að 65% starfsmanna komi frá Reykjanesbæ, 20% frá öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum og 15% frá höfuðborgarsvæðinu.

Varanleg fjölgun um 1.200 störf – beint og óbeint

Þegar álverið verður komið í fulla stærð árið 2015 munu þar starfa 400 starfsmenn og má

varlega áætla að auk þeirra myndist a.m.k. tvö afleidd störf utan álversins á móti hverjum starfsmanni í álverinu. Afleidd störf eru því hér áætluð 800 á ársgrundvelli og heildarfjöldi nýrra starfa 1.200 vegna tilkomu álversins. Í eftirfarandi umfjöllun er gengið út frá þeirri forsendu að bein og óbein áhrif álversins á verðmætasköpun verði hrein viðbót við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu, en ryðji ekki burt neinu sem fyrir er. Þá er ekki gert ráð fyrir að á svæðinu sé völ á annarri sambærilegri fjárfestingu sem kæmi í stað álversins. Ef um slíka fjárfestingakosti verður að ræða munu þeir hæglega geta orðið að veruleika samhliða uppbyggingu álversins.

Áætlað er að búsetuskipting þeirra starfsmanna sem fylla muni þessi 1.200 störf verði þannig að 780 verði búsettir í Reykjanesbæ, 240 í öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum og 180 á höfuðborgarsvæðinu. Þótt hér sé miðað við ákveðna skiptingu milli sveitarfélaga þá getur hún hæglega orðið önnur og ber því fyrst og fremst að skoða sem vísbendingu um hver þróunin getur orðið.

Skipting starfa vegna reksturs álvers í Helguvík eftir sveitarfélögum

	Álversstörf	Afleidd störf	Alls
Reykjanesbær	260	520	780
Önnur sveitarfélög á Suðurnesjum	80	160	240
Höfuðborgarsvæðið	60	120	180
Alls	**400**	**800**	**1.200**

Álver í Helguvík mun stuðla að íbúafjölgun á Suðurnesjum. Forsendur fyrir fjölgun íbúa eru þær að fyrir hvert 1 nýtt starf sem skapast vegna álversins fjölgi íbúum um 2 og er þá tekið mið af fyrri rannsóknum sem hafa verið gerðar hér á landi . Samkvæmt því er áætlað að íbúum fjölgi um 2.400 og miðað við núverandi íbúafjölda nemur aukningin 13% í Reykjanesbæ en 11% á Reykjanesinu öllu.

Áætluð íbúafjölgun af völdum fyrirhugaðs álvers í Helguvík

	Íbúafjölgun
Reykjanesbær	1.560
Önnur sveitarfélög á Suðurnesjum	480
Höfuðborgarsvæðið	360
Alls	**2.400**

Starfsemi álvers á Suðurnesjum sem og annars staðar hefur þá kosti að störf í álveri eru langtímastörf sem eru óháð sveiflum á innlendum markaði. Þá greiða álver hærri laun en að jafnaði í landinu og því eru störfin eftirsótt hvort sem litið er til starfsgreina sem krefjast lítillar formlegrar menntunar, fagærðra eða háskólagenginna. Þetta mun stuðla að því að ungir Suðurnesjabúar, sem annars hefðu flust af svæðinu að aflokinni menntun t.d. í háskólum í Reykjavík eða erlendis, muni eiga þess kost að búa áfram í sinni heimabyggð.

Auknar tekjur sveitarfélaga

Sveitarfélögin í nágrenni álversins munu fá auknar skatttekjur vegna fjölgunar íbúa og þar með hærra útsvar, fasteignagjöld auk hafnargjalda. Meðaltekjur allra starfsgreina í álverinu eru áætlaðar um 390.000 kr. á mánuði á grundvelli launakönnunar Hagstofu Íslands og framreiknings til kaupgjalds á árinu 2007 með launavísitölu. Meðaltekjur í afleiddum störfum eru áætlaðar fjórðungi lægri en í álverinu. Heildarlaunagreiðslur álvers í Helguvík, án launatengdra gjalda, munu samkvæmt því verða um 1,9 milljarður króna á ári og 2,8 milljarðar króna í afleiddum störfum. Auknar launagreiðslur sem leiða munu af starfrækslu álversins munu því samtals nema 4,7 milljörðum króna á ári. Útsvarstekjur sveitarfélaga vegna þessara launatekna munu aukast um 580 m.kr. á ári og skiptast þannig að hlutur Reykjanesbæjar verður 370 m.kr., hlutur annarra sveitarfélaga á Suðurnesjum 120 m.kr. og 90 m.kr. falla í hlut sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Útsvarstekjur vegna beinna og afleiddra starfa í tengslum við fyrirhugað álver í Helguvík. Milljónir króna.

	Launagreiðslur	Útsvarstekjur
Reykjanesbær	3.100	370
Önnur sveitarfélög á Suðurnesjum	900	120
Höfuðborgarsvæðið	700	90
Samtals	**4.700**	**580**

Fasteignagjöld, hafnar- og skipagjöld

Um fasteignagjöld vegna álvers er samið sérstaklega en ætla má að þau verði svipuð og gildir um álverið á Grundatanga, eða um 100 milljónir króna á ári fyrir 250.000 tonna álver og skiptist jafnt á milli Reykjanesbæjar annars vegar og hinna sveitarfélaganna á Suðurnesjum hins vegar. Einnig greiðast hafnar- og skipagjöld en þau eru áætluð rúmlega 150 milljónir á ári, án þess að vitneskja liggi fyrir þar að lútandi.

Fólksfjölgun í tengslum við aukið framboð starfa vegna starfsemi álversins mun verða mætt með auknu framboði íbúðarhúsnæðis sem ætla má að nemi 1.200 íbúðum á áhrifasvæðinu öllu. Við áætlun fasteignagjalda af þessum íbúðafjölda var stuðst við upplýsingar Fasteignamats ríkisins. Samkvæmt framangreindum forsendum munu fasteignagjöld í tengslum við íbúafjölgun af völdum álversins aukast um 51 m.kr. árlega í Reykjanesbæ, 16 m.kr. í öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum og um 14 m.kr. á höfuðborgarsvæðinu.

Auknar tekjur af fasteignagjöldum vegna íbúafjölgunar í tengslum við fyrirhugað álver í Helguvík

	Fjöldi íbúða	Skattur á íbúð, þús. kr.	Fasteignagjöld alls, m. kr.
Reykjanesbær	780	66	51
Suðurnes	240	66	16
Höfuðborgarsvæðið	180	80	14
Alls	**1.200**	**212**	**82**

Tekjuaukning sveitarfélaganna í heild

Ætla má að starfræksla 250 þús. tonna álvers í Helguvík leiði til fjölgunar starfa, beint og óbeint, um a.m.k. 1.200, hækkunar atvinnutekna um rúma þrjá milljarða króna og fjölgunar

íbúða á Suðurnesjum um 1.200. Skatttekjur Reykjanesbæjar munu verða rúmlega 600 m.kr. hærri en ella, á verðlagi í maí 2007, frá árinu 2015 ef áform um álver í Helguvík ná fram að ganga. Til samanburðar voru skatttekjur Reykjanesbæjar 3,1 milljarður króna í fjárhagsáætlun fyrir 2006 og sem fimmtungs aukning skatttekna af völdum álversins, þ.e. 20%. Skatttekjur annarra sveitarfélaga á Suðurnesjum munu væntanlega aukast um tæplega 200 m.kr. en skatttekjur þeirra árið 2006 námu samtals um 1,9 milljarði króna, þannig að aukning skatttekna þeirra af völdum álversins verður 10%. Loks munu skatttekjur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu aukast um rúmlega 100 m.kr.

Skattekjur sveitarfélaga vegna beinna og afleiddra starfa í tengslum við fyrirhugað álver í Helguvík. Milljónir króna.

	Reykjanesbær	Önnur sveitarfélög á Suðurnesjum	Sveitarfélög á höfuðborgarsvæði	Samtals
Útsvarstekjur	370	120	90	580
Fasteignagjöld af íbúðum	50	15	15	80
Fasteignagjöld af álveri	50	50		100
Hafnar- og skipagjöld	150			150
Samtals	**620**	**185**	**105**	**910**

Áhrifin á skatttekjur ríkissjóðs verða einnig umtalsverð. Ætla má að tekjuskattur til ríkisins vegna aukinna launatekna muni nema um einum milljarði króna árlega, tekjur af tryggingagjaldi aukist um 270 m.kr. og tekjuskattgreiðslur fyrirtækisins gætu numið 1–2 milljörðum króna árlega.

Fylgiskjal II.

Ragnar Guðmundsson,
forstjóri Norðuráls:

Svar við fyrirspurn um útreikninga á nettóheildartekjum eða hagræðing ríkisins af Helguvíkurálveri og tengdum framkvæmdum.

(22. sept. 2010.)

Fyrsti áfangi álversins og tengd orkumannvirki kosta um 100 milljarða króna sem dreifast á næstu 2 árin, 2011 og 2012 ef framkvæmdir eru settar í fullt síðar á þessu ári. Það eru um 50 milljarðar á ári. Um 40% af þessum kostnaði er innlendur eða um 20 milljarðar á ári. Reikna má með að um þriðjungur þess kostnaðar skili sér sem tekjur fyrir hið opinbera beint og óbeint eða um 7 milljarðar á ári. Vel á þriðja þúsund manns fá vinnu við verkefnið og nú á tímum óvenju mikils atvinnuleysis munu jaðaráhrifin verða mjög mikil og má ætla að um 5 milljarðar á ári sparist í atvinnuleysisbætur. Það eru þá samtals 12 milljarðar á ári í auknar tekjur og minni kostnað fyrir hið opinbera eða 1 milljarður á mánuði. Hér eru ótalin ýmis önnur áhrif svo sem breytingar á væntingum fólks til framtíðarinnar.

48. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Flm.: Lilja Mósesdóttir, Ásmundur Einar Daðason, Þráinn Bertelsson,
Ólafur Þór Gunnarsson, Jórunn Einarsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Mörður Árnason,
Eygló Harðardóttir, Þór Saari.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fullgilda samþykkt nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, sem gerð var á 68. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 22. júní 1982.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var áður flutt á 120., 121., 123. og 130. löggjafarþingi af Bryndísi Hlöðversdóttur og er hér m.a. stuðst við greinargerð með tillögunni frá 130. löggjafarþingi (þskj. 647, 453. mál).

Á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1982 var gerð samþykkt, nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Samþykktin byggðist á tillögu Alþjóðavinnumálaþingsins frá árinu 1963 um sama efni og kom hún, ásamt tillögu nr. 166, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, í stað tillögunnar frá 1963. Samþykkt nr. 158 tryggir launafólki lágmarksstarfsöryggi og hefur efni samþykktarinnar víða verið viðurkennt sem lágmarksréttur launafólks við uppsagnir. Nú hafa alls 35 ríki fullgilt samþykktina, en eitt afturkallað fullgildingu (Brasilía).

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158 tekur til allra greina atvinnulífsins og alls launafólks, en aðildarríki getur þó undanskilið tiltekna flokka launafólks öllum eða nokkrum ákvæðum samþykktarinnar. Þeir flokkar eru taldir upp í 2. gr. samþykktarinnar og ná m.a. til þeirra sem hafa verið ráðnir tímabundið í vinnu eða til tiltekins verkefnis og þeirra sem ráðnir eru til reynslu eða þjálfunar um tíma sem ákveðinn er fyrir fram og er hæfilega langur. Einnig má undanskilja þá sem ráðnir eru tilfallandi um skamman tíma. Jafnframt er heimilt, í samráði við hlutaðeigandi samtök launafólks og atvinnurekenda, að undanskilja tiltekna flokka launafólks ef ráðningarkjör þess og starfsskilyrði lúta sérstakri skipan sem í heild tryggir ekki lakari vernd en þá sem veitt er með þessari samþykkt eða ef í ljós kemur að framkvæmdin er verulegum vandkvæðum bundin með tilliti til sérstakra starfsskilyrða hlutaðeigandi launafólks eða stærðar eða eðlis fyrirtækisins sem hefur það í vinnu. Slíkir hópar skulu skráðir og gera skal grein fyrir ástæðum undanþáganna í skýrslum til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Meginefni samþykktarinnar má skipta í þrjá þætti. Sá fyrsti felst í því að atvinnurekanda er gert skylt að rökstyðja uppsögn starfsmanns ef eftir því er óskað en annar þátturinn felur í sér að starfsmanni skal ekki sagt upp nema til þess sé gild ástæða, í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmanns, eða hún byggist á rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar. Í 5. gr. samþykktarinnar er nánar skilgreint hvað skuli ekki teljast gild ástæða uppsagnar en þar eru talin upp atriði eins og aðild að stéttarfélagi eða þátttaka í starfsemi þess, að gegna stöðu trúnaðarmanns launafólks, að hafa borið fram kæru eða tekið þátt í málssókn gegn atvinnurekanda sem felur í sér ásökun um meint brot á lögum eða öðrum reglum, kynþáttur, hörundslitur, kynferði, hjúskaparstétt, fjölskylduábyrgð, þungun,

trúar brögð, stjórnmálaskoðanir, þjóðerni og félagslegur uppruni og fjarvist frá vinnu í fæðingarorlofi. Þá segir í 6. gr. samþykktarinnar að fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa skuli ekki talin gild ástæða uppsagnar en skilgreina skal með lögum, reglugerðum eða í kjarasamningum hvað teljist fjarvist um stundarsakir í þessu samhengi. Þriðji þátturinn er að kveðið er á um tiltekið málsmeðferðarkerfi sem starfsmaður á rétt á við uppsögn. Honum skal gefinn kostur á að verja sig gegn aðfinnslum sem á hann eru bornar, hann skal eiga rétt á að vísa uppsögninni til hlutlauss aðila og hann á rétt á bótum vegna ólögmætrar uppsagnar. Einnig er heimilt að kveða á um að hann eigi rétt á endurráðningu. Ljóst er að þessir þrír þættir samþykktarinnar mundu gerbreyta stöðu íslensks launafólks til hins betra ef þeir væru teknir upp í íslensk lög.

Að auki er í samþykktinni kveðið á um að starfsmenn sem sagt er upp skuli eiga rétt á tilteknum uppsagnarfresti og bótum vegna atvinnumissis, en þar sem slíkar reglur eru þegar í íslenskum lögum hefðu þau ákvæði ekki breytingar í för með sér þótt samþykktin yrði fullgilt.

Á meðal þeirra ríkja sem hafa fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158 eru tvö Norðurlandanna, Svíþjóð og Finnland, en í Noregi og Danmörku er eigi að síður byggt á ámóta reglum og þeim sem samþykktin byggist á. Hér á landi er jafnframt að hluta til byggt á sambærilegum reglum en einungis á afmörkuðum sviðum. Hérlendis hefur þó verið rætt um fullgildingu samþykktarinnar hjá aðilum vinnumarkaðarins sem og hjá stjórnvöldum. Í skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, til Alþingis um 96. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf (þskj. 1019, 625. mál á 135. löggjafarþingi) segir:

„Í minnisblaði, dags. 18. október 2005, var félagsmálaráðherra gerð grein fyrir afstöðu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins til fullgildingar samþykktarinnar. Í því kemur meðal annars fram að Alþýðusamband Íslands telji málið fyrst og fremst snúast um rétt starfsmanna til að fá upplýsingar um ástæður uppsagnar og hvort þær byggi á málefnalegum ástæðum. Það fjalli ekki um rétt atvinnurekanda til að segja upp starfsmanni. Fullgilding hafi því hverfandi áhrif á sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði. Alþýðusamband Íslands leggur til að ILO-samþykkt nr. 158 verði fullgilt og kallar eftir afstöðu stjórnvalda til þess. Samtök atvinnulífsins eru öndverðrar skoðunar. Samtök atvinnulífsins telja að samþykkt ILO nr. 158 feli í sér bann við uppsögnum af hálfu atvinnurekanda nema hann geti sýnt fram á að ástæða uppsagnarinnar sé samdráttur í rekstri eða að fyrir þeim séu gildar ástæður sem varða hæfni eða háttsemi starfsmannsins. Fullgilding drægi því verulega úr sveigjanleika í íslensku atvinnulífi, viðbragðsflýti og snerpu fyrirtækja. Vilji fyrirtækja til nýráðningar yrði einnig minni. Samtök atvinnulífsins séu þar af leiðandi andvíg fullgildingu samþykktarinnar.

Félagsmálaráðuneytið brást við framangreindri niðurstöðu með því að fela Rannsóknasetri vinnuréttar- og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst með bréfi, dags. 5. maí 2006, að semja tillögu að leiðbeiningarreglum varðandi uppsagnir starfsmanna í anda samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Félagsmálaráðuneytinu barst 10. september 2007 greinargerð frá Rannsóknasetri vinnuréttar- og jafnréttismála um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Á fundi ILO-nefndarinnar var farið yfir helstu niðurstöður í greinargerð Rannsóknasetursins. Þar kemur meðal annars fram að ekki sé flókið að útbúa leiðbeiningarreglur á grundvelli samþykktarinnar. Það sé hins vegar ljóst að nokkrum ákvæðum samþykktarinnar verði ekki hrundið í framkvæmd með leiðbeiningarreglum einum. Nefnd eru ákvæði sem lúta að áfrýjun uppsagnar, sönnunarbyrði og því hvaða áhrif niðurstaða dómstóls eða úrskurðaraðila skuli hafa. Þá kemur fram að óljóst sé hvaða fyrirkomu-

lagi eigi að fylgja við setningu slíkra reglna þar sem það sé mjög mismunandi í nágrannaríkjunum. Niðurstaða Rannsóknasetursins er sú að ekki sé unnt að setja fram leiðbeiningarreglur um þetta efni nema að til komi pólitísk stefnumörkun og nákvæmari tilsögn um það eftir hvaða fyrirkomulagi sé rétt að vinna reglurnar.“

Ljóst er að Samtök atvinnurekenda hafa verið andvíg fullgildingu samþykktarinnar og talið að hún mundi draga úr sveigjanleika í íslensku atvinnulífi. Vega þar á móti sjónarmið Alþýðusambands Íslands er varða réttindi starfsmanna og vernd þeirra. Við kjarasamninga í febrúar 2008 gerðu framangreindir aðilar bókun þess efnis að sátt hefði náðst milli aðila vinnumarkaðarins um fyrirkomulag uppsagna á vinnumarkaði. Þessi bókun er því nátengd efni samþykktar nr. 158. Samkvæmt bókuninni á starfsmaður rétt á viðtali við vinnuveitanda sinn um ástæður uppsagnar, óski hann þess. Þar er jafnframt áréttað að frjáls uppsagnarréttur vinnuveitanda sé háður vissum takmörkunum, lögum samkvæmt. Í bókuninni kemur fram að aðilar séu einnig sammála um að stuðla að góðri framkvæmd uppsagna á vinnumarkaði og að þeir muni í því skyni vinna sameiginlega að gerð fræðsluefnis sem lokið skuli við fyrir árslok 2008. Ástand á vinnumarkaði er mjög breytt síðan þessi bókun var gerð og telja flutningsmenn tillögu þessarar enn mikilvægara en áður að standa vörð um réttindi launafólks. Jafnframt sé nauðsynlegt að tryggja að reglur sem gilda á vinnumarkaði séu sambærilegar og í þeim löndum sem við berum okkur helst við og að Íslendingar séu ekki eftirbátar nágrannaríkja á þessu sviði. Af framangreindri skýrslu um 96. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf má ráða að þegar hafi nokkuð verið unnið að rannsóknum á samþykkt nr. 158 og leiða leitað til að tryggja að ákvæðum hennar sé framfylgt hér á landi. Flutningsmenn telja mikilvægt að þeirri vinnu verði fylgt eftir og samþykktin fullgilt.

49. Frumvarp til laga [48. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisbrot).

Flm.: Jórunn Einarsdóttir, Þuríður Backman, Lilja Mósesdóttir, Eygló Harðardóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Valgerður Bjarnadóttir.

1. gr.

1. mgr. 194. gr. laganna orðast svo:

Hver sem gerist sekur um nauðgun skal sæta fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 135., 136. og 138. löggjafarþingi af Atla Gíslasyni og fleiri þingmönnum en varð ekki útrætt og er því endurflutt.

Í XXII. kafla almennra hegningarlaga er fjallað um kynferðisbrot og er 1. mgr. 194. gr. svohljóðandi: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með

innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“ Eins og sjá má er lögð megináhersla á verknaðaraðferð, líkamlegt ofbeldi, líkamlega áverka og hótanir. Sú áhersla hefur endurspeglast í rannsóknum nauðgunarmála þar sem andlegum áverkum hefur verið lítill gaumur gefinn. Aukin þekking á afleiðingum nauðgana hefur hins vegar fært okkur vitneskju um að andlegir áverkar eru alvarlegustu afleiðingar nauðgana. Nauðsynlegt er að lögin endurspegli þekkinguna á málum er snerta kynbundið ofbeldi. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á 1. mgr. 194. gr. að áherslan á verknaðaraðferðina verði algjörlega felld út úr textanum enda ljóst að orðalag greinarinnar samrýmist ekki þeirri grundvallarhugsun sem býr að baki mannréttindaákvæðum um friðhelgi einkalífs eins og rækilega er fjallað um í þessari greinargerð. Í samanburði við önnur lagaákvæði er varða friðhelgi einkalífs, svo sem húsbrot og aðgengi að gögnum, sést að kynfrelsi nýtur ófullnægjandi réttarverndar. Það er refsivert að rjúfa bréfleynd eða húsfrið nema samþykki liggi fyrir en þegar kemur að broti gegn kynfrelsi skiptir verknaðaraðferðin meira máli en samþykki. Mismunun eftir ofbeldisbrotaflokkum og núgildandi nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga standast ekki mannréttindaákvæði um friðhelgi einkalífs. Frumvarpi þessu er ætlað að leiðrétta þessa mismunun.

1. Inngangur.

Friðhelgi einkalífs er safnheiti ýmissa mannréttinda sem varin eru af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, 3. gr. og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 17. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979. Friðhelgin nær yfir heimili, fjölskyldu og persónulega hagi manns, og umfram allt það að hver maður hefur rétt til lífs og rétt til að ráða yfir eigin líkama og sálarlífi, sem eru mikilvægustu einkalífsréttindin.

Ef þarfir manna eru hafðar að leiðarljósi þegar fjallað er um réttinn til lífs, þá felst hann ekki aðeins í réttinum til að vera ekki tekinn af lífi. Rétturinn til lífs þarf einnig að samræmast sjálfsvirðingu manna, rétti til frelsis, mannhelgi og að þurfa ekki að þola ólögmætar þvinganir.

Í friðhelgi einkalífs felst bæði friðhelgi gagnvart hinu opinbera og friðhelgi milli einstaklinga innbyrðis. Með öðrum orðum: allir menn hafa rétt til þess að njóta verndar gegn afskiptum hvort heldur annarra einstaklinga eða stjórnvalda. Í öðru lagi ber yfirvöldum skylda til að setja lög eða gera aðrar ráðstafanir til að vernda einkalíf borgaranna.

Þrátt fyrir að mannréttindin sem talin eru í mannréttindasáttmála Evrópu séu að meginstefnu réttindi sem vernda einstaklinginn fyrir óþarfa afskiptum og þvingunum af hálfu ríkisins, þá er þess krafist af ríkinu að það tryggi að mannréttindi verði virk í reynd. Hér skiptir mestu máli að ríkið og stofnanir þess verða að vernda borgarana hvern fyrir öðrum með því að setja lög og gera aðrar ráðstafanir, sbr. þó 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð. Í dæmaskyni má nefna að í máli gegn Hollandi fyrir Mannréttindadómstól Evrópu var deiluefnið að ekki var hægt að ákæra mann fyrir kynferðislega misnotkun á andlega fatlaðri stúlku þar sem hollensk refsilög höfðu ekkert ákvæði sem þessi háttsemi gæti fallið undir. Niðurstaða dómsins var sú að athafna ríkisins væri þörf til þess að gera vernd réttinda skv. 8. gr. mannréttindasáttmálans virka. Í öðru lagi má nefna dóm Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem búlgarska ríkið var ekki talið hafa staðið með fullnægjandi hætti að lögreglurannsókn og meðferð nauðgunarmáls og þar með ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum um að gera mannréttindin virk í raun.

Friðhelgi einkalífsins má rjúfa ef það er nauðsynlegt í lýðræðisríki. Það þarf að vera mjög brýn samfélagsleg þörf til þess að hið opinbera eða einstaklingar megi skerða þessi réttindi. Skv. 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar er að ákveðnum þröngum skilyrðum uppfylltum hægt

að takmarka þá vernd sem tilgreind er í 1. mgr. greinarinnar. Þannig er heimilt að gera líkamsleit og líkamsrannsókn, leit í húsakynnum eða munum ef fyrir liggur samþykki viðkomandi, dómsúrskurður eða sérstök lagaheimild. Það á einnig við um rannsókn á póstsendingum og öðrum fjarskiptum og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manna. Minna má á að lagaákvæði sem takmarka mannréttindi verða að vera ótvíræð. Sé ekki svo ber að túlka þau einstaklingi í hag, því mannréttindaákvæði eru sett til verndar einstaklingum en ekki stjórnvöldum. Að sama skapi verður samþykki fyrir skerðingu að vera upplýst og ótvírætt.

2. Skilgreining kynfrelsis.

Kynfrelsi tengist réttinum til frelsis, mannhelgi og réttinum til að ráða yfir eigin líkama. Kynferðisofbeldi birtist í mismunandi formi, svo sem nauðgun, sifjaspellum, kynferðisofbeldi gagnvart börnum, klámi og kynferðislegri áreitni á vinnustöðum eða annars staðar. Þessi brot eiga það sameiginlegt að kynferðislegum athöfnum er beitt gegn vilja þess sem fyrir ofbeldinu verður og þær valda skaða.

Í bók sinni „Unwanted Sex: The Culture Of Intimidation And The Failure Of Law“ leggur Stephen Schulhofer, lagaprófessor við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum, áherslu á að refsiákvæði um nauðganir ættu að snúast um hugmyndina um kynfrelsi einstaklingsins. Schulhofer skilgreinir kynfrelsi sem kynferðislegan sjálfsákvörðunarrétt, þ.e. „réttinn til að velja og hafna kynferðislegu samneyti, hvar sem er, með hverjum sem er og hvenær sem er“, eins og Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir lögfræðingur þýðir það í kandídatsritgerð sinni „Nauðgun frá sjónarhóli kvennaréttar“. Schulhofer telur að kynferðislegt sjálfræði eða kynfrelsi eigi að vera grundvallarhugtak í lagasetningu um kynferðisofbeldi og að brotið sé gegn kynfrelsi þegar gerandinn sýnir kynferðislega hegðun án þess að tryggja að hann hafi til þess fullgilt samþykki hjá þeim sem hegðunin beinist að.

Konur hafa á grundvelli reynslu sinnar skilgreint nauðgun sem kynferðisofbeldi karla þar sem sjálfsákvörðunarréttur kvenna er virtur að vettugi og réttur þeirra til sjálfstjórnar brotinn á bak aftur. Eins og staðan er núna er áherslan fyrst og fremst lögð á verknaðaraðferð í stað þess að leggja áherslu á verndarhagsmunina og samþykkið. Á þessum skilgreiningum byggist nauðgunarhugtak frumvarpsins. Þar sem yfirgnæfandi hluti gerenda í nauðgunarmálum eru karlar og konur í flestum tilvikum þolendur, þá telst nauðgun til kynbundins ofbeldis og fjallað um hana sem slíkt á þessum vettvangi.

3. Samanburður á ýmsum lagaákvæðum sem vernda friðhelgi einkalífs.

1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga var orðuð þannig til 4. apríl 2007:

„Hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manni til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“

1. mgr. 194. gr. hljóðar nú svo:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“

Samkvæmt orðalagi beggja ákvæðanna skiptir verknaðaraðferðin meira máli en verndarhagsmunirnir og samþykkið. Við rannsóknir nauðgunarmála hefur mikil áhersla jafnframt verið lögð á líkamlegt ofbeldi og líkamlega áverka en rannsókn á andlegum áverkum gefinn lítill gaumur eins og síðar verður vikið að. Orðalag 194. gr. almennra hegningarlaga samrýmist alls ekki þeirri grundvallarhugsun sem býr að baki mannréttindaákvæðum um friðhelgi

einkalífs. Út frá þeirri hugsun má fullyrða að í holdlegu samræði eða öðrum kynferðismökum án samþykkis felist ofbeldi í sjálfu sér.

Í nauðgunarmáli þarf ásetningur geranda að ná til allra efnisþátta nauðgunarákvæðisins og þess virðist krafist að gerandinn hafi gert sér grein fyrir því að verknaðurinn hafi verið framinn gegn vilja brotaþola. Í málum þar sem engir líkamlegir áverkar sjást snýst því sönnunin oft um það hvort gerandi hafi gert sér grein fyrir því hvort þolandi var samþykkur samræðinu eða ekki. Hér á eftir verður til samanburðar gerð grein fyrir ýmsum ákvæðum almennra hegningarlaga sem vernda friðhelgi einkalífs.

228. gr. almennra hegningarlaga orðast svo:

„Ef maður hnýsist í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn, sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns, og hann hefur komist yfir gögnin með brögðum, opnað bréf, farið í læsta hirslu eða beitt annarri áþekkri aðferð, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Sömu refsingu skal sá sæta sem á ólögmætan hátt verður sér úti um aðgang að gögnum eða forritum annarra sem geymd eru á tölvutæku formi.“

Þessi hegningarlagagrein veitir upplýsingum um einkamál í bréfum, skjölum, dagbókum og öðrum slíkum gögnum réttarvernd. Verndarhagsmunirnir eru eðlilega minni en þegar líkami og sálarlíf einstaklings eiga í hlut. Í sögninni „hnýsast“ felst að spyrja, forvitnast og snuðra og ákvæðið gerir ráð fyrir að beitt sé brögðum. Hér er ekki notað orðalagið „hver sem með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung hnýsist í bréf“. Nauðgunarákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga veitir líkömum og sálarlífi kvenna mun minni réttarvernd.

231. gr. almennra hegningarlaga orðast svo:

„Ef maður ryðst heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns, eða annan honum óheimilan stað, eða synjar að fara þaðan, þegar skorað er á hann að gera það, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Þó má beita fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru, svo sem ef sá, sem brot framdi, var vopnaður eða beitti ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða brot er framið af fleirum saman.“

Um þetta hegningarlagaákvæði gildir hið sama og um 228. gr. almennra hegningarlaga. Verndarhagsmunirnir eru minni og alls ekki jafnströng skilyrði um verknaðaraðferð og 194. gr. laganna kveður á um. Hér er beinlínis höfðað til þess að samþykki þurfi til, sem er í fullu samræmi við grunnhugsun 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs.

Sé gerður samanburður á ákvæðum XXIII. kafla almennra hegningarlaga um manndráp og líkamsmeiðingar annars vegar og ákvæðum XXII. kafla þeirra um kynferðisbrot hins vegar kemur fram veigamikill munur á verknaðarlýsingum og refsinæmi þessara ofbeldisbrota. Í 211. gr. almennra hegningarlaga segir að hver sem sviptir annan mann lífi skuli sæta fangelsi ekki skemur en fimm ár, eða ævilangt. Hér skiptir engu máli hvernig manndráp er framið. Líknarmorð eru einnig refsiverð. Í líkamsárásarmálum skipta afleiðingarnar einnig mestu máli varðandi sönnun en ekki verknaðaraðferðin. Þær eru refsiverðar jafnt í manndráps- sem líkamsárásarmálum, sama hvernig að ofbeldinu var staðið. Og í þessum brotaflokkum er einnig refsað fyrir afleiðingar sem stafa af gáleysi gerandans. Afleiðingarnar, líkið eða líkamstjónið, ráða sönnun finnist gerandinn. Í nauðgunarmálum, brotum gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, er höfuðáherslan aftur á móti lögð á verknaðaraðferðina, að ofbeldi hafi verið beitt, hótunum og annars konar ólögmætri nauðung. Ef ekki tekst að sanna að verknaðurinn hafi verið framinn samkvæmt þessari verknaðarlýsingu er ofbeldismanninum ekki refsað, jafnvel þótt allar tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar nauðgunar samkvæmt læknisfræðilegum skilgreiningum hafi verið staðfestar og fullkomin sönnun samkvæmt sönnunarreglum í opinberum málum sé fram komin um að nauðgun hafi verið framin,

eins og ítarlega er rakið síðar í greinargerð þessari. Reyndar er það svo að réttarvörslukerfið gefur þessum afleiðingum nauðgana afar lítinn gaum. Sú staðreynd er einn meginhvati þess að þetta frumvarp er flutt. Þessi mismunun eftir ofbeldisbrotaflokkum og núgildandi nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga standast ekki mannréttindaákvæði um friðhelgi einkalífs.

Með hliðsjón af framanrituðu og þeim verndarhagsmunum líkama og sálarlífs sem eru í húfi er í frumvarpi þessu lagt til að nauðgunarákvæði hegningarlaga verði breytt. Þessi breyting á greininni og orðalag samræmist nútímamannréttindahugsun. Það gerir núgildandi nauðgunarákvæði hegningarlaga ekki. Nauðgun er þekkt og skilgreint hugtak, sbr. skilgreiningar hér að framan, sem ekki mun vefjast fyrir dómstólum að taka afstöðu til út frá heildarmati á hverju broti. Gildir hér sama og um önnur þekkt hugtök úr almennum hegningarlögum, svo sem skjalafals, almannahættu, manndráp, líkamsárás, ærumeiðingar, þjófnað, gripdeild, skilasvik og gertæki, svo nokkur dæmi séu nefnd.

4. Afleiðingar nauðgana.

4.1 Inngangur.

Í mars 2005 lýsti mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna yfir áhyggjum vegna ofbeldis gegn konum á Íslandi og þá sérstaklega vegna kynferðisofbeldis. Aðallega var kvartað yfir hve ákært er í fáum nauðgunarmálum miðað við fjölda kæra sem berast. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem áhyggjur af þessu tagi eru orðaðar varðandi íslenskt réttarkerfi.

„Were all the women lying or did authorities just not care? Was the message that women should just not report the cases because they would only get into trouble?“ Þessa athugasemd gerði finnskur sérfræðingur mannréttindanefndarinnar.

Skýringarnar sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna fékk frá sendinefnd Íslands voru að sönnunarerfiðleikar þessara brota væri aðalhindrunin og ástæða þess hve mörg mál eru felld niður hjá lögreglu og ákæruvaldi. Það er staðreynd að í dómaframkvæmd í kynferðisbrotamálum hafa líkamlegir áverkar og líkamlegt ofbeldi mjög mikla þýðingu varðandi sönnun um ásetning. Ef hvorki vitni né ytri ummerki eru til staðar verður að byggja niðurstöðu á öðrum gögnum, svo sem trúverðugleika vitna og á andlegum afleiðingum. Andlegar afleiðingar eru mun meiri, alvarlegri og varanlegri en hinar líkamlegu. Það eru beinlínis löglíkur á því að nauðgun hafi verið framin ef fyrir liggur að áliti sérfræðinga að þolandi hafi orðið fyrir slíku áfalli við kynmök og þau andlegu einkenni sem talin eru upp hér á eftir eru til staðar.

4.2 Líkamlegir áverkar.

Í skýrslu nauðgunarmálanefndar frá 1989 kemur fram að 48% kvenna veittu enga mótspyrnu við nauðguninni, en í 26% tilvika var mótspyrnan aðallega fólgin í því að reyna að verja sig og mótmæla verknaðinum. Aðeins fjórðungur kvenna veitti virka líkamlega mótspyrnu.

Frá því er greint í skýrslunni að rúmur helmingur kvenna hlaut nánast enga líkamlega áverka og hjá um þriðjungi var um minni háttar sýnilega áverka að ræða, svo sem marbletti, rispur og þrota á húð. Umtalsverðir líkamlegir áverkar voru aðeins í um 10% tilvika. Alvarlegustu áverkarnir voru marblettir á útlimum, brjóstkassa og mjöðmum, áverkar í andliti, sprungnar varir og blæðingar úr tannholdi.

4.3 Nauðgunarárásin.

„Öll viðbrögð kvenna við nauðgun eru eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum og þau miða að því að reyna að hafa einhverja stjórn á eigin lífi.“

Í lýsingum kvenna af nauðgun eru margir þættir sameiginlegir. Í fyrsta lagi kemur nauðgunin þeim ávallt á óvart. Gerendur eru yfirleitt karlar sem þær þekkja, ýmist fjölskyldumeðlimur, vinur eða kunningi. Í aðeins 15% af þeim málum sem bárust til Stígamóta árið 2006 var gerandinn ókunnugur. Karlar sem ætla að nauðga bera það ekki með sér, hvorki í útliti né hegðun. Flestar nauðganir eiga sér stað á heimilum. Yfirleitt er atburðarásin sú að venjulegar og hversdagslegar aðstæður breytast skyndilega í nauðgunarárás. Nauðgarinn hefur oftar en ekki skipulagt árásina fyrir fram, og nær undantekningarlaust þegar um hópnauðgun er að ræða. Þegar konur átta sig á aðstæðum kenna þær sjálfum sér oft um að hafa ekki séð aðstæðurnar fyrir og brugðist rétt við.

Það er einstaklingsbundið hvernig konur bregðast við árásinni. Margar frjósa af skelfingu og meta aðstæður þannig að besta leiðin sé að reyna að komast sem minnst skaddaðar frá árásinni. Aðrar berjast á móti. En það fyrsta sem þær gera ef þær hafa meðvitund til þess, er að reyna að átta sig á því hvernig þær geta sloppið sem best frá ofbeldinu, bæði líkamlega og andlega.

4.4 Sálrænar afleiðingar.

4.4.1 Fyrstu viðbrögð.

Samkvæmt alþjóðlegum sjúkdómsgreiningaskrám er áfallið í kjölfar nauðgunar líkt því sem einstaklingar verða fyrir við stórfelldar náttúruhamfarir, stríðsátök og stórslys. Það er sameiginlegt með þessum aðstæðum að þolandinn hefur það ekki í hendi sér hvort hann lifir eða deyr. Þessum áföllum fylgja oft mjög sterk viðbrögð sem kallast áfallastreituröskun. Almennt getur slík lífsreynsla leitt til viðvarandi ástands.

Það er einnig persónubundið hvernig konum gengur að takast á við afleiðingar nauðgana og hvernig þær leitast við að ná aftur stjórn á lífi sínu. Meðferðarúrræði eru þekkt en ríkið tryggir ekki endurhæfingu með greiðslu kostnaðar og endurhæfingarlífeyri.

Fyrstu viðbrögð þolenda nauðgana einkennast oft af doða, tómleika og óraunveruleikatilfinningu, brengluðu tímaskyni, spennu og öðrum áfallseinkennum. Erfitt er fyrir þolendur að átta sig á hvað hafi gerst í raun og veru og frásögn þeirra af atburðinum er oftar en ekki samhengislaus. Algengt er að þessi eðlilegu viðbrögð við ofbeldinu séu fyrir dómi notuð sönnunarlega gegn þolandanum. Líkamleg viðbrögð, svo sem skjálfti, hraður hjartsláttur, kviðverkir, niðurgangur, ógleði, uppköst og svimi, eru mjög oft áberandi og geta valdið hræðslu og óöryggi. Eirðarleysi, grátköst og ótti sömuleiðis. Þessi fyrstu viðbrögð vara mörg hver oftast stutt. Á þessum tíma geta tilfinningaviðbrögð verið frekar lítil og ekki í samræmi við aðstæður. Mörgum finnst þetta undarlegt og jafnvel óeðlilegt. Varast ber að draga miklar ályktanir út frá því vegna þess að doðinn er tímabundin vörn gegn hugsunum og tilfinningum tengdum nauðguninni. Eitt er víst að þær tímabundnu afleiðingar sem hér hefur verið lýst koma ekki fram í kjölfar sjálfviljugra kynmaka.

4.4.2 Langtímaafleiðingar.

Skömm er langalgengasta afleiðingin og er einkennandi fyrir 85% þolenda kynferðisofbeldis samkvæmt ársskýrslu Stígamóta frá árinu 2006. Það útskýrir ef til vill hvers vegna kært er í svo fáum nauðgunarmálum. Til samanburðar er reiði afleiðing í aðeins um 55% tilvika. Það kann að koma á óvart. Einkennandi fyrir þolendur er að kenna sjálfum sér um og

varpa ábyrgðinni ekki á gerandann. Léleg sjálfsmynd, sektarkennd og depurð eru mjög algengar afleiðingar og koma fram í rúmlega 70% tilvika.

Þunglyndi eftir nauðgun getur orðið langvarandi og endurspeglast í því að þolandanum finnst hann ekki hafa neina stjórn á eigin lífi og tilveru, en þetta geta einnig verið viðbrögð við reiði sem beinist inn á við. Þunglyndi og depurð leiða oft til kvíða, svefntruflana og einangrunar. Einnig er hætta á sjálfsvígstilraunum.

Erfiðleikar í kynlífi og svokallaðar svipmyndir eru einnig mjög algeng einkenni og koma fram í yfir 51% tilvika. Svipmyndir eru myndir og upplifanir tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega upp kollinum án fyrirvara og valda miklu hugarangri.

Aðrar algengar afleiðingar eru ótti og tilfinningalegur doði sem lýsir sér stundum þannig að konur deyfa allar tilfinningar um þennan atburð til þess að komast af. Í mörgum tilvika koma fram alvarleg hegðunarvandamál, einbeitingarskortur og sjálfssköðun, til dæmis er þekkt að konur skeri sig m.a. á handleggjum og fái átröskun sem hægt er að rekja til andlegs áfalls í kjölfar nauðgunar.

Þessi einkenni segja þó ekki alla söguna. Afleiðingarnar eru öllu alvarlegri til langs tíma litið. Sumir þolendur þróa með sér varanlegan sjúkdóm sem mótar alla þeirra tilveru og fjölskyldna þeirra til frambúðar. Stöðug spenna getur fylgt í kjölfarið og ef ekkert er að gert gefur sig eitthvað, líkamlegt eða andlegt. Fram hefur komið í viðtölum við sérfræðinga að 60–70% kvenna með geðraskanir og kvenna sem missa tök á lífi sínu, lenda til að mynda í neyslu fíkniefna og afbrotum, eiga að baki sögu um kynferðislegt ofbeldi. Komi þessar varanlegu afleiðingar fram er einsýnt að um nauðgun hafi verið að ræða. Hér verður einnig að halda því til haga að afleiðingar kynferðisofbeldis eru stærsta heilbrigðisvandamál heimsins sem snýr að konum.

Í athugasemdum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna hefur komið fram að það sé áhyggjuefni hve ákært er í fáum nauðgunarmálum hér á landi en í frumvarpinu eins og það var lagt fram á 135. löggjafarþingi (þskj. 630, 420. mál) var umfjöllun um það og gerður samanburður m.a. einstökum brotum, þ.e. með tilliti til fjölda brota og réttarverndar brotaþola og hugsanlegrar skýringar á því og vísast til umfjöllunar þar. Enn frekari nauðsyn ber til þess að lögfesta frumvarpið nú en þegar það var lagt fram fyrst. Helgast það af þeirri staðreynd að kynbundið ofbeldi er talið aukast mjög verulega þegar þjóðir glíma við efnahagskreppu og reynslan sýnir að vændi eykst þá einnig.

5. Lokaorð.

Verulegar breytingar hafa orðið á afstöðu manna hér á landi til mannréttinda og þýðingar þeirra og vægis sem grundvallarréttarheimildar. Fyrstu merki þessara breytinga má rekja til ýmissa dóma Hæstaréttar uppkveðinna á níunda áratug síðustu aldar, sbr. m.a. Hrd. 1988:1532 sem áður er getið. Íslenskir fræðimenn á sviði lögfræði, einkum Gaukur Jörundsson og Þór Vilhjálmsson, höfðu áður rutt brautina með fræðaskrifum. Í kjölfarið var mannréttindasáttmáli Evrópu innleiddur í íslenskan rétt með lögum nr. 62/1994 og umtalsverðar breytingar gerðar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar árið 1995. Af mannréttindaákvæðum leiðir að allan vafa ber að túlka mannréttindum og einstaklingum í hag. Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu eru meðal dýrmætustu réttinda hvers einstaklings. Þar trónir efst rétturinn til lífsins en síðan til líkama og sálarlífs, þar með talið kynfrelsið. Þessi réttindi verða ýmist alls ekki skert eða aðeins skert að uppfylltum ströngum skilyrðum.

Orðalag áður gildandi og núgildandi ákvæða almennra hegningarlaga um kynferðisbrot endurspeglar ekki þessa réttarþróun. Sama gildir um rannsóknir, sönnunarmat, ákærur og dóma í þessum málaflokki eins og tölulegar staðreyndir staðfesta. Af 103 tilkynningum til

lögreglu árið 2003 um brot gegn 194. gr., 195. gr. og 196. gr. almennra hegningarlaga leiddu aðeins fimm til sakfellinga fyrir dómi. Þessar tölur segja allt sem segja þarf um réttarvernd kynfrelsis en orðalag ákvæða almennra hegningarlaga um kynferðisbrot skýrir ekki eitt og sér þessar dapurlegu staðreyndir. Einnig má draga þá ályktun að karllæg hugsun sé ráðandi í málaflokknum og að ekki sé tekið mið af reynsluheimi kvenna, einkum þolenda. Sama gildir um verndarhagsmunina og afstöðu til samþykkis og andlegra afleiðinga, sbr. einnig dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 4. desember 2003 í máli gegn Búlgaríu.

Setja má stór spurningarmerki við rannsóknir, sönnunarmat og sönnunarbyrði í kynferðisbrotamálum. Eins og staðan er nú er ákæruvaldinu gert að sanna það að samþykki til kynmaka hafi ekki verið fyrir hendi. Ella virðist gerandi ekki verða ákærður eða sakfelldur, jafnvel þótt andlegir áverkar séu til staðar sem að mati sérfræðinga eru afleiðingar nauðgunar. Það fær illa samrýmst 71. gr. stjórnarskrárinnar að unnt sé refsilaust að skerða kynfrelsi þegar upplýst samþykki til kynmaka er ekki fyrir hendi. Ástæða er til að árétta að tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar nauðgunar eru augljósar og þekktar og einatt alvarlegri og síður læknanlegar en líkamlegir áverkar meiri háttar líkamsmeiðinga. Komi þessar andlegu afleiðingar fram eftir kynmök eru fram komnar fullnægjandi sannanir fyrir því að þolandanum hafi verið þröngvað til kynmaka, að ofbeldi hafi verið beitt eða hótun um ofbeldi. Kynmök án samþykkis fela í sér ofbeldi. Það blasir einnig við, eins og rökstutt er hér að framan, að líkamar manna og sálarlíf njóta minni réttarverndar en til að mynda bréf og híbýli manna. Það er refsivert að rjúfa bréfleynd eða húsfrið nema samþykki liggi fyrir.

Með frumvarpi þessu um breytingu á 194. gr. almennra hegningarlaga er lagt til að réttarvörslukerfið taki upp allt aðra hugsun og nálgun í kynferðisbrotamálum, að réttarvernd kynfrelsis verði lagalega tryggð. Það verður einnig að umbylta rannsóknaraðferðum og sönnunarmati í málum sem varða brot gegn kynfrelsi og leggja meginháherslu á verndarhagsmuni, tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar og samþykki, allt í samræmi við grunnhugsun mannréttindaákvæða um friðhelgi einkalífs. Ríkinu og stofnunum þess ber að tryggja að þessi brýnu einkalífsmannréttindi verði virk í reynd. Réttarvernd kynfrelsis er ekki tryggð núna og þær breytingar sem gerðar voru á 194. gr. almennra hegningarlaga á síðasta þingi breyta litlu um þau grundvallarsjónarmið sem hér hafa verið reifuð. Í frumvarpinu felast einnig skýr skilaboð til réttarvörslukerfisins um að taka nauðgunarmál sömu tökum og önnur ofbeldisbrot, eins og manndráp og líkamsárásir. Horfa þarf fyrst og síðast til afleiðinga nauðgunar þótt auðvitað þurfi að fara fram heildstæð rannsókn og mat á öllum þáttum brotsins eins og gildir þegar manndráp og líkamsárásir eiga í hlut. Hér er sjónum réttarvörslukerfisins beint að sönnunargögnum sem það hefur vanrækt að afla í nauðgunarmálum. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að slakað sé á meginreglum opinbers réttarfars um sönnun, enda engin þörf á því til að ná fram sakfellingum ef réttra aðferða er gætt við rannsókn lögreglu og öflun sönnunargagna. Frumvarpið sýnir einnig þann vilja löggjafarvaldsins að dómstólar þyngi refsingar fyrir kynferðislegt ofbeldi með því að færa lágmarksrefsingu úr einu ári í tvö. Dómstólar virðast vera tregir til að nýta núgildandi refsiramma. Um þann þátt málsins er vísað til úttekta Blaðsins fimmtudaginn 4. október og föstudaginn 5. október 2007.

Þess skal að lokum getið að sumarið 2007 var send kvörtun til Mannréttindadómstóls Evrópu yfir málsmeðferð lögreglu, ríkissaksóknara og dómsmálayfirvalda í nauðgunarmáli. Í því máli reynir á allar þær röksemdir og sjónarmið sem hér hafa verið reifuð, en kæran lýtur þó fyrst og fremst að því að mannréttindi kvenna hvað varðar kynfrelsi þeirra og friðhelgi einkalífs eru ekki virk í reynd. Að óbreyttum lögum og réttarframkvæmd má allt eins búast við því að áfellisdómur verði kveðinn upp gegn íslenska ríkinu, sbr. einnig áðurnefnt fordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu frá 4. desember 2003 í máli gegn búlgarska ríkinu.

Enn frekari nauðsyn ber til þess að lögfesta frumvarpið nú en þegar það var lagt fram fyrst. Helgast það af þeirri staðreynd að kynbundið ofbeldi er talið aukast mjög verulega þegar þjóðir glíma við efnahagskreppu.

Greinargerð þessi byggist á fræðigreininni „Réttarvernd kynfrelsis“ eftir Atla Gíslason og Jóhönnu Katrínu Magnúsdóttur sem birtist í afmælisriti Guðrúnar Erlendsdóttur, fyrrverandi hæstaréttardómara, Guðrúnarbók, sem gefin var út í Reykjavík í júní 2006.

50. Frumvarp til laga [49. mál]

um lagaskrifstofu Alþingis.

Flm.: Vigdís Hauksdóttir, Baldvin Jónsson, Eygló Harðardóttir,
Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson,
Margrét Tryggvadóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,
Sigurður Ingi Jóhannsson, Siv Friðleifsdóttir, Þór Saari.

1. gr.

Stofna skal lagaskrifstofu Alþingis sem hafi það hlutverk að samræma reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Starfsmenn lagaskrifstofu skulu vera alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis og Stjórnarráðsins til ráðgjafar um undirbúning löggjafar. Skal einkum líta til þess að frumvörp standist stjórnarskrá og alþjóðasamninga sem íslenska ríkið er bundið af og að frumvörp séu lagatæknilega rétt. Lagaskrifstofa skal einnig ganga úr skugga um að frumvörp standist þjóðréttarlegar skuldbindingar og séu í samræmi við gildandi lög, að þau séu nákvæm, skýr og auðskiljanleg og gjaldtökuheimildir séu skýrar.

2. gr.

Á lagaskrifstofu skulu starfa fimm manns og skulu allir vera lögfræðimenntaðir og að minnsta kosti skulu tveir vera prófessorar í lögum. Forseti Alþingis skipar einn lagaprófessor að tillögu forsætisnefndar Alþingis og skal hann jafnframt vera í forsvari lagaskrifstofu, tveir menn skulu skipaðir að tillögu lagadeildar Háskóla Íslands og skal annar þeirra vera prófessor í lögum og tveir skulu skipaðir að tillögu Lögmannafélags Íslands. Skipunartími skal vera fimm ár og kjararáð skal úrskurða um starfskjör.

3. gr.

Lagaskrifstofa setur sér sjálf starfsreglur og kveður nánar á um hlutverk sitt, sbr. 1. gr., og skal forsætisnefnd staðfesta þær.

4. gr.

Lagaskrifstofa er sjálfstæð stofnun og skal gæta jafnræðis við undirbúning mála og aðstoð við alþingismenn, sbr. 1. gr.

5. gr.

Starfsemi lagaskrifstofu skal tryggð með framlögum úr ríkissjóði í fjárlögum hvers árs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

I.

Frumvarp sama efnis var flutt á 138. löggjafarþingi en var ekki útrætt.

Á Norðurlöndum er það liður í starfsemi ráðuneyta að starfrækja sérstakar lagaskrifstofur sem hafa það hlutverk að fara yfir stjórnarfrumvörp og kanna m.a. hvort á þeim séu lagatæknilegir ágallar eða hvort þau samræmist stjórnarskrá. Þetta er ekki reyndin hér á landi og ekki heldur er hér starfandi lagaráð á vegum Alþingis sem hefur þetta hlutverk með höndum. Yfirgnæfandi meiri hluti lagafrumvarpa sem samþykkt eru á Alþingi koma frá Stjórnarráðinu en hér á landi er hvorki starfandi lagaskrifstofa hjá Stjórnarráði Íslands né starfandi lagaráð hjá Alþingi sjálfu.

Í skýrslu sem gefin var út af forsætisráðuneytinu 1999 og ber heitið Starfsskilyrði stjórnvalda eru settar fram vangaveltur um þetta efni. Á bls. 72 í skýrslunni er kafli sem ber heitið *Lagaskrifstofa eða lagaráð?* Þar kemur fram að ekki er farið ítarlega og skipulega yfir öll lagafrumvörp hér á landi og ekki kannað hvort lagatæknilegir ágallar eru á þeim áður en þau eru lögð fyrir Alþingi og samþykkt sem lög. Því kemur ekki á óvart að miklu fleiri hnökrar eru á íslenskri löggjöf en annars staðar á Norðurlöndum.

Engum vafa er undirorpið að sú skipan sem Alþingi býr við er ófullnægjandi. Má segja að hlutverk Hæstaréttar sé að dæma í slíkum málum en það gerist ekki fyrr en lög hafa verið sett og mál höfðað. Réttara væri að óháður aðili kæmist að niðurstöðu um álitamál þegar frumvarp er undirbúið. Að sjálfsögðu hefði Hæstiréttur eftir sem áður síðasta orðið ef svo færi að Alþingi samþykkti lög sem einhver teldi fara í bága við stjórnarskrá og hæfi málarekstur.

Þess má geta að í gildi eru lög nr. 48/1929, um laganefnd. Í 2. gr. laganna kemur fram að laganefnd sé skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, þingnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrumvarpa, samræmingu laga og annan undirbúning löggjafarmála. Ekki er vitað til að á þetta ákvæði hafi reynt eða að laganefnd hafi komið saman eftir að lögin voru samþykkt.

II.

Á 116. löggjafarþingi lagði Páll Pétursson alþingismaður fram þingsályktunartillögu, þskj. 755, 441. mál, um að sett yrði á stofn lagaráð til ráðgjafar um lögfræðileg álitaefni, einkum hvað varðar stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar og til að gæta lagasamræmis. Skylt yrði að leggja fyrir lagaráð öll stjórnarfrumvörp þar sem reyna kynni á ákvæði stjórnarskrár. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kom fram að Alþingi skorti mjög óháðan aðila til að kanna og kveða upp úr um lögfræðileg álitaefni. Þetta væri einkum bagalegt þegar um væri að ræða viðkvæm deilumál er snertu stjórnarskrá Íslands, mannréttindamál og alþjóðlegar skuldbindingar og þegar gæta þyrfti lagasamræmis. Þessi hugmynd var því komin fram á árinu 1992 og studdist flutningsmaður við yfirlit sem danska þingið hafði þá látið taka saman, dags. 5. september 1991, um lögfræðilegt eftirlit og sérfræðiráðgjöf í ýmsum þjóðþingum Evrópuríkja. Þar kemur fram að í öllum þeim ríkjum sem athuguð voru er það skylda þingforseta að athuga hvort frumvörp séu í samræmi við stjórnarskrá áður en þau eru tekin á dagskrá. Ef samt sem áður koma fram efasemdir við meðferð máls um hvort það sé í samræmi við stjórnarskrá er mismunandi úrræðum beitt í einstökum ríkjum. Páll Pétursson alþingismaður lagði fram óbreytta þingsályktunartillögu

um lagaráð á 117. löggjafarþingi, þskj. 530, 338. mál, og á 118. löggjafarþingi, þskj. 486, 321. mál, en þær hlutu ekki brautargengi.

Málið var endurvakið á 126. löggjafarþingi, þskj. 76, 76. mál, þá í formi lagafrumvarps um lagaráð. Flutningsmenn voru Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson.

Í 1. gr. frumvarpsins var lagt til að á vegum Alþingis starfaði lagaráð sem hefði það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Lagaráð yrði Alþingi og Stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar, um það hvort frumvörp stæðust stjórnarskrá eða alþjóðasamninga sem íslenska ríkið væri bundið af eða hvort á frumvörpum væru lagatæknilegir ágallar. Í greinargerð með frumvarpinu voru færð fram rök fyrir því hvers vegna lagaráð ætti að heyra undir Alþingi en ekki Stjórnarráð Íslands með þessum orðum:

„Ástæðan fyrir því að sú leið er farin hér að stofna lagaráð en ekki lagaskrifstofu við Stjórnarráð Íslands sem hefði sama hlutverk með höndum, er fyrst og fremst sú að með þessu fyrirkomulagi er verið að styrkja þátt Alþingis í lagasetningunni. Sú stjórnskipan sem við búum við og byggist á þrígreiningu ríkisvaldsins í löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald hefur réttilega verið gagnrýnd fyrir það hversu sterkt framkvæmdarvaldið hefur verið á kostnað hinna þáttanna tveggja og úr því þarf að bæta til þess að efla og bæta lýðræðið hér á landi.“

Frumvarpið náði ekki fram að ganga og ekki heldur þegar það var endurflutt á 127. löggjafarþingi, þskj. 35, 35. mál.

III.

Nauðsynlegt er að starf lagaskrifstofu Alþingis verði ekki íþyngjandi fyrir þingmenn enda er með frumvarpi þessu um að ræða bætt vinnubrögð í lagasetningu. Þingmenn verða að hafa frelsi til að leggja fram þau frumvörp og þær þingsályktunartillögur sem þá fýsir en þó að uppfylltu ákvæði 1. gr. frumvarpsins eins og kostur er. Hér á landi er löng hefð fyrir meirihlutastjórnum, með örfáum undantekningum, og því er nauðsynlegt að starfandi minni hluti fái notið jafnræðis í framlagningu mála.

IV.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis er mikilvægt en um embættið gilda lög nr. 85/1997. Samkvæmt 11. gr. þeirra laga skal umboðsmaður tilkynna Alþingi, svo og hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn, eftir því sem við á, verði hann þess var að „meinbugir“ séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum. Í 11. gr. reglna nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, er svo mælt fyrir að auk meinbuga á lögum og almennum stjórnvaldsfyrirmælum skuli umboðsmaður einnig gera fyrrnefndum aðilum viðvart, verði hann þess var, að „meinbugir“ séu á starfsháttum í stjórnsýslu. Í greinargerð, er fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, kemur fram að meinbugir á lögum geti verið formlegs eðlis, svo sem misræmi milli ákvæða, prentvillur, óskýr texti o.fl. Einnig geti meinbugir verið beinlínis fólgnir í efnisatriðum, svo sem mismunun milli manna án þess að til þess liggi viðhlítandi rök eða að reglugerðarákvæði skorti lagastoð o.fl. Þá hefur umboðsmaður litið svo á að undir ákvæði 11. gr. falli m.a. þau tilvik þegar ákvæði laga rekast á eða íslensk lög eru ekki í samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt alþjóðasáttmálum til verndar mannréttindum.

Þau úrræði sem eru í boði hér á landi til að fá úr því skorið hvort lagafrumvarp standist verða fyrst virk eftir að frumvarpið er orðið að lögum og er því ætíð um lagatúlkun eftir á að

ræða. Í ársskýrslum umboðsmanns Alþingis, sem starfað hefur í rúm 20 ár, er vel á annað hundrað mála sem embættið hefur vakið athygli á sem varða „meinbugi á lögum“, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Svo mikill málafjöldi hjá embættinu er algjörlega óásættanlegur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpi þessu er lagt til að stofnuð verði lagaskrifstofa á vegum Alþingis sem hafi það hlutverk að samræma reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Á liðnum árum hefur það nokkrum sinnum gerst að löggjafarvaldið hefur samþykkt lög sem ekki hafa verið nægilega ígrunduð og vönduð. Sum hafa beinlínis gengið gegn stjórnarskrá eða hafa aðra lagatæknilega ágalla. Eru þessi tilfelli áberandi fleiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Íslendingar standa nú á rústum hugmyndafræði sem gekk ekki upp. Því er afar mikilvægt að traust á löggjafarvaldið verði sem mest í þeirri uppbyggingu sem fram undan er og er stofnun lagaskrifstofu liður í því. Frumvörp sem verða að lögum á löggjafarþingi þjóða eiga að vera það vel unnin í upphafi að þau séu nánast óumdeilanleg. Slík lagasetning léttir álagið á eftirlitsstofnanir og dómstóla. Nauðsynlegt er að létta álagið á umboðsmanni Alþingis en hann hefur haft vel á annað hundrað mála til afgreiðslu, sem beinlínis er hægt að rekja til meinbuga á lögum, síðan embættið var stofnað. Jafnframt yrði gríðarlegu álagi létt af dómstólum landsins.

Um 2. gr.

Á lagaskrifstofu skulu starfa fimm manns og skulu allir vera lögfræðimenntaðir. Mikilvægt er að þeir aðilar sem veljast til starfa á lagaskrifstofu hafi yfirgripsmikla þekkingu á lögum. Er lagt til að í það minnsta skuli vera tveir lagaprófessorar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Lagaskrifstofa er sjálfstæð stofnun og hennar hlutverk er að styrkja löggjafann í störfum sínum. Hlutleysi hennar skal vera algjört og eitt aðalhlutverk hennar er að gæta jafnræðis við undirbúning mála og aðstoð við alla alþingismenn, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Um 5. og 6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

51. Frumvarp til laga [50. mál]

um sölu sjávarafla o.fl.

Flm.: Baldvin Jónsson, Þór Saari, Margrét Tryggvadóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að bæta umgengni um nytjastofna sjávar, efla innlenda fiskvinnslu og stuðla að því að nytjastofnar sjávar verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafrakstur fyrir íslensku þjóðina.

2. gr.

2., 3. og 5. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, er verður IV. kafli, **Sala sjávarafla**, með tveimur nýjum greinum, 12. gr. a og 12. gr. b, svohljóðandi, og breytast númer annarra kafla samkvæmt því:

a. (12. gr. a.)

Allur sjávarafli, þó ekki rækja, humar og uppsjávarfiskur, sem veiddur er úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal seldur á innlendum uppboðsmarkaði sjávarafla er fengið hefur leyfi Fiskistofu. Heimilt er að selja afla í beinum viðskiptum í innlenda fiskvinnslu og skal þá verð milli útgerðar og fiskvinnslu ákvarðast af markaðsverði söludagsins eða síðasta þekkta markaðsverði á uppboðsmarkaði.

b. (12. gr. b.)

Heimilt er að selja fullunninn frystan afla utan innlends fiskmarkaðar skv. 12. gr. a. Til fullunnins frysts afla telst sjávarafli sem hefur verið veiddur og í kjölfarið unninn um borð í frystiskipi, honum pakkað og hann verið flakaður, flattur, sneiddur, roðdreginn, hakkaður eða verkaður á annan hátt og hann frystur að vinnslu lokinni. Þegar aðeins fer fram frysting um borð í frystiskipi á heilum eða hausskornum fiski eða heilfrysting á rækju telst slíkur afli ekki til fullunnins frysts afla í skilningi laga þessara.

II. KAFLI

Breyting á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 43/1985, með síðari breytingum.

4. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Við ákvörðun um verð á þeim sjávarafla sem undir gildissvið laga þessara fellur skal Verðlagsráð skipað 8 fulltrúum, jafnmörgum frá fiskseljendum og fiskkaupendum skv. 1. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Fiskideild. Þegar ákveða skal verð á rækju, humri og uppsjávarfiski skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda skv. 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 1 frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og 1 frá Sjávarafurðadeild S.Í.S. og 2 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Framangreint á þó ekki við um sjávarafla sem tilgreindur er í 4. og 5. gr.
b. Orðin „og hörpudiski“ í 2. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „sjávarafla“ í 3. mgr. kemur: rækju, humri og uppsjávarfiski.

6. gr.

6. gr. laganna orðast svo:
Verð á öllum tegundum óunnins sjávarafla, úrgangsfiski og fiskúrgangi, sem seldur er hér á landi, skal ákveðið með sölu á innlendum uppboðsmarkaði, sbr. lög nr. 79, 24. maí 2005, með síðari breytingum.

7. gr.

1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla sem undir gildissvið laganna fellur meðal annars hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra.

III. KAFLI
Breyting á lögum um uppboðsmarkaði sjávarafla, nr. 79/2005, með síðari breytingum.

8. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, nr. 24/1986, með síðari breytingum.

9. gr.

2. gr. laganna orðast svo:
Þegar fiskiskip sem vinna afla um borð landa í erlendri höfn samkvæmt heimild Fiskistofu, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 57/1996, með síðari breytingum, er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta, aflaverðlauna og aukaaflaverðlauna 64% af því heildarverðmæti (brúttósöluverðmæti) sem útgerðin fær fyrir hann. Þetta hlutfall skal þó vera 70% þegar fiski er landað til bræðslu erlendis.

10. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

V. KAFLI
Gildistaka.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2011.

Greinargerð.

Markmiðið með frumvarpi þessu er að hámarka arð þjóðarinnar af auðlindum sjávar og efla atvinnustarfsemi innan lands. Þá er markmið þess jafnframt að auka aðkomu og yfirsýn

íslenskra stjórnvalda með viðskiptum með sjávarafurðir, hvort sem þær eru veiddar innan efnahagslögsögunnar eða tilheyri íslenskum deilistofnum.

Gert er ráð fyrir því að meðal áhrifa lagafrumvarpsins verði aukin samkeppni um veiddan afla og bætt aðgengi íslenskra fiskvinnslufyrirtækja að fiski til vinnslu, sem muni hafa jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu og atvinnusköpun á landinu. Þannig mun nálægð innlendra fiskvinnslustöðva við fiskimiðin nýtast þeim þar sem allur afli verði boðinn upp á innlendum uppboðsmörkuðum.

Með frumvarpinu er ráðgert að veita innlendum fiskvinnslum raunverulegan aðgang að því hráefni sem annars hefur verið flutt úr landi óhindrað. Núverandi uppboðskerfi á óunnum sjávarafla sem fluttur er á erlenda fiskmarkaði hefur ekki virkað í raun. Lágmarksverð sem útgerðir hafa skráð á uppboðsvef hefur oftar en ekki verið mun hærra en markaðsverð á fiski á innlendum mörkuðum og mun hærra en það verð sem opinberar tölur um raunverulegt söluverð á erlendum mörkuðum gefa til kynna. Innlendar fiskvinnslur hafa því í raun ekki haft aðgang að þessu hráefni þrátt fyrir fögur fyrirheit þar um. Telja frumvarpshöfundar að með því að bjóða allan fisk, að undanskildum uppsjávarfiski, humar og rækju, til sölu á innlendum fiskmarkaði sé verið að jafna samkeppnisstöðu innlendra fiskvinnslustöðva gagnvart erlendum fiskkaupendum en um leið sé verðmæti óunninna afurða hámarkað í heilbrigðri samkeppni um hráefni.

Með frumvarpinu er þó á engan hátt verið að leggja hömlur við því að erlendar fiskvinnslustöðvar kaupi eftir sem áður íslenskan fisk til vinnslu. Þau kaup þurfa þá að eiga sér stað á viðurkenndum innlendum fiskmarkaði þar sem erlendir og innlendir aðilar keppa um hráefnið á jafnræðisgrundvelli. Þá er með frumvarpinu ekki komið í veg fyrir að ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða ríkisborgarar Færeyja geti sýslað með íslenskan sjávarafla. Er beinlínis ráð fyrir því gert í a-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 75/2009, um uppboðsmarkaði sjávarafla, að ríkisborgarar framangreindra ríkja, sem einnig uppfylla önnur skilyrði laganna, geti fengið leyfi til reksturs uppboðsmarkaða með sjávarafla á Íslandi.

Um svokölluð frystiskip gilda í ýmsum tilvikum önnur lögmál, þar sem mörg þeirra skipa eru búin fullkomnum vinnslubúnaði sem nýttur er til fullvinnslu afla um borð. Þjónar það vart framangreindum markmiðum frumvarpsins að skylda slík skip til þess að selja afla sinn á viðurkenndum uppboðsmarkaði. Af þeim sökum er gerð sú undantekning að heimilt sé að selja fullunninn frystan afla utan innlends fiskmarkaðar. Er sett fram skilgreining á því hvað teljist til fullunnins frysts afla samkvæmt frumvarpinu. Í framkvæmd hefur ekki legið fyrir nein óyggjandi skilgreining á hugtökunum *frystiskip* og *frystitogari*. Kann slíkt að vera afleiðing þess að íslensk fiskveiðilöggjöf er margvísleg og hún sett fram í þeim tilgangi að ná fram margvíslegum markmiðum. Er skilgreining á fullunnum frystum afla byggð á skilgreiningu hugtaksins *vinnsluskip* sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, og hugtaksins *fullvinnslu* sbr. 1. gr. laga nr. 54/1992, um vinnslu afla um borð í skipum, að breyttu breytanda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins nr. 43/1985 verði breytt á þann veg að þau taki einungis til þeirra fisktegunda sem undanþegin verði þeirri skyldu að vera seld á fiskmarkaði eða verðleggjast eftir markaðsvirði, þ.e. uppsjávarfisks, humars og rækju. Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 84/1991, um breytingu á lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sem fólu í sér innleiðingu meginreglunnar um frelsi til ákvörðunar á verði fersks sjávarafla, kemur eftirfarandi m.a. fram:

„[L]agt [er] til að dregið verði úr hlutverki Verðlagsráðs sjávarútvegsins í áföngum og frjálsræði við ákvarðanir á verði fersks sjávarafla verði aukið að sama skapi. Með samþykkt núgildandi laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins á árinu 1985 var Verðlagsráði heimilað að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa ef sérstaklega stóð á enda væri um það einróma samkomulag í ráðinu. Þessari heimild hefur verið beitt með ágætum árangri varðandi tilteknar tegundir, t.d. loðnu en samstöðu hefur skort í ráðinu til að beita heimildinni í ríkum mæli varðandi aðrar tegundir, þar á meðal ýmsar mikilvægustu tegundir sjávarfangs svo sem botnfisk. Þrátt fyrir það hafa áhrif verðákvarðana ráðsins sífellt haft minni og minni þýðingu því að í framkvæmd hefur verð verið ákveðið í æ ríkara mæli með samkeppnisboðum á uppboðsmarkaði eða frjálsum samningum. […] Upp geta þó komið þær aðstæður á einstökum sviðum að skynsamlegt þyki að ákveða lágmarksverð. Er því lagt til að ráðið verði áfram til og geti tekið ákvarðanir um lágmarksverð sé fyrir því meiri hluti í ráðinu.“

Frá gildistöku laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur löggjöf er varðar veiðar og vinnslu á sjávarfangi breyst nokkuð auk þess sem löggjöf um fyrirtækjarekstur í landinu hefur tekið verulegum breytingum. Má þar helst nefna að löggjafinn hefur sett samkeppnislög sem hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Hefur löggjafinn með setningu framangreindra laga fallist á þann meginþátt kenningarinnar um samkeppni að á heildina litið leiði samkeppni í viðskiptum á markaði til hagfelldari niðurstöðu fyrir almenning en viðskipti í skugga afskipta ríkisvaldsins. Þá ber að geta þess að miklar breytingar hafa átt sér stað á háttum og eðli nær allra viðskipta í ljósi aukinnar samvinnu milli þjóða, m.a. um opnum markaða. Af þeim sökum hafa áherslur breyst og verðákvarðandi samstarfsvettvangar jafnvel verið talinn markaðinum skaðlegur.

Með tilliti til framangreindra sjónarmiða um eflingu samkeppni verður að líta til þess að þegar um er að ræða bein viðskipti með afla og aðilar hafa á höndum bæði útgerð og fiskvinnslu eða eru tengdir á annan hátt skapast hætta á óeðlilegri undirverðlagningu. Af þeim sökum telja frumvarpsflytjendur eðlilegt að slíkum viðskiptum fylgi sú kvöð að uppgjör milli veiða og vinnslu verði á markaðsverði þess dags sem viðskiptin fara fram eða þá á síðasta þekkta markaðsvirði hafi slík viðskipti ekki átt sér stað þann daginn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með frumvarpsgreininni er stefnt að breytingu á markmiðsákvæði 1. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, með síðari breytingum, til samræmis við þau markmið sem að er stefnt með frumvarpinu. Eins og fram hefur komið miðar frumvarpið að því að hámarka arð þjóðarinnar af auðlindum sjávar og efla atvinnustarfsemi innan lands. Þar að auki er að því stefnt að bæta aðkomu og yfirsýn íslenskra stjórnvalda með viðskiptum með sjávarafurðir, hvort sem þær eru veiddar innan efnahagslögsögunnar eða tilheyra íslenskum deilistofnum.

Um 2. gr.

Þar sem markmiðið með frumvarpinu er að verða til þess að óunnum sjávarafla verði landað og hann seldur á viðurkenndum fiskmarkaði innan lands er í greininni gert ráð fyrir að felld verði brott þau ákvæði laganna sem kveða beint eða óbeint á um heimild til hins gagnstæða, þ.e. ákvæði sem heimila ráðherra til að ákveða með reglugerð að ísfiski sé landað í erlendum höfnum eða hann fluttur úr landi óveginn og ákvæði um tilhögun slíkrar löndunar.

Þá er jafnframt fellt brott ákvæði sem fjallar um heimild Fiskistofu til innheimtu kostnaðar sem fellur til erlendis vegna úttektar eða eftirlits með fiskmarkaði.

Um 3. gr.

Í núgildandi lögum um nytjastofna sjávar er kveðið á um tilhögun veiða í II. kafla og vigtun sjávarafla í III. kafla. Má því segja að lögin fjalli að meginstefnu til, beint og óbeint, um það hvernig meðhöndla eigi sjávarafla við og eftir veiðar. Að teknu tilliti til uppbyggingar annarra laga á sviði fiskveiða má telja rökrétt að staðsetja ákvæði sem fjalla um sölu sjávarafurða í téðum lögum.

Um a-lið (12. gr. a).

Í 1. málsl. er kveðið á um þá meginreglu að allur sjávarafli sem veiddur er úr stofnum sjávardýra, bæði þeirra sem halda sig í efnahagslögsögu Íslands og þeirra sem teljast til deilistofna, skuli seldur á innlendum uppboðsmarkaði sjávarafla er fengið hefur leyfi Fiskistofu. Er gildissvið meginreglunnar afmarkað á þann hátt að hún nær til alls sjávarafla, með hliðsjón af orðskýringu 2. gr. laga um sjávarafla nr. 55/1998, að rækju, humri og uppsjávarfiski undanskildum.

Í 2. málsl. er sett fram undantekning frá meginreglu 1. málsl. er kveður á um að heimilt skuli vera að selja afla í beinum viðskiptum í innlenda fiskvinnslu og að undir þeim kringumstæðum skuli verð á milli útgerðar og fiskvinnslu ákvarðast af markaðsverði söludagsins eða síðasta þekkta markaðsverði á uppboðsmarkaði ella. Er með beinum viðskiptum átt við að ekki þurfi aðkomu uppboðsmarkaðar til þess að slíkur sölu- eða kaupsamningur teljist lögmætur. Með téðri undantekningu er aðeins innlendum fiskvinnslufyrirtækjum heimilað að kaupa afla af útgerð án milliliðar. Byggist undantekningin einkum á sjónarmiðum um að með því móti verði ferskleiki afla til vinnslu betur tryggður og þar með komið í veg fyrir ákveðna sóun verðmæta. Er slíkt fyrirkomulag einkum viðeigandi sé litið til þess að hér á landi hefur það tíðkast að fiskvinnsla og útgerð séu í eigu sömu eða tengdra aðila. Slík rök geta hins vegar vart átt við um afla sem flytja þarf langar vegalengdir til frekari vinnslu hjá óskyldum aðilum.

Um b-lið (12. gr. b)

Í greininni er gert ráð fyrir annarri undantekningu frá meginreglu 1. málsl. a-liðar. Hér er kveðið á um að heimilt verði að selja fullunninn frystan afla utan innlends fiskmarkaðar. Eðli málsins samkvæmt þjónar það vart því markmiði frumvarpsins að efla innlenda fiskvinnslu að selja fullunninn frystan sjávarafla á innlendum fiskmarkaði. Er því sett fram sú skilgreining að til fullunnins frysts afla teljist sjávarafli sem hefur verið veiddur og í kjölfarið unninn um borð í frystiskipi, honum pakkað og hann flakaður, flattur, sneiddur, roðdreginn, hakkaður eða verkaður á annan hátt og svo frystur að vinnslu lokinni.

Um 4. gr.

Í 2. gr. núgildandi laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins er kveðið á um þann fjölda fulltrúa sem skipa skuli Verðlagsráð þegar teknar eru ákvarðanir um verð á sjávarafla. Ráðgert er að draga úr hlutverki Verðlagsráðs þannig að verðákvarðanir þess taki aðeins til rækju, humars og uppsjávarfisks en ekki annars sjávarafla. Er þannig gert ráð fyrir því að meginregla 6. gr. laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem áætlað er að gera á henni, gildi um allan annan sjávarafla. Þannig skuli verð á óunnum sjávarafla ákveðið með sölu á uppboðsmarkaði.

Um 5. gr.

Eins og fram hefur komið er ráðgert að draga úr hlutverki Verðlagsráðs þannig að verðákvarðanir þess taki aðeins til rækju, humars og uppsjávarfisks en ekki annars sjávarafla. Verðlagsráði sjávarútvegsins er skipt í fiskideild, sildarsöltunardeild og bræðsludeild og hefur fiskideild farið með ákvörðunarvald um verð á öðrum sjávarafla en þeim sem hinar tvær deildirnar annast. Þar sem frumvarpinu er m.a. ætlað að draga úr valdi Verðlagsráðs til þess að ákvarða verð á sjávarafla verður ekki hjá því komist að takmarka um leið valdsvið fiskideildar ráðsins. Í a-lið greinarinnar er því lögð til breyting á 3. gr. laganna til samræmis við það að gert er ráð fyrir því að fiskisdeildin komi að verðákvörðunum varðandi rækju, humar og uppsjávarfisk en ekki annan sjávarafla.

Samkvæmt b-lið greinarinnar er gert ráð fyrir því að orðin „og hörpudiski“ falli brott úr 2. mgr. 3. gr. laganna. Til samræmis við meginreglu 6. gr. laganna, með áætluðum breytingum, er gert ráð fyrir að téð málsgrein taki aðeins til verðákvarðana á rækju en verð á hörpudiski ákvarðist samkvæmt meginreglu 6. gr.

C-liður greinarinnar er í samræmi við þá breytingu sem áætlað er að gera á verksviði Verðlagsráðs sjávarútvegsins og þegar hefur verið gerð grein fyrir.

Um 6. gr.

Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir því að meginregla 6. gr. laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins gildi um allan sjávarafla annan en rækju, humar og uppsjávarfisk, lifur og fiskúrgang úr slíkum sjávarafla, síld til söltunar og síld og loðnu til bræðslu. Þannig skuli verð á óunnum sjávarafla ákveðið með sölu á uppboðsmarkaði en ekki á grundvelli ákvarðana Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Er af þeim sökum kveðið á um það í þessari grein að verð á öllum tegundum óunnins sjávarafla, úrgangsfiski og fiskúrgangi sem seldur verði hér á landi skuli ákveðið með sölu á innlendum uppboðsmarkaði, sbr. lög nr. 79, 24. maí 2005, með síðari breytingum.

Um 7. gr.

Með greininni er tilgreiningu 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna, er varðar þætti sem líta ber til við verðákvarðanir, breytt til samræmis við þrengingu á verkefnasviði Verðlagráðs sjávarútvegsins.

Um 8. gr.

Hér er mælt fyrir um brottfall 7. gr. laga um uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla en í þeirri grein kemur fram að um sjávarafla, sem seldur er á uppboðsmarkaði, gildi ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Þar sem stefnt er að því með frumvarpinu að meginreglan um frjálsa verðmyndun sjávarafla á markaði fái aukið vægi þykir ákvæðið óþarft.

Um 9. gr.

Lögð er til sú breyting á 2. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins að aðeins verði þar kveðið á um hvert skiptaverðmæti afla skuli vera þegar fiskiskip sem vinna afla um borð landa í erlendri höfn samkvæmt heimild Fiskistofu, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Er breytingin gerð til samræmis við þá breytingu að ekki verði lengur gert ráð fyrir því að fiskiskip sigli með ísfisk til sölu í erlendri höfn heldur fari sala á ísfiski undantekningalaust fram á innlendum uppboðsmarkaði.

Um 10. gr.

Eins og fram hefur komið er í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ekki verði sá háttur hafður á að fiskiskip sigli með ísfisk til sölu í erlendri höfn, heldur fari sala á ísfiski undantekningarlaust fram á innlendum uppboðsmarkaði. Af þeim sökum er óþarft að kveða á um það í lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins hvernig skiptaverð afla fiskiskipa sem fluttur er ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði skuli reiknað.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

52. Fyrirspurn [51. mál]

til heilbrigðisráðherra um störf á heilbrigðisstofnunum.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hvað er áætlað að margir missi vinnuna á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni nái niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar fram að ganga? Svar óskast sundurliðað eftir kynjum.

Skriflegt svar óskast.

53. Fyrirspurn [52. mál]

til utanríkisráðherra um atkvæðagreiðslu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hver ákvað að fulltrúi Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sæti hjá við atkvæðagreiðslu um ályktunartillögu um að aðgangur að hreinu vatni teljist til mannréttinda?
2. Var búið að ræða málið í utanríkismálanefnd áður en til atkvæðagreiðslunnar kom?
3. Er ekki líklegt að ímynd Íslands sem ósnortins, hreins lands, skaðist við þessa ákvörðun?
4. Var þarna um að ræða stefnubreytingu hjá íslenskum stjórnvöldum?

54. Fyrirspurn [53. mál]

til fjármálaráðherra um samkomulag við Seðlabankann í Lúxemborg um kaup á útistandandi skuldabréfum Avens B.V. sem voru í eigu Landsbankans í Lúxemborg.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hve hátt var hlutfall reiðufjár í kaupum á útistandandi skuldabréfum Avens B.V. sem voru í eigu Landsbankans í Lúxemborg og hver var upphæðin í íslenskum krónum á kaupdegi?
2. Hve hátt var hlutfall íbúðabréfa í þessum kaupum og hver var upphæðin í íslenskum krónum á kaupdegi?
3. Hve hátt var hlutfall ríkisbréfa í þessum kaupum og hver var upphæðin í íslenskum krónum á kaupdegi?
4. Hversu hátt hlutfall íbúðabréfanna voru bréf útgefin af Íbúðalánasjóði og hver var upphæðin í íslenskum krónum?
5. Hversu hátt hlutfall íbúðabréfanna var tengt við gengisvísitölu, sem nú hefur verið dæmd ólögleg, og hver var upphæðin í íslenskum krónum?
6. Á hvaða verði, í íslenskum krónum á kaupdegi, keyptu lífeyrissjóðirnir þessi bréf af Seðlabanka Íslands?
7. Hefur Seðlabanki Íslands, f.h. ríkissjóðs, gert kröfu í þrotabú Landsbankans til að fá að fullu bætta þá upphæð sem skuldabréfið sem greitt var með fyrir Avens B.V. hljóðar upp á, eða er litið svo á að um tapað fé sé að ræða fyrir ríkissjóð að undanskilinni sölu íbúðabréfa til lífeyrissjóðanna?

Skriflegt svar óskast.

55. Fyrirspurn [54. mál]

til utanríkisráðherra um greiðslur til þróunarsjóðs EFTA.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hefur utanríkisráðuneytið, með tilliti til efnahagsástandsins hér á landi, leitað eftir undanþágum frá greiðslu til þróunarsjóðs EFTA sem samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2011 er 1.493.000.000 kr., ætlaðar til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti?
2. Var reynt að fá undanþágu frá samningi við þróunarsjóðinn um nýtt úthlutunartímabil, 2010–2014, sem hefði leitt til rúmlega 8 milljarða kr. sparnaðar fyrir ríkissjóð á þessu árabili?
3. Tengjast þessir samningar á einhvern hátt umsókn Íslands um aðild að að Evrópusambandinu?

Skriflegt svar óskast.

56. Frumvarp til laga [55. mál]

um breytingu á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2011 hefst tímabundin frestun greiðslna skv. 11. gr. laganna þegar umboðsmaður hefur móttekið umsókn um greiðsluaðlögun. Frestunin tekur einnig til umsókna sem umboðsmaður hefur móttekið fyrir gildistöku laga þessara.

Móttaka umboðsmanns skuldara á umsókn leiðir þó ekki til tímabundinnar frestunar greiðslna ef umsókn umsækjanda um greiðsluaðlögun hefur verið hafnað á síðustu þremur mánuðum.

Þegar umboðsmaður skuldara hefur móttekið umsókn skal stofnunin óska eftir því að athugasemd um að umsókn um greiðsluaðlögun hafi borist umboðsmanni verði skráð í þinglýsingabækur, eftir því sem við á. Skal sú skráning vera gjaldfrjáls.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. júní 2010 samþykkti Alþingi lög nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, og tóku lögin gildi 1. ágúst sl. Þann dag tók embætti umboðsmanns skuldara til starfa.

Mikið álag hefur verið á embætti umboðsmanns skuldara frá stofnun þess og hafa stofnuninni borist 426 umsóknir um greiðsluaðlögun. Þörfin fyrir greiðsluaðlögun einstaklinga er mikil og ljóst er að hið nýja embætti umboðsmanns skuldara nær ekki að stækka nægilega hratt til að anna eftirspurn eftir þjónustu stofnunarinnar þótt ötullega sé unnið að eflingu embættisins. Það er því ljóst að á fyrstu starfsmánuðum embættis umboðsmanns skuldara munu umsóknir um greiðsluaðlögun ekki verða afgreiddar fyrr en jafnvel nokkrum mánuðum eftir að þær berast. Því er mikilvægt að þeim aðilum sem lagt hafa inn umsókn um greiðsluaðlögun til umboðsmanns skuldara verði veitt frestun greiðslna þegar við móttöku umsóknar, en ekki við samþykkt umsóknar eins og nú er. Því er lagt til að við lögin verði bætt ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið verði á um að tímabundin frestun greiðslna skv. 11. gr. laganna um greiðsluaðlögun einstaklinga hefjist þegar umsókn um greiðsluaðlögun er móttekin af umboðsmanni skuldara. Lagt er til að ákvæðið gildi frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2011 en þá er gert ráð fyrir að bið eftir afgreiðslu umsókna um greiðsluaðlögun hafi styst umtalsvert. Þó er lagt til að gerð verði sú undantekning á reglunni til að koma í veg fyrir misnotkun að innlögn umsóknar leiði ekki til tímabundinnar frestunar greiðslna ef umsókn umsækjanda um greiðsluaðlögun hefur verið hafnað af umboðsmanni skuldara á síðustu þremur mánuðum.

Frumvarpið var samið í samvinnu við umboðsmann skuldara og önnur ráðuneyti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Með frumvarpi þessu er verið að lögfesta ákvæði til bráðabirgða um tímabundinn greiðslufrest vegna umsókna um greiðsluaðlögun sem umboðsmaður skuldara hefur móttekið. Í gildandi lögum er greiðslufrestur fyrst veittur þegar umsókn hefur verið samþykkt af umboðsmanni skuldara.

Embætti umboðsmanns skuldara tók til starfa 1. ágúst síðastliðinn og er því ekki komið í fullan rekstur. Af þeim sökum getur á næstu mánuðum myndast nokkur biðtími frá því að umsókn um greiðsluaðlögun er lögð inn þar til umsókn er tekin fyrir og greiðslufrestur hefur verið veittur. Frumvarpinu er ætlað að taka á þessu vandamáli og er gert ráð fyrir að ákvæðið gildi til 1. júlí 2011 en þá er reiknað með að biðtími eftir að umsókn verði tekin fyrir hafi styst í það sem eðlilegt getur talist. Til að fyrirbyggja mögulega misnotkun verður þeim umsækjendum sem fengið hafa synjun um greiðsluaðlögun á síðastliðnum þremur mánuðum ekki veittur greiðslufrestur.

Verði frumvarpið lögfest geta áhrifin fyrir lánastofnanir ríkissjóðs legið í tímabundnu neikvæðu fjárstreymi þeirra vegna umsókna sem síðar verður hafnað. Engar áætlanir liggja hins vegar fyrir um umfang og fjölda slíkra mála og því er ekki hægt að segja nákvæmlega til um skert sjóðstreymi vegna þessa. Miðað við fjölda umsókna um greiðsluaðlögun sem liggja fyrir og að ekki verði umtalsverðum hluta hafnað virðist ekki ástæða til að ætla að aukinn greiðslufrestur hafi teljandi áhrif að því tímabili loknu sem honum er ætlað að gilda. Þessi breyting á lögum ætti ekki að hafa umtalsverð áhrif á verkefni og þar með á útgjöld stofnana sem fjármagnaðar eru úr ríkissjóði.

57. Frumvarp til laga [56. mál]

um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Heimilt er að skjóta til hennar úrskurðum og stjórnsýsluákvörðunum barnaverndarnefnda eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.
b. Í stað orðanna „2. og 4. mgr. 83. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: 3. mgr. 84. gr. og 4. mgr. 89. gr. c.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 6. mgr. 7. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Barnaverndarstofa getur einnig rekið sérhæfð úrræði fyrir börn sem glíma við fjölþættan vanda í samstarfi við önnur yfirvöld, t.d. á sviði fötlunar eða félags- eða heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Við 4. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Vanræki sveitarstjórn þær skyldur er hvíla á sveitarfélaginu getur ráðuneytið beitt sér fyrir því að gripið verði til úrræða samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

4. gr.

4. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að framselja til einstakra starfsmanna nefndanna vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt lögum þessum, taka ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., setja fram kröfu um sjálfræðissviptingu skv. 30. gr. og taka ákvarðanir um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Ef barn flyst úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál til meðferðar skal nefndin tafarlaust tilkynna flutninginn til barnaverndarnefndar í umdæminu sem barnið flytur í, upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta nefndinni í té öll nauðsynleg gögn þess. Barnaverndarnefnd í umdæminu sem barnið flytur í ber að taka strax við meðferð málsins og leitast við að tryggja samfellu í vinnslu og meðferð málsins.

b. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ef ágreiningur rís milli barnaverndarnefnda getur Barnaverndarstofa ákveðið hvar barn telst eiga fasta búsetu, svo og mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á fasta búsetu fari með mál ef það er talið tryggja betur meðferð þess.

c. Í stað 1. málsl. 5. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef barn á ekki lögheimili á Íslandi eða er hér án forsjáraðila sinna skal barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelst eða er statt fara með mál þess. Barnaverndarnefnd fer þá með umsjá barnsins eftir því sem þörf krefur og ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja hagsmuni þess.

d. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef barni, sem er hér á landi án forsjáraðila sinna, er veitt hæli eða dvalarleyfi á Íslandi ákveður Barnaverndarstofa hvaða barnaverndarnefnd skuli taka við forsjá barnsins og fara með málið eftir að leyfi er veitt. Ríkissjóður greiðir allan kostnað viðkomandi barnaverndarnefndar samkvæmt ákvæðum laganna vegna ráðstöfunar barnsins í fóstur eða aðra vistun.

e. 6. mgr. (sem verður 7. mgr.) orðast svo:

Barnaverndarnefndir sem í hlut eiga geta skotið ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3., 5. og 6. mgr. til kærunefndar barnaverndarmála.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

a. búi við óviðunandi uppeldisaðstæður,

b. verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
c. stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

b. 2. mgr. orðast svo:

Þá er hverjum manni skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu, eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi, eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig varða.

7. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

8. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Ef lögregla verður þess vör að barn búi við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. skal hún tilkynna barnaverndarnefnd um það. Þegar grunur leikur á að barn hafi framið eða framið hafi verið gegn barni brot gegn almennum hegningarlögum eða lögum þessum eða brot gegn öðrum lögum sem varðað getur þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn málsins.

9. gr.

2. og 3. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo: Ákvörðun barnaverndarnefndar um nafnleynd og synjun um að aflétta nafnleynd er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála. Leiðbeina skal tilkynnanda og foreldri um rétt til að kæra ákvörðun barnaverndarnefndar.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „áreitni eða ofbeldis af hendi annarra“ í 1. mgr. kemur: ofbeldis eða vanvirðandi háttsemi af hendi annarra.
b. Á eftir orðunum „eða eigin hegðunar þess“ í 1. mgr. kemur: eða að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu eins og lýst er í 16. gr.
c. 3. mgr. fellur brott.
d. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja könnun máls eða að hefja ekki könnun er hvorki kæranleg til kærunefndar barnaverndarmála né annars stjórnvalds.
e. Við 2. málsl. 4. mgr. bætist: innan viku frá því að ákvörðunin var tekin.
f. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Barnaverndarnefnd ber einnig að staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvörðun barnaverndarnefndar um að loka máli á þessu stigi geta foreldrar skotið til kærunefndar barnaverndarmála.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvörðun barnaverndarnefndar um að loka máli þegar áætlun rennur út geta foreldrar skotið til kærunefndar barnaverndarmála.
c. 3. mgr. orðast svo:

   Barnaverndarnefnd skal ætíð meta þörf á samstarfi við aðra aðila við gerð og framkvæmd áætlunar. Sérstaklega ber að meta þörf á samstarfi við þá sem vinna með málefni viðkomandi barns og nefndir eru í 2. mgr. 17. gr. Ef barnaverndarnefnd telur hagsmuni barns kalla á samstarf við þessa aðila ber nefndinni að leggja áherslu á að afla samþykkis foreldra til að samstarfi verði komið á.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Við 3. málsl. 2. mgr. bætist: og tekur barnaverndarnefnd þá við forsjá þess.
b. Við 2. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef fóstur eða vistun varir þar til barn verður lögráða ber barnaverndarnefnd eigi síðar en þremur mánuðum áður en það verður 18 ára að meta þarfir barnsins fyrir frekari úrræði. Barnaverndarnefnd getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun haldist eftir að það verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Ungmenni getur skotið synjun barnaverndarnefndar, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til kærunefndar barnaverndarmála.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. Á eftir b-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: kveðið á um að heimilt sé að láta aðilum, sem vinna með mál viðkomandi barns og nefndir eru í 2. mgr. 17. gr. og 18. gr., í té upplýsingar um líðan barns eða meðferð máls ef það er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna barnsins.
b. 3. mgr. orðast svo:

   Foreldrar geta skotið úrskurði til kærunefndar barnaverndarmála.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Heimilt er með úrskurði dómara að vista barn í allt að tólf mánuði í senn frá og með þeim degi þegar úrskurður dómara er kveðinn upp.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Ef krafist er framlengingar vistunar skv. 27. eða 28. gr. eða forsjársviptingar skv. 29. gr. áður en vistunartíma lýkur helst ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir.

15. gr.

Orðin „sbr. 3. mgr. 21. gr.“ í 1. mgr. 30. gr. laganna falla brott.

16. gr.

Fyrri málsliður 2. mgr. 31. gr. laganna orðast svo: Barnaverndarnefnd skal án tafar taka málið til meðferðar og innan 14 daga kveða upp úrskurð, eða taka ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi skv. 28. eða 29. gr., að öðrum kosti fellur ákvörðun skv. 1. mgr. úr gildi.

17. gr.

Við 33. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Val barnaverndarnefndar á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis skv. 25. og 27.–29. gr. er ekki kæranlegt til kærunefndar barnaverndarmála eða annars stjórnvalds, sbr. þó 67. gr. b.

18. gr.

Í stað orðanna „kröfu á hendur barnaverndarnefnd og fósturforeldrum“ í 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: kröfu á hendur barnaverndarnefnd, foreldri sem fer með forsjá skv. 67. gr. a eða 67. gr. b og fósturforeldrum.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Barnaverndarstofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Við ráðningu til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða á heimilum eða stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, skal ávallt liggja fyrir sakavottorð og upplýsingar úr sakaskrá um það hvort umsækjandi hafi hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Óheimilt er að ráða til starfa einstakling sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og eðlis brotsins.
c. 3. mgr. fellur brott.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Ef barnaverndarnefnd þykir“ í 1. málsl. kemur: heilsu eða lífi ófædds barns stefnt í hættu eða.
b. Við 1. málsl. bætist: eða þungaða konu.
c. Við 2. málsl. bætist: eða þungaðrar konu.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „upplýsingar um heilsu barns og foreldra þess“ í 1. mgr. kemur: upplýsingar og afrit af nauðsynlegum gögnum um heilsu barns, foreldra þess og annarra heimilismanna.
b. Í stað orðanna „upplýsingar sem þessar stofnanir búa yfir um barn og foreldra þess og varðað geta málið“ í 3. mgr. kemur: upplýsingar og afrit nauðsynlegra gagna sem þessar stofnanir búa yfir um barn, foreldra þess og aðra heimilismenn sem varðað geta málið.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 2. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „skal hún þegar taka afstöðu til þess“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: skal hún taka afstöðu til þess.

c. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. nema barn njóti aðstoðar lögmanns, sbr. 2. mgr. 47. gr.

23. gr.

Orðið „óháðra“ í 48. gr. laganna fellur brott.

24. gr.

51. gr. laganna orðast svo:

Aðilar barnaverndarmáls geta skotið úrskurði eða ákvörðun skv. 1. mgr. 6. gr. til kærunefndar barnaverndarmála innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi var tilkynnt um úrskurð eða ákvörðun.

Kærunefnd getur ákveðið að formaður nefndarinnar fari einn með mál og kveði upp úrskurð ef mál þykir ekki varða mikilsverða hagsmuni barns.

Kærunefnd skal innan tveggja vikna frá því að henni berst kæra taka mál til meðferðar og úrlausnar. Kærunefnd skal kveða upp úrskurð í máli svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að úrskurður barnaverndarnefndar var kærður til hennar.

Kærunefnd barnaverndarmála getur metið að nýju bæði lagahlið máls og sönnunargögn. Nefndin getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu leyti. Þá getur kærunefndin einnig vísað málinu til barnaverndarnefndar til meðferðar að nýju.

25. gr.

Á eftir 53. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 53. gr. a og 53. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (53. gr. a.)

Lögsaga.

Dómsmál samkvæmt lögum þessum er unnt að höfða hér á landi ef:

a. aðili er búsettur hér á landi,
b. barn er búsett hér á landi eða
c. barn dvelst eða er statt hér á landi og nauðsynlegt þykir að leita atbeina dómstóla til að tryggja öryggi þess.

b. (53. gr. b.)

Flýtimeðferð.

Mál samkvæmt ákvæðum þessa kafla skulu sæta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga um meðferð einkamála.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi nema útivist verði af hálfu aðila eða máli vísað frá vegna augljósra annmarka.

b. 3. mgr. fellur brott.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Um sérfróða meðdómsmenn og þinghöld.*

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, 1. málsl., svohljóðandi: Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska.
b. 3. mgr. fellur brott.

28. gr.

Síðari málsliður 61. gr. laganna orðast svo: Ákvæði 53. gr. b og ákvæði 1. mgr. 54. gr. gilda ekki um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar foreldrar eða barn leita úrlausnar teljast þau sóknaraðilar en barnaverndarnefnd varnaraðili. Þegar barnaverndarnefnd telst varnaraðili er nefndinni heimilt að gera í greinargerð sjálfstæða kröfu um úrskurð skv. 28. gr.

Dómari getur ákveðið að sameina mál sem rekin eru á sama tíma skv. X. og XI. kafla.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „svo fljótt sem verða má“ í 1. mgr. kemur: innan viku.
b. Á eftir orðunum „stuttan frest“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: að jafnaði ekki lengri en tvær vikur.
c. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þegar sérstaklega stendur á er dómara heimilt að veita frekari fresti til gagnaöflunar en taka skal mál aftur fyrir svo fljótt sem unnt er.
d. Við 5. mgr. bætist: að jafnaði innan tveggja vikna.

31. gr.

Á eftir 63. gr. laganna kemur ný grein, 63. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Réttindi barns við málsmeðferð.

Barn sem er aðili máls samkvæmt ákvæðum þessa kafla hefur öll þau réttindi sem aðild fylgja.

Gefa skal barni sem ekki er aðili kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska nema dómari telji að afstaða barns komi fram með nægilega skýrum hætti í gögnum máls.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Með fóstri er í lögum þessum átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði þegar fyrir liggur að:

1. foreldrar hafa afsalað sér forsjá eða umsjá og samþykkt fósturráðstöfun,
2. kveðinn hefur verið upp úrskurður um heimild til að fóstra barn utan heimilis þegar samþykki foreldra og barns eftir atvikum liggur ekki fyrir,
3. foreldrar hafa verið sviptir forsjá með dómi,

4. barn er forsjárlaust vegna andláts forsjáraðila eða
5. barn sem komið hefur til landsins án forsjáraðila sinna er í umsjá barnaverndarnefndar eða fær hæli eða dvalarleyfi á Íslandi.

b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Með tímabundnu fóstri er átt við að fóstur vari í afmarkaðan tíma þegar ætla má að unnt verði að bæta aðstæður þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna án verulegrar röskunar á högum þess eða þegar áætlað er að annað úrræði taki við innan afmarkaðs tíma. Tímabundið fóstur skal ekki vara samanlagt lengur en tvö ár nema í algerum undantekningartilvikum þegar það þjónar hagsmunum barns.

33. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 66. gr. laganna orðast svo: Barnaverndarstofa veitir væntanlegum og starfandi fósturforeldrum fræðslu, almennar leiðbeiningar og annan almennan faglegan stuðning.

34. gr.

3. málsl. 2. mgr. 67. gr. laganna fellur brott.

35. gr.

Á eftir 67. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 67. gr. a og 67. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (67. gr. a.)

Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

Ef foreldri sem fer eitt með forsjá barns afsalar sér umsjá eða forsjá þess skv. 25. gr., eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun barns utan heimilis skv. 27. eða 28. gr., eða forsjársvipting á sér stað skv. 29. gr. skal barnaverndarnefnd kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins kynforeldrisins.

Sé talið barni fyrir bestu að hitt kynforeldrið taki við umsjá meðan tímabundin ráðstöfun varir gilda um það sömu reglur og um tímabundið fóstur.

Barnaverndarnefnd er heimilt, ef hún telur hagsmuni barns best tryggða með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins. Í þeim tilvikum metur barnaverndarnefndin hæfni foreldrisins og gerir skriflegan samning um breytta forsjá. Um réttindi barns fer skv. 70. gr.

Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd ávallt leita umsagnar þess kynforeldris sem ekki fer með forsjá barns.

b. (67. gr. b.)

Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá
þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjána afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun barns utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. skal barnaverndarnefnd kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins kynforeldrisins.

Sé talið barni fyrir bestu að hitt kynforeldrið taki við umsjá meðan tímabundin ráðstöfun varir metur barnaverndarnefnd hæfi foreldrisins og gerir skriflegan samning um umsjána. Ef

barnaverndarnefnd telur barni fyrir bestu að aðrir taki við umsjá getur hitt kynforeldrið sem óskað hefur eftir að fá umsjá barns skotið synjun til kærunefndar barnaverndarmála.

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjána afsalar sér forsjá skv. 25. gr. eða er eitt svipt forsjá skv. 29. gr. þá fer hitt foreldrið eftir það eitt með forsjá barnsins. Um réttindi barns fer skv. 70. gr.

36. gr.

1. og 2. mgr. 70. gr. laganna orðast svo:

Eftir að foreldri hefur afsalað sér umsjá eða forsjá eða verið svipt umsjá eða forsjá barns samkvæmt ákvæðum laga þessara á barn rétt á umgengni við kynforeldra eða aðra sem eru því nákomnir enda samrýmist það hagsmunum þess. Um umgengni fer í öllum tilvikum skv. 74. gr. óháð því hver tekur við umsjá eða forsjá barns.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur skal veita barni nauðsynlegan stuðning samkvæmt fóstursamningi á meðan fóstur varir. Ef foreldri barns tekur við umsjá eða forsjá þess skv. 67. gr. a eða 67. gr. b skal barnaverndarnefnd sem farið hefur með málið kanna sérstaklega þörf barns fyrir áframhaldandi stuðning. Ef þörf krefur skal barnaverndarnefnd í þessum tilvikum gera áætlun um stuðningsúrræði í samvinnu við foreldri skv. 23. gr.

37. gr.

71. gr. laganna fellur brott.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 74. gr. laganna:

a. 3. málsl. 3. mgr. fellur brott.
b. 8. mgr. orðast svo:

   Þeir sem umgengni eiga að rækja geta skotið úrskurði samkvæmt þessari grein til kærunefndar barnaverndarmála.

39. gr.

Á eftir 74. gr. laganna kemur ný grein, 74. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Réttarstaða fósturforeldra við ákvörðun um umgengni.

Ávallt skal kanna viðhorf fósturforeldra til umgengni áður en gengið er frá samningi eða kveðinn upp úrskurður um umgengni.

Fósturforeldrar barns í varanlegu fóstri eru aðilar að máli um umgengni skv. 74. gr. Þessir fósturforeldrar taka þannig þátt í gerð samnings um umgengni, geta óskað breytinga á áður ákvarðaðri umgengni, eru aðilar að úrskurðarmáli og geta skotið úrskurði um umgengni til kærunefndar barnaverndarmála.

40. gr.

75. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur ber ábyrgð á að greiða fósturforeldrum framfærslueyri, fósturlaun og eftir atvikum annan útlagðan kostnað vegna barnsins sem leiðir af ákvæðum laga þessara.

Um fjárhæðir skv. 1. mgr. og skiptingu kostnaðar vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. fer samkvæmt reglugerð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 88. gr.

Fósturforeldrar og fósturbarn eiga rétt á allri almennri þjónustu samkvæmt lögum og fer almennt um kostnað vegna þeirrar þjónustu samkvæmt þeim lögum sem gilda á hverju sviði.

Hverju sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem ráðstafað hefur verið í tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar og ber að greiða allan venjubundinn kostnað sem hlýst af skólagöngu barnsins, svo sem vegna skóla og aksturs. Sveitarfélag sem ráðstafar barni í tímabundið fóstur ber þó ábyrgð á að greiða kostnað vegna sérfræðiþjónustu eða sérþarfa fósturbarns í tengslum við skólagöngu.

41. gr.

76. gr. laganna fellur brott.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 79. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á að tiltæk séu heimili og stofnanir til að:

1. veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra eða vegna eigin hegðunar þeirra,
2. greina vanda barna, kanna aðstæður þeirra og meta þörf fyrir meðferð eða stuðning,
3. veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota og
4. veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna, svo sem í kjölfar meðferðar.

b. Í stað 3. og 4. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Heimili og stofnanir skv. 1. mgr. lúta faglegri og fjárhagslegri yfirstjórn Barnaverndarstofu og getur hún mælt fyrir um tiltekna sérhæfingu þeirra.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 80. gr. laganna:

a. 3. málsl. 3. mgr. fellur brott.

b. Í stað orðanna „samninga um vistun barns, skyldur barnaverndarnefnda og eftirlit með heimili“ í 5. mgr. kemur: samninga um vistun barns og skyldur barnaverndarnefnda.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Öll starfsemi heimila og stofnana skv. 79. gr. skal miða að því að tryggja börnum rétt til einkalífs, rétt til að ráða persónulegum högum sínum og rétt til að hafa samskipti við aðra, allt eftir því sem samræmist best aldri barnsins og þroska þess og að því marki sem það samræmist tilganginum með vistun þess á heimili eða stofnun og ábyrgð á starfseminni, velferð og öryggi barnsins og annarra.

b. B- og c-liður 3. mgr. orðast svo:

a. beita þvingunarráðstöfunum eða alvarlegum agaviðurlögum nema það teljist nauðsynlegt til að ná lögmætum markmiðum, til verndar lífi, heilsu og þroska viðkomandi barns eða annarra barna, lífi eða heilsu starfsmanna eða til verndar eignum,

b. hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema nauðsyn beri, m.a. að teknu tilliti til markmiðs vistunar.

45. gr.

83. gr. laganna fellur brott.

46. gr.

84. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Vistúrræði á vegum barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefndir skulu gera samninga við vistforeldra á einkaheimili eða skipuleggja vistúrræði á annan hátt, til að veita barni móttöku sem nauðsynlegt reynist að vista utan heimilis, þegar slíkt úrræði þykir henta barninu betur en vistun á heimili eða stofnun skv. 79. gr.

Heimilt er að vista barn á einkaheimili samkvæmt þessari grein að jafnaði í allt að þrjá mánuði. Ef vistun er ætlað að vara í lengri tíma fer að jafnaði um það eftir ákvæðum laganna um fóstur.

Barnaverndarnefnd sem óskar eftir að gera samning við vistforeldri eða setja á laggirnar annað úrræði fyrir tiltekið barn skal sækja um leyfi Barnaverndarstofu. Ef vistforeldri er búsett í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar skal fylgja yfirlýsing barnaverndarnefndar þess umdæmis um að hún sjái ekkert því til fyrirstöðu að leyfi verði veitt.

Barnaverndarnefnd veitir þeim vistforeldrum sem starfa á vegum nefndarinnar fræðslu og annan faglegan stuðning eftir því sem þörf krefur.

Ákvæði 1. og 3. mgr. 80. gr. og 81. og 82. gr. eiga við um vistun barns skv. 1. mgr. eftir því sem við á.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um úrræði samkvæmt þessu ákvæði þar sem m.a. skal kveða á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, útgáfu leyfis, ráðstöfun barns og samninga um vistun.

47. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla laganna verður: **Úrræði á ábyrgð sveitarfélaga.**

48. gr.

Við 87. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórn sem ráðstafar barni í vistun á heimili eða stofnun skv. 79. gr. laganna greiðir til ríkisins gjöld sem nema hluta kostnaðar við rekstur úrræða í samræmi við ákvæði 2. mgr. 88. gr.

49. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: að frádregnum gjöldum skv. 2. mgr. 87. gr.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Ráðuneytið setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, reglugerð um fjárhæð gjalda sem sveitarfélögum ber að greiða skv. 2. mgr. 87. gr., svo og um greiðslutilhögun og önnur atriði. Ráðuneytið setur með sama hætti reglugerð um fjárhæðir sem greiddar eru vegna barna í fóstri skv. 75. gr. og um hlut ríkisins í kostnaði vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. Verði vanhöld á því að sveitarfélag greiði þau gjöld sem því ber samkvæmt reglugerðinni skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða Barnaverndarstofu það sem eftir verður eigi síðar en 31. desember ár hvert. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga innheimtir þá greiðslu hjá við-

komandi sveitarfélagi með því að draga umrædda greiðslu af jöfnunarframlögum til viðkomandi sveitarfélags.

50. gr.

Á eftir XV. kafla laganna kemur nýr kafli, XV. kafli A, **Mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis,** með fjórum nýjum greinum, 89. gr. a – 89. gr. d, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (89. gr. a.)

Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis er að:

a. tryggja að fyrirkomulag úrræða og framkvæmd vistunar barna utan heimilis sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, staðla og reglna samkvæmt ákvæðum laga þessara,
b. tryggja að ráðstöfun nái tilgangi sínum og að réttindi barna séu virt,
c. auka gæði úrræða og stuðla að umbótum og
d. safna upplýsingum um vistun barna utan heimilis, þörf fyrir úrræði, nýtingu, árangur og þróun.

b. (89. gr. b.)

Hlutverk barnaverndarnefndar.

Hver barnaverndarnefnd metur gæði og árangur vistúrræða á vegum barnaverndarnefndar. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í vistun eða fóstur skal fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Barnaverndarnefnd aflar nauðsynlegra upplýsinga í þessu skyni eftir því sem ástæða þykir til. Barnaverndarnefnd skal leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa barni kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska.

Barnaverndarnefnd skal heimsækja með reglubundnum hætti börn sem vistuð eru á vegum nefndarinnar á heimilum og stofnunum. Barnaverndarnefnd skal heimsækja fósturheimili eins oft og ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það.

Barnaverndarnefnd skal grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barns, svo sem að rifta samningi um fóstur eða vistun, ef í ljós kemur að meðferð barnsins í fóstri, á heimili, stofnun eða í öðru vistúrræði er óviðunandi eða aðstæður hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt.

c. (89. gr. c.)

Hlutverk Barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa metur þörf fyrir úrræði fyrir börn sem vistast utan heimilis, safnar upplýsingum um ráðstafanir og metur árangur tiltekinna úrræða með það að markmiði að auka gæði og stuðla að umbótum.

Barnaverndarstofa metur gæði og árangur þeirra úrræða sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk skv. 79. gr.

Barnaverndarstofa hefur eftirlit með því að úrræði á ábyrgð sveitarfélaga skv. 84. gr. uppfylli hverju sinni þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum og stöðlum. Ef Barnaverndarstofa telur að úrræði uppfylli ekki þær kröfur sem eru gerðar getur stofan svipt barnaverndarnefnd leyfi til að nýta tiltekið úrræði.

Barnaverndarnefnd getur skotið ákvörðunum Barnaverndarstofu um leyfisveitingar og leyfissviptingar til kærunefndar barnaverndarmála.

d. (89. gr. d.)

Hlutverk félagsmálaráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið hefur eftirlit með því að úrræði á ábyrgð ríkisins uppfylli hverju sinni þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum, stöðlum og þjónustusamningum þegar það á við. Í þessu skyni felur ráðuneytið óháðum sérfræðingi að heimsækja heimili og stofnanir skv. 79. gr. að lágmarki einu sinni á ári. Sérfræðingur skal sérstaklega leitast við að gefa börnum kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska og markmið með vistun.

Ráðuneytið setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um mat og eftirlit samkvæmt ákvæðum kafla þessa, m.a. nánar um markmið, áherslur og aðferðir.

51. gr.

2. mgr. 99. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem hvetur barn til lögbrota, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða annarrar hegðunar sem stefnir heilsu barnsins og þroska eða lífi og heilsu annarra í alvarlega hættu skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

52. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi gilda um öll þau mál sem eru í gangi við gildistöku þeirra, óháð því hvort atvik þau sem mál er sprottið af hafi að einhverju eða öllu leyti átt sér stað í tíð eldri laga, þó með þeim frávikum sem tilgreind eru í 3.–9. mgr.

Ákvæði a-liðar 1. gr. gildir um úrskurði og ákvarðanir sem teknar eru eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 17. gr. gildir um val á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. efnismgr. 24. gr. gildir um þau mál sem berast kærunefnd eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði b-liðar 25. gr. og 26. gr. gilda um þau mál sem þingfest eru eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 30. og 31. gr. gilda um mál sem borin eru undir dóm eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. málsl. 1. efnismgr. og 2. og 3. málsl. 2. efnismgr. 36. gr. gilda um umgengni og stuðning í tilvikum foreldra sem tekið hafa við umsjá eða forsjá barns með sérstökum samningi samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. mgr. 40. gr. og 41.–43. og 45.–50. gr. taka gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi. Það hlaut ekki afgreiðslu þá og er nú endurflutt.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi sem skipaður var af félags- og tryggingamálaráðherra 8. júlí 2008. Starfshópnum var falið að meta reynsluna af barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og gera tillögur til breytinga eftir því sem talin yrði ástæða til. Var hópnum falið að skoða sérstaklega ákvæði laganna sem varða vistun barna utan eigin heimilis og fram-

kvæmd þeirra, þ.e. ákvæði um ráðstöfun barns í fóstur eða vistun á heimili eða stofnun. Þá var starfshópnum ætlað að fjalla um hverju þyrfti að breyta í framkvæmd barnaverndarstarfs án lagabreytinga.

Hrefna Friðriksdóttir var tilnefnd af Barnaverndarstofu meðan hún starfaði sem lögfræðingur stofunnar og var hún jafnframt skipaður formaður starfshópsins. Í upphafi árs 2009 tók Hrefna við stöðu lektors í sifja- og erfðarétti við lagadeild Háskóla Íslands en var falið að starfa áfram sem formaður hópsins. Aðrir í starfshópnum voru Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, tilnefnd af Reykjavíkurborg, Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræðisviðs, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, María Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri í Hveragerði, tilnefnd af Samtökum félagsmálastjóra, og Þorgerður Benediktsdóttir lögfræðingur, skipuð af félags- og tryggingamálaráðherra.

Starfshópurinn hóf störf á haustmánuðum 2008. Gerðar voru nokkrar breytingar á ákvæðum barnaverndarlaga á vorþingi 2009, sbr. lög nr. 52/2009, sem þóttu ekki þola bið og tók formaður starfshópsins þátt í undirbúningi að setningu þeirra laga.

Í upphafi starfsins var ákveðið að leita álits og umsagna fjölmargra aðila um reynsluna af framkvæmd barnaverndarlaganna, m.a. formanna allra barnaverndarnefnda, félagsmálastjóra og yfirmanna fjölskyldudeilda og barnaverndar, kærunefndar barnaverndarmála, umboðsmanns barna, samstarfsaðila barnaverndarnefnda og frjálsra félagasamtaka. Eftirtaldir aðilar sendu starfshópnum athugasemdir:

Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar.
Fjölskyldusvið Akraneskaupstaðar.
Félagsmálanefnd Álftaness.
Félagsþjónusta Norðurþings.
Fjölskyldumiðstöð Árborgar.
Barnavernd Reykjavíkur.
Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar.
Fjölskylduráð Garðabæjar.
Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar.
Félagsmálaráð Seltjarnarness.
Umboðsmaður barna.
Kærunefnd barnaverndarmála.
Kvennadeild Landspítalans.
Menntasvið Reykjavíkurborgar.
Leikskólasvið Reykjavíkurborgar.
Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, Landspítala.
Samtök um kvennaathvarf.
Félagsráðgjafafélag Íslands.
Rannsóknasetur um barna- og fjölskylduvernd.
Samtökin Blátt Áfram.

Starfshópurinn fundaði einnig með nokkrum aðilum til að ræða einstaka álitaefni og fékk gagnlegar ábendingar, svo sem frá starfsmönnum Barnaverndarstofu, borgarlögmanni og for manni kærunefndar barnaverndarmála. Starfshópurinn hélt alls 19 fundi.

2. Reynslan af ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Ljóst er að barnaverndarlögin, nr. 80/2002, sem tóku gildi 1. júní 2002 fólu í sér umtalsverðar breytingar frá eldri lögum og hefur framkvæmd barnaverndarstarfs tekið allnokkrum

stakkaskiptum með hinum nýju lögum. Að mati starfshópsins tókst almennt vel til við setningu nýrra barnaverndarlaga árið 2002 og hafa þau reynst nokkuð vel. Lögin eru mun skýrari en eldri lög og hafa stuðlað að skipulagðara og markvissara barnaverndarstarfi á landinu. Starfshópurinn skilar sérstakri samantekt þar sem fjallað er frekar um reynsluna af barnaverndarlögunum, nr. 80/2002, og er sú samantekt fylgiskjal með frumvarpi þessu.

3. Meginmarkmið breytinga.

Frumvarpið er nokkuð viðamikið. Að meginstefnu til er þó um að ræða breytingar sem hafa það að markmiði að skýra ákvæði frekar eða skerpa á þeim og að lögfesta þá túlkun ákvæða sem átt hefur sér stað frá gildistöku laganna. Allnokkur nýmæli er einnig að finna. Viðamest þeirra eru nýmæli sem fela í sér breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu úrræða fyrir börn sem talið er fyrir bestu að vistast utan heimilis. Þá er lagt til að lögfestur verði nýr kafli um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Í 5. kafla í þessum athugasemdum er sérstaklega fjallað um þessar breytingar og rök fyrir þeim.

Við gerð frumvarpsins fór starfshópurinn vandlega yfir innkomnar umsagnir og ábendingar og hefur tekið tillit til þeirra eftir föngum í vinnu sinni. Einnig hefur verið litið til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um barnaverndarstarf og framkvæmd laganna, einkum í ársskýrslum Barnaverndarstofu og úrskurðum kærunefndar barnaverndarmála, álitum umboðsmanns Alþingis og dómum. Þá hefur einnig verið höfð hliðsjón af þróun barnaverndarréttar á alþjóðavettvangi og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, sérstaklega samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, og litið til þingsályktunar Alþingis frá 16. mars 2009 um lögfestingu samningsins.

4. Helstu nýmæli.

Rétt þykir að veita yfirlit yfir helstu nýmæli frumvarpsins. Upptalning breytinga og nýmæla er ekki tæmandi og vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins um frekari útlistanir.

a. Kærunefnd barnaverndarmála.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt upp með að afmarka nánar hvaða ákvörðunum barnaverndarnefnda megi skjóta til kærunefndar barnaverndarmála. Frá gildistöku laganna hafa vaknað spurningar um kæruheimildir og aðild að kærumálum og er mikilvægt að reglur um þetta séu eins skýrar og nokkur er kostur. Farin er sú leið að skerpa ákvæði 1. gr. en jafnframt að kveða með skýrari hætti á um heimild til að kæra ákvarðanir í einstaka ákvæðum, svo sem í 9., 10., 11., 13., 17., 38. og 40. gr. frumvarpsins.

Þá eru í 24. gr. frumvarpsins lagðar til nokkrar breytingar á málsmeðferð kærunefndar.

b. Lögsaga barnaverndarnefnda.

Í 5. gr. frumvarpsins er að finna nýmæli um lögsögu barnaverndarnefnda í málum barna sem ekki eiga lögheimili á Íslandi og barna sem koma hingað til lands eða eru hér á landi án forsjáraðila sinna en fá hér hæli eða dvalarleyfi. Mælt er fyrir um hvaða barnaverndarnefnd skuli fara með mál, umsjá eða forsjá barnsins og ábyrgð á kostnaði vegna ráðstöfunar. Jafnframt eru ákvæði um flutning mála milli umdæma barnaverndarnefnda gerð skýrari og lögð áhersla á samstarf og samfellu.

c. Tilkynningarskylda.

Í 6.–8. gr. frumvarpsins er að finna nokkrar breytingar á ákvæðum laganna um tilkynningarskyldu. Í fyrsta lagi er lagt til að breyta framsetningu hinnar almennu tilkynningarskyldu í 1. mgr. 16. gr. laganna og breyta orðalagi til samræmis við þá breytingu sem fólst í lögum nr. 52/2009. Í öðru lagi er lagt til það nýmæli að fjalla með skýrari hætti um tilkynningarskyldu vegna þungaðra kvenna en gert er í núgildandi lögum auk þess sem ákvæðið nær nú einnig til þess þegar þunguð kona er beitt ofbeldi. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að í ákvæðum 17. og 18. gr. laganna um tilkynningarskyldu þeirra sem vinna með börnum og tilkynningarskyldu lögreglu verði vísað í 16. gr., þ.e. þá lýsingu á aðstæðum barna sem þar eru nefndar. Að lokum er í 8. gr. frumvarpsins að finna það nýmæli að takmarka nokkuð tilkynningarskyldu lögreglu um brot sem börn fremja. Markmið þessara breytinga er að gera tilkynningarskylduna skýrari og að tilkynningar verði markvissari en áður.

d. Samstarf í barnavernd.

Í 11. og 13. gr. frumvarpsins er fjallað um samstarf barnaverndarnefnda og þeirra sem starfa með börnum. Kveðið er á um skylduna til að meta þörf á samstarfi og til að koma á samstarfi með skýrari hætti en í núgildandi lögum. Þá er í 13. gr. það mikilvæga nýmæli að barnaverndarnefnd getur ákveðið með úrskurði að láta aðilum sem nefndir eru í 2. mgr. 17. gr. laganna í té upplýsingar um líðan barns og meðferð máls ef það er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna barnsins. Með þessu er leitast við að tryggja möguleika á virkara samstarfi en nú er með hagsmuni barns að leiðarljósi.

e. Réttarstaða barns.

Í frumvarpinu er að finna ýmis nýmæli sem snúa að því sérstaklega að skýra og bæta réttarstöðu barns. Í 12. gr. eru lagðar ríkari skyldur á barnaverndarnefnd sem ber ábyrgð á varanlegri ráðstöfun barns að meta þarfir þess fyrir frekari úrræði eftir að barnið verður lögráða og jafnframt um rétt ungmennis til að skjóta til kærunefndar synjun á að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að barn verður 18 ára.

Í 22. gr. er lagt til að fella niður aldursmörk þau sem er að finna í 46. gr. laganna um réttindi barns við málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd, en markmiðið er að auka rétt barna til þátttöku.

Í 27. og 31. gr. er fjallað með skýrari hætti um réttindi barns við málsmeðferð fyrir dómi.

Í 36. gr. er að finna mikilvæg nýmæli sem miða að því að tryggja betur réttindi barns í fóstri. Þar er m.a. lagt til að barnaverndarnefnd beri ávallt ábyrgð á að taka ákvarðanir um umgengni við barn eftir að foreldri afsalar sér umsjá eða forsjá eða er svipt umsjá eða forsjá samkvæmt ákvæðum laganna. Ákvæðið tengist nýmælum í 35. gr. frumvarpsins um réttarstöðu foreldra og hefur m.a. í för með sér það nýmæli að barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um umgengni ef annað foreldri er svipt forsjá skv. 29. gr. laganna og hitt tekur við forsjá barns.

Þá er lagt til í 44. gr. að gera ákvæði 82. gr. laganna um réttindi barns og beitingu þvingunar skýrari en nú er.

Að lokum er í 50. gr. lagt til að lögfesta ný ákvæði um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barns utan heimilis með það að markmiði að tryggja betur réttarstöðu og réttaröryggi þeirra.

f. Val á þeim sem tekur að sér að annast barn.

Í 17. gr. er tekið af skarið um að val barnaverndarnefndar á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis skv. 25. og 27.–29. gr. laganna sé ekki kæranleg ákvörðun nema í því einstaka tilviki sem sérstaklega er fjallað um í b-lið 35. gr. frumvarpsins. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga er ekki skýrt að hvaða leyti og gagnvart hverjum er um stjórnvaldsákvörðun að ræða þegar barnaverndarnefnd velur einhvern til að annast barn. Það liggur fyrir að hér er um mikilvægar og oft vandasamar ákvarðanir að ræða og eins og oftast í barnaverndarmálum eru fleiri en einn sem bera ríka hagsmuni barns fyrir brjósti. Hér er lögð áhersla á að enginn eigi rétt á að taka að sér að annast barn heldur eigi barn rétt á bestu mögulegu umönnunaraðilum. Barnaverndarnefnd beri að velja úr hópi þeirra sem hafa fengið sérstakt leyfi og í fósturráðstöfun felist í grunninn ekki ákvörðun um rétt og skyldu tiltekinna aðila. Nauðsynlegt er að reglur um ákvarðanatöku og réttarstöðu allra er láta sig mál varða séu eins skýrar og nokkur er kostur enda er allur dráttur og óvissa um réttarstöðu barns á því viðkvæma tímamarki sem hér um ræðir líkleg til að hafa skaðleg áhrif á hagsmuni barns. Um nánari útlistun er vísað til skýringa við ákvæði frumvarpsins.

g. Málsmeðferð fyrir dómi.

Í 25.–31. gr. frumvarpsins eru ýmis nýmæli sem snerta meðferð mála fyrir dómi. Í a-lið 25. gr. er það nýmæli að kveða á um lögsögu með skýrum hætti en slíkt ákvæði er ekki fyrir hendi í núgildandi lögum. Í b-lið 25. gr. er að finna það mikilvæga nýmæli að öll mál skv. X. kafla barnaverndarlaga skuli sæta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga um meðferð einkamála. Rétt þykir að taka af skarið um þetta til að samræma málsmeðferð og tryggja málshraða en þess má geta að flest mál hafa sætt flýtimeðferð til þessa. Í 26. gr. er lagt til að mæla með skýrari hætti fyrir um skyldu til að kveðja til sérfróða meðdómsmenn. Í 30. gr. er að finna breytingar á ákvæði 63. gr. þar sem lögð er frekari áhersla á málshraða í málum skv. XI. kafla barnaverndarlaga.

h. Réttarstaða foreldra sem fara sameiginlega með forsjá.

Í b-lið 35. gr. frumvarpsins er að finna mikilvægt nýmæli þar sem fjallað er um réttarstöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns en búa ekki saman. Þegar foreldri sem barn býr hjá afsalar sér eða er svipt umsjá eða forsjá barns hefur skapast óvissa um réttarstöðu þess foreldris sem hefur hlutdeild í forsjá en býr ekki með barni sínu. Í núgildandi lögum er einungis að finna ákvæði um réttarstöðu forsjárlauss foreldris við þessar aðstæður.

Hér verður sem endranær að taka ríkt tillit til hagsmuna barnsins og sérstöðu barnaverndarmála. Í b-lið 35. gr. er gerður greinarmunur á því hvort um tímabundna eða varanlega ráðstöfun er að ræða. Sé um tímabundna ráðstöfun að ræða er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti ákveðið að fela hinu foreldrinu umsjá barns og að foreldri geti skotið synjun til kærunefndar barnaverndarmála. Ef foreldri sem barn býr hjá afsalar sér eða er svipt forsjá barns er hins vegar gert ráð fyrir að hitt foreldrið fari eftir það eitt með forsjá barnsins. Ákvæðið tengist einnig 36. gr. frumvarpsins þar sem gerðar eru breytingar á réttindum barns í fóstri með það að markmiði að tryggja hagsmuni barns.

i. Réttarstaða fósturforeldra.

Í 39. gr. frumvarpsins er réttarstaða fósturforeldra við ákvörðun um umgengni við barn í fóstri almennt gerð skýrari. Þá er að finna það nýmæli að fósturforeldrar barns í varanlegu fóstri verða aðilar að máli um umgengni sem þýðir að þessir fósturforeldrar taka þátt í gerð samnings um umgengni, geta óskað breytinga á fyrri ákvörðun, eru aðilar að úrskurðarmáli

og geta skotið úrskurði til kærunefndar barnaverndarmála. Nokkur óvissa hefur verið um réttarstöðu fósturforeldra að þessu leyti en markmiðið með ákvæðinu er að styrkja réttarstöðu þeirra.

j. Skólamál barna í tímabundnu fóstri utan lögheimilissveitarfélags.

Í 40. gr. frumvarpsins er að finna nýmæli um kostnað vegna skólagöngu barna sem ráðstafað er í tímabundið fóstur í annað sveitarfélag en þar sem þau eiga lögheimili. Markmið með ákvæðinu er að kveða skýrar en verið hefur á um skyldur sveitarfélags sem ráðstafar barni og skyldur viðtökusveitarfélagsins. Ákvæðið er í samræmi við álit mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 14. október 2009.

k. Ábyrgð á kostnaði vegna barna sem vistuð eru utan heimilis.

Í 40., 48. og 49. gr. frumvarpsins er að finna mikilvæg nýmæli um afmörkun og skiptingu kostnaðar vegna vistunar barna utan heimilis. Lagt er til að ráðuneytið setji reglugerð um fjárhæðir sem greiddar eru samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga með börnum sem ráðstafað er í fóstur. Einnig er lagt til að sveitarfélög greiði gjöld sem nemi hluta kostnaðar við rekstur heimila og stofnana sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk skv. 79. gr. laganna. Þessar breytingar tengjast breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem nánar er fjallað um í 5. kafla athugasemdanna hér á eftir, þ.e. flutningi verkefna frá sveitarfélögunum yfir til ríkis. Markmiðið er enn fremur að jafna og samræma greiðslur, tryggja þannig betra jafnræði og draga úr togstreitu um val á úrræði fyrir tiltekið barn.

l. Vistun barna utan heimilis, verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, mat og eftirlit.

Í 42., 43., og 45.–47. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að ábyrgð á uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vistuð eru utan heimilis.

Eins og áður sagði var starfshópnum sérstaklega falið að skoða ákvæði barnaverndarlaga um vistun barna utan heimilis. Lagðar eru til nokkuð viðamiklar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að þessu leyti. Gert er ráð fyrir að ríkið beri ábyrgð á að byggja upp öll heimili og stofnanir fyrir börn og taki því við hluta þeirra verkefna sem áður voru hjá sveitarfélögum. Sveitarfélög muni þó eftir sem áður bera ábyrgð á tilteknum vistúrræðum.

Þá er lagt til í 50. gr. frumvarpsins að lögfesta sérstakan kafla um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Nánar er fjallað um þessar breytingar 5. kafla hér á eftir og í skýringum við einstök ákvæði.

5. Vistun barna utan heimilis.

5.1 Yfirlit yfir framkvæmd vistunar samkvæmt ákvæðum núgildandi laga.

Við setningu núgildandi barnaverndarlaga voru ekki gerðar grundvallarbreytingar á ábyrgð á uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vistast utan heimilis eða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum. Þó voru gerðar umtalsverðar breytingar á lagaákvæðum þar sem leitast var við að gera öll ákvæði um uppbyggingu úrræða, nýtingu þeirra og réttarstöðu barna mun skýrari. Nánari útfærslu er einnig að finna í reglugerð um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, nr. 271/1995, með síðari breytingum, og reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 652/2004.

Fjallað er um grundvöll að vistun barns utan heimilis í ákvæðum VI. kafla laganna um ráðstafanir barnaverndarnefnda. Skv. 25. og 27. gr. laganna geta barnaverndarnefndir tekið við umsjá eða forsjá barns og ráðstafað barninu í fóstur eða vistað barnið á heimili eða

stofnun eða í öðru úrræði skv. XIII. eða XIV. kafla laganna. Þá reynir á þessi ákvæði ef foreldri er svipt umsjá eða forsjá skv. 27.–29. gr. laganna.

Rétt er að gefa hér nokkra yfirsýn yfir framkvæmd vistunar samkvæmt núgildandi lögum og skoða sérstaklega hver tekur ákvörðun um vistun og hvernig greiðslum er háttað:

– Heimili og stofnun á ábyrgð ríkisins skv. 79. gr. barnaverndarlaga, reglugerð um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, nr. 271/1995, með síðari breytingum, og reglur um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila undir yfirstjórn Barnaverndarstofu frá 2001. Hér er átt við heimili og stofnanir til að mæta ákveðnum þörfum barna sem nánar er lýst í lagaákvæðinu. Barnaverndarstofa getur sett úrræði á laggirnar eða falið öðrum rekstur heimilis eða stofnunar á grundvelli þjónustusamnings. Barnaverndarstofa tekur ákvörðun um vistun eftir að umsókn berst frá barnaverndarnefnd, m.a. um hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka. Við upphaf vistunar er gerður vistunarsamningur sem undirritaður er af meðferðarheimili eða stofnun, barnaverndarnefnd, foreldrum og barni eftir atvikum. Barnaverndarnefnd ábyrgist að meðferðarheimili berist frá foreldrum hvers barns sem svarar einföldum barnalífeyri í upphafi hvers mánaðar sem notað er til að mæta sérstökum persónulegum þörfum barnsins en kostnaður vegna vistunar greiðist af hálfu ríkisins. Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu í ársskýrslu voru alls 44 börn vistuð á meðferðardeild Stuðla árið 2007. Þá komu alls 93 börn í alls 182 skipti á lokaða deild í neyðarvistun. Á meðferðarheimilum voru vistuð alls 104 börn árið 2007. Samkvæmt tölulegum upplýsingum Barnaverndarstofu um barnaverndarmál árið 2008 bárust það ár alls 56 umsóknir um vist á Stuðlum og 76 um vistun á öðrum meðferðarheimilum, eða alls 132 umsóknir.
– Heimili og stofnun skv. 84. gr. barnaverndarlaga og VII. kafla reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, nr. 652/2004. Hér er átt við úrræði til að mæta tilteknum þörfum barna sem barnaverndarnefnd setur á laggirnar með viðvarandi skipulögðum hætti og ræður starfsmenn til að veita börnum móttöku, svo sem vistheimili og sambýli. Barnaverndarnefnd getur falið öðrum rekstur heimilis eða stofnunar á grundvelli þjónustusamnings. Barnaverndarnefnd fær leyfi Barnaverndarstofu til að reka heimili eða stofnun. Barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um vistun barns og ber skv. 5. og 43. gr. reglugerðar að gera samning við rekstraraðila um vistun hvers barn. Samkvæmt upplýsingum frá barnaverndarnefndum í ársskýrslu Barnaverndarstofu var 91 barn vistað á vistheimili eða sambýli árið 2006.
– Annað vistunarúrræði skv. 84. gr. barnaverndarlaga og VII. kafla reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 652/2004. Hér er átt við öll önnur vistunarúrræði sem barnaverndarnefndir grípa til en þau sem teljast heimili og stofnanir. Fyrst og fremst reynir hér á vistun hjá vistforeldri á einkaheimili, jafnt þegar um er að ræða nákomna ættingja eða aðra, en heimilt er að vista barn í slíku úrræði í allt að þrjá mánuði. Barnaverndarnefnd fær leyfi Barnaverndarstofu til að reka úrræði af þessu tagi og almennt er gert ráð fyrir að leyfi liggi fyrir áður en vistun hefst. Skv. 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 getur vistun í undantekningartilvikum hafist áður en leyfi liggur fyrir ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun og hagsmunum barns þykir augljóslega best borgið hjá tilteknum einstaklingum. Í þeim tilvikum þarf að senda sérstaka tilkynningu til Barnaverndarstofu og sækja um leyfi innan sjö daga frá því að vistun hefst. Barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um vistun og ber skv. 5. og 43. gr. reglugerðarinnar að gera samning við vistforeldri þar sem m.a. skal kveðið á um greiðslur. Engar samræmdar reglur eru til um greiðslur með barni sem vistast skv. 84. gr.

barnaverndarlaga. Barnaverndarnefndir eru hvattar til að fá leyfi til að hafa tiltæk einkaheimili á hverjum tíma sem geta tekið við börnum í bráðatilvikum. Einhverjar nefndir gera þetta og greiða þá til dæmis viðkomandi fast grunngjald auk gjalds fyrir vistun hvers barns meðan vistun varir. Í öðrum tilvikum þegar viðurkennt er að barni sé fyrir bestu að vistast hjá aðilum sem barnið þekkir þarf barnaverndarnefnd að sækja um leyfi fyrir þá vistun sérstaklega og semja við viðkomandi um greiðslur. Samkvæmt upplýsingum frá barnaverndarnefndum í ársskýrslu Barnaverndarstofu voru alls 96 börn vistuð á einkaheimilum eða í öðrum úrræðum skv. 84. gr. árið 2006.

– Tímabundið eða varanlegt fóstur skv. XII. kafla barnaverndarlaga og reglugerð um fóstur, nr. 804/2004. Barnaverndarnefnd velur fósturforeldra að höfðu samráði við Barnaverndarstofu úr hópi þeirra sem stofan hefur metið hæfa. Barnaverndarnefnd gerir fóstursamning við fósturforeldra þar sem m.a. eru ákveðnar greiðslur til fósturforeldra. Í 24. gr. reglugerðar um fóstur er að finna viðmið um hvað teljist framfærslueyrir, fósturlaun og annar kostnaður og tekið fram að framfærslueyrir og fósturlaun skuli nema samanlagt að lágmarki tvöföldum barnalífeyri. Fjárhæðir ber að öðru leyti að meta með hliðsjón af þörfum barns í hverju tilviki. Samkvæmt upplýsingum frá barnaverndarnefndum í ársskýrslu Barnaverndarstofu var alls 136 börnum ráðstafað í tímabundið og varanlegt fóstur árið 2006. Vísbendingar eru um að fósturráðstöfunum, sérstaklega í tímabundið fóstur, fari fjölgandi. Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu bárust þannig 55 umsóknir um fósturheimili fyrstu sex mánuði ársins 2009 í samanburði við 45 á samsvarandi tímabili árið 2008.
– Styrkt fóstur skv. XII. kafla barnaverndarlaga og reglugerð um fóstur, nr. 804/2004. Ef gert er ráð fyrir kostnaðarþátttöku ríkisins þá velur Barnaverndarstofa fósturforeldra í samvinnu við barnaverndarnefnd. Barnaverndarnefnd gerir fóstursamning við fósturforeldra en ákvæði samningsins um kostnað vegna viðbótarþjónustu í tengslum við hið styrkta fóstur eru háð samþykki Barnaverndarstofu. Skv. 24. gr. reglugerðar um fóstur greiðir barnaverndarnefnd að jafnaði framfærslueyri og fósturlaun sem svara sjöföldum barnalífeyri með barni í styrktu fóstri. Ríkið greiðir fósturforeldrum til viðbótar sem svarar allt að tíföldum barnalífeyri. Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu í ársskýrslu voru alls 11 börn vistuð í styrktu fóstri árið 2007.

5.2 Rök að baki breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um allnokkurt skeið hafa verið uppi hugmyndir um að heppilegt væri að færa frekari ábyrgð á uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vista þarf utan heimilis samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga frá sveitarfélögum/barnaverndarnefndum yfir til ríkisins. Nefnd sú, sem skipuð var af félagsmálaráðherra til að endurskoða barnaverndarlög í heild sinni árið 1997, skilaði drögum að frumvarpi til nýrra barnaverndarlaga til félagsmálaráðherra í desember 2000. Í þeim drögum var gert ráð fyrir viðamiklum breytingum á ákvæðum um úrræði fyrir börn sem vistuð eru utan heimilis. Ekki var fallist á tillögur nefndarinnar og gera núgildandi lög ráð fyrir svipaðri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi uppbyggingu úrræða og áður hafði verið.

Starfshópurinn hefur farið vandlega yfir þau sjónarmið sem lágu til grundvallar umræðu um þessi atriði við setningu núgildandi laga. Starfshópurinn tekur undir þau rök sem fyrri nefnd færði fram því til stuðnings að færa frekari ábyrgð yfir til ríkisins.

Helstu ókostir verkaskiptingar samkvæmt núgildandi lögum eru:

– Óljós skil milli úrræða sem ríkinu ber að byggja upp og úrræða á ábyrgð einstakra sveitarfélaga, m.a. óljós skil milli sérhæfðrar meðferðar á ábyrgð ríkisins og þess stuðn-

ings sem barnaverndarnefndir veita börnum sem vistuð eru á heimilum eða stofnunum.
- Flestar barnaverndarnefndir eiga í erfiðleikum með að hafa tiltæk úrræði eins og heimili og stofnanir og slík úrræði hafa fyrst og fremst verið til staðar í Reykjavík.
- Réttur barns til að njóta úrræðis eins og vistheimilis, fjölskylduheimilis eða sambýlis er mjög mismunandi eftir búsetu.
- Skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga getur valdið togstreitu þegar kemur að vali á heppilegu úrræði þar sem sveitarfélög bera fjárhagslega ábyrgð á stuðningsúrræðum og vissum úrræðum fyrir börn utan heimilis en ríkið á öðrum, þannig hefur í sumum tilvikum til dæmis verið tekist á um lengd vistunar á meðferðarheimili þar sem sambýli hefði hugsanlega hentað barni betur og um val milli fósturheimilis annars vegar og meðferðarheimilis hins vegar.
- Þó að ágreiningur tengist ekki kostnaði er kerfið engu að síður ósveigjanlegt og erfitt að sníða úrræði að þörfum hvers barns.
- Núverandi kerfi tryggir ekki nægilega samræmdar kröfur til úrræða og framkvæmdar vistunar.

Meginröksemdir fyrir ábyrgð ríkisins á uppbyggingu heimila og stofnana samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga eru þær að með þessu fæst samfellt yfirlit og yfirsýn yfir helstu úrræðin. Þannig er stuðlað að bættri og skipulagðri nýtingu þeirra og um leið betri nýtingu fjármuna ríkis og sveitarfélaga. Um leið er leitast við að auka gæði, skapa aukinn sveigjanleika, aukna möguleika á sérhæfingu úrræða og frekari samræmingu. Þá verður verkaskipting ríkis og sveitarfélaga einnig skýrari.

Til að ná þessum markmiðum er einnig mikilvægt að breyta fyrirkomulagi á greiðslu kostnaðar vegna ráðstöfunar barns í fóstur og vistun á heimili eða stofnun. Gera verður ráð fyrir að staðla þurfi greiðslur mun meira en nú er, til dæmis greiðslur til fósturforeldra. Þá er gert ráð fyrir að sveitarfélög taki þátt í kostnaði eða greiði ákveðin gjöld vegna vistunar barns á heimili og stofnun á ábyrgð ríkisins samkvæmt nánari útfærslu í reglugerð.

Starfshópurinn leggur þó áherslu á að á meðan ríkið ber ábyrgð á uppbyggingu úrræða í barnavernd þá er hættan á togstreitu að einhverju leyti óhjákvæmileg. Ef ríkið ber frekari ábyrgð á uppbyggingu úrræða vegna vistunar utan heimilis þá getur til dæmis skapast ákveðin hætta á togstreitu milli annars vegar skyldu barnaverndarnefndar til að tryggja barni stuðningsúrræði án vistunar utan heimilis og hins vegar valkostar um að vista barn.

Við val á nánari útfærslu verkaskiptingar verður einnig að hafa í huga að til dæmis markmið, aðdragandi, val á úrræði og tímalengd vistunar barns utan heimilis er með talsvert fjölbreyttum hætti. Stundum ber vistun brátt að og henni er ætlað að standa í skamman tíma meðan könnun máls fer fram og þetta getur kallað á sérsniðið vistúrræði í nærumhverfi barnsins. Stundum á vistun sér hins vegar talsverðan aðdraganda og tími vinnst til að finna heppilegt og jafnvel varanlegt úrræði fyrir barn.

5.3 Mismunandi leiðir.

Ábyrgð á uppbyggingu úrræða, val á úrræði fyrir hvert barn og skipting kostnaðar getur verið með ýmsum hætti. Starfshópurinn telur þó sýnt að best fari á því að sá aðili sem ber meginábyrgð á kostnaði sé einnig sá sem velur úrræði fyrir tiltekið barn. Þá telur starfshópurinn einnig að leitast eigi við að tryggja öllum börnum á landinu sambærileg úrræði sem mæta þörfum þeirra í hvert sinn. Hér getur reynt á viðkvæm atriði eins og að úrræði sé tiltækt þegar barn þarf á því að halda, unnt sé að velja einhvern tiltekinn sem talinn er barni fyrir bestu að vistast hjá eða að unnt sé að velja einhvern í nánu umhverfi barnsins sem tryggi af fremsta megni stöðugleika, samfellu og samvinnu í máli barnsins.

Starfshópurinn hefur sérstaklega velt fyrir sér hvernig og hvort unnt sé að tryggja að breyting á núverandi fyrirkomulagi feli ekki í sér aukinn heildarkostnað eða feli ekki í sér aukin útgjöld fyrir annaðhvort ríki eða sveitarfélög. Þörf fyrir mismunandi úrræði og fjöldi úrræða fer að sjálfsögðu eftir þörfum barna hverju sinni og þessi atriði er erfitt að sjá fyrir eða meta til hlítar. Þá hafa mismunandi sveitarfélög byggt upp og nýtt úrræði með ólíkum hætti. Verði gerðar breytingar á ábyrgð sveitarfélaga og ábyrgð á greiðslum er erfitt að tryggja að hvert og eitt sveitarfélag verði í sömu sporum og áður jafnvel þó skipting heildarkostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga allra samanlagt yrði með svipuðum hætti og fyrir breytingar.

Starfshópurinn afmarkaði nokkrar leiðir sem unnt væri að fara:

- **Leið 1.** Barnaverndarstofa nýtir heimild sína skv. 6. mgr. 7. gr. barnaverndarlaga til að byggja upp og bjóða barnaverndarnefndum úrræði með það að markmiði að auðvelda nefndum að sinna lögbundnum hlutverkum sínum.
- **Leið 2.** Ríkið tekur yfir ábyrgð á að byggja upp *heimili og stofnun* skv. 84. gr. og 1. mgr. 36. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga. Sveitarfélög bera áfram ábyrgð á *öðrum úrræðum* skv. 84. gr. og 2. mgr. 36. gr. reglugerðarinnar.
- **Leið 3.** Ríkið tekur yfir ábyrgð á að byggja upp *öll úrræði* skv. 84. gr. og 36. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, þ.e. heimili, stofnanir og önnur úrræði.
- **Leið 4.** Ríkið tekur yfir ábyrgð á að byggja upp *öll úrræði* skv. 84. gr. og 36. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga og tekur ákvörðun um val á fósturforeldri fyrir einstakt barn og gerir samning við fósturforeldri.

Hver og ein þessara leiða hefur ákveðna kosti og galla í för með sér. Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir sérstökum reglum um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga og þá verður að huga sérstaklega að fyrirkomulagi mats og eftirlits með úrræði af hverri tegund eftir því hvaða leið er valin.

Að vandlega athuguðu máli mælir starfshópurinn í öllum aðalatriðum með **leið 2**. Þau sjónarmið sem hér ráða mestu eru að tryggja:

- jafnan rétt allra barna á landinu til að njóta öruggrar umönnunar og meðferðar eftir því sem best hentar þörfum þeirra þegar vista þarf þau á heimili eða stofnun,
- að jafnframt verði unnt að grípa til úrræðis í nærumhverfi barnsins, svo sem vistunar á einkaheimili í skamman tíma þegar það hentar þörfum barnsins og
- frekara samræmi í greiðslum til þeirra sem taka að sér að annast börn.

Mælt er með því að félags- og tryggingamálaráðuneytið setji, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, gjaldskrá þar sem ákveðin verði þau gjöld sem sveitarfélög greiða vegna vistunar barna á heimilum og stofnunum. Þá verði sett reglugerð um greiðslur með börnum í fóstri. Með þessu er stefnt að því að heildarkostnaður ríkis og sveitarfélaga breytist sem minnst frá því sem nú er. Þá er einnig unnt að samræma frekar kostnað sveitarfélaga vegna mismunandi úrræða. Einnig er mikill kostur að samræma stöðu fósturforeldra og tryggja frekar jafnræði þeirra.

5.4 Mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barns utan heimilis.

Í tengslum við breytta verkaskiptingu þykir nauðsynlegt að leggja til nýtt fyrirkomulag á mati og eftirliti í tengslum við úrræðin. Við mótun og skýringu á einstaka ákvæðum nýs kafla um þetta í frumvarpinu var m.a. höfð hliðsjón af ákvæðum laga um eftirlit í norsku barnaverndarlögunum nr. 100 frá 1992, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim (Forskrift om tilsyn med barn i barnverninstitusjoner for omsorg og behandling

nr. 1564 frá 2003, forskrift internkontroll etter barnevernloven nr. 1584 frá 2005 og forskrift om krav til kvalitet og internkontroll i barneverninstitusjoner nr. 580 frá 2008).

Á undanförnum árum hafa sjónir manna beinst í ríkum mæli að eftirliti með úrræðum og eftirliti með líðan barns sem vistað er utan heimilis. Niðurstöður rannsókna benda eindregið til þess að miklu skiptir hvernig staðið er að ákvörðunum um vistun barna utan heimilis, svo sem undirbúningi, upplýsingum, tengslum við foreldra og nákomna, eftirliti og eftirfylgd. Í nýútkominni skýrslu á vegum Evrópuráðsins um framkvæmd tilmæla ráðsins um réttindi barna á stofnunum (Rec (2005)5 on the rights of children living in residential institutions) koma fram ábendingar um að almennt þurfi að treysta eftirlit með starfsemi stofnana og að víða skorti á að gæði umönnunar- og meðferðarstarfs séu tryggð með því að skilgreindir séu lágmarksgæðastaðlar.

Starfshópurinn leggur áherslu á að gæðamat og aukið eftirlit geti stuðlað að betra réttaröryggi og betri árangri af úrræðum barnaverndaryfirvalda. Ýmis mikilvæg skref hafa verið stigin í þessa átt hér á landi og má sérstaklega nefna að Barnaverndarstofa hefur á undanförnum árum falið óháðum sérfræðingi eftirlit með langtímameðferðarheimilum á vegum ríkisins og stofan gaf út árið 2008 *Staðla fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda.* Við útfærslu á gæðamati og eftirliti verður að gæta þess að slíkt starf verði ekki of íþyngjandi fyrir viðkomandi starfsemi. Sérstaklega verður að huga vandlega að því hversu marga aðila unnt er að kynna fyrir barni og hversu oft er unnt að bjóða barni upp á heimsóknir í því skyni að fylgjast með líðan þess eða til að hafa eftirlit með vistun áður en eftirlitið getur farið að hafa neikvæð áhrif á þann stöðugleika og það öryggi sem barn á rétt á að njóta meðan vistun varir.

Starfshópurinn verður að benda á að það er því miður óraunhæft að ætla að tiltekið fyrirkomulag eftirlits geti með óyggjandi hætti komið að öllu leyti í veg fyrir að eitthvað geti farið úrskeiðis við umönnun eða meðferð barns. Sjálfsagt er að huga að því að auka eftirlit en fyrst og fremst verður að leggja ríka áherslu á að tryggja gæði starfsins á öllum stigum til að auka líkur á að starfið taki mið af hagsmunum og þörfum barnsins og að barn beri traust til einhvers af þeim aðilum sem koma að máli og geti sagt frá í þeim tilvikum þegar eitthvað bjátar á.

Hugtakið *eftirlit* er oft notað um ýmsa þætti í starfsemi barnaverndar. Í sambandi við vistun utan heimilis má greina þetta að einhverju leyti í tvennt. Annars vegar er um að ræða eftirfylgd eða **eftirlit með ráðstöfun** þar sem fylgst er með líðan barns meðan ráðstöfun varir og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum (d. *personrettede tilsynsbesøg*). Hins vegar er um að ræða **eftirlit með úrræði** til að tryggja að úrræðið sem slíkt uppfylli skilyrði laga (d. *driftsorienterede tilsynsbesøg*). Þá er stundum talað um **innra eftirlit** þegar ef til vill væri réttara að tala um gæðastjórnun eða gæðamat. Einnig getur svokallað **ytra eftirlit** eða ytra mat einnig staðið með ólíkum hætti í tengslum við þá grunnstarfsemi sem verið er að skoða. Við framkvæmd eftirlits hefur þannig til dæmis í norskum rétti verið rætt annars vegar um það sem kallað er *individtilsyn* þar sem áhersla er lögð á að fá upplýsingar frá einstaklingum sem vistaðir eru og hins vegar *systemrevisjon* þar sem lögð er áhersla á að safna kerfisbundnum öðrum upplýsingum um framkvæmd starfsins.

Markmið með eftirliti í víðum skilningi getur þannig til dæmis verið að:

- tryggja að tiltekin ráðstöfun nái tilgangi sínum,
- tryggja að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, reglna og viðurkenndra gæðastaðla,
- kanna hvort starfsemi uppfylli tiltekin markmið sem sett hafa verið,
- kanna árangur af tilteknu starfi,

– stuðla að aukinni ábyrgð tiltekinna aðila á eigin starfi eða
– fjalla um einstök álitamál eða einstaklingsmál.

Hluti af framangreindu tilheyrir eðlilegri gæðastjórnun og þróun í gæðamálum. Þannig verður að leggja ríka áherslu á að hver og ein opinber stofnun hafi þá yfirsýn, það faglega aðhald og þá eftirfylgd að tryggja með einhverjum kerfisbundnum hætti að starfsemin uppfylli framangreind skilyrði. Þá er einnig eðlilegt að hluti þessara verkefna sé hjá aðila sem er ótengdur rekstrinum þannig að hann geti talist hæfur til að leggja hlutlaust og trúverðugt mat á einstaka þætti.

Samkvæmt lögum nr. 26/2007 var skipuð nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Nefndinni var m.a. falið að gera tillögur um hvernig koma mætti í veg fyrir að brotinn væri réttur á börnum í opinberri forsjá. Í fyrstu skýrslu nefndarinnar er aðallega fjallað um starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Í skýrslunni er einnig sérstakur kafli um gildandi framkvæmd og eftirlit á sviði barnaverndarmála þar sem sjónum er beint að eftirliti með vistun barna á meðferðarheimilum og stofnunum á grundvelli ákvæða núgildandi laga. Í annarri skýrslu nefndarinnar þar sem fjallað er um önnur heimili er vísað til þessa kafla um samsvarandi atriði.

Starfshópurinn hafði umfjöllun nefndarinnar sérstaklega í huga við mótun ákvæða um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Nefndin um vist- og meðferðarheimili taldi það mikilvægan þátt í núgildandi barnaverndarlögum hversu margir koma að ákvörðun um ráðstöfun barns utan heimilis og framkvæmd þeirrar ráðstöfunar þar sem samspil ólíkra aðila ynni að því að tryggja réttindi barns. Í lögunum væri reynt að tryggja að allir hefðu tilteknu hlutverki að gegna og þar væri um að ræða samspil barns, foreldra, talsmanna og lögmanna eftir atvikum, svo og barnaverndarnefndar, Barnaverndarstofu, stofnunar eða meðferðarheimilis og dómstóla eða kærunefndar barnaverndarmála í sumum tilvikum. Nefndin benti á að þetta væri viðamikið kerfi og gera yrði ráð fyrir að einhverjir þessara aðila hefðu tækifæri til og væru líklegir til að vekja máls á því ef hagsmunir barns væru fyrir borð bornir eða grunur léki á broti gegn réttindum barns. Að höfðu samráði við Barnaverndarstofu voru nefnd nokkur atriði sem hrinda mætti í framkvæmd til að styrkja núgildandi kerfi, auka gæði starfsins og bæta réttarstöðu barna á öllum stigum máls. Eftirfarandi eru tillögur nefndarinnar um forgangsatriði sem starfshópurinn tók mið af og hópurinn telur eiga við jafnhliða þeim breytingum sem lagðar eru til á ákvæðum laganna:

– Sveitarfélög tryggi að barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra hafi nægilegt svigrúm og tíma til að vinna hvert og eitt mál í samræmi við ákvæði laga og reglna eftir viðmiðum um takmörkun málafjölda á hvern sérfræðing.
– Sveitarfélög tryggi framboð af stuðningsúrræðum til að styrkja börn og fjölskyldur þeirra svo komast megi hjá vistun utan heimilis.
– Menntun rekstraraðila og starfsmanna á meðferðarheimilum og stofnunum fyrir börn verði aukin og styrkt og stefnt að því að rekstraraðilar og sem flestir starfsmenn hafi fjölbreytta menntun og reynslu af uppeldis- og meðferðarmálum til að tryggja faglega framkvæmd og inntak meðferðar.
– Barnaverndarstofa tryggi víðtæka kynningu og kennslu í því að framfylgja stöðlum um vistun barna utan heimilis á vettvangi barnaverndarnefnda og meðferðarheimila.
– Barnaverndarstofa tryggi að með reglubundnum hætti verði fengnir óháðir rannsakendur til að gera úttekt eða árangursmat á stofnunum og heimilum fyrir börn.
– Félags- og tryggingamálaráðuneytið fylgist með reglubundnum hætti með uppbyggingu og nýtingu stofnana og heimila fyrir börn, fylgist með því hvernig úttektum og eftirliti

sé háttað með allri starfseminni og leggi mat á hvort fylgt sé ákvæðum laga, reglugerða, reglna og gæðastaðla.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með setningu núgildandi barnaverndarlaga voru gerðar allverulegar breytingar á fyrirkomulagi úrskurðarvalds og málskota í barnaverndarmálum. Var ákvörðunarvald og málskotsréttur í alvarlegustu málunum fluttur til dómstóla. Stofnuð var kærunefnd barnaverndarmála og ráðgert að til hennar mætti skjóta úrskurðum og einstökum ákvörðunum barnaverndarnefnda. Þá var gert ráð fyrir að unnt væri að kvarta til Barnaverndarstofu yfir þeim ákvörðunum sem ekki væri unnt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála en þessi kvörtunarleið var talin leiða af eftirlitshlutverki stofunnar og auðvelda henni að vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs á landinu.

Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3609/2002 kemur fram að við skýringu ákvæða í sérlögum um kæruheimildir sé ekki sjálfgefið að rétt sé að leggja til grundvallar að efnislegt inntak þeirra sé nákvæmlega það sama og inntak hinnar almennu kæruheimildar í 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að afmarka þetta frekar með því að undirstrika að unnt sé að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála stjórnsýsluákvörðunum barnaverndarnefnda og er þar átt við ákvarðanir sem falla undir ákvæði stjórnsýslulaga. Þá er stefnt að því að geta þess sérstaklega í lögunum hvenær stjórnsýsluákvörðun er tekin sem unnt er að kæra til kærunefndar. Ljóst er að málsmeðferð barnaverndarmála er flókin, þar eru oftast teknar margar og ólíkar ákvarðanir bæði um form og efni og mikilvægt að kæruleiðir séu eins skýrar og unnt er. Víða í lögunum er sérstaklega áréttuð heimild til að kæra ákvörðun til kærunefndar og þykir fara betur á því að fjalla um kæruheimildir í einstaka ákvæðum en að telja upp öll tilvik í 6. gr. laganna.

Sú breyting sem lögð er til í b-lið leiðir af ákvæðum 46. og 50. gr. frumvarpsins en stefnt er að því sem fyrr að telja með tæmandi hætti þær ákvarðanir Barnaverndarstofu sem unnt er að skjóta til kærunefndar.

Um 2. gr.

Við setningu núgildandi laga var lögfest það nýmæli að Barnaverndarstofa gæti rekið þjónustumiðstöðvar í því skyni að stuðla að þverfaglegu samstarfi. Á undanförnum árum hafa reglulega komið upp mál barna sem glíma við fjölþættan vanda þar sem reynir á rétt til þjónustu og nýtingu úrræða innan fleiri en eins kerfis velferðarþjónustunnar. Sérstaklega hefur reynt á mörk barnaverndarlaga, laga um málefni fatlaðra og laga um heilbrigðisþjónustu. Þetta á helst við þegar kemur að uppbyggingu og nýtingu úrræðis fyrir barn sem getur ekki verið heima hjá foreldrum sínum um lengri eða skemmri tíma vegna vanda barnsins og/eða foreldranna. Í einstaka tilvikum hafa þjónustukerfi gert með sér samning um ábyrgð á úrræði og skiptingu kostnaðar. Mikilvægt þykir að kveða sérstaklega á um heimild Barnaverndarstofu til að taka frumkvæði að því að byggja upp sérhæfð úrræði fyrir börn sem glíma við fjölþættan vanda af þessu tagi. Gera verður ráð fyrir að önnur yfirvöld taki þátt í að veita þjónustu eða taki þátt í kostnaði í samstarfi við Barnaverndarstofu í samræmi við skyldur sínar samkvæmt viðeigandi lögum og samningi sem gerður yrði í hvert sinn.

Um 3. gr.

Í núgildandi lögum er að finna heimild Barnaverndarstofu til að áminna barnaverndarnefnd um að rækja skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laganna en ekki er kveðið á um frekari viðurlög.

Ef til áminningar kemur er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa tilkynni viðkomandi sveitarstjórn um slíkt. Sveitarstjórn getur ekki gefið barnaverndarnefnd fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála og er óheimill aðgangur að persónugreinanlegum upplýsingum um einstök mál, sbr. 13. gr. laganna. Engu að síður verður að gera ráð fyrir að sveitarstjórn beri ábyrgð á því að innan umdæmisins starfi barnaverndarnefnd sem rækir störf sín í samræmi við ákvæði laganna, sbr. 10. og 88. gr. laganna. Ef Barnaverndarstofa áminnir barnaverndarnefnd fyrir að sinna ekki skyldum sínum samkvæmt lögunum verður að gera ráð fyrir að það reyni á skyldu sveitarstjórnar til að tryggja að bætt verði úr.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa tilkynni félagsmálaráðuneytinu um áminningu og þykir þetta m.a. leiða af eftirlitshlutverki ráðuneytisins gagnvart stofunni. Við setningu laganna bar þetta ráðuneyti einnig ábyrgð á málum sveitarfélaga og mátti því gera ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið gæti beitt eftirlitsákvæðum sveitarstjórnarlaga gagnvart þeim sveitarstjórnum sem ekki sinntu skyldum sínum. Sú breyting var gerð með lögum nr. 167/2007 að ábyrgð á málefnum sveitarfélaga var flutt til samgönguráðuneytisins. Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa tilkynni félagsmálaráðuneytinu sem fyrr um áminningu en rétt þykir að taka fram að ráðuneytið geti beitt sér fyrir því að gripið verði til úrræða samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, þ.e. sent erindi og mælt með því að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið taki í taumana.

Um 4. gr.

Í 4. mgr. 14. gr. laganna eru afmarkaðar þær ákvarðanir sem barnaverndarnefndir geta ekki framselt til starfsmanna heldur talið rétt að nefndirnar taki sjálfar. Er hér um að ræða ákvarðanir um að leita til dómstóla og því þykir rétt að bæta þarna við ákvörðun um að setja fram kröfu um sjálfræðissviptingu skv. 30. gr. og þar með festa í sessi regluna sem fram kemur í c-lið 3. mgr. 4. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd, nr. 56/2004.

Um 5. gr.

Í a-lið er skerpt á skyldum barnaverndarnefnda við þær aðstæður þegar barn flytur úr einu umdæmi í annað meðan barnaverndarmál er til meðferðar. Mjög mikilvægt er að tryggja sem allra mesta samfellu í vinnslu máls við þessar aðstæður. Nauðsynlegt er að tilkynna mál tafarlaust ásamt því að senda allar nauðsynlegar upplýsingar og að barnaverndarnefnd sem tekur við málinu hefji strax frekari vinnslu þess.

Í b-lið er lagt til að tekin verði af tvímæli um að Barnaverndarstofa geti skorið úr ágreiningi eða óvissu um hvar barn skuli talið eiga fasta búsetu en þetta atriði er grundvöllur ákvörðunar um hvort barnaverndarnefnd skuli að jafnaði bera ábyrgð á vinnslu máls. Barnaverndarstofa hefur tekið ákvarðanir um þetta atriði með lögjöfnun frá 3. mgr. 15. gr. núgildandi laga.

Í c-lið er lagt til að skýra nánar réttarstöðu barna og valdsvið barnaverndarnefndar þegar til nefndar berst mál barns sem ekki á lögheimili á Íslandi eða er hér á landi án forsjáraðila sinna. Mál af þessu tagi eru sjaldgæf, þau geta verið af ýmsum toga en í einstaka tilvikum hafa vaknað spurningar um réttarstöðu aðila. Í núgildandi lögum er tekið fram að barna-

verndarnefnd þar sem barn dvelst eða er statt fari með mál þess. Mikilvægt er að fram komi með skýrum hætti að barnaverndarnefnd taki við umsjá barns sem er statt hér á landi með þessum hætti. Af því leiðir að barnaverndarnefnd hefur heimild til og ber að grípa til þeirra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi barns, svo sem að ráðstafa barni í fóstur eða aðra vistun þegar það á við.

Í d-lið er lagt til nýmæli til að skýra réttarstöðu barna sem kunna að koma hingað til lands eða eru hér á landi án forsjáraðila sinna og fá hér hæli eða dvalarleyfi. Mikilvægt er að taka af öll tvímæli um að tiltekin barnaverndarnefnd taki við forsjá barns þegar leyfi er veitt og ráðstafi barni í fóstur eða á heimili eða stofnun. Er tillagan að öðru leyti í samræmi við skýrslu nefndar sem dómsmálaráðherra skipaði þann 9. janúar 2004 um málefni vegalausra barna en í nefndinni áttu sæti fulltrúar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, félagsmálaráðuneytisins, Útlendingastofnunar, Barnaverndarstofu, ríkislögreglustjóra, sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli og Rauða kross Íslands. Þessir aðilar voru sammála um að í þeim tilvikum þegar börn fengju hæli eða dvalarleyfi hér á landi væri eðlilegt að kostnaður vegna ráðstöfunar þeirra í fóstur eða aðra vistun greiddist úr ríkissjóði.

Í e-lið er kæruheimild gerð skýrari.

Um 6. gr.

Sú breyting sem lögð er til í a-lið felur í fyrsta lagi í sér skýrari framsetningu á lýsingu aðstæðna sem eiga að leiða til skyldu til að tilkynna. Rétt þykir að afmarka þessi atriði sérstaklega í 1. mgr. 16. gr. laganna en hér er um að ræða grunnflokka algengustu barnaverndarmála. Árétta ber að ekki er lagt til að skilgreina það frekar eða með öðrum hætti í lagaákvæðinu hvenær aðstæður eru með þeim hætti að skylt sé að tilkynna. Það orðalag sem notað er í lögum getur aldrei orðið tæmandi lýsing á þeim aðstæðum barns sem barnaverndarnefnd á að láta sig varða. Í 16. gr. laganna eru notaðir hefðbundnir flokkar með svipuðum hætti og í löggjöf annarra landa og þykir mega skilgreina innan þeirra allar þær aðstæður sem reyna þarf á. Nánari útlistun aðstæðna verður að byggjast á túlkun ákvæðisins með hliðsjón af þekkingu og rannsóknum á þörfum barna í vanda. Barnaverndarstofa hefur þannig til dæmis látið vinna sérstakt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd sem hefur að geyma mikilvægar leiðbeiningar í þessum efnum. Telja verður að óöryggi um það hvenær beri að tilkynna verði að mæta með frekari leiðbeiningum og fræðslu en ekki með breytingu á lagaákvæðinu.

Í öðru lagi er gerð orðalagsbreyting í nýjum staflið, b-lið, í 1. mgr. til samræmis við breytingar á 1. gr. með lögum nr. 53/2009, þ.e. talað um ofbeldi og aðra vanvirðandi háttsemi í stað ofbeldis og áreitni.

Í b-lið er lögð til breyting á 2. mgr. 16. gr. laganna, þ.e. að bæta inn ákvæði um þungaðar konur. Við setningu núgildandi laga þótti rétt að taka af öll tvímæli um heimildir barnaverndarnefnda í málum þar sem heilsu og lífi ófædds barns þykir stefnt í hættu. Var þetta gert til þess að heimila barnaverndarnefnd skv. 3. mgr. 21. gr. að hefja könnun máls ef tilkynning bærist nefndinni. Rétt þykir að fjalla um þessar aðstæður með skýrum hætti í ákvæði 16. gr. til að skjóta styrkari stoðum undir tilkynningarskylduna í þessum málum. Þá er nýmæli að þessi vernd nái einnig til þeirra tilvika þegar þungaðar konur eru beittar ofbeldi sem stefnir heilsu eða lífi hins ófædda barns í hættu.

Um 7. gr.

Rétt þykir að fjalla sem fyrr sérstaklega um tilkynningarskyldu þeirra sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af börnum en lagt er til að um lýsingu á aðstæðum sé vísað til 16. gr. laganna.

Um 8. gr.

Í fyrri málsliðnum eru lagðar til breytingar hliðstæðar 7. gr. frumvarpsins. Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á skyldu lögreglu til að tilkynna um tilvik eins og lýst er í 16. gr. laganna, þ.e. ef lögregla verður vör við þær aðstæður sem þar er lýst óháð því hvort framið hafi verið refsivert brot eða ekki.

Í síðari málsliðnum er fjallað um sérstaka tilkynningarskyldu lögreglunnar vegna refsiverðra brota. Skv. 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. núgildandi laga ber lögreglu að tilkynna barnaverndarnefnd öll tilvik þar sem grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn af barni eða gegn barni, svo og að gefa barnaverndarnefnd kost á að fylgjast með rannsókn málsins. Hér er um mjög víðtæka skyldu að ræða. Tilkynningum frá lögreglu til barnaverndarnefnda hefur fjölgað gríðarlega á undanförnum árum án þess að um hafi verið að ræða samsvarandi fjölgun barnaverndarmála. Þannig telst stór hluti tilkynninga frá lögreglu fjalla um smávægileg brot þar sem barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um að kanna mál ekki frekar, sbr. 5. mgr. 21. gr. laganna þar sem fram kemur að ákvörðun um að hefja könnun skuli ekki tekin nema rökstuddur grunur gefi tilefni til þess. Rétt þykir að takmarka tilkynningarskyldu lögreglu um brot barna og brot gegn börnum og mæla með því að orðalag 18. gr. laganna verði fært að mestu leyti til samræmis við ákvæði 61. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, en samkvæmt því ákvæði ber lögreglu að tilkynna barnaverndarnefnd ef taka á skýrslu af sakborningi yngri en 18 ára vegna ætlaðs brots gegn almennum hegningarlögum eða brots gegn öðrum lögum sem varðað getur þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi. Til skýringar má nefna að ein helsta breytingin verður sú að brot á umferðarlögum verða ekki lengur tilkynningarskyld nema í þeim tilvikum þegar 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. þykir eiga við. Undirstrika verður að ákvæði 18. gr. barnaverndarlaga gildir hvort tveggja um brot barna og brot gegn börnum. Að teknu tilliti til þessa m.a. þykir nauðsynlegt að hafa ákvæðið rýmra en ákvæði laga um meðferð sakamála og tryggja að auk allra brota á ákvæðum almennra hegningarlaga tilkynni lögregla barnaverndarnefnd öll brot gegn refsiákvæðum barnaverndarlaga. Um önnur sérrefsilög en barnaverndarlög gildir ákvæðið um brot sem varða þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að skýra nánar ákvæði 19. gr. laganna um möguleika á að bera ákvörðun um nafnleynd undir kærunefnd barnaverndarmála með því að taka sérstaklega fram að unnt sé að skjóta til kærunefndar ákvörðun um að hafna afléttingu nafnleyndar. Kærunefndin hefur fjallað um mál af þessu tagi þó að það komi ekki berum orðum fram í ákvæði núgildandi laga.

Um 10. gr.

Í a–c-lið eru lagðar til breytingar í samræmi við breytingar á 1. gr. með lögum nr. 53/2009 og þær breytingar sem felast í 6. gr. frumvarpsins um tilkynningar í málum þungaðra kvenna.

Í d-lið er gert ráð fyrir að breyta orðunum „láta mál niður falla“ í „að hefja ekki könnun“. Ástæðan er sú að í 11. gr. frumvarpsins eru gerðar sérstakar tillögur um málsmeðferð við lokun barnaverndarmáls.

Samkvæmt e-lið er lagt til að tilkynna skuli foreldrum um tilkynningu og ákvörðun vegna hennar eigi síðar en viku frá því að ákvörðun var tekin. Ástæða þykir til að skerpa á þessari málsmeðferð enda mikilvægt að tryggja markviss og samfelld vinnubrögð í máli.

Í f-lið er nýmæli sem er til þess fallið að styrkja samstarf barnaverndarnefndar við þá sem láta sig hag barns varða. Lagt er til að barnaverndarnefnd beri að staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist. Einhverjar barnaverndarnefndir munu þegar hafa sett sér vinnureglur af þessu tagi en rétt þykir að gera ráð fyrir þessu í öllum tilvikum. Markmiðið er að tryggja að tilkynnandi fái örugga vitneskju um að tilkynning hafi komist til skila. Ekki er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd upplýsi tilkynnanda um ákvörðun sem tekin er vegna tilkynningar nema samþykki forsjáraðila liggi fyrir en barnaverndarnefnd ber að upplýsa tilkynnanda almennt um þá málsmeðferð sem viðhöfð er í kjölfar móttöku tilkynningar.

Um 11. gr.

Í a- og b-lið er að finna nýmæli um lok barnaverndarmáls. Samkvæmt núgildandi lögum tekur barnaverndarnefnd formlega ákvörðun um að hefja könnun máls og markar slík ákvörðun um leið formlegt upphaf barnaverndarmáls. Lögin fjalla hins vegar ekki með sama hætti um lok máls en gengið er út frá því að barnaverndarnefnd láti mál niður falla á síðari stigum um leið og í ljós kemur að ekki sé ástæða til frekari afskipta. Reynslan sýnir að foreldrar eru yfirleitt sáttir við þá niðurstöðu að ekki sé þörf frekari afskipta. Í einhverjum tilvikum geta foreldrar hins vegar verið ósammála mati barnaverndarnefndar og óskað frekari aðgerða, ýmist frekari könnunar eða úrræða. Á þetta hefur reynt fyrir kærunefnd barnaverndarmála sem úrskurðaði til dæmis í máli nr. 15/2003 þar sem foreldri var ósátt við ákvörðun barnaverndarnefndar um að loka máli þar sem nefndin taldi ekki þörf á frekari könnun vegna gruns um kynferðisofbeldi. Rétt þykir að taka hér af öll tvímæli. Skv. a-lið 9. gr. laganna er gert ráð fyrir að ákvörðun um að loka máli í kjölfar könnunar sé kæranleg. Árétta ber að einungis er gert ráð fyrir að ákvörðunin sem slík sé kæranleg en ekki einstaka ágreiningsatriði um hvernig ber að kanna mál eða hvaða úrræða væri rétt að grípa til.

Í b-lið er svipað ákvæði, þ.e. gert er ráð fyrir að unnt sé að kæra ákvörðun um að loka máli þegar áætlun rennur út, þ.e. ákvörðun barnaverndarnefndar um að ekki sé talin þörf á frekari afskiptum. Sem endranær er ekki gert ráð fyrir að unnt sé að skjóta til kærunefndar ágreiningi um einstakar tillögur barnaverndarnefndar um tiltekin úrræði.

Í c-lið er skerpt á skyldum barnaverndarnefndar til að reyna að tryggja nauðsynlegt samstarf í þágu hagsmuna barns. Í núgildandi lögum er víða lögð áhersla á samstarf í barnaverndarmálum, svo sem í 5. mgr. 4. gr., 20. gr. og 3. mgr. 23. gr. Í umfjöllun um 20. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til núgildandi laga er fjallað nokkuð um samstarf og ólíka stöðu barnaverndarnefndar annars vegar og annarra stofnana eða aðila sem sinna þjónustu við börn hins vegar.

Um 12. gr.

Í 25. gr. núgildandi laga er fjallað um samþykki foreldra og/eða barns fyrir því að ráðstafa megi barni í fóstur eða aðra vistun. Fjallað er með almennum hætti um afsal á forsjá eða umsjá og tímabundnar ráðstafanir eða ráðstafanir sem vara þar til barn verður lögráða. Í framkvæmd hefur verið gengið út frá því að ef um varanlega ráðstöfun er að ræða þá afsali foreldri sér forsjá til barnaverndarnefndar. Mikilvægt þykir að taka af skarið um þetta í lögum enda þykir ljóst að markmið með varanlegri ráðstöfun samræmist ekki því að foreldri fari áfram með forsjá barns. Þess má geta að ef barn er stálpað hlýtur að koma til álita hvort ráðstöfun er í eðli sínu varanleg eða tímabundin, að teknu tilliti til takmarkana sem lagðar eru til að gildi um tímabundið fóstur í 32. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er stefnt að því að skýra réttarstöðu ungmenna 18–20 ára. Skv. 1. mgr. 3. gr. laganna er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti, með samþykki ungmennis, ákveðið að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist allt til 20 ára aldurs. Rétt þykir að skýra stöðu barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur eða aðra vistun utan heimilis og vistun er ætlað að vara þar til þau verða lögráða en með þessum breytingum er þó ekki verið að auka beinar skyldur barnaverndarnefnda frá því sem nú er. Fyrst og fremst er nauðsynlegt að barnaverndarnefnd meti stöðu þessara barna og hjálpi þeim að sjá hvernig þau geti best fótað sig í lífinu eftir að fóstri eða vistun lýkur. Í einhverjum tilvikum má gera ráð fyrir að barnaverndarnefnd telji almenna þjónustu betur til þess fallna en áframhaldandi vistun að mæta þörfum ungmennis. Þá ætti mat barnaverndarnefndar á stöðu barns að fela í sér yfirlit yfir þau ákvæði laga eða þá þjónustu sem barnið gæti nýtt sér, til dæmis þjónustu samkvæmt ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem barnið mun eiga lögheimili. Í öðrum tilvikum má gera ráð fyrir að áframhaldandi fóstur eða vistun verði talin æskileg og að barnaverndarnefnd geri í þeim tilvikum áætlun og viðeigandi samninga um áframhaldandi vistun. Rétt er að taka fram að barnaverndarnefnd getur gert slíka áætlun til skamms tíma og endurnýjað eftir þörfum. Ef gerður er samningur um áframhaldandi vistun samkvæmt þessu ákvæði þá gilda önnur ákvæði barnaverndarlaganna um ráðstöfunina eftir því sem við á.

Skylda barnaverndarnefndar til að meta stöðu barns að þessu leyti er vonandi til þess fallin að sátt verði um niðurstöðuna en rétt þykir að ungmenni geti skotið synjun um að veita þessa tilteknu þjónustu til kærunefndar barnaverndarmála.

Um 13. gr.

Í a-lið er nýmæli sem eykur möguleika barnaverndarnefndar til að hafa samstarf við þá sem vinna með mál barns. Eins og rakið er í almennum athugasemdum þessa frumvarps er byggt á þeirri meginreglu að barnaverndarnefndir leiti eftir samþykki foreldris til þess að láta öðrum í té upplýsingar um stöðu barns eða vinnslu máls. Rétt þykir að mæla fyrir um heimild barnaverndarnefndar til að kveða upp úrskurð um að láta megi nauðsynlegar upplýsingar í té. Ef barnaverndarnefnd telur fullreynt að ná samvinnu við foreldra en telur engu síður að það geti þjónað hagsmunum barnsins og það sé nauðsynlegt að láta þeim sem vinna með mál barns í té upplýsingar þá er unnt að kveða upp úrskurð samkvæmt þessum lið. Í ljósi þessa ákvæðis getur þá einnig reynt á ákvæði 31. gr. um neyðarráðstafanir ef talið er að vinda þurfi bráðan bug að ráðstöfun af þessu tagi. Árétta ber að hér er um að ræða aðstæður þar sem barnaverndarnefnd telur ekki rétt eða skilyrði ekki uppfyllt fyrir því að vista barn utan heimilis gegn vilja foreldris. Ef barn er tekið úr umsjá foreldris þá tekur barnaverndarnefnd

jafnframt við hluta af foreldraskyldunum og hefur heimild til að láta öðrum í té nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja viðunandi umönnun og aðstæður barnsins.

Í b-lið er kæruheimild gerð skýrari.

Um 14. gr.

Lagðar eru til breytingar til nánari skýringa á ákvæði gildandi laga. Í 2. málsl. 1. mgr. 28. gr. núgildandi laga kemur fram að dómstóll geti úrskurðað barn til vistunar í allt að tólf mánuði í senn en ekki er tekið fram frá hvaða tíma úrskurður skuli gilda. Algengast er að dómstólar hafi túlkað ákvæðið svo að miða upphafstímann við það tímamark þegar barnaverndarnefnd úrskurðaði um vistun barns utan heimilis samkvæmt ákvæði 27. gr. eða þegar barn var tekið af heimili skv. 31. gr. laganna. Þar sem rekstur málsins fyrir dómi getur tekið nokkurn tíma getur sá tími sem æskilegt er að taka ákvörðun um styst að sama marki. Jafnvel þó barn sé í langflestum tilvikum vistað utan heimilis meðan mál er í gangi fyrir dómstólum þá verður að hafa í huga að hin eiginlega vinnsla er oft í nokkurri biðstöðu, þ.e. stundum erfitt að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum stuðningsaðgerðum þar til niðurstaða dómstóls liggur fyrir.

Rétt þykir að kveða með skýrum hætti á um í a-lið að heimilt sé með úrskurði dómara að vista barn í allt að tólf mánuði í senn frá og með þeim degi þegar úrskurður dómara er kveðinn upp. Með því gefst betra svigrúm til að meta hversu lengi sé þörf á vistun.

Í b-lið er gert ráð fyrir að taka af öll tvímæli um að ráðstöfun haldist þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir ef krafist er framlengingar vistunar skv. 27. eða 28. gr. laganna og er þetta í samræmi við dómaframkvæmd.

Um 15. gr.

Lögð er til breyting til samræmis við breytingu í c-lið 10. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í greininni er lagt til að skýra nánar heimildir barnaverndarnefndar í kjölfar neyðarráðstöfunar. Í 31. gr. núgildandi laga er fjallað um þær ráðstafanir sem barnaverndarnefnd verður að grípa til innan tilskilins tíma í kjölfar neyðarráðstöfunar, þ.e. ráðstöfunar sem vinda þarf bráðan bug að. Oftast er hér um að ræða töku barns af heimili eða kyrrsetningu barns á stað þar sem það dvelur og ef grípa þarf til frekari ráðstafana er oftast um það að ræða að barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð skv. 27. gr. laganna. Í öðrum tilvikum hefur mál átt sér lengri aðdraganda og aðstæður barns eru mjög alvarlegar. Mikilvægt er að taka af öll tvímæli um að nefndin geti innan tilskilinna tímamarka ýmist kveðið upp úrskurð eða tekið ákvörðun um málshöfðun skv. 28. eða 29. gr. laganna. Árétta ber að ákvæði VIII. kafla um málsmeðferð gilda einnig þegar teknar eru ákvarðanir um málshöfðun fyrir dómi.

Um 17. gr.

Ljóst er að val barnaverndarnefndar á þeim sem falið er að annast barn sem vistað er utan heimilis er mikilvægt og vandasamt verkefni. Tekist hefur verið á um að hvaða leyti og gagnvart hverjum er um stjórnvaldsákvörðun að ræða samkvæmt ákvæðum núgildandi laga. Í áliti umboðsmanns Alþingis 27. nóvember 2002 í máli nr. 3609/2002 var komist að þeirri niðurstöðu með hliðsjón af núgildandi lögum að þegar nákomnir ættingjar, eins og um var að ræða í því tiltekna máli, legðu fram formlega umsókn um að taka barn í fóstur þá teldust þeir hafa einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta í því stjórnsýslumáli sem lyki með fóstur-

ráðstöfun barnaverndarnefndar. Umboðsmaður taldi að a.m.k. í slíkum tilvikum yrði að leggja til grundvallar að ráðstöfun barns í fóstur af hálfu barnaverndarnefndar væri kæranleg ákvörðun.

Lagt er til það nýmæli að taka af skarið og mæla fyrir um að val barnaverndarnefndar á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis sé ekki kæranleg ákvörðun. Það hefur í för með sér að hvorki foreldrar sem barn hefur búið hjá né þeir sem óska eftir að annast barn geta skotið ákvörðun barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála eða annars stjórnvalds. Þetta á jafnt við þegar um er að ræða tímabundnar og varanlegar ráðstafanir. Hér er lögð áhersla á að barnaverndarnefndir mega einungis ráðstafa börnum til þeirra sem fengið hafa sérstakt leyfi. Barnaverndarnefndir standa stundum frammi fyrir því að velja úr hópi nokkurra sem fengið hafa leyfi og sem hugsanlega óska allir eftir að taka sama barnið í fóstur. Ákvörðun um hver verður fyrir valinu byggist á heildstæðu mati á hagsmunum og þörfum barnsins að teknu tilliti til stöðu barnaverndarmálsins, eðlis ráðstöfunarinnar og til dæmis stöðu þeirra sem eiga umgengnisrétt við barnið. Þá hefur það óhjákvæmilega allnokkur áhrif á barn að vistast utan heimilis. Öll óvissa um réttarstöðu barns á þessu viðkvæma tímamarki er erfið og þess vegna nauðsynlegt að reglur um aðild og kæruheimildir séu skýrar. Matskenndar reglur um hver teljist nákominn og hver hafi hagsmuna að gæta eru erfiðar í framkvæmd í þessum málaflokki. Sá tími sem mál kann að taka er einnig til þess fallinn að stefna hagsmunum barns í hættu. Þess má geta að ákvarðanir um val á fósturforeldrum eru ekki kæranlegar í norskum rétti þar sem lögð er áhersla á að enginn eigi rétt á að taka tiltekið barn í fóstur eða vistun samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Í fósturráðstöfun felist því ekki ákvörðun um rétt þeirra sem óska eftir að taka tiltekið barn í fóstur heldur sé um að ræða val barnaverndarnefndar á fósturforeldrum úr hópi þeirra sem metnir hafi verið hæfir. Þess má að lokum geta að þeir sem eru ósáttir við ákvörðun barnaverndarnefndar geta kvartað til Barnaverndarstofu sem getur metið hvort barnaverndarnefnd hafi gætt lögmætra sjónarmiða og komið á framfæri ábendingum ef þurfa þykir þótt ekki sé unnt að fella ákvörðun úr gildi. Gert er ráð fyrir einni undantekningu frá framangreindu, þ.e. í samræmi við tillögu um nýtt ákvæði laganna, 67. gr. b, sem ætlað er að skýra réttarstöðuna þegar forsjá barns hefur verið sameiginleg og vísast til skýringa við b-lið 35. gr.

Um 18. gr.

Hér eru lagðar til breytingar sem taldar eru leiða af ákvæðum 35. gr. frumvarpsins og marka réttarstöðu foreldris sem ekki hefur farið með forsjá barns eða foreldris sem barn hefur ekki búið hjá þegar forsjá barns er sameiginleg. Í 35. gr. frumvarpsins er lagt til að þetta foreldri geti fengið umsjá eða forsjá barns í vissum tilvikum eftir að beitt hefur verið úrræðum laganna. Réttarstaða barns og tengsl foreldra í þessum aðstæðum eru engu síður mjög sérstaks eðlis og ólík þeirri réttarstöðu sem barnalögin taka fyrst og fremst mið af. Nauðsynlegt þykir að taka af skarið með þessu hætti og marka skil milli barnalaga og barnaverndarlaga.

Um 19. gr.

Í a- og b-lið er gert ráð fyrir að víkka lítillega út heimild Barnaverndarstofu til að óska upplýsinga úr sakaskrá og með samsvarandi hætti víkka út bann við ráðningu einstaklinga til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum og stofnunum samkvæmt ákvæðum laganna. Þegar barnaverndarlögin voru sett árið 2002 voru ekki ákvæði í lögum um bann við ráðningu manna sem dæmdir höfðu verið fyrir alvarleg brot á almennum hegningarlögum. Við setningu laganna þótti rétt að setja ákvæði sem bannaði ráðningu þeirra sem hlotið hefðu refsi-

dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot, ef brot beindist gegn barni. Nú hafa verið sett lög á einstaka sviðum sem ganga lengra. Þannig er lagt bann við ráðningu manna í 6. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008, og 11. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, hafi þeir hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga óháð því að hverjum brot beinist. Samsvarandi ákvæði er í 10. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007, auk þess sem bannið nær einnig til þeirra sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Rétt þykir að heimild Barnaverndarstofu skv. 1. mgr. 36. gr. laganna og bann við ráðningu skv. 2. mgr. 36. gr. nái með samsvarandi hætti til allra brota gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga óháð því að hverjum brot beinist.

Nokkuð hefur borið á óöryggi um hvaða upplýsinga skuli aflað við ráðningu og í einhverjum tilvikum virðist sem eingöngu sé aflað upplýsinga um hvort viðkomandi hafi hlotið refsidóm vegna brota á XXII. kafla almennra hegningarlaga en ekki óskað eftir upplýsingum um önnur brot sem kunna að koma fram á sakavottorði.

Rétt er að útskýra nánar muninn á þessu. Samkvæmt reglugerð um sakaskrá ríkisins, nr. 680/2009, er gert ráð fyrir að gefa skuli út sakavottorð til handa þeim sem óskar þess um sjálfan sig. Í slíku sakavottorði er einungis tilgreindar takmarkaðar upplýsingar, þ.e. upplýsingar um niðurstöður mála ákveðinn árafjölda aftur í tímann. Talið er heimilt og jafnvel nauðsynlegt að afla sakavottorðs áður en ráðið er í ábyrgðarstörf, sérstaklega störf sem gera ráð fyrir umönnun einstaklinga. Sem dæmi má nefna ákvæði 9. gr. reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum, nr. 907/2005. Öll þau störf sem unnin eru fyrir barnaverndaryfirvöld eru að einhverju leyti vandmeðfarin og viðkvæm og kalla oftast á samskipti eða nálægð við viðkvæm gögn og einstaklinga sem eiga í vanda eða eiga um sárt að binda. Rétt þykir að kveða með skýrum hætti á um að við ráðningu í starf hjá barnaverndaryfirvöldum eða á heimilum eða stofnunum skuli ávallt liggja fyrir sakavottorð.

Þar sem gert er ráð fyrir algeru banni við ráðningu einstaklings sem hlotið hefur refsidóm vegna kynferðisbrots verður þó einnig að gera ráð fyrir að aflað sé sérstaklega til viðbótar upplýsinga um hvort viðkomandi hafi einhvern tíma hlotið refsidóm vegna brots gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, þ.e. óháð tímamörkum sem eru yfirleitt í sakavottorði. Þess má geta að samkvæmt áðurnefndri reglugerð um sakaskrá getur ríkissaksóknari gert undanþágu frá tímamörkum sem tilgreind er um sakavottorð og með þeim hætti gefið þær upplýsingar sem farið er fram á í þessum lögum.

Auk þess að taka fram um bann við ráðningu vegna tiltekinna brota er einnig að finna það nýmæli að fjalla um áhrif annarra brota, þ.e. að meta skuli önnur refsiverð brot með tilliti til starfs og þess brots sem viðkomandi hefur verið dæmdur fyrir.

Að lokum má geta þess að samkvæmt orðalagi ákvæðisins er ekki skilyrðislaust gert ráð fyrir að upplýsingar fylgi umsókn um starf. Heimilt er að vinna úr umsóknum og óska einungis þessara upplýsinga um þá sem þykir koma til greina að ráða.

Samkvæmt c-lið er gert ráð fyrir að 3. mgr. 36. gr. laganna falli brott. Þegar barnaverndarlögin voru sett voru ekki ákvæði um rétt yfirmanna skóla, leikskóla og annarra stofnana fyrir börn til að óska eftir upplýsingum úr sakaskrá um umsækjendur. Ákvæði 3. mgr. 36. gr. hefur nú verið tekið orðrétt upp í 4. mgr. 10. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007. Auk þess segir í 3. mgr. 6. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008, og 3. mgr. 11. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, að við ráðningu skuli liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra eða skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Vel fer á því að fjalla um þessi atriði í viðeigandi sérlögum og því rétt að fella ákvæðið niður í barnaverndarlögum.

Um 20. gr.

Breytingarnar í þessari grein eru til samræmist við aukna vernd þungaðra kvenna við þær aðstæður þegar þær eru beittar ofbeldi sem stefnir heilsu eða lífi ófædds barns í hættu.

Um 21. gr.

Gert er ráð fyrir að upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd sé nánar skýrð hér. Rétt þykir að fram komi með skýrum hætti að skyldan nái til að láta barnaverndarnefnd í té upplýsingar og afrit af nauðsynlegum gögnum. Þá þykir nauðsynlegt að upplýsingaskyldan taki ekki einungis til foreldra og barna heldur einnig til annarra heimilismanna. Hér getur til dæmis verið um að ræða stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, uppkomin systkini barnsins, aðra ættingja, vini eða þá sem búa á heimili barns, enda verður að líta svo á að þessir aðilar geti komið að umönnun barns með þeim hætti að hagsmunum þess sé stefnt í hættu. Til samanburðar má benda á að skv. 7. gr. reglugerðar um fóstur, nr. 804/2004, verður sá sem óskar eftir leyfi til að gerast fósturforeldri að afla samþykkis allra heimilismanna sem náð hafa 15 ára aldri fyrir því að Barnaverndarstofa afli tiltekinna upplýsinga úr sakaskrá og hið sama gildir um þá til dæmis sem óska eftir leyfi til að taka börn í sumardvöl og til að gerast stuðningsfjölskylda fyrir barn samkvæmt reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, nr. 652/2004.

Um 22. gr.

Í a-lið er fellt niður 12 ára aldursmark gildandi laga. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er kveðið á um rétt barns til að tjá sig við meðferð máls, sem það varðar, hjá stjórnvöldum og dómstólum og hafa ákvæðin ekki að geyma sérstök aldursmörk. Telja verður að aldursmörk geti haft óheppileg áhrif, þau draga hugsanlega úr rétti yngri barna og draga úr því að metin verði staða sérhvers barns að þessu leyti. Þess má geta að breyting var gerð á sambærilegu ákvæði við setningu nýrra barnalaga árið 2003. Hér er lagt til að réttur barns til að tjá sig um mál verði bundinn við mat á aldri og þroska barnsins í hverju tilviki en alls ekki er gert ráð fyrir að breytingin dragi úr þessum mikilvæga rétti barnsins.

Í b-lið eru lagðar til breytingar á ákvæðinu um skipan talsmanns. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd taki afstöðu til þessa um leið og tekin er ákvörðun um að hefja könnun máls. Á því stigi málsins er hins vegar óljóst hvort fyrir liggja nægilegar upplýsingar til að meta þörf barns fyrir talsmann. Rétt þykir að gera ráð fyrir að barnaverndarnefnd beri ætíð að meta þetta en að matið farið fram á því stigi málsins þegar það hentar best. Ekki er gert ráð fyrir að þetta dragi úr rétti barns.

Í c-lið er lagt til að skipta út orðinu „jafnan“ sem mun hafa merkinguna alltaf og setja í staðinn orðin „að jafnaði“ enda verði að telja það hafa verið ætlunina við setningu laganna. Skv. 31. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd, nr. 56/2004, er hlutverk talsmanns að ræða við barn og koma á framfæri sjónarmiðum þess. Óraunhæft er að ætla talsmanni að uppfylla þessa skyldu í málum mjög ungra barna jafnvel þótt grípa eigi til ráðstafana skv. 25., 27., 28. eða 29. gr. laganna og því óeðlilegt að gera ráð fyrir að talsmaður sé ávallt skipaður. Vert er að undirstrika að með þessari tillögu er ekki gert ráð fyrir að draga að neinu leyti úr skyldum starfsmanna barnaverndarnefndar til að meta hagsmuni barna, m.a. með því að ræða við þau eða meta hegðun þeirra og viðbrögð. Þá er hér ekki dregið að neinu leyti úr skyldu til að skipa talsmann fyrir barn þegar hagsmunir barnsins krefjast þess með tilliti til aldurs og þroska.

Um 23. gr.

Samkvæmt 48. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir að samþykki foreldris og barns, þegar það á við, sé undirritað í viðurvist tveggja óháðra manna sem votta að aðilum hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins. Hér er lagt til að fella brott orðið „óháðra“ enda er í framkvæmd með öllu óraunhæft að gera ráð fyrir að kalla til utanaðkomandi einstaklinga og veita þeim aðgang að viðkvæmum persónuupplýsingum í máli barns til að gera þeim kleift að votta undirskrift. Til að vernda hagsmuna þeirra einstaklinga sem eiga í hlut, barns og foreldris, verður að láta hér nægja vottun starfsmanna barnaverndarnefndar, nefndarmanna eða lögmanns aðila þó enginn þeirra geti með réttu talist óháður.

Um 24. gr.

Í greininni eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum um kærunefnd barnaverndarmála. Breytingar í 1. mgr. eru til samræmingar við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna. Síðari málsliðir 1. mgr. núgildandi 51. gr. laganna eru gerðir að 3. mgr. ákvæðisins.

Í 2. mgr. er að finna mikilvægt nýmæli. Ljóst er að kærunefnd er falið að fjalla um mörg og ólík mál. Í sumum þeirra reynir fyrst og fremst á það sem kalla má lagaleg atriði eða túlkun laga. Má hér nefna sem dæmi afmörkun á hugtökunum stjórnsýsluákvörðun og aðild, eða hvort mál er tækt til efnismeðferðar, vísa beri máli frá eða vísa því aftur til barnaverndarnefndar, svo og til dæmis mál um styrk til að greiða lögmannskostnað. Æskilegt er að öll mál fái sem skjótustu meðferð fyrir kærunefnd og standi ekki í vegi fyrir áframhaldandi vinnslu máls hjá barnaverndarnefnd. Þá er ljóst að sérþekking kærunefndarmanna nýtist misvel við lausn ólíkra ágreiningsmála. Rétt þykir að liðka fyrir málsmeðferð kærunefndar og heimila formanni að taka einum ákvörðun í kjölfar kæru þegar mál varðar ekki mikilsverða hagsmuni barns.

Um 3. mgr. vísast til skýringa á 1. mgr. en hér er einungis um að ræða tilfærslu efnisákvæða.

Um 25. gr.

Í a-lið er lagt til nýtt ákvæði um lögsögu í dómsmálum sem rekin eru samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Sérstaklega er mikilvægt að tryggja að unnt sé að reka mál á Íslandi ef barn er búsett hér á landi þó forsjáraðilar barns kunni að vera búsettir erlendis eða jafnvel finnist ekki.

Svipuð sérákvæði um lögsögu og lögð eru til í a- og b-lið nýrrar greinar, 53. gr. a, er að finna í ákvæðum barnalaga. Varðandi c-lið þeirrar greinar verður að benda á að skv. 5. mgr. 15. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd fari með mál barns sem dvelst eða er statt hér á landi án þess að eiga hér lögheimili. Gera verður ráð fyrir að barnaverndarnefnd muni leggja meginþerslu á að koma málinu í hendur réttra yfirvalda í heimalandi barnsins en þó verður einnig að gera ráð fyrir að barnaverndarnefnd verði að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja öryggi barns, m.a. með því að leita atbeina dómstóla. Þess má geta að við setningu barnalaganna, nr. 76/2003, var felld úr gildi heimild dómstóla til að kveða upp úrskurð um bráðabirgðaforsjá í máli barns sem ekki væri búsett hér á landi. Var þessi heimild felld niður m.a. með þeim rökum að barnaverndaryfirvöld gætu gripið til nauðsynlegra aðgerða til að vernda barn í slíkum tilvikum, til dæmis með því að kyrrsetja barn. Með þessu ákvæði frumvarpsins eru tryggðar heimildir barnaverndarnefndar til að fylgja slíku máli eftir ef nauðsynlegt reynist.

Við setningu barnaverndarlaganna var lögð rík áhersla á málshraða og mælir 3. mgr. 54. gr. sérstaklega um að hraða skuli málum samkvæmt ákvæðum X. kafla svo sem kostur er. Mál um sviptingu forsjár hafa í allmörgum tilvikum verið rekin samkvæmt ákvæðum XIX. kafla laga um meðferð einkamála, þ.e. hlotið svokallaða flýtimeðferð. Þetta hefur m.a. í för með sér að mál er þingfest utan reglulegs dómþings og allir frestir geta verið skemmri en almennt er. Þá gilda þær mikilvægu reglur að kæru- og áfrýjunarfrestir til Hæstaréttar eru styttri. Samkvæmt XIX. kafla laga um meðferð einkamála er það háð mati dómara hverju sinni hvort mál hljóti flýtimeðferð og í einhverjum tilvikum virðist vera tekist á um þetta. Í ljósi reynslunnar, eðlis barnaverndarmála og hagsmuna barna af skjótri úrlausn þykir rétt og nauðsynlegt að taka af skarið og lögfesta að mál skv. X. kafla barnaverndarlaga skuli ætíð sæta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla einkamálalaga.

Um 26. gr.

Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar sem leiða af breytingum skv. b-lið 25. gr. frumvarpsins um flýtimeðferð.

Rétt þykir að kveða skýrara að orði um skyldu til að kveðja til sérfróða meðdómsmenn í barnaverndarmálum. Við setningu núgildandi laga var gengið út frá því að barnaverndarmál væru þannig vaxin efnislega að almennt bæri að gera ráð fyrir að sérþekkingar væri þörf. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til laganna var gengið út frá því að sérfróðir meðdómsmenn yrðu kallaðir til nema í undantekningartilvikum sem voru nefnd sérstaklega. Í dómi Hæstaréttar frá 7. febrúar 2008 í máli nr. 382/2007 kemur fram að það sé háð mati héraðsdómara hvort kveðja skuli til sérfróða meðdómendur skv. 54. gr. laganna en í málinu hafði héraðsdómari einn lagt efnisdóm á mál og sýknað stefndu af kröfu um sviptingu forsjár. Ekki þykir rétt að kvika frá því að þörf sé sérþekkingar til að kveða upp efnisdóm í barnaverndarmáli. Því þykir rétt að taka af öll tvímæli og gera það skylt að kveðja til sérfróða meðdómsmenn nema við þær sérstöku aðstæður sem er lýst í ákvæðinu.

Þá er lagt til að heiti ákvæðisins verði breytt og felld niður sérreglan um málshraða enda þykja ákvæði um flýtimeðferð koma að öllu leyti í staðinn.

Um 27. gr.

Í greininni er lagt til ákvæði til nánari skýringa um réttarstöðu barns í máli fyrir dómi. Í dómi Hæstaréttar frá 23. apríl 2008 í máli nr. 192/2008 reyndi á túlkun 3. mgr. 55. gr. núgildandi laga og talið að eðli máls samkvæmt og með hliðsjón af 2. mgr. 46. gr. laganna væri skyldan til að gefa barni kost á að tjá sig bundin við að barn yrði talið hafa aldur og þroska til þess. Rétt þykir að lagaákvæðið endurspegli þessa túlkun.

Um 28. gr.

Ákvæði þessi leiðir af þeim breytingum sem lagðar eru til á ákvæðum X. kafla laganna. Ekki þykir rétt að mæla fyrir um að hin sérstaka flýtimeðferð XIX. kafla einkamálalaga gildi um mál skv. XI. kafla barnaverndarlaga enda eru sérstök ákvæði í kaflanum um meðferð málanna. Rétt er að taka fram að samkvæmt núgildandi lögum gildir hin almenna regla 3. mgr. 54. gr. laganna um að hraða málum einnig um mál skv. XI. kafla. Í 26. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að fella niður umrædda 3. mgr. 54. gr. Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í 30. gr. frumvarpsins þykir nægilega skýrt að lögð er sem fyrr höfuðáhersla á málshraða skv. XI. kafla.

Um 29. gr.

Hér eru lagðar til breytingar til samræmis við það sem tíðkast hefur í framkvæmd. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga er gert ráð fyrir að foreldri geti skotið til dómstóls úrskurði barnaverndarnefndar um vistun barns í allt að tvo mánuði. Jafnframt er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti leitað til dómstóls ef nefndin telur þörf á lengri vistun en tvo mánuði. Í framkvæmd gerist það nokkuð oft að barnaverndarnefnd úrskurðar um vistun og tekur um leið ákvörðun um að leita til dómstóls eftir heimild til að vista barnið lengur en tvo mánuði. Ef foreldri hefur skotið úrskurði barnaverndarnefndar til dómstóls þá hefur það tíðkast í framkvæmd að barnaverndarnefnd geri kröfu um vistun skv. 28. gr. laganna í greinargerð og að foreldri sem sóknaraðila sé þá gefinn kostur á að koma að stuttri greinargerð vegna þeirrar kröfu. Hér er lagt til að lögfesta þessa framkvæmd enda augljóst hagræði af því að sameina þessi mál.

Í b-lið er auk þess lagt til að dómari geti í öðrum tilvikum sameinað mál sem rekin eru á sama tíma skv. X og XI. kafla ef það þykir henta.

Um 30. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar til að skerpa á málsmeðferð í úrskurðarmálum. Í XI. kafla núgildandi laga er vikið í verulegum atriðum frá almennri meðferð einkamála og einnig vikið talsvert frá þeirri málsmeðferð sem fjallað er um í X. kafla laganna og á við um forsjársviptingarmál. Markmiðið var að tryggja greiðan aðgang að skjótri úrlausn dómstóls um kröfur skv. 27. og 28. gr. laganna um tímabundna vistun barns utan heimilis. Við setningu laganna var sérstaklega tekið fram að reglurnar væru að nokkru leyti sambærilegar við málsmeðferðarreglur í lögræðislögum um rétt nauðungarvistaðs manns til að bera ákvörðun undir dómstól. Nauðsynlegt þykir að skerpa enn frekar á mikilvægi málshraða í þessum málum. Þrátt fyrir að málin geti verið nokkuð ólík innbyrðis verður að leggja áherslu á að hér er einungis um að ræða tímabundna vistun barns utan heimilis. Þessi mál eiga því að vera að mun einfaldari en mál um sviptingu forsjár. Þá er mjög mikilvægt að þessi mál gangi hratt og örugglega fyrir sig til að forðast í lengstu lög þá biðstöðu sem málsmeðferðartíminn hefur í för með sér fyrir barnið sem á í hlut. Þetta getur verið sérstaklega mikilvægt í málum barna sem náð hafa 15 ára aldri og eru rekin vegna andstöðu barnsins við vistun utan heimilis, til dæmis á stofnun eða meðferðarheimili. Málshraði er einnig mjög mikilvægur í málum yngri barna þar sem börn hafa þörf fyrir stöðugleika, öryggi og trygg tengsl. Þannig er barnið oftast vistað til bráðabirgða utan heimilis á meðan mál er rekið og stundum í úrræði þar sem einungis er gert ráð fyrir bráðabirgðavistun, svo sem vistheimili eða einkaheimili skv. 84. gr. laganna. Nauðsynlegt er að taka sem fyrst ákvörðun um heppilegasta vistunarstaðinn fyrir barnið og hrinda í framkvæmd þeim stuðningi sem stefnt er að því að láta reyna á meðan sú vistun á að vara sem gerð er krafa um.

Í a-lið er gert ráð fyrir að dómari ákveði stað og stund til þinghalds innan viku frá því að honum berst mál.

Samkvæmt b-lið skal frestur varnaraðila til að leggja fram greinargerð að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur.

Í c-lið er hnykkt á því að dómari skuli ekki veita frekari fresti nema sérstaklega standi á. Hér má til dæmis hafa í huga mál sem aðilar eru sammála um að fresta eða mál sem skyndilega taka nýja óvænta stefnu.

Samkvæmt d-lið skal mál að jafnaði flutt innan tveggja vikna frá því að öflun gagna er lokið.

Um 31. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Skv. 61. gr. núgildandi laga skulu ákvæði X. kafla gilda um mál sem rekin eru skv. XI. kafla eftir sem við getur átt og að því marki sem ekki er mælt fyrir um sérstök frávik. Í X. kafla er að finna ákvæði 55. gr. um aðild barns og hafa dómstólar talið þetta ákvæði gilda fullum fetum um mál skv. XI. kafla. Rétt þykir að fjalla með sérstökum hætti um réttarstöðu barns í málum sem rekin eru skv. XI. kafla. Eins og áður hefur verið vikið að er umtalsverður munur á málum sem rekin eru skv. X. og XI. kafla laganna. Mál skv. XI. kafla eru um tímabundna vistun barns og mikilvægt er að horfa á aðdraganda málsins, markmið ráðstöfunar og málsmeðferð að öðru leyti.

Því er lögð til ný grein, 63. gr. a, þar sem í 1. mgr. er áréttað að barn sem er aðili máls njóti þeirra réttinda sem aðild fylgir, m.a. réttar til að tjá sig.

Þá er lagt til að í 2. mgr. verði fjallað sérstaklega um réttindi barna sem ekki eru aðilar, þ.e. barna yngri en 15 ára eða barna sem samþykkja ráðstöfun fyrir sitt leyti. Árétta ber að 46. gr. laganna gerir ráð fyrir víðtækum rétti barns sem náð hefur aldri og þroska til að tjá sig um barnaverndarmál á öllum stigum málsmeðferðar. Í samræmi við ákvæði 22. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að barni sé að jafnaði skipaður talsmaður ef gera á kröfu um vistun utan heimilis. Þá er aðdragandi þess að dómstóll fjallar um mál skv. XI. kafla sá að barnaverndarnefnd hefur kveðið upp úrskurð og/eða tekið ákvörðun um að leita til dómstóls en í báðum tilvikum ber að gæta ákvæða VIII. kafla laganna um málsmeðferð, m.a. andmælaréttarins. Alla jafna verður því að ganga út frá því að ef barn hefur aldur og þroska til þá liggi afstaða þess skýr fyrir í gögnum máls sem fylgja málatilbúnaði barnaverndarnefndar. Þá er að lokum bent á þau rök sem þegar hafa verið færð fyrir því að skjót úrlausn dómstóls á málum skv. XI. kafla þjóni alla jafna mikilvægum hagsmunum barns. Að teknu tilliti til alls þessa er hér gert ráð fyrir að dómari gefi barni kost á að tjá sig að teknu tilliti til aldurs barns og þroska nema dómari telji að afstaða barns komi fram með nægilega skýrum hætti í gögnum máls. Undirstrika verður að hér er ekki ætlunin að draga úr þeim sjálfsagða rétti barns að sjónarmið þessi liggi fyrir í málinu og að tekið sé réttmæt tillit til þeirra. Við mat á þessum atriðum verður m.a. að líta til þess hvort barnið hafi hagsmuni af því að vera margsinnis boðið að tjá sig um sömu atriði með stuttu millibili án þess að staða máls eða aðstæður hafi breyst.

Um 32. gr.

Hér er að finna ákvæði til skýringarauka. Í 1. mgr. 65. gr. núgildandi laga er fjallað um við hvaða aðstæður geti reynt á ráðstöfun barns í fóstur. Sú breyting sem lögð til í a-lið er eingöngu til að gera ákvæðið skýrara og skerpa á þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi en samsvarandi orðalag er að finna í 2. gr. reglugerðar um fóstur, nr. 804/2004. Þá er breytingartillagan að sínu leyti í samræmi við ákvæði c- og d-liðar 5. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er til fyllingar lagt til að bæta inn ákvæðum um tímabundið fóstur. Er þetta til samræmis við ákvæði 3. gr. reglugerðar um fóstur, nr. 804/2004. Sérstaklega er mikilvægt taka fram í lögum að tímabundið fóstur skuli ekki vara nema samanlagt í tvö ár nema í algerum undantekningartilvikum, sbr. 23. gr. reglugerðarinnar um fóstur. Er þetta í samræmi við markmið með tímabundnu fóstri og þá kröfu sem fram kemur m.a. í 2. mgr. 67. gr. laganna um að leitast skuli við að tryggja stöðugleika í lífi barns og að röskun á högum þess verði sem minnst. Ljóst er að foreldrar kunna í einhverjum tilvikum að kjósa að samþykkja tímabundið fóstur til eins árs í senn frekar en að afsala sér forsjá og samþykkja ráðstöfun

barns í varanlegt fóstur. Hér verður þó fyrst og fremst að hafa þarfir og hagsmuni barns að leiðarljósi en ekki afstöðu foreldris.

Um 33. gr.

Með greininni er ætlunin að auka nokkuð hlutverk Barnaverndarstofu gagnvart fósturforeldrum með það að markmiði að auka gæði þessara úrræða. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýjum kafla um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun einstakra barna, sbr. 50. gr. frumvarpsins. Eins og fram kemur í athugasemdum með þeim kafla þá er nauðsynlegt að greina á milli þess annars vegar að fylgjast með líðan barns og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum og hins vegar að meta og auka gæði úrræðis. Lögð er áhersla á að auka gæði barnaverndarstarfs á öllum stigum og mikilvægi hlutverka þeirra fjölmörgu aðila sem eiga þátt í að tryggja réttindi barns sem er vistað utan heimilis. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa veiti væntanlegum fósturforeldrum fræðslu, leiðbeiningar og faglegan stuðning. Hér er lagt til að skyldur Barnaverndarstofu að þessu leyti nái einnig til starfandi fósturforeldra. Lögð er áhersla á almennan faglegan stuðning til aðgreiningar frá þeim stuðningi sem barnaverndarnefndum er skylt að veita í tengslum við sjálfa fósturráðstöfunina.

Um 34. gr.

Lagt er til að felld sé niður árétting 3. málsl. 2. mgr. 67. gr. laganna þess efnis að um fóstur til ættingja fari eftir almennum reglum um ráðstöfun barns í fóstur. Ákvæði 66. gr. laganna um leyfisveitingar og ákvæði 67. gr. um val á fósturforeldrum gilda fullum fetum um alla þá sem óska eftir að taka barn í fóstur, ættingja jafnt sem aðra. Óþarfi er að taka þetta sérstaklega fram og hætta á að slík árétting geti valdið misskilningi.

Vert er að taka fram að þetta breytir ekki raunverulegri stöðu ættingja við þessar aðstæður. Þannig haggar þetta því ekki að skv. 67. gr. laganna ber barnaverndarnefnd við val á fósturforeldri sérstaklega að leitast við að tryggja stöðugleika og sem minnsta röskun á högum barns. Í því felst að barnaverndarnefnd metur tengsl barns við alla þá sem standa nærri barninu og hafa tekið þátt í umönnun þess og tekur tillit til þess við val á fósturforeldrum eftir því sem þjónar best hagsmunum barnsins og markmiðum með fóstri.

Um 35. gr.

Í greininni er a-liður í meginatriðum samhljóða 71. gr. núgildandi laga. Lagt er til að færa ákvæðið enda eru efnisatriði þess fyrst og fremst tengd vali á þeim sem falið er að annast barn og því í tengslum við ákvæði 67. gr. laganna. Hér er jafnframt lögð til efnisleg breyting í samræmi við nýmæli um réttindi barns sem lögð eru til í 36. gr. frumvarpsins og er vísað í nánari skýringar á því ákvæði.

Ákvæði b-liðar er mikilvægt nýmæli. Í núgildandi lögum er einungis fjallað um réttarstöðu forsjárlauss foreldris en ekki foreldris sem hefur átt þátt í forsjá barns í tengslum við val á þeim sem annast barn í kjölfar ákvörðunar um ráðstöfun barns utan heimilis. Frá því lögin voru sett hefur verið lögð vaxandi áhersla á sameiginlega forsjá beggja foreldra þrátt fyrir að þau búi ekki saman og með breytingu á barnalögum frá árinu 2006 er sameiginleg forsjá nú meginregla við skilnað foreldra eða sambúðarslit. Engu að síður gera barnalögin ráð fyrir að ákveða verði hjá hvoru foreldri barn hafi lögheimili og að jafnaði fasta búsetu.

Brýnt er að skýra réttarstöðu foreldra að þessu leyti. Hér verður sem endranær að taka mið af sérstöðu barnaverndarmála og móta réttarstöðuna með hliðsjón af hagsmunum barnsins og þeim vandasömu aðstæðum sem barnið hefur undantekningarlaust búið við þegar kemur

að ráðstöfun utan heimilis. Í 24. og 25. gr. núgildandi laga er nokkuð vikið að réttarstöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns en í b-lið 35. gr. er lagt til að skýra réttarstöðuna enn frekar þegar kemur að ráðstöfun barns í fóstur.

Þá er gerður skýr greinarmunur á tímabundinni og varanlegri ráðstöfun barns í b-lið. Nauðsynlegt þykir að skýrar formreglur gildi um réttarstöðu barns og foreldris sem barn hefur ekki búið hjá við þessar aðstæður sem lýst er í ákvæðinu. Þetta ræðst fyrst og fremst af þörf barnsins fyrir markvissan stuðning og þeirri staðreynd að markmið með tímabundinni ráðstöfun er að barn snúi aftur til þess foreldris sem búseta barnsins hafði verið ákveðin hjá samkvæmt ákvæðum barnalaga. Skv. 2. mgr. b-liðar er þó lagt til að gerður sé munur á réttarstöðu forsjárlauss foreldris og forsjárforeldris. Skv. a-lið, og í samræmi við núgildandi lög, gilda ákvæði um tímabundið fóstur um ráðstöfun til forsjárlauss foreldris og forsjárlaust foreldri hefur umsagnarrétt þegar kemur að ráðstöfun barns. Þegar hins vegar er um að ræða foreldri sem hefur átt þátt í forsjá barns er gert ráð fyrir því í b-lið að barnaverndarnefnd geti metið hæfi viðkomandi og gert við foreldrið skriflegan samning. Í slíkum samningi þarf sérstaklega að meta þörf barns fyrir stuðning, sbr. 36. gr. frumvarpsins. Þá getur foreldri sem átt hefur hlutdeild í forsjá skotið ákvörðun til kærunefndar barnaverndarmála ef barnaverndarnefnd fellst ekki á ósk foreldrisins um að fá umsjá barns. Vert er að minna á að foreldri getur einnig höfðað mál og krafist þess að fá forsjá barnsins samkvæmt ákvæðum barnalaga.

Í 3. mgr. b-liðar er fjallað um réttarstöðuna þegar svo stendur á að foreldrar hafa farið sameiginlega með forsjá barns en einungis annað þeirra er svipt forsjá með dómi. Hér gæti komið til álita að barnaverndarnefnd og foreldri sem ekki er svipt forsjá færu sameiginlega með forsjá barnsins. Þetta þykir ekki heppileg niðurstaða og í stað þess er lagt til í 3. mgr. að foreldri sem ekki er svipt fái eitt forsjá barnsins. Réttarstaða foreldrisins verður þó að taka mið að brýnum hagsmunum barns við þessar viðkvæmu aðstæður. Hér gilda því nýmæli um réttindi barns sem lögð eru til í 36. gr. frumvarpsins og er vísað í til skýringa á því ákvæði.

Um 36. gr.

Í þessari grein er að finna mikilvæg nýmæli sem þykja nauðsynleg til að treysta réttarstöðu barns eftir að forsjá þess breytist fyrir tilstilli barnaverndarnefndar eða eftir að barn hefur verið svipt forsjá foreldris í barnaverndarmáli. Vert er að árétta að við þessar aðstæður hefur reynt til þrautar á það hvort foreldrar semja sjálfir um breytingar á forsjá barns, að annað afsali sér forsjánni til hins foreldrisins eða annað foreldri velji að höfða mál samkvæmt ákvæðum barnalaga til að krefjast forsjárinnar. Ósætti foreldranna er því yfirleitt mikið og samskipti þeirra mjög erfið. Þá kemur ekki til sviptingar forsjár nema hagir og aðstæður foreldris séu í samræmi við 29. gr. laganna. Mál um umgengni eftir að foreldri hefur misst forsjá barns á grundvelli barnaverndarlaga eru því í grundvallaratriðum ólík málum um umgengni sem rekin eru samkvæmt ákvæðum barnalaga. Þá er í barnaverndarlögunum lögð rík áhersla á stuðning við barn sem ráðstafað er í fóstur og telja verður líklegt að barn hafi í einhverjum tilvikum sömu þörf fyrir stuðning þó að hitt foreldrið taki við forsjánni. Mikilvægt er að tryggja bæði barninu og foreldrinu sem annast barnið eftir breytingu á forsjá þá vernd og þann stuðning sem barnaverndarlögin fela í sér.

Í 1. mgr. er lagt til að taka af öll tvímæli um að ákvæði 74. gr. laganna gildi um alla umgengni við börn eftir að barni hefur verið ráðstafað á grundvelli barnaverndarlaga, óháð því hver fái umsjá eða forsjá barns. Í þessu felst það nýmæli að barnaverndarnefnd ákveður um-

gengni við barn þó hitt foreldri barnsins fái umsjá eða forsjá samkvæmt ákvæðum 35. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er jafnframt að finna það nýmæli að barnaverndarnefnd verði að meta í þeim tilvikum þegar hitt foreldri barns fær umsjá eða forsjá skv. 35. gr. frumvarpsins hvort barn þurfi sérstakan stuðning og gera þá áætlun um stuðning í samræmi við ákvæði 23. gr. laganna.

Um 37. gr.

Ákvæðinu eru efnislega markaður nýr staður, sbr. a-lið 35. gr. frumvarpsins.

Um 38. gr.

Hér eru lagðar til breytingar sem fyrst og fremst tengjast nýmælum í 39. gr. frumvarpsins. Í a-lið er þannig lagt til að fellt verði brott efnisatriði sem sérstaklega er fjallað um í 39. gr. frumvarpsins um réttarstöðu fósturforeldra í tengslum við umgengni.

Í b-lið eru tekin af tvímæli um kæruheimild.

Um 39. gr.

Greinin er nýmæli um réttarstöðu fósturforeldra við ákvörðun um umgengni. Umboðsmaður Alþingis gagnrýndi lagaákvæði um réttarstöðu fósturforeldra við ákvörðun um umgengni við barn í varanlegu fóstri í áliti sínu frá 7. apríl 2006 í máli nr. 4474/2005. Með 39. gr. frumvarpsins er ætlunin að styrkja réttarstöðu fósturforeldra.

Samkvæmt 1. mgr. skal ávallt kanna viðhorf fósturforeldra til umgengni áður en gengið er frá samningi eða kveðinn upp úrskurður um umgengni. Á þetta við um samninga sem gerðir eru við upphaf fósturs eða síðar, svo og úrskurði eða breytingar á úrskurði.

Í 2. mgr. er lagt til að bætt verði sérstaklega réttarstaða þeirra sem taka barn í varanlegt fóstur. Lagt er til að fósturforeldrar barns í varanlegu fóstri verði aðilar að máli um umgengni barnsins við foreldra eða aðra nákomna. Þessir fósturforeldrar eru þá aðilar með sama hætti og foreldrar, þ.e. þeir taka þátt í að gera samning um umgengni, geta óskað breytinga á umgengni sem ákveðin hefur verið með samningi eða úrskurði og geta skotið úrskurði um umgengni til kærunefndar barnaverndarmála. Árétta ber að niðurstaða máls ræðst sem fyrr af hagsmunum barnsins og rétti þess til að umgangast foreldra og aðra nákomna.

Um 40. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að skerpa orðalag 75. gr. laganna til að taka af öll tvímæli um að hér sé átt við þann kostnað sem felst í ráðstöfun barns í fóstur og leiðir af ákvæðum barnaverndarlaga. Notuð eru hugtökin *framfærslueyrir, fósturlaun* og *annar útlagður kostnaður* sem leiðir af ákvæðum laganna en þessi hugtök eru nánar útfærð í reglugerð um fóstur, nr. 804/2004.

Í 2. mgr. er einnig að finna það mikilvæga nýmæli að ráðherra setji reglugerð þar sem mælt verði fyrir um greiðslur til fósturforeldra og vísast nánar um þetta í athugasemdir við 49. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er í fyrsta lagi að finna áréttingu á því að fósturforeldrar og fósturbörn eigi rétt á allri almennri þjónustu og um hana fari samkvæmt lögum sem gilda á hverju sviði en sambærilegt ákvæði er nú að finna í 39. gr. reglugerðar um fóstur, nr. 804/2004. Þá hefur þetta ákvæði frumvarpsins að geyma nýmæli um skólagöngu fósturbarna í tímabundnu fóstri til samræmis við ákvæði 5. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, og álit menntamálaráðuneyt-

isins um túlkun ákvæðisins frá 14. október 2009. Um þetta álitaefni er fjallað í samantekt sem er fylgiskjal frumvarpsins. Til áréttingar er því slegið föstu í áliti menntamálaráðuneytisins að sveitarfélagi (viðtökusveitarfélagi) beri að tryggja fósturbarni, sem ráðstafað er í tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, skólavist. Varðandi kostnað er það álit menntamálaráðuneytisins að viðtökusveitarfélaginu beri að greiða almennan kostnað vegna fósturbarnsins með sama hætti og almennt er greitt vegna annarra barna í sveitarfélaginu, þ.m.t. kostnað vegna skóla og aksturs. Menntamálaráðuneytið taldi hins vegar að því sveitarfélagi sem ráðstafi barni í tímabundið fóstur beri að greiða kostnað umfram þann sem talist getur venjulegur, eins og kostnað vegna sérfræðiþjónustu eða annarra sérþarfa. Vegna þess ágreinings sem verið hefur um skólagöngu fósturbarna í tímabundnu fóstri þykir mikilvægt að lagaákvæðið endurspegli þessa túlkun með skýrum hætti. Vert er að taka sérstaklega fram að sérreglan gildir einungis um börn í tímabundnu fóstri sem eiga jafnan lögheimili í því sveitarfélagi sem ráðstafar þeim í fóstur. Börn í varanlegu fóstri eiga hins vegar að jafnaði lögheimili hjá fósturforeldrum sínum og njóta því óskoraðra réttinda eins og önnur börn sem eiga lögheimili í tilteknu sveitarfélagi.

Um 41. gr.

Lagt er til að efnisatriðum núgildandi 76. gr. laganna verði skipað í nýjan kafla um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis, sbr. 50. gr. frumvarpsins.

Um 42. gr.

Í 5. kafla almennra athugasemda hér að framan er fjallað um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar er að finna yfirlit yfir rök fyrir því að leggja frekari ábyrgð á ríkið varðandi uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vistuð eru utan heimilis. Rökin eru m.a. þau að sveitarfélög hafi ekki öll haft bolmagn eða faglegar forsendur til að setja upp nauðsynleg úrræði fyrir börn sem vistast utan heimilis og að mikilvægt sé að tryggja jafnræði allra barna. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til verður að ganga út frá því að ríkið muni tryggja nægilegt framboð faglegra úrræða fyrir öll börn á landinu sem þurfa á því að halda.

Í greininni er orðað nýmæli um aukið hlutverk ríkisins. Gert er ráð fyrir að ábyrgð ríkisins taki sem fyrr til þess að byggja upp heimili og stofnanir. Grundvallarmunurinn er sá að frumvarpið gerir ráð fyrir mun fjölbreyttari úrræðum til að mæta þörfum barna í margvíslegum aðstæðum. Þannig er færð yfir til ríkisins sú ábyrgð að byggja upp heimili og stofnanir sem í núgildandi lögum hvílir á sveitarfélögum. Við afmörkun á því hlutverki sem fært er yfir til ríkisins eru hafðar til hliðsjónar skilgreiningar á úrræðum skv. 36. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, nr. 652/2004.

Í núgildandi lögum er lögð áhersla á að ríkið beri ábyrgð á sérhæfðum úrræðum fyrir börn í tilteknum vanda, þ.e. úrræðum fyrir börn í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika, úrræðum til að greina vanda þeirra barna sem talin eru þurfa sérhæfða meðferð og úrræðum til að veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að auk þessa beri ríkið einnig ábyrgð á að byggja upp heimili og stofnanir til að veita börnum móttöku í bráðatilvikum og greina vanda þeirra almennt, til að meta þörf þeirra fyrir hvers konar meðferð eða stuðning og til að veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna.

Með orðunum heimili og stofnun er gert ráð fyrir að ríkið hafi tiltækar til dæmis sérstakar móttöku- eða meðferðarstöðvar, meðferðarheimili, vistheimili, fjölskylduheimili og sambýli.

Hér er þó ekki um tæmandi talningu að ræða. Miðað er við úrræði sem sett er á laggirnar með viðvarandi skipulögðum hætti sem standi börnum almennt til boða og sem einn eða fleiri starfi við í fullu starfi. Að þessum skilyrðum uppfylltum getur við vissar aðstæður komið til greina að reka heimili eða stofnun til dæmis á eða í tengslum við einkaheimili viðkomandi rekstraraðila. Árétta ber að þetta nýja fyrirkomulag hefur í för með sér gerbreytta möguleika á sérhæfingu og mun meiri sveigjanleika en er í núverandi kerfi. Þannig mun ríkið geta skipulagt til dæmis bráðamóttökur fyrir börn á ýmsum aldri sem glíma við fjölþættan vanda, svo og mismunandi greiningar-, búsetu- og/eða meðferðarúrræði eftir þörfum hverju sinni. Þá verður unnt að velja heppilegasta úrræðið fyrir barn í hvert sinn og skipuleggja mun betur hvernig eitt úrræði getur tekið við af öðru.

Í b-lið er lögð til breyting sem tengist tillögu að nýjum kafla um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna, sbr. 50. gr. frumvarpsins. Í stað orðalags núgildandi laga um að Barnaverndarstofa fari með faglegt og fjárhagslegt eftirlit heimila og stofnana þykir réttara að nota orðalagið að Barnaverndarstofa fari með faglega og fjárhagslega yfirstjórn. Þetta samræmist einnig því að ráðgert er að auka hlut félagsmálaráðuneytisins í eftirlitinu.

Um 43. gr.

Breytingar á greininni fela í sér að efnisatriði eru færð úr ákvæði 80. gr. laganna og í nýjan kafla um mat og eftirlit, sbr. 50. gr. frumvarpsins.

Um 44. gr.

Í a-lið er lagt til að skerpa ákvæði 82. gr. laganna um réttindi barns sem vistað er á heimili eða stofnun. Í núgildandi ákvæði er nefndur réttur barns til að ráða persónulegum högum sínum og hafa samskipti við aðra en rétt þykir að auki að orða almennan rétt barns til að njóta einkalífs. Þess má geta að ákvæðið er efnislega í samræmi við reglur Barnaverndarstofu um réttindi barna og beitingu þvingunar.

Í b-lið er fjallað um beitingu þvingunarráðstafana. Ákvæði 82. gr. laganna var nýmæli á sínum tíma enda voru ákvæði um réttindi barns og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum fábrotin fyrir setningu laganna. Talsvert hefur verið rætt um réttindi barna á stofnunum á undanförnum árum, m.a. að hvaða marki rétt sé að afmarka beitingu þvingunar í lögum og hvað unnt sé að afmarka í reglugerð. Heimili eða stofnun tekur að hluta við þeim almennu skyldum sem felast í forsjá þegar barn er vistað utan heimilis. Í því felst m.a. rétturinn og skyldan til að veita barni trygga umönnun og uppeldi, beita jákvæðum aga og setja barni þau mörk sem vistunin krefst en þessu hlutverki verða ekki gerð tæmandi skil í lögum. Óhjákvæmilegt er að unnt sé að beita þvingunarráðstöfunum og agaviðurlögum sem nauðsynleg þykja til að halda uppi nauðsynlegum aga, reglu og festu í starfsemi og rekstri heimilis eða stofnunar. Í núgildandi lögum eru nefnd dæmi um þvingunarráðstafanir og talað um beitingu þvingunar þegar nauðsyn ber til. Hér er lagt til að nota almennt orðalagið *þvingunarráðstafanir* og *alvarleg agaviðurlög* og útfæra nánar hvenær telji megi nauðsyn bera til. Með orðinu þvingunarráðstöfun getur sem fyrr komið til greina að grípa þurfi til þess ráðs að halda barni frá öðrum börnum. Með alvarlegum agaviðurlögum er átt við til dæmis verulega sviptingu réttinda sem barn nýtur innan heimilis eða stofnunar. Með því að vísa til hættu fyrir þroska viðkomandi barns eða annarra barna er m.a. vísað til þess að meðferð barnsins sjálft eða annarra barna á heimili eða stofnun sé stefnt í hættu eða árangur gerður að engu. Þrátt fyrir þessar breytingar er einnig gert ráð fyrir að ráðuneytið setji að tillögu Barnaverndarstofu reglugerð um framkvæmd ákvæðisins en óþarft þykir að árétta það sérstaklega í b-lið.

Í c-lið er lagt til að í stað orðanna „sérstakar ástæður komi til“ verði miðað við að nauðsyn beri til m.a. að teknu tilliti til markmiðs vistunar barns. Varðandi reglugerð er vísað til athugasemda við b-lið.

Um 45. gr.

Við setningu núgildandi laga þótti rétt að gera ráð fyrir að þeim möguleika að barnaverndarnefndir, félagasamtök og aðrir aðilar gætu fengið leyfi Barnaverndarstofu til að reka úrræði skv. 79. gr. samsvarandi þeim sem væru á ábyrgð ríkisins. Um nýmæli var að ræða og var fyrirmynd þess að nokkru sótt til norskra laga en þar í landi hafa þróast fjölbreyttar tegundir úrræða. Skemmst er frá að segja að aldrei hefur reynt á þetta ákvæði og við þær aðstæður gerir það lögin óskýrari en ella. Í ljósi reynslunnar, tillögu um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og aukins svigrúm við skilgreiningu úrræða skv. 79. gr. laganna þykir engin þörf á ákvæði 83. gr. og réttast að fella það niður.

Um 46. gr.

Í greininni er leitast við að skilgreina það hlutverk sem lagt er til að barnaverndarnefndir hafi áfram með höndum við uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vistast utan heimilis. Ákvæðið tekur fyrst og fremst mið af þeim hlutverkum sem ríkinu eru falin, sbr. 42. gr. frumvarpsins en við afmörkun á verkefni barnaverndarnefndar er einnig litið til skilgreininga úrræða í 36. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga. Þar er greint á milli annars vegar heimila og stofnana, þ.e. viðvarandi skipulagðar starfsemi, og hins vegar þess sem kölluð eru önnur úrræði. Önnur úrræði eru þau sem ekki eru skilgreind sem heimili eða stofnun. Fyrst og fremst reynir þá á vistun hjá vistforeldri á einkaheimili, jafnt þegar um er að ræða nákomna ættingja eða aðra, en slík vistun getur varað að jafnaði í allt að þrjá mánuði.

Rétt þykir að nota hér hugtakið vistúrræði á vegum barnaverndarnefnda. Hugtakið vistúrræði er nokkuð þrengra en hugtakið önnur úrræði samkvæmt ákvæði áðurnefndrar reglugerðar, þ.e. ekki er með sama hætti miðað við að barnaverndarnefndir hafi almennt tiltæk einkaheimili sem geti tekið að sér umönnun ótiltekinna barna þegar á reynir. Með vistúrræði er lögð meginánhersla á úrræði fyrir tiltekið barn í ákveðnum aðstæðum.

Ekki þykir heppilegt að afmarka hvaða þörfum barna skuli mæta með vistúrræði heldur er gengið út frá því að með tilliti til hagsmuna barns þyki vistúrræði henta barninu betur en vistun á heimili eða stofnun skv. 79. gr. laganna, sbr. 42. gr. frumvarpsins. Hér mun fyrst og fremst koma til álita vistun hjá tilteknum aðila sem barnið þekkir eða sem er í nærumhverfi barnsins. Hér getur verið um að ræða ættingja barns eða annan nákominn, til dæmis þann sem hefur sinnt hlutverki tilsjónarmanns, persónulegs ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu. Þá getur verið um að ræða einhvern sem þykir henta tilteknu barni sérstaklega vel við ákveðnar aðstæður, til dæmis með tilliti til búsetu, samvinnu við foreldra eða þjónustu sem barnið þarf á að halda. Ákvæðið er ekki bundið við vistun hjá vistforeldri á einkaheimili heldur getur við sérstakar aðstæður einnig reynt á að barnaverndarnefnd skipuleggi vistúrræði á annan hátt, þ.e. einhvers konar búsetu sem er sérsniðin fyrir tiltekið barn án þess þó að vera heimili eða stofnun.

Meginástæða fyrir því að barnaverndarnefndum er ætlað þetta hlutverk er að tryggja að unnt sé að velja besta úrræði fyrir hvert barn með nokkuð skilvirkum hætti og viðhalda þannig ákveðnum sveigjanleika í uppbyggingu úrræða. Ekki þykja standa rök til þess að ríkið hafi tiltæk úrræði af því tagi sem hér er lýst enda eru þau alla jafna sérsniðin að þörfum til-

tekins barns í ákveðnum aðstæðum. Þá er oftast æskilegt að unnt sé að grípa til þeirra með nokkuð skjótvirkum hætti og vistun varir að jafnaði í stuttan tíma.

Lagt er til að vistun hjá vistforeldri á einkaheimili standi að jafnaði ekki lengur en í þrjá mánuði. Þetta er sama regla og kemur fram í reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga og sem gerir ráð fyrir að ef ráðgerð sé lengri vistun á einkaheimili þá gildi að jafnaði um það reglur um fóstur.

Til að tryggja gæði vistúrræða er lagt til í 3. mgr. b-liðar að barnaverndarnefndir fái leyfi Barnaverndarstofu fyrir úrræði í hvert sinn. Með því er unnt að tryggja yfirsýn yfir beitingu úrræða og samræmdar lágmarksgæðakröfur til þeirra sem taka að sér að annast börn. Ef vistforeldri er búsett í öðru umdæmi er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd láti fylgja með umsókn yfirlýsingu barnaverndarnefndar í umdæmi væntanlegra vistforeldra um að sú nefnd sjái ekkert því til fyrirstöðu að leyfi verði veitt. Er þetta í samræmi við ákvæði í reglugerð. Ekki er svigrúm til að óska umsagnar barnaverndarnefndar með sama hætti og þegar um fóstur er að ræða og miðast þetta fyrst og fremst við að barnaverndarnefnd sem á í hlut kanni hvort nefndin hafi haft einhver afskipti af börnum á heimili vistforeldra sem þykja eiga að koma í veg fyrir að viðkomandi taki að sér þetta hlutverk.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd veiti vistforeldrum fræðslu og faglegan stuðning eftir því sem þörf krefur.

Ákvæði 5. mgr. er nánast samhljóða ákvæði 4. mgr. 84. gr. núgildandi laga. Þannig er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd meti sem fyrr m.a. hvort unnt sé að beita stuðningsúrræðum án þess að vista barn utan heimilis, undirbúi barn undir vistun og að barn eigi rétt á umgengni. Þá gildir 82. gr. laganna um réttindi og beitingu þvingunar einnig um vistúrræði. Sú breyting er lögð til að afmarka gildissvið 80. gr. laganna við 1. og 3. mgr. ákvæðisins enda er til dæmis áréttað í greinargerð með frumvarpi til núgildandi laga að 2. mgr. 80. gr. gildi ekki um úrræði skv. 84. gr. eðli máls samkvæmt og ekki standa rök til þess að 4. eða 5. mgr. 80. gr. gildi heldur um þessi úrræði.

Í 6. mgr. er gert fyrir að ráðherra setji reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um nánari útfærslu.

Um 47. gr.

Í samræmi við tillögur um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu úrræða er felld niður vísan til heimila í heiti XIV. kafla laganna.

Um 48. gr.

Hér er að finna það nýmæli að sveitarstjórn greiði til ríkisins gjöld sem nema hluta af kostnaði við rekstur úrræða og vísað til þess að gjöldin verði nánar ákveðin í reglugerð skv. 88. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga ber ríkið alfarið ábyrgð á kostnaði vegna heimila og stofnana sem rekin eru skv. 79. gr. laganna. Sveitarfélög bera hins vegar allan kostnað vegna heimila og annarra úrræða skv. 84. gr. laganna, þ.e. vistheimila, sambýla, vistforeldra og annarra. Einn af ágöllum núverandi kerfis er þessi munur á þátttöku í kostnaði við mismunandi úrræði eins og nánar kemur fram í 5. kafla í almennum athugasemdum. Er þessi munur talinn geta haft óheppileg áhrif á mat á þörfum barns og val á heppilegasta úrræðinu fyrir barnið. Nauðsynlegt þykir að jafna frekar en nú er gert þann kostnað sem fylgir vistun barns utan heimilis. Þetta er gert annars vegar með þeirri gjaldtöku sem hér er lögð til og hins vegar með því að greiðslur til fósturforeldra verði ákveðnar í reglugerð.

Með þessu verður kostnaður og skipting hans mun fyrirsjáanlegri og samræmdari en verið hefur og mun minni hætta á að kostnaður hafi áhrif á val á úrræði.

Með gjaldinu er einnig stefnt að því að draga sem mest úr áhrifum breytinga á heildarútgjöld annars vegar fyrir ríkið og hins vegar fyrir sveitarfélögin. Gert er ráð fyrir að fjárhæð gjalda muni taka mið af þessu. Ljóst er að Reykjavíkurborg er það sveitarfélag sem hefur borið mestan kostnað vegna úrræða skv. 84. gr. laganna með rekstri vistheimila, fjölskylduheimila og sambýla. Reykjavíkurborg er um leið það sveitarfélag sem nýtir þessi úrræði, auk úrræða á ábyrgð ríkisins, langmest og mun því greiða samsvarandi stærstan hluta heildarkostnaðarins. Önnur sveitarfélög hafa einnig á einhverjum tímum rekið heimili og stofnanir, til dæmis sambýli, og öll sveitarfélög hafa þurft að hafa tiltæk úrræði skv. 84. gr. í einhverju formi með tilheyrandi kostnaði, til dæmis við að finna þá sem taka að sér að annast barn, skipuleggja og útfæra úrræði og greiða umönnunar- og rekstraraðilum. Jafnvel þótt enn sé gert ráð fyrir vistúrræðum á vegum barnaverndarnefnda í sérstökum tilvikum þykir ljóst að heimili og stofnanir á vegum ríkisins sem ætlað er að mæta þörfum barna hvar sem er á landinu munu draga verulega úr þeim kostnaði sem sveitarfélög bera eða geta þurft að bera samkvæmt núgildandi lögum.

Um 49. gr.

Breytingu í a-lið leiðir af ákvæði 49. gr. frumvarpsins um breytingu á 87. gr. laganna.

Í b-lið er útfærð nánar heimild ráðherra til að setja reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, um upphæð gjalda sem sveitarfélögum ber að greiða vegna vistunar barna á heimilum eða stofnunum á ábyrgð ríkisins, svo og um greiðslutilhögun og önnur atriði. Eins og fram kemur í 48. gr. frumvarpsins um breytingu á 87. gr. laganna er gert ráð fyrir að sveitarfélög greiði hluta kostnaðar. Þannig er stefnt að lágmarksbreytingum á hlutdeild bæði ríkis og sveitarfélaga á heildarkostnaði frá því sem er í núverandi kerfi. Vert er þó að geta þess að einhverjar breytingar eru væntanlega óhjákvæmilegar. Yfirfærslu verkefnanna til ríkisins mun væntanlega fylgja einhver viðbótarkostnaður, til dæmis stofnkostnaður og kostnaður við aukið mannahald hjá Barnaverndarstofu. Þá mun nýting þeirra úrræða sem ríkið mun byggja upp að sjálfsögðu aldrei liggja ljós fyrir. Á móti kemur að útilokað er að tryggja að öll sveitarfélög verði eins sett og þau hafa verið og má til dæmis benda á að kostnaður einstakra sveitarfélaga hefur eðlilega verið breytilegur frá ári til árs í þessu sambandi.

Í b-lið er einnig að finna það mikilvæga nýmæli að ráðuneytið setji að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, reglugerð um fjárhæðir sem greiddar eru vegna barna í fóstri skv. 75. gr. laganna, sbr. 40. gr. frumvarpsins, og um hlut ríkisins í kostnaði vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. laganna. Um hið síðara atriði eru nú þegar ákvæði í reglugerð um fóstur, nr. 804/2004. Um rökin fyrir því að ákveða frekari fjárhæðir vegna fósturs í reglugerð má m.a. vísa til skýringa við ákvæði 48. gr. frumvarpsins, þ.e. að jafna frekar greiðslur vegna barna sem vistast utan heimilis. Ákvæði núgildandi laga, sem gera ráð fyrir að fjárhæðir séu að öllu leyti metnar í hvert sinn með tilliti til þarfa barns, hafa einnig valdið talsverðu óöryggi í framkvæmd. Samræmdar reglur munu skapa meira jafnræði með fósturforeldrum og einnig fósturbörnum. Gera verður ráð fyrir að reglugerð geti ýmist tiltekið fastar fjárhæðir eða mælt fyrir um svigrúm og tiltekið þá mælikvarða eða aðferðir sem nota skal við að taka ákvörðun, til dæmis við sérstakar aðstæður, sérstakt álag eða þegar kemur að því sem flokkast sem annar kostnaður.

Enn fremur er í b-lið kveðið á um það að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komi til skjalanna og sjái um að standa skil á gjöldum sveitarfélags til Barnaverndarstofu eigi síðar en 31. desember ár hvert ef sveitarfélag hefur þá ekki greitt tilskilið gjald. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga innheimtir síðan þau gjöld hjá viðkomandi sveitarfélagi. Það er þekkt fyrirkomulag að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komi nærri málum á þennan hátt. Vísast í því efni til 7. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002, en það er kveðið á um greiðslur Jöfnunarsjóðs á útlögðum kostnaði Barnaverndarstofu vegna almennrar kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af Barnaverndarstofu og stunda þar grunnskólanám. Jöfnunarsjóður sér síðan um að draga fjárhæð er nemur kennslukostnaði vegna framangreindra nemenda af jöfnunarframlögum viðkomandi lögheimilissveitarfélags.

Um 50. gr.

Í kafla 5.4 í almennum athugasemdum er fjallað um mikilvægi þess að styrkja mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Í þessari grein er lagt til að setja nýjan kafla í lögin sem fjallar um þessi atriði. Tilgangurinn er að auka gæði og árangur af úrræðum og réttaröryggi barna sem vistuð eru utan heimilis.

Hugtakið eftirlit hefur verið notað um ýmsa þætti starfsemi. Mikilvægt er að greina að einhverju leyti milli þess annars vegar að fylgja eftir ráðstöfun og sjá til þess að hún nái tilgangi sínum og hins vegar að hafa eftirlit með sjálfu úrræðinu til að tryggja að reksturinn uppfylli skilyrði laga. Þá ber að leggja áherslu á annars vegar innra mat eða eftirlit, sem kalla mætti gæðastjórnun, og hins vegar ytra mat eða eftirlit af hálfu þeirra sem eru óháðir starfseminni sem eftirlit er haft með. Eins og áður sagði er markmið hins nýja kafla hvort tveggja að auka gæði starfsins og að tryggja ákveðið óháð eftirlit. Heiti kaflans tekur mið af þessu og nær yfir hvort tveggja mat og eftirlit sem aftur snýr bæði að gæðum úrræða og vistun barns utan heimilis.

Í kaflanum eru útlistuð markmið með mati og eftirliti. Þá er reynt að greina með skýrum hætti á milli hlutverka barnaverndarnefnda, Barnaverndarstofu og félagsmálaráðuneytisins.

Um a-lið (89. gr. a).

Í ákvæðinu er fjallað um markmið mats og eftirlits með gæðum og vistun. Lögð er áhersla á að tryggja að rekstur úrræða og framkvæmd vistunar sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, staðla og reglna. Þá ber að tryggja að einstaka ráðstafanir nái tilgangi sínum og að réttindi barna séu virt. Markmiðið er einnig að auka gæði og stuðla að umbótum, svo og að safna upplýsingum, m.a. um vistun, nýtingu og árangur.

Um b-lið (89. gr. b).

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk barnaverndarnefndar.

Í 1. mgr. er lögð áhersla á að hver barnaverndarnefnd leggi mat á gæði og árangur vistúrræða á vegum nefndarinnar. Markmiðið er fyrst og fremst að árétta skyldu barnaverndarnefndar til að tryggja að skipulag og nýting vistúrræðis á vegum nefndarinnar sé í samræmi við ákvæði laga og annarra reglna. Það er nýmæli að kveða á um þetta í barnaverndarlögum en gera verður ráð fyrir að skyldan hafi engu að síður hvílt á barnaverndarnefndum í samræmi við eðlilega og faglega stjórnsýsluhætti. Með hliðsjón af þessu má einnig undirstrika að barnaverndarnefnd ber eðli máls samkvæmt einnig að meta gæði barnaverndarstarfs í heild, svo og annarra stuðningsúrræða. Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla taki mið af tilgangi og eðli úrræðis.

Í 2. og 3. mgr. eru ákvæði sem að mestu svara til 76. gr. og 3. málsl. 3. mgr. 80. gr. núgildandi laga en efnisákvæðin eru þó útfærð nokkur nánar. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í vistun eða fóstur skuli fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Ákvæði þetta er órjúfanlegur liður í þeirri ábyrgð sem barnaverndarnefnd ber á máli barns samkvæmt ákvæðum laganna. Samkvæmt 15. gr. laganna um lögsögu ber þannig barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur eða vistun ávallt ábyrgð á málinu meðan vistun varir. Þá ber barnaverndarnefnd skylda til að gera áætlun um meðferð málsins skv. 23. gr. og áætlun um trygga umsjá skv. 33. gr. laganna þar sem m.a. skal koma fram hversu lengi fóstur eða vistun skuli vara, markmið með vistun, stuðningur við barnið og aðra og annað sem skiptir máli. Barnaverndarnefndin ber þannig ábyrgð á að allar ákvarðanir um fóstur og vistun taki mið af upplýsingum sem aflað var við könnun máls, niðurstöðu könnunar, áætlunum, árangri af samstarfi við foreldra, líðan barnsins í úrræði og hagsmunum barns í heild meðan úrræði varir og til framtíðar. Hér er í raun ekki um að ræða hlutverk sem hefðbundið er að skilgreina sem eftirlit, sbr. heiti núgildandi 76. gr. laganna, heldur eru þetta undirstöðuatriði við vinnslu máls og hlutverk sem enginn getur haft með höndum annar en barnaverndarnefnd í núverandi kerfi. Í 2. mgr. er til áréttingar tekið fram að barnaverndarnefnd skuli afla upplýsinga ef ástæða þykir til. Hér kæmi til dæmis til álita að afla upplýsinga frá leikskóla, skóla, heilsugæslu eða öðrum sem veita barninu þjónustu. Í ákvæðinu er einnig áréttað sérstaklega að barnaverndarnefnd skuli leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa barni kost á að tjá sig um aðbúnað sinn og líðan í samræmi við aldur og þroska. Segja má að þetta ákvæði leiði af hinu almenna ákvæði 4. gr. laganna um hagsmuni barns, samvinnu við barn og tillit til sjónarmiða og óska þess, svo og 46. gr. laganna um réttindi barns við málsmeðferð. Vegna mikilvægis ákvæðisins þykir rétt að undirstrika þetta hlutverk barnaverndarnefndar. Með ákvæðinu er lagt að barnaverndarnefndum að vera vakandi fyrir því hver þörf barns er fyrir samband eða samskipti í víðum skilningi og hvaða leiðir er hægt að fara í því sambandi, til dæmis með þeirri tækni sem er í boði hverju sinni.

Í 3. mgr. er ákvæði um heimsóknir barnaverndarnefndar á fósturheimili og heimili og stofnanir þar sem börn eru vistuð. Ákvæði 1. málsl. 3. mgr. um heimili og stofnanir er í samræmi við efnisákvæði í núgildandi 80. gr. laganna. Ekki er talið rétt að útfæra þetta nánar í lögum enda eru heimili og stofnanir samkvæmt ákvæðum laganna með mjög fjölbreyttu og ólíku sniði. Gert er ráð fyrir að unnt verði að útfæra þetta nánar í reglugerð eða reglum eftir því sem þurfa þykir og má til dæmis benda á að í núgildandi reglum um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila undir yfirstjórn Barnaverndarstofu er fjallað um reglulega samráðsfundi vegna vistunar barns á langtímameðferðarheimili. Í 2. málsl. 3. mgr. segir að barnaverndarnefnd skuli heimsækja fósturheimili eins og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það. Það er nýmæli að heimsóknir skuli að lágmarki vera tvær fyrsta árið sem ráðstöfun varir en markmiðið er að fylgjast sérstaklega vel með því hvernig barn aðlagast í upphafi vistunar. Að öðru leyti er eftirfarandi haft til hliðsjónar. Í fyrsta lagi er lögð áhersla á að barnaverndarnefnd meti í hvert sinn þörf á heimsóknum og gangi ekki út frá því sem vísu að lágmarkið dugi. Þannig verði að taka sérstakt tillit til þess hvort barn er í tímabundnu, styrktu eða varanlegu fóstri og markmiðs með fóstrinu. Einnig geti barnaverndarnefndir aflað með reglubundnum hætti upplýsinga um stöðu barns í fóstri með öðrum hætti en heimsóknum. Í öðru lagi er tekið mið af því sem lagt er til í 2. mgr. um reglubundið samband við fósturbarn. Gengið er út frá því að barni gefist kostur á að tjá sig í samræmi við aldur og þroska þegar barnaverndarnefnd

kemur í heimsókn en ákvæði 2. mgr. einskorðast ekki við heimsóknirnar heldur er lögð áhersla á greið og opin samskipti sem geta dregið úr þörf á frekari heimsóknum. Í þriðja lagi er einnig litið til þeirra fjölmörgu aðila sem telja verður í aðstöðu til að gera viðvart ef eitthvað bjátar á í fóstri. Þannig þurfa fósturforeldrar til dæmis að sækja um leyfi til Barnaverndarstofu í hvert sinn sem þeir óska eftir að taka barn í fóstur. Barnaverndarstofa metur þau gögn sem fylgja umsókn og leggur mat á hæfi viðkomandi, m.a. með hliðsjón af þeim upplýsingum sem liggja fyrir um fyrri reynslu fósturforeldra. Einnig má benda á aukið hlutverk Barnaverndarstofu gagnvart starfandi fósturforeldrum sem ráðgert er í 33. gr. frumvarpsins. Þá eru líkur á að fósturbarn gangi í skóla, njóti þjónustu eða sé í samskiptum við fjölmarga aðila í sínu nærumhverfi sem ber skylda til að gera viðvart ef grunur leikur á að aðstæður barns séu óviðunandi.

Um c-lið (89. gr. c).

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk Barnaverndarstofu. Í 1. mgr. er að finna ákvæði sem leiðir af 7. gr. laganna þar sem m.a. er fjallað um samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs, þróun og rannsóknir og yfirstjórn og uppbyggingu úrræða. Einnig er höfð hliðsjón af 3. mgr. 84. gr. núgildandi laga þar sem Barnaverndarstofu er ætlað að hafa yfirlit yfir þörf á heimilum og öðrum úrræðum á ábyrgð sveitarfélaga, hvetja til og liðsinna við uppbyggingu úrræða. Hér er því í raun ekki um nýmæli að tefla en með breyttu orðalagi er lögð áhersla á söfnun upplýsinga og mat á þeim með það að markmiði að auka gæði og stuðla að umbótum.

Í 2. mgr. er lögð áhersla á að Barnaverndarstofa leggi mat á gæði og árangur heimila og stofnana sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk skv. 79. gr. laganna. Þetta er samsvarandi ákvæði og á við um barnaverndarnefndir og úrræði á þeirra vegum, sbr. 1. mgr. b-liðar, og í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti. Markmiðið er fyrst og fremst að árétta skyldu Barnaverndarstofu til að tryggja að skipulag, rekstur og framkvæmd vistunar sé í samræmi við ákvæði laga og annarra reglna. Ákvæði 79. gr. laganna, í þeirri útfærslu sem lögð er til í 42. gr. þessa frumvarps, felur í sér skyldu til að reka fjölbreytt heimili og stofnanir og gert er ráð fyrir að skipulag gæðamats taki tillit til eðlis og markmiðs með hverju úrræði eða tegund úrræða. Miðað er við m.a. að markmið með hverju úrræði liggi fyrir, allar ytri aðstæður verði tryggar, faglegur rekstur tryggður, til dæmis fjöldi hæfra starfsmanna, fullt tillit tekið til réttinda barna í samræmi við ákvæði laganna og upplýsingum safnað kerfisbundið og þær varðveittar með tryggum hætti. Þá er mikilvægt að setja frekari reglur, staðla, móta verklag og tryggja fræðslu og leiðbeiningar þegar það á við. Þess má geta að ýmis framangreind atriði er þegar að finna um þau heimili og stofnanir sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk samkvæmt gildandi lögum, svo sem í þjónustusamningum, reglugerð um meðferðarstöð ríkisins, reglum Barnaverndarstofu um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila og reglum um réttindi barna og beitingu þvingunar. Þá ber sérstaklega að geta *Staðla fyrir vistun eða fóstur á vegum barnaverndaryfirvalda* sem Barnaverndarstofa gaf út árið 2008.

Í 3. mgr. er fjallað um eftirlit Barnaverndarstofu með úrræðum á vegum barnaverndarnefnda skv. 84. gr. Í núgildandi lögum er ekki með beinum hætti fjallað um þetta eftirlit en þó má telja að það felist í almennu eftirliti Barnaverndarstofu með störfum barnaverndarnefnda skv. 3. mgr. 8. gr. laganna. Mikilvægt er að skerpa þetta eftirlitshlutverk Barnaverndarstofu til að auka réttaröryggi barna sem vistuð eru utan heimilis. Við útfærslu þessa eftirlits af hálfu Barnaverndarstofu verður þó að taka mið af eðli úrræða skv. 84. gr. laganna eins og lagt er til að ákvæðið verði útfært í 46. gr. frumvarpsins. Hér verður almennt um að ræða einstök úrræði sem verða sérsniðin að þörfum tiltekinna barna og vara í skamman tíma. Gert er ráð fyrir að Barnaverndarstofa leggi megináherslu á að tryggja að barnaverndar-

nefndir sæki um leyfi fyrir úrræði, að uppfylltar séu kröfur til þeirra sem taka að sér að annast barn og að öðru leyti uppfylltar kröfur til vistunarinnar. Í ákvæðinu er tekið fram að Barnaverndarstofa geti svipt barnaverndarnefnd leyfi til að reka úrræði en ákvæði um þetta er nú að finna í reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, nr. 652/2004. Þá má minna á að Barnaverndarstofa getur beitt úrræðum 8. gr. laganna, til dæmis áminningu, svo sem ef barnaverndarnefnd verður uppvís að því að reka úrræði án þess að hafa tilskilið leyfi.

Í 4. mgr. er áréttað að barnaverndarnefnd geti skotið ákvörðunum Barnaverndarstofu um leyfisveitingar og leyfissviptingar til kærunefndar barnaverndarmála.

Um d-lið (89. gr. d).

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk félagsmálaráðuneytisins. Í því felst fyrst og fremst það nýmæli að ráðuneytinu er með berum orðum falið eftirlit með því að úrræði á ábyrgð ríkisins uppfylli hverju sinni þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum, stöðlum og þjónustusamningum eftir atvikum. Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 5. gr. núgildandi laga hefur ráðuneytið eftirlit með starfsemi Barnaverndarstofu en Barnaverndarstofa hefur skv. 2. mgr. 79. gr. laganna faglegt og fjárhagslegt eftirlit með starfsemi heimila og stofnana sem ríkið skal sjá um að séu tiltæk. Barnaverndarstofa hefur á undanförnum árum falið óháðum sérfræðingi að gera reglubundnar úttektir á meðferðarheimilum ríkisins og þess má geta að það samræmist tillögum í skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Í skýrslu nefndarinnar er einnig lögð áhersla á að ráðuneytið fylgist með reglubundnum hætti með uppbyggingu og nýtingu stofnana og heimila fyrir börn, fylgist með því hvernig úttektum og eftirliti sé háttað með allri starfseminni og leggi mat á hvort fylgt sé ákvæðum laga, reglugerða, reglna og gæðastaðla.

Til að tryggja frekar skilin milli annars vegar faglegrar og fjárhagslegrar yfirstjórnar og hins vegar eftirlits og tryggja frekar sjálfstæði eftirlitsaðila er lagt til í 1. mgr. að ráðuneytið tilnefni óháðan sérfræðing til að heimsækja heimili og stofnanir skv. 79. gr. laganna með reglubundnum hætti. Gert er ráð fyrir að hlutverk sérfræðings verði mótað nánar í reglugerð, m.a. að teknu tilliti til markmiða mismunandi úrræða, en þó er tekið fram að leitast skuli við að gefa börnum kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ráðuneytið setji reglugerð um mat og eftirlit samkvæmt ákvæðum kaflans, m.a. um markmið, áherslur og aðferðir. Við nánari afmörkun verður að taka tillit til þess að hér haldast í hendur hlutverk barnaverndarnefndar sem fylgist með ráðstöfun barns, hlutverk Barnaverndarstofu sem fylgist almennt með gæðum úrræðis og hlutverk eftirlitsaðila sem fylgist með því að starfsemin uppfylli skilyrði laga. Við útfærslu á hlutverkum hvers og eins verður að gæta þess að sjónarmið um úttektir eða eftirlit beri ekki starfsemina ofurliði. Leitast ber við að tryggja samfellu, stöðugleika, traust og öryggi í umönnun barns og að starfskraftar nýtist sem best í að styrkja gæði umönnunar og meðferðar sem barni stendur til boða.

Um 51. gr.

Lagt er til að skerpt sé nokkuð á orðalagi refsiákvæðis 99. gr. Með lögum nr. 52/2009 voru gerðar mikilvægar breytingar á 1. mgr. 99. gr. laganna með það að markmiði að tryggja frekar vernd barna gegn ofbeldi og líkamlegum refsingum og vanvirðandi háttsemi. Í þessari grein er lagt til að í stað þess að gera það refsivert að hvetja barn til lauslætis og leiða það á glapstigu þá verði í ákvæðinu kveðið á um refsinæmi þess að hvetja barn til lögbrota, áfengis- og fíkniefnaneyslu og þess að stefna heilsu sinni og þroska eða lífi og heilsu annarra í alvarlega hættu. Æskilegt er að hafa ákvæðið í nútímalegra horfi með þessum hætti og í

betra samræmi við lýsingu á þeirri hegðun sem réttlætir afskipti barnaverndaryfirvalda samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Einnig má benda á að samhliða gildir ákvæði 206. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, m.a. um samsvarandi refsingu við því að ginna, hvetja eða aðstoða barn yngra en 18 ára til vændis, eins og því ákvæði var breytt með lögum nr. 61/2007.

Um 52. gr.

Samkvæmt 1. mgr. taka lögin þegar gildi, þ.e. að því leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í ákvæðinu.

Í 2. mgr. er áréttað að lögin gildi almennt um öll mál sem eru í gangi við gildistökuna þótt atvik hafi gerst að einhverju eða öllu leyti í tíð eldri laga. Er þetta sambærilegt við lagaskilaákvæði 1. mgr. 100. gr. gildandi laga.

Í 3.–8. mgr. er fjallað sérstaklega um nokkur ákvæði frumvarpsins til að taka af öll tvímæli um áhrif þeirra á mál sem kunna að vera þegar í vinnslu.

Samkvæmt 3. mgr. taka afmarkanir á kæruheimild og ákvæði um kæruaðild til úrskurða og ákvarðana barnaverndarnefnda sem teknar eru eftir gildistöku laganna. Einstaklingur sem telur sig njóta ríkari réttar samkvæmt ákvæðum núgildandi laga getur því skotið máli til kærunefndar ef kærufrestur er ekki liðinn.

Ákvæði 4. mgr. leiðir í raun af meginreglunni í 3. mgr. Hér er áréttað að nýmæli um val á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis gildi um þær ákvarðanir sem teknar eru eftir gildistöku laganna.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að allir nefndarmenn kærunefndar afgreiði þau mál sem eru óafgreidd við gildistöku laganna en formaður geti einn afgreitt þau mál berast síðar.

Samkvæmt 6. mgr. gilda ákvæðin um flýtimeðferð og breyting á ákvæði um sérfróða meðdómsmenn um þau mál sem þingfest eru eftir gildistöku laganna.

Samkvæmt 7. mgr. gilda ákvæði um hraðari málsmeðferð í málum skv. XI. kafla laganna og afmörkun á ákvæði um réttindi barns um þau mál sem borin eru undir dóm eftir gildistöku laganna.

Í 8. mgr. er tekið fram að nýmæli 36. gr. frumvarpsins um ákvarðanir barnaverndarnefndar um umgengni og um stuðning við foreldra sem tekið hafa við umsjá eða forsjá barnsins síns með sérstökum samningi, sbr. 35. gr. frumvarpsins, gildi einungis um þá samninga sem gerðir eru eftir gildistöku laganna. Í öllum tilvikum þar sem barni hefur verið ráðstafað í tímabundið fóstur gilda hefðbundin ákvæði laganna um fóstur, m.a. um umgengni og stuðning. Í núgildandi lögum hefur foreldri í einhverjum tilvikum tekið við forsjá barns síns samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar eftir að hitt foreldrið hefur afsalað sér eða verið svipt forsjánni og þá hefur hingað til verið gert ráð fyrir að um umgengni fari samkvæmt ákvæðum barnalaga. Ekki þykir rétt að hrófla við þeirri réttarstöðu.

Í 9. mgr. er kveðið á um gildistöku ákvæða sem mæla fyrir um eða leiða af nýrri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að því er tekur til ábyrgðar á uppbyggingu úrræða, gjaldtöku vegna vistunar, reglugerðar um greiðslur vegna fósturs og nýmæla um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun utan heimilis. Nauðsynlegt þykir að gefa ríki og sveitarfélögum tíma til að aðlaga starfsemi sína og undirbúa breytingar og því taka þessi ákvæði gildi þann 1. janúar 2011.

Fylgiskjal I.

Samantekt
starfshóps félags- og tryggingamálaráðherra um
reynsluna af barnaverndarlögum, nr. 80/2002.

1. INNGANGUR

Félags- og tryggingamálaráðherra skipaði starfshóp þann 8. júlí 2008 sem falið var að meta reynsluna af barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og gera tillögur til breytinga eftir því sem talin yrði ástæða til. Hópnum var sérstaklega falið að skoða ákvæði laganna sem varða vistun barna utan eigin heimilis og framkvæmd þeirra, þ.e. ákvæði um ráðstöfun barns í fóstur eða vistun á heimili eða stofnun. Þá var starfshópnum falið að fjalla um hverju þyrfti að breyta í framkvæmd barnaverndarstarfs án lagabreytinga.

Í hópinn voru skipuð Hrefna Friðriksdóttir, lögfræðingur og lektor í sifja- og erfðarétti við lagadeild Háskóla Íslands, formaður, Halldóra Dröfn Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, María Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri í Hveragerði, og Þorgerður Benediktsdóttir, lögfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Starfshópurinn ákvað að skila sérstakri samantekt þar sem fjallað er nokkuð um reynsluna af barnaverndarlögunum, nr. 80/2002, (hér eftir bvl.), og vikið að breytingum sem huga mætti að við framkvæmd laganna án lagabreytinga. Samantektin er rituð af formanni starfshópsins. Starfshópurinn var sammála í öllum meginatriðum en í lokakafla samantektarinnar er gerð grein fyrir fyrirvörum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga um tvö tiltekin atriði.

Á starfstímanum var bankahrun á Íslandi eins og kunnugt er og fyrirsjáanlegt að hér á landi verði umtalsverðar efnahagsþrengingar á komandi árum. Félags- og tryggingamálaráðherra hefur skipað stýrihóp um velferðarvakt sem ætlað er að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu með markvissum hætti og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Skipað var í nokkra vinnuhópa og einn þeirra hugar sérstaklega að málefnum barna upp að 18 ára aldri. Stýrihópur um velferðarvakt skilaði áfangaskýrslu í mars 2009 þar sem fram kemur yfirlit yfir þá þætti sem huga þarf sérstaklega að svo hlúa megi sem best að fjölskyldum í landinu í kjölfar efnahagsþrenginganna. Í kjölfarið samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaáætlun um velferð. Þá hafa einstök sveitarfélög einnig gripið til markvissra aðgerða, m.a. til að fylgjast með líðan barna og til að bregðast við ástandinu. Í þessari samantekt starfshóps um endurskoðun barnaverndarlaga verður fyrst og fremst lögð áhersla á þá þætti sem eru almennt til þess fallnir að styrkja faglegt barnaverndarstarf. Starfshópurinn gerir ráð fyrir að ríki og sveitarfélög standi frammi fyrir mjög erfiðum verkefnum við endurskipulagningu og forgangsröðun í allri opinberri þjónustu á næstu árum. Óumdeilt er þó að hagsmunir og velferð barna skuli vera í forgrunni í velferðarþjónustu. Er von til þess að samantektin og markviss vinna og áherslur velferðarvaktarinnar nýtist við þessi vandasömu verkefni.

Starfshópurinn er almennt á þeirri skoðun að vel hafi tekist til við setningu nýrra barnaverndarlaga árið 2002. Lögin hafa almennt stuðlað að skipulagðara og markvissara barnaverndarstarfi á landinu og framkvæmd laganna tekist nokkuð vel. Þá verður að geta þess að samantektinni er ekki ætlað að vera tæmandi umfjöllun um barnaverndarstarf á landinu. Þannig verður lítið vikið að mörgu því sem vel hefur verið gert og frekar reynt að draga fram nokkur atriði sem æskilegt þykir að bæta. Þá verður að minna á að starfshópnum var ekki

falin heildarendurskoðun laganna. Samantektin byggir fyrst og fremst á innkomnum athugasemdum og fundum með völdum aðilum. Einnig hefur verið litið til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um barnaverndarstarf og framkvæmd laganna, einkum í ársskýrslum Barnaverndarstofu og úrskurðum kærunefndar barnaverndarmála, álitum umboðsmanns Alþingis og dómum. Þá hefur einnig verið höfð hliðsjón af þróun barnaverndarréttar á alþjóðavettvangi og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, sérstaklega samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og litið til þingsályktunar Alþingis frá 16. mars 2009 um lögfestingu samningsins. Starfshópurinn leyfir sér einnig að styðjast við þá þekkingu og reynslu af vinnslu barnaverndarmála sem hópurinn hefur af áralöngu starfi innan barnaverndar.

Starfshópurinn skilar jafnframt frumvarpi til breytinga á lögunum ásamt greinargerð (hér eftir nefnt frv.). Í greinargerð með frumvarpi til breytinga á lögunum er gerð nánari grein fyrir störfum starfshópsins auk þess sem hér verður vísað til umfjöllunar í frumvarpinu um einstök atriði eftir því sem við á.

2. SKIPULAG BARNAVERNDARMÁLA

2.1 Félagsmálaráðuneytið

2.1.1 Stefnumótun

Við setningu barnaverndarlaganna árið 2002 var skerpt nokkuð á ákvæðum um skyldur ráðuneytisins. Þannig ber ráðuneytið til dæmis ábyrgð á stefnumótun í barnavernd skv. 5. gr. bvl. og skal leggja fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Í apríl 2008 var lögð fram á Alþingi framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010.

Mikilvægt er að á hverjum tíma liggi fyrir skýr stefnumótun byggð á þeirri þekkingu sem til er hverju sinni um börn og aðstæður þeirra. Samkvæmt greinargerð sem fylgdi frumvarpi til bvl. (hér eftir nefnd grg. bvl.) er gert ráð fyrir að ráðuneytið láti reglulega endurskoða stefnuna á grundvelli úttekta á barnaverndarstarfi og þeim úrræðum sem til greina kemur að beita hverju sinni til að stuðla að því að viðunandi árangur náist. Sérstaklega var tekið fram að heildarstefna í barnaverndarmálum gæti orðið til þess að tryggja að öll börn á landinu njóti sambærilegrar þjónustu.

Í fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun sem áður var vísað til er að finna greinargott yfirlit yfir áherslur og verkefni ríkisins í barnaverndarmálum. Starfshópurinn telur mikilvægt að félags- og tryggingamálaráðherra móti heildarstefnu um allt barnaverndarstarf á landinu og skoði sérstaklega hlutverk og ábyrgð sveitarfélaga og barnaverndarnefnda, til dæmis fjölda mála, meðferð mála og úrræði fyrir börn á vegum barnaverndarnefnda víðs vegar á landinu. Með því gætu skapast frekari forsendur fyrir markvissara og samræmdara barnaverndarstarf á öllu landinu.

Þá verður ekki hjá því komist að benda á ýmislegt í framkvæmdaáætluninni sem ekki virðist hafa verið hrint í framkvæmd en um leið minnt á að ekki er tíundað það sem vel hefur verið gert. Starfshópurinn bendir á að eftirfarandi liggur ekki fyrir:

1. árleg greinargerð um samvinnu milli ráðuneyta um málefni barna,
2. árleg greinargerð um samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögin um barnaverndarstarf,
3. árleg greinargerð um stöðu og þróun barnaverndarmála byggð á upplýsingum hérlendis og erlendis,
4. árleg greinargerð um framkvæmd eftirlits með kvikmyndum og tölvuleikjum og samantekt um stöðu verklagsreglna um framkvæmd mats og aldurstakmörkunar,

5. mat á fræðsluverkefnum Barnaverndarstofu samkvæmt starfsmarkmiði,
6. endurskoðun á handbók Barnaverndarstofu,+
7. viðmið um frumkvæðiseftirlit,
8. endurskoðun á samningi Barnaverndarstofu og Fangelsismálastofnunar,
9. niðurstöður rannsóknar á framburði barna sem komu í Barnahús vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi,
10. niðurstaða athugunar á líkamlegu ofbeldi gegn börnum á Íslandi,
11. tillögur um verklag og úrræði vegna þungaðra kvenna eða
12. viðbragðsteymi vegna dauðsfalla barna.

2.1.2 Reglugerðir

Í bvl. er gert ráð fyrir setningu fjölmargra reglugerða. Þegar hafa verið settar nokkrar reglugerðir á sviðum þar sem æskilegast var að útfæra ákvæði laganna nánar, m.a. reglugerð nr. 56/2004, um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd, og nr. 652/2004, um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Á öðrum sviðum voru til staðar reglugerðir og reglur sem hafa nýst að verulegu leyti eftir setningu bvl., svo sem reglugerð nr. 271/1995 um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga með síðari breytingum, reglur Barnaverndarstofu um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu frá 1999 og reglur Barnaverndarstofu um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila undir yfirstjórn Barnaverndarstofu frá 2001.

Starfshópurinn telur nauðsynlegt að fara vel yfir reglur sem settar voru með stoð í eldri lögum og að settar verði þær reglugerðir sem lögin gera ráð fyrir. Þannig er mikilvægt að huga að setningu eftirfarandi reglugerða:

13. skv. 5. mgr. 6. gr. um kærunefnd barnaverndarmála,
14. skv. 9. mgr. 7. gr. um Barnaverndarstofu,
15. skv. 4. mgr. 79. gr. og 5. mgr. 80. gr. um stofnun og almennan rekstur heimila og stofnana og faglega starfsemi þeirra og
16. skv. 5. mgr. 82. gr. um réttindi barna og beitingu þvingunar.

2.2 Barnaverndarstofa

Reglur um hlutverk Barnaverndarstofu í bvl. eru í meginatriðum sambærilegar við ákvæði eldri laga. Nokkrar áherslubreytingar voru þó gerðar og eru ákvæðin að flestu leyti skýrari en áður. Hér verður vikið að nokkrum atriðum en önnur rædd síðar, svo sem fóstur og vistun á heimili eða stofnun.

2.2.1 Yfirumsjón og stjórnsýsla

Barnaverndarstofa fer í reynd með yfirumsjón og stjórnsýslu barnaverndarstarfs á landinu. Starfshópurinn telur að Barnaverndarstofa hafi mikilvægu hlutverki að gegna. Barnavernd er sérhæfður málaflokkur en þar reynir jafnt á faglega, víðtæka þekkingu á eðli og sérstöðu barnaverndarmála svo og samspil þessara mála við aðra málaflokka á ábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Barnaverndarstofa hefur m.a. lagt sig fram við að safna upplýsingum um barnaverndarstarf á landinu, greina þær og birta, stuðla að rannsóknum og úttektum á einstaka þáttum barnaverndarstarfs og innleitt ýmsar nýjungar á sviðinu.

Starfshópurinn telur nauðsynlegt að Barnaverndarstofu verði gert kleift að sinna hlutverkum sínum af kostgæfni. Starfshópurinn gerir ráð fyrir að Barnaverndarstofu verði falið

tímanlega að hefja undirbúning og leggja drög að gerð endurskoðaðrar og vandaðrar heildarstefnu í barnaverndarmálum sem leggja ber fram á árinu 2010.

Hlutverk Barnaverndarstofu er sérstaklega mikilvægt í kjölfar efnahagsvanda þjóðarinnar enda brýnt að fylgjast vel með aðbúnaði barna og álagi og viðbrögðum barnaverndarnefnda á landinu. Barnaverndarstofa hefur þegar, í samráði við félags- og tryggingamálaráðherra, hafið heimsóknir og samræður við barnaverndarnefndir vegna þeirra aðstæðna sem ríkja í þeim tilgangi að leggja mat á starfsskilyrði, verkefni og úrræði nefndanna. Leitast á við að leiða í ljós möguleika nefndanna til að bregðast við frekara álagi og með hvaða hætti Barnaverndarstofa gæti best liðsinnt nefndunum við þær aðstæður sem búast má við. Bráðabirgðaupplýsingar liggja fyrir hjá Barnaverndarstofu en gera verður ráð fyrir að heildarsamantekt verði unnin eftir að allar nefndir hafa verið heimsóttar. Að mati starfshópsins er mikilvægt að Barnaverndarstofa skoði sérstaklega með hvaða hætti unnt verði að leggja sveitarfélögum lið við það vandasama hlutverk þeirra að marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlanir eftir næstu sveitarstjórnarkosningar.

2.2.2 Eftirlit með barnaverndarnefndum

Í 3. mgr. 7. gr. og 8. gr. bvl. er fjallað sérstaklega um eftirlit Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum. Við setningu laganna var hugað rækilega að verkaskiptingu Barnaverndarstofu, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla og með hliðsjón af réttaröryggi einstaklinga var allt vald til að fjalla um kærur eða til að úrskurða í einstaka málum fært frá Barnaverndarstofu. Í 3. mgr. 7. gr. er fjallað almennt um eftirlit og í 8. gr. er fjallað um almenna söfnun upplýsinga og meðferð kvartana yfir málsmeðferð barnaverndarnefnda í einstaka málum.

Það sjónarmið hefur heyrst að varhugavert sé að eftirlit með barnaverndarnefndum fari saman við hlutverk Barnaverndarstofu varðandi leiðbeiningar, fræðslu og ráðgjöf og spurt hvort það samrýmist góðum stjórnsýsluháttum að hafa þetta tvíþætta hlutverk á einni og sömu hendi. Starfshópurinn gerir ekki athugasemdir við þetta fyrirkomulag. Bent er á mikilvægi þess að unnt sé að leita til sérhæfðrar stofnunar eftir leiðbeiningum og ráðgjöf enda stuðli slíkt að nauðsynlegri samræmdri túlkun og samhæfingu í starfi barnaverndarnefnda. Hið almenna eftirlitshlutverk Barnaverndarstofu er af sömu rót runnið, þ.e. markmiðið er að stuðla að samhæfingu og tryggja að barnaverndarnefndir ræki skyldur sínar. Þar sem Barnaverndarstofa fjallar aldrei um kærur á stjórnsýsluákvörðunum barnaverndarnefnda heldur einungis um almennar kvartanir sem lúta að vinnslu máls, starfsháttum barnaverndarnefnda og starfsvenjum þeirra er ekki hætta á að Barnaverndarstofa úrskurði á kærustigi í máli sem stofan hefur áður komið að á fyrri stigum í formi ráðgjafar. Þetta tryggir einnig að endurskoðun allra verulegra íþyngjandi ákvarðana barnaverndarnefnda og stærri ákvarðanir eru í höndum kærunefndar eða dómstóla. Þá verður að telja að meðferð á kvörtunum yfir störfum barnaverndarnefnda sé eðlilegur hluti af rækslu almenns eftirlits í stjórnsýslu. Til samanburðar er nærtækt að benda til dæmis á hlutverk fylkismanns samkvæmt ákvæðum norsku barnaverndarlaganna en fylkismaður hefur ráðgjafahlutverk og einnig það hlutverk að úrskurða um kærur á þeim stjórnsýsluákvörðunum barnaverndaryfirvalda sem ekki eru bornar undir fylkisnefnd. Líkt og hér er lögð áhersla á almenna, sérfræðilega ráðgjöf eftirlitsaðila og verkefnin talin órjúfanlegur liður í því eftirliti sem stofnuninni er ætlað að sinna.

2.2.3 Þverfaglegt samstarf og sérhæfð þjónusta

Í 6. mgr. 7. gr. bvl. er að finna eitt af nýmælum laganna um að Barnaverndarstofa geti rekið sérstakar þjónustumiðstöðvar í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana og að Barnaverndarstofa geti boðið barnaverndarnefndum aðra sérhæfða þjónustu, svo sem úrræði utan stofnana á sviði meðferðar fyrir börn enda sé markmiðið að auðvelda nefndum að sinna lögboðnu hlutverki sínu.

Hér er um mikilvægt nýmæli að ræða sem leggur grunn að þjónustu eins og Barnahúsi og fjölkerfameðferð (MST). Starfshópurinn telur afar mikilvægt að setja nánari ákvæði um þjónustu af þessu tagi í reglugerð um Barnaverndarstofu eða sérstaka reglugerð, m.a. útfæra heimild stofunnar til að taka gjöld fyrir þessu sérstöku verkefni sem lagaákvæðið heimilar.

Starfshópurinn telur mikið og augljóst hagræði af því að ríkið hafi forgöngu um að setja á laggirnar ýmis sérhæfð úrræði, svo sem að semja um réttinn til að nota tiltekin meðferðarúrræði, sjá um ráðningu og þjálfun sérhæfðra starfsmanna, tryggja vinnuaðstöðu, aðgang að úrræði, samninga um nýtingu og að fylgjast með og hafa eftirlit með að úrræði nái tilgangi sínum. Starfshópurinn telur afar mikilvægt að bæta framboð sérhæfðra meðferðarúrræða utan stofnana, til dæmis frekari úrræði vegna líkamlegs ofbeldis. Verður að hvetja til þess að Barnaverndarstofu verði gert kleift að bæta úr brýnni þörf fyrir úrræði af þessu tagi.

2.3 Barnaverndarnefndir

2.3.1 Stefna og framkvæmdaáætlun

Í 9. gr. bvl. er mælt fyrir um skyldu sveitarfélaga til að marka sér stefnu og framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fyrir hvert kjörtímabil. Ákvæði greinarinnar er nýmæli sem hefur það markmið að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi. Gert er ráð fyrir að í slíkri áætlun séu m.a. sett markmið í barnaverndarstarfi, þar komi fram skilgreining á þörfum fyrir úrræði og áætlun um kostnað þeirra, forgangsröðum verkefna, mat á starfsmannaþörf og hvernig eftirliti barnaverndarnefnda með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum barna skuli háttað. Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu er nokkur misbrestur á þessu í framkvæmd og talsvert vantar upp á að sveitarfélög hafi sinnt þessari lagaskyldu sinni.

2.3.2 Skráning upplýsinga

Í VIII. kafla bvl. er að finna mun skýrari ákvæði um málsmeðferð en voru í eldri lögum þar sem barnaverndarnefndum er m.a. gert að skrá á kerfisbundinn hátt öll mál sem koma til meðferðar og varðveita öll gögn með tryggilegum hætti, sbr. 39. gr. Kerfisbundin og markviss skráning leggur m.a. grunn að mótun raunhæfrar stefnu og gerð framkvæmdaáætlunar.

Innheimta ársskýrslna barnaverndarnefnda landsins er eitt af verkefnum Barnaverndarstofu en söfnun slíkra gagna og úrvinnsla upplýsinga gefa sterkar vísbendingar um stöðu barnaverndarstarfs á landinu á hverjum tíma. Starfshópurinn verður að undirstrika mikilvægi þess að barnaverndarnefndir hagi skráningu mála þannig að unnt verði að senda Barnaverndarstofu nauðsynlegar upplýsingar með skilvirkari hætti en nú er. Þess má geta að reglubundin skráning grunnupplýsinga, eða sískráning á vegum Barnaverndarstofu, virðist ganga nokkuð vel og þannig liggja fyrir á hverjum tíma nýlegar upplýsingar um ákveðna grunnþætti, svo sem fjölda tilkynninga, ákvarðanir um könnun og fjölda umsókna um úrræði eins og fóstur eða vistun. Dráttur virðist hins vegar vera á því að barnaverndarnefndir skili upplýsingum sem birtar eru í ársskýrslu Barnaverndarstofu en árið 2008 voru birtar upplýsingar um störf barnaverndarnefnda fyrir árið 2006 sem telja verður ófullnægjandi.

Þá verður að finna að því að skráningu eða vinnubrögðum virðist að einhverju leyti ábótavant þar sem misræmi er í tölum barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu þegar kemur að fjölda fósturbarna og fjölda barna sem vistuð eru utan heimilis.

Á undanförnum árum hefur nokkuð verið rætt um að koma á samræmdu formi eða kerfi um skráningu upplýsinga um barnaverndarmál. Að mati starfshópsins er ljóst að umfang og fyrirkomulag barnaverndarstarfs er með ólíkum hætti víðs vegar á landinu. Nokkur fjöldi sveitarfélaga hefur unnið að því að koma sér upp sérhæfðu tölvukerfi um skráningu barnaverndarmála, önnur haga skráningu með hliðsjón af öðrum málaflokkum sem unnir eru jafnhliða og einhver sveitarfélög haga eflaust skráningu almennt að teknu tilliti til umfangs starfsins í heild sinni. Starfshópurinn telur ekki standa rök til þess að nýtt tölvukerfi muni tryggja skráningu og skil upplýsinga. Lykilhugtök hér eru kerfisbundin og markviss skráning starfsmanna barnaverndarnefnda. Hver barnaverndarnefnd verður þannig að koma sér upp skráningarkerfi sem tryggir að alltaf sé unnt að finna mál, upplýsingar um málið og nauðsynlegar samtölur um öll mál með skjótum og einföldum hætti og að tímanlega sé hægt að skila til Barnaverndarstofu þeim upplýsingum sem óskað er eftir. Hver barnaverndarnefnd verður enn fremur að tryggja að starfsmenn noti kerfið eða skrái jafnóðum þær upplýsingar sem kalla þarf eftir. Barnaverndarstofa verður á móti að gæta þess að senda barnaverndarnefndum tímanlega óskir um þær reglubundnu upplýsingar sem nefndunum er ætlað að skila til stofunnar svo unnt verði að gera breytingar á skráningarkerfum eða vinnubrögðum ef á þarf að halda.

2.3.3 Ábyrgð sveitarfélaga, fjöldi nefnda og starfsmannahald

Barnaverndarnefndir á vegum sveitarfélaga hafa með einum eða öðrum hætti borið grunnábyrgð á vinnslu barnaverndarmála frá því fyrstu barnaverndarlög voru sett á Íslandi árið 1932. Starfshópurinn telur ekki brýnt verkefni að breyta þessu. Breytingar á grunnverkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eða á grunnábyrgð innan sveitarfélagana myndu kalla á heildarendurskoðun laganna og þar yrði að ýmsu að hyggja sem hópurinn telur ekki efni til að fjalla um frekar á þessu stigi.

Barnaverndarnefndum hefur fækkað jafnt og þétt á undanförnum áratugum og þær eflst og styrkst að sama skapi. Fækkun þeirra skýrist bæði af sameiningu og fækkun sveitarfélaga svo og að í allmörgum tilfellum hafa sveitarfélög komið sér saman um skipun barnaverndarnefndar. Eitt af nýmælum bvl. var að kveða á um lágmarksfjölda íbúa að baki hverrar barnaverndarnefndar sem gerði það að verkum að enn fleiri sveitarfélög sameinuðust um þetta verkefni. Barnaverndarnefndir eru nú 30 talsins.

Að mati starfshópsins verður að taka hvort tveggja tillit til fjölda íbúa og landfræðilegrar legu umdæmis við mat á þeirri stærð sem æskilegust er í því skyni að stuðla að öflugu og virku starfi. Hér verður að hafa í huga sérstöðu barnaverndarmála, m.a. fjölbreytileika þeirra verkefna sem barnaverndarnefndir bera ábyrgð á. Þannig verður að sjálfsögðu að tryggja faglega þekkingu og reynslu barnaverndarstarfsmanna en einnig m.a. viðbragðsflýti og markvissa og þétta eftirfylgd til að barnaverndarnefnd geti til dæmis brugðist tafarlaust við tilkynningu sem kann að berast á hvaða tíma sólarhrings sem er og skipulagt þá samvinnu og stuðning sem á reynir í hverju máli. Kostir við fleiri íbúa að baki hverri nefnd eru augljóslega stærri og öflugri starfsmannahópur, meiri reynsla og þar með fagleg þekking og möguleikar á sérhæfingu og samstarfi innan starfshóps. Ef umdæmi er hins vegar víðfeðmt þá verður að dreifa starfskröftum sem dregur úr kostunum og auk þess vakna ýmsar spurningar um kostnað við fleiri en eina starfsstöð, varðveislu gagna og sérstaklega samræmda og samhæfða

vinnslu mála og úrræði fyrir alla innan umdæmisins. Starfshópurinn fagnar heimsóknum Barnaverndarstofu til barnaverndarnefnda landsins og væntir þess að Barnaverndarstofa skoði sérstaklega starfsskilyrði ólíkra nefnda með tilliti til samhæfingar og jafnræðis íbúa svæðisins. Þá ætti samantekt Barnaverndarstofu að gefa mynd af samræmi milli ólíkra umdæma.

Í handbók Barnaverndarstofu er fjallað nokkuð um verkefni barnaverndarstarfsmanna, málafjölda, flokkun mála og mat á starfsmannaþörf. Augljóst er að verkefnum barnaverndarnefnda hefur fjölgað umtalsvert á síðustu árum, sérstaklega hefur tilkynningum fjölgað. Eitt af markmiðum með heimsóknum Barnaverndarstofu til nefndanna er að skoða fjölda starfsmanna og álag á starfsmönnum barnaverndarnefnda. Þá hefur Barnaverndarstofa áður skoðað sérstaklega fyrirkomulag bakvakta eða möguleika barnaverndarnefnda til að taka við og bregðast við tilkynningum samkvæmt ákvæðum bvl. sem berast utan dagvinnutíma. Samkvæmt upplýsingum Barnaverndarstofu hafa barnaverndarnefndir víða um land brugðist við auknu umfangi með fjölgun starfsmanna á allra síðustu árum og virðast sæmilega vel settar til að mæta auknu álagi. Það á þó ekki við í öllum tilvikum auk þess sem sums staðar á landsbyggðinni reynist torvelt að ráða fagfólk til starfa. Barnaverndarstofa hefur bent á að erfitt sé að bera sveitarfélög saman þar sem skipulag sé ólíkt og víða um samþætta þjónustu að ræða. Þannig sé enginn einn mælikvarði til sem geri kleift að bera saman ástand mála í ólíkum umdæmum barnaverndarnefnda.

Starfshópurinn telur afar brýnt að Barnaverndarstofa haldi áfram að fylgjast með og meta skipulag, álag og vinnslu barnaverndarmála innan umdæma barnaverndarnefnda og vinna markvisst að því að tryggja a.m.k. lágmarks samræmda og samhæfða þjónustu við öll börn á landinu. Starfshópurinn undirstrikar mikilvægi þess að barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra hafi nægilegt svigrúm og tíma til að vinna hvert og eitt mál í samræmi við ákvæði laga og reglna enda gegna barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra lykilhlutverki í aðdraganda ákvörðunar um ráðstöfun, framkvæmd hennar og eftirfylgd. Í þessu felst að unnið verði frekar að mótun viðmiða um takmörkun málafjölda á hvern sérfræðing og tryggð sérhæfð þekking í mati, greiningu, meðferðaráætlun og eftirfylgd. Þá verði hugað sérstaklega að hæfni og reynslu nefndarmanna og stuðlað að því að fagfólk á sviðinu geti aflað sér sí- og endurmenntunar eftir því sem kostur er.

3. VINNSLA BARNAVERNDARMÁLA

3.1 Upphaf barnaverndarmáls

3.1.1 Hvað er barnaverndarmál?

Umræða um barnaverndarmál hefur aukist umtalsvert meðal fagfólks og almennings en mörgum þykir óljóst hvað fellur undir þetta hugtak. Kallað hefur verið eftir skýrari skilgreiningum á því hvenær aðstæður barns séu með þeim hætti að tilkynna beri til barnaverndaryfirvalda, hvenær barnaverndaryfirvöldum beri að sinna málum og með hvaða hætti, hver beri ábyrgð á hvaða þjónustu við börn, til dæmis uppbyggingu úrræða, og hversu langt skuli ganga.

Við setningu laga um barnavernd hefur verið fjallað um takmörk þess sem unnt er að skilgreina í lögum eða reglugerðum að þessu leyti og lögð áhersla á að afmörkun málaflokksins verði að ráðast fyrst og fremst af faglegri umræðu um þarfir barna, hlutverk foreldra, flokkun eða tegundir mála og skyldur hins opinbera. Handbók Barnaverndarstofu fyrir barnaverndarnefndir og SOF-kerfið (Skilgreining og flokkun – hjálpartæki við könnun og flokkun mála) eru dæmi um tæki sem nýtast vel og mikilvægt er að halda við og kynna. Í framkvæmda-

áætlun í barnaverndarmálum til 2010 er sérstaklega gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa endurskoði og kynni SOF-kerfið betur, stefnt var að því að áætlun um framkvæmd þessa lægi fyrir 1. júlí 2008 og verkefninu lokið 1. júlí 2009. Einnig var gert ráð fyrir endurskoðun handbókarinnar fyrir sama tíma. Starfshópurinn hvetur til þess að endurskoðunin verði nýtt til að fjalla frekar um faglegar skilgreiningar.

Starfshópurinn telur þörf á frekari rannsóknum, faglegri umfjöllun, afmörkun og kynningu á hugtakinu barnaverndarmál. Sérstaklega er mikilvægt að ræða mörk og samspil mismunandi þjónustukerfa, svo sem barnaverndar, félagsþjónustu sveitarfélaga, skólakerfisins, heilbrigðiskerfisins og þjónustu við fatlaða, og hafa það í huga þegar sett eru lög eða reglur á hverju sviði fyrir sig.

3.1.2 Tilkynningar

Markvisst hefur verið unnið að því að kynna og fjalla um tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda á undanförnum árum. Eins og áður sagði hefur tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgað jafnt og þétt, sérstaklega tilkynningum frá lögreglu. Hér er vísað til umfjöllunar í frv. þar sem lögð er til breyting á ákvæðinu um tilkynningarskyldu lögreglu.

Árið 2003 setti Barnaverndarstofa í samráði við heilbrigðisyfirvöld verklagsreglur um tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsfólks til barnaverndarnefnda og árið 2006 svipaðar reglur um tilkynningarskyldu starfsfólks í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Einnig mun Barnaverndarstofa hafa í undirbúningi að setja verklagsreglur um tilkynningarskyldu lögreglunnar. Verklagsreglunum er ætlað að minna á tilkynningarskylduna og um leið að auðvelda og skýra boðleiðir með það að markmiði að styrkja og bæta samvinnu aðila. Starfshópurinn telur reglur af þessu tagi hafa mikilvægu hlutverki að gegna og æskilegt að skoða frekara samstarf að þessu leyti, til dæmis við þá sem sinna fötluðum börnum og/eða foreldrum þeirra.

Þá er talið nauðsynlegt að endurskoða verklagsreglurnar um tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsfólks og m.a. huga sérstaklega að þeim sem sinna foreldrum sem til dæmis glíma við fíkn og geðræna erfiðleika.

3.1.3 Hvernig verður mál barnaverndarmál?

Í 21. gr. bvl. var leitast við að gera ákvæði um upphaf barnaverndarmáls skýrari en í eldri lögum, Þar eru m.a. afmarkaðar skyldur barnaverndarnefndar í kjölfar þess þegar tilkynning berst, fjallað um ákvörðun um að hefja könnun máls og skyldur nefndarinnar í kjölfarið.

Ekki hefur verið kannað sérstaklega hvort barnaverndarnefndir sinna ætíð þeirri lagaskyldu að taka ákvörðun innan sjö daga frá því að tilkynning berst eða upplýsingar liggja fyrir með öðrum hætti. Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu er í einhverjum tilvikum brotalöm á þessu, þannig hefur stofan þurft að gera athugasemdir við að ákvörðun hafi ekki verið tekin innan tilskilins tíma eða að ekki liggi fyrir hvenær ákvörðun var tekin. Þá er einnig mikilvægt að foreldrum berist tilkynning um þá ákvörðun sem er tekin og að hin eiginlega könnun hefjist strax eftir að tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun.

Í ársskýrslu Barnaverndarstofu sem gefin var út árið 2008 voru í fyrsta sinn birtar tölur um fjölda mála, þ.e. ákvarðanir um að hefja könnun máls samkvæmt ákvæðum bvl. Athygli vekur að þrátt fyrir umtalsverða fjölgun tilkynninga á nokkru árabili virtist ekki samsvarandi fjölgun þeirra tilvika sem talin var ástæða til kanna. Þannig virtist sífellt lægra hlutfall tilvika sem tilkynnt voru barnaverndarnefndum leiða til þess að mál barns væri kannað sem barnaverndarmál. Í ljós hefur komið að þetta má að hluta til rekja til þess að barnaverndarnefndir hafa hagað talningu mála með ólíkum hætti, þ.e. túlkað mismunandi hvernig ákvörðun er

tekin um könnun þegar fleiri en ein tilkynning berst í máli tiltekins barns. Ýmissa annarra skýringa má leita, svo sem að umræða hafi aukist um skylduna til að tilkynna grunsemdir en ekki vitneskju, í meiri almennri umræðu um ýmiss konar aðstæður barna, léttvægari tilkynningum, breyttum vinnubrögðum lögreglu við túlkun ákvæðisins um tilkynningarskyldu og betri skráningu tilkynninga hjá barnaverndarnefndum. Einnig má vera að barnaverndarnefndir komist ekki yfir að kanna fleiri mál en raun ber vitni vegna álags og skorts á mannafla.

Starfshópurinn telur umhugsunarefni þann mun sem verið hefur á hlutfalli tilkynninga og ákvarðana um könnun milli einstakra barnaverndarumdæma. Sérstaklega verður að hvetja til þess að skilgreiningar, skráning mála og talning verði með sambærilegum hætti um allt land en hér gegna leiðbeiningar Barnaverndarstofu lykilhlutverki. Þrátt fyrir þær skýringar sem fram hafa komið á mismunandi talningu mála þá telur hópurinn þennan mun meiri en svo að skýringa verði eingöngu leitað í ólíkri félagslegri samsetningu íbúa. Hugsanlega tengist þetta vandamál að einhverju leyti mismunandi skilgreiningum á hugtakinu barnaverndarmál almennt og ólíkri verkaskiptingu opinberra aðila á mismunandi svæðum, til dæmis barnaverndarnefnda og félagsmálanefnda. Slík vinnubrögð verður að telja varhugaverð með hliðsjón af meginreglunni um lögbundna stoð allra verkefna ríkis og sveitarfélaga. Starfshópurinn telur mikilvægt að fylgjast vel með þessari þróun, leita raunhæfra skýringa og grípa til viðbragða ef þörf krefur.

3.2 Könnun

3.2.1 Markmið könnunar

Í 22. gr. og VIII. kafla bvl. er að finna nokkuð skýrari ákvæði um markmið og framkvæmd könnunar barnaverndarmáls en áður. Í grg. bvl. kemur fram að ekki verði settar nákvæmar reglur um það hvernig staðið skuli að könnun máls og hvaða gagna skuli aflað enda sé það breytilegt eftir eðli máls hverju sinni. Hér reynir á skyldu barnaverndarnefndar til að tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin en um leið gæta þess að könnun verði ekki umfangsmeiri en þörf krefur. Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað skal taka saman greinargerð um niðurstöður könnunar og í bvl. er það nýmæli að ákvörðun um beitingu úrræða skuli liggja fyrir að jafnaði innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun er tekin um að hefja könnun.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort barnaverndarnefndir sinni þeirri lagaskyldu sinni að ljúka könnun innan tilskilins frests. Samkvæmt upplýsingum Barnaverndarstofu hefur í einhverjum tilvikum verið fundið að þessu við afgreiðslu á kvörtunum yfir málsmeðferð barnaverndarnefnda og einnig því að ekki liggi alltaf fyrir skriflegar greinargerðir um niðurstöður könnunar í samræmi við ákvæði bvl. og reglugerðar um málsmeðferð.

Starfshópurinn hvetur til þess að þetta verði kannað nánar og barnaverndarnefndum og starfsmönnum þeirra veitt viðeigandi fræðsla um þessi atriði.

3.2.2 Samstarf

Barnavernd samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga er órjúfanlegur hluti af velferðarþjónustu og annarri þjónustu við börn og fjölskyldur í samfélaginu. Óumdeilt er að gott samstarf þeirra sem sinna þjónustu við börn er oftast lykill að farsælli lausn. Nokkrir umsagnaraðilar lögðu áherslu að bætt samstarf við barnaverndaryfirvöld og þörf fyrir breytingar í þeim efnum. Rétt þykir að fara nokkrum almennum orðum um þetta.

Í núgildandi lögum er víða lögð áhersla á samstarf í barnaverndarmálum, svo sem í 5. mgr. 4. gr., 20. gr. og 3. mgr. 23. gr. Í grg. bvl. er fjallað nokkuð um samstarf og ólíka stöðu

barnaverndarnefndar annars vegar og annarra stofnana eða aðila sem sinna þjónustu við börn hins vegar. Samkvæmt núgildandi lögum er samstarf barnaverndarnefndar og þeirra sem veita barni þjónustu háð samþykki foreldris barnsins. Samstarf í þessum skilningi getur falist í að barnaverndarnefnd láti öðrum aðilum í té upplýsingar um stöðu barns eða vinnslu máls eða að samvinna komist á um stuðningsaðgerðir, mótun þeirra, framkvæmd, eftirlit og mat á árangri. Samstarfsaðilar barnaverndarnefndar hafa lagt áherslu á nauðsyn þess að slaka á kröfum núgildandi laga um samþykki foreldra og opna fyrir frekara samstarf.

Í frumvarpi til breytinga á barnaverndarlögum eru lagðar til nokkrar mikilvægar breytingar á ákvæðum um samstarf en engu að síður er í grundvallaratriðum áfram gert ráð fyrir samþykki foreldra um þessi atriði. Hér verður sem fyrr að leggja áherslu á hið víðtæka vald barnaverndarnefnda til að hafa afskipti af viðkvæmustu einkamálum barna og foreldra. Minna verður á að einungis reynir á þetta í málum þar sem barnaverndarnefnd hefur metið aðstæður barnsins með þeim hætti að rétt sé að styðja foreldrana í uppeldishlutverkinu. Barnaverndarnefndir verða fyrst og fremst að reyna að ná samvinnu við foreldra og barn eftir atvikum og eru þar í þeirri vandasömu stöðu að reyna að byggja upp traust og veita stuðning í skugga þess valds sem leiðir af lögunum. Þetta vald liggur m.a. í því að foreldrar hafa almennt ekki áhrif á ákvörðun um hvort mál verður barnaverndarmál, réttur barnaverndarnefndar til að afla upplýsinga um barn og foreldra er ekki háður samþykki foreldra og barnaverndarnefndir geta úrskurðað eða krafist aðgerða sem fela í sér afgerandi inngrip í friðhelgi fjölskyldunnar. Ekki síst í ljósi þessa verður að telja gríðarlega mikilvægt að taka tillit til og vernda rétt foreldra barns til að hafa áhrif á hver fái upplýsingar um barn í barnaverndarmáli eða hver komi að því að veita þjónustu. Þetta tillit til foreldra getur haft úrslitaáhrif á það hvort tekst að byggja upp traust og samvinnu barnaverndarnefndar, foreldra og barns og með því freista þess að bæta stöðu barns. Hér verður að ganga út frá þeirri meginreglu að það sé barni að jafnaði fyrir bestu að lúta forsjá foreldra sinna og það þjóni því almennt hagsmunum barnsins að ná samvinnu við foreldra um nauðsynlegan stuðning þegar það á við. Þá þykir reynslan sýna að barnaverndarnefndir reyni að vera vakandi fyrir því að meta þörf fyrir samstarf og að foreldrar samþykki í allflestum tilvikum tillögur um samstarf.

Um breytingartillögur vísast til frumvarpsins og umfjöllunar um einstaka greinar.

3.3 Úrræði

3.3.1 Áætlanir

Í 23. gr. bvl. og í reglugerð um málsmeðferð, nr. 56/2004, er fjallað um áætlanir um stuðningsúrræði og einhliða áætlanir um beitingu þvingunar.

Reynslan sýnir að nokkuð skortir á að áætlanir séu gerðar með fullnægjandi hætti. Í einhverjum tilvikum er úrræðum beitt án þess að skrifleg áætlun sé gerð, í öðrum tilvikum uppfyllir áætlun ekki þau lágmarksskilyrði sem verður að gera og í enn öðrum eru áætlanir ekki endurnýjaðar eftir þörfum.

Starfshópurinn hvetur til þess að þetta verði kannað sérstaklega og barnaverndarnefndum og starfsmönnum þeirra veittar viðeigandi leiðbeiningar og fræðsla um þessi atriði.

3.3.2 Stuðningsúrræði

Í 24. gr. bvl. eru talin upp í dæmaskyni þau úrræði sem barnaverndarnefnd skal beita ef þörf krefur og auk þess er gert ráð fyrir úrræðum ef barn þarfnast vistunar utan heimilis sem nánar verður vikið að síðar. Í reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga er fjallað nánar um

skilgreiningu nokkurra úrræða, skilyrði, leyfisveitingar, samning um beitingu úrræðis og eftirlit.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort og með hvaða hætti barnaverndarnefndum tekst að tryggja börnum nauðsynleg stuðningsúrræði samkvæmt ákvæðum bvl. Einhverjar úttektir og athuganir á úrræðum hafa verið gerðar en starfshópnum er ekki kunnugt um að gerðar hafi verið umfangsmiklar rannsóknir á framboði, nýtingu og árangri af beitingu stuðningsúrræða í barnavernd, til dæmis persónulegra ráðgjafa, tilsjónarmanna eða stuðningsfjölskyldu.

Starfshópurinn telur mjög mikilvægt að þessi atriði verði skoðuð nánar og undirstrikar nauðsyn þess að börnum standi ætíð til boða úrræði samkvæmt ákvæðum bvl. þegar þörf krefur. Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu hefur í einhverjum tilvikum þurft að gera athugasemdir við að ekki hafi verið gerðar áætlanir um viðeigandi stuðningsúrræði og einnig fundið að skorti eða drætti á því að nauðsynleg úrræði hafi raunverulega staðið til boða þrátt fyrir að gerð hafi verið áætlun um beitingu þeirra.

Gera verður ráð fyrir að sveitarfélög hafi í framkvæmdaáætlunum sínum metið eða áætlað þarfir barna fyrir tiltekin úrræði og hvernig eigi að mæta þessum þörfum. Þá treystir starfshópurinn því að sveitarfélög fylgist vel með núverandi efnahagsástandi og geri sér far um að standa vörð um velferð barna. Nauðsynlegt er að leiðbeina sveitarfélögum og barnaverndarnefndum um þau úrræði sem æskilegust eru eða vænlegust til árangurs og fylgjast með því að börn njóti viðeigandi úrræða um allt land. Þá er mikilvægt að fylgjast með því að fullnægjandi kröfur séu gerðar til þeirra sem sinna stuðningi, leyfi veitt, samningar gerðir um beitingu úrræða og eftirlit haft með því að skilyrði séu uppfyllt og ráðstöfun nái tilgangi sínum.

3.3.3 Úrræði fyrir þungaðar konur

Í bvl. eru ýmis nýmæli sem taka til þungaðra kvenna sem stofna heilsu og lífi ófæddra barna í hættu með óviðeigandi eða háskalegu líferni sínu, sbr. 3. mgr. 21. gr., e-lið 1. mgr. 24. gr. og 31. gr.

Í 2. mgr. 31. gr. bvl. er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti sett fram kröfu um sviptingu sjálfræðis þungaðrar konu ef önnur úrræði koma ekki að gagni. Markmið sviptingar er að koma konunni til aðhlynningar og meðferðar á viðeigandi stofnun en hvorki í lögunum né í grg. bvl. er að finna leiðbeiningar um hvaða stofnun eigi að sinna þessu hlutverki. Starfshópnum er kunnugt um að reynt hefur á þetta ákvæði í nokkrum tilvikum og þá þykir hafa skort viðeigandi úrræði. Í framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum til 2010 er fjallað um þennan vanda, mikilvægi þess að skoða með hvaða hætti er eðlilegast og heppilegast að haga stuðningi við þungaðar konur og sérstaklega hversu brýnt er að skoða úrræði sem unnt verði að nota ef beita þarf þvingun. Gert er ráð fyrir að Barnaverndarstofa leiti eftir samstöðu fulltrúa barnaverndar- og heilbrigðisyfirvalda um að setja á laggirnar starfshóp og stefnt að tillögum um verklag og úrræði fyrir 1. október 2008. Starfshópurinn leggur áherslu á að þessu verkefni verði fylgt eftir.

3.3.4 Almennt um vistun barns utan heimilis

Rétt þykir að fjalla lítillega um það fyrirkomulag á vistun barna utan heimilis sem nú er við lýði en jafnframt er vísað til frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

a) Almennt um fóstur

Ákvæði um fóstur í bvl. og reglugerð um fóstur nr. 804/2004 eru talsvert ítarlegri og skýrari en þau voru samkvæmt eldri lögum. Þá gaf Barnaverndarstofa út árið 2008 Staðla fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda. Einnig má minna á rannsóknir sem Barnaverndarstofa stóð fyrir um líðan barna í fóstri og birtar eru með ársskýrslu stofunnar 2004.

Starfshópurinn telur að í meginatriðum hafi tekist vel til um mótun reglna og framkvæmd á þessu sviði. Starfshópurinn verður þó að benda á nokkur atriði sem telja verður að betur megi fara.

Reynslan sýnir að barnaverndarnefndir leita ekki alltaf lögbundins samráðs við Barnaverndarstofu um ráðstöfun barns í fóstur. Þannig ber við að barni sé ráðstafað í fóstur til aðila sem ekki hafa fengið leyfi Barnaverndarstofu eða án vitneskju stofunnar. Þá liggur ekki alltaf fyrir fóstursamningur við fósturforeldra áður en barn fer til viðkomandi í fóstur né tilkynni barnaverndarnefnd til Barnaverndarstofu um gerð fóstursamnings í upphafi eða um endurnýjun samnings eða lok fósturs.

Í einhverjum málum hefur komið í ljós að barnaverndarnefndir fara ekki eftir ákvæði 23. gr. reglugerðarinnar um tímamörk samninga um tímabundið fóstur.

Þá verður að finna að því hve langan tíma það getur tekið barnaverndarnefndir að skila umsögn til Barnaverndarstofu um þá sem óska eftir leyfi til að taka barn í fóstur.

Reynslan sýnir einnig að brotalöm virðist vera á því að gengið sé frá skriflegum samningi um umgengni barns í fóstri við foreldra og aðra nákomna eða kveðinn upp úrskurður um umgengni ef ekki tekst að gera skriflegan samning. Hér er því ekki haldið fram að umgengni eigi sér ekki stað í þessum tilvikum en áréttað mikilvægi þess að ganga frá þessum atriðum með formlegum og lögbundnum hætti.

Starfshópnum bárust ýmsar ábendingar frá Landssamtökum vistforeldra í sveitum sem nýtast í umræðu um framkvæmd laganna en þykja ekki kalla á lagabreytingar. Starfshópurinn hvetur til þess að Barnaverndarstofa eigi áfram reglubundið og náið samstarf við Landssamtökin og Félag fósturforeldra og skoði þær ábendingar sem komið er á framfæri.

Starfshópurinn telur afar brýnt að barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra fari að öllu leyti eftir ákvæðum bvl., reglugerðar og staðla um vinnubrögð í fósturmálum og að Barnaverndarstofa fylgi því eftir með markvissum hætti ef svo er ekki.

Eins og fram kemur í ársskýrslu Barnaverndarstofu árið 2008 hafa ráðstafanir barna í fóstur farið jafnt og þétt vaxandi á undanförnum árum. Mestu munar þar um fjölgun tímabundinna fósturráðstafana en alls munu 357 börn hafa verið í fóstri á árinu 2007. Þá liggur einnig fyrir að umsóknum barnaverndarnefnda um fósturheimili fjölgaði talsvert á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2009 samanborið við árið 2008. Umsóknum fólks sem óskar eftir því að gerast fósturforeldrar hefur fjölgað nokkuð á sama tíma. Starfshópurinn telur mjög brýnt að huga að aðgerðum til að tryggja nægt framboð af hæfum og frambærilegum fósturforeldrum svo og að tryggja hraða og markvissa afgreiðslu umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldri.

Í framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum til 2010 er gert ráð fyrir að auka eftirlit með samstarfi barnaverndarnefnda við fósturforeldra og vinnubrögðum nefndanna í fósturmálum með því að taka í gagnið frá 1. janúar 2009 matsblað sem fósturforeldrar, starfsmaður barnaverndarnefndar, kynforeldrar og barn eftir atvikum fylli út í lok fósturs. Starfshópnum er ekki kunnugt um að þetta hafi verið gert.

Þá er starfshópnum ekki kunnugt um að fyrir liggi áætlun um innleiðingu framhaldsnámskeiða fyrir fósturforeldra í tengslum við Foster Pride sem liggja átti fyrir 1. júlí 2008 eða áætlun um fjölkerfameðferðarfóstur (MTFC/TFC) sem ráðgerð var fyrir 1. september 2008.

b) Skólamál fósturbarna

Frá því að ábyrgð á rekstri grunnskóla var færð frá ríki til sveitarfélaga hafa nokkrum sinnum komið upp ágreiningsmál um skólagöngu fósturbarns, sérstaklega barns sem barnaverndarnefnd ráðstafar í tímabundið fóstur í annað sveitarfélag án þess að lögheimili barnsins breytist að sama skapi. Óþarfi er að hafa um þetta mörg orð í þessari samantekt. Við setningu nýrra grunnskólalaga nr. 91/2008 var markmiðið að taka af skarið um rétt fósturbarns til skólagöngu með setningu ákvæðis í 5. gr. um ábyrgð sveitarfélaga.

Nokkur ágreiningur reis um þýðingu lagaákvæðisins og samspil grunnskóla- og barnaverndarlaga. Barnaverndarstofa óskaði eftir túlkun menntamálaráðuneytisins á ákvæði 5. gr. grunnskólalaganna. Barnaverndarstofa taldi að með nýju ákvæði 5. gr. grunnskólalaganna væri réttarstaða barna í tímabundnu fóstri að öllu leyti sú sama og réttarstaða þeirra barna sem flytja í sveitarfélag, þ.e. viðtökusveitarfélag bæri ábyrgð á að tryggja fósturbarni skólagöngu og greiða þann kostnað sem af því leiddi. Samband íslenskra sveitarfélaga taldi ákvæði 5. gr. hins vegar einungis fela í sér að barn ætti óskoraðan rétt á skólavist, þ.e. viðtökusveitarfélagi væri óheimilt að synja fósturbarni um skólavist, en að því sveitarfélagi sem ráðstafaði barninu í fóstur bæri að greiða kostnað vegna skólagöngu barnsins. Barnaverndarstofa kynnti barnaverndarnefndum þau sjónarmið sem stofan lagði áherslu á. Þá gerði Samband íslenskra sveitarfélaga öllum skólum landsins grein fyrir stöðunni og vakti athygli á skyldu sveitarfélaga til að tryggja barni skólavist.

Í umræðu um skólagöngu fósturbarna hefur stundum verið látið að því liggja að börnum sé að stærstum hluta ráðstafað frá stærri sveitarfélögum til þeirra smærri sem sum hver hafi ekki bolmagn til að tryggja þeim skólagöngu. Ástæða er til að árétta að öll sveitarfélög landsins eru formlega jafnsett að þessu leyti, þ.e. öll geta átt von á að ráðstafa barni í fóstur og að einstaklingar með lögheimili í sveitarfélaginu fái leyfi til að fóstra barn. Mikilvægt er að benda á að samkvæmt tölulegum upplýsingum Barnaverndarstofu um barnaverndarmál árið 2008 þá bárust stofunni samtals 106 umsóknir um fósturheimili árið 2008, 42 umsóknir frá Reykjavík, 27 frá sveitarfélögum í nágrenni Reykjavíkur og 37 umsóknir frá sveitarfélögum á landsbyggðinni. Umsóknir þeirra sem óskuðu eftir að gerast fósturforeldrar voru alls 65 árið 2007, þar af 28 frá einstaklingum sem búsettir voru í Reykjavík og nágrenni. Árið 2008 bárust Barnaverndarstofu alls 64 umsóknir, þar af alls 32 frá einstaklingum búsettum í Reykjavík og nágrenni. Þá verður að benda á að ekki er sjálfgefið að viðtökusveitarfélag verði fyrir auknum kostnaði af fósturbarni auk þess sem viðtökusveitarfélag getur átt rétt á framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þessara barna.

Starfshópurinn telur afar brýnt að tryggja rétt fósturbarns til skólagöngu við hæfi. Ákvæði um þetta og framkvæmd þeirra þarf að vera eins skýr og nokkur er kostur og með þeim hætti að draga úr mögulegum ágreiningi um skólavistina sem slíka eða kostnað við hana. Starfshópnum er kunnugt um að Barnaverndarstofa hefur almennt hvatt barnaverndarnefndir til að leggja sig fram um að tryggja gott samstarf í þessum efnum, m.a. hvatt barnaverndarnefndir til að hafa eins tímanlega og kostur er samráð og samstarf við alla þá aðila sem bera ábyrgð á skólamálum. Einnig er vert að minna á að skv. 8. gr. reglugerðar um fóstur, nr. 804/2004, ber barnaverndarnefnd, við gerð umsagnar til Barnaverndarstofu í tilefni af umfjöllun um hæfi fósturforeldra, að kanna með almennum hætti hvernig skólamálum er háttað í skóla-

hverfi umsækjenda. Hér verður þó enn og aftur að minna á sérstöðu barnaverndarmála. Þrátt fyrir að yfirleitt sé tími til undirbúa úrræði vandlega þá getur ráðstöfun borið nokkuð brátt að. Þá blasir við að fjöldi hæfra aðila til að annast börn í þessum vandasömu aðstæðum er ekki ótakmarkaður. Starfshópurinn leggur áherslu á að hér verði ávallt í algerum forgangi að tryggja barni vist hjá þeim hæfu aðilum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barnsins. Árétta ber að fósturráðstöfun skiptir sköpum um þroskavænleg lífsskilyrði barna sem eiga í hlut. Þá verður að líta til þess að öllum skólum landsins ber skylda að tryggja börnum lögbundna skólaþjónustu.

Menntamálaráðuneytið sendi frá sér álit um túlkun 5. gr. grunnskólalaganna þann 14. október 2009. Ráðuneytið rakti viðeigandi lagaákvæði og túlkun þeirra. Í niðurstöðu segir m.a. svo:

„Eins og rakið hefur verið hér að framan er rekstur almennra grunnskóla á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um grunnskóla. Sérstaklega er kveðið á um skyldu sveitarfélaga í 3. mgr. sömu greinar til að sjá til þess að skólaskyld börn, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, sem og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar greinir í lögunum. Samkvæmt því er enginn munur á þessari skyldu sveitarfélaga hvort sem um er að ræða börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu eða börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra með lögheimili í sama sveitarfélagi. ... Þegar virt eru ummæli í lögskýringargögnum ... verða ekki dregnar víðtækari ályktanir en svo að í kostnað viðtökusveitarfélagsins felist allur venjubundinn kostnaður sem hlýst af skólagöngu þessara barna, svo sem kostnaður vegna skóla og aksturs, en ekki kostnaður umfram það eins og kostnaður við sérfræðiþjónustu eða vegna annarra sérþarfa. Síðastnefndur kostnaður sé hann fyrir hendi myndi þá falla á það sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur sem er sama sveitarfélag og barn á lögheimili í. ... Af þessu leiðir einnig að gera verður ráð fyrir að verði ágreiningur um greiðslu kostnaðar vegna barns sem ráðstafað hefur verið tímabundið í fóstur heyri það undir félags- og tryggingamálaráðuneytið að fjalla um slíkan ágreining ...“

Meirihluti starfshópsins leggur til ákvæði í frumvarpinu í samræmi við þessa túlkun ráðuneytisins og áréttar mikilvægi þess að reglur um þetta liggi skýrt fyrir. Þá ber einnig að leggja sérstaka áherslu á að þessar breytingar geta haft áhrif á rétt viðtökusveitarfélaga til greiðslna úr Jöfnunarsjóði samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, sem geta dregið úr fjárhagslegum áhrifum lagabreytingarinnar. Þess ber að geta að fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í starfshópnum gerir fyrirvara við þessa afgreiðslu sem nánar er gerð grein fyrir í lokakafla samantektarinnar.

c) Heimili og stofnanir

Ábyrgð á rekstri heimila og stofnana fyrir börn hvílir á ríkinu skv. XIII. kafla bvl. og á sveitarfélögunum skv. XIV. kafla bvl. Ákvæði þessara kafla eru mun skýrari en samsvarandi ákvæði eldri laga en þó hefur verið gagnrýnt að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sé óljós samkvæmt ákvæðum núgildandi laga. Um þetta er fjallað nánar í frv. en eftirfarandi ábendingar þykja eiga vel við að mestu leyti hvort sem verkaskiptingu verður breytt eða ekki.

Barnaverndarstofa fer með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá um að séu tiltæk skv. XIII. kafla. Barnaverndarstofa fylgist vel með fjölda umsókna, aldri, kyni, búsetu og fjölskylduaðstæðum barnanna, ástæðum og aðdraganda umsókna, vistun, vistunarsamningum, vistunartíma og útskrift. Þá á Barnaverndarstofa í reglubundnum viðræðum við barnaverndarnefndir um þörf fyrir vistun og reynir að fylgjast með og bregðast við ef veru-

legar breytingar verða á eftirspurn eftir þjónustu meðferðarheimila. Á síðustu fimm árum dró markvert úr eftirspurn eftir meðferðardvöl á stofnunum Barnaverndarstofu og var rýmum fækkað til að tryggja viðunandi nýtingu fjármuna. Umsóknir voru hins vegar fleiri á fyrstu mánuðum ársins 2009 en á samsvarandi tímabili árið 2008. Starfshópurinn treystir því að Barnaverndarstofa sé í viðbragðsstöðu og leiti allra leiða til að bregðast við ef núverandi efnahagsvandi eða annað leiðir til umtalsverðrar fjölgunar umsókna um vistun á meðferðarheimili eða stofnun.

Barnaverndarnefndum er skylt að hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla eða á annan hátt til að mæta þörfum barna í tilteknum vanda samkvæmt ákvæðum XIV. kafla bvl. Í ársskýrslu Barnaverndarstofu sem kom út árið 2008 og í skýrslum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er gerð grein fyrir ýmsum vistunarúrræðum á vegum Reykjavíkurborgar. Önnur sveitarfélög hafa mótað úrræði af þessu tagi sem eru fyrir hendi þegar á þarf að halda eða leysa úr þörfinni með því að fá jafnóðum leyfi Barnaverndarstofu til að vista einstakt barn á einkaheimili skv. 84. gr. þegar á þarf að halda. Öll úrræði skv. 84. gr. bvl. krefjast þess að viðkomandi barnaverndarnefnd fái leyfi Barnaverndarstofu. Samkvæmt upplýsingum Barnaverndarstofu eru nokkrar áhyggjur af því að barnaverndarnefndir sæki ekki með skilvirkum hætti um leyfi til að reka úrræði skv. 84. gr., tryggi ekki að leyfi hafi ætíð verið veitt áður en barn er vistað eða tilkynni Barnaverndarstofu um vistun samkvæmt ákvæði 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga. Starfshópurinn undirstrikar mikilvægi þess að fylgt sé ákvæðum laga og reglugerðar að þessu leyti.

Samkvæmt 3. mgr. 84. gr. bvl. skal Barnaverndarstofa hafa yfirlit yfir þörf á heimilum og öðrum úrræðum samkvæmt ákvæðinu, hvetja sveitarfélög til að hafa tiltæk nauðsynleg úrræði og liðsinna þeim í því efni eftir því sem þörf er á. Starfshópurinn telur brýnt að kortleggja þörf fyrir úrræði af þessu tagi og bendir á að gera megi ráð fyrir aukinni þörf fyrir vistun á næstunni. Þá telur starfshópurinn einsýnt að Barnaverndarstofu væri á grundvelli 6. mgr. 7. gr. bvl. unnt að setja á laggirnar og bjóða barnaverndarnefndum vistunarúrræði eins og hér er mælt fyrir um til að bæta úr aðkallandi vanda, til dæmis vistheimili og sambýli.

d) Réttindi barna á stofnunum

Á undanförnum árum hefur verið lögð sívaxandi áhersla á að tryggja réttindi barna á stofnunum og í alþjóðasamhengi má nefna nýleg tilmæli Evrópuráðsins til aðildarríkjanna um réttindi barna á stofnunum (2005)5 og Evrópuverkefnið Quality4Children sem hafði að markmiði að þróa gæðastaðla fyrir umönnun og meðferð barna í vistunarúrræðum utan heimilis. Barnaverndarstofa hefur sett reglur um réttindi barna á stofnunum og beitingu þvingunar og einnig sérstaka staðla fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda þar sem lögð er áhersla á að treysta réttindi og velferð barna í anda samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Fyrir setningu núgildandi bvl. voru lagaákvæði um réttindi barna á stofnunum fábrotin. Markmið með 82. gr. laganna var að tryggja að þvingunarráðstafanir og agaviðurlög ættu sér trausta lagastoð. Við útfærslu lagaákvæðisins var höfð hliðsjón af Greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda sem samin var fyrir félagsmálaráðuneytið í maí 1998. Í þessari greinargerð er m.a. fjallað um lagagrundvöll fyrir beitingu þvingunarráðstafana og lagt til að setja í lög almennar reglur um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög sem síðar yrðu útfærðar nánar í reglugerðum eða annars konar almennum fyrirmælum.

Í 82. gr. er lögð áhersla á friðhelgi einkalífs barns á stofnun, sbr. 1. og 2. mgr. um rétt barns til að ráða sjálft persónulegum högum sínum, hafa samskipti við aðra og vera frjálst ferða sinna, allt eftir því sem samræmist best aldri barnsins, þroska þess og að því marki sem samræmist tilgangi vistunar og velferð og öryggi barnsins og annarra. Hér verður að árétta að um ósjálfráða einstaklinga er að ræða sem eiga almennt rétt á að lúta forsjá annarra. Barn sem vistað er á stofnun lýtur almennt forsjá foreldra sinna sem felur í sér víðtækan rétt og skyldur foreldra til að sjá barninu fyrir viðunandi uppeldi. Löggjafinn hefur einungis útfært inntak forsjár í helstu aðalatriðum, sbr. 28. gr. barnalaga, nr. 76/2003, en leggur að öðru leyti áherslu á að hlutverk foreldra taki mið af þörfum barns og aðstæðum hverju sinni. Óumdeilt er að forsjá felur m.a. í sér réttinn og skylduna til að vernda barn með því að beita jákvæðum aga og setja því hæfileg mörk. Stofnun sem tekur við umsjá barns samkvæmt samningi við foreldri eða úrskurði tekur við hluta þessara réttinda og skyldna. Í 3. mgr. 82. gr. er undirstrikað að óheimilt sé að beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum og einnig áréttað að einungis sé heimilt að beita þvingunarráðstöfunum og agaviðurlögum þegar nauðsyn beri til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setji að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Við setningu laganna og síðar hefur nokkuð verið rætt um hvort nauðsynlegt sé að fjalla frekar um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög í lögum í stað þess að vísa til útfærslu í reglugerð. Þess má geta að ákvæði 82. gr. er til dæmis nánast samhljóða ákvæði 5–9 í norsku barnaverndarlögunum frá 1992 og fyllilega sambærilegt við ákvæði 123. gr. dönsku laganna um félagsþjónustu frá 2007 þar sem er að finna almenna lagastoð svipaða þeirri íslensku og nánari útfærslu í reglugerð.

Starfshópurinn leggur til í frv. að skerpa á ákvæði 82. gr. með því að undirstrika meginregluna um rétt barns til einkalífs og útfæra frekar þær aðstæður sem heimila beitingu þvingunar. Starfshópurinn telur þó óhjákvæmilegt að kveða engu að síður á um setningu reglugerðar þar sem þetta verði útfært nánar og bendir á að hafa megi hliðsjón af Forskrift om rettigheter og bruk av tvang under opphold i barneverninstitusjon í Noregi frá 2002 og Bekendtgørelse om magtanvendelse over for børn og unge, der er anbragt uden for hjemmet í Danmörku frá 2007.

e) Eftirlit

Á undanförnum árum hafa sjónir manna talsvert beinst að eftirliti með vistun barna utan heimilis. Niðurstöður rannsókna benda eindregið til þess að miklu skiptir hvernig staðið er að ákvörðunum um vistun barna utan heimilis, svo sem undirbúningi, upplýsingum, tengslum við foreldra og nákomna, eftirliti og eftirfylgd.

Starfshópurinn leggur áherslu á að gæðamat og aukið eftirlit geti stuðlað að betra réttaröryggi og betri árangri af úrræðum barnaverndaryfirvalda. Í frumvarpinu er lagt til að lögfesta sérstakan kafla um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Þær tillögur sem þar eru gerðar tóku m.a. mið af fyrstu skýrslu nefndar sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 26/2007 til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Nefndinni var m.a. falið að gera tillögur um hvernig koma mætti í veg fyrir að brotinn væri réttur á börnum í opinberri forsjá. Í fyrstu skýrslu nefndarinnar er aðallega fjallað um starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Í skýrslunni er einnig sérstakur kafli um gildandi framkvæmd og eftirlit á sviði barnaverndarmála þar sem sjónum er beint að eftirliti með vistun barna á meðferðarheimilum og stofnunum á grundvelli ákvæða núgildandi laga. Um þetta er vísað til 5. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið og skýringa við ákvæði 51. gr. frumvarpsins.

3.4 Úrskurðarvald og málsmeðferð

Við setningu núgildandi laga var framsetningu ákvæða um flokkun úrræða, úrskurðarvald, málsmeðferð og málskot breytt allverulega. Að mati starfshópsins hefur nýtt fyrirkomulag í meginatriðum reynst vel. Hér verður fjallað um nokkur atriði frekar.

3.4.1 Aðild barns

Aðild að máli tengist úrskurðarvaldi og reglum um málskot. Við setningu núgildandi laga var lögð áhersla á flokkun ráðstafana barnaverndarnefnda og byggt fyrst og fremst á því:

17. hvort ráðstöfun er með eða án samþykkis aðila og
18. hvort ráðstöfun felur í sér töku barns af heimili eða ekki.

Hugtökin úrskurðarvald og málskot koma einungis til álita þegar samþykki aðila fyrir tiltekinni ráðstöfun liggur ekki fyrir og barnaverndarnefnd ákveður að beita þurfi þvingun til að freista þess að ná markmiðum laganna. Með aðila er fyrst og fremst átt við þann sem fer með forsjá barns en eitt af nýmælum bvl. var að mæla fyrir um aðild barns 15 ára og eldra í þeim málum þegar barn er vistað utan heimilis. Þetta má einnig orða sem svo að þegar barnaverndarnefnd telur nauðsynlegt að vista barn sem orðið er 15 ára gamalt utan heimilis þá verður nefndin að hafa samráð við barnið með sama hætti og forsjáraðila, þ.e. kynna fyrir barninu tillögu að ráðstöfun og freista þess að gera áætlun um beitingu úrræðisins í samvinnu við forsjáraðila og barnið. Ef annar hvor forsjáraðila og/eða barnið vilja ekki gera skriflega áætlun þá verður barnaverndarnefnd að meta hvort gera skuli einhliða áætlun um beitingu þvingunar og fylgja því eftir að nauðsynlegum þvingunarúrræðum verði beitt gegn þeim sem ekki vill samþykkja vistun.

Í þeim umsögnum og athugasemdum sem starfshópnum bárust bar nokkuð á gagnrýni á ákvæði um aðild barns. Var bent á að í málum þar sem barnaverndarnefnd og forsjáraðilar væru sammála um þörf fyrir vistun utan heimilis ætti afstaða barnsins ekki að ráða jafnmiklu og raun ber vitni enda hefði sú málsmeðferð sem grípa þyrfti til einungis í för með sér óþarfa umstang, töf og kostnað.

Starfshópurinn hefur farið vel yfir innkomnar athugasemdir en getur ekki fallist á að gera eigi breytingar á ákvæðum um aðild barns. Ákvæðin um aðild barns voru sett með hliðsjón af svipuðum reglum í nágrannaríkjum okkar og meginreglum og sjónarmiðum um þátttöku barns, sbr. samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Má benda á að til dæmis í Noregi er gengið lengra og þar eru börn aðilar óháð aldri ef vistun er tilkomin vegna þess að barnið er talið stefna heilsu sinni og þroska í hættu með hegðun sinni.

Það er hafið yfir allan vafa að barnaverndarmál er mál barns, hagsmunir barns eiga að ráða úrslitum þegar tekin er ákvörðun í barnaverndarmáli og að ganga ber út frá því að barn eigi almennt rétt á að taka þátt í meðferð málsins. Þetta þýðir að barn á almennan rétt á því að fá upplýsingar um mál, að tjá afstöðu sína með einhverjum hætti og að hafa áhrif á niðurstöðu að teknu tilliti til aldurs og þroska. Reglur um þátttöku barna eru órjúfanlegur liður í vaxandi virðingu fyrir barni sem hæfum og sjálfstæðum einstaklingi. Þessar reglur tengjast einnig almennum hugmyndum um mikilvægi valdeflingar í velferðarþjónustu, að efla vald fólks yfir aðstæðum sínum, efla sjálf og sjálfsmynd, sjálfstraust, sjálfsvirðingu og ábyrgð. Virðing og valdefling eiga ekki einungis við þegar allir eru sammála heldur eru sérstaklega mikilvæg hugtök þegar reynir á rétt einhvers til að vera ósammála og til að láta fjalla um og reyna á sín sjónarmið.

Það er mikilvægt að undirstrika að aðild að barnaverndarmáli ræður ekki úrslitum um hvort úrræði er beitt eða ekki heldur hefur fyrst og fremst áhrif á málsmeðferðina, þ.e. hefur

áhrif á hver tekur endanlega ákvörðun, hvaða aðferðum er beitt við töku ákvörðunar og hvaða möguleika einstaklingur hefur eða finnst hann hafa til að hafa áhrif á hina endanlegu niðurstöðu. Þegar mótaðar eru reglur um aðkomu einstaklings að barnaverndarmáli verður að hafa í huga að hvort tveggja forsjáraðilar og börn hafa í grunninn takmörkuð áhrif á gang barnaverndarmáls þrátt fyrir almennar áherslur á mikilvægi samvinnu. Fastmótaðar reglur um aðild eru mjög mikilvægar fyrir þann sem finnst fyrir liggja að taka ákvarðanir um mál sem skipta sköpum í hans lífi. Það er almennt viðurkennt að vistun barns utan heimilis er afgerandi inngrip í líf fjölskyldu og fyrst og fremst í líf barnsins. Vistun utan heimilis hefur í för með sér grundvallarbreytingar á öllu daglegu lífi barns, tengslum, umgjörð og athöfnum. Gera verður ráð fyrir að afstaða barns til vistunar utan heimilis verði ákveðnari eftir því sem barn eldist, óháð því hvort sjónarmið barnsins þykja skynsamleg eða ekki. Ákvæði um aðild barns eru viðurkenning á þessari staðreynd og trygging fyrir því að sjónarmið barnsins verði vegin og metin. Þá hafa margir bent á mikilvægi þess að færa ábyrgðina á hinni endanlegu ákvörðun frá barnaverndarnefnd eða foreldrum yfir til dómstóla í hinum alvarlegri tilvikum þar sem slíkt geti undirstrikað alvarleika málsins í augum barnsins og auðveldað samvinnu eftir að ákvörðun liggur fyrir.

Samkvæmt upplýsingum starfshópsins hafði einungis reynt á aðild barns í fjórum málum fyrir dómstólum árið 2008. Starfshópurinn gengur út frá því að samvinna hafi náðst í öðrum málum þar sem þörf var á úrræði fyrir barn enda treystir starfshópurinn því að barnaverndarnefndir láti alltaf á það reyna hvort dómstóll fallist á kröfu ef talið er nauðsynlegt að vista barn utan heimilis.

Rétt er að taka fram að starfshópurinn leggur ríka áherslu á markvissa og skjóta úrlausn ágreiningsmála um tímabundna vistun barns utan heimilis og leggur til í frv. nokkrar breytingar í þeim efnum. Gera verður ráð fyrir að skjót málsmeðferð eigi einkum við í málum þar sem fyrir liggur að forsjáraðilar eru til samvinnu, gripið hefur verið til neyðarráðstöfunar gagnvart barninu og barnaverndarnefnd getur sýnt fram á að barn sem neitar að samþykkja vistun stefnir lífi sínu eða þroska í hættu með alvarlegri hegðun.

3.4.2 Kærunefnd barnaverndarmála

Samhliða breytingum á úrskurðarvaldi og reglum um málskot var sett á laggirnar ný kærunefnd barnaverndarmála. Í frv. er lagðar til nokkrar breytingar til að skýra frekar hlutverk og málsmeðferð kærunefndar. Starfshópurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að úrskurðir kærunefndar verði gerðir aðgengilegir með einhverjum hætti til að tryggja að unnt verði að draga af þeim nauðsynlegan lærdóm.

3.4.3 Dómstólar

Meginbreytingar á úrskurðarvaldi og málskoti í bvl. fólust í því að færa valdið til að taka ákvarðanir í alvarlegustu málunum frá barnaverndarnefndum til dómstóla. Að mati starfshópsins hafa ákvæðin um hlutverk barnaverndarnefnda og dómstóla í 26.–29. gr. bvl. að meginstefnu til reynst vel svo og ákvæðin um málsmeðferð í X. og XI. kafla. Starfshópurinn leggur til nokkrar breytingar í frv. til að skerpa á fáeinum atriðum.

Það er erfitt og vandasamt að meta hvort ákvæðin um aðkomu dómstóla dragi með óeðlilegum hætti úr því að barnaverndarnefndir grípi til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja öryggi barna. Tölur um fjölda úrskurða eða dóma gefa ekki sérstaklega til kynna að þvingunarráðstöfunum hafi fækkað. Þessar tölur segja þó ekkert til um það hvort alvarlegum

málum hafi fjölgað eða hvort barnaverndarnefndir láti hugsanlega hjá líða í einhverjum málum að gera kröfur fyrir dómi.

Talsverður fjöldi úrskurða og dóma liggur fyrir í barnaverndarmálum. Starfshópurinn telur reynsluna sýna fram á nauðsyn þess að barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra kynni sér og fylgist vel með úrskurðum og dómum sem falla samkvæmt ákvæðum bvl. til að viðhalda og tryggja þekkingu á kröfum og málsmeðferð fyrir dómi. Með því móti má auka líkur á að barnaverndarnefnd sé tilbúin til að grípa fumlaust og af öryggi til þvingunarráðstöfunar þegar þörf krefur. Einnig er mikilvægt að barnaverndarnefndir tryggi fullnægjandi sérþekkingu þeirra sem reka mál fyrir dómi ef á þarf að halda. Ekki síður er nauðsynlegt að fulltrúi eða yfirmaður þeirrar barnaverndarnefndar sem gerir kröfu fyrir dómi fylgi máli vel eftir og móti framvindu þess í nánu samstarfi við þann lögmann sem rekur málið eftir atvikum. Þá er að síðustu mikilvægt að huga að þekkingu dómara og fræðslu fyrir þá um eðli, sérstöðu og meðferð barnaverndarmála.

3.5 Aðrar ráðstafanir

Í bvl. er fjallað um ýmsar aðrar ráðstafanir en hér hafa verið nefndar. Starfshópurinn telur ekki ástæður til að fjalla um þær sérstaklega umfram þær breytingar sem lagðar eru til í frv.

4. BREYTINGAR Á ÁKVÆÐUM UM VISTUN BARNS UTAN HEIMILIS

Starfshópnum var sérstaklega falið að skoða ákvæði bvl. sem varða vistun barna utan eigin heimilis og framkvæmd þeirra, þ.e. ákvæði um ráðstöfun barns í fóstur eða vistun á heimili eða stofnun. Starfshópurinn taldi ástæðu til að skoða fyrst og fremst ábyrgð á uppbyggingu úrræða fyrir börn í þessu sambandi.

Í frv. er að finna tillögur starfshópsins til breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna úrræða fyrir börn sem nauðsynlegt er að vista utan heimilis. Við gerð þeirra tillagna var m.a. litið til starfs nefndar sem skipuð var til að endurskoða barnaverndarlög í heild sinni árið 1997 og þeirra tillagna sem nefndin skilaði til ráðuneytisins árið 2000. Þá var litið til þróunar í nágrannaríkjum okkar, sérstaklega þeirra breytinga sem tóku gildi í Noregi árið 2005. Þar var tekin ákvörðun um að færa ábyrgð á uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vistast utan heimilis frá miðstjórnvaldi, eða fylkeskommune. Rætt var um hvort sveitarfélögin ættu sjálf að taka við hlutverkinu en yfirgnæfandi rök þóttu standa til þess að færa ábyrgðina til ríkisins til að tryggja samhæfingu, samræmi, jafnrétti, réttaröryggi og réttindi barnanna.

Um þetta vísast nánar til 5. kafla í almennum athugasemdum frv. og skýringa við einstakar greinar. Þá gerir starfshópurinn ráð fyrir að um málið fari samkvæmt ákvæðum X. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, þar sem fjallað er um samskipti ríkis og sveitarfélaga og breytingar á verkaskiptingu. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga hafði sérstakan fyrirvara um þessi atriði sem nánar verður gerð grein fyrir í lokakafla samantektarinnar.

5. FYRIRVARI FULLTRÚA SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga er í meginatriðum sammála þeim tillögum sem starfshópurinn leggur fram en gerir fyrirvara fyrir hönd sambandsins við tvö atriði.

Í 39. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 75. gr. laganna, sem fjallar um kostnað vegna fósturbarna. Að mati fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga felst í frumvarpsgreininni frávik frá þeirri grundvallarreglu að sveitarfélögum er ekki skylt að veita íbúum annarra sveitarfélaga þjónustu án endurgjalds. Tillaga meirihluta starfshópsins felur í sér mjög

íþyngjandi skyldur fyrir þau sveitarfélög sem taka við fósturbörnum. Þótt ekki verði um kostnaðaráhrif að ræða fyrir sveitarstjórnarstigið í heild sinni mun innbyrðis kostnaðarskipting breytast og verða það einkum minnstu sveitarfélögin sem munu bera hallan af þeirri breytingu. Fulltrúi sambandsins hefur ekki sannfæringu fyrir því að tillagan leiði til framfara á sviði barnaverndarmála. Ljóst er að sveitarfélögum ber nú þegar skylda til að veita fósturbörnum skólavist, sbr. 5. gr. grunnskólalaga. Fulltrúi sambandsins er þó sammála því að nauðsynlegt sé að breyta barnaverndarlögum með hliðsjón af áliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem vísað er til í kafla um skólamál fósturbarna. Spurningin er fyrst og fremst sú hvort breytingin eigi að vera á þá leið sem meirihluti starfshópsins leggur til eða hvort fremur eigi að leggja til breytingu í þveröfuga átt, þ.e. að taka skýrt fram að bæði almennur og sértækur skólakostnaður vegna barna í tímabundnu fóstri skuli greiðast af lögheimilissveitarfélagi, eftir atvikum á grundvelli viðmiðunarreglna sambandsins, líkt og verið hefur sbr. reglugerð nr. 804/2004.

Í 43. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 79. gr. laganna sem felur í sér að ríkið taki alla ábyrgð á því að tiltæk séu heimili og stofnanir til að vista börn skv. lögunum en í 84. gr. gildandi laga hafa tiltekin vistunarúrræði verið á ábyrgð sveitarfélaganna. Samkvæmt 47. og 48. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að auknum kostnaði ríkisins af þessum sökum verði mætt með því að sveitarfélög greiði vistunargjöld til ríkisins. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga er sammála þessari tillögu um breytta verkaskiptingu enda virðist ljóst að ábyrgð verði skýrari og val á vistunarúrræðum betra en áður. Jafnframt er þó ljóst að í gjaldtökuheimildinni felst að ríkið geti krafið sveitarfélög um gjald fyrir vistunarúrræði sem nú þegar eru á ábyrgð ríkisins. Til þess að tryggja að sveitarfélögin verði ekki fyrir auknum kostnaði af þessum breytingum leggur fulltrúi sambandsins áherslu á að gert verði samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd tillagnanna, með hliðsjón af 101. gr. sveitarstjórnarlaga. Þar verði jafnframt kveðið á um réttindi þeirra starfsmanna sem flytjast frá sveitarfélögum til ríkisins, fyrirkomulag gjaldtöku og önnur atriði sem máli skipta til að tryggja að hvorugur aðilinn beri skarðan hlut frá borði.

Fylgiskjal II.

Félags- og tryggingamálaráðuneyti:

Umsögn um áhrif frumvarps til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum, á fjárhag sveitarfélaga.

Að meginstefnu til er markmið frumvarpsins að skýra ákvæði gildandi laga eða skerpa á þeim. Allnokkur nýmæli er þó einnig að finna. Viðamest þeirra er nýmæli sem felur í sér breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu úrræða fyrir börn sem talið er fyrir bestu að vistast utan heimilis. Þá er lagt til að lögfestur verði nýr kafli um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Þau nýmæli frumvarpsins sem geta einkum haft kostnaðaráhrif gagnvart sveitarfélögum eru eftirfarandi:

Skólamál barna í tímabundnu fóstri utan lögheimilissveitarfélags.

Í 39. gr. er kveðið á um breytingar á 75. gr. laganna sem lúta að kostnaði vegna skólagöngu barns sem ráðstafað er í tímabundið fóstur í annað sveitarfélag en þar sem það á lögheimili. Lagt er til að viðtökusveitarfélagið greiði allan venjubundinn kostnað sem hlýst af skólagöngu barnsins, svo sem vegna skóla og aksturs. Sveitarfélag sem ráðstafar barni í tímabundið fóstur ber þó ábyrgð á að greiða kostnað vegna sérfræðiþjónustu eða sérþarfa fósturbarns í tengslum við skólagöngu. Er hér um að ræða breytingu frá reglugerð um fóstur, nr. 804/2004, þar sem segir að sveitarfélag sem ráðstafar barni í tímabundið fóstur greiði kostnað vegna grunnskóla meðan ráðstöfun varir. Í frumvarpinu kemur fram að greinin sé í samræmi við ákvæði 5. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, og álit menntamálaráðuneytisins um túlkun ákvæðisins frá 14. október 2009, sem komst að þeirri niðurstöðu að viðtökusveitarfélaginu beri að greiða almennan kostnað vegna fósturbarna með sama hætti og almennt er greitt vegna annarra barna í sveitarfélaginu, þ.m.t. kostnað vegna skóla og aksturs, en því sveitarfélagi sem ráðstafi barni í tímabundið fóstur beri að greiða kostnað umfram þann sem talist getur venjulegur, eins og kostnað vegna sérfræðiþjónustu eða annarra sérþarfa.

Samkvæmt framansögðu leiðir greinin ekki til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin í heild en hún mun hins vegar leiða til þess að almennur skólakostnaður mun að einhverju leyti færast til milli sveitarfélaga.

Ábyrgð á kostnaði vegna barna sem vistuð eru utan heimilis.

Í 39., 47. og 48. gr. eru lagðar til breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga við vistun barna utan heimilis. Lagt er til að ríkið taki yfir ábyrgð á að byggja upp heimili og stofnanir skv. 84. gr. barnaverndarlaga en sveitarfélög beri áfram ábyrgð á öðrum úrræðum skv. 84. gr. laganna. Markmiðið er að tryggja jafnan rétt allra barna á landinu til að njóta öruggrar umönnunar og meðferðar eftir því sem best hentar þörfum þeirra. Félags- og tryggingamálaráðuneytið mun setja gjaldskrá, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu og í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, þar sem ákveðin verði þau gjöld sem sveitarfélög greiða vegna vistunar barna á heimilum og stofnunum. Jafnframt verður sett reglugerð um greiðslur með börnum í fóstri. Þessum breytingum er ætlað að jafna og samræma greiðslur, tryggja betra jafnræði og draga úr togstreitu um val á úrræði fyrir tiltekið barn. Einnig er mikill kostur að samræma stöðu fósturforeldra og tryggja frekar jafnræði þeirra. Stefnt er að því að heildarkostnaður ríkis og sveitarfélaga vegna vistunar barna utan heimilis breytist sem minnst frá því sem nú er.

Stofnanir og heimili skv. 84. gr. barnaverndarlaga sem færast frá sveitarfélögum til ríkisins eru eingöngu starfrækt í Reykjavík, alls fjögur heimili. Áætlaður kostnaður vegna þeirra fyrir árið 2010 er samtals 203.472.000 króna. Þar sem slík heimili eru ekki starfrækt utan Reykjavíkur hafa önnur sveitarfélög leyst málin með því að koma börnum fyrir í annars konar úrræðum. Kostnaður við þau er talinn vera á bilinu 50–100 milljónir króna, en nákvæmar tölur liggja ekki fyrir. Samkvæmt þessu færist kostnaður á bilinu 250–300 milljónir króna frá sveitarfélögum til ríkisins vegna tilfærslu heimila og stofnana skv. 84. gr. barnaverndarlaga. Þeim kostnaði verður að öllu leyti mætt með gjaldtöku fyrir vistanir í úrræðum á vegum Barnaverndarstofu. Jafnframt er áætlað að yfirfærslu verkefnanna til ríkisins fylgi kostnaður vegna faglegra og fjárhagslegra verkefna eins og inntöku og útskrift, innheimtu gjalda o.fl. Gert er ráð fyrir að sambærilegur umsjónar- og umsýslukostnaður falli niður hjá sveitarfélögum. Um verði að ræða eitt stöðugildi. Kostnaður við þá stöðu reiknast inn í gjöld sveitarfélaga sem þýðir álag á þá fjárhæð sem áður var nefnd, þ.e. 250–300 milljónir króna.

Rétt er að benda á að í frumvarpinu er ekki kveðið á um ráðstöfun þeirra fasteigna sem Reykjavíkurborg nýtir nú fyrir starfsemi þessara heimila. Gert er ráð fyrir að Barnaverndarstofa leigi þær húseignir enda er sá kostnaður innan heildarfjárhæðarinnar.

Sömuleiðis eru engin ákvæði í frumvarpinu um réttindi þeirra starfsmanna sem starfa á heimilunum í tengslum við yfirtöku ríkisins á skyldum sveitarfélaga.

Mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis.

Í 49. gr. er lagt til að við lögin bætist nýr kafli um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Gert er ráð fyrir því að barnaverndarnefndir leggi mat á gæði og árangur vistúrræða á þeirra vegum. Fram kemur í frumvarpinu að það sé nýmæli að kveða á um þetta í barnaverndarlögum en gera verður ráð fyrir að skyldan hafi engu að síður hvílt á barnaverndarnefndum í samræmi við eðlilega og faglega stjórnsýsluhætti. Markmiðið er fyrst og fremst að árétta skyldu barnaverndarnefndar til að tryggja að skipulag og nýting vistúrræðis á vegum nefndarinnar sé í samræmi við ákvæði laga og annarra reglna.

Einn liður í bættu eftirliti og gæðum barnaverndarstarfs er að heimsóknir barnaverndarnefndar á fósturheimili skuli að lágmarki vera tvær fyrsta árið sem ráðstöfun varir, en samkvæmt núgildandi lögum skal barnaverndarnefnd heimsækja fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári en oftar ef ástæða þykir til. Gera verður ráð fyrir að þessi breyting hafi einhverja útgjaldaaukningu í för með sér í ferða- og dagpeningakostnaði og aukinni vinnu starfsmanna barnaverndarnefnda. Að einhverju leyti er unnt að lágmarka þessa kostnaðaraukningu með því að samnýta ferðir auk þess sem ýmis dæmi eru um að nú þegar séu farnar tvær eða fleiri eftirlitsferðir vegna skjólstæðinga barnaverndarnefnda.

Niðurstaða um kostnaðaráhrif.

Samkvæmt framansögðu má vænta þess að frumvarpið muni ekki hafa í för með sér miklar breytingar á heildarútgjöldum sveitarfélaga vegna barnaverndarmála.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Frumvarpi þessu er ætlað að stuðla að skipulagðara og markvissara barnaverndarstarfi í landinu. Frumvarpið er óbreytt frá frumvarpi sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi. Í því er að finna allnokkrar breytingar og nýmæli sem eru af þrennum toga.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar sem er ætlað að skýra og skerpa ákvæði laganna frekar og lögfesta túlkun ákvæðanna frá gildistöku þeirra.

Í öðru lagi eru breytingar er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga við vistun barna utan heimilis. Lagt er til að ríkið taki yfir ábyrgð á að byggja upp heimili og stofnanir en sveitarfélög beri áfram ábyrgð á öðrum úrræðum. Með því að færa ábyrgð á rekstri og uppbyggingu heimila og stofnana til ríkisins er ætlunin að ná fram meira jafnræði milli barna, óháð því hvar á landinu þau búa. Þá næst fram samfellt yfirlit og yfirsýn yfir helstu úrræðin.

Þeirri breytingu er einnig ætlað að skerpa enn frekar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og gefa möguleika á betri nýtingu fjármuna opinberra aðila. Fram til þessa hefur eingöngu Reykjavíkurborg rekið slíkar stofnanir og heimili sem gert er ráð fyrir að færist yfir til ríkisins en önnur sveitarfélög hafa leyst málin með öðrum úrræðum. Um er að ræða fjögur heimili í Reykjavík og er árlegur rekstrarkostnaður þeirra áætlaður um 204 m.kr. Starfsmenn þeirra eru um 32 talsins og er um helmingur þeirra í verktakavinnu. Fyrirhugað er að ríkið yfirtaki rekstur þessara heimila og er stefnt að því að Barnaverndarstofa leigi húsnæðið þar sem heimilin eru vistuð. Nákvæmar tölur um kostnað annarra sveitarfélaga liggja ekki fyrir en áætlað er að hann sé á bilinu 50–100 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að til falli kostnaður við umsýslu um heimilin, innheimtu gjalda og fleira. Sá kostnaður er áætlaður að verði ígildi eins stöðugildis hjá Barnaverndarstofu eða um 8 m.kr. að meðtöldum starfstengdum kostnaði. Frumvarpið kveður á um að sveitarfélög taki þátt í kostnaði og greiði gjald vegna vistunar barns á heimili eða stofnun á ábyrgð ríkisins. Gjaldið verður útfært nánar í reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur að fengnum tillögum frá Barnaverndarstofu og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga en gjaldskrá reglugerðarinnar liggur ekki fyrir. Stefnt er að því að breytingar á hlutdeild ríkis og sveitarfélaga í heildarkostnaðinum verði sem minnstar frá því sem er í núverandi kerfi. Einhver óvissa verður jafnan um nýtingu þeirra úrræða sem ríkið mun þurfa að byggja upp og því kann að verða breytilegt hversu hátt hlutfall af kostnaði við reksturinn næst með innheimtu gjalda.

Í þriðja lagi er lagt til að lögfest verði ný ákvæði um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Eru þar jöfnum höndum lagðar skyldur á barnaverndarnefndir, Barnaverndarstofu og félags- og tryggingamálaráðuneytið. Hér er verið að lögfesta það gæðaeftirlit sem sjálfsagt þykir að beita við vistun barna utan heimilis. Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður aukist í tengslum við þetta fyrirkomulag.

Verði frumvarpið lögfest er gert ráð fyrir að útgjöld sem nú svara til um 262–312 m.kr. færist til ríkisins þannig að útgjöld ríkissjóðs aukist sem því nemur. Fyrirhugað er að þessum auknu útgjöldum verði mætt með gjaldi á sveitarfélög sem senda börn í vistun. Þar sem sú reglugerð og fyrirkomulag gjaldtöku og fjárhæðir liggja ekki fyrir hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu hefur fjármálaráðuneytið ekki forsendur til að meta hvort sú tekjuöflun geti gengið eftir þannig að afkoma ríkissjóðs verði óbreytt eftir sem áður. Ekki er gert ráð fyrir þessum breytingum á gjöldum og tekjum ríkissjóðs í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011.

58. Fyrirspurn [57. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um tekjur RÚV af viðskiptum við stjórnmálasamtök.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

Hverjar voru tekjur RÚV af viðskiptum við stjórnmálasamtök árin 2000–2009, að báðum meðtöldum, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

59. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum (frestur).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum orðast svo:
Ákvæði þetta fellur úr gildi 31. mars 2011.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 23/2009 var ákveðið að fresta skyldi að ósk gerðarþola nauðungarsölum fasteigna fram yfir 31. október 2009. Með lögum nr. 108/2009, sem tóku gildi 6. nóvember 2009, var fallið frá frekari almennri frestun á nauðungarsölu fasteigna. Þess í stað var kveðið á um í ákvæði til bráðabirgða að sýslumanni bæri að verða við ósk gerðarþola um að fresta fram yfir 28. febrúar 2010 töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði ef leitað væri nauðungarsölu skv. 6. gr. laga nr. 90/1991. Þetta var þó bundið við þá fasteign þar sem gerðarþoli héldi heimili og hefði skráð lögheimili. Þá þurfti og að vera um að ræða húsnæði sem ætlað væri til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Í þeim tilvikum þar sem ráðstöfun fasteignar, sem uppfyllti framangreind skilyrði, hafði þegar verið ákveðin við framhald uppboðs eða á almennum markaði en uppboði ekki verið lokið eða boð á almennum markaði samþykkt í eign var mælt fyrir um að sýslumaður skyldi verða við ósk gerðarþola um frestun þeirra aðgerða fram yfir framangreint tímamark. Þá var með lögum nr. 11/2010 ákveðið að gerðarþoli gæti óskað eftir því við sýslumann að töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun hennar á almennum markaði yrði frestað í allt að þrjá mánuði. Var við það miðað að slíka beiðni væri unnt að leggja fram allt til 31. október 2010. Var talið nauðsynlegt að gefa skuldurum kost á fresti svo að þeir ættu þess kost að leita eftir þeim úrræðum sem þá höfðu nýlega verið sett fram til lausnar á skuldavanda heimilanna. Í frumvarpi þessu er lagt til að tímabilið til að óska eftir þessum fresti renni ekki út 31. október 2010 heldur verði gildistími ákvæðisins framlengdur

til 31. mars 2011. Skammt er síðan umboðsmaður skuldara tók til starfa og nokkurn tíma mun taka að leysa úr þeim málum sem þar bíða úrlausnar. Þykir því rétt að framlengja þennan frest til að gefa skuldurum kost á skjóli fyrir nauðungarsölu meðan leitað er lausna á málum þeirra. Skilyrði fyrir því að frestur verði veittur eru þau sömu og áður. Þannig er um að ræða frest á því að ákvörðun verði tekin um það hvenær framhald uppboðs fari fram, en hafi sú ákvörðun verið tekin er unnt að óska eftir fresti á að framhald uppboðs fari fram. Sama gildir ef ákveðið hefur verið að ráðstafa eign með nauðungarsölu á almennum markaði. Þá þurfa einnig sömu skilyrði að vera uppfyllt hvað varðar húsnæðið, þ.e. að um sé að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda og gerðarþoli þarf að halda þar heimili og eiga þar lögheimili.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum (frestur).

Með frumvarpi þessu er lagt til að við lögin verði bætt ákvæði til bráðabirgða um að frestur sá sem gerðarþoli hefur getað óskað eftir á nauðungarsölu á íbúðarhúsnæði verði framlengdur til 31. mars 2011 að uppfylltum öllum sömu skilyrðum og gilt hafa um slíka fresti til þessa. Um sé að ræða fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

60. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um formlega innleiðingu fjármálareglu.

Flm.: Tryggvi Þór Herbertsson, Bjarni Benediktsson, Ólöf Nordal, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar, í þeim tilgangi að:

a. koma ríkisfjármálum í fastari skorður,
b. fjármálastefnan styðji betur við peningamálastefnuna,
c. skapa skilyrði fyrir lægri vöxtum á Íslandi til frambúðar
d. skapa skilyrði til minni hagsveiflna, minni óvissu og aukins hagvaxtar, og
e. skapa skilyrði til þess að krónan geti þjónað sem lögeyrir á Ísland,

að fela fjármálaráðherra að undirbúa að innleidd verði og lögfest fjármálaregla sem hafi að markmiði að ríkisútgjöld vaxi ekki hlutfallslega meira á ári en sem nemur hlutfallslegri meðalframleiðniaukningu næstliðin 10 ár. Við útreikninga skuli nálga hlutfallslegan vöxt framleiðni með meðalhagvexti á mann næstliðin 10 ár. Eingöngu verði heimilt að víkja frá þessari reglu í undantekningartilfellum og þá með minnst ⅔ hlutum atkvæða á Alþingi.

Greinargerð.

Þróun gengis krónunnar undanfarin ár hefur verið með þeim hætti að margir hafa snúist á þá skoðun að eina færa leiðin í gjaldmiðlamálum Íslendinga sé að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Það er röng niðurstaða. Nær sömu skilyrði þurfa að ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar til að evran henti sem þjóðargjaldmiðill og þurfa að vera fyrir hendi til að krónan geti gegnt því hlutverki. Til að evran gagnist Íslendingum sem gjaldmiðill þarf hagstjórnin að vera með þeim hætti að hún sé trúverðug og skapi stöðugleika. Annars gæti farið fyrir Íslandi eins og Grikklandi og Írlandi. Munurinn á þessum tveim gjaldmiðlum í hagstæðu efnahagsumhverfi er að krónan verður áfram fljótandi, hugsanlega seigfljótandi, og þjónar áfram því hlutverki sínu að aðlaga hagkerfið en upptaka evru er fastgengisstefna. Fastgengisstefna kallar á að hagkerfið sé lagað að vinnumarkaði sem leiðir oftar en ekki til atvinnuleysis í óáran. Jafnframt eru hagkerfi fljótari að jafna sig ef aðlögun hefur átt sér stað með gengisbreytingum en ef hún tengist vinnumarkaði vegna tregbreytileika launa. Galli við krónuna og fljótandi gengi er hins vegar, eðli máls samkvæmt, meiri sveiflur. Þær sveiflur er hins vegar hægt að hemja með réttri hagstjórn og þar með getur krónan vel þjónað sem gjaldmiðill.

Forsagan.

Meginviðfangsefni hagstjórnar á Vesturlöndum undanfarna áratugi hefur verið að halda verðbólgu og atvinnuleysi í skefjum. Til að hafa áhrif á þessa þætti er annars vegar hægt að nota fjármálaaðgerðir, útgjöld eða tekjur hins opinbera, og hins vegar peningamálaaðgerðir. Ef íslenskar hagtölur eru skoðaðar er ekki hægt að neita því að vel hefur tekist til við að útvega vinnufúsum höndum atvinnu (að undanskildum síðustu tveimur árum). Frá lýðveldisstofnun hefur atvinnuleysi einungis verið rúmlega 1% að meðaltali á ári. Það er með því allra minnsta sem þekkist í hinum iðnvæddu ríkjum. Verr hefur hins vegar gengið með verðbólguna, en hún var að meðaltali nærri 18% á ári á þessum sama tíma. Há verðbólga endurspeglar misheppnaða hagstjórn.

Hagfræðingar hafa verið einhuga um að peningastefnuna eigi að nota í glímunni við verðbólgu en fjármálastefnuna til að hemja framleiðsluna, hagsveifluna. Breytt umhverfi peningamála undanfarinn áratug hefur hins vegar beint sjónum manna að formlegra samspili peninga- og fjármálastefnunnar en tíðkast hefur.

Verðbólgumarkmið innleitt.

Eftir að krónan var sett á flot og Seðlabanka Íslands voru sett verðbólgumarkmið árið 2001 náðist nokkur stöðugleiki á gjaldmiðilinn. Framan af var verðbólga nálægt markmiði og krónan virtist þjóna hlutverki sínu þokkalega. Eftir að útlánaþensla hófst í bankakerfinu, sérstaklega í kjölfar breytinga á húsnæðislánamarkaði 2004, myndaðist hins vegar undirliggjandi þrýstingur á verðlag. Seðlabankinn gat með illu móti mætt þessum þrýstingi með hefðbundnum peningamálaaðgerðum þar sem fyrirtæki og heimili gátu auðveldlega vikið sér undan aukinni vaxtabyrði með því að taka lán í erlendri mynt. Jafnframt er eðli verðtrygging-

ar með þeim hætti að vaxtahækkanir Seðlabanka hafa lítil áhrif á kostnað við langtímalán þar sem vextir á slíkum lánum eru í meginatriðum fastir. Seðlabankinn brá því á það ráð að halda niðri innflutningsverðlagi og þar með verðbólgu með því að halda krónunni sterkri og var það meðal annars gert með því að laða að erlenda fjárfesta, hvetja til svokallaðra vaxtamunarviðskipta.

Í meginatriðum fólust þessi vaxtamunarviðskipti í því að erlendir bankar hófu útgáfu skuldabréfa í íslenskum krónum sem síðan voru seld til erlendra fjárfesta, svokölluð jöklabréf. Samtals voru gefin út jöklabréf að upphæð 695 milljarðar kr. frá 25. ágúst 2005 þar til útgáfu þeirra var hætt 4. september 2008. Meðalnafnvextir á þessum bréfum voru 11,8%.

Íslensku bankarnir þjónuðu sem milliliður í þessum viðskiptum og skiptu vaxtamuninum, sem ríkti milli erlendra gjaldmiðla og þess íslenska, með erlendum útgefendum. Um leið náðu bankarnir í fjármagn sem þeir síðan lánuðu til íslenskra fyrirtækja og heimila. Þessi iðja leiddi til þenslu; peningastefnan beit í skottið á sér. Lántaka í erlendri mynt stórjókst og neysla bar öll einkenni þess að heimilin væru haldin gengisglýju. Fyrirtæki og heimili trúðu því að gengið mundi ekki breytast sem leiddi til auðsáhrifa, meiri neyslu og fjárfestingar en raunhagkerfið gaf tilefni til. Gengi krónunnar var of sterkt sem leiddi til viðskiptahalla og ofþenslu.

Gjaldmiðill endurspeglar undirliggjandi hagstjórn.

Margir hafa kennt krónunni um þá rússíbanareið sem íslensk peningamálastefna hefur verið í undanfarinn áratug. Þar hafa menn fundið rangan sökudólg. Gjaldmiðill allra ríkja endurspeglar undirliggjandi hagstjórn og því er rangt að tala um að tiltekið efnahagsástand sé gjaldmiðlinum að kenna. Nákvæmlega eins og að efnahagsástandið á Grikklandi og Írlandi er ekki hægt að rekja til evrunnar er ekki hægt að rekja ástandið á Íslandi til krónunnar. Gjaldmiðilsvandamál Íslendinga endurspegla þá óstjórn sem hefur verið í efnahagsmálum undanfarin ár nákvæmlega eins og á Grikklandi og Írlandi.

Formleg fjármálaregla.

Til að leysa þann hagstjórnar- og gjaldmiðlavanda sem Íslendingar búa við er hér lagt til að tekin verði upp fjármálaregla sem styður við peningamálastefnuna á þann hátt að ekki þurfi að beita vaxtatækjum Seðlabankans á eins afdrifaríkan hátt og verið hefur. Fjármálareglan felst í því að *ríkisútgjöld vaxi sem nemur meðalhagvexti á mann undanfarin 10 ár, óháð árferði.*

Ef þessi regla væri við líði yrði ríkissjóður rekinn með afgangi í góðæri en halla í óáran. Reglan mundi draga úr hagsveiflu og minnka álagið á peningamálastefnuna. Af rannsókn sem grein í fylgiskjali segir frá má draga þá ályktun að ef fylgt hefði verið þeirri stefnu í opinberum fjármálum á Íslandi árin 1964–2001 að láta samneyslu aukast á hverju ári sem nemur langtímahagvexti hefðu hagsveiflur árin 1978–2001 orðið um þriðjungi minni en raun varð. Samanlagt núvirði aukinnar vergrar landsframleiðslu vegna reglunnar þessi ár hefði verið um 1.600 milljörðum kr. meiri en ella miðað við 5% afvöxtunarkröfu. Það er rúm landsframleiðsla ársins 2009. Notkun reglunnar hefði haft þjóðhagslegan ávinning í för með sér sem falist hefði í aukinni framleiðslu, minni óvissu, jafnari neyslu og meiri efnahagslegri velferð.

Niðurstöðurnar gefa einnig til kynna að fjármálastefnan styður mun betur við peningamálastjórnina ef reglunni er fylgt og að ekki þyrfti að stunda jafn harða peningamálastjórn og ef hennar nyti ekki við. Vextir Seðlabanka hefðu því að öðru jöfnu verið stöðugri og

lægri. Þannig sýnir rannsóknin að sveiflur á vöxtum Seðlabankans hefðu getað verið allt að helmingi lægri en raun varð á, og þar með sveiflur á gengi krónunnar, sem endurspeglar hve miklu minni óvissan hefði verið fyrir allt atvinnulíf og heimili.

Reglan er í fullu samræmi við niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis en í skýrslu hennar segir: „Rannsóknarnefndin telur nauðsynlegt að auka samvinnu ríkisfjármála og Seðlabankans við hagstjórnaraðgerðir þannig að annarri stefnunni sé ekki beitt gegn hinni.“ Þá er reglan í samræmi við ákall þingmannanefndar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, en í þingsályktunartillögu nefndarinnar sem samþykkt var með 63 atkvæðum á Alþingi 28. september 2010 segir: „Þingmannanefndin telur mikilvægt að stofnaður verði samráðsvettvangur fjármálaráðuneytis, Alþingis, stofnana ríkisins, sveitarfélaga og Seðlabankans um efnahagsmál og að hlutverk slíks vettvangs verði lögfest. Þar verði unnt að setja fram tillögur að formlegum hagstjórnarreglum sem hafi það að markmiði að jafna hagsveiflur.“

Sveitarfélögin mega ekki vinna á móti hagstjórnarmarkmiðum.

Ein af þversögnunum sem íslensk hagstjórn hefur búið við er að sveitarfélögin hafa oft og tíðum unnið á móti hagstjórnarmarkmiðum ríkisins þegar kemur að stjórn fjármála. Brýnt er að bæta úr þessu t.a.m. með því að skylda þau með lögum til að fylgja fjármálareglu sem endurspeglar hagstjórnina á landsvísu. Samræma þarf fjármálastjórn sveitarfélaga og ríkis mun betur en nú er gert og girða þarf fyrir að sveitarfélögin geti unnið á móti almennum markmiðum í hagstjórn. Þetta væri hægt að gera með því að banna þeim að reka sveitarsjóði með halla; með því að setja mörk á hve hátt skuldahlutfall þeirra getur hæst orðið; með því að þau skuli ávallt sýna samstæðu í öllum fjárhagsáætlunum; með því að setja mun strangari skorður en nú eru á hvað má telja fyrir utan efnahagsreikning; með því að setja strangar skorður um lántöku í annarri mynt en tekjur sveitarfélaganna eru í, og; með því að setja skorður af þessum toga eru mun léttari byrðar settar á peningamálastjórnina en verið hefur sem aftur leiðir til lægri vaxta og stöðugra gengis.

Peningamálastefnan.

Þrátt fyrir að hér sé lögð til fjármálaregla sem hemur hagsveifluna, léttir álagi af peningamálastefnunni og lágmarkar þar með sveiflur í gengi er mikilvægt að undirstrika að endurbæta verður þá peningamálstefnu sem fylgt hefur verið undanfarin ár. Seðlabankinn þjónar t.a.m. ekki hlutverki sínu sem lánveitandi til þrautavara eins og berlega kom í ljós í aðdraganda hrunsins. Seðlabanki Íslands verður að búa við mun meiri gjaldeyrisvaraforða en seðlabankar ríkja sem tilheyra stærri myntsvæðum. Þennan gjaldeyri er mikilvægt að taka ekki að láni því að forði sem tekinn er að láni skapar ekki þann trúverðugleika sem þarf í breyttu umhverfi. Þá kann að vera að Seðlabankinn þurfi að vera mun athafnasamari á gjaldeyrismarkaði til að bægja frá vá sem upp gæti komið þar. Jafnframt er mikilvægt að reglugerðarumhverfi fjármálakerfisins sé þannig að bankakerfið vaxi ekki Seðlabankanum yfir höfuð. Því þarf Seðlabankinn að ráða yfir úrræðum og upplýsingum sem gera honum kleift að bregðast við í tíma ef minnsti grunur vaknar um að fjármálakefið sé að þenjast of hratt út. Bankastarfsemi yfir landamæri þarf að lúta ströngum reglum og eftirlitshlutverk með fjármálakerfinu og fjármálastöðugleika þarf að vera á einum stað. Því ætti að færa bankaeftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins til Seðlabanka og búa svo um hnútana að Fjármálaeftirlitið hafi einungis neytendavernd á sinni könnu.

Mikilvægt er að verðtrygging lána verði afnumin sem meginform í lánasamningum til að skerpa á virkni vaxtatækis Seðlabanka. Jafnframt er mikilvægt að hamla sem mest gegn erlendum lánum til einstaklinga og fyrirtækja sem ekki hafa tekjur í erlendri mynt. Með því er annars vegar komið í veg fyrir að fólk og fyrirtæki geti vikið sér undan vaxtatæki Seðlabankans og hins vegar minnkar gengisáhætta í hagkerfinu sem styður aftur við fjármálalegan stöðugleika.

Vandi stjórnmálanna.

Sú spurning hlýtur að vakna hvernig framfylgja á fjármálareglu eins og þeirri sem hér er sett fram á vettvangi stjórnmálanna. Sagan sýnir okkur að stjórnmálamenn eru tregir til að binda hendur sínar þegar kemur að útgjöldum. Freistingin fyrir ríkjandi stjórnvöld á hverjum tíma til að „gefa í“ í aðdraganda kosninga er mikil. Það eykur líkurnar á endurkjöri. Þá getur þrýstingur frá hagsmunaaðilum orðið stjórnmálamönnum um megn þegar kemur að mótstöðu við útgjaldaaukningu.

Hagfræðingar hafa mikið fjallað um skaðleg áhrif óreglubundinnar fjármálastjórnar (e. *decretionary policies*) sem koma fram í verðbólgu, skuldasöfnun, hærri vöxtum og meiri óvissu og þ.a.l. minni framleiðslu og lakari efnahagslegri velferð. Sjóndeildarhringur stjórnmálamanna er oftar en ekki fram að næstu kosningum og því þarf að koma böndum á þá líkt og þegar Ódisseifur lét binda sig við mastrið til að freistast ekki af söng sírenanna. Nú er kjörið tækifæri til að binda slíkar reglur í stjórnarskrá. Auðvitað þarf þó alltaf að vera svigrúm ef eitthvað óvænt kemur upp á. Hugsa mætti sér að ef reglan sem lýst er hér að framan er stjórnarskrárbundin þyrfti aukinn hluta þingmanna til að fara á svig við regluna – t.a.m. að samþykki ⅔ hluta þingmanna þyrfti til að víkja mætti frá reglunni. Ef það liti út fyrir að brjóta ætti regluna án þess að um einhvers konar ófyrirséð atvik væri að ræða mundi stjórnarandstaða beina athygli að því að um stjórnarskrárbrot væri að ræða. Þannig mundi pólitískur kostnaður fyrir ráðandi stjórnvöld fylgja því að brjóta regluna.

Stjórnvöld í mörgum löndum hafa í gegnum tíðina reynt að innleiða reglur sem þessar. Segja má að Maastricht-skilyrðin séu greinar af sama meiði. Þá hafa Þjóðverjar gengið svo langt að innleiða í stjórnarskrá sína að ekki megi reka þýska ríkissjóðinn með halla. Einnig þarf að tryggja að stjórnvöld geti ekki farið á svig við regluna með því að færa ráðstafanir fyrir utan efnahagsreikning. Því ætti að taka upp að nýju kynslóðareikninga á Íslandi, en þeir varpa ljósi á stjórnvaldsaðgerðir sem leiða til útgjaldabreytinga í framtíðinni.

Ávinningurinn af fjármálareglunni er stöðugur gjaldmiðill.

Ábati af fjármálareglunni sem hér er stungið upp á kemur fram í minna álagi á peningamálastefnuna, lægri og stöðugri vöxtum og þar með stöðugra gengi. Þessi stöðugleiki og minni óvissa leiðir aftur til meiri framleiðslu og efnahagslegrar velferðar til langs tíma litið. Reglan leiðir einnig til þess að hægt er að framfylgja Maastricht-skilyrðunum mun betur en ella og þá yrði fyrr hægt að taka upp evru á Íslandi. En það sem meira er um vert: reglan mundi leiða til mun betri hagstjórnar og þar með yrði krónan raunhæfari kostur sem þjóðargjaldmiðill en nú því að gjaldmiðill endurspeglar aðeins undirliggjandi stjórn efnahagsmála og væntingar um hana – ekkert annað.

Tillögunni fylgdi fylgiskjal, úr *Hagmálum* árið 2003. Marías Halldór Gestsson og Tryggvi Þór Herbertsson.

61. Frumvarp til laga [60. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 6. tölul. orðast svo: *Flutningskerfi:* Raflínur og mannvirki þeim tengd sem eru nauðsynleg til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna. Skil milli virkjunar og flutningsfyrirtækis eru við innkomandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtæki á því vélaspenni, eldingavara og tengingu við tengivirki. Með sama hætti eru skil milli flutningsfyrirtækis annars vegar og dreifiveitna/stórnotenda hins vegar við útgangandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins.
b. 17. tölul. orðast svo: *Stórnotandi:* Notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWh á ári.
c. 19. tölul. orðast svo: *Tekjumörk:* Hámark leyfilegra árlegra tekna flutningsfyrirtækis og dreifiveitna til að mæta kostnaði. Þau skulu sett til fimm ára en uppfærð árlega eftir á miðað við breytingar á viðmiðum tekjumarka eins og þau eru tilgreind í 12. og 17. gr.

2. gr.

Í stað „7 MW“ í 2. málsl. 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: 10 MW.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 1. mgr. orðast svo: Flutningsfyrirtækið skal vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins skulu vera dreifiveitur, stórnotendur, virkjanir og þeir aðilar sem hafa leyfi samkvæmt lögum þessum til að stunda viðskipti með raforku.
c. 3. og 4. mgr. falla brott.
d. 5. mgr. orðast svo:
   Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt öðrum lögum. Því er þó heimilt að:
   a. reka raforkumarkað,
   b. eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og bjóða út umframflutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða, svo fremi sem samkeppni sé ekki raskað,
   c. selja út sérfræðiþekkingu fyrirtækisins ef eftir því er leitað, svo fremi sem samkeppni sé ekki raskað.

   Fyrirtækinu ber að halda reikningum vegna þeirrar starfsemi sem getið er í a–c-lið aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr. Stjórn flutningsfyrirtækisins skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku.

4. gr.

Í stað orðanna „ef reisa á línur“ í 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: fyrir nýjum raflínum.

5. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Í sérstökum tilvikum má sækja um leyfi ráðherra til að reisa sjálfstætt flutningsvirki og flytja raforku beint frá virkjun til notanda, enda tengist hvorki virkjun né notandinn flutningskerfinu eða dreifikerfi. Leita skal umsagnar flutningsfyrirtækis og eftir atvikum viðkomandi dreifiveitu varðandi slíkar tengingar áður en leyfi er veitt.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tekjumörk flutningsfyrirtækisins.

Markmið með setningu tekjumarka er að hvetja til hagræðingar í rekstri flutningsfyrirtækisins og tryggja að tekjur þess séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem því er falið að veita, að teknu tilliti til arðsemi. Til að ná fram hagræðingu og skilvirkni í rekstri flutningsfyrirtækisins eru tekjumörk afmörkuð í tímabil, tekjumarkatímabil.

Orkustofnun setur flutningsfyrirtækinu tekjumörk vegna kostnaðar við flutning á raforku. Tekjumörk skulu vera tvískipt, þ.e. vegna flutnings á raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnotenda hins vegar og skulu hin síðarnefndu ákvörðuð í bandaríkjadölum. Tekjumörk skulu ákveðin fyrir fram til fimm ára í senn og uppfærð árlega miðað við breytingar á viðmiðum sem tilgreind eru í 3. mgr. Við setningu tekjumarka skal taka tillit til kostnaðar vegna rekstrar og fjárfestinga vegna flutnings til dreifiveitna annars vegar og til stórnotenda hins vegar. Starfsemi flutningsfyrirtækisins skv. 5. mgr. 8. gr., sem ekki er nauðsynleg vegna rekstursins, er undanskilin við ákvörðun tekjumarka. Sama gildir um orkukaup vegna tapa í flutningskerfinu og aðföng vegna kerfisþjónustu.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Rekstrarkostnaði sem tengist flutningsstarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun. Við ákvörðun rekstrarkostnaðar við setningu tekjumarka skal taka tillit til meðalrekstrarkostnaðar síðustu fimm ára með eins árs töf að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og áhrifa nýrra stórra fjárfestinga á rekstrarkostnað flutningsfyrirtækisins. Þegar stórar fjárfestingar bætast við fastafjármuni flutningsfyrirtækisins skal skipting rekstrarkostnaðar milli tekjumarka annars vegar fyrir stórnotendur og hins vegar fyrir dreifiveitur uppfærð. Við setningu nýrra tekjumarka skal liggja fyrir endurskoðuð skipting rekstrarkostnaðar á milli stórnotenda og dreifiveitna.
2. Arðsemi flutningsfyrirtækisins af flutningsstarfsemi skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs flutningskerfisins auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum. Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir voru 31. desember 2004 og miðast við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum sem hafa komið til eftir þann tíma eða síðar kunna að koma til, afskriftum þeirra og endurmati eins og það er á hverjum tíma. Stærri fjárfest-

ingar skulu teljast til fastafjármuna frá þeim tíma sem þær fara í notkun en minni fjárfestingar skulu taldar til fastafjármuna frá þeim tíma sem fjárfestingin á sér stað. Eignastofn vegna tekjumarka fyrir stóriðju skal vera í bandaríkjadölum og skulu eignir teknar inn í hann á opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands þess tíma sem þær voru teknar inn í eignastofn flutningsfyrirtækisins. Skipting eignastofns á milli tekjumarka annars vegar fyrir stórnotendur og hins vegar fyrir dreifiveitur skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Á grundvelli þessa töluliðar skal arðsemi ákvörðuð að fengnu mati sérfróðra aðila.

3. Afskriftum af fastafjármunum, sbr. 2. tölul.
4. Áreiðanleika afhendingar þar sem frávik frá viðmiðum geta leitt til hækkunar eða lækkunar tekjumarka.

Náist ekki markmið þessara laga um skilvirkni í rekstri flutningsfyrirtækisins með afmörkun tekjumarkatímabila er Orkustofnun heimilt að setja flutningsfyrirtækinu hagræðingarkröfu fyrir nýtt tekjumarkatímabil, að fengnu mati sérfróðra aðila, eftir að flutningsfyrirtækinu hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um slíkar fyrirætlanir. Slík hagræðingarkrafa skal byggjast á sjónarmiðum sem byggt er á í sambærilegum rekstri um hvað telst skilvirkni í rekstri, studd af undangengnu hagrænu mati. Orkustofnun skal tilkynna flutningsfyrirtækinu með tveggja mánaða fyrirvara ef framkvæma á slíkt mat og skal því lokið eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir upphaf viðkomandi tekjumarkatímabils.

Eigi síðar en 1. september árið áður en ný tekjumörk taka gildi skal Orkustofnun setja tekjumörk fyrir flutningsfyrirtækið fyrir næsta tekjumarkatímabil.

Eigi síðar en 1. maí ár hvert skal flutningsfyrirtækið skila Orkustofnun rekstrarupplýsingum vegna fyrra árs. Eigi síðar en 1. ágúst ár hvert skal Orkustofnun skila uppfærðum tekjumörkum og uppgjöri vegna fyrra árs til flutningsfyrirtækisins sem og viðeigandi rökstuðningi fyrir breytingum ef einhverjar eru. Í uppgjöri tekjumarka við lok hvers árs skulu bornar saman rauntekjur og uppfærð tekjumörk ársins.

Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur samkvæmt tekjumörkum milli ára við árlegt uppgjör tekjumarka en uppsafnaðar of- eða vanteknar tekjur skulu aldrei nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum hvers uppgjörsárs. Komi í ljós við uppgjör tekjumarka að uppsafnaðar ofteknar tekjur eru umfram þessi mörk skal ná hlutfallinu niður fyrir tilskilin mörk eigi síðar en fyrir lok næsta árs á eftir. Óheimilt er að flytja vanteknar tekjur umfram framangreind viðmið milli ára.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um tekjumörkin, m.a. um setningu þeirra og uppgjör, afskriftareglur, arðsemismarkmið, útreikning vegins fjármagnskostnaðar, mat fastafjármuna, skiptingu eignagrunns og rekstrarkostnaðar, kröfur um hagræðingu, áreiðanleika afhendingar og um mat sérfróðra aðila skv. 2. og 4. tölul. 3. mgr. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um með hvaða hætti tekið er tillit til almennra verðbreytinga og gengis gjaldmiðla, auk annarra atriða sem ákvæði þetta kveður á um.

7. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, 12. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.

Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 12. gr. Gjaldskráin skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda sem skal ákvörðuð í bandaríkjadölum.

Byggt skal á því að verðlagning flutningsfyrirtækisins vegna flutnings til dreifiveitna sé í samræmi við meðalkostnað að teknu tilliti til sjónarmiða um arðsemi. Gjaldskrá fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi á afhendingarstöðum, sbr. 6. tölul. 3. gr., skal miðast við að raforka sé afhent á 66 kV spennu. Ef orka frá flutningskerfi er afhent til dreifiveitna á hærri spennu ber að lækka gjaldtöku með tilliti til þess. Með sama hætti skal taka tillit til afhendingaröryggis við gjaldtöku fyrir úttekt á einstökum afhendingarstöðum. Gjaldskrá fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðisins auk þess sem móttekið er beint frá virkjun innan dreifiveitusvæðisins, sbr. þó 3. mgr. Ekki skal greitt af notkun í einangruðum kerfum innan dreifiveitusvæða sem ekki njóta tengingar við flutningskerfið.

Greiða skal úttektargjald til flutningsfyrirtækisins vegna framleiðslu virkjana sem tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu sem hér segir:

1. Vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1,42 MW skal ekki greiða úttektargjald til flutningsfyrirtækisins.
2. Vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1,42–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 60% fulls úttektargjalds við efri mörkin.
3. Vegna orku frá virkjun sem er 3,1–10 MW skal greiða 60% fulls úttektargjalds.

Varaaflsstöðvar sem eru nýttar þegar truflanir koma upp í raforkukerfinu skulu undanþegnar greiðslum til flutningskerfisins.

Sé orka afhent beint til stórnotenda, frá virkjun sem nýtur tengingar við flutningskerfið, án þess að orkan fari um flutningskerfið og án þess að flutningskerfið taki þátt í kostnaði við tengingu notandans skal greiðsla úttektargjalds til flutningskerfis nema 60% af úttektargjaldi til stórnotenda. Heimilt er að veita frekari afslátt af úttektargjaldi ef úttekt stórnotandans er alfarið háð því að orkan komi frá virkjuninni. Í öllum tilvikum skal greiða fyrir kerfisþjónustu samkvæmt gildandi gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.

Notandi sem í framleiðslu sinni er algjörlega háður því að fá aðrar afurðir jarðhitavirkjunar en aðeins raforku getur óskað heimildar til beinnar tengingar við virkjunina skv. 5. gr. enda þótt hann nái ekki stórnotendaviðmiðinu. Gjald fyrir úttekt þessa fer skv. 5. mgr.

Flutningsfyrirtækinu er heimilt að afhenda raforku til stórnotenda á 66 kV eða lægri spennu enda standi sérstök gjaldtaka undir viðbótarkostnaði.

Flutningsfyrirtækið skal einnig setja gjaldskrá fyrir kerfisþjónustu og töp í flutningskerfinu sem tekur mið af kostnaði ásamt hæfilegri þóknun.

Eigi síðar en sex vikum fyrir fyrirhugaða gildistöku skal gjaldskrá flutningsfyrirtækisins send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við flutningsfyrirtækið innan þriggja vikna frá móttöku. Gjaldskráin tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Flutningsfyrirtækið skal birta gjaldskrána opinberlega.

Krefjast skal greiðslu ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfi veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins. Með sama hætti skal taka tillit til þess ef tenging leiðir til hagkvæmari uppbyggingar eða nýtingar flutningskerfisins.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um gjaldskrá auk þeirra atriða sem ákvæði þetta kveður á um.

8. gr.

Við 13. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þó er flutningsfyrirtæki heimilt að flytja/dreifa rafmagni á sérleyfissvæði dreifiveitu til stórnotenda sem fá raforku afhenta

á lægri spennu en 132 kV að því gefnu að samkomulag náist þar að lútandi á milli flutningsfyrirtækisins og viðkomandi dreifiveitu.

9. gr.

17. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tekjumörk dreifiveitna.

Markmið með setningu tekjumarka er að hvetja til hagræðingar í rekstri dreifiveitna og tryggja að tekjur þeirra séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem þeim er falið að veita, að teknu tilliti til arðsemi. Til að ná fram hagræðingu og skilvirkni í rekstri dreifiveitu eru tekjumörk afmörkuð í tímabil, tekjumarkatímabil.

Orkustofnun skal setja dreifiveitum tekjumörk vegna kostnaðar við dreifingu raforku. Ef heimilað er að hafa í gildi sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæði, sbr. 2. mgr. 17. gr. a, skulu sérstök tekjumörk sett vegna dreifingar raforku í þéttbýli annars vegar og í dreifbýli hins vegar. Tekjumörk skulu ákveðin fyrir fram til fimm ára í senn og uppfærð árlega miðað við breytingar á grunnforsendum. Við setningu tekjumarka skal taka tillit til kostnaðar vegna rekstrar og fjárfestinga.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Rekstrarkostnaði sem tengist dreifingu fyrirtækisins á rafmagni, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, kostnaði vegna flutnings um flutningskerfið, kostnaði við orkutap, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun í dreifikerfinu. Við ákvörðun rekstrarkostnaðar við setningu tekjumarka skal taka tillit til rekstrarkostnaðar síðustu fimm ára með eins árs töf að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og áhrifa nýrra stórra fjárfestinga á rekstrarkostnað dreififyrirtækisins.
2. Arðsemi dreifiveitu af dreifingu raforku skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs dreifiveitunnar auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum. Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir voru 31. desember 2004 og miðast við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum sem hafa komið til eftir þann tíma eða síðar kunna að koma til, afskriftum þeirra og endurmati eins og það er á hverjum tíma. Fjárfestingar skulu teljast til fastafjármuna frá þeim tíma sem fjárfestingin á sér stað. Á grundvelli þessa töluliðar skal arðsemi ákvörðuð að fengnu mati sérfróðra aðila.
3. Afskriftum af fastafjármunum, sbr. 2. tölul.
4. Áreiðanleika dreifingar raforku þar sem frávik frá viðmiðum geta leitt til hækkunar eða lækkunar tekjumarka.

   Náist ekki markmið þessara laga um skilvirkni í rekstri dreifiveitu með afmörkun tekjumarkatímabila er Orkustofnun heimilt að setja viðkomandi dreifiveitu hagræðingarkröfu fyrir nýtt tekjumarkatímabil, að fengnu mati sérfróðra aðila, eftir að dreifiveitunni hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um slíkar fyrirætlanir. Slík hagræðingarkrafa skal byggjast á sjónarmiðum sem byggt er á í sambærilegum rekstri um hvað telst skilvirkni, studd af undangengnu hagrænu mati. Orkustofnun skal tilkynna dreifiveitunni með tveggja mánaða fyrirvara ef framkvæma á slíkt mat og skal því lokið eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir upphaf viðkomandi tekjumarkatímabils.

Eigi síðar en 1. september árið áður en ný tekjumörk taka gildi skal Orkustofnun setja tekjumörk fyrir dreifiveitur fyrir næsta tekjumarkatímabil.

Eigi síðar en 1. maí ár hvert skal hver dreifiveita skila Orkustofnun rekstrarupplýsingum vegna fyrra árs. Eigi síðar en 1. september ár hvert skal Orkustofnun skila uppfærðum tekjumörkum og uppgjöri vegna fyrra árs til viðkomandi dreifiveitu sem og viðeigandi rökstuðningi fyrir breytingum ef einhverjar eru. Í uppgjöri tekjumarka við lok hvers árs skulu bornar saman rauntekjur og uppfærð tekjumörk ársins.

Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur samkvæmt tekjumörkum milli ára við árlegt uppgjör tekjumarka en uppsafnaðar of- eða vanteknar tekjur skulu aldrei nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum hvers uppgjörsárs. Komi í ljós við uppgjör tekjumarka að uppsafnaðar ofteknar tekjur eru umfram þessi mörk skal ná hlutfallinu niður fyrir tilskilin mörk eigi síðar en fyrir lok næsta árs á eftir. Óheimilt er að flytja vanteknar tekjur umfram framangreind viðmið milli ára.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um tekjumörkin, m.a. um setningu þeirra og uppgjör, afskriftareglur, arðsemismarkmið, útreikning vegins fjármagnskostnaðar, mat fastafjármuna, skiptingu eignagrunns og rekstrarkostnaðar, kröfur um hagræðingu og áreiðanleika afhendingar, gæði dreifiveitu og um mat sérfróðra aðila skv. 2. og 4. tölul. 3. mgr. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um með hvaða hætti tekið er tillit til almennra verðbreytinga og gengis gjaldmiðla, auk annarra atriða sem ákvæði þetta kveður á um.

10. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gjaldskrá dreifiveitna.

Hver dreifiveita skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 17. gr. Sama gjaldskrá skal gilda á veitusvæði hverrar dreifiveitu fyrir úttekt á lágspennu, þ.e. 230–400 V spennu. Ef orka frá dreifiveitu er afhent á annarri spennu er heimilt að taka tillit til þess í gjaldskrá. Með sama hætti er við gjaldtöku heimilt að taka tillit til annars mismunar á þjónustu.

Dreifiveitum er heimilt að sækja um leyfi til Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður vegna dreifingar er sannanlega hærri en í þéttbýli. Það er skilyrði fyrir heimild til sérstakrar dreifbýlisgjaldskrár að notkun á viðkomandi dreifbýlissvæði sé a.m.k. 5% af heildarnotkun dreifiveitusvæðisins. Með umsókn um skiptingu gjaldskrár skulu fylgja upplýsingar um landfræðilega afmörkun svæða, landnotkun og fjölda íbúa á viðkomandi svæði, auk gagna sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu til notenda á svæðinu sé hærri en til annarra.

Eigi síðar en fjórum vikum fyrir fyrirhugaða gildistöku skal gjaldskrá dreifiveitu send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við dreifiveitu innan tveggja vikna frá móttöku. Gjaldskrá tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Dreifiveita skal birta gjaldskrána opinberlega.

Dreifiveitu er skylt að greiða virkjun sem tengist henni og er undir 3,1 MW þann ávinning, að hluta eða að fullu, sem felst í því að þurfa ekki að greiða úttektargjald að fullu til flutningskerfisins, sbr. ákvæði 3. mgr. 12. gr., með eftirfarandi hætti:

1. Greiða skal virkjun undir 0,3 MW að fullu hreinan ávinning veitunnar af niðurfellingu úttektargjaldsins.

2. Fyrir virkjun sem er 0,3–3,1 MW skal minnka greiðsluna hlutfallslega þar til ekkert er greitt sé virkjunin 3,1 MW eða stærri.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um gjaldskrá auk þeirra atriða sem ákvæði þetta kveður á um.

11. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein, 18. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Leyfi til að reka raforkumarkað.

Leyfi ráðherra þarf til þess að reka raforkumarkað. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa. Leyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Umsækjandi skal sýna fram á fjárhagslegan styrkleika og þekkingu á raforkumarkaði til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar. Nánar skal kveðið á um skilyrði leyfisveitingar og starfsemi raforkumarkaðar í reglugerð.

12. gr.

Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: Samkeppniseftirlitið.

13. gr.

Í stað orðsins „Samkeppnisstofnunar“ í fyrirsögn 27. gr. laganna kemur: Samkeppniseftirlitsins.

14. gr.

Í stað orðanna „og 1. mgr. 18. gr.“ í 32. gr. laganna kemur: 1. mgr. 18. gr. og 18. gr. a.

15. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I, III–XI, XIV og XV í lögunum falla brott.

16. gr.

Viðauki við lögin, **Afhendingarstaðir til dreifiveitna úr flutningskerfinu skv. 6. tölul. 3. gr.**, fellur brott.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði a-liðar 3. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2015 og ákvæði 6., 7., 9. og 10. gr. koma til framkvæmda 1. janúar 2011.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laganna skal iðnaðarráðherra skipa nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis, sveitarfélaga, Landsnets, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK ohf. og Orkubús Vestfjarða. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um kaup ríkis eða sveitarfélaga á hlut orkufyrirtækja í flutningsfyrirtækinu.

Nefndin skal skila tillögum eigi síðar en 31. desember 2012.

II.

Ef uppsafnaðar ofteknar tekjur nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum í árslok 2009 skal flutningsfyrirtækið eða dreifiveita eftir því sem við á setja gjaldskrá sína ár hvert

frá og með árinu 2011 og þar til hlutfallið er komið undir 10% þannig að hlutfall uppsafnaðra oftekinna tekna lækki. Skulu uppsafnaðar ofteknar tekjur ekki nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum við lok árs 2020. Ef uppsafnaðar vanteknar tekjur nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum í árslok 2009 er heimilt að setja gjaldskrá þannig að hlutfallið lækki niður fyrir 10% fyrir lok árs 2020, þó þannig að tekjur hvers árs fari ekki meira en 3% fram úr uppfærðum tekjumörkum þess árs af þessum orsökum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta var lagt fram á 138. löggjafarþingi og er nú endurflutt í óbreyttri mynd þar sem ekki varð af afgreiðslu þess á síðasta löggjafarþingi.

Hinn 1. júlí 2003 komu raforkulög, nr. 65 frá 27. mars 2003, til framkvæmda. Með lögum nr. 89/2004, um breytingu á raforkulögum, var kveðið á um að iðnaðarráðherra skyldi skipa nefnd fulltrúa hagsmunaaðila og þingflokka sem falin yrði endurskoðun laganna, sbr. bráðabirgðaákvæði XIII. Samkvæmt umræddu bráðabirgðaákvæði skyldi vinnu við endurskoðunina vera lokið fyrir 31. desember 2010.

Í samræmi við framanritað skipaði iðnaðarráðherra 16. júní 2008 nefnd til endurskoðunar á raforkulögum. Í nefndina voru eftirtaldir skipaðir: Álfheiður Ingadóttir, Baldur Dýrfjörð, Bryndís Skúladóttir, Guðni A. Jóhannesson, Gústaf Adolf Skúlason, Grétar Mar Jónsson, Ingunn S. Þorsteinsdóttir, Jónína B. Bjarnadóttir, Katrín Júlíusdóttir, Kristján Skarphéðinsson, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Ólafur Hr. Sigurðsson, Ólöf Nordal, Pétur Þórðarson, Ragnhildur Guðjónsdóttir, Þórður Guðmundsson og Þuríður Einarsdóttir. Sumarið 2009 tóku Skúli Helgason, Lilja Rafney Magnúsdóttir og Þórhallur Kristjánsson sæti í nefndinni í stað Álfheiðar Ingadóttur, Grétars Mars Jónssonar og Katrínar Júlíusdóttur. Starfsmenn nefndarinnar voru Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir, Guðjón Axel Guðjónsson, Ingvi Már Pálsson og Lárus M.K. Ólafsson. Þá hefur Páll Harðarson veitt nefndinni hagfræðilega ráðgjöf. Auk nefndarmanna komu á fundi nefndarinnar ýmsir aðilar sem hafa sérþekkingu á tilteknum sviðum er snerta viðfangsefni nefndarinnar.

Í frumvarpinu er að finna áfangatillögur sem byggjast á vinnu nefndarinnar og talið er brýnt að leggja fram nú. Taka ber fram að nefndin hefur ekki lokið störfum. Eins og nánar er gerð grein fyrir í almennum athugasemdum með frumvarpinu er í því að finna tillögur að breytingum á skilgreiningum í I. kafla, breytingum á einstökum ákvæðum í II., III. og IV. kafla laganna, m.a. ný ákvæði um tekjumörk, gjaldskrár og beinar tengingar. Þá eru að auki lagðar til lagfæringar á texta laganna, einkum með það að markmiði að gera hann skýrari og fella brott úrelt ákvæði. Meginatriði frumvarpsins fara hér á eftir.

II. Almennt um efnisákvæði frumvarpsins.

Skilgreining á flutningskerfi.

Í frumvarpinu er lögð til endurskoðuð skilgreining á hugtakinu flutningskerfi. Samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu í núgildandi lögum nær flutningskerfið frá háspennuhlið stöðvarspenna virkjana sem tengjast því að háspennuhlið aðveituspenna stórnotenda eða dreifiveitna. Talið er nauðsynlegt að endurskoða skilgreiningu á flutningskerfinu með tilliti til aðstöðu fyrir tengingu við flutningskerfið og mælingu inn á það, þ.e. þar sem skil flutningskerfisins við virkjanir og aðveitustöðvar eru. Með frumvarpinu er lagt til að skil milli orkuframleiðanda og flutningsfyrirtækis verði við innkomandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtæki á því, og ber ábyrgð á, vélaspenni, eldingavara og tengingu við tengivirki.

Í öðru lagi er lagt til að tekin verði úr núgildandi skilgreiningu tilvísun í afhendingarstaði sem taldir eru upp í viðauka við lögin. Í ákvæði til bráðabirgða með raforkulögum var ákveðið að skilgreina alla afhendingarstaði flutningskerfisins til dreifiveitna og þeir taldir upp í viðauka. Talið er að slík lögfesting afhendingarstaða geti hamlað hagkvæmri útfærslu og uppbyggingu flutningskerfisins.

Skilgreining á stórnotanda.

Í raforkulögum er kveðið á um að stórnotandi sé notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með árlegum nýtingartíma 8.000 stundir eða meira. Þeir sem nota svo mikið magn orku geta tengst flutningskerfi raforku beint en ekki um dreifiveitu og greiða fyrir flutning raforkunnar samkvæmt gjaldskrá fyrir stórnotendur. Til þessa hafa eingöngu stóriðjuver fallið undir skilgreiningu stórnotanda. Hins vegar hafa aðrir aðilar með háan nýtingartíma sýnt áhuga á að koma upp starfsemi hér á landi, svo sem netþjónabú. Þótt slík starfsemi hafi háan nýtingartíma getur hún verið nokkuð undir þeim aflmörkum sem lögin kveða á um nú. Til að skapa þessum minni stórnotendum möguleika á tengingu við flutningskerfið er lagt til að aðlögunartímabil þeirra verði þrjú ár frá fyrstu afhendingu að telja. Þá er lagt til að í stað þess að kveða bæði á um 14 MW afl og árlegan nýtingartíma upp á 8.000 stundir verði notað orkuviðmiðið 80 GWh á ári. Er það allnokkur lækkun frá viðmiði núgildandi laga en 80 GWh eru u.þ.b. 10 MW.

Skilyrði fyrir veitingu virkjanaleyfis.

Með frumvarpinu er lagt til að rýmkaðar verði heimildir virkjana til að tengjast dreifikerfi með því að endurskoða stærðarmörk. Er lagt til að virkjanir sem eru 10 MW eða stærri (í stað 7 MW samkvæmt núgildandi lögum) skuli tengjast flutningskerfinu beint en minni virkjunum er heimilt að tengjast því um dreifiveitu.

Eignarhald á flutningsfyrirtækinu.

Lagt er til að flutningsfyrirtækið skuli vera í beinni eigu ríkis og/eða sveitarfélaga frá og með 1. janúar 2015. Samkvæmt núgildandi lögum skal flutningsfyrirtækið ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila. Ekki þykir heppilegt að fyrirtæki sem eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga og hafa ríka hagsmuni af starfsemi flutningsfyrirtækisins, t.d. raforkuframleiðendur og dreifiveitur, eigi hlut í flutningsfyrirtækinu og er því lagt til að kveðið verði á um beint eignarhald ríkis og/eða sveitarfélaga að flutningsfyrirtækinu. Jafnframt er með frumvarpinu lagt til ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um að við gildistöku laganna skuli iðnaðarráðherra skipa nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis, sveitarfélaga, flutningsfyrirtækisins, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK ohf. og Orkubús Vestfjarða. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um kaup ríkis eða sveitarfélaga á hlut orkufyrirtækja í flutningsfyrirtækinu. Nefndin skal skila tillögum eigi síðar en 31. desember 2012.

Flutningsfyrirtækið og rekstur flutningskerfis.

Ákvæði raforkulaga um stofnun flutningsfyrirtækis eru að mestu leyti úrelt og er því lögð til endurskoðun og uppfærsla á þeim ákvæðum. Jafnframt eru endurskoðuð ákvæði um heimildir flutningsfyrirtækisins til að stunda aðra starfsemi en þá sem tengist beint flutningi raforku en tengist hlutverki fyrirtækisins. Lagt er til að flutningsfyrirtækinu verði heimilað að eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og bjóða út umfram-

flutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða og selja út sérfræðiþekkingu fyrirtækisins ef eftir því er leitað, svo fremi samkeppni sé ekki raskað. Um er að ræða sambærilegar heimildir og hjá flutningsfyrirtækjum í nágrannalöndunum. Skal slíkri starfsemi haldið aðskildri í bókhaldi félagsins.

Tekjumörk og gjaldskrár.

Hagrænar aðstæður raforkuflutnings.

Kenningar hagfræði skýra hvernig samkeppni leiðir til lægra verðs og meiri umsvifa á markaði en við einkasölu. Eitt af efnahagslegum verkefnum stjórnvalda er því að stuðla að samkeppni og koma í veg fyrir einokun. Margs konar hindranir geta verið í vegi fyrir því að virk samkeppni náist á einstökum mörkuðum. Stærðarhagkvæmni er dæmi um slíka samkeppnishindrun en hún á sér stað þegar fastur kostnaður er mikill, t.d. í formi fjárfestinga, og viðbótarkostnaður aukinna afkasta er fastur eða jafnvel fallandi, sem leiðir til þess að meðalkostnaður fellur með aukinni framleiðslu. Slíkt hefur mjög oft í för með sér að eitt stórt fyrirtæki getur þjónað markaðnum með lægri kostnaði en mörg smærri. Ný fyrirtæki ná ekki fótfestu og svokölluð „náttúruleg einokun“ skapast með hærra verði og minna framboði en ella, þ.e. við samkeppni. Stjórnvöld sjá sig knúin til afskipta og setja einokunarfyrirtækinu reglur um verðlagningu þannig að verði sé haldið í samræmi við meðalkostnað. Niðurstaða slíkrar reglunar (e. regulation) er meira framboð en við einkasöluaðstæður en minna en samkeppni hefði leitt af sér.

Almenningsveitur (e. utilities) hafa einkenni náttúrulegrar einokunar. Á seinni hluta síðustu aldar komu fram þær hugmyndir að þau einkenni ættu ekki við um alla þætti í starfseminni. Með því að skilja á milli framleiðslu og flutnings í rekstri veitufyrirtækjanna mætti koma á samkeppni í framleiðslu en hins vegar væri flutningurinn í eðli sínu náttúruleg einokun. Með þessum aðskilnaði var markmiðið að minnka umfang eftirlitsvandans og efla hagkvæmni.

Raforkugeirinn fellur undir hefðbundna veitustarfsemi. Líkt og hjá öðrum almenningsveitum má aðgreina framleiðslu og flutning. Raforkuflutningur einkennist af mikilli stærðarhagkvæmni og því er hagkvæmt að einn aðili sjái um slíkan rekstur. Flutningur raforku er því dæmi um náttúrulega einokun. Þar sem slík einokunarfyrirtæki skortir það aðhald sem samkeppni veitir verður kostnaður gjarnan meiri en það sem hagkvæmast getur orðið. Starfsemin er því ekki einungis undir eftirliti hvað verðlagningu snertir heldur einnig hvað varðar rekstrarkostnað. Stýring verðs felur þannig í sér að fylgst er með þeim kostnaði sem heimilt er að nota sem grundvöll verðlagningar. Í þessum kostnaði þarf að taka tillit til arðsemi af þeim fjármunum sem liggja í rekstrinum. Slíkir útreikningar búa hins vegar til hvata til fjárfestinga, þ.e. fyrirtæki hefur hag af því að hámarka fjármuni sína sem kallar á sérstakt eftirliti með fjárfestingum þeirra fyrirtækja sem sæta reglun. Hið endanlega markmið slíks eftirlits er að raforkuflutningur sé rekinn með þjóðhagslega arðsemi í huga.

Aðferð tekjumarka.

Með því að setja flutningsfyrirtækinu sérstök tekjumörk, sem aftur hefur áhrif á gjaldskrá, er verði stýrt. Tekjumörkin eru samtala rekstrarkostnaðar, afskrifta og útreiknaðrar framlegðar fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT). Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins stendur þannig almennt undir meðalkostnaði við rekstur fyrirtækisins að teknu tilliti til sjónarmiða um arðsemi.

Aðferðin ein og sér tryggir ekki hvata til hagræðingar og lækkunar á rekstrarkostnaði flutningsfyrirtækisins. Til að ýta undir hagræðingu og skilvirkni eru hámarkstekjur flutningsfyrirtækisins, hin svokölluðu tekjumörk, festar til ákveðins tíma (með verðleiðréttingum), eða fimm ára samkvæmt frumvarpinu. Nái flutningsfyrirtækið kostnaði niður fyrir það sem reiknað var með á tekjumarkatímabilinu fær fyrirtækið að halda viðbótarhagnaðinum þar til tekjumörk eru sett næst. Þá er hagræðingu skilað til neytenda með ákveðnum töfum í formi lækkunar á leyfilegum tekjum flutningsfyrirtækisins og þar með gjaldskrá.

Þessi aðferð felur í sér að útreiknaða framlegðin fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) er margfeldi af fastafjármunum að viðbættum veltufjármunum og arðsemiskröfu hins vegar. Fastafjármunir birtast enn fremur í útreikningi afskrifta. Með þeirri tengingu sem myndast í tekjumörkum við magn fjármuna og leyfilegar tekjur myndast hvati til offjárfestingar. Því þarf enn fremur að hafa eftirlit með að hagkvæmni sé gætt í fjárfestingu flutningsfyrirtækisins.

Þættir sem þarfnast endurskoðunar í núgildandi lögum.

Á undanförnum árum hefur verið búið til kerfi þar sem framleiðsla og dreifing raforku er aðskilin í samræmi við þróun í Evrópu. Nokkur reynsla hefur náðst í starfsemi raforkuflutninga innan hinnar nýju lagaumgjörðar sem tók gildi árið 2003. Lögin taka mið af þeim aðstæðum sem voru á þeim tíma. Í þeim eru óvissuþættir og túlkunaratriði sem hafa gert framkvæmd laganna erfiða og úr því þarf að bæta. Nokkrir þættir standa þar upp úr í núgildandi lögum.

- Verðlagsáhrif eru tvíreiknuð, þ.e. eignir eru uppreiknaðar miðað við verðbólgu á sama tíma og arðsemi af þeim er reiknuð miðað við vexti óverðtryggðra markaðsbréfa en vextir slíkra bréfa innifela verðbólguálag.
- Vandamál sem tengjast því að gjaldskrá stórnotenda er í bandaríkjadölum en tekjumörk og eignagrunnur flutningsfyrirtækisins er í krónum.
- Skilgreining eignagrunnsins hefur verið of þröng þar sem veltufjármunir hafa verið undanskildir.
- Lengd tekjumarkatímabila.
- Ákvörðun ávöxtunarkröfu til útreiknings á arðsemi.
- Vandamál tengd hagræðingarkröfu.
- Skort hefur á skýrari reglur við ákvörðun á þeim kostnaði sem lagður er til grundvallar við setningu tekjumarka.

Beinar tengingar.

Lögð er til breyting sem tekur mið af þeim kröfum sem koma fram í 22. gr. tilskipunar 2003/54/EB. Breytingin felur í sér að fellt er út það skilyrði fyrir svonefndri beinlínutengingu að flutningsfyrirtækið hafi áður hafnað tengingu við flutningskerfið, en óheimilt er samkvæmt tilskipuninni að setja slíkt skilyrði. Að öðru leyti getur ráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfinu sem lögin gera ráð fyrir og með sama hætti getur umsækjandi þurft að óska eftir öðrum heimildum í samræmi við ákvæði annarra laga sem um slíka framkvæmd fjalla, svo sem á sviði skipulags, bygginga, umhverfisverndar o.s.frv.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er lögð til ný skilgreining á hugtakinu flutningskerfi. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er með hinni nýju skilgreiningu kveðið skýrar á um skilin á því hvar raforkan er afhent á milli orkuframleiðanda og flutningsfyrirtækis. Flutningsfyrirtækið þarf ekki að nálgast raforkuna inn í virkjun orkuframleiðanda heldur eru skilin við rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtækið ber þannig ábyrgð á tengingu við tengivirkið. Jafnframt er ekki í skilgreiningunni lengur vísað til afhendingarstaða þeirra sem taldir eru upp í viðauka með lögunum.

Í b-lið greinarinnar er lögð til ný skilgreining á hugtakinu stórnotandi og felst í henni sú breyting að miðað er við notkun innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWh á ári. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er lagt til þriggja ára aðlögunartímabil þar sem hluti viðskiptavina uppfyllir ekki umrædd skilyrði frá fyrsta degi starfsemi. Hið þriggja ára aðlögunartímabil er frá fyrstu afhendingu raforku að telja, þó að undanskildum uppkeyrslutíma, en að þeim tíma loknum er gert ráð fyrir að viðkomandi kaupandi raforku uppfylli lágmarkskröfur. Jafnframt er lagt til að nota orkuviðmiðið GWh í stað nýtingarstunda og MW, og að lækka viðmiðið frá núgildandi lögum. Viðmiðið 80 GWh jafngildir um 10 MW og er því um nokkra lækkun að ræða frá núgildandi lögum en jafnframt er þá samhengi milli þessarar skilgreiningar og 2. málsl. 3. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins, sem kveður á um að virkjanir sem eru 10 MW eða stærri skuli tengjast flutningskerfinu beint.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að rýmkaðar verði heimildir virkjana til að tengjast dreifikerfi með því að endurskoða stærðarmörk. Er lagt til að virkjanir sem eru 10 MW eða stærri (í stað 7 MW samkvæmt núgildandi lögum) skuli tengjast flutningskerfinu beint en minni virkjunum er heimilt að tengjast því um dreifiveitu. Eins og fram kemur í umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins er þessi breyting í samræmi við nýja skilgreiningu á hugtakinu stórnotandi.

Um 3. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á því ákvæði raforkulaga sem snýr að rekstri flutningskerfisins og kerfisstjórnun.

Í a-lið greinarinnar er lögð fram breyting sem snýr að eignarhaldi flutningsfyrirtækisins. Er lagt til að flutningsfyrirtækið skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga frá og með 1. janúar 2015. Með sveitarfélögum er átt við hérlend sveitarfélög. Samkvæmt núgildandi raforkulögum, eins og þeim var breytt með lögum nr. 58/2008, skal flutningsfyrirtækið ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila. Ekki þykir heppilegt að fyrirtæki sem eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga og hafa ríka hagsmuni af starfsemi flutningsfyrirtækisins, t.d. raforkuframleiðendur og dreifiveitur, eigi hlut í flutningsfyrirtækinu og er þessi breyting því lögð til.

Lesa ber a-lið greinarinnar með hliðsjón af gildistökuákvæði frumvarpsins (17. gr.) og ákvæði til bráðabirgða I við frumvarpið. Eigendur flutningsfyrirtækisins í dag eru sem hér segir:

Landsvirkjun 64,73%
RARIK 22,51%
Orkuveita Reykjavíkur 6,78%
Orkubú Vestfjarða 5,98%

Af framangreindum eigendalista sést að ákveðinn aðlögunartíma þarf til að koma því nýja beina eignarhaldi ríkis og/eða sveitarfélaga á flutningsfyrirtækinu fyrir sem hér er lagt til, þ.e. selja þarf eignarhluti orkufyrirtækjanna í flutningsfyrirtækinu. Er því lagt til að hið nýja fyrirkomulag eignarhalds skuli koma til framkvæmda 1. janúar 2015. Með ákvæði til bráðabirgða I við frumvarpið er því lagt til að við gildistöku laganna skuli iðnaðarráðherra skipa nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis, sveitarfélaga, Landsnets, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK ohf. og Orkubús Vestfjarða. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um kaup ríkis eða sveitarfélaga á eignarhlutum orkufyrirtækja í flutningsfyrirtækinu. Nefndin skal skila tillögum eigi síðar en 31. desember 2012.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að bætt verði við ákvæði 2. mgr. 8. gr. laganna, um viðskiptavini flutningsfyrirtækisins, að þeir geti líka verið þeir aðilar sem hafa leyfi samkvæmt lögunum til að stunda viðskipti með raforku.

Í c-lið greinarinnar er lagt til að 3. og 4. mgr. 8. gr. falli brott en þau ákvæði fjalla um stofnun flutningsfyrirtækisins og eru því úrelt og óþörf í dag.

Í d-lið greinarinnar er fjallað um hvaða starfsemi flutningsfyrirtækið má stunda og er þar lagt til að því verði heimilað að eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og bjóða út umframflutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða og selja út sérfræðiþekkingu fyrirtækisins ef eftir því er leitað, svo fremi samkeppni sé ekki raskað. Um er að ræða sambærilegar heimildir og hjá flutningsfyrirtækjum í nágrannalöndunum. Skal slíkri starfsemi haldið aðskildri í bókhaldi félagsins.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á orðalagi 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna þar sem kveðið er á um leyfi til að reisa línur sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri. Markmið greinarinnar er að gera ákvæðið skýrara og kveða nánar á um leyfisskyldu tiltekinna framkvæmda á þá vegu að ekki sé vafa undirorpið hvaða framkvæmdir við flutningskerfið skuli lúta ákvæðum um leyfisskyldu eður ei. Að óbreyttu kann núverandi orðalag ákvæðisins samkvæmt orðanna hljóðan að gera greinarmun á því hvort um sé að ræða byggingu loftlínu eða lagningu jarðstrengs. Til að taka af allan vafa er lagt til að orðalagi ákvæðisins sé breytt á þá vegu að leyfisskyldan taki til nýrra raflína sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri. Vísast þar til skilgreiningar á orðinu raflína í 12. tölul. 2. gr., þ.e. samsafn af leiðurum, einangrandi efni og tengdum búnaði til að flytja raforku milli tveggja staða innan raforkukerfis. Samkvæmt framanrituðu væri því ekki gerður greinarmunur á því hvort raflína væri lögð í jörðu eða hún reist ásamt því sem nauðsynlegur tengibúnaður við raflínuna yrði háður umræddri leyfisveitingu.

Um 5. gr.

Meginregla raforkulaganna er sú að flutningsvirki skuli tengjast flutningskerfinu og vera hluti af því. Í beinlínutengingu felst undanþága frá þessari meginreglu og felur í sér sjálfstæða línulögn milli einstakra virkjana og notenda. Viðkomandi lína telst þá ekki hluti af flutningskerfinu, ekki rekin af flutningsfyrirtækinu og yrði alfarið á ábyrgð eiganda línunnar. Dæmi um slíkt gæti t.d. verið ef sami aðili mundi reisa stóriðjuver og virkjun sem annaði raforkuþörf iðjuversins. Ljóslega verða bæði notandinn og virkjunaraðilinn að vera samþykkir því að reist sé bein lína. Eðlilegast er að aðilar sæki sameiginlega um leyfið en semji sín á milli um eignarhald og annað sem viðkemur flutningsvirkinu. Skilyrði fyrir beinlínutengingu

er að hvorki virkjun né notandi tengist flutningskerfinu með öðrum hætti og njóti því ekki þess öryggis sem felst í tengingu við flutningskerfið.

Um 6. gr.

Í núgildandi raforkulögum fjallar 12. gr. um tekjumörk og gjaldskrá. Í þessu frumvarpi er sú grein gerð mun ítarlegri en áður og nokkrar breytingar lagðar til. Lagt er til að ákvæðinu verði nú skipt í tvo hluta þar sem 12. gr. fjallar um setningu tekjumarka en 12. gr. a um gjaldskrá.

Lagt er til að settur verði skýrari rammi um það hvernig tekjumörk skulu ákvörðuð. Mikilvægt er að tekjumörk séu sett þannig að í þeim felist réttir hvatar fyrir flutningsfyrirtækið til þess að hagræða í hvívetna og þannig stuðlað að þjóðhagslega hagkvæmum raforkuflutningi. Um leið þarf að tryggja fyrirtækinu rekstrargrundvöll til lengri tíma og hvetja til hagkvæmra fjárfestinga.

Í 1. mgr. kemur fram að markmiðið með setningu tekjumarka er í senn að tryggja hagræðingu í rekstri og að tekjur séu í samræmi við tilkostnað að teknu tilliti til arðsemi. Hvatar til hagræðingar verða til með afmörkun tekjumarkatímabila. Raforkuflutningur er í eðli sínu náttúruleg einokun sem leiðir óhindrað til hærra verðs og minni umsvifa en við samkeppni Af þessum sökum er nauðsynlegt að stýra verði með því að setja hámark á leyfðar tekjur. Hins vegar er ljóst að fyrirtækið verður að bera arð og gera þarf ráð fyrir því í tekjumörkum. Heimilar tekjur byggjast á tilteknum kostnaðarliðum við reksturinn og því er mikilvægt að kostnaði sé haldið í skefjum. Það er gert með því að setja leyfilegan kostnað fastan á tilteknu tímabili (tekið er tillit til almennra verðlagshækkana). Takist fyrirtækinu að lækka rekstrarkostnað heldur það ávinningnum af því þar til næstu tekjumörk eru sett en þá er hagræðingu skilað til notenda með töfum sem nemur uppfærslu rekstrarkostnaðar í nýjum tekjumörkum. Slíkt fyrirkomulag er því mjög til hagsbóta fyrir notendur.

Samkvæmt 9. gr. raforkulaga skal flutningsfyrirtækið byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Tekjumörk tryggja fyrirtækinu fullar tekjur á móti nýfjárfestingum og þeim fjárfestingum sem mynda fastafjármuni. Þetta getur skapað vandamál sem er óhjákvæmilegur fylgifiskur þeirrar reglunar sem hér er fylgt. Það verður til hvati fyrir flutningsfyrirtækið að fjárfesta meira en arðsamt er. Það er því hætta á offjárfestingu og því fer ekki endilega saman rekstrarleg og þjóðhagsleg arðsemi.

Til að stuðla að því að aðeins sé ráðist í þjóðhagslega hagkvæmar fjárfestingar er því nauðsynlegt að opinber aðili fari yfir fjárfestingaráætlanir til samþykktar eða höfnunar á þeim grundvelli og að vel sé fylgst með fjárfestingum flutningsfyrirtækja og þeim kostnaði sem þeim fylgir. Gæta þarf þess í hvívetna að lágmarka kostnað sem stofnað er til að teknu tilliti til þeirra krafna sem fram koma í 9. gr. laganna.

Í 2. mgr. er fjallað um fyrirkomulag setningar tekjumarka. Þar segir að Orkustofnun setji flutningsfyrirtækinu tekjumörk. Orkustofnun hefur eftir sem áður eftirlit með starfsemi flutningsfyrirtækisins, er „reglunaraðilinn“. Þá segir að tekjumörkin skuli vera tvískipt, annars vegar vegna flutnings til dreifiveitna og hins vegar til stórnotenda og tilgreint að tekjumörkin til stórnotenda skulu vera í bandaríkjadölum. Gjaldskrá vegna flutnings til stóriðju er nú þegar í bandaríkjadölum og til þess að draga úr gengisáhættu og gæta samræmis er rökrétt að tekjumörk séu í sömu mynt og gjaldskráin. Þá skal kostnaði bæði við rekstur og fjárfestingar hvors hluta haldið til haga til að mynda grundvöll tekjumarka. Það leggur flutningsfyrirtækinu þær skyldur á herðar að greina allan rekstrarkostnað og fjárfestingar eftir því

hvorum hluta slíkt tilheyrir og kallar á – eins og fram kemur í næstu málsgrein – reglulega endurskoðun þeirrar skiptingar eftir því sem raforkukerfið stækkar og þróast. Með þessu frumvarpi er tekjumarkatímabilið lengt úr þremur árum í fimm til þess að auka hvata til hagræðingar í rekstri. Með lengingu tekjumarka heldur framleiðandi hagræðingu lengur en áður og sterkari hvati til hagræðingar verður til fyrir vikið sem á endanum verður til hagsbóta fyrir notendur. Annarri starfsemi flutningsfyrirtækisins er haldið utan tekjumarka á þeim forsendum að það sé fyrst og fremst flutningurinn sem sé einokunarstarfsemi í eðli sínu og háður reglun.

Í 3. mgr. eru tiltekin fjögur viðmið sem nota skal við setningu tekjumarka. Þau eru: rekstrarkostnaður sem tengist flutningsstarfsemi, arðsemi af flutningsstarfsemi, afskriftir fastafjármuna og áreiðanleiki afhendingar.

Rekstrarkostnaður. Skilgreint er hvað skuli talið með í rekstrarkostnaði og að við setningu tekjumarka skuli taka tillit til meðaltals kostnaðar við rekstur næstu fimm ára á undan með eins árs töf með áhrifum verðlagsbreytinga auk áhrifa nýrra stórra fjárfestinga á þann kostnað. Þar sem tekjumörkin eru sett til fimm ára fram í tímann er nauðsynlegt að tekið sé tillit til kostnaðar við rekstur á fimm ára tímabili þar á undan svo ekki verði til rangir hvatar í rekstrinum. Væri aðeins litið til næstu þriggja ára á undan gæti fyrirtækið freistast til að hafa rekstrarkostnað hlutfallslega hærri þau ár sem lægju til viðmiðunar en hafa kostnað lægri á þeim árum sem ekki væru lögð til grundvallar og færa þannig kostnað milli ára eftir því sem unnt væri. Með því að hafa tímabil tekjumarka og viðmiðunar jafnlöng er hvatt til jafnvægis í rekstrinum og tekið jafnt tillit til alls kostnaðar við setningu nýrra tekjumarka. Til að ákveða tekjumörk þarf að gera ráð fyrir raunhæfum kostnaði og því er nauðsynlegt að leiðrétta rekstrarkostnað sl. fimm ára fyrir verðlagsbreytingum og áhrifum nýrra fjárfestinga. Jafnframt er í 3. mgr. mælt fyrir um að endurskoða skuli skiptingu rekstrarkostnaðar milli stórnotenda og dreifiveitna bæði þegar stórar fjárfestingar eigi sér stað og við setningu nýrra tekjumarka. Í fyrra tilfellinu er ljóst að verulegar breytingar geta orðið á skiptingu rekstrarkostnaðar þegar nýjar fjárfestingar koma inn og í síðara tilfellinu er tekið á áhrifum smærri fjárfestinga á þessa skiptingu og það talið nægja á fimm ára fresti.

Nokkurs konar viðbótarákvæði um hagræðingu er hnýtt við umfjöllun um rekstrarkostnað sem viðmið tekjumarka. Þetta ákvæði gefur eftirlitsaðila tækifæri til að kalla eftir meiri hagræðingu ef hinn „innbyggði“ hagræðingarhvati sem fæst með setningu tekjumarkatímabila er ekki talinn hafa skilað nægjanlegri hagræðingu. Í þessari heimild felst að Orkustofnun getur gert sérstaka hagræðingarkröfu á flutningsfyrirtækið í upphafi nýs tekjumarkatímabils ef markmið laganna um skilvirkni í rekstri nást ekki. Hagræðingarkrafan skal byggjast á viðmiðum úr sambærilegum rekstri að undangengnu hagrænu mati. Orkustofnun þarf að kalla til sérfræðinga utan stofnunarinnar til að meta hagræðingarkröfuna og flutningsfyrirtækið skal fá tækifæri til að skýra sitt sjónarmið. Tilteknir eru tímafrestir við ferlið.

Arðsemi. Núverandi lög kveða á um að arðsemi flutningsfyrirtækisins skuli vera jöfn markaðsávöxtun á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum til fimm ára. Jafnframt er í reglugerð kveðið á um hvernig kostnaður og eignagrunnur skulu uppfærðir með verðlagi. Á þessu fyrirkomulagi hafa verið tveir gallar. Annars vegar er arðsemisviðmiðunin of lág (þ.e. raunávöxtunarþátturinn), sem þýðir að hvorki eru til staðar eðlilegir hvatar til fjárfestingar né heldur er tryggt að fyrirtækinu séu búin þau skilyrði að það geti fjármagnað sig á eðlilegum forsendum til lengri tíma. Hins vegar þýðir uppfærsla eignagrunns með verðlagi að tvisvar er tekið tillit til verðbólgu, fyrst með uppfærslu miðað við vísitölu neysluverðs og síðan með verðbólguálagi óverðtryggðra skuldabréfa sem hefur gert arðsemisviðmiðunina of háa. Þetta

hefur að vísu hingað til eingöngu átt við stórnotendahlutann vegna ákvæða í núverandi lögum um tímabundna hálfa arðsemi sem féll úr gildi á árinu 2010. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að arðsemisviðmiðunin byggist á vegnum fjármagnskostnaði (WACC) í samræmi við það sem tíðkast í svipuðum rekstri í öðrum Evrópulöndum. Þá er gengið út frá tilteknu hlutfalli skulda og eigin fjár í fjármögnun fyrirtækisins og viðeigandi áhættuálagi bætt á ávöxtunarkröfu vegna eigin fjár. Vaxtaþættirnir eru myndaðir á grundvelli líkansins um verðlagningu eigna (e. Capital Asset Pricing Model). Almennt skal við útreikning taka mið af hagkvæmasta hlutfalli skulda og eigin fjár, fremur en raunverulegu hlutfalli í bókum einstakra fyrirtækja. Þá skal við útreikning vaxta af skuldum taka mið af vöxtum sem tíðkast í sambærilegum rekstri fremur en í bókum einstakra fyrirtækja. Hætta er á að ef vextir skulda einstakra fyrirtækja séu lagðir til grundvallar tapist hvatinn til að lágmarka vaxtakostnað þar eð vextir fengjust þá sjálfkrafa bættir eða tekjur væru teknar af flutningsfyrirtækinu ef það gerði betur í fjármögnun.

Nýlunda er hér að við ákvörðun á arðsemi er miðað við veltufjármuni auk fastafjármuna. Í núgildandi lögum er litið fram hjá því að fyrirtæki nota ekki aðeins fastafjármuni í rekstrinum heldur þurfa þau einnig töluverða veltufjármuni sem fela í sér t.d. birgðir og skammtímakröfur. Í tilviki flutningsfyrirtækisins hafa veltufjármunir verið á bilinu 20–25% af tekjum undanfarin ár. Því segir í 3. mgr. að miða skuli við bókfært virði fastafjármuna auk 20% af tekjumörkum til þess að mæta kostnaði af veltufjármunum. Tekið er fram hvenær fjárfestingar fari inn í eignagrunn en það hefur áhrif á arðsemi og þar með tekjumörk. Stærri fjárfestingar bætast við jafnskjótt og þær eru teknar í notkun en minni fjárfestingar teljast til fastafjármuna frá því að þær eiga sér stað. Tillagan miðar að því að tekið verði tillit til fjárfestinga sem augljóslega hafa áhrif á forsendur tekjumarkasetningar og skiptingu eignagrunns og rekstrarkostnaðar milli tekjuramma. Slíkar leiðbeiningar er ekki að finna í núverandi raforkulögum sem hefur leitt til óþarfa óvissu um hvernig breytingar undanfarinna ára skuli meðhöndlaðar.

Eignastofn vegna tekjumarka fyrir stóriðju skal vera í bandaríkjadölum í samræmi við gjaldskrána og tekjumörkin fyrir þann hluta en í núverandi lögum er þessi eignastofn í íslenskum krónum. Þessi breyting stuðlar að meiri stöðugleika bæði í rekstri flutningsfyrirtækisins og í gjaldskrá fyrir stórnotendur. Jafnframt verður meira samræmi milli raunverulegra fjármagnsgjalda og leyfðra fjármagnsgjalda en fyrirtækið hefur fjármagnað sig að hluta til í erlendri mynt. Í 2. tölul. 3. mgr. er tekið fram að skipting eignagrunns milli tekjumarkahluta skuli endurskoðuð ekki sjaldnar en á fimm ára fresti. Slík regluleg endurskoðun er nauðsynleg til þess að tekjumörk séu rétt ákvörðuð. Í lokamálslið 2. tölul. 3. mgr. er lagt til að á grundvelli þeirra efnisreglna og viðmiða sem fram koma í 2. tölul. skuli arðsemi ákvörðuð að fengnu mati sérfróðra aðila. Mikilvægt er að óháður aðili, með sérfræðiþekkingu á þessu sviði, leggi mat á hver eðlileg arðsemi flutningsfyrirtækisins skuli vera þrátt fyrir að það sé síðan Orkustofnun sem setji flutningsfyrirtækinu tekjumörk, sbr. 2. mgr. 6. gr. Samkvæmt lokamálsgrein 6. gr. skal ráðherra setja reglugerð þar sem m.a. er nánar fjallað um mat sérfróðra aðila. Sams konar fyrirkomulag er lagt til varðandi ákvörðun á arðsemi dreifiveitna, sem lið í tekjumörkum dreifiveitna, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. segir að Orkustofnun yfirfari rekstraruppgjör flutningsfyrirtækisins sem skilað skal eigi síðar en 1. maí vegna fyrra árs. Eigi síðar en 1. ágúst skal Orkustofnun hafa lokið sínu uppgjöri. Í því felst að Orkustofnun uppfærir sett tekjumörk miðað við verðlagsbreytingar og aðrar breytingar sem 12. gr. heimilar, svo sem breytingu rekstrarkostnaðar og eigna-

grunns vegna nýrra fjárfestinga, og ber saman við raunverulegar rekstrarniðurstöður flutningsfyrirtækisins.

Í framhaldi af uppgjöri skv. 5. mgr. er hægt skv. 6. mgr. að færa of- eða vanteknar tekjur samkvæmt tekjumörkum milli ára en þær geta þó aldrei orðið meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum hvers uppgjörsárs. Ef svo ber undir skal ná hlutfallinu niður fyrir lok næsta árs á eftir. Segja má að þessar reglur séu til sveiflujöfnunar þannig að ekki þurfi stöðugt að vera að hreyfa við gjaldskrám þótt tekjumörkum sé ekki fylgt út í hörgul án þess þó að slíkur mismunur megi verða of mikill eða leiðrétting dragist of lengi.

Um 7. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gildandi ákvæði 12. gr. í raforkulögunum verði skipt upp í tvö ákvæði þannig að ákvæði 12. gr. a gildi um gjaldskrá flutningsfyrirtækisins en 12. gr. um tekjumörkin og setningu þeirra. Frumvarpið gerir ráð fyrir að litlar efnisbreytingar verði á gildandi ákvæði um gjaldskrá og vísast um það til greinargerðar með 12. gr. laga nr. 65/2003, 8. gr. laga nr. 89/2004, 2. gr. laga nr. 149/2004 og 4. gr. laga nr. 67/2008. Þó er nú lagt til að í lögin komi skýrt ákvæði um að gjaldskrá fyrir flutning fyrir stórnotendur verði í bandaríkjadölum. Þá er lagt til að smávægilegar breytingar verði á tímarammanum fyrir samþykki Orkustofnunar á gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.

Með 5. mgr. 7. gr. er lögð til breyting á núverandi 12. gr. raforkulaganna með það fyrir augum að koma til móts við þann möguleika að byggður sé upp orkufrekur iðnaður við eða í nágrenni við virkjun sem þegar er tengd flutningskerfinu. Er þá gert ráð fyrir að notandinn tengist beint við virkjun og sé í þeim skilningi ekki beintengdur flutningskerfinu en getur á hinn bóginn notið þess í gegnum tengingu virkjunarinnar og/eða að rekstur virkjunarinnar er háður tengingu við flutningskerfið. Í þessum tilvikum ber að greiða 60% af úttektargjaldi til stórnotenda. Þá er samkvæmt ákvæðinu heimilt að veita frekari afslátt ef úttekt stórnotandans er algjörlega bundin við virkjunina, þ.e. framleiðsla hans eða notkun stöðvast algjörlega ef orkuframleiðsla virkjunarinnar stöðvast. Skilyrt er að notandi greiði ætíð fyrir kerfisþjónustu til flutningsfyrirtækisins.

Með 6. mgr. er lagt til að komið sé sérstaklega til móts við notendur sem byggja upp framleiðslufyrirtæki við hlið eða skammt frá jarðvarmavirkjun og nýta frá henni fleiri afurðir en einungis raforku. Miklar væntingar eru bundnar við að hægt sé að byggja upp fyrirtæki sem nýtt geta koltvísýring og mögulega aðrar afurðir frá jarðvarmavirkjunum. Þar sem framleiðsla, starfsemi og rekstur þessara fyrirtækja er alfarið háð því að þau fái jöfnum höndum fleiri afurðir en raforku til þess að framleiðsluferlin séu í gangi er talið réttlætanlegt að heimila að viðkomandi aðilar geti sótt um undanþágu frá skilyrði 5. mgr. um stórnotanda og njóti þar með beinnar tengingar við virkjun þó svo að notkun nái ekki stórnotendaviðmiðum laganna.

Um 8. gr.

Með greininni er lagt til að við 13. gr. laganna, sem fjallar um sérleyfi til dreifingar, bætist nýr málsliður þess efnis að flutningsfyrirtækinu sé heimilt að flytja/dreifa rafmagni á sérleyfissvæði dreifiveitu til stórnotenda sem fá raforku afhenta á lægri spennu en 132 kV, að því gefnu að samkomulag náist þar að lútandi á milli flutningsfyrirtækisins og viðkomandi dreifiveitu. Er ákvæði þetta hugsað fyrir þann hóp viðskiptavina sem telst til minni stórnotenda en fyrir þá er oft og tíðum heppilegra að fá raforku afhenta á lægri spennu en 132

kV. Er gert ráð fyrir því að umræddir stórnotendur greiði þann kostnað sem af niðurspenningunni hlýst.

Um 9. gr.

Vísað er til almennra athugasemda við frumvarpið og athugasemda við 6. gr.

Um 10. gr.

Vísað er til almennra athugasemda við frumvarpið og athugasemda við 7. gr.

Um 11. gr.

Með greininni er lögð til ný grein sem kemur í kjölfar 18. gr. um leyfi til að reka raforkumarkað. Tekur greinin mið af 18. gr. sem fjallar um leyfi til að stunda raforkuviðskipti. Er gert ráð fyrir að ráðherra framselji Orkustofnun viðkomandi leyfisveitingarvald, sbr. 32. gr. núgildandi raforkulaga. Í gildandi lögum er kveðið á um heimild flutningsfyrirtækisins til að reka raforkumarkað en ekki er að finna ákvæði um það hvaða kröfur eru gerðar til þeirra sem óska eftir slíku leyfi eða hver veitir leyfið. Er ákvæði þetta því lagt til sem nýtt ákvæði í lögin.

Um 12.–14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við núgildandi raforkulög eru mörg hver úrelt og hafa ekkert sjálfstætt gildi lengur. Er með greininni lagt til að slík ákvæði til bráðabirgða verði afnumin og því um ákveðna hreinsun og uppfærslu á lagatextanum að ræða. Þau ákvæði sem lagt er til að falli brott eru I, III–XI, XIV og XV.

Um 16. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum og í umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins eru í viðauka við raforkulög skilgreindir allir afhendingarstaðir til dreifiveitna úr flutningskerfinu. Talið er að slík lögfesting afhendingarstaða geti hamlað hagkvæmri útfærslu og uppbyggingu flutningskerfisins. Er því lagt til að viðaukinn verði afnuminn.

Um 17. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi þegar við birtingu. Hins vegar er lagt til að ákvæði a-liðar 3. gr., sem fjallar um eignarhald flutningsfyrirtækisins, komi til framkvæmda 1. janúar 2015 og að ákvæði 6., 7., 9. og 10. gr. komi til framkvæmda 1. janúar 2011. Fjalla þau ákvæði um tekjumörk og gjaldskrá og er æskilegt að þau ákvæði komi til framkvæmda um áramót bæði af tæknilegum ástæðum og til að veita hæfilega aðlögun að breyttu fyrirkomulagi.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum og í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins er lagt til að iðnaðarráðherra skipi nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis, sveitarfélaga, flutningsfyrirtækisins, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK ohf. og Orkubús Vestfjarða. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um kaup

ríkis eða sveitarfélaga á hlut orkufyrirtækja í flutningsfyrirtækinu. Nefndin skal skila tillögum eigi síðar en 31. desember 2012.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Samkvæmt 6. og 9. gr. þessa frumvarps eru settar takmarkanir á færslu of- eða vantekinna tekna samkvæmt tekjumörkum milli ára. Þannig skulu þær aldrei nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum. Þar eð þessar takmarkanir eru nýmæli þykir rétt að gefa þeim fyrirtækjum sem eru fyrir utan þessi mörk í lok árs 2009 ákveðið svigrúm til að bregðast við.

Vanteknar tekjur má rekja til þess að gjaldskrá viðkomandi fyrirtækja hefur að jafnaði verið lægri en tekjumörk hafa gefið tilefni til. Með ákvæðinu er þeim fyrirtækjum sem hafa haldið raforkuverði tiltölulega lágu undanfarin ár heimilað að setja gjaldskrá sem miðar að því að þau njóti þeirrar inneignar sem þau hafa safnað. Þó er heimildin ekki ótakmörkuð. Verði uppsafnaðar vanteknar tekjur enn yfir viðmiðunarmörkum í lok árs 2020 er fyrirtækjunum óheimilt að flytja það sem umfram er milli ára. Fyrirtækjunum eru einnig settar skorður sem ætlað er að draga úr mögulegum áhrifum á raforkuverð. Þannig skulu tekjur hvers árs ekki fara meira en 3% fram úr uppfærðum tekjumörkum þess árs af þessum orsökum.

Einnig þykir rétt að gefa þeim fyrirtækjum sem hafa uppsafnaðar ofteknar tekjur umfram viðmiðunarmörk í árslok 2009 svigrúm til að koma sér niður fyrir mörkin. Með því er jafnframt stefnt að því að draga úr sveiflum í raforkuverði. Fari uppsafnaðar of- eða vanteknar tekjur niður fyrir framangreind mörk á ákvæðið ekki lengur við eðli málsins samkvæmt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi eru lagðar til nýjar skilgreiningar á hugtökunum flutningskerfi og stórnotandi. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á skilyrðum fyrir veitingu virkjanaleyfis. Lagt er til að heimildir virkjana til að tengjast dreifikerfi verði rýmkaðar með því að endurskoða stærðarmörk þannig að virkjunum sem eru 10 MW eða stærri sé heimilt að tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu. Í gildandi lögum eru mörkin miðuð við 7 MW. Í þriðja lagi er lagt til að flutningsfyrirtækið Landsnet skuli vera í beinni meirihlutaeign ríkis og/eða sveitarfélaga frá og með 1. janúar 2015. Samkvæmt gildandi lögum skal flutningsfyrirtækið ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila. Til þess að þetta nái fram að ganga þarf að ná samkomulagi um uppskipti eða kaup á eignarhlut Landsnets við þau félög ríkisins sem fara með eignarhlut í Landsnetinu. Samkvæmt ársreikningi 2009 var eigið fé Landsnets rúmir 8 milljarðar kr. en um 93% fyrirtækisins eru í eigu ríkisfyrirtækja í orkuiðnaði og um 7% eru í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Gangi þessar eignayfirfærslur eftir kann ríkissjóður að þurfa að leggja fram stofnfé en á móti mun hlutur ríkissjóðs í kaupunum færast til eignar í efnahagsreikningi. Í fjórða lagi er lagt til að flutningsfyrirtækinu verði m.a. heimilað að eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og bjóða út um-

framflutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða. Í fimmta lagi eru lögð til ný ákvæði um tekjumörk og gjaldskrá bæði flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna. Lagt er til að tekjumörkin verði samtala rekstrarkostnaðar, afskrifta og útreiknaðrar framlegðar fyrir fjármagnsliði og skatta. Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins á þannig að standa almennt undir meðalkostnaði við rekstur fyrirtækisins að teknu tilliti til sjónarmiða um arðsemi. Í sjötta lagi er lagt til breytt ákvæði um beinar tengingar milli notenda og virkjana sem tekur mið af kröfum sem koma fram í 22. gr. tilskipunar 2003/54/EB.

Ekki verður séð að útgjöld, sem færast í rekstrareikning A-hluta ríkisjóðs, muni aukast verði frumvarpið óbreytt að lögum.

62. Frumvarp til laga [61. mál]

um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

9. samning milli Evrópusambandsins, Íslands, Liecthensteins og Noregs um EES-fjármagnskerfið 2009–2014.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

1. gr. samningsins, sem vísað er til í 9. tölul. 1. gr., skal hafa lagagildi hér á landi.

Þau ákvæði samningsins, sem vísað er til í 9. mgr., eru prentuð sem fylgiskjal VIII með lögum þessum.

3. gr.

1. gr. samningsins um EES-fjármagnskerfið 2009–2014, sem vísað er til í 2. gr. laga þessara, er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fylgiskjal VIII með lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.
1. gr. samnings um EES-fjármagnskerfið 2009–2014.

1. gr.

Í stað 117. gr. EES-samningsins komi eftirfarandi:

Í bókun 38, bókun 38a, og viðauka við hana, og í bókun 38b er að finna ákvæði um fjármagnskerfið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allt frá gildistöku EES-samningsins hafa EES-ríkin innan EFTA, Noregur, Ísland og Liechtenstein, skuldbundið sig til að inna af hendi tilteknar greiðslur til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða innan EES með það fyrir augum að stuðla að jafnri og stöðugri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila eins og kveðið er á um í 1. gr., sbr. 115. gr. EES-samningsins. Hefur þetta falist í fjárhagslegum framlögum EES-ríkjanna innan EFTA til tiltekinna ríkja innan ESB, sbr. 116. gr. EES-samningsins. Þessi þáttur EES-samningsins hefur ávallt verið tímabundinn og gilt í fimm ár í senn. Var hann fyrst framlengdur árið 1999. Er það viðhorf ESB að þessi stuðningur sé ein af forsendum EES-samningsins. Það er ástæða þess að sambandið tekur málið ítrekað upp að liðnum gildistíma sjóðanna.

Við stækkun EES árið 2002 vegna fjölgunar aðildarríkja ESB gerði ESB ríkari kröfur en áður til EES-ríkjanna innan EFTA um fjárhagsleg framlög á grundvelli framangreindra ákvæða EES-samningsins. Niðurstaða samningaviðræðna varð sú að stofnað var nýtt fjármagnskerfi EES (hér eftir kallað Þróunarsjóður EFTA) fyrir nýju samningsaðilana, auk Grikklands, Spánar og Portúgals. Kom Þróunarsjóður EFTA í stað sjóðsins sem verið hafði við lýði frá upphafi samningsins og endurnýjaður var árið 1999. Fjárframlög til þessa sjóðs hækkuðu verulega frá því sem verið hafði. Búlgaría og Rúmenía bættust í hóp þeirra ríkja sem nutu framlaga úr Þróunarsjóðnum árið 2007 og hækkaði þá framlag EES-ríkjanna innan EFTA nokkuð. Frumvörp vegna þessara breytinga voru samþykkt á Alþingi árin 2004 og 2007.

Samhliða ofangreindum breytingum á fyrirkomulagi sjóðsins náðust samningar um niðurfellingu tolla á ákveðnu magni tiltekinna sjávarafurða. Samningar þar um höfðu sama gildistíma og samningar um sjóðinn. Eru í þessum samningum fólgnir sérstakir hagsmunir fyrir íslenskan sjávarútveg en þeir tryggja árlegan tollfrjálsan útflutning á fimm ára tímabili fyrir 950 tonn af heilfrystri síld, 520 tonn af frosnum leturhumri og 750 tonn af ferskum eða kældum karfaflökum.

Að kröfu ESB var á ný gengið til samninga um Þróunarsjóðinn árið 2008 þegar leið að lokum gildistíma hans. Tóku samningaviðræður langan tíma og reyndust erfiðar, ekki síst vegna þess að framkvæmdastjórn ESB gerði á ný kröfur um aukin fjárframlög sem EES-ríkin innan EFTA töldu óraunhæfar með öllu. Samningaviðræðum lauk á vormánuðum árið 2010 og var samningur um endurnýjaðan sjóð undirritaður í ágúst sama ár.

Samningurinn er að efni til í samræmi við hina fyrri. Nokkur hækkun verður á heildarfjárhæð fjárframlaga í sjóðinn, úr um 150 milljónum evra árlega í 198 milljónir. Tekið skal fram að árlegt framlag Íslands er óbreytt frá því sem verið hefur undanfarin fimm ár og munu því Noregur og Liechtenstein bera þungann af þessari hækkun. Með þessum hætti var tekið tillit til alvarlegrar efnahagslegrar stöðu Íslands í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Ekki er sérstaklega fjallað um þetta í samningnum sem hér liggur fyrir en EES-ríkin innan EFTA hafa tekið sérstaka ákvörðun um skiptingu þessa kostnaðar þar sem þetta er staðfest. Árlegt framlag Íslands mun aldrei fara fram úr 6,8 milljónum evra. Árlegt framlag Liechtenstein mun verða 2,2 milljónir og Noregs 189 milljónir evra. Til viðbótar leggur Noregur fram ár hvert 160 milljónir evra í sérstök tvíhliða framlög.

Samningurinn felur í sér tæknilega breytingu á 117. gr. EES-samningsins en meginmál samningsins er lögfest hér á landi, sbr. lög nr. 2/1993. Bæta þarf við 117. gr. samningsins tilvísun til nýrrar bókunar 38b um endurnýjaðan sjóð sem taka mun til tímabilsins 2009–2014.

Samhliða þessum nýja samningi var endurnýjaður samningur Noregs og ESB um sérstök tvíhliða framlög Noregs til ríkjanna sem gengu í ESB og EES árin 2004 og 2007. Þar var einnig um nokkra hækkun fjárframlaga að ræða, úr 635 milljónum í 800 milljónir evra.

Jafnframt var gerður samningur um viðskipti með sjávarafurðir á sömu nótum og sá samningur sem gilt hefur undanfarin fimm ár. Mun sá samningur taka gildi samhliða nýjum samningi um sjóðinn.

Samráð var haft við fulltrúa hagsmunaaðila í sjávarútvegi á meðan samningaferlinu stóð um samninginn um viðskipti með sjávarafurðir. Að því er varðar samninginn um Þróunarsjóð EFTA tóku fulltrúar utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins þátt í viðræðunum en ekki var séð að málið snerti hagsmunaaðila með þeim hætti að þörf væri á sérstöku samráði við þá á þessu stigi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að heimilað verði að fullgilda fyrir Íslands hönd nýjan samning um EES-fjármagnskerfið fyrir tímabilið 2009–2014. Með því er fullnægt hinni þjóðréttarlegu skuldbindingu sem Ísland hefur undirgengist. Er sami háttur hafður hér á og í þau skipti sem breytingar hafa verið gerðar á orðalagi EES-samningsins, sbr. stækkun EES árin 2004 og 2007.

Um 2. gr.

Með 2. gr. er lagt til að 1. gr. samningsins hafi lagagildi hér á landi þar sem í ákvæðinu felst breyting á sjálfu meginmáli EES-samningsins. Þar sem meginmálið hefur lagagildi hér á landi samkvæmt lögum nr. 2/1993 er nauðsynlegt að lögfesta einnig breytingar á meginmáli samningsins.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Athugasemdir um einstök ákvæði bókunar 38b (sjá fylgiskjal I).

Eins og að framan er getið er hér um að ræða endurnýjun á fyrri sjóði en þó með þeirri breytingu að um nokkra hækkun fjárframlaga í sjóðinn er að ræða. Þunginn af þeirri hækkun verður borinn af öðrum EES-ríkjum innan EFTA en Íslandi samkvæmt samkomulagi þeirra á milli.

Um 1. gr. bókunar 38b.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að EES-ríkin innan EFTA skuli leggja sitt af mörkum fjárhagslega til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi á EES. Slík framlög renna til þeirra forgangsgeira sem fjallað er um í 3. gr.

Um 2. gr. bókunar 38b.

Í ákvæðinu er fjallað um fjárframlagið sjálft, fjárhæð þess, hvernig það verði greitt og yfir hvaða tímabil.

Um 3. gr. bókunar 38b.

Í 3. gr. er mælt fyrir um að veita skuli styrki úr sjóðnum til verkefna í nánar tilgreindum forgangsgeirum. Sterk áhersla er á umhverfis- og loftslagsmál auk þess sem gert er ráð fyrir að styðja það sem nefnt er borgaralegt samfélag, þróun lífskjara og félagslegra þátta auk verndar menningararfleifðar. Innan ramma þessara forgangsgeira er gert ráð fyrir að ýmis verkefnasvið geti notið stuðnings. Hér má nefna verkefni sem lúta að endurnýjanlegri orku, aðlögun að loftslagsmarkmiðum, rannsóknum og þróun á sviði loftslagsmála, almannaheilsu, menningarmála o.s.frv.

Ætla má að sú áhersla sem lögð er á loftslagsmálin geti skapað íslenskum fyrirtækjum tækifæri til að leita eftir samstarfsverkefnum í þeim ríkjum sem um ræðir og styðja þannig við þessi ríki með þekkingu sinni og reynslu. Í því skyni gætu samstarfsaðilar í viðkomandi ríkjum sóst eftir stuðningi úr sjóðnum. Þá er þess sérstaklega getið í 2. mgr. að heimilt sé að veita fjárstyrki til fræðilegra rannsókna sem beinast að einum eða fleiri forgangsgeirum og því munu t.d. jarðhitarannsóknir falla hér undir.

Um 4. gr. bókunar 38b.

Í 4. gr. er kveðið á um þær reglur sem gilda um styrki til einstakra verkefna. Er þar kveðið á um hámarkshlutföll fjármögnunar.

Samkvæmt 2. mgr. skal virða reglur um ríkisaðstoð við úthlutun úr sjóðnum.

Þá skal framkvæmdastjórn ESB skoða tillögur um verkefni og ganga úr skugga um að þær samræmist markmiðum sambandsins. Endanlegt ákvörðunarvald um stuðning við verkefni er hins vegar í höndum nefndar EFTA-ríkjanna sem starfar skv. 8. gr.

Þá verða EFTA-ríkin ekki ábyrg gagnvart þriðja aðila að því er varðar framkvæmd einstakra verkefna skv. 4. mgr.

Um 5. gr. bókunar 38b.

Í 5. gr. er kveðið á um hvaða ríki það eru sem njóta skulu stuðnings og hvernig fjármagnið skiptist á milli þeirra. Sérstök athygli er vakin á því að gert er ráð fyrir að framlagið til Spánar sé tímabundið til loka ársins 2013. Er þetta í samræmi við stöðu Spánar innan sambærilegra sjóða ESB.

Um 6. gr. bókunar 38b.

Í 6. gr. er mælt fyrir um hvernig standa skuli að endurúthlutun árlegra fjárframlaga EFTA-ríkjanna sem af einhverjum ástæðum hefur ekki verið úthlutað. Samsvarandi ákvæði er að finna í fyrri bókun um sjóðinn.

Um 7. gr. bókunar 38b.

Fjárframlög úr Þróunarsjóði EFTA skulu vandlega samræmd tvíhliða framlagi Noregs sem kveðið er á um í sérstökum samningi milli ESB og Noregs. EFTA-ríkin skulu sjá til þess að sömu reglur gildi um málsmeðferð við umsóknir beggja fjármagnskerfanna. Samsvarandi ákvæði var einnig að finna í reglum um fyrri sjóð.

Um 8. gr. bókunar 38b.

Ákvæðið mælir fyrir um ákveðnar grunnreglur um framkvæmd styrkveitinga. Skipulag styrkveitinga er ákveðið í nánu samstarfi þeirra ríkja sem veita aðstoð og þeirra sem hana þiggja. Gert er ráð fyrir að gerð verði viljayfirlýsing við viðkomandi ríki sem þiggja aðstoð

þar sem rammi verður settur fyrir áætlanir um ráðstöfun stuðningsins auk skipulags og stjórnunar. Markmiðið er að tryggja greiða framkvæmd stuðningsins og að tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna (forgangsröð) í einstökum ríkjum. Síðan er gert ráð fyrir að ríkin leggi fram sérstakar áætlanir sem EES-ríkin innan EFTA munu yfirfara og samþykkja. Um hverja áætlun verður gerður sérstakur samningur, en ábyrgðin á framkvæmdinni er ríkjanna sem njóta stuðnings. Miðað er við að allur undirbúningur áætlana ríkjanna fari fram í breiðu samráði innanlands í viðkomandi ríki. Áætlanir geta verið framkvæmdar í samstarfi við aðila í EES-ríkjunum innan EFTA. Eftirlit mun verða á höndum EES-ríkjanna innan EFTA og ríkar kröfur verða gerðar í því efni til þiggjenda fjármuna. Heimilt verður að stöðva greiðslur ef svo ber undir, t.d. ef í ljós kemur rökstuddur grunur um spillingu í tengslum við ráðstöfun fjármuna.

Tekið er fram að kostnaður af rekstri sjóðsins er greiddur af heildarframlagi EES-ríkjanna innan EFTA.

Um 9. gr. bókunar 38b.

Samkvæmt ákvæðinu munu samningsaðilar við lok fimm ára tímabilsins leggja mat á hvort enn sé þörf á að veita fjármuni til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi á Evrópska efnahagssvæðinu. Eru EES-ríkin innan EFTA því ekki skuldbundin til að greiða til sjóðsins lengur en til fimm ára, en að loknu því tímabili skal taka ákvörðun um hvort halda skuli áfram slíkum greiðslum.

Fylgiskjal I.

BÓKUN 38B
UM FJÁRMAGNSKERFI EES (2009–2014)

1. gr.

Ísland, Liechtenstein og Noregur („EFTA-ríkin“) skulu leggja sitt af mörkum til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi á Evrópska efnahagssvæðinu með því að veita fjárstyrki til þeirra forgangsgeira sem skráðir eru í 3. gr. og efla tengsl sín við þau ríki sem njóta styrkja.

2. gr.

Framlagið, sem kveðið er á um í 1. gr., skal nema 988,5 milljónum evra alls og skulu vera til ráðstöfunar á hverju ári 197,7 milljónir evra á tímabilinu 1. maí 2009 til 30. apríl 2014, að báðum dögum meðtöldum.

3. gr.

1. Fjárframlögin skulu vera til ráðstöfunar í eftirtöldum forgangsgeirum:
   a) umhverfisvernd og umhverfisstjórnun,|
   b) loftslagsbreytingar og endurnýjanleg orka,
   c) borgaralegt samfélag,
   d) þróun lífskjara og félagslegra þátta,
   e) verndun menningararfleifðar.

2. Heimilt er að veita fjárstyrki til fræðilegra rannsókna sem beinast að einum eða fleiri forgangsgeirum.

3. Viðmiðunarúthlutun til hvers ríkis, sem nýtur styrks, er a.m.k. 30% samanlagt til forgangsgeira a og b og 10% til forgangsgeira c. Í samræmi við verklagsreglurnar, sem um getur í 2. mgr. 8. gr., skal gæta sveigjanleika við val, sameiningu og aðlögun forgangsgeira og miða við ólíkar þarfir í hverju því ríki sem nýtur styrks og skal hliðsjón höfð af stærð þess og fjárframlagi.

4. gr.

1. Framlag EFTA skal ekki fara yfir 85% af kostnaði við áætlun. Í sérstökum tilvikum getur það numið 100% af kostnaði við áætlun.

2. Virða skal gildandi reglur um ríkisaðstoð.

3. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal skoða allar áætlanir og breytingar á þeim og ganga úr skugga um að þær samrýmist markmiðum Evrópusambandsins.

4. Ábyrgð EFTA-ríkjanna á verkefnunum takmarkast við fjárveitingar samkvæmt samþykktri áætlun. Þau bera ekki ábyrgð gagnvart þriðja aðila.

5. gr.

Fjárveitingar skulu renna til eftirfarandi ríkja sem njóta styrks: Búlgaríu, Tékklands, Eistlands, Grikklands, Spánar, Kýpur, Lettlands, Litháen, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Portúgals, Rúmeníu, Slóveníu og Slóvakíu.

Spánn fær úthlutað 45,85 milljónum evra vegna tímabundins stuðnings á tímabilinu 1. maí 2009 til 31. desember 2013. Því fjármagni sem eftir stendur er, að teknu tilliti til aðlagana til bráðabirgða, skipt niður með eftirfarandi hætti:

	Fjármagn (milljónir evra)
Búlgaría	78,60
Tékkland	61,40
Eistland	23,00
Grikkland	63,40
Kýpur	3,85
Lettland	34,55
Litháen	38,40
Ungverjaland	70,10
Malta	2,90
Pólland	266,90
Portúgal	57,95
Rúmenía	190,75
Slóvenía	12,50
Slóvakía	38,35

6. gr.

Í því skyni að endurúthluta þeim fjármunum, sem hefur ekki verið úthlutað og eru til ráðstöfunar til forgangsverkefna, í einhverju þeirra ríkja sem njóta styrks, skal fara fram endurskoðun á styrkúthlutun í nóvember 2011 og aftur í nóvember 2013.

7. gr.

1. Fjárframlögin, sem kveðið er á um í bókun þessari, skulu vandlega samræmd tvíhliða framlagi Noregs sem kveðið er á um í samningi um norska fjármagnskerfið.

2. Einkum skulu EFTA-ríkin sjá til þess að sömu reglur gildi um málsmeðferð við umsóknir til beggja fjármagnskerfanna sem um getur í málsgreininni hér að framan.

3. Tillit skal tekið til viðeigandi breytinga sem verða á samheldnistefnumiðum Evrópusambandsins eftir því sem við á.

8. gr.

Framkvæmd fjármagnskerfis EES skal vera sem hér segir:

1. Gæta verður fullkomins gagnsæis, ábyrgðar og kostnaðarhagkvæmni á öllum stigum framkvæmdar og skal fylgja meginreglum um góða stjórnunarhætti, sjálfbæra þróun og jafnrétti kynjanna. Vinna skal að markmiðum fjármagnskerfis EES í nánu samstarfi milli þeirra ríkja sem njóta styrks og EFTA-ríkjanna.

2. EFTA-ríkin skulu, til að tryggja markvissa og skilvirka framkvæmd, og að teknu tilliti til forgangsatriða í hverju ríki, undirrita viljayfirlýsingu með hverju ríki sem nýtur styrks þar sem fram er settur rammi fyrir áætlanir til margra ára og skipulag stjórnunar og eftirlits.

3. Eftir undirritun viljayfirlýsingarinnar skal ríki sem nýtur styrks leggja fram tillögur að áætlun. EFTA-ríkin munu leggja mat á og samþykkja tillögurnar og gera samninga um styrki fyrir hverja áætlun við þau ríki sem njóta styrks. Fjárhæð framlags skal koma fram í sundurliðun áætlunarinnar. Í undantekningartilvikum má tilgreina verkefni innan áætlana, þ.m.t. skilyrði fyrir vali, samþykki og eftirliti, í samræmi við þau ákvæði um framkvæmd sem um getur í 8. mgr.

Framkvæmd samþykktra áætlana er á ábyrgð þeirra ríkja sem njóta styrks. Ríki sem njóta styrks skulu koma á viðeigandi stjórnunar- og eftirlitskerfi til að tryggja trausta framkvæmd og stjórnun.

4. Þar sem við á skal hafa samstarf um undirbúning, framkvæmd, eftirlit og mat á fjárframlagi til að tryggja víðtæka þátttöku. Samstarfsaðilar geta m.a. verið af staðbundnum, svæðisbundnum og landsbundnum vettvangi, úr einkageiranum, borgaralegu samfélagi, svo og aðilar vinnumarkaðarins í ríkjum sem njóta styrkja og í EFTA-ríkjunum.

5. Eftirlitskerfið, sem komið er á fót vegna stjórnunar á fjármagnskerfi EES, skal tryggja að meginreglan um trausta fjármálastjórnun sé virt. EFTA-ríkin skulu hafa eftirlit í samræmi við þau skilyrði sem þau setja hvert fyrir sig. Ríki, sem njóta styrks, skulu leggja fram nauðsynlega aðstoð, upplýsingar og skjöl í þessu skyni. EFTA-ríkjunum er heimilt að stöðva fjármögnun og krefjast endurheimtar fjármuna ef í ljós kemur að reglur hafa verið sniðgengnar.

6. Heimilt er að koma verkefni, sem fellur undir ramma áætlana til margra ára í ríkjum sem njóta styrks, til framkvæmda í samstarfi við aðila sem hafa aðsetur í þeim ríkjum sem njóta styrks og EFTA-ríkjunum, í samræmi við gildandi reglur um opinber innkaup.

7. Stjórnunarkostnaður EFTA-ríkjanna skal greiddur af heildarfjárhæðinni sem um getur í 2. gr. og verður tilgreindur í ákvæðum um framkvæmd sem um getur í 8. mgr.

8. EFTA-ríkin skulu skipa nefnd sem stýrir fjármagnskerfi EES. EFTA-ríkin munu setja frekari ákvæði um framkvæmd fjármagnskerfis EES að höfðu samráði við þau ríki sem njóta styrks. EFTA-ríkin skulu leitast við að setja þessi ákvæði fyrir undirritun viljayfirlýsingarinnar.

9. gr.

Í lok fimm ára tímabilsins og með fyrirvara um réttindi og skyldur samkvæmt samningnum munu samningsaðilarnir endurskoða þörfina á að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi á Evrópska efnahagssvæðinu í ljósi 115. gr. samningsins.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að fullgilda samning um svonefnt EES- fjármagnskerfi fyrir árin 2009–2014 en skrifað var undir nýtt samkomulag við Evrópusambandið um framlög í þennan Þróunarsjóð EFTA í desember 2009. Samhliða því var endurnýjaður samningur um viðskipti með sjávarafurðir sem gilt hefur undanfarinn fimm ár. Er þetta sambærilegt fyrri samningum á þessu sviði á milli ESB og þeirra ríkja EFTA sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Samningurinn kveður á um fjárhagslegan stuðning EES/EFTA-ríkjanna við þau aðildarríki ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti. Markmiðið er að jafna samkeppnisstöðu þeirra aðildarríkja sem standa að innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins með því að draga úr efnahagslegri og félagslegri misskiptingu innan svæðisins. Samningarnir hafa alltaf gilt fimm ár í senn og voru þeir fyrst framlengdir árið 1999 og aftur árið 2004. Ísland hefur þó ávallt lagt á það ríka áherslu að engin lagaleg skuldbinding standi til greiðslna af þessum toga.

Samkvæmt samkomulaginu hafa EES/EFTA-ríkin skuldbundið sig til að greiða tæpar 1.000 milljónir evra í sjóðinn fyrir árin 2009–2014 eða 198 milljónir evra á ári sem ríkin þrjú greiða sameiginlega en því til viðbótar mun Noregur árlega leggja sjóðnum til 160 milljónir evra eða samtals 800 milljónir evra. Ákvörðun um skiptingu greiðslna EES/ EFTA-ríkjanna í sjóðinn var tekin í fastanefnd EFTA 1. júlí síðastliðinn. Framlag Íslands verður að hámarki 6,8 milljónir evra á ári en það er sú fjárhæð sem Ísland greiddi árlega samkvæmt fyrri samningi. Með þessu eru hin EES/EFTA-ríkin að koma til móts við Ísland vegna þeirra efnahagsþrenginga sem landið glímir við um þessar mundir. Framlög einstakra ríkja til sjóðsins miðast við hlutfall viðkomandi ríkis af samanlagðri vergri landsframleiðslu allra EES EFTA ríkjanna og er viðmiðunarárið tveimur árum á undan útgreiðsluárinu. Töluverður tími getur hins vegar liðið frá því að vilyrði fyrir styrkjum eru veitt þar til að styrkir eru greiddir út.

Verði frumvarpið lögfest er áætlað að það hafi í för með sér ný útgjöld fyrir ríkissjóð sem að hámarki geta orðið 34 milljónir evra yfir tímabilið eða sem svarar til um 5,3 milljarða íslenskra króna miðað við núverandi gengi gagnvart evru. Fjárhæðin gæti þó hugsanlega orðið lægri ef efnahagsþróun á Íslandi verður óhagstæðari en hinna EES/EFTA-ríkjanna og gengi íslensku krónunnar helst veikt gagnvart gjaldmiðlum viðkomandi ríkja. Þannig má áætla að hlutdeild Íslands í sameiginlegum greiðslum gæti verið um 3% eða árlega um 6 milljónir evra miðað við núverandi gengi gjaldmiðla og spár um landsframleiðslu ríkjanna í ár. Héldust þessi hlutföll óbreytt út greiðslutímann má gera ráð fyrir að heildargreiðslur Íslands vegna samningsins verði um 30 milljónir evra eða um 4,5 milljarðar króna. Gera má ráð fyrir að útgjöldin dreifist á næstu 6–8 ár og að ekki verði farið að greiða út styrki vegna

samningsins fyrr en að 2–3 árum liðnum. Gert er ráð fyrir greiðslum í Þróunarsjóð EFTA í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 sem nema 1.420 m.kr. vegna EES-fjármagnkerfis áranna 2004–2009.

63. Fyrirspurn [62. mál]

til utanríkisráðherra um nýja grundvallarstefnu Atlantshafsbandalagsins.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

1. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til nýrrar grundvallarstefnu Atlantshafsbandalagsins (e. Strategic Concept) sem stendur til að samþykkja á leiðtogafundi í Lissabon 20. nóvember nk.?
2. Hverjar eru áherslur ríkisstjórnarinnar í þessu efni?
3. Hver sækir leiðtogafundinn í Lissabon fyrir Íslands hönd?

64. Fyrirspurn [63. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um áhrif flutnings málefna fatlaðra innan skólakerfisins.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hefur ráðuneytið skoðað hvaða áhrif flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaga kann að hafa á leik-, grunn- og framhaldsskóla og hvernig hægt væri að nýta flutninginn til að auka samhæfingu og efla þjónustu fyrir fatlaða innan skólakerfisins?

65. Fyrirspurn [64. mál]

til utanríkisráðherra um þýðingu Lissabon-sáttmálans.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvenær verður þýðingu Lissabon-sáttmálans lokið?
2. Hvernig verður sáttmálinn kynntur að þýðingu lokinni, er t.d. fyrirhugað að gefa hann út í bæklingi og dreifa honum á öll heimili landsins til kynningar?
3. Fær íslenska ríkið styrk frá Evrópusambandinu til þýðingar sáttmálans eða standa Íslendingar einir straum af henni?

Skriflegt svar óskast.

66. Fyrirspurn [65. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjölda aðgerða á spítölum og heilbrigðisstofnunum með skurðstofur.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hver var fjöldi aðgerða á spítölum og heilbrigðisstofnunum á Suðurlandi, Suðurnesjum og Akranesi, á St. Jósefsspítala og Landspítala á árunum 2007, 2008, 2009 og fyrri hluta 2010 í:
   a. kvenlækningum,
   b. bæklunarlækningum,
   c. almennum skurðlækningum,
   d. háls-, nef- og eyrnalækningum,
   e. lýtalækningum?
2. Hversu mörg rúm eru á hverri framangreindra heilbrigðisstofnana og hvernig voru þau nýtt á tímabilinu, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

67. Fyrirspurn [66. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um ábyrgð ráðuneytisins á faglegu háskólastarfi hér á landi.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Er einhver trygging fyrir því af hálfu ráðuneytisins að á niðurskurðartímum sé beitt faglegum viðmiðum þegar teknar eru ákvarðanir um hvar bera eigi niður í háskólum landsins?
2. Fylgist ráðuneytið með því að við íslenska háskóla sé staðið við almennar reglur um akademískt frelsi?

68. Tillaga til þingsályktunar [67. mál]

um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Álfheiður Ingadóttir,
Eygló Harðardóttir, Magnús Orri Schram.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd með þátttöku allra þingflokka er hafi það verkefni að móta reglur og eftir atvikum semja frumvarp til laga um verkferla og meðferð og þýðingu faglegs hæfnismats við skipan í opinber embætti. Nefndin kanni m.a. kosti þess að faglegar hæfnismatsnefndir fái víðara verksvið og veiti umsagnir um fleiri embætti en nú gildir og hvort ástæða sé til í einhverjum tilvikum að færa skipunarvald frá ráðherrum til sérstakra hæfnisnefnda eða Alþingis.

Stefnt skal að því að nefndin ljúki störfum fyrir 1. mars 2011.

Greinargerð.

Opinberar stöðuveitingar eru vandmeðfarnar en vekja oft harðar deilur og valda kærum. Mörg dæmi eru um það að umboðsmaður Alþingis eða kærunefnd jafnréttismála hafi fengið slík mál til umfjöllunar og komist að þeirri niðurstöðu að einstakar stöðuveitingar hafi ekki byggst á málefnalegum sjónarmiðum eins og allar stjórnvaldsákvarðanir verða að gera. Þvert á móti hafi geðþótti eða eigið mat einstakra ráðherra verið látið ráða, jafnvel í tilfellum þar sem sérstakar hæfnisnefndir hafa fjallað um umsóknir og skilað rökstuddu áliti. Það er staða sem samrýmist ekki sífellt harðari kröfum til opinberrar stjórnsýslu.

Það er mikilvægt að almenningur beri traust til stjórnsýslunnar og geti reitt sig á að stjórnvaldsákvarðanir eins og opinberar stöðuveitingar standist skoðun þannig að umsækjendur um opinbert starf geti gengið út frá því sem vísu að þeir séu metnir á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og þeirra krafna sem gerðar eru til viðkomandi starfs og auglýstar hafa verið.

Embætti í dómskerfinu eru sérstaklega mikilvæg í þessu tilliti enda dómsvaldið eitt af grunnstoðum þrískiptingar ríkisvaldsins. Enginn vafi má leika á um hlutleysi dómstóla eða á því að dómarar séu valdir til starfa á faglegum forsendum eingöngu. Með lögum nr. 45/2010 var dómstólalögum nr. 15/1998 breytt á þann veg að sérstök fimm manna dómnefnd fjallar um hæfi umsækjenda um dómarastöður og kýs Alþingi einn dómnefndarmanna. Þessi nýbreytni setur ráðherra verulegar skorður á þann hátt að honum er nú gert að velja umsækjanda úr hópi þeirra sem metnir eru hæfastir, en fram að þessari lagabreytingu var ráðherra með öllu óbundinn af áliti umsagnaraðila. Þrátt fyrir þessar breytingar er full ástæða til að nefndin skoði hvort þessar breytingar teljist fullnægjandi til að tryggja að skipan dómara verði ekki tortryggð heldur þvert á móti auki traust almennings á dómskerfinu.

Algengt er að veitingarvaldið (ráðuneytið) leiti til ráðningar- og mannauðsráðgjafa við mat á umsækjendum. Í nokkrum tilvikum er kveðið á um að sérstakar hæfnisnefndir eða dómnefndir fjalli um umsækjendur og meti hæfi þeirra og hæfni. Er það m.a. venjan við stöður við háskóla og dómstóla. Hlutverk slíkra hæfnisnefnda má ekki vera neinum vafa undirorpið, né heldur þýðing þess mats sem þær vinna og að hve miklu leyti veitingarvaldshafinn er bundinn af áliti matsnefnda. Enn fremur er full ástæða til að skoða hvort slíkar hæfnisnefndir eigi við í fleiri tilvikum en nú er. Sérstaklega þarf að huga að því hvort ástæða sé til að flytja skipunarvald að einhverju leyti frá ráðherrum til sérstakra hæfnisnefnda eða jafnvel í einhverjum tilvikum til Alþingis.

Ríkar ástæður eru til að móta sérstaka verkferla við skipan í opinber embætti og kanna með hvaða hætti það verður best gert. Kemur þar hvort tveggja til greina að setja sérstök lög um þessi málefni eða að samþykkja sérstakar reglur sem gefnar væru út af forsætisráðherra.

Umboðsmaður Alþingis hefur oft gert athugasemdir við embættisveitingar ráðherra og er skemmst að minnast álits umboðsmanns um skipan dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og í kjölfarið dómsúrskurðar í því máli. Í áliti sínu um það mál kemst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að veigamiklir annmarkar hafi verið á málsmeðferð ráðherrans og í umræðum um málið á Alþingi kom í ljós að ráðherrar umgangast það vald sem þeim er falið og réttarheimildir af mikilli léttúð. Í umræddu máli var ríkið dæmt skaðabótaskylt vegna embættisfærslu ráðherra. Fleiri nýleg dæmi eru um álit umboðsmanns og beinast m.a. að forsætisráðherra og dómsmálaráðherra.

Þá hefur Jafnréttisráð margsinnis fjallað um kærur vegna stöðuveitinga og eru mörg dæmi um að ráðið hafi komist að þeirri niðurstöðu að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafi verið brotin. Er löngu tímabært að tekið sé af festu á þessum málum og komið í veg fyrir að stjórnsýslan ráðist af duttlungum veitingarvaldshafans.

Í þeim tilgangi að móta slíkar reglur eða eftir atvikum að semja frumvarp til laga er hér lagt til að forsætisráðherra skipi nefnd með þátttöku allra þingflokka er ljúki störfum fyrir 1. mars 2011 svo að nýjar reglur og eftir atvikum ný lög geti tekið gildi um mitt ár 2011.

Tillagan var áður flutt á 135. og 136. löggjafarþingi en komst í hvorugt skipti á dagskrá. Hún er því endurflutt nú, lítillega breytt.

69. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Björn Þór Hermannsson frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Söru Jasonardóttur og Pálma Rögnvaldsson frá umboðsmanni skuldara, Þórólf Halldórsson frá Sýslumannafélagi Íslands, Jónu Björg Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Kolbrúnu Garðarsdóttur frá Íslandsbanka.

Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, þess efnis að tímabundin frestun greiðslna skv. 11. gr. laganna hefjist þegar einstaklingur sækir um greiðsluaðlögun en ekki þegar umsókn hans hefur verið samþykkt líkt og lögin kveða á um. Jafnframt er lagt til að slíkt hið sama gildi um umsóknir um greiðsluaðlögun sem borist hafa til umboðsmanns skuldara frá stofnun embættisins, 1. ágúst sl.

Nefndin telur ákvæðið mikilvægt í ljósi þess mikla álags sem er á embætti umboðsmanns skuldara. Tímabundin frestun greiðslna samkvæmt ákvæðinu tryggir m.a. að ekki sé gengið að skuldara með greiðslur á kröfum hans, ekki verði unnt að ganga að ábyrgðarmönnum hans og ekki sé heimilt að gera fjárnám í eignum skuldara eða fá þær seldar nauðungarsölu meðan umsókn hans um greiðsluaðlögun bíður vinnslu hjá umboðsmanni skuldara.

Nefndin ræddi jafnframt nauðsyn þess að í því sérstaka ástandi sem nú ríkir verði gripið til óhefðbundnari aðferða til að tryggja að einstaklingar í greiðsluerfiðleikum noti þau úrræði

sem eru til staðar og hindra jafnframt að fjölskyldur missi heimili sín. Frumvarp þetta mætir vanda þeirra sem þegar hafa sótt um eða munu sækja um greiðsluaðlögun til umboðsmanns skuldara. Nauðsynlegt er þó að ná til þeirra sem eiga yfir höfði sér nauðungaruppboð og hafa ekki leitað úrræða til að losna úr viðjum vandans. Nefndinni voru kynntar nýlegar aðgerðir umboðsmanns í samvinnu við sýslumann þar sem hringt var í einstaklinga sem eiga eignir sem beðið hafði verði um nauðungarsölu á og þeim boðin aðstoð og ráðgjöf. Telur nefndin þetta frumkvæði lofsvert og mikilvægt í því ástandi sem nú ríkir en bendir á að lántakendur í slíkri stöðu væru gjarnan komnir út í horn og lokuðu sig af. Þess vegna þyrfti nálgunin að vera mjög persónuleg, jafnvel heimsókn. Ræddi nefndin m.a. hvort unnt væri að tryggja að sýslumenn sendu umboðsmanni upplýsingar þegar beiðni um nauðungarsölu bærist til þeirra. Mun nefndin skoða þetta atriði í samráði við félags- og tryggingamálaráðuneytið og umboðsmann skuldara og meta hvort lagabreytinga sé þörf. Þá voru nefndinni kynntar upplýsingar þess efnis að þar sem nauðungarsölur á heimilum færu fram kvæðu sýslumenn gjarnan á um langan samþykkisfrest til að gefa kröfuhöfum færi á að falla frá kröfu og að kröfuhafar væru tilbúnir til þess sæktu gerðarþolar um greiðsluvandaúrræði. Þá hafi umboðsmaður skuldara jafnframt nýtt lengri samþykkisfrest til að fá kröfuhafa til að falla frá nauðungarsölu. Telur nefndin mikilvægt að áhersla sé lögð á það hjá kröfuhöfum líkt og öðrum að einstaklingar haldi heimilum sínum og fái skilvirka lausn á greiðsluvanda sínum.

Þá ræddi nefndin talsvert hvenær skuldari telst hafa skilað inn umsókn og telur ljóst að það sé þegar umboðsmaður skuldara getur tekið við henni til vinnslu. Þannig þurfi m.a. að fylgja umsókninni ýmis frumgögn. Telur nefndin mikilvægt að umboðsmaður skuldara setji verklagsreglur um það hvaða gögn og upplýsingar þurfi að fylgja til að hægt sé að taka við umsókn um greiðsluaðlögun en jafnframt að slíkar reglur séu ekki íþyngjandi fyrir skuldara þannig að úr verði tímafrekt og flókið ferli sem aftri því að skuldari fái umsókn sína móttekna og þar með tímabundna frestun greiðslna. Nefndin ræddi verklag við móttöku umsókna hjá umboðsmanni skuldara og fékk þær upplýsingar að umsókn væri móttekin þegar frumgögnum hefði verið skilað, svo sem upplýsingum um tekjur og skuldir og aðgangsheimild að vef ríkisskattstjóra sem og leyfi til handa umboðsmanni til að afla frekari nauðsynlegra gagna. Öflun slíkra frumgagna væri ekki tímafrek og kæmi skuldari með nauðsynleg gögn með sér væri mögulegt að taka á móti umsókn hans samdægurs.

Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að tryggja þyrfti hvernig fella ætti niður tímabundna frestun greiðslna í þeim tilvikum sem skuldari drægi til baka umsókn sína eða umboðsmaður skuldara synjaði um heimild til greiðsluaðlögunar. Leggur nefndin því til breytingu þess efnis að umboðsmaður skuldara tilkynni um niðurfellingu tímabundinnar frestunar greiðslna til sýslumanns og óski skráningar á niðurfellingunni í þinglýsingabækur. Nefndin telur þó mikilvægt að þegar umboðsmaður synjar um heimild til greiðsluaðlögunar haldist frestun greiðslna þar til niðurstaða kærunefndar greiðsluaðlögunar liggur fyrir. Er því lagt til að frestun greiðslna framlengist út kærufrest. Kæri skuldari fellur frestunin niður ef kærunefndin staðfestir niðurstöðu umboðsmanns um synjun.

Í 3. mgr. 11. gr. laganna er kveðið á um að frestun greiðslna nái ekki til krafna sem verða til eftir að heimild til að leita greiðsluaðlögunar hefur verið veitt enda kveðið á um það að frestun greiðslna hefjist á þeim tímapunkti. Þar sem frumvarpinu er ætlað að færa tímamark frestunar greiðslna framar í ferlið er eðlilegt að þetta ákvæði gildi frá sama tímamarki og því er lögð til breyting þess efnis.

Nefndin ræddi nokkuð ítarlega réttaráhrif tímabundinnar frestunar greiðslna og hvort nægilegt væri að skrá hana í þinglýsingabækur. Þeim sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni

að eðlilegt væri að tilkynna um hana í Lögbirtingablaði til að tryggja að kröfuhafar hefðu upplýsingar um hana. Kröfuhafar þyrftu að vera upplýstir um frestun greiðslna til að tryggja að þeir færu að lögunum og reyndu ekki að innheimta hjá skuldara eða ábyrgðarmanni kröfur skuldara og tækju ekki við greiðslum á þeim. Ljóst er að kröfuhafar geta sótt upplýsingar um skráningu tímabundinnar frestunar í þinglýsingabækur. Þær eru aftur á móti ekki rafrænar um allt land og þetta fyrirkomulag er haldið þeim annmörkum að skuldari þarf að eiga eignir skráðar í þinglýsingabækur til að lánardrottnar fái upplýsingar um tímabundna frestun greiðslna fyrir viðkomandi einstakling. Mikilvægt er að tryggja að ákvæðum laganna sé fylgt og lánardrottnar innheimti ekki kröfur hjá skuldara eða ábyrgðarmanni í andstöðu við 11. gr. laganna. Með því að tilkynna skráningu um tímabundna frestun greiðslna í Lögbirtingablaði dregur úr líkum á að skuldarar verði fyrir óþarfa innheimtuaðgerðum sem geta lagst þungt á fólk og lagalegur réttur skuldara til frestunar greiðslna er skýr.

Þá telur nefndin mikilvægt að samhliða frestun greiðslna virkist skyldur skuldara skv. 12. gr. laganna enda ákvæðin nátengd. Skv. 12. gr. er skuldara m.a. óheimilt að láta af hendi eða veðsetja eignir og stofna til nýrra skulda. Geri hann það er honum synjað um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Mjög mikilvægt er að þeir sem nýta sér frestunina séu vel upplýstir um rétt sinn og skyldur, þ.m.t. bann við innheimtu kröfuhafa á kröfum sem til komu fyrir greiðslufrestun.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr.:

a. 3. efnismgr. orðist svo:

Þegar umboðsmaður skuldara hefur móttekið umsókn skal stofnunin óska eftir því að athugasemd um að umsókn um greiðsluaðlögun hafi borist umboðsmanni verði skráð í þinglýsingabækur, eftir því sem við á, og skal sambærilegrar skráningar óskað vegna þeirra umsókna sem borist hafa fyrir gildistöku laga þessara. Umboðsmaður skal jafnframt birta skráningu um tímabundna frestun greiðslna í Lögbirtingablaði.

b. Við bætist fjórar nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 11. gr. laganna nær tímabundin frestun greiðslna samkvæmt ákvæði þessu ekki til krafna sem verða til eftir að frestun greiðslna hefst.

Skyldur skuldara við greiðsluaðlögun, sbr. 12. gr. laganna, eiga við þegar umsókn hefur verið móttekin af umboðsmanni skuldara og greiðslum frestað tímabundið í samræmi við ákvæði þetta.

Dragi skuldari umsókn sína til baka fellur tímabundin frestun greiðslna skv. 11. gr. þá þegar niður. Ef umboðsmaður skuldara synjar skuldara um heimild til greiðsluaðlögunar fellur tímabundin frestun greiðslna niður þegar kærufrestur skv. 3. mgr. 7. gr. laganna er liðinn. Kæri skuldari synjun umboðsmanns skuldara framlengist tímabundin frestun greiðslna þar til niðurstaða kærunefndar greiðsluaðlögunarmála liggur fyrir. Staðfesti kærunefnd greiðsluaðlögunarmála niðurstöðu umboðsmanns skuldara fellur tímabundin frestun greiðslna þá þegar niður. Skal umboðsmaður tilkynna sýslumanni án tafar um niðurfellingu tímabundinnar frestunar greiðslna og óska skráningar á henni í þinglýsingabók. Umboðsmaður skuldara skal jafnframt birta tilkynningu um niðurfellingu í Lögbirtingablaði.

Ekki ber að greiða þinglýsingargjald af skráningum í þinglýsingabækur samkvæmt ákvæði þessu.

Jónína Rós Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. okt. 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, form., frsm. Ólafur Þór Gunnarsson. Pétur H. Blöndal.

Guðmundur Steingrímsson. Árni Þór Sigurðsson. Guðlaugur Þór Þórðarson.

Þórunn Sveinbjarnardóttir. Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

70. Fyrirspurn [68. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um sjálfbærar samgöngur.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

Hvað líður vinnu við áætlun um sjálfbærar samgöngur sem boðað er í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að unnin skuli í samvinnu við sveitarfélögin, með það að markmiði að draga úr þörf fyrir einkabílinn og stórefla almenningssamgöngur um land allt?

71. Fyrirspurn [69. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um gæðaeftirlit með rannsóknum.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvaða gæðaeftirlit er með þeim rannsóknum sem AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi úthlutar fjármagni til, hvaða alþjóðlegu kröfur þurfa rannsóknirnar að uppfylla og hvaða viðmið setur sjóðurinn?

72. Fyrirspurn [70. mál]

til forsætisráðherra um kostnað ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hvernig skiptist kostnaður ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni núverandi starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands á tímabilinu maí 2007 til nóvember 2010?
2. Hvernig skiptist framangreindur kostnaður eftir einstökum sérverkefnum, þjónustu og ráðgjöf milli núverandi starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og/eða félaga þeirra?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Á 138. löggjafarþingi beindi Óli Björn Kárason fyrirspurn til forsætisráðherra um aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni á vegum ráðuneyta, sbr. þskj. 1405 í máli 679. Í svari forsætisráðherra á þingskjali 1526 kom fram að ráðuneytin hefðu í fæstum tilvikum starfsmannalista háskólanna og því væri ekki hægt að nálgast upplýsingar um sundurliðun á því hvaða starfsmenn eða kennarar viðkomandi skóla hefðu komið að vinnslu viðkomandi verkefna. Af sömu ástæðu var ekki heldur hægt að svara því hvaða önnur verkefni, sem ráðuneytin létu vinna, hefðu verið unnin af núverandi eða fyrrverandi starfsmönnum eða kennurum íslenskra háskóla. Þar sem starfsmannalistar félagsvísindasviðs Háskóla Íslands eru opinberir og gerðir aðgengilegir á vef háskólans er nú kallað eftir upplýsingum um skiptingu kostnaðar milli starfsmanna deildarinnar.

73. Frumvarp til laga [55. mál]

um breytingu á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga.

(Eftir 2. umr., 14. okt.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2011 hefst tímabundin frestun greiðslna skv. 11. gr. laganna þegar umboðsmaður hefur móttekið umsókn um greiðsluaðlögun. Frestunin tekur einnig til umsókna sem umboðsmaður hefur móttekið fyrir gildistöku laga þessara.

Móttaka umboðsmanns skuldara á umsókn leiðir þó ekki til tímabundinnar frestunar greiðslna ef umsókn umsækjanda um greiðsluaðlögun hefur verið hafnað á síðustu þremur mánuðum.

Þegar umboðsmaður skuldara hefur móttekið umsókn skal stofnunin óska eftir því að athugasemd um að umsókn um greiðsluaðlögun hafi borist umboðsmanni verði skráð í þinglýsingabækur, eftir því sem við á, og skal sambærilegrar skráningar óskað vegna þeirra umsókna sem borist hafa fyrir gildistöku laga þessara. Umboðsmaður skal jafnframt birta skráningu um tímabundna frestun greiðslna í Lögbirtingablaði.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 11. gr. laganna nær tímabundin frestun greiðslna samkvæmt ákvæði þessu ekki til krafna sem verða til eftir að frestun greiðslna hefst.

Skyldur skuldara við greiðsluaðlögun, sbr. 12. gr. laganna, eiga við þegar umsókn hefur verið móttekin af umboðsmanni skuldara og greiðslum frestað tímabundið í samræmi við ákvæði þetta.

Dragi skuldari umsókn sína til baka fellur tímabundin frestun greiðslna skv. 11. gr. laganna þá þegar niður. Ef umboðsmaður skuldara synjar skuldara um heimild til greiðsluaðlögunar fellur tímabundin frestun greiðslna niður þegar kærufrestur skv. 3. mgr. 7. gr. laganna er liðinn. Kæri skuldari synjun umboðsmanns skuldara framlengist tímabundin frestun greiðslna þar til niðurstaða kærunefndar greiðsluaðlögunarmála liggur fyrir. Staðfesti kærunefnd greiðsluaðlögunarmála niðurstöðu umboðsmanns skuldara fellur tímabundin frestun greiðslna þá þegar niður. Skal umboðsmaður tilkynna sýslumanni án tafar um niðurfellingu tímabundinnar frestunar greiðslna og óska skráningar á henni í þinglýsingabók. Umboðsmaður skuldara skal jafnframt birta tilkynningu um niðurfellingu í Lögbirtingablaði.

Ekki ber að greiða þinglýsingargjald af skráningum í þinglýsingabækur samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

74. Lög [55. mál]

um breytingu á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga.

(Afgreidd frá Alþingi 14. október 2010.)

Samhljóða þskj. 73.

75. Tillaga til þingsályktunar [71. mál]

um olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi.

Flm.: Kristján Þór Júlíusson, Ásbjörn Óttarsson, Einar K. Guðfinnsson, Jón Gunnarsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að tryggja að nú þegar verði hafnar markvissar rannsóknir á því hvort olía eða gas finnst á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi. Leitað

verði samstarfs við erlenda aðila um rannsóknir eftir því sem við á og við staðarval verði stuðst við fyrri rannsóknir.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Með henni er lagt til að iðnaðarráðherra verði falið að tryggja að hafnar verði olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi. Fyrri rannsóknir hafa gefið til kynna að olíu eða gas sé að finna í setlögum á svæðinu, til að mynda á Tjörnesbeltinu, og því er eingöngu horft til þess svæðis í tillögunni. Eðlilegt verður að telja að stuðst verði við fyrri rannsóknir við staðarval og byggt á þeim grunni sem nú þegar er til svo að ekki sé stofnað til ónauðsynlegra rannsókna eða tíma og fé sóað. Mikilvægt er að fá sem fyrst fullnægjandi niðurstöður um setlögin en til þessa hafa niðurstöður rannsókna verið ófullnægjandi.

Á 121. löggjafarþingi lagði Guðmundur Hallvarðsson ásamt fimm öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokks fram tillögu til þingsályktunar þess efnis að hafnar yrðu rannsóknir á því hvort olíu eða gas væri að finna á landgrunni Íslands. Ályktunin tók nokkrum breytingum í meðförum iðnaðarnefndar og samþykkt tillaga var á þá leið að iðnaðarráðherra var falið að skipa starfshóp með þátttöku vísindamanna er skyldi meta hvort rétt væri að hefja markvissar rannsóknir á því hvort olía eða gas fyndist á landgrunninu.

Tjörnesbrotabeltið undan Norðurlandi var á árunum 2000–2004 að nokkru kortlagt og rannsakað. Beltið nær u.þ.b. 150 km frá Skaga í vestri til Öxarfjarðar í austur og frá ströndum Norðurlands um 50 km leið allt að Kolbeinseyjarhrygg. Fundust á svæðinu merki um bæði lífrænt gas og efni. Árin 2003 og 2004 var sérstök áhersla lögð á Skjálfanda í rannsóknarvinnu enda hafði fjölgeislakort af svæðinu vakið áhuga vísindamanna og vakið vonir um að þar væri að finna olíu í setlögum. Gerðar voru á svæðinu margs konar rannsóknir sem þó veittu ekki fullnægjandi niðurstöðu, m.a. vegna þess að ekki tókst að ná eins löngum borkjörnum og æskilegt var. Bjarni Richter jarðfræðingur skrifaði í tímaritið Mannlíf 19. apríl 2007 (5. tbl. 24. árg.) að til að fá tæmandi upplýsingar um hvort olíu eða gas væri að finna í einhverjum mæli í Tjörnesbrotabeltinu þyrfti að standa fyrir frekari athugunum á svæðinu. Hann taldi þó að sýnt hefði verið fram á að gas- og jafnvel olíumyndandi ferli geti átt sér stað á svæðinu.

Á undanförnum missirum hefur Drekasvæðið verið í brennidepli hvað olíuvinnslu varðar. Nú virðist þó sem Drekasvæðisævintýrið sé úti að sinni hér við land enda hafa báðir umsækjendur sem sóttu um vinnsluleyfi á svæðinu dregið umsóknir sínar til baka, m.a. vegna bágs efnahagsástand á útboðstímabilinu með tilheyrandi skorti á nýju fjármagni og mikilli áhættu sem fylgir því að hefja rannsóknir á nýju svæði eins og Drekasvæðið er.

Ekki verður horft fram hjá því að Drekasvæðið er mjög erfitt svæði til olíuvinnslu. Aðstæður og veðrátta er erfið, dýpi er mikið og vinnsla öll því mjög kostnaðarsöm. Jafnframt hefur komið fram að vegna þess mikla dýpis sem er á svæðinu yrði erfitt eða jafnvel ógerlegt að koma þar upp hefðbundnum borpöllum og því þyrfti að leita annarra og nýrra leiða til að ná olíu upp sé hún til staðar.

Óljóst er hvers vegna áhersla í olíuvinnslu hefur verið bundin við Drekasvæðið þegar enn er órannsakað svæði á landgrunni Íslands sem mun hægara og kostnaðarminna væri að vinna olíu úr. Er þessi tillaga því lögð fram enda líkur til að hagkvæmara og auðveldara yrði að vinna olíu á öðrum svæðum á landgrunni Íslands en á Drekasvæðinu.

Rannsóknir á miklu gasuppstreymi í Flatey á Skjálfandaflóa hafa lengi staðið yfir og sérfræðingar Orkustofnunar hafa skrifað um þær rannsóknir. Niðurstöður hafa leitt í ljós að

möguleiki sé á að olíu- og gaslindir séu að finna á svæðinu. Olía og gas eru meginundirstaða velmegunar og möguleikar á verðmætasköpun eru miklir en á árunum 2001–2008 hefur hún verið mjög lítil á Norðausturlandi.

Frekari rannsóknir á svæðinu eru ódýrari heldur en rannsóknir á Drekasvæðinu, tekjumöguleikarnir eru gífurlegir og aukning starfa í þjónustu gæti orðið umtalsverð. Styttra er í land og öll þjónusta er nær sem auðveldar vinnu við rannsóknir til muna og gerir þær hagkvæmari og auðveldari. Þar sem áhugi fyrir því að gefa út rannsóknarleyfi fyrir olíuleit á Drekasvæðinu hefur minnkað eftir olíuslysið mikla á Mexíkóflóa liggur beint við að svæðið á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi verðið rannsakað nánar.

Nauðsynlegt er að kanna til þrautar hvort olíuvæn setlög eða gas sé að finna á landgrunni Íslands. Miklir hagsmunir eru í húfi og sé nýtanlegar auðlindir að finna á landgrunninu getur það gjörbreytt efnahag þjóðarinnar og stuðlað að aukinni atvinnusköpun sem og betri lífsgæðum. Er þetta verkefni ekki síst mikilvægt í því efnahags- og atvinnuástandi sem nú ríkir.

76. Frumvarp til laga [72. mál]

um breytingu á lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, með síðari breytingum.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Guðmundur Steingrímsson, Siv Friðleifsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Baldvin Jónsson.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: ef hann af ásetningi gefur Alþingi rangar upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram af Páli Pétursyni á 116. löggjafarþingi (342. mál). Að gefnu tilefni þykir ástæða til að leggja það fram að nýju að hluta til með hliðsjón af skýrslu vinnuhóps um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu,[1] niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis,[2] ályktunum og tillögum þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og þá sérstaklega skýrslu Bryndísar Hlöðversdóttur um yfirferð á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á atriðum sem gefa tilefni til viðbragða af hálfu þingsins.[3]

Í framangreindum skýrslum og tillögum er bent á mikilvægi þess að tryggja upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra sem best og eru lagðar til fjórar meginbreytingar. Í fyrsta lagi

---

[1] Eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Skýrsla vinnuhóps sem forsætisnefnd fól að fara yfir núgildandi lagareglur um eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu og leggja mat á hvort breytinga sé þörf. Alþingi. Reykjavík 2009.

[2] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010. Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.

[3] Skýrsla þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, 705. mál á 138. löggjafarþingi.

að mælt verði fyrir um sannleiks- og upplýsingaskyldu í stjórnarskránni og að 54. gr. hennar verði breytt í þá veru að kveðið verði á um að ráðherra sé skylt að svara fyrirspurnum og beiðnum alþingismanna um skýrslur. Um þá skyldu er ekki mælt fyrir í gildandi ákvæði þótt hana megi leiða af ákvæðum þingskapalaga. Í öðru lagi er því velt upp hvort brot á upplýsingaskyldu ráðherra eigi að vera refsivert samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð. Kemur annars vegar fram það sjónarmið að eðlilegt sé að brot ráðherra gegn upplýsingaskyldu til þingsins varði refsingu, en slíkt er sagt samræmast dönskum rétti. Hins vegar kemur fram sjónarmið um að ekki sé sjálfgefið að lögfesting upplýsinga- og sannleiksskyldu kalli á að brot gegn henni verði gert refsivert.[4] Í þriðja lagi að reglur um rétt þingsins til upplýsinga og gagna frá stjórnsýslunni verði skýrðar í þingskapalögum. Í fjórða lagi að skýrt verði í þingskapalögum að hvaða marki upplýsingar um starfsemi hlutafélaga sem eru að hluta eða að fullu í eigu ríkisins teljist vera opinbert málefni.

Forseti Alþingis hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingu á þingskapalögum þar sem er meðal annars tekið tillit til tillagna vinnuhóps um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu (686. mál á 138. löggjafarþingi). Í 8. gr. þess er lagt til að bætt verði ákvæði við 27. gr. þingskapalaga þar sem kveðið er á um að nefnd geti óskað eftir því við ráðherra að hann láti henni í té þær upplýsingar og gögn sem hann hefur aðgang að og hafa verulega þýðingu fyrir afgreiðslu nefndarinnar á máli. Jafnframt er lögð sú skylda á ráðherra að verða við slíkri ósk eins skjótt og unnt er og ekki seinna en sjö dögum frá móttöku beiðni. Þá er í ákvæðinu lagt til að fjórðungur nefndarmanna geti sett fram slíka beiðni en með því er réttur minni hluta til að krefjast upplýsinga tryggður. Þá er í ákvæðinu lagt til að heimilt sé að leggja fyrir þingnefnd gögn og upplýsingar sem annars er óheimilt að veita samkvæmt reglum um þagnarskyldu og skal þingmaður þá gæta þagmælsku um slík gögn og upplýsingar. Ákvæðinu er þannig ætlað að skýra reglur um rétt Alþingis, einkum þingnefnda, til upplýsinga og gagna frá stjórnsýslunni. Að auki mundu þingnefndir við slíka breytingu eiga ríkari aðgang að gögnum en almenningur á rétt á samkvæmt upplýsingalögum og með þeim hætti er aðhalds- og eftirlitshlutverk fastanefnda þingsins fest í sessi. Einstakir þingmenn geta eftir sem áður leitað afstöðu og skýringa ráðherra með fyrirspurnum og í umræðum um mál á þingfundum. Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að nefnd eða meiri hluti hennar geti óskað eftir skýrslu frá ráðherra um opinbert málefni. Opinbert málefni er skilgreint sem sérhvert málefni sem tengist hlutverki og starfsemi ríkisins og stofnana þess, svo og félaga og annarra lögaðila sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins og annast stjórnsýslu eða veita almenningi opinbera þjónustu á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings.

Enn er eftir að koma til móts við tillögur, svo sem þær sem getið er hér framar, um breytingar á stjórnarskrá og breytingar á lögum um ráðherraábyrgð um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra gagnvart Alþingi. Lög um ráðherraábyrgð taka ekki til ábyrgðar ráðherra gagnvart Alþingi ef hann greinir því rangt frá, gefur þinginu villandi upplýsingar eða leynir það upplýsingum. Ráðherrar hafa því ekki nauðsynlegt aðhald og geta freistast til að gefa Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leyna það mikilvægum upplýsingum. Þetta getur leitt til óvandaðrar meðferðar mála og orsakað fullkominn trúnaðarbrest milli Alþingis og ráðherra.

---

[4] Sjá skýrslu vinnuhóps um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu, bls. 118 og 163. Sjá einnig Eiríkur Tómasson. Íslensk lög um ráðherraábyrgð og samanburður á þeim og dönskum lögum um sama efni. Rannsóknir í félagsvísindum VI. Lagadeild. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2005, bls. 117–142.

Í dönskum lögum um ráðherraábyrgð (Lov 1964-04-15 nr. 117 om ministres ansvarlighed) eru hins vegar skýr ákvæði um þetta atriði. Það er mjög mikilvægt að Alþingi geti treyst því að upplýsingar, sem ráðherrar gefa því, séu fullnægjandi og sannleikanum samkvæmar og að ráðherra leyni ekki upplýsingum sem hafa verulega þýðingu við meðferð máls.

Lagt er til að lögfest verði ákvæði sem mælir fyrir um refsiábyrgð ráðherra veiti hann þinginu rangar upplýsingar eða leyni upplýsingum þegar mál er til meðferðar í þinginu.

Fylgiskjal.

10. og 11. gr. laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, með þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

10. gr.

Loks verður ráðherra sekur eftir lögum þessum:

a. ef hann misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín,
b. ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því, að slík framkvæmd ferst fyrir,
c. ef hann af ásetningi gefur Alþingi rangar upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða, eftir málavöxtum, embættismissi, sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Við ákvörðun refsingar skal höfð hliðsjón af 70. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi ráðherra jafnframt brotið gegn hinum almennu hegningarlögum, skal hegning sú, sem hann hefur til unnið, tiltekin í einu lagi samkvæmt reglum 77. gr. almennra hegningarlaga.

77. Frumvarp til laga [73. mál]

um breytingu á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Birkir Jón Jónsson, Höskuldur Þórhallsson, Ásbjörn Óttarsson, Guðmundur Steingrímsson, Gunnar Bragi Sveinsson.

1. gr.

2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki voru samþykkt á 137. löggjafarþingi og tóku gildi 1. janúar sl. Þau koma þó aðeins til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010. Samkvæmt upphaflegu frumvarpi til téðra laga, sem lagt var fram af fjármálaráðherra, var eitt þeirra skilyrða sem lögaðilar þyrftu að uppfylla, til þess að þeim yrði veitt staðfesting sem nýsköpunarfyrirtæki í skilningi laganna og þeim væri heimill ákveðinn skattfrádráttur, að sýnt væri fram á með gögnum að varið yrði a.m.k. 20 millj. kr. til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili. Eftir að efnahags- og skattanefnd Alþingis hafði fjallað um frumvarpið lagði hún fram tillögur til breytinga á frumvarpinu. Meðal tillagna nefndarinnar var að viðmiðunarfjárhæð til rannsókna og þróunar, sem skilyrði staðfestingar sem nýsköpunarfyrirtæki, yrði lækkuð úr 20 í 5 millj. kr. Var tillagan reist á þeim efnislegu rökum að slíkt skilyrði skattfrádráttar kynni að vera of íþyngjandi og stæði af þeim sökum í vegi fyrir því að smærri þekkingarfyrirtæki nytu góðs af ákvæðum frumvarpsins. Framangreind breytingartillaga nefndarinnar var samþykkt í atkvæðagreiðslu á Alþingi 17. desember 2009 og varð frumvarpið að lögum svo breytt.

Við samningu frumvarps til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki var m.a. litið til SkatteFUNN-kerfis Norðmanna sem heimilar skattfrádrátt vegna útlagðs kostnaðar við rannsóknar- og þróunarverkefni. Þar er ekki að finna í lögum neina lágmarksupphæð sem fyrirtæki þarf að leggja í nýsköpun og þróun heldur virðist höfuðáhersla vera lögð á að verkefnið sé í eðli sínu nýsköpunarverkefni og að skattfrádráttur fari ekki umfram áætlanir. Er af þeim sökum aðeins sett hámark á stofn útreiknings frádráttar en ekkert lágmark. Markmið hinna íslensku laga er að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknir og þróunarstarf þeirra. Sérstaklega er tekið fram í almennum athugasemdum við lagafrumvarpið að: „[…] Markmið stjórnvalda með slíkum stuðningi [sé] að stuðla að verðmætaaukningu í íslenskum þjóðarbúskap með sköpun nýrra atvinnutækifæra og fjölgun starfa sem ella hefðu ekki orðið til. Sú verðmætasköpun mun[i] án efa leiða til aukinna skatttekna, bæði beinna og óbeinna, til allrar framtíðar, sem búast má við að geri gott betur en að vega upp beinan kostnað af þeirri ríkisaðstoð sem efnt kann að vera til í þessu sambandi.[…]“

Af framangreindu verður ráðið að íslensk stjórnvöld hafa við framlagningu frumvarps til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki talið sig eygja þann möguleika að óbein fjárfesting íslenska ríkisins í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum, í gegnum skattalega ívilnun, kynni að borga sig samfélags- og fjárhagslega til lengri tíma litið. Vandséð er hvernig markmiðum laganna verður náð þegar lágmarksupphæð 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. þeirra getur í raun haft hamlandi áhrif á minni nýsköpunarfyrirtæki einmitt á þeim tíma þegar þau eru viðkvæmust, að hefja rekstur og þurfa einna mest á stuðningi að halda. Af þeim sökum er með frumvarpi þessu lagt til að ákvæði um áskilda lágmarksupphæð, sem ætlað er að verja til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili, verði fellt brott.

78. Fyrirspurn [74. mál]

til forsætisráðherra um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.
2. Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?
3. Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?
4. Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt, og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

79. Fyrirspurn [75. mál]

til fjármálaráðherra um ríkisábyrgðir vegna innleystra ábyrgða föllnu bankanna þriggja.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða liggur til grundvallar 3.072 millj. kr. fjárheimild, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu, vegna ríkisábyrgða sem fallið geta á ríkissjóð vegna innleystra ábyrgða föllnu bankanna þriggja og hvers vegna ber ríkissjóður enn ábyrgð á þeim eftir að hafa selt bankana? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverri ábyrgð fyrir sig.
2. Hversu háar ábyrgðir hafa verið teknar út úr bankakerfinu sem seldar voru með því á sínum tíma, en eru nú að falla á ríkissjóð eða ríkissjóður er tekinn að greiða af? Óskað er eftir sundurliðun ábyrgðanna eftir árum allt frá sölu ríkisviðskiptabankanna þriggja.
3. Ef þessar ábyrgðir falla allar á ríkissjóð, hvað kom þá nettó inn í ríkissjóð við söluna á bönkunum?
4. Er ráðherra kunnugt um fleiri eða annars konar ábyrgðir hjá bönkunum sem ríkissjóður kann að vera í ábyrgð fyrir?
5. Hefur verið kannað hvort fleiri ábyrgðir leynist hjá bönkunum sem kunni að falla að hluta eða í heild á ríkissjóð?

Skriflegt svar óskast.

80. Frumvarp til fjáraukalaga [76. mál.]

fyrir árið 2010.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**203,5**	**-1.340,8**
Skattar á tekjur og hagnað	-8.050,0	-7.750,0
Tryggingagjöld	1.652,2	1.067,8
Eignarskattar	90,0	-70,0
Skattar á vörur og þjónustu	5.948,8	4.833,9
Aðrir skattar	562,5	577,5
Aðrar rekstrartekjur	**-10.572,1**	**-11.802,8**
Vaxtatekjur og eignatekjur	-8.714,6	-10.095,3
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	-1.857,5	-1.707,5
Sala eigna	**19.200,0**	**19.200,0**
Fjárframlög	**41,2**	**43,7**
Tekjur alls	**8.872,6**	**6.100,1**
Æðsta stjórn ríkisins	226,9	226,9
Forsætisráðuneyti	0,0	0,0
Mennta- og menningamálaráðuneyti	-438,2	-438,2
Utanríkisráðuneyti	1.214,3	1.214,3
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	592,9	592,9
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	496,3	496,3
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	-3.836,6	-3.836,6
Heilbrigðisráðuneyti	220,4	220,4
Fjármálaráðuneyti	58,6	-44,0
Samgöngu- og sveitastjórnaráðuneyti	1.409,0	1.409,0
Iðnaðarráðuneyti	534,4	534,4
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	130,2	130,2
Umhverfisráðuneyti	155,3	155,3
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-20.301,0	-13.663,0
Samtals	**-19.537,5**	**-13.002,1**
Heildartekjujöfnuður	**28.410,1**	**19.102,2**
Frumjöfnuður	**16.823,7**	**15.534,5**

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2010:

m.kr.	
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	28.410,1
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-8.068,7
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-1.391,8
Viðskiptaskuldir, (breyting)	152,6
Handbært fé frá rekstri	**19.102,2**
Fjármunahreyfingar	
Veitt lán til Seðlabanka Íslands	31.600,0
Veitt önnur löng lán	-2.000,0
Afborganir veittra lána	75.500,0
Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup	-4.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	0,0
Fjármunahreyfingar samtals	**101.100,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**120.202,2**
Fjármögnun	
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	-80.000,0
Önnur löng lán	10.000,0
Afborganir lána	-100.000,0
Fjármögnun samtals	**-170.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-49.797,8**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2010:

1. 1. töluliður orðist svo: Að taka lán allt að 370.000 m.kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Á 2. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 233.100 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 203.500 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 13.100 m.kr.“ í lið 2.1 kemur: allt að 11.500 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 220.000 m.kr.“ í lið 2.2 kemur: allt að 188.400 m.kr.
   d. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: 2.3 Arion banka hf. allt að 3.600 m.kr.

3. Á 3. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 41.690 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 28.880 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 24.087 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 33.490 m.kr.
   c. Liður 3.4 fellur brott.

Ýmis ákvæði

Heimildir

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2010:

Nýir liðir:

2.20 Að fasteignina Borgarholtsbraut 51, Kópavogi, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.21 Að selja fasteignina Klettahraun 17, Hafnarfirði, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.22 Að selja fasteignina Starengi 6, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

4.10 Að selja fasteignina Efri-Brú, Grímsnesi.

6.23 Að kaupa húsnæði fyrir skammtímavistun fatlaðra á Ísafirði.
6.24 Að leigja hentugt húsnæði fyrir Fjármálaeftirlitið.
6.25 Að leigja hentugt húsnæði fyrir sameinaða stofnun Landlæknisembættis og Lýðheilsustöðvar.
6.26 Að kaupa jörðina Teigarhorn, Djúpavogshreppi.
6.27 Að kaupa 60% eignarhlut Reykjavíkurborgar í Miðbæjarskólanum, Fríkirkjuvegi 1, Reykjavík.

7.20 Að auka hlut ríkissjóðs í Farice hf. og taka ásamt öðrum eigendum félagsins þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu þess.
7.21 Að samþykkja hlutafjárloforð f.h. íslenska ríkisins í Norræna fjárfestingarbankanum (NIB) fyrir allt að 19,5 milljónir evra.
7.22 Að leggja bönkum og sparisjóðum, að hluta eða að fullu í eigu íslenska ríkisins, til aukið eigið fé, reynist þess þörf til að viðhalda lágmarks eiginfjárhlutfalli skv. kröfum Fjármálaeftirlits.
7.23 Að heimila Landhelgisgæslunni að leigja hentugar björgunarþyrlur fyrir starfsemi sína í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um lágmarksgetu til björgunar.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I Skatttekjur

1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	-5.100,0	-5.800,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	-1.700,0	-1.000,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**-6.800,0**	**-6.800,0**
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	-1.440,0	-1.350,0
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	190,0	400,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**-1.250,0**	**-950,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**-8.050,0**	**-7.750,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	421,2	360,9
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	1.231,0	706,9
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**1.652,2**	**1.067,8**
	Tryggingagjöld	**1.652,2**	**1.067,8**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	80,8	103,2
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	145,6	138,3
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**226,4**	**241,5**
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	320,0	130,0
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	260,0	290,0
4.4.1	Stimpilgjöld	-490,0	-490,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	0,0	0,0
	Eignarskattar	**90,0**	**-70,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	2.200,0	2.600,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	320,0	130,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	300,0	290,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-150,0	-150,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	-80,0	-80,0
5.1.2.1.36	Sérstakur skattur af seldri raforku	0,0	-190,0
5.1.2.1.37	Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	20,0	5,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	-140,0	-140,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-100,2	-290,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	-120,0	-120,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	-75,0	-75,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	1.110,0	950,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**3.284,8**	**2.929,9**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	300,0	320,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	-40,0	-30,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	21,0	21,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	0,0	0,0
5.2.2.25.1.25	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	1.230,0	440,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	1.153,0	1.153,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**2.664,0**	**1.904,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**5.948,8**	**4.833,9**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	-420,0	-420,0
6.1.11	Iðnaðarmálagjald til sérverkefna á árinu 2010	420,0	420,0
6.1.15	Markaðsgjald	16,1	16,0
6.1.25	Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	320,0	320,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**336,1**	**336,0**
	Aðrir skattar	**336,1**	**336,0**
	Skatttekjur, samtals	**203,5**	**-1.340,8**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-208,0	-208,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	610,0	400,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-3.751,8	-5.688,3
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-5.500,8	-4.735,0
8.3.8.5	Aðrar eignatekjur, ótaldar annars staðar	136,0	136,0
	Aðrar eignatekjur	**-8.506,6**	**-9.887,3**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**-8.714,6**	**-10.095,3**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	-580,0	-430,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	-1.021,5	-1.021,5
9.1.3.35	Ýmislegt	-105,0	-105,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	9,0	9,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**-1.697,5**	**-1.547,5**
	Ýmsar tekjur	**-1.697,5**	**-1.547,5**
10	**Sektir**		
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	-160,0	-160,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**-10.572,1**	**-11.802,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	1.500,0	1.500,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa og verðbréfa	17.700,0	17.700,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**19.200,0**	**19.200,0**
	Sala eigna, samtals	**19.200,0**	**19.200,0**

V Fjárframlög

18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	6,2	8,7
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	30,0	30,0
	Rekstrarframlög	**36,2**	**38,7**
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	5,0	5,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**41,2**	**43,7**
	Fjárframlög, samtals	**41,2**	**43,7**
	Heildartekjur samtals	**8.872,6**	**6.100,1**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.03 Fastanefndir	21,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21,7

00-207 Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknarnefnd	90,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,0

00-290 Stjórnlagaþing

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnlagaþing	115,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	115,2

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**226,9**
Greitt úr ríkissjóði	**226,9**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	15,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,7

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Raunvísindastofnun Háskólans	32,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,4

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Almennur rekstur:	
1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	5,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,5

02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.15 Nýsköpunarsjóður	50,0
1.90 Háskólastarfsemi	20,0
Almennur rekstur samtals	70,0
Gjöld samtals	**70,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	45,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,0

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	17,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,1

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla	8,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,1

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	2,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,1

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri	1,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,4

	m.kr.
02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	
Almennur rekstur:	
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	-452,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-452,0
02-901 Fornleifavernd ríkisins	
Almennur rekstur:	
1.01 Fornleifavernd ríkisins	5,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,5
02-903 Þjóðskjalasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	13,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,0
02-971 Ríkisútvarpið	
Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið	38,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,0
02-985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun	
Almennur rekstur:	
1.91 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun	-250,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-250,0

	m.kr.
02-999 Ýmislegt	
Almennur rekstur:	
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	88,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-88,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-438,2**
Greitt úr ríkissjóði	**-438,2**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-214 Varnarmálastofnun

Almennur rekstur:

1.01 Varnarmálastofnun	-22,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	-22,8

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:

1.01 Sendiráð Íslands	37,8

Viðhaldsverkefni:

5.21 Viðhald fasteigna	35,0

Stofnkostnaður:

6.24 Sendiherrabústaður í London	835,0
Gjöld samtals	**907,8**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	907,8

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:

1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	35,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	35,0

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:

1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	9,8
1.39 Evrópuráðið	19,8
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	113,2
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	33,7
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	29,4

	m.kr.
1.72 EFTA-dómstóllinn	8,6
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	63,8
Almennur rekstur samtals	278,3
Gjöld samtals	**278,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	278,3

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	16,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	16,0

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.214,3**
Greitt úr ríkissjóði	**1.198,3**
Innheimt af ríkistekjum	**16,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.62 Framlag til hafna vegna strandveiða	37,0
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis	12,0
Almennur rekstur samtals	49,0
Gjöld samtals	**49,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,0
Innheimt af ríkistekjum	37,0

04-234 Matvælastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Matvælastofnun	4,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,4

04-417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs

Almennur rekstur:	
1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	55,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,5

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	5,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

m.kr.

04-828 Garðávaxtasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Garðávaxtasjóður . . . . . -5,0

Sértekjur:
Sértekjur 5,0

Gjöld umfram tekjur 0,0

04-853 Bjargráðasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Bjargráðasjóður 190,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 190,0

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:
1.95 Lífeyrissjóður bænda 294,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 294,0

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 592,9
Greitt úr ríkissjóði 555,9
Innheimt af ríkistekjum 37,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	425,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	425,0

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	11,0
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	36,9
1.90 Ýmislegt	17,0
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	28,0
Almennur rekstur samtals	92,9
Gjöld samtals	**92,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	92,9

06-236 Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn

Almennur rekstur:	
1.10 Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	54,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	54,4

	m.kr.
06-309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008	
Almennur rekstur:	
1.01 Sérstakur saksóknari	470,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	470,0
06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	
Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	1,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,0
06-391 Húsnæði löggæslustofnana	
Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	-10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-10,0
06-395 Landhelgisgæsla Íslands	
Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	667,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-647,0
Gjöld umfram tekjur	**20,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,2
06-396 Landhelgissjóður Íslands	
Stofnkostnaður:	
6.41 Landhelgissjóður Íslands	-576,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-576,9

	m.kr.
06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	
Almennur rekstur:	
1.20 Löggæsla	15,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,1
06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi	
Almennur rekstur:	
1.20 Löggæsla	0,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,6
06-601 Fasteignaskrá Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignaskrá Íslands	-370,3
Sértekjur:	
Sértekjur	120,0
Gjöld umfram tekjur	**-250,3**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-250,3
06-603 Þjóðskrá Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskrá Íslands	520,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-120,1
Gjöld umfram tekjur	**400,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	92,2
Innheimt af ríkistekjum	308,1

	m.kr.
06-605 Þjóðskrá	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskrá	-150,1
Sértekjur:	
Sértekjur	0,1
Gjöld umfram tekjur	**-150,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-92,2
Innheimt af ríkistekjum	-57,8
06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**496,3**
Greitt úr ríkissjóði	**496,3**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

07-341 Umboðsmaður skuldara

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður skuldara 320,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 320,0

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga 18,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,0

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 60,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,3

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 20,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,6

m.kr.

07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra- og feðralaun	-20,0
1.15 Umönnunargreiðslur	230,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	-20,0
1.25 Dánarbætur	10,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	-235,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	30,0
1.41 Heimilisuppbót	-280,0
1.51 Frekari uppbætur	-275,0
1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega	-500,0
1.55 Bifreiðakostnaður	-310,0
Almennur rekstur samtals	-1.370,0
Gjöld samtals	**-1.370,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1.370,0

07-827 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	-660,0
1.15 Örorkulífeyrir	-80,0
1.16 Aldurstengd örorkuuppbót	200,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-1.460,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	355,0
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	-60,0
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	-30,0
1.35 Barnalífeyrir	-120,0
Almennur rekstur samtals	-1.855,0
Gjöld samtals	**-1.855,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1.885,7
Innheimt af ríkistekjum	30,7

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Vinnumálastofnun	20,0

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	-1.290,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	20,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	206,0
Almennur rekstur samtals	-1.064,0
Gjöld samtals	**-1.064,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-1.064,0

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.11 Fæðingarorlofssjóður	-75,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	75,0
Almennur rekstur samtals	0,0
Gjöld samtals	**0,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,0
Innheimt af ríkistekjum	-75,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	18,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,5

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-3.836,6**
Greitt úr ríkissjóði	**-3.048,3**
Innheimt af ríkistekjum	**-788,3**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðisráðuneyti

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	70,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,0

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Landlæknir	9,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
1.90 Forvarnasjóður	-3,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-3,1

08-373 Landspítali

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali	-24,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-24,6

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum	27,7
1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	52,4
Almennur rekstur samtals	80,1
Gjöld samtals	**80,1**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,1

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	20,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	-20,1
Gjöld samtals	**0,0**

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkraflutningar	89,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,0

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:	
1.01 Læknavaktin	-13,0
Sértekjur:	
Sértekjur	13,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

08 Heilbrigðisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**220,4**
Greitt úr ríkissjóði	**223,5**
Innheimt af ríkistekjum	**-3,1**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	8,2

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	8,2

09-210 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:

1.01 Almennur rekstur	29,1

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	29,1

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	54,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	54,0

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	50,0
Viðskiptahreyfingar	-50,0

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	138,3

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	138,3

m.kr.

09-393 Starfsendurhæfingarsjóður

Almennur rekstur:
1.11 Starfsendurhæfingarsjóður . . . . . -150,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -150,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur . . . . . -1.440,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1.350,0
Viðskiptahreyfingar . . . . . -90,0

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 350,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 350,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 1.726,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.726,0

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:
5.29 Viðhald og endurbætur opinberra bygginga 500,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 500,0

	m.kr.
09-984 Fasteignir ríkissjóðs	
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna	242,6
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	242,6
09-989 Ófyrirséð útgjöld	
Almennur rekstur:	
1.90 Ófyrirséð útgjöld	-1.922,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1.922,3
09-999 Ýmislegt	
Almennur rekstur:	
1.90 Ýmis verkefni	62,7
1.95 Sérfræðikostnaður vegna aðgerða í kjölfar á hruni fjármálakerfisins	460,0
Almennur rekstur samtals	522,7
Gjöld samtals	**522,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	522,7
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**58,6**
Greitt úr ríkissjóði	**-182,3**
Innheimt af ríkistekjum	**138,3**
Viðskiptahreyfingar	**102,6**

m.kr.

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

10-212 Samgönguverkefni

Viðhaldsverkefni:
5.10 Viðhald 117,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 117,2

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Umferðarstofa 98,9

Sértekjur:
Sértekjur 9,0

Gjöld umfram tekjur 107,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 107,9

10-281 Rannsóknanefnd umferðarslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa 3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,5

10-335 Siglingastofnun Íslands

Stofnkostnaður:
6.80 Sjóvarnargarðar . . . . . -50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -50,0

10-336 Hafnarframkvæmdir

Stofnkostnaður:
6.72 Landeyjahöfn 350,5

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	350,5

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa	4,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,2

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:	
1.11 Keflavíkurflugvöllur	16,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,8

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	4,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,6

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	854,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	854,3

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.409,0**
Greitt úr ríkissjóði	**1.301,1**
Innheimt af ríkistekjum	**107,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:	
1.10 Samtök iðnaðarins	-420,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-420,0

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:	
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	89,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.19 Staðlaráð	2,1
1.48 Átak til atvinnusköpunar	83,3
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis	420,0
Almennur rekstur samtals	505,4
Gjöld samtals	**505,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	503,3
Innheimt af ríkistekjum	2,1

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Orkustofnun	-286,2
Sértekjur:	
Sértekjur	296,2
Gjöld umfram tekjur	**10,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

	m.kr.
11-599 Ýmis ferðamál	
Almennur rekstur:	
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	350,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	350,0
11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**534,4**
Greitt úr ríkissjóði	**952,3**
Innheimt af ríkistekjum	**-417,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.15 Fastanefndir	16,0
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	102,7
Almennur rekstur samtals	118,7
Gjöld samtals	**118,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	118,7

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	125,5
Sértekjur:	
Sértekjur	6,0
Gjöld umfram tekjur	**131,5**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	131,5

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður olíuvara	-140,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-140,0

	m.kr.
12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**130,2**
Greitt úr ríkissjóði	**138,7**
Innheimt af ríkistekjum	**-8,5**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	11,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,7

14-231 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Landgræðsla ríkisins	46,0
1.90 Fyrirhleðslur	70,0
Almennur rekstur samtals	116,0
Gjöld samtals	**116,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	116,0

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Úrvinnslusjóður	-85,0
Sértekjur:	
Sértekjur	10,0
Gjöld umfram tekjur	**-75,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-75,0

m.kr.

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands 16,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,6

14-412 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 78,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,0

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur 155,3
Greitt úr ríkissjóði 230,3
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -75,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	-20.301,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-13.663,0
Viðskiptahreyfingar	-6.638,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**-20.301,0**
Greitt úr ríkissjóði	**-13.663,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-6.638,0**

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta 2010

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	226,9
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	614,0
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	936,1
	Samtals	**1.777,0**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	35,0
	Samtals	**35,0**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	16,6
	Samtals	**16,6**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta	742,6
	Samtals	**742,6**
Almenn opinber þjónusta samtals		**2.571,2**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	-495,6
	Samtals	**-495,6**
03.2	Dómstólar	474,0
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	503,9
Löggæsla og öryggismál samtals		**482,3**
04.	**Fræðslumál**	
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	73,7
	Samtals	**73,7**

	m.kr.
04.3 Æðra skólastig	
04.3.1 Háskólastig	-328,4
Samtals	**-328,4**
Fræðslumál samtals	**-254,7**
05. Heilbrigðismál	
05.1 Sjúkrahúsaþjónusta	
05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	-24,6
Samtals	**-24,6**
05.2 Heilsugæsla	
05.2.1 Almenn heilsugæsla	159,0
Samtals	**159,0**
05.4 Lyf og hjálpartæki	0,0
05.6 Önnur heilbrigðismál	86,0
Heilbrigðismál samtals	**220,4**
06. Almannatryggingar og velferðarmál	
06.1 Almannatryggingar	
06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	0,0
06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	-3.125,0
06.1.4 Atvinnuleysisbætur	-1.064,0
06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	560,0
06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	1.606,0
Samtals	**-2.023,0**
06.2 Velferðarmál	
06.2.1 Barna- og unglingaheimili	18,0
06.2.3 Málefni fatlaðra	80,9
Samtals	**98,9**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals	**-1.924,1**
07. Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál	
07.1 Húsnæðis- og skipulagsmál	
07.1.1 Húsnæðismál	18,5
07.1.2 Skipulagsmál	19,7
Samtals	**38,2**

	m.kr.
07.3 Hreinsunarmál	
07.3.1 Almenn hreinsunarmál	-75,0
Samtals	**-75,0**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals	**-36,8**
08. Menningarmál	
08.0 Menningarmál	
08.0.2 Söfn, listir o.fl.	18,5
08.0.3 Fjölmiðlar	38,0
08.0.5 Önnur menningarmál	0,0
Samtals	**56,5**
Menningarmál samtals	**56,5**
09. Eldsneytis- og orkumál	
09.1 Eldsneytismál	-140,0
09.2 Orkumál	
09.2.3 Orkumál	10,0
Samtals	**10,0**
Eldsneytis- og orkumál samtals	**-130,0**
10. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	
10.1 Landbúnaðarmál	
10.1.1 Jarðræktarmál	116,0
10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	294,0
10.1.4 Framleiðnistarfsemi	0,0
Samtals	**410,0**
10.3 Sjávarútvegsmál	
10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	55,5
10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	37,0
Samtals	**92,5**
10.5 Önnur sjávarútvegs- og landbúnaðarmál	12,0
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals	**514,5**

		m.kr.
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	174,4
Iðnaðarmál samtals		**174,4**
12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	117,2
	12.1.2 Umferðarmál	111,4
	Samtals	**228,6**
12.2	Sjó- og vatnasamgöngur	
	12.2.2 Sjósamgöngur	300,5
	Samtals	**300,5**
12.4	Loftsamgöngur	
	12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	16,8
	Samtals	**16,8**
Samgöngumál samtals		**545,9**
13.	**Önnur útgjöld vegna atvinnuvega**	
13.2	Ferðaþjónusta	350,0
13.4	Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	698,6
13.5	Almenn launa- og atvinnumál	15,0
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals		**1.063,6**
14.	**Önnur útgjöld ríkissjóðs**	
14.0	Önnur útgjöld ríkissjóðs	
	14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	-20.301,0
	14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	854,3
	14.0.3 Önnur þjónusta	-3.374,0
	Samtals	**-22.820,7**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals		**-22.820,7**
Heildargjöld samtals		**-19.537,5**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2010

m.kr.

Rekstrargjöld	**736,0**
Laun	-251,9
Lífeyrisskuldbindingar	0,0
Fjármagnstekjuskattur	-1.440,0
Önnur gjöld	2.849,2
Sértekjur	-421,3
Fjármagnskostnaður	**-20.301,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	**-1.395,8**
Vaxtabætur	1.726,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	854,3
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	484,0
Barnabætur	350,0
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	138,3
Rammaáætlanir ESB	-250,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	-452,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	-1.064,0
Sjúkratryggingar	-1.129,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	-1.370,0
Lífeyristryggingar	-1.855,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	1.171,6
Viðhald	**894,8**
Vegakerfi	117,2
Annað	777,6
Stofnkostnaður	**578,5**
Vegakerfi	0,0
Háskólar og framhaldskólar	0,0
Heilbrigðisstofnanir	-20,1
Flugvellir	0,0
Annað	598,6
Fjármagnstilfærslur	**-50,0**
Hafnarframkvæmdir	-50,0
Ofanflóðasjóður	0,0
Leiguíbúðir	0,0
Annað	0,0
Gjöld samtals	**-19.537,5**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2010

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
03-611	**Útflutningsráð Íslands**	
	Markaðsgjald	16,0
	Greitt úr ríkissjóði	16,0
04-190	**Ýmis verkefni**	
	Strandveiðigjald	37,0
	Greitt úr ríkissjóði	37,0
06-601	**Fasteignaskrá Íslands**	
	Brunabótamatsgjald	-67,0
	Fasteignamatsgjald	-123,0
	Skráningargjald nýrra fasteigna í fasteignaskrá	-3,6
	Greitt úr ríkissjóði	-193,6
06-603	**Þjóðskrá Íslands**	
	Brunabótamatsgjald	67,0
	Fasteignamatsgjald	123,0
	Skráningargjald nýrra fasteigna í fasteignaskrá	3,6
	Greitt úr ríkissjóði	193,6
07-341	**Umboðsmaður skuldara**	
	Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	320,0
	Greitt úr ríkissjóði	320,0
07-827	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	30,7
	Greitt úr ríkissjóði	30,7
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	103,2
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	103,2

07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	763,1
	Greitt úr ríkissjóði	-1.064,0
	Viðskiptahreyfing	1.827,1
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**	
	Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnutryggingargjaldi	-56,2
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	-56,2
07-989	**Fæðingarorlof**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	328,1
	Greitt úr ríkissjóði	-75,0
	Viðskiptahreyfing	403,1
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	-3,1
	Greitt úr ríkissjóði	-3,1
09-391	**Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**	
	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	138,3
	Greitt úr ríkissjóði	138,3
10-212	**Samgönguverkefni**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar	-80,0
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald, til framkvæmda Vegagerðarinnar	-30,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	110,0
10-251	**Umferðarstofa**	
	Skráningargjöld ökutækja	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	107,9
	Viðskiptahreyfing	-107,9

11-245	**Samtök iðnaðarins**	
	Iðnaðarmálagjald	-420,0
	Greitt úr ríkissjóði	-420,0
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	2,1
	Greitt úr ríkissjóði	2,1
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	1.153,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.153,0
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**	
	Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur	-140,0
	Greitt úr ríkissjóði	-140,0
14-287	**Úrvinnslusjóður**	
	Úrvinnslugjald	-75,0
	Greitt úr ríkissjóði	-75,0
	Heildartekjur	**2.087,2**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**27,9**
	Mismunur	**2.059,3**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**2.279,3**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2010

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
06-601	**Fasteignaskrá Íslands**	
	Gjald fyrir rafræn veðbandayfirlit	-56,7
	Greitt úr ríkissjóði	-56,7
06-603	**Þjóðskrá Íslands**	
	Ljósrit og endurrit úr embættisbókum	1,2
	Gjald fyrir rafræn veðbandayfirlit	56,7
	Íbúaskrá Þjóðskrár	0,2
	Aðgangur að skrám Þjóðskrárinnar	49,8
	Vottorð Þjóðskrár	6,6
	Greitt úr ríkissjóði	114,5
06-605	**Þjóðskrá**	
	Ljósrit og endurrit úr embættisbókum	-1,2
	Íbúaskrá Þjóðskrár	-0,2
	Aðgangur að skrám Þjóðskrárinnar	-49,8
	Vottorð Þjóðskrár	-6,6
	Greitt úr ríkissjóði	-57,8
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	-1.021,5
	Greitt úr ríkissjóði	-1.021,5
	Heildartekjur	**-1.021,5**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**-1.021,5**
	Mismunur	**0,0**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**0,0**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2010

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	-3.1
	Greitt úr ríkissjóði	-3,1
	Lögbundin framlög alls	**-3,1**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**-3,1**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða ársins 2010 í samræmi við endurmat á helstu forsendum fjárlaga og framvindu ríkisfjármálanna það sem af er árinu. Tillögurnar í frumvarpinu taka einnig eftir atvikum mið af nýrri lagasetningu á árinu, óvissum og ófyrirséðum útgjöldum og ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld. Yfirstandandi erfiðleikar í efnahagslífinu, þrengingar í ríkisfjármálunum og eldgos í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi hafa mestu áhrifin á gjaldahlið frumvarpsins og leiða til aukningar í vissum útgjöldum, s.s. auknar vaxtabætur, fjárveitingar til aðila sem komið hafa að aðgerðum og orðið fyrir viðbótarkostnaði í tengslum við eldgosin tvö, aukið framlag til mannaflsfrekra framkvæmda vegna viðhalds á opinberum byggingum, hækkun rekstrarframlags til sérstaks saksóknara og ýmis sérfræðikostnaður vegna úttekta, rannsókna og verkefna er tengjast efnahagshruninu. Á móti auknum útgjöldum vegur hins vegar lækkun ýmissa útgjalda sem voru ofmetin í fjárlögum 2010. Hér er til dæmis um að ræða lægri vaxtakostnað, lægri útgjöld almannatrygginga og lægri útgjöld Atvinnutryggingasjóðs vegna minna atvinnuleysis en gert hafði verið ráð fyrir. Á tekjuhlið gætir áhrifanna einkum í breyttri samsetningu teknanna. Tekjur af eignasölu eru áætlaðar umtalsvert hærri en samkvæmt fjárlögum og vega þar þyngst einskiptis, óreglulegar tekjur vegna Avens-samkomulags Seðlabankans og lífeyrissjóðanna um kaup á íbúðabréfum. Aðrar helstu breytingar á tekjuhlið eru þær að vaxtatekjur dragast saman. Á hinn bóginn er reiknað með að skatttekjur í heild verði nánast óbreyttar frá fjárlögum.

Í milljörðum króna	Fjárlög 2010	Áætlun 2010	Heimildir 2010	Breyting frá fjárlögum
Tekjur	461,9	470,8	470,8	8,9
Gjöld	560,7	545,3	541,2	-19,5
Tekjujöfnuður	**-98,8**	**-74,5**	**-70,4**	**28,4**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-4,1	-13,4	-13,4	-9,4
Handbært fé frá rekstri	**-102,9**	**-88,0**	**-83,8**	**19,1**
Fjármunahreyfingar	-234,4	-133,3	-133,3	101,1
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-337,3**	**-221,3**	**-217,1**	**120,2**

Endurskoðuð áætlun um afkomu árið 2010. Samkvæmt fjárlögum ársins 2010 var áætlað að um 98,8 mia.kr. halli yrði á rekstri ríkissjóðs á árinu. Sú áætlun hefur nú verið endurskoðuð með hliðsjón af þjóðhagsspá sem Hagstofan birti um miðjan júní og í ljósi nýrra upplýsinga um þróun tekjustofna og útgjalda málaflokka frá þeim tíma. Það endurmat felur í sér breytingar á helstu stærðum ríkisfjármálanna frá fyrri áætlun. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að fjárheimildir sem sótt er um í þessu frumvarpi fara ekki að öllu leyti saman við áætlaða útgjaldaútkomu ársins eins og nánar er greint frá í umfjöllun um útgjaldahorfur fyrir yfirstandandi ár í fjárlagafrumvarpi 2011. Á rekstrargrunni er áætlað að heildargjöld ársins verði 4,1 mia.kr. umfram fjárheimildir sem hér er sótt um til viðbótar fjárlögum ársins. Skýrist það einkum af því að í mati á endanlegri útkomu ársins getur verið reiknað með umframgjöldum sem ekki eru gerðar tillögur um í frumvarpinu, t.d. útgjöldum sem byggja á afgangsheimildum fyrri ára s.s. samgönguframkvæmdir, umframútgjöldum sem ekki er mætt með auknum fjárheimildum, s.s. sjúkratryggingar, eða að útgjöld sem heimiluð eru í gildandi fjárlögum frestist að einhverju leyti til komandi árs. Eins og fram kemur í töflunni hér fyrir ofan er af þessum sökum tekjujöfnuður talinn verða neikvæður um 74,5 mia.kr. miðað við áætlaða útkomu ársins en um 70,4 mia.kr. miðað við fjárheimildir sem sótt er um í þessu frumvarpinu. Í umfjöllun frumvarpsins hér á eftir er almennt gengið út frá niðurstöðum miðað við fjárheimildirnar sem í því felast fremur en endurmetinni áætlun um útkomu ársins, nema annað sé tekið fram.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði um 470,8 mia.kr., eða 8,9 mia.kr. hærri en reiknað var með í fjárlögum, og að heildargjöld verði 541,2 mia.kr., eða 19,5 milljörðum lægri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Hér er um viðsnúning að ræða frá fjáraukalögum 2009 þegar útgjöld jukust um 26,9 mia.kr. frá fjárlögum þess árs. Þannig er áætlað að á árinu 2010 verði tekjuafgangur neikvæður um 70,4 mia.kr. en það er 28,4 mia.kr. hagstæðari afkoma gert var ráð fyrir í fjárlögum. Nánar er fjallað um helstu breytingar á bæði tekju- og gjaldahliðinni og skýringar á þeim í sérstökum köflum hér á eftir.

Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 83,8 mia.kr. árið 2010 og að fjármunahreyfingar verði neikvæðar um 133,3 mia.kr., sem hefur í för með sér að lánsfjárjöfnuður verður neikvæður um 217,1 mia.kr. í stað 337,3 mia.kr. sem gengið var út frá við afgreiðslu fjárlaga. Áformað er að lánsfjárþörf ríkissjóðs verði mætt með 135 mia.kr. lántöku og með því að draga á innstæður í Seðlabanka Íslands.

Hér á eftir er fjallað um áætlaðar breytingar á tekjum, gjöldum, lánsfjármálum og sjóðstreymi ríkissjóðs miðað við fjárlög 2010 og þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu.

1 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur fyrir árið 2010 og forsendur þeirrar endurskoðunar á tekjuáætlun ársins sem fór fram samhliða gerð tekjuáætlunar fyrir fjárlagafrumvarp ársins 2011.

Tekjuhorfur 2010. Í fjárlögum ársins 2010 var áætlað að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 461,9 mia.kr. eða 29,0% af landsframleiðslu (VLF) miðað við þáverandi spá um VLF ársins. Farið var í umtalsverðar tekjuöflunaraðgerðir í upphafi ársins sem hefur skilað sér í auknum tekjum þrátt fyrir að skattstofnar hafi dregist saman. Endurmetin áætlun hljóðar upp á 470,8 mia.kr. heildartekjur á árinu eða 29,3% af VLF. Hún felur í sér 1% raunauknningu heildartekna árið 2010 í stað 0,9% raunsamdráttar í áætlun fjárlaga.

Þjóðhagsforsendur tekjuáætlunar fjárlaga 2010 voru byggðar á þjóðhagsspá þeirri sem nýstofnuð rannsóknardeild Hagstofu Íslands gerði í nóvember 2009. Spáin var endurskoðuð í júní sl. og voru hagvaxtarhorfur þá orðnar lakari en ýmsir þættir spárinnar þrátt fyrir það jákvæðari, svo sem atvinnuleysi og einkaneysla. Nú liggja einnig fyrir þjóðhagsreikningar fyrir fyrri helming ársins og ýmsir hagvísar fram til júlí eða ágúst. Þá er ársuppgjör ríkissjóðs í ríkisreikningi 2009 mikilvægur grundvöllur áætlana á rekstrargrunni. Helsta vísbendingin um hvert tekjur ársins stefna eru þó hinar greinargóðu upplýsingar um álagningu og innheimtu hinna ýmsu skatta á fyrstu sjö til átta mánuðum ársins sem nú liggja fyrir.

Niðurstaða ríkisreiknings á rekstrargrunni varð 22 mia.kr. hærri en áætlað hafði verið í fjáraukalögum fyrir árið 2009. Það frávik liggur að mestu í of mikilli lækkun á frumálagningu tekjuskatta, en hliðstætt frávik var í afskriftum skattkrafna á gjaldahlið ríkisreiknings. Áhrif þessa á afkomu ríkissjóðs fyrir árið 2009 voru því óveruleg.

Einkaneysla hefur dregist minna saman en gert var ráð fyrir við undirbúning gildandi fjárlaga fyrir ári. Á fyrri hluta þessa árs dróst hún saman um 1,1% að raunvirði á milli ára. Í uppfærðri þjóðhagsspá Hagstofunnar í júní sl. er gert ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 0,1% á árinu öllu og þarf hún því að aukast um 0,9% á seinni helmingi ársins til að spáin rætist. Á móti kemur að þjóðarútgjöld hafa dregist meira saman en reiknað var með fyrir ári sem stafar af því að fjárfesting er töluvert minni en reiknað var með í fyrri spá. Forsendur fjárlaga um verðbólgu eru óbreyttar en spá um 5% veikingu krónunnar hefur ekki gengið eftir og er nú gert ráð fyrir 0,6% styrkingu krónunnar. Þá er spáð heldur meiri samdrætti kaupmáttar ráðstöfunartekna en reiknað með að atvinnuleysi verði hins vegar nokkru minna en í forsendum fjárlaga.

	Fjárlög 2010 [1]	Áætlun 2010 [2]	Frávik frá fjárlögum
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	-4,3	-0,1	4,2
Samneysla	-3,6	-3,8	-0,2
Fjárfesting	4,8	-14,5	-19,3
Þjóðarútgjöld alls	-3,0	-3,3	-0,3
Útflutningur vöru og þjónustu	1,7	0,7	-1,0
Innflutningur vöru og þjónustu	-2,3	0,6	2,9
Verg landsframleiðsla	-2,3	-2,9	-0,6
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	-2,0	0,5	2,5
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Ráðstöfunartekjur á mann	-1,0	-2,0	-1,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-6,4	-7,6	-1,2
Vísitala neysluverðs	6,0	6,0	0,0
Gengisvísitala	5,0	-0,6	-5,6
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	9,6	9,1	-0,5
III. Verg landsframleiðsla að nafnvirði (mia.kr.)			
Verg landsframleiðsla á verðlagi ársins 2010	1.591,4	1.605,9	14,5

[1] Þjóðhagsspá Hagstofu í nóvember 2009 (óbirt).

[2] Þjóðhagsspá Hagstofu 15. júní 2010.

Tekjur ríkissjóðs á árinu hafa verið endurmetnar með hliðsjón af ofangreindum forsendum en þó fyrst og fremst á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga um innheimtu tekna og horfum um innheimtuna til ársloka. Í endurskoðaðri tekjuáætlun má að mestu rekja aukningu heildartekna til meiri tekna af sölu eigna, fyrst og fremst vegna svokallaðs Avens-samkomulags Seðlabankans og lífeyrissjóðanna um kaup á íbúðabréfum. Bókfærðar tekjur ríkissjóðs vegna samkomulagsins nema um 17,5 mia.kr. Þá er reiknað með að skatttekjur í heild verði nánast óbreyttar frá fjárlögum en að hlutdeild beinna skatta verði tæplega 6 mia.kr. minni og óbeinna skatta tilsvarandi meiri. Vaxtatekjur verða aftur á móti töluvert minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum en þar er um að ræða breyttar forsendur sem jafnframt leiða til lægri vaxtagjalda. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu er nánast óbreytt frá árinu 2009 og verður 25,8% árið 2010 samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun. Hér á eftir verður fjallað nánar um helstu tekjuliði.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Áætlun 2010	Frávik m.kr.	Frávik %
I Skatttekjur	**414.618**	**414.822**	**203**	**0,0**
Skattar á tekjur og hagnað	150.926	142.876	-8.050	-5,3
Einstaklingar	123.800	117.000	-6.800	-5,5
Lögaðilar	17.700	17.700	0	0,0
Ótalið annars staðar	9.426	8.176	-1.250	-13,3
Tryggingagjöld	60.680	62.332	1.652	2,7
Eignarskattar	8.132	8.222	90	1,1
Skattar á vörur og þjónustu	189.549	195.498	5.949	3,1
Virðisaukaskattur	124.700	126.900	2.200	1,8
Aðrir skattar	5.331	5.894	563	10,6
II Aðrar rekstrartekjur	**44.996**	**34.424**	**-10.572**	**-23,5**
Arðgreiðslur	1.387	1.179	-208	-15,0
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	35.440	26.933	-8.507	-24,0
Neyslu- og leyfisgjöld	6.790	5.092	-1.698	-25,0
Annað	1.380	1.220	-160	-11,6
III Sala eigna	**600**	**19.800**	**19.200**	**-**
V Fjárframlög	**1.667**	**1.708**	**41**	**2,5**
Heildartekjur ríkissjóðs	**461.881**	**470.754**	**8.873**	**1,9**
Sjóðshreyfing	**445.933**	**452.033**	**6.100**	**1,4**

Skattar á tekjur og hagnað. Í endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað verði 8,1 mia.kr. minni en í áætlun fjárlaga og nemi 142,9 mia.kr. Tekjuskattur einstaklinga er 4,5 mia.kr. undir áætlun eftir fyrstu átta mánuði ársins og er áætlun hans lækkuð um 5,1 mia.kr. Í ársbyrjun 2010 var skattþrepunum fjölgað úr einu í þrjú. Innheimtur tekjuskattur í staðgreiðslu hefur aukist um 5,3 mia.kr. eða um 9,3% á fyrstu átta mánuðum ársins miðað við fyrra ár en er þó um 7,3% undir áætlun tímabilsins. Tekjuskattsstofninn í staðgreiðslu hefur dregist nokkuð saman milli ára og tekjuáhrif kerfisbreytingarinnar eru því meiri en sem nemur aukinni innheimtu miðað við fyrra ár. Þá munu heildaráhrif nýja kerfisins ekki liggja fyrir fyrr en að lokinni álagningu í júlí 2011.

Ný heimild til úttektar séreignarsparnaðar fyrir allt að 1,5 m.kr. í viðbót við fyrri heimild tók gildi í ársbyrjun 2010 og eru áætluð áhrif hennar á tekjuskatt í samræmi við áætlun fjárlaga eða tæpir 5 mia.kr. Áætlun um fjármagnstekjuskatt einstaklinga er lækkuð um 1,7 mia.kr. Fjármagnstekjuskattur var hækkaður í 18% í ársbyrjun 2010 og um leið voru tekin upp skattleysismörk fyrir vaxtatekjur, samtals 100 þús.kr. á framteljanda á ári. Frávik frá áætlun um innheimtu fjármagnstekjuskatts á fyrstu átta mánuðum ársins er neikvætt um 8,1%. Skýringin liggur að hluta til í meiri endurgreiðslum í júlí en reiknað hafði verið með og að vextir á innstæðureikningum hafa lækkað hraðar en gert hafði verið ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Áætlun um tekjuskatt lögaðila 2010 af hagnaði ársins 2009 er óbreytt frá fjárlögum. Álagning hans mun liggja fyrir í október 2010 og verður áætlunin þá endur-

metin. Hækkun tekjuskatts lögaðila til jafns við fjármagnstekjuskatt, úr 15% í 18% í ársbyrjun hefur þó ekki áhrif fyrr en við álagningu 2011.

Tryggingagjöld. Tryggingagjaldsstofninn dróst aðeins lítillega saman að nafnvirði á fyrri helmingi ársins eftir mikinn samdrátt allt frá því í árslok 2008. Hér er reiknað með að á árinu í heild muni stofninn dragast saman um 1,6% en í fjárlögum var reiknað með nær engri breytingu milli ára. Eigi að síður er áætlun um tekjur af tryggingagjaldi hækkuð um 1,7 mia.kr. frá fjárlögum en þær voru vanmetnar í áætlun fjárlaga. Gjaldið var hækkað í ársbyrjun um 1,65 prósentustig eða úr 7,0% í 8,65%.

Eignarskattar. Tekjur af stimpilgjaldi stefna í 2,5 mia.kr. og eru þær lækkaðar um 490 m.kr. frá fyrri áætlunum. Hér er litið til innheimtu þessa tekjuliðar á fyrstu átta mánuðum ársins. Stimpilgjaldið hefur fylgt umsvifum á fasteignamarkaði og í fjármálalífi og hefur dregist saman um 17,6% það sem af er ári, sem einkum má rekja til minni umsvifa á fasteignamarkaði. Á móti kemur hækkun áætlana um erfðafjárskatt og auðlegðarskatt um annars vegar 260 m.kr. og hins vegar 320 m.kr. Aðrir smærri liðir eignarskatta eru óbreyttir frá fjárlögum. Endurskoðun leiðir því til lítils háttar hækkunar áætlaðra tekna af eignarsköttum, eða um 90 m.kr.

Skattar á vöru og þjónustu. Áætlað er að skattar á vöru og þjónustu muni skila ríkissjóði 195,5 mia.kr. á árinu 2010 sem er 5,9 mia.kr. meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar af hækka áætlanir um virðisaukaskatt um 2,2 mia.kr. en aðeins er gert ráð fyrir að einkaneysla dragist saman að raunvirði um 0,1% fyrir árið í heild, sem er mun minna en verið hefur undanfarin tvö ár. Innheimta óbeinna skatta jókst í heild sinni um 3,7% að raunvirði á fyrstu átta mánuðum ársins enda voru krónutölugjöld sem eru veigamestu liðir vörugjaldanna hækkuð um miðbik sl. árs og aftur í byrjun ársins 2010.

Virðisaukaskattur jókst um 10,7% að nafnvirði á fyrstu átta mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra sem einkum má rekja til þess að efra þrep virðisaukaskattsins var hækkað úr 24,5% í 25,5% í ársbyrjun. Þá er innheimtan á tímabilinu frá janúar til ágúst 2,5 mia.kr. yfir áætlun fjárlaga og er áætlunin fyrir árið í heild hækkuð með hliðsjón af því. Virðisaukaskattskyld velta á fyrri helmingi ársins er 3,6% minni að raunvirði en á sama tíma árið 2009 en álagður virðisaukaskattur hefur dregist enn meira saman vegna mikillar aukningar innskatts. Hluti virðisaukaskatts ársins 2009 innheimtist í janúar 2010 vegna greiðslufrestunarheimilda sem hófust í árslok 2008. Þær tóku enda í júní 2010 eins og reiknað hafði verið með í áætlun fjárlaga.

Skattstofn vörugjalda af bensíni og olíu hefur dregist töluvert saman frá fyrra ári en þessir liðir skila þó meiri tekjum í ár sökum gjaldhækkana áranna 2009 og 2010. Báðir liðir eru lítillega undir áætlun fjárlaga á tímabilinu frá janúar til ágúst. Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi eru annars vegar 2,4% og hins vegar 1,9% undir áætlun og eru áætlaðar tekjur

ársins því lækkaðar lítillega frá fjárlögum. Þessir skattstofnar hafa einnig dregist verulega saman en tekjurnar hafa þó aukist um 8,4% og 8,5% frá fyrra ári. Vörugjöld af ökutækjum eru áætluð 1,4 mia.kr., óbreytt frá fjárlögum, en 22% samdráttur hefur verið á þessum lið frá sama tíma í fyrra. Það má meðal annars rekja til styrkingar krónunnar á fyrstu átta mánuðum ársins sem lækkar skattstofninn þrátt fyrir aukningu í nýskráningum bifreiða á sama tíma.

Liðurinn önnur neyslu- og leyfisgjöld í flokki skatttekna er hækkaður um 2,4 mia.kr. í frumvarpinu. Skýrist það af 1,2 mia.kr. hækkun á veiðigjaldi auk þess sem eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins hefur verið endurflokkað og kemur nú inn í þennan skattaflokk (1,2 mia.kr.)

Aðrar rekstrartekjur. Áætlun fjárlaga um aðrar rekstrartekjur lækkar um 10,6 mia.kr. og skýrist það að langmestu leyti af lækkun á vaxtatekjum ríkissjóðs eða sem nemur 8,5 mia.kr. Áætlun ársins um arðgreiðslur er lækkuð lítillega og ýmis neyslu- og leyfisgjöld eru lækkuð um 1,7 mia.kr. Munar þar mest um að flokkun eftirlitsgjalds Fjármálaeftirlitsins (1,2 mia.kr.) hefur verið breytt. Það flokkaðist áður hér en hefur verið fært í flokk með skatttekjum. Sala eigna var áætluð 600 m.kr. í fjárlögum en þar var ekki gert ráð fyrir sölu sendiherrabústaðar í London að fjárhæð 1,7 mia.kr. Þá var ekki heldur gert ráð fyrir hagnaði ríkissjóðs vegna þeirra ráðstafana sem gerðar voru um eignir Avens B.V. í Lúxemborg. Hagnaður ríkissjóðs vegna þeirra er áætlaður 17,5 mia.kr. Áætlun fjárlaga hefur verið hækkuð sem þessu nemur eða um 19,2 mia.kr.

2 Gjöld A-hluta

Á gjaldahlið frumvarpsins eru gerðar tillögur um breytingar á fjárheimildum til að mæta ófyrirséðum útgjöldum ríkissjóðs innan ársins. Einnig eru lagðar til breytingar á fjárveitingum á grundvelli endurmats á hagrænum forsendum og kerfisbundnum útgjöldum, svo sem á vaxtagjöldum, atvinnuleysi og bótagreiðslum almannatrygginga. Í frumvarpinu koma einnig fram aukin útgjöld vegna ófyrirséðra útgjalda í tengslum við eldgosin í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi. Líkt og í fjáraukalögunum fyrir síðasta ár er almennt ekki um að ræða tillögur um ný verkefni eða aukið umfang, að undanskildum aðgerðum til að bregðast við afleiðingum efnahagsáfallsins. Þetta er í samræmi við takmarkanir á hlutverki fjáraukalaga samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins og stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar á liðnu ári um að styrkja umgjörð ríkisfjármálanna m.a. með því að í fjáraukalögum verði almennt ekki veitt framlög til nýrra verkefna, aukins umfangs eða rekstrarhalla stofnana umfram setta útgjaldaramma.

Eins og undanfarin ár er ekki spáð fyrir um gengisþróun í fjárlögum heldur er vanalega miðað við gengisskráningu Seðlabanka Íslands í byrjun september árið á undan fjárlagaári eða gengi gjaldmiðla eins og það stendur við afgreiðslu fjárlaga hafi það tekið breytingum. Verði frávik frá gengisforsendum fjárlaga innan ársins hefur verið framkvæmt sérstakt endurmat á seinni hluta ársins og er fjárlagaliðurinn *09-989 Ófyrirséð útgjöld* notaður til að hækka eða lækka fjárheimildir eftir því sem við á með því að flytja af honum heimildir á aðra liði þegar krónan veikist eða flytja á hann heimildir frá öðrum liðum þegar krónan styrkist. Á þessu ári hefur gengi íslensku krónunnar styrkst talsvert og mun verða framkvæmt endurmat á gengisforsendunum vegna þess í lok október. Bráðbirgðatölur gefa til kynna að fjárheimildir þeirra liða sem tengdir eru við gengisforsendur verði þá lækkaðar um rúman 1,8 mia.kr. Viðeigandi fjárheimildir verða millifærðar í fjárhagsbókhaldi ríkisins í samræmi við hlutverk safnliðarins vegna slíkra ófyrirséðra breytinga á forsendum útgjalda en þær breytingar á fjárheimildum eru ekki hluti af þessu frumvarpi. Helstu liðir sem þetta snertir eru þeir sem eru beinlínis greiddir í erlendri mynt eða verðlagðir miðað við gengi erlendra gjaldmiðla. Þetta á t.d. við um lyfjakostnað, hjálpartæki og brýna meðferð erlendis undir lið sjúkratrygginga og er gert ráð fyrir að fjárveitingar þessara liða lækki um tæpan 1 mia.kr. vegna gengisbreytinganna Auk þess má nefna að áætlað er að fjárveitingar til starfsemi sendiráða og greiðslur til alþjóðastofnana á vegum utanríkisráðuneytisins muni lækka um rúmar 350 m.kr.

Í frumvarpinu er farið fram á að fjárheimildir ríkissjóðs á árinu 2010 verði lækkaðar um 19,5 mia. kr. Þar vegast á tilefni til hækkunar og lækkunar á útgjöldum. Annars vegar er gert ráð fyrir að útgjaldaheimildir lækki um 29,4 mia.kr., að stærstum hluta vegna 20,3 mia.kr. lækkunar á áætluðum vaxtagjöldum ársins, og hins vegar er gert ráð fyrir nýjum og breyttum útgjaldaskuldbindingum sem auka útgjöld ríkissjóðs samtals um 9,9 mia.kr. Þegar þessi lækkun áætlaðra vaxtagjalda er frátalin er í frumvarpinu gert ráð fyrir að aðrar útgjaldaskuldbindingar lækki um 763 m.kr. meira en sem nemur tilefnum til nýrra og aukinna skuldbindinga. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir auknum útgjöldum vegna ýmissa ófyrirséðra mála sem nema 1.922 m.kr. og eru fjármögnuð með millifærslum fjárheimilda af safnlið fjárlaga sem ætlaður er til að mæta slíkum tilefnum. Fjárheimild safnliðarins lækkar því í sama mæli og er því engin nettóbreyting á fjárheimildum í frumvarpinu vegna þeirra mála. Vakin er athygli á því að í þessu frumvarpi er fjallað um breytingar á fjárheimildum fremur en áætlaða útkomu ársins eins og gert er í kafla um útgjaldahorfur ársins 2010 í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011. Útgjaldatölur ársins 2010 í frumvörpunum eru því ekki að öllu leyti þær sömu.

Í frumvarpinu lækka greiðsluheimildir umtalsvert minna en fjárheimildir á rekstrargrunni eða um 13 mia.kr. Mismunurinn er um 5,9 mia.kr. og skýrist að mestu af mismun áfallinna og greiddra vaxta.

Rekstrargrunnur, m.kr.	m.kr
Heildarbreyting frá fjárlögum 2010	**-19.538**
Þar af:	
Vaxtabætur	1.726
Kaup á sendiherrabústað	885
Útgjöld fjármögnuð með jafn miklum ríkistekjum	674
Húsaleigubætur sveitarfélaga	644
Lífeyristryggingar, áhrif af skerðingum á greiðslum úr almennum lífeyrissjóðum	510
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs, viðhaldsverkefni til að fjölga störfum	500
Framlenging hlutaatvinnuleysisbóta og átak vegna sumarstarfa	436
Kosningar vegna samnings um Icesave og vegna stjórnlagaþings	425
Barnabætur	350
Lífeyrissjóður bænda	294
Alþjóðastofnanir, aðildargjöld o.fl.	278
Sérfræðikostnaður vegna Icesave samningaviðræðna	230
Sérfræðikostnaður vegna málefna sparisjóðanna	230
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, vegna hækkunar á tryggingagjaldi	210
Aðrar útgjaldaskuldbindingar	2.510
Auknar útgjaldaskuldbindingar:	**9.902**
Vaxtagjöld	-20.301
Endurmetin fjárþörf lífeyristryggingar	-2.365
Atvinnuleysistryggingasjóður, minna atvinnuleysi en í forsendum fjárlaga	-1.500
Fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir	-1.440
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	-1.370
Frestun á afhendingu varðskips fyrir Landhelgisgæsluna	-577
Lánasjóður íslenskra námsmanna, fjölda lánþega var ofmetin í fjárlögum	-452
Rammaáætlanir ESB, endurmetin aðildargjöld	-250
Önnur mál til lækkunar á útgjöldum	-1.185
Lækkaðar útgjaldaskuldbindingar:	**-29.440**
Sérstakur saksóknari	470
Markaðsátak í ferðamálum vegna eldgoss í Eyjafjallajökli	350
Bjargráðasjóður vegna eldgossins í Eyjafjallajökli	190
Framkvæmdir vegna Landeyjahafnar	180
Vegagerðin vegna eldgossins í Eyjafjallajökli	117
Landgræðsla ríkisins vegna eldgossins í Eyjafjallajökli	116
Veðurstofa Íslands vegna eldgossins í Eyjafjallajökli	78
Ríkislögreglustjóri vegna eldgossins í Eyjafjallajökli	54
Annað vegna eldgossins í Eyjafjallajökli	245
Aðrar millifærslur af ófyrirséðum lið	122
Færst samtals af liðnum 09-989	-1.922
Millifærðar fjárheimildir af lið vegna ófyrséðra útgjalda:	**0**

Í aukningu útgjaldaskuldbindinga sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu vegur þyngst að eftir uppgjör vaxtabóta í kjölfar álagningar skatta á einstaklinga liggur fyrir að þær greiðslur verða um 1,7 mia.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þessi breyting skýrist aðallega af vanmati á áhrifum af því að skuldir heimilanna hafa farið vaxandi á sama tíma og tekjur

þeirra hafa lækkað en það leiðir til þess að tekju- og eignaskerðingar vaxtabótakerfisins verða minni en ella og bótagreiðslur þar með hærri. Þá er í frumvarpinu óskað eftir tæplega 900 m.kr. fjárveitingu vegna kaupa á sendiherrabústað í London. Utanríkisráðuneytið seldi sendiráðsbústaðinn í London fyrir 1,7 mia.kr., sem færist á tekjuhlið frumvarpsins. Hefur annar ódýrari bústaður verið keyptur í staðinn sem er til afhendingar nú á haustmánuðum eftir lagfæringar og endurbætur. Ávinningurinn af þessum eignabreytingum er því tæpar 900 m.kr.

Útgjöld sem fjármögnuð eru með ríkistekjum hækka um 674 m.kr. nettó. Þessir liðir hafa ekki áhrif á afkomu ársins þar sem tekjur koma á móti. Þar ber helst að nefna 320 m.kr. fjárheimild vegna nýstofnaðs embættis Umboðsmanns skuldara sem gert er ráð fyrir að verði fjármagnað með sérstöku gjaldi á lánastofnanir. Fjárveitingar vegna jöfnunar á örorkubyrgði almennra lífeyrissjóða hækkar um 138 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi og fjárheimildir Fjármálaeftirlitsins eru hækkaðar um 131 m.kr. en útgjöldin eru fjármögnuð með eftirlitsgjaldi. Þá er auk þess óskað eftir því að fjárheimildir Umferðarstofu verði hækkaðar um rúmlega 100 m.kr. og verkefni sem fjármögnuð eru með leigutekjum fyrir aflaheimildir í skötusel og frístundaveiðar um 139 m.kr. Á móti hækkuðum fjárheimildum kemur samtals 200 m.kr. lækkun á fjárveitingum annars vegar vegna endurskoðaðra áætlana um tekjur af flutningsjöfnunargjaldi á olíuvörur og hins vegar vegna tekna af úrvinnslugjaldi.

Farið er fram á að framlög vegna húsleigubóta verði hækkuð um liðlega 640 m.kr. vegna stigvaxandi útgjalda til málaflokksins. Samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga sem gert var í apríl 2008 um verulega hækkun bótanna og aukna þátttöku ríkisins í fjármögnun rann út vor og hefur ekki verið endurnýjað en engu að síður er þó gert ráð fyrir að á þessu ári verði greitt samkvæmt forsendum fyrra samkomulags. Áætlað er að vegna tekjutenginga muni útgjöld lífeyristryggingа á vegum ríkisins aukast um 510 m.kr. í kjölfar þess að almennir lífeyrissjóðir hafa skert sínar lífeyrisgreiðslur. Farið er fram á 500 m.kr fjárveitingu vegna mannaflsfrekra viðhaldsverkefna við húsnæði í eigu ríkisins til að bæta atvinnuástand í kjölfar efnahagskreppunnar með því að fjölga störfum í byggingariðnaði á þessu ári. Þá er í frumvarpinu reiknað með að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs aukist um rúmlega 435 m.kr. vegna framlengingar á rétti til hlutaatvinnuleysisbóta og átaks vegna sumarstarfa. Tvennar kosningar eru á þessu ári sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins. Í fyrsta lagi er þjóðaratkvæðagreiðslan um Icesave-samningana og hins vegar kosningar til stjórnlagaþings en gert er ráð fyrir að samanlagður kostnaður við kosningarnar verði 425 m.kr.

Af öðrum auknum útgjaldaskuldbindingum má nefna að greiðslur vegna barnabóta eru nú áætlaðar 350 m.kr. hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum og byggir það á raunútgjöldum samkvæmt skattálagningu á þessu ári. Þá er óskað eftir tæplega 295 m.kr. fjárveitingu vegna einskiptis framlags í Lífeyrissjóð bænda en til stendur að ríkið hætti til frambúðar að greiða í sjóðinn frá og með næsta ári. Gert er ráð fyrir 278 m.kr. vegna hækkunar á ýmsum

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Heimildir[1] 2010	Breyt.frá fjárl. m.kr.	Breyt. frá fjárl. %
Rekstrargjöld	**215.426**	**216.162**	**736**	**0,3**
Laun	119.276	119.024	-252	-0,2
Lífeyrisskuldbindingar	5.327	5.327	0	0,0
Fjármagnstekjuskattur	4.647	3.207	-1.440	-31,0
Önnur gjöld	118.148	120.997	2.849	2,4
Sértekjur	-31.971	-32.393	-421	1,3
Fjármagnskostnaður	**94.320**	**74.019**	**-20.301**	**-21,5**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**220.776**	**219.380**	**-1.396**	**-0,6**
Lífeyristryggingar	48.652	46.797	-1.855	-3,8
Atvinnuleysistryggingasjóður	27.805	26.741	-1.064	-3,8
Sjúkratryggingar	22.809	21.680	-1.129	-4,9
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	13.645	14.499	854	6,3
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	10.812	11.296	484	4,5
Afskriftir skattkrafna	10.000	10.000	0	0,0
Vaxtabætur	10.070	11.796	1.726	17,1
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	10.703	9.333	-1.370	-12,8
Barnabætur	10.100	10.450	350	3,5
Fæðingarorlofssjóður	9.532	9.532	0	0,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.985	8.533	-452	-5,0
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	2.358	2.496	138	5,9
Framlag til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga	2.630	2.630	0	0,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	32.674	33.596	922	2,8
Viðhald	**7.966**	**8.861**	**895**	**11,2**
Vegakerfi	4.679	4.796	117	2,5
Annað	3.287	4.065	778	23,7
Stofnkostnaður	**17.611**	**18.190**	**579**	**3,3**
Vegakerfi	8.976	8.976	0	0,0
Háskólar og framhaldskólar	1.218	1.218	0	0,0
Heilbrigðisstofnanir	732	712	-20	-2,7
Flugvellir	258	258	0	0,0
Annað	6.427	7.026	599	9,3
Fjármagnstilfærslur	**4.626**	**4.576**	**-50**	**-1,1**
Hafnarframkvæmdir	699	649	-50	-7,2
Ofanflóðasjóður	553	553	0	0,0
Leiguíbúðir	436	436	0	0,0
Menningastofnanir	66	66	0	0,0
Annað	2.872	2.872	0	0,0
Gjöld samtals	**560.724**	**541.187**	**-19.538**	**-3,5**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

skylduframlögum til alþjóðastofnana sem ekki lágu fyrir við undirbúning fjárlaga 2010. Vegna sérfræðikostnaðar í tengslum við samningaviðræður um Icesave og vegna málefna sparisjóðanna er samtals óskað eftir 460 m.kr., sem skiptist jafnt á hvorn lið um sig. Þá er lagt til að veitt verði 210 m.kr. framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að mæta að fullu hækkun á tryggingagjaldi á þessu ári í samræmi við samkomulag þar um milli ríkis og sveitarfélaga. Önnur tilefni til aukinna útgjalda eru lægri.

Helsta tilefni til lækkunar á útgjaldaskuldbindingum á þessu ári er að áætlun um áfallin og gjaldfærð vaxtagjöld lækkar verulega eða um 20,3 mia.kr. Þessi mikla lækkun skýrist aðallega af þrennu. Í fyrsta lagi lækkar áætlaður vaxtakostnaður ríkisverðbréfa vegna þess að vaxtakjör í útboðum ríkisskuldabréfa hafa reynst ríkissjóði hagkvæm það sem af er árinu þrátt fyrir mikla útgáfuþörf. Í öðru lagi er nú miðað við að ekki þurfi að nýta að fullu lánafyrirgreiðslu Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands og þriðjung frá Póllandi í tengslum við samstarfsáætlunina með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum en í fjárlögum var gengið út frá því að draga þyrfti á þær lánsfjárheimildir að fullu um mitt árið. Í þriðja lagi var skuldabréf, sem ríkissjóður gaf út til Seðlabanka í árslok 2008 til að styrkja eiginfjárstöðu hans vegna taps bankans á veð- og daglánum við fall bankanna, lækkað í árslok 2009 með kaupum Seðlabanka á kröfum sem ríkissjóður yfirtók í árslok 2008. Einnig hefur þróun vaxta og gengis verið ríkissjóði hagkvæmari en áætlað var. Gert er ráð fyrir að greiddir vextir lækki talsvert minna, eða um 13,7 mia.kr., sem skýrist aðallega af uppkaupum erlendra skulda, minni lántökum frá samstarfsþjóðum og lækkun á skuldabréfi Seðlabanka.

Af öðrum stórum útgjaldaliðum sem horfur eru á að verði undir áætlunum fjárlaga má nefna lífeyristryggingar en endurmat á þeim útgjöldum miðað við greiðslur það sem af er árinu bendir til að sú áætlun hafi verið ofmetin um 2,4 mia.kr. Talið er að lækkun lífeyristrygginga komi m.a. til vegna þess að framtaldar tekjur lífeyrisþega, þ.m.t. fjármagnstekjur, hafa farið hækkandi. Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs eru áætlaðar um 1,5 mia.kr. lægri á árinu en gert hafði verið ráð fyrir. Endurskoðuð spá gefur tilefni til að ætla að atvinnuleysi í ár verði nokkru lægra en reiknað var með í forsendum fjárlaga 2010. Í fjárlögum var reiknað með 9,6% atvinnuleysi á árinu en nú er hins vegar talið útlit fyrir að atvinnuleysið verði um 8,6%. Áætlað er fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna sinna lækki um 1,4 mia.kr., einkum vegna lægri vaxtatekna, en skatturinn færist einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð lækka um 1,4 mia.kr. sem skýrist meðal annars af því að öryrkjum hefur ekki fjölgað eins mikið og gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Þá er fjárveiting vegna smíði á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna lækkuð um 577 m.kr. vegna seinkunar sem verður á afhendingu skipsins vegna jarðskjálftans í Chile sl. vetur. Loks má nefna að framlög til LÍN lækka um 452 m.kr. í ljósi þess að endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir heldur færri lánþegum á árinu en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga, auk þess sem framlag til rammaáætlunar ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun lækkar um 250 m.kr. þar sem aðildargjöld Íslands

vegna þátttöku í rannsóknaráætlunum hafa verið endurskoðaðar með tilliti til nýrra talna um landsframleiðslu á árinu 2009.

Lagt til að millifærðar fjárheimildir af fjárlagaliðnum 09-989 Ófyrirséð útgjöld verði samtals tæpir 2 mia. kr. en þessar millifærslur hafa ekki áhrif á heildarfjárheimildir ársins til lækkunar eða hækkunar. Helstu tillögur sem gerðar eru um millifærðar fjárheimildir af þessum safnlið fjárlaga eru 470 m.kr. vegna stóraukinna rannsókna á vegum embættis sérstaks saksóknara m.a. í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um fall bankakerfisins, 350 m.kr. vegna markaðsátaks í ferðamálum til að vega á móti neikvæðum áhrifum af eldgosum sl. vor og 180 m.kr. vegna dýpkunar í Landeyjahöfn. Þá er lagt til að samtals verði millifærð 800,7 m.kr. fjárveiting af þessum lið vegna eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi. Stærstu einstöku liðirnir þar eru 190 m.kr. til Bjargráðasjóðs, 117 m.kr. til Vegagerðarinnar og 116 m.kr. til Landgræðslu ríkisins. Af öðrum stórum liðum má nefna Veðurstofu Íslands með 78 m.kr. og Ríkislögreglustjóra með 54 m.kr. Tillögur að fjárveitingunum eru byggðar á niðurstöðu samráðshóps ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta sem settur var á laggirnar til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna.

3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða, sem fram koma í 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tl. 3. gr. er lagt til að lántökuheimild fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, lækki úr 460 mia.kr. í 370 mia.kr. Reiknað er með að heildarlántökur ríkissjóðs á þessu ári verði 370 mia.kr., þar af 230 mia.kr. í íslenskum krónum en jafngildi 140 mia.kr. í erlendri mynt. Í fjárlögum var áætlað að lántökur yrðu samtals 440 mia.kr. sem skiptust jafnt í innlend og erlend lán. Lækka því erlendar lántökur um 80 mia.kr. frá fjárlögum en innlendar aukast um 10 mia.kr. Við afgreiðslu fjárlaga 2010 var reiknað með að ríkissjóður myndi fullnýta lánaheimildir frá Norðurlöndum og Póllandi í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að jafngildi 220 mia.kr. til að efla gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Var þar um að ræða eftirstöðvar af 1. hluta áætlunarinnar ásamt 2., 3. og 4. hluta af lánum Norðurlandanna og lán frá Póllandi. Á þessu stigi er hins vegar miðað við að í ár verði þessar lántökur 76 mia.kr., eða 144 mia.kr. minni en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Þegar hafa verið teknar eftirstöðvar af 1. hluta og 2. hluti af lánum Norðurlandanna og 1. hluti af láni Póllands. Í kjölfar þriðju endurskoðunar samstarfsáætlunarinnar með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fer fram mat á því hvenær og í hvaða mæli nýta þarf þær viðbótarlánaheimildir sem af henni leiða. Verður lögð til breyting á þessum heimildum frumvarpsins í samræmi við niðurstöðu þar um við 2. umræðu frumvarpsins. Til viðbótar þessari 76 mia.kr. lántöku

kemur 64 mia.kr. lántaka vegna kaupa ríkissjóðs á skuldabréfum Avens B.V. Í maí sl. gerði ríkissjóður samkomulag við Seðlabankann í Lúxemborg um kaup á þessum bréfum þar sem að baki voru aðallega íbúðabréf en einnig ríkisbréf og reiðufé. Greiddi ríkissjóður fyrir þessar eignir með skuldabréfi að fjárhæð 401,5 milljónir evra, jafngildi um 64 mia.kr., auk 35 milljóna evra og 5 mia.kr. í reiðufé. Með kaupunum tryggði ríkissjóður sér full yfirráð yfir eignum Avens B.V. sem var stærsti einstaki eigandi krónueigna utan Íslands en krónueignir félagsins námu um fjórðungi allra krónueigna erlendra aðila. Skuldabréfið er til 15 ára með afborgunum af höfuðstól á 6 mánaða fresti og var fyrsta afborgun skuldarinnar greidd í september sl. Ríkissjóður keypti til viðbótar íbúðabréf af Eignarhaldsfélagi Seðlabanka Íslands og gerði síðar samkomulag um sölu allra íbúðabréfanna til 26 innlendra lífeyrissjóða fyrir rúmar 549 milljónir evra. Samkvæmt samkomulaginu munu lífeyrissjóðirnir selja erlendar eignir og greiða fyrir bréfin í evrum og hafa sjóðirnir heimild fram til 15. desember nk. til að fullnusta samkomulagið. Áformað er að ríkissjóður veiti fénu áfram í formi láns til Seðlabanka Íslands og munu þessi viðskipti auka gjaldeyrisforða bankans um 512 milljónir evra. Hér var ekki um fjárfestingu að ræða hjá ríkissjóði heldur aukningu á gjaldeyrisforða og endurskipulagningu á skuldum og höfðu þessi viðskipti í för með sér um 17,5 mia.kr. söluhagnað fyrir ríkissjóð sem færist á tekjuhlið.

Í 2. tl. 3.gr. eru lagðar til breytingar á endurlánaheimildum ríkissjóðs til samræmis við horfur fyrir árið í ár og er í heildina lögð til samtals 29,6 mia.kr. lækkun á heimildum og eru breytingarnar af þrennum toga. Í fyrsta lagi 1,6 mia.kr. lækkun á heimild vegna Lánsjóðs íslenskra námsmanna þar sem horfur eru á að í ár nemi lántökur sjóðsins 11,5 mia.kr. en í fjárlögum er 13,1 mia.kr. endurlánaheimild. Í öðru lagi 31,6 mia.kr. lækkun á heimild vegna Seðlabanka Íslands. Reiknað er með að í ár láni ríkissjóður bankanum jafngildi 188,4 mia.kr. í erlendri mynt til að styrkja gjaldeyrisforða bankans en í fjárlögum er 220 mia.kr. endurlánaheimild. Í þriðja lagi er sótt um heimild fyrir allt að 3,6 mia kr. lánveitingu til Arion banka hf. og miðast fjárhæðin við endanlegt mat á áhættugrunni bankans. Um er að ræða viðbót við 30,5 mia.kr. lánveitingu samkvæmt fjáraukalögum 2009 og samkomulagi við skilanefnd Kaupþings hf. um yfirtöku nefndarinnar f.h. kröfuhafa á 87% eignarhlut í bankanum. Gert er ráð fyrir að lánveitingin verði í íslenskum krónum en að endurgreiðslur bankans verði í evrum.

Í 3. tl. 3.gr. eru lagðar til breytingar á heimildum til að veita ríkisábyrgð á lántökum aðila sem hafa heimild til lántöku í sérlögum. Breytingarnar eru þrjár og í heildina tekið er lögð til rúmlega 7,4 mia.kr. lækkun heimildar. Í fyrsta lagi er lögð til ríflega 12,8 mia.kr. lækkun á lántökuheimild Íbúðalánasjóðs vegna almennra íbúðalána en á móti vegur í öðru lagi tillaga um rúmlega 9,4 mia.kr. hækkun á lántökuheimild sjóðsins vegna leiguíbúða. Lántökuheimildir Íbúðalánasjóðs verða þá samtals 62,4 mia.kr. Reiknað er með að í ár greiði sjóðurinn 33,8 mia.kr. í afborganir af teknum lánum og að lántökur verði því 28,6 mia.kr. umfram afborganir. Í þriðja lagi er lagt til að 4 mia.kr. lántökuheimild sem Byggðastofnun var veitt í fjárlögum falli brott, enda ekki gert ráð fyrir að stofnunin taki nein ný lán

í ár en fyrr á árinu lagði ríkissjóður stofnuninni til 3,6 mia.kr. aukið eiginfjárframlag. Reiknað er með að í ár greiði stofnunin 2,2 mia.kr. í afborganir af teknum lánum og lækkar þá skuldastaða hennar sem því nemur. Þegar gengið var frá fjárlagafrumvarpi 2011 var reiknað með að Landsvirkjun myndi einungis nýta 18 mia.kr. af 25 mia.kr. lántökuheimild sem fyrirtækið hefur í fjárlögum 2010. Nú eru hins vegar horfur á að fyrirtækið muni nýta alla heimildina. Aðstæður á lánamarkaði hafa batnað og í nýlegu skuldabréfaútboði fyrirtækisins var umframeftirspurn eftir bréfum þess. Viðræður standa nú yfir við erlenda banka um lánsfjáröflun fyrirtækisins og mun m.a. ráðast af framvindu þeirra hvort sækja þurfi breytingu á lántökuheimild fyrirtækisins við 2. umræðu fjáraukalagafrumvarpsins.

Að endingu er rétt að vekja athygli á sérstöku ákvæði í 4. gr. frumvarpsins um heimild fjármálaráðherra til að samþykkja hlutafjárloforð f.h. íslenska ríkisins í Norræna fjárfestingarbankanum fyrir allt að 19,5 milljónir evra. Í júní sl. samþykkti bankaráð bankans að auka hlutafé bankans um 2 milljarða evra frá og með 1. janúar 2011 og verður þá heildarhlutafé samkvæmt samþykktum bankans rúmlega 6,1 milljarður evra. Samþykktin er með fyrirvara um að nauðsynlegra heimilda til hennar hafi þá verið aflað í aðildarríkjunum. Hlutur Íslands í hlutafjáraukningunni nemur tæpum 19,5 milljónum evra, eða sem svarar til u.þ.b. 3 milljarða íslenskra króna. Við þessa hlutafjáraukningu lækkar hlutfall innborgaðs hlutafjár af heildarhlutafé bankans úr 10,1% í 6,8%. Um innköllun hlutafjárloforða fer eftir ákvörðunum bankastjórnarinnar eftir því sem hún telur nauðsynlegt til að standa við skuldbindingar bankans. Engin ákvörðun um innköllun liggur fyrir.

4 Sjóðstreymi

Hér er gerð nánari grein fyrir breytingum á sjóðstreymi ríkissjóðs. Vísað er til 2. gr. frumvarpsins.

Endurskoðuð áætlun um sjóðstreymi ríkissjóðs miðað við niðurstöður frumvarpsins felur í sér töluverðar breytingar frá fjárlögum. Samkvæmt frumvarpinu er útlit fyrir að á árinu 2010 verði hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs neikvæður um 217,1 mia.kr. þar sem nú er reiknað með að handbært fé frá rekstri ársins verði neikvætt um 83,8 mia.kr. og fjármunahreyfingar neikvæðar um 133,3 mia.kr. Við afgreiðslu á fjárlögum 2010 var áætlað að hreinn lánsfjárjöfnuður yrði neikvæður um 337,3 mia.kr. og er því nú áætlað að hreinn lánsfjárjöfnuður batni um 120,2 mia.kr. frá fjárlögum. Betri lánsfjárjöfnuð má í fyrsta lagi rekja til meiri afborgana af veittum lánum ríkissjóðs þar sem horfur eru á að afborganir verði samtals 96 mia.kr. eða 75,5 mia.kr. meiri en í fjárlögum. Aukninguna má rekja til 56,9 mia.kr. lækkunar á gjaldeyrisforðaláni til Seðlabanka Íslands eftir að ríkissjóður keypti upp samsvarandi skuldir vegna lána á gjalddaga 2011 og 24,6 mia.kr. lækkunar vegna sams konar uppkaupa sem áformuð eru til viðbótar í ár. Á móti kemur að áætlað er að innheimtar afborganir vegna sölu bygginga á Keflavíkurflugvelli sem fram fór í október 2007 verði 6

mia.kr. minni en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Í öðru lagi er nú áætlað að lánveitingar ríkissjóðs verði alls 203,5 mia.kr., en það er 29,6 mia.kr. minni lánveitingar en reiknað er með í fjárlögum. Gert er ráð fyrir 31,6 mia.kr. minni lánveitingu til Seðlabanka Íslands, eða jafngildi 188,4 mia.kr. í stað 220 mia.kr. eins og í fjárlögum. Reiknað er með að veitt lán til Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði 11,5 mia.kr. en það er 1,6 mia.kr. minni lánveiting en í fjárlögum. Á móti kemur svo að gert er ráð fyrir að ríkissjóður veiti allt að 3,6 mia.kr. viðbótarlán til Arion banka hf. í samræmi við endanlegt mat á áhættugrunni bankans og samkomulag við skilanefnd Kaupþings hf. um yfirtöku nefndarinnar f.h. kröfuhafa á 87% eignarhlut í bankanum. Í þriðja lagi er nú reiknað með að eiginfjárframlög ríkissjóðs verði alls 26 mia.kr. sem eru 4 mia.kr. meiri framlög en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Fyrr á árinu lagði ríkissjóður Byggðastofnun til 3,6 mia.kr. eiginfjárframlag. Ekki varð af fyrirhuguðu 2,6 mia.kr. framlagi á árinu 2009 og í fjárlögum er áætlað fyrir 1 m.kr. framlagi. Þá er reiknað með að ríkissjóður taki þátt í hlutafjáraukningu í Farice ehf. með allt að 1,5 mia.kr. framlagi en ekki varð af fyrirhugaðri hlutafjáraukningu á árinu 2009. Sótt er um heimild til þessara framlaga í heimildagrein frumvarpsins. Loks er í fjórða lagi reiknað með að handbært fé frá rekstri verði 19,1 mia.kr. meira en í fjárlögum.

Í milljónum króna	Fjárlög 2010	Heimildir 2010	Breyting frá fjárlögum
Handbært fé frá rekstri	**-102.949**	**-83.847**	**19.102**
Fjármunahreyfingar:			
Veitt lán til Seðlabanka Íslands	-220.000	-188.400	31.600
Veitt önnur löng lán	-13.100	-15.100	-2.000
Afborganir veittra lána	20.500	96.000	75.500
Eiginfjárframlög til sparisjóðakerfisins og önnur eiginfjárframlög	-22.000	-26.000	-4.000
Sala hlutabréfa og eignarhluta	200	200	0
Fjármunahreyfingar samtals	**-234.400**	**-133.300**	**101.100**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-337.349**	**-217.147**	**120.202**
Fjármögnun:			
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	220.000	140.000	-80.000
Önnur löng lán	220.000	230.000	10.000
Afborganir af teknum lánum	-135.000	-235.000	-100.000
Fjármögnun samtals	**305.000**	**135.000**	**-170.000**
Breyting á handbæru fé	**-32.349**	**-82.147**	**-49.798**

Gert er ráð fyrir að neikvæðum lánsfjárjöfnuði verði bæði mætt með lántökum og með því að ganga á innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Lántökur ríkissjóðs eru áætlaðar 370 mia.kr., sem er 70 mia.kr. minni lántaka en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Reiknað er með að ríkissjóður greiði 235 mia.kr. í afborganir af teknum lánum, sem er 100 mia.kr. meira en áætlað er í fjárlögum. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á þessu ári er því áætluð 135

mia.kr., eða 170 mia.kr. minni en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Er því gert ráð fyrir að handbært fé minnki um 82,1 m.kr. og að staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands versni sem því nemur.

Til viðbótar því sem hér hefur verið rakið má reikna með að ríkissjóður muni þurfa að styrkja eiginfjárstöðu Íbúðalánasjóðs. Mat á fjárþörf stendur yfir og stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu fyrir áramót. Má því gera ráð fyrir að fyrir að sækja þurfi um heimild til að leggja sjóðnum til aukið eigið fé fyrir lokaafgreiðslu frumvarpsins.

5 Heimildir

Sótt er um 13 heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að þrjár eru vegna sölu húsnæðis eða eignarhluta í húsnæði, ein er vegna sölu á jörð, fimm til kaupa eða leigu á fasteignum og fjórar sem falla undir flokkinn ýmsar heimildir.

Heimildir 2.20-2.22 eru vegna sölu á nokkrum fasteignum Framkvæmdasjóðs fatlaðra sem sjóðurinn hefur tekið úr notkun. Gert er ráð fyrir að andvirði eignanna renni til sjóðsins eins og hefðbundið er.

Heimild 4.10 er til sölu á fasteignum ríkisins að Efri–Brú í Grímsnesi þar sem Götusmiðjan hefur hætt starfsemi á staðnum.

Heimild 6.23 er til að kaupa húsnæði fyrir skammtímavistun fatlaðra á Ísafirði en talin er brýn þörf á slíku húsnæði til á því að leysa málefni skammtímavistunar á staðnum

Heimild 6.24 er til leigu á hentugu húsnæði fyrir Fjármálaeftirlitið en stofnunin auglýsti eftir húsnæði síðsumars.

Heimild 6.25 er til að leigja hentugt húsnæði fyrir sameinaða stofnun Landlæknisembættis og Lýðheilsustöðvar en vegna fyrirhugaðrar sameiningar stofnanna var auglýst eftir húsnæði fyrir stofnunina í sumar.

Heimild 6.26 er kaupa á jörðinni Teigarhorni, Djúpavogshreppi og er samhljóða heimild 6.15 í fjárlagafrumvarpi 2011.

Heimild 6.27 er til kaupa á 60% eignarhlut Reykjavíkurborgar í Miðbæjarskólanum að Fríkirkjuvegi 1, en ætlunin er að nýta húsnæðið til að leysa húsnæðisþörf Kvennaskólans.

Heimild 7.20 er til að auka hlutafé í Farice hf. og til að taka ásamt núverandi eigendum þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins. Heimild til að auk hlutafé Farice var í lið 7.24 í fjáraukalögum 2009 en hefur ekki verið nýtt.

Heimild 7.21 er til komin vegna ákvörðunar eigenda Norræna fjárfestingarbankans að auka hlutafé aðildarþjóðanna. Um er að ræða aukningu á heildarhlutafé bankans um 2 milljarða evra en hlutur íslenska ríkisins í aukningunni nemur 19,5 milljónir evra. Um er að ræða hlutafjárloforð en ekki er gert ráð fyrir beinum greiðslum hluthafa.

Heimild 7.22 og 7.23 eru samhljóða heimildum í lið 7.13 og 7.14 í fjárlagafrumvarpi 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 226,9 m.kr.

201 Alþingi.

1.03 Fastanefndir. Farið er fram á 21,7 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar Alþingis við gerð skýrslu lögfræðistofunnar Mishcon de Reya um Icesave málið.

207 Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008.

1.01 Rannsóknarnefnd. Farið er fram á 90 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við rannsóknarnefnd Alþingis og útgáfu á skýrslu nefndarinnar. Nefndin átti 24,5 m.kr. ónotaða fjárheimild frá fyrra ári og fékk 100 m.kr. fjárveitingu í fjárlögum. Í bókhaldi ríkisins hefur 214 m.kr. kostnaður verið gjaldfærður á fjárlagalið nefndarinnar á fyrstu níu mánuðum þessa árs og er fjárvöntun því um 90 m.kr. Umtalsverð óvissa var um umfang verkefna og útgjöld vegna starfs nefndarinnar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2010.

290 Stjórnlagaþing.

1.01 Stjórnlagaþing. Sótt er um 115,2 m.kr. fjárheimild vegna kostnaðar við undirbúning stjórnlagaþings. Í lögum um stjórnlagaþing nr. 90/2010 er mælt fyrir um skipan undirbúningsnefndar sem skal undirbúa þjóðfund um stjórnarskrármálefni og stofnun og starfsemi stjórnlagaþingsins og er nefndinni einnig ætlað að ráða framkvæmdastjóra. Einnig mæla lögin fyrir um skipan stjórnlaganefndar sem skal undirbúa og standa að þjóðfundinum. Stjórnlaganefndinni er jafnframt ætlað að annast söfnun og úrvinnslu fyrirliggjandi gagna og upplýsinga um stjórnarskrármálefni sem nýst geta stjórnlagaþingi og enn fremur að leggja fram hugmyndir til stjórnlagaþings um breytingar á stjórnarskrá þegar það kemur saman. Samkvæmt áætlun sem undirbúningsnefnd stjórnlagaþings hefur unnið er gert ráð fyrir að heildarkostnaður við þinghaldið og undirbúning þess verði 340,5 m.kr. og að þar af falli 115,2 m.kr. til í ár en 225,3 m.kr. á næsta ári. Af kostnaði sem reiknað er með að falli til í ár eru 91,7 m.kr. vegna þjóðfundarins sem verður haldinn 6. nóvember nk. en 23,5 m.kr. vegna annars undirbúningskostnaðar, s.s. uppsetning og rekstur skrifstofu til stuðnings nefndunum, laun

starfsmanna, nefndaþóknanir og annar kostnaður. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 er sótt um 200 m.kr. fjárheimild til þinghaldsins. Kostnaðaráætlun undirbúningsnefndarinnar lá ekki fyrir þegar gengið var frá fjárlagafrumvarpinu og má því gera ráð fyrir að við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins verði sótt um hækkun á fjárveitingu til samræmis við áætlunina. Auk þess er í þessu frumvarpi sótt um 200 m.kr. fjárheimild á fjárlagaliðnum *06-111 Kosningar* hjá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti vegna kostnaðar við kosningu fulltrúa á stjórnlagaþingið 27. nóvember nk.

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild mennta- og menningarmálaráðuneytis verði lækkuð um 438,2 m.kr.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.

1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Óskað er eftir 15,7 m.kr. fjárveitingu vegna rannsókna og annarra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að greina orsök og uppruna hóstapestar í hrossum, auk þess að styrkja dýrasjúkdómavarnir í landinu. Gert er ráð fyrir því að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu sem ætlaður er til að bregðast við slíkum óvæntum eða óvissum útgjöldum.

203 Raunvísindastofnun Háskólans.

1.01 Raunvísindastofnun Háskólans. Lagt er til að fjárveiting stofnunarinnar verði hækkuð um 32,4 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu.

217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum.

1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum. Óskað er eftir 5,5 m.kr. framlagi til skólans til að mæta fjárhagslegu tjóni vegna hestaveikinnar sem hrjáði íslenska hesta síðastliðið sumar. Tjón skólans felst í því að í fyrsta lagi þurfi að aflýsa starfsemi sumarskóla hestafræðideildar skólans fyrir erlenda nemendur. Í öðru lagi varð verulegt óhagræði í skólastarfinu við námslok og próf, m.a. vegna fleiri úttekta og prófdaga. Í þriðja lagi jókst kostnaður við umönnun veikra hrossa t.d. þrif og sótthreinsun á aðstöðu. Gert er

ráð fyrir því að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu sem ætlaður er til að bregðast við slíkum óvæntum og óvissum útgjöldum.

231 Rannsóknamiðstöð Íslands.

1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands. Óskað er eftir 10 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna kostnaðar við umsýslu með framkvæmd laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem Rannsóknarmiðstöð Íslands er falin samkvæmt lögunum. Kostnaðurinn felst í sérstakri vinnu vegna uppbyggingar umsóknar- og gagnabanka tengdan umsóknum og gagnaöflun vegna mats sem áformað er að gera eftir tvö ár samkvæmt lögunum. Búið er að semja handbók sem er í samráðsferli og smíðað hefur verið sérstakt kerfi til að halda utan um umsóknir. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir 5 m.kr. framlagi til verkefnisins vegna árlegrar umsjónar og yfirferðar á umsóknum nýsköpunarfyrirtækja.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.15 Nýsköpunarsjóður. Lagt er til að fjárveiting hækki um 50 m.kr. til að efla sjóðinn. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að fjárframlög í Nýsköpunarsjóð námsmanna verði aukin til muna á yfirstandandi ári. Fjárveiting í fjárlögum 2010 nemur 20 m.kr. auk 20 m.kr. framlags frá Reykjavíkurborg. Miðað er við að auk 50 m.kr. fjárveitingar sem hér er sótt er um verði heimilt að ráðstafa 20 m.kr. til viðbótar í sjóðinn af ónýttum fjárheimildum ráðuneytisins frá síðasta ári. Framlög ríkissjóðs til Nýsköpunarsjóð námsmanna munu þannig nema 90 m.kr. á yfirstandandi ári. Reykjavíkurborg mun jafnframt auka framlag sitt um 10 m.kr. þannig að sjóðurinn hafi 120 m.kr. til umráða í ár. Með eflingu nýsköpunarsjóðsins er hægt að tryggja allt að 400 háskólanemum styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna sem stuðla að nýsköpun og auknum tengslum háskóla, stofnana og fyrirtækja.

1.90 Háskólastarfsemi. Lagt er til að fjárveiting til þessa viðfangsefnis hækki um 20 m.kr. Í fyrsta lagi er um að ræða 10 m.kr. framlag sem ríkisstjórnin samþykkti að leggja til í frumvarpinu til að styrkja rekstur Hugmyndahúss háskólanna. Listaháskóli Íslands hefur í samstarfi við aðra háskóla sett af stað verkefni sem miða einkum að því koma til móts við þarfir ungs fólks sem misst hefur vinnuna og ber þar helst að nefna Hugmyndahús sem er vettvangur fyrir frumkvöðla og þekkingarvinnu og rekið er í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð. Í öðru lagi er óskað eftir 10 m.kr. fjárveitingu til að greiða mótframlag til stofnana ráðuneytisins vegna skráningar- og umsýsluverkefna sem fengið hafa styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Tillagan er hluti af hugmyndum menntamálaráðherra um úrræði fyrir námsmenn í sumar sem samþykktar voru af ríkisstjórninni.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Sótt er um 45 m.kr. framlag vegna nemendafjölgunar í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu á haustönn ársins 2010. Innritunartölur 10. bekkinga í framhaldsskóla á haustönn 2010 benda til þess að ársnemendur í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu verði um 90 fleiri en fjárlög 2010 gerðu ráð fyrir. Talið er að fjölgunina megi rekja til slæms atvinnuástands á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er um sama vandamál að ræða á landsbyggðinni.

350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.

1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. Sótt er um 17,1 m.kr. framlag vegna leigu á nýju 2.000 fermetra húsnæði við skólann sem tekið var í gagnið haustið 2009. Fjárheimild skólans var ekki hækkuð í fjárlögum ársins 2010 vegna þessa húsnæðis.

351 Fjölbrautaskólinn Ármúla.

1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla. Sótt er um 8,1 m.kr. framlag vegna leigu á nýju 2.267 fermetra húsnæði við skólann sem tekið verður í gagnið 1. ágúst 2010. Fjárheimild skólans var ekki hækkuð í fjárlögum ársins 2010 vegna þessa húsnæðis.

356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra.

1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra. Sótt er um 2,1 m.kr. framlag vegna leigu á nýju 579 fermetra húsnæði við skólann sem tekið verður í gagnið 1. ágúst 2010. Fjárheimild skólans var ekki hækkuð í fjárlögum ársins 2010 vegna þessa húsnæðis.

359 Verkmenntaskólinn á Akureyri.

1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri. Sótt er um 1,4 m.kr. framlag vegna leigu á nýju 380 fermetra húsnæði við skólann sem tekið verður í gagnið 1. ágúst 2010. Fjárheimild skólans var ekki hækkuð í fjárlögum ársins 2010 vegna þessa húsnæðis.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlag til lánasjóðsins verði lækkað um 452 m.kr. eða um 5% frá gildandi fjárlögum. Helsta ástæða fyrir þessari lækkun er að fjöldi lánsþega er áætlaður um 10% lægri en gert var ráð fyrir í forsendum gildandi fjárlaga. Á móti er reiknað með að meðalgreiðsla skólagjaldalána verði um 19% hærri og að lánsþegar erlendis verði um 4% fleiri. Þessar tölur eru byggðar á endurmati sjóðsins.

901 Fornleifavernd ríkisins.

1.01 Fornleifavernd ríkisins. Óskað er eftir 5,5 m.kr. framlagi til stofnunarinnar vegna neyðarrannsókna við Vík í Sæmundarhlíð rétt við Sauðárkrók. Framlag til stofnunarinnar gerir ekki ráð fyrir slíkum viðbótakostnaði.

903 Þjóðskjalasafn Íslands.

1.01 Þjóðskjalasafn Íslands. Lagt er til að veitt verði 13 m.kr. framlag til stofnunarinnar vegna framkvæmdar laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Samkvæmt lögunum er gert ráð fyrir að Þjóðskjalasafnið taki fljótlega við bæði skjalasafni gagnagrunnum rannsóknanefndar Alþingis vegna falls bankanna og er framlagið ætlað til að koma þeim upplýsingum til varðveislu og í miðlunarhæft horf.

971 Ríkisútvarpið.

1.10 Ríkisútvarpið. Óskað er eftir 38 m.kr. hækkun á framlagi til RÚV ohf. til að tryggja að stafrænar hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingar RÚV verði aðgengilegar á gervihnetti. Ríkisstjórnin samþykkti í mars sl. að gerður yrði nýr eins ár samningur við Telenor sem renna á út í mars 2011. Með þessu er tryggt að útsendingar RÚV ohf verði áfram aðgengilegar í gegnum gervihnött næstu 12 mánuði á meðan nefnd skipuð fulltrúum fjögurra ráðuneyta vinnur að stefnumótun um stafræna sjónvarpsdreifingu.

985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun.

1.91 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun. Lagt er til að framlag Íslands til rammaáætlana ESB lækki um 250 m.kr. Skýrist það af endurmati af aðildargjöldum til þessara áætlana sem taka mið af nýjum landsframleiðslutölum fyrir árið 2009 en þar gætir áhrifa af efnahagssamdrættinum hér á landi.

999 Ýmislegt.

1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis. Óskað er eftir heimild til að ráðstafa 88,5 m.kr. eftirstöðvum af Menningarsjóði Útvarpsstöðva í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt fyrr á þessu ári. Fyrirhugað er ráðstafa eftirstöðvunum með því að auglýsa síðustu úthlutanirnar úr sjóðnum og er miðað við að þær verði tvær og fari fram árin 2010 og 2011 í samræmi við þau lög og úthlutunarreglur sem um sjóðinn giltu. Ný útvarpslög voru samþykkt á vordögum árið 2000 og þá lauk hefðbundinni starfssemi sjóðsins en stjórn sjóðsins starfaði áfram m.a. til eftirlits og til að innheimta ógreidd menningarsjóðsgjöld. Innheimtan gekk vel og í byrjun árs 2002 voru tæplega 50 m.kr. á bankareikning sjóðsins. Ríkisendurskoðun hefur gengið frá sjóðnum og útbúið ársreikning. Þar kemur fram að inneign á bankareikningi er nú 88,5 m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 1.214,3 m.kr.

214 Varnarmálastofnun.

1.01 Varnarmálastofnun. Óskað er eftir að 22,8 m.kr. fjárheimild verði flutt á fjárlagaliðinn *03-300 Sendiráð* vegna flutnings á rekstri sendiskrifstofu í Mons til sendiráðastarfsemi utanríkisráðuneytisins frá 1. maí 2010.

300 Sendiráð Íslands.

1.01 Sendiráð Íslands. Farið er fram á að fjárveiting sendiráða hækki um 37,8 m.kr. Annars vegar er óskað eftir að 22,8 m.kr. fjárheimild verði flutt á viðfangið af liðnum *03-214-1.01 Varnarmálastofnun* vegna flutnings á rekstri sendiskrifstofu í Mons til sendiráðastarfsemi utanríkisráðuneytisins frá 1. maí 2010. Hins vegar er óskað eftir 15 m.kr. fjárheimild vegna leigu á sendiráðsbústað í London. Utanríkisráðuneytið seldi sendiráðsbústaðinn í London fyrr á árinu vegna áforma um að festa kaup á ódýrari bústað síðar. Nýr bústaður hefur verið keyptur og þar til hann verður afhentur þarf að leigja annað húsnæði.

5.21 Viðhald fasteigna. Óskað er eftir 35 m.kr. fjárheimild vegna nauðsynlegra endurbóta á nýjum sendiherrabústaði í London sem keyptur var í stað dýrari bústaðar sem seldur var í því skyni að bæta afkomu ríkissjóðs á árinu. Nýi bústaðurinn er til afhendingar í haust eftir að framkvæmdar hafa verið nauðsynlegar lagfæringar og endurbætur á honum.

6.24 Sendiherrabústaður í London. Óskað er eftir 835 m.kr. fjárveitingu vegna kaupa á sendiherrabústaði í London. Utanríkisráðuneytið seldi sendiráðsbústaðinn í London fyrir 8,7 milljónir sterlingspund sem svarar til nálægt 1.700 m.kr. miðað við þáverandi gengi krónunnar. Salan er þáttur í ráðstöfunum til að bæta afkomu ríkissjóðs á árinu. Keyptur hefur verið annar ódýrari bústaður í staðinn sem er til afhendingar í haust eftir lagfæringar og endurbætur. Kaupverð nýja bústaðarins nemur um 4,5 milljónum punda og greiðast 10% við undirritun samnings en afgangurinn í október. Það svarar til um 835 m.kr. miðað við spá um gengi pundsins gagnvart krónunni. Ávinningurinn af þessum eignabreytingum er því nærri 900 m.kr.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.

1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð. Óskað er eftir að 35 m.kr. verði millifærðar af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu vegna ferðar Íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar til björgunarstarfa á Haítí í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 22. janúar 2010. Af verkefninu hlýst 54 m.kr. kostnaður en þar af er gert ráð fyrir 8,7 m.kr. styrk úr almannavarnasjóði ESB. Utanríkisráðuneytið mun

sjálft ráðstafa 10,3 m.kr. til verkefnisins. Grundvöllur þessa verkefnis er samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar um Íslensku alþjóðabjörgunarsveitina frá 23. maí 2008 en samkvæmt honum starfar sveitin erlendis í umboði íslenskra stjórnvalda.

401 Alþjóðastofnanir.

1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN. Óskað er eftir 9,8 m.kr. framlagi vegna hækkunar á aðildargjaldi. Stafar það af því að hlutdeild Íslands í fjárhagsáætlun stofnunarinnar hækkaði úr 0,037% í 0,042% í fjárlögum sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti í desember 2009.

1.39 Evrópuráðið. Óskað er eftir 19,8 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna almennrar hækkunar á aðildarframlögum.

1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO. Óskað er eftir að framlag hækki um 113,2 m.kr. Hækkunin kemur í fyrsta lagi til vegna aukinna fjárveitinga í tengslum við byggingu nýrra höfuðstöðva NATO en samkvæmt kostnaðaráætlun bandalagsins er framlag Íslands áætlað 21,5 m.kr. á árinu 2010. Í öðru lagi kemur til hækkunar aukið framlag í mannvirkjasjóð NATO sem áætlað er að nemi 62,2 m.kr. á árinu 2010 en fram til ársins 2014 hækkar kostnaðarhlutdeild Íslands í mannvirkjasjóði NATO úr 0,045% í 0,0658%, sem er full hlutdeild í sjóðum bandalagsins. Í þriðja lagi er um að ræða almenna hækkun á aðildargjaldi sem nemur 29,5 m.kr.

1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA. Óskað er eftir 33,7 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna almennrar hækkunar á aðildarframlögum.

1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA. Óskað er eftir 29,4 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna almennrar hækkunar á aðildarframlögum.

1.72 EFTA-dómstóllinn. Óskað er eftir 8,6 m.kr. hækkun á framlagi vegna almennrar hækkunar á aðildarframlögum.

1.85 Alþjóðleg friðargæsla. Óskað er eftir 63,8 m.kr. hækkun á fjárheimild. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkir fjárhagsáætlun samtakanna fyrir tvö ár í senn og var áætlun tímabilsins 2010–2011 samþykkt 24. desember 2009. Við útreikning framlaga til almennrar fjárhagsáætlunar og friðargæslu er byggt á þjóðhagsstærðum tímabilsins 2002–2007 þegar þjóðhagsreikningar á Íslandi sýndu mikinn vöxt í hagkerfinu. Það hefur í för með sér að hlutur Íslands hækkar um 13,51% frá fyrra tímabili, úr 0,037% í 0,042%.

611 Útflutningsráð Íslands.

1.10 Útflutningsráð Íslands. Óskað er eftir að framlag til Útflutningsráðs hækki um 16 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af markaðsgjaldi sem lagt er á gjaldstofn tryggingagjalds.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 592,9 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.62 Framlag til hafna vegna strandveiða. Lagt er til að veitt verði 37 m.kr. framlag til liðarins. Með lögum nr. 33/2010 um veiðieftirlitsgjald er gert ráð fyrir að við útgáfu leyfis til strandveiða skuli greiða sérstakt 50.000 kr. strandveiðigjald sem reiknað er með að skili 37 m.kr. tekjum á árinu 2010. Gert er ráð fyrir að Fiskistofa innheimti gjaldið en að tekjur af því renni til þeirra hafna þar sem afla, sem fenginn er við strandveiðar, hefur verið landað. Á þeim tíma sem strandveiðar eru stundaðar þurfa starfsmenn hafnanna, sérstaklega smærri hafna, að vera viðbúnir þeirri auknu umsýslu sem fylgir strandveiðum og þykir því rétt að koma til móts við hafnir hvað þetta varðar.

1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Gerð er tillaga um að 12 m.kr. verði millifærðar af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* á þetta viðfangsefni til að bæta félagasamtökum tjón og neikvæðar afleiðingar af hóstapest í hrossum á árinu.

234 Matvælastofnun.

1.01 Matvælastofnun. Farið er fram á að fjárveiting liðarins hækki um 4,4 m.kr. Annars vegar er óskað eftir 3,4 m.kr. fjárveitingu vegna rannsókna og annarra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að greina orsök og uppruna hóstapestar í hrossum, auk þess að styrkja dýrasjúkdómavarnir í landinu. Hins vegar er óskað eftir að fjárveiting hækki um 1 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Matvælastofnunar í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs.

1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs. Lagt er til að veitt verði 55,5 m.kr. framlag til liðarins. Í lögum nr. 22/2010 um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða er meðal annars gert ráð fyrir að fiskveiðiárin 2009/2010 og 2010/2011 hafi ráðherra til sérstakrar ráðstöfunar hvort ár um sig allt að 2.000 lestir af skötusel án þess að þeim verði úthlutað á grundvelli aflahlutdeilda í tegundinni heldur gegn greiðslu gjalds. Gert er ráð fyrir að á árunum 2010 og 2011 verði veitt framlag til Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs (AVS) sem svari til 40% af tekjunum og að

liðurinn Átak til atvinnusköpunar hjá iðnaðarráðuneytinu fái framlag sem svari til 60% af tekjunum. Markmiðið með þessari ráðstöfun er að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum. Áætlað er að tekjurnar verði samtals 96 m.kr. á árinu 2010 og er því gert ráð fyrir að AVS sjóðurinn fái 38,4 m.kr. framlag. Þá er í lögum nr. 22/2010 gert ráð fyrir að þessi sömu fiskveiðiár hafi ráðherra til ráðstöfunar allt að 200 lestir af óslægðum botnfiski á hvoru ári. Reiknað er með að gegn greiðslu verði heimilt að ráðstafa þessum aflaheimildum til skipa sem hafa leyfi til frístundaveiða. Gert er ráð fyrir að AVS sjóðurinn og Átak til atvinnusköpunar fái framlag eftir sömu skiptingu og við leigu á skötuselskvóta. Áætlað er að tekjurnar verði samtals 42,8 m.kr. á árinu 2010 og þar af fái AVS 17,1 m.kr. framlag. Samtals er því hér um 55,5 m.kr. framlag að ræða. Eftir að gengið var frá talnabálki frumvarpsins ákvað sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra úthlutun á 400 tonna viðbótaraflaheimild til veiða í skötusel umfram það sem reiknað er með í frumvarpinu. Er því gert ráð fyrir að flytja þurfi tillögur um breytingar á tekjum og fjárheimildum við 2. umræðu frumvarpsins með hliðsjón af því.

821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins.

1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Lagt er til að 5 m.kr. fjárveiting Garðávaxtasjóðs, ásamt samsvarandi sértekjum, verði færð í Framleiðnisjóð landbúnaðarins í samræmi við 22. gr. laga nr. 58/2007 um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Þar segir að styrktarsjóður sá sem varð til vegna tekna af sölu og leigu á eignum, ásamt sjóðum Grænmetisverslunar landbúnaðarins, skuli sameinaður Framleiðnisjóði landbúnaðarins og lúta þeim lögum og reglum sem um hann gilda.

828 Garðávaxtasjóður.

1.10 Garðávaxtasjóður. Lagt er til að 5 m.kr. fjárveiting Garðávaxtasjóðs, ásamt samsvarandi sértekjum, verði færð í Framleiðnisjóð landbúnaðarins í samræmi við 22. gr. laga nr. 58/2007 um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Þar segir að styrktarsjóður sá sem varð til vegna tekna af sölu og leigu á eignum, ásamt sjóðum Grænmetisverslunar landbúnaðarins, skuli sameinaður Framleiðnisjóði landbúnaðarins og lúta þeim lögum og reglum sem um hann gilda.

853 Bjargráðasjóður.

1.10 Bjargráðasjóður. Lagt er til að fjárveiting liðarins hækki um 190 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Bjargráðasjóðs í þessum verkefnum. Lagt

er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

1.95 Lífeyrissjóður bænda. Lagt er til að veitt verði 294 m.kr. framlag til liðarins. Miðað er við að þetta framlag þurfi í lífeyrissjóðinn til að rekstur hans verði sjálfbær að því gefnu að iðgjöld sem bændur greiða til hans verði hækkuð í áföngum á næstu tveimur árum til jafns við það sem aðrar stéttir greiða í sína sjóði. Framlagið miðast við að ríkissjóður greiði sem samsvarar 4% iðgjaldi í tvö ár á meðan greiðslur bænda verða hækkaðar í áföngum í 8% eins og almennt er um framlög atvinnurekenda. Gert er ráð fyrir að með þessari viðbótarfjárveitingu muni framlög ríkissjóðs til sjóðsins falla niður til frambúðar frá og með árinu 2011. Forsaga þessa máls er sú að í 4. gr. laga nr. 12/1999, um lífeyrissjóð bænda, er mælt fyrir um að á móti iðgjaldi sjóðfélaga skuli greitt ákveðið mótframlag af iðgjaldsstofni. Í ákvæðinu er jafnframt mælt fyrir um að mótframlagið skuli greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Hingað til hefur ekki verið samið um greiðslu mótframlags í lífeyrissjóð bænda í búvörusamningum.

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dómsmála- og mannréttindaráðuneytis verði aukin um 496,3 m.kr.

111 Kosningar.

1.10 Kosningar. Óskað er eftir 425 m.kr. fjárveitingu á liðnum vegna tveggja kosninga sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins. Í fyrsta lagi er um að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu um lög nr. 1/2010 sem voru breyting á lögum nr. 96/2009 um ábyrgð á láni Tryggingarsjóðs innistæðueigenda vegna svokallaðra Icesave reikninga Landsbankans í Bretlandi og Holllandi. Útgjöldin eru svipuð og þegar um er að ræða kosningar til Alþingis og er því óskað eftir 225 m.kr. fjárheimild vegna þeirra. Mest munar um greiðslur til sveitarfélaganna vegna útgjalda á kjördag auk þess sem kostnaður við kynningarefni í tengslum við kosningarnar var rétt tæpar 10 m.kr. Í öðru lagi er um að ræða 200 m.kr. framlag vegna fyrirhugaðrar kosningar til stjórnlagaþings samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2010 en samkvæmt lögunum gilda ákvæði XXIV. kafla laga um kosningar til Alþingis um þær kosningar að því leyti sem við á. Þessi tilvísaði kafli fjallar um kostnað sem ríkissjóður greiðir. Ljóst er að ríkissjóður mun greiða sveitarfélögum kostnað með sama hætti og í alþingiskosningum eða þjóðaratkvæðagreiðslum.

190 Ýmis verkefni.

1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa. Lagt er til að 11 m.kr. verði millifærðar á viðfangið af viðfanginu *06-190-1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg.* Ástæða þessa er að tímabundin 5 ára fjárveiting vegna kaupa á afnotarétti af hugbúnaði var felld niður í fjárlögum ársins 2009 en þá af röngu viðfangsefni og er það leiðrétt nú. Niðurfellingin átti að vera af viðfangsefni Landsbjargar en ekki tilkynningarskyldunnar.

1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg. Lagt er til að framlag viðfangsefnisins hækki samtals um 36,9 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til liðarins verði aukið um 47,9 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Slysavarnafélagsins Landsbjargar í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Í annan stað er lagt til að 11 m.kr. verði millifærðar á viðfangið *06-190-1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa* en tímabundin 5 ára fjárveiting vegna kaupa á afnotarétti af hugbúnaði var felld niður í fjárlögum ársins 2009 en þá af röngu viðfangsefni og er það leiðrétt nú. Niðurfellingin átti að vera af viðfangsefni Landsbjargar en ekki tilkynningarskyldunnar.

1.90 Ýmislegt. Farið er fram á að fjárveiting viðfangsefnisins hækki alls um 17 m.kr. Annars vegar er óskað eftir að 10 m.kr. fjárveiting á lið *06-391 Húsnæði löggæslustofnana* verði færð á þetta viðfangsefni. Húsnæði löggæslustofnana heyrir nú undir Fasteignir ríkissjóðs og því ekki lengur þörf fyrir sérstaka fjárveitingu vegna löggæslustofnana. Fjárveitingunni er ætlað að greiða fyrir ýmsum tímabundnum verkefnum í tengslum við sameiningu Fasteignaskrár og Þjóðskrár í Þjóðskrá Íslands. Hins vegar er lagt til að framlag til liðarins verði aukið um 7 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Rauða kross Íslands í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður. Óskað er eftir 28 m.kr. hækkun á fjárheimild sem ætluð er til Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna. Samkvæmt lögum nr. 21/2009 og nr. 50/2009 er dómsmálaráðherra heimilt að semja við þar til bæran aðila um að aðstoða einstaklinga við gagnaöflun og undirbúning umsóknar um greiðsluaðlögun. Samið var við Ráðgjafastofu heimilanna um að veita þessa þjónustu og voru áætluð útgjöld um

20 m.kr. á ári miðað við að þrír starfsmenn sinntu því. Eftirspurn eftir þessu úrræði varð töluvert meiri en gert var ráð fyrir og vinna nú níu manns að þessum verkefnum. Í samræmi við rekstraráætlun Ráðgjafastofu heimilanna er sótt um viðbótar fjárheimild og er þá miðað við rekstur fram til 1. ágúst 2010 en eftir þann tíma flytjast verkefnin til Umboðsmanns skuldara.

236 Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn.

1.10 Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn. Óskað er eftir 4 m.kr. fjárheimild vegna rekstrarútgjalda talsmanns fyrrum vistmanna á vistheimilum. Fyrirkomulagi þessara mála var breytt með lögum nr. 47/2010, þar sem dómsmála- og mannréttindaráðherra er falin framkvæmd laga um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lögin. Í því fellst m.a. að ráða sérstakan talsmann þolenda, fela sýslumannsembætti umsjón meðbótagreiðslum og skipa nefnd sem útskurðar um bætur, ef tilteknir einstaklingar sætta sig ekki við viðmið sýslumannsembættisins í tilteknum málum. Verkefnið er nú í undirbúningi og er gert ráð fyrir að kostnaður við talsmann vistmanna komi til á þessu ári en að bætur og annar kostnaður falli til á árinu 2011.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 54,4 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Ríkislögreglustjóra í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008.

1.01 Sérstakur saksóknari. Lagt er til að fjárveiting embættisins verði aukin um 470 m.kr. Rekstrarforsendur embættisins hafa gjörbreyst m.a. í kjölfar útgáfu á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á bankahruninu. Í forsendum með fjárlögum 2010 var gert ráð fyrir að starfsmenn yrðu allt að 16, auk umtalsverðrar aðkeyptrar þjónustu, m.a. frá erlendum sérfræðingum. Nú er gert ráð fyrir að starfsmenn verði allt að 80 þegar umfangið verður mest, auk þess sem að kostnaður við aðkeypta sérfræðiþjónustu hækki í sama hlutfalli og sem nemur fjölgun starfsmanna. Þá hækka eignakaup og húsnæðiskostnaður til samræmis við fjölgun starfsmanna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 1 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

391 Húsnæði löggæslustofnana.

6.21 Fasteignir. Óskað er eftir því að 10 m.kr. fjárveiting liðarins verði færð á viðfangsefnið *06-190-190 Ýmislegt* hjá dóms- og mannréttindamálaráðuneytinu. Húsnæði löggæslustofnana heyrir nú undir Fasteignir ríkissjóðs og því ekki lengur þörf fyrir sérstaka fjárveitingu vegna löggæslustofnana. Fjárveitingunni er ætlað að greiða fyrir ýmsum tímabundnum verkefnum í tengslum við sameiningu Fasteignaskrár og Þjóðskrár í Þjóðskrá Íslands.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

1.90 Landhelgisgæsla Íslands. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til liðarins verði aukið um 20,2 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Landhelgisgæslu Íslands í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Í öðru lagi er óskað eftir 647 m.kr. auknum fjárheimildum á móti jafn miklum auknum sértekjum stofnunarinnar vegna verkefna erlendis, sem felur í sér aukna veltu en framlag úr ríkissjóði verður óbreytt. Landhelgisgæslan hefur náð samningum við Landamærastofnun Evrópu, (Frontex) um fjögur verkefni undan strönd Vestur–Afríku og í Miðjarðarhafinu. Ef öll verkefnin ganga eftir þá aukast tekjurnar um 647 m.kr. miðað við að gengi evru sé 160 krónur. Verkefnin eru framkvæmd í sumar og í haust. Auk fjárhagslegs ávinnings má nefna að unnt er að tryggja störf og endurráða nokkra starfsmenn tímabundið. Þá verður flugvélinni flogið á ábyrgðartíma sem er þýðingarmikið og talsverðar endurbætur gerðar á varðskipinu Ægi, sem nýtist vel til verkefna LHG hér heima. Kostnaður vegna alls þessa er innifallinn í leigugjaldi. Til viðbótar beinum verkefnakostnaði að fjárhæð um 398 m.kr., bætist afleiddur kostnaður vegna fjölgunar

starfsfólks, bæði launa- og þjálfunarkostnaður að fjárhæð um 88 m.kr. Eftir sitja þá um 160 m.kr. sem verða nýttar til þess að standa undir öðrum rekstrarkostnaði Landhelgisgæslunnar.

396 Landhelgissjóður Íslands.

6.41 Landhelgissjóður Íslands. Lagt er til að framlag að fjárhæð 576,9 m.kr. vegna smíði á varðskipinu Þór falli niður. Lagt hefur verið mat á tjón og tafir vegna jarðskjálfta í Chíle sem m.a. eyðilagði skipasmíðastöðina þar sem smíði skipsins fer fram. Afhending skipsins dregst um eitt ár, eða fram á mitt ár 2011, og munu eftirstöðvar af kostnaðarverði skipsins ekki koma til greiðslu fyrr en á árinu 2011.

431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.

1.20 Löggæsla. Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 15,1 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Lögreglunnar á Hvolsvelli í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

433 Sýslumaðurinn á Selfossi.

1.20 Löggæsla. Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 0,6 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Lögreglunnar á Selfossi í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

601 Fasteignaskrá Íslands.

1.01 Fasteignaskrá Íslands. Þjóðskrá Íslands tók til starfa þann 1. júlí sl. en með því sameinast stofnunin Fasteignaskrá Íslands og þjóðskrá, sem verið hefur skrifstofa í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Lagt er til að helmingur fjárheimilda ársins eða 250,3 m.kr. færist á nýtt fjárlaganúmer *06-603 Þjóðskrá Íslands*.

603 Þjóðskrá Íslands.

1.01 Þjóðskrá Íslands. Farið er fram á að fjárveiting verði 400,3 m.kr. Þjóðskrá Íslands tók til starfa þann 1. júlí sl. en með því sameinast stofnunin Fasteignaskrá Íslands og þjóðskrá, sem verið hefur skrifstofa í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Lagt er til að ný stofnun taki við helmingi af fjárveitingum aflögðu stofnananna tveggja eða alls 400,3 m.kr.

605 Þjóðskrá.

1.01 Þjóðskrá. Ný stofnun, Þjóðskrá Íslands var stofnuð þann 1. júlí sl. og tekur við verkefnum Fasteignaskrár Íslands og þjóðskrár sem áður var skrifstofa í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Lagt er til að helmingur fjárheimilda þjóðskrár eða 150 m.kr. sé millifærður á nýtt fjárlaganúmer *06-603 Þjóðskrá Íslands*.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félags- og tryggingamálaráðuneytis verði lækkuð um 3.836,6 m.kr.

331 Vinnueftirlit ríkisins.

1.01 Vinnueftirlit ríkisins. Óskað er eftir 15 m.kr. hækkun á fjárheimild Vinnueftirlits ríkisins. Við gerð fjárlagatillagna 2010 taldi félags- og tryggingamálaráðuneytið sig ekki hafa svigrúm til að hækka fjárheimild stofnunarinnar innan síns útgjaldaramma en á sama tíma var gert ráð fyrir aukinni fjármögnun með mörkuðum ríkistekjum stofnunarinnar.

341 Umboðsmaður skuldara.

1.01 Umboðsmaður skuldara. Óskað er eftir 320 m.kr. fjárheimild til Embættis umboðsmanns skuldara sem tók til starfa 1. ágúst 2010. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður ársins verði um 240 m.kr. en auk þess falli á árinu til ýmis tímabundinn stofnkostnaður að fjárhæð 80 m.kr. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir að velta stofnunarinnar verði um 480 m.kr. auk þess sem falli til stofnkostnaður sem nemi um 20 m.kr. Mjög mikil óvissa er um þessar áætlanir þar sem ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um heildarfjölda einstaklinga og heimila sem þurfa að nýta sér úrræði stofnunarinnar né um fjölda mála sem þurfa aðkomu umsjónarmanns með greiðsluaðlögun. Alls er gert ráð fyrir að starfsmenn umboðsmanns verði um 50 þegar umsvif hans verða sem mest. Kostnaður af starfsemi umboðsmanns skuldara er greiddur af lánastofnunum með sérstöku gjaldi. Embættið er stofnað á grunni Ráðgjafarstofu um fjármála heimilanna sem starfrækt var í rúm 13 ár og var öllum starfs-

mönnum Ráðgjafarstofunnar boðið starf hjá umboðsmanni skuldara. Hlutverk umboðsmanns skuldara er að veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar, hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánadrottna skuldara og fara með framkvæmd greiðsluaðlögunar. Umboðsmanni skuldara er ætlað að annast ráðningu umsjónarmanna, sbr. lög um greiðsluaðlögun einstaklinga, en ekki liggur fyrir hve margir verði ráðnir til stofnunarinnar og hversu mörgum málum verður útvistað til aðila utan hennar. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna hvers máls umsjónarmanns verði 200 þús. kr. og að um 200 mál falli til á yfirstandandi ári og kostnaður vegna þessa geti numið 40 m.kr. Þá er gert ráð fyrir um 500 málum á árinu 2011 og gæti sá kostnaður því numið um 100 m.kr. Til viðbótar fellur til almennur kostnaður stofnunarinnar vegna vinnslu umsókna. Gert er ráð fyrir að kostnaður við önnur mál verði mun lægri og afgreiðsla þeirra taki skemmri tíma.

400 Barnaverndarstofa.

1.20 Heimili fyrir börn og unglinga. Óskað er eftir fjárveitingu að fjárhæð 18 m.kr. vegna samkomulags um lokun Meðferðarheimilisins að Árbót í Aðaldal. Í samkomulaginu felst m.a. að komið er að hluta til móts við rekstraraðila um bætur vegna eftirstöðva skulda sem stofnað var til vegna uppbyggingar meðferðaraðstöðunnar og kostnað vegna aðlögunar húnæðis að nýjum notum. Liðlega tvö ár eru eftir af samningstímanum en eftir samningslok eru til ráðstöfunar um 160 m.kr. sem Barnaverndarstofa hyggst nýta á næstu tveimur árum til þess að styrkja önnur meðferðarúrræði svo sem fjölkerfameðferðina MST, sem veitt er á vettvangi fjölskyldu og nærsamfélags. Ástæður lokunarinnar eru m.a. þær að dregið hefur úr eftirspurn eftir stofnanameðferð en einnig vildi Barnaverndarstofa bregðast við óskum um að koma á fót meðferðarheimili í meiri nálægð við höfuðborgarsvæðið.

700 Málefni fatlaðra.

1.90 Ýmis verkefni. Farið er fram á að fjárveiting viðfangsefnisins hækki samtals um 60,3 m.kr. Annars vegar er farið fram á 35,7 m.kr. fjárheimild til að sinna þjónustu við alvarlega fatlaðan einstakling sem þarf stöðuga umönnun og öryggisgæslu. Ástand hans er með þeim hætti að hann getur ekki búið með öðrum og þarf stöðuga viðveru eins til tveggja starfsmanna. Hins vegar er óskað eftir að 24,6 m.kr. verði millifærðar frá Landspítalanum, yfir á viðfangsefnið. Tillagan byggir á samkomulagi sem gert var við heilbrigðisráðuneytið 8. febrúar 2007 um útskriftir af geðsviði spítalans í tengslum við átak í þjónustu við geðfatlaða. Um er að ræða þjónustu sem kom til framkvæmda á mismunandi tímum ársins og að hluta á árinu 2009. Heilsárs kostnaður vegna þjónustu við viðkomandi einstaklinga er 19,4 m.kr. á verðlagi ársins 2010 en tillaga vegna þess er gerð í frumvarpi til fjárlaga 2011.

708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi.

1.01 Almennur rekstur. Farið er fram á 20,6 m.kr. fjárheimild til að standa straum af kostnaði við öryggisgæslu við fatlaðan einstakling samanber dómsorð hæstaréttar frá árinu 2008. Í dómsorðunum segir: „Sóknaraðili, B, skal sæta áfram öryggisgæslu, þó þannig að hann dveljist á sambýli fyrir geðfatlaða eða í annarri sambærilegri búsetu með sólarhringsgæslu samkvæmt mati viðkomandi svæðisskrifstofu í málefnum fatlaðra.“ Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Suðurlandi hefur gert samning við heimili í sveit um þá vistun sem dómur hæstaréttar kveður á um. Leitað er eftir varanlegri fjárheimild vegna málsins í frumvarpi til fjárlaga 2011.

825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1.11 Mæðra- og feðralaun. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 20 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.

1.15 Umönnunargreiðslur. Lagt er til að fjárheimildin hækki um 230 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri hækkun fjárheimildar.

1.21 Makabætur og umönnunarbætur. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 20 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.

1.25 Dánarbætur. Lagt er til að fjárheimildin hækki um 10 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri hækkun fjárheimildar.

1.31 Endurhæfingarlífeyrir. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 235 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.

1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar. Lagt er til að fjárheimildin hækki um 30 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri hækkun fjárheimildar.

1.41 Heimilisuppbót. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 280 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.

1.51 Frekari uppbætur. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 275 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.
1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 500 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.
1.55 Bifreiðakostnaður. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 310 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.

827 Lífeyristryggingar.
1.11 Ellilífeyrir. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 660 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.
1.15 Örorkulífeyrir. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 80 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.
1.16 Aldurstengd örorkuuppbót. Lagt er til að fjárheimildin hækki um 200 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri hækkun fjárheimildar.
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Lagt er til að fjárveiting liðarins lækki samtals um 1.460 m.kr., nettó. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárheimild lífeyristrygginga verði hækkuð um 380 m.kr. vegna skerðingar á greiðslum lífeyrisgreiðslna úr almennum lífeyrissjóðum. Greiðslur úr almennum lífeyrissjóðum eru tekjutengdar við greiðslur lífeyristrygginga og því hækka útgjöld lífeyristrygginga þegar lífeyrissjóðsgreiðslur lækka. Almennt skerðingarhlutfall er nú 45%. Þrír stórir lífeyrissjóðir, þ.e. Lífeyrissjóður Verslunarmanna, Gildi og Almenni lífeyrissjóðurinn hafa ákveðið lækkanir frá og með miðju ári 2010. Reiknað er með að almennt muni allir lífeyrissjóðir skerða greiðslur um 10% nema Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR). Greiðslur LSR nema um þriðjungi af öllum lífeyrisgreiðslum lífeyrissjóðanna. Áætlað er að um 25% af útgjaldaaukningunni falli til í örorkulífeyri og 75% í ellilífeyri. Í öðru lagi er gert er ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði til að fjármagna lífeyristryggingar lækki um 570,7 m.kr. vegna breytingar á áætlaðri fjármögnun með tekjum af tryggingagjaldi sem varið

er til þessara verkefna. Hér er því ekki verið að gera ráð fyrir breyttri fjárheimild heldur einungis breytingu á fjármögnun fjárheimilda liðarins. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að fjárheimildin lækki um 1.840 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki samtals um 355 m.kr., nettó. Annars vegar er lagt til að fjárheimildin hækki um 225 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri hækkun fjárheimildar. Hins vegar er lagt til að útgjaldaheimild lífeyristrygginga verði hækkuð um 130 m.kr. vegna skerðingar á greiðslum lífeyrisgreiðslna úr almennum lífeyrissjóðum. Greiðslur úr almennum lífeyrissjóðum eru tekjutengdir við greiðslur lífeyristrygginga og því hækka útgjöld lífeyristrygginga þegar lífeyrissjóðsgreiðslur lækka. Almennt skerðingarhlutfall er nú 45%. Þrír stórir lífeyrissjóðir, þ.e. Lífeyrissjóður Verslunarmanna, Gildi og Almenni lífeyrissjóðurinn, hafa ákveðið lækkanir frá og með miðju ári 2010. Reiknað er með að almennt muni allir lífeyrissjóðir skerða greiðslur um 10% nema Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Greiðslur LSR nema um þriðjungi af öllum lífeyrisgreiðslum lífeyrissjóðanna. Áætlað er að um 25% af útgjaldaaukningunni falli til í örorkulífeyri og 75% í ellilífeyri.

1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 60 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.

1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 30 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.

1.35 Barnalífeyrir. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 120 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2010. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2010. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.

980 Vinnumálastofnun.

1.01 Vinnumálastofnun. Farið er fram á að útgjaldaheimild vegna starfsemi Vinnumálastofnunar verði aukin um 20 m.kr. en að sértekjur hækki jafn mikið þannig að framlag greitt úr ríkissjóði verði óbreytt. Sértekjurnar verða í mynd framlags úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem styrkir verkefnið. Miðað er við að fjárheimildin verði notuð til að sinna ráðgjöf og aðstoð við fólk á aldrinum 25–69 ára sem hefur verið atvinnulaust í lengri tíma en eitt ár. Alls háttar svo um tæplega 4.100 manns. Sambæri-

legar aðgerðir sem beinst hafa að fólki á aldrinum 16–24 ára hafa gefið góða raun og er ætlunin að byggja á þeirri reynslu sem þar hefur fengist. Ráðnir verða 5 starfsmenn hjá Vinnumálastofnun til að sinna þessu verkefni til lokaárs 2010. Málið var rætt á ríkisstjórnarfundi 15. júní og ákveðið að leita eftir fjárheimild til verkefnisins í frumvarpi til fjáraukalaga.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild til greiðslu þessara bóta lækki samtals um 1.290 m.kr., nettó. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárveiting Atvinnuleysistryggingasjóðs hækki um 210 m.kr. Með lögum nr. 70/2010 um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og húsaleigubætur var samþykkt að framlengja gildistíma ákvæða til bráðabirgða V og VI í lögum um atvinnuleysistryggingar til 31. desember 2010. Umrædd ákvæði áttu að falla úr gildi 30. júní 2010. Þau varða annars vegar heimild til að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli launamanna og hins vegar heimild til að greiða sjálfstætt starfandi einstaklingum slíkar bætur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Gert er ráð fyrir að kostnaður sjóðsins vegna þessarar framlengingar á greiðslu hlutaatvinnuleysisbóta nemi 200 m.kr. á árinu 2010. Með lögum nr, 70/2010 var jafnframt ákveðið að úttekt á séreignarsparnaði skerði ekki greiðslur atvinnuleysisbóta. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins aukist um 10 m.kr. vegna þess lagaákvæðis. Í öðru lagi er lagt til að fjárheimild sjóðsins verði lækkuð um 1.500 m.kr. Samkvæmt rauntölum er útlit fyrir að atvinnuleysi í ár verði nokkuð lægra en reiknað var með í forsendum fjárlaga. Í fjárlögum 2010 var reiknað með 9,6% atvinnuleysi en nú er útlit fyrir að það verði um 8,6%. Á móti eru horfur á að kostnaður við hvert prósentustig í atvinnuleysi verði nokkru hærri en reiknað var með í forsendum fjárlaga 2010. Byggir það m.a. á því að nú er gert ráð fyrir að þó nokkuð fleiri séu á vinnumarkaði og þar með meiri fjöldi á bakvið hvert prósentustig í atvinnuleysi en reiknað var með í forsendum fjárlaga 2010.

1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar. Óskað er eftir 20 m.kr. fjárheimild til að styrkja verkefni um ráðgjöf og aðstoð við fólk á aldrinum 25–69 ára sem hefur verið atvinnulaust í lengri tíma en eitt ár. Alls háttar svo um tæplega 4.100 manns. Sambærilegar aðgerðir sem beinst hafa að fólki á aldrinum 16–24 ára hafa gefið góða raun og er ætlunin að byggja á þeirri reynslu sem þar hefur fengist. Ráðnir verða 5 starfsmenn hjá Vinnumálastofnun til að sinna þessu verkefni. Málið var rætt á ríkisstjórnarfundi 15. júní og ákveðið að leita eftir fjárheimild til verkefnisins í frumvarpi til fjáraukalaga.

1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði. Farið er fram á að fjárveiting þessa viðfangsefnis hækki um 206 m.kr. Annars vegar er farið fram á 106 m.kr. fjárheimild vegna sumarstarfa fyrir námsmenn og atvinnuleitendur. Fjárheimildinni er ætlaða að standa undir mismun á fjárhæð atvinnuleysisbóta og lágmarkslauna að teknu tilliti launatengdra gjalda vegna 500 starfa í 2,5 mánuði. Aðgerðir þessar voru sam-

þykktar í ríkisstjórn 20. apríl 2010. Hins vegar er lagt til að 100 m.kr. fjárheimild verði veitt vegna allt að 500 tímabundinna starfa fyrir námsmenn og atvinnuleitendur yfir sumarmánuðina. Ríkissjóður leggur að auki 106 m.kr. til þessa átaks sem verður í umsjón Vinnumálastofnunar. Aðgerðir þessar voru samþykktar í ríkisstjórn 20. apríl 2010. Í upphaflegri tillögu var gert ráð fyrir 250 m.kr. framlagi. Miðað við útgjaldastöðu í júlílok á viðfangsefninu verður unnt að fjármagna 150 m.kr. af fjárlagaheimild ársins.

989 Fæðingarorlof.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Lagt er til að heimild Fæðingarorlofssjóðs lækki um 75 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um útgjöld á árinu. Samsvarandi breyting er gerð í frumvarpi til fjárlaga 2011.

1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar. Farið er fram á 75 m.kr. aukna fjárheimild í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um útgjöld Fæðingarorlofssjóðs á árinu. Samsvarandi breyting er gerð í frumvarpi til fjárlaga 2011.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna. Farið er fram á 18,5 m.kr. fjárheimild vegna rekstrarhalla Ráðgjafarstofu um fjármálheimilanna. Starfsemi hennar var hætt 1. ágúst 2010 þegar starfsemi Umboðsmanns skuldara hófst. Við lokun Ráðgjafarstofunnar var rekstur hennar kominn 7 m.kr. umfram fjárlagaheimild ársins. Í ársbyrjun 2010 var höfuðstóll Ráðgjafarstofunnar neikvæður um 11,5 m.kr. og er því samtals óskað eftir 18,5 m.kr. viðbótarfjárheimild. Fjárþörfin miðast við að ógreidd rekstrarframlög banka, lífeyrissjóða og sveitarfélaga muni innheimtast en þau voru um 18 m.kr. við lokun Ráðgjafarstofunnar.

08 Heilbrigðisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðisráðuneytis verði aukin um 220,4 m.kr.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Lagt er til að fjárheimild lækniskostnaðar sjúkratryggingа hækki um 70 m.kr. vegna efnisgjalda klínískra sérfræðinga. Samkvæmt samningi sem gerður var við sérfræðilækna árið 2004 eiga Sjúkratryggingar Íslands að endurgreiða kostnað við efni og einnota áhöld vegna sjúkratryggðra sjúklinga sem fá þjónustu hjá sérfræðilæknum sem starfa samkvæmt samningi við stofnunina. Í fjárlögum ársins 2010 er gert ráð fyrir 383 m.kr. fjárheimild vegna efniskaupa. Einingarverð sem efniskaup taka mið af hefur hækkað um 18% umfram forsendur fjárlaga eða sem nemur 70 m.kr.

1.16 Lyf með S-merkingu. Lagt er til að 1.199 m.kr. fjárheimild sem skráð var sem tilfærslur í fjárlögum 2010 verði skráð sem önnur gjöld til samræmis við aðrar fjárheimildir S-merktra lyfja. Með þessu móti verða allar fjárheimildir S-merktra lyfja skráðar sem önnur gjöld, en gjöld vegna S-merktra lyfja hafa í bókhaldi ríkisins verið flokkuð sem rekstrargjöld en ekki sem tilfærslur. Hér er um að ræða breytingu á framsetningu fjárheimilda sem hefur engin áhrif til hækkunar eða lækkunar.

301 Landlæknir.

1.01 Landlæknir. Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 9 milljónir króna. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er hlutur Landlæknis í þessum verkefnum 9 milljónir króna. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989-1.90 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

305 Lýðheilsustöð.

1.90 Forvarnasjóður. Framlag í Forvarnarsjóð lækkar um 3,1 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af áfengisgjaldi en 1% tekna af gjaldinu renna til sjóðsins.

373 Landspítali.

1.01 Landspítali. Óskað er eftir að 24,6 m.kr. verði millifærðar frá Landspítalanum yfir á fjárlagaliðinn *07-700 Málefni fatlaðra* hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Tillagan byggir á samkomulagi sem gert var 8. febrúar 2007 um útskriftir af geðsviði spítalans.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum. Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 27,7 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er hlutur heilbrigðisráðuneytis í þessum verkefnum 27,7 m.kr. ef undan er skilin 9 m.kr. fjárveiting til Landlæknis. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis. Óskað er eftir 52,4 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að endurgreiða oftekin gjöld vegna dvalar á sjúkrahóteli Landspítala, sbr. umfjöllun ríkisstjórnar á fundi 26. apríl 2010. Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 9. september 2009 að ekki væri næg lagastoð fyrir gjaldtöku af sjúklingum vegna gistingar á sjúkrahóteli Landspítala. Úr þessu var bætt með lögum nr. 131/2009, um breytingu á lögum um sjúkratryggingar. Talið er að heilbrigðisráðuneytinu beri að hafa frumkvæði að því að endurgreiða öllum sjúkratryggðum sjúklingum oftekin gjöld vegna dvalar á sjúkrahótelinu á tímabilinu september 2005 til september 2009 í samræmi við lög nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Hámarks endurgreiðsla til sjúkratryggðra frá september 2005 til september 2009 er um 32 m.kr. auk vaxta. Áætlaðir vextir eru 16 m.kr. og eru reiknaðir í samræmi við fyrrgreind lög um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Auk þess gerir rekstraraðili sjúkrahótelsins, Fosshótel ehf., 4,4 m.kr. kröfu vegna óinnheimtra gjalda af gestum sjúkrahótelsins á tímabilinu september til desember 2009 en hann hætti innheimtu gjaldanna í kjölfar álits umboðsmanns.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt. Óskað er eftir að gerð verði 20,1 m.kr. millifærsla á þetta viðfangsefni vegna samningsuppgjörs við Læknavaktina fyrir tímabilið 1. janúar 2008 – 31. maí 2009 af viðfangsefninu *08-500-6.01 Tæki og búnaður*. Samningsuppgjörið við Læknavaktina felur í sér að fjöldi koma var umfram viðmið á tímabilinu samkvæmt samningi. Með millifærslunni er lagt til að uppgjörið við Læknavaktina verði fjármagnað af 08-500-1.10 en ekki er svigrúm til þess án millifærslunnar.

6.01 Tæki og búnaður. Óskað er eftir að gerð verði 20,1 m.kr. millifærsla af viðfangsefninu *08-500-6.01 Tæki og búnaður* vegna samningsuppgjörs við Læknavaktina fyrir tímabilið 1. janúar 2008 – 31. maí 2009 eins og að framan greinir.

501 Sjúkraflutningar.

1.11 Sjúkraflutningar. Farið er fram á 89 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaðarhækkun í kjölfar á endurnýjun samnings um sjúkraflutninga við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Fjárveiting til sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu er 386 m.kr. á árinu 2010. Samkvæmt samkomulagi um nýjan samning sem gildir fyrir árin 2010 og 2011 er framlag ríkisins til sameiginlegs rekstrar sjúkraflutninga og brunavarna 475 m.kr. á ári.

517 Læknavaktin.

1.01 Læknavaktin. Lagt er til að sértekjur Læknavaktarinnar sem nema 13 m.kr. verði færðar niður um sömu upphæð og önnur gjöld lækkuð til samræmis. Sértekjur Læknavaktarinnar eru ekki sértekjur ríkisins og því eiga fjárveitingar ekki að vera settar fram

með sértekjum. Hér er um að ræða breytingu á framsetningu fjárheimilda sem hefur engin áhrif til lækkunar eða hækkunar á framlagi úr ríkissjóði.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 58,6 m.kr.

210 Ríkisskattstjóri.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að fjárveiting stofnunarinnar verði hækkuð um 29,1 m.kr. til þess að ráðast í átak í skatteftirliti og skattrannsóknum. Um er að ræða tímabundið átak til tveggja ára í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar um að efla og styrkja innheimtu opinberra gjalda. Að átakinu koma bæði Ríkisskattstjóri og Skattrannsóknarstjóri ríkisins. Áformað er að fjölga um 7 stöðugildi hjá Ríkisskattstjóra vegna átaksins.

215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins.

1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins. Lagt er til að fjárveiting stofnunarinnar verði hækkuð um 54 m.kr. til þess að ráðast í átak í skatteftirliti og skattrannsóknum. Átakinu er ætlað að vera til tveggja ára í samræmi við áherslur um að efla og styrkja innheimtu opinberra gjalda. Að átakinu koma bæði Ríkisskattstjóri og Skattrannsóknarstjóri ríkisins og er áformað að fjölga um 13 stöðugildi hjá Skattrannsóknarstjóra vegna átaksins.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun.

1.18 Eftirlaun fyrrum starfsmanna ríkisbanka. Óskað er eftir 50 m.kr. greiðsluheimild á þennan lið vegna eftirlaunaskuldbindinga fyrrum starfsmanna Landsbanka Íslands hf. Samkvæmt lögum nr. 50/1997, um stofnun Landsbanka Íslands ber ríkissjóður ábyrgð á lífeyrissskuldbindingum Landsbanka Íslands gagnvart tilteknum fyrrverandi starfsmönnum bankans, bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og mökum þeirra, sem nutu eftirlaunaréttinda með beinum eftirlaunasamningum við bankann við hlutafélagavæðingu hans. Eftir fall Landsbanka Íslands lítur fjármálaráðuneytið svo á að eftirlaunakrafa einstakra aðila, sem nutu áframhaldandi eftirlaunagreiðslna sé framseld ríkissjóði, sem mun lýsa kröfunni við slitameðferð Landsbanka Íslands hf. Í samræmi við þessi lög hefur fjármálaráðuneytið samið við NBI banka hf. að annast áframhaldandi greiðslur eftirlauna til umræddra aðila í samræmi við eftirlaunasamninga og eftirlaunaréttindi einstakra aðila.

391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða. Lögð er til 138,3 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi sem fjármagna þessi framlög. Endurskoðuð áætlun um tryggingagjaldsstofn síðastliðins árs gerir ráð fyrir að stofninn hafi verið 788.989 m.kr. og að framlag til jöfnunar á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða verði 2.496 m.kr. eða 0,325% af stofninum að teknu tilliti til 97,3% innheimtuhlutfalls og hækki um 138,3 m.kr. frá fjárlögum.

393 Starfsendurhæfingarsjóður.

1.11 Starfsendurhæfingarsjóður. Lagt er til að framlag til sjóðsins í ár 150 m.kr. verði fellt niður. Að mati stjórnar Starfsendurhæfingarsjóðs verður ekki þörf fyrir þetta framlag í ár þar sem uppbygging sjóðsins hefur farið hægar af stað en ráð var fyrir gert.

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arði og söluhagnaði eigna sinna lækki um 1.440 m.kr. á rekstrargrunni og verði 3.207 m.kr. Gert er ráð fyrir því að greiðsla vegna fjármagnstekjuskatts lækki um 1.350 m.kr. og verði 3.078 m.kr. Fjármagnstekjuskatturinn færist einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins.

811 Barnabætur.

1.11 Barnabætur. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna barnabóta hækki um 350 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Barnabætur taka mið af fjölda barna, tekjum framteljenda og þeim upphæðum sem Alþingi ákveður. Endanlegar tölur um tekjur framteljenda á árinu 2009 liggja nú fyrir og leiðir það til þess að úthlutun verður 350 m.kr. hærri en fjárlögum ársins gerðu ráð fyrir. Meginástæður fyrir þörf fyrir aukna fjárveitingu skýrist af því að tekjuþróun á árinu 2009 varð með nokkuð öðrum hætti en reiknað var með við gerð fjárlaga, auk þess sem skuldir heimilanna jukust meira en gert var ráð fyrir.

821 Vaxtabætur.

1.11 Vaxtabætur. Óskað er eftir að fjárheimild vegna vaxtabóta verði hækkuð um 1.726 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Að teknu tilliti til úthlutana eftir uppgjör skattálagningar sl. sumar er reiknað með að heildarútgjöld vegna vaxtabóta í ár verði 11.796 m.kr. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 10.070 m.kr. og því vantar 1.726 m. kr. til að fjárheimildir dugi fyrir útgjöldum. Þessi veikleiki í forsendum fjárlaga er talinn skýrast aðallega af vanmati á áhrifum af því að skuldir

heimilanna hafa farið vaxandi á sama tíma og tekjur þeirra hafa lækkað en það leiðir til þess að tekju- og eignaskerðingar vaxtabótakerfisins verða minni en ella og bótagreiðslur þar með hærri.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.

5.29 Viðhald og endurbætur opinberra bygginga. Gerð er tillaga um 500 m.kr. fjárveitingu til að auka við mannaflsfrekar framkvæmdir við viðhald og endurbætur á opinberum byggingum. Hér er um að ræða verkefni sem ríkisstjórnin ákvað að ráðast í sl. sumar í því skyni að draga úr atvinnuleysi á þeim svæðum þar sem það er einna mest í byggingariðnaðinum. Einkum er um að ræða viðhaldsverkefni vegna skóla, safna og heilbrigðis- og heilsugæslustofnana.

984 Fasteignir ríkissjóðs.

5.21 Viðhald fasteigna. Lagt er til að Fasteignum ríkissjóðs verði heimilað að ráðstafa 242,6 m.kr. tekjum sem stofnuninni var gert að halda eftir í fjárlögum 2007. Útgjöld Fasteigna ríkissjóðs eru alfarið fjármögnuð með húsaleigutekjum og öðrum sértekjum. Í fjárlögum 2007 var stofnuninni gert að halda eftir 242,6 m.kr. af tekjum sínum með því að fresta framkvæmdum. Sú ákvörðun var hluti af áformum ríkisstjórnarinnar um tímabundna frestun framkvæmda til að hamla gegn vexti ríkisútgjalda. Í ársreikningi stofnunarinnar er tekjum sem þessu nemur haldið utan við höfuðstól hennar í bundnu eigin fé. Tillagan kallar ekki á framlag úr ríkissjóði og miðar einungis að því að stofnuninni verði heimilað að ráðstafa þessum tekjum til verkefna sinna.

989 Ófyrirséð útgjöld.

1.90 Ófyrirséð útgjöld. Óskað er eftir því að samtals verði millifærðar 1.922,3 m.kr. af þessum safnlið til ófyrirséðra og óvæntra útgjalda sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárlögum. Lagt er til að 3,4 m.kr. verði millifærðar til Matvælastofnunar vegna rannsókna og annarra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að greina orsök og uppruna hóstapestar í hrossum, auk þess að styrkja dýrasjúkdómavarnir í landinu, 5,5 m.kr. framlagi verði veitt Hólaskóla til að mæta fjárhagslegu tjóni vegna hestaveikinnar. Tjón skólans felst í því að í fyrsta lagi þurfi að aflýsa starfsemi sumarskóla hestafræðideildar skólans fyrir erlenda nemendur, í öðru lagi varð verulegt óhagræði í skólastarfinu við námslok og próf, m.a. vegna fleiri úttekta og prófdaga og í þriðja lagi jókst kostnaður við umönnun veikra hrossa þá t.d. þrif og sótthreinsun á aðstöðu. Auk þessa er gerð tillaga um að millifært verði á liðinn ýmiss framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis 12 m.kr. til að bæta félagasamtökum tjón og neikvæðar afleiðingar af hóstapestinni. Jafnframt er óskað eftir 15,7 m.kr. millifærslu til tilraunastöðvar Háskólans að Keldum vegna rannsókna og annarra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að greina orsök og uppruna pestarinnar, auk þess að styrkja dýrasjúkdómavarnir. Samtals er því

lagt til að 36,6 m.kr. verði varið til að bregðast við hóstapest í hrossum. Óskað er eftir 35 m.kr. millifærslu vegna ferðar Íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar til björgunarstarfa á Haíti og er fjárveitingin færð á liðinn mannúðarmmál og neyðaraðstoð hjá utanríkisráðuneytinu. Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin (ICE-SAR) var send til björgunarstarfa á jarðskjálftasvæðunum á Haíti 13.–21. janúar 2010. Grundvöllur þessa verkefnis er samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar um Íslensku alþjóðabjörgunarsveitina frá 23. maí 2008, en samkvæmt honum starfar sveitin erlendis í umboði íslenskra stjórnvalda. Í samræmi við samstarfssamninginn bera stjórnvöld kostnað af ferð sveitarinnar til björgunarstarfa. Lagt er til að 50 m.kr. fjárheimild verði millifærð til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins vegna aðkeyptra þjónustu 2 lögfræðinga við undirbúningsvinnu vegna málshöfðunar gegn ríkinu. Þann 7. júlí 2009 var skipaður samráðshópur sem ætlað var að veita embætti ríkislögmanns og öðrum lögmönnum sem vinna að hagsmunagæslu fyrir íslenska ríkið á þessu sviði aðstoð og upplýsingar. Samkvæmt minnisblaði frá samráðshópnum leggur hann til að ríkið hefji nú þegar undirbúning vegna málshöfðana til að standa vörð um hagsmuni ríkisins með formlegum hætti. Farið er fram á 180 m.kr. framlag vegna leigu á stærra sanddæluskipi til dýpkunar í Landeyjahöfn. Lagt er til að 350 m.kr. verða millifærðar til iðnaðarráðneytisins vegna markaðsátaks í íslenskri ferðaþjónustu til að vega á móti neikvæðum áhrifum vegna eldgoss í Eyjafjallajökli. Stjórnvöld munu leggja fram 350 m.kr. til átaksins gegn 350 m.kr. mótframlagi frá hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu. Lagt er til að fjárveiting embættis Sérstaks saksóknara verði aukin um 470 m.kr. með millifærslu af þessum lið. Rekstrarforsendur embættisins hafa gjörbreyst m.a. í kjölfar útgáfu á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á bankahruninu. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og skiptist það eins og fram kemur í töflunni á næstu síðu.

02-203-101	Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands	32,4
04-853-101	Bjargráðasjóður	190,0
04-234-101	Matvælastofnun	1,0
06-190-127	Slysavarnarfélagið Landsbjörg	47,9
06-190-190	Rauði kross Íslands	7,0
06-303-101	Ríkislögreglustjóri	54,4
06-310-101	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	1,0
06-395-190	Landhelgisgæslan	20,2
06-431-120	Lögreglan á Hvolsvelli	15,1
06-433-120	Lögreglan á Selfossi	0,6
08-301-101	Landlæknir	9,0
08-399-143	Viðbúnaður gegn farsóttum	27,7
09-999-190	Ýmiss smærri verkefni vistuð hjá fjármálaráðuneytinu	44,7
10-212-510	Vegagerðin	117,2
10-336-672	Landeyjahöfn	10,0
10-475-111	Flugstoðir	16,8
14-211-101	Umhverfisstofnun	11,7
14-231-101	Landgræðslan	46,0
14-231-190	Landgræðslan	70,0
14-412-101	Veðurstofan	78,0
Samtals		**800,7**

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis verkefni. Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið samtals um 62,7 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að 44,7 m.kr. fjárveiting verði millifærð af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* vegna ýmissa smærri verkefna í tengslum við eldsumbrotin í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Í öðru lagi er óskað eftir 18 m.kr. fjárveitingu til að fjármagna verkefnið „Allir vinna“. Um er að ræða hvatningarátak sem stjórnvöld í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins efna til í þágu innlendrar atvinnustarfsemi, framleiðslu, verslunar og þjónustu. Með átakinu eru landsmenn hvattir til að beina viðskiptum sínum að vörum og þjónustu íslenskra fyrirtækja með sérstakri áherslu á viðhaldsframkvæmdir á eigin íbúðarhúsnæði og sumarbústöðum og leggja þar með sitt af mörkum til sköpunar atvinnu á Íslandi.

1.95 Sérfræðikostnaður vegna aðgerða í kjölfar á hruni fjármálakerfisins. Lagt er til að fjárveiting þessa viðfangsefnis verði aukin samtals um 460 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 230 m.kr. fjárveitingu til þess að mæta útgjöldum vegna aukins kostnaðar við aðkeypta sérfræðiþjónustu vegna málefna sparisjóðanna. Um er að ræða kaup á þjónustu sem ekki var séð fyrir að fullu við gerð fjárlaga fyrir árið 2010. Í öðru lagi óskað eftir fjárveitingu að upphæð 230 m.kr. til þess að mæta útgjöldum vegna samningaviðræðna og sérfræðiaðstoðar vegna Icesave skuldbindinga. Fjármálaráðuneytið hefur keypt að og ráðið til sín innlenda og erlenda sérfræðinga á árinu til aðstoðar við þetta verkefni sem ekki var séð fyrir við gerð fjárlaga fyrir árið 2010.

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis verði aukin um 1.409,0 m.kr.

212 Samgönguverkefni.

5.10 Viðhald. Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 117,2 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Vegagerðarinnar í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þessa liðar því jafn mikið.

251 Umferðarstofa.

1.01 Umferðarstofa. Óskað er eftir að fjárheimild Umferðarstofu verði hækkuð um 107,9 m.kr. í samræmi við endurskoðaða rekstraráætlun stofnunarinnar. Stofnunin er fjármögnuð af mörkuðum ríkistekjum en tillaga þessi gerir ráð fyrir að Umferðarstofu verði heimilað að ráðstafa 107,9 m.kr. af ríkistekjum stofnunarinnar sem gert var ráð fyrir að kæmu ekki til ráðstöfunar í starfseminni í fjárlögum 2010. Við 2. umræðu fjárlaga 2009 var fjárheimild Umferðarstofu lækkuð um 113,5 m.kr. vegna endurskoðaðrar tekjuáætlunar sem fól í sér mikla lækkun tekna einkum vegna samdráttar í bílainnflutningi og bílaviðskiptum. Því til viðbótar var gert ráð fyrir að framlög stofnunarinnar yrðu lækkuð um 122,9 m.kr. í samræmi við útfærslu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar. Með lokafjárlögum 2008 var höfuðstóll stofnunarinnar skertur að miklu leyti í samræmi við almennar aðgerðir stjórnvalda í þá veru. Nú er lagt til að veitt verði fjárheimild til að ráðstafa sem svarar til hluta af bundnu eigin fé fyrri ára til að styrkja rekstrargrundvöll stofnunarinnar á árinu 2010 á meðan stofnunin vinnur að því að draga saman í starfsemi sinni í samræmi við samdrátt tekna og aðhaldsmarkmið. Samkvæmt endurskoðaðri rekstraáætlun er gert ráð fyrir að fjárvöntunin fyrir árið 2010 nemi 107,9 m.kr. að teknu tilliti til 12,8 m.kr. uppsafnaðs höfuðstóls. Með þessu framlagi má því gera ráð fyrir að höfuðstóll Umferðarstofu í árslok 2010 verði jákvæður um 3,8 m.kr.

281 Rannsóknanefnd umferðarslysa.

1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa. Farið er fram á að fjárheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 3,5 m.kr. þar sem frumvarp um sameiningu rannsóknarnefnda, þ.e. umferðarslysa, sjóslysa og flugslysa, hefur ekki orðið að lögum. Í fjárlögum 2010 var

gert ráð fyrir að með sameiningunni yrði hægt að ná fram ákveðinni rekstrarhagræðingu í starfsemi þessara nefnda sem ekki hefur gengið eftir.

335 Siglingastofnun Íslands.

6.80 Sjóvarnargarðar. Farið er fram á að heimilað verði að 50 m.kr. framlag verði millifært af þessum fjárlagalið yfir á viðfangsefnið *10-336-6.72 Landeyjahöfn*. Um er að ræða fjárheimild sem ætluð var til flóðvarnagarðs við Vík í Mýrdal en sú framkvæmd hefur frestast til næsta árs og er gert ráð fyrir fjárveitingu til hennar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011. Áætlanir fjárlaga 2010 um kostnað við hafnargerð Landeyjahafnar og aðstöðu við hana gerðu ráð fyrir nokkuð hagstæðari tilboðum í verkhluta en reyndin varð svo taka mætti höfnina í notkun á árinu. Framkvæmdakostnaður við að koma höfninni í gagnið í júlí á þessu ári varð því um 150 m.kr. meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Er þeim kostnaði að hluta til mætt með þessari tilfærslu á fjárheimild.

336 Hafnarframkvæmdir.

6.72 Landeyjahöfn. Samtals er óskað eftir því að fjárheimildir til framkvæmda við Landeyjahöfn verði auknar um 350,5 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir að millifærðar verði 180 m.kr. af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld*. Frá því höfnin var tekin í notkun í júlí á þessu ári hefur verið erfiðleikum bundið að halda henni opinni vegna sandburðar. Ástæður þessa eru í meginatriðum af tvennum toga, þ.e. mikið magn gosefna frá gosinu í Eyjafjallajökli og óhagstæðar og óvenjulegar ölduáttir. Til að geta haldið höfninni opinni í vetur er talið nauðsynlegt að útvega þurfi öflugra sanddæluskip sem geti unnið við meiri ölduhæð en það skip sem notast hefur verið hingað til. Áætlanir Siglingastofnunar Íslands gera ráð fyrir að það kosti 30 m.kr. á mánuði að leigja slíkt skip sem geti dýpkað 15 daga í hverjum mánuði á tímabilinu frá nóvember 2010 og fram í apríl 2011. Í öðru lagi er farið fram á 100,5 m.kr. framlag til framkvæmdanna við Landeyjahöfn. Áætlanir fjárlaga 2010 um kostnað við hafnargerðina og aðstöðu við hana gerðu ráð fyrir nokkuð hagstæðari tilboðum í verkhluta en reyndin varð svo taka mætti höfnina í notkun á árinu. Framkvæmdakostnaður við að koma höfninni í gagnið í júlí á þessu ári varð því um 150 m.kr. meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Auk þessa framlags er í þriðja lagi gert ráð fyrir að kostnaðinum verði mætt með 50 m.kr. tilfærslu á fjárheimild af viðfangsefninu *10-335-6.80 Sjóvarnir*. Er því reiknað með að kostnaður við framkvæmdirnar á árinu 2010 verði samtals 1.195,6 m.kr. en í fjárlögum 2010 var gert ráð fyrir 1.045,1 m.kr. framlagi til verksins. Í fjórða lagi er farið fram á 10 m.kr. viðbótarframlag til verkefnisins vegna ýmiss kostnaðar sem hlotist hefur vegna eldgoss í Eyjafjallajökli. Rýma varð vinnusvæðið nokkrum sinnum og við það féll niður vinna við höfnina og framkvæmdir töfðust. Eitthvað af grjóti og fyllingarefni, sem var á lager verktakans við Markarfljót, tapaðist og þá var ráðist í að dýptarmæla svæðið undan ósi Markarfljóts til að kanna framburð í flóði sem varð í vegna

gossins. Í fimmta lagi er lagt til að framlag til liðarins verði aukið um 10 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Landeyjahafnar í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

381 Rannsóknanefnd sjóslysa.

1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa. Farið er fram á að fjárheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 4,2 m.kr. þar sem frumvarp um sameiningu rannsóknarnefnda, þ.e. umferðarslysa, sjóslysa og flugslysa, hefur ekki orðið að lögum. Í fjárlögum 2010 var gert ráð fyrir að með sameiningunni yrði hægt að ná fram ákveðinni rekstrarhagræðingu í starfsemi þessara nefnda sem ekki hefur gengið eftir.

475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.

1.11 Keflavíkurflugvöllur. Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 16,8 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Flugstoða í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

481 Rannsóknanefnd flugslysa.

1.01 Rannsóknanefnd flugslysa. Farið er fram á að fjárheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 4,6 m.kr. þar sem frumvarp um sameiningu rannsóknarnefnda, þ.e. umferðarslysa, sjóslysa og flugslysa, hefur ekki orðið að lögum. Í fjárlögum 2010 var gert ráð fyrir að með sameiningunni yrði hægt að ná fram ákveðinni rekstrarhagræðingu í starfsemi þessara nefnda sem ekki hefur gengið eftir.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög. Farið er fram á fjárheimild liðarins verði hækkuð samtals um 854,3 m.kr. Í fyrsta lagi er lögð til 556 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins vegna húsaleigubóta. Samkomulag um húsaleigubætur frá 7. apríl 2008 rann út 31. mars 2010. Í fjárlögum 2010 er framlag vegna verkefnisins áætlað það sama og veitt var til þess í fjárlögum og fjáraukalögum ársins 2009, eða

928 m.kr. Áætlanir sveitarfélaga vegna húsaleigubóta ársins 2010 gera hins vegar ráð fyrir að útgjöldin fari vaxandi frá fyrra ári sé tekið mið af raungreiðslum fyrir fyrstu tvo ársfjórðunga 2010. Miðað við þær áætlanir og mat samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis á því hvernig meta eigi 60% hlutdeild ríkisins í kostnaðinum má reikna með að kostnaður ríkissjóðs vegna fyrrgreinds samkomulags verði 1.484 m.kr. á árinu 2010 eða 556 m.kr. hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum 2010. Er þá gert ráð fyrir að greitt verði samkvæmt forsendum fyrra samkomulags út þetta ár þótt það sé útrunnið. Í öðru lagi er lögð til 88,3 m.kr. hækkun liðarins en um er að ræða uppgjör vegna fyrrnefnds samkomulags ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur en kostnaður vegna þess er talin hafa verið vanáætlaður fyrir árið 2009. Í samkomulaginu var í fyrsta sinn kveðið á um þátttöku ríkisins í greiðslu sérstakra húsaleigubóta til viðbótar við grunnfjárhæðir húsaleigubóta. Í fjárlagafrumvarpi 2009 var veitt sérstakt 432 m.kr. viðbótarframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og 324 m.kr. í fjáraukalögum 2008 í samræmi við samkomulagið. Í fjárlögum og fjáraukalögum 2009 var síðan veitt samtals 928 m.kr. framlag vegna fyrrgreinds samkomulags. Samkvæmt uppgjörinu sem nú liggur fyrir frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er gert ráð fyrir að framlög ríkissjóðs hækki um 9,5% frá framlögum ársins 2009 eða um samtals 88,3 m.kr. vegna almennra og sérstakra húsaleigubóta. Í þriðja lagi er lagt er til að sjóðurinn fái sérstakt viðbótarframlag sem nemi 210 m.kr. til að mæta hækkun á launakostnaði sveitarfélaga, þ.e. A-hluta sveitarsjóða, í kjölfarið á hækkun á tryggingagjaldi í samræmi við samkomulag þar um. Í gildandi fjárlögum var veitt sérstakt 1.200 m.kr. framlag í þessu skyni og gert ráð fyrir að sjóðurinn greiddi sveitarfélögum út framlög vegna þessarar kostnaðarhækkunar í samræmi við upplýsingar um skil þeirra á tryggingagjaldi eða launaveltu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir eru horfur á að hækkun launakostnaðarins verði meiri. Raunkostnaður sveitarfélaganna vegna hækkaðs tryggingagjalds fyrir fyrstu sjö mánuði ársins er 4.314,7 m.kr. en hefði verið 3.491,6 m.kr. miðað við 7% tryggingagjald. Gert er ráð fyrir óbreyttum launakostnaði þeirra út árið og að raunkostnaður þeirra vegna hækkaðs tryggingagjalds á árinu verði því 1.410 m.kr. Þarf því 210 m.kr. viðbótarframlag til að koma til móts við þennan kostnaðarauka sveitarfélaganna á árinu 2010 og er hér því lagt til að framlag til sjóðsins verði aukið í því skyni.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 534,4 m.kr.

245 Samtök iðnaðarins.

1.10 Samtök iðnaðarins. Gert er ráð fyrir að 420 m.kr. fjárheimild til Samtaka iðnaðarins falli niður í samræmi við lög nr. 124/2010 um breyting á lögum um iðnaðarmála-

gjald. Með lögunum er gert ráð fyrir að álagningu iðnaðarmálagjalds verði hætt að lokinni álagningu á einstaklinga og lögaðila árið 2010 vegna rekstrarársins 2009. Kveðið er á um að tekjur af gjaldinu skuli renna í ríkissjóð en einnig að þeim beri að ráðstafa til verkefna á sviði menntunar og nýsköpunar í iðnaði eins og fram kemur í tillögu undir viðfangsefninu 11-299-1.98 hér á eftir.

251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Óskað er eftir 89 m.kr. hækkun á framlagi til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði 20% af framleiðslukostnaði sem til fellur við framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi og eftir atvikum í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Ljóst er að samkvæmt umsóknum um endurgreiðslu kvikmynda sem uppfylla sett skilyrði og eru í framleiðslu og umsókna sem nú eru í umsóknaferli munu tillögur nefndar um endurgreiðslur á árinu 2010 nema allt að 335 m.kr. eða 178 m.kr. umfram núgildandi fjárveitingu. Með lögum nr. 39/2009 var hlutfall framleiðslukostnaðar vegna kvikmyndagerðar á Íslandi sem heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði hækkað úr 14% í 20% og var framlagið á fjárlögum hækkað í 157 m.kr. í fjárlögum 2010. Var þá reiknað með að umfang kvikmyndaframleiðslu á Íslandi verði svipað á næstu árum og það hafði verið frá árinu 2006 en ef umfangið ykist mætti búast við því að endurgreiðslurnar hækkuðu að sama skapi. Á hinn bóginn kveður 8. gr. reglugerðar um endurgreiðslurnar á um það að fjárhæð endurgreiðslna er háð fjárveitingum Alþingis eins og fram kemur í fjárlögum hverju sinni. Iðnaðarráðherra hefur heimild til að fresta útborgun endurgreiðslna yfir á næsta fjárlagaár sem kunna að vera umfram fjárveitingar Alþingis hverju sinni og í þessu tilfelli er gert ráð fyrir að sú frestun nemi 89 m.kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög.

1.19 Staðlaráð. Lögð er til 2,1 m.kr. hækkun á fjárheimild í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af tryggingagjaldi en 0,007% teknanna rennur til Staðlaráðs.

1.48 Átak til atvinnusköpunar. Lagt er til að veitt verði samtals 83,3 m.kr. framlag til liðarins. Í lögum nr. 22/2010 er meðal annars lagt til að fiskveiðiárin 2009/2010 og 2010/2011 hafi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til sérstakrar ráðstöfunar hvort ár um sig allt að 2.000 lestir af skötusel án þess að þeim verði úthlutað á grundvelli aflahlutdeilda í tegundinni heldur gegn greiðslu gjalds. Gert er ráð fyrir að á árunum 2010 og 2011 verði veitt framlag til Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs (AVS) hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu sem svari til 40% af tekjunum og að liðurinn Átak til atvinnusköpunar fái framlag sem svari til 60% af tekjunum. Markmiðið með þessari ráðstöfun er að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum. Áætlað er að tekjurnar verði samtals 96 m.kr. á árinu 2010 og er því gert ráð

fyrir að Átak til atvinnusköpunar fái 57,6 m.kr. framlag. Í annan stað er í lögum nr. 22/2010 gert ráð fyrir að þessi sömu fiskveiðiár hafi ráðherra til ráðstöfunar allt að 200 lestir af óslægðum botnfiski á hvoru ári. Gert er ráð fyrir að gegn greiðslu verði heimilt að ráðstafa þessum aflaheimildum til skipa sem hafa leyfi til frístundaveiða. Gert er ráð fyrir að AVS sjóðurinn og Átak til atvinnusköpunar fái framlag eftir sömu skiptingu og við leigu á skötuselskvóta. Áætlað er að tekjurnar verði samtals 42,8 m.kr. á árinu 2010 og þar af fái Átak til atvinnusköpunar 25,7 m.kr. framlag. Samtals er því hér um 83,3 m.kr. framlag að ræða. Eftir að gengið var frá talnabálki frumvarpsins ákvað sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra úthlutun á 400 tonna viðbótaraflaheimild til veiða í skötusel umfram það sem reiknað er með í frumvarpinu. Er því gert ráð fyrir að flytja þurfi tillögur um breytingar á tekjum og fjárheimildum við 2. umræðu frumvarpsins með hliðsjón af því.

1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis. Lagt er til að veitt verði 420 m.kr. framlag til verkefna á sviði menntunar- og nýsköpunar í iðnaði. Í lögum nr. 124/2010 um breyting á lögum um iðnaðarmálagjald er gert ráð fyrir að álagningu iðnaðarmálagjalds verði hætt að lokinni álagningu á einstaklinga og lögaðila árið 2010 vegna rekstrarársins 2009 en við það mun fjárheimild Samtaka iðnaðarins falla niður. Kveðið er á um að tekjur af gjaldinu skuli renna í ríkissjóð en einnig að þeim beri að ráðstafa til verkefna á sviði menntunar og nýsköpunar í iðnaði. Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti taki sameiginlega ákvörðun um ráðstöfun gjaldsins að höfðu samráði við Samtök iðnaðarins og önnur fagfélög sem standa utan Samtaka iðnaðarins.

301 Orkustofnun.

1.01 Orkustofnun. Óskað er eftir 10 m.kr. fjárframlagi til að ljúka 2. áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Stefnt var að því að ljúka 2. áfanga áætlunarinnar á árinu 2009 en dráttur hefur hins vegar orðið á því að ákvörðun yrði tekin m.a. um framsetningarformið á niðurstöðum rammaáætlunar. Auk þess var ákveðið að setja niðurstöður hinna fjögurra faghópa undir verkefnisstjórninni á almennt kynningar- og umsagnarferli. Þetta hefur leitt til þess að starf verkefnisstjórnar og faghópa hefur teygst fram á árið 2010 með tilheyrandi kostnaði.

Þá er lögð er til breytt tegundaskipting á fjárheimild Orkustofnunar í samræmi við endurskoðaða áætlun um sértekjur stofnunarinnar. Í fjárlögum ársins 2010 eru sértekjur Orkustofnunar áætlaðar 415,2 m.kr. en rekstraráætlun stofnunarinnar gerir hins vegar ráð fyrir 119 m.kr. sértekjum á þessu ári. Fram til ársins 2009 var hjá Orkustofnun rekið Rekstrarfélag Orkugarðs til að annast umsýslu fyrir þá aðila sem störfuðu í Orkugarði þ.e. Orkustofnun, Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, Íslenskar Orkurannsóknir og Vatnamælingar. Frá og með árinu 2009 varð sú breyting á að ekki var lengur

grundvöllur fyrir þessum samrekstri þar sem Vatnamælingar og Íslenskar Orkurannsóknir sækja ekki lengur þessa þjónustu til rekstrarfélagsins. Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna er því gerður upp á eigin fjárlaganúmeri og tekjur þær er áður voru færðar á Orkustofnun vegna umsýslu ekki fyrir hendi. Gjaldaheimildir Orkustofnunar lækka sem samsvarar lækkun á tekjum og hefur breytingin því ekki í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

599 Ýmis ferðamál.
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu. Lagt er til að 350 m.kr. verða millifærðar yfir á iðnaðarráðneytið á þetta viðfangsefni af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöl*d og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Fjárheimildin er ætluð til markaðsátaks í ferðamálum vegna eldgoss í Eyjafjallajökli. Stjórnvöld munu leggja fram 350 m.kr. til átaksins gegn 350 m.kr. mótframlagi frá hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu.

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild efnahags- og viðskiptaráðuneytis verði aukin um 130,2 m.kr.

101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.
1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. framlag vegna aukinna verkefna ráðuneytisins og fjölgunar starfsfólks í kjölfar efnahagsáfallsins. Er framlaginu m.a. ætlað að mæta kostnaði ráðuneytisins vegna eftirlitsnefndar um skuldaaðlögun og kostnaði vegna úrskurðarmála vegna gjaldeyrishaftanna. Auk þess er gert ráð fyrir auknum verkefnum ráðuneytisins sem m.a. felast í endurskoðun ákvæða laga um slit fjármálafyrirtækja og reglusetningu í tengslum við úrlausn á skuldavanda heimila og fyrirtækja. Þá þarf að leggjast í vinnu við tillögur að breytingum á lögum á sviði fjármálamarkaðar, s. s. um verðbréfaviðskipti og rafræna skráningu verðbréfa auk vinnu í tengslum við fjárhagslega stöðu sveitarfélaga.

190 Ýmis verkefni.
1.15 Fastanefndir. Lagt er til að fjárheimild þessa fjárlagaliðar verði hækkuð um 16 m. kr. vegna eftirlitsnefndar um verklagsreglur um skuldaaðlögun. Vinna nefndarinnar hefur verið mjög umfangsmikil en nefndin þarf að fara yfir mikið umfang gagna og þar sem um viðkvæmar upplýsingar er að ræða fer skoðun fram inni í fjármálafyrirtækjunum sjálfum. Þessi nefnd er ný en hún var sett á laggirnar með lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og er því ekki gert ráð fyrir henni í fjárheimild liðarins.
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál. Lagt er til að ráðuneytið fái 52,7 m.kr. framlag til

þess að standa straum af kostnaði erlendra og innlendra ráðgjafa fyrir nefnd um fjármálastöðugleika. Nefnd um fjármálastöðugleika er vettvangur samráðs, upplýsingaskipta og tillögugerðar vegna fjármálastöðugleika og samhæfingar viðbúnaðar við hugsanlegu fjármálaáfalli. Nefndin vinnur nú að gerð viðbúnaðaráætlunar í tengslum við áhrif dóms Hæstaréttar vegna lögmætis gengistryggðra lána. Í því sambandi hefur nefndin leitað eftir liðsinni innlendra og erlendra sérfræðinga. Innlend ráðgjöf hefur fyrst og fremst verið lögfræðilegs eðlis en einnig hefur verið leitað liðsinnis varðandi kynningarmál og framsetningu efnis. Þessu til viðbótar er lagt til að millifærð verði 50 m.kr. fjárveiting af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* vegna aðkeyptrar þjónustu tveggja lögfræðinga við undirbúningsvinnu vegna málshöfðunar gegn ríkinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Þann 7. júlí 2009 var skipaður samráðshópur sem ætlað var að veita embætti ríkislögmanns og öðrum lögmönnum sem vinna að hagsmunagæslu fyrir íslenska ríkið á þessu sviði aðstoð og upplýsingar. Samkvæmt minnisblaði frá samráðshópnum leggur hann til að ríkið hefji nú þegar undirbúning vegna málshöfðana til að standa vörð um hagsmuni ríkisins með formlegum hætti. Samþykkt var á ríkistjórnarfundi þann 1. júní 2010 að ráðast í þessa undirbúningsvinnu.

402 Fjármálaeftirlitið.

1.01 Fjármálaeftirlitið. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 131,5 m.kr. frá fjárlögum 2010 og fari úr 1.021,5 m.kr. í 1.153 m.kr. í samræmi við endurskoðaða rekstraráætlun ársins. Skýrist hækkunin að mestu leyti af fjölgun starfsmanna stofnunarinnar. Útgjöldin eru fjármögnuð með eftirlitsgjaldi sem færist á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur breytingin því ekki áhrif á afkomu hans. Reiknað er með að gjöld stofnunarinnar umfram sértekjur verði 1.187,9 m.kr. og að eftirlitsgjaldið skili 1.153 m.kr. Gert er ráð fyrir að 34,9 m.kr. mismunurinn þar á milli verði fjármagnaður með óráðstöfuðu eigið fé vegna rekstrarafgangs frá fyrri árum. Þá er reiknað með að sértekjur verði 13 m.kr. á árinu 2010 og að heildargjöld stofnunarinnar verði þar af leiðandi 1.200,9 m.kr. á árinu 2010.

811 Flutningssjóður olíuvara.

1.10 Flutningssjóður olíuvara. Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 140 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um tekjur af flutningsjöfnunargjaldi á olíuvörur. Endurgreiðslutöxtum sjóðsins var breytt frá og með 1. júní 2010 og er því gert ráð fyrir að tekjur sjóðsins af flutningsjöfnunargjaldinu lækki um 140 m.kr. frá fjárlögum 2010 og verði 380 m.kr. á árinu 2010.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 155,3 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Óskað er eftir 8 m.kr. fjárveitingu til handa nefndinni til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda. Kærumálum hefur fjölgað mjög á undanförnum árum og hefur álag á nefndina að sama skapi aukist og safnast upp rekstrarhalli. Umboðsmaður Alþingis hefur gert athugasemdir við málshraða og hversu langan tíma það taki að úrskurða í málum sem vísað hefur verið til nefndarinnar.

211 Umhverfisstofnun.

1.01 Umhverfisstofnun. Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 11,7 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Umhverfisstofnunar í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

231 Landgræðsla ríkisins.

1.01 Landgræðsla ríkisins. Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 46 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Landgræðslu ríkisins í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

1.90 Fyrirhleðslur. Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 70 m.kr. vegna eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi og er þetta hlutur Landgræðslu ríkisins við gerð varnargarða í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

287 Úrvinnslusjóður.

1.10 Úrvinnslusjóður. Lögð er til 75 m.kr. lækkun fjárheimildar. Í endurskoðaðri áætlun sjóðsins er reiknað með að tekjur af úrvinnslugjaldi verði 535 m.kr., sem er 75 m.kr. minni tekjur en gert var ráð fyrir í fjárlögum, og fjármagnstekjur eru áætlaðar 30 m.kr. sem er 10 m.kr. minna en í fjárlögum. Áætluð útgjöld í ár eru um 747 m.kr. eða 180 m.kr. umfram tekjur. Eiginfjárstaða lækkar sem því nemur og er áætluð 306 m.kr. í árslok.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands. Lagt er til að fjárveitingar liðarins verði samtals auknar um 16,6 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 8,5 m.kr. fjárheimild vegna aukins húsnæðiskostnaðar í nýju húsnæði í Urriðaholti. Leigusamningurinn er að hálfu bundinn vísitölu neysluverðs og að hálfu gengi krónu gagnvart evru. Auka þarf fjárheimild til greiðslu leigukostnaðar vegna gengisfalls krónunnar og hækkunar neysluvísitölu sem láðist hafði að reikna með í fjárveitingu vegna húsaleigunnar í fjárlögum 2010. Gert er ráð fyrir að stofnunin flytji í Urriðaholt í október 2010. Einnig hlýst nokkur kostnaðarauki af því að ekki tekst að rýma allt eldra húsnæði fyrir 1. október. Í öðru lagi er óskað eftir 7 m.kr. fjárheimild vegna vinnu Framkvæmdasýslunnar í tengslum við eftirlit með byggingu á nýju húsnæðinu í Urriðaholti. Þá er í þriðja lagi óskað eftir 1,1 m.kr. framlagi vegna kostnaðarauka stofnunarinnar af landgöngu hvítabjarnar í Þistilfirði í janúar sl. Um er að ræða kostnað við krufningu og uppstoppun bjarnarins.

412 Veðurstofa Íslands.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 78 m.kr. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samtals er metið að heildarkostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið sé 800,7 m.kr. og er þetta hlutur Veðurstofu Íslands í þessum verkefnum. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vegna vaxtagjalda verði lækkuð um 20.301 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2010 bendir til þess að gjaldfærðir vextir lækki um 20.301 m.kr. frá því sem reiknað var með í fjárlögum fyrir árið 2010 og verði 74.018 m.kr. og að greiddir vextir lækki um 13.663 m.kr. og verði 76.682 m.kr. Mismunur á gjaldfærðum og greiddum vöxtum stafar aðallega af því hvenær lántökur, innáborganir og gjalddagar falla til á árinu og eins vegna mismunar á milli nafnvaxta skuldabréfa og þeim kjörum sem ríkissjóður nýtur í útboðum skuldabréfa hverju sinni.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2010	Áætlun 2010	Breyting frá fjárlögum
Erlend lán	20.634	14.358	-6.276
Ríkisbréf og ríkisvíxlar	45.197	37.188	-8.009
Önnur innlend lán	1.650	1.625	-25
Seðlabanki vegna veð- og daglána	7.493	4.083	-3.410
Endurfjármögnun banka	16.761	14.394	-2.367
Annar vaxtakostnaður	2.084	1.970	-114
Lántökukostnaður	500	400	-100
Samtals	**94.319**	**74.018**	**-20.301**

Þessi mikla lækkun vaxtagjalda endurspeglast í þeirri óvissu sem ríkti við gerð fjárlaga 2010 gagnvart ýmsum þáttum lánamála auk hagkvæmari vaxta- og gengisþróunar en reiknað var með.

Samkvæmt áætlun nú er gert ráð fyrir að vaxtakostnaður erlendra lána lækki um tæpa 6,3 mia.kr. og greiddir vextir um 7,5 mia.kr. samkvæmt nánari skýringum hér fyrir neðan. Um er að ræða minni lántökur frá samstarfsþjóðum í efnahagsáætluninni með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum en gert var ráð fyrir og uppkaup á erlendum skuldum ríkissjóðs fyrir gjalddaga. Einnig að nú gert ráð fyrir sterkara gengi krónunnar. Á móti vegur vaxtakostnaður af skuldabréfi í evrum sem ríkissjóður gaf út í tengslum við kaup á bréfum Avens B.V.

Við undirbúning fjárlaga gerðu áætlanir þannig ráð fyrir því að fullnýta lánafyrirgreiðslur samstarfsþjóða Íslands sem ríkissjóði eru veitt í tengslum við efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og AGS með því að lán Norðurlanda yrðu greidd út í fjórum áföngum og lán Póllands í þremur áföngum fyrir árslok 2010. Lán frá Færeyjum hafði þá þegar verið tekið. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að nýta ekki nema hluta þessarar fyrirgreiðslu á þessu ári. Þessi minni lánataka skýrir lækkun vaxtakostnaðar fyrir um 4,9 mia.kr. og vaxtagreiðslna um 3,9 mia.kr.

Í maí sl. gerði ríkissjóður samkomulag við Seðlabankann í Lúxemborg um kaup á eignavörðum skuldabréfum Avens B.V. (Landslux Notes) þar sem að baki voru íbúða- og ríkisbréf ásamt reiðufé. Með kaupunum tryggði ríkissjóður sér full yfirráð yfir eignum Avens B.V. sem var stærsti einstaki eigandi krónueigna utan Íslands en krónueignir þess námu um fjórðungi allra krónueigna erlendra aðila. Ríkissjóður greiddi fyrir þessar eignir með skuldabréfi að fjárhæð 401,5 milljónir evra til 15 ára og með 35 milljónir evra og 5 mia.kr. reiðufé. Ríkissjóður keypti til viðbótar íbúðabréf af Eignarhaldsfélagi Seðlabanka Íslands og gerði síðar samkomulag um sölu íbúðabréfanna til 26 innlendra lífeyrissjóða gegn greiðslu að fjárhæð 549 milljónir evra. Með viðskiptunum jókst gjaldeyrisforði landsins og er reiknað með að hagnaður ríkissjóðs af viðskiptunum nemi 17,5 mia.kr. Vaxtakostnaður af þessu evruskuldabréfi ríkissjóðs er áætlaður 1,3 mia.kr. á árinu 2010 og greiddir vextir 0,7 mia.kr.

Lán samstarfsþjóða Íslands og andvirði samnings í evrum við lífeyrissjóði um kaup á íbúðabréfum hafa gert ríkissjóði kleift að nýta hagkvæm tækifæri á markaði til kaupa á evruskuldum fyrir gjalddaga. Af erlendum lánum, sem eru á gjalddaga 2011 og 2012, hefur hluti skuldanna verið keyptar til baka á mjög ásættanlegum markaðskjörum fyrir ríkissjóð. Nú þegar hafa skuldir fyrir yfir 400 milljónir evra verið keyptar til baka og verður uppkaupum haldið áfram á meðan kjör eru ásættanleg. Gert er ráð fyrir að vaxtakostaður gæti lækkað um 2,2 mia.kr. vegna þessa og greiddir vextir um 4,1 mia.kr.

Vaxtakostnaður annarra erlendra lána ríkissjóðs lækkar um 0,5 mia.kr. og greiddir vextir um 0,2 mia.kr.

Gert er ráð fyrir að vaxtakostnaður markaðsverðbréfa ríkissjóðs lækki um 8 mia.kr. og er það að stærstum hluta vegna hagkvæmari vaxtakjara í útboðum en reiknað var með við gerð fjárlaga. Greiddir vextir lækka um 1 mia.kr. Krafa á ríkisverðbréfum lækkaði jafnt og þétt yfir árið samfara mikilli eftirspurn eftir ríkistryggðum skuldabréfum og vaxtalækkunarferli Seðlabankans. Á haustmánuðum var svo komið að vextir í útboðum hafa aldrei verið jafn lágir.

Áætlað er að vaxtakostnaður vegna skuldabréfs að nafnverði 270 mia.kr. sem ríkissjóður gaf út til Seðlabanka í árslok 2008 til að styrkja eiginfjárstöðu bankans lækki um 3,4 mia.kr. og greiddir vextir um 2,5 mia.kr. Ástæðu þess má rekja til þess að í árslok 2009 keypti Seðlabanki til baka kröfur sem ríkissjóður yfirtók við útgáfu skuldabréfsins ásamt kröfum vegna verðbréfalána ríkissjóðs gegn lækkun skuldabréfsins fyrir um 134 mia.kr.

Að lokum er gert ráð fyrir að vaxtakostnaður vegna endurfjármögnunar fjármálastofnana, bæði gjaldfærður og greiddur, lækki um tæpa 2,4 mia.kr. Gefinn var út sérstakur flokkur ríkisverðbréfa til að fjármagna þessa eiginfjárinnspýtingu til fjármálastofnanna. Vaxtakjör flokksins eru miðuð við vexti innlánsreikninga viðskiptastofnana í Seðlabanka. Í áætlunum nú er gert ráð fyrir lægri vaxtakjörum á þessum reikningum heldur en gert var ráð fyrir við gerð fjárlaga.

81. Frumvarp til laga [77. mál]

um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að nýting háhitasvæða og landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti fallvatna byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

2. gr.
Gildissvið og skilgreiningar.

Lög þessi ná til háhitasvæða og landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti fallvatna, jafnt innan eignarlanda sem þjóðlendna.

Eftirfarandi merking skal lögð í þessi hugtök:

1. *Eignarland:* Landsvæði, þ.m.t. innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einka-eignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
2. *Fallvatn:* Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé.
3. *Háhitasvæði:* Jarðhitakerfi þar sem hitastig grunnvatnsforðans er 200°C eða hærra á 1.000 metra dýpi eða ofar.
4. *Orkurannsóknir:* Rannsóknir sem tengjast virkjun á fallvötnum og háhitasvæðum sem fram fara á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.
5. *Virkjunarkostur:* Áætluð framkvæmd vegna virkjunar fallvatna og á háhitasvæðum á tilgreindum virkjunarstað.
6. *Yfirborðsrannsóknir:* Kortlagning náttúrusvæða, landslags, lífríkis, vatnafars og jarð-fræði. Jarðfræðirannsóknir skiptast í rannsóknir á jarðfræði, jarðefnafræði og jarðeðlis-fræði sem byggjast á sýnatöku á gasi, vatni og bergi, mælingu með tækjum á yfirborði og grunnum borunum til að ná bergsýnum, mælingu á berghita og stöðu grunnvatns, með léttum bortækjum sem skilja ekki eftir sig nein verksummerki.
7. *Þjóðlendur:* Landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

3. gr.
Verndar- og nýtingaráætlun.

Iðnaðarráðherra leggur í samráði og samvinnu við umhverfisráðherra eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun til næstu 12 ára um vernd og nýtingu landsvæða vegna virkjunar fallvatna og háhita.

Í verndar- og nýtingaráætlun er á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. mótuð stefna um hvort landsvæði þar sem er að finna virkjunarkosti megi nýta til orkuvinnslu eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar. Virkjunarkostir á viðkomandi svæðum eru samkvæmt því flokkaðir í nýtingarflokk, verndarflokk eða biðflokk.

Verndar- og nýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn skv. 8. gr. hefur fjallað um og hafa uppsett rafafl 10 MW eða meira eða uppsett varmaafl 50 MW eða meira. Hún tekur þó ekki til stækkunar á virkjun nema stækkunin feli í sér matsskyldar framkvæmdir samkvæmt úrskurði á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum. Verndar- og nýtingaráætlun tekur ekki til landsvæða sem njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði.

Í verndar- og nýtingaráætlun skal í samræmi við markmið laga þessara lagt mat á verndar- og nýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar.

4. gr.

Nýtingarflokkur.

Í nýtingarflokk verndar- og nýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem er áætlað á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. að ráðast megi í.

Stjórnvöldum er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum og orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í nýtingarflokki. Þá eru orkurannsóknir sem lögum samkvæmt geta farið fram án leyfis stjórnvalda heimilar vegna virkjunarkostanna.

5. gr.

Biðflokkur.

Í biðflokk verndar- og nýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem er talið að afla þurfi frekari upplýsinga um svo meta megi á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. hvort þeir eigi að falla í nýtingarflokk eða verndarflokk.

Stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í biðflokki.

Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra.

Virkjunarkostir fallvatna og háhitasvæða sem verndar- og nýtingaráætlun á að taka til skv. 3. mgr. 3. gr. og ekki hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og nýtingaráætlun skulu lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki áætlunarinnar.

6. gr.

Verndarflokkur.

Í verndarflokk verndar- og nýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu að teknu tilliti til sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr.

Stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í verndarflokki eða eru á svæðum sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Þá eru aðrar orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar einnig óheimilar.

Þrátt fyrir 2. mgr. er unnt að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar að heimila yfirborðsrannsóknir á svæðum í verndarflokki.

Stjórnvöld skulu þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og nýtingaráætlun hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu sam-

kvæmt verndarflokki áætlunarinnar. Um friðlýsingu vegna náttúruverndar fer samkvæmt lögum um náttúruvernd en um friðlýsingu vegna menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum.

7. gr.
Skipulagsáætlanir.

Verndar- og nýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana. Sveitarstjórnir skulu samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og nýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.

Sveitarstjórnum er heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt verndar- og nýtingaráætlun í allt að tíu ár og skal tilkynna slíka ákvörðun til Skipulagsstofnunar innan árs frá samþykkt verndar- og nýtingaráætlunar. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki. Að fresti liðnum skal skipulag viðkomandi svæðis samræmt þágildandi verndar- og nýtingaráætlun.

8. gr.
Verkefnisstjórn.

Ráðherra skipar sex manna verkefnisstjórn til fjögurra ára í senn sem er ráðherra til ráðgjafar við undirbúning að gerð tillagna fyrir verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt lögum þessum. Tveir stjórnarmenn eru tilnefndir af umhverfisráðherra, einn af mennta- og menningarmálaráðherra og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og tveir eru án tilnefningar og skal annar þeirra skipaður formaður stjórnarinnar. Sömu aðilar tilnefna jafnmarga varamenn sem eru skipaðir með sama hætti.

9. gr.
Verksvið verkefnisstjórnar.

Verkefnisstjórn annast upplýsingasöfnun, faglegt mat, sbr. 4. mgr. 3. gr., og gerð tillagna til ráðherra vegna verndar- og nýtingaráætlunar og er samráðsvettvangur vegna hennar. Verkefnisstjórn skal skipa faghópa með sérfræðingum á viðeigandi sviðum sem fari yfir virkjunaráform hver frá sínum sjónarhóli, meti þá með stigagjöf og geri tillögur til verkefnisstjórnar. Fjöldi faghópa og skipan þeirra verður ákveðin af verkefnisstjórninni.

Beiðni um að verkefnisstjórn fjalli um virkjunarkost skal send Orkustofnun. Beiðninni skal fylgja lýsing á fyrirhugaðri virkjun, áætluðum virkjunarstað, helstu mannvirkjum og öðrum framkvæmdum sem henni tengjast og eftir því sem kostur er áætlun um afl og orkugetu og stofn- og rekstrarkostnað virkjunar. Um þetta skal nánar fyrir mælt í reglugerð. Ef virkjunarkostur er að mati Orkustofnunar nægilega skilgreindur skal verkefnisstjórn fá hann til umfjöllunar. Orkustofnun getur einnig að eigin frumkvæði falið verkefnisstjórn að fjalla um virkjunarkosti.

Verkefnisstjórn fjallar um virkjunarkosti skv. 2. mgr. og þau landsvæði sem viðkomandi virkjunarkostir hafa áhrif á að hennar mati. Verkefnisstjórn getur að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni endurmetið virkjunarkosti og landsvæði sem gildandi áætlun nær til og lagt til breytingar á henni. Það á þó ekki við ef gefið hefur verið út leyfi til viðkomandi virkjunar samkvæmt raforkulögum eða lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu eða friðlýsing skv. 4. mgr. 6. gr. bannar framkvæmdina.

10. gr.
Verklag og málsmeðferð.

Verkefnisstjórn byggir faglegt mat sitt á upplýsingum sem fyrir liggja um þætti sem taka skal tillit til í verndar- og nýtingaráætlun og beitir við það samræmdum viðmiðum og almennt viðurkenndum aðferðum. Vinna faghópa er lögð til grundvallar matinu. Verkefnisstjórn skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og Fornleifaverndar ríkisins um hvort fyrirliggjandi gögn varðandi einstaka virkjunarkosti eru nægjanleg til að meta þá þætti sem taka skal tillit til í verndar- og nýtingaráætluninni. Teljist gögn ófullnægjandi skal verkefnisstjórn láta safna viðbótargögnum og vinna úr þeim áður en eiginlegt matsferli hefst.

Verkefnisstjórn skal leita eftir samráði og faglegri aðstoð hjá viðkomandi stofnunum og stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga, félagasamtökum, hagsmunaaðilum og öðrum aðilum. Þá skal verkefnisstjórn miðla upplýsingum um starf sitt með opinberum hætti.

Að fengnum niðurstöðum faghópa vinnur verkefnisstjórn drög að tillögum um flokkun virkjunarkosta og afmörkun virkjunar- og verndarsvæða í samræmi við flokkunina. Hún skal leita samráðs við almenning og umsagna um drögin hjá viðeigandi stofnunum, stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga, félagasamtökum og hagsmunaaðilum. Að liðnum umsagnarfresti og að loknu samráði tekur verkefnastjórnin afstöðu til fyrirliggjandi virkjanaáforma og kynnir framangreindum aðilum tillögur að verndar- og nýtingaráætlun og auglýsir þær með opinberum hætti í dagblaði sem gefið er út á landsvísu, Lögbirtingablaðinu og á vefsíðu sinni. Í auglýsingunni skal koma fram hvar má nálgast tillögur verkefnisstjórnar og öllum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum með tilgreindum hætti og innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar.

Að loknu samráðs- og kynningarferli leggur verkefnisstjórn fyrir ráðherra rökstuddar tillögur um flokkun virkjunarkosta og afmörkun landsvæða í samræmi við flokkunina.

Ráðherra tekur tillögur verkefnisstjórnar til skoðunar og gengur frá tillögu um verndar- og nýtingaráætlun í samræmi við 3. gr. Ef lagðar eru til breytingar á tillögu verkefnisstjórnar skal leita umsagnar þeirra aðila sem greinir í 2. mgr. og þær kynntar almenningi með þeim hætti sem þar greinir áður en tillaga að verndar- og nýtingaráætlun er lögð fram á Alþingi.

Ráðherra setur að fengnum tillögum verkefnisstjórnar reglur um hvernig hún skuli starfa, þ.m.t. um upplýsingaöflun, viðmið og matsaðferðir. Reglurnar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

11. gr.
Meðferð upplýsinga.

Um afhendingu gagna og upplýsinga sem verkefnisstjórn eða þeir sem fyrir hana starfa öðlast fer samkvæmt upplýsingalögum.

12. gr.
Reglugerð.

Iðnaðarráðherra getur mælt nánar fyrir um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

13. gr.
Gildistaka.

1.–3. gr. laga þessara taka þegar gildi. Að öðru leyti taka lögin gildi þegar Alþingi hefur samþykkt tillögu til þingsályktunar skv. 3. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tillaga til þingsályktunar skv. 3. gr. skal fyrst lögð fram á Alþingi þegar fyrir liggja tillögur verkefnisstjórnar um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem skipuð var af iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra 24. ágúst 2007.

Áður en tillaga til þingsályktunar er lögð fram á Alþingi skal ráðherra kynna hana þeim aðilum sem greinir í 3. mgr. 10. gr. og gefa öllum kost á að koma á framfæri athugasemdum með tilgreindum hætti og innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar.

Þegar tillaga til þingsályktunar skv. 3. gr. hefur verið samþykkt af Alþingi skal iðnaðarráðherra skipa verkefnisstjórn skv. 8. gr.

Umhverfisráðherra skal skipa vinnuhóp til að skoða og gera tillögu um aðferðafræði við að meta verðgildi náttúrunnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er lagt fram af iðnaðarráðherra en það var unnið í samráði við umhverfisráðuneyti og verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar, auk þess sem Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samorku, Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Íslands var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess. Frumvarpið er samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi og vísað til iðnaðarnefndar en hlaut ekki afgreiðslu.

Frumvarpinu er ætlað að skapa lagaumgjörð um þá vinnu sem farið hefur fram undanfarinn áratug við undirbúning að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skýra stöðu hennar gagnvart stjórnvöldum við gerð skipulagsáætlana og veitingu opinberra leyfa, þ.m.t. rannsóknar-, nýtingar- og virkjunarleyfa. Þá er frumvarpinu ætlað að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi vinnu við mat og flokkun á virkjunarkostum. Lagt er til að iðnaðar- og umhverfisráðherra vinni náið saman að langtímaverndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhita og iðnaðarráðherra leggi hana fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu. Í áætluninni verði lagt mat á verndar- og nýtingargildi landsvæða og skilgreindir virkjunarkostir flokkaðir í þrjá flokka: nýtingarflokk, verndarflokk og biðflokk. Frumvarpinu er ætlað að stuðla að vandaðri stefnumörkun um hvaða svæði sé hugsanlegt að nýta til orkuvinnslu og hvaða svæði eigi að vernda gagnvart slíkum framkvæmdum og tryggja að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi við þá stefnumörkun. Er frumvarpinu ætlað að stuðla að meiri sátt um orkuvinnslu og minnka óvissu orkufyrirtækja við val á virkjunarkostum.

Gert er ráð fyrir að áætlunin bindi hendur stjórnvalda við veitingu leyfa sem tengjast orkurannsóknum og orkuvinnslu í þeim skilningi að eingöngu megi veita slík leyfi vegna framkvæmda sem falla í nýtingarflokk hennar. Þó verði takmarkaðar orkurannsóknir heimilar vegna virkjunarkosta í bið- og verndarflokki. Einnig er gert ráð fyrir að verndar- og nýtingaráætlunin skyldi stjórnvöld til að hefja friðlýsingarferli vegna þeirra landsvæða sem talið er að rétt sé að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu.

Lagt er til að stjórnvöldum sé heimilt en ekki skylt að veita leyfi til orkuvinnslu vegna þeirra virkjunarkosta sem falla í nýtingarhluta áætlunarinnar. Verndar- og nýtingaráætlunin feli því ekki í sér afstöðu þingsins til þess hvaða virkjunarkostir skuli nýttir á tímabilinu heldur eingöngu hvaða virkjunarkostir geti farið í hefðbundið leyfisveitingarferli og hvaða virkjunum er heimilt að gera ráð fyrir í skipulagi sveitarfélaga. Hins vegar er gert ráð fyrir því að áætlunin sé bindandi við gerð skipulagsáætlana og sveitarstjórnir verði samkvæmt því að samræma svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og nýtingaráætluninni. Frá

þessari meginreglu er gerð sú undantekning að sveitarstjórn er heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt verndar- og nýtingaráætlun í allt að tíu ár. Slíka ákvörðun skal tilkynna Skipulagsstofnun innan árs frá samþykkt verndar- og nýtingaráætlunar. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki en að fresti liðnum skal skipulag viðkomandi svæðis samræmt þágildandi verndar- og nýtingaráætlun. Þá er við það miðað að aðrar áætlanir sem lúta að landnýtingu taki tillit til verndar- og nýtingaráætlunarinnar. Samkvæmt 10. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, sem samþykkt voru á Alþingi 9. september sl. og öðlast gildi 1. janúar 2011, skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.

Tillögur um undirbúning og framsetningu verndar- og nýtingaráætlunar voru settar fram í skýrslu og frumvarpstillögum nefndar sem iðnaðarráðherra skipaði í apríl 2006 á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laga nr. 5/2006, um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í framhaldinu lagði iðnaðarráðherra á 133. löggjafarþingi fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem byggðist að verulegu leyti á tillögum nefndarinnar (þskj. 812, 542. mál). Fylgdi skýrsla nefndarinnar sem fylgiskjal með frumvarpinu og vísast til þess um efni skýrslunnar og tillögur. Í ákvæðum til bráðabirgða I og II í frumvarpinu var lagt til að skipaðir yrðu tveir starfshópar, annar til að undirbúa tillögur til forsætisráðherra um á hvaða svæðum Íslands nýting á auðlindum í jörðu og vatnsafli yrði heimil og hinn til að undirbúa tillögur um vernd svæða. Þá var lagt til að starfshóparnir gerðu tillögu um hvernig haldið yrði á þessum málum til framtíðar. Því næst skyldi samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV skipa þriggja manna starfshóp til að vinna frumvarp um verndar- og nýtingaráætlun sem byggðist á tillögum starfshópanna. Þá var lagt til í ákvæði til bráðabirgða III að þar til verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV tæki gildi skyldi ekki heimilt að gefa út ný leyfi til rannsóknar og nýtingar nema í ákveðnum undantekningartilfellum. Í nefndaráliti sínu lagði meiri hluti iðnaðarnefndar til að frumvarpið yrði samþykkt með lítils háttar breytingum en málið hlaut ekki afgreiðslu á þinginu.

Frumvarp það sem nú er lagt fram gerir ráð fyrir nokkuð annarri nálgun enda þótt það byggist að verulegu leyti á sömu hugmyndum og fyrra frumvarp. Ræður þar mestu að veruleg vinna hefur farið fram við að ljúka undirbúningi að áætlun um vernd og nýtingu háhitasvæða og landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti fallvatna. Munu í lokagerð áætlunarinnar liggja fyrir mótaðar tillögur um flokkun virkjunarkosta sem iðnaðarráðherra, í samráði og samvinnu við umhverfisráðherra, getur byggt á tillögur um verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt frumvarpi þessu. Var því ekki talið nauðsynlegt að skipa sérstaka starfshópa til að fjalla um verndar- og nýtingaráætlunina. Þá er hér lagt til að farin verði sú leið að verndar- og nýtingaráætlun verði lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu sem yrði grundvölluð á tillögum verkefnisstjórnar rammaáætlunarinnar. Með frumvarpi þessu er ætlunin að skapa verndar- og nýtingaráætluninni ákveðna stöðu að lögum en ekki mæla fyrir um efni hennar líkt og gert var ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða IV í áðurnefndu frumvarpi. Þá er í frumvarpi þessu lögð fram mótuð tillaga um hvernig haldið skuli á málum til frambúðar. Er í því sambandi að miklu leyti byggt á hugmyndum sem viðraðar voru í skýrslu framangreindrar nefndar, þ.e. að skipuð yrði verkefnisstjórn sem starfaði með svipuðum hætti og

fyrri verkefnisstjórnir rammaáætlunar og byggði á sjónarmiðum og aðferðum sambærilegum þeim sem verkefnisstjórnirnar hafa mótað. Líkt og fyrri verkefnisstjórnum yrði henni eingöngu ætlað að hafa ráðgjafarhlutverk. Verði frumvarpið að lögum er því á engan hátt hróflað við hlutverki opinberra stofnana á sviði rannsókna og stjórnsýslu.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að Alþingi taki í formi þingsályktunar afstöðu til flokkunar virkjunarkosta fallvatna og háhitasvæða á landinu öllu eftir því hvort stjórnvöldum er heimilt að veita leyfi vegna þeirra. Þá beri að kanna frekar eða hvort ástæða þyki til að vernda ákveðin landsvæði gagnvart orkuvinnslu.
2. Lagt er til að iðnaðarráðherra vinni tillögu til þingsályktunar í nánu samráði og samvinnu við umhverfisráðherra og að sérstök verkefnisstjórn verði ráðherrunum til ráðgjafar.
3. Gert er ráð fyrir að þingsályktunin hafi skýra stöðu að lögum og að hún bindi hendur stjórnvalda við leyfisveitingar og gerð skipulagsáætlana og liggi til grundvallar ákvarðanatöku um friðlýsingu landsvæða.
4. Í frumvarpinu er við það miðað að þingsályktunartillaga um verndar- og nýtingaráætlun verði fyrst lögð fram á yfirstandandi þingi og að sú áætlun byggist á starfi verkefnisstjórnar rammaáætlunar sem nú er að störfum og skipuð var af iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra 24. ágúst 2007. Áætlunin gildi til 12 ára en sæti reglubundinni endurskoðun.
5. Faglegur undirbúningur að síðari verndar- og nýtingaráætlunum verði í höndum ráðgefandi verkefnisstjórnar sem iðnaðarráðherra skipar. Verkefnisstjórnin reiði sig líkt og fyrri verkefnisstjórnir á þau stjórnvöld og stofnanir sem starfandi eru og hafi víðtækt samráð við frjáls félagasamtök, hagsmunaaðila og aðra þá sem leita getur þurft til.
6. Lagt er til að undirbúningur að tillögu að verndar- og nýtingaráætlun verði gagnsær og að almenningi verði kynntar tillögur verkefnisstjórnarinnar og fái tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum áður en endanlegar tillögur eru lagðar fram á Alþingi.

II. Þörfin á lagaramma um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhita og ólíkar leiðir.

Virkjun orkulinda landsins er ein af undirstöðum efnahagslegrar og félagslegrar velferðar í íslensku samfélagi. Til að svo megi vera áfram er mikilvægt að nýting náttúruauðlindanna samræmist sjónarmiðum um sjálfbæra þróun. Er í því sambandi vísað til þeirrar hugmyndafræði sem mótast hefur á alþjóðavettvangi og þeirrar stefnumörkunar sem unnið hefur verið að af íslenskum stjórnvöldum, sbr. III. kafla hér að aftan. Í svonefndri Brundtland-skýrslu frá árinu 1987 (Sustainable Development Our Common Future, World Commission on Environment and Development) er kjarna sjálfbærrar þróunar lýst svo að leitast sé við að mæta þörfum og væntingum samtímans án þess að stefna í hættu möguleikum til að mæta þörfum komandi kynslóða. Í því sambandi er miðað við að líta skuli til efnahagslegra, þjóðfélagslegra og umhverfislegra þátta. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa verið samþykktar yfirlýsingar sem byggjast á sjálfbærri þróun, sbr. svonefnda Ríó-yfirlýsingu frá árinu 1992 og Jóhannesarborgaryfirlýsinguna frá árinu 2002. Í samræmi við þessa hugmyndafræði miðar frumvarpið m.a. að því að ákvörðun um hvaða svæði skuli nýta til orkuvinnslu verði byggð á heildstæðu og faglegu mati á áhrifum nýtingar á umhverfi og náttúru og efnahagslegum og þjóðfélagslegum þáttum sem tengjast nýtingunni. Þá er mikilvægt að skapa betri sátt um nýtingu þessara mikilvægu náttúruauðlinda en á undanförnum árum hefur andstaða við upp-

byggingu virkjana aukist. Hefur gagnrýnin einkum byggst á sjónarmiðum um neikvæð áhrif virkjana á umhverfi og náttúru en einnig á mati á hagkvæmni og arðsemi einstaka virkjana. Enn fremur hefur verið á það bent að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til annarra nýtingarmöguleika.

Vinna að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hófst árið 1999. Unnið hefur verið að því að leggja mat á og flokka virkjunarkosti fallvatna og háhita m.a. með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar og náttúru- og menningarminjar sem og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Gert er ráð fyrir að vinnu við gerð 2. áfanga rammaáætlunar ljúki í lok ársins 2010. Ekki hefur legið fyrir hvaða stöðu rammaáætlunin hefur átt að fá að lögum. Telja verður að best verði tryggt að framangreindum markmiðum verði náð og að frekari sátt náist um ákvarðanir um orkuvinnslu í framtíðinni ef Alþingi tekur afstöðu til tillagnanna og mótar langtímastefnu um vernd og nýtingu háhitasvæða og landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti fallvatna. Til þess að slík áætlun nái sem best settum markmiðum þurfa réttaráhrif hennar að vera skýr og þeir virkjunarkostir sem geta farið í leyfisveitingarferli að vera skilgreindir. Einnig þarf áætlunin að skapa svigrúm til ákvarðana um friðlýsingu ákveðinna svæða gagnvart orkuvinnslu. Til þess að svo megi verða þarf áætlunin að ná til hæfilega langs tíma. Á sama tíma verður þó að veita ákveðið svigrúm til aðlögunar með tilliti til breyttra forsendna. Í því sambandi getur m.a. þurft að taka tillit til nýrra virkjunarkosta. Einnig þarf að vera unnt að taka tillit til nýrra rannsókna og nýrrar þekkingar og tækni. Þá má nefna að aðferðir við nýtingu viðkomandi orkulinda hafa breyst og nýjar aðferðir verið þróaðar við mat á áhrifum nýtingar og verndargildis viðkomandi svæða.

Unnt er að fara ólíkar leiðir í þeirri viðleitni að tryggja aðkomu Alþingis að mótun slíkrar verndar- og nýtingaráætlunar. Í fyrsta lagi gæti Alþingi tekið afstöðu til virkjunarkosta og verndarsvæða í formi þingsályktunar. Í öðru lagi væri unnt að mæla fyrir um flokkun virkjunarkosta og verndun svæða í lögum. Í þriðja lagi má svo fara þá leið sem hér er lögð til sem felur í sér sambland fyrrnefndra leiða. Er sú leið lögð til þar sem þingsályktun ein og sér veitir ekki nægilega skýra leiðbeiningu um stöðu slíkrar áætlunar, t.d. gagnvart öðrum áætlunum, auk þess sem ekki væri skýrt hvernig halda ætti á málum til framtíðar. Hins vegar færi illa á því að hafa langa upptalningu á virkjunarkostum í löggjöf, auk þess sem allar breytingar sem gera þyrfti á áætluninni væru gerðar óþarflega flóknar og þunglamalegar. Með þeirri leið sem hér er lögð til má kveða skýrt á um sess verndar- og nýtingaráætlunarinnar að lögum og tryggja nauðsynlegan sveigjanleika og skilvirkni við þróun áætlunarinnar og áframhaldandi vinnu við hana.

III. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Vinna að gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma á rætur sínar í sjónarmiðum um sjálfbæra þróun. Árið 1993 skipaði þáverandi umhverfisráðherra starfshóp um umhverfismál, iðnþróun og orkumál. Honum var falið að skilgreina sjálfbæra þróun í þessum málaflokkum og setja markmið til skemmri tíma. Jafnframt var honum falið að gera framkvæmdaáætlun í umhverfis- og þróunarmálum til aldamóta. Starfshópurinn skilaði áliti sínu í mars 1995. Þar var lagt til að unnin yrði rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum. Þessi starfshópur var einn af sjö en hinir tóku á samsvarandi hátt fyrir aðra málaflokka. Í árslok 1995 setti umhverfisráðherra á fót starfshóp sem fékk það verkefni að setja saman drög að framkvæmdaáætlun sem yrði samþykkt af ríkisstjórn og byggð á skýrslum hópanna sjö.

Niðurstaðan var lögð fyrir umhverfisþing 1996 þar sem hún var rædd og farið yfir athugasemdir. Að teknu tilliti til þeirra var samin framkvæmdaáætlun sem samþykkt var í ríkisstjórn 1997 og nefnd „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Framkvæmdaáætlun til aldamóta“. Í áætluninni segir m.a. að iðnaðarráðherra skuli í samráði við umhverfisráðherra láta gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Markmið áætlunarinnar skyldi vera að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt í vatnsafli sem háhita, m.a. með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar og náttúru- og menningarminjar sem og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði.

Árið 1999 skipaði iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra 16 einstaklinga í sérstaka verkefnisstjórn til að vinna að gerð rammaáætlunarinnar undir formennsku Sveinbjörns Björnssonar, fyrrverandi háskólarektors.

Verkefnisstjórnin starfaði samkvæmt verklýsingu iðnaðarráðherra í greinargerðinni „Maður – nýting – náttúra“ frá 8. mars 1999. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar var að hafa með höndum heildarstjórn við mótun áætlunarinnar og skipulag við framkvæmd hennar og beina hinni faglegu vinnu í réttan farveg og standa jafnframt að samráði og kynningu með skipulegum hætti.

Settur var upp sérstakur samráðs- og ráðgjafarvettvangur sem stjórnvöld fólu Landvernd að standa að. Efnt var til fjölda almennra funda þar sem fram fór almenn kynning á verkefninu og kynning á einstaka álitamálum, svo sem um aðferðafræði, efnahagslegt mat á náttúrunni, siðfræðileg efni og mat á landslagi. Þá voru einnig haldnir margir fundir með stofnunum og hagsmunaaðilum, sett upp vefsíða og kynningarbæklingar og annað efni gefið út.

Verkefnisstjórnin fjallaði um þörf á gagnaöflun og rannsóknum og gerði tillögur í því efni til iðnaðarráðuneytisins. Það var svo hlutverk viðkomandi stofnana, einkum Orkustofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar, að veita verkefnisstjórninni öflugan faglegan bakgrunn. Fagleg vinna fór fram í fjórum hópum sem skipaðir voru sérfræðingum á viðkomandi sviðum. Faghópur I fjallaði um náttúru- og minjavernd, faghópur II um útivist og hlunnindi, faghópur III um þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaþróun og faghópur IV um nýtingu orkulinda. Verkefnisstjórnin mótaði aðferðafræði og vinnureglur á grundvelli tillagna faghópanna. Faghóparnir fóru svo yfir gögn um virkjunarkosti og mátu og skiluðu niðurstöðum til verkefnisstjórnarinnar. Í kjölfarið vann verkefnisstjórnin úr niðurstöðum faghópanna.

Vinnu við fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar lauk í nóvember 2003 með skýrslu verkefnisstjórnar um niðurstöður áfangans. Þar voru teknir fyrir 19 vatnsorkukostir og 24 jarðhitakostir. Af þessum virkjunarkostum höfðu átta þegar verið heimilaðir. Sérstök áhersla var lögð á vatnsaflsvirkjanir í jökulám á hálendinu og jarðhitavirkjanir nærri byggð auk Torfajökulssvæðisins. Virkjunarkostirnir voru flokkaðir í fimm flokka (a–e) eftir umhverfisáhrifum, aðra fimm eftir heildarhagnaði og fimm eftir arðsemi. Við þessa flokkun voru gerðir fyrirvarar vegna takmarkaðra gagna, einkum um umhverfisáhrif, en einnig heildarhagnað og arðsemi. Um nánari lýsingu á verklagi, matsaðferðum og tillögum er vísað til skýrslunnar.

Í skýrslu verkefnisstjórnarinnar var bent á að nokkuð skorti á þekkingu á þeim svæðum sem skýrslan náði til og lagt til að í öðrum áfanga rammaáætlunar yrðu gögn sem stuðst var við í fyrsta áfanga endurbætt eftir þörfum og þróaðar frekar þær aðferðir sem beitt var við matið. Þá þyrfti að undirbúa nýjar virkjunarhugmyndir með rannsóknum og gerð frumáætlana.

Ný þriggja manna verkefnisstjórn var skipuð í september 2004 undir forustu Sveinbjörns Björnssonar sem einnig hafði leitt verkefnisstjórn fyrsta áfanga. Í skipunarbréfi verkefnisstjórnarinnar kom fram að hún skyldi undirbúa fleiri virkjunarkosti til mats og bæta gögn eða endurskoðaða tilhögun ýmissa kosta sem teknir voru fyrir í fyrsta áfanga. Áhersla var lögð á að fá heildarmat á sem flestum háhitasvæðum. Þá var enn fremur gert ráð fyrir að þörf kynni að vera á að þróa áfram aðferðir við mat á náttúrufari. Verkefnisstjórnin skipaði sér til aðstoðar tvo ráðgjafahópa; öðrum var ætlað að endurskoða aðferðir við mat á landslagi en hinum var falið mat á orkugetu og verndargildi háhitasvæða. Þriggja manna verkefnisstjórnin lauk störfum í maí 2007 og skilaði þá framvinduskýrslu. Í skýrslunni var lýst stöðu gagnaöflunar vorið 2007 og fjallað um verklag og skipan þriðju verkefnisstjórnar og nýrra faghópa til að ljúka matinu.

Í september 2007 skipuðu svo iðnaðar- og umhverfisráðherra nýja 12 manna verkefnisstjórn til að ljúka gerð rammaáætlunarinnar. Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð, var skipuð formaður verkefnisstjórnar sameiginlega af iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Aðrir í verkefnisstjórninni eru Elín R. Líndal, oddviti Húnaþings vestra, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eydís Aðalbjörnsdóttir verkefnisstjóri, tilnefnd af Samtökum ferðaþjónustunnar (Anna Sverrisdóttir ráðgjafi tók hennar sæti í ágúst 2008), Freysteinn Sigurðsson jarðfræðingur, tilnefndur af náttúruverndarsamtökum (Freysteinn lést í árslok 2008 og eftirmaður hans var Friðrik Dagur Arnarson framhaldsskólakennari sem tók sæti í verkefnisstjórn í janúar 2009), Þorkell Helgason orkumálastjóri, tilnefndur af Orkustofnun (Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri tók sæti hans í janúar 2008), Hjörleifur B. Kvaran, aðstoðarforstjóri Orkuveitu Reykjavíkur (forstjóri frá október 2008), tilnefndur af Samorku (Agnar Olsen skrifstofustjóri tók sæti hans í september 2010), Ellý Katrín Guðmundsdóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, tilnefnd af Umhverfisstofnun (Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar tók sæti hennar í febrúar 2008), Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins, tilnefnd af menntamálaráðherra, Stefán Arnórsson, prófessor við Háskóla Íslands, tilnefndur af iðnaðarráðherra, Unnur Brá Konráðsdóttir, sveitarstjóri í Rangárþingi eystra (alþingismaður frá apríl 2009), tilnefnd af forsætisráðherra, Þorsteinn Tómasson skrifstofustjóri, tilnefndur af landbúnaðarráðherra (Þorbjörg Eva Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri vinstri grænna flokkahópa á Norðurlöndum, tók sæti hans í febrúar 2010), og Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, tilnefnd af umhverfisráðherra.

Verkefnisstjórnin styðst við fjóra faghópa sem eru henni til aðstoðar við mat virkjunarkosta í 2. áfanga. Verksvið þeirra eru:

I. Náttúrufar og menningarminjar.
II. Útivist, ferðaþjónusta og hlunnindi.
III. Efnahagsleg og félagsleg áhrif virkjana.
IV. Virkjunarkostir og hagkvæmni þeirra.

Verksvið faghópanna eru svipuð og í 1. áfanga. Ferðaþjónusta hefur þó verið færð frá faghópi III til faghóps II og faghópur III mun ekki reyna að meta þjóðhagsleg áhrif virkjana. Faghóparnir munu fara yfir virkjunarkosti sem til umfjöllunar eru í 2. áfanga hver frá sínum sjónarhóli, meta þá og gera tillögur til verkefnisstjórnar. Þeim er ætlað að skila niðurstöðum til verkefnisstjórnar í upphafi árs 2010. Alls verða til umfjöllunar 80 kostir, 39 í vatnsafli og 41 í jarðhita. Ekki er þó víst að heildarmat náist á öllum þeirra vegna skorts á gögnum. Af þessum kostum voru 11 í vatnsafli og 21 í jarðhita metnir í 1. áfanga, en þeir verða nú endurmetnir í ljósi bættra gagna eða endurskoðaðra hugmynda um tilhögun. Faghópur I byggir á

svipuðum aðferðum og í 1. áfanga. Mat á vatnsafli er að mestu miðað við vatnasvið ofan stíflu en meginfarveg fallvatns neðan hennar. Í jarðhita er tekið mið af víðáttu háhitasvæða samkvæmt viðnámsmælingum en einnig horft til landslagsheildar. Aðferðir við mat á landslagi eru þó betur þróaðar og gögn um lífríki, örveruflóru, vistkerfi og jarðminjar á háhitasvæðum mun ítarlegri. Áhersla verður lögð á mat á náttúruverðmætum svæða og áhrifum áformaðra virkjana á þau. Faghópur 2 beitir nýjum og mun ítarlegri aðferðum í mati á útivistargildi og ferðaþjónustu en í 1. áfanga. Áhrifasvæði eru skilgreind út frá ferðamynstri og ferðaleiðum og að því stefnt að meta virði svæða fyrir ferðaþjónustu og áhrif virkjana ásamt raflína á það. Mati á hlunnindum er svipað háttað og í 1. áfanga. Faghópur III þrengir svið sitt mikið frá 1. áfanga og takmarkar sig við mat á áhrifum af byggingu og rekstri virkjunar á efnahagsgerð og félagsgerð í heimahéraði hennar og helstu þéttbýliskjörnum. Þar verður horft til uppbyggingar á innviðum, svo sem vega og dreifikerfis raforku, og áhrifa þeirra á atvinnulíf, laun og búsetuskilyrði. Faghópur IV beitir svipuðum aðferðum og í 1. áfanga og raðar virkjunarkostum í hagkvæmnisflokka. Kostnaður við línulagnir er metinn að næsta tengipunkti í raforkukerfinu og til þess horft hvort breyta þurfi legu lína vegna verndarsvæða.

Í árslok 2009 ákvað iðnaðarráðherra að niðurstöður faghópanna yrðu settar í opið umsagnarferli þar sem hagsmunaaðilum og almenningi gæfist færi á að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um aðferðafræði og niðurstöður faghópanna. Í því skyni var gefin út skýrsla til að kynna starf og afurðir faghópanna og kom hún út um leið og umsagnarferlið hófst, 8. mars 2010. Í fyrstu skyldi umsagnarferlið standa í sex vikur en síðar var það lengt um tvær vikur þannig að umsagnir skyldu hafa borist í síðasta lagi 3. maí. Sett var upp sérstakt opið svæði á vefsíðu rammaáætlunar þar sem skýrslan og margháttaðar upplýsingar og gögn um starf faghópanna lágu frammi. Jafnframt efndi verkefnisstjórn til kynningarfunda víða um land þar sem formenn faghópa kynntu aðferðafræði og niðurstöður hópanna og svöruðu auk þess fyrirspurnum. Alls bárust 39 umsagnir frá einstaklingum, fyrirtækjum, samtökum og opinberum aðilum. Faghóparnir munu taka afstöðu til framkominna umsagna. Verkefnisstjórnin mun síðan taka mið af niðurstöðum faghópanna, raða þeim á svipaðan hátt og gert var í 1. áfanga og skila niðurstöðum mats í formi tillögu um flokkun virkjunarkostanna í þrjá flokka, nýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk.

IV. Áætlanir um vernd og nýtingu vatnsafls í Noregi.

Eins og fram kemur í niðurstöðuskýrslu 1. áfanga rammaáætlunarinnar (bls. 28) er rammaáætlunin að vissu marki að norskri fyrirmynd þótt ákveðið hafi verið að beita annarri aðferðafræði við röðun virkjunarkosta. Í Noregi er í gildi sérstök rammaáætlun fyrir vatnasvið (Samlet plan for vassdrag). Hún var fyrst staðfest af Stórþinginu árið 1986 (St.meld. nr. 63 (1984–85) og Innst. S. Nr. 250 (1985–86)), en síðan þá hefur áætluninni verið breytt tvívegis. Fyrst árið 1988 (St.meld. nr. 53 (1986–87) og Innst. S. Nr. 296 (1987–88)) og svo aftur árið 1993 (St.meld. nr. 60 (1991–92) og Innst. S. Nr. 114 (1992–93). Í rammaáætluninni er virkjunarkostum forgangsraðað með hliðsjón af hagkvæmni þeirra í ljósi umhverfisáhrifa og efnahagslegra og samfélagslegra sjónarmiða. Virkjunarkostunum er skipt í tvo flokka, flokk I og flokk II. Í flokk I er raðað þeim virkjunarkostum sem geta farið í leyfisveitingarferli án frekari umfjöllunar. Í flokki II eru virkjunarkostir sem taldir eru óhagkvæmari en þeir sem eru í flokki I eða þarf að rannsaka frekar og geta því ekki farið í leyfisveitingarferli. Áætlunin hefur verið talin bindandi fyrir stjórnvöld við útgáfu leyfa í þeim skilningi að þau geti ekki veitt leyfi vegna virkjunarkosta sem eru ekki í flokki I í áætluninni. Stjórnvöld hafa hins vegar ekki verið talin skuldbundin til að gefa út nýtingarleyfi vegna virkjunarkosta í

flokki I og eru dæmi um að stjórnvöld hafi hafnað umsóknum um leyfi vegna virkjana í þeim flokki. Rammaáætlunin fékk þó ekki stöðu að lögum fyrr en með samþykkt gildandi vatnalaga (LOV 2000–11–24 nr 82: Lov om vassdrag og grunnvann (vannressursloven)), sbr. 22. gr. þeirra. Rammaáætlunin hefur ekki verið endurskoðuð frá því að hún var síðast staðfest af þinginu árið 1993. Frá þeim tíma hafa margar forsendur sem voru lagðar til grundvallar flokkun virkjunarkosta breyst auk þess sem áherslur við vatnsstjórn eru nú aðrar. Í þessu ljósi hafa norsk stjórnvöld hugað að breytingum á rammaáætluninni. Í því sambandi hefur m.a. verið leitast við að einfalda ferlið þannig að það verði skilvirkara. Er nú miðað við að rammaáætlunin nái ekki til virkjana sem eru undir 10 MW (St.prp. nr. 75 (2003–2004 og Innst. S. nr. 116 (2004–2005), ályktun (vedtak) nr. 242). Þessi breyting er talin geta haft talsverða þýðingu þar sem flestar stærri virkjana sem rammaáætlunin heimilar að verði leyfðar hafa þegar komið til framkvæmda. Þá hefur verið til skoðunar hvort fella megi rammaáætlunina betur að öðrum áætlunum, þar á meðal vatnastjórnunaráætlunum sem unnar eru í tengslum við innleiðingu á vatnatilskipun ESB frá árinu 2000 (e. Water Framework Directive (2000/60/EC)) og tryggja þannig heildstæða vatnsstjórn.

Auk rammaáætlunarinnar er í gildi í Noregi verndaráætlun fyrir vatnasvið (Verneplan for vassdrag). Í henni er fjallað um vatnasvæði sem ber að vernda gegn orkuvinnslu og nær hún nú yfir 394 vatnasvið en samanlögð orkugeta þeirra er talin nema um 47 TWh á ári. Verndaráætlunin er heildstæð landsáætlun um verndun vatnasviða sem þykja hafa sérstakt verndargildi. Verndaráætlun fyrir vatnasvið var fyrst samþykkt af Stórþinginu árið 1973 en síðan þá hafa þrjár nýjar áætlanir verið samþykktar, síðast árið 1992, sbr. Verneplan IV (St.prp. nr. 118 (1991–92 og Innst. S. nr. 116 (1992–93)). Auk þess hafa tvær viðbætur við áætlunina verið samþykktar. Sú fyrri var samþykkt árið 2005 (St.prp. nr. 75 og Innst. S. nr. 116 (2004–2005)) og sú síðari í júní 2009 (St.prp. nr. 53 (2008–2009) og Innst. S. nr. 289 (2008–2009)). Um verndaráætlunina er fjallað í 5. kafla vatnalaganna (vannressursloven). Þar kemur fram í 34. gr. að óheimilt sé að ráðast í virkjanaframkvæmdir sem séu í andstöðu við ákvörðun Stórþingsins um verndun vatnasviða. Þá er í lögunum einnig að finna reglur um vernd vatnasviðanna gegn ýmsum öðrum framkvæmdum.

V. Almenn áhrif frumvarpsins og tengsl við aðra löggjöf.

Þau lög sem almennt reynir á við leyfisveitingu vegna vatnsafls- og jarðhitavirkjana til orkuframleiðslu eru lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, vatnalög, nr. 15/1923, raforkulög, nr. 65/2003, lög nr. 58/1998, um þjóðlendur, skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, sem falla úr gildi 1. janúar 2011 við gildistöku skipulagslaga, nr. 123/2010, lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana.

Um rannsóknir á jarðvarma og fallvatni til orkuvinnslu fer skv. III. kafla laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þar kemur fram í 4. gr. að rannsóknarleyfi þarf vegna leitar og rannsókna á jarðhita og vatnsafli sem ekki fer fram á vegum landeiganda. Lög nr. 57/1998 fjalla einnig um nýtingu á jarðvarma. Skv. IV. kafla laganna þarf leyfi til að nýta jarðvarma hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða þjóðlendum. Í V. kafla laganna, sem fjallar um jarðhita, kemur fram að landeiganda er þó heimilt að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, allt að 3,5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu. Í sama kafla kemur fram að um heimild til nýtingar á jarðhita vegna raforkuvinnslu fari samkvæmt ákvæðum orkulaga. Tilvísun þessi nær nú til raforkulaga, nr. 65/2003, en þau taka til vinnslu raforku óháð orkugjafa, sbr. 2. gr. laganna. Í 4. gr. þeirra

kemur fram að leyfi þurfi til að reisa og reka raforkuver. Það á þó að meginstefnu ekki við vegna raforkuvera með uppsett afl sem er undir 1 MW. Samkvæmt gildandi vatnalögum, nr. 15/1923, getur einnig þurft leyfi til vatnsmiðlunar vegna virkjunar fallvatns, sbr. 70. gr. laganna. Ef orkulindir sem nýta á eru innan þjóðlendna þarf einnig leyfi forsætisráðherra, sbr. 3. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendur.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum þarf að fara fram umhverfismat vegna jarðvarmavirkjana og annarra varmaorkuvera með uppsett varmaafl 50 MW eða meira og önnur orkuver með uppsett rafafl 10 MW eða meira, sbr. 5. gr. laganna og 1. viðauka við þau. Þá geta framkvæmdir, þar á meðal rannsóknaboranir, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif verið háðar mati á umhverfisáhrifum, sbr. 6. gr. laganna og 2. viðauka við lögin, svo og 7. gr. laganna.

Í náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, er m.a. fjallað um landslagsvernd (V. kafli) og friðlýstar náttúruminjar (VII. kafli). Skv. 38. gr. laganna þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum. Eins og fram kemur í VII. kafla laganna skiptist friðlýsing í mismunandi flokka, þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti, friðlýstar lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi og fólkvanga, sbr. 50. gr. laganna. Samkvæmt efni sínu getur friðlýsing verið misjafnlega víðtæk og skal þar taka fram að hve miklu leyti framkvæmdir eru takmarkaðar, sbr. 60. gr. laganna.

Um gerð og framkvæmd skipulags er fjallað í III. kafla skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þar er gert ráð fyrir þremur stigum skipulagsáætlana, svæðis-, aðal- og deiliskipulagi, auk svæðisskipulags miðhálendisins. Skv. 3. gr. þeirra fer umhverfisráðherra með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála en sveitarstjórnir annast gerð skipulagsáætlana. Sérstök samvinnunefnd miðhálendisins annast þó gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendið, sbr. 12. gr. a. Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og þróun byggðar, náttúruvernd, hverfisvernd o.fl., sbr. 9. gr. laganna. Skulu skipulagsáætlanirnar vera í innbyrðis samræmi, sbr. 7. mgr. 9. gr. laganna. Í 34. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, kemur fram að meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Ákvæði þetta verður að lesa í samhengi og samræmi við 27. gr. skipulags- og byggingarlaga þar sem segir að afla þurfi framkvæmdaleyfis frá viðkomandi sveitarstjórnum vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess og allra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Slíkt leyfi þarf þó ekki vegna framkvæmda sem eru háðar byggingarleyfi skv. IV. kafla laganna. Í gildandi skipulags- og byggingarlögum er ekki fjallað um skipulagsáætlun sem getur varðað landið allt. Í skipulagslögum, nr. 123/2010, sem löðlast gildi 1. janúar 2011, er kveðið á um að umhverfisráðherra leggi fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu þar sem áætlanir opinberra aðila sem varða landnotkun, m.a. orkunýtingu, eru samþættar. Er við það miðað að samhljómur verði milli landsskipulagsstefnu og verndar- og nýtingaráætlunarinnar enda er gert ráð fyrir að verndar- og nýtingaráætlunin sé bindandi við gerð skipulagsáætlana.

Auk framangreindra laga kunna ýmis önnur lög að snerta einstakar framkvæmdir. Í því sambandi má benda á lög sem taka til ákveðinna svæða, svo sem lög nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð, lög nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, og lög nr. 85/2005, um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Einnig getur þurft leyfi skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, vegna framkvæmda sem geta haft áhrif á veiði eða lífríki vatns eða skv. 10. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001, ef fornleifar er að finna innan áhrifasvæðis virkjunar.

Verði frumvarp þetta að lögum ræðst það af því í hvaða flokk verndar- og nýtingaráætlunarinnar virkjunarkostum er skipað hvort og með hvaða hætti reynir á framangreinda leyfisveitingar- og stjórnsýsluferla.

Nýtingarflokkur.

Í nýtingarflokk falla virkjunarkostir og tilheyrandi landsvæði sem Alþingi áætlar að ráðast megi í að teknu tilliti til þeirra þátta sem vísað er til í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Skipan landsvæða og virkjunarkosta í nýtingarflokk felur þó á engan hátt í sér yfirlýsingu um að út í framkvæmdirnar skuli fara á tímabilinu heldur eingöngu að heimilt sé að veita leyfi vegna þessara virkjunarkosta. Virkjunarkostir sem falla í þennan flokk ættu því að fara í hefðbundið leyfisveitingar- og umhverfismatsferli samkvæmt framangreindum lögum og öðrum lögum eftir því sem við á. Þá fer það eftir ákvæðum laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, hvort framkvæmdin er háð umhverfismati eða ekki. Ekki er útilokað að stjórnvöld meti það svo að ekki skuli gefið út leyfi sem tengist orkuvinnslu vegna virkjunarkosta í nýtingarflokki. Í ljósi framangreinds er einnig miðað við að verndar- og nýtingaráætlunin feli í sér almenna stefnumörkun en ekki skipulags- eða framkvæmdaáætlun í skilningi laga nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Flokkun virkjunarkosta í þennan flokk bindur hins vegar almennt skipulagsyfirvöld við gerð skipulagsáætlana. Er því við það miðað að skipulagsáætlanir geri ráð fyrir viðkomandi framkvæmdum á þeim svæðum sem virkjunarkostir í þessum flokki snerta. Við þá skipulagsgerð getur reynt á framangreind lög um umhverfismat áætlana.

Verndarflokkur.

Í þennan flokk er skipað þeim virkjunarkostum og landsvæðum sem ekki virðist réttlætanlegt að heimila virkjun á að virtum markmiðum laga þessara og þeim sjónarmiðum sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. Skipan virkjunarkosta í þennan flokk felur þó ekki í sér friðlýsingu í hefðbundnum skilningi heldur tímabundna vernd gagnvart orkuvinnslu á þeim svæðum sem afmörkuð eru í verndarflokknum á meðan friðlýsingarferli samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, fer fram eða eftir atvikum þjóðminjalögum, nr. 107/2001. Er við það miðað að undirbúningur friðlýsingar viðkomandi svæða gagnvart orkuvinnslu hefjist þegar í stað eftir að samþykki Alþingis fyrir verndar- og nýtingaráætluninni liggur fyrir. Í þessu ljósi er ekki heimilt að veita leyfi sem tengist orkuvinnslu vegna virkjunarkosta á þeim svæðum sem eru í verndarflokki. Á það við um öll stjórnvaldsleyfi sem lögbundin eru og tengst geta virkjun, þar á meðal nýtingarleyfi samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum, nr. 65/2003, og framkvæmda- og byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997. Þá eru orkurannsóknir einnig óheimilar. Flokkun virkjunarkosta í þennan flokk bindur einnig almennt hendur skipulagsyfirvalda við gerð skipulagsáætlana. Í því felst m.a. að ekki skal gera ráð fyrir framkvæmdum eða starfsemi vegna orkuvinnslu á viðkomandi svæðum.

Biðflokkur.

Í þennan flokk falla allir þeir virkjunarkostir sem að mati Alþingis er ekki unnt að flokka í annan hvorn framangreindra flokka þar sem fyrirliggjandi gögn og upplýsingar gefa ekki nægilega afgerandi til kynna í hvorn flokkinn virkjunarkostirnir ættu að falla. Ekki er heimilt að veita leyfi sem tengist orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem falla í flokkinn. Er þá átt við hvers konar stjórnvaldsleyfi sem lögbundin eru og tengjast viðkomandi virkjun líkt og á við um virkjunarkosti í verndarflokki. Augljóslega verða ákveðnar rannsóknir þó að vera heim-

ilar svo unnt sé að taka afstöðu til þess hvort viðkomandi virkjunarkostir eigi að falla í nýtingar- eða verndarflokk og er í því sambandi miðað við að framkvæmdir vegna þeirra séu ekki matsskyldar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Að því marki sem rannsóknir eru heimilar fer um þær samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma. Hvað skipulagsyfirvöld snertir er ekki miðað við að þau þurfi að breyta skipulagsáætlunum sínum fyrr en fyrir liggur hvort viðkomandi virkjunarkostir falli í verndar- eða nýtingarflokk.

Virkjunarkostir sem ekki eru tilgreindir í verndar- og nýtingaráætluninni.

Í frumvarpinu er lagt til að um nýja virkjunarkosti, þ.e. virkjunarkosti sem ekki hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og nýtingaráætlun, fari líkt og um virkjunarkosti í biðflokki og vísast til þess sem að framan segir um réttaráhrif flokkunar virkjunarkosta í biðflokk.

Breytingar á verndar- og nýtingaráætluninni.

Gert er ráð fyrir að verndar- og nýtingaráætlunin sæti reglubundinni endurskoðun eða eftir þörfum. Af því leiðir að skipan virkjunarkosta í framangreinda flokka er ekki endanleg og virkjunarkostir og svæði kunna að færast milli flokka á grundvelli nýrra upplýsinga eða tillagna um breytingu á útfærslu virkjunarkosta. Um rök þessa vísast til umfjöllunar í II. kafla hér að framan. Ætla má að það verði einkum virkjunarkostir sem eru í biðflokki áætlunarinnar sem færist í annan flokk þótt ekki sé útilokað að virkjunarkostir í öðrum flokkum geti færst á milli flokka.

Stækkun virkjana.

Eins og fram kemur í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir að áætlunin taki til stækkunar á virkjunum sem þegar hefur verið ráðist í ef stækkunin felur ekki í sér matsskylda framkvæmd samkvæmt ákvörðun á grundvelli 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 13. tölul. viðauka 2 við lögin. Þykir ekki þörf á því að fjallað sé um slíkar stækkanir í verndar- og nýtingaráætluninni. Um leyfi vegna slíkra stækkana fer þá samkvæmt þeim lögum og reglum sem um þær gilda á hverjum tíma.

VI. Um virkjunarkosti og afmörkun þeirra.

Eins og fram kemur í skýrslu 1. áfanga rammaáætlunar og í III. kafla hér að framan hefur vinna við rammaáætlun tekið mið af skilgreindum virkjunarkostum. Er miðað við að svo verði almennt áfram og að Orkustofnun taki um það ákvörðun á grundvelli ákvæða laga þessara sem skulu nánar útfærð í reglugerð hvernig einstakir virkjunarkostir skuli afmarkaðir áður en þeir koma til umfjöllunar hjá verkefnisstjórninni. Gert er ráð fyrir að fyrirhugaðri virkjun verði lýst, áætlaður virkjunarstaður afmarkaður og helstu mannvirkjum og öðrum framkvæmdum sem tengjast virkjun lýst auk þess sem gerð verði áætlun um afl og orkugetu og stofn- og rekstrarkostnað fyrirhugaðrar virkjunar eftir því sem kostur er.

Virkjunarsvæði í vatnsafli miðast almennt við allt vatnasvið fallvatnsins ofan þeirrar virkjunar sem nýtir fallið og farveg fallvatnsins neðan virkjunar. Sjónræn áhrif mannvirkja geta þó náð yfir stærra svæði, t.d. frá háspennulínum. Svæði með nýtanlegu falli í fallvatni nefnast virkjunarstaðir. Ef fallið er ekki allt á einum stað geta verið fleiri en einn virkjunarstaður í fallvatninu. Þessir staðir eru vel þekktir. Framkvæmd virkjunar á hverjum virkjunarstað er nefnd virkjunarkostur. Þar geta ýmsir kostir komið til greina. Við virkjun á sama falli á einhverjum virkjunarstað getur stærð virkjunar verið mismunandi eftir því hvernig miðlun

rennslisins er háttað. Til miðlunar þarf miðlunarlón og í mörgum tilvikum er rennsli fallvatnsins aukið með veitum úr nálægum ám. Áhrif virkjunar á umhverfi eru því komin undir því hvernig virkjunarkosturinn er skilgreindur. Þau mannvirki sem mestu máli skipta eru einkum stíflur og veitur, miðlunarlón, aðrennslisgöng og stöðvarhús, frárennsli og lega háspennulína og vega. Stærð virkjunar í MW segir lítið um áhrif hennar á umhverfi.

Í verndar- og nýtingaráætluninni yrði fjallað um skilgreindan virkjunarkost á tilteknum virkjunarstað og áhrif þeirrar virkjunar innan virkjunarsvæðisins. Þar sem áhrifin eru komin undir útfærslu virkjunarinnar verður skilgreindum virkjunarkostum raðað í flokka en ekki virkjunarsvæðum enda þótt fram komi hvernig virkjunarsvæðin eru afmörkuð. Á sama virkjunarstað geta mismunandi virkjunarkostir lent í mismunandi flokkum eftir áhrifum þeirra. Hins vegar kemur til álita að vernda heil vatnasvið. Þau yrðu þá sett í verndarflokk og þar með allir hugsanlegir virkjunarkostir innan þeirra. Eins kemur til álita að friðlýsa hluta vatnasviðs eða hluta fallvatns.

Hvað háhita snertir gera menn sér vonir um virkjanlegan háhita til raforkuvinnslu á háhitasvæði ef mælingar benda til hærri hita en 230°C á 1.000 m dýpi. Í frumvarpinu er miðað við 200°C þar sem ekki er útilokað að tækniframfarir sem eru örar geti leitt til þess að talið verði hagkvæmt að virkja slík svæði til raforkuvinnslu. Víðátta háhitasvæða er könnuð með viðnámsmælingum. Þar er gert ráð fyrir að víðátta háviðnámskjarna gefi til kynna nýtanlegan hita í berginu. Á því er þó sá annmarki að jarðhitinn gæti verið kulnaður án þess að háviðnámskjarninn sé horfinn. Oft má þó styðjast við hveravirkni og gasútstreymi til að sannprófa vísbendingar viðnámsmælinga. Við undirbúning að rammaáætlun hefur stærð háhitasvæða verið afmörkuð með víðáttu háviðnámskjarna. Háhitasvæði er þá skilgreint sem virkjunarsvæði innan þeirra marka sem háviðnámskjarninn setur. Innan virkjunarsvæðis eru svo valdir virkjunarstaðir. Þar sem ekki er hagkvæmt að flytja gufu langar leiðir er ekki talið hagkvæmt að leiða allt að einum virkjunarstað af stórum svæðum. Í 1. áfanga rammaáætlunar var gert ráð fyrir stöðluðum jarðhitavirkjunum sem framleiddu 120 MW raforku og þyrftu til þess 24 borholur sem boraðar yrðu á 3–4 borvöllum innan 5 ferkílómetra svæðis á yfirborði en næðu með skáborunum til 12 ferkílómetra háhitasvæðis. Áhrifasvæði slíkrar virkjunar væri u.þ.b. 5–12 ferkílómetrar, auk vega til aðkomu og háspennulína. Sjónræn áhrif gætu orðið á stærra svæði. Í jarðhitavirkjunum eru helstu mannvirki einkum borvellir, flutningsæðar að stöð, skiljuhús, stöðvarhús með kæliturnum, frárennsli og niðurdæling, vegir og háspennulínur. Einnig þarf að huga að loftmengun og grunnvatnsmengun.

Í verndar- og nýtingaráætluninni verða metnir skilgreindir virkjunarstaðir innan virkjunarsvæða. Þeim verður raðað í mismunandi flokka eftir áhrifum. Ef fyrir liggur áætlun um virkjun yrði miðað við umfang hennar en áhrifin ráðast fremur af fyrirhuguðum borvöllum og stærð virkjunarstaðarins en áætluðu afli virkjunarinnar. Þar getur sama stærð virkjunarstaðar skilað í fyrstu þreföldu afli á við annan jafnstóran, þótt munurinn jafnist þegar líða tekur á vinnslutímann. Ef engin áætlun er komin væri unnt að miða við staðlaða virkjun eins og gert var í 1. áfanga rammaáætlunar. Í flokkun jarðhitavirkjana væri samkvæmt þessu eðlilegast að miða við skilgreinda virkjunarstaði og áætluð áhrifasvæði þeirra en ekki áætlað afl virkjunar. Ef áform breytast og orkufyrirtæki telur sig geta nýtt meira afl innan sama virkjunarstaðar ætti ekki að þurfa nýtt mat á áhrifum í verndar- og nýtingaráætluninni, en leiði stækkunin til þess að gera þurfi nýja borvelli, sem liggja utan þess svæðis sem við var miðað í mati og flokkun, þyrfti almennt að koma til nýs mats í áætluninni.

Í ljósi framangreinds verður að leggja mat á það við útgáfu leyfis á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og raforkulaga hvort virkjunarkostur sem leitað

er leyfis vegna sé tilgreindur í nýtingarflokki verndar- og nýtingaráætlunarinnar eða hvort um nýjan virkjunarkost er að ræða.

VII. Orkurannsóknir og staða rannsókna- og nýtingarleyfa vegna orkuvinnslu.

Undirbúningsrannsóknir vegna raforkuvera hafa tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Kerfisbundin úttekt á öllum helstu möguleikum á virkjun vatnsaflsins hófst hjá embætti raforkumálastjóra eftir seinni heimsstyrjöldina. Allt fram til 1967 fóru þessar rannsóknir fram á vegum Raforkumálaskrifstofu. Með virkjun Þjórsár við Búrfell fyrir stóriðju hófst nýr kafli í virkjunarsögunni. Landsvirkjun sá um undirbúning virkjana í Þjórsá en Orkustofnun tók við hlutverki Raforkumálaskrifstofu og vann að rannsóknum á orkulindum í vatnsafli og jarðhita og rak til þess rannsóknadeildir, Raforkudeild með Vatnamælingum og Jarðhitadeild. Þegar hlutverk Landsvirkjunar var aukið og Sogsvirkjanir og Laxárvirkjun ásamt Kröfluvirkjun urðu hluti hennar, jafnhliða því að Rafmagnsveitur ríkisins, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja hófu framleiðslu raforku, minnkaði hlutdeild ríkisins í undirbúningsrannsóknum vegna raforkuvera og takmarkaðist við frumrannsóknir til að meta orkugetu fallvatna og háhitasvæða sem til greina kæmi að virkja. Með raforkulögum, nr. 65/2003, og nýjum lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun, var stofnuninni falið aukið eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk en jafnframt voru rannsóknadeildirnar skildar frá og gerðar að sjálfstæðum stofnunum, Íslenskum orkurannsóknum og Vatnamælingum sem sameinuðust Veðurstofu Íslands með lögum nr. 70/2008. Eftir þessar breytingar stundar Orkustofnun ekki sjálf rannsóknir á auðlindum en hún skilgreinir rannsóknarverkefni sem kostuð eru af ríkinu og felur þær öðrum samkvæmt verksamningi. Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Orkustofnun meti hugmyndir að virkjunarkostum sem verkefnisstjórn berast og geti einnig átt frumkvæði að skilgreiningu þeirra. Hún mun jafnframt tilgreina hvaða rannsóknir hún telur að gera þurfi áður en hugmyndin er metin af verkefnisstjórn og varðveita þau gögn sem verða til fyrir atbeina verkefnisstjórnar og í starfi hennar.

Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu gilda um leyfi til þess að kanna og rannsaka orkulindir. Samkvæmt lögunum er iðnaðarráðherra heimilt að hafa frumkvæði að og/eða láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu. Lögin heimila að með sama hætti geti ráðherra heimilað öðrum rannsóknir og leit og skuli þá gefa út rannsóknarleyfi til viðkomandi. Í lögunum er jafnframt kveðið á um að fari leit eða rannsókn fram á vegum landeiganda þurfi ekki til þess leyfi ráðherra. Á grundvelli heimildar í 2. mgr. 33. gr. laganna hefur iðnaðarráðherra framselt leyfisveitingarvaldið til Orkustofnunar.

Orkufyrirtækin stunda einkum rannsóknir á grundvelli rannsóknarleyfa. Frá setningu laga nr. 57/1998 hafa verið gefin út 15 rannsóknarleyfi, þar af 13 vegna rannsókna á jarðhitasvæðum. Af leyfunum 15 verða 9 í gildi í upphafi árs 2010, en í meðfylgjandi töflu er að finna yfirlit yfir útgefin rannsóknarleyfi á grundvelli laga nr. 57/1998.

Svæði	**Auðlind**	**Leyfishafi**	**Útgáfuár**	**Gildistími**
Grændalur	Jarðhiti	Sunnlensk orka	1999	10.6.2002
Trölladyngja	Jarðhiti	Hitaveita Suðurnesja	2000	1.12.2016
Hengilssvæði	Jarðhiti	Orkuveita Reykjavíkur	2001	1.6.2016
Kröflusvæði	Jarðhiti	Landsvirkjun	2002	31.5.2009
Þeistareykir	Jarðhiti	Þeistareykir ehf.	2004	31.12.2008
Hágöngur/Köldukvíslarbotnar	Jarðhiti	Landsvirkjun	2004	1.8.2008

Heimaey	Jarðhiti v. hitaveitu	Hitaveita Suðurnesja	2004	19.12.2009
Krýsuvík	Jarðhiti	Hitaveita Suðurnesja	2006	1.12.2016
Skjálftavatn, Kelduneshreppi	Jarðhiti v. hitaveitu	Orkuveita Húsavíkur	2006	31.12.2008
Berserkseyri í Grundafirði	Jarðhiti v. hitaveitu	Orkuveita Reykjavíkur	2006	31.7.2010
Gjástykki	Jarðhiti	Landsvirkjun	2007	10.5.2010
Farið við Hagavatn	Vatnsafl	Orkuveita Reykjavíkur	2007	31.3.2012
Kópsvatn, Hrunamannahreppi	Jarðhiti v. hitaveitu	Hrunamannahreppur Hitaveita Flúða	2008	14.7.2013
Þeistareykir	Jarðhiti	Þeistareykir ehf.	2009	31.12.2013
Hólmsá	Vatnsafl	Landsvirkjun/RARIK	2009	31.12.2012

Frá setningu laga nr. 57/1998 hefur verið sótt um rannsóknarleyfi á talsvert fleiri svæðum, en leyfin ekki verið veitt af ýmsum ástæðum. Í júlí 2007 vísaði iðnaðarráðherra frá umsóknum um rannsóknarleyfi í Brennisteinsfjöllum, Kerlingafjöllum, Torfajökulssvæðinu, Langasjó, Grændal og á Fremrinámasvæðinu, þar sem um óröskuð svæði væri að ræða. Orkustofnun hefur nú til afgreiðslu þrjár umsóknir um rannsóknarleyfi, þar af tvær umsóknir um rannsóknarleyfi á vatnasviðum Skaftár og Tungufljóts í Skaftártungu og ein umsókn er um rannsóknarleyfi vegna sjávarfallavirkjunar í Hvammsfirði á Breiðafirði.

VIII. Um efni frumvarpsins og ákvæði stjórnarskrárinnar.

Ætla má að margir þeirra virkjunarkosta sem verndar- og nýtingaráætlunin kann að ná til verði innan þjóðlendna eða eignarlanda ríkisins. Má í því sambandi nefna að áætlað hefur verið að nær helmingur háhitasvæða verði innan þjóðlendna, sbr. athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði (135. löggjafarþing, 2007–2008, þskj. 688, 432. mál). Að því marki sem virkjunarkostir sem eru innan eignarlanda eru ekki í eigu ríkisins kann flokkun virkjunarkosta í bið- og verndarflokk að hafa áhrif á eignarréttindi einkaaðila og lögaðila, sbr. ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, og ákvæði laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum jörðu. Er í því sambandi einkum bent á ákvæði 5. og 6. gr. frumvarpsins sem mæla fyrir um ákveðnar takmarkanir við útgáfu leyfa tengdra orkurannsóknum og orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem falla í bið- og verndarflokk áætlunarinnar. Skv. 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er eignarrétturinn friðhelgur, sbr. einnig 1. mgr. 1. gr. 1. samningsviðauka mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið hér á landi með lögum nr. 62/1994. Þá er í þessu sambandi einnig rétt að hafa í huga að skv. 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar má því aðeins setja atvinnufrelsinu skorður að það sé gert með lögum og almannahagsmunir krefjast þess.

Við mat á því hvort á vernd 72. eða 75. gr. stjórnarskrárinnar reyni vegna áðurnefndra takmarkana verður að hafa í huga að heimild til virkjunar fallvatna og jarðhita, hvort sem er innan eða utan eignarlanda, hefur sætt verulegum takmörkunum í lögum sem m.a. hafa byggst á þjóðhagslegum og umhverfislegum sjónarmiðum. Þannig þurfti heimild Alþingis skv. II. kafla orkulaga, nr. 58/1967, til að reisa og reka raforkuver stærra en 2000 kw. Með raforkulögum, nr. 65/2003, var II. kafli orkulaga numinn úr gildi og stjórnvöldum falið að meta á grundvelli tiltekinna sjónarmiða hvort heimila skuli virkjun, sbr. 5. gr. laganna. Er rétturinn til að nýta orkulindirnar og til að reisa og reka raforkuver af þeirri stærð sem frumvarpið nær til bundinn við leyfi stjórnvalda og háður því að framkvæmdir samræmist skipulagsáætlunum, sbr. umfjöllun um leyfi í V. kafla hér að framan. Heimilt er að krefjast ítar-

legra upplýsinga um slíkar framkvæmdir og áhrif þeirra áður en ákvörðun er tekin um hvort þær skuli leyfa. Þá má binda leyfi víðtækum skilyrðum. Rétturinn til að stunda orkurannsóknir hefur einnig verið bundinn almennum takmörkunum þó að þær hafi ekki verið jafnvíðtækar og vegna orkuvinnslu. Almennt hefur verið talið að löggjafanum sé heimilt að setja eignarráðum og atvinnufrelsi almennar takmarkanir af þeim toga sem að framan er lýst án þess að til bótaskyldu komi enda uppfylli þær jafnræðissjónarmið og þjóni almannahagsmunum. Telja verður að þær takmarkanir sem kunna að felast í frumvarpinu séu af sama meiði og framangreindar takmarkanir.

Flokkun virkjunarkosta í biðflokk lúta að því að tryggja að almenn stefnumörkun um nýtingu lands til orkuvinnslu byggist á fullnægjandi upplýsingum og mati á þeim almannahagsmunum sem í húfi eru og vísað er til í 1. og 3. gr. frumvarpsins. Er í þeim efnum ekki miðað við að gerð sé ríkari krafa en þegar lagt er mat á útgáfu leyfis samkvæmt gildandi lögum. Þvert á móti er miðað við að um ákveðið frummat sé að ræða og má gera ráð fyrir að það nýtist ef til útgáfu leyfis kemur. Þær hömlur sem lagðar eru til að settar verði á orkurannsóknir vegna virkjunarkosta í biðflokki byggjast á varúðarsjónarmiðum og eiga ekki að koma í veg fyrir að tekin verði afstaða til þeirra í áætluninni.

Það á jafnt við um flokkun virkjunarkosta í bið- og verndarflokk áætlunarinnar að hún kemur til endurskoðunar á a.m.k. fjögurra ára fresti og er því í eðli sínu ekki varanleg. Hvað verndarflokkinn snertir er um að ræða virkjunarkosti og landsvæði sem Alþingi metur á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og á grundvelli almennra viðmiða að snerti sérstaklega ríka verndarhagsmuni sem ekki sé réttlætanlegt að fórna með tilliti til orkunýtingarhagsmuna og að því skuli hefja friðlýsingarferli skv. 7. kafla náttúruverndarlaga sem miðar að því að friðlýsa viðkomandi svæði gagnvart orkuvinnslu. Er þar mælt fyrir um ákveðið ferli sem tryggir að haft verði samráð við landeigendur og aðra hagsmunaaðila og að leitað verði eftir samkomulagi um friðunina, sbr. 58. gr. laganna. Að loknu því ferli getur ráðherra tekið ákvörðun um friðlýsingu og um eignarnám ef þörf krefur, sbr. 58., 59. og 64. gr. laganna. Frumvarpið mælir því í sjálfu sér eingöngu fyrir um ákveðna málsmeðferð og tryggir aðkomu Alþingis að mótun stefnu um landnýtingu og þar með samþættingu þeirra ólíku en ríku almannahagsmuna sem í húfi eru. Í því felst að ákvarðanir sem nú eru alfarið hjá stjórnvöldum færast að ákveðnu marki til Alþingis í formi almennrar stefnumörkunar að undangengnu samræmdu og faglegu mati á viðkomandi landsvæðum og virkjunarkostum. Með hliðsjón af því og þeim víðtæku takmörkunum sem heimild til orkuvinnslu innan sem utan eignarlanda hefur sætt og sætir enn og þeim ríku almannahagsmunum sem í húfi eru sem og því að áætlunin sætir reglubundinni endurskoðun verður ekki séð að frumvarpið feli í sér bótaskyldar takmarkanir á réttindum sem varin eru af 72. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki er þó útilokað að endanleg ákvörðun um friðlýsingu landsvæða sem tekin er með hliðsjón af verndar- og nýtingaráætluninni kunni í einhverjum tilvikum mögulega að leiða til bótaskyldu gagnvart landeiganda en þá aðeins ef landeigandi getur sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um markmið frumvarpsins. Er þar vísað til þess að byggja skuli á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati á verndar- og nýtingargildi landsvæða við mat á því hvort nýta skuli fallvötn og háhita sem þar er að finna til orkuvinnslu. Byggist frumvarpið á sjónarmiðum um sjálfbæra þróun og vísast um þá hugmyndafræði til II. kafla

almennra athugasemda við frumvarpið. Í því ljósi er í frumvarpinu lögð áhersla á að ákvarðanir um nýtingu landsvæða til orkuvinnslu séu teknar með lýðræðislegum hætti. Er það m.a. tryggt með aðkomu hagsmunaaðila og almennings við mótun tillagna um verndun og nýtingu landsvæða og með því að Alþingi samþykki verndar- og nýtingaráætlunina. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að viðkomandi aðilar geti mótað afstöðu sína á grundvelli bestu fyrirliggjandi upplýsinga um verndar- og nýtingargildi þeirra landsvæða þar sem er að finna skilgreinda virkjunarkosti og er þannig stuðlað að samþættingu sjónarmiða um umhverfisvernd og aðra landnýtingu við mótun og samþykkt verndar- og nýtingaráætlunarinnar. Með þessari nálgun er einnig leitast við að tryggja að samræmt frummat liggi fyrir á öllum þeim svæðum þar sem er að finna skilgreinda virkjunarkosti og að þannig verði unnt að meta svæðin og virkjunarkostina heildstætt áður en formlegt leyfisveitingarferli vegna einstakra virkjunarkosta hefst. Matið skal samkvæmt frumvarpinu taka tillit til umhverfis-, efnahags- og félagslegra sjónarmiða, sbr. einnig 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Er við það miðað að litið sé til langs tíma við mat á þessum hagsmunum og að allir þessir þættir séu vegnir og metnir saman og að þannig verði stuðlað að því að hagsmunir bæði núlifandi og komandi kynslóða verði hafðir að leiðarljósi við ákvörðun um nýtingu landsvæða til orkuvinnslu.

Um 2. gr.

Í greininni er gildissvið laganna afmarkað. Þá eru þau hugtök skilgreind sem rétt þykir að skýra sérstaklega til að tryggja skýrleika og samræmi gagnvart öðrum lögum á auðlinda- og umhverfissviði.

Samkvæmt 1. mgr. ná lögin til landsins alls hvort sem um er að ræða eignarlönd eða þjóðlendur. Af því leiðir að verndar- og nýtingaráætlunin tekur til landsvæða og virkjunarkosta óháð eignarhaldi á viðkomandi landsvæðum og réttindum. Eins og nánar er lýst í VII. kafla almennra athugasemda við frumvarpið lúta þær breytingar sem felast í frumvarpinu fyrst og fremst að því að Alþingi komi að ákvörðunartöku um nýtingu lands til orkuvinnslu í stað þess að valdið sé alfarið hjá framkvæmdarvaldinu og að mótuð verði heildstæð stefna á grundvelli almennra sjónarmiða um hvaða landsvæði megi nýta og hvaða landsvæði sé rétt að friða áður en stjórnvaldsákvörðun er tekin um hvort ráðast megi í einstaka virkjunarkosti. Fram kemur í 3. gr. frumvarpsins að stefnan skuli byggð á sjónarmiðum er varða almannahag og lúta einkum að umhverfisvernd og félagslegum og efnahagslegum þáttum. Stefnan er mótuð til 12 ára en sætir endurskoðun á a.m.k. fjögurra ára fresti.

Hugtökin „fallvatn“, „háhitasvæði“, „orkurannsóknir“, „virkjunarkostir“, „yfirborðsrannsóknir“ og „fallvatn“ hafa ekki verið skilgreind fyrr í lögum. Nauðsyn þykir að skilgreina hugtökin „fallvatn“ og „háhitasvæði“ þar sem verndar- og nýtingaráætlunin á samkvæmt frumvarpinu aðeins að ná til þeirra orkulinda. Hugtakið „orkurannsóknir“ er skilgreint í frumvarpinu í þeim hagnýta tilgangi að einfalda texta frumvarpsins. Rétt er að leggja áherslu á að þær takmarkanir sem felast í frumvarpinu á heimildum til rannsókna lúta eingöngu að þeim rannsóknum sem skilgreindar eru sem orkurannsóknir. Hugtakið nær aðeins til rannsókna sem tengjast orkuvinnslu og byggjast á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Takmarkanir frumvarpsins ná því t.d. ekki til almennra vatnafarsrannsókna eða rannsókna á háhitasvæðum sem lúta að annarri nýtingu þeirra en til orkuvinnslu, svo sem almennum náttúrufarsrannsóknum. Skiptir í því sambandi ekki máli þótt slíkar rannsóknir kunni einnig að nýtast vegna orkuvinnslu. Til frekari afmörkunar varðandi rannsóknir á svæðum sem falla í verndarflokk er hugtakið „yfirborðsrannsóknir“ skilgreint. Í skilgreiningunni felst að slíkar rannsóknir byggjast á kortlagningu, mælingum og sýnatöku sem fer

fram án röskunar á landslagi eða náttúru. Skilgreiningin felur í sér útlistun á því hvað felst í rannsóknum á jarðfræði, en í rannsóknum á lífríki og vatnafari er áhersla á kortlagningu vistgerða og tegunda í gróðri og dýralífi auk þess sem fylgst er með rennsli, úrkomu og lífríki vatna. Þá er nauðsynlegt að skilgreina hugtakið „virkjunarkostur“ þar sem verndar- og nýtingaráætlunin og réttaráhrif hennar markast af því hvernig virkjunarkostir eru afmarkaðir. Um virkjunarkosti og afmörkun þeirra vísast til VI. kafla frumvarpsins. Önnur hugtök en þau sem að framan greinir eru skilgreind í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, eða lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur, og þarfnast því ekki skýringa.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal iðnaðarráðherra, í samráði og samvinnu við umhverfisráðherra, á fjögurra ára fresti leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun til næstu 12 ára um vernd og nýtingu landsvæða vegna virkjunar fallvatna og háhita. Þar sem áætlunin tekur bæði til nýtingar og verndar landsvæða er mikilvægt að ráðherrar umhverfis- og orkumála vinni náið saman að undirbúningi hennar. Þannig verður best tryggt að heildstætt mat fari fram á þeim hagsmunum sem í húfi eru. Skipan og samsetning verkefnisstjórnar skv. 8. gr. frumvarpsins á að stuðla að því að svo megi verða. Lagt er til að gildistími áætlunarinnar verði 12 ár. Er í því sambandi höfð hliðsjón af gildistíma landsskipulagsstefnu. Gert er ráð fyrir að áætlunin komi til endurskoðunar á fjögurra ára fresti. Er við val á þessum tímamörkum leitast við að tryggja að nægilegur tími sé til stefnu til að vinna að endurskoðaðri áætlun þar sem unnt verði að taka mið af endurbættum eða nýjum gögnum og upplýsingum um virkjunarkosti sem tilgreindir eru í gildandi áætlun. Eru í þessu sambandi einkum hafðir í huga þeir virkjunarkostir sem eru í biðflokki áætlunarinnar þótt ekki sé útilokað að aðrir virkjunarkostir geti komið til endurskoðunar. Þá kunna að koma fram óskir um að nýir virkjunarkostir verði skoðaðir. Einnig var við val á þessum tímamörkum tekið mið af því að unnt væri að ljúka friðlýsingu á grundvelli náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, og eftir atvikum þjóðminjalaga, nr. 107/2000.

Í 2. mgr. kemur fram að í verndar- og nýtingaráætluninni skuli mótuð stefna um hvort landsvæði þar sem er að finna skilgreinda virkjunarkosti megi nýta til orkuvinnslu eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar. Er í samræmi við það lagt til að virkjunarkostirnir verði flokkaðir í nýtingar-, verndar- og biðflokk. Stefnumótun um nýtingu og verndun landsvæða til orkuvinnslu verður þannig í höndum Alþingis. Hún verður samkvæmt frumvarpinu byggð á upplýsingum um viðkomandi virkjunarkosti og verndar- og nýtingargildi þeirra landsvæða sem um ræðir, sbr. þau sjónarmið sem vísað er til í 4. mgr. greinarinnar og nánar er gerð grein fyrir hér að aftan og í III. kafla almennra athugasemda við frumvarpið. Miðað er við að í áætluninni komi fram lýsing á viðkomandi virkjunarkostum. Þá er miðað við að þau svæði sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu séu afmörkuð svo og virkjunarstaður og væntanlegt virkjunarsvæði þeirra virkjunarkosta sem falla í nýtingar- og biðflokk áætlunarinnar, sbr. umfjöllun í VI. kafla almennra athugasemda við frumvarpið.

Í 3. mgr. kemur fram að verndar- og nýtingaráætlunin taki til virkjunarkosta sem verkefnisstjórnin hefur fjallað um. Er þannig við það miðað að Alþingi taki ekki afstöðu til annarra virkjunarkosta en verkefnisstjórnin hefur fjallað um. Í því felst á engan hátt að Alþingi sé bundið af tillögum verkefnisstjórnarinnar eða ráðherra um flokkun virkjunarkosta heldur eingöngu að áður en Alþingi fjallar um áætlunina liggi fyrir faglegt mat á virkjunarkostum og landsvæðum. Um skýringar á því hvað teljist „virkjunarkostur“ vísast til athugasemda um 2. gr. frumvarpsins og VI. kafla almennra athugasemda. Í 3. mgr. eru dregin stærðarmörk

þeirra virkjana sem áætlunin nær til og miðast þau við afl virkjana. Þessi mörk taka mið af stærðarmörkum 1. viðauka við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, þar sem er að finna lista yfir þær framkvæmdir sem ávallt skulu háðar mati á umhverfisáhrifum skv. 5. gr. laganna. Telja verður að það horfi til einföldunar að miða við ákveðin stærðarmörk og að gildandi stjórnsýsluferlar hverju sinni nægi til að tryggja þá hagsmuni sem frumvarpinu er ætlað að vernda þegar um er að ræða smærri virkjanir. Stærðarmörkin vísa annars vegar til raforkuvinnslu (rafafl) og hins vegar framleiðslu á heitu vatni (varmaafl). Þrátt fyrir að verndar- og nýtingaráætlunin taki fyrst og fremst til virkjunarkosta vegna raforkuvinnslu þykir rétt að frumvarpið nái einnig til heitavatnsvinnslu þar sem ekki er útilokað að háhitasvæði séu nýtt í þeim tilgangi eingöngu eða samhliða raforkuvinnslu. Verndar- og nýtingaráætlunin og ákvæði 5. og 6. gr. mundu ekki ná tilgangi sínum ef unnt væri að undirbúa og hefja heitavatnsvinnslu á þeim svæðum sem afmörkuð eru vegna virkjunarkosta sem falla í bið- og verndarflokk. Þá kemur fram í 3. mgr. að áætlunin nær ekki til stækkunar virkjana sem ráðist hefur verið í ef stækkunin felur ekki í sér matsskyldar framkvæmdir skv. 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 13. tölul. viðauka 2. Í mörgum tilvikum fela slíkar stækkanir ekki í sér nema takmarkaðar breytingar á þeim mannvirkjum sem þegar hafa verið reist en geta þó aukið afl virkjunar talsvert meira en áðurgreind mörk. Stækkun getur þó einnig falið í sér viðamiklar framkvæmdir sem rétt er að fjalla um sem sérstakan virkjunarkost. Í frumvarpinu er leitast við að byggja eins og kostur er á gildandi stjórnsýsluferlum og er í þeim anda lagt til að í þessum efnum verði byggt á áðurgreindum viðmiðum laga nr. 106/2000 og þeim stjórnsýsluferlum sem lögin mæla fyrir um. Ef um matsskylda framkvæmd er að ræða ætti hún að koma til umfjöllunar í verkefnisstjórninni og Alþingi að taka afstöðu til hennar. Falli hún í nýtingarflokk áætlunarinnar þyrfti þá ekki aftur að taka afstöðu til matsskyldu hennar heldur gæti hún farið beint í umhverfismat. Að lokum er kveðið á um að verndar- og nýtingaráætlun taki ekki til landsvæða sem þegar hafa verið friðlýst skv. 50. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, nema þá aðeins ef friðlýsingarskilmálar taka sérstaklega fram að friðlýsing sé ekki gagnvart virkjunum. Hins vegar er verkefnisstjórn heimilt að fjalla um virkjunarkosti og landsvæði innan friðlýstra svæða til samanburðar við aðra kosti.

Í 4. mgr. eru talin þau sjónarmið sem ber að horfa til við gerð verndar- og nýtingaráætlunarinnar. Samræmast þau þeim sjónarmiðum sem starfandi verkefnisstjórn og fyrri verkefnisstjórnir vegna rammaáætlunar hafa byggt á. Sérstaklega er vísað til markmiða laganna sem eiga að tryggja að matið sé heildstætt og að langtímahagsmunir séu hafðir að leiðarljósi og þjóni þannig markmiðum um sjálfbæra þróun. Það eru því ekki eingöngu hagsmunir núlifandi kynslóðar sem skulu hafðir að leiðarljósi heldur ekki síður hagsmunir komandi kynslóða af sjálfbærri og skynsamlegri nýtingu þeirra auðlinda sem þarf til orkuvinnslu. Eðli málsins samkvæmt er tilvísun 4. mgr. almenn. Gert er ráð fyrir að viðmið og aðferðafræði sem verkefnisstjórn sú sem skipa á skv. 8. gr. frumvarpsins byggir faglegt mat sitt og tillögur á sé nánar útfærð í reglum sem birtar eru opinberlega, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Í því starfi sem fram hefur farið í tengslum við undirbúning rammaáætlunar síðastliðin ár hafa viðmið og verklag þróast. Gert er ráð fyrir að reglurnar taki mið af þeirri reynslu sem þar hefur fengist en að þær geti þurft að þróa í ljósi reynslu og aðstæðna. Þá er rétt að benda á að í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að umhverfisráðherra skuli skipa vinnuhóp til að skoða og gera tillögu um aðferðafræði við að meta verðgildi náttúrunnar. Hafa ber í huga að endanleg ákvörðun um stöðu svæða og flokkun virkjunarkosta er í höndum Alþingis.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. falla í nýtingarflokk þeir virkjunarkostir sem áætlað er að ráðast megi í á gildistíma áætlunarinnar að teknu tillit til þeirra sjónarmiða sem vísað er til í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Skipan virkjunarkosta í nýtingarflokk hefur þau áhrif að sveitarstjórnum verður heimilt að gera ráð fyrir virkjunum í skipulagsáætlunum sínum og stjórnvöldum verður heimilt að fara í leyfisveitingarferli vegna virkjunarkostanna hvort sem viðkomandi framkvæmdir lúta að orkurannsóknum eða vinnslu, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Er þá vísað til hefðbundins leyfisveitingarferils samkvæmt gildandi lögum eins og nánar er lýst í V. kafla almennra athugasemda við frumvarpið. Þá er einnig heimilt eins og verið hefur að stunda þær orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar lögum samkvæmt. Eins og fram kemur í VI. kafla almennra athugasemda er virkjunarkostur skilgreindur miðað við ákveðnar framkvæmdir og ákveðinn virkjunarstað. Er rétt að árétta að leyfisheimild þessarar greinar er ekki bundin við afl heldur þá framkvæmd sem fjallað hefur verið um og/eða eftir atvikum virkjunarstað.

Um 5. gr.

Í þennan flokk falla fyrst og fremst virkjunarkostir sem ekki er talið unnt að flokka í verndar- eða nýtingarflokk þar sem ekki liggja fyrir gögn eða upplýsingar sem gefa nægilega til kynna í hvorn flokkinn virkjunarkostirnir ættu að falla. Útfærsla skilgreindra virkjunarkosta sem verndar- og nýtingaráætlunin tekur til er misjafnlega langt komin og sama á við um rannsóknir á verndar- og nýtingargildi landsvæða. Þegar svo stendur á kann að vera rétt að afla betri upplýsinga áður en tekin er afstaða til þess í hvorn flokkinn viðkomandi kostir falli. Er það í samræmi við grundvallarsjónarmið frumvarpsins um að ákvörðun um hvort nýta megi landsvæði til orkuvinnslu byggist á heildstæðu og faglegu mati. Á hinn bóginn er rétt að undirstrika að ekki er miðað við að afla þurfi svo nákvæmra upplýsinga um hvern og einn virkjunarkost og áhrif hans að jafna megi við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum nr. 106/2000. Hafa verður í huga að hér er um áætlun að ræða og að eftir að virkjunarkostur hefur verið flokkaður í nýtingarflokk fer fram mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Þá kann að vera örðugt að afla sambærilegra upplýsinga um alla virkjunarkosti.

Af sjálfu leiðir að stjórnvöldum er ekki heimilt að leyfa framkvæmdir sem tengjast orkuvinnslu vegna virkjunarkosta í biðflokki. Hvað rannsóknir snertir er hins vegar mikilvægt að unnt sé að afla þeirra upplýsinga sem þörf er á til að ákveða í hvaða flokk viðkomandi virkjunarkostir eiga að falla. Í því ljósi er skv. 2. mgr. greinarinnar heimilt að veita leyfi til ákveðinna orkurannsókna vegna virkjunarkosta í biðflokki. Þar sem framkvæmdir vegna orkurannsókna, einkum jarðhitarannsókna, kunna að hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif þykir rétt að takmarka þær rannsóknir sem heimilar eru vegna virkjunarkosta í biðflokki við rannsóknir sem ekki fela í sér matsskyldar framkvæmdir í skilningi laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 5.–7. gr. Helst getur reynt á 6. gr. laganna sem fjallar um matsskyldu framkvæmda sem geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Með framkvæmdum sem hugsanlega eru matsskyldar skv. 6. gr. laganna má nefna rannsóknarholur á háhitasvæðum, sbr. i. lið c-liðar 2. tölul. 2. viðauka við lögin. Umtalsverð umhverfisáhrif eru í 3. gr. laganna skilgreind sem veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisaðgerðum. Áður en rannsóknarleyfi er veitt þarf því að liggja skýrt fyrir hvort viðkomandi rannsóknir fela í sér matsskyldar framkvæmdir eður ei. Ef um matsskyldar framkvæmdir er að ræða er ljóst að faglegt mat á viðkomandi virkjunarkosti verður að byggj-

ast á öðrum fyrirliggjandi upplýsingum um viðkomandi virkjunarkost. Takmarkanir á heimildum til rannsókna eiga því ekki að koma í veg fyrir að tekin sé afstaða til þess hvort virkjunarkostur falli í verndar- eða nýtingarflokk. Séu slíkar rannsóknir ekki tilkynningarskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er Orkustofnun heimilt að veita leyfi til rannsókna á grundvelli laga nr. 57/1998 en í lögunum er m.a. kveðið á um að leita skuli umsagnar umhverfisráðuneytis áður en rannsóknarleyfi er gefið út.

Um 6. gr.

Í verndarflokk áætlunarinnar falla þeir virkjunarkostir sem Alþingi telur með hliðsjón af viðmiðum 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins að ekki sé réttlætanlegt að ráðist sé í. Þá kunna að vera skilgreind svæði sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu, sbr. 1. mgr. Í 2. mgr. kemur svo fram sú meginregla að hvers konar framkvæmdir eða rannsóknir vegna virkjunarkosta í þessum flokki eru óheimilar. Þó er heimilt að framkvæma yfirborðsrannsóknir á svæðum í verndarflokki, enda fela slíkar rannsóknir ekki í sér varanlega mannvirkjagerð eða röskun á landslagi, náttúru eða menningarsögulegum minjum, sbr. skilgreiningu 2. gr.

Þykir rétt að stjórnvöld fái fullt svigrúm til að ljúka friðunarferli á þeim svæðum sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Ákveðin hætta er á að orkurannsóknir á vegum landeigenda, framkvæmdaraðila eða annarra einkaaðila í hagnýtum tilgangi kunna að trufla það ferli óháð því hvort þær hafi í för með sér veruleg umhverfisáhrif eða ekki. Hins vegar þykir ekki réttlætanlegt að útiloka með öllu orkurannsóknir á viðkomandi svæðum. Orkustofnun þarf að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu og tryggt að fyrir liggi grunnupplýsingar um allar orkulindir landsins. Slíkar upplýsingar geta verið mikilvægar í samanburðartilgangi eða öðrum almennum tilgangi. Þá þykir ekki rétt að útiloka að slíkar grunnrannsóknir séu stundaðar af orkufyrirtækjum eða öðrum aðilum. Er það Umhverfisstofnunar að meta hvort þær skuli leyfa. Að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir sem nánar eru skilgreindar í 2. gr.

Í 4. mgr. er lögð sú skylda á stjórnvöld að ráðast í undirbúning að friðun þeirra svæða sem afmörkuð eru í verndarflokki verndar- og nýtingaráætlunarinnar þegar eftir að Alþingi hefur samþykkt hana. Friðunin þarf eingöngu að lúta að framkvæmdum sem ekki eru heimilar skv. 2. mgr. Gert er ráð fyrir að um friðunina fari samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999. Er við það miðað að ákvörðun um friðlýsingu, sbr. 58. eða 59. gr. náttúruverndarlaga, liggi almennt fyrir áður en endurskoðuð verndar- og nýtingaráætlun er lögð fyrir Alþingi að fjórum árum liðnum. Í sumum tilvikum getur friðun lotið að menningarminjum og er gert ráð fyrir að um hana fari eftir því sem við á samkvæmt þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

Um 7. gr.

Sú stefnumörkun sem felst í þingsályktun um verndar- og nýtingaráætlun takmarkar heimildir sveitarfélaga í skipulagsmálum. Í greininni er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir skuli samræma skipulagsáætlanir sínar verndar- og nýtingaráætluninni. Í þessu felst m.a. að ekki er gert ráð fyrir því að virkjanir séu settar inn á skipulagsáætlanir nema það samræmist flokkun samkvæmt verndar- og nýtingaráætlun.

Sveitarstjórnir skulu leitast við að samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og nýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá því að hún er samþykkt á Alþingi. Þannig skulu þær gera ráð fyrir þeim virkjunarkostum sem tilgreindir eru í nýtingarflokki áætlunarinnar og friðun þeirra svæða sem eru í verndarflokki áætlunarinnar. Ekki þarf í áætlununum að taka afstöðu til þeirra virkjunarkosta sem falla í biðflokk áætlunarinnar. Sveitar-

stjórnir þurfa tíma til að ljúka þeirri vinnu sem felst í hugsanlegri endurskoðun gildandi skipulagsáætlana og er gert ráð fyrir fjórum árum í því sambandi.

Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir geti frestað ákvörðun um einstaka kosti í allt að tíu ár frá samþykkt verndar- og nýtingaráætlunar. Með því er m.a. tekið tillit til þess að sá munur er á verndar- og nýtingarkostum að nýting útilokar alla jafna síðari vernd. Með hinum sérstaka fresti í allt að tíu ár gefst sveitarstjórnum færi á því að huga sérstaklega að landnotkun á mikilvægum svæðum og gera tillögur um breytingar á áætluninni og er þá litið svo á að ekki sé þörf á hinum tæknilega fjögurra ára fresti skv. 1. mgr. Skal á þessum tíma fara með þann kost eins og kosti í biðflokki. Að fresti liðnum skal skipulag viðkomandi svæðis samræmt verndar- og nýtingaráætlun þeirri sem þá er í gildi.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessari grein skal iðnaðarráðherra skipa sex manna verkefnisstjórn til fjögurra ára í senn sem er ráðherra til ráðgjafar og aðstoðar við undirbúning að gerð tillagna vegna verndar- og nýtingaráætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að í verkefnisstjórninni eigi sæti fulltrúar þeirra stjórnvalda sem verndar- og nýtingaráætlunin helst varðar en undirbúningur hennar krefst mikillar samvinnu milli stjórnvalda og stofnana. Ekki er gert ráð fyrir að hagsmunaaðilar eða frjáls félagasamtök tilnefni í verkefnisstjórnina. Hins vegar er lögð áhersla á víðtækt samráð og opið ferli við vinnu verkefnisstjórnarinnar, sbr. 10. gr. Eðlilegt verður að telja að í verkefnisstjórnina veljist fagfólk sem hefur víðtæka þekkingu og reynslu á þeim sviðum sem starf hennar lýtur helst að.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er meginhlutverki verkefnisstjórnarinnar lýst. Gert er ráð fyrir að verkefnisstjórnin sé eingöngu ráðgefandi og er henni því ekki falið að taka stjórnvaldsákvarðanir. Við afmörkun á hlutverki verkefnisstjórnarinnar var tekið mið af hlutverki þeirrar verkefnisstjórnar sem skipuð var árið 2007 og vísað er til í bráðabirgðaákvæði við frumvarpið. Verkefnisstjórn skipar faghópa sem fjalla um þá þætti sem kveðið er á um í 4. mgr. 3. gr. Faghóparnir skuli skipaðir sérfræðingum á viðeigandi sviðum sem fari yfir virkjunarkosti hver frá sínum sjónarhóli, meti þá með stigagjöf og geri tillögur til verkefnisstjórnar. Fjöldi faghópa og skipan þeirra verður ákveðin af verkefnisstjórninni.

Samkvæmt 2. mgr. er það Orkustofnun sem ákveður hvaða virkjunarkostir eru nægilega skilgreindir til þess að verkefnisstjórnin og faghópar geti yfir höfuð fjallað um þá. Þar sem þau landsvæði sem leggja þarf mat á afmarkast jafnan af því hvernig virkjunarkostir eru útfærðir verður að gera kröfu um að þeir séu afmarkaðir og að ákveðnar upplýsingar um fyrirhugað afl og orkugetu þeirra liggi fyrir eins og kostur er. Í þessu sambandi þarf þó að taka tillit til þess að erfitt getur verið að gefa annað en almennar lýsingar eða áætlanir þegar um er að ræða háhitasvæði þar sem ekki er unnt að afla nægilegrar þekkingar nema með rannsóknarborunum sem ekki fara fram fyrr en á síðari stigum, sbr. einnig umfjöllun í VI. kafla almennra athugasemda. Gert er ráð fyrir að ráðherra mæli nánar fyrir um það í reglugerð hvaða upplýsingar þurfa að fylgja beiðni til Orkustofnunar. Í greininni er ekki mælt fyrir um ákveðna málsmeðferð verkefnisstjórnarinnar þegar hún hefur fengið beiðni til umfjöllunar. Við það ber að miða að mat á hverjum virkjunarkosti fari fram eins fljótt og kostur er og tillögur verkefnisstjórnarinnar liggi fyrir þannig að unnt sé að leggja fram endurskoðaða áætlun á a.m.k. fjögurra ára fresti. Rétt er að um málsmeðferðina verði mælt í reglum ráðherra, sbr. 6. mgr. 10. gr.

Til að taka af öll tvímæli segir í 3. mgr. að verkefnisstjórnin geti í samræmi við ráðgjafarhlutverk sitt tekið virkjunarkosti til endurskoðunar sem þegar hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og nýtingaráætlun. Er í því sambandi haft í huga að nýjar og betri upplýsingar um einstaka virkjunarkosti, breytt tækni og aðrir breytilegir þættir geta haft áhrif á flokkun virkjunarkosta. Verkefnisstjórnin getur sjálf átt frumkvæði að endurmati eða gert það á grundvelli beiðni sem öllum er frjálst að beina til hennar. Endurmat á áætluninni er þó ekki háð því að verkefnisstjórnin hafi endurskoðað fyrra mat enda er upprunalegt mat hennar ekki bindandi. Þannig getur ráðherra gert tillögu um að færa virkjunarkosti á milli flokka óháð afstöðu verkefnisstjórnarinnar og Alþingi ákveðið slíkt hið sama við endurskoðun áætlunar.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er að finna fyrirmæli um hvernig verkefnisstjórnin skuli haga verklagi sínu og hvernig vinna faghópa skuli lögð til grundvallar í mati verkefnisstjórnar. Tekið er fram að verkefnisstjórnin beiti hverju sinni samræmdum viðmiðum við mat og flokkun á virkjunarkostum og verndar- og nýtingargildi viðkomandi landsvæða. Þá er við það miðað að hún beiti svipuðum aðferðum við undirbúning og gerð tillagna sinna og þróaðar hafa verið á vegum fyrri verkefnisstjórna og faghópar vinni að endurbótum á þeim eftir því sem aukin þekking og aðrar aðstæður gefa tilefni til. Um verklag og viðmið verði fjallað í reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum verkefnisstjórnarinnar, sbr. 6. mgr. greinarinnar. Hvað rannsóknir og upplýsingaöflun snertir er rétt að árétta að um áætlun er að ræða og verður því ekki gerð krafa um ítarleg gögn og upplýsingar um verndar- og nýtingargildi landsvæða eða áhrif virkjunarkosta. Verður að taka mið af því að um heildstætt frummat er að ræða en ekki mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda líkt og fram fer á grundvelli laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Varðandi mat á því hvort fyrirliggjandi gögn eru nægjanleg til að meta þá þætti sem taka skal tillit til í verndar- og nýtingaráætluninni er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn leiti umsagnar Umhverfisstofnunar og Fornleifaverndar ríkisins. Teljist gögn ófullnægjandi skal verkefnisstjórnin láta safna viðbótargögnum og vinna úr þeim, áður en eiginlegt matsferli hefst.

Í 2. mgr. kemur fram að verkefnisstjórnin leiti faglegrar aðstoðar hjá þeim sem best til þekkja á þeim sviðum sem starf verkefnisstjórnarinnar snertir og hafi víðtækt samráð við viðkomandi stjórnvöld og stofnanir, frjáls félagasamtök og þá sem beina hagsmuni geta átt af því hvernig landsvæði eru metin og virkjunarkostir flokkaðir. Getur verkefnisstjórnin viðhaldið svipuðu fyrirkomulagi og fyrri verkefnisstjórnir sem fólu sérfræðingum að fjalla um helstu sjónarmið sem lögð voru til grundvallar við vinnuna og skipaði þeim í faghópa eftir viðfangsefnum. Verkefnisstjórnin þarf að geta kallað til færustu sérfræðinga og tryggt að sérfræðiþekking innan hópanna sé hæfilega dreifð. Þá getur hún falið einstökum faghópum að setja á laggirnar undirhópa og/eða kalla til ráðgjafar fleiri sérfræðinga um afmarkaða hluta starfssviðs þeirra. Miðað er við að ferlið sé gagnsætt. Verkefnisstjórnin á því í ríkum mæli að miðla upplýsingum um t.d. verkefni sín, stöðu mats og aðferðafræði. Þá er í 3. mgr. mælt fyrir um ákveðið lögbundið ferli sem á að fara fram áður en endanlegar tillögur verkefnisstjórnar eru lagðar fyrir ráðherra.

Í 4. mgr. kemur fram að verkefnisstjórnin skuli afhenda ráðherra rökstuddar tillögur um flokkun virkjunarkosta og afmörkun landsvæða í samræmi við flokkunina. Á verkefnisstjórnin því að afmarka virkjunarsvæði og þau landsvæði sem hún telur rétt að friðlýst séu. Tillögur verkefnisstjórnarinnar eiga að vera rökstuddar. Í því felst að þeim skuli fylgja upplýsingar um á hvaða forsendum flokkunin og afmörkun landsvæðanna er byggð, þ.e. helstu

rannsóknarniðurstöður, útreikningar og annað sem verkefnisstjórnin byggir tillögur sínar á, allt eftir fyrirmælum ráðherra.

Í 5. mgr. er svo mælt fyrir um að ráðherra skuli taka tillögur verkefnisstjórnarinnar til skoðunar. Hann er ekki bundinn af tillögum hennar. Víki hann frá þeim er honum skylt að fylgja því umsagnarferli sem mælt er fyrir um í 3. mgr. varðandi þau frávik sem um er að ræða. Að slíku ferli loknu skal hann leggja fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi. Um framlagningu fyrstu tillögu til þingsályktunar um verndar- og nýtingaráætlun fer samkvæmt bráðabirgðaákvæði við frumvarpið. Eftir það á ráðherra að leggja fram næstu tillögu innan fjögurra ára frá framlagningu fyrstu tillögunnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Ráðherra getur ákveðið að leggja fram tillögur um breytingar á verndar- og nýtingaráætluninni svo oft sem hann telur nauðsynlegt með hliðsjón af verndar- og nýtingarhagsmunum og falið verkefnisstjórninni að starfa samkvæmt því.

Að lokum er í 6. mgr. gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur um starfsemi verkefnisstjórnarinnar að fengnum tillögum frá henni. Reglurnar geta til að mynda lotið að upplýsingasöfnun, bæði umfangi og málsmeðferð, viðmiðum og matsaðferðum. Er þeim ætlað að tryggja ákveðið samræmi og vandaða stjórnsýslu.

Um 11.–13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. kemur fram að ráðherra skuli fyrst leggja fram tillögu til þingsályktunar þegar fyrir liggja tillögur verkefnisstjórnar um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem skipuð var af iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra 24. ágúst 2007. Skv. 13. gr. frumvarpsins taka ákvæði þess ekki til þeirrar verkefnisstjórnar en hún hefur þó að öllu verulegu leyti lagt sömu sjónarmið og frumvarpið byggist á til grundvallar vinnu sinni og beitt við það þeim aðferðum sem lýst er í frumvarpinu, sbr. III. kafla almennra athugasemda.

Í 2. mgr. er svo mælt fyrir um hvernig ráðherra skuli kynna þingsályktunartillöguna sem hann hyggst leggja fram.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um skipan verkefnisstjórnar á grundvelli 8. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um að umhverfisráðherra skuli skipa vinnuhóp til að skoða og gera tillögu um aðferðafræði við að meta verðgildi náttúrunnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða.

Markmið með frumvarpi þessu er að skapa lagaumgjörð um þá vinnu sem farið hefur fram undanfarinn áratug við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og til að skýra þá stöðu sem hún á að hafa gagnvart stjórnvöldum við ákvarðanatöku um veitingu

rannsóknar-, nýtingar- og virkjunarleyfa. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi vinnu við mat og flokkun á virkjanakostum.

Í frumvarpinu er m.a. mælt fyrir um að iðnaðarráðherra skuli eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti leggja fram á Alþingi þingsályktunartillögu til næstu 12 ára um vernd og nýtingu landsvæða vegna virkjunar fallvatna og háhita. Í áætluninni skal mótuð stefna um hvort nýta megi til orkuvinnslu landsvæði þar sem er að finna skilgreinda virkjunarkosti eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar. Sex manna verkefnisstjórn skal vera ráðherra til ráðgjafar við undirbúning og gerð tillögunnar. Verkefnisstjórnin skal meta þörf á rannsóknum vegna áætlunarinnar og hafa umsjón með upplýsingaöflun, faglegu mati og tillögugerð til ráðherra og vera samráðsvettvangur vegna hennar. Skal verkefnisstjórnin fjalla um skilgreinda virkjunarkosti og þau landsvæði sem þeir hafa áhrif á að hennar mati.

Gera má ráð fyrir að áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs verði einkum vegna vinnu við undirbúning verndar- og nýtingaráætlunarinnar. Frá árinu 1999 hefur 50 m.kr. árlegt framlag verið í fjárlögum til virkjanarannsókna og rammaáætlunar um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma en samfara lokum á vinnu rammaáætlunarinnar var það framlag fellt niður í fjárlögum 2010. Ekki liggur fyrir hvert verður umfang rannsókna vegna áframhaldandi vinnu við mat og flokkun á virkjanakostum í tengslum við frumvarp þetta en lauslegt mat iðnaðarráðuneytis gerir ráð fyrir minnst 30 m.kr. árlegum kostnaði frá og með árinu 2011. Ekki er gert ráð fyrir framlagi til slíkra verkefna í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011.

82. Frumvarp til laga [78. mál.]

um mannvirki.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er:

a. Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt.
b. Að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð þannig og byggð að þau henti íslenskum aðstæðum.
c. Að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja.
d. Að stuðla að tæknilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði.
e. Að stuðla að aðgengi fyrir alla.
f. Að stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur bygginga.

2. gr.
Gildissvið.

Lögin gilda um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan, innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar, sbr. þó 2. mgr. Lögin gilda um alla þætti mannvirkja, svo sem gerð burðarvirkja, lagnir, þ.m.t. neysluvatnslagnir, hitalagnir, fráveitulagnir, raflagnir, loftræsilagnir, gaslagnir og öryggiskerfi, fjarskiptabúnað, eldvarnir, þ.m.t. vatnsúðakerfi og önnur slökkvikerfi, og byggingarvörur, jafnt á markaði sem og í mannvirkjum. Lögin gilda einnig um gróður á lóðum, frágang lóða, girðingar í þéttbýli, skilti, gáma og leik- og íþróttasvæði.

Lög þessi gilda ekki um hafnir, varnargarða eða fyrirhleðslur, vegi eða önnur samgöngumannvirki, svo sem flugvelli, jarðgöng, vegskála eða brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli.

3. gr.
Skilgreiningar.

1. *Aðaluppdráttur:* Heildaruppdráttur að mannvirki, ásamt afstöðumynd þess, þar sem gerð er grein fyrir formi, aðgengi, útliti, stærð og staðsetningu mannvirkis, skiptingu þess í eignarhluta, byggingarefnum, byggingaraðferðum, innra skipulagi og notkun, brunavörnum, orkunotkun, meginskipulagi lóðar og aðlögun mannvirkis að næsta umhverfi og samþykktu deiliskipulagi.
2. *Brunavarnir:* Eldvarnir, starfsemi slökkviliðs og aðrar aðgerðir einstaklinga og fyrirtækja sem mælt er fyrir um í lögum þessum og lögum nr. 75/2000, um brunavarnir.
3. *Byggingarleyfi:* Skriflegt leyfi byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnunar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra, útliti eða formi. Leyfið felur í sér samþykkt aðal- og séruppdrátta og framkvæmdaáforma og heimild til að hefja framkvæmdir að uppfylltum skilyrðum, sbr. 13. gr.
4. *Byggingarlýsing:* Í byggingarlýsingu er gerð grein fyrir uppbyggingu mannvirkis, helstu byggingarefnum og áferð og hvort mannvirki er búið loftræsingu eða öryggiskerfum. Þar er einnig gerð grein fyrir hvernig mannvirkið uppfyllir ákvæði laga, reglugerða og staðla. Í byggingarlýsingu er greinargerð um notkun eða starfsemi í mannvirkinu, aðgengi, áætlaðan fjölda starfsmanna og mestan fjölda fólks í salarkynnum eftir því sem við á.
5. *Byggingarvara:* Vara sem er framleidd með það fyrir augum að hún verði varanlegur hluti af hvers konar mannvirkjum.
6. *Deiliuppdráttur:* Uppdráttur þar sem gerð er nánari grein fyrir einstökum atriðum sem fram koma á aðal- og séruppdráttum og útfærslu þeirra í smáatriðum.
7. *Eldvarnir:* Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða eða hindra útbreiðslu elds.
8. *Evrópskt tæknisamþykki:* Mat á hæfi byggingarvöru til tiltekinna nota, byggt á viðeigandi grunnkröfum. Evrópskt tæknisamþykki tekur til krafna sem gerðar eru til vörunnar, aðferða til að sannprófa og votta samræmi við grunnkröfurnar og upplýsinga um eiginleika vörunnar. Evrópskt tæknisamþykki er gefið út af Evrópusamtökum um tæknisamþykki (EOTA).
9. *Grunnkröfur:* Kröfur sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi.
10. *Mannvirki:* Hvers konar jarðfastar, manngerðar framkvæmdir, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautarbúnaður til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem

ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.

11. *Markaðssetning:* Hvers konar dreifing eða sala byggingarvöru.
12. *Prófunarstofa:* Faggiltur aðili, sbr. lög nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., sem framkvæmir prófun.
13. *Samhæfðir evrópskir staðlar:* Staðlar sem samdir hafa verið með hliðsjón af grunnkröfum og samþykktir af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) eða Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC) í umboði Evrópusambandsins og EFTA.
14. *Samræmingaraðili:* Hönnuður aðaluppdrátta eða aðili sem eigandi mannvirkis ræður til að bera ábyrgð á samræmingu hönnunargagna, sbr. 4. mgr. 23. gr.
15. *Samræmisvottorð:* Vottorð tilnefnds aðila sem staðfestir samræmi byggingarvöru við tækniákvæði.
16. *Samræmisyfirlýsing:* Yfirlýsing framleiðanda um samræmi byggingarvöru við tækniákvæði.
17. *Samþykkt hönnunargögn:* Hönnunargögn sem samþykkt hafa verið af útgefanda byggingarleyfis.
18. *Séruppdráttur:* Uppdráttur sem sýnir m.a. útfærslu einstakra byggingar- og mannvirkjahluta og tæknibúnaðar og skipulag lóða, ásamt tilvísunum í staðla um efniskröfur og annað sem þarf til að fullgera mannvirki að utan og innan.
19. *Skipulagsáætlun:* Áætlun um markmið og ákvarðanir viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands. Þar er gerð grein fyrir því að hvers konar framkvæmdum er stefnt og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði. Forsendum ákvarðana er einnig lýst. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga skiptast í þrjá flokka, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti þar sem það á við.
20. *Skoðunarstofa:* Skoðunarstofa sem hefur faggildingu og starfsleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., til að annast tiltekin verkefni á sviði byggingareftirlits.
21. *Starfsmannabúðir:* Færanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar, daglegrar dvalar, vinnu eða samkomuhalds starfsfólks til skamms tíma í senn vegna atvinnustarfsemi.
22. *Tilnefndur aðili:* Skoðunar-, prófunar- eða vottunarstofa sem stjórnvöld tilnefna til að annast samræmismat á byggingarvörum samkvæmt lögum þessum og hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar ESB að sé hæf til að framkvæma samræmismat fyrir byggingarvörur samkvæmt lögum þessum.
23. *Túlkunarskjöl:* Skýringaskjöl þar sem grunnkröfur eru skýrðar ítarlegar. Þau eru til nota við staðlagerð, til að semja viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki eða við mat er leitt getur til viðurkenninga á tækniákvæðum aðildarríkjanna.
24. *Tækniákvæði:* Samheiti yfir samhæfða evrópska staðla og evrópsk tæknisamþykki.

II. KAFLI
Stjórnvöld mannvirkjamála.

4. gr.
Stjórn mannvirkjamála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mannvirkjamála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra til aðstoðar er Byggingarstofnun, sbr. 5. gr.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að stjórnsýsla og framkvæmd eftirlits byggingarfulltrúa sé í samræmi við ákvæði laga þessara. Byggingarfulltrúar annast eftirlit með mannvirkjagerð sem fellur undir 1. og 2. mgr. 9. gr.

5. gr.

Byggingarstofnun.

Ríkið starfrækir stofnun, Byggingarstofnun. Byggingarstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og laga um brunavarnir. Stofnunin skal tryggja samræmingu á byggingareftirliti og eldvarnaeftirliti og starfsemi slökkviliða um land allt í samráði við viðkomandi stjórnvöld. Önnur helstu verkefni Byggingarstofnunar eru:

1. að annast gerð leiðbeininga, verklagsreglna og skoðunarhandbóka á fagsviði stofnunarinnar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila,
2. að bera ábyrgð á markaðseftirliti með byggingarvörum,
3. að annast aðgengismál,
4. að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga,
5. að starfrækja rafrænt gagnasafn um mannvirki og mannvirkjagerð um land allt, sbr. 61. gr.,
6. að annast kynningar og fræðslu fyrir almenning og hagsmunaaðila,
7. að gefa út byggingarleyfi og annast eftirlit með þeim framkvæmdum sem falla undir 3. mgr. 9. gr.,
8. að standa fyrir námskeiðum til réttinda fyrir hönnuði og byggingarstjóra og gefa út löggildingar fyrir hönnuði, iðnmeistara og slökkviliðsmenn,
9. að bera ábyrgð á starfrækslu Brunamálaskóla fyrir slökkviliðsmenn, þ.m.t. slökkviliðsstjóra og eldvarnaeftirlitsmenn,
10. að gefa út starfsleyfi til handa byggingarstjórum og skoðunarstofum sem starfa samkvæmt lögum þessum og hafa eftirlit með starfsemi þeirra,
11. að gefa út starfsleyfi til handa þjónustu- og eftirlitsaðilum brunavarna og samþykkja brunavarnaáætlanir sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum laga um brunavarnir,
12. að annast og stuðla að rannsóknum á sviði mannvirkjamála og brunavarna í samvinnu við hagsmunaaðila og annast og stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
13. að annast framkvæmd eldvarnaeftirlits vegna mannvirkja innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka sem eru fyrirhuguð eða tilkomin vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis,
14. að taka þátt í starfi Staðlaráðs Íslands um gerð íslenskra og evrópskra staðla á sviði mannvirkjamála og tilnefna aðila til þátttöku í starf Evrópusamtaka um tæknisamþykki (EOTA),
15. að eiga samstarf við hliðstæðar stofnanir í nágrannalöndunum og á alþjóðavettvangi,
16. að vera ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um mannvirkjamál og veita umsagnir um ágreiningsmál á því sviði,
17. önnur verkefni sem ráðherra felur stofnuninni sérstaklega.

Byggingarstofnun skal árlega gefa út skýrslu um stöðu og þróun mannvirkjagerðar í landinu.

6. gr.

Forstjóri Byggingarstofnunar og annað starfslið.

Við Byggingarstofnun skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi og hafa þekkingu á verksviði stofnunarinnar.

Forstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Byggingarstofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

7. gr.

Byggingarnefndir.

Sveitarstjórn er heimilt með sérstakri samþykkt að kveða á um að byggingarnefnd starfi í sveitarfélaginu sem fjalli um byggingarleyfisumsókn áður en byggingarleyfi er gefið út af byggingarfulltrúa og hafi að öðru leyti eftirlit með stjórnsýslu hans fyrir hönd sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn er heimilt að gera það að skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis af hálfu byggingarfulltrúa, vegna allra eða tiltekinna mannvirkjagerða, að byggingarnefnd og/eða sveitarstjórn hafi samþykkt útgáfuna.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna byggingarnefndar. Um byggingarnefndir og störf þeirra gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins enda sé skipan nefndarinnar í samræmi við skipulagslög.

Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um starfrækslu byggingarnefnda og ráðningu byggingarfulltrúa á grundvelli samkomulags eða eftir atvikum sameiginlegrar samþykktar.

Samþykkt sem sett er samkvæmt þessari grein skal lögð fyrir ráðherra til staðfestingar og birt af sveitarstjórn í B-deild Stjórnartíðinda. Enn fremur skal hún færð inn í rafrænt gagnasafn Byggingarstofnunar.

8. gr.

Byggingarfulltrúar.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarfulltrúi, ráðinn af sveitarstjórn, sem hefur eftirlit með mannvirkjagerð sem fellur undir 1. og 2. mgr. 9. gr. Sveitarfélög geta haft samstarf um framkvæmd byggingareftirlits og ráðið sameiginlegan byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að annast einnig skipulagsmál enda uppfylli hann einnig kröfur skipulagslaga um menntun og starfsreynslu skipulagsfulltrúa. Um störf og verksvið skipulagsfulltrúa fer samkvæmt skipulagslögum.

Byggingarfulltrúi skal hafa löggildingu sem hönnuður skv. 25. gr. og skal sveitarstjórn senda Byggingarstofnun tilkynningu um ráðningu hans.

Byggingarfulltrúa eða starfsmönnum hans er óheimilt að vinna nokkurt það starf sem kann að koma til afgreiðslu í umdæmi hans nema með sérstöku samþykki sveitarstjórnar.

III. KAFLI

Byggingarleyfi.

9. gr.

Byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

Óheimilt er að grafa grunn fyrir mannvirki, reisa það, rífa eða flytja, breyta því, burðarkerfi þess eða lagnakerfum eða breyta notkun þess, útliti eða formi nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarfulltrúa, sbr. 2. mgr., eða Byggingarstofnunar, sbr. 3. mgr. Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um að minni háttar mannvirkjagerð eða smávægilegar breytingar á

mannvirkjum skuli undanþiggja byggingarleyfi. Undanþegin byggingarleyfi eru fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta og breytingar á slíkum mannvirkjum.

Byggingarfulltrúi í viðkomandi sveitarfélagi veitir byggingarleyfi, eftir atvikum í samræmi við samþykkt skv. 1. mgr. 7. gr., vegna hvers konar mannvirkjagerðar sem háð er byggingarleyfi skv. 1. mgr. en ekki er háð byggingarleyfi Byggingarstofnunar skv. 3. mgr., þ.m.t. vegna virkjana og annarra mannvirkja sem reist eru í tengslum við slíkar framkvæmdir.

Byggingarstofnun veitir byggingarleyfi vegna framkvæmda við eftirtalin mannvirki:

a. Mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka.
b. Mannvirki á varnar- og öryggissvæðum, sbr. 62. gr.

Leiki vafi á því hvort mannvirki sé háð byggingarleyfi eða hvort það falli undir 2. eða 3. mgr. skal leita niðurstöðu úrskurðarnefndar, sbr. 59. gr. Niðurstaða nefndarinnar skal liggja fyrir innan eins mánaðar frá því að slíkt erindi berst.

Varði breyting á mannvirki útlit og form þess skal leita samþykkis skipulagsnefndar áður en byggingarleyfi er veitt nema breyting sé óveruleg.

10. gr.

Umsókn um byggingarleyfi.

Umsókn um byggingarleyfi skal send hlutaðeigandi byggingarfulltrúa eða eftir atvikum Byggingarstofnun ásamt hönnunargögnum og öðrum nauðsynlegum gögnum, þ.m.t. tilkynningu um hver verði samræmingaraðili mannvirkisins og samþykki meðeigenda samkvæmt ákvæðum laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994.

Með umsókn til Byggingarstofnunar vegna mannvirkja sem falla undir b-lið 3. mgr. 9. gr. skal fylgja staðfesting skipulagsfulltrúa viðkomandi sveitarfélags á því að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir á svæðinu. Ef mannvirki er háð byggingarleyfi byggingarfulltrúa skal hann leita umsagnar skipulagsfulltrúa leiki vafi á að framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum sveitarfélagsins. Leita skal umsagnar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar vegna mannvirkja á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um hvaða gögn skuli fylgja byggingarleyfisumsókn og hvernig frá umsókn, uppdráttum og öðrum gögnum skuli gengið.

11. gr.

Samþykkt byggingaráforma.

Ef mannvirki er háð byggingarleyfi skv. 9. gr. fer byggingarfulltrúi eða eftir atvikum Byggingarstofnun yfir byggingarleyfisumsókn og gengur úr skugga um að aðaluppdrættir uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra og að tilkynnt hafi verið um samræmingaraðila mannvirkisins. Tilkynnir byggingarfulltrúi eða eftir atvikum Byggingarstofnun umsækjanda skriflega um samþykkt byggingaráforma hans, enda sé fyrirhuguð mannvirkjagerð í samræmi við skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði. Tilkynning samkvæmt þessari grein veitir umsækjanda ekki heimild til að hefja byggingarframkvæmdir.

12. gr.

Sérstakar kröfur.

Útgefanda byggingarleyfis er heimilt að krefjast prófunar, vottunar eða skoðunar á mannvirki, hlutum þess eða tæknibúnaði á kostnað umsækjanda ef rökstuddur grunur er um að það uppfylli ekki kröfur laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim eða ef við-

komandi hlutur eða tæknibúnaður hefur ekki verið notaður áður við sambærilegar aðstæður eða á sambærilegan hátt. Standist mannvirkið ekki prófun, vottun eða skoðun skal útgefandi byggingarleyfis gefa byggjanda ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti getur hann gripið til viðeigandi þvingunarúrræða eða látið bæta úr því sem áfátt er á kostnað eiganda.

Þegar sérstaklega stendur á getur leyfisveitandi við útgáfu byggingarleyfis sett skilyrði um að prófun, vottun eða skoðun skuli framkvæmd á kostnað umsækjanda eftir að mannvirki er tekið í notkun til að tryggja að uppfyllt séu ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og að gerðar séu viðeigandi aðgerðir til úrbóta.

Prófanir, skoðanir og vottanir skv. 1. og 2. mgr. skulu framkvæmdar í samræmi við viðeigandi staðla af aðila sem viðurkenndur er af Byggingarstofnun. Heimilt er útgefanda byggingarleyfis að krefjast þess að þær skuli framkvæmdar af faggiltum aðila, sbr. lög um faggildingu o.fl., nr. 24/2006. Í þeim tilfellum þegar staðlaðar prófunarlýsingar eru ekki til skal prófunaraðili leggja fram skriflega lýsingu á framkvæmd prófsins ásamt rökstuðningi fyrir réttmæti prófunaraðferðar.

13. gr.

Útgáfa byggingarleyfis.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:

1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.
2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.
3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra.
4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.
5. Skráð hefur verið í gagnasafn Byggingarstofnunar að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við ákvæði laga þessara.
6. Samræmingaraðili hefur lagt fram yfirlit um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar og yfirlit um ábyrgðarsvið einstakra hönnuða í samræmi við 4. mgr. 23. gr.

Leyfisveitandi getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt skriflegt leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Heimilt er að veita umsækjanda leyfi til að kanna jarðveg á framkvæmdasvæði án þess að byggingarleyfi hafi verið gefið út.

Óheimilt er að gefa út byggingarleyfi fyrir mannvirki sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

14. gr.

Gildistími byggingarleyfis.

Byggingarleyfi fellur úr gildi hafi byggingarframkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess. Í reglugerð skal kveða nánar á um hvenær talið er að byggingarframkvæmdir séu hafnar.

Nú stöðvast byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur leyfisveitandi þá að undangenginni aðvörun fellt byggingarleyfið úr gildi.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur leyfisveitandi tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Leyfisveitandi getur að undangenginni aðvörun fellt byggingarleyfi úr gildi ef eigandi mannvirkisins eða aðrir þeir aðilar sem bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum samkvæmt lögum þessum sinna ekki fyrirmælum eftirlitsaðila við byggingareftirlit eða gerast sekir um alvarleg eða ítrekuð brot gegn lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Ítarlegri ákvæði um byggingarhraða sem sett eru af sveitarfélagi á grundvelli skipulagslaga gilda framar ákvæðum 1. og 2. mgr.

IV. KAFLI
Ábyrgð eiganda mannvirkis og framkvæmd byggingareftirlits.

15. gr.
Ábyrgð eiganda mannvirkis.

Eigandi ber ábyrgð á því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkis sé farið að kröfum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Eigandi skal hafa virkt innra eftirlit með því að þeir aðilar sem hann ræður til að hanna, byggja og reka mannvirkið fari eftir ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Samræmingaraðili framkvæmir innra eftirlit eiganda við hönnun mannvirkis, sbr. 4. mgr. 23. gr. Byggingarstjóri mannvirkis framkvæmir innra eftirlit eiganda frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram. Samræmingaraðili og byggingarstjóri skulu gera eiganda grein fyrir framkvæmd innra eftirlits samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð og samningi við eiganda.

Eigandi ber ábyrgð á að fram fari lögboðið eftirlit með byggingu mannvirkisins í samræmi við ákvæði laga þessara.

Eftirtaldir aðilar teljast eigendur samkvæmt þessari grein:

a. Lóðarhafi óbyggðrar lóðar.
b. Umsækjandi um byggingarleyfi.
c. Byggingarleyfishafi.
d. Eigandi mannvirkis í byggingu. Sé mannvirki selt í heild eða að hluta áður en lokaúttekt fer fram ber fyrri eigandi ábyrgð skv. 1. mgr. ásamt nýjum eiganda nema um annað sé samið í skriflegum samningi milli þeirra. Skal þá koma skýrt fram að nýr eigandi gangi inn í samning fyrri eiganda við byggingarstjóra mannvirkisins eða nýr byggingarstjóri sé ráðinn fyrir mannvirkið í heild.
e. Eigandi mannvirkis eftir að lokaúttekt hefur farið fram.

16. gr.
Hlutverk útgefanda byggingarleyfis.

Útgefandi byggingarleyfis hefur eftirlit með því að hönnun mannvirkis sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og að byggt sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög og reglugerðir sem um mannvirkjagerðina gilda.

Útgefandi byggingarleyfis annast úttektir í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og gefur út viðeigandi vottorð, sbr. 3. mgr., á grundvelli niðurstöðu skoðunarstofu eða eigin skoðana. Hann hefur eftirlit með að úttektir sem skoðunarstofur annast fari fram og beitir þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði laga þessara ef fyrirmælum um úrbætur er ekki sinnt eða vanrækt er að láta lögbundna úttekt fara fram.

Útgefandi byggingarleyfis gefur út vottorð um eftirfarandi úttektir, eftir atvikum á grundvelli skoðunarskýrslu skoðunarstofu eða eigin skoðunar:

1. Öryggisúttekt.
2. Lokaúttekt.
3. Úttekt við lok niðurrifs mannvirkis.

Útgefandi byggingarleyfis skal sjá um að hönnunargögn, eftirlitsskýrslur, gátlistar, úttektarvottorð og önnur gögn sem ákvarðanir hans eru byggðar á séu færð í gagnasafn Byggingarstofnunar.

17. gr.

Framkvæmd eftirlits með mannvirkjum.

Eftirlit með mannvirkjum skal framkvæmt í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun býr til á grundvelli ákvæða laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í skoðunarhandbókinni skulu m.a. vera ákvæði um framkvæmd úttekta, eftirlitsaðferðir, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.

Komi upp ágreiningur um túlkun skoðunarhandbókar skv. 1. mgr. varðandi tæknileg atriði og framkvæmd eftirlits á grundvelli hennar skal leita álits Byggingarstofnunar. Ef ágreiningur snýst um eftirlit Byggingarstofnunar skal leita álits ráðherra. Byggingarstofnun getur að eigin frumkvæði gefið út álit um framkvæmd tæknilegs eftirlits vegna tiltekinnar mannvirkjagerðar eða vegna mannvirkjagerðar almennt. Álit Byggingarstofnunar og eftir atvikum ráðherra er bindandi fyrir alla aðila máls og sætir ekki endurskoðun úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Hafi hönnunargögn verið yfirfarin eða úttektir framkvæmdar af skoðunarstofu takmarkast yfirferð útgefanda byggingarleyfis við framlagða skoðunarskýrslu. Sama gildir ef skoðunarstofa annast aðra þætti byggingareftirlits. Útgefandi byggingarleyfis, sem og Byggingarstofnun, getur þó tekið til athugunar að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingu hvort eftirlit skoðunarstofa samræmist lögum og skilyrðum í starfsleyfi þeirra. Taki byggingarfulltrúi slíkt mál til athugunar skal hann tilkynna það Byggingarstofnun án tafar.

Byggingarfulltrúi getur ávallt ákveðið að leitað skuli umsagnar annarra eftirlitsaðila, svo sem slökkviliðs eða heilbrigðiseftirlits, við yfirferð aðaluppdrátta, óháð því hvort eftirlit er framkvæmt af byggingarfulltrúa eða skoðunarstofu.

Hafi hönnuðir, byggingarstjórar eða iðnmeistarar ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu á gæðastjórnunarkerfum sínum skal Byggingarstofnun gera úttektir á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfa þessara aðila. Byggingarstofnun er heimilt að fela faggiltri vottunarstofu framkvæmd úttekta af þessu tagi. Uppfylli gæðastjórnunarkerfi ekki ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim skal gefa viðkomandi hönnuði, byggingarstjóra eða iðnmeistara kost á að bæta úr nema um alvarlegt brot sé að ræða. Um alvarleg og ítrekuð brot fer samkvæmt ákvæðum 57. gr.

18. gr.

Hlutverk Byggingarstofnunar við eftirlit byggingarfulltrúa.

Byggingarstofnun getur tekið til athugunar að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingu hvort afgreiðsla byggingarfulltrúa hafi farið í bága við lög. Skal Byggingarstofnun kalla eftir skýringum frá byggingarfulltrúa og viðkomandi sveitarstjórn nema málið sé að fullu upplýst. Byggingarstofnun skal þó ekki hlutast til um mál sem þegar eru til meðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 59. gr.

Verði niðurstaða athugunar Byggingarstofnunar sú að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og byggingarfulltrúi geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skal Byggingarstofnun gera byggingarfulltrúa og viðkomandi sveitarstjórn aðvart og krefjast þess að úr sé bætt. Byggingarstofnun er heimilt, ef ekki er úr bætt, að beita sömu réttar- og þvingunarúrræðum gagnvart eiganda mannvirkis og byggingarfulltrúi, þar á meðal að gefa út eða fella úr gildi byggingarleyfi eða gefa út viðeigandi vottorð.

Þegar meðferð Byggingarstofnunar skv. 1. mgr. er lokið skal eftirlit með mannvirkjagerðinni og önnur stjórnsýsla málsins vera í höndum viðkomandi byggingarfulltrúa. Byggingarstofnun skal tilkynna það byggingarfulltrúa með formlegum hætti þegar afskiptum stofnunarinnar af máli er lokið.

19. gr.

Faggilding Byggingarstofnunar og byggingarfulltrúa sveitarfélaganna.

Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar skulu hafa faggildingu til að yfirfara hönnunargögn og framkvæma úttektir nema sá þáttur eftirlitsins hafi verið samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

20. gr.

Faggiltar skoðunarstofur.

Sveitarstjórn og Byggingarstofnun er heimilt að ákveða að tilteknir þættir eftirlits þeirra með mannvirkjum skuli framkvæmdir af skoðunarstofum sem hafa til þess starfsleyfi Byggingarstofnunar. Beiting réttar- og þvingunarúrræða samkvæmt lögum þessum skal þó ávallt vera í höndum leyfisveitanda. Sé hönnun mannvirkis sérstaklega vandasöm getur byggingarfulltrúi við meðferð byggingarleyfisumsóknar ákveðið að eftirlit með viðkomandi framkvæmd skuli í heild eða að hluta framkvæmt af faggiltri skoðunarstofu.

Ákveði sveitarstjórn, byggingarfulltrúi eða Byggingarstofnun að eftirlit skuli framkvæmt af skoðunarstofu, sbr. 1. mgr., skal eigandi mannvirkisins annast ráðningu slíkrar skoðunarstofu og greiða kostnað af framkvæmd eftirlitsins, enda hafi skoðunarstofan starfsleyfi skv. 3. mgr. Byggingarfulltrúa og Byggingarstofnun er í slíkum tilvikum einungis heimilt að taka gjald sem nemur kostnaði af framkvæmd þeirra þátta eftirlitsins sem þau annast.

Byggingarstofnun gefur út starfsleyfi til rekstrar skoðunarstofa skv. 1. mgr. Starfsleyfi skal gefið út til tiltekins tíma, mest til fimm ára í senn. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis er að skoðunarstofa hafi hlotið faggildingu og skoðunarmenn hennar og tæknilegur stjórnandi uppfylli viðeigandi skilyrði 21. gr. Í starfsleyfi skal tilgreina þá þætti eftirlits sem skoðunarstofu er heimilt að taka að sér. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

Byggingarstofnun getur svipt skoðunarstofu starfsleyfi ef hún uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef skoðunarstofa hlítir ekki fyrirmælum Byggingarstofnunar, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða óvarkárni í starfi. Starfsleyfi fellur sjálfkrafa niður verði skoðunarstofa svipt faggildingu sinni.

21. gr.

Hæfi skoðunarmanna.

Skoðunarmenn byggingarfulltrúa, Byggingarstofnunar eða skoðunarstofa skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Skoðunarmaður I: Iðnmeistarar með löggildingu Byggingarstofnunar og a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem

viðurkennd er af Byggingarstofnun. Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar með a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af Byggingarstofnun.

b. Skoðunarmaður II: Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar með löggildingu Byggingarstofnunar sem hönnuðir aðal- eða séruppdrátta og a.m.k. þriggja ára reynslu sem löggiltir hönnuðir af störfum við byggingarframkvæmdir, hönnun mannvirkja, byggingareftirlit eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir.

c. Skoðunarmaður III: Verkfræðingar og tæknifræðingar með löggildingu Byggingarstofnunar á sviði viðkomandi mannvirkjagerðar og að lágmarki sjö ára starfsreynslu sem löggiltir hönnuðir af verk- og byggingarstjórn við mannvirkjagerð, byggingareftirlit eða hönnun.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða þætti eftirlits skoðunarmönnum I–III er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða framkvæmd úttekta.

V. KAFLI
Hönnun mannvirkja.

22. gr.
Hönnunargögn.

Mannvirki skulu hönnuð á faglega fullnægjandi hátt í samræmi við viðurkenndar venjur, staðla og ákvæði laga og reglugerða um mannvirki og mannvirkjagerð.

Hönnunargögn mannvirkja sem heyra undir lög þessi greinast í uppdrætti og fylgiskjöl. Uppdrættir greinast í aðaluppdrætti, séruppdrætti og deiliuppdrætti. Til fylgiskjala heyra m.a. byggingarlýsingar, greinargerðir, skráningartöflur, forsendur og útreikningar.

23. gr.
Ábyrgð hönnuða.

Aðal- og séruppdrættir skulu vera gerðir af hönnuðum sem hafa fengið löggildingu, sbr. 25. og 26. gr.

Hönnuðir bera ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að hönnun þeirra sé faglega unnin og mannvirkið standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim enda hafi verið fylgt að fullu uppdráttum hönnuðar, verklýsingu, skriflegum fyrirmælum og viðurkenndum starfsvenjum. Hönnuðir skulu árita uppdrætti sína eigin hendi og þannig staðfesta ábyrgð sína.

Hönnuður séruppdrátta ber ábyrgð á því að hönnun hans samræmist aðaluppdráttum.

Eigandi mannvirkis skal við umsókn um byggingarleyfi tilnefna samræmingaraðila sem skal hafa yfirumsjón með og bera ábyrgð á því að samræming hönnunargagna fari fram. Samræmingaraðili skal vera löggiltur hönnuður. Samræmingaraðili skal árita séruppdrætti til staðfestingar á því að samræming hafi farið fram áður en þeir eru samþykktir af leyfisveitanda. Samræmingaraðili skal áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar. Uppfært yfirlit um innra eftirlit skal lagt fram við lok hönnunar mannvirkisins. Samræmingaraðili skal einnig áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um ábyrgðarsvið einstakra hönnuða og árita það til staðfestingar á því að um tæmandi yfirlit sé að ræða.

Hönnuður, einstaklingur eða fyrirtæki þar sem löggiltur hönnuður starfar sem leggur uppdrætti fyrir byggingarnefnd, byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnun skal hafa fullnægjandi

ábyrgðartryggingu. Skaðabótaábyrgð hönnuðar fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda.

24. gr.

Gæðastjórnunarkerfi hönnuða og samræmingaraðila.

Hönnuðir og samræmingaraðilar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi í samræmi við nánari fyrirmæli í reglugerð. Hönnuður skal í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis. Gæðastjórnunarkerfi hönnuðar skal a.m.k. fela í sér staðfestingu á hæfni hönnuðar og endurmenntun hans, skráningu á ákvörðunum varðandi einstakar framkvæmdir, gátlista um samræmi hönnunargagna við reglur og staðla, skrá um samþykkt hönnunargögn, þ.m.t. allar breytingar á hönnunargögnum sem gerðar eru á framkvæmdatíma og samþykktar eru af byggingaryfirvöldum, skrá um samskipti og leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila og skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, samræmingaraðila, eftirlitsaðila og byggingaryfirvalda vegna hönnunargagna. Gæðastjórnunarkerfi samræmingaraðila skal að auki innihalda lýsingu á og skrá um innra eftirlit samræmingaraðila á hönnunarstigi.

Hönnuðir og samræmingaraðilar skulu tilkynna Byggingarstofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar.

25. gr.

Löggilding hönnuða.

Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu Byggingarstofnunar. Löggildingin skiptist í eftirfarandi svið:

a. Arkitektar og byggingarfræðingar geta fengið löggildingu til að gera aðaluppdrætti, uppdrætti að skipulagi lóða og tilheyrandi deiliuppdrætti.
b. Verkfræðingar og tæknifræðingar með viðkomandi sérmenntun geta fengið löggildingu til að hanna og gera séruppdrætti að burðarvirkjum, boðveitum, rafkerfum og raflögnum í mannvirkjum, vatns-, hita- og fráveitukerfum, loftræsikerfum og lýsingarkerfum.
c. Byggingarverkfræðingar og byggingartæknifræðingar geta fengið löggildingu til að gera aðaluppdrætti og tilheyrandi deiliuppdrætti, enda hafi þeir öðlast a.m.k. fimm ára starfsreynslu hjá löggiltum aðila á því sviði.
d. Innanhússarkitektar og landslagsarkitektar geta fengið löggildingu sem hönnuðir séruppdrátta, hver á sínu sviði.
e. Rafiðnfræðingar geta fengið löggildingu sem hönnuðir séruppdrátta á sínu sviði. Ráðherra setur stærðartakmarkanir veitna í reglugerð.

Listi yfir löggilta hönnuði skal varðveittur í gagnasafni Byggingarstofnunar.

26. gr.

Skilyrði fyrir löggildingu hönnuða.

Skilyrði fyrir löggildingu skv. 25. gr. eru eftirfarandi:

a. Að umsækjandi hafi hlotið heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996.
b. Að umsækjandi hafi staðist próf sem Byggingarstofnun stendur fyrir að undangengnu námskeiði um gildandi lög og reglur á sviði mannvirkjagerðar. Jafnframt skal á námskeiðinu fjallað um séríslenskar aðstæður sem taka þarf tillit til við hönnun.
c. Að umsækjandi hafi sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu

hjá löggiltum aðila á sviðinu. Starfsreynslutíminn skal ekki vera skemmri en þrjú ár eftir að námi í viðkomandi sérfræðigrein lýkur, þar af minnst eitt ár við mannvirkjagerð á Íslandi. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum. Starfsreynslutíma skal lokið áður en námskeið og próf skv. b-lið eru sótt.

Ráðherra ákveður gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta próf skv. b-lið 1. mgr. Skal fjárhæðin taka mið af kostnaði af námskeiðum og framkvæmd prófs. Byggingarstofnun er heimilt að fela öðrum framkvæmd námskeiða og prófa fyrir hönd stofnunarinnar.

VI. KAFLI
Byggingarstjórar og iðnmeistarar.

27. gr.
Byggingarstjórar.

Við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri. Óheimilt er að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmd nema ráðinn hafi verið byggingarstjóri sem uppfyllir hæfniskröfur 28. gr.

Byggingarstjóri er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Byggingarstjóri skal gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laga þessara, reglugerðar og samningi við eiganda.

Byggingarstjóra er ekki heimilt að taka að sér ábyrgð á hönnun eða einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar sem hann fer með byggingarstjórn á. Sé um að ræða minni háttar mannvirkjagerð til eigin nota, svo sem byggingu frístundahúss, bílskúrs eða viðbyggingu við íbúðarhús, getur eigandi þó falið einum af iðnmeisturum eða hönnuðum mannvirkisins byggingarstjórn þess enda hafi sá aðili starfsleyfi Byggingarstofnunar skv. 28. gr.

Heimildir byggingarstjóra takmarkast af gerð mannvirkis og umfangi framkvæmda svo sem hér segir:

1. Nýbygging einfalds atvinnuhúsnæðis, íbúðarhúsa, frístundahúsa og minni háttar mannvirkja auk breytinga, endurbyggingar eða niðurrifs á slíkum mannvirkjum.
2. Vatnsaflsvirkjanir, jarðvarmavirkjanir og önnur orkuver, olíuhreinsunarstöðvar og vatnsstíflur sem falla undir 1. viðauka við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.
3. Önnur mannvirki en falla undir 1. og 2. tölul.

Ráðherra birtir í reglugerð nánari tilgreiningu mannvirkja skv. 3. og 4. mgr.

28. gr.
Starfsleyfi byggingarstjóra.

Byggingarstjóri skal hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis er að umsækjandi uppfylli viðeigandi hæfniskröfur 2.–4. mgr., hafi sótt sérstakt námskeið sem Byggingarstofnun stendur fyrir og hafi gæðastjórnunarkerfi samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð, sbr. 31. gr. Starfsleyfi byggingarstjóra skal gefið út til tiltekins tíma, mest til tíu ára í senn. Missi byggingarstjóri starfsleyfi er honum óheimilt að fara með umsjón framkvæmda og skal hann þegar segja sig frá framkvæmd verks með skriflegri tilkynningu til eiganda og leyfisveitanda. Byggingarstofnun ber að upplýsa leyfisveitendur um niðurfellingu starfsleyfis byggingarstjóra.

Húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar, blikksmíðameistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með

framkvæmdum sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 27. gr. Skulu þeir hafa hlotið löggildingu Byggingarstofnunar og hafa a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af stofnuninni. Byggingarstjórar sem falla undir þessa málsgrein og hafa starfað við byggingarstjórn í þrjú ár og hafa allan þann tíma haft fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi sem slíkir í samræmi við ákvæði laga þessara geta einnig öðlast starfsleyfi til að hafa umsjón með framkvæmdum sem falla undir 3. tölul. 4. mgr. 27. gr.

Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með framkvæmdum sem falla undir 1. og 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. Skulu þeir hafa a.m.k. fimm ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir, hönnun bygginga, byggingareftirlit eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir.

Verkfræðingar og tæknifræðingar með löggildingu Byggingarstofnunar á sviði viðkomandi mannvirkjagerðar og að lágmarki tíu ára starfsreynslu af verkstjórn við mannvirkjagerð, byggingareftirliti eða hönnun geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með framkvæmdum sem falla undir 1.–3. tölul. 4. mgr. 27. gr. Þar af skulu þeir hafa a.m.k. þriggja ára starfsreynslu af stjórnun eða eftirliti við mannvirkjagerð.

Fyrirtæki og stofnanir geta í eigin nafni borið ábyrgð sem byggingarstjórar við mannvirkjagerð enda starfi þar aðili við byggingarstjórn sem hefur starfsleyfi til að annast umsjón með þeirri gerð mannvirkis, sbr. 4. mgr. 27. gr.

Byggingarstofnun heldur skrá um byggingarstjóra með starfsleyfi samkvæmt þessari grein og skal hún varðveitt í gagnasafni stofnunarinnar.

29. gr.

Ábyrgð og verksvið byggingarstjóra.

Byggingarstjóri ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. Byggingarstjóri skal gera skriflegan samning við iðnmeistara sem hann ræður í umboði eiganda. Í samningi skal m.a. koma fram á hvaða verkþáttum iðnmeistari ber ábyrgð.

Byggingarstjóri skal í umboði eiganda annast samskipti við leyfisveitendur, eftirlitsaðila mannvirkis, hönnuði og iðnmeistara, auk annarra sem að framkvæmd verksins koma. Skal hann sjá um að aflað sé nauðsynlegra heimilda vegna framkvæmdarinnar, eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir.

Byggingarstjóri fer yfir hönnunargögn með iðnmeisturum mannvirkis vegna heildarskipulags og samræmingar á mismunandi verkþáttum. Leiki vafi á túlkun hönnunargagna skal byggingarstjóri skera úr, eftir atvikum í samráði við hönnuði, og skrá niðurstöður í gæðastjórnunarkerfi sitt. Falli mannvirki undir 2. eða 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. skal byggingarstjóri sjá til þess að skipulagðir samráðsfundir séu haldnir með eiganda og hönnuðum og skrá efni þeirra í gæðastjórnunarkerfi sitt.

Byggingarstjóri hefur yfirumsjón með því að aflað sé samþykktar leyfisveitanda á breytingum sem gerðar eru á hönnun eða gerð mannvirkis í byggingu og að ávallt sé framkvæmt í samræmi við nýjustu útgáfu samþykktra hönnunargagna.

Byggingarstjóri skal hafa virkt eftirlit með því að þeir aðilar sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við framkvæmd eftirlits var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðila aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Athugasemdir byggingarstjóra skulu skráðar á viðeigandi hátt í gæðastjórnunarkerfi hans og annarra hlutaðeigandi aðila. Sé athugasemd-

um byggingarstjóra ekki sinnt eða um ítrekaða vanrækslu að ræða skal hann tilkynna það eiganda. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við framkvæmd eftirlits skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Byggingarstjóri skal gera eftirlitsaðila viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta og vera viðstaddur úttektir. Hann skal jafnframt tilkynna viðeigandi iðnmeisturum og hönnuðum með sannanlegum hætti um úttektir nema samningur þeirra á milli kveði á um annað.

Hljóti eigandi eða annar þriðji maður tjón af völdum gáleysis í starfi byggingarstjóra ber hann skaðabótaábyrgð á því samkvæmt almennum reglum. Byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að framkvæmd verks koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Byggingarstjóri skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er gildi a.m.k. í fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Skaðabótaábyrgð byggingarstjóra fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda.

30. gr.

Byggingarstjóraskipti.

Hætti byggingarstjóri umsjón með framkvæmdum áður en lokaúttekt fer fram skal hann tilkynna það á sannanlegan hátt til útgefanda byggingarleyfis. Fellur ábyrgð byggingarstjóra á verkinu niður vegna verkþátta sem ólokið er við móttöku leyfisveitanda á slíkri tilkynningu. Eiganda er skylt að sjá til þess að framkvæmdir séu stöðvaðar þar til nýr byggingarstjóri hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu og útgefandi byggingarleyfis hefur staðfest að hann uppfylli skilyrði 27. og 28. gr. Leyfisveitandi skal án ástæðulauss dráttar frá móttöku tilkynningar samkvæmt þessu ákvæði gera úttekt á stöðu framkvæmda og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi byggingarstjóra, ef þess er kostur, og hinum nýja.

Verði útgefandi byggingarleyfis þess var að byggingarframkvæmdum er fram haldið án byggingarstjóra skal hann tafarlaust stöðva framkvæmdir og loka vinnusvæði ef nauðsyn krefur.

31. gr.

Gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra.

Byggingarstjóri skal í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis, sbr. 28. gr. Gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra skal a.m.k. fela í sér staðfestingu á hæfni byggingarstjóra og endurmenntun hans, skráningu á ákvörðunum varðandi einstakar framkvæmdir, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir samskipti og leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila, skrá yfir athugasemdir við störf iðnmeistara, skrá yfir athugasemdir til hönnuða vegna hönnunargagna, lýsingu á og skrá um innra eftirlit byggingarstjóra með framkvæmdinni, lýsingu á undirbúningi og framkvæmd lokaúttektar þar sem m.a. er gengið frá skýrslu yfir allar úttektir, þ.m.t. öryggisúttekt, lýsingu á verki og samþykkt hönnunargögn.

32. gr.
Ábyrgð og verksvið iðnmeistara.

Byggingarstjóri skal tilkynna útgefanda byggingarleyfis skriflega um þá húsasmíðameistara, múrarameistara, pípulagningameistara, rafvirkjameistara, blikksmíðameistara, stálvirkjameistara, málarameistara og veggfóðrarameistara sem tekið hafa að sér að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum framkvæmdar og nauðsynlegt er að komi að viðkomandi verki. Skal slík staðfesting liggja fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út. Ekki þarf þó að tilkynna um málarameistara eða veggfóðrarameistara vegna byggingar frístundahúss, bílskúrs, íbúðarhúss eða viðhalds og viðbyggingar slíkra mannvirkja til eigin nota eiganda.

Iðnmeistari ber ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að þeir verkþættir sem hann tekur að sér að framkvæma séu í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti, verklýsingar og ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Skaðabótaábyrgð iðnmeistara fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda.

Þeir iðnmeistarar einir geta borið ábyrgð á einstökum verkþáttum við mannvirkjagerð sem hlotið hafa til þess löggildingu Byggingarstofnunar. Iðnmeistarar, sem hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla eða hafa a.m.k. sambærilega menntun á hlutaðeigandi sviði, geta hlotið slíka löggildingu.

Löggilding til handa rafvirkjameisturum sem gefin er út á grundvelli laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, jafngildir löggildingu skv. 3. mgr.

Byggingarstofnun heldur skrá yfir löggilta iðnmeistara og skal hún varðveitt í gagnasafni stofnunarinnar.

Iðnmeistarar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi sem feli a.m.k. í sér staðfestingu á hæfni iðnmeistara, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra og skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, auk lýsingar á og skrár um innra eftirlit iðnmeistarans í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð.

Iðnmeistari skal tilkynna Byggingarstofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar.

33. gr.
Iðnmeistaraskipti.

Hætti iðnmeistari umsjón með verkþætti áður en verki er lokið skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum án tafar og tilkynna það útgefanda byggingarleyfis.

Byggingarstjóri skal sjá til þess að framkvæmdir við þá verkþætti sem fráfarandi iðnmeistari bar ábyrgð á og hafði umsjón með séu stöðvaðar þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Skal byggingarstjóri gera úttekt á þeim verkþáttum er fráfarandi iðnmeistari hafði umsjón með og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi iðnmeistara, ef þess er kostur, og hinum nýja. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.

VII. KAFLI
Eftirlit með mannvirkjagerð.

34. gr.
Áfangaúttektir.

Mannvirki skulu byggð þannig að þau uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Gerðar skulu áfangaúttektir á einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar þar sem eftirlitsaðili fer yfir hvort sá þáttur sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög þessi og reglugerðir sem settar hafa verið samkvæmt þeim.

Byggingarstjóri mannvirkis, fyrir hönd eiganda þess, skal sjá til þess að áfangaúttektir fari fram og tilkynnir eftirlitsaðila um þær. Byggingarstjóra er skylt að vera viðstaddur áfangaúttektir. Enn fremur skal iðnmeistari eða aðili sem hann tilnefnir í sinn stað vera viðstaddur úttekt á þeim verkþáttum sem eru á hans ábyrgðarsviði nema um annað sé samið í samningi milli iðnmeistara og eiganda.

Geri eftirlitsaðili alvarlegar athugasemdir við úttekt verkþáttar skal byggingarstjóri sjá til þess að bætt sé úr og áfangaúttekt endurtekin.

Leggi eigandi mannvirkis fram skriflega greinargerð um framkvæmd innra eftirlits byggingarstjóra getur útgefandi byggingarleyfis heimilað byggingarstjóra að framkvæma sjálfur einstakar áfangaúttektir.

35. gr.
Öryggisúttekt.

Þegar mannvirki er tekið í notkun skal gerð úttekt á öryggi þess og hollustuháttum. Óheimilt er að flytja inn í eða taka í notkun mannvirki nema það uppfylli öryggis- og hollustukröfur laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og útgefandi byggingarleyfis hafi gefið út vottorð um framkvæmd öryggisúttektar.

Byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda mannvirkis, skal óska eftir öryggisúttekt áður en það er tekið í notkun. Viðstaddir slíka úttekt skulu vera, auk eftirlitsaðila og byggingarstjóra, fulltrúi slökkviliðs og þeir iðnmeistarar og hönnuðir sem þess óska eða eru til þess boðaðir af byggingarstjóra. Hafi byggingarstjóri vanrækt að óska eftir öryggisúttekt áður en mannvirki er tekið í notkun skal útgefandi byggingarleyfis boða til slíkrar úttektar og skal hann þá í þeim tilvikum tilkynna það Byggingarstofnun. Einnig getur eigandi mannvirkis ávallt óskað eftir öryggisúttekt.

36. gr.
Lokaúttekt.

Innan þriggja ára frá því að mannvirki var tekið í notkun og öryggisúttekt fór fram skal framkvæmd lokaúttekt á mannvirkinu. Heimilt er að framkvæma samtímis öryggis- og lokaúttekt.

Byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda mannvirkis, skal óska eftir lokaúttekt. Viðstaddir slíka úttekt skulu vera, auk eftirlitsaðila, byggingarstjóri og fulltrúi slökkviliðs. Byggingarstjóri skal tilkynna iðnmeisturum og hönnuðum mannvirkisins um framkvæmd lokaúttektar og gefa þeim kost á að vera viðstaddir. Hafi byggingarstjóri vanrækt að óska eftir lokaúttekt innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr. skal útgefandi byggingarleyfis boða til slíkrar úttektar og skal hann þá í þeim tilvikum tilkynna það Byggingarstofnun. Einnig getur eigandi mannvirkis óskað eftir að lokaúttekt sé framkvæmd.

Við lokaúttekt skal gerð úttekt á því hvort mannvirkið uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim og hvort byggt hafi verið í samræmi við samþykkt hönnunargögn.

Sé mannvirki ekki fullgert við framkvæmd lokaúttektar, það uppfyllir ekki að öllu leyti ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim eða er ekki að öllu leyti í samræmi við samþykkt hönnunargögn getur útgefandi byggingarleyfis gefið út vottorð um framkvæmd lokaúttektar með athugasemdum. Þáttum sem varða aðgengi skal þó ávallt hafa verið lokið við framkvæmd lokaúttektar.

Komi í ljós við framkvæmd lokaúttektar að mannvirki uppfyllir ekki öryggis- eða hollustukröfur getur eftirlitsaðili fyrirskipað lokun mannvirkis og lagt fyrir eiganda þess að bæta úr og skal þá lokaúttektarvottorð ekki gefið út fyrr en það hefur verið gert.

37. gr.
Aðgangur að mannvirki.

Starfsmönnum Byggingarstofnunar, byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans og fulltrúum slökkviliðs, svo og starfsmönnum skoðunarstofa sem falið hefur verið eftirlit, sbr. 20. gr., skal heimill frjáls aðgangur að lóðum og mannvirkjum til eftirlits með byggingarframkvæmdum.

Uppdrættir, samþykktir og áritaðir af útgefanda byggingarleyfis, ásamt útgefnu byggingarleyfi, skulu ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.

Liggi rökstuddur grunur fyrir um að fullbyggðu mannvirki sé verulega áfátt með tilliti til ákvæða laga og reglugerða um byggingarmál skal eftirlitsaðila heimill aðgangur þar til eftirlits. Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum úrskurði dómara.

VIII. KAFLI
Viðskipti með byggingarvörur.

38. gr.
Framleiðandi og dreifingaraðili.

Í þessum kafla telst framleiðandi byggingarvöru vera sá sem býr til fullunna vöru, býr til hluta vöru eða lætur af hendi hráefni eða vinnur eða aflar afurða úr náttúrunni, að því tilskildu að hann hafi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Einnig telst framleiðandi vera sá sem merkir framleiðsluvöruna með nafni sínu, vörumerki eða öðru kennimarki eða aðili sem endurgerir vöruna. Hafi framleiðandi vöru ekki staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal fulltrúi hans teljast framleiðandi. Hafi hvorki fulltrúi framleiðanda né framleiðandi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal innflytjandi teljast framleiðandi.

Dreifingaraðili telst hver sá í aðfangakeðjunni sem stundar starfsemi er hefur ekki áhrif á öryggiseiginleika framleiðsluvöru.

39. gr.
Markaðssetning byggingarvara.

Markaðssetning byggingarvöru er einungis heimil ef varan uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1. Varan hentar til áformaðra nota. Í því felst að varan hafi þá eiginleika að mannvirki, sem á að fella hana inn í, setja saman við eða nota við, ef það er rétt hannað og byggt, geti fullnægt grunnkröfunum sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi. Mannvirkið skal fullnægja grunnkröfunum þann tíma sem eðlilegt og fjárhagslega hagkvæmt er að nýta það.
2. Varan uppfyllir kröfur eftirfarandi tækniákvæða:
   a. samhæfðra evrópskra staðla, eða
   b. evrópsks tæknisamþykkis, eða
   c. innlends tækniákvæðis, sem uppfyllir grunnkröfur sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi og samþykkt hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA, í þeim tilvikum sem samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópsk tæknisamþykki eru ekki til.

3. Ef til eru samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki fyrir viðkomandi byggingarvöru skal hún að auki merkt með CE-merki í samræmi við ákvæði 43. gr.

Mat á því hvort byggingarvara uppfyllir kröfur 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal framkvæmt af tilnefndum aðila með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við ákvæði 41. gr. áður en varan er markaðssett. Byggingarvara telst uppfylla kröfur 1. og 2. tölul. 1. mgr. ef hún er réttilega merkt með CE-merkinu í samræmi við ákvæði 43. gr.

40. gr.

Evrópskt tæknisamþykki.

Óski framleiðandi eftir að fá evrópskt tæknisamþykki fyrir byggingarvöru skal hann greiða allan kostnað við öflun þess.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um evrópsk tæknisamþykki.

41. gr.

Staðfesting á samræmi.

Tilnefndur aðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu annast mat á samræmi byggingarvöru við tækniákvæði. Framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu ber ábyrgð á að samræmismat byggingarvara fari fram og greiðir allan kostnað af matinu.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd samræmismats byggingarvara á grundvelli ákvæða EES-samningsins sem gildi hafa hér á landi. Heimilt er í reglugerðinni að gera þá kröfu að framleiðandi hafi innra eftirlitskerfi í verksmiðjunni til að tryggja að framleiðslan sé í samræmi við viðeigandi tækniákvæði eða að gera þá kröfu að auk innra eftirlitskerfis framleiðanda hafi tilnefndur aðili eftirlit með kerfinu eða vörunni sjálfri, sé mælt svo fyrir í tækniákvæðum fyrir viðkomandi byggingarvöru.

Samræmisyfirlýsing framleiðanda eða samræmisvottorð veitir ábyrgðaraðila með staðfestu innan EES rétt til að setja CE-merkið á vöruna, sbr. 43. gr., áfestan merkimiða, umbúðirnar og meðfylgjandi viðskiptaskjöl. Samræmisvottorð og samræmisyfirlýsing vegna byggingarvöru sem markaðssett er á Íslandi skulu vera á íslensku.

42. gr.

Tilnefndur aðili.

Skoðunar-, prófunar- og vottunarstofur geta óskað eftir því að annast samræmismat sem tilnefndir aðilar. Tilnefndur aðili skal hafa faggildingu og faglega þekkingu til að meta samræmi viðkomandi byggingarvöru við grunnkröfur laga þessara. Um faggildinguna fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., og ákvæðum laga þessara.

Umhverfisráðherra annast tilkynningar um tilnefnda aðila til viðeigandi stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tilnefndur aðili skal hafa hlutleysi þriðja aðila og vera án allra hagsmunatengsla við viðskiptavini sína og aðra hagsmunahópa. Hann má ekki stunda eftirlit með byggingarvörum á markaði.

Tilnefndur aðili, sem ekki er ríkisfyrirtæki, skal hafa ábyrgðartryggingu fyrir starfsemi sína sem nær til skaðabótaábyrgðar gagnvart öllum þeim sem hann kann að valda tjóni með starfsemi sinni. Tilnefndur aðili skal taka þátt í samstarfi tilnefndra aðila á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um kröfur sem gerðar eru til tilnefndra aðila.

43. gr.

Notkun CE-merkis.

Einungis er heimilt að merkja byggingarvörur með CE-merkinu ef:

a. varan samræmist samhæfðum evrópskum stöðlum, eða
b. varan samræmist evrópsku tæknisamþykki, eða
c. varan samræmist innlendu tækniákvæði sem uppfyllir grunnkröfur sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi og samþykkt hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA, í þeim tilvikum sem samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópsk tæknisamþykki eru ekki til.

Óheimilt er að festa á vörur merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkisins. Festa má hvers kyns aðrar merkingar á vörurnar eða merkiplötu að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

Framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu ber ábyrgð á réttri notkun merkisins í samræmi við ákvæði laga þessara og að CE-merkið sé sett á vöruna, áfestan merkimiða, umbúðirnar eða meðfylgjandi viðskiptaskjöl.

Þegar byggingarvörur lúta einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um að festa skuli CE-merki á þær skal koma fram að gengið sé út frá því að viðkomandi vörur séu í samræmi við ákvæði þeirra reglugerða.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um CE-merkingar byggingarvöru.

44. gr.

Opinbert markaðseftirlit.

Byggingarstofnun hefur eftirlit með því að byggingarvörur á markaði uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Stofnunin fylgist með byggingarvörum á markaði, aflar á skipulegan hátt upplýsinga um þær og tekur við ábendingum frá byggingarfulltrúum, hönnuðum, byggingarstjórum, iðnmeisturum, neytendum og öðrum aðilum.

Byggingarstofnun getur falið faggiltri skoðunarstofu að framkvæma markaðseftirlit eða faggiltri prófunarstofu að prófa og meta hvort byggingarvörur uppfylli ákvæði laga þessara. Um faggildinguna gilda ákvæði laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl. Beiting réttarúrræða skv. 46. gr. skal vera í höndum Byggingarstofnunar.

Byggingarstofnun getur haft samstarf við tollyfirvöld um framkvæmd markaðseftirlits með byggingarvörum við innflutning.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd markaðseftirlits með byggingarvörum.

45. gr.

Heimild til skoðunar og upplýsingaskylda.

Byggingarstofnun eða eftir atvikum aðila sem hefur verið falið markaðseftirlit með byggingarvörum, sbr. 2. mgr. 44. gr., er heimilt að skoða byggingarvörur hjá ábyrgðaraðila og seljanda, taka sýnishorn af byggingarvörum til rannsókna og krefja þá um allar nauðsynlegar upplýsingar, svo sem aðgang að skrá yfir þá sem hafa vöruna á boðstólum, samræmisvottorð, samræmisyfirlýsingar, prófunarskýrslur og tæknilegar upplýsingar.

Framleiðandi eða dreifingaraðili ber kostnað vegna þeirra sýnishorna sem tekin eru til rannsóknar skv. 1. mgr. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum. Sýnishorn vöru samkvæmt þessari grein er að jafnaði eitt eintak vöru eða lágmarksfjöldi sem nauðsynlegur er til að framkvæma rannsókn.

Framleiðandi eða dreifingaraðili ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal hann bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað. Framleiðandi eða dreifingaraðili greiðir allan kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Framleiðanda eða dreifingaraðila er heimilt að annast tilkynningar til almennings enda sé framkvæmd tilkynningar með þeim hætti að eðlilegum varnaðaráhrifum verði náð.

Sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu byggingarvöru hér á landi skal halda skrá yfir allar vörur sem hann hefur á boðstólum og hafa tiltæk afrit af tæknigögnum vörunnar. Enn fremur skal hann að beiðni Byggingarstofnunar afhenda skrá með upplýsingum um birgja og þá er bjóða fram vörur hans ef það er að mati stofnunarinnar nauðsynlegt í tengslum við rannsókn máls.

46. gr.

Réttarúrræði Byggingarstofnunar.

Byggingarstofnun getur afturkallað, tekið af markaði eða bannað sölu eða afhendingu byggingarvöru ef hún uppfyllir ekki formleg skilyrði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, samræmisvottorð, samræmisyfirlýsingar eða prófunar- og skoðunarskýrslur.

Leiki rökstuddur grunur á að byggingarvara sé ekki í samræmi við tækniákvæði getur Byggingarstofnun ákveðið tímabundið bann við sölu eða afhendingu hennar á meðan rannsókn, sem ekki skal standa lengur en fjórar vikur, fer fram. Þó er heimilt að framlengja bannið um allt að fjórar vikur ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast að bannið verði framlengt.

Ef í ljós kemur að vara sem lýst hefur verið yfir að samræmist ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, en uppfyllir ekki viðeigandi tækniákvæði, skal Byggingarstofnun innkalla þá vöru eða banna eða takmarka markaðssetningu hennar.

47. gr.

Förgun vöru og lagfæring.

Byggingarstofnun er heimilt í tengslum við beitingu ákvæða 46. gr. að skylda framleiðanda eða dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vöru og farga henni með öruggum hætti. Ávallt skal þó áður gefa ábyrgðaraðila kost á að bæta úr ágöllum vöru eða fylgigögnum hennar innan hæfilegs frests nema varan teljist sérlega hættuleg.

48. gr.

Tilkynningarskylda.

Verði byggingarfulltrúi, hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari var við að á markaði sé byggingarvara sem ekki uppfyllir kröfur laga þessara skal hann tilkynna um það til Byggingarstofnunar.

49. gr.

Notkun byggingarvöru og ábyrgð eiganda mannvirkis.

Byggingarvörur til notkunar í eða við mannvirkjagerð skulu uppfylla skilyrði 39. gr.

Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að við byggingu þess og rekstur séu einungis notaðar byggingarvörur sem uppfylla ákvæði laga þessara.

IX. KAFLI
Gjaldtaka og leyfisgjöld.

50. gr.
Byggingaröryggisgjald.

Vátryggingafélög og aðrir sem annast vátryggingar skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum sérstakt byggingaröryggisgjald. Byggingaröryggisgjaldið skal nema 0,045 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging telst þó ekki gjaldskyld trygging í þessu efni né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Byggingaröryggisgjaldið skal notað til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar.

Þeir sem innheimta byggingaröryggisgjaldið skulu hafa staðið ríkissjóði skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra sem annast innheimtu þess liggja fyrir.

Ráðherra setur nánari reglur um innheimtu byggingaröryggisgjalds í reglugerð.

51. gr.
Gjaldskrá vegna byggingareftirlits byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórnum er heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, og útgáfu byggingarleyfis byggingarfulltrúa, útgáfu stöðuleyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

52. gr.
Gjaldskrá Byggingarstofnunar.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Byggingarstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, og útgáfu byggingarleyfis og vottorða, fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vegna umsóknar og útgáfu evrópsks tæknisamþykkis. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

53. gr.
Greiðsla gjalda.

Sveitarstjórnir og Byggingarstofnun ákveða í gjaldskrá sinni gjalddaga byggingarleyfisgjalda og hvernig þau skuli innheimt. Eigi má gefa út byggingarleyfi fyrr en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið hefur verið um greiðslu þeirra.

Vanskil á greiðslu gjalda skv. 1. mgr. veitir byggingarfulltrúa og Byggingarstofnun heimild til að neita að gefa út vottorð um viðkomandi mannvirki.

Gjöldum skv. 51. og 52. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

X. KAFLI
Rannsóknir, þvingunarúrræði og viðurlög.

54. gr.
Rannsóknir á tjóni á mannvirkjum.

Verði manntjón eða alvarleg hætta skapast vegna tjóns á mannvirki eða tjónið er til þess fallið að skapa hættu skal Byggingarstofnun rannsaka tjónið og orsakir þess, framkvæmd byggingareftirlits og hvernig að hönnun mannvirkis og byggingarframkvæmdum hafi verið staðið. Um rannsóknir á tjóni vegna eldsvoða gilda ákvæði VII. kafla laga um brunavarnir. Skilgreina skal nánar í reglugerð hvaða tjón Byggingarstofnun skal rannsaka samkvæmt þessari grein.

Eigandi mannvirkis sem verður fyrir tjóni sem fellur undir 1. mgr. skal tilkynna það til Byggingarstofnunar svo fljótt sem unnt er. Hafi byggingarfulltrúi orðið þess áskynja að tjón hafi orðið á mannvirki sem fellur undir 1. mgr. skal hann tilkynna það Byggingarstofnun. Byggingarstofnun getur hafið rannsókn að eigin frumkvæði vanræki eigandi að tilkynna um tjónið. Byggingarstofnun skal senda viðkomandi byggingarfulltrúa niðurstöður rannsóknar tjóns eftir því sem við á.

Byggingarstofnun rannsakar vettvang þegar eftir að tjón hefur verið tilkynnt, eftir atvikum með aðstoð lögreglu ef um er að ræða slys sem sætir lögreglurannsókn samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Byggingarstofnun skal fá afrit af öllum rannsóknargögnum lögreglu að lokinni lögreglurannsókn, hafi hún farið fram. Byggingarstofnun kveður til sérfróða menn vegna rannsóknarinnar eftir því sem þörf krefur.

Vátryggingafélög skulu senda Byggingarstofnun upplýsingar ár hvert um bætt tjón á mannvirkjum.

55. gr.
Stöðvun framkvæmda, lokun mannvirkis o.fl.

Ef byggingarleyfisskyld framkvæmd skv. 9. gr. er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ekki sótt um leyfi fyrir breyttri notkun mannvirkis, það byggt á annan hátt en leyfi stendur til, mannvirkið eða notkun þess brýtur í bága við skipulag, mannvirki er tekið í notkun án þess að öryggisúttekt hafi farið fram eða ef mannvirki er tekið til annarra nota en heimilt er samkvæmt útgefnu byggingarleyfi getur byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir eða notkun tafarlaust og fyrirskipað lokun mannvirkis. Sama gildir ef ekki er að öðru leyti fylgt ákvæðum laganna eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim við byggingarframkvæmdina. Ef mannvirkið fellur undir 3. mgr. 9. gr. skal stöðvun framkvæmda og lokun mannvirkis vera í höndum Byggingarstofnunar.

Ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni eða hún brýtur í bága við skipulag getur byggingarfulltrúi eða eftir atvikum Byggingarstofnun, ef mannvirkið fellur undir 3. mgr. 9. gr., krafist þess að hið ólöglega mannvirki eða byggingarhluti sé fjarlægt, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni eigandi ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða byggingarfulltrúa og Byggingarstofnun við þær aðgerðir er greinir í 1. og 2. mgr.

Reynist öryggi mannvirkis ábótavant við öryggis- eða lokaúttekt þess eða það telst skaðlegt heilsu skal útgefandi byggingarleyfis fyrirskipa lokun þess og koma í veg fyrir að mannvirkið verði tekið í notkun fyrr en úr hefur verið bætt.

Sveitarfélag eða eftir atvikum ríkið á endurkröfu á eiganda mannvirkis á kostnaði sem það hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og lögveð fyrir kröfu sinni í öllu efni sem notað hefur verið við byggingarframkvæmdina.

56. gr.
Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Sé ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar ábótavant, af því stafar hætta eða það telst skaðlegt heilsu að mati byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnunar, eða ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum, lögum, reglugerðum og byggingarlýsingu, skal gera eiganda eða umráðamanni þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er. Sama gildir ef vanrækt er að láta fara fram úttektir samkvæmt lögum þessum, ef notkun mannvirkis er breytt án samþykkis byggingarfulltrúa eða ef notkun mannvirkis brýtur í bága við skipulag.

Byggingarstofnun og byggingarfulltrúa er heimilt að beita dagsektum allt að 500.000 kr. til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt. Dagsektir sem byggingarfulltrúi leggur á renna í sveitarsjóð en í ríkissjóð ef þær eru lagðar á af Byggingarstofnun.

Byggingarfulltrúi og Byggingarstofnun geta látið vinna verk, sem þau hafa lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 2. og 3. mgr. má innheimta með fjárnámi.

57. gr.
Áminning og missir löggildingar eða starfsleyfis.

Ef hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi getur Byggingarstofnun veitt honum áminningu. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur Byggingarstofnun svipt hönnuð eða iðnmeistara löggildingu.

Byggingarstofnun getur svipt byggingarstjóra starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef byggingarstjóri brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi.

Byggingarfulltrúi sem verður áskynja um brot hönnuðar, byggingarstjóra eða iðnmeistara samkvæmt þessari grein skal tilkynna um það til Byggingarstofnunar.

58. gr.
Refsiábyrgð.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

59. gr.
Úrskurðir.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara eru kæranlegar til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 17. gr. Um meðferð kæru og um kæruaðild fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

60. gr.
Setning reglugerða.

Ráðherra setur að tillögu Byggingarstofnunar og í samráði við hagsmunaaðila reglugerðir sem ná til alls landsins þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara. Við setningu reglugerða á grundvelli laga þessara skal haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði er varða skyldur sveitarfélaga. Í reglugerð skulu vera ákvæði um eftirfarandi atriði, sbr. einnig önnur ákvæði laga þessara um setningu reglugerða:

1. Kröfur sem gera skal til hönnunar og mannvirkja um útlit, rýmisstærðir og samsvörun við næsta umhverfi, hagkvæmni og notagildi, aðgengi, öryggi, heilnæmi, tæknilegan frágang og viðhald, auk krafna um gróður og frágang lóða, þ.m.t. girðingar. Einnig lágmarkskröfur sem einstakir hlutar mannvirkja og mismunandi tegundir þeirra skulu uppfylla, svo sem varðandi undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftgæði, hljóðvist, birtu, lagnakerfi, hollustuhætti, brunavarnir og þess háttar. Jafnframt skal kveða á um kröfur til mannvirkja við verulegar breytingar á þeim eða breytingar á notkun mannvirkis. Í reglugerð er heimilt að vísa til staðla, sem Staðlaráð Íslands hefur staðfest eða sett, um tæknilega útfærslu eða annað sem snýr að mannvirkjum, eða til ákvæða og skuldbindinga sem fylgja aðild Íslands að alþjóðasamningum.
2. Hönnunargögn, byggingarlýsingar, skýrslur um innra og ytra eftirlit, greinargerðir og önnur gögn er skila þarf vegna umsóknar um byggingarleyfi. Í reglugerð skal kveða á um kröfur til hönnunargagna mismunandi mannvirkja og mannvirkjahluta og skiptingu uppdrátta í aðal-, sér- og deiliuppdrætti. Einnig skulu vera ákvæði um hvaða hönnunargögnum skal skilað vegna virkjana og annarra sérhæfðra mannvirkja og til hvaða þátta eftirlit útgefanda byggingarleyfis skal taka.
3. Framkvæmd innra eftirlits við byggingarframkvæmdir og þær kröfur sem gerðar eru til gæðakerfa hönnuða, samræmingaraðila, byggingarstjóra og iðnmeistara. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að gæðastjórnunarkerfi þessara aðila skuli vottuð af faggiltri vottunarstofu. Heimilt er að gera mismunandi kröfur til gæðakerfa samkvæmt lögum þessum eftir gerð mannvirkis.
4. Framkvæmd námskeiðahalds og prófs fyrir hönnuði skv. 26. gr. og lágmarksárangur til að standast það.
5. Nánari ákvæði um útgáfu starfsleyfis byggingarstjóra, flokkun starfsleyfa eftir gerð mannvirkja, framkvæmd námskeiðs, auk ákvæða um starfshætti, ábyrgð og verksvið byggingarstjóra, sbr. 27.–31. gr.
6. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfa faggiltra skoðunarstofa, sbr. 20. gr., gildistíma starfsleyfis, starfsemi skoðunarstofa, hæfi skoðunarmanna, sbr. 21. gr., og hvaða þáttum byggingareftirlits skoðunarmönnum I–III er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða framkvæmd úttekta.
7. Úttektarskyldu, framkvæmd áfangaúttekta, öryggisúttektar og lokaúttektar, þar sem m.a. er kveðið á um þau gögn sem leggja þarf fram vegna þeirra.
8. Staðsetningu, gerð og frágang skilta auk ákvæða um hvaða skilti skulu háð byggingarleyfi.
9. Skilyrði fyrir veitingu stöðuleyfa fyrir gáma, báta, torgsöluhús, stór samkomutjöld og þess háttar sem ætlað er að standa utan skipulagðra svæða fyrir slíka hluti í lengri tíma en tvo mánuði. Í reglugerð skal kveðið á um atriði er varða öryggi og hollustuhætti vegna þessara lausafjármuna og um heimildir byggingarfulltrúa til þess að krefjast þess

að þeir séu fjarlægðir ef ekki eru uppfyllt ákvæði reglugerðarinnar.
10. Frágang leiksvæða, íþróttasvæða og annarra opinna svæða.
11. Nánari ákvæði um gagnasafn Byggingarstofnunar um mannvirki og mannvirkjagerð, hvað skal skrá þar og með hvaða hætti. Skoðunarhandbók skal vera hluti af gagnasafni Byggingarstofnunar og skal birt sem fylgiskjal við reglugerð. Í skoðunarhandbókinni skulu m.a. vera ákvæði um framkvæmd úttekta, eftirlitsaðferðir, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.
12. Nánari ákvæði um framkvæmd byggingareftirlits og verksvið byggingarfulltrúa og Byggingarstofnunar.
13. Nánari ákvæði um beitingu þvingunarúrræða skv. 55.–57. gr.

61. gr.
Gagnasafn Byggingarstofnunar.

Byggingarstofnun skal starfrækja rafrænt gagnasafn fyrir upplýsingar um mannvirki og mannvirkjagerð um land allt í samræmi við ákvæði laga þessara. Gagnasafnið skal vera innan gagna- og upplýsingakerfis fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands eða samtengjanlegt því. Byggingarfulltrúar og slökkvilið skulu hafa endurgjaldslausan aðgang að þeim hluta gagnasafns Byggingarstofnunar sem varðar mannvirki og mannvirkjagerð í umdæmi þeirra.

62. gr.
Um yfirstjórn mannvirkjamála á varnar- og öryggissvæðum.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á varnar- og öryggissvæðum eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 34/2008, sbr. og lög nr. 110/1951, og lögum nr. 176/2006 eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu.

Ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um mannvirkjamál á varnar- og öryggissvæðum, sbr. þó ákvæði 1. mgr. 21. gr. laga nr. 34/2008. Byggingarstofnun, í umboði utanríkisráðherra, gefur út byggingar- og framkvæmdaleyfi og hefur eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum leyfisskyldum framkvæmdum á varnar- og öryggissvæðum. Gerður skal þjónustusamningur milli Byggingarstofnunar og utanríkisráðherra um framkvæmd byggingareftirlits stofnunarinnar samkvæmt þessari grein.

Umhverfisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við utanríkisráðherra. Heimilt er í reglugerð að gera sérstakar kröfur til mannvirkja á varnar- og öryggissvæðum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

63. gr.
Þagnar- og trúnaðarskylda.

Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru bundnir þagnarskyldu og trúnaði um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnar- og trúnaðarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að ástæðulausu.

64. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru samkvæmt eldri lögum skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi.

65. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. Í stað orðsins „Brunamálastofnunar“ í 3. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, og hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi beygingarfalli: Byggingarstofnun.
2. Á eftir orðinu „byggingarnefndar“ í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 35/1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 16/1951, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar, kemur: sé hún til staðar; og á eftir orðunum „samþykki hennar á skiptingunni“ í sömu málsliðum kemur: eða að öðrum kosti vottorð byggingarfulltrúa um samþykki sveitarstjórnar.
3. Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra:
   a. Í stað orðanna „byggingarlaga og byggingarreglugerðar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: laga um mannvirki og reglugerða settra samkvæmt þeim.
   b. Í stað orðsins „byggingarnefnda“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: sveitarstjórna.
4. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 104/2001, um húsafriðun:
   a. Á eftir orðunum „hlutaðeigandi lögreglustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: og; og orðin „og byggingarnefnd“ í lok sama málsliðar falla brott.
   b. Í stað orðanna „byggingarnefnd verður vör“ í 14. gr. laganna kemur: byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi verður var; og í stað orðsins „hún“ í sömu grein kemur: viðkomandi nefnd eða byggingarfulltrúi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þrátt fyrir ákvæði 64. gr. er heimilt fyrir gildistöku laga þessara að skipa forstjóra Byggingarstofnunar sem vinna skal að undirbúningi gildistöku laga þessara í samráði við umhverfisráðherra. Byggingarstofnun mun taka við lögformlegu hlutverki sínu við gildistöku laga þessara.
2. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. halda starfandi byggingarfulltrúar við gildistöku laga þessara fullum rétti sínum til starfa, sbr. þó 3. tölul.
3. Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar hafa frest til 1. janúar 2018 til að afla sér faggildingar í samræmi við ákvæði 19. gr., sbr. 21. gr. Fyrir 1. janúar 2015 skulu Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar hafa komið sér upp gæðastjórnunarkerfi. Hafi gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu skal Byggingarstofnun til 1. janúar 2018 gera úttektir á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfanna. Byggingarfulltrúar og starfsmenn þeirra sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu teljast uppfylla skilyrði a–c-liðar 1. mgr. 21. gr.
4. Þeir hönnuðir sem öðlast höfðu, með löggildingu umhverfisráðherra eða með öðrum hætti, rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfisumsóknar í gildistíð eldri laga halda þeim rétti sínum. Þeir skulu enn fremur teljast uppfylla kröfur um hliðstæða löggildingu Byggingarstofnunar skv. b- og c-lið 1. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 28. gr.
5. Iðnmeistarar sem fengið höfðu viðurkenningu byggingaryfirvalda eða löggildingu umhverfisráðherra í gildistíð eldri laga til að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar hver á sínu sviði halda þeim rétti. Þeir skulu enn fremur teljast uppfylla kröfur um löggildingu Byggingarstofnunar skv. a-lið 1. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 28. gr.

6. Hafi þeir aðilar, sem taldir eru upp í 25. gr., þegar við gildistöku laga þessara lokið hluta reynslutíma sem nauðsynlegur er samkvæmt núgildandi lögum til að öðlast löggildingu skulu þeir eiga kost á að ljúka honum eftir eldri reglum.
7. Þeir aðilar sem sannanlega hafa tekið að sér byggingarstjórn mannvirkis í gildistíð eldri laga teljast uppfylla skilyrði 2. og 3. mgr. 28. gr. og mega því annast byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. og 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. laga þessara. Til að starfa sem byggingarstjórar samkvæmt ákvæðum laga þessara skulu þeir hafa viðeigandi gæðastjórnunarkerfi og afla sér starfsleyfis Byggingarstofnunar.
8. Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 13. gr. hafa hönnuðir, samræmingaraðilar, byggingarstjórar og iðnmeistarar frest til 1. janúar 2015 til að uppfylla ákvæði 24. gr., 31. gr. og 6. mgr. 32. gr. um gæðastjórnunarkerfi.
9. Á meðan ekki eru til samhæfðir evrópskir staðlar og/eða evrópskt tæknisamþykki fyrir byggingarvöru er markaðssetning hennar heimil, þrátt fyrir ákvæði 39. gr., ef hún hefur vottun eða umsögn um að hún uppfylli kröfur reglugerða sem settar eru á grundvelli laga þessara, standist staðla og falli að verklagi og sérislenskum aðstæðum. Hliðsjón skal höfð af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins varðandi hlutverk framleiðanda og tilnefnds aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur. Ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins varðandi einstaka vöruflokka skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur. Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Byggingarstofnun eða aðrir þar til bærir aðilar sem umhverfisráðuneytið viðurkennir skulu gegna samsvarandi hlutverki og tilnefndur aðili vegna ákvæða þessarar greinar. Þessir aðilar annast staðfestingu á samræmi og gefa út vottorð eða umsögn þar að lútandi.
10. Starfsmenn Brunamálastofnunar og Skipulagsstofnunar sem vinna að þeim verkefnum sem færast 1. janúar 2011 til Byggingarstofnunar skulu eiga forgangsrétt til starfa hjá Byggingarstofnun. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.
11. Krafa 1. mgr. 42. gr. um að tilnefndur aðili skuli hafa faggildingu tekur gildi 1. janúar 2016. Fram að þeim tíma skal tilnefndur aðili hafa gæðastjórnunarkerfi sem Byggingarstofnun viðurkennir og hefur eftirlit með.
12. Krafa 1. mgr. 17. gr. um að eftirlit skuli framkvæmt í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka tekur gildi 1. janúar 2015.

Viðauki.
GRUNNKRÖFUR.

Byggingarvörur skulu henta til bygginga og mannvirkja og (bæði í heild og að hluta) koma að tilætluðum notum frá efnahagslegu sjónarmiði og fullnægja í því samhengi eftirfarandi grunnkröfum ef verkin falla undir reglugerðir með slíkum kröfum. Kröfunum skal fullnægt þann tíma sem eðlilegt og fjárhagslega hagkvæmt er að nýta þau, með fyrirvara um eðlilegt viðhald. Í kröfunum er yfirleitt miðað við fyrirsjáanleg áhrif.

1. BURÐARÞOL OG STÖÐUGLEIKI.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann veg að álagið sem hætt er við að verki á þau meðan á framkvæmdum stendur og við notkun leiði ekki til:

a. að allt verkið eða hluti þess hrynji,
b. mikilla formbreytinga að því marki að ekki verði við unað,

c. skemmda á öðrum hlutum verksins, lögnum eða föstum búnaði vegna mikilla formbreytinga á burðarvirki,
d. skemmda vegna ytri áhrifa þar sem skemmdirnar eru óeðlilega miklar miðað við upprunalega orsök þeirra.

2. VARNIR GEGN ELDSVOÐA.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að brjótist eldur út:
a. megi gera ráð fyrir að burðargeta verksins haldi tiltekinn tíma,
b. skuli glæðing og útbreiðsla elds og reyks takmörkuð inni í byggingunni,
c. skuli útbreiðsla elds til bygginga og mannvirkja í grenndinni takmörkuð,
d. geti viðstaddir yfirgefið bygginguna eða bjargast eftir öðrum leiðum,
e. sé öryggi björgunarliðs haft í huga.

3. HOLLUSTA, HEILSA OG UMHVERFI.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að hollustuháttum og heilsu íbúa og nábúa sé eigi stefnt í hættu, m.a. vegna:
a. eiturgasleka,
b. hættulegra agna eða lofttegunda í lofti,
c. hættulegrar geislunar,
d. mengunar eða eitrunar í vatni eða jarðvegi,
e. lélegrar fráveitu skólps, reyks og fasts eða fljótandi úrgangs,
f. rakamyndunar í hlutum bygginga og mannvirkja eða á yfirborði innan dyra.

4. ÖRYGGI VIÐ NOTKUN.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að ekki skapist óviðunandi slysahætta við rekstur eða notkun þeirra, svo sem að menn renni til, detti, rekist á, brenni sig, fái raflost eða hljóti meiðsli af völdum sprengingar.

5. HÁVAÐAVARNIR.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að hávaði, sem fólk á staðnum eða í næsta nágrenni skynjar, sé ekki hærri en svo að viðkomandi bíði ekki heilsutjón og geti sofið, hvílt sig og unnið við viðunandi skilyrði.

6. ORKUSPARNAÐUR OG HITAEINANGRUN.

Hita-, kæli- og loftræsingarkerfi bygginga og mannvirkja skulu hönnuð og byggð á þann hátt að nauðsynleg orkunotkun sé sem minnst með tilliti til veðurfars á staðnum en án þess að til óþæginda sé fyrir íbúana.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt um undirbúning og gerð frumvarpsins.

Vorið 2002 ákvað umhverfisráðuneytið að ráðast í heildarendurskoðun skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Ákveðið var við endurskoðunina að taka mið af reynslu af framkvæmd gildandi laga og að ákvæði laganna um skipulagsmál yrðu sett í sérstök lög, skipulagslög, og ákvæði um byggingar og brunavarnir í sérstök lög, byggingarlög. Jafnframt var ákveðið að við endurskoðun ákvæða laganna um byggingarmál yrði tekið á eftirliti með byggingarvörum á markaði, réttindamálum iðnmeistara og stofnun sérstakrar stofnunar þar sem byggingarmál og brunavarnir yrðu vistaðar. Í samræmi við ákvæði til

bráðabirgða IV í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, skyldi endurskoðunin enn fremur taka til laga um brunavarnir með það fyrir augum að sameina réttarheimildir um byggingar og önnur mannvirki til að einfalda framkvæmd þeirra, þar með að heimila notkun skoðunarstofa í eftirliti með gerð og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja.

Í fyrrgreindu skyni ákvað ráðuneytið að skipa tvær nefndir til þess að endurskoða skipulags- og byggingarlög, annars vegar um skipulagsþáttinn og hins vegar um byggingarþáttinn. Nefndunum var ætlað að hafa náið samráð varðandi tillögugerð og ákveðið að frumvörp til breyttra laga yrðu lögð fram samtímis á Alþingi.

Í nefnd um endurskoðun byggingarlagaþáttarins áttu sæti: Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri umhverfisráðuneytinu, formaður, Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu, Smári Þorvaldsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, Ágúst Þór Jónsson, verkfræðingur, tilnefndur af forsætisráðuneyti, Eyjólfur Bjarnason, tæknifræðingur, tilnefndur af Samtökum iðnaðarins, Magnús Sædal, byggingarfulltrúi, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Björn Karlsson, brunamálastjóri, tilnefndur af Brunamálastofnun.

Nefndinni var ætlað að hafa náið samráð við eftirtalda aðila við gerð frumvarpsins: Ólaf K. Guðmundsson, byggingarfulltrúa, tilnefndan af Félagi byggingarfulltrúa, Baldur Þór Baldursson, húsasmíðameistara, tilnefndan af Meistarafélagi húsasmiða, Sigmund Eyþórsson, slökkviliðsstjóra, tilnefndan af Félagi slökkviliðsstjóra á Íslandi, Stefán Thors, skipulagsstjóra, tilnefndan af Skipulagsstofnun, Jón Sigurjónsson, yfirverkfræðing hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, tilnefndan af iðnaðarráðuneyti, Hauk Ingibergsson, forstjóra, tilnefndan af Fasteignamati ríkisins, Kristján Sveinsson, verkfræðing, tilnefndan af Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Guðjón Bragason, skrifstofustjóra, tilnefndan af félagsmálaráðuneyti, og Guðmund Magnússon, tilnefndan af Öryrkjabandalagi Íslands.

Á árinu 2001 náðist samkomulag milli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og umhverfisráðuneytis um að reglugerð nr. 431/1994, um viðskipti með byggingarvörur, sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setti til þess að uppfylla skyldur sem Ísland tók á sig með samningum um Evrópska efnahagssvæðið, yrði færð yfir til umhverfisráðuneytisins og undir skipulags- og byggingarlög. Ráðuneytin ákváðu í framhaldinu að tekið yrði á málinu við endurskoðun laganna og er hér lagt til að reglugerðin færist undir ný lög og verði viðfangsefni nýrrar stofnunar, Byggingarstofnunar. Enn fremur varð að samkomulagi við félagsmálaráðuneytið að aðgengismál yrðu sérstakt verkefni nýrra byggingarlaga.

Á starfstíma nefndarinnar komu fram þau sjónarmið að ástæða væri til þess að ný byggingarlög fjölluðu um öll mál er vörðuðu öryggi bygginga. Endurskoðunarnefndin kynnti sérstaklega fyrir umhverfisráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti þau áform að leggja til að rafmagnsöryggismál í byggingum ættu að falla undir lög um byggingarmál en þau voru vistuð í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og féllu undir starfsemi Neytendastofu, áður Löggildingarstofu. Með lögum nr. 29/2009 frá 1. apríl 2009, sem breyttu m.a. lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, var yfirstjórn rafmagnsöryggismála hins vegar færð til umhverfisráðherra og yfireftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum fært til Brunamálastofnunar. Fer Neytendastofa þó áfram með markaðseftirlit með rafföngum sem ekki eru varanlega tengd mannvirkjum. Var það mat nefndarinnar sem endurskoðaði byggingarlagaþáttinn að nauðsynlegt væri að rafmagnseftirlit yrði sameinað undir einu ráðuneyti og einni stofnun í því skyni að tryggja skilvirkni og koma í veg fyrir að byggingariðnaðurinn sætti tvöföldu eftirliti.

Nefndin benti enn fremur á að nauðsynlegt væri í mannvirkjakafla byggingarlaga að fleiri mannvirki yrðu sett undir byggingarleyfisskyldu en nú er. Skv. 36. gr. gildandi skipulags- og byggingarlaga ná ákvæði mannvirkjakafla laganna yfir hvers konar byggingar ofan jarðar

og neðan og eru síðan talin upp mannvirki sem undanþegin eru byggingarleyfi og þar með afskiptum byggingarnefnda og byggingarfulltrúa. Þar er um að ræða götur, holræsi, vegi og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir og dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda séu þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Þó þarf byggingarleyfi fyrir varanlegum húsbyggingum sem reistar eru í tengslum við þessar framkvæmdir, þ.e. byggingar sem ekki eru varanlegar, svo sem starfsmannahús og starfsmannabúðir á hálendinu í tengslum við virkjunarframkvæmdir, eru undanþegnar kröfu um byggingarleyfi og þar með undanþegnar eftirliti byggingarfulltrúa. Nefndin telur nauðsynlegt að færa fleiri framkvæmdir undir byggingarleyfisskyldu, ekki síst þar sem þessar framkvæmdir eru í æ ríkari mæli unnar af öðrum en opinberum aðilum, en það var meginástæða þess að þær voru undanskildar byggingarleyfisskyldu á sínum tíma.

Endurskoðunarnefnd byggingarlagaþáttarins hefur því í störfum sínum, auk þeirra atriða sem henni var sérstaklega falið að fjalla um í skipunarbréfi, fjallað um aðgengismál og rafmagnsöryggismál, auk útvíkkunar mannvirkjakafla gildandi laga og gerir tillögur um að þessir þættir falli undir ný byggingarlög og starfsemi Byggingarstofnunar og byggingarfulltrúa eftir því hvert umfang framkvæmdanna er.

Í störfum sínum leitaðist nefndin við að kljúfa sem gleggst á milli þeirra ákvæða sem annars vegar eiga að vera í skipulagslögum og hins vegar í byggingarlögum og sendi hugmyndir sínar til nefndar sem sérstaklega var falið að endurskoða skipulagsþátt laganna, sbr. það sem segir hér á undan. Byggist þetta fyrst og fremst á því að framkvæmd byggingarlaga sé tæknilegs eðlis en skipulagslög eru í eðli sínu bundin mótun stefnu um landnotkun.

Nefndin taldi nauðsynlegt að þannig yrði frá nýjum byggingarlögum gengið að um væri að ræða heildarlöggjöf sem tæki til sem flestra öryggisþátta bygginga þannig að ákvæði þar að lútandi væri að finna í einum lögum, undir einu ráðuneyti, umhverfisráðuneyti, og einni stofnun, Byggingarstofnun, og byggingarfulltrúum sveitarfélaganna. Eftirlit með einstökum þáttum á að vera hægt að fela faggiltum aðilum og skoðunarstofum jafnt opinberum sem og á almennum markaði en ábyrgðin á eftirlitinu yrði eigi að síður í höndum byggingarfulltrúa og Byggingarstofnunar eftir atvikum.

Endurskoðunarnefnd byggingarlaga lauk störfum í mars 2006 eftir að hafa fengið athugasemdir þeirra aðila sem henni var falið að ráðfæra sig við auk nokkurra annarra aðila og sendi umhverfisráðherra tillögur sínar formi frumvarps til laga um mannvirki ásamt athugasemdum við lagafrumvarpið og við einstaka greinar ásamt fylgiskjölum.

Endurskoðunarnefnd skipulagslaga skilaði um svipað leyti tillögum sínum til umhverfisráðherra. Umhverfisráðuneytið taldi með hliðsjón af eðli þessara frumvarpa og hversu hagsmuni margra þau varða rétt að senda þau til víðtækrar umsagnar og voru þau í því skyni þann 30. júní 2006 send 159 aðilum, þar á meðal öllum sveitarfélögum landsins. Gefinn var kostur á að gera athugasemdir við frumvörpin fyrir 15. ágúst 2006. Jafnframt kynnti ráðuneytið frumvörpin í fjölmiðlum og á heimasíðu sinni og var almenningi gefinn kostur á að gera athugasemdir við efni þeirra. Ráðuneytið fór vandlega yfir allar athugasemdir sem því bárust og voru gerðar breytingar á frumvörpunum m.a. vegna þeirra.

Sigurður Helgason hjá Stjórnháttum ehf. vann fyrir umhverfisráðuneytið sérstakt mat á áhrifum frumvarpsins í samræmi við ákvæði laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur. Niðurstaða matsins var að miklar líkur væru á að ábati þjóðfélagsins af tillögunni verði meiri en kostnaðurinn. Frumvarpið var að auki sent til umsagnar nefndar um opinberar eftirlitsreglur sem gaf jákvæða umsögn um efni þess.

Frumvarp þetta og frumvarp til laga um breytingar á lögum um brunavarnir var lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi. Umhverfisnefnd Alþingis sendi frumvörpin til umsagnar hinna ýmsu hagsmunaaðila en náði ekki að ljúka störfum við að vinna úr framlögðum umsögnum fyrir þinglok. Í ljósi þessa var afráðið að leggja frumvörpin að nýju fram að mestu leyti óbreytt. Frumvarp til skipulagslaga var samþykkt á Alþingi 9. september 2010 og taka lögin gildi 1. janúar 2011.

2. Saga löggjafar um byggingarmálefni á Íslandi.

Fyrstu heildarlög um byggingarmálefni sem náðu til landsins alls tóku gildi 1. janúar 1979, sbr. byggingarlög, nr. 54/1978. Fram að þeim tíma höfðu gilt mismunandi reglur í þéttbýli og dreifbýli, bæði að því er varðaði stjórn og meðferð byggingarmála og einnig þær kröfur sem gerðar voru til bygginga. Um byggingarmálefni í þéttbýli giltu ákvæði laga nr. 19/1905, um byggingarsamþykktir fyrir verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði, og lög nr. 61/1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur. Auk ákvæða um stjórn og meðferð byggingarmála voru í byggingarsamþykktum ákvæði um gerð uppdrátta og bygginga. Árið 1967 gaf félagsmálaráðuneytið, sem þá fór með yfirstjórn málaflokksins, út fyrirmynd að byggingarsamþykktum fyrir löggilta verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði og settu fjölmörg sveitarfélög sér byggingarsamþykktir að þeirri fyrirmynd. Um byggingarmálefni í dreifbýli giltu hins vegar, fyrir setningu laga nr. 54/1978, lög nr. 108/1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir. Samkvæmt þeim lögum skyldu sýslunefndir setja byggingarsamþykktir fyrir hlutaðeigandi sýslu og gerðu flestar sýslunefndir það. Í byggingarsamþykktum sýslnanna voru hins vegar nær eingöngu ákvæði um stjórn og meðferð byggingarmála en ákvæði um tæknileg atriði skorti.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til þeirra byggingarlaga sem tóku gildi í ársbyrjun 1979 kemur fram að bein lagaákvæði um byggingarmálefni séu orðin gömul og að mörgu leyti úrelt auk þess sem æskilegt sé að sömu lög gildi fyrir landið allt. Sum ákvæði laga nr. 54/1978 áttu sér fyrirmyndir í hinum staðbundnu byggingarsamþykktum en í öðrum tilvikum var um nýmæli að ræða. Í lögunum var í fyrsta sinn kveðið á um setningu byggingarreglugerðar fyrir landið allt þar sem sett yrðu ítarleg ákvæði um hin ýmsu tæknisvið byggingarmála, hliðstæð þeim sem áður var að finna í byggingarsamþykktum einstakra sveitarfélaga. Í lögunum voru einnig ákvæði um stjórn byggingarmála, um starfsemi byggingarnefnda og byggingarfulltrúa, kröfur um menntun, reynslu og landslöggildingu þeirra sem gera máttu uppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum, bæði aðal- og séruppdrætti. Þeir hönnuðir sem fengið höfðu staðbundna viðurkenningu samkvæmt staðbundnum byggingarsamþykktum til að leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd héldu þeim rétti.

Í lögum nr. 54/1978 voru enn fremur ný ákvæði um byggingarstjóra en samkvæmt eldri byggingarsamþykkt Reykjavíkur og flestum byggingarsamþykktum á skipulagsskyldum þéttbýlisstöðum veittu byggingarnefndir húsasmíðameisturum og múrarameisturum löggildingu til að hafa umsjón með og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Við hverja byggingarframkvæmd þurfti tvo löggilta meistara til að standa fyrir framkvæmdinni og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Í dreifbýli gátu byggingarnefndir veitt einum byggingarmeistara (húsasmíðameistara eða múrarameistara) réttindi til að standa fyrir byggingarframkvæmdum og var sá meistari þá einn ábyrgur fyrir öllu verkinu samkvæmt því sem segir í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 54/1978. Af ummælum í greinargerðinni má ráða að uppruna byggingarstjóraákvæðanna megi rekja til framangreindra ákvæða um ábyrgð iðnmeistara og að einn eða tveir slíkir bæru ábyrgð á hverju verki. Í nefndaráliti neðri deildar Alþingis með frumvarpi til byggingarlaga segir að ólíkar hugmyndir hafi verið uppi um það hvað fælist í

hugtakinu byggingarstjóri samkvæmt frumvarpinu. Taldi nefndin að staða byggingarstjóra sem framkvæmdastjóra væri ekki réttindastaða sem menn fengju í eitt skipti fyrir öll með löggildingu, heldur næði viðurkenning byggingarnefndar á byggingarstjóra afmarkaðrar framkvæmdar aðeins til gerðar hvers mannvirkis út af fyrir sig sem byggingarleyfi væri veitt fyrir. Segja má að þetta fyrirkomulag hafi haldist allar götur síðan. Í meðförum þingsins árið 1978 breyttust ákvæðin um byggingarstjórana þannig að einungis var um heimild að ræða en ekki skyldu til að ráða byggingarstjóra að verki. Hins vegar þurftu viðkomandi iðnmeistarar, í fyrstu aðeins húsasmíðameistarar og múrarameistarar, en síðar einnig aðrir iðnmeistarar, að undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína á verki áður en byggingarleyfi var gefið út. Í framkvæmd var byggingarstjóraheimildin lítið notuð.

Á 121. löggjafarþingi 1996 var lagt fram frumvarp til skipulags- og byggingarlaga sem unnið var í umhverfisráðuneytinu í samvinnu við Samband íslenska sveitarfélaga og Skipulag ríkisins. Byggðist frumvarpið á frumvörpum um sama efni sem lögð voru fram á Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–1991, 115. löggjafarþingi 1991–1992 og 118. löggjafarþingi 1994–1995 og náðu ekki fram að ganga. Sveitarfélögin í landinu kölluðu sérstaklega eftir endurskoðun laganna m.a. með það fyrir augum að einfalda meðferð mála á þessu sviði þannig að þau væru á ábyrgð sveitarfélaganna í ríkari mæli en verið hafði og þá aðallega hvað varðaði skipulagshlutann. Ákveðið var að sameina skipulags- og byggingarlög í einum lagabálki til hagræðis. Við heildarendurskoðun laganna og setningu sameiginlegra skipulags- og byggingarlaga var þó fyrst og fremst tekið á skipulagsþættinum. Ákvæði laganna um mannvirkjagerð og stjórnsýslu byggingarmála byggðust að mestu leyti á ákvæðum byggingarlaganna frá 1978 þó að gerðar væru lítils háttar breytingar og lagagrunnur stjórnsýslunnar styrktur í nokkrum tilvikum. Sett var á fót sérstök úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála sem var nýmæli. Önnur nýmæli laganna frá árinu 1998 voru að sett var að skilyrði að við gerð hvers mannvirkis skyldi vera einn ábyrgur aðili, byggingarstjóri, en eins og áður segir var samkvæmt eldri lögum aðeins um heimild að ræða. Kröfur laganna um hönnunargögn og löggildingu hönnuða voru styrkt og ný ákvæði sett um sérstaka samræmingar- og prófhönnuði. Ábyrgðartrygging hönnuða og byggingarstjóra var enn fremur gerð að skyldu.

Við umfjöllun umhverfisnefndar Alþingis um frumvarp til skipulags- og byggingarlaga bættist við heimild til handa sveitarstjórn til að fela faggiltri skoðunarstofu yfirferð og samþykkt séruppdrátta. Þessi heimild hefur að vissu marki verið nýtt við embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík með ágætum árangri. Í því frumvarpi sem hér er lagt fram er haldið áfram á þessari braut og leitast við að leggja enn betri grunn að notkun faggiltra skoðunarstofa við framkvæmd byggingareftirlits.

Frá gildistöku skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, hafa verið gerðar nokkrar breytingar á lögunum en breytingar á byggingarþætti laganna hafa þó verið smávægilegar. Ný byggingarreglugerð tók gildi þann 9. júlí 1998.

3. Reynsla af framkvæmd skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Framkvæmd skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, hvað varðar byggingarþáttinn hefur gengið nokkuð vel en þó eru þar hnökrar sem m.a. byggjast á því að eftirlitið sem rekið er á vegum sveitarfélaganna í um 60 byggingareftirlitsumdæmum hefur ekki verið nægjanlega samræmt og oft með misjöfnum hætti. Helgast það m.a. af því að byggingareftirlitið getur ekki sótt ráðgjöf eða leiðbeiningar til sérstakrar stofnunar þar sem engin byggingarstofnun starfar hér á landi en hennar hlutverk ætti fyrst og fremst að vera að gæta samræmis og hafa yfirumsjón með því að framkvæmdin sé sú sama í landinu öllu. Mannvirkjagerð er stór atvinnugrein á Íslandi sem veltir milljörðum króna á ári hverju og þar

ríkir mikil samkeppni. Því er afar mikilvægt að þar sitji allir við sama borð og eftirlitið sé samræmt og fyrirsjáanlegt. Með því að leggja til að sett verði á fót ný og öflug Byggingarstofnun, sem reka mun rafrænt gagnasafn með skoðunarhandbókum, leiðbeiningum og upplýsingum um allt byggingareftirlit og mannvirkjagerð á landinu, er vonast til að þessi samræming náist.

Mannvirkjagerð er flókið tæknilegt svið sem er í stöðugri þróun. Mannvirki og búnaður þeirra verða sífellt flóknari og þarfnast sérhæfðra kunnáttumanna á mörgum sviðum. Að gerð eins mannvirkis koma margir slíkir aðilar sem þurfa að samræma vinnu sína og á sama tíma gæta þess að allt fari að settum reglum. Undanfarin missiri hafa einkennst af spennu á byggingarmarkaði og sjaldan eða aldrei hefur eins mikið verið byggt á eins stuttum tíma. Heyrst hafa raddir um fleiri galla í mannvirkjum m.a. vegna aukins hraða við byggingarframkvæmdir þó að ekki liggi fyrir neinar rannsóknir sem staðfesta það. Allt þetta kallar á að settar séu skýrar reglur til að tryggja öryggi og heilnæmi mannvirkja, að gerðar séu kröfur um hæfni og öguð vinnubrögð þeirra sem að mannvirkjagerðinni koma og síðast en ekki síst að markvisst og faglegt byggingareftirlit fari fram. Á sama tíma þarf jafnframt að gæta þess að eftirlitið sé einfalt og ekki kostnaðarsamara eða flóknara en þörf krefur og að nýtt séu þau tæki sem tiltæk eru í nútímasamfélagi. Þó að í gildandi lögum hafi verið leitast við að tryggja framangreint þá kalla breyttir tímar á ýmsar breytingar í lagaumhverfi mannvirkjagerðar. Við endurskoðun byggingarþáttar skipulags- og byggingarlaga hefur verið leitast við að mæta framangreindum þörfum m.a. með því að setja ákvæði sem heimilar sveitarfélögunum með samþykkt að starfrækja byggingarnefnd, í stað þess að gera þeim það skylt, og veita byggingarfulltrúa almennt umboð til að gefa út byggingarleyfi fyrir tilteknum mannvirkjum, auk þess sem strangar kröfur eru gerðar til faglegrar hæfni byggingarfulltrúa. Annað sem lagt er til og nefnt er hér að framan er að allt eftirlit fari fram í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem verða hluti af rafrænu gagnasafni Byggingarstofnunar. Það eitt og sér ætti að einfalda allt eftirlit, gera það samræmt, markvisst og fyrirsjáanlegt. Það ýtir einnig undir að byggingareftirlit verði í auknum mæli falið faggiltum skoðunarstofum. Að lokum er leitast við að tryggja öguð vinnubrögð þeirra sem að mannvirkjagerðinni koma með því að gera kröfu um að þeir hafi gæðastjórnunarkerfi varðandi þá þætti rekstrar þeirra sem snýr að lögum og reglum um mannvirkjagerð. Slíkt gæðastjórnunarkerfi ættu aðilar að geta nýtt sér sem hluta af því gæðastjórnunarkerfi sem framkvæmdaraðilar eru í auknum mæli farnir að hafa m.a. til að tryggja hagkvæmni og skilvirkni í rekstri.

Samkvæmt gildandi lögum eru gerðar kröfur til menntunar og reynslu byggingarfulltrúa sem og hönnuða, meistara og byggingarstjóra sem allir eru í lykilhlutverki í tengslum við byggingarframkvæmdir. Almennt má segja að ákvæðin um hönnuði hafi virkað vel í framkvæmd fyrir utan það að heimild til að láta löggilta prófhönnuði yfirfara vandasama hönnun hefur ekki verið nýtt og er því í frumvarpi þessu lagt til að þau ákvæði verði felld niður. Hvað varðar ákvæði um byggingarstjóra þá hafa þau ekki alltaf virkað sem skyldi þó að almennt hafi þeirri skyldu verið fylgt eftir að einn byggingarstjóri stýri hverju byggingarleyfisskyldu verki. Bæði hefur hlutverk þeirra að nokkru leyti verið óljóst og deilt hefur verið um umfang ábyrgðar þeirra, en í lögunum segir að þeir beri ábyrgð á að byggt sé í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir. Hefur m.a. verið deilt um stöðu byggingarstjóra gagnvart iðnmeisturum, þ.e. hvort og þá að hvaða marki byggingarstjóri beri ábyrgð á faglegum vinnubrögðum iðnmeistara. Í framkvæmd hefur byggingarstjórn oftar en ekki verið eins konar aukastarf eins af iðnmeisturum verksins. Í frumvarpi þessu er leitast við að skýra hlutverk byggingarstjórans betur og lögð er áhersla á hlutverk hans sem faglegur fulltrúi eiganda mannvirkis, við framkvæmd innra eftirlits og samskipti við hönnuði, iðnmeistara og

byggingaryfirvöld. Í frumvarpinu er gengið út frá því að byggingarstjórar starfi sem slíkir í aðalstarfi, a.m.k. þegar um er að ræða umfangsmikla mannvirkjagerð. Þótt gert sé ráð fyrir að iðnmeistarar starfi samkvæmt gildandi lögum og að þeir þurfi löggildingu umhverfisráðherra sem slíkir kemur hvergi fram um hvaða iðnmeistara er að ræða heldur er það útlistað frekar í reglugerð. Eðlilegast er að tekið verði á þessum málum í lögum og er gerð tillaga um það í frumvarpi til nýrra laga um mannvirki.

Í gildandi skipulags- og byggingarlögum er sérstaklega tekið á þvingunarúrræðum og viðurlögum og má segja að þau hafi reynst nokkuð vel sem úrræði til þess að knýja á um framkvæmd þar sem lögum og reglum hefur ekki verið fylgt en misjafnt er hvernig sveitarfélögin hafa nýtt sér þessar heimildir. Þó hefur skort skýr ákvæði um heimildir eftirlitsaðila til að stöðva framkvæmdir og fyrirskipa lokun mannvirkis og er hér lagt til að slíkar heimildir verði lögfestar.

Eitt vandamál tengt framkvæmd núgildandi skipulags- og byggingarlaga varðar svokallaðar stöðu- og lokaúttektir, sem sérstaklega er fjallað um í byggingarreglugerð. Stöðuúttekt er úttekt áður en mannvirki er tekið í notkun og lokaúttekt á að fela í sér úttekt á því að viðkomandi hús sé fullbúið en þessar úttektir fara mjög sjaldan fram í raun. Sérstaklega er tekið á þessum þáttum í frumvarpinu þar sem lagt er til að óheimilt verði að flytja inn í eða taka í notkun mannvirki nema útgefandi byggingarleyfis hafi gefið út vottorð um framkvæmd svokallaðrar öryggisúttektar þar sem farið er yfir öryggisþætti og hollustuhætti bygginga. Einnig eru sett ítarlegri ákvæði um lokaúttektir og m.a. gert ráð fyrir að heimilt sé að gefa út lokaúttektarvottorð með athugasemdum ef mannvirki er ekki fullbúið að öllu leyti en það þarf þó ávallt að uppfylla öryggis- og hollustuháttakröfur og kröfur um aðgengi.

4. Helstu nýmæli frumvarpsins.

a. Byggingarstofnun og hlutverk hennar.

Gert er ráð fyrir að nýrri stofnun, Byggingarstofnun, verði komið á fót og að hún taki til starfa við gildistöku laganna 1. janúar 2011. Á sama tíma verður Brunamálastofnun lögð niður og verkefni hennar færð undir Byggingarstofnun og ábyrgð á framkvæmd byggingarmála færð frá Skipulagsstofnun til Byggingarstofnunar.

Í frumvarpinu er lagt til að reglugerð um viðskipti með byggingarvörur færist frá viðskiptaráðuneyti til umhverfisráðuneytis og er gert ráð fyrir að framkvæmd þeirrar reglugerðar verði í höndum Byggingarstofnunar. Þá mun Byggingarstofnun annast aðgengismál.

Gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun verði stjórnsýslustofnun sem hafi beint eftirlit með mannvirkjagerð á hafi utan sveitarfélagamarka og á varnar- og öryggissvæðum, sbr. 62. gr. frumvarpsins, sinni markaðseftirliti með byggingarvörum og stuðli að samræmdu byggingareftirliti um allt land, m.a. með gerð leiðbeininga, skoðunarhandbóka og með beinum íhlutunarrétti ef byggingareftirlit sveitarfélaganna er ekki í samræmi við ákvæði laganna. Enn fremur er gert ráð fyrir að stofnunin annist löggildingar hönnuða og iðnmeistara í stað umhverfisráðherra og gefi út starfsleyfi fyrir byggingarstjóra og faggiltar skoðunarstofur á byggingarsviði. Stofnunin skal einnig taka þátt í gerð íslenskra og evrópskra staðla á sviði byggingarmála.

b. Byggingareftirlit byggingarfulltrúa.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að meginþungi byggingareftirlits í landinu verði áfram í höndum sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir þeirri breytingu að byggingarnefndir verði valkvæðar þar sem sveitarstjórnum verður heimilt að kveða á um starfrækslu slíkrar nefndar í sérstakri samþykkt. Þá koma sveitarstjórnir að meginreglu til ekki að stjórnsýslu byggingar-

mála með beinum hætti. Hlutverk sveitarfélaganna verður að ráða byggingarfulltrúa sem síðan munu sinna útgáfu byggingarleyfa og framkvæmd byggingareftirlits. Í eðli sínu eru byggingarmál tæknileg mál og þess vegna er eðlilegt að framkvæmd þeirra sé í höndum aðila með sérfræðiþekkingu á því sviði. Í gildandi lögum hefur verið heimild fyrir sveitarfélög til að einfalda feril byggingarleyfisumsókna og fela byggingarfulltrúa afgreiðslu minni háttar mála. Hafa mörg af stærri sveitarfélögunum nýtt sér þessa heimild og fram hefur komið vilji af þeirra hálfu til að ganga jafnvel enn lengra og fela byggingarfulltrúunum endanlega afgreiðslu stærri mála. Í framkvæmd hefur öll fagleg framkvæmd málaflokksins verið í þeirra höndum. Í frumvarpinu er þó lagt til að sveitarstjórnir geti takmarkað heimildir byggingarfulltrúa til útgáfu byggingarleyfa með sérstakri samþykkt þannig að útgáfan verði í einhverjum tilvikum eða öllum háð samþykki sérstakrar byggingarnefndar og/eða sveitarstjórnar.

c. Faggiltar skoðunarstofur og faggilding byggingarfulltrúa og Byggingarstofnunar.

Gert er ráð fyrir að allt byggingareftirlit verði framkvæmt af faggiltum aðila í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun býr til. Þetta þýðir að annaðhvort er byggingareftirlit, og þá aðallega yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta, framkvæmt af faggiltum skoðunarstofum eða af byggingarfulltrúum sem þá þurfa að hafa fengið faggildingu til að annast slíkt eftirlit. Sama gildir um það beina eftirlit sem Byggingarstofnun mun hafa með höndum. Henni verður annaðhvort heimilt að fela það faggiltum skoðunarstofum eða að annast það sjálf og þarf þá að afla sér faggildingar. Í frumvarpinu eru tiltekin þau hæfnisskilyrði sem aðilar þurfa að uppfylla til að geta öðlast faggildingu og er gert ráð fyrir að þau séu misströng eftir umfangi mannvirkjagerðarinnar.

d. Byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

Samkvæmt 36. gr. núgildandi skipulags- og byggingarlaga taka ákvæði mannvirkjakafla laganna til hvers konar byggingar ofan jarðar og neðan. Síðan eru taldar upp framkvæmdir sem undanþegnar eru byggingarleyfi og þar með afskiptum byggingarnefnda og byggingarfulltrúa en þar er um að ræða götur, holræsi, vegi og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir enda séu þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum.

Eins og áður hefur komið fram taldi endurskoðunarnefnd byggingarlaga þörf á að tiltekin mannvirki sem nú eru undanþegin byggingarleyfi verði látin sæta byggingareftirliti eins og önnur mannvirkjagerð. Að hennar mati er engin ástæða til að láta stórframkvæmdir vera undanþegnar slíku eftirliti á meðan allar minni háttar framkvæmdir þurfa að lúta því. Sömu öryggissjónarmið og jafnvel meiri hljóta að gilda um þá mannvirkjagerð. Rökin fyrir undanþágunni á sínum tíma fólust í því að um framkvæmdir af hálfu opinberra aðila væri að ræða en í mörgum tilvikum er það ekki reyndin lengur, t.d. eftir nýlega breytingu á raforkulögum þar sem rekstrarumhverfi orkumannvirkja var breytt. Að þessu sinni er þó ákveðið að fella ekki niður nema hluta af þeim undanþágum sem verið hafa í gildi. Í frumvarpinu er lagt til að eftirfarandi mannvirki verði háð byggingarleyfi og byggingareftirliti Byggingarstofnunar:

a. Mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka.
b. Mannvirki á varnar- og öryggissvæðum, sbr. 62. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að tiltekin mannvirki falli utan gildissviðs laganna, svo sem hafnir, varnargarðar og samgöngumannvirki. Þessi mannvirki og eftirlit með þeim falla undir aðra löggjöf, svo sem vegalög og siglingalög, og því eru þau undanþegin ákvæðum þessara laga. Jafnframt er gert ráð fyrir að fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatns-

veitna, rafveitna og fjarskipta, sem og breytingar á slíkum mannvirkjum, verði áfram undanþegin byggingarleyfi.

e. Byggingarlög og skipulagslög aðskilin.

Þar sem ákveðið hefur verið að aðskilja byggingar- og skipulagsþátt skipulags- og byggingarlaga er nauðsynlegt að settar verði sem skýrastar línur um mörk þessara laga. Gert er ráð fyrir að í lögum um mannvirki verði ákvæði er varða tæknilega gerð mannvirkja, sérstaklega varðandi öryggi, heilnæmi og aðgengi. Ákvæði er varða staðsetningu mannvirkja tilheyri hins vegar skipulagslögum. Verða breytingar er varða útlit og form mannvirkja þó háð byggingarleyfi, sem gerir stjórnsýslu slíkra mála skýrari, hins vegar ber að leita eftir samþykki skipulagsnefndar áður en slíkt byggingarleyfi er veitt, nema um óverulegar breytingar sé að ræða.

f. Ábyrgð aðila skýrð.

Í frumvarpinu er lögð á það áhersla að skýra hlutverk og ábyrgð eiganda mannvirkis, hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara betur en gert er í gildandi lögum. Tekið er fram að hin endanlega ábyrgð sé eigandans en hann ráði til sín fagaðila sem sjái um afmarkaða þætti mannvirkjagerðarinnar og beri ábyrgð gagnvart eiganda. Þeir sjái um innra eftirlit eigandans og beiti gæðastjórnunarkerfum við undirbúning og stjórnun framkvæmda.

Eins og áður er komið fram er leitast við að tryggja öguð vinnubrögð þeirra sem að mannvirkjagerðinni koma með því að gera kröfu um að þeir hafi gæðastjórnunarkerfi varðandi þá þætti rekstrar þeirra sem snýr að lögum og reglum um mannvirkjagerð. Á þetta bæði við um hönnuði, byggingarstjóra og iðnmeistara.

Gert er ráð fyrir því að byggingarstjóri gegni áfram mikilvægu hlutverki við byggingarframkvæmdir, sé faglegur fulltrúi eiganda og sjái um samskipti við yfirvöld, hönnuði, iðnmeistara og aðra sem að mannvirkjagerðinni koma. Leitast er við að skýra nákvæmlega hvert sé hans hlutverk en um það hafa verið nokkuð deildar meiningar hingað til eins og áður segir. Í ljósi þess að byggingarstjóra ber að framkvæma innra eftirlit með því að þeir aðilar sem koma að byggingu mannvirkisins fari að settum reglum þá er lagt til að byggingarstjóri geti ekki samhliða verið hönnuður eða iðnmeistari verksins. Er þetta breyting frá því sem nú er og er hún talin nauðsynleg til að koma í veg fyrir að mönnum sé ætlað að hafa eftirlit með sjálfum sér. Eina undantekningin frá þessu er ef um er að ræða minni háttar mannvirkjagerð til eigin nota eiganda. Þá getur eigandi óskað eftir að einn af iðnmeisturum eða hönnuðum verksins taki að sér byggingarstjórn þess. Er þessi undanþága heimiluð þar sem ella væri hætta á að byggingarkostnaður smáframkvæmda mundi aukast og umfang slíkra verka er ekki þess eðlis að nauðsynlegt sé að sérstakur aðili annist innra eftirlit. Er það þá undir viðkomandi eiganda komið hvort hann vill leggja í þann kostnað að láta sérstakan aðila annast byggingarstjórn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tryggingarskylda byggingarstjóra og hönnuða verði óbreytt frá núgildandi skipulags- og byggingarlögum og verði því áfram lögbundin.

g. Viðskipti með byggingarvörur.

Í VIII. kafla er að finna ákvæði tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur og tilskipun ráðsins 93/68/EBE um breytingu á tilskipun um byggingarvörur. Þær gerðir voru upphaflega innleiddar í íslenskan rétt með reglugerð nr. 431/1994 um viðskipti með byggingarvörur sem sett var viðskiptaráðuneytinu. Um er að ræða reglur sem Ísland er skuldbundið til að hafa í sinni löggjöf og

eru þær teknar efnislega óbreyttar úr tilskipuninni. Byggingarstofnun er eins og áður segir ætlað að hafa eftirlit með byggingarvörum á markaði. Reglurnar eru fyrst nú að koma til framkvæmda þar sem undirbúningur innan Evrópusambandsins vegna staðlagerðar hefur tekið lengri tíma en áætlað var. Gert er ráð fyrir að CE-merking byggingarvöru verði forsenda fyrir markaðssetningu hennar hér á landi í þeim tilvikum sem samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki fyrir viðkomandi byggingarvöru hafa verið gerðir.

h. Byggingaröryggisgjald.

Lagt er til að gjald með nýju heiti, byggingaröryggisgjald, muni fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar. Ekki er um nýtt gjald að ræða heldur hefur ákvæði um svokallað brunavarnagjald, sem innheimt hefur verið á grundvelli laga um brunavarnir, verið fært inn í frumvarp til laga um mannvirki. Skattstofn gjaldsins er óbreyttur og er það innheimt áfram af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Þá er gjaldið einnig óbreytt, 0,045 prómill. Hingað til hefur brunavarnagjaldi verið einungis ætlað að standa undir rekstri Brunamálastofnunar vegna yfirumsjónar með brunavörnum en hér er lagt til að byggingaröryggisgjaldið renni til Byggingarstofnunar og standi þannig undir kostnaði við yfirumsjón byggingaröryggismála almennt. Með því að leggja slíkt gjald á brunatryggingar er gjaldtökunni dreift á mörg ár, þ.e. allan líftíma mannvirkisins, í stað þess að innheimta hærra gjald einu sinni í upphafi mannvirkjagerðar. Eigendur mannvirkja eiga að njóta góðs af yfireftirliti og umsjón Byggingarstofnunar allan líftíma mannvirkisins og því mæla góð rök með því að þessi leið verði valin.

i. Úrskurðir um ágreining.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ágreiningur um framkvæmd laganna verði í höndum úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála eins og verið hefur. Þó er lögð til sú breyting að komi upp ágreiningur um framkvæmd eftirlits á grundvelli skoðunarhandbókar, þ.e. ágreiningur um tæknileg atriði, gefi Byggingarstofnun út álit sem séu bindandi fyrir alla aðila máls. Enn fremur er lagt til að Byggingarstofnun geti að eigin frumkvæði gefið út slík bindandi álit. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála er ekki ætlað að endurskoða bindandi álit Byggingarstofnunar.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um heiti laganna og I. kafla frumvarpsins.

Þar sem gert er ráð fyrir að frumvarpið taki til allra mannvirkja en ekki bara bygginga er lagt til að ný lög verði nefnd lög um mannvirki. Heitið verður þannig lýsandi fyrir vítt gildissvið laganna. Í fyrsta kafla frumvarpsins eru almenn ákvæði um markmið, gildissvið og helstu hugtök skilgreind.

Um 1. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir markmiðum frumvarpsins sem hafa ber að leiðarljósi við framkvæmd laganna, skýringu þeirra og ekki síst við setningu reglugerða á grundvelli þeirra. Í a-lið er fjallað um þann grundvallartilgang löggjafar um mannvirkjagerð að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt. Eins og orðalagið ber með sér nær sá tilgangur að vernda líf og heilsu til allra þjóðfélagsþegna og eru t.d. hagsmunir barna ríkir við byggingu ýmissa opinberra bygginga eins og leikskóla og grunnskóla. Má í því sambandi nefna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem

undirritaður var 26. janúar 1990 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 27. nóvember 1992. Síðan er í b-lið fjallað um að tilgangur frumvarpsins sé enn fremur að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð þannig og byggð að þau henti íslenskum aðstæðum. Hagkvæmni mannvirkja ræðst m.a. af líftímakostnaði þeirra þar sem tekið er tillit til stofn- og rekstrarkostnaðar miðað við ákveðinn líftíma og notkun. Með tilliti til mannvirkjagerðar eru íslenskar aðstæður óvenjulegar, stormar eru hér tíðari og öflugri en annars staðar og líkur á jarðskjálftum óvíða meiri. Veðurálag, svo sem slagveður, skafrenningur og hitasveiflur, skiptir miklu varðandi útfærslur mannvirkja, t.d. þéttleika og þol gagnvart veðrun og þar með líftímakostnað og jarðskjálftahættan hefur mikil áhrif á burðarvirki og frágang mannvirkja og þar með stofnkostnað þeirra.

Í c-lið segir að það sé eitt af markmiðum frumvarpsins að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja þeirra. Mikilvægt er að hönnuðir og framkvæmdaraðilar gæti þess í framleiðslu og rekstri mannvirkja að þau valdi lágmarksálagi á umhverfi og leitast sé við að draga eftir föngum úr orku- og efnisnotkun, t.d. með endurnýtingu byggingarefna, notkun vistvænna byggingarefna og gagnrýnu mati á líftímakostnaði mannvirkja. Þessu tengt er sérstaklega tiltekið í f-lið það markmið laganna að stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur bygginga. Í d-lið er sett fram það mikilvæga markmið frumvarpsins að stuðla að tæknilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði. Að lokum er tekið í e-lið upp það mikilvæga markmið að stuðlað sé að aðgengi fyrir alla. Á það ekki síst við um setningu ákvæða reglugerðar þar sem settar eru kröfur um gerð og frágang mannvirkja og mögulegt að setja þar kröfur um útbúnað og frágang mannvirkja í því skyni að allir hafi aðgang. Með aðgengi er átt við að fólk sem á við fötlun eða veikindi að stríða geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í bruna, en jafnframt að við hönnun og útfærslu mannvirkja séu hafðar í huga mismunandi þarfir og geta fólks með tilliti til sjónar og heyrnar, t.d. við efnisval og útfærslur, og gætt sé að hljóðvist og birtuskilyrðum innan og utan húss. Í þessu sambandi má m.a. nefna að 30. mars 2007 undirritaði Ísland samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem og valfrjálsa bókun við samninginn. Í samningnum er sérstaklega kveðið á um aðgengi.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um gildissvið frumvarpsins. Tekið er fram að það gildi um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan, innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar. Hugtakið mannvirki er síðan skilgreint í 3. gr. frumvarpsins. Nauðsynlegt er að taka sérstaklega fram að frumvarpið tekur ekki eingöngu til mannvirkjagerðar á landi heldur innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar. Með stjórnsýslu byggingarmála utan sveitarfélagamarka, þ.e. utan netlaga á hafi, þar sem sveitarfélagamörkin hafa verið talin liggja, fer Byggingarstofnun, sbr. 3. mgr. 9. gr. Þó að lítið hafi enn sem komið er verið um mannvirkjagerð á hafi úti er nauðsynlegt að tryggja að enginn vafi leiki á því að lögin nái einnig til slíkra mannvirkja á sama hátt og á landi. Til nánari skýringa er tekið fram að frumvarpið gildi um alla þætti mannvirkja svo sem gerð burðarvirkja, lagnir, þ.m.t. neysluvatnslagnir, hitalagnir, fráveitulagnir, raflagnir, loftræsilagnir, gaslagnir og öryggiskerfi. Einnig að frumvarpið gildi um, fjarskiptabúnað, eldvarnir og byggingarvörur, jafnt á markaði sem og í mannvirkjum. Undir frumvarpið fellur enn fremur gróður á lóðum, frágangur lóða, girðingar í þéttbýli, skilti, gámar og leik- og íþróttasvæði, en nákvæm ákvæði um þessa þætti eru sett í gildandi byggingarreglugerð og er oft kveðið á um útfærslu þeirra og gerð í tengslum við veitingu byggingarleyfis mannvirkja.

Að lokum eru í 2. mgr. talin upp mannvirki sem ekki falla undir lögin, svo sem hafnir, varnargarðar og samgöngumannvirki. Þessi mannvirki og eftirlit með þeim falla undir aðra löggjöf, svo sem vegalög og siglingalög, og því eru þau undanþegin ákvæðum þessara laga.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru skilgreind helstu hugtök frumvarpsins. Þar sem í frumvarpinu er að finna mun ítarlegri ákvæði en í gildandi lögum er nauðsynlegt að skýra mun fleiri hugtök nú en þar er gert. Flest hugtakanna eiga uppruna sinn í eldri löggjöf, bæði skipulags- og byggingarlögum, lögum um brunavarnir, lögum um faggildingu, byggingarreglugerð og reglugerð um viðskipti með byggingarvörur. Byggingarvara er skilgreind sem vara sem framleidd er með það fyrir augum að hún verði varanlegur hluti af hvers konar byggingarframkvæmdum. Skilgreiningin er höfð rúm og opin eins og gert er í tilskipun um viðskipti með byggingarvörur og er það fyrirhuguð notkun hennar til mannvirkjagerðar sem ræður því hvort um byggingarvöru er að ræða. Allt hefðbundið byggingarefni telst til byggingarvara, en einnig raðframleiddar byggingareiningar og raðframleidd hús. Skilgreiningin á grundvallarhugtakinu mannvirki verður áfram nokkuð opin enda nánast ógjörningur að telja með tæmandi hætti upp þær framkvæmdir sem mönnum kann að detta í hug að ráðast í. Í dæmaskyni eru taldar upp nokkrar tegundir mannvirkja en alls ekki er um tæmandi talningu að ræða. Sérstaklega er tekið fram að til mannvirkja teljist einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Nauðsynlegt er að framangreind mannvirki séu háð byggingareftirliti ef þeim er ætlað að vera bústaður eða vinnustaður manna til lengri tíma, m.a. til að unnt sé að tryggja öryggi þeirra sem þar dvelja. Hingað til hafa mannvirki af þessu tagi ekki verið háð byggingarleyfi eða byggingareftirliti og því verið óljóst hvaða kröfur ætti að gera um t.d. eldvarnir og hollustuhætti og síðan hver ætti að hafa eftirlit með slíku. Sem dæmi má nefna umfangsmiklar starfsmannabúðir vegna virkjanaframkvæmda á hálendinu sem ekki hafa verið háðar neinu byggingareftirliti þrátt fyrir að þar hafi dvalið þúsundir starfsmanna um nokkurra ára skeið. Erlendis hafa verið sambærileg vandamál tengd svokölluðum hjólhýsabyggðum og því er það sett hér inn. Fjögurra mánaða markið er sett í því skyni að undanskilja svo ekki verði um villst hefðbundna notkun hjólhýsa vegna sumarleyfa eða starfsmannabúðir sem einungis eru settar upp til styttri tíma. Slíkar búðir eru eftir sem áður háðar reglum framangreindrar hollustuháttareglugerðar. Í 2. gr. frumvarpsins er til nánari fyllingar mannvirkjahugtakinu að finna upptalningu á ýmsum þáttum mannvirkja sem þá eru hluti þeirra, svo sem burðarvirki, lagnir og fjarskiptabúnaður. Í 3. málsl. mannvirkjaskilgreiningarinnar er tekið fram að mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljist einnig til mannvirkja. Sem dæmi um þetta eru fiskeldiskvíar, olíuborpallar, olíuleiðslur og aðrar neðansjávarlagnir.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að yfirstjórn mannvirkjamála sé í höndum umhverfisráðherra og Byggingarstofnun sé honum til aðstoðar. Skv. 2. mgr. ber sveitarstjórn ábyrgð á framkvæmd byggingareftirlits byggingarfulltrúa. Hlutverk byggingarfulltrúa er að gefa út byggingarleyfi og annast eftirlit með byggingarframkvæmdum nema um sé að ræða mannvirki sem fellur undir eftirlit Byggingarstofnunar. Hvað varðar byggingareftirlit sveitarfélaganna þá er um nokkrar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Lögð er til sú grundvallarbreyting að sveitarstjórn staðfesti að meginreglu til ekki lengur ákvarðanir byggingarfulltrúa, auk þess sem lagt er til að tilvist byggingarnefnda verði háð gerð sérstakrar samþykktar viðkomandi sveitar-

stjórnar. Verður sveitarstjórnum þó heimilt að skilyrða að nokkru eða öllu leyti heimildir byggingarfulltrúa til útgáfu byggingarleyfis í slíkri samþykkt, þannig að hún verði háð samþykki byggingarnefndar og/eða sveitarstjórnar. Í nokkrum af stærri sveitarfélögum landsins, svo sem Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði, hafa heimildir gildandi laga til setningar sérstakra samþykkta um endanlega afgreiðslu byggingarfulltrúa á byggingarleyfisumsóknum verið nýttar. Heimildin hefur hins vegar samkvæmt lögunum verið bundin við minni háttar mannvirkjagerð en vilji sveitarfélaga hefur staðið til þess að færa hana frekar út. Helgast þetta m.a. af þeirri staðreynd að afgreiðslur byggingarfulltrúa eru að stórum hluta til tæknilegs eðlis og forsendur pólitískt kjörinna nefnda og sveitarstjórna til að taka slíkar ákvarðanir takmarkaðar. Því er hér lagt til að meginreglan verði sú að faglega hæfum byggingarfulltrúum verði falin útgáfa byggingarleyfa og eftirlit með byggingarframkvæmdum. Á þetta að verða til mikillar einföldunar á ferli byggingarleyfisumsókna. Á hinn bóginn er þá enn fremur nauðsynlegt að gera skýr skil milli ákvarðana sem í eðli sínu eru ekki tæknilegs eðlis og fela í sér ákvarðanir um fyrirkomulag byggðar, útlit og staðsetningu. Slíkar ákvarðanir er eðlilegt að kjörnir fulltrúar taki og þá á grundvelli skipulagslaga. Í frumvarpi til nýrra skipulagslaga er ferill þeirrar ákvarðanatöku markaður og skal byggingarfulltrúi taka fullt tillit til ákvarðana sem teknar eru á grundvelli skipulagslaga áður en hann gefur út byggingarleyfi. Í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og þá ábyrgð sem lögð er á sveitarstjórn samkvæmt greininni getur sveitarstjórn falið tilteknum aðila innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, svo sem nefnd eða ráði sem sveitarstjórn skipar, að fylgjast með starfsemi byggingarfulltrúa og hafa yfirsýn um að afgreiðslur þeirra séu samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.

Önnur meginbreyting á stjórnsýslu byggingarmála er tilkoma Byggingarstofnunar. Gert er ráð fyrir að stofnunin verði stjórnsýslustofnun sem hafi beint eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð, þ.e. mannvirkjagerð sem í flestum tilvikum hefur hingað til ekki verið háð byggingareftirliti, og beri jafnframt ábyrgð á samræmingu byggingareftirlits um allt land, m.a. með gerð leiðbeininga, skoðunarhandbóka og með beinum íhlutunarrétti ef byggingareftirlit sveitarfélaganna er ekki í samræmi við ákvæði laganna.

Um 5. gr.

Hér er ítarlega lýst hlutverki hinnar nýju Byggingarstofnunar sem lagt er til að komið verði á fót og taki m.a. við hlutverki Brunamálastofnunar og þeim hluta Skipulagsstofnunar sem farið hefur með byggingarmál. Stofnunin skal hafa eftirlit með framkvæmd laga um mannvirki og laga um brunavarnir sem lagt er til að standi áfram sjálfstæð og að mestu óbreytt.

Gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun annist gerð leiðbeininga, verklagsreglna og skoðunarhandbóka í því skyni að samræma byggingareftirlitið og ýta undir notkun faggiltra skoðunarstofa. Mikið verk er fyrir höndum í upphafi við gerð og undirbúning slíkra skoðunarhandbóka en sú vinna mun skila sér margfalt til baka síðar með skilvirkara og samræmdara eftirliti. Rafrænt gagnasafn stofnunarinnar þar sem m.a. skoðunarhandbækur, gátlistar og niðurstöður skoðana eru vistaðar, er lykillinn að möguleikum stofnunarinnar til að hafa eftirlit með framkvæmd byggingareftirlits um land allt og til að heildaryfirsýn fáist yfir málaflokkinn, en mjög hefur skort á að slík yfirsýn hafi verið fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að unnt verði að tengja gagnasafn Byggingarstofnunar fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Með því má ná saman á einn stað upplýsingum um byggingar og mannvirki um land allt, sem bæði mun nýtast eigendum mannvirkja og stjórnvöldum. Leiðbeiningar, verklagsreglur og skoðunarhandbækur eru verkfæri allra fagaðila á sviði byggingariðnaðar svo sem hönnuða, byggingarstjóra, iðnmeistara og eftirlitsaðila við framkvæmd laganna. Gert er ráð fyrir að þar verði

m.a. ákvæði um eftirlitsaðferðir, tæknilegt eftirlit, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.

Aðgengismál er einn af þeim málaflokkum sem gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun muni sinna en um er að ræða afar mikilvægan málaflokk sem Öryrkjabandalag Íslands og fleiri aðilar hafa lagt þunga áherslu á að yrði sinnt með viðunandi hætti.

Lagt er til að löggildingar hönnuða, iðnmeistara og slökkviliðsmanna verði færðar frá umhverfisráðuneytinu til Byggingarstofnunar auk þess sem gert er ráð fyrir að útgáfa starfsleyfis til handa byggingarstjórum og faggiltum skoðunarstofum verði einnig í höndum stofnunarinnar. Enn fremur er gert ráð fyrir að stofnunin annist kynningar- og fræðslustarf bæði fyrir almenning og hagsmunaaðila, þ.m.t. byggingarfulltrúa og aðra þá sem sinna framkvæmd byggingareftirlits. Stofnunin skal standa fyrir námskeiðum og prófum til réttinda fyrir hönnuði, sem hingað til hefur verið í höndum sérstakrar prófnefndar, auk þess að standa fyrir námskeiðum fyrir byggingarstjóra. Enn fremur skal stofnunin starfrækja Brunamálaskóla fyrir slökkviliðsmenn. Hvað varðar framangreinda þætti þá er ekki nauðsynlegt að stofnunin sinni þessum verkefnum sjálf heldur getur hún falið menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans, sbr. lög um brunavarnir.

Í 12. tölul. 5. gr. segir að Byggingarstofnun skuli bæði annast og stuðla að rannsóknum á sviði byggingarmála og brunavarna í samvinnu við hagsmunaaðila, en svipað ákvæði er í gildandi lögum um brunavarnir. Ekki er ætlunin að Byggingarstofnun annist sjálf umfangsmiklar rannsóknir, enda sinna háskólar, einkareknar rannsóknastofur og opinberir aðilar slíkum rannsóknum að mestu leyti. Hins vegar verður Byggingarstofnun að hafa yfirsýn yfir mannvirkjagerð þannig að misfellur og vandamál í málaflokknum upplýsist. Vinna þarf úr upplýsingum frá byggingarfulltrúum og öðrum aðilum jafnóðum, stuðla að skýrslugerð og áætla rannsóknarþörfina, einkum vegna séríslenskra aðstæðna. Þessar niðurstöður þarf að birta stjórnvöldum og öðrum sem málið varðar, t.d. sem tölfræðilegar rannsóknarniðurstöður.

Lagt er til að Byggingarstofnun taki þátt í starfi Staðlaráðs Íslands um gerð íslenskra og evrópskra staðla á sviði mannvirkjamála og tilnefni aðila til þátttöku í starfi Evrópusamtaka um tæknisamþykki (EOTA). Eins og fram hefur komið mun Byggingarstofnun annast allt eftirlit með byggingarvörum á markaði. Byggingarvörur skulu uppfylla ákvæði samhæfðra Evrópustaðla sem innleiddir verða sem íslenskir staðlar og íslenskra kröfuskjala sem byggð eru á stöðlunum. Evrópustaðlarnir eru í raun skyldubundnir og verður að uppfylla ákvæði þeirra við gerð íslenskra kröfuskjala. Þess vegna er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld taki virkan þátt í gerð staðlanna til þess að tryggja að séríslenskar aðstæður verði virtar við samningu þeirra.

Að lokum er í 5. gr. að finna nýmæli um að Byggingarstofnun skuli árlega gefa út skýrslu um stöðu og þróun mannvirkjagerðar í landinu. Hefur mjög skort á að slíkar upplýsingar væru tiltækar á einum stað en með hinni nýju stofnun skapast tækifæri til að öðlast betri yfirsýn yfir mannvirkjagerð í landinu.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skipun forstjóra Byggingarstofnunar og menntun hans. Sambærileg ákvæði eru í gildandi lögum um forstjóra Skipulagsstofnunar og brunamálastjóra.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um byggingarnefndir, en samkvæmt ákvæðinu er sveitarstjórnum heimilt með sérstakri samþykkt að starfrækja byggingarnefnd og er hlutverk hennar að fjalla um byggingarleyfisumsókn áður en byggingarleyfi er gefið út af byggingarfulltrúa og hafa

eftirlit með stjórnsýslu hans fyrir hönd sveitarstjórnar. Felst breytingin í því að byggingarnefndir eru gerðar valkvæðar og er tilvist þeirra því háð gerð samþykktar af hálfu sveitarstjórnar. Telst ákvæðið í samræmi við gildandi framkvæmd þar sem smærri sveitarfélög hafa verið mótfallin því að leggja byggingarnefndir alfarið niður. Þá er einnig lagt til að sveitarstjórnum verði heimilt að kveða á um það í umræddri samþykkt að byggingarfulltrúi þurfi í einhverjum eða öllum tilvikum að afla samþykkis byggingarnefndar og/eða sveitarstjórnar áður en hann gefur út byggingarleyfi.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk byggingarfulltrúa við byggingareftirlit. Það er á ábyrgð þeirra að hafa eftirlit með þeirri mannvirkjagerð sem fellur undir 1. mgr., sbr. 2. mgr., 9. gr. Ákvæðið felur í reynd ekki í sér miklar breytingar á verkefnum byggingarfulltrúa. Hlutverk þeirra er afmarkað þannig að þeir hafi eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð, sem að mestu leyti er sú sama og sætt hefur eftirliti byggingarfulltrúa samkvæmt gildandi lögum. Það er síðan Byggingarstofnun sem fer með eftirlit með framkvæmd laganna að öðru leyti. Meginbreytingin felst í 19. gr. frumvarpsins þar sem gerð er sú krafa að byggingarfulltrúar og starfsmenn hans hafi faggildingu til að yfirfara uppdrætti og framkvæma úttektir ef þeir ætla sér að framkvæma þann hluta eftirlitsins sjálfir. Ekki er þó um ráðningarskilyrði að ræða þar sem byggingarfulltrúa er heimilt að starfa án faggildingar, en þá þarf að fela faggiltri skoðunarstofu yfirferð uppdrátta og framkvæmd áfangaúttekta.

Áfram verður heimilt að ráða sama aðila í starf skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa. Eftir skiptingu málaflokkanna í tvenn lög verður hins vegar enn mikilvægara en áður að byggingar- og skipulagsfulltrúar geri sér skýra grein fyrir því á grundvelli hvaða laga þeir eru að starfa í hverju tilviki fyrir sig, þar sem annars vegar getur verið um að ræða ákvarðanir sem þeim sjálfum er heimilt að taka og hins vegar ákvarðanir sem þurfa staðfestingu sveitarstjórnar.

Í 4. mgr. er ákvæði sem á sér hliðstæðu í 3. mgr. 7. gr. gildandi laga en hið síðarnefnda nær til starfsmanna byggingar- og skipulagsnefnda. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að byggingarfulltrúi eða starfsmenn hans starfi t.d. við hönnun að aukastarfi. Þótti slíkt fyrirkomulag óheppilegt og ósanngjarnt, sérstaklega gagnvart samkeppnisaðilum sem gátu þurft að lúta byggingareftirliti af hendi aðila sem á sama tíma var í samkeppni við þá í sínu aukastarfi. M.a. af þessum ástæðum var þessi regla tekin upp á sínum tíma. Þóttu vanhæfisreglur stjórnsýslulaga ekki tryggja hlutleysi byggingareftirlitsaðila nægjanlega og aukastarfaregla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nær ekki til starfsmanna sveitarfélaganna.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um það hvaða mannvirki eru háð byggingarleyfi og hvaða stjórnvald fer með útgáfu leyfisins. Sú grundvallarregla gildir að útgefandi byggingarleyfis hefur eftirlit með því að byggingarframkvæmdirnar séu í samræmi við ákvæði laganna. Útgefanda getur þó verið heimilt að fela öðrum framkvæmd eftirlitsins en ábyrgðin er ávallt útgefandans. Byggingarleyfisskyldan hefur verið víkkuð nokkuð frá því sem kveðið er á um í gildandi lögum og undanþágum frá byggingarleyfi verið fækkað. Enn þá eru undanþegin byggingarleyfi fráveitumannvirki, dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta, hafnir, varnargarðar og fyrirhleðslur, vegir og önnur samgöngumannvirki svo sem flugvellir, jarðgöng, vegskálar og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, en ábyrgð á eftirliti með hönnun þeirra er samkvæmt lögum á herðum annarra aðila, svo sem Orkustofnunar, Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar.

Í 1. mgr. er lagt til að ráðherra verði heimilt að undanþiggja minni háttar mannvirkjagerð eða smávægilegar breytingar á mannvirkjum byggingarleyfi. Er þetta talið nauðsynlegt í því skyni að einfalda byggingareftirlit og auka athafnafrelsi borgaranna upp að vissu marki. Í samræmi við markmið laganna skal byggingareftirlit miða að því að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi þeirra og heilnæmi sé fullnægt. Því er eðlilegt að minni háttar mannvirkjagerð sem ekki hefur áhrif á þessa þætti sé undanþegin byggingareftirliti. Of mikil orka byggingaryfirvalda hefur oft og tíðum farið í slíkt eftirlit og er hér lagt til að við gerð nýrrar reglugerðar um byggingarmál verði leitast við að einfalda eftirlitið með þessum hætti. Þá ættu yfirvöld að geta einbeitt sér að þeim mannvirkjum þar sem raunveruleg þörf er á eftirliti með því að þau standist öryggis-, heilbrigðis- og aðgengiskröfur.

Í 3. mgr. eru sérstaklega tilgreind þau mannvirki sem háð eru byggingarleyfi Byggingarstofnunar. Í a-lið 3. mgr. kemur fram að mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka séu háð byggingarleyfi Byggingarstofnunar. Þar sem þessi mannvirki eru utan marka sveitarfélaga falla þau utan umdæma byggingarfulltrúa. Hins vegar er eðlilegt að þessi mannvirki sæti byggingareftirliti eins og mannvirki á landi og er því lagt til að Byggingarstofnun fái það verkefni að gefa út byggingarleyfi vegna þeirra og hafi eftirlit með slíkri mannvirkjagerð. Í b-lið er síðan gert ráð fyrir að Byggingarstofnun veiti byggingarleyfi á varnar- og öryggissvæðum, sbr. 62. gr. frumvarpsins. Um þessi svæði er fjallað í varnarmálalögum, nr. 34/2008, og lögum nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt frumvarpi til skipulagslaga fer skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar með yfirstjórn skipulagsmála á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar. Yfirstjórn skipulagsmála á varnar- og öryggissvæðum eins og þau eru skilgreind í varnarmálalögum, nr. 34/2008, sbr. lög nr. 110/1951 og lög nr. 176/2006, er hins vegar í höndum utanríkisráðherra, sem og mannvirki sem falla undir b-lið ákvæðisins. Við útgáfu byggingarleyfis á síðarnefndum svæðum og við byggingareftirlit starfar Byggingarstofnun í umboði utanríkisráðherra, þar sem svæðin eru utan íslensks yfirráðasvæðis. Á framangreindum svæðum gilda öll ákvæði laga um mannvirki og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim að því undanskildu að öryggis- og varnarsvæðin, ásamt mannvirkjum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna, og starfsemi þeim tengd, eru undanþegin öllum opinberum gjöldum og eru mannvirkin undanþegin skyldutryggingu fasteigna, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 34/2008. Samkvæmt lögum nr. 176/2006 skiptist varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli í flugvallarsvæði, öryggissvæði og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 38/2007 sem og auglýsingu nr. 1263/2007 var mörkum varnarsvæðisins breytt þannig að flugvallarsvæðið og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar falla nú utan skilgreinds varnarsvæðis. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 76/2008 fer opinbert hlutafélag skv. 1. gr. með stjórnsýslu byggingarmála á flugvallarsvæðinu samkvæmt skipulags- og byggingarlögum uns annað verður ákveðið með lögum. Er með frumvarpi þessu hins vegar lagt til að útgáfa byggingarleyfa og eftirlit með mannvirkjum á flugvallarsvæðinu verði í höndum byggingarfulltrúa í ljósi þess að það er nú utan skilgreinds varnarsvæðis samkvæmt auglýsingu nr. 1263/2007, sjá m.a. 2. mgr. 9. gr. og 16. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er ákvæði um að ef vafi leiki á því hvort mannvirki sé háð byggingarleyfi eða hvort það falli undir byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnun þá skeri úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála úr. Í 5. mgr. eru síðan ákvæði um að ef breyting á mannvirki skv. 2. mgr. varði ytra útlit þess eða form skuli leita eftir samþykki skipulagsnefndar nema breyting

sé óveruleg hvað varðar útlit og form. Verður að telja rökrétt í ljósi eðli slíkra breytinga að leita þurfi eftir samþykki skipulagsnefndar áður en byggingarleyfi er veitt.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um umsóknir um byggingarleyfi og eru 1. og 3. mgr. að mestu samhljóða 4. mgr. 43. gr. gildandi laga. Nýtt er þó að tilkynna þarf um samræmingaraðila mannvirkisins strax við umsókn um byggingarleyfi en samkvæmt gildandi lögum hefur aðalhönnuður mannvirkis sjálfkrafa það hlutverk að samræma hönnun þess. Í 2. mgr. er nýtt ákvæði sem kemur til vegna skiptingar löggjafar um skipulags- og byggingarmál í tvenn lög, sem heyra að hluta til undir tvenn stjórnvöld og tvenns konar stjórnsýslu sveitarfélaganna. Í málsgreininni er kveðið á um að umsókn um byggingarleyfi Byggingarstofnunar þarf að fylgja staðfesting skipulagsfulltrúa viðkomandi sveitarfélags á því að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir á svæðinu. Er þetta talið nauðsynlegt til að tryggja að það sé réttur aðili sem metur það hvort mannvirkjagerð samræmist skipulagsáætlunum. Þegar um er að ræða mannvirki sem háð er leyfi byggingarfulltrúa þá þarf byggingarfulltrúinn einungis að leita umsagnar skipulagsfulltrúa ef vafi leikur á að framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum sveitarfélagsins. Oft er um augljóst atriði að ræða og þar sem bæði byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi starfa í umboði sama sveitarfélags þá er talið óþarfi að flækja málsmeðferðina með því að leita umsagnar skipulagsfulltrúans í öllum tilvikum. Sé byggingarfulltrúi hins vegar í vafa skal hann ætíð leita umsagnar skipulagsfulltrúans enda er það hans að meta þetta atriði á grundvelli ákvæða skipulagslaga. Sé slíkrar umsagnar ekki leitað og mat byggingarfulltrúa á samræminu reynist rangt getur það leitt til ógildis byggingarleyfis.

Um 11. gr.

Hér er nýtt ákvæði sem fjallar um samþykkt byggingaráforma. Í því kerfi sem verið hefur við lýði hefur samþykkt byggingarnefndar og sveitarstjórnar á aðaluppdráttum í raun falið í sér samþykkt byggingaráforma. Útgáfa byggingarleyfis hefur svo farið fram síðar þegar önnur skilyrði laganna hafa verið uppfyllt svo sem um greiðslu gjalda og tilkynningar um byggingarstjóra og iðnmeistara. Þessi tvískipting á samþykki byggingaryfirvalda er nauðsynleg þar sem hönnun mannvirkis er afar umfangsmikið verkefni og rétt að umsækjandi fái fyrst vilyrði fyrir byggingaráformunum, þ.e. að þau séu í samræmi við skipulagsáætlanir og aðaluppdrættir séu í samræmi við lög og reglur, áður en ráðist er í gerð allra þeirra séruppdrátta sem nauðsynlegir eru. Þegar þeirri hönnun er lokið og önnur skilyrði 13. gr. frumvarpsins eru uppfyllt er hins vegar fyrst heimilt að hefja byggingarframkvæmdirnar sjálfar.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild til handa útgefanda byggingarleyfis til að krefjast mats á mannvirki, hlutum þess eða tæknibúnaði á kostnað eiganda mannvirkis ef fyrir liggur rökstuddur grunur um að það uppfylli ekki kröfur laganna eða reglugerða eða ef viðkomandi hlutur eða tæknibúnaður hefur ekki verið notaður áður við sambærilegar aðstæður eða á sambærilegan hátt. Svipuð heimild en þrengri er í 5. mgr. 42. gr. gildandi laga þar sem byggingarfulltrúa er heimilað að krefjast álagsprófunar mannvirkis til staðfestingar á burðarþoli og virkniprófun lagnakerfa á kostnað húsbyggjanda. Er talið nauðsynlegt að heimild sem þessi sé fyrir hendi í lögunum til að unnt sé að ganga úr skugga um öryggi mannvirkis eða aðra þætti sem lögin setja reglur um. Getur útgefandi byggingarleyfis hvenær sem er við byggingu mannvirkisins eða rekstur gert kröfu um mat óháðs aðila að því gefnu að fyrir liggi rök-

studdur grunur um að það standist ekki ákvæði laganna eða reglugerða sem sett eru á grundvelli þeirra.

Í 2. mgr. er heimild fyrir útgefanda byggingarleyfis að setja skilyrði við sérstakar aðstæður um að mat óháðs aðila sé gert á kostnað umsækjanda eftir að það er tekið í notkun til að tryggja að uppfyllt séu ákvæði laganna og reglugerða sem sett eru á grundvelli þeirra. Dæmi um notkun þessarar heimildar er að við útgáfu byggingarleyfis séu sett skilyrði um hljóðvistarprófanir eftir að mannvirki er tekið í notkun þannig að ganga megi úr skugga um að ákvæði reglugerðar um hljóðvist innan húss séu uppfyllt.

Í 3. mgr. segir að allar prófanir, skoðanir og vottanir skv. 1. og 2. mgr. skuli framkvæmdar í samræmi við viðeigandi staðla til að tryggja að matið verði byggt á viðurkenndum, þekktum aðferðum þannig að réttaröryggi eigenda mannvirkja verði sem best tryggt. Í þeim tilfellum þar sem staðlaðar aðferðir eru ekki til er þess krafist að prófanir séu byggðar á rökstuddum aðferðum sem er lýst skriflega. Heimilt er útgefanda byggingarleyfis að gera þá kröfu að vottunarstofur, prófunarstofur og skoðunarstofur hafi hlotið faggildingu.

Um 13. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við 44. gr. gildandi laga en nokkuð breytt. Ákvæði sambærilegt 1. mgr. er nú í 3. mgr. 43. gr. gildandi laga. Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru í fyrsta lagi að mannvirkið og notkun þess samræmist skipulagsáætlunum á svæðinu. Er það ekki breyting frá því sem nú er en skipting málaflokksins í tvenn lög kallar á það að í vafatilvikum leiti byggingarfulltrúi umsagnar skipulagsfulltrúa um samræmið, sbr. umfjöllun um 10. gr. Annað skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis er að aðal- og séruppdrættir hafi verið yfirfarnir og leyfisveitandi áritað þá til staðfestingar á samþykki. Lagt er til að það verði meginreglan að til að fá útgefið byggingarleyfi þurfi ekki aðeins aðaluppdrættir að liggja fyrir heldur einnig séruppdrættir, en í tíð gildandi laga hefur framkvæmdin hvað varðar skil á uppdráttum við útgáfu byggingarleyfis verið mjög misjöfn eftir byggingareftirlitsumdæmum. Standi sérstaklega á, t.d. þegar hönnun mannvirkis er sérstaklega umfangsmikil og séruppdrættir margir, er unnt að nýta heimild 2. mgr. og veita skriflegt leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. 3. tölul. er sambærilegur 2. tölul. 1. mgr. 44. gr. gildandi laga að því undanskildu að tengigjöld þurfa ekki að vera greidd við útgáfu byggingarleyfis. 4. tölul. er efnislega samhljóða 3. mgr. 44. gr. gildandi laga. Í 5. tölul. er síðan nýtt ákvæði um að skráð hafi verið í gagnasafn Byggingarstofnunar að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistari hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við ákvæði laganna. Ekki er gerð krafa um að gæðastjórnunarkerfið sjálft sé skráð í gagnasafnið heldur einungis að skráð hafi verið að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistarar verksins hafi komið sér upp slíku kerfi. Er þetta talið nauðsynlegt skilyrði til að tryggja að fylgt verði nýjum ákvæðum frumvarpsins um gæðastjórnunarkerfi. Byggingarstofnun hefur eftirlit með því að byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi komið sér upp gæðastjórnunarkerfi og noti það við störf sín en hlutverk byggingarfulltrúa er þá að kanna í gagnasafni stofnunarinnar hvort þetta hafi verið gert.

Í 3. mgr. ákvæðisins er að lokum tilvísun til laga um mat á umhverfisáhrifum í því skyni að tryggja að fylgt sé málsmeðferð þeirra laga áður en byggingarleyfi mannvirkja er gefið út. Fjölmörg mannvirki geta fallið undir ákvæði þeirra laga og því nauðsynlegt að vísa til þeirra hér.

Um 14. gr.

Fyrstu þrjár málsgreinar ákvæðisins eru samhljóða 1.–3. mgr. 45. gr. gildandi laga en ákvæði 4. mgr. er nýtt. Þar er kveðið á um heimild leyfisveitanda til að fella byggingarleyfi úr gildi ef eigandi mannvirkis eða aðrir þeir aðilar sem ábyrgð bera á byggingarframkvæmdum sinna ekki fyrirmælum eftirlitsaðila við byggingareftirlit eða gerast sekir um alvarleg eða ítrekuð brot gegn lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Er um nauðsynlegt úrræði að ræða til að tryggja að lögunum sé fylgt. Við ákvarðanir byggingaryfirvalda vegna slíkra brota gilda að sjálfsögðu stjórnsýslulög sem tryggja að gætt sé meðalhófs og annarra reglna laganna við beitingu slíkra úrræða. Þannig gæti leyfisveitandi valið að beita fyrst dagsektarákvæðum 56. gr. áður en hann fellir leyfi úr gildi.

Um IV. kafla.

Í fjórða kafla frumvarpsins eru ákvæði um ábyrgð eiganda mannvirkis og framkvæmd byggingareftirlits. Meginhluti kaflans er nýmæli í löggjöf og vega þar þyngst ákvæði um ábyrgð eiganda og um faggildingu eftirlitsaðila. Lögð er mikil áhersla á að yfirferð hönnunargagna og að úttektir séu framkvæmdar af faggiltum aðila, annaðhvort á markaði eða opinberum aðila. Fordæmi fyrir slíku eftirliti er að finna í lögum um eftirlit með skipum og umferðarlögum vegna skoðunar ökutækja og hefur þótt gefast vel. Sömu sjónarmið eru hér að baki og sömu grunnreglur, þ.e. lög um faggildingu, gilda um faggildinguna. Hins vegar hefur hver málaflokkur sína sérstöðu og er því nauðsynlegt að setja sérstakar reglur í viðkomandi sérlögum um fyrirkomulag slíks eftirlits, um hæfni skoðunarmanna, starfsleyfi skoðunarstofa og ýmsa aðra framkvæmd.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er að finna þá meginreglu að eigandi mannvirkis beri ábyrgð á hönnun, byggingu og rekstri þess enda er það hann sem á mannvirkið og kostar gerð þess og rekstur. Þessa reglu hefur hingað til ekki verið að finna með beinum hætti í lögum um byggingarmál og því hefur ábyrgð eiganda að sumu leyti verið óljós t.d. í tengslum við ábyrgð annarra aðila byggingarframkvæmda, svo sem hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara. Eigandinn ber samkvæmt ákvæðinu ábyrgð á því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkis sé farið að kröfum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Skal eigandinn hafa virkt innra eftirlit með því að þeir aðilar sem hann ræður til að hanna, byggja og reka mannvirkið fari eftir ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Þar sem eigandinn kann að vera aðili sem ekki kann skil á reglum um byggingarframkvæmdir þá er lögð á hann sú skylda að ráða til sín byggingarstjóra, sem uppfyllir hæfniskröfur og hefur starfsleyfi sem slíkur, og framkvæmir hann innra eftirlit eigandans við byggingarframkvæmdina frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram. Við hönnun mannvirkis annast samræmingaraðili innra eftirlitið. Sérhver hönnuður mannvirkis ber ábyrgð á sinni vinnu við verkið og að hún samræmist hönnun annarra. Samræmingaraðila er ekki ætlað að yfirfara hönnun annarra heldur einungis að gæta þess að samræmingin hafi farið fram og framkvæma innra eftirlit eiganda á hönnunarstigi. Nánari ákvæði um framkvæmd þessa innra eftirlits eru í 4. mgr. 23. gr. frumvarpsins en einnig verða settar um það ítarleg ákvæði í reglugerð. Í frumvarpi þessu er rík áhersla lögð á hlutverk byggingarstjórans við byggingarframkvæmdirnar sem eins konar umboðsmanns eiganda, sem hefur eftirlit með því að aðrir sem að framkvæmdunum koma sinni sínum skyldum, sbr. umfjöllun hér síðar um hlutverk byggingarstjóra. Ekkert er því til fyrirstöðu að eigandi mannvirkis sé jafnframt byggingarstjóri þess, að því gefnu að hann uppfylli hæfniskröfur og hafi starfsleyfi sem

slíkur. Byggingarfyrirtæki sem byggir í eigin nafni getur því jafnframt verið byggingarstjóri mannvirkisins séu framangreind skilyrði uppfyllt.

Samkvæmt 3. mgr. skal eigandi mannvirkis sjá til þess að fram fari lögboðið eftirlit með byggingu mannvirkisins. Í framkvæmd er það byggingarstjóri mannvirkisins sem hefur samskipti við byggingaryfirvöld fyrir hönd eigandans, aflar nauðsynlegra heimilda og óskar eftir úttektum. Það fyrirkomulag hefur verið við lýði síðan lög nr. 73/1997 tóku gildi og hefur gefist vel.

Til að taka af allan vafa er í 4. mgr. skilgreint hverjir það eru sem teljast eigendur í skilningi ákvæðisins. Í d-lið er tekið fram að ef mannvirki er selt í byggingu í heild eða að hluta skuli fyrri eigandi bera ábyrgð skv. 1. mgr. ásamt nýjum eiganda nema um annað sé samið í skriflegum samningi milli þeirra. Algengt er á Íslandi að mannvirki í byggingu séu seld í heild eða að hluta og misjafnt hvernig æskilegast er að ábyrgðarskiptingunni sé háttað. Ef t.d. byggingarfyrirtæki selur almenningi íbúðir fjölbýlishúss á byggingarstigi en tekur að sér að ljúka gerð þeirra þá er eðlilegt að byggingarfyrirtækið haldi áfram að bera ábyrgð samkvæmt lögunum. Einnig kann mannvirki að vera selt aðila sem fullfær er um að bera slíka ábyrgð eftir kaupin og þá er heimilt að semja um það sérstaklega. Skal þá koma skýrt fram að nýr eigandi gangi inn í samning fyrri eiganda við byggingarstjóra mannvirkisins eða nýr byggingarstjóri sé ráðinn fyrir mannvirkið í heild.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk útgefanda byggingarleyfis, sem getur ýmist verið byggingarfulltrúi eða Byggingarstofnun, sbr. 9. gr. Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að það er útgefandi byggingarleyfis sem ber ábyrgð á eftirliti með því að hönnun viðkomandi mannvirkis sé í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og að byggt sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög og reglugerðir sem um mannvirkjagerðina gilda. Framkvæmd eftirlitsins þarf hins vegar ekki að vera í höndum útgefandans sjálfs heldur getur það verið framkvæmt af faggiltum skoðunarstofum, bæði hvað varðar yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta. Útgefandi byggingarleyfis gefur út vottorð um framkvæmd öryggis- og lokaúttektar eða við lok niðurrifs mannvirkis, eftir atvikum á grundvelli skoðunarskýrslu faggiltrar skoðunarstofu eða eigin skoðana. Sjálf útgáfa þeirra vottorða sem talin eru upp í 3. mgr. er stjórnvaldsathöfn sem ekki verður framseld til skoðunarstofa. Útgefandi byggingarleyfis ber ábyrgð á því að þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 4. mgr. séu færðar í gagnasafn Byggingarstofnunar. Í framtíðinni má hugsa sér að faggiltar skoðunarstofur geti fengið takmarkaðan aðgang að gagnasafninu til að færa sjálfar inn niðurstöður skoðana.

Um 17. gr.

Í 17. gr. er lögð til sú mikilvæga breyting á framkvæmd eftirlits með mannvirkjum að það skuli framkvæmt í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun býr til á grundvelli laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Breyting þessi mun gjörbylta öllu eftirliti með mannvirkjagerð í landinu og er meginforsenda þess að samræming þess takist. Mikil vinna er fram undan við gerð slíkra skoðunarhandbóka en sú vinna mun skila sér margfalt við framkvæmd eftirlitsins. Einn meginkostur slíkra handbóka er að eftirlitið verður fyrirsjáanlegt og einsleitt.

Í 2. mgr. er fjallað um það að Byggingarstofnun skuli gefa út bindandi álit vegna ágreinings um túlkun skoðunarhandbókar og framkvæmd tæknilegs eftirlits á grundvelli hennar. Um er að ræða tæknileg atriði sem eðlilegt verður að telja að sérhæfð fagstofnun á borð við

Byggingarstofnun túlki. Ef um er að ræða sambærilegan ágreining sem upp kemur við framkvæmd eftirlits Byggingarstofnunar sker ráðherra úr. Gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun geti einnig að eigin frumkvæði gefið út slík bindandi álit. Getur slíkt tæki nýst vel til samræmingar á eftirliti og til að skera úr um vafaatriði um tæknileg mál sem hugsanlega valda vandræðum án þess að eiginlegur ágreiningur sé uppi. Þar sem um hrein tæknileg mál er að ræða er gert ráð fyrir að álit Byggingarstofnunar og eftir atvikum ráðherra á grundvelli þessa ákvæðis sæti ekki endurskoðun úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Tilgangur 3. mgr. er að koma í veg fyrir tvöfalt eftirlit ef skoðunarstofa annast eftirlit með mannvirkjagerð. Í þeim tilvikum skal yfirferð útgefanda byggingarleyfis takmarkast við framlagða skoðunarskýrslu og skal gjaldtaka hans miðast við það. Er útgefanda byggingarleyfis og Byggingarstofnun þó heimilt að taka eftirlit skoðunarstofa til athugunar sé tilefni til þess.

Í 4. mgr. er sérstaklega tekið fram að byggingarfulltrúi getur ávallt ákveðið að leitað skuli álits slökkviliðs við yfirferð aðaluppdrátta með tilliti til eldvarna, óháð því hvort eftirlitið er framkvæmt af byggingarfulltrúa eða skoðunarstofu. Nauðsynlegt er að taka af öll tvímæli um að heimilt sé við byggingareftirlit að nýta þá þekkingu á sviði brunavarna sem slökkviliðin hafa yfir að ráða, óháð því hvort eftirlitið hafi verið fært í hendur einkamarkaðarins. Forvarnagildi slíkrar aðkomu slökkviliðs er mikið og auknar líkur eru á að slökkvilið hafi yfirsýn yfir stöðu brunavarna í sveitarfélaginu. Enn fremur hefur verið á það bent að í mörgum tilfellum sé nauðsynlegt að meta mögulegar afleiðingar bruna í mannvirki með tilliti til almannaheilla í víðara samhengi en hvað snertir mannvirkið eitt og sér.

Í 5. mgr. er að lokum fjallað um úttektir Byggingarstofnunar á gæðakerfum hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum laganna um gerð og virkni gæðakerfa. Einnig er fjallað um viðurlög ef í ljós kemur að gæðastjórnunarkerfin uppfylla ekki ákvæði laganna eða reglugerða sem um þau gilda.

Um 18. gr.

Eitt af því sem sætt hefur töluverðri gagnrýni varðandi framkvæmd gildandi laga er að byggingareftirlit sé alls ekki samræmt um land allt og að í sumum sveitarfélögum sé byggingareftirliti lítið eða ekkert sinnt og leyfislaus mannvirkjagerð látin óátalin. Hafa Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneytið, sem þó bera ábyrgð á framkvæmd byggingarmála, lítið getað aðhafst vegna þessa. Er lagt til að Byggingarstofnun hafi beinan íhlutunarrétt ef eftirliti byggingarfulltrúa er áfátt. Skal Byggingarstofnun þó ávallt áður benda byggingarfulltrúa og viðkomandi sveitarfélagi á það sem bæta þarf úr og gefa viðkomandi kost á að gera fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta. Mikilvægt er að sveitarstjórn, auk byggingarfulltrúa, sé gert aðvart og henni þannig gefinn kostur á að grípa til viðeigandi úrræða gagnvart byggingarfulltrúa sé um vanrækslu af hans hálfu að ræða. Byggingarfulltrúi er ráðinn af sveitarstjórn og vinnur í umboði hennar og því er mikilvægt að sveitarstjórn sé gefinn kostur á að grípa til viðeigandi ráðstafana áður en til íhlutunar Byggingarstofnunar kemur. Í íhlutunarrétti Byggingarstofnunar felst að stofnunin getur í raun gengið inn í stjórnsýsluhlutverk byggingarfulltrúans og beitt sömu réttar- og þvingunarúrræðum gagnvart eiganda mannvirkis og byggingarfulltrúi, þar á meðal að gefa út eða fella úr gildi byggingarleyfi eða gefa út viðeigandi vottorð. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum en samkvæmt lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, hefur Brunamálastofnun beinan íhlutunarrétt. Ekki er gert ráð fyrir að Byggingarstofnun beiti þessari heimild nema í undantekningartilvikum en engu að síður er nauðsynlegt að hún sé til staðar m.a. til að tryggja samræmt eftirlit um land allt og að Byggingarstofnun hafi raunverulegar heimildir í samræmi við ábyrgð stofnunarinnar á framkvæmd

málaflokksins. Tekið er fram að stofnuninni er ekki heimilt að beita íhlutunarréttinum ef viðkomandi mál er til meðferðar hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Ákveðin hætta er á skörun milli þessa ákvæðis og úrskurðarvalds nefndarinnar og er því nauðsynlegt að taka fram að Byggingarstofnun er ekki ætlað að grípa inn í mál sem eru til umfjöllunar hjá nefndinni. Reynslan hefur sýnt að sveitarfélögin hafa virt úrskurði nefndarinnar og hagað sinni stjórnsýslu í samræmi við þá. Það breytir því hins vegar ekki að íhlutunarréttur Byggingarstofnunar er nauðsynlegt neyðarúrræði sem þarf að vera fyrir hendi þannig að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu sem ábyrgðaraðili um framkvæmd laganna. Það er ófært að stofnunin þurfi að reiða sig á kærur frá utanaðkomandi aðilum til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í þeim tilvikum sem hún verður vör við að framkvæmd eftirlits með mannvirkjagerð sé ekki í samræmi við lög. Íhlutunarrétti Byggingarstofnunar er hins vegar ekki ætlað að vera kæruleið fyrir hinn almenna borgara eða aðra aðila sem telja á sér brotið við framkvæmd byggingareftirlits, enda er einungis um heimild til handa Byggingarstofnun að ræða. Í slíkum tilvikum mundi sá aðili snúa sér til úrskurðarnefndar skv. 59. gr. frumvarpsins, nema um væri að ræða ágreining um túlkun skoðunarhandbókar vegna tæknilegs eftirlits, sbr. 2. mgr. 17. gr.

Í 2. mgr. er tekið fram að þegar afskiptum Byggingarstofnunar lýkur tekur byggingarfulltrúi aftur við málinu og hefur eftirlit með mannvirkjagerðinni og annarri stjórnsýslu. Er þetta ákvæði sett til að tryggja að enginn vafi leiki á framhaldi máls ef Byggingarstofnun þarf að grípa inn í málsmeðferð byggingarfulltrúa. Sem dæmi um slíkt væri t.d. ef byggingarfulltrúi krefst ekki byggingarleyfis vegna mannvirkjagerðar sem háð er byggingarleyfi samkvæmt lögunum eða gefur út byggingarleyfi án þess að skilyrði laga séu uppfyllt. Í þeim tilvikum gæti Byggingarstofnun gefið hið umdeilda byggingarleyfi út eða fellt það úr gildi. Sé byggingarleyfi gefið út tæki byggingarfulltrúi við málinu að því loknu eftir tilkynningu frá Byggingarstofnun og annaðist eftirlit með mannvirkjagerðinni eftir það. Sé um að ræða ógildingu byggingarleyfis gæti Byggingarstofnun þurft að beita nauðsynlegum þvingunarúrræðum gagnvart eiganda t.d. um stöðvun framkvæmda áður en tilkynnt er um að afskiptum stofnunarinnar sé lokið. Ákvörðun um hvenær afskiptum er lokið er í höndum Byggingarstofnunar.

Um 19. gr.

Ákvæðið er nýmæli og kveður á um að Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar skuli hafa faggildingu til að yfirfara hönnunargögn og framkvæma úttektir. Ákvæðið tryggir ákveðinn ramma utan um eftirlitið og að opinberir eftirlitsaðilar og faggiltar skoðunarstofur sitji við sama borð og lúti sömu reglum við framkvæmd eftirlitsins. Byggingarstofnun eða byggingarfulltrúi geta aflað sér faggildingar til að sinna hluta eftirlits með mannvirkjagerð en ákveðið að fela faggiltri skoðunarstofu annað eftirlit. Einnig gætu byggingarfulltrúar ákveðið að afla sér ekki faggildingar og fela yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta alfarið skoðunarstofum. Hlutverk byggingarfulltrúanna yrði þá eftir sem áður útgáfa byggingarleyfa og útgáfa vottorða, auk þess sem það kæmi í þeirra hlut að grípa til viðeigandi þvingunarúrræða ef nauðsyn krefur.

Um 20. gr.

Ákvæðið er nýmæli og er í 1. mgr. fjallað um hvernig haga skal ákvörðun um að nota faggiltar skoðunarstofur við eftirlit með mannvirkjagerð. Skal það gert samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða Byggingarstofnunar, þegar um er að ræða eftirlit sem undir þá stofnun heyrir. Þá getur byggingarfulltrúi, án samþykkis sveitarstjórnar, ákveðið við meðferð bygg-

ingarleyfisumsóknar að tiltekið mannvirki sæti eftirliti af hálfu skoðunarstofu. Svipað fyrirkomulag hefur tíðkast í framkvæmd í tíð gildandi laga þótt ekki hafi ávallt verið gerð krafa um faggildingu. Tekið er fram í 1. mgr. að beiting réttar- og þvingunarúrræða skuli ávallt vera í höndum leyfisveitanda. Stjórnsýsluleg ábyrgð eftirlits með mannvirkjagerð er því alltaf í höndum byggingarfulltrúa eða eftir atvikum Byggingarstofnunar þó að heimilt sé að fela faggiltum skoðunarstofum framkvæmd þess að hluta.

Í 2. mgr. kemur fram að í þeim tilvikum sem ákveðið er að eftirlit með mannvirkjagerð sé framkvæmt af skoðunarstofu þá skuli eigandi mannvirkisins annast ráðningu slíkrar skoðunarstofu og greiða kostnað af framkvæmd eftirlitsins, enda hafi skoðunarstofan starfsleyfi. Með þessu er leitast við að tryggja að heilbrigð samkeppni geti skapast milli faggiltra skoðunarstofa og eigandi mannvirkisins geti sjálfur valið þá stofu sem hann kýs að skipta við. Sú takmarkaða heimild sem nú er í lögum til að nota faggiltar skoðunarstofur er frábrugðin að því leyti að þar er það sveitarfélagið sem ræður skoðunarstofuna en eigandi mannvirkisins hefur ekkert um það að segja. Hér er því um nýmæli að ræða. Sömu aðferð er beitt við val á skoðunarstofum þegar um eftirlit með skipum og bátum er að ræða, eftirlit í sjávarútvegi og skoðun ökutækja.

Í 3. mgr. er ákvæði um starfsemi faggiltra skoðunarstofa og áskilið að þær þurfi starfsleyfi Byggingarstofnunar til að geta tekið að sér eftirlit með mannvirkjagerð samkvæmt frumvarpinu. Sambærilegur áskilnaður um starfsleyfi er í annarri löggjöf þar sem opinbert eftirlit hefur verið falið faggiltum skoðunarstofum, t.d. í lögum um eftirlit með skipum. Enn fremur er það skilyrði að skoðunarmenn skoðunarstofu og tæknilegur stjórnandi hennar uppfylli hæfnisskilyrði 21. gr. Hæfnisskilyrði þessi eru mismunandi eftir því hvort skoðunarstofan hefur faggildingu til að yfirfara uppdrætti eða framkvæma áfangaúttektir, auk þess sem gerðar eru mismunandi hæfniskröfur eftir gerð þeirra mannvirkja sem skoðunarstofunni er heimilt að hafa eftirlit með. Gert er ráð fyrir nánari útfærslu á þessu í reglugerð þar sem gerð verður nánari grein fyrir flokkun faggildingar.

Um 21. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þær hæfniskröfur sem gerðar eru til skoðunarmanna byggingarfulltrúa, Byggingarstofnunar eða skoðunarstofa. Er bæði gerð krafa um tiltekna menntun og reynslu. Er talið nauðsynlegt að skoðunarmenn hafi til að bera þekkingu og hæfni til að geta framkvæmt skoðanir og metið með fullnægjandi hætti hvort mannvirkjagerðin sé í samræmi við lög og reglur. Skoðunarmönnum er skipt í þrjá flokka, I–III og síðan er gert ráð fyrir að í reglugerð verði sett ákvæði um hvaða þætti byggingareftirlits skoðunarmönnum í hverjum flokki er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða framkvæmd úttekta.

Um V. kafla.

Ákvæði fimmta kafla byggjast að meginstefnu til á ákvæðum gildandi laga. Gerðar eru lítils háttar breytingar á kröfum um starfsreynslu hönnuða vegna löggildingar og lagt er til að löggildingar færist frá umhverfisráðherra til Byggingarstofnunar. Enn fremur eru gerðar kröfur um að hönnuðir hafi gæðastjórnunarkerfi og er það nýmæli.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að mannvirki skuli hönnuð þannig að þau uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Ákvæði 2. mgr. auk skilgreininga í 3. gr. frumvarpsins hvað varðar hönnunargögn byggjast á gildandi rétti.

Ákvæði frumvarpsins eru þó ekki eins ítarleg og ákvæði gildandi laga um hönnunargögn og er gert ráð fyrir að ítarlegri ákvæði um hönnunargögn verði að finna í reglugerð. Þar sem fleiri mannvirki falla undir byggingarleyfisskyldu en áður má gera ráð fyrir að gera þurfi nokkrar breytingar á ákvæðum reglugerðar um hönnunargögn og hvaða hönnunargögn þurfa að liggja fyrir við veitingu byggingarleyfa vegna mismunandi mannvirkja. Er eðlilegt að nákvæm útfærsla á slíkum tæknilegum kröfum komi fram í reglugerð. Sem dæmi má nefna að í greinargerðum, sem nefndar eru sem fylgiskjöl í 2. mgr., er t.d. fjallað um aðgengi, burðarþol, hljóðvist og lagnir.

Um 23. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru sambærileg við 47. gr. gildandi laga. Þó er lagt til skýrara orðalag um í hverju ábyrgð hönnuða felist. Kemur fram að hönnuðir bera ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að hönnun þeirra sé faglega unnin og að mannvirkið standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í frumvarpi þessu og reglugerðum settum á grundvelli laganna verði það samþykkt. Ekki er um neina efnislega breytingu að ræða frá því sem nú er. Í 3. mgr. er nýmæli um að hönnuður séruppdrátta beri ábyrgð á því að hönnun hans samræmist hönnun aðalhönnuðar. Hvergi í gildandi lögum hefur verið fjallað um ábyrgð hönnuðar séruppdrátta að þessu leyti. Í 4. mgr. er lögð til sú breyting að tilgreina skuli sérstakan aðila til að hafa yfirumsjón með og bera ábyrgð á því að samræming aðal- og séruppdrátta fari fram. Kallast þessi aðili samræmingaraðili og skal hann verið löggiltur hönnuður. Samræmingaraðili framkvæmir innra eftirlit eiganda við hönnun mannvirkis. Samkvæmt gildandi rétti annast hönnuður aðaluppdrátta ávallt slíka samræmingu og kallast þá samræmingarhönnuður. Þetta ákvæði hefur almennt ekki vera talið virka sem skyldi, sérstaklega þegar um er að ræða vandasama hönnun og mikinn fjölda séruppdrátta. Í þeim tilvikum hefur samræmingarhönnuður, sem oftast er arkitekt eða byggingarfræðingur, takmarkaða möguleika til að ganga úr skugga um að séruppdrættir samræmist innbyrðis eða samræmist aðaluppdráttum. Því er talið eðlilegt að tekin verði upp heimild til að fela öðrum þá samræmingu. Samræmingaraðili þarf ekki að vera einn af hönnuðum mannvirkisins. Samræmingaraðili getur samhliða sinnt starfi byggingarstjóra mannvirkisins enda uppfylli hann þær kröfur sem gerðar eru til slíkra aðila. Í lokamálslið 4. mgr. er einnig að finna nýmæli þar sem gerð er sú krafa að samræmingaraðili skuli áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar. Að lokum er í 5. mgr. ákvæði um fyrningu skaðabótaábyrgðar hönnuðar sem er sambærileg við ákvæði um fyrningu bótaábyrgðar byggingarstjóra og iðnmeistara. Skylda hönnuða til að hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er óbreytt frá núgildandi skipulags- og byggingarlögum.

Um 24. gr.

Ákvæðið fjallar um gæðastjórnunarkerfi hönnuða og samræmingaraðila og er gerð sú krafa að þessir aðilar hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við nánari fyrirmæli í reglugerð. Í almennum athugasemdum eru rakin rök fyrir þessari kröfu um gæðastjórnunarkerfi. Skal hönnuður í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis. Í ákvæðinu eru talin upp þau atriði sem gæðastjórnunarkerfi hönnuða þurfa a.m.k. að fela í sér. Eru þetta þeir þættir sem hið opinbera gerir kröfur um að haldið sé utan um í gæðastjórnunarkerfinu. Hönnuður getur að auki ákveðið að hafa aðra þætti inni í sínu gæðastjórnunarkerfi, sem t.d. tengjast hefðbundnum rekstri, en það er ekki hlutverk hins opinbera að segja til um það eða hafa eftirlit með þeim þáttum kerfisins. Í 60. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilað að ákveða með reglugerð að gæðastjórnunarkerfi hönnuða skuli

vottuð af faggiltri vottunarstofu. Það mun ráðast af reynslu af notkun gæðastjórnunarkerfa við mannvirkjagerð hvort sú heimild verður nýtt í framtíðinni.

Um 25. gr.

Ákvæði 25. og 26. gr. eru sambærileg 48. og 49. gr. gildandi laga en með breyttri framsetningu. Í þessu ákvæði er gerð grein fyrir skiptingu löggildingar í einstök sérsvið, en ekki er um efnislega breytingu að ræða frá gildandi lögum, nema gert er ráð fyrir að löggilding hönnuða verði í höndum Byggingarstofnunar í stað umhverfisráðherra. Í 2. mgr. kemur fram að listi yfir löggilta hönnuði skuli varðveittur í gagnasafni Byggingarstofnunar, en nokkuð hefur skort á að til sé slík miðlæg skráning hönnuða fyrir landið allt.

Um 26. gr.

Hér er fjallað um þau skilyrði sem hönnuðir þurfa að uppfylla til að öðlast löggildingu skv. 25. gr. Skilyrðin eru að mestu þau sömu og í gildandi rétti. Í b-lið er lögð til sú breyting að Byggingarstofnun standi fyrir prófi og námskeiði fyrir mannvirkjahönnuði í stað sérstakrar prófnefndar. Er gert ráð fyrir að Byggingarstofnun verði heimilt að fela öðrum framkvæmd námskeiða og prófa. Efni námskeiðsins skal samkvæmt ákvæðinu vera gildandi lög og reglur á sviði mannvirkjagerðar og séríslenskar aðstæður sem taka þarf tillit til við hönnun. Meginástæða þess að talið er nauðsynlegt að gera kröfu um slíkt námskeið áður en löggilding er veitt er sú staðreynd að á Íslandi eru að mörgu leyti aðrar aðstæður en í öðrum löndum. Á vissum sviðum hér á landi eru gerðar strangari kröfur til hönnunar t.a.m. vegna veðurálags og jarðskjálftahættu.

Í c-lið er fjallað um þá starfsreynslu sem umsækjendur um próf skulu hafa öðlast áður en þeir sækja námskeið og próf. Lagt er til að ákvæði um starfsreynslu hinna mismunandi fagaðila verði samræmd þannig að allir þurfi að ljúka þriggja ára starfsreynslu. Samkvæmt gildandi lögum þurfa arkitektar enga starfsreynslu en byggingarfræðingar 20 mánaða reynslu og er því um töluverða breytingu að ræða hvað þessa aðila varðar. Starfsreynslukröfur til hönnuða séruppdrátta, þ.e. verkfræðinga og tæknifræðinga, eru hins vegar óbreyttar, þ.e. þrjú ár. Af sömu ástæðum og áður eru nefndar er varða séríslenskar aðstæður sem hönnuðum þarf að vera kunnugt um er gerð krafa um að a.m.k. eitt ár af starfsreynslutímanum sé vegna mannvirkjagerðar hér á landi. Hönnuður búsettur erlendis gæti þannig uppfyllt starfsreynsluskilyrðin ef hann gæti sýnt fram á að hann hefði unnið undir handleiðslu löggilts hönnuðar að hönnun mannvirkis á Íslandi.

Um VI. kafla.

Í sjötta kafla eru ítarleg ákvæði um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra og iðnmeistara. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins hefur við gerð þess verið lögð áhersla á umsjónar- og eftirlitshlutverk byggingarstjórans. Ekki hefur alltaf verið ljóst samkvæmt gildandi rétti hvað nákvæmlega fælist í ábyrgð þessa aðila og hver væri staða hans gagnvart öðrum aðilum, svo sem iðnmeisturum, hönnuðum og eiganda. Hér er leitast við að skýra hlutverk hans með nákvæmari hætti en áður. Í raun er þó ekki um neina stefnubreytingu að ræða þar sem ljóst er að frá upphafi hefur byggingarstjóranum verið ætlað mikilvægt yfirumsjónarhlutverk við byggingarframkvæmdir. Þó eru ný ákvæði um starfsleyfi byggingarstjóra, námskeið, innra eftirlit, gæðastjórnunarkerfi og flokkun byggingarstjóra í þrjá flokka eftir hæfniskröfum og umfangi mannvirkjagerðar sem þeim er heimilt að stýra. Í ljósi aukinnar áherslu á hlutverk byggingarstjórans er eðlilegt að gerðar séu ríkari kröfur til hæfni hans og verkhátta í því skyni að tryggja að byggingarstjórastarfinu sé sinnt með fullnægjandi

hætti með aukið öryggi mannvirkja og hagkvæmni við mannvirkjagerð að leiðarljósi. Í framkvæmd má því gera ráð fyrir töluverðum breytingum á starfsháttum byggingarstjóra og því hverjir veljast til að sinna því starfi.

Um 27. gr.

Hér er almennt fjallað um hlutverk byggingarstjóra og tengsl hans við eiganda mannvirkis. Skv. 1. mgr. skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis. Gagnálykta má frá þessu að aðeins sé skylda að hafa byggingarstjóra þegar um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir er að ræða.

Í 2. mgr. kemur fram að byggingarstjóri sé faglegur fulltrúi eiganda við byggingarframkvæmdir og starfi í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Er byggingarstjóranum þannig ætlað að fara með hagsmuni eigandans við byggingarframkvæmdir. Í þessu felast trúnaðarskyldur byggingarstjórans gagnvart eiganda sem eru grundvöllur að hans hlutverki. Í þessu felst jafnframt að byggingarstjórinn hafi ákveðið stöðuumboð til þess að fara með daglegan rekstur framkvæmdar og taka ýmsar ákvarðanir fyrir hönd eiganda, sem eru bindandi fyrir hann. Þetta verður þó ávallt að vera gert með hagsmuni eigandans að leiðarljósi. Byggingarstjóra ber þó að bera stórvægilegar og óvenjulegar ákvarðanir undir eiganda.

Í 3. mgr. er kveðið á um þá nýskipan að byggingarstjóra sé ekki heimilt að taka að sér ábyrgð á hönnun eða einstökum verkþáttum byggingarframkvæmdar. Er þetta nokkur breyting frá núverandi framkvæmd þar sem algengt er að byggingarstjóri og húsasmíðameistari byggingar séu einn og sami maðurinn. Hefur þetta valdið nokkrum vandkvæðum í framkvæmd og óvissu um skiptingu ábyrgðar milli byggingarstjóra og iðnmeistara. Þessi breyting er talin nauðsynleg ekki síst í ljósi þess hlutverks byggingarstjórans að gæta hagsmuna eigandans, m.a. gagnvart hönnuðum og iðnmeisturum. Er því talið nauðsynlegt að um sjálfstæðan aðila sé að ræða. Undanþága frá þessu er þó heimil þegar um er að ræða minni háttar mannvirkjagerð til eigin nota en þá getur eigandi falið einum af iðnmeisturum eða hönnuðum mannvirkisins byggingarstjórn þess enda hafi sá aðili starfsleyfi sem slíkur. Þrátt fyrir það sem hér að framan er rakið er ekki talið réttlætanlegt að krefjast sérstaks byggingarstjóra vegna slíkra framkvæmda þar sem það gæti leitt til aukins byggingarkostnaðar og væri óþarflega flókið í framkvæmd. Eigandi, sem jafnframt er sá sem byggingarstjóra er ætlað að gæta hagsmuna fyrir, getur þannig kosið að fara þessa leið og ber þá sjálfur áhættuna af því, enda áskilið að mannvirkið sé ætlað til eigin nota. Önnur sjónarmið eru uppi ef eigandi mannvirkis á byggingarstigi ætlar það ekki til eigin nota, t.d. þegar byggingarfyrirtæki byggir hús til sölu á almennum markaði. Þá eru það hagsmunir seinni eigenda sem neytenda að fullnægjandi innra eftirlit byggingarstjóra með iðnmeisturum og hönnuðum fari fram á byggingarstigi. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að eigandi mannvirkis sé jafnframt byggingarstjóri þess enda uppfylli hann þær kröfur laganna sem gerðar eru til byggingarstjóra. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laga þessara, reglugerðar og samningi við eiganda. Ekki er gert er ráð fyrir að byggingarstjóri geti takmarkað ábyrgð sína í samningi við eiganda.

Í 4. mgr. er kveðið á um að heimildir byggingarstjóra takmarkist af gerð mannvirkis og umfangi framkvæmda. Er mannvirkjum skipt í þrjá flokka og mun í starfsleyfi byggingarstjóra verða gerð grein fyrir hvaða flokkum viðkomandi er heimilt að stýra. Í 28. gr. eru síðan ákvæði um þær menntunar- og starfsreynslukröfur sem byggingarstjórar þurfa að uppfylla til að mega stýra hverjum flokki fyrir sig. Eru mestar kröfur gerðar til byggingarstjóra sem mega stýra sérhæfðum og flóknum mannvirkjum svo sem vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum

sem eru yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Í 1.–3. tölul. er einungis að finna grófa flokkun mannvirkja en í 5. mgr. er gert ráð fyrir að nákvæmur listi yfir mannvirki innan hvers flokks verði birtur í reglugerð.

Um 28. gr.

Nýmæli er í 1. mgr. um að byggingarstjórar skuli hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar. Til að tryggja ákveðna festu um starfsemi byggingarstjóra er talið nauðsynlegt að kveða á um slík starfsleyfi. Er það til einföldunar að Byggingarstofnun fari yfir það við veitingu starfsleyfis að viðkomandi uppfylli menntunar- og starfsreynslukröfur laganna í stað þess að það sé gert í hvert sinn sem viðkomandi tekur að sér byggingarstjórn mannvirkis. Einnig er nauðsynlegt að tryggja ákveðið eftirlit með því að ákvæðum um gæðastjórnunarkerfi sé fylgt. Lagt er til að halda skuli sérstakt námskeið fyrir byggingarstjóra sem sé skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis. Er þetta talið nauðsynlegt til að tryggja að byggingarstjórum sé kunnugt um hlutverk sitt og skyldur en nokkuð hefur skort á samræmdan skilning á hlutverki byggingarstjóranna innan raða þeirra sjálfra. Hingað til hafa nokkur slík námskeið verið haldin og hafa þau verið vel sótt þótt ekki hafi verið um skyldu að ræða. Í 3. málsl. er kveðið á um að starfsleyfi skuli gefið út til tiltekins tíma, mest tíu ára í senn. Er talið nauðsynlegt að tímabinda starfsleyfið með þessum hætti til að ýta undir að einungis þeir aðilar sem starfandi eru í faginu hafi starfsleyfi. Sé aðili hins vegar starfandi sem byggingarstjóri með nauðsynleg gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ákvæðum laganna á endurnýjun starfsleyfis hins vegar að vera afar einföld aðgerð en eðlilegt er að Byggingarstofnun standi fyrir einhvers konar endurmenntunarnámskeiðum fyrir þessa aðila áður en starfsleyfi er endurnýjað. Kveðið er í 4. málsl. á um hvernig fara skuli með þau tilvik þegar byggingarstjóri missir starfsleyfi.

Í 2. mgr. er kveðið á um þær menntunar- og starfsreynslukröfur sem gerðar eru til þeirra aðila sem taka mega að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 27. gr., þ.e. einföldustu gerð mannvirkja. Hér eru taldir upp húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar, blikksmíðameistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar sem hlotið hafa löggildingu Byggingarstofnunar sem slíkir. Um er að ræða sömu iðnmeistara og mega vera byggingarstjórar samkvæmt gildandi lögum að öðru leyti en því að blikksmíðameisturum er bætt við en felld út heimild til handa vélvirkjameisturum til að annast byggingarstjórn, enda er ekki um að ræða iðngrein sem fjallað hefur verið um í byggingarreglugerð eða telst til byggingariðngreina. Teljast vélvirkjameistarar því ekki hafa þá þekkingu á sviði byggingarframkvæmda sem nauðsynleg er til að taka að sér byggingarstjórn. Nýmæli er að gerð er sú krafa að byggingarstjórar hafi auk framangreindrar grunnmenntunar og löggildingar, reynslu af störfum við byggingarframkvæmdir. Er gerð krafa um tveggja ára reynslu sem löggiltir iðnmeistarar eða byggingariðnfræðingar af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af Byggingarstofnun. Miðað við þá ábyrgð sem byggingarstjóra er ætlað að bera er talið nauðsynlegt að hann hafi öðlast nokkra reynslu í starfi áður en hann tekur slíkt starf að sér. Í lokamálslið 2. mgr. er tekið fram að byggingarstjórar sem falla undir þessa málsgrein og hafa starfað við byggingarstjórn í þrjú ár og hafa allan þann tíma haft fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi geti einnig öðlast starfsleyfi til að hafa umsjón með framkvæmdum sem falla undir 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. Þannig er opnað fyrir það að iðnmeistarar með mikla reynslu af mannvirkjagerð og byggingarstjórn geti tekið að sér byggingarstjórn langflestra mannvirkja. Einungis allra sérhæfðustu og flóknustu mannvirkin, sem hingað til hafa ekki verið háð byggingarleyfum og því ekki þurft byggingarstjóra, verða undanskilin. Hvorki þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. né 3. mgr. þessarar greinar munu geta fengið starfsleyfi sem byggingarstjórar slíkra mannvirkja, heldur verður

það bundið við þá sérhæfðu aðila sem taldir eru upp í 4. mgr. Aðrir eru ekki taldir hafa nægjanlega faglega þekkingu til að geta haft með höndum byggingarstjórn slíkra mannvirkja.

Í 3. mgr. er kveðið á um þær menntunar- og starfsreynslukröfur sem gerðar eru til þeirra aðila sem taka mega að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. og 3. tölul. 4. mgr. 27. gr., þ.e. önnur mannvirki en þau allra sérhæfðustu. Um er að ræða verk- og tæknifræðinga, arkitekta og byggingarfræðinga. Allir þessir aðilar geta verið byggingarstjórar samkvæmt gildandi lögum. Ekki er gerð krafa um að þessir aðilar hafi löggildingu sem hönnuðir en lagt er til það nýmæli að þeir þurfi að hafa a.m.k. fimm ára reynslu af störfum sem verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar eða byggingarfræðingar við byggingarframkvæmdir, hönnun bygginga, byggingareftirliti eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir. Sömu rök eru að baki kröfum um starfsreynslu hér og í 2. mgr.

Í 4. mgr. eru taldir upp þeir sérhæfðu aðilar sem einir geta tekið að sér byggingarstjórn þeirra flóknu og sérhæfðu mannvirkja sem talin eru upp í 2. tölul. 4. mgr. 27. gr. Þessum aðilum er að auki heimilt að taka að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem talin eru upp í 1. og 3. tölul. Hér er um að ræða verk- og tæknifræðinga sem hafa löggildingu á sviði viðkomandi mannvirkjagerðar og þurfa þeir að hafa að lágmarki tíu ára reynslu af verkstjórn við hliðstæða mannvirkjagerð, byggingareftirlit eða hönnun. Þar af skulu þeir hafa a.m.k. þriggja ára reynslu af stjórnun eða eftirliti við mannvirkjagerð. Talið er nauðsynlegt að gera svo strangar kröfur þar sem um mjög flókna og sérhæfða mannvirkjagerð er að ræða. Hingað til hafa þessi mannvirki ekki verið háð byggingarleyfum og er það því nýtt að byggingarstjóra sé krafist vegna þeirra.

Í 5. mgr. er áfram sú heimild sem nú er í 3. tölul. 2. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga að fyrirtæki og stofnanir geti í eigin nafni borið ábyrgð sem byggingarstjórar við mannvirkjagerð. Sett er það skilyrði að þegar fyrirtæki eða stofnun fær heimild til að takast í eigin nafni á hendur ábyrgð byggingarstjóra í skjóli starfsmanns, sem hefur starfsleyfi, skuli sá starfsmaður annast byggingarstjórn á vegum fyrirtækisins. Tilgangur þessa ákvæðis er fyrst og fremst að takmarka þá persónulegu ábyrgð sem einstaklingur, sem starfar hjá byggingarfyrirtæki, ber á verkinu, enda hefur hann oft minna ákvörðunarvald varðandi bygginguna en sjálfstæður aðili. Ákvæði skaðabótalaga mundu einnig takmarka persónulega ábyrgð þessa einstaklings gagnvart vinnuveitanda sínum og þriðja manni, sérstaklega ef vinnuveitandinn hefur tryggingu sem tekur til ábyrgðarinnar.

Um 29. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra. Eins og í gildandi lögum er gert ráð fyrir að byggingarstjóri ráði iðnmeistara í upphafi verks eða samþykki ráðningu þeirra. Með hliðsjón af ríkri ábyrgð byggingarstjóra hefur verið talið eðlilegt að hann hafi eitthvað um það að segja hvaða iðnmeistarar séu ráðnir til verksins. Þannig getur hann gætt hagsmuna eigandans með því að samþykkja aðeins þá iðnmeistara sem hann treystir til að inna verkið faglega af hendi og í samræmi við lög. Tiltekið er sérstaklega að samningar byggingarstjóra við iðnmeistara skuli gerðir skriflega og að þeir séu gerðir í umboði eiganda. Byggingarstjórinn ber því sjálfur ekki ábyrgð á efndum þessara samninga, t.d. greiðslu fyrir verk og verður aldrei talinn vinnuveitandi iðnmeistara sem að verkinu koma. Tiltekið er einnig í 2. mgr. hlutverk byggingarstjóra sem samskiptaaðila sem er í samræmi við hlutverk hans sem faglegs umboðsmanns eiganda. Gert er í 3. mgr. ráð fyrir að byggingarstjóri skeri úr vafa um túlkun hönnunargagna, eftir atvikum að höfðu samráði við hönnuði. Sé um að ræða mannvirki sem falla undir 2. eða 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. skal byggingarstjóri sjá til þess að skipulagðir samráðsfundir séu haldnir með eiganda og hönnuðum og skal skrá efni þeirra

í gæðastjórnunarkerfi byggingarstjórans. Að sjálfsögðu er einnig heimilt að halda slíka fundi vegna mannvirkja sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 27. gr.

Samkvæmt 4. mgr. hefur byggingarstjóri yfirumsjón með því að aflað sé samþykktar leyfisveitanda á breytingum sem gerðar eru á hönnun eða gerð mannvirkis í byggingu og að ávallt sé framkvæmt í samræmi við nýjustu útgáfu samþykktra hönnunargagna.

Er nauðsynlegt að taka þetta sérstaklega fram þar sem algengt er við byggingarframkvæmdir að hönnunargögn séu að taka breytingum eftir því sem verki vindur fram og þá er að sjálfsögðu mikilvægt að ekki sé framkvæmt eftir úreltum gögnum.

Í 5. mgr. er ákvæði um eftirlitsskyldur byggingarstjóra. Gert er ráð fyrir því að verði byggingarstjóri var við ágalla á verki geti hann losnað undan ábyrgð vegna þeirra ef hann hefur gert iðnmeistara og/eða eiganda viðvart og krafist úrbóta. Það er aðeins þegar ágalli, sem ekki hefði átt að geta dulist byggingarstjóra við eftirlit hans, kemur fyrst í ljós eftir að verki eða verkhluta á að vera lokið sem byggingarstjóri getur borið bótaábyrgð ásamt iðnmeistara gagnvart eiganda. Til að tryggja sönnun skulu byggingarstjóri og hlutaðeigandi aðilar skrá athugasemdir byggingarstjóra í gæðastjórnunarkerfi sitt.

Í 7. mgr. er fjallað sérstaklega um grundvöll skaðabótaábyrgðar byggingarstjóra og m.a. tekið fram að um hefðbundna sakarábyrgð sé að ræða á grundvelli almennra skaðabótareglna utan samninga. Gera má þó ráð fyrir að við sakarmat verði byggt á ströngum sérfræðimælikvarða.

Í 8. mgr. er sett sérstakt ákvæði um fyrningu ábyrgðar, en vafi hefur leikið á því í framkvæmd með hvaða hætti ábyrgð á þessu sviði fellur niður. Er hér kveðið á um að um fyrninguna gildi almennar reglur laga um fyrningu kröfuréttinda. Skylda byggingarstjóra til að hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er óbreytt frá núgildandi skipulags- og byggingarlögum.

Um 30. gr.

Gerð er tillaga um að skerpa lítillega á ákvæðum um byggingarstjóraskipti, en ákvæði 5. mgr. 51. gr. gildandi laga er nokkuð skýrt hvað þetta varðar. Sérstaklega er tekið fram að ábyrgð byggingarstjóra falli niður frá móttöku leyfisveitanda á afsögn hans vegna verkþátta sem þá er ólokið. Byggingaryfirvöldum ber að láta fara fram úttekt strax eftir að byggingarstjóri hverfur frá verki en það er mikilvægt í ljósi hagsmuna beggja byggingarstjóra að ekki verði ágreiningur um það hver staða verksins var. Fráhvarf byggingarstjóra meðan á framkvæmdum stendur getur verið vísbending um ágreining eða trúnaðarbrest milli hans og eiganda og því ekki unnt að treysta því að eigandi haldi ekki framkvæmdum áfram án þess að nýr byggingarstjóri hafi verið ráðinn. Þess vegna verður úttektin að fara fram sem allra fyrst og að hún sé undirrituð af báðum byggingarstjórum, ef þess er kostur, til samþykkis á stöðu verksins við skiptin. Farin er sú leið að orða frest leyfisveitanda með almennum orðum í stað þess að setja tiltekin tímamörk. Verði leyfisveitandi valdur að tjóni vegna vanrækslu á að láta fara fram úttekt getur hann orðið bótaskyldur vegna þess samkvæmt almennum reglum.

Um 31. gr.

Hér er lögð sú skylda á byggingarstjóra að þeir hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð. Í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks sem byggingarstjóri tekur að sér skal hann skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis sem starfsleyfi hans byggist á, sbr. 28. gr. Í ákvæðinu eru talin upp þau atriði sem gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra þurfa að uppfylla að lágmarki en síðan er gert ráð fyrir að ítarlegri reglur um gerð þeirra séu settar í reglugerð. Lagt er til að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra skuli vottuð af faggiltri vottunarstofu, sbr. 60. gr., en af sömu

ástæðum og áður eru nefndar er ekki gert ráð fyrir að sú heimild verði nýtt í upphafi. Eðlilegt er að fagaðilar fái góðan tíma til að aðlagast þeirri breytingu sem felst í kröfunni um gæðastjórnunarkerfi og að ekki sé gengið lengra í upphafi en nauðsyn ber til. Verði góð reynsla af notkun gæðastjórnunarkerfa má hugsa sér að heimild þessi verði nýtt í framtíðinni. Í 3. tölul. 60. gr. er lagt til að heimilt verði að gera mismunandi kröfur til gæðastjórnunarkerfa byggingarstjóra eftir umfangi mannvirkjagerðar sem byggingarstjóra er heimilt að hafa umsjón með. Flókin mannvirkjagerð kallar á öðruvísi og nákvæmari gæðastjórnunarkerfi en einföld.

Um 32. gr.

Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og er í 52. gr. gildandi laga en nokkuð ítarlegra. Taldir eru upp þeir iðnmeistarar sem þurfa að staðfesta ábyrgð sína á verki áður en byggingarleyfi er gefið út en slíka upptalningu er einungis að finna í byggingarreglugerð í dag. Telja verður eðlilegt að þeirra sé sérstaklega getið í lögunum. Leyfisveitandi metur eftir eðli og gerð mannvirkja hverjir af þessum iðnmeisturum þurfa nauðsynlega að koma að verkinu. Í nánast öllum tilvikum þurfa húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar og rafvirkjameistarar að koma að verkinu til að tryggja að það standist allar öryggis- og hollustukröfur en metið skal í hverju tilviki hverja af hinum aðilunum þarf að gera kröfu um að ábyrgist verk. Mörg verk þarfnast einnig blikksmíðameistara og stálvirkjameistara til að tryggja öryggi þeirra og hollustuhætti, svo sem stálvirkjahús og byggingar með flóknum loftræsikerfum. Í færri tilvikum varðar vinna málarameistara og veggfóðrarameistara öryggi mannvirkja með beinum hætti heldur er þar fremur um að ræða kröfu til að tryggja gæði þeirra. Þess vegna er ekki alltaf sama þörfin á að gera kröfu um að þeir staðfesti ábyrgð sína á verki. Sé t.d. um að ræða íbúðarhús sem eigandi byggir til eigin nota þarf eigandi ekki að tilkynna um málarameistara eða veggfóðrarameistara sem ábyrgð beri á viðkomandi verki og skal þá leyfisveitandi ekki gera slíka kröfu. Sé hins vegar um að ræða t.d. byggingu fjölbýlishúss sem selt er tilbúið á almennum markaði er eðlilegt að fagmaður beri ábyrgð á málningar- og veggfóðraravinnu við slíkt hús.

Ákvæði um ábyrgð iðnmeistara er í 2. mgr. og er það sambærilegt við ákvæði 1. mgr. 52. gr. gildandi laga. Ekki eru lagðar til breytingar á ábyrgð eða verksviði iðnmeistara. Nýtt er þó í 2. málsl. ákvæði um fyrningu ábyrgðar, þar sem undirstrikað er að um fyrningu fari samkvæmt ákvæðum almennra laga. Ákvæði 3. mgr. samsvarar 2. mgr. 52. gr. gildandi laga. Í 4. mgr. er lagt til það nýmæli að löggilding rafvirkjameistara sem gefin er út á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga jafngildi löggildingu skv. 3. mgr. Samkvæmt gildandi lögum hafa rafvirkjameistarar bæði þurft löggildingu Brunamálastofnunar á grundvelli framangreindra laga og löggildingu umhverfisráðherra á grundvelli skipulags- og byggingarlaga og hefur ítrekað verið kvartað yfir því tvöfalda fyrirkomulagi. Er hér lagt til að rafvirkjameistari sem hefur löggildingu Brunamálastofnunar, eða Neytendastofu eða Löggildingarstofu samkvæmt eldri lagaákvæðum, þurfi ekki að sækja um löggildingu Byggingarstofnunar. Þetta þýðir hins vegar ekki að löggilding Byggingarstofnunar komi í stað löggildingar á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga enda gera þau lög ráð fyrir að uppfylla þurfi mun strangari skilyrði til að hljóta slíka löggildingu.

Nýmæli er í 6. mgr. þar sem kveðið er á um að iðnmeistarar skuli hafa gæðastjórnunarkerfi sem feli a.m.k. í sér staðfestingu á hæfni iðnmeistara, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, auk lýsingar á og skrár um innra eftirlit iðnmeistarans í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð. Ekki er gert ráð fyrir að gæðastjórnunarkerfi iðnmeistara verði í upphafi mjög umfangsmikið eða íþyngjandi heldur innihaldi þau að

meginstefnu til aðeins framangreind atriði. Eins og með gæðastjórnunarkerfi hönnuða og byggingarstjóra þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að slík gæðastjórnunarkerfi skuli vottuð, sbr. 60. gr., en ekki er gert ráð fyrir að sú heimild verði nýtt í náinni framtíð.

Um 33. gr.

Hér er kveðið á um hvaða háttur skuli hafður á við skipti á ábyrgum iðnmeisturum verks og er ákvæðið sama efnis og 4. mgr. 52. gr. gildandi laga.

Um 34. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um áfangaúttektir og er um nýmæli í lögum að ræða en byggt er á ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar og þeirri framkvæmd sem verið hefur við lýði. Eðlilegt er að fjallað sé um svo mikilvægan þátt byggingareftirlits í lögunum en ekki aðeins í reglugerð. Nýtt er þó að lögð er sú skylda á iðnmeistara að hann sé viðstaddur úttektir þeirra verkþátta sem hann hefur sinnt en samkvæmt gildandi rétti hvílir slík skylda einungis á byggingarstjóra, sem þó skal boða iðnmeistara til úttekta. Er þetta gert m.a. gert til að tryggja að verk sé raunverulega unnið af þeim iðnmeistara sem skrifað hefur upp á ábyrgð sína á verki. Samkvæmt gildandi lögum er í raun ekkert sem hindrar það að iðnmeistari skrifi upp á ábyrgð sína að verki og komi svo ekkert að byggingarframkvæmdum þrátt fyrir að ábyrgðin sé hans. Er það algerlega óviðunandi fyrir viðkomandi iðnmeistara og því nauðsynlegt að sett sé ákvæði um skyldu byggingarstjóra til að tilkynna þeim með sannanlegum hætti um úttektir sem þeir bera ábyrgð á. Samkvæmt ákvæðinu geta iðnmeistari og eigandi samið um annað fyrirkomulag í samningi sín á milli.

Í 4. mgr. er útgefanda byggingarleyfis veitt heimild til að leyfa að byggingarstjóri framkvæmi sjálfur einstakar áfangaúttektir að því gefnu að gerð hafi verið skriflega grein fyrir innra eftirliti við byggingarframkvæmdina. Sambærilegt ákvæði hefur verið í gildandi byggingarreglugerð. Hér er veitt heimild til að slaka á opinberu eftirliti með framkvæmdum þar sem virkt innra eftirlit fer fram.

Um 35. gr.

Í ákvæðinu er nýtt ákvæði um svokallaða öryggisúttekt. Í gildandi byggingarreglugerð hafa verið ákvæði um svokallaða stöðuúttekt og lokaúttekt sem ekki hafa virkað sem skyldi. Stöðuúttekt á að gera áður en mannvirki er tekið í notkun, en hún er afar sjaldan framkvæmd í raun. Lokaúttekt á að framkvæma við lok byggingarframkvæmda en þeim hefur afar misjafnlega verið framfylgt í byggingarumdæmum landsins. Hér er lagt til að styrkt verði staða þeirrar úttektar sem kölluð hefur verið stöðuúttekt og að hún verði hér eftir kölluð öryggisúttekt. Mjög varasamt og jafnvel hættulegt getur verið að taka í notkun ófullgerð mannvirki ef ekki er hugað að öryggi þeirra og hollustuháttum. Eldvarnir, burðarþol og fallvarnir geta verið ófullgerðar og slysagildrur leynst víða. Þess vegna er hér lagt til að óheimilt verði að taka mannvirki í notkun fyrr en gerð hefur verið úttekt á öryggi þeirra og hollustuháttum. Gefur útgefandi út vottorð um að slík úttekt hafi farið fram og þá fyrst er heimilt að taka mannvirkið í notkun. Ber byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda, ábyrgð á að óskað sé eftir slíkri lokaúttekt. Vanræki hann þær skyldur sínar er sú skylda lögð á útgefanda byggingarleyfisins að boða til úttektarinnar. Einnig getur eigandi mannvirkis ávallt óskað eftir öryggisúttekt. Þannig á að vera tryggt að þessar úttektir verði framkvæmdar. Við úttektina skulu einungis þeir þættir teknir út er varða öryggi og hollustuhætti en að öðru leyti getur mannvirkið verið ófullgert.

Um 36. gr.

Hér er fjallað um svokallaða lokaúttekt en ákvæði um hana hafa aðallega verið í byggingarreglugerð samkvæmt gildandi lögum. Nokkur misbrestur hefur verið á að lokaúttektir hafi farið fram. Í ákvæðinu er grunnur lokaúttektanna styrktur og kveðið á um að lokaúttekt skuli fara fram innan þriggja ára frá því að mannvirki er tekið í notkun og öryggisúttekt fer fram. Lokaúttekt felur það í sér að gerð er úttekt á því hvort mannvirkið uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim og hvort byggt hafi verið í samræmi við samþykkt hönnunargögn. Nánari útfærsla um framkvæmd lokaúttektar verður í reglugerð og munu skoðunarhandbækur þar gegna mikilvægu hlutverki, en helsti vandinn við lokaúttektir samkvæmt gildandi rétti hefur verið að ekki hefur legið ljóst fyrir hvað ætti að fara yfir við framkvæmd lokaúttekta. Samkvæmt ákvæðinu er ekki áskilið að framkvæmdum sé að fullu lokið við framkvæmd lokaúttektar heldur getur útgefandi byggingarleyfis gefið út vottorð með athugasemdum. Þó skal þáttum er varða aðgengi ávallt lokið við framkvæmd lokaúttektar.

Ákvæði þetta er óháð hugsanlegum ákvæðum sem sett kunna að hafa verið í úthlutunarskilmála viðkomandi lóðar á grundvelli skipulagslaga um tímafrest fyrir húsbyggjendur til að ljúka frágangi mannvirkja utan húss. Þessir þættir verða ekki hluti lokaúttektar samkvæmt frumvarpi þessu heldur verða sveitarfélög að beita þvingunarúrræðum skipulagslaga til að fylgja eftir slíkum skipulagsskilmálum. Í 5. mgr. eru svo ákvæði um heimild til lokunar mannvirkis ef það reynist ekki uppfylla öryggis- og hollustuháttakröfur við framkvæmd lokaúttektar.

Um 37. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 41. gr. gildandi laga.

Um VIII. kafla.

Áttundi kafli byggist á ákvæðum tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur og tilskipun ráðsins 93/68/EBE um breytingu á tilskipun um byggingarvörur. Þær gerðir voru upphaflega innleiddar í íslenskan rétt með reglugerð nr. 431/1994 um viðskipti með byggingarvörur með stoð í lögum nr. 102/1994, um breytingu á þágildandi lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Lagt er til að ákvæði reglugerðarinnar verði færð undir frumvarp þetta og undir yfirumsjón umhverfisráðherra í stað viðskiptaráðherra áður. Þar sem efni hennar varðar byggingarvörur á markaði sem eru efniviður mannvirkja er eðlilegt að framangreindar reglur séu hluti af frumvarpi þessu.

Hinar evrópsku reglur um viðskipti með byggingarvörur eru fyrst nú að koma til framkvæmda þar sem staðlavinna og undirbúningur hennar hefur tekið lengri tíma en áætlað var. Tilskipanirnar eru svokallaðar nýaðferðartilskipanir sem eiga að stuðla að frjálsu flæði vöru og afnámi tæknilegra viðskiptahindrana á innri markaði Evrópusambandsins. Í nýaðferðartilskipunum eru settar fram grunnkröfur um heilsu, öryggi og í sumum tilvikum gæði en síðan eru nánari ákvæði um þær kröfur sem eru settar fram í samhæfðum evrópskum stöðlum. Tengsl milli staðla og tilskipana gera það að verkum að vara sem uppfyllir kröfur staðla uppfyllir þá sjálfkrafa ákvæði tilskipunar. Þar með er tryggt frjálst flæði vörunnar á markaðssvæði EES-ríkja. Mat á því hvort vara sé örugg veltur á því hvort hún uppfylli þær lágmarkskröfur sem er að finna í viðkomandi tilskipun. Dæmi um vörur sem falla undir nýaðferðartilskipanir hér á landi eru leikföng, vélar, rafföng, persónuhlífar, notendabúnaður síma- og fjarskiptakerfa svo eitthvað sé nefnt. Nýaðferðartilskipanirnar kveða skýrt á um það að fram-

leiðandi/innflytjandi er ábyrgur fyrir öryggi vöru. Í flestum tilfellum er nægilegt að framleiðandi/innflytjandi staðfesti að varan sé í samræmi við viðeigandi kröfur. Það er einungis ef um mikla slysahættu er að ræða sem er gerð krafa um að varan sé prófuð af óháðum aðila (lækningatæki, flóknar vélar o.þ.h.). Meginreglan um að vörur sem uppfylla gerðar kröfur megi flytja frjálst yfir landamæri byggist á því að fyrir hendi sé virkt og öflugt markaðseftirlit. Með áfestingu CE-merkisins ábyrgist framleiðandi eða innflytjandi samræmi vörunnar við viðeigandi tilskipanir sem varða eiginleika og öryggi hennar og að varan hafi farið í gegnum ákveðið ferli þar sem fram fer mat á því hvort hún uppfyllir gerðar kröfur. Tilskipun um byggingarvörur er frábrugðin öðrum nýaðferðartilskipunum að því leyti að samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki eru forsenda CE-merkingar á meðan grunnkröfur eru forsenda CE-merkingar í öðrum nýaðferðartilskipunum og staðlar til frjálsra nota. Helsta ástæða þessa er að grunnkröfur tilskipunar um byggingarvörur eiga við um mannvirki sem vörurnar eru notaðar í, þ.e. taka verður tillit til aðstæðna í hverju landi. Meðal annars af þessum sökum hefur vinna við gerð tækniákvæða gengið hægt og enn vantar nokkuð á að slík ákvæði séu til fyrir allar byggingarvörur. Þetta stendur þó til bóta og fleiri tækniákvæði fyrir byggingarvörur taka gildi á næstu missirum.

Grunnkröfur þær sem mannvirki eiga að uppfylla eru skilgreindar í byggingarvörutilskipuninni og eru teknar óbreyttar upp í viðauka við frumvarp þetta. Skiptast þær í sex þætti sem eru: burðarþol og stöðugleiki; varnir gegn eldsvoða; hollusta, heilsa og umhverfi; öryggi við notkun; hávaðavarnir; orkusparnaður og hitaeinangrun. Samkvæmt viðaukanum skulu byggingarvörur henta til mannvirkjagerðar og koma að tilætluðum notum frá efnahagslegu sjónarmiði og mannvirkin fullnægja þar af leiðandi framangreindum grunnkröfum. Ferill staðlagerðar innan Evrópusambandsins hvað varðar byggingarvörur er á þann veg að framkvæmdastjórn sambandsins og EFTA fela tækninefndum sem aðildarríkin eiga aðild að samningu svokallaðra skýringarskjala. Í skýringarskjölum eru grunnkröfurnar skýrðar nánar og staðlar og önnur tækniákvæði eru síðan byggð m.a. á þessum skýringarskjölum. Staðlarnir eru samdir af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC) sem eru óháð samtök sem viðurkennd hafa verið sem bærir aðilar til að samþykkja samhæfða evrópska staðla.

Til fyllingar nýaðferðartilskipunum Evrópusambandsins hefur innan sambandsins verið sett tilskipun um öryggi vöru 2001/95/EB, sem innleidd var í íslenskan rétt við setningu laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Hún hefur að geyma heimildir til aðgerða stjórnvalds þegar um hættulega neytendavöru er að ræða sem ekki fellur undir sérstök lög. Tilskipun um öryggi framleiðsluvöru er til fyllingar fyrrgreindum tilskipunum hvað varðar framkvæmd markaðseftirlits. Við útfærslu ákvæða þessa kafla var höfð hliðsjón af ákvæðum laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og leitast við að samræma ákvæði frumvarpsins og þeirra laga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Byggingarstofnun beri ábyrgð á eftirliti með byggingarvörum á markaði en stofnuninni er hins vegar heimilt að fela faggiltum aðila framkvæmd þess verkefnis. Getur Byggingarstofnun t.d. falið Neytendastofu framkvæmd hluta eftirlitsins, þ.e. þann hluta sem lýtur að byggingarvörum sem eru til sölu í verslunum. Gert er ráð fyrir að CE-merking byggingarvara verði forsenda fyrir markaðssetningu hennar hér á landi í þeim tilvikum sem samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki fyrir viðkomandi byggingarvöru hafa verið gerð.

Um 38. gr.

Í ákvæðinu er skilgreint hver teljist vera framleiðandi og dreifingaraðili byggingarvöru í skilningi laganna. Þar sem ábyrgðin á markaðssetningu vörunnar hvílir á þessum aðila er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hvaða aðilar þetta eru. Sambærilegt ákvæði er í lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Um 39. gr.

Hér er fjallað um skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvöru. Í fyrsta lagi þarf varan að henta til áformaðra nota þannig að mannvirki sem hún er felld inn í, sett saman við eða notuð við uppfylli grunnkröfurnar sem skilgreindar eru í fylgiskjali laganna. Í öðru lagi þarf varan að uppfylla kröfur samhæfðra evrópskra staðla, evrópsks tæknisamþykkis eða innlends tækniákvæðis sem samþykkt hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA. Í 3. tölul. 1. mgr. er CE-merking byggingarvöru gerð að skilyrði fyrir markaðssetningu hennar hér á landi í þeim tilvikum þar sem gerðir hafa verið samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki fyrir viðkomandi byggingarvöru. Tilskipun um byggingarvörur gerir ekki þá kröfu að CE-merking sé gerð að skyldu í aðildarríkjunum heldur einungis að uppfyllt séu ákvæði 1. og 2. tölul. Hér er hins vegar farin sú leið sem farin hefur verið í nokkrum löndum, m.a. Danmörku, að gera CE-merkinguna að skyldu, enda einfaldar það allt markaðseftirlit og auðveldar framleiðendum/innflytjendum að sýna fram á að varan uppfylli þau skilyrði sem sett eru fyrir markaðssetningu hennar. Ef byggingarvara er réttilega merkt CE-merkinu, í samræmi við ákvæði 43. gr. frumvarpsins, telst byggingarvaran uppfylla kröfur 1. og 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar. Framleiðandi eða innflytjandi þarf ekki að gera annað en að sýna merkið, og viðeigandi fylgiskjöl, þ.e. samræmisvottorð og samræmisyfirlýsingu, og þá er markaðssetning vörunnar heimil. Markaðseftirlit felst þá í því annars vegar að fylgjast með að byggingarvörur hafi CE-merki og hins vegar með því að vörurnar uppfylli kröfur 43. gr., þ.e. að samræmismat sem sýni að þær uppfylli tækniákvæði hafi farið fram og að þær séu réttilega CE-merktar. Eftirlit með hinu síðarnefnda er t.d. framkvæmt með úrtaksskoðunum eða þegar grunur vaknar um að byggingarvara uppfylli ekki kröfur. Enn sem komið er hafa ekki verið gerðir evrópskir staðlar eða tæknisamþykki fyrir allar tegundir byggingarvara en þeim fer þó hratt fjölgandi.

Um 40. gr.

Hér er fjallað um svokallað evrópskt tæknisamþykki, sem m.a. er vísað til í b-lið 2. tölul. 1. mgr. 39. gr., en það er mat á hæfi byggingarvöru til tiltekinna nota og er gefið út af Evrópusamtökum um tæknisamþykki (EOTA). Fjallað er um evrópskt tæknisamþykki í 8. gr. tilskipunar 89/106/EBE og II. viðauka hennar. Það er yfirleitt aðeins gefið út í þeim tilvikum þegar hvorki er til samhæfður staðall né viðurkenndur landsstaðall fyrir vörurnar og ekki hefur verið gefið út umboð til gerðar samhæfðs staðals en frá því eru undantekningar samkvæmt tilskipuninni. Til að geta CE-merkt vörur sínar sem ekki hefur verið gefinn út staðall fyrir þurfa framleiðendur að fá evrópskt tæknisamþykki, fyrir þær og framleiðsluferlið. Evrópskt tæknisamþykki er gefið út af aðilum sem metnir hafa verið, af stjórnvöldum viðkomandi aðildarlanda, til þess bærir að framkvæma samræmismat í samræmi við viðkomandi tækniákvæði. Hingað til hefur Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins verið fulltrúi Íslands í EOTA og veitt evrópskt tæknisamþykki. Eins og fram kemur í 5. gr. frumvarps þessa er lagt til að Byggingarstofnun taki við því hlutverki að tilnefna aðila til þátttöku í starfi EOTA. Framleiðandi byggingarvöru sem óskar eftir evrópsku tæknisamþykki skal

greiða allan kostnað við öflun þess. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um skilyrði fyrir veitingu evrópsks tæknisamþykkis verði sett í reglugerð.

Um 41. gr.

Ákvæðið fjallar um svokallað samræmismat sem er kerfisbundin athugun á því hvort byggingarvara sé í samræmi við staðla og evrópskt tæknisamþykki. Einungis tilnefndir aðilar mega framkvæma samræmismat á byggingarvörum. Samræmismatið er framkvæmt á kostnað framleiðanda eða umboðsmanns hans. Ef niðurstaða matsins er að varan sé í samræmi við tækniákvæði veitir það framleiðanda heimild til að festa CE-merkið á vöruna. Gert er ráð fyrir að allar nánari reglur um framkvæmd samræmismats verði settar í reglugerð.

Um 42. gr.

Í greininni er fjallað um það hverjir geti óskað eftir að annast samræmismat skv. 41. gr. sem tilnefndir aðilar. Faggiltar skoðunar-, prófunar- og vottunarstofur sem hafa yfir að ráða faglegri þekkingu til að meta samræmi byggingarvöru geta orðið tilnefndir aðilar. Umhverfisráðherra annast tilkynningu um tilnefnda aðila. Í 3. mgr. er sett sú mikilvæga regla að tilnefndur aðili verði að hafa hlutleysi þriðja aðila og vera án allra hagsmunatengsla við viðskiptavini sína og aðra hagsmunahópa.

Um 43. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hvaða reglur gilda um notkun CE-merkisins. Afar mikilvægt er að merkið sé rétt notað því það veitir heimild til frjáls flæðis vörunnar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 44. gr.

Hér er kveðið á um að Byggingarstofnun hafi eftirlit með byggingarvörum á markaði. Er lagt til að stofnunin taki við því hlutverki af Neytendastofu sem, samkvæmt reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, hefur sinnt því eftirliti. Skv. 2. mgr. getur Byggingarstofnun falið faggiltri skoðunarstofu að framkvæma markaðseftirlit eða faggiltri prófunarstofu að prófa og meta hvort byggingarvörur uppfylli ákvæði laganna. Við innflutning getur Byggingarstofnun haft samstarf við tollayfirvöld um framkvæmd markaðseftirlits.

Um 45. gr.

Hér er fjallað um þær heimildir sem Byggingarstofnun, eða eftir atvikum aðili sem hefur verið falið markaðseftirlit með byggingarvörum, hefur til skoðunar hjá ábyrgðaraðila, þ.e. þeim sem flytur vöruna til landsins, og seljanda vöru, um upplýsingaskyldu þeirra og hver skuli bera kostnað af afturköllun vöru og tilkynningum um hættulega vöru. Sambærileg ákvæði eru í lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Um 46. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þau réttarúrræði sem Byggingarstofnun er heimilt að grípa til ef í ljós kemur að byggingarvara á markaði uppfyllir ekki kröfur laganna.

Um 47. gr.

Samkvæmt greininni getur Byggingarstofnun í tengslum við beitingu réttarúrræða skv. 46. gr. skyldað framleiðanda og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar og farga henni með öruggum hætti. Er þetta gert til að tryggja að vara sem t.d. hefur verið bönnuð á

markaði komist örugglega ekki í umferð með ólögmætum hætti. Um beitingu heimildarinnar gildir að sjálfsögðu meðalhófsregla stjórnsýslulaga og gefa skal ábyrgðaraðila kost á að bæta úr ágöllum hennar eða fylgigögnum nema um sérlega hættulega vöru sé að ræða.

Um 48. gr.

Hér er sú skylda lögð á byggingarfulltrúa, hönnuði, byggingarstjóra og iðnmeistara að tilkynna Byggingarstofnun um ólöglegar byggingarvörur á markaði. Þetta eru þeir aðilar sem eru líklegastir til að verða varir við vörur á markaði sem ekki uppfylla kröfur laganna. Byggingarfulltrúum er ekki ætlað að hafa eftirlit með byggingarvörum á markaði, heldur er einungis um tilkynningarskyldu að ræða til Byggingarstofnunar.

Um 49. gr.

Kafli frumvarpsins um byggingarvörur snýr að mestu að framleiðendum, innflytjendum og seljendum og skilgreinir ábyrgð þeirra við markaðssetningu byggingarvara. Í þessu ákvæði er hins vegar komið að eiganda mannvirkis sem ber ábyrgð á því að við mannvirkjagerðina og rekstur þess séu einungis notaðar byggingarvörur sem uppfylla ákvæði laganna. Óheimilt er að nota aðrar byggingarvörur til mannvirkjagerðar en þær sem uppfylla kröfur laganna.

Um 50. gr.

Hér er lagt til að lagt verði á gjald með nýju heiti, byggingaröryggisgjald, til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar. Ekki er um nýtt gjald að ræða heldur hefur ákvæði um svokallað brunavarnagjald, sem innheimt hefur verið á grundvelli laga um brunavarnir, verið fært inn í frumvarp til laga um mannvirki. Skattstofn gjaldsins er óbreyttur og er það innheimt áfram af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Þá er gjaldið óbreytt, þ.e. 0,045 prómill. Gert er ráð fyrir að byggingaröryggisgjaldið renni til Byggingarstofnunar og standi þannig undir kostnaði við yfirumsjón byggingaröryggismála almennt.

Um 51. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um þau þjónustugjöld sem sveitarstjórnum er heimilt að setja vegna veittrar þjónustu og verkefna byggingarfulltrúa. Skal fjárhæð gjalds taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Gæta þarf þess sérstaklega við setningu gjaldskrár að óheimilt er að jafna kostnaði sem kemur til vegna faggildingar eftirlits, yfirferðar uppdrátta og framkvæmdar úttekta af hálfu byggingarfulltrúa og starfsmanna hans jafnt á alla umsækjendur byggingarleyfis óháð því hvort hluti eftirlitsins er framkvæmdur af faggiltum skoðunarstofum. Þeir aðilar sem ráðið hafa faggilta skoðunarstofu til að annast hluta eftirlitsins eiga einungis að greiða til byggingarfulltrúa gjöld sem taka mið af þeim kostnaði sem hlýst af umsókn þeirra.

Um 52. gr.

Í ákvæðinu er Byggingarstofnun heimilað að setja sér gjaldskrá vegna þjónustu og verkefna sem stofnuninni er falið að annast eða tekur að sér. Þar sem gert er ráð fyrir að stofnunin fari með beint eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð er nauðsynlegt að henni sé heimilt að taka þjónustugjald fyrir á sama hátt og byggingarfulltrúar.

Um 53. gr.

Í ákvæðinu eru settar reglur um greiðslu gjalda og er ákvæðið efnislega samhljóða 55. gr. gildandi laga.

Um 54. gr.

Ákvæðið felur í sér nýmæli um rannsókn Byggingarstofnunar vegna tjóns á mannvirki þegar manntjón verður eða alvarleg hætta skapast eða ef tjónið er til þess fallið að skapa hættu. Svipað ákvæði hefur verið í lögum um brunavarnir vegna rannsókna á brunatjóni og er lagt til að það ákvæði haldist óbreytt en bætt verði við skyldu til að rannsaka önnur tjón á mannvirkjum, t.d. vegna veðurs, jarðskjálfta, flóða eða annarrar náttúruvár, eða í þeim tilvikum þegar mannvirki eða hlutir þess hrynja eða skemmast illa af óþekktum ástæðum. Hugsunin að baki ákvæðinu er að finna orsakir slíkra tjóna og læra af þeim mistökum sem kunna að hafa átt sér stað við hönnun eða gerð mannvirkisins. Einnig gætu slíkar rannsóknir leitt í ljós að breyta þurfi reglum um hönnun og byggingu mannvirkja. Nokkuð hefur skort á að slíkar rannsóknir færu fram með skipulögðum og samræmdum hætti.

Um 55. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 56. gr. gildandi laga en felld hafa verið út þau atriði sem varða skipulagshluta laganna. Þó er lögð til sú breyting á orðalagi varðandi mannvirki sem reist eru í óleyfi að byggingarfulltrúa eða eftir atvikum Byggingarstofnun sé heimilt að krefjast niðurrifs þeirra, að jarðrask sé afmáð eða starfsemi hætt, en ekki skylt eins og nú er. Er eðlilegt að þetta sé metið í hverju tilviki, m.a. með tilliti til meðalhófs. Nýtt er einnig í ákvæðinu að byggingarfulltrúi getur fyrirskipað lokun mannvirkis auk stöðvunar framkvæmda. Unnt er að beita úrræðum ákvæðisins samhliða ákvæðum 56. gr. um dagsektir.

Um 56. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 57. gr. gildandi laga en ítarlegra.

Um 57. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 58. og 59. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að áminning hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara og svipting löggildingar verði alfarið í höndum Byggingarstofnunar. Áður var það í höndum byggingarnefndar að veita þessum aðilum áminningu og síðan gat hún óskað eftir því við ráðherra að hann svipti hönnuð eða iðnmeistara löggildingu. Í 2. mgr. er ákvæði um sviptingu starfsleyfis byggingarstjóra ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu eða brýtur af sér í starfi. Byggingarstjóri sem sviptur hefur verið starfsleyfi getur öðlast það aftur ef hann uppfyllir að nýju skilyrði fyrir leyfisveitingu. Um endurútgáfu vegna brota í starfi gilda almennar reglur um mat á alvarleika brots. Sama á við um brot hönnuða og iðnmeistara.

Um 58. gr.

Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 60. gr. gildandi laga.

Um 59. gr.

Þrátt fyrir skiptingu skipulags- og byggingarlaga í tvenn lög er gert ráð fyrir að ein og sama úrskurðarnefndin starfi á grundvelli beggja laganna. Ákvæði um störf nefndarinnar og málsmeðferð hennar eru í skipulagslögum og er vísað til þeirra í ákvæðinu. Ekki er því um efnislegar breytingar á starfsemi úrskurðarnefndarinnar að ræða. Þó er lagt til að ef upp

kemur ágreiningur um túlkun skoðunarhandbókar og framkvæmd tæknilegs eftirlits á grundvelli hennar þá skuli leita álits Byggingarstofnunar, sbr. 2. mgr. 17. gr., enda gert ráð fyrir að um tæknileg atriði sé að ræða sem eðlilegt er að sérfræðistofnun á borð við Byggingarstofnun úrskurði um. Sé hins vegar um að ræða ágreining vegna beins tæknilegs eftirlits Byggingarstofnunar gefur ráðherra út slíkt bindandi álit. Í frumvarpi til skipulagslaga eru ákvæði um hverjum sé heimilt að kæra ágreining til úrskurðarnefndarinnar og gilda þau ákvæði einnig um kærur vegna ágreinings á grundvelli laga um mannvirki.

Um 60. gr.

Í ákvæðinu er sagt fyrir um setningu reglugerða á grundvelli laganna og um innihald þeirra. Ákvæðið er ekki bundið við það að sett verði ein byggingarreglugerð eins og nú er heldur má hugsa sér að til einföldunar verði settar nokkrar reglugerðir, enda um afar víðfeðmt efni að ræða. Sambærilegt ákvæði er í 37. gr. gildandi laga en ákvæðið hefur þó verið aðlagað þeim breytingum sem frumvarpið kveður á um.

Um 61. gr.

Hér er fjallað um rafrænt gagnasafn Byggingarstofnunar, þar sem allt er varðar byggingareftirlit með viðkomandi mannvirki er skráð frá því að umsókn um leyfi berst og þar til lokaúttekt hefur verið framkvæmd. Í gagnasafnið má hugsa sér að verði færðar inn umsóknir um byggingarleyfi og fylgigögn þeirra, hönnunargögn á rafrænu formi, niðurstöður yfirferðar hönnunargagna, niðurstöður úttekta, vottorð sem gefin eru út vegna mannvirkjanna auk skoðunarhandbóka, gátlista og leiðbeininga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í gagnasafnið verði skráðir allir þeir fagaðilar sem að mannvirkjagerðinni koma, hönnuðir, byggingarstjórar og iðnmeistarar, auk þess sem þar verður skráð hvort þessir aðilar hafa komið sér upp gæðakerfi. Gagnasafnið er lykillinn að möguleikum Byggingarstofnunar til að hafa eftirlit með framkvæmd byggingareftirlits um land allt og til að heildaryfirsýn fáist yfir málaflokkinn, en mjög hefur skort á að slík yfirsýn hafi verið fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að gagnasafnið verði starfrækt innan eða samtengjanlegt fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Með því má ná saman á einn stað upplýsingum um byggingar og mannvirki um land allt, sem bæði mun nýtast eigendum mannvirkja og stjórnvöldum.

Um 62. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um mannvirkjamál á varnar- og öryggissvæðum. Um þessi svæði er fjallað í varnarmálalögum, nr. 34/2008, sbr. lög nr. 110/1951, og í lögum nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt þeim lögum skiptist varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli í flugvallarsvæði, öryggissvæði og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 38/2007 sem og auglýsingu nr. 1263/2007 var mörkum varnarsvæðisins breytt þannig að flugvallarsvæðið og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar falla nú utan skilgreinds varnarsvæðis. Samkvæmt frumvarpi til skipulagslaga fer skipulagsnefnd flugvallarsvæðis Keflavíkurflugvallar með skipulagsmál á flugvallarsvæðinu í samræmi við ákvæði laga nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Yfirstjórn skipulagsmála á varnarsvæðum og öryggissvæðum er hins vegar í höndum utanríkisráðherra. Til samræmis er í 1. mgr. ákvæðisins kveðið á um að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn byggingarmála á varnar- og öryggissvæðum eins og þau eru skilgreind í varnarmálalögum, nr. 34/2008, sbr. lög nr. 110/1951 og lög nr. 176/2006. Lagt er til að Byggingarstofnun, í umboði utanríkisráðherra, gefi út byggingar- og framkvæmdaleyfi og

hafi eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum leyfisskyldum framkvæmdum á þeim svæðum sem lúta yfirstjórn utanríkisráðherra. Samkvæmt reglugerð nr. 736/2008 um skipulags- og mannvirkjamál á öryggis- og varnarsvæðum annast Varnarmálastofnun í umboði utanríkisráðherra, á grundvelli 15. tölul. 7. gr. varnarmálalaga, nr. 34/2008, framkvæmd skipulags- og mannvirkjamála á öryggis- og varnarsvæðum. Með frumvarpinu er því lagt til að breyting verði á þessari framkvæmd og að framkvæmd byggingareftirlits á umræddum svæðum verði framvegis í höndum Byggingarstofnunar, í umboði utanríkisráðherra, eins og áður sagði. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 76/2008 fer opinbert hlutafélag skv. 1. gr. hins vegar með stjórnsýslu byggingarmála á flugvallarsvæðinu samkvæmt skipulags- og byggingarlögum uns annað verður ákveðið með lögum. Er með frumvarpi þessu hins vegar lagt til að útgáfa byggingarleyfa og eftirlit með mannvirkjum á flugvallarsvæðinu verði í höndum byggingarfulltrúa í ljósi þess að það er nú utan skilgreinds varnarsvæðis samkvæmt auglýsingu nr. 1263/2007, sjá m.a. 2. mgr. 9. gr. og 16. gr. frumvarpsins. Tekið er fram að þrátt fyrir að stjórnsýsla mála sé að fyrrnefndu leyti með öðrum hætti þá gildi ákvæði laganna og reglugerða um byggingarmál á umræddum svæðum. Skv. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 34/2008 eru þó öryggis- og varnarsvæði, ásamt mannvirkjum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna þar, og starfsemi þeim tengd, undanþegin öllum opinberum gjöldum og eru mannvirkin undanþegin skyldutryggingu fasteigna.

Um 63. gr.

Hér er fjallað um þagnar- og trúnaðarskyldu eftirlitsaðila.

Um 64. gr.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 65. gr.

Í greininni eru tiltekin ákvæði annarra laga sem gera þarf breytingar á verði frumvarp þetta samþykkt.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt 1. tölul. er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 64. gr., að skipa forstjóra Byggingarstofnunar fyrir gildistöku laganna 1. janúar 2011 og skal hann vinna að undirbúningi gildistöku laganna. Munu verkefni Brunamálastofnunar heyra undir Byggingarstofnun 1. janúar 2011. Ærið verk bíður Byggingarstofnunar við samningu nýrra reglugerða á grundvelli laganna, skoðunarhandbóka og við kynningu á hinu nýja lagaumhverfi mannvirkjagerðar. Brunamálastofnun mun þannig starfa áfram til 1. janúar 2011 og þau verkefni sem eru hjá Skipulagsstofnun samkvæmt gildandi lögum verða þar áfram til 1. janúar 2011.

Samkvæmt 2. tölul. halda starfandi byggingarfulltrúar fullum rétti sínum til að starfa þó að þeir uppfylli ekki skilyrði 8. gr. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum. Hins vegar munu allir byggingarfulltrúar þurfa að afla sér faggildingar, sbr. 3. tölul., ef þeir ætla að framkvæma úttektir eða yfirfara hönnunargögn. Í framkvæmd mundi embætti byggingarfulltrúa sem heild afla sér faggildingar og byggingarfulltrúi og starfsmenn hans starfa sem skoðunarmenn I–III eftir menntun og reynslu. Þeir byggingarfulltrúar og starfsmenn þeirra sem eru starfandi við gildistöku laganna teljast uppfylla kröfur sem gerðar eru til skoðunarmanna I–III. Nýir starfsmenn þurfa hins vegar að hafa viðeigandi menntun og reynslu til að mega starfa sem skoðunarmenn.

4. tölul. er sambærilegur við 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða gildandi laga. Í 2. málsl. er tekið fram að löggilding umhverfisráðherra jafngildi sams konar löggildingu Byggingarstofnunar. Enginn efnislegur munur er á þessum tveimur löggildingum heldur er einungis lagt til að annar aðili gefi löggildinguna út. Í 5. tölul. er sambærilegt ákvæði fyrir iðnmeistara. Ákvæði 6. tölul. er sambærilegt 7. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum. Skv. 7. tölul. geta þeir aðilar sem sannanlega hafa starfað sem byggingarstjórar í tíð eldri laga tekið að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem talin eru upp í 1. og 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. Byggingarstjórastarfið samkvæmt frumvarpi þessu er að mörgu leyti allt annað starf en verið hefur samkvæmt gildandi lögum og eins og fram kemur í nefndaráliti neðri deildar Alþingis með frumvarpi til eldri byggingarlaga, sbr. umfjöllun í 2. kafla almennra athugasemda, hefur byggingarstjórastaðan ekki verið réttindastaða sem menn hafa fengið í eitt skipti fyrir öll heldur staða sem aðeins hefur náð til gerðar hvers mannvirkis út af fyrir sig við veitingu byggingarleyfis. Því er ekki unnt að líta svo á að menn hafi áunnið sér réttindi til að starfa sem byggingarstjórar. Þrátt fyrir það er talið sanngjarnt að þeir sem tekið hafa að sér byggingarstjórn mannvirkja hingað til geti haldið áfram að vinna sem byggingarstjórar við sambærilega mannvirkjagerð áfram. Þau mannvirki sem talin eru upp í 2. tölul. 4. mgr. 27. gr. hafa almennt ekki verið háð byggingarleyfum og því hafa engir starfað sem byggingarstjórar við þá mannvirkjagerð í gildistíð eldri laga. Þess vegna nær 7. tölul. ákvæðis til bráðabirgða ekki til þeirra mannvirkja heldur þurfa allir sem taka að sér byggingarstjórn þeirra að uppfylla hæfnisskilyrði 4. mgr. 28. gr. frumvarpsins. Í 8. tölul. er veittur frestur til 1. janúar 2015 til að taka gæðastjórnunarkerfi í notkun við mannvirkjagerð. Í 9. tölul. er sambærilegt ákvæði við 14. tölul. ákvæðis til bráðabirgða gildandi laga.

Í 10. tölul. er kveðið á um forgangsrétt starfsmanna Brunamálastofnunar og Skipulagsstofnunar sem starfa við þau verkefni sem færast til Byggingarstofnunar.

Samkvæmt 12. tölul. skal krafa 1. mgr. 17. gr. um að allt eftirlit skuli framkvæmt í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka taka gildi 1. janúar 2015, sem þykir eðlilegur aðlögunartími.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um mannvirki.

Frumvarp til laga um mannvirki er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um brunavarnir. Frumvörpin voru áður lögð fyrir Alþingi á 133., 135. og 138. löggjafarþingi en hlutu ekki afgreiðslu. Eru þau nú endurflutt, að mestu óbreytt, fyrir utan það að nú er ekki gert ráð fyrir breytingu á tekjum. Frumvarp til skipulagslaga, sem lagt var fram samhliða þessum tveimur, hlaut afgreiðslu á 138. löggjafarþingi, en saman er þeim ætlað að leysa af hólmi núgildandi skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, frá og með 1. janúar 2011.

Kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis sem fylgdi frumvarpi til laga um mannvirki á síðasta löggjafarþingi byggðist m.a. á áætlun umhverfisráðuneytis um uppbyggingarhraða Byggingarstofnunar, umsvif og tekjuöflun þar sem m.a. var miðað við að koma stofnuninni í fullan rekstur á tveimur árum og ráða á því tímabili í 14 ný stöðugildi. Kostnaðarmat fjármálaráðuneytis á því frumvarpi var í stórum dráttum það, að reikna mætti með að árleg út-

gjöld ríkissjóðs myndu aukast um 184 m.kr. en á móti kæmi að stofnunin myndi hafa 14 m.kr. í tekjur samkvæmt gjaldskrá auk þess sem tekjur af byggingaröryggisgjaldi yrðu 167 m.kr. meiri en tekjur af núverandi brunavarnargjaldi. Einnig var áætlað að tekjur af ofanflóðagjaldi myndu lækka um 186 m.kr. Í heildina tekið var því áætlað að áhrif frumvarpsins á afkomu ríkissjóðs yrðu neikvæð um 189 m.kr. ári.

Í ljósi erfiðs efnahagsástands og þröngrar stöðu ríkissjóðs hafa þessi áform nú verið endurskoðuð til lækkunar. Er því í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 sótt um 100 m.kr. fjárveitingu til Byggingarstofnunar til viðbótar núverandi fjárheimildum Brunamálastofnunar, eða 70 m.kr. minna en áður hafði verið áætlað. Í ljósi ákvörðunar um minni umsvif hafa áform um breytingar á mörkuðum ríkistekjum einnig verið endurskoðuð og í frumvarpinu er nú ekki gert ráð fyrir breytingum á gjaldstigi brunavarnargjalds og ofanflóðagjalds, heldur einungis því að heiti brunavarnargjalds verði breytt í byggingaröryggisgjald.

Á undanförnum árum hafa markaðar ríkistekjur af brunavarnargjaldi verið talsvert umfram tilkostnað og fjárheimildir Brunamálastofnunar og hefur af þeim sökum safnast upp umtalsvert eigið fé hjá stofnuninni. Höfuðstóll Brunamálastofnunar var 21,7 m.kr. í árslok 2009 og bundið eigið fé 752,3 m.kr. Í fyrra tók stofnunin einnig við eftirliti með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og markaðar ríkistekjur fyrir eftirlitið hafa runnið til stofnunarinnar. Í tekjuáætlun fjárlaga 2010 eru markaðar tekjur Brunamálastofnunar 185,8 m.kr. umfram fjárheimildir. Gangi sú áætlun eftir mun bundið eigið fé stofnunarinnar verða nálægt 938 m.kr. í árslok 2010. Miðað við tekju- og gjaldaáætlun fyrir næsta ár má gera ráð fyrir áframhaldandi aukningu bundins eigin fjár hjá Byggingarstofnun. Fjármálaráðuneytið telur það ekki vera heppilegt fyrirkomulag að ríkistekjur renni beint til tiltekinna stofnana. Að mati ráðuneytisins ættu tekjur, sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna, að renna í ríkissjóð og ákvörðun um fjárheimildir og fjármögnun verkefna alfarið vera tekin í fjárlögum hverju sinni.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er að öðru leyti sú að verði frumvarp þetta að lögum megi gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs aukist um 100 m.kr. á ári. Ekki er reiknað með frekari aukningu útgjalda vegna frumvarpsins í áætlun um afkomu ríkissjóðs á árunum 2011–2014.

83. Frumvarp til laga [79. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Á eftir orðinu „eldvarnaeftirlit“ í 1. gr. laganna kemur: forvarnir.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.
b. Á eftir orðinu „skipum“ í 2. málsl. kemur: með haffærisskírteini.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Skilgreining hugtaksins *eldvarnir* verður svohljóðandi: Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða eða hindra útbreiðslu elds.
b. Skilgreining hugtaksins *mannvirki* verður svohljóðandi: Hvers konar jarðfastar framkvæmdir manna, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, samgöngumannvirki, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, göngubrýr í þéttbýli og togbrautarbúnaður til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Byggingarstofnun er ráðherra til aðstoðar um málefni er falla undir lög þessi, sbr. lög um mannvirki.

5. gr.

5., 7. og 8. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Í stað orðsins „Brunamálastofnun“ tvívegis í 6. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskildu ákvæði til bráðabirgða I og II, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Byggingarstofnun.

7. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Byggingarstofnun starfrækir Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum. Skólinn skal annast umsjón með menntun, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna sem fram fer á vegum Byggingarstofnunar. Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans. Enn

fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn fjögurra manna fagráð, og jafnmarga menn til vara, sem er Byggingarstofnun til ráðgjafar um fagleg málefni Brunamálaskólans. Samband íslenskra sveitarfélaga, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Félag slökkviliðsstjóra tilnefna hvert sinn fulltrúa í fagráð og skipar ráðherra formann.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Brunamálaskólans og hlutverk fagráðs.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði skal vera eitt af verkefnum slökkviliðs samkvæmt lögum þessum.

b. 3. mgr., sem verður 4. mgr., orðast svo:

   Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og vatnsöflun til slökkvistarfa. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi og vegna björgunar á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum að fengnum tillögum Byggingarstofnunar og í samráði við Umhverfisstofnun.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. A-liður 1. mgr. orðast svo: framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna óski byggingarfulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar og lóðir fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

b. 1. málsl. c-liðar 1. mgr. orðast svo: hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur.

c. Við e-lið 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef ljóst þykir að hætta skapist af ástandi brunavarna og eigandi eða forráðamaður húsnæðisins sinnir ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi eiganda eða forráðamanns er að ræða, skal kæra málið til lögreglu.

d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Sveitarfélagi er heimilt að setja sér gjaldskrá um fjárhæð gjalda fyrir aðkomu slökkviliðs við gerð öryggis- og lokaúttekta skv. a-lið 1. mgr. og um innheimtu þeirra. Upphæð gjalda skal taka mið af kostnaði við framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjöld skulu ekki vera hærri en nemur kostnaði við framkvæmd úttektanna. Gjöldum þessum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Í stað orðanna „umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar“ í 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: samþykki Byggingarstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar.

11. gr.

Á undan 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. a laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Byggingarstofnun annast framkvæmd eldvarnaeftirlits vegna mannvirkja samkvæmt grein þessari og setur um það reglur sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum. Slökkviliðsstjóri hefur enn fremur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi.
b. Á eftir orðinu „brunavörnum“ í 4. mgr. kemur: björgunarstörfum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: Byggingarstofnun.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Slökkviliðsmenn sem stunda reykköfun skulu hafa staðist læknisskoðun samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.
c. 2. mgr., sem verður 3. mgr., orðast svo:
   Ráðherra skal að fenginni tillögu Byggingarstofnunar setja reglugerð um menntun og önnur skilyrði til að öðlast löggildingu, um reglubundna læknisskoðun vegna reykköfunar og um réttindi og skyldur slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna.

14. gr.

Í stað orðanna „að atvinnuhúsnæði og öðrum vinnustöðum“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til myndatöku, á öllum þeim stöðum.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 23. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „byggingarnefndar“ í 1. málsl. kemur: byggingarfulltrúa.
b. 2. málsl. orðast svo: Áður en byggingarfulltrúi veitir samþykki sitt skal hann leita álits slökkviliðsstjóra.

16. gr.

2. og 3. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Brunahönnun skal lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar, sé hún til staðar, að öðrum kosti byggingarfulltrúa. Byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi skulu leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt.

17. gr.

4. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Telji Byggingarstofnun að vara fullnægi ekki kröfum skv. 1. mgr. er stofnuninni heimilt að banna sölu eða afhendingu vörunnar og krefjast þess að hún verði afturkölluð og tekin af markaði. Um málsmeðferð Byggingarstofnunar og réttarfarsúrræði fer samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga um mannvirki.

18. gr.

Orðin „og Löggildingarstofu“ í 2. málsl. 1. mgr. 27. gr. laganna falla brott.

19. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Byggingarstofnun getur krafið sveitarfélög nauðsynlegra upplýsinga um stöðu brunavarna og um búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Orðin „í notkun“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott og á eftir orðunum „eldfimra efna“ í sama málslið kemur: eða vegna brota á ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

21. gr.

37. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

1. málsl. 2. mgr. 38. gr. laganna orðast svo: Byggingarstofnun annast úthlutun styrkja.

23. gr.

Á eftir 38. gr. laganna kemur ný grein, 38. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Þjónustuaðilar brunavarna.

Aðilar sem bjóða þjónustu við viðhald, skoðun, áfyllingu og þrýstiprófun handslökkvitækja og reykköfunarbúnaðar skulu hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar. Skilyrði til að öðlast slíkt starfsleyfi er að viðkomandi þjónustuaðili uppfylli kröfur reglugerðar sem ráðherra setur um húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað vegna starfseminnar og að þeir starfsmenn sem annast uppsetningu, viðhald og skoðun slíks búnaðar hafi lokið námskeiði og staðist próf sem Byggingarstofnun heldur.

Aðilar sem annast uppsetningu, viðhald og þjónustu brunaviðvörunarkerfa og slökkvikerfa, svo og þeir sem annast brunaþéttingar mannvirkja, skulu hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar og viðkomandi starfsmenn slíkra aðila skulu hafa lokið námskeiðum sem viðurkennd eru af Byggingarstofnun.

Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfa skv. 1. og 2. mgr. er að sett hafi verið upp fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi vegna starfseminnar í samræmi við kröfur sem ákveðnar eru í reglugerð.

Byggingarstofnun getur svipt þjónustuaðila starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef þjónustuaðili hlítir ekki fyrirmælum Byggingarstofn-

unar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Ráðherra setur í reglugerð nánari kröfur um framkvæmd þessarar greinar, þ.m.t. um veitingu starfsleyfa og framkvæmd námskeiða og prófa fyrir starfsmenn þjónustuaðila brunavarna.

Byggingarstofnun er heimilt að innheimta gjald vegna útgáfu starfsleyfa samkvæmt þessari grein og fyrir námskeiðahald. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í umhverfisráðuneytinu. Breytingarnar eru í fyrsta lagi tilkomnar vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til á löggjöf um byggingarmálefni í frumvarpi til laga um mannvirki. Í öðru lagi eru lagðar til nokkrar breytingar til viðbótar sem æskilegt er talið að gerðar verði á lögum um brunavarnir í ljósi reynslunnar þau níu ár sem lögin hafa verið í gildi.

Í frumvarpi til laga um mannvirki eru lagðar til margháttaðar breytingar á stjórnsýslu byggingarmála. Er lagt til að sett verði á fót ný stofnun, Byggingarstofnun, sem taki við því hlutverki sem Brunamálastofnun hefur sinnt, auk þess sem stofnunin taki við ábyrgð á framkvæmd byggingarmála sem hingað til hefur verið í höndum Skipulagsstofnunar. Gert er ráð fyrir að undir Byggingarstofnun heyri flest öll mál er varða öryggi bygginga, þ.m.t. brunavarnir og rafmagnsöryggi, en þessir þættir hafa hingað til heyrt undir hinar ýmsu stofnanir og ráðuneyti. Með slíkri sameiningu málaflokksins er ætlunin að ná fram aukinni skilvirkni stjórnsýslu og gera unnt að einfalda allt eftirlit með öryggi mannvirkja með það að markmiði að auka gæði þeirra, endingu og öryggi. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að öll ákvæði sem verið hafa í lögum um brunavarnir varðandi hlutverk Brunamálastofnunar færist undir lög um mannvirki og undir Byggingarstofnun. Hins vegar er lagt til að lög um brunavarnir haldi gildi sínu sem sjálfstæð lög og að mestu óbreytt, fyrir utan þær breytingar á yfirstjórn málaflokksins sem hér eru raktar, enda hafa þau í aðalatriðum reynst vel frá því að þau voru sett árið 2000.

Í frumvarpinu er þessu til viðbótar lagt til að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum verði eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Í meira en áratug hafa langflest slökkvilið landsins sinnt þessu verkefni án lagaskyldu. Björgun fólks úr farartækjum, t.d. eftir umferðarslys, krefst sérhæfðs búnaðar og þjálfunar þeirra sem búnaðinn nota. Þegar beita þarf slíkum tækjum er nauðsynlegt að slökkvilið sé á staðnum vegna eldhættu við farartækið. Hefur því skapast sú hefð að slökkvilið sinni þessu verkefni og er kennsla í meðferð búnaðarins hluti af námsefni Brunamálaskólans. Búnaðurinn nýtist einnig við björgun fólks úr mannvirkjum. Með því að gera verkefnið lögbundið er tryggt að þessi þjónusta sé fyrir hendi á öllu landinu og hún uppfylli tilteknar lágmarkskröfur. Þannig verður unnt að setja reglur um lágmarksbúnað, þjálfun starfsmanna, forvarnir og viðbragðsáætlanir.

Frumvarp þetta og frumvarp til laga um mannvirki var lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi. Umhverfisnefnd Alþingis sendi frumvörpin til umsagnar hinna ýmsu hagsmunaaðila

en náði ekki að ljúka störfum við að vinna úr framlögðum umsögnum fyrir þinglok. Í ljósi þessa var afráðið að leggja frumvörpin að nýju fram að mestu leyti óbreytt. Frumvarp til skipulagslaga var samþykkt á Alþingi þann 9. september 2010 og taka lögin gildi þann 1. janúar 2011.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Forvarnir eru afar mikilvægur þáttur eldvarnaeftirlits. Til að leggja áherslu á mikilvægi forvarna er lagt til að því orði verði bætt við markmiðsgrein laganna og mikilvægi þeirra þannig dregið enn betur fram en áður.

Um 2. gr.

Hér er í fyrsta lagi lögð til sú breyting að utan gildissviðs laganna falli eingöngu skip sem hafi haffærisskírteini í ljósi þess að í auknum mæli er farið að breyta notkun skipa, til að mynda með því að gera þau að veitingastöðum í höfnum eða á landi. Er því mikilvægt að slökkvilið geti þar haft aðkomu og gert kröfur um eldvarnir. Þá er lagt til að gildissvið laga um brunavarnir verði rýmkað þannig að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði falli undir lögin. Með sérhæfðum búnaði er m.a. átt við svokallaðar klippur og glennur sem notaðar eru t.d. við að ná fólki úr bifreiðum eftir umferðarslys. Ákvæðið nær til hvers konar björgunarstarfa þar sem slíks búnaðar er þörf, svo sem eftir umferðarslys, flugslys og hvers konar aðra björgun á fastklemmdu fólki. Ekki er hér þó átt við þá starfsemi björgunarsveita sem felst í rústabjörgun.

Um 3. gr.

Hér er í fyrsta lagi lögð til lítils háttar útvíkkun á hugtakinu eldvarnir. Lagt er til að eldvarnir nái einnig til þess að hindra útbreiðslu elds. Í öðru lagi er lögð til breyting á skilgreiningu hugtaksins mannvirki til samræmis við skilgreiningu hugtaksins í frumvarpi til laga um mannvirki. Sá munur er þó á að samgöngumannvirki teljast til mannvirkja samkvæmt lögum um brunavarnir en þau falla hins vegar utan gildissviðs laga um mannvirki. Í gildi er reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum sem sett var með stoð í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, og er gert ráð fyrir að hún haldi gildi sínu.

Um 4. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins er lagt til að Brunamálastofnun verði lögð niður og Byggingarstofnun taki við hlutverki hennar.

Um 5. gr.

Vegna breytinga á yfirstjórn brunamála er 5. gr. gildandi laga felld brott og færist efni hennar yfir í 5. gr. frumvarps til laga um mannvirki. Þar eru talin upp öll verkefni Byggingarstofnunar, þ.m.t. þau verkefni sem stofnunin hefur á grundvelli laga um brunavarnir. Er hlutverkið að mestu leyti óbreytt. Þó er lagt til að Byggingarstofnun hafi ekki það hlutverk, sem Brunamálastofnun hefur haft, að yfirfara brunahönnun nýbygginga, viðbóta og breytinga á mannvirkjum sem slökkviliðsstjórar og byggingarfulltrúar vísa til stofnunarinnar. Um er að ræða verkefni sem framangreindir aðilar eiga að geta sinnt og er hluti af byggingar- og eldvarnaeftirliti sveitarfélaganna. Leiðbeiningar- og ráðgjafarhlutverki Byggingarstofnunar verður samkvæmt nýjum lögum sinnt með öðrum hætti, svo sem með útgáfu skoðunarhand-

bóka. Þar sem lagt er til að stjórnsýsla byggingaröryggismála verði samræmd undir einni öflugri ríkisstofnun undir stjórn forstjóra sem ábyrgð ber á rekstri hennar er gert ráð fyrir að brunamálaráð sem starfað hefur á grundvelli laga um brunavarnir verði lagt niður. Brunamálaráð hefur verið forstjóra Brunamálastofnunar til ráðgjafar. Í frumvarpi til laga um mannvirki er lagt til að Byggingarstofnun leiti í störfum sínum samráðs við hina ýmsu hagsmunaaðila, þ.m.t. Samband íslenskra sveitarfélaga. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að sérstakt fagráð starfi að baki stofnunarinnar, heldur leiti stofnunin þeirrar ráðgjafar sem hún þarfnast hverju sinni eftir aðstæðum. Útvíkkun á hlutverki stofnunarinnar kallar á samráð við mun fleiri aðila en þá sem setið hafa í brunamálaráði. Eðlilegt er að stofnunin skipuleggi sjálf einhvers konar samráðsvettvang, mismunandi eftir málefnum og málaflokkum sem undir stofnunina heyra.

Ekki er talin þörf á að binda slíkt samráð eða fyrirkomulag þess í lög umfram það sem gert er í frumvarpi til laga um mannvirki.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laganna um Brunamálaskólann vegna frumvarps til laga um mannvirki. Gerð er tillaga um að í stað skólaráðs Brunamálaskólans verði skipað sérstakt fagráð fyrir skólann forstjóra Byggingarstofnunar til ráðgjafar um fagleg málefni skólans. Ábyrgð á rekstri skólans verði hins vegar alfarið í höndum forstjóra Byggingarstofnunar. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfsemi skólans en að heimilt verði að fela menntastofnun starfrækslu hans. Byggingarstofnun verður þó ávallt ábyrg fyrir þeirri starfsemi hvort sem hún annast hana sjálf eða felur hana öðrum. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er lögfest það verkefni slökkviliðs að bjarga fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum og skýringum með 2. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Lagðar eru til breytingar til samræmis við ákvæði frumvarps til laga um mannvirki. Hér er hlutverk slökkviliðs við byggingareftirlit skilgreint og það m.a. tengt svokölluðum öryggis- og lokaúttektum sem fjallað er nánar um í því frumvarpi. Öryggisúttekt er úttekt á öryggi og hollustuháttum mannvirkja þegar þau eru tekin í notkun og er óheimilt að flytja inn í eða taka mannvirki í notkun fyrr en slík úttekt hefur verið framkvæmd. Lokaúttekt skal framkvæmd innan þriggja ára frá því að mannvirki er tekið í notkun. Byggingarfulltrúar eða eftir atvikum faggiltar skoðunarstofur framkvæma öryggis- og lokaúttektir að viðstöddum fulltrúum slökkviliðs. Einnig er lagt til að sveitarfélagi verði heimilt að setja gjaldskrá vegna kostnaðar slökkviliða við öryggis- og lokaúttektir. Hafa sveitarfélög sams konar heimild í lögum um mannvirki til gjaldtöku vegna kostnaðar byggingarfulltrúa við úttektir á mannvirkjum.

Í frumvarpinu er slökkviliðsstjóra gert skylt að kæra eiganda eða forráðamann húsnæðis til lögreglu ef hætta skapast af ástandi brunavarna og viðkomandi sinnir ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi er að ræða.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að Byggingarstofnun samþykki brunavarnaáætlanir sveitarfélaga í stað þess að gefa um þær umsagnir. Breytingin hefur ekki áhrif á það vinnulag sem skapast hefur við afgreiðslu þessara áætlana.

Um 11. gr.

Breytingin kemur til vegna ákvæðis 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga, en þar er fjallað um hlutverk Brunamálastofnunar. Í ljósi þess að 5. gr. er í heild sinni felld brott í frumvarpinu er lagt til að fjallað verði um eldvarnaeftirlit með mannvirkjum vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis í íslenskri efnahagslögsögu og innan landgrunnsmarka í 2. mgr. 13. gr. a.

Um 12. gr.

Breytingin er hliðstæð breytingum 2. og 8. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki færast löggildingar hönnuða og iðnmeistara úr höndum umhverfisráðherra til Byggingarstofnunar. Lögð er til sama breyting hvað varðar löggildingar slökkviliðsmanna. Í b-lið er lagt til að lögfest verði að slökkviliðsmenn þurfi að standast læknisskoðun til að mega stunda reykköfun. Í undirbúningi er endurskoðun á reglugerð um reykköfun og hefur verið um það rætt að nauðsynlegt sé að lögfesta það verklag, sem mörg slökkvilið hafa tekið upp, að skylda starfsmenn sína til að standast læknisskoðun áður en þeim er heimilt að stunda reykköfun. Reykköfun er hættulegt og erfitt starf sem einungis hraust og vel þjálfað fólk er fært um að sinna. Þess vegna er talið nauðsynlegt að krefjast reglubundinnar læknisskoðunar.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að slökkviliðsstjóra og öðrum eftirlitsmönnum verði heimiluð myndataka á þeim stöðum sem eftirlits er þörf, m.a. flóttaleiðum í húsnæði og öðrum vanköntum á eldvörnum. Er nauðsynlegt að hnykkja á því að myndataka sé þessum aðilum heimil þar sem hún er mikilvægur þáttur í gagnaöflun slökkviliðs, m.a. þegar kæra þarf mál til lögreglu.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar til samræmis við ákvæði laga um mannvirki.

Um 16. gr.

Breytingin er hliðstæð breytingum 15. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í frumvarpi til laga um mannvirki eru tekin upp ákvæði um viðskipti með byggingarvörur. Þar er að finna ákvæði um málsmeðferð ef vara uppfyllir ekki kröfur laganna og réttarúrræði

Byggingarstofnunar. Vísað er til þessa kafla mannvirkjafrumvarpsins hér í stað laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Um 18. gr.

Þar sem verkefni rafmagnsöryggissviðs Neytendastofu, áður Löggildingarstofu, sem varða rafmagnsöryggi í mannvirkjum, færðust undir Brunamálastofnun við gildistöku laga nr. 29/2009 er vísun til Löggildingarstofu felld brott hér.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að það verði sérstaklega tekið fram að Byggingarstofnun geti krafið sveitarfélög um nauðsynlegar upplýsingar um stöðu brunavarna og um búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu. Komið hefur fyrir að fyrirspurnum Brunamálastofnunar um þessi atriði hefur ekki verið sinnt en í ljósi eftirlitshlutverks stofnunarinnar er nauðsynlegt að henni berist slíkar upplýsingar.

Um 20. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að heimildir slökkviliðsstjóra til að beita þvingunarúrræðum vegna mannvirkja þegar eldhætta skapast verði ekki takmarkaðar við að mannvirki sé í notkun í ljósi þess að úrbætur geta einnig verið nauðsynlegar í yfirgefnum húsum, auk þess sem óljóst getur verið í einstökum tilvikum hvort húsnæði sé í notkun eða ekki. Er því lagt til að orðin „í notkun“ verði fellt út úr 2. mgr. 29. gr. Mikilvægt er þá að slökkviliðsstjóri hafi úrræði til að knýja fram úrbætur þegar eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar sinnir ekki þeim kröfum sem settar eru um brunavarnir, sbr. VI. kafla laganna. Er því lagt til að bætt sé við 2. mgr. 29. gr. að slökkviliðsstjóri geti einnig beitt þvingunarúrræðum vegna brota á ákvæðum laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

Lagt er til að kveðið verði á um að birta skuli í B-deild Stjórnartíðinda gjaldskrá þá sem kveðið er á um í 3. mgr. 29. gr. laganna. Er breyting þessi í samræmi við ákvæði d. liðar 9. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Lagt er til að ákvæði laganna um brunavarnagjald falli niður en sambærilegt ákvæði verði tekið upp í frumvarp til laga um mannvirki og heiti hér eftir byggingareftirlitsgjald. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði innheimt með óbreyttum hætti með iðgjöldum vátryggingafélaga og að gjaldstofninn verði áfram vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár. Þar sem gert er ráð fyrir að gjaldið verði notað til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar er eðlilegt að ákvæði um innheimtu þess verði fært yfir í lög um mannvirki.

Um 22. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði um þjónustuaðila brunavarna. Fjallað er um þessa aðila í e-lið 1. mgr. 5. gr. gildandi laga en nánari útfærslu á þeim kröfum sem heimilt er að gera til starfsemi þessara aðila hefur skort. Um er að ræða aðila sem annast þjónustu við ýmsan búnað vegna brunavarna, svo sem handslökkvitæki og reykköfunarbúnað. Allt er þetta mikilvægur öryggisbúnaður sem nauðsynlegt er að sé meðhöndlaður af traustum aðilum

sem hafa yfir nægjanlegri þekkingu að ráða. Því er hér lagt til að þessir aðilar þurfi starfsleyfi Byggingarstofnunar. Verður stofnuninni þá heimilt að setja sér gjaldskrá og innheimta gjald vegna útgáfu starfsleyfa og fyrir námskeiðahald samkvæmt greininni.

Um 24. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2011 til samræmis við gildistöku nýrra laga um mannvirki.

Fylgiskjal I.

Umhverfisráðuneyti:

Umsögn með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um brunavarnir.

Umhverfisráðuneytið hefur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga metið forsendur kostnaðaráhrifa frumvarps til laga um breytingar á lögum um brunavarnir. Megintilgangur frumvarpsins er að samræma lög um brunavarnir þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki en samkvæmt því frumvarpi mun Byggingarstofnun fara með yfirstjórn brunamála í stað Brunamálastofnunar nú. Ekki er talið að ákvæði um Byggingarstofnun hafi nein kostnaðaráhrif fyrir sveitarfélögin. Í frumvarpinu eru hins vegar lagðar til nokkrar aðrar breytingar sem nauðsynlegt er talið að gera í ljósi reynslu af framkvæmd laganna.

Í frumvarpinu er lagt til að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum verði eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Breytingunni er ætlað að tryggja að þessi þjónusta verði fyrir hendi um allt land og að hún uppfylli tilteknar lágmarkskröfur. Björgun fólks úr farartækjum, t.d. eftir umferðarslys, krefst sérhæfðs búnaðar og þjálfunar þeirra sem búnaðinn nota. Þegar beita þarf slíkum tækjum er nauðsynlegt að slökkvilið sé á staðnum vegna eldhættu við farartækið. Hefur það fallið í hlut slökkviliða að sinna þessu verkefni. Búnaðurinn nýtist einnig við björgun fólks úr mannvirkjum. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að langflest slökkvilið landsins hafi sinnt þessu verkefni í meira en áratug án lagaskyldu og er kennsla í meðferð klippibúnaðar hluti af námi við Brunamálaskólann. Ekki er því um nýjan kostnað að ræða fyrir sveitarfélögin nema í undantekningartilvikum. Ráðuneytið hefur í samráði við félag slökkviliðsstjóra og Brunamálastofnun metið hugsanlegan kostnað af framkvæmd þessa verkefnis. Heildarkostnaður allra slökkviliða vegna þessa þáttar er áætlaður eftirfarandi:

Stofnkostnaður, þ.e. búnaður, þjálfun o.fl.: u.þ.b. 500–600 millj. kr. samtals á landinu öllu.

Árlegur rekstrarkostnaður, þ.e. afskriftir, endurmenntun, stjórnunar- og skrifstofu kostnaður, kostnaður vegna útkalla: u.þ.b. 87–90 millj. kr. samtals á landinu.

Eins og áður segir hafa langflest slökkvilið landsins sinnt þessu verkefni í meira en áratug án lagaskyldu. Búnaðinn eiga flest slökkvilið nú þegar. Ekki er því um nýjan kostnað að ræða fyrir sveitarfélögin nema í undantekningartilvikum.

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um heimild um gjaldtöku til sveitarfélaga vegna kostnaðar slökkviliða vegna öryggis- og lokaúttekta, sbr. lög um mannvirki. Miða skal við að innheimt gjöld verði ekki meiri en kostnaður við úttektirnar.

Að öðru leyti telur ráðuneytið að frumvarpið valdi sveitarfélögum ekki auknum kostnaði.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um mannvirki. Í því lagðar til breytingar í samræmi við mannvirkjafrumvarpið, en þar er m.a. gert ráð fyrir að Brunamálastofnun verði lögð niður og verkefni hennar færð undir nýja stofnun, Byggingarstofnun, auk þess sem brunavarnargjald verði aflagt en upp tekið nýtt byggingaröryggisgjald. Einnig eru í þessu frumvarpi lagðar til nokkrar breytingar sem æskilegt er talið að gera á lögunum í ljósi reynslunnar, en ekki er reiknað með að þær hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Gert ráð fyrir að Byggingarstofnun verði heimilt að innheimta gjald á móti kostnaði við útgáfu starfsleyfa, sem þjónustuaðilum brunavarna verður skylt að hafa, og fyrir námskeiðahald. Áætlað er að tekjur af þessum gjöldum verði innan við 1 m.kr. á ári.

Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt þessa frumvarps hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Það er þó, eins og áður sagði, lagt fram samhliða frumvarpi til laga um mannvirki sem gert er ráð fyrir að muni auka árleg útgjöld ríkissjóðs um 100 m.kr. Vísast að öðru leyti til kostnaðarumsagnar um það frumvarp.

84. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um samvinnuráð um þjóðarsátt.

Flm.: Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðardóttir, Guðmundur Steingrímsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Siv Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að koma á fót samvinnuráði, vettvangi stjórnmálaflokka og hagsmunaaðila, til að ræða og leita leiða í anda þjóðarsáttar til langtímastyrkingar atvinnuvega landsins og efnahags þjóðarinnar til frambúðar. Í ráðinu sitji fulltrúar allra þingflokka, ásamt fulltrúum atvinnulífs, launþega, sveitarfélaga, fjármálafyrirtækja og Bændasamtaka Íslands. Ráðið leggi tillögur fyrir forsætisráðherra eigi síðar en 31. desember 2010 og ráðherra leggi fram lagafrumvörp til innleiðingar þeirra í íslensk lög ef þörf krefur. Markmið ráðsins verði eftirfarandi:

1. Almenn skuldaleiðrétting, með jafnræði, réttlæti og hagkvæmni að leiðarljósi, sem gagnist öllum.
2. Lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands.
3. Trygging stöðugs verðlags.
4. Atvinnuskapandi framkvæmdir.
5. Jöfnun áhættu í skiptum lánveitenda og lántaka.
6. Stytting fyrningarfresta krafna eftir gjaldþrot.
7. Jöfnun samkeppnisstöðu fyrirtækja á markaði.

8. Sköpun stöðugleika og festu í rekstri ríkisins.
9. Gerð langtímaáætlana um útgjöld ríkisins.
10. Endurskipulagning ríkisfjármála og endurskoðun samstarfsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta löggjafarþingi og var henni vísað til efnahags- og skattanefndar eftir fyrri umræðu en hlaut ekki afgreiðslu þar. Íslenskum stjórnmálaflokkum hefur ekki tekist að vinna saman að úrlausn þeirra vandamála sem steðja að íslensku samfélagi, jafnvel þótt mörg þeirra vandamála varði grundvallarhagsmuni þjóðarinnar. Allar forsendur eru til staðar fyrir bjartri framtíð þrátt fyrir þann vanda sem steðjar að íslenskum heimilum, atvinnulífi og þjóðarbúi en einungis ef stöðugleiki er skapaður, gripið sé til aðgerða og ráðist í ýmis verkefni svo að heimilin og atvinnulífið geti byggt framtíð sína á traustum grunni. Ákveðinnar stöðnunar gætir nú í stjórnmálum og er þingsályktunartillögu þessari ætlað að höggva á þann hnút sem myndast hefur og skapa grundvöll fyrir samvinnu sem nauðsynleg er til að ná árangri við úrlausn vandamála. Því er lagt til að allir flokkar á Alþingi sammælist um að fela forsætisráðherra að koma á fót samvinnuráði sem leiti leiða til að styrkja atvinnuvegi landsins og efnahag þjóðarinnar til frambúðar í anda þjóðarsáttar. Lagt er til að í ráðinu sitji fulltrúar allra þingflokka ásamt fulltrúum atvinnulífsins, launþega, sveitarfélaga, fjármálafyrirtækja og Bændasamtaka Íslands. Reynslan hefur sýnt að samstarf og samvinna er lykilatriði til að ná árangri við úrlausn vandamála og til að mynda náðist strax mikill árangur við úrlausn Icesave-deilunnar þegar loks var fallist á samstarf allra flokka um lausn í því erfiða máli. Slíkt samstarf hafði Framsóknarflokkurinn lagt til frá því í tíð minnihlutastjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Þingsályktunartillaga þessi byggist á tillögum þingflokks framsóknarmanna að aðgerðum til endurreisnar íslensks efnahagslífs í samvinnu stjórnmálaflokka sem gefnar voru út í mars 2010 undir fyrirsögninni *Þjóðarsátt 2010 samstaða um endurreisn.* Þar er lögð áhersla á að allir flokkar á Alþingi vinni saman og sammælist um afdráttarlausar aðgerðir í þágu íslenskra heimila og atvinnulífs.

1. Almenn skuldaleiðrétting.

Almenn viðurkenning: Nauðsyn þess að ráðist verði í leiðréttingu skulda er nú orðin flestum ljós. Þau rök sem framsóknarmenn færðu fyrir mikilvægi skuldaleiðréttingar hafa nú fengið mikinn hljómgrunn og flest af því sem þar var lagt til grundvallar komið á daginn. Til að mynda hefur verið staðfest að lán heimila og fyrirtækja voru færð úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju á miklum afslætti. Þingmenn úr öllum flokkum hafa nú tekið undir að sanngjarnt og eðlilegt sé að þær afskriftir verði að verulegu leyti látnar ganga áfram til lántakenda.

Jafnræði: Ókostir og óréttlæti þess að beita eingöngu sértækum skuldaleiðréttingum hefur jafnframt sannast rækilega síðastliðið ár. Þannig hefur komið á daginn að mikill misskilningur var í því fólginn að almenn skuldaleiðrétting (þar sem öll lán eru leiðrétt fyrir áhrifum hins óeðlilega og ófyrirsjáanlega verðbólguskots) fæli einkum í sér fyrirgreiðslu til þeirra sem fóru óvarlega. Þvert á móti hafa þær sértæku aðgerðir sem ráðist hefur verið í einkum falið í sér afskrift skulda hjá þeim sem mest höfðu umleikis á meðan almenningur hefur fengið litla eftirgjöf.

Réttlæti: Með almennri skuldaleiðréttingu er réttlæti aðgerðarinnar augljóst enda eru lán allra færð aftur í þá upphæð sem þau hefðu staðið í ef ekki hefði komið til sá forsendubrestur sem fólst í falli gjaldmiðilsins og verðbólguskoti.

Hagkvæmni: Hagkvæmnin felst í því að skuldaleiðréttingin eyðir kröfum sem bættust við eðlilegar lánsfjárhæðir og voru þannig úr samræmi við áætlanirnar sem lántakan byggðist á. Slíkar skuldir valda skekkju í hagkerfinu og draga úr virkni þess. Óeðlileg hækkun lána skekkir eðlilegt samband lántaka og lánveitanda og tekur í raun úr umferð fjármagn sem ætti að vera laust í hagkerfinu. Það dregur úr verslun og viðskiptum og ýtir undir gjaldþrot (og veldur þar með lánveitandanum tjóni). Losni um þetta fjármagn eykur það veltu og snýr ofan af spíral eignarýrnunar, gjaldþrota og atvinnuleysis. Með því verða heimtur á endanum betri. Það er allra hagur að afskrifa skuldir sem aldrei var innstæða fyrir.

Eigið fé: Flóknar og ólíkar afskriftaaðferðir hafa iðulega vakið spurningar um jafnræði auk þess sem hagkvæmni slíkra aðgerða er oft mjög á reiki. Margar þeirra aðferða sem verið hafa til umræðu eða í framkvæmd fela í sér eyðingu eigin fjár enda sitja þeir sem settu eigið fé í fjárfestingar ekki við sama borð og þeir sem fjármögnuðu kaup að mestu eða öllu leyti með lánum. Það að eyða þannig eigin fé millitekjufólks felur í sér afar óæskilega þjóðfélagsbreytingu.

Skattamál: Með almennri aðgerð til skuldaleiðréttingar má jafnframt komast hjá álitamálum sem ella vakna um skattlagningu afskrifta, enda augljóslega ekki tilefni til að skattleggja það sem aðeins er eðlileg leiðrétting.

Samstarf: Ljóst má vera að það er orðið mun flóknara að hrinda skuldaleiðréttingu í framkvæmd en það var þegar framsóknarmenn lögðu til að sú leið yrði farin. Enn má þó finna leiðir til að koma á réttlæti og hagkvæmni við leiðréttingu skulda. Lagt er til að samvinnuráðið geri tillögur um framkvæmd almennrar skuldaleiðréttingar þar sem gengið er út frá því að sú hækkun sem varð á lánum vegna forsendubrests gangi til baka.

2. Vaxtalækkun.

Hið háa vaxtastig Seðlabankans er afar óheppilegt við núverandi aðstæður og illskiljanlegt. Ljóst er að heimili og fyrirtæki standa ekki undir svo háum vöxtum.

Vaxtastigið er einkum til þess ætlað að halda aftur af verðbólgu og verja gengi krónunnar. Samtök atvinnulífsins og fjölmargir hagfræðingar hafa hins vegar fært fyrir því rök að í raun hafi vaxtastefnan þveröfug áhrif við núverandi aðstæður, enda rennur mikið af vaxtagreiðslunum til erlendra eigenda krónubréfa. Á sama tíma og lönd um allan heim hafa fært stýrivexti nálægt 0% er heimsins hæstu vöxtum viðhaldið á Íslandi, landi sem þarf á því að halda umfram önnur lönd að koma efnahagslífinu á skrið.

Hátt á annað þúsund milljarða króna liggja nú á reikningum í íslenskum bönkum á sama tíma og bráðnauðsynlegt er fyrir efnahagslífið að fá endurfjármögnun og auka við fjárfestingu og neyslu svo að skapa megi fleiri atvinnutækifæri.

Við bætist beinn kostnaður ríkisins af því að greiða bönkum vexti fyrir að geyma fjármagn í Seðlabankanum. Þannig er ríkið að greiða háar upphæðir fyrir að halda fjármagni úr vinnu.

Óhjákvæmilegt er að endurskoða peningamálastefnu Seðlabankans og þær aðferðir sem þar eru notaðar við ákvarðanatöku. Sjálfstæði bankans var varpað fyrir róða í kjölfar efnahagshrunsins auk þess sem sú stefna sem nú er rekin í peningamálastjórnun bankans er á margan hátt pólitísk. Ómögulegt er að láta þetta ástand óátalið í ljósi þess að vaxtastigið hefur áhrif á flestar aðrar aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að endurreisa íslenskt efnahagslíf. Alþingi ætti því að sammælast um breytingar á peningamálastefnu og vaxtastigi

Seðlabankans. Eðlilegt er að vextir á Íslandi séu ekki meira en þremur prósentustigum hærri en hjá evrópska seðlabankanum.

3. Stöðugt verðlag.

Mikilvægt er að ná sátt milli löggjafans, framkvæmdarvaldsins og aðila vinnumarkaðarins um að haldið verði aftur af verðhækkunum. Þar getur ríkið haft forustu með því að hækka ekki gjöld og neysluskatta, enda lyfta slíkar hækkanir vísitölu neysluverðs og bæta þannig við höfuðstól verðtryggðra lána.

Í ljósi þess hversu hratt hefur dregið úr kaupmætti er mikilvægt að sporna við áframhaldandi verðhækkunum. Það að hækka skatta á neysluvörur er auk þess þjóðhagslega óhagkvæmt þegar nauðsynlegt er að leita allra leiða til að auka neyslu. Efnahagsleg óhagkvæmni verðhækkana felst einnig í því að þegar höfuðstóll lána heimila og fyrirtækja hækkar eykst fjárstreymi frá íslenskum almenningi til banka sem að mestu leyti eru í eigu erlendra kröfuhafa. Það má því gera ráð fyrir að verðbólguáhrif leiði til aukins útstreymis úr hagkerfinu.

4. Framkvæmdir strax.

Langt er um liðið síðan ríkisstjórnin hét því að beita sér fyrir mannaflsfrekum framkvæmdum. Lítið hefur farið fyrir þeirri atvinnusköpun til þessa. Á sama tíma hefur fjölmörgum atvinnuskapandi verkefnum einkaaðila verið haldið í þarflausri biðstöðu um margra mánaða skeið. Mikilvægt er að ríkisvaldið liðki tafarlaust fyrir slíkum verkefnum og innleiði skattastefnu sem ýtir undir fjárfestingu og umsvif í atvinnulífinu fremur en að draga úr þeim.

5. Áhættu skipt milli lánveitenda og lántaka (verðtrygging og ábyrgðir).

Fyrir fáeinum áratugum var áhætta vegna verðbólgu öll á hendi lánveitanda. Mikil verðbólga olli því að lánveitendur fengu ekki nema brot af útlánum sínum endurgreitt. Þetta breyttist með lögum um verðtryggingu en með þeim færðist áhættan af verðlagsþróun öll yfir á lántakann. Við bankahrunið varð almenningur fyrir verulegum skakkaföllum vegna áhrifa verðbólgu á höfuðstól lána.

Hefðbundin íbúðalán eru flest með þeim skilmálum að lántaki tryggir endurgreiðslur með öllum eigum sínum vegna persónulegrar ábyrgðar. Við hrunið féll fasteignaverð á sama tíma og lánin hækkuðu umtalsvert, hvort sem um var að kenna verðtryggingu og hárri verðbólgu eða gengistryggingu og falli krónunnar. Þetta tjón hafa heimilin borið ein.

Endurskoða þarf lög um nauðungarsölu, nr. 90/1991, þannig að þau taki mið af þeim aðstæðum sem uppi eru í kjölfar bankahrunsins. Meðal þess sem þarf að skoða er búseturéttur og ákvæði um lágmarksverð við nauðungarsölu.

Núverandi löggjöf hvetur til áhættusækni hjá lánveitanda auk þess sem aðstöðumunur veldur því að gjarnan hallar á lántaka. Mikilvægt er að jafna þessa stöðu og nota það tækifæri sem nú gefst til að skapa raunhæfa fjármögnunarkosti án verðtryggingar.

6. Breyting fyrningarfresta krafna.

Nú þegar veruleg fjölgun gjaldþrota virðist óumflýjanleg er mikilvægt að fyrningarlögum verði breytt með þeim hætti að ekki verði hægt að viðhalda kröfum á gjaldþrota einstaklinga endalaust. Æskilegt væri að gefa fólki færi á að byrja með hreint borð að þremur eða fjórum árum liðnum. Fyrningartími almennra krafna er til að mynda fjögur ár.

Slík breyting er mikilvæg til að draga úr þeim harmi sem fylgir gjaldþroti og gefa fólki annað tækifæri. Auk þess væri breytingin líkleg til að leiða af sér ábyrgari útlánastarfsemi en ella.

Loks er það grundvallaratriði að skuldir sem fást seint eða aldrei greiddar haldi ekki aftur af kröftugri endurreisn í samfélagi þar sem fjöldi gjaldþrota hefur riðið yfir. Mikilvægt er að nýta framtakssemi og starfskrafta duglegra og hugmyndaríkra einstaklinga við endurreisn efnahagslífsins. Nefna má að víða erlendis er alþekkt að frumkvöðlar sem stofna verðmæt fyrirtæki eða finna upp mikilvægar nýjungar hafa oft mátt þola persónulegt gjaldþrot áður en þeir náðu tilætluðum árangri.

7. Meðferð banka á rekstrarfélögum.

Í kjölfar efnahagshrunsins fara fjármálastofnanir með eignarhluti í fjölmörgum rekstrarfélögum. Tryggja verður að fjármálastofnanir skekki ekki samkeppnisstöðu á markaði gagnvart þeim félögum sem áfram standa ein og óstudd.

Í því skyni þarf að leiða viðmiðunarreglur í lög og kanna möguleika á borð við að setja hámarkstíma á hversu lengi bankar megi reka fyrirtæki. Einnig gæti reynst nauðsynlegt að gera kröfu um arðsemi og jákvætt eigið fé hjá félögum sem eru á forræði bankastofnana.

8. Að nýta sérfræðiráðgjöf og skapa stöðugleika í stjórnsýslunni.

Það er mikilvægt fyrir Ísland að erlendir fjárfestar öðlist trú á jákvæðri þróun íslensks efnahagslífs. Þar er grundvallaratriði að skapa festu í stjórnsýslunni og eyða óvissu um efnahagsstöðu landsins og stefnu stjórnvalda, t.d. hvað varðar skatta og aðra þætti í rekstrarumhverfi fyrirtækja. Í því efni og við lausn annarra vandamála sem þjóðin stendur frammi fyrir er mikilvægt að leitað verði aðstoðar færustu sérfræðinga á hverju sviði fremur en að leggja áherslu á að setja pólitíska samherja í áhrifastöður. Íslendingar þurfa nú að takast á við mörg úrlausnarefni sem þeir þekkja ekki af eigin reynslu. Það er því mikilvægt að stjórnvöld veigri sér ekki við að leita til þeirra sem best þekkja til á hverju sviði. Fjölmargir erlendir fræðimenn og aðrir sérfræðingar hafa boðið Íslendingum aðstoð. Sumir eru með því að leita að verkefnum en aðrir líta á vandræði landsins sem áhugavert úrlausnarefni eða bera einfaldlega hag Íslendinga fyrir brjósti.

Mikilvægt er að nýta sérfræðiþekkingu sem best. Það skapar trúverðugleika og eykur líkurnar á að teknar verði réttar ákvarðanir til lengri og skemmri tíma.

9. Gerð langtímaáætlunar í útgjöldum ríkisins (aðgreining fjárfestingar og rekstrar).

Nauðsynlegt er að gera strax útfærða langtímaáætlun um útgjöld ríkisins og aðgreina rekstrarkostnað annars vegar og fjárfestingu hins vegar. Borið hefur á því að skorið hafi verið niður í fjárfestingum sem að öllum líkindum hefðu skilað meiri ávinningi en kostnaði til lengri tíma litið. Sem dæmi um slíkt má nefna framlög til kvikmyndagerðar en fyrir hverja krónu sem íslenska ríkið setur í stuðning við kvikmyndagerð skilar sér andvirði tveggja eða þriggja króna að utan í erlendri mynt. Augljóst er að slíkur niðurskurður felur ekki í sér raunverulega hagræðingu heldur þvert á móti. Það er því mikilvægt að þegar leitað er leiða til að spara sé kannað hvort um raunverulegan sparnað er að ræða eða hvort verið er að draga úr hagnaði til lengri tíma litið. Slíkt verður ekki gert nema með því að skoða heildaráhrif niðurskurðar eða fjárfestingar, aðgreina arðbæra fjárfestingu annars vegar og rekstrarkostnað hins vegar og gera áætlanir til langs tíma.

Það sama getur átt við á hinn veginn, þ.e. að réttlætanlegt sé að ráðast í útgjöld nú skapi það ávöxtun eða sparnað til framtíðar.

Löggjöf um skattlagningu og annað sem lýtur að atvinnurekstri þarf að miða að því að ýta undir nýfjárfestingu, vöruþróun og rannsóknir hjá fyrirtækjum. Afar brýnt er að þær aðgerðir sem ráðist er í til að vinna á efnahagsvandanum skapi jákvæða hvata í stað þess að veita aðeins úrræði fyrir þá sem þegar eru komnir í verulegar ógöngur.

10. Ríkisfjármál.

Endurskoða þarf samstarfsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í ljósi atburða og breyttra aðstæðna frá því að upphaflegur samningur var gerður við sjóðinn. Í því felst ekki að slitið verði samstarfi við sjóðinn án þess að fyrir liggi aðrar lausnir á þeim vanda sem ætlunin var að vinna á með aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hins vegar er löngu orðið tímabært að leita annarra leiða til að leysa umrædd vandamál. Hætta er á að sú nálgun sem nú er unnið út frá geti gert illt verra. Verði t.d. komið upp gjaldeyrisforða fyrir lánsfé sem svo er notaður í að halda uppi gengi krónunnar til skamms tíma mun það reynast dýrkeypt. Um það vitna ótal dæmi frá öðrum löndum. Ógjörningur er að verja gengi gjaldmiðils með lánsfé.

Leggja þarf áherslu á endurskipulagningu skulda fremur en nýjar lántökur. Ljóst þarf að vera hvernig farið verður með hugsanleg lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Norðurlöndunum og hvort raunveruleg þörf sé á lántökunni. Aðrar leiðir gætu reynst mun hagkvæmari.

85. Tillaga til þingsályktunar [81. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Kólumbíu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Lýðveldisins Kólumbíu.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd annars vegar fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Kólumbíu sem undirritaður var 25. nóvember 2008 í Genf og hins vegar landbúnaðarsamning milli Íslands og Lýðveldisins Kólumbíu sem undirritaður var sama dag.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Hún er nú lögð fram að nýju með smávægilegum breytingum sem lúta að því að tilgreindar eru nokkrar óunnar landbúnaðarvörur sem Ísland fellur niður tolla á samkvæmt landbúnaðarsamningi Íslands og Kólumbíu.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á fríverslunarsamningi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Kólumbíu sem undirritaður var í Genf 25. nóvember 2008. Jafnframt er leitað heimildar til fullgildingar á landbúnaðarsamningi milli Íslands og Lýðveldisins Kólumbíu sem undirritaður var sama dag. Meginmál fríverslunarsamningsins er prentað sem fylgiskjal I með tillögu þessari og meginmál landbúnaðarsamningsins sem fylgiskjal II. Viðaukar og bókanir sem

fylgja fríverslunarsamningnum og viðaukar við landbúnaðarsamninginn munu liggja frammi í lestrarsal Alþingis.

EFTA-ríkin, Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss, hafa gert 22 fríverslunarsamninga við ríki eða ríkjahópa, að samningnum við Kólumbíu meðtöldum. Í tengslum við þessa samninga hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar á milli einstakra EFTA-ríkja og hvers ríkis eða ríkjahóps fyrir sig um verslun með óunnar landbúnaðarvörur. Því hefur Ísland gert tvíhliða landbúnaðarsamninga við sömu ríki eða ríkjahópa í tengslum við fríverslunarsamninganna.

Samningaviðræðurnar um fríverslunarsamninginn og landbúnaðarsamninginn tóku eitt ár og lauk þeim í júní 2008.

Fríverslunarsamningurinn við Kólumbíu kveður á um lækkun eða niðurfellingu tolla á iðnaðarvörur, sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur. Þannig munu tollar á sjávarafurðir og allar helstu iðnaðarvörur frá Íslandi falla niður frá gildistöku samningsins eða að loknu 5–10 ára aðlögunartímabili.

Sjávarafurðir eru um þessar mundir mikilvægasta útflutningsvara Íslands til Kólumbíu en útflutningur til Kólumbíu er almennt lítill. Tollar við innflutning á sjávarafurðum til Kólumbíu eru á bilinu 5–20%. Með lækkun þessara tolla skapar samningurinn forsendur fyrir aukin viðskipti með sjávarafurðir.

Fríverslunarsamningurinn er af svokallaðri annarri kynslóð fríverslunarsamninga og inniheldur, auk ákvæða um vöruviðskipti, ákvæði um þjónustuviðskipti, fjárfestingar, hugverkaréttindi, samkeppnismál, opinber innkaup, stofnanaákvæði og ákvæði um lausn ágreiningsmála.

Landbúnaðarsamningurinn milli Íslands og Kólumbíu er viðbótarsamningur og gerður með vísan til fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og Kólumbíu. Landbúnaðarsamningurinn myndar hluta fríverslunarsvæðisins, ásamt slíkum samningum annars vegar milli Noregs og Kólumbíu og hins vegar milli Sviss og Kólumbíu, auk fríverslunarsamningsins. Verslun með óunnar landbúnaðarvörur fellur undir landbúnaðarsamninginn og kveður hann á um að tollar á tilteknar landbúnaðarvörur verði lækkaðir eða felldir niður. Kólumbía mun m.a. fella niður tolla á vatn og lifandi hross frá gildistöku samningsins en tollar á íslenskt lambakjöt falla að fullu niður að loknum tíu ára aðlögunartíma. Ísland mun m.a. fella niður tolla á ýmsar tegundir lifandi plantna, svo sem ákveðnar tegundir afskorinna blóma, jólatré, ýmsar matjurtir og ávaxtasafa. Um er að ræða svipaðar tollaívilnanir og í samningum Íslands við Evrópusambandið. Landbúnaðarsamningurinn öðlast gildi á sama degi og fríverslunarsamningurinn.

Fylgiskjal I.

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR
MILLI
LÝÐVELDISINS KÓLUMBÍU
OG
EFTA-RÍKJANNA

FORMÁLSORÐ

Lýðveldið Kólumbía (hér á eftir nefnt „Kólumbía“) annars vegar og lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Ríkjasambandið Sviss (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin“) hins vegar, þar sem hvert einstakt ríki er nefnt samningsaðili og ríkin til samans „samningsaðilar“,

SEM EINSETJA SÉR að styrkja hin sérstöku vináttubönd og samstarf sín á milli og æskja þess að stuðla að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum og hvetja til víðtækara alþjóðasamstarfs, einkum á milli Evrópu og Suður-Ameríku, með því að fjarlægja viðskiptahindranir,

SEM HAFA Í HUGA þau mikilvægu tengsl sem eru á milli Kólumbíu og EFTA-ríkjanna, einkum sameiginlega yfirlýsingu um samstarf sem var undirrituð í Bern 17. maí 2006, og vilja styrkja þessi tengsl með því að koma á fót fríverslunarsvæði og koma þannig á nánum og varanlegum samskiptum,

SEM ÁRÉTTA skuldbindingu sína um að virða lýðræði, réttarreglu, mannréttindi og mannfrelsi í samræmi við skyldur sínar samkvæmt þjóðarétti, þ.m.t. meginreglur sem settar eru fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennu mannréttindayfirlýsingunni,

SEM VIÐURKENNA að samband er á milli góðra stjórnarhátta í fyrirtækjum og hjá hinu opinbera og heilbrigðrar efnahagsþróunar og staðfesta stuðning sinn við meginreglur um stjórnun fyrirtækja í hinu alþjóðlega átaksverkefni Sameinuðu þjóðanna „Global Compact“ og einnig áform sín um að auka gagnsæi og koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu,

SEM BYGGJA Á réttindum og skyldum hvers og eins samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (hér á eftir nefndur „WTO-samningurinn“) og öðrum samningum á grundvelli hans og öðrum marghliða og tvíhliða gerningum um samstarf,

FREE TRADE AGREEMENT
BETWEEN
THE REPUBLIC OF COLOMBIA
AND
THE EFTA STATES

PREAMBLE

The Republic of Colombia (hereinafter referred to as “Colombia”) on one part, and the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the Swiss Confederation (hereinafter referred to as “the EFTA States”) on the other part, each individual State referred to as a “Party” or collectively as the “Parties”:

RESOLVED to strengthen the special bonds of friendship and co-operation between them and desirous, by way of the removal of obstacles to trade, to contribute to the harmonious development and expansion of world trade and provide a catalyst for broader international co-operation, in particular between Europe and South America;

CONSIDERING the important links existing between Colombia and the EFTA States, in particular the *Joint Declaration on Co-operation signed in Bern* on 17 May 2006 and wishing to strengthen these links through the creation of a free trade area, thus establishing close and lasting relations;

REAFFIRMING their commitment to democracy, the rule of law, human rights and fundamental freedoms in accordance with their obligations under international law, including the principles set out in the *United Nations Charter* and the *Universal Declaration of Human Rights*;

ACKNOWLEDGING the relationship between good corporate and public sector governance and sound economic development, and affirming their support to the principles of corporate governance in the *UN Global Compact*, as well as their intent to promote transparency and prevent and combat corruption;

BUILDING on their respective rights and obligations under the *Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization* (hereinafter referred to as “the WTO Agreement”) and the other agreements negotiated thereunder and other multilateral and bilateral instruments of co-operation;

SEM ÁRÉTTA skuldbindingar sínar um hagþróun og félagslega þróun og virðingu fyrir grundvallarréttindum starfsmanna og meginreglunum sem eru settar fram í samningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem samningsaðilarnir eiga aðild að,

REAFFIRMING their commitment to economic and social development and the respect for the fundamental rights of workers, including the principles set out in the *International Labour Organisation (ILO) Conventions* to which the Parties are party;

SEM HAFA AÐ MARKMIÐI að skapa ný atvinnutækifæri, bæta heilsu og lífskjör og tryggja góðar og auknar rauntekjur á yfirráðasvæðum hvers þeirra um sig með auknum viðskiptum og fjárfestingum og styrkja með því efnahagsþróunina á víðum grundvelli með það fyrir augum að draga úr fátækt,

AIMING to create new employment opportunities, improve health and living standards and to ensure a large and steadily growing volume of real income in their respective territories through the expansion of trade and investment flows, thereby promoting broad-based economic development in order to reduce poverty;

SEM ERU REIÐUBÚIN að viðhalda getu sinni til að standa vörð um almannahag,

WILLING to preserve their ability to safeguard the public welfare;

SEM HYGGJAST auka samkeppnishæfni fyrirtækja sinna á heimsmörkuðum,

INTENDING to enhance the competitiveness of their firms in global markets;

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að skapa aukinn og öruggan markað fyrir vörur og þjónustu á yfirráðasvæðum sínum og tryggja fyrirsjáanlegan lagaramma og lagaumhverfi fyrir verslun, viðskipti og fjárfestingar með því að setja skýrar reglur sem eru öllum til hagsbóta,

DETERMINED to create an expanded and secure market for goods and services in their territories and to ensure a predictable legal framework and environment for trade, business and investment by establishing clear and mutually advantageous rules;

SEM VIÐURKENNA að ávinningur af auknu frelsi í viðskiptum megi ekki glatast vegna samkeppnishamlandi starfshátta,

RECOGNISING that the gains from trade liberalisation should not be offset by anti-competitive practices;

SEM EINSETJA SÉR að styðja við sköpun og nýsköpun með því að standa vörð um hugverkarétt en viðhalda um leið jafnvægi á milli réttinda rétthafa og almenningshagsmuna yfirleitt, einkum að því er varðar menntun, rannsóknir, lýðheilsu og aðgang að upplýsingum,

RESOLVED to foster creativity and innovation by protecting intellectual property rights while maintaining a balance between the rights of the holders and the interests of the public in general, particularly in education, research, public health and access to information;

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að framkvæma þennan samning á þann hátt að samrýmist vernd og varðveislu umhverfisins, stuðli að sjálfbærri þróun og efli samstarf þeirra á milli í umhverfismálum,

DETERMINED to implement this Agreement in a manner consistent with environmental protection and conservation, promote sustainable development, and strengthen their co-operation on environmental matters;

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér svohljóðandi fríverslunarsamning (hér á eftir nefndur „þessi samningur“):

HAVE AGREED, in pursuit of the above, to conclude the following Free Trade Agreement (hereinafter referred to as “this Agreement”):

1. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

Gr. 1.1

Stofnun fríverslunarsvæðis.

Samningsaðilar stofna hér með fríverslunarsvæði með þessum samningi og viðbótarsamningum um landbúnað, sem eru gerðir samtímis á milli Kólumb-

CHAPTER 1
GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1.1

Establishment of a Free Trade Area

The Parties to this Agreement, consistent with Article XXIV of the WTO *General Agreement on Tariffs and Trade 1994* (hereinafter referred to as “the

íu og hvers og eins EFTA-ríkjanna, í samræmi við XXIV. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, *hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994* (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“) og V. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, *hins almenna samnings um þjónustuviðskipti* (hér á eftir nefndur „GATS-samningurinn“).

Gr. 1.2
Markmið.

Markmið þessa samnings eru:

a) að auka frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. GATT-samningsins frá 1994,
b) að auka frelsi í þjónustuviðskiptum í samræmi við V. gr. GATS-samningsins,
c) að fjölga verulega tækifærum til fjárfestinga á fríverslunarsvæðinu,
d) að auka enn frekar gagnkvæmt frelsi á mörkuðum samningsaðilanna fyrir opinber innkaup,
e) að stuðla að aukinni samkeppni í atvinnulífi, einkum að því er varðar efnahagstengsl milli samningsaðilanna,
f) að tryggja fullnægjandi og árangursríka vernd hugverkaréttinda,
g) að stuðla þannig, með afnámi viðskiptahindrana, að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum og
h) að tryggja samstarf í tengslum við uppbyggingu viðskiptafærni með það fyrir augum að auka og bæta ávinninginn af þessum samningi, einkum þegar um lítil og meðalstór fyrirtæki er að ræða.

Gr. 1.3
Landfræðilegt gildissvið.

1. Þessi samningur skal, nema annað sé tekið fram í honum, gilda um yfirráðasvæði samningsaðilanna í samræmi við landslög þeirra og þjóðarétt.

2. Samningur þessi gildir ekki um Svalbarðasvæðið, nema að því er varðar viðskipti með vörur.

Gr. 1.4
Tengsl við aðra alþjóðasamninga.

Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt WTO-samningnum og öðrum samningum á grundvelli hans og samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem þeir eiga aðild að.

Gr. 1.5
Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir þennan samning.

1. Ákvæði þessa samnings eiga við um viðskipta-

GATT 1994”) and Article V of the WTO *General Agreement on Trade in Services* (hereinafter referred to as “the GATS”), hereby establish a free trade area by means of this Agreement and the complementary Agreements on Agriculture, concurrently concluded between Colombia and each individual EFTA State.

ARTICLE 1.2
Objectives

The objectives of this Agreement are:

(a) to achieve the liberalisation of trade in goods, in conformity with Article XXIV of the GATT 1994;
(b) to achieve the liberalisation of trade in services, in conformity with Article V of the GATS;
(c) to substantially increase investment opportunities in the free trade area;
(d) to achieve further liberalisation on a mutual basis of the government procurement markets of the Parties;
(e) to promote competition in their economies, particularly as it relates to economic relations between the Parties;
(f) to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights;
(g) to contribute, by the removal of barriers to trade and investment, to the harmonious development and expansion of world trade; and,
(h) to ensure co-operation related to trade capacity building, in order to expand and improve the benefits of this Agreement, specially for small and medium-sized enterprises.

ARTICLE 1.3
Geographical Scope

1. This Agreement shall, unless otherwise specified therein, apply to the territories of the Parties, in accordance with their domestic law and international law.
2. This Agreement shall not apply to the territory of Svalbard, with the exception of trade in goods.

ARTICLE 1.4
Relation to Other International Agreements

The Parties confirm their rights and obligations under the WTO Agreement and the other agreements negotiated thereunder to which they are a party and any other international agreement to which they are a party.

ARTICLE 1.5
Trade and Economic Relations Covered by this Agreement

1. The provisions of this Agreement apply to the

og efnahagstengsl milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Kólumbíu hins vegar en ekki um viðskiptatengsl milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

2. Af tollabandalaginu, sem stofnað var með samningi frá 29. mars 1923 milli Sviss og Furstadæmisins Liechtensteins, leiðir að Sviss er fulltrúi Furstadæmisins Liechtensteins í málefnum sem sá samningur tekur til.

Gr. 1.6
Ríkisstjórnir, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld.

Hver samningsaðili skal sjá til þess að hlutaðeigandi ríkisstjórn, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld, svo og óopinberar stofnanir sem fara með opinbert vald sem ríkisstjórn, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld eða yfirvöld fela þeim, uppfylli allar skyldur og skuldbindingar samkvæmt þessum samningi á yfirráðasvæði hans.

Gr. 1.7
Skattlagning.

1. Samningur þessi skal ekki takmarka fjárhagslegt fullveldi samningsaðila til að samþykkja skattaráðstafanir nema að því er varðar eftirfarandi reglur:

a) gr. 2.11 (Innlend meðferð) og þau ákvæði önnur í þessum samningi sem eru nauðsynleg til að þeirri grein sé komið til framkvæmda í jafn miklum mæli og III. gr. GATT-samningsins frá 1994,
b) gr. 4.3 (Bestukjarameðferð) og gr. 4.5 (Innlend meðferð) að því marki sem varðar skattlagningu skv. gr. 4.15 (Almennar undantekningar) og
c) gr. 5.3 (Innlend meðferð) að því marki sem varðar skattlagningu skv. gr. 5.8 (Undantekningar).

2. Þrátt fyrir 1. mgr. hefur þessi samningur ekki áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila sem leiðir af samningum um skattamál. Ef þessi samningur stangast á við samning um skattamál ganga ákvæði hins síðarnefnda framar að því leyti sem misræminu nemur.

Gr. 1.8
Rafræn viðskipti.

Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir vaxandi hlutverki rafrænna viðskipta í viðskiptum sín á milli. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að auka samstarf sitt í rafrænum viðskiptum, þeim öllum til hagsbóta, með það fyrir augum að styðja við þau ákvæði þessa samnings sem tengjast vöru- og þjónustuviðskiptum. Með það í huga hafa samningsaðilarnir sett rammann sem er að finna í I. viðauka (Rafræn viðskipti).

trade and economic relations between, on the one side, each individual EFTA State and, on the other side Colombia, but not to trade relations between individual EFTA States, unless otherwise provided for in this Agreement.

2. As a result of the customs union established by the *Treaty of 29 March 1923 between Switzerland and the Principality of Liechtenstein*, Switzerland shall represent the Principality of Liechtenstein in matters covered thereby.

ARTICLE 1.6
Central, Regional and Local Government

Each Party shall ensure within its territory the observance of all obligations and commitments under this Agreement by its respective central, regional and local governments and authorities, and by non-governmental bodies in the exercise of governmental powers delegated to them by central, regional and local governments or authorities.

ARTICLE 1.7
Taxation

1. This Agreement shall not restrict a Party's fiscal sovereignty to adopt taxation measures, except for the disciplines referred to hereafter:

(a) Article 2.11 (National Treatment) and such other provisions of this Agreement as are necessary to give effect to that Article to the same extent as does Article III of the GATT 1994;
(b) Articles 4.3 (Most Favoured Nation Treatment) and 4.5 (National Treatment) to the extent relevant for taxation according to Article 4.15 (General Exceptions); and
(c) Article 5.3 (National Treatment) to the extent relevant for taxation according to Article 5.8 (Exceptions).

2. Notwithstanding paragraph 1, this Agreement shall not affect the rights and obligations of a Party under any tax convention. In the event of any inconsistency between this Agreement and such convention, the latter shall prevail to the extent of the inconsistency.

ARTICLE 1.8
Electronic Commerce

The Parties recognise the growing role of electronic commerce for trade between them. With a view to supporting provisions of this Agreement related to trade in goods and services the Parties undertake to intensify their co-operation on electronic commerce for their mutual benefit. For that purpose the Parties have established the framework contained in Annex I (Electronic Commerce).

Gr. 1.9
Almennar skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema kveðið sé á um annað eða það sé auðskilið af sérstöku samhengi þar sem þau eru notuð:

a) „dagar“: almanaksdagar,
b) „lögaðili“: lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt gildandi lögum, í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem er í einkaeign eða í eigu hins opinbera, þ.m.t. hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, sameiginleg fyrirtæki, einkafyrirtæki eða samtök,
c) „ráðstöfun“: sérhver ráðstöfun samningsaðila, hvort sem um er að ræða lög, reglugerð, reglu, málsmeðferð, kröfu, veitingu, stjórnsýsluaðgerð eða annað,
d) „aðili“: einstaklingur eða lögaðili.

ARTICLE 1.9
Definitions of General Application

For purposes of this Agreement, unless otherwise provided for, or clearly understood from the specific context in which it is used:

(a) “days” means calendar days;
(b) “juridical person” means any legal entity duly constituted or otherwise organised under applicable law, whether for profit or otherwise, and whether privately-owned or governmentally-owned, including any corporation, trust, partnership, joint venture, sole proprietorship or association;
(c) “measure” means any measure by a Party whether in the form of a law, regulation, rule, procedure, requirement, provision, administrative action, or in any other form;
(d) “person” means a natural person or a juridical person.

2. KAFLI
VÖRUVIÐSKIPTI

Gr. 2.1
Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað sé tekið fram:

a) „tollyfirvald“: yfirvaldið sem, samkvæmt löggjöf samningsaðila, ber ábyrgð á framkvæmd tollalaga,
b) „innflutningstollar“: hvers konar tollar eða gjöld sem eru lögð á eða tengjast innflutningi á vörum, þ.m.t. hvers konar aukaskattar eða aukagjöld, nema:
   i. gjöld sem jafngilda innlendum sköttum sem eru lagðir á skv. 2. mgr. III. gr. GATT-samningsins frá 1994,
   ii. undirboðs- eða jöfnunartollar sem eru lagðir á skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 eða
   iii. þóknun eða önnur gjöld í tengslum við innflutning í réttu hlutfalli við kostnað vegna veittrar þjónustu,
c) „tollalöggjöf“: hvers konar ákvæði í lögum eða reglum sem samningsaðili samþykkir og gilda um innflutning, útflutning eða umflutning vöru og meðhöndlun hennar samkvæmt hvers konar tollareglum, að meðtöldu banni, takmörkunum og eftirliti.

CHAPTER 2
TRADE IN GOODS

ARTICLE 2.1
Definitions

For the purposes of this Agreement, unless otherwise specified:

(a) “customs authority” means the authority that according to the legislation of a Party is responsible for the administration of its customs legislation;
(b) “customs duties on imports” means any duty or a charge of any kind imposed on, or in connection with, the importation of goods, including any form of surtax or surcharge, except:
   (i) charges equivalent to an internal tax imposed consistently with Article III.2 of the GATT 1994;
   (ii) antidumping or countervailing duties that are applied pursuant to Article VI of the GATT 1994; or
   (iii) fees or other charges in connection with importation commensurate with the cost of services rendered.
(c) “customs legislation” means any legal or regulatory provision adopted by a Party, governing the import, export, or transit of goods and their placing under any customs procedure, including measures of prohibition, restriction and control.

Gr. 2.2
Gildissvið.

Þessi kafli gildir um eftirfarandi vörur sem samningsaðilar versla með sín á milli:

a) framleiðsluvörur sem falla undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni (hér á eftir nefnd „samræmda tollskráin“ (ST)), að frátöldum framleiðsluvörum sem eru tilgreindar í II. viðauka (Undanskildar vörur),
b) unnar landbúnaðarafurðir sem tilgreindar eru í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir), að teknu viðeigandi tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í 3. kafla (Unnar landbúnaðarafurðir) og
c) fisk og aðrar sjávarafurðir, eins og kveðið er á um í IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir).

ARTICLE 2.2
Scope

This Chapter applies to the following products traded between the Parties:

(a) products falling within Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (hereinafter referred to as “the HS”), excluding the products listed in Annex II (Excluded Products);
(b) processed agricultural products specified in Annex III (Processed Agricultural Products) with due regard to the arrangements provided for in Chapter 3 (Processed Agricultural Products); and
(c) fish and other marine products as provided for in Annex IV (Fish and Other Marine Products).

Gr. 2.3
Upprunareglur og gagnkvæm stjórnsýsluaðstoð á sviði tollamála.

1. Ákvæði um upprunareglur og tollameðferð koma fram í V. viðauka (Upprunareglur og gagnkvæm stjórnsýslusamvinna á sviði tollamála).

2. Ákvæði um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð á sviði tollamála er að finna í VI. viðauka (Gagnkvæm stjórnsýsluaðstoð á sviði tollamála).

ARTICLE 2.3
Rules of Origin and Mutual Administrative Assistance in Customs Matters

1. The provisions on rules of origin and customs procedures are set out in Annex V (Rules of Origin and Mutual Administrative Co-operation in Customs Matters).
2. The provisions on mutual administrative assistance in customs matters are set out in Annex VI (Mutual Administrative Assistance in Customs Matters).

Gr. 2.4
Greitt fyrir viðskiptum.

Til að greiða fyrir viðskiptum milli Kólumbíu og EFTA-ríkjanna skulu samningsaðilar:

a) einfalda reglur um vöruviðskipti og tengda þjónustustarfsemi eftir því sem frekast er unnt,
b) stuðla að marghliða samstarfi sín á milli í því skyni að auka þátttöku sína í gerð og framkvæmd alþjóðasamninga og alþjóðlegra tilmæla um að greiða fyrir viðskiptum og
c) starfa saman að því innan ramma sameiginlegu nefndarinnar að greiða fyrir viðskiptum,

í samræmi við ákvæðin sem eru sett fram í VII. viðauka (Greitt fyrir viðskiptum).

ARTICLE 2.4
Trade Facilitation

To facilitate trade between Colombia and the EFTA States, the Parties shall:

(a) simplify, to the greatest extent possible, procedures for trade in goods and related services;
(b) promote multilateral co-operation among them in order to enhance their participation in the development and implementation of international conventions and recommendations on trade facilitation; and
(c) co-operate on trade facilitation within the framework of the Joint Committee,

in accordance with the provisions set out in Annex VII (Trade Facilitation).

Gr. 2.5
Stofnun undirnefndar um upprunareglur, tollameðferð og að greiða fyrir viðskiptum.

1. Hér með er stofnuð undirnefnd um upprunareglur, tollameðferð og að greiða fyrir viðskiptum.

2. Störf undirnefndarinnar skulu felast í því að miðla upplýsingum, fylgjast með þróun, gera tæknilegar breytingar sem varða II. viðauka (Undanskildar framleiðsluvörur), III. viðauka (Unnar landbúnaðar-

ARTICLE 2.5
Establishment of a Sub-Committee on Rules of Origin, Customs Procedures and Trade Facilitation

1. A Sub-Committee on Rules of Origin, Customs Procedures and Trade Facilitation is hereby established.
2. The functions of the Sub-Committee shall be to exchange information, review developments, prepare technical amendments relating to Annexes II (Excluded Products), III (Processed Agricultural Prod-

afurðir), IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir), V. viðauka (Upprunareglur og gagnkvæm stjórnsýslusamvinna á sviði tollamála), VI. viðauka (Gagnkvæm stjórnsýsluaðstoð á sviði tollamála), VII. viðauka (Greitt fyrir viðskiptum) og VIII. viðauka (Lækkun innflutningsgjalda á iðnaðarvörur) og að aðstoða sameiginlegu nefndina.

3. Fulltrúar EFTA-ríkjanna og fulltrúar Kólumbíu skipa formannssæti í undirnefndinni til skiptis í ákveðinn tíma sem samkomulag er um. Formaður er kosinn á fyrsta fundi undirnefndarinnar. Ákvarðanir undirnefndarinnar skulu teknar með samhljóða samþykki.

4. Undirnefndin skal skila skýrslu til sameiginlegu nefndarinnar. Undirnefndinni er heimilt að leggja tillögur fyrir sameiginlegu nefndina um málefni sem tengjast störfum hennar.

5. Undirnefndin skal koma saman eins oft og þörf krefur. Sameiginlegu nefndinni og formanni undirnefndarinnar er heimilt, að eigin frumkvæði eða að beiðni samningsaðila, að kalla undirnefndina saman. Fundirnir skulu haldnir til skiptis í Kólumbíu og EFTA-ríki.

6. Formaðurinn skal, í samráði við samningsaðila, semja bráðabirgðadagskrá hvers fundar og senda samningsaðilunum, að jafnaði eigi síðar en tveimur vikum áður en fundur er haldinn.

Gr. 2.6

Lækkun innflutningsgjalda.

1. Við gildistöku þessa samnings skal Kólumbía lækka innflutningstolla á vörur sem eiga uppruna sinn í EFTA-ríkjum eins og kveðið er á um í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir), IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) og VIII. viðauka (Lækkun innflutningsgjalda á iðnaðarvörur).

2. EFTA-ríkin skulu, við gildistöku þessa samnings, fella niður alla innflutningstolla á framleiðsluvörur, sem eru upprunnar í Kólumbíu, nema kveðið sé á um annað í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir) og IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir).

3. Hafa skal samráð, að beiðni samningsaðila, með það fyrir augum að hraða niðurfellingu tolla sem tilgreindir eru í viðkomandi viðaukum. Samkomulag á milli samningsaðilanna um að hraða niðurfellingu tolla skal ganga framar öllum gjaldskrár- eða lækkunarflokkum sem eru settir fram í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir), IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) og VIII. viðauka (Lækkun innflutningsgjalda á iðnaðarvörur) ef samningsaðilarnir samþykkja það í samræmi við lagaskilyrði í löndum þeirra.

ucts), IV (Fish and Other Marine Products), V (Rules of Origin and Mutual Administrative Co-operation in Customs Matters), VI (Mutual Administrative Assistance in Customs Matters), VII (Trade Facilitation) and VIII (Dismantling of Import Duties for Industrial Products), and assist the Joint Committee.

3. The Sub-Committee shall be chaired alternatively by a representative of Colombia or an EFTA State for an agreed period of time. The chair shall be elected at the first meeting of the Sub-Committee. The Sub-Committee shall act by consensus.

4. The Sub-Committee shall report to the Joint Committee. The Sub-Committee may make recommendations to the Joint Committee on matters related to its functions.

5. The Sub-Committee shall meet as often as required. It may be convened by the Joint Committee, by the chair of the Sub-Committee on his or her own initiative, or upon request of any Party. The venue shall alternate between Colombia and an EFTA State.

6. A provisional agenda for each meeting shall be prepared by the chair in consultation with the Parties, and forwarded to them, as a general rule, not later than two weeks before the meeting.

ARTICLE 2.6

Dismantling of Import Duties

1. Upon entry into force of this Agreement, Colombia shall dismantle its customs duties on imports of products originating in EFTA States, as provided in Annexes III (Processed Agricultural Products) , IV (Fish and Other Marine Products) and VIII (Dismantling of Import Duties for Industrial Products).

2. Upon entry into force of this Agreement, the EFTA States shall eliminate all customs duties on imports of products originating in Colombia, unless otherwise provided for in Annexes III (Processed Agricultural Products) and IV (Fish and Other Marine Products).

3. At the request of a Party, consultations shall be held to consider accelerating the elimination of the customs duties set out in the respective Annexes. An agreement between the Parties to accelerate the elimination of a customs duty shall supersede any duty rate or dismantling category set out in Annexes III (Processed Agricultural Products), IV (Fish and Other Marine Products) and VIII (Dismantling of Import Duties for Industrial Products), if approved by the Parties in accordance with their internal legal requirements.

4. Ekki skal taka upp neina nýja tolla eða önnur gjöld í tengslum við innflutning á upprunavörum til samningsaðila og heldur ekki hækka gjöld sem þegar hafa verið lögð á nema kveðið sé á um það í þessum samningi.
5. Samningsaðilar gera sér grein fyrir að þeir hafa heimild til:
a) í kjölfar einhliða tollalækkunar, að hækka tiltekinn toll að því marki sem er ákveðið í áætlun hvers og eins samningsaðila um lækkun gjaldskrár fyrir það ár sem um er að ræða,
b) að viðhalda tolli eða hækka hann, eftir því sem nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um lausn deilumála heimilar, á grundvelli tollfríðinda sem sett eru fram í áætlun viðkomandi samningsaðila um lækkun tolla,
c) að hækka toll skv. gr. 12.17 (Úrskurður kemur ekki til framkvæmda og ávinningi frestað).

4. No new customs duties or other charges in relation to the importation of originating products to a Party shall be introduced nor shall those already applied be increased, except as provided for in this Agreement.
5. The Parties recognise that they may:

(a) following a unilateral tariff reduction, raise a customs duty to the level established in the tariff dismantling schedules of each Party, for the respective year;
(b) maintain or increase a customs duty as authorised by the WTO Dispute Settlement Body, based on the preferential duty set out in the tariff dismantling schedules of the Party concerned;

(c) increase a customs duty pursuant to Article 12.17 (Non-Implementation and Suspension of Benefits).

Gr. 2.7
Grunntollar.

1. Grunntollur á hverja framleiðsluvöru, sem á að fara stiglækkandi eins og fram kemur í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir), IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) og VIII. viðauka (Lækkun innflutningsgjalda á iðnaðarvörur), skal vera bestukjaratollur sem gildir frá 1. apríl 2007.

2. Ef samningsaðili lækkar gildandi bestukjaratoll einhvern tíma eftir gildistökudag þessa samnings skal sá tollur því aðeins gilda að hann sé lægri en sá tollur sem er reiknaður út í samræmi við viðkomandi viðauka.

ARTICLE 2.7
Base Rate

1. For each product the base rate of customs duty, to which the successive reductions set out in Annexes III (Processed Agricultural Products), IV (Fish and Other Marine Products) and VIII (Dismantling of Import Duties for Industrial Products) are to be applied, shall be the most-favoured nation rate of duty applied on 1 April 2007.
2. If at any moment after the date of entry into force of this Agreement a Party reduces its applied most favored nation customs duty, that customs duty shall apply only if it is lower than the customs duty calculated in accordance with the relevant Annexes.

Gr. 2.8
Útflutningsgjöld.

1. Þegar samningur þessi öðlast gildi skulu samningsaðilar leggja niður alla tolla og önnur gjöld, þ.m.t. aukagjöld og annars konar framlög sem tengjast útflutningi á vörum til samningsaðila, nema kveðið sé á um annað í IX. viðauka (Útflutningsgjöld).
2. Ekki skal taka upp neina nýja tolla eða önnur gjöld í tengslum við útflutning á vörum til samningsaðila og heldur ekki hækka tolla eða gjöld sem þegar hafa verið lögð á.

ARTICLE 2.8
Export Duties

1. The Parties shall, upon entry into force of this Agreement, eliminate all customs duties and other charges, including surcharges and other forms of contributions, in relation to the exportation of goods to a Party, except as provided for in Annex IX (Export Duties).
2. No new customs duties or other charges in relation to the exportation of goods to a Party shall be introduced nor shall those already applied be increased.

Gr. 2.9
Takmarkanir á innflutningi og útflutningi.

1. Óheimilt er að taka upp eða viðhalda bönnum eða takmörkunum, öðrum en tollum, sköttum eða öðrum gjöldum, hvort heldur er í formi kvóta, innflutnings- eða útflutningsleyfa eða annarra ráðstafana, í viðskiptum milli samningsaðilanna í samræmi við XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 sem er hér

ARTICLE 2.9
Import and Export Restrictions

1. No prohibitions or restrictions other than duties, taxes or other charges, whether made effective through quotas, import or export licenses or other measures, shall be instituted or maintained in trade between the Parties in accordance with Article XI of the GATT 1994, which is hereby incorporated into

og felld inn í þennan samning og verður hluti af honum að breyttu breytanda.

2. Samningsaðilar gera sér grein fyrir því að með 1. mgr. er samningsaðila bannað að taka upp eða viðhalda:

a) verðkröfum við útflutning og innflutning, nema að því marki sem leyft er við framkvæmd ráðstafana og skuldbindinga vegna jöfnunar og undirboða eða
b) innflutningsleyfi sem er háð því skilyrði að krafa um nothæfi sé uppfyllt, nema kveðið sé á um annað í X. viðauka (Takmarkanir á innflutningi og útflutningi og innlend meðferð).

3. Samningsaðili skal hvorki taka upp né viðhalda ráðstöfun sem er í ósamræmi við WTO-samninginn um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa. Ný málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa og hvers konar breytingar á gildandi málsmeðferð við leyfisveitingu eða skrá yfir framleiðsluvörur skal birt, ef því verður við komið, 21 degi áður en skilyrðið verður virkt en eigi síðar en á þeim degi er skilyrðið verður virkt.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um ráðstafanir sem koma fram í X. viðauka (Takmarkanir á innflutningi og útflutningi og innlend meðferð).

and made part of this Agreement *mutatis mutandis*.

2. The Parties understand that paragraph 1 prohibits a Party from adopting or maintaining:

(a) export and import price requirements, except as permitted in enforcement of countervailing or anti-dumping measures and undertakings; or

(b) import licensing conditioned on the fulfillment of a performance requirement, except as provided for in Annex X (Import and Export Restrictions and National Treatment).

3. No Party shall adopt or maintain a measure that is inconsistent with the *WTO Agreement on Import Licensing Procedures.* Any new import licensing procedure and any modification of its existing import licensing procedures or list of products, shall be published whenever practicable, 21 days prior to the date when the requirement becomes effective but in any event no later than that date.

4. Paragraphs 1 and 2 shall not apply to the measures set out in Annex X (Import and Export Restrictions and National Treatment).

Gr. 2.10

Umsýsluþóknun og formsatriði.

1. Hver samningsaðili skal ganga úr skugga um að þóknun og gjöld hvers konar, önnur en innflutnings- og útflutningsgjöld og skattar sem um getur í III. gr. GATT-samningsins frá 1994, séu í samræmi við 1. mgr. VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og athugasemdir um túlkun hans.

2. Samningsaðili skal ekki gera kröfu um skýrslur ræðisstofa, þ.m.t. tengdar þóknanir og gjöld, í tengslum við innflutning vöru frá öðrum samningsaðila.

3. Hver samningsaðili skal hafa aðgengilegar á Netinu uppfærðar upplýsingar um þóknanir og gjöld sem hann leggur á í tengslum við innflutning eða útflutning.

ARTICLE 2.10

Administrative Fees and Formalities

1. Each Party shall ensure that all fees and charges of whatever character other than import and export duties and of taxes referred to in Article III of the GATT 1994 are applied in accordance with paragraph 1 of Article VIII of the GATT 1994 and its interpretive notes.

2. No Party shall require consular transactions, including related fees and charges, in connection with the importation of any good of another Party.

3. Each Party shall make available and maintain through the Internet updated information about the fees and charges it imposes in connection with importation or exportation.

Gr. 2.11

Innlend meðferð.

Samningsaðilar skulu, nema kveðið sé á um annað í X. viðauka (Takmarkanir á innflutningi og útflutningi og innlend meðferð), beita innlendri meðferð í samræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994, þ.m.t. athugasemdir um túlkun, sem er hér með felld inn í þennan samning og verður hluti af honum að breyttu breytanda.

ARTICLE 2.11

National Treatment

Except as provided for in Annex X (Import and Export Restrictions and National Treatment), the Parties shall apply national treatment in accordance with Article III of the GATT 1994, including its interpretative notes, which is hereby incorporated and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.

Gr. 2.12
Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki.

Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar ríkisrekin viðskiptafyrirtæki, í samræmi við XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulag um túlkun í XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem eru hér með felldar inn í þennan samning og verða hluti af honum að breyttu breytanda.

ARTICLE 2.12
State Trading Enterprises

The rights and obligations of the Parties in respect of state trading enterprises shall be governed by Article XVII of the GATT 1994 and the *Understanding on the Interpretation of Article XVII of the GATT 1994*, which are hereby incorporated into and made part of this Agreement *mutatis mutandis*.

Gr. 2.13
Ráðstafanir er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

1. Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt WTO-samningnum um beitingu ráðstafana er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (hér á eftir nefndur „samningurinn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna“) og sem leiðir af ákvörðunum um beitingu þess samnings sem samþykktar hafa verið af nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um ráðstafanir er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna. Skilgreiningarnar í viðauka A við samninginn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, svo og orðalisti um samræmd hugtök viðkomandi alþjóðlegra stofnana, gilda að því er þennan kafla varðar og um öll samskipti samningsaðilanna um mál er varða heilbrigði og hollustuhætti dýra og plantna.

2. Samningsaðilar skulu starfa saman að skilvirkri framkvæmd samningsins um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna og þeirra ákvæða sem sett eru fram í þessari grein með það fyrir augum að greiða fyrir tvíhliða viðskiptum, með fyrirvara um rétt til að samþykkja ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að vernda heilbrigði manna, dýra og plantna og ná viðeigandi verndarstigi hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.

3. Í samræmi við samninginn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna skulu samningsaðilar ekki beita ráðstöfunum sínum er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna vegna eftirlits, skoðunar, samþykkis eða vottunar, með það fyrir augum að takmarka markaðsaðgang, nema þeir hafi til þess vísindalegan rökstuðning, með fyrirvara um 7. mgr. 5. gr. samningsins um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

4. Samningsaðilar skulu auka samstarf á sviði ráðstafana er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum hver annars og bæta kerfi sín er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

5. Kólumbía og EFTA-ríki skulu, þegar nauðsyn krefur, taka upp tvíhliða samninga til að auðvelda

ARTICLE 2.13
Sanitary and Phytosanitary Measures

1. The Parties confirm their rights and obligations under the WTO *Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures* (hereinafter referred to as “the SPS Agreement”) and resulting from the decisions on the application of the SPS Agreement adopted by the WTO Committee on Sanitary and Phytosanitary Measures. For the purpose of this Chapter and for any communication on sanitary and phytosanitary related matters between the Parties, the definitions in Annex A of the SPS Agreement, as well as the glossary of harmonised terms of the relevant international organisations, shall apply.

2. The Parties shall work together in the effective implementation of the SPS Agreement and of the provisions set forth in this Article with the purpose of facilitating bilateral trade, without prejudice to the right to adopt measures necessary to protect human, animal or plant health and to achieve the appropriate level of sanitary or phytosanitary protection.

3. In accordance with the SPS Agreement, the Parties shall not use their sanitary and phytosanitary measures related to control, inspection, approval or certification to restrict market access without scientific justification, without prejudice to paragraph 7 of Article 5 of the SPS Agreement.

4. The Parties shall strengthen their co-operation in the field of sanitary and phytosanitary measures, with a view to increasing the mutual understanding of their respective systems and to improving their sanitary and phytosanitary systems.

5. Colombia and any of the EFTA States shall, whenever necessary, for facilitating access to their

aðgang að mörkuðum sínum, þ.m.t. samningar á milli viðkomandi eftirlitsyfirvalda þeirra.

6. Samningsaðilar samþykkja að tilnefna og tilkynna hver öðrum, við gildistöku þessa samnings, um tengiliði vegna tilkynninga- og upplýsingaskipta um málefni er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

7. Samningsaðilar koma hér með á fót umræðuvettvangi fyrir sérfræðinga á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna. Boða skal til fundar á þeim vettvangi að ósk eins samningsaðila. Til að nýta fjármuni sem best skulu samningsaðilar, að því marki sem unnt er, leitast við að nota tæknilegar samskiptaleiðir á borð við rafræn boðskipti, myndeða símafundi eða láta fundi fara fram samhliða fundum sameiginlegu nefndarinnar eða fundum er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna. Á fundinum skal m.a.:

a) yfirfara og ganga úr skugga um hvort ákvæðum þessarar greinar hafi verið komið til framkvæmda,
b) fjalla um ráðstafanir, sem einhver samningsaðilanna telur að séu líklegar til að hafa eða hafi haft áhrif á aðgang að mörkuðum annarra samningsaðila, með það fyrir augum að finna viðeigandi lausnir í tæka tíð í samræmi við samninginn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna,
c) meta framgang hagsmuna samningsaðilanna á sviði markaðsaðgangs,
d) ræða frekari þróun samningsins um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna,
e) fjalla um skuldbindingar samningsaðilanna sem tengjast hollustuháttum og heilbrigði dýra og plantna í öðrum alþjóðasamningum og
f) koma á fót sérfræðihópum í tæknimálum eftir þörfum.

Gr. 2.14

Tæknilegar reglur.

1. Fara skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar tæknilegar reglur, staðla og samræmismat, í samræmi við WTO-samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir (hér á eftir nefndur „samningurinn um tæknilegar viðskiptahindranir“) sem er hér með felldur inn í þennan samning og verður hluti af honum að breyttu breytanda.

2. Samningsaðilar skulu auka samstarf sitt á sviði tæknilegra reglna, staðla og samræmismats með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum hver annars og auðvelda aðgang að mörkuðum hver annars. Þeir skulu, í þessu skyni, einkum hafa með sér samstarf um að:

respective markets, develop bilateral agreements including those between their respective regulatory authorities.

6. The Parties agree to designate and notify upon the entry into force of this Agreement to each other, contact points for notification and information exchange on issues related to sanitary and phytosanitary systems matters.

7. The Parties hereby establish a forum for SPS experts. The forum shall meet when requested by one of the Parties. In order to permit the efficient use of resources, the Parties shall, to the extent possible, endeavour to use technological means of communication, such as electronic communication, video or telephone conference, or arrange for meetings to take place in conjunction with Joint Committee meetings or with relevant SPS meetings. The forum shall inter alia:

(a) overview and ensure the implementation of this Article;

(b) consider measures that any Party considers are likely to affect, or have affected, access to the markets of another Party with the aim of finding appropriate and timely solutions in conformity with the SPS Agreement;

(c) assess progress on market access interests of the Parties;
(d) discuss further developments of the SPS Agreement;
(e) consider the Parties obligations related to sanitary and phytosanitary matters in other international agreements; and
(f) establish technical expert groups, as needed.

ARTICLE 2.14

Technical Regulations

1. The rights and obligations of the Parties in respect of technical regulations, standards and conformity assessment shall be governed by the WTO *Agreement on Technical Barriers to Trade* (hereinafter referred to as “the TBT Agreement”), which is hereby incorporated and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.

2. The Parties shall strengthen their co-operation in the field of technical regulations, standards and conformity assessment, with a view to increasing the mutual understanding of their respective systems and facilitating access to their respective markets. To this end, they shall in particular co-operate in:

a) styrkja hlutverk alþjóðlegra staðla sem grundvallar tæknilegra reglna, þ.m.t. aðferðir við samræmismat,
b) stuðla að faggildingu aðila, sem annast samræmismat, á grundvelli viðeigandi staðla og leiðbeininga Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) og Alþjóðaraftæknineftndarinnar (IEC),

c) stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu á niðurstöðum samræmismats aðila sem annast samræmismat og hafa verið viðurkenndir samkvæmt viðeigandi marghliða samningum á milli hlutaðeigandi faggildingarkerfa eða faggildingaraðila og
d) stuðla að gagnsæi við þróun tæknilegra reglna og aðferða samningsaðilanna við samræmismat, m.a. til þess að tryggja að allar samþykktar, tæknilegar reglur séu birtar opinberlega á Netinu með frjálsum og almennum aðgangi. Ef samningsaðili leggur hald á vörur í komuhöfn, sem eru upprunnar á yfirráðasvæði annars samningsaðila, vegna þess að komið hefur í ljós að þær samrýmast ekki tæknilegum reglum, skal hann þegar í stað tilkynna innflytjandanum um ástæður þess að lagt er hald á þær.

3. Samningsaðilar skulu skiptast á nöfnum og heimilisföngum tengiliða, sem eru tilnefndir vegna málefna er varða tæknilegar viðskiptahindranir, til að auðvelda tæknilegt samráð og upplýsingaskipti um öll málefni sem geta komið upp vegna beitingar sérstakra tæknilegra reglna, staðla og aðferða við samræmismat.

4. Ef samningsaðili leitar eftir upplýsingum eða útskýringum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal samningsaðili, eða samningsaðilar, sem beiðni er beint til, veita slíkar upplýsingar eða útskýringar á prenti eða á rafrænan hátt innan hæfilegs tíma. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal leitast við að svara slíkri beiðni innan 60 daga.

5. Ef samningsaðili telur að annar samningsaðili hafi gert ráðstafanir, sem eru ekki í samræmi við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir, sem líklegt er að hafi eða hafi haft áhrif á aðgang að markaði hans, getur hann óskað eftir tæknilegu samráði, með milligöngu tengiliðar sem annast málið og hefur verið settur skv. 3. mgr., með það fyrir augum að finna viðeigandi lausn í samræmi við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir. Slíkt samráð, sem getur farið fram á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar eða annars staðar, skal fara fram innan 40 daga frá því að óskað er eftir því. Einnig getur samráð farið fram með mynd- eða símafundi. Samráð innan sameiginlegu nefndarinnar skal teljast til samráðs skv. gr. 12.5 (Samráð).

(a) reinforcing the role of international standards as a basis for technical regulations, including conformity assessment procedures;
(b) promoting the accreditation of conformity assessment bodies on the basis of relevant Standards and Guides of the International Organization for Standardization (ISO) and the International Electrotechnical Commission (IEC);
(c) promoting mutual acceptance of conformity assessment results of conformity assessment bodies, which have been recognised under appropriate multilateral agreements between their respective accreditation systems or bodies; and

(d) reinforcing the transparency in the development of technical regulations and conformity assessment procedures of the Parties to, among others, ensure that all adopted technical regulations are officially published on the Internet with free and public access. Where a Party detains at a port of entry goods originating in the territory of another Party due to a perceived failure to comply with a technical regulation, it shall immediately notify the importer of the reasons for the detention.

3. The Parties shall exchange names and addresses of designated contact points for technical barriers to trade (TBT) related matters in order to facilitate technical consultations and the exchange of information on all matters that may arise from the application of specific technical regulations, standards and conformity assessment procedures.

4. If a Party requests any information or explanation pursuant to the provisions of this Article, the requested Party or Parties shall provide such information or explanation in print or electronically within a reasonable time. The requested Party or Parties shall endeavor to respond to such a request within 60 days.

5. If a Party considers that another Party has taken measures, not in conformity with the TBT Agreement, which are likely to affect or have affected access to its market, it may request, through the responsible contact point established pursuant to paragraph 3, technical consultations with a view to finding an appropriate solution in conformity with the TBT Agreement. Such consultations, which can take place both within and outside the framework of the Joint Committee, shall be held within 40 days from the request. Consultations may also be held via phone or video-conferences. Consultations within the Joint Committee shall constitute consultations under Article 12.5 (Consultations).

Gr. 2.15
Styrkir og jöfnunarráðstafanir.

1. Farið skal með réttindi og skyldur varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og WTO-samninginn um styrki og jöfnunarráðstafanir, þó með fyrirvara um 2. mgr.
2. Áður en samningsaðili hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti styrkir eru veittir í EFTA-ríki eða í Kólumbíu og áhrif þess, eins og kveðið er á um í 11. gr. WTO-samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir, skal samningsaðilinn, sem hyggst hefja rannsókn, senda skriflega tilkynningu um það til þess samningsaðila sem þær vörur tilheyra sem kunna að verða rannsakaðar og veita 30 daga frest til að leita lausnar sem báðir aðilar geta sætt sig við Efna skal til samráðs í sameiginlegu nefndinni, ef einhver samningsaðila fer fram á það, innan 15 daga frá því að tilkynningin berst.
3. Ákvæði 12. kafla (Lausn deilumála) skal aðeins gilda um 2. mgr. þessarar greinar.

ARTICLE 2.15
Subsidies and Countervailing Measures

1. The rights and obligations relating to subsidies and countervailing measures shall be governed by Articles VI and XVI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, subject to paragraph 2.
2. Before a Party initiates an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged subsidy in Colombia or in an EFTA State, as provided for in Article 11 of the WTO *Agreement on Subsidies and Countervailing Measures*, the Party considering initiating an investigation shall notify in writing the Party whose goods may be subject to investigation and allow for a 30 days period with a view to finding a mutually acceptable solution. The consultations shall take place within 15 days from the receipt of the notification in the Joint Committee if any Party so requests.
3. Chapter 12 (Dispute Settlement) shall not apply to the present Article, except to its paragraph 2.

Gr. 2.16
Undirboð.

1. Farið skal með réttindi og skyldur varðandi ráðstafanir gegn undirboðum í samræmi við VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og WTO-samninginn um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 (hér á eftir nefndur „WTO-samningur um undirboð“), þó með fyrirvara um 2. mgr.
2. Þegar samningsaðila berst nægilega vel rökstutt erindi skal hann tilkynna þeim samningsaðila sem talinn er bjóða vörur sínar á undirboðskjörum, um það skriflega áður en rannsókn hefst samkvæmt WTO-samningnum um undirboð og gefa 20 daga frest til samráðs til að leita lausnar sem báðir aðilar geta sætt sig við. Sé ekki hægt að finna slíka lausn skal hver og einn samningsaðili halda sínum réttindum og skyldum skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningnum um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins og WTO-samningnum um undirboð.
3. Sameiginlega nefndin skal endurskoða þessa grein til að ákvarða hvort efni hennar sé enn nauðsynlegt til að ná stefnumiðum samningsaðilanna.

4. Ákvæði 12. kafla (Lausn deilumála) skal aðeins gilda um 2. mgr. þessarar greinar.

ARTICLE 2.16
Anti-Dumping

1. The rights and obligations relating to anti-dumping measures shall be governed by Article VI of the GATT 1994 and the WTO *Agreement on the Implementation of Article VI of the GATT 1994* (hereinafter referred to as the “WTO Anti-Dumping Agreement”), subject to paragraph 2.
2. When a Party receives a properly documented application and before initiating an investigation under the WTO Anti-Dumping Agreement, the Party shall notify in writing the other Party whose goods are allegedly being dumped and allow a 20 day period for consultations with a view to finding a mutually acceptable solution. If such a solution cannot be reached, each Party retains its rights and obligations under Article VI of GATT 1994 and the Agreement on Implementation of Article VI of the GATT and the WTO Anti-Dumping Agreement.

3. The Joint Committee shall review the present Article in order to determine whether its content is still necessary to achieve the policy objectives of the Parties.
4. The Chapter 12 (Dispute Settlement) shall not apply to the present article, except to its paragraph 2.

Gr. 2.17
Víðtækar verndarráðstafanir.

1. Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur skv. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og WTO-samningnum um verndarráðstafanir (hér á eftir nefndur „samningurinn um verndarráðstafanir“).

ARTICLE 2.17
Global Safeguard Measures

1. The Parties confirm their rights and obligations under Article XIX of the GATT 1994 and the WTO *Agreement on Safeguards* (hereinafter referred to as “the Safeguard Agreement”).

2. Þegar samningsaðili gerir ráðstafanir samkvæmt þessum ákvæðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skal hann undanskilja innflutning á upprunavöru frá einum eða nokkrum samningsaðilum ef slíkur innflutningur, einn og sér, veldur ekki alvarlegu tjóni eða hættu á slíku tjóni. Samningsaðilinn, sem gerir ráðstafanir, skal gera slíkar undantekningar í samræmi við reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
3. Samningsaðila er óheimilt að beita gagnvart sömu vöru á sama tíma:
a) tvíhliða verndarráðstöfun og
b) ráðstöfun skv. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningnum um verndarráðstafanir.

Gr. 2.18
Tvíhliða verndarráðstafanir.

1. Hafi lækkun eða niðurfelling tolls samkvæmt samningi þessum leitt til þess að vara, sem er upprunnin á yfirráðasvæði samningsaðila, hefur, á aðlögunartímabilinu[1], verið flutt inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila í slíku auknu magni, annaðhvort sem hrein aukning eða sem hlutfall af innlendri framleiðslu, og við slíkar aðstæður að aukningin sé veigamikil orsök[2] alvarlegs tjóns eða hættu á slíku tjóni fyrir innlenda framleiðslu sambærilegrar vöru eða samkeppnisvöru á yfirráðasvæði aðila sem vara er flutt inn til, getur sá samningsaðili gripið til verndarráðstafana að því marki sem nauðsynlegt er til að bæta skaðann eða koma í veg fyrir hann, þó með fyrirvara um ákvæði þessarar greinar.
2. Því aðeins má gera verndarráðstafanir að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegu tjóni eða að hætta sé á slíku tjóni samkvæmt rannsókn sem er gerð í samræmi við þá málsmeðferð og skilgreiningar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr. samningsins um verndarráðstafanir.
3. Samningsaðili, sem hyggst grípa til verndarráðstafana samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað, og aldrei síðar en 30 dögum áður en ráðstöfun er gerð, tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það. Í tilkynningunni skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar, þar á meðal sönnunargögn um alvarlegt tjón eða hættu á slíku tjóni af völdum aukins innflutnings, nákvæm lýsing á framleiðsluvörunni sem um ræðir, upplýsingar um fyrirhugaða ráðstöfun og hvaða dag rannsókninni,

[1] „Aðlögunartímabil“: tíu ára tímabil frá gildistökudegi þessa samnings. Ef í skránni með VIII. viðauka (Lækkun innflutningsgjalda á iðnaðarvörur), fyrir þann aðila sem beitir ráðstöfuninni, er kveðið á um lengra en tíu ára aðlögunartímabil fyrir viðkomandi vöru þá merkir aðlögunartímabil það tímabil sem tollar eru felldir niður af viðkomandi vöru samkvæmt þeirri skrá.
[2] „Veigamikil orsök“: orsök sem er þýðingarmeiri en aðrar orsakir.

2. In taking measures under these WTO provisions, a Party shall exclude imports of an originating product from one or several Parties if such imports do not in and of themselves cause or threaten to cause serious injury. The Party taking the measure shall make such exclusion in accordance with WTO jurisprudence.

3. No Party may apply, with respect to the same good, at the same time:
(a) a bilateral safeguard measure; and
(b) a measure under Article XIX of the GATT 1994 and the Safeguard Agreement.

ARTICLE 2.18
Bilateral Safeguard Measures

1. During the transition period[1], where, as a result of the reduction or elimination of a customs duty under this Agreement, a product originating in the territory of a Party is being imported into the territory of another Party in such increased quantities, in absolute terms or relative to domestic production, and under such conditions as to constitute a substantial cause[2] of serious injury or threat thereof to the domestic industry of like or directly competitive products in the territory of the importing Party, the importing Party may take safeguard measures to the minimum extent necessary to remedy or prevent the injury, subject to the provisions of this Article.

2. Safeguard measures shall only be taken upon clear evidence that increased imports have caused or are threatening to cause serious injury pursuant to an investigation in accordance with the procedures and definitions laid down in Articles 3 and 4 of the Safeguard Agreement.
3. The Party intending to take or extend a safeguard measure under this Article shall, immediately and in any case no later than 30 days before taking a measure, make notification to the other Parties and the Joint Committee. The notification shall contain all pertinent information, which shall include evidence of serious injury or threat thereof caused by increased imports, a precise description of the product involved, and the proposed measure, as well as the date of completion of the investigation procedure referred to in

[1] "Transition period" means ten years from the date of entry into force of this Agreement. For any product for which the Schedule to Annex VIII (Dismantling of Import Duties for Industrial Product) of the Party applying the measure provides for tariff elimination of more than ten years, transition period means the tariff elimination period for the products set out in that Schedule.
[2] "Substantial cause" means a cause which is more important than any other cause.

sem um getur í 2. mgr. lýkur, hve lengi hún á að standa yfir og á hve löngum tíma ráðstöfunin verður afnumin í áföngum.

4. Samningsaðili, sem beitir tvíhliða verndarráðstöfun, skal, að höfðu samráði við hinn samningsaðilann, grípa til jöfnunaraðgerða til aukins viðskiptafrelsis sem gagnkvæmt samkomulag er um í formi ívilnana sem hafa að verulegu leyti sömu áhrif á viðskipti eða eru ígildi viðbótartolla sem talið er að ráðstöfunin hafi í för með sér. Samningsaðilinn, sem beitir ráðstöfuninni, skal veita tækifæri til slíks samráðs eigi síðar en 15 dögum eftir að tvíhliða verndarráðstöfuninni er beitt.

5. Ef skilyrðin í 1. og 2. mgr. eru uppfyllt hefur samningsaðilinn sem flytur inn, að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir eða bæta alvarlegt tjón eða hættu á tjóni, heimild til að:

a) fresta frekari lækkun tolla sem kveðið er á um í þessum samningi vegna vörunnar eða

b) hækka toll af framleiðsluvörunni og skal miða við þann toll sem lægri er:
   i. toll sem fæst í bestukjarameðferð (hér á eftir nefnd „bestukjarameðferð“) og er í gildi þegar ráðstöfunin er gerð eða
   ii. bestukjaratoll sem er í gildi daginn fyrir gildistöku þessa samnings.

6. Enginn samningsaðili hefur heimild til að viðhalda tvíhliða verndarráðstöfun:

a) nema að því marki sem kann að vera nauðsynlegt til að koma í veg fyrir eða bæta alvarlegt tjón og til að auðvelda aðlögun,
b) lengur en í tvö ár. Tímabilið má framlengja um allt að einu ári ef lögbært yfirvald samningsaðilans, sem flytur inn, ákvarðar, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 2. og 3. mgr. hér að framan, að ráðstöfunin sé áfram nauðsynleg til að koma í veg fyrir eða bæta alvarlegt tjón og til að auðvelda aðlögun og fyrir liggi að innlendi iðnaðurinn sé í aðlögun eða

c) fram yfir lok aðlögunartímabilsins.

7. Ekki skal beita tvíhliða verndarráðstöfun vegna innflutnings framleiðsluvöru, hafi slík ráðstöfun áður verið gerð vegna hennar.

8. Innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, sem er tilgreind í 3. mgr., skal samningsaðili, sem annast verndarráðstöfun samkvæmt þessum kafla, ganga til samráðs við samningsaðilann, þaðan sem framleiðsluvaran kemur, sem ráðstöfuninni er beint að, til að greiða fyrir lausn sem báðir aðilar geta sætt sig við og skal tilkynna sameiginlegu nefndinni um

paragraph 2, expected duration and timetable for the progressive removal of the measure.

4. A Party applying a bilateral safeguard measure shall, after consultations with the other Party, provide mutually agreed trade liberalisation compensation in the form of concessions having substantially equivalent trade effects or equivalent to the value of the additional duties expected to result from the measure. The Party applying the measure shall provide an opportunity for such consultations no later than 15 days after the application of the bilateral safeguard measure.

5. If the conditions in paragraphs 1 and 2 are met, the importing Party may to the extent necessary to prevent or remedy serious injury or threat thereof:

(a) suspend the further reduction of any rate of duty provided for under this Agreement for the product; or
(b) increase the rate of customs duty for the product to a level not to exceed the lesser of:
   (i) the Most-Favoured Nation (hereinafter referred to as “MFN”) applied rate of duty in effect at the time the measure is imposed; or
   (ii) the MFN applied rate of duty in effect on the day immediately preceding the date of the entry into force of this Agreement.

6. No Party may maintain a bilateral safeguard measure:

(a) except to the extent, as may be necessary to prevent or remedy serious injury and to facilitate adjustment;
(b) for a period exceeding two years. The period may be extended by up to one year if the competent authority of the importing Party determines, in conformity with the procedures set out in paragraphs 2 and 3 above, that the measure continues to be necessary to prevent or remedy serious injury and to facilitate adjustment and that there is evidence that the domestic industry is adjusting; or
(c) beyond the expiration of the transition period.

7. No bilateral safeguard measure shall be applied to the import of a product, which has previously been subject to such a measure.

8. Within 30 days from the date of notification specified in paragraph 3, the Party conducting a safeguard proceeding under this Chapter, shall enter into consultations with a Party whose product is subject to that proceeding, in order to facilitate a mutually acceptable resolution of the matter and shall notify to Joint Committee the results of the consultations. In

niðurstöður samráðsins. Ef engin slík lausn finnst er samningsaðilanum, sem vara er flutt inn til, heimilt að samþykkja ráðstöfun skv. 5. mgr.

9. Ef engin slík lausn finnst er samningsaðilanum, sem vara er flutt inn til, heimilt að grípa til ráðstöfunar í samræmi við 5. mgr. til að ráða bót á vandanum og samningsaðilanum, sem ræður yfir þeirri framleiðsluvöru sem gripið er til aðgerða gegn, er heimilt að grípa til jöfnunarráðstöfunar ef ekki næst gagnkvæmt samkomulag um jöfnunaraðgerð. Tilkynna skal hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni þegar í stað um slíka verndarráðstöfun og jöfnunarráðstöfun. Við val á verndarráðstöfun og jöfnunarráðstöfun skulu þær aðgerðir hafa forgang sem raska sem minnst framkvæmd þessa samnings. Jöfnunarráðstöfun skal alla jafna fela í sér frestun ívilnana, sem hafa í megindráttum jafngild áhrif á viðskipti, eða ívilnana sem í megindráttum jafngilda þeim viðbótartolli sem búist er við að leiði af verndarráðstöfuninni. Samningsaðili, sem grípur til jöfnunarráðstöfunar, skal beita henni í eins skamman tíma og kostur er til að ná í meginatriðum jafngildum áhrifum á viðskipti og einungis á meðan ráðstöfun skv. 5. gr. er beitt.

10. Til að auðvelda aðlögun við aðstæður þar sem reiknað er með að verndarráðstöfun standi yfir í eitt ár eða meira skal samningsaðilinn, sem beitir ráðstöfuninni, smám saman draga úr henni þann tíma sem henni er beitt.

11. Þegar ráðstöfun er lokið skal beita þeim tolli sem hefði verið lagður á ef ráðstöfunin hefði ekki verið gerð.

12. Ef aðstæður eru tvísýnar og tafir myndu valda skaða, sem erfitt yrði að bæta, er samningsaðila heimilt að grípa til verndarráðstafana til bráðabirgða ef samkvæmt bráðabirgðamati er ljóst að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegu tjóni á innlendum iðnaði eða að hætta sé á því. Samningsaðili, sem hyggst grípa til slíkra ráðstafana, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það. Uppfylla skal viðeigandi kröfur og fylgja þeirri málsmeðferð sem um getur í 2.–9. mgr. þann tíma sem bráðabirgðaverndarráðstöfunum er beitt.

13. Hætta skal verndarráðstöfunum til bráðabirgða innan 180 daga. Eftirfarandi fyrirkomulag skal gilda:

a) gildistími slíkrar bráðabirgðaráðstöfunar skal reiknaður sem hluti af því tímabili sem endanlega ráðstöfunin, sem getið er í 6. mgr., varir, ásamt hvers konar framlengingu hennar,
b) slíkar ráðstafanir er einungis heimilt að gera í formi tollahækkunar skv. 5. mgr.Endurgreiða skal viðbótartolla þegar í stað og aflétta öllum ábyrgðum ef rannsóknin, sem er lýst í 2. mgr.,

the absence of such resolution, the importing Party may adopt a measure pursuant to paragraph 5.

9. In the absence of such resolution, the importing Party may adopt a measure pursuant to paragraph 5 to remedy the problem, and, in the absence of mutually agreed compensation, the Party against whose product the measure is taken may take compensatory action. The safeguard measure and the compensatory action shall be immediately notified to the other Parties and the Joint Committee. In the selection of the safeguard measure and the compensatory action, priority must be given to the action which least disturbs the functioning of this Agreement. The compensatory action shall normally consist of suspension of concessions having substantially equivalent trade effects or concessions substantially equivalent to the value of the additional duties expected to result from the safeguard measure. The Party taking compensatory action shall apply the action only for the minimum period necessary to achieve the substantially equivalent trade effects and in any event, only while the measure under paragraph 5 is being applied.

10. In order to facilitate adjustment in a situation where the expected duration of a safeguard measure is one year or more, the Party applying the measure shall progressively liberalise it at regular intervals during the period of application.

11. Upon the termination of the measure, the rate of customs duty shall be the rate which would have been in effect but for the measure.

12. In critical circumstances, where delay would cause damage which would be difficult to repair, a Party may take a provisional safeguard measure pursuant to a preliminary determination that there is clear evidence that increased imports constitute a substantial cause of serious injury, or threat thereof, to the domestic industry. The Party intending to take such a measure shall immediately notify all the Parties and the Joint Committee**.** During the time of the application of the provisional safeguard measure, the pertinent requirements and procedures set out in paragraphs 2 to 9 shall be met.

13. Any provisional safeguard measures shall be terminated within 180 days at the latest. The following modalities shall apply:

(a) the period of application of any provisional measure shall be counted as part of the duration of the measure set out in paragraph 6 and any extension thereof.
(b) such measures may only be imposed as a tariff increase pursuant to paragraph 5. Any additional duty actually paid shall be promptly refunded, and any guarantee shall be liberated, if the inves-

leiðir ekki í ljós að skilyrðum í 1. mgr. hafi verið fullnægt,

c) allar jöfnunaraðgerðir, sem gagnkvæmt samkomulag er um, eða jöfnunarráðstafanir skulu miðast við samanlagðan gildistíma bráðabirgðaverndarráðstöfunar og verndarráðstöfunar.

tigation described in paragraph 2 does not result in a finding that the conditions of paragraph 1 are met.

(c) any mutually agreed compensation, or compensatory action, shall be based on the total period of application of the provisional safeguard measure and of the safeguard measure.

Gr. 2.19

Almennar undantekningar.

Að því er varðar þennan kafla skal XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar almennar undantekningar og er hún hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum að breyttu breytanda.

ARTICLE 2.19

General Exceptions

For the purpose of this Chapter, the rights and obligations of the Parties in respect of general exceptions shall be governed by Article XX of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.

Gr. 2.20

Þjóðaröryggi.

Að því er varðar þennan kafla skal XXI. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar undantekningar af öryggisástæðum og er hún hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum að breyttu breytanda.

ARTICLE 2.20

National Security

For the purpose of this Chapter, the rights and obligations of the Parties in respect of security exceptions shall be governed by Article XXI of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.

Gr. 2.21

Greiðslujöfnuður.

1. Samningsaðilar skulu reyna að komast hjá því að gera takmarkandi ráðstafanir til að tryggja greiðslujöfnuð.
2. Eigi samningsaðili í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð, eða yfirvofandi hætta er á því, er honum heimilt að gera takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru í GATT-samningnum frá 1994 og WTO-samkomulaginu um ákvæði um greiðslujöfnuð í GATT-samningnum frá 1994, sem skulu vara í takmarkaðan tíma og vera án mismununar og ekki hafa víðtækari áhrif en þörf er á til að leysa erfiðleika vegna greiðslujafnaðar.
3. Samningsaðili, sem gerir ráðstafanir samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum um það.

ARTICLE 2.21

Balance-of-Payments

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictive measures for balance of payments purposes.
2. A Party in serious balance of payments difficulties, or under imminent threat thereof, may, in accordance with the conditions established under the GATT 1994 and the WTO *Understanding on the Balance of Payments Provisions of the GATT 1994*, adopt trade restrictive measures, which shall be of limited duration and non-discriminatory, and may not go beyond what is necessary to remedy the balance of payments situation.

3. The Party introducing a measure under this Article shall promptly notify the other Parties thereof.

3. KAFLI
UNNAR LANDBÚNAÐARAFURÐIR

Gr. 3.1

Gildissvið.

1. Fara skal með unnar landbúnaðarafurðir skv. 2. kafla (Vöruviðskipti), nema kveðið sé á um annað í þessum kafla.
2. Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt WTO-samningnum um landbúnað, nema annað sé tekið fram í þessum samningi.

CHAPTER 3
PROCESSED AGRICULTURAL PRODUCTS

ARTICLE 3.1

Scope

1. Processed agricultural products shall be governed by Chapter 2 (Trade in Goods), unless otherwise provided for in this Chapter.
2. The Parties confirm their rights and obligations under the WTO *Agreement on Agriculture*, unless otherwise specified in this Agreement.

Gr. 3.2
Verðjöfnunarráðstafanir.

1. Til þess að tekið sé tillit til mismunandi verðs á landbúnaðarhráefnum, sem eru notuð í framleiðsluvörur sem um getur í gr. 3.3. (Tollaívilnanir), útilokar þessi samningur ekki að tollur sé lagður á innflutningsvörur.
2. Innflutningstollur, sem lagður er á innflutningsvörur, skal grundvallast á en ekki vera umfram, þann mun sem er á verði innanlands og heimsmarkaðsverði á landbúnaðarhráefnum sem notuð eru í viðkomandi framleiðsluvörur.

ARTICLE 3.2
Price Compensation Measures

1. In order to take account of differences in the cost of the agricultural raw materials incorporated into the products referred to in Article 3.3 (Tariff Concessions), this Agreement does not preclude the levying, upon import, of a duty.
2. The duty, levied upon import, shall be based on, but not exceed, the differences between the domestic price and the world market price of the agricultural raw materials incorporated into the products concerned.

Gr. 3.3
Tollaívilnanir.

1. Með hliðsjón af þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í gr. 3.2 (Verðjöfnunarráðstafanir) skulu EFTA-ríkin ekki veita lakari meðferð vegna framleiðsluvara, sem eru tilgreindar í töflu 1 í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir) og upprunnar eru í Kólumbíu, en Evrópubandalagið nýtur 1. janúar 2008.

2. Þegar um er að ræða framleiðsluvörur, sem eru tilgreindar í töflu 2 í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir) og upprunnar í EFTA-ríki, skal Kólumbía lækka tolla eins og tilgreint er í töflunni.

ARTICLE 3.3
Tariff Concessions

1. Taking into account the provisions laid down in Article 3.2 (Price Compensation Measures) the EFTA States shall accord for products listed in the Table 1 of Annex III (Processed Agricultural Products), originating in Colombia, treatment no less favourable than that accorded to the European Community on 1 January, 2008.
2. For products listed in Table 2 of Annex III (Processed Agricultural Products), and originating in an EFTA State, Colombia shall reduce its customs duties as specified therein.

Gr. 3.4
Útflutningsstyrkir í landbúnaði.

1. Samningsaðilar skulu ekki samþykkja, viðhalda, hefja eða hefja að nýju greiðslu útflutningsstyrkja, eins og skilgreint er í WTO-samningnum um landbúnað, í viðskiptum sínum með vörur sem njóta tollaívilnana í samræmi við þennan samning.
2. Ef samningsaðili samþykkir, viðheldur, hefur eða hefur að nýju greiðslu útflutningsstyrkja, eins og um getur í 1. mgr., vegna framleiðsluvöru, sem nýtur tollaívilnana í samræmi við gr. 3.3 (Tollaívilnanir), er hinum samningsaðilunum heimilt að hækka tolla á slíkan innflutning allt að þeim tolli sem gildir í bestukjarameðferð á þeim tíma. Hækki samningsaðili tollinn skal hann tilkynna hinum samningsaðilunum það innan 30 daga.

ARTICLE 3.4
Agricultural Export Subsidies

1. The Parties shall not adopt, maintain, introduce or re-introduce export subsidies, as defined in the WTO *Agreement on Agriculture*, in their trade on products subject to tariff concessions in accordance with this Agreement.
2. Should a Party adopt, maintain, introduce or re-introduce export subsidies, as defined in paragraph 1, on a product subject to a tariff concession in accordance with Article 3.3 (Tariff Concessions), the other Parties may increase the rate of duty on such imports up to the applied MFN tariff in effect at that time. If a Party increases the rate of duty, it shall notify the other Parties within 30 days.

Gr. 3.5
Inngripsverðkerfi.

Kólumbíu er heimilt að viðhalda verðsveiflukerfi sínu (price stabilization mechanism) fyrir landbúnaðarafurðir eins og fram kemur í töflu 3 í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir).

ARTICLE 3.5
Price Band System

Colombia may maintain its Price Stabilization Mechanism for agricultural products as set out in Table 3 to Annex III (Processed Agricultural Products).

Gr. 3.6
Tilkynningar.

EFTA-ríkin skulu tilkynna Kólumbíu, snemma í ferlinu og eigi síðar en fyrir gildistöku þessa samnings, um allar ráðstafanir sem gerðar eru skv. gr. 3.2

ARTICLE 3.6
Notification

The EFTA States shall notify Colombia at an early stage, at the latest before the entry into force of this Agreement, of all measures applied under Article

(Verðjöfnunarráðstafanir). EFTA-ríkin skulu tilkynna Kólumbíu um allar breytingar á þeirri meðferð sem Evrópubandalagið nýtur.

3.2 (Price Compensation Measures). The EFTA States shall inform Colombia of all changes in the treatment accorded to the European Community.

Gr. 3.7
Samráð.

Samningsaðilar skulu endurskoða reglulega þróunina í viðskiptum sínum með þær framleiðsluvörur sem þessi kafli tekur til. Í ljósi þeirrar endurskoðunar, og með hliðsjón af því fyrirkomulagi sem samningsaðilarnir og Evrópubandalagið hafa sín á milli eða hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni, skulu samningsaðilarnir ákveða hugsanlegar breytingar á þessum kafla.

ARTICLE 3.7
Consultation

The Parties shall review periodically the development of their trade in products covered by this Chapter. In the light of these reviews and taking into account the arrangements between the Parties and the European Community or in the WTO, the Parties shall decide on possible changes to this Chapter.

4. KAFLI
ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI

Gr. 4.1
Gildissvið og umfang.

1. Þessi kafli gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti og samningsaðilar samþykkja eða viðhalda. Hann gildir um allar þjónustugreinar.
2. Í þessum kafla merkir „ráðstafanir samningsaðila“ ráðstafanir sem eru samþykktar eða viðhaldið af:
a) ríkisstjórnum, svæðisbundnum eða staðbundnum stjórnvöldum og yfirvöldum og
b) óopinberum stofnunum sem fara með vald í umboði ríkisstjórna, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda eða yfirvalda.
3. Að því er varðar flutningaþjónustu í lofti gildir þessi kafli ekki um ráðstafanir sem hafa áhrif á flugumferðarréttindi eða ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustu sem tengist beint nýtingu flugumferðarréttinda, nema kveðið sé á um annað í 3. lið viðaukans við GATS-samninginn um flutningaþjónustu í lofti. Skilgreiningarnar í 6. lið viðaukans við GATS-samninginn, um flutningaþjónustu í lofti, gilda að því er varðar þennan kafla.
4. Ekki skal líta svo á að neitt í þessum kafla feli í sér skuldbindingar, að því er varðar opinber innkaup, sem kveðið er á um í 7. kafla (Opinber innkaup).

CHAPTER 4
TRADE IN SERVICES

ARTICLE 4.1
Scope and Coverage

1. This Chapter applies to measures adopted or maintained by Parties affecting trade in services. It applies to all services sectors.
2. For the purpose of this Chapter, “measures by Parties” means measures adopted or maintained by:

(a) central, regional, or local governments and authorities; and
(b) non-governmental bodies in the exercise of powers delegated by central, regional, or local governments or authorities.
3. In respect of air transport services, this Chapter shall not apply to measures affecting air traffic rights as well as measures affecting services directly related to the exercise of air traffic rights, except as provided for in paragraph 3 of the GATS Annex on Air Transport Services. The definitions contained in paragraph 6 of the GATS Annex on Air Transport Services shall apply for the purpose of this Chapter.
4. Nothing in this Chapter shall be construed to impose any obligation with respect to government procurement, which is subject to Chapter 7 (Government Procurement).

Gr. 4.2
Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
a) „þjónustuviðskipti“: þjónusta sem er veitt:

i. frá yfirráðasvæði eins samningsaðila inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila,
ii. á yfirráðasvæði eins samningsaðila til þjónustuneytanda annars samningsaðila,

ARTICLE 4.2
Definitions

For the purpose of this Chapter:

(a) “trade in services” is defined as the supply of a service:
(i) from the territory of one Party into the territory of any other Party;
(ii) in the territory of one Party to the service consumer of any other Party;

iii. af hálfu þjónustuveitanda eins samningsaðila, með viðskiptanærveru á yfirráðasvæði annars samningsaðila,
iv. af hálfu þjónustuveitanda eins samningsaðila, með nærveru einstaklinga frá samningsaðila á yfirráðasvæði annars samningsaðila,

b) „þjónusta“: þjónusta á öllum sviðum nema þjónusta sem stjórnvöld veita,

c) „þjónusta sem stjórnvöld veita“: þjónusta sem hvorki er veitt á viðskiptalegum grundvelli né í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur,

d) „ráðstöfun“: ráðstöfun samningsaðila, hvort sem um er að ræða lög, reglugerð, reglu, málsmeðferð, ákvörðun, stjórnsýsluaðgerð eða annað sambærilegt,

e) „veiting þjónustu“: framleiðsla, dreifing, markaðssetning, sala og afhending þjónustu,

f) „ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti“: ráðstafanir er varða:
i. kaup á, greiðslu fyrir eða afnot af þjónustu,
ii. aðgang að eða afnot af þjónustu, í tengslum við veitingu þjónustu sem sá samningsaðili krefst að almenningi standi almennt til boða,
iii. nærveru, þ.m.t. viðskiptanærvera, aðila frá einum samningsaðila vegna þjónustuveitingar á yfirráðasvæði annars samningsaðila,

g) „viðskiptanærvera“: hvers konar viðskipta- eða atvinnustarfsemi, þar á meðal:
i. stofnun, yfirtaka eða áframhaldandi rekstur lögaðila eða
ii. stofnun eða áframhaldandi rekstur útibús eða umboðsskrifstofu á yfirráðasvæði samningsaðila í því skyni að veita þjónustu,

h) „svið:“ þjónustu er:
i. að því er varðar sérstaka skuldbindingu, eitt eða fleiri eða öll undirsvið þeirrar þjónustu, eins og tilgreint er í skrá samningsaðila,
ii. að öðrum kosti þjónustusviðið í heild, þ.m.t. öll undirsvið þess,

i) „þjónusta samningsaðila“: þjónusta sem er veitt:
i. frá eða á yfirráðasvæði samningsaðila eða, ef um er að ræða sjóflutninga, af skipi sem er skráð samkvæmt lögum samningsaðila eða af aðila frá samningsaðilanum sem veitir þjónustuna með því að gera út skip og/eða nýta það að öllu leyti eða að hluta eða

(iii) by a service supplier of one Party, through commercial presence in the territory of any other Party;
(iv) by a service supplier of one Party, through presence of natural persons of a Party in the territory of any other Party;

(b) “services” includes any service in any sector except services supplied in the exercise of governmental authority;

(c) “a service supplied in the exercise of governmental authority” means any service which is supplied neither on a commercial basis nor in competition with one or more service suppliers;

(d) “measure” means any measure by a Party, whether in the form of a law, regulation, rule, procedure, decision, administrative action, or any other form

(e) supply of a service” includes the production, distribution, marketing, sale and delivery of a service;

(f) “measures by a Party affecting trade in services” includes measures in respect of:
(i) the purchase, payment or use of a service;
(ii) the access to and use of, in connection with the supply of a service, services which are required by that Party to be offered to the public generally;
(iii) the presence, including commercial presence, of persons of a Party for the supply of a service in the territory of another Party;

(g) “commercial presence” means any type of business or professional establishment, including through:
(i) the constitution, acquisition or maintenance of a juridical person; or
(ii) the creation or maintenance of a branch or a representative office, within the territory of a Party for the purpose of supplying a service;

(h) “sector” of a service means:
(i) with reference to a specific commitment, one or more, or all, subsectors of that service, as specified in a Party’s Schedule,
(ii) otherwise, the whole of that service sector, including all of its subsectors;

(i) “service of a Party” means a service which is supplied:
(i) from or in the territory of a Party, or in the case of maritime transport, by a vessel registered under the laws of a Party, or by a person of a Party which supplies the service through the operation of a vessel and/or its use in whole or in part; or

ii. af þjónustuveitanda samningsaðila ef um er að ræða þjónustu sem er veitt með viðskiptanærveru eða nærveru einstaklings,

j) „þjónustuveitandi“: hver sá aðili sem veitir eða óskar eftir að veita þjónustu[3],

k) „þjónustuaðili sem hefur einokunaraðstöðu“: hver sá aðili, einkaaðili eða opinber aðili, sem samningsaðili hefur veitt leyfi eða komið á fót, formlega eða í raun, til að starfa sem eini veitandi þessarar þjónustu á viðkomandi markaði á yfirráðasvæði hans,

l) „þjónustuneytandi“: hver sá aðili sem fær eða notar þjónustu,

m) „aðili“: einstaklingur eða lögaðili,

n) „einstaklingur frá öðrum samningsaðila“: einstaklingur sem, samkvæmt lögum þess samningsaðila:

i. er ríkisborgari í landi þessa annars samningsaðila, sem er búsettur á yfirráðasvæði aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni eða

ii. hefur fasta búsetu hjá þessum öðrum samningsaðila sem er búsettur á yfirráðasvæði einhvers samningsaðilanna ef þessi annar samningsaðili veitir, í meginatriðum, þeim sem hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði hans sömu meðferð og sínum eigin ríkisborgurum að því er varðar ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti. Að því er varðar þjónustuveitingu með nærveru einstaklinga (aðferð 4), tekur þessi skilgreining til fastrar búsetu fyrrnefnds annars aðila sem er búsettur á yfirráðasvæði samningsaðila eða á yfirráðasvæði aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni,

o) „lögaðili“: lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt gildandi lögum, í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem er í einkaeign eða í eigu hins opinbera, þ.m.t. hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, sameiginleg fyrirtæki, einkafyrirtæki eða samtök,

p) „lögaðili annars samningsaðila“: lögaðili sem er annaðhvort:

[3] Ef þjónustan er ekki veitt beint eða óskað beint eftir veitingu hennar af lögaðila heldur með annars konar viðskiptanærveru, t.d. útibúi eða umboðsskrifstofu, skal þjónustuveitandinn (þ.e. lögaðilinn) þó fá sömu meðferð og þjónustuveitendur fá samkvæmt þessum kafla. Slík meðferð skal ná til viðskiptanærveru aðila sem veitir þjónustuna eða óskað er eftir að veiti hana en hún þarf ekki að ná til annarrar starfsemi þjónustuveitandans utan yfirráðasvæðisins þar sem þjónustan er veitt eða óskað er eftir að hún sé veitt.

(ii) in the case of the supply of a service through commercial presence or through the presence of natural persons, by a service supplier of a Party;

(j) “service supplier” means any person that supplies, or seeks to supply, a service;[3]

(k) “monopoly supplier of a service” means any person, public or private, which in the relevant market of the territory of a Party is authorised or established formally or in effect by that Party as the sole supplier of that service;

(l) “service consumer” means any person that receives or uses a service;

(m) “person” means either a natural person or a juridical person;

(n) “natural person of another Party” means a natural person who, under the legislation of that other Party, is:

(i) a national of that other Party who resides in the territory of any WTO Member; or

(ii) a permanent resident of that other Party who resides in the territory of any Party, if that other Party accords substantially the same treatment to its permanent residents as to its nationals in respect of measures affecting trade in services. For the purpose of the supply of a service through presence of natural persons (Mode 4), this definition covers a permanent resident of that other Party who resides in the territory of any Party or in the territory of any WTO Member;

(o) “juridical person” means any legal entity duly constituted or otherwise organised under applicable law, whether for profit or otherwise, and whether privately-owned or governmentally-owned, including any corporation, trust, partnership, joint venture, sole proprietorship or association;

(p) “juridical person of another Party” means a juridical person which is either:

[3] Where the service is not supplied or sought to be supplied directly by a juridical person but through other forms of commercial presence such as a branch or a representative office, the service supplier (*i.e.* the juridical person) shall, nonetheless, through such commercial presence be accorded the treatment provided for service suppliers under this Chapter. Such treatment shall be extended to the commercial presence through which the service is supplied or sought to be supplied and need not be extended to any other parts of the service supplier located outside the territory where the service is supplied or sought to be supplied.

i. stofnaður eða skipulagður samkvæmt lögum þessa annars samningsaðila og stundar umtalsverð viðskipti á yfirráðasvæði:

A) samningsaðila eða
B) aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og er í eigu eða undir stjórn einstaklinga á vegum þessa annars samningsaðila eða lögaðila sem uppfylla öll skilyrði A-liðar i-liðar, eða

ii. ef um er að ræða þjónustu sem er veitt með viðskiptanærveru, í eigu eða undir stjórn:

A) einstaklinga frá þeim samningsaðila eða
B) lögaðila frá þeim samningsaðila skv. i-lið p-liðar,

q) lögaðili er:
i. „í eigu“ aðila frá samningsaðila ef meira en 50% af eignarhlut í honum eru hrein eign aðila frá þeim samningsaðila,
ii. „undir stjórn“ aðila frá samningsaðila ef þessir aðilar hafa vald til að tilnefna meirihluta stjórnenda eða stjórna starfsemi hans á annan hátt lögum samkvæmt,
iii. „tengdur“ öðrum aðila ef hann stjórnar eða honum er stjórnað af þessum öðrum aðila eða ef bæði honum og þeim aðila er stjórnað af sama aðila,

r) „beinir skattar“: allir skattar af heildartekjum, af heildarfjármagni eða af einstökum liðum tekna eða fjármagns, þ.m.t. skattar á hagnað vegna sölu eignar, fasteignaskattar, skattar á arf og gjafir, skattar af heildarupphæð launa, sem fyrirtæki greiða, svo og skattar af verðmætisaukningu fjármagns.

(i) constituted or otherwise organised under the laws of that other Party, and is engaged in substantive business operations in the territory of:
(A) any Party; or
(B) any Member of the WTO and is owned or controlled by natural persons of that other Party or by juridical persons that meet all the conditions of subparagraph (i)(A); or

(ii) in the case of the supply of a service through commercial presence, owned or controlled by:
(A) natural persons of that other Party; or
(B) juridical persons of that other Party identified under subparagraph (p)(i);

(q) a juridical person is:
(i) "owned" by persons of a Party if more than 50 per cent of the equity interest in it is beneficially owned by persons of that Party;
(ii) "controlled" by persons of a Party if such persons have the power to name a majority of its directors or otherwise to legally direct its actions;
(iii) "affiliated" with another person when it controls, or is controlled by, that other person; or when it and the other person are both controlled by the same person;

(r) "direct taxes" comprises all taxes on total income, on total capital or on elements of income or of capital, including taxes on gains from the alienation of property, taxes on estates, inheritances and gifts, and taxes on the total amounts of wages or salaries paid by enterprises, as well as taxes on capital appreciation.

Gr. 4.3
Bestukjarameðferð.

1. Samningsaðili skal, að því er varðar allar ráðstafanir sem hafa áhrif á veitingu þjónustu, þegar í stað og án skilyrða, veita meðferð sem er eigi lakari þegar um er að ræða þjónustu og þjónustuveitendur annars samningsaðila en meðferð sem hann veitir vegna sambærilegrar þjónustu eða veitir þjónustuveitendum aðila sem á ekki hlut að samningnum, nema kveðið sé á um annað í skrá hans yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar sem er að finna í XI. viðauka (Skrá yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar).

2. Meðferð, sem er veitt samkvæmt öðrum samningum, sem samningsaðili hefur gert og tilkynnt hefur verið um skv. V. gr. eða V. gr. a í GATS-samningnum, fellur ekki undir 1. mgr.

3. Ef samningsaðili gerir samning sem tilkynnt er um skv. V. gr. eða V. gr. a í GATS-samningnum

ARTICLE 4.3
Most-Favoured-Nation Treatment

1. Except as provided for in its List of MFN Exemptions contained in Annex XI (Lists of MFN Exemptions), a Party shall accord immediately and unconditionally, in respect of all measures affecting the supply of services, to services and service suppliers of another Party treatment no less favourable than the treatment it accords to like services and service suppliers of any non-party.

2. Treatment granted under other agreements concluded by one of the Parties and notified under Article V or Article V *bis* of the GATS, as well as treatment granted in accordance with Article VII of the GATS, shall not be subject to paragraph 1.

3. If a Party enters into an agreement notified under Article V or Article V *bis* of the GATS, it shall upon

skal hann, að beiðni annars samningsaðila, veita þeim samningsaðila nægilegt tækifæri til að semja um þann ávinning sem í honum felst.
4. Ákvæði þessa kafla skulu ekki túlkuð á þann hátt að þau komi í veg fyrir að samningsaðili geti veitt aðliggjandi löndum hagstæðari skilmála í því skyni að auðvelda skipti á þjónustu sem verður bæði til og er notuð á samliggjandi svæðum á landamærum.

Gr. 4.4
Markaðsaðgangur.

1. Að því er varðar markaðsaðgang á þann hátt sem tilgreint er í a-lið gr. 4.2 (Skilgreiningar) skal sérhver samningsaðili veita þjónustu og þjónustuveitendum frá öðrum samningsaðila eigi óhagstæðari meðferð en þá sem kveðið er á um samkvæmt skilmálum, takmörkunum og skilyrðum sem hafa verið samþykkt og tilgreind eru í skrá hans[4].
2. Á sviðum, þar sem gengist hefur verið undir skuldbindingar varðandi markaðsaðgang, eru ráðstafanir, sem samningsaðili skal ekki viðhalda eða samþykkja, hvort heldur er á grundvelli undirskiptingar svæða eða á grundvelli alls yfirráðasvæðisins, nema annað sé tekið fram í skrá hans, skilgreindar sem:

a) takmarkanir á fjölda þjónustuveitenda, hvort sem um er að ræða tölulega kvóta, einokunaraðstöðu, þjónustuveitendur með einkarétt eða kröfur um könnun á efnahagslegum þörfum,
b) takmarkanir á heildarverðmæti þjónustuviðskipta eða eigna í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum,
c) takmarkanir á samanlögðum fjölda þjónustuverkefna eða á heildarmagni veittrar þjónustu, táknað með úthlutuðum tölueiningum, í formi kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum[5],

[4] Ef samningsaðili tekur á sig skuldbindingar varðandi markaðsaðgang í skrá sinni yfir skuldbindingar og ef flutningur fjármagns yfir landamæri er mikilvægur hluti af þjónustunni, sem er veitt á þann hátt sem um getur í i. lið a-liðar í gr. 4.2 (Skilgreiningar), er sá samningsaðili þar með skuldbundinn til að leyfa slíka fjármagnsflutninga. Ef samningsaðili tekur á sig skuldbindingar varðandi markaðsaðgang í skrá sinni yfir skuldbindingar og ef þjónustan er veitt á þann hátt sem um getur í iii. lið a-liðar í gr. 4.2 (Skilgreiningar) er sá samningsaðili þar með skuldbundinn til að leyfa tengda fjármagnsflutninga inn á yfirráðasvæði sitt.

[5] Ákvæði c-liðar 2. mgr. í gr. 4.2 (Skilgreiningar) taka ekki til ráðstafana samningsaðila sem takmarka aðföng sem eru notuð við veitingu þjónustu.

request from another Party afford adequate opportunity to that Party to negotiate the benefits granted therein.
4. The provision of this Chapter shall not be so construed as to prevent any Party from conferring or according advantages to adjacent countries in order to facilitate exchanges limited to contiguous frontier zones of services that are both locally produced and consumed.

ARTICLE 4.4
Market Access

1. With respect to market access through the modes of supply identified in subparagraph (a) of Article 4.2 (Definitions), each Party shall accord services and service suppliers of any other Party treatment no less favourable than that provided for under the terms, limitations and conditions agreed and specified in its Schedule.[4]
2. In sectors where market-access commitments are undertaken, the measures which a Party shall not maintain or adopt either on the basis of a regional subdivision or on the basis of its entire territory, unless otherwise specified in its Schedule, are defined as:

(a) limitations on the number of service suppliers whether in the form of numerical quotas, monopolies, exclusive service suppliers or the requirements of an economic needs test;
(b) limitations on the total value of service transactions or assets in the form of numerical quotas or the requirement of an economic needs test;
(c) limitations on the total number of service operations or on the total quantity of service output expressed in terms of designated numerical units in the form of quotas or the requirement of an economic needs test;[5]

[4] To the extent that a market-access commitment is undertaken by a Party in its Schedule of Commitments, and where the cross-border movement of capital is an essential part of a service supplied through the mode of supply referred to in subparagraph (a)(i) of Article 4.2 (Definitions), that Party is hereby committed to allow such movement of capital. To the extent that a market-access commitment is undertaken by a Party in its Schedule of Commitments, and where a service is supplied through the mode of supply referred to in subparagraph (a)(iii) of Article 4.2 (Definitions), that Party is hereby committed to allow related transfers of capital into its territory.

[5] Subparagraph 2(c) of Article 4.2 (Definitions) does not cover measures of a Party which limit inputs for the supply of services.

d) takmarkanir á heildarfjölda einstaklinga sem heimilt er að ráða á sérstöku þjónustusviði eða sem þjónustuveitanda er heimilt að ráða og sem eru nauðsynlegir og beinlínis tengdir veitingu sérstakrar þjónustu í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum,

e) ráðstafanir sem takmarka eða útheimta að þjónustuveitandinn hafi á sínum vegum sérstaka lögaðila eða sameiginlegt fyrirtæki sem getur veitt þjónustu fyrir hann og

f) takmarkanir á aðkomu erlends fjármagns, settar fram sem hámarkshundraðshluti sem má vera í eigu erlendra hluthafa eða sem heildarverðmæti einstakra eða samanlagðra erlendra fjárfestinga.

Gr. 4.5

Innlend meðferð.

1. Sérhver samningsaðili skal, á þeim sviðum sem eru tilgreind í skrá hans og samkvæmt þeim skilyrðum og hæfniskröfum sem eru settar fram þar, veita þjónustu og þjónustuveitendum annarra samningsaðila eigi óhagstæðari meðferð, að því er varðar allar ráðstafanir sem hafa áhrif á veitingu þjónustunnar, en hann veitir þegar um er að ræða samsvarandi þjónustu og þjónustuveitendur hans sjálfs[6].

2. Samningsaðili getur uppfyllt kröfur 1. mgr. með því að veita þjónustu og þjónustuveitendum annars samningsaðila meðferð sem er að formi til sams konar eða ólík þeirri sem hann veitir þegar um er að ræða samsvarandi þjónustu og þjónustuveitendur hans sjálfs.

3. Meðferð, sem er að formi til sams konar eða ólík, skal talin óhagstæðari ef hún breytir samkeppnisskilyrðum til hagsbóta fyrir þjónustu eða þjónustuveitendur samningsaðilans miðað við samsvarandi þjónustu eða þjónustuveitendur annars samningsaðila.

Gr. 4.6

Viðbótarskuldbindingar.

Samningsaðilum er heimilt að semja um skuldbindingar að því er varðar ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti og eru ekki háðar skráningu skv. gr. 4.4 (Markaðsaðgangur) eða gr. 4.5 (Innlend meðferð), þ.m.t. þær ráðstafanir sem varða hæfi, staðla eða leyfisveitingar. Slíkar skuldbindingar skulu færðar í skrá samningsaðila.

[6] Sérstakar skuldbindingar, sem gengið er út frá í þessari grein, skulu ekki túlkaðar þannig að þess verði krafist af samningsaðila að hann bæti upp verri samkeppnisstöðu sem stafar af því að um erlenda þjónustu eða þjónustuveitendur er að ræða.

(d) limitations on the total number of natural persons that may be employed in a particular service sector or that a service supplier may employ and who are necessary for, and directly related to, the supply of a specific service in the form of numerical quotas or the requirement of an economic needs test;

(e) measures which restrict or require specific types of legal entity or joint venture through which a service supplier may supply a service; and

(f) limitations on the participation of foreign capital in terms of maximum percentage limit on foreign shareholding or the total value of individual or aggregate foreign investment.

ARTICLE 4.5

National Treatment

1. In the sectors inscribed in its Schedule, and subject to any conditions and qualifications set out therein, each Party shall accord to services and service suppliers of any other Party, in respect of all measures affecting the supply of services, treatment no less favourable than that it accords to its own like services and service suppliers.[6]

2. A Party may meet the requirement of paragraph 1 by according to services and service suppliers of any other Party, either formally identical treatment or formally different treatment to that it accords to its own like services and service suppliers.

3. Formally identical or formally different treatment shall be considered to be less favourable if it modifies the conditions of competition in favour of services or service suppliers of the Party compared to like services or service suppliers of any other Party.

ARTICLE 4.6

Additional Commitments

Parties may negotiate commitments with respect to measures affecting trade in services not subject to scheduling under Articles 4.4 (Market Access) or 4.5 (National Treatment), including those regarding qualifications, standards or licensing matters. Such commitments shall be inscribed in a Party's Schedule.

[6] Specific commitments assumed under this Article shall not be construed to require any Party to compensate for any inherent competitive disadvantages which result from the foreign character of the relevant services or service suppliers.

Gr. 4.7
Innlendar reglur.

1. Hver samningsaðili skal sjá til þess að öllum ráðstöfunum, sem hafa almennt gildi og áhrif á þjónustuviðskipti, sé beitt á sanngjarnan, hlutlægan og óhlutdrægan hátt.
2. Hver samningsaðili skal, að beiðni aðila sem málið varðar og er þjónustuveitandi annars samningsaðila, viðhalda eða koma á fót, eins fljótt og unnt er, dómstólum, gerðardómi eða stjórnsýsludómstólum eða sérstakri málsmeðferð þar sem stjórnsýsluákvarðanir, sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti, verða tafarlaust endurskoðaðar og gripið til viðeigandi úrræða ef slíkt telst réttmætt. Ef slík málsmeðferð er ekki óháð stofnuninni, sem tekur viðkomandi stjórnsýsluákvörðun, skal samningsaðilinn sjá til þess að málsmeðferðin feli í reynd í sér hlutlæga og óhlutdræga endurskoðun.
3. Ef samningsaðili krefst þess að fyrir liggi leyfi fyrir veitingu þjónustu skulu lögbær yfirvöld þess samningsaðila tilkynna umsækjandanum, innan hæfilegs tíma eftir að umsókn, sem telst uppfylla innlend lög og reglur, hefur verið lögð fram, hvaða ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina. Lögbær yfirvöld samningsaðilans skulu, að beiðni umsækjandans, veita upplýsingar um stöðu umsóknarinnar án óþarfra tafa.

4. Á sviðum þar sem gengist er undir sérstakar skuldbindingar skal hver samningsaðili tryggja að ráðstafanir, sem varða hæfniskröfur og málsmeðferð, tæknilega staðla og kröfur um leyfisveitingu:
   i. séu byggðar á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðunum, s.s. hæfni og getu til að veita þjónustu,
   ii. séu ekki íþyngjandi umfram það sem nauðsynlegt er til að tryggja gæði þjónustunnar og
   iii. takmarki ekki í sjálfu sér veitingu þjónustunnar þegar málsmeðferð við leyfisveitingu er annars vegar.
5. Þegar ákvarðað er hvort samningsaðili uppfylli skyldur skv. 4. mgr. skal tekið tillit til alþjóðlegra staðla viðkomandi alþjóðastofnana[7] sem sá samningsaðili notar.
6. Hver samningsaðili skal sjá fyrir fullnægjandi málsmeðferð til að sannprófa hæfni fagmanna hjá öðrum samningsaðilum.

[7] Hugtakið „viðkomandi alþjóðastofnanir“ vísar til alþjóðastofnana sem viðkomandi stofnunum allra samningsaðila er frjálst að eiga aðild að.

ARTICLE 4.7
Domestic Regulation

1. Each Party shall ensure that all measures of general application affecting trade in services are administered in a reasonable, objective and impartial manner.
2. Each Party shall maintain or institute as soon as practicable judicial, arbitral or administrative tribunals or procedures which provide, at the request of an affected service supplier of another Party, for the prompt review of, and where justified, appropriate remedies for, administrative decisions affecting trade in services. Where such procedures are not independent of the agency entrusted with the administrative decision concerned, the Party shall ensure that the procedures in fact provide for an objective and impartial review.

3. Where authorisation is required by a Party for the supply of a service, the competent authorities of that Party shall, within a reasonable period of time after the submission of an application is considered complete under that Party's domestic laws and regulations, inform the applicant of the decision concerning the application. At the request of the applicant, the competent authorities of that Party shall provide, without undue delay, information concerning the status of the application.
4. In sectors where specific commitments are undertaken, each Party shall ensure that measures relating to qualification requirements and procedures, technical standards, and licensing requirements:
   (i) are based on objective and transparent criteria, such as competence and the ability to supply the service;
   (ii) are not more burdensome than necessary to ensure the quality of the service; and
   (iii) in the case of licensing procedures, are not in themselves a restriction on the supply of the service.
5. In determining whether a Party is in conformity with the obligation under paragraph 4, account shall be taken of international standards of relevant international organisations[7] applied by that Party.
6. Each Party shall provide for adequate procedures to verify the competence of professionals of any other Party.

[7] The term "relevant international organisations" refers to international bodies whose membership is open to the relevant bodies of all Parties.

Gr. 4.8
Viðurkenning.

1. Til að uppfylla viðkomandi staðla sína eða viðmiðanir um útgáfu heimilda, leyfa eða skírteina til handa þjónustuveitendum skal hver samningsaðili taka tilhlýðilegt tillit til hverrar beiðni frá öðrum samningsaðila um að viðurkenna menntun eða reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini sem sá samningsaðili veitir. Slíka viðurkenningu er heimilt að byggja á samningi eða fyrirkomulagi hlutaðeigandi samningsaðila eða veita hana einhliða að öðrum kosti.
2. Ef samningsaðili viðurkennir, með samningi eða fyrirkomulagi, menntun eða reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini, sem eru veitt á yfirráðasvæði aðila sem á ekki hlut að samningnum, skal sá samningsaðili veita öðrum samningsaðila næg tækifæri til að semja um aðild að slíkum fyrirliggjandi eða síðari samningi eða fyrirkomulagi eða semja við hann með sambærilegum samningum eða fyrirkomulagi. Ef viðurkenning samningsaðila er einhliða skal hann veita öðrum samningsaðila næg tækifæri til að sýna fram á að viðurkenna beri einnig menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða vottorð sem eru veitt á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.
3. Viðurkenning samningsaðila skal ekki vera með þeim hætti að hann mismuni löndum þegar hann beitir stöðlum sínum eða viðmiðunum um veitingu heimilda, leyfa eða skírteina til handa þjónustuveitendum og ekki heldur með þeim hætti að það skapi duldar takmarkanir í þjónustuviðskiptum.

ARTICLE 4.8
Recognition

1. For the purpose of the fulfilment of its relevant standards or criteria for the authorisation, licensing or certification of service suppliers, each Party shall give due consideration to any requests by another Party to recognise the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted in that other Party. Such recognition may be based upon an agreement or arrangement with that other Party, or otherwise be accorded autonomously.

2. Where a Party recognises, by agreement or arrangement, the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted in the territory of a non-party, that Party shall afford another Party adequate opportunity to negotiate its accession to such an agreement or arrangement, whether existing or future, or to negotiate a comparable agreement or arrangement with it. Where a Party accords recognition autonomously, it shall afford adequate opportunity for another Party to demonstrate that the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted in the territory of that other Party should also be recognised.

3. A Party shall not accord recognition in a manner which would constitute a means of discrimination between countries in the application of its standards or criteria for the authorisation, licensing, or certification of service suppliers, or a disguised restriction on trade in services.

Gr. 4.9
För einstaklinga.

1. Þessi grein gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem eru þjónustuveitendur hjá samningsaðila og einstaklinga hjá samningsaðila sem eru ráðnir af þjónustuveitanda samningsaðila til að veita þjónustu.
2. Þessi kafli gildir hvorki um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem leita eftir aðgangi að vinnumarkaði hjá samningsaðila né ráðstafanir varðandi ríkisfang, búsetu eða fasta atvinnu.

3. Einstaklingum, sem sérstök skuldbinding gildir um, er heimilt að veita þjónustu í samræmi við skilmála þeirrar skuldbindingar.
4. Þessi kafli skal ekki koma í veg fyrir að samningsaðili geti beitt ráðstöfunum til að hafa stjórn á för einstaklinga inn á yfirráðasvæði sitt eða tímabundinni dvöl þeirra þar, þ.m.t. ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að vernda landamæri hans og tryggja skipulega för einstaklinga yfir þau, að því tilskildu að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim

ARTICLE 4.9
Movement of Natural Persons

1. This Article applies to measures affecting natural persons who are service suppliers of a Party, and natural persons of a Party who are employed by a service supplier of a Party, in respect of the supply of a service.
2. This Chapter shall not apply to measures affecting natural persons seeking access to the employment market of a Party, nor shall it apply to measures regarding nationality, residence or employment on a permanent basis.
3. Natural persons covered by a specific commitment shall be allowed to supply the service in accordance with the terms of that commitment.
4. This Chapter shall not prevent a Party from applying measures to regulate the entry of natural persons of another Party into, or their temporary stay in, its territory, including those measures necessary to protect the integrity of, and to ensure the orderly movement of natural persons across, its borders, provided that such measures are not applied in such a manner

hætti að þær geri að engu eða skerði þann ávinning sem aðili hefur samkvæmt skilmálum sérstakrar skuldbindingar.[8]

as to nullify or impair the benefits accruing to any Party under the terms of a specific commitment.[8]

Gr. 4.10
Gagnsæi.

1. Hver samningsaðili skal birta, þegar í stað og eigi síðar en við gildistöku, nema um neyðartilvik sé að ræða, allar viðeigandi ráðstafanir um almenna beitingu sem varða eða hafa áhrif á framkvæmd þessa kafla. Einnig skal birta alþjóðasamninga sem samningsaðili hefur undirritað og varða eða hafa áhrif á þjónustuviðskipti.
2. Ef birting, sem um getur í 1. mgr., er ekki framkvæmanleg skal gera slíkar upplýsingar aðgengilegar almenningi á annan hátt.
3. Ekkert í þessum kafla leggur samningsaðilum þær skyldur á herðar að veita upplýsingar sem eru trúnaðarmál ef slíkt hindraði framkvæmd laga eða væri á annan hátt andstætt hagsmunum almennings eða bryti í bága við lögmæta viðskiptahagsmuni tiltekinna, opinberra eða einkarekinna fyrirtækja.

ARTICLE 4.10
Transparency

1. Each Party shall publish promptly and, except in emergency situations, at the latest by the time of their entry into force, all relevant measures of general application which pertain to or affect the operation of this Chapter. International agreements pertaining to or affecting trade in services to which a Party is a signatory shall also be published.
2. Where publication as referred to in paragraph 1 is not practicable, such information shall be made otherwise publicly available.
3. Nothing in this Chapter shall require any Party to provide confidential information, the disclosure of which would impede law enforcement, or otherwise be contrary to the public interest, or which would prejudice legitimate commercial interests of particular enterprises, public or private.

Gr. 4.11
Einokun og þjónustuveitendur með einkarétt.

1. Hver samningsaðili skal sjá til þess að þjónustuveitandi, sem hefur einokunaraðstöðu til veitingar þjónustu á yfirráðasvæði sínu, starfi ekki í ósamræmi við skyldur þessa samningsaðila skv. gr. 4.3 (Bestukjarameðferð) og sérstökum skuldbindingum hans.

2. Ef sá sem hefur einokunaraðstöðu til veitingar þjónustu á yfirráðasvæði samningsaðila keppir, annaðhvort beint eða í gegnum eignatengd fyrirtæki, um veitingu þjónustu utan þess sviðs sem hann hefur einokunaraðstöðu á og þjónustan fellur undir sérstakar skuldbindingar þessa samningsaðila, skal samningsaðilinn sjá til þess að sá þjónustuveitandi misnoti ekki einokunaraðstöðu sína til að starfa á yfirráðasvæði hans með þeim hætti að brjóti í bága við þessar skuldbindingar.
3. Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda um þjónustuveitendur með einkarétt þegar samningsaðili, formlega eða í reynd:
a) veitir heimild fyrir eða kemur á fót litlum fjölda þjónustuveitenda og
b) kemur að verulegu leyti í veg fyrir samkeppni milli þessara þjónustuveitenda á yfirráðasvæði sínu.

ARTICLE 4.11
Monopolies and Exclusive Service Suppliers

1. Each Party shall ensure that any monopoly supplier of a service in its territory does not, in the supply of the monopoly service in the relevant market, act in a manner inconsistent with that Party's obligations under Article 4.3 (Most-Favoured-Nation Treatment) and specific commitments.
2. Where a Party's monopoly supplier competes, either directly or through an affiliated company, in the supply of a service outside the scope of its monopoly rights and which is subject to that Party's specific commitments, the Party shall ensure that such a supplier does not abuse its monopoly position to act in its territory in a manner inconsistent with such commitments.

3. The provisions of this Article shall also apply to cases of exclusive service suppliers, where a Party, formally or in effect:
(a) authorises or establishes a small number of service suppliers; and
(b) substantially prevents competition among those suppliers in its territory.

---

[8] Þótt vegabréfsáritunar sé krafist fyrir einstaklinga skal ekki litið svo á að verið sé að gera að engu eða skerða ávinning sem fæst samkvæmt sérstakri skuldbindingu.

[8] The sole fact of requiring a visa for natural persons shall not be regarded as nullifying or impairing benefits under a specific commitment.

Gr. 4.12
Viðskiptahættir.

1. Samningsaðilar viðurkenna að ákveðnir viðskiptahættir þjónustuveitenda, aðrir en þeir sem falla undir gr. 4.11 (Einokun og þjónustuveitendur með einkarétt), geti hamlað samkeppni og þar með takmarkað þjónustuviðskipti.
2. Samningsaðili skal, að beiðni annars samningsaðila, hefja samráð með það fyrir augum að afnema þá viðskiptahætti sem um getur í 1. mgr. Samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, skal fjalla ítarlega og með velvilja um slíka beiðni og eiga samstarf um að veita upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að og eru ekki trúnaðarmál, sem varða það málefni sem um ræðir. Samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, skal enn fremur veita samningsaðilanum, sem leggur beiðnina fram, aðrar tiltækar upplýsingar með fyrirvara um landslög og að gert hafi verið fullnægjandi samkomulag um að fyllsta trúnaðar verði gætt af hálfu samningsaðilans sem leggur beiðnina fram.

ARTICLE 4.12
Business Practices

1. Parties recognise that certain business practices of service suppliers, other than those falling under Article 4.11 (Monopolies and Exclusive Service Suppliers), may restrain competition and thereby restrict trade in services.
2. Each Party shall, at the request of any other Party, enter into consultations with a view to eliminating practices referred to in paragraph 1. The Party addressed shall accord full and sympathetic consideration to such a request and shall co-operate through the supply of publicly available non-confidential information of relevance to the matter in question. The Party addressed shall also provide other information available to the requesting Party, subject to its domestic law and to the conclusion of satisfactory agreement concerning the safeguarding of its confidentiality by the requesting Party.

Gr. 4.13
Greiðslur og yfirfærslur.

1. Samningsaðili skal ekki, nema við þær aðstæður sem tilgreindar eru í gr. 4.14 (Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð) og XIV. viðauka (Greiðslur og fjármagnsflutningar), setja takmarkanir á alþjóðlegar yfirfærslur og greiðslur í yfirstandandi viðskiptum við annan samningsaðila.
2. Ekkert í þessum kafla skal hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt greinum samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, (hér á eftir nefndur „Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn“), þ.m.t. ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við greinar þess samnings, að því tilskildu að samningsaðili muni ekki setja neinar takmarkanir á fjármagnsviðskipti sem ekki samrýmast sérstökum skuldbindingum hans um slík viðskipti, nema skv. gr. 4.14 (Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð) eða að beiðni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

ARTICLE 4.13
Payments and Transfers

1. Except under the circumstances envisaged in Article 4.14 (Restrictions to Safeguard the Balance-of-Payments) and Annex XIV (Payments and Capital Movement) a Party shall not apply restrictions on international transfers and payments for current transactions with another Party.
2. Nothing in this Chapter shall affect the rights and obligations of the Parties under the Articles of the Agreement of the International Monetary Fund (hereinafter referred to as “IMF”), including the use of exchange actions which are in conformity with the Articles of the Agreement of the IMF, provided that a Party shall not impose restrictions on capital transactions inconsistently with its specific commitments regarding such transactions, except under Article 4.14 (Restrictions to Safeguard the Balance of Payments) or at the request of the IMF.

Gr. 4.14
Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.

1. Samningsaðilar skulu reyna að komast hjá því að gera takmarkandi ráðstafanir til að tryggja greiðslujöfnuð.
2. Ákvæði 1.–3. mgr. XII. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar slíkar takmarkanir og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og verða hluti af honum.
3. Samningsaðili, sem grípur til takmarkana eða viðheldur þeim, skal þegar í stað tilkynna sameiginlegu nefndinni um það.

ARTICLE 4.14
Restrictions to Safeguard the Balance-of-Payments

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictions to safeguard the balance of payments.
2. The rights and obligations of the Parties in respect of such restrictions shall be governed by paragraphs 1 to 3 of Article XII of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter.
3. A Party adopting or maintaining such restrictions shall promptly notify the Joint Committee thereof.

Gr. 4.15

Almennar undantekningar.

Með fyrirvara um kröfu þess efnis að slíkum ráðstöfunum verði ekki beitt með þeim hætti að það hefði í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun landa, þar sem aðstæður eru þær sömu, eða duldar takmarkanir í þjónustuviðskiptum, skal ekkert í þessum kafla túlkað þannig að það komi í veg fyrir að samningsaðilar samþykki eða beiti ráðstöfunum sem eru:

a) nauðsynlegar til að vernda almennt siðgæði eða viðhalda allsherjarreglu[9],
b) nauðsynlegar til að vernda líf og heilsu manna, dýra eða plantna,
c) nauðsynlegar til að tryggja að farið verði að ákvæðum laga eða reglna sem eru ekki ósamrýmanlegar ákvæðum þessa kafla, þ.m.t. ákvæði sem tengjast:
   i. því að koma í veg fyrir villandi og sviksamlega viðskiptahætti eða bregðast við vanefndum á þjónustusamningum,
   ii. því að vernda friðhelgi einstaklingsins í tengslum við vinnslu og dreifingu persónuupplýsinga og fara með persónulegar skrár og reikninga sem trúnaðarmál,
   iii. öryggi,
d) ekki í samræmi við gr. 4.5 (Innlend meðferð), að því tilskildu að þegar ólíkri meðferð er beitt sé miðað að því að tryggja sanngjarnar eða skilvirkar álögur eða innheimtu beinna skatta að því er varðar þjónustu eða þjónustuveitendur annarra samningsaðila[10],

[9] Aðeins má beita undantekningu á grundvelli allsherjarreglu ef um er að ræða raunverulega og nægilega alvarlega ógnun við grundvallarhagsmuni þjóðfélagsins.

[10] Ráðstafanir sem miða að því að tryggja sanngjarnar eða skilvirkar álögur eða innheimtu beinna skatta taka til ráðstafana sem samningsaðili gerir samkvæmt skattakerfi sínu og:

i. gilda um þjónustuveitendur, sem eru ekki búsettir í landinu, til viðurkenningar á því að skattskylda þeirra sem eru ekki búsettir í landinu er ákvörðuð í tengslum við skattskylda þætti sem eiga uppruna sinn að rekja til eða eru notaðir á yfirráðasvæði samningsaðila eða
ii. gilda um þá sem ekki eru búsettir í landinu til að tryggja álagningu eða innheimtu skatta á yfirráðasvæði samningsaðila eða
iii. gilda um þá sem eru ekki búsettir í landinu eða þá sem þar eru búsettir til að koma í veg fyrir skattahagræðingu eða skattsvik, þ.m.t. ráðstafanir um að skyldur séu uppfylltar eða
iv. gilda um neytendur þjónustu, sem er veitt á eða frá yfirráðasvæði annars samningsaðila, til að tryggja að skattar af starfsemi, sem er upprunnin á yfirráðasvæði samningsaðila, verði lagðir á eða innheimtir af slíkum neytendum eða

ARTICLE 4.15

General Exceptions

Subject to the requirement that such measures are not applied in a manner which would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between countries where like conditions prevail, or a disguised restriction on trade in services, nothing in this Chapter shall be construed to prevent the adoption or enforcement by any Party of measures:

(a) necessary to protect public morals or to maintain public order;[9]
(b) necessary to protect human, animal or plant life or health;
(c) necessary to secure compliance with laws or regulations which are not inconsistent with the provisions of this Chapter including those relating to:
   (i) the prevention of deceptive and fraudulent practices or to deal with the effects of a default on services contracts;
   (ii) the protection of the privacy of individuals in relation to the processing and dissemination of personal data and the protection of confidentiality of individual records and accounts;
   (iii) safety;
(d) inconsistent with Article 4.5 (National Treatment), provided that the difference in treatment is aimed at ensuring the equitable or effective imposition or collection of direct taxes in respect of services or service suppliers of other Parties;[10]

[9] The public order exception may be invoked only where a genuine and sufficiently serious threat is posed to one of the fundamental interests of society.

[10] Measures that are aimed at ensuring the equitable or effective imposition or collection of direct taxes include measures taken by a Party under its taxation system which:

(i) apply to non-resident service suppliers in recognition of the fact that the tax obligation of non-residents is determined with respect to taxable items sourced or located in the Party's territory; or

(ii) apply to non-residents in order to ensure the imposition or collection of taxes in the Party's territory; or

(iii) apply to non-residents or residents in order to prevent the avoidance or evasion of taxes, including compliance measures; or

(iv) apply to consumers of services supplied in or from the territory of another Party in order to ensure the imposition or collection of taxes on such consumers derived from sources in the Party's territory; or

e) ekki í samræmi við gr. 4.3 (Bestukjarameðferð), að því tilskildu að ólík meðferð sé til komin vegna samnings um að koma í veg fyrir tvísköttun eða ákvæða um að komast hjá tvísköttun í öðrum alþjóðlegum samningi eða fyrirkomulagi sem samningsaðilinn er bundinn af.

Gr. 4.16
Undantekningar af öryggisástæðum.

1. Ekkert í þessum samningi ber að túlka á þann hátt:

a) að krafist sé af samningsaðila að hann láti í té upplýsingar sem hann telur andstætt grundvallaröryggishagsmunum sínum að láta af hendi,
b) að komið sé í veg fyrir að samningsaðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína:
   i. varðandi þjónustu sem er veitt, beint eða óbeint, í þeim tilgangi að birgja upp herstöðvar,
   ii. varðandi kjarnakleyf efni og kjarnasamrunaefni eða efni sem þau eru unnin úr,
   iii. á stríðstímum eða þegar neyðarástand ríkir í alþjóðasamskiptum, eða
c) að komið sé í veg fyrir að aðili grípi til ráðstafana í samræmi við skyldur sínar samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna til að viðhalda friði og öryggi á alþjóðavettvangi.

2. Sameiginlega nefndin skal fá eins ítarlegar upplýsingar og unnt er um ráðstafanir sem eru gerðar skv. b- og c-lið 1. mgr. og hvenær þær falla úr gildi.

Gr. 4.17
Skrár um sérstakar skuldbindingar.

1. Sérhver samningsaðili skal færa í skrá þær sérstöku skuldbindingar sem hann tekur á sig skv. gr. 4.4 (Markaðsaðgangur), gr. 4.5 (Innlend meðferð) og gr. 4.6 (Viðbótarskuldbindingar). Að því er varðar þau svið sem skuldbindingarnar taka til skal eftirfarandi tilgreint í hverri skrá:

v. greina þjónustuveitendur, sem greiða skatt af þáttum sem eru skattskyldir á alþjóðavettvangi, frá öðrum þjónustuveitendum með því að viðurkenna eðlismun á skattstofni þeirra eða
vi. ákvarða, úthluta eða skipta tekjum, hagnaði, ágóða, tapi, frádrætti eða inneign einstaklinga eða útibúa í landinu eða milli tengdra einstaklinga eða útibúa sama einstaklings, til að vernda skattstofn samningsaðilans.

Skattaheiti eða hugtök í d-lið gr. 4.15 (Almennar undantekningar) og í þessari neðanmálsgrein eru ákvörðuð í samræmi við skattaskilgreiningar og hugtök, eða jafngildar eða svipaðar skilgreiningar og hugtök, samkvæmt landslögum samningsaðilans sem gerir ráðstafanirnar.

(e) inconsistent with Article 4.3 (Most-Favoured-Nation Treatment), provided that the difference in treatment is the result of an agreement on the avoidance of double taxation or provisions on the avoidance of double taxation in any other international agreement or arrangement by which the Party is bound.

ARTICLE 4.16
Security Exceptions

1. Nothing in this Chapter shall be construed:

(a) to require any Party to furnish any information, the disclosure of which it considers contrary to its essential security interests;
(b) to prevent any Party from taking any action which it considers necessary for the protection of its essential security interests:
   (i) relating to the supply of services as carried out directly or indirectly for the purpose of provisioning a military establishment;
   (ii) relating to fissionable and fusionable materials or the materials from which they are derived;
   (iii) taken in time of war or other emergency in international relations; or
(c) to prevent any Party from taking any action in pursuance of its obligations under the United Nations Charter for the maintenance of international peace and security.

2. The Joint Committee shall be informed to the fullest extent possible of measures taken under paragraphs 1(b) and (c) and of their termination.

ARTICLE 4.17
Schedules of Specific Commitments

1. Each Party shall set out in a schedule the specific commitments it undertakes under Articles 4.4 (Market Access), 4.5 (National Treatment), and 4.6 (Additional Commitments). With respect to sectors where such commitments are undertaken, each Schedule shall specify:

(v) distinguish service suppliers subject to tax on worldwide taxable items from other service suppliers, in recognition of the difference in the nature of the tax base between them; or
(vi) determine, allocate or apportion income, profit, gain, loss, deduction or credit of resident persons or branches, or between related persons or branches of the same person, in order to safeguard the Party's tax base.

Tax terms or concepts in subparagraph (d) of Article 4.15 (General Exceptions) and in this footnote are determined according to tax definitions and concepts, or equivalent or similar definitions and concepts, under the domestic law of the Party taking the measure.

a) skilmálar, takmarkanir og skilyrði fyrir markaðsaðgangi,
b) skilyrði og forsendur fyrir innlendri meðferð,
c) samþykkt varðandi viðbótarskuldbindingar sem um getur í gr. 4.6 (Viðbótarskuldbindingar) og
d) tímamörk á framkvæmd slíkra skuldbindinga og gildistökudagur þeirra, ef við á.

2. Ráðstafanir, sem eru ósamrýmanlegar bæði gr. 4.4 (Markaðsaðgangur) og gr. 4.5 (Innlend meðferð), skulu skráðar í dálkinn sem á við gr. 4.4 (Markaðsaðgangur). Þá merkir skráningin einnig skilyrði eða forsendu sem á við gr. 4.5 (Innlend meðferð).

(a) terms, limitations and conditions on market access;
(b) conditions and qualifications on national treatment;
(c) undertakings relating to additional commitments referred to in Article 4.6 (Additional Commitments); and
(d) where appropriate, the time-frame for implementation of such commitments and the date of entry into force of such commitments.

2. Measures inconsistent with both Articles 4.4 (Market Access) and 4.5 (National Treatment) are inscribed in the column relating to Article 4.4 (Market Access). In this case, the inscription is considered to provide a condition or qualification to Article 4.5 (National Treatment) as well.

Gr. 4.18
Endurskoðun.

1. Samningsaðilar skulu, í því skyni að auka enn frekar frelsi í þjónustuviðskiptum sín á milli, endurskoða skrár sínar um sérstakar skuldbindingar og skrár yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar a.m.k. þriðja hvert ár og gera ráðstafanir til að draga úr eða afnema að verulegu leyti þá mismunun, sem enn á sér stað milli samningsaðila að því er varðar þjónustuviðskipti sem falla undir þennan kafla, á gagnkvæmum hagkvæmnisgrundvelli og tryggja heildarjafnvægi réttinda og skyldna. Fyrsta endurskoðun skal fara fram eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku þessa samnings.
2. Samningsaðilar skulu yfirfara í sameiningu þær samningaviðræður sem kveðið er á um í 4. mgr. VI. gr. og 1. mgr. XV. gr. GATS-samningsins og fella niðurstöður slíkra viðræðna inn í þennan kafla, eftir því sem við á.

ARTICLE 4.18
Review

1. With the objective of further liberalising trade in services between them, the Parties shall review their schedules of specific commitments and their Lists of MFN Exemptions at least every three years to provide for a reduction or elimination of substantially all remaining discrimination between the Parties with regard to trade in services covered in this Chapter on a mutually advantageous basis and ensuring an overall balance of rights and obligations. The first such review shall take place not later than two years after the entry into force of this Agreement.

2. The Parties shall jointly review the negotiations provided for in paragraph 4 of Article VI and paragraph 1 of Article XV of the GATS and incorporate any results of such negotiations, as appropriate, into this Chapter.

Gr. 4.19
Viðaukar.

Eftirtaldir viðaukar við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti þessa kafla:
a) XI. viðauki (Skrá yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar),
b) XII. viðauki (Viðurkenning á menntun og hæfi þjónustuveitenda),
c) XIII. viðauki (För einstaklinga sem veita þjónustu),
d) XIV. viðauki (Greiðslur og fjármagnsflutningar),
e) XV. viðauki (Skrár um sérstakar skuldbindingar),
f) XVI. viðauki (Fjármálaþjónusta) og
g) XVII. viðauki (Fjarskiptaþjónusta).

ARTICLE 4.19
Annexes

The following Annexes attached to this Agreement form an integral part of this Chapter:
(a) Annex XI (Lists of MFN Exemptions);
(b) Annex XII (Recognition of Qualifications of Service Suppliers);
(c) Annex XIII (Movement of Natural Persons Supplying Services);
(d) Annex XIV (Payments and Capital Movement)
(e) Annex XV (Schedules of Specific Commitments);
(f) Annex XVI (Financial Services); and
(g) Annex XVII (Telecommunications Services).

5. KAFLI
FJÁRFESTINGAR

Gr. 5.1

Umfang.

Þessi kafli gildir um viðskiptanærveru á öllum sviðum, nema að því er varðar þjónustusvið eins og fram kemur í gr. 4.1 (Gildissvið og umfang) í 4. kafla (Þjónustuviðskipti) í þessum samningi.

Gr. 5.2

Skilgreiningar.

1. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lögaðili“: lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt gildandi lögum, í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem er í einkaeign eða í eigu hins opinbera, þ.m.t. hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, sameiginleg fyrirtæki, einkafyrirtæki eða samtök,

b) „lögaðili samningsaðila“: lögaðili hjá samningsaðila sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt lögum Kólumbíu eða EFTA-ríkis og stundar umtalsverð viðskipti í Kólumbíu eða viðkomandi EFTA-ríki,

c) „einstaklingur“: ríkisborgari í Kólumbíu eða EFTA-ríki samkvæmt löggjöf viðkomandi ríkis,

d) „ríkisborgari“: einstaklingur sem hefur ríkisfang samningsaðila eða fasta búsetu hjá samningsaðila í samræmi við landslög hans,

e) „viðskiptanærvera“: hvers konar viðskiptastarfsemi, þar á meðal:
   i. stofnun, yfirtaka eða áframhaldandi rekstur lögaðila eða
   ii. stofnun eða áframhaldandi rekstur útibús eða umboðsskrifstofu,

   á yfirráðasvæði annars samningsaðila í því skyni að stunda atvinnustarfsemi.

2. Að því er varðar einstaklinga tekur þessi kafli ekki til atvinnuleitar eða atvinnuþátttöku á vinnumarkaði eða veitir rétt til aðgangs að vinnumarkaði annars samningsaðila.

Gr. 5.3

Innlend meðferð.

Að því er tekur til viðskiptanærveru og með fyrirvara um ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis, sem koma fram í XVIII. viðauka (Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis) varðandi þetta, skal hver samningsaðili beita meðferð, gagnvart aðilum frá öðrum samningsaðila og viðskiptanærveru slíkra aðila, sem er ekki óhagstæðari en sú meðferð sem hann beitir gagnvart sínum eigin aðilum við sömu aðstæður.

CHAPTER 5
INVESTMENT

ARTICLE 5.1

Coverage

This Chapter shall apply to commercial presence in all sectors, with the exception of services sectors as set out in Article 4.1 (Scope and Coverage) in Chapter 4 (Trade in Services) of this Agreement.

ARTICLE 5.2

Definitions

1. For the purpose of this Chapter,

(a) "juridical person" means any legal entity duly constituted or otherwise organised under applicable law, whether for profit or otherwise, and whether privately-owned or governmentally-owned, including any corporation, trust, partnership, joint venture, sole proprietorship or association;

(b) "juridical person of a Party" means a juridical person constituted or otherwise organised under the law of Colombia or of an EFTA State and engaged in substantive business operations in Colombia or in the EFTA State concerned;

(c) "natural person" means a national of Colombia or of an EFTA State according to its respective legislation;

(d) "national" means a natural person who has the nationality of a Party or is a permanent resident of a Party in accordance with its domestic law;

(e) "commercial presence" means any type of business establishment, including through:
   (i) the constitution, acquisition or maintenance of a juridical person, or
   (ii) the creation or maintenance of a branch or a representative office,

   within the territory of another Party for the purpose of performing an economic activity.

2. As regards natural persons, this Chapter shall not extend to seeking or taking employment in the labor market or confer a right of access to the labor market of another Party.

ARTICLE 5.3

National Treatment

With respect to commercial presence, and subject to the reservations/non-conforming measures set out in Annex XVIII (Reservations/Non-conforming Measures) to this, each Party shall grant to juridical and natural persons of another Party, and to the commercial presence of such persons, treatment no less favorable than that it accords, in like situations to its own juridical and natural persons.

Gr. 5.4

Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis.

1. Innlend meðferð, sem kveðið er á um í gr. 5.3 (Innlend meðferð), gildir ekki um:

a) neina ráðstöfun vegna fyrirvara/ósamræmis sem samningsaðili hefur skráð í XVIII. viðauka (Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis),
b) breytingu á ráðstöfun vegna fyrirvara/ósamræmis, sem fjallað er um í a-lið, að því marki sem breytingin eykur ekki ósamræmi fyrirvarans við gr. 5.3 (Innlend meðferð),
c) neina ráðstöfun vegna fyrirvara/ósamræmis sem samningsaðili samþykkir í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar og er felld inn í XVIII. viðauka (Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis),
d) neina ráðstöfun sem samningsaðili samþykkir eða viðheldur að því er varðar svið, undirsvið eða starfsemi, eins og fram kemur í XVIII. viðauka (Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis),

að því marki sem slík ráðstöfun vegna fyrirvara/ósamræmis brýtur ekki í bága við gr. 5.3 (Innlend meðferð).

2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig, sem er liður í þeirri endurskoðun sem kveðið er á um í gr. 5.9 (Endurskoðun) í þessum kafla, til að endurskoða stöðu þeirra ráðstafana vegna fyrirvara/ósamræmis, sem eru settar fram í XVIII. viðauka (Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis), á a.m.k. þriggja ára fresti með það fyrir augum að fækka slíkum ráðstöfunum vegna fyrirvara/ósamræmis eða fella þær niður.

3. Samningsaðila er hvenær sem er heimilt, annaðhvort að fenginni beiðni annars samningsaðila eða einhliða, að fella niður ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis sem koma fram í XVIII. viðauka (Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis), í heild eða að hluta, með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna.

4. Þegar um er að ræða samþykkt nýs fyrirvara á grundvelli laga, sem eru samþykkt af löggjafanum, eins og um getur í c-lið 1. mgr., skal viðkomandi samningsaðili tryggja að það hafi ekki áhrif á heildarumfang skuldbindinga hans samkvæmt þessum samningi. Hann skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum um fyrirvarann og tilgreina, ef við á, þær ráðstafanir sem miða að því að halda óbreyttu heildarumfangi skuldbindinga hans. Þegar samningsaðila berst slík tilkynning er honum heimilt að fara fram á samráð um fyrirvarann og málefni sem hann varða. Hefja skal slíkt samráð án tafar.

ARTICLE 5.4

Reservations/Non-conforming Measures

1. National Treatment as provided for under Article 5.3 (National Treatment) shall not apply to:

(a) any reservation/non-conforming measure that is listed by a Party in Annex XVIII (Reservations/Non-conforming Measures);
(b) an amendment to a reservation/non-conforming measure covered by paragraph (a) to the extent that the amendment does not increase the non-conformity of the reservation with Article 5.3 (National Treatment);
(c) any new reservation/non-conforming measure adopted by a Party in accordance with paragraph 4 of this Article and incorporated into Annex XVIII (Reservations/Non-conforming Measures);
(d) any measure that a Party adopts or maintains with respect to sectors, subsectors, or activities, as set out in Annex XVIII (Reservations/Non-conforming Measures);

to the extent that such reservation/non-conforming measure is inconsistent with Article 5.3 (National Treatment).

2. As part of the review provided for in Article 5.9 (Review) of this Chapter the Parties undertake to review at least every three years the status of the reservations/non-conforming measure set out in Annex XVIII (Reservations/Non-conforming Measures) with a view to reducing or removing such reservations/non-conforming measures.

3. A Party may, at any time, either upon the request of another Party or unilaterally, remove in whole or in part reservations/non-conforming measure set out in Annex XVIII (Reservations/Non-conforming Measures) by written notification to the other Parties.

4. In case of the adoption of a new reservation, based on a law adopted by the legislature, as referred to in subparagraph 1(c), the Party concerned shall ensure that the overall level of its commitments under this Agreement is not affected. It shall promptly notify the other Parties of the reservation and set out, where applicable, the measures aimed at maintaining the overall level of its commitments. On receiving such notification, any other Party may request consultations regarding the reservation and related issues. Such consultations shall be entered into without delay.

Gr. 5.5

Starfsmenn í lykilstöðum.

1. Hver samningsaðili skal, með fyrirvara um lög sín og reglur, veita einstaklingum frá öðrum samningsaðila og starfsmönnum í lykilstöðum, sem starfa hjá

ARTICLE 5.5

Key Personnel

1. Each Party shall, subject to its laws and regulations, grant natural persons of another Party, and key personnel, which is employed by natural or juridical

einstaklingum eða lögaðilum frá öðrum samningsaðila, tímabundna heimild til komu og dvalar á yfirráðasvæði sínu til að stunda þar starfsemi í tengslum við viðskiptanærveru, þ.m.t. ráðgjöf og helsta tækniþjónusta.
2. Hver samningsaðili skal, með fyrirvara um lög sín og reglur, heimila einstaklingum eða lögaðilum frá öðrum samningsaðila, ásamt viðskiptanærveru, að ráða til sín, í tengslum við viðskiptanærveru, starfsmenn í lykilstöður að eigin vali, að því tilskildu að þessir starfsmenn hafi heimild til komu, dvalar og atvinnu á yfirráðasvæði hans og að viðkomandi starf sé með þeim skilmálum, skilyrðum og tímamörkum sem felast í heimildinni sem er veitt slíkum lykilstarfsmönnum.
3. Samningsaðilar skulu, með fyrirvara um lög sín og reglur, veita tímabundna heimild til komu og dvalar og gefa út nauðsynleg staðfestingarskjöl fyrir maka og ólögráða börn starfsmanns í lykilstöðu sem hefur fengið tímabundna heimild til komu og dvalar og atvinnuleyfi í samræmi við 1. og 2. mgr. Maka og ólögráða börnum skal veitt dvalarleyfi til jafnlangs tíma og þeim einstaklingi.
4. Með fyrirvara um 1.–3. mgr þessarar greinar skal XIII. viðauki (För einstaklinga sem veita þjónustu) gilda um þessa grein að breyttu breytanda.

persons of another Party, temporary entry and stay in its territory in order to engage in activities connected with commercial presence, including the provision of advice or key technical services.

2. Each Party shall, subject to its laws and regulations, permit natural or juridical persons of another Party, and their commercial presence, to employ, in connection with commercial presence, any key personnel of the natural or juridical person's choice provided that such key personnel has been permitted to enter, stay and work in its territory and that the employment concerned conforms to the terms, conditions and time limits of the permission granted to such key personnel.
3. The Parties shall, subject to their laws and regulations, grant temporary entry and stay and provide any necessary confirming documentation to the spouse and minor children of key personnel who has been granted temporary entry, stay and authorisation to work in accordance with paragraphs 1 and 2. The spouse and minor children shall be admitted for the period of the stay of that person.
4. Subject to paragraphs 1 to 3 of this Article, Annex XIII (Movement of Natural Persons Supplying Services) shall apply to this Article *mutatis mutandis.*

Gr. 5.6
Réttur til reglusetningar.

Með fyrirvara um ákvæði þessa kafla, XIV. viðauka (Greiðslur og fjármagnsflutningar) og XVIII. viðauka (Ráðstafanir vegna fyrirvara/ósamræmis) skal ekki aftra samningsaðila frá því að setja reglur um viðskiptanærveru eins og fram kemur í d-lið 1. mgr. í gr. 5.2 (Skilgreiningar).

ARTICLE 5.6
Right to Regulate

Subject to the provisions of this Chapter and Annexes XIV (Payments and Capital Movements) and XVIII (Reservations/Non-conforming Measures), a Party is not prevented from regulating the commercial presence as set out in subparagraph 1(d) of Article 5.2 (Definitions).

Gr. 5.7
Tengsl við aðra alþjóðasamninga.

Ákvæði þessa kafla eru með fyrirvara um réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem Kólumbía og eitt eða fleiri EFTA-ríki eru aðilar að. Sá skilningur ríkir að ekki sé hægt að beita neinu því fyrirkomulagi sem viðhaft er við lausn deilumála í samningi um fjárfestingarvernd, sem Kólumbía og eitt EFTA-ríki eru aðilar að, vegna meints brots á þessum kafla.

ARTICLE 5.7
Relation to other International Agreements

The provisions of this Chapter shall be without prejudice to the rights and obligations of the Parties under other international agreements, to which Colombia and one or several EFTA States are parties. It is understood that any dispute settlement mechanism in an investment protection agreement to which Colombia and one EFTA State are parties is not applicable to alleged breaches of this Chapter.

Gr. 5.8
Undantekningar.

Ákvæði XIV. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar

ARTICLE 5.8
Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of general exceptions, including measures necessary

almennar undantekningar, þ.m.t. ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að viðhalda allsherjarreglu[11], og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og verða hluti af honum að breyttu breytanda.

Gr. 5.9
Endurskoðun.

Endurskoða skal þennan kafla með reglulegu millibili innan sameiginlegu nefndarinnar með tilliti til þess að þróa frekar skuldbindingar samningsaðilanna.

Gr. 5.10
Greiðslur og yfirfærslur.

1. Samningsaðili skal ekki, nema í tilvikum sem tilgreind eru í gr. 5.11 (Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð) og XIV. viðauka (Greiðslur og fjármagnsflutningar), setja takmarkanir á greiðslur vegna yfirstandandi viðskipta og fjármagnsflutninga þegar um er að ræða starfsemi sem tengist „viðskiptanærveru“ á öðrum sviðum en þar sem þjónusta er veitt.
2. Ekkert í þessum kafla skal hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt greinum samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, þ.m.t. ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við þær greinar, að því tilskildu að samningsaðili setji engar takmarkanir á fjármagnsviðskipti sem ekki samrýmast skyldum hans samkvæmt þessum kafla.

Gr. 5.11
Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.

1. Samningsaðilar skulu reyna að komast hjá því að gera takmarkandi ráðstafanir til að tryggja greiðslujöfnuð.
2. Ákvæði 1.–3. mgr. XII. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar slíkar takmarkanir og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og verða hluti af honum að breyttu breytanda.
3. Samningsaðili, sem grípur til eða viðheldur takmörkunum, skal þegar í stað tilkynna sameiginlegu nefndinni um það.

[11] Kólumbía áskilur sér rétt til að samþykkja ráðstafanir af ástæðum sem varða allsherjarreglu skv. 100. gr. „Constitución Política de Colombia (1991)“, að því tilskildu að sameiginlega nefndin fái þegar í stað skriflega tilkynningu frá Kólumbíu um að ráðstöfun hafi verið samþykkt af hálfu Kólumbíu og að henni sé beitt í samræmi við málsmeðferðarkröfurnar sem eru settar fram í „Constitución Política de Colombia (1991)“, t.d. kröfurnar sem eru settar fram í 213., 214. og 215. gr. „Constitución Política de Colombia (1991)“.

to maintain public order[11], shall be governed by Article XIV of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter, *mutatis mutandis*.

ARTICLE 5.9
Review

This Chapter shall be subject to periodic review within the framework of the Joint Committee regarding the possibility to further develop the Parties' commitments.

ARTICLE 5.10
Payments and Transfers

1. Except under the circumstances envisaged in Article 5.11 (Restrictions to Safeguard the Balance-of-Payments) and Annex XIV (Payments and Capital Movements), a Party shall not apply restrictions on current payments and capital movements relating to activities with regard to "commercial presence" in non-services sectors.

2. Nothing in this Chapter shall affect the rights and obligations of the Parties under the Articles of the Agreement of the IMF, including the use of exchange actions which are in conformity with the said Articles, provided that a Party does not impose restrictions on capital transactions inconsistent with its obligations under this Chapter.

ARTICLE 5.11
Restrictions to Safeguard the Balance-of-Payments

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictions to safeguard the balance of payments.
2. The rights and obligations of the Parties in respect of such restrictions shall be governed by paragraphs 1 to 3 of Article XII of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter, *mutatis mutandis*.
3. A Party adopting or maintaining such restrictions shall promptly notify the Joint Committee.

[11] Colombia reserves the right to adopt measures for reasons of public order pursuant to Article 100 of the Constitución Política de Colombia (1991), provided that Colombia promptly provides written notice to the Joint Committee that it has adopted a measure and that the measure is applied in accordance with the procedural requirements set out in the Constitución Política de Colombia (1991), such as the requirements set out in Articles 213, 214 and 215 of the Constitución Política de Colombia (1991).

6. KAFLI
HUGVERKAVERND

Gr. 6.1
Almenn ákvæði.

1. Samningsaðilar skulu gera ráðstafanir til að veita og tryggja fullnægjandi og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar, þ.m.t. ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessa kafla og alþjóðasamninga sem um getur þar.

2. Sérhver samningsaðili skal koma ákvæðum þessa kafla til framkvæmda og er heimilt, en ber ekki skylda til, að leiða í landslög víðtækari vernd en krafist er í þessum kafla, að því tilskildu að slík vernd brjóti ekki í bága við ákvæði þessa kafla.

3. Samningsaðilar skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum að því er varðar vernd[12] hugverka, með fyrirvara um undantekningar sem þegar hefur verið kveðið á um í 3. og 5. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur „TRIPS-samningurinn“).

4. Hagræði, sérkjör, forréttindi eða friðhelgi, sem samningsaðili veitir ríkisborgurum annars lands að því er varðar vernd hugverka, skal þegar í stað og skilyrðislaust veitt ríkisborgurum hinna samningsaðilanna, með fyrirvara um þær undantekningar sem þegar hafa verið veittar í 4. og 5. gr. TRIPS-samningsins.

5. Í samræmi við 2. mgr. 8. gr. TRIPS-samningsins geta samningsaðilar gert viðeigandi ráðstafanir, að því tilskildu að þær séu í samræmi við ákvæði þessa samnings, ef þörf krefur, til að koma í veg fyrir að rétthafar misbeiti hugverkarétti eða til að koma í veg fyrir starfshætti sem hamla viðskiptum á óeðlilegan hátt eða hafa skaðleg áhrif á miðlun tækni milli landa.

Gr. 6.2
Grundvallarreglur.

1. Í samræmi við 7. gr. TRIPS-samningsins viðurkenna samningsaðilar að vernd og framfylgd hugverkaréttar ætti að ýta undir tækninýjungar og miðlun

[12] Í 3. og 4. mgr. merkir hugtakið „vernd“ einnig atriði er hafa áhrif á framboð, öflun, gildissvið, viðhald og framfylgd hugverkaréttar, svo og atriði er varða nýtingu hugverkaréttar sem er sérstaklega fjallað um í þessum kafla.

CHAPTER 6
PROTECTION OF INTELLECTUAL PROPERTY

ARTICLE 6.1
General Provisions

1. The Parties shall grant and ensure adequate, effective and non-discriminatory protection of intellectual property rights, and provide for measures for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Chapter and the international agreements referred to therein.

2. Each Party shall give effect to the provisions of this Chapter and may, but shall not be obliged to, implement in the national legislation more extensive protection than is required by this Chapter, provided that such protection does not contravene the provisions of this Chapter.

3. The Parties shall accord to the nationals of other Party treatment no less favourable than that it accords to its own nationals with regard to the protection[12] of intellectual property, subject to the exceptions already provided in Articles 3 and 5 of the *Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights* (hereinafter referred to as “the TRIPS Agreement”).

4. With regard to the protection of intellectual property, any advantage, favour, privilege or immunity granted by a Party to the nationals of any other country shall be accorded immediately and unconditionally to the nationals of the other Parties, subject to the exceptions already provided in Articles 4 and 5 of the of the TRIPS Agreement.

5. In accordance with paragraph 2 of Article 8 of the TRIPS Agreement, Parties may take appropriate measures, provided that they are consistent with the provisions of this Agreement, if needed to prevent the abuse of intellectual property rights by right holders or the resort to practices which unreasonably restrain trade or adversely affect the international transfer of technology.

ARTICLE 6.2
Basic Principles

1. In accordance with Article 7 of the TRIPS Agreement, the Parties recognise that the protection and enforcement of intellectual property rights should

[12] For the purposes of paragraphs 3 and 4 “protection” shall include matters affecting the availability, acquisition, scope, maintenance and enforcement of intellectual property rights as well as those matters affecting the use of intellectual property rights specifically addressed in this Chapter.

og útbreiðslu á tækni á þann hátt er nýtist bæði framleiðendum og notendum tækniþekkingar og stuðlar að félagslegri og efnahagslegri velferð og jafnvægi milli réttinda og skyldna.

2. Samningsaðilar viðurkenna að miðlun tækni stuðlar að aukinni getu innanlands með það fyrir augum að skapa traustan og lífvænlegan tæknigrundvöll.

3. Samningsaðilar viðurkenna að upplýsinga- og samskiptatækni hefur áhrif á sköpun og notkun bókmennta- og listaverka.

4. Í samræmi við 1. mgr. 8. gr. TRIPS-samningsins er samningsaðilum heimilt, þegar þeir semja eða breyta lögum sínum og reglum, að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda heilbrigði og fæðu manna og til að efla áhuga almennings á sviðum sem hafa grundvallarþýðingu fyrir félagslega, hagræna og tæknilega þróun, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir samrýmist ákvæðum þessa kafla.

5. Samningsaðilar viðurkenna meginreglurnar sem eru settar fram í yfirlýsingunni um TRIPS-samninginn og lýðheilsu, sem var samþykkt 14. nóvember 2001 á fjórða ráðherrafundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem haldinn var í Doha í Katar, og ákvörðun aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framkvæmd 6. mgr. Doha-yfirlýsingarinnar, sem var samþykkt 30. ágúst 2003, og breytinguna á TRIPS-samningnum sem var samþykkt 6. desember 2005.

contribute to the promotion of technological innovation and to the transfer and dissemination of technology, to the mutual advantage of producers and users of technological knowledge and in a manner conducive to social and economic welfare, and to a balance of rights and obligations.

2. The Parties recognise that technology transfer contributes to strengthen national capabilities with the aim to establish a sound and viable technological base.

3. The Parties recognise the impact of information and communication technologies on the creation and usage of literary and artistic works.

4. In accordance with paragraph 1 Article 8 of the TRIPS Agreement, the Parties may, in formulating or amending their laws and regulations, adopt measures necessary to protect public health and nutrition, and to promote the public interest in sectors of vital importance to their socio-economic and technological development, provided that such measures are consistent with the provisions of this Chapter.

5. The Parties recognise the principles established in the *Declaration on the TRIPS Agreement and Public Health*, adopted on 14 November 2001 by the WTO at its Fourth Ministerial Meeting, held in Doha, Qatar, and the *Decision of WTO's General Council on the Implementation of Paragraph 6 of the Doha Declaration*, adopted on 30 August 2003 and the *Amendment of the TRIPS Agreement* adopted on 6 December 2005.

Gr. 6.3

Skilgreining á hugverkum.

Í þessum samningi vísar hugtakið „hugverk" til allra flokka hugverka sem falla undir gr. 6.6 (Vörumerki) – 6.11 (Trúnaðarupplýsingar/ráðstafanir í tengslum við tilteknar vörur sem reglur hafa verið settar um).

ARTICLE 6.3

Definition of Intellectual Property

For the purposes of this Agreement, the term "intellectual property" refers to all categories of intellectual property that are the subject of Articles 6.6 (Trademarks) to 6.11 (Undisclosed Information / Measures Related to Certain Regulated Products).

Gr. 6.4

Alþjóðasamningar.

1. Með fyrirvara um réttindi og skyldur sem um getur í þessum kafla staðfesta samningsaðilarnir þau réttindi og skyldur sem gilda hvað þá varðar, þ.m.t. rétturinn til að gera undantekningar og nýta sér sveigjanleika samkvæmt TRIPS-samningnum, svo og öðrum marghliða samningum sem tengjast hugverkum og samningum á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) (hér á eftir nefnd „Alþjóðahugverkastofnunin") sem þeir eru aðilar að, einkum:

a) *Parísarsamningnum frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar* (Stokkhólmsgerð, 1967), hér á eftir nefndur „Parísarsamningurinn",

ARTICLE 6.4

International Conventions

1. Without prejudice of the rights and obligations contained in this Chapter, the Parties reaffirm their existing rights and obligations, including the right to apply the exceptions and to make use of the flexibilities, under the TRIPS Agreement, and any other multilateral agreement related to intellectual property and agreements administered under the auspices of the World Intellectual Property Organization (hereinafter referred to as "WIPO") to which they are party, in particular the following:

(a) *Paris Convention of 20 March 1883 for the Protection of Industrial Property* (Stockholm Act, 1967) hereinafter referred to as the "Paris Convention";

b) *Bernarsáttmálanum frá 9. september 1886 til verndar bókmenntum og listaverkum* (Parísargerð, 1971) og
c) *alþjóðasamningi frá 26. október 1961 um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana (Rómarsamningurinn).*

2. Samningsaðilar, sem eru ekki aðilar að einum eða fleiri af þeim samningum sem eru taldir upp hér á eftir, skulu fullgilda eða gerast aðilar að eftirtöldum marghliða samningum við gildistöku þessa samnings:
a) *Búdapestsáttmálanum frá 28. apríl 1977 um alþjóðlega viðurkenningu á innlagningu örvera til varðveislu vegna meðferðar einkaleyfamála,*
b) *alþjóðasamningi um vernd nýrra plöntuafbrigða frá 1978* (UPOV-samningurinn frá 1978) eða *alþjóðasamningi um vernd nýrra plöntuafbrigða frá 1991* (UPOV-samningurinn frá 1991) og

c) *samstarfsamningi um einkaleyfi frá 19. júní 1970* (Washington-gerð, breytt 1979 og lagfærð 1984).

3. Samningsaðilar, sem eru ekki aðilar að einum eða fleiri af þeim samningum sem eru taldir upp hér á eftir, skulu fullgilda eða gerast aðilar að eftirtöldum marghliða samningum frá og með gildistökudegi þessa samnings:
a) *samningi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) frá 20. desember 1996 um flutning og hljóðritanir* (WPPT) og
b) *samningi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) frá 20. desember 1996 um höfundarrétt* (WCT).
4. Samningsaðilar, sem eru ekki aðilar að *bókuninni frá 27. júní 1989 við Madrídarsamninginn um alþjóðlega skráningu merkja,* skulu fullgilda eða gerast aðilar að þessum samningi fyrir 1. janúar 2011.

5. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leggja fram, eins fljótt og unnt er, til umfjöllunar hjá lögbærum yfirvöldum samningsaðilanna, gögn um að þeir hafi gerst aðilar að *Genfargerð Haag-samningsins (1999) um alþjóðlega skráningu iðnhönnunar*.
6. Samningsaðilar geta samþykkt, með sameiginlegri ákvörðun, að sérfræðingar skiptist á skoðunum um aðgerðir sem tengjast gildandi eða fyrirhuguðum alþjóðasamningum um hugverkarétt og önnur mál í tengslum við hugverkarétt sem samningsaðilarnir koma sér saman um.

Gr. 6.5
Ráðstafanir í tengslum við líffræðilega fjölbreytni.
1. Samningsaðilar árétta fullveldisrétt sinn til innlendra auðlinda og viðurkenna réttindi sín og skyldur, eins og ákvarðað er í samningnum um líffræðilega

(b) *Berne Convention of 9 September 1886 for the Protection of Literary and Artistic Works* (Paris Act, 1971); and
(c) *International Convention of 26 October 1961 for the Protection of Performers, Producers of Phonograms and Broadcasting Organizations* (Rome Convention).
2. The Parties to this Agreement which are not parties to one or more of the agreements listed below shall ratify or accede to the following multilateral agreements at the entry into force of this Agreement:
(a) *Budapest Treaty of 28 April 1977 on the International Recognition of the Deposit of Microorganisms for the Purposes of Patent Procedure*;
(b) *International Convention for the Protection of New Varieties of Plants 1978* (1978 UPOV Convention), or the *International Convention for the Protection of New Varieties of Plants 1991* (1991 UPOV Convention); and
(c) *Patent Cooperation Treaty of 19 June 1970* (Washington Act, amended in 1979 and modified in 1984).
3. The Parties to this Agreement which are not parties to one or more of the agreements listed below shall ratify or accede to the following multilateral agreements within one year from the date of entry into force of this Agreement:
(a) *WIPO Performances and Phonograms Treaty* of 20 December 1996 (WPPT); and

(b) *WIPO Copyright Treaty* of 20 December 1996 (WCT).
4. The Parties which are not parties to the *Protocol of 27 June 1989 Relating to the Madrid Agreement concerning the International Registration of Marks* shall ratify or accede to this agreement before 1 January 2011.
5. The Parties will carry out the necessary actions to submit as soon as possible for the consideration of the Parties' competent national authorities the adherence to the *Geneva Act (1999) of the Hague Agreement concerning the International Registration of Industrial Designs*.
6. The Parties to this Agreement may agree, upon mutual consent, to have an exchange of views of experts on activities relating to existing or future international conventions on Intellectual Property Rights and on any other matter related to Intellectual Property Rights as the Parties may agree upon.

ARTICLE 6.5
Measures Related to Biodiversity
1. The Parties reaffirm their sovereign rights over their natural resources and recognise their rights and obligations as established by the *Convention on Bio-*

fjölbreytni, varðandi aðgang að erfðaauðlindum og sanngjarna og réttmæta hlutdeild í ávinningnum af nýtingu þeirra.

2. Samningsaðilar viðurkenna mikilvægi og gildi líffræðilegrar fjölbreytni og arftekinnar þekkingar þar að lútandi, nýsköpunar og venju í samfélögum innfæddra og staðbundnum samfélögum. Sérhver samningsaðili skal ákvarða skilyrði fyrir aðgangi að erfðaauðlindum sínum í samræmi við meginreglur og ákvæði í gildandi landslögum og alþjóðalögum.

3. Samningsaðilarnir viðurkenna framlag samfélaga innfæddra og staðbundinna samfélaga í fortíð, nútíð og framtíð og þekkingu þeirra, nýsköpun og venjur við varðveislu og sjálfbæra notkun líffræðilegra auðlinda og erfðaauðlinda og framlag arftekinnar þekkingar innfæddra og staðbundinna samfélaga til menningarlegrar, efnahagslegrar og félagslegrar þróunar þjóða.

4. Samningsaðilar skulu hafa samstarf í málum sem varða skort á framfylgd gildandi lagaákvæða um aðgang að erfðaauðlindum og arftekna þekkingu, nýsköpun og venjur.

5. Samningsaðilar skulu krefjast þess, í samræmi við landslög hvers og eins, að í einkaleyfisumsóknum sé greint frá uppruna eða upptökum erfðaauðlinda sem uppfinningamaðurinn, eða sá sem sækir um einkaleyfi, hefur haft aðgang að. Samningsaðilar geta einnig krafist þess, sé kveðið á um það í landslögum þeirra, að fyrirframupplýst samþykki (PIC) liggi fyrir og geta beitt þeim ákvæðum sem sett eru fram í þessari grein þegar um arftekna þekkingu er að ræða, eftir því sem við á.

6. Samningsaðilar skulu, í samræmi við landslög sín, hafa viðurlög samkvæmt stjórnsýslulögum, einkamálarétti eða hegningarlögum ef uppfinningamaður eða umsækjandi um einkaleyfi gefur vísvitandi villandi eða ranga yfirlýsingu um uppruna eða upptök. Dómari getur krafist þess að dómsúrskurður verði birtur.

7. Ef kveðið er á um það í lögum samningsaðila:

a) skal aðgangur að erfðaauðlindum vera háður fyrirfram upplýstu samþykki þess samningsaðila sem leggur til erfðaauðlindina og
b) skal aðgangur að arftekinni þekkingu samfélaga innfæddra og staðbundinna samfélaga, sem tengjast þessum auðlindum, vera háður samþykki og þátttöku þessara samfélaga.

8. Sérhver samningsaðili skal gera ráðstafanir á sviði stefnumótunar og laga- og stjórnsýslulegar ráðstafanir til þess að auðveldara verði að uppfylla skilmála og skilyrði fyrir aðgangi sem samningsaðilarnir setja vegna slíkra erfðaauðlinda.

logical Diversity with respect to access to genetic resources, and to the fair and equitable sharing of benefits arising out of the utilisation of these genetic resources.

2. The Parties recognise the importance and the value of their biological diversity and of the associated traditional knowledge, innovations and practices of indigenous and local communities. Each Party shall determine the access conditions to its genetic resources in accordance with the principles and provisions contained in applicable national and international law.

3. The Parties recognise past, present and future contributions of indigenous and local communities and their knowledge, innovations and practices to the conservation and sustainable use of biological and genetic resources and in general the contribution of the traditional knowledge of their indigenous and local communities to the culture and economic and social development of nations.

4. The Parties shall consider collaborating in cases regarding non compliance with applicable legal provisions on access to genetic resources and traditional knowledge, innovations and practices.

5. According to their national law, the Parties shall require that patent applications contain a declaration of the origin or source of a genetic resource, to which the inventor or the patent applicant has had access. As far as provided for in their national legislation, the Parties will also require the fulfilment of prior informed consent (PIC) and they will apply the provisions set out in this Article to traditional knowledge as applicable.

6. The Parties, in accordance with their national laws, shall provide for administrative, civil or criminal sanctions if the inventor or the patent applicant wilfully make a wrongful or misleading declaration of the origin or source. The judge may order the publication of the ruling.

7. If the law of a Party so provides:

(a) access to genetic resources shall be subject to the prior informed consent of the Party that is the Party providing the genetic resources; and
(b) access to traditional knowledge of indigenous and local communities associated to these resources shall be subject to the approval and involvement of these communities.

8. Each Party shall take policy, legal and administrative measures, with the aim of facilitating the fulfillment of terms and conditions for access established by the Parties for such genetic resources.

9. Samningsaðilar skulu gera ráðstafanir á sviði lagasetningar, stjórnsýslu eða stefnumótunar, eftir því sem við á, sem miða að því að tryggja sanngjarna og réttmæta hlutdeild í ávinningi af nýtingu erfðaauðlinda eða tengdrar arftekinnar vitneskju. Slík hlutdeild skal byggð á skilmálum sem gagnkvæmt samkomulag er um.

9. The Parties shall take legislative, administrative or policy measures, as appropriate, with the aim of ensuring the fair and equitable sharing of the benefits arising from the use of genetic resources or associated traditional knowledge. Such sharing shall be based on mutually agreed terms.

Gr. 6.6

Vörumerki.

1. Samningsaðilar skulu veita rétthöfum vörumerkja vöru og þjónustu fullnægjandi og árangursríka vernd. Vörumerki geta verið hvers konar tákn eða samsetning tákna sem eru til þess fallin að greina vörur eða þjónustu fyrirtækis frá vörum og þjónustu annarra fyrirtækja. Slík tákn, einkum orð sem fela í sér samsett orð, mannanöfn, bókstafi, tölustafi, myndeiningar, hljóð og litasamsetningar og samsetningar slíkra tákna, skal vera unnt að skrá sem vörumerki. Ef tákn eru ekki til þess fallin að greina á milli viðkomandi vara eða þjónustu geta samningsaðilar ákveðið að skráningarhæfi fari eftir aðgreiningarhæfi sem hefur áunnist við notkun. Samningsaðilar geta sett það skilyrði fyrir skráningu að tákn séu sýnileg.

2. Samningsaðilar skulu nota hina alþjóðlegu flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja sem var komið á með Nice-sáttmálanum frá 15. júní 1957 og gildandi breytingum á honum til að flokka þá vöru og þjónustu sem nota á vörumerkið fyrir.

3. Ekki skal nota flokka vöru og þjónustu hinnar alþjóðlegu flokkunar, sem um getur í 2. mgr., til að ákvarða hvort varan og þjónustan, sem er skráð fyrir tiltekið vörumerki, sé lík eða frábrugðin vöru og þjónustu með öðru vörumerki.

4. Samningsaðilar viðurkenna mikilvægi *sameiginlegu tilmælanna varðandi ákvæði um vernd þekktra merkja* (1999) og *sameiginlegu tilmælanna varðandi ákvæði um vernd merkja og annan eignarrétt á sviði iðnaðar í táknum, á Netinu* (2001), sem voru samþykkt á þingi Parísarsamtakanna um vernd eignarréttar á sviði iðnaðar og á aðalfundi Alþjóðahugverkastofnunarinnar og skulu styðjast við meginreglurnar sem er að finna í þessum tilmælum.

ARTICLE 6.6

Trademarks

1. The Parties shall grant adequate and effective protection to trademark right holders of goods and services. Any sign, or any combination of signs, capable of distinguishing the goods or services of one undertaking from those of other undertakings, shall be capable of constituting a trademark. Such signs, in particular words including combinations of words, personal names, letters, numerals, figurative elements, sounds and combinations of colours as well as any combination of such signs, shall be eligible for registration as trademarks. Where signs are not inherently capable of distinguishing the relevant goods or services, the Parties may make registrability depend on distinctiveness acquired through use. Parties may require, as a condition of registration, that signs be visually perceptible.

2. Parties shall use the International Classification of Goods and Services for the Purposes of the Registration of Trademarks established by the *Nice Agreement of 15 June 1957* and its effective amendments to classify the goods and services to which the trademarks shall be applied.

3. The classes of goods and services of the International Classification referred to in paragraph 2 shall not be used to determine whether the goods or services listed for a specific trademark are similar or different to those of another trademark.

4. The Parties recognise the importance of the *Joint Recommendation Concerning Provisions on the Protection of Well-Known Marks* (1999), and the *Joint Recommendation Concerning Provisions on the Protection of Marks, and other Industrial Property Rights in Signs, on the Internet* (2001), adopted by the Assembly of the Paris Union for the Protection of Industrial Property and the General Assembly of WIPO, and shall be guided by the principles contained in these Recommendations.

Gr. 6.7

Landfræðilegar merkingar, þ.m.t. upprunaheiti og vísbendingar um upptök.

1. Samningsaðilar skulu sjá til þess að í landslögum þeirra séu fullnægjandi og árangursrík úrræði til að

ARTICLE 6.7

Geographical Indications, Including Appelations of Origin and Indications of Source

1. The Parties to this Agreement shall ensure in their national laws adequate and effective means to protect

vernda landfræðilegar merkingar, þ.m.t. upprunaheiti[13] og vísbendingar um upptök.

2. Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „landfræðilegar merkingar“: merkingar sem gefa til kynna að vörutegund sé upprunnin á yfirráðasvæði samningsaðila, eða á svæði eða í umhverfi innan þess yfirráðasvæðis, þar sem rekja má tiltekin gæði, orðspor eða aðra eiginleika vörunnar sérstaklega til landfræðilegs uppruna hennar og

b) „vísbendingar um upptök“: hvort nöfn, framsetning, myndir, fánar eða tákn séu beinar eða óbeinar vísanir til tiltekins lands, svæðis, umhverfis eða staðar sem gefa til kynna landfræðilegan uppruna vöru eða þjónustu. Ekkert í þessum samningi krefst þess að samningsaðili breyti löggjöf sinni ef vernd vísbendinga um upptök er, á gildistökudegi þessa samnings, takmörkuð í landslögum hans við tilvik þar sem rekja má tiltekin gæði, orðspor eða aðra eiginleika vörunnar til landfræðilegs uppruna.

3. Óheimilt er að nota vísbendingu um upptök í viðskiptum með vörur eða þjónustu ef sú vísbending er röng eða misvísandi eða ef líklegt er að notkun hennar valdi ruglingi hjá almenningi varðandi landfræðilegan uppruna viðkomandi vöru eða þjónustu eða hafi í för með sér óréttmæta samkeppni í skilningi 10. gr. a í Parísarsamningnum.

4. Samningsaðilar skulu, með fyrirvara um 23. gr. TRIPS-samningsins, veita þeim sem eiga hagsmuna að gæta lagaúrræði til að koma í veg fyrir að landfræðilegar merkingar séu notaðar á samskonar vörur eða sambærilegar, sem eru ekki upprunnar á þeim stað sem er tilgreindur í viðkomandi merkingu, á þann hátt að sé villandi eða skapi rugling hjá almenningi að því er varðar landfræðilegan uppruna vörunnar, eða hafi í för með sér óréttmæta samkeppni í skilningi 10. gr. a í Parísarsamningnum.

Gr. 6.8

Höfundarréttur og skyld réttindi.

1. Samningsaðilar skulu veita og tryggja höfundum bókmennta- og listaverka og listflytjendum, framleiðendum hljóðrita svo og útvarps- og sjónvarpsfyrirtækjum fullnægjandi og árangursríka vernd verka þeirra, flutnings, hljóðrita og útsendinga, eftir því sem við á.

2. Óháð fjárhagslegum réttindum höfundar, og jafnvel þótt höfundur hafi framselt þess konar réttindi, skal hann þó hafa rétt til að krefjast viðurkenningar á því að hann sé höfundur verksins og til að mótmæla

[13] Ef samningsaðili hefur gert ráðstafanir til að vernda upprunaheiti í landslögum er ekkert í þessum samningi sem krefst þess að því verði breytt.

geographical indications, including appellations of origin[13], and indications of source.

2. For the purposes of this Agreement

(a) "geographical indications" are indications which identify a good as originating in the territory of a Party, or a region or locality in that territory, where a given quality, reputation or other characteristic of the good is essentially attributable to its geographical origin; and

(b) "indications of source", whether names, expressions, images, flags or signs constitute direct or indirect references to a particular country, region, locality or place as the geographical origin of goods or services. Nothing in this Agreement shall require a Party to amend its legislation if, at the date of entry into force of this Agreement, its national law limits the protection of indications of source to cases where a given quality, reputation or other characteristic of the good or the service is essentially attributable to its geographical origin.

3. An indication of source may not be used in the course of trade for a good or service where that indication is false or misleading or where its use is likely to cause confusion to the public as to the geographical origin, of the good or service in question, or which constitutes an act of unfair competition within the meaning of Article 10*bis* of the Paris Convention.

4. Without prejudice to Article 23 of the TRIPS Agreement, the Parties shall provide the legal means to interested parties to prevent the use of a geographical indication for identical or comparable goods not originating in the place indicated by the designation in question in a manner which misleads or confuses the public as to the geographical origin of the good, or which constitutes an act of unfair competition within the meaning of Article 10*bis* of the Paris Convention.

ARTICLE 6.8

Copyright and Related Rights

1. The Parties shall grant and assure to the authors of literary and artistic works and to performers, producers of phonograms and broadcasting organisations, an adequate and effective protection of their works, performances, phonograms and broadcasts, respectively.

2. Independently of the author's economic rights, and even after the transfer of the said rights, the author shall have the right to claim, at least, authorship of the work and to object to any distortion, mutilation

[13] If any Party has provided for the protection of appellations of origin in its national legislation, nothing in this Agreement shall require to amend it.

hvers konar afbökunum, skemmdum eða öðrum breytingum á því, eða annars konar spjöllum á því, sem vega myndu að heiðri hans eða orðspori.
3. Þau réttindi sem höfundi eru veitt í samræmi við 2. mgr. skulu haldast að honum látnum, a.m.k. þangað til fjárhagslegu réttindin falla niður og skulu þau vera í höndum þeirra einstaklinga og stofnana, sem lög ákveða í því landi þar sem verndar er krafist.

4. Réttindi skv. 2. og 3. mgr. skulu, að breyttu breytanda, veitt listflytjendum vegna lifandi listflutnings eða listflutnings sem tekinn hefur verið upp.

Gr. 6.9
Einkaleyfi.

1. Einkaleyfi skulu fáanleg fyrir öllum uppfinningum, hvort sem um er að ræða vörur eða aðferð, á öllum sviðum tækni, að því tilskildu að um sé að ræða eitthvað nýtt sem er framlag til uppfinninga og nýtanlegt í atvinnulífi. Ef ekki er kveðið á um annað í 3. mgr. skal vera unnt að fá einkaleyfi og nýta einkaleyfisrétt án mismununar eftir uppfinningastað, tæknisviði og því hvort vörurnar eru innfluttar eða framleiddar innanlands.
2. Samningsaðilum er heimilt að synja um einkaleyfi fyrir uppfinningar ef nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að þær séu nýttar í ábataskyni á yfirráðasvæði þeirra til að vernda allsherjarreglu eða siðgæði, þ.m.t. að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra og plantna eða koma í veg fyrir skaðleg áhrif á umhverfið, svo framarlega sem slík synjun stafar ekki eingöngu af því að nýting sé bönnuð samkvæmt lögum þeirra.
3. Samningsaðilum er einnig heimilt að synja um einkaleyfi fyrir:
a) aðferðir við sjúkdómsgreiningu, lækningar eða skurðlækningar á mönnum eða dýrum,
b) plöntur og dýr, að undanskildum örverum, og vinnsluaðferðir, sem eru í grundvallaratriðum líffræðilegs eðlis og notaðar við ræktun plantna eða dýra, að undanskildum vinnsluaðferðum sem eru hvorki líffræðilegar né örverufræðilegar. Samningsaðilar skulu þó kveða á um vernd plöntuyrkja, annaðhvort með einkaleyfum eða með sérstöku skilvirku kerfi eða samblandi af hvoru tveggja. Þrátt fyrir það sem að framan greinir skal samningsaðili, sem kveður ekki á um vernd einkaréttar fyrir plöntur, kosta kapps um að bjóða slíka vernd einkaleyfis sem samrýmist 1. mgr.
4. Hver samningsaðili skal leggja sig fram um að taka umsóknir um einkaleyfi og umsóknir um samþykki fyrir markaðssetningu fljótt til umfjöllunar með það fyrir augum að komast hjá óeðlilegum töfum. Samningsaðilar skulu hafa með sér samstarf og veita hver öðrum aðstoð við að ná þessu markmiði.

or other modification of, or other derogatory action in relation to, the said work, which would be prejudicial to his honour or reputation.
3. The rights granted to the author in accordance with paragraph 2 shall, after his death, be maintained, at least until the expiry of the economic rights, and shall be exercisable by the persons or institutions authorised by the legislation of the country where protection is claimed.
4. Rights under paragraphs 2 and 3 shall be granted, *mutatis mutandis*, to performers as regards their live performances or fixed performances.

ARTICLE 6.9
Patents

1. Patents shall be available for any inventions, whether products or processes, in all fields of technology, provided that they are new, involve an inventive step and are capable of industrial application. Subject to paragraph 3, patents shall be available and patent rights enjoyable without discrimination as to the place of invention, the field of technology and whether products are imported or locally produced.

2. Each Party may exclude from patentability inventions, the prevention within their territory of the commercial exploitation of which is necessary to protect *ordre public* or morality, including to protect human, animal or plant life or health or to avoid serious prejudice to the environment, provided that such exclusion is not made merely because the exploitation is prohibited by its law.
3. Each Party may also exclude from patentability:

(a) diagnostic, therapeutic and surgical methods for the treatment of humans or animals;
(b) plants and animals other than micro-organisms, and essentially biological processes for the production of plants or animals other than non-biological and microbiological processes. However, the Parties shall provide for the protection of plant varieties either by patents or by an effective *sui generis* system or by any combination thereof. Notwithstanding the foregoing, a Party that does not provide for patent protection for plants, shall undertake reasonable efforts to make such patent protection available consistent with paragraph 1.

4. Each Party shall make best efforts to process patent applications and marketing approval applications expeditiously with a view to avoiding unreasonable delays. The Parties shall co-operate and provide assistance to one another to achieve this objective.

5. Hver samningsaðili um sig getur, að því er varðar hvers konar lyfjavörur sem eru háðar einkaleyfi, gefið kost á því að einkaleyfishafi fái endurheimt eða bætt einkaleyfistímabil eða bættan einkaleyfisrétt vegna ósanngjarnrar styttingar gildandi einkaleyfistímabils sem rekja má til öflunar markaðssamþykkis í tengslum við fyrstu markaðssetningu vörunnar á yfirráðasvæði þess samningsaðila. Endurheimt samkvæmt þessari málsgrein skal veita allan einkarétt sem fylgir einkaleyfi með fyrirvara um sömu takmarkanir og undantekningar og gilda um upprunalega einkaleyfið.

Gr. 6.10
Hönnun.

Samningsaðilar skulu tryggja, í landslögum sínum, fullnægjandi og árangursríka vernd iðnhönnunar, einkum með því að kveða á um fullnægjandi verndartíma í samræmi við staðla sem gilda á alþjóðavísu. Samningsaðilarnir skulu leitast við að samræma verndartímabil sín.

Gr. 6.11
Trúnaðarupplýsingar/ráðstafanir í tengslum við tilteknar vörur sem reglur hafa verið settar um.

1. Samningsaðilar skulu vernda óbirtar upplýsingar í samræmi við 39. gr. TRIPS-samningsins.

2. Ef samningsaðili setur það skilyrði fyrir því að markaðssetning á lyfjavörum eða efnavörum fyrir landbúnað, þar sem notaðar eru nýjar efnaeiningar[14], verði samþykkt, að lögð verði fram óbirt prófunargögn um öryggi og skilvirkni, og verulega erfitt er að rekja uppruna þeirra, skal samningsaðilinn ekki leyfa að vara, sem inniheldur sömu, nýju efnaeininguna, sé markaðssett á grundvelli upplýsinga frá fyrri umsækjanda án samþykkis hans, í hæfilega langan tíma, sem, þegar um er að ræða lyfjavörur, er venjulega[15] fimm ár og, þegar um er að ræða efnavörur fyrir landbúnað, tíu ár frá þeim degi þegar markaðssetning er samþykkt á yfirráðasvæði samningsaðilans. Þrátt fyrir þetta ákvæði skal samningsaðili ekki bundinn neinum takmörkunum varðandi styttri málsmeðferð fyrir

[14] Í þessari málsgrein merkir „ný efnaeining“ virkt frumefni sem hefur ekki áður verið samþykkt á yfirráðasvæði samningsaðila sem efnavara fyrir landbúnað eða lyfjavara. Samningsaðilarnir þurfa ekki að beita þessu ákvæði þegar um er að ræða lyfjavörur sem innihalda efnaeiningu sem hefur áður verið samþykkt á yfirráðasvæði samningsaðilans vegna lyfjavöru.

[15] „Venjulega“ merkir að verndin skuli standa í fimm ár, nema í undantekningartilvikum þegar nauðsynlegt er að lýðheilsuhagsmunir gangi framar réttindum sem kveðið er á um í þessari málsgrein.

5. With respect to any pharmaceutical product that is covered by a patent, each Party may make available a restoration/compensation of the patent term or patent rights to compensate the patent owner for unreasonable curtailment of the effective patent term resulting from the marketing approval process related to the first commercial marketing of the product in the territory of that Party. Any restoration under this paragraph shall confer all exclusive rights of a patent subject to the same limitations and exceptions applicable to the original patent.

ARTICLE 6.10
Designs

The Parties shall ensure in their national laws adequate and effective protection of industrial designs by providing in particular, an adequate term of protection in accordance with internationally prevailing standards. The Parties shall seek to harmonise their respective term of protection.

ARTICLE 6.11
Undisclosed Information/Measures Related to Certain Regulated Products

1. The Parties shall protect undisclosed information as set out by and in accordance with Article 39 of the TRIPS Agreement.

2. Where a Party requires as a condition for marketing approval of pharmaceutical products or agricultural chemical products which utilise new chemical entities[14], the submission of undisclosed test data related to safety and efficacy, the origination of which involves a considerable effort, the Party shall not allow the marketing of a product which contains the same new chemical entity, based on the information provided by the first applicant without his consent, for a reasonable period, which, in the case of pharmaceutical products means normally[15] five years and, in the case of agricultural chemicals products, ten years from the date of the marketing approval in the territory of the Party. Subject to this provision, there shall be no limitation on any Party to implement

[14] For the purposes of this paragraph, a “new chemical entity” means an active principle that has not been previously approved in the territory of the Party for an agricultural chemical or pharmaceutical product. The Parties need not apply this provision with respect to a pharmaceutical product that contains a chemical entity that has been previously approved in the territory of the Party for a pharmaceutical product.

[15] “Normally” means that the protection shall extend to five years, unless there is an exceptional case, where the public health interests would need to take precedence over the rights provided for in this paragraph.

slíkar vörur á grundvelli rannsókna á lífjafngildi (bioequivalence) eða lífaðgengi (bioavailability).

3. Leyfa má að stuðst sé við eða vísað til gagna sem um getur í 2. mgr.

a) ef leitað er eftir samþykki fyrir endurinnfluttar vörur sem hafa verið samþykktar fyrir útflutninginn og
b) til að komast hjá ónauðsynlegri endurtekningu prófana á efnavörum fyrir landbúnað, þar sem hryggdýr eru notuð, enda fái fyrri umsækjandi fullnægjandi bætur.

4. Samningsaðili getur gert ráðstafanir til að vernda lýðheilsu í samræmi við:

a) framkvæmd yfirlýsingarinnar um TRIPS-samninginn og lýðheilsu (WT/MIN(01)/DEC/2) (hér á eftir í þessari grein nefnd „yfirlýsingin“),
b) undanþágu frá einhverju ákvæði TRIPS-samningsins sem aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni samþykkja í því skyni að koma yfirlýsingunni til framkvæmda og
c) breytingu á TRIPS-samningnum í því skyni að koma yfirlýsingunni til framkvæmda.

5. Ef samningsaðili styðst við samþykki fyrir markaðssetningu sem annar samningsaðili veitir og veitir samþykki sitt innan sex mánaða frá framlagningu fullbúinnar umsóknar um samþykki fyrir markaðssetningu, sem er lögð fram hjá samningsaðilanum, skal hæfilegt tímabil fyrir einkanot gagna, sem lögð eru fram í tengslum við það að fá samþykkið sem stuðst er við, hefjast þann dag þegar fyrsta samþykki fyrir markaðssetningu er veitt.

abbreviated approval procedures for such products on the basis of bioequivalence or bioavailability studies.

3. Reliance on or reference to data referred to in paragraph 2 may be permitted,

(a) where approval is sought for reimported products that have already been approved before exportation, and
(b) in order to avoid unnecessary duplication of tests of agricultural chemicals products involving vertebrate animals where the first applicant is adequately compensated.

4. A Party may take measures to protect public health in accordance with:

(a) implementation of the *Declaration of the TRIPS Agreement and Public Health* (WT/MIN(01)/DEC/2) (hereinafter referred to in this Article as the “Declaration”);
(b) any waiver of any provision of the TRIPS Agreement adopted by WTO members in order to implement the Declaration; and
(c) any amendment to the TRIPS Agreement to implement the Declaration.

5. Where a Party relies on a marketing approval granted by another Party, and grants approval within six months of the filing of a complete application for marketing approval filed in the Party, the reasonable period of exclusive use of the data submitted in connection with obtaining the approval relied on shall begin on the date of the first marketing approval.

Gr. 6.12

Öflun og viðhald hugverkaréttar.

Ef öflun hugverkaréttar er komin undir því að réttur sé veittur eða skráður skulu samningsaðilar sjá til þess að málsmeðferð við veitingu eða skráningu sé sambærileg þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í TRIPS-samningnum, einkum 62. gr.

ARTICLE 6.12

Acquisition and Maintenance of Intellectual Property Rights

Where the acquisition of an intellectual property right is subject to the right being granted or registered, the Parties shall ensure that the procedures for grant or registration are of the same level as that provided under the TRIPS Agreement, in particular Article 62.

Gr. 6.13

Framfylgd hugverkaréttar.

Samningsaðilar skulu setja ákvæði um framfylgd hugverkaréttar í landslög sín, sambærileg þeim sem kveðið er á um í TRIPS-samningnum, einkum í 41.–61. gr.

ARTICLE 6.13

Enforcement of Intellectual Property Rights

The Parties shall establish provisions for enforcement of intellectual property rights in their national laws that are of the same level as that provided under the TRIPS Agreement, in particular Articles 41 to 61.

Gr. 6.14

Réttur til upplýsinga við meðferð einkamála og stjórnsýslumeðferð.

Samningsaðilarnir geta kveðið á um að við meðferð einkamála og stjórnsýslumeðferð skuli dóms-

ARTICLE 6.14

Right of Information in Civil and Administrative Procedures

The Parties may provide that, in civil and administrative procedures, the judicial authorities shall have

málayfirvöld hafa heimild til þess, nema það samrýmist ekki alvarleika brotsins, að fyrirskipa þeim sem brotið fremur að segja rétthafa deili á þriðju aðilum, sem eiga hlutdeild í framleiðslu og dreifingu ólöglegrar vöru eða þjónustu, og upplýsa um dreifingarleiðir.[16]

Gr. 6.15

Frestun lögbærra yfirvalda á afgreiðslu.

1. Samningsaðilar skulu samþykkja málsmeðferð sem gerir rétthafa, sem hefur gildar ástæður til að ætla að innflutningur á vörum eigi sér stað þar sem brotið sé gegn höfundarrétti eða vörumerki, kleift að leggja fyrir lögbær yfirvöld, á sviði stjórnsýslu eða dómgæslu, skriflega umsókn um að tollyfirvöld fresti því að afgreiða slíkar vörur til frjálsrar dreifingar. Samningsaðilar skulu íhuga að beita slíkum ráðstöfunum gagnvart annars konar hugverkaréttindum.
2. Sá skilningur ríkir að ekki skuli vera skylt að beita þeirri málsmeðferð sem er sett fram í 1. mgr. varðandi frestun á afgreiðslu vara til frjálsrar dreifingar sem rétthafi hefur sett eða sett hefur verið með samþykki hans á markað í öðru landi.

Gr. 6.16

Réttur til skoðunar.

1. Lögbær yfirvöld skulu gefa umsækjanda um frestun á afgreiðslu vöru og öðrum aðilum, sem koma að frestuninni, kost á að skoða vörur sem frestað hefur verið að afgreiða eða lagt hefur verið hald á.

2. Þegar vörur eru rannsakaðar geta lögbær yfirvöld tekið sýni og afhent eða sent þau til rétthafans, samkvæmt gildandi reglum viðkomandi samningsaðila, sé það eindregin ósk rétthafa, eingöngu til greiningar og til þess að auðvelda síðari málsmeðferð. Þegar aðstæður leyfa skal skila sýnum að lokinni tæknilegri greiningu og, eftir atvikum, áður en varan er afgreidd eða haldlagningu aflétt. Öll greining á þessum sýnum skal vera alfarið á ábyrgð rétthafa.

Gr. 6.17

Ábyrgðaryfirlýsing, trygging eða jafngild ráðstöfun

1. Lögbær yfirvöld skulu hafa heimild til að krefjast þess að umsækjandi leggi fram tryggingu eða jafngildi hennar sem nægir til að vernda varnaraðila og lögbær yfirvöld og til að koma í veg fyrir misnotkun eða, í tilvikum sem kveðið er á um í landslögum

[16] Til frekari skýringar: litið er svo á að þetta ákvæði gildi ekki þegar það stríðir gegn stjórnskipulegum eða lögbundnum ábyrgðum.

the authority, unless this would be out of proportion to the seriousness of the infringement, to order the infringer to inform the right holder of the identity of third persons involved in the production and distribution of the infringing goods or services and of their channels of distribution.[16]

ARTICLE 6.15

Suspension of Release by Competent Authorities

1. The Parties shall adopt procedures to enable a right holder, who has valid grounds for suspecting that the importation of goods infringing copyright or trademark may take place, to lodge in writing an application with the competent authorities, administrative or judicial, for the suspension of the release into free circulation of such goods by the customs authorities. The Parties shall consider the application of such measures to other intellectual property rights.
2. It is understood that there shall be no obligation to apply procedures set forth in paragraph 1 to the suspension of the release into free circulation of goods put on the market in another country by or with the consent of the right holder.

ARTICLE 6.16

Right of Inspection

1. The competent authorities shall give the applicant for the suspension of goods and other persons involved in the suspension the opportunity to inspect goods whose release has been suspended or which have been detained.
2. When examining goods, the competent authorities may take samples and, according to the rules in force in the Party concerned, at the express request of the right holder, hand over or send such samples to the right holder, strictly for the purposes of analysis and to facilitate the subsequent procedure. Where circumstances allow, samples must be returned on completion of the technical analysis and, where applicable, before goods are released or their detention is lifted. Any analysis of these samples shall be carried out under the sole responsibility of the right holder.

ARTICLE 6.17

Liability Declaration, Security or Equivalent Assurance

1. The competent authorities shall have the authority to require an applicant to provide a security or equivalent assurance sufficient to protect the defendant and the competent authorities and to prevent abuse, or in the cases provided in their domestic legislation to

[16] For greater certainty, this provision does not apply when it conflicts with constitutional or statutory guarantees.

þeirra, að hann lýsi yfir eða samþykki ábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að afgreiðslu var frestað.
2. Trygging eða jafngildi hennar skv. 1. mgr. skal ekki að ástæðulausu koma í veg fyrir að þessari málsmeðferð sé beitt.

declare to accept liability for damages resulting from the suspension of release.
2. The security or equivalent assurance under paragraph 1 shall not unreasonably deter recourse to these procedures.

Gr. 6.18
Hvatning til rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar.

1. Samningsaðilar viðurkenna mikilvægi þess að stuðla að rannsóknum, tækniþróun og nýsköpun, að miðlun tæknilegra upplýsinga og því að auka og efla tæknigetu sína og þeir munu kappkosta að vinna saman á þessum sviðum, eftir því sem þeir eiga kost á.

2. Samstarf Kólumbíu og Ríkjasambandsins Sviss, á þeim sviðum sem um getur í 1. mgr., má einkum byggja á viljayfirlýsingum sem farið hafa milli skrifstofu menntamála og rannsókna í ráðuneyti innanríkismála í Ríkjasambandinu Sviss annars vegar og kólumbísku vísinda- og tækniþróunarstofnunarinnar „Francisco José de Caldas“ (COLCIENCIAS) frá 26. apríl 2005 hins vegar.

3. Í samræmi við það geta Kólumbía og Ríkjasambandið Sviss leitað eftir og ýtt undir tækifæri til samstarfs samkvæmt þessari grein og, eftir því sem við á, unnið að sameiginlegum, vísindalegum rannsóknarverkefnum. Embættin, sem um getur í 2. mgr., skulu vera tengiliðir sem greiða fyrir þróun samstarfsverkefna og endurskoða reglubundið stöðu slíks samstarfs með aðferðum sem gagnkvæmt samkomulag er um.
4. Kólumbía annars vegar og lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein og Konungsríkið Noregur hins vegar skulu leita tækifæra til samstarfs samkvæmt þessari grein. Byggja skal slíkt samstarf á skilmálum sem gagnkvæmt samkomulag er um og móta það á viðeigandi hátt.
5. Öllum tillögum og fyrirspurnum varðandi vísindalegt samstarf samningsaðilanna skal beint til þeirra fyrir milligöngu eftirtalinna stofnana:
- Kólumbía: Kólumbíska vísinda- og tækniþróunarstofnunin „Francisco José de Caldas“ (COLCIENCIAS),
- lýðveldið Ísland: Rannsóknamiðstöð Íslands (RANNÍS), ráðuneyti menntamála, vísinda og menningarmála,
- Konungsríkið Noregur: rannsóknarráð Noregs (Forskningsraadet) og
- Ríkjasambandið Sviss: skrifstofa menntamála og rannsókna í ráðuneyti innanríkismála.

ARTICLE 6.18
Promotion of Research, Technological Development and Innovation

1. The Parties acknowledge the importance of promoting research, technological development and innovation, of disseminating technological information, and of building and strengthening their technological capacities, and they will seek to co-operate in such areas, taking into account their resources.
2. Between Colombia and the Swiss Confederation co-operation in the fields mentioned in paragraph 1, may be based, in particular, on the respective Letters of Intent between the State Secretariat for Education and Research of the Federal Department of Home Affairs of the Swiss Confederation and the *Instituto Colombiano para el Desarollo de la Ciencia y la Tecnología "Francisco José de Caldas" (COLCIENCIAS)* of 26 April 2005.
3. Accordingly, Colombia and the Swiss Confederation may seek and encourage opportunities for co-operation according to this Article and, as appropriate, engage in collaborative scientific research projects. The offices mentioned in paragraph 2 shall act as contact points to facilitate the development of collaborative projects and periodically review the status of such collaboration through mutually agreed means.
4. Colombia on one side and the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein and the Kingdom of Norway on the other side will seek opportunities for co-operation according to this Article. Such co-operation shall be based on mutually agreed terms and will be formalised through appropriate means.
5. Any proposal or inquiry regarding scientific collaboration between the Parties shall be directed to the Parties through the following entities:
- Colombia: *Instituto Colombiano para el Desarrollo de la Ciencia y la Tecnología "Francisco José de Caldas" (COLCIENCIAS)*;
- the Republic of Iceland: Icelandic Center for Research (RANNÍS), Ministry of Education, Science and Culture;
- the Kingdom of Norway: The Research Council of Norway (Forskningsraadet); and
- the Swiss Confederation: State Secretariat for Education and Research of the Federal Department of Home Affairs.

7. KAFLI
OPINBER INNKAUP

Gr. 7.1

Gildissvið og umfang.

Beiting þessa kafla

1. Þessi kafli gildir um hvers konar ráðstafanir samningsaðila varðandi innkaup sem þessi samningur tekur til.

2. Í þessum kafla teljast innkaup, sem þessi samningur tekur til, vera innkaup á vegum hins opinbera á vörum, þjónustu eða samblandi af þessu:

a) með hvers konar samningsaðferðum, þ.m.t. kaup, langtíma- eða skammtímaleiga eða kaupleiga, með eða án kaupréttar,
b) þar sem verðmæti, eins og það er metið skv. 4. og 5. mgr. eftir því sem við á, jafngildir eða fer yfir viðeigandi viðmiðunarfjárhæð sem er tilgreind í 1.–3. viðbæti við XIX. viðauka (Aðilar sem samningurinn tekur til),
c) sem innkaupastofnun annast og
d) með fyrirvara um aðstæður sem eru tilgreindar í XIX. viðauka (Aðilar sem samningurinn tekur til) og XX. viðauka (Almennar athugasemdir).

3. Þessi kafli gildir ekki um:

a) samkomulag utan samnings eða neins konar aðstoð sem samningsaðili, þ.m.t. ríkisfyrirtæki, veitir, þ.m.t. samstarfssamningar, fjárveitingar, lán, styrkir, eiginfjáraukning, ábyrgðir og skattameðferð,
b) kaup eða yfirtöku þjónustu frá fjármála- eða innlánastofnunum, þjónustu á sviði uppgjörs og reksturs eftirlitsskyldra fjármálastofnana, eða þjónustu sem tengist sölu, innlausn og dreifingu skulda hins opinbera[17], þ.m.t. lán og ríkisskuldabréf, skuldaviðurkenningar og önnur verðbréf,
c) kaup, sem eru fjármögnuð með alþjóðlegum styrkjum, lánum eða annarri aðstoð, þegar gildandi málsmeðferð eða skilyrði myndu vera í ósamræmi við þennan kafla,
d) samninga sem er úthlutað samkvæmt:
   i. alþjóðlegum samningi og ætlaðir eru til sameiginlegrar framkvæmdar eða nýtingar verkefnis af hálfu samningsaðila,
   ii. alþjóðlegum samningi sem varðar setu herliðs og
e) ráðningarsamninga hins opinbera og ráðstafanir sem tengjast slíkum samningum eða

[17] Til frekari skýringar: litið er svo á að þessi kafli gildi ekki um kaup á bankaþjónustu, fjármálaþjónustu eða sérhæfðri þjónustu sem varðar eftirtalda starfsemi: a) að stofna til skulda hins opinbera eða b) meðferð skulda hins opinbera.

CHAPTER 7
GOVERNMENT PROCUREMENT

ARTICLE 7.1

Scope and Coverage

Application of Chapter

1. This Chapter applies to any measure of a Party regarding covered procurement.

2. For the purpose of this Chapter, "covered procurement" means a procurement for governmental purposes of goods, services, or any combination thereof:

(a) by any contractual means, including purchase, lease, rental or hire purchase, with or without an option to buy;
(b) for which the value, as estimated in accordance with paragraphs 4 and 5 as appropriate, equals or exceeds the relevant threshold specified in Appendices 1 through 3 to Annex XIX (Covered Entities);
(c) that is conducted by a procuring entity; and
(d) subject to the conditions specified in Annexes XIX (Covered Entities) and XX (General Notes).

3. This Chapter does not apply to:

(a) non-contractual agreements or any form of assistance that a Party, including a government enterprise, provides, including co-operative agreements, grants, loans, subsidies, equity infusions, guarantees, and fiscal incentives;
(b) the procurement or acquisition of fiscal agency or depository services, liquidation and management services for regulated financial institutions, or services related to the sale, redemption and distribution of public debt[17], including loans and government bonds, notes and other securities;
(c) procurement funded by international grants, loans, or other assistance where the applicable procedure or condition would be inconsistent with this Chapter;
(d) contracts awarded pursuant to:
   (i) an international agreement and intended for the joint implementation or exploitation of a project by the contracting parties;
   (ii) an international agreement relating to the stationing of troops;
(e) public employment contracts and related employment measures; and

[17] For greater certainty, this Chapter does not apply to procurement of banking, financial, or specialised services related to the following activities: (a) the incurring of public indebtedness; or (b) public debt management.

f) kaup eða leigu á landi, byggingum sem eru til fyrir eða öðrum fasteignum eða rétt yfir þeim.

Mat

4. Við mat á verðgildi innkaupa, í þeim tilgangi að fá fullvissu fyrir því að þessi samningur taki til innkaupanna, skal innkaupastofnun:

a) hvorki skipta innkaupum í aðskilin innkaup né nota sérstaka aðferð til að meta verðgildi innkaupanna í þeim tilgangi að komast hjá beitingu ákvæða þessa kafla,
b) taka tillit til greiðslna í hvaða formi sem er, þ.m.t. bónusgreiðslur, þóknanir, umboðslaun, vextir, aðrar tekjuleiðir sem kann að vera kveðið á um í samningnum og, ef innkaupin fela í sér möguleika á valfrjálsum ákvæðum, hámarksverðgildi innkaupanna í heild, að teknu tilliti til valfrjálsu innkaupanna og
c) byggja útreikninga sína á hámarksverðgildi innkaupanna í heild allan þann tíma sem þau standa yfir ef skipta á innkaupunum í marga hluta með samningum sem á að úthluta einum eða fleiri birgjum samtímis eða á tilteknu tímabili.

5. Ef metið hámarksverðgildi innkaupanna í heild, allan þann tíma sem þau standa yfir, er ekki þekkt skulu innkaupin falla undir þennan kafla.

6. Ekkert í þessum kafla skal koma í veg fyrir að samningsaðili geti mótað nýja stefnu varðandi innkaup, málsmeðferð eða samningsaðferðir, að því tilskildu að samræmis við þennan kafla sé gætt.

Gr. 7.2

Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skilyrði fyrir þátttöku“: hvers konar skráning, menntun og hæfi eða aðrar forsendur fyrir þátttöku í innkaupum,
b) „byggingarþjónusta“: þjónusta þar sem markmiðið er að annast mannvirkjagerð eða húsbyggingar, með hvaða aðferðum sem er, á grundvelli 51. deildar í bráðabirgðaaðalvöruflokkun Sameinuðu þjóðanna (CPC),
c) „dagar“: almanaksdagar,
d) „rafrænt uppboð“: ítrunarferli sem felur það í sér að birgjar nota rafrænar aðferðir til að kynna annaðhvort nýtt verð eða ný gildi, eða hvort tveggja, fyrir magnmælanlega þætti tilboðsins, ótengda verðlagningu, sem tengjast matsviðmiðunum, sem leiðir til flokkunar eða endurflokkunar tilboða,
e) „skriflegt“: hvers konar tjáning með orðum eða tölum eða öðrum táknum sem hægt er að lesa, endurgera og miðla síðar. Slík tjáning getur falið

(f) the acquisition or rental of land, existing buildings, or other immovable property or the rights thereon.

Valuation

4. In estimating the value of a procurement for the purpose of ascertaining whether it is a covered procurement, a procuring entity shall:

(a) neither divide a procurement into separate procurements nor use a particular method for estimating the value of a procurement for the purpose of avoiding the application of this Chapter;
(b) take into account all forms of remuneration, including any premiums, fees, commissions, interest, other revenue streams that may be provided for under the contract and, where the procurement provides for the possibility of option clauses, the total maximum value of the procurement, inclusive of optional purchases; and
(c) where the procurement is to be conducted in multiple parts, with contracts to be awarded at the same time or over a given period to one or more suppliers, base its calculation on the total maximum value of the procurement over its entire duration.

5. Where the total estimated maximum value of a procurement over its entire duration is not known, the procurement shall be covered by this Chapter.

6. Nothing in this Chapter shall prevent a Party from developing new procurement policies, procedures or contractual means, provided that they are consistent with this Chapter.

ARTICLE 7.2

Definitions

For purposes of this Chapter:

(a) “conditions for participation” means any registration, qualification or other pre-requisites for participation in a procurement;
(b) “construction service” means a service that has as its objective the realisation by whatever means of civil or building works, based on Division 51 of the United Nations Provisional Central Product Classification (CPC);
(c) “days” means calendar days;
(d) “electronic auction” means an iterative process that involves the use of electronic means for the presentation by suppliers of either new prices, or new values for quantifiable non-price elements of the tender related to the evaluation criteria, or both, resulting in a ranking or re-ranking of tenders;
(e) “in writing” or “written” means any worded, numbered expression, or other symbols that can be read, reproduced and later communicated. It

í sér upplýsingar sem eru sendar og geymdar með rafrænum hætti,

f) „lokað útboð“: innkaupaaðferð þar sem innkaupastofnunin hefur samband við birgi eða birgja að eigin vali,

g) „ráðstöfun“: hvers konar lög, reglugerð, málsmeðferð, stjórnsýsluleiðbeiningar eða -venjur eða hvers konar aðgerð innkaupastofnunar vegna innkaupa sem þessi samningur tekur til,

h) „fjölnotaskrá“: skrá yfir birgja sem innkaupastofnun hefur ákvarðað að uppfylli skilyrðin fyrir því að vera í þeirri skrá og innkaupastofnunin hyggst skipta við oftar en einu sinni,

i) „tilkynning um fyrirhugað útboð“: tilkynning sem innkaupastofnun birtir þar sem birgjum, sem hafa áhuga, er boðið að leggja fram beiðni um þátttöku, tilboð eða hvort tveggja,

j) „uppbætur“: skilyrði eða starfsemi sem stuðlar að byggðaþróun eða bætir viðskiptajöfnuð samningsaðila, s.s. notkun innlends efnis, veiting leyfa fyrir tækni, fjárfestingar, gagnkvæm viðskipti og álíka aðgerðir eða kröfur,

k) „opið útboð“: innkaupaaðferð þar sem allir birgjar, sem hafa áhuga, geta lagt fram tilboð,

l) „innkaup“: ferli þar sem hið opinbera fær til afnota eða kaupir vörur eða þjónustu, eða sambland af hvoru tveggja, í þágu ríkisins, sem hvorki er ætlunin að selja eða endurselja í hagnaðarskyni né heldur að nota við framleiðslu á vörum eða veitingu þjónustu í hagnaðarskyni eða til endursölu,

m) „innkaupastofnun“: stofnun sem fellur undir 1.–3. viðbæti við XIX. viðauka (Aðilar sem samningurinn tekur til),

n) „opinber sérleyfissamningur um verk“: samningur sömu gerðar og byggingarsamningar, nema að því leyti að þóknun fyrir verk, sem á að vinna, felst annaðhvort eingöngu í réttinum til að hagnýta bygginguna eða þeim rétti ásamt greiðslu,

o) „hæfur birgir“: birgir sem innkaupastofnun viðurkennir að uppfylli skilyrði fyrir þátttöku,

p) „útboð með forvali“: innkaupaaðferð þar sem einungis hæfir birgjar fá boð frá innkaupastofnun um að leggja fram tilboð,

q) „þjónusta“: felur í sér byggingarþjónustu nema annað sé tekið fram,

r) „staðall“: skjal sem viðurkenndur aðili hefur samþykkt, þar sem kveðið er á um, til sameiginlegrar og endurtekinnar beitingar, reglur, viðmiðunarreglur eða eiginleika vöru eða þjónustu eða vinnsluferli og framleiðsluaðferðir sem tengjast

may include electronically transmitted and stored information;

(f) “limited tendering” means a procurement method whereby the procuring entity contacts a supplier or suppliers of its choice;

(g) “measure” means any law, regulation, procedure, administrative guidance or practice, or any action of a procuring entity relating to a covered procurement;

(h) “multi-use list” means a list of suppliers that a procuring entity has determined satisfy the conditions for participation in that list, and that the procuring entity intends to use more than once;

(i) “notice of intended procurement” means a notice published by a procuring entity inviting interested suppliers to submit a request for participation, a tender, or both;

(j) “offsets” means any condition or undertaking that encourages local development or improves a Party's balance-of-payments accounts, such as the use of domestic content, the licensing of technology, investment, counter-trade and similar actions or requirements;

(k) “open tendering” means a procurement method where all interested suppliers may submit a tender;

(l) “procurement” means the process by which a government obtains the use of or acquires goods or services, or any combination thereof, for governmental purposes and not with a view to commercial sale or resale or with a view to use in the production or supply of goods or services for commercial sale or resale;

(m) “procuring entity” means an entity covered under Appendices 1 through 3 to Annex XIX (Covered Entities);

(n) “public works concessions” means a contract of the same type as construction services contracts, except for the fact that the remuneration for the works to be carried out consists either solely in the right to exploit the construction or in this right together with a payment;

(o) “qualified supplier” means a supplier that a procuring entity recognises as having satisfied the conditions for participation;

(p) “selective tendering” means a procurement method whereby only qualified suppliers are invited by the procuring entity to submit a tender;

(q) “services” includes construction services, unless otherwise specified;

(r) “standard” means a document approved by a recognised body, that provides, for common and repeated use, rules, guidelines, or characteristics for goods or services, or related processes and production methods, with which compliance is

þeim og sem ekki er skylt að fylgja. Hann getur enn fremur náð yfir eða átt eingöngu við um hugtakanotkun, tákn, pökkun, merkingar eða merkimiða sem skylt er að nota í tengslum við vöru, þjónustu, vinnsluferli eða framleiðsluaðferð,

s) „birgir“: aðili eða hópur aðila sem lætur eða getur látið innkaupastofnun í té vörur eða þjónustu,

t) „tækniforskrift“: útboðskrafa þar sem:

i. lýst er eiginleikum vöru eða þjónustu sem á að kaupa, s.s. gæðum, nothæfi, öryggi og stærðum eða ferli og aðferðum við framleiðslu eða útvegun eða

ii. fjallað er um kröfur um hugtakanotkun, tákn, pökkun, merkingar eða merkimiða eftir því sem við á um tiltekna vöru eða þjónustu.

not mandatory. It may also include or deal exclusively with terminology, symbols, packaging, marking, or labelling requirements as they apply to a good, service, process, or production method;

(s) "supplier" means a person or group of persons that provides or could provide goods or services to a procuring entity; and

(t) "technical specification" means a tendering requirement that:

(i) lays down the characteristics of goods or services to be procured, including quality, performance, safety, and dimensions, or the processes and methods for their production or provision; or

(ii) addresses terminology, symbols, packaging, marking, or labelling requirements, as they apply to a good or service.

Gr. 7.3

Undantekningar frá kaflanum.

1. Ekkert í þessum kafla skal túlkað þannig að það komi í veg fyrir að samningsaðili grípi til einhverra aðgerða eða birti ekki upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til þess að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína, sem tengjast innkaupum á vopnum, skotfærum eða herbúnaði eða innkaupum sem eru óhjákvæmileg vegna þjóðaröryggis eða landvarna.

2. Með fyrirvara um að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að þær geti talist til geðþóttabundinnar eða óréttlætanlegrar mismununar samningsaðila eða duldra takmarkana á viðskiptum milli þeirra skal ekkert í þessum kafla túlkað svo að það komi í veg fyrir að samningsaðili samþykki eða viðhaldi ráðstöfunum sem eru:

a) nauðsynlegar til þess að vernda almennt siðgæði, allsherjarreglu eða öryggi,
b) nauðsynlegar til þess að vernda líf og heilsu manna, dýra eða plantna,
c) nauðsynlegar til þess að vernda hugverk eða
d) í tengslum við vöru eða þjónustu fatlaðra eða góðgerðarstofnana eða afrakstur af fangelsisvinnu.

3. Af hálfu samningsaðila ríkir sá skilningur að b-liður 2. mgr. feli í sér ráðstafanir á sviði umhverfismála sem eru nauðsynlegar til að vernda líf eða heilsu manna, dýra eða plantna.

ARTICLE 7.3

Exceptions to the Chapter

1. Nothing in this Chapter shall be construed to prevent a Party from taking any action or not disclosing any information that it considers necessary for the protection of its essential security interests relating to the procurement of arms, ammunition, or war materials, or to procurement indispensable for national security or for national defense purposes.

2. Subject to the requirement that such measures are not applied in a manner that would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between the Parties or a disguised restriction to trade between the Parties, nothing in this Chapter shall be construed to prevent a Party fromadopting or maintaining measures:

(a) necessary to protect public morals, order or safety;
(b) necessary to protect human, animal or plant life or health;
(c) necessary to protect intellectual property; or
(d) relating to goods or services of persons with disabilities, philanthropic institutions, or prison labour.

3. The Parties understand that subparagraph 2 (b) includes environmental measures necessary to protect human, animal or plant life or health.

Gr. 7.4

Meginreglur.

Innlend meðferð og bann við mismunun

1. Að því er varðar hvers konar ráðstafanir varðandi innkaup, sem þessi samningur tekur til, skal hver samningsaðili, ásamt innkaupastofnunum sínum, veita tafarlaust og skilyrðislaust eigi óhagstæðari

ARTICLE 7.4

General Principles

National Treatment and Non-Discrimination

1. With respect to any measure regarding covered procurement, each Party including its procuring entities shall accord immediately and unconditionally to the goods and services of another Party and to the

meðferð þegar um er að ræða vörur og þjónustu annars samningsaðila og birgja annars samningsaðila, sem bjóða slíka vöru og þjónustu, en hann veitir þegar um er að ræða innlendar vörur, þjónustu og birgja.

2. Að því er varðar hvers konar ráðstafanir varðandi innkaup, sem þessi samningur tekur til, skal samningsaðili og innkaupastofnanir hans:

a) veita birgjum, með staðfestu í landi þeirra, eigi lakari meðferð en öðrum birgjum með staðfestu í landinu á grundvelli umfangs erlendra eignartengsla eða eignarhalds og
b) ekki mismuna birgjum með staðfestu í landi þeirra á grundvelli þess að vörur eða þjónusta, sem viðkomandi birgir býður fram vegna tilteknina innkaupa, séu vörur eða þjónusta frá öðrum samningsaðila.

Rafrænar aðferðir

3. Þegar innkaup, sem þessi samningur tekur til, eru gerð með rafrænum aðferðum skal innkaupastofnun:

a) tryggja að við innkaupin séu notuð upplýsingatæknikerfi og hugbúnaður, þ.m.t. sú tækni sem tengist sannvottun og dulkóðun upplýsinga, sem eru alla jafna tiltæk og rekstrarsamhæfð öðrum upplýsingatæknikerfum og hugbúnaði sem eru alla jafna tiltæk og
b) nota kerfi sem tryggja áreiðanleika beiðni um að leggja fram þátttökutilkynningu og tilboð, þ.m.t. að ákveða tímamörk slíkrar beiðni og að koma í veg fyrir óeðlilegan aðgang.

Framkvæmd innkaupa

4. Innkaupastofnun skal annast innkaup, sem þessi samningur tekur til, á gagnsæjan og óhlutdrægan hátt:

a) sem er í samræmi við þennan kafla og skal beita aðferðum á borð við opin útboð, útboð með forvali og lokuð útboð, eins og tilgreint er í gr. 7.10 (Útboðsferli),
b) þannig að komast megi hjá hagsmunaárekstrum og
c) þannig að koma megi í veg fyrir óheiðarlega viðskiptahætti.

Upprunareglur

5. Hver samningsaðili skal, við vöruinnkaup sem þessi samningur tekur til, beita upprunareglum sem hann beitir í venjubundnum viðskiptum með slíkar vörur.

Uppbætur

6. Að því er varðar innkaup, sem þessi samningur tekur til, skal samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, ekki falast eftir, reikna með, koma á eða innleiða uppbætur á neinu stigi innkaupa.

Ráðstafanir sem eru ekki bundnar við innkaup

7. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um tolla eða nein önnur gjöld, sem eru lögð á eða tengjast innflutningi, aðferðir við álagningu slíkra tolla eða gjalda, aðrar

suppliers of another Party offering such goods or services, treatment no less favourable than the treatment accorded to domestic goods, services and suppliers.

2. With respect to any measure regarding covered procurement, a Party, including its procuring entities, shall not:

(a) treat a locally established supplier less favourably than another locally established supplier on the basis of the degree of foreign affiliation or ownership; or
(b) discriminate against a locally established supplier on the basis that the goods or services offered by that supplier for a particular procurement are goods or services of another Party.

Use of Electronic Means

3. When conducting covered procurement by electronic means, a procuring entity shall:

(a) ensure that the procurement is conducted using information technology systems and software, including those related to authentication and encryption of information, that are generally available and interoperable with other generally available information technology systems and software; and
(b) maintain mechanisms that ensure the integrity of requests for participation and tenders, including establishment of the time of receipt and the prevention of inappropriate access.

Conduct of Procurement

4. A procuring entity shall conduct covered procurement in a transparent and impartial manner that:

(a) is consistent with this Chapter, using methods such as open tendering, selective tendering, and limited tendering as specified in Article 7.10 (Tendering Procedures);
(b) avoids conflicts of interest; and
(c) prevents corrupt practices.

Rules of Origin

5. Each Party shall apply to covered procurement of goods the rules of origin that it applies in the normal course of trade to those goods.

Offsets

6. With regard to covered procurement, a Party, including its procuring entities, shall not seek, take account of, impose, or enforce offsets at any stage of a procurement.

Measures Not Specific to Procurement

7. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply to customs duties and charges of any kind imposed on, or in connection with, importation, the

innflutningsreglur eða formsatriði og ráðstafanir, sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti, nema um sé að ræða ráðstafanir vegna opinberra innkaupa sem þessi samningur tekur til.

Gr. 7.5
Birting upplýsinga um innkaup.

1. Hver samningsaðili skal þegar í stað birta allar ráðstafanir sem gilda almennt um innkaup sem þessi samningur tekur til og allar breytingar á þeim upplýsingum, í viðeigandi miðlum sem um getur í 2. viðbæti við XX. viðauka (Almennar athugasemdir), þ.m.t. opinberlega tilnefndir rafrænir miðlar.
2. Hver samningsaðili skal skýra fyrrnefndar upplýsingar fyrir öðrum samningsaðila ef sá aðili óskar eftir því.

Gr. 7.6
Birting tilkynninga.

Tilkynning um fyrirhuguð innkaup

1. Hver innkaupastofnun skal, vegna allra innkaupa, sem þessi samningur tekur til, birta tilkynningu þar sem birgjum er boðið að leggja fram tilboð eða, ef við á, umsókn um þátttöku í því útboði sem um er að ræða, nema við þær aðstæður sem lýst er í 8. mgr. gr. 7.10 (Útboðsferli). Birta skal tilkynninguna í þeim rafrænu miðlum eða prentmiðlum sem eru tilgreindir í 2. viðbæti við XX. viðauka (Almennar athugasemdir) og allar slíkar tilkynningar skulu vera aðgengilegar þann tíma sem tilboðsfrestur vegna viðkomandi innkaupa varir.
2. Í hverri tilkynningu um fyrirhuguð innkaup komi eftirfarandi fram, nema kveðið sé á um annað í þessum kafla:
a) lýsing á fyrirhuguðum innkaupum,
b) aðferð sem notuð er við innkaupin,
c) öll skilyrði sem birgjar verða að uppfylla vegna þátttöku í innkaupunum,
d) heiti þeirrar stofnunar sem sendir út tilkynninguna,
e) heimilisfang og tengiliður þar sem birgjar geta nálgast öll skjöl varðandi innkaupin,
f) eftir atvikum, heimilisfang og lokafrestur til að leggja fram beiðni um þátttöku í innkaupunum,
g) heimilisfang og lokafrestur til að leggja fram tilboð,
h) dagsetningar fyrir afhendingu vöru eða þjónustu sem kaupa á eða gildistími samningsins og
i) ábending um að innkaupin falli undir þennan kafla.
3. Stofnanir skulu birta tilkynningar tímanlega á þann hátt að áhugasömum birgjum hjá samningsaðilunum sé tryggður sem greiðastur aðgangur án mismununar. Slíkur aðgangur skal vera ókeypis, á

method of levying such duties and charges, other import regulations or formalities, and measures affecting trade in services other than measures governing covered procurement.

ARTICLE 7.5
Publication of Procurement Information

1. Each Party shall promptly publish any measure of general application regarding covered procurement and any modification to this information, in the appropriate publications referred to in Appendix 2 of Annex XX (General Notes), including officially designated electronic media.
2. Each Party shall, on request, provide to another Party an explanation relating to such information.

ARTICLE 7.6
Publication of Notices

Notice of Intended Procurement

1. For each covered procurement, a procuring entity shall publish a notice inviting suppliers to submit tenders, or where appropriate, applications for participation for that procurement, except in the circumstances described in paragraph 8 of Article 7.10 (Tendering Procedures). The notice shall be published in the electronic or paper media listed in Appendix 2 to Annex XX (General Notes), and each such notice shall be accessible during the entire period established for tendering for the relevant procurement.

2. Except as otherwise provided for in this Chapter, each notice of intended procurement shall include:

(a) a description of the intended procurement;
(b) the procurement method;
(c) any conditions that suppliers must fulfill to participate in the procurement;
(d) the name of the entity issuing the notice;
(e) the address and contact where suppliers may obtain all documents relating to the procurement;
(f) where applicable, the address and any final date for the submission of requests for participation in the procurement;
(g) the address and the final date for the submission of tenders;
(h) the dates for delivery of the goods or services to be procured or the duration of the contract; and
(i) an indication that the procurement is covered by this Chapter.
3. Entities shall publish the notices in a timely manner through means which offer the widest possible and non-discriminatory access to the interested suppliers of the Parties. These means shall be accessible

einum þjónustustað sem er tilgreindur í 2. viðbæti við XX. viðauka (Almennar athugasemdir).

Tilkynning um fyrirhuguð innkaup

4. Hver samningsaðili skal hvetja innkaupastofnanir sínar til að birta upplýsingar um fyrirhuguð innkaup stofnunarinnar í rafrænum miðlum, sem eru tilgreindir í 2. viðbæti XX. viðauka (Almennar athugasemdir), eins fljótt og unnt er á viðkomandi reikningsári. Í slíkum tilkynningum skal tilgreina hvaða innkaup um er að ræða og áætlaðan birtingardag tilkynningarinnar um fyrirhuguð innkaup.

Gr. 7.7

Skilyrði fyrir þátttöku.

1. Við mat á því hvort birgir uppfylli skilyrði fyrir þátttöku skal samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans:

a) takmarka slík skilyrði að því marki sem er nauðsynlegt til að tryggja að birgir hafi lagalegar og fjárhagslegar forsendur og viðskiptalega og tæknilega getu til að sinna þeim innkaupum sem um er að ræða og meta þær forsendur og getu á grundvelli viðskiptastarfsemi birgisins, bæði innan og utan yfirráðasvæðis samningsaðilans þar sem innkaupastofnunin er,
b) grundvalla ákvarðanir sínar eingöngu á þeim skilyrðum sem innkaupastofnun hefur tilgreint fyrir fram í tilkynningum eða útboðsgögnum,
c) ekki setja það skilyrði fyrir þátttöku birgis í innkaupum að innkaupastofnun viðkomandi samningsaðila hafi áður gert við hann einn eða fleiri samninga,
d) hafa heimild til að krefjast þess að viðkomandi birgir hafi reynslu þar sem það er nauðsynlegt til að uppfylla kröfur vegna innkaupanna og
e) heimila að allir innlendir birgjar og birgjar annars samningsaðila, sem uppfylla skilyrði fyrir þátttöku, séu viðurkenndir sem hæfir birgjar og hæfir til þátttöku í innkaupunum.

2. Þegar sönnunargögn eru fyrirliggjandi getur samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, útilokað birgi af ástæðum á borð við:

a) gjaldþrot,
b) rangar yfirlýsingar,
c) verulega eða viðvarandi annmarka á framkvæmd efnislegra krafna eða skuldbindinga samkvæmt fyrri samningi eða samningum,
d) endanlega dóma vegna alvarlegra afbrota eða annarra alvarlegra brota,
e) alvarlegt misferli eða aðgerðir eða aðgerðaleysi sem gefur slæma mynd af ráðvendni birgisins í viðskiptum eða
f) ógreidda skatta.

Skráningarkerfi og verklag við ákvörðun hæfis

3. Samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, get-

free of charge through a single point of access specified in Appendix 2 to Annex XX (General Notes)

Notice of Planned Procurement

4. Each Party shall encourage its procuring entities to publish in an electronic medium, listed in Appendix 2 to Annex XX (General Notes), as early as possible in the fiscal year, information regarding the entity's future procurement plans. Such notices should include the subject matter of the procurement and the planned date of the publication of the notice of intended procurement.

ARTICLE 7.7

Conditions for Participation

1. In assessing whether a supplier satisfies the conditions for participation, a Party, including its procuring entities:

(a) shall limit such conditions to those that are essential to ensure that a supplier has the legal and financial capacities and the commercial and technical abilities to undertake the relevant procurement and evaluate those capacities and abilities on the basis of that supplier's business activities both inside and outside the territory of the Party of the procuring entity;
(b) shall base its determination solely on the conditions that the procuring entity has specified in advance in notices or tender documentation;
(c) may not impose the condition that, in order for a supplier to participate in a procurement, the supplier has previously been awarded one or more contracts by a procuring entity of the given Party;
(d) may require relevant prior experience where essential to meet the requirements of the procurement; and
(e) allow all domestic suppliers and suppliers of another Party that satisfy the conditions for participation to be recognised as qualified suppliers and to participate in the procurement.

2. Where there is supporting evidence, a Party, including its procuring entities, may exclude a supplier on grounds such as:

(a) bankruptcy
(b) false declarations
(c) significant or persistent deficiencies in performance of any substantive requirement or obligation under a prior contract or contracts;
(d) final judgments in respect of serious crimes or other serious offences;
(e) professional misconduct or acts or omissions that adversely reflect upon the commercial integrity of the supplier; or
(f) failure to pay taxes.

Registration Systems and Qualification Procedures

3. A Party, including its procuring entities, may

ur haldið úti skráningarkerfi fyrir birgja, en þar skulu áhugasamir birgjar skrá sig og veita tilteknar upplýsingar.
4. Innkaupastofnanir skulu ekki taka upp eða nota skráningarkerfi eða hæfismat í þeim tilgangi eða með þeim afleiðingum að hindri að óþörfu þátttöku birgja annarra samningsaðila í innkaupaferli samningsaðilans.
5. Innkaupastofnanir skulu þegar í stað tilkynna birgjum, sem hafa farið fram á hæfismat, um ákvörðun sína þar að lútandi. Ef innkaupastofnun hafnar beiðni um hæfismat eða neitar að viðurkenna hæfi birgis skal sú innkaupastofnun, að beiðni viðkomandi birgis, þegar í stað láta honum í té skriflega skýringu.

Fjölnotaskrár
6. Innkaupastofnun getur komið á fót eða haldið úti fjölnotaskrá yfir birgja, að því tilskildu að tilkynning, þar sem áhugasömum birgjum er boðið að sækja um að verða færðir í skrána, sé birt í viðeigandi miðlum sem eru tilgreindir í 2. viðbæti við XX. viðauka (Almennar athugasemdir).
7. Í tilkynningunni, sem kveðið er á um í 6. mgr., skal eftirfarandi koma fram:
a) lýsing á vörum eða þjónustu eða flokkum sem heimilt er að hafa í skránni,
b) frestur til að leggja fram beiðni um að vera færður í skrána,
c) þau skilyrði fyrir þátttöku sem birgjar þurfa að uppfylla og þær aðferðir sem viðkomandi innkaupastofnun mun nota til að sannreyna að skilyrðin hafi verið uppfyllt,
d) nafn og heimilisfang innkaupastofnunarinnar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um hvernig ná megi sambandi við stofnunina og fá öll viðeigandi skjöl sem skrána varða,
e) gildistími skrárinnar og með hvaða hætti hún er endurnýjuð eða henni eytt eða, þegar gildistíminn er ekki gefinn upp, upplýsingar um með hvaða hætti tilkynnt verður um að notkun skrárinnar hafi verið hætt og
f) ábending um að nota megi skrána fyrir innkaup sem falla undir ákvæði þessa kafla.
8. Innkaupastofnun skal heimila birgjum að óska, hvenær sem er, eftir því að verða færðir í fjölnotaskrá og skal færa alla hæfa birgja í skrána eins skjótt og aðstæður leyfa.

Gr. 7.8
Útboðsgögn og tækniforskriftir.

Útboðsgögn
1. Innkaupastofnun skal afhenda birgjum útboðsgögn með öllum upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að gera þeim kleift að semja og leggja fram tilboð.

maintain a supplier registration system under which interested suppliers are required to register and provide certain information.
4. Procuring entities shall not adopt or apply any registration system or qualification procedure with the purpose or the effect of creating unnecessary obstacles to the participation of suppliers of another Party in its procurement.
5. A procuring entity shall promptly communicate to any supplier that has applied for qualification its decision on whether that supplier is qualified. Where an entity rejects an application for qualification or ceases to recognise a supplier as qualified, that entity shall, on request of the supplier, promptly provide it a written explanation.
Multi-Use Lists
6. A procuring entity may establish or maintain a multi-use list of suppliers, provided that a notice inviting interested suppliers to apply for inclusion on the list is published in the appropriate medium listed in Appendix 2 of Annex XX (General Notes).

7. The notice provided for in paragraph 6 shall include:
(a) a description of the goods or services, or categories thereof, for which the list may be used;
(b) any deadlines for submission of applications for inclusion on the list;
(c) the conditions for participation to be satisfied by suppliers and the methods that the procuring entity will use to verify a supplier's satisfaction of the conditions;
(d) the name and address of the procuring entity and other information necessary to contact the entity and obtain all relevant documents relating to the list;
(e) the period of validity of the list and the means for its renewal or termination, or where the period of validity is not provided, an indication of the method by which notice will be given of the termination of use of the list; and
(f) an indication that the list may be used for procurement covered by this Chapter.
8. A procuring entity shall allow suppliers to apply at any time for inclusion on a multi-use list and shall include on the list all qualified suppliers within a reasonably short time.

ARTICLE 7.8
Tender Documentation and Technical Specification

Tender Documentation
1. A procuring entity shall provide to suppliers tender documentation that includes all information necessary to permit suppliers to prepare and submit

Hafi heildarlýsing ekki komið fram í tilkynningunni um fyrirhuguð innkaup skal vera heildarlýsing í útboðsgögnunum á eftirfarandi:

a) innkaupunum, þ.m.t. hvers konar og hve mikið magn vöru eða þjónustu á að kaupa eða, þegar ekki er vitað um magnið, áætlað magn og allar kröfur sem þarf að uppfylla, þ.m.t. allar tækniforskriftir, vottorð um samræmismat, áætlanir, teikningar eða leiðbeiningar,

b) skilyrðum fyrir þátttöku birgja, þ.m.t. skrá yfir upplýsingar og skjöl sem birgjar þurfa að leggja fram í þessu sambandi,

c) öllum matsviðmiðunum sem þarf að taka tillit til við úthlutun samnings, nema eingöngu sé miðað við verð en þá skal lýsa hlutfallslegu mikilvægi slíkra viðmiðana,

d) þegar innkaupastofnun hyggst gera innkaup með rafrænum hætti, hvers konar kröfum um sannvottun og dulkóðun eða öðrum kröfum sem tengjast viðtöku upplýsinga í rafrænu formi,

e) þegar innkaupastofnunin heldur rafrænt uppboð, þeim reglum sem gilda um uppboðið, þ.m.t. auðkenni þeirra þátta tilboðsins sem tengjast matsviðmiðunum,

f) þegar tilboð eru opnuð opinberlega, dagsetningu, tímasetningu og staðsetningu opnunarinnar og, eftir atvikum, upplýsingum um þá aðila sem mega vera viðstaddir,

g) hvers konar öðrum skilmálum eða skilyrðum, þ.m.t. greiðsluskilmálar og hvers konar takmarkanir á því hvernig heimilt er að leggja fram tilboð, t.d. í pappírsformi eða með rafrænum hætti og

h) dagsetningar varðandi afhendingu vöru eða þjónustuveitingu eða gildistíma samningsins.

2. Ef samningsstofnanir bjóða ekki gjaldfrjálsan beinan og rafrænan aðgang að öllum útboðsgögnum og öllum fylgiskjölum skulu stofnanirnar hafa útboðsgögnin tiltæk, án tafar, ef einhver af birgjum samningsaðilanna vill kynna sér þau.

Tækniforskriftir

3. Innkaupastofnun skal ekki semja, samþykkja eða beita neinum tækniforskriftum eða mæla fyrir um samræmismatsaðferðir sem hafa þann tilgang eða þau áhrif að hindra að óþörfu viðskipti milli ríkja samningsaðilanna.

4. Mæli innkaupastofnun fyrir um tækniforskriftir viðvíkjandi vöru eða þjónustu, sem er keypt, skal hún, eftir því sem við á:

a) setja fram tækniforskriftir sem varða nothæfis- og virknikröfur fremur en hönnun eða lýsandi eiginleika og

responsive tenders. Unless already provided in the notice of intended procurement, such documentation shall include a complete description of:

(a) the procurement, including the nature and the quantity of the goods or services to be procured or, where the quantity is not known, the estimated quantity and any requirements to be fulfilled, including any technical specifications, conformity assessment certification, plans, drawings, or instructional materials;

(b) any conditions for participation of suppliers, including a list of information and documents that suppliers are required to submit in connection therewith;

(c) all evaluation criteria to be considered in the awarding of the contract, and, except where price is the sole criterion, the relative importance of such criteria;

(d) where the procuring entity will conduct the procurement by electronic means, any authentication and encryption requirements or other requirements related to the receipt of information by electronic means;

(e) where the procuring entity will hold an electronic auction, the rules, including identification of the elements of the tender related to the evaluation criteria, on which the auction will be conducted;

(f) where there will be a public opening of tenders, the date, time, and place for the opening and, where appropriate, the persons authorised to be present;

(g) any other terms or conditions, including terms of payment and any limitation on the means by which tenders may be submitted, e.g., paper or electronic means; and

(h) any dates for the delivery of goods or the supply of services or the duration of the contract.

2. Where contracting entities do not offer free direct access to the entire tender documents and any supporting documents by electronic means, entities shall make promptly available the tender documentation at the request of any interested supplier of the Parties.

Technical Specifications

3. A procuring entity shall not prepare, adopt, or apply any technical specification or prescribe any conformity assessment procedure with the purpose or the effect of creating unnecessary obstacles to international trade between the Parties.

4. In prescribing the technical specifications for the goods or services being procured, a procuring entity shall, where appropriate:

(a) specify the technical specification in terms of performance and functional requirements, rather than design or descriptive characteristics; and

b) byggja tækniforskriftirnar á alþjóðlegum stöðlum, ef til eru, en að öðrum kosti á innlendum tækni-reglum, viðurkenndum landsstöðlum eða bygg-ingarreglugerðum.

5. Innkaupastofnun er óheimilt að mæla fyrir um tækniforskriftir þar sem gerð er krafa um eða vísað til tiltekins vörumerkis eða viðskiptaheitis, einkaleyfis, höfundarréttar, hönnunar eða tegundar, tiltekins uppruna, framleiðanda eða birgis, nema ógerlegt sé að lýsa útboðsskilmálum nógu nákvæmlega eða skiljanlega með öðrum hætti og að því tilskildu að í slíkum tilvikum séu orðin „eða sambærilegt“ látin fylgja með í útboðsgögnum.

6. Innkaupastofnun skal ekki leita eftir eða samþykkja ráðgjöf, þannig að það hefði þau áhrif að hindra samkeppni, sem kynni að verða notuð við samningu eða samþykkt tækniforskrifta vegna tiltekinna innkaupa, frá aðila sem kynni að hafa viðskiptalegan ávinning af innkaupunum.

7. Til glöggvunar; samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, getur í samræmi við þessa grein, samið, samþykkt eða beitt tækniforskriftum til að stuðla að varðveislu náttúruauðlinda eða vernda umhverfið.

Breytingar

8. Ef innkaupastofnun breytir, áður en samningi er úthlutað, viðmiðunum eða tæknilegum kröfum, sem settar eru fram í tilkynningu eða útboðsgögnum, sem eru afhent birgjum sem taka þátt í útboðinu, eða breytir eða gefur út aðra tilkynningu eða útboðsgögn skal hún senda, í skriflegu formi, allar slíkar breytingar eða breyttar eða endurútgefnar tilkynningar eða útboðsgögn:

a) öllum birgjum, sem taka þátt í útboðinu á þeim tíma sem upplýsingunum er breytt, ef vitað er hverjir þeir eru, og í öllum öðrum tilvikum á sama hátt og upprunalegu upplýsingarnar og
b) í tæka tíð til að slíkir birgjar geti breytt og lagt fram að nýju breytt tilboð, eftir því sem við á.

Gr. 7.9

Frestur.

Innkaupastofnun skal gefa birgjum nægan tíma til að leggja fram umsókn um þátttöku í innkaupum og semja og leggja fram tilboð, að teknu tilliti til þess hvers eðlis og hve flókin innkaupin eru. Hver samningsaðili skal gefa fresti sem samrýmast skilyrðunum sem eru tilgreind í 3. viðbæti XX. viðauka (Almennar athugasemdir).

Gr. 7.10

Útboðsferli.

1. Stofnanir skulu úthluta opinberum samningum, í samræmi við þennan kafla og án mismununar, með

(b) base the technical specification on international standards, where such exist or otherwise, on national technical regulations, recognised national standards or building codes.

5. A procuring entity may not prescribe any technical specifications that require or refer to a particular trademark or trade name, patent, copyright, design or type, specific origin, producer, or supplier, unless there is no other sufficiently precise or intelligible way of describing the procurement requirements and provided that, in such cases, words such as “or equivalent” are also included in the tender documentation.

6. A procuring entity shall not seek or accept, in a manner that would have the effect of precluding competition, advice that may be used in the preparation or adoption of any technical specification for a specific procurement from a person that may have a commercial interest in the procurement.

7. For greater certainty, a Party, including its procuring entities, may, in accordance with this Article, prepare, adopt, or apply technical specifications to promote the conservation of natural resources or protect the environment.

Modifications

8. Where, prior to the award of a contract, a procuring entity modifies the criteria or technical requirements set out in a notice or tender documentation provided to participating suppliers, or amends or reissues a notice or tender documentation, it shall transmit in writing all such modifications or amended or re-issued notice or tender documentation:

(a) to all suppliers that are participating at the time the information is amended, if known, and in all other cases, in the same manner as the original information; and
(b) in adequate time to allow such suppliers to modify and re-submit amended tenders, as appropriate.

ARTICLE 7.9

Time Limits

A procuring entity shall provide suppliers sufficient time to submit applications to participate in a procurement and prepare and submit responsive tenders, taking into account the nature and complexity of the procurement. Each Party shall apply time limits according to the conditions specified in Appendix 3 of Annex XX (General Notes).

ARTICLE 7.10

Tendering Procedures

1. Entities shall award their public contracts by open, selective or limited tendering procedures ac-

almennu útboði, útboði með forvali eða lokuðu útboði samkvæmt landslögum sínum.

Útboð með forvali

2. „Útboð með forvali“: innkaupaaðferð þar sem einungis hæfir birgjar fá boð frá innkaupastofnun um að leggja fram tilboð.

3. Þegar innkaupastofnun hyggst efna til útboðs með forvali skal hún:

a) fella inn í tilkynningu um fyrirhuguð innkaup a.m.k. þær upplýsingar sem fram koma í a-, b-, c-, d-, e-, f- og i-lið 2. mgr. í gr. 7.6 (Birting tilkynninga) og bjóða birgjum að leggja fram þátttökubeiðni og
b) veita hæfum birgjum, í upphafi útboðsfrests, a.m.k. þær upplýsingar sem gert er ráð fyrir í g- og h-lið 2. mgr. í gr. 7.6 (Birting tilkynninga) sem hún boðar að séu tilgreindar í 2. mgr. í 3. viðbæti við XX. viðauka (Almennar athugasemdir).

4. Innkaupastofnun skal viðurkenna sem hæfa birgja þá innlendu birgja og birgja annarra samningsaðila sem uppfylla skilyrði fyrir þátttöku í tilteknum innkaupum nema innkaupastofnunin tilgreini, í tilkynningu um fyrirhuguð innkaup eða í útboðsgögnum, ef þau eru aðgengileg almenningi, hvers konar takmarkanir á þeim fjölda birgja sem verður heimilað að leggja fram tilboð og forsendur fyrir vali takmarkaðs fjölda birgja.

5. Ef útboðsgögn eru ekki gerð aðgengileg almenningi frá og með þeim degi þegar tilkynningin, sem um getur í 4. mgr., er birt skulu innkaupastofnanir sjá til þess að gögnin séu samtímis aðgengileg öllum hæfum birgjum sem eru valdir í samræmi við 5. mgr.

6. Stofnanir, sem halda varanlegar skrár yfir hæfa birgja, geta valið birgja, sem fá boð um að leggja fram tilboð, úr hópi þeirra sem eru skráðir, með þeim skilyrðum sem gert er ráð fyrir í gr. 7.6 (Birting tilkynninga).

Lokuð útboð

7. Innkaupastofnun er heimilt, að því tilskildu að hún beiti ekki þessu ákvæði í því skyni að komast hjá samkeppni meðal birgja eða á þann hátt að mismuni birgjum frá öðrum samningsaðila eða verndi innlenda birgja, að efna til lokaðs útboðs og getur kosið að beita ekki gr. 7.6 (Birting tilkynninga), gr. 7.7 (Skilyrði fyrir þátttöku), gr. 7.8 (Útboðsgögn og tækniforskriftir), gr. 7.9 (Tímamörk), gr. 7.12 (Rafræn uppboð), gr. 7.13 (Viðræður) eða gr. 7.14 (Opnun tilboða og úthlutun samninga) við eftirfarandi aðstæður:

a) að því tilskildu að ekki séu gerðar verulegar breytingar á kröfum um útboðsgögn, þegar:

cording to their national legislation in compliance with this Chapter and in a non-discriminatory manner.

Selective Tendering

2. “Selective tendering” means a procurement method whereby only qualified suppliers are invited by the procuring entity to submit a tender;

3. Where a procuring entity intends to use selective tendering, the entity shall:

(a) include in the notice of intended procurement at least the information specified in subparagraphs 2 (a), (b), (c), (d), (e), (f) and (i) of Article 7.6 (Publication of Notices) and invite suppliers to submit a request for participation; and
(b) provide, by the commencement of the time-period for tendering, at least the information foreseen in subparagraphs 2 (g) and (h) of Article 7.6 (Publication of Notices) to the qualified suppliers that it notifies as specified in paragraph 2 of Appendix 3 to Annex XX (General Notes).

4. A procuring entity shall recognise as qualified suppliers such domestic suppliers and suppliers of another Party that meet the conditions for participation in a particular procurement, unless the procuring entity states in the notice of intended procurement or, where publicly available, in the tender documentation, any limitation on the number of suppliers that will be permitted to tender and the criteria for selecting the limited number of suppliers.

5. Where the tender documentation is not made publicly available from the date of publication of the notice referred to in paragraph 4, procuring entities shall ensure that those documents are made available at the same time to all the qualified suppliers selected in accordance with paragraph 5.

6. Entities maintaining permanent lists of qualified suppliers may select suppliers to be invited to tender from among those listed, under the conditions foreseen in Article 7.6 (Publication of Notices).

Limited Tendering

7. Provided that it does not use this provision for the purpose of avoiding competition among suppliers or in a manner that discriminates against suppliers of another Party or protects domestic suppliers, a procuring entity may use limited tendering and may choose not to apply Articles 7.6 (Publication of Notices), 7.7 (Conditions for Participations), 7.8 (Tender Documentation and Technical Specification), 7.9 (Time Limits), 7.12 (Electronic Auctions), 7.13 (Negotiations) and 7.14 (Opening of Tenders and Contract Awards) only under the following circumstances:

(a) provided that the requirements of the tender documentation are not substantially modified where:

i. engin tilboð eru lögð fram eða enginn birgir óskar eftir þátttöku,
ii. engin tilboð, sem samrýmast meginkröfum í útboðsgögnum, hafa verið lögð fram,
iii. engir birgjar uppfylla skilyrði fyrir þátttöku eða
iv. tilboð, sem eru lögð fram, fela í sér samráð,

b) þegar einungis tiltekinn birgir getur útvegað vörur eða þjónustu og ekki er um annan raunhæfan valkost að ræða eða vöru eða þjónustu sem getur komið í staðinn, af eftirfarandi ástæðum:
i. óskað er eftir listaverki,
ii. vegna verndar einkaleyfis, höfundarréttar eða annars einkaréttar eða
iii. vegna þess að samkeppni skortir af tæknilegum ástæðum,

c) þegar um er að ræða aukaafhendingu upphaflegs birgis á vöru eða þjónustu, sem var ekki innifalin í upphaflegum innkaupum, og aðkoma annars birgis vegna fyrrnefndrar aukaafhendingar vöru eða þjónustu:
i. getur ekki orðið af efnahagslegum eða tæknilegum ástæðum, s.s. vegna krafna um skiptihæfi eða rekstrarsamhæfi við þann búnað, hugbúnað, þjónustu eða uppsetningu sem fyrir er og fylgir í upphaflegu innkaupunum og
ii. myndi valda innkaupastofnuninni verulegum óþægindum eða verulegri kostnaðaraukningu,

d) ef það er bráðnauðsynlegt og ekki er hægt, af knýjandi ástæðum sem innkaupastofnunin gat ekki séð fyrir, að fá vörur eða þjónustu í tæka tíð með því að efna til almenns útboðs eða útboðs með forvali og slík útboð myndu leiða af sér alvarlegt tjón fyrir innkaupastofnunina,

e) þegar um er að ræða innkaup á vörumarkaði,

f) þegar innkaupastofnun kaupir frumgerð eða fyrstu vöru eða þjónustu sem þróuð er að beiðni viðkomandi stofnunar í tengslum við tiltekinn samning um rannsókn, tilraun, athugun eða frumþróun,

g) þegar um er að ræða innkaup, sem eru gerð við sérlega hagstæðar aðstæður sem eru einungis fyrir hendi í mjög skamman tíma þegar óvenjulegar ráðstafanir eru gerðar, t.d. við skiptameðferð, gjaldþrotameðferð, almenn uppboð eða gjaldþrot en ekki við venjubundin kaup af venjulegum birgjum eða

h) þegar samningi er úthlutað til sigurvegara í hönnunarsamkeppni, að því tilskildu að:
i. samkeppnin hafi verið skipulögð með þeim hætti að samrýmist meginreglum þessa kafla,

(i) no tenders were submitted, or no supplier requested participation;
(ii) no tenders that conform to the essential requirements of the tender documentation were submitted;
(iii) no suppliers satisfied the conditions for participation; or
(iv) the tenders submitted have been collusive;

(b) where the goods or services can be supplied only by a particular supplier and no reasonable alternative or substitute goods or services exist for any of the following reasons:
(i) the requirement is for a work of art;
(ii) the protection of patents, copyrights or other exclusive rights; or
(iii) due to an absence of competition for technical reasons;

(c) for additional deliveries by the original supplier of goods or services that were not included in the initial procurement where a change of supplier for such additional goods or services:
(i) cannot be made for economic or technical reasons such as requirements of interchangeability or interoperability with existing equipment, software, services or installations procured under the initial procurement; and
(ii) would cause significant inconvenience or substantial duplication of costs for the procuring entity;

(d) insofar as is strictly necessary where, for reasons of extreme urgency brought about by events unforeseeable by the procuring entity, the goods or services cannot be obtained in time using an open or selective tendering procedure, and the use of such procedures would result in serious injury to the procuring entity;

(e) for purchases made on a commodity market;

(f) where a procuring entity procures prototypes or a first product or service which are developed at its request in the course of, and for, a particular contract for research, experiment, study or original development;

(g) for purchases made under exceptionally advantageous conditions that only arise in the very short term in the case of unusual disposals such as those arising from liquidation, receivership, public auction or bankruptcy, but not for routine purchases from regular suppliers; or

(h) where a contract is awarded to a winner of a design contest provided that:
(i) the contest has been organised in a manner that is consistent with the principles of this

einkum að því er varðar birtingu tilkynningar um fyrirhuguð innkaup og

ii. að þátttakendur séu metnir af óháðri dómnefnd með það fyrir augum að gerður verði hönnunarsamningur við þann sem sigrar.

8. Innkaupastofnun skal taka saman skriflega skýrslu um sérhvern samning sem úthlutað er skv. 7. mgr. þessarar greinar. Í skýrslunni skal koma fram nafn viðkomandi innkaupastofnunar, andvirði og tegund keyptrar vöru eða þjónustu og yfirlýsing þar sem fram koma aðstæður og skilyrði sem er lýst í 7. mgr. þessarar greinar og sem voru rökstuðningur fyrir lokuðu útboði.

Chapter, in particular relating to the publication of a notice of intended procurement; and

(ii) the participants are judged by an independent jury with a view to a design contract being awarded to a winner.

8. A procuring entity shall prepare a report in writing on each contract awarded under paragraph 7 of this Article. Each such report shall include the name of the procuring entity, the value and kind of goods or services procured, and a statement indicating the circumstances and conditions described in paragraph 7 of this Article that justified the use of limited tendering.

Gr. 7.11

Upplýsingatækni.

Samningsaðilar skulu, eftir því sem unnt er, leitast við að nota rafrænar aðferðir við skilvirka miðlun upplýsinga um opinber innkaup, einkum að því er varðar útboðstækifæri stofnana, en virða um leið meginreglurnar um gagnsæi og bann við mismunun.

ARTICLE 7.11

Information Technology

The Parties shall, to the extent possible, endeavour to use electronic means of communication to permit efficient dissemination of information on government procurement, particularly as regards tender opportunities offered by entities, while respecting the principles of transparency and non-discrimination.

Gr. 7.12

Rafræn uppboð.

Ef innkaupastofnun hyggst gera innkaup, sem þessi samningur tekur til, með rafrænu uppboði skal hún láta hverjum þátttakanda í té, áður en rafrænt uppboð hefst:

a) sjálfvirka matsaðferð, þ.m.t. reiknilíkan sem er byggt á matsviðmiðunum sem eru settar fram í útboðsgögnum og notaðar við sjálfvirka röðun eða endurröðun meðan á uppboðinu stendur,

b) niðurstöður úr frummati á þáttum útboðsins þegar gera á samning á grundvelli hagstæðasta tilboðs og

c) allar aðrar viðeigandi upplýsingar varðandi framkvæmd uppboðsins.

ARTICLE 7.12

Electronic Auctions

Where a procuring entity intends to conduct a covered procurement using an electronic auction, the entity shall provide each participant, before commencing the electronic auction, with:

(a) the automatic evaluation method, including the mathematical formula, that is based on the evaluation criteria set out in the tender documentation and that will be used in the automatic ranking or re-ranking during the auction;

(b) the results of any initial evaluation of the elements of its tender where the contract is to be awarded on the basis of the most advantageous tender; and

(c) any other relevant information relating to the conduct of the auction.

Gr. 7.13

Viðræður.

1. Samningsaðili getur kveðið á um að stofnanir hans skuli taka upp viðræður:

a) í tengslum við innkaup þar sem þær hafa lýst ásetningi um slíkt í tilkynningu um fyrirhuguð innkaup eða

b) ef mat leiðir í ljós að ekkert eitt tilboð er augljóslega hagstæðast í ljósi þeirra matsviðmiðana sem settar eru fram í tilkynningum eða útboðsgögnum.

2. Innkaupastofnanir skulu ekki mismuna birgjum sem taka þátt í viðræðunum.

3. Stofnun skal:

ARTICLE 7.13

Negotiations

1. A Party may provide for its entities to conduct negotiations:

(a) in the context of procurements in which they have indicated such intent in the notice of intended procurement; or

(b) where it appears from the evaluation that no one tender is obviously the most advantageous in terms of the specific evaluation criteria set forth in the notices or tender documentation.

2. Procuring entities shall not, in the course of negotiations, discriminate between participating suppliers.

3. An entity shall:

a) tryggja að hvers konar útilokun birgja frá þátttöku í viðræðum sé í samræmi við matsviðmiðanir sem eru settar fram í tilkynningum eða útboðsgögnum og
b) veita þeim birgjum, sem eftir eru þegar viðræðum lýkur, tiltekinn frest til þess að leggja fram ný eða endurskoðuð tilboð.

Gr. 7.14
Opnun tilboða og úthlutun samninga.

Meðferð tilboða

1. Innkaupastofnun skal taka á móti og opna öll tilboð samkvæmt verklagsreglum sem tryggja sanngirni og óhlutdrægni í innkaupaferlinu og að farið sé með tilboð sem trúnaðarmál. Hún skal einnig gæta trúnaðar í meðferð tilboða, a.m.k. þar til þau hafa verið opnuð.
2. Ef innkaupastofnun veitir birgjum tækifæri til að leiðrétta óviljandi formgalla, milli þess sem tilboð eru opnuð og þar til valið er úr þeim, skal stofnunin veita öllum birgjum, sem eru þátttakendur, sama tækifæri.

Úthlutun samninga

3. Innkaupastofnun skal gera kröfu um að til þess að úthlutun komi til greina skuli tilboð lagt fram:
a) skriflega og vera, þegar það er opnað, í samræmi við þær grundvallarkröfur sem tilgreindar eru í tilkynningum og útboðsgögnum og
b) af birgi sem uppfyllir öll skilyrði um þátttöku.

4. Innkaupastofnun skal, nema hún ákvarði að úthlutun samnings þjóni ekki almannahagsmunum, ganga til samninga við birgi sem stofnunin hefur ákvarðað að uppfylli þátttökuskilyrðin og sé fyllilega fær um að standa við samninginn og tilboð hans sé talið hagstæðast þegar eingöngu er miðað við kröfur og valviðmiðanir sem eru tilgreindar í tilkynningum og útboðsgögnum eða, þegar verð er eina viðmiðunin, á grundvelli lægsta verðs.

5. Ef innkaupastofnun fær tilboð þar sem verð er óeðlilega lágt, miðað við tilgreint verð í öðrum tilboðum sem hafa verið lögð fram, er henni heimilt að sannreyna hjá birgi hvort hann sé fær um að uppfylla þátttökuskilyrðin og standa við samningsskilmála.
6. Innkaupastofnun er óheimilt að hætta við innkaup eða falla frá eða breyta samningum, sem hefur verið úthlutað, á þann hátt að farið sé í kringum skuldbindingar samkvæmt þessum kafla.

Gr. 7.15
Gagnsæi upplýsinga um innkaup.

Upplýsingar sem veittar eru birgjum

1. Innkaupastofnun skal þegar í stað veita birgjum,

(a) ensure that any elimination of suppliers participating in negotiations is carried out in accordance with the evaluation criteria set out in the notices or tender documentation; and
(b) where negotiations are concluded, provide a common deadline for the remaining participating suppliers to submit any new or revised tenders.

ARTICLE 7.14
Opening of Tenders and Contract Awards

Treatment of Tenders

1. A procuring entity shall receive and open all tenders under procedures that guarantee the fairness and impartiality of the procurement process and the confidentiality of tenders. It also shall treat tenders in confidence until at least the opening of the tenders.

2. Where a procuring entity provides suppliers with an opportunity to correct unintentional errors of form between the opening of tenders and the awarding of the contract, the entity shall provide the same opportunity to all participating suppliers.

Awarding of Contracts

3. A procuring entity shall require that, in order to be considered for an award, a tender shall be submitted:
(a) in writing and shall, at the time of opening, comply with the essential requirements specified in the notices and tender documentation; and
(b) by a supplier that satisfies any conditions for participation.
4. Unless a procuring entity determines that it is not in the public interest to award a contract, the entity shall award the contract to the supplier that the entity has determined satisfies the conditions for participation and is fully capable of undertaking the contract and whose tender is determined to be the most advantageous solely on the basis of the requirements and evaluation criteria specified in the notices and tender documentation, or where price is the sole criterion, the lowest price.
5. Where a procuring entity receives a tender with a price that is abnormally lower than the prices in other tenders submitted, it may verify with the supplier that it can comply with the conditions of participation and is capable of fulfilling the terms of the contract.
6. A procuring entity may not cancel a procurement or terminate or modify awarded contracts in a manner that circumvents the obligations under this Chapter.

ARTICLE 7.15
Transparency in Procurement Information

Information Provided to Suppliers

1. A procuring entity shall promptly inform suppli-

sem hafa lagt fram tilboð, upplýsingar um ákvarðanir sínar um samningsgerð og gera það skriflega sé þess óskað. Innkaupastofnun skal, með fyrirvara um gr. 7.16 (Upplýsingagjöf) og samkvæmt beiðni, gefa birgi, sem hefur lagt fram tilboð sem ekki er gengið að, skýringu á ástæðum stofnunarinnar fyrir því og hvaða kosti tilboð þess birgis, sem samið er við, hefur umfram tilboð hans.

Birting upplýsinga um úthlutun

2. Eigi síðar en 72 dögum eftir úthlutun skal innkaupastofnun birta á pappír eða í rafrænum miðlum, sem eru tilgreindir í 2. viðbæti við XX. viðauka (Almennar athugasemdir), tilkynningu þar sem fram koma a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um samninginn:

a) nafn og heimilisfang innkaupastofnunar,
b) lýsing á þeirri vöru eða þjónustu sem er keypt,
c) dagsetning úthlutunar,
d) nafn og heimilisfang birgis sem samið er við,
e) verðgildi samningsins og
f) hvaða innkaupaaðferð var notuð og, í þeim tilvikum þar sem málsmeðferð skv. 8. mgr. gr. 7.10 (Útboðsferli) hefur verið beitt, lýsing á þeim aðstæðum sem réttlæta þá málsmeðferð.

Skráahald.

3. Innkaupastofnun skal halda skýrslur og skrár yfir útboð vegna innkaupa sem þessi samningur tekur til, þ.m.t. skýrslur sem kveðið er á um í 9. mgr. í gr. 7.10 (Útboðsferli), og skal geyma þessar skýrslur og skrár í a.m.k. þrjú ár eftir gerð samnings.

ers that have submitted tenders of its contract award decisions and, on request, shall do so in writing. Subject to Article 7.16 (Disclosure of Information) a procuring entity shall, on request, provide an unsuccessful supplier with an explanation of the entity´s reasons for not selecting that supplier's tender and the relative advantages of the successful supplier's tender.

Publication of Award Information

2. Not later than 72 days after an award, a procuring entity shall publish in a paper or electronic medium listed in Appendix 2 to Annex XX (General Notes), a notice that includes at least the following information about the contract:

(a) the name and address of the procuring entity;
(b) a description of the goods or services procured;
(c) the date of award;
(d) the name and address of the successful supplier;
(e) the contract value; and
(f) the procurement method used and, in cases where a procedure has been used pursuant to paragraph 8 of Article 7.10 (Tendering Procedures), a description of the circumstances justifying the use of such procedure.

Maintenance of Records

3. A procuring entity shall maintain reports and records of tendering procedures relating to covered procurement, including the reports provided for in paragraph 9 of Article 7.10 (Tendering Procedures), and shall retain such reports and records for a period of at least three years after the award of a contract.

Gr. 7.16

Upplýsingagjöf.

Upplýsingamiðlun til samningsaðila

1. Samningsaðili skal, ef annar samningsaðili óskar eftir því, veita þegar í stað allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að ákvarða hvort innkaup hafi farið fram með sanngjörnum hætti, óhlutdrægni hafi verið gætt og hvort þau verið í samræmi við þennan kafla. Í upplýsingunum skulu m.a. koma fram eiginleikar og kostir þess tilboðs sem hefur verið valið.

Upplýsingar sem ekki eru veittar

2. Engum samningsaðila, innkaupastofnun eða endurskoðunaryfirvaldi er heimilt að gefa upplýsingar ef aðilinn sem veitti þær hefur tilnefnt þær sem trúnaðarmál í samræmi við landslög, nema hafa til þess leyfi þess aðila.

3. Þrátt fyrir önnur ákvæði þessa kafla hefur samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, ekki heimild til að veita tilteknum birgi upplýsingar sem gætu skaðað réttmæta samkeppni milli birgja.

4. Ekkert í þessum kafla skal túlkað þannig að þess sé krafist að samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir

ARTICLE 7.16

Disclosure of Information

Provision of Information to a Party

1. On request of any Party, a Party shall provide promptly any information necessary to determine whether a procurement was conducted fairly, impartially and in accordance with this Chapter. The information shall include information on the characteristics and relative advantages of the successful tender.

Non-Disclosure of Information

2. No Party, procuring entity or review authority may disclose information that the person providing it has designated as confidential in accordance with domestic law, except with the authorisation of such person.

3. Notwithstanding any other provision of this Chapter, a Party, including its procuring entities, may not provide information to a particular supplier that might prejudice fair competition between suppliers.

4. Nothing in this Chapter shall be construed to require a Party, including its procuring entities, authori-

hans, yfirvöld og endurskoðunaraðilar láti af hendi trúnaðarupplýsingar samkvæmt þessum kafla ef afhending þeirra:

a) myndi hindra framkvæmd laga,
b) gæti komið í veg fyrir réttmæta samkeppni milli birgja,
c) myndi fara í bága við lögmæta viðskiptahagsmuni tiltekinna aðila, þ.m.t. vernd hugverkaréttar, eða
d) myndi á annan hátt stríða gegn almannahagsmunum.

ties, and review bodies, to release confidential information under this Chapter where release:

(a) would impede law enforcement;
(b) might prejudice fair competition between suppliers;
(c) would prejudice the legitimate commercial interests of particular persons, including the protection of intellectual property; or
(d) would otherwise be contrary to the public interest.

Gr. 7.17

Innlend málsmeðferð við endurskoðun vegna vefengingar birgis.

1. Ef birgir samningsaðila ber fram kvörtun um meint brot á ákvæðum þessa kafla varðandi innkaup, sem falla undir þennan samning, skulu samningsaðilar, hver um sig, hvetja birgja til að leita eftir skýringum hjá innkaupastofnunum sínum með viðræðum sem miða að því að leysa slík umkvörtunaratriði.
2. Hver samningsaðili skal sjá til þess að tímanleg, skilvirk og gagnsæ endurskoðun fari fram af hálfu stjórnsýslu eða dómsvalds, án mismununar, samkvæmt viðeigandi grunnreglu um málsmeðferð sem birgir getur nýtt sér til að vefengja meint brot á ákvæðum þessa kafla sem upp koma í tengslum við innkaup sem þessi samningur tekur til og varða eða vörðuðu hagsmuni hans.
3. Hver birgir skal fá nægan tíma til að semja og leggja fram erindi um vefengingu og skal hann aldrei vera skemmri en tíu dagar frá því að birgi varð kunnugt, eða hefði mátt vera kunnugt, um tilefni vefengingarinnar.

4. Hver samningsaðili skal koma á fót eða tilnefna a.m.k. eina óhlutdræga stjórnsýslustofnun eða dómsvald, sem er óháð innkaupastofnunum hans, til að taka við og taka til athugunar erindi birgis um vefengingu, sem tengist innkaupum sem þessi samningur tekur til, og leggja fram viðeigandi niðurstöður og tilmæli.
5. Ef annar aðili en yfirvaldið, sem um getur í 4. mgr., tekur erindi um vefengingu fyrst til athugunar skal samningsaðili sjá til þess að birgir geti áfrýjað upphaflegu ákvörðuninni til óhlutdrægrar stjórnsýslustofnunar eða dómsvalds sem er óháð innkaupastofnuninni sem gerir innkaupin sem eru tilefni vefengingarinnar.
6. Endurskoðunarnefnd, sem er ekki dómstóll, skal annaðhvort vera háð endurskoðun dómstóls eða starfa samkvæmt málsmeðferðarreglum sem mæla fyrir um að:

ARTICLE 7.17

Domestic Review Procedures for Supplier Challenges

1. In the event of a complaint by a supplier of a Party regarding an alleged breach of this Chapter in the context of covered procurement, each Party shall encourage suppliers to seek clarification from its entities through consultations with a view to facilitating the resolution of any such complaints.
2. Each Party shall provide a timely, effective, transparent and non-discriminatory administrative or judicial review procedure according to the due process principle through which a supplier may challenge alleged breaches of this Chapter arising in the context of covered procurements in which the supplier has, or has had, an interest.

3. Each supplier shall be allowed a sufficient period of time to prepare and submit a challenge, which in no case shall be less than ten days from the time when the basis of the challenge became known or reasonably should have become known to the supplier.
4. Each Party shall establish or designate at least one impartial administrative or judicial authority that is independent of its procuring entities to receive and review a challenge by a supplier arising in the context of a covered procurement, and to make appropriate findings and recommendations.

5. Where a body other than an authority referred to in paragraph 4 initially reviews a challenge, the Party shall ensure that the supplier may appeal the initial decision to an impartial administrative or judicial authority that is independent of the procuring entity whose procurement is the subject of the challenge.

6. A review body that is not a court shall either be subject to judicial review or have procedures that provide that:

a) innkaupastofnunin skuli svara erindi um vefengingu skriflega og afhenda endurskoðunarnefndinni öll viðeigandi skjöl,
b) aðilar að málsmeðferðinni (þátttakendur) skuli eiga rétt á því að láta álit sitt í ljós áður en endurskoðunarnefnd tekur ákvörðun um vefenginguna,
c) þátttakendur skuli eiga rétt á fyrirsvari og föruneyti,
d) þátttakendur hafi aðgang að öllum þáttum málsmeðferðar,
e) þátttakendur skuli hafa rétt til að fara þess á leit að málsmeðferð sé opinber og að heimilt sé að leiða fram vitni og
f) ákvarðanir eða tilmæli, er varða erindi birgis um vefengingu, séu sett fram tímanlega, skriflega, með skýringu á forsendum fyrir hverri ákvörðun eða tilmælum.

7. Hver samningsaðili skal samþykkja eða beita málsmeðferð þar sem:
a) gert er ráð fyrir skjótvirkum bráðabirgðaráðstöfunum til að gefa birgi kost á því að taka þátt í innkaupunum. Slíkar bráðabirgðaráðstafanir geta leitt til þess að frestun verði á innkaupaferlinu. Málsmeðferð getur falið það í sér að taka megi tillit til neikvæðra afleiðinga sem vega þyngra að því er varðar þá hagsmuni sem um er að ræða, þ.m.t. almannahagsmunir, þegar ákvörðun er tekin um það hvort slíkum ráðstöfunum skuli beitt. Réttmætar ástæður fyrir því að hafast ekki að skulu lagðar fram skriflega og
b) gert er ráð fyrir, þegar endurskoðunarnefnd hefur ákvarðað að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessa kafla eða þegar birgir hefur ekki rétt til að vefengja brot gegn ákvæðum þessa kafla samkvæmt landslögum samningsaðilans, að innkaupastofnunin hafi ekki fylgt ráðstöfunum samningsaðilans við framkvæmd þessa kafla, aðgerð til leiðréttingar eða jöfnunar vegna taps eða skaða, sem orðinn er, og má takmarka annaðhvort við kostnað við gerð tilboðsins eða kostnað vegna erindis um vefengingu eða hvort tveggja.

(a) the procuring entity shall respond in writing to the challenge and disclose all relevant documents to the review body;
(b) the participants to the proceedings ("participants") shall have the right to be heard prior to a decision of the review body being made on the challenge;
(c) the participants shall have the right to be represented and accompanied;
(d) the participants shall have access to all proceedings;
(e) the participants shall have the right to request that the proceedings take place in public and that witnesses may be presented; and
(f) decisions or recommendations relating to supplier challenges shall be provided, in a timely fashion, in writing, with an explanation of the basis for each decision or recommendation.

7. Each Party shall adopt or maintain procedures that:
(a) provide for rapid interim measures to preserve the supplier's opportunity to participate in the procurement. Such interim measures may result in suspension of the procurement process. The procedures may provide that overriding adverse consequences for the interests concerned, including the public interest, may be taken into account when deciding whether such measures should be applied. Just cause for not acting shall be provided in writing; and
(b) provide for, where a review body has determined that there has been a breach of this Chapter or, where the supplier does not have a right to challenge directly a breach of this Chapter under the domestic law of a Party, a failure by a procuring entity to comply with a Party's measures implementing this Chapter, corrective action or compensation for the loss or damages suffered, which may be limited to either the costs for the preparation of the tender or the costs relating to the challenge, or both.

Gr. 7.18

Breytingar og leiðréttingar á gildissviði.

1. Samningsaðila er heimilt að gera leiðréttingar, formlegs eðlis, á því hvert gildissvið hans er samkvæmt þessum kafla, eða gera minniháttar breytingar á áætlunum sínum í XIX. viðauka (Aðilar sem samningurinn tekur til), að því tilskildu að hann tilkynni hinum samningsaðilunum skriflega um það og enginn

ARTICLE 7.18

Modifications and Rectifications to Coverage

1. A Party may make rectifications of a purely formal nature to its coverage under this Chapter, or minor amendments to its schedules in Annex XIX (Covered Entities), provided that it notifies the other Parties in writing and no Party objects in writing within 30 days of the notification. A Party that makes such

samningsaðili andmæli skriflega innan 30 daga frá tilkynningunni. Samningsaðili, sem gerir slíkar leiðréttingar eða minniháttar breytingar, þarf ekki að grípa til jöfnunarráðstafana gagnvart öðrum samningsaðilum.

2. Samningsaðila er annars heimilt að breyta gildissviði sínu samkvæmt þessum kafla, að því tilskildu að:

a) hann tilkynni hinum samningsaðilunum skriflega um það og bjóði jafnframt viðunandi jöfnunarráðstöfun til að viðhalda gildissviði sambærilegu því sem var fyrir breytinguna, nema kveðið sé á um annað í 3. mgr. og
b) enginn samningsaðili andmæli skriflega innan 30 daga frá tilkynningunni.

3. Samningsaðili þarf ekki að grípa til mótvægisráðstafana verði samningsaðilarnir ásáttir um að fyrirhuguð breyting nái til innkaupastofnunar sem samningsaðili hefur í reynd lagt niður eftirlit sitt með eða hefur ekki lengur áhrif á. Ef samningsaðili andmælir þeirri fullyrðingu að slíkt opinbert eftirlit eða áhrif hafi verið afnumin í reynd getur hann farið fram á frekari upplýsingar eða samráð til að fá skýringu á því hvers konar opinbert eftirlit eða áhrif um sé að ræða og ná samkomulagi um áframhaldandi gildissvið viðkomandi innkaupastofnunar samkvæmt þessum kafla.

a rectification or minor amendment need not provide compensatory adjustments to the other Parties.

2. A Party may otherwise modify its coverage under this Chapter provided that:

(a) it notifies the other Parties in writing and offers at the same time acceptable compensatory adjustments to maintain a level of coverage comparable to that existing prior to the modification, except where provided for in paragraph 3; and
(b) no Party objects in writing within 30 days of the notification.

3. A Party need not provide compensatory adjustments in those circumstances where the Parties agree that the proposed modification covers a procuring entity over which a Party has effectively eliminated its control or influence. Where a Party objects to the assertion that such government control or influence has been effectively eliminated, the objecting Party may request further information or consultations with a view to clarifying the nature of any government control or influence and reaching agreement on the procuring entity's continued coverage under this Chapter.

Gr. 7.19
Þátttaka lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

1. Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja (hér á eftir nefnd „lítil og meðalstór fyrirtæki") í opinberum innkaupum. Samningsaðilar viðurkenna einnig mikilvægi viðskiptabandalaga milli birgja hvers og eins samningsaðila, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

2. Samningsaðilar samþykkja að vinna sameiginlega að því að skiptast á upplýsingum og auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðgang að upplýsingum um málsmeðferð, aðferðir og samningskröfur í tengslum við opinber innkaup, með áherslu á sérþarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

ARTICLE 7.19
Small and Medium Sized Enterprises Participation

1. The Parties agree on the importance of the participation of small and medium sized enterprises (hereinafter referred to as "SMEs") in government procurement. The Parties also recognise the importance of business alliances between suppliers of each Party, and in particular of SMEs.

2. The Parties agree to work jointly towards exchanging information and facilitating SMEs access to government procurement procedures, methods and contracting requirements, focused on SMEs special needs.

Gr. 7.20
Samstarf.

1. Samningsaðilar viðurkenna mikilvægi samstarfs í því skyni að fá betri skilning á fyrirkomulagi opinberra innkaupa hver annars og betri aðgang að mörkuðum hver annars, einkum fyrir birgja sem teljast lítil fyrirtæki.

2. Samkvæmt 10. kafla (Samstarf) skulu samningsaðilar leitast við að vinna saman að málefnum á borð við:

ARTICLE 7.20
Co-operation

1. The Parties recognise the importance of co-operation with a view to achieving a better understanding of their respective government procurement systems, as well as a better access to their respective markets, in particular for small business suppliers.

2. According to Chapter 10 (Co-operation) the Parties shall endeavour to co-operate in matters such as:

a) þróun og notkun rafrænna samskipta í opinberum innkaupakerfum,
b) miðlun reynslu og upplýsinga, s.s. regluramma, bestu starfshátta og tölfræði.

(a) development and use of electronic communications in government procurement systems;
(b) exchange of experiences and information, such as regulatory frameworks, best practices and statistics.

Gr. 7.21
Frekari viðræður.

Ef Kólumbía eða eitthvert EFTA-ríki býður aðila, öðrum en samningsaðila, aukinn ávinning síðar varðandi aðgang að markaði fyrir opinber innkaup, með tilliti til umfangs þess gildissviðs sem samkomulag er um samkvæmt þessum kafla, skal hann, að beiðni hvaða samningsaðila sem er, samþykkja að ganga til viðræðna um gagnkvæma útvíkkun gildissviðs samkvæmt þessum kafla.

ARTICLE 7.21
Further Negotiations

In case Colombia or any EFTA State offers in the future, a non-party, additional advantages with regard to its respective government procurement market access coverage agreed under this Chapter, it shall agree, upon request of any Party, to enter into negotiations with a view to extending coverage under this Chapter on a reciprocal basis.

8. KAFLI
STEFNA Í SAMKEPPNISMÁLUM

Gr. 8.1
Markmið.

1. Samningsaðilar viðurkenna að samkeppnishamlandi starfshættir kunni að draga úr ávinningi af auknu frelsi sem fæst með þessum samningi. Þeir starfshættir samrýmast ekki réttri framkvæmd þessa samnings að svo miklu leyti sem þeir kunna að hafa áhrif á viðskipti milli Kólumbíu og EFTA-ríkis.
2. Samningsaðilar skuldbinda sig til að beita samkeppnislögum sínum með það fyrir augum að banna slíka starfshætti og vinna saman að málum sem falla undir þennan kafla. Samstarf þetta tekur til tilkynninga, upplýsingaskipta, tæknilegrar aðstoðar og samráðs.

CHAPTER 8
COMPETITION POLICY

ARTICLE 8.1
Objectives

1. The Parties recognise that anti-competitive practices have the potential to undermine the benefits of liberalisation arising from this Agreement. These practices are incompatible with the proper functioning of this Agreement, insofar as they may affect trade between Colombia and an EFTA State.
2. The Parties undertake to apply their respective competition laws with a view to proscribing such practices and to co-operate in matters covered by this Chapter. This co-operation includes notification, exchange of information, technical assistance and consultation.

Gr. 8.2
Samkeppnishamlandi starfshættir.

1. Í þessum kafla merkir „samkeppnishamlandi viðskiptahættir“:
a) lárétta eða lóðrétta samninga, samstilltar aðgerðir eða fyrirkomulag milli fyrirtækja sem miðar að því eða hefur þau áhrif að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni og
b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja sem hafa yfirburðastöðu á markaðnum.
2. Stefna landsyfirvalda samningsaðilanna varðandi framfylgd skal vera í samræmi við meginreglur um gagnsæi, bann við mismunun og sanngjarna málsmeðferð.
3. Þegar við á getur Kólumbía uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt þessari grein á grundvelli samkeppnislaga á Andesfjallasvæðinu og fyrir tilstuðlan þess yfirvalds sem framfylgir samkeppnislögum og -reglum á því svæði. Réttindi og skyldur samkvæmt þessum kafla gilda aðeins á milli Kólumbíu og EFTA-ríkjanna.

ARTICLE 8.2
Anti-competitive Practices

1. For the purposes of this Chapter, “anti-competitive practices” refer to:
(a) horizontal or vertical agreements, concerted practices or arrangements between enterprises, which have as their object or effect the prevention, restriction or distortion of competition; and
(b) the abuse by one or more enterprises of a dominant position in a market.
2. The enforcement policy of the Parties’ national authorities shall be consistent with the principles of transparency, non-discrimination and procedural fairness.
3. When applicable, Colombia may implement its obligations under this Article through the Andean Community competition laws and the Andean enforcement authority. Rights and obligations under this Chapter will only apply between Colombia and the EFTA States.

Gr. 8.3

Samstarf.

1. Samningsaðilar skulu, á grundvelli landslaga og fyrir tilstilli lögbærra yfirvalda, gera sitt ýtrasta til að koma á samstarfi um málefni sem varða framfylgd samkeppnislaga.

2. Hver samningsaðili skal tilkynna öðrum samningsaðila um þær aðgerðir til að framfylgja samkeppnislögum sem gætu haft áhrif á mikilvæga hagsmuni þess samningsaðila. Í tilkynningum skulu koma fram nægilega ítarlegar upplýsingar til að samningsaðilinn, sem tekur við þeim, geti gert frummat á því hvaða áhrif aðgerðir til að framfylgja samkeppnislögum hafa á yfirráðasvæði hans.

3. Hver samningsaðili skal, í samræmi við landslög sín, taka tillit til mikilvægra hagsmuna hinna samningsaðilanna þegar hann grípur til aðgerða til að framfylgja lögum um samkeppnishamlandi starfshætti. Ef samningsaðili telur að samkeppnishamlandi starfshættir kunni að skaða mikilvæga hagsmuni annars samningsaðila er honum heimilt að koma áliti sínu á málinu á framfæri við þann aðila með milligöngu lögbærs yfirvalds síns. Samningsaðilinn, sem málinu er beint til, skal, með fyrirvara um aðgerðir samkvæmt eigin samkeppnislögum og fullt frelsi til að taka endanlega ákvörðun, fjalla á viðeigandi hátt um þau sjónarmið sem samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, lætur í ljós.

4. Telji samningsaðili að samkeppnishamlandi starfshættir á yfirráðasvæði annars samningsaðila hafi umtalsverð, óhagstæð áhrif á yfirráðasvæði hans sjálfs eða á viðskiptatengsl milli samningsaðilanna getur hann farið fram á það við hinn samningsaðilann að hann hefji viðeigandi aðgerðir til að framfylgja samkeppnislögum. Í beiðninni skal greina eins nákvæmlega og unnt er frá eðli og áhrifum hinna samkeppnishamlandi starfshátta. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal íhuga hvort hefja skuli aðgerðir til að framfylgja lögum varðandi þá samkeppnishamlandi starfshætti sem eru tilgreindir í beiðninni og skal tilkynna samningsaðilanum, sem leggur fram beiðnina, um ákvörðun sína og afleiðingar slíkrar aðgerðar.

5. Samningsaðilar eru hvattir til að skiptast á upplýsingum, þ.m.t. upplýsingar sem almenningur hefur ekki aðgang að, að því tilskildu að slík upplýsingaskipti hafi ekki áhrif á yfirstandandi rannsókn. Öll upplýsingaskipti skulu lúta reglum og kröfum um trúnaðarkvaðir sem gilda á yfirráðasvæði hvers samningsaðila. Enginn samningsaðili er skuldbundinn til að veita upplýsingar ef það gengur þvert á lög hans sjálfs um afhendingu upplýsinga. Hver samningsaðili skal uppfylla trúnaðarkvaðir vegna þeirra upplýsinga

ARTICLE 8.3

Co-operation

1. The Parties shall make best efforts to co-operate, subject to their national laws and through their competent authorities, on issues concerning competition law enforcement.

2. Each Party shall notify another Party of competition enforcement activities that may affect important interests of the other Party. Notifications shall be sufficiently detailed to enable the notified Party to make an initial evaluation of the effect of the enforcement activity within its territory.

3. Each Party should, in accordance with its laws, take into consideration the important interests of the other Parties in the course of its enforcement activities on anticompetitive practices. If a Party considers that an anticompetitive practice may adversely affect another Party's important interests, it may transmit its views on the matter to such other Party through its competent authority. Without prejudice to any action under its competition laws and to its full freedom of ultimate decision, the Party so addressed should give appropriate consideration to the views expressed by the requesting Party.

4. If a Party considers that an anticompetitive practice carried out within the territory of another Party has a substantially adverse effect within its territory or on trade relations between the Parties, it may request that the other Party initiate appropriate enforcement activities. The request shall be as specific as possible about the nature and the effect of the anticompetitive practice. The requested Party shall consider whether to initiate an enforcement activity with respect to the anticompetitive practice identified in the request, and shall advise the requesting Party of its decision and of the outcome of such activity.

5. The Parties are encouraged to exchange information, including information that is not publicly available, provided that this does not affect any ongoing investigation. Any exchange of information shall be subject to the rules and standards of confidentiality applicable in the territory of each Party. No Party shall be required to provide information when this is contrary to its laws regarding disclosure of information. Each Party shall maintain the confidentiality of any information provided to it subject to the limita-

sem honum eru veittar með þeim takmörkunum á notkun þeirra sem samningsaðilinn, sem leggur fram upplýsingarnar, fer fram á.
6. Til að efla samstarfið enn frekar geta samningsaðilar undirritað samninga um samstarf.

Gr. 8.4
Samráð.

Samningsaðili getur óskað eftir samráði innan sameiginlegu nefndarinnar til að efla skilning á meðal samningsaðilanna eða fjalla um málefni sem kemur upp í tengslum við þennan kafla, með fyrirvara um sjálfræði hvers samningsaðila til að þróa, viðhalda og framfylgja stefnu sinni og lögum um samkeppni. Í beiðninni skal tilgreina ástæðurnar fyrir samráði. Hefja skal samráð þegar í stað með það fyrir augum að komast að niðurstöðu sem samrýmist markmiðum þessa kafla. Hlutaðeigandi samningsaðilar skulu veita sameiginlegu nefndinni allan nauðsynlegan stuðning og upplýsingar, með fyrirvara um viðmiðanir og reglur sem koma fram í 5. mgr. í gr. 8.3 (Samstarf).

Gr. 8.5
Ríkisfyrirtæki og aðilar með einokunaraðstöðu.

1. Ekkert í þessum kafla skal túlkað svo að það komi í veg fyrir að samningsaðili geti komið á fót eða viðhaldið ríkisfyrirtæki og/eða tilnefnt aðila með einokunaraðstöðu.
2. Samningsaðilar skulu sjá til þess að ríkisfyrirtæki og tilnefndir einokunaraðilar taki ekki upp eða viðhaldi samkeppnishamlandi starfsháttum, sem hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna, svo framarlega sem beiting þessa ákvæðis hindrar ekki, að lögum eða í reynd, framkvæmd opinberra verkefna sem þeim eru fengin.
3. Þessi grein gildir ekki um opinber innkaup.

Gr. 8.6
Lausn deilumála.

Enginn samningsaðili getur beitt málsmeðferð við lausn deilumála samkvæmt þessum samningi í málum er varða efnisatriði þessa kafla.

9. KAFLI
GAGNSÆI

Gr. 9.1
Birting og afhending upplýsinga.

1. Hver samningsaðili skal sjá til þess að lög hans, reglur, stjórnsýsluákvarðanir sem hafa almennt gildi, svo og alþjóðasamningar, sem hann er bundinn af, sem gætu haft áhrif á framkvæmd þessa samnings, séu birt eða gerð aðgengileg almenningi með öðrum hætti þannig að einstaklingar og aðrir, sem eiga hagsmuna að gæta, geti kynnt sér þau.

tions that the submitting Party requests for the use of such information.

6. To further strengthen co-operation, the Parties may sign co-operation agreements.

ARTICLE 8.4
Consultations

To foster understanding between the Parties, or to address any matter arising under this Chapter, and without prejudice to the autonomy of each Party to develop, maintain and enforce its competition policy and legislation, a Party may request consultations within the Joint Committee. This request shall indicate the reasons for the consultations. Consultations shall be held promptly with a view to reaching a conclusion consistent with the objectives set forth in this Chapter. The Parties concerned shall give to the Joint Committee all the support and information needed, subject to the criteria and standards set out in paragraph 5 of Article 8.3 (Co-operation).

ARTICLE 8.5
State Enterprises and Designated Monopolies

1. Nothing in this Chapter shall be construed to prevent a Party from establishing or maintaining a state enterprise and/or designated monopolies.

2. The Parties shall ensure that state enterprises and designated monopolies do not adopt or maintain anticompetitive practices affecting trade between the Parties, insofar as the application of this provision does not obstruct the performance, in law or in fact, of the particular public tasks assigned to them.

3. This Article does not apply to government procurement.

ARTICLE 8.6
Dispute Settlement

No Party may have recourse to dispute settlement under this Agreement for any matter arising under this Chapter.

CHAPTER 9
TRANSPARENCY

ARTICLE 9.1
Publication and Disclosure of Information

1. Each Party shall ensure that its laws, regulations, administrative rulings of general application and their respective international agreements, which may affect the operation of this Agreement, are published or otherwise made publicly available in such a manner as to enable persons and other interested parties to become acquainted with them.

2. Samningsaðilar skulu, eftir því sem unnt er, birta, eða gera almenningi aðgengilegar með öðrum hætti, dómsniðurstöður sem geta haft áhrif á framkvæmd þessa samnings.
3. Samningsaðilar skulu þegar í stað svara sértækum spurningum og veita hver öðrum, að fenginni beiðni, upplýsingar um málefni sem um getur í 1. og 2. mgr.

4. Ekkert í þessum samningi skal túlkað svo að þess sé krafist af samningsaðila að hann láti af hendi upplýsingar, sem eru trúnaðarmál, ef slíkt hindrar framkvæmd laga eða er á annan hátt andstætt hagsmunum almennings eða brýtur í bága við lögmæta viðskiptahagsmuni atvinnurekanda.
5. Ef samningsaðili, sem veitir öðrum samningsaðila upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessa samnings, tilnefnir upplýsingarnar sem trúnaðarmál skal hinn samningsaðilinn uppfylla trúnaðarkvaðir sem á þeim hvíla.
6. Ef ósamræmi er á milli ákvæða þessarar greinar og ákvæða, sem varða gagnsæi í öðrum köflum, skulu þau síðarnefndu gilda þar sem ósamræmis gætir.

2. To the extent possible, the Parties shall publish or otherwise make available judicial decisions that may affect the operation of this Agreement.

3. The Parties shall promptly respond to specific questions and provide, upon request, information to each other on matters referred to in paragraph 1 and 2.
4. Nothing in this Agreement shall require any Party to disclose confidential information, which would impede law enforcement, or otherwise be contrary to the public interest or would prejudice the legitimate commercial interests of any economic operator.

5. Where a Party providing information to another Party in accordance with this Agreement designates the information as confidential, the other Party shall maintain the confidentiality of the information.

6. In case of any inconsistency between the provisions of this Article and provisions relating to transparency in other Chapters, the latter shall prevail to the extent of the inconsistency.

Gr. 9.2
Tilkynningar.
1. Ef ekki er kveðið á um annað skal litið svo á að tilkynningu til samningsaðila hafi verið veitt viðtaka þegar hún hefur verið afhent yfirvaldi samningsaðila, sem það annast, og yfirvaldið hefur staðfest viðtöku.
2. Hver samningsaðili skal tilnefna yfirvald sem veitir tilkynningum viðtöku og tilkynna hinum samningsaðilunum um þá tilnefningu innan 90 daga frá því að samningur þessi öðlast gildi.

ARTICLE 9.2
Notifications
1. Unless otherwise provided for, a notification to a Party shall be deemed received when it has been delivered to and receipt has been confirmed by the responsible authority of that Party.
2. Each Party shall designate an authority responsible for receiving notifications and shall communicate such designation to the other Parties within 90 days following the entry into force of this Agreement.

10. KAFLI
SAMSTARF
Gr. 10.1
Gildissvið og markmið.
1. Samningsaðilar skulu ákveða að efla samstarf sem gerir kleift að styðja við framtaksverkefni á sviði uppbyggingar viðskiptafærni (hér á eftir nefnt „uppbygging viðskiptafærni“) með það fyrir augum að víkka út og auka ávinninginn af þessum samningi, með skilmálum sem gagnkvæmt samkomulag er um, í samræmi við innlendar áætlanir og stefnumið.
2. Samstarf samkvæmt þessum kafla skal fylgja eftirfarandi markmiðum:
a) að efla og þróa þau samskipti sem fyrir eru milli samningsaðilanna og varða uppbyggingu viðskiptafærni,
b) að ýta undir og skapa ný viðskipta- og fjárfestingartækifæri sem eykur samkeppnishæfni og stuðlar að nýsköpun og

CHAPTER 10
CO-OPERATION
ARTICLE 10.1
Scope and Objectives
1. The Parties shall decide to foster co-operation that allows support of trade capacity building (hereinafter referred to as “TCB”) initiatives in order to expand and improve the benefits of this Agreement, on mutually agreed terms, in accordance with national strategies and policy objectives

2. The co-operation under this Chapter shall pursue the following objectives:
(a) strengthening and developing the existing relations with regard to TCB between the Parties;

(b) enhancing and creating new trade and investment opportunities, fostering competitiveness and innovation; and

c) að koma þessum samningi í framkvæmd og hagnýta árangurinn af því sem hvata efnahagsvaxtar og þróunar og til að draga úr fátækt.

(c) implementing this Agreement and optimising its results, in order to provide an impulse for economic growth and development and to contribute to the reduction of poverty.

Gr. 10.2
Aðferðir og leiðir.

1. Samningsaðilar skulu vinna saman að því markmiði að skilgreina og beita árangursríkustu aðferðum og leiðum sem völ er á til að hrinda ákvæðum þessa kafla í framkvæmd. Þeir skulu, í því skyni, samræma aðgerðir sínar aðgerðum viðkomandi alþjóðastofnana og, ef við á, vinna að samnýtingu við önnur form tvíhliða samstarfs milli samningsaðila.
2. Samstarf samkvæmt þessum kafla skal annaðhvort eiga sér stað, innan vébanda Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) eða á tvíhliða grundvelli eða sem sambland af þessu tvennu.
3. Samningsaðilar munu meðal annars nýta sér eftirfarandi til framkvæmdar ákvæðum þessa kafla:
a) skipti á upplýsingum og reynslu,
b) sameiginlega skilgreiningu, þróun og framkvæmd verkefna og samvinnu á sviði nýsköpunar, þ.m.t. málþing og málstofur og
c) tæknisamstarf og samvinnu á sviði stjórnsýslu.
4. Samningsaðilar geta hleypt af stokkunum og hrint í framkvæmd verkefnum og starfsemi í tengslum við uppbyggingu viðskiptafærni með þátttöku innlendra og alþjóðlegra sérfræðinga og stofnana.

ARTICLE 10.2
Methods and Means

1. The Parties shall co-operate with the objective of identifying and employing the most effective methods and means for the implementation of this Chapter. To this end they shall coordinate efforts with relevant international organisations and develop, where applicable, synergies with other forms of bilateral co-operation between the Parties.
2. Co-operation under this Chapter shall be carried out either through EFTA activities, bilaterally or through a combination of the two.

3. The Parties will use, among others, the following instruments for the implementation of this Chapter:
(a) exchange of information and experience;
(b) joint identification, development and implementation of projects and innovative activities of co-operation, including seminars and workshops; and
(c) technical and administrative co-operation.
4. The Parties may initiate and implement projects and activities related to TCB with the participation of national and international experts and institutions.

Gr. 10.3
Sameiginlega nefndin og tengiliðir.

1. Varðandi framkvæmd þessa kafla eru eftirfarandi tengiliðir tilnefndir:
a) fyrir EFTA-ríkin: aðalskrifstofa EFTA og
b) fyrir Kólumbíu: ráðuneyti viðskipta, iðnaðar og ferðamála
2. Tengiliðirnir eru ábyrgir fyrir því að tillögur um verkefni fari rétta boðleið. Auk þess bera þeir ábyrgð á stjórnun og þróun samstarfsverkefna EFTA og eru tengiliðir við sameiginlegu nefndina. Þeir skulu, í þessu skyni, setja reglur og ákveða málsmeðferð til að auðvelda starfið.
3. EFTA-ríki sem bjóða fram tvíhliða samstarf, sem fer fram samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skulu tilnefna tengilið vegna slíks samstarfs.
4. Sameiginlega nefndin skal endurskoða framkvæmd ákvæða þessa kafla reglulega og vera samræmingaraðili eftir því sem við á.

ARTICLE 10.3
Joint Committee and Contact Points

1. For the implementation of this Chapter, the following contact points are designated:
(a) for the EFTA-States: the EFTA Secretariat; and
(b) for Colombia: the Ministry of Trade, Industry and Tourism
2. The contact points shall be responsible for the channelling of the project proposals. In addition they are responsible for managing and developing of EFTA co-operation projects and are the links to the Joint Committee. For this purpose they shall establish rules and procedures in order to facilitate this work.
3. For co-operation on a bilateral basis taking place under the present Chapter, EFTA States providing such co-operation shall designate a Contact point.
4. The Joint Committee shall periodically review the implementation of this Chapter and act as a co-ordinating body as appropriate.

11. KAFLI
FRAMKVÆMD ÞESSA SAMNINGS

Gr. 11.1
Sameiginlega nefndin.

1. Samningsaðilar koma hér með á fót sameiginlegri nefnd EFTA-ríkjanna og Kólumbíu og skal hún skip-

CHAPTER 11
ADMINISTRATION OF THE AGREEMENT

ARTICLE 11.1
Joint Committee

1. The Parties hereby establish the Joint Committee Colombia-EFTA comprising representatives of each

uð fulltrúum allra samningsaðila. Fulltrúar samningsaðilanna skulu vera fulltrúar ríkisstjórnar eða háttsettir embættismenn, tilnefndir af þeim í þessu skyni.

2. Sameiginlega nefndin skal:

a) hafa umsjón með því að ákvæði þessa samnings séu uppfyllt og þeim beitt á réttan hátt,
b) meta þann árangur sem hefur náðst við beitingu ákvæða þessa samnings,
c) hafa yfirsýn yfir frekari mótun þessa samnings, t.d. þann kost að afnema eftirstandandi viðskiptahindranir og aðrar takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum milli Kólumbíu og EFTA-ríkjanna,
d) hafa umsjón með starfi allra undirnefnda og vinnuhópa sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi og mæla með viðeigandi aðgerðum við þá,
e) setja sér starfsreglur,
f) gefa álit sitt á því hvernig túlka eða beita ber ákvæðum þessa samnings, að beiðni samningsaðila,
g) ákveða fjárhæð þóknunar og útgjalda sem verða greidd gerðardómsmönnum,
h) semja og samþykkja staðlaðar starfsreglur fyrir gerðardóma sem skulu fela í sér siðareglur gerðardómsmanna og
i) taka til umfjöllunar öll önnur málefni sem geta haft áhrif á framkvæmd þessa samnings eða sem falla undir hann í umboði samningsaðilanna.

3. Sameiginlega nefndin getur:

a) skipað undirnefndir og starfshópa, eftir því sem hún telur nauðsynlegt til að aðstoða hana við verkefni sín, og falið þeim skyldustörf. Undirnefndirnar og starfshóparnir skulu starfa í umboði sameiginlegu nefndarinnar, nema kveðið sé sérstaklega á um annað í þessum samningi.
b) ákveðið að breyta áætlunum um niðurfellingu tolla í II. viðauka (Undanskildar framleiðsluvörur), IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir), VIII viðauka (Lækkun innflutningsgjalda á iðnaðarvörur), sértækum upprunareglum í V. viðauka (Upprunareglur og gagnkvæm stjórnsýslusamvinna á sviði tollamála) og skrá yfir aðila í viðbæti 1–3 við XX. viðauka (Almennar athugasemdir),
c) ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein, tekið til athugunar og lagt til hvers konar breytingar á réttindum og skyldum samkvæmt þessum samningi með fyrirvara um að lagaskilyrðum í landi hvers samningsaðila um sig sé fullnægt og
d) boðað samningsaðilana til viðræðna síðar til að kanna hvort unnt sé að auka það frelsi sem þegar hefur náðst á hinum ýmsu sviðum sem þessi samningur tekur til.

Party. The Parties shall be represented by cabinet-level representatives or senior officials delegated by them for this purpose.

2. The Joint Committee shall:

(a) supervise the fulfillment and correct application of the provisions of this Agreement;
(b) evaluate the achieved results in the application of this Agreement;
(c) oversee the further elaboration of this Agreement including the possibility of removing remaining barriers to trade and other restrictive measures concerning commerce between Colombia and the EFTA States;
(d) supervise the work of all sub-committees and working groups established pursuant to this Agreement and recommend appropriate actions to them;
(e) establish its own rules of procedure;
(f) upon request of any Party, provide its opinion regarding the interpretation or application of this Agreement;
(g) establish the amount of remuneration and expenses that will be paid to panelists;
(h) prepare and adopt the Model Rules of Procedure for panels which shall include the standards of conduct for panelists; and
(i) consider any other matter that may affect the operation of this Agreement or is entrusted to it by the Parties.

3. The Joint Committee may:

(a) set up sub-committees and working groups as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks and delegate responsibilities to them. Except where specifically provided for in this Agreement, sub-committees and working groups shall work under a mandate established by the Joint Committee;
(b) decide to amend the tariff-elimination schedules in Annex II (Excluded Producst), IV (Fish and Other Marine Products), VIII (Dismantling of Import Duties for Industrial Products), specific rules of origin in Annex V (Rules of Origin and Mutual Administrative Co-operation in Customs Matters) and the list of entities in Appendices 1 through 3 to Annex XX (General Notes);
(c) except as otherwise provided for in this Article, consider and propose any amendments to the rights and obligations under this Agreement, subject to the fulfillment of the internal legal requirements of each Party; and
(d) convene the Parties for future negotiations to examine deepening the already reached liberalisation in the different sectors covered by this Agreement.

4. Sameiginlega nefndin skal halda fundi hvenær sem nauðsyn krefur en alla jafna reglulega fundi annað hvert ár og aukafundi samkvæmt skriflegri beiðni samningsaðila til hinna samningsaðilanna. Aukafundir skulu haldnir innan 30 daga frá síðustu beiðni, nema samningsaðilar verði ásáttir um annað.
5. Verði samningsaðilarnir ekki ásáttir um annað skulu fundir sameiginlegu nefndarinnar haldnir annaðhvort í Bógóta eða Genf eða með tæknilegum aðferðum sem eru fyrir hendi. Kólumbía og eitt EFTA-ríkjanna skulu gegna formennsku sameiginlega á slíkum fundum.
6. Sameiginlega nefndin getur tekið ákvarðanir eftir því sem kveðið er á um í þessum samningi og lagt fram tilmæli um öll önnur mál.
7. Ákvarðanir og tilmæli sameiginlegu nefndarinnar skulu samþykkt samhljóða.

4. The Joint Committee shall meet whenever necessary but normally every two years in regular session and in special session by written request of any Party to the other Parties. Special sessions shall take place within 30 days of receipt of the last request, unless the Parties agree otherwise.
5. Unless otherwise agreed by the Parties, sessions of the Joint Committee shall be held alternately in Bogota and Geneva or by any technological means available. Such sessions shall be chaired jointly by Colombia and one of the EFTA States.

6. The Joint Committee may take decisions as provided for in this Agreement and on all other matters it may make recommendations.
7. The Joint Committee shall take decisions and make recommendations by consensus.

Gr. 11.2

Samræmingaraðilar og tengiliðir.

1. Hver samningsaðili skal tilnefna samræmingaraðila samnings og skal tilkynna hinum samningsaðilunum um slíka tilnefningu innan 90 daga frá því að samningur þessi öðlast gildi.
2. Samræmingaraðilar samnings skulu, nema annað sé tekið fram í þessum samningi:
a) vinna sameiginlega að því að semja dagskrár, sjá um annan undirbúning fyrir fundi sameiginlegu nefndarinnar og fylgja eftir ákvörðunum sameiginlegu nefndarinnar, eftir því sem við á,
b) vera tengiliðir til að auðvelda samskipti milli samningsaðilanna um hvert það málefni sem fellur undir þennan samning,
c) tilgreina, að beiðni samningsaðila, embætti eða embættismenn sem bera ábyrgð á tilteknu málefni og aðstoða við að auðvelda samskipti eftir því sem þörf krefur og
d) fjalla um hvert það málefni annað sem sameinlega nefndin felur þeim.
3. Hver samningsaðili skal bera ábyrgð á starfsemi þess samræmingaraðila samnings sem hann tilnefnir og þeim kostnaði sem hlýst af starfseminni.

ARTICLE 11.2

Agreement Coordinators and Contact Points

1. Each Party shall designate an Agreement Coordinator and communicate such designation to the other Parties within 90 days following the entry into force of this Agreement.
2. Unless otherwise specified in this Agreement, the Agreement Coordinators shall:
(a) work jointly to develop agendas, make other preparations for Joint Committee meetings and follow up on Joint Committee decisions as appropriate;

(b) act as a contact point to facilitate communications between the Parties on any matter covered by this Agreement;
(c) on the request of a Party, identify the office or official responsible for a given matter and assist in facilitating communication as necessary; and

(d) address any other matter entrusted to it by the Joint Committee.
3. Each Party shall be responsible for the operation and expenses of its designated Agreement Coordinator.

12. KAFLI
LAUSN DEILUMÁLA

Gr. 12.1

Samstarf.

Samningsaðilar skulu jafnan leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu þessa samnings og gera sitt ýtrasta, með samvinnu, samráði eða með öðrum hætti, til að finna lausn, sem allir aðilar geta sætt sig við, á hverju því máli sem getur haft áhrif á framkvæmd hans.

CHAPTER 12
DISPUTE SETTLEMENT

ARTICLE 12.1

Co-operation

The Parties shall at all times endeavour to agree on the interpretation and application of this Agreement, and shall make every attempt through co-operation, consultations or other means to reach a mutually satisfactory resolution of any matter that might affect its operation.

Gr. 12.2
Gildissvið.

Sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum skulu ákvæði þessa kafla um lausn deilumála gilda um lausn allra deilumála á milli samningsaðilanna varðandi túlkun eða beitingu þessa samnings, einkum þegar samningsaðili telur að ráðstöfun annars samningsaðila samrýmist ekki skuldbindingum samkvæmt þessum samningi.

ARTICLE 12.2
Scope of Application

Except as otherwise provided in this Agreement, the dispute settlement provisions of this Chapter shall apply with respect to the settlement of all disputes between the Parties regarding the interpretation or application of this Agreement, in particular when a Party considers that a measure of another Party is inconsistent with the obligations of this Agreement.

Gr. 12.3
Vettvangur valinn.

1. Heimilt er að leysa deilumál, vegna máls er varðar bæði þennan samning og WTO-samninginn, á vettvangi hvors samningsins sem er, að vali þess samningsaðila sem ber fram kvörtun.
2. Þegar samningsaðili, sem ber fram kvörtun, hefur óskað eftir því að skipaður verði gerðardómur á vettvangi WTO skv. 6. mgr. WTO-samningsins *Samkomulag um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála* (hér á eftir nefnt „Samkomulag um lausn deilumála“) eða gerðardómur skv. 1. mgr. gr. 12.6 í þessum samningi (Beiðni um gerðardóm) skal einungis nota þann vettvang sem valinn hefur verið í slíkum málum, nema deiluaðilar verði ásáttir um annað.
3. Samningsaðili skal, áður en hann hefur málsmeðferð samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um lausn deilumáls, á milli hans og annars samningsaðila, tilkynna hinum samningsaðilunum um þá fyrirætlan sína.

ARTICLE 12.3
Choice of Forum

1. Disputes regarding the same matter arising under this Agreement and the WTO Agreement may be settled in either forum at the discretion of the complaining Party.
2. Unless otherwise agreed by the disputing Parties, once the complaining Party has requested a WTO panel under Article 6 of the WTO *Understanding on Rules and Procedures Governing the Settlement of Disputes* (hereinafter referred to as the “DSU”) or a panel under this Agreement pursuant to paragraph 1 of Article 12.6 (Request for a Panel), the forum selected shall be used to the exclusion of the other in respect of that matter.
3. Before a Party initiates a dispute settlement procedure against another Party under the WTO Agreement, that Party shall notify the other Parties of its intention.

Gr. 12.4
Sáttaumleitanir.

1. Samningsaðilum er frjálst að nýta sér málsmeðferð sáttaumleitana verði þeir ásáttir um það. Sáttaumleitanir má hefja eða hætta þeim hvenær sem er. Þær geta haldið áfram á meðan málsmeðferð gerðardóms, sem komið er á fót samkvæmt þessum kafla, stendur yfir.
2. Málsmeðferð, sem felst í sáttaumleitunum, skal vera trúnaðarmál og hefur ekki áhrif á rétt samningsaðila við annars konar málsmeðferð.

ARTICLE 12.4
Good Offices, Conciliation or Mediation

1. Good offices, conciliation and mediation are procedures that are undertaken voluntarily if the Parties so agree. They may begin and be terminated at any time. They may continue while procedures of a panel established in accordance with this Chapter are in progress.
2. Proceedings involving good offices, conciliation and mediation shall be confidential and without prejudice to the Parties’ rights in any other proceedings.

Gr. 12.5
Viðræður.

1. Samningsaðili getur óskað skriflega eftir viðræðum við hvaða annan samningsaðila sem er um hvert það málefni sem um getur í gr. 12.2 (Gildissvið). Samningsaðili, sem leggur fram beiðnina, skal tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um það.
2. Viðræður skulu fara fram á vegum sameiginlegu nefndarinnar ef þeir samningsaðilar sem leggja fram beiðni um viðræður og þeir sem beiðni er beint til samþykkja það.

ARTICLE 12.5
Consultations

1. A Party may request in writing consultations with any other Party with respect to any matter referred to in Article 12.2 (Scope of Application). The requesting Party shall notify the other Parties in writing thereof.
2. Consultations shall take place in the Joint Committee if the Parties making and receiving the request for consultations so agree.

3. Í beiðni um viðræður skal tilgreina ástæður fyrir kvörtuninni, þ.m.t. að gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem um er að ræða og tilgreina þann lagagrundvöll sem kvörtunin er byggð á.
4. Viðræður skulu fara fram innan:
a) 30 daga frá þeim degi er beiðni berst um viðræður varðandi áríðandi málefni[18],
b) 45 daga frá þeim degi er beiðni berst um viðræður varðandi önnur mál eða
c) einhvers annars tímabils sem samningsaðilar, sem eiga í viðræðum, eru ásáttir um.
5. Viðræður geta farið fram þannig að menn koma saman eða með því að nota þann tæknibúnað sem samningsaðilarnir, sem eiga í viðræðum, hafa aðgang að. Ef um er að ræða viðræður þar sem menn koma saman skal það vera á stað sem samningsaðilarnir, sem eiga í viðræðum, eru ásáttir um. Ef viðræður samningsaðila leiða ekki til samkomulags skulu viðræðurnar fara fram á yfirráðasvæði samningsaðilans sem beiðni er beint til.
6. Samningsaðilarnir skulu, er þeir eiga í viðræðum, veita nægar upplýsingar til að unnt sé að kanna til fulls hvernig gildandi ráðstöfun gæti haft áhrif á framkvæmd og beitingu þessa samnings. Samningsaðilar, sem eiga í viðræðum, skulu fara með allar trúnaðar- eða einkaupplýsingar, sem þeir skiptast á meðan á viðræðum stendur, á sama hátt og samningsaðilinn sem veitir upplýsingarnar.
7. Viðræður skulu bundnar trúnaði og vera með fyrirvara um rétt samningsaðila, sem eiga í viðræðum, ef til frekari málsmeðferðar kemur.
8. Samningsaðilar, sem eiga í viðræðum, skulu tilkynna hinum samningsaðilunum um hverja þá lausn mála sem gagnkvæmt samkomulag er um.

3. The request for consultations shall set out the reasons for the complaint, including an identification of the measure concerned and an indication of the legal basis of the complaint.
4. Consultations shall be held within:
(a) 30 days following the date of receipt of the request for consultations regarding urgent matters[18];
(b) 45 days following the date of receipt of the request for consultations for all other matters; or
(c) such other period as the consulting Parties may agree.
5. Consultations may be held in person or by any technological means available to the consulting Parties. If in person, consultations shall be held in the place agreed by the consulting Parties. If no agreement has been reached by the consulting Parties the consultations shall be held in the territory of the requested Party.

6. In a consultation, the consulting Parties shall provide sufficient information to enable a full examination of how the measure in force might affect the operation and application of this Agreement. The consulting Parties shall treat any confidential or proprietary information exchanged in the course of consultations in the same manner as the Party providing the information.
7. The consultations shall be confidential and without prejudice to the rights of the consulting Parties in any further proceedings.
8. The consulting Parties shall inform the other Parties of any mutually agreed resolution of the matter.

Gr. 12.6
Beiðni um skipun gerðardóms.

1. Samningsaðili, sem á í viðræðum, getur óskað skriflega eftir því að stofnaður verði gerðardómur:
a) ef samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, hefur ekki svarað beiðni um viðræður innan 15 daga frá þeim degi er hann tekur á móti slíkri beiðni,
b) ef viðræður fara ekki fram innan þeirra tímamarka sem sett eru í gr. 12.5 (Viðræður) eða innan annarra tímamarka sem samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, og samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, hafa orðið ásáttir um eða
c) ef samningsaðilum, sem eiga í viðræðum, tekst ekki að leysa mál innan 60 daga frá þeim degi er

ARTICLE 12.6
Request for a Panel

1. A consulting Party may request in writing the establishment of a panel:
(a) if the requested Party has not responded to the request for consultations within 15 days of the date of receipt of such request;
(b) if consultations are not held within the periods established in Article 12.5 (Consultations) or within any other periods as the requested and requesting Parties may have agreed; or
(c) in the event that the consulting Parties fail to resolve a matter within 60 days of the date of the

[18] Til áríðandi málefna teljast málefni er varða vörur sem hætt er við skemmdum eða varða á annan hátt vörur eða þjónustu sem missir fljótt söluverðmæti sitt, s.s. tilteknar árstíðabundnar vörur og þjónusta.

[18] Urgent matters include those concerning perishable goods, or otherwise involving goods or services that rapidly lose their trade value, such as certain seasonal goods and services.

beiðni um viðræður berst eða, ef um áríðandi mál er að ræða, innan 45 daga eða innan annarra tímamarka sem þeir verða ásáttir um.

2. Samningsaðili, sem ber fram kvörtun, skal afhenda samningsaðilanum, sem kvörtun er beint gegn, beiðni um að stofna gerðardóm. Í beiðninni skal koma fram ástæða fyrir því að hún er lögð fram, þær sérstöku ráðstafanir sem um er að ræða og henni skal fylgja stutt samantekt um þann lagagrundvöll sem kvörtunin byggist á sem nægir til þess að leggja málið fyrir með skýrum hætti.

3. Senda skal hinum samningsaðilunum afrit af beiðninni.

4. Valið í gerðardóm og það hvernig hann sinnir hlutverki sínu skal vera þannig að samrýmist ákvæðum þessa kafla og stöðluðum starfsreglum, nema deiluaðilar verði ásáttir um annað

receipt of the request for consultations or as regards urgent matters within 45 days, or within any other period as they may agree.

2. The complaining Party shall deliver the request for the establishment of a panel to the Party complained against. The request shall contain the reason for the request, the identification of the specific measures, and a brief summary of the legal basis of the complaint sufficient to present the problem clearly.

3. A copy of the request shall be communicated to the other Parties.

4. Unless otherwise agreed by the disputing Parties, the panel shall be selected and perform its functions in a manner consistent with the provisions of this Chapter and the Model Rules of Procedure.

Gr. 12.7

Þátttaka þriðja aðila.

1. Samningsaðli, sem á ekki hlut að deilumáli, skal, þegar skrifleg tilkynning er afhent samningsaðilum sem eiga hlut að deilumálinu og gerðardómi, eiga rétt á að leggja skriflegar greinargerðir fyrir gerðardóm, taka við greinargerðum frá deiluaðilum, þ.m.t. viðaukar, gefa skýrslur og munnlegar yfirlýsingar.

2. Þegar skrifleg tilkynning er afhent skv. 1. mgr. skal þriðji aðili að deilumálinu láta fylgja skýringu á sérstökum hagsmunum sínum í deilumálinu.

3. Þegar þriðji aðili gefur munnlega yfirlýsingu eða leggur fram greinargerð skal hann virða jafnan rétt deiluaðila og skal ekki taka upp ný málefni sem ganga gegn starfsskilmálunum. Munnlegar yfirlýsingar eða greinargerðir þriðja aðila skulu auðvelda gerðardómi lausn deilumálsins, einkum á þann hátt að veita aukna yfirsýn eða sérstaka þekkingu eða innsýn.

4. Gerðardómur skal ekki taka til greina munnlegar yfirlýsingar eða greinargerðir sem uppfylla ekki kröfur sem eru settar fram í 3. mgr.Gerðardómur þarf ekki að taka fram í skýrslu sinni þau rök sem þriðji aðili setur fram í skriflegum gögnum sínum eða munnlegum yfirlýsingum.

ARTICLE 12.7

Third Party Participation

1. A Party which is not a party to the dispute shall be entitled, on delivery of a written notice to the disputing Parties and the panel, to make written submissions to the panel, receive written submissions including annexes of the disputing Parties, attend hearings and make oral statements.

2. When delivering a written notice pursuant to paragraph 1, a third party to the dispute shall include an explanation of its particular interest in the dispute.

3. When making oral statements or written submissions, a third party shall respect the equal rights of the disputing Parties and not introduce new matters that go beyond the terms of reference. The oral statements or written submissions of the third party shall assist the panel in the resolution of the dispute, in particular by providing an additional perspective or a particular knowledge or insight.

4. The panel shall not consider oral statements or written submissions that do not meet the requirements set forth in paragraph 3. The panel is not required to address in its report the arguments made by the third party in its written submissions or oral statements.

Gr. 12.8

Menntun og hæfi gerðarmanna.

1. Gerðarmenn skulu:

a) vera sérfróðir eða hafa reynslu á sviði laga, alþjóðaviðskipta og annarra málefna sem þessi samningur tekur til eða í úrlausn deilumála sem rísa vegna alþjóðlegra viðskiptasamninga,

b) valdir á grundvelli hlutlægni, óhlutdrægni, áreiðanleika og góðrar dómgreindar,

ARTICLE 12.8

Qualifications of Panelists

1. Panelists shall:

(a) have expertise or experience in law, international trade, other matters covered by this Agreement, or in the resolution of disputes arising under international trade agreements;

(b) be chosen strictly on the basis of objectivity, impartiality, reliability, and sound judgment;

c) vera óháðir, ekki í eignartengslum við neinn samningsaðila eða taka við fyrirmælum frá neinum þeirra og
d) fara að siðareglum sem eiga sér stoð í hinum stöðluðu starfsreglum.

2. Ef deiluaðili hefur réttmætar efasemdir um að gerðardómsmaður fylgi viðmiðunum um háttsemi, sem eiga sér stoð í hinum stöðluðu starfsreglum, getur hann lagt það til við hinn deiluaðilann að gerðardómsmaðurinn verði látinn víkja. Ef hinn deiluaðilinn er ekki samþykkur eða gerðardómsmaðurinn víkur ekki skal ákvörðunin tekin af framkvæmdastjóra Alþjóðagerðardómsins (hér á eftir nefndur „Alþjóðagerðardómurinn“).

Gr. 12.9
Val gerðardóms.

1. Þrír menn skulu skipa gerðardóm. Stofndagur gerðardóms telst vera dagurinn þegar formaður er skipaður.
2. Hver deiluaðili skal, innan 20 daga frá því að samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, tekur við beiðni um að skipa gerðardóm, skipa gerðardómsmann, sem getur verið ríkisborgari í sama ríki og viðkomandi samningsaðili, gera tillögu um allt að fjóra frambjóðendur til formanns í gerðardómi og tilkynna öðrum deiluaðilum skriflega um nafn gerðardómsmannsins og frambjóðenda sinna til formanns, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar um bakgrunn þeirra.
3. Innan tíu daga til viðbótar frá því að samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, tekur við beiðni um að stofna gerðardóm skulu deiluaðilarnir leitast við að ná samkomulagi um formann og velja hann úr hópi þeirra frambjóðenda sem samningsaðilarnir hafa gert tillögu um. Ef deiluaðilar ná ekki samkomulagi skulu gerðardómsmennirnir tveir, sem þegar hafa verið skipaðir, leitast við, innan tíu daga til viðbótar, að koma sér saman um formann úr hópi þeirra frambjóðenda sem deiluaðilarnir hafa gert tillögu um. Ef gerðardómsmenn telja ekki rétt að skipa neinn af þeim frambjóðendum, sem tillaga er gerð um, geta þeir skipað annan einstakling.
4. Hafi nefndarmennirnir þrír ekki verið tilnefndir eða skipaðir innan 40 daga frá því að samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, tekur við beiðni um að skipa gerðardóm skulu nauðsynlegar tilnefningar gerðar, að beiðni einhvers deiluaðilanna, á eftirfarandi hátt:
a) ef gerðardómsmaður hefur ekki verið tilnefndur í samræmi við 2. mgr. skal framkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins tilnefna til formanns aðila af skrá yfir frambjóðendur sem samningsaðilarnir, sem eiga hlut að deilumáli, hafa gert tillögu um eða

(c) be independent of and not be affiliated with or take instructions from, any Party; and

(d) comply with the standards of conduct established by the Model Rules of Procedure.

2. If a disputing Party has justifiable doubts as to the panelist´s compliance with the standards of conduct established in the Model Rules of Procedure, it may propose to the other disputing Party the removal of the panelist. If the other disputing Party does not agree, or the panelist does not withdraw, the decision shall be made by the Secretary-General of the Permanent Court of Arbitration (hereinafter referred to as “the PCA”).

ARTICLE 12.9
Panel Selection

1. The panel shall comprise three members. The date of establishment of the panel shall be the date on which the chair is appointed.
2. Each disputing Party shall, within 20 days after the date of receipt by the Party complained against of the request for the establishment of the panel, appoint a panelist, who may be a national of said Party, propose up to four candidates to serve as the chair of the panel, and notify the other disputing Party in writing of the name of the panelist and its proposed candidates to serve as chair, including their relevant background information.
3. Within an additional ten days from the receipt by the Party complained against of the request for the establishment of the panel, the disputing Parties shall endeavour to agree on and appoint the chair from among the candidates proposed by both Parties. If the disputing Parties do not agree, the two panelists already appointed shall within an additional ten days, endeavour to agree on the chair from among the candidates proposed by the disputing Parties. If the panelists do not find it appropriate to appoint any of the proposed candidates they may appoint a different individual.

4. If all three members have not been designated or appointed within 40 days from the receipt by the Party complained against of the request for the establishment of the panel, the necessary designations shall be made, at the request of any of the disputing Parties, in the following manner:
(a) if a panelist has not been designated in accordance with paragraph 2, the Secrertary-General of the PCA shall name a member from among the list of candidates for the chair proposed by the disputing Parties; or

b) ef formaður hefur ekki verið tilnefndur í samræmi við 3. mgr. skal framkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins skipa til formanns aðila úr hópi frambjóðenda sem deiluaðilarnir hafa gert tillögu um.

5. Ef gerðardómsmaður, sem hefur verið skipaður, hættir störfum, er sagt upp störfum eða verður ófær um að gegna starfi sínu skal skipa annan mann í hans stað á eftirfarandi hátt:

a) sé um að ræða gerðardómsmann, sem samningsaðili hefur skipað, skal sá samningsaðili tilnefna annan gerðardómsmann innan 15 daga en sé það ekki gert skal skipa annan í hans stað í samræmi við a-lið 4. mgr.,
b) sé um að ræða formann gerðardóms skulu samningsaðilarnir koma sér saman um skipun annars formanns í hans stað innan 30 daga, en sé það ekki gert skal skipa annan formann í hans stað í samræmi við b-lið 4. mgr.,
c) ef engir frambjóðendur, sem samningsaðilar gera tillögu um, eru lengur til staðar skal hver samningsaðili gera tillögu um allt að þrjá frambjóðendur til viðbótar innan sömu 30 daga og um getur í b-lið og framkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins skal skipa gerðardómsmanninn eða formanninn innan sjö daga frá þeim degi úr hópi þeirra frambjóðenda sem gerð hefur verið tillaga um.

6. Framlengja skal þann frest sem gildir um málsmeðferð frá og með þeim degi er gerðardómsmaður eða formaður hættir störfum, er sagt upp störfum eða verður ófær um að sinna störfum og til þess dags þegar eftirmaður hans hefur verið skipaður.

7. Ef framkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins getur ekki gegnt skyldustörfum sínum, eins og sett er fram í þessari grein, eða er ríkisborgari í landi samningsaðila, sem á hlut að deilumálinu, skal aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins annast tilnefningarnar.

(b) if the chair has not been designated in accordance with paragraph 3, the Secretary-General of the PCA, shall appoint the chair from among the candidates for the chair proposed by the disputing Parties.

5. If an appointed panelist withdraws, is removed, or becomes unable to serve, a replacement shall be appointed in the following manner:

(a) in the case of a panelist appointed by a Party, that Party shall designate a new panelist within 15 days, failing which the replacement shall be appointed in accordance with subparagraph 4(a);

(b) in the case of the chair of the panel, the Parties shall agree on the appointment of a replacement within 30 days, failing which the replacement shall be appointed in accordance with subparagraph 4(b);
(c) if there are no remaining candidates proposed by the Parties, each Party shall propose up to three additional candidates within the same 30 days as referred to in subparagraph (b), and the panelist or chair shall be appointed by the Secretary-General of the PCA within seven days thereafter from among the candidates proposed.

6. Any time period applicable to the proceedings shall be suspended for a period beginning on the date the panelist or chair withdraws, is removed, or becomes unable to serve and ending on the date the replacement is appointed.

7. If the Secretary-General of the PCA is unable to perform his obligations as set forth by this Article or is a national of a Party to the dispute, the designations shall be made by the Deputy Secretary-General of the PCA.

Gr. 12.10
Hlutverk gerðardóms.

1. Gerðardómur skal leggja hlutlægt mat á málið, sem er til umfjöllunar, í ljósi viðeigandi ákvæða þessa samnings, túlkað í samræmi við reglur um túlkun þjóðaréttar og í ljósi greinargerða og röksemda deiluaðila, svo og annarra upplýsinga sem henni berast meðan á málsmeðferð stendur og setja fram nauðsynlegar niðurstöður fyrir lausn deilumálsins í samræmi við beiðnina um stofnun gerðardóms og starfsskilmálana.

2. Verði deiluaðilar ekki ásáttir um annað, innan 20 daga frá því að þeim berst beiðni um stofnun gerðardóms, skulu starfsskilmálar hennar vera:

ARTICLE 12.10
Role of the Panel

1. The panel shall make an objective assessment of the matter under its consideration, in light of the relevant provisions of this Agreement interpreted in accordance with rules of interpretation of public international law and in light of the submissions and arguments of the disputing Parties as well as other information received during the proceedings, and formulate the necessary findings for settling the dispute in accordance with the request for the establishment of the panel and the terms of reference.

2. Unless otherwise agreed by the disputing Parties, within 20 days from the date of the receipt of the request for the establishment of the panel, its terms of reference shall be:

„að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða þessa samnings, þau málefni sem vísað er til þeirra í beiðni um gerðardóm og að komast að niðurstöðu, taka ákvarðanir og leggja fram tilmæli eins og um getur í 3. mgr. í gr. 12.13 (Skýrslur gerðardóms).“

3. Ákvarðanir gerðardóms, þ.m.t. samþykkt skýrslunnar skulu alla jafna teknar með einróma samþykki. Ef ekki fæst einróma samþykki innan gerðardóms getur hann samþykkt ákvarðanir sínar með meirihluta atkvæða. Gerðardómur hefur ekki heimild til að veita upplýsingar um það hverjir gerðardómsmanna eiga hlut að meirihluta- eða minnihlutaáliti nefndarinnar.

4. Senda skal samningsaðilum skýrslurnar, svo og allar aðrar ákvarðanir gerðardóms. Birta skal skýrslurnar nema deiluaðilar ákveði annað.

"To examine, in light of the relevant provisions of this Agreement, the matter referred to it in the panel request and to make findings, determinations and recommendations as referred to in paragraph 3 of Article 12.13 (Reports of the Panel)."

3. The decisions of the panel including the adoption of the report shall normally be taken by consensus. If the panel is not able to reach a consensus, it may adopt its decisions by majority. No panel may disclose which panelists are associated with majority or minority opinions.

4. The reports, as well as any other decision of the panel, shall be communicated to the Parties. The reports shall be made public, unless the disputing Parties decide otherwise.

Gr. 12.11

Staðlaðar starfsreglur.

1. Málsmeðferð í gerðardómi skal vera í samræmi við hinar stöðluðu starfsreglur nema kveðið sé á um annað í þessum samningi. Samningsaðilarnir geta komið sér saman um að öðrum reglum sé beitt í gerðardómi.

2. Innan sex mánaða frá gildistöku þessa samnings skal sameiginlega nefndin samþykkja hinar stöðluðu starfsreglur sem skulu tryggja a.m.k. eftirfarandi:

a) hver deiluaðili skal eiga rétt á skýrslugjöf fyrir gerðardómi a.m.k. einu sinni og fá jafnframt tækifæri til að leggja fram skrifleg gögn og gagnrök,

b) skýrslugjöf fyrir gerðardómi skal vera opin almenningi nema deiluaðilar verði ásáttir um annað,

c) vernd upplýsinga sem einhver samningsaðilanna merkir sem trúnaðarmál,

d) gerðardómi er heimilt, að beiðni deiluaðila eða að eigin frumkvæði, að leita upplýsinga og tæknilegrar ráðgjafar sérfræðinga,

e) skýrslutaka gerðardóms skal fara fram í Washington D.C. BNA nema deiluaðilarnir verði ásáttir um annað,

f) deiluaðilar eiga rétt á að nota annaðhvort sitt eigið tungumál eða ensku við munnlegan málflutning. Skrifleg gögn skulu lögð fram á spænsku með enskri þýðingu eða á ensku með spænskri þýðingu,

g) hver deiluaðili skal bera eigin kostnað, þ.m.t. kostnaður við þýðingar á skriflegum gögnum og annar kostnaður sem tengist undirbúningi og framkvæmd málsmeðferðarinnar, þ.m.t. stjórnunarkostnaður og

ARTICLE 12.11

Model Rules of Procedure

1. The procedure before the panel shall be conducted in accordance with the Model Rules of Procedure unless otherwise provided for in this Agreement. The disputing Parties may agree on different rules to be applied by the panel.

2. Within six months following the date of entry into force of this Agreement, the Joint Committee shall adopt the Model Rules of Procedure which shall ensure at least the following:

(a) each disputing Party shall have the right to at least one hearing before the Panel, as well as the opportunity to provide initial and rebuttal written submissions;

(b) the hearings before the panel shall be open to the public unless otherwise agreed by the disputing Parties;

(c) the protection of information designated as confidential by any of the Parties;

(d) at the request of a disputing Party, or on its own initiative, the panel may seek information and technical advice from experts it deems appropriate;

(e) unless otherwise agreed by the disputing Parties, the hearings of the panel shall take place in Washington D.C. USA;

(f) in presenting oral arguments the disputing Parties have the right to use either their own language or English. Written submissions must be submitted in Spanish with an English translation or in English with a Spanish translation;

(g) each disputing Party's individual costs, including the costs for the translation of the written submissions as well as other costs related to the preparation and the carrying out of the proceedings, including the disputing Parties' administration costs, shall be borne by each disputing Party; and

h) deiluaðilar skulu bera að jöfnu kostnað vegna gerðardómsmanna og stjórnunarkostnað vegna munnlegrar skýrslutöku, þ.m.t. túlkun. Gerðardómur getur þó ákveðið að kostnaðarskipting sé misjöfn, m.a með tilliti til einstakra atriða málsins og annarra aðstæðna sem geta talist skipta máli.

(h) costs for the panelists and the administrative costs for the oral hearings, including interpretation, shall be borne by the disputing Parties in equal parts. The panel may however decide that the costs be distributed differently taking into account, *inter alia*, the particulars of the case and other circumstances that may be deemed relevant.

Gr. 12.12
Sameiginleg málsmeðferð.

Ef fleiri en einn samningsaðili fara fram á stofnun gerðardóms vegna sama máls eða ráðstöfunar skal stofna aðeins einn gerðardóm til að fjalla um kvörtunina, ef það er gerlegt.

ARTICLE 12.12
Consolidation of Proceedings

Where more than one Party requests the establishment of a panel relating to the same matter or measure, and whenever feasible, a single panel should be established to examine complaints relating to the same matter.

Gr. 12.13
Skýrslur gerðardóms.

1. Gerðardómur skal leggja fram bráðabirgðaskýrslu innan 90 daga frá stofnun hans, en innan 50 daga þegar um þýðingarmikil málefni er að ræða, nema deiluaðilarnir verði ásáttir um annað.
2. Deiluaðila er heimilt að leggja skriflegar athugasemdir fyrir gerðardóm um bráðabirgðaskýrsluna innan 14 daga frá framlagningu hennar. Gerðardómur skal afhenda deiluaðilum lokaskýrslu innan 30 daga frá framlagningu bráðabirgðaskýrslunnar.
3. Í skýrslunum skal fjallað um:
a) niðurstöður á grundvelli staðreynda og laga ásamt rökstuðningi fyrir þeim, þ.m.t. að ákvarða hvort deiluaðili hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt þessum samningi eða hvers konar aðrar ákvarðanir sem farið er fram á í starfsskilmálunum,
b) tilmæli um lausn deilumálsins og framkvæmd skýrslunnar,
c) ef um það er beðið, niðurstöður um það hversu skaðleg áhrif það hefur haft á viðskipti deiluaðila að annar deiluaðili hefur ekki gegnt skyldum sínum samkvæmt þessum samningi og
d) ef um það er beðið, hæfilega langan tíma til að fara að kröfum í lokaskýrslunni.

ARTICLE 12.13
Reports of the Panel

1. Unless the disputing Parties otherwise agree, the panel shall submit an initial report within 90 days, and 50 days in the event of urgent matters, after the date of its establishment.
2. A disputing Party may submit written comments to the panel on its initial report within 14 days of its presentation. The panel shall present to the disputing Parties a final report within 30 days of presentation of the initial report.
3. The reports shall contain:
(a) the findings of fact and law together with the reasons therefor, including the determination as to whether a disputing Party has not conformed with its obligations under this Agreement or any other determination requested in the terms of reference;
(b) the recommendations for the resolution of the dispute and the implementation of the report;
(c) if requested, the findings about the level of adverse trade effects caused to a disputing Party by the other disputing Party's failure to conform with the obligations of this Agreement; and
(d) if requested, a reasonable period to comply with the final report.

Gr. 12.14
Beiðni um skýringu á skýrslunni.

1. Innan 10 daga frá því að lokaskýrsla er lögð fram getur deiluaðili lagt skriflega beiðni fyrir gerðardóm um útskýringu á hvers konar ákvörðun eða tilmælum í skýrslunni sem samningsaðilinn telur að séu óljós. Gerðardómur skal svara beiðninni innan 10 daga frá því að hún er lögð fram.
2. Framlagning beiðni skv. 1. mgr. skal ekki hafa áhrif á tímafrest sem um getur í gr. 12.16 (Framkvæmd skýrslunnar og jöfnunaraðgerð) og gr. 12.17

ARTICLE 12.14
Request for Clarification of the Report

1. Within 10 days of the presentation of the final report, a disputing Party may submit a written request to the panel for clarification of any determination or recommendation in the report that the Party considers ambiguous. The panel shall respond to the request within 10 days following its submission.
2. The submission of a request pursuant to paragraph 1 shall not affect the time periods referred to in Article 12.16 (Implementation of the Report and Com-

(Úrskurður kemur ekki til framkvæmda og ávinningi frestað) nema gerðardómur ákveði annað.

Gr. 12.15
Málsmeðferð frestað eða hætt.

1. Deiluaðilar geta ákveðið að fresta starfi gerðardóms hvenær sem er, en ekki lengur en 12 mánuði frá samþykkt slíks samkomulags. Ef vinnu gerðardóms er frestað í meira en 12 mánuði skal heimild hans til að fjalla um deilumálið falla niður nema deiluaðilar verði ásáttir um annað.

2. Ef umboð gerðardóms fellur niður og deiluaðilar hafa ekki orðið ásáttir um lausn deilumálsins á ekkert í þessum samningi að hindra deiluaðila í því að leggja fram nýja kvörtun varðandi sama málefni.

3. Deiluaðilar geta ákveðið, hvenær sem er, að málsmeðferð í gerðardómi verði hætt með sameiginlegri tilkynningu um það til formanns gerðardóms.

4. Aðili, sem ber fram kvörtun, getur dregið hana til baka hvenær sem er áður en lokaskýrsla er gefin út. Slíkt hefur þó ekki áhrif á rétt hans til að leggja síðar fram nýja kvörtun vegna sama máls.

5. Samningsaðili getur, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er áður en lokaskýrslan er gefin út, lagt til að deiluaðilarnir reyni að leysa það í vinsemd.

Gr. 12.16
Framkvæmd skýrslunnar og jöfnunaraðgerð.

1. Úrskurðir gerðardóms, sem um getur í a- og d-lið í gr. 12.13 (Skýrslur gerðardóms), eru endanlegir og bindandi fyrir deiluaðila.

2. Samningsaðili, sem kvörtun er beint gegn, skal, innan 30 daga frá útgáfu skýrslunnar, tilkynna hinum samningsaðilanum um það hvenær og hvernig hann muni fylgja úrskurðinum. Samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, skal fylgja úrskurðinum þegar í stað nema í skýrslu gerðardóms sé gefinn tiltekinn tími fyrir framkvæmd úrskurðarins skv. d-lið 3. mgr. í gr. 12.13 (Skýrslur gerðardóms) eða deiluaðilar komi sér saman um annan tíma. Samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, skal taka tillit til allra tilmæla gerðardóms um lausn deilumálsins og framkvæmd úrskurðarins.

3. Samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, getur einnig, innan 30 daga frá því að skýrslan er gefin út, tilkynnt samningsaðilanum, sem ber fram kvörtun, að hann telji ógerlegt að fylgja úrskurðinum og boðið jöfnunaraðgerð. Ef samningsaðili, sem ber fram kvörtun, telur að áformuð jöfnunaraðgerð sé óviðunandi eða ekki nægilega ítarlega útfærð til að gefa rétt mat getur hann farið fram á viðræður með það

pensation) and Article 12.17 (Non-Implementation and Suspension of Benefits) unless the panel decides otherwise.

ARTICLE 12.15
Suspension and Termination of Procedure

1. The disputing Parties may agree to suspend the work of the panel at any time for a period not exceeding 12 months following the date of such agreement. If the work of the panel has been suspended for more than 12 months, the authority of the panel to consider the dispute shall lapse, unless the disputing Parties agree otherwise.

2. If the authority of the panel lapses and the disputing Parties have not reached an agreement on the settlement of the dispute, nothing in this provision shall prevent a disputing Party from introducing a new complaint regarding the same matter.

3. The disputing Parties may agree to terminate the proceedings before a panel at any time by jointly notifying the chairperson of the panel.

4. A complaining party may withdraw its complaint at any time before the final report has been issued. Such withdrawal is without prejudice to its right to introduce a new complaint regarding the same issue at a later point in time.

5. A panel may, at any stage of the proceedings prior to release of the final report, propose that the disputing Parties seek to settle the dispute amicably.

ARTICLE 12.16
Implementation of the Report and Compensation

1. The rulings of the panel on the matters referred to in sub-paragraphs (a) and (d) of Article 12.13 (Reports of the Panel) shall be final and binding for the disputing Parties.

2. The Party complained against shall within 30 days after the issuance of the report notify the other Party as to when and how it will comply with the ruling. The Party complained against shall comply with the ruling promptly, unless the panel report sets a period of time for the implementation of the ruling pursuant to subparagraph 3(d) of Article 12.13 (Reports of the Panel) or the disputing Parties agree on a different period of time. The Party complained against shall take into account any recommendations of the panel for the resolution of the dispute and the implementation of the ruling.

3. The Party complained against may also notify the complaining Party within 30 days after the issuance of the report that it considers it impracticable to comply with the ruling, and offer compensation. If the complaining Party considers the proposed compensation to be unacceptable or not sufficiently detailed to asses properly, it may request consultation with the aim of reaching an agreement on compensation. If

fyrir augum að ná samkomulagi um jöfnunaraðgerð. Ef ekki næst samkomulag um jöfnunaraðgerð verður samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, að hlíta upprunalegum úrskurði gerðardóms skv. 2. mgr.

Gr. 12.17
Úrskurður kemur ekki til framkvæmda – ávinningi frestað.

1. Ef samningsaðili sem kvörtun er beint gegn:
a) fylgir ekki úrskurðinum í skýrslunni þegar í stað eða innan þess tíma sem er ákveðinn af upphaflegum gerðardómi eða samþykktur af deiluaðilum eða
b) fer ekki að samkomulagi um jöfnun skv. 3. mgr. í gr. 12.16 (Framkvæmd skýrslunnar og jöfnunaraðgerð) innan þess tíma sem deiluaðilar verða ásáttir um

getur samningsaðili, sem ber fram kvörtun, frestað þeim ávinningi, sem fæst með þessum samningi, um jafngildi þess ávinnings sem leiðir af ráðstöfun sem gerðardómur telur brjóta gegn þessum samningi.
2. Þegar hugað er að því hvaða ávinningi skuli fresta skv. 1. mgr. skal samningsaðili, sem ber fram kvörtun, fyrst leitast við að fresta ávinningi í sama geira eða geirum og þeim sem ráðstöfun sú, sem gerðardómur hefur ákvarðað að samrýmist ekki skyldum samkvæmt þessum samningi, hefur haft áhrif á. Ef samningsaðili, sem ber fram kvörtun, telur það hvorki gerlegt né vænlegt til árangurs að fresta ávinningi í sama geira eða geirum, getur hann frestað ávinningi í öðrum geirum.
3. Frestun ávinnings skal vera tímabundin ráðstöfun sem samningsaðili, sem ber fram kvörtun, beitir einungis þar til ráðstöfunin, sem brýtur í bága við þennan samning, hefur verið samrýmd úrskurði gerðardóms eða þar til deiluaðilarnir hafa leyst deilumálið á annan hátt.
4. Samningsaðili, sem ber fram kvörtun, skal tilkynna samningsaðilanum, sem kvörtun er beint gegn, um þann ávinning sem fyrirhugað er að fresta og ástæður fyrir slíkri frestun og hvenær hún hefst, eigi síðar en 30 dögum fyrir þann dag sem hún á að koma til framkvæmda. Innan 15 daga frá þeirri tilkynningu getur samningsaðilinn, sem kvörtun er beint gegn, farið fram á það við upphaflega gerðardóminn að hann úrskurði um hvers konar ágreining varðandi tilkynnta frestun, þ.m.t. hvort frestun ávinnings sé réttmæt og hvort ávinningurinn, sem samningsaðilinn, sem ber fram kvörtun, hyggst afnema, sé of mikill. Úrskurður gerðardóms skal liggja fyrir innan 45 daga frá því að beiðnin er lögð fram. Ekki skal fresta ávinningi fyrr en gerðardómur hefur fellt úrskurð sinn.

there is no agreement on compensation, the Party complained against must comply with the ruling of the original panel pursuant to paragraph 2.

ARTICLE 12.17
Non-Implementation and Suspension of Benefits

1. If the Party complained against:
(a) fails to comply with the ruling in the report promptly or within any other time decided by the original panel or agreed by the disputing Parties; or
(b) fails to comply with an agreement on compensation pursuant to paragraph 3 of Article 12.16 (Implementation of the Report and Compensation) within the time period agreed by the disputing Parties,

the complaining Party may suspend benefits granted under this Agreement equivalent to those affected by the measure that the panel has found to violate this Agreement.
2. In considering which benefits to suspend pursuant to paragraph 1, the complaining Party should first seek to suspend the application of benefits in the same sector or sectors as that affected by the measure that the panel has found to be inconsistent with the obligations of this Agreement. If the complaining Party considers that it is not practicable or effective to suspend benefits in the same sector or sectors, it may suspend benefits in other sectors.

3. The suspension of benefits shall be temporary and shall only be applied by the complaining Party until the measure found to violate this Agreement has been brought into conformity with the rulings of the panel or until the disputing Parties have otherwise settled the dispute.
4. The complaining Party shall notify the Party complained against of the benefits which it intends to suspend, the grounds for such suspension and when suspension will commence, no later than 30 days before the date on which the suspension is due to take effect. Within 15 days from that notification, the Party complained against may request the original panel to rule on any disagreement regarding the notified suspension, including whether the suspension of benefits is justified and whether the benefits which the complaining Party intends to suspend are excessive. The ruling of the panel shall be given within 45 days from that request. Benefits shall not be suspended until the panel has issued its ruling.

5. Sé ágreiningur um það hvort samningsaðili, sem kvörtun er beint gegn, hafi farið að tilmælum í skýrslunni þegar í stað eða innan þess tíma, sem er ákveðinn af upphaflegum gerðardómi eða samþykktur af deiluaðilum, getur hver þeirra sem er vísað deilumálinu til upphaflega gerðardómsins. Skýrsla gerðardóms skal að jafnaði afhent innan 45 daga frá því að beiðnin er lögð fram. Ekki skal fresta ávinningi fyrr en gerðardómur hefur fellt úrskurð sinn.
6. Upphaflegi gerðardómurinn skal, að beiðni samningsaðila sem á hlut að deilunni, skera úr um það hvort framkvæmdarráðstafanir sem samningsaðili, sem ber fram kvörtun, samþykkir eftir að ávinningi er frestað séu í samræmi við úrskurð gerðardóms í þessum kafla og hvort rétt sé að hætta við eða breyta frestun ávinnings. Gerðardómur skal fella úrskurð innan 30 daga frá dagsetningu beiðninnar.
7. Gerðardómur samkvæmt þessari grein skal, ef unnt er að koma því við, skipaður aðilum úr upphaflega gerðardómnum. Ef einhver gerðardómsmanna fellur frá, hættir störfum, er sagt upp störfum eða er ekki tiltækur af öðrum ástæðum skal annar gerðardómsmaður skipa mann í hans stað skv. 5. mgr. í gr. 12.9 (Val gerðardóms).

5. In case of disagreement as to whether the Party complained against has complied with the report promptly or within any other time period decided by the original panel or agreed by the disputing Parties, either of these Parties may refer the dispute to the original panel. The report of the panel shall normally be rendered within 45 days from the request. Benefits shall not be suspended until the panel has issued its ruling.
6. At the request of a disputing Party, the original panel shall determine the conformity with the rulings of the panel in this Chapter of any implementing measures adopted after the suspension of benefits by the complaining Party and whether the suspension of benefits should be terminated or modified. In this case the ruling of the panel shall be given within 30 days from the date of that request.
7. A panel under this Article shall whenever possible be composed of members of the original panel. If any of the panelists dies, withdraws, is removed or is otherwise unavailable, that panelist shall be replaced by a panelist appointed pursuant to paragraph 5 of Article 12.9 (Panel Selection).

13. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

Gr. 13.1

Viðaukar, viðbætar og neðanmálsgreinar.

Viðaukar, þ.m.t. viðbætar þeirra og neðanmálsgreinar við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti samningsins.

Gr. 13.2

Gildistaka.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers samningsaðila. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila.
2. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart Kólumbíu og EFTA-ríki á fyrsta degi þriðja mánaðar frá þeim degi er Kólumbía og það EFTA-ríki afhenda til vörslu skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.
3. Þegar um er að ræða EFTA-ríki sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eftir að samningur þessi öðlast gildi skal hann öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjalið hefur verið afhent til vörslu.

Gr. 13.3

Breytingar.

1. Sé ekki kveðið á um annað í b-lið 3. mgr. í gr. 11.1 (Sameiginlega nefndin) skulu breytingar á þessum samningi, eftir athugun sameiginlegu nefndar-

CHAPTER 13
FINAL PROVISIONS

ARTICLE 13.1

Annexes, Appendices, and Footnotes

The Annexes including their Appendices and the footnotes to this Agreement constitute an integral part of this Agreement.

ARTICLE 13.2

Entry into Force

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval in accordance with the respective legal and constitutional requirements of the Parties. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.
2. This Agreement shall enter into force in relation to Colombia and an EFTA State, on the first day of the third month following the date on which Colombia and that EFTA State deposited their instrument of ratification, acceptance or approval.
3. In relation to an EFTA State depositing its instrument of ratification, acceptance, or approval after this Agreement has entered into force, it shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument.

ARTICLE 13.3

Amendments

1. Except as provided for in subparagraph 3 (b) of Article 11.1 (Joint Committee), amendments to this Agreement shall, after consideration by the Joint

innar, lagðar fyrir samningsaðilana til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers samningsaðila.
2. Breytingarnar öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu nema samningsaðilarnir verði ásáttir um annað.
3. Samningsaðilar geta komið sér saman um að breyting öðlist gildi gagnvart þeim samningsaðilum sem hafa uppfyllt lagaskilyrði í löndum þeirra, að því tilskildu að Kólumbía og a.m.k. eitt EFTA-ríkjanna séu á meðal þessara samningsaðila.
4. Texti breytinga og skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent til vörslu hjá vörsluaðila.

Committee, be submitted to the Parties for ratification, acceptance or approval in accordance with their respective legal and constitutional requirements.
2. Amendments shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval, unless the Parties agree otherwise.
3. The Parties may agree that an amendment shall enter into force for those Parties that have fulfilled their internal legal requirements, provided that Colombia and at least one EFTA State are among those Parties.
4. The text of the amendments and the instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.

Gr. 13.4
Aðild.

1. Sérhvert ríki, sem er aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), getur gerst aðili að samningi þessum, svo fremi að sameiginlega nefndin ákveði að samþykkja aðild þess með þeim kjörum og skilyrðum sem þessi ríki og samningsaðilarnir verða ásátt um.

2. Að því er varðar inngönguríki skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjal um samþykki samningsaðilanna og skjal um aðild inngönguríkisins hefur endanlega verið afhent til vörslu.

ARTICLE 13.4
Accession

1. Any State becoming a member of the European Free Trade Association (EFTA), may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee decides to approve its accession, on such terms and conditions as may be agreed between such State and the Parties.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the last deposit of the instrument of approval of the Parties and of the instrument of accession of the acceding State.

Gr. 13.5
Uppsögn.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt upp samningi þessum eftir að hafa sent skriflega tilkynningu til hinna samningsaðilanna; slík uppsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku nema samningsaðilarnir verði ásáttir um annað.
2. Ef Kólumbía segir upp samningnum telst hann útrunninn þegar uppsögnin tekur gildi.
3. Ef EFTA-ríki segir upp aðild að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu skal það jafnframt segja upp aðild að þessum samningi í samræmi við 1. mgr.

ARTICLE 13.5
Withdrawal

1. Any Party may withdraw from this Agreement after it provides written notification to the other Parties: such withdrawal shall be effective six months after the date on which the notification is received by the Depositary, except as otherwise agreed by the Parties.
2. If Colombia withdraws, this Agreement shall expire when its withdrawal becomes effective.
3. In case any EFTA State withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association, it shall withdraw at the same time from this Agreement in accordance with paragraph 1.

Gr. 13.6
Tengsl við viðbótarsamninga.

1. Þessi samningur öðlast ekki gildi á milli Kólumbíu og EFTA-ríkis nema viðbótarsamningurinn, landbúnaðarsamningur á milli Kólumbíu og EFTA-ríkis sem um getur í gr. 1.1 (Stofnun fríverslunarsvæðis), öðlist gildi samtímis. Hann gildir svo lengi sem viðbótarsamningurinn á milli þessara samningsaðila er í gildi.

ARTICLE 13.6
Relation to the Complementary Agreements

1. This Agreement shall not enter into force between Colombia and an EFTA State unless the complementary Agreement on Agriculture between Colombia and that EFTA State referred to in Article 1.1 (Establishment of a Free Trade Area) enters into force simultaneously. It shall remain in force as long as the complementary agreement remains in force between those Parties.

2. Ef einstakt EFTA-ríki eða Kólumbía segir upp viðbótarsamningnum um landbúnað milli þess EFTA-ríkis og Kólumbíu skal líta svo á að það sé einnig uppsögn á þessum samningi. Báðar uppsagnirnar taka gildi á þeim degi þegar fyrri uppsögnin tekur gildi skv. gr. 13.5 (Uppsögn).

2. If an individual EFTA State or Colombia withdraws from the complementary Agreement on Agriculture between that EFTA State and Colombia, it shall be understood that it is also withdrawing from this Agreement. Both withdrawals shall become effective on the date the first withdrawal becomes effective pursuant to Article 13.5 (Withdrawal).

Gr. 13.7
Fyrirvarar.

Í þessum samningi er ekki gert ráð fyrir fyrirvörum í skilningi d-liðar 2. gr. og 19.–23. gr. í Vínarsamningnum um alþjóðasamningarétt.

ARTICLE 13.7
Reservations

The present Agreement does not allow reservations within the meaning of Article 2(d) and Articles 19 to 23 of the Vienna Convention on the Law of Treaties.

Gr. 13.8
Gildir textar.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í 2. mgr. eru enskir og spænskir textar þessa samnings jafngildir og áreiðanlegir. Ef ágreiningur rís skal enski textinn ráða.
2. Eftirfarandi textar eru aðeins gildir og áreiðanlegir á ensku annars vegar og spænsku hins vegar:
a) á ensku:
   i. tafla 1 í II. viðauka (Undanskildar vörur),
   ii. tafla 1 í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir),
   iii. tafla 1 og 2 í IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) og
   iv. 2., 3., 4. og 5. viðbætir við XV. viðauka (Skrár yfir sérstakar skuldbindingar).
b) á spænsku:
   i. tafla 1 í II. viðauka (Undanskildar vörur),
   ii. tafla 2 og 3 í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir),
   iii. tafla 3 í IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir),
   iv. viðbætir við VIII. viðauka (Lækkun innflutningsgjalda á iðnaðarvörur) og
   v. 1. viðbætir við XV. viðauka (Skrár yfir sérstakar skuldbindingar).

ARTICLE 13.8
Authentic Texts

1. Except as provided in paragraph 2, the English and Spanish texts of this Agreement are equally valid and authentic. In case of divergence, the English text shall prevail.
2. The following texts are only valid and authentic in English or Spanish respectively:
(a) in English:
   (i) Table 1 in Annex II (Excluded Products);
   (ii) Table 1 in Annex III (Processed Agricultural Products);
   (iii) Tables 1 and 2 in Annex IV (Fish and Other Marine Products); and
   (iv) Appendices 2, 3, 4 and 5 to Annex XV (Lists of Specific Commitments).
(b) in Spanish:
   (i) Table 2 in Annex II (Excluded Products);
   (ii) Tables 2 and 3 in Annex III (Processed Agricultural Products);
   (iii) Table 3 in Annex IV (Fish and Other Marine Products);
   (iv) the Appendix to Annex VIII (Dismantling of Import Duties for Industrial Products); and
   (v) Appendix 1 to Annex XV (Lists of Specific Commitments).

Gr. 13.9
Vörsluaðili.

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

ARTICLE 13.9
Depositary

The Government of Norway shall act as Depositary.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem hafa til þess fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorised by their respective Governments have signed this Agreement.

Gjört í Genf 25. nóvember 2008 í tveimur frumritum á ensku og spænsku. EFTA-ríkin skulu afhenda vörsluaðila eitt frumrit og Kólumbía skal fá hitt frumritið afhent.

Done at Geneva, this 25th day of November 2008, in two originals in the English and Spanish languages. One original shall be deposited by the EFTA States with the Depositary and Colombia shall have the other original.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands

. . . . . .

For the Republic of Iceland

. . . . . .

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins

. . . . . .

For the Principality of Liechtenstein

. . . . . .

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

. . . . . .

For the Kingdom of Norway

. . . . . .

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss

. . . . . .

For the Swiss Confederation

. . . . . .

Fyrir hönd Lýðveldisins Kólumbíu

. . . . . .

For the Republic of Colombia

. . . . . .

Fylgiskjal II.

Landbúnaðarsamningur

milli Lýðveldisins Íslands og Lýðveldisins Kólumbíu

1. gr.
Gildissvið og umfang

Viðbótarsamningur þessi um viðskipti með grunnlandbúnaðarvörur (hér á eftir nefndur „þessi samningur“) milli Lýðveldisins Íslands (hér á eftir nefnt „Ísland“) og Lýðveldisins Kólumbíu (hér á eftir nefnt „Kólumbía“), sem nefnd eru „samningsaðili“ eða „samningsaðilarnir“, er gerður með vísan til fríverslunarsamnings Kólumbíu og EFTA-ríkjanna (hér á eftir nefndur „fríverslunarsamningurinn“) sem er undirritaður á sama tíma 25. nóvember 2008, einkum samkvæmt grein 1.1 (Stofnun fríverslunarsvæðis) í fríverslunarsamningnum.

2. gr.
Almennar reglur

Þessi samningur tekur til ráðstafana sem samningsaðilarnir samþykkja eða viðhalda og varða landbúnaðarvörur:

a) sem heyra undir 1. til 24. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá (hér á eftir nefnd „ST“) og falla ekki undir III. viðauka (Unnar landbúnaðarvörur) og IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) við fríverslunarsamninginn og

b) sem heyra undir II. viðauka (Framleiðsluvörur sem eru undanskildar) sem um getur í a-lið greinar 2.2 (Gildissvið) í fríverslunarsamningnum.

3. gr.
Tollaívilnanir

1. Kólumbía skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarvörur, sem eru upprunnar á Íslandi, eins og tilgreint er í I. viðauka við þennan samning. Ísland skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarvörur, sem eru upprunnar í Kólumbíu, eins og tilgreint er í II. viðauka við þennan samning.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er samningsaðila heimilt að skilyrða allar undanþágur á tolli, sem gilda um sojabaunir og maískorn, til þess að fullnægja nothæfiskröfum.

Agreement on Agriculture

Between the Republic of Iceland and the Republic of Colombia

ARTICLE 1
Scope and Coverage

This complementary Agreement on trade in basic agricultural products (hereinafter referred to as “this Agreement”) between the Republic of Iceland (hereinafter referred to as “Iceland”) and the Republic of Colombia (hereinafter referred to as “Colombia”) referred to as a “Party” or collectively as “the Parties” is concluded further to the Free-Trade Agreement between the EFTA States and Colombia (hereinafter referred to as “the Free Trade Agreement”), which is signed simultaneously on 25th November 2008, in particular pursuant to Article 1.1 (Establishment of a Free Trade Area) of the Free Trade Agreement.

ARTICLE 2
General Rules

This Agreement applies to the measures adopted or maintained by the Parties related to agricultural products:

(a) classified in Chapters 1 through 24 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (hereinafter referred to as “the HS”) and not included in Annexes III (Processed Agricultural Products) and IV (Fish and Other Marine Products) to the Free Trade Agreement; and

(b) covered by Annex II (Excluded Products) referred to in subparagraph (a) of Article 2.2 (Scope) of the Free Trade Agreement.

ARTICLE 3
Tariff Concessions

1. Colombia shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Iceland as specified in Annex I to this Agreement. Iceland shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Colombia as specified in Annex II to this Agreement.

2. Notwithstanding paragraph 1, a Party may condition any waiver of custom duties applied to soybeans and corn to the fulfillment of a performance requirement.

4. gr.
Grunntollar

1. Nema kveðið sé á um annað í I. og II. viðauka við þennan samning skal grunntollur á hverja framleiðsluvöru, sem á að fara stiglækkandi samkvæmt I. og II. viðauka, samsvara bestukjaratollinum sem í gildi var 1. apríl 2007.

2. Ef, með fyrirvara um 1. mgr., samningsaðili lækkar gildandi bestukjaratoll, hvenær sem er eftir gildistökudag þessa samnings, skal sá tollur því aðeins gilda að hann sé lægri en sá tollur sem er reiknaður út í samræmi við viðkomandi viðauka.

ARTICLE 4
Base Rate

1. Unless otherwise provided for in Annexes I and II to this Agreement, for each product the base rate of customs duty, to which the successive reductions set out in Annexes I and II are to be applied, shall be the most-favoured nation rate of duty applied on 1 April 2007.
2. Without prejudice to paragraph 1, if at any moment after the date of entry into force of this Agreement a Party reduces its applied most favoured nation customs duty, that customs duty shall apply only if it is lower than the customs duty calculated in accordance with the relevant Annexes.

5. gr.
Upprunareglur og reglur um tollmeðferð

1. Upprunareglurnar og ákvæðin um samvinnu á sviði tollamála í V. viðauka (Upprunareglur) við fríverslunarsamninginn gilda um þennan samning, með þeirri undantekningu sem kveðið er á um í 2. mgr. Litið skal svo á að allar tilvísanir til „EFTA-ríkja“ í þeim viðauka eigi við Ísland.
2. Að því er þennan samning varðar gilda ákvæði 3. gr. V. viðauka (Upprunareglur) við fríverslunarsamninginn ekki um framleiðsluvörur, sem falla undir þennan samning, sem eru fluttar út frá einu EFTA-ríki til annars EFTA-ríkis.

ARTICLE 5
Rules of Origin and Customs Procedures

1. The rules of origin and the provisions on co-operation in customs matters in Annex V (Rules of Origin) to the Free Trade Agreement shall apply to this Agreement, except as provided for in paragraph 2. Any reference to “EFTA States” in that Annex shall be taken to refer to Iceland.
2. For the purpose of this Agreement, Article 3 of Annex V (Rules of Origin) to the Free Trade Agreement shall not apply to products covered by this Agreement, which are exported from one EFTA State to another.

6. gr.
Ákvæði fríverslunarsamningsins

Nema kveðið sé á um annað í þessum samningi gilda eftirfarandi ákvæði, auk 9. kafla (Gagnsæi) og 12. kafla (Lausn deilumála) fríverslunarsamningsins, að breyttu breytanda um þennan samning: 1.3 (Landfræðilegt gildissvið), 1.4 (Tengsl við aðra alþjóðasamninga), 1.6 (Ríkisstjórnir, héraðsstjórnir og sveitarfélög), 1.7 (Skattlagning), 2.3 (Upprunareglur og gagnkvæm stjórnsýsluaðstoð í tollamálum), 2.8 (Útflutningstollar), 2.9 (Takmarkanir á inn- og útflutningi), 2.10 (Umsýslugjöld og formsatriði), 2.11 (Innlend meðferð), 2.12 (Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki), 2.13 (Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigði dýra og plantna), 2.14 (Tæknilegar reglur), 2.15 (Styrkir og jöfnunarráðstafanir) 2.16 (Undirboð), 2.17 (Víðtækar verndarráðstafanir), 2.18 (Tvíhliða verndarráðstafanir), 2.19 (Almennar undantekningar), 2.20 (Þjóðaröryggi), 2.21 (Greiðslujöfnuður), 8.3 (Samstarf), 13.1 (Viðaukar, viðbætar og neðanmálsgreinar), 13.3 (Breytingar), 13.5 (Afturköllun) og 13.7 (Fyrirvarar).

ARTICLE 6
Provisions of the Free Trade Agreement

Except as otherwise provided for in this Agreement, the following provisions as well as Chapters 9 (Transparency) and 12 (Dispute Settlement) of the Free Trade Agreement shall apply, *mutatis mutandis*, to this Agreement: 1.3 (Geographical Scope), 1.4 (Relation to Other International Agreements), 1.6 (Central, Regional and Local Governments), 1.7 (Taxation), 2.3 (Rules of Origin and Mutual Administrative Assistance in Customs Matters), 2.8 (Export Duties), 2.9 (Import and Export Restrictions), 2.10 (Administrative Fees and Formalities), 2.11 (National Treatment), 2.12 (State trading Enterprises), 2.13 (Sanitary and Phytosanitary Measures), 2.14 (Technical Regulations), 2.15 (Subsidies and Countervailing Measures) 2.16 (Anti-Dumping), 2.17 (Global Safeguard Measures), 2.18 (Bilateral Safeguard Measures), 2.19 (General Exceptions), 2.20 (National Security), 2.21 (Balance of payments), 8.3 (Co-operation), 13.1 (Annexes, Appendices and Footnotes), 13.3 (Amendments), 13.5 (Withdrawal) and 13.7 (Reservations).

7. gr.
Tvíhliða nefnd

1. Hér með er komið á fót tvíhliða nefnd um viðskipti með landbúnaðarvörur. Hún skal koma saman að beiðni annars samningsaðilans. Til þess að hagkvæm nýting aðbúnaðar sé möguleg skulu samningsaðilarnir freista þess að nota nútímatækni samskiptamiðla á borð við rafræn samskipti, mynd- eða símafundi og koma saman hvenær sem nauðsyn krefur, helst í tengslum við fundi hinnar sameiginlegu nefndar fríverslunarsamningsins.

2. Nefndin skal:

a) fylgjast með framkvæmd og stjórnun skuldbindinga samkvæmt þessum samningi,
b) leggja mat á viðskipti með landbúnaðarvörur samkvæmt þessum samningi og áhrif hans á landbúnaðargeira samningsaðilanna,
c) vinna áfram að því að auka frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur innan ramma landbúnaðarstefnu hvors samningsaðila um sig,
d) leitast við að leysa deilumál sem upp kunna að koma í tengslum við túlkun eða beitingu þessa samnings og
e) taka til umfjöllunar hvert það málefni sem haft gæti áhrif á framkvæmd þessa samnings.

ARTICLE 7
Bilateral Committee

1. A bilateral Committee on trade in agricultural products is hereby established. It shall meet when requested by one of the Parties. In order to permit the efficient use of resources, the Parties shall, endeavour to use technological means of communication, such as electronic communication, video or phone conferences, and meet whenever necessary, preferably taking advantage of meetings of the Joint Committee of the Free Trade Agreement.

2. The Committee shall:

(a) monitor the implementation and administration of the commitments under this Agreement;
(b) evaluate developments of trade in agricultural products under this Agreement and its impact on the agricultural sector of the Parties;
(c) continue the efforts to further liberalise trade in agricultural products within the framework of the Parties' respective agricultural policies;
(d) endeavour to resolve disputes that may arise regarding the interpretation or application of this Agreement; and
(e) consider any other matter that may affect the operation of this Agreement.

8. gr.
Aukið frelsi í viðskiptum

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að vinna áfram að því að auka frelsi í viðskiptum sínum með landbúnaðarafurðir, að teknu tilliti til fyrirkomulags slíkra viðskipta sína á milli, þess hve slíkar afurðir eru viðkvæmar og þróunar í landbúnaðarstefnu hvors aðila um sig. Samningsaðilarnir skulu, að beiðni hvors aðilans sem er, hafa samráð í þeim tilgangi að ná þessu markmiði, þ.m.t. úrbætur á markaðsaðgangi með því að lækka eða afnema tolla á landbúnaðarvörum og með því að útvíkka vörusvið sem fellur undir þennan samning.

ARTICLE 8
Further Liberalisation

The Parties undertake to continue their efforts with a view to achieving further liberalisation of their trade in agricultural products, taking account of the pattern of such trade between them, the particular sensitivities of such products, and the development of agricultural policy on either side. At the request of either Party, the Parties shall consult to achieve this objective, including through improvements in market access by reduction or elimination of customs duties on agricultural products and through extending the scope of agricultural products covered by this Agreement.

9. gr.
Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað

Samningsaðilarnir árétta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað nema annað sé tekið fram í þessum samningi.

ARTICLE 9
WTO Agreement on Agriculture

The Parties reaffirm their rights and obligations under the *WTO Agreement on Agriculture*, unless otherwise specified in this Agreement.

10. gr.
Útflutningsstyrkir í landbúnaði

1. Samningsaðilarnir skulu ekki samþykkja, viðhalda, innleiða eða endurinnleiða útflutningsstyrki, eins og skilgreint er í samningi Alþjóðaviðskipta-

ARTICLE 10
Agricultural Export Subsidies

1. The Parties shall not adopt, maintain, introduce or re-introduce export subsidies, as defined in the *WTO Agreement on Agriculture*, in their trade in products

stofnunarinnar um landbúnað, í viðskiptum með vörur sem njóta tollaívilnana í samræmi við þennan samning.

2. Ef samningsaðili samþykkir, viðheldur, hefur eða hefur aftur greiðslu útflutningsstyrkja vegna framleiðsluvöru, sem nýtur tollaívilnana í samræmi við 3. gr., er hinum samningsaðilanum heimilt að hækka slíkan innflutningstoll svo að nemi allt að þeim tolli í þeirri bestukjarameðferð sem gildir á þeim tíma. Hækki samningsaðili tollinn skal hann tilkynna það hinum samningsaðilanum innan 30 daga.

subject to tariff concessions in accordance with this Agreement.

2. Should a Party adopt, maintain, introduce or reintroduce export subsidies on a product subject to a tariff concession in accordance with Article 3, the other Party may increase the rate of duty on such imports up to the applied most-favoured nation tariff in effect at that time. If a Party increases the rate of duty, it shall notify the other Party within 30 days.

11. gr.

Inngripsverðkerfi (Price Band System)

Kólumbíu er heimilt að viðhalda verðsveiflukerfi sínu (Price Stabilization Mechanism) fyrir landbúnaðarvörur, eins og sett er fram í töflu 3 í III. viðauka (Unnar landbúnaðarvörur) við fríverslunarsamninginn.

ARTICLE 11

Price Band System

Colombia may maintain its Price Stabilization Mechanism for the agricultural products as set out in Table 3 to Annex III (Processed Agricultural Products) to the Free Trade Agreement.

12. gr.

Gildistaka og tengsl milli þessa samnings og fríverslunarsamningsins

1. Þessi samningur öðlast gildi á sama degi og fríverslunarsamningur milli Íslands og Kólumbíu öðlast gildi. Þessi samningur gildir svo lengi sem samningsaðilarnir eru aðilar að fríverslunarsamningnum.

2. Ef Ísland eða Kólumbía segir upp fríverslunarsamningnum ber að skilja það svo að einnig sé verið að segja upp þessum samningi. Báðar uppsagnirnar taka gildi á þeim degi þegar fyrri uppsögnin tekur gildi samkvæmt grein 13.5 í fríverslunarsamningnum.

ARTICLE 12

Entry into Force and Relationship between this Agreement and the Free Trade Agreement

1. This Agreement shall enter into force as of the same date as the Free Trade Agreement enters into force between Iceland and Colombia. This Agreement shall remain in force as long as the Parties to it remain Parties to the Free Trade Agreement.

2. In case Iceland or Colombia withdraws from the Free Trade Agreement, it shall be understood that it is also withdrawing from this Agreement. Both withdrawals shall become effective on the date the first withdrawal becomes effective pursuant to Article 13.5 of the Free Trade Agreement.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan samning.

Gjört í Genf 25. nóvember 2008 í tveimur frumritum á ensku og spænsku og eru báðir textar jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun ákvæða samnings þessa skal enski textinn ráða.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Geneva, this 25th day of November, 2008, in two originals in the English and Spanish languages, both being equally valid and authentic. In case of any divergence in the interpretation of this Agreement, the English text shall prevail.

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands

For the Republic of Iceland

Fyrir hönd Lýðveldisins Kólumbíu

For the Republic of Colombia

86. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess.

Tilskipun 2004/35/EB varðar umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipunina og er henni ætlað að tryggja samræmingu fjárhagsábyrgðar vegna slíks tjóns eða yfirvofandi hættu á tjóni. Innleiðing hennar kallar á lagabreytingar hér á landi og var umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar því tekin með stjórnskipulegum fyrirvara.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða

landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess.

Ákvæði tilskipunar 2004/35/EB varða umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni vegna atvinnustarfsemi sem skilgreind er í III. viðauka við hana. Er þar um að ræða starfsleyfisskylda atvinnustarfsemi og byggist ábyrgð rekstraraðila þar á hlutlægum grunni. Einnig tekur tilskipunin til ábyrgðar á grundvelli sakarreglunnar vegna umhverfistjóns eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni á vernduðum tegundum og vistgerðum sem rekja má til annarrar atvinnustarfsemi en þeirrar sem fellur undir III. viðauka. Tilskipuninni er ætlað að færa ábyrgð á umhverfistjóni til þess sem tjóninu veldur, þ.e. til rekstraraðila þeirrar atvinnustarfsemi sem fellur undir hana. Henni er þannig ætlað að tryggja að öll atvinnustarfsemi á svæðinu beri sambærilega fjárhagsábyrgð á þeim skaða sem hún kann að valda. Ábyrgðin nær þó einungis til tjóns á umhverfinu. Tjón á eignum eða lífi og limum fellur ekki undir ákvæði tilskipunarinnar. Ábyrgðin tekur til tjóns á vernduðum tegundum og vistgerðum, landi og vatni. Einstökum aðildarríkjum er heimilt að skylda fyrirtæki til að taka tryggingar vegna þess tjóns sem það veldur. Skýrt er tekið fram að viðkomandi ríki sé ekki heimilt að greiða fyrir tjón sem fyrirtæki bera ábyrgð á samkvæmt henni.

Af hálfu EFTA-ríkjanna var gerð krafa um þá aðlögun við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn að þeir hlutar hennar yrðu undanskildir sem snúa að tilskipunum er varða verndun villtra fugla annars vegar og verndun búsvæða hins vegar. Aðlögunartexti þessa efnis kemur fram í a-lið við 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Í umhverfisráðuneytinu liggja fyrir drög að frumvarpi til laga um umhverfisábyrgð sem lagt verður fram á yfirstandandi þingi. Er efni þess í samræmi við tilskipun 2004/35/EB og reglur opinbers réttar um athafnaskyldur rekstraraðila sem ábyrgð ber á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni. Í samræmi við tilskipunina er kveðið á um heimildir stjórnvalds til að gefa rekstraraðila fyrirmæli um rannsóknir og ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirvofandi umhverfistjón eða til að bæta úr slíku tjóni. Þá er í samræmi við greiðslureglu umhverfisréttar og tilskipunina kveðið á um að rekstraraðili, sem ábyrgð ber samkvæmt lögunum, skuli greiða kostnað af ráðstöfunum til að koma í veg fyrir umhverfistjón eða bæta úr slíku tjóni og greiða auk þess gjald vegna málsmeðferðar stjórnvalds sem samkvæmt frumvarpinu er Umhverfisstofnun.

Sú atvinnustarfsemi hér á landi sem fellur undir ákvæði tilskipunarinnar mun bera fjárhagsábyrgð á því umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem hún kann að valda, í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Er slíkri atvinnustarfsemi hins vegar heimilt að kaupa sér tryggingu vegna kostnaðar af því tagi. Ekki er ljóst hver kostnaður við kaup á slíkri tryggingu kemur til með að verða enda er slík trygging ekki fáanleg í dag. Gerðin er einnig fyrirbyggjandi sem mun minnka líkur á að atvinnustarfsemi steypi sér í kostnað vegna tjóns á umhverfinu.

Í ljósi þeirrar meginreglu frumvarpsins að rekstraraðili skuli bera þann kostnað sem leiðir af ráðstöfunum vegna umhverfistjóns eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni, er almennt ekki gert ráð fyrir teljandi kostnaði af hálfu hins opinbera. Sá fyrirvari er þó gerður að endanlegt kostnaðarmat liggur ekki fyrir vegna frumvarpsins.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 17/2009

frá 5. febrúar 2009

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2008 frá 7. nóvember 2008 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð í því skyni að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ráða bót á þeim ([2]).

3) Ákvæði tilskipunar 2004/35/EB skal lesa í samræmi við gildissvið samningsins, að teknu sérstöku tilliti til þess að náttúruvernd fellur ekki undir samninginn.

([1]) Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 114, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 23.
([2]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 56.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006) í XX. viðauka við samninginn:

„1i. **32004 L 0035:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð í því skyni að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ráða bót á þeim (Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 56).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Með fyrirvara um síðari umfjöllun sameiginlegu EES-nefndarinnar ber að hafa í huga að eftirtaldar bandalagsgerðir hafa ekki verið felldar inn í EES-samninginn:

i) Tilskipun ráðsins 79/409/EBE frá 2. apríl 1979 um verndun villtra fugla (fuglatilskipunin).

ii) Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um vernd náttúrulegra búsvæða og villtra plantna og dýra (búsvæðatilskipunin).

Um allar tilvísanir til þessara gerða gildir því að þær varða ekki EFTA-ríkin.

b) Ákvæði 3. mgr. 2. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.

c) Að því er EFTA-ríkin varðar er merking hugtaksins „verndaðar tegundir og náttúruleg búsvæði“ sem hér segir:

Eftir ákvörðun EFTA-ríkis hvert það búsvæði eða tegund eða flokkur búsvæða eða tegunda sem EFTA-ríkið tiltekur í samsvarandi tilgangi og mælt er fyrir um í tilskipununum tveimur sem um getur í 3. mgr. 2. gr.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/35/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/35/EB

frá 21. apríl 2004

um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 10. mars 2004,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í Bandalaginu eru nú margir mengaðir staðir og hefur það í för með sér verulega heilbrigðisáhættu, og líffræðilegri fjölbreytni hefur hnignað æ hraðar á síðustu áratugum. Verði ekki brugðist við getur það valdið því að menguðum stöðum fjölgi og að líffræðileg fjölbreytni skerðist enn frekar í framtíðinni. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir umhverfistjón og ráða, eftir því sem unnt er, bót á því stuðlar að framkvæmd markmiða og meginreglna í umhverfisstefnu Bandalagsins eins og þau eru sett fram í sáttmálanum. Taka ber tillit til staðbundinna aðstæðna þegar ákveðið er hvernig ráða skuli bót á tjóni.

2) Ráðstafanir til að koma í veg fyrir og ráða bót á umhverfistjóni skulu framkvæmdar á grundvelli mengunarbótareglunnar eins og tilgreint er í sáttmálanum og samkvæmt meginreglunni um sjálfbæra þróun. Til að hvetja rekstraraðila til að samþykkja ráðstafanir og þróa starfsvenjur, í því skyni að lágmarka hættuna á umhverfistjóni og minnka þar með líkurnar á eigin bótaábyrgð, skal grundvallarreglan í þessari tilskipun því vera sú að rekstraraðili, sem hefur með höndum starfsemi, sem hefur valdið umhverfistjóninu eða yfirvofandi áhættu á því að slíkt tjón verði, skuli teljast fjárhagslega ábyrgur.

3) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð markmiðinu með þessari tilskipun, þ.e. því að koma á sameiginlegum ramma til að koma í veg fyrir umhverfistjón og ráða bót á þeim þannig að kostnaðurinn verði sanngjarn fyrir samfélagið, og markmiðinu verður frekar náð á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs þessarar tilskipunar og áhrifa hennar á aðra löggjöf Bandalagsins, þ.e. tilskipun ráðsins 79/409/EBE frá 2. apríl 1979 um verndun villtra fugla ([4]), tilskipun

([1]) Stjtíð. EB C 151 E, 25.6.2002, bls. 132.
([2]) Stjtíð. EB C 241, 7.10.2002, bls. 162.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 14. maí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. September 2003 (Stjtíð. ESB C 277 E, 18.11.2003, bls.10) og afstaða Evrópuþingsins frá 17. desember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 31. mars 2004 og ákvörðun ráðsins frá 30. mars 2004.

([4]) Stjtíð. EB L 103, 25.4.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um vernd náttúrlegra búsvæða og villtra plantna og dýra ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ([2]), getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna sem sett er fram í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og fram kemur í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi því markmiði.

4) Til umhverfistjóns telst einnig tjón af völdum loftborinna þátta ef þeir valda tjóni á vatni eða á landi eða á tegundum lífvera eða náttúrulegum búsvæðum sem njóta verndar.

5) Lykilhugtök fyrir rétta túlkun og beitingu áætlunarinnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skulu skilgreind, einkum að því er varðar skilgreininguna á umhverfistjóni. Ef viðkomandi hugtak kemur fram í annarri viðeigandi löggjöf Bandalagsins skal nota sömu skilgreiningu til að unnt sé að nota sameiginlegar viðmiðanir og stuðla að samræmdri beitingu.

6) Verndaðar tegundir lífvera og vernduð, náttúruleg búsvæði má einnig skilgreina með vísun til tegunda og búsvæða sem njóta verndar í samræmi við landslög um náttúruvernd. Engu að síður skal taka tillit til sérstakra aðstæðna þegar lög Bandalagsins, eða jafngild landslög, heimila tilteknar undanþágur frá þeirri vernd sem umhverfið nýtur.

7) Í því skyni að meta tjón á landi, eins og það er skilgreint í þessari tilskipun, er æskilegt að notaðar verði verklagsreglur áhættumats til að ákvarða að hvaða marki heilbrigði manna verður fyrir skaðlegum áhrifum.

8) Þessi tilskipun gildir, að því er umhverfistjón varðar, um atvinnustarfsemi sem hefur í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið. Þessi starfsemi skal í grundvallaratriðum skilgreind með vísun til viðeigandi löggjafar Bandalagsins þar sem kveðið er á um kröfur samkvæmt reglum sem eiga við um tiltekna starfsemi eða starfsvenjur sem teljast hafa í för með sér hugsanlega eða raunverulega áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið.

9) Þessi tilskipun gildir einnig, að því er varðar tjón á tegundum lífvera og náttúrulegum búsvæðum sem njóta verndar, um aðra atvinnustarfsemi en þá sem þegar hefur verið skilgreind, beint eða óbeint, með vísun til löggjafar Bandalagsins, svo að hún hafi í för með sér raunverulega eða hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið. Í slíkum tilvikum skal rekstraraðilinn aðeins teljast ábyrgur samkvæmt þessari tilskipun þegar honum hafa orðið á mistök eða hann sýnir gáleysi.

10) Taka skal skýlaust tillit til sáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu og viðeigandi alþjóðasamninga, auk löggjafar Bandalagsins, þar sem finna má ítarlegri og strangari reglur um hvers kyns starfsemi sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar. Í þessari tilskipun er ekki kveðið á um viðbótarreglur varðandi lagaskil þegar valdsvið lögbærra yfirvalda er tilgreint og hún hefur ekki áhrif á reglur um alþjóðalögsögu dómstóla eins og kveðið er á um m.a. í reglugerð ráðsins (EB) nr. 44/2001 frá 22. desember 2000 um dómsvald og viðurkenningu á og fullnustu dóma í einkamálum og viðskiptamálum ([3]). Þessi tilskipun gildir ekki um starfsemi þar sem megintilgangurinn er að þjóna landvörnum eða alþjóðaöryggi.

11) Markmiðið með þessari tilskipun er að koma í veg fyrir umhverfistjón og ráða bót á því og hún hefur ekki áhrif á rétt til bóta vegna hefðbundins tjóns sem veittar eru samkvæmt viðeigandi alþjóðasamningum um einkaréttarlega ábyrgð.

12) Mörg aðildarríki eru aðilar að alþjóðasamningum um einkaréttarábyrgð á tilteknum sviðum. Gera ber þessum aðildarríkjum kleift að halda því áfram eftir að þessi tilskipun öðlast gildi og önnur aðildarríki skulu ekki glata rétti sínum til að gerast aðilar að þessum samningum.

13) Ekki er unnt að ráða bót á öllu umhverfistjóni á grundvelli kerfisins um bótaábyrgð. Til að slíkt kerfi sé skilvirkt þurfa að vera fyrir hendi einn eða fleiri sanngreinanlegir mengunarvaldar, tjónið þarf að vera áþreifanlegt og mælanlegt og orsakatengsl milli tjónsins og mengunarvaldsins

([1]) Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun nr. 2455/2001/EB (Stjtíð. EB L 331, 15.12.2001, bls. 1).

([3]) Stjtíð. EB L 12, 16.1.2001, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1496/2002 (Stjtíð. EB L 225, 22.8.2002, bls. 13).

eða -valdanna skulu vera ljós. Bótaábyrgð er því ekki heppilegt tæki til þess að fást við víðtæka, dreifða mengun ef ekki er unnt að tengja skaðlegu umhverfisáhrifin við aðgerðir eða aðgerðarleysi einstakra aðila.

14) Þessi tilskipun gildir ekki í málum sem varða líkamstjón, tjón á einkaeigum eða hvers kyns efnahagslegt tjón og hefur ekki áhrif á rétt í tengslum við þær tegundir tjóna.

15) Þar eð varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess stuðla beinlínis að framgangi umhverfisstefnu Bandalagsins skulu opinber yfirvöld tryggja að áætlunin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, sé framkvæmd og henni beitt á viðeigandi hátt.

16) Endurheimt umhverfisins skal vera skilvirk þannig að tryggt verði að viðkomandi markmið með endurheimtinni náist. Skilgreina skal sameiginlegan ramma í þessu skyni og lögbært yfirvald skal hafa eftirlit með því að honum sé beitt á réttan hátt.

17) Gera skal viðeigandi ráðstafanir þegar upp koma nokkur tilvik umhverfistjóna þar sem lögbært yfirvald getur ekki tryggt að allar nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta séu gerðar samtímis. Þegar um slíkt er að ræða er lögbæru yfirvaldi heimilt að ákveða gegn hvaða umhverfistjóni skuli brugðist við fyrst til úrbóta.

18) Samkvæmt mengunarbótareglunni ber rekstraraðili, sem veldur umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni, að jafnaði kostnaðinn við nauðsynlegar ráðstafanir til varnar eða úrbóta. Ef lögbært yfirvald sér um framkvæmdir í stað rekstraraðila, annaðhvort sjálft eða með tilstyrk þriðja aðila, skal það tryggja að kostnaðurinn, sem fellur til við þær, sé endurheimtur frá rekstraraðilanum. Einnig er rétt að rekstraraðilar beri að lokum kostnað við mat á umhverfistjóni og, eftir atvikum, mat á yfirvofandi hættu á slíku tjóni.

19) Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um fastan útreikning á kostnaði við umsýslu, lögfræðikostnaði, kostnaði við framkvæmd og öðrum almennum kostnaði sem ætlunin er að endurheimta.

20) Ekki skal gerð krafa um að rekstraraðili beri kostnað við ráðstafanir til varnar eða úrbóta, sem gerðar eru samkvæmt þessari tilskipun, ef tjónið eða yfirvofandi hætta á tjóni er afleiðing tiltekinna atburða sem rekstraraðilinn fær ekki við ráðið. Aðildarríki geta heimilað að rekstraraðilar, sem ekki hefur orðið á mistök eða ekki hafa sýnt gáleysi, beri ekki kostnað af ráðstöfunum til úrbóta þegar tjónið verður rakið til losunar eða atburða, sem sérstök heimild er fyrir, eða þegar hugsanlegt tjón getur ekki hafa verið fyrirsjáanlegt þegar atburðurinn eða losunin átti sér stað.

21) Rekstraraðilar skulu bera kostnað af varnarráðstöfunum ef til þeirra hefði skilyrðislaust átt að grípa í samræmi við lög og stjórnsýslufyrirmæli sem fela í sér ákvæði um starfsemi þeirra eða skilyrði vegna hvers kyns leyfis eða samþykkis.

22) Aðildarríkin geta sett eigin reglur um kostnaðarskiptingu þegar tjónið má rekja til margra aðila. Einkum geta aðildarríkin tekið tillit til sérstakra aðstæðna notenda vara, sem e.t.v. bera ekki ábyrgð á umhverfistjóninu á sama hátt og framleiðendur varanna. Í þeim tilvikum skal skipting bótaábyrgðar ákveðin í samræmi við landslög.

23) Lögbærum yfirvöldum skal vera heimilt að endurheimta kostnað vegna ráðstafana við varnir eða úrbætur hjá rekstraraðila innan hæfilega langs tíma frá því að lokið var við ráðstafanirnar.

24) Nauðsynlegt er að tryggja að fyrir liggi skilvirkar aðferðir til framkvæmdar og fullnustu en gæta jafnframt á fullnægjandi hátt að lögmætum hagsmunum viðkomandi rekstraraðila og annarra hagsmunaaðila. Lögbær yfirvöld skulu bera ábyrgð á sérstökum verkefnum sem fela í sér að stjórnsýslan hafi sjálfdæmi um meðferð þeirra, þ.e. skyldu til að meta hversu mikið tjónið er og ákveða hvaða ráðstafanir til úrbóta skuli gerðar.

25) Aðilar sem verða fyrir skaða vegna umhverfistjóns eða eru líklegir til að verða fyrir skaða af þeim sökum skulu hafa rétt til að fara fram á aðgerðir af hálfu lögbærs yfirvalds. Hagsmunir varðandi umhverfisvernd eru þó margháttaðir og einstaklingar munu ekki ætíð grípa til aðgerða eða vera í aðstöðu til þess. Frjálsum félagasamtökum, sem vinna að umhverfisvernd, skal því einnig veitt tækifæri til að stuðla á viðeigandi hátt að skilvirkri framkvæmd þessarar tilskipunar.

26) Þeir einstaklingar eða lögaðilar, sem hlut eiga að máli, skulu hafa aðgang að málsmeðferð til að áfrýja ákvörðunum, aðgerðum eða aðgerðaleysi lögbærs yfirvalds.

27) Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir sem hvetja rekstraraðila til að nýta sér hvers kyns viðeigandi vátryggingar eða annars konar fjárhagslegar tryggingar og til að þróa gerninga og markaði fyrir fjárhagslegar tryggingar og bjóða þannig árangursríka vernd vegna fjárskuldbindinga samkvæmt þessari tilskipun.

28) Ef umhverfistjón hefur eða mun að líkindum hafa áhrif á mörg aðildarríki skulu þau vinna saman að því að tryggja að gripið verði til viðeigandi og skilvirkra aðgerða til að koma í veg fyrir hvers kyns umhverfistjón. Aðildarríki geta gert ráðstafanir til að endurheimta kostnað við aðgerðir til varnar eða úrbóta.

29) Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin viðhaldi eða leiði í lög strangari ákvæði til að koma í veg fyrir umhverfistjón eða ráða bót á því, né heldur kemur hún í veg fyrir að aðildarríkin samþykki viðeigandi ráðstafanir í tengslum við það þegar hætta er á að kostnaður verði endurheimtur í tvígang vegna samhliða aðgerða lögbærs yfirvalds samkvæmt þessari tilskipun og aðila sem á eign sem umhverfistjónið hefur áhrif á.

30) Ákvæði þessarar tilskipunar gilda ekki um tjón sem á sér stað áður en fresturinn, sem veittur er til að hrinda henni í framkvæmd, rennur út.

31) Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um reynsluna af beitingu þessarar tilskipunar þannig að framkvæmdastjórnin geti, með hliðsjón af áhrifum á sjálfbæra þróun og áhættu fyrir umhverfið í framtíðinni, fjallað um það hvort rétt sé að endurskoða tilskipunina.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Markmiðið með þessari tilskipun er að setja ramma um umhverfisábyrgð, sem byggð er á mengunarbótareglunni, til að koma í veg fyrir umhverfistjón og ráða bót á því.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „umhverfistjón“:

   a) tjón á tegundum lífvera og náttúrulegum búsvæðum, sem njóta verndar, þ.e. hvers kyns tjón sem hefur veruleg neikvæð áhrif á það markmið að ná eða viðhalda góðri verndarstöðu slíkra búsvæða eða tegunda. Mikilvægi slíkra áhrifa skulu metin með hliðsjón af grunnástandinu, að teknu tilliti til viðmiðananna í I. viðauka.

      Til tjóns á tegundum og náttúrulegum búsvæðum, sem njóta verndar, teljast ekki áður tilgreind, skaðleg áhrif af völdum aðgerða rekstraraðila, sem viðeigandi yfirvöld hafa skýlaust leyft í samræmi við ákvæði til framkvæmdar 3. og 4. mgr. 6. gr. eða 16. gr. tilskipunar 92/43/EBE eða 9. gr. tilskipunar 79/409/EBE eða, í þeim tilvikum þar sem búsvæði eða tegundir lífvera falla ekki undir lög Bandalagsins, í samræmi við jafngild ákvæði landslaga um náttúruvernd,

   b) tjón á vatni, þ.e. hvers kyns tjón sem hefur veruleg, skaðleg áhrif á vistfræðilegt ástand, efnafræðilegt ástand og/eða magnstöðu vatns og/eða vistmegin (ecological potential) þess, eins og skilgreint er í tilskipun 2000/60/EB, að frátöldum skaðlegum áhrifum sem falla undir 7. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar,

   c) tjón á landi, þ.e. hvers kyns landmengun sem hefur í för með sér verulega hættu á skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna vegna tilkomu efna, efnablandna, lífvera eða örvera beint eða óbeint í eða á land eða undir yfirborð þess,

2. „tjón“: mælanleg, skaðleg breyting á náttúruauðlind eða mælanleg, bein eða óbein skerðing á nýtingarmöguleikum hennar,

3. „tegundir og náttúruleg búsvæði sem njóta verndar“:

   a) tegundir lífvera sem um getur í 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 79/409/EBE eða eru tilgreindar í I. viðauka við hana eða í II. og IV. viðauka við tilskipun 92/43/EBE,

   b) búsvæði tegunda sem um getur í 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 79/409/EBE eða eru tilgreind í I. viðauka við hana eða í II. viðauka við tilskipun 92/43/EBE og þau náttúrulegu búsvæði sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 92/43/EBE, auk uppeldisstöðva eða viðkomustaða tegundanna sem eru tilgreindar í IV. viðauka við tilskipun 92/43/EBE og

   c) búsvæði eða tegund, taki aðildarríki ákvörðun þar að lútandi, sem ekki er tilgreind í þessum viðaukum og aðildarríkin hafa tilnefnt til að falla markmið sem eru jafngild þeim sem

mælt er fyrir um í þessum tveimur tilskipunum,

4. „verndarstaða“:

a) að því er varðar náttúrulegt búsvæði: heildaráhrif á náttúrulegt búsvæði og þær tegundir, sem eru dæmigerðar fyrir það, sem geta til langs tíma verkað á náttúrulega útbreiðslu, gerð og hlutverk þess og einnig, eftir því sem við á, á langtímalifun dæmigerðra tegunda á evrópsku yfirráðasvæði þeirra aðildarríkja sem sáttmálinn tekur til eða á yfirráðasvæði aðildarríkis eða á náttúrulegu útbreiðslusvæði búsvæðisins.

Verndarstaða náttúrulegs búsvæðis telst „góð“ þegar:

– náttúrulegt útbreiðslusvæði búsvæðisins og þau svæði, sem það nær yfir, eru stöðug eða stækkandi,

– sérstök formgerð og starfsemi, sem eru nauðsynleg til viðhalds búsvæðinu til lengdar, eru fyrir hendi og líklegt er að svo verði um fyrirsjáanlega framtíð og

– verndarstaða tegundanna, sem eru dæmigerðar fyrir búsvæðið, er góð samkvæmt skilgreiningunni í b-lið,

b) að því er varðar tegund: heildaráhrif á viðkomandi tegund, sem geta verkað á langtímaútbreiðslu og stærð stofna hennar á, eftir því sem við á, evrópsku yfirráðasvæði þeirra aðildarríkja sem sáttmálinn tekur til eða á yfirráðasvæði aðildarríkis eða í náttúrulegum heimkynnum tegundarinnar.

Verndarstaða tegundar telst „góð“ þegar:

– gögn um stofnstærð viðkomandi tegundar gefa til kynna að hún haldi sér við til lengri tíma litið og að hún sé lífvænlegur þáttur á náttúrulegu búsvæðum hennar,

– náttúruleg heimkynni tegundarinnar fer ekki minnkandi og ólíklegt er að þau minnki í fyrirsjáanlegri framtíð og

– búsvæðið er nægilega stórt til að viðhald stofna hennar er tryggt til langs tíma og líklegt er að svo verði áfram,

5. „vatn“: allt vatn sem fellur undir tilskipun 2000/60/EB,

6. „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili, einkaaðili eða opinber aðili, sem stundar atvinnustarfsemina eða stýrir henni eða, ef kveðið er á um slíkt í landslögum, hefur fengið í hendur fjárhagslegt ákvörðunarvald yfir tæknilegum rekstri starfseminnar, þ.m.t. handhafi leyfis eða samþykkis fyrir slíkri starfsemi eða sá aðili sem skráir eða tilkynnir slíka starfsemi,

7. „atvinnustarfsemi“: hvers kyns starfsemi sem stunduð er í tengslum við hagræna starfsemi, fyrirtæki eða félag, án tillits til þess hvort slík starfsemi er á vegum einkaaðila eða hins opinbera og hvort hún er rekin í hagnaðarskyni eða ekki,

8. „losun“: slepping efna, efnablandna, lífvera eða örvera út í umhverfið sem hlýst af umsvifum manna,

9. „yfirvofandi hætta á tjóni“: ástand sem einkennist af því að nægar líkur eru á því að umhverfistjón muni eiga sér stað í náinni framtíð,

10. „varnarráðstafanir“: hvers kyns ráðstafanir sem eru gerðar vegna atburðar, aðgerðar eða vanrækslu, sem leiðir til yfirvofandi hættu á umhverfistjóni, í því skyni að koma í veg fyrir eða lágmarka slíkt tjón,

11. „ráðstafanir til úrbóta“: hvers kyns aðgerðir eða samsetning aðgerða, þ.m.t. mildandi ráðstafanir eða bráðabirgðaráðstafanir til að endurheimta, endurskapa eða endurnýja náttúruauðlindir sem hafa orðið fyrir tjóni og/eða skertar nytjar þeirra eða útvega annan kost sem er jafngildur þessum auðlindum eða nytjum, eins og mælt er fyrir um í II. viðauka,

12. „náttúruauðlind“: tegundir lífvera og náttúruleg búsvæði sem njóta verndar, vatn og land,

13. „nytjar“ og „nytjar náttúruauðlinda“: þættir sem náttúruauðlind býr yfir og nýtast annarri náttúruauðlind eða verða til hagsbóta fyrir almenning,

14. „grunnástand“: ástandið eins og það var þegar náttúruauðlindirnar og nytjarnar urðu fyrir tjóni og eins og það hefði verið ef umhverfistjónið hefði ekki átt sér stað, metið á grundvelli bestu, fáanlegu upplýsinga,

15. „endurheimt“, þ.m.t. „náttúruleg endurheimt“: það að koma náttúruauðlindum sem hafa orðið fyrir tjóni og/eða skertum nytjum, ef um er ræða vatn og tegundir lífvera og náttúruleg búsvæði, sem njóta verndar, aftur í grunnástand og koma í veg fyrir verulega hættu, ef um er að ræða tjón á landi, á skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna,

16. „kostnaður“: útgjöld, sem eru réttlætanleg ef tryggja þarf rétta og skilvirka framkvæmd þessar-

ar tilskipunar, þ.m.t. kostnaður við mat á umhverfistjóni, yfirvofandi hættu á slíku tjóni og aðra kosti sem eru fyrir hendi til aðgerða, auk kostnaðar við umsýslu, lögfræðikostnaðar og kostnaðar við framkvæmd, kostnaðar við öflun gagna og annars almenns kostnaðar, ásamt kostnaði við vöktun og eftirlit.

3. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um:

a) umhverfistjón af völdum einhverrar þeirrar atvinnustarfsemi sem tilgreind er í III. viðauka og hvers kyns yfirvofandi hættu á slíku tjóni vegna slíkrar starfsemi,

b) tjón á tegundum lífvera og náttúrulegum búsvæðum, sem njóta verndar, af völdum annarrar atvinnustarfsemi en þeirrar sem er tilgreind í III. viðauka og um hvers kyns yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum þeirrar starfsemi þegar rekstraraðila hefur orðið á mistök eða hann hefur sýnt gáleysi.

2. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um strangari löggjöf Bandalagsins sem reglufestir hverja þá starfsemi sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar og með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins með reglum varðandi ágreining um lögsögu.

3. Með fyrirvara um viðeigandi landslöggjöf veitir þessi tilskipun einkaaðilum ekki rétt til bóta vegna umhverfistjóns eða yfirvofandi hættu á því.

4. gr.

Undantekningar

1. Undir þessa tilskipun falla ekki umhverfistjón eða yfirvofandi hætta á slíku tjóni vegna:

a) vopnaðra átaka, hernaðarátaka, borgarastyrjaldar eða uppreisnar,

b) óvenjulegs, óhjákvæmilegs og óviðráðanlegs náttúruviðburðar.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á því vegna atburðar þegar bótaábyrgð eða bætur falla undir gildissvið einhvers þeirra alþjóðasamninga sem eru tilgreindir í IV. viðauka, þ.m.t. síðari breytingar, og eru í gildi í viðkomandi aðildarríki.

3. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á rétt rekstraraðila til að takmarka bótaábyrgð sína í samræmi við landslög til framkvæmdar samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum (LLMC) frá 1976, þ.m.t. síðari breytingar á samningnum, eða Strassborgarsamningi um takmörkun ábyrgðar á skipgengum vatnaleiðum (CLNI) frá 1988, þ.m.t. síðari breytingar á samningnum.

4. Þessi tilskipun gildir ekki um áhættu, sem tengist kjarnorku, eða umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfsemi sem fellur undir stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu eða af völdum atburðar eða starfsemi þegar bótaábyrgð eða bætur falla undir gildissvið einhverra af alþjóðlegu gerningunum sem eru tilgreindir í V. viðauka, þ.m.t. síðari breytingar á þeim.

5. Þessi tilskipun gildir einungis um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á því af völdum dreifðrar mengunar þar sem unnt er að sýna fram á orsakatengsl milli tjónsins og starfsemi einstakra rekstraraðila.

6. Þessi tilskipun gildir hvorki um starfsemi þar sem meginmarkmiðið er að þjóna landvörnum eða alþjóðaöryggi né heldur um starfsemi þar sem eina markmiðið er að veita vernd gegn náttúruhamförum.

5. gr.

Varnaraðgerðir

1. Ef umhverfistjón hefur enn ekki orðið en yfirvofandi hætta er á slíku tjóni skal rekstraraðilinn þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að rekstraraðilum beri að gera lögbæru yfirvaldi grein fyrir öllum viðeigandi þáttum ástandsins svo fljótt sem unnt er, eftir því sem við á, og í öllum tilvikum þegar yfirvofandi hættu hefur ekki verið bægt frá þrátt fyrir varnarráðstafanir rekstraraðila.

3. Lögbært yfirvald getur hvenær sem er:

a) krafist þess að rekstraraðili veiti upplýsingar um hvers kyns yfirvofandi hættu á umhverfistjóni eða um tilvik þar sem grunur leikur á að um yfirvofandi hættu sé að ræða,

b) krafist þess að rekstraraðili geri nauðsynlegar, varnarráðstafanir,

c) gefa rekstraraðilanum fyrirmæli sem honum ber að fylgja þegar nauðsynlegar varnarráðstafanir eru gerðar eða

d) gert sjálft nauðsynlegar varnarráðstafanir.

4. Lögbært yfirvald skal krefjast þess að rekstraraðilinn grípi til varnarráðstafana. Lögbært yfirvald getur sjálft gripið til þessara ráðstafana ef rekstraraðilinn uppfyllir ekki þá skyldu, sem mælt er fyrir um í 1.

mgr. eða b-lið eða c-lið 3. mgr., ef ekki er unnt að tilgreina hann eða honum er ekki skylt að bera kostnaðinn samkvæmt þessari tilskipun.

6. gr.

Aðgerðir til úrbóta

1. Ef umhverfistjón hefur orðið skal rekstraraðilinn án tafar gera lögbæru yfirvaldi grein fyrir öllum viðeigandi þáttum ástandsins og gera:

a) allar raunhæfar ráðstafanir til að ná þegar í stað tökum á, hemja, fjarlægja eða koma á annan hátt böndum á aðskotaefni, sem skipta máli, og/eða öðrum skaðlegum þáttum í því skyni að takmarka eða koma í veg fyrir frekara umhverfistjón og skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða frekari rýrnun á nytjum og

b) nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, í samræmi við 7. gr.

2. Lögbært yfirvald getur hvenær sem er:

a) krafist þess að rekstraraðilinn leggi fram viðbótarupplýsingar um hvers kyns tjón sem hefur orðið,

b) gripið til, krafist þess að rekstraraðilinn grípi til eða gefið rekstraraðilanum fyrirmæli um að grípa til raunhæfra ráðstafana til að ná tökum á, hemja, fjarlægja eða meðhöndla á annan hátt aðskotaefni, sem skipta máli, og/eða aðra skaðlega þætti í því skyni að takmarka eða koma í veg fyrir frekara umhverfistjón og skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða frekari rýrnun á nytjum,

c) krafist þess að rekstraraðilinn geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta,

d) gefið rekstraraðilanum fyrirmæli, sem honum ber að fylgja, um nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta eða

e) gert sjálft nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta.

3. Lögbært yfirvald skal krefjast þess að rekstraraðilinn geri ráðstafanir til úrbóta. Þegar ekki er annars kostur er lögbæru yfirvaldi heimilt að gera sjálft þessar ráðstafanir ef rekstraraðilinn uppfyllir ekki skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. eða b-, c- eða d-lið 2. mgr., ef ekki er unnt að tilgreina hann eða honum er ekki skylt að bera kostnaðinn samkvæmt þessari tilskipun.

7. gr.

Ákvörðun um ráðstafanir til úrbóta

1. Rekstraraðilar skulu tilgreina, í samræmi við II. viðauka, hugsanlegar ráðstafanir til úrbóta og leggja þær fram til samþykkis hjá lögbæru yfirvaldi nema lögbæra yfirvaldið hafi gripið til aðgerða skv. e-lið 2. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 6. gr.

2. Lögbært yfirvald skal ákveða hvaða ráðstöfunum til úrbóta skal hrundið í framkvæmd í samræmi við II. viðauka og í samvinnu við viðkomandi rekstraraðila, eftir því sem þörf krefur.

3. Ef fleiri en eitt umhverfistjón hafa orðið þannig að lögbært yfirvald getur ekki tryggt að allar nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta verði gerðar samtímis getur lögbæra yfirvaldið ákveðið gegn hvaða umhverfistjóni skuli brugðist við fyrst til úrbóta.

Við töku þeirrar ákvörðunar skal lögbært yfirvald m.a. taka tillit til eðlis, umfangs og alvarleika hvers umhverfistjóns og hverjar séu líkur á náttúrulegri endurheimt. Einnig skal tekið tillit til áhættu fyrir heilbrigði manna.

4. Lögbært yfirvald skal hvetja aðilana, sem um getur í 1. mgr. 12. gr., og í öllum tilvikum aðilana, sem eiga landið, þar sem ráðstöfunum til úrbóta verður hrundið í framkvæmd, til að leggja fram athugasemdir sínar og skal taka tillit til þeirra.

8. gr.

Kostnaður við varnir og úrbætur

1. Rekstraraðilinn skal bera kostnað við aðgerðir til varnar og úrbóta sem eru framkvæmdar samkvæmt þessari tilskipun.

2. Með fyrirvara um 3. og 4. mgr. skal lögbært yfirvald endurkrefja kostnað, sem það hefur stofnað til í tengslum við aðgerðir til varnar eða úrbóta sem framkvæmdar hafa verið samkvæmt þessari tilskipun, m.a. með tryggingum í formi eigna eða öðrum viðeigandi tryggingum af hálfu rekstraraðilans sem á sök á tjóninu eða yfirvofandi hættu á því. Lögbært yfirvald getur þó ákveðið að endurheimta ekki allan kostnaðinn ef útgjöldin því samfara verða meiri en fjárhæðin, sem unnt er að endurheimta, eða ef ekki er unnt að tilgreina rekstraraðilann.

3. Rekstraraðila skal ekki vera skylt að bera kostnað við aðgerðir til varnar eða úrbóta samkvæmt þessari tilskipun ef hann getur sýnt fram á að umhverfistjónið eða yfirvofandi hætta á því hafi verið:

a) af völdum þriðja aðila og orðið þótt viðeigandi öryggisráðstafanir hafi verið gerðar eða

b) afleiðing þess að lögboðinni skipun eða fyrirmælum frá opinberu yfirvaldi var fylgt, þó ekki ef skipunin eða fyrirmælin voru gefin vegna losunar eða atviks sem starfsemi rekstraraðilans sjálfs olli. Í þeim tilvikum skulu aðildarríkin gera viðeigandi

ráðstafanir til að rekstraraðili geti endurheimt kostnaðinn sem hann hefur stofnað til.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða að rekstraraðilinn beri ekki kostnaðinn við aðgerðir til úrbóta samkvæmt þessari tilskipun ef hann sýnir fram á að honum hafi ekki orðið á mistök eða hann hafi ekki sýnt gáleysi og að umhverfistjónið hafi orðið vegna:

a) losunar eða atviks sem var sérstaklega heimilað og í fullu samræmi við skilyrði leyfis sem var veitt samkvæmt gildandi landslögum og reglum hvers ríkis fyrir sig til framkvæmdar lagaákvæðum, sem Bandalagið hefur samþykkt og tilgreind eru í III. viðauka, eins og þeim var beitt á þeim degi sem losunin eða atvikið átti sér stað,

b) losunar eða starfsemi eða hvers kyns notkunar vöru í tengslum við starfsemi, sem rekstraraðilinn sýnir fram á að hafi ekki verið líkleg til að valda umhverfistjóni, samkvæmt þeirri vísinda- og tækniþekkingu sem var aðgengileg þegar losunin átti sér stað eða starfsemin fór fram.

5. Ráðstafanir, sem lögbært yfirvald gerir í samræmi við 3. og 4. mgr. 5. gr. og 2. og 3. mgr. 6. gr., skulu hvorki hafa áhrif á bótaábyrgð viðkomandi rekstraraðila samkvæmt þessari tilskipun né beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans.

9. gr.

Kostnaðarskipting þegar margir aðilar valda tjóni

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði reglna í hverju ríki fyrir sig um kostnaðarskiptingu þegar margir aðilar valda tjóni, einkum ekki að því er varðar skiptingu bótaábyrgðar milli framleiðanda og notanda vöru.

10. gr.

Frestur til að endurheimta kostnað

Lögbært yfirvald getur, innan fimm ára frá því að ráðstöfunum er lokið eða frá því að sá rekstraraðili, eða þriðji aðili, sem ber ábyrgðina, hefur verið tilgreindur, hvort heldur er seinna, hafið málsmeðferð, til að endurheimta kostnað vegna hvers kyns ráðstafana sem hafa verið gerðar í samræmi við þessa tilskipun, gegn rekstraraðila, eða, ef við á, þriðja aðila, sem hefur valdið tjóni eða yfirvofandi hættu á tjóni.

11. gr.

Lögbært yfirvald

1. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á því að þær skyldur, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, séu uppfylltar.

2. Lögbært yfirvald skal skera úr um það hvaða rekstraraðili hefur valdið tjóni eða yfirvofandi hættu á tjóni, meta afleiðingar tjónsins og ákvarða hvaða ráðstafanir til úrbóta skuli gerðar með hliðsjón af II. viðauka. Lögbæru yfirvaldi er, í þessu skyni, heimilt að krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili vinni eigið mat og leggi fram allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbært yfirvald geti falið þriðju aðilum að gera nauðsynlegar ráðstafanir til varnar eða úrbóta eða krafist þess að þeir geri þær.

4. Greina skal nákvæmlega frá grundvelli þeirra ákvarðana sem eru teknar samkvæmt þessari tilskipun þar sem gerð er krafa um ráðstafanir til varnar og úrbóta. Slík ákvörðun skal þegar í stað tilkynnt hlutaðeigandi rekstraraðila og um leið skal kynna honum þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki og þann frest sem hann hefur til þess að nýta sér þau.

12. gr.

Beiðni um aðgerðir

1. Einstaklingar eða lögaðilar, sem:

a) verða fyrir áhrifum eða líklegt er að verði fyrir áhrifum af umhverfistjóni,

b) hafa nægilegra hagsmuna að gæta þegar teknar eru ákvarðanir í umhverfismálum sem varða tjónið eða

c) staðhæfa að brotið sé á rétti sínum, ef gerð er krafa um slíkt í stjórnsýslulögum aðildarríkis,

skulu eiga rétt á að leggja fram hjá lögbæru yfirvaldi hvers kyns athugasemdir sem varða umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni sem þeim er kunnugt um og þau skulu eiga rétt á að fara þess á leit við lögbært yfirvald að það grípi til aðgerða samkvæmt þessari tilskipun.

Aðildarríkin skulu ákvarða hvað telst vera „nægilegir hagsmunir“ og „brot á rétti“.

Öll frjáls félagasamtök, sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla öll skilyrði landslaga, skulu teljast hafa nægilegra hagsmuna að gæta samkvæmt undirgrein b. Slík félagasamtök skulu einnig teljast eiga rétt sem unnt er að skerða samkvæmt undirgrein c.

2. Beiðninni um aðgerðir skulu fylgja viðeigandi upplýsingar og gögn til stuðnings athugasemdunum

sem lagðar eru fram að því er varðar viðkomandi umhverfistjón.

3. Ef beiðnin um aðgerðir og meðfylgjandi athugasemdir benda til þess að líklegt sé að umhverfistjón hafi orðið skal lögbæra yfirvaldið taka athugasemdirnar og beiðnirnar um aðgerðir til athugunar. Við þær aðstæður skal lögbært yfirvald veita viðkomandi rekstraraðila tækifæri til að láta í ljós álit sitt að því er varðar beiðnina um aðgerðir og meðfylgjandi athugasemdir.

4. Svo fljótt sem unnt er og í öllum tilvikum í samræmi við viðeigandi ákvæði landslaga skal lögbært yfirvald tilkynna aðilunum, sem um getur í 1. mgr. og lögðu fram athugasemdir hjá yfirvaldinu, um ákvörðun sína um samþykki eða synjun beiðninnar um aðgerðir og skulu ástæðurnar tilgreindar.

5. Aðildarríkin geta ákveðið að beita ekki 1. og 4. mgr. í þeim tilvikum þegar um er að ræða yfirvofandi hættu á tjóni.

13. gr.

Reglur um meðferð kæru

1. Aðilarnir, sem um getur í 1. mgr. 12. gr., skulu hafa aðgang að dómstól eða öðrum óháðum og óhlutdrægum opinberum aðila sem er til þess bær að taka til umfjöllunar formlegt og efnislegt lögmæti ákvarðana lögbærs yfirvalds, aðgerða þess eða aðgerðarleysis, samkvæmt þessari tilskipun.

2. Þessi tilskipun skal hvorki hafa áhrif á þau ákvæði landslaga sem stýra aðgangi að meðferð fyrir dómstólum né ákvæði þar sem þess er krafist að meðferð kærumála samkvæmt stjórnsýslureglum sé fullreynd áður en málinu er skotið til úrskurðar fyrir dómstólum.

14. gr.

Fjárhagsleg trygging

1. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að hvetja til þróunar gerninga og markaða á sviði fjárhagslegra trygginga af hálfu viðeigandi rekstraraðila á sviði efnahagsmála og fjármála, m.a. fjármálakerfa þegar um er að ræða ógjaldfærni, í því skyni að gera rekstraraðilum kleift að nota fjárhagslegar tryggingar til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun.

2. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 30. apríl 2010, leggja fram skýrslu um árangur af tilskipuninni að því er varðar raunverulegar úrbætur vegna umhverfistjóna, um aðgang að vátryggingum fyrir sanngjarnt verð og skilyrði þar að lútandi og um aðrar tegundir fjárhagslegra trygginga vegna starfseminnar sem fellur undir III. viðauka. Í tengslum við fjárhagslega tryggingu skal skýrslan einnig fjalla um eftirfarandi þætti: stigbundna nálgun, hámarksfjárhæð fjárhagslegu tryggingarinnar og undanþágu fyrir starfsemi þar sem áhætta er lítil. Í ljósi þessarar skýrslu og ítarlegs mats á áhrifum, m.a. með kostnaðar- og ábatagreiningu, skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja fram tillögur að kerfi fyrir samræmda og lögboðna fjárhagslega tryggingu.

15. gr.

Samstarf aðildarríkja

1. Ef umhverfistjón hefur áhrif í nokkrum aðildarríkjum eða líklegt er að svo verði skulu viðkomandi aðildarríki vinna saman að því, m.a. með viðeigandi upplýsingaskiptum, að tryggja að gripið verði til varnaraðgerða og, ef nauðsyn krefur, aðgerða til úrbóta vegna slíks umhverfistjóns.

2. Ef umhverfistjón hefur orðið skal aðildarríkið, sem ræður yfir svæðinu þar sem tjónið varð, veita fullnægjandi upplýsingar þeim aðildarríkjum sem tjónið gæti haft áhrif á.

3. Ef sannreynt er að tjón hafi orðið innan landamæra aðildarríkis og orsök þess er utan þeirra getur aðildarríkið tilkynnt um málið til framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja, sem hlut eiga að máli; aðildarríkið getur sett fram tilmæli þess efnis að gerðar verði ráðstafanir til varnar eða úrbóta og freistað þess, í samræmi við þessa tilskipun, að endurheimta kostnaðinn sem það hefur stofnað til í tengslum við framkvæmd ráðstafana til varnar eða úrbóta.

16. gr.

Tengsl við landslög

1. Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin viðhaldi eða leiði í lög strangari ákvæði til að koma í veg og ráða bót á umhverfistjóni, t.d. með því að tilgreina fleiri tegundir starfsemi sem falli undir varnar- og úrbótakröfurnar í þessari tilskipun og með því að tilgreina fleiri ábyrgðaraðila.

2. Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin samþykki viðeigandi ráðstafanir, banni t.a.m. að kostnaður verði endurheimtur í tvígang vegna samhliða aðgerða lögbærs yfirvalds samkvæmt þessari tilskipun og aðila sem á eign sem umhverfistjónið hefur haft áhrif á.

17. gr.

Tímabundin beiting

Tilskipun þessi gildir ekki um:

— tjón af völdum losunar, atburðar eða atviks sem átti sér stað fyrir þann dag sem um getur í 1. mgr. 19. gr.,

— tjón af völdum losunar, atburðar eða atviks sem á sér stað eftir þann dag sem um getur í 1. mgr. 19. gr., ef rekja má þau til sérstakrar starfsemi sem fór fram og lauk fyrir fyrrnefndan dag,

— tjón, ef meira en 30 ár eru liðin síðan losunin, atburðurinn eða atvikið, sem olli þeim, átti sér stað.

18. gr.

Skýrslur og endurskoðun

1. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um fengna reynslu af beitingu þessarar tilskipunar eigi síðar en 30. apríl 2013. Í skýrslunni skulu koma fram þær upplýsingar og þau gögn sem sett eru fram í VI. viðauka.

2. Á þeim grundvelli skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið fyrir 30. apríl 2014 með viðeigandi tillögum um breytingar.

3. Skýrslan, sem um getur í 2. mgr., skal m.a. ná til endurskoðunar á:

a) beitingu:

— 2. og 4. mgr. 4. gr. í tengslum við undanþágu frá gildissviði tilskipunarinnar vegna mengunar sem fellur undir alþjóðasamningana sem tilgreindir eru í IV. og V. viðauka og

— 3. mgr. 4. gr. í tengslum við rétt rekstraraðila til að takmarka bótaábyrgð sína í samræmi við alþjóðasamningana sem um getur í 3. mgr. 4. gr.

Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til fenginnar reynslu á viðeigandi sviðum á alþjóðavettvangi, s.s. á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og Kjarnorkubandalags Evrópu, og reynslu af viðeigandi alþjóðasamningum og til þess að hve miklu leyti þessir gerningar hafa öðlast gildi og/eða aðildarríkin komið þeim til framkvæmda og/eða þeim breytt, með hliðsjón af tilvikum, sem skipta máli og þar sem umhverfistjón hefur orðið vegna slíkrar starfsemi, aðgerðum til að ráða bót á þeim og muninum á vægi bótaskyldu hjá aðildarríkjunum og að teknu tilliti til tengsla bótaábyrgðar skipaeigenda og framlaga viðtakenda olíu, að teknu tilhlýðilegu tilliti til allra viðeigandi rannsókna á vegum Alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar (International Oil Pollution Compensation Funds – IOPC Fund),

b) beitingu þessarar tilskipunar vegna umhverfistjóns af völdum erfðabreyttra lífvera, einkum í ljósi fenginnar reynslu af viðeigandi alþjóðasamningum, s.s. samningnum um líffræðilega fjölbreytni og Cartagena-bókuninni um líföryggi, auk afleiðinga hvers kyns umhverfistjóna af völdum erfðabreyttra lífvera,

c) beitingu þessarar tilskipunar í tengslum við tegundir lífvera og náttúruleg búsvæði sem njóta verndar,

d) gerningunum sem e.t.v. er unnt að fella inn í III., IV. og V. viðauka.

19. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 2007. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum, sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til, og töflu sem sýnir samsvörun milli ákvæða þessarar tilskipunar og ákvæða landslaga sem samþykkt hafa verið.

20. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

21. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 21. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	D. ROCHE
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR SEM UM GETUR Í A-LIÐ 1. MGR. 2. GR.

Umfang hvers kyns tjóna, sem vinna gegn því markmiði að ná eða viðhalda góðri verndarstöðu búsvæðis eða lífverutegundar, skal metið með skírskotun til verndarstöðunnar, eins og hún var þegar tjónið varð, nytjanna sem til verða vegna afþreyingargildis tegundanna og búsvæðanna og hæfni þeirra til náttúrulegrar endurnýjunar. Nota skal gögn um mælanlega þætti til að ganga úr skugga um hvort um sé að ræða verulegar, skaðlegar breytingar á grunnástandi, m.a. gögn um:

— fjölda einstaklinga, þéttleika þeirra eða útbreiðslusvæði,

— hvaða hlutverki viðkomandi einstaklingar eða svæðið sem orðið hefur fyrir tjóni gegna gagnvart lífverutegundinni eða varðveislu búsvæðisins, hversu sjaldgæf tegundin eða búsvæðið er (samkvæmt staðbundnu og svæðisbundnu mati og mati á hærra stigi, þ.m.t. á vettvangi Bandalagsins),

— fjölgunargetu tegundarinnar (allt eftir þeim stofnfræðilegu eiginleikum sem tegundin eða stofnar hennar búa yfir), lífvænleika hennar eða getu búsvæðisins til náttúrulegrar endurnýjunar (allt eftir þeim stofnfræðilegu eiginleikum sem einkennandi tegundir þess eða stofnar þeirra búa yfir),

— getu tegundarinnar eða búsvæðisins, eftir að tjón hefur orðið, til þess að endurheimta á skömmum tíma, og án þess að til komi önnur íhlutun en auknar verndarráðstafanir, ástand sem einungis í krafti þeirra stofnfræðilegu eiginleika, sem tegundin eða búsvæðið býr yfir, leiðir til ástands sem álitið er jafngott eða betra en grunnástandið.

Flokka verður tjón sem verulegt tjón ef sannað er að það hafi áhrif á heilbrigði manna.

Ekki þarf að flokka eftirfarandi sem verulegt tjón:

— neikvæðar sveiflur, sem eru minni en þær náttúrulegu sveiflur, sem teljast eðlilegar fyrir viðkomandi tegund eða búsvæði,

— neikvæðar sveiflur, sem stafa af náttúrulegum orsökum eða af íhlutun í tengslum við venjubundna stjórnun staða eins og hún er skilgreind í skrám eða markmiðsskjölum fyrir viðkomandi búsvæði eða eins og henni hefur verið háttað hjá fyrri eigendum eða rekstraraðilum,

— tjón á tegundum eða búsvæðum sem staðfest hefur verið að muni á skömmum tíma og án íhlutunar endurheimta grunnástand sitt eða ástand sem einungis í krafti þeirra stofnfræðilegu eiginleika, sem viðkomandi tegund eða búsvæði býr yfir, leiðir til ástands sem álitið er jafngott eða betra en grunnástandið.

II. VIÐAUKI

ÚRBÆTUR VEGNA UMHVERFISTJÓNS

Í þessum viðauka eru sett fram sameiginleg rammaákvæði sem fylgja ber til að velja heppilegustu ráðstafanirnar til að tryggja úrbætur vegna umhverfistjóns.

1. **Úrbætur vegna tjóns á vatni, tegundum lífvera eða náttúrulegum búsvæðum sem njóta verndar**

Úrbætur vegna umhverfistjóns, sem varða vatn, tegundir eða náttúruleg búsvæði, sem njóta verndar, felast í því að koma umhverfinu aftur í grunnástand sitt með því að gera á því frumúrbætur, fyllingarúrbætur eða jöfununarúrbætur sem eru skilgreindar svo:

a) „frumúrbætur“: ráðstafanir til úrbóta sem koma náttúruauðlindunum sem orðið hafa fyrir tjóni og/eða skertu nytjunum aftur í grunnástand sitt eða í átt til þess,

b) „fyllingarúrbætur“: ráðstafanir til úrbóta sem gripið er til í tengslum við náttúruauðlindir og/eða nytjar til að bæta það upp að frumúrbæturnar nægja ekki til að koma náttúruauðlindunum sem orðið hafa fyrir tjóni og/eða nytjunum að fullu í fyrra horf,

c) „jöfnunarúrbætur“: aðgerðir til að bæta upp tímabundið tap á náttúrulegum auðlindum og/eða nytjum frá því að tjón verður og þar til árangur af frumúrbótum hefur náðst að fullu,

d) „tímabundið tap“: tap sem er afleiðing þess að náttúruauðlindir eða nytjar, sem hafa orðið fyrir tjóni, geta ekki gegnt vistfræðilegu hlutverki sínu eða nýst fyrir aðrar náttúruauðlindir eða almenning fyrr en frum- eða fyllingarúrbætur eru að fullu komnar til framkvæmda. Það felur ekki í sér fébætur til almennings.

Ef ekki næst, með frumúrbótum, að koma umhverfinu aftur í grunnástand sitt skal grípa til fyllingarúrbóta. Auk þess skal gera jöfnunarúrbætur til að bæta upp tímabundið tap.

Í úrbótum vegna umhverfistjóns, sem varða tjón á vatni, tegundum lífvera eða náttúrulegum búsvæðum, sem njóta verndar, felst einnig að útrýma allri verulegri áhættu á skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna.

1.1. *Markmið með úrbótum*

Tilgangurinn með frumúrbótum

1.1.1. Tilgangurinn með frumúrbótum er að koma náttúruauðlindunum sem orðið hafa fyrir tjóni og/eða skertu nytjunum aftur í grunnástandið eða í átt til þess.

Tilgangurinn með fyllingarúrbótum

1.1.2. Ef ekki er unnt að koma náttúruauðlindunum sem orðið hafa fyrir tjóni og/eða nytjunum í grunnástand sitt er gripið til fyllingarúrbóta. Tilgangurinn með fyllingarúrbótum er að sjá til þess að náttúruauðlindir og/eða nytjar, þ.m.t. ef við á, þær sem eru á öðrum stað séu á svipuðu stigi og verið hefði ef svæðinu, sem orðið hefur fyrir tjóni, hefði verið komið aftur í grunnástand sitt. Ef unnt er og við á skal hinn staðurinn vera í landfræðilegum tengslum við staðinn, sem orðið hefur fyrir tjóni, með hliðsjón af hagsmunum þeirra íbúa sem málið varðar.

Tilgangurinn með jöfnunarúrbótum

1.1.3. Gera skal jöfnunarúrbætur til að jafna upp tímabundið tap á náttúruauðlindum og nytjum meðan þess er beðið að þau jafni sig. Í þessum úrbótum felast frekari endurbætur á vernduðum náttúrulegum búsvæðum og tegundum lífvera eða vatni, annaðhvort á staðnum sem orðið hefur fyrir tjóni eða á öðrum stað. Þær fela ekki í sér fébætur til almennings.

1.2. *Ákvörðun um ráðstafanir til úrbóta*

Ákvörðun ráðstafana til frumúrbóta

1.2.1. Skoða skal þá kosti um aðgerðir sem standa til boða í því skyni að koma náttúruauðlindinni og nytjunum beint í átt að grunnástandi sínu með flýtiferli eða með náttúrulegri endurheimt.

Ákvörðun ráðstafana til fyllingar- og jöfnunarúrbóta

1.2.2. Þegar umfang ráðstafana til fyllingar- og jöfnunarúrbóta er ákvarðað skal fyrst skoða notkun aðferða þar sem fundin eru jafngildi með því bera eina auðlind saman við aðra auðlind og einar nytjar saman við aðrar nytjar. Samkvæmt þessum aðferðum skal fyrst vega og meta aðgerðir sem gefa af sér náttúruauðlindir og/eða nytjar sem eru af sömu tegund, gæðum og umfangi og þær sem urðu fyrir tjóni. Verði þessu ekki komið við skal sjá til þess að völ sé á öðrum náttúruauðlindum og/eða nytjum í staðinn. Sem dæmi má nefna að ef gæði skerðast skal vega það upp með því að auka umfang ráðstafana til úrbóta.

1.2.3. Ef ekki er unnt að nota fyrsta kostinn, sem er jafngildisaðferðin þar sem ein auðlind er borin saman við aðra og einar nytjar við aðrar, skal nota annars konar matsaðferðir í staðinn. Lögbært yfirvald getur fyrirskipað hvaða aðferð skuli notuð til að ákvarða umfang nauðsynlegra ráðstafana til fyllingar- og jöfnunarúrbóta, t.d. fjárhagslegt mat. Ef unnt er að vinna mat á auðlindinni og/eða nytjunum sem glötuðust en ekki er unnt, innan eðlilegra tímamarka eða með eðlilegum kostnaði, að meta auðlindina og/eða nytjarnar, sem koma í staðinn, getur lögbæra yfirvaldið valið ráðstafanir til úrbóta þar sem kostnaðurinn jafngildir áætluðu, fjárhagslegu virði náttúruauðlindarinnar og/eða nytjanna sem glötuðust. Haga skal ráðstöfunum til fyllingar- og jöfnunarúrbóta þannig að þær gefi af sér frekari náttúruauðlindir og/eða nytjar sem endurspegla forgangsröð í tíma og tímasetningu þessara ráðstafana til úrbóta. Sem dæmi má

nefna að því lengur sem það tekur að ná grunnástandi því meira verður umfang þeirra ráðstafana til jöfnunarúrbóta sem verða gerðar (að öllu öðru jöfnu).

1.3. *Val á kostum til úrbóta*

1.3.1. Meta skal eðlilega kosti til úrbóta með bestu, fáanlegu tækni og á grundvelli eftirfarandi viðmiðana sem eru:

— áhrif hvers kostar á lýðheilsu og almannaöryggi,

— kostnaður af því að hrinda viðkomandi kosti í framkvæmd,

— líkurnar á að hver kostur fyrir sig skili árangri,

— að hve miklu leyti hver kostur muni koma í veg fyrir tjón í framtíðinni og að hve miklu leyti framkvæmd þessa kostar muni koma í veg fyrir frekara tjón,

— að hve miklu leyti hver kostur gagnast mismunandi þáttum náttúruauðlindarinnar og/eða nytjanna,

— að hve miklu leyti hver kostur tekur mið af félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum sjónarmiðum, sem skipta máli, og öðrum þáttum sem skipta máli og eru einkennandi fyrir viðkomandi stað,

— hversu langur tími líður þar til úrbæturnar á umhverfistjóninu hafa skilað árangri,

— að hve miklu leyti hver kostur dugir til að koma svæðinu, þar sem umhverfistjónið varð, aftur í samt lag,

— landfræðileg tengsl við staðinn sem orðið hefur fyrir tjóni.

1.3.2. Við mat á mismunandi kostum til úrbóta, sem koma til greina, má velja ráðstafanir til frumúrbóta sem koma vatni, tegundum lífvera eða náttúrulegum búsvæðum, sem njóta verndar og hafa orðið fyrir tjóni, ekki að fullu í grunnástand sitt eða eru lengur en ella að ná grunnástandi. Einungis má taka slíka ákvörðun ef náttúruauðlindirnar og/eða nytjarnar, sem fara forgörðum á upprunalega staðnum vegna þessarar ákvörðunar, eru bættar upp með því að auka fyllingar- og jöfnunaraðgerðir þannig að til verði svipaðar náttúruauðlindir og/eða nytjar og þær sem fóru forgörðum. Þetta á t.d. við þegar unnt er að sjá fyrir jafngildum náttúruauðlindum og/eða nytjum annars staðar með minni tilkostnaði. Þessar viðbótarráðstafanir til úrbóta skulu ákveðnar í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í lið 1.2.2.

1.3.3. Þrátt fyrir reglurnar, sem settar eru fram í lið 1.3.2, og í samræmi við 3. mgr. 7. gr. hefur lögbæra yfirvaldið rétt til að ákveða að ekki skuli gera frekari ráðstafanir til úrbóta ef:

a) þær ráðstafanir til úrbóta, sem hafa þegar verið gerðar, tryggja að ekki sé lengur fyrir hendi veruleg áhætta á því að heilbrigði manna, vatn eða tegundir lífvera eða náttúruleg búsvæði, sem njóta verndar, verði fyrir skaðlegum áhrifum,

b) kostnaðurinn við þær ráðstafanir til úrbóta, sem gera þarf til að ná grunnástandinu eða svipuðu ástandi, væri óhóflegur miðað við ávinninginn af þeim fyrir umhverfið.

2. **Úrbætur vegna tjóns á landi**

Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lágmarki að þau aðskotaefni, sem um er að ræða, verði fjarlægð, þeim haldið í skefjum, þau verði einangruð eða dregið verði úr þeim svo að mengaða landið, með tilliti til núverandi notkunar þess eða fyrirhugaðrar og samþykktrar notkunar þess á þeim tíma sem tjónið varð, skapi ekki lengur verulega áhættu sem geti haft skaðleg áhrif á heilbrigði manna. Beita skal áhættumati til að meta hvort slík áhætta sé fyrir hendi og taka þar mið af eiginleikum og hlutverki jarðvegsins, tegund og styrk skaðlegu efnanna, efnablandnanna, lífveranna eða örveranna, áhættunni, sem þeim fylgir, og hugsanlegri útbreiðslu þeirra. Notkun landsins skal ákvörðuð út frá reglum um landnotkun eða öðrum viðeigandi reglum sem voru í gildi þegar tjónið varð, ef slíkar reglur eru til.

Verði breyting á notkun landsins skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hvers kyns skaðleg áhrif á heilbrigði manna.

Ef ekki eru til reglur um landnotkun eða aðrar viðeigandi reglur skal notkun þessa tiltekna svæðis ráðast af eðli svæðisins þar sem tjónið varð, að teknu tilliti til væntanlegrar þróunar þess.

Skoða skal hvort velja skuli þann kost að láta náttúruna um endurheimtarferlið, þ.e.a.s. lausn án mannlegrar íhlutunar í endurheimtarferlinu.

III. VIÐAUKI

STARFSEMI SEM UM GETUR Í 1. MGR. 3. GR.

1. Rekstur stöðva sem háðar eru leyfi samkvæmt tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ([1]). Þetta á við um alla starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 96/61/EB, að undanskildum stöðvum eða hlutum stöðva sem eru notuð til rannsókna, þróunar og prófunar á nýjum vörum og ferlum.

2. Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. söfnun, flutningur, endurnýting og förgun úrgangs og hættulegs úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim er lokað, sem er háð leyfi eða skráningu samkvæmt tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang ([2]) og tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang ([3]). Þessi starfsemi tekur m.a. til reksturs urðunarstaða samkvæmt tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs ([4]) og rekstur brennslustöðva samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs ([5]). Aðildarríkin geta, að því er varðar þessa tilskipun, ákveðið að þessi starfsemi taki ekki til dreifingar í landbúnaði á skólpeðju sem kemur frá hreinsistöðvum fyrir þéttbýlisskólp og hefur verið meðhöndluð svo að hún standist samþykktan staðal.

3. Öll losun í yfirborðsvatn á landi sem er háð fyrirframleyfi samkvæmt tilskipun ráðsins 76/464/EBE frá 4. maí 1976 um mengun af völdum tiltekinna, hættulegra efna sem losuð eru í vatn í Bandalaginu ([6]).

4. Öll losun efna í grunnvatn sem er háð fyrirframleyfi samkvæmt tilskipun ráðsins 80/68/EBE frá 17. desember 1979 um verndun grunnvatns gegn mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna ([7]).

5. Losun eða ídæling mengunarvalda í yfirborðsvatn eða grunnvatn sem er háð leyfi, heimild eða skráningu samkvæmt tilskipun 2000/60/EB.

6. Vatnstaka og vatnsmiðlun sem er háð fyrirframleyfi samkvæmt tilskipun 2000/60/EB.

7. Framleiðsla, notkun, geymsla, vinnsla, urðun, losun í umhverfið og flutningur á staðnum á:

   a) hættulegum efnum eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([8]),

   b) hættulegum efnum eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna ([9]),

---

([1]) Stjtíð. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.
([2]) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.
([3]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 94/31/EB (Stjtíð. EB L 168, 2.7.1994, bls. 28).
([4]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1 Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.
([5]) Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.
([6]) Stjtíð. EB L 129, 18.5.1976, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/60/EB.
([7]) Stjtíð. EB L 20, 26.1.1980, bls. 43. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48).
([8]) Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003.
([9]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

c) plöntuvarnarefnum eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([1]),

d) sæfiefnum eins og þau eru skilgreind í a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([2]).

8. Flutningar á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum og á sjó eða í lofti á hættulegum farmi eða mengandi farmi eins og skilgreint er, annaðhvort í viðauka A við tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum ([3]) eða í viðaukanum við tilskipun ráðsins 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með járnbrautum ([4]) eða eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan Bandalagsins ([5]).

9. Rekstur stöðva sem eru háðar leyfi samkvæmt tilskipun ráðsins 84/360/EBE frá 28. júní 1984 um baráttu gegn loftmengun frá iðjuverum ([6]) að því er varðar losun í andrúmsloft á mengunarefnum sem falla undir framangreinda tilskipun.

10. Afmörkuð notkun, þ.m.t. flutningur, sem nær til erfðabreyttra örvera eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 90/219/EBE frá 23. apríl 1990 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera ([7]).

11. Slepping út í umhverfið, flutningur og setning erfðabreyttra lífvera á markað samkvæmt skilgreiningu í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ([8]).

12. Flutningur yfir landamæri á úrgangi innan Evrópusambandsins, til þess og út úr því sem er háður leyfi eða er bannaður í skilningi reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu ([9]).

IV. VIÐAUKI

ALÞJÓÐASAMNINGAR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 4. GR.

a) Alþjóðasamningur frá 27. nóvember 1992 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar.

b) Alþjóðasamningur frá 27. nóvember 1992 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.

c) Alþjóðasamningur frá 23. mars 2001 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum eldsneytisolíumengunar.

d) Alþjóðasamningur frá 3. maí 1996 um bótaskyldu og skaðabætur fyrir tjón í tengslum við flutning hættulegra og skaðvænlegra efna á sjó.

([1]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).
([2]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.
([3]) Stjtíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/28/EB (Stjtíð. ESB L 90, 8.4.2003, bls. 45).
([4]) Stjtíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/29/EB (Stjtíð. ESB L 90, 8.4.2003, bls. 47).
([5]) Stjtíð. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/84/EB (Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 53).
([6]) Stjtíð. EB L 188, 16.7.1984, bls. 20. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48).
([7]) Stjtíð. EB L 117, 8.5.1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.
([8]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1830/2003 (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 24).
([9]) Stjtíð. EB L 30, 6.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2557/2001 (Stjtíð. EB L 349, 31.12.2001, bls. 1).

e) Samningur frá 10. október 1989 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns í flutningi á hættulegum farmi á vegum og járnbrautum og með skipum á skipgengum vatnaleiðum.

V. VIÐAUKI

ALÞJÓÐASAMNINGAR SEM UM GETUR Í 4. MGR. 4. GR.

a) Parísarsamningurinn frá 29. júlí 1960 um bótaskyldu þriðja aðila á sviði kjarnorku og viðbótarsamningurinn sem gerður var í Brussel 31. janúar 1963.

b) Vínarsamningurinn frá 21. maí 1963 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum kjarnorku.

c) Samningur frá 12. september 1997 um frekari bætur vegna tjóns af völdum kjarnorku.

d) Sameiginleg bókun frá 21. september 1988 varðandi beitingu Vínarsamningsins og Parísarsamningsins.

e) Brusselsamningurinn frá 17. desember 1971 varðandi einkaréttarlega ábyrgð á flutningum sjóleiðis á kjarnakleyfum efnum.

VI. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR OG GÖGN SEM UM GETUR Í 1. MGR. 18. GR.

Í skýrslunum, sem um getur í 1. mgr. 18. gr., skal vera skrá yfir tilvik þar sem umhverfistjón hefur orðið og yfir bótaskyldutilvik samkvæmt þessari tilskipun, ásamt eftirfarandi upplýsingum og gögnum fyrir hvert tilvik:

1. Tegund umhverfistjónsins, hvenær atvikið átti sér stað og/eða var uppgötvað og hvenær málsmeðferð var hafin samkvæmt þessari tilskipun.
2. Atvinnuflokkunarnúmer ábyrga eða ábyrgu lögaðilanna ([1]).
3. Hvort aðilar, sem bera skaðabótaábyrgð, eða hæfir aðilar hafi skotið málinu til dómsvalda. (Tilgreina skal tegund krefjanda og niðurstöður málsmeðferðar.)
4. Árangurinn af úrbótunum.
5. Dagsetning lykta málsmeðferðar.

Aðildarríkjum er heimilt að bæta öðrum upplýsingum og gögnum í skýrslu sína sem þau telja að komi að gagni við mat á beitingu þessarar tilskipunar, t.d. varðandi:

1. kostnað sem stofnað er til vegna úrbóta- og varnarráðstafana, eins og skilgreint er í þessari tilskipun:
   — og aðilar, sem bera skaðabótaábyrgð, greiddu beint, þegar þessar upplýsingar liggja fyrir,
   — og aðilar, sem bera skaðabótaábyrgð, endurgreiða síðar,
   — og aðilar, sem bera skaðabótaábyrgð, endurgreiða ekki. (Tilgreina skal ástæðurnar fyrir því að endurgreiðsla fæst ekki.)
2. Árangur af aðgerðum til að stuðla að þeim fjárhagslegu tryggingagerningum, sem notaðir eru í samræmi við þessa tilskipun, og hrinda þeim í framkvæmd.
3. Mat á þeim árlega viðbótarumsýslukostnaði opinberrar stjórnsýslu sem hlýst af stofnun og rekstri þeirra stjórnsýslueininga sem eru nauðsynlegar til að hrinda þessari tilskipun í framkvæmd og framfylgja henni.

([1]) Nota má kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 frá 9. október 1990 um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (Stjtíð. EB L 293, 24.10.1990, bls.1).

Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar um 2. mgr. 14. gr. – Tilskipun um umhverfisábyrgð

Framkvæmdastjórnin tekur mið af 2. mgr. 14. gr. Í samræmi við þá grein mun framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu, að liðnum sex árum frá gildistöku tilskipunarinnar, m.a. um framboð á vátryggingum og annars konar fjárhagslegri tryggingu með sanngjörnum kostnaði og skilyrðum. Skýrslan mun einkum taka mið af þróun markaðsaflanna á viðeigandi vörum til fjárhagslegrar tryggingar að því er varðar þá þætti sem vísað er til. Þar verður einnig skoðuð stigbundin nálgun sem miðast við tegund tjóns og eðli áhættunnar. Framkvæmdastjórnin mun, ef við á, leggja fram tillögur á grundvelli skýrslunnar. Framkvæmdastjórnin mun vinna áhrifamat, sem verður látið ná til efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta, í samræmi við viðeigandi, fyrirliggjandi reglur, einkum samstarfssamninginn milli stofnana um betri lagasetningu og orðsendingu sína um áhrifamat [COM(2002) 276, lokaútgáfa].

87. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um sérgreiningu landshluta sem vettvang rannsókna, kennslu og atvinnuþróunar.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Birgitta Jónsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Jórunn Einarsdóttir, Oddný G. Harðardóttir,
Ólafur Þór Gunnarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér fyrir því að rannsókna-, mennta- og atvinnuþróunartækifæri einstakra landshluta verði skilgreind í ljósi sérstöðu og sérhæfingar á hverjum stað. Skilgreiningin verði höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um fjárframlög og stuðning við fyrirtæki og stofnanir í viðkomandi landshlutum. Þetta verði gert í tengslum við þá heildarstefnumótun sem boðuð hefur verið af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis í málefnum háskóla landsins og sem liður í því að:

a. marka hverjum landshluta sérstöðu í rannsóknum og kennslu, og
b. leggja grunn að uppbyggingu og verkaskiptingu á sviði rannsókna og háskólakennslu á landsvísu.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi lýtur að stefnumörkun háskólastarfs í landinu annars vegar og markvissum stuðningi og stefnu fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni hins vegar. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur boðað heildarendurskoðun á málefnum háskólanna. Slík endurskoðun kallar á skýrari stefnumótun en verið hefur þar sem umsvif háskólastarfsemi í landinu hafa aukist ört undanfarin ár. Við mótun mennta- og rannsóknastefnu háskólastigsins er mikilvægt að horfa til sérstöðu háskólasvæðanna og nýta sem best þá krafta og þær stofnanir sem fyrir eru í hverjum landshluta.

Þegar taka þarf ákvarðanir í atvinnumálum er einnig mikilvægt að líta til nýsköpunar- og þróunarmöguleika í samstarfi atvinnufyrirtækja og háskólaumhverfisins.

Víða um land hefur nú þegar þróast háskóla- og rannsóknaumhverfi með háskólasetrum, rannsókna- og fræðasetrum, fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum, útibúum rannsóknastofnana o.fl.

Nú, þegar til umræðu er að skerpa stefnumótun íslenska háskólastigsins, liggur beinast við að byggja á þeim grunni sem fyrir er. Þannig væri t.d. eðlilegast að miða rannsókna- og fræðastarf á Vestfjörðum við málefni hafsins og strandsvæða almennt. Slík skilgreining mundi efla

rannsóknastofnanir á Vestfjörðum og þau atvinnufyrirtæki sem nú þegar sinna rannsóknum og þróunarstarfi. Á sama hátt mætti hugsa sér að rannsókna- og fræðastarf á Norðurlandi miðaðist við möguleika í ferðaþjónustu, fiskeldi og búnaðarfræðum í tengslum við háskólana á Hólum og Akureyri, rannsóknastofnanir á svæðínu o.fl.

Þingsályktunartillagan er í góðu samræmi við áður fram komna stefnumótun sveitarfélaga og atvinnulífs, sóknaráætlanir og byggðaáætlanir.

Í nágrannalöndum okkar er að finna dæmi þess hvernig öflugar háskóla- og rannsóknastofnanir hafa orðið til á grundvelli skilgreiningar sérstöðu af því tagi sem hér er lögð til. Má til dæmis nefna háskólann í Tromsö, sem hefur skilgreint sig á alþjóðavísu sem miðstöð rannsókna og kennslu í málefnum haf- og strandsvæða á norðurslóð, m.a. varðandi lífríki sjávar, veiðar, vistkerfi, loftslag, vatna- og sjávarlíffræði, lífsskilyrði sjávardýra, fæðuval og fæðuframboð, auðlindastjórnun og umhverfishagfræði, svo nokkuð sé nefnt.

88. Svar [31. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um hlutdeild Íslendinga í erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað eiga íslenskir einstaklingar og lögaðilar mikið í erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum? Hver eru fyrirtækin, hvar starfa þau, hver er hlutur Íslendinga í þeim, hvenær eignaðist íslenski aðilinn fyrst hlut í fyrirtækinu og hvers virði er heildarhlutur Íslendinga í fyrirtækjunum talinn?*
2. *Hver eru tuttugu umsvifamestu fyrirtækin að fjórðungi eða meira í eigu Íslendinga (velta) og hverjir eru tuttugu helstu eigendur erlendra sjávarútvegsfyrirtækja hérlendis (miðað við veltu fyrirtækis og hlut)?*

Ráðuneytið hefur engar upplýsingar um efni fyrirspurnarinnar og ber ekki að lögum að safna slíkum upplýsingum og getur því ekki svarað fyrirspurninni.

89. Fyrirspurn [84. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um ákvörðun ráðherra um frjálsar veiðar á úthafsrækju.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hver eru viðbrögð ráðherra við álitamálum um lögmæti ákvörðunar hans um að gefa ekki út heildarafla úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2010/2011 með reglugerð og gefa þannig veiðar á úthafsrækju frjálsar, í ljósi minnisblaðs Ástráðs Haraldssonar hrl., dags. 9. júlí 2009, og álitsgerðar Karls Axelssonar hrl. og dósents í lagadeild Háskóla Íslands, dags. 26. ágúst 2010?

2. Hyggst ráðherra takmarka eða stöðva veiðar á úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2010/2011 þegar veidd hafa verið 7.000 tonn eða meira, til samræmis við mat Hafrannsóknastofnunarinnar á veiðiþoli úthafsrækjustofnsins?
3. Telur ráðherra að frjálsar veiðar á úthafsrækju geti talist sjálfbærar og ef svo er, hvaða rök búa að baki þeirri skoðun hans?
4. Telur ráðherra að frjálsar veiðar á úthafsrækju séu líklegar til að hámarka arðsemi af slíkum veiðum?
5. Hvernig samræmist ákvörðun ráðherra um frjálsar veiðar á úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2010/2011 stefnu ríkisstjórnarinnar um umgengni um auðlindir sjávar?

Skriflegt svar óskast.

90. Fyrirspurn [85. mál]

til heilbrigðisráðherra um kostnað við flutning sjúklinga á milli heilbrigðisstofnana.

Frá Jóni Gunnarssyni.

Hver var kostnaður við flutning sjúklinga á milli heilbrigðisstofnana árin 2007, 2008 og 2009, sundurliðað eftir heilbrigðisumdæmum og heilbrigðisstofnunum?

Skriflegt svar óskast.

91. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um heimspeki sem skyldufag í grunn- og framhaldsskóla.

Flm.: Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að breyta aðalnámskrám grunnskóla og framhaldsskóla þannig að heimspeki verði skyldufag. Kenndur verði að meðaltali einn áfangi á hverjum tveimur árum á grunnskólastigi og að meðaltali einn áfangi á hverju skólaári á framhaldsskólastigi.

Greinargerð.

Með vísan til 8. bindis skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis *Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008* er lagt til að tryggt verði að heimspeki verði skyldufag í grunn- og framhaldsskólum. Eins og fram kemur í skýrslu þingmannanefndar til

að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er nauðsynlegt að efla siðfræðilega menntun allra fagstétta á Íslandi og umræðu um gildi siðareglna. Heimspeki og siðfræði ættu að vera skyldufag á öllum skólastigum og þarf að ýta undir þróun í kennslu og námsgagnagerð á því sviði. Mikilvægt er að styrkja ábyrgðarkennd nemenda gagnvart samfélaginu og stuðla jafnframt að gagnrýninni hugsun, sem er ein meginforsenda þess að borgarar geti verið virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi. Með því að auka kennslu í heimspeki í grunn- og framhaldsskólum er lagður grundvöllur að því að styrkja skilyrði siðferðilegrar rökræðu meðal framtíðarborgara landsins á sama tíma og lýðræðislegir innviðir samfélagsins eru treystir.

92. Frumvarp til laga [87. mál]

um breytingu á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn).

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Eygló Harðardóttir, Álfheiður Ingadóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Jórunn Einarsdóttir, Ólafur Þór Gunnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Siv Friðleifsdóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavík, nr. 139/2001.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig. Tryggt skal að í stjórn fyrirtækisins séu kynjahlutföll jöfn.

II. KAFLI

Breyting á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tryggt skal að í stjórn fyrirtækisins sé hlutfall hvors kyns ekki lægra en 40%.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig.

III. KAFLI

Breyting á lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í stjórnum samvinnufélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.

b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um sameignarfélög, nr. 50/2007.

4. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í stjórnum sameignarfélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.

5. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011. Þó skulu ákvæði a-liðar 3. gr. og 4. gr. öðlast gildi 1. september 2013.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, og lögum nr. 50/2007, um sameignarfélög.

Efni breytinganna varða annars vegar það að við lögin bætist ákvæði um hlutföll kynjanna í stjórnum Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar og í stjórnum samvinnufélaga og sameignarfélaga. Hins vegar er lagt til að bætt verði við lögin ákvæði þess efnis að formaður stjórnar verði ekki það sem kallað er „starfandi stjórnarformaður“.

Kynjahlutföll í stjórnum.

Í 1. mgr. 3. gr. laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur er mælt fyrir um að stjórn þess sé skipuð sex mönnum og er þar nánar tilgreint hverjir kjósi fulltrúa í stjórnina. Með frumvarpi þessu er lagt til að því verði bætt við málsgreinina að það verði tryggt að kynjahlutföll fulltrúa í stjórninni verði jöfn. Með sama hætti er lögð til breyting á lögum um Landsvirkjun sem, eins og Orkuveita Reykjavíkur, er sameignarfyrirtæki. Jafn-

framt er lögð til viðbót við 1. mgr. 13. gr. laga um sameignarfélög og 1. mgr. 27. gr. laga um samvinnufélög þess efnis að þegar starfsmenn félags eru fleiri en 50 að jafnaði á ársgrundvelli skuli hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur einstaklingum. Þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skuli tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 50%. Ákvæðið á líkt og fram kemur aðeins við um samvinnu- og sameignarfélög þar sem starfsmenn eru að jafnaði fleiri en 50 á ársgrundvelli.

Starfandi stjórnarformenn.

Lagt er til að við áðurnefnda 1. mgr. 3. gr. laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur verði bætt ákvæði þess efnis að stjórnarformaður taki ekki að sér verkefni fyrir fyrirtækið eða félagið önnur en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns. Þó er gerð undantekning að því er varðar tilvik þar sem stjórnin felur stjórnarformanni að vinna einstök verkefni fyrir sig, þ.e. stjórnina. Þá er lagt til að sams konar ákvæði bætist við 2. mgr. 5. gr. laga um Landsvirkjun, 3. mgr. 27. gr. laga um samvinnufélög og 1. mgr. 15. gr. laga um sameignarfélög.

Sams konar breytingar og hér eru lagðar til voru gerðar á lögum um einkahlutafélög og lögum um hlutafélög með lögum nr. 13/2010 frá 8. mars 2010. Ákvæði frumvarpsins sem varð að þeim lögum og fjallaði um starfandi stjórnarformenn byggðist efnislega á niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem þáverandi viðskiptaráðherra skipaði. Meiri hluti hennar lagði til að stjórnarformanni hlutafélags yrði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem falla undir eðlileg störf stjórnarformanns. Þó var lagt til að stjórn félagsins gæti falið formanni að vinna einstök verkefni fyrir stjórnina.

Frumvarp þetta er lagt fram þar sem rétt þykir að sömu reglur eigi við um sameignarfélög og samvinnufélög sem og Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun sem starfa samkvæmt sérlögum.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2011. Þó skulu ákvæði a-liðar 3. gr. og 4. gr. um kynjakvóta í stjórnum sameignarfélaga og samvinnufélaga öðlast gildi 1. september 2013 sem er í samræmi við breytingar sem voru gerðar með lögum nr. 13/2010.

93. Tillaga til þingsályktunar [88. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins.

Flm.: Vigdís Hauksdóttir, Ásmundur Einar Daðason,
Birgitta Jónsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir,
Pétur H. Blöndal, Árni Johnsen, Birgir Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmála- og mannréttindaráðherra að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda eigi áfram aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins. Atkvæðagreiðslan fari fram samhliða kosningu til stjórnlagaþings 27. nóvember 2010.

Greinargerð.

Tillaga þessi felur í sér að þjóðin fái að tjá hug sinn um aðlögun Íslands að Evrópusambandinu í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fari fram samhliða kosningu til stjórnlagaþings.

Hinn 16. júlí 2009 ályktaði Alþingi eftirfarandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning. Við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra skal ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar.“

Atkvæði féllu þannig: 33 þingmenn sögðu já, 28 sögðu nei, 2 þingmenn greiddu ekki atkvæði. Í atkvæðaskýringum sumra þingmanna sem samþykktu tillöguna komu fram efasemdir og jafnvel bein andstaða við að Ísland yrði aðili að Evrópusambandinu. Naumur og ósannfærandi meiri hluti á Alþingi fyrir aðildarumsókninni gefur ríka ástæðu til að kanna hug þjóðarinnar til málsins. Áður en Alþingi samþykkti framanritað hafði 1. minni hluti utanríkismálanefndar lagt fram breytingartillögu,[1] svohljóðandi:

„Í stað 1. málsl. efnisgreinarinnar komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort Ísland skuli sækja um aðild að Evrópusambandinu. Skal þjóðaratkvæðagreiðslan fara fram hið allra fyrsta og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá samþykkt tillögu þessarar. Verði aðildarumsókn samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skal ríkisstjórnin leggja inn umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu.“

Féllu atkvæði þannig að 30 þingmenn sögðu já, 32 sögðu nei, 1 þingmaður greiddi ekki atkvæði. Áberandi var að þingmenn sem gerðu grein fyrir atkvæði sínu og lýstu því að þeim hugnaðist mjög þessi tillaga. Í stefnuskrá annars ríkisstjórnarflokksins, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er skýrt kveðið á um að hagsmunum Íslands sé betur borgið utan Evrópusambandsins. Á blaðamannafundi í stjórnarráðinu 24. ágúst sl. kvað formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og fjármálaráðherra upp úr með það að umsóknin um aðild að Evrópusambandinu væri ekki á vegum ríkisstjórnarinnar.

Framkvæmdarvaldinu er skylt að fara að vilja Alþingis og hófst undirbúningsvinna að umsókninni í kjölfar samþykktar þingsályktunarinnar. Fljótlega kom í ljós að aðeins ein leið er inn í Evrópusambandið og það er leið aðlögunar. Aðlögunarleiðin felur í sér að umsóknarríki lagi sig jafnt og þétt að lögum og regluverki Evrópusambandsins í aðdraganda þess að viðkomandi þjóð gengur í sambandið. Evrópusambandið segir skýrt og skorinort að ekki sé hægt að semja sig frá aðlöguninni.[2] Evrópusambandið gerir ráð fyrir að eining sé meðal umsóknarþjóða um að aðild að sambandinu sé æskileg og að það sé þingvilji, sem og ótvíræður vilji viðkomandi ríkisstjórnar, að ganga inn í Evrópusambandið. Engri slíkri einingu er til að dreifa á Íslandi, þjóðin mælist staðfastlega á móti aðild, naumur og ósannfærandi þingmeirihluti er fyrir málinu og ríkisstjórnin er sjálfri sér sundurþykk í afstöðunni til umsóknar og inngöngu.

---

[1] Þskj. 256, 38. mál 137. löggjafarþings 2009.

[2] „First, it is important to underline that the term “negotiation” can be misleading. Accession negotiations focus on the conditions and timing of the candidate's adoption, implementation and application of EU rules – some 90,000 pages of them. And these rules (also known as “acquis”, French for “that which has been agreed”) are not negotiable.“ *Understanding Enlargement.* The European Unions´s enlargement policy, bls. 8, á þessari vefslóð: http://ec.europa.eu/enlargement/pdf/publication/enl-understand_en.pdf.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er hörð gagnrýni á stjórnsýslu og vinnubrögð framkvæmdarvaldsins og bent er á að gagngerra úrbóta sé þörf. Þingmannanefnd Alþingis kemst að sömu niðurstöðu. Beinar tillögur um úrbætur hafa verið settar fram í formi þingsályktunar sem samþykkt hefur verið á Alþingi. Talið er brýnt að Alþingi styrki sjálfstæði sitt og grundvallarhlutverk. Endurskoða á meginlöggjöf á sviði stjórnskipunar, stjórnsýslu og fjármálamarkaðar. Þá skulu lög um Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitið og aðra eftirlitsaðila endurskoðuð, auk laga um fjölmiðla og háskóla svo að eitthvað sé nefnt. Þá á að fara fram sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi lífeyrissjóða og á orsökum falls sparisjóða á Íslandi. Alþingis bíða því ærin verkefni við að greiða úr þeim áföllum sem dundu yfir íslensku þjóðina á haustdögum 2008.

Ekki verður séð að samhliða verði svigrúm hjá löggjafanum að innleiða þær reglugerðir og tilskipanir sem Evrópusambandið krefst á aðlögunarferlinu. Að auki hleypur kostnaðurinn við aðlögunarferlið á hundruðum milljóna sem ríkissjóður hefur ekki tiltækar nú um stundir. Rekstur ríkissjóðs er meira og minna fjármagnaður með erlendum lánum og virðist lítil breyting á þeirri staðreynd í sjónmáli. Rétt er að forgangsraða í ríkisrekstrinum og óhæfa að leggja af stað með svo kostnaðarsamar aðgerðir þegar svo stendur á.

Fyrir Alþingi hefur verið lögð þingsályktunartillaga um að draga umsóknina um aðild að Evrópusambandinu til baka. Alþingi eitt hefur vald til að draga umsóknina til baka, en minnt er á að sami þingmeirihluti situr nú og við samþykkt umsóknarinnar. Líklegt er að komi sú tillaga til afgreiðslu falli atkvæði á sama veg þar sem hótun um stjórnarslit liggur í loftinu. Þingsályktunartillaga þessi, um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda eigi áfram viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins, er því sáttatilraun. Meiri hluti alþingismanna endurspeglar ekki meiri hluta þjóðarinnar í afstöðunni til aðildar að Evrópusambandinu. Það er því á grunni sanngirnissjónarmiða sem þessi tillaga er lögð fram. Fari svo að samþykkt verði að sækja um aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu á grunni þingsályktunartillögu þessarar hafa stjórnvöld fengið skýrt umboð í hendur, ekki fyrr.

Aldrei hefur verið mikilvægara en nú að Íslendingar standi þétt saman að þeirri uppbyggingu sem fram undan er. Stjórnvöld mega ekki við því að dreifa kröftunum. Næg eru verkefnin innan lands. Evrópusambandið stendur frammi fyrir miklum erfiðleikum og mun fara í gegnum róttæka endurskoðun á starfsháttum sínum næstu missiri og ár. Á meðan framtíðarhorfur Evrópusambandsins eru í óvissu er óskynsamlegt af Íslendingum að sækjast eftir aðild án þess að meiri hluti þjóðarinnar sé að baki umsókninni.

Þjóðaratkvæðagreiðsla er viðurkennd aðferð til að leiða fram þjóðarvilja í mikilvægum málefnum. Þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort halda eigi áfram viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins er brýnt hagsmunamál allrar þjóðarinnar. Allir stjórnmálaflokkar tala fyrir auknu lýðræði og beinni aðkomu þjóðarinnar að ákvarðanatöku, sér í lagi þegar um stór deilumál er um að ræða. Nú reynir á að sýna þann vilja í verki.

94. Fyrirspurn [89. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu Íbúðalánasjóðs.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hversu mikil hafa útlánatöp Íbúðalánasjóðs verið árin 2000–2010:
   a. vegna hefðbundinna útlána til íbúðakaupa einstaklinga,
   b. vegna lána til banka á árunum 2004–2008,
   c. vegna peningamarkaðssjóða,
   d. vegna lána til leiguíbúða,
   e. vegna annars, og þá hvers?
2. Var laust fé Íbúðalánasjóðs á árunum 2000–2010 geymt í Seðlabankanum? Ef ekki, hvar var féð þá geymt?
3. Hve mikið af húsnæðisbréfum seldi Íbúðalánasjóður á sama tíma og hann lánaði bönkum og sparisjóðum fé til að fjármagna fasteignaveðlán?
4. Hvaða áhrif á fjármögnunarstefnu sjóðsins höfðu viðvaranir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Seðlabanka Íslands þess efnis að bankarnir gætu ekki fjármagnað húsnæðislánin, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar frá nóvember 2005?
5. Er gert ráð fyrir frekari afskriftum af lánum og fjárfestingum Íbúðalánasjóðs? Ef svo er, hversu miklum og hvernig sundurliðast þær?
6. Hverjir veittu Íbúðalánasjóði sérfræðiaðstoð á árunum 2000–2008? Í hverju fólst aðstoðin og hversu mikið var greitt fyrir hana?
7. Hvernig sinnti Íbúðalánasjóður skyldu sinni skv. 9. tölul. 9. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, sem kveður á um að sjóðurinn skuli fylgjast með íbúðaþörf í landinu og áætlanagerð sveitarfélaga um þörf á íbúðarhúsnæði? Hvernig fór sú vinna fram og hvernig nýttist hún sjóðnum, ráðuneytinu og Seðlabanka Íslands?
8. Hversu mikið var eigið fé Íbúðalánasjóðs og eiginfjárhlutfall sjóðsins á árunum 2000–2009, svo og á yfirstandandi ári, sundurliðað eftir árum?
9. Hvernig er greiðsluáætlun Íbúðalánasjóðs fyrir árin 2010–2012?
10. Við hversu mörgum íbúðum hefur Íbúðalánasjóður tekið frá árinu 2000? Hvað á hann margar íbúðir núna? Hvað er áætlað að sjóðurinn taki við mörgum íbúðum árin 2010–2012?

Skriflegt svar óskast.

95. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum (frestur).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða um að tímabilið sem gerðarþoli hefur getað óskað eftir fresti á nauðungarsölu á íbúðarhúsnæði renni ekki út 31. október 2010 heldur verði gildistími ákvæðisins framlengdur til 31. mars 2011 að uppfylltum öllum sömu skilyrðum og gilt hafa um slíka fresti til þessa. Ákvæðið er bundið við fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda.

Nefndin fjallaði um málið og forsögu þess en með lögum nr. 23/2009 var kveðið á um almenna frestun á nauðungarsölum fasteigna fram yfir 31. október 2009. Með lögum nr. 108/2009 var fallið frá frekari almennri frestun á nauðungarsölum fasteigna en kveðið á um í ákvæði til bráðabirgða að sýslumanni bæri að verða við ósk gerðarþola um að fresta fram yfir 28. febrúar 2010 töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði ef leitað væri nauðungarsölu skv. 6. gr. laga nr. 90/1991. Þá var að nýju með lögum nr. 11/2010 ákveðið að gerðarþoli gæti óskað eftir því við sýslumann að töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun hennar á almennum markaði yrði frestað í allt að þrjá mánuði, þ.e. að slíka beiðni væri unnt að leggja fram allt til 31. október 2010. Var talið nauðsynlegt að gefa skuldurum kost á fresti svo að þeir ættu þess kost að leita eftir þeim úrræðum sem þá höfðu nýlega verið sett fram til lausnar á skuldavanda heimilanna.

Fyrir nefndinni kom fram að sú breyting sem frumvarpið felur í sér væri eins konar aukaafurð þeirra breytinga sem gerðar voru nú nýverið á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, en þar var bætt ákvæði til bráðabirgða við lögin þess efnis að tímabundin frestun greiðslna hefjist þegar einstaklingur sækir um greiðsluaðlögun en ekki þegar umsókn hans hefur verið samþykkt eins og lögin kveða á um. Jafnframt er lagt til að slíkt hið sama gildi um umsóknir um greiðsluaðlögun sem borist hafa til umboðsmanns skuldara frá stofnun embættisins 1. ágúst sl.

Nefndin tekur fram að sá frestur sem er veittur í þessu frumvarpi gildir fyrir fleiri en þá sem sækja um greiðsluaðlögun einstaklinga hjá umboðsmanni skuldara, t.d. þá sem sækja um sértæka skuldaaðlögun hjá bönkunum eða þá sem eru sjálfir í samningaviðræðum við sína kröfuhafa.

Fram kom að þessi framlengdi frestur er enn að nýju hugsaður til þess að gefa skuldurum kost á að leysa úr sínum málum með samningum við kröfuhafa eða með því að leita til embættis umboðsmanns skuldara. Þá kom fram að hjá sýslumönnum hefur verið haft samband við þá sem eiga eignir sem eru að fara í framhaldssölu en á sýslumönnum hvílir mjög rík leiðbeiningarskylda. Þá kom einnig fram að hjá ráðuneytinu er upplýsingum nú safnað saman frá sýslumönnum og þeim komið til embættis umboðsmanns skuldara sem mun vinna að því að hafa samband við skuldara til þess að benda þeim á möguleg úrræði til lausnar. Nefndin tekur fram að hún telur eðlilegt að veita þennan framlengda frest enda ljóst að mikill málafjöldi er fyrirliggjandi í kerfinu og frestur því til þess fallinn að dreifa þeim fjölda nokkuð.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.
Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 18. okt. 2010.

Róbert Marshall, form., frsm.	Jórunn Einarsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Valgerður Bjarnadóttir.	Álfheiður Ingadóttir.	Vigdís Hauksdóttir.

Sigurður Kári Kristjánsson.

96. Fyrirspurn [90. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um Reykjavíkurflugvöll.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver er afstaða ráðherra til þess að miðstöð innanlandsflugs verði áfram á Reykjavíkurflugvelli?
2. Hvað líður undirbúningi að framkvæmdum við samgöngumiðstöð við flugvöllinn?

97. Fyrirspurn [91. mál]

til forsætisráðherra um nýjar nefndir, ráð, verkefnisstjórnir og hópa á vegum ríkisstjórnarinnar frá 1. febrúar 2009.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Hve margar nýjar nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópa og aðra hópa af sama tagi hafa einstök ráðuneyti og ríkisstjórnin í heild skipað frá 1. febrúar 2009?
2. Hverjar eru þessar nefndir, ráð, verkefnisstjórnir og hópar, hvert er hlutverk þeirra, er skipun þeirra samkvæmt heimild eða fyrirmælum í lögum, hver er skipunartíminn og hverjar þeirra hafa lokið störfum?

Óskað er eftir upplýsingum um það hvaða einstaklingar hafa verið skipaðir, tilnefndir eða valdir með öðrum hætti til setu í þessum nefndum, ráðum, verkefnisstjórnum og hópum, hver hafi skipað eða eftir atvikum tilnefnt þá og hvort störfin séu launuð eða ólaunuð.

Skriflegt svar óskast.

98. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Mörður Árnason, Álfheiður Ingadóttir, Guðmundur Steingrímsson, Höskuldur Þórhallsson, Ólína Þorvarðardóttir, Pétur H. Blöndal, Skúli Helgason, Þór Saari, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Þráinn Bertelsson.

1. gr.

Í stað ártalsins „2010“ í ákvæði til bráðabirða IX og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða X í lögunum kemur: 2012.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða X í lögunum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði þetta skal einnig gilda um ökutæki sem hefur verið breytt þannig að ökutækið nýti metangas eða annan vistvænan orkugjafa að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu. Undanþága þessi gildir til 31. desember 2012.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 175/2008, um breyting á lögum nr. 29/1993, var heimilað að fella niður vörugjöld af innfluttum metanbílum í þeim tilgangi að gera samgöngur umhverfisvænni í samræmi við markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Með lögum nr. 140/2008, um breyting á sömu lögum, var ráðherra veitt tímabundin heimild til að endurgreiða vörugjöld af bílum sem fluttir eru úr landi. Lögin veita hins vegar ekki heimild til að endurgreiða vörugjöld af bensín- og dísilbifreiðum sem breytt er þannig að þeir eru knúnir metani eða annarri vistvænni orku. Að því hníga þó öll sömu rök og með framangreindum lagabreytingum en auk þess má nefna að breytingar á bílum sem þegar hafa verið fluttir inn til landsins skapa mikil verðmæti, fjölda nýrra starfa og mikilvægan þekkingargrunn. Á ákveðnum sviðum, við breytingu dísilbíla í metanbíla, eru hér unnin tilraunaverkefni í fremstu röð.

Samkvæmt greinargerð með lögum nr. 140/2008 var gert ráð fyrir að meðalupphæð endurgreiðslu vörugjalds yrði um 350.000 kr., breytileg eftir aldri bíla. Kostnaður við metanbreytingu á meðalstórum fólksbíl er um 450.000 kr. og borgar sig upp á um 30–50 þúsund km akstri, breytilegt eftir eldsneytiseyðslu. Ljóst er að jafnvel þótt upphæð endurgreiðslu lækki eitthvað vegna hækkandi aldurs bílaflotans yrði hér um verulega hvatningu að ræða fyrir íslenskar fjölskyldur að nota vistvæna, innlenda orku á bíla sína.

Bráðabirgðaákvæði laganna munu samkvæmt greinargerð með fjárlagafrumvarpi vera í endurskoðun í fjármálaráðuneytinu, en falla úr gildi að óbreyttu. Hér er því lagt til að gildistíminn sé framlengdur um tvö ár.

Metanvinnsla á Íslandi.

Í urðunarsvæði Sorpu á Álfsnesi er nægilegt magn af metani til að knýja um 4 þúsund fólksbíla á ári. Aðeins um 10% af þessu vistvæna innlenda eldsneyti er nýtt nú. Afgangurinn er brenndur til að draga úr skaðsemi metans á lofthjúpinn, en metan er um 21 sinni skaðlegri gróðurhúsalofttegund en koltvísýringur, CO_2.

Líkt og gert er með góðum árangri víða í heiminum geta Íslendingar unnið metan úr fleiri urðunarstöðum, úr úrgangi frá landbúnaði og matvælaiðnaði, en þetta metan sleppur nú allt óhindrað út í lofthjúp jarðar. Rannsóknir benda til þess að varlega áætlað megi knýja um 35–50 þúsund meðalstóra bíla með metani sem unnið væri hér úr lífrænum úrgangi. Reynsla annara þjóða sýnir að slík vinnsla getur orðið drjúg aukabúgrein í landbúnaði og skapað ný atvinnufæri um allt land.

Bílar sem breytt er í metanknúna bíla geta eftir sem áður nýtt bensín og dísilolíu og því er í raun um tvíorkubíla að ræða. Koltvísýringsútblástur frá metanbíl er aðeins lítið brot af losun bensínbíls og þar sem metan úr lífrænum úrgangi er kolefnishlutlaust telst ekki verða nein losun við bruna metans. Þá er magn nitursameinda og svifryks langtum minna við bruna metans en bensíns og dísilolíu.

Algeng koltvísýringslosun frá meðalstórum fólksbíl, miðað við um 15 þúsund kílómetra akstur er um 2,7 tonn. Sé reiknað með að 80% aksturs séu á bifreiðum knúum metani en 20% á bifreiðum knúnum bensíni eða dísilolíu fæst samdráttur sem nemur 2,2 CO_2-tonnum. Ef notað er metangas sem annars hefði losast í andrúmsloftið, svo sem frá landbúnaði, bætast við 13 tonn koltvísýringsígilda. Árlega getur því breyting á einum meðalstórum bensín- eða dísilolíubíl yfir í metanknúinn bíl dregið úr losun sem nemur rúmlega 15 tonnum CO_2-ígilda.

Ekinn metan-kílómetri kostar um 50–60% af eknum bensín- eða dísil-kílómetra, en algengur eldsneytiskostnaður heimilis er um 300–400 þús. kr. á ári. Með því að auðvelda almenningi að breyta bílum sínum í metanknúna bíla væri hægt að spara heimilunum í landinu umtalsvert fé.

99. Tillaga til þingsályktunar [93. mál]

um friðarverðlaunahafa Nóbels árið 2010.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi fagnar því að Liu Xiaobo hafi verið veitt friðarverðlaun Nóbels fyrir baráttu sína fyrir mannréttindum í Kína. Alþingi skorar á kínversk stjórnvöld að leysa Liu Xiaobo úr haldi nú þegar og sýna með því í verki virðingu sína fyrir mannréttindum.

100. Fyrirspurn [94. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um hlutdeild Íslendinga í erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað eiga íslenskir einstaklingar og lögaðilar mikið í erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum? Hver eru fyrirtækin, hvar starfa þau, hver er hlutur Íslendinga í þeim, hvenær eignaðist íslenski aðilinn fyrst hlut í fyrirtækinu og hvers virði er heildarhlutur Íslendinga í fyrirtækjunum talinn?
2. Hver eru tuttugu umsvifamestu fyrirtækin að fjórðungi eða meira í eigu Íslendinga (velta) og hverjir eru tuttugu helstu eigendur erlendra sjávarútvegsfyrirtækja hérlendis (miðað við veltu fyrirtækis og hlut)?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Sams konar fyrirspurn var borin upp við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 6. október sl. en það svar barst frá ráðherranum 18. október að ráðuneytið hefði engar upplýsingar um efni fyrirspurnarinnar og bæri ekki að lögum að safna slíkum upplýsingum og gæti því ekki svarað fyrirspurninni.

101. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]

um fríverslun við Bandaríkin.

Flm.: Birgir Þórarinsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Jón Gunnarsson, Ásmundur Einar Daðason, Árni Johnsen, Gunnar Bragi Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að óska eftir viðræðum við ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku um gerð tvíhliða fríverslunarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Greinargerð.

Það er lykilatriði í endurreisn íslensk efnahagslífs að tryggja íslenskum fyrirtækjum bestu mögulegu viðskiptakjör. Tollfrjáls aðgangur að einum stærsta markaði heims, Bandaríkjamarkaði, er mjög mikilvægur í þessu sambandi. Með tilkomu fríverslunarsamnings við Bandaríkin mundu bandarískar vörur lækka í verði til hagsbóta fyrir íslenska neytendur og fyrirtæki. Sóknarhagsmunir Íslands liggja í því að tryggja greiðan aðgang að Bandaríkjamarkaði fyrir útflutningsvörur, sérstaklega fiskafurðir og iðnaðarvöru. Sú grundvallarbreyt-

ing hefur orðið undanfarin ár að hagsmunir Íslands liggja ekki einungis í verslun með sjávarafurðir heldur hefur Ísland verulegra hagsmuna að gæta á nánast öllum sviðum og ekki síst hvað varðar hátækni, lyf og þjónustu.

Fríverslunarsamningur við Bandaríkin felur í sér mikil tækifæri fyrir íslenskar landbúnaðarvörur. Má þar helstar nefna lambakjöt, skyr og osta enda hafa téðar vörur verið á boðstólnum í Bandaríkjunum um nokkurra ára skeið og hafa fengið þar mjög góðar viðtökur. Lækkun smásöluverðs til bandarískra neytenda, í gegnum tollaívilnanir, ætti að skila sér í aukinni sölu sem leiða mundi til aukinnar framleiðslu íslenskra landbúnaðarvara.

Bandaríkin hafa gert fríverslunarsamninga við 17 ríki og á meiri hluti þeirra það sammerkt að teljast smá. Ísland er lítið land í samfélagi þjóðanna og af þeim sökum ætti landið að falla vel að samningamódeli Bandaríkjanna og góðar líkur vera á að samningar takist.

Það er eðli fríverslunarsamninga að þeir eru gagnkvæmir en í því felst m.a. að báðir aðilar telja sig hafa hag af því að gera slíka samninga. Hagur Bandaríkjamanna yrði ekki síst sá að þeir gætu nýtt Ísland sem umskipunarhöfn fyrir flutninga á Evrópumarkað. Lega landsins gæti þannig orðið til þess að Ísland yrði milliliður fyrir viðskipti milli Bandaríkjanna og meginlands Evrópu. Þá gæti einnig orðið hagkvæmt að flytja hálfunnar vörur frá Bandaríkjunum til Íslands, fullvinna þær hér á landi og selja í öðrum Evrópulöndum. Ef löndin ná samningum um sk. upprunareglur gætu fjölmörg störf skapast hér á landi í tengslum við samninginn. Á Suðurnesjum mundi til að mynda nálægð við alþjóðaflugvöll og höfnina í Helguvík gegna mikilvægu hlutverki.

Viðræður milli landa við gerð fríverslunarsamninga taka oft langan tíma. Það er þó ekki algild regla en orð eru til alls fyrst. Ef pólitískur vilji er til staðar af beggja hálfu ættu viðræður og staðfesting samnings að taka tiltölulega skamman tíma. Í þessu samhengi þarf að hafa hraðan á við afgreiðslu þingsályktunartillögunnar á Alþingi. Hafa ber í huga að fari svo að Ísland gangi í Evrópusambandið, mun Ísland eitt og sér hafa skerta heimild til að gera tvíhliða fríverslunarsamninga og yrðu slík samningagerð fyrir landsins hönd á könnu Evrópusambandsins.

Hugmyndin um fríverslunarsamning við Bandaríkin er ekki ný af nálinni. Könnunarviðræður fóru fram á vettvangi EFTA fyrir nokkrum árum en þær skiluðu ekki tilætluðum árangri. Margt hefur hins vegar breyst á þeim tíma sem liðið hefur og er ástæða til að ætla að viðhorf Bandaríkjamanna séu jákvæðari núna en þau voru þá. Teikn eru á lofti um að þeir vilji bæta samskipin milli landanna en þau hafa heldur minnkað frá því að varnarliðið hvarf af landi brott. Við þetta má einnig bæta að utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Hillary Clinton, gat þess m.a. sérstaklega í sjónvarpsávarpi til Íslendinga 17. júní sl. að Íslendingar gætu reitt sig á trausta vináttu og stuðning Bandaríkjamanna í þeim efnahagserfiðleikum sem að steðja.

Að jafnaði hafa fulltrúar atvinnulífsins á Íslandi með atbeina utanríkisráðuneytisins haft frumkvæði að gerð fríverslunarsamninga. Skýr viljayfirlýsing Alþingis í þessum efnum er mikilvæg og vegur þungt. Hana mætti túlka sem ósk um stuðning vegna mikilla efnahagserfiðleika. Stuðning sem grundvallast á áratuga vináttu og gagnkvæmum viðskiptum á sama tíma. Á slíkum forsendum mætti nálgast viðræður eða einstaka þætti samningsgerðar.

Leita ber allra leiða til þess að styrkja stoðir íslensk efnahagslífs á erfiðum tímum. Fríverslunarsamningur við Bandaríkin ætti að skapa framtíðarmöguleika, ný og eftirsóknarverð tækifæri á fjölmörgum sviðum. Af þeim sökum fjallar þingsályktunartillagan um tækifæri sem Alþingi á að hafa frumkvæði að því að nýta.

102. Tillaga til þingsályktunar [96. mál]

um setningu neyðarlaga til varnar almannahag.

Flm.: Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela efnahags- og skattanefnd að undirbúa frumvarp til neyðarlaga til bjargar heimilum í landinu.

Í frumvarpinu skulu vera ákvæði um að höfuðstóll húsnæðislána heimila verði tafarlaust leiðréttur með því að færa vísitölu verðtryggingar fram fyrir hrun bankakerfisins, til 31. desember 2007, og hækkanir höfuðstóls og afborganir húsnæðislána til samræmis við það. Vísitala til verðtryggingar verði færð aftur til 1. janúar 2008 og lánið uppreiknað miðað við efri vikmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabanka Íslands, allt að 4%. Samningsvextir gildi. Mælt verði fyrir um að hægt verði að fresta afborgunum húsnæðislána um allt að tvö ár með lengingu lánstíma sem nemur því. Þá verði kveðið á um að skuldabyrði heimila vegna gengistryggðra íbúðalána og annarra lána sem kölluð hafa verið erlend lán eða myntkörfulán verði leiðrétt í samræmi við leiðréttingu verðtryggðra íbúðalána. Hið sama gildi um óverðtryggð íbúðalán. Í kjölfarið verði stefnt að því að afnema verðtryggingu í þrepum og skal miðað við að hún verði afnumin með öllu fyrir árslok 2011. Þó verði ríkissjóði heimilt að gefa út verðtryggð skuldabréf að lágmarki til 25 ára.

Kveðið verði á um það í frumvarpinu að kröfur fyrnist að hámarki að tveimur árum liðnum frá lokum gjaldþrotaskipta og að ekki verði hægt að halda kröfum við lengur en sem þeim tíma nemur.

Að beiðni gerðarþola verði nauðungarsölu á íbúðarhúsnæði frestað til 1. júní 2011 og allar nauðungarsölur sem farið hafa fram á grundvelli ólögmætra krafna látnar ganga til baka.

Þá verði óheimilt samkvæmt frumvarpinu að láta bera nokkurn mann úr íbúð sinni nema að fenginni staðfestingu sveitarfélags á að viðkomanda sé tryggt viðunandi húsnæði og lágmarksframfærsla samkvæmt nýjum opinberum og samræmdum framfærsluviðmiðum. Skilgreina skal opinber og samræmd lágmarksframfærsluviðmið fyrir 31. desember 2010.

Greinargerð.

Hinn 6. október 2008 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Þessi lög, sem oftast eru kölluð neyðarlögin, fólu í sér m.a. að við sérstakar og mjög óvenjulegar aðstæður á fjármálamarkaði væri fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða að hluta. Þessum heimildum var beitt til bjargar íslenska fjármálakerfinu. Þetta var ríkissjóði dýrkeypt og þjóðin situr uppi með tapið af þeirri aðgerð.

Í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins breyttust aðstæður íslenskra heimila mjög til hins verra. Mestum vanda hafa stökkbreytt lán vegna húsnæðiskaupa valdið en bæði verðtryggð og gengistryggð lán hafa hækkað gífurlega frá því í janúar 2008. Orsök vandans er að finna í hruni á gengi krónunnar, verðbólgu og háum vöxtum en auk þess glíma mörg heimili við atvinnuleysi og tekjuskerðingu.

Samkvæmt skýrslum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er eiginfjárstaða stórs hluta íslenskra heimila neikvæð en ætla má að þær tölur séu vanáætlaðar þar sem enn er frost á fasteigna-

markaði og verðfall á eignum fyrirsjáanlegt. Þeir sem eru í mestum vanda er fólk sem keypt hefur þak yfir höfuðið á síðustu tíu árum, ýmist fyrstu íbúð eða stækkað við sig. Ljóst er að fjölmörg heimili munu ekki geta staðið undir þeim byrðum sem á þau hafa verið lagðar og ljóst að til almennra aðgerða verður að grípa.

Þá hafa tekjur margra skerst verulega þar sem atvinnuleysi hefur aukist mikið, auk þess sem vinnuhlutfall margra er skert en einnig er dulið atvinnuleysi töluvert, margir stunda nú nám eða hafa flust úr landi. Staða þeirra er sýnu verst og ljóst að bregðast verður við þeirri stöðu með frystingu afborgana lána þar til úr hefur ræst.

Gjaldþrotaréttur á Íslandi er bæði gamaldags og flókinn og þjónar hvorki hagsmunum almennings né ríkisins en kröfuhafar geta haldið kröfum sínum við út í hið óendanlega. Það veldur því að þeir sem gerðir hafa verið gjaldþrota eiga erfitt með að koma undir sig fótunum á nýjan leik. Allar tekjur fara til kröfuhafa. Það veldur því að skuldarinn sér sér þann leik vænstan annaðhvort að flytja úr landi eða stunda svarta atvinnustarfsemi. Hvorugt er til hagsbóta fyrir samfélagið þar sem ríkissjóður verður af framtíðarskattgreiðslum þess einstaklings. Auk þess bætist gífurlegt álag á einstaklinginn og hans nánustu sem oft veldur heilsubresti eða félagslegum vandamálum sem kosta ríkissjóð einnig fé.

Nú hafa gengistryggð lán verið dæmd ólögleg í Hæstarétti. Ljóst er að fjöldi heimila og fyrirtækja hefur misst eigur sínar og eða verið gerð gjaldþrota vegna gengistryggðra lána sem hafa tvöfaldast eða jafnvel meira. Ekki er ljóst um hve mörg mál er að ræða en víst má telja að þau séu ansi mörg. Nauðsynlegt er að vinda ofan af þeirri flækju með því að ógilda fyrri úrskurði. Í svari dómsmála- og mannréttindaráðherra til Þórs Saari um fjölda nauðungarsala og vörslusviptinga, þ.m.t. beinar aðfarargerðir, frá 6. október 2008 á grundvelli verðtryggðra lána sem bundin eru vísitölu neysluverðs, gengistryggðra lána og lána í erlendri mynt, segir að tölvukerfi sýslumannsembætta gefi ekki kost á að svara með svo ítarlegum hætti og að það væri of mikið verk að komast til botns í því.[1] Þar sem þetta stóra verkefni er tímafrekt er nauðsynlegt að fresta öllum nauðungarsölum á íbúðarhúsnæði til 1. júní 2011.

Almennar aðgerðir.

Dregist hefur allt of lengi að bregðast við þeim algjöra forsendubresti sem varð við hrunið. Aðgerðir stjórnvalda hafa verið sértækar og miðast við að minnka það högg sem felst í gjaldþroti einstaklinga og bjarga þeim sem verst eru staddir. Þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í eru allrar athygli verðar og eiga fyllilega rétt á sér. Þær taka þó ekki á þeim almenna vanda sem heimilin standa frammi fyrir að neinu gagni þótt frysting og lenging lána geri fleirum kleift að standa skil við hver mánaðamót. Öllum ætti þó að vera ljóst að slíkt gengur ekki til frambúðar og nú er svo komið að fjöldi fólks sem hefur verið að bíða eftir raunverulegum lausnum og náð að fleyta sér áfram, meðal annars með því að ganga á séreignarlífeyri og annan sparnað, er kominn í öngstræti.

Forsenda þess að sátt skapist í samfélaginu er almenn leiðrétting á skuldastöðu heimilanna. Venjulegir Íslendingar höfðu engar forsendur til að sjá fyrir það efnahagslega stórviðri sem gekk yfir landið. Auk þess höfðu margir fylgt ráðgjöf fjármálafyrirtækja sem í mörgum tilfellum mæltu með erlendri lántöku. Þá svíður mörgum að sjá skuldir svokallaðra útrásarvíkinga, kvótagreifa og annarra forkólfa í atvinnulífinu afskrifaðar á meðan stjórnvöld bera því við að ekki sé hægt að leiðrétta lán heimilanna. Réttlæti fæst ekki fyrr en forsendu-

[1] http://www.althingi.is/altext/138/s/1524.html (702. mál á 138. löggjafarþingi.)

bresturinn hefur verið leiðréttur. Þannig verður fjöldagjaldþrotum afstýrt, flest heimili munu geta spjarað sig, almenn neysla eykst og með henni fara hjól atvinnulífsins aftur að snúast.

Þá er einnig rétt að bera slíka leiðréttingu saman við þá almennu aðgerð sem fólst í fyrri neyðarlögum þegar ríkið tryggði allar innstæður á Íslandi. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis[2] kemur fram að 9. maí hafði viðskiptaráðuneyti látið meta kostnað við mismunandi leiðir í tryggingu innstæðna landsmanna. Ljóst er að innstæður flestra innstæðueigenda, hvort heldur sem er fyrirtækja eða einstaklinga, hefðu verið tryggðar þótt ríkissjóður hefði aðeins ábyrgst 5 millj. kr. hjá hverjum í hverju fjármálafyrirtæki. Þess í stað ákváðu stjórnvöld að bæta allar innstæður á Íslandi og koma þannig fjármagnseigendum í skjól á meðan skuldurum er gert að greiða mun hærri upphæðir en þeir tóku að láni og þær jafnvel margfaldar.

Svigrúm til leiðréttinga.

Erfiðlega hefur gengið að fá upplýsingar um það svigrúm sem fjármálafyrirtæki hafa til almennra leiðréttinga. Viðskiptanefnd Alþingis hefur ítrekað kallað eftir þeim upplýsingum án árangurs. Í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá október 2009 er fjallað um skuldir heimilanna. Úr skýringarmynd á bls. 21 má lesa að skuldir heimilanna hafi verið fluttar úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju með u.þ.b. 45% afslætti en engar tölur eru þó nefndar með umfjölluninni. 45% afslátturinn hefur verið til umræðu í marga mánuði en hefur þó hvorki verið staðfestur né heldur neitað. Hinn 12. mars 2010 birti Morgunblaðið frétt um uppgjör nýju bankanna og samkvæmt henni voru lán heimilanna færð úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju á hálfvirði. Svigrúm til almennra leiðréttinga ætti því að vera nægilegt en leiðrétta þarf gengistryggð lán um u.þ.b. 50% en verðtryggðu lánin um u.þ.b. 20%. Um 80% íslenskra íbúðalána eru verðtryggð. Þá hafa þær upplýsingar borist að Arion banki hafi fengið 60% afslátt á nafnvirði allra lána, Íslandsbanki 47% afslátt af bókfærðu verði allra lána og Landsbankinn 34% afslátt af nafnvirði lána heimilanna.

Í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá endurskoðun sjóðsins í október 2010[3] er graf á bls. 45 sem sýnir að svokölluð „non-performing loans“ eða lán sem ekki hefur verið greitt af í 90 daga eða meira eru um 64% allra lána á Íslandi. Það þýðir að aðeins er verið að greiða af 37% lána.



[2] Skýrsla sannsóknarnefndar Alþingis, 5. bindi, kafli 17.10.2, bls. 241–2.

[3] INTERNATIONAL MONETARY FUND, ICELAND. Staff Report for the 2010 Article IV Consultation and Third Review Under the Stand-By Arrangement and Request for Modification of Performance Criteria Prepared by the European Department in Consultation with Other Departments Approved by Poul M. Thomsen (EUR) and James Roaf (SPR) September 13, 2010. Sótt á http://sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8113

Á sömu blaðsíðu er innheimtufjárhæð útistandandi lána einnig borin saman við bókfært virði þeirra. Í lok apríl 2010 er innheimtufjárhæðin 3.800 milljarðar kr. en bókfært virði einungis 1.600 milljarðar kr., þ.e. reiknað er með því að um 58% lánanna innheimtist ekki. Bankarnir hafa semsagt bókfært 1.600 milljarða kr. sem standa þá að hluta undir eiginfjárhlutfalli þeirra að frádregnu því sem skal greiða þrotabúunum.

Svigrúm til leiðréttinga samkvæmt þessu er því 2.200 milljarðar en einungis brot af því þyrfti til að leiðrétta lán íslenskra heimila.

Afnám verðtryggingar.

Í núverandi kerfi verðtryggingar vantar allan hvata fyrir fjármagnsstofnanir að halda verðbólgunni lágri. Nauðsynlegt er að afnema verðtrygginguna með öllu nema á sérstökum ríkisskuldabréfum til langs tíma.

Ábyrgð fjármálafyrirtækja og ríkisvaldsins.

Ljóst er að ríkisvaldið og lánastofnanir höfðu veður af hruninu um þónokkurt skeið áður en það átti sér stað án þess að gera ráðstafanir til að takmarka tjón heimila vegna þess. Auk þess má ætla að hrunið sé beinlínis tilkomið vegna breytni eða skorts á aðgerðum stjórnmálamanna og fjármálafyrirtækja. Því er með öllu ólíðandi að heimili og fjölskyldur landsins verði að bera byrðar hrunsins að mestu leyti, auk þess að taka á sig tekjuskerðingu og skattahækkanir.

Þá má ekki gleyma því að íslensk stjórnvöld bera ábyrgð á endurreisn bankakerfisins. Við þá endurreisn voru skuldir heimilanna færðar yfir í nýju bankanna. Það hlýtur að vera hlutverk stjórnvalda að tryggja réttláta skiptingu þeirra afskrifta og að þær skili sér til heimilanna en ekki bara þeirra sem áttu þátt í hruni hagkerfisins með beinum eða óbeinum hætti eins og ætla mætti af fréttum.

Rof samfélagssáttmálans.

Með setningu neyðarlaganna hinni fyrri, laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, tók ríkisvaldið að sér að tryggja allar innstæður á reikningum á Íslandi þótt einungis væri gert ráð fyrir því að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggði innstæður upp að 20.877 evrum. Með því tók ríkissjóður á sig tap vegna bankahrunsins. Stjórnvöld hafa því með lagasetningu bætt þeim sem áttu fé á reikningum í bönkunum innstæður sínar að fullu en þeim sem skulduðu bönkunum er hins vegar gert að greiða lán sín til baka með öllum þeim kostnaði sem á þau eru fallin. Þegar ljóst er að bankarnir hafa verulegt svigrúm til leiðréttingar lána og að jafnvel hafi verið gert ráð fyrir leiðréttingu við yfirfærslu skuldanna er óskiljanlegt að heimilin í landinu fái ekki að njóta réttlætis.

103. Frumvarp til laga [97. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo: Fyrir háttsemi sem greinir í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu frá 31. október 2003.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu í tilefni af fyrirhugaðri aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu frá 31. október 2003. Frumvarpið var lagt fram á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 31. október 2003 og öðlaðist gildi 14. desember 2005. Markmiðið með samningnum er þrenns konar, í fyrsta lagi að stuðla að og styrkja ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu með skilvirkari og árangursríkari hætti, í öðru lagi að stuðla að, greiða fyrir og styðja við alþjóðlega samvinnu og tæknilega aðstoð í tengslum við þá viðleitni að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu, m.a. við að endurheimta fjármuni, og í þriðja lagi að stuðla að ráðvendni, áreiðanleika og góðri opinberri stjórnsýslu og umsýslu opinberra eigna.

Samningurinn skiptist í átta efniskafla. Í fyrsta kafla (1.–4. gr.) er að finna almenn ákvæði, annar kafli (5.–14. gr.) fjallar um forvarnaráðstafanir, sá þriðji (15.–42. gr.) fjallar um þær athafnir sem refsiverðar eru samkvæmt samningnum og framkvæmd laga og í þeim fjórða (43.–50. gr.) er mælt fyrir um alþjóðlega samvinnu á þessu sviði. Þá er í fimmta kafla (51.–59. gr.) fjallað um endurheimt eigna, í sjötta kafla (60.–62. gr.) um tæknilega aðstoð og upplýsingaskipti og í sjöunda kafla (63.–64. gr.) um aðferðir við framkvæmd samningsins. Loks er í áttunda kafla (65.–71. gr.) að finna lokaákvæði samningsins, m.a. um lausn deilumála.

Ákvæði samningsins sem mesta þýðingu hafa fyrir refsilöggjöfina er að finna í þriðja og fimmta kafla hans og verða þau helstu rakin hér á eftir.

Í 15. gr. er fjallað um mútur til innlendra, opinberra embættismanna og refsinæmi þess annars vegar að bjóða opinberum embættismanni mútur (aktívar mútur) og hins vegar að þiggja mútur (passívar mútur) ef um er að ræða opinberan embættismann.

Í 16. gr. er kveðið á um refsinæmi mútugreiðslna til erlendra, opinberra embættismanna og embættismanna alþjóðastofnana sem og þess ef slíkir aðilar þiggja mútur.

Í 17. gr. er kveðið á um refsinæmi þess dragi opinber embættismaður sér fé eða nýti á óréttmætan hátt eða noti án heimildar með öðrum hætti eignir, fé úr opinberum sjóðum eða einkasjóðum eða verðbréf eða hvers kyns önnur verðmæti sem honum er treyst fyrir stöðu sinnar vegna, í eigin þágu eða í þágu annars manns eða aðila.

Í 18. gr. er fjallað um svokölluð áhrifakaup. Um áhrifakaup er að ræða ef embættismaður eða annar maður, sem hefur raunveruleg eða ætluð áhrif á ákvarðanatöku í tilteknu máli, skiptir þeim áhrifum út fyrir óviðeigandi ávinning frá aðila sem vill hafa áhrif á ákvarðanatökuna. Ákvæði 18. gr. tekur bæði til háttsemi sem felst í því að lofa, bjóða eða veita manni óviðeigandi ávinning sem heldur því fram að hann geti haft óeðlileg áhrif á mann sem fer með ákvörðunarvald (aktív áhrifakaup) og háttsemi sem felst í því að maður, sem heldur slíku fram, fer fram á eða þiggur slíkan ávinning (passív áhrifakaup).

Samkvæmt 19. gr. skulu samningsríkin taka til athugunar að setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir til þess að gera það að refsiverðu broti að opinber embættismaður misnoti starf sitt eða stöðu af ásettu ráði, þ.e. hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti hjá líða að aðhafast eitthvað við störf sín og brjóti með því lög, í þeim tilgangi að fá óréttmætan ávinning sjálfum sér eða öðrum manni eða aðila til handa.

Í 20. gr. er kveðið á um að samningsríkin skuli taka til athugunar að gera refsivert, þegar um ásetning er að ræða, að auðgast á ólögmætan hátt. Samkvæmt ákvæðinu felst í því þegar veruleg aukning verður á fjármunum opinbers embættismanns sem hann getur ekki með góðu móti útskýrt með tilliti til lögmætra tekna sinna.

Í 21. gr. er fjallað um mútugreiðslur innan einkageirans og mælt fyrir um refsinæmi aktívra mútugreiðslna og passívra mútugreiðslna.

Í 22. gr. er fjallað um fjárdrátt á eignum í einkageiranum. Samkvæmt ákvæðinu ber samningsríkjum að taka það til skoðunar að gera þá háttsemi sem ákvæðið mælir fyrir um refsiverða.

Í 23. gr. er fjallað um refsinæmi peningaþvættis.

Samkvæmt 24. gr. skulu samningsríkin taka til athugunar að gera það refsivert, þegar um ásetning er að ræða, að leyna eða varðveita áfram eign ef viðkomandi maður veit að slík eign er tilkomin vegna brots, sem gert er refsivert samkvæmt samningnum, ef sú háttsemi er viðhöfð eftir að eitthvert þeirra brota gegn samningnum var framið, án þess að viðkomandi hafi átt hlutdeild í slíku broti.

Í 25. gr. er sú skylda lögð á samningsríkin að kveða á um refsinæmi þess að hindra framgang réttvísinnar, með því t.d. að hindra embættismann réttarkerfisins eða opinberan starfsmann við skyldustörf sín eða með því að reyna að hafa áhrif á vitnisburð í máli með því að beita líkamlegu ofbeldi, hótunum eða ógnunum eða með því að lofa, bjóða eða veita óréttmætan ávinning.

Í 26. gr. er fjallað um ábyrgð lögaðila.

Í 27. gr. er fjallað um tilraun og hlutdeild í broti sem lýst er refsivert samkvæmt samningnum.

Í 29. gr. er fjallað um fyrningu brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningnum.

Í 31. gr. er mælt fyrir um frystingu og haldlagningu muna sem og upptöku ávinnings af glæp eða eignir, búnað eða önnur tæki sem notuð eru eða ætluð til notkunar við að fremja afbrot.

Í 41. gr. er kveðið á um að samningsríkjum sé heimilt að taka tillit til fyrri sakfellingar meints brotamanns í öðru ríki í því skyni að nota slíka vitneskju við meðferð brots sem gert er refsivert samkvæmt samningnum.

Í 42. gr. er að finna lögsöguákvæði.

Í 54. gr. er fjallað um aðferðir við endurheimt eigna með alþjóðlegri samvinnu um upptöku.

Í 55. gr. er nánar fjallað um alþjóðlega samvinnu í upptökumálum, m.a. um hvernig skuli meðhöndla beðnir um upptöku og hvað skal koma fram í slíkri beiðni.

Í 57. gr. er fjallað um skil og ráðstöfun fjármuna. Í ákvæðinu er til að mynda gert ráð fyrir því að heimilt sé að skila eignum, sem gerðar hafa verið upptækar, til samningsríkisins sem lagði fram beiðni um upptöku geti viðkomandi ríki sýnt fram á að eignir þær sem gerðar voru upptækar hafi áður verið í eigu þess.

Þess má jafnframt geta að forsætisráðherra lagði fram frumvarp á 138. löggjafarþingi um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum sem ætlað er að skapa lagalega umgjörð um siðareglur fyrir ríkisstarfsmenn og ráðherra. Þar er kveðið á um ferli við innleiðingu siðareglna, eftirlit með reglunum af hálfu stjórnenda og umboðsmanns Alþingis og samhæfingu milli þeirra opinberu aðila sem bera ábyrgð á því að stjórnsýslan standist gæðakröfur. Mæta ákvæði laganna þeim áskilnaði sem gerður er í 6. og 8. gr. samningsins. Frumvarp forsætisráðherra var samþykkt 16. júní 2010, sbr. lög nr. 86/2010.

Með þingsályktun á 138. löggjafarþingi veitti Alþingi heimild til þess að Ísland gerist aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu og fylgdi samningurinn þingsályktunartillögunni.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á 6. gr. almennra hegningarlaga en þar er að finna heimildir til að sækja mann til saka eftir íslenskum hegningarlögum fyrir tiltekin brot enda þótt þau séu framin utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er að þeim valdur. Í ákvæði 1. gr. frumvarpsins er lögð til viðbót við 6. gr. þannig að það ákvæði taki einnig til brota sem falla undir framangreindan samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu og er það gert til að fullnægja skilyrðum skv. 42. gr. samningsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður sem heimili að maður verði sóttur til saka eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot sem falla undir samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu, enda þótt þau séu framin utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er valdur að þeim. Lagt er til að ákvæði þetta verði sett inn í lögin vegna fyrirhugaðrar aðildar að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu frá 31. október 2003.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

104. Tillaga til þingsályktunar [98. mál]

um eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar.

Flm.: Gunnar Bragi Sveinsson, Margrét Tryggvadóttir, Birkir Jón Jónsson, Þráinn Bertelsson, Eygló Harðardóttir, Guðmundur Steingrímsson.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að endurnýja samkomulag um eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar.

Greinargerð.

Haustið 2006 undirrituðu þáverandi ráðherrar menntamála og fjármála og fulltrúar kvikmyndagerðarmanna samkomulag um stuðning við innlenda kvikmyndagerð. Átti samkomulagið að ná til fjögurra ára, 2007–2010. Þegar samkomulag þetta var gert álitu kvikmyndagerðarmenn að samkomulagið markaði tímamót í sögu íslenskrar kvikmyndagerðar þar sem búið var að tryggja fjármagn fram í tímann. Augljóst má vera að fyrir þessa atvinnugrein eins og aðrar skiptir miklu að ekki ríki óvissa um fjármögnun enda kemur fram í samkomulaginu að stefnt sé á að ekki færri en fjórar kvikmyndir í fullri lengd verði gerðar á ári.

Samkvæmt samkomulaginu var gert ráð fyrir að fjárframlag ríkisins yrði 700 millj. kr. árið 2010 en í fjárlögum ársins var framlagið skorið niður í 450 millj. kr., eða um 35%. Á fjárlögum ársins 2011 er fjárframlag ríkisins einnig 450 milj. kr. Ljóst má vera að svo mikill niðurskurður getur haft víðtæk áhrif á greinina. 30. apríl 2010 komu á fund iðnaðarnefndar fulltrúar kvikmyndaframleiðenda og upplýstu m.a. nefndarmenn um að þá þegar hefði þessi niðurskurður haft neikvæð áhrif á greinina. Þá var nefndinni kynnt könnun er gerð var á fjármögnun 112 íslenskra kvikmyndaverka árin 2006–2009.

Margt athyglisvert kemur fram í könnuninni sem bendir sterklega til þess að kvikmyndagerð sé mikilvægur hluti af tekjuöflun þjóðarinnar. Í yfirliti yfir fjármögnun kemur fram að erlent fjármagn til þessara 112 verka sé um 44% af fjármögnuninni, eða ríflega 5,2 milljarðar kr. Innlent fjármagn (án ríkisframlags) sé um 34%, eða rúmlega 4 milljarðar kr., og opinbert fjármagn um 22%, eða tæplega 2,7 milljarðar kr. Þegar horft er til þess hvernig opinber framlög skila sér aftur til skattgreiðenda kemur fram að launahlutfallið af þessum 112 verkum var 72,75%.

Augljós áhrif niðurskurðarins eru fækkun verkefna og samdráttur erlendrar fjárfestingar á Íslandi. Gert er ráð fyrir að hvert starf í kvikmyndagerð leiði af sér a.m.k. þrjú önnur störf.

Sé horft til starfa má því gera ráð fyrir að samdrátturinn þýði að um 100 störf tapist í greininni á árunum 2010–2013. Við 30% samdrátt í kvikmyndaiðnaði tapist því með afleiddum störfum um 300 störf í heildina. Samkvæmt könnuninni eru áhrifin þau að á árunum 2010–2013 mun samdráttur í greininni verða tæpir 5 milljarðar kr. án þess að horft sé til menningarlegs gildis eða afleiddra tekna af kvikmyndagerð.

Flutningsmenn telja mikilvægt að óvissu um fjármögnun Kvikmyndasjóðs verði eytt og horft til þess hversu mikilvægur kvikmyndaiðnaðurinn er þjóðinni sem tekjuöflun, í atvinnusköpun, fyrir menningu og þjóðtungu og sem auglýsing fyrir íslenska náttúru og ferðaþjónustu.

105. Frumvarp til laga [99. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

Flm.: Vigdís Hauksdóttir.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Víkja má frá ákvæðum 1. mgr. ef almennar kosningar eru boðaðar innan þriggja mánaða frá samþykkt þingsályktunartillögu á Alþingi um þjóðaratkvæðagreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 4. gr. laganna er kveðið almennt á um innan hvaða tímaramma halda skuli þjóðaratkvæðagreiðslur. Í 1. mgr. kemur fram að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram í fyrsta lagi þremur mánuðum og í síðasta lagi einu ári eftir að samþykkt hefur verið þingsályktunartillaga um að fram skuli fara almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekið málefni eða lagafrumvarp. Í frumvarpi þessu er lagt til að undantekning verði gerð á þriggja mánaða tímamarkinu á þeim grunni að ef um kosningar sé að ræða innan þess tímaramma megi þjóðaratkvæðagreiðsla fara fram samhliða kosningunum þó að styttri tími sé í þær en þrír mánuðir. Er þetta m.a. gert til að spara ríkinu kostnað við kosningar. Áætlað er að þjóðaratkvæðagreiðslur kosti um 250 millj. kr. Ábatinn er því augljós.

Þessu og til rökstuðnings má benda á að fordæmi eru fyrir því að skammur tími hefur liðið frá ákvörðun um að halda þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. þjóðaratkvæðagreiðsluna um Icesavelögin svokölluðu, nr. 1/2010, sem fór fram tveimur mánuðum frá synjun forseta en ákvörðun um að halda þjóðaratkvæðagreiðsluna var ekki tekin af ríkisstjórninni fyrr en um tíu dögum áður. Heppnaðist sú þjóðaratkvæðagreiðsla afar vel og var kjörsókn góð þó að tíminn væri stuttur. Flutningsmaður telur brýnt að hægt sé að bregðast skjótt við komi fram tillaga á Alþingi um mál sem skjóta á til þjóðarinnar. Þriggja mánaða bið eftir þjóðaratkvæðagreiðslu er of langur tími þegar bera þarf stór ágreiningsmál undir þjóðina. Stjórnkerfið þarf að vera sveigjanlegt og bregðast hratt við slíkum málskotum Alþingis, sér í lagi sé það fyrirséð að samnýta megi kosningadag öðrum kosningum sem þegar hafa verið boðaðar með meiri fyrirvara.

106. Svar [15. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um kostnað við ríkisábyrgð og áfallnar skuldbindingar.

Í fyrirspurninni er spurt um fjárhæð ríkisábyrgðar og kostnað ríkissjóðs af lánum, sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tók samkvæmt áformuðum samningum í samræmi við samkomulag íslenskra stjórnvalda annars vegar og breskra, hollenskra stjórn-

valda og fulltrúa Evrópusambandsins hins vegar, sbr. svokallaða Brussel-yfirlýsingu, að láni frá breskum og hollenskum yfirvöldum samkvæmt samningum frá 5. júní 2009. Samkvæmt samningum þessum skyldi íslenska ríkið veita ábyrgð á því sem ógreitt yrði af láni þessu 9. júní 2016 þegar kröfuhöfum í þrotabú Landsbanka Íslands hefði verið greitt það fé sem í búinu yrði.

Ábyrgð ríkissjóðs og árlegur áfallinn kostnaður ríkissjóðs vegna þessarar ábyrgðar reiknaður í íslenskum krónum ræðst auk höfuðstóls lánsins og vaxta af afkomu þrotabús Landsbanka Íslands, m.a. af ávöxtun þeirra eigna sem ganga til úthlutunar úr búinu og af gengi sterlingspunds og evru.

Í minnisblaði ríkisendurskoðanda, fjársýslustjóra og skrifstofustjóra fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins frá 29. október 2009 er gerð grein fyrir því hvernig þeir telja rétt að reikna ábyrgð þessa og kostnað ríkissjóðs af henni og færa í ríkisreikning. Niðurstaða þeirra er í stuttu máli að kostnaðurinn verði færður sem tilfærsla til Tryggingarsjóðsins og á fyrsta ári skuli reikningsfæra höfuðstól lánanna að viðbættum áföllnum vöxtum til ársloka fyrsta árs að frádregnu mati á því sem þá er áætlað að Tryggingarsjóðurinn fái greitt úr þrotabúinu miðað við sama tíma. Eftir það verði þessi sami útreikningur gerður í lok hvers árs og mismunur frá fyrra ári reikningsfærður. Þessi aðferð er lögð til grundvallar eftirfarandi svörum við einstökum liðum í fyrirspurninni.

1. *Hver var fjárhæð láns frá breskum yfirvöldum í pundum sem ráðherra veitti ríkisábyrgð á með undirskrift sinni 5. júní 2009?*

Fjárhæð sú sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tók samkvæmt áformuðum samningum að láni frá breskum yfirvöldum var samkvæmt samningum frá 5. júní 2009 2.350 milljónir sterlingspunda. Á þeim tíma var gert ráð fyrir að endurgreiðslur þrotabúsins yrðu 75–95% af forgangskröfum í búið. Miðað við miðtöluna á því bili, 85%, yrði sú fjárhæð sem ábyrgð var tekin á vegna höfuðstóls lánsins 352,5 milljónir sterlingspunda.

2. *Hver var fjárhæð láns frá hollenskum yfirvöldum í evrum sem ráðherra veitti ríkisábyrgð á með undirskrift sinni 5. júní 2009?*

Fjárhæð sú sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tók samkvæmt áformuðum samningum að láni frá hollenskum yfirvöldum var samkvæmt samningum frá 5. júní 2009 1.329 milljónir evra. Á þeim tíma var gert ráð fyrir að endurgreiðslur þrotabúsins yrðu 75–95% af forgangskröfum í búið. Miðað við miðtöluna á því bili, 85%, yrði sú fjárhæð sem ábyrgð var tekin á vegna höfuðstóls lánsins 199,4 milljónir evra.

3. *Hversu há var þessi ríkisábyrgð í krónum á gengi undirskriftardags?*

Hinn 5. júní 2009 var miðgengi sterlingspunds 197,07 kr. og miðgengi evru 173,72 kr. Miðað við það gengi og mat skilanefndar á endurgreiðslum frá 12. október væri fjárhæð skv.1. tölul., sem ríkisábyrgð var á, 69,5 milljarðar kr. og fjárhæð skv. 2. tölul., sem ríkisábyrgð var á, 34,6 milljarðar kr., samtals 104,1 milljarður kr.

4. *Hvað hefði þessi ríkisábyrgð kostað ríkissjóð í áfallna vexti árið 2009 á árslokagengi þess árs?*

Í árslok 2009 var gengi sterlingspunds 201,8 kr. og gengi evru 179,88 kr. Samkvæmt þáverandi nýjasta mati skilanefndar og slitastjórnar þrotabús Landsbanka Íslands var endur-

greiðsluhlutfall upp í forgangskröfur áætlað 88%. Miðað við þessar forsendur hefði ábyrgðarfjárhæðin, þ.e. höfuðstóll lánanna að viðbættum vöxtum til ársloka 2009 en að frádregnum áætluðum endurgreiðslum, verið 125,2 milljarðar kr. Kostnaður ríkissjóðs á árinu 2009 hefði orðið sú fjárhæð að frádreginni upphaflegri ábyrgðarfjárhæð 104,1 milljarði kr., sbr. 3. tölul., eða 21,1 milljarður kr.

5. *Hvað hefði þessi ríkisábyrgð kostað ríkissjóð í áfallna vexti árið 2010 á gengi 1. september 2010?*

Kostnaður ríkissjóðs á árinu 2010 reiknast með sama hætti. Gengi gjaldmiðla í árslok 2010 er ekki enn þekkt en hér eftir er reiknað síðasta skráða gengi, (8. okt. 2010) 176,78 kr. fyrir sterlingspund og 154,75 kr. fyrir evru. Eins verður miðað við síðasta mat skilanefndar og slitastjórnar þrotabús Landsbanka Íslands á væntanlegri endurgreiðslu til forgangskröfuhafa, 89%, sbr. greinargerð um fjárhagsstöðu þrotabúsins frá 23. ágúst 2010. Miðað við þessar forsendur hefði ábyrgðarfjárhæðin, þ.e. höfuðstóll lánanna að viðbættum vöxtum til ársloka 2010 en að frádregnum áætluðum endurgreiðslum, verið 139,2 milljarðar kr. Kostnaður ríkissjóðs á árinu 2010 hefði orðið sú fjárhæð að frádreginni ábyrgðarfjárhæð í árslok 2009, 125,2 milljarðar kr., sbr. 4. tölul., eða 14,0 milljarðar kr.

6. *Hvað hefði ríkisábyrgð samkvæmt lögum nr. 96/2009, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 1/2010, kostað ríkissjóð í áfallna vexti hvort áranna 2009 og 2010 með sama hætti?*

Lög nr. 1/2010 hefðu engu breytt um framangreindar fjárhæðir. Þær breytingar á fyrirhuguðum samningum sem þau byggðust á fólu ekki í sér breytingar á þeim efnisatriðum sem hafa áhrif á útreikning vaxta og kostnaðar ríkissjóðs af ríkisábyrgðinni.

7. *Hvers vegna var ekki minnst á ríkisábyrgð og áfallnar skuldbindingar vegna samninga og viðaukasamninga við bresk og hollensk yfirvöld, sem ráðherra hafði undirritað 19. október 2009, í fjárlögum fyrir árið 2010 og í fjáraukalögum fyrir árið 2009 sem samþykkt voru í árslok 2009?*

Ríkisábyrgð verður ekki veitt nema með samþykki Alþingis og samningarnir öðluðust ekki gildi án slíkrar ábyrgðar. Þar sem það samþykki Alþingis lá ekki fyrir við gerð fjárlaga 2010 og fjáraukalaga fyrir 2009 var engin ríkisábyrgð til staðar og því engar forsendur til að reikningsfæra kostnað af ríkisábyrgð.

107. Frumvarp til laga [100. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

8. tölul. 9. gr. laganna orðast svo: Að bjóða íbúðarhúsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur leyst til sín til leigu með kauprétti samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur. Sjóðnum er heimilt að fela öðrum með samningi að annast miðlun íbúðanna.

2. gr.

Í stað 3. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna koma tveir málsliðir, svohljóðandi: ÍLS-veðbréf getur verið verðtryggt með vísitölu neysluverðs, sbr. lög um vísitölu neysluverðs, eða óverðtryggt. Skal það bera vexti skv. 21. gr.

3. gr.

Á eftir orðunum „og verðbóta“ í 2. málsl. 2. mgr. 21. gr. laganna kemur: ef við á.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög um húsnæðismál, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er Íbúðalánasjóði heimilt að veita einstaklingum allt að 20 ára lán til endurbóta eða viðbyggingar við sameign fjöleignarhúss sem gerð er í þeim tilgangi að bæta aðgengi að fasteigninni, svo sem með byggingu lyftuhúss og uppsetningu lyftubúnaðar, þó að fjárhæð lána sem þegar eru áhvílandi á fasteigninni sé hærri en hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa. Þó skal samanlögð fjárhæð áhvílandi lána aldrei vera hærri en nemur fasteignamati eignarinnar.

Þá er Íbúðalánasjóði heimilt að veita fyrirtækjum og opinberum aðilum lán til að fjármagna breytingar eða viðbætur á húsnæði viðkomandi fyrirtækis eða sveitarfélags sem miða að því að auðvelda aðgengi fatlaðra. Lán getur numið allt að 90% af kostnaði við framkvæmdir, það skal þó aldrei vera hærra en 50% af fasteignamati viðkomandi fasteignar. Við útreikning þess hlutfalls skal taka tillit til framar áhvílandi lána.

Íbúðalánasjóði er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 19. gr. laganna, að veita einstaklingum lán til endurbóta þó að fjárhæð lána sem þegar eru áhvílandi á fasteigninni sé hærri en hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa. Þó skal samanlögð fjárhæð áhvílandi lána aldrei vera hærri en nemur fasteignamati eignarinnar.

Félags- og tryggingamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði lánveitinga samkvæmt ákvæði þessu.

Heimilt er að veita lán á grundvelli þessa ákvæðis til ársloka 2013.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um húsnæðismál sem miða að því að gera Íbúðalánasjóði kleift að bregðast við breyttum þörfum á húsnæðismarkaði. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar sem heimila Íbúðalánasjóði að bjóða íbúðir sem sjóðurinn hefur keypt á uppboði til leigu þannig að tilteknir húsaleigusamningar verði með kauprétti. Í öðru lagi er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilað að gefa út óverðtryggða skuldabréfaflokka. Í þriðja lagi er lagt til að víkkaðar verði út heimildir Íbúðalánasjóðs til að veita lán til endurbóta, til endurbóta á fjöleignarhúsum og til að bæta aðgengi að húsnæði fyrirtækja og stofnana.

Möguleiki á að fá uppboðsíbúð á kaupleigu.

Í frumvarpinu er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilt að bjóða uppboðsíbúðir á kaupleigu. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um fyrirkomulag kaupleigu verði sett í reglugerð. Með lögum nr. 138/2008 var lögfest heimild fyrir sjóðinn til að leigja eða fela öðrum að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið á nauðungaruppboði. Hefur félags- og tryggingamálaráðherra sett nánari ákvæði um þetta í reglugerð nr. 7/2010 um útleigu uppboðsíbúða Íbúðalánasjóðs. Felst breytingin frá gildandi lögum í raun í því að lagt er til að tilteknir húsaleigusamningar verði með kauprétti. Þá er gert ráð fyrir því að umsamin húsaleiga taki ávallt mið af markaðsleigu á viðkomandi stað. Ekki er gert ráð fyrir því að skylt sé að nýta kauprétt, heldur verði það ákvörðun leigutaka hvort hann nýtir kauprétt.

Breyting á heimildum Íbúðalánasjóðs.

Í kjölfar falls bankanna í október 2008 hefur orðið gríðarlegur samdráttur í byggingarframkvæmdum hér á landi. Mikilvægt er að leitað verði allra leiða til að koma hjólum atvinnulífsins aftur af stað og er einn liður í því að opna fyrir möguleika á lánsfé til endurbóta á húsnæði. Því er í frumvarpinu lagt til að lögfestar verði tímabundnar heimildir fyrir Íbúðalánasjóð til að veita lán til nánar afmarkaðra framkvæmda, m.a. til að fyrirtæki og stofnanir geti aukið aðgengi fatlaðra að húsnæði sínu. Þá er gert ráð fyrir víðtækari heimildum Íbúðalánasjóðs til að fjármagna stórfelldar breytingar á fjölbýlishúsum, á borð við hönnun, byggingu og uppsetningu lyftu í eldri hús. Umbætur á húsakosti geta aukið mjög búsetufrelsi fólks og gert búsetu í heimahúsi að raunverulegum valkosti við stofnanaþjónustu fyrir aldraða og fólk með hreyfihömlun. Breytingar af þessum toga hafa því margvíslegan samfélagslegan ávinning, auk þess sem almennt er verð eigna í lyftuhúsum hærra en í öðrum fjölbýlishúsum. Umbætur af þessum toga draga því úr þörf fyrir byggingu sérhæfðra þjónustuíbúða og hjúkrunarstofnana.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 8. tölul. 9. gr. laga um húsnæðismál, en þeim tölulið var bætt við lögin með lögum nr. 138/2008. Með þeim lögum var lögfest heimild fyrir Íbúðalánasjóð til að leigja eða fela öðrum að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem sjóðurinn hefur yfirtekið á nauðungaruppboði. Hefur félags- og tryggingamálaráðherra sett nánari ákvæði um þetta í reglugerð nr. 7/2010 um útleigu uppboðsíbúða Íbúðalánasjóðs.

Breytingin sem lögð er til felst í því að Íbúðalánasjóði verði heimilt að bjóða á kaupleigu uppboðsíbúðir eða aðrar íbúðir, sem Íbúðalánasjóður hefur leyst til sín og henta til slíks með tilliti til gerðar og ástands íbúðanna, þannig að tilteknir húsaleigusamningar verði með kauprétti. Ekki er gert ráð fyrir að skylt sé að nýta kauprétt, heldur verði það ákvörðun leigutaka hvort hann nýtir kauprétt. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um fyrirkomulag kaupleigu verði sett í reglugerð.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að gerðar verði breytingar á 3. málsl. 1. mgr. 19. gr. sem miða að því að Íbúðalánasjóði verði heimilað að gefa út óverðtryggða skuldabréfaflokka, en í 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um útgáfu ÍLS-veðbréfa. Nánar er kveðið á um útgáfu íbúðabréfa í reglugerð nr. 522/2004, með síðari breytingum.

Um 3. gr.

Lagðar eru til smávægilegar breytingar á 21. gr. laganna sem leiðir af breytingu þeirri sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins um að Íbúðalánasjóði sé heimilað að gefa út óverðtryggða skuldabréfaflokka.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að endurútgefa skuli lög um húsnæðismál með öllum breytingum undir nýju númeri eftir að frumvarp þetta verður að lögum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er lagt til að lögfest verði tímabundin breyting á lánaheimildum Íbúðalánasjóðs. Þannig er lagt til að sjóðnum verði heimilt að veita einstaklingum allt að 20 ára lán til endurbóta eða viðbyggingar við sameign fjöleignarhúss sem íbúð viðkomandi aðila er í ef endurbæturnar miða að því að setja lyftu í húsið eða bæta á annan hátt aðgengi að fasteigninni. Ljóst er að mikill kostnaður felst í slíkum breytingum, en þær geta aukið mjög verðmæti viðkomandi fasteigna. Þá er ljóst að fjölgun lyftuhúsa leiðir til aukins búsetufrelsis fólks, óháð aldri og hreyfigetu. Kostnaður samfélagsins af stofnanaþjónustu við aldraða og fatlaða getur minnkað mjög með bættum húsakosti. Er lagt til að slíkar lánveitingar verði heimilar þó að fjárhæð lána sem þegar eru áhvílandi á fasteigninni séu hærri en hámarksfjárhæðir ÍLS-veðbréfa.

Í ákvæði til bráðabirgða er einnig lagt til að lögfest verði tímabundin útvíkkun á útlánaheimildum Íbúðalánasjóðs er varðar heimild sjóðsins til að veita fyrirtækjum og sveitarfélögum lán til að fjármagna breytingar eða viðbætur á húsnæði viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar sem miða að því að auðvelda aðgengi fatlaðra. Er þetta frávik frá 1. mgr. 4. gr. laga nr. 44/1998 sem gerir ráð fyrir að lánastarfsemi Íbúðalánasjóðs sé bundin við lánveitingar til íbúðarhúsnæðis hér á landi. Þykir rétt að leggja þessa breytingu til tímabundið í von um að hún geti leitt til þess að hafnar verði framkvæmdir sem komi hjólum atvinnulífsins af stað og skapi atvinnutækifæri í byggingariðnaði.

Lagt er til að lán geti numið allt að 90% af kostnaði við framkvæmdir, en þau skulu þó aldrei nema hærra hlutfalli en 50% af fasteignamati viðkomandi fasteignar. Við útreikning þess hlutfalls á að taka tillit til framar áhvílandi lána.

Þá er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilt, þrátt fyrir ákvæði 19. gr. laganna, að veita einstaklingum lán til endurbóta þó að fjárhæð lána sem þegar eru áhvílandi á fasteigninni sé hærri en hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa sem nú er 20 millj. kr. Þó skal samanlögð fjárhæð áhvílandi lána aldrei vera hærri en nemur fasteignamati eignarinnar.

Í næstsíðustu málsgrein ákvæðis til bráðabirgða er lagt til að ráðherra skuli setja reglugerð um lánveitingar samkvæmt ákvæðinu.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er lagt til að heimilt verði að veita lán á grundvelli ákvæðisins til ársloka 2013.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frumvarpi þessu er annars vegar ætlað að gera Íbúðalánasjóði kleift að bregðast við breyttum aðstæðum á íbúðamarkaði og hins vegar að stuðla tímabundið að auknum framkvæmdum í byggingariðnaði með því að liðka fyrir útlánum sjóðsins til endurbóta og breytinga. Frumvarpið var áður lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi án þess að fá endanlega afgreiðslu og er nú endurflutt með breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um húsnæðismál. Í fyrsta lagi er lagt til að allar leiguíbúðir í eigu Íbúðalánasjóðs verði boðnar til leigu með kaupréttarákvæði fyrir leigjendur. Í öðru lagi er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilt að bjóða óverðtryggð lán en í núgildandi lögum er kveðið á um að ÍLS-verðbréf skuli vera verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs. Í þriðja lagi er lagt til bráðabirgðaákvæði með gildistíma til ársloka 2013 sem kveður á um rýmri heimildir sjóðsins til útlána til einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila vegna endurbóta og breytinga á íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Hér er um nýmæli í starfsemi sjóðsins að ræða en hingað til hefur hann eingöngu veitt lán vegna íbúðarhúsnæðis.

Áætlað er að Íbúðalánasjóður gæti þurft að bæta við um tveimur stöðugildum vegna aukinna verkefna sem honum er ætlað að sinna samkvæmt frumvarpinu. Að stærstum hluta er um að ræða vinnu við skipulag og utanumhald sem fylgir kaupréttarákvæði leiguíbúða í eigu sjóðsins auk þess sem einhver kostnaður fellur til vegna nauðsynlegs eftirlits sem tengist lánum sem veitt verða til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga samkvæmt bráðabirgðaákvæði frumvarpsins. Hins vegar er talið að óverulegur rekstrarkostnaður hljótist af afgreiðslu nýrra lánaumsókna og umsýslu óverðtryggðra skuldabréfaflokka. Nýir skuldabréfaflokkar ættu að geta fallið inn í núverandi viðskiptavakt og því er jaðarkostnaður þeirra talinn lítill en nauðsynlegt er að sjóðurinn ráðist í útgáfu óverðtryggðra skuldabréfaflokka ef byrjað verður að bjóða sams konar útlán. Þess utan geta slíkir íbúðabréfaflokkar hentað vel við lausafjárstýringu sjóðsins. Útgáfunni mundi hins vegar fylgja kostnaður, m.a. vegna skráningar skuldabréfaflokksins á markað. Þá má telja víst að bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, annars vegar um heimild sjóðsins til að lána til atvinnuhúsnæðis og hins vegar að áhvílandi lán séu hærri en hámarkslán sjóðsins og geti numið allt að 100% af fasteignamati eignarinnar, geti haft áhrif á áhættu sjóðsins. Engin greining hefur farið fram og því ekki forsendur hér til að meta breytingu á áhættunni til fjár.

Verði frumvarpið lögfest má því gera ráð fyrir að árleg útgjöld Íbúðalánasjóðs aukist um 16–20 m.kr. Á yfirstandandi ári gætu útgjöldin aukist um 1–2 m.kr. Auk þess fellur til einskiptiskostnaður á bilinu 10–15 m.kr. komi til útgáfu og skráningar nýrra skuldabréfaflokka. Íbúðalánasjóður telst til C-hluta ríkisins og fær engin bein framlög í A-hluta. Sjóðurinn er fjármagnaður með vaxtamun og þjónustugjöldum og því mun hann bera allan kostnað sem leiðir af lögfestingu frumvarpsins.

108. Frumvarp til laga [101. mál]

um breytingu á lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Birkir Jón Jónsson, Guðmundur Steingrímsson.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lögaðilar, einstaklingar í atvinnurekstri og einstaklingar sem hafa verið í atvinnurekstri á síðustu 18 mánuðum fyrir umsóknardag en fá á þeim degi greiddar óskertar grunnatvinnuleysisbætur og teljast að fullu tryggðir skv. IV. kafla laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, sem eru í vanskilum með virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald og þing- og sveitarsjóðsgjöld sem hafa gjaldfallið fyrir 1. janúar 2010, geta sótt um frest til greiðsluuppgjörs á þeim vanskilum til 1. júlí 2011.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það sem síðar varð að lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri, var lagt fram með það að leiðarljósi að setja fram úrræði sem hjálpað gæti lífvænlegum fyrirtækjum í gegnum þá fjárhagserfiðleika sem óhjákvæmilega leiddi af hruni íslensku bankanna haustið 2008. Í almennum athugasemdum við frumvarpið var þess getið að löggjafinn hefði brugðist við með margvíslegum hætti í viðleitni sinni til þess að skapa úrræði til hjálpar einstaklingum og heimilum sem lent hefðu í fjárhagsvanda af sömu orsökum. Var frumvarpið liður í aðgerðum stjórnvalda til þess að létta undir með fyrirtækjum í hinum sama anda.

Frá því að framangreint lagafrumvarp var lagt fram hafa afleiðingar hruns íslensku bankanna orðið mönnum ljósari. Eftirköst hrunsins hafa m.a. verið þau að einstaklingar sem störfuðu í verktöku hafa neyðst til þess að nýta rétt sinn til töku atvinnuleysisbóta þar sem ládeyða ríkir í vissum greinum atvinnulífsins. Atvinnuleysi er í flestum tilvikum tímabundið ástand. Fjöldi einstaklinga hefur þurft að stöðva rekstur til þess að uppfylla skilyrði laga um atvinnuleysistryggingar sjálfstætt starfandi einstaklinga. Af þeim sökum teljast þeir einstaklingar ekki stunda atvinnurekstur samkvæmt lögum um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri og geta þeir því ekki sótt um frest til greiðsluuppgjörs á vanskilum vörslugjalda. Ljóst er að fjárhæð atvinnuleysisbóta er það lág að mörgum reynist mjög erfitt að lifa af þeim einum saman. Má því ekkert út af bregða þann tíma sem atvinnuleysisbætur eru teknar. Vart er því fyrirsjáanlegt að greiðslur vörslugjalda til hins opinbera samhliða greiðslu útgjalda vegna reksturs heimilis séu mögulegar. Er frumvarpi þessu ætlað að koma til móts við þá einstaklinga sem lenda í slíkri stöðu.

Með einstaklingum sem hafa verið í atvinnurekstri er átt við þá sem hafa innan síðustu 18 mánaða fyrir gildistökudag frumvarpsins starfað við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í því umfangi að þeim sjálfum hefur verið gert að standa um nokkurn tíma með reglulegum hætti skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi vegna starfs síns,

sbr. orðskýringu b-liðar 3. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006. Með skilum á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi er átt við að viðkomandi hafi skilað inn skýrslu, óháð því hvort viðkomandi hafi átt að greiða staðgreiðslu eða ekki. Er frumvarpinu ætlað að styðja við bakið á þeim sem njóta greiðslna fullra atvinnuleysisbóta á grundvelli tryggingar skv. IV. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Er þannig gert ráð fyrir því að bolmagn þeirra einstaklinga sem hafa atvinnuleysistryggingu skv. 22. gr. sömu laga sé meira og eðlilegt sé að þeir leiti annarra leiða til þess að semja um greiðslur vegna vanskila á vörslugjöldum.

109. Tillaga til þingsályktunar [102. mál]

um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum.

Flm: Kristján Þór Júlíusson, Tryggvi Þór Herbertsson, Höskuldur Þórhallsson,
Birkir Jón Jónsson, Ásbjörn Óttarsson, Einar K. Guðfinnsson,
Árni Johnsen, Ragnheiður E. Árnadóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir,
Bjarni Benediktsson, Jón Gunnarsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Kristján L. Möller, Birgir Ármannsson,
Guðlaugur Þór Þórðarson, Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson,
Eygló Harðardóttir, Gunnar Bragi Sveinsson,
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Birgir Þórarinsson, Siv Friðleifsdóttir,
Vigdís Hauksdóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar viðræður við Alcoa á Íslandi og kínverska álfyrirtækið Bosai Mineral Group (BMG) með það að markmiði að ljúka samningum um uppbyggingu orkufreks iðnaðar við Húsavík á grundvelli viljayfirlýsingar stjórnvalda, Norðurþings, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar frá 22. október 2009. Markmiðið verði að skapa ný störf, verja störf og afla þjóðarbúinu mikilvægra gjaldeyristekna.

Greinargerð.

Öllum er ljóst að mikill vandi steðjar að íslensku þjóðinni, atvinnuleysi, verkefnaskortur fyrirtækja og bágt efnahagsástand. Atvinnuleysi sviptir fyrirvinnur tekjumöguleikum með hörmungum sem koma niður á allri fjölskyldunni, ekki síst börnunum. Atvinnuleysi veikir stoðir fjölskyldunnar sem er grunnstoð hvers þjóðfélags. Því verður að berjast gegn atvinnuleysi með öllum tiltækum ráðum og skapa störf. Verkefnaskortur íslenskra fyrirtækja er nú í hámarki. Fyrirtæki, m.a. í byggingariðnaði, fara í þrot og atvinnutæki eru seld úr landi. Brýnt er að styðja við ný verkefni sem geta skapað fyrirtækjum lífvænlegt umhverfi. Efnahagur landsins er nú nánast í gjörgæslu og því brýnt að afla þjóðinni tekna og gjaldeyris.

Frá því í maí 2005 hefur Alcoa lýst áhuga sínum á atvinnuuppbyggingu á Norðurlandi. 1. mars 2006 var undirrituð viljayfirlýsing fyrirtækisins og ríkisstjórnar Íslands um að hefja ítarlega könnun á hagkvæmni þess að reisa álver á Bakka við Húsavík. Verkefnið er enn í ferli og í það hafa verið lagðir miklir fjármunir. Verkefnið mun, ef af verður, skapa 450–500 störf í Norðurþingi, um 200 á Eyjafjarðarsvæðinu og 900–1.050 afleidd störf á landsvísu. Ljóst er að það mun styrkja alla innviði samfélagsins í Norðurþingi, m.a. heilbrigðisþjónustu

sem nú stendur frammi fyrir niðurskurði með tilheyrandi atvinnuleysi og fólksflótta. Ótti íbúa svæðisins er mikill vegna þessa sem sést á því að fimmtudaginn 7. október var haldinn 1.300 manna fundur í Íþróttahöllinni á Húsavík vegna ótta um framtíð heilbrigðisþjónustu í Þingeyjarsýslum. Meðal heimamanna er stuðningur við þá atvinnuuppbyggingu sem hér er rædd yfirgnæfandi

22. október 2009 undirrituðu stjórnvöld, Norðurþing, Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit viljayfirlýsingu um uppbyggingu orkufreks iðnaðar í Þingeyjarsýslum. Starfshópur sem hefur starfað samkvæmt viljayfirlýsingunni skilaði skýrslu síðastliðið vor með yfirliti yfir mögulega fjárfesta. Samkvæmt skýrslunni voru Alcoa og BMG metin álitlegustu kostirnir af þeim fyrirtækjum sem höfðu áhuga á fjárfestingum í Þingeyjarsýslum. Þessi staða er óbreytt nú.

Vinna að orkuöflun, sem nú liggur að mestu niðri, hefur skipt miklu fyrir Húsvíkinga þar sem mikill fjöldi þeirra var í störfum hjá Jarðborunum meðan eðlilegur gangur var í borunum. Mikil orka finnst á svæðinu og hefur það komið fram í svörum við fyrirspurnum hér á Alþingi, m.a. á 131. löggjafarþingi (þskj. 328, 222. mál), þar sem fram kemur að varlega áætlað séu virkjanleg um 600 MW í Þingeyjarsýslum. Rannsóknir eru hins vegar alltaf að batna og Þeistareykjasvæðið er nú talið öflugra en áður. Á Þeistareykjum eru nú tilbúin um 50 MW, í Bjarnarflagi er tilbúin mikil orka og nýverið var opnuð í Vítismó ein öflugasta hola landsins með afli upp á allt að 27 MW. Það eru því miklir möguleikar til atvinnuuppbyggingar á þessu svæði og brýnt að stjórnvöld leggist hér á árarnar með fólki og fyrirtækjum.

Áður hefur verið bent á mikilvægi þessa verkefnis fyrir Norðausturland og þjóðarbúið allt og enn eykst mikilvægi þess við það ástand sem að framan var rakið, í atvinnu- og efnahagsmálum. Enn stendur óhaggað að fjöldi starfa mun skapast við undirbúning virkjunarframkvæmda og byggingu álversins, línulagnir, hafnargerð o.fl. Störf þessi munu skapast heima í héraði og í raun um land allt. Verkefni á borð við þetta mun auka hagvöxt á framkvæmdatíma auk þess sem landsframleiðsla til framtíðar verður meiri en áður. Útflutningsverðmæti munu aukast eftir að verksmiðjan hefur störf. Án hagvaxtar er vandasamt að auka þjónustu ríkisins við almenning eða viðhalda því sem við höfum nú. Verkefni þetta er því brýnt og til hagsbóta fyrir þjóðarbúið og landsmenn alla.

110. Lög [58. mál]

um breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum (frestur).

(Afgreidd frá Alþingi 20. október 2010.)

Samhljóða þskj. 59.

111. Fyrirspurn [103. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um skuldir sveitarfélaga hjá Íbúðalánasjóði.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hversu mikið skulda sveitarfélögin Íbúðalánasjóði vegna kaupa þeirra á félagslegu húsnæði?
2. Hversu há upphæð er í vanskilum hjá sjóðnum vegna slíkra kaupa og hvernig skiptist upphæðin milli kjördæma?
3. Hefur einhver hluti slíkra skulda verið afskrifaður og ef svo er, hversu háar eru afskriftirnar samtals, í hvaða kjördæmum hafa skuldir verið afskrifaðar og hversu háar upphæðir í hverju þeirra?
4. Liggja inni beiðnir hjá Íbúðalánasjóði um afskriftir lána sveitarfélaga og ef svo er, í hvaða kjördæmum og um hversu háar upphæðir er að ræða?

Skriflegt svar óskast.

112. Fyrirspurn [104. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um innheimtuaðgerðir á vegum LÍN og viðbrögð sjóðsins við vanskilum lántakenda.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Á hvaða forsendum starfa innheimtufyrirtæki sem taka að sér þjónustu fyrir LÍN og eftir hvaða verklagsreglum starfa þau?
2. Hver eru rökin fyrir því að innheimtufyrirtæki sjái um innheimtu krafna LÍN?
3. Hvernig samræmist starfsemi innheimtufyrirtækja tilmælum ríkisstjórnarinnar um vægar innheimtuaðgerðir?
4. Hver er fjöldi vanskilamála á borðum innheimtufyrirtækja vegna krafna LÍN?
5. Hversu mörg fjárnám hafa verið gerð vegna krafna frá LÍN frá og með október 2008?
6. Hvaða úrræði standa þeim til boða sem komast í greiðsluvanda og hvernig upplýsir LÍN, og eftir atvikum innheimtufyrirtæki á vegum sjóðsins, skuldara um þau?

Skriflegt svar óskast.

113. Frumvarp til laga [105. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Flm.: Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir,
Þráinn Bertelsson, Ásmundur Einar Daðason,
Lilja Mósesdóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson.

1. gr.

Þjóðaratkvæðagreiðslur.

Alþingi getur ákveðið með þingsályktun að leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram samkvæmt lögum þessum um tiltekið málefni eða lagafrumvarp. Einnig getur að lágmarki ⅓ hluti þingmanna krafist þess með þingsályktun að slík þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram.

Þá geta 10% kosningarbærra manna krafist með undirskrift sinni leynilegrar þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum um tiltekið málefni og skal skila undirskriftum til sérstakrar skrifstofu á vegum Alþingis, hér eftir kölluð Lýðræðisstofa. Ábyrgðarmaður undirskriftasöfnunar skal tilkynna Lýðræðisstofu hvenær undirskriftasöfnun hefst og skila undirskriftum innan 90 daga til Lýðræðisstofu.

Lögin gilda einnig um framkvæmd bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem fer fram skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr.

Lýðræðisstofa.

Stjórn Lýðræðisstofu er í höndum skrifstofustjóra og er aðsetur stofunnar hjá skrifstofu Alþingis.

Alþingi kýs skrifstofustjóra Lýðræðisstofu til fjögurra ára og er honum heimilt að ráða fleiri starfsmenn tímabundið til að sinna auknum verkefnum stofunnar. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf hjá Lýðræðisstofu.

3. gr.

Kosningarréttur o.fl.

Um kosningarrétt og kjörskrár til afnota í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. gr. fer á sama hátt og við alþingiskosningar. Kjörskrár skulu þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag nema um undirskriftasöfnun sé að ræða og skal þá miða við þann dag er undirskriftasöfnun hefst og er tilkynnt Lýðræðisstofu.

Lýðræðisstofa fer með hlutverk hæstaréttar samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands og landskjörstjórnar samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

4. gr.

Framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu.

Lýðræðisstofa fer með framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum og skal hún ganga úr skugga um hvort skilyrðum 2. mgr. 1. gr. er fullnægt, ákveða efni og orða-

lag þeirrar spurningar sem lögð er fyrir kjósendur. Sama gildir um þjóðaratkvæðagreiðslur skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Á kjörseðli skal skýrt koma fram spurning um hvort kjósandi samþykki þá tillögu sem borin er fram og gefnir eftirtaldir tveir svarmöguleikar: „Já“ eða „Nei“.

Lýðræðisstofa getur ákveðið að spurningar og svarkostir á kjörseðli í atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. 1. gr. séu fleiri eða orðaðir með öðrum hætti.

Lýðræðisstofa setur nánari reglur um útlit og frágang kjörseðla.

Dómsmálaráðuneytið lætur yfirkjörstjórnum í té atkvæðisseðla, sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og annast framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla við alþingiskosningar.

5. gr.

Tímafrestir kjördags.

Þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. skal fara fram eigi síðar en sex mánuðum eftir að þingsályktunartillaga hefur verið samþykkt á Alþingi eða þjóðaratkvæðagreiðslu krafist.

Þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir að lagafrumvarp er samþykkt.

Þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar skal fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafa um hana var samþykkt á Alþingi.

Ekki er heimilt er að halda þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum samhliða öðrum almennum kosningum.

6. gr.

Kjördagur.

Lýðræðisstofa skal ákveða kjördag fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. gr. Lýðræðisstofa skal auglýsa atkvæðagreiðsluna einu sinni í Lögbirtingablaði og daglega í ríkisútvarpi á sem heppilegustum tíma fram að kosningunum. Þar skal einnig birta spurninguna sem lögð verður fyrir kjósendur.

Lýðræðisstofa skal ákveða kjördag fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar og auglýsir hana einu sinni í Lögbirtingablaði og daglega í ríkisútvarpi á sem heppilegustum tíma.

7. gr.

Kynning.

Lýðræðisstofa skal standa fyrir víðtækri kynningu á því málefni eða lagafrumvarpi sem borið er undir þjóðaratkvæði.

Lýðræðisstofa skal svo fljótt sem verða má og eigi síðar en mánuði fyrir atkvæðagreiðsluna senda öllum heimilum í landinu sérprentun frumvarps sem borið er undir þjóðaratkvæði skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

8. gr.

Kjörstjórnir, kjördæmi o.fl.

Undirkjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar. Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar.

Mörk kjördæma, kjörstaðir og kjördeildir skulu vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.

Að atkvæðagreiðslu lokinni gengur undirkjörstjórn frá kjörgögnum í samræmi við 95. gr. laga um kosningar til Alþingis og sendir landskjörstjórn á öruggan hátt. Landskjörstjórn eða aðili sem hún tilnefnir gefur viðurkenningu fyrir móttöku þegar gögnin berast. Að öðru leyti fer um framkvæmdina samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, og, eftir því sem við getur átt, lögum um kosningar til Alþingis.

9. gr.

Úrslit atkvæðagreiðslu o.fl.

Að lokinni talningu atkvæða sendir landskjörstjórn Lýðræðisstofu eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um. Lýðræðisstofa notar sérstaka gerðabók um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Lýðræðisstofa boðar til fundar með forseta Alþingis, forseta hæstaréttar, forsætisráðherra og eftir atvikum ábyrgðarmanni undirskriftasöfnunar, úrskurðar um gildi ágreiningsseðla og lýsir úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir landið í heild.

Lýðræðisstofa tilkynnir dómsmálaráðuneytinu um úrslit atkvæðagreiðslu og auglýsir úrslitin í Lögbirtingablaði og ríkisútvarpi.

Verði samþykkis synjað í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal dómsmálaráðuneytið auk þess kunngera um að lögin séu fallin úr gildi í sérstakri auglýsingu sem birtist í A-deild Stjórnartíðinda daginn eftir kjördag. Slíka auglýsingu skal viðkomandi ráðherra birta eigi síðar en viku síðar.

10. gr.

Samþykki tillögu.

Til þess að spurning eða tillaga sem er borin fram í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þarf meiri hluti þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni að vera fylgjandi henni.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar o.fl.

Um atkvæðagreiðsluna sjálfa, sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á kjörfundi fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar.

Ákvæði 114. gr. og XIX., XX., XXIV. og XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um atkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem við getur átt.

12. gr.

Kærur, lögmæti atkvæðagreiðslu o.fl.

Kærur um ólögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu, aðrar en refsikærur, skulu sendar til Hæstaréttar eigi síðar en sjö dögum eftir að atkvæðagreiðslan fór fram.

Lýðræðisstofa getur ákveðið að eigin frumkvæði að rannsaka lögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu, án tillits til þess hvort kæra kemur fram, eða að beina rannsókn til embættis ríkislögreglustjóra.

Lýðræðisstofa getur ákveðið að ógilda niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar ef verulegur ágalli hefur verið á framkvæmd hennar sem ætla má að hafi haft áhrif á niðurstöðu hennar. Séu slíkir verulegir ágallar á framkvæmd atkvæðagreiðslunnar í einu eða fleiri kjördæmum getur Lýðræðisstofa ákveðið að hún fari aftur fram þar.

13. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 137. löggjafarþingi (117. mál) og að nýju á 138. löggjafarþingi (5. mál) og er nú lagt fram að nýju nokkuð breytt. Sú meginbreyting sem lögð er til í frumvarpinu varðar Lýðræðisstofu, þ.e. að í stað þess að aðsetur skrifstofunnar verði hjá umboðsmanni Alþingis verði það á skrifstofu Alþingis og að talning atkvæða fari fram á einum stað hjá landskjörstjórn.

Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af því að í janúar 2009 kom til stærstu og alvarlegustu mótmæla Íslandssögunnar fyrir utan Alþingishúsið er þúsundir landsmanna kröfðust afsagnar ríkisstjórnarinnar. Engin lögmæt leið var til fyrir almenning til að koma ríkisstjórninni frá og krefjast kosninga og því brá fólk á það örþrifaráð að trufla störf þingsins. Ekki kom til óeirða eða blóðsúthellinga í þetta sinn, þökk sé yfirvegun og tillitssemi bæði lögreglu og mótmælenda en reynslan sýnir þó svo ekki verður um villst að mjótt getur verið á munum. Þar sem stjórnskipanin gerir ekki ráð fyrir öðru en að forsætisráðherra hverju sinni sé sá eini sem getur rofið þing, þá er einboðið að slík staða sem kom upp í janúar 2009 getur hæglega komið upp á ný. Brýnt er því að til séu úrræði í íslenskri löggjöf sem geta fært þingrofsvaldið á fleiri hendur en eins manns.

Um árabil hefur verið uppi hávær krafa um aukna aðkomu almennings að mikilvægum ákvörðunum sem varða alla þjóðina, framtíð hennar og lífsafkomu um jafnvel áratugi. Slíkar ákvarðanir hafa hingað til verið algerlega í flokkspólitískum farvegi á Alþingi og taka jafnvel mið af sjónarmiðum fámennra en fjársterkra sérhagsmunahópa. Þróun í átt til veikara þingræðis gagnvart framkvæmdarvaldinu undanfarna tvo áratugi hefur einnig gert það að verkum að valdaframsal frá almenningi til þingsins á fjögurra ára fresti hefur að mati margra verið gróflega misnotað. Því er nauðsynlegt að til komi úrræði er veitt geti bæði löggjafarvaldinu og framkæmdarvaldinu meira aðhald en verið hefur. Horft hefur verið til þess m.a. að í Danmörku getur þriðjungur þingmanna krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Þótt ekki hafi komið til þeirrar kröfu í danska þinginu virðast áhrifin vera þau að löggjöf almennt er síður umdeild. Meira tillit er tekið til andstæðra sjónarmiða um leið og reistar eru skorður við yfirgangi framkvæmdarvaldsins.

Þjóðaratkvæðagreiðslur eru sjálfsagður réttur almennings til meiri áhrifa um sín mál. Því er brýnt að umhverfi og utanumhald verði ekki á sömu flokkspólitísku nótum og almennar alþingiskosningar með sínum pólitísku kjörstjórnum og talningu samkvæmt kjördæmum. Stofnun Lýðræðisstofu sem lögð er til í frumvarpinu er mikilvægt skref í þá átt að færa þjóðaratkvæðagreiðslur og allt umhverfi þeirra, svo sem samningu spurningarinnar, kynningu á efninu og annað utanumhald, frá þeim flokkastjórnmálum sem hingað til hafa einkennt íslenska stjórnmálaumræðu. Í frumvarpinu er lagt til að Lýðræðisstofa hafi með höndum að kynna viðkomandi mál með hlutlausum hætti fyrir öllum landsmönnum. Stofunni yrði í því efni skylt að setja málið fram með einföldum og auðskildum hætti þar sem allir líklegir kostir

þess og gallar eru tilgreindir sem og hugsanlegur fjárhagslegur tilkostnaður eða sparnaður fyrir fjárhag ríkisins og fyrir þjóðarbúið í heild.

Mikilvægt er að hafa í huga að mjög víða eru í gildi einhvers konar takmarkanir um hvaða mál raunhæft og eðlilegt er að útkljá í þjóðaratkvæðagreiðslum. Vel má hugsa sér að fjárlög og skattheimta hvers árs sem og ýmis önnur árleg löggjöf sem sett er árlega til viðhalds daglegum rekstri ríkisins verði undanskilin. Einnig er mikilvægt að almennum hegningarlögum sé ekki hægt að breyta með slíkri einfaldri atkvæðagreiðslu.

Tildrög þessa frumvarps eru þau að hugmyndir Borgarahreyfingarinnar, síðar Hreyfingarinnar, í vinnuhópi forsætisráðherra um persónukjör, þjóðaratkvæðagreiðslur og stjórnlagaþing fengu ekki hljómgrunn í vinnuhópnum. Hreyfingin telur að frumvarp það um þjóðaratkvæðagreiðslur sem vinnuhópurinn skilaði forsætisráðherra, og var lagt fram og samþykkt sem lög frá Alþingi, sé algerlega óásættanlegt þar sem í því er einungis kveðið á um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna en ekki heimildir til að krefjast þeirra og í samræmi við það var lögð til breyting á heiti frumvarpsins í meðförum allsherjarnefndar svo að heitið varð lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

Þjóðaratkvæðagreiðslur eru mikilvægari lýðræðinu en svo að þeim megi eingöngu beita fyrir atbeina þess pólitíska meiri hluta Alþingis sem situr hverju sinni eða forseta Íslands, líkt og verið hefur. Flutningsmenn telja enn ríka þörf á að leggja frumvarpið fram enda endurspeglar það kröfu almennings um aukið lýðræði. Kröfuna um að almenningur á Íslandi geti haft meira að segja um sín brýnustu hagsmunamál og mikilvægustu mál lands og þjóðar og geti gert það fyrir eigið frumkvæði og fyrir eigin atbeina. Það gera ekki lög er gilda um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010, og því er þetta frumvarp lagt fram. Nokkur ákvæði frumvarpsins eru þó samhljóða lögunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gildissvið laganna. Þeim er ætlað að gilda um tilhögun og framkvæmd leynilegrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Í greininni er lagt til að Alþingi geti samþykkt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Einnig er lagt til að minni hluti þingmanna, að lágmarki ⅓ hluti kjörinna fulltrúa, geti krafist þess að slík þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram. Þá er enn fremur lagt til að ákveðið hlutfall kosningarbærra manna geti farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu með undirskrift sinni. Loks er lagt til að gildissviðið nái einnig yfir þegar skylt er samkvæmt stjórnarskránni að bera tiltekin mál undir þjóðaratkvæði.

Í 1. mgr. er því lýst að Alþingi geti ákveðið með þingsályktun að leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram. Slík ákvörðun byggist á almennum valdheimildum þingsins án þess að heimild fyrir henni þurfi að binda sérstaklega í almenn lög eða stjórnarskrá.

Þar sem lögunum er ætlað að hafa almennt gildi er ekki tekin nein efnisleg afstaða til þess í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins hvert er tilefni ákvörðunar um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram enda hefur Alþingi þar víðtækt svigrúm. Alþingi getur ákveðið að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið málefni ef sterk krafa kemur fram um það í þjóðfélaginu og fjöldi kjósenda mundi rita nafn sitt á undirskriftalista þar sem atkvæðagreiðslu yrði krafist. Telja flutningsmenn frumvarpsins að þrátt fyrir það sé nauðsynlegt að binda þá heimild í lög svo að almenningi sé sá möguleiki ljós. Þannig er lagt til í 2. mgr. 1. gr. að 10% kosningarbærra manna geti með undirskrift sinni farið fram á almenna þjóðaratkvæðagreiðslu um ákveðið málefni. Á kjörskrá eru um 230 þús. manns og er samkvæmt því nægilegt að 23.000 manns fari fram á þjóðaratkvæðagreiðslu með undirskrift sinni ef frumvarpið verður að

lögum. Telja flutningsmenn að ef slíkur fjöldi næst sé í reynd mjög sterk undiralda í þjóðfélaginu sem nauðsynlegt er að bregðast við. Þannig muni þetta virka sem ákveðinn öryggisventill og veita löggjafanum nauðsynlegt aðhald.

Í 1. mgr. greinarinnar er vísað til þess að atkvæðagreiðsla geti hvort heldur farið fram um tiltekið málefni eða lagafrumvarp. Í ljósi svigrúms Alþingis til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu ber að túlka hugtakið „málefni“ rúmt og gæti það t.d. átt við spurningu um hvort fella skuli tiltekin lög úr gildi eða hvort setja skuli lög um tiltekin málefni.

Mikilvægt er þó að hafa í huga að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. getur aðeins orðið ráðgefandi en ekki bindandi fyrir handhafa ríkisvaldsins. Stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir því að hendur löggjafans eða annarra handhafa ríkisvalds verði bundnar vegna niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu umfram þau tilvik sem talin eru í henni sjálfri. Þótt niðurstaða atkvæðagreiðslu skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði ekki stjórnskipulega bindandi fyrir Alþingi felst í henni mikilvæg vísbending um þjóðarvilja varðandi tiltekið málefni sem þjóðkjörnir fulltrúar yrðu í raun að taka tillit til. Þýðing niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar felst í því að hún hefur pólitískt skuldbindingargildi. Svari löggjafinn ekki því ákalli eða vilja þjóðarinnar sem kemur fram í atkvæðagreiðslunni reynir á pólitíska ábyrgð þjóðkjörinna fulltrúa sem þar sitja.

Í seinni málslið 1. mgr. er lagt til að minni hluti þingmanna, þ.e. lágmarki ⅓ hluti eða 21 þjóðkjörinn fulltrúi, geti ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram um ákveðið málefni eða lagafrumvarp. Með þessu ákvæði telja flutningsmenn að verið sé að tryggja aukið lýðræði og að þingmenn, stjórnmálahreyfingar og -flokkar þurfi að vera í meiri tengslum við þjóðina og endurspegla betur vilja hennar en verið hefur. Þá telja flutningsmenn að þetta muni enn fremur leiða til þess að ef þingmenn fara eftir sannfæringu sinni, sbr. ákvæði 48. gr. stjórnarskrár, í tengslum við lagasetningu þá muni þeir síður fara fram með þingsályktun og krefjast þess að fá þjóðaratkvæðagreiðslu um mál sem auk þess er tryggt að þjóðin getur sjálf farið fram á, sbr. ákvæði 2. mgr.

Í 3. mgr. greinarinnar er markaður farvegur fyrir þær þjóðaratkvæðagreiðslur sem mælt er fyrir um í ákvæðum stjórnarskrárinnar og eru því bindandi. Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar skal þjóðaratkvæðagreiðsla fara fram um frávikningu forseta lýðveldisins, skv. 26. gr. skal leggja lagafrumvarp sem forseti hefur synjað staðfestingar undir þjóðaratkvæði og loks kemur fram í 2. mgr. 79. gr. að samþykki Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 62. gr., skuli leggja það mál undir þjóðaratkvæði.

Eins og áður hefur komið fram hefur aðeins einu sinni farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla á grundvelli þessara ákvæða, þ.e. á grundvelli 26. gr. stjórnarskrár.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að stofnuð verði Lýðræðisstofa og að hún verði sjálfstæð skrifstofa, starfrækt á skrifstofu Alþingis og að forseti Alþingis ráði einn fastan starfsmann, skrifstofustjóra sem stýrir stofnuninni. Auk þess verði skrifstofustjóra heimilt að ráða fleiri starfsmenn til að sinna auknum eða tímabundnum verkefnum stofnunarinnar.

Hugmyndin með stofnun Lýðræðisstofu er að tryggja að hlutleysis sé gætt við framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. við kynningar á því málefni eða lagafrumvarpi sem samþykkt hefur verið að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um. Þá er mikilvægt að viðkomandi stofnun og sá sem henni stýrir njóti trausts almennings. Með þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt frumvarpinu er í reynd verið að kalla eftir vilja þjóðarinnar í afstöðu til ákveðins málefnis eða lagafrumvarps.

Flutningsmenn telja að þegar litið er til eðlis þeirra sérstöku verkefna sem Lýðræðisstofu er fengið samkvæmt frumvarpinu sé eðlilegt að ekki sé skylda að auglýsa starf skrifstofustjóra Lýðræðisstofu og annarra starfsmanna eins og almennt er skylt um störf hjá opinberum stofnunum. Enda getur verkefnin borið nokkuð brátt að og samkvæmt frumvarpinu eru tímafrestir fram að þjóðaratkvæðagreiðslu frekar stuttir og því eðlilegt að unnt sé að bregðast við þeim og kalla til hæft fólk á þessu sviði sem hefur t.d. reynslu af vinnu við hvers konar kjörstjórnir í kosningum, kynningarmálum o.fl. og verkefnið samkvæmt eðli sínu tímabundið. En það er hugsanlegt að rétt sé að gera kröfur um menntun og reynslu skrifstofustjóra. Þá telja flutningsmenn nauðsynlegt að Lýðræðisstofu verði tryggðir nægilegir fjármunir til þess að geta ráðið til sín fólk svo unnt verði að standa vel að undirbúningi og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um kosningarrétt o.fl. en með frumvarpinu er lagt til að almennt sé tekið mið af því að tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslna fari eftir sömu reglum og gilda um kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, með síðari breytingum. Þau lög gera síðan ráð fyrir að um kjörið gildi lög um þingkosningar að svo miklu leyti sem sérreglna er ekki þörf.

Í samræmi við þetta er því lýst í greininni að reglur um kosningarrétt og kjörskrár til afnota í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. gr. séu þær sömu og eiga við í alþingiskosningum, sbr. lög um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Þó kemur fram í 2. málsl. 1. mgr. að kjörskrár skuli miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag og miðast það við sérreglu laga um framboð og kjör forseta Íslands. Þá er lagt til að ef um undirskriftasöfnun er að ræða sé miðað við sama dag og undirskriftasöfnun hefst og er tilkynnt Lýðræðisstofu.

Um kosningarrétt gilda einnig sömu skilyrði og eiga við í alþingiskosningum, sbr. einnig 33. gr. stjórnarskrárinnar. Slíkan rétt hafa því allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Þá skulu þeir einnig hafa lögheimili hér á landi, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, en nánari reglur um það er að finna í 2. mgr. 1. gr. laganna um kosningar til Alþingis.

Í ljósi þess að viðfangsefni þau sem fjallað er um í þjóðaratkvæðagreiðslu verða alla jafna þau sömu og almennt heyra undir verksvið Alþingis þykir eðlilegt að miða kosningarrétt í þjóðaratkvæðagreiðslu við þann sem gildir í alþingiskosningum.

Um 4. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu og lagt til að það verði hlutverk Lýðræðisstofu að sjá um framkvæmdina. Þá er lagt til að Lýðræðisstofa skuli ganga úr skugga um hvort skilyrðum 2. mgr. 1. gr. er fullnægt, ákveði endanlegt efni og orðalag þeirrar spurningar sem lögð er fyrir kjósendur hvort sem Alþingi hefur ákveðið með þingsályktun að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fari fram, minni hluti þingmanna hefur ákveðið það eða að lágmarki 10% kosningarbærra manna hafa farið fram á það með undirskrift sinni.

Gert er ráð fyrir því að í þingsályktun sé samþykkt efni og orðalag spurningar þeirrar sem Alþingi ályktar að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram um en ekki er útilokað að hún verði ákveðin síðar og þá í sérstakri þingsályktun. Við framkvæmd þessarar greinar er því eðlilegt að Lýðræðisstofa fari almennt eftir vilja Alþingis ef hann er skýr, þ.e. varðandi efni og orðalag spurningarinnar, nema eitthvað sérstakt mæli því í mót.

Líklegt er að meira muni reyna á þetta hlutverk Lýðræðisstofu þegar þjóðaratkvæðagreiðslu hefur verið krafist með undirskriftum og enn fremur þegar þjóðaratkvæðagreiðslur skulu fara fram skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Mikilvægt er að vandað sé til verka við ákvörðun um orðalag og framsetningu og að endanleg ákvörðun sé falin hlutlausum aðila. Telja flutningsmenn að með því að fela Lýðræðisstofu þetta mikilvæga verkefni sé tryggt að ekki vakni tortryggni um framsetningu sem kunni svo að hafa áhrif á afstöðu kjósenda.

Í erlendum rannsóknum sem gerðar hafa verið á þjóðaratkvæðagreiðslum og ráðleggingum um fyrirkomulag þeirra er jafnan mælt með því að til þess að fá fram skýra og afdráttarlausa niðurstöðu þurfi að setja fram skýra og óskilyrta spurningu þar sem valkostir um svar eru aðeins tveir. Í samræmi við það er ráðgert í 2. mgr. að meginreglan sé að á kjörseðli í þjóðaratkvæðagreiðslu skuli koma skýrt fram spurning um hvort kjósandi samþykki þá tillögu sem borin er fram og gefnir tveir svarmöguleikar sem eru „Já“ eða „Nei“.

Þrátt fyrir þetta er ekki útilokað að Lýðræðisstofa kjósi að setja spurningu fram með öðrum hætti, þannig að valkostir séu fleiri en tveir og er gert ráð fyrir því í 3. mgr. Þar kemur jafnframt fram að unnt er að ákveða að hafa fleiri en eina spurningu í sömu atkvæðagreiðslu.

Þá er lagt til í 4. mgr. að Lýðræðisstofa setji nánari reglur um útlit og frágang kjörseðla, þar sem fram kemur nákvæmari lýsing á uppsetningu texta sem kemur fram á seðlinum.

Loks er lagt til að dómsmálaráðuneytið láti yfirstjórnum í té atkvæðisseðla, sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og annist framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla við alþingiskosningar.

Um 5. gr.

Í 1. og 2. mgr. þessarar greinar er kveðið á um tímafresti fram að kjördegi frá því að ákvörðun eða krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir, fullnægjandi undirskriftum er skilað til Lýðræðisstofu eða atvik verða sem lýst er í viðeigandi stjórnarskrárákvæðum. Ekki er ráðgert að sömu reglur gildi um tímafresti í öllum tilvikum, m.a. vegna fyrirmæla stjórnarskrárinnar sjálfrar.

Í 1. mgr. er ráðgert að þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 1. mgr. 1. gr. skuli fara fram eigi síðar en sex mánuðum eftir að þingsályktunartillaga hefur verið samþykkt á Alþingi eða almennrar þjóðaratkvæðagreiðslu hefur verið krafist. Telja flutningsmenn að það sé nægur tími fyrir Lýðræðisstofu til að undirbúa framkvæmd atkvæðagreiðslunnar og kynningu á málefninu með nægilega víðtækum hætti, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Í 2. og 3. mgr. er lýst tímafrestum um það hvenær atkvæðagreiðsla skv. 3. mgr. 11. gr. og 26. gr. stjórnarskrárinnar skal fara fram. Hér verður að líta til þess að í báðum þessum ákvæðum er áskilið að atkvæðagreiðslan fari fram innan ákveðins tíma. Í 3. mgr. 11. gr. segir berum orðum að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafa um hana var samþykkt á Alþingi og í 26. gr. segir að hún skuli fara fram svo fljótt sem kostur er frá því að forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar. Hvað síðarnefnda tilvikið varðar má líta til þess að ákveðinn lágmarkstími þarf að líða til undirbúnings fyrir atkvæðagreiðsluna sem áður segir en sá tími sem líður frá því að synjun forseta er kunngerð og þar til þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram nýtist til umræðu um viðkomandi lög og til kynningar á hinu umdeilda málefni sem kjósendur verða að taka afstöðu til. Ljóst er að skv. 3. mgr. 11. gr. eru tveir mánuðir sá hámarkstími sem má líða, en þess má vænta að atkvæðagreiðslan gæti farið fram fyrr. Samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, sbr. lög nr. 9/2004, er kjörskrárgerð miðuð við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Er það

sami viðmiðunardagur og til skamms tíma gilti um kjörskrá í alþingiskosningum, en þetta tímamark var lengt í fimm vikur með lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, til að sömu upplýsingar gætu legið til grundvallar kjörskrárgerð og afmörkun nyrðra og syðra kjördæmis í Reykjavík, sem auglýsa ber fjórum vikum fyrir kjördag alþingiskosninga. Án breytinga á öðrum frestum samkvæmt þeim lögum eru þrjár vikur því almennt sá lágmarksfrestur sem þarf til að undirbúa almennar kosningar í landinu. Verður að ætla að það teldist uppfylla skilyrði 26. gr. um að atkvæðagreiðsla fari fram „svo fljótt sem kostur er“ en einnig er mikilvægt það tímamark að atkvæðagreiðsla dragist að jafnaði ekki lengur en tvo mánuði.

Ekki er mælt fyrir um tiltekna tímafresti hér varðandi atkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar enda koma slíkir frestir ekki fram í stjórnarskránni sjálfri. Er því ekki tilefni til að binda sérstakar reglur í almenn lög um það efni en ákvörðun um kjördag í þeim tilvikum er á hendi Alþingis.

Í 4. mgr. er lagt til að ekki verði heimilt að láta þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum fara fram samhliða kosningum til sveitarstjórna eða Alþingis. Telja flutningsmenn að það geti verið til þess fallið að draga úr vægi kosningarinnar og jafnvel gera hana óþarflega flókna.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar kemur fram sú meginregla að Lýðræðisstofa skuli ákveða kjördag fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. en jafnframt er mælt fyrir um sérstakar auglýsingar um atkvæðagreiðsluna, þ.e. einu sinni í Lögbirtingablaði og daglega í ríkisútvarpi. Þá er tekið fram að spurningin sem borin er upp í atkvæðagreiðslunni skuli einnig birt formlega með þessum fyrirvara. Með þessu er reynt að tryggja að kjósendur fái ákveðinn lágmarkstíma til að meta hvaða afstöðu þeir taki til spurningarinnar eða eftir atvikum spurninganna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Lýðræðisstofa skuli ákveða kjördag fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar og auglýsa atkvæðagreiðsluna einu sinni í Lögbirtingablaði og þrisvar sinnum í ríkisútvarpi á sem heppilegustum tíma en í síðasta lagi einum mánuði fyrir atkvæðagreiðsluna.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sett verði ákvæði um kynningu á málefni sem bera á undir þjóðaratkvæði skv. 1. gr. Slík kynning, þar á meðal útgáfa og dreifing viðeigandi kynningarefnis, er vandmeðfarin og mikilvægt að þess sé gætt að kynna bæði rök með og á móti þeim málstað eða málefni sem kosið er um svo kjósandi geti tekið vel upplýsta ákvörðun í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Lagt er til að Lýðræðisstofa standi fyrir kynningunni og setji sér reglur um fyrirkomulag kynningarinnar. Hefur Lýðræðisstofa svigrúm í þeim efnum til að velja þær leiðir sem hún telur árangursríkastar til að ná þessu markmiði eða fela tilteknum aðila framkvæmd kynningarinnar. Mikilvægt er að sá tími sem líður frá því að þjóðaratkvæðagreiðsla er ákveðin og fram til kjördags verði nýttur mjög vel til kynningar. Ekki er lagt til að lögbundin verði heimild til að verja fjármunum til þeirra fylkinga eða samtaka sem kunna að myndast og takast á í aðdraganda að þjóðaratkvæðagreiðslum.

Í 2. mgr. er sérregla sett um kynningu þegar um ræðir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Í ljósi þess að atkvæðagreiðsla skal fara fram eins fljótt og kostur er gefst minni tími til almennrar kynningar en mikilvægast er að kynna efni hins umdeilda frumvarps, eða í raun réttri laganna sem þá hafa tekið gildi, fyrir kjósendum. Er því lagt til að Lýðræðis-

stofu verði falið að dreifa inn á öll heimili í landinu upplýsingariti sem hafi að geyma lögin sem forseti synjaði staðfestingar og kjósa skal um skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta ber að gera svo fljótt sem verða má eftir að forseti hefur synjað staðfestingar og eigi síðar en viku fyrir fyrirhugaða atkvæðagreiðslu. Með þessu móti má ætla að kjósendur geti myndað sér hlutlæga skoðun og tekið afstöðu til málsins. Þá skal í slíku kynningarefni einnig vakin sérstök athygli á því að frumvarpið til laganna og öll skjöl varðandi meðferð þess á Alþingi séu aðgengileg á áberandi stað á heimasíðu Alþingis til þess að stuðla frekar að því að kjósendur geti kynnt sér málið og þau ágreiningsefni sem þar eru uppi.

Ekki er lagt til að lögbinda sérstakar reglur um kynningu í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslu um frávikningu forseta skv. 3. mgr. 11. gr. eða um ákvörðun um breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 2. mgr. 79. gr. enda eru þau málefni að ýmsu leyti annars eðlis. Þótt ekki verði festar reglur um kynningu við þessar aðstæður hefur Alþingi að sjálfsögðu svigrúm til að hún fari fram, telji það þörf á og getur þá með sama hætti ákveðið að setja hana í sama farveg og á við um 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í greininni er mælt fyrir um kjörstjórnir, kjördæmi o.fl. og er fyrirmyndin eins og í öðrum atriðum þessa frumvarps sótt til laga um kosningar til Alþingis og laga um framboð og kjör forseta Íslands en einnig til laga um stjórnlagaþing. Þannig að yfirkjörstjórnum er sleppt en undirkjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar og nota þær sömu gerðabækur og við alþingiskosningar. Þá er gert ráð fyrir að mörk kjördæma, kjörstaðir og kjördeildir skuli vera hinar sömu og í næstliðnum alþingiskosningum en þetta er gert til hagræðis.

Í frumvarpinu er lagt til að atkvæði verði talin á landsvísu eins og gert verður við kosningar til stjórnlagaþings. Þar er lagt til að landskjörstjórn sjái um talningu atkvæða en geti kvatt yfirkjörstjórnir sér til aðstoðar. Það er því ekki gert ráð fyrir því að yfirkjörstjórnir séu almennt starfandi við kosningarnar.

Að atkvæðagreiðslu lokinni gengur undirkjörstjórn frá kjörgögnum í samræmi við 95. gr. laga um kosningar til Alþingis og sendir landskjörstjórn á öruggan hátt. Landskjörstjórn eða aðili sem hún tilnefnir gefur viðurkenningu fyrir móttöku þegar gögnin berast. Að öðru leyti fer um framkvæmdina samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, og, eftir því sem við getur átt, lögum um kosningar til Alþingis.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um úrslit atkvæðagreiðslu og aðgerðir yfirkjörstjórna að lokinni talningu atkvæða. Er hér um sambærilegt ferli að ræða eins og á við í forsetakosningum, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, að því frátöldu að Lýðræðisstofa hefur hér með höndum þau störf sem Hæstiréttur hefur í forsetakosningum.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að Lýðræðisstofa skuli boða til fundar með forseta Alþingis, forseta Hæstaréttar, forsætisráðherra og eftir atvikum ábyrgðarmanni undirskriftasöfnunar, þar sem Lýðræðisstofa úrskurðar um gildi ágreiningsseðla og lýsir úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir landið í heild. Boðun þessara aðila til fundarins er táknræn fyrir mikilvægi niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu og ljær fundinum ákveðinn virðuleika.

Þá er í 3. mgr. mælt fyrir um skyldu Lýðræðisstofu til að tilkynna dómsmálaráðuneytinu um úrslit atkvæðagreiðslu sem og að auglýsa úrslit atkvæðagreiðslunnar í Lögbirtingablaði og ríkisútvarpi.

Í 4. mgr. kemur fram sérregla um birtingu niðurstöðu atkvæðagreiðslu skv. 26. gr. í A-deild Stjórnartíðinda. Ljóst er að lagafrumvarp sem forseti neitar að undirrita skv. 26. gr. öðlast þó allt að einu gildi sem lög og glatar því ekki, nema það sé fellt í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Ætla verður að birting laga sem öðlast gildi við þessar aðstæður verði að fylgja þeim reglum sem fram koma í 27. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæðum laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005. Verði frumvarpið eða í raun réttri lögin, því um þetta er orðalag 26. gr. óskýrt, samþykkt í atkvæðagreiðslunni þarf sú niðurstaða ekki frekari auglýsingar við en þeirrar sem getið er í 2. mgr. varðandi birtingu í Lögbirtingablaði. Verði lögin á hinn bóginn felld í atkvæðagreiðslunni falla þau úr gildi. Hér er því lagt til að dómsmálaráðuneytið birti sérstaka auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda strax næsta dag eftir kjördag þar sem tilkynnt er að lögin séu fallin úr gildi. Um lagaskil í einstökum tilvikum er ekki unnt að mæla nánar fyrir í almennum lögum enda geta þau horft afar mismunandi við eftir eðli og inntaki þeirra laga sem um er að ræða.

Um 10. gr.

Greinin mælir fyrir um þá almennu reglu að tillaga eða spurning sem borin er fram í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þegar meiri hluti þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni svara henni játandi. Er reglunni ætlað að gilda bæði um atkvæðagreiðslur sem Alþingi ákveður að efna til skv. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins og þær þjóðaratkvæðagreiðslur sem taldar eru í 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 79. gr. stjórnarskrárinnar, en reyndar er hún orðuð sérstaklega í fyrstnefnda ákvæðinu.

Þar sem einskis er getið í framangreindum stjórnarskrárákvæðum um þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi skilyrði um lágmarksþátttöku kjósenda eða að tiltekið hlutfall þeirra þurfi að samþykkja tillögu sem borin er fram verður byggt á þessari almennu reglu eins og tíðkast hefur í framkvæmd.

Um 11. gr.

Í greininni er að finna almennar tilvísanir til laga um kosningar til Alþingis varðandi framkvæmd og tilhögun atkvæðagreiðslu á kjörfundi og utan kjörfundar o.fl. að svo miklu leyti sem við getur átt, sbr. einnig 14. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Um 12. gr.

Í þessari grein koma fram reglur um hvernig fara beri með kærur um ólögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu. Þó eru undanskildar kærur um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað sem lýst er í XXV. kafla laganna um kosningar til Alþingis, en um þær fer eins og aðrar kærur um refsiverða háttsemi eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála.

Kærur vegna framkvæmdar þjóðaratkvæðagreiðslu skulu sendar til Hæstaréttar innan sjö daga frá því að þjóðaratkvæðagreiðslan fór fram. Ber Lýðræðisstofu þá að rannsaka málið og úrskurða um lögmæti atkvæðagreiðslunnar.

Þá er einnig lagt til að Lýðræðisstofa geti ákveðið að eigin frumkvæði að rannsaka lögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu, án tillits til þess hvort kæra kemur fram, eða að beina rannsókn til embættis ríkislögreglustjóra.

Í 3. mgr. er lagt til að Lýðræðisstofa geti ákveðið að ógilda niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Það getur komið til hvort heldur ef Lýðræðisstofa hefur tekið til meðferðar kæru og úrskurðað að atkvæðagreiðslan hafi verið ólögmæt eða ef stofan telur að aðrir

verulegir ágallar hafi verið á framkvæmd hennar sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslitin. Séu slíkir verulegir ágallar á framkvæmd atkvæðagreiðslunnar í einu eða fleiri kjördæmum getur Lýðræðisstofa ákveðið að hún fari aftur fram þar í stað þess að öll atkvæðagreiðslan verði endurtekin.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

114. Tillaga til þingsályktunar [106. mál]

um óháðan og gagnsæjan uppboðsmarkað fyrir eignir banka og fjármálastofnana sem hafa verið yfirteknar.

Flm.: Birkir Jón Jónsson, Birgir Þórarinsson, Eygló Harðardóttir, Guðmundur Steingrímsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Margrét Tryggvadóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Siv Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Þór Saari.

Alþingi ályktar að fela efnahags- og viðskiptaráðherra að hafa forgöngu um að stofnaður verði óháður og gagnsær uppboðsmarkaður fyrir eignir banka og fjármálastofnana, fyrir utan íbúðarhúsnæði, sem hafa verið yfirteknar á grundvelli 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Uppsetning og rekstur markaðarins verði í höndum hins opinbera. Markaðnum er ætlað að auka skilvirkni efnahagslífsins og trúverðugleika íslensks fjármálakerfis, efla traust almennings og stuðla að gagnsærra samfélagi.

Greinargerð.

Ljóst er að mikil tortryggni ríkir í þjóðfélaginu um starfsemi fjármálastofnana og meðferð þeirra eigna sem stofnanirnar hafa tekið yfir. Nauðsynlegt er fyrir uppbyggingu samfélagsins að allt endursöluferli þessara eigna sé gert lýðræðislegt og gagnsætt, þar sem allir eigi jafna möguleika til þátttöku og við tilboðsgerð í þær eignir sem fjármálastofnanir ætla að selja á hverjum tíma. Með það að leiðarljósi ætti að auðvelda öllum fjármálastofnunum að innleiða upplýstara og augljósara ferli við sölu eigna þar sem allur vafi yrði tekinn af um að fullnægjandi vinnubrögð séu viðhöfð.

Öllum bönkum og fjármálastofnunum yrði gert að auglýsa yfirteknar eignir sem ætlunin er að selja á þar til gerðum óháðum markaði. Framkvæmd markaðarins yrði á sambærilegu formi og önnur opinber uppboð og færi fram gegnum sérútbúna vefsíðu. Á vefsíðunni yrðu birtar allar nauðsynlegar upplýsingar um eignirnar, þar sem öllum gæfist kostur á að bjóða í hverja eign fyrir sig. Hið opinbera mundi stofna og starfrækja uppboðsmarkaðinn. Stofnun slíks markaðar mundi auka jafnræði í samfélaginu og þar með einnig traust og gagnsæi í þjóðfélaginu, auk þess sem uppboðsmarkaðurinn mundi minnka líkur á að óheilbrigðir viðskiptahættir yrðu viðhafðir.

Lagt er til að fyrirkomulag við uppboðin verði eftirfarandi:

– Auglýsingatími eigna verði að lágmarki tvær vikur.

- Auglýsingar verði sambærilegar venjubundnum eignaauglýsingum, svo sem fasteignaauglýsingum, og birtar á almennum leitarsíðum.
- Ef hæstu boðum er hafnað ber fjármálastofnun að gera grein fyrir ákvörðun sinni til opinbers eftirlitsaðila, t.d. Fjármálaeftirlitsins eða Ríkiskaupa.

Helstu kostir opinbers uppboðsmarkaðar af þessu tagi eru að draga úr tækifærum til misnotkunar, koma hreyfingu á fjármagn og viðskipti, stuðla að endurreisn trúverðugleika fjármálakerfisins og fjármálafyrirtækja ásamt því að tryggja jafnræði í sölumeðferð eigna.

115. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um staðbundna fjölmiðla.

Flm.: Birkir Jón Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Guðmundur Steingrímsson, Eygló Harðardóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að skipa nefnd er athugi stöðu staðbundinna fjölmiðla og rekstrarumhverfi þeirra og skili skýrslu eigi síðar en 1. mars 2011. Í skýrslunni verði gerð grein fyrir þróun markaðarins undanfarin ár og, ef þurfa þykir, komið með tillögur um beinar eða óbeinar aðgerðir sem ríkisstjórn og Alþingi gætu gripið til í því skyni að efla rekstrargrundvöll staðbundinna fjölmiðla.

Greinargerð.

Markmið þessarar þingsályktunartillögu er að gerð verði úttekt á þeirri stöðu sem nú er á markaði svæðisbundinna fjölmiðla en slík úttekt getur lagt grundvöll að umræðum um aðgerðir til að efla þessa gerð fjölmiðlunar. Svæðisbundnir fjölmiðlar gegna nú þegar og munu í framtíðinni gegna vaxandi hlutverki fyrir lýðræðislega umræðu.

Í skýrslu, sem nefnd menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi vann og gefin var út árið 2005, kom fram að sú skylda hvílir á íslenska ríkinu að stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlun. Skýrslan fjallaði nær eingöngu um málefni þeirra fjölmiðla sem hafa útbreiðslu um land allt en að litlu leyti um staðbundna fjölmiðla. Þótt finna megi dæmi um öflugan fjölmiðlarekstur utan höfuðborgarsvæðisins hafa staðbundnir fjölmiðlar átt undir högg að sækja hér á landi. Nauðsynlegt er að gera sérstaka úttekt á stöðu þessara miðla svo ræða megi hvort sérstakra aðgerða er þörf til að efla stöðu þeirra.

Í skýrslu fjölmiðlanefndar kemur fram að ríkisstyrkir séu ein þeirra leiða sem til greina komi til þess að standa vörð um fjölbreytni í fjölmiðlun í landinu. Er þar vísað til tilmæla Evrópuráðsins um að ríki hugi að því hvort ástæða sé til að veita prentmiðlum og útvarpsmiðlum sérstakan fjárstuðning, einkum svæðisbundnum miðlum. Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða skuli miðað við að stuðningur af þessu tagi sé byggður á hlutlægum sjónarmiðum, á grundvelli gegnsærra reglna og málsmeðferðar, sem sæti ytra eftirliti. Ákvarðanir af þessum toga sæti jafnframt reglubundinni endurskoðun til að komast hjá því að þær ýti undir samþjöppun eða óeðlilegan ábata þeirra sem njóta opinbers stuðnings. Nefndin gerði þó ekki tillögu um að þessi leið yrði farin.

Sameining sveitarfélaga leiðir til þess að þörf íbúanna eykst fyrir staðbundna fjölmiðlun sem í senn veitir upplýsingar um verkefni stjórnvalda og er vettvangur opinberrar umræðu um málefni hvers sveitarfélags.

Í ljósi efnahagsaðstæðna og rekstrarumhverfis fjölmiðla á landsbyggðinni hefur aldrei verið eins mikilvægt og nú að standa vörð um rekstur þeirra. Minni þjónusta Ríkisútvarpsins við landsbyggðina gerir það enn mikilvægara að efla rekstrargrundvöll fjölmiðla á landsbyggðinni. Gert er ráð fyrir að nefndin skili skýrslu eigi síðar en 1. mars 2011.

116. Frumvarp til laga [108. mál]

um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Í stað 2. mgr. 165. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrotamaðurinn ber ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjaldþrotaskiptin. Hafi kröfu verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau er fyrningu slitið gagnvart þrotamanninum og byrjar þá nýr tveggja ára fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum er lokið. Þótt kröfu hafi ekki verið lýst við skiptin gildir þessi sami fyrningarfrestur um hana, enda fyrnist hún ekki á skemmri tíma.

Fyrningu krafna sem um ræðir í 2. mgr. verður aðeins slitið á ný með því að lánardrottinn höfði innan fyrningarfrests mál á hendur þrotamanninum og fái þar dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum. Slíka viðurkenningu skal því aðeins veita með dómi að lánardrottinn sýni fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu, svo og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma, en að gengnum slíkum dómi gilda almennar reglur um fyrningu hennar. Hafi lánardrottinn fengið tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni í eign þrotamannsins áður en frestur skv. 2. mgr. var á enda fyrnist krafa hans þó ekki að því leyti sem fullnusta fæst á henni á síðari stigum vegna þeirra tryggingarréttinda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Með því eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. sem miða að því að stytta fyrningarfrest á þeim kröfum eða þeim hluta þeirra sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti. Með því móti er þeim einstaklingum sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta en bera áfram ábyrgð á skuldum sem ekki hafa fengist greiddar við gjaldþrotaskiptin auðveldað að koma fjármálum sínum á réttan kjöl.

Samkvæmt 2. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. byrjar nýr fyrningarfrestur kröfu að líða á þeim degi sem gjaldþrotaskiptum lauk ef krafa í þrotabú hefur verið viðurkennd en ella telst fyrningarfrestur frá þeim degi sem kröfunni er lýst. Hinn nýi fyrningarfrestur er sá sami og krafan bar áður og getur verið fjögur, tíu eða tuttugu ár eftir því um hvaða kröfu er að ræða. Unnt er að rjúfa fyrninguna á þessu tímabili og þannig viðhalda kröfunni um aldur og ævi. Við gjaldþrotaskipti á búi einstaklings fellur krafa ekki niður þótt henni hafi ekki verið lýst við skiptin, en fyrning hennar rofnar ekki vegna skiptanna og gildir þá sá fyrningarfrestur sem við á eftir almennum reglum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fyrningartími allra krafna sem lýst er í þrotabú verði sá sami án tillits til þess um hvers konar kröfu er að ræða. Sá tími verði tvö ár. Jafnframt er lagt til að sami frestur gildi um kröfur sem ekki hefur verið lýst við gjaldþrotaskiptin nema þær fyrnist á skemmri tíma eftir almennum reglum. Þetta er lagt til með tilliti til þess að lánardrottinn ætti að öðrum kosti færi á að láta almennan fyrningarfrest gilda um kröfu sína með því einu að lýsa henni ekki við skiptin. Að auki er lagt til að ekki verði unnt að slíta fyrningunni, hvort sem kröfu hefur verið lýst eða ekki, innan þessa tveggja ára frests nema í undantekningartilfellum, en til þess þurfi lánardrottinn að höfða mál fyrir dómstólum á hendur þrotamanni og fá viðurkenningu á því að fyrningu kröfunnar sé slitið. Til þess að fá slíkan viðurkenningardóm samkvæmt frumvarpinu þarf lánardrottinn að sýna fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að fá fyrningunni slitið, auk þess sem hann verður að leiða líkur að því að hann geti fengið fullnustu kröfu sinnar með lengri fyrningartíma. Þegar rætt er hér um sérstaka hagsmuni lánardrottins er horft til þess af hvaða rót kröfurnar eru runnar og höfð í huga tilvik eins og krafa á hendur þrotamanni sem til hefur orðið með saknæmri eða ámælisverðri háttsemi hans. Hér er að sjálfsögðu ekki um tæmandi talningu að ræða en til þess ber að líta að hér er gert ráð fyrir að um undantekningartilfelli verði að ræða og þrönga túlkun á heimildinni. Er ráðgert að það komi í hlut dómstóla að afmarka í framkvæmd hvers konar tilvik gætu heyrt hér undir. Fái lánardrottinn viðurkenningu dómstóls á því að fyrningu kröfunnar sé slitið hefst nýr fyrningarfrestur eftir almennum reglum. Þá er einnig lagt til að ef skuldari eignast á þessu tveggja ára tímabili eign og lánardrottinn gerir fjárnám í henni þá fyrnist ekki sá hluti kröfu hans sem greiðist af andvirði þess sem fjárnám var gert í. Sá hluti kröfunnar sem greiðist ekki af andvirði eignarinnar mundi á hinn bóginn fyrnast við lok þessa tveggja ára tímabils.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur).

Með frumvarpi þessu er lagt til að fyrningarfrestur verði styttur á þeim kröfum eða þeim hluta krafna sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti. Frumvarpið gerir ráð fyrir að fyrningartími allra krafna sem lýst er í þrotabú verði tvö ár án tillits til þess um hvers konar kröfu er að ræða. Sami frestur verði látinn gilda um kröfur sem ekki hefur verið lýst við gjaldþrotaskiptin, nema þær fyrnist á skemmri tíma samkvæmt almennum reglum. Frumvarpið gerir

jafnframt ráð fyrir því að ekki verði hægt að slíta fyrningunni innan þessa tveggja ára frests nema í undantekningartilfellum og þarf þá dómsmál gegn þrotamanni til. Á þetta við hvort sem kröfu hefur verið lýst eða ekki. Fái lánardrottinn viðurkenningu fyrir dómi um að fyrningu kröfu sé slitið hefst nýr fyrningarfrestur eftir almennum reglum. Í gildandi lögum er fyrningarfrestur fjögur, tíu eða tuttugu ár eftir eðli kröfunnar og er unnt að rjúfa fyrninguna á þessu tímabili og viðhalda henni þannig um aldur og ævi.

Í frumvarpinu er auk þess lagt til að ef skuldari eignast aðra eign á þessu tveggja ára tímabili sem lánardrottinn fær fjárnám í þá fyrnist ekki sá hluti kröfu hans sem greiðist af andvirði þeirrar eignar. Það sem ekki greiðist af andvirði nýju eignarinnar mun fyrnast við lok þessa tveggja ára tímabils.

Samkvæmt gildandi lögum er fyrningarfrestur skattaskulda fjögur ár. Hinn almenna verklagsregla hjá innheimtumönnum ríkissjóðs í dag er sú að krefjast ekki nema í undantekningartilvikum gjaldþrots þegar um er að ræða skattskuldir einstaklinga. Þar er látið nægja að gera fjárnám til tryggingar kröfunni. Skuldaranum sjálfum er hins vegar frjálst að fara fram á gjaldþrotaskipti, en slíkt gerist afar sjaldan. Reynist fjárnámið árangurslaust fer krafan inn á biðskrá innheimtumanns þar sem hún situr alla jafna óhreyfð næstu fjögur árin, nema skuldarinn rjúfi sjálfur fyrninguna á tímabilinu. Að fjórum árum liðnum fer fram eignakönnun hjá viðkomandi einstaklingi og leiði hún í ljós eignaleysi er krafan afskrifuð og skuldari er þá laus allra mála.

Verði umrætt frumvarp hins vegar að lögum styttist fyrningarfrestur skattaskulda úr fjórum árum í tvö ár óski skuldari eftir gjaldþrotaskiptum. Að tveimur árum liðnum lætur innheimtumaður ríkissjóðs gera eignakönnun og telji hann líkur á að skuldari verði borgunarfær á næstu árum getur hann óskað eftir því gagnvart héraðsdómi að rjúfa fyrninguna og þá hefst almennur fyrningarfrestur. Gera má ráð fyrir að þessi stytting á fyrningarfrestinum auki umsýslu með þessum málum hjá innheimtumönnum ríkissjóðs, annars vegar vegna þess að reikna má með að einstaklingar muni í auknum mæli óska eftir gjaldþrotaskiptum sem kallar á kröfulýsingu o.fl. af hálfu innheimtumanns sem hefur aðeins gerst í undantekningartilvikum fram til þessa og hins vegar vegna þess að leggja þarf í viðbótarvinnu að aðeins tveimur árum liðnum varðandi rof á fyrningu gagnvart héraðsdómi ef líkur eru taldar á að skuldari reynist borgunarmaður síðar. Ekki er þó talin ástæða til að ætla að vinna við þessa umsýslu verði í þeim mæli að gera þurfi sérstaka áætlun um það.

Mikil óvissa er um það hvaða áhrif þessi breyting muni hafa á innheimtu skatttekna á komandi árum en gera má ráð fyrir því að innheimtuhlutfallið geti lækkað eitthvað. Hugsanlegt er að einhverjir sjái sér hag í því að gera sig gjaldþrota til að komast fyrr út úr skuldum. Það sem kann þó að skipta meira máli er að minni tilhneiging kann að verða til svartrar vinnu til lengri tíma litið vegna þess að einstaklingar komast fyrr út úr þeim fjárhagslegu aðstæðum sem knúið hafa þá í þrot. Þannig má ætla að þeim einstaklingum sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta takist fyrr að koma fjármálum sínum á réttan kjöl og taka þannig eðlilegan þátt í þjóðlífinu með öflun tekna og greiðslu skatta. Á þessu stigi er hins vegar með engu móti unnt að segja fyrir um áhrif þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs þegar upp verður staðið en varla er þó ástæða til að ætla að þau verði umtalsverð.

Eins og að framan greinir er gert ráð fyrir því að samþykkt frumvarpsins muni hafa einhverja aukna vinnu í för með sér fyrir innheimtumenn ríkissjóðs sem þó er gert ráð fyrir að rúmist innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

117. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um úttekt á gerð göngubrúar yfir Ölfusá við Selfoss.

Flm.: Unnur Brá Konráðsdóttir, Árni Johnsen, Ragnheiður E. Árnadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Oddný G. Harðardóttir, Róbert Marshall, Eygló Harðardóttir, Birgir Þórarinsson, Margrét Tryggvadóttir, Jórunn Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Úttekt á framkvæmdinni og kostnaðarmat liggi fyrir 1. mars 2011.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 132. löggjafarþingi (38. mál), 133. löggjafarþingi (46. mál) og 138. löggjafarþingi (108. mál). Með henni er lagt til að Alþingi feli samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Lagt er til að úttektin og kostnaðarmat liggi fyrir 1. mars 2011.

Þegar Ölfusá var brúuð við Selfoss myndaðist strax byggð sunnan árinnar þar sem meginíbúðarbyggðin og aðalatvinnusvæði byggðarlagsins hefur byggst upp. Nokkur íbúðarbyggð hefur alla tíð verið norðan Ölfusár og má ætla að um 200 íbúar sem tilheyra sveitarfélaginu Árborg búi þar, auk íbúa úr Árbæjarbyggð í Ölfusi. Atvinnurekstur hefur einnig verið norðan árinnar í fjölda ára og hefur Sláturfélag Suðurlands verið fjölmennasti vinnustaðurinn. Hin síðari ár hefur atvinnurekstur norðan Ölfusár aukist og ætla má að nú séu um 250–300 störf í þeim fjölbreyttu fyrirtækjum sem starfrækt eru á svæðinu. Þá hefur sveitarfélagið Árborg skipulagt stærra svæði norðan Ölfusár fyrir atvinnustarfsemi. Einnig má benda á að Hellisskógur, sem er eitt aðalútivistarsvæði Selfoss, er einmitt norðan Ölfusár.

Með síaukinni umferð um Ölfusárbrú, ekki hvað síst þungaflutningum, er ljóst að þrengt hefur verið að gangandi umferð á brúnni. Því miður hafa oftsinnis orðið óhöpp við handrið sem aðskilur gangandi vegfarendur og ökutæki á Ölfusárbrú en hingað til hafa ekki orðið slys á fólki í þessum óhöppum.

Um alllangt skeið hefur legið fyrir í aðalskipulagi að ný brú verður byggð yfir Ölfusá við Laugardæli og með tilkomu slíks mannvirkis yrði þungaflutningum beint norður og austur fyrir Selfoss. Þessi brú er enn ekki komin á samræmda samgönguáætlun, en vegna mikillar umferðaraukningar mun þess líklega ekki langt að bíða. Þar sem ný brú við Laugardæli er ekki væntanleg allra næstu ár má ætla að göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss sé brýnt verkefni til að fyrirbyggja slysahættu og greiða fyrir umferð um þennan fjölfarna kafla þjóðvegarins.

118. Þingsályktun [93. mál]

um friðarverðlaunahafa Nóbels árið 2010.

(Afgreidd frá Alþingi 21. október 2010.)

Samhljóða þskj. 99.

119. Fyrirspurn [110. mál]

til fjármálaráðherra um endurheimt tilefnislausra arðgreiðslna.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

Hefur ríkissjóður með einhverjum hætti reynt að endurheimta fé frá íslenskum félögum sem greiddu að tilefnislausu arð til erlendra eignarhaldsfélaga í þeirra eigu árið 2007 eins og sýnt hefur verið fram á, m.a. í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis?

Skriflegt svar óskast.

120. Fyrirspurn [111. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um áhrif veiðarfæra á lífríki sjávar o.fl.

Frá Ólínu Þorvarðardóttur.

1. Hafa verið gerðar sérstakar rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar, þ.e. áhrifum:
   a. dragnótar,
   b. botnvörpu,
   c. flotvörpu?
2. Hvað er vitað um áhrif þessara veiðarfæra á:
   a. sjávargróður og sjávarbotn,
   b. ástand fiskjar, einkum smugufiskjar, þ.e. fiskjar sem sleppur úr veiðarfærum?
3. Liggja fyrir upplýsingar, og þá hverjar, um:
   a. hlutfall smugufiskjar við flotvörpuveiðar,
   b. afdrif fiskjar sem smýgur úr flotvörpu,
   c. áhrif flotvörpu á þær fiskitorfur sem veiðarfærin fara í gegnum?
4. Hversu hátt hlutfall meðafla (bolfisks og seiða) sem kemur í flotvörpu fer í bræðslu og um hve mikið magn er að ræða í tonnum talið?

5. Hefur ráðuneytið brugðist við, eða hefur í hyggju að bregðast við, vísbendingum sem fram hafa komið um áhrif veiðarfæra á lífríki sjávar?
6. Er meðafli sem hafnar í bræðslu reiknaður með aflaheimildum viðkomandi veiðiskipa eða er hann dreginn frá kvóta þeirra?
7. Eru í gildi sérstök lög um flotvörpuveiðar innan lögsögu ESB-ríkja, Chile og Bandaríkjanna?
8. Samræmast flotvörpuveiðar löggjöf og viðurkenndum veiðiaðferðum erlendra ríkja?

Skriflegt svar óskast.

121. Frumvarp til laga [112. mál]

um brottfall laga um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Ragnheiður Elín Árnadóttir,
Sigurður Kári Kristjánsson.

1. gr.

Bankasýsla ríkisins, sem starfar á grundvelli laga nr. 88/2009, skal lögð niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá úr gildi lög nr. 88/2009.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Bankasýsla ríkisins verði lögð niður. Bankasýslunni var komið á fót með lögum nr. 88/2009 og var ætlað að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum og leggja þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimildar í fjárlögum. Nú hafa tveir viðskiptabankanna verið seldir, þ.e. Arion banki og Íslandsbanki, sem leiðir til þess að Bankasýslan er í raun heil stofnun utan um bankaráð Landsbankans auk þess sem hún fer með eignarhlut ríkissjóðs í Sparisjóði Norðfjarðar.

Í 2. mgr. 1. gr. laga um Bankasýslu ríkisins kemur fram að stofnunin fari „með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma, og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimildar í fjárlögum“. Auk þess segir í 3. mgr. sömu greinar að tryggja beri gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja eigi virka upplýsingamiðlun til almennings. Þá kemur fram í 4. gr. að Bankasýslan hafi eftirlit með eigendastefnu ríkisins eins og hún er á hverjum tíma. Viðskiptanefnd Alþingis hafði aðkomu að gerð verklagsreglna um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja sem Samtök fjármálafyrirtækja og bankarnir settu. Nú hefur Landsbankinn, þ.e. ríkisbanki, selt nokkur stórfyrirtæki til Framtakssjóðs lífeyrissjóðanna. Einhver mundi ætla að stofnun sem á að hafa eftirlit með ríkisbankanum mundi gera athugasemdir við að hann færi ekki eftir eigendastefnu ríkisins en það er öðru nær. Í fréttum kom fram að forstöðumaður Bankasýslunnar hefði sagt

að á heildina litið væri sala Landsbankans á eignarhaldsfélaginu Vestiu til lífeyrissjóðanna jákvæð þótt söluferlið hefði ekki verið gagnsætt. Málið horfði öðruvísi við því lífeyrissjóðir keyptu. Fram kom á fundi í viðskiptanefnd að Bankasýslan hefði verið með í ráðum um söluna en farið var fram hjá verklagsreglunum með samþykki stofnunarinnar.

Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir að tæpar 56 millj. kr. fari í rekstur Bankasýslunnar. Það væri hægt að spara þá peninga með því að leggja stofnunina niður og færi fjármálaráðuneytið þá með eignarhlut ríkisins, eins og venja er þegar ríkið á fyrirtæki í heild eða að hluta, fyrir minni tilkostnað.

122. Frumvarp til laga [113. mál]

um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Oddný G. Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Árni Johnsen.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi Skipulagsstofnun ekki afgreitt aðalskipulagstillögu með staðfestingu, synjun eða frestun staðfestingar þess að öllu leyti eða hluta að liðnum fjögurra vikna fresti er sveitarstjórn heimilt að ákveða að aðalskipulagið skuli taka gildi uns ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir og skal sveitarstjórn þá auglýsa það í B-deild Stjórnartíðinda.
b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra skal synja, fresta eða staðfesta aðalskipulag innan fjögurra vikna frá því að tillaga frá Skipulagsstofnun barst ráðuneytinu.
c. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi ráðherra ekki afgreitt aðalskipulagstillögu með synjun, frestun eða staðfestingu aðalskipulags skv. 4. mgr. er sveitarstjórn heimilt að ákveða að aðalskipulagið skuli taka gildi uns ákvörðun ráðherra liggur fyrir og skal sveitarstjórn þá auglýsa það í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

Við 2. mgr. 36. gr. laganna bætist nýr málsliður, 5. málsl., svohljóðandi: Hafi Skipulagsstofnun ekki afgreitt tillögu sveitarstjórnar innan fjögurra vikna frests er sveitarstjórn heimilt að ákveða að tillagan skuli taka gildi uns ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir og skal sveitarstjórn þá auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Greinargerð.

Töluverð umræða hefur verið um tafir á afgreiðslu tillagna að aðalskipulagi fyrir ýmis sveitarfélög hjá Skipulagsstofnun og umhverfisráðherra. Má þar nefna Flóahrepp, Skeiða-

og Gnúpverjahrepp, sveitarfélagið Ölfus og Mýrdalshrepp. Umhverfisráðherra hefur fært rök fyrir því af hverju tafir hafa orðið á afgreiðslunni og lagt áherslu á að unnið hafi verið að öllum málum eins hratt og kostur er.

Þrátt fyrir það hefur afgreiðsla ýmissa mála dregist, jafnvel umfram gefna kærufresti, eða afgreiðsla ráðuneytisins hafnað fyrir dómstólum líkt og í tilfelli Flóahrepps.

Fjárfestingar í atvinnulífinu eru forsenda hagvaxtar í landinu og endurreisnar Íslands. Til þess að fyrirtæki taki ákvörðun um fjárfestingu þarf að huga að ákveðnum atriðum og skapa hagstætt umhverfi fyrir fjárfesta. Fjárfestingin þarf að vera arðsöm þrátt fyrir áhættu, fjárfestingargetan þarf að vera til staðar og fjárfestingarviljinn. Þá er mjög mikilvægt að það umhverfi sem stjórnvöld búa fyrirtækjum sé fyrirsjáanlegt og samkvæmt sjálfu sér, svo sem skattar, leyfisveitingar og ýmsar stjórnsýslulegar eða lagalegar reglur.

Skilvirk afgreiðsla skipulags skiptir þar miklu máli enda forsenda þess að framkvæmdir geti hafist að gert sé ráð fyrir viðkomandi verkefnum í aðalskipulagi sveitarfélags. Til þess að skerpa á regluverki stjórnsýslunnar og tryggja vandaðri vinnubrögð er því lagt til hér að sveitarstjórn geti einhliða ákveðið að aðalskipulag sveitarfélagsins taki gildi ef Skipulagsstofnun afgreiðir ekki aðalskipulagstillögu innan lögformlegs frests. Jafnframt er lagt til að sendi stofnunin tillöguna til ráðherra vegna þess að hún telji að synja eða fresta skuli staðfestingu verði ráðherra settur lögformlegur frestur til að afgreiða tillögu Skipulagsstofnunar. Hafi ráðherra ekki tekið ákvörðun innan þess frests geti sveitarstjórn einhliða ákveðið að aðalskipulagið taki gildi þar til ákvörðun liggur fyrir. Í þeim tilfellum þegar farið er fram úr lögbundnum fresti og sveitarstjórn ákveður að aðalskipulag taki gildi er gert ráð fyrir að sveitarstjórn auglýsi það í B-deild Stjórnartíðinda.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2011, samhliða nýjum skipulagslögum, nr. 123/2010.

Það er von flutningsmanna að breytingin tryggi vandaðri vinnubrögð og skilvirkari afgreiðslu Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra á aðalskipulagi sveitarfélaga.

123. Frumvarp til laga [114. mál]

um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007.

Flm.: Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðardóttir, Vigdís Hauksdóttir.

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „97.978“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 113.944.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að greiða umönnunargreiðslur, allt að 113.944 kr., maka elli- eða örorkulífeyrisþega, sem dvelst í heimahúsi, eða öðrum nákomnum lífeyrisþeganum sem annast lífeyrisþegann. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Lagt er til að núverandi hámark umönnunargreiðslna til framfærenda fatlaðra og langveikra barna, sem dveljast í heimahúsi eða á sjúkrahúsi, verði hækkað úr 96.978 kr. á mánuði í 113.944 kr. á mánuði. Eru þær breytingar í samræmi við hækkanir sem orðið hafa á grunnlífeyri og tekjutengingu almannatryggingа, en heimilt er samkvæmt núgildandi 5. gr. að greiða allt að 80% af þeirri upphæð til maka elli- eða örorkulífeyrisþega.

Núverandi lagaákvæði í 5. gr. er jafnframt rýmkað nokkuð með frumvarpinu. Í fyrsta lagi verða heimilar umönnunargreiðslur til annarra en þeirra sem eiga sameiginlegt lögheimili með elli- eða örorkulífeyrisþeganum og er þá miðað við að sá sem umönnunargreiðslur fær sé nákominn lífeyrisþeganum, ættingi eða náinn vinur. Í öðru lagi eru lagðar niður núverandi makabætur og umönnunarbætur og þess í stað lagt til að teknar verði upp umönnunargreiðslur skv. 4. gr. laganna eins og hún mun breytast verði þetta frumvarp samþykkt. Við það hækka greiðslurnar úr því að vera allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatryggingа eða um 97.388 kr. í allt að 113.944 kr. á mánuði. Loks er í þriðja lagi fellt úr gildandi lögum skilyrði um að sérstakar aðstæður þurfi að vera fyrir hendi og þannig verður heimild laganna rýmri en áður.

Breytingarnar í frumvarpinu munu sérstaklega gagnast aðstandendum alzheimer-sjúklinga og annarra þeirra sem þurfa stöðuga umönnun og athygli, þær eru auk þess í takt við sjálfsagðar kröfur sem nú eru uppi um að öldruðum verði gert kleift að búa sem lengst á eigin heimili og auka með þeim hætti lífsgæði þeirra.

Þrátt fyrir nokkra hækkun á greiðslum verður kostnaður við umönnun á hverjum mánuði einungis sem svarar einnar viku kostnaði við hjúkrunarrými og því má leiða að því sterkar líkur að umrædd breyting leiði til sparnaðar fyrir ríkissjóð. Rýmkun á heimild laganna mun vafalaust fjölga þeim sem fá umönnunargreiðslur, enda til þess ætlast. Ekki er unnt að leggja mat á þann kostnað að svo stöddu né þann sparnað fyrir ríkissjóð sem hlýst af því að viðkomandi mun líklega dvelja lengur í heimahúsi en ella. Þykir því rétt að hafa lagaákvæðið í formi heimildar um sinn.

124. Fyrirspurn [115. mál]

til fjármálaráðherra um Sparisjóðinn í Keflavík, Spkef sparisjóð, Byr sparisjóð og Byr hf.

Frá Birgi Þórarinssyni.

1. Hvaða rök og hugmyndir eru að baki því að Byr sparisjóður var gerður að hlutafélagi en Sparisjóðurinn í Keflavík áfram látinn vera sparisjóður?
2. Hvað eiga bráðabirgðastjórnir Sparisjóðsins í Keflavík og Byrs sparisjóðs að starfa lengi, hvert er hlutverk þeirra og hver ákveður og greiðir laun stjórnarmanna?
3. Hverjir eru kröfuhafar Sparisjóðsins í Keflavík og Byrs sparisjóðs?

4. Hvert er hlutverk Bankasýslu ríkisins er lýtur að Sparisjóðnum í Keflavík, Byr sparisjóði, Spkef sparisjóði og Byr hf.?
5. Hvernig samræmist 5 milljarða kr. lán ríkissjóðs til Byrs hf. ábendingum Bankasýslunnar um að bankakerfið sé allt of stórt?
6. Er unnið að stefnumótun varðandi framtíð sparisjóðakerfisins?
7. Hvenær verða stofnefnahagsreikningar fyrir Spkef sparisjóð og Byr hf. birtir og hvenær verða birtar upplýsingar um rekstur þessara fyrirtækja?
8. Er unnið að greiningu á svokölluðum stofnfjárbréfalánum, þ.e. athugaður fjöldi lána og lántaka, upphæð lána o.s.frv.?
9. Hefur verið unnið að tillögugerð um aðstoð við þá sem tóku slík lán og eru í flestum tilvikum í sjálfskuldarábyrgð fyrir þeim og ef svo er, hefur komið til tals að fella niður skuldir?

Skriflegt svar óskast.

125. Fyrirspurn [116. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um sérfræðingahóp um vanda lántakenda vegna verðtryggingar.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað réð skipun hóps sérfræðinga sem Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, fól 27. október 2008 að skoða hvort og hvaða leiðir væru færar til að bregðast við vanda lántakenda vegna verðtryggingar, en í hópnum voru Gylfi Arnbjörnsson, hagfræðingur og formaður Alþýðusambands Íslands, sem var formaður hópsins, Þorkell Helgason stærðfræðingur, Vilborg Helga Júlíusdóttir hagfræðingur, Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur og Ragnar Önundarson viðskiptafræðingur, auk starfsmanns, sem var Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneytinu?
2. Hvernig var valið í hópinn?
3. Hefur hópurinn lokið störfum og ef svo er, hvenær?
4. Hefur hópurinn skilað niðurstöðum og ef svo er, hvar er þær að finna og hverjir voru helstu áherslupunktarnir um leiðir til að bæta úr vanda lántakenda vegna verðtryggingar?

Skriflegt svar óskast.

126. Fyrirspurn [117. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjölda hjúkrunar- og dvalarrýma fyrir aldraða.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hvað verða mörg hjúkrunar- og dvalarrými fyrir aldraða lögð niður árin 2010 og 2011?
2. Hversu mörg rúm í einbýlum munu standa auð eftir fækkunina?
3. Hversu mörgum starfsmönnum hefur verið og verður sagt upp vegna fækkunar hjúkrunar- og dvalarrýma?
4. Hvað er gert ráð fyrir mikilli fjölgun rýma samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu hjúkrunarrýma á árunum 2010–2016, sundurliðað eftir árum og hjúkrunarheimilum?

Skriflegt svar óskast.

127. Fyrirspurn [118. mál]

til forseta Alþingis um starfsmannaveltu á Alþingi.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hver er fjöldi stöðugilda lögfræðinga hjá Alþingi sl. 10 ár samanborið við fjölda stöðugilda annarra sérfræðinga, sundurliðað eftir árum, menntun, sviðum og deildum?
2. Hver hefur starfsmannavelta lögfræðinga/nefndarritara Alþingis verið sl. 10 ár samanborið við starfsmannaveltu hjá öðrum sérfræðimenntuðum starfsmönnum?

Skriflegt svar óskast.

128. Tillaga til þingsályktunar [119. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XX. viðauka

(Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB.

Megintilgangurinn með tilskipun 2006/21/EB er að setja reglur um meðhöndlun úrgangs (frákasts) frá jarðefnavinnslu, við meðferð og geymslu á steinum og steinefnum og frá námuvinnslu (námuiðnaður). Innleiðing hennar kallar á lagabreytingar hér á landi og var umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar því tekin með stjórnskipulegum fyrirvara.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB.

Tilskipunin fjallar um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði, gerð úrgangsáætlana, starfsleyfi, fjárhagslega ábyrgð og fleira. Einnig breytir gerðin tilskipun 2004/35/EB um umhverfisábyrgð þannig að námuiðnaði er bætt inn í viðauka III í þeirri tilskipun. Tilskipun 2006/21/EB tiltekur að óvirkur úrgangur og ómengaður jarðvegur frá vinnslu sé undanþeginn nokkrum ákvæðum, svo sem um fjárhagslega ábyrgð. Innleiða átti gerðina í ríkjum ESB fyrir 1. maí 2008.

Tilskipunin setur reglur um meðhöndlun úrgangs (frákasts) frá jarðefnavinnslu, við meðferð og geymslu á steinum og steinefnum og frá námuvinnslu (námuiðnaður). Tilskipunin gildir ekki um annan úrgang en þann sem stafar beint af námuvinnslunni né heldur um úrgang frá námuvinnslu af landi (hafsbotni). Óvirkur og ómengaður úrgangur er undanþeginn nokkrum ákvæðum hennar, m.a. ákvæðum um leyfisskyldu, upplýsingar til almennings og fjárhagslega ábyrgð. Aðildarríki geta fellt niður eða dregið úr kröfum vegna geymslu á hættulausum úrgangi frá námuvinnslum ef almennum ákvæðum tilskipunarinnar er fylgt. Strangari reglur skulu gilda um þær námur þar sem spilliefni eru notuð eða falla til við námuvinnsluna og úrgangurinn er meðhöndlaður á staðnum. Almennt gildir að úrgang frá námuiðnaði skal meðhöndla á þann hátt að hann hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfi. Framkvæmdaraðili eða sá sem ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði skal sjá til þess að áhrif úrgangs séu sem minnst á umhverfi og heilsu manna, einnig eftir lokun námunnar, og að meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði byggist á bestu fáanlegu tækni. Framkvæmdaraðilar eða aðrir sem bera ábyrgð á meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði skulu gera úrgangsáætlun sem miðar af því að lágmarka úrgang og ákveða meðhöndlun, endurnýtingu eða förgun á námuúrgangi. Hafa skal sjálfbærni í huga við áætlanagerð. Ef einhver hætta fylgir námuúrgangi skal greina hana og hanna námuna/úrgangsstöðina með tilliti til hættunnar svo hægt sé að fyrirbyggja umhverfisslys. Einnig er skylt að gera viðbragðsáætlanir vegna mengunarhættu og upplýsa almenning um þær. Gerð er sú krafa að námuúrgangsstaðir hafi starfsleyfi.

Almenningur skal upplýstur um hvaða staðir hafa sótt um leyfi til urðunar/geymslu á námuúrgangi og hafa möguleika á að gera athugasemdir. Einnig eru sett ýmis önnur ákvæði varðandi námuúrgangsstaði, t.d. ákvæði um flokkun þeirra, hönnun, að stjórnun sé í höndum þjálfaðra aðila, ákvæði um eftirlit með starfseminni, lokun og vöktun eftir lokun.

Koma skal í veg fyrir að úrgangsstöðvar fyrir námuúrgang hafi áhrif á vatnsból eða grunnvatn. Krefjast skal fjárhagslegrar tryggingar af framkvæmdaraðilum. Ákvæði um umhverfisábyrgð samkvæmt tilskipun 2004/35/EB skulu gilda um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði. Stjórnvöld skulu hafa eftirlit með starfsleyfisskyldum úrgangsstöðvum fyrir námuúrgang og halda skal skrá yfir úrgangsstöðvar fyrir námuúrgang sem hefur verið lokað. Námuúrgangsstaðir sem þurfa starfsleyfi og eru starfandi 1. maí 2008 skulu uppfylla skilyrði tilskipunarinnar fyrir 1. maí 2012.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Vegna innleiðingu gerðarinnar þarf að breyta lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Námuúrgangsstaðir þurfa starfsleyfi og tilgreina þarf í lögunum að slíkt verði meðhöndlað í samræmi við hið hefðbundna kerfi um starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi sem fer eftir lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Setja þarf inn ákvæði m.a. um að framkvæmdaraðilar skuli gera úrgangsáætlanir og skilgreina nánar hvenær námur þar sem

úrgangur er meðhöndlaður eru flokkaðar sem urðunarstaðir. Einnig þarf að setja inn í lög ákvæði um að námuúrgangsstaðir þurfi að gera viðbragðsáætlanir vegna stórslysa og upplýsa almenning um þær. Í kjölfar lagabreytinga þarf að setja nýja reglugerð um úrgang frá námuiðnaði eða breyta reglugerð um meðhöndlun úrgangs. Til viðbótar við framangreint þarf að breyta fylgiskjali I í lögum nr. 7/1998 þannig að námuúrgangsstaðir séu þar tilgreindir.

Hvað varðar kostnað vegna upptöku gerðarinnar þá verður hann metinn áður en frumvarp til innleiðingar á henni verður lagt fram á yfirstandandi þingi. Einhver kostnaður mun leggjast á Umhverfisstofnun vegna eftirlits með námuúrgangsstöðum og skýrslugjafar til Eftirlitsstofnunar EFTA um framkvæmd tilskipunarinnar.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 18/2009

frá 5. febrúar 2009

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2008 frá 7. nóvember 2008 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB ([2]).

([1]) Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 114, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 23.
([2]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 15.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32fd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/329/EB):

   „32fe. **32006 L 0021:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB (Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 15).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 1i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB):

   „eins og henni var breytt með:

   – **32006 L 0021:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 (Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/21/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/21/EB

frá 15. mars 2006

um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 8. desember 2005,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, sem ber yfirskriftina „Öruggur námurekstur: Eftirfylgni vegna nýlegra námuslysa“, er stjórn á meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði nefnd sem ein forgangsaðgerða. Þessi aðgerð er ætluð sem viðbót við framtaksverkefni samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/105/EB frá 16. desember 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ([4]) og gerð skjals um bestu, fáanlegu tækni að því er varðar meðhöndlun úrgangsgrjóts og úrkasts frá námurekstri innan ramma tilskipunar ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ([5]).

2) Í ályktun sinni ([6]) frá 5. júlí 2001 um þessa orðsendingu tók Evrópuþingið eindregið undir að þörf væri fyrir tilskipun um úrgang frá námuiðnaði.

3) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála ([7]) er það markmið sett varðandi úrgang, sem enn fellur til, að dregið verði úr hættunni sem er honum samfara og að hann hafi í för með sér eins litla áhættu og unnt er, að endurnýting hafi forgang og þá einkum endurvinnsla, að draga beri sem mest úr magni úrgangs sem fer til förgunar og að honum sé fargað á öruggan hátt og að úrgangur, sem ætlaður er til förgunar, skuli meðhöndlaður eins nálægt þeim stað þar sem hann fellur til og kostur er, svo fremi það leiði ekki til minni skilvirkni í meðhöndlun úrgangs. Í ákvörðun nr. 1600/2002/EB er einnig mælt fyrir um að það sé forgangsaðgerð, með tilliti til slysa og hamfara, að móta ráðstafanir sem stuðla að því að koma í veg fyrir hættu á stórslysum, einkum í tengslum við námugröft, og móta ráðstafanir að því er varðar námuúrgang. Í ákvörðun nr. 1600/2002/EB er einnig tilgreind sú forgangsaðgerð að stuðla að sjálfbærri stjórnun í námuiðnaði í því skyni að draga úr umhverfisáhrifum hans.

4) Í samræmi við markmiðin í umhverfisstefnu Bandalagsins er nauðsynlegt að mæla fyrir um lágmarkskröfur í því skyni að koma í veg fyrir eða minnka eins og framast er unnt hvers kyns skaðleg áhrif á umhverfið eða heilbrigði manna

([1]) Stjtíð. ESB C 80, 30.3.2004, bls. 35.
([2]) Stjtíð. ESB C 109, 30.4.2004, bls. 33.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 31. mars 2004 (Stjtíð. ESB C 103 E, 29.4.2004, bls. 451), sameiginleg afstaða ráðsins frá 12. apríl 2005 (Stjtíð. ESB C 172 E, 12.7.2005, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 6. september 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 18. janúar 2006 og ákvörðun ráðsins frá 30. janúar 2006.
([4]) tjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 97.
([5]) Stjtíð. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).
([6]) Stjtíð. EB C 65 E, 14.3.2002, bls. 382.
([7]) Stjtíð. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

af völdum meðhöndlunar úrgangs frá námuiðnaði, s.s. úrkasts (þ.e. fasts eða leðjukennds úrgangs sem verður eftir að lokinni meðhöndlun jarðefna með ýmiss konar tækni), úrgangsgrjóts og yfirborðsjarðvegs (þ.e. efnisins sem flutt er við námustarfsemi til að komast að málmgrýti eða öðru jarðefni, einnig á þróunarstiginu áður en framleiðsla hefst) og gróðurmoldar (þ.e. efsta lags jarðvegsins), að því tilskildu að um úrgang sé að ræða samkvæmt skilgreiningu í tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang ([1]).

5) Í samræmi við 24. mgr. Jóhannesarborgar-áætlunarinnar um sjálfbæra þróun, sem samþykkt var innan rammasamnings Sameinuðu þjóðanna á leiðtogafundi um sjálfbæra þróun 2002, er nauðsynlegt að vernda þann grundvöll náttúruauðlinda sem hagþróun og félagsleg þróun byggist á og snúa við núverandi leitni til hnignunar náttúruauðlinda með því að stjórna þessum grundvelli náttúruauðlindanna á sjálfbæran og samþættan hátt.

6) Til samræmis við það gildir þessi tilskipun um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði á landi, þ.e. úrgangs, sem fellur til við leit, nám (m.a. á þróunarstigi áður en vinnsla hefst), meðhöndlun og geymslu verðmætra jarðefna og um grjótnám. Slík meðhöndlun skal þó endurspegla meginreglurnar og forgangsatriðin sem tilgreind eru í tilskipun 75/442/EB, en í samræmi við ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. gildir hún áfram um alla þætti meðhöndlunar úrgangs frá námuiðnaðinum sem þessi tilskipun tekur ekki til.

7) Til að komast hjá tvíverknaði og óhóflegum stjórnsýslukröfum skal gildissvið þessarar tilskipunar takmarkast við þær sértæku aðgerðir sem taldar eru skipta mestu máli við að uppfylla markmið hennar.

8) Til samræmis við það gilda ákvæði þessarar tilskipunar ekki um strauma úrgangs sem tengjast ekki námi eða meðhöndlun beint, t.d. matarúrgang, olíuúrgang, úr sér gengin ökutæki, notaðar rafhlöður eða rafgeyma, enda þótt þessi úrgangur verði til við nám eða meðhöndlun jarðefna. Meðhöndlun slíks úrgangs skal falla undir ákvæði tilskipunar 75/442/EBE eða tilskipunar ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs ([2]) eða annarrar viðeigandi löggjafar Bandalagsins, eins og raunin er um úrgang sem fellur til á leitar-, námu- eða meðhöndlunarsvæði og fluttur er á stað sem er ekki úrgangsstöð samkvæmt þessari tilskipun.

9) Þá gildir þessi tilskipun hvorki um úrgang af völdum leitar, náms eða meðhöndlunar verðmætra jarðefna á hafi úti né ídælingu vatns eða endurídælingu grunnvatns sem er dælt upp, en hins vegar gilda einungis takmarkaðar kröfur um óvirkan úrgang, hættulausan úrgang sem fellur til við leit, ómengaðan jarðveg og úrgang sem fellur til við nám, meðhöndlun og geymslu mós þar eð umhverfisáhætta samfara slíkum úrgangi og jarðvegi er minni. Aðildarríkin geta dregið úr tilteknum kröfum eða fellt þær niður að því er varðar hættulausan, óvirkan úrgang. Þessar undanþágur skulu þó ekki gilda um úrgangsstöðvar í A-flokki.

10) Að auki skal þessi tilskipun, enda þótt hún taki til meðhöndlunar úrgangs frá námuiðnaði sem e.t.v. er geislavirkur, ekki taka til þátta sem sérstaklega eiga við um geislavirkni, enda fellur það mál undir sáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.

11) Í því skyni að halda samræmi við meginreglurnar og forgangsatriðin sem tilgreind eru í tilskipun 75/442/EBE, einkum í 3. og 4. gr., skulu aðildarríkin sjá til þess að rekstraraðilar sem tengjast námuiðnaði geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hvers kyns raunveruleg eða hugsanleg, neikvæð áhrif á umhverfið eða heilbrigði manna, sem rekja má til meðhöndlunar úrgangs frá námuiðnaði, eða draga úr þeim eins og framast er unnt.

12) Þessar ráðstafanir skulu m.a. vera byggðar á bestu, fáanlegu tækni, eins og hún er skilgreind í tilskipun 96/61/EB, og þegar slíkri tækni er beitt er það aðildarríkisins að ákvarða hvernig taka skuli, eftir atvikum, tillit til tæknilegra eiginleika úrgangsstöðvarinnar, landfræðilegrar staðsetningar hennar og staðbundinna umhverfisskilyrða.

13) Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstraraðilar í námuiðnaðinum geri viðeigandi áætlanir um

([1]) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

meðhöndlun úrgangs til að koma í veg fyrir eða lágmarka úrgang frá námuiðnaði og til meðhöndlunar á honum, endurnýtingar og förgunar. Þessar áætlanir skulu gerðar þannig að viðeigandi kostir varðandi skipulag á meðhöndlun úrgangs séu tryggðir með það í huga að myndun úrgangs og skaðsemi hans verði sem minnst og að hvatt sé til endurnýtingar úrgangs. Auk þess skal lýsa eiginleikum úrgangs frá námuiðnaðinum m.t.t. samsetningar hans til að unnt verði að tryggja eins og framast er kostur að úrgangurinn hvarfist einungis á fyrirsjáanlegan hátt.

14) Til að lágmarka slysaáhættu og tryggja umhverfinu og heilbrigði manna öfluga vernd skulu aðildarríkin sjá til þess að sérhver rekstraraðili úrgangsstöðvar í A-flokki samþykki og beiti áætlun um stórslysavarnir að því er varðar úrgang. Að því er varðar forvarnarráðstafanir skal þetta fela í sér gerð öryggisstjórnunarkerfis og neyðaráætlana, sem grípa skal til ef slys verður, og dreifingu upplýsinga um öryggismál til þeirra sem líklegt er að stórslys hafi áhrif á. Ef slys verða skal rekstraraðilum vera skylt að veita lögbærum yfirvöldum allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að draga úr raunverulegum eða hugsanlegum umhverfisspjöllum. Þessar tilteknu kröfur gilda ekki um úrgangsstöðvar í tengslum við námuiðnað sem falla undir gildissvið tilskipunar 96/82/EB.

15) Ekki skal setja úrgangsstöð í A-flokk eingöngu á grundvelli áhættu að því er varðar öryggi og heilsuvernd starfsmanna í námuiðnaði sem fellur undir aðra löggjöf Bandalagsins, einkum undir tilskipanir 92/91/EBE ([1]) og 92/104/EBE ([2]).

16) Vegna sérstaks eðlis meðhöndlunar á úrgangi frá námuiðnaðinum er nauðsynlegt að innleiða sérstaka málsmeðferð fyrir umsóknir og leyfi að því er varðar úrgangsstöðvar sem taka á móti slíkum úrgangi. Aðildarríkin skulu auk þess gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær yfirvöld endurskoði skilyrði leyfisins reglulega og uppfæri þau ef nauðsyn krefur.

17) Þess skal krafist af aðildarríkjunum að þau sjái til þess, í samræmi við alþjóðasamning efnahagsnefndar Sameinuðu þjónanna (UNECE) um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum frá 25. júní 1998 (Árósasamninginn), að almenningur sé upplýstur um umsóknir um leyfi fyrir meðhöndlun úrgangs og að haft sé samráð við almenning, sem málið varðar, áður en leyfi fyrir meðhöndlun úrgangs er veitt.

18) Nauðsynlegt er að tilgreina nákvæmlega þær kröfur sem úrgangsstöðvar, sem þjóna námuiðnaðinum, skulu uppfylla að því er varðar staðsetningu, stjórnun, eftirlit, lokun, forvarnaraðgerðir og verndunaraðgerðir sem grípa þarf til gegn hvers kyns umhverfisógn sem steðjar að, hvort sem litið er til skamms eða langs tíma, og þó einkum gegn mengun grunnvatns sem verður vegna þess að sigvatn sígur út í jarðveginn.

19) Nauðsynlegt er að skilgreina vel úrgangsstöðvar í A-flokki sem meðhöndla úrgang frá námuiðnaðinum og taka tillit til líklegra áhrifa hvers kyns mengunar vegna starfsemi slíkra stöðva eða slyss þar sem úrgangur sleppur úr slíkri stöð.

20) Um úrgang, sem komið er aftur fyrir í námugryfjunum, annaðhvort til endurmótunar eða vegna framkvæmda í tengslum við vinnslu jarðefna, s.s. gerðar eða viðhalds í námugryfjum á aðgangsleiðum fyrir vélar, skábrautum fyrir flutninga, þiljum, öryggistálmum eða vegöxlum, þurfa einnig að gilda tilteknar kröfur til að vernda yfirborðsvatn og/eða grunnvatn, tryggja stöðugleika slíks úrgangs og sjá til þess að viðeigandi vöktun fari fram eftir að þessari starfsemi hefur verið hætt. Til samræmis við það gilda þær kröfur þessarar tilskipunar, sem fjalla einvörðungu um „úrgangsstöðvar“, ekki um slíkan úrgang, ef frá eru taldar kröfurnar sem nefndar eru í sértæku ákvæðunum um námugryfjur.

21) Í því skyni að tryggja að bygging og viðhald úrgangsstöðva, sem taka við úrgangi frá námu-

---

([1]) Tilskipun ráðsins 92/91/EBE frá 3. nóvember 1992 um lágmarkskröfur um umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna í jarðefnanámi með borunum (ellefta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE). (Stjtíð. EB L 348, 28.11.1992, bls. 9).

([2]) Tilskipun ráðsins 92/104/EBE frá 3. desember 1992 um lágmarkskröfur um umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna í jarðefnanámi á yfirborði jarðar eða neðanjarðar (tólfta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE). (Stjtíð. EB L 404, 31.12.1992, bls. 10).

iðnaði, fari fram á réttan hátt skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að tæknilega hæfir aðilar sjái um hönnun, val á staðsetningu og rekstur slíkra stöðva. Nauðsynlegt er að tryggja að menntun og þekking rekstraraðila og starfsfólks veiti þeim þá færni sem þörf er á. Auk þess skulu lögbær yfirvöld fullvissa sig um að rekstraraðilar tryggi viðeigandi tilhögun að því er varðar byggingu og viðhald nýrra úrgangsstöðva eða stækkun eða breytingar á úrgangsstöðvum, sem fyrir eru, m.a. í kjölfar lokunar.

22) Nauðsynlegt er að setja verklagsreglur um vöktun meðan starfsemi fer fram í úrgangsstöðvum og eftir að þeim hefur verið lokað. Mæla skal fyrir um tímabil eftir lokun til vöktunar og eftirlits með úrgangsstöðvum í A-flokki í réttu hlutfalli við áhættuna, sem stafar af einstökum úrgangsstöðvum, á svipaðan hátt og krafist er í tilskipun 1999/31/EB.

23) Nauðsynlegt er að skilgreina hvenær og hvernig úrgangsstöð, sem þjónar námuiðnaðinum, skal lokað og kveða á um skyldur og ábyrgð rekstraraðilans á tímabilinu eftir lokun.

24) Aðildarríkin skulu krefjast þess að rekstraraðilar í námuiðnaði beiti vöktun og stjórnsýslueftirliti til að koma í veg fyrir mengun vatns og jarðvegs og greina öll skaðleg áhrif sem úrgangsstöðvar þeirra kunna að hafa á umhverfið eða heilbrigði manna. Í því skyni að halda mengun vatns í lágmarki skal losun úrgangs í viðtökuvatnshlot vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ([1]). Þá skal, með því að nota bestu, fáanlegu tækni, draga úr styrk sýaníðs og sýaníðssambanda í vatnsgryfjum undir úrkast frá tilteknum greinum námuiðnaðar eins og framast er kostur vegna skaðlegra áhrifa þeirra og eiturhrifa. Til að koma í veg fyrir slík áhrif skal setja viðmiðunarmörk fyrir hámarksstyrk til samræmis við það og ætíð í samræmi við sérkröfur þessarar tilskipunar.

25) Þess skal krafist af rekstraraðila úrgangsstöðvar sem þjónar námuiðnaðinum að hann leggi fram fjárhagslega tryggingu eða annað sambærilegt í samræmi við málsmeðferð, sem aðildarríkin samþykkja, þannig að tryggt sé að staðið verði við allar skuldbindingar í tengslum við leyfið, m.a. þær sem lúta að lokun úrgangsstöðvarinnar og tímabilinu eftir lokun hennar. Fjárhagslega tryggingin skal vera nægileg til að standa straum af kostnaði við endurmótun lands sem orðið hefur fyrir áhrifum af úrgangsstöðinni, m.a. í úrgangsstöðinni sjálfri, eins og lýst er í áætluninni um meðhöndlun úrgangs sem gerð hefur verið í samræmi við 5. gr. og sem krafist er í tengslum við leyfið skv. 7. gr., og skal óháður þriðji aðili með viðeigandi starfsréttindi annast endurmótunina. Einnig er nauðsynlegt að slík trygging sé veitt áður en afsetning úrgangs hefst í úrgangsstöðinni og að hún sé aðlöguð reglulega. Í samræmi við mengunarbótaregluna og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess ([2]) er auk þess mikilvægt að skýra að rekstraraðili úrgangsstöðvar sem þjónar námuiðnaðinum ber viðeigandi bótaábyrgð að því er varðar umhverfisspjöll af völdum starfseminnar eða yfirvofandi hættu á slíkum spjöllum.

26) Ef um er að ræða starfsemi úrgangsstöðva, sem þjóna námuiðnaðinum og líklegt er að hafi umtalsverð, skaðleg umhverfisáhrif yfir landamæri og hvers kyns áhættu fyrir heilbrigði manna á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í kjölfarið, skal vera til sameiginleg málsmeðferð til að auðvelda samráð milli nágrannalanda. Þetta skal gert í því skyni að sjá til þess að nægileg upplýsingaskipti verði milli yfirvalda og að almenningi sé tilkynnt með tilhlýðilegum hætti um allar úrgangsstöðvar sem gætu haft skaðleg áhrif á umhverfið í fyrrgreinda aðildarríkinu.

27) Nauðsynlegt er að aðildarríkin sjái til þess að lögbær yfirvöld komi á skilvirku skoðunarkerfi eða geri hliðstæðar eftirlitsráðstafanir að því er varðar úrgangsstöðvar sem þjóna námuiðnaðinum. Án tillits til skuldbindinga rekstraraðilans samkvæmt leyfinu og áður en afsetning úrgangs hefst skal fara fram skoðun til að sannreyna að skilyrðin fyrir leyfinu hafi verið uppfyllt. Auk þess skulu aðildarríkin sjá til þess að

([1]) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun nr. 2455/2001/EB (Stjtíð. EB L 331, 15.12.2001, bls. 1).

([2]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 56.

rekstraraðilar og arftakar þeirra haldi uppfærða skrá í tengslum við slíkar úrgangsstöðvar og að rekstraraðilar veiti arftökum sínum upplýsingar um ástand úrgangsstöðvarinnar og starfsemi hennar.

28) Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni reglulegar skýrslur um framkvæmd þessarar tilskipunar, m.a. upplýsingar um slys eða tilvik þar sem legið hefur við slysi. Framkvæmdastjórninni ber að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið á grundvelli þessara skýrslna.

29) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á þessari tilskipun og tryggja að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

30) Nauðsynlegt er að aðildarríkin sjái til þess að gerð sé skrá yfir lokaðar úrgangsstöðvar á yfirráðasvæðum þeirra, þ.m.t. þær sem hafa verið lagðar niður, til að unnt sé að tilgreina þær sem valda alvarlegum, neikvæðum umhverfisáhrifum eða gætu orðið alvarleg ógnun við heilbrigði manna eða umhverfið til skamms eða meðallangs tíma. Þessar skrár skulu verða grundvöllur viðeigandi áætlunar um ráðstafanir.

31) Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að viðeigandi skipti fari fram á vísindalegum og tæknilegum upplýsingum um það hvernig halda skuli skrá yfir lokaðar úrgangsstöðvar á vettvangi aðildarríkjanna og um þróun aðferða til að aðstoða aðildarríkin við að uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar þegar lokaðar úrgangsstöðvar eru endurreistar. Auk þess skal tryggja skipti á upplýsingum um bestu, fáanlegu tækni innan aðildarríkjanna og milli þeirra.

32) Til að samræma beitingu 6. gr. sáttmálans verða kröfur um umhverfisvernd að falla að framkvæmd stefnu og aðgerða Bandalagsins þannig að stuðlað sé að sjálfbærri þróun.

33) Þessi tilskipun getur orðið gagnlegt tæki þegar sannprófa skal að verkefni, sem fengið hafa fjárframlög frá Bandalaginu í tengslum við þróunaraðstoð, feli í sér nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanleg, neikvæð áhrif á umhverfið eða draga úr þeim eins og framast er unnt. Slík nálgun er í samræmi við 6. gr. sáttmálans, einkum að því er varðar það að fella kröfur um umhverfisvernd inn í stefnu Bandalagsins á sviði þróunarsamvinnu.

34) Aðildarríkin geta ekki hvert um sig náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að bæta meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaðinum, á fullnægjandi hátt þar eð röng meðhöndlun slíks úrgangs getur valdið mengun sem berst yfir landamæri. Samkvæmt mengunarbótareglunni er m.a. nauðsynlegt að hafa í huga hvers kyns skaða á umhverfinu af völdum úrgangs frá námuiðnaðinum og mismunandi beiting landanna á þeirri meginreglu getur leitt til verulegs misræmis að því er varðar kostnað rekstraraðila. Mismunandi stefna landanna að því er varðar meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaðinum torveldar einnig að markmiðinu um að tryggja lágmarksstig öruggrar og ábyrgrar meðhöndlunar slíks úrgangs og auka endurheimt hans eins og kostur er í gervöllu Bandalaginu verði náð. Þar eð markmið þessarar tilskipunar nást betur á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs hennar og áhrifa getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.

35) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

36) Reglur skulu settar um rekstur úrgangsstöðva sem eru starfandi þegar þessi tilskipun er lögleidd svo að grípa megi til nauðsynlegra ráðstafana, innan tilgreinds tíma, í því skyni að laga stöðvarnar að kröfunum í þessari tilskipun.

37) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([2]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að semja og birta sínar eigin töflur sem, eftir því sem kostur er, sýna samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafananna.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([2]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari tilskipun er kveðið á um ráðstafanir, tilhögun og leiðbeiningar í því skyni að koma í veg fyrir eða draga sem mest má verða úr skaðlegum áhrifum á umhverfið, einkum á vatn, andrúmsloft, jarðveg, plöntur, dýr og landslag, af völdum meðhöndlunar úrgangs frá námuiðnaðinum.

2. gr.

Gildissvið

1. Með fyrirvara um 2. og 3. mgr. tekur þessi tilskipun til meðhöndlunar úrgangs af völdum leitar, náms, meðhöndlunar og geymslu verðmætra jarðefna og frá grjótnámi, hér á eftir nefndur „úrgangur frá námuiðnaði“.

2. Eftirfarandi skal vera undanskilið gildissviði þessarar tilskipunar:

a) úrgangur, sem fellur til við leit, nám og meðhöndlun verðmætra jarðefna og grjótnám en ekki beint af völdum slíkrar starfsemi,

b) úrgangur, sem fellur til við leit, nám og meðhöndlun verðmætra jarðefna,

c) ídæling vatns og endurídæling grunnvatns eins og skilgreint er í fyrsta og öðrum undirlið j-liðar 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB, að því marki sem sú grein heimilar.

3. Óvirkur úrgangur og ómengaður jarðvegur eftir leit, nám, meðhöndlun og geymslu verðmætra jarðefna og grjótnám og úrgangur af völdum mótekju og meðhöndlunar og geymslu á mó falla ekki undir 7. gr., 8. gr., 11. gr. (1. og 3. mgr.), 12. gr., 13. gr. (6. mgr.), 14. gr. og 16. gr., nema úrgangurinn hafi verið afsettur í úrgangsstöð í A-flokki.

Lögbært yfirvald getur dregið úr eða fallið frá kröfunum um afsetningu hættulauss úrgangs af völdum leitar að verðmætum jarðefnum, nema olíu og gufunarseti (e. evaporites), öðru en gifsi og anhýdríti, og um afsetningu ómengaðs jarðvegs og úrgangs af völdum mótekju, og meðhöndlunar og geymslu á mó ef það telur að kröfurnar í 4. gr. hafi verið uppfylltar.

Aðildarríkin geta dregið úr eða fallið frá kröfunum í 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (5. og 6. mgr), 13. gr. (6. mgr.), 14. gr. og 16. gr. að því er varðar hættulausan, virkan úrgang, nema hann hafi verið afsettur í úrgangsstöð í A-flokki.

4. Með fyrirvara um aðra löggjöf Bandalagsins tekur tilskipun 1999/31/EB ekki til úrgangs sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „úrgangur“: úrgangur eins og hann er skilgreindur í a-lið 1. gr. tilskipunar 75/442/EBE,

2) „hættulegur úrgangur“: sá úrgangur sem er skilgreindur í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang ([1]),

3) „óvirkur úrgangur“: úrgangur sem tekur ekki neinum umtalsverðum eðlis-, efna- eða líffræðilegum breytingum. Óvirkur úrgangur leysist ekki upp, brennur ekki eða hvarfast á annan eðlis- eða efnafræðilegan hátt, brotnar ekki niður í náttúrunni eða hefur skaðleg áhrif á annað efni sem hann kemst í snertingu við þannig að líklegt sé að það hafi í för með sér mengun umhverfis eða geti skaðað heilbrigði manna. Heildarútskolunin og heildarinnihald mengandi efna í úrganginum og visteiturhrif af völdum sigvatnsins skulu vera óveruleg og umfram allt skal ekki vera hætta á að gæði yfirborðs- eða grunnvatns spillist,

4) „ómengaður jarðvegur“: jarðvegur sem er tekinn úr efsta jarðvegslaginu við námuvinnslu og telst ekki mengaður samkvæmt lögum aðildarríkisins, sem staðurinn tilheyrir, eða samkvæmt lögum Bandalagsins,

5) „verðmætt jarðefni“ eða „jarðefni“: náttúrulegt efni, af lífrænum eða ólífrænum toga, í jarðskorpunni, s.s. eldsneyti til orkuvinnslu, málmgrýti og jarðefni til iðnaðar og byggingarstarfsemi, þó ekki vatn,

6) „námuiðnaður“: allar stöðvar og fyrirtæki sem stunda vinnslu verðmætra jarðefna, ofan- eða neðanjarðar, í atvinnuskyni, m.a. vinnsla með borholum, eða meðhöndlun á efninu sem unnið er,

([1]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 166/2006.

7) „á hafi úti“: sá hluti hafs og hafsbotns sem nær út frá fjörumörkum við venjuleg sjávarföll eða meðalsjávarföll,

8) „meðhöndlun“: vélræn, eðlisræn, líffræðileg, varmatengd eða efnafræðileg ferli eða samsetning ferla sem beitt er á verðmæt jarðefni, þ.m.t. grjótnám, í því skyni að vinna jarðefnið, m.a. breyting á stærð, flokkun, skiljun og útskolun, og endurvinnsla úrgangs sem áður hefur verið fleygt, þó ekki bræðsla, framleiðsluferli þar sem hiti er notaður (annað en brennsla kalksteins) og málmvinnsluaðferðir,

9) „úrkast“: fastur eða leðjukenndur úrgangur sem verður eftir að lokinni meðhöndlun jarðefna með skiljunaraðferðum (t.d. mulningi, mölun, stærðarflokkun, fleytingu og öðrum eðlisefnafræðilegum aðferðum) til að skilja verðmætu jarðefnin frá verðminna bergi,

10) „haugur“: manngerð aðstaða þar sem fastur úrgangur er afsettur á yfirborði,

11) „stífla“: mannvirki sem hannað er til að geyma eða halda vatni og/eða úrgangi í vatnsgryfju,

12) „vatnsgryfja“: náttúruleg eða manngerð aðstaða, með mismiklu magni af óbundnu vatni, þar sem fínkornuðum úrgangi, venjulega úrkasti, frá meðhöndlun verðmætra jarðefna og frá hreinsun og endurnýtingu vinnsluvatns er komið fyrir,

13) „sýaníð sem losnar með veikri sýru“: sýaníð og sýaníðsambönd sem losna með veikri sýru við tiltekið sýrustig,

14) „sigvatn“: hvers konar vökvi, sem hripar gegnum afsetta úrganginn og losnar frá úrgangsstöð eða helst í henni, þ.m.t. mengað frárennslisvatn, og getur haft skaðleg áhrif á umhverfið ef hann er ekki meðhöndlaður á viðeigandi hátt,

15) „úrgangsstöð“: hvers konar svæði sem er ætlað fyrir söfnun eða afsetningu úrgangs frá námuiðnaði, hvort sem hann er í föstu eða fljótandi formi, lausn eða sviflausn, á eftirtöldum tímabilum:

— engin tímamörk fyrir úrgangsstöðvar í A-flokki og stöðvar fyrir úrgang sem skilgreindur er hættulegur í áætluninni um meðhöndlun úrgangs,

— á tímabili sem er lengra en sex mánuðir fyrir stöðvar fyrir hættulegan úrgang sem óvænt verður til,

— á tímabili sem er lengra en eitt ár fyrir úrgang sem er hvorki hættulaus né óvirkur,

— á tímabili sem er lengra en þrjú ár fyrir stöðvar fyrir ómengaðan jarðveg, hættulausan úrgang sem fellur til við leit og úrgang sem fellur til við tekju, meðhöndlun og geymslu mós og fyrir óvirkan úrgang.

Til slíkra stöðva teljast allar stíflur eða önnur mannvirki sem ætluð eru til að loka af slíka stöð, takmarka hana, afmarka hana eða styðja við hana á annan hátt og einnig skulu til þeirra teljast m.a. haugar og vatnsgryfjur, en undanskildar eru námugryfjur sem úrgangi er komið fyrir í eftir jarðefnanám til endurmótunar eða vegna mannvirkjagerðar,

16) „stórslys“: atvik á staðnum, meðan á vinnslu stendur, í tengslum við meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði í öllum starfsstöðvum sem þessi tilskipun tekur til, sem hefur í för með sér alvarlega hættu fyrir heilbrigði manna og/eða umhverfið, hvort heldur sem er samstundis eða í tímans rás, á staðnum eða utan hans.

17) „hættulegt efni“: efni, samsett efni eða efnablanda sem er hættuleg í skilningi tilskipunar 67/548/EBE ([1]) eða tilskipunar 1999/45/EB ([2]),

18) „besta, fáanlega tækni“: sú tækni sem er skilgreind í 11. mgr. 2. gr. tilskipunar 96/61/EB,

19) „viðtökuvatnshlot“: yfirborðsvatn, grunnvatn, árósavatn og strandsjór samkvæmt skilgreiningunum í 1., 2., 6. og 7. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/60/EB,

20) „endurmótun“: meðhöndlun lands, sem hefur orðið fyrir áhrifum af úrgangsstöð, þannig að það sé lagfært þannig að viðunandi teljist, einkum m.t.t. jarðvegsgæða, villtra lífvera, náttúrulegra

---

([1]) Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/73/EB (Stjtíð. ESB L 152, 30.4.2004, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna (Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/8/EB (Stjtíð. ESB L 19, 24.1.2006, bls. 12).

búsvæða, ferskvatnskerfa, landslags og viðeigandi nytja,

21) „leit“: könnun, sem beinist að því að finna jarðefni, sem hafa efnahagslegt gildi, m.a. sýnataka, sýnataka í stórum stíl, borun og skurðgröftur, en ekki vinna sem þarf að fara fram í tengslum við þróun slíkra jarðefna, auk allrar starfsemi sem beinlínis er tengd námurekstri sem fyrir er,

22) „almenningur“: einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar og, í samræmi við landslöggjöf eða venju, samtök þeirra, félög eða hópar,

23) „almenningur sem málið varðar“: almenningur sem ákvarðanataka um umhverfismál skv. 6. og 7. gr. þessarar tilskipunar hefur, eða líklegt er að hafi, áhrif á eða almenningur sem hefur hagsmuna að gæta, en samkvæmt þessari skilgreiningu skulu frjáls félagasamtök, sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla öll skilyrði landslaga, teljast hafa slíkra hagsmuna að gæta,

24) „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili, sem ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði í samræmi við landslög aðildarríkisins þar sem meðhöndlun úrgangsins fer fram, m.a. að því er varðar geymslu á úrgangi frá námuiðnaði um stundarsakir, rekstrartímabilið og tímabilið í kjölfar lokunar.

25) „úrgangshafi“: framleiðandi úrgangs frá námuiðnaði eða einstaklingurinn eða lögpersónan sem hefur hann í vörslu sinni,

26) „lögbær aðili“: einstaklingur sem hefur tæknikunnáttu og reynslu, samkvæmt skilgreiningu í landslögum aðildarríkisins þar sem einstaklingurinn starfar, til að annast þær skyldur sem af þessari tilskipun leiðir,

27) „lögbært yfirvald“: yfirvald eða yfirvöld sem aðildarríki tilnefnir og bera skal ábyrgð á að staðið sé við þær skuldbindingar sem af þessari tilskipun leiðir,

28) „athafnasvæði“: allt landsvæði sem er á tilteknum stað undir stjórn rekstraraðila,

29) „umtalsverð breyting“: breyting á skipulagi eða rekstri úrgangsstöðvar, sem getur haft umtalsverð, neikvæð áhrif á heilbrigði manna eða umhverfið, að áliti lögbærs yfirvalds.

4. gr.

Almennar kröfur

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að úrgangur frá námuiðnaði sé meðhöndlaður þannig að heilbrigði manna stafi ekki hætta af og að ferlin og aðferðirnar valdi ekki skaða á umhverfinu og séu m.a. áhættulaus að því er varðar vatn, andrúmsloft, jarðveg, plöntur og dýr, auk þess sem þau skulu hvorki valda óþægindum með hávaða eða lykt né hafa skaðleg áhrif á landslag eða markverða staði. Aðildarríkin skulu einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna að úrgangur frá námuiðnaði sé skilinn eftir, honum hent eða að hann sé afsettur án eftirlits.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að rekstraraðilinn geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr, eins og framast er kostur, hvers kyns skaðlegum áhrifum á umhverfið og heilbrigði manna sem verða vegna meðhöndlunar úrgangs frá námuiðnaði. Í þessu felast m.a. stjórn úrgangsstöðvar, einnig eftir að henni hefur verið lokað, og stórslysavarnir í tengslum við stöðina ásamt því að draga úr afleiðingum stórslysa fyrir umhverfið og heilbrigði manna.

3. Ráðstafanirnar í 2. mgr. skulu m.a. grundvallaðar á bestu, fáanlegu tækni, án þess þó að mælt sé fyrir um notkun tiltekinnar tækni eða aðferðar, og skal taka tillit til tæknilegra eiginleika úrgangsstöðvarinnar, landfræðilegrar staðsetningar hennar og umhverfisskilyrða á staðnum.

5. gr.

Áætlun um meðhöndlun úrgangs

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstraraðilinn semji áætlun um meðhöndlun úrgangs í tengslum við lágmörkun, meðhöndlun, endurheimt og förgun úrgangs frá námuiðnaði m.t.t. meginreglunnar um sjálfbæra þróun.

2. Áætlunin um meðhöndlun úrgangs skal fela í sér eftirtalin markmið:

a) að koma í veg fyrir eða draga úr tilurð úrgangs og skaðsemi hans, einkum þannig að tekið sé tillit til:

   i. meðhöndlunar úrgangs í hönnunarferlinu og við val á aðferð við nám og meðhöndlun jarðefna,

   ii. breytinganna sem úrgangur frá námuiðnaði kann að taka í tengslum við stækkun á yfirborðsfleti og áhrifa sem hann verður fyrir vegna skilyrða yfir yfirborði landsins,

   iii. þess að úrgangi frá námuiðnaði sé komið fyrir í námugryfjunni á ný eftir að jarðefnið hefur verið numið, eins og telst tæknilega og efnahagslega hagkvæmt og umhverfisvænt í

samræmi við gildandi umhverfisstaðla á vettvangi Bandalagsins og, eftir atvikum, kröfurnar í þessari tilskipun,

iv. þess að gróðurmold sé sett aftur á sinn stað eftir að úrgangsstöðinni hefur verið lokað eða, sé það ekki raunhæft, að hún sé notuð aftur annars staðar,

v. notkunar á hættuminni efnum við meðhöndlun verðmætra jarðefna,

b) að hvetja til endurheimtar úrgangs frá námuiðnaði með endurnýtingu, endurnotkun eða endurvinnslu slíks úrgangs þar sem slíkt er umhverfisvænt í samræmi við gildandi umhverfisstaðla á vettvangi Bandalagsins og, eftir atvikum, kröfurnar í þessari tilskipun,

c) að tryggja örugga förgun úrgangs frá námuiðnaði til skamms og langs tíma, einkum með því að taka, á hönnunarstiginu, tillit til meðhöndlunar meðan á rekstri stöðvarinnar stendur og eftir að henni hefur verið lokað og með því að velja útfærslu:

i. þar sem vöktun, eftirlit og stjórnun eru í lágmarki og jafnvel engin að lokum að því er varðar lokuðu úrgangsstöðina,

ii. sem kemur í veg fyrir, eða lágmarkar a.m.k., öll neikvæð áhrif til langs tíma, t.d. þau sem rekja má til fars mengunarefna úr úrgangsstöðinni í loft eða vatn, og

iii. sem tryggir til langs tíma jarðtæknilegan stöðugleika allra stíflna eða hauga sem ná upp fyrir yfirborð landsins eins og það var áður.

3. Í áætluninni um meðhöndlun úrgangs skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi þættir:

a) flokkunin sem lögð er til fyrir úrgangsstöðina, eftir atvikum, í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka:

— skjal, ef þess er krafist að úrgangsstöð sé í A-flokki, sem sýnir að áætlun um stórslysavarnir, öryggisstjórnunarkerfi til að framkvæma hana og neyðaráætlun til nota í úrgangsstöðinni verði hrundið í framkvæmd í samræmi við 3. mgr. 6. gr.,

— ef rekstraraðili telur að þess sé ekki krafist að úrgangsstöð sé í A-flokki: fullnægjandi upplýsingar sem rökstyðja það, m.a. greining á hugsanlegri slysahættu,

b) lýsing á eiginleikum úrgangsins í samræmi við II. viðauka og yfirlýsing um áætlað heildarmagn úrgangs frá námuiðnaði sem til fellur á rekstrartímabilinu,

c) lýsing á starfseminni sem úrgangurinn myndast við og allri hugsanlegri meðhöndlun hans í kjölfarið,

d) lýsing á skaðlegum áhrifum vegna afsetningar slíks úrgangs á umhverfið og heilbrigði manna og forvarnaraðgerðir sem grípa skal til í því skyni að lágmarka umhverfisáhrif meðan á rekstri stendur og eftir lokun, þ.m.t. þættirnir sem um getur í a-, b-, d- og e-liðum 2. mgr. 11. gr.,

e) verklagsreglur sem lagt er til að beitt verði við eftirlit og vöktun skv. 10. gr., eftir því sem við á, og c-lið 2. mgr. 11. gr.,

f) tillögð áætlun um lokun, þ.m.t. endurmótun, ráðstafanir eftir lokun og vöktun, eins og kveðið er á um í 12. gr.,

g) ráðstafanir til að koma í veg fyrir að ástand vatns versni, í samræmi við tilskipun 2000/60/EB, og til að koma í veg fyrir eða lágmarka mengun andrúmslofts og jarðvegs, skv. 13. gr.,

h) könnun á ástandi landsins sem úrgangsstöðin mun hafa áhrif á.

Í áætluninni um meðhöndlun úrgangs skal vera að finna nægar upplýsingar til þess að lögbært yfirvald geti metið getu rekstraraðilans til að uppfylla markmið áætlunarinnar um meðhöndlun úrgangs, eins og mælt er fyrir um í 2. mgr., og skyldur hans samkvæmt þessari tilskipun. Í áætluninni skal m.a. greint frá því hvernig kosturinn og aðferðin, sem valin eru, eins og um getur í i. lið a-liðar 2. mgr., uppfylla markmið áætlunarinnar um meðhöndlun úrgangs sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr.

4. Á fimm ára fresti skal endurskoða áætlunina um meðhöndlun úrgangs og/eða breyta henni, eftir því sem við á, ef verulegar breytingar verða á starfsemi úrgangsstöðvarinnar eða á úrganginum sem þar er afsettur. Tilkynna skal lögbæru yfirvaldi um allar breytingar.

5. Heimilt er að nota áætlanir sem eru gerðar samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja eða Bandalagsins og innihalda upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 3. mgr., ef þannig verður komist hjá óþarfri tvítekningu upplýsinga og tvíverknaði hjá rekstraraðilanum, enda sé öllum kröfum 1.–4. gr. fullnægt.

6. Lögbært yfirvald skal samþykkja áætlunina um meðhöndlun úrgangs á grundvelli málsmeðferðar, sem aðildarríkin ákveða, og vakta framkvæmd hennar.

6. gr.

Forvarnir gegn stórslysum og upplýsingar

1. Þessi grein gildir um úrgangsstöðvar í A-flokki, að frátöldum þeim úrgangsstöðvum sem falla undir gildissvið tilskipunar 96/82/EB.

2. Með fyrirvara um aðra löggjöf Bandalagsins, einkum tilskipanir 92/91/EBE og 92/104/EBE, skulu aðildarríkin sjá til þess að stórslysahætta sé greind og að tekið sé tillit til nauðsynlegra þátta við hönnun, byggingu, rekstur og viðhald úrgangsstöðvarinnar, auk lokunar hennar og aðgerða eftir lokun, til að koma í veg fyrir slík slys og takmarka neikvæðar afleiðingar þeirra fyrir heilbrigði manna og/eða umhverfið, þ.m.t. öll áhrif yfir landamæri.

3. Að því er varðar kröfurnar í 2. mgr. skal hver rekstraraðili semja áætlun, áður en rekstur hefst, um forvarnir gegn stórslysum í tengslum við meðhöndlun á úrgangi frá námuiðnaði og koma á öryggisstjórnunarkerfi til að framkvæma áætlunina í samræmi við þættina sem settir eru fram í 1. þætti I. viðauka og einnig skal hann koma á neyðaráætlun í stöðinni þar sem tilgreindar eru þær ráðstafanir sem grípa ber til á staðnum ef slys ber að höndum.

Það skal vera þáttur í þeirri áætlun að rekstraraðilinn tilnefni öryggisstjóra sem ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar um stórslysavarnir og reglubundnu eftirliti með henni.

Lögbært yfirvald skal semja neyðaráætlun til nota utan stöðvarinnar þar sem tilgreindar eru þær ráðstafanir sem grípa ber til utan staðarins ef slys ber að höndum. Það skal vera liður í umsókninni um leyfi að rekstraraðilinn veiti lögbæru yfirvaldi upplýsingar sem því eru nauðsynlegar til að semja áætlunina.

4. Markmiðin með neyðaráætlununum, sem um getur í 3. mgr., eru eftirfarandi:

a) að ná tökum á stórslysum og öðrum atvikum og afmarka þau til að lágmarka áhrif þeirra og þó einkum til að takmarka tjón á heilbrigði manna og umhverfinu,

b) að hrinda í framkvæmd þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til þess að vernda heilbrigði manna og umhverfi fyrir áhrifum stórslysa og annarra atvika,

c) að koma nauðsynlegum upplýsingum til almennings og stofnana eða yfirvalda á svæðinu sem málið varðar,

d) að umhverfið sé endurmótað, lagfært og hreinsað í kjölfar stórslyss.

Aðildarríkin skulu sjá til þess, ef stórslys ber að höndum, að rekstraraðilinn veiti lögbæru yfirvaldi tafarlaust allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að stuðla að því að draga úr afleiðingum þess fyrir heilbrigði manna eins og framast er kostur og meta umfang raunverulegra eða hugsanlegra umhverfisáhrifa og lágmarka þau.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að almenningi, sem málið varðar, sé gefið raunhæft tækifæri snemma í ferlinu til að taka þátt í undirbúningi eða endurskoðun neyðaráætlunarinnar til nota utan stöðvarinnar, sem semja skal í samræmi við 3. mgr. Í því skyni skal almenningur sem málið varðar upplýstur um allar tillögur þar að lútandi og viðeigandi upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar, m.a. upplýsingar um réttinn til að taka þátt í ákvarðanatökuferlinu og um lögbæra yfirvaldið sem leggja má athugasemdir og spurningar fyrir.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að almenningi, sem málið varðar, sé heimilt að gera athugasemdir innan hæfilegra tímamarka og að tekið sé tilhlýðilegt tillit til athugasemdanna þegar ákvörðun er tekin um neyðaráætlunina til nota utan stöðvarinnar.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að almenningur sem málið varðar fái upplýsingar, án endurgjalds og skilyrðislaust, um öryggisráðstafanir og aðgerðir sem grípa skal til ef slys ber að höndum og skulu þær innihalda a.m.k. þá þætti sem tilgreindir eru í 2. þætti I. viðauka.

Þessar upplýsingar skulu endurskoðaðar á þriggja ára fresti og uppfærðar ef nauðsyn krefur.

7. gr.

Umsókn og leyfi

1. Rekstur úrgangsstöðvar er óheimill án leyfis frá lögbærum yfirvöldum. Leyfið skal taka til þeirra þátta sem tilgreindir eru í 2. mgr. þessarar greinar og tilgreina greinilega í hvaða flokki úrgangsstöðin er í samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 9. gr.

Með fyrirvara um að allar kröfur í þessari grein séu uppfylltar má sameina öll leyfi, sem gefin eru út samkvæmt annarri löggjöf einstakra aðildarríkja eða Bandalagsins, í eitt, sé með því móti unnt að komast hjá óþarfa tvítekningu upplýsinga og tvíverknaði rekstraraðila eða lögbærs yfirvalds. Upplýsingarnar,

sem tilgreindar eru í 2. mgr., geta verið hvort heldur í einu leyfi eða nokkrum leyfum, ef allar kröfur í þessari grein eru uppfylltar.

2. Í umsókninni um leyfi skulu að minnsta kosti koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a) heiti rekstraraðilans,

b) tillögð staðsetning úrgangsstöðvarinnar, þ.m.t. allir aðrir, hugsanlegir kostir varðandi staðsetningu,

c) áætlunin um meðhöndlun úrgangs, skv. 5. gr.

d) fullnægjandi ráðstafanir með fjárhagslegri ábyrgð eða jafngildi hennar, eins og krafist er skv. 14. gr.,

e) upplýsingarnar, sem rekstraraðilinn leggur fram í samræmi við 5. gr. tilskipunar 85/337/EBE ([1]), ef krafa er gerð um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt þeirri tilskipun.

3. Lögbært yfirvald skal einungis veita leyfi ef það er þess fullvisst að:

a) rekstraraðilinn fullnægi viðeigandi kröfum í þessari tilskipun,

b) meðhöndlun úrgangsins stríði hvorki beint gegn né hindri á annan hátt framkvæmd viðeigandi áætlunar eða áætlana um meðhöndlun úrgangs sem um getur í 7. gr. tilskipunar 75/442/EBE.

4. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær yfirvöld endurskoði skilyrði leyfisins reglulega og uppfæri þau ef nauðsyn krefur:

— ef verulegar breytingar hafa orðið á starfsemi úrgangsstöðvarinnar eða á úrganginum sem er afsettur þar,

— á grundvelli niðurstaðna úr vöktun, sem rekstraraðilinn gefur skýrslu um skv. 3. mgr. 11. gr., eða skoðana sem fram fara skv. 17. gr.,

— í ljósi upplýsingaskipta um verulegar breytingar á bestu, fáanlegu tækni skv. 3. mgr. 21. gr.

5. Upplýsingar í leyfi, sem hefur verið samþykkt samkvæmt þessari grein, skulu gerðar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum á sviði hagskýrslna í aðildarríkinu eða Bandalaginu ef nota þarf upplýsingarnar vegna hagskýrslugerðar. Viðkvæmar viðskiptaupplýsingar, svo sem upplýsingar sem varða viðskiptatengsl, kostnaðarþætti og umfang hagrænna jarðefnaauðlinda, skulu ekki gerðar opinberar.

8. gr.

Þátttaka almennings

1. Almenningur skal upplýstur, með opinberum tilkynningum eða öðrum viðeigandi hætti, svo sem rafrænum miðlum þar sem þeir eru tiltækir, um eftirfarandi atriði snemma í leyfisveitingarferlinu eða eigi síðar en um leið og sanngjarnt er að gera ráð fyrir að unnt sé að veita upplýsingarnar:

a) umsókn um leyfi,

b) að ákvörðun um umsókn um leyfi verði ekki tekin, eftir atvikum, fyrr en að höfðu samráði aðildarríkjanna í samræmi við 16. gr.,

c) upplýsingar um lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á ákvarðanatökunni, þau sem geta veitt viðeigandi upplýsingar og þau sem leggja má athugasemdir og spurningar fyrir, auk upplýsinga um tímarammann til að setja fram athugasemdir eða spurningar,

d) eðli hugsanlegra ákvarðana,

e) upplýsingar, eftir atvikum, í tengslum við tillögu um uppfærslu leyfis eða um skilyrði fyrir því,

f) vísbendingar um tíma og staði þar sem unnt er að nálgast viðeigandi upplýsingar eða um leiðir til þess,

g) upplýsingar um fyrirkomulag varðandi þátttöku almennings skv. 7. mgr.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess, innan viðeigandi tímamarka, að almenningur hafi aðgang að eftirfarandi:

a) aðalskýrslum og ráðleggingum, í samræmi við landslög, sem sendar voru lögbæru yfirvaldi þegar almenningur var upplýstur í samræmi við 1. mgr.,

b) öllum upplýsingum, í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB um almennan aðgang að upplýsingum um um-

([1]) Tilskipun ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (Stjtíð. EB L 175, 5.7.1985, bls. 40). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/35/EB (Stjtíð. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 17).

hverfismál ([1]), auk upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem skipta máli fyrir ákvörðunina í samræmi við 7. gr. þessarar tilskipunar og sem verða einungis aðgengilegar eftir að almenningur hefur verið upplýstur í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að almenningur sé upplýstur, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, um uppfærslu á skilyrðum fyrir leyfi í samræmi við 4. mgr. 7. gr.

4. Almenningur sem málið varðar skal hafa rétt til að leggja athugasemdir og álit fyrir lögbæra yfirvaldið áður en ákvörðun er tekin.

5. Taka skal tilhlýðilegt tillit til niðurstaðna úr samráðinu, sem fara skal fram samkvæmt þessari grein, við ákvarðanatökuna.

6. Þegar ákvörðun hefur verið tekin skal lögbært yfirvald, í samræmi við tilhlýðilega málsmeðferð, upplýsa almenning sem málið varðar og gera eftirfarandi upplýsingar honum aðgengilegar:

a) efni ákvörðunarinnar, þ.m.t. afrit af leyfinu,

b) þær ástæður og forsendur sem ákvörðunin byggist á.

7. Aðildarríkin skulu ákvarða nákvæmt fyrirkomulag um þátttöku almennings samkvæmt þessari grein til að almenningur sem málið varðar geti undirbúið sig og til að þátttaka hans verði virk.

9. gr.

Flokkunarkerfi fyrir úrgangsstöðvar

Að því er varðar þessa tilskipun skulu lögbær yfirvöld setja úrgangsstöð í A-flokk í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

10. gr.

Námugryfjur

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þegar úrgangur frá námuiðnaði er settur aftur í námugryfjurnar til endurmótunar og mannvirkjagerðar, hvort sem um er að ræða nám ofan- eða neðanjarðar, geri rekstraraðilinn viðeigandi ráðstafanir til að:

1) tryggja stöðugleika úrgangsins frá námuiðnaðinum í samræmi við 2. mgr. 11. gr., að breyttu breytanda,

2) koma í veg fyrir mengun jarðvegs, yfirborðsvatns og grunnvatns í samræmi við 1., 3. og 5. mgr. 13. gr., að breyttu breytanda,

3) tryggja vöktun á úrganginum frá námuiðnaðinum og á námugryfjunni í samræmi við 4. og 5. mgr. 12. gr., að breyttu breytanda.

2. Tilskipun 1999/31/EB gildir áfram um annan úrgang en úrgang frá námuiðnaði sem er notaður, eftir atvikum, sem fyllingarefni í námugryfjur.

11. gr.

Bygging og stjórn úrgangsstöðva

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að stjórn úrgangsstöðvar sé í höndum þar til bærs einstaklings og að tækniþróun sé tryggð og starfsfólki séð fyrir þjálfun.

2. Lögbært yfirvald skal fullvissa sig um að þegar ný úrgangsstöð er reist eða þegar úrgangsstöð, sem fyrir er, er breytt sjái rekstraraðilinn til þess að:

a) úrgangsstöðin sé á hentugum stað og að einkum sé tekið tillit til skuldbindinga Bandalagsins eða einstakra aðildarríkja að því er varðar vernduð svæði og til jarðfræðilegra, vatnafræðilegra og vatnajarðfræðilegra þátta, jarðskjálftafræðilegra og jarðtæknilegra þátta, en einnig skal hún hönnuð þannig að hún uppfylli nauðsynleg skilyrði, hvort sem litið er til skamms eða langs tíma, til að koma í veg fyrir mengun jarðvegs, andrúmslofts, grunnvatns eða yfirborðsvatns, einkum m.t.t. tilskipana 76/464/EBE ([2]), 80/68/EBE ([3]) og 2000/60/EB, að tryggð sé markviss söfnun á menguðu vatni og sigvatni, þegar og ef þess er krafist samkvæmt leyfinu, og að dregið sé úr jarðvegsrofi af völdum vatns eða vinds eins og er tæknilega mögulegt og fjárhagslega hagkvæmt,

b) úrgangsstöðin sé byggð og rekin og henni haldið við þannig að eðlisrænn stöðugleiki hennar sé tryggður og að koma megi í veg fyrir mengun eða smitun jarðvegs, andrúmslofts, yfirborðsvatns eða grunnvatns, hvort sem litið er til

([1]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

([2]) Tilskipun ráðsins 76/464/EBE frá 4. maí 1976 um mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna sem losuð eru í vatn í Bandalaginu (Stjtíð. EB L 129, 18.5.1976, bls. 23). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/60/EB.

([3]) Tilskipun ráðsins 80/68/EBE frá 17. desember 1979 um verndun grunnvatns gegn mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna (Stjtíð. EB L 20, 26.1.1980, bls. 43). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48).

skamms eða langs tíma, og til að draga úr skaða á landslagi eins og framast er kostur,

c) viðeigandi áætlanir og fyrirkomulag séu til staðar fyrir reglubundna vöktun og skoðun þar til bærra aðila á úrgangsstöðinni og svo að unnt sé að grípa til aðgerða ef niðurstöður gefa til kynna óstöðugleika eða mengun vatns eða jarðvegs,

d) viðeigandi ráðstafanir séu gerðar vegna endurmótunar landsins og lokunar úrgangsstöðvarinnar,

e) viðeigandi ráðstafanir séu gerðar vegna tímabilsins í kjölfar lokunar úrgangsstöðvarinnar.

Haldnar skulu skrár yfir vöktunina og skoðunina, sem um getur í c-lið, ásamt leyfisgögnum, til að tryggja viðeigandi miðlun upplýsinga, einkum ef skipt er um rekstraraðila.

3. Rekstraraðilinn skal, án ótilhlýðilegra tafa og í öllum tilvikum innan 48 klukkustunda, tilkynna lögbæru yfirvaldi um alla atburði sem líklegt er að hafi áhrif á stöðugleika úrgangsstöðvarinnar og öll umtalsverð, neikvæð umhverfisáhrif sem koma í ljós þegar eftirlits- og vöktunaraðferðum úrgangsstöðvarinnar er beitt. Rekstraraðilinn skal, eftir atvikum, hrinda í framkvæmd neyðaráætlun til nota í stöðinni og fylgja öllum öðrum leiðbeiningum frá lögbæru yfirvaldi um ráðstafanir til úrbóta.

Rekstraraðilinn skal bera kostnaðinn af ráðstöfununum.

Rekstraraðilinn skal, svo oft sem lögbært yfirvald ákveður og eigi sjaldnar en einu sinni á ári, gefa lögbærum yfirvöldum skýrslu á grundvelli fyrirliggjandi gagna um allar niðurstöður úr vöktuninni, svo að unnt sé að sýna fram á samræmi við skilyrði fyrir leyfinu og auka þekkingu á hegðun úrgangsins og úrgangsstöðvarinnar. Á grundvelli þessarar skýrslu getur lögbært yfirvald ákveðið að nauðsynlegt sé að fá staðfestingu óháðs sérfræðings.

12. gr.

Tilhögun í tengslum við lokun úrgangsstöðva og aðgerðir í kjölfar lokunar

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum 2.–5. mgr.

2. Lokunarferli úrgangsstöðvar skal einungis hefjast ef eitt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) þau skilyrði sem sett eru fram í leyfinu og máli skipta eru uppfyllt,

b) fengist hefur leyfi lögbærs yfirvalds, að beiðni rekstraraðila,

c) lögbært yfirvald gefur út rökstudda ákvörðun þess efnis.

3. Ekki skal líta svo á að úrgangsstöð hafi endanlega verið lokað fyrr en lögbært yfirvald hefur án ótilhlýðilegra tafa látið fara fram lokaskoðun á staðnum, metið allar skýrslur sem rekstraraðilinn hefur lagt fram, vottað að landið, sem varð fyrir áhrifum af úrgangsstöðinni, hafi verið endurmótað og tilkynnt rekstraraðilanum að það hafi samþykkt lokunina.

Samþykkið skal ekki á neinn hátt draga úr skuldbindingum rekstraraðilans samkvæmt skilyrðunum, sem fram koma í leyfinu, eða ákvæðum laga.

4. Rekstraraðilinn skal bera ábyrgð á viðhaldi, vöktun, eftirliti og ráðstöfunum til úrbóta á tímabilinu eftir lokun, svo lengi sem lögbært yfirvald krefst þess, með hliðsjón af eðli hættunnar og því hversu lengi má gera ráð fyrir að hún vari, nema í þeim tilvikum þegar lögbært yfirvald ákveður að taka yfir slík verkefni frá rekstraraðilanum eftir að úrgangsstöð hefur verið endanlega lokað og með fyrirvara um landslög eða löggjöf Bandalagsins um ábyrgð úrgangshafans.

5. Þegar lögbært yfirvald telur nauðsynlegt, í því skyni að uppfylla viðeigandi umhverfiskröfur sem settar eru fram í löggjöf Bandalagsins, m.a. kröfurnar í tilskipunum 76/464/EBE, 80/68/EBE og 2000/60/EB, skal rekstraraðilinn, í kjölfar lokunar úrgangsstöðvar, m.a. hafa eftirlit með eðlisrænum og efnafræðilegum stöðugleika stöðvarinnar og halda öllum neikvæðum umhverfisáhrifum í lágmarki, einkum m.t.t. yfirborðs og grunnvatns, með því að sjá til þess að:

a) öll mannvirki, sem tilheyra stöðinni, séu vöktuð og varðveitt og að stjórnbúnaður og mælitæki séu jafnan tilbúin til notkunar,

b) yfirfallsrásum og -rennum sé haldið hreinum og opnum.

6. Í kjölfar lokunar úrgangsstöðvar skal rekstraraðilinn án tafar tilkynna lögbæru yfirvaldi um alla atburði eða breytingar sem líklegt er að hafi áhrif á stöðugleika úrgangsstöðvarinnar og öll umtalsverð, neikvæð umhverfisáhrif sem koma í ljós þegar eftirlits- og vöktunaraðferðum er beitt. Rekstraraðilinn skal, eftir atvikum, hrinda í framkvæmd neyðaráætlun til nota í stöðinni og fylgja öllum öðrum leiðbein-

ingum frá lögbæru yfirvaldi um ráðstafanir til úrbóta.

Rekstraraðilinn skal bera kostnaðinn af ráðstöfununum.

Þegar og svo oft sem lögbært yfirvald ákveður skal rekstraraðilinn gefa lögbærum yfirvöldum skýrslu á grundvelli fyrirliggjandi gagna um allar niðurstöður úr vöktuninni, svo að unnt sé að sýna fram á samræmi við skilyrðin fyrir leyfinu og auka þekkingu á hegðun úrgangs og úrgangsstöðvar.

13. gr.

Forvarnir gegn spillingu vatns og mengun andrúmslofts og jarðvegs

1. Lögbært yfirvald skal fullvissa sig um að rekstraraðilinn hafi gert nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla umhverfisstaðla Bandalagsins, einkum í því skyni að koma í veg fyrir, í samræmi við tilskipun 2000/60/EB, að núverandi ástand vatns versni, m.a. með því að:

a) meta hversu mikið sigvatn getur myndast í afsetta úrganginum, þ.m.t. innihald mengunarefna í sigvatninu, bæði meðan á starfsemi úrgangsstöðvarinnar stendur og á tímabilinu eftir að henni hefur verið lokað, og ákvarða vatnsjöfnuð úrgangsstöðvarinnar,

b) koma í veg fyrir eða lágmarka myndun sigvatns og mengun yfirborðs- eða grunnvatns og jarðvegs af völdum úrgangsins,

c) safna menguðu vatni og sigvatni frá úrgangsstöðinni og meðhöndla það þannig að það nái þeim gæðum sem krafist er að það hafi við losun þess.

2. Lögbært yfirvald skal sjá til þess að rekstraraðilinn hafi gert fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir losun á ryki og lofttegundum eða draga úr henni.

3. Ef lögbært yfirvald hefur ákveðið, á grundvelli mats á umhverfisáhættu og með sérstöku tilliti til tilskipana 76/464/EBE, 80/68/EBE eða 2000/60/EB, eftir því sem við á, að ekki sé nauðsynlegt að safna sigvatni eða meðhöndla það eða ef staðfest hefur verið að úrgangsstöðin skapi enga hugsanlega hættu fyrir jarðveg, grunnvatn eða yfirborðsvatn er heimilt, í samræmi við það, að draga úr kröfunum sem settar eru fram í b- og c-lið 1. mgr. eða fella þær niður.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að rekstraraðilinn þurfi að uppfylla viðeigandi kröfur í tilskipunum 76/464/EBE, 80/68/EBE og 2000/60/EB til að mega farga úrgangi frá námuiðnaði, hvort sem hann er í föstu, leðjukenndu eða í fljótandi ástandi, í viðtökuvatnshlot, annað en það sem sérstaklega er gert til förgunar á úrgangi frá námuiðnaði.

5. Þegar úrganginum frá námuiðnaðinum er komið aftur fyrir í námgryfjunni, hvort sem hún varð til í tengslum við vinnslu á yfirborði eða neðanjarðar, skal rekstraraðilinn gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að ástand vatns spillist og jarðvegur mengist eða til að lágmarka slíkan skaða í samræmi, að breyttu breytanda, við 1. og 3. mgr. Rekstraraðilinn skal veita lögbæru yfirvaldi nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja að staðið sé við skuldbindingar Bandalagsins, einkum þær sem koma fram í tilskipun 2000/60/EB.

6. Ef um er að ræða vatnsgryfju, sem inniheldur sýaníð, skal rekstraraðilinn sjá til þess að styrkur sýaníðs, sem losnar með veikri sýru, í gryfjunni sé minnkaður eins og unnt er með því að nota bestu, fáanlegu tækni og ef um er að ræða úrgangsstöðvar, sem fengið höfðu leyfi eða voru þegar í rekstri 1. maí 2008, skal hann sjá til þess í öllum tilvikum að styrkur sýaníðs, sem losnar með veikri sýru á losunarstað úrkastsins frá vinnslustöðinni í vatnsgryfjuna, fari ekki yfir 50 milljónarhluta frá og með 1. maí 2008, 25 milljónarhluta frá og með 1. maí 2013, 10 milljónarhluta frá og með 1. maí 2018 og 10 milljónarhluta í úrgangsstöðvum sem fá leyfi eftir 1. maí 2008.

Ef lögbært yfirvald óskar þess skal rekstraraðilinn sýna fram á það með áhættumati, þar sem tekið er tillit til staðarsértækra aðstæðna, að ekki þurfi að lækka þessi styrkleikamörk frekar.

14. gr.

Fjárhagsleg trygging

1. Áður en nokkur starfsemi hefst í úrgangsstöð sem felur í sér söfnun eða afsetningu úrgangs frá námuiðnaði skal lögbært yfirvald krefjast fjárhagslegrar tryggingar (t.d. í formi geymslufjár, þ.m.t. gagnkvæmir ábyrgðarsjóðir sem iðnaðurinn styrkir) eða samsvarandi tryggingar í samræmi við verklagsreglur, sem aðildarríkin setja, þannig að:

a) staðið sé við allar skuldbindingar samkvæmt leyfinu sem gefið er út samkvæmt þessari tilskipun, þ.m.t. ákvæði um tímabilið í kjölfar lokunarinnar,

b) sjóðir séu aðgengilegir á hverjum tíma vegna endurmótunar lands sem úrgangsstöðin hefur haft áhrif á, eins og lýst er í áætlun um meðhöndlun úrgangs sem samin er skv. 5. gr. og sem krafist er í tengslum við leyfið skv. 7. gr.

2. Útreikningur á tryggingunni, sem um getur í 1. mgr., skal gerður á grundvelli:

a) líklegra umhverfisáhrifa af úrgangsstöðinni, einkum m.t.t. flokks úrgangsstöðvarinnar, eiginleika úrgangsins og framtíðarnota endurmótaða landsins,

b) þeirrar forsendu að óháðir þriðju aðilar með tilskilin starfsréttindi muni meta allar nauðsynlegar aðgerðir til endurmótunar og annast þær.

3. Fjárhæð tryggingarinnar skal aðlöguð reglulega í samræmi við hvers kyns endurmótunaraðgerðir sem framkvæma þarf á landinu sem úrgangsstöðin hefur áhrif á, eins og lýst er í áætluninni um meðhöndlun úrgangs sem samin er skv. 5. gr. og sem krafist er í tengslum við leyfið skv. 7. gr.

4. Ef lögbært yfirvald samþykkir lokun í samræmi við 3. mgr. 12. gr. skal það láta rekstraraðilanum í té skriflega yfirlýsingu um að hann sé laus undan ábyrgðarskuldbindingunni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að frátöldum skuldbindingum í kjölfar lokunar eins og um getur í 4. mgr. 12. gr.

15. gr.

Umhverfisábyrgð

Eftirfarandi liður bætist við III. viðauka tilskipunar 2004/35/EB:

„13. Meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði (*).

(*) Stjtíð ESB L 102, 11.4. 2006, bls. 15.“

16. gr.

Áhrif yfir landamæri

1. Komist aðildarríki, þar sem úrgangsstöð er að finna, að raun um að rekstur úrgangsstöðvar í A-flokki geti haft umtalsverð, skaðleg áhrif á umhverfi annars aðildarríkis og af hljótist einhver áhætta fyrir heilbrigði manna þar, eða fari aðildarríki, sem líklegt má telja að verði fyrir slíkum áhrifum, fram á það skal aðildarríkið, þar sem umsókn um leyfi var lögð fram skv. 7. gr., senda upplýsingarnar, sem veittar voru samkvæmt þeirri grein, áfram til hins aðildarríkisins og veita ríkisborgurum sínum aðgang að þeim á sama tíma.

Leggja skal slíkar upplýsingar til grundvallar í nauðsynlegum viðræðum sem eru liður í tvíhliða samskiptum aðildarríkjanna tveggja á grundvelli meginreglunnar um gagnkvæmni og jafnræði.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess, innan rammans um tvíhliða samskipti, að almenningur í aðildarríki, sem málið varðar og líklegt má telja að verði fyrir umtalsverðum áhrifum í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr., hafi einnig aðgang að umsóknunum þannig að hann öðlist rétt til að koma á framfæri athugasemdum um þær áður en lögbært yfirvald tekur ákvörðun.

3. Ef slys verður þar sem í hlut á úrgangsstöð, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu aðildarríkin sjá til þess að upplýsingar, sem rekstraraðilinn hefur lagt fyrir lögbært yfirvald skv. 4. mgr. 6. gr., séu þegar í stað sendar hinu aðildarríkinu í því skyni að stuðla að því að lágmarka áhrif slyssins á heilbrigði manna og meta og lágmarka umfang raunverulegra eða hugsanlegra umhverfisspjalla.

17. gr.

Skoðun lögbærs yfirvalds

1. Áður en starfsemin í tengslum við afsetningu úrgangs hefst og með reglulegu millibili eftir það, sem viðkomandi aðildarríki ákveður, einnig á tímabilinu í kjölfar lokunar, skal lögbært yfirvald skoða allar úrgangsstöðvar, sem falla undir 7. gr., í því skyni að tryggja að þær uppfylli viðeigandi skilyrði í leyfinu. Jákvæð niðurstaða skerðir á engan hátt þá ábyrgð sem rekstraraðili ber samkvæmt skilyrðunum í leyfinu.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að rekstraraðilinn haldi uppfærðar skrár yfir alla starfsemi í tengslum við meðhöndlun úrgangs og að lögbært yfirvald geti skoðað þær en einnig skulu þau tryggja tilhlýðilega miðlun uppfærðra upplýsinga, sem skipta máli, og skráa sem varða úrgangsstöðina ef skipt er um rekstraraðila meðan hún er í rekstri.

18. gr.

Tilkynningarskylda

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skýrslu á þriggja ára fresti um framkvæmd þessarar tilskipunar. Skýrslan skal samin á grundvelli spurningalista eða eyðublaðs sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr 23. gr. Skýrslan skal send framkvæmdastjórninni innan níu mánaða frá lokum þriggja ára tímabilsins sem hún tekur til.

Framkvæmdastjórnin skal gefa út skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar eigi síðar en níu mánuðum eftir að skýrslur aðildarríkjanna hafa borist henni.

2. Árlega skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um atburði sem rekstraraðilar hafa tilkynnt um í samræmi við 3. mgr. 11. gr. og 6. mgr. 12. gr. Framkvæmdastjórnin skal veita aðildarríkjunum aðgang að þessum upplýsingum ef þess er óskað. Með fyrirvara um lög Bandalagsins um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál skulu aðildarríki síðan gera upplýsingarnar aðgengilegar fyrir almenning, sem málið varðar, ef þess er óskað.

19. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum í landslögum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem mælt er fyrir um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

20. gr.

Skrá yfir úrgangsstöðvar sem hefur verið lokað

Aðildarríki skulu sjá til þess að skrá yfir úrgangsstöðvar sem hefur verið lokað, þ.m.t. stöðvar sem hafa verið lagðar niður, eru á yfirráðasvæði þeirra og hafa alvarleg, neikvæð áhrif á umhverfið eða gætu, til meðallangs eða skamms tíma, stofnað heilbrigði manna eða umhverfinu í alvarlega hættu, sé tekin saman og uppfærð reglulega. Slík skrá skal gerð aðgengileg almenningi og tekin saman eigi síðar en 1. maí 2012, að teknu tilliti til aðferðanna sem um getur í 21. gr., ef þær liggja fyrir.

21. gr.

Upplýsingaskipti

1. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess, með aðstoð nefndarinnar sem um getur í 23. gr., að fram fari viðeigandi skipti á tækni- og vísindalegum upplýsingum milli aðildarríkja í því skyni að þróa aðferðir í tengslum við:

a) framkvæmdina á 20. gr.,

b) endurmótun þeirra úrgangsstöðva, sem hefur verið lokað og sem eru tilgreindar skv. 20. gr., í því skyni að uppfylla kröfurnar í 4. gr. Með slíkum aðferðum skal verða unnt að koma á þeirri málsmeðferð fyrir áhættumat sem best á við ásamt aðgerðum til úrbóta, að teknu tilliti til landfræði-, vatnajarðfræði- og veðurfarslegra skilyrða í Evrópu.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbært yfirvald fylgist með eða fái upplýsingar um þróun á bestu, fáanlegu tækni.

3. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og hlutaðeigandi stofnana eða fyrirtækja um bestu, fáanlegu tækni, vöktun sem tengist henni og þróun á því sviði. Framkvæmdastjórnin skal gefa út niðurstöður upplýsingaskiptanna.

22. gr.

Framkvæmdar- og breytingaráðstafanir

1. Eigi síðar en 1. maí 2008 skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 23. gr., samþykkja nauðsynleg ákvæði varðandi eftirfarandi og þannig að e-, f- og g-liðir hafi forgang:

a) samhæfingu upplýsinganna, sem um getur í 5. mgr. 7. gr. og 6. mgr. 12. gr., og reglubundna framsendingu þeirra,

b) framkvæmd 6. mgr. 13. gr., m.a. tæknilegar kröfur í tengslum við skilgreininguna á sýaníði sem losnar með veikri sýru og aðferðina til að mæla það,

c) setningu tæknilegra viðmiðunarreglna um að koma á fjárhagslegri tryggingu í samræmi við kröfurnar í 2. mgr. 14. gr.,

d) setningu tæknilegra viðmiðunarreglna um skoðanir í samræmi við 17. gr.,

e) það að fullgera tæknilegu kröfurnar um lýsingu á eiginleikum úrgangs í II. viðauka,

f) túlkun skilgreiningarinnar í 3. lið 3. gr.,

g) skilgreiningu á viðmiðununum fyrir flokkun úrgangsstöðva í samræmi við III. viðauka,

h) ákvörðun á samhæfðum kröfum í tengslum við sýnatöku og greiningaraðferðir sem þörf er á vegna tæknilegrar framkvæmdar þessarar tilskipunar.

2. Allar síðari breytingar, sem eru nauðsynlegar til að laga viðaukana að framförum í vísindum og tækni, skulu samþykktar af framkvæmdastjórninni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

Þær breytingar skulu gerðar með það í huga að ná víðtækri umhverfisvernd.

23. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem komið var á fót með 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE, hér á eftir kölluð „nefndin“.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

24. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að allar úrgangsstöðvar, sem hafa fengið leyfi eða hafa tekið til starfa 1. maí 2008, uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar eigi síðar en 1. maí 2012, að frátöldum ákvæðunum sem sett eru fram í 1. mgr. 14. gr., en tryggja þarf að þau verði uppfyllt eigi síðar en 1. maí 2014, og ákvæðunum, sem sett eru fram í 6. mgr. 13. gr., en tryggja þarf að þau séu uppfyllt í samræmi við tímaáætlunina sem þar er mælt fyrir um.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um úrgangsstöðvar sem hefur verið lokað fyrir 1. maí 2008.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að frá og með 1. maí 2006, og enda þótt úrgangsstöð kunni að verða lokað eftir það og fyrir 1. maí 2008, sé úrgangur meðhöndlaður þannig að það hafi ekki áhrif á að ákvæði 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar séu uppfyllt ásamt öðrum viðeigandi umhverfiskröfum, sem settar eru fram í löggjöf Bandalagsins, þ.m.t. tilskipun 2000/60/EB.

4. Ákvæði 5. gr., 6. gr. (3. til 5. mgr.), 7. gr., 8. gr., 12. gr. (1. og 2. mgr.) og 14. gr. (1. til 3. mgr.) gilda ekki um úrgangsstöðvar sem:

— voru hættar að taka við úrgangi 1. maí 2006,

— eru að ljúka lokunarferlinu í samræmi við gildandi löggjöf Bandalagsins eða landslöggjöf eða áætlun sem lögbært yfirvald hefur samþykkt og

— verður lokað í reynd eigi síðar en 31. desember 2010.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slík tilvik eigi síðar en 1. ágúst 2008 og sjá til þess að þessum stöðvum sé stjórnað þannig að það komi ekki í veg fyrir að markmiðum þessarar tilskipunar verði náð, einkum markmiðunum í 1. mgr. 4. gr., og þeim sem er að finna í annarri löggjöf Bandalagsins, þ.m.t. tilskipun 2000/60/EB.

25. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. maí 2008. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

26. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

27. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 15. mars 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	H. WINKLER
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Áætlun um stórslysavarnir og upplýsingar sem miðla skal til almennings sem málið varðar

1. **Áætlun um stórslysavarnir**

Áætlun rekstraraðilans um stórslysavarnir og öryggisstjórnunarkerfi hans skulu vera í réttu hlutfalli við stórslysahættuna sem stafar af úrgangsstöðinni. Við framkvæmd áætlunarinnar og kerfisins skal taka tillit til eftirfarandi þátta:

1) Áætlun um stórslysavarnir skal ná til meginmarkmiða og meginreglna rekstraraðila vegna aðgerða til að halda stórslysahættu í skefjum.

2) Öryggisstjórnunarkerfið skal ná til þess hluta almenna stjórnkerfisins sem tekur til skipulags, ábyrgðar, starfshátta, málsmeðferðar, ferla og leiða til að móta og hrinda í framkvæmd áætlun um stórslysavarnir.

3) Með öryggisstjórnunarkerfinu skal tekið á eftirtöldum atriðum:

   a) skipulagi og starfsfólki — hlutverki og ábyrgð starfsfólks vegna stórslysavarna á öllum stigum skipulagsins, greiningu á þörf starfsfólksins fyrir þjálfun og að því sé séð fyrir slíkri þjálfun, þátttöku starfsmanna og, eftir því sem við á, undirverktaka,

   b) greiningu og mati á helstu hættum — að teknar séu upp og notaðar aðferðir við kerfisbundna greiningu á helstu hættum sem skapast við eðlilegan jafnt sem óeðlilegan rekstur, svo og mat á hættulíkum og alvarleika hættnanna,

   c) rekstrarstjórn — að teknar séu upp og notaðar aðferðir og leiðbeiningar fyrir öruggan rekstur, þ. á m. viðhald, í verksmiðjunni, vinnsluferlum, búnaði og við tímabundna rekstrarstöðvun,

   d) stjórnun breytinga — að teknar séu upp og notaðar aðferðir við skipulag breytinga á úrgangsstöðvum eða við hönnun nýrra stöðva,

   e) áætlanagerð vegna neyðarástands — að teknar séu upp og notaðar aðferðir við að sjá fyrir neyðartilvik með skipulagðri greiningu og við að undirbúa, prófa og endurskoða neyðaráætlanir til að bregðast við slíku neyðarástandi,

   f) vöktun árangurs — að teknar séu upp og notaðar aðferðir við símat á því að unnið sé í samræmi við markmiðin í áætlun rekstraraðila um stórslysavarnir og í öryggisstjórnunarkerfinu og aðferðir við rannsókn og aðgerðir til úrbóta ef svo er ekki. Aðferðirnar skulu ná til kerfisins sem rekstraraðili hefur komið upp til að tilkynna stórslys eða tilvik, þar sem legið hefur við stórslysi, einkum þegar verndarráðstafanir hafa brugðist, ásamt rannsókn á slíkum atvikum og eftirfylgni á grundvelli fenginnar reynslu.

   g) úttekt og endurskoðun — að teknar séu upp og notaðar aðferðir við reglubundið og kerfisbundið mat á áætlun um stórslysavarnir og skilvirkni og hagkvæmni öryggisstjórnunarkerfisins og að endurskoðun á árangri áætlunarinnar og öryggisstjórnunarkerfisins og uppfærsla þeirra af hálfu yfirstjórnar starfsstöðvarinnar sé skjalfest.

2. **Upplýsingar sem miðla skal til almennings sem málið varðar**

   1) Nafn rekstraraðila og heimilisfang úrgangsstöðvarinnar.

   2) Staða þess sem leggur fram upplýsingarnar.

   3) Staðfesting á því að úrgangsstöðin falli undir reglur og/eða stjórnsýslufyrirmæli um framkvæmd þessarar tilskipunar og, eftir atvikum, að upplýsingarnar í tengslum við þættina, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., hafi verið lagðar fyrir lögbæra yfirvaldið.

   4) Skýr og auðskiljanleg lýsing á þeirri starfsemi sem fram fer í úrgangsstöðinni.

   5) Almennu eða venjulegu heitin eða almenn hættuflokkun efnanna og efnablandnanna sem eru notuð í úrgangsstöðinni, auk úrgangs, sem gætu leitt til stórslyss, ásamt upplýsingum um hættulegustu eiginleika þeirra.

6) Almennar upplýsingar um eðli stórslysahættunnar, þ. m.t. hugsanleg áhrif á íbúa í nágrenninu og umhverfið.

7) Fullnægjandi upplýsingar um hvernig íbúunum, sem málið varðar og búa í nágrenninu, verði gert viðvart og þeim sendar upplýsingar ef stórslys verður.

8) Fullnægjandi upplýsingar um æskileg viðbrögð af hálfu íbúanna, sem málið varðar, og hvernig þeim ber að haga sér ef stórslys verður.

9) Staðfesting á því að rekstraraðila sé skylt að gera viðeigandi ráðstafanir á staðnum, einkum að hafa samband við neyðarþjónustu, til þess að bregðast við stórslysum og draga sem mest úr afleiðingum þeirra.

10) Tilvísun til neyðaráætlunarinnar til nota utan starfsstöðvarinnar til að bregðast við áhrifum slyssins sem koma fram utan stöðvarinnar. Hér skulu fylgja með ráðleggingar um að hlíta fyrirmælum eða óskum neyðarþjónustu ef slys verður.

11) Geta skal þess hvar frekari upplýsingar er að fá, með fyrirvara um kröfur landslöggjafar um trúnaðarkvaðir.

II. VIÐAUKI

Lýsing á eiginleikum úrgangs

Lýsing á eiginleikum úrgangs, sem er afsettur í stöð, skal liggja fyrir þannig að eðlisrænn og efnafræðilegur stöðugleiki stöðvarinnar sé tryggður til lengdar og að unnt sé að koma í veg fyrir stórslys. Lýsingin á eiginleikunum skal taka til eftirfarandi þátta, eftir því sem við á og í samræmi við flokk úrgangsstöðvarinnar:

1) lýsingar á þeim eðlisrænu og efnafræðilegu eiginleikum úrgangsins, sem búast má við til skamms eða langs tíma litið, með sérstakri skírskotun til stöðugleika hans við loftslags- eða veðurskilyrði við yfirborð jarðar, að teknu tilliti til þeirrar tegundar jarðefnis eða jarðefna, sem vinna skal, og eðlis hvers kyns jarðefna í yfirborðsjarðvegi og/eða hrati sem verða færð til meðan á vinnslunni stendur,

2) flokkunar á úrganginum samkvæmt viðkomandi færslu í ákvörðun 2000/532/EB ([1]), einkum að því er varðar hættulega eiginleika hans,

3) lýsingar á efnunum sem verða notuð við meðhöndlun á jarðefninu og stöðugleika þeirra,

4) lýsingar á aðferðinni sem er notuð við afsetningu úrgangsins,

5) kerfisins sem verður notað til að flytja úrganginn.

([1]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3). Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun ráðsins 2001/573/EB (Stjtíð. EB L 203, 28.7.2001, bls. 18).

III. VIÐAUKI

Viðmiðanir fyrir flokkun úrgangsstöðva

Úrgangsstöð skal sett í A-flokk ef:

— bilun eða röng virkni, t.d. ef haugur hrynur eða stífla brestur, er talin geta valdið stórslysi á grundvelli áhættumats þar sem tekið hefur verið tillit til þátta á borð við stærð stöðvarinnar nú og í framtíðinni, staðsetningu hennar og umhverfisáhrifa frá henni, eða

— þar er að finna úrgang sem telst hættulegur, sé hann yfir tilteknum mörkum, samkvæmt tilskipun 91/689/EBE eða

— þar er að finna efni eða efnablöndur sem teljast hættuleg, séu þau yfir tilteknum mörkum, samkvæmt tilskipun 67/548/EBE eða 1999/45/EB.

129. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum.

Flm.: Jónína Rós Guðmundsdóttir, Logi Már Einarsson,
Ólína Þorvarðardóttir, Skúli Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að halda áfram, í samvinnu við heimamenn og orkufyrirtæki, að vinna markvisst að því að hægt verði að nýta jarðvarma í Þingeyjarsýslum til stórfelldrar atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Áhersla verði lögð á að ljúka sem fyrst nauðsynlegri forvinnu þannig að unnt verði að ganga til samninga við orkukaupendur um uppbyggingu orkufreks iðnaðar í Þingeyjarsýslum þegar í byrjun næsta árs.

Mikilvægt er að velja einn eða fleiri trausta, ábyrga og fjárhagslega sterka aðila til samstarfs um atvinnuuppbyggingu sem byggist á hagnýtingu orkunnar frá háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum. Lögð verði áhersla á að orkan verði nýtt til að skapa sem flest bein, varanleg störf í Þingeyjarsýslum.

Greinargerð.

Lengi hefur verið unnið að því að nýta þá jarðvarmaorku sem er að finna í Þingeyjarsýslum. Ýmis fyrirtæki hafa sýnt því áhuga að nýta orkuna á svæðinu til atvinnuuppbyggingar og er þetta það svæði sem Landsvirkjun horfir einkum til varðandi byggingu nýrra virkjana.

Atvinnuástand í Þingeyjarsýslum þarf að stórbæta eins og víðar á landinu og því er afar mikilvægt að nýta þá endurnýjanlegu orku sem er sannanlega til staðar á svæðinu sem allra fyrst. Uppbygging og atvinnustarfsemi sem því fylgir mun stórefla atvinnumöguleika og hagvöxt þar og á landinu öllu.

Stjórnvöld þurfa áfram að vinna markvisst með heimamönnum að því að efla samkeppnishæfni svæðisins og að undirbúa það fyrir þá uppbyggingu sem fylgir orkunýtingunni. Landsvirkjun og Þeistareykir ehf. vinna að markaðssetningu á orkunni og hafa ýmsir sýnt áhuga á að nýta hana til ýmiss konar iðnaðarstarfsemi svo að ekki ætti að vera flókið að ljúka þessu mikilvæga verkefni sem allra fyrst.

130. Frumvarp til laga [121. mál]

um grunngerð landupplýsinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að byggja upp og viðhalda grunngerð landupplýsinga á vegum stjórnvalda og tryggja aðgengi stjórnvalda og almennings að landupplýsingum á Íslandi.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til stafrænna landupplýsinga sem eru í eigu eða á vegum stjórnvalda og varða íslenskt land, landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveðið nánar á um þá þætti stafrænna landupplýsinga sem lögin taka til.

Hvað varðar lögaðila sem falla undir ákvæði b- og c-liðar 3. tölul. 3. gr. taka ákvæði laga þessara einvörðungu til stafrænna landupplýsinga sem verða til eða er aflað í tilefni af hinu opinbera hlutverki eða þjónustu þessara aðila.

Lög þessi hafa ekki áhrif á höfundarétt stjórnvalda að landupplýsingum sem falla undir lögin.

Landupplýsingar í eigu annarra aðila en þeirra sem lög þessi taka til falla undir lög þessi hafi eigandi þeirra fengið leyfi til að tengja þær við landupplýsingagátt, sbr. 5. gr., á grundvelli laga þessara.

Séu til mörg samsvarandi eintök af sömu gögnunum ná lögin einungis til upprunalegrar útgáfu gagnanna sem afrit þeirra byggjast á.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Grunngerð landupplýsinga:* Tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla, vinna úr, varðveita, miðla og auka nýtingu á landupplýsingum.
2. *Landupplýsingar:* Gögn og upplýsingar sem eru tengd yfirborði jarðar, hvort heldur með hnitum eða auðkenni, t.d. staðfang eða póstnúmer.
3. *Stjórnvöld:*
   a. Öll stjórnvöld sem falla undir gildissvið upplýsingalaga.
   b. Lögaðili sem hefur verið falið opinbert hlutverk eða veitir almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings við stjórnvöld sem falla undir a-lið.
   c. Lögaðili sem gegnir opinberu hlutverki eða veitir opinbera þjónustu sem varðar umhverfið og lýtur stjórn þeirra stjórnvalda sem falla undir a-lið. Lögaðili er talinn lúta opinberri stjórn í þessum skilningi þegar stjórnvöld skv. a-lið tilnefna meira en helming stjórnarmanna í stjórn lögaðilans eða hafa á annan hátt virk yfirráð yfir honum.
4. *Lýsigögn:* Upplýsingar um gögn og/eða þjónustu eða lýsing einkenna gagnasafna, svo sem innihalds, eiginleika eða ástands.
5. *Samhæfni:* Hæfni tveggja eða fleiri kerfa eða gagnasafna til samtengdrar vinnslu.

6. *Vefþjónusta:* Lausn fyrir aðgengi og birtingu landupplýsinga á vefnum.
7. *Landupplýsingagátt:* Staður á vefnum sem veitir aðgengi að landupplýsingum og þjónustu vegna þeirra.

4. gr.
Lýsigögn.

Stjórnvöld skulu leggja fram lýsigögn fyrir þær landupplýsingar og vefþjónustu sem þau eiga, reka eða varðveita. Uppfæra skal lýsigögnin ef breytingar verða á gögnunum eða ný gögn bætast við.

5. gr.
Landupplýsingagátt.

Landmælingar Íslands skulu starfrækja landupplýsingagátt til að veita aðgengi að landupplýsingum og upplýsingum um þær. Eftirtalin vefþjónusta skal vera aðgengileg öllum í gegnum landupplýsingagáttina:

1. Lýsigagnaþjónusta sem gerir kleift að leita að landupplýsingum og þjónustu vegna þeirra á grundvelli upplýsinga sem felast í lýsigögnum.
2. Skoðunarþjónusta sem að lágmarki gerir mögulegt að skoða gögn, skýringar þeirra og lýsigögn, fara um, þysja inn/út, hliðra eða skara landupplýsingar.
3. Niðurhalsþjónusta sem gerir mögulegt að hala niður afritum landupplýsinga eða fá beinan aðgang að þeim, hvort sem er að öllu leyti eða að hluta.
4. Vörpunarþjónusta sem gerir mögulegt að varpa landupplýsingum til að samhæfni náist, svo sem milli hnitakerfa.
5. Þjónusta sem gerir mögulegt að virkja ólíka vefþjónustu landupplýsinga.

Aðgangur að þjónustu skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. skal opinn öllum með þeim takmörkunum á upplýsingarétti sem greinir í 6. gr. laga um upplýsingarétt um umhverfismál.

6. gr.
Skyldur stjórnvalda.

Stjórnvöld sem hafa landupplýsingar í umsjá sinni skulu sjá til þess að gögn og vefþjónusta vegna þeirra séu gerð aðgengileg í gegnum þá landupplýsingagátt sem kveðið er á um í 5. gr.

Séu landupplýsingar og vefþjónusta í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra skulu stjórnvöld hafa tæknilega getu til að miðla gögnum og tengja þau landupplýsingagátt, sbr. 5. gr.

Stjórnvöldum er ekki skylt á grundvelli laga þessara að afla nýrra gagna.

7. gr.
Tenging annarra en stjórnvalda við landupplýsingagátt.

Aðrir en stjórnvöld, sem búa yfir landupplýsingum sem eru í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra, geta sótt um að fá að tengja landupplýsingar sínar við landupplýsingagátt. Beiðni um slíkt skal send Landmælingum Íslands sem tekur ákvörðun um hvort tenging sé heimil. Jafnframt geta Landmælingar Íslands haft frumkvæði að eða óskað eftir að aðrir aðilar en stjórnvöld tengi gögn sín við landupplýsingagátt.

8. gr.

Sameiginleg notkun gagna.

Stjórnvöld skv. a- og b-lið 3. tölul. 3. gr. skulu veita hvert öðru aðgang að landupplýsingum og vefþjónustu þeim tengdum og gera hvert öðru kleift að skiptast á og nota landupplýsingar og þjónustu í opinberum verkefnum.

Stjórnvöld skulu veita stofnunum Evrópusambandsins og EFTA aðgang að landupplýsingum og þjónustu skv. 5. gr.

9. gr.

Hlutverk Landmælinga Íslands.

Landmælingar Íslands hafa umsjón með framkvæmd laga þessara.

Landmælingar Íslands sjá um rekstur, virkni, viðhald og tæknilega þróun landupplýsingagáttar, sbr. 5. gr. Landmælingar Íslands skulu einnig vera stjórnvöldum til ráðgjafar til að skyldum samkvæmt lögum þessum sé fullnægt.

10. gr.

Samræmingarnefnd vegna grunngerðar landupplýsinga.

Umhverfisráðherra skipar samræmingarnefnd vegna grunngerðar landupplýsinga til fimm ára í senn. Nefndin skal skipuð ellefu fulltrúum og skal einn tilnefndur af umhverfisráðuneyti, einn af forsætisráðuneyti, einn af fjármálaráðuneyti, einn af iðnaðarráðuneyti, einn af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, einn af mennta- og menningarmálaráðuneyti, einn af dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, einn af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, einn af Landmælingum Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af samtökum um landupplýsingar á Íslandi (LÍSA). Umhverfisráðherra skipar formann nefndarinnar.

Nefndin skal vera faglegur vettvangur til að móta stefnu í landupplýsingamálum. Nefndin skal einnig vinna aðgerðaáætlun fyrir stjórnvöld til að innleiða grunngerð landupplýsinga á Íslandi. Aðgerðaáætlunin skal vera til fimm ára í senn og skal staðfest af umhverfisráðherra.

11. gr.

Gjaldtaka.

Þjónusta skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. er veitt án endurgjalds. Heimilt er að láta gögn hjá skoðunarþjónustu skv. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. vera á sniði sem kemur í veg fyrir að þau séu endurnotuð í viðskiptalegum tilgangi.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir þjónustu skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við að veita þjónustu og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Sé gjald innheimt skal notendum gert kleift að greiða fyrir þjónustuna með rafrænum hætti.

12. gr.

Upplýsingagjöf.

Stjórnvöldum er skylt að veita Landmælingum Íslands þær upplýsingar á grundvelli þessara laga sem ráðherra óskar eftir, þ.m.t. um notkun, útbreiðslu og aðgengi að landupplýsingum.

13. gr.
Reglugerðarheimild.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um:

a. þá þætti landupplýsinga sem lögin skulu ná til, sbr. 2. gr.,
b. þær upplýsingar sem lýsigögn skulu innihalda og um uppfærslu á þeim, sbr. 4. gr.,
c. landupplýsingagátt til að veita aðgengi að landupplýsingum og upplýsingum um þær, m.a. um samsetningu leitarþátta, sbr. 5. gr.,
d. gjaldtöku, sbr. 11. gr.,
e. upplýsingar sem stjórnvöldum er skylt að veita ráðherra, sbr. 12. gr.

14. gr.
Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB um notkun og miðlun landupplýsinga, sem vísað er til í I. kafla í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010 frá 30. apríl 2010.

15. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

16. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 103/2006, um landmælingar og grunnkortagerð, bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að hafa umsjón með uppbyggingu, framkvæmd og eftirfylgni við grunngerð landupplýsinga á Íslandi í samræmi við lög um grunngerð landupplýsinga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Landmælingar Íslands skulu koma á fót landupplýsingagátt, sbr. 5. gr., fyrir 1. júní 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið í þeim tilgangi að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna EES-samningsins. Markmið frumvarpsins er að innleiða tilskipun 2007/2/EB um notkun og miðlun landupplýsinga sem nefnd hefur verið INSPIRE (e. Infrastructure for Spatial Information in the European Community). Tilskipunin tók gildi innan Evrópusambandsins 15. maí 2007 og var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010 frá 30. apríl 2010.

II.

INSPIRE-tilskipunin grundvallast á svonefndri grunngerð fyrir landupplýsingar, sem aðildarríki koma upp hjá sér (e. National Spatial Data Infrastructure – NSDI). Undanfarin ár hefur víða um heim verið unnið að því að skilgreina og innleiða grunngerð landupplýsinga. Ýmsar skilgreiningar eru til á þessu hugtaki en eftirfarandi skilgreining lýsir því vel: *tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla, vinna úr, varðveita, miðla og auka*

nýtingu á landupplýsingum. Virk grunngerð landupplýsinga er mikilvægur þáttur góðrar skilvirkar stjórnsýslu svo sem við ákvarðanatöku, stefnumörkun og til að virkja almenning. Um leið er slíkt skipulag tækifæri fyrir einkamarkaðinn til að þróa nýjar lausnir þar sem landupplýsingar koma við sögu. Með þetta í huga hafa margar þjóðir heims á síðustu árum byggt upp grunngerð landupplýsinga (NSDI) og hefur reynslan sýnt að hjá sumum þeirra er um langtímaverkefni að ræða. Hér á landi hefur grunngerð landupplýsinga ekki verið byggð upp formlega þó svo að mikil vakning hafi orðið vegna þessa málaflokks á undanförnum árum og margt hafi áunnist sem nýtist við að innleiða INSPIRE tilskipunina hér á landi.

Markmið INSPIRE-tilskipunarinnar er að samræma og samnýta opinberar landupplýsingar og þá einna helst í þágu umhverfismála. Landupplýsingar eru m.a. hvers kyns hnitsettar upplýsingar um fyrirbæri í umhverfinu, bæði náttúruleg og manngerð. Vegna mikilvægis umhverfismála og pólitískrar stefnumörkunar innan Evrópusambandsins er talið nauðsynlegt að aðildarríkin geti skipst á landupplýsingum yfir landamæri og að gögnin séu samnýtanleg. Með tilskipuninni eru settar reglur um hvernig skipulag, upplýsingamiðlun og aðgengi að staðgögnum skuli vera auk þess sem sett eru fyrirmæli um það hvernig eftirliti með slíkum gögnum skuli háttað. Talið er að helmingur allra upplýsinga sem falla undir INSPIRE-tilskipunina séu á forræði umhverfisráðuneytisins og stofnana þess. Einnig ber að líta til þess að virk grunngerð landupplýsinga kemur til með nýtast fyrir aðrar landupplýsingar en þær sem snúa beint að umhverfismálum, svo sem landupplýsingar sem varða félagslega og hagræna þætti. Til framtíðar er því markmið laganna að sem flest staðgögn stjórnvalda séu hluti af grunngerð landupplýsinga.

III.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi í umhverfisráðuneytinu sem hefur starfað frá júlí 2008 við að undirbúa innleiðingu á INSPIRE-tilskipun Evrópusambandsins um landupplýsingar hér á landi. Í honum eiga sæti Sesselja Bjarnadóttir, umhverfisráðuneyti, Kristín Rannveig Snorradóttir, umhverfisráðuneyti, Eydís Líndal Finnbogadóttir, Landmælingum Íslands, Gunnar Haukur Kristinsson, Landmælingum Íslands, og Magnús Guðmundsson, Landmælingum Íslands. Landmælingum var upphaflega falið með bréfi umhverfisráðuneytisins dags. 2. júlí 2008 að gera könnun á því til hvaða opinberu stofnana INSPIRE-tilskipunin nær og að meta stöðu landfræðilegra gagnagrunna sem þessar stofnanir reka. Einnig var verkefni Landmælinga að kortleggja á hvaða formi umræddir gagnagrunnar væru, hvað þyrfti til að koma þeim á stafrænt form og hver áætlaður kostnaður þess verkefnis væri. Efnisákvæði INSPIRE-tilskipunarinnar var ekki að finna í íslenskum lögum enda um nýmæli að ræða. Því var ljóst að innleiða þurfti tilskipunina með lagasetningu sem og reglugerðum með heimild í þeim lögum. Í upphafi vinnu starfshópsins var litið til þess hvernig nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndunum hafa fjallað um INSPIRE-verkefnið. Valið var að fara svipaða leið og í Danmörku þar sem sett voru heildstæð lög um grunngerð landupplýsinga. Var þetta talið skýrara en að fara þá leið að breyta lögum um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006, þar sem verkefnum og skyldum Landmælinga Íslands eru gerð skil.

Í aðdraganda vinnu við frumvarpið var haft víðtækt samráð við fjölmargar stofnanir og sveitarfélög. Jafnframt hefur INSPIRE-tilskipunin verið kynnt meðal hagsmunaaðila á fundum og ráðstefnum, m.a. á árlegum ráðstefnum LÍSU-samstakanna árin 2007–2009. Tilskipunin var jafnframt þýdd og gerð aðgengileg á íslensku á vefnum árið 2007 til að auðvelda hagsmunaaðilum að kynna sér efni hennar. Áður en framangreindur starfshópur var settur á laggirnar hafði umhverfisráðuneytið leitað upplýsinga um hvaða áhrif INSPIRE kynni að

hafa á störf stjórnvalda. Ráðuneytið sendi eftirfarandi aðilum bréf: Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sjávarútvegsráðuneyti, samgönguráðuneyti, menntamálaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Hagstofu Íslands, félagsmálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og forsætisráðuneyti og óskaði eftir upplýsingum um hvort og þá að hvaða leyti innleiðing INSPIRE-tilskipunarinnar mundi kalla á breytingar á íslenskum lögum og hvaða kostnað það myndi hafa í för með sér. Fram kom að þeir sem í stjórnsýslunni starfa telja að INSPIRE ýti á nauðsynlegar úrbætur varðandi skipulag og umsýslu landupplýsinga hér á landi. Frumvarp þessu er ætlað að bæta verulega úr hvað varðar stefnu stjórnvalda um landupplýsingar. Jafnframt er mikilvægt að samræma öflun og innkaup landupplýsinga hér landi. Þar þarf að koma til víðtækt samstarf opinberra aðila til að tryggja sem hagkvæmastar lausnir á þessu sviði og að landupplýsingar nýtist sem víðast í samfélaginu.

Skýrsla Landmælinga Íslands „INSPIRE. Tilskipun Evrópusambandsins um samræmda notkun landupplýsinga. Greinargerð og tillögur. Landmælingar Íslands, nóvember 2008“ var gefin út í nóvember 2008. Skýrsluna má finna á heimasíðu Landmælinga Íslands. Við vinnslu skýrslunnar voru haldnir kynningarfundir um INSPIRE-tilskipunina og niðurstöður könnunar sem gerð var. Umrædd könnun var gerð meðal um 30 opinberra stofnana en niðurstöður hennar voru m.a. að gögn á vegum stjórnvalda eru dreifð og oft illa aðgengileg og ekki liggur fyrir heildarstefnumörkun stjórnvalda á þessu sviði hér á landi. Í kjölfar skýrslunnar var áðurnefndur starfshópur myndaður og honum falið að vinna frumvarp þetta.

Annar þáttur við að afla upplýsinga á þessu sviði og kynna INSPIRE-tilskipunina var gerð könnunar meðal allra sveitarfélaga á Íslandi, sem Landmælingar Íslands stóðu að á haustmánuðum 2009. Stofnunin fékk til samstarfs við það verkefni Samband íslenskra sveitarfélaga en fyrirtækið Alta sá um framkvæmd könnunarinnar. Þá var frumvarpið sent til kynningar rúmlega 50 stofnunum og hagsmunaaðilum í febrúar 2010 og þeim gefið færi á að koma að athugasemdum við lokadrög frumvarpsins.

Hvað varðar hugtakanotkun í frumvarpinu er rétt að geta þess að hugtakið grunngerð landupplýsinga er notað um það sem á ensku er kallað „spatial data infrastructure“. Við vinnslu frumvarpsins var ákveðið að nota oftast orðið „landupplýsingar“ fyrir ensku hugtökin „spatial data“ og „geographic information“ þrátt fyrir að orðið „landupplýsingar“ sé talið hafa víðari merkingu en orðið „staðgögn“.

Frumvarp þetta var lagt fram á 138. löggjafarþingi. Umhverfisnefnd Alþingis sendi frumvarpið til umsagnar ýmissa hagsmunaaðila. Ráðuneytið fór yfir framangreindar umsagnir og gerði lítils háttar breytingar á grundvelli athugasemda sem fram komu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni segir að markmið frumvarpsins sé að tryggja að byggð verði upp og viðhaldið grunngerð landupplýsinga á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja aðgengi yfirvalda og almennings að landupplýsingum á Íslandi. Með þessu er lögð áhersla á að hér á landi eigi að vinna markvisst að því af hálfu stjórnvalda að auka notkun landupplýsinga með það að leiðarljósi að nýjasta tækni, staðlar og þekking verði notuð með sem bestum hætti. Þannig verði það annars vegar tryggt að þeirra grunngagna sé aflað sem samfélagið þarf á að halda og hins vegar að þessi grunngögn verði gerð aðgengileg þannig að sömu gagnanna verði ekki aflað margsinnis á vegum hins opinbera. Í markmiðinu felst einnig að það verði tryggt að

auðvelt sé að finna gögn og að vefurinn verði nýttur til að miðla slíkum gögnum eða upplýsingum um þau til samfélagsins.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er skilgreint til hvaða gagna lögin taka. Hér er um að ræða stafrænar landupplýsingar, þ.m.t. staðgögn, sem eru í eigu stjórnvalda eða á vegum þeirra og snerta íslenskt yfirráðasvæði. Með orðalaginu „á vegum“ er átt við stafræn gögn sem stjórnvöld nýta í verkefnum sínum án þess að eiga gögnin eða bera ábyrgð á þeim. Rétt er að benda á að staðgögn eru upplýsingar sem skilgreina staðsetningu og einkenni náttúrufitja eða manngerðra fitja og afmörkun á jörðu. Þessar upplýsingar kunna m.a. að hafa fengist með fjarkönnun, kortlagningu og landmælingatækni.

Með INSPIRE-tilskipuninni fylgja þrír viðaukar sem fjalla um þá þætti stafrænna landupplýsinga sem tilskipunin nær til. Er með frumvarpinu gert ráð fyrir að sett verði reglugerð sem mun m.a. tilgreina þessa þætti, en þeir eru eftirfarandi:

Viðauki 1	**Viðauki 2**	**Viðauki 3**
Hnitakerfi, landfræðilegt reitakerfi, örnefni, stjórnsýslueiningar, staðföng, lönd og lóðir, samgöngur, vatnafar, verndaðir staðir.	Hæð, yfirborð, uppréttar fjarkönnunarmyndir, jarðfræði.	Tölfræðilegar einingar, byggingar, jarðvegur, landnotkun, heilsa manna og öryggi, veitu- og stjórnvaldsþjónusta, aðstaða til umhverfiseftirlits, framleiðslu- og iðnaðaraðstaða, aðstaða fyrir landbúnað og fiskeldi, dreifing fólksfjölda – lýðfræði svæðisstjórnun og skýrslueiningar, náttúruleg áhættusvæði, skilyrði í lofthjúp, veðurfræðilegar mælingar, haffræðilegar mælingar, innhafssvæði, líflandfræðileg svæði, vistgerð, útbreiðsla tegunda, orkuauðlindir, jarðefnaauðlindir.

Á vettvangi Evrópusambandsins verða gefnar út leiðbeiningar um hvern þátt viðaukanna þar sem tæknileg atriði verða nánar útfærð.

Gert er ráð fyrir að INSPIRE-tilskipunin kom til framkvæmda í áföngum allt til ársins 2019. Gert er ráð fyrir að tilskipunin verði tekin upp í EES-samninginn á vormánuðum 2010.

Rétt er að vekja athygli á því lögin ná einvörðungu til stafrænna gagna. Þetta þýðir sem dæmi að lögin taka ekki til prentaðra korta eða loftmynda á filmu.

Lögin ná til allra stjórnvalda, sbr. 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Hinsvegar er það áréttað í 2. mgr. að einungis stafrænar landupplýsingar sem verða til eða er aflað í tilefni af hinu opinbera hlutverki eða þjónustu þeirra stjórnvalda sem falla undir ákvæði b- og c-liðar 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins falla undir lögin. Hafi hinar stafrænu landupplýsingar ekki orðið til eða verið aflað í tengslum við rækslu hins opinbera hlutverks munu þær því ekki falla undir gildissvið laganna.

Með ákvæði 3. mgr. er tekinn af allur vafi um að verði frumvarp þetta að lögum, hafi þau ekki áhrif á höfundarétt stjórnvalda að landupplýsingum og gögnum sem falla undir lögin. Rétt er að geta þess að skv. 1. mgr. 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, er meginregla að höfundaréttur verður aðeins til hjá lifandi persónum en ekki lögaðilum. Eiga opinberar stofnanir því að jafnaði ekki höfundarétt að verkum starfsmanna sinna nema hann hafi verið framseldur sérstaklega. Þá vísar ákvæðið einnig til þess að lögin hafi ekki áhrif á höfundarétt þriðja aðila sem hugsanlega á landupplýsingar eða gögn sem eru í notkun hjá opinberum aðilum. Dæmi um slíkt er þegar einkaaðilar sjá um öflun og framleiðslu frumgagna t.d. vegna kortagerðar eða loftmyndatöku. Um slík frumgögn gilda að jafnaði höfundalög, nr. 73/1972, þrátt fyrir að stjórnvöld hafi í mörgum tilfellum fullan rétt á að nota gögnin, birta þau eða miðla þeim til annarra. Hins vegar er ljóst að dæmi eru um að stjórnvöld hafi ekki leyfi til opinberrar birtingar landupplýsinga vegna samninga við einkaaðila sem hafa undanskilið þann rétt sérstaklega í leyfissamningum, sbr. 3. gr. höfundalaga. Með frumvarpinu eiga slík tilvik að verða úr sögunni þar sem stjórnvöld verða að haga samningum um kaup á landupplýsingum með hætti að heimilt verði að birta þau og gera aðgengileg í landupplýsingagátt, sbr. 5 .gr. Þá rétt að benda á að áfram verður heimilt að binda notkun gagna leyfi, sem veitir afnotarétt í tilteknum verkefnum eða vörum. Þó verða slíkar leyfisveitingar að samræmast því almenna markmiði tilskipunarinnar að auðvelda samnýtingu landupplýsinga og þjónustu milli stjórnvalda.

Í 4. mgr. ákvæðisins er tilgreint að heimilt verður að nýta vefþjónustu vegna laganna, sbr. 5. gr., vegna gagna sem eru í eigu annarra en lögin ná til. Sem dæmi um slíkt mætti nefna ef gögn í eigu einkafyrirtækis væru birt á vefþjónustu enda væru gögnin talin eiga erindi til stjórnvalda eða almennings.

Í 5. mgr. ákvæðisins er fjallað um þau tilfelli þegar til eru mörg eintök af sömu gögnunum eða þegar mörg afrit eru gerð. Til hagræðis og einföldunar er eingöngu gert skylt að skrá og gera aðgengileg frumgögn. Þetta ákvæði kallar á nákvæma skráningu og að stjórnvöld setji upp skýrt verklag til að tryggja að ekki verði margskráning gagna.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru skilgreind nokkur hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Mikilvægt þykir að hugtök frumvarpsins séu skýr þar sem tilgangur þess er m.a. að skilgreina og tryggja uppbyggingu grunngerðar landupplýsinga sem er nýjung á Íslandi. Er um að ræða þýðingar á eftirtöldum hugtökum sem koma m.a. úr INSPIRE-tilskipuninni: Infrastructure for spatial information (grunngerð landupplýsinga), geographic information (landupplýsingar), metadata (lýsigögn), interoperability (samhæfni), web service (vefþjónusta), geoportal (landupplýsingagátt).

Rétt er að árétta að við skilgreiningu á hugtakinu stjórnvald, sbr. 3. tölul. ákvæðisins, var horft til þess hvernig það hugtak er skilgreint í lögum um upplýsingarétt um umhverfismál,

nr. 23/2006. Þau lög voru sett til að innleiða tilskipun 2003/4/EB um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Skilgreining tilskipunar 2007/2/EB á stjórnvöldum (e. public authorities) er samhljóða skilgreiningu tilskipunar 2003/4/EB og var því talið rétt að haga skilgreiningunni í frumvarpi þessu með sama hætti og í lögum um upplýsingarétt um umhverfismál. Með hliðsjón af því að ákvæðið er samhljóða 2. gr. laga um upplýsingarétt um umhverfismál er á því byggt að það verði skýrt á sambærilegan hátt.

Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 4. gr.

Mikil aukning hefur verið í framleiðslu stafrænna korta og önnur vinnsla landupplýsinga fer vaxandi. Sífellt verður erfiðara að fá yfirsýn yfir hvað til er af slíkum gögnum hverju sinni. Með ákvæðinu er gerð sú krafa til stjórnvalda á Íslandi að skrá í veflausn svokölluð lýsigögn um landupplýsingar og vefþjónustu sem þau eiga, reka eða varðveita. Einnig er undirstrikað mikilvægi þess að uppfæra upplýsingar um lýsigögn með reglulegum og skipulegum hætti svo að hægt sé að treysta því sem þar er skráð. Rétt er að árétta að lýsigögn eru ágrip upplýsinga um gögn og/eða þjónustu eða lýsing einkenna gagnasafns svo sem á innihaldi, eiginleika eða ástandi.

Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar eru byggð á 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB. Með henni er Landmælingum Íslands gert skylt að starfrækja landupplýsingagátt til að veita aðgengi að landupplýsingum og upplýsingum um þær. Landupplýsingagáttin skal vera opin og aðgengileg öllum.

Gert er ráð fyrir að með slíkri landupplýsingagátt verði nýtt besta möguleg tækni hverju sinni við að tengja saman ólíka, dreifða gagnagrunna, svo sem með WMS-staðli (Web Map Service). Rétt er að árétta að með lögunum er ekki gert ráð fyrir að gögn verði afrituð til birtingar frá upprunastað sínum og þau geymd miðlægt, heldur munu gögn verða hýst og þeim viðhaldið á hverri stofnun og sveitarfélagi fyrir sig.

Í 1. tölul. er kveðið á um lýsigagnaþjónustu sem á að gera það kleift að leita að landupplýsingum og þjónustu vegna þeirra á grundvelli upplýsinga sem felast í lýsigögnum. Hér er um að ræða vefþjónustu þar sem fram koma lýsigögn, eða „gögn um gögn“ til að tryggja að mögulegt sé að fá heildaryfirsýn yfir þær landupplýsingar sem stjórnvöld búa yfir og geta nýst öðrum. Ekki verður heimilt að taka gjald fyrir notkun á þessari þjónustu. Ákvæðið er byggt á a-lið 1. mgr. tilskipunar 2007/2/EB.

Í 2. tölul. er kveðið á um skoðunarþjónustu sem á að lágmarki að gera það mögulegt að skoða, fara um, þysja inn/út, hliðra eða skara landupplýsingar og að sýna skýringar þeirra og viðeigandi lýsigögn. Þessi þjónusta gengur skrefi lengra en hefðbundin lýsigagnaþjónusta þannig að hægt er að skoða viðkomandi gögn, t.d. sem mynd á skjánum án þess að notandinn geti fengið sjálf frumgögnin til sín. Ekki verður heimilt að taka gjald fyrir notkun á þessari þjónustu. Ákvæðið er byggt á b-lið 1. mgr. tilskipunar 2007/2/EB.

Í 3. tölul. er fjallað um niðurhalsþjónustu sem gerir það mögulegt að hala niður afritum landupplýsinga eða fá beinan aðgang að þeim, hvort sem er að öllu leyti eða hluta. Heimilt er að taka gjald fyrir þessa þjónustu sem m.a. miðast við umfang þeirra gagna sem halað er niður. Mikilvægt er að hugsanleg gjaldtaka sé hófleg svo að hún verði ekki hindrun í notkun samfélagsins á gögnunum. Ákvæðið er byggt á c-lið 1. mgr. tilskipunar 2007/2/EB.

Í 4. tölul. er kveðið á um vörpunarþjónustu sem gerir það mögulegt að varpa landupplýsingum til að samhæfni náist. Með vörpun er átt við þjónustu sem er ætlað að aðstoða not-

endur við að tengja saman gögn sem eru í ólíkum hnitakerfum eða ólíkum kortavörpunum og/eða að hægt sé að skoða þau saman varðandi gagnaform, tungumál og upplýsingatöflur. Í fæstum tilfellum mun notandi verða var við virkni þessarar þjónustu með beinum hætti. Heimilt verður að taka hóflegt gjald fyrir þessa þjónustu. Ákvæðið er byggt á d-lið 1. mgr. tilskipunar 2007/2/EB.

Í 5. tölul. er fjallað um þjónustu sem leyfir það að mismunandi vefþjónusta fyrir landupplýsingar verði tengd saman eða samhæfð. Þessari þjónustu er ætlað að gera notendum kleift að tengja saman fleiri en eina kortaþjónustu á vefnum og birta gögn sem eina heild. Heimilt verður að taka gjald fyrir þessa þjónustu. Ákvæðið er byggt á e-lið 1. mgr. tilskipunar 2007/2/EB.

Í 2. mgr. er heimild fyrir umhverfisráðherra að takmarka almennan aðgang að vefþjónustu eða hluta hennar. Ákvæði INSPIRE-tilskipunarinnar eru sambærileg við ákvæði tilskipunar 2003/4/EB um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem var innleidd með lögum um upplýsingarétt um umhverfismál, nr. 23/2006. Því þótti rétt að gæta samræmis við ákvæði þeirra laga og er því vísað til 6. gr. þeirra laga. Með hliðsjón af þessu er byggt á því að greinin verði skýrð á sambærilegan hátt og 6. gr. laga um upplýsingarétt um umhverfismál. Ákvæði greinarinnar á sér að öðru leyti fyrirmynd í 13. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þá skyldu stjórnvalda sem hafa landupplýsingar í umsjá sinni að sjá til þess að gögn og vefþjónusta vegna þeirra séu gerð aðgengileg í gegnum þá landupplýsingagátt sem kveðið er á um í 5. gr. frumvarpsins. Þá er kveðið á um að stjórnvöldum beri að hafa yfir að ráða tæknilegri getu til að miðla gögnum og tengja þau vefþjónustu, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Þetta þýðir að stjórnvöld bera sjálf ábyrgð á því að nauðsynleg tæknileg geta sé fyrir hendi. Þannig þurfa einstakar stofnanir og sveitarfélög sjálf að tryggja að þau hafi yfir að ráða nauðsynlegum vél- og hugbúnaði. Þá bera þessir aðilar ábyrgð á því að viðhalda þeim gagnasettum sem þeir búa yfir þannig að þau uppfylli á hverjum tíma þær kröfur sem lögin gera til þeirra. Aftur á móti skal það áréttað að Landmælingum Íslands ber að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og leiðsagnar. Með því skal tryggt að litlar stjórnsýslueiningar sem ekki hafa aðgang að tækni eða þekkingu til að byggja upp þá þjónustu sem lögin kveða á um, fái nauðsynlega aðstoð til að standast þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Ekki er gert ráð fyrir gjaldtöku Landmælinga Íslands vegna slíkrar leiðsagnar. Hins vegar er rétt að benda á að á grundvelli stefnu íslenskrar stjórnvalda um upplýsingasamfélagið má gera ráð fyrir því að íslenskar stofnanir hafi tæknilega getu og möguleika til að hagnýtingar upplýsingatækni, m.a. á sviði landupplýsinga, til að bæta opinbera þjónusta, auka skilvirkni og einfalda samskipti milli almennings og stjórnvalda. Þessi stefna er einnig tengd ýmsum markmiðum um umhverfismál því með aukinni þjónustu stjórnvalda á netinu, fjarvinnu og fjarnámi má t.d. draga úr mengun. Til viðbótar má einnig benda á að verði frumvarpið að lögum mun það leiða til betra skipulags og aðgengis að gagnagrunnum hjá stjórnvöldum og þar af leiðandi einnig til hagræðingar og aukinnar skilvirkni. Ákvæðið er byggt á 12. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

Með ákvæði 3. mgr. er það áréttað að lögin kalla ekki á að nýrra gagna sé aflað, heldur verður þess krafist að stjórnvöld skrái og geri aðgengileg gögn sem þeir varðveita nú þegar. Þannig er markmiðið að nýta betur en nú er gert þau gögn sem aflað hefur verið með opinberu fé, ekki síst fyrir aðra opinbera aðila. Þannig á að vera tryggt að lögin verði ekki of íþyngjandi því kostnaður við öflun nýrra gagna getur verið mjög hár ef kröfur eru gerðar um

mikil gæði og nákvæmni. Það skal hinsvegar áréttað að lögin ná til allra gagna sem munu verða til á vegum opinberra aðila í framtíðinni.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um það á hvaða hátt aðrir en stjórnvöld geta sótt um að tengja eða birta gögn sín við landupplýsingagátt stjórnvalda. Til þess að slík tenging verði heimiluð verða gögn þau sem um ræðir að falla innan gildissviðs laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Þannig yrðu að vera um að ræða stafrænar landupplýsingar sem tækju til íslensks yfirráðasvæðis og ná til einhvers þeirra viðfangsefna sem INSPIRE-tilskipunin nær til. Til þess að tryggja að gögn uppfylli þær tæknilegu kröfur sem gerðar verða á grundvelli INSPIRE-tilskipunarinnar og laga þessara er gert ráð fyrir að aðilar sæki um slíka eða tengingu til Landmælinga Íslands. Var tekið mið af sambærilegu ákvæði í hinum dönsku INSPIRE-lögum, nr. 1331/2008. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að frumkvæði að tengingu samkvæmt þessari grein geti komið frá Landmælingum Íslands eða öðrum. Ekki er gert ráð fyrir gjaldtöku vegna tengingar við landupplýsingagátt á grundvelli þessarar greinar.

Um 8. gr.

Ákvæðið er byggt á 17. gr. tilskipunar 2007/2/EB. Því er ætlað að tryggja að stjórnvöld veiti hvert öðru aðgang að landupplýsingum og vefþjónustu þeim tengdum og geri hvert öðru kleift að skiptast á og nota gögn og þjónustu í opinberum verkefnum.

Ákvæðið tekur einnig til þess að stjórnvöld á Íslandi skuli veita stofnunum Evrópusambandsins og EFTA aðgang að landupplýsingum og þjónustu skv. 5. gr. frumvarpsins. Sambærilegt ákvæði er að finna í 8. mgr. 17. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að Landmælingar Íslands skuli annast þá starfsemi sem umhverfisráðherra er falið með lögunum. Hér má nefna sem dæmi að Landmælingar skulu samkvæmt frumvarpinu sjá um að netþjónustu skv. 5. gr. og grunngerð fyrir landupplýsingar sé komið á fót. Landmælingar Íslands starfa á grundvelli laga um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006. Samkvæmt þeim lögum skal stofnunin vera umhverfisráðuneytinu til ráðuneytis á þeim fagsviðum sem stofnunin starfar á. Meginfagsvið Landmælinga Íslands eru landmælingar, fjarkönnun, kortagerð og landupplýsingakerfi auk þess sem stofnunin þarf að koma að gerð staðla og vinnuleiðbeininga á framangreindum fagsviðum. Stofnuninni er ætlað að ráða yfir faglegri þekkingu til að geta sinnt þessu hlutverki sínu og því er hún vel til þess fallin að sjá um framkvæmd þeirra verkefna sem umhverfisráðherra er falið samkvæmt frumvarpinu.

Í 2. mgr. segir að Landmælingar Íslands skuli sjá um rekstur, virkni, viðhald og tæknilega þróun landupplýsingagáttar, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Landmælingum Íslands er þannig samkvæmt greininni ætlað að vera stjórnvöldum (þ.e. stofnunum og sveitarfélögum) til ráðgjafar til þess að þau geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt frumvarpinu, sbr. einnig skýringar við 6. gr. frumvarpsins. Þykir stofnunin vel til þessa verkefnis fallin enda er þar fyrir hendi tæknileg geta og þekking til að sinna þessu verkefni og rekur stofnunin nú þegar margs konar vefþjónustu á þessu sviði sem er öllum opin án endurgjalds. Rétt er að taka fram að Landmælingum Íslands er heimilt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar að semja við eða bjóða út einstaka verkþætti vegna framkvæmdar laganna.

Um 10. gr.

Með ákvæðinu er gerð tillaga um að umhverfisráðherra skuli setja á fót samræmingarnefnd vegna grunngerðar landupplýsinga. Skal nefndin skipuð til fimm ára í senn. Líkt og fram kemur í ákvæðinu skulu í nefndinni eiga sæti fulltrúar tilnefndir af umhverfisráðuneyti, forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Landmælingum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og samtökum um landupplýsingar á Íslandi (LÍSA).

Í 2. mgr. er kveðið nánar um á um hlutverk nefndarinnar. Þannig er nefndinni ætlað að vera faglegur vettvangur stjórnvalda við að móta stefnu í landupplýsingamálum í víðu samhengi. Æskilegt er jafnframt að slík stefnumótun fari fram í samráði við hagsmunaaðila.

Þá er í 2. gr. jafnframt kveðið á um að samræmingarnefndinni sé skylt að vinna að aðgerðaáætlun fyrir stjórnvöld við að innleiða grunngerð landupplýsinga á Íslandi. Slík aðgerðaáætlun skal vera til fimm ára í senn og send umhverfisráðherra til staðfestingar. Samræmingarnefndin skal einnig taka afstöðu til þess hvaða landupplýsingar, aðrar en þær sem fram koma í 1.–3. viðauka INSPIRE-tilskipunarinnar, skuli falla undir lögin.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um gjaldtöku. Markmið laganna er að tryggja aðgengi yfirvalda og almennings að stafrænum landupplýsingum á Íslandi og ber að skoða alla gjaldtöku með það í huga. Sérstaklega er kveðið á um að sú þjónusta sem kveðið er á um í 1. og 2. tölul. 5 gr. skuli vera án endurgjalds. Fram kemur að gögn megi vera á sniði sem kemur í veg fyrir að þau séu endurnotuð í viðskiptalegum tilgangi.

Í 2. mgr. ákvæðisins er einnig fjallað um heimild til að taka hóflegt gjald fyrir þá þjónustu sem kveðið er á um í 3., 4. og 5. tölul. Með hóflegu gjaldi er átt við þjónustugjald en samkvæmt því má ekki taka hærra gjald en sem nemur öllum föstum og breytilegum kostnaði af veittri þjónustu eða afgreiðslu gagna. Hér má því t.d. taka gjald til að mæta öllum kostnaði af framreiðslu, fjölföldun og dreifingu gagna auk sanngjarnrar hlutdeildar í afskriftum á fjárfestingu í vélum og tækjum sem þörf er á við miðlun og niðurhal.

Ekki verður hins vegar heimilt að taka gjöld til þess að uppfylla skýrsluskyldur umhverfismála samkvæmt löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvæðið tekur mið af 14. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um að hinum ýmsu stjórnvöldum á Íslandi sem lög þessi ná til beri að veita Landmælingum Íslands í umboði umhverfisráðherra ákveðnar upplýsingar, t.d. um framgang þeirra verkefna sem stjórnvöldum er falið að sinna með frumvarpinu. Dæmi um slík verkefni er skráning og miðlun lýsigagna og að stjórnvöld geri gögn sín aðgengileg.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um að setja skulir reglugerðir um þar til greind málefni.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB (INSPIRE).

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um nauðsynlegar breytingar sem gera þarf á lögum um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006, vegna nýrra laga um grunngerð landupplýsinga. Í 4. gr. þeirra laga eru talin upp verkefni Landmælinga Íslands og gert ráð fyrir því að í 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að hafa umsjón með uppbyggingu, framkvæmd og eftirfylgni við grunngerð landupplýsinga á Íslandi í samræmi við lög um grunngerð landupplýsinga. Með ákvæðinu er Landmælingum Íslands í umboði umhverfisráðherra falið mikilvægt hlutverk við að vinna að uppbyggingu á grunngerð landupplýsinga á Íslandi í samvinnu við fjölmargar stofnanir og sveitarfélög. Þetta nýja hlutverk Landmælinga Íslands er í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á lögum um starfsemi stofnunarinnar árið 2006, þar sem kjarnaverkefni voru skilgreind betur en áður og svokölluð samkeppnisverkefni voru boðin út til einkaaðila, svo sem gerð og útgáfa prentaðra korta. Hins vegar hefur þetta nýja hlutverk Landmælinga Íslands ekki áhrif á lögbundin verkefni annarra stjórnvalda á sviði landupplýsinga að öðru leyti en því að þeim er með lögum um grunngerð landupplýsinga gert skylt að miðla þeim gögnum sem þau búa yfir.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæðinu er gerð krafa um að Landmælingar Íslands sjái um að komið verði á fót landupplýsingagátt þeirri sem kveðið er á um í 5. gr. frumvarpsins. Ljóst er að smíði slíkrar lausnar mun taka nokkurn tíma og er í samræmi við það gert ráð fyrir að landupplýsingagáttin verði tilbúin til notkunar 1. júní 2011.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga.

Frumvarpinu er ætlað að leiða í lög ákvæði tilskipunar 2007/2/EB, um notkun og miðlun landupplýsinga. Markmið þess er að tryggja samræmda uppbyggingu á grunngerð landupplýsinga með það fyrir augum að auka möguleika á samnýtingu landupplýsingagagna og að tryggja aðgengi stjórnvalda og almennings að upplýsingunum. Gert er ráð fyrir að Landmælingar Íslands hafi umsjón með framkvæmd laganna og verði stjórnvöldum, þ.e. stofnunum og sveitarfélögum, til ráðgjafar og leiðsagnar við að fullnægja skyldum þeirra samkvæmt lögunum. Stofnunin skal setja á fót sérstaka landupplýsingagátt og sjá um rekstur hennar, viðhald og tæknilega þróun. Í gegnum gáttina skal öllum vera aðgengileg lýsigagnaþjónusta, skoðunarþjónusta, niðurhalsþjónusta, vörpunarþjónusta og þjónusta sem gerir mögulegt að virkja ólíka vefþjónustu landupplýsinga, svo sem að tengja saman fleiri en eina kortaþjónustu á vefnum og birta gögn sem eina heild. Tvær fyrstnefndu þjónusturnar skulu veittar endurgjaldslaust en heimilt verður að innheimta gjald fyrir kostnaði við þrjár síðastnefndu þjónusturnar. Gert er ráð fyrir að tilskipunin komi til framkvæmda í áföngum allt til ársins 2019.

Vegna kröfu um lækkun kostnaðar og hagræðingu í opinberum rekstri hefur verið valið að fara aðra leið við innleiðinguna en áður var áætlað og er nú miðað við að tilskipunin verði uppfyllt með algjörum lágmarksbúnaði og lágmarkskostnaði og að nýta við það sem allra best þekkingu og búnað sem Landmælingar Íslands búa nú yfir. Kostnaðartölur hafa því lækkað talsvert frá áætlun sem sett var fram í skýrslu Landmælinga í nóvember 2008. Skýrist það m.a. af minni hugbúnaðarkostnaði við landupplýsingagátt samkvæmt nýrri könnun þar á, meiri aðkomu eigin starfsmanna og minni aðkeyptri ráðgjöf, nýrri tækni við vistun og miðlun gagna sem dregur úr þörf fyrir miðlæga vistun og lækkar vistunar- og afritunarkostnað, lengri innleiðingartíma, aukinni notkun á opnum hugbúnaði sem lækkar rekstrarkostnað, fækkun lykilgagnasetta til að einfalda innleiðinguna og áætlun um aukið norrænt samstarf sem talið er geta dregið úr þörf fyrir aðkeypta sérfræðiráðgjöf. Í þessu ljósi hefur kostnaður Landmælinga við innleiðingu tilskipunarinnar verið endurmetinn og er nú talið að kostnaður stofnunarinnar verði 8 m.kr. á ári en það er 27% lækkun frá fyrri áætlun, auk þess sem áætlað er að stofnunin geti aflað 2 m.kr. tekna á ári í gegnum gjaldtökuheimild frumvarpsins. Vegna breyttra tækniforsendna og aukins hlutverks Landmælinga við innleiðingu má gera ráð fyrir að kostnaður annarra geti lækkað hlutfallslega meira. Í fyrri áætlun vóg kostnaður Landmælinga 20% af kostnaði ríkisins við innleiðingu tilskipunarinnar.

Reiknað er með að kostnaðaráhrif frumvarpsins nái til um 30 stofnana hinna ýmsu ráðuneyta, auk sveitarfélaga. Áætlað er að yfirleitt verði um tiltölulega lítinn viðbótarkostnað að ræða hjá hverri stofnun, í um helmingi tilfella undir 1 m.kr. á ári, en annars oft á bilinu 1 til 2 m.kr. á ári meðan á innleiðingu stendur. Á móti kemur að reikna má með að þegar fram í sækir geti þessir aðilar sem og aðrir haft margvíslegt hagræði og sparnað af stöðlun þessara gagna. Ekki er því reiknað með að auka þurfi sérstaklega fjárframlög til þeirra til að standa straum af kostnaði við innleiðingu. Í athugasemdum með frumvarpinu er einnig áréttað að ráðgjöf og leiðsögn Landmælinga skuli tryggja að litlar stjórnsýslueiningar sem ekki hafa aðgang að tækni eða þekkingu til að byggja upp þá þjónustu sem lögin kveða á um, fái nauðsynlega aðstoð til að standast þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og ekki er gert ráð fyrir að stofnunin taki gjald fyrir þessa aðstoð. Einnig er gert ráð fyrir að stofnanir myndi svigrúm fyrir innleiðingu með breyttri forgangsröðun, t.d. með því að draga úr öðrum verkefnum meðan á innleiðingu stendur. Ekki er talin forsenda til þess að reikna með slíkum innri kostnaði við mat á frumvarpinu enda um að ræða úrbótaverkefni til að nýta betur en áður opinberar landupplýsingar og eðlileg krafa að stofnanir staðli vinnubrögð og geri gögn aðgengileg óháð kröfum frumvarpsins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum og ef kostnaður annarra en Landmælinga lækkar um helming frá fyrri áætlun, má gera ráð fyrir að tímabundinn kostnaður ríkissjóðs verði 30 m.kr. á ári en lækki síðan og verði 8 m.kr. Á móti hækka tekjur um 2 m.kr. Á sama hátt má áætla tímabundinn kostnað sveitarfélaga 7,5 m.kr. á ári. meðan á innleiðingunni stendur. Vegna örra tæknibreytinga á þessu sviði má þó allt eins gera ráð fyrir að kostnaður við innleiðingu fari lækkandi á komandi árum. Eins og áður segir er reiknað með að kostnaði ríkissjóðs vegna frumvarpsins verði að mestu mætt án hækkunar á útgjaldarömmum ráðuneyta. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 er því einungis gert ráð fyrir 6 m.kr. hækkun á kostnaði Landmælinga Íslands og ekki er reiknað með frekari aukningu á útgjöldum ríkissjóðs vegna frumvarpsins.

131. Frumvarp til laga [122. mál]

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. (sem hefur yfirtekið réttindi og skyldur Alusuisse-Lonza Holding Ltd. að lögum), dags. 13. október 2010, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðaukum dags. 28. október 1969, 10. desember 1975, 5. nóvember 1984, 11. nóvember 1985, 16. nóvember 1995, 5. mars 2007 og 7. desember 2009), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.

2. gr.

Ákvæði viðaukasamnings þess sem um ræðir í 1. gr. skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

ÁTTUNDI VIÐAUKI VIÐ

Aðalsamning
milli
Ríkisstjórnar Íslands
og
ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD.

dags. 28. mars 1966
ásamt
sjö viðaukasamningum

dags. 28. október 1969, 10. desember 1975, 5. nóvember 1984, 11. nóvember 1985, 16. nóvember 1995, 5. mars 2007 og 7. desember 2009

ásamt fylgiskjölum tilgreindum í aðalsamningi og viðaukasamningum.

SAMNINGUR GERÐUR
HINN 13. DAG OKTÓBERMÁNAÐAR 2010.

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér eftir einnig nefnd **„ríkisstjórnin“**), sem iðnaðarráðherra, Arnarhváli, 150 Reykjavík, kemur fram fyrir, í fyrsta lagi,

og

ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD. (hér eftir einnig nefnt **„Alcan“**), sem er fyrirtæki stofnað og starfrækt samkvæmt lögum Sviss, og hefur höfuðstöðvar sínar að Max Högger-Strasse 6, P.O Box, CH-8048, Zurich, Sviss, í öðru lagi,

(en hér eftir eru framangreindir tveir aðilar sameiginlega nefndir **„aðilar“**),

hafa hinn 13. október 2010 gert með sér þennan

ÁTTUNDA VIÐAUKASAMNING VIÐ AÐALSAMNINGINN FRÁ 28. MARS 1966 MEÐ SJÖ SÍÐARI BREYTINGUM

MEÐ ÞVÍ AÐ ríkisstjórn Íslands og Swiss Aluminium Ltd. gerðu með sér samning um byggingu og rekstur álbræðslu og annarra mannvirkja í Straumsvík, dags. 28. mars 1966, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76, 13. maí 1966 og tók gildi 20. september 1966, með áorðnum breytingum samkvæmt (i) fyrsta viðauka, dags. 28. október 1969, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19, 6. apríl 1970 og tók gildi 16. apríl 1970, (ii) öðrum viðauka, dags. 10. desember 1975, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 42, 25. maí 1976 og tók gildi 12. júní 1976, (iii) þriðja viðauka, dags. 5. nóvember 1984, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 104, 30. nóvember 1984 og tók gildi 30. nóvember 1984, (iv) fjórða viðauka, dags. 11. nóvember 1985, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 111, 31. desember 1985 og tók gildi 31. desember 1985, (v) fimmta viðauka, dags. 16. nóvember 1995, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 155/1995 og tók gildi þann 29. desember 1995, (vi) sjötta viðauka, dags. 5. mars 2007, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 112/2007 og tók gildi þann 21. júní 2007, og (vii) sjöunda viðauka, dags. 7. desember 2009, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 151/2009 og tók gildi þann 1. janúar 2010, ásamt fylgiskjölum og viðaukasamningum (hér eftir nefndur „aðalsamningurinn“);

MEÐ ÞVÍ AÐ þann 15. júní 2010 var undirritaður nýr samningur á milli Landsvirkjunar og Alcan á Íslandi hf. um orkusölu til álversins í Straumsvík. Samningurinn er tvíþættur. Annars vegar er endursamið um verð á núverandi orkusölu til álversins og hins vegar er samið um afhendingu viðbótar orku (75 MW) vegna áætlaðrar framleiðsluaukningar álversins;

MEÐ ÞVÍ AÐ miðað er við að hinn nýi raforkusamningur komi alfarið í stað núgildandi raforkusamnings og að sá síðarnefndi falli brott. Núgildandi raforkusamningur milli Landsvirkjunar og Alcan á Íslandi hf. er frá 28. júní 1966 með gildistíma til 30. september 2014. Er hann fylgiskjal A við aðalsamning (Master Agreement) á milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., nú Rio Tinto Alcan Ltd., frá 28. mars 1966, samanber lög nr. 76/1966 um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við

Straumsvík. Er í aðalsamningnum víða vísað til raforkusamningsins auk þess sem í aðalsamningnum er að finna sérákvæði sem snúa að afhendingu raforku;

MEÐ ÞVÍ AÐ sú breyting verður á með tilkomu hins nýja raforkusamnings að hann er alfarið ótengdur aðalsamningnum frá 1966. Með vísan til þess er nauðsynlegt, til að tryggja og undirstrika að hinn nýi raforkusamningur sé með öllu ótengdur aðalsamningnum, að gera viðeigandi breytingar á aðalsamningnum, þ.e. að afnema fylgiskjal A (raforkusamninginn) og hreinsa aðalsamninginn af öllum ákvæðum þar sem vísað er í raforkusamning eða kveðið á um afhendingu raforku;

HAFA ÞVÍ aðilar hér með samþykkt að gera eftirfarandi breytingar á aðalsamningnum í samræmi við 51. gr. aðalsamningsins, dags. 28. mars 1966, ásamt sjö viðaukasamningum, (1) dags. 28. okt. 1969, (2) dags. 10. des. 1975, (3) dags. 5. nóv. 1984, (4) dags. 11. nóv. 1985, (5) 16. nóv. 1995, (6) 5. mars 2007 og (7) 7. desember 2009:

1. gr.
Heiti samnings þessa og orðskýringar við hann.

Grein 1.1. Samningur þessi heitir áttundi viðaukasamningur við aðalsamninginn.
Grein 1.2. Ef samhengi krefst ekki annars skulu hugtök sem notuð eru í samningi þessum hafa sömu merkingu og þeim er gefin í 1. gr. aðalsamningsins.

2. gr.
Breytingar á inngangsorðum aðalsamnings

Grein 2.1. Orðin „rafmagnssamningi og“ í inngangsorðum falla brott.

3. gr.
Breyting á 1. gr. aðalsamnings

Grein 3.1. Stafliður a í málsgrein 1.02 fellur brott.
Grein 3.2. Orðið „rafmagnssamningurinn,“ í staflið e í málsgrein 1.02 fellur brott.
Grein 3.3. Orðin „svo sem nánar er tilgreint í rafmagnssamningnum hverju sinni,“ í staflið b í málsgrein 1.03 falla brott.
Grein 3.4. Stafliðir k, o, p, q, r og t í málsgrein 1.03 falla brott.
Grein 3.5. Stafliður c í málsgrein 1.04 fellur brott.
Grein 3.6. Stafliður c í málsgrein 1.05 fellur brott.

4. gr.
Breyting á 3. gr. aðalsamnings

Grein 4.1. Orðin „og rafmagnssamningnum“ í staflið a í málsgrein 3.01 falla brott.
Grein 4.2. Orðið „ , rafmagnssamningnum“ í staflið a í málsgrein 3.03 fellur brott.
Grein 4.3. Orðið „ , rafmagnssamningnum“ í staflið b í málsgrein 3.03 fellur brott.
Grein 4.4. Orðið „ , rafmagnssamningsins“ í staflið b í málsgrein 3.03 fellur brott.
Grein 4.5. Töluliður i) í málsgrein 3.04 fellur brott.
Grein 4.6. Málsgrein 3.05 fellur brott.

5. gr.
Breyting á 4. gr. aðalsamnings

Grein 5.1. Orðin „og rafmagnssamningnum“ í málsgrein 4.01 falla brott.
Grein 5.2. Orðin „og rafmagnssamningsins“ í málsgrein 4.01 falla brott.
Grein 5.3. Orðin „og rafmagnssamningsins“ í málsgrein 4.02 falla brott.

6. gr.
Breyting á 5. gr. aðalsamnings

Grein 6.1. 5. gr. fellur brott.

7. gr.
Breyting á 6. gr. aðalsamnings

Grein 7.1. Orðið „ , rafmagnssamningsins“ í málsgrein 6.01 fellur brott.
Grein 7.2. Málsgrein 6.04 fellur brott.

8. gr.
Breyting á 7. gr. aðalsamnings

Grein 8.1. 7. gr. fellur brott.

9. gr.
Breyting á 9. gr. aðalsamnings

Grein 9.1. 9. gr. fellur brott.

10. gr.
Breyting á 19. gr. aðalsamnings

Grein 10.1. Orðin „rafmagnssamningsins og“ í málsgrein 19.01 falla brott.

11. gr.
Breyting á 36. gr. aðalsamnings

Grein 11.1. 36. gr. fellur brott.

12. gr.
Breyting á 40. gr. aðalsamnings

Grein 12.1. Stafliður c í málsgrein 40.02 fellur brott.

13. gr.
Breyting á 41. gr. aðalsamnings

Grein 13.1. Orðið „ , rafmagnssamningsins“ í tölulið ii) í staflið a í málsgrein 41.02 fellur brott.
Grein 13.2. Töluliðir i) og ii) í staflið b í málsgrein 41.02 falla brott.
Grein 13.3. Orðið „rafmagnssamningnum,“ í málsgrein 41.03 fellur brott.

14. gr.
Breyting á 42. gr. aðalsamnings

Grein 14.1. Orðið „ , rafmagnssamningsins“ í staflið a undir lið B í málsgrein 42.02 fellur brott.

15. gr.
Breyting á 43. gr. aðalsamnings

Grein 15.1. Orðið „rafmagnssamningnum,“ í málsgrein 43.02 fellur brott.

16. gr.
Breyting á 46. gr. aðalsamnings

Grein 16.1. Orðin „milli aðila rafmagnssamningsins,“ í greininni falla brott.

17. gr.
Breyting á 48. gr. aðalsamnings

Grein 17.1. Stafliður b í málsgrein 48.02 fellur brott.

18. gr.
Breyting á 53. gr. aðalsamnings

Grein 18.1. Orðið „rafmagnssamningnum,“ í greininni fellur brott.

19. gr.
Breyting á fylgiskjali A við aðalsamning

Grein 19.1. Fylgiskjal A fellur brott.

20. gr.
Gildi og staða samnings þessa

Grein 20.1. Við undirritun samnings þessa af hálfu aðila hans og við lokagerð hans tekur hann gildi.

Grein 20.2. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðalsamninginn samkvæmt ákvæðum 51. gr. hans og skal talinn óaðskiljanlegur hluti af aðalsamningnum (með áorðnum breytingum) svo sem hann væri felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðalsamningsins, með öllum réttindum hans og skyldum, taka ekki öðrum breytingum en þeim sem gerðar eru í samningi þessum og halda að öðru leyti fullu gildi. Allar tilvísanir til aðalsamningsins, sem gerðar eru í fylgiskjölum eða fylgisamningunum, eða hvers þeirra sem er, eða verða gerðar síðar, skulu taldar vera gerðar til aðalsamningsins eins og honum hefur áður verið breytt og eins og honum hefur verið breytt með samningi þessum, nema samhengi krefjist annars.

Grein 20.3. Þegar samningur þessi hefur verið undirritaður af aðilum og tilkynning verið gefin út svo sem mælt er um í 51. gr. aðalsamningsins, skal samningur þessi, ásamt lagafrumvarpi þar að lútandi, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og samþykktar. Við staðfestingu og að fullnægðum öðrum löggjafar- og tilkynningaratriðum skal samningur þessi öðlast gildi („gildistökudagur“) og hafa lagagildi á Íslandi svo sem kveðið verður á um í staðfestingarlögunum.

21. gr.
Ýmis ákvæði

Grein 21.1. Breyting þessi á aðalsamningnum skal undirrituð og afhent af aðilum í tveimur eintökum. Hvort eintak telst frumeintak og jafngilt hinu.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hefur áttundi viðaukasamningurinn við aðalsamninginn verið undirritaður fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og Alcan Holdings Switzerland Ltd. þann dag sem í upphafi greinir, í tveimur eintökum.

Fyrir hönd RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS:	Fyrir hönd ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND:
_____	_____

EIGHTH AMENDMENT TO

The Master Agreement
between
The Government of Iceland
and
ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD.

dated 28 March 1966
together with
seven Supplemental Agreements

dated 28 October 1969, 10 December 1975, 5 November 1984, 11 November 1985, 16 November 1995, 5 March 2007 and 7 December 2009

together with the scheduled documents specified in the Master Agreement and Supplemental Agreements

AGREEMENT MADE
ON THE 13TH DAY OF THE MONTH OF OCTOBER, 2010.

THE GOVERNMENT OF ICELAND (hereinafter also referred to as the **"Government"**), represented by its Minister of Industry, of the First Part,

and

ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND LTD. (hereinafter also referred to as **"Alcan"**), a company organized and operated under the laws of Switzerland and having its registered office at Max Högger-Strasse 6, P.O Box, CH-8048, Zurich, Switzerland, of the Second Part,

(with both parties hereinafter referred to jointly as the **"Parties"**),

have on the 13th of October 2010, entered into the following

EIGHTH SUPPLEMENTAL AGREEMENT TO THE MASTER AGREEMENT OF 28 MARCH 1966, WITH SEVEN SUBSEQUENT AMENDMENTS

WHEREAS the Government and Swiss Aluminium Ltd. entered into an agreement relating to the construction and operation of an aluminium reduction plant and appurtenant facilities at Straumsvík dated March 28, 1966, ratified by Act of the Althing No. 76, May 13, 1966, and effective as of September 20, 1966, amended (I) by a First Amendment dated October 28, 1969, ratified by Act of the Althing No. 19, April 6, 1970, and effective as of April 16, 1970, (ii) by a Second Amendment dated December 10, 1975, ratified by Act of the Althing No. 42, May 25, 1976, and effective as of June 12, 1976, (iii) by a Third Amendment dated November 5, 1984, ratified by Act of the Althing No. 104, November 30, 1984, and effective as of November 30, 1984, (iv) by a Fourth Amendment dated November 11, 1985, ratified by Act of the Althing No. 111, December 31, 1985, and effective as of December 31, 1985, (v) by a Fifth Amendment dated 16 November 1995, ratified by Act of the Althing No. 155/1995 and effective as of 29 December 1995, (vi) a Sixth Amendment dated 5 March 2007, ratified by Act of Althing No 112/2007 and effective as of 21 June 2007, and (vii) Seventh Amendment dated 7 December, 2009, ratified by Act of the Althing No 151/2009 and effective as of 1 January 2010, together with scheduled documents and supplementary agreements (hereinafter as so amended referred to as the "Master Agreement");

WHEREAS on June 15, 2010, a new power contract was signed between Landsvirkjun and Alcan Iceland Ltd. on purchase of electricity for the aluminium plant at Straumsvík. The contract has two main features. The price for current purchase of electricity to the plant is renegotiated and secondly the supply of additional 75 MW of power is negotiated due to planned increase in production of the aluminium plant;

WHEREAS the intention is that the new power contract will fully replace the current power contract and the latter will be invalidated. The current power contract between Landsvirkjun and Alcan Iceland Ltd. dates back to 28 June 1966 and is valid until 30 September 2014. The power contract is attached as Schedule A to the Master Agreement between the Government of Iceland and Swiss Aluminium Ltd., now Rio Tinto Alcan Ltd., from 28 March 1966, ref. Act No 76/1966 on the entry into law of the Master Agreement between the Government of Iceland and Swiss Aluminium Ltd. on an aluminium plant in Straumsvík. In the Master Agreement there are various references to the power contract and furthermore the Master Agreement has special provisions which refer to the delivery of power;

WHEREAS contrary to current state of affairs, the new power contract has no connection or reference to the Master Agreement from 1966. Therefore, it is necessary, in order to ensure and underline that the new power contract is not connected to the Master Agreement, to make the necessary amendments to the Master Agreement, namely to delete Schedule A (the power contract) and to clear the Master Agreement of all provisions which refer to a power contract or the delivery of power;

NOW THEREFORE the Parties have agreed to make the following amendments to the Master Agreement pursuant to Article 51 of the Agreement dated 28 March 1966, together with seven amendments (1) dated 28 October 1969, (2) dated 10 December 1975, (3) dated

5 November 1984, (4) dated 11 November 1985, (5) dated 16 November 1995, (6) 5 March 2007 and (7) 7 December 2009:

Article 1
Title of this Agreement and Definitions Used Therein

Section 1.1. This Agreement shall be known as the Eighth Amendment to the Master Agreement.
Section 1.2. Unless the context otherwise requires, the terms used in this Agreement shall have the meanings assigned to them in Article 1 of the Master Agreement.

Article 2
Amendments to introductory provisions of the Master Agreement

Section 2.1. The words "the Power Contract and" in the introductory provisions, are deleted.

Article 3
Amendments to Article 1 of the Master Agreement

Section 3.1. Section a in paragraph 1.02, is deleted.
Section 3.2. The words "the Power Contract," in section e in paragraph 1.02, are deleted.
Section 3.3. The words "as further stated in the Power Contract," in section b in paragraph 1.03, are deleted.
Section 3.4. Sections k, o, p, q, r and t in paragraph 1.03, are deleted.
Section 3.5. Section c in paragraph 1.04, is deleted.
Section 3.6. Section c in paragraph 1.05, is deleted.

Article 4
Amendments to Article 3 of the Master Agreement

Section 4.1. The words "and the Power Contract" in section a in paragraph 3.01, are deleted.
Section 4.2. The words " , the Power Contract" in section a in paragraph 3.03, are deleted.
Section 4.3. The words " , the Power Contract" in section b in paragraph 3.03, are deleted.
Section 4.4. Section i) in paragraph 3.04, is deleted.
Section 4.5. Paragraph 3.05, is deleted.

Article 5
Amendments to Article 4 of the Master Agreement

Section 5.1. The words "and the Power Contract" in paragraph 4.01, are deleted.
Section 5.2. The words "and the Power Contract" in paragraph 4.02, are deleted.

Article 6
Amendments to Article 5 of the Master Agreement

Section 6.1. Article 5 is deleted.

Article 7
Amendments to Article 6 of the Master Agreement

Section 7.1. The words " , the Power Contract" in paragraph 6.01, are deleted.
Section 7.2. Paragraph 6.04, is deleted.

Article 8
Amendments to Article 7 of the Master Agreement
Section 8.1. Article 7 is deleted.

Article 9
Amendments to Article 9 of the Master Agreement
Section 9.1. Article 9 is deleted.

Article 10
Amendments to Article 19 of the Master Agreement
Section 10.1. The words “the Power Contract and” in paragraph 19.01, are deleted.

Article 11
Amendments to Article 36 of the Master Agreement
Section 11.1. Article 36 is deleted.

Article 12
Amendments to Article 40 of the Master Agreement
Section 12.1. Section c in paragraph 40.02, is deleted.

Article 13
Amendments to Article 41 of the Master Agreement
Section 13.1. The words “ , the Power Contract” in point ii) in section a in paragraph 41.02, are deleted.
Section 13.2. Points i) and ii) in section b in paragraph 41.02, are deleted.
Section 13.3. The words “the Power Contract,” in paragraph 41.03, are deleted.

Article 14
Amendments to Article 42 of the Master Agreement
Section 14.1. The words “ , the Power Contract” in section a under point B in paragraph 42.02, are deleted.

Article 15
Amendments to Article 43 of the Master Agreement
Section 15.1. The words “the Power Contract,” in paragraph 43.02, are deleted.

Article 16
Amendments to Article 46 of the Master Agreement
Section 16.1. The words “between the parties to the Power Contract,” in the article, are deleted.

Article 17
Amendments to Article 48 of the Master Agreement
Section 17.1. Section b in paragraph 48.02, is deleted.

Article 18
Amendments to Article 53 of the Master Agreement

Section 18.1. The words “the Power Contract,” in the article, are deleted.

Article 19
Amendments to Schedule A to the Master Agreement

Section 19.1. Schedule A is deleted.

Article 20
Validity and Status of this Agreement

Section 20.1. This Agreement shall take effect on its signature on the part of the Parties and its execution.

Section 20.2. This Agreement is made as supplemental agreement to the Master Agreement pursuant to the provisions of Article 51 thereof and shall be deemed to be an integral part of the Master Agreement (as previously amended) as fully as if it were incorporated therein. Except as modified hereby, the provisions of the Master Agreement, with all its rights and obligations, shall not be changed or affected and shall remain in full force and effect. Unless the context otherwise requires, any reference to the Master Agreement made in the Scheduled Documents or the Scheduled Contracts, or any of them, or otherwise made hereafter shall be deemed to be a reference to the Master Agreement as previously amended and as amended by this Agreement.

Secion 20.3. Upon the signature of this Agreement by the parties hereto, and upon notice being given as provided in Article 51 of the Master Agreement, this Agreement, accompanied by a legislative bill relating thereto, shall be submitted to the Althing for ratification and approval. Upon ratification and the completion of all other legislative and notification requirements, this Agreement shall become effective (“Effective Date”) and have the force of law in Iceland as provided in the Ratifying Act.

Article 21
Further provisions

Section 21.1. This Amendment to the Master Agreement shall be signed and delivered by the Parties in two copies. Each such copy shall constitute an authentic original of equal validity with the other copy.

IN WITNESS WHEREOF, this Eighth Amendment to the Master Agreement has been signed on behalf of the Government and Alcan Holdings Switzerland Ltd. as of the date first above written, in two copies.

For THE GOVERNMENT OF ICELAND:	For ALCAN HOLDINGS SWITZERLAND:
_____	_____

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestur verði samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd., dags. 13. október 2010, í tengslum við álbræðsluna í Straumsvík. Um er að ræða áttunda viðauka við svokallaðan aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., frá 28. mars 1966, um byggingu og rekstur álbræðslu og annarra mannvirkja í Straumsvík.

15. júní 2010 var undirritaður nýr samningur á milli Landsvirkjunar og Alcan á Íslandi hf. um orkusölu til álversins í Straumsvík. Samningurinn er tvíþættur. Annars vegar er endursamið um verð á orkusölu til álversins miðað við óbreytt magn og hins vegar er samið um afhendingu viðbótarorku (75 MW) vegna áætlaðrar framleiðsluaukningar álversins.

Miðað er við að hinn nýi raforkusamningur komi alfarið í stað núgildandi raforkusamnings og að sá síðarnefndi falli brott. Núgildandi raforkusamningur milli Landsvirkjunar og Alcan á Íslandi hf. er frá 28. júní 1966 með gildistíma til 30. september 2014. Er hann fylgiskjal A við aðalsamning (Master Agreement) á milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., nú Rio Tinto Alcan Ltd., frá 28. mars 1966, sbr. lög nr. 76/1966, um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík. Er í aðalsamningnum víða vísað til rafmagnssamningsins auk þess sem í aðalsamningnum er að finna sérákvæði sem snúa að afhendingu raforku.

Hvað nauðsyn lagasetningarinnar varðar er bent á að sú breyting verður á með tilkomu hins nýja raforkusamnings að hann er alfarið ótengdur aðalsamningnum frá 1966. Með vísan til þess er nauðsynlegt, til að tryggja og undirstrika að hinn nýi raforkusamningur sé með öllu ótengdur aðalsamningnum, að gera viðeigandi breytingar á aðalsamningnum, þ.e. að afnema fylgiskjal A (raforkusamninginn) og hreinsa aðalsamninginn af öllum ákvæðum þar sem vísað er í raforkusamning eða kveðið á um afhendingu raforku. Er í frumvarpi þessu lagt til að staðfestar verði slíkar breytingar á aðalsamningnum frá 1966, með lögfestingu áttunda viðauka þess efnis við hann. Markmið frumvarpsins er því að tryggja að þessir tveir samningar, nýi raforkusamningurinn og aðalsamningurinn frá 1966, séu með öllu ótengdir hvor öðrum.

Frumvarp þetta snertir fyrst og fremst fyrirtækin tvö sem standa að framangreindum raforkusamningi, þ.e. Landsvirkjun og Alcan á Íslandi. Var frumvarpið unnið í nánu samráði við báða aðila og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við mótun frumvarpsins. Jafnframt var haft samráð við Hafnarfjarðarbæ í aðdraganda frumvarpsins, þar sem álverksmiðjan er í landi Hafnarfjarðarbæjar. Mun frumvarpið fyrst og fremst hafa áhrif á Alcan á Íslandi hf. og Landsvirkjun og því er ekki um að ræða víðtækari áhrif á almannahagsmuni, eða stjórnsýslu ríkisins.

Nánar um einstakar greinar samningsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Með greininni er gerð breyting á inngangsorðum aðalsamningsins að því leyti að tilvísun í rafmagnssamning er felld brott.

Um 3. gr.

Með greininni er gerð breyting á 1. gr. aðalsamningsins sem hefur að geyma orðskýringar. Er tilvísun til rafmagnssamnings og afhendingar raforku felld brott.

Um 4. gr.

Með greininni er gerð breyting á 3. gr. aðalsamningsins sem fjallar um ábyrgðir af hálfu ríkissjórnarinnar og Alusuisse. Er tilvísun til rafmagnssamnings og afhendingar raforku felld brott.

Um 5. gr.

Með greininni er gerð breyting á 4. gr. aðalsamningsins sem fjallar um byggingu orkumannvirkja. Er tilvísun til rafmagnssamnings og afhendingar raforku felld brott.

Um 6. gr.

Með greininni er gerð breyting á 5. gr. aðalsamningsins sem fjallar um skuldbindingar um að láta í té rafmagn. Er lagt til að greinin falli brott.

Um 7. gr.

Með greininni er gerð breyting á 6. gr. aðalsamningsins sem fjallar um byggingu bræðslunnar. Er tilvísun til rafmagnssamnings og afhendingar raforku felld brott.

Um 8. gr.

Með greininni er 7. gr. aðalsamningsins sem fjallar um skuldbindingu um greiðslu fyrir rafmagn felld brott.

Um 9. gr.

Með greininni er felld brott 9. gr. aðalsamningsins sem fjallar um ákvörðun um afhendingardaga rafmagns (AR I, AR II, AR III, AR IV og AR V).

Um 10. gr.

Með greininni er gerð breyting á 19. gr. aðalsamningsins sem fjallar um aðstoðarsamninga. Er tilvísun til rafmagnssamnings og afhendingar raforku felld brott.

Um 11. gr.

Með greininni er 36. gr. aðalsamningsins sem fjallar um bestu kjör varðandi rafmagnsverð felld brott.

Um 12. gr.

Með greininni er gerð breyting á 40. gr. aðalsamningsins sem fjallar um áhrif óviðráðanlegra afla. Er tilvísun til rafmagnssamnings og afhendingar raforku felld brott.

Um 13. gr.

Með greininni er gerð breyting á 41. gr. aðalsamningsins sem fjallar um takmörkun á rétti til riftunar. Er tilvísun til rafmagnssamnings og afhendingar raforku felld brott.

Um 14. gr.

Með greininni er gerð breyting á 42. gr. aðalsamningsins sem fjallar um takmörkun á stöðvunarrétti. Er tilvísun til rafmagnssamnings og afhendingar raforku felld brott.

Um 15. gr.

Með greininni er gerð breyting á 43. gr. aðalsamningsins sem fjallar um skaðabætur og aðrar bætur. Er tilvísun til rafmagnssamnings og afhendingar raforku felld brott.

Um 16. gr.

Með greininni er gerð breyting á 46. gr. aðalsamningsins sem fjallar um deilur. Er tilvísun til rafmagnssamnings og afhendingar raforku felld brott.

Um 17. gr.

Með greininni er gerð breyting á 48. gr. aðalsamningsins sem fjallar um lagagildi og gildistökudag. Er tilvísun til rafmagnssamnings og afhendingar raforku felld brott.

Um 18. gr.

Með greininni er gerð breyting á 53. gr. aðalsamningsins sem fjallar um tilkynningar. Er tilvísun til rafmagnssamnings og afhendingar raforku felld brott.

Um 19. gr.

Með greininni er gerð breyting á fylgiskjali A við aðalsamninginn sem er raforkusamningurinn frá 1966 milli Landsvirkjunar og Swiss Aluminium Ltd. Er fylgiskjal A við aðalsamninginn fellt brott.

Um 20. gr.

Með þessari grein er lögfest sérstakt ákvæði um gildistöku samningsins. Við undirritun samnings þessa af hálfu aðila hans og við lokagerð hans tekur hann gildi. Ákvæði 20.2 og 20.3 þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. í tengslum við álbræðsluna í Straumsvík. Um er að ræða áttunda viðauka við svo nefndan aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. frá árinu 1966 um byggingu og rekstur álbræðslu og annarra mannvirkja í Straumsvík. Í júní á þessu ári var undirritaður nýr samningur milli Landsvirkjunar og Alcan á Íslandi hf. um orkusölu til álversins í Straumsvík. Annars vegar er í samningnum endursamið um verð á núverandi orkusölu til álversins og hins vegar er samið um afhendingu á viðbótarorku vegna áætlaðrar framleiðsluaukningar álversins. Hinn nýi raforkusamningur kemur alfarið í stað eldri raforkusamnings milli sömu aðila en sá síðarnefndi er fylgiskjal A með aðal-

samningnum frá 1966 og er víða í aðalsamningnum vísað í raforkusamninginn. Þar sem ætlunin er að hinn nýi raforkusamningur verði sjálfstæður samningur og með öllu ótengdur aðalsamningnum var nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á texta aðalsamningsins, þ.e. að afnema fylgiskjal A og hreinsa aðalsamninginn af öllum ákvæðum þar sem vísað er í raforkusamning eða kveðið á um afhendingu raforku. Markmið frumvarpsins er því að tryggja að þessir tveir samningar séu með öllu ótengdir hvor öðrum.

Samkvæmt upplýsingum úr iðnaðarráðuneytinu er gert ráð fyrir að sú fjárfesting sem búið er að tilkynna um vegna framleiðsluaukningar álversins í Straumsvík nemi nærri 60 milljörðum kr. en reiknað er með að það kalli á 620 ársverk á framkvæmdatímanum. Auk þess er gert ráð fyrir að Landsvirkjun hefji framkvæmdir við gerð Búðarhálsvirkjunar til að mæta orkuþörfinni við þessa stækkun álversins og er áætlað að heildarfjárfesting við virkjunina muni nema um 26 milljörðum kr. og að 600–700 ársverk muni skapast á byggingartímanum.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi bein áhrif á útgjaldahlið A-hluta ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

132. Frumvarp til laga [123. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) sem samþykktar voru af yfirstjórn sjóðsins 28. apríl og 5. maí 2008.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fyrri breytingar á henni.

Ísland gerðist aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) við stofnun hans samkvæmt lögum nr. 105/1945. Stofnskrá AGS var undirrituð af Íslands hálfu 27. desember 1945, sbr. auglýsingu nr. 1/1946. Stofnskráin var fyrst birt sem samningur nr. 54 í ritinu Samningar Íslands við erlend ríki, sbr. auglýsingu nr. 17/1946 í C-deild Stjórnartíðinda.

Með lögum nr. 82/1968 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá AGS. Með þeirri breytingu var m.a. komið á varasjóðseigninni SDR við sjóðinn sem úthlutað er til aðildarríkja hans og myndar hluta af gjaldeyrisforða þeirra. SDR er greiðslueining AGS og er grunnur fyrir greiðslueiningar ýmissa annarra stofnana.

Með lögum nr. 15/1977 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingu á og viðauka við stofnskrá AGS. Breytingin á stofnskránni var umfangsmikil og staðfesti fráhvarf frá gulltengdu fastgengisfyrirkomulagi áranna eftir stríð. Hún kvað einnig á um

að hætt skyldi að nota gull í viðskiptum AGS við aðildarríki sín, formi og umfangi SDR (sjá skýringu í a-lið 2. kafla hér á eftir) skyldi breytt, heimilt yrði að stofnsetja sérstakt ráð (e. council) við sjóðinn og nokkrum skipulagsbreytingum yrði hrint í framkvæmd. Stofnskráin, með áorðnum breytingum og viðaukum, var birt í heild sem auglýsing nr. 18/1978 í C-deild Stjórnartíðinda.

Með lögum nr. 104/1990 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá AGS sem samþykktar voru af yfirstjórn AGS 28. júní 1990. Breytingin á stofnskránni heimilar sjóðnum að svipta aðildarríki atkvæðisrétti tímabundið, brjóti það gegn ákvæðum stofnskrár. Áður gat sjóðurinn einungis svipt aðildarríki réttinum til að nota fjármagn AGS, en að öðrum kosti vísað því úr sjóðnum, bætti það ekki ráð sitt.

Með lögum nr. 129/1998 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá AGS sem samþykktar voru af yfirstjórn AGS á ársfundinum í Hong Kong dagana 23.–25. september 1997. Breytingin á stofnskránni heimilaði úthlutun sérstakra dráttarréttinda að fjárhæð 21,4 milljarðar SDR. Um var að ræða tvöföldun á þeirri fjárhæð sérstakra dráttarréttinda sem úthlutað hafði verið til þess tíma. Umrædd breyting á stofnskrá hafði ekki áhrif á gildandi heimild AGS til að gefa út SDR þegar þörf krefur að fullnægðum þeim skilyrðum sem sett eru í því sambandi.

2. Tillögur að breytingu á stofnskránni.

a. Aukning á sérstökum dráttarréttindum nokkurra aðildarríkja Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Með ályktun ársfundar sjóðráðs árið 2006 í Singapore var framkvæmdastjórn AGS falið að endurmóta stefnu AGS er varðaði kvótamál AGS og þátttöku aðildarríkjanna (e. quota and voice). Markmið þessarar endurskoðunar er að auka trúverðugleika og skilvirkni AGS. Endurskoðunin felst í tvennu, annars vegar að auka kvóta, sérstök dráttarréttindi (e. SDR) þeirra ríkja sem hafa eflst efnahagslega síðustu missiri, og að auka þátttöku efnaminni aðildarríkja. SDR er greiðslueining AGS og er hún grunnur fyrir greiðslueiningar ýmissa annarra stofnana. Gengi SDR er ákvarðað daglega í samræmi við vog fjögurra mynta, bandaríkjadals, evru, japansks jens og sterlingspunds. Vextir á SDR eru vegið meðaltal innlendra skammtímavaxta í þessum fjórum myntum.

Til að koma til móts við þessi markmið samþykkti sjóðráð 28. apríl 2008 eftirfarandi:

Nýja kvótaformúlan.

Kvótaformúlan byggist á fjórum breytum, VLF (50%), hversu opið hagkerfið er (30%), sveigjanleika (15%) og gjaldeyrisforða (5%). Samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar er lagt til að VLF-breytunni sé skipt upp, þ.e. 60% sé VLF á markaðsvirði og 40% á jafnvirðisgengi (e. PPP). Einnig er búið að ákveða samþjöppunarþátt sem felur í sér að 0,95-veldi er beitt á jöfnuna í þeim tilgangi minnka dreifinguna á útreiknuðum kvóta. Gert er ráð fyrir að báðar þessar nýjungar falli úr kvótaformúlunni eftir 20 ár.

Önnur umferð „ad hoc“ kvótaaukningar.

Samþykkt var af framkvæmdastjórn AGS að aðildarríkjum sem samkvæmt nýju kvótaformúlunni fá vægi talsvert undir efnahagslegu vægi þeirra í heimsbúskapnum verði úthlutað viðbótarkvóta sem næmi 9,55% af heildarkvóta. Þau ríki sem munu nýta sér þetta ákvæði eru Kína, Suður-Kórea, Mexíkó og Tyrkland. Ákvæðið á einnig við um Bandaríkin, Þýskaland, Ítalíu, Írland og Lúxemborg, en þessi ríki hafa samþykkt að falla frá sínum rétti til aukningar, sum þeirra þó aðeins að hluta til.

Grunnatkvæðamagn þrefaldað.

Framkvæmdastjórnin leggur til að grunnatkvæðamagnið verði þrefaldað. Grunnatkvæðum hefur ekki verið fjölgað síðan Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn var stofnsettur árið 1945. Aukning grunnatkvæða kemur sér einkum vel fyrir smáríki og efnaminni ríki. Þessi aukning þýðir að grunnatkvæðavægi Íslands fer úr 0,065 í 0,076. Breyting á grunnatkvæðavægi krefst breytingar á stofnskrá, 5. gr. (a) XII. kafla. (Sjá nánar viðauka I í fskj. I.)

Fjölgun á varafastafulltrúum.

Lagt er til að fjölgað verði um tvo varafastafulltrúa hjá þeim kjördæmum sem samanstanda af a.m.k. 19 aðildarríkjum. Fjölgun yrði þá aðeins í Afríkukjördæmunum tveimur. Fjölgun varafastafulltrúa krefst breytinga á stofnskrá, 3. gr. (e) XII. kafla, og skrárauka L. (Sjá nánar viðauka II í fskj. I.)

Framangreindar breytingar hafa í för með sér að sjóðráð AGS leggur til að varasjóðseign 54 aðildarríkja aukist í kjölfar breytinga á kvótaformúlunni. Viðkomandi aðildarríki bera þann kostnað sem fylgir aukningu á varasjóðseign. Útgjöld ríkissjóðs Íslands verða engin. (Sjá nánar viðauka III í fskj. I).

Áhrif framangreindra breytinga á stöðu Íslands.

Reiknað kvótavægi Íslands eykst samkvæmt nýju kvótaformúlunni og fer úr 0,039 í 0,043. Reiknað kvótavægi er notað sem viðmið fyrir hið raunverulega kvótavægi. Kvótavægi Íslands minnkar lítils háttar, eða úr 0,055 í 0,049. Atkvæðavægið eykst hins vegar úr 0,065 í 0,076 eins og áður hefur komið fram. Þess ber að geta að varasjóðseignin (sérstöku dráttarréttindin) miðast við kvótavægið en endanleg ákvörðun um varasjóðseign aðildarríkja er tekin af framkvæmdastjórn AGS, samþykkt af sjóðráði og aðildarríkjum. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á varasjóðseign Íslands (sérstök dráttarréttindi). Þau eru áfram 117,6 milljónir SDR. Gjaldeyrisforði Íslands í sérstökum dráttarréttindum verður því óbreyttur og enginn útlagður kostnaður felst í þessum breytingum. (Sjá nánar viðauka I í fskj. I.)

b. Fjárfestingarstefna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Á fundi fjárhagsnefndar AGS (e. IMFC) í október árið 2007 óskuðu fulltrúar nefndarinnar eftir því að framkvæmdastjórn AGS kæmi með tillögur er miðuðu að því að draga úr útgjöldum stofnunarinnar sökum verulegs samdráttar í tekjum. Framkvæmdastjórn AGS skilaði af sér skýrslu með tillögum í byrjun apríl 2008. Tillögunum er skipt í tvo flokka, útgjöld og tekjur.

Á útgjaldahliðinni er gert ráð fyrir að sjóðurinn leggi í ríkari mæli áherslu á þá þætti starfseminnar þar sem hann hefur hlutfallslega yfirburði miðað við aðrar alþjóðlegar stofnanir. Jafnframt err lagt til að starfsfólki verði fækkað. Gert er ráð fyrir að útgjöld AGS dragist saman um 100 milljónir bandaríkjadala fjárhagsárin 2009–2011 en það er raunlækkun sem nemur 13,1%. Á tekjuhliðinni er tillögunum skipt í þrjá meginhluta og eru þeir eftirfarandi:

(i) Lagt er til að fjárfestingarstefnan verði útvíkkuð. Í megindráttum felast breytingarnar í því að AGS verði heimilt að fjárfesta í öðru en markaðsverðbréfum aðildarríkja eða alþjóðlegra stofnana. Þessi tillaga felur í sér breytingar á stofnskrá, nánar tiltekið 6. gr. (f) (iii–vi) XII. kafla og 12. gr. (h) V. kafla. (Sjá nánar viðauka I í fskj. I.)

(ii) Framkvæmdastjórnin leggur til að hluti gulleignar AGS verði seldur, eða sem nemur 403 tonnum af gulli eða um 900 milljörðum kr. Heildargulleign Alþjóðagjaldeyrissjóðsins nemur 3,217 tonnum eða 103,4 milljónum únsa. Eftir þá sölu er gert ráð fyrir að settur

verði á laggirnar sérstakur sjóður sem hefur það hlutverk að fjárfesta fyrir söluandvirði gullsins. Þessi tillaga felur í sér breytingar á stofnskrá en við 12. gr. V. kafla bætist nýr liður, nánar tiltekið liður (k). (Sjá nánar viðauka I í fskj. I.)

(iii) Lagt er til að fylgt verði arðgreiðslustefnu sem felst í því að ef tekjur AGS verða umfram kostnað fái aðildarríkin greiddan arð í samræmi við kvótaeign þeirra.

Áhrif framangreindra breytinga á stöðu Íslands.

Framangreindar breytingar á fjárfestingastefnu AGS hafa ekki áhrif á fjárhagslegar skuldbindingar Íslands gagnvart AGS.

3. Stofnskrárbreytingar.

Stofnskrárbreytingar skal bera undir atkvæði einstakra aðildarríkja. Til að þær öðlist gildi þurfa þrjú af hverjum fimm aðildarríkjum með samtals 85% heildaratkvæðamagns að veita samþykki sitt. Verði þeim skilyrðum fullnægt mun AGS senda aðildarríkjum staðfestingu á stofnskrárbreytingunni að atkvæðagreiðslu lokinni. Stofnskrárbreytingin tekur gildi eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu staðfestingarinnar gagnvart öllum aðildarríkjum AGS, óháð því hvort þau hafi greitt atkvæði með breytingunni eða ekki.

Fylgiskjal I.

VIÐAUKI I

Fylgiskjal II.

Fyrirhuguð breyting á stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að virkja og auka þátttöku innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

(Ekki löggilt þýðing.)

Ríkisstjórnir þær, sem hafa látið undirrita stofnskrá þessa, eru sammála um eftirfarandi ákvæði:

1. Breyting á texta 3. gr.(e) XII. kafla orðast sem hér segir:

„(e) Hver sjóðstjóri skal tilnefna varamann með fullri heimild til þess að koma fram fyrir hann, þegar hann er fjarstaddur, að því tilskildu að sjóðráðið megi setja reglur sem gera sjóðstjóra, sem kjörinn er með meira en

Attachment II.

Proposed Amendment of the Articles of Agreement of the International Monetary Fund to Enhance Voice and Participation in the International Monetary Fund.

The Governments on whose behalf the present Agreement is signed agree as follows:

1. The text of Article XII, Section 3(e) shall be amended to read as follows:

"(e) Each Executive Director shall appoint an Alternate with full power to act for him when he is not present, provided that the Board of Governors may adopt rules enabling an Executive Director elected by more than a specified

tilgreindum fjölda atkvæða aðildarríkja, kleift að skipa tvo varamenn. Ef slíkar reglur eru samþykktar má eingöngu breyta þeim í tengslum við regluleg kjör sjóðstjórnar og er þá gerð krafa um að sá sjóðstjóri sem skipar varamennina tvo útnefni: (i) þann varamann sem skal að koma fram fyrir sjóðstjórann þegar hann er fjarstaddur og báðir varamenn eru viðstaddir og (ii) þann varamann sem skal fara með vald sjóðráðsins samkvæmt lið (f) að aftan. Varamönnum er heimilt að taka þátt í fundum, þegar sjóðstjórarnir, sem tilnefna þá, eru viðstaddir, en mega þá ekki greiða atkvæði.“

number of members to appoint two Alternates. Such rules, if adopted, may only be modified in the context of the regular election of Executive Directors and shall require an Executive Director appointing two Alternates to designate: (i) the Alternate who shall act for the Executive Director when he is not present and both Alternates are present and (ii) the Alternate who shall exercise the powers of the Executive Director under (f) below. When the Executive Directors appointing them are present, Alternates may participate in meetings but may not vote.”

2. Breyting á texta 5. gr.(a) XII. kafla orðast sem hér segir:

„(a) Heildaratkvæðafjöldi hvers aðildarríkis skal vera jafn samtölu grunnatkvæða þess og kvótamiðaðra atkvæða þess.

(i) Grunnatkvæðafjöldi hvers aðildarríkis skal vera það atkvæðamagn sem stafar af jafnri dreifingu meðal ríkjanna af 5,502 prósentum af samtöluheildaratkvæðamagns allra aðildarríkja, að því tilskildu að grunnatkvæði hlaupi á heilum tölum.

(ii) Kvótamiðaður atkvæðafjöldi hvers aðildarríkis skal vera það atkvæðamagn sem stafar af úthlutun eins atkvæðis fyrir hvern hluta kvóta aðildarríkisins, sem er jafngildi eitt hundað þúsund sérstökum dráttarréttindum.“

2. The text of Article XII, Section 5(a) shall be amended to read as follows:

“(a) The total votes of each member shall be equal to the sum of its basic votes and its quotabased votes.

(i) The basic votes of each member shall be the number of votes that results from the equal distribution among all the members of 5.502 percent of the aggregate sum of the total voting power of all the members, provided that there shall be no fractional basic votes.

(ii) The quota-based votes of each member shall be the number of votes that results from the allocation of one vote for each part of its quota equivalent to one hundred thousand special drawing rights.”

3. Breyting á texta 2. málsgreinar í skráarauka L orðast sem hér segir:

„2 Úthlutað atkvæðamagn aðildarríkisins skal ekki nýtast til að greiða atkvæði innan sviða sjóðsins. Atkvæðin skulu ekki talin með í útreikningum á heildaratkvæðamagni, nema þegar

3. The text of paragraph 2 of Schedule L shall be amended to read as follows:

“2 The number of votes allotted to the member shall not be cast in any organ of the Fund. They shall not be included in the calculation of the total voting power, except for purposes of: (a) the

um ræðir: (a) samþykki tillögu um breytingu er eingöngu varðar sérstök dráttarréttindi og (b) útreikning á grunnatkvæðum samkvæmt 5. gr. (a)(i) XII. kafla.“

acceptance of a proposed amendment pertaining exclusively to the Special Drawing Rights Department and (b) the calculation of basic votes pursuant to Article XII, Section 5(a)(i).”

Fyrirhuguð breyting á stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að víkka út fjárfestingarheimild Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Proposed amendment of the articles of agreement of the investment authority of the International Monetary Fund to expand the investment authority of the International Monetary Fund.

Ríkisstjórnir þær, sem hafa látið undirrita stofnskrá þessa, eru sammála um eftirfarandi ákvæði:

The Governments on whose behalf the present Agreement is signed agree as follows:

1. Breyting á texta 6. gr. (f)(iii) XII. kafla orðast sem hér segir:

„(iii) Sjóðurinn getur notað gjaldmiðil aðildarríkis, sem til varðveislu er á fjárfestingarreikningnum, til fjárfestingar með þeim hætti sem hann ákveður, í samræmi við þær reglur og reglugerðir sem sjóðurinn hefur sett með stuðningi 70% heildaratkvæðamagns. Þær reglur og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þessu ákvæði skulu samrýmast ákvæðum liða (vii), (viii) og (ix) að aftan.“

1. The text of Article XII, Section 6(f)(iii) shall be amended to read as follows:

“(iii) The Fund may use a member's currency held in the Investment Account for investment as it may determine, in accordance with rules and regulations adopted by the Fund by a seventy percent majority of the total voting power. The rules and regulations adopted pursuant to this provision shall be consistent with (vii), (viii), and (ix) below.”

2. Breyting á texta 6. gr. (f)(vi) XII. kafla orðast sem hér segir:

„(vi) Fjárfestingarreikningnum skal lokað komi til lokaskipta sjóðsins. Honum er einnig hægt að loka eða minnka með stuðningi 70% heildaratkvæðamagnsins áður en til lokaskipta sjóðsins kemur.“

2. The text of Article XII, Section 6(f)(vi) shall be amended to read as follows:

“(vi) The Investment Account shall be terminated in the event of liquidation of the Fund and may be terminated, or the amount of the investment may be reduced, prior to liquidation of the Fund by a seventy percent majority of the total voting power.”

3. Breyting á texta 12. gr. (h) V. kafla orðast sem hér segir:

„(h) Á meðan ekki er gripið til notkunar af því tagi, sem getið er í lið (f) að framan, getur sjóðurinn notað gjaldmiðil aðildarríkis, sem til varðveislu er

3. The text of Article V, Section 12(h) shall be amended to read as follows:

“(h) Pending uses specified under (f) above, the Fund may use a member's currency held in the Special Disbursement Account for investment as it may

á sérstaka greiðslureikningnum, til fjárfestingar með þeim hætti sem hann ákveður, í samræmi við þær reglur og reglugerðir sem sjóðurinn hefur sett með stuðningi 70% heildaratkvæðamagnsins. Tekjur og vextir af fjárfestingu samkvæmt (f)(ii) að framan skulu færast á sérstaka greiðslureikninginn.“

4. Nýr liður, 12. gr. (k) V. kafla, bætist við stofnskrána og skal orðast sem hér segir:

„(k) Hvenær sem sjóðurinn ákveður samkvæmt ákvæðum (c) liðar að framan, að selja af forða sínum gull sem hann eignast eftir gildistöku annarrar endurskoðunar þessarar stofnskrár, þá skal sá hluti af söluandvirðinu sem er jafn kaupverði gullsins leggjast á almenna fjármagnsreikninginn og afgangur söluandvirðisins skal leggjast á fjárfestingarreikninginn til notkunar samkvæmt ákvæðum 6. gr. (f) XII. kafla. Ef gull sem sjóðurinn eignast eftir gildistöku annarrar endurskoðunar þessarar stofnskrár er selt eftir 7. apríl, 2008, en áður en ákvæði þetta hefur öðlast gildi, þá skal sjóðurinn, þrátt fyrir þau mörk sem sett eru fram í 6. gr. (f)(ii), XII. kafla, færa af fjármagnsreikningnum yfir á fjárfestingarreikninginn, við gildistöku ákvæðisins, upphæð sem er jöfn andvirði slíkrar sölu að frádregnu (i) kaupverði selda gullsins og (ii) hvaða upphæð sem er af slíku andvirði sem er umfram kaupverðið og kann nú þegar að hafa verið færð yfir á fjárfestingarreikninginn áður en ákvæði þetta hefur öðlast gildi.“

determine, in accordance with rules and regulations adopted by the Fund by a seventy percent majority of the total voting power. The income of investment and interest received under (f)(ii) above shall be placed in the Special Disbursement Account.”

4. A new Article V, Section 12(k) shall be added to the Articles to read as follows:

“(k) Whenever under (c) above the Fund sells gold acquired by it after the date of the second amendment of this Agreement, an amount of the proceeds equivalent to the acquisition price of the gold shall be placed in the General Resources Account, and any excess shall be placed in the Investment Account for use pursuant to the provisions of Article XII, Section 6(f). If any gold acquired by the Fund after the date of the second amendment of this Agreement is sold after April 7, 2008 but prior to the date of entry into force of this provision, then, upon the entry into force of this provision, and notwithstanding the limit set forth in Article XII, Section 6(f)(ii), the Fund shall transfer to the Investment Account from the General Resources Account an amount equal to the proceeds of such sale less (i) the acquisition price of the gold sold, and (ii) any amount of such proceeds in excess of the acquisition price that may have already been transferred to the Investment Account prior to the date of entry into force of this provision.”

VIÐAUKI II

Fyrirhugaðar breytingar á kvóta- og atkvæðavægi aðildarríkja AGS.

	Reiknað kvótavægi		Kvótavægi			Atkvæðavægi		
	Nú-verandi fimm formúlur	Nýja kvóta-formúlan	Fyrir fyrstu umferð	Eftir fyrstu umferð	Eftir aðra umferð	Fyrir fyrstu umferð	Eftir fyrstu umferð	Eftir aðra umferð
Bandaríkin	16,284	18,991	17,380	17,076	17,674	17,023	16,732	16,732
Japan	7,011	8,032	6,228	6,119	6,558	6,108	6,003	6,227
Þýskaland	6,850	6,227	6,086	5,979	6,112	5,968	5,866	5,805
Frakkland	4,129	4,016	5,024	4,936	4,506	4,929	4,844	4,288
Bretland	5,240	4,429	5,024	4,936	4,506	4,929	4,844	4,288
Kína	6,137	6,390	2,980	3,719	3,997	2,928	3,652	3,807
Ítalía	3,317	3,336	3,301	3,243	3,307	3,242	3,187	3,155
Sádi-Arabía	1,030	0,835	3,268	3,211	2,931	3,210	3,155	2,800
Kanada	3,065	2,569	2,980	2,928	2,672	2,928	2,878	2,555
Rússland	1,702	2,053	2,782	2,733	2,495	2,734	2,687	2,387
Holland	2,897	1,930	2,415	2,373	2,166	2,375	2,335	2,077
Belgía	2,270	1,504	2,155	2,117	1,932	2,120	2,084	1,856
Indland	1,287	1,997	1,945	1,911	2,443	1,916	1,883	2,338
Sviss	1,485	1,211	1,618	1,590	1,451	1,595	1,568	1,401
Ástralía	1,205	1,321	1,514	1,488	1,358	1,494	1,468	1,313
Mexíkó	1,841	1,970	1,210	1,449	1,521	1,196	1,430	1,467
Spánn	2,237	2,304	1,426	1,401	1,688	1,408	1,384	1,625
Brasilía	1,069	1,725	1,420	1,396	1,783	1,402	1,378	1,715
Suður-Kórea	2,512	2,245	0,764	1,346	1,413	0,760	1,329	1,365
Venesúela	0,427	0,428	1,244	1,222	1,116	1,229	1,208	1,084
Svíþjóð	1,172	0,993	1,121	1,101	1,005	1,108	1,089	0,980
Argentína	0,368	0,583	0,990	0,973	0,888	0,981	0,964	0,869
Indónesía	0,737	0,901	0,973	0,956	0,872	0,964	0,947	0,854
Austurríki	1,129	0,913	0,876	0,861	0,887	0,869	0,854	0,868
Suður-Afríka	0,459	0,589	0,874	0,859	0,784	0,867	0,852	0,771
Nígería	0,359	0,337	0,820	0,806	0,736	0,814	0,800	0,725
Noregur	0,860	0,810	0,782	0,768	0,790	0,777	0,764	0,777
Danmörk	1,040	0,853	0,769	0,755	0,794	0,764	0,751	0,780
Íran	0,435	0,594	0,700	0,688	0,628	0,697	0,685	0,623
Malasía	1,374	0,859	0,695	0,683	0,744	0,692	0,680	0,733
Kúveit	0,355	0,257	0,646	0,635	0,579	0,644	0,633	0,577
Úkraína	0,301	0,338	0,642	0,631	0,576	0,640	0,629	0,574
Pólland	0,779	0,868	0,640	0,629	0,708	0,638	0,627	0,699
Finnland	0,529	0,545	0,591	0,581	0,530	0,590	0,580	0,531
Alsír	0,340	0,374	0,587	0,577	0,526	0,586	0,576	0,527
Tyrkland	0,751	0,987	0,451	0,548	0,611	0,453	0,547	0,607
Írak	0,278	0,225	0,556	0,546	0,499	0,556	0,546	0,501
Líbía	0,243	0,215	0,526	0,517	0,471	0,526	0,517	0,475
Taíland	0,909	0,836	0,506	0,497	0,604	0,507	0,498	0,601

	Reiknað kvótavægi		Kvótavægi			Atkvæðavægi		
	Nú-verandi fimm formúlur	Nýja kvóta-formúlan	Fyrir fyrstu umferð	Eftir fyrstu umferð	Eftir aðra umferð	Fyrir fyrstu umferð	Eftir fyrstu umferð	Eftir aðra umferð
Ungverjaland	0,489	0,433	0,486	0,477	0,436	0,487	0,479	0,441
Pakistan	0,196	0,356	0,484	0,475	0,434	0,485	0,477	0,440
Rúmenía	0,248	0,302	0,482	0,474	0,432	0,483	0,475	0,438
Egyptaland	0,253	0,382	0,442	0,434	0,396	0,444	0,436	0,404
Ísrael	0,544	0,471	0,434	0,427	0,445	0,437	0,429	0,450
Nýja-Sjáland	0,239	0,263	0,419	0,411	0,375	0,421	0,414	0,384
Filippseyjar	0,473	0,465	0,412	0,404	0,428	0,414	0,407	0,434
Portúgal	0,481	0,494	0,406	0,399	0,432	0,409	0,402	0,438
Singapúr	1,929	1,031	0,404	0,396	0,591	0,406	0,399	0,588
Chile	0,326	0,350	0,401	0,394	0,359	0,403	0,397	0,369
Írland	1,660	1,173	0,392	0,385	0,528	0,395	0,389	0,528
Grikkland	0,485	0,644	0,385	0,378	0,462	0,388	0,382	0,467
Tékkland	0,585	0,508	0,383	0,377	0,421	0,387	0,380	0,427
Kólumbía	0,219	0,326	0,362	0,356	0,325	0,366	0,360	0,337
Búlgaría	0,125	0,137	0,300	0,294	0,269	0,305	0,299	0,284
Perú	0,149	0,241	0,299	0,293	0,268	0,304	0,299	0,283
Sameinuðu arabísku furstadæmin	0,508	0,385	0,286	0,281	0,316	0,292	0,287	0,328
Marokkó	0,165	0,186	0,275	0,270	0,247	0,281	0,276	0,263
Bangladess	0,099	0,173	0,250	0,245	0,224	0,256	0,251	0,241
Austur-Kongó	0,023	0,028	0,249	0,245	0,224	0,256	0,251	0,241
Sambía	0,027	0,034	0,229	0,225	0,205	0,235	0,231	0,224
Serbía	0,085	0,099	0,219	0,215	0,196	0,226	0,222	0,215
Srí Lanka	0,070	0,090	0,193	0,190	0,173	0,201	0,197	0,194
Hvíta-Rússland	0,116	0,121	0,181	0,178	0,162	0,188	0,185	0,183
Gana	0,042	0,050	0,173	0,170	0,155	0,180	0,177	0,176
Kasakstan	0,189	0,199	0,171	0,168	0,180	0,179	0,176	0,199
Króatía	0,149	0,154	0,171	0,168	0,153	0,179	0,176	0,175
Slóvakía	0,247	0,208	0,167	0,164	0,179	0,175	0,172	0,199
Simbabve	0,023	0,020	0,165	0,162	0,148	0,173	0,170	0,170
Trínídad og Tóbagó	0,064	0,059	0,157	0,154	0,141	0,165	0,162	0,163
Víetnam	0,235	0,230	0,154	0,151	0,193	0,162	0,159	0,212
Fílabeins-ströndin	0,060	0,061	0,152	0,149	0,136	0,160	0,158	0,159
Súdan	0,046	0,075	0,147	0,145	0,132	0,156	0,153	0,155
Úrúgvæ	0,048	0,073	0,143	0,141	0,129	0,152	0,149	0,151
Ekvador	0,083	0,157	0,141	0,139	0,146	0,150	0,147	0,168
Sýrland	0,114	0,165	0,137	0,135	0,146	0,146	0,143	0,167

	Reiknað kvótavægi		Kvótavægi			Atkvæðavægi		
	Nú-verandi fimm formúlur	Nýja kvóta-formúlan	Fyrir fyrstu umferð	Eftir fyrstu umferð	Eftir aðra umferð	Fyrir fyrstu umferð	Eftir fyrstu umferð	Eftir aðra umferð
Túnis	0,106	0,117	0,134	0,132	0,120	0,143	0,140	0,143
Angóla	0,156	0,134	0,134	0,132	0,120	0,143	0,140	0,143
Lúxemborg	1,369	0,624	0,131	0,128	0,176	0,139	0,137	0,196
Úsbekistan	0,043	0,065	0,129	0,127	0,116	0,138	0,135	0,139
Jamaíka	0,048	0,053	0,128	0,126	0,115	0,137	0,134	0,138
Kenía	0,037	0,065	0,127	0,125	0,114	0,136	0,133	0,137
Katar	0,136	0,135	0,123	0,121	0,127	0,132	0,130	0,150
Mjanmar (Burma)	0,031	0,049	0,121	0,119	0,108	0,130	0,128	0,132
Jemen	0,110	0,110	0,114	0,112	0,102	0,123	0,121	0,126
Slóvenía	0,148	0,132	0,108	0,107	0,115	0,118	0,116	0,139
Dóminíska lýðveldið	0,090	0,100	0,102	0,101	0,092	0,112	0,110	0,117
Brúnei	0,050	0,041	0,101	0,099	0,090	0,110	0,108	0,115
Gvatemala	0,066	0,095	0,098	0,097	0,088	0,108	0,106	0,113
Panama	0,048	0,065	0,097	0,095	0,087	0,106	0,104	0,112
Líbanon	0,182	0,151	0,095	0,093	0,112	0,104	0,103	0,135
Tansanía	0,034	0,044	0,093	0,091	0,083	0,103	0,101	0,109
Óman	0,145	0,120	0,091	0,089	0,099	0,100	0,099	0,124
Kamerún	0,032	0,063	0,087	0,085	0,078	0,096	0,095	0,103
Úganda	0,025	0,035	0,084	0,083	0,076	0,094	0,092	0,101
Bólvía	0,023	0,041	0,080	0,079	0,072	0,090	0,088	0,098
El Salvador	0,060	0,068	0,080	0,079	0,072	0,090	0,088	0,098
Jórdanía	0,080	0,073	0,080	0,078	0,072	0,090	0,088	0,097
Bosnía og Hersegóvína	0,064	0,056	0,079	0,078	0,071	0,089	0,087	0,097
Kostaríka	0,078	0,083	0,077	0,075	0,079	0,087	0,085	0,104
Afganistan	0,041	0,038	0,076	0,074	0,068	0,086	0,084	0,094
Senegal	0,024	0,032	0,076	0,074	0,068	0,086	0,084	0,094
Aserbaídsjan	0,050	0,051	0,075	0,074	0,068	0,085	0,084	0,094
Gabon	0,041	0,039	0,072	0,071	0,065	0,082	0,081	0,091
Georgía	0,019	0,025	0,070	0,069	0,063	0,080	0,079	0,089
Litháen	0,101	0,100	0,067	0,066	0,077	0,077	0,076	0,103
Kýpur	0,063	0,069	0,065	0,064	0,066	0,075	0,074	0,092
Namibía	0,023	0,023	0,064	0,063	0,057	0,074	0,073	0,084
Barein	0,142	0,100	0,063	0,062	0,074	0,073	0,072	0,100
Eþíópía	0,024	0,047	0,063	0,061	0,056	0,073	0,071	0,083
Papúa Nýja-Gínea	0,028	0,026	0,062	0,060	0,055	0,072	0,070	0,082
Bahamaeyjar	0,027	0,025	0,061	0,060	0,055	0,071	0,070	0,081
Níkaragva	0,020	0,027	0,061	0,060	0,055	0,071	0,070	0,081

	Reiknað kvótavægi		Kvótavægi			Atkvæðavægi		
	Nú-verandi fimm formúlur	Nýja kvóta-formúlan	Fyrir fyrstu umferð	Eftir fyrstu umferð	Eftir aðra umferð	Fyrir fyrstu umferð	Eftir fyrstu umferð	Eftir aðra umferð
Hondúras	0,038	0,042	0,061	0,060	0,054	0,071	0,070	0,081
Líbería	0,005	0,008	0,060	0,059	0,054	0,071	0,069	0,081
Lettland	0,058	0,060	0,059	0,058	0,060	0,070	0,068	0,086
Moldóva	0,018	0,018	0,058	0,057	0,052	0,068	0,067	0,079
Madagaskar	0,015	0,024	0,057	0,056	0,051	0,067	0,066	0,078
Ísland	0,039	0,043	0,055	0,054	0,049	0,065	0,064	0,076
Mósambík	0,025	0,027	0,053	0,052	0,048	0,063	0,062	0,075
Gínea	0,009	0,015	0,050	0,049	0,045	0,060	0,059	0,072
Síerra Leóne	0,004	0,006	0,049	0,048	0,044	0,059	0,058	0,071
Malta	0,053	0,039	0,048	0,047	0,043	0,058	0,057	0,070
Máritíus	0,030	0,031	0,048	0,047	0,043	0,058	0,057	0,070
Paragvæ	0,037	0,043	0,047	0,046	0,042	0,057	0,056	0,069
Malí	0,014	0,021	0,044	0,043	0,039	0,054	0,053	0,067
Súrínam	0,010	0,010	0,043	0,042	0,039	0,054	0,053	0,066
Armenía	0,013	0,018	0,043	0,042	0,039	0,054	0,053	0,066
Gvæjana	0,010	0,008	0,043	0,042	0,038	0,053	0,052	0,066
Kirgistan	0,010	0,014	0,042	0,041	0,037	0,052	0,051	0,065
Kambódía	0,031	0,032	0,041	0,040	0,037	0,052	0,051	0,064
Tadsjikistan	0,011	0,014	0,041	0,040	0,037	0,051	0,050	0,064
Vestur-Kongó	0,032	0,029	0,040	0,039	0,035	0,050	0,049	0,063
Haítí	0,012	0,018	0,038	0,038	0,034	0,049	0,048	0,062
Sómalía	0,002	0,002	0,038	0,038	0,034	0,049	0,048	0,062
Rúanda	0,006	0,011	0,037	0,037	0,034	0,048	0,047	0,061
Búrúndí	0,003	0,004	0,036	0,035	0,032	0,047	0,046	0,060
Túrkmenistan	0,046	0,056	0,035	0,035	0,041	0,046	0,045	0,069
Tógó	0,008	0,011	0,034	0,034	0,031	0,045	0,044	0,059
Nepal	0,020	0,033	0,033	0,033	0,030	0,044	0,043	0,058
Fídjieyjar	0,011	0,011	0,033	0,032	0,029	0,044	0,043	0,058
Malaví	0,006	0,010	0,032	0,032	0,029	0,043	0,042	0,057
Makedónía	0,027	0,030	0,032	0,032	0,029	0,043	0,042	0,057
Barbados	0,014	0,016	0,032	0,031	0,028	0,042	0,042	0,057
Níger	0,007	0,012	0,031	0,030	0,028	0,042	0,041	0,056
Eistland	0,072	0,060	0,031	0,030	0,039	0,041	0,041	0,067
Máritanía	0,007	0,009	0,030	0,030	0,027	0,041	0,040	0,055
Botsvana	0,051	0,054	0,029	0,029	0,037	0,040	0,040	0,065
Benín	0,009	0,015	0,029	0,028	0,026	0,040	0,039	0,054
Búrkína Fasó	0,010	0,019	0,028	0,028	0,025	0,039	0,038	0,054
Tsjad	0,024	0,032	0,026	0,026	0,028	0,037	0,036	0,056
Mið-Afríkulýð-veldið	0,003	0,006	0,026	0,026	0,023	0,037	0,036	0,052
Laos	0,007	0,013	0,025	0,024	0,022	0,036	0,035	0,051

	Reiknað kvótavægi		Kvótavægi			Atkvæðavægi		
	Núverandi fimm formúlur	Nýja kvóta-formúlan	Fyrir fyrstu umferð	Eftir fyrstu umferð	Eftir aðra umferð	Fyrir fyrstu umferð	Eftir fyrstu umferð	Eftir aðra umferð
Mongólía	0,010	0,012	0,024	0,023	0,021	0,035	0,034	0,050
Svasíland	0,020	0,018	0,024	0,023	0,021	0,035	0,034	0,050
Albanía	0,027	0,031	0,023	0,022	0,025	0,034	0,033	0,054
Lesótó	0,011	0,010	0,016	0,016	0,015	0,027	0,027	0,044
Miðbaugs-Gínea	0,041	0,038	0,015	0,015	0,022	0,026	0,026	0,050
Gambía	0,002	0,003	0,015	0,014	0,013	0,026	0,025	0,042
Svartfjallaland	0,009	0,010	0,013	0,013	0,012	0,024	0,024	0,041
Belís	0,006	0,006	0,009	0,009	0,008	0,020	0,020	0,037
San Marínó	0,020	0,013	0,008	0,008	0,009	0,019	0,019	0,039
Vanúatú	0,003	0,003	0,008	0,008	0,007	0,019	0,019	0,036
Djíbútí	0,003	0,005	0,007	0,007	0,007	0,019	0,018	0,036
Erítrea	0,008	0,008	0,007	0,007	0,008	0,019	0,018	0,037
Sankti Lúsía	0,004	0,004	0,007	0,007	0,006	0,018	0,018	0,036
Gínea-Bissá	0,004	0,004	0,007	0,007	0,006	0,018	0,018	0,035
Antígva og Barbúda	0,006	0,005	0,006	0,006	0,006	0,018	0,017	0,035
Grenada	0,003	0,003	0,005	0,005	0,005	0,017	0,017	0,034
Samóa	0,002	0,003	0,005	0,005	0,005	0,017	0,016	0,034
Salómonseyjar	0,003	0,003	0,005	0,005	0,004	0,016	0,016	0,034
Grænhöfða-eyjar	0,004	0,005	0,004	0,004	0,005	0,016	0,016	0,034
Kómoreyjar	0,001	0,002	0,004	0,004	0,004	0,016	0,015	0,033
Sankti Kitts og Nevis	0,002	0,002	0,004	0,004	0,004	0,016	0,015	0,033
Seychelles-eyjar	0,005	0,006	0,004	0,004	0,005	0,015	0,015	0,034
Sankti Vinsent og Grenadín-eyjar	0,002	0,003	0,004	0,004	0,003	0,015	0,015	0,033
Dóminíka	0,002	0,002	0,004	0,004	0,003	0,015	0,015	0,033
Maldíveyjar	0,005	0,005	0,004	0,004	0,004	0,015	0,015	0,034
Austur-Tímor	0,007	0,006	0,004	0,004	0,005	0,015	0,015	0,034
Saó Tóme og Prinsípe	0,000	0,001	0,003	0,003	0,003	0,015	0,015	0,033
Tonga	0,001	0,002	0,003	0,003	0,003	0,015	0,014	0,032
Bútan	0,004	0,005	0,003	0,003	0,004	0,014	0,014	0,033
Kíribatí	0,003	0,002	0,003	0,003	0,002	0,014	0,014	0,032
Míkrónesía	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,014	0,014	0,032
Marshall-eyjar	0,001	0,001	0,002	0,002	0,001	0,013	0,013	0,031
Palá	0,001	0,002	0,001	0,001	0,001	0,013	0,013	0,031

VIÐAUKI III

Aukning á sérstökum dráttarréttindum 54 aðildarríkja.

	Tillagður kvóti (í milljónum af SDR)		Tillagður kvóti (í milljónum af SDR)
Albanía	60,0	Malasía	1773,9
Austurríki	2113,9	Maldíveyjar	10,0
Barein	176,4	Mexíkó	3625,7
Bútan	8,5	Noregur	1883,7
Botsvana	87,8	Óman	237,0
Brasilía	4250,5	Pálá	3,5
Grænhöfðaeyjar	11,2	Filippseyjar	1019,3
Tsjad	66,6	Pólland	1688,4
Kína	9525,9	Portúgal	1029,7
Kostaríka	187,1	Katar	302,6
Kýpur	158,2	San Marínó	22,4
Tékkland	1002,2	Seychelles-eyjar	10,9
Danmörk	1891,4	Singapúr	1408,0
Ekvador	347,8	Slóvakía	427,5
Miðbaugs-Gínea	52,3	Slóvenía	275,0
Erítrea	18,3	Spánn	4023,4
Eistland	93,9	Sýrland	346,8
Þýskaland	14565,5	Taíland	1440,5
Grikkland	1101,8	Austur-Tímor	10,8
Indland	5821,5	Tyrkland	1455,8
Írland	1257,6	Túrkmenistan	98,6
Ísrael	1061,1	Sameinuðu arabísku furstadæmin	752,5
Ítalía	7882,3	Bandaríkin	42122,4
Japan	15628,5	Víetnam	460,7
Kasakstan	427,8		
Suður-Kórea	3366,4		
Lettland	142,1		
Líbanon	266,4		
Litháen	183,9		
Lúxemborg	418,7		

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni verði heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) sem samþykktar

voru af yfirstjórn AGS 28. apríl og 5. maí 2008. Markmið þeirra breytinga er að auka trúverðugleika og skilvirkni AGS með því annars vegar að auka kvóta eða sérstök dráttarréttindi (e. SDR) þeirra ríkja sem hafa eflst efnahagslega síðustu missiri og hins vegar að auka þátttöku efnaminni aðildarríkja. Með SDR er átt við greiðslueiningu AGS en hún er grunnur fyrir greiðslueiningar ýmissa annarra stofnana og er gengi hennar ákvarðað daglega í samræmi við vog fjögurra mynta. Miðgengi SDR gagnvart íslensku krónunni var 175,6 1. október 2010. Þá er í þessum breytingum gert ráð fyrir að grunnatkvæðamagn verði þrefaldað en það kemur sér einkum vel fyrir smáríki og efnaminni ríki. Breytingarnar hafa í för með sér að varasjóðseign 54 aðildarríkja mun aukast í kjölfar breytinga á kvótaformúlunni og munu viðkomandi aðildarríki bera þann kostnað sem fylgir aukningu á varasjóðseigninni. Ísland er ekki eitt þeirra ríkja sem mun fá slíkan viðbótarkvóta og munu því þessar breytingar ekki hafa áhrif á varasjóðseign Íslands (sérstök dráttarréttindi) en gert er ráð fyrir að þau verði áfram 117,6 milljónir SDR. Gjaldeyrisforði Íslands í sérstökum dráttarréttindum verður því óbreyttur og enginn útlagður kostnaður mun felast í þessum breytingum fyrir Ísland samkvæmt upplýsingum úr efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

133. Svar [54. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um greiðslur til þróunarsjóðs EFTA.

1. *Hefur utanríkisráðuneytið, með tilliti til efnahagsástandsins hér á landi, leitað eftir undanþágum frá greiðslu til þróunarsjóðs EFTA sem samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2011 er 1.493.000.000 kr., ætlaðar til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti?*
2. *Var reynt að fá undanþágu frá samningi við þróunarsjóðinn um nýtt úthlutunartímabil, 2010–2014, sem hefði leitt til rúmlega 8 milljarða kr. sparnaðar fyrir ríkissjóð á þessu árabili?*

Við gerð samninga vegna tímabilsins 2009–2014 voru gerðar enn ríkari kröfur á hendur EES/EFTA-ríkjunum en áður giltu, enda ný stækkun komin til framkvæmda. Kröfurnar fólu í sér þreföldun á framlagi Íslands. EES/EFTA-ríkin höfnuðu þeim alfarið. Á endanum náðist að lækka greiðslur verulega frá upphaflegum kröfum. Fyrir Noreg og Liechtenstein var að lokum samið um 33% hækkun. Með vísan til alvarlegrar efnahagsstöðu landsins náðu samningamenn Íslands fram þeirri hagstæðu niðurstöðu eftir erfiða samninga að engin hækkun varð á greiðslum Íslands í evrum talið. Þær verða því áfram 6,8 milljónir evra á ári út tímabilið.

Þegar saman eru reiknaðar greiðslur Noregs í framangreindan sjóð við 800 milljóna evra greiðslu Norðmanna í tvíhliða sjóð þeirra og Evrópusambandsins eru greiðslur þeirra fimmtugfaldar á við Ísland. Miðað við hlutfallslega stærð landanna hefði sú greiðsla einungis átt að vera tæplega 16 sinnum hærri.

3. *Tengjast þessir samningar á einhvern hátt umsókn Íslands um aðild að að Evrópusambandinu?*

Nei.

134. Svar [64. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um þýðingu Lissabon-sáttmálans.

1. *Hvenær verður þýðingu Lissabon-sáttmálans lokið?*

Þýðing er hafin á sáttmálum Evrópusambandsins í heild sinni eins og þeir standa eftir gildistöku Lissabon-sáttmálans. Áætlað er að þýðingu þeirra verði lokið í lok febrúar 2011.

2. *Hvernig verður sáttmálinn kynntur að þýðingu lokinni, er t.d. fyrirhugað að gefa hann út í bæklingi og dreifa honum á öll heimili landsins til kynningar?*

Engin ákvörðun hefur verið tekin að svo stöddu um sérstaka kynningu sáttmálans eða sáttmála Evrópusambandsins umfram þá almennu kynningu á sambandinu sem mun eiga sér stað á næstu missirum og árum.

3. *Fær íslenska ríkið styrk frá Evrópusambandinu til þýðingar sáttmálans eða standa Íslendingar einir straum af henni?*

Kostnaður við þýðinguna greiðist af almennri fjárveitingu til Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins.

135. Fyrirspurn [124. mál]

til umhverfisráðherra um veiðikortasjóð.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Af hverju fjármagnar veiðikortasjóður vöktun rjúpu en Náttúrufræðistofnun vöktun annarra dýrastofna?
2. Hversu miklu fé hefur verið úthlutað til rjúpnarannsókna úr veiðikortasjóði frá árinu 1995? Hvers vegna hefur ekki verið úthlutað fé til gæsarannsókna?
3. Er til sundurliðun á kostnaði við rjúpnarannsóknir samkvæmt bókhaldslyklum? Hversu mikill er hluti dagpeninga, aksturs o.s.frv.? Er vinna sérfræðinga innan húss við rjúpnarannsóknir gjaldfærð sem útseld vinna?
4. Hvað ræður úthlutunum úr veiðikortasjóði?
5. Hefur verið haft samráð við veiðimenn eða Umhverfisstofnun um úthlutanir úr sjóðnum?
6. Hefur Náttúrufræðistofnun sótt formlega um styrki úr sjóðnum frá árinu 2006?
7. Hyggst ráðherra nýta sér tillögur nefndar frá 2001 um úthlutunarreglur veiðikortasjóðs?
8. Er til stofnskrá fyrir veiðikortasjóð?

136. Fyrirspurn [125. mál]

til umhverfisráðherra um gúmmíkurl úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Telur ráðherra að til greina komi af heilsufarsástæðum að banna eða takmarka notkun gúmmíkurls úr bíldekkjum, sem inniheldur krabbameinsvaldandi efni og önnur eiturefni, á leikvöllum og gervigrasvöllum hérlendis?
2. Hvað mun taka langan tíma að skipta um efni á völlunum í ljósi fjölda þeirra valla þar sem slíkt efni er nú þegar?
3. Hvaða tilmæli, reglur eða bönn gilda um þetta efni í Þýskalandi og annars staðar á Norðurlöndum?

Skriflegt svar óskast.

137. Svar [39. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Ólínu Þorvarðardóttur um nauðungarsölur og uppboðsbeiðnir.

1. *Hve margar nauðungarsölur og uppboðsbeiðnir á þessu ári hafa verið vegna:*
   a. *atvinnuhúsnæðis,*
   b. *nýbygginga í eigu verktaka og lögaðila,*
   c. *heimila, þ.e. almenns íbúðarhúsnæðis,*
   d. *annarra eigna, svo sem sumarhúsa, báta, bíla?*

Til að afla svara við fyrirspurninni óskaði ráðuneytið eftir því við Þjóðskrá Íslands að stofnunin aflaði umbeðinna upplýsinga úr skráningarkerfi sýslumanna. Tekur svarið við fyrirspurninni mið af fjölda þeirra nauðungarsölumála sem stofnuð hafa verið hjá sýslumönnum á árinu en þá er miðað við að eitt mál sé stofnað fyrir hverja eign. Hins vegar geta nauðungarsölubeiðnir verið fleiri en ein í hverju máli. Þá er jafnframt gerð grein fyrir hversu mörgum málum lauk með því að eign var seld við framhald uppboðs og í framhaldi af því afsal gefið út. Við talningu á málum sem töldust vera nýbygging voru taldar byggingar þriggja ára eða yngri samkvæmt byggingarári í fasteignaskrá þegar nauðungarsölumál var stofnað og í eigu lögaðila. Þegar talin voru heimili var talið íbúðarhúsnæði í eigu einstaklinga.

Fjöldi nauðungarsölumála á árinu 2010 sundurliðað eftir tegundum eigna er eftirfarandi:

a. Atvinnuhúsnæði: 693 mál voru stofnuð og 90 málum var lokið með útgáfu afsals.
b. Nýbyggingar: 317 mál voru stofnuð og 92 málum var lokið með útgáfu afsals.
c. Heimili: 2.754 mál voru stofnuð og 412 málum var lokið með útgáfu afsals.
d. Aðrar eignir:
   sumarhús –125 mál voru stofnuð og 17 málum var lokið með útgáfu afsals,

skip – 22 mál voru stofnuð og 6 málum lokið með útgáfu afsals,
bifreiðar – 1.155 mál voru stofnuð og 356 málum var lokið,
jarðir – 118 mál voru stofnuð og þremur lokið með útgáfu afsals.

2. *Hve margar uppboðsbeiðnir hafa verið afturkallaðar það sem af er árinu?*

Á sama hátt og í svari við 1. tölul. er í svarinu við þessum lið gerð grein fyrir fjölda þeirra mála sem afturkölluð hafa verið og eins og kom fram í svari við 1. tölul. tekur eitt mál til einnar eignar. Margar nauðungarsölubeiðnir geta hins vegar verið í hverju máli. Samtals hafa 4.186 mál verið afturkölluð það sem af er árinu og skiptast á eftirfarandi hátt:

a. Atvinnuhúsnæði 503 mál.
b. Nýbyggingar 225 mál.
c. Íbúðarhúsnæði 2.389 mál.
d. Annað 1.069 mál.

3. *Hverjir voru helstu gerðarbeiðendur þeirra uppboða sem fram hafa farið í ár?*

Heildarfjöldi gerðarbeiðenda það sem af er árinu 2010 eru 337. Af þeim eru 37 með 20 beiðnir eða fleiri. Í svarinu eru þessir 37 gerðarbeiðendur tilgreindir og fjöldi þeirra nauðungarsölubeiðna sem þeir hafa sett fram. Hér er um að ræða fjölda beiðna en í sama máli geta verið margar beiðnir.

Nafn	**Fjöldi beiðna**
Íbúðalánasjóður	1.733
Tryggingamiðstöðin hf	608
Íslandsbanki hf.	354
Vörður tryggingar hf.	226
NBI hf.	199
Tollstjóri	195
Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.	136
Akraneskaupstaður	111
Reykjavíkurborg	109
Arion banki hf.	105
Sýslumaðurinn á Blönduósi	103
Sveitarfélagið Árborg	99
Sparisjóður Reykjavíkur/nágr. hf.	85
Lífeyrissjóður verslunarmanna	73
Akureyrarkaupstaður	70
Sýslumaðurinn í Keflavík	68
Sýslumaðurinn í Kópavogi	67
Kópavogsbær	64
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	60
Grímsnes- og Grafningshreppur	54
Vátryggingafélag Íslands hf.	54
Skorradalshreppur	44
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	42
Húsasmiðjan ehf.	40
Gildi, lífeyrissjóður	36
BYR hf.	35
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	34
Bláskógabyggð	33
Borgarbyggð	31
Garðabær	31

Nafn	Fjöldi beiðna
Borgun hf.	28
Sýslumaðurinn á Akureyri	28
Byko ehf.	27
Byggðastofnun	26
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	24
Sýslumaðurinn á Selfossi	23
Rangárþing ytra	20

4. *Hversu margar fasteignir voru boðnar upp árið 2002 og hve margar uppboðsbeiðnir voru afturkallaðar það ár?*

Á árinu 2002 var 358 nauðungarsölumálum vegna fasteigna lokið með útgáfu afsals. Þá var 7.202 málum lokið með afturköllun.

138. Svar [51. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um störf á heilbrigðisstofnunum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað er áætlað að margir missi vinnuna á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni nái niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar fram að ganga? Svar óskast sundurliðað eftir kynjum.

Samhliða vinnu ráðuneytisins við gerð tillagna um samdrátt í rekstri heilbrigðsstofnana var reynt að leggja mat á fækkun starfsmanna, næðu tillögurnar fram að ganga. Niðurstöður má sjá í eftirfarandi töflum sem unnar voru í ráðuneytinu.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi. Á landsbyggðinni má ætla að starfsmönnum fækki um samtals 456 einstaklinga (312 stöðugildi), verði ekki breytingar á frumvarpinu í meðförum þingsins. Af þeim fjölda má gera ráð fyrir að 369 einstaklingar (253 stg.) séu konur.

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir því að styrkja starf heilsugæslunnar með auknum fjárveitingum, einkum til sjúkraflutninga, sálfélagslegrar þjónustu við börn og ungmenni og heimahjúkrunar. Auknum fjárveitingum fylgja störf og er reiknað með fjölgun starfa fyrir allt að 63 (50 stg.) einstaklinga.

Þannig gæti frumvarpið falið í sér fækkun starfsmanna um 393 einstaklinga (261 stg.) þegar tekið hefur verið tillit til þessa.

Skýringar á töflum.

Upplýsingar í töflum 1 og 2 eru unnar úr launakerfi ríkisins og lýsa stöðunni í maímánuði 2010, upplýsingar um fjölda atvinnulausra eru frá Vinnumálastofnun og lýsa ástandinu í ágústmánuði sl. Í töflu 2 er reynt að draga fram áhrif samdráttarins á starfsstéttir eftir stofnunum. Miðað er við starfaflokkunarkerfi Hagstofu Íslands, ÍSTARF, en samkvæmt þeirri flokkun er starfsgreinum skipað saman í flokka eftir skyldleika. Tveir flokkar eru brotnir meira niður en aðrir til að nálgast áhrif samdráttarins á störf hinna eiginlegu heilbrigðisstétta.

Upplýsingar um fjölda þeirra sem eru 65 ára og eldri eru dregnar fram í ljósi þess að fækkun starfsfólks sem hættir störfum vegna aldurs geta orðið til þess að milda áhrif fyrirséðra uppsagna.

Tafla 1	Heildarfjöldi starfsmanna[1]	Hlutfall kvenna[2]	Fjöldi stöðugilda í dagvinnu[3]	Fækkun starfsmanna[4]	Fækkun stöðugilda[5]	Áætlaður fjöldi starfsmanna eftir samdrátt[6]	Áætlaður fjöldi dagvinnustöðugilda eftir samdrátt[7]	Fjöldi 65 ára og eldri[8]	Fjöldi stg. 65 ára og eldri[9]	Atvinnuleysi upptökusvæðis[10]	
Stofnun:										*Fjöldi*	*Þar af konur*
Heilbrigðisstofnun Austurlands	364	84%	254	78	54	286	200	30	22	220	62,3%
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	379	80%	247	63	41	316	206	18	11	614	47,1%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	296	87%	212	78	56	218	156	13	9	1.283	49,0%
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	159	86%	119	30	22	129	97	4	3	92	62,0%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	469	81%	295	26	16	443	279	21	12	327	59,3%
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	159	81%	103	67	43	92	60	8	5	103	56,3%
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	70	80%	50	11	8	59	42	7	4	38	36,8%
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	96	76%	56	17	10	79	46	6	3	33	51,5%
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	46	78%	29	5	3	41	25	6	5	21	61,9%
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	145	90%	105	43	31	102	74	4	3	54	51,9%
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	102	88%	69	29	19	73	49	8	6	53	64,2%
Heilsugæslustöðin Dalvík	26	62%	10	1	0	25	9	0	0	32	46,9%
Sjúkrahúsið á Akureyri	605	85%	446	9	6	596	440	35	21	678	50,9%
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	595	83%	455	15	11	580	444	33	25		
Landspítali	4.795	81%	3.754	68	53	4.727	3.700	276	221	[11] 9046	44,5%
St. Jósefsspítali, Sólvangur	255	87%	183	96	69	159	114	25	21		
Samtals/meðaltal:	**8.561**	**82%**	**6.387**	**634**	**445**	**7.927**	**5.942**	**494**	**372**		

1. Fjöldi kennitalna á launaskrá
2. Hlutfall kvenna af fjölda starfsmanna
3. Dagvinnustöðugildi
4. Reiknaður fjöldi
5. Vegið meðaltal af hlutdeild starfsstéttar í heildarlaunagjöldum viðkomandi stofnunarinnar.
6. 1–4
7. 3–5
8. Fjöldi þeirra sem eru fæddir 1945 og fyrr
9. Dagvinnustöðugildi þeirra sem eru fæddir 1945 og fyrr
10. Fjöldi á atvinnuleysisskrá
11. Atvinnuleysi höfuðborgarsvæðisins

Tafla 2

Heiti starfs: / heilbrigðisráðuneytið	Samtals	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Heilbrigðisstofnun Blönduósi	Heilbrigðisstofnun Fjallabyggð	Heilbrigðisstofnun Patreksfirði	Heilbrigðisstofnun Sauðárkróki	Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyjum	Heilsugæslustöðin Dalvík	Sjúkrahúsið á Akureyri	Heilsugæsla á höfuðborgarsv.	Landspítali	St. Jósefsspítali, Sólvangur
	Fækkun stg.*	Fækkun stg.	Fækkun stg	Fækkun stg.	Fækkun stg	Fækkun stg.	Fækkun stg	Fækkun stg.	Fækkun stg	Fækkun stg.	Fækkun stg	Fækkun stg.	Fækkun stg.	Fækkun stg.	Fækkun stg	Fækkun stg	Fækkun stg
1 - Störf kjörinna fulltrúa, æðstu embættismanna og stjórnen	18	3	0	2	0	2	1	0	1	0	1	1	0	1	1	3	1
2 - Sérfræðistörf	151	14	14	20	6	5	17	1	2	0	10	6	0	3	7	25	20
Sérfræðingur í lækningum	*32*	*3*	*4*	*3*	*1*	*2*	*4*	*0*	*0*	*0*	*2*	*2*	*0*	*0*	*2*	*5*	*4*
Deildar-, aðstoðar-, og nemalæknar	*2*	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*1*	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*1*	*0*
Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður	*98*	*8*	*9*	*15*	*4*	*3*	*11*	*1*	*2*	*0*	*7*	*4*	*0*	*2*	*3*	*15*	*15*
Aðrir sérfræðingar	*19*	*2*	*1*	*2*	*1*	*1*	*3*	*0*	*0*	*0*	*1*	*0*	*0*	*0*	*1*	*5*	*1*
3 - Tæknar og sérmenntað starfsfólk	121	15	14	19	7	4	12	2	2	0	11	5	0	2	2	13	14
Sjúkraliðar	*76*	*10*	*7*	*12*	*5*	*3*	*6*	*2*	*1*	*0*	*6*	*5*	*0*	*1*	*1*	*6*	*11*
Annað sérmenntað starfsfólk	*45*	*5*	*6*	*6*	*1*	*1*	*6*	*1*	*1*	*0*	*5*	*1*	*0*	*1*	*1*	*6*	*3*
4 - Skrifstofustörf	31	5	3	6	1	1	3	0	0	0	1	2	0	0	2	3	3
5 - Þjónustu-, umönnunar- og sölustörf	78	11	5	5	6	3	8	2	4	2	6	1	0	0	0	6	18
7 - Störf iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkafólks	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
8 - Störf véla og vélgæslufólks	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
9 - Ósérhæfð störf	42	7	5	3	1	2	3	1	2	0	2	5	0	1	0	2	9
10 - Óskilgreint	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3
Samtals:	445	54	41	56	22	16	43	8	10	3	31	19	0	6	11	53	69
Hlutfallsleg fækkun stöðugilda:	7,0%	21%	17%	26%	19%	5%	42%	16%	18%	11%	30%	28%	2%	1%	3%	1%	38%

**Fækkun stg er tilgreint sem fækkun reiknað á hlutfalli starfsstéttar í launagjöldum*



139. Fyrirspurn [126. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um verðtryggð lán íslenskra heimila og fyrirtækja.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hve mikið hafa verðtryggð lán íslenskra heimila hækkað síðan 1. febrúar 2009, í krónum annars vegar og prósentum hins vegar, vegna skattahækkana og annarra aukinna álagna af hálfu ríkisins sem hafa áhrif á vísitölu neysluverðs?
2. Hve mikið hafa verðtryggð lán íslenskra fyrirtækja hækkað síðan 1. febrúar 2009, í krónum annars vegar og prósentum hins vegar, vegna skattahækkana og annarra aukinna álagna af hálfu ríkisins sem hafa áhrif á vísitölu neysluverðs?

Skriflegt svar óskast.

140. Fyrirspurn [127. mál]

til forsætisráðherra um neyslustaðal/neysluviðmið.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Má vænta þess að ríkisstjórnin móti neyslustaðal/neysluviðmið í samræmi við tillögur í skýrslu á vegum viðskiptaráðuneytis frá því í október 2006?
2. Er fyrirhugað að endurvekja hugmyndina um að neyslustaðall/neysluviðmið nái til allra opinberra aðila sem byggja bætur, lán, styrki eða aðrar greiðslur á neysluviðmiðum?
3. Hefur efnahags- og viðskiptaráðherra uppfært kostnaðartölur við gerð og viðhald slíks neyslustaðals/neysluviðmiðs í samræmi við svör forsætisráðherra frá 12. ágúst 2009, sbr. 99. mál á 137. löggjafarþingi?

141. Fyrirspurn [128. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um reglugerð um gjafsókn.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hyggst ráðherra breyta reglugerð nr. 45/2008, um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar, með því að:

a. hækka tekjuviðmið, sem er nú 1.600.000 kr. fyrir einstakling og 2.500.000 kr. fyrir umsækjanda í hjúskap eða sambúð, sbr. 7. gr.,
b. veita atvinnulausum undanþágu frá tekjuákvæðum,
c. auðvelda á annan hátt og einfalda ferli við að sækja um gjafsókn?

142. Fyrirspurn [129. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar utan höfuðborgarsvæðisins.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Er ætlunin að draga frekar úr vetrarþjónustu Vegagerðarinnar utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári og ef svo er, í hvaða byggðum verður helst dregið úr slíkri þjónustu?

143. Fyrirspurn [130. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkuverð.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að jafna raforkuverð á landsvæðum þar sem aðgangur er að heitu vatni til húshitunar og á svæðum þar sem hús eru hituð með raforku?

144. Frumvarp til laga [131. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með kæru skal fylgja málskotsgjald, að upphæð 200.000 kr., sem endurgreiðist ef málið vinnst fyrir nefndinni, og rennur gjaldið í ríkissjóð. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála tekur kæru ekki til meðferðar nema málskotsgjald fylgi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „10., 11. og 12. gr.“ í a-lið 1. mgr. kemur: bannákvæði laga þessara, sáttir eða ákvarðanir sem teknar hafa verið samkvæmt þessum lögum.
b. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni. Með aðstæðum er m.a. átt við atriði sem tengjast eiginleikum viðkomandi markaðar, þ.m.t. skipulag eða uppbyggingu fyrirtækja sem á honum starfa. Með háttsemi er átt við hvers konar atferli, þ.m.t. athafnaleysi, sem á einhvern hátt raskar samkeppni á markaði þrátt fyrir að ekki sé brotið gegn bannákvæðum laganna.

c. 1. og 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Aðgerðir Samkeppniseftirlitsins geta falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að efla samkeppni, stöðva brot eða bregðast við athöfnum opinberra aðila sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Samkeppniseftirlitið getur beitt nauðsynlegum úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi vegna þeirra atriða sem tilgreind eru í 1. mgr.

3. gr.

Á eftir 17. gr. f laganna kemur ný grein, 17. gr. g, svohljóðandi:

Fyrirtæki sem tilkynnir samruna skv. 17. gr. a skal greiða samrunagjald. Gjaldið nemur 250.000 kr. fyrir hvert fyrirtæki sem tekur þátt í samrunanum. Gjaldið er greitt við afhendingu samrunatilkynningar og rennur það í ríkissjóð.

4. gr.

Á eftir orðinu „aðili“ í 1. málsl. 41. gr. laganna kemur: þ.m.t. Samkeppniseftirlitið.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá þeim tíma sem liðinn er frá haustmánuðum 2008 hefur skapast um það alþjóðleg samstaða að verndun eða efling virkrar samkeppni sé afar mikilvæg í efnahagskreppum. Um þetta er m.a. fjallað í skýrslu norrænna samkeppnisyfirvalda um samkeppni og efnahagskreppur sem birt var síðla árs 2009. Þar kemur fram það mat að virk samkeppni og samkeppnisstefna sé ein af forsendum norræna velferðarkerfisins. Af fjármálakreppum fyrri tíðar megi læra að aðgerðir sem miða að því að viðhalda og efla virka samkeppni stuðla að því að þjóðir vinni sig hraðar en ella upp úr efnahagslægðum. Samkeppni milli fyrirtækja sé þannig mikilvæg til þess að hraða efnahagsbata og mynda grundvöll fyrir atvinnusköpun og hagsæld. Telur ráðuneytið að þessi sjónarmið eigi augljóslega við hér á landi og því mikilvægt að huga að styrkingu samkeppnislaga. Er þetta frumvarp lagt fram í þessu skyni.

Frumvarpið var lagt fram á 138. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu og er því lagt fram að nýju. Gerð hefur verið sú breyting að nú er lagt til að kærugjald sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins verði endurgreitt ef mál vinnst fyrir nefndinni en að öðru leyti er frumvarpið lagt fram óbreytt.

Ekki vannst tími til að setja frumvarpið í formlegt samráðsferli fyrir framlagningu á 138. löggjafarþingi en það var mat ráðuneytisins að það væri mikilvægt að frumvarpið væri lagt fram á Alþingi sem fyrst. Frumvarpið var síðan sent hagsmunaaðilum til umsagna frá viðskiptanefnd Alþingis og hlaut í kjölfar þeirra mikla umfjöllun í nefndinni. Ráðuneytið taldi því rétt að sú umræða héldi áfram á þeim vettvangi í stað þess að senda frumvarpið til umsagnar frá ráðuneytinu fyrir framlagningu á 139. löggjafarþingi.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Í fyrsta lagi er í 1. gr. lagt til að með kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skuli fylgja kærugjald að upphæð 200.000 kr. en gjaldið endurgreiðist ef málið vinnst fyrir nefndinni.

Í öðru lagi er lagt til að nýr stafliður bætist við 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga er heimilar Samkeppniseftirlitinu að grípa til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni.

Í þriðja lagi er lagt til að innheimt verði sérstakt gjald, samrunagjald, sem greiða skal við hvern samruna sem tilkynntur er Samkeppniseftirlitinu óháð stærð þeirra fyrirtækja sem að samrunanum koma eða þeirri vinnu sem Samkeppniseftirlitið lætur í té vegna hans.

Í fjórða lagi er lagt til að Samkeppniseftirlitið fái heimild til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla. Sú staðreynd að Samkeppniseftirlitið hefur ekki málskotsrétt til dómstóla takmarkar möguleika eftirlitsins til þess að efla samkeppni og gæta hagsmuna almennings í samkeppnismálum. Hlutverk eftirlitsins er meðal annars að vernda þá lögvörðu almannahagsmuni sem felast í virkri samkeppni og því óeðlilegt að það geti ekki gætt almannahagsmuna til sóknar fyrir dómstólum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins sæta kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála en í henni sitja þrír nefndarmenn. Tilgangur þeirra breytinga sem nú eru lagðar til er að stuðla að skilvirkni og tryggja að fyrirtæki taki þátt í þeim kostnaði sem fellur á ríkið vegna starfa áfrýjunarnefndarinnar.

Í meðfylgjandi töflu er að finna yfirlit yfir fjölda kæra annars vegar og úrskurða hins vegar á hverju ári frá gildistöku núgildandi samkeppnislaga, nr. 44/2005. Þau lög tóku gildi á miðju ári 2005, en fyrir þann tíma fjallaði áfrýjunarnefndin einnig um ákvarðanir sem nú heyra undir Neytendastofu.

	Kærur	**Úrskurðir**
2005, 2. ársfj.	10	9
2006	8	8
2007	9	10
2008	12	8
2009	18	14
2010, til 1.okt.	10	10

Eins og sjá má af töflunni hélst málafjöldi í kringum einn tug á ári á árunum 2005 til og með 2008. Miklu fleiri mál komu hins vegar til meðferðar á árinu 2009. Að sama skapi hefur svokallað áfrýjunarhlutfall snarhækkað, frá því að vera á bilinu 9,5% til 11,5% síðustu ár, í tæplega 20% á árinu 2009. Með áfrýjunarhlutfalli er átt við hlutfall kærðra ákvarðana sem birtar eru á heimasíðu. Í kjölfar bankahrunsins hefur verkefnum fjölgað og álag á stofnunina aukist til muna. Fjölgun kæra er í takt við það. Ekki er ólíklegt að þessi þróun haldi áfram.

Hefði áfrýjunargjald samkvæmt frumvarpinu verið í gildi á árunum 2007 og 2008 hefðu tekjur af því samtals numið 1,8 millj. kr. á árinu 2007 (samanborið við 6 millj. kr. í launakostnað) og 2,4 millj. kr. á árinu 2008 (samanborið við 12,4 millj. kr. í launakostnað). Gjaldið mun því ekki standa undir nema hluta af kostnaðinum.

Úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála geta verið umfangsmiklir og flóknir og falið í sér ítarlega skoðun á viðskiptalífinu og lögfræðilegum og hagfræðilegum álitaefnum. Mál sem fara fyrir nefndina varða ávallt atvinnustarfsemi og af því leiðir að sjaldnast eru einstaklingar aðilar málsins. Hér eiga því ekki við sömu neytendaverndarsjónarmið varðandi málskot til æðra stjórnvalds og verður því að telja réttlætanlegt að málsaðilar taki þátt í að greiða kostnað af umfjölluninni. Jafnframt er eðlilegt að málum sé ekki skotið til áfrýjunarnefndar nema viðkomandi hafi raunverulega hagsmuni af málskotinu. Málskotsgjald stuðlar að því.

Álitaefnin sem úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála lúta að geta snúist um mikla fjárhagslega hagsmuni aðila og kostnaður af störfum nefndarinnar er verulegur. Í raun vekur það athygli að málskot til nefndarinnar hafi ekki haft í för með sér kostnað fyrir þann sem ákveður að skjóta ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til nefndarinnar. Með hliðsjón af framansögðu er því lagt til að í 4. mgr. 9. gr. verði kveðið á um sérstakt málskotsgjald að upphæð 200.000 kr., sem endurgreiðist ef málið vinnst fyrir nefndinni, og rennur gjaldið í ríkissjóð. Þess má geta að í Danmörku er fyrirkomulagið með svipuðum hætti. Þar starfar áfrýjunarnefnd samkeppnismála en til hennar má skjóta ákvörðunum danska samkeppniseftirlitsins. Í reglugerð um áfrýjunarnefndina er kveðið á um 5.000 DKR málskotsgjald sem skylt er að greiða til þess að nefndin taki mál til skoðunar. Gjald þetta er heimilt (en ekki skylt) að endurgreiða að hluta eða öllu leyti ef málið hefur unnist fyrir nefndinni.

Um 2. gr.

Með þessu ákvæði er lögð til breyting á 16. gr. samkeppnislaga þar sem kveðið er á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að grípa til aðgerða.

Samkvæmt gildandi samkeppnislögum getur Samkeppniseftirlitið tekið stjórnvaldsákvörðun og beint fyrirmælum til fyrirtækja eða samtaka þeirra sem brotið hafa gegn bannreglum samkeppnislaga. Slík fyrirmæli getur einnig verið að finna í ákvörðunum sem teknar eru vegna samkeppnishamlandi samruna eða í sáttum sem Samkeppniseftirlitið gerir við hlutaðeigandi fyrirtæki skv. 17. gr. f laganna. Ljóst er að fyrirtæki geta brotið gegn fyrirmælum í ákvörðunum eða sáttum og varða slík brot stjórnvaldssektum. Hins vegar geta brotin verið þess eðlis að nauðsynlegt sé að breyta viðkomandi fyrirmælum til að vinna enn frekar gegn brotum og samkeppnishömlum. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að Samkeppniseftirlitið geti breytt skilyrðum fyrir því að heimila samruna ef forsendur hafa breyst og skilyrðin tryggja ekki lengur virka samkeppni, sbr. t.d. úrskurð nr. 6/2007. Æskilegt er hins vegar að Samkeppniseftirlitið hafi skýra almenna lagaheimild til að setja ný fyrirmæli þegar ákvörðun eða sátt er brotin. Sökum þessa er lagt til í a-lið að í stað orðanna „10., 11. og 12. gr.“ komi „bannákvæði laga þessara, sáttir eða ákvarðanir sem teknar hafa verið samkvæmt þessum lögum.“

Varðandi breytingarnar sem lagðar eru til í b-lið er fyrst rétt að líta til þess að í 17. gr. eldri samkeppnislaga, nr. 8/1993, var kveðið á um að samkeppnisráð gæti gripið til aðgerða gegn aðstæðum, samningum, skilmálum og athöfnum sem hefðu skaðleg áhrif á samkeppni og tekin dæmi um hvað gæti falist í hinum skaðlegu áhrifum. Orðinu „aðstæður“ var bætt inn að tilstuðlan efnahags- og viðskiptanefndar en nefndin taldi vanta „heimild til handa samkeppnisráði til að bregðast við, ekki vegna einhverra sérstakra tiltekinna ákvarðana í fyrirtæki, ekki vegna samninga sem fyrirtæki hafa gert, ekki vegna einhverra skilmála eða athafna sem lægju fyrir og hægt væri að vísa í, heldur einfaldlega vegna aðstæðna sem menn gætu staðið frammi fyrir og kölluðu á að gripið væri til aðgerða.“ Með lögum nr. 107/2000 voru gerðar breytingar á þágildandi samkeppnislögum og horfið frá blönduðu kerfi bann- og misbeitingarreglna og teknar upp bannreglur að erlendri fyrirmynd. Í því samhengi var gerð breyting á 17. gr. og almenn heimild til íhlutunar vegna samninga og athafna fyrirtækja sem höfðu skaðleg áhrif á samkeppni felld brott, en í stað þess var samkeppnisráði veitt heimild til að stöðva hegðun sem braut í bága við bannreglur laganna. Við þessa breytingu var þess hins vegar sérstaklega gætt að heimild til þess að vinna gegn samkeppnishamlandi aðstæðum félli ekki á brott. Kom fram í frumvarpi sem varð að þeim lögum „að þrátt fyrir þær breyt-

ingar sem lagt er til að gerðar verði á 17. gr. hafi samkeppnisráð eftir sem áður möguleika til að grípa inn í aðstæður sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.“

Með núgildandi samkeppnislögum var veitt skýr heimild til þess að krefjast skipulagsbreytinga á fyrirtækjum í þeim tilvikum þar sem slík aðgerð er nauðsynleg til þess stöðva brot á samkeppnislögum. Hins vegar var felld úr gildi framangreind heimild til þess að grípa inn í aðstæður sem raska samkeppni. Í athugasemdum í frumvarpinu var bent á að ef það ákvæði stæði óbreytt í lögum hefði Samkeppniseftirlitið víðtækari heimild til þess að krefjast skipulagsbreytinga en t.d. framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA „þar sem heimildin til að krefjast skipulagsbreytinga yrði ekki takmörkuð við að fyrirtæki hefði brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga.“

Í þessu frumvarpi er hins vegar lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði veitt slík rýmri heimild sem gerir því kleift að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að efla samkeppni, þ.m.t. uppskiptingu markaðsráðandi fyrirtækja, án þess að það þurfi að sýna fram á að viðkomandi fyrirtæki hafi gerst brotlegt við bannreglur samkeppnislaga. Rétt er taka hér strax fram að ákvæði EES-samningsins koma ekki í veg fyrir að fyrirhuguð breyting sé lögfest í íslenskan samkeppnisrétt og sem dæmi má nefna að í Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi er að finna strangari samkeppnisreglur en í regluverki Evrópusambandsins. Þá má sérstaklega líta til þess að það leiðir af 2. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 um framkvæmd samkeppnisreglna (sem er hluti af EES-samningnum) að aðildarríki EES geti samþykkt og beitt á yfirráðasvæði sínu „strangari landslögum“ gagnvart markaðsráðandi fyrirtækjum.

Til stuðnings því að rýmka heimildir Samkeppniseftirlitsins að þessu leyti er í upphafi rétt að líta til þess að samkeppnislög ríkja byggjast almennt á tveimur meginstoðum:

– Annars vegar bannreglum sem ætlað er að koma í veg fyrir að fyrirtæki raski samkeppni með hegðun sinni á markaði (sbr. t.d. 10. og 11. gr. samkeppnislaga sem banna samkeppnishamlandi samráð og misnotkun á markaðsráðandi stöðu).
– Hins vegar reglum sem ætlað er að koma í veg fyrir að fyrirtæki breyti samkeppnislegri gerð markaðarins og dragi úr samkeppni með samruna eða yfirtöku (sbr. t.d. ákvæði 17. gr. c samkeppnislaga).

Eftir sem áður er ljóst að samkeppnishömlur geta í vissum tilvikum átt rót sína að rekja til annarra atriða en samruna eða brota fyrirtækja á bannreglum samkeppnislaga. Hugsanlegt er t.d. að fyrirtæki sé í slíkri yfirburðastöðu á markaði að tilvist þess í óbreyttu formi geti útilokað eða takmarkað að verulegu leyti samkeppni. Í slíkum tilvikum felst hið samkeppnislega vandamál ekki í brotlegri hegðun viðkomandi fyrirtækis heldur í því að yfirburðastaða þess sem slík raskar samkeppni. Þá geta einkenni á markaði eða háttsemi tiltekinna fyrirtækja dregið úr virkri samkeppni þrátt fyrir að þessi atriði falli ekki nauðsynlega undir bannreglur samkeppnisréttarins. Dæmi um það er háttsemi fyrirtækja á fákeppnismarkaði sem gerir þeim auðveldara að stunda þegjandi samhæfingu án þess þó að í háttseminni felist samskipti milli viðkomandi fyrirtækja sem leiða til þess að hún félli undir bann við ólögmætu samráði.

Sú röskun á samkeppni sem leitt getur af framangreindu getur verið jafnalvarleg fyrir neytendur og sú takmörkun á samkeppni sem leiðir af broti á bannreglum samkeppnislaga. Sökum þessa hafa ýmis ríki í samkeppnislögum sínum úrræði sem ætlað er vinna gegn samkeppnishömlum af þessum toga, sbr. nánar hér á eftir. Slík úrræði ganga mislangt en segja má að kjarni slíkra reglna felist í því að veitt er heimild til þess að breyta tilteknu ástandi eða háttsemi á markaðnum til frambúðar í því skyni að bæta virkni viðkomandi markaðar og efla samkeppni almenningi og atvinnulífinu til hagsbóta. Úrræði þessi eru þannig til viðbótar við bann- og samrunareglur samkeppnisréttarins og eru sett til þess að unnt sé að bregðast við

hvers konar háttsemi eða aðstæðum sem takmarka samkeppni og skaða þar með kjör almennings.

Í 14. gr. norsku samkeppnislaganna, nr. 12/2004, kemur þannig fram að unnt sé að grípa til aðgerða gegn viðskiptaháttum, samningum eða aðgerðum sem takmarka eða eru líklegar til að takmarka samkeppni. Ekki er skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis gagnvart fyrirtækjum að þau hafi brotið gegn bannákvæðum norskra samkeppnislaga. Í skýringum í frumvarpi með norsku lögunum segir að ekki sé unnt að útiloka að upp komi tilvik sem raski samkeppni en feli ekki í sér brot á banni laganna við samráði og misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Einnig geti verið um að ræða tilvik þar sem erfitt sé að sanna brot á bannreglum. Er talið nauðsynlegt að norsku samkeppnislögin hafi að geyma heimild til að grípa inn í slíkar samkeppnishömlur. Hér má einnig vísa til bandarísks samkeppnisréttar. Á grundvelli 5. gr. laga um Federal Trade Commission geta bandarísk samkeppnisyfirvöld bannað eða breytt háttsemi fyrirtækja jafnvel þótt hún fari ekki gegn bannreglum bandarískra samkeppnislaga (Sherman-lögin).

Í breskum samkeppnisrétti er að finna víðtækar heimildir til að grípa til aðgerða gegn samkeppnishömlum sem ekki stafa af samruna eða broti fyrirtækja á bannreglum breskra samkeppnislaga. Samkvæmt breskum samkeppnislögum getur breska samkeppniseftirlitið vísað málum til annars stjórnvalds á sviði samkeppnisréttar (samkeppnisnefndin (Competition Commission)) þegar eftirlitið telur líkur á því að til staðar séu aðstæður eða einkenni á tilteknum breskum markaði sem takmarki eða raski samkeppni, sbr. 131. gr. Enterprise-laganna. Aðstæður eða einkenni á viðkomandi markaði eru í þessum skilningi skilgreind sem hvers konar þættir í gerð eða uppbyggingu viðkomandi markaðar og hvers konar hegðun m.a. fyrirtækja sem kaupa og selja vöru á viðkomandi markaði. Breska samkeppniseftirlitið hefur bent á að mál af þessum toga (market investigations) snúist ekki um rannsókn á því hvort fyrirtæki hafi brotið lög með því að hafa með sér ólögmætt samráð eða misnotað markaðsráðandi stöðu. Tilgangur þessara rannsókna sé að kanna hvort samkeppni sé virk á viðkomandi markaði í heild sinni. Þegar slík samkeppnisleg vandamál séu til staðar dugi ekki endilega bannreglur breskra samkeppnislaga. Ef samkeppnisnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að aðstæður á markaði raski samkeppni hefur hún mjög víðtækar heimildir til að grípa til aðgerða. Getur nefndin til að mynda mælt fyrir um uppskiptingu fyrirtækja ef það er talið nauðsynlegt til að tryggja virka samkeppni. Samkvæmt þessu er ljóst að bresk samkeppnisyfirvöld geta breytt háttsemi fyrirtækja eða krafist skipulagsbreytinga hjá fyrirtækjum þrátt fyrir að þau hafi ekki brotið gegn þarlendum samkeppnislögum.

Eins og að framan er rakið er sérstaklega brýnt að verja eða efla samkeppni í efnahagskreppum þar sem slíkt stuðlar að hraðari endurreisn atvinnulífsins almenningi til hagsbóta. Þá ber að líta til þess að landfræðileg einangrun landsins, fámenni og tilhneiging til myndunar fákeppnismarkaða fela í sér sterk rök fyrir því að hér á landi gildi mjög öflug samkeppnislög. Sökum þessa er brýnt að styrkja samkeppnislögin og gera Samkeppniseftirlitinu enn frekar kleift að bregðast við alvarlegum samkeppnishömlum sem stafað geta m.a. af óhæfilegri samþjöppun á markaði og skaðlegri fákeppni. Er það gert með því að veita Samkeppniseftirlitinu heimild sem byggist á svipaðri hugsun og sams konar heimild í m.a. breskum rétti.

Hér skiptir einnig máli að skv. d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga er það eitt af hlutverkum Samkeppniseftirlitsins að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja. Skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna

einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni. Segir einnig í ákvæðinu að stofnunin skuli vegna þessa grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni. Ákvæðið sjálft veitir hins vegar enga sjálfstæða heimild til aðgerða. Getur Samkeppniseftirlitið því aðeins gripið til aðgerða vegna skaðlegra stjórnunar- og eignatengsla ef þau fela í sér brot á bannreglum samkeppnislaga eða verða til við samruna. Með þeirri breytingu sem lögð er til á 16. gr. mundu möguleikar Samkeppniseftirlitsins að vinna gegn hamlandi stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja hér á landi aukast. Eins verður að telja það sérstaklega mikilvægt að eftirlitið hafi slíkar heimildir í því ástandi sem ríkir á mörkuðum í dag þar sem mörg fyrirtæki hafa verið yfirtekin af fjármálafyrirtækjum í kjölfar efnahagshrunsins, en það getur haft veruleg áhrif á helstu samkeppnismarkaði hér á landi.

Til að ná fram þessari styrkingu á samkeppnislögum er með b-lið lagt til að nýjum staflið verði bætt við 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga og Samkeppniseftirlitinu heimilað að grípa til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni. Er skýrt tekið fram að með aðstæðum sé átt við atriði sem tengjast eiginleikum viðkomandi markaðar, þ.m.t. skipulag eða uppbyggingu fyrirtækja sem á honum starfa. Þá tekur hugtakið háttsemi til hvers konar atferlis sem á einhvern hátt raskar samkeppni. Af þessu, og þeim breytingum sem lagðar eru til á 2. mgr. ákvæðisins, leiðir að Samkeppniseftirlitinu verður m.a. heimilt að skipta upp markaðsráðandi fyrirtækjum ef það getur sýnt fram á það með fullnægjandi rökum að staða þeirra á markaðnum feli í sér alvarlega röskun á samkeppni. Verður Samkeppniseftirlitið í því samhengi að skilgreina viðkomandi markað og leiða í ljós með skýrum hætti þær samkeppnishömlur sem um er að tefla. Í slíkum breytingum á skipulagi fyrirtækja felast ekki óeðlileg afskipti af eignarréttindum heldur er um að ræða nauðsynlega aðgerð til þess að vernda mikilvæga almannahagsmuni. Ekkert fyrirtæki getur átt réttmæta kröfu til þess að vera til frambúðar í yfirburðastöðu sem hindrar með alvarlegum hætti virka samkeppni.

Ljóst er hins vegar að aðeins verður gripið til slíkra aðgerða í undantekningartilvikum og uppfylla verður ákvæði 3. málsl. 2. mgr. um að ekki sé fyrir hendi jafnárangursríkt úrræði sem er minna íþyngjandi. Eins er vert að nefna að samkeppnisréttur er í eðli sínu neytendaréttur. Ber Samkeppniseftirlitinu því að horfa til almannahagsmuna við ákvarðanatöku og því ljóst að heimildinni verður ekki beitt án þess að fram hafi farið heildarmat á þeim hagsmunum sem um ræðir. Þá ber að hafa í huga að viðkomandi fyrirtæki geta skotið ákvörðun um breytingu á skipulagi til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og eftir atvikum til dómstóla. Í slíkum málum gildir sú undantekningarregla til hagsbóta fyrir viðkomandi fyrirtæki að málskot til dómstóla frestar réttaráhrifum úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála um breytingar á skipulagi þess, sbr. 41. gr. samkeppnislaga. Tryggir þetta réttaröryggi viðkomandi fyrirtækja og möguleika til að láta reyna á lögmæti kröfu samkeppnisyfirvalda um breytingar á skipulagi þeirra.

Með breytingum í c-lið er verið að aðlaga texta 2. mgr. að þeim breytingum sem lagðar eru til á 1. mgr.

Um 3. gr.

Hér á landi verða fjölmargir samrunar ár hvert en aðeins ber að tilkynna samruna til Samkeppniseftirlitsins fari heildarvelta fyrirtækjanna yfir ákveðin mörk. Tilkynningarskyldan miðast við samruna þar sem sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er meiri en 2 milljarðar kr. á Íslandi og að minnsta kosti tvö fyrirtækjanna hafa 200 millj. kr. ársveltu hvert

um sig. Berist Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning ber því að taka afstöðu til samrunans innan skilgreindra og lögbundinna tímafresta. Að öðrum kosti getur ekki orðið af íhlutun vegna hans. Í þessu felst að ákvörðun um að sameina fyrirtæki yfir framangreindum stærðarmörkum er um leið ákvörðun um ráðstöfun á rekstrarsvigrúmi Samkeppniseftirlitsins sem ákveðið er í fjárlögum hvers árs. Vegna hinna lögbundnu fresta ganga þær athuganir fyrir öðrum. Í ljósi þessa er eðlilegt að fyrirtæki sem tilkynnir samruna þurfi að greiða gjald sem gengur þá upp í þann kostnað sem rannsóknin hefur í för með sér.

Vinna við úrvinnslu samrunatilkynninga hjá Samkeppniseftirlitinu er mismikil eftir því um hvers konar samruna er að ræða. Það er því miklum erfiðleikum háð að áætla kostnað við meðferð hvers samruna fyrir sig. Í ljósi þess er lagt til að innheimta sérstakt gjald, samrunagjald, sem greiða skal við hvern samruna óháð stærð þeirra fyrirtækja sem að samrunanum koma eða þeirri vinnu sem Samkeppniseftirlitið lætur í té vegna hans. Ljóst er þó að gjaldið mun ekki standa undir kostnaði við eftirlit Samkeppniseftirlitsins, a.m.k. í þeim tilvikum þegar ítarlegrar rannsóknar er þörf.

Samrunagjald er nýmæli hér á landi en ekkert annarra Norðurlandanna hefur lögfest ákvæði þar um. Hins vegar er samrunagjald þekkt í ýmsum öðrum Evrópulöndum, t.d. í Austurríki, Þýskalandi, Bretlandi og Spáni. Lagt er til að samrunagjaldið nemi 250.000 kr. og skal greiða Samkeppniseftirlitinu gjaldið við afhendingu samrunatilkynningar. Við ákvörðun þessarar upphæðar var t.d. höfð hliðsjón af skráningargjaldi fyrirtækja- og hlutafélagaskrár. Við stofnun einkahlutafélags skal greiða 88.500 kr., við stofnun hlutafélags 171.000 kr., við stofnun sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri 88.500 kr. og við stofnun samvinnufélags 171.000 kr.

Rétt þykir að útskýra nánar þær tegundir gjalda sem helst koma til greina við ákvörðun samrunagjalds. Í fyrsta lagi er um að ræða flatt gjald (flat fees), líkt og lagt er til að lögfest verði í samkeppnislög. Þetta gjald er samræmt og lagt á allar tilkynningar vegna samruna, óháð stærð eða umfangi samrunanna. Kostir þess eru einkum að gjaldið er fyrirsjáanlegt og hlutlaust en megingalli þess er að gjaldið er ekki í neinu samhengi við umfang samruna og vinnuframlag eftirlitsaðila vegna hvers samruna. Í öðru lagi kemur til greina að innheimta gjöld fyrir veitta þjónustu (fee for service). Þá er gjaldið miðað við þann tíma sem samkeppnisyfirvöld þarfnast til að fara yfir viðkomandi samruna. Kosturinn við slík gjöld er að fyrirtækin sem málið varðar greiða vegna þess tíma sem fer í að yfirfara samrunann en ókosturinn er að samrunaeftirlit með fyrirtækjum á starfsvettvangi sem ekki hefur fengið skoðun nýlega getur tekið langan tíma og þýtt mikil útgjöld fyrir viðkomandi fyrirtæki. Jafnframt er ekki hægt að innheimta gjaldið fyrr en eftir að samkeppnisyfirvöld hafa lokið við skoðunina á samrunanum og það gæti leitt til ágreinings um útreikning gjalda. Í þriðja lagi getur verið um að ræða gjöld sem eru tengd umfangi (tiered fees based on complexity). Í slíkum tilvikum tengist útreikningurinn á samrunagjaldi því hversu flókinn samruninn er. Í Austurríki er t.d. innheimt fast gjald vegna samrunatilkynninga en ef samruninn þarf að fá ítarlega skoðun bætist við aukagjald. Gjald af þessum toga getur verið sanngjarnara en flatt gjald ef það eru ekki tengsl á milli stærðar samruna og þess hversu flókinn hann er. Það getur hins vegar komið upp ágreiningur um hvort samruni teljist flókinn eða ekki. Einnig getur skapast hætta á að fyrirtæki hætti einfaldlega við samruna ef samkeppnisyfirvöld komast að því að viðkomandi samruni muni þarfnast frekari skoðunar. Í fjórða lagi getur verið um að ræða gjöld tengd tekjum viðkomandi fyrirtækja (tiered fees based on size of transaction/size of revenues). Samrunagjald er þá byggt á tekjum viðkomandi fyrirtækis í viðkomandi landi. Dæmi um lönd með kerfi sem þetta eru Bandaríkin, Bretland og Spánn. Helsti ókostur þessa

fyrirkomulags er að ekki þarf að vera samhengi á milli þess hversu miklar tekjur fyrirtækið hefur og þess hversu mikla vinnu samkeppnisyfirvöld þurfa að leggja fram til þess að skoða samrunann.

Í frumvarpi þessu er lagt til að valin verði einfaldasta útfærsla gjaldtöku sem völ er á. Að fenginni reynslu af henni kann síðar að koma til athugunar að taka upp annars konar tilhögun, sbr. það sem hér var rakið.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er lagt til að Samkeppniseftirlitið hafi heimild til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla. Samkvæmt meginreglu stjórnsýsluréttar er úrlausn æðra setts stjórnvalds um skýringu á lögum bindandi fyrir lægra sett stjórnvald. Getur hið lægra setta stjórnvald því aðeins hlutast til um að fá úrskurði æðra setts stjórnvalds (t.d. úrskurðarnefndar) hnekkt, að til staðar sé ótvíræð lagaheimild fyrir það að skjóta deiluefninu til dómstóla, enda er almennt ekki talið að lægra sett stjórnvöld hafi lögvarða hagsmuni af því að geta borið mál undir dómstóla. Undantekningu frá meginreglunni er þó að finna í lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, upplýsingalögum, nr. 50/1996, og lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Samkvæmt 41. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, getur aðili máls borið úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála undir dómstóla. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 297/1998, sem þáverandi samkeppnisráð höfðaði gegn Myllunni-Brauði, Mjólkursamsölunni í Reykjavík og áfrýjunarnefnd samkeppnismála, segir: „Getur hið lægra setta stjórnvald því aðeins hlutast til um að fá úrskurðinum hnekkt að fyrir hendi sé ótvíræð lagaheimild fyrir það til að skjóta deiluefninu til dómstóla“. Samkeppnisráð taldist ekki aðili máls í framangreindum skilningi og var 51. gr. þágildandi samkeppnislaga, nr. 8/1993, sem samsvarar núgildandi 41. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, ekki talin fela í sér heimild til handa samkeppnisráði að bera málið undir dómstóla.

Samkeppniseftirlitinu er hins vegar stefnt þegar málsaðilar bera úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála undir dómstóla. Sú niðurstaða var staðfest í dómi Hæstaréttar frá 17. febrúar 1997 í máli nr. 63/1997, Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma gegn samkeppnisráði og áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Samkeppniseftirlitið getur því þurft að verja ákvarðanir áfrýjunarnefndarinnar þó svo að þær fari í bága við afstöðu eftirlitsins.

Sú staðreynd að Samkeppniseftirlitið hefur ekki málskotsrétt til dómstóla takmarkar möguleika eftirlitsins til þess að gæta hagsmuna almennings í samkeppnismálum. Hlutverk eftirlitsins er meðal annars að vernda þá lögvörðu almannahagsmuni sem felast í virkri samkeppni og því óeðlilegt að það geti ekki gætt almannahagsmuna til sóknar fyrir dómstólum. Mikilvægt er að eftirlitið geti, eftir atvikum, varið fyrir dómstólum niðurstöðu ákvarðana sinna sem áfrýjunarnefndin hefur ógilt eða breytt. Slíkt leiðir til jafnræðis aðila máls og einnig er hægt að leiða líkur að því að það leiði til ennþá vandaðri málsmeðferðar hjá áfrýjunarnefndinni. Oft er um að ræða stór og mikilvæg mál sem eru stefnumarkandi á markaði og er fyrst og fremst ætlað að stuðla að aukinni samkeppni neytendum til hagsbóta. Því er ljóst að mikilvægt er að eftirlitið geti borið úrskurði áfrýjunarnefndarinnar undir dómstóla.

Um 5. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta hefur það meginmark efla eftirlit og samkeppni í viðskiptum á milli fyrirtækja sem starfa á markaði. Með því að styrkja lagaheimildir samkeppnisyfirvalda er þess einnig vænst að unnt verði að veita aðhald sem stuðlar að því að hagkerfið jafni sig hraðar af efnahagshruninu 2008 en annars yrði með óbreyttum lögum.

Í frumvarpinu eru lagðar til eftirtaldar breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að með kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skuli fylgja málskotsgjald að fjárhæð 200.000 kr., sem endurgreiðist ef málið vinnst fyrir nefndinni, en gert er ráð fyrir að tekjur af því renni í ríkissjóð. Í öðru lagi er lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði heimilt að grípa til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni. Í þriðja lagi er lagt til að innheimt verði sérstakt gjald, samrunagjald, sem greiða skal við hvern þann samruna sem tilkynntur er Samkeppniseftirlitinu og rennur til ríkissjóðs. Í fjórða lagi er lagt til að Samkeppniseftirlitið fái heimild til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla.

Tilgangur þess að leggja á málskotsgjald þegar kært er til áfrýjunarnefndar samkeppnismála er í fyrsta lagi að þeir einir nýti sér réttinn sem hafa raunverulega hagsmuni af málskotinu. Breytingunni er því ætlað að draga úr fjölda minni háttar mála sem kærð eru til nefndarinnar. Í annan stað er litið til þess að gjaldið mæti einhverjum hluta af kostnaðinum við nefndina sem hefur aukist mikið á undanförnum árum. Frá gildistöku laganna og fram til ársins 2008 voru um 10 mál kærð árlega. Á síðasta ári varð mikil aukning í fjölda kæra og að sama skapi hækkaði áfrýjunarhlutfallið frá því að vera 10% á árunum 2005–2008 í 20% árið 2009 og er útlit fyrir frekari fjölgun mála á þessu ári. Málin sem tekin eru fyrir geta verið flókin og krafist mikillar vinnu og þar eru yfirleitt miklir hagsmunir í húfi. Því verður að teljast líklegt að fjöldi þeirra mála sem vísað verður til áfrýjunarnefndarinnar muni ekki minnka mikið vegna málskotsgjaldsins. Að fenginni reynslu fyrri ára má áætla að tekjur ríkissjóðs af gjaldinu geti numið 2–5 m.kr. á ári.

Til þess að meginmarkmið frumvarpsins nái tilgangi sínum, þ.e. að veita aukið aðhald á samkeppnismörkuðum, þarf stofnunin að byggja upp þekkingu og reynslu af beitingu heimildarinnar og ráðast í rannsóknir á viðkomandi samkeppnismörkuðum. Eðli málsins samkvæmt eru slíkar rannsóknir umfangsmiklar og kostnaður af þeim getur hlaupið á tugum milljóna króna. Því áformar Samkeppniseftirlitið að fjölga stöðugildum um 2–3 auk þess að efla utanaðkomandi sérfræðiþekkingu. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna þessa verði um 30 m.kr. á ári en í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 hefur verið gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárheimildum Samkeppniseftirlitsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að innheimt verði samrunagjald af öllum fyrirtækjum sem taka þátt í samruna við önnur fyrirtæki. Gjaldið verði 250 þús. kr. og greiðist óháð stærð þeirra fyrirtækja sem sameinast eða því hvort stofnunin þurfi að leggja í einhverja rannsóknarvinnu vegna samrunans. Á liðnum árum hefur fjöldi samruna verið nokkrir tugir á ári

en miklar sveiflur hafa verið á fjöldanum á milli ára. Tekjur af þessu gjaldi gætu því numið um 6–10 m.kr. á ári.

Heimild Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurði áfrýjunarnefndar til dómstóla, eins og kveðið er á um í frumvarpinu, mundi hafa mikla þýðingu fyrir möguleika eftirlitsins á að varðveita virka samkeppni á mörkuðum. Hins vegar yrði þessu ákvæði ekki beitt nema í undantekningartilvikum og ár geta liðið án þess að komi til beitingar þess. Því er kostnaður vegna þessa óljós.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má ætla að tekjur ríkissjóðs vegna nýrrar gjaldtöku geti numið 8–15 m.kr. ári. Útgjöld ríkissjóðs vegna fjölgunar starfsmanna til að auka rannsóknir á samkeppnismörkuðum í samræmi við markmið frumvarpsins eru áætluð um 30 m.kr. á ári en gert hefur verið ráð fyrir fjárheimildum vegna þess í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011.

145. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE.

Meginmarkmið tilskipunarinnar er frekari sameining markaða og aukin neytendavernd á sviði neytendalána. Innleiðing tilskipunarinnar hér á landi kallar á breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum, og var umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar því tekin með stjórnskipulegum fyrirvara.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE.

Meginmarkmið tilskipunar 2008/48/EB er sem áður segir frekari sameining markaða og aukin neytendavernd. Meginreglur tilskipunarinnar eiga að gilda í öllum aðildarríkjunum og eiga að auðvelda neytendum að nýta sér þjónustu erlendra banka. Lánveitendur munu geta markaðssett vörur sínar á öllu Evrópska efnahagssvæðinu án þess að þurfa að aðlaga þær mismunandi landslögum og mun samkeppni þannig aukast. Með staðlaðri framsetningu á samanburðarhæfum upplýsingum verður markaðurinn jafnframt gagnsærri fyrir neytendur og fyrirtæki.

Tilskipunin eykur skyldur lánveitanda til muna hvað varðar upplýsingar og ráðgjöf, bæði við og fyrir samningsgerð. Sú skylda er lögð á herðar lánveitanda að meta gjaldþol lántaka fyrir samningsgerð á grundvelli upplýsinga frá honum og, ef við á, upplýsinga úr tiltækum gagnagrunnum. Gert er ráð fyrir að lánveitendur sýni ábyrgð við lánveitingar og að þeir uppfylli ekki aðeins upplýsingaskyldu sína fyrir samningsgerð heldur veiti neytendum einnig nánari útskýringar til að gera þeim kleift að taka upplýsta ákvörðun um lántöku.

Það athugast að þrátt fyrir að um sé að ræða gerð sem kveður á um fulla samræmingu (*full harmonisation*) hafa ríki ákveðinn sveigjanleika gagnvart tilteknum ákvæðum tilskipunarinnar.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Innleiðing tilskipunar 2008/48/EB kallar á endurskoðun á núgildandi regluverki um neytendalán. Gera má ráð fyrir að efnahags- og viðskiptaráðherra leggi fram frumvarp til nýrra laga um neytendalán á vorþingi.

Til að mæta þeim skilyrðum sem fram koma í tilskipun 2008/48/EB munu í frumvarpi til nýrra laga um neytendalán koma fram auknar kröfur til vandaðra vinnubragða lánastofnana, þar á meðal aukin krafa um upplýsingagjöf auk skyldu til að meta gjaldþol lántaka fyrir samningsgerð. Í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar verður sett þak á uppgreiðslukostnað lána og neytendur munu hafa 14 daga frest til að falla frá samningi. Réttarstaða neytenda við gerð lánasamnings mun með þessum fyrirhuguðu breytingum batna til muna frá því sem nú er. Ekki er fyrirséð að stjórnsýslulegar afleiðingar verði miklar. Sem fyrr er gert ráð fyrir að Neytendastofa muni hafa eftirlit með því að lögum um neytendalán sé fylgt og ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á þeim úrræðum sem hún hefur til að sinna því verkefni.

Hvað varðar efnahagslegar afleiðingar þá er eitt af höfuðmarkmiðum tilskipunarinnar frekari sameining markaða. Í því felast meðal annars auknir möguleikar lánveitanda að bjóða þjónustu sína yfir landamæri aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og að sama skapi möguleikar neytenda til að sækja slíka þjónustu yfir landamæri. Hinar nýju reglur munu stuðla að aukinni samkeppni um veitingu lána hér á landi sem ætti að skila sér í lægri vöxtum til neytenda.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 16/2009

frá 5. febrúar 2009

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008 frá 7. nóvember 2008 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE ([2]).

3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/48/EB fellur úr gildi 12. maí 2010 tilskipun ráðsins 87/102/EBE ([3]), en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að sú breyting komi til framkvæmda 12. maí 2010.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XIX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB):

([1]) Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 103, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 11.
([2]) Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66.
([3]) Stjtíð. EB L 42, 12.2.1987, bls. 48.

„7h. **32008 L 0048:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66).“

2. Texti 4. liðar (tilskipun ráðsins 87/102/EBE) falli brott og kemur sú breyting til framkvæmda 12. maí 2010.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/48/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/48/EB

frá 23. apríl 2008

um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán ([3]) er mælt fyrir um reglur á vettvangi Bandalagsins er varða lánssamninga fyrir neytendur.

2) Árið 1995 lagði framkvæmdastjórnin fram skýrslu um framkvæmd tilskipunar 87/102/EBE og hafði víðtækt samráð við hagsmunaaðila. Árið 1997 lagði framkvæmdastjórnin fram yfirlitsskýrslu um viðbrögð við skýrslunni frá 1995. Önnur skýrsla var gerð árið 1996 um framkvæmd tilskipunar 87/102/EBE.

3) Skýrslur þessar og samráð leiddu í ljós verulegan mun á lögum hinna ýmsu aðildarríkja að því er varðar lán til einstaklinga almennt og þó einkum neytendalán. Athugun á innlendum lögum, sem beitt er við lögleiðingu tilskipunar 87/102/EBE, leiðir í ljós að aðildarríkin beita, auk tilskipunar 87/102/EBE, margs konar aðferðum við neytendavernd, vegna mismunandi lagalegrar eða efnahagslegrar stöðu á milli landa.

4) Aðstæður, að lögum og í reynd, sem stafa af þessum mun á milli landa, leiða í sumum tilvikum til samkeppnisröskunar meðal lánveitenda í Bandalaginu og skapa hindranir á innri markaðnum þar sem aðildarríkin hafa samþykkt önnur skyldubundin ákvæði sem eru strangari en þau sem kveðið er á um í tilskipun 87/102/EBE. Það takmarkar þá möguleika neytenda að nýta sér beint síaukið framboð á lánum yfir landamæri. Þessi röskun og takmarkanir geta svo aftur haft áhrif á eftirspurn eftir vörum og þjónustu.

5) Á undanförnum árum hefur orðið veruleg þróun að því er varðar þær tegundir lána sem neytendum standa til boða og sem þeir nýta sér. Nýir lánagerningar hafa komið fram og notkun þeirra er í stöðugri þróun. Því er nauðsynlegt að breyta gildandi ákvæðum og víkka út gildissvið þeirra þegar við á.

6) Í samræmi við sáttmálann myndar innri markaðurinn svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og staðfesturéttur eru tryggð. Þróun gagnsærri og skilvirkari lánamarkaðar á svæði án innri landamæra er mjög mikilvæg til að unnt sé að auka og efla starfsemi yfir landamæri.

7) Nauðsynlegt er, til að auðvelda tilkomu vel starfandi innri markaðar fyrir neytendalán, að setja ákvæði um samræmdan Bandalagsramma á ýmsum mikilvægum sviðum. Í ljósi stöðugrar þróunar markaðar fyrir neytendalán og aukins hreyfanleika evrópskra ríkisborgara, getur framsýn Bandalagslöggjöf, sem unnt er að laga að framtíðarskipulagi lána og sem gerir aðildarríkjum kleift að hafa hæfilegan sveigjanleika í framkvæmd sinni, stuðlað að því að tekið verði upp nútímalegt kerfi laga um neytendalán.

([1]) Stjtíð. ESB C 234, 30.9.2003, bls. 1.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 20. apríl 2004 (Stjtíð. ESB C 104 E, 30.4.2004, bls. 233), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. september 2007 (Stjtíð. ESB C 270 E, 13.11.2007, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 16. janúar 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 7. apríl 2008.

([3]) (Stjtíð. EB L 42, 12.2.1987, bls. 48. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/7/EB (Stjtíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 17).

8) Mikilvægt er að markaðurinn bjóði neytendavernd í nægilega miklum mæli til að tryggja tiltrú neytenda. Því ætti að vera mögulegt að halda úti frjálsum lánatilboðum við bestu skilyrði, bæði fyrir þá sem bjóða lán og þá sem óska eftir þeim, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna í hverju aðildarríki um sig.

9) Nauðsynlegt er að halda fullu samræmi til að tryggja að allir neytendur í Bandalaginu njóti mikillar og sambærilegrar verndar hagsmuna sinna og til að koma á fót heilum og óskiptum innri markaði. Aðildarríkin skulu því ekki hafa heimild til að viðhalda eða innleiða innlend ákvæði, önnur en þau sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Slíkar takmarkanir skulu þó aðeins gilda þegar ákvæði þessarar tilskipunar eru samræmd. Séu engin slík samræmd ákvæði til skal aðildarríkjunum vera frjálst að viðhalda innlendri löggjöf eða innleiða nýja. Þannig geta aðildarríki t.d. viðhaldið eða innleitt innlend ákvæði um að seljandi eða þjónustuveitandi og lánveitandi beri óskipta bótaábyrgð. Annað dæmi um slíka möguleika aðildarríkja gæti verið viðhald eða innleiðing innlendra ákvæða um uppsögn samnings um sölu á vöru eða þjónustu ef neytandinn nýtir rétt sinn til að falla frá lánssamningnum. Í þessu sambandi skulu aðildarríki hafa heimild til þess, þegar um er að ræða opna lánssamninga, að ákveða lágmarkstímabil sem stendur yfir frá þeim tíma þegar lánveitandi óskar eftir endurgreiðslu og til þess dags þegar endurgreiða á lánið.

10) Samræmingarsvið er ákvarðað með skilgreiningunum í þessari tilskipun. Sú skylda aðildarríkja að innleiða ákvæði þessarar tilskipunar skal því takmarkast við gildissvið hennar eins og ákvarðað er með þeim skilgreiningum. Þessi tilskipun skal þó ekki hafa áhrif á beitingu aðildarríkja, í samræmi við lög Bandalagsins, á ákvæðum þessarar tilskipunar á sviðum sem falla ekki undir gildissvið hennar. Aðildarríki getur því viðhaldið eða innleitt innlend lög sem samsvara ákvæðum þessarar tilskipunar eða hluta af ákvæðum hennar um lánssamninga utan gildissviðs þessarar tilskipunar, t.d. um lánssamninga sem varða lægri fjárhæðir en 200 evrur eða hærri en 75 000 evrur. Aðildarríkin geta enn fremur beitt ákvæðum þessarar tilskipunar gagnvart tengdum lánum sem falla ekki undir skilgreiningu þessarar tilskipunar á tengdum lánssamningum. Beita má ákvæðum um tengda lánssamninga gagnvart lánssamningum sem er aðeins að hluta til ætlað að fjármagna samning um vöru- eða þjónustuveitingu.

11) Þegar um er að ræða sérstaka lánssamninga, sem aðeins sum af ákvæðum þessarar tilskipunar gilda um, skulu aðildarríkin ekki hafa heimild til að setja innlend lög til framkvæmdar öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar. Aðildarríkjunum skal þó vera frjálst að setja reglur í landslögum sínum um slíkar tegundir lánssamninga að því er varðar aðra þætti sem ekki samrýmast þessari tilskipun.

12) Samningar um veitingu stöðugrar þjónustu eða afhendingu á sams konar vörum, þar sem neytandinn greiðir afborganir af vörunni eða þjónustunni svo lengi sem hún berst, geta verið verulega frábrugðnir lánssamningum sem falla undir þessa tilskipun að því er varðar hagsmuni samningsaðilanna og að því er varðar tilhögun og framkvæmd viðskiptanna. Þess vegna skal tekið fram að í þessari tilskipun teljast slíkir samningar ekki vera lánssamningar. Slíkir samningar geta t.d. verið vátryggingasamningar þar sem tryggingin er greidd með mánaðarlegum afborgunum.

13) Þessi tilskipun gildir ekki um tilteknar tegundir lánssamninga, s.s. debetkort með greiðslufresti, með þeim skilmálum að endurgreiða þurfi lánið innan þriggja mánaða og kostnaður, sem greiða þarf, sé óverulegur.

14) Lánssamningar, sem ná til lána sem eru tryggð með fasteignum, skulu undanþegnir gildissviði þessarar tilskipunar. Sú tegund láns er alveg sérstaks eðlis. Lánssamningar, sem eru gerðir í þeim tilgangi að fjármagna kaup eða viðhalda eignarrétti á landi eða byggingu sem hefur verið reist eða áformað er að reisa, skulu einnig vera undanþegnir gildissviði þessarar tilskipunar. Ekki skal þó útiloka lánssamninga frá gildissviði þessarar tilskipunar einungis af þeirri ástæðu að tilgangurinn með þeim sé að endurnýja eða auka verðmæti byggingar sem hefur verið reist.

15) Ákvæði þessarar tilskipunar gilda, óháð því hvort lánveitandi er lögaðili eða einstaklingur. Þessi tilskipun hefur þó ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að takmarka, í samræmi við lög Bandalagsins, veitingu neytendalána við lögaðila eingöngu eða við tiltekna lögaðila.

16) Tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda um einstaklinga og lögaðila (lánamiðlara) sem, í viðskiptum sínum, atvinnustarfsemi eða sér-

grein, og gegn gjaldi, kynna eða bjóða neytendum lánssamninga, aðstoða neytendur með því að taka að sér undirbúningsvinnu fyrir lánssamninga eða gera lánssamninga við neytendur fyrir hönd lánveitanda. Stofnanir, sem heimila að auðkenni þeirra sé notað við markaðssetningu útlánamiðla, (credit product) t.d. greiðslukorta, og sem mæla e.t.v. einnig með þeim útlánamiðlum við aðila að stofnuninni, skulu ekki teljast lánamiðlarar að því er þessa tilskipun varðar.

17) Í þessari tilskipun eru aðeins settar reglur um skuldbindingar lánamiðlara gagnvart neytendum. Aðildarríkjunum skal því vera frjálst að viðhalda eða taka upp viðbótarskuldbindingar fyrir lánamiðlara, þ.m.t. skilyrði fyrir því að lánamiðlari geti tekið við gjaldi frá neytanda sem hefur óskað eftir þjónustu hans.

18) Neytendur skulu verndaðir gagnvart óréttmætum eða villandi starfsháttum, einkum að því er varðar upplýsingar frá lánveitanda, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum (tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti) ([1]). Í þessari tilskipun skulu þó vera sérstök ákvæði um auglýsingar sem varða lánssamninga svo og tilteknar, staðlaðar upplýsingar sem veita skal neytendum, einkum til að gera þeim kleift að bera saman mismunandi tilboð. Slíkar upplýsingar skal veita á skýran, hnitmiðaðan og áberandi hátt með lýsandi dæmum. Sé ekki mögulegt að tilgreina heildarfjárhæð láns sem heildarsamtölu þeirra fjárhæða sem kostur er gefinn á skal setja þak, einkum þegar sá möguleiki felst í lánssamningi að neytandinn geti nýtt lánið að vild, með takmörkunum að því er varðar fjárhæð. Þakið skal gefa til kynna efri mörk þess láns sem neytandi getur fengið. Þegar um er að ræða auglýsingar, þar sem ekki koma fram upplýsingar um lánskostnaðinn, skal aðildarríkjunum auk þess vera frjálst að setja reglur í landslögum sínum varðandi kröfur um slíkar upplýsingar.

19) Til að neytendur geti tekið ákvarðanir á grundvelli þekkingar á staðreyndum skulu þeir, áður en þeir gera lánssamning, fá fullnægjandi upplýsingar, sem þeir geta tekið með sér og athugað, um skilyrði fyrir láninu og lánskostnað og um skuldbindingar sínar. Til að tryggja mesta mögulega gagnsæi og samræmi tilboða skulu slíkar upplýsingar einkum fela í sér árlega hlutfallstölu kostnaðar af láninu, sem er ákvörðuð á sama hátt alls staðar í Bandalaginu. Þar eð einungis er hægt að tilgreina árlega hlutfallstölu kostnaðar með dæmi á þessu stigi skal slíkt dæmi vera lýsandi. Þess vegna er t.d. rétt að það samsvari meðalgildistíma og heildarfjárhæð láns sem er veitt vegna þeirrar tegundar lánssamnings sem gert er ráð fyrir og þeirrar vöru sem keypt er, ef við á. Þegar lýsandi dæmi er ákvarðað skal einnig taka tillit til tíðni ákveðinna tegunda lánssamninga á tilteknum markaði. Að því er varðar útlánsvexti, tíðni afborgana og færslu vaxta til eignar á efnahagsreikningi, skulu lánveitendur nota hefðbundna reikningsaðferð sína varðandi viðkomandi neytendalán.

20) Heildarlántökukostnaður neytanda skal fela í sér allan kostnað, þ.m.t. vexti, umboðslaun, skatta, þóknanir til lánamiðlara og öll önnur gjöld sem neytandinn þarf að greiða í tengslum við lánssamning, að frátöldum lögbókunarkostnaði. Meta skal raunverulega vitneskju lánveitenda um kostnað á hlutlægan hátt að teknu tilliti til krafna um faglega kostgæfni.

21) Lánssamningar þar sem útlánsvextir eru endurskoðaðir með ákveðnu millibili í samræmi við breytingar á viðmiðunarvöxtum, sem um getur í lánssamningnum, skulu ekki teljast lánssamningar með föstum útlánsvöxtum.

22) Aðildarríkjunum skal vera frjálst að viðhalda eða innleiða innlend ákvæði sem banna lánveitanda að krefjast þess að neytandinn opni bankareikning í tengslum við lánssamning eða geri samning vegna annarrar viðbótarþjónustu, eða greiði kostnað eða þóknun fyrir slíka bankareikninga eða aðra viðbótarþjónustu. Í þeim aðildarríkjum þar sem slík tengd tilboð eru leyfð skulu neytendur fá upplýsingar, áður en lánssamningurinn er gerður, um alla viðbótarþjónustu sem er gerð að skyldu til að lánið fáist yfirleitt, eða með þeim skilmálum og skilyrðum sem fylgja. Kostnaðurinn við þessa viðbótarþjónustu skal vera innifalinn í heildarlántökukostnaði; að öðrum kosti skulu neytendur, ef ekki er hægt að ákvarða fjárhæð kostnaðar fyrir fram, fá fullnægjandi upplýsingar um það, áður en samningur er gerður, að gera verði

([1]) Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22.

ráð fyrir slíkum kostnaði. Gera skal ráð fyrir því að lánveitandi hafi vitneskju um kostnaðinn við þá viðbótarþjónustu sem hann býður neytandanum sjálfur, eða fyrir hönd þriðja aðila, nema verðið sé háð sérstökum aðstæðum eða stöðu neytandans.

23) Þegar um er að ræða sérstakar tegundir lánssamninga er þó rétt að takmarka kröfur í þessari tilskipun um upplýsingar sem skal veita áður en samningur er gerður, til að tryggja fullnægjandi neytendavernd, án þess að leggja of þunga byrði á lánveitendur eða, þegar um slíkt er að ræða, lánamiðlara, að teknu tilliti til eiginleika slíkra samningstegunda.

24) Veita þarf neytanda ítarlegar upplýsingar áður en hann gerir lánssamninginn, án tillits til þess hvort lánamiðlari hefur átt hlut að því að markaðssetja lánið eða ekki. Krafan um upplýsingar áður en samningur er gerður skal því að jafnaði einnig gilda um lánamiðlara. Ef veitendur vöru og þjónustu stunda lánamiðlun sem aukastarfsemi er þó ekki rétt að íþyngja þeim með lagalegri skuldbindingu um að veita upplýsingar áður en gengið er til samninga í samræmi við þessa tilskipun. Veitendur vöru og þjónustu geta t.d. talist stunda lánamiðlun sem aukastarfsemi ef starfsemi þeirra sem lánamiðlara er ekki meginástæðan fyrir viðskiptum þeirra, atvinnustarfsemi eða sérgrein. Í þeim tilvikum geta neytendur þó fengið næga vernd þar eð lánveitandi ber ábyrgð á því að tryggja að neytandinn fái allar upplýsingar áður en gengið er til samninga, annaðhvort frá lánamiðlaranum, ef lánveitandi og lánamiðlari koma sér saman um það, eða á annan viðeigandi hátt.

25) Aðildarríkin geta sett reglur um það að hve miklu leyti upplýsingarnar, sem veita skal neytanda áður en lánssamningur er gerður, séu bindandi og í hve langan tíma lánveitandi sé bundinn af þeim.

26) Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að ábyrgum starfsháttum á öllum stigum lánatengsla að teknu tilliti til sérstakra þátta sem einkenna lánamarkað þeirra. Þessar ráðstafanir geta t.d. falið í sér upplýsingagjöf og fræðslu til neytenda, þ.m.t. viðvaranir um þá áhættu sem fylgir vanskilum og skuldasöfnun. Einkum er það mikilvægt á stækkandi lánamarkaði að lánveitendur stundi ekki óábyrga lánastarfsemi eða veiti lán án þess að hafa áður fengið mat á lánshæfi og aðildarríkin skulu hafa nauðsynlegt eftirlit til að komast hjá slíkri hegðun og skulu ákvarða nauðsynleg úrræði til að beita þá lánveitendur viðurlögum sem það gera. Með fyrirvara um ákvæði um lánsáhættu í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ([1]) skulu lánveitendur bera ábyrgð á því að lánshæfi neytandans sé athugað í hverju tilviki fyrir sig. Í því skyni skal þeim ekki aðeins vera heimilt að nota upplýsingar sem neytandinn veitir meðan á undirbúningi viðkomandi lánssamnings stendur, heldur einnig á meðan langvarandi viðskiptasamband varir. Yfirvöld í aðildarríkjunum geta einnig gefið lánveitendum viðeigandi fyrirmæli og leiðbeiningar. Neytendur skulu einnig sýna varkárni og standa við samningsskyldur sínar.

27) Þrátt fyrir upplýsingarnar, sem veita skal áður en samningur er gerður, getur neytandinn þó þarfnast frekari aðstoðar til að ákveða hver þeirra útlánamiðla sem standa til boða hentar best þörfum hans og fjárhagsaðstæðum. Aðildarríkin skulu því sjá til þess að lánveitendur veiti slíka aðstoð í tengslum við þá útlánamiðla sem þeir bjóða neytandanum. Þegar við á skulu upplýsingarnar, sem veita skal áður en gengið er til samninga, útskýrðar fyrir neytandanum með tilliti til persónulegra aðstæðna hans og einnig helstu eiginleikar þeirra útlánamiðla sem í boði eru svo að neytandinn geti áttað sig á því hvaða áhrif samningurinn kann að hafa á efnahagsstöðu hans. Þegar við á skal sú skylda að aðstoða neytandann einnig gilda um lánamiðlara. Aðildarríki geta ákveðið hvenær og í hve miklum mæli neytandi fær slíkar skýringar, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna þegar lánið er boðið fram, þarfa neytandans fyrir aðstoð og þess hvers eðlis einstakir útlánamiðlar eru.

28) Til að meta lánsstöðu neytanda skal lánveitandi einnig leita upplýsinga í viðeigandi gagnasöfnum; lagalegar aðstæður og raunverulegar aðstæður geta valdið því að krafan um slíka upplýsingaöflun verður mismikil. Til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni meðal lánveitenda skal tryggja að lánveitendur hafi aðgang að gagnasöfnum einkaaðila eða opinberra aðila varðandi neytendur í aðildarríki þar sem þeir hafa ekki staðfestu, með skilyrðum án mismununar borið saman við lánveitendur í því aðildarríki.

([1]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2008/24/EB (Stjtíð. ESB L 81, 20.3.2008, bls. 38).

29) Ef ákvörðun um að hafna lánsumsókn er byggð á upplýsingum úr gagnasafni skal lánveitandi láta neytandann vita af því og veita nánari upplýsingar um viðkomandi gagnasafn. Lánveitandanum ber þó ekki skylda til að veita slíkar upplýsingar ef það er bannað samkvæmt öðrum lögum Bandalagsins, t.d. lögum um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Slíkar upplýsingar skulu heldur ekki veittar ef það fer í bága við markmið allsherjarreglu eða almannaöryggis, eins og það að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða ákæra fyrir lögbrot.

30) Í þessari tilskipun eru ekki settar reglur um þau atriði samningslaga er varða gildi lánssamninga. Aðildarríkin geta því, á þessu sviði, viðhaldið eða innleitt innlend ákvæði sem eru í samræmi við lög Bandalagsins. Aðildarríki geta sett lagaramma um tilboð um gerð lánssamnings, einkum það hvenær samningur verður gerður og tímabilið sem á að vera bindandi fyrir lánveitanda. Ef slíkt tilboð er gert um leið og gefnar eru upplýsingar sem, samkvæmt þessari tilskipun, skal veita áður en gengið er til samninga, skulu þær, eins og allar viðbótarupplýsingar sem lánveitandi kann að vilja gefa neytanda, veittar í sérstöku skjali sem getur verið viðauki við staðlaðar upplýsingar um lán til evrópskra neytenda.

31) Til að neytandi geti þekkt réttindi sín og skyldur samkvæmt lánssamningnum skulu allar nauðsynlegar upplýsingar koma þar fram á skýran og hnitmiðaðan hátt.

32) Til að tryggja fullt gagnsæi skal veita neytandanum upplýsingar um útlánsvexti, bæði áður en gengið er til samninga og þegar lánssamninguriinn er gerður. Á þeim tíma sem samningsbundin tengsl standa yfir skal enn fremur upplýsa neytandann um breytingar sem verða á breytilegum útlánsvöxtum og breytingar á greiðslum af þeim sökum. Þetta er með fyrirvara um ákvæði í landslögum, sem tengjast ekki neytendaupplýsingum, þar sem mælt er fyrir um skilyrði fyrir eða afleiðingar af breytingum, öðrum en þeim sem varða greiðslur, á útlánsvöxtum og öðrum fjárhaglegum skilyrðum sem varða lánið, t.d. reglum þar sem kveðið er á um að lánveitandi hafi því aðeins heimild til að breyta útlánsvöxtum að gild ástæða sé fyrir slíkri breytingu eða að neytandinn geti sagt upp samningnum ef breyting verður á útlánsvöxtum eða öðrum efnahagslegum aðstæðum varðandi lánið.

33) Samningsaðilarnir skulu eiga rétt á því að segja upp opnum lánssamningi á venjulegan hátt. Auk þess á lánveitandi rétt á því, ef samþykki er fyrir því í lánssamningnum, að afnema, af ástæðum sem eru rökstuddar á hlutlægan hátt, rétt neytandans til að nýta lánsmöguleika opins lánssamnings. Slíkar ástæður geta t.d. verið grunur um óheimila eða sviksamlega notkun á láninu eða verulega aukna hættu á því að neytandinn verði ófær um að standa við þá skuldbindingu sína að endurgreiða lánið. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á landslög á sviði samningalaga þar sem settar eru reglur um rétt samningsaðila til að segja upp lánssamningi vegna samningsbrots.

34) Til að samræma aðferðir við nýtingu réttar til að falla frá samningi á svipuðum sviðum er nauðsynlegt að setja ákvæði um réttinn til að falla frá samningi án þess að það leiði til refsingar og án allra skuldbindinga um rökstuðning, við aðstæður svipaðar þeim sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur ([1]).

35) Þegar neytandi fellur frá lánssamningi sem tengist vörum sem hann hefur fengið, einkum þegar um er að ræða kaup með afborgunum eða leigu- eða kaupleigusamning þar sem kveðið er á um kaupskyldu, skal þessi tilskipun vera með fyrirvara um reglusetningu aðildarríkja um atriði sem varða skil á vörunni eða tengjast þeim.

36) Í sumum tilvikum er nú þegar kveðið á um það í landslögum að neytandinn geti ekki fengið aðgang að fénu fyrr en eftir ákveðinn tíma. Í þeim tilvikum kann neytandinn að vilja tryggja að hann fái vöru eða þjónustu, sem hann kaupir, afhenta snemma. Sé um að ræða tengda lánssamninga geta aðildarríkin því, í undantekningartilvikum, kveðið á um að ef neytandinn óskar eindregið eftir því að fá snemmbúna afhendingu, megi stytta frest til að nýta réttinn til að falla frá samningi þannig að hann verði sá sami og fresturinn til að fá aðgang að fénu.

37) Þegar um er að ræða tengda lánssamninga eru kaupin á vörum eða þjónustu og lánssamning-

---

([1]) Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/64/EB (Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).

ur, sem er gerður vegna þessara kaupa, gagnkvæmt háð hvort öðru. Þess vegna skal neytandi, sem nýtir rétt sinn til að falla frá kaupsamningi, sem byggður er á lögum Bandalagsins, ekki lengur vera bundinn af tengda lánssamningnum. Þetta hefur ekki áhrif á landslög um tengda lánssamninga í tilvikum þar sem kaupsamningur hefur verið ógiltur eða neytandinn hefur nýtt rétt sinn til að falla frá honum á grundvelli landslaga. Þetta skal heldur ekki hafa áhrif á rétt neytenda, sem veittur er samkvæmt innlendum ákvæðum, þar sem kveðið er á um að ekki megi stofna til neinna skuldbindinga milli neytandans og veitanda vöru eða þjónustu, og ekki heldur eiga sér stað greiðslur á milli þessara aðila, á meðan neytandinn hefur ekki undirritað lánssamninginn til að fjármagna kaup á vöru eða þjónustu.

38) Við sérstakar aðstæður skal neytandanum vera heimilt að beita úrræðum gagnvart lánveitandanum þegar upp koma vandamál sem tengjast kaupsamningi. Aðildarríkin skulu þó ákveða í hve miklum mæli og við hvaða aðstæður þess er krafist að neytandinn beiti fyrst úrræðum sínum gagnvart birgi, einkum með því að höfða mál gegn honum, áður en hann beitir þeim gagnvart lánveitanda. Þessi tilskipun skal ekki svipta neytendur þeim rétti sem þeir hafa samkvæmt innlendum ákvæðum um óskipta bótaábyrgð seljanda eða þjónustuveitanda og lánveitanda.

39) Neytandinn skal eiga rétt á því að aflétta skuldbindingum sínum fyrir þau tímamörk sem eru ákveðin í lánssamningnum. Lánveitandi skal, hvort sem um er að ræða endurgreiðslu fyrir gjalddaga, að hluta til eða að fullu, eiga rétt á bótum vegna kostnaðar sem tengist beint endurgreiðslu fyrir gjalddaga og einnig skal taka tillit til hvers konar sparnaðar fyrir lánveitandann vegna þess. Til að ákvarða aðferðina við útreikning á bótunum er samt mikilvægt að virða nokkrar meginreglur. Útreikningurinn á bótum til lánveitandans skal vera gagnsær og auðskiljanlegur neytendum strax fyrir gerð lánssamnings og undir öllum kringumstæðum við framkvæmd hans. Auk þess skal vera auðvelt fyrir lánveitendur að beita reikningsaðferðinni og greiða skal fyrir eftirliti þar til bærra yfirvalda með bótunum. Þess vegna og í ljósi þess að neytendalán eru, vegna gildistíma og umfangs, ekki fjármögnuð með fjármögnunaraðferðum til langs tíma skal fastsetja þak fyrir bætur í formi fastrar fjárhæðar. Þessi aðferð endurspeglar hina sérstöku eiginleika neytendalána og skal ekki hafa áhrif á aðrar aðferðir sem kunna að vera notaðar fyrir aðra útlánamiðla sem eru fjármagnaðir með fjármögnunaraðferðum til langs tíma, s.s. veðlán með föstum vöxtum.

40) Aðildarríkin skulu hafa rétt til að ákveða að lánveitandi geti aðeins krafist bóta vegna greiðslu fyrir gjalddaga með því skilyrði að fjárhæðin, sem skal greiða á 12 mánaða tímabili, sé yfir mörkum sem aðildarríkin hafa skilgreint. Þegar þessi mörk, sem eiga ekki að fara yfir 10 000 evrur, eru ákvörðuð skulu aðildarríkin t.d. taka tillit til meðaltalsfjárhæðar neytendalána á markaði þeirra.

41) Framsal á rétti lánveitanda samkvæmt lánssamningi skal ekki hafa þau áhrif að staða neytandans verði lakari. Neytandinn skal einnig vera nægilega vel upplýstur þegar lánssamningurinn er framseldur til þriðja aðila. Ef upphaflegi lánveitandinn stendur áfram fyrir láninu gagnvart neytandanum, með samþykki framsalshafa, hefur neytandinn þó engan verulegan hag af því að vera upplýstur um framsalið. Þess vegna er ónauðsynlegt að setja fram kröfu á vettvangi Evrópusambandsins um að neytandinn fái upplýsingar í slíkum tilvikum.

42) Aðildarríkjunum skal vera frjálst að viðhalda eða innleiða innlendar reglur þar sem kveðið er á um sameiginlegar boðskiptaleiðir þegar það er nauðsynlegt til að flókin viðskipti getið gengið greiðlega, s.s. verðbréfun eða skiptameðferð eigna sem fer fram í tengslum við skilyrta og stýrða slitameðferð banka.

43) Nauðsynlegt er, til að stuðla að stofnun og starfsemi innri markaðarins og til að tryggja neytendum í öllu Bandalaginu mikla vernd, að tryggja samanburðarhæfi upplýsinga varðandi árlega hlutfallstölu kostnaðar alls staðar í Bandalaginu. Þrátt fyrir samræmda stærðfræðiformúlu fyrir útreikning er árleg hlutfallstala kostnaðar, sem kveðið er á um í tilskipun 87/102/EBE, ekki enn fyllilega sambærileg í öllu Bandalaginu. Tekið er tillit til mismunandi kostnaðarþátta við útreikning í hverju aðildarríki um sig. Í þessari tilskipun skal því vera skýr og ítarleg skilgreining á heildarlántökukostnaði neytanda.

44) Til að tryggja gagnsæi og stöðugleika markaðarins, og þar til frekari samræming verður gerð, skulu aðildarríkin tryggja að viðeigandi ráðstafanir varðandi reglusetningu um eða eftirlit með lánveitendum séu gerðar.

45) Í þessari tilskipun er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Í þessari tilskipun er einkum leitast við að tryggja að tekið sé fullt tillit til reglna um vernd persónuupplýsinga, eignaréttar, banns við mismunun, verndar fjölskyldulífs og atvinnulífs, og neytendaverndar samkvæmt sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

46) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að setja sameiginlegar reglur um ákveðna þætti laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna varðandi neytendalán, og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra í þessari tilskipun en nauðsyn krefur til að ná þessu markmiði.

47) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og tryggja framkvæmd þeirra. Þar eð aðildarríkin ákveða hvaða viðurlögum verður beitt skulu þau viðurlög, sem kveðið er á um, vera árangursrík, í samræmi við brotið og letjandi.

48) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

49) Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja viðbótarforsendur fyrir útreikningi á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Þar eð þessar ráðstafanir eru almennar og ætlaðar til að breyta atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari tilskipun, skulu þær samþykktar í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni með athugun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

50) Í samræmi við 34. gr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([2]) eru aðildarríkin hvött til að taka saman, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafana til að lögleiða hana og að birta þær.

51) Í samræmi við það, að teknu tilliti til fjölda þeirra breytinga sem gera þarf á tilskipun 87/102/EBE vegna þróunar á sviði neytendalána og í þágu skýrleika löggjafar Bandalagsins, skal fella þá tilskipun úr gildi og þessi tilskipun koma í hennar stað.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

VIÐFANGSEFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Viðfangsefni

Markmiðið með þessari tilskipun er að samræma tiltekna þætti laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna, sem varða neytendalán.

2. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um lánssamninga.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) lánssamninga sem eru tryggðir, annaðhvort með veðláni eða annarri sambærilegri tryggingu sem er venjulega notuð í aðildarríki í tengslum við fasteignir, eða tryggðir með réttindum sem tengjast fasteignum,

b) lánssamninga sem eru gerðir í þeim tilgangi að eignast eða viðhalda eignarrétti á landi eða á byggingu sem reist hefur verið eða áformað er að reisa,

c) lánssamninga sem varða lægri heildarfjárhæð láns en 200 evrur eða hærri en 75 000 evrur,

d) leigu- eða kaupleigusamninga þar sem ekki er gert að skyldu að kaupa þann hlut sem samið er um, hvorki í samningnum sjálfum né í sérstökum samningi; slík skylda skal teljast vera í gildi ef lánveitandi ákveður það einhliða,

e) lánssamninga í formi yfirdráttarheimildar þar sem endurgreiða þarf lánið innan eins mánaðar,

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/ 512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

([2]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

f) lánssamninga þar sem lánið er veitt án þess að greiddir séu vextir né nokkur annar kostnaður og lánssamninga sem eru með þeim skilmálum að endurgreiða eigi lánið innan þriggja mánaða og einungis þurfi að greiða óverulegan kostnað,

g) lánssamninga þar sem vinnuveitandi veitir starfsmönnum sínum lánið sem lið í aukastarfsemi, vaxtalaust eða með árlegri hlutfallstölu kostnaðar sem er lægri en markaðsvextir og sem er ekki að jafnaði í boði fyrir almenning,

h) lánssamninga sem eru gerðir við fjárfestingarfyrirtæki eins og skilgreint er í 1. mgr. 4. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ([1]) eða við lánastofnanir eins og skilgreint er í 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB með það fyrir augum að fjárfestir eigi möguleika á því að eiga viðskipti varðandi einn eða fleiri fjármálagerninga, sem eru skráðir í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB, þegar fjárfestingarfyrirtækið, eða lánastofnunin sem veitir lánið, á hlut að þeim viðskiptum,

i) lánssamninga sem eru gerðir samkvæmt dómsniðurstöðu eða niðurstöðu annars lögboðins yfirvalds,

j) lánssamninga sem tengjast frestun greiðslu á fyrirliggjandi skuld, án kostnaðar,

k) lánssamninga þar sem neytandinn er beðinn, við gerð samnings, að afhenda lánveitandanum til vörslu eign sem tryggingu og þar sem ábyrgð neytandans takmarkast algerlega við þá veðsetningu,

l) lánssamninga sem tengjast lánum sem eru veitt takmörkuðum fjölda aðila samkvæmt lagaákvæðum með almenna hagsmuni í huga og með lægri vöxtum en markaðsvöxtum eða án vaxta eða með öðrum skilmálum sem eru hagstæðari fyrir neytandann en gildandi markaðsskilmálar og með vöxtum sem eru ekki hærri en markaðsvextir.

3. Þegar um er að ræða lánssamninga í formi yfirdráttarheimildar og greiða þarf lánið samkvæmt kröfu eða innan þriggja mánaða, gilda aðeins 1.–3. gr., 4. gr. (1. mgr.), 4. gr. (a–c-liður 2. mgr.), 4. gr. (4. mgr.), 6.–9. gr., 10. gr.(1. mgr.), 10. gr. (4. mgr.), 10. gr. (5. mgr,), 12., 15. og 17. gr. og 19.–32. gr.

4. Þegar um er að ræða lánssamninga í formi yfirdráttarlána gilda aðeins 1.–3. gr., 18., 20. og 22.–32. gr.

5. Aðildarríkin geta ákveðið að aðeins 1.–4. gr., 6., 7. og 9. gr., 10 gr. (1. mgr.), 10. gr. (a–h-liður og 1. liður 2. mgr.), 10. gr. (4. mgr.) og 11., 13. og 16.–32. gr. skuli gilda um lánssamninga sem eru gerðir af stofnun sem:

a) komið er á fót til gagnkvæms ávinnings fyrir aðila að henni,

b) skapar ekki hagnað fyrir aðra en sína eigin aðila,

c) hefur félagslegan tilgang samkvæmt landslögum,

d) tekur einungis við og hefur umsjón með sparnaði eigin aðila og veitir einungis lán til þeirra og

e) veitir lán á grundvelli árlegrar hlutfallstölu kostnaðar sem er lægri en gildandi hlutfallstala kostnaðar á markaðnum eða á grundvelli efri marka sem mælt er fyrir um í landslögum,

og aðild takmarkast við einstaklinga sem eru búsettir eða gegna starfi á tilteknum stað eða starfsmenn tiltekins vinnuveitanda, sem eru í starfi eða hættir störfum, eða við einstaklinga sem hafa aðra menntun og hæfi, sem mælt er fyrir um í landslögum, sem grundvöll fyrir sameiginleg tengsl milli aðilanna.

Aðildarríkin geta undanskilið frá beitingu þessarar tilskipunar lánssamninga sem eru gerðir af slíkri stofnun ef heildarverðgildi allra gildandi lánssamninga, sem stofnunin gerir, er óverulegt borið saman við heildarverðgildi allra gildandi lánssamninga í aðildarríkinu þar sem stofnunin er staðsett og heildarverðgildi allra gildandi lánssamninga, sem allar slíkar stofnanir í aðildarríkinu gera, er minna en 1% af heildarverðgildi allra gildandi lánssamninga sem hafa verið gerðir í því aðildarríki.

Aðildarríki skulu ár hvert kanna hvort skilyrðin fyrir beitingu slíkra undantekninga séu áfram í gildi og skulu gera ráðstafanir til að draga til baka undantekningarnar ef þau telja að skilyrðin séu ekki lengur uppfyllt.

6. Aðildarríkin geta ákveðið að aðeins 1.–4. gr., 6., 7. og 9. gr., 10. gr. (1. mgr.), 10. gr. (a–i-liður, l. liður og r-liður 2. mgr.), 10. gr. (4. mgr.), 11., 13. og

([1]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2008/10/EB (Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2008, bls. 33).

16. gr. og 18–32. gr. skuli gilda um lánssamninga þar sem kveðið er á um fyrirkomulag, sem lánveitandinn og neytandinn samþykkja, varðandi greiðslur sem er frestað eða endurgreiðslur, þegar neytandinn er þegar kominn í vanskil að því er varðar upphaflega lánssamninginn og þegar:

a) slíkt fyrirkomulag er líklegt til að afstýra málarekstri vegna slíkra vanskila og

b) neytandinn þarf ekki að hlíta óhagstæðari skilmálum en þeim sem mælt er fyrir um í upphaflega lánssamningnum.

Ef lánssamningurinn fellur undir gildissvið 3. mgr. gilda einungis ákvæði þeirrar málsgreinar.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „neytandi“: einstaklingur sem, í viðskiptum sem þessi tilskipun tekur til, starfar að markmiðum sem eru utan viðskipta hans, atvinnustarfsemi eða sérgreinar,

b) „lánveitandi“: einstaklingur eða lögaðili sem veitir eða heitir því að veita lán innan ramma viðskipta sinna, atvinnustarfsemi eða sérgreinar,

c) „lánssamningur“: samningur þar sem lánveitandi veitir, eða heitir því að veita neytanda lán í formi greiðslufrests, láns eða annarrar svipaðrar, fjárhagslegrar fyrirgreiðslu, að undanskildum samningi um veitingu stöðugrar þjónustu eða afhendingu sams konar vöru þar sem neytandinn greiðir afborganir af slíkri þjónustu eða vöru svo lengi sem hún er látin í té,

d) „yfirdráttarheimild“: ótvíræður lánssamningur þar sem lánveitandi veitir neytanda aðgang að sjóðum umfram gildandi stöðu á tékkareikningi neytandans,

e) „yfirdráttur“: yfirdráttur með þegjandi samþykki þar sem lánveitandi veitir neytanda aðgang að sjóðum umfram gildandi stöðu á tékkareikningi neytandans eða samþykkta yfirdráttarheimild,

f) „lánamiðlari“: einstaklingur eða lögaðili sem starfar ekki sem lánveitandi og sem, innan ramma starfsemi sinnar, viðskipta eða sérgreinar, gegn gjaldi sem getur verið í formi peninga eða annars umsamins fjárhagslegs ávinnings:

i. kynnir eða býður neytendum lánssamninga,

ii. aðstoðar neytendur með því að taka að sér undirbúningsvinnu fyrir lánssamninga, aðra en um getur í i-lið eða

iii. gerir lánssamninga við neytendur fyrir hönd lánveitanda,

g) „heildarlántökukostnaður neytanda“: allur kostnaður, þ.m.t. vextir, þóknun, skattar og öll önnur gjöld sem neytandinn þarf að greiða í tengslum við lánssamninginn og sem lánveitandinn veit um, að frátöldum lögbókunarkostnaði; kostnaður vegna viðbótarþjónustu í tengslum við lánssamninginn, einkum tryggingariðgjöld, er einnig innifalinn ef auk þess er gert að skyldu að gera þjónustusamning til að lánið fáist eða til að fá það með skilmálum og skilyrðum markaðarins,

h) „heildarfjárhæð sem neytandi greiðir“: samanlögð heildararfjárhæð lánsins og heildarlántökukostnaður neytanda,

i) „árleg hlutfallstala kostnaðar“: heildarlántökukostnaður neytanda, tilgreindur sem árleg hlutfallstala heildarfjárhæðar láns, þ.m.t., þar sem við á, kostnaður sem um getur í 2. mgr. 19. gr.,

j) „útlánsvextir“: vextir, tilgreindir sem fast eða breytilegt hlutfall, sem lagðir eru, á ársgrundvelli, á lánsfjárhæð sem hefur verið nýtt,

k) „fastir útlánsvextir“: þegar lánveitandi og neytandi samþykkja, í lánssamningnum, sömu útlánsvexti á öllu lánstímabilinu eða mismunandi útlánsvexti á mismunandi tímabilum samningsins þar sem eingöngu er notað fast, tiltekið hlutfall. Ef ekki eru allir útlánsvextir ákvarðaðir í lánssamningnum skulu þeir aðeins teljast fastir útlánsvextir á þeim tímabilum þegar útlánsvextir eru eingöngu ákvarðaðir með föstu, tilteknu hlutfalli sem er samþykkt við gerð lánssamningsins,

l) „heildarfjárhæð láns“: efri mörk eða heildarfjárhæð sem veittur er aðgangur að með lánssamningi,

m) „varanlegur miðill“: sérhvert tæki sem gerir neytanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að hægt sé að nálgast þær til að fletta upp í þeim síðar, í hæfilegan tíma eftir því hvaða tilgangi upplýsingarnar þjóna og sem gerir kleift að endurgera óbreyttar þær upplýsingarnar sem geymdar eru,

n) „tengdur lánssamningur“: lánssamningur þar sem

i. viðkomandi lán þjónar eingöngu þeim tilgangi að fjármagna samning um veitingu sérstakrar vöru eða sérstakrar þjónustu og

ii. þessir tveir samningar mynda, út frá hlutlægu sjónarmiði, viðskiptaeiningu; viðskiptaeining skal teljast vera fyrir hendi ef birgir eða þjónustuveitandi fjármagnar sjálfur lánið fyrir neytandann eða, þar sem þriðji aðili fjármagnar lánið, ef lánveitandi notar þjónustu birgis eða þjónustuveitanda í tengslum við gerð eða undirbúning lánssamnings eða þegar sérstök vara eða veiting sérstakrar þjónustu er sérstaklega tilgreind í lánssamningnum.

II. KAFLI

UPPLÝSINGAR OG STARFSVENJUR ÁÐUR EN LÁNSSAMNINGUR ER GERÐUR

4. gr.

Almennar upplýsingar sem eiga að koma fram í auglýsingum

1. Í öllum auglýsingum, sem varða lánssamninga þar sem gefnar eru upplýsingar um vexti eða tölur varðandi kostnað neytandans af láninu, skulu koma fram almennar upplýsingar í samræmi við þessa grein.

Þessi skylda gildir ekki þegar þess er krafist í landslögum að gefin sé upp árleg hlutfallstala kostnaðar í auglýsingum er varða lánssamninga þar sem vextir eru ekki tilgreindir eða neinar tölur er varða kostnað neytandans af láni, í skilningi fyrstu undirgreinar.

2. Veita skal almennar upplýsingar á skýran, hnitmiðaðan og áberandi hátt með lýsandi dæmum um:

a) útlánsvexti, fasta eða breytilega eða hvort tveggja, ásamt nákvæmri lýsingu á öllum kostnaði sem er innifalinn í heildarlántökukostnaði neytanda,

b) heildarfjárhæð láns,

c) árlega hlutfallstölu kostnaðar þegar um er að ræða lánssamning af þeirri gerð sem um getur í 3. mgr. 2. gr.; aðildarríkin geta ákveðið að ekki þurfi að gefa upp árlega hlutfallstölu kostnaðar,

d) gildistíma lánssamningsins, ef við á,

e) þegar um er að ræða lán í því formi að greiðslu fyrir sérstaka vöru eða þjónustu er frestað, staðgreiðsluverð vörunnar eða þjónustunnar og fjárhæð hugsanlegrar fyrirframgreiðslu og

f) ef við á, heildarfjárhæð sem neytandinn þarf að greiða og fjárhæð afborgana.

3. Ef skylt er að gera samning um viðbótarþjónustu í tengslum við lánssamning, einkum tryggingu, til að fá lánið eða fá það með skilmálum og skilyrðum markaðarins, og ekki er hægt að ákvarða kostnaðinn við þá þjónustu fyrir fram, skal einnig tilgreina, á skýran, hnitmiðaðan og áberandi hátt, þá skyldu að gera þann samning ásamt árlegri hlutfallstölu kostnaðar.

4. Þessi grein er með fyrirvara um tilskipun 2005/29/EB.

5. gr.

Upplýsingar áður en samningur er gerður

1. Lánveitandi og, ef við á, lánamiðlari skal, nægilega löngu áður en neytandinn er bundinn af lánssamningi eða tilboði, á grundvelli lánsskilmála og skilyrða lánveitandans og, ef við á, sérstakra óska og upplýsinga frá neytandanum, veita neytandanum nauðsynlegar upplýsingarnar til að geta borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðum um það hvort gera skuli lánssamning. Slíkar upplýsingar skal veita, á pappír eða öðrum varanlegum miðli, í formi staðlaðra upplýsinga um lán til evrópskra neytenda eins og kemur fram í II. viðauka. Lánveitandinn skal teljast hafa uppfyllt kröfur um upplýsingar í þessari málsgrein og í 1. og 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/65/EB ef hann hefur veitt staðlaðar upplýsingar um lán til evrópskra neytenda.

Í viðkomandi upplýsingum skal eftirfarandi koma fram:

a) tegund láns,

b) auðkenni og heimilisfang lánveitandans svo og, ef við á, auðkenni og heimilisfang lánamiðlarans sem í hlut á,

c) heildarfjárhæð lánsins og skilyrði fyrir nýtingu,

d) gildistími lánssamningsins,

e) þegar um er að ræða lán í því formi að greiðslu er frestað fyrir sérstaka vöru eða þjónustu og tengda lánssamninga, sú vara eða þjónusta og staðgreiðsluverð hennar,

f) útlánsvextir, skilyrðin sem gilda um beitingu útlánsvaxta og, ef við á, vísitala eða viðmiðunarvextir sem gilda um upphaflegu útlánsvextina, svo og tímabil, skilyrði og málsmeðferð við breytingu á útlánsvöxtunum; ef mismunandi út-

lánsvextir gilda við mismunandi aðstæður, áðurnefndar upplýsingar um alla gildandi vexti,

g) árleg hlutfallstala kostnaðar og heildarfjárhæð sem neytandinn greiðir, útskýrð með lýsandi dæmi þar sem fram koma allar forsendur sem notaðar eru við útreikning á hlutfallstölunni; ef neytandinn hefur upplýst lánveitandann um einn eða fleiri þætti þess láns sem hann helst kýs, s.s. gildistíma lánssamningsins og heildarfjárhæð lánsins, skal lánveitandi taka tillit til þeirra þátta; ef lánssamningur býður upp á mismunandi nýtingarleiðir með mismunandi kostnaði eða útlánsvöxtum og lánveitandi notar forsenduna sem um getur í b-lið II. hluta í I. viðauka, skal hann greina frá því að aðrir nýtingarmöguleikar fyrir þessa gerð lánssamnings geti leitt til hærri árlegrar hlutfallstölu kostnaðar,

h) fjárhæð, fjöldi og tíðni greiðslna sem neytandinn þarf að standa skil á og, ef við á, með hvaða hætti greiðslum verður skipt á hinar ýmsu útistandandi skuldir með mismunandi útlánsvöxtum þegar um endurgreiðslu er að ræða,

i) ef við á, kostnaður við að hafa einn eða fleiri reikninga þar sem bæði greiðslufærslur og nýting lána eru skráð, nema valfrjálst sé að opna reikning, ásamt kostnaði við notkun greiðsluleiða, bæði fyrir greiðslufærslur og nýtingu lána, annar kostnaður vegna lánssamningsins og forsendur fyrir því að hægt sé að breyta þessum kostnaði,

j) ef við á, kostnaður sem neytandinn kann að þurfa að greiða vegna lögbókunar við gerð lánssamningsins,

k) skuldbinding, ef einhver er, um að gera samning um viðbótarþjónustu í tengslum við lánssamninginn, einkum tryggingar, ef gert er að skyldu að gera slíkan samning til að geta fengið lán eða fá það með skilmálum og skilyrðum markaðarins,

l) gildandi vextir þegar um er að ræða greiðslu eftir gjalddaga og fyrirkomulag á breytingu á þeim og, ef við á, kostnaður sem greiða þarf vegna vanskila,

m) viðvörun varðandi afleiðingar af vangoldnum greiðslum,

n) ef við á, tilskildar ábyrgðir,

o) hvort réttur til að falla frá samningi er fyrir hendi eða ekki,

p) rétturinn til greiðslu fyrir gjalddaga og, ef við á, upplýsingar varðandi rétt lánveitanda til bóta og á hvaða hátt þær bætur verða ákvarðaðar í samræmi við 16. gr.,

q) réttur neytandans til að fá þegar í stað upplýsingar honum að kostnaðarlausu samkvæmt 2. mgr. 9. gr. um niðurstöður leitar í gagnasafni sem gerð er með það fyrir augum að meta lánshæfi hans,

r) réttur neytanda til að fá, samkvæmt beiðni og honum að kostnaðarlausu, afrit af drögum að lánssamningi. Þetta ákvæði gildir ekki ef lánveitandinn er, þegar beiðnin er lögð fram, ófús að gera lánssamning við neytandann og

s) ef við á, tímabilið sem lánveitandinn er bundinn af því að veita upplýsingar áður en samningur er gerður.

Allar viðbótarupplýsingar sem lánveitandinn veitir neytandanum skulu veittar í sérstöku skjali sem getur verið viðauki við staðlaðar upplýsingar um lán til evrópskra neytenda.

2. Þegar um er að ræða talsímasamskipti, sem um getur í 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/65/EB, skal þó lýsingin á helstu einkennum fjármálaþjónustu, sem skal veita samkvæmt öðrum undirlið b-liðar 3. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar, fela í sér a.m.k. þau atriði sem um getur í c-, d-, e-, f- og h-lið 1. mgr. þessarar greinar, ásamt árlegri hlutfallstölu kostnaðar, skýrt með lýsandi dæmi og heildarfjárhæð sem neytandanum ber að greiða.

3. Ef samningurinn hefur verið gerður að beiðni neytandans með tilstyrk fjarskipta, sem gerir það ókleift að veita upplýsingarnar í samræmi við 1. mgr., einkum í tilvikum sem um getur í 2. mgr., skal lánveitandinn, þegar í stað eftir gerð samnings, veita neytandanum allar upplýsingar sem veita skal áður en samningur er gerður, í formi staðlaðra upplýsinga um lán til evrópskra neytenda.

4. Auk stöðluðu upplýsinganna um lán til evrópskra neytenda skal neytandinn fá, samkvæmt beiðni og honum að kostnaðarlausu, afrit af drögum að lánssamningnum. Þetta ákvæði gildir ekki ef lánveitandinn er, þegar beiðnin er lögð fram, ófús að gera lánssamning við neytandann.

5. Ef um er að ræða lánssamning þar sem greiðslur neytanda leiða ekki þegar í stað til samsvarandi niðurgreiðslu á heildarfjárhæð lánsins, en eru í stað þess notaðar til að byggja upp höfuðstól á tímabilum og við aðstæður sem mælt er fyrir um í lánssamningnum eða í viðbótarsamningi, skulu upplýsingar, sem veita skal áður en samningur er gerður og sem gerð er krafa um í 1. mgr., fela í sér skýra og hnit-

miðaða yfirlýsingu um að slíkir lánssamningar tryggi ekki endurgreiðslu á heildarfjárhæð láns, sem er nýtt samkvæmt lánssamningnum, nema slík ábyrgð sé veitt.

6. Aðildarríki skulu tryggja að lánveitendur og, ef við á, lánamiðlarar veiti neytandanum fullnægjandi skýringar til að hann geti tekið afstöðu til þess hvort lánssamningur, sem er í boði, sé lagaður að þörfum hans og fjárhagsstöðu, ef við á með því að útskýra upplýsingarnar sem veita skal áður en samningur er gerður í samræmi við 1. mgr., helstu einkenni þeirra útlánamiðla sem eru í boði og þær sérstöku afleiðingar sem það getur haft fyrir neytandann, þ.m.t. afleiðingarnar af vanskilum neytandans á greiðslum. Aðildarríkin geta lagað það að sérstökum aðstæðum þegar lánssamningur er boðinn fram með hvaða hætti og í hve miklum mæli slík aðstoð er veitt, svo og hver veitir hana, hvaða einstaklingi er boðinn lánssamningur og hvaða tegund láns stendur til boða.

6. gr.

Kröfur um fyrirframupplýsingar við gerð tiltekinna lánssamninga í formi yfirdráttarheimildar og við gerð tiltekinna sérstakra lánssamninga

1. Lánveitandi og, ef við á, lánamiðlari skal, nægilega löngu áður en neytandinn verður bundinn af lánssamningi eða tilboði varðandi lánssamning eins og um getur í 3., 5. eða 6. mgr. 2. gr., á grundvelli lánsskilmála og skilyrða lánveitandans og, ef við á, sérstakra óska og upplýsinga frá neytandanum, veita neytandanum nauðsynlegar upplýsingar til að geta borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðum um það hvort gera skuli lánssamning.

Í viðkomandi upplýsingum skal eftirfarandi koma fram:

a) tegund láns,

b) auðkenni og heimilisfang lánveitandans svo og auðkenni og heimilisfang lánamiðlarans sem í hlut á, ef við á,

c) heildarfjárhæð láns,

d) gildistími lánssamningsins,

e) útlánsvextir, skilyrðin sem gilda um beitingu þeirra vaxta, vísitölu eða viðmiðunarvaxta sem gilda um upphaflegu útlánsvextina, kostnaður sem hefur orðið frá þeim tíma þegar lánssamningurinn er gerður og, ef við á, skilyrðin fyrir því að hægt sé að breyta þessum kostnaði,

f) árleg hlutfallstala kostnaðar, skýrð með lýsandi dæmum þar sem fram koma allar forsendur sem notaðar eru við útreikning á hlutfallstölunni,

g) skilyrði og málsmeðferð ef lánssamningnum er sagt upp,

h) þegar um er að ræða lánssamninga eins og um getur í 3. mgr. 2. gr., ef við á, upplýsingar um að hvenær sem er megi krefja neytandann um endurgreiðslu allrar lánsfjárhæðarinnar,

i) gildandi vextir þegar um er að ræða greiðslu eftir gjalddaga og fyrirkomulag við breytingu á þeim og, ef við á, annar kostnaður sem greiða þarf vegna vanskila,

j) réttur neytandans til að fá þegar í stað upplýsingar, honum að kostnaðarlausu, samkvæmt 2. mgr. 9. gr. um niðurstöður leitar í gagnasafni sem er gerð í því skyni að meta lánshæfi hans,

k) þegar um er að ræða lánssamninga eins og um getur í 3. mgr. 2. gr., upplýsingar um þann kostnað sem hefur orðið frá þeim tíma þegar slíkir samningar eru gerðir og, ef við á, forsendur fyrir því að hægt sé að breyta þessum kostnaði,

l) ef við á, tímabilið sem lánveitandinn er bundinn af því að veita upplýsingar áður en samningur er gerður.

Veita skal slíkar upplýsingar á pappír eða með öðrum varanlegum miðli og allar upplýsingar skulu vera jafnáberandi. Veita má þær með því að nota eyðublaðið fyrir upplýsingar um lán til evrópskra neytenda sem kemur fram í III. viðauka.

Lánveitandinn skal teljast hafa uppfyllt kröfur um upplýsingar í þessari málsgrein og í 1. og 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/65/EB ef hann hefur veitt upplýsingarnar um lán til evrópskra neytenda.

2. Þegar um er að ræða lánssamning af þeirri gerð sem um getur í 3. mgr. 2. gr., geta aðildarríkin ákveðið að ekki þurfi að gefa upp árlega hlutfallstölu kostnaðar.

3. Þegar um er að ræða lánssamninga eins og um getur í 5. og 6. mgr. 2. gr. skulu upplýsingarnar, sem eru veittar neytanda í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, einnig fela í sér:

a) fjárhæð, fjölda og tíðni greiðslna sem neytandinn þarf að standa skil á og, ef við á, með hvaða hætti greiðslum verður skipt á hinar ýmsu útistandandi skuldir með mismunandi útlánsvöxtum þegar um endurgreiðslu er að ræða og

b) réttinn til greiðslu fyrir gjalddaga og, ef við á, upplýsingar um rétt lánveitanda til bóta og á hvaða hátt þær bætur verða ákvarðaðar.

Ef lánssamningurinn fellur undir gildissvið 3. mgr. 2. gr. skulu einungis ákvæði 1. mgr. í þessari grein gilda.

4. Þegar um er að ræða talsímaviðskipti og þegar neytandinn óskar eftir því að fá yfirdráttarheimild þegar í stað skal lýsing á helstu einkennum fjármálaþjónustunnar a.m.k. fela í sér þau atriði sem um getur í c-, e-, f- og h-lið 1. mgr. Auk þess skal lýsingin á helstu einkennum, í lánssamningum af þeirri gerð sem um getur í 3. mgr., fela í sér upplýsingar um gildistíma lánssamningsins.

5. Þrátt fyrir undanþáguna, sem kveðið er á um í e-lið 2. mgr. 2. gr., skulu aðildarríkin a.m.k. beita kröfunum í fyrsta málslið 4. mgr. í þessari grein gagnvart lánssamningum í formi yfirdráttarheimildar og þegar greiða þarf lánið innan eins mánaðar.

6. Auk upplýsinganna, sem um getur í 1.–4. mgr., skal neytandinn fá, samkvæmt beiðni og honum að kostnaðarlausu, afrit af drögum af lánssamningnum sem hafa að geyma þær upplýsingar um samninginn sem kveðið er á um í 10. gr. ef sú grein er í gildi. Þetta ákvæði gildir ekki ef lánveitandinn er, þegar beiðnin er lögð fram, ófús að gera lánssamning við neytandann.

7. Ef samningurinn hefur verið gerður að beiðni neytandans með tilstyrk fjarskipta, sem gerir ókleift að veita upplýsingarnar í samræmi við 1. og 3. mgr., þ.m.t. í tilvikum sem um getur í 4. mgr., skal lánveitandinn þegar í stað eftir gerð samningsins uppfylla skyldur sínar skv. 1. og 3. mgr. með því að veita upplýsingar um samninginn skv. 10. gr. ef sú grein er í gildi.

7. gr.

Undantekningar frá kröfum um upplýsingagjöf áður en samningur er gerður

Ákvæði 5. og 6. gr. skulu ekki gilda um þá vöru- eða þjónustuveitendur sem hafa lánamiðlun sem aukastarf. Þetta hefur ekki áhrif á þá skyldu lánveitandans að tryggja að neytandinn fái þær upplýsingar sem veita skal áður en samningur er gerður og um getur í þessum greinum.

8. gr.

Skyldan að meta lánshæfi neytandans

1. Aðildarríkin skulu tryggja að áður en samningurinn er gerður meti lánveitandi lánshæfi neytandans á grundvelli fullnægjandi upplýsinga sem eru, þegar við á, fengnar frá neytandanum og á grundvelli leitar í viðeigandi gagnasafni ef nauðsyn krefur. Aðildarríki þar sem þess er krafist skv. lögum að lánveitendur meti lánshæfi neytenda á grundvelli leitar, sem gerð er í viðeigandi gagnasafni, geta haldið þeirri kröfu.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að ef aðilarnir koma sér saman um að breyta heildarfjárhæð láns eftir að lánssamningur er gerður, uppfæri lánveitandinn fjármálaupplýsingar um neytandann sem hann hefur handbærar og meti lánshæfi neytandans áður en veruleg aukning verður á heildarfjárhæð lánsins.

III. KAFLI

AÐGANGUR AÐ GAGNASAFNI

9. gr.

Aðgangur að gagnasafni

1. Hvert aðildarríki skal, sé um að ræða lán yfir landamæri, tryggja að lánveitendur frá öðrum aðildarríkjum hafi aðgang að gagnasafni sem notað er í því aðildarríki til að meta lánshæfi neytenda. Skilyrðin fyrir aðgangi skulu vera án mismununar.

2. Ef lánsumsókn er hafnað á grundvelli leitar í gagnasafni skal lánveitandinn upplýsa neytandann, þegar í stað og honum að kostnaðarlausu, um niðurstöður slíkrar leitar og veita nánari upplýsingar um gagnasafnið sem leitað var í.

3. Upplýsingarnar skulu veittar nema bannað sé að veita slíkar upplýsingar samkvæmt annarri löggjöf Bandalagsins eða það fari í bága við markmið allsherjarreglu eða almannaöryggis.

4. Þessi grein er með fyrirvara um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

IV. KAFLI

UPPLÝSINGAR OG RÉTTINDI VARÐANDI LÁNSSAMNINGA

10. gr.

Upplýsingar sem eiga að koma fram í lánssamningum

1. Lánssamningar skulu skráðir á pappír eða vera á öðrum varanlegum miðli. Allir samningsaðilar skulu fá afrit af lánssamningnum. Þessi grein er með fyrirvara um hvers konar innlendar reglur varðandi lögmæti þess að gera lánssamninga sem eru í samræmi við lög Bandalagsins.

2. Í lánssamningnum skal koma fram á skýran og hnitmiðaðan hátt:

a) tegund láns,

b) auðkenni og heimilisfang samningsaðilanna svo og auðkenni og heimilisfang lánamiðlarans sem í hlut á, ef við á,

c) gildistími lánssamningsins,

d) heildarfjárhæð lánsins og skilyrði fyrir nýtingu,

e) þegar um er að ræða lán í því formi að greiðslu sérstakrar vöru eða þjónustu er frestað, eða tengda lánssamninga, sú vara eða þjónusta og staðgreiðsluverð hennar,

f) útlánsvextir, skilyrði sem gilda um beitingu þeirra og, ef við á, vísitala eða viðmiðunarvextir sem gilda um upphaflegu útlánsvextina, svo og tímabil, skilyrði og málsmeðferð við breytingu á útlánsvöxtunum og, ef mismunandi útlánsvextir gilda við mismunandi aðstæður, áðurnefndar upplýsingar um alla gildandi vexti,

g) árleg hlutfallstala kostnaðar og heildarfjárhæð sem neytandinn greiðir, reiknað um leið og lánssamningurinn er gerður; tilgreina skal allar forsendur sem notaðar eru við útreikning á hlutfallstölunni,

h) fjárhæð, fjöldi og tíðni greiðslna sem neytandinn þarf að standa skil á og, ef við á, með hvaða hætti greiðslum verður skipt á hinar ýmsu útistandandi skuldir með mismunandi útlánsvöxtum þegar um endurgreiðslu er að ræða,

i) sé um að ræða niðurgreiðslu höfuðstóls lánssamnings með föstum gildistíma, réttur neytandans til að fá afhent, samkvæmt beiðni og honum að kostnaðarlausu, hvenær sem er á gildistíma lánssamningsins, reikningsyfirlit í formi töflu sem sýnir niðurgreiðslu lánsins.

   Niðurgreiðslutaflan skal sýna greiðslur sem þarf að inna af hendi og tímabil og skilyrði varðandi greiðslur slíkra fjárhæða; í töflunni skal koma fram sundurliðun allra greiðslna sem sýnir niðurgreiðslu höfuðstóls, vexti sem eru reiknaðir á grundvelli útlánsvaxta og, ef við á, allan viðbótarkostnað; sé ekki um fasta vexti að ræða eða viðbótarkostnaði kann að verða breytt samkvæmt lánssamningnum skal koma fram í niðurgreiðslutöflunni, á skýran og hnitmiðaðan hátt, að gögnin í töflunni haldist aðeins í gildi þar til útlánsvöxtunum eða viðbótarkostnaðinum er breytt í samræmi við lánssamninginn,

j) ef greiða skal kostnað og vexti án þess að höfuðstóll sé niðurgreiddur, yfirlit sem sýnir tímabilin og skilyrði fyrir greiðslu á vöxtum og tengdum kostnaði, föstum eða tilfallandi,

k) ef við á, kostnaður við að hafa einn eða fleiri reikninga þar sem bæði greiðslufærslur og nýting lána eru skráð, nema valfrjálst sé að opna reikning, ásamt kostnaði við notkun greiðsluaðferða bæði fyrir greiðslufærslur og nýtingu lána, og annar kostnaður vegna lánssamningsins og forsendur fyrir því að hægt sé að breyta þessum kostnaði,

l) gildandi vextir þegar um er að ræða greiðslu eftir gjalddaga sem gilda á þeim tíma þegar lánssamningurinn er gerður og fyrirkomulag við breytingu á þeim og, ef við á, kostnaður sem greiða þarf vegna vanskila,

m) viðvörun varðandi afleiðingar af vangoldnum greiðslum,

n) ef við á, yfirlýsing um að greiða þurfi lögbókunargjöld,

o) ábyrgðir og tryggingar sem krafist er, ef einhverjar eru,

p) hvort réttur til að falla frá samningi sé fyrir hendi eða ekki, tímabilið þegar nýta má þennan rétt og önnur skilyrði um nýtinguna, þ.m.t. upplýsingar varðandi þá skuldbindingu neytandans að greiða það fjármagn sem hefur verið nýtt og vextina í samræmi við b-lið 3. mgr. 14. gr. og vaxtafjárhæðina sem fellur til greiðslu hvern dag,

q) upplýsingar varðandi réttinn sem leiðir af 15. gr. svo og skilyrðin fyrir nýtingu þessa réttar,

r) réttur til greiðslu fyrir gjalddaga, málsmeðferð við greiðslu fyrir gjalddaga og, ef við á, upplýsingar um rétt lánveitanda til bóta og á hvaða hátt þær bætur verða ákvarðaðar,

s) málsmeðferð sem fylgja skal við nýtingu réttar til að segja upp lánssamningi,

t) hvort fyrir hendi er kerfi fyrir kvartanir og úrlausn mála utan réttar fyrir neytendur og, ef svo er, hvernig aðgangur fæst að því,

u) ef við á, aðrir samningsskilmálar og -skilyrði,

v) ef við á, nafn og heimilisfang þar til bærra eftirlitsyfirvalda.

3. Þegar i-liður 2. mgr. gildir, skal lánveitandinn láta neytandann hafa reikningsyfirlit, honum að kostnaðarlausu og, hvenær sem er á gildistíma lánssamningsins, í formi niðurgreiðslutöflu.

4. Þegar um er að ræða lánssamning þar sem greiðslur neytanda leiða ekki þegar í stað til samsvarandi niðurgreiðslu á heildarfjárhæð lánsins heldur eru notaðar til að byggja upp höfuðstól á tímabilum og við aðstæður sem mælt er fyrir um í lánssamningnum eða í viðbótarsamningi, skulu upplýsingarnar, sem gerð er krafa um í 2. mgr., fela í sér skýrar og hnitmiðaðar yfirlýsingar um að slíkir lánssamningar veiti ekki tryggingu fyrir endurgreiðslu á heildarfjárhæð láns sem er nýtt samkvæmt lánssamningnum, nema slík ábyrgð sé veitt.

5. Þegar um er að ræða lánssamninga í formi yfirdráttarheimildar eins og um getur í 3. mgr. 2. gr. skal tilgreina eftirfarandi á skýran og hnitmiðaðan hátt:

a) tegund láns,

b) auðkenni og heimilisfang samningsaðilanna svo og auðkenni og heimilisfang lánamiðlarans sem í hlut á, ef við á,

c) gildistíma lánssamningsins,

d) heildarfjárhæð lánsins og skilyrði fyrir nýtingu,

e) útlánsvexti, skilyrði sem gilda um beitingu útlánsvaxta og, ef við á, vísitölu eða viðmiðunarvexti sem gilda um upphaflegu útlánsvextina, svo og tímabil, skilyrði og málsmeðferð við breytingu á útlánsvöxtunum; ef mismunandi útlánsvextir gilda við mismunandi aðstæður, áðurnefndar upplýsingar um alla gildandi vexti,

f) árlega hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnað neytanda, reiknað á þeim tíma þegar lánssamningurinn er gerður; allar forsendur sem eru notaðar til að reikna þá vexti eins og um getur í 2. mgr. 19. gr. í tengslum við g- og i-lið 3. gr. skulu nefndar; aðildarríkin geta ákveðið að ekki þurfi að gefa upp árlega hlutfallstölu kostnaðar,

g) upplýsingar um að hvenær sem er megi krefja neytandann um endurgreiðslu allrar lánsfjárhæðarinnar,

h) skilyrði fyrir því að nýta réttinn til að falla frá lánssamningnum og

i) upplýsingar um þann kostnað sem verður frá þeim tíma er slíkir samningar eru gerðir og, ef við á, skilyrðin fyrir breytingu á þessum kostnaði.

11. gr.

Upplýsingar um útlánsvexti

1. Ef við á skal upplýsa neytandann um allar breytingar á útlánsvöxtum, á pappír eða með öðrum varanlegum miðli, áður en breytingin tekur gildi. Í upplýsingunum skulu koma fram þær fjárhæðir sem greiða skal eftir gildistöku nýrra útlánsvaxta og, ef fjöldi eða tíðni greiðslna breytist, upplýsingar um það.

2. Samningsaðilarnir geta þó orðið ásáttir um það, í lánssamningnum, að veita skuli neytandanum upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., með ákveðnu millibili þegar breytingar á útlánsvöxtum eru af völdum breytinga á viðmiðunarvöxtum og upplýst er um nýju viðmiðunarvextina á viðeigandi hátt og þær upplýsingar eru einnig aðgengilegar hjá lánveitandanum.

12. gr.

Skuldbindingar í tengslum við lánssamning í formi yfirdráttarheimildar

1. Ef lánssamningur felur í sér lán í formi yfirdráttarheimildar, skal upplýsa neytandann reglulega um það með reikningsyfirliti, á pappír eða með öðrum varanlegum miðli, sem hefur að geyma upplýsingar um eftirfarandi:

a) nákvæmlega tilgreint tímabil sem reikningsyfirlitið tekur til,

b) fjárhæðir og dagsetningar nýtingar,

c) stöðuna á fyrra reikningsyfirliti ásamt dagsetningu,

d) nýja stöðu,

e) dagsetningar og fjárhæðir greiðslna neytandans,

f) gildandi útlánsvexti,

g) kostnað sem orðið hefur,

h) ef við á, lágmarksfjárhæð greiðslu.

2. Auk þess skal veita neytandanum upplýsingar, á pappír eða með öðrum varanlegum miðli, um hækkun útlánsvaxta eða annars kostnaðar, áður en breytingin tekur gildi.

Samningsaðilarnir geta þó komið sér saman um það, í lánssamningnum, að upplýsingarnar varðandi breytingar á útlánsvöxtum séu veittar á þann hátt sem kveðið er á um í 1. mgr. þegar breytingar á útlánsvöxtum eru af völdum breytinga á viðmiðunarvöxtum og upplýst er um nýju viðmiðunarvextina á viðeigandi hátt og þær upplýsingar eru einnig aðgengilegar hjá lánveitandanum.

13. gr.

Opnir lánssamningar

1. Neytandinn getur hvenær sem er sagt upp opnum lánssamningi á venjulegan hátt sér að kostnaðarlausu nema aðilarnir hafi komið sér saman um uppsagnartímabil. Slíkt tímabil skal ekki vera lengra en einn mánuður.

Lánveitandi getur, ef samþykki er fyrir því í lánssamningnum, sagt upp opnum lánssamningi á venjulegan hátt með því að veita neytandanum a.m.k. tveggja mánaða uppsagnarfrest á pappír eða með öðrum varanlegum miðli.

2. Lánveitandi getur, ef samþykki er fyrir því í lánssamningnum, af ástæðum sem eru rökstuddar á hlutlægan hátt, svipt neytandann rétti til nýtingar á opnum lánssamningi. Lánveitandinn skal upplýsa neytandann um þá sviptingu og ástæður fyrir henni á pappír eða með öðrum varanlegum miðli, áður en svipting á sér stað, ef unnt er, eða strax þar á eftir í síðasta lagi, nema bannað sé, í annarri löggjöf Bandalagsins, að veita slíkar upplýsingar eða það fari í bága við markmið allsherjarreglu eða almannaöryggis.

14. gr.

Réttur til að falla frá samningi

1. Neytandinn skal hafa a.m.k. 14 almanaksdaga frest til að falla frá lánssamningi án þess að tilgreina ástæðu.

Frestur til að falla frá samningi skal hefjast

a) annaðhvort þann dag sem lánssamningurinn er gerður eða

b) þann dag er neytanda berast samningsskilmálar og -skilyrði og upplýsingar í samræmi við 10. gr. ef sá dagur er síðar en dagurinn sem um getur í a-lið þessa undirliðar.

2. Þegar um er að ræða tengda lánssamninga, eins og skilgreint er í n-lið 3. mgr., og kveðið hefur verið á um það í landslögum þegar þessi tilskipun öðlast gildi að ekki sé hægt að afhenda neytandanum hafa féð fyrr en að loknum tilteknum fresti, geta aðildarríkin, í undantekningartilvikum, kveðið á um að stytta megi frestinn sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar svo að hann jafngildi þessum tiltekna fresti, ef neytandinn óskar eindregið eftir því.

3. Ef neytandinn nýtir rétt sinn til að falla frá samningi skal hann:

a) ef hann vill falla frá samningi fyrir þau tímamörk sem um getur í 1. mgr., tilkynna lánveitandanum það í samræmi við upplýsingarnar frá honum samkvæmt p-lið 2. mgr. 10. gr. með aðferðum sem unnt er að sanna og samrýmast landslögum. Fresturinn telst hafa verið virtur ef tilkynningin, ef hún er á pappír eða öðrum varanlegum miðli sem lánveitandinn hefur yfir að ráða, er send áður en fresturinn rennur út og

b) greiða lánveitanda höfuðstól og áfallna vexti frá því er lánið var nýtt og til þess dags þegar höfuðstóll er endurgreiddur, án óþarfrar tafar og eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir að hann sendir lánveitandanum tilkynningu um að hann hyggist falla frá samningi. Reikna skal vexti á grundvelli samþykktra útlánsvaxta. Lánveitandinn skal ekki eiga rétt á neinum öðrum bótum frá neytanda sem fellur frá samningi en bótum vegna óafturkræfra gjalda sem lánveitandinn hefur greitt til stjórnsýslustofnunar.

4. Ef lánveitandi eða þriðji aðili veitir viðbótarþjónustu í tengslum við lánssamninginn á grundvelli samnings þriðja aðila og lánveitandans skal neytandinn ekki lengur vera bundinn af samningi um viðbótarþjónustu ef hann nýtir rétt sinn til að falla frá lánssamningi í samræmi við þessa grein.

5. Ef neytandinn á rétt á því að falla frá samningi skv. 1., 3. og 4. mgr. skulu 6. og 7. gr. tilskipunar 2002/65/EB og 5. gr. tilskipunar ráðsins 85/577/EBE frá 20. desember 1985, um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva ([1]), ekki gilda.

([1]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1985, bls. 31.

6. Aðildarríkin geta kveðið á um að 1.–4. mgr. þessarar greinar skuli ekki gilda um lánssamninga þar sem þess er krafist, lögum samkvæmt, að þeir séu gerðir með aðstoð lögbókanda, að því tilskildu að lögbókandinn staðfesti að neytandanum sé tryggður sá réttur sem kveðið er á um í 5. og 10. gr.

7. Þessi grein er með fyrirvara um reglur í landslögum sem þar sem ákveðið er að ekki megi framfylgja samningnum fyrr en eftir ákveðinn tíma.

15. gr.

Tengdir lánssamningar

1. Þegar neytandi hefur nýtt rétt sinn til að falla frá samningi, á grundvelli laga Bandalagsins, varðandi samning um afhendingu vöru eða þjónustu, skal hann ekki lengur vera bundinn tengdum lánssamningum.

2. Ef ekki er afhent vara eða þjónusta sem fellur undir tengdan lánssamning, eða aðeins afhent að hluta til, eða er ekki í samræmi við samninginn um slíka afhendingu, skal neytandinn eiga rétt á því að beita úrræðum gegn lánveitandanum ef hann hefur beitt úrræðum gegn þeim sem afhendir vöru eða þjónustu en ekki fengið þá úrlausn sem hann á rétt á samkvæmt lögum eða samningnum um afhendingu vöru eða þjónustu. Aðildarríkin skulu ákvarða að hvaða marki og við hvaða aðstæður megi beita þessum úrræðum.

3. Þessi grein hefur ekki áhrif á innlendar reglur um að lánveitandi skuli hafa óskipta ábyrgð að því er varðar allar kröfur sem neytandinn kann að hafa gegn veitanda þegar kaup á vöru eða þjónustu hafa verið fjármögnuð með lánssamningi.

16. gr.

Endurgreiðsla fyrir gjalddaga

1. Neytandinn skal eiga rétt á því, hvenær sem er, að gera upp, að öllu leyti eða að hluta til, skuldbindingar sínar samkvæmt lánssamningi. Í slíkum tilvikum skal hann eiga rétt á því að heildarlántökukostnaður sé lækkaður ef slík lækkun er vegna vaxta og kostnaðar það sem eftir er af samningstímabilinu.

2. Þegar um er að ræða greiðslu fyrir gjalddaga af láni skal lánveitandi eiga rétt á því fá sanngjarnar bætur sem eru rökstuddar á hlutlægan hátt vegna kostnaðar sem kann að hafa verið greiddur og tengist beint greiðslu af láni fyrir gjalddaga, að því tilskildu að greiðslan fyrir gjalddaga falli innan tímabils með föstum útlánsvöxtum. Slíkar bætur mega ekki fara yfir 1% af fjárhæð lánsins þar sem greiðsla fyrir gjalddaga er notuð, ef lengri tími en eitt ár líður á milli greiðslu fyrir gjalddaga og samþykktrar uppsagnar lánssamningsins. Ef ekki líður lengri tími en eitt ár mega bæturnar ekki fara yfir 0,5% af fjárhæð lánsins þar sem greiðsla fyrir gjalddaga er notuð.

3. Ekki skal krefjast bóta vegna greiðslu fyrir gjalddaga:

a) ef greiðslan hefur átt sér stað samkvæmt tryggingarsamningi sem er ætlað að tryggja greiðslu lánsins,

b) þegar um er að ræða yfirdráttarheimild eða

c) ef greiðslan fer fram á tímabili þar sem útlánsvextir eru ekki fastir.

4. Aðildarríkin geta kveðið á um að:

a) lánveitandi geti aðeins krafist slíkra bóta með því skilyrði að fjárhæð greiðslu fyrir gjalddaga fari yfir mörkin sem eru skilgreind í landslögum. Þau mörk skulu ekki fara yfir 10 000 evrur á 12 mánaða tímabili,

b) lánveitandi getur í undantekningartilvikum krafist hærri bóta ef hann getur fært sönnur á að það tap sem hann varð fyrir vegna greiðslu fyrir gjalddaga sé meira en sem nemur fjárhæðinni sem er ákveðin í 2. mgr.

Ef bæturnar sem lánveitandi krefst eru umfram það tap sem hann hefur orðið fyrir í reynd getur neytandinn krafist samsvarandi lækkunar bótanna.

Í því tilviki skal tapið teljast vera munurinn á upphaflega samþykktum vöxtum og þeim vöxtum sem lánveitandinn getur fengið við útlán fjárhæðar sem er greidd fyrir gjalddaga á markaðnum á þeim tíma þegar greiðslan fyrir gjalddaga á sér stað og taka skal tillit til áhrifa greiðslu fyrir gjalddaga á umsýslukostnað.

5. Bætur skulu ekki fara yfir þá vaxtafjárhæð sem neytandinn myndi hafa greitt á tímabilinu frá greiðslu fyrir gjalddaga og til samþykktrar dagsetningar fyrir uppsögn lánssamningsins.

17. gr.

Framsal réttar

1. Ef lánveitandi framselur kröfurétt sinn til þriðja aðila samkvæmt lánssamningi, eða samninginn sjálfan, skal neytandinn eiga rétt á því að halda uppi

sömu mótbárum gegn þeim sem afsalað er til, sem hann gat nýtt sér gagnvart upphaflegum lánveitanda, þ.m.t. réttur til jöfnunar þegar það er heimilað í viðkomandi aðildarríki.

2. Neytandinn skal upplýstur um framsalið sem um getur í 1. mgr. nema þegar upphaflegur lánveitandi heldur áfram lánsþjónustu sinni við neytandann með samkomulagi við framsalshafa.

18. gr.

Yfirdráttur

1. Þegar um er að ræða samning um að opna tékkareikning þar sem möguleiki er á því að neytanda sé veitt heimild til yfirdráttar skulu auk þess vera í samningnum upplýsingarnar sem um getur í e-lið 1. mgr. 6. gr. Lánveitandinn skal í öllum tilvikum veita þær upplýsingar reglulega á pappír eða með öðrum varanlegum miðli.

2. Sé um verulegan yfirdrátt að ræða í meira en einn mánuð skal lánveitandinn þegar í stað veita neytandanum upplýsingar, á pappír eða með öðrum varanlegum miðli, um

a) yfirdráttinn,

b) fjárhæðina sem um er að ræða,

c) útlánsvexti,

d) hvers konar viðurlög, dráttarvexti eða önnur gjöld vegna ógreiddra skulda.

3. Þessi grein hefur ekki áhrif á landslög þar sem þess er krafist að lánveitandinn bjóði fram annars konar útlánamiðla þegar yfirdráttur hefur átt sér stað í alllangan tíma.

V. KAFLI

ÁRLEG HLUTFALLSTALA KOSTNAÐAR

19. gr.

Útreikningur á árlegri hlutfallstölu kostnaðar

1. Árleg hlutfallstala kostnaðar, sem á ársgrundvelli jafngildir núvirði allra núverandi og síðari skuldbindinga (nýting lána, endurgreiðslur og kostnaður), sem lánveitandi og neytandi samþykkja, skal reiknuð samkvæmt reiknilíkaninu sem er sett fram í I. hluta I. viðauka.

2. Við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar skal ákvarða heildarlántökukostnað neytanda að frátöldum þeim kostnaði sem neytandanum ber að greiða vegna skuldbindinga, sem hann hefur ekki staðið við en mælt er fyrir um í lánssamningnum, og kostnaði, öðrum en því kaupverði sem honum ber skylda til að greiða vegna kaupa á vöru eða þjónustu, hvort sem kaupin eru gerð með staðgreiðslu eða láni.

Kostnaðurinn við að viðhalda reikningi þar sem bæði greiðslufærslur og nýting lána eru skráð, kostnaður við notkun greiðsluleiða fyrir bæði greiðslufærslur og nýtingu lána og annar kostnaður í tengslum við greiðslufærslur skal vera innifalinn í heildarkostnaði af láni til neytandans nema valfrjálst sé að opna reikning og kostnaður við reikninginn sé sérstaklega og greinilega tekinn fram í lánssamningnum eða öðrum samningi sem gerður er við neytandann.

3. Við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar skal ganga út frá þeirri forsendu að lánssamningurinn haldist í gildi þann tíma sem samið er um og að lánveitandinn og neytandinn muni rækja skyldur sínar samkvæmt þeim skilmálum og dagsetningum sem eru tilgreind í lánssamningnum.

4. Þegar um er að ræða lánssamninga sem hafa að geyma ákvæði sem heimila frávik frá útlánsvöxtum og, ef við á, þeim kostnaði sem er innifalinn í árlegri hlutfallstölu kostnaðar en ekki er hægt að meta þegar útreikningur fer fram, skal ganga út frá þeirri forsendu við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar að útlánsvextir og annar kostnaður séu fastur kostnaður miðað við upphafsstöðu og gildi þar til lánssamningurinn fellur úr gildi.

5. Ef nauðsyn krefur má nota viðbótarforsendurnar, sem settar eru fram í I. viðauka, við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar.

Ef forsendurnar, sem settar eru fram í þessari grein og í II. hluta I. viðauka, nægja ekki til að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar á samræmdan hátt eða eru ekki lengur lagaðar að stöðu viðskipta á markaðnum getur framkvæmdastjórnin ákveðið nauðsynlegar viðbótarforsendur fyrir útreikning á árlegri hlutfallsfölu kostnaðar eða breytt þeim forsendum sem fyrir eru. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta þeim þáttum þessarar tilskipunar sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni með athugun sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

VI. KAFLI

LÁNVEITENDUR OG LÁNAMIÐLARAR

20. gr.

Reglur lánveitenda

Aðildarríkin skulu sjá til þess að lánveitendur séu undir eftirliti aðila eða yfirvalds óháð fjármálastofnunum eða reglur settar um starfsemi þeirra. Þetta er með fyrirvara um tilskipun 2006/48/EB.

21. gr.

Sérstakar skuldbindingar lánamiðlara gagnvart neytendum

Aðildarríkin skulu sjá til þess að:

a) lánamiðlari taki fram í auglýsingum og skjölum, sem eru ætluð neytendum, hvert umboð hans sé, einkum hvort hann starfar eingöngu fyrir einn eða fleiri lánveitendur eða sem óháður miðlari,

b) neytandinn sé látinn vita af þóknun, ef einhver er, sem hann þarf að greiða lánamiðlaranum fyrir þjónustu hans og að fyrir liggi samkomulag um hana milli neytanda og lánamiðlara á pappír eða öðrum varanlegum miðli áður en lánssamningurinn er gerður,

c) lánamiðlari tilkynni lánveitanda, vegna útreiknings á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, um þóknunina, ef einhver er, sem neytandinn þarf að greiða lánamiðlaranum fyrir þjónustu hans.

VII. KAFLI

FRAMKVÆMDARRÁÐSTAFANIR

22. gr.

Samhæfing og ófrávíkjanlegar kröfur þessarar tilskipunar

1. Að því leyti sem ákvæði þessarar tilskipunar eru samhæfð geta aðildarríkin ekki viðhaldið eða leitt í landslög ákvæði sem víkja frá þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Aðildarríki skulu tryggja að neytendur hafi ekki heimild til að afsala sér þeim rétti sem þeir hafa samkvæmt ákvæðum í landslögum sem eru til framkvæmdar þessari tilskipun eða sem samsvara henni.

3. Aðildarríkin skulu enn fremur tryggja að ekki sé hægt að sniðganga ákvæðin sem þau samþykkja til framkvæmdar þessari tilskipun vegna framsetningar samninganna, t.d. með því að taka nýtingu lána eða lánssamninga, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, upp í lánssamningum sem hafa þá eiginleika eða þann tilgang sem gæti gert það kleift að sniðganga beitingu tilskipunarinnar.

4. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að neytendur séu ekki sviptir þeirri vernd, sem þessi tilskipun veitir þeim, með því að velja lög þriðja lands sem gildandi lög fyrir lánssamninginn ef lánssamningurinn tengist náið yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja.

23. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlög sem kveðið er á um skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

24. gr.

Lausn deilumála utan dómstóla

1. Aðildarríkin skulu tryggja að tekin verði upp fullnægjandi og skilvirk málsmeðferð við lausn deilumála neytenda varðandi lánssamninga og nota til þess stofnanir sem eru til fyrir, eftir því sem við á.

2. Aðildarríki skulu hvetja þessar stofnanir til að starfa einnig saman að því að leysa deilumál yfir landamæri varðandi lánssamninga.

25. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

26. gr.

Upplýsingar sem ber að veita framkvæmdastjórninni

Ef aðildarríki nýtir sér einhverja þá reglusetningarvalkosti sem um getur í 2. gr. (5. og 6. mgr.), 4. gr. (1. mgr.), 4. gr. (c-liður 2. mgr.), 6. gr. (2. mgr.), 10. gr. (1. mgr.), 10. gr. (g-liður 2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (4. mgr.), skal það upplýsa framkvæmdastjórnina um það, svo og um allar síðari breytingar. Framkvæmdastjórnin skal birta upplýsingarnar á vefsetri eða annars staðar þar sem auðvelt er að nálgast þær. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að dreifa þeim upplýsingum meðal innlendra lánveitenda og neytenda.

27. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 11. júní 2010, samþykkja og birta þau ákvæði sem eru nauðsynleg til að fara að þessari tilskipun.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 11. júní 2010.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Framkvæmdastjórnin skal, á fimm ára fresti og í fyrsta skipti 11. júní 2013, endurskoða viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og viðaukunum við hana og þau hlutföll sem eru notuð við útreikning þeirra bóta sem greiða skal þegar um greiðslu fyrir gjalddaga er að ræða, meta þau í ljósi efnahagsþróunar í Bandalaginu og ástands á viðkomandi markaði. Framkvæmdastjórnin skal einnig fylgjast með því hvaða áhrif reglusetningarvalkostirnir, sem um getur í 2. gr. (5. og 6. mgr.), 4. gr. (1. mgr.), 4. gr. (c-liður 2. mgr.), 6. gr. (2. mgr.), 10. gr. (1. mgr.), 10. gr. (g-liður 2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (4. mgr.), hafa haft á innri markaðinn og neytendur. Niðurstöðurnar skulu lagðar fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögum, ef við á, um að breyta viðmiðunarmörkum og hlutfalli, svo og fyrrgreindum reglusetningarvalkostum til samræmis við það.

28. gr.

Umreikningur á fjárhæðum í evrum yfir í innlendan gjaldmiðil

1. Að því er varðar þessa tilskipun skulu aðildarríki, sem umreikna fjárhæðir í evrum yfir í sinn eigin gjaldmiðil, í fyrstu nota við umreikninginn þann gjaldmiðil, sem gildir á þeim degi þegar tilskipun þessi er samþykkt.

2. Aðildarríki geta námundað þær fjárhæðir sem verða til við umreikning að því tilskildu að slík námundun fari ekki yfir 10 evrur.

VIII. KAFLI

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

29. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 87/102/EBE falli úr gildi frá og með 11. júní 2010.

30. gr.

Bráðabirgðaráðstafanir

1. Þessi tilskipun gildir ekki um lánssamninga sem hafa þegar verið gerðir þann dag sem innlendar framkvæmdarráðstafanir öðlast gildi.

2. Aðildarríki skulu þó tryggja að 11., 12., 13. og 17. gr., og 18. gr. (annar málsliður 1. mgr. og 2. mgr.) gildi einnig um opna lánssamninga sem hafa þegar verið gerðir þann dag sem innlendar framkvæmdarráðstafanir öðlast gildi.

31. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

32. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	J. LENARČIČ
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

I. Grunnjafna sem sýnir jafngildi lánanýtingar annars vegar og endurgreiðslna og kostnaðar hins vegar.

Grunnjafnan, sem ákvarðar árlega hlutfallstölu kostnaðar, jafnar árlega heildarnúvirði nýtingar annars vegar og heildarnúvirði endurgreiðslna og greidds kostnaðar hins vegar, þ.e.:

$$\sum_{k=1}^{m} C_k(1+X)^{-t_k} = \sum_{l=1}^{m'} D_l(1+X)^{-S_l}$$

þar sem:

— X er árleg hlutfallstala kostnaðar,

— m er númer síðustu lánanýtingar,

— k er númer lánanýtingar, þannig að $1 \leq k \leq m$,

— C_k er magn lánanýtingar k,

— t_k er tímabilið, í árum og hlutum úr ári, milli dagsetningar fyrstu lánanýtingar og dagsetningar hverrar lánanýtingar þar á eftir, þannig að $t_1 = {}_0$,

— m' er númer síðustu endurgreiðslu eða kostnaðargreiðslu,

— l er númer endurgreiðslu eða kostnaðargreiðslu,

— D_l er fjárhæð endurgreiðslu eða kostnaðargreiðslu,

— s_l er tímabilið, í árum og hlutum úr ári, milli dagsetningar fyrstu nýtingar láns og dagsetningar hverrar endurgreiðslu eða kostnaðargreiðslu.

Athugasemdir:

a) Fjárhæðir sem báðir aðilar greiða á mismunandi tíma þurfa ekki nauðsynlega að vera jafnháar og endurgreiðast ekki nauðsynlega með jöfnu millibili.

b) Upphafsdagsetning er dagsetning fyrstu lánsnýtingar.

c) Tímabilin milli dagsetninga, sem eru notaðar við útreikningana, skulu tilgreind í árum eða hlutum úr ári. Ár telst vera 365 dagar (eða 366 dagar á hlaupári), 52 vikur eða 12 jafnir mánuðir. Jafn mánuður telst vera 30,41666 dagar (þ.e. 365/12), án tillits til þess hvort um hlaupár er að ræða eða ekki.

d) Niðurstöður útreikninganna skulu gefnar upp með nákvæmni upp á minnst einn aukastaf. Ef næsti aukastafur er 5 eða hærri skal hækka þann tiltekna aukastaf um einn.

e) Unnt er að umskrifa jöfnuna með því að nota eina summu og hugtakið um flæði (Ak), sem verður jákvætt eða neikvætt, með öðrum orðum annaðhvort greitt út eða móttekið á tímabilum l til k, og gefið upp í árum, þ.e.:

$$S = \sum_{k=1}^{n} A_k (1 + X)^{-t_k},$$

S er þá núverandi staða flæðisins. Ef markmiðið er að viðhalda jafngildi flæðis er virðið núll.

II. Viðbótarforsendur fyrir útreikningi á árlegri hlutfallstölu kostnaðar

a) ef lánssamningur gerir neytanda kleift að nýta lánið að vild skal litið svo á að heildarfjárhæð láns sé nýtt þegar í stað og að fullu,

b) ef lánssamningur gefur kost á mismunandi nýtingarmöguleikum með mismunandi kostnaði eða útlánsvöxtum skal litið svo á að heildarfjárhæð láns sé nýtt með mesta kostnaði og útlánsvöxtum sem er beitt við algengasta nýtingarmöguleikann fyrir þessa tegund lánssamnings,

c) ef lánssamningur gerir neytanda almennt kleift að nýta lán að vild en setur, meðal mismunandi nýtingarmöguleika, takmarkanir að því er varðar fjárhæðina og tímabilið, skal litið svo á að lánsfjárhæðin sé nýtt á fyrsta degi sem kveðið er á um í samningnum og í samræmi við þessar takmarkanir á nýtingu,

d) ef ekki er til staðar föst tímaáætlun fyrir endurgreiðslu skal gert ráð fyrir því:

   i. að lánið sé veitt til eins árs og

   ii. að lánið verði endurgreitt með 12 jöfnum, mánaðarlegum afborgunum,

e) ef föst tímaáætlun fyrir endurgreiðslu er til staðar en fjárhæð endurgreiðslnanna er sveigjanleg skal litið svo á að fjárhæð hverrar endurgreiðslu sé sú lægsta sem er tiltekin í samningnum,

f) ef fleiri en einn endurgreiðsludagur er tiltekinn í lánssamningnum skal afhenda lánið og inna af hendi endurgreiðslurnar á fyrsta degi sem tiltekinn er í samningnum, nema annað sé tekið fram,

g) ef ekki hefur ennþá verið samið um þak á lánið er gert ráð fyrir að það sé 1.500 evrur,

h) þegar um er að ræða yfirdráttarheimild skal litið svo á að heildarfjárhæð láns sé nýtt til fulls og á öllum gildistíma lánssamningsins. Ef gildistími lánssamningsins er ekki þekktur skal, við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, gera ráð fyrir að gildistími lánsins sé þrír mánuðir,

i) ef mismunandi vextir og kostnaður eru í boði í takmarkaðan tíma eða vegna takmarkaðrar fjárhæðar skal litið svo á að vextirnir og kostnaðurinn eigi að vera hæsta hlutfallstalan allan gildistíma lánssamningsins,

j) útreikningur á árlegri hlutfallstölu að því er varðar samninga um neytendalán, sem fastir útlánsvextir fyrir upphaflega tímabilið hafa verið samþykktir fyrir, en við lok þess eru nýir útlánsvextir ákvarðaðir og aðlagaðir eftir það með reglulegu millibili samkvæmt umsömdum vísi, skal grundvallast á þeirri forsendu að við lok tímabils fastra útlánsvaxta séu útlánsvextir hinir sömu og þegar árleg hlutfallstala var reiknuð út á grundvelli gildis umsamins vísis á þeim tíma.

II. VIÐAUKI

STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAR UM EVRÓPSK NEYTENDALÁN

1. **Auðkenni og samskiptaupplýsingar lánveitanda/lánamiðlara**

Lánveitandi	[Auðkenni]
Heimilisfang Símanúmer (*) Tölvupóstfang (*) Bréfsímanúmer (*) Veffang (*)	[Heimilisfang sem neytandanum ber að nota]
Ef við á	
Lánamiðlari	[Auðkenni]
Heimilisfang Símanúmer (*) Tölvupóstfang (*) Bréfsímanúmer (*) Veffang (*)	[Heimilisfang sem neytandanum ber að nota]
(*) Þessar upplýsingar eru valkvæðar fyrir lánveitanda.	

Þegar „ef við á“ er tilgreint skal lánveitandi fylla út reitinn ef upplýsingarnar varða útlánamiðilinn eða eyða viðkomandi upplýsingum eða allri línunni ef upplýsingarnar varða ekki þá tegund láns sem haft er í huga.

Textinn innan hornklofanna er til skýringar fyrir lánveitandann og í hans stað skal setja samsvarandi upplýsingar.

2. **Lýsing á helstu sérkennum útlánamiðilsins**

Tegund láns	
Heildarfjárhæð láns *Hér er átt við þak eða heildarfjárhæð sem er fáanleg samkvæmt lánssamningnum.*	
Skilyrðin sem ráða nýtingu *Hér er átt við hvernig og hvenær þú færð féð.*	

Gildistími lánssamningsins	
Afborganir og, ef við á, í hvaða röð þeim er skipt niður	Þú þarft að greiða eftirfarandi: [Fjárhæð, fjöldi og tíðni greiðslna sem neytandinn þarf að inna af hendi] Vexti og/eða kostnað skal greiða á eftirfarandi hátt:
Heildarfjárhæðin sem þú þarft að greiða *Hér er átt við lánsfjárhæðina auk vaxta og hugsanlegs kostnaðar sem tengist láni þínu.*	[Samtala heildarfjárhæðar láns og heildarlántökukostnaðar]
Ef við á Lánið er veitt í því formi að greiðslu vöru eða þjónustu er frestað eða það er tengt afhendingu sérstakrar vöru eða veitingu þjónustu Heiti vöru/þjónustu Verð í reiðufé	
Ef við á	
Sjálfskuldarábyrgðar er krafist *Þetta er lýsing á tryggingunni sem þú þarft að leggja fram í tengslum við lánssamninginn.*	[Tegund sjálfskuldarábyrgðar]
Ef við á *Endurgreiðslur leiða ekki til tafarlausrar niðurgreiðslu höfuðstólsins.*	

3. **Lánskostnaður**

Útlánsvextir eða, ef við á, mismunandi útlánsvextir sem gilda um lánssamninginn	[% — fastir eða — breytilegir (með vísitölu eða viðmiðunarvextir sem gilda um upphaflega útlánsvexti), — tímabil],
Árleg hlutfallstala kostnaðar (APR) *Þetta er heildarkostnaðurinn gefinn upp sem árleg hlutfallstala af heildarfjárhæð lánsins. Árleg hlutfallstala kostnaðar auðveldar þér að bera saman mismunandi tilboð.*	[% Hér skal setja fram lýsandi dæmi þar sem fram koma allar forsendur sem eru notaðar við útreikning á hlutfallstölunni]
Er það skylda, til að geta fengið lánið eða fá það með auglýstum skilmálum og skilyrðum,	
— að kaupa tryggingu sem tengist láninu eða	Já/nei [ef svarið er játandi skal tilgreina tegund tryggingar]
— að gera annan samning um viðbótarþjónustu? *Ef lánveitandi þekkir ekki kostnaðinn við þessa þjónustu er hann ekki talinn með í árlegri hlutfallstölu kostnaðar.*	Já/nei [ef svarið er játandi skal tilgreina tegund viðbótarþjónustu]
Tengdur kostnaður	

Ef við á Þess er krafist að einn eða fleiri reikningar séu haldnir til að skrá bæði greiðslufærslur og nýtingu lánsins	
Ef við á Fjárhæð kostnaðar við að nota sérstaka greiðsluaðferð (t.d. greiðslukort)	
Ef við á Allur annar kostnaður sem leiðir af lánssamningnum	
Ef við á Skilyrði fyrir því að gera breytingar á fyrrnefndum kostnaði sem tengist lánssamningnum	
Ef við á Skylda til að greiða lögbókunargjald	
Kostnaður vegna greiðslu eftir gjalddaga *Vangoldnar greiðslur gætu haft alvarlegar afleiðingar fyrir þig (t.d. nauðungarsölu) og gert erfiðara um vik að fá lán.*	Þú verður krafinn um að greiða [……(gildandi vextir og fyrirkomulag við aðlögun á þeim og, þegar við á, vanskilagjöld)] vegna vangoldinna greiðslna.

4. **Aðrir mikilvægir lagalegir þættir**

Réttur til að falla frá samningi *Þú hefur rétt til að falla frá lánssamningnum innan fjórtán almanaksdaga.*	Já/nei
Greiðsla fyrir gjalddaga *Þú átt rétt á því að flýta endurgreiðslu lánsins hvenær sem er, að fullu eða að hluta.*	
Ef við á Lánveitandi á rétt á bótum ef greitt er fyrir gjalddaga	[Ákvörðun bóta (reikningsaðferð) í samræmi við ákvæðin til framkvæmdar 16. gr. tilskipunar 2008/48/EB]
Leit í gagnasafni *Lánveitandi verður að upplýsa þig þegar í stað, þér að kostnaðarlausu, um niðurstöðu leitar í gagnasafni ef lánsumsókn er hafnað á grundvelli slíkrar leitar. Þetta gildir ekki ef bannað er að veita slíkar upplýsingar samkvæmt löggjöf Evrópubandalagsins eða ef það fer í bága við markmið allsherjarreglu eða almannaöryggis.*	

Réttur til að fá drög að lánssamningi *Þú átt rétt á, óskir þú eftir því, að fá afrit af drögum að lánssamningi þér að kostnaðarlausu. Þetta ákvæði gildir ekki ef lánveitandi er, þegar beiðnin er lögð fram, ófús að gera lánssamning við þig.*	
Ef við á Tímabilið sem lánveitandi er bundinn af því að veita upplýsingar áður en samningur er gerður.	Þessar upplýsingar gilda frá … til …

Ef við á

5. **Viðbótarupplýsingar ef um er að ræða fjarsölu á fjármálaþjónustu**

a) varðandi lánveitandann	
Ef við á Fulltrúi lánveitandans í aðildarríkinu þar sem þú býrð Heimilisfang Símanúmer (*) Tölvupóstfang (*) Bréfsímanúmer (*) Veffang (*)	[Auðkenni] [Heimilisfang sem neytandanum ber að nota]
Ef við á Skráning	[Viðskiptaskráin sem lánveitandinn er skráður í og skráningarnúmer hans eða samsvarandi auðkenni hans í þeirri skrá]
Ef við á Eftirlitsyfirvald	
b) varðandi lánssamninginn	
Ef við á Réttur til að falla frá samningi nýttur	[Hagnýtar leiðbeiningar um hvernig nýta megi réttinn til að falla frá samningi, þar sem m.a. kemur fram tímabilið til að nýta þann rétt, heimilisfangið sem senda skal tilkynningu um það á og afleiðingar þess að nýta ekki þann rétt]
Ef við á Lög þau sem lánveitandi leggur til grundvallar tengslum sínum við þig áður en lánssamningur er gerður	
Ef við á Ákvæði sem segir fyrir um lög þau, sem gilda um lánssamninginn, og/eða þar til bæran dómstól	[Viðkomandi ákvæði skal sett fram hér]

Ef við á Val á tungumáli	 Upplýsingar og samningsskilmálar verða afhent á [hið tiltekna tungumál]. Með samþykki þínu höfum við í hyggju að eiga samskipti [tiltekið tungumál, eitt eða fleiri] á gildistíma lánssamningsins.
c) varðandi úrlausn ágreiningsmála	
Tilvist kerfis fyrir kvartanir og úrlausn mála utan réttar og aðgangur að því	[Hvort fyrir hendi er kerfi fyrir kvartanir og úrlausn mála utan réttar fyrir neytendur sem eru aðilar að fjarsölusamningi og, ef svo er, hvernig aðgangur fæst að því]
(*) Þessar upplýsingar eru valkvæðar fyrir lánveitanda.	

III. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR UM EVRÓPSK NEYTENDALÁN AÐ ÞVÍ ER VARÐAR

1) **yfirdrátt**

2) **neytendalán sem tilteknar lánastofnanir bjóða (5. mgr. 2. gr. í tilskipun 2008/48/EB)**

3) **skuldbreytingu**

1. **Auðkenni og samskiptaupplýsingar lánveitanda/lánamiðlara**

Lánveitandi	[Auðkenni]
Heimilisfang Símanúmer (*) Tölvupóstfang (*) Bréfsímanúmer (*) Veffang (*)	[Heimilisfang sem neytandanum ber að nota]
Ef við á	
Lánamiðlari	[Auðkenni]
Heimilisfang Símanúmer (*) Tölvupóstfang (*) Bréfsímanúmer (*) Veffang (*)	[Heimilisfang sem neytandanum ber að nota]
(*) Þessar upplýsingar eru valkvæðar fyrir lánveitanda.	

Þegar „ef við á“ er tilgreint skal lánveitandi fylla út reitinn ef upplýsingarnar varða útlánamiðilinn eða eyða viðkomandi upplýsingum eða allri línunni ef upplýsingarnar varða ekki þá tegund láns sem haft er í huga.

Textinn innan hornklofanna er útskýringar fyrir lánveitanda og í hans stað skal setja samsvarandi upplýsingar.

2. **Lýsing á helstu sérkennum útlánamiðilsins**

Tegund láns	
Heildarfjárhæð láns *Hér er átt við þak eða heildarfjárhæð sem er fáanleg samkvæmt lánssamningi.*	
Gildistími lánssamningsins	
Ef við á Þú getur hvenær sem er verið krafinn um endurgreiðslu allrar lánsfjárhæðarinnar.	

3. **Lántökukostnaður**

Útlánsvextir eða, ef við á, mismunandi útlánsvextir sem gilda um lánssamninginn	[% — fastir eða — breytilegir (með vísitölu eða viðmiðunarvöxtum sem gilda um upphaflega útlánsvexti)],
Ef við á Árleg hlutfallstala kostnaðar (APR) (*) *Þetta er heildarlántökukostnaður gefinn upp sem árleg hlutfallstala heildarfjárhæðar lánsins. Árleg hlutfallstala kostnaðar auðveldar þér að bera saman mismunandi tilboð.*	[% Hér skal vera lýsandi dæmi þar sem fram koma allar forsendur sem eru notaðar við útreikning á hlutfallstölunni]
Ef við á Kostnaður. Ef við á Skilyrðin fyrir því að hægt sé að breyta þessum kostnaði	[Kostnaður sem gildir frá þeim tíma þegar lánssamningur er gerður]
Kostnaður vegna greiðslu eftir gjalddaga	Þú verður krafinn um að greiða [……(gildandi vextir og fyrirkomulag við breytingu á þeim og, þegar við á, vanskilagjöld)] vegna vangoldinna greiðslna.

(*) Gildir ekki um upplýsingar um lán til evrópskra neytenda vegna yfirdráttar í þeim aðildarríkjum sem ákveða á grundvelli 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2008/48/EB að ekki þurfi að gefa upp árlega hlutfallstölu kostnaðar vegna yfirdráttar.

4. **Aðrir mikilvægir lagalegir þættir**

Uppsögn lánssamnings	[skilyrði og málsmeðferð ef lánssamningnum er sagt upp]

Leitað í gagnasafni *Lánveitandi verður að upplýsa þig þegar í stað, þér að kostnaðarlausu, um niðurstöðu leitar í gagnasafni ef lánsumsókn er hafnað á grundvelli slíkrar leitar. Þetta gildir ekki ef bannað er að veita slíkar upplýsingar samkvæmt löggjöf Evrópubandalagsins eða ef það fer í bága við markmið allsherjarreglu eða almannaöryggis.*	
Ef við á Tímabilið sem lánveitandi er bundinn af því að veita upplýsingar áður en samningur er gerður.	 Þessar upplýsingar gilda frá ... til ...

Ef við á

5. **Viðbótarupplýsingar sem gefa skal ef tilteknar lánastofnanir veita upplýsingar áður en samningur er gerður (5. mgr. 2. gr. tilskipunar 2008/48/EB) eða tengjast neytendaláni til skuldbreytingar**

Afborganir og, ef við á, í hvaða röð þeim er skipt niður	Þú þarft að greiða eftirfarandi: [Lýsandi dæmi um töflu yfir afborganir, þ.m.t. fjárhæð, fjöldi og tíðni greiðslna sem neytanda ber að inna af hendi]
heildarfjárhæðin sem þú þarft að greiða	
Greiðsla fyrir gjalddaga *Þú átt rétt á því að flýta endurgreiðslu lánsins hvenær sem er, að fullu eða að hluta.* Ef við á Lánveitandi á rétt á bótum ef greitt er fyrir gjalddaga	 [Ákvörðun bóta (reikningsaðferð) í samræmi við ákvæðin til framkvæmdar 16. gr. tilskipunar 2008/48/EB]

Ef við á

6. **Viðbótarupplýsingar sem gefa skal ef um er að ræða fjarsölu á fjármálaþjónustu**

a) varðandi lánveitandann	
Ef við á Fulltrúi lánveitanda í aðildarríkinu þar sem þú býrð Heimilisfang Símanúmer (*) Tölvupóstfang (*) Bréfsímanúmer (*) Veffang (*)	 [Auðkenni] [Heimilisfang sem neytandanum ber að nota]
Ef við á Skráning	 [Viðskiptaskráin sem lánveitandinn er skráður í og skráningarnúmer hans eða samsvarandi auðkenni hans í þeirri skrá]

Ef við á Eftirlitsyfirvald	
b) varðandi lánssamninginn	
Réttur til að falla frá samningi	Já/nei
Þú átt rétt á því að falla frá lánssamningnum innan fjórtán almanaksdaga. Ef við á Réttur til að falla frá samningi nýttur	[Hagnýtar leiðbeiningar um hvernig nýta megi réttinn til að falla frá samningi, þar sem m.a. kemur fram, heimilisfangið sem senda skal tilkynningu um það á og afleiðingar þess að nýta ekki þann rétt]
Ef við á Lög þau sem lánveitandi leggur til grundvallar tengslum sínum við þig áður en lánssamningurinn er gerður	
Ef við á Ákvæði þar sem mælt er fyrir um þau lög sem gilda um lánssamninginn og/eða þar til bæran dómstól	[Viðkomandi ákvæði skal sett fram hér]
Ef við á Val á tungumáli	Upplýsingar og samningsskilmálar verða afhent á [hið tiltekna tungumál]. Með samþykki þínu höfum við í hyggju að eiga samskipti [tiltekið tungumál, eitt eða fleiri] á gildistíma lánssamningsins.
c) um úrlausn ágreiningsmála	
Tilvist kerfis fyrir kvartanir og úrlausn mála utan réttar og aðgangur að því	[Hvort fyrir hendi er kerfi fyrir kvartanir og úrlausn mála utan réttar fyrir neytendur sem eru aðilar að fjarsölusamningi og, ef svo er, hvernig aðgangur fæst að því]
(*) Þessar upplýsingar eru valkvæðar fyrir lánveitanda.	

146. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2008, frá 4. júlí 2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2008, frá 4. júlí 2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB.

Reglugerð nr. 1569/2007 tilgreinir skilmála sem góðar reikningsskilavenjur þriðju ríkja þurfa að uppfylla til að vera vegnar að jöfnu við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem Evrópusambandið samþykkir. Ljóst er að innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og var umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar því tekin með stjórnskipulegum fyrirvara.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB.

Reglugerð nr. 1569/2007 leggur fram skilmála sem reikningsskilareglur þriðju ríkja þurfa að uppfylla til að vera jafngildar alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem Evrópusambandið samþykkir. Stefna Evrópusambandsins er að komið verði á alþjóðlegum reikningsskila-

stöðlum fyrir félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði í löndum þess. Þar til það gerist er stefnan að nema brott kostnaðarsamar afstemmingar milli reikningsskilareglna Evrópusambandsins og helstu viðskiptalanda þess. Reikningsskilareglur þriðju ríkjanna er hægt að leggja að jöfnu við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem Evrópusambandið samþykkir ef ársreikningur félags er saminn eftir viðurkenndum reikningsskilareglum þriðja ríkisins, þannig að það gerir fjárfestum kleift að komast að sambærilegri fjárhagslegri stöðu þess sem semur ársreikninginn.

Reglugerðin hefur einnig að geyma ákvæði um eftirlit ársreikningaskrár með félögum utan ríkja ESB sem skrá verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði í ríkjum sambandsins.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, og ýmsum öðrum lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, sem var upphaflega lagt fram á 136. löggjafarþingi 2008–2009 (245. mál, þskj. 362), var meðal annars ætlað að skapa nauðsynlega lagastoð fyrir innleiðingu reglugerðar nr. 1569/2007. Frumvarpið var þó ekki afgreitt úr efnahags- og skattanefnd fyrir þinglok á því löggjafarþingi. Frumvarpið var lagt fram að nýju lítillega breytt á 138. löggjafarþingi 2009–2010 en hlaut þá sömu örlög (218. mál, þskj. 242). Fyrirhugað er að leggja frumvarpið enn á ný fram á yfirstandandi löggjafarþingi.

Í fyrrgreindu frumvarpi er meðal annars lagt til að komið verði til framkvæmda hér á landi ákveðnum þáttum reglugerðar nr. 1569/2007 um eftirlit ársreikningaskrár með félögum utan EES-ríkjanna sem skrá verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, að lögin kveði á um að þegar um sé að ræða félag sem sé með skráða skrifstofu utan Evrópska efnahagssvæðisins en gefur út verðbréf sín sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi skuli ársreikningaskrá hafa eftirlit með því hvort ársreikningur sem saminn er samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum heimaríkis sé hliðstæður ákvæðum laga nr. 3/2006.

Um efnahagslegar afleiðingar gerðarinnar er vísað til kostnaðarmats fjármálaráðuneytisins í fylgiskjali með frumvarpinu sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi þar sem fram kemur að verði frumvarpið óbreytt að lögum sé ekki gert ráð fyrir því að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

Um stjórnsýslulegar afleiðingar gerðarinnar verður ekki séð að umfang þess eftirlits sem gert er ráð fyrir af hálfu ársreikningaskrár verði slíkt að það kalli á sérstakar ráðstafanir hvað varðar skipulag eða starf stofnunarinnar. Þá vísast til 3. mgr. 61. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, þar sem segir að ársreikningaskrá fari með mat á því hvort kröfur samkvæmt ákvæðum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins séu hliðstæðar ákvæðum laga um ársreikninga sem byggjast á tilskipun 2004/109/EB.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 80/2008

frá 4. júlí 2008

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2008 frá 6. júní 2008 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 frá 21. desember 2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB ([2]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 29ga (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/14/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„29h. **32007 R 1569:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 frá 21. desember 2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB (Stjtíð. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 66).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1569/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 29, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 11.
([2]) Stjtíð. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 66.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING SAMNINGSAÐILA

vegna ákvörðunar nr. 80/2008 sem felur í sér ákvæði um að fella inn í samninginn reglugerð (EB) nr. 1569/2007

„Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 frá 21. desember 2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB eru nokkrar greinar sem lúta að jafngildi krafna sem gilda gagnvart ríkjum utan Evrópubandalaganna. Innfelling þessarar reglugerðar er með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins.“

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1569/2007

frá 21. desember 2007

um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([1]), einkum 1. mgr. 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([2]), einkum i-lið 4. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 4. mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB er þess krafist að framkvæmdastjórnin komi á fót kerfi til að ákvarða jafngildi upplýsinga sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, þ.m.t. reikningsskil og samsvarandi kröfur samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum þriðju landa. Í þessari grein er þess einnig krafist að framkvæmdastjórnin taki ákvarðanir í tengslum við jafngildi reikningsskilastaðla, sem útgefendur í þriðja landi nota, og framkvæmdastjórninni gert kleift að heimila notkun reikningsskilastaðla þriðja lands í hæfilega langan aðlögunartíma. Þegar höfð er í huga náin samtenging upplýsinganna, sem krafist er samkvæmt tilskipun 2004/109/EB og upplýsinganna, sem krafist er samkvæmt tilskipun 2003/71/EB, er rétt að sömu viðmiðanir fyrir ákvörðun jafngildis gildi fyrir báðar þessar tilskipanir.

2) Þegar höfð eru í huga markmið tilskipunar 2003/71/EB um að tryggja að fjárfestar geti á upplýstan hátt metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, hagnað og tap og rekstrarhorfur útgefanda og markmið tilskipunar 2004/109/EB um að gera fjárfestum kleift að meta á upplýstan hátt fjárhagsstöðu útgefenda verðbréfa, sem eru skráð á skipulegan markað, er rétt að skilgreina jafngildi með vísan til getu fjárfesta til að leggja sambærilegt mat á fjárhagsstöðu og rekstrarhorfur útgefanda, án tillits til þess hvort reikningsskilin eru gerð í samræmi við reikningsskilastaðla þriðja lands eða í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (hér á eftir kallaðir IFRS-staðlar).

3) Í því skyni að tryggja að jafngildi reikningsskilastaðla þriðja lands sé ákvarðað í öllum tilvikum sem skipta máli fyrir markaði í Bandalaginu skal framkvæmdastjórnin meta jafngildi reikningsskilastaðla þriðja lands, annaðhvort að beiðni lögbærs yfirvalds í aðildarríki eða yfirvalds, sem er ábyrgt fyrir reikningsskilastöðlum, eða markaðseftirliti í þriðja landi, eða að eigin frumkvæði. Framkvæmdastjórnin hefur fyrst samráð við samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila (CESR) að því er varðar mat á jafngildi viðkomandi reikningsskilastaðla. Auk þess mun framkvæmdastjórnin fylgjast með framvindu aðgerða viðkomandi yfirvalda í þriðju löndum til að fella niður allar kröfur til útgefenda í Bandalaginu, sem hafa aðgang að fjármálamörkuðum í þriðja landi, um að stemma af reikningsskil sem samin eru með því að beita IFRS-stöðlum sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([3]). Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar verður að vera á þann veg að útgefendum í Bandalaginu sé heimilt að nota IFRS-staðla, sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, í hlutaðeigandi þriðja landi.

([1]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.
([2]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.
([3]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

4) Forseti leiðtogaráðsins, forseti framkvæmdastjórnarinnar og forseti Bandaríkjanna voru einhuga um það í apríl 2007 að stuðla að og tryggja að þær aðstæður verði uppi, í síðasta lagi árið 2009, að góðar reikningsskilavenjur í Bandaríkjunum (GAAP) og IFRS-staðlar verði viðurkennd í báðum lögsögum án þess að þörf sé fyrir afstemmingu. Framkvæmdastjórnin og verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna (SEC) hafa áfram skipst á skoðunum með það fyrir augum að IFRS-staðlar, sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, verði viðurkenndir í Bandaríkjunum, en það myndi leysa útgefendur, sem nota IFRS-staðla, undan kostnaðarsömum afstemmingarkröfum. Gera ber ráðstafanir fyrir árslok 2008 til að koma á sambærilegu fyrirkomulagi við önnur lönd þar sem fyrirtæki í Evrópusambandinu skrá verðbréf sín á verðbréfamörkuðum. Reikningsskilaráð Japans (ASBJ) vinnur að framkvæmd sameiginlegrar vinnuáætlunar sinnar og Alþjóðareikningsskilaráðsins (IASB) til að samræma góðar reikningsskilavenjur í Japan og IFRS-staðlana. Reikningsskilaráð Kanada (AcSB) birti framkvæmdaáætlun um að taka IFRS-staðla upp í góðar reikningsskilavenjur í Kanada frá og með 1. janúar 2011.

5) Í því skyni að efla markmið reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 og hvetja til notkunar IFRS-staðla á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og til að draga eins og framast er kostur úr röskun á mörkuðum í Bandalaginu er rétt að hafa hliðsjón af öllum áætlunum um samleitni í átt til IFRS-staðla eða skuldbindingu af hálfu viðeigandi yfirvalds í þriðja landi um að innleiða IFRS-staðla. Því er nauðsynlegt að tilgreina frekar við hvaða aðstæður samleitniáætlanir geti talist fullnægjandi grundvöllur fyrir því að heimila útgefendum í þriðja landi að beita innlendum reikningsskilastöðlum sínum á aðlögunartíma. Framkvæmdastjórnin hefur fyrst samráð við samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila um samleitniáætlunina eða um framvinduna við að innleiða IFRS-staðla, eftir atvikum.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um það við hvaða aðstæður unnt er að telja að góðar reikningsskilavenjur í þriðja landi séu jafngildar alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (hér á eftir nefndir IFRS-staðlar) og innleidd aðferð til að ákvarða slíkt jafngildi.

2. gr.

Jafngildi

Góðar reikningsskilavenjur í þriðja landi geta talist jafngildar IFRS-stöðlum, sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, ef reikningsskilin, sem eru gerð í samræmi við góðar reikningsskilavenjur í hlutaðeigandi þriðja landi, gera fjárfestum kleift að leggja sambærilegt mat á eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, hagnað og tap og rekstrarhorfur útgefandans og reikningsskil sem eru gerð í samræmi við IFRS-staðla, þannig að fjárfestar séu líklegir til að taka sömu ákvarðanir um kaup, varðveislu eða ráðstöfun verðbréfa útgefanda.

3. gr.

Jafngildisaðferð

Framkvæmdastjórnin getur átt frumkvæði að því að taka ákvörðunina um jafngildi góðra reikningsskilavenja í þriðja landi að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis eða að beiðni yfirvalds sem er ábyrgt fyrir reikningsskilastöðlum eða markaðseftirliti í þriðja landi.

Þegar framkvæmdastjórnin ákveður að ákvarða jafngildi, hvort heldur það er vegna beiðni eða að eigin frumkvæði, skal hún gera þá ákvörðun opinbera.

4. gr.

Skilyrði fyrir samþykki reikningsskilastaðla þriðja lands í takmarkaðan tíma

1. Heimila má útgefendum í þriðja landi að nota reikningsskil, sem eru gerð í samræmi við reikningsskilastaðla þriðja lands í því skyni að uppfylla skyldur sínar samkvæmt tilskipun 2004/109/EB og, með undanþágu frá 5. mgr. 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 809/2004, að leggja fram eldri fjárhagsupplýsingar samkvæmt þeirri reglugerð fyrir tímabil sem hefst einhvern tíma eftir 31. desember 2008 og lýkur eigi síðar en 31. desember 2011, í eftirfarandi tilvikum:

1) yfirvald það í þriðja landi sem er ábyrgt fyrir innlendum reikningsskilastöðlum hefur skuldbundið sig opinberlega fyrir 30. júní 2008 til að gera þá staðla samleitna alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir 31. desember 2011 og hvort tveggja eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

   a) yfirvald það í þriðja landi sem er ábyrgt fyrir hlutaðeigandi innlendum reikningsskilastöðlum hefur gert heildstæða samleitniáætlun fyrir 31. desember 2008 sem unnt er að ljúka fyrir 31. desember 2011,

   b) samleitniáætlunin er framkvæmd tafarlaust og á skilvirkan hátt og nauðsynlegum fjármunum til að ljúka henni er úthlutað til framkvæmdar hennar,

2) yfirvald það í þriðja landi sem er ábyrgt fyrir hlutaðeigandi innlendum reikningsskilastöðlum hefur skuldbundið sig opinberlega fyrir 30. júní 2008 til að innleiða alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir 31. desember 2011 og gerðar hafa verið árangursríkar ráðstafanir í þriðja landinu til að tryggja tímanleg og algjör umskipti yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla eigi síðar en þann dag eða það hefur gert samkomulag við ESB um gagnkvæma viðurkenningu fyrir 31. desember 2008.

2. Allar ákvarðanir skv. 1. mgr. um að heimila áframhaldandi viðtöku reikningsskila, sem eru gerð í samræmi við reikningsskilastaðla þriðja lands, skulu teknar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 24. gr. tilskipunar 2003/71/EB og 2. mgr. 27. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

3. Ef framkvæmdastjórnin heimilar áframhaldandi viðtöku reikningsskila, sem eru gerð í samræmi við reikningsskilastaðla þriðja lands í samræmi við 1. mgr., skal hún endurskoða reglulega hvort skilyrðin, sem eru tilgreind í a- eða b-lið (eftir atvikum), séu áfram uppfyllt og til samræmis við það skal hún senda skýrslu til evrópsku verðbréfanefndarinnar og Evrópuþingsins.

4. Ef skilyrðin í a- eða b-lið 1. mgr. eru ekki lengur uppfyllt skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 24. gr. tilskipunar 2003/71/EB og 2. mgr. 27. gr. tilskipunar 2004/109/EB um breytingu á ákvörðun sinni skv. 1. mgr., að því er varðar þessa reikningsskilastaðla.

5. Þegar framkvæmdastjórnin fer að þessari grein skal hún fyrst hafa samráð við samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila um samleitniáætlunina eða um framvinduna við innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna, eftir atvikum.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. desember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

147. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008, frá 7. nóvember 2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008 frá 7. nóvember 2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB.

Markmið tilskipunar 2007/64/EB eru að skapa heildstætt, samræmt og nútímalegt ESB-regluverk um rafræna greiðslumiðlun og að efla réttarstöðu neytenda með því að skýra leikreglur innan Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar greiðsluþjónustu. Ljóst er að innleiðing tilskipunarinnar hér á landi kallar á lagabreytingar og var umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar því tekin með stjórnskipulegum fyrirvara.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB.

Markmið tilskipunarinnar eru sem áður segir að skapa heildstætt, samræmt og nútímalegt ESB-regluverk um rafræna greiðslumiðlun og að efla réttarstöðu neytenda með því að skýra leikreglur innan svæðisins að því er varðar greiðsluþjónustu. Ákvæði hennar gilda um ólíkar

tegundir greiðslumiðlana. Innan gildissviðs tilskipunarinnar falla t.d. lánafyrirtæki, greiðslukortafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki.

Tilskipunin hefur að geyma ákvæði um gildissvið og skilgreiningar (1. þáttur). Hún gerir m.a. kröfur til greiðslumiðlana um starfsleyfi, eftirlit, opinbera skráningu, varðveislu upplýsinga o.fl. (2. þáttur). Enn fremur eru gerðar kröfur um gagnsæi varðandi skilyrði fyrir starfrækslu greiðslumiðlunar og kröfur til upplýsingagjafar (3. þáttur). Loks geymir tilskipunin ítarleg ákvæði um réttindi og skyldur í tengslum við skilyrði og notkun ólíkra greiðslukerfa/miðla, þar á meðal um ábyrgð greiðslumiðlunar og greiðanda, t.d. á óheimilum greiðslukortafærslum (4. þáttur).

Það athugast að þrátt fyrir að um sé að ræða gerð sem kveður á um fulla samræmingu (*full harmonisation*) hafa ríki ákveðinn sveigjanleika gagnvart tilteknum ákvæðum tilskipunarinnar. Ekki má þó víkja frá ákvæðum hennar ef það er neytendum í óhag, nema tilskipunin heimili það sérstaklega.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en í þeim lögum er m.a. að finna efnisákvæði um rafeyri og rafeyrisfyrirtæki, lánafyrirtæki og meðferð og umsýslu greiðslukorta. Um greiðslukort gilda jafnframt ákvæði laga nr. 33/2005, um fjarsölu á fjármálaþjónustu, svo fátt eitt sé nefnt, en aldrei hafa verið sett sérstök lög um greiðslukortastarfsemi á Íslandi.

Nefnd, sem efnahags- og viðskiptaráðherra skipaði síðastliðið vor, hefur haft tilskipunina til athugunar en nefndinni var ætlað að gera úttekt á lagaumhverfi að því er varðar rafræna greiðslumiðla og -kerfi og leggja til, eftir atvikum, lagabreytingar í því sambandi. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að setja þurfi heildarlög um greiðsluþjónustu. Gera má ráð fyrir því að efnahags- og viðskiptaráðherra leggi fram frumvarp til slíkra laga á vorþingi sem m.a. verði ætlað að innleiða ákvæði tilskipunarinnar.

Auk efnisákvæða um veitingu greiðsluþjónustu, þ.m.t. um réttindi og skyldur í tengslum við skilyrði og notkun ólíkra greiðslukerfa og -þjónustu, kveður tilskipun 2007/64/EB á um hverjum sé heimilt að veita greiðsluþjónustu. Helstu breytingar hér á landi felast annars vegar í tilkomu svokallaðra greiðslustofnana og hins vegar í því að einungis lánastofnunum með starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki til móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi (bönkum og sparisjóðum), en ekki svokölluðum lánafyrirtækjum, verður heimilt að veita greiðsluþjónustu.

Notkun greiðslukorta er sennilega nærtækasta dæmið í hugum almennings um greiðsluþjónustu í skilningi tilskipunarinnar. Engin sérlög gilda um greiðslukort hér á landi, en ýmis lög taka þó til slíkrar starfsemi. Rétt þykir að vekja athygli á að núverandi lagaumhverfi er lýtur að starfsleyfi greiðslukortafyrirtækja er strangara hér á landi en tíðkast hefur víða í Evrópu. Frumvarp til laga um greiðsluþjónustu mun fela í sér umtalsverðar breytingar á regluverki því sem um greiðslukort gildir hér á landi. Í því sambandi má helst nefna að samkvæmt núgildandi rétti gildir samningsfrelsi milli veitanda greiðsluþjónustu (færsluhirðis) og notanda greiðsluþjónustu (söluaðila) um hvenær færsluhirðir greiðir söluaðila uppgjör inn á bankareikning hans, en fyrirhugað lagafrumvarp mun hins vegar mæla fyrir um skýrar, óundanþægar reglur um innan hvaða tíma skuli framkvæma þetta uppgjör.

Eitt af markmiðum tilskipunar 2007/64/EB er að efla réttarstöðu neytenda með því að skýra leikreglur innan Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar greiðsluþjónustu. Með innleiðingu tilskipunarinnar má ætla að samkeppni um greiðsluþjónustu aukist hér á landi með auknu aðgengi að greiðslukerfum og fjölgun þátttakenda. Greiðslustofnanir verða nýir

þátttakendur í greiðslukerfum og samkeppnisaðilar banka er kemur að veitingu greiðsluþjónustu.

Fyrirhugað er að Fjármálaeftirlitið, Neytendastofa, Samkeppniseftirlitið og Seðlabanki Íslands hafi með sér samstarf í tengslum við eftirlit með framkvæmd fyrirhugaðra laga um greiðsluþjónustu. Fjármálaeftirlitið mun veita starfsleyfi til handa greiðslustofnunum og halda skrá yfir þær greiðslustofnanir sem það hefur veitt starfsleyfi. Fjármálaeftirlitið mun auk þess hafa eftirlit með starfsemi greiðslustofnana, þar með töldum umboðsaðilum, útibúum og útvistunaraðilum, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Samkeppniseftirlitið mun hafa eftirlit með þátttöku í greiðslukerfum. Neytendastofa mun hafa eftirlit með upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu. Auk þess er fyrirhugað að koma á sérstakri úrskurðarnefnd um greiðsluþjónustu. Ætla má að mestur kostnaður vegna þessa falli á Fjármálaeftirlitið. Til að standa undir þeim kostnaði er fyrirhugað að bæta við gjaldtökuheimild í 5. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 114/2008

frá 7. nóvember 2008

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2008 frá 4. júlí 2008 ([1]).

2) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2008 frá 4. júlí 2008 ([2]).

3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum

([1]) Stjtíð. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 12, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 5.
([2]) Stjtíð. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 25, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 18.

97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB ([1]).

4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2007/64/EB falla úr gildi 1. nóvember 2009 ákvæði tilskipunar 97/5/EB ([2]), en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að breytingin öðlist gildi 1. nóvember 2009.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 16d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/10/EB):

   „16e. **32007 L 0064:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB (Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 23b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB):

   „eins og henni var breytt með:

   – **32007 L 0064:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 (Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) og lið 31e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB):

   „– **32007 L 0064:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 (Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).“

4. Texti liðar 16a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB) falli brott þannig að breytingin öðlist gildi 1. nóvember 2009.

2. gr.

XIX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 3a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB):

([1]) Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 25.

„– **32007 L 0064:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 (Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).“

2. Texti liðar 7c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB) falli brott þannig að breytingin öðlist gildi 1. nóvember 2009.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/64/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING SAMNINGSAÐILA

vegna ákvörðunar nr. 114/2008 um að fella tilskipun 2007/64/EB inn í samninginn

„Samningsaðilar viðurkenna sérstöðu Liechtensteins, en hún er einkum fólgin í því að Liechtenstein og Sviss gerðu með sér samning árið 1980 um að Liechtenstein skyldi tilheyra gjaldmiðilssvæði Sviss. Greiðslur fara því um svissnesk greiðslukerfi. Nauðsynlegt er að taka fullt tillit til þessara almennu aðstæðna.“

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2007/64/EB

frá 13. nóvember 2007

um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 47. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mikilvægt er til að koma innri markaðnum á að afnumin séu öll innri landamæri í Bandalaginu og auðvelda þannig frjálsa vöruflutninga, frjálsa för fólks, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga. Því er mikilvægt að innri markaðurinn fyrir greiðsluþjónustu starfi rétt. Eins og sakir standa hindrar þó skortur á samhæfingu á þessu sviði starfsemi þessa markaðar.

2) Greiðsluþjónustumarkaðir aðildarríkjanna eru nú skipulagðir hver með sínum hætti, eftir lögum hvers ríkis og lagaramminn fyrir greiðsluþjónustu er brotinn upp í 27 réttarkerfi í hverju aðildarríki fyrir sig.

3) Nokkrar gerðir Bandalagsins hafa þegar verið samþykktar á þessu sviði, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna yfir landamæri ([3]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum ([4]), en þær hafa ekki bætt nægilega úr þessari stöðu fremur en tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 87/598/EBE frá 8. desember 1987 um evrópskar starfsreglur um rafrænar greiðslur (sambandið milli fjármálastofnana, miðlara og þjónustufyrirtækja og neytenda) ([5]), tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 88/590/EBE frá 17. nóvember 1988 um greiðslukerfi, einkum sambandið milli korthafa og kortaútgefanda ([6]) eða tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 97/489/EB frá 30. júlí 1997 um viðskipti með rafrænum greiðslumiðlum, einkum samband útgefanda og handhafa ([7]). Þessar ráðstafanir eru eftir sem áður ófullnægjandi. Með samhliða ákvæðum landslaga einstakra aðildarríkja og ófullkomnum ramma Bandalagsins skapast ruglingur og réttaróvissa.

4) Það er því brýnt að setja nútímalegan og samræmdan lagaramma um greiðsluþjónustustarfsemi á vettvangi Bandalagsins, hvort sem starfsemin samrýmist eða samrýmist ekki því kerfi sem varð til að frumkvæði fjármálageirans þegar hann vildi koma á sameiginlegu evrugreiðslusvæði (SEPA) sem er hlutlaust og tryggir að sömu leikreglur gildi fyrir öll greiðslukerfi til að neytendur hafi áfram sama valfrelsi, sem væri umtalsvert skref fram á við með tilliti til kostnaðar neytenda, öryggis og skilvirkni samanborið við núverandi kerfi í hverju aðildarríki fyrir sig.

5) Lagaramminn skal tryggja samræmingu á ákvæðum í lögum einstakra aðildarríkja um varfærniskröfur, aðgang nýrra greiðslumiðlana að markaðnum, upplýsingakröfur og réttindi og

([1]) Stjtíð. ESB C 109, 9.5.2006, bls. 10.
([2]) Álit Evrópuþingsins frá 24. apríl 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 15. október 2007.
([3]) Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 25.
([4]) Stjtíð. EB L 344, 28.12.2001, bls. 13.
([5]) Stjtíð. EB L 365, 24.12.1987, bls. 72.
([6]) Stjtíð. EB L 317, 24.11.1988, bls. 55.
([7]) Stjtíð. EB L 208, 2.8.1997, bls. 52.

skyldur notenda og veitenda greiðsluþjónustu. Innan þess ramma skal halda ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 2560/2001 en með henni var stofnaður innri markaður fyrir greiðslur í evrum að því er varðar verð. Ákvæði tilskipunar 97/5/EB og tilmælin í tilmælum 87/598/EBE, 88/590/EBE og 97/489/EB skulu samþætt í einni gerð sem hefur bindandi áhrif.

6) Ekki er þó rétt að þessi lagarammi taki til allra þátta. Beiting hans skal takmarkast við þær greiðslumiðlanir sem hafa að aðalstarfsemi að veita notendum greiðsluþjónustu þess háttar þjónustu. Ekki er heldur rétt að hann gildi um þjónustu ef millifærsla á fjármunum frá greiðanda til viðtakanda greiðslu eða flutningur þeirra fer einvörðungu fram í peningaseðlum og mynt eða ef millifærsla byggist á pappírsávísunum, pappírsvíxlum, pappírsskuldabréfum eða öðrum gerningum, pappírsúttektarseðlum eða kortum sem eru gefin út á greiðslumiðlun eða annan aðila og miðast við að afhenda viðtakanda greiðslu fé til ráðstöfunar. Enn fremur skal greina á milli aðferða við þjónustu sem fjarskipta-, upplýsingatækni- eða netfyrirtæki bjóða til að auðvelda kaup á stafrænum vörum eða þjónustu, s.s. hringitónum, tónlist eða stafrænum dagblöðum, auk hefðbundinnar talþjónustu, og dreifingu þeirra í stafrænan búnað. Efni þessara vara eða þjónustu er ýmist framleitt hjá þriðja aðila eða fyrirtækinu sjálfu sem kann að bæta við innra virði sem felst í aðgangs-, miðlunar- eða leitarbúnaði. Í síðara tilvikinu, þegar eitt þessara fyrirtækja dreifir vörum eða þjónustu, eða þriðji aðili, af tæknilegum ástæðum, og ef aðeins er unnt að nýta sér vörurnar eða þjónustuna með stafrænum búnaði, s.s. farsímum eða tölvum, skal þessi lagarammi ekki gilda þar eð starfsemi fyrirtækisins tekur til fleiri þátta en greiðslunnar einnar. Rétt er þó að þessi lagarammi gildi um þau tilvik þegar fyrirtæki er einungis miðlari sem sér einvörðungu til þess að þriðja aðila, sem er birgir, berist greiðslur.

7) Peningasending er einföld greiðsluþjónusta sem yfirleitt miðast við reiðufé sem greiðandi lætur greiðslumiðlun í té sem sendir samsvarandi fjárhæð áfram, t.d. um fjarskiptanet, til viðtakanda greiðslunnar eða annarrar greiðslumiðlunar fyrir hönd viðtakanda. Í nokkrum stórmörkuðum aðildarríkjanna sjá kaupmenn og aðrir smásalar almenningi fyrir samsvarandi þjónustu með því að gera þeim kleift að greiða reikninga frá almenningsveitum og aðra reglubundna reikninga heimilanna. Farið skal með þess háttar reikningsgreiðsluþjónustu sem peningasendingu, eins og skilgreint er í þessari tilskipun, nema lögbær yfirvöld telji starfsemina falla undir aðra greiðsluþjónustu sem tilgreind er í viðaukanum.

8) Nauðsynlegt er að tilgreina flokka greiðslumiðlana sem mega á lögmætan hátt veita greiðsluþjónustu alls staðar í Bandalaginu, þ.e. lánastofnanir, sem taka við innlánum frá notendum, sem nota má til að fjármagna greiðslur, og skulu falla áfram undir varfærniskröfur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ([1]), rafeyrisstofnanir sem gefa út rafeyri, sem unnt er að nota til að fjármagna greiðslur, og skulu falla áfram undir varfærniskröfur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september 2000 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim ([2]), og póstgíróstofnanir sem hafa tilskilin leyfi samkvæmt landslögum.

9) Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um framkvæmd greiðslna ef fjármunirnir eru rafeyrir eins og skilgreint er í b-lið 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/46/EB. Með þessari tilskipun eru þó hvorki settar reglur um útgáfu rafeyris né breytt varfærniseftirliti rafeyrisstofnana eins og kveðið er á um í tilskipun 2000/46/EB. Greiðslustofnunum skal því ekki heimilt að gefa út rafeyri.

10) Í því skyni að afnema lagahindranir gegn aðgangi að markaðnum er þó nauðsynlegt að fastsetja eitt leyfi fyrir allar greiðslumiðlanir sem tengjast ekki viðtöku innlána eða útgáfu rafeyris. Af þeim sökum er rétt að stofna nýjan flokk greiðslumiðlana, „greiðslustofnanir“, með því að kveða á um starfsleyfi til handa lögaðilum utan þeirra flokka sem fyrir eru, að uppfylltum ströngum og ítarlegum skilyrðum, til að veita greiðsluþjónustu alls staðar í Bandalaginu. Þannig myndu sömu skilmálar gilda í öllu Bandalaginu um þess háttar þjónustu.

([1]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/44/EB (Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 39.

11) Meðal skilyrða fyrir veitingu og viðhaldi starfsleyfis fyrir greiðslustofnanir skulu vera varfærniskröfur sem eru í réttu hlutfalli við rekstraráhættu og fjárhagslega áhættu sem fylgja starfsemi þess háttar stofnana. Í þessu sambandi er þörf fyrir traustar reglur um stofnfjárframlag og bindingu fjármagns vegna starfseminnar (e. ongoing capital) sem gæti með tímanum verið unnt að þróa áfram og endurbæta eftir þörfum markaðarins. Vegna mikillar fjölbreytni á sviði greiðsluþjónustu skulu með tilskipun þessari leyfðar ýmsar aðferðir og nokkurt val að því er varðar eftirlit til að tryggja að sama áhætta fái sömu meðferð með tilliti til allra greiðslumiðlana. Í kröfum til greiðslustofnana skal tekið tillit til þess að starfsemi greiðslustofnana er sérhæfðari og takmarkaðri og áhætta, sem þar myndast, er þess vegna þrengri og auðveldari í vöktun og eftirliti en sú áhætta sem skapast í umfangsmeiri starfsemi lánastofnana. Einkum skal greiðslustofnunum bannað að taka við innlögnum frá notendum og aðeins heimilt að nota fjármagn, sem þær fá frá notendum, til að veita greiðsluþjónustu. Setja skal ákvæði vegna fjármuna viðskiptavina sem haldið skal aðskildum frá fjármagni greiðslustofnana til annars rekstrar þeirra. Greiðslustofnanir skulu einnig falla undir skilvirkar kröfur um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

12) Greiðslustofnanir skulu taka saman ársreikninga og samstæðureikninga í samræmi við tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([1]) og, eftir atvikum, tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([2]) og tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ([3]). Ársreikningar og samstæðureikningar skulu vera endurskoðaðir, nema greiðslustofnunin sé undanþegin þeirri skyldu samkvæmt tilskipun 78/660/EBE og, eftir atvikum, tilskipunum 83/349/EBE og 86/635/EBE.

13) Með þessari tilskipun eru einungis settar reglur um lánveitingar greiðslustofnana, þ.e. veiting lánsheimilda og útgáfa kreditkorta, ef þær eru í nánum tengslum við greiðsluþjónustu. Einungis ef veitt er lán í því skyni að auðvelda greiðsluþjónustu, þess háttar lán er til skamms tíma og tímabilið, sem það er veitt fyrir, er allt að tólf mánuðir, þ.m.t. með sjálfvirkri framlengingu, er rétt að heimila greiðslustofnunum að veita slíkt lán að því er varðar starfsemi þeirra yfir landamæri, með því skilyrði að það sé endurfjármagnað með því að nota aðallega eigið fjármagn greiðsluþjónustunnar, sem og annað fjármagn frá fjármagnsmörkuðum, en þó ekki fjármuni sem þær varðveita fyrir hönd viðskiptavina vegna greiðsluþjónustu. Framangreint skal vera með fyrirvara um tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán ([4]) eða aðra viðeigandi löggjöf Bandalagsins eða innlenda löggjöf að því er varðar skilyrði fyrir lánveitingum til neytenda sem ekki eru í samræmi við tilskipun þessa.

14) Nauðsynlegt er að aðildarríkin tilgreini þau yfirvöld sem eru ábyrg fyrir veitingu starfsleyfa til greiðslustofnana, eftirliti með þeim og ákvörðun um afturköllun þeirra. Í því skyni að tryggja jafna meðferð skulu aðildarríkin ekki gera neinar aðrar kröfur til greiðslustofnana en kveðið er á um í þessari tilskipun. Öllum ákvörðunum, sem lögbær yfirvöld taka, skal þó vera unnt að skjóta til dómstóla. Auk þess skulu verkefni lögbærs yfirvalds ekki hafa áhrif á eftirlit með greiðslukerfunum sem er, í samræmi við fjórða undirlið 2. mgr. 105. gr. sáttmálans, verkefni sem seðlabankakerfi Evrópu hefur umsjón með.

15) Með tilliti til þess að æskilegt væri að skrá alla þá sem annast peningasendingar og staðsetningu þeirra og veita þeim öllum einhvers konar staðfestingu, án tillits til þess hvort þeir standast öll skilyrði fyrir starfsleyfi sem greiðslustofnanir, þannig að enginn sé neyddur inn í neðanjarðarhagkerfið og allir aðilar, sem annast peningasendingar, færist undir tilteknar lágmarkskröfur laga og reglna, er rétt og í samræmi við grunnforsendu VI. sérstöku tilmæla

([1]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB (Stjtíð. ESB L 224, 16.8.2006, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/99/EB (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 137).

([3]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/46/EB.

([4]) Stjtíð. EB L 42, 12.2.1987, bls. 48. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/7/EB (Stjtíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 17).

fjármálaaðgerðahópsins um peningaþvætti að kveða á um fyrirkomulag sem leiðir til þess að litið verði á greiðslumiðlanir sem greiðslustofnanir, jafnvel þótt þær uppfylli ekki öll skilyrði sem slíkar. Í þessu skyni skulu aðildarríkin færa slíka aðila í skrá yfir greiðslustofnanir án þess að beita öllum eða hluta af skilyrðunum fyrir starfsleyfinu. Mikilvægt er þó að undanþága sé háð ströngum skilyrðum að því er varðar fjölda greiðslna. Greiðslustofnanir, sem hefur verið veitt undanþága, skulu hvorki hafa staðfesturétt né frelsi til að veita þjónustu og skulu ekki beita þessum réttindum óbeint þegar þær eru aðilar að greiðslukerfi.

16) Mikilvægt er fyrir greiðslumiðlanir að hafa aðgang að þjónustu tæknilegra grunnvirkja greiðslukerfa. Slíkur aðgangur skal þó vera háður viðeigandi kröfum til að tryggja heildstæði og stöðugleika þessara kerfa. Greiðslumiðlanir, sem sækja um aðild að greiðslukerfi, skulu færa sönnur á það fyrir aðilunum í greiðslukerfinu að innra fyrirkomulag þeirra sé nægilega vel varið gegn hvers kyns áhættu. Algengt er að í þessum greiðslukerfum séu t.d. kortakerfi fjögurra aðila og stór kerfi sem afgreiða millifærslu fjármuna og beingreiðslur. Nauðsynlegt er til að tryggja jafna meðferð alls staðar í Bandalaginu, s.s. á mismunandi flokkum greiðslumiðlana sem hafa starfsleyfi í samræmi við skilmála leyfis þeirra að skýra reglurnar um aðgang að greiðsluþjónustu og aðgang að greiðslukerfum. Kveðið skal á um meðferð án mismununar á greiðslu- og lánastofnunum, sem hafa starfsleyfi, svo að greiðslumiðlun, sem keppir á innri markaðnum, geti notað þjónustu tæknilegs grunnvirkis þessara greiðslukerfa með sömu skilmálum. Rétt er að kveða á um mismunandi meðferð greiðslumiðlana með starfsleyfi og þeirra sem njóta undanþágu samkvæmt þessari tilskipun og skv. 8. gr. tilskipunar 2000/46/EB vegna mismunar á varfærniramma þeirra. Í öllum tilvikum skal aðeins leyfa mismun á verðlagningu þegar hann ákvarðast af mismunandi kostnaði sem greiðslumiðlanir stofna til. Þetta skal vera með fyrirvara um rétt aðildarríkja til að takmarka aðgang að mikilvægum kerfum innan kerfisins í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf ([1]) og með fyrirvara um valdheimildir Evrópska seðlabankans og evrópska seðlabankakerfisins (ESCB) eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 105. gr. sáttmálans og 1. mgr. 3. gr. og 22. gr. stofnsamþykkta evrópska seðlabankakerfisins að því er varðar aðgang að greiðslukerfum.

17) Ákvæði um aðgang að greiðslukerfum skulu ekki gilda um kerfi sem ein greiðslumiðlun setur upp og rekur. Þau greiðslukerfi geta starfað hvort sem er í beinni samkeppni við greiðslukerfi eða, sem er algengara, í markaðskima sem greiðslukerfi taka ekki fyllilega til. Algengt er að þau taki til kerfa þriggja aðila, t.d. til kortakerfis þriggja aðila, greiðsluþjónustu, sem fjarskiptaveitur eða fyrirtæki sem annast peningasendingar veita, þar sem rekstraraðili kerfisins er greiðslumiðlun, bæði að því er varðar greiðanda og viðtakanda greiðslu, sem og innri kerfi í bankasamstæðum. Til að örva samkeppnina, sem þess háttar greiðslukerfi veita rótgrónum, hefðbundnum greiðslukerfum, skal hafa þá meginreglu að ekki sé við hæfi að veita þriðju aðilum aðgang að þessum greiðslukerfum. Eigi að síður skulu slík kerfi ávallt vera háð ákvæðum samkeppnislaga í Bandalaginu og einstökum aðildarríkjum, sem kunna að gera kröfu um að aðgangur sé veittur að kerfinu í því skyni að viðhalda skilvirkri samkeppni á greiðsluþjónustumarkaðnum.

18) Setja skal reglur til að tryggja gagnsæi skilmála og kröfur um upplýsingar um greiðsluþjónustu.

19) Þessi tilskipun skal hvorki gilda um greiðslur í reiðufé, þar eð innri greiðslumarkaður fyrir reiðufé er þegar fyrir hendi, né um greiðslur sem grundvallast á pappírsávísunum þar sem afgreiðsla þeirra, eðli máls samkvæmt, er ekki jafn skilvirk og annarra greiðsluaðferða. Góðar starfsvenjur á þessu sviði skulu þó grundvallast á meginreglunum sem settar eru fram í þessari tilskipun.

20) Þar eð neytendur og fyrirtæki eru ekki í sömu aðstöðu þurfa þau ekki sams konar vernd. Þótt mikilvægt sé að tryggja rétt neytenda með ákvæðum, sem ekki er unnt að víkja frá með samningi, er sanngjarnt að gefa fyrirtækjum og stofnunum tækifæri á að semja um annað. Að-

([1]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45.

ildarríkin skulu þó geta kveðið á um að örfyrirtæki, eins og þau eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreiningu á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum ([1]), fái sömu meðferð og neytendur. Í öllum tilvikum gilda tiltekin meginákvæði þessarar tilskipunar án tillits til stöðu notanda.

21) Í þessari tilskipun skal tilgreina skyldur greiðslumiðlana að því er varðar veitingu upplýsinga til notenda greiðsluþjónustu sem skulu alls staðar fá jafn góðar og skýrar upplýsingar um greiðsluþjónustu til að geta tekið vel upplýstar ákvarðanir og borið saman það sem er í boði innan Evrópusambandsins. Í þessari tilskipun skal, til að gæta gagnsæis, mælt fyrir um þær samræmdu kröfur sem þarf til að tryggja að nauðsynlegar og fullnægjandi upplýsingar skuli veittar notendum greiðsluþjónustu að því er varðar greiðsluþjónustusamninga og greiðslur. Til að greiða fyrir því að greiðsluþjónusta á innri markaðnum gangi snurðulaust fyrir sig skal aðildarríkjunum vera kleift að samþykkja aðeins þau ákvæði um upplýsingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

22) Veita skal neytendum vernd gegn óréttmætum og villandi viðskiptaháttum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum ([2]) sem og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum í rafrænum viðskiptum, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) ([3]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur ([4]). Viðbótarákvæðin í þessum tilskipunum gilda áfram. Skýra skal þó sérstaklega tengslin sem eru á kröfum um upplýsingar milli þessarar tilskipunar og tilskipunar 2002/65/EB.

23) Upplýsingarnar, sem krafist er, skulu vera í réttu hlutfalli við þarfir notenda og veittar með viðurkenndum hætti. Kröfur um upplýsingar fyrir staka greiðslu skulu þó vera frábrugðnar kröfum vegna rammasamnings þar sem kveðið er á um röð greiðslna.

24) Í framkvæmd eru greiðslur og rammasamningar um þær mun algengari og skipta meira máli í efnahagslegu tilliti en stakar greiðslur. Ef um er að ræða greiðslureikning eða sérstakan greiðslumiðil er gerð krafa um rammasamning. Af þeim sökum skulu kröfur um fyrirframupplýsingar um rammasamninga vera allítarlegar og upplýsingarnar skulu ávallt lagðar fram á pappír eða öðrum varanlegum miðli, t.d. á útprentuðu reikningsyfirliti, disklingum, geisladiskum (CD-ROM, DVD) og hörðum diskum einkatölva, þar sem unnt er að varðveita rafrænan póst, og á vefsetrum á Netinu, svo framarlega sem vefsetrin séu aðgengileg til notkunar síðar og svo lengi sem það þjónar tilgangi upplýsinganna og unnt er að afrita upplýsingarnar, sem þar eru geymdar, óbreyttar. Þó skulu greiðslumiðlun og notandi greiðsluþjónustu geta samið um það í rammasamningnum hvernig upplýsingar um framkvæmdar greiðslur séu veittar síðar meir, t.d. að í Netbanka sé öllum upplýsingum um greiðslureikninginn komið á framfæri á Netinu.

25) Í stökum greiðslum skal aðeins gefa nauðsynlegar upplýsingar og einungis að frumkvæði greiðslumiðlunarinnar. Þar eð greiðandi er yfirleitt viðstaddur þegar hann gefur greiðslufyrirmælin er ekki nauðsynlegt að krefjast þess að upplýsingarnar skuli í öllum tilvikum veittar á pappír eða á öðrum varanlegum miðli. Greiðslumiðlun getur veitt upplýsingar munnlega við afgreiðsluborðið eða gert þær aðgengilegar með öðrum hætti, t.d. með því að hafa skilmálana á upplýsingatöflu í starfsstöð. Einnig skal veita upplýsingar um það hvar sé að finna ítarlegri upplýsingar (t.d. veffang vefsetursins). Óski neytandi eftir því skal þó veita nauðsynlegar upplýsingar á pappír eða á öðrum varanlegum miðli.

26) Í þessari tilskipun er kveðið á um rétt neytanda til að fá viðeigandi upplýsingar ókeypis áður en hann er bundinn af greiðsluþjónustusamningi. Neytandi skal einnig geta beðið um fyrirframupplýsingar og rammasamninginn á pappír, án endurgjalds, hvenær sem er meðan samningssambandið varir til að hann geti borið saman þjónustu greiðslumiðlana og skilmála þeirra og í ágreiningsmálum gengið úr skugga um réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum, Þessi ákvæði skulu samrýmast ákvæðum tilskipunar 2002/65/EB. Skýr ákvæði um

([1]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.
([2]) Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22.
([3]) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2005/29/EB.

ókeypis upplýsingar í þessari tilskipun skulu ekki hafa þau áhrif að taka megi gjöld fyrir veitingu upplýsinga til neytenda samkvæmt öðrum tilskipunum sem í gildi eru.

27) Í þeirri aðferð sem greiðslumiðlun beitir við veitingu tilskilinna upplýsinga til notanda greiðsluþjónustunnar skal höfð hliðsjón af þörfum hins síðarnefnda svo og af hagnýtum tækniþáttum og kostnaðarhagkvæmni sem fer eftir því sem er ákveðið í viðkomandi samningi um greiðsluþjónustuna. Í þessari tilskipun skal þannig greint á milli tveggja aðferða sem greiðslumiðlun notar þegar hún veitir upplýsingar: annaðhvort eru upplýsingarnar veittar, þ.e. greiðslumiðlun lætur þær beinlínis í té á réttum tíma, eins og gerð er krafa um í þessari tilskipun, án þess að notandi greiðsluþjónustunnar fari frekar fram á það, eða upplýsingunum er komið á framfæri við notanda greiðsluþjónustu með tilliti til þeirra óska sem hann kann að hafa um frekari upplýsingar. Í síðara tilvikinu skal notandi greiðsluþjónustu afla sér upplýsinga með virkum hætti, s.s. með því að biðja greiðslumiðlunina um þær beint, tengjast Netbanka eða setja bankakort í kortalesara til að fá reikningsyfirlit. Greiðslumiðlun skal af þessum sökum sjá til þess að aðgangur að upplýsingum sé opinn og að upplýsingunum sé komið á framfæri við notanda greiðsluþjónustunnar.

28) Auk þess skal neytandi fá grunnupplýsingar um framkvæmdar greiðslur án aukagjalds. Þegar um er að ræða staka greiðslu skal greiðslumiðlun ekki taka sérstakt gjald fyrir þessar upplýsingar. Eins skulu mánaðarlegar upplýsingar um greiðslur samkvæmt rammasamningi þaðan í frá veittar án endurgjalds. Aðilar skulu þó, að teknu tilliti til mismunandi þarfa viðskiptavina og þess hve gagnsæi er mikilvægt í verðlagningu, koma sér saman um gjöld fyrir tíðari upplýsingar eða viðbótarupplýsingar. Svo að tekið sé tillit til mismunandi venja í einstökum aðildarríkjum skal þeim heimilt að setja reglur um að mánaðarlegt yfirlit yfir greiðslureikninga á pappír sé ávallt án endurgjalds.

29) Til að auðvelda hreyfanleika viðskiptavina skulu neytendur geta sagt upp rammasamningnum eftir eitt ár án þess að verða krafðir um gjald. Fyrir neytendur skal umsamið uppsagnartímabil ekki vera lengra en einn mánuður og fyrir greiðslumiðlanir eigi skemmra en tveir mánuðir. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skyldu greiðslumiðlunar til að slíta greiðsluþjónustusamningi í undantekningatilvikum samkvæmt annarri viðeigandi löggjöf Bandalagsins eða innlendri löggjöf sem við á, s.s. löggjöf um peningaþvætti og um fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, allar aðgerðir til að frysta fjármuni og hver önnur sérráðstöfun í tengslum við forvarnir gegn eða rannsóknir á glæpum.

30) Greiðslumiðlar með lágum fjárhæðum skulu vera ódýr og auðnýtanlegur kostur þegar um er að ræða lágverðsvörur og -þjónustu og skal ekki íþyngja þeim með óhóflegum kröfum. Kröfur um viðeigandi upplýsingar og reglur um framkvæmd þeirra skulu því takmarkast við nauðsynlegar upplýsingar og jafnframt skal tekið tillit til tæknilegra möguleika sem réttlætanlegt er að vænta af gerningum sem eingöngu eru notaðir við greiðslu á lágum fjárhæðum. Þrátt fyrir einfaldara regluverk skulu notendur greiðsluþjónustu njóta fullnægjandi verndar, að teknu tilliti til takmarkaðrar áhættu vegna þessara greiðslumiðla, einkum að því er varðar fyrirframgreidda greiðslumiðla.

31) Til að draga úr áhættu og afleiðingum af óheimiluðum eða ranglega framkvæmdum greiðslum skal notandi greiðsluþjónustu veita greiðslumiðlun upplýsingar eins fljótt og kostur er um vefengingu að því er varðar meinta óheimila eða ranglega framkvæmda greiðslu, að því tilskildu að greiðslumiðlunin hafi uppfyllt upplýsingaskyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun. Ef tilkynning berst frá notanda greiðsluþjónustu innan tilskilins frests getur hann fylgt þessum kröfum eftir innan tilskilins fyrningarfrests samkvæmt landslögum einstakra ríkja. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á aðrar innbyrðis kröfur notenda greiðsluþjónustu og greiðslumiðlana.

32) Til að hvetja notanda greiðsluþjónustu til að tilkynna greiðslumiðlun án ástæðulausrar tafar um þjófnað eða tap á greiðslumiðli og draga þannig úr hættu á óheimilaðri greiðslu skal notandi aðeins vera ábyrgur fyrir takmarkaðri fjárhæð nema notandi greiðsluþjónustu hafi gerst sekur um sviksamlegt athæfi eða sýnt af sér stórfellt gáleysi. Enn fremur skal þess ekki krafist að notandi, eftir að hann hefur tilkynnt greiðslumiðlun að greiðslumiðill hans kunni að hafa komist í rangar hendur, beri kostnað af frekara tjóni sem stafar af óheimilaðri notkun þess miðils. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á

ábyrgð greiðslumiðlana á tæknilegu öryggi eigin afurða.

33) Við mat á hugsanlegri vanrækslu notanda greiðsluþjónustu skal taka tillit til allra aðstæðna. Meta skal vitnisburð um meinta vanrækslu og hversu mikil hún er samkvæmt landslögum í hverju aðildarríki fyrir sig. Samningskjör og skilmálar í tengslum við afhendingu og notkun greiðslumiðils, sem leiðir til þess að sönnunarbyrði neytanda eykst eða til þess að draga úr sönnunarbyrði útgefanda, skulu teljast marklaus og ógild.

34) Aðildarríkin skulu þó geta sett reglur sem eru ekki eins strangar og ofangreindar reglur til að viðhalda þeirri vernd sem neytendur þegar hafa og til að auka tiltrú á öruggri notkun rafrænna greiðslumiðla. Taka skal tilhlýðilegt tillit til þess að áhætta, sem felst í greiðslumiðlum, er breytileg eftir miðlum og stuðla þannig að útgáfu öruggari miðla. Aðildarríkjunum skal heimilt að lækka eða fella með öllu niður bótaábyrgð greiðanda nema greiðandi hafi sýnt af sér sviksamlegt athæfi.

35) Kveðið skal á um hvernig tapi skuli jafnað niður þegar um er að ræða óheimilaðar greiðslur. Mismunandi ákvæði geta gilt um notendur greiðsluþjónustu sem eru ekki neytendur þar eð þess háttar notendur eru yfirleitt í betri stöðu til að meta hættu á svikum og grípa til mótvægisaðgerða.

36) Í þessari tilskipun skal mælt fyrir um reglur um endurgreiðslu til að vernda neytendur þegar framkvæmd greiðsla fer fram úr þeirri fjárhæð sem með sanngjörnum hætti mátti vænta. Greiðslumiðlanir skulu geta veitt viðskiptavinum sínum enn hagstæðari kjör og t.d. endurgreitt þær greiðslur sem ágreiningur er um. Ef notandi gerir kröfu um endurgreiðslu á greiðslu skal réttur til endurgreiðslu hvorki hafa áhrif á bótaábyrgð greiðanda gagnvart viðtakanda greiðslu að því er varðar þau tengsl sem liggja til grundvallar, t.d. vegna vara eða þjónustu, sem voru pöntuð, sem var neytt eða voru reikningsfærð með lögmætum hætti, né rétt notenda að því er varðar afturköllun greiðslufyrirmæla.

37) Ef neytendur og fyrirtæki eiga að geta gert fjárhagsáætlanir og uppfyllt greiðsluskyldu á réttum tíma þurfa þau að vita hve langan tíma tekur að framkvæma greiðslufyrirmæli. Af þeim sökum skal með þessari tilskipun innleiða að tiltekinn sé sá tími þegar réttindi og skyldur taka gildi, þ.e. þegar greiðslumiðlun tekur við greiðslufyrirmælum, þ.m.t. sá tími þegar hún hefur haft tækifæri til að taka við þeim með þeirri samskiptaaðferð sem kveðið er á um í samningnum um greiðsluþjónustuna, þrátt fyrir afskipti fyrr í ferlinu sem leiddu til stofnunar og sendingar greiðslufyrirmælanna, t.d. vegna öryggiseftirlits og athugunar á því hvort fé væri fyrir hendi, vegna upplýsinga um notkun kennitölu eða vegna útgáfu á greiðsluloforði. Enn fremur skal viðtaka greiðslufyrirmæla eiga sér stað þegar greiðslumiðlun greiðanda tekur við greiðslufyrirmælum sem skulu skuldfærð af reikningi greiðanda. Dagurinn eða tíminn þegar viðtakandi greiðslu sendi greiðslumiðlun greiðslufyrirmæli, t.d. vegna innheimtu kortagreiðslna eða beingreiðslna, eða þegar greiðslumiðlun fjármagnar greiðslu viðtakanda til bráðabirgða vegna viðkomandi fjárhæða (með skilyrtu láni inn á reikning hans) skiptir ekki neinu máli í þessu tilliti. Notendur skulu geta treyst á rétta framkvæmd fullnægjandi og gildra greiðslufyrirmæla ef greiðslumiðlunin hefur engar samningslegar eða lögboðnar ástæður fyrir höfnun. Ef greiðslumiðlun neitar að veita greiðslufyrirmælum viðtöku skal tilkynna notanda greiðsluþjónustunnar um neitunina og ástæður hennar við fyrsta tækifæri samkvæmt kröfum laga Bandalagsins og landslaga hvers aðildarríkis.

38) Þar eð alsjálfvirk greiðslukerfi nútímans vinna mjög hratt úr greiðslum og ekki er unnt að afturkalla greiðslufyrirmæli eftir tiltekinn tíma án mikils kostnaðar við handvirkt inngrip er nauðsynlegt að tilgreina skýrt frestinn til að afturkalla greiðslu. Tíminn kann þó að vera breytilegur eftir samningum milli aðila og eftir því um hvers konar greiðsluþjónustu og greiðslufyrirmæli er að ræða. Afturköllun í þessu sambandi gildir aðeins um tengslin milli notanda greiðsluþjónustu og greiðslumiðlunar og hefur því ekki áhrif á það hvort greiðslur í greiðslukerfum eru óafturkallanlegar og endanlegar.

39) Þess háttar óafturkallanleiki skal ekki hafa áhrif á rétt greiðslumiðlunar eða skyldu hennar samkvæmt lögum nokkurra aðildarríkja, sem byggist á rammasamningi greiðanda eða landslögum, stjórnsýslufyrirmælum eða viðmiðunarreglum ríkjanna, til að endurgreiða greiðanda fjárhæð framkvæmdrar greiðslu þegar greiðandi og viðtakandi deila um greiðslu. Slík endurgreiðsla telst vera ný greiðslufyrirmæli. Að þessum tilvikum undanskildum skal lagalegur ágreiningur, sem rís vegna sambands,

sem greiðslufyrirmælin grundvallast á, einungis jafnaður milli greiðanda og viðtakanda greiðslu.

40) Miklu máli skiptir í alsamþættri og samfelldri vinnslu (STP) greiðslna og fyrir réttarvissu, að því er varðar þær skuldbindingar sem liggja til grundvallar í viðskiptum notenda greiðsluþjónustu, að öll fjárhæðin, sem greiðandi sendir, sé lögð inn á reikning viðtakanda greiðslunnar. Til samræmis við það skal enginn milliliður, sem er aðili að framkvæmd greiðslu, geta dregið frá fjárhæðinni sem er millifærð. Viðtakanda greiðslu skal þó vera unnt að semja við greiðslumiðlun sína um það að greiðslumiðlunin megi draga frá eigin gjöld. Í því skyni að gera viðtakanda greiðslu eigi að síður kleift að sannreyna að fjárhæð til greiðslu sé rétt greidd skal ekki aðeins heildarfjárhæðin, sem var send, koma fram í síðari upplýsingum um greiðsluna heldur einnig fjárhæð gjalda, ef einhver eru.

41) Að því er varðar gjöldin hefur reynslan sýnt að skipting gjalda milli greiðanda og viðtakanda greiðslu er skilvirkasta kerfið þar eð það auðveldar meðferð í samfelldri vinnslu greiðslna. Þess vegna skal kveða á um að viðkomandi greiðslumiðlun greiðanda og greiðslumiðlun viðtakanda leggi, undir venjulegum kringumstæðum, gjöld sín beint á greiðanda og viðtakanda greiðslu, eftir því sem við á. Þetta á samt sem áður einungis við þegar greiðslan krefst ekki gjaldeyrismiðlunar. Fjárhæð álagðra gjalda getur einnig verið núll þar eð ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á þá starfshætti greiðslumiðlunar að taka ekki gjald af neytendum fyrir að eignfæra á reikninga þeirra. Eins kann greiðslumiðlun, eftir samningsskilmálum, einungis að taka gjald af viðtakanda greiðslu (söluaðila) fyrir notkun á greiðsluþjónustunni sem leiðir til þess að ekkert gjald er lagt á greiðanda. Gjald fyrir notkun greiðslukerfa kann að vera í formi áskriftargjalds. Ákvæði um fjárhæðina, sem millifærð er, eða gjöld, sem lögð eru á, hafa ekki bein áhrif á verðlagningu milli greiðslumiðlana eða milliliða, ef um þá er að ræða.

42) Í því skyni að efla gagnsæi og samkeppni skal greiðslumiðlun ekki hindra að viðtakandi greiðslu krefji greiðanda um gjald fyrir notkun sérstaks greiðslumiðils. Þó að viðtakanda greiðslu skuli vera frjálst að taka gjald fyrir notkun tiltekinna greiðslumiðla geta aðildarríkin ákveðið að banna eða takmarka þess háttar starfshætti ef, að þeirra áliti, það er réttmætt þegar um er að ræða ósanngjarna verðlagningu eða verðlagningu sem getur haft neikvæð áhrif á notkun tiltekinna greiðslumiðla, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að hvetja til samkeppni og notkunar skilvirkra greiðslumiðla.

43) Til að auka skilvirkni í greiðslum innan Bandalagsins skal um öll greiðslufyrirmæli, sem greiðandi á frumkvæði að og eru tilgreind í evrum eða í gjaldmiðli aðildarríkis utan evrusvæðisins, þ.m.t. millifærslur fjármuna og peningasendingar, gilda hámarksframkvæmdartími sem er einn dagur. Um allar aðrar greiðslur, s.s. greiðslur, sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um, þ.m.t. beingreiðslur og kortagreiðslur, gildir sami framkvæmdartími, sem er einn dagur, ef ekki liggur fyrir skýrt samkomulag milli greiðslumiðlunar og greiðanda þar sem kveðið er á um lengri framkvæmdartíma. Framangreindan frest má lengja um einn virkan dag til viðbótar ef greiðslufyrirmæli eru gefin á pappír. Þetta gerir greiðslumiðlunum kleift að halda áfram þjónustu við þá neytendur sem hafa eingöngu vanist pappírsskjölum. Þegar notað er beingreiðslukerfi skal greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu senda innheimtufyrirmæli innan þeirra tímamarka sem samkomulag er um milli viðtakanda greiðslu og greiðslumiðlunar hans sem gerir kleift að gera upp á umsömdum gjalddaga. Með hliðsjón af því að innlend greiðslukerfi eru oft afar skilvirk og til að koma í veg fyrir að núverandi þjónusta skerðist skal aðildarríkjunum vera heimilt að halda núgildandi reglum eða setja nýjar og tilgreina styttri framkvæmdartíma en einn virkan dag, ef við á.

44) Ákvæði um framkvæmd greiðslu allrar fjárhæðarinnar og um framkvæmdartíma skulu teljast góðar starfsvenjur ef ein þessara greiðslumiðlana er ekki í Bandalaginu.

45) Nauðsynlegt er fyrir notendur greiðsluþjónustu að hafa upplýsingar um raunverulegan kostnað og gjöld fyrir greiðsluþjónustu við val sitt. Í samræmi við það skal ekki leyfa ógagnsæjar verðlagningaraðferðir þar eð almennt er viðurkennt að þær aðferðir geri notendum afar erfitt fyrir um að meta hvert sé raunverulegt verð greiðsluþjónustunnar. Einkum skal notkun virðisdagsetningar, sem er óhagstæð notanda, ekki leyfð.

46) Snurðulaus og skilvirkur rekstur greiðslukerfisins er kominn undir því að notandi geti treyst

greiðslumiðluninni til að framkvæma greiðslu rétt og innan umsamins tíma. Yfirleitt er greiðslumiðlunin í aðstöðu til að meta áhættuna sem felst í greiðslunni. Greiðslumiðlunin leggur til greiðslukerfið, gerir samninga um innköllun fjár sem hefur misfarist og ákveður í flestum tilvikum hvaða milliliðir skuli vera aðilar að framkvæmd greiðslu. Í ljósi allra þessara atriða er fyllilega viðeigandi, nema um sé að ræða óeðlilegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður, að leggja bótaábyrgð vegna framkvæmdar greiðslu, sem notandi hefur samþykkt, á greiðslumiðlunina, nema að því er varðar aðgerðir og aðgerðarleysi greiðslumiðlunar viðtakanda greiðslu sem hann er með vali sínu einn ábyrgur fyrir. Svo að greiðandi sé ekki með öllu óvarinn í óvenjulegum aðstæðum, þegar ekki liggur ljóst fyrir (e. non liquet) hvort greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu fékk greiðsluna með skilum eða ekki, skal þó samsvarandi sönnunarbyrði hvíla á greiðslumiðlun greiðanda. Almennt er þess að vænta að milliliðurinn, yfirleitt „hlutlaus“ aðili, s.s. seðlabanki eða greiðslujöfnunarstöð, sem millifærði fjárhæð greiðslunnar frá greiðslumiðlun, sem sá um sendingu greiðslunnar, til greiðslumiðlunar, sem veitti henni viðtöku, geymi reikningsgögnin og geti lagt þau fram þegar þörf krefur. Þegar fjárhæð greiðslunnar hefur verið lögð inn á reikning greiðslumiðlunarinnar, sem veitti greiðslunni viðtöku, skal viðtakandi greiðslu þegar í stað geta gert kröfu á greiðslumiðlun sína um innlögn á eigin reikning.

47) Greiðslumiðlun greiðanda skal taka á sig bótaábyrgð á réttri framkvæmd greiðslu, einkum á fullri fjárhæð greiðslunnar og framkvæmdartíma, og fulla ábyrgð á greiðslufalli annarra aðila í greiðsluferlinu allt að reikningi viðtakanda greiðslu. Ef greiðslumiðlun greiðanda leggur ekki alla fjárhæð greiðslunnar inn hjá greiðslumiðlun viðtakanda greiðslunnar skal greiðslumiðlun greiðanda, vegna þessarar bótaábyrgðar, leiðrétta greiðsluna eða endurgreiða greiðanda án ástæðulausrar tafar samsvarandi greiðslufjárhæð, sbr. þó aðrar kröfur sem kunna að verða gerðar í samræmi við landslög einstakra ríkja. Þessi tilskipun skal aðeins varða samningsbundnar skuldbindingar og ábyrgð milli notanda greiðsluþjónustu og greiðslumiðlunar hans. Ef millifærsla fjármuna og önnur greiðsluþjónusta á að starfa rétt skulu greiðslumiðlanir og milliliðir þeirra, s.s. gagnavinnsluaðilar, hafa gert samninga þar sem kveðið er á um gagnkvæm réttindi þeirra og skyldur. Mikilvægur hluti þessara samræmdu samninga eru atriði í tengslum við ábyrgð. Til að tryggja áreiðanleika í viðskiptum greiðslumiðlana og milliliða, sem eru aðilar að greiðslu, er nauðsynlegt að réttarvissa sé fyrir hendi þannig að greiðslumiðlun, sem ber ekki ábyrgð, sé bætt orðið tap eða greiddar fjárhæðir samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar um bótaábyrgð. Í samningsákvæðum skal gera grein fyrir frekari réttindum og kveða nánar á um endurkröfurétt og hvernig fara skuli með kröfur á hendur greiðslumiðlunar eða milliliðar sem er talinn ábyrgur fyrir gallaðri greiðslu.

48) Greiðslumiðlun skal vera unnt að tilgreina ótvírætt hvaða upplýsinga er þörf til að framkvæma greiðslufyrirmæli rétt. Á hinn bóginn, til að komast hjá uppskiptingu og því að stefna uppsetningu samþættra greiðslukerfa í Bandalaginu í tvísýnu, skal aðildarríkjum þó ekki vera heimilt að krefjast þess að sérstakt kennimerki skuli notað á greiðslur. Þetta skal þó ekki koma í veg fyrir aðildarríkin geti gert kröfu um að greiðslumiðlun greiðanda sýni tilhlýðilega kostgæfni og sannreyni, ef það er tæknilega unnt og án handvirks inngrips, samfellu sérstaks kennimerkis og hafna greiðslufyrirmælunum ef ekki er um samfellu sérstaks kennimerkis að ræða og tilkynna greiðanda um það. Bótaábyrgð greiðslumiðlunar skal takmarkast við rétta framkvæmd greiðslu í samræmi við greiðslufyrirmæli notanda greiðsluþjónustunnar.

49) Í því skyni að stuðla að skilvirkum vörnum gegn svikum og berjast gegn greiðslusvikum í Bandalaginu öllu skal kveðið á um skilvirka gagnamiðlun milli greiðslumiðlana sem skal vera heimilt að safna, vinna úr og skiptast á persónuupplýsingum um þá einstaklinga sem aðild eiga að greiðslusvikum. Allar þessar aðgerðir skulu fara fram í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]).

50) Nauðsynlegt er að tryggja skilvirka framkvæmd ákvæða landslaga einstakra aðildarríkja sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Af þeim sökum skal koma á viðeigandi máls-

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

meðferð sem verður unnt að nota til að fylgja eftir kærum á hendur greiðslumiðlunum sem fara ekki að þessum ákvæðum og sjá til þess, ef við á, að beitt verði viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

51) Með fyrirvara um rétt viðskiptavina til að höfða mál fyrir dómi skulu aðildarríkin sjá til þess að aðgengileg og hagkvæm leið sé til úrlausnar ágreiningsmála utan réttar milli greiðslumiðlana og neytenda sem stafa af réttindum og skyldum sem sett eru fram í þessari tilskipun. Með ákvæðum 2. mgr. 5. gr. Rómarsáttmálans um lög sem gilda um samningsskyldur ([1]) er séð til þess að ekki megi með samningsskilmálum um gildandi lög grafa undan þeirri vernd sem neytendum er tryggð með ófrávíkjanlegum reglum í lögum þess lands þar sem þeir hafa fasta búsetu.

52) Aðildarríkin skulu ákvarða hvort lögbær stjórnvöld, sem veita eiga greiðslustofnunum starfsleyfi, geti einnig verið lögbær stjórnvöld með tilliti til kæru- og úrlausnarmeðferðar utan réttar.

53) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði í landslögum einstakra aðildarríkja um afleiðingar að því er varðar bótaábyrgð vegna ónákvæms orðalags eða villu í sendingu yfirlits.

54) Þar eð nauðsynlegt er að hafa eftirlit með því hvort framkvæmd þessarar tilskipunar er skilvirk og fylgjast með því hvernig hefur miðað að koma á innri greiðslumarkaði skal gerð sú krafa til framkvæmdastjórnarinnar að hún leggi fram skýrslu þremur árum eftir að lögleiðingartímabili þessarar tilskipunar lýkur. Með hliðsjón af hnattrænni samþættingu fjármálaþjónustu og samræmdri neytendavernd skal í þessari endurskoðun jafnframt lögð áhersla, sem er umfram skilvirka framkvæmd þessarar tilskipunar, á hugsanlega þörf á að víkka út gildissvið beitingar með tilliti til gjaldmiðla ríkja utan ESB og greiðslna ef aðeins ein af viðkomandi greiðslumiðlunum er í Bandalaginu.

55) Þar eð ákvæði þessarar tilskipunar koma í stað ákvæða tilskipunar 97/5/EB skal sú tilskipun felld úr gildi.

56) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um ítarlegri reglur um sviksamlega notkun greiðslukorta en það svið fellur nú undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga ([2]) og tilskipun 2002/65/EB. Því ber að breyta þessum tilskipunum til samræmis við það.

57) Þar eð fjármálastofnanir falla samkvæmt tilskipun 2006/48/EB ekki undir þær reglur sem gilda um lánastofnanir skulu þær lúta sömu kröfum og greiðslustofnanir svo að þær geti veitt greiðsluþjónustu í öllu Bandalaginu. Því ber að breyta tilskipun 2006/48/EB til samræmis við það.

58) Þar eð peningasending er í þessari tilskipun skilgreind sem greiðsluþjónusta, sem krefst starfsleyfis fyrir greiðslustofnun eða skráningar fyrir einstaklinga eða lögaðila, er njóta undanþágu við tilteknar aðstæður, sem tilgreindar eru í ákvæðum þessarar tilskipunar, skal tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi ([3]) breytt í samræmi við það.

59) Í þágu réttarvissu er við hæfi að gera bráðabirgðaráðstafanir sem veita einstaklingum, sem hafa hafið starfsemi greiðslustofnana í samræmi við gildandi landslög áður en þessi tilskipun tók gildi, rétt til að halda áfram þeirri starfsemi innan viðkomandi aðildarríkis í tilgreindan tíma.

60) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að koma á innri markaði í greiðsluþjónustu, vegna þess að það krefst samræmingar fjölmargra ólíkra reglna, sem nú eru í gildi innan lagakerfa hinna ýmsu aðildarríkja, og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett er fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

61) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds

([1]) Stjtíð. EB C 27, 26.1.1998, bls. 34.

([2]) Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/29/EB.

([3]) Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15.

sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

62) Framkvæmdastjórnin skal einkum hafa vald til að samþykkja framkvæmdarákvæði sem taka mið af tækniþróun og markaðsþróun. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar verður að samþykkja þær í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með athugun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

63) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([2]), eru aðildarríkin hvött til að taka saman, fyrir sig og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana og til að birta þær.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. HLUTI

VIÐFANGSEFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Viðfangsefni

1. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um hvernig aðildarríkin skulu greina á milli eftirfarandi sex flokka greiðslumiðlana:

a) lánastofnana í skilningi a-liðar 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 2006/48/EB,

b) rafeyrisstofnana í skilningi a-liðar 3. mgr. 1. gr. í tilskipun 2000/46/EB,

c) póstgíróstofnana, sem hafa rétt samkvæmt landslögum til að veita greiðsluþjónustu,

d) greiðslustofnana í skilningi þessarar tilskipunar,

e) Seðlabanka Evrópu og seðlabanka einstakra aðildarríkja, þegar þeir koma ekki fram sem yfirvald í peningamálum eða sem önnur opinber yfirvöld,

f) aðildarríkja eða svæðisbundinna eða staðbundinna yfirvalda þeirra, þegar þau koma ekki fram sem opinber yfirvöld.

2. Í þessari tilskipun er enn fremur mælt fyrir um reglur um gagnsæi skilmála og kröfur um upplýsingar fyrir greiðsluþjónustu og réttindi og skyldur notenda greiðsluþjónustu annars vegar og greiðslumiðlana hins vegar að því er varðar veitingu greiðsluþjónustu sem reglubundna atvinnu eða starfsemi.

2. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um greiðsluþjónustu sem veitt er innan Bandalagsins. Að undanskilinni 73. gr. skulu þó ákvæði III. og IV. hluta aðeins gilda ef bæði greiðslumiðlun greiðanda og greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu – eða eina greiðslumiðlunin í greiðslunni – eru staðsettar í Bandalaginu.

2. Ákvæði III. og IV. hluta gilda um greiðsluþjónustu sem fer fram í evrum eða í gjaldmiðli aðildarríkis sem er utan evrusvæðisins.

3. Aðildarríkin geta undanþegið stofnanirnar, sem um getur í 2. gr. tilskipunar 2006/48/EB, frá öllum eða hluta ákvæða þessarar tilskipunar, að undanskildum þeim sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið þeirrar greinar.

3. gr.

Undantekningar frá gildissviði

Tilskipun þessi gildir ekki um eftirfarandi:

a) greiðslur sem fara einvörðungu fram í reiðufé beint frá greiðanda til viðtakanda greiðslu án milligöngu millilliða,

b) greiðslur frá greiðanda til viðtakanda greiðslu fyrir milligöngu umboðssala sem hefur leyfi til að semja um eða ganga frá sölu eða kaupum á vörum eða þjónustu fyrir hönd greiðanda eða viðtakanda greiðslu,

c) flutning í atvinnuskyni á seðlum og mynt, þ.m.t. söfnun þeirra, meðhöndlun og afhending,

d) greiðslur sem felast í söfnun á reiðufé og afhendingu, sem er ekki í atvinnuskyni, innan ramma starfsemi sem er ekki í hagnaðarskyni eða er í þágu mannúðarmála,

e) þjónustu, þar sem viðtakandi greiðslu lætur greiðanda í té reiðufé sem hluta af greiðslu í kjölfar skýrrar beiðni notanda greiðsluþjónustu rétt áður en framkvæmd greiðslunnar fer fram með greiðslu, til kaupa á vörum og þjónustu,

f) peningaskiptastarfsemi, þ.e.a.s. rekstur sem byggist á staðgreiðslu ef fé er ekki fyrir hendi á greiðslureikningi,

---

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

([2]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

g) greiðslur sem byggjast á einhverju af eftirfarandi skjölum sem gefin eru út á greiðslumiðlun með það fyrir augum að viðtakandi greiðslu fái fjármuni til ráðstöfunar:

i. pappírsávísanir í samræmi við Genfarsáttmálann frá 19. mars 1931 um samræmd lög um ávísanir,

ii. pappírsávísanir sem svipar til þeirra sem um getur í i. lið og falla undir lög aðildarríkja sem eru ekki aðilar að Genfarsáttmálanum frá 19. mars 1931 um samræmd lög um ávísanir,

iii. pappírsávísanir í samræmi við Genfarsáttmálann frá 7. júní 1930 um samræmd lög um víxla og skuldabréf,

iv. pappírsávísanir sem svipar til þeirra sem um getur í iii. lið og falla undir lög aðildarríkja sem eru ekki aðilar að Genfarsáttmálanum frá 7. júní 1930 um samræmd lög um víxla og skuldabréf,

v. pappírsúttektarseðla,

vi. pappírsferðaávísanir eða

vii. pappírspóstávísanir samkvæmt skilgreiningu Alþjóðapóstsambandsins,

h) greiðslur sem fara fram í greiðslu- eða verðbréfauppgjörskerfi milli uppgjörsaðila, milligönguaðila, greiðslujöfnunarstöðva og/eða seðlabanka og annarra aðila að kerfinu og greiðslumiðlana, sbr. þó 28. gr.,

i) greiðslur sem tengjast umsýslu verðbréfaeigna, þ.m.t. arðgreiðslur, tekjur eða aðrar útgreiðslur, innlausn eða sala, sem aðilar, sem um getur í h-lið, annast, eða fjárfestingarfyrirtæki, lánastofnanir, fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu eða eignastýringarfyrirtæki, sem veita fjárfestingarþjónustu, og hverjar þær einingar aðrar sem hafa leyfi til vörslu fjármálagerninga,

j) þjónustu sem þau tækniþjónustufyrirtæki veita sem annast stoðþjónustu við greiðsluþjónustu, án þess að þau hafi nokkurn tíma eignarhald á þeim fjármunum sem millifæra skal, þ.m.t. úrvinnsla og geymsla gagna, þjónusta við verndun trúnaðarupplýsinga og friðhelgi einkalífs, sannvottun gagna og einninga, þjónustuveita upplýsingatækni- og samskiptanets, útvegun og viðhald skjástöðva og búnaðar fyrir greiðsluþjónustu,

k) þjónustu sem byggist á búnaði sem aðeins er unnt að nota til að afla vara og þjónustu á athafnasvæði útgefanda eða samkvæmt viðskiptasamningi við útgefanda, annaðhvort innan afmarkaðs þjónustukerfis þjónustuveitenda eða fyrir takmarkað svið vara og þjónustu,

l) greiðslur sem framkvæmdar eru með tilstyrk hvers kyns fjarskiptabúnaðar, stafræns búnaðar eða upplýsingatæknibúnaðar þegar keyptar vörur eða þjónusta er afhent og skal notuð með hjálp fjarskiptabúnaðar, stafræns búnaðar eða upplýsingatæknibúnaðar, að því tilskildu að rekstraraðili fjarskiptabúnaðar, stafræns búnaðar eða upplýsingatæknibúnaðar starfi ekki einvörðungu sem milliliður milli notanda greiðsluþjónustu og afhendingaraðila vara og þjónustu,

m) greiðslur sem fara milli greiðslumiðlana, umboðsaðila þeirra eða útibúa fyrir þeirra eigin reikning,

n) greiðslur milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis þess eða milli dótturfyrirtækja sama móðurfyrirtækis án milligöngu annarrar greiðslumiðlunar en fyrirtækis sem tilheyrir sömu samstæðu eða

o) þjónustu sem söluaðilar veita í tengslum við úttekt reiðufjár í hraðbanka fyrir hönd eins eða fleiri kortafyrirtækja, sem eru ekki aðilar að þeim rammasamningi við viðskiptavini, sem taka peninga út af greiðslureikningi, að því tilskildu að þessir söluaðilar reki ekki neina þá greiðsluþjónustu aðra sem tilgreind er í viðaukanum.

4. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „heimaaðildarríki“: er annaðhvort:

   i. aðildarríkið þar sem skráð skrifstofa greiðslumiðlunarinnar er eða

   ii. ef greiðslumiðlunin hefur enga skráða skrifstofu samkvæmt landslögum, aðildarríkið þar sem hún er með aðalskrifstofu,

2. „gistiaðildarríki“: annað aðildarríki en heimaaðildarríkið þar sem greiðslumiðlun hefur umboðsaðila eða útibú eða veitir greiðsluþjónustu,

3. „greiðsluþjónusta“: hvers kyns starfsemi sem er tilgreind í viðaukanum,

4. „greiðslustofnun“: lögaðili sem hefur fengið starfsleyfi í samræmi við 10. gr. til að veita og framkvæma greiðsluþjónustu í öllu Bandalaginu,

5. „greiðsla“: aðgerð sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu á frumkvæði að með því að leggja inn, millifæra eða taka út fjármuni, án tillits til þess hvort einhverjar skuldbindingar milli greiðanda og viðtakanda greiðslu liggja til grundvallar,

6. „greiðslukerfi“: kerfi til að yfirfæra fjármuni með formlegu og stöðluðu fyrirkomulagi og sameiginlegum reglum um meðferð, greiðslujöfnun og/eða uppgjör greiðslna,

7. „greiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem á greiðslureikning og heimilar greiðslufyrirmæli af þeim greiðslureikningi eða, ef ekki er um greiðslureikning að ræða, einstaklingur eða lögaðili sem gefur greiðslufyrirmæli,

8. „viðtakandi greiðslu“: einstaklingur eða lögaðili sem er fyrirhugaður viðtakandi fjármuna sem hafa verið viðfang greiðslu,

9. „greiðslumiðlun“: aðilar, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., og lögaðilar og einstaklingar sem hafa fengið undanþágu skv. 26. gr.,

10. „notandi greiðsluþjónustu“: einstaklingur eða lögaðili sem nýtir sér greiðsluþjónustu annaðhvort sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu, eða hvort tveggja,

11. „neytandi“: einstaklingur sem í samningum um greiðsluþjónustu, sem þessi tilskipun tekur til, kemur fram í öðrum tilgangi en vegna atvinnugreinar sinnar, viðskipta eða starfs,

12. „rammasamningur“: samningur um greiðsluþjónustu þar sem kveðið er á um framkvæmd einstakra greiðslna og röð greiðslna í framtíðinni og kann að fela í sér skyldu og skilyrði um stofnun greiðslureiknings,

13. „peningasending“: greiðsluþjónusta þar sem tekið er við fjármunum frá greiðanda, án þess að stofnaðir hafi verið greiðslureikningar í nafni greiðanda eða viðtakanda greiðslu, í þeim eina tilgangi að senda samsvarandi fjárhæð til viðtakanda greiðslu eða til annarrar greiðslumiðlunar fyrir hönd viðtakanda greiðslu, og/eða þegar tekið er við þess háttar fjármunum fyrir hönd viðtakanda greiðslu og þeir afhentir honum til ráðstöfunar,

14. „greiðslureikningur“: reikningur á nafni eins eða fleiri notenda greiðsluþjónustu sem er notaður við framkvæmd greiðslu,

15. „fjármunir“: peningaseðlar og mynt, inneign á reikningum og rafeyrir samkvæmt skilgreiningu í b-lið 3. mgr. 1. gr. í tilskipun 2000/46/EB,

16. „greiðslufyrirmæli“: hvers kyns fyrirmæli greiðanda eða viðtakanda greiðslu til greiðslumiðlunar um framkvæmd greiðslu,

17. „gildisdagur“: viðmiðunartími sem greiðslumiðlanir nota til að reikna vexti af fjármunum sem eru skuldfærðir af eða eignfærðir á greiðslureikning,

18. „viðmiðunargengi“: gengið sem er notað til grundvallar útreikningi við gjaldeyrisviðskipti og liggur frammi hjá greiðslumiðlun eða er komið á framfæri í gögnum sem eru aðgengileg öllum,

19. „sannvottun“: aðferð sem gerir greiðslumiðlun kleift að sannreyna notkun tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. persónubundnar öryggisráðstafanir í tengslum við hann,

20. „viðmiðunarvextir“: vextir sem notaðir eru til grundvallar útreikningi á vöxtum sem skal nota og fengnir eru úr gögnum sem eru aðgengileg öllum og báðir aðilar að greiðsluþjónustusamningi geta sannreynt,

21. „sérstakt kennimerki“: samsetning bókstafa, tölustafa eða tákna sem greiðslumiðlunin upplýsir viðkomandi notanda greiðslumiðlunar um og sem notandi greiðsluþjónustu skal tilgreina til að unnt sé að staðfesta ótvírætt deili á hinum notanda greiðslumiðlunar og/eða númer greiðslureiknings hans vegna greiðslu,

22. „umboðsaðili“: einstaklingur eða lögaðili sem kemur fram fyrir hönd greiðslustofnunar við veitingu greiðsluþjónustu,

23. „greiðslumiðill“: hvers kyns persónubundinn búnaður og/eða aðferðir sem notandi greiðsluþjónustu og greiðslumiðlun koma sér saman um og notandi greiðsluþjónustu notar til að gefa greiðslufyrirmæli,

24. „fjarsamskiptamiðill“: miðill sem nota má til að gera greiðsluþjónustusamning milli greiðslumiðlunar og notanda greiðsluþjónustu án þess að aðilar séu viðstaddir samtímis í eigin persónu,

25. „varanlegur miðill“: sérhver miðill sem gerir notanda greiðslumiðlunar kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að þær séu aðgengilegar til notkunar síðar og eins lengi og nægir miðað við tilgang upplýsinganna, og gerir kleift að afrita upplýsingarnar, sem þar eru geymdar, óbreyttar,

26. „örfyrirtæki“: fyrirtæki sem við gerð greiðsluþjónustusamnings er fyrirtæki eins og það sem

skilgreint er í 1. gr. og 1. og 3. mgr. 2. gr. viðauka við tilmæli 2003/361/EB,

27. „virkur dagur“: dagur þegar viðkomandi greiðslumiðlun greiðanda eða greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu, sem er aðili að framkvæmd greiðslu, er opin og starfar eftir því sem þörf fyrir framkvæmd greiðslu krefur,

28. „beingreiðsla“: greiðsluþjónusta við skuldfærslu af greiðslureikningi greiðanda ef viðtakandi greiðslu á frumkvæði að greiðslu á grundvelli samþykkis greiðanda, sem hann veitir viðtakanda greiðslu, til greiðslumiðlunar viðtakanda greiðslu eða til eigin greiðslumiðlunar greiðanda,

29. „útibú“: starfsstöð önnur en aðalskrifstofa sem er hluti af greiðslustofnun án réttarstöðu lögaðila og framkvæmir beint nokkrar eða allar greiðslur sem fylgja rekstri greiðslustofnunar; allar starfsstöðvar, sem greiðslustofnun kemur á fót í sama aðildarríkinu, skulu teljast eitt útibú, ef hún er með aðalskrifstofu sína í öðru aðildarríki,

30. „samstæða“: fyrirtækjasamstæða sem í eru móðurfyrirtæki, dótturfyrirtæki þess og einingar, sem móðurfyrirtækið eða dótturfyrirtækin eiga hlutdeild í, og einnig fyrirtæki sem tengjast hvert öðru á þann hátt sem um getur í 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE.

II. HLUTI

GREIÐSLUMIÐLANIR

1. KAFLI

Greiðslustofnanir

1. þáttur

Almennar reglur

5. gr.

Umsókn um starfsleyfi

Til að fá starfsleyfi sem greiðslustofnun skal leggja inn umsókn hjá lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu ásamt eftirfarandi:

a) starfsáætlun þar sem m.a. kemur fram hvers konar greiðsluþjónusta er fyrirhuguð,

b) viðskiptaáætlun með fjárhagsáætlun sem reiknuð er fyrir fyrstu þrjú fjárhagsárin og sýnir að umsækjandi geti notað viðeigandi kerfi, sem eru í réttu hlutfalli við starfsemina, verðmæti og verkferla til að standa undir traustum rekstri,

c) gögnum um að greiðslustofnunin hafi yfir að ráða því stofnfé sem kveðið er á um í 6. gr.,

d) fyrir greiðslustofnanirnar, sem um getur í 1. mgr. 9. gr., lýsingu á þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að vernda fjármuni notenda greiðsluþjónustu í samræmi við 9. gr.,

e) lýsingu á stjórnarformi umsækjanda og innri eftirlitskerfum, þ.m.t. aðferðir við stjórnun, áhættustýringu og reikningsskil, sem sýnir að stjórnarhættir, eftirlitskerfi og verkferlar séu í réttu hlutfalli við starfsemina, viðeigandi, traust og fullnægjandi,

f) lýsingu á innri eftirlitskerfum sem umsækjandi hefur komið á fót til að uppfylla skyldur í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi samkvæmt tilskipun 2005/60/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1781/2006 frá 15. nóvember 2006 um upplýsingar um greiðanda sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna ([1]),

g) lýsingu á skipulagsuppbyggingu umsækjanda, þ.m.t., ef við á, lýsing á ætlaðri notkun umboðsmanna og útibúa ásamt lýsingu á útvistunarfyrirkomulagi, og aðild umsækjanda að landsbundnum eða alþjóðlegum greiðslukerfum,

h) upplýsingum um deili á einstaklingum sem eiga hlutdeild í umsækjanda, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild í umsækjanda í skilningi 11. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB, stærð eignarhlutdeildar og gögn um hæfni þeirra með hliðsjón af nauðsyn þess að tryggja trausta og varfærna stjórn greiðslustofnunar,

i) upplýsingum um deili á stjórnendum og einstaklingum sem bera ábyrgð á stjórn greiðslustofnunarinnar og, ef við á, einstaklingum sem eru ábyrgir fyrir stjórn á greiðsluþjónustustarfsemi greiðslustofnunarinnar ásamt vitnisburði um að þeir hafi óflekkað mannorð og hafi til að bera viðeigandi þekkingu og reynslu til að annast greiðsluþjónustu samkvæmt því sem heimaaðildarríki greiðslustofnunarinnar ákvarðar,

j) eftir því sem við á, upplýsingum um deili á lögboðnum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga ([2]),

k) réttarstöðu umsækjanda og samþykktum,

([1]) Stjtíð. ESB L 345, 8.12.2006, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

l) heimilisfangi aðalskrifstofu umsækjanda.

Að því er tekur til d-, e- og g-liðar skal umsækjandi leggja fram lýsingu á endurskoðunarfyrirkomulagi sínu og því skipulagsfyrirkomulagi sem hann hefur komið á með það að markmiði að gera allar þær ráðstafanir sem raunhæfar teljast til að vernda hagsmuni notenda sinna og tryggja samfelldni og áreiðanleika í framkvæmd greiðsluþjónustunnar.

6. gr.

Stofnfé

Aðildarríki skulu krefjast þess að við viðtöku starfsleyfis eigi greiðslustofnanir stofnfé sem í eru þeir liðir sem skilgreindir eru í a- og b-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB:

a) ef greiðslustofnun veitir aðeins þá greiðsluþjónustu sem tilgreind er í 6. lið viðaukans skal hlutafé hennar aldrei vera lægra en 20 000 evrur,

b) ef greiðslustofnun veitir þá greiðsluþjónustu sem tilgreind er í 7. lið viðaukans skal hlutafé hennar aldrei vera lægra en 50 000 evrur,

c) ef greiðslustofnun veitir einhverja þá greiðsluþjónustu sem tilgreind er í 1.–5. lið viðaukans skal hlutafé hennar aldrei vera lægra en 125 000 evrur.

7. gr.

Eigið fé

1. Eigið fé greiðslustofnunar, eins og það er skilgreint í 57.–61. gr. og 63., 64. og 66. gr. tilskipunar 2006/48/EB, má ekki fara niður fyrir þá fjárhæð sem krafist er skv. 6. eða 8. gr. þessarar tilskipunar, þá sem er hærri.

2. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir endurtekna notkun þátta, sem geta talist til eigin fjár, þegar greiðslustofnunin er í eigu sömu samstæðu og önnur greiðslustofnun eða lánastofnun, annað fjárfestingarfyrirtæki, eignastýringarfyrirtæki eða vátryggingafyrirtæki. Þessi málsgrein gildir einnig ef greiðslustofnun rekur samhliða aðra starfsemi en greiðsluþjónustu sem tilgreind er í viðaukanum.

3. Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 69. gr. tilskipunar 2006/48/EB, eru uppfyllt geta aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra valið að beita ekki 8. gr. þessarar tilskipunar gagnvart greiðslustofnunum sem falla undir samstæðueftirlit móðurlánastofnunar samkvæmt tilskipun 2006/48/EB.

8. gr.

Útreikningur eigin fjár

1. Þrátt fyrir kröfur um stofnfé, sem settar eru fram í 6. gr., skulu aðildarríkin krefjast þess að eigið fé greiðslustofnana sé ávallt reiknað í samræmi við eina af eftirfarandi þremur aðferðum, eftir því sem lögbær yfirvöld ákvarða í samræmi við landslög:

Aðferð A

Eigið fé greiðslustofnunar skal vera a.m.k. 10% af föstum, óbeinum kostnaði fyrra árs. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að breyta þessari kröfu ef umtalsverðar breytingar hafa orðið á rekstri greiðslustofnunar frá fyrra ári. Hafi greiðslustofnun starfað skemur en eitt rekstrarár, þegar útreikningur fer fram, skal gerð krafa um að eigið fé hennar sé a.m.k. 10% af samsvarandi föstum, óbeinum kostnaði, sem gert er ráð fyrir í rekstraráætlun, nema lögbær yfirvöld krefjist þess að þeirri áætlun sé breytt.

Aðferð B

Eigið fé greiðslustofnunar skal nema a.m.k. samtölu eftirfarandi liða margfaldaðri með kvarðastuðlinum k, sem skilgreindur er í 2. mgr., ef greiðslumagnið (GM) er einn tólfti af heildarfjárhæð greiðslna sem greiðslustofnunin framkvæmdi á fyrra ári.

a) 4,0% af þeim hluta sem um ræðir af GM allt að 5 milljónum evra,

plús

b) 2,5% af þeim hluta sem um ræðir af GM yfir 5 milljónum evra allt að 10 milljónum evra,

plús

c) 1% af þeim hluta sem um ræðir af GM yfir 10 milljónum evra allt að 100 milljónum evra,

plús

d) 0,5% af þeim hluta sem um ræðir af GM yfir 100 milljónum evra allt að 250 milljónum evra,

plús

e) 0,25% af þeim hluta sem um ræðir af GM yfir 250 milljónum evra,

Aðferð C

Fjárhæð eigin fjár greiðslustofnunar skal vera a.m.k. viðeigandi vísir sem skilgreindur er í a-lið, margfölduðum með margfeldisstuðlinum sem skilgreindur er í b-lið og með kvarðastuðlinum k sem skilgreindur er í 2. mgr.

a) Viðeigandi vísir er samtala eftirfarandi liða:

– vaxtatekna,

– vaxtakostnaðar,

– fenginna umboðslauna og þóknana og

– annarra rekstrartekna.

Hver liður skal tekinn með í samtöluna með plús- eða mínusmerki. Ekki má nota óreglulega tekjuliði í útreikningi á viðkomandi vísi. Útgjöld vegna útvistunar á þjónustu hjá þriðja aðila geta lækkað viðkomandi vísi ef félagið, sem stofnar til útgjaldanna, er háð eftirliti samkvæmt þessari tilskipun. Viðkomandi vísir er reiknaður á grundvelli tólf mánaða mælingar við lok fyrra fjárhagsárs. Viðkomandi vísir skal reiknaður fyrir fyrra fjárhagsár. Eigi að síður skal eigið fé, sem reiknað er í samræmi við aðferð C, ekki vera undir 80% af meðaltali þriggja undanfarinna fjárhagsára fyrir viðkomandi vísi. Ef endurskoðaðar tölur liggja ekki fyrir má nota mat greiðslustofnunarinnar.

b) Margföldunarstuðullinn skal vera:

i. 10% af þeim hluta, sem um ræðir, af viðkomandi vísi allt að 2,5 milljónum evra,

ii. 8% af þeim hluta sem um ræðir af viðkomandi vísi frá 2,5 milljónum evra allt að 5 milljónum evra,

iii. 6% af þeim hluta sem um ræðir af viðkomandi vísi frá 5 milljónum evra allt að 25 milljónum evra,

iv. 3% af þeim hluta sem um ræðir af viðkomandi vísi frá 25 milljónum evra allt að 50 milljónum evra,

v. 1,5% yfir 50 milljónum evra.

2. Kvarðastuðullinn k, sem á að nota í aðferð B og C, skal vera:

a) 0,5 ef greiðslustofnunin veitir aðeins þá greiðsluþjónustu sem tilgreind er í 6. lið í viðaukanum,

b) 0,8 ef greiðslustofnunin veitir þá greiðsluþjónustu sem tilgreind er í 7. lið í viðaukanum,

c) 1 ef greiðslustofnunin veitir einhverja þá greiðsluþjónustu sem tilgreind er í 1.–5. lið í viðaukanum,

3. Lögbær yfirvöld geta á grundvelli mats á áhættustýringarferlum, áhættutapsferlum, áhættugagnagrunns og innri eftirlitskerfum greiðslustofnunarinnar gert kröfu um að eigið fé greiðslustofnunar sé allt að 20% hærra en fjárhæðin sem gæti leitt af beitingu aðferðarinnar sem er valin í samræmi við 1. mgr., eða heimilað greiðslustofnun að fjárhæð eigin fjár sé allt að 20% lægri en fjárhæðin sem leiddi af beitingu þeirra aðferðar sem valin er í samræmi við 1. mgr..

9. gr.

Kröfur um vernd

1. Aðildarríkin eða lögbær yfirvöld skulu gera kröfu um að greiðslustofnun, sem veitir einhverja þá greiðsluþjónustu, sem tilgreind er í viðaukanum og er jafnframt aðili að annarri starfsemi, sem um getur í c-lið 1. mgr. 16. gr., verndi þá fjármuni sem hún hefur tekið við frá notendum greiðsluþjónustu eða frá annarri greiðslumiðlun vegna framkvæmdar greiðslu, á eftirfarandi hátt:

annaðhvort:

a) skal aldrei blanda þeim saman við fjármuni annarra einstaklinga eða lögaðila en notenda greiðsluþjónustu, sem fjármunirnir koma frá, og skulu þeir, ef greiðslustofnunin hefur þá enn í vörslum sínum og viðtakandi greiðslu hefur ekki enn fengið þá greidda eða þeir verið yfirfærðir til annarrar greiðslumiðlunar við lok næstkomandi virks dags eftir viðtöku fjármunanna, lagðir inn á sérstakan reikning í lánastofnun eða festir í tryggu lausafé með lítilli áhættu, eins og lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skilgreina það, og

b) þeir skulu, í samræmi við lög viðkomandi lands og í þágu notenda greiðsluþjónustu, varðir gegn kröfum annarra lánardrottna greiðslustofnunarinnar, einkum þegar um er að ræða ógjaldfærni,

eða

c) þeir skulu tryggðir samkvæmt vátryggingarsamningi, eða einhverri sambærilegri ábyrgð vátryggingafélags eða lánastofnunar, sem tilheyra ekki sömu samstæðu og greiðslustofnunin, að fjárhæð, sem er jafnvirði þeirrar sem væri haldið aðgreindri ef ekki væri um að ræða vátryggingarsamning eða sambærilega ábyrgð, sem greiðist ef greiðslustofnunin er ófær um að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

2. Ef gerð er krafa um að greiðslustofnun verndi fjármuni skv. 1. mgr. og hluta þeirra fjármuna skuli nota í framtíðargreiðslur og eftirstandandi fjárhæð skuli nota í þjónustu sem er ekki greiðsluþjónusta skal sá hluti fjármunanna sem nota skal til greiðslna í framtíðinni einnig falla undir kröfurnar skv. 1. mgr. Ef sá hluti er breytilegur eða ekki er vitað hver hann er fyrir fram geta aðildarríkin leyft greiðslustofnunum að beita þessari málsgrein á grundvelli dæmigerðs hlutar, sem talið er að verði notaður til

greiðsluþjónustu, að því tilskildu að lögbær yfirvöld telji víst að unnt sé að meta þess háttar dæmigerðan hlut með góðu móti út frá eldri gögnum.

3. Aðildarríkin eða lögbær yfirvöld geta krafist þess að greiðslustofnanir, sem reka ekki aðra starfsemi, s.s. um getur í c-lið 1. mgr. 16 gr., skuli einnig fara að kröfum um vernd skv. 1. mgr. þessarar greinar.

4. Aðildarríkin eða lögbær yfirvöld geta einnig takmarkað slíkar kröfur við vernd á fjármunum þeirra notenda greiðsluþjónustu ef fjármunir hvers um sig fara yfir viðmiðunarfjárhæð sem er 600 evrur.

10. gr.

Veiting starfsleyfis

1. Aðildarríki skulu gera kröfu um að fyrirtæki, sem ekki eru tilgreind í a- til c-lið og e- og f-lið 1. mgr. 1. gr. og aðrir en lögaðilar eða einstaklingar, sem njóta undanþágu skv. 26. gr. og hyggjast veita greiðsluþjónustu, afli sér starfsleyfis sem greiðslustofnun áður en greiðsluþjónusta hefst. Starfsleyfi skal aðeins veitt lögaðila með staðfestu í aðildarríki.

2. Starfsleyfi skal veitt ef upplýsingar og gögn, sem fylgja umsókn, standast allar kröfur skv. 5. gr. og ef heildarmat lögbærra yfirvalda, sem hafa grandskoðað umsóknina, er jákvætt. Áður en starfsleyfi er veitt geta lögbær yfirvöld, ef við á, leita ráðgjafar seðlabanka í viðkomandi aðildarríki eða annarrar viðeigandi opinberra yfirvalda.

3. Greiðslustofnun, sem samkvæmt landslögum heimaaðildarríkis síns er skylt að hafa skráða skrifstofu, skal hafa aðalskrifstofu sína í sama aðildarríki og skráð skrifstofa hennar er.

4. Lögbær yfirvöld skulu aðeins veita starfsleyfi ef, að teknu tilliti til þarfarinnar á að tryggja trausta og varfærna stjórnun greiðslustofnunar, fyrirkomulag stjórnunarhátta í rekstri greiðsluþjónustu greiðslustofnunarinnar er traust, þ.m.t. skýrt stjórnskipulag með vel skilgreindri, gagnsærri og samræmdri skiptingu ábyrgðar, skilvirkar verklagsreglur til að greina, stjórna, hafa eftirlit með og tilkynna um áhættu, sem greiðslustofnunin er eða kann að vera óvarin fyrir, og fullnægjandi innri eftirlitskerfi, þ.m.t. traustar stjórnunar- og reikningsskilaaðferðir, og skal fyrirkomulag, verklagsreglur og vinnslukerfi vera tæmandi og í hlutfalli við eðli, umfang og flókna framkvæmd greiðsluþjónustunnar sem greiðslustofnunin annast.

5. Ef greiðslustofnun veitir einhverja þá greiðsluþjónustu sem tilgreind er í viðaukanum og annast jafnframt aðra starfsemi geta lögbær yfirvöld gert kröfu um stofnun sérstakrar einingar fyrir rekstur greiðsluþjónustunnar ef sú starfsemi greiðslustofnunarinnar sem er ekki greiðsluþjónusta rýrir, eða líkur eru á að hún rýri trausta fjárhagsstöðu greiðslustofnunarinnar, eða getu lögbærra yfirvalda til að hafa eftirlit með því hvort greiðslustofnunin uppfylli allar þær skyldur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

6. Lögbær yfirvöld skulu synja um veitingu starfsleyfis ef þau telja hluthafa eða aðila með virka eignarhlutdeild ekki hæfa með hliðsjón af því að nauðsynlegt er að tryggja trausta og varfærna stjórnun greiðslustofnunar.

7. Ef náin tengsl, eins og þau eru skilgreind í 46. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB, eru fyrir hendi milli greiðslustofnunar og annarra einstaklinga eða lögaðila skulu lögbær yfirvöld einungis veita starfsleyfi ef sýnt er að þessi tengsl koma ekki í veg fyrir að þau sinni eftirlitshlutverki sínu sem skyldi.

8. Lögbær yfirvöld skulu aðeins veita starfsleyfi ef lög og stjórnsýslufyrirmæli þriðja lands, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila, sem greiðslustofnunin hefur náin tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra koma ekki í veg fyrir að þau geti annast eftirlitshlutverk sitt sem skyldi.

9. Starfsleyfi skal gilda í öllum aðildarríkjunum og skal gera viðkomandi greiðslustofnun kleift að veita greiðsluþjónustu í öllu Bandalaginu, annaðhvort samkvæmt frelsi til að veita þjónustu eða samkvæmt staðfesturétti, að því tilskildu að þess háttar þjónusta falli undir starfsleyfið.

11. gr.

Tilkynning um ákvörðun

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna umsækjanda hvort starfsleyfi hafi verið veitt eða umsókn um það synjað innan þriggja mánaða frá viðtöku umsóknar eða, ef umsókninni er ábótavant, frá því allar upplýsingar, sem krafist er vegna ákvörðunarinnar, hafa borist. Ef synjað er um leyfi skal tilgreina ástæður.

12. gr.

Afturköllun starfsleyfis

1. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að afturkalla starfsleyfi, sem greiðslustofnun hefur verið veitt, ef stofnunin:

a) nýtir ekki starfsleyfið innan tólf mánaða, afsalar sér skýlaust leyfinu eða hættir starfsemi í meira en sex mánuði, hafi hlutaðeigandi aðildarríki ekki gert ráð fyrir að leyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum,

b) hefur fengið starfsleyfi á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,

c) uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis,

d) myndi ógna stöðuleika greiðslukerfisins með áframhaldandi rekstri greiðsluþjónustunnar eða

e) fellur undir annað ákvæði í landslögum sem kveður á um afturköllun starfsleyfis.

2. Tilgreina skal ástæður fyrir afturköllun starfsleyfis og hlutaðeigandi aðilum skal gerð grein fyrir þeim,

3. Afturköllun starfsleyfis skal birt opinberlega.

13. gr.

Skráning

Aðildarríki skulu koma á fót opinberri skrá yfir þær greiðslustofnanir sem hafa starfsleyfi, umboðsaðila þeirra og útibú, sem og einstaklinga og lögaðila, umboðsaðila þeirra og útibú, sem njóta undanþágu skv. 26. gr., og stofnanir, sem um getur í 3. mgr. 2. gr., sem hafa rétt samkvæmt landslögum til að veita greiðsluþjónustu. Þær skulu færðar í skrá sem er í heimaaðildarríki þeirra.

Í þeirri skrá skal koma fram hvers konar greiðsluþjónustu greiðslustofnunin hefur starfsleyfi fyrir eða einstaklingurinn eða lögaðilinn hefur verið skráður fyrir. Í skránni skulu færslur um greiðslustofnanir með starfsleyfi aðgreindar frá einstaklingum og lögaðilum sem hafa verið skráðir í samræmi við 26. gr. Almenningur skal hafa aðgang að skránni, hún skal vera aðgengileg á Netinu og uppfærð reglulega.

14. gr.

Viðhald starfsleyfis

Ef breytingar hafa áhrif á nákvæmni upplýsinga og gagna, sem lögð eru fram í samræmi við 5. gr., skal greiðslustofnun án ástæðulausrar tafar tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis síns um það.

15. gr.

Reikningsskil og lögboðin endurskoðun

1. Tilskipun 78/660/EBE og, eftir því sem við á, tilskipun 83/349/EBE, 86/635/EBE og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]) gilda um greiðslustofnanir, að breyttu breytanda.

2. Löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki, í skilningi tilskipunar 2006/43/EB, skulu endurskoða ársreikninga og samstæðureikningsskil greiðslustofnana nema þær séu undanþegnar því samkvæmt tilskipun 78/660/EBE og, eftir því sem við á, tilskipunum 83/349/EBE og 86/635/EBE.

3. Aðildarríkin skulu vegna eftirlits gera kröfu um að greiðslustofnanir leggi fram aðskilin reikningsskil fyrir greiðsluþjónustuna, sem tilgreind er í viðaukanum, og þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. 16. gr. og skal krafist áritunar endurskoðanda á þau. Áritunina annast löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki, eftir því sem við á.

4. Skuldbindingarnar í 53. gr. tilskipunar 2006/48/EB, skulu, að breyttu breytanda, gilda um löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki greiðslustofnana að því er varðar greiðsluþjónustustarfsemi.

16. gr.

Starfsemi

1. Að frátöldu ákvæðinu um þá greiðsluþjónustu sem tilgreind er í viðaukanum er greiðslustofnunum heimilt að annast eftirfarandi starfsemi:

a) rekstur og nátengda stoðþjónustu, s.s. að tryggja framkvæmd greiðslna, gjaldeyrisskipti, fjárvörslu og varðveislu og úrvinnslu gagna,

b) rekstur greiðslukerfa, sbr. þó 28. gr.,

c) aðra starfsemi en veitingu greiðsluþjónustu, með hliðsjón af gildandi lögum Bandalagsins og landslögum einstakra aðildarríkja.

2. Þegar greiðslustofnanir annast eina gerð greiðsluþjónustu eða fleiri, af þeim sem tilgreindar eru í viðaukanum, mega þær hafa greiðslureikninga sem notaðir eru einvörðungu vegna greiðslna. Allir fjármunir, sem greiðslustofnanir taka við frá notendum greiðsluþjónustu með það í huga að veita greiðsluþjónustu, skulu hvorki teljast innlán né aðrir endurgreiðanlegir fjármunir í skilningi 5. gr. tilskipunar 2006/48/EB eða rafeyrir í skilningi 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/46/EB.

3. Greiðslustofnanir mega aðeins veita lán í tengslum þá greiðsluþjónustu sem um getur í 4., 5. eða 7. lið í viðaukanum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) lánið skal vera hliðarstarfsemi og einungis veitt í tengslum við framkvæmd greiðslu,

b) þrátt fyrir reglur í hverju aðildarríki fyrir sig um lánveitingar með kreditkortum skal lánið, sem veitt er í tengslum við greiðsluna og gengið er frá í samræmi við 9. mgr. 10. gr. og 25. gr., endur-

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

greiðast innan skamms tíma sem skal ekki undir neinum kringumstæðum vera lengri en tólf mánuðir,

c) þess háttar lán skal ekki veitt af þeim fjármunum sem tekið er við eða sem eru geymdir í þeim tilgangi að framkvæma greiðslur og

d) eigið fé greiðslustofnunar skal ávallt og að mati eftirlitsyfirvalda vera viðeigandi með tilliti til heildarfjárhæðar lána sem veitt eru.

4. Greiðslustofnanir skulu ekki annast innlánsstarfsemi eða taka við öðru fé til endurgreiðslu í skilningi 5. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

5. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ráðstafanir í hverju aðildarríki fyrir sig við framkvæmd tilskipunar 87/102/EBE. Þessi tilskipun hefur heldur ekki áhrif á aðra viðeigandi löggjöf Bandalagsins eða landslög einstakra aðildarríkja, að því er varðar skilyrði fyrir lánveitingu til neytenda, sem eru ekki samræmd með þessari tilskipum en samrýmast lögum Bandalagsins.

2. þáttur

Aðrar kröfur

17. gr.

Notkun umboðsaðila, útibúa eða eininga sem starfsemi hefur verið útvistuð hjá

1. Þegar greiðslustofnun hyggst veita greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila skal hún senda lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn og heimilisfang umboðsaðilans,

b) lýsingu á innri eftirlitskerfum sem umboðsaðilar nota til að uppfylla skyldur í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi samkvæmt tilskipun 2005/60/EB og

c) deili á stjórnendum og þeim aðilum sem bera ábyrgð á stjórn umboðsaðilans, sem nota á við greiðsluþjónustu, og gögn um að þeir séu til þess hæfir.

2. Þegar lögbær yfirvöld fá upplýsingar í samræmi við 1. mgr. geta þau skráð umboðsaðilann í skrána sem kveðið er á um í 13. gr.

3. Áður en umboðsaðilinn er færður inn í skrána geta lögbær yfirvöld, ef þau telja að upplýsingarnar, sem þeim voru veittar, séu ekki réttar, gripið til frekari aðgerða til að sannreyna þær.

4. Ef lögbær yfirvöld eru, eftir að hafa gripið til aðgerða til að sannreyna upplýsingarnar, ekki fullviss um að upplýsingarnar, sem þeim voru veittar skv. 1. mgr., séu réttar, skulu þau synja um færslu umboðsaðilans í skrána sem kveðið er á um í 13. gr.

5. Ef greiðslustofnun óskar eftir að veita greiðsluþjónustu í öðru aðildarríki með því að ráða umboðsaðila skal hún fylgja málsmeðferðinni sem sett er fram í 25. gr. Í því tilviki skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins, áður en skrá má umboðsaðilann samkvæmt þessari grein, tilkynna lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins um fyrirætlun sína að skrá umboðsaðilann og taka tillit til álits þeirra.

6. Ef lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins hafa gilda ástæðu til að gruna, í tengslum við fyrirhugaða ráðningu umboðsaðila eða stofnun útibús, að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverkastarfsemi í skilningi tilskipunar 2005/60/EB eigi sér stað, hafi átt sér stað eða sé í undirbúningi eða að ráðning umboðsaðilans eða stofnun útibúsins gæti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, skulu þau tilkynna það lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins sem geta synjað um að færa umboðsaðilann eða útibúið inn í skrána eða afturkallað skráningu umboðsaðila eða útibús hafi hún þegar farið fram.

7. Ef greiðslustofnun hyggst útvista rekstrarþætti greiðsluþjónustu skal hún tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis síns til samræmis við það.

Útvistun mikilvægra rekstrarþátta má ekki fara þannig fram að hún rýri umtalsvert gæði innra eftirlits greiðslustofnunar og getu lögbærra yfirvalda til að hafa eftirlit með því að greiðslustofnunin uppfylli allar þær skyldur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Í skilningi annarrar undirgreinar skal rekstrarþáttur teljast mikilvægur ef ágalli eða misbrestur í framkvæmd hans rýrir umtalsvert getu greiðslustofnunar til að uppfylla áfram þær kröfur sem liggja til grundvallar starfsleyfinu, sem hún óskaði eftir samkvæmt þessum hluta, eða aðrar skyldur hennar samkvæmt þessari tilskipun, fjárhagslegan árangur hennar eða styrkleika eða samfelldni greiðsluþjónustu hennar. Aðildarríkin skulu sjá til þess, þegar greiðslustofnanir útvista mikilvæga rekstrarþætti, að þær fari að eftirfarandi skilyrðum:

a) útvistunin skal ekki leiða til þess að ábyrgð æðri stjórnar verði falin öðrum,

b) sambandi og skyldum greiðslustofnunar gagnvart notendum greiðsluþjónustu samkvæmt þessari tilskipun skal ekki breytt,

c) ekki skal grafið undan skilyrðunum, sem greiðslustofnun skal fara að til að fá starfsleyfi og halda því í samræmi við þennan hluta, og

d) ekki skal fella brott eða breyta neinu af öðrum skilyrðum sem liggja til grundvallar starfsleyfi greiðslustofnunar.

8. Greiðslustofnanir skulu sjá til þess að umboðsaðilar eða útibú, sem starfa á þeirra vegum, tilkynni notendum greiðsluþjónustu um þetta.

18. gr.

Bótaábyrgð

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að þær greiðslustofnanir sem fela þriðju aðilum að annast rekstrarþætti geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að kröfum þessar tilskipunar.

2. Aðildarríki skulu gera kröfu um að greiðslustofnanir beri fulla bótaábyrgð á aðgerðum starfsmanna sinna, umboðsaðila, útibúa eða eininga sem annast útvistaða starfsemi.

19. gr.

Varðveisla skráa

Aðildarríkin skulu gera kröfu um að greiðslustofnanir varðveiti allar viðeigandi skrár að því er varðar þennan hluta tilskipunarinnar í a.m.k. fimm ár, sbr. þó tilskipun 2005/60/EB eða aðra viðeigandi löggjöf Bandalagsins eða einstakra aðildarríkja.

3. þáttur

Lögbær yfirvöld og eftirlit

20. gr.

Tilnefning lögbærra yfirvalda

1. Aðildarríkin skulu tilnefna sem lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á veitingu starfsleyfa til og varfærniseftirliti með greiðslustofnunum, sem framkvæma skulu þau verkefni sem kveðið er á um í þessum hluta, annaðhvort stjórnvöld eða aðila sem eru viðurkenndir í landslögum eða af þeim stjórnvöldum sem hafa til þess skýra heimild samkvæmt landslögum, þ.m.t. seðlabankar einstakra aðildarríkja.

Lögbær yfirvöld skulu ábyrgjast að þau séu óháð aðilum í efnahagslífinu og skulu forðast hagsmunaárekstra. Með fyrirvara um fyrsta undirlið skulu greiðslustofnanir, lánastofnanir, rafeyrisstofnanir eða póstgíróstofnanir ekki tilnefndar sem lögbær yfirvöld.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni til samræmis við það.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld, sem tilnefnd eru skv. 1. mgr., hafi allar þær heimildir sem nauðsynlegar eru til að sinna skyldum sínum.

3. Ef um er að ræða fleiri en eitt lögbært yfirvald á yfirráðasvæði aðildarríkja að því er varðar mál, sem fjallað er um í þessum hluta, skulu aðildarríkin sjá til þess að þau yfirvöld starfi náið saman svo að þau geti leyst skyldur sínar af hendi með skilvirkum hætti. Hið sama á við um þau tilvik þegar yfirvöld, sem eru lögbær um mál, sem fjallað er um í þessum hluta, eru ekki þau lögbæru yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með lánastofnunum.

4. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu bera ábyrgð á þeim verkefnum sem lögbær yfirvöld, sem tilnefnd eru skv. 1. mgr., annast.

5. Í 1. mgr. felst ekki að gerð sé krafa um að lögbær yfirvöld hafi eftirlit með annarri starfsemi greiðslustofnunar en þeirri greiðsluþjónustu sem tilgreind er í viðaukanum og starfsemi sem tilgreind er í a-lið 1. mgr. 16. gr.

21. gr.

Eftirlit

1. Aðildarríkin skulu tryggja að í eftirliti lögbærra yfirvalda með því að ætíð sé farið að þeim ákvæðum, sem fjallað er um í þessum hluta, sé ætíð gætt meðalhófs, það sé fullnægjandi og taki mið af þeirri áhættu sem greiðslustofnanir eru óvarðar fyrir. Til að kanna hvort farið er að ákvæðunum í þessum hluta skulu lögbær yfirvöld eiga rétt á að gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) að krefjast þess að greiðslustofnunin leggi fram þær upplýsingar sem þarf til að unnt sé að hafa eftirlit með því að reglum sé fylgt,

b) að framkvæma skoðun á staðnum þar sem greiðslustofnunin, umboðsaðili eða útibú er til húsa og veitt er greiðsluþjónusta, sem greiðslustofnunin ber ábyrgð á, eða þar sem eining, sem starfsemin er útvistuð hjá, er til húsa,

c) að gefa út tilmæli, leiðbeiningar og, ef við á, bindandi stjórnsýslufyrirmæli og

d) að svipta greiðslustofnun tímabundið starfsleyfi eða afturkalla það í þeim tilvikum sem um getur í 12. gr.

2. Með fyrirvara um málsmeðferð við afturköllun starfsleyfa og ákvæði hegningarlaga skulu aðildarríkin kveða á um að viðkomandi lögbær yfirvöld

þeirra geti, þegar um er að ræða að greiðslustofnanir eða þeir sem í reynd hafa eftirlit með rekstri greiðslustofnana hafi gerst brotlegir við lög eða stjórnsýslufyrirmæli um eftirlit eða rekstur greiðsluþjónustufyrirtækis síns, samþykkt eða lagt á, að því er þá varðar, refsingar eða gert aðrar ráðstafanir sem hafa það skýra markmið að binda enda á brot, sem verður vart við, eða uppræta orsakir þess háttar brota.

3. Þrátt fyrir kröfur 6. gr., 1. og 2. mgr. 7. gr. og 8. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að lögbær yfirvöld eigi rétt á að grípa til þeirra ráðstafana sem lýst er í 1. mgr. þessarar greinar til að tryggja nægilegt eigið fé til greiðsluþjónustu, einkum ef sú starfsemi greiðslustofnunar sem er ekki greiðsluþjónusta rýrir eða er líkleg til að rýra trausta fjárhagsstöðu greiðslustofnunarinnar.

22. gr.

Þagnarskylda

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir einstaklingar, sem starfa eða hafa starfað fyrir lögbær yfirvöld, sem og sérfræðingar sem starfa fyrir hönd lögbærra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu, sbr. þó tilvik sem falla undir ákvæði hegningarlaga.

2. Í upplýsingaskiptum skal þagnarskyldu stranglega beitt í samræmi við 24. gr. til að tryggja vernd einstaklinga og viðskiptaréttinda.

3. Aðildarríki geta beitt þessari grein að teknu tilliti til, að breyttu breytanda, 44.–52. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

23. gr.

Réttur til að áfrýja til dómstóla

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að unnt sé að vefengja fyrir dómstólum ákvarðanir sem lögbær yfirvöld taka að því er varðar greiðslustofnun samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem samþykkt eru í samræmi við þessa tilskipun.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig þegar um er að ræða athafnaleysi.

24. gr.

Upplýsingaskipti

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu starfa saman ásamt, eftir því sem við á, Evrópska seðlabankanum og seðlabönkum aðildarríkjanna og öðrum hlutaðeigandi, lögbærum yfirvöldum sem tilnefnd eru samkvæmt lögum Bandalagsins eða landslögum einstakra aðildarríkja sem gilda um greiðslumiðlanir.

2. Aðildarríki skulu auk þess heimila upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda sinna og eftirfarandi aðila:

a) lögbærra yfirvalda annarra aðildarríkja sem ábyrgð bera á veitingu starfsleyfa og eftirliti með greiðslustofnunum,

b) Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríkjanna, samkvæmt opinberu umboði sem peningamála- og eftirlitsyfirvöld, og, ef við á, annarra opinberra yfirvalda sem eru ábyrg fyrir eftirliti með greiðslu- og uppgjörskerfum,

c) annarra viðkomandi yfirvalda, sem tilnefnd eru samkvæmt þessari tilskipun, tilskipun 95/46/EB, tilskipun 2005/60/EB og annarri löggjöf Bandalagsins sem gildir um greiðslumiðlanir, s.s. löggjöf um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga ásamt peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

25. gr.

Neyting staðfesturéttar og nýting frelsis til að veita þjónustu

1. Greiðslustofnun með starfsleyfi, sem óskar eftir að veita greiðsluþjónustu í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki sínu í fyrsta sinn og neytir staðfesturéttar síns eða nýtir sér frelsi til að veita þjónustu, skal tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu um það.

Innan mánaðar frá viðtöku þessara upplýsinga skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins veita lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins upplýsingar um heiti og heimilisfang greiðslustofnunarinnar, nöfn þeirra sem eru ábyrgir fyrir stjórn útibúsins, stjórnskipulag þess og hvers konar greiðsluþjónustu greiðslustofnunin hyggst veita á yfirráðasvæði gistiaðildarríkisins.

2. Til að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins geti annast framkvæmd eftirlits og gert þær nauðsynlegu ráðstafanir sem kveðið er á um í 21. gr. að því er varðar umboðsaðila, útibú eða einingu, sem greiðslustofnun, sem staðsett er á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, útvistar starfsemi sína hjá, skulu þau hafa samstarf við lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins.

3. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu, innan ramma samstarfsins í samræmi við 1. og 2. mgr., tilkynna lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins þegar þau hyggjast framkvæma skoðun á staðnum á yfirráðasvæði hins síðarnefnda.

Óski lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins á hinn bóginn eftir því mega þau fela lögbærum yfirvöldum

gistiaðildarríkisins framkvæmd skoðunar á staðnum hjá viðkomandi stofnun.

4. Lögbær yfirvöld skulu veita hver öðrum allar brýnustu og/eða viðeigandi upplýsingar, einkum þegar um er að ræða brot eða grun um brot umboðsmanns, útibús eða einingar sem starfsemi er útvistuð hjá. Að því er þetta varðar skulu lögbæru yfirvöldin senda allar upplýsingar sem málið varðar ef óskað er eftir því og allar mikilvægar upplýsingar að eigin frumkvæði.

5. Ákvæði 1. til 4. mgr. skulu vera með fyrirvara um þá skyldu lögbærra yfirvalda samkvæmt tilskipun 2005/60/EB og reglugerð (EB) nr. 1781/2006, einkum 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2005/60/EB og 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1781/2006, að hafa eftirlit með eða vakta að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í fyrrnefndri tilskipun og reglugerð.

4. þáttur

Undanþágur

26. gr.

Skilyrði

1. Þrátt fyrir 13. gr. geta aðildarríki veitt undanþágu eða heimilað lögbærum yfirvöldum sínum að veita undanþágur frá málsmeðferð og skilyrðum, sem sett eru fram í 1. til 3. þætti, að öllu leyti eða að hluta til, að undanskilinni 20., 22., 23. og 24. gr., og heimilað að einstaklingar eða lögaðilar séu færðir inn í skrána, sem kveðið er á um í 13. gr., ef:

a) meðaltal heildarfjárhæðar greiðslna næstliðinna tólf mánaða á undan sem viðkomandi aðili hefur framkvæmt, þ.m.t. umboðsaðilar, sem hann tekur fulla ábyrgð á, er ekki hærra en þrjár milljónir evra á mánuði. Þessi krafa skal metin á grundvelli áætlaðrar heildarfjárhæðar greiðslna í viðskiptaáætlun hans nema lögbært yfirvald krefjist leiðréttingar á þeirri áætlun og

b) enginn þeirra einstaklinga, sem ábyrgir eru fyrir stjórn eða rekstri fyrirtækisins, hefur verið dæmdur fyrir brot sem tengjast peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverkastarfsemi eða öðrum fjármálaglæpum.

2. Gera skal kröfu um að einstaklingur eða lögaðili, sem skráður er í samræmi við 1. mgr., hafi aðalskrifstofu eða aðsetur í aðildarríkinu þar sem rekstur inn fer í reynd fram.

3. Farið skal með aðila, sem um getur í 1. mgr., sem greiðslustofnanir, en 9. mgr. 10. gr. og 25. gr. gildir þó ekki um þá.

4. Aðildarríki geta einnig kveðið á um að einstaklingur eða lögaðili, sem skráður er í samræmi við 1. mgr., geti aðeins tekið þátt í hluta þeirrar starfsemi sem tilgreind er í 16. gr.

5. Aðilar, sem um getur í 1. mgr., skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um allar breytingar á stöðu sinni sem skipta máli að því er varðar þau skilyrði sem tilgreind eru í þeirri málsgrein. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðkomandi aðilar sæki um starfsleyfi innan 30 almanaksdaga í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 10. gr. ef skilyrðin, sem sett eru fram í 1., 2. og 4. mgr., eru ekki lengur uppfyllt.

6. Ekki skal beita þessari grein í tengslum við ákvæði tilskipunar 2005/60/EB eða ákvæði í hverju aðildarríki fyrir sig gegn peningaþvætti.

27. gr.

Tilkynningar og upplýsingar

Ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna, sem kveðið er á um í 26. gr., skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það eigi síðar en 1. nóvember 2009 og skal það tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um allar breytingar sem síðar verða. Auk þess skal aðildarríkið tilkynna framkvæmdastjórninni um fjölda viðkomandi einstaklinga eða lögaðila og, á ársgrundvelli, um heildarfjárhæð greiðslna sem framkvæmdar hafa verið til og með 31. desember á hverju almannaksári eins og um getur í a-lið 1. mgr. 26. gr.

2. KAFLI

Sameiginleg ákvæði

28. gr.

Aðgangur að greiðslukerfi

1. Aðildarríkin skulu tryggja að reglur um aðgang greiðslumiðlana, sem eru með starfsleyfi eða skráðar og eru lögaðilar, að greiðslukerfum séu hlutlægar, án mismununar og gætt sé meðalhófs og að reglurnar hamli ekki aðgangi meira en nauðsynlegt er til verndar gegn tiltekinni áhættu, s.s. uppgjörsáhættu, rekstraráhættu eða viðskiptaáhættu, og verja fjárhagslegan og rekstrarlegan stöðugleika greiðslukerfisins.

Í greiðslukerfum skulu ekki gerðar kröfur til greiðslumiðlana, notenda greiðsluþjónustu eða annarra greiðslukerfa um neitt af eftirfarandi:

a) takmarkandi reglu um virka aðild að öðrum greiðslukerfum,

b) reglu sem mismunar greiðslumiðlunum, sem eru með starfsleyfi, eða skráðum greiðslumiðlunum, að því er varðar réttindi aðila, skyldur þeirra eða heimildir eða

c) takmarkanir á grundvelli félagsréttarlegrar stöðu.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:

a) greiðslukerfi sem eru tiltekin í tilskipun 98/26/EB,

b) greiðslukerfi sem í eru einungis greiðslumiðlanir sem tilheyra samstæðu sem mynduð er af einingum með innbyrðis eiginfjártengsl ef ein tengdu einingunum hefur virk yfirráð yfir hinum tengdu einingunum eða

c) greiðslukerfi þar sem eina greiðslumiðlunin (annaðhvort sem stök eining eða sem samstæða):

– starfar eða getur starfað sem greiðslumiðlun bæði fyrir greiðanda og viðtakanda greiðslu og er einvörðungu ábyrg fyrir stjórn kerfisins og

– veitir öðrum greiðslumiðlunum leyfi til að taka þátt í kerfinu og þær síðarnefndu hafa ekki rétt til að semja um þóknun sín í milli í tengslum við greiðslukerfið þó að þær geti ráðið eigin verðlagningu gagnvart greiðendum og viðtakendum greiðslu.

29. gr.

Bann við því að aðrir aðilar en greiðslumiðlanir veiti greiðsluþjónustu

Aðildarríkin skulu banna einstaklingum eða lögaðilum, sem eru hvorki greiðslumiðlanir né ótvírætt utan gildissviðs þessarar tilskipunar, að veita einhverja þá greiðsluþjónustu sem er tilgreind í viðaukanum.

III. HLUTI

GAGNSÆI SKILMÁLA OG KRÖFUR UM UPPLÝSINGAR SEM GERÐAR ERU TIL GREIÐSLUÞJÓNUSTU

1. KAFLI

Almennar reglur

30. gr.

Gildissvið

1. Þessi hluti tilskipunarinnar gildir um stakar greiðslur, rammasamninga og greiðslur sem falla undir þá. Aðilar geta samið um að hann skulu ekki gilda í heild eða að hluta til þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

2. Aðildarríkin geta kveðið á um að ákvæðin í þessum hluta gildi um örfyrirtæki á sama hátt og um neytendur.

3. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ráðstafanir í hverju aðildarríki fyrir sig við framkvæmd tilskipunar 87/102/EBE. Þessi tilskipun hefur heldur ekki áhrif á aðra viðeigandi löggjöf Bandalagsins eða landslög einstakra aðildarríkja að því er varðar skilyrði fyrir lánveitingu til neytenda sem er ekki samræmd þessari tilskipum en samrýmist lögum Bandalagsins.

31. gr.

Önnur ákvæði í löggjöf Bandalagsins

Ákvæði þessa hluta hafa ekki áhrif á þá löggjöf Bandalagsins þar sem er að finna viðbótarkröfur við áður veittar upplýsingar.

Þegar tilskipun 2002/65/EB á einnig við skulu þó 36., 37., 41. og 42. gr. þessarar tilskipunar koma í staðinn fyrir kröfur þeirra um upplýsingar sem eru settar fram í 1. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar, að undanskildum c- til g-lið 2. liðar, a-, d- og e-lið 3. liðar og b-lið 4. liðar þeirrar málsgreinar.

32. gr.

Gjöld fyrir upplýsingar

1. Greiðslumiðlunin skal ekki krefja notanda greiðsluþjónustu um gjald fyrir að veita upplýsingar samkvæmt þessum hluta.

2. Greiðslumiðlunin og notandi greiðsluþjónustu geta komið sér saman um gjöld fyrir viðbótarupplýsingar, tíðari upplýsingagjöf eða sendingu upplýsinga eftir öðrum boðleiðum en tilgreindar eru í rammasamningi, sem veittar eru að beiðni notanda greiðsluþjónustunnar.

3. Leggi greiðslumiðlun á gjöld fyrir upplýsingar í samræmi við 2. mgr. skulu þau vera hófleg og í samræmi við raunverulegan kostnað greiðslumiðlunarinnar.

33. gr.

Sönnunarbyrði að því er varðar kröfur um upplýsingar

Aðildarríkin geta mælt fyrir um að greiðslumiðlun beri sönnunarbyrðina að því er varðar sönnun þess að hún hafi uppfyllt kröfur um upplýsingar sem fram koma í þessum hluta.

34. gr.

Undanþágur frá kröfum um upplýsingar vegna greiðslumiðla og rafeyris með lágum fjárhæðum

1. Þegar greiðslumiðlar sem, samkvæmt rammasamningi, snerta einungis stakar greiðslur sem ekki fara yfir 30 evrur eða hafa annaðhvort útgjaldaþak sem nemur 150 evrum eða mega aldrei geyma hærri fjárhæðir en 150 evrur:

a) skal greiðslumiðlun, þrátt fyrir ákvæði 41., 42. og 46. gr., aðeins veita greiðanda upplýsingar um helstu einkenni greiðsluþjónustunnar, þ.m.t. um notkun greiðslumiðla, bótaábyrgð, gjöld, sem krafist er, og um aðrar viðeigandi upplýsingar, sem þörf er á til að taka upplýsta ákvörðun, ásamt vísbendingu um það hvar öðrum upplýsingum og skilmálum, sem tilgreind eru í 42. gr., er komið á framfæri á auðveldan og aðgengilegan hátt,

b) er unnt að semja um það, þrátt fyrir ákvæði 44. gr., að greiðslumiðlun beri ekki skylda til að leggja til breytingar á skilmálum rammasamningsins eins og kveðið er á um í 1. mgr. 41. gr.,

c) má semja um það, þrátt fyrir ákvæði 47. og 48. gr., eftir að greiðslan hefur farið fram:

   i. að greiðslumiðlunin skuli aðeins veita eða koma á framfæri tilvísunum sem gera notanda greiðsluþjónustu kleift að bera kennsl á greiðsluna, fjárhæð hennar, gjöld, ef einhver eru, og/eða, þegar um er að ræða nokkrar sams konar greiðslur til sama viðtakanda, upplýsingar um heildarfjárhæð og gjöld vegna þessara greiðslna,

   ii. að ekki skuli gera kröfu um að greiðslumiðlunin veiti eða komi á framfæri þeim upplýsingum sem um getur í i. lið ef notkun greiðslumiðils er með nafnleynd eða ef greiðslumiðlunin er að öðru leyti ekki tæknilega í stakk búin til að veita þær. Á hinn bóginn skal greiðslumiðlunin gefa greiðanda kost á að sannreyna þá fjárhæð sem geymd er.

2. Að því er varðar innlendar greiðslur einstakra ríkja geta aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra lækkað eða tvöfaldað fjárhæðirnar sem um getur í 1. mgr. Aðildarríkin mega hækka fjárhæðir vegna fyrirframgreiddra greiðslumiðla í allt að 500 evrur.

2. KAFLI

Stakar greiðslur

35. gr.

Gildissvið

1. Þessi kafli gildir um stakar greiðslur sem falla ekki undir rammasamning.

2. Þegar greiðslufyrirmæli vegna stakrar greiðslu eru send með greiðslumiðli, sem fellur undir rammasamning, er greiðslumiðlun ekki skuldbundin til að veita eða koma á framfæri upplýsingum sem notandi greiðsluþjónustu hefur þegar fengið á grundvelli rammasamnings við aðra greiðslumiðlun eða sem honum verða veittar í samræmi við þann rammasamning.

36. gr.

Almennar upplýsingar veittar fyrir fram

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að greiðslumiðlun skuli, áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu, koma, á auðveldan og aðgengilegan hátt, þeim upplýsingum og skilmálum, sem tilgreind eru í 37. gr., á framfæri við notanda greiðsluþjónustunnar. Að beiðni notanda greiðsluþjónustu skal greiðslumiðlunin leggja fram upplýsingar og skilmála á pappír eða öðrum varanlegum miðli. Upplýsingarnar og skilmálarnir skulu sett fram í auðskiljanlegum orðum og á skýru og skiljanlegu formi, á opinberu tungumáli aðildarríkisins, þar sem greiðsluþjónustan er veitt, eða á hverju því tungumáli öðru sem aðilar koma sér saman um.

2. Ef þjónustusamningur um stakar greiðslur hefur verið gerður að beiðni notanda greiðsluþjónustu með tilstyrk fjarskipta og það gerir greiðslumiðluninni ókleift að fara að 1. mgr. skal greiðslumiðlunin uppfylla skyldur sínar samkvæmt þeirri málsgrein þegar í stað eftir að greiðsla hefur verið framkvæmd.

3. Skyldur skv. 1. mgr. má einnig uppfylla með því að leggja fram afrit af drögum að þjónustusamningi um stakar greiðslur eða drög að greiðslufyrirmælum ásamt upplýsingum og skilmálum sem tilgreind eru í 37. gr.

37. gr.

Upplýsingar og skilmálar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar og skilmálar séu lögð fram eða komið á framfæri við notanda greiðsluþjónustu:

a) lýsing á upplýsingunum eða því sérstaka kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu leggur fram til að greiðslufyrirmælin verði framkvæmd á réttan hátt,

b) hámarkstími, sem framkvæmd greiðsluþjónustunnar má taka,

c) öll gjöld, sem notandi greiðsluþjónustunnar á að greiða greiðslumiðluninni, og, eftir atvikum, sundurliðun fjárhæða þess háttar gjalda,

d) eftir atvikum, raunverulegt gengi eða viðmiðunargengi sem gildir fyrir greiðsluna.

2. Eftir atvikum skal öðrum viðeigandi upplýsingum og skilmálum, sem tilgreind eru í 42. gr., komið á framfæri við notanda greiðsluþjónustunnar á auðveldan og aðgengilegan hátt.

38. gr.

Upplýsingar fyrir greiðanda eftir viðtöku greiðslufyrirmæla

Greiðslumiðlun greiðanda skal þegar í stað eftir viðtöku greiðslufyrirmæla leggja fram eða koma á framfæri við greiðanda upplýsingum um eftirfarandi á þann hátt sem kveðið er á um í 1. mgr. 36. gr.:

a) tilvísun, sem gerir greiðanda kleift að bera kennsl á greiðsluna og, eftir atvikum, upplýsingar sem varða viðtakanda greiðslu,

b) fjárhæð greiðslunnar í þeim gjaldmiðli sem notaður er í greiðslufyrirmælunum,

c) fjárhæð gjalda vegna greiðslunnar, sem greiðandi á að greiða, og, eftir atvikum, sundurliðun fjárhæða þess háttar gjalda,

d) eftir atvikum, gengið sem greiðslumiðlun greiðanda notar í greiðslunni eða tilvísun í það, þegar um er að ræða annað gengi en það sem kveðið er á um í samræmi við d-lið 1. mgr. 37. gr., og fjárhæð greiðslunnar eftir umreikning þess gjaldmiðils og

e) dagsetningu viðtöku greiðslufyrirmælanna.

39. gr.

Upplýsingar fyrir viðtakanda greiðslu eftir að greiðsla hefur farið fram

Greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu skal þegar í stað eftir að greiðsla hefur farið fram leggja fram eða koma á framfæri við viðtakanda greiðslu upplýsingum um eftirfarandi á þann hátt sem kveðið er á um í 1. mgr. 36. gr.:

a) tilvísun, sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að bera kennsl á greiðsluna, og, eftir því sem við á, greiðanda og þær upplýsingar sem sendar eru með greiðslunni,

b) fjárhæð greiðslunnar í þeim gjaldmiðli sem fjármunirnir, sem viðtakandi greiðslu fær til ráðstöfunar, eru í,

c) fjárhæð gjalda vegna greiðslunnar, sem viðtakandi greiðslu á að greiða, og, eftir atvikum, sundurliðun fjárhæðar þess háttar gjalda,

d) eftir atvikum, gengið sem greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu notar í greiðslunni og fjárhæð greiðslunnar áður en umreikningur viðkomandi gjaldmiðils fer fram og

e) gildisdagur eignfærslu.

3. KAFLI

Rammasamningar

40. gr.

Gildissvið

Þessi kafli gildir um greiðslur sem falla undir rammasamning.

41. gr.

Almennar upplýsingar veittar fyrir fram

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að greiðslumiðlun skuli með góðum fyrirvara, áður en rammasamningur eða tilboð verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu, leggja fyrir hann á pappír eða öðrum varanlegum miðli upplýsingar og skilmála sem tilgreind eru í 42. gr. Upplýsingarnar og skilmálarnir skulu sett fram í auðskiljanlegum orðum og á skýru og skiljanlegu formi, á opinberu tungumáli aðildarríkisins, þar sem greiðsluþjónustan er veitt, eða á hverju því tungumáli öðru sem aðilar koma sér saman um.

2. Ef rammasamningurinn hefur verið gerður að beiðni notanda greiðsluþjónustu með tilstyrk fjarskipta og það gerir greiðslumiðluninni ókleift að fara að 1. mgr. skal greiðslumiðlunin uppfylla skyldur sínar samkvæmt þeirri málsgrein þegar í stað eftir að rammasamningurinn hefur verið gerður.

3. Skyldur skv. 1. mgr. má einnig uppfylla með því að leggja fram afrit af drögum að rammasamningi ásamt upplýsingunum og skilmálunum sem tilgreind eru í 42. gr.

42. gr.

Upplýsingar og skilmálar

Aðildarríkin skulu sjá til þess að notandi greiðsluþjónustu fái í hendur eftirfarandi upplýsingar og skilmála:

1. um greiðslumiðlunina:

   a) heiti greiðslumiðlunarinnar, heimilisfang aðalskrifstofu hennar og, eftir atvikum, heimilisfang umboðsaðila hennar eða útibús, sem hefur aðsetur í aðildarríkinu, þar sem greiðsluþjónustan er veitt, og önnur heimilisföng, þ.m.t. tölvupóstfang, sem viðeigandi er í boðskiptum við greiðslumiðlunina, og

   b) upplýsingar um viðkomandi eftirlitsyfirvöld og um skrána sem kveðið er á um í 13. gr. eða um einhverja aðra viðeigandi opinbera skrá um starfsleyfi greiðslumiðlunarinnar og skráningarnúmer eða jafngilda aðferð til auðkenningar í þeirri skrá,

2. um notkun greiðsluþjónustunnar:

   a) lýsingu á helstu einkennum viðkomandi greiðsluþjónustu,

   b) lýsingu á upplýsingunum eða því sérstaka kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu skal leggja fram til að greiðslufyrirmælin verði framkvæmd á réttan hátt,

   c) framsetningu og málsmeðferð við veitingu samþykkis á framkvæmd greiðslu og afturköllun slíks samþykkis í samræmi við 54. og 66. gr.,

   d) tilvísun til þess tíma þegar tekið var við greiðslufyrirmælunum, eins og skilgreint er í 64. gr., og lokunartíma sem greiðslumiðlunin fastsetur, ef um hann er að ræða,

   e) hámarkstíma, sem veiting greiðsluþjónustunnar má taka og

   f) hvort möguleiki er á samþykkt útgjaldaþaks fyrir notkun greiðslumiðils í samræmi við 1. mgr. 55. gr.,

3. um gjöld, vexti og gengi,

   a) öll gjöld sem notandi greiðsluþjónustunnar á að greiða greiðslumiðluninni og, eftir atvikum, sundurliðun fjárhæða allra gjalda,

   b) eftir atvikum, vexti og gengi, sem nota skal, eða, ef nota á viðmiðunarvexti og viðmiðunargengi, aðferðina sem nota skal við útreikning á vöxtum, og viðeigandi dagsetningu og vísitölu eða grunn til að ákvarða þess háttar viðmiðunarvexti eða viðmiðunargengi og

   c) ef um semst, tafarlausa beitingu breytinga á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi og upplýsingakröfur í tengslum við breytingarnar í samræmi við 2. mgr. 44. gr.,

4. um samskipti:

   a) eftir atvikum, samskiptaaðferðir, þ.m.t. tæknilegar kröfur sem gerðar eru til búnaðar notanda greiðsluþjónustu sem aðilar semja um vegna sendingar upplýsinga eða tilkynninga samkvæmt þessari tilskipun,

   b) hvernig og hve tít veita skal upplýsingar eða koma þeim á framfæri samkvæmt þessari tilskipun,

   c) tungumál, eitt eða fleiri, sem verður á rammasamningi og boðskiptum meðan á samningsbundnu sambandi stendur, og

   d) rétt notanda greiðsluþjónustu til að fá samningsskilmála rammasamnings og upplýsingar og skilmála í samræmi við 43. gr.,

5. um ráðstafanir til verndar og úrbóta,

   a) eftir atvikum, lýsingu á ráðstöfunum sem notandi greiðsluþjónustu skal gera í því skyni að uppfylla öryggiskröfur um greiðslumiðil ásamt því hvernig tilkynningu til greiðslumiðlunar skuli háttað með tilliti til b-liðar 1. mgr. 56. gr.,

   b) ef um það er samið, skilyrði þess að greiðslumiðlun áskilji sér rétt til stöðva greiðslumiðil í samræmi við 55. gr.,

   c) bótaábyrgð greiðanda í samræmi við 61. gr., þ.m.t. upplýsingar um viðkomandi fjárhæð,

   d) hvernig notandi greiðsluþjónustu skal tilkynna greiðslumiðlun um óheimilaða eða rangt framkvæmda greiðslu og frest sem hann hefur til þess í samræmi við 58. gr. sem og bótaábyrgð greiðslumiðlunar á óheimiluðum greiðslum í samræmi við 60. gr.,

   e) bótaábyrgð greiðslumiðlunar vegna framkvæmdar greiðslu í samræmi við 75. gr. og

   f) skilyrði fyrir endurgreiðslu í samræmi við 62. og 63. gr.,

6. um breytingar og uppsögn rammasamnings:

   a) ef um það er samið, upplýsingar um að not-

andi greiðsluþjónustu teljist hafa samþykkt breytingar á skilmálum í samræmi við 44. gr. nema hann tilkynni greiðslumiðluninni að hann samþykki þær ekki áður en fyrirhugaður gildistími þeirra hefst,

b) gildistíma samningsins og

c) rétt notanda greiðsluþjónustu til að segja upp rammasamningi og hugsanlegum samningum sem tengjast uppsögn skv. 1. mgr. 44. gr. og 45. gr.,

7. um úrlausn mála:

a) samningsákvæði um hvaða lög gilda um rammasamninginn og/eða þar til bæra dómstóla og

b) kæru- og úrlausnarmeðferð utan réttar sem notandi greiðsluþjónustu á kost á í samræmi við 80.–83. gr.

43. gr.

Aðgengi að upplýsingum og skilmálum í rammasamningi

Meðan samningssambandið varir á notandi greiðsluþjónustu hvenær sem er rétt á að fá afhenta, að fram kominni beiðni þar um, samningsskilmála rammasamningsins ásamt þeim upplýsingum og þeim skilmálum sem tilgreind eru í 42. gr. á pappír eða öðrum varanlegum miðli.

44. gr.

Breytingar á skilmálum rammasamnings

1. Greiðslumiðlun skal gera tillögu að öllum hugsanlegum breytingum á rammasamningnum, sem og á upplýsingum og skilmálum, sem tilgreind eru í 42. gr., á þann hátt sem kveðið er á um í 1. mgr. 41. gr., eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir fyrirhugaðan gildistökudag.

Í samræmi við a-lið 6. mgr. 42. gr. skal greiðslumiðlun, eftir atvikum, tilkynna notanda greiðsluþjónustu að hann teljist hafa samþykkt þessar breytingar tilkynni hann ekki greiðslumiðluninni að hann samþykki þær ekki fyrir fyrirhugaðan gildistökudag þeirra. Í því tilviki skal greiðslumiðlunin einnig tilgreina að notandi greiðsluþjónustu eigi rétt á að segja upp rammasamningnum þegar í stað og án gjalds fyrir fyrirhugaðan gildistökudag breytinganna.

2. Breytingar á vöxtum eða gengi geta tekið gildi þegar í stað og án fyrirvara að því tilskildu að samið hafi verið um þann rétt í rammasamningnum og að breytingarnar byggist á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi sem samið er um í samræmi við b- og c-lið 3. mgr. 42. gr. Notanda greiðsluþjónustu skal tilkynnt um allar breytingar á vöxtum eins fljótt og kostur er á þann hátt sem kveðið er á um í 1. mgr. 41. gr., nema aðilar hafi komið sér saman um hvernig og hve títt á veita upplýsingarnar eða koma þeim á framfæri. Breytingar á vöxtum eða gengi, sem eru hagstæðari notanda greiðsluþjónustunnar, má þó gera án fyrirvara.

3. Breytingar á þeim vöxtum eða því gengi sem notað er í greiðslum skulu fara fram og reiknast á hlutlausan hátt sem mismunar ekki notendum greiðsluþjónustu.

45. gr.

Uppsögn

1. Notandi greiðsluþjónustu getur sagt rammasamningnum upp hvenær sem er nema aðilar hafi samið um uppsagnarfrest. Fresturinn skal ekki vera lengri en einn mánuður.

2. Uppsögn rammasamnings með föstum samningstíma umfram tólf mánuði eða með ótilteknum samningstíma skal vera gjaldfrjáls fyrir notanda greiðsluþjónustu að liðnum tólf mánuðum. Í öllum öðrum tilvikum skal uppsagnargjald vera eftir því sem við á og í samræmi við kostnað.

3. Ef um það er samið í rammasamningnum getur greiðslumiðlun sagt upp rammasamningi með ótilgreindum samningstíma með a.m.k. tveggja mánaða uppsagnarfresti á þann hátt sem kveðið er á um í 1. mgr. 41. gr.

4. Gjöld fyrir greiðsluþjónustu, sem krafist er reglubundið, ber notanda greiðsluþjónustu aðeins að greiða hlutfallslega fram að uppsögn samningsins. Ef slík gjöld eru greidd fyrir fram skulu þau endurgreidd hlutfallslega.

5. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um lög og reglur aðildarríkjanna um réttindi samningsaðila til að lýsa rammasamning óframfylgjanlegan eða ógildan.

6. Aðildarríkin geta sett ákvæði sem eru hagstæðari fyrir notendur greiðsluþjónustu.

46. gr.

Upplýsingar áður en kemur að framkvæmd stakra greiðslna

Þegar um er að ræða staka greiðslu samkvæmt rammasamningi að frumkvæði greiðanda skal greiðslumiðlunin, að beiðni greiðanda vegna þessarar stöku greiðslu, veita skýrar upplýsingar um há-

marksframkvæmdartíma og gjöld, sem greiðandi skal greiða, og, eftir atvikum, sundurliða fjárhæðir allra gjalda.

47. gr.

Upplýsingar fyrir greiðanda um stakar greiðslur

1. Eftir að fjárhæð stakrar greiðslu er skuldfærð af reikningi greiðanda eða, ef greiðandi notar ekki greiðslureikning, eftir viðtöku greiðslufyrirmæla skal greiðslumiðlun greiðanda koma á framfæri við hann án ástæðulausrar tafar upplýsingum um eftirfarandi, eins mælt er fyrir um í 1. mgr. 41. gr.:

a) tilvísun sem gerir greiðanda kleift að bera kennsl hverja greiðslu og, eftir því sem við á, upplýsingar um viðtakanda greiðslu,

b) fjárhæð greiðslunnar í þeim gjaldmiðli sem skuldfærður er af greiðslureikningi greiðanda eða í þeim gjaldmiðli sem er notaður í greiðslufyrirmælunum,

c) fjárhæð gjalda vegna greiðslunnar og, eftir atvikum, sundurliðun fjárhæða eða vextina sem greiðandi skal greiða,

d) eftir atvikum, gengið sem notað er í greiðslunni frá greiðslumiðlun greiðanda og fjárhæð greiðslunnar eftir að umreikningur viðkomandi gjaldmiðils fer fram og

e) gildisdag skuldfærslu eða dagsetningu viðtöku greiðslufyrirmælanna.

2. Í rammasamningi getur falist skilyrði um að upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skuli veittar reglubundið eða komið á framfæri a.m.k. einu sinni í mánuði á umsaminn hátt sem gerir greiðanda kleift að geyma eða endurgera upplýsingarnar óbreyttar.

3. Aðildarríki geta þó gert kröfu um að greiðslumiðlanir veiti upplýsingar á pappír einu sinni í mánuði gjaldfrjálst.

48. gr.

Upplýsingar fyrir viðtakanda greiðslu um stakar greiðslur

1. Eftir framkvæmd stakrar greiðslu skal greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu veita honum án ástæðulausrar tafar eftirfarandi upplýsingar, eins og mælt er fyrir um í 1. gr. 41. gr.

a) tilvísun sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að bera kennsl á greiðsluna og, eftir því sem við á, greiðanda og þær upplýsingar sem sendar eru með greiðslunni,

b) fjárhæð greiðslunnar í þeim gjaldmiðli sem notaður er í eignfærslu á greiðslureikning viðtakanda greiðslu,

c) fjárhæð gjalda vegna greiðslunnar og, eftir atvikum, sundurliðun fjárhæða eða vextina sem viðtakandi greiðslu skal greiða,

d) eftir atvikum, gengið sem greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu notar í greiðslunni og fjárhæð greiðslunnar áður en umreikningur viðkomandi gjaldmiðils fer fram og

e) gildisdag eignfærslu.

2. Í rammasamningi getur falist skilyrði um að upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skuli veittar reglubundið eða komið á framfæri a.m.k. einu sinni í mánuði á umsaminn hátt sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að geyma eða endurgera upplýsingarnar óbreyttar.

3. Aðildarríki geta þó gert kröfu um að greiðslumiðlanir veiti upplýsingar á pappír einu sinni í mánuði gjaldfrjálst.

4. KAFLI

Sameiginleg ákvæði

49. gr.

Gjaldmiðill og umreikningur gjaldmiðils

1. Greiðslur skulu vera í þeim gjaldmiðli sem aðilar hafa komið sér saman um.

2. Ef boðinn er gjaldmiðilsumreikningur áður en greiðslan á sér stað og ef sú þjónusta við gjaldmiðilsumreikning er boðin á sölustað eða hjá viðtakanda greiðslu skal sá aðili sem býður þjónustu við gjaldmiðilsumreikning fyrir greiðanda veita greiðanda allar upplýsingar um gjöld og það gengi sem nota á við umreikning greiðslunnar.

Greiðandi skal samþykkja þjónustu við umreikning gjaldmiðils á þeim grundvelli.

50. gr.

Upplýsingar um viðbótargjöld eða afslátt

1. Ef viðtakandi greiðslu krefst gjalds eða býður afslátt vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils skal viðtakandi greiðslu tilkynna greiðanda um það áður en greiðslan er framkvæmd.

2. Ef greiðslumiðlun eða þriðji aðili krefst gjalds vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils skal hann tilkynna notanda greiðsluþjónustu um það áður en greiðslan er framkvæmd.

IV. HLUTI

RÉTTINDI OG SKYLDUR Í TENGSLUM VIÐ VEITINGU OG NOTKUN GREIÐSLUÞJÓNUSTU

1. KAFLI

Sameiginleg ákvæði

51. gr.

Gildissvið

1. Ef notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi geta aðilar komið sér saman um að 1. mgr. 52. gr., annar undirliður 2. mgr. 54. gr. og 59., 61., 62., 63., 66. og 75. gr. skuli ekki gilda í heild eða að hluta til. Aðilar geta einnig komið sér saman um annað tímabil en það sem mælt er fyrir um í 58. gr.

2. Aðildarríkin geta kveðið á um að 83. gr. gildi ekki ef notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

3. Aðildarríkin geta kveðið á um að ákvæði í þessum hluta gildi um örfyrirtæki á sama hátt og um neytendur.

4. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ráðstafanir í hverju aðildarríki fyrir sig við framkvæmd tilskipunar 87/102/EBE. Þessi tilskipun hefur heldur ekki áhrif á aðra viðeigandi löggjöf Bandalagsins eða landslög einstakra aðildarríkja að því er varðar skilyrði fyrir lánveitingu til neytenda sem er ekki samræmd með þessari tilskipum en samrýmist lögum Bandalagsins.

52. gr.

Viðeigandi gjöld

1. Greiðslumiðlun má ekki krefjast gjalds af notanda greiðsluþjónustu þegar hún uppfyllir upplýsingaskyldur sínar eða gerir leiðréttingarráðstafanir eða fyrirbyggjandi ráðstafanir samkvæmt þessum hluta nema annað komi fram í 1. mgr. 65. gr., 5. mgr. 66. gr. og 2. mgr. 74. gr. Notandi greiðsluþjónustu og greiðslumiðlun skulu semja sín í milli um þessi gjöld og skulu þau vera viðeigandi og í samræmi við raunverulegan kostnað greiðslumiðlunarinnar.

2. Ef í greiðslu felst engin umreikningur gjaldmiðils skulu aðildarríkin gera kröfu um að viðtakandi greiðslu greiði gjöldin sem greiðslumiðlun hans leggur á og greiðandi greiði gjöldin sem greiðslumiðlun hans leggur á.

3. Greiðslumiðlun skal ekki hindra viðtakanda greiðslu í að krefjast gjalds af greiðanda eða bjóða honum afslátt vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils. Aðildarríkin mega þó banna eða takmarka rétt til að krefjast gjalda að teknu tilliti til nauðsynjar á að efla samkeppni og notkun skilvirkra greiðslumiðla.

53. gr.

Undanþágur vegna greiðslumiðla og rafeyris með lágum fjárhæðum

1. Þegar um er að ræða greiðslumiðla, sem samkvæmt rammasamningnum snerta einungis stakar greiðslur, sem fara ekki yfir 30 evrur eða hafa annaðhvort útgjaldaþak, sem nemur 150 evrum, eða hafa að geyma fjármuni, sem fara ekki yfir 150 evrur, geta greiðslumiðlanir samið við notendur greiðsluþjónustu sinnar að:

a) ákvæði b-liðar 1. mgr. 56. gr. og c- og d-liðar 1. mgr. 57. gr. sem og 4. og 5. mgr. 61. gr. gildi ekki ef ekki er unnt að stöðva notkun greiðslumiðilsins eða að koma í veg fyrir frekari notkun hans,

b) ákvæði 59. og 60. gr., og 1. og 2. mgr. 61. gr. gilda ekki ef greiðslumiðill er notaður undir nafnleynd eða greiðslumiðlunin er ekki í stakk búin, af öðrum ástæðum sem eru órjúfanlegur hluti greiðslumiðilsins, til að sýna fram á að greiðslan hafi verið heimiluð,

c) að greiðslumiðlunin sé, þrátt fyrir 1. mgr. 65. gr., ekki skuldbundin til að tilkynna notanda greiðsluþjónustu um synjun á greiðslufyrirmælum ef af málavöxtum er greinilegt að þau hafi ekki verið framkvæmd,

d) að greiðandi megi ekki, þrátt fyrir ákvæði 66. gr., afturkalla greiðslufyrirmælin eftir hafa sent greiðslufyrirmæli eða veitt samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslunnar til viðtakanda greiðslu,

e) þrátt fyrir 69. og 70. gr. gilda önnur framkvæmdartímabil.

2. Að því er varðar innlendar greiðslur geta aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra lækkað eða tvöfaldað fjárhæðirnar sem um getur í 1. mgr. Þau mega hækka þær vegna fyrirframgreiddra greiðslumiðla í allt að 500 evrur.

3. Ákvæði 60. og 61. gr. gilda einnig um rafeyri í skilningi b-liðar 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/46/EB nema greiðslumiðlun greiðanda hafi ekki getu til að frysta greiðslureikninginn eða loka greiðslumiðlinum. Aðildarríki geta takmarkað þá undanþágu við greiðslureikninga eða greiðslumiðla með nánar tilgreindu verðgildi.

2. KAFLI

Greiðsluleyfi

54. gr.

Samþykki og afturköllun samþykkis

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að greiðsla teljist því aðeins samþykkt að greiðandi hafi veitt samþykki fyrir framkvæmd hennar. Greiðandi getur veitt leyfi fyrir greiðslu fyrir eða, ef greiðandi og greiðslumiðlun hans hafa samið um það, eftir framkvæmd greiðslunnar.

2. Samþykki fyrir framkvæmd greiðslu eða röð greiðslna skal veitt með þeirri framsetningu sem greiðandi og greiðslumiðlun hans koma sér saman um.

Ef slíkt samþykki er ekki fyrir hendi telst greiðsla ekki vera heimiluð.

3. Greiðandi getur afturkallað samþykki hvenær sem er en þó ekki eftir að það telst óafturkallanlegt skv. 66. gr. Samþykki fyrir framkvæmd á röð greiðslna má einnig afturkalla og hefur þá þau áhrif að síðari greiðslur teljast óheimilaðar.

4. Málsmeðferð við veitingu samþykkis skal vera samkomulagsatriði milli greiðanda og greiðslumiðlunar.

55. gr.

Takmarkanir á notkun greiðslumiðils

1. Í tilvikum þegar tilgreindur greiðslumiðill er notaður í þeim tilgangi að veita samþykki geta greiðandi og greiðslumiðlun hans komið sér saman um útgjaldaþak vegna greiðslna sem framkvæmdar eru með þeim greiðslumiðli.

2. Ef um það er samið í rammasamningi getur greiðslumiðlunin áskilið sér rétt til að loka greiðslumiðlinum af ástæðum, sem eru rökstuddar á hlutlægan hátt með hliðsjón af öryggi greiðslumiðilsins, gruns um óheimilaða eða sviksamlega notkun greiðslumiðilsins eða, þegar um er að ræða greiðslumiðil með lánsheimildum, verulega aukna hættu á því að greiðandi kunni að vera ófær um að uppfylla greiðsluskyldu sína.

3. Í því tilviki skal greiðslumiðlunin tilkynna greiðanda um lokun greiðslumiðilsins og ástæður fyrir henni á umsaminn hátt, áður en greiðslumiðlinum er lokað, ef unnt er, og í síðasta lagi tafarlaust að því loknu, nema þess háttar upplýsingar tefli í tvísýnu raunhæft metnum öryggisástæðum eða eru bannaðar samkvæmt annarri viðeigandi löggjöf Bandalagsins eða í hverju aðildarríki fyrir sig.

4. Greiðslumiðlunin skal opna greiðslumiðil eða setja nýjan greiðslumiðil í hans stað þegar ástæður fyrir lokuninni eru ekki lengur fyrir hendi.

56. gr.

Skyldur notanda greiðsluþjónustu í tengslum við greiðslumiðil

1. Skyldur notanda greiðsluþjónustu, sem á rétt á að nota greiðslumiðil, eru eftirfarandi:

a) að nota greiðslumiðilinn í samræmi við skilmála um útgáfu og notkun greiðslumiðilsins og

b) að tilkynna greiðslumiðluninni, eða þeirri einingu sem hún tilgreinir, án ástæðulausrar tafar þegar hann verður var við tap, þjófnað eða misnotkun á greiðslumiðli eða óheimilaða notkun hans.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal notandi greiðsluþjónustu, um leið og hann tekur við greiðslumiðli, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja persónubundna öryggisþætti hans.

57. gr.

Skyldur greiðslumiðlunar í tengslum við greiðslumiðil

1. Skyldur greiðslumiðlunar, sem gefur út greiðslumiðil, eru eftirfarandi:

a) að ganga úr skugga um að persónubundnir öryggisþættir greiðslumiðils séu ekki aðgengilegir öðrum aðilum en þeim notanda greiðsluþjónustunnar sem á rétt á að nota greiðslumiðilinn, án þess að það hafi áhrif á þær skyldur notanda greiðsluþjónustu sem fram koma í 56. gr.,

b) að senda ekki greiðslumiðil óumbeðið nema nýr greiðslumiðill eigi að koma í stað annars sem notandi greiðsluþjónustu hefur þegar fengið,

c) að tryggja að fullnægjandi fjármagn sé ávallt fyrir hendi svo að notandi greiðsluþjónustu geti gefið út tilkynningu skv. b-lið 1. mgr. 56. gr. eða farið fram á opnun skv. 4. mgr. 55. gr.; greiðslumiðlunin skal, að fram kominni beiðni, sjá notanda greiðsluþjónustu fyrir úrræðum til að sanna, í 18 mánuði frá tilkynningu, að hann hafi gefið úr þess háttar tilkynningu og

d) að hindra alla notkun greiðslumiðils þegar tilkynning skv. b-lið 1. mgr. 56. gr. hefur verið gefin út.

2. Greiðslumiðlun skal bera áhættu af því að senda greiðslumiðil til greiðanda eða senda hvers konar persónubundna öryggisþætti hans.

58. gr.

Tilkynning um óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu

Notandi greiðsluþjónustu skal því aðeins fá leiðréttingu hjá greiðslumiðluninni að hann tilkynni greiðslumiðlun sinni án ástæðulausrar tafar að hann hafi orðið var við óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu sem gefur tilefni til kröfu, þ.m.t. skv. 75. gr., eigi síðar en 13 mánuðum eftir dagsetningu skuldfærslu, nema, eftir atvikum, greiðslumiðlunin hafi ekki veitt eða komið á framfæri upplýsingum um þá greiðslu í samræmi við III. hluta.

59. gr.

Sönnunargögn um sannvottun og framkvæmd greiðslu

1. Neiti notandi greiðsluþjónustu að hann hafi samþykkt framkvæmda greiðslu eða heldur því fram að greiðsla hafi ekki verið framkvæmd á réttan hátt skulu aðildarríkin krefjast þess að greiðslumiðlun hans sanni að greiðslan hafi verið staðfest, nákvæmlega skráð, færð í reikningshald og tæknileg bilun hafi ekki haft áhrif á hana eða á henni sé einhver annar ágalli.

2. Ef notandi greiðsluþjónustu neitar að hafa heimilað framkvæmda greiðslu nægir notkun greiðslumiðils, sem greiðslumiðlunin skráir, ein og sér ekki endilega til að sanna að greiðandi hafi annaðhvort heimilað greiðsluna eða hann hafi með sviksamlegum hætti, að yfirlögðu ráði eða af stórfelldu gáleysi látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum skv. 56. gr.

60. gr.

Bótaábyrgð greiðslumiðlunar vegna óheimilaðrar greiðslu

1. Aðildarríkin skulu tryggja að greiðslumiðlunin, með fyrirvara um 58. gr., þegar um óheimilaða greiðslu er að ræða, endurgreiði greiðanda þegar í stað fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar og, eftir atvikum, færi skuldfærðan greiðslureikning til sömu stöðu og hann hefði verið í ef óheimilaða greiðslan hefði ekki átt sér stað.

2. Ákvarða má frekari fébætur í samræmi við gildandi lög um samninginn milli greiðanda og greiðslumiðlunar hans.

61. gr.

Bótaábyrgð greiðanda vegna óheimilaðrar greiðslu

1. Þrátt fyrir 60. gr. skal greiðandi bera tap vegna óheimilaðra greiðslna sem nemur allt að 150 evrum, sem rekja má til notkunar á týndum eða stolnum greiðslumiðli, eða, ef greiðandi hefur ekki gætt þess að vernda persónubundna öryggisþætti, óréttmætri nýtingu greiðslumiðils.

2. Greiðandi skal bera allt tap sem rekja má til óheimilaðra greiðslna ef hann stofnar til þeirra með sviksamlegum hætti eða með því að láta ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum skv. 56. gr. að yfirlögðu ráði eða af stórfelldu gáleysi. Í þeim tilvikum gildir ekki hámarksfjárhæðin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Í tilvikum þar sem háttsemi greiðanda hefur hvorki verið með sviksamlegum hætti né hann að yfirlögðu ráði hefur ekki uppfyllt skyldur sínar skv. 56. gr. geta aðildarríkin lækkað bótaskylduna, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, einkum að teknu tilliti til eðlis persónubundinna öryggisþátta greiðslumiðilsins og aðstæðna þegar hann týndist, honum var stolið eða hann nýttur með óréttmætum hætti.

4. Notkun á greiðslumiðli, sem týnist, er stolið eða nýttur með óréttmætum hætti eftir tilkynningu í samræmi við b-lið 1. mgr. 56. gr., skal ekki hafa neinar fjárhagslegar afleiðingar fyrir greiðanda nema um sviksamlega háttsemi hans hafi verið að ræða.

5. Ef greiðslumiðlun gerir ekki viðeigandi ráðstafanir sem gera kleift að tilkynna hvenær sem er um greiðslumiðil, sem hefur týnst, verið stolið eða notaður með óréttmætum hætti, eins og krafist er skv. c-lið 1. mgr. 57. gr., skal greiðandi ekki vera bótaskyldur vegna fjárhagslegra afleiðinga af notkun þess greiðslumiðils nema um sviksamlega háttsemi hans hafi verið að ræða.

62. gr.

Endurgreiðslur á greiðslum sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um

1. Aðildarríkin skulu tryggja að greiðandi eigi rétt á endurgreiðslu frá greiðslumiðlun sinni vegna heimilaðrar greiðslu, sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um og greiðslan hefur þegar verið framkvæmd, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) fjárhæð greiðslunnar var ekki nákvæmlega tilgreind í heimildinni þegar hún var veitt og

b) fjárhæð greiðslunnar var hærri en svo að greiðandi gæti með sanngjörnum hætti gert ráð fyrir þeirri fjárhæð miðað við útgjaldamynstur hans til þessa, skilmála í rammasamningi og aðrar kringumstæður sem skipta máli.

Að beiðni greiðslumiðlunarinnar skal greiðandi leggja fram staðreyndir málsins um þess háttar skilmála.

Endurgreiðsla tekur til allrar fjárhæðar greiðslunnar sem var framkvæmd.

Að því er varðar beingreiðslur geta greiðandi og greiðslumiðlun hans komið sér saman um það í rammasamningnum að greiðandi eigi rétt á endurgreiðslu frá greiðslumiðlun sinni jafnvel þótt skilyrði fyrir endurgreiðslu í fyrsta undirlið séu ekki uppfyllt.

2. Að því er varðar b-lið fyrsta undirliðar 1. mgr. getur greiðandi þó ekki treyst á gengisástæður ef beitt var viðmiðunargengi sem hann samdi um við greiðslumiðlun sína í samræmi við d-lið 1. mgr. 37. gr. og b-lið 3. mgr. 42. gr.

3. Greiðandi og greiðslumiðlun geta samið um það í rammasamningi að greiðandi eigi ekki rétt á endurgreiðslu ef hann hefur veitt samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslu beint til greiðslumiðlunar sinnar og, eftir atvikum, greiðslumiðlunin eða viðtakandi greiðslu veitti upplýsingar um greiðslur í framtíðinni eða kom þeim á framfæri við greiðanda á umsaminn hátt a.m.k. fjórum vikum fyrir gjalddaga.

63. gr.

Beiðnir um endurgreiðslu vegna greiðslna sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að greiðandi geti óskað eftir endurgreiðslu, sem um getur í 62. gr., á heimilaðri greiðslu að frumkvæði eða fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu á átta vikna tímabili frá þeim degi þegar féð var skuldfært.

2. Innan tíu virkra daga frá því að tekið er við beiðni um endurgreiðslu skal greiðslumiðlunin annaðhvort endurgreiða að fullu fjárhæð greiðslunnar eða rökstyðja synjun við beiðni um endurgreiðslu og tilgreina þá aðila sem greiðandi getur vísað málinu til í samræmi við 80.–83. gr. ef hann sættir sig ekki við rökstuðning fyrir synjuninni.

Réttur greiðslumiðlunarinnar samkvæmt fyrsta undirlið til að synja um endurgreiðslu gildir ekki í því tilviki sem sett er fram í fjórða undirlið 1. mgr. 62. gr.

3. KAFLI

Framkvæmd greiðslna

1. þáttur

Greiðslufyrirmæli og millifærðar fjárhæðir

64. gr.

Viðtaka greiðslufyrirmæla

1. Aðildarríki tryggja að viðtökutími sé sá tími þegar greiðslumiðlun greiðanda tekur við greiðslufyrirmælum, sem greiðandi sendir beint eða sem viðtakandi greiðslu sendir óbeint eða hefur milligöngu um. Ef viðtökutíminn er ekki á virkum degi að því er varðar greiðslumiðlun greiðanda skal litið svo á að tekið hafi verið við greiðslufyrirmælunum næsta virka dag á eftir. Greiðslumiðlunin getur fastsett lokunartíma nálægt lokum virks dags og skulu greiðslufyrirmæli, sem hún tekur við eftir það, teljast vera móttekin næsta virka dag á eftir.

2. Ef notandi greiðsluþjónustu gefur greiðslufyrirmæli og greiðslumiðlun hans samþykkir að framkvæmd greiðslufyrirmælanna skuli hefjast á tilgreindum degi, við lok tiltekins tímabils eða þann dag þegar greiðandi hefur lagt inn fé til ráðstöfunar greiðslumiðlunar sinnar telst viðtökutíminn, í skilningi 69. gr., vera dagurinn sem samið var um. Ef dagurinn, sem samið var um, er ekki virkur dagur, að því er varðar greiðslumiðlunina, skal litið svo á að tekið hafi verið við greiðslufyrirmælunum næsta virka dag á eftir.

65. gr.

Greiðslufyrirmælum hafnað

1. Ef greiðslumiðlun neitar að framkvæma greiðslufyrirmæli skal tilkynna notanda greiðsluþjónustunnar um neitunina og, ef unnt er, ástæður fyrir henni og málsmeðferð við leiðréttingu á þeim mistökum sem í reynd leiddu til neitunarinnar, nema það sé bannað samkvæmt annarri löggjöf Bandalagsins eða einstakra aðildarríkja þar að lútandi.

Greiðslumiðlunin skal veita eða koma á framfæri tilkynningu á umsaminn hátt við fyrsta tækifæri og hvað sem öðru líður innan þeirra freststímabila sem tilgreind eru í 69. gr.

Í rammasamningnum getur verið skilyrði um að greiðslumiðlunin megi taka gjald fyrir þess háttar tilkynningu ef neitunin er rökstudd á hlutlægan hátt.

2. Í tilvikum, þegar öll skilyrðin, sem fram koma í rammasamningi greiðanda, eru uppfyllt, skal greiðslumiðlun greiðanda ekki neita að framkvæma heimiluð greiðslufyrirmæli án tillits til þess hvort greiðandi gefur greiðslufyrirmælin eða viðtakandi greiðslu gefur þau eða hefur um þau milligöngu, nema það sé bannað samkvæmt annarri löggjöf Bandalagsins eða einstakra ríkja þar að lútandi.

3. Í skilningi 69. og 75. gr. skal líta á greiðslufyrirmæli, sem synjað hefur verið um framkvæmd á, eins og ekki hafi verið tekið við þeim.

66. gr.

Óafturkallanleiki greiðslufyrirmæla

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að notandi greiðsluþjónustu geti ekki afturkallað greiðslufyrirmæli þegar greiðslumiðlun greiðanda hefur tekið við henni nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

2. Ef viðtakandi greiðslu á frumkvæði að greiðslu eða hefur milligöngu um greiðslu getur greiðandi ekki afturkallað greiðslufyrirmæli eftir að hann hefur sent þau eða veitt samþykki sitt fyrir því að greiðslan til viðtakanda greiðslu skuli framkvæmd.

3. Þegar um beingreiðslu er að ræða getur greiðandi þó, án þess að það hafi áhrif á endurgreiðsluréttindi, afturkallað greiðslufyrirmæli í síðasta lagi í lok síðasta virka dags fyrir umsaminn skuldfærsludag fjárins.

4. Í því tilviki sem um getur í 2. mgr. 64. gr. getur notandi greiðsluþjónustu afturkallað greiðslufyrirmæli í síðasta lagi við lok síðasta virka dags fyrir umsaminn dag.

5. Eftir tímamörkin, sem tilgreind eru í 1.–4. mgr., er aðeins unnt að afturkalla greiðslufyrirmæli ef notandi greiðsluþjónustu og greiðslumiðlun hafa samið um það. Í því tilviki sem um getur í 2. og 3. mgr. er gerð krafa um samþykki viðtakanda greiðslu. Ef um það er samið í rammasamningi getur greiðslumiðlun krafist gjalds fyrir afturköllun.

67. gr.

Millifærðar fjárhæðir og fjárhæðir sem tekið er við

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að greiðslumiðlun greiðanda, greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu og milliliðir greiðslumiðlana millifæri alla fjárhæð greiðslunnar og láti vera að draga gjöld frá millifærðri fjárhæð.

2. Viðtakandi greiðslu og greiðslumiðlun hans geta á hinn bóginn samið um að greiðslumiðlunin dragi gjöld sín frá millifærðri fjárhæð áður en hún er eignfærð á viðtakanda greiðslu. Í því tilviki skal öll fjárhæð greiðslunnar vera aðskilin frá gjöldunum í þeim upplýsingum sem viðtakanda greiðslu eru veittar.

3. Ef einhver önnur gjöld en þau sem um getur í 2. mgr. eru dregin frá millifærðri fjárhæð skal greiðslumiðlun greiðanda sjá til þess að viðtakandi greiðslu fái alla fjárhæð greiðslunnar sem greiðandi á frumkvæði að. Í tilvikum þar sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um greiðslu skal greiðslumiðlun hans tryggja að viðtakandi greiðslu fái alla fjárhæð greiðslunnar.

2. þáttur

Framkvæmdartími og gildisdagur

68. gr.

Gildissvið

1. Þessi þáttur gildir um:

a) greiðslur í evrum,

b) greiðslur innan einstakra ríkja í gjaldmiðli viðkomandi aðildarríkis, sem er utan evrusvæðisins, og

c) greiðslur sem fela aðeins í sér einn gjaldmiðilsumreikning milli evru og gjaldmiðils aðildarríkis utan evrusvæðisins, að því tilskildu að gjaldmiðilsumreikningurinn, sem gerð er krafa um, fari fram í viðkomandi aðildarríki sem er utan evrusvæðisins og, þegar um er að ræða greiðslur yfir landamæri, að millifærslur yfir landamæri séu í evrum.

2. Þessi þáttur gildir um aðrar greiðslur, nema notandi greiðsluþjónustu og greiðslumiðlun hans semji um annað, að undanskilinni 73. gr. sem aðilar geta ekki vikið frá. Þegar notandi greiðsluþjónustu og greiðslumiðlun hans koma sér saman um lengri frest en mælt er fyrir um í 69. gr. vegna greiðslna innan Bandalagsins skal þó slíkur frestur ekki vera lengri en 4 virkir dagar frá viðtökutíma í samræmi við 64. gr.

69. gr.

Greiðslur á greiðslureikning

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að greiðslumiðlun greiðanda tryggi, frá viðtökutíma í samræmi við 64. gr., að fjárhæð greiðslu sé eignfærð á reikning greiðslumiðlunar viðtakanda greiðslu í síðasta lagi í lok næsta virka dags. Fram til 1. janúar 2012 geta greiðandi og greiðslumiðlun hans samið um frest sem ekki má vera lengri en þrír virkir dagar.

Þennan frest má þó framlengja um einn virkan dag fyrir greiðslur sem eru á pappírsgrundvelli.

2. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu setji gildisdag á greiðsluna og leggi fjárhæð greiðslunnar til ráðstöfunar inn á greiðslureikning viðtakanda greiðslu eftir að greiðslumiðlunin hefur tekið við fénu í samræmi við 73. gr.

3. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu sendi greiðslufyrirmæli, að frumkvæði eða fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu, til greiðslumiðlunar greiðanda innan þess frests sem viðtakandi greiðslu og greiðslumiðlun hans hafa komið sér saman um, til að gera upp, að svo miklu leyti sem beingreiðslur varðar, á umsömdum gjalddaga.

70. gr.

Viðtakandi greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðslumiðluninni

Ef viðtakandi greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðslumiðluninni skal greiðslumiðlunin færa fjármunina til ráðstöfunar viðtakanda greiðslu, en hún tekur við fjármununum fyrir viðtakanda greiðslu innan þess frests sem tilgreindur er í 69. gr.

71. gr.

Reiðufé lagt inn á greiðslureikning

Ef neytandi setur reiðufé á greiðslureikning hjá greiðslumiðlun í gjaldmiðli þess greiðslureiknings skal greiðslumiðlunin tryggja að fjárhæðin sé til ráðstöfunar og gildisdagsett tafarlaust eftir skráða viðtöku fjárins. Ef notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi skal fjárhæðin sett til ráðstöfunar og gildisdagsett í síðasta lagi næsta virka dag eftir viðtöku fjárins.

72. gr.

Innlendar greiðslur

Að því er varðar innlendar greiðslur geta aðildarríkin kveðið á um styttri hámarksframkvæmdartíma en kveðið er á um í þessum þætti.

73. gr.

Gildisdagur og aðgengi að fjármagni

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gildisdagur eignfærslu á greiðslureikning viðtakanda greiðslu sé eigi síðar en þann virka dag þegar fjárhæð greiðslunnar er eignfærð á reikning greiðslumiðlunar viðtakanda greiðslu.

Greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu skal sjá til þess að fjárhæð greiðslunnar sé viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar þegar í stað eftir að fjárhæðin er eignfærð á reikning greiðslumiðlunar viðtakanda greiðslu.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gildisdagur skuldfærslu af greiðslureikningi greiðanda sé ekki fyrr í tíma en þegar fjárhæð greiðslunnar er skuldfærð af þeim greiðslureikningi.

3. þáttur

Bótaábyrgð

74. gr.

Sérstakt kennimerki er rangt

1. Ef greiðslufyrirmæli eru framkvæmd í samræmi við sérstakt kennimerki skulu greiðslufyrirmælin teljast hafa verið rétt framkvæmd að því er varðar þann viðtakanda greiðslu sem er tilgreindur með því sérstaka kennimerki.

2. Ef sérstakt kennimerki, sem notandi greiðsluþjónustu leggur fram, er rangt er greiðslumiðlunin ekki bótaskyld skv. 75. gr. með tilliti til þess að framkvæmd greiðslunnar hafi ekki átt sér stað eða ágalli hafi verið á henni.

Greiðslumiðlun greiðanda skal þó gera hæfilegar ráðstafanir til að endurheimta féð í greiðslunni.

Ef um það er samið í rammasamningi getur greiðslumiðlun krafið notanda greiðsluþjónustu um gjald fyrir endurheimt.

3. Ef notandi greiðsluþjónustu veitir upplýsingar til viðbótar þeim sem tilgreindar eru í a-lið 1. mgr. 37. gr. eða b-lið 2. mgr. 42. gr. skal greiðslumiðlunin aðeins vera bótaskyld vegna framkvæmdar greiðslu í samræmi við sérstaka kennimerkið sem notandi greiðsluþjónustunnar leggur fram.

75. gr.

Framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða ágalli er á henni

1. Ef greiðandi á frumkvæði að greiðslufyrirmælum skal greiðslumiðlun hans, með fyrirvara um 58. gr., 2. og 3. mgr. 74. gr. og 78. gr., bera ábyrgð gagnvart greiðanda á réttri framkvæmd greiðslunnar nema hún geti sannað fyrir greiðanda, og, ef við á, greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu, að greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu hafi fengið fjárhæð greiðslunnar í samræmi við 1. mgr. 69. gr., en í því tilviki verður greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu ábyrg fyrir réttri framkvæmd greiðslunnar.

Ef greiðslumiðlun greiðanda er ábyrg samkvæmt fyrsta undirlið skal hún án ástæðulausrar tafar endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu og, eftir atvikum, færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað.

Ef greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu er ábyrg samkvæmt fyrsta undirlið skal hún þegar í stað setja fjárhæð greiðslunnar til ráðstöfunar viðtakanda greiðslu og, eftir atvikum, eignfæra samsvarandi fjárhæð á greiðslureikning viðtakanda greiðslu.

Ef um er að ræða óframkvæmda greiðslu eða ágalli er á framkvæmd greiðslu, þegar greiðandi á frumkvæði að greiðslufyrirmælunum, skal greiðslumiðlun hans, án tillits til þess hver ber bótaábyrgð samkvæmt þessari málsgrein, að fram kominni beiðni þar um, gera ráðstafanir þegar í stað til að rekja greiðsluna og tilkynna greiðanda um niðurstöðuna.

2. Ef viðtakandi greiðslu á frumkvæði að greiðslufyrirmælunum eða hefur milligöngu um þau skal greiðslumiðlun hans, með fyrirvara um 58. gr., 2. og 3. mgr. 74. gr. og 78. gr., vera ábyrg gagnvart viðtakanda greiðslu um rétta sendingu greiðslufyrirmælanna til greiðslumiðlunar greiðanda í samræmi við 3. mgr. 69. gr. Ef greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu er ábyrg samkvæmt þessum undirlið skal hún þegar í stað endursenda greiðslufyrirmælin, sem um ræðir, til greiðslumiðlunar greiðanda.

Auk þess skal greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu, með fyrirvara um 58. gr., 2. og 3. mgr. 74. gr. og 78. gr., vera ábyrg gagnvart viðtakanda greiðslu um meðferð greiðslunnar í samræmi við skyldur hennar skv. 73. gr. Ef greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu er ábyrg samkvæmt þessum undirlið skal hún tryggja að fjárhæð greiðslunnar sé viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar þegar í stað eftir að fjárhæðin er eignfærð á reikning greiðslumiðlunar viðtakanda greiðslu.

Ef um er að ræða óframkvæmda greiðslu eða ágalli er á framkvæmd greiðslu, sem greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu er ekki ábyrg fyrir samkvæmt fyrsta og öðrum undirlið, skal greiðslumiðlun greiðanda vera ábyrg gagnvart greiðanda. Ef greiðslumiðlun greiðanda er ábyrg með þessum hætti skal hún, eins og við á og án ástæðulausrar tafar, endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu og færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað.

Ef um er að ræða óframkvæmda greiðslu eða ágalli er á framkvæmd greiðslu, þegar viðtakandi greiðslu á frumkvæði að greiðslufyrirmælunum eða hefur milligöngu um það, skal greiðslumiðlun hans, án tillits til þess hver ber bótaábyrgð samkvæmt þessari málsgrein, að fram kominni beiðni þar um, þegar í stað gera ráðstafanir til að rekja greiðsluna og tilkynna viðtakanda greiðslu um niðurstöðuna.

3. Auk þess skulu greiðslumiðlanir vera ábyrgar gagnvart notendum greiðsluþjónustu sinnar fyrir öllum gjöldum sem stafa frá þeim og vegna vaxta sem falla á notanda greiðsluþjónustu sem afleiðing af óframkvæmdri eða gallaðri greiðslu.

76. gr.

Viðbótarfébætur

Allar fébætur til viðbótar við það sem kveðið er á um í þessum þætti má ákvarða í samræmi við gildandi lög um samning milli notanda greiðsluþjónustu og greiðslumiðlunar hans.

77. gr.

Málskotsréttur

1. Ef bótaábyrgð greiðslumiðlunar skv. 75. gr. má rekja til annarrar greiðslumiðlunar eða milliliðar skal sú greiðslumiðlun eða milliliður bæta fyrri greiðslumiðluninni allt tap, sem hún hefur orðið fyrir, eða fjárhæðir sem greiddar eru skv. 75. gr.

2. Ákvarða má frekari fébætur í samræmi við samninga milli greiðslumiðlana og/eða milliliða og gildandi lög um samninginn milli þeirra.

78. gr.

Engin bótaábyrgð

Bótaábyrgð skv. 2. og 3. kafla gildir ekki í þeim tilvikum þegar um er að ræða óeðlilegar eða ófyrirsjáanlegar aðstæður sem sá aðili, sem ber fyrir sig þessum aðstæðum, hefur engin áhrif á og hefði ekki getað afstýrt þrátt fyrir tilraunir til þess eða þegar greiðslumiðlun er bundin öðrum lagaskyldum sem falla undir löggjöf einstakra aðildarríkja eða löggjöf Bandalagsins.

4. KAFLI

Gagnavernd

79. gr.

Gagnavernd

Aðildarríkin skulu heimila vinnslu persónuupplýsinga í greiðslukerfum og greiðslumiðlunum þegar það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir, rannsaka og greina greiðslusvik. Úrvinnsla þess háttar persónuupplýsinga skal fara fram í samræmi við tilskipun 95/46/EB.

5. KAFLI

Kæru- og úrlausnarmeðferð til að leysa úr ágreiningi utan réttar

1. þáttur

Meðferð kærumála

80. gr.

Kærur

1. Aðildarríkin skulu tryggja að tekin verði upp málsmeðferð sem gerir notendum greiðsluþjónustu og öðrum hagsmunaaðilum, þ.m.t. neytendasamtök, kleift að leggja fram kærur hjá lögbærum yfirvöldum vegna meintra brota greiðslumiðlana á ákvæðum landslaga einstakra aðildarríkja um framkvæmd þessarar tilskipunar.

2. Eftir því sem við á og með fyrirvara um réttinn til að hefja málsókn fyrir rétti í samræmi við landslög sem gilda um málsmeðferð í einstökum aðildarríkjum skal í svari lögbærra yfirvalda upplýsa kæranda um kæru- og úrlausnarmeðferð utan réttar í samræmi við 83. gr.

81. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Slík viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um reglurnar, sem um getur í 1. mgr., og þau lögbæru yfirvöld sem um getur í 82. gr. eigi síðar en 1. nóvember 2009 og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þær.

82. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að meðferð kærumála og viðurlög, sem kveðið er á um í 1. mgr. 80. gr. og 1. mgr. 81. gr., séu undir stjórn yfirvalda sem hafa valdheimildir til að tryggja að farið sé að þeim ákvæðum landslaga sem samþykkt eru samkvæmt þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessum þætti.

2. Þegar um er að ræða brot eða grun um brot gegn ákvæðum landslaga einstakra aðildarríkja, sem samþykkt eru samkvæmt III. og IV. hluta, skulu lögbæru yfirvöldin, sem um getur í 1. mgr., vera lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis greiðslumiðlunarinnar nema að því er varðar umboðsaðila og útibú, sem annast starfsemi samkvæmt staðfesturétti, þar sem lögbæru yfirvöldin skulu vera lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins.

2. þáttur

Úrlausnarmeðferð utan réttar

83. gr.

Úrlausn utan réttar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að komið verði á fullnægjandi og skilvirkri kæru- og úrlausnarmeðferð utan réttar til að leysa úr ágreiningi milli notenda greiðsluþjónustu og greiðslumiðlana þeirra vegna ágreinings um réttindi og skyldur sem stafa af þessari tilskipun og nota til þess stofnanir sem til eru fyrir, eftir því sem við á.

2. Þegar um er að ræða deilur milli landa skulu aðildarríkin sjá til þess að þessar stofnanir séu í virku samstarfi við að leysa þær.

V. HLUTI

FRAMKVÆMDARRÁÐSTAFANIR OG GREIÐSLUNEFND

84. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Til að taka tillit til tækni- og markaðsþróunar í greiðsluþjónustu og tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar getur framkvæmdastjórnin, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með athugun sem um getur í 2. mgr. 85. gr., samþykkt framkvæmdarráðstafanir sem miða að því að breyta veigalitlum þáttum í þessari tilskipun er varða eftirfarandi:

a) aðlögun skrár yfir starfsemi í viðauka í samræmi við 2.–4. gr. og 16. gr.

b) breytingu á skilgreiningu á örfyrirtækjum í skilningi 26. mgr. 4. gr. í samræmi við breytingu á tilmælum 2003/361/EB,

c) uppfærslu á fjárhæðum, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 61. gr., til að taka tillit til verðbólgu og umtalsverðrar þróunar á markaði.

85. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar greiðslunefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

VI. HLUTI

LOKAÁKVÆÐI

86. gr.

Full samhæfing

1. Með fyrirvara um 30. gr. (2. mgr.), 33. gr., 34. gr. (2. mgr.), 45. gr. (6. mgr.), 47. gr. (3. mgr.), 48. gr. (3. mgr.), 51. gr. (2. mgr.), 52. gr. (3. mgr.), 53. gr. (2. mgr.), 61. gr. (3. mgr.) og 72. og 88. gr., að því marki sem þessi tilskipun felur í sér samhæfð ákvæði, skulu aðildarríkin ekki halda í gildi eða taka upp önnur ákvæði en þau sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Ef aðildarríki nýtir sér einhvern þann kost sem um getur í 1. mgr. skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það sem og um síðari breytingar. Framkvæmdastjórnin skal birta upplýsingarnar á vefsetri eða annars staðar þar sem þær eru auðaðgengilegar.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að greiðslumiðlanir víki ekki, þannig að það skaði notendur greiðsluþjónustu, frá ákvæðum landslaga að því er varðar framkvæmd og samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar nema sérstaklega sé kveðið á um það í henni.

Greiðslumiðlanir geta þó boðið notendum greiðsluþjónustu hagstæðari skilmála.

87. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. nóvember 2012, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og Evrópska seðlabankann um framkvæmd þessarar tilskipunar og áhrif hennar, einkum að því er varðar:

– hugsanlega þörf á að víkka gildissvið tilskipunarinnar þannig að hún taki til greiðslna í öllum gjaldmiðlum og greiðslna þegar einungis ein af greiðslumiðlununum er staðsett í Bandalaginu,

– beitingu 6., 8. og 9. gr. að því er varðar varfærniskröfur vegna greiðslustofnana, einkum að því er varðar kröfur um eigið fé og verndarkröfur (e. ring-fencing),

– möguleg áhrif af lánveitingu greiðslustofnana í tengslum við greiðsluþjónustu eins og fram kemur í 3. mgr. 16. gr.,

– möguleg áhrif af starfsleyfiskröfum vegna greiðslustofnana á samkeppni milli greiðslustofnana og annarra greiðslumiðlana sem og á hindranir gegn aðgangi nýrra greiðslumiðlana að markaðnum,

– beitingu 34. og 53. gr. og hugsanlega þörf á að endurskoða gildissvið þessarar tilskipunar með tilliti til greiðslumiðla og rafeyris með lágum fjárhæðum og

– beitingu og framkvæmd 69. og 75. gr. að því er varðar hvers konar greiðslumiðla,

ásamt, eftir því sem við á, tillögu um endurskoðun tilskipunarinnar.

88. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Með fyrirvara um tilskipun 2005/60/EB eða aðra viðeigandi löggjöf Bandalagsins skulu aðildarríkin heimila að lögaðilar, sem hófu starfsemi sem greiðslustofnun í skilningi þessarar tilskipunar fyrir 25. desember 2007, geti í samræmi við gildandi landslög haldið áfram þeirri starfsemi í viðkomandi aðildarríki til 30. apríl 2011, án starfsleyfis skv. 10. gr. Þeim lögaðilum, sem ekki hafa fengið starfsleyfi innan þess tíma, skal bannað að veita greiðsluþjónustu í samræmi við 29. gr.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal veitt undanþága frá kröfunni í 10. gr. um starfsleyfi til fjármálastofnana sem hafa hafið starfsemi, sem tilgreind er í 4. lið í I. viðauka við tilskipun 2006/48/EB og uppfylla skilyrði e-liðar í fyrsta undirlið 1. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar, í samræmi við landslög, fyrir 25. desember 2007. Þær skulu þó tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins um þessa starfsemi fyrir 25. desember 2007. Enn fremur skulu í þeirri tilkynningu vera upplýsingar sem sýna fram á að þær hafi farið að a-, d-, g- til i-lið, k- og l-lið 5. gr. þessarar tilskipunar. Ef lögbær yfirvöld telja að farið hafi verið að þessum kröfum skulu viðkomandi fjármálastofnanir skráðar í samræmi við 13. gr. þessarar tilskipunar. Aðildarríki geta heimilað lögbærum yfirvöldum sínum að veita þessum fjármálastofnunum undanþágu frá kröfum skv. 5. gr.

3. Aðildarríkin geta kveðið á um að þeim lögaðilum, sem um getur í 1. mgr., sé sjálfkrafa veitt starfsleyfi og þeir færðir inn í skrána, sem kveðið er á um í 13. gr., ef lögbær yfirvöld hafa þegar gögn um að farið sé þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 5. og 10. gr. Áður en starfsleyfi er veitt skulu lögbær yfirvöld tilkynna það viðkomandi einingum.

4. Með fyrirvara um tilskipun 2005/60/EB eða aðra viðeigandi löggjöf Bandalagsins geta aðildarríkin heimilað einstaklingum eða lögaðilum, sem hafa hafið starfsemi sem greiðslustofnun í skilningi þessarar tilskipunar í samræmi við landslög, sem voru í gildi fyrir 25. desember 2007, og uppfylla skilyrði fyrir undanþágu skv. 26. gr., að halda áfram þeirri starfsemi í viðkomandi aðildarríki á aðlögunartímabili sem ekki skal vera lengra en þrjú ár án undanþágu í samræmi við 26. gr. og án þess að hafa verið færðir inn í skrána sem kveðið er á um í 13. gr. Þeim lögaðilum, sem ekki hafa fengið undanþágu innan þess tíma, skal bannað að veita greiðsluþjónustu í samræmi við 29. gr.

89. gr.

Breyting á tilskipun 97/7/EB

Ákvæði 8. gr. tilskipunar 97/7/EB falli brott.

90. gr.

Breytingar á tilskipun 2002/65/EB

Tilskipun 2002/65/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 4. gr.:

   „5. Þegar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum (*) á einnig við koma 36., 37., 41. og 42. gr. þeirrar tilskipunar í stað ákvæða um upplýsingar skv. 1. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar, að undanskildum c- til g-lið 2. mgr., a-, d- og e-lið 3. mgr. og b-lið 4. mgr.

   (*) Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1“,

2. Ákvæði 8. gr. falli brott.

91. gr.

Breytingar á tilskipun 2005/60/EB

Tilskipun 2005/60/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað a-liðar 2. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

   „a) fyrirtæki sem ekki er lánastofnun og rekur starfsemi af einni eða fleiri gerðum, sem tilgreindar eru í 2. til 12. lið og 14. lið í I. viðauka við tilskipun 2006/48/EB, þ.m.t. starfsemi gjaldeyrismiðlana“,

2. Í stað 1. og 2. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

   „1. Þegar aðildarríki veitir lána- eða fjármálastofnunum, sem vísað er til í 1. eða 2. lið 1. mgr. 2. gr. og sem staðsettar eru á yfirráðasvæði þess, leyfi til þess að hægt sé að reiða sig á þær sem þriðja aðila innanlands, skal það aðildarríki í öllum tilvikum leyfa stofnunum og einstaklingum, sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr. og sem staðsettar eru á yfirráðasvæði þess, að viðurkenna og samþykkja, í samræmi við 14. gr., niðurstöðu úr könnun á áreiðanleika viðskiptamanna, sem mælt er fyrir um í a- til c-lið 1. mgr. 8. gr. og sem framkvæmd er í samræmi við þessa tilskipun af stofnun, sem um getur í 1. eða 2. lið 1. mgr. 2. gr. í öðru aðildarríki, að undanskildum gjaldeyrismiðlunum og greiðslustofnunum eins og þær eru skilgreindar í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum (*), sem einkum veita þá greiðsluþjónustu sem tilgreind er í 6. lið viðaukans við þá tilskipun, þ.m.t. einstaklingar og lögaðilar sem njóta undanþágu skv. 26. gr. þeirrar tilskipunar, og uppfylla kröfur þær sem mælt er fyrir um í 16. og 18. gr. þessarar tilskipunar, þótt skjölin eða gögnin sem þessar kröfur eru grundvallaðar á séu annars konar en þau sem krafist er í því aðildarríki sem viðskiptavininum er vísað til.

   2. Þegar aðildarríki veitir gjaldeyrismiðlunum, sem um getur í a-lið 2. mgr. 3. gr., og greiðslustofnunum, eins og þær eru skilgreindar í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 2007/64/EB, sem einkum veita þá greiðsluþjónustu sem tilgreind er í 6. lið viðaukans við þá tilskipun, og staðsettar eru á yfirráðasvæði þess, leyfi til þess að hægt sé að reiða sig á þær sem þriðja aðila innanlands skal það aðildarríki í öllum tilvikum leyfa þeim að viðurkenna og samþykkja, í samræmi við 14. gr. þessarar tilskipunar, niðurstöðu úr rannsókn sem framkvæmd er eftir kröfum um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna sem settar eru fram í a- til c-lið 1. mgr. 8. gr. og framkvæmd hefur verið í samræmi við þessa tilskipun af sams konar stofnun í öðru aðildarríki og uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 16. og 18. gr. þessarar tilskipunar, þótt skjölin eða gögnin, sem þessar kröfur eru grundvallaðar á, séu önnur en þau sem krafist er í því aðildarríki sem viðskiptamanninum er vísað til.

   (*) Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1“,

3. Annar málsliður 1. mgr. 36. gr. falli brott.

92. gr.

Breytingar á tilskipun 2006/48/EB

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2006/48/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4) Greiðsluþjónusta eins og hún er skilgreind í 3. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum (*).

(*) Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1“,

2. í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5) Útgáfa og umsýsla vegna annarra greiðsluaðferða (t.d. ferðatékka og bankatékka) að því marki sem þessi starfsemi fellur ekki undir 4. lið“.

93. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 97/5/EB er felld úr gildi frá og með 1. nóvember 2009.

94. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. nóvember 2009. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

95. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

96. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 13. nóvember 2007.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	M. LOBO ANTUNES
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

GREIÐSLUÞJÓNUSTA (3. SKILGREINING Í 4. GR.)

1. Þjónusta sem gerir kleift að setja reiðufé á greiðslureikning ásamt öllum aðgerðum sem nauðsynlegar eru til rekstrar greiðslureiknings.
2. Þjónusta sem gerir kleift að taka reiðufé út af greiðslureikningi ásamt öllum aðgerðum sem nauðsynlegar eru til rekstrar greiðslureiknings.
3. Framkvæmd greiðslna, þ.m.t. millifærsla fjár á greiðslureikning hjá greiðslumiðlun notanda eða hjá annarri greiðslumiðlun:
   - framkvæmd beingreiðslna, þ.m.t. einstakar beingreiðslur,
   - framkvæmd greiðslna með greiðslukorti eða sambærilegu tæki,
   - framkvæmd á millifærslu fjármuna, þ.m.t. föst fyrirmæli.
4. Framkvæmd greiðslna ef fjármunir eru tryggðir með lánalínu fyrir notanda greiðsluþjónustu:
   - framkvæmd beingreiðslna, þ.m.t. einstakar beingreiðslur,
   - framkvæmd greiðslna með greiðslukorti eða sambærilegu tæki,
   - framkvæmd eignfærslna, þ.m.t. föst fyrirmæli.
5. Útgáfa og/eða öflun greiðslumiðla.
6. Peningasending.

7. Framkvæmd greiðslna þegar samþykki greiðanda fyrir framkvæmd greiðslu er veitt fyrir tilstilli hvers konar fjarskipta, stafræns búnaðar eða upplýsingatæknibúnaðar og greiðslan fer til rekstraraðila fjarskiptakerfisins, upplýsingatæknikerfisins eða netkerfisins, sem er aðeins í hlutverki milliliðar milli notanda greiðsluþjónustu og afhendingaraðila á vörum og þjónustu.

148. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2010, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2010, frá 12. mars 2010, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/20/EB um tryggingu skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2010, frá 12. mars 2010, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/20/EB um tryggingu skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum.

Tilskipun 2009/20/EB er hluti af Erika III, þriðja siglingaöryggispakka ESB. Markmiðið með umræddri tilskipun er að knýja skipaeigendur til að tryggja sig gegn tjóni sem þeir valda þriðja aðila með skipum sínum. Ljóst er að innleiðing tilskipunarinnar hér á landi kallar á breytingu á siglingalögum, nr. 34/1985, og var umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar því tekin með stjórnskipulegum fyrirvara.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að

heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/20/EB um tryggingu skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum.

Tilskipun 2009/20/EB er sem áður segir hluti af Erika III, þriðja siglingaöryggispakka ESB, en markmið hans eru að fyrirbyggja sjóslys og kveða á um tilteknar ráðstafanir þegar slys verða.

Tilskipunin tekur til allra skipa sem eru 300 brúttótonn og stærri, með þeirri undantekningu að hún tekur ekki til herskipa, aðstoðarskipa sjóherja eða annarra skipa í eigu eða útgerð ríkis sem eru eingöngu starfrækt í þjónustu hins opinbera og ekki í atvinnuskyni. Markmið hennar er að knýja skipaeigendur til að tryggja sig gegn tjóni sem þeir valda þriðja aðila með skipum sínum. Með tilskipuninni er ætlað að stoppa í lagalegt gat í alþjóðlegu siglingalöggjöfinni, þar sem engin almenn skylda hvílir á skipaeigendum að þjóðarétti til að tryggja sig gegn tjóni sem þeir valda þriðja aðila. Tilskipunin á að vera innleidd í aðildarríkjum ESB fyrir 1. janúar 2012.

Kveðið er á um það í tilskipuninni að öll skip sem sigla undir fána aðildarríkis í Evrópusambandinu, auk allra skipa sem koma í hafnir þeirra, þurfi að hafa ábyrgðartryggingu sem samsvarar efri mörkum þeirrar upphæðar sem mælt er fyrir um í bókun frá 1996 um breytingu á samningnum um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum frá 19. nóvember 1976. Ísland er hvorki aðili að alþjóðasamningnum né bókuninni frá 1996, en hefur tekið upp ákvæði þeirrar síðarnefndu í IX. kafla siglingalaga, nr. 34/1985, sbr. lög nr. 159/2007 sem tóku gildi 1. janúar 2009. Í tilskipuninni er ekki kveðið á um bótagrundvöllinn og geta reglur er að því lúta verið mismunandi milli ríkja.

Gerð er krafa um að um borð í hverju skipi sé skírteini, því til staðfestingar að tryggingaskyldunni sé fullnægt og er það á höndum hafnarríkiseftirlits að gera skoðun þess efnis hjá skipum sem koma til hafnar í viðkomandi ríki. Í tilskipuninni kemur fram hvaða upplýsingar skírteini þarf að innihalda svo það teljist vera gilt. Ef í ljós kemur að skip hefur ekki viðeigandi skírteini um borð er í tilskipuninni mælt fyrir um að ríki verði að hafa ákveðin úrræði að grípa til, en þau eru ekki nefnd sérstaklega. Það sem helst kemur til greina er kyrrsetning og brottvísun skips. Þá er einnig skylda á ríkjum að banna skipum að koma til hafnar ef ríki hefur fengið tilkynningu frá lögbæru yfirvaldi annars ríkis á svæðinu um að skírteini sé ekki um borð.

Á það er bent að tilskipunin sé m.a. til hagsbóta fyrir skipaeigendur sem eru með fullnægjandi tryggingar, vegna þess að eftir að tilskipunin tekur gildi þurfa þeir ekki að vera í samkeppni við lítið eða ótryggð skip (substandard ships).

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Í 243. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, er að finna heimild fyrir samgönguráðherra til þess að setja reglugerðir á sviði siglingalaga að því leyti sem er nauðsynlegt vegna evrópuréttarlegra skuldbindinga. Siglingalögin uppfylla hins vegar ekki kröfur tilskipunarinnar og þarf því að breyta þeim vegna innleiðingar á henni, m.a. vegna ákvæða hennar um tryggingaskírteini og efni þeirra, framkvæmd hafnarríkiseftirlits með skipum vegna tryggingaskírteina og viðurlög við brotum. Samgönguráðherra hyggst leggja fram frumvarp til breytingar á siglingalögum á yfirstandandi þingi, til innleiðingar á tilskipuninni. Gera má ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins geti leitt til einhverra óverulegra hækkana á vátryggingariðgjöldum fiskiskipaflotans og annarra skipa sem eru 300 brúttótonn eða stærri.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 32/2010

frá 12. mars 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2010 frá 29. janúar 2010 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/20/EB frá 23. apríl 2009 um tryggingu skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum ([2]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 56v (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/35/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

([1]) Stjtíð. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 23, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 25.
([2]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 128.

„56w. **32009 L 0020:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/20/EB frá 23. apríl 2009 um tryggingu skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 128).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/20/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/20/EB

frá 23. apríl 2009

um tryggingu skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Einn þáttur í stefnu Bandalagsins á sviði sjóflutninga er að auka gæði í kaupskipaútgerð með því að auka ábyrgð rekstraraðila.

2) Letjandi ráðstafanir hafa nú þegar verið samþykktar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/35/EB frá 7. september 2005 um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga við brotum ([4]).

3) Hinn 9. október 2008 samþykktu aðildarríkin yfirlýsingu þar sem þau viðurkenndu með samhljóða samþykki mikilvægi þess að öll aðildarríkin beiti bókuninni frá 1996 við samninginn um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum frá 1976.

4) Tryggingaskyldan skal gera kleift að tryggja fórnarlömbum meiri vernd. Hún skal einnig stuðla að því að útiloka undirmálsskip og gera kleift að endurvekja samkeppni milli rekstraraðila. Í ályktun sinni A.898(21) hvatti Alþjóðasiglingamálastofnunin aðildarríkin til þess að brýna fyrir skipaeigendum að hafa tilhlýðilegar tryggingar.

5) Ef ekki er farið að ákvæðum þessarar tilskipunar skal bætt úr því. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit (endurútgefin) ([5]) er þegar kveðið á um kyrrsetningu skipa ef skírteini, sem eiga að vera um borð, eru ekki fyrir hendi. Það er hins vegar við hæfi að kveða á um möguleikann á að vísa brott skipi sem er ekki með tryggingaskírteini. Við útfærslu brottvísunarinnar skal gert ráð fyrir því að hægt sé að ráða bót á ástandinu innan hæfilegs frests.

6) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að innleiða og framkvæma viðeigandi ráðstafanir varðandi stefnumótun á sviði sjóflutninga, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs og áhrifa þessarar tilskipunar, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari tilskipun er kveðið á um reglur sem gilda um tiltekna þætti trygginga skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum.

([1]) Stjtíð. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 195.
([2]) Stjtíð. ESB C 229, 22.9.2006, bls. 38.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 29. mars 2007 (Stjtíð. ESB C 27 E, 31. janúar 2008, bls. 166), sameiginleg afstaða ráðsins frá 9. desember 2008 (Stjtíð. ESB C 330 E, 30.12.2008, bls. 7) og afstaða Evrópuþingsins frá 11. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum).
([4]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 11.
([5]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57.

2. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um skip sem eru 300 brúttótonn eða stærri.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um herskip, aðstoðarskip sjóherja eða önnur skip í eigu eða rekstri aðildarríkis og sem hið opinbera starfrækir ekki í ábataskyni.

3. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á fyrirkomulagið sem komið var á með þeim gerningum sem eru í gildi í hlutaðeigandi aðildarríki og skráð í viðaukann við þessa tilskipun.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skipaeigandi“: skráður eigandi hafskips eða sérhver annar einstaklingur, s.s. skipamiðlari þurrleiguskipa sem ber ábyrgð á rekstri skipsins,

b) „trygging“: trygging með eða án sjálfsábyrgðar og samanstendur t.d. af vátryggingu af þeirri tegund sem meðlimir í International Group of P&I Clubs veita nú, og aðrar skilvirkar tegundir trygginga (þ.m.t. staðfest sjálfsáhættutrygging) ásamt fjárhagslegri tryggingu með svipuð skilyrði tryggingaverndar,

c) „samningurinn frá 1996“: samsteyptur texti úr samningnum um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum frá 1976 sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) samþykkti eins og honum var breytt með bókuninni frá 1996.

4. gr.

Trygging gegn sjóréttarkröfum

1. Sérhvert aðildarríki skal krefjast þess að eigendur skipa, sem sigla undir fána þess, séu með tryggingar sem taka til slíkra skipa.

2. Sérhvert aðildarríki skal krefjast þess að eigendur skipa, sem sigla undir fána annars ríkis, séu tryggðir þegar slík skip koma í höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkisins. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki geti, í samræmi við þjóðarétt, krafist þess að þessar skuldbindingar séu uppfylltar þegar slík skip eru starfrækt innan landhelgi þeirra.

3. Tryggingin, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal taka til sjóréttarkrafna sem eru háðar takmörkunum samkvæmt samningnum frá 1996. Tryggingafjárhæðin fyrir hvert og eitt skip í tengslum við hvert atvik skal vera jöfn viðeigandi hámarksfjárhæð fyrir takmörkun á ábyrgð, eins og mælt er fyrir um í samningnum frá 1996.

5. gr.

Skoðanir, uppfylling krafna, brottvísun úr höfnum og aðgangur meinaður að höfnum.

1. Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að sérhver skoðun skips, sem er í höfn undir lögsögu þess í samræmi við tilskipun 2009/16/EB, feli í sér staðfestingu þess efnis að skírteinið, sem um getur í 6. gr., sé um borð.

2. Ef skírteinið, sem um getur í 6. gr., er ekki um borð, getur lögbært yfirvald gefið út skipun um brottvísun skipsins sem skal tilkynnt framkvæmdastjórninni, hinum aðildarríkjunum og hlutaðeigandi fánaríki, sbr. þó tilskipun 2009/16/EB þar sem kveðið er á um kyrrsetningu skipa af öryggisástæðum. Þegar slík skipun um brottvísun er gefin út skulu öll aðildarríkin meina þessu skipi aðgangi að höfnum sínum þar til skipaeigandinn sýnir skírteinið sem um getur í 6. gr.

6. gr.

Tryggingaskírteini

1. Tilvist tryggingarinnar, sem um getur í 4. gr., skal staðfest með einu eða fleiri skírteinum, sem tryggingafélagið gefur út, og eru geymd um borð í skipinu.

2. Í skírteinunum, sem tryggingafélagið gefur út, skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) nafn skipsins, IMO-númer þess og heimahöfn,

b) nafn skipaeiganda og aðalstarfsstöð,

c) tegund tryggingar og gildistími hennar,

d) heiti tryggingafélagsins og aðalstarfsstöð þess, og, ef við á, sú starfsstöð sem gefur trygginguna út.

3. Ef tungumálið, sem notað er, er hvorki enska, franska né spænska, þarf textinn einnig að vera þýddur á eitt þessara mála.

7. gr.

Viðurlög

Að því er varðar 1. mgr. 4. gr. skulu aðildarríki koma sér upp kerfi viðurlaga vegna brota á landsákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til

þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin, sem mælt er fyrir um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

8. gr.

Skýrslur

Á þriggja ára fresti, og í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 2015, skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar.

9. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 2012. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

10. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

11. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. Pöttering	P. Nečas
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

— Alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 1992.

— Alþjóðasamningur um bótaskyldu og skaðabætur fyrir tjón í tengslum við flutning hættulegra og skaðvænlegra efna á sjó frá 1996, (HNS-samningurinn).

— Alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum mengunar sem stafar frá eldsneytisolíu skipa (e. Bunker oil) frá 2001.

— Naíróbísamþykktin um fjarlægingu skipsflaka (e. Wrecks Removal) frá 2007.

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 392/2009 frá 23. apríl 2009 um bótaábyrgð flutningsaðila vegna slysa við farþegaflutninga á sjó.

149. Frumvarp til laga [136. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (samskiptaáætlun, stjórnun og úthlutun tíðna o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Samskiptaáætlun.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 3.–5. mgr. orðast svo:

Ráðherra leggur á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samskiptaáætlun þar sem mörkuð skal stefna fyrir næstu tólf árin. Í samskiptaáætlun skal gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu, og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Skilgreina skal markmið stjórnvalda sem stefna ber að og þannig leggja grunn að framþróun íslensks samfélags. Markmiðin skulu stuðla að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Heimilt skal í samskiptaáætlun að skoða fjarskipti heildstætt í tengslum við aðra þætti samskipta, svo sem rafræn samskipti og samskipti sem byggjast á póstþjónustu.

Í samskiptaáætlun skal leggja áherslu á að:

1. ná fram víðtæku samstarfi markaðarins, neytenda, opinberra stofnana og ráðuneyta um stefnumótun er varðar samskipti,
2. styrkja samkeppni á fjarskiptamarkaði og auka samkeppnishæfni Íslands,
3. tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og tengingar Íslands við umheiminn,
4. ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og hámarka jákvæð áhrif samskiptatækni á hagvöxt,
5. ná fram samræmdri forgangsröðun og stefnumótun, og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf á úrbótum á landinu í heild og í einstökum landshlutum,
6. stuðla að atvinnuuppbyggingu, eflingu lífsgæða og jákvæðri byggðaþróun.

Í samskiptaáætlun skal jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fjögurra ára, og leggur ráðherra fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um slíka áætlun. Aðgerðaáætlun skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og má þá leggja nýja þingsályktunartillögu fyrir Alþingi, en það skal gert eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Í fjögurra ára áætlun skal gera grein fyrir fjáröflun og útgjöldum eftir einstökum verkefnum eins og við á. Samskiptaáætlun og fjögurra ára áætlun hennar taka gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þær sem þingsályktanir.

b. Í stað orðsins „fjarskiptaáætlun“ í c-lið 6. mgr. kemur: samskiptaáætlun.

II. KAFLI
Stjórnun og úthlutun tíðna.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Fjarskiptatíðnir innan íslensks yfirráðasvæðis og númer úr íslenska númeraskipulaginu eru auðlindir undir stjórn íslenska ríkisins. Úthlutun á tíðnum og númerum felur í sér tíma-

bundna heimild til skilyrtra afnota sem hvorki leiðir til eignarréttar né varanlegs nýtingar- og ráðstöfunarréttar.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir réttindi til að nota tíðnir og númer. Samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar eru tiltekin tíðnisvið opin til notkunar án sérstakrar úthlutunar. Sérstaka úthlutun tíðna skal viðhafa ef þörf er á til þess að koma í veg fyrir skaðlegar truflanir, tryggja tæknileg gæði þjónustu, tryggja skilvirka notkun tíðna eða til að uppfylla markmið varðandi aðra skilgreinda almannahagsmuni. Heimilt er að kveða á um nánari skilyrði almennrar heimildar í reglugerð.

Þegar réttindi til notkunar ákveðinna tíðna og númera falla ekki undir almenna heimild úthlutar Póst- og fjarskiptastofnun slíkum réttindum, að fenginni umsókn, til fjarskiptafyrirtækja sem reka eða nota fjarskiptanet eða þjónustu. Einnig má úthluta réttindum fyrir notkun tíðna til útvarpsstöðva að lokinni opinni og gegnsærri málsmeðferð án mismununar, enda þjóni slík úthlutun markmiðum stjórnvalda. Að auki má úthluta réttindum fyrir notkun tíðna til aðila sem starfrækja þráðlausan fjarskiptabúnað til eigin nota.

Réttindi samkvæmt þessari grein eru bundin við nafn og er framsal óheimilt nema annað sé sérstaklega tekið fram við úthlutun þeirra eða í reglugerð. Öll skilyrði sem sett eru við úthlutun réttinda gilda áfram ef réttindin eru framseld eða leigð nema Póst- og fjarskiptastofnun ákveði annað. Ávallt skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um framsal eða leigu réttinda.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að tíðnir séu notaðar með áhrifaríkum og skilvirkum hætti. Tryggja skal að samkeppni sé ekki hindruð með framsali og uppsöfnun tíðniréttinda og í þeim tilgangi er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að afturkalla og endurúthluta tíðnum eða mæla fyrir um sölu eða leigu réttinda.

Póst- og fjarskiptastofnun skal birta opinberlega upplýsingar um öll réttindi til notkunar á tíðnum og númerum og rétthafa þeirra. Tíðniheimildir sem veittar eru til eigin nota má undanskilja birtingu, svo og upplýsingar um tíðniheimildir sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari vegna mikilvægra öryggis-, fjárhags- eða viðskiptahagsmuna rétthafa.

3. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 9. gr. laganna kemur einn málsliður sem orðast svo: Við töku ákvarðana um að takmarka fjölda réttinda eða framlengja gildistíma réttinda á tíðnisviði þar sem fjöldi réttinda er takmarkaður skal leggja áherslu á hagsmuni notenda og að örva samkeppni, auk þess sem tillit skal tekið til hvata og áhættu við fjárfestingar, og skal öllum hagsmunaaðilum, þ.m.t. notendum, gefið tækifæri til þess að tjá sig um takmarkanir á réttindum áður en Póst- og fjarskiptastofnun tekur ákvörðun sína sem skal birt ásamt rökstuðningi.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. A-liður 1. mgr. orðast svo: að úthlutun tíðna taki aðeins til ákveðinnar þjónustu eða tækni ásamt útbreiðslu- og gæðakröfum þegar við á.
b. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður sem orðast svo: sérstök skilyrði varðandi notkun tíðna í tilraunaskyni.
c. A-liður 2. mgr. orðast svo: að úthlutun réttinda til að nota númer gildi aðeins fyrir ákveðna þjónustu, þ.m.t. eru skilyrði um verðlagningu símtala í ákveðnum númeraröðum í þeim tilgangi að tryggja vernd neytenda.

5. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Póst- og fjarskiptastofnun skal taka ákvörðun um réttindi til þess að nota tíðnir og númer eins fljótt og unnt er eftir móttöku umsóknar. Ákvörðun skal liggja fyrir innan þriggja vikna ef um er að ræða númer sem ætluð eru til ákveðinnar notkunar samkvæmt númeraskipulaginu og innan sex vikna ef tíðnir eru ætlaðar til ákveðinnar notkunar í tíðniskipulaginu.

Umsókn um réttindi til tíðninotkunar skal taka til afgreiðslu án tafar ef hún lýtur eingöngu að óverulegum hluta af skilgreindu tíðnisviði og úthlutun hefur þannig ekki teljandi áhrif á framboð þess eða neikvæð áhrif á samkeppni.

Nú berst Póst- og fjarskiptastofnun umsókn um tíðnir til að veita almenna fjarskiptaþjónustu eða til útvarps, sem ekki fellur undir 2. mgr., og skal stofnunin þá með auglýsingu kanna hugsanlegan vilja annarra til að fá úthlutun á umræddu tíðnisviði. Komi í ljós áhugi um að fá úthlutun á viðkomandi tíðnisviði er heimilt að taka ákvörðun um að úthlutun fari fram með útboði eða uppboði skv. 6. eða 7. mgr. eftir því sem við á.

Krefjast má þess af umsækjendum um réttindi að þeir leggi fram fullnægjandi upplýsingar um eignaraðild, fjárhagsstöðu og fyrirhugaða starfsemi, svo og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að leggja mat á umsóknir þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja sérstök skilyrði varðandi hæfi umsækjanda um fjarskipta- og útvarpstíðnir til að fá úthlutun, svo sem um fjárhagslega burði til uppbyggingar og reksturs fjarskiptanets sem ætlað er til að nota þær tíðnir sem sótt er um, tæknilega getu og reynslu umsækjanda til að reka almenna fjarskiptaþjónustu og að umsækjandi hafi ekki brotið alvarlega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða vanefnt verulega skilmála fyrri úthlutana tíðniréttinda.

Setja má skorður við úthlutun tíðna fyrir hljóðvarp og sjónvarp sem byggjast á menningarlegum sjónarmiðum, svo sem til þess að stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Einnig má setja skorður við úthlutun tíðna ef úthlutun getur orðið til þess að hindra virka samkeppni á fjölmiðlamarkaði.

Viðhafa má útboð við úthlutun réttinda til að nota númer og tíðnir. Útboð skal að jafnaði vera opið en heimilt er að hafa útboð lokað að undangengnu opnu forvali. Póst- og fjarskiptastofnun annast framkvæmd útboða og ákveður skilmála í útboðslýsingu. Útboðslýsing skal innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að bjóðanda sé unnt að leggja fram tilboð í réttindi. Í útboðslýsingu fyrir útboð á tíðnum skulu m.a. koma fram upplýsingar um lágmarksþjónustusvæði, afmörkun þess tíðnisviðs sem boðið er út, hversu mörg réttindi eru í boði, gildistími réttinda, hvort réttindin verða bundin við tiltekna þjónustu eða tækni, hæfi bjóðenda, aðra skilmála varðandi útboðið sjálft og um notkun og nýtingu á því tíðnisviði sem boðið er út. Skýrar upplýsingar skulu koma fram um mat á tilboðum. Óheimilt er að leggja fram frávikstilboð nema það sé sérstaklega heimilað í útboðslýsingu. Heimilt er að takmarka fjölda tilboða frá hverjum bjóðanda eða tengdum aðilum og einnig er heimilt að takmarka þátttöku aðila sem þegar hafa réttindi á sambærilegu tíðnisviði.

Ráðherra getur ákveðið að úthlutun fari fram að loknu uppboði. Í ákvörðun um uppboð skal koma fram hvort réttindi skuli bundin skilyrðum sem þjóna eiga samfélagslegum markmiðum, t.d. að ákveðin þjónusta verði boðin á tilteknu útbreiðslusvæði. Póst- og fjarskiptastofnun ákveður skilmála uppboðs að öðru leyti. Póst- og fjarskiptastofnun annast framkvæmd uppboða og úthlutun réttinda að loknu uppboði. Póst- og fjarskiptastofnun getur falið öðrum hæfum aðila að annast tiltekna þætti í framkvæmd uppboðs. Í uppboðsskilmálum skal tilgreina nákvæmlega þær tíðnir eða númer sem boðin eru upp, gildistíma réttinda, hvort réttindin verða bundin við tiltekna þjónustu eða tækni, greiðslufyrirkomulag, lágmarkskröfur sem gerðar eru til bjóðenda, aðra skilmála varðandi uppboðið sjálft og um notkun og nýtingu

á því tíðnisviði eða númerum sem boðin eru upp. Í skilmálum er m.a. heimilt að mæla fyrir um þátttökugjald sem standa skal straum af kostnaði við undirbúning og framkvæmd uppboðs. Ákveða má lágmarksboð sem skal ekki vera hærra en sem svarar fimmtánföldu árgjaldi fyrir viðkomandi tíðnir eða númer eins og það er ákveðið í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Ákveða má afslátt af lágmarksboði fyrir tíðniréttindi, til að mynda gegn kvöð um íþyngjandi skilyrði, svo sem um útbreiðslu og gæði þjónustu. Ákveða má brottvísun aðila frá uppboði og sektir ef ekki er staðið við tilboð eða brotið er gegn uppboðsskilmálum og geta þær numið allt að einföldu árgjaldi fyrir þau réttindi sem boðið er í, eða þeim mismun sem er á tilboði sem ekki er staðið við og þeirri greiðslu sem fæst fyrir réttindin í lok uppboðs. Áskilja má að trygging sé sett fyrir greiðslu tilboða og sekta. Heimilt er að takmarka fjölda tilboða frá hverjum bjóðanda eða tengdum aðilum og einnig er heimilt að takmarka þátttöku aðila sem þegar hafa réttindi á sambærilegu númera- eða tíðnisviði.

Við úthlutun réttinda er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að ákveða fyrir fram fjárhæð og fyrirkomulag dagsekta sem leggjast á fjarskiptafyrirtæki sem ekki uppfyllir þær skuldbindingar sem réttindin kveða á um. Dagsektir samkvæmt þessu ákvæði geta numið allt að 500.000 kr. á dag.

Ef ákveðið er að halda útboð eða uppboð við úthlutun númera er heimilt að framlengja málsmeðferðarfrest skv. 1. mgr. um þrjár vikur. Ef ákveðið er að halda útboð eða uppboð við úthlutun tíðna er einnig heimilt að framlengja málsmeðferðarfrest skv. 1. mgr., þó ekki lengur en um átta mánuði.

Nánar skal kveðið á um málsmeðferð við veitingu réttinda til að nota tíðnir í reglugerð sem ráðherra setur. Í reglugerðinni skal m.a. kveða nánar á um framkvæmd og skilmála útboða og uppboða.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Breytingar og afturköllun á réttindum.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna breytinga á löggjöf, er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að breyta skilyrðum í almennum heimildum og skilyrðum fyrir úthlutun réttinda.

Réttindi til notkunar tíðna og númera má afturkalla í þágu almannahagsmuna ef mikilvægar forsendur fyrir réttindunum breytast eða bresta, t.d. vegna alþjóðlegra samþykkta sem Ísland er aðili að.

Fyrirhugaðar breytingar og afturkallanir skulu kynntar hagsmunaaðilum, þ.m.t. notendum, með hæfilegum fyrirvara sem þó skal ekki vera styttri en mánuður.

Ef réttindum til tíðninotkunar er úthlutað til 10 ára eða lengri tíma og ekki er heimilt að framselja eða leigja réttindin skal Póst- og fjarskiptastofnun fylgjast með því hvort þörf sé fyrir úthlutun sérstakra réttinda, sbr. 3. málsl. 2. mgr. 7. gr., allan gildistíma réttindanna og ef sú þörf er ekki lengur til staðar er heimilt að breyta réttindunum í almenna heimild eða heimila framsal eða leigu þeirra með hæfilegum fyrirvara.

Ef gildistími réttinda til notkunar á tíðnum eða númerum er framlengdur er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að gera breytingar á skilyrðum réttindanna eða bæta við skilyrðum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Póst- og fjarskiptastofnun skal í samræmi við alþjóðlegar samþykktir þar að lútandi

stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins og að skaðlegar truflanir á viðtöku þráðlausra merkja verði sem minnstar. Stofnunin skal skipuleggja notkun mismunandi hluta tíðnirófsins, skrá skipulagið og birta það opinberlega, og veita upplýsingar um skipulagið eftir þörfum. Stofnunin getur ákveðið að ákvarðanir alþjóðastofnana, sem Ísland á aðild að, varðandi skipulag og nýtingu tíðnirófsins verði bindandi hér á landi og skal þá vísað til þeirra í tíðniskipulaginu sem stofnunin birtir.

b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Ekki skal binda notkun tíðna við ákveðna tækni nema það sé nauðsynlegt til þess að forðast skaðlegar truflanir, vernda almenning gegn áhrifum rafsegulgeislunar, tryggja tæknileg gæði, stuðla að samnýtingu tíðna, tryggja skilvirka notkun tíðna eða til að uppfylla markmið varðandi aðra skilgreinda almannahagsmuni.

Ekki skal binda notkun tíðna við ákveðna þjónustu nema þörf sé á því til að uppfylla almenn markmið stjórnvalda eða til að tryggja samræmi við alþjóðlegar samþykktir sem Ísland er aðili að.

c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skipulag tíðnirófsins.*

III. KAFLI

Önnur ákvæði.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. 9. málsl. 1. mgr. fellur brott.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir leyfisskyldu vegna þráðlauss sendibúnaðar skv. 1. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að ákveða að þráðlaus sendibúnaður til tiltekinnar notkunar skuli eingöngu vera háður tilkynningarskyldu til stofnunarinnar. Heimild til notkunar slíks búnaðar er þá bundin því að Póst- og fjarskiptastofnun geri ekki athugasemd við staðsetningu búnaðarins eða eiginleika hans og virkni. Óheimilt er að nota tilkynningarskyldan sendibúnað sem ekki hefur verið tilkynntur. Póst- og fjarskiptastofnun getur sett reglur um tilkynningu þráðlauss sendibúnaðar, þ.m.t. um þær kröfur sem gerðar eru til tíðniréttthafa á þeim tíðnisviðum sem slíkur búnaður starfar á.

9. gr.

Á eftir 62. gr. kemur ný grein, 62. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gagnagrunnur um þráðlausan sendibúnað.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda rafrænan gagnagrunn um þráðlausan sendibúnað. Í gagnagrunninn skal skrá upplýsingar um staðsetningu og tæknilega eiginleika senda, m.a. um sendistyrk og sendistefnu, bandbreidd og tengingu búnaðarins við almenn fjarskiptanet. Skylt er að veita Póst- og fjarskiptastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til skráningar í gagnagrunninn á því formi sem stofnunin ákveður.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að hagnýta upplýsingar í gagnagrunninum í starfsemi sinni, m.a. vegna:

a. eftirlits með virkni, öryggi og heildstæði fjarskiptaneta,
b. aðgerða til að finna og koma í veg fyrir skaðlegar fjarskiptatruflanir,
c. gerðar korta um útbreiðslu fjarskiptasendinga.

Heimilt er að nýta upplýsingar í gagnagrunninum í stefnumótun á sviði fjarskipta. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að veita öðrum viðeigandi stjórnvöldum aðgang að gagnagrunninum, að hluta eða öllu leyti, til þess að vinna að verkefnum og uppfylla skyldur sínar

á sviði almannavarna, heilsuverndar, skipulagsmála og umhverfismála. Falli til kostnaður við að koma slíkum aðgangi á skal hann borinn af því stjórnvaldi sem hans óskar.

Heimilt er að opna fyrir takmarkaðan aðgang fyrir almenning að gagnagrunninum. Þó skal opinber aðgangur að upplýsingum í gagnagrunninum vera háður takmörkunum sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður, svo sem vegna upplýsinga er varða mikilvæga viðskipta- og öryggishagsmuni. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um skráningu og breytingar upplýsinga og um birtingu og aðgang að upplýsingum í gagnagrunninum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal heimilt á grundvelli sérstaks þjónustusamnings að fela óháðum aðila að hýsa og reka gagnagrunninn, séu viðeigandi kröfur um öryggi upplýsinga uppfylltar.

10. gr.

64. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Takmörkun fjarskipta vegna truflana eða sérstakra aðgerða.

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla fjarskiptavirki og rafföng eða hluta þeirra eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að þau skuli afhent til geymslu undir innsigli ef fjarskiptavirkin eða rafföngin valda skaðlegum truflunum á fjarskiptum eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

Nú liggur fyrir að rafföng, tæki, raflagnir, pípur, leiðslur eða því um líkt valda skaðlegri truflun á rekstri fjarskiptavirkis og er Póst- og fjarskiptastofnun þá heimilt að beina fyrirmælum til eiganda slíks hlutar um að hann grípi á eigin kostnað til viðeigandi úrbóta án tafar, taki t.d. niður, færi eða fjarlægi viðkomandi hlut sem veldur skaðlegri truflun.

Vanræki eigandi að framkvæma fyrirmæli um úrbætur getur Póst- og fjarskiptastofnun látið vinna verkið á kostnað eiganda. Krafa um kostnað vegna þessa er aðfararhæf samkvæmt 5. tölul. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða Póst- og fjarskiptastofnun við þær aðgerðir er greinir í 1. og 2. mgr.

Að fenginni beiðni frá Fangelsismálastofnun getur Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild fyrir truflun þráðlausra fjarskipta innan sérstaklega afmarkaðs svæðis vegna framkvæmdar á öryggis- og refsigæslu. Áður en slík heimild er veitt skal stofnunin leita álits fjarskiptafyrirtækja sem veita þráðlausa fjarskiptaþjónustu á viðkomandi svæði.

11. gr.

4. mgr. 71. gr. laganna fellur brott.

IV. KAFLI
Gildistaka.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við úthlutun eða endurúthlutun á tíðniréttindum á 890,1–914,9 / 935,1–959,9 MHz og 880–890 / 925–935 MHz tíðnisviðunum fram til 31. desember 2012 skal taka gjald sem nemur 1.500.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði. Innan sömu tímamarka skal fyrir úthlutun eða endurúthlutun tíðniréttinda á 1710,1–1784,9 / 1805,1–1879,9 MHz tíðnisviðinu taka gjald sem nemur 500.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði. Gjaldið miðast við að tíðniréttindin séu gefin út til 10 ára. Sé tíðniréttindum úthlutað til lengri eða skemmri tíma

skal greiða hlutfallslega í samræmi við það. Gjaldið greiðist í ríkissjóð. Ákvæði þetta gildir ekki ef tíðniréttindum er úthlutað eða endurúthlutað með uppboði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta til laga um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, er samið í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Frumvarpið hefur verið unnið í samráði við Póst- og fjarskiptastofnun. Var jafnframt haft samráð við dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og umhverfisráðuneyti varðandi einstakar greinar frumvarpsins. Við undirbúning frumvarpsins var aukinheldur leitað eftir umsögnum hagsmunaaðila og drögin kynnt sérstaklega fyrir aðilum fjarskiptaráðs, en fjarskiptaráð starfar á grundvelli 6. mgr. 2. gr. fjarskiptalaga og er samráðsvettvangur hagsmunaaðila um bætt fjarskipti og ber ráðinu að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um fjarskiptamál. Þá voru frumvarpsdrögin birt á vefsíðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og auglýst eftir umsögnum um frumvarpið. Bárust nokkrar umsagnir frá hagsmunaaðilum og var tekið tillit til athugasemda eins og rétt þótti.

Hröð tækniþróun og örar breytingar á markaðnum eru eitt helsta einkenni fjarskiptamarkaðarins, og fjarskiptatækni og upplýsingatækni hafa þróast ört á undanförnum árum. Svo að Ísland megi vera í fremstu röð tæknivæddra ríkja með aðgengilega, hagkvæma og örugga fjarskiptaþjónustu er nauðsynlegt að tryggja að lagaumhverfið fylgi þróuninni eftir.

Tilgangur frumvarps þessa er þríþættur og eru helstu breytingar og nýmæli sem ráðgerð eru með frumvarpinu eftirfarandi:

Fyrsti kafli frumvarpsins lýtur að breytingum á fjarskiptaáætlun, með það að markmiði að samræma áætlanagerð innan ráðuneytisins, sem og að samræma hana við aðra áætlanagerð hins opinbera, þ.m.t. við Sóknaráætlun 20/20.

Annar kafli frumvarpsins hefur að geyma breytingar á reglum um stjórnun og úthlutun tíðna, sem ætlað er að auka hagkvæmni og skilvirkni stjórnunar þessara gæða. Yfirráðaréttur íslenska ríkisins yfir tíðnum og númerum er staðfestur og skýrt kveðið á um að heimildir til notkunar tíðna og númera feli aðeins í sér skilyrtan afnotarétt í tiltekinn tíma en ekki eignarrétt af nokkru tagi. Tíðnir og númer eru takmörkuð auðlind og eru umtalsverð verðmæti falin í réttindum til notkunar þeirra. Miklu máli skiptir að við úthlutun þessara gæða sé farið eftir hlutlægum og gagnsæjum sjónarmiðum á grundvelli fyrir fram ákveðinna reglna þannig að sem best verði tryggt að markmiðum um sanngirni og jafnræði sé náð. Að sama skapi þarf úthlutun tíðna að þjóna almannahagsmunum með tilliti til útbreiðslu og aðgengis að fjarskiptaþjónustu um landið allt. Skilvirk umsýsla með tíðnir ýtir undir tæknilega og efnahagslega framþróun í fjarskiptum og er því lagt til að dregið verði úr hömlum á tíðninotkun, m.a. er opnað fyrir möguleika á framsali eða leigu á tíðniréttindum. Um leið þarf að tryggja að stjórnun tíðna sé í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar en þær geta kveðið á um samræmda notkun tiltekinna tíðnisviða. Þá þarf að vera hægt að breyta tíðniréttindum eða jafnvel afturkalla þau í einstaka tilfellum og er því skilgreint hvenær slíkt getur komið til skoðunar.

Þriðja kafla frumvarpsins er ætlað að einfalda stjórnsýslu og koma í veg fyrir réttaróvissu auk þess sem kveðið er á um nýmæli í þágu almannahagsmuna. Annars vegar er lagt til að settur verði á fót gagnagrunnur um þráðlausan sendibúnað. Slíkur gagnagrunnur mun koma að gagni við að kortleggja fjarskiptainnviði landsins og þar með nýtast við stefnumótun á sviði fjarskipta, auk þess sem hann auðveldar eftirlit, bæði almennt séð varðandi útbreiðslu og í einstökum tilfellum, til að mynda vegna truflana. Þá verður almenningi gert kleift með gagnagrunninum að kalla eftir upplýsingum um staðsetningu senda, m.t.t. umhverfissjónarmiða, en víða erlendis þekkist að almenningur hafi aðgang að slíkum gagnagrunni. Hins

vegar er lagt til það nýmæli, að beiðni Fangelsismálastofnunar og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis, að fangelsisyfirvöldum sé gert kleift að trufla fjarskipti innan sérstaklega afmarkaðra svæða vegna framkvæmdar á öryggis- og refsigæslu, en þótt hefur vandasamt að koma í veg fyrir fjarskipti innan veggja fangelsa með öðrum hætti.

Nánar verður fjallað um einstaka þætti frumvarpsins hér á eftir.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla – samskiptaáætlun.

Með lögum nr. 78/2005, um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, var í fyrsta sinn mótuð heildstæð stefna í fjarskiptamálum fyrir Ísland þar sem kveðið var á um gerð fjarskiptaáætlunar. Ákvað samgönguráðherra gerð fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005–2010 og hafði hún að geyma mörg og metnaðarfull markmið og verkefnaáætlun sem hafa sett mikinn svip á þróun og þjónustu á sviði fjarskipta til allra landshluta. Sérstök áhersla var lögð á það í fjarskiptaáætlun að bæta fjarskipti á þeim stöðum á landinu þar sem úrbóta var mest þörf, þar á meðal var kveðið á um að öryggi vegfarenda yrði bætt með aukinni farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins og helstu ferðamannastöðum og að allir landsmenn sem þess óskuðu gætu tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggrar fjarskiptaþjónustu. Þá ber Póst- og fjarskiptastofnun að stuðla að framgangi stefnu stjórnvalda sem birtist í fjarskiptaáætlun.

Meginmarkmið með þeim breytingum sem hér eru lagðar til eru annars vegar að víkka út gildissvið fjarskiptaáætlunar en hins vegar að samræma áætlunargerðina og aðra áætlunargerð innan ráðuneytisins sem og samræma hana almennt áætlunargerð íslenskra stjórnvalda. Má þar helst nefna að forsætisráðherra lagði á síðasta þingi fram tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt (þskj. 476, 332. mál), sem fól í sér að útbúin yrði samræmd áætlun til nýrrar sóknar í íslensku atvinnulífi og nokkrar áætlanir verði samþættar, þar á meðal samgönguáætlun, samskiptaáætlun, byggðaáætlun, áætlun í ferðamálum og áætlun um stækkun sveitarfélaga. Í sóknaráætlun felst m.a. samþætting áætlana sem varða m.a. atvinnuuppbyggingu, eflingu lífsgæða og jákvæða byggðaþróun.

Í samræmi við framangreindar breytingar er hér gert ráð fyrir að í stað fjarskiptaáætlunar taki við svonefnd samskiptaáætlun, sem auk fjarskipta nái í ríkari mæli til rafrænna samskipta auk þess sem heimilt sé að líta til annarra samskiptaleiða, svo sem póstsamskipta. Efnistökum samskiptaáætlunar er þannig ætlað að vera víðtækari en fjarskiptaáætlunar þar sem samskiptaáætlun veiti heildstætt yfirlit yfir mismunandi samskiptaleiðir á Íslandi og samspil þeirra, auk þess sem samskiptaáætlun taki mið af markmiðum sóknaráætlunar.

Til stendur að drög að samskiptaáætlun verði lögð fram nú á haustþingi.

Um 1. gr.

Markmið breytinganna er að samræma áætlanagerð varðandi samskipti. Skal það gert með samskiptaáætlun til tólf ára skv. 1. efnismgr. og fjögurra ára áætlun, sbr. 3. efnismgr., sem er hluti af og innan ramma samskiptaáætlunar.

1. efnismgr. kveður á um að ráðherra skuli á fjögurra ára fresti leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samskiptaáætlun þar sem mörkuð skuli stefna til næstu tólf ára. Í samskiptaáætlun skal gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu, og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Skilgreina skal markmið stjórnvalda sem stefna ber að og þannig leggja grunn að framþróun íslensks samfélags. Skulu markmið stefnunnar stuðla að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Þá er kveðið á um þá nýjung að heimilt skuli í samskiptaáætlun að skoða fjarskipti heildstætt í tengslum við aðra þætti samskipta, svo sem raf-

ræn samskipti og samskipti sem byggjast á póstþjónustu og fá þannig heildstæða mynd af samskiptum í landinu.

Miðað er við að efnistök samskiptaáætlunar taki mið af stöðu, horfum og framtíðarsýn er varða viðfangsefni áætlunarinnar. Skal í áætluninni skilgreina stefnumótun í samskiptamálum og helstu markmið sem vinna skal að. Þá skal skilgreina og kortleggja samskiptainnviði þjóðarinnar innan lands og til útlanda eins og við á, og aðgengi landsmanna að samskiptanetum. Í samskiptaáætlun skal jafnframt gera grein fyrir hlutverki opinberra aðila við eftirlit, uppbyggingu og rekstur samskiptaneta og þjónustu í samspili við markaðsaðila. Jafnframt skal samskiptaáætlun hafa að geyma yfirlit um útgjöld ríkisins til allra helstu þátta samskipta, skipt niður á þrjú fjögurra ára tímabil.

2. efnismgr. kveður á um þau atriði sem leggja skal áherslu á við gerð samskiptaáætlunar. Þar á meðal er lögð sérstök áhersla á að ná fram víðtæku samstarfi markaðarins, neytenda, opinberra stofnana og ráðuneyta um stefnumótun er varðar samskipti, til þess að öðlast sem gleggsta mynd af því hvar skórinn kreppir og hvar þörf er á umbótum.

Um fjögurra ára aðgerðaáætlun er fjallað í 3. efnismgr. Skal hún tekin til endurskoðunar eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Skal þó heimilt að endurskoða aðgerðaáætlunina á tveggja ára fresti ef þörf krefur. Í fjögurra ára áætlun skal gerð grein fyrir skýrt skilgreindum verkefnum sem best eru til þess fallin að stuðla að markmiðum tólf ára áætlunar. Þar með talin geta verið:

- framkvæmdaverkefni og forgangsröðun þeirra,
- rannsóknarverkefni innlend eða í samstarfi við aðra, svo sem í gegnum rammaáætlun Evrópusambandsins,
- úttektar-, umbóta- eða gæðaverkefni,
- stefnumótunarverkefni.

Þá skal gera grein fyrir fjáröflun og útgjöldum í aðgerðaráætlun eftir einstökum verkefnum.

Um II. kafla – stjórnun og úthlutun tíðna.

Í fjarskiptatíðnum felst takmörkuð auðlind, sem töluverð fjárhagsleg verðmæti eru bundin við, líkt og fram kemur í álitsgerð auðlindanefndar um stjórn auðlinda Íslands frá árinu 2000. Tíðnir eru notaðir af öllum og þær eru grundvallarforsenda ýmissar þjónustu. Án varfærinnar skipulagningar og stjórnunar geta skaðlegar truflanir haft afar slæm áhrif á tíðnir sem grundvöll samskiptamiðla og eru tíðnir af þeim sökum háðar tíðnileyfi frá Póst- og fjarskiptastofnun. Fjarskiptafyrirtæki sem nota tíðnir og númer vegna starfsemi sinnar geta sótt um réttindi til slíkrar notkunar og er það Póst- og fjarskiptastofnun sem úthlutar réttindum til einstakra fyrirtækja og setur skilyrði fyrir slíkri notkun. Það skiptir sköpum að við úthlutun þessara gæða sé farið eftir hlutlægum og gagnsæjum sjónarmiðum á grundvelli fyrir fram ákveðinna reglna þannig að sem best verði tryggt að markmiðum um sanngirni og jafnræði sé náð. Að sama skapi þarf úthlutun tíðna að þjóna almannahagsmunum með tilliti til útbreiðslu og aðgengis að fjarskiptaþjónustu um landið allt.

Við setningu fjarskiptalaga, nr. 81/2003, var gert ráð fyrir heimild ráðherra til þess að útfæra reglur IV. kafla í reglugerð og kveða nánar á um skipulagningu og úthlutun tíðna, jafnt til fjarskiptafyrirtækja sem notenda, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna og þótti nánari útfærsla á reglum um skipulag og úthlutun tíðna til þess fallin að auka gæði stjórnsýslu á þessu sviði. Í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu hefur því verið unnið að gerð reglugerðar um skipulag og úthlutun tíðna. Af því tilefni hefur IV. kafli um úthlutun tíðna og númera jafnframt verið tekinn til skoðunar og eru nú uppfærð nokkur ákvæði kaflans.

Fyrir liggur að þónokkrar breytingar hafa verið gerðar á fjarskiptaregluverki Evrópusambandsins sem hin íslensku fjarskiptalög byggjast að miklu leyti á. Þær breytingar sem lagðar eru til rúmast innan núgildandi regluverks og eru jafnframt í samræmi við breytingar þær sem fyrir liggja.

Í fjarskiptatíðnum felst takmörkuð auðlind sem hefur mikilvægu hlutverki að gegna bæði gagnvart almenningi og markaðsaðilum. Það er talið þjóna hagsmunum almennings að umsýsla með tíðnir sé eins skilvirk og mögulegt er og því er lagt til að dregið verði úr hömlum á tíðninotkun.

Æskilegt er að auka sveigjanleika með því að binda tíðniheimildir ekki við ákveðna þjónustu eða tækni umfram það sem nauðsynlegt er í samræmi við meginreglur um tækni- og þjónustuhlutleysi (e. Technology and Service Neutrality Principles). Æskilegra er að notendur tíðna ákveði sjálfir hver séu bestu notin fyrir þau tíðnisvið sem eru laus til afnota. Þó er talið að almannahagsmunir geti í ákveðnum tilfellum réttlætt að tíðniréttindi séu bundin við ákveðna tækni og þjónustu, en slíkar ákvarðanir beri að taka til endurskoðunar með reglulegu millibili.

Til þess að auka skilvirkni og sveigjanleika þurfi fjarskiptaeftirlitstofnanir að hafa þann möguleika að heimila framsal eða leigu á tíðniréttindum. Gæta þarf samt að því að framsal skekki ekki samkeppnisstöðu, t.d. ef ráðandi markaðsaðilar kaupa tíðnir til þess eins að halda öðrum frá markaðnum. Hefur framsal á fjarskiptatíðnum lengi tíðkast meðal nágrannaríkja okkar og er það stefna Evrópusambandsins að meginreglan verði á endanum sú að framsal sé heimilt. Er því hér búið í haginn fyrir þær breytingar sem koma skulu svo undirbúningur geti hafist að því að opna fyrir framsal á fjarskiptatíðnum.

Til þess að hindra ekki eðlilegan aðgang að tíðniheimildum þurfa réttindi sem ekki eru framseljanleg að vera tímabundin. Ef ákvæði eru í réttindum um mögulega framlengingu þeirra eða endurnýjun ættu eftirlitsstofnanir að efna til samráðs áður en ákvörðun er tekin um framlengingu. Einnig þarf að skoða reglulega gildandi tíðniheimildir og meta hvort þörf er á breytingum til þess að auka sveigjanleika og aðgengi að tíðnum. Enn fremur ættu eftirlitsstofnanir að geta gripið inn í ef tíðniheimildir eru ekki notaðar og komið í veg fyrir að fyrirtæki sitji á tíðnum til þess eins að hindra samkeppni.

Um 2. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 7. gr. laganna.

1. mgr. er nýtt ákvæði þar sem staðfestur er yfirráðaréttur íslenska ríkisins yfir tíðnum og númerum og skýrt kveðið á um að þeir sem fá heimild til að nota tíðnir og númer öðlast aðeins skilyrtan notkunarrétt í tiltekinn tíma en ekki eignarrétt af nokkru tagi. Tíðnir og númer eru takmörkuð auðlind og eru umtalsverð verðmæti falin í réttindum til notkunar þeirra. Því er mikilvægt að það sé skýrt að ráðstöfunarréttur þessara verðmæta liggur hjá ríkinu og að þeir sem hafa fengið heimild til notkunar öðlist ekki eignarréttindi yfir þessari auðlind né heldur geti þeir gert tilkall til varanlegs afnotaréttar. Um fjarskiptatíðnir var fjallað í skýrslu auðlindanefndar sem kosin var á Alþingi í kjölfar samþykktar á þingsályktun í júní árið 1998. Í niðurstöðum nefndarinnar varðandi fjarskiptatíðnir segir m.a.:

„Nefndin telur ljóst að rafsegulbylgjur til fjarskipta eru takmörkuð auðlind á sama hátt og aðrar auðlindir sem nefndin hefur fjallað um. Þó að rafsegulbylgjur til fjarskipta og tíðnisvið þeirra hafi ekki með formlegum hætti verið lýst eign þjóðarinnar hefur ríkið, hér sem annars staðar, tekið að sér stjórn á aðgengi að tíðnisviðinu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Nefndin leggur til að greiðsla komi fyrir aðgang að rafsegulbylgjum til fjarskipta rétt eins og öðrum þeim auðlindum sem svipað háttar um.“

Rétt þykir að það komi skýrt fram í lögunum, í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar, að þessi auðlind tilheyri íslenska ríkinu, en ekki verði sett almennt ákvæði um gjaldtöku, heldur verði gjaldtaka áfram ákveðin með sérstökum ákvæðum eins og gert hefur verið hingað til, enda er mjög mismunandi eftir aðstæðum hversu mikil verðmæti liggja í tíðnum og númerum.

Í 2. mgr. er tekið fram að vald til að veita réttindi til tíðni- og númeranotkunar liggur hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Stofnunin getur ýmist veitt almenna heimild til notkunar á ákveðnum tíðnisviðum, sem þá kallast opin tíðnisvið, eða úthlutað sérstökum réttindum til tiltekins aðila.

Í 3. mgr. er fjallað um hverjum Póst- og fjarskiptastofnun getur úthlutað réttindum til tíðninotkunar. Efnislega er málsgreinin eins og núgildandi 7. gr. laganna, að undanskildum síðasta málslið núgildandi ákvæðis, þar sem lagt er bann við framsali, en lagt er til að um framsal verði nú fjallað í sérstakri málsgrein.

Í 4. mgr. er lagt til að opnað verði fyrir möguleikann á framsali tíðniheimilda hér á landi, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Fjölmörg aðildarríki EES-samningsins leyfa þegar framsal á tíðniréttindum og raunar hvetja til þess. Þá er ljóst er að stefna Evrópusambandsins er að greiða fyrir opnari aðgangi að framsali tíðniheimilda.

Í 5. mgr. er nýtt ákvæði sem kveður á um skyldu Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að fylgjast með því að tíðnir séu notaðar með áhrifaríkum og skilvirkum hætti og að tryggja að samkeppni sé ekki hindruð með uppsöfnun tíðniréttinda. Póst- og fjarskiptastofnun verður heimilt að afturkalla og endurúthluta tíðnum eða mæla fyrir um sölu eða leigu réttinda ef hætta er á að uppsöfnun réttinda leiði til samkeppnishindrana. Í slíkum tilvikum væri oftast um að ræða að fyrirtæki hefði safnað að sér tíðniréttindum sem það hefði enga þörf fyrir, í þeim tilgangi einum að hindra að hugsanlegir keppinautar gætu notað tíðnirnar. Þar sem fyrirtæki hefði engin raunveruleg not af viðkomandi tíðnum væri yfirleitt ekki um tjón á lögvörðum hagsmunum að ræða þótt tíðnir væru teknar úr umráðum fyrirtækis. Póst- og fjarskiptastofnun hefði einnig þann kost að mæla fyrir um framsal eða leigu á réttindum og í þeim tilvikum fengi viðkomandi fyrirtæki endurgjald fyrir tíðniréttindin. Sú leið ætti einkum við ef umtalsvert gjald hefði verið greitt fyrir úthlutun réttindanna.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um birtingu upplýsinga um réttindi til notkunar á tíðnum og númerum. Rétt þykir að úthlutun slíkra réttinda sé gagnsæ og að fyrir liggi hverjir fá slík réttindi og með hvaða skilyrðum. Meðal upplýsinga sem ástæða getur verið til að birta er nafn tíðniréttthafa, tegund þjónustu, skilgreint tíðnisvið og bandbreidd, útgáfudagur tíðniheimildar og gildistíma hennar, landfræðileg afmörkun tíðniheimildar, auk annarra viðeigandi athugasemda. Póst- og fjarskiptastofnun birtir nú tíðniheimildir fyrir almenna fjarskiptaþjónustu í heild á heimasíðu sinni og gert er ráð fyrir að það verði gert áfram. Ástæða getur verið til að undanskilja tilteknar upplýsingar varðandi réttindi til tíðninotkunar ef þær varða mikilvæga fjárhagslega hagsmuni rétthafa sem gætu skaðast ef birting ætti sér stað, en þessari reglu yrði aðeins beitt í undantekningartilvikum. Tilraunaleyfi gætu í mörgum tilvikum verið undanþegin opinberri birtingu vegna viðskiptahagsmuna.

Um 3. gr.

Breyting á 9. gr. laganna felur í sér að nú falla framlengingar á tíðniréttindum undir ákvæði 9. gr. ef um er að ræða tíðnisvið þar sem fjöldi réttinda er takmarkaður. Þetta hefur t.d. þýðingu ef til athugunar er að framlengja eða endurnýja gildandi tíðniréttindi farsímafyrirtækja. Samkvæmt þessu þarf að hafa samráð við hagsmunaaðila áður en ákveðið er að framlengja slík réttindi.

Um 4. gr.

Breytingum á 10. gr. laganna er ætlað að skýra þær reglur sem gilda um skilyrði fyrir notkun tíðna og númera, m.a. í samræmi við gildandi framkvæmd.

Breyting á a-lið 1. mgr. felur í sér að við bætast skilyrði um útbreiðslu og gæði, en skilyrði varðandi efni útvarpssendinga fellur ekki lengur undir þennan lið.

Nýr stafliður, h-liður, bætist við og varðar hann skilyrði sem setja má um notkun tíðna í tilraunaskyni. Nokkuð algengt er að slík tilraunaleyfi séu veitt í stuttan tíma til þess að prófa nýja tækni. Slíkum leyfum hafa ávallt fylgt skilyrði sem taka mið af eðli þessarar notkunar. Með setningu þessa ákvæðis verður til staðar skýr heimild til þess að setja slík skilyrði. Meðal þeirra skilyrða sem almennt þykir eðlilegt að setja í tilraunaleyfum eru að ekki sé heimilt að veita þjónustu í hagnaðarskyni og að niðurstöður tilrauna séu kynntar fyrir Póst- og fjarskiptastofnun.

Við a-lið 2. mgr. er bætt skilyrðum varðandi verðlagningu símtala í ákveðnum númeraröðum til þess að tryggja vernd neytenda. Með þessu er ekki átt við að yfirvöld hafi bein afskipti af verðlagningu í einstökum tilfellum heldur er aðallega stefnt að því að símtöl með yfirgjaldi séu örugglega aðeins veitt í þar til ætluðum númeraröðum svo að neytendum megi vera það ljóst þegar þeir hringja í viðkomandi númer.

Um 5. gr.

Lagt er til að í 11. gr. laganna verði sett ítarlegri ákvæði um málsmeðferð við veitingu réttinda til að nota númer og tíðnir.

Við úthlutun tíðna má fyrst og fremst notast við þrjár aðferðir. Í fyrsta lagi er hægt að úthluta tíðnum með almennri úthlutun sem kemur til greina þegar engin umframeftirspurn er eftir tíðnum á viðkomandi tíðnisviði. Í öðru lagi er hægt að úthluta tíðnum með útboði og í þriðja lagi má úthluta tíðnum með uppboði, samkvæmt ákvörðun ráðherra. Útboð og uppboð eru úthlutunaraðferðir sem koma til skoðunar fyrst og fremst þegar eftirspurn er meiri en framboð og eru við þær aðstæður nauðsynlegar svo gæta megi jafnræðis við úthlutun. Forsenda fyrir vali á úthlutunaraðferð er því að fyrir liggi hvort eftirspurn sé eftir viðkomandi tíðnisviði eða ekki. Núgildandi fjarskiptalög heimila framangreindar úthlutunarleiðir en hér er lagt til að auka gagnsæi málsmeðferðar.

Tillögur frumvarpsins miða að því að gera málsmeðferð gagnsærri, m.a. með því að kanna eftirspurn eftir tíðnisviðum áður en þeim er úthlutað og setja ítarlegri reglur um framkvæmd útboða og uppboða.

Ekki eru gerðar efnislegar breytingar á 1. mgr., en smávægilegar breytingar eru gerðar á orðalagi til þess að stuðla að samræmi við önnur ákvæði laganna. Ákvæðið þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Í 2. mgr. er nýtt ákvæði sem fjallar um skjóta afgreiðslu umsókna ef sótt er um óverulegan hluta tíðnisviðs og ekki er hætta á að úthlutun geti skert framboð á tíðnum á umræddu sviði eða hamlað samkeppni. Undir þetta ákvæði geta t.d. fallið umsóknir um einstakar tíðnir fyrir fastasambönd og talstöðvar og umsóknir um minniháttar úthlutanir á fjarskipta- og útvarpstíðnum.

Í 3. mgr. er nýtt ákvæði sem kveður á um skyldu til þess að kanna áhuga á afnotum af tíðnisviðum fyrir almenna fjarskiptaþjónustu og útvarp ef umsókn fellur ekki undir 2. mgr. Ef mikill áhugi kemur í ljós skal viðkomandi tíðnisviði úthlutað með útboði eða uppboði, en ef áhugi reynist lítill er fyrirliggjandi umsókn að jafnaði tekin til afgreiðslu án frekari tafar og úthlutað samkvæmt henni ef öllum viðeigandi kröfum um hæfi umsækjanda og notkun

tíðnisviðsins er fullnægt. Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla á áhugakönnun og samráði við hagsmunaaðila verði ákveðin með reglugerð.

Í 4. mgr. koma fram almennar kröfur sem gera má til umsækjenda um réttindi samkvæmt þessari grein. Annars vegar er fjallað um þær upplýsingar sem umsækjandi þarf að veita áður en umsókn hans er afgreidd og hins vegar er heimild til að setja almenn hæfisskilyrði sem stuðla eiga að því að notkun á réttindum verði skilvirk og í samræmi við ákvæði laganna.

Í 5. mgr. er fjallað um takmarkanir sem hægt er að setja varðandi úthlutun útvarpstíðna vegna menningarlegra sjónarmiða, svo sem til þess að stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Til þess gæti komið að veita þyrfti íslenskri dagskrá forgang þegar úthlutað er tíðnum til útvarps- og hljóðvarpsútsendinga. Með tilkomu stafrænnar útsendingartækni verða sífellt minni líkur á að beita þurfi ákvæði sem þessu, þar sem mun minna tíðnisvið þarf nú fyrir útsendingu hverrar dagskrár en áður var. Stafrænar hljóðvarpssendingar eru þó ekki orðnar algengar hér á landi enn sem komið er. Því þykir ástæða til þess að slá þennan varnagla. Einnig er gert ráð fyrir að setja megi skorður við úthlutun tíðna ef úthlutun getur orðið til þess að hindra virka samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Hér er einkum átt við að komið verði í veg fyrir að tíðniheimildir fyrir útvarp safnist á fárra hendur. Við beitingu þessa ákvæðis er eðlilegt að hafa samráð við þá stofnun sem fer með eftirlit með fjölmiðlum.

Í 6. mgr. er fjallað um framkvæmd útboða á tíðnum og númerum. Áherslan er meiri á úthlutun tíðna enda hefur ekki verið mikið til umræðu að úthluta númerum með útboði. Útboð eiga oftast að stuðla að því að sem best fjarskiptaþjónusta verði í boði fyrir sem flesta landsmenn og á það einkum við þegar boðnar eru út tíðnir fyrir þráðlausa fjarskiptaþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun hefur á síðastliðnum áratug haldið allmörg útboð á tíðniréttindum og er ákvæði þetta fremur ætlað til að renna styrkari stoðum undir þá framkvæmd heldur en að gera breytingar á henni. Í ákvæðinu er lýst meginatriðum sem koma eiga fram í útboðslýsingu og helstu takmarkanir sem hægt er að setja gagnvart hugsanlegum bjóðendum. Gert er ráð fyrir að nánari lýsing á útboðsferli verði sett fram í reglugerð.

Í 7. mgr. er fjallað um uppboð á réttindum til að nota tíðnir og númer. Heimild er í núgildandi 7. gr. laganna til þess að samgönguráðherra ákveði að halda skuli uppboð. Núgildandi heimildarákvæði er mjög stutt og segir lítið til um hvernig haga skuli framkvæmd uppboða. Heimild til að halda uppboð hefur hingað til ekki verið beitt hér á landi en sú leið er töluvert notuð erlendis. Þau sjónarmið sem einkum mundu leiða til ákvörðunar um að halda uppboð gætu t.d. verið að ekki þætti þörf á að setja íþyngjandi kröfur um útbreiðslu eða að tíðnisvið þætti sérstaklega eftirsótt og þar af leiðandi verðmætt. Það getur einnig talist eðlilegt í þeim tilvikum þegar framsal réttinda verður heimilað að greitt sé markaðsverð fyrir réttindin strax í upphafi. Í ákvæðinu er fjallað um ýmis atriði er snúa að framkvæmd uppboðs og hvaða meginatriði skuli koma fram í uppboðsskilmálum. Gert er ráð fyrir að taka megi þátttökugjald af bjóðendum, hægt sé að krefja þá um greiðslutryggingu og sekta þá og/eða vísa þeim frá uppboði ef brotið er gegn uppboðsskilmálum eða ekki staðið við tilboð. Heimilt verður að setja ákvæði um lágmarksboð og er þar miðað við að lágmarkið verði ekki hærra en fimmtánfalt árgjald fyrir viðkomandi réttindi samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Hér er horft til þess að svigrúm sé til að stilla lágmarksboð af fyrir a.m.k. sambærilega gjaldtöku og sett er fram í ákvæði til bráðabirgða með þessu frumvarpi um leyfisgjöld fyrir notkun á tíðni fyrir farsímaþjónustu. Auk ákvæðis um lágmarksboð er einnig gert ráð fyrir að veita megi afslátt af lágmarksboði, til að mynda gegn kvöð um íþyngjandi skilyrði, svo sem um útbreiðslu eða gæði þjónustu. Má með því móti ná fram markmiðum í almannaþágu á borð við að hvetja til uppbyggingar í miklu dreifbýli. Gert er ráð fyrir að nánar verði fjallað um framkvæmd og skilmála uppboða í reglugerð og þar verði m.a. tekið á ýmsum útfærslu-

atriðum, svo sem tímafrestum og lágmarksmun milli tilboða samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Í 8. mgr. er fjallað um að við úthlutun réttinda geti Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið fyrir fram, þ.e. í skilmálum útboða og uppboða, fjárhæð og fyrirkomulag dagsekta sem leggjast á fjarskiptafyrirtæki sem ekki uppfyllir þær skuldbindingar sem gengist er undir með tilboði í réttindin. Þetta ákvæði er sérstaklega mikilvægt til þess að fylgja eftir kröfum um uppbyggingu og útbreiðslu fjarskiptaþjónustu sem gengist er undir í útboði eða uppboði. Algengt er að uppbygging fjarskiptaneta taki lengri tíma en lofað er í tilboði og það kemur fyrir að engin uppbygging á sér stað. Í slíkum tilvikum er þörf fyrir skýrt og fljótvirkt úrræði til þess að bregðast við vanefndum. Lagt er til að hámark dagsekta verði 500.000 kr. á dag, en það er sama hámark og er á dagsektum skv. 12. gr. laga nr. 69/2003, um Póst og fjarskiptastofnun.

Ákvæði 9. mgr. er samhljóða núgildandi 4. mgr. og þarfnast ekki skýringar.

Í 10. mgr. er heimild fyrir ráðherra til að setja nánari reglur um málsmeðferð samkvæmt þessari grein í reglugerð.

Um 6. gr.

Lagt er til að breytingar verði gerðar á 12. gr. laganna sem fjallar um breytingar á réttindum. Nauðsynlegt er að hægt sé að breyta skilyrðum og inntaki réttinda fjarskiptafyrirtækja þegar sérstaklega stendur á. Það eru einkum breytingar á alþjóðlegum samningum sem skapað geta þörf fyrir slíkar breytingar. Þar getur t.d. verið um að ræða breytingar á tilskipunum ESB þar sem kveðið er á um hvaða skilyrði eiga að gilda um fjarskiptastarfsemi á EES-svæðinu. Einnig þarf að taka tillit til alþjóðlegra samþykkta um tíðninotkun. Núgildandi ákvæði hefur ekki verið mikið notað og mjög sjaldgæft er að grípa þurfi til íþyngjandi aðgerða á grundvelli þess. Hins vegar hafa komið upp mál þar sem þörf hefur verið á skýrum heimildum til þess að gera breytingar á réttindum fyrirtækja. Í einstaka tilvikum getur verið nauðsynlegt að afturkalla réttindi að öllu leyti eða að hluta til vegna breytinga á lögum eða alþjóðasamþykktum.

Lítils háttar breyting er gerð á orðalagi 1. mgr. en efnislega er ekki um að ræða breytingu, enda er ennþá gert ráð fyrir að ákvæðinu sé aðeins beitt þegar knýjandi þörf er fyrir hendi, þ.m.t. vegna breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum.

Í 2. mgr. er lagt til að afturköllunarheimild verði sett inn í lög um fjarskipti að nýju. Slík heimild var í eldri fjarskiptalögum en var felld niður með setningu laga nr. 81/2003. Skortur á slíkri heimild hefur valdið erfiðleikum við innleiðingu nýrrar þjónustu sem byggist á alþjóðlegri samþykkt um samræmda tíðninotkun. Um það vísast til úrskurðar úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 6/2008, þar sem deilt var um hvort Póst- og fjarskiptastofnun væri heimilt að krefjast þess að fyrirtæki færði fastasambönd sín af tíðnisviði sem ætlað er til notkunar fyrir þriðju kynslóð farsíma. Nefndin taldi í úrskurði sínum að ákvæði 12. gr. laga um fjarskipti í núverandi mynd væri ekki nægileg heimild til þess að afturkalla áður útgefin tíðniréttindi. Nefndin segir m.a. í úrskurðinum: „Eins og áður er að vikið standa til þess nokkur nytsemisrök að íslensk fjarskiptalöggjöf geri ráð fyrir slíkri heimild, en slík rök ein og sér eru ekki tæk sem málefnalegur rökstuðningur stjórnvaldsákvörðunar. Ekki er m.ö.o. ólíklegt að PFS þurfi á slíkri heimild að halda til þess að sinna starfi sínu.“ Telja verður nauðsynlegt að endurvekja afturköllunarheimild til þess að tryggja að ekki verði staðið í vegi fyrir eðlilegri framþróun í notkun tíðna og númera. Er gert ráð fyrir að afturköllun komi einungis til greina í afar afmörkuðum tilvikum, enda um íþyngjandi úrræði að ræða. Því þurfa ríkir hagsmunir að standa fyrir slíkri ákvörðun, svo sem hún sé nauðsynleg

í þágu almannahagsmuna. Slíkar aðstæður geta til dæmis komið upp þegar um er að ræða ótímabundnar tíðniheimildir sem gefnar voru út fyrir afnám einkaréttar ríkisins á fjarskiptastarfsemi.

3. mgr. er hliðstæð 2. mgr. í núgildandi 12. gr. Lagt er til í að orðalagi verði breytt á þann hátt að ljóst sé að fyrirhuguð breyting skuli kynnt áður en endanleg ákvörðun er tekin um hana. Einnig er nú gert ráð fyrir að afturkallanir réttinda séu kynntar með sama hætti og breytingar á réttindum.

Í 4. mgr. er nýtt ákvæði sem gerir ráð fyrir því að ef ástæður fyrir úthlutun sérstakra réttinda hætta að vera til staðar á gildistíma réttinda skuli stuðla að skilvirkari notkun tíðnisviðsins með því annaðhvort að opna það svo hver sem er geti nýtt það á grundvelli almennrar heimildar eða gera rétthafa kleift að framselja eða leigja réttindin. Tilvik sem þessi geta t.d. verið þegar tækniþróun leiðir til þess að samnýting tíðnisviðs verður möguleg. Það er ekki talið þjóna markmiðum fjarskiptalöggjafar um virka samkeppni og skilvirka notkun tíðnirófsins að einkaréttur sé á notkun tíðnisviðs þegar hans er ekki lengur þörf. Tveir möguleikar eru til þess að losa um einkaafnot í slíkum tilvikum, þ.e. annars vegar að opna tíðnisviðið alfarið og hins vegar að heimila framsal eða leigu. Við mat á því hvor leiðin er farin getur skipt máli hvort rétthafi greiddi gjald fyrir réttindin í upphafi.

Í 5. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar sérstök númera- eða tíðniréttindi er framlengd. Slíkt getur t.d. komið til ef rétthafi hefur áfram þörf fyrir tíðnir og hefur fjárfest mikið í fjarskiptaneti og ekki er knýjandi þörf fyrir að bjóða út tíðnirnar að nýju. Í einhverjum tilvikum hefur verið tekið fram í skilmálum tíðniréttinda að gert sé ráð fyrir framlengingu, en slík tilvik eru fá. Það er því í flestum tilvikum valkvætt hvort orðið er við óskum um framlengingu. Þegar framlenging á sér stað geta aðstæður og löggjöf hafa breyst verulega frá því að réttindin voru upphaflega gefin út og því getur verið nauðsynlegt að breyta skilyrðum sem um þau gilda. Rétt þykir að skýr heimild sé í lögum til þess að gera slíkar breytingar.

Um 7. gr.

Þar sem 14. gr. laganna fjallar að mestu leyti um skipulag tíðnirófsins þykir eðlilegt að það komi fram í fyrirsögn greinarinnar.

Lagt er til að á 1. mgr. verði gerðar þær breytingar að í stað orðsins „tíðniplan“ verði notað orðið „tíðniskipulag“ og kveðið verði á um að skipulagið skuli birt opinberlega. Birting á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar telst nægjanleg birting í því sambandi. Lagt er til að Póst- og fjarskiptastofnun geti ákveðið að alþjóðlegar samþykktir um skipulag tíðnirófsins og notkun verði hluti af íslenska tíðniskipulaginu og verði bindandi hér á landi þegar vísað hefur verið til þeirra í opinberu tíðniskipulagi stofnunarinnar. Hér er fyrst og fremst átt við ákvæði radióreglugerðar Alþjóðafjarskiptasambandsins ITU og ákvarðanir og tilmæli evrópsku fjarskiptanefndarinnar ECC, eftir því sem við á. Einnig gæti komið til þess að heppilegt væri talið að taka ákvarðanir sem teknar eru á vettvangi EES inn í íslenska tíðniskipulagið. Ákvarðanir sem hér er átt við varða útfærsluatriði sem eru innan valdsviðs Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt gildandi lögum og þykir ekki ástæða til þess að viðhafa sérstakar breytingar á lögum eða reglugerð í hvert sinn sem taka þarf slíkar ákvarðanir inn í tíðniskipulagið.

Lagt er til að við greinina bætist tvær nýjar málsgreinar sem verða 2. og 3. mgr. Fyrri málsgreinin kveður á um að gætt skuli hlutleysis gagnvart mismunandi tæknilausnum við skipulagningu tíðnirófsins. Tæknilegt hlutleysi er ein af grundvallarreglunum í fjarskiptalöggjöf ESB. Það er samt sem áður nauðsynlegt í sumum tilvikum að setja skorður við því hvaða tækni má nota og þau atriði eru talin upp sem réttlætt geta slíkar takmarkanir. Síðari máls-

greinin fjallar um að ekki skuli binda notkun tíðna við ákveðna þjónustutegund að óþörfu. Heimilt er að takmarka hvaða þjónustutegundir má starfrækja á ákveðnum tíðnisviðum ef gildar ástæður eru fyrir því. Það er annars vegar vegna alþjóðlegra samþykkta um tíðnimál, en þar er helst að nefna radíóreglugerð ITU, og hins vegar til að uppfylla almenn markmið stjórnvalda, sem eru ekki sérstaklega tiltekin í ákvæðinu.

Um III. kafla.

Hér eru lagðar til breytingar á tæknikafla laganna. Markmið endurbótanna eru m.a. að einfalda stjórnsýsluna og koma í veg fyrir réttaróvissu, auk þess sem kveðið er á um nýmæli í þágu almannahagsmuna. Annars vegar er lagt til að settur verði á fót gagnagrunnur um þráðlausan sendibúnað. Mun slíkur gagnagrunnur koma að gagni við að kortleggja fjarskiptainnviði landsins og þar með nýtast við stefnumótun á sviði fjarskipta, auk þess sem hann auðveldar eftirlit, bæði almennt séð varðandi útbreiðslu og í einstökum tilfellum, til að mynda vegna truflana. Þá verður almenningi gert kleift með gagnagrunninum að kalla eftir upplýsingum um staðsetningu senda, m.t.t. umhverfissjónarmiða, en víða erlendis þekkist að almenningur hafi aðgang að slíkum gagnagrunni. Hins vegar er lagt til það nýmæli, að beiðni Fangelsismálastofnunar og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis, að fangelsisyfirvöldum sé gert kleift að trufla fjarskipti innan sérstaklega afmarkaðra svæða vegna framkvæmdar á öryggis- og refsigæslu, en þótt hefur vandasamt að koma í veg fyrir fjarskipti innan veggja fangelsa með öðrum hætti.

Í kaflanum eru lagðar til breytingar varðandi þráðlausan sendibúnað. Hingað til hefur þurft leyfi, útgefið af Póst- og fjarskiptastofnun, til starfrækslu slíks búnaðar. Í ákveðnum tilfellum væri til mikilla bóta að einfalda fyrirkomulagið og kveða á um tilkynningarskyldu. Sem dæmi má nefna talstöðvaleyfi til leigubílstjóra.

Þá er lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun taki við skyldum frá Brunamálastofnun varðandi skaðlegar truflanir frá rafföngum á fjarskiptavirki og stofnunin fái til þess viðhlítandi valdheimildir, en þær skortir nú, sbr. 4. mgr. 71. gr. fjarskiptalaga. Ríkt hefur nokkur réttaróvissa í tilfellum þar sem skaðlegar truflanir hafa stafað frá rafföngum, t.d. rafmagnsgirðingum, og verður ekki talið eðlilegt að sú skylda hvíli á fjarskiptafyrirtækjum að aðhafast vegna slíkra truflana.

Um 8. gr.

Í 62. gr. laganna er fjallað um þráðlausan sendibúnað. Það hugtak hefur nokkuð þrengri merkingu en hugtakið fjarskiptavirki sem skilgreint er í 14. tölul. 3. gr. laganna. Þannig tekur það t.d. ekki til grunnnetsins, þ.e. fastlínukerfisins, eða móttöku fjarskiptasendinga. Um er að ræða hinn eiginlega sendibúnað, t.d. farsímasenda og talstöðvar, en ekki tækjahluta sem honum kunna að tengjast, svo sem leiðslur og möstur og þess háttar.

Í a-lið er lagt til að sá málsliður í 1. mgr. 62. gr. sem fjallar um heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að veita undanþágu frá leyfisskyldu verði felldur brott. Er það gert til samræmis við þá fyrirætlun að veita Póst- og fjarskiptastofnun heimild til þess að ákveða að tilteknar tegundir þráðlauss sendibúnaðar skuli eingöngu háðar tilkynningarskyldu, sbr. b-lið þessa ákvæðis.

Í b-lið er lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun hafi heimild til þess að ákveða að tilteknar tegundir þráðlauss sendibúnaðar skuli eingöngu háðar tilkynningarskyldu. Eðlilegt þykir að í þeim tilvikum þegar ekki er þörf fyrir að gefa út sérstök leyfi sé a.m.k. skylt að tilkynna stofnuninni um uppsetningu eða notkun slíks búnaðar. Þá er gert ráð fyrir því að stofnuninni gefist svigrúm til þess að grípa inn í ef þurfa þykir vegna skipulags tíðnirófsins eða hættu á

skaðlegum fjarskiptatruflunum. Í slíkum tilvikum getur stofnunin beint fyrirmælum til viðkomandi aðila, t.d. um að breyta stillingu búnaðar eða jafnvel banna uppsetningu eða notkun hans. Rétt þykir að taka sérstaklega fram að óheimilt er að nota tilkynningarskyldan sendibúnað sem ekki hefur verið tilkynntur. Komi upp slíkt tilvik varðar það við 4. mgr. 74. gr. fjarskiptalaga sem kveður á um að heimilt sé að gera fjarskiptabúnað upptækan sem hefur verið starfræktur í heimildarleysi. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun setji reglur um tilkynningu þráðlauss sendibúnaðar, sem hafi að geyma nánari fyrirmæli um það til hvaða búnaðar tilkynningarskyldan tekur, hvaða kröfur séu gerðar til efnis tilkynningarinnar o.s.frv. Slíkar reglur geta jafnframt lagt ákveðnar skyldur á tíðniréttthafa á þeim tíðnisviðum sem slíkur búnaður starfar á, t.d. um skráarhald og upplýsingagjöf til stofnunarinnar.

Um 9. gr.

Lagt er til í nýrri grein, 62. gr. a, að komið verði á fót rafrænum gagnagrunni um þráðlausan sendibúnað. Í 1. málsl. 1. mgr. segir að Póst- og fjarskiptastofnun haldi gagnagrunninn, en í því felst að stofnunin telst vera ábyrgðaraðili hans. Ráðgert er að í gagnagrunninn verði skráðar allar helstu upplýsingar um sendibúnað þannig að fullægjandi yfirsýn fáist um þau þráðlausu fjarskiptanet sem sett hafa verið upp hér á landi. Í þessu sambandi er einkum horft til farsímasenda þó svo að ákvæðið útiloki ekki að upplýsingar um aðrar tegundir af sendibúnaði séu skráðar í gagnagrunninn. Til að gagnagrunnurinn geti þjónað tilgangi sínum þarf a.m.k. að skrá upplýsingar um sendistyrk og sendistefnu, bandbreidd og tengingu búnaðarins við almenn fjarskiptanet. Rétt er að taka fram að ekki er um að ræða tæmandi upptalningu á þeim upplýsingum um sendibúnað sem heimilt er að skrá í gagnagrunninn, enda fáist slík skráning samrýmst tilgangi gagnagrunnsins. Í flestum tilvikum ættu þessar upplýsingar að vera tiltækar í upplýsingakerfum eigenda búnaðarins. Samantekt á upplýsingum sem óskað er eftir getur þó falið í sér vinnu og einhver kostnaður kann að falla til. Hins vegar er litið svo á að um sé að ræða upplýsingar sem séu nauðsynlegar í þágu opinbers eftirlits og Póst- og fjarskiptastofnun ber að hafa aðgang að til að geta rækt lögbundið hlutverk sitt. Því er gert ráð fyrir að eigendum þráðlauss búnaðar sé skylt að afhenda stofnuninni umbeðnar upplýsingar án þess að fá slíkan kostnað bættan, eins og venjan er varðandi þær upplýsingar sem kallað er eftir í þágu opinbers eftirlits.

Í 2. mgr. er fjallað um það hvernig Póst- og fjarskiptastofnun megi hagnýta upplýsingar í gagnagrunninum. Í stuttu máli er stofnuninni heimilt að nýta upplýsingarnar í eftirlitsstarfsemi sinni, sbr. þau verkefni sem talin eru upp í 3. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Í dæmaskyni eru nefnd nokkur verkefni þar sem upplýsingar um staðsetningu og eiginleika þráðlauss sendibúnaðar geta komið að notum, t.d. varðandi eftirlit með virkni, öryggi og heildstæði fjarskiptaneta, aðgerðir til að staðsetja skaðlegar fjarskiptatruflanir og vinnu við gerð korta um útbreiðslu fjarskiptasendinga. Rétt er að taka fram að heimild til notkunar á upplýsingunum er ekki bundin við þessi dæmi.

Í 3. mgr. segir að heimilt sé að nýta upplýsingar í gagnagrunninum við stefnumótun á sviði fjarskipta. Gagnagrunnurinn getur til að mynda komið að gagni við stefnumótun á vegum ráðuneytisins, m.a. við gerð samskiptaáætlunar eða vegna starfsemi fjarskiptasjóðs. Þá nýtast upplýsingarnar Póst- og fjarskiptastofnun t.d. við kortlagningu mikilvægra innviða fjarskiptaneta. Í málsgreininni er jafnframt gert ráð fyrir því að önnur stjórnvöld geti fengið aðgang að upplýsingum í gagnagrunninum, að hluta eða öllu leyti, til þess að vinna að verkefnum og uppfylla skyldur sínar á sviði almannavarna, heilsuverndar, skipulagsmála og umhverfismála. Í ljósi markmiðs um að gagnagrunnurinn geti komið að sem mestum samfélags-

legum notum þykir eðlilegt að orða þessa málsgrein með almennum hætti. Þannig er ekki talin ástæða til þess að tilgreina sérstaklega hvaða stjórnvöld geta átt í hlut heldur einungis gert að skilyrði að þau starfi á þeim málefnasviðum sem talin eru falla málefnalega að notkunargildi þeirra upplýsinga sem gagnagrunnurinn hefur að geyma. Hér geta t.d. komið til álita stjórnvöld á borð við embætti ríkislögreglustjóra (almannavarnadeild), Fasteignamat ríkisins, Geislavarnir ríkisins, Umhverfisstofnun, Landmælingar Íslands og Skipulagsstofnun, auk skipulagsyfirvalda innan sveitarfélaganna. Þar sem hér er um að ræða heimildarákvæði fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til að veita aðgang að gagnagrunninum og ekki er tiltekið í ákvæðinu sjálfu hvaða stjórnvöld geta fengið aðgang að honum er það lagt í mat stofnunarinnar, sem ábyrgðaraðila gagnagrunnsins, að ákveða hvaða stjórnvald getur fengið aðgang. Við mat á því ber stofnuninni að leggja til grundvallar að aðgangur stjórnvalds að upplýsingum í gagnagrunninum geti nýst því til að uppfylla skyldur sínar og lögmæt markmið samkvæmt lögum sem falla undir þau málefnasvið sem getið er um í ákvæðinu. Við slíka ákvörðunartöku ber stofnuninni jafnframt að gæta að því að réttmætum viðskiptahagsmunum eigenda sendibúnaðar sé ekki ógnað með því að veita aðgang. Þá gerir ákvæðið ráð fyrir því að kostnaður geti fallið til við að veita aðgang að gagnagrunninum, t.d. við að setja upp verkferla og samhæfa upplýsingakerfi og þess háttar. Talið er sanngjarnt að það stjórnvald sem sækir um aðgang að gagnagrunninum beri slíkan kostnað.

Í 4. mgr. er lagt til að almenningi verði veittur takmarkaður aðgangur að upplýsingum í gagnagrunninum án þess að endurgjald komi fyrir. Með fyrirspurn í gagnagrunninn skal vera mögulegt að kalla fram upplýsingar um staðsetningu allra þráðlausra senda á tilteknu svæði og um helstu tæknilegu eiginleika þeirra. Tilgangurinn með því er að gefa hinum almenna borgara kost á að verða sér út um upplýsingar um staðsetningu þráðlauss sendibúnaðar í nánasta umhverfi sínu, með tilliti til sjónarmiða um gagnsæi í skipulagsmálum.

Í takmörkuðum aðgangi almennings felst að unnt verði að kalla fram upplýsingar um afmarkað svæði, svo sem fjölda senda við tiltekna götu eða í ákveðnu íbúðarhverfi. Getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið hvaða takmörkunum slíkur aðgangur almennings skuli vera háður, til að mynda með hliðsjón af öryggisástæðum eða vegna upplýsinga er varða mikilvæga viðskiptahagsmuni tíðniréttthafa og eigenda þráðlauss sendibúnaðar. Vitað er að upplýsingar sem þessar má tengja saman við staðsetningarþjónustu og virðisaukandi þjónustu sem byggist á því að veita notanda farsíma ákveðnar upplýsingar á grundvelli upplýsinga um staðsetningu hans. Hagnýting upplýsinga um staðsetningu þráðlauss sendibúnaðar í slíkum viðskiptalegum tilgangi þykir eiga að vera á forræði eigenda búnaðarins. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun setji nánari reglur um skráningu, birtingu og aðgang að upplýsingum í gagnagrunni um þráðlausan sendibúnað.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun geti á grundvelli sérstaks þjónustusamnings samið við annan aðila um að hýsa og reka gagnagrunninn. Lagt er til að opnað verði fyrir þennan möguleika til að greiða fyrir hugsanlegri hagræðingu í rekstri gagnagrunnsins, en ljóst er að önnur stjórnvöld hafa það hlutverk að annast áþekkt skráarhald, jafnvel safna sambærilegum upplýsingum og gagnagrunnur samkvæmt þessu ákvæði hefur að geyma. Nefna má Fasteignaskrá Íslands og Landmælingar Íslands sem dæmi um slíkt, en höfð var hliðsjón af frumvarpi umhverfisráðuneytis til laga um grunngerð landupplýsinga er byggist á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2007/2/EB um notkun og miðlun landupplýsinga, er nefnd hefur verið INSPIRE (e. Infrastructure for Spatial Information in the European Community). Sé gengið til slíks samstarfs er eðlilegt að það sé gert á grundvelli sérstaks þjónustusamnings þar sem afmarkaðar eru annars vegar skyldur ábyrgðaraðila skrárinnar og hins vegar vinnsluaðila hennar. Ekki skal heimilt að gera samning við aðila sem

stundar fjarskiptastarfsemi eða hefur tengsl við slíkan aðila. Samningur skal ekki gerður nema tryggt sé að viðkomandi aðili uppfylli að mati Póst- og fjarskiptastofnunar viðeigandi kröfur um öryggi upplýsinga samkvæmt viðurkenndum stöðlum. Þeir staðlar sem einkum er horft til í þessu sambandi eru ISO/IEC 27001 Stjórnkerfi upplýsingaöryggis og ISO/IEC 1799 Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsingaöryggis. Ábyrgðaraðila gagnagrunnsins er falið að leggja mat á það hvort öryggisskipulag viðkomandi aðila teljist vera fullnægjandi hvað þetta varðar.

Um 10. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 64. gr. laganna.

Í 1. mgr. er lagt til að heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðlegar fjarskiptatruflanir taki einnig til raffanga. Hugtakið skaðleg truflun er skilgreint í 28. tölulið 3. gr. fjarskiptalaga sem: „Truflun sem setur í hættu, rýrir alvarlega, hindrar eða truflar endurtekið þráðlausa fjarskiptaþjónustu.“ Um skilgreiningu á hugtakinu raffang er vísað til 3. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, en þar er hugtakið skilgreint svo: „Hvers konar hlutur sem kemur að gagni við nýtingu rafmagns.“ Þekkt er að rafföng geta truflað fjarskiptasendingar, en samkvæmt upplýsingum frá Póst- og fjarskiptastofnun er m.a. vitað til þess að ljósaperur, örbylgjuofnar og þvottavélar hafi valdið slíkum truflunum. Með þessari lagabreytingu er Póst- og fjarskiptastofnun gert kleift að grípa til viðeigandi ráðstafana vegna fjarskiptatruflana sem rafföng valda með sama hætti og hún hefur hingað til gert vegna skaðlegra truflana frá öðrum fjarskiptavirkjum.

Í ljósi þess að gildissvið greinarinnar er víkkað út þannig að ákvæðið taki einnig til raffanga þykir rétt að færa 4. mgr. 71. gr. laganna, sem fjallar um truflanir frá öðrum hlutum en fjarskiptavirkjum, t.d. tækjum, raflögnum, pípum, leiðslum eða því um líku, sbr. orðalag ákvæðisins, undir 64. gr. Þrátt fyrir útvíkkun á gildissviði greinarinnar er talið rétt að fjalla sérstaklega um truflanir frá þess konar hlutum þar sem ekki er endilega hægt að koma í veg fyrir þær með því að innsigla hlutina eða banna notkun þeirra, auk þess sem þeir verða í sumum tilvikum trauðla afhentir Póst- og fjarskiptastofnunar til geymslu. Unnt er að nefna raflagnir og rafmagnsgirðingar sem dæmi. Í slíkum tilvikum getur verið nauðsynlegt að gera ákveðnar úrbætur á hlutnum, færa hann úr stað eða jafnvel fjarlægja hann með öllu. Tekið skal fram að þegar talað er um hlut í þessu samhengi getur í sumum tilvikum verið réttara að líta á hlutinn sem mannvirki. Orðalag málsgreinarinnar er að uppistöðu það sama og í núgildandi 4. mgr. 71. fjarskiptalaga. Hins vegar er lögð til sú breyting að það verði á valdi Póst- og fjarskiptastofnunar að mæla fyrir um úrbætur, og eftir atvikum að gera ráðstafanir til að þær verði gerðar, en það sé ekki í höndum fjarskiptafyrirtækjanna sjálfra eins og í núgildandi lögum. Í framkvæmd hefur það sýnt sig að það er ekki á færi einkaaðila að ráðast í svo íþyngjandi aðgerðir gagnvart öðrum einkaaðila þrátt fyrir að til þess sé stoð í lögum. Hafa fjarskiptafyrirtæki því veigrað sig við því að nýta sér rétt sinn samkvæmt ákvæðinu og truflanir af þessum sökum verið viðvarandi vandamál í sumum tilfellum. Þannig gerir tillaga frumvarpsins ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun verði falið að meta hvort hlutir valdi skaðlegum fjarskiptatruflunum og ákveða til hvaða viðeigandi úrbóta þurfi að grípa. Ákvæðið gerir ráð fyrir að eigandi hlutarins sem veldur hinni skaðlegu truflun beri kostnaðinn við nauðsynlegar úrbætur. Til að eigandi hlutar sem veldur skaðlegri truflun beri kostnað við nauðsynlegar úrbætur þarf fyrst að sanna, samkvæmt núgildandi lögum, að truflanirnar stafi af gáleysi hans. Telja verður slíkt fyrirkomulag of þungt í vöfum. Ljóst er samkvæmt gildandi lögum, og hefur verið um langan tíma, að fjarskiptavirki nýtur forgangs þegar kemur

að því að notkun þess og annars tækis eða hlutar er ósamrýmanleg á sama stað á sömu stundu. Undir slíkum kringumstæðum og ef um skaðlega truflun er að ræða ber að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi hinn hlutinn, þ.e. truflunarvaldinn, þannig að honum sé breytt, hann færður úr stað eða fjarlægður. Með tilliti til þessarar rótgrónu reglu þykir eðlilegt að fella hlutlæga ábyrgð á eiganda hlutarins til þess að bera kostnað við nauðsynlegar úrbætur til að koma í veg fyrir fjarskiptatruflunina. Í 3. mgr. er þannig lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun sé heimilt að framkvæma nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda hlutarins ef hann verður ekki við fyrirmælum um að gera slíkt sjálfur. Er þá mælt fyrir um að kröfur um endurgreiðslu kostnaðar sem þannig stofnast séu aðfararhæfar með beinni aðfarargerð.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir því að lögreglu sé skylt að veita Póst- og fjarskiptastofnun aðstoð komi til þess að grípa þurfi til aðgerða til að koma í veg fyrir skaðlega fjarskiptatruflun í mótstöðu við eiganda þess hlutar sem veldur trufluninni. Ákvæði 3. og 4. mgr. eiga sér hliðstæðu í skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. 6. mgr. 56. gr. og 2. mgr. 57. gr. þeirra.

Samkvæmt 5. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnunar heimilt, að fenginni beiðni frá Fangelsismálastofnun, að veita heimild til truflunar á þráðlausum fjarskiptum innan sérstaklega afmarkaðs svæðis vegna framkvæmdar á öryggis- og refsigæslu. Með þráðlausum fjarskiptum í þessu samhengi er einkum horft til farsímaþjónustu og gagnaflutningsþjónustu. Eingöngu er heimilt að veita slíka heimild þjóni það lögmætum markmiðum um framkvæmd öryggis- og refsigæslu. Þannig mundi slík heimild ekki vera veitt fyrir svæði sem ekki eru á forræði fangelsismálayfirvalda. Auk þess yrði að gæta að því að truflun fjarskipta á þeim svæðum gengi ekki lengra en nauðsynlegt væri til að ná því markmiði sem að væri stefnt, sbr. meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar. Hvað varðar skilgreiningu á hugtökunum öryggis- og refsigæslu ber að leggja þann skilning í þau að þau geti jafnframt náð yfir gæsluvarðhaldsfangelsi og meðferðarstofnanir á vegum Fangelsismálastofnunar. Þar sem með slíkri aðgerð væri verið að skerða nýtingarmöguleika tíðniréttthafa, sem bjóða fjarskiptaþjónustu á umræddum stöðum, þykir rétt að leitað sé álits þeirra áður en heimild til truflunar er veitt. Setji tíðniréttthafar sig á móti því að slík heimild sé veitt kemur til úrskurðar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Um 11. gr.

Ákvæði 4. mgr. 71. gr. laganna fellur brott. Um ástæður fyrir þessari breytingu er vísað til athugasemda við 10. gr.

Um 12. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þegar þær tíðniheimildir sem hér um ræðir voru fyrst gefnar út til að veita GSM-farsímaþjónustu, annars vegar til Pósts og síma hf., dags. 27. desember 1996 og hins vegar til Tals hf., dags. 23. júlí 1997, var tekið 15.000.000 kr. gjald fyrir hvora heimild fyrir sig. Runnu gjöldin til ríkissjóðs. Með lögum nr. 152/2000, um breytingu á lögum nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun, var sett inn ákvæði til bráðabirgða um gjaldtöku vegna útgáfu þriðju tíðniheimildarinnar til starfrækslu GSM-farsímanets, en sú heimild var gefin út til Íslandssíma ehf. 11. ágúst 1999. Samkvæmt frumvarpi að fyrrnefndum lögum skyldi fjárhæð gjaldsins miðast við gjaldið fyrir fyrstu tvær heimildirnar en uppfærð þannig að hún tæki mið af breytingu á vísitölu neysluverðs. Gjaldið var þannig ákveðið 16.600.000 kr. þegar frumvarpið var lagt fram 1. nóvember 2000. Þessar tíðniheimildir eru nú í höndum Símans

hf. og Og fjarskipta ehf. (Vodafone) og rennur gildistími þeirra út í febrúar 2011. Eðlilegt þykir að komi til endurúthlutunar þessara réttinda til sömu eða annarra aðila, að hluta eða öllu leyti, verði tekið gjald fyrir tímabundin afnot af auðlindinni líkt og upphaflega var gert. Sömu sjónarmið eiga við komi til nýrrar úthlutunar tíðniréttinda þar sem tíðniréttindum er ennþá óráðstafað á GSM/UMTS 1800 MHz tíðnisviðinu. Lagt er til að gjöld fyrir tíðniréttindin verði fundin út með sama hætti og gert var þegar lög nr. 152/2000 voru sett. Þannig er lagt til grundvallar að fjárhæðin 16.600.000 kr., sem er síðasta gjald sem tekið var fyrir réttindin, verði uppfærð með tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs til dagsins í dag. Miðað við þær forsendur er uppfærð fjárhæð 30.000.000 kr. miðað við tíðniheimild sem er 2x10 MHz að stærð (1.500.000 kr. x 20 MHz). Hins vegar gerir gjaldtökuheimildin, samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu, ráð fyrir því að greitt sé hlutfallslega fyrir stærð tíðnisviðsins, þ.e. 1.500.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz á 900 MHz tíðnisviðinu og 500.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz á 1800 MHZ tíðnisviðinu.Þá þykir rétt að gjaldið skuli miðast við að tíðniréttindi séu gefin út til 10 ára. Sé tíðniréttindum úthlutað til lengri eða skemmri tíma skuli því greiða hlutfallslega í samræmi við það. Um útreikning á gjaldtöku fyrir tíðniheimildir og til nánari skýringa er vísað til viðauka við frumvarp þetta. Skynsamlegt þykir að tímabinda gjaldtökuheimildina þar sem hún á fyrst og fremst við um þá endurúthlutun sem mun fara fram þegar framangreindar tíðniheimildir renna út í febrúar 2011. Einnig þykir skynsamlegt að festa ekki verðgildi þessara réttinda í lög til lengri tíma en til ársloka 2012. Gert er ráð fyrir að gjöldin renni til ríkissjóðs. Í síðasta málslið ákvæðisins segir að ákvæðið gildi ekki um úthlutanir sem fara fram með uppboði. Ástæðan er að í 7. efnismgr. 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að ákveða í uppboðsskilmálum lágmarksboð fyrir hverja úthlutun. Slík gjöld renna í ríkissjóð með sama hætti og gjaldtaka samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu. Ekki þykir vera ástæða til þess að binda hendur Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir fram til að ákvarða lágmarksboð fyrir tíðniúthlutun á þeim réttindum sem hér um ræðir ef til uppboðs kemur. Þó verður að telja líklegt að stofnunin muni að einhverju leyti horfa til þeirrar gjaldtöku sem bráðabirgðaákvæðið mælir fyrir um.

Viðauki.

Gjald fyrir tíðniheimildir.

Stærð tíðnisviðs.

Verðlagning á tíðni til að starfrækja farsímanet fyrir 900 MHz þjónustu er 30.000.000 kr. miðað við 10 MHz tíðnisvið. Af því leiðir að 1 MHz tíðnisvið er verðlagt á 3.000.000 kr. Framangreind verðlagning byggist á framreikningi á 16.600.000 kr. gjaldi frá árinu 2000 miðað við vísitölu neysluverðs til núverandi verðlags.

Verðlagning á tíðni til að starfrækja farsímanet fyrir 1800 MHz þjónustu er 10.000.000 kr. miðað við 10 MHz tíðnisvið. 1 MHz tíðnisvið er verðlagt á 1.000.000 kr. Framangreind verðlagning fyrir 1.800 MHz tíðnisviðsins tekur mið af gjaldi fyrir 900 MHz þjónustu en er lækkað í samræmi við takmarkaðri nýtingarmöguleika, að því er varðar dreifingu og þéttleika fjarskiptamerkis.

Gildistími tíðniréttinda.

Annar áhrifaþáttur á verðlagningu tíðniréttinda er til hversu langs tíma þau eru úthlutuð. Þannig verður að telja eðlilegt að tekið sé lægra gjald fyrir þau tíðniréttindi sem úthlutuð eru

til skemmri tíma en 10 ára í réttu hlutfalli við þann gildistíma sem um ræðir. Sé tíðnirétt-indum á hinn bóginn úthlutað til lengri tíma en 10 ára þykir rétt að taka hlutfallslega hærra gjald. Eru gefin upp sýnidæmi í töflum hér að neðan.

Dæmi um útreikning á tíðnigjaldi.
Tafla 1. Gjald fyrir tíðniheimild á 900 MHz tíðnisviði.

Tíðni / Ár	15	14	13	12	11	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1
2x1	4.500	4.200	3.900	3.600	3.300	3.000	2.700	2.400	2.100	1.800	1.500	1.200	900	600	300
2x2	9.000	8.400	7.800	7.200	6.600	6.000	5.400	4.800	4.200	3.600	3.000	2.400	1.800	1.200	600
2x3	13.500	12.600	11.700	10.800	9.900	9.000	8.100	7.200	6.300	5.400	4.500	3.600	2.700	1.800	900
2x4	18.000	16.800	15.600	14.400	13.200	12.000	10.800	9.600	8.400	7.200	6.000	4.800	3.600	2.400	1.200
2x5	22.500	21.000	19.500	18.000	16.500	15.000	13.500	12.000	10.500	9.000	7.500	6.000	4.500	3.000	1.500
2x6	27.000	25.200	23.400	21.600	19.800	18.000	16.200	14.400	12.600	10.800	9.000	7.200	5.400	3.600	1.800
2x7	31.500	29.400	27.300	25.200	23.100	21.000	18.900	16.800	14.700	12.600	10.500	8.400	6.300	4.200	2.100
2x8	36.000	33.600	31.200	28.800	26.400	24.000	21.600	19.200	16.800	14.400	12.000	9.600	7.200	4.800	2.400
2x9	40.500	37.800	35.100	32.400	29.700	27.000	24.300	21.600	18.900	16.200	13.500	10.800	8.100	5.400	2.700
2x10	45.000	42.000	39.000	36.000	33.000	**30.000**	27.000	24.000	21.000	18.000	15.000	12.000	9.000	6.000	3.000
2x11	49.500	46.200	42.900	39.600	36.300	33.000	29.700	26.400	23.100	19.800	16.500	13.200	9.900	6.600	3.300
2x12	54.000	50.400	46.800	43.200	39.600	36.000	32.400	28.800	25.200	21.600	18.000	14.400	10.800	7.200	3.600
2x13	58.500	54.600	50.700	46.800	42.900	39.000	35.100	31.200	27.300	23.400	19.500	15.600	11.700	7.800	3.900
2x14	63.000	58.800	54.600	50.400	46.200	42.000	37.800	33.600	29.400	25.200	21.000	16.800	12.600	8.400	4.200
2x15	67.500	63.000	58.500	54.000	49.500	45.000	40.500	36.000	31.500	27.000	22.500	18.000	13.500	9.000	4.500

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Tafla 2. Gjald fyrir tíðniheimild á 1800 MHz tíðnisviði.

Tíðni / Ár	15	14	13	12	11	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1
2x1	1.500	1.400	1.300	1.200	1.100	1.000	900	800	700	600	500	400	300	200	100
2x2	3.000	2.800	2.600	2.400	2.200	2.000	1.800	1.600	1.400	1.200	1.000	800	600	400	200
2x3	4.500	4.200	3.900	3.600	3.300	3.000	2.700	2.400	2.100	1.800	1.500	1.200	900	600	300
2x4	6.000	5.600	5.200	4.800	4.400	4.000	3.600	3.200	2.800	2.400	2.000	1.600	1.200	800	400
2x5	7.500	7.000	6.500	6.000	5.500	5.000	4.500	4.000	3.500	3.000	2.500	2.000	1.500	1.000	500
2x6	9.000	8.400	7.800	7.200	6.600	6.000	5.400	4.800	4.200	3.600	3.000	2.400	1.800	1.200	600
2x7	10.500	9.800	9.100	8.400	7.700	7.000	6.300	5.600	4.900	4.200	3.500	2.800	2.100	1.400	700
2x8	12.000	11.200	10.400	9.600	8.800	8.000	7.200	6.400	5.600	4.800	4.000	3.200	2.400	1.600	800
2x9	13.500	12.600	11.700	10.800	9.900	9.000	8.100	7.200	6.300	5.400	4.500	3.600	2.700	1.800	900
2x10	15.000	14.000	13.000	12.000	11.000	**10.000**	9.000	8.000	7.000	6.000	5.000	4.000	3.000	2.000	1.000
2x11	16.500	15.400	14.300	13.200	12.100	11.000	9.900	8.800	7.700	6.600	5.500	4.400	3.300	2.200	1.100
2x12	18.000	16.800	15.600	14.400	13.200	12.000	10.800	9.600	8.400	7.200	6.000	4.800	3.600	2.400	1.200
2x13	19.500	18.200	16.900	15.600	14.300	13.000	11.700	10.400	9.100	7.800	6.500	5.200	3.900	2.600	1.300
2x14	21.000	19.600	18.200	16.800	15.400	14.000	12.600	11.200	9.800	8.400	7.000	5.600	4.200	2.800	1.400
2x15	22.500	21.000	19.500	18.000	16.500	15.000	13.500	12.000	10.500	9.000	7.500	6.000	4.500	3.000	1.500

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Gjald sem hlutfall af veltu.

Þegar tíðniheimildir voru fyrst gefnar út í desember 1996 og síðar í júlí 1997 var gjald sem tekið var fyrir tíðniheimildir til að veita GSM farsímaþjónustu 15.000.000 kr. Við útgáfu þriðju tíðniheimildarinnar var ákveðið að gjaldið tæki mið af breytingu vísitölu neysluverðs miðað við gjald sem tekið var í upphafi. Gjald fyrir tíðniheimild framreiknað miðað við vísi-

tölu neysluverðs frá nóvember 2000 til núverandi verðlags, þ.e. september 2010, er 30.000.000 kr. þegar búið er að taka tillit til nálgunar.

Til samanburðar er hægt að skoða hversu mikil fjárhagsleg byrði lögð er á fjarskiptafyrirtæki út frá veltu félaga miðað við upphaflegt gjald og það borið saman við framreiknað gjald miðað við vísitölu neysluverðs á núverandi verðlagi, en vísitala neysluverðs hækkaði um 103,0% á tímabilinu nóvember 1996 til september 2010.

Tafla 3.

	1996	1998	2000	2002	2004	2006	2008	2009
Heildarvelta Símans	10.400.000	11.830.898	16.253.079	17.251.107	19.806.111	22.038.130	21.693.555	21.060.331
Gjald fyrir tíðniheimild	15.000	15.462	16.974	18.788	19.980	22.349	27.539	30.454
Hlutfall af veltu	0,14%	0,13%	0,10%	0,11%	0,10%	0,10%	0,13%	0,14%

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýring: Heildarvelta ársins 1996 er án póstþjónustu.

Í töflu 3 er samanburður á gjaldi fyrir tíðniheimild framreiknað miðað við vísitölu neysluverðs í nóvember hvert ár sem hlutfall af veltu Símans, sem var fyrsta fyrirtækið til að fá afhenta tíðniheimild til að veita GSM farsímaþjónustu. Sá samanburður sem hér er sýndur er einungis til að sýna fram á fjárhagslega byrði Símans miðað við það gjald sem áður var innheimt. Samanburðurinn er ekki að öllu leyti réttmætur þar sem velta félagsins af farsímaþjónustu var mjög lág í upphafi en fer síðan ört vaxandi. Hins vegar gefur samanburðurinn ákveðna vísbendingu um þá fjárhagslegu byrði sem lögð er á fyrirtækið við að greiða slíkt gjald. Samkvæmt töflunni er framreiknað gjald fyrir tíðniheimild sem hlutfall af veltu það sama fyrir árið 2009 og þegar það var fyrst lagt á. Það er því hægt að álykta að 30.000.000 kr. verðlagning á tíðniheimild til þess að veita farsímaþjónustu nú sé hlutfallslega ekki meiri byrði fyrir Símann en það var í nóvember 1996.

Ekki eru til eins samanburðarhæfar upplýsingar varðandi Og fjarskipti ehf. (Vodafone), en forverar fyrirtækisins voru annar og þriðji tíðniréttthafinn á tíðnisviðinu.

Tafla 4.

	2006	2008	2009
Heildarvelta Og fjarskipta	9.429.000	12.054.000	13.515.000
Gjald fyrir tíðniheimild	22.349	27.539	30.454
Hlutfall af veltu	**0,24%**	**0,23%**	**0,23%**

Fjárhæðir eru í þús. kr.

En samkvæmt töflu 4 er hægt að draga þá ályktun að ekki sé verið að setja óhóflega byrði á fyrirtækið með þeirri gjaldtöku sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (samskiptaáætlun, stjórnun og úthlutun tíðna o.fl.).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem hafa það að markmiði að samræma áætlanagerð varðandi samskipti innan samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, sem og að samræma áætlunargerðina við aðra áætlanagerð hins opinbera þ.m.t. svonefndri Sóknaráætlun 2020. Auk þess eru lagðar til breytingar á reglum um stjórnun og úthlutum tíðna sem ætlað er að auka á hagkvæmni og skilvirkni í stjórnun þeirra gæða. Þá eru lagðar til breytingar sem ætlað er að einfalda stjórnsýslu og koma í veg fyrir réttaróvissu auk þess sem kveðið er á um nýmæli í þágu almannahagsmuna. Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir því að eftirlitshlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar í fjarskiptamálum verði eflt.

Þau efnisatriði í frumvarpinu sem áætlað er að muni hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að settur verði á fót gagnagrunnur um þráðlausan sendibúnað. Slíkum gagnagrunni er ætlað að koma að gagni við að kortleggja fjarskiptainnviði landsins og þar með nýtast við stefnumótun á sviði fjarskipta, auk þess sem hann auðveldar eftirlit. Póst- og fjarskiptastofnun mun annast rekstur og uppsetningu á gagngrunninum. Áætlað er að stofnkostnaður við gagnagrunninn sé um 10 m.kr. en gert er ráð fyrir að varanlegur rekstrarkostnaður við gagnagrunninn verði um 1 m.kr.

Í öðru lagi er lagt til bráðabirgðaákvæði um að tekið skuli gjald við úthlutun eða endurúthlutun á tíðniréttindum. Um er að ræða gjald á tíðnum fyrir GSM- farsímaþjónustu til 10 ára. Gjaldið nemur 1.500 þús. kr. eða 500 þús. kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviðum. Hvort um er að ræða hærra eða lægra gjaldið fer eftir því á hvaða bili tíðnisviðs úthlutunin fellur. Ákvæðið gildir til 31. desember 2012 og rennur gjaldið í ríkissjóð. Ákvæðið gildir þó ekki ef tíðniréttindum er úthlutað eða endurúthlutað með uppboði. Gert er ráð fyrir að stór hluti af núverandi leyfum verði endurnýjaður en áætlað er að tekjur vegna úthlutunar og endurnýjunar á tíðnum frá gildistöku laganna til loka árs 2012 verði um 102 m.kr. Þá er jafnframt áætlað að uppboð á tíðniréttindum geti aflað ríkissjóði tekna sem samsvarar allt að 30 m.kr. á sama tímabili. Því er áætlað að tekjur ríkissjóðs á tímabilinu muni aukast um samtals 132 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er áætlað að útgjöld ríkissjóðs muni aukast um 11 m.kr. en þar af er 1 m.kr. varanleg útgjaldaaukning en 10 m.kr. falla til í eitt ár vegna stofnkostnaðar á gagnagrunni. Á móti er áætlað að tekjur ríkissjóðs muni tímabundið aukast um samtals 132 m.kr. frá gildistöku laganna til loka árs 2012. Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum né tekjum í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 en þar er settur bindandi útgjaldarammi á nafnvirði fyrir ríkið í heild á árinu 2011. Gera verður ráð fyrir að stofnunin finni verkefni af þessum toga stað innan síns fjárhagsramma í samræmi við hlutverk sitt.

150. Fyrirspurn [137. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um hlutabætur í atvinnuleysi.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hver er að mati ráðherra reynslan af ákvæðum um hlutabætur í atvinnuleysi, þ.e. atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli, sem voru lögleidd með lögum nr. 131/2008?
2. Hversu margir einstaklingar þiggja hlutabætur nú, sundurliðað eftir kyni, aldri, búsetu og atvinnugreinum?
3. Hversu margir einstaklingar hafa notið hlutabóta, greint eftir kyni, aldri og búsetu?
4. Hversu lengi hafa menn notið hlutabóta í senn og í hversu stóru hlutfalli af dagvinnu?
5. Hvernig skiptast hlutabætur eftir atvinnugreinum og milli opinberra starfa annars vegar og almenna vinnumarkaðarins hins vegar?
6. Hefur ráðherra upplýsingar um afdrif þeirra sem hætta á hlutabótum, þ.e. hvort þeir fara í fulla vinnu eftir það eða á fullar atvinnuleysisbætur?
7. Hyggst ráðherra leggja til breytingar á þessu fyrirkomulagi og þá á hvern hátt?

Skriflegt svar óskast.

151. Fyrirspurn [138. mál]

til heilbrigðisráðherra um tæki og búnað á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hvað er ætlunin að gera við tæki og búnað sem frjáls félagasamtök, einstaklingar og fyrirtæki hafa gefið minni heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni, en samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að sjúkrahúsasvið stofnananna verði nær lögð niður?

152. Fyrirspurn [139. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um heildarlöggjöf um starfsemi frjálsra félagasamtaka.

Frá Eygló Harðardóttur.

Telur ráðherra ástæðu til að setja heildarlöggjöf um starfsemi frjálsra félagasamtaka?

153. Fyrirspurn [140. mál]

til fjármálaráðherra um skattalega stöðu frjálsra félagasamtaka.

Frá Eygló Harðardóttur.

Er ætlunin að bæta skattalega stöðu frjálsra félagasamtaka?

154. Svar [33. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um lánveitingar Byggðastofnunar.

1. *Fá fyrirtæki lán hjá Byggðastofnun án þess að veð sé lagt til tryggingar? Hve mörg slík lán hafa verið veitt á árunum 2006–2009 og til hverra? Hver er heildarupphæð slíkra lána og hversu mörg þeirra eru í vanskilum?*

Það er ófrávíkjanleg krafa að fyrirtæki sem fá lán hjá Byggðastofnun leggi fram veð til tryggingar fyrir lánunum. Engin lán eru því veitt án veðtrygginga. Byggðastofnun veitir langtímalán til fjárfestinga, hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja á landsbyggðinni. Lánstími getur verið 6–20 ár en algengast er að hann sé 10–15 ár. Veð eru ætíð tekin í þeirri fasteign eða skipi sem lánað er til ásamt tilheyrandi fylgifé. Meginreglan varðandi fasteignir er að veðstaða lánsins verði ekki hærri en 75% af áætluðu söluverði fasteignarinnar. Veðstaða í skipum er að jafnaði ekki hærri en 60% af markaðsverði skips með aflaheimildum. Ekki er lánað til aflaheimildalausra skipa og báta. Þó er heimilt að taka veð í bát eða skipi sem nýtt er til ferðaþjónustu þó að því fylgi ekki aflaheimildir. Veðstaða í slíku skipi skal að jafnaði ekki vera hærri en 60% af áætluðu markaðsverðmæti þess. Reglur þessar eru birtar opinberlega á heimasíðu Byggðastofnunar.

2. *Skiptir Byggðastofnun við fyrirtæki sem eingöngu eru stofnuð til að fá veðlaus lán hjá stofnuninni, þ.e. svokölluð skúffufyrirtæki? Hver dæmi eru um þetta frá árunum 2006–2009? Upplýsingar óskast um lánsupphæð, nafn fyrirtækis, eiganda þess og aðsetur.*

Byggðastofnun á ekki í viðskiptum við fyrirtæki sem stofnuð hafa verið til að fá veðlaus lán hjá stofnuninni, sbr. svar við fyrri spurningu. Viðskiptavinur stofnunarinnar gera sér almennt grein fyrir þessu og því er nánast óþekkt að umsækjendur um lán hjá stofnuninni reyni að bjóða fram verðlausar eignir sem veð á móti lánum.

Vegna umræðu um lánveitingar Byggðastofnunar til rækjuútgerða óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá stofnuninni um þær lánveitingar sérstaklega. Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um einstaka lánasamninga, enda fer Ríkisendurskoðun með eftirlit með lánastarfseminni og fjárhagslegri stöðu Byggðastofnunar, en þar sem eftirfarandi upplýsingar frá stofnuninni varpa ljósi á þróun mála hvað varðar þennan flokk lána þykir ráðuneytinu rétt að láta þær fylgja með. Þau lán sem þá voru í umræðunni voru veitt rækjuverksmiðjum í fullum rekstri, enda í góðu samræmi við eðli og tilgang lánastarfsemi Byggðastofnunar. Um var að ræða fjölmenna og mikilvæga vinnustaði hvern á sínum stað, alls með á þriðja hundrað starfsmenn. Þetta voru sterk félög með mikið eigið fé.

Á árunum 2005 og 2006 varð algert hrun í greininni. Því ollu margir samverkandi þættir sem allir komu til á sama tíma, svo sem aflabrestur, olíuverðshækkanir, aukin markaðssókn

Kanadamanna á okkar markaði o.fl. Þetta leiddi til þess að rekstrargrundvöllur fjölmargra rækjuverksmiðja brast og rækjuverksmiðjum í landinu fækkaði úr 20 í fimm á örstuttum tíma. Þau lán sem nú standa eftir í bókum stofnunarinnar, með veði í skipum viðkomandi útgerða ásamt þeim rækjukvóta sem á þeim er, eru eftirstöðvar þessara lána eftir að gengið hefur verið að öðrum veðum, m.a. verksmiðjunum sjálfum, fasteignum og tækjabúnaði og andvirðið gengið upp í skuldir félaganna og þeim slitið.

Að þessu gerðu lá sú kvöð eftir á Byggðastofnun að innheimta eftirstöðvarnar enda ber stjórnendum hennar skylda til þess að leitast við að takmarka tjón hennar eftir því sem kostur er. Þar sem veiðar á rækju lögðust nánast alveg af var ljóst að ekki var skynsamlegt fyrir Byggðastofnun að ganga að skipum og kvóta á þeim tímapunkti, enda verðgildi þeirra mjög takmarkað við þær aðstæður. Bæði eigendur fyrirtækjanna og starfsmenn Byggðastofnunar gerðu sér vonir um að veiðar á rækju og aðstæður á mörkuðum mundu batna síðar. Sömdu fyrirtækin og Byggðastofnun því um að eftirstöðvar lánanna, ásamt þeim veðum sem fyrir þeim voru, yrðu færðar í ný félög og mundu eigendur þeirra halda lánunum í skilum. Það hafa þeir fram á þetta ár í stórum dráttum gert og stofnunin fengið hátt í 300 millj. kr. greiddar inn á eftirstöðvar lánanna. Það er því álit Byggðastofnunar að nokkuð vel hafi tekist að gæta hagsmuna hennar að þessu leyti. Það skekkir hins vegar myndina að hér var um að ræða lán í erlendum myntum þannig að nú er verið að fjalla um allt aðra og verri stöðu en var um mitt ár 2008. Af þessu má sjá að umrædd fyrirtæki fengu ekki veðlaus lán hjá stofnuninni, og voru þau ekki stofnuð til þess, heldur er hér um að ræða eftirstöðvar lána sem veitt voru rækjuvinnslum í fullum rekstri á árunum 2000–2005.

155. Svar [53. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um samkomulag við Seðlabankann í Lúxemborg um kaup á útistandandi skuldabréfum Avens B.V. sem voru í eigu Landsbankans í Lúxemborg.

1. *Hve hátt var hlutfall reiðufjár í kaupum á útistandandi skuldabréfum Avens B.V. sem voru í eigu Landsbankans í Lúxemborg og hver var upphæðin í íslenskum krónum á kaupdegi?*

Með kaupunum í maí sl. á öllum útistandandi skuldabréfum félagsins Avens B.V. tók Seðlabankinn, f.h. ríkissjóðs, yfir stjórn félagsins og leysti það upp. Eignir félagsins; íbúðabréf, ríkisbréf og reiðufé, samtals að andvirði 128,5 milljarðar kr. runnu þá til ríkissjóðs. Andvirði íbúðabréfanna og ríkisbréfanna nam 85 milljörðum kr. og reiðufjár 43,5 milljörðum kr. Hlutfall reiðufjár nam því tæpum 34%.

Kaupverð skuldabréfa Avens B.V. var 74,6 milljarðar kr. og skiptist þannig:

- MTN skuldabréf útgefin af íslenska ríkinu að höfuðstólsfjárhæð 401.500.000 evra.
- Reiðufé:
  - 5.000.000 evrur.
  - 5.000.000.000 kr.

2. *Hve hátt var hlutfall íbúðabréfa í þessum kaupum og hver var upphæðin í íslenskum krónum á kaupdegi?*

Meðal eigna Avens B.V. voru skuldabréf gefin út af Íbúðalánasjóði fyrir um 76,1 milljarða kr. á markaðsverði og námu um 59% af viðskiptunum:

Tegund	Lokagjalddagi	Nafnverðsfjárhæð
Íbúðabréf Íbúðalánasjóðs	15. september 2014	5.000.000.000
Íbúðabréf Íbúðalánasjóðs	15. febrúar 2024	9.000.000.000
Íbúðabréf Íbúðalánasjóðs	15. apríl 2034	23.000.000.000
Íbúðabréf Íbúðalánasjóðs	15. júní 2044	20.000.000.000

3. *Hve hátt var hlutfall ríkisbréfa í þessum kaupum og hver var upphæðin í íslenskum krónum á kaupdegi?*

Meðal eigna Avens B.V. voru skuldabréf gefin út af ríkissjóði fyrir um 8,9 milljarða kr. á markaðsverði og námu um 7% af viðskiptunum:

Tegund	Gjalddagi	Nafnverðsfjárhæð
Ríkisbréf	17. maí 2013	4.000.000.000
Ríkisbréf	26. feb 2019	4.000.000.000

4. *Hversu hátt hlutfall íbúðabréfanna voru bréf útgefin af Íbúðalánasjóði og hver var upphæðin í íslenskum krónum?*

Sjá svar við 2. tölulið fyrirspurnarinnar.

5. *Hversu hátt hlutfall íbúðabréfanna var tengt við gengisvísitölu, sem nú hefur verið dæmd ólögleg, og hver var upphæðin í íslenskum krónum?*

Engar af eignum Avens B.V. eru með tengingu við gengisvísitölu.

6. *Á hvaða verði, í íslenskum krónum á kaupdegi, keyptu lífeyrissjóðirnir þessi bréf af Seðlabanka Íslands?*

Til viðbótar íbúðabréfum sem ríkissjóður eignaðist við kaup á skuldabréfum Avens B.V. keypti ríkissjóður af Eignarhaldsfélagi Seðlabankans íbúðabréf að markaðsvirði um 45 milljarða kr., sem fjármagnað var að mestu með reiðufé sem fékkst við kaup á skuldabréfum Avens:

Tegund	Lokagjalddagi	Nafnverðsfjárhæð
Íbúðabréf Íbúðalánasjóðs	15. september 2014	2.215.500.000
Íbúðabréf Íbúðalánasjóðs	15. febrúar 2024	5.431.000.000
Íbúðabréf Íbúðalánasjóðs	15. apríl 2034	11.273.625.000
Íbúðabréf Íbúðalánasjóðs	15. júní 2044	14.273.625.000

Seðlabankinn, fyrir hönd ríkissjóðs, seldi 30. maí 26 lífeyrissjóðum öll íbúðabréf sem ríkissjóður hafði eignast vegna þessara viðskipta, að virði um 121 milljarð kr., fyrir evrur að jafnvirði um 87,6 milljarða kr. miðað við skráð kaupgengi 28. maí 2010. Bréfin voru seld á fastri 7,2% ávöxtunarkröfu.

7. *Hefur Seðlabanki Íslands, f.h. ríkissjóðs, gert kröfu í þrotabú Landsbankans til að fá að fullu bætta þá upphæð sem skuldabréfið sem greitt var með fyrir Avens B.V. hljóðar upp á, eða er litið svo á að um tapað fé sé að ræða fyrir ríkissjóð að undanskilinni sölu íbúðabréfa til lífeyrissjóðanna?*

Viðskiptin fóru fram á kjörum sem eru mjög hagstæð fyrir ríkissjóð. Með samkomulaginu í Lúxemborg náðist að lækka skuldastöðu þjóðarbúsins um meira en 3,5%, erlendar krónueignir lækkuðu um fjórðung og grunnur var settur fyrir viðskiptin við lífeyrissjóðina sem jók gjaldeyrisforðann um 17%. Ekkert fé tapaðist vegna þessara viðskipta.

156. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, verja velferð með ábyrgum ríkisfjármálum, efla atvinnulífið og fjölga störfum.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Ólöf Nordal, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa til eftirfarandi aðgerða með hliðsjón af mikilvægi þess að verja velferð í landinu, bæta stöðu heimila, fyrirtækja og ríkissjóðs, endurheimta tiltrú á íslenskt efnahagslíf, tryggja hvata til atvinnusköpunar og hagvaxtar, fjölga störfum og skapa skilyrði til þess að Íslendingar verði að nýju í hópi samkeppnishæfustu þjóða heims:

I.
Gefum heimilum von.

1. Skattahækkanir ríkisstjórnarinnar verði dregnar til baka á næstu tveimur árum. Á næsta ári verði 10 milljörðum kr. varið til þess að lækka tekjuskatta einstaklinga og á árinu 2012 skulu skattahækkanir ríkisstjórnarinnar ganga að fullu til baka.
2. Skilyrði laga er varða greiðsluaðlögun einstaklinga verði einfölduð verulega og möguleikar einstaklinga til að leita greiðsluaðlögunar auknir frá því sem nú er, svo sem með því að færa neysluviðmið í átt til raunveruleikans, endurskoða þau ákvæði laganna sem geta komið í veg fyrir að greiðsluaðlögun verði heimiluð og einfalda umsóknarferlið.
3. Öllum sem þess óska standi til boða að lækka greiðslubyrði fasteignalána sinna um allt að 50% næstu þrjú ár gegn lengri lánstíma.
4. Þeim sem missa atvinnu verði veittur réttur til frystingar á greiðslum vegna húsnæðisskulda í allt að sex mánuði.
5. Þeim sem misst hafa fasteignir sínar vegna mikillar skuldsetningar eða gjaldþrota verði gert kleift að leigja þær fasteignir gegn hóflegri greiðslu húsaleigu sem endurspegli markaðsverð. Sömu aðilum verði tryggður kaupréttur á fasteigninni sem gildi í allt að fimm ár frá undirritun húsaleigusamnings.

6. Lögum verði breytt í þá veru að fyrningarfrestur eftir að úrskurður um gjaldþrotaskipti er kveðinn upp verði styttur frá því sem nú gildir.
7. Grundvöllur vaxta- og húsaleigubóta verði styrktur í þágu þeirra fjölskyldna sem búa við bágust kjör.
8. Stimpilgjöld verði afnumin í þeim tilgangi að auðvelda einstaklingum að njóta bestu kjara við endurfjármögnun skulda.
9. Komið verði í veg fyrir að afskrifaðar skuldir einstaklinga myndi stofn til töku tekjuskatts liggi ljóst fyrir að viðkomandi hafa orðið eignalausir vegna afskriftanna.
10. Ákvæði réttarfarslaga um endurupptöku mála verði endurskoðuð þannig að tryggt verði að þeir sem misst hafa eigur sínar vegna vanskila á ólögmætum gengistryggðum lánum geti leitað réttar síns fyrir dómstólum. Tryggt verði að slík mál fái skilyrðislausa flýtimeðferð í dómskerfinu.

II.
Endurheimtum störf – eflum atvinnulífið.

Endurheimt verði þau störf sem glatast hafa í efnahagshruninu. Mynda skal skilyrði þess að yfir 22 þúsund ný störf verði til á næstu tveimur til þremur árum. Lögð verði áhersla á að nýta auðlindir okkar – veiða meira og virkja orkuna. Bæta skal rekstrarskilyrði enda munu lítil og meðalstór fyrirtæki þá ná sér á strik að nýju og geta orðið uppspretta fjölda starfa í framleiðslu og þjónustu. Með hliðsjón af framangreindu verði gripið til eftirfarandi aðgerða:

1. **Nýtum auðlindirnar skynsamlega:**
   a. Leyfilegur heildarafli þorsks verði aukinn um 35.000 tonn á yfirstandandi fiskveiðiári og auknum aflaheimildum ráðstafað á grundvelli aflahlutdeilda.
   b. Horfið verði tafarlaust frá hugmyndum um fyrningarleið (innköllun aflaheimilda) í sjávarútvegi og hafist handa við undirbúning nýrrar fiskveiðistjórnarlöggjafar í samræmi við niðurstöður starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða.
   c. Framkvæmdir við álver í Helguvík verði hafnar á ný.
   d. Eytt verði lagalegri og stjórnmálalegri óvissu vegna fjárfestinga í orkufyrirtækjum.
   e. Arðbærum framkvæmdaverkefnum verði komið af stað í samvinnu við lífeyrissjóðina og aðra fjármögnunaraðila.
   f. Leitað verði, af fullri alvöru, leiða til að koma af stað orkufreku atvinnuverkefni að Bakka við Húsavík.

2. **Beitum hvötum til að örva hagkerfið:**
   a. Óhagkvæmir skattar sem letja verðmætasköpun verði afnumdir. Árið 2011 verði 10 milljörðum kr. varið til þessa verkefnis og 10 milljörðum kr. árið 2012.
   b. Skattaafslættir vegna rannsókna- og þróunarstarfs verði auknir.
   c. Fyrirtækjum sem sýnt geta fram á fjölgun starfsgilda árin 2011 og 2012 verði veittur afsláttur af greiðslu tryggingagjalds.
   d. Skattaafslættir vegna hlutafjárkaupa verði leiddir í lög á ný.
   e. Innleiddar verði undanþágur frá tryggingagjaldi fyrir ný fyrirtæki í tvö ár frá stofnun þeirra.
   f. Skattkerfið verði endurskoðað í heild sinni með einföldun, hagkvæmni og hvata til verðmætasköpunar að leiðarljósi. Þeirri vinnu verði lokið fyrir 31. ágúst 2011.
   g. Vörugjöld og verndartollar sem skekkja samkeppni og rýra hag almennings verði endurskoðaðir.

3. **Vinnum markvisst gegn atvinnuleysi og hjálpum fólki til sjálfshjálpar:**
   a. Boðið verði upp á aðstoð við fólk sem hefur verið atvinnulaust í sex mánuði eða lengur og hefur áhuga á að hefja eigin rekstur. Þeim einstaklingum verði veittur réttur á aðstoð, menntun, fyrirgreiðslu og eftir atvikum beinum fjárframlögum að jafngildi 500 þúsund kr.
   b. Starfsendurhæfingarsjóður verði efldur með þátttöku allra atvinnurekenda og stuðningi frá ríkinu.
   c. Tryggingagjald verði lækkað samhliða því sem atvinnuleysi minnkar.
   d. Aðilum vinnumarkaðarins verði falin umsjón með málefnum atvinnulausra.

4. **Eyðum óvissu og bætum umhverfi atvinnustarfseminnar:**
   a. Endurskipulagningu skulda fyrirtækja verði að fullu lokið fyrir 31. mars 2011.
   b. Horfið verði alfarið frá fyrningarleið í sjávarútvegi og unnið að sátt um fiskveiðistjórnarkerfið í samræmi við niðurstöður starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða.
   c. Unnið verði markvisst að því að aflétta þrýstingi af gjaldmiðlinum og þannig tryggt að gjaldeyrishöftin verði afnumin innan skamms tíma.
   d. Óvissu um skattaframkvæmd næstu ára verði eytt, svo sem hvað varðar innheimtu virðisaukaskatts í tengslum við byggingu gagnavera.

III.
Hagræðing og aðhald í rekstri ríkisins, mikilvæg forsenda áframhaldandi velferðar.

1. Ríkissjóður verði rekinn hallalaus árið 2013. Við niðurskurð og sparnað verði tryggður jafn réttur allra landsmanna, óháð búsetu, til grunnþjónustu í heimabyggð – heilbrigðisþjónustu, löggæslu og menntunar.
2. Tekið verði upp breytt verklag við fjárlagagerð og áhersla lögð á langtímaáætlun sem sundurliðuð verði eftir ráðuneytum og málaflokkum.
3. Náð verði fram aukinni hagræðingu í grunn- og framhaldsskólum landsins. Haldið verði áfram vinnu við að stytta námstíma til stúdentsprófs. Við mótun menntastefnunnar verði byggt á valfrelsi nemenda og foreldra, fjölbreytni og sveigjanleika.
4. Vegna mikilvægis menntunar fyrir framtíðarhagvöxt verði forðast að ráðast í flatan niðurskurð á háskólastiginu en byggt þess í stað fyrst og fremst á aukinni hagkvæmni með færri og sterkari einingum.
5. Fátæktargildrum í lífeyris- og bótakerfum verði útrýmt og hvatar til atvinnuþátttöku skerptir. Bótakerfið verði endurskoðað til að koma í veg fyrir hugsanlega van- eða oftryggingu bótaþega.
6. Þegar verði hafist handa við að endurskoða og samræma lífeyrisréttindakerfi opinberra starfsmanna svo að framtíðarfjármögnun þess verði tryggð. Komið verði í veg fyrir að áfram safnist upp óbærilegar byrðar fyrir ríkissjóð.
7. Unnið verði að endurskipulagningu og frekari hagræðingu í heilbrigðiskerfinu með því að auka hagkvæmni, auka svigrúm fyrir starfsemi einkaaðila og byggja í auknum mæli á samkeppni um þá þjónustu sem veita þarf.
8. Tekið verði upp sérstakt gjald vegna ríkisábyrgðar innstæðna sem nemi 0,25% af stofni allra innstæðna hjá fjármálafyrirtækjum.
9. Innleidd verði skattlagning inngreiðslna séreignarsparnaðar.

10. Innleidd verði fjármálaregla sem styður við stjórn peningamála, hemur hagsveifluna, lækkar vexti og styður við gengi krónunnar.

Greinargerð.

1. Von fyrir heimilin.

Efnahagsbatinn sem áætlað var að hæfist á þessu ári hefur látið á sér standa. Það stafar fyrst og fremst af vanhugsuðum aðgerðum í skattamálum, aðgerðaleysi við að leysa úr skuldavanda heimila og fyrirtækja og mótstöðu við uppbyggingu atvinnulífs. Atvinnuleysi, minni ráðstöfunartekjur og kaupmáttar rýrnun er því miður staðreynd. Við þessu verða stjórnvöld að bregðast. Skapa verður framtíðarsýn og blása fólki aftur von í brjóst. En það verður aðeins gert með því að efla atvinnustarfsemina á ný. Velferð heimilanna er samofin velferð fyrirtækjanna.

Ef ekki verður gripið til aðgerða vegna vanda skuldsettra heimila og fyrirtækja dregst endurreisn efnahagslífsins enn á langinn, þar sem gjaldþrot, greiðsluerfiðleikar og atvinnuleysi verður viðvarandi en ekki tímabundin staðreynd. Þetta ástand hefur alvarlegar samfélagslegar afleiðingar í för með sér. Því er nauðsyn á markvissari aðgerðum til að endurskipuleggja skuldir heimila og gera þeim kleift að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Jafnframt þarf að draga vanhugsaðar skattahækkanir ríkisstjórnarinnar til baka.

Þau úrræði sem nú er boðið upp á duga engan veginn. Fólkið í landinu vill lifa með reisn og það er verkefni stjórnvalda að gera þeim það kleift. Þær leiðir sem ríkisstjórnin vill fara til að leysa skuldavanda heimila eru flóknar, tímafrekar og niðurlægjandi fyrir þorra fólks. Aðgerðir stjórnvalda verða að taka mið af stöðu fólks og því hvernig flestir bregðast við erfiðleikum. Ríkisstjórnin hefur horft fram hjá því að þau úrræði sem upp á er boðið eru flókin og niðurlægjandi. Ríkisstjórnin kvartar yfir því að fólk sýni ekki frumkvæði að því kynna sér og nýta úrræðin. Þetta er veruleikaflótti. Fólk vill ekki bíða í biðröð hjá umboðsmanni skuldara, sérstaklega ef það fær í fangið þungbærar kröfur um gagnaöflun og skýrslugjafir. Fólk forðast í lengstu lög að fá skipaðan tilsjónarmann og láta opinbera starfsmenn skilgreina húsnæðis- og framfærsluþörf sína. Slíkar lausnir kunna að ganga upp á blaði en þær gera það ekki í raunveruleikanum.

Skattar einstaklinga verði lækkaðir um 10 milljarða kr.

Skattahækkanir ríkisstjórnarinnar hafa lækkað ráðstöfunartekjur heimilanna og þar með aukið á vanda þeirra. Heimili sem að öðrum kosti hefðu ráðið við greiðslubyrði af lánum sínum eru komin fram á hengiflugið vegna skattpíningar. Besta leiðin til að hjálpa heimilum í skuldavanda er að tryggja þeim umráð stærri hluta sjálfsaflafjár síns, rífa ekki af þeim hverja krónu til að fjármagna útbólginn ríkissjóð sem er í engu samræmi við þann efnahagslega veruleika sem við búum við í dag.

Jafnframt hefur stighækkandi tekjuskattur leitt til þess að fólk sér hag í því að skjóta sér undan skattlagningu með svartri atvinnu sem merki eru um að fari mjög vaxandi. Þessum vanda hefur ríkisstjórnin mætt með því að stórefla eftirlit. Flutningsmenn telja að eðlilegra sé að hvatinn til undanskota sé slævður með réttlátara og hagkvæmara skattkerfi.

Því er hér lagt til að allt að 10 milljörðum kr. verði varið til að lækka skattbyrðina á næsta ári og að skattahækkanir ríkisstjórnarinnar verði að fullu dregnar til baka árið 2012.

Einfaldari og rýmri reglur.

Til að mæta betur þörfum þeirra sem sjá ekki fram úr skulda- og greiðsluvandamálum sínum er hér lagt til að greiðsluaðlögunarúrræði verði einfölduð verulega og rýmkuð frá því sem

nú er, svo sem með því að færa neysluviðmið í átt til raunveruleikans og endurskoða þau ákvæði laga sem geta komið í veg fyrir að greiðsluaðlögun verði heimiluð.

Opinberar tölur um fjölda þeirra sem leitað hafa eftir eða fengið greiðsluaðlögun segja í raun allt sem segja þarf. Úrræðið er fráhrindandi og skilyrðin of ströng. Fjöldi fólks sem fengið hefur greiðsluaðlögun mun lenda að nýju í vanskilum vegna óraunhæfra framfærsluviðmiða.

Greiðslubyrði lækkuð um 50% í þrjú ár gegn lengri lánstíma.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins endurflytur þessa tillögu sína en hún gengur lengra en greiðslujöfnunarúrræði ríkisstjórnarinnar. Tillagan mætir þörfum þeirra sem sjá ekki fram úr skulda- og greiðsluvanda sínum eins og sakir standa en kjósa að fara ekki í greiðsluaðlögun eða uppfylla ekki skilyrði til þess. Með því að lækka greiðslubyrði tímabundið vinnst einkum þrennt:

- Í fyrsta lagi er létt undir með þeim stóra hópi sem ýmist alls ekki eða með herkjum getur staðið í skilum vegna efnahagsástandsins. Úrræðið kemur þessum stóra hópi til góða á meðan aðstæður eru hvað erfiðastar. Langflestir lántakendur munu geta staðið betur undir greiðslubyrði þegar kaupmáttur fer að vaxa á ný með auknum umsvifum og hagvexti.
- Í öðru lagi mun svigrúm vegna léttari greiðslubyrði nýtast fólki til að losna undan dýrari skuldum eins og neyslulánum og yfirdráttarskuldum.
- Í þriðja lagi mun aðgerðin auka einkaneyslu sem leiðir til meiri umsvifa og skjótari efnahagsbata.

Styrkja ber vaxtabóta- og húsaleigubótakerfin.

Fall á kaupmætti hefur komið verst niður á þeim sem lægst hafa launin. Þannig sýna hagtölur að einkaneysla dróst saman um 16% á síðasta ári sem er einsdæmi. Ríkisstjórnin hefur afnumið verðtryggingu persónuafsláttar sem hefur enn dregið úr ráðstöfunartekjum þessa hóps. Vaxtabótakerfið er tilvalið til að ná sérstaklega til þeirra sem bágust hafa kjörin. Með því er hægt á hagkvæman hátt að ná til þeirra sem eru á lágum launum og skulda mikið.

Horfast verður í augu við þann veruleika að fjöldi heimila mun ekki ráða við afborganir af lánum þrátt fyrir að þau hafi verið lækkuð og að vaxtabótakerfið verði styrkt. Sá hópur hefur því stækkað að undanförnu sem mun leita á leigumarkaðinn. Af þessari ástæðu þarf að styrkja húsaleigubótakerfið.

Frysting á greiðslum húsnæðislána í allt að sex mánuði.

Lagt er til að þeir sem nú eru atvinnulausir eða eru að missa atvinnu sína öðlist rétt á frystingu afborgana af fasteignaveðlánum í allt að sex mánuði. Með tillögunni er reynt að koma í veg fyrir að þeir sem verða fyrir tímabundnu atvinnuleysi missi heimili sitt meðan það ástand varir.

Verði ráðist í þær atvinnuskapandi aðgerðir sem mælt er fyrir um í þingsályktunartillögu þessari er ljóst að draga mun verulega úr atvinnuleysi á Íslandi, ráðstöfunartekjur munu aukast og þeim sem glíma við langtímaatvinnuleysi mun fækka. Það leiðir til þess að fleiri fjölskyldur munu verða færar um að standa skil á fasteignaveðlánum sínum.

Þar til hægt verður að tryggja hærra atvinnustig telja flutningsmenn tillögunnar eðlilegt að tryggja þeim sem eru atvinnulausir lágmarksskjól.

Röskum ekki búsetu fólks.

Í septembermánuði 2010 voru 1.286 heimili á framhaldsuppboði. Ljóst er að hluti þessara heimila mun enda á lokauppboði og í framhaldi af því munu fjölmargar fjölskyldur missa heimili sitt að öðru óbreyttu. Því er hér lagt til að:

- Þeim sem misst hafa fasteignir sínar vegna mikillar skuldsetningar eða gjaldþrots verði gert kleift að leigja þær gegn hóflegri greiðslu sem endurspegli markaðsverð.
- Þá er lagt til að þessir aðilar fái kauprétt á húsnæðinu sem gildi í allt að fimm ár.

Þetta úrræði mætir þörfum þeirra sem misst hafa eða munu missa húsnæði sitt og gerir þeim kleift að eignast aftur þak yfir höfuðið án þess að búsetu sé raskað. Jafnframt kemur úrræðið í veg fyrir að fasteignum verði „sturtað“ inn á markaðinn með tilheyrandi verðlækkunum. Núgildandi reglugerð um útleigu uppboðsíbúða Íbúðalánasjóðs felur ekki í sér kaupréttarfyrirkomulag auk þess sem þar er um skammtímaleigu til tólf mánaða að ræða.

Markmiði tillögunnar má t.d. ná með því að Íbúðalánasjóður og fjármálastofnanir stofni með sér fasteignafélag sem yfirtaki allt íbúðarhúsnæði sem eigendur hafa misst vegna mikillar skuldsetningar eða gjaldþrots og leigi þeim með kauprétti.

Fasteignafélaginu yrði gert skylt að bjóða núverandi eigendum að leigja húsnæði á meðalleiguverði á viðkomandi markaðssvæði. Samhliða þessu verði leigutaka gefinn kostur á að kaupa viðkomandi eign hvenær sem er innan tiltekins tíma og gildi kaupréttur þessi í t.d. fimm ár. Með þessu vinnst margt:

- Komið verður í veg fyrir að hundruð eða þúsundir fasteigna komi inn á markaðinn og lækki þannig verð á fasteignum enn frekar. Slíkt kæmi sér einkar illa gagnvart öðrum húsnæðiseigendum þar sem verðmæti eigna þeirra mundi minnka. Þannig má koma í veg fyrir frekara verðfall fasteigna sem mundi verða dragbítur á íslenskt efnahagslíf.
- Komið verður í veg fyrir að hundruð eða þúsundir fjölskyldna þurfi að leita sér nýs heimilis.
- Haldið verður í séreignarstefnuna sem meginskipan á fasteignamarkaði.
- Eiginfjárgrunnur fjármálastofnana mun styrkjast þar sem „vondum lánum“ er komið fyrir í sérstöku fyrirtæki sem aftur leiðir til þess að ekki þarf að afskrifa jafnmikið og ella og bankar sitja síður uppi með fasteignir sem falla stöðugt í verði. Þannig er komið í veg fyrir enn frekara verðfall.

Gjaldþrotameðferð mannúðlegri.

Þrátt fyrir að framangreindar tillögur muni hjálpa flestum fjölskyldum í landinu má sá hópur fólks sem varð eða er að verða gjaldþrota sín lítils gegn hamförunum sem urðu haustið 2008. Vart er hægt að komast að annarri niðurstöðu en að um of hafi hallað á skuldara í samskiptum við kröfuhafa enda er miklum vandkvæðum bundið að hefja nýtt líf á grundvelli gildandi löggjafar þegar kröfuhafi getur haldið rétti sínum til streitu eins lengi og hann lystir.

Við þessu þarf að bregðast og því er lagt til að gjaldþrotalögum verði breytt í þá veru að fyrningarfrestur eftir gjaldþrotameðferð verði styttur frá því sem nú gildir. Með því að stytta fyrningarfrest krafna og taka til endurskoðunar reglur um rof fyrningar eftir gjaldþrot er ætlunin að gefa þeim sem orðið hafa gjaldþrota tækifæri til á að „byrja upp á nýtt“ innan hæfilegs tíma.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp frá dómsmálaráðherra um grundvallarbreytingar á löggjöfinni hvað þetta snertir. Mikilvægt er að málið fái vandaða og ítarlega meðferð í þinginu og sjálfsagt að málið verði farvegur fyrir umræðu um efnið.

Stjórnarskráin setur því mörk hve langt er hægt að ganga að rétti kröfuhafa. Þá ber jafnframt að hafa í huga þá meginreglu að samninga skuli halda og að löggjöf sé ekki þannig

háttað að hvatar séu til staðar til að skjóta sér undan fjárskuldbindingum. Einnig ber að hafa í huga að breytingar á fyrningarreglum geta haft óæskileg áhrif á lánamarkað.

Engu síður er tímabært og aðkallandi vegna þeirrar stöðu sem upp er komin að taka gildandi lög til endurskoðunar með það að markmiði að einstaklingar sem orðið hafa gjaldþrota geti reist fjárhag sinn við innan eðlilegs tíma.

Aukin samkeppni á lánamarkaði.

Til að auðvelda fólki endurfjármögnun fasteignaskulda og auka samkeppni á íbúðalánamarkaði er hér lagt til að stimpilgjöld verði afnumin. Það mun auðvelda fólki að njóta bestu kjara við endurfjármögnun.

Þetta úrræði eykur ekki aðeins samkeppni á lánamarkaði heldur skapar það um leið tækifæri fyrir fjölskyldur til að lækka greiðslubyrði sína. Loks mun afnám stimpilgjalda örva viðskipti á fasteignamarkaði.

Endurupptaka skuldamála fyrir dómi og flýtimeðferð þeirra.

Lagt er til að ákvæði réttarfarslaga um endurupptöku mála verði endurskoðuð. Markmið þeirrar endurskoðunar skal vera að tryggja að þeir sem misst hafa eigur sínar vegna vanskila á gengistryggðum lánum, sem Hæstiréttur Íslands dæmdi ólögmæt síðastliðið sumar, þurfi ekki að sæta fullnustugerðum vegna þeirra. Tryggja þarf að þeir geti leitað réttar síns fyrir dómstólum og fengið mál sín endurupptekin. Lagt er til að slík mál fái skilyrðislausa flýtimeðferð í dómskerfinu.

Hvati til að semja um lausn sinna mála.

Hér er lagt til að afskrifaðar skuldir einstaklinga myndi ekki skattstofn þegar fyrir liggur að viðkomandi hefur orðið eignalaus í tengslum við afskriftirnar. Augljóst er að ef ríkið hyggst skattleggja niðurfærslu skulda er veruleg hætta á því að dregið sé úr hvata fyrir þá sem skuldugastir eru til að semja um lausn sinna mála. Sá sem framselur allar eigur sínar í skuldauppgjöri og óskar í framhaldi af því eftir niðurfellingu er í raun verr settur en ef hann óskaði eftir gjaldþroti, því við gjaldþrot væri ekki hætta á skattlagningu vegna þess sem ekki fengist innheimt. Við þessu verður að bregðast.

Núgildandi lög og reglur gera ráð fyrir því að eina leiðin til að komast hjá skattlagningu vegna niðurfellingar sé að missa eigur sínar við gjaldþrot eða nauðasamninga.

2. Eflum atvinnulífið – endurheimtum störfin.

Frá miðju ári 2008 fram á mitt ár 2010 hafa tapast um 22.500 störf á Íslandi. Um 16.200 urðu atvinnulausir og 6.300 hurfu af vinnumarkaði. Lauslegir útreikningar sýna að hvert starf kostar ríkissjóð um 3 milljónir kr. í bætur og tapaðar skatttekjur á ári. Þá er ekki talið til allt það framleiðslutap og óbein áhrif sem þjóðfélagið verður fyrir. Bein áhrif á ríkissjóð af töpuðum störfum eru því allt að 70 milljarðar kr. á ári.

Á næstu tveimur til þremur árum þurfa að verða til yfir 22 þúsund ný störf á Íslandi. Þetta þarf að gerast á sama tíma og óhjákvæmilegt er að fækka störfum hjá hinu opinbera. Háttalag ríkisstjórnarinnar bendir til þess að menn hafi ekki gert sér grein fyrir þeirri vá sem er fyrir dyrum ef ekkert verður að gert. Erlendum aðilum sem vilja fjárfesta er sýndur fjandskapur, skattar eru hækkaði úr öllu hófi og óvissa er innleidd með tilviljanakenndum vanhugsuðum ráðstöfunum sem einstakir fagráðherrar taka oft ákvarðanir um án umræðu.

Störfin verða til í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Megnið af þeim störfum sem þurfa að verða til eru í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Sjálfstæðisflokkurinn vill mynda það efnahagsumhverfi sem þarf til að þessi fyrirtæki hefji á ný fjárfestingu í umsvifum og störfum.

Með því að gera umhverfi um atvinnulíf vinsamlegra en nú er og snúa af þeirri braut hafta og afturhalds sem núverandi stjórnvöld viðhalda er áætlað að um 8.000 ný störf verði til í litlum og meðalstórum fyrirtækjum á næsta ári og 6.000 á árinu 2012. Til að ná þessu markmiði þarf að grípa til fjölþættra aðgerða.

Veiðum meira.

Jákvæð merki sjást nú um umtalsverðan vöxt þorskstofnsins og gildir þá einu hvort rætt er um hrygningarstofninn eða svo kallaðan viðmiðunarstofn (sem er þorskur 4 ára og eldri). Þetta er mikil breyting frá árinu 2007. Í ljósi þess að nú er veiðistofn þorsks stærri en verið hefur í tvo áratugi er eðlilegt að nýtingarprósentan verði strax færð úr 20% í 23% og sveiflujöfnun verði beitt við ákvörðun aflamagns á næsta fiskveiðiári. Þar með verður útgefið aflamagn þorsks 195 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiári í stað 160 þúsund tonna og 200 þúsund tonn á næsta fiskveiðiári.

Á undanförnum árum, hefur hámark aflamagns byggst á aflareglu. Fræðilegar úttektir hafa sýnt að eðlilegt sé að nýtingarhlutfallið sé lágt þegar stofninn er lítill, en hækki þegar stofninn stækkar. Jafnframt byggist nýtingarstefnan á sveiflujöfnun. Er það gert með þeim hætti að útgefið aflamagn ræðst annars vegar af nýtingarhlutfalli viðmiðunarstofns, en jafnframt er að hálfu tekið tillit til útgefins kvóta ársins á undan. Er þetta gert með hagfræðilegum, rekstrarlegum og markaðslegum rökum til þess að draga úr sveiflum í útgefnum aflakvótum. Árið 2007 var nýtingarhlutfallið lækkað úr 25% í 20% í ljósi lélegra viðmiðunar- og hrygningarstofna og áætlana vísindamanna um að stofnar færu minnkandi með óbreyttri nýtingarstefnu.

Ljóst er að jafnt hrygningarstofn og viðmiðunarstofn hafa vaxið mjög frá því að gripið var til niðurskurðar á þorskafla árið 2007. Stærð viðmiðunarstofns er lögð til grundvallar ákvörðun um aflamark ár hvert jafnframt því að tekið er tillit til kvóta yfirstandandi árs að hálfu. Er það gert til þess að jafna sveiflur í úthlutun á aflaheimildum.

Hrygningarstofninn mælist nú um 300 þúsund tonn. Slíkar tölur hafa ekki sést, með tveimur undantekningum, frá árinu 1970 eða í 40 ár. Til samanburðar var hrygningarstofninn talinn vera um 180 þúsund tonn á árinu 2007, þegar ákveðið var að draga saman þorskaflann mjög verulega. Þannig mældur hefur hrygningarstofninn því vaxið um 66% eða um tvo þriðju á þessum tíma.

Svipaða sögu er að segja af viðmiðunarstofninum. Hann mælist nú 846 þúsund tonn og er áætlaður 902 þúsund tonn á næsta ári. Stærri viðmiðunarstofn hefur ekki mælst hér frá árinu 1989. Hann var áætlaður 650 þúsund tonn árið 2007 og talinn fara niður í 580 þúsund tonn næsta ár á eftir. Viðmiðunarstofninn er því talinn um 60% stærri nú en í ársbyrjun 2008.

Mjög mikilvægt er að auknum aflaheimildum verði ráðstafað á grundvelli aflahlutdeildar. Útgerðir og sjómenn hafa tekið á sig afkomu- og tekjuskerðingu vegna minni þorskafla. Það er sjálfsagt mál að hinir sömu njóti nú árangurs við uppbyggingu þorskstofnsins og fái þannig bættan skaðann af lægri aflaheimildum liðinna ára. Sanngjarnt er að þær heimildir sem koma nú til ráðstöfunar, í byggðalegum og atvinnulegum tilgangi, samkvæmt gildandi lögum aukist og í samræmi við hlut þeirra af úthlutuðum aflaheimildum.

Afar brýnt er að þegar í stað verði horfið frá öllum hugmyndum um fyrningarleið. Almenn og víðtæk sátt náðist um svokallaða samningaleið í sjávarútvegi í fjölskipaðri nefnd stjórn-

valda um endurskoðun á fiskveiðilöggjöfinni. Þar komu að málum fulltrúar allra þingflokka og hagsmunasamtaka í sjávarútvegi. Sú leið á að liggja til grundvallar nýrri skipan fiskveiðistjórnar. Hin mikla óvissa sem stjórnvöld hafa skapað í starfsumhverfi sjávarútvegsins er farin að baka samfélaginu gríðarlegt tjón og á mikinn þátt í landlægu atvinnuleysi og stöðnun efnahagslífs.

Nýtum orkulindir okkar.

Sjálfstæðisflokkurinn vill stuðla að atvinnusköpun með því nýta orkulindir þjóðinni til heilla. Beita á öllum ráðum til að flýta framkvæmdum við nýtt álver í Helguvík, orkufrekt verkefni að Bakka og tilheyrandi virkjanaframkvæmdir. Talið er að þessar framkvæmdir geti skapað allt að 4.000 bein störf á ári á framkvæmdatímanum og annað eins í afleiddum störfum. Komist fyrirhugaðar framkvæmdir af stað verða þær uppspretta fjölda starfa í framleiðslu og þjónustu. Eftir að framleiðsla hefst verða til um 900 bein störf á ári í verksmiðjunum og annað eins af afleiddum störfum. Þá verði fyrirhuguðum framkvæmdum í samvinnu við lífeyrissjóðina flýtt. Til að þetta megi takast þarf að:

a. setja framkvæmdir við álver í Helguvík af stað,
b. eyða lagalegri og stjórnmálalegri óvissu vegna fjárfestinga í orkufyrirtækjum,
c. stjórnvöld leiti í fullri alvöru leiða til aðkoma af stað orkufreku atvinnuverkefni að Bakka,
d. koma af stað arðbærum framkvæmdaverkefnum í samvinnu við lífeyrissjóðina og aðra fjármögnunaraðila.

Umhverfi til fjárfestinga er allt of þunglamalegt. Ráðherrar og stofnanir ríkisins nýta allan umþóttunartíma til hins ýtrasta og virða jafnvel ekki lög um fresti. Minnstu ágreiningsmál eru leidd um allt dómskerfið. Ákvarðanir um umhverfismat eru tilviljanakenndar og eru oftar en ekki byggðar á ófaglegum forsendum. Allt virðist gert til að drepa málum á dreif.

Fullkomlega löglegir gjörningar eru gerðir að pólitísku bitbeini á vettvangi stjórnmálanna og í alvöru er talað um að ganga á bak gerðum samningum við erlenda fjárfesta, t.d. í skattamálum. Þetta leiðir til þess að fjárfestingar á Íslandi er orðnar lakur kostur – fjárfestar treysta ekki lengur íslenska stjórnkerfinu. Tjónið af framangreindu er okkar allra og ekki verður unað við þetta ástand lengur.

Einföldum skattkerfið – beitum hvötum.

Undanfarið hefur skattkerfið verið flækt og gert óhagkvæmt. Þessi staðhæfing er í samræmi við vitnisburð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Afleiðingar óhagkvæms skattkerfis og óvissu um skattaframkvæmd eru minni fjárfesting og hagvöxtur en ella. Því er mikilvægt að:

a. Óhagkvæmir skattar sem letja verðmætasköpun verði afnumdir. Árið 2011 verði 10 milljörðum kr. varið til þessa verkefnis og 10 milljörðum kr. árið 2012.
b. Skattaafslættir vegna rannsókna- og þróunarstarfs verði útvíkkaðir enn frekar.
c. Afsláttur frá tryggingagjaldi verði veittur fyrirtækjum sem sýnt geta fram á að störfum hafi fjölgað hjá þeim á árinu 2011 og 2012.
d. Skattaafslættir vegna hlutafjárkaupa verði innleiddir á ný.
e. Undanþágur frá tryggingagjaldi fyrir ný fyrirtæki verði innleiddar í tvö ár frá stofnun þeirra.
f. Skattkerfið verði endurskoðað í heild sinni með einföldun, hagkvæmni og hvata til verðmætasköpunar að leiðarljósi. Þeirri vinnu verði lokið fyrir 31. ágúst 2011.
g. Vörugjöld og verndartollar sem skekkja samkeppni og rýra hag almennings verði endurskoðaðir.

Þrátt fyrir að útgjaldahlið ríkissjóðs sé mikilvæg er tekjuhliðin jafnvel enn mikilvægari. Hún þarf að styðja við atvinnuuppbyggingu og tryggja sterka skattstofna. Því leggur Sjálfstæðisflokkurinn til að óhagkvæmum sköttum sem virka sem dragbítur á atvinnulífið verði útrýmt í áföngum. Næsta ár verði notað til að endurskoða skattkerfið með einföldun þess í fyrirrúmi. Í þeirri vinnu má styðjast við skýrslu AGS frá í sumar en þar er bent á margt sem betur mætti fara í skattkerfinu og eru niðurstöður AGS um margt samhljóma þeim málflutningi sem Sjálfstæðismenn hafa haft í frammi.

Hvetjum til aukinnar fjárfestingar – myndum ný störf.

Besta leiðin til að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til að fjárfesta í umsvifum er að beita skattalegum hvötum. Jafnframt er mikilvægt að fólk sem nú er atvinnulaust en hefur hugmyndir um hvernig það geti skapað sér vinnu, en skortir fjárhagslegt bolmagn til þess, verði stutt í þeirri viðleitni sinna að sjá sér og sínum farborða.

a. Boðið verði upp á hjálp til fólks sem hefur verið atvinnulaust í sex mánuði eða lengur við að undirbúa stofnun eigin atvinnurekstrar. Einstaklingar eigi rétt á hjálp – aðstoð, menntun og beinum fjárframlögum – sem meta megi til 500 þúsund kr. Þetta verði gert í samvinnu við Starfsendurhæfingarsjóð aðila vinnumarkaðarins.
b. Starfsendurhæfingarsjóður verði efldur með þátttöku allra atvinnurekenda og stuðningi frá ríkinu.
c. Tryggingagjald verði lækkað samhliða því sem atvinnuleysi minnkar.

Starfsendurhæfingarsjóður hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og það framtak ber að styðja áfram með víðtækari þátttöku. Hækkun tryggingagjalds sem atvinnulífið samþykkti var í beinum tengslum við vöxt atvinnuleysis. Það væru skýr svik við atvinnurekendur ef ríkissjóður gerði alvöru úr áformum um að viðhalda háu tryggingagjaldi þegar dregur úr atvinnuleysi.

Efnahagsumhverfið bætt – endurskipulagningu fyrirtækja hraðað.

Einn mikilvægasti þátturinn sem fjárfestar horfa til er gott efnahagsumhverfi og lítil óvissa um stjórnvaldsaðgerðir. Vanhugsaðar hugmyndir, eins og hafa komið fram í Magmamálinu, umræða um fiskveiðistjórnarkerfið og hringlandaháttur í skattaframvæmd er eitur í beinum fjárfesta. Hér þarf heilbrigt efnahagsumhverfi til að fyrirtækin blómstri og fjármagnseigendur fjárfesti. Nauðsynlegt er að:

a. Endurskipulagningu skulda fyrirtækja verði að fullu lokið fyrir 31. mars 2011.
b. Alfarið verði horfið frá fyrningarleið í sjávarútvegi og að farið verði að tillögum sáttanefndar um fiskveiðistjórnarkerfið.
c. Unnið verði markvissar að því að aflétta þrýstingi af gjaldmiðlinum og þannig tryggt að gjaldeyrishöftin verði afnumin innan hæfilegs tíma.
d. Óvissu hvað varðar skattaframkvæmd næstu ára verði eytt, svo sem um virðisaukaskatt í tengslum við gagnaver.

Í umræðu um stöðu fyrirtækja hefur sjónum verið beint í of miklum mæli að stærstu fyrirtækjum landsins og eignarhaldsfélögum. Fyrir liggur að langflest störf eru hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum og þessum fyrirtækjum hefur ekki verið sinnt nógu vel af nýju bönkunum. Þessu verður tafarlaust að breyta og endurskipulagningu skulda og efnahags fyrirtækja verður að ljúka á fyrsta ársfjórðungi næsta árs. Í einhverjum tilvikum mun stærð fyrirtækja og umfang efnahags leiða til þess að lengri tími reynist nauðsynlegur en það á ekki við um meginþorra fyrirtækja.

Mikilvægt er að sett verði fram skýr og samræmd aðferðafræði um það hvernig standa skuli að endurskipulagningu skulda fyrirtækjanna. Tryggja verður að allir sitji við sama borð, að ferlið sé gagnsætt og að hvatar til árangurs verði ekki slævðir. Haft verði að leiðarljósi að samkeppnisstaða verði ekki bjöguð. Sjálfsagt er að eigendum og starfsfólki verði gert kleift að eignast fyrirtækin að nýju ef færa þarf niður allt hlutafé eftir að fyrirfram skilgreindum áföngum er náð. Þannig viðhaldast þau verðmæti sem felast í þekkingu og atorku starfsmanna og eigenda, tengslum og viðskiptavild.

Ljóst er að þetta mun geta haft kostnað í för með sér fyrir fjármálastofnanir en sá kostnaður getur aðeins orðið brot af þeim samfélagslega kostnaði sem orðið hefur og verða mun ef endurskipulagningin dregst enn á langinn. Mikilvægt er að bönkunum verði gefið fullt ráðrúm til verksins.

3. Almannaþjónustan – meira fyrir minna.

Stöðva þarf núverandi hallarekstur sem er til kominn vegna þess að skattstofnarnir gáfu eftir í hruninu og vaxtabyrði ríkissjóðs jókst vegna skuldsetningar. Ríkisútgjöld hafa vaxið um tæplega 50% umfram verðlag á undanförnum áratug. Þetta er óheillaþróun. Nú er nauðsynlegt að ná tökum á ríkisfjármálunum með það að markmiði að ríkissjóður verði hallalaus árið 2013. Ekkert svigrúm er fyrir frekari vöxt útgjalda næstu ár. Það er því ljóst að áhersla næstu ára verður að vera á hagræðingu í rekstri ríkisins, lækkun útgjalda og tekjuöflun sem byggð er á aukinni verðmætasköpun en ekki skattahækkunum. Þetta er forsenda þess að okkur takist að verja velferðina og auka lífsgæðin á komandi árum. Við þurfum að gera meira fyrir minna.

Oft er því ranglega haldið fram að útgjaldavöxtur sé hinn endanlegi mælikvarði á aukin gæði opinberrar þjónustu. Ekkert svigrúm er fyrir ranghugmyndir af þessum toga. Á mörgum sviðum hefur orðið ofvöxtur í útgjöldum ríkisins og hann verður að leiðrétta. Hafa ber hugfast að bæði gæði opinberrar þjónustu og umfang rekstrar á ábyrgð hins opinbera hafa veruleg áhrif á samkeppnisstöðu landsins gagnvart öðrum löndum.

Eignir sem ríkið hefur fjármagnað með lántöku, svo sem í ýmsum fjármálastofnunum, á að selja við fyrsta tækifæri og lækka þannig skuldir og fjármagnskostnað ríkissjóðs.

Í stuttu máli þurfa ríkisfjármál næstu ára að snúast um að styrkja tekjustofnana og auka framleiðni á gjaldahliðinni. Verkefnið er stórt og endurmeta þarf alla þætti almannaþjónustunnar. Velta þarf við hverjum steini, draga reynslu af því sem vel hefur gefist og síðast en ekki síst að byggja aðgerðir á nánu og virku samstarfi við þá sem starfa á vettvangi.

Stærstu útgjaldaliðirnir, fyrir utan fjármagnskostnað (75 milljarða kr.) eru: Menntamál (57 milljarðar kr.), heilbrigðismál (98 milljarðar kr.) og félags- og tryggingamál (121 milljarður kr.). Þessir liðir taka samtals um 68% af útgjöldum ríkisins.

Heilbrigðisþjónustan – tryggjum þjónustu, nýtum valfrelsi og sköpunarkraft.

Grundvallaratriði við niðurskurð og sparnað í ríkisrekstrinum er að jafn réttur allra landsmanna til að njóta heilbrigðisþjónustu sé tryggður, óháð búsetu. Flutningsmenn tillögunnar harma verklag ríkisstjórnarinnar við niðurskurðinn, sem unninn er án alls samráðs og framtíðarsýnar. Markmiðið er að veita áfram öllum Íslendingum heilbrigðisþjónustu á heimsmælikvarða. Lélegur undirbúningur af hálfu ríkisstjórnarinnar og minni fjármunir til heilbrigðisþjónustu á þessu og næsta ári ógna því markmiði.

Til að ná niður kostnaði í heilbrigðisþjónustunni verður að vinna á grundvelli heildstæðrar stefnumótunar og er afar mikilvægt að hún sé byggð á vel skilgreindum réttindum hvers og eins. Jafnframt þarf að tryggja samstarf og samvinnu við fagaðila og rétthafa þjónustunnar.

Þjónustuna þarf að kostnaðargreina. Um leið og þjónustan er skilgreind út frá þörfum einstaklinganna en ekki þörfum kerfisins og einstakra stofnana skapast grunnur fyrir valfrelsi og samkeppni um hagkvæm og árangursrík þjónustuúrræði. Mikilvægt er að auka ábyrgð fólks á eigin heilsu. Það verður gert með samvinnu aðila og heildstæðri stefnumótun á svið forvarna.

Skilgreina þarf hlutverk stofnana og sameina stjórnsýslu- og heilbrigðisstofnanir með hagræðingu og bætta þjónustu að markmiði. Greiðslur til stofnana eiga að vera gagnsæjar og skýrar. Endurskoða þarf greiðslufyrirkomulag sjúklinga með það að markmiði að þak verði á kostnaði langveikra og aðstandenda þeirra.

Ný heilbrigðisstefna verður ekki unnin meðfram fjárlagavinnu. Verði látið undir höfuð leggjast að hefja heildstæða endurskoðun á uppbyggingu heilbrigðiskerfisins mun það óumdeilanlega bitna á gæðum þjónustunnar í náinni framtíð og möguleikum til að viðhalda því þjónustustigi sem byggt hefur verið upp um landið allt.

Sjálfsagt er að gera einkaaðilum kleift að leigja ónýtta aðstöðu af heilbrigðisstofnunum til að geta boðið fram heilbrigðisþjónustu til útflutnings.

Eyða þarf fátæktargildrum og hvetja til sjálfshjálpar.

Á síðustu fimmtán árum hefur fjöldi öryrkja tvöfaldast, farið úr tæplega 7.600 árið 1996 í rúmlega 14.500 á síðasta ári. Þá hafa greiðslur Vinnumálastofnunar til atvinnulausra aukist mikið. Á síðasta ári greiddi stofnunin rúmlega 29.000 einstaklingum tæpa 25 milljarða kr. í atvinnuleysisbætur. Þessi upphæð er rúmlega tíu sinnum hærri en hún var fyrir einungis þremur árum. Nauðsynlegt er að vinna gegn framhaldi á þessari þróun.

Starfsendurhæfingarsjóður gegnir mikilvægu hlutverki í því sambandi en hann ber að styrkja og tryggja almennari þátttöku aðila á vinnumarkaði að honum.

Hér verður einnig að nefna að tilfærslu- og bótakerfið á Íslandi er vegna tekjutenginga hlaðið fátæktargildrum. Hvers vegna ætti nokkur að vilja hverfa af bótum og fara út á vinnumarkaðinn þegar nær allar tekjurnar eru hirtar af ríkinu með skertum bótum? Nauðsynlegt er að endurskoða samspil bóta og tekna til að hvetja sem flesta út á vinnumarkað á ný. Með því að hjálpa fólki til sjálfshjálpar tryggjum við því tækifæri til að bæta lífskjör sín um leið og ríkið hefur betri möguleika til að standa undir mannsæmandi bótum fyrir þá sem ekki geta unnið fyrir sér og sínum.

Ávinnsla lífeyrisréttinda verði sjálfbær.

Nauðsynlegur liður í úrbótum á opinberum rekstri er að endurskoða lífeyrisréttindakerfi opinberra starfsmanna og samræma þau. Lífeyriskerfi ríkisins er ósjálfbært og að óbreyttu mun annaðhvort þurfa að hækka lífeyrisaldur eða hækka skatta til að standa undir byrðinni.

Það stríðir gegn réttlætisvitund fólks á almennum vinnumarkaði, sem þarf að líða skert lífeyrisréttindi, að það skuli um leið þurfa að greiða hærri skatta til að tryggja óbreytt réttindi þeirra sem tilheyra opinberu lífeyrissjóðunum. Þrátt fyrir að ríkið hafi að meðaltali gjaldfært um 20 milljarða kr. á ári vegna skuldbindinga í opinbera lífeyriskerfinu hefur ófjármögnuð lífeyrisskuldbinding þess vaxið í meira en 500 milljarða kr., eða sem nemur um 4 milljónum kr. á hvert heimili í landinu. Af þessari braut verður að snúa.

Því er óhjákvæmilegt að nú þegar verði hafist handa við að endurskoða lífeyriskerfi opinberra starfsmanna svo framtíðarfjármögnun kerfisins verði tryggð og komið í veg fyrir að áfram safnist upp óbærilegar byrðar fyrir framtíðarkynslóðir. Þá ber að stefna að jöfnun lífeyrisréttinda á vinnumarkaði.

Menntamálin verði áfram í forgangi.

Útgjöld til menntunar eru fjárfesting til framtíðar. Það er vanhugsuð ráðstöfun að draga jafn mikið úr útgjöldum til menntamála og hugmyndir ríkisstjórnarinnar byggja á þar sem menntun er forsenda framtíðarhagvaxtar og efnahagslegrar velmegunar allra Íslendinga. Það tekur marga áratugi að byggja upp menntakerfi eins og við Íslendingar búum við en einungis örskamma stund að eyðileggja það. Verkefni stjórnmálanna er að byggja á því sem vel er gert og sækja fram á réttum forsendum. Velmegun þjóða ræðst af menntunarstigi og þekkingaröflun. Það þarf að efla menntun ungs fólks í tæknigreinum til að uppfylla áætlaða þörf í hátækniiðnaði á næstu árum. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fara þveröfuga leið, með því að þrengja mest að tæknimenntuninni. Sækja ætti í smiðju þeirra þjóða þar sem best hefur tekist til á þessu sviði.

Tímann frá því að börn hefja skólagöngu þar til þau hefja sérnám þarf að nýta betur. Það kemur samfélaginu öllu til góða. Við Íslendingar getum ekki verið eftirbátar nágrannaríkjanna í þessu tilliti. Íslensk ungmenni útskrifast síðar úr menntaskóla en jafnaldrar þeirra í nágrannalöndunum. Það hefur í för með sér mikinn kostnað auk þess sem þeir sem ganga menntaveginn koma síðar út á vinnumarkaðinn en víðast hvar annars staðar. Á háskólastiginu ber að stefna að samnýtingu og sameiningu háskóla.

Halda ber áfram vinnu við að stytta námstíma til stúdentsprófs og við mótun menntastefnunnar á að byggja á sveigjanleika, valfrelsi og ábyrgð.

Skýringin á því að flutningsmenn vilja hlífa menntamálum er sú, að til þess geta boðið upp á sterkt velferðarkerfi verður að tryggja efnahagslegar framfarir og einn af gangráðum hagvaxtar er vel menntuð þjóð. Þannig sýna rannsóknir að allt að 20% hagvaxtar á Íslandi árabilið 1970–1992 má rekja til fjárfestingar í menntun. Því væri það glapræði að minnka fjárfestingu til þessa málaflokks nú um stundir þegar auka þarf umsvif og fjölga störfum.

Fjármálafyrirtæki greiði gjald fyrir yfirlýsingu um ábyrgð á innstæðum.

Í aðdraganda hrunsins 2008 lýstu ráðamenn því yfir að allar innistæður í íslenskum fjármálastofnunum nytu ríkisábyrgðar. Var þetta gert til að koma í veg fyrir áhlaup á bankana og önnur fjármálafyrirtæki. Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hafa staðfest þessa ábyrgð ítrekað síðan þótt hún hafi ekki verið lögfest.

Mikilvægt er að losa ríkissjóð undan þessum ábyrgðaryfirlýsingum hið fyrsta, en það verður að gera á þann hátt að ekki valdi óróa á fjármálamarkaði. Óeðlilegt er að á meðan yfirlýsingin gildir sé hún gjaldfrjáls fyrir bankana enda er hún í eðli sínu niðurgreiðsla á kostnaði þeirra.

Því er hér lagt til að sett verði á sérstakt gjald sem nemi 0,25% af stofni allra innstæðna hjá fjármálafyrirtækjum þar til yfirlýsing ríkisstjórnarinnar hefur verið dregin til baka.

Líklegt er að viðbrögð markaðarins verði þau að innlánsstofnanir fari að bjóða reikninga sem ekki njóta ríkistryggingar og þeir beri hærri vexti en þeir sem eru ríkistryggðir. Eftir því sem traust eykst á fjármálakerfið munu stöðugt fleiri kjósa ótryggða reikninga vegna ávöxtunarinnar allt þar til einungis verður um lágmarkstryggingu Tryggingarsjóðs að ræða.

Með gjaldinu vinnst þrennt:

- ríkissjóður fær sjálfsagða umbun fyrir þá áhættu sem fylgir yfirlýsingunni,
- gjaldið mun leiða til þess að með tímanum mun upphæð innstæðna sem njóta yfirlýsingarinnar lækka og að lokum hverfa,
- innlánsstofnanir njóta ekki lengur niðurgreiðslu á vöxtum til innlánseigenda.

Betri stjórn ríkisfjármála.

Ein orsök þess að hér var of mikil þensla í aðdraganda efnahagshrunsins er sú, að stefnan í opinberum fjármálum studdi ekki nægjanlega við peningamálastefnu Seðlabankans. Á sama tíma og Seðlabankinn leitaðist við að slá á þenslu í hagkerfinu voru ýmsar ákvarðanir ríkis og sveitarfélaga til þess fallnar að verka í öfuga átt.

Til að koma ríkisfjármálum í fastari skorður og fjármálastefnan styðji betur við peningamálastefnuna er skynsamlegt að innleidd verði formleg fjármálaregla við stjórn ríkisfjármála á Íslandi. Það mun skapa skilyrði fyrir lægri vöxtum á Íslandi til frambúðar og draga úr hagsveiflum og óvissu og leiða til aukins hagvaxtar. Tillaga þessa efnis liggur fyrir á Alþingi frá þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Felur hún í sér að ríkisútgjöld skuli ekki vaxa meira á ári en sem nemur langtímahagvexti.

Hvað kosta tillögurnar og hvernig á að fjármagna þær?

Augljóst er að framangreindar tillögur þingmanna Sjálfstæðisflokksins mundu leiða til meiri halla á ríkissjóði en leið ríkisstjórnarinnar kæmi ekkert þeim til mótvægis. Þannig mundi minni niðurskurður í menntakerfinu leiða til tæplega 3 milljarða kr. minni bata ef snúið yrði ofan af ákvörðunum ríkisstjórnarinnar. Afnám óhagkvæmra skatta kostar 10 milljarða kr., tekjuskattslækkanir 10 milljarða kr. og aðra 11 milljarða kr. að ráðast ekki í skattahækkanir ríkisstjórnarinnar. Þannig mundu tillögurnar leiða til 31 milljarðs kr. verri afkomu ríkissjóðs. Því væri batinn ekki nema um 4 milljarðar kr. í stað 43 milljarða kr. ríkisstjórnarinnar og við það yrði ekki unað.

Telja verður að sú fjölgun starfa sem fjallað er um hér að framan muni bæta stöðu ríkissjóðs um 36 milljarða kr. á næsta ári og um 33 milljarða kr. árið 2012.

Batinn við þær ráðstafanir sem hér er fjallað um yrði því um 45 milljarðar kr. sem er um 2 milljörðum kr. meira en tillögur ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir. Frumjöfnuður yrði þannig 19 milljarðar kr. á næsta ári í stað 17 milljarða kr. ríkisstjórnarinnar og halli að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar yrði um 51 milljarður kr. í stað 53 milljarða kr. ríkisstjórnarinnar. Jafnframt yrði skuldasöfnun minni sem leiddi til minni fjármagnskostnaðar og minni halla til lengri tíma litið. Þá er þessi ráðstöfun fallin til þess að styðja við eftirspurn, flýta bata og breikka og styrkja skattstofna. Hér er ekki talinn til tekjuauki vegna aukins þorskafla og aukinna óbeinna umsvifa og er það gert til að hafa borð fyrir báru við mat á jákvæðum áhrifum á ríkissjóð.

Til að tryggja enn frekar tekjugrunn ríkissjóðs er hér lagt til að inngreiðslur í séreignarsjóði landsmanna verði skattlagðar. Það mundi skapa um 80 milljarða kr. í tekjur fyrir ríkissjóð á næsta ári auk þess sem tekjur sveitarfélaganna mundu aukast um allt að 40 milljarða kr. sem kæmi þeim vel í þessu erfiða árferði. Tekjur á ári eftir 2011 vegna þessarar ráðstöfunar gætu orðið allt að 7,5 milljarðar kr. á ári fyrir ríkissjóð og 3,5 milljarðar kr. fyrir sveitarfélögin. Þær tekjur sem ekki yrðu notaðar til að fjármagna tillögurnar á árunum 2011 og 2012 skulu nýttar til að greiða niður skuldir sem aftur mundi lækka vaxtakostnað ríkisins og bæta stöðu ríkissjóðs.

Mikilvægt er að undirstrika að flutningsmenn hafna algjörlega að gera þessa kerfisbreytingu á skattlagningu inngreiðslna í séreignarsjóði ef þær leiða ekki til verulegra skattalækkana á sama tíma. Slíkar breytingar má alls ekki gera í þeim tilgangi að fresta nauðsynlegu aðhaldi í ríkisrekstrinum eins og sumir stjórnarliðar hafa rætt um.

Framangreindar tillögur eru framsæknar og munu hafa mjög jákvæð áhrif á heimili, fyrirtæki og ríkissjóð, nái þær fram að ganga. Þær eru skýr kostur gagnvart hugmyndum ríkisstjórnarinnar sem allar miða að undan- og afturhaldi og uppgjöf andspænis vandanum. Það

er trú flutningsmanna að með því að ráðast í framangreindar tillögur verði brotin á bak aftur sú stöðnun sem ríkir í dag og að Ísland verði í framhaldinu aftur land þar sem íbúarnir búa við hvað best lífskjör.

157. Fyrirspurn [142. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilsufarslegar afleiðingar af boðuðum niðurskurði á heilbrigðisstofnunum.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hverjar kunna að verða heilsufarslegar afleiðingar þeirrar tafar sem verður á því að sjúklingar komist undir læknishendur sem óhjákvæmilega fylgir boðuðum niðurskurði á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011?

Skriflegt svar óskast.

158. Fyrirspurn [143. mál]

til heilbrigðisráðherra um sparnað ríkisins af boðuðum niðurskurði á heilbrigðisstofnunum samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hversu mikill er nettósparnaður ríkisins af boðuðum niðurskurði fjárframlaga til heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni að teknu tilliti til:

a. greiðslu atvinnuleysisbóta til þeirra sem missa atvinnu vegna niðurskurðarins,
b. greiðslu biðlaunaréttinda til þeirra sem missa atvinnu vegna niðurskurðarins,
c. aukins kostnaðar ríkisins við umsýslu við atvinnuleit og atvinnuleysisbætur vegna aukins atvinnuleysis sem af niðurskurðinum leiðir,
d. kostnaðar við tilflutning sjúkrarýma frá heilbrigðisstofnununum til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri,
e. kostnaðar við tilflutning sérfræðiþjónustu frá heilbrigðisstofnununum til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri,
f. kostnaðar við tilflutning endurhæfingar frá heilbrigðisstofnununum til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri,
g. kostnaðar við aukið sjúkraflug, akstur sjúkrabíla með sjúklinga og ferðir sjúklinga með áætlunarflugi og þyrluflugi víðs vegar af landsbyggðinni til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri,
h. kostnaðar Sjúkratrygginga Íslands vegna aukinna ferða sjúklinga til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri sem óhjákvæmilega fylgja niðurskurðinum,
i. tekjutaps ríkisins vegna lægri skatttekna sem fylgja uppsögnum heilbrigðisstarfsfólks

sem nú starfar á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni,

j. kostnaðar sem fylgir hækkunum ýmissa bóta, svo sem barnabóta, vaxtabóta o.s.frv., vegna þeirra sem lenda á atvinnuleysisskrá vegna niðurskurðarins,

k. kostnaðar við aukinn snjómokstur sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja þegar halda þarf fjallvegum opnum allan sólarhringinn, allt árið um kring, vegna aukinna sjúkraflutninga landleiðina á milli héraða?

Svar óskast sundurliðað eftir heilbrigðisstofnunum og kostnaðarliðum þeim sem hér að framan getur. Þá verði birtar sérstaklega tölur um aukinn stofnkostnað við húsnæði Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri vegna nýrra sjúkrarýma sem þar verða til sökum tilflutnings af heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni og tölur um aukinn kostnað í rekstri Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri vegna aukinnar sérfræðiþjónustu og nýrra sjúkrarýma sem þar verða til sökum tilflutnings af heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni.

Skriflegt svar óskast.

159. Fyrirspurn [144. mál]

til heilbrigðisráðherra um útgjaldaauka fyrir sjúklinga og aðstandendur sjúklinga vegna niðurskurðar á heilbrigðisstofnunum samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hversu mikill útgjaldaauki í kjölfar niðurskurðar í fjárlagafrumvarpi lendir á sjúklingum vegna þeirra ferða sem þeir þurfa að greiða fyrir sökum þess að þeir þurfa að sækja þjónustu utan síns heimahéraðs til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri og er þar átt við ferðir sem ekki eru greiddar af Sjúkratryggingum Íslands?
2. Hversu mikill útgjaldaauki lendir á aðstandendum sjúklinga (vegna ferða, vinnutaps, gistingar og uppihalds) sem munu í kjölfar niðurskurðarins þurfa að vitja sjúklinga á sjúkrahús utan síns heimahéraðs?

Skriflegt svar óskast.

160. Fyrirspurn [145. mál]

til heilbrigðisráðherra um almenn áhrif skipulagsbreytinga á heilbrigðiskerfinu samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hverjar verða mögulegar afleiðingar uppsagna heilbrigðisstarfsfólks á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni þegar horft er til búferlaflutninga innan lands og flutnings heilbrigðisstarfsfólks og fjölskyldna þeirra af landi brott?
2. Hver eru svæðisbundin áhrif þeirra skipulagsbreytinga sem boðaðar eru á heilbrigðiskerfinu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011? Óskað er eftir mati á m.a. áhrifum breytinganna á fólksfækkun í landshlutum (eftir kjördæmaskipan sem var við lýði 1959–1999), á þróun hagvaxtar í sömu landshlutum, á menntastofnanir, á fasteignaverð, á búsetukostnað, á önnur opinber störf í viðkomandi landshlutum o.s.frv.

Skriflegt svar óskast.

161. Fyrirspurn [146. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um tekjutap sveitarfélaga vegna uppsagna heilbrigðisstarfsfólks.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hvert er áætlað tekjutap sveitarfélaga vegna lægri útsvarstekna sem fylgja uppsögnum heilbrigðisstarfsfólks sem starfar í dag á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni?

Skriflegt svar óskast.

162. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um kosningu rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar um aðdraganda ákvörðunar um stuðning Íslands við innrásina í Írak árið 2003 og birtingu skjala og annarra upplýsinga um málið.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Álfheiður Ingadóttir, Ásmundur Einar Daðason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Björn Valur Gíslason, Eygló Harðardóttir, Helgi Hjörvar, Höskuldur Þórhallsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Kristján L. Möller, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Lilja Mósesdóttir, Magnús Orri Schram, Margrét Tryggvadóttir, Mörður Árnason, Oddný G. Harðardóttir, Ólafur Þór Gunnarsson, Ólína Þorvarðardóttir, Róbert Marshall, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Skúli Helgason, Valgerður Bjarnadóttir, Þór Saari, Þráinn Bertelsson, Þuríður Backman.

Alþingi samþykkir að kjósa nefnd fimm alþingismanna, sem hafi vald samkvæmt ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að rannsaka aðdraganda og ástæður þess að þáverandi ríkisstjórn Íslands ákvað að lýsa yfir stuðningi við innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak 20. mars 2003 án nokkurs samráðs við Alþingi. Nefndin fái í hendur öll gögn stjórnvalda, þar með taldar fundargerðir, minnisblöð og greinargerðir, sem varpað geti ljósi á þetta ferli. Gögnin verði jafnframt gerð opinber. Nefndin hafi einnig heimild til þess að kalla hvern þann til fundar við sig sem kann að geta upplýst um tildrög ákvörðunarinnar.

Þingmannanefndin njóti aðstoðar skrifstofu Alþingis, en henni verði einnig heimilt að leita eftir utanaðkomandi sérfræðiaðstoð. Nefndarsetan verði ólaunuð, en útlagður kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Nefndarstarfinu ljúki með skýrslu sem lögð verði fyrir Alþingi eigi síðar en 1. júní 2011.

Greinargerð.

Sama dag og herlið Bandaríkjanna, Stóra-Bretlands og fleiri ríkja hóf innrásina í Írak 20. mars 2003 bárust fréttir af því að blaðafulltrúi Bandaríkjaforseta, Ari Fleischer, hefði lýst því yfir á blaðamannafundi í Washington að lýðveldið Ísland væri á lista yfir þau ríki sem hefðu lýst sérstökum stuðningi við þessa innrás. Tveimur dögum áður, 18. mars 2003, hafði talsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins, Richard Boucher, lýst hinu sama yfir á blaðamannafundi í ráðuneytinu.

Næstu daga kom í ljós að forsætisráðherra og utanríkisráðherra höfðu með einhverjum hætti „staðfastar“ þjóðir. Óljóst var í fyrstu hvort ríkin á listanum teldust þátttakendur í innrásinni. Aðspurðir sögðu íslensku ráðherrarnir svo ekki vera. Hins vegar var frá upphafi skýrt að ríkin tækju siðferðilega og pólitíska ábyrgð á stríðinu í Írak og afleiðingum þess.

Ráðherrarnir báru ákvörðun sína um stuðning Íslendinga við innrásina í Írak ekki undir utanríkismálanefnd Alþingis. Sérstaklega er þó kveðið á um það í 24. gr. laga um þingsköp Alþingis að það skuli gert í slíkum tilvikum: „Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum.“

Enn hefur ekki komið fram hvers vegna ráðherrarnir ákváðu að fara á svig við þetta skýra ákvæði í þingskapalögunum.

Þá hefur ekki komið fram hvort lagt var sjálfstætt mat á rökstuðning innrásarríkjanna fyrir hernaðaraðgerðum sínum í aðdraganda stuðningsyfirlýsingar utanríkisráðherra og forsætisráðherra. Í ljós hefur komið að aðalforsendur bandarískra og breskra yfirvalda fyrir innrásinni stóðust ekki, og hafa forustumenn þessara ríkja viðurkennt þetta. Í báðum ríkjunum hafa þessar forsendur verið rannsakaðar sérstaklega af opinberri hálfu. Nefnd Butlers lávarðar rannsakaði aðdraganda ákvörðunar bresku ríkisstjórnarinnar um innrásina í Írak og á Bandaríkjaþingi var skipuð sérstök rannsóknarnefnd öldungadeildarþingmanna. Báðar skiluðu skýrslum í sumar og komust um margt að svipuðum niðurstöðum. Svo virðist sem gögn leyniþjónusta ríkjanna tveggja beggja vegna Atlantshafsins hafi verið úrelt og ónákvæm, og auk þess ekki verið næg þekking fyrir hendi innan stofnananna til þess að lesa og greina upplýsingarnar rétt. Í stuttu máli sagt reyndust CIA og MI6 ekki vandanum vaxin, en stjórnvöld í ríkjunum sáust ekki fyrir og létu vilja sinn ráða umfram staðreyndir og rök.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, hefur (viðtal við BBC 16. september 2004) lýst því yfir að innrásin í Írak hafi verið ólögmæt samkvæmt alþjóðalögum þar sem einhliða ákvörðun ríkisstjórna Bandaríkjanna og Bretlands standist ekki stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Þessi yfirlýsing beinir kastljósinu enn eindregnar að stuðningsákvörðun íslensku ráðherranna.

Halldór Ásgrímsson, sem gegndi störfum utanríkisráðherra í mars 2003, hefur viðurkennt að mjög hafi skort á réttmæti upplýsinga sem hann fékk áður en afstaða ráðherranna var tilkynnt í Washington. Um þetta sagði Halldór í sjónvarpsviðtali 17. september 2004: „En það er ljóst að það er margt í þessu máli sem menn hefðu viljað sjá öðruvísi og ýmsar upplýsingar sem bæði ég og aðrir fengu á sínum tíma sem stóðust ekki.“ Ráðherrann bætti síðan við að hann hefði orðið fyrir vonbrigðum vegna rangra upplýsinga í þessu efni.

Þessi ummæli sýna að nauðsynlegt er að brjóta til mergjar ástæður þess að ríkisstjórn Íslands ákvað í marsmánuði 2003 að lýsa yfir stuðningi við innrásina í Írak.

Meginforsendur innrásarinnar voru þær að Íraksstjórn byggi yfir gereyðingarvopnum sem heimsbyggðinni stæði hætta af. Nú er viðurkennt, m.a. í Washington og Lundúnum, að Íraksher átti engin slík vopn. Vopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna, undir forustu Hans Blix, sögðust í skýrslu til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna stuttu fyrir innrásina ekki hafa neinar haldbærar sannanir fyrir tilvist gereyðingarvopna í Írak og óskuðu þess að fá meiri tíma til þess að rannsaka málið. Á þá var hins vegar ekki hlustað.

Önnur rök, einkum haldið fram af hálfu Bandaríkjastjórnar, voru þau að stjórnin í Bagdad væri í nánum tengslum við þann hryðjuverkahóp íslamista sem m.a. stóð fyrir ódæðinu í New York og víðar 11. september 2001, Al-Kaída. Rannsóknir hafa ekki sýnt fram á nein slík tengsl. Hins vegar er ljóst að þessi samtök, eða margvíslegir hópar sem þeim tengjast, líta eftir innrásina á Írak sem kjörlendi fyrir verk sín og sem einkar heppilega uppeldis- og liðssöfnunarstöð í Miðausturlöndum. Bandaríkjastjórn lýsti því einnig yfir að aðgerðum hennar í Írak væri ætlað að auka veg lýðræðis og frelsis í arabaríkjunum og öðrum ríkjum múslima. Árangurinn hefur enginn orðið. Þvert á móti hefur stríðið í Írak fært ríki araba og múslima heldur fjær vestrænum lýðræðisgildum en áður var, og mjög torveldað gagnkvæman skilning milli þeirra menningarheima sem um ræðir. Þar sem innrásin hefur leitt til þess að öfgaöflunum hefur vaxið fiskur um hrygg meðal múslima, áhrif lýðræðissinna dvínað og dregið úr stöðugleika í stjórnarfari í ríkjum þeirra hafa styrjöld og hernám í Írak í reynd afvegaleitt alþjóðlega baráttu gegn hryðjuverkum og um leið dregið úr öryggi og stöðugleika um allan heim.

Í Bretlandi fer nú fram önnur rannsókn undur forustu Sir John Chilcot á hlut stjórnvalda og embættismanna við ákvarðanatöku um innrásina í Írak og hefur komið fram við vitna-

leiðslur að margt var öðruvísi en fram kom á yfirborðinu, meiri efasemdir um réttmæti innrásarinnar hafi verið í stjórnkerfinu en upplýst hefur verið um til þessa og blekkingum hafi verið beitt. Þá fór fram rannsókn í Hollandi á aðdraganda stuðnings þarlendra stjórnvalda við innrásina og var niðurstaða hennar að innrásin hafi ekki verið lögmæt.

Nýlega kom fram í fréttum Ríkisútvarpsins (25. október 2010) að fundist hefðu gögn í utanríkisráðuneytinu um aðdraganda þess að Ísland var sett á lista hinna „viljugu þjóða“. Gögnin sýni m.a. að viðræður hafi farið fram við bandaríska embættismenn í aðdraganda stríðsins.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að Alþingi láti rannsaka hvernig staðið var að ákvörðun um stuðning við Íraksstríðið innan ríkisstjórnarinnar. Sú nefnd sem hér er lagt til að taki að sér það verk verði skipuð fimm þingmönnum, einum frá hverjum stjórnmálaflokki. Hlutverk hennar verður meðal annars að athuga:

a. hvort sérstök beiðni barst um þennan stuðning, hver beiðandinn var og að hverjum beiðnin beindist innan íslenska stjórnkerfisins,
b. hvaða upplýsingar bárust ríkisstjórninni um forsendur innrásarinnar og hvaðan,
c. hvaða mat var lagt á þær upplýsingar af hálfu sérfræðinga á vegum ríkisstjórnarinnar og hverjir önnuðust það mat,
d. hvernig ákvörðunin var tekin innan ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar,
e. hvers vegna ákveðið var að hafa ekki samráð við Alþingi samkvæmt landslögum, 24. gr. þingskapalaga, og hvaða ráðherra bar ábyrgð á því að það var ekki gert,
f. hvenær var horfið frá þeirri stefnu að gefa bæri vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna meiri tíma til að ljúka störfum og að hernaðaraðgerðir gegn Írak kölluðu á nýja ályktun öryggisráðsins,
g. hvernig ákvörðun ríkisstjórnarinnar var komið á framfæri við umheiminn, hverjum voru send boð um þessa ákvörðun og með hvaða hætti,
h. af hverju sagt var frá ákvörðuninni í Washington en hún ekki kynnt íslensku þjóðinni með fréttatilkynningu, á blaðamannafundi eða eftir öðrum viðurkenndum samskiptaleiðum stjórnvalda og almennings.

Mikilvægt og eðlilegt er að upplýst verði um aðkomu íslenskra stjórnvalda, stjórnmálamanna og embættismanna að ákvörðuninni um stuðning Íslands við innrásina í Írak svo að hægt sé að gera upp þennan atburð og læra af honum.

Brýnt er að þeirri leynd sem hvílt hefur á ákvarðanatöku um stuðning íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak verði aflétt og er því í þessari þingsályktunartillögu óskað eftir aðgengi almennings að öllum skjölum og öðrum upplýsingum sem liggja fyrir og varða ákvörðunina. Í því skyni er eðlilegast að skjölin verði gerð opinber á vef Stjórnarráðsins.

Stefnt verði að því að fundir rannsóknarnefndarinnar verði opnir og haldnir í heyranda hljóði eftir því sem mögulegt er og aðgengi almennings að öllum skjölum og öðrum upplýsingum sem liggja fyrir og varða ákvörðun um stuðning íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak verði tryggt.

Þegar niðurstöður rannsóknarinnar liggja fyrir ákveði Alþingi næstu skref. Flutningsmenn telja það brýnt að efla eftirlitshlutverk þingsins með framkvæmdarvaldinu og vísa í fram komnar tillögur í skýrslu nefndar um eftirlitshlutverk Alþingis sem forsætisnefnd lét vinna sl. haust.

Með tilögunni voru tvö fylgiskjöl:

I. Tillaga til þingsályktunar um birtingu skjala og annarra upplýsinga um ákvörðun um stuðning Íslands við innrásina í Írak. (Þskj. 334, 289. mál á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

II. Tillaga til þingsályktunar um skipan rannsóknarnefndar um aðdraganda ákvörðunar um stuðning Íslands við innrásina í Írak. (Þskj. 664, 367. mál á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

163. Svar [29. mál]

forseta Alþingis við fyrirspurn Marðar Árnasonar um atvikin í Alþingishúsinu 8. desember 2008.

1. *Með hvaða hætti ræðir skrifstofustjóri Alþingis um 100. gr. hegningarlaga í beiðni sem hann sendi lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins 19. desember 2008 vegna atvika í Alþingishúsinu 8. þess mánaðar?*

Í beiðninni var gerð grein fyrir átökunum sem urðu við bakdyr Alþingishússins og í gangi upp að þingpöllum, fjallað sérstaklega um aðgang að þingpöllum og nánara um málavexti sem grundvöll rannsóknarbeiðni.

Að 100. gr. hegningarlaga er síðan vikið í kafla sem ber yfirskriftina „sjónarmið skrifstofu Alþingis“ og þar segir skrifstofustjóri orðrétt:

„Nauðsynlegt er að tryggja öryggi þingmanna meðan á þingfundi stendur. Aðgangur að þingpöllum getur því ekki verið með öllu óhindraður og án eftirlits. Forseti Alþingis hefur falið þingvörðum framkvæmd þessa eftirlits og er það hluti af starfsskyldum þeirra að gæta að því að aðgangsreglum í þinghúsinu sé fylgt. Eins og áður segir er einn lögreglumaður enn fremur á vakt í þinghúsinu meðan á þingfundum stendur.

Alþingi nýtur sérstakrar verndar í XI. kafla almennra hegningarlaga, sem fjallar um brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess. Þar segir í 100. gr. að hver sem ræðst á Alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin, sem lætur boð út ganga, sem að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, skuli sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár, og getur refsing orðið ævilangt fangelsi ef sakir eru mjög miklar. Ekki er ljóst hvað mannsöfnuðinum gekk til með athæfi sínu hinn 8. desember sl. Miðað við þá aðferð sem notuð var til að koma hópnum inn í húsið virtist hann ekki kominn í friðsamlegum tilgangi eða að hann væri líklegur til að hlíta reglum. Ekki var hægt að útiloka að einhverjir í hópnum væru með innanklæða eitthvað sem skaðað gæti alþingismenn eða starfsmenn. Viðbrögð voru ákveðin með þessi atriði í huga og allt tiltækt lið þingvarða ásamt lögreglumanni kallað til í því skyni að koma í veg fyrir að mannsöfnuðurinn kæmist í færi við þingmenn sem sátu í þingsal. Þá var þegar leitað aðstoðar lögreglunnar.

Af myndbandsupptökum má ráða að aðgerðin við innganginn hafi verið skipulögð fyrirfram. Menn komu einn af öðrum inn í húsið með stuttu millibili og varð þingvörður að sinna þeim. Sá síðasti fór hins vegar ekki inn heldur hélt hurðinni opinni og sá til þess að leiðin yrði greið fyrir þá sem á eftir komu. Þegar þingvörður hugðist láta loka dyrunum, eins og ráð er fyrir gert, var hann beittur ofbeldi og ýtt út um dyrnar. Þá voru fleiri starfsmenn beittir ofbeldi eða hindraðir við framkvæmd skyldustarfa sinna. Skrifstofa Alþingis telur að þessi atvik verði að rannsaka m.a. með það í huga hvort brotið hafi verið gegn 106. gr. almennra

hegningarlaga en þingverðir eru opinberir starfsmenn í skilningi ákvæðisins. Um var að ræða mannsöfnuð, sbr. 107. gr. laganna, og ber þá að beita leiðtogum upphlaupsins harðari refsingu að tiltölu.

Fleiri ákvæði almennra hegningarlaga kunna að hafa verið brotin af þeim sem þarna áttu hlut að máli. Benda má á 118. gr. laganna um upphlaup í því skyni að ógna með, svo og 122. gr. sömu laga um hindrun á löglegum mannfundi einkum ef ofríki eða ógnun í framferði er viðhaft. Þá kann að vera að um húsbrot hafi verið að ræða í skilningi 231. gr. almennra hegningarlaga.“

2. *Telur forseti að þessi grein hegningarlaga, um mann „sem ræðst á Alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin,“ eigi við um atvikin sem til báru 8. desember 2008?*

Með því að óska eftir opinberri rannsókn var vakin athygli lögreglu á málinu. Árétta verður að beiðnin var ekki skilyrði eða nauðsynleg forsenda þess að rannsókn færi fram enda hafði þingið ekki að lögum forræði á málinu á neinu stigi þess. Að lokinni rannsókn lögreglu var málið sent handhafa ákæruvalds til þess að leggja sjálfstætt mat á fyrirliggjandi málavexti og eftir atvikum að gefa út ákæru á grundvelli þeirra. Það var gert.

Mál það sem hér um ræðir er nú til meðferðar hjá dómstólum og bíður niðurstöðu, m.a. um það atriði sem fyrirspyrjandi óskar álits forseta á. Lög gera ekki ráð fyrir því að forseti Alþingis komi að málshöfðun né heldur að hann láti í ljós álit sitt á einstökum þáttum hennar, þar á meðal hvort heimfæra má tiltekin atvik undir einstakar greinar hegningarlaganna. Það er verkefni dómstóla.

164. Fyrirspurn [148. mál]

til utanríkisráðherra um meðmælabréf vegna atvinnuumsókna.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

Hvað hefur ráðherra og/eða ráðuneytið skrifað mörg meðmælabréf vegna atvinnuumsókna fyrrum ráðherra á árunum 2000–2010? Fyrir hvern voru bréfin skrifuð, hvert voru þau send og hvenær?

Skriflegt svar óskast.

165. Fyrirspurn [149. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um kaup Ríkisútvarpsins á efni frá sjálfstæðum framleiðendum.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra tryggja að Ríkisútvarpið uppfylli það ákvæði þjónustusamnings við ráðuneytið þar sem kveðið er á um kaup á innlendu dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum?

166. Fyrirspurn [150. mál]

til iðnaðarráðherra um olíuleit á Drekasvæði.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hver er staða mála vegna olíuleitar á Drekasvæðinu?

167. Fyrirspurn [151. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um opinber framfærsluviðmið.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Hver eru opinber framfærsluviðmið, hvernig er framfærslugrunnurinn samansettur og hvenær var hann síðast uppfærður?
2. Stendur til að endurskoða grunninn og taka inn í hann fleiri neysluþarfir, svo sem eðlileg útgjöld er snúa að félags- og tómstundaiðkun barna og ungmenna til 18 ára aldurs?
3. Hver er upphæð opinberra framfærsluviðmiða einstaklings og til samanburðar, hver eru
   a. samningsbundin lágmarkslaun,
   b. elli- og örorkubætur almannatrygginga,
   c. fjárhagsaðstoð sveitarfélaga,
   d. skattleysismörk,
   e. atvinnuleysisbætur,
   f. framfærslulán Lánasjóðs íslenskra námasmanna?
4. Hvenær munu ný og endurskoðuð framfærsluviðmið taka gildi og verða þau samræmd innan stjórnkerfisins.

Skriflegt svar óskast.

168. Frumvarp til laga [152. mál]

um breytingar á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

I. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda“ í a-lið 4. mgr. kemur: tímabundið búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda og hefur áður átt lögheimili og verið búsettur hér á landi í a.m.k. þrjú ár samfleytt.
b. Í stað orðanna „íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda“ í b-lið 4. mgr. kemur: einungis tímabundið búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda og hafi áður átt lögheimili og verið búsettur hér á landi í a.m.k. þrjú ár samfleytt.

2. gr.

Í stað orðanna „skulda vegna námslána“ í g-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: krafna Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna námslána.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á e-lið 1. mgr. 6. gr. laganna:
a. Við fyrri málslið bætist: á síðustu þremur árum.
b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt er heimilt að samþykkja umsókn hafi einstaklingur fengið nauðasamning til greiðsluaðlögunar fyrir gildistöku laga þessara.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:
a. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:
Hafi umboðsmaður skuldara samþykkt umsókn um greiðsluaðlögun þegar skuldari hefur gildan nauðasamning til greiðsluaðlögunar, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr., fellur nauðasamningur sjálfkrafa úr gildi og skal umboðsmaður tilkynna kröfuhöfum og sýslumanni um ógildinguna.
b. Í stað orðsins „viku“ í 3. mgr. kemur: tveggja vikna.

5. gr.

Við f-lið 1. mgr. 11. gr. laganna bætist: eða ráðast í hvers konar aðgerðir til innheimtu kröfu.

6. gr.

Í stað orðsins „viku“ í 1. mgr. 15. gr., 2. mgr. 18. gr., 3. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: tveggja vikna.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:
a. 1. mgr. orðast svo:
Þegar umboðsmaður skuldara hefur samþykkt umsókn skuldara um greiðsluaðlögun skal hann þá þegar óska eftir því að athugasemd um samþykki á umsókn skuldara um greiðsluaðlögun verði skráð í þinglýsingabækur, eftir því sem við á. Slík skráning ber ekki þinglýsingagjöld.
b. Í stað orðanna „skrá athugasemd“ í 4. mgr. kemur: umboðsmaður óska eftir skráningu athugasemdar.

8. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Þegar greiðsluaðlögunartímabili er lokið eða hafi skuldari dregið umsókn sína til baka í samræmi við 5. mgr. 7. gr. skal umboðsmaður skuldara óska eftir aflýsingu athugasemdar skv. 1. mgr. 28. gr.

9. gr.

34. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Reglugerð um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Félags- og tryggingamálaráðherra setur að fenginni umsögn umboðsmanns skuldara reglugerð um greiðsluaðlögun einstaklinga þar sem m.a. skal kveða á um starfsemi umsjónarmanna og samræmda framkvæmd greiðsluaðlögunar.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., með síðari breytingum.

10. gr.

Við 1. mgr. 63. gr. a. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nauðasamningur til greiðsluaðlögunar tekur þó ekki til eftirfarandi krafna:

a. fésekta sem ákveðnar hafa verið með dómi eða af stjórnvaldi eða með sátt áður en umsókn um greiðsluaðlögun var tekin til greina, krafna um vangoldinn virðisaukaskatt, krafna um afdregna vangoldna staðgreiðslu opinberra gjalda og krafna um skaðabætur vegna tjóns sem samkvæmt dómi hefur verið valdið með refsiverðu athæfi,
b. krafna Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna námslána að öðru leyti en því að ákveða má við greiðsluaðlögun að afborganir af þeim og vextir falli niður á greiðsluaðlögunartíma,
c. uppsafnaðra skulda við opinbera aðila vegna meðlags og fer um uppsafnaða skuld samkvæmt ívilnunarúrræðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

11. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Einstaklingar sem hætt hafa atvinnurekstri geta jafnframt sótt um frest til greiðsluuppgjörs ef vanskilin tengjast atvinnurekstri þeirra.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur að markmiði að sníða ýmsa annmarka af lögum um greiðsluaðlögun, skýra ákvæði og tryggja virkni greiðsluaðlögunar og samræmda framkvæmd hennar. Lagðar eru til breytingar á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Hinn 24. júní 2010 samþykkti Alþingi lög nr. 100/2010, um umboðsmann skuldara, lög nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, lög nr. 102/2010, um breytingu á lögum nr.

50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, og lög nr. 103/2010, um tímabundin úrræði einstaklinga sem eiga tvær eignir til heimilisnota. Lögin tóku gildi 1. ágúst sl. og sama dag tók embætti umboðsmanns skuldara til starfa. Þegar framangreind lög er varða skuldavanda heimilanna og umboðsmann skuldara voru samþykkt var þá þegar ljóst að hugsanlega þyrfti að bregðast við og breyta þeim þegar komin væri reynsla af framkvæmd þeirra. Frumvarp það sem varð að lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga var unnið af félags- og tryggingamálanefnd á grundvelli frumvarps félags- og tryggingamálaráðherra og með aðkomu og aðstoð dómsmála- og mannréttindaráðuneytis, félags- og tryggingamálaráðuneytis og réttarfarsnefndar. Lögunum er ætlað að standa til langs tíma og gera einstaklingum í greiðsluvanda kleift að endurskipuleggja fjárhag sinn óháð aðstæðum í samfélaginu. Mikilvægt er því að fylgjast vel með framkvæmd laganna og einsetti nefndin sér frá upphafi að fylgjast náið með störfum umboðsmanns skuldara og virkni þeirra laga sem hann vinnur eftir til að tryggja að um skilvirk úrræði sé að ræða sem taki á skuldavanda einstaklinga og heimila og bjóði virkar lausnir.

Félags- og tryggingamálanefnd hefur átt nokkra fundi með umboðsmanni skuldara sem komið hefur á framfæri ábendingum um það sem betur megi fara í lögunum og er frumvarp þetta unnið á grundvelli þessara ábendinga. Þá sendi nefndin drög að frumvarpinu til forsætisráðuneytis, dómsmála- og mannréttindaráðuneytis, efnahags- og viðskiptaráðuneytis, félags- og tryggingamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis og fékk frá þeim gagnlegar athugasemdir og ábendingar. Vert er að árétta að áfram verður fylgst náið með virkni laganna og starfsemi umboðsmanns skuldara og lagðar til frekari breytingar verði talin þörf á því til að skýra enn frekar ákvæði laganna og tryggja virkni þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga er eitt af skilyrðum fyrir greiðsluaðlögun að viðkomandi einstaklingur sé íslenskur ríkisborgari. Sökum þessa skilyrðis geta umsækjendur með erlent ríkisfang, sem hafa þurft að leita atvinnu tímabundið utan Íslands í kjölfar efnahagshrunsins hér á landi og uppfylla að öðru leyti skilyrði laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, ekki nýtt sér sömu úrræði og íslenskir ríkisborgarar. Hefur jafnframt verið á það bent að þetta skilyrði geti verið brot á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Með ákvæðinu er lögð til sú breyting að í stað þess að í 2. gr. laganna sé gert að skilyrði fyrir greiðsluaðlögun einstaklinga að skuldari hafi íslenskan ríkisborgararétt verði skilyrt að hann hafi átt lögheimili og verið búsettur hér á landi í a.m.k. þrjú ár samfleytt áður en hann flutti erlendis tímabundið vegna náms, starfa eða veikinda. Náist ekki samningur um greiðsluaðlögun og skuldari óskar eftir að fá heimild til nauðasamnings til greiðsluaðlögunar er eftir sem áður skilyrði fyrir nauðasamningi að einstaklingur hafi lögheimili á Íslandi, sbr. 4. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Ekki er unnt að víkja frá því skilyrði þar sem ekki eru í gildi samningar við erlend ríki um gagnkvæma viðurkenningu nauðasamninga til greiðsluaðlögunar. Því mundi nauðasamningur um greiðsluaðlögun ekki koma í veg fyrir að lánardrottnar gætu sótt kröfu sína fyrir dómstóli þar sem lögheimili skuldara er.

Um 2. gr.

Samkvæmt g-lið 1. mgr. 3. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga falla skuldir vegna námslána ekki undir greiðsluaðlögun einstaklinga að öðru leyti en því að ákveða má við greiðsluaðlögun að afborganir af þeim og vextir falli niður á greiðsluaðlögunartíma. Gert er ráð fyrir að sú tilhögun verði almenn regla enda eykur það svigrúm til samningaumleitana

við aðra kröfuhafa. Nokkurs misskilnings virðist hafa gætt um þetta ákvæði þannig að unnt ætti að vera að fella undir það ýmiss konar skuldir tengdar námslánum aðrar en námslánin sjálf. Í athugasemdum við ákvæðið segir að ástæða þess að undanskilja skuldir vegna námslána frá greiðsluaðlögun einstaklinga er að þau eru nátengd aflahæfi skuldara og ekki veitt á viðskiptalegum forsendum. Þar er þess einnig getið að endurgreiðsla námslána sé tengd launum skuldara. Ákvæðinu er því einungis ætlað að gilda um kröfur Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna námslána en ekki aðrar skuldir tengdar töku námslána, svo sem yfirdrátt í viðskiptabanka o.fl. Því er lögð til orðalagsbreyting til að gera ákvæðið skýrara og koma í veg fyrir nokkurn misskilning.

Um 3.–4. gr.

Í e-lið 1. mgr. 6. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga er kveðið á um að synja skuli um heimild til greiðsluaðlögunar hafi skuldari áður fengið samþykkta greiðsluaðlögun eða nauðasamning til greiðsluaðlögunar. Sú undanþága er þó veitt að séu sérstakar aðstæður fyrir hendi er umboðsmanni skuldara heimilt að samþykkja umsókn. Ljóst er að erfiðara verður að meta sérstakar aðstæður eftir því sem lengra líður frá upphaflegu samþykki. Er því lögð til sú breyting í 3. gr. frumvarpsins að unnt verði að sækja aftur um greiðsluaðlögun að liðnum þremur árum frá því að heimild til greiðsluaðlögunar eða nauðasamnings til greiðsluaðlögunar var veitt. Er þetta til samræmis við 38. gr. gjaldþrotaskiptalaga, nr. 21/1991, þar sem kveðið er á um að synja skuli heimild til að leita nauðasamnings hafi nauðasamningur áður verði staðfestur innan þriggja ára fyrir frestdag.

Þá er lagt til að skýrt verði kveðið á um að hafi skuldari fengið samþykktan nauðasamning til greiðsluaðlögunar fyrir gildistöku laga nr. 101/2010 skuli ekki sjálfkrafa synja um heimild til greiðsluaðlögunar. Er þessi undanþága sett inn til að tryggja að þeir sem fengu nauðasamning til greiðsluaðlögunar samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum fyrir gildistöku laga nr. 101/2010 geti fengið endurupptöku máls síns og njóti sömu réttinda og aðrir skuldarar auk þess sem mikilvægt er að tryggja að samræmi sé við framkvæmd greiðsluaðlögunar.

Ljóst er að nauðasamningar um greiðsluaðlögun fengu mjög misjafna meðferð hjá umsjónarmönnum fyrir tíð laga nr. 101/2010. Einstaklingar hafa í einhverjum tilvikum ekki náð að standa við nauðasamning vegna þess að hann var óraunhæfur frá upphafi og að auki er mismunandi hvernig farið er með kröfur að loknu greiðsluaðlögunartímabili í nauðasamningi til greiðsluaðlögunar. Því gæti svo farið að í einhverjum tilfellum þurfi að endurmeta þá samninga sem gerðir hafa verið. Sé ljóst að samningur hafi frá upphafi verið óraunhæfur verður að telja að um sérstakar aðstæður sé að ræða.

Í 4. gr. er lögð til breyting á 7. gr. laganna sem ætlað er að tryggja að þegar umboðsmaður skuldara heimilar greiðsluaðlögun hjá einstaklingi sem hefur fengið staðfestan nauðasamning til greiðsluaðlögunar sé ekki nauðsynlegt að ógilda slíkan samning fyrir dómi enda er slíkt ferli kostnaðarsamt og þungt í vöfum. Samþykki umboðsmaður greiðsluaðlögun í tilvikum sem þessum ógildir það sjálfkrafa nauðasamninginn til greiðsluaðlögunar en umboðsmanni ber þó að tilkynna lánardrottnum og sýslumanni um ógildinguna.

Um 5. gr.

Nokkurs misskilnings virðist hafa gætt um áhrif frestunar greiðslna skv. 11. gr. laganna hvað viðkemur ábyrgðarmönnum. Til að mynda hafi kröfuhafar hyggst leita fjárnáms í eigum ábyrgðarmanna til fullnustu krafna þegar frestun greiðslna er komin á. Slíkar aðgerðir brjóta klárlega gegn a-lið 1. mgr. 11. gr. þar sem kveðið er á um að lánardrottnum sé óheimilt sé að krefjast eða taka við greiðslu á kröfum sínum. Þá er í f-lið 1. mgr. kveðið á um að óheimilt

sé að krefjast greiðslu hjá ábyrgðarmanni skuldarans. Til að taka af allan vafa um að hvers konar innheimtuaðgerðir sem óheimilt er að gera gagnvart skuldara séu jafnframt óheimilar gagnvart ábyrgðarmanni hans er lögð til breyting á ákvæðinu þess efnis. Þannig verði skýrt að réttaráhrif frestunar greiðslna vegna krafna á hendur skuldara séu hin sömu fyrir skuldara og ábyrgðarmann hans.

Um 6. gr.

Almennur kærufrestur samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga er ein vika. Bent hefur verið á að þessi frestur sé stuttur og mikilvægt sé að gefa einstaklingum nægilegan umþóttunartíma ella aukist líkur á því að umsækjandi sem missir af kærufrestinum sæki um aftur í þeim tilgangi einum að geta nýtt kæruheimildina. Eykur það óþarflega flækjustig mála og álag á embætti umboðsmanns skuldara. Er því lagt til að kærufrestur verði tvær vikur.

Um 7.–8. gr.

Með greinunum eru lagðar til breytingar á 28. og 29. gr. laganna. Í 28. gr. er kveðið á um að umsjónarmaður skuli óska eftir því að athugasemd um samþykki umboðsmanns skuldara á umsókn um greiðsluaðlögun skuli skráð í þinglýsingarbækur, eftir því sem við á. Mikilvægt er að athugasemdinni sé þinglýst um leið og umboðsmaður hefur samþykkt umsókn svo að kröfuhöfum sé sem fyrst ljóst að réttaráhrif 11. gr. laganna hafi tekið gildi. Er því lagt til að umboðsmaður óski eftir þinglýsingunni um leið og hann hefur samþykkt umsóknina. Til samræmis er lögð til sú breyting að umboðsmaður óski eftir skráningu í opinberar skrár.

Samkvæmt 29. gr. laganna getur skuldari krafist aflýsingar athugasemdar um greiðsluaðlögun úr þinglýsingabókum. Til þess þarf hann að framvísa greiðsluaðlögunarsamningi og yfirlýsingu umboðsmanns skuldara um að greiðsluaðlögun sé lokið. Til að einfalda ferlið og gæta samræmis er lögð til sú breyting að umboðsmaður óski eftir aflýsingu athugasemdar um greiðsluaðlögun þegar greiðsluaðlögunartímabili er lokið. Þá óskar umboðsmaður skuldara jafnframt eftir aflýsingu hafi skuldari dregið umsókn sína til baka á tímabili greiðsluaðlögunarumleitana.

Um 9. gr.

Í 34. gr. laganna er kveðið á um að umboðsmaður skuldara setji verklagsreglur um framkvæmd greiðsluaðlögunar sem ráðherra staðfestir og birta skuli opinberlega. Verklagsreglur þessar eiga að varða starfsemi umsjónarmanna og tryggja samræmi í framkvæmd greiðsluaðlögunarumleitana. Til að markmið ákvæðisins um samræmi í meðferð greiðsluaðlögunarmála hjá umsjónarmönnum náist er talið nauðsynlegt að sett verði reglugerð um starfsemi umsjónarmanna. Er því lagt til að í stað verklagsreglna setji ráðherra reglugerð þar sem m.a. skuli kveða á um starfsemi umsjónarmanna og samræmda framkvæmd greiðsluaðlögunar.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 63. gr. a laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sem ætlað er að tryggja að meðferð krafna við nauðasamning um greiðsluaðlögun sé með sama hætti og við greiðsluaðlögun með samningi. Nauðsynlegt er að meðferð krafna sé með samræmdum hætti svo ekki sé til staðar óeðlilegur hvati fyrir kröfuhafa eða umsækjanda um greiðsluaðlögun til að þrýsta á að samningur um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum nr. 101/2010 takist ekki í von um að fá betri rétt með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar samkvæmt lögum nr. 21/1991.

Með greininni er lagt til að f–h-liður 1. mgr. 3. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga verði teknir orðrétt upp í ákvæði um nauðasamning til greiðsluaðlögunar. Breytingin felst í því að undanskilja frá nauðasamningi til greiðsluaðlögunar fésektir sem ákveðnar hafa verið með dómi eða af stjórnvaldi eða með sátt áður en umsókn um greiðsluaðlögun var tekin til greina, kröfur um vangoldinn virðisaukaskatt, kröfur um vangoldna staðgreiðslu og kröfur um skaðabætur vegna tjóns sem samkvæmt dómi hefur verið valdið með refsiverðu athæfi. Þessar kröfur þurfi því að greiða að fullu.

Þá er lagt til, í samræmi við g-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 101/2010 og 2. gr. frumvarps þessa, að kröfur Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna námslána falli ekki undir nauðasamning til greiðsluaðlögunar. Gert er þó ráð fyrir sambærilegri reglu og er í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga þess efnis að afborganir námslána verði felldar niður á greiðsluaðlögunartíma og öðrum kröfuhöfum þannig skapað sanngjarnt svigrúm.

Að síðustu er lagt til að áfallandi meðlag og lífeyrir sem skuldara ber að greiða samkvæmt hjúskapar- eða barnalögum falli ekki undir nauðasamning til greiðsluaðlögunar. Er þetta í samræmi við h-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 101/2010. Auk þess gildi hið sama um uppsafnaða skuld við opinbera aðila vegna meðlags og því fari um slíkar skuldir samkvæmt ívilnunarúrræðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er lögð til breyting á lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. Samkvæmt gildandi 1. mgr. 1. gr. laganna geta lögaðilar og einstaklingar í atvinnurekstri sem eru í vanskilum með virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald og þing- og sveitarsjóðsgjöld sem hafa gjaldfallið fyrir 1. janúar 2010 sótt um frest til greiðsluuppgjörs á þeim vanskilum til 1. júlí 2011. Greiðsluuppgjör felur í sér frest á greiðslum til 1. júlí 2011 og bera vanskilin ekki vexti á meðan. Þann 1. júlí 2011 getur tollstjóri svo samþykkt útgáfu skuldabréfs til greiðslu þeirra skatta og gjalda sem voru í fresti til greiðsluuppgjörs og skal skuldabréfið vera vaxtalaust. Einstaklingar sem hætt hafa atvinnurekstri en skulda framangreind gjöld vegna atvinnurekstrs geta því ekki nýtt sér frestinn.

Mikilvægt er að tryggja virkni greiðsluaðlögunar. Til að svo geti orðið þurfa þær reglur sem gilda um skuldir einstaklinga að vera með samræmdum hætti. Hafi einstaklingur hætt rekstri en skuldi ofangreind gjöld ber honum að greiða þau að fullu skv. f-lið 1. mgr. 3. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga. Sé samið um að greiða þau niður á lengri tíma nýtur sá einstaklingur ekki sömu skilmála og sá sem sótt hefur um greiðslufrest. Að auki geta kröfuhafar þess sem fengið hefur greiðsluuppgjör fengið meira í sinn hlut enda frestast greiðslur á vanskilum til 1. júlí 2011. Í þeim tilfellum getur því verið að þeir séu liðlegri í samningaviðræðum og auknar líkur á því að samningur um greiðsluaðlögun komist á.

Áhersla er lögð á það í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga að ljúka málum á samningsgrundvelli og því eigi kröfuhafi einungis í undantekningartilfellum að synja um samning enda hafi hann ástæðu til að ætla að skuldari geti greitt meira. Sé kröfuhafi ósáttur við samning um endurgreiðslu vangoldinna gjalda og telji að greiða eigi lægri mánaðarlega fjárhæð eða fresta þeim greiðslum til að hærri greiðslur komi til skiptanna til kröfuhafa gæti svo farið að hann setji sig upp á móti samningi.

Til að tryggja virkni greiðsluaðlögunar, að samræmdar reglur gildi og að ekki sé til staðar hvati fyrir kröfuhafa að synja samningi í von um að fá betri rétt með nauðasamningi til

greiðsluaðlögunar er lögð til breyting á 1. mgr. 1. gr. laga nr. 24/2010 þess efnis að lögin gilda jafnframt fyrir þá einstaklinga sem hætt hafa rekstri séu vangoldin gjöld þeirra tilkomin vegna reksturs.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

169. Fyrirspurn [153. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um innheimtu fésekta og afplánun í fangelsinu að Bitru.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hversu háar upphæðir hafa innheimst eftir að farið var að boða menn til afplánunar vararefsingar vegna ógreiddra fésekta í fangelsinu að Bitru?
2. Hafa kröfur fyrnst síðan fangelsið var opnað?
3. Hver er upphæð óinnheimtra fjársekta sem hafa vararefsingu á bak við sig 1. nóvember?
4. Er áætlað að fjölga úrræðum í fangelsiskerfinu vegna slíkra mála?

Skriflegt svar óskast.

170. Fyrirspurn [154. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um fækkun starfa.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hvað hefur störfum fækkað mikið hér á landi árin 2008 og 2009 og það sem af er þessu ári?

Skriflegt svar óskast.

171. Tillaga til þingsályktunar [155. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2009, frá 3. júlí 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2009, frá 3. júlí 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu (grunnvatnstilskipunin).

Tilskipun 2006/118/ EB kveður á um sértækar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir og hafa eftirlit með grunnvatnsmengun. Innleiðing hennar kallar á lagabreytingar hér á landi og var umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar því tekin með stjórnskipulegum fyrirvara.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum

fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu.

Tilskipun 2006/118/EB, grunnvatnstilskipunin, kveður á um sértækar aðgerðir, sem vísað er til í 17. gr. vatnatilskipunarinnar 2000/60/EB, til að koma í veg fyrir og hafa eftirlit með grunnvatnsmengun. Þessar ráðstafanir fela m.a. í sér að setja viðmiðanir til að meta gæði grunnvatns með tilliti til efnainnihalds og viðmiðanir til að auðkenna og snúa við meiri háttar og varanlegum breytingum til hnignunar á gæðum grunnvatns og setja mörk fyrir upphafspunkt þeirrar hnignunar.

Grunnvatnstilskipunin tekur einnig til ákvæða um að koma í veg fyrir eða takmarka losun efna í grunnvatn, ásamt ákvæðum vatnatilskipunarinnar, með það að markmiði að koma í veg fyrir hnignun alls grunnvatns. Í viðaukum eru gæðastaðlar fyrir grunnvatn, viðmið fyrir þröskuldsgildi fyrir grunnvatn, mat á gæðum þess og viðmiðanir til að auðkenna og snúa við meiri háttar og varanlegum breytingum í hnignun á gæðum grunnvatns.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Setja þarf nýja löggjöf um stjórn vatnamála til að innleiða vatnatilskipunina, og þær tilskipanir sem henni fylgja, m.a. grunnvatnstilskipunina. Í framhaldinu þarf að setja nýja reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns í stað eldri reglugerðar, nr. 797/1999.

Frumvarp til laga um stjórn vatnamála hefur verið kostnaðarmetið. Fjármálaráðuneytið telur að fyrst um sinn megi að einhverju leyti mæta kostnaði með því að breyta forgangsröð verkefna og samhæfa og endurskipuleggja vinnu þeirra sem að framkvæmdinni koma í samræmi við hlutverk viðkomandi stofnana. Að öðru leyti megi gera ráð fyrir að innleiðing tilskipunarinnar auki útgjöld ríkissjóðs um 70 millj. kr. á árunum 2011 og 2012, samtals 140 millj. kr., en að frá og með árinu 2013 verði kostnaðurinn að mestu fjármagnaður með sérstakri gjaldtöku á atvinnurekstur sem nýtir vatnsauðlindina. Hún mundi miðast við afnot í samræmi við mengunarbótaregluna og nytjagreiðsluregluna. Undir starfsemi sem nýtir sér vatnsauðlindina með einum eða öðrum hætti hér á landi falla m.a. vatnsaflsvirkjanir, vatnsveitur, tiltekin landbúnaðarstarfsemi, fráveitur, mengandi atvinnurekstur og matvælaframleiðsla.

Kostnaður fellur aðallega á ríkið í tengslum við innleiðingu grunnvatnstilskipunarinnar hér á landi sem og vegna úttekta, eftirlits/vöktunar og skýrslugerða þegar hún verður að fullu komin til framkvæmda. Kostnaður getur einnig fallið á sveitarfélög og heilbrigðisnefndir vegna framkvæmdar vatnsverndar. Kostnaður vegna aðgerða til úrbóta, ef til kemur, mun væntanlega falla á þá aðila sem grípa þurfa til aðgerða til úrbóta.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 87/2009

frá 3. júlí 2009

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2009 frá 29. maí 2009 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um varnir gegn mengun og spillingu grunnvatns ([2]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 13ca (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„13caa. **32006 L 0118:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um varnir gegn mengun og spillingu grunnvatns (Stjtíð. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/118/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 29, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 32.
([2]) Stjtíð. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 19.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júlí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/118/EB

frá 12. desember 2006

um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 28. nóvember 2006,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Grunnvatn er verðmæt náttúruauðlind sem ber að vernda gegn spillingu og efnamengun. Þetta er einkum mikilvægt fyrir vistkerfi sem eru háð grunnvatni og þar sem grunnvatn er notað til að afla neysluvatns.

2) Grunnvatn er viðkvæmasta og stærsta ferskvatnshlotið í Evrópusambandinu en mikilvægast af öllu er þó að það er einnig helsta uppspretta drykkjarvatns fyrir almenning á mörgum svæðum.

3) Grunnvatn í vatnshlotum, þar sem neysluvatn er tekið eða þar sem slík notkun er fyrirhuguð í framtíðinni, skal vernda á þann hátt að komist sé hjá því að slíkum vatnshlotum sé spillt til að draga úr þeirri hreinsun sem þörf er á við framleiðslu drykkjarvatns, í samræmi við 2. og 3. mgr. 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ([4]).

4) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála ([5]) felur í sér það markmið að ná fram vatnsgæðum sem valda hvorki umtalsverðum áhrifum á heilbrigði manna eða umhverfið né áhættu fyrir það.

5) Til að vernda umhverfið í heild og ekki síst heilbrigði manna ber að varast, koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum styrk hættulegra mengunarvalda í grunnvatni.

6) Í tilskipun 2000/60/EB eru sett fram almenn ákvæði um verndun og varðveislu grunnvatns. Eins og kveðið er á um í 17. gr. þeirrar tilskipunar skal samþykkja ráðstafanir til að koma í veg fyrir og hafa eftirlit með mengun grunnvatns, þ.m.t. viðmiðanir til að meta gott, efnafræðilegt ástand grunnvatns og viðmiðanir til að greina umtalsverða og viðvarandi, stígandi leitni og til að skilgreina upphafspunkta til að snúa slíkri leitni við.

7) Með hliðsjón af þörfinni fyrir að ná samræmdri verndun grunnvatns skal fastsetja gæðakröfur og viðmiðunargildi og þróa aðferðir, sem byggjast á sameiginlegri stefnu, til að kveða á um viðmiðanir til að meta efnafræðilegt ástand grunnvatnshlota.

8) Gæðakröfur fyrir nítröt, plöntuvarnarefni og sæfiefni skal setja sem viðmiðanir Bandalagsins til að meta efnafræðilegt ástand grunnvatnshlota og tryggja skal samræmi við tilskipun ráðsins 91/676/EBE frá 12. desember 1991 um verndun vatns gegn mengun af völdum nítrata

([1]) Stjtíð. ESB C 112, 30.4.2004, bls. 40.
([2]) Stjtíð. ESB C 109, 30.4.2004, bls. 29.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 28. apríl 2005 (Stjtíð. ESB C 45 E, 23.2.2006, bls. 15), sameiginleg afstaða ráðsins frá 23. janúar 2006 (Stjtíð. ESB C 126 E, 30.5.2006, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 13. júní 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 12. desember 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 11. desember 2006.
([4]) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun nr. 2455/2001/EB (Stjtíð. EB L 331, 15.12.2001, bls. 1).
([5]) Stjtíð. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

úr landbúnaði ([1]), tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([2]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([3]), eftir því sem við á.

9) Á sumum svæðum kann verndun grunnvatns að leiða til breytinga á starfsvenjum í landbúnaði eða skógrækt, sem gætu haft í för með sér tekjutap. Í sameiginlegu landbúnaðarstefnunni er kveðið á um fjármögnunaraðferðir til að hrinda í framkvæmd ráðstöfunum til að uppfylla staðla Bandalagsins, nánar tiltekið með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1698/2005 frá 20. september 2005 um stuðning Byggðaþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við byggðaþróun í dreifbýli ([4]). Að því er varðar ráðstafanir til að vernda grunnvatn verður það á ábyrgð aðildarríkjanna að velja forgangsverkefni sín og verkefni.

10) Ákvæði um efnafræðilegt ástand grunnvatns gilda ekki um mikinn, náttúrulegan styrk efna eða jóna þeirra eða vísa, sem eru annaðhvort í grunnvatnshlotum eða tengdum yfirborðsvatnshlotum, vegna sérstaks, vatnajarðfræðilegs ástands sem fellur ekki undir skilgreininguna á mengun. Þá gilda þau ekki heldur um tímabundnar breytingar á straumstefnu á takmörkuðu svæði og efnasamsetningu, sem teljast ekki til innstreymis.

11) Fastsetja skal viðmiðanir til að greina umtalsverða og viðvarandi, stígandi leitni í styrk mengunarvalda og til að skilgreina upphafspunkt til að snúa slíkri leitni við með hliðsjón af líkum á skaðlegum áhrifum á tengd vatnavistkerfi eða landvistkerfi sem eru háð þeim.

12) Aðildarríkin skulu, ef unnt er, nota tölfræðilegar aðferðir, að því tilskildu að þær uppfylli alþjóðlega staðla og stuðli að samanburðarhæfi niðurstaðna úr vöktun milli aðildarríkjanna í lengri tíma.

13) Í samræmi við þriðja undirlið 2. mgr. 22. gr. tilskipunar 2000/60/EB skal tilskipun ráðsins 80/68/EBE frá 17. desember 1979 um verndun grunnvatns gegn mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna ([5]) felld úr gildi frá og með 22 desember 2013. Nauðsynlegt er að tryggja að verndin, sem kveðið er á um í tilskipun 80/68/EBE, rofni ekki að því er varðar ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir eða takmarka bæði beina og óbeina íkomu mengunarvalda í grunnvatn.

14) Nauðsynlegt er að greina á milli íkomu hættulegra efna, sem komið skal í veg fyrir, og íkomu annarra mengunarvalda, sem skal takmarka. Nota skal VIII. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, þar sem tilgreindir eru helstu mengunarvaldar sem skipta máli fyrir vatnsumhverfið, til að tilgreina hættuleg efni og efni, sem eru ekki hættuleg, sem hafa í för með sér áhættu eða hugsanlega áhættu á mengun.

15) Ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða takmarka íkomu mengunarvalda í grunnvatnshlot þar sem neysluvatn er tekið eða þar sem slík notkun er fyrirhuguð í framtíðinni, eins og um getur í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2000/60/EB, skulu, í samræmi við 2. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar, ná yfir ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja að samkvæmt gildandi fyrirkomulagi um vatnshreinsun og í samræmi við löggjöf Bandalagsins uppfylli vatnið, sem verður til, kröfur tilskipunar ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns ([6]). Þessar ráðstafanir geta einnig, í samræmi við 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2000/60/EB, falið í sér að aðildarríkin komi á fót verndarsvæðum af þeirri stærð sem þar til bærir aðilar í hverju landi fyrir sig telja nauðsynlega til að vernda drykkjarvatnsforðann. Slík verndarsvæði geta náð yfir allt yfirráðasvæði aðildarríkis.

16) Til þess að tryggja samræmda verndun grunnvatns skulu aðildarríki, sem deila grunnvatnshlotum, samræma aðgerðir sínar að því er varðar vöktun, ákvörðun viðmiðunargilda og sanngreiningu hættulegra efna sem skipta máli.

17) Áreiðanlegar og samanburðarhæfar aðferðir til vöktunar á grunnvatni eru mikilvæg tæki til að meta gæði grunnvatns og einnig til að velja þær

---

([1]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1991, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/85/EB (Stjtíð. ESB L 293, 24.10.2006, bls. 3).

([3]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/50/EB (Stjtíð. ESB L 142, 30.5.2006, bls. 6).

([4]) Stjtíð. ESB L 277, 21.10.2005, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1463/2006 (Stjtíð. ESB L 277, 9.10.2006, bls. 1).

([5]) Stjtíð. EB L 20, 26.1.1980, bls. 43. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48).

([6]) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

ráðstafanir sem henta best. Í 3. mgr. 8. gr. og í 20. gr. tilskipunar 2000/60/EB er kveðið á um að innleiða staðlaðar aðferðir til greiningar og vöktunar á ástandi vatns og, ef nauðsyn krefur, viðmiðunarreglur um beitingu, þ.m.t. vöktun.

18) Við tilteknar aðstæður skulu aðildarríkin hafa heimild til að veita undanþágur frá ráðstöfunum til að koma í veg fyrir eða takmarka íkomu mengunarvalda í grunnvatn. Allar undanþágur skulu veittar á grundvelli augljósra viðmiðana og tilgreindar í stjórnunaráætlununum fyrir vatnasviðaumdæmi.

19) Greina skal áhrif af mismunandi viðmiðunargildum fyrir grunnvatn, sem aðildarríkin skulu skilgreina, á umhverfisvernd og starfsemi innri markaðarins.

20) Gera skal rannsóknir í því skyni að ákvarða betri viðmiðanir til að tryggja gæði og verndun grunnvatnsvistkerfis. Við framkvæmd þessarar tilskipunar eða við breytingar á henni skal taka, ef nauðsyn krefur, tillit til niðurstaðnanna sem fengust. Hvetja þarf til slíkra rannsókna og þær þarf að fjármagna og hið sama gildir um miðlun þekkingar, reynslu og niðurstaðna rannsókna.

21) Nauðsynlegt er að kveða á um bráðabirgðaráðstafanir sem gilda á tímabilinu frá þeim degi sem þessi tilskipun kemur til framkvæmda og til þess dags sem tilskipun 80/68/EBE er felld úr gildi.

22) Í tilskipun 2000/60/EB eru settar fram kröfur um kvaðir, þ.m.t. krafa um að leyfi fyrir endurnýjun eða stækkun grunnvatnshlota af mannavöldum sé fengið fyrir fram, að því tilskildu að notkun uppsprettunnar stefni ekki í hættu umhverfismarkmiðunum sem sett voru fyrir hana eða endurnýjaða eða stækkaða grunnvatnshlotið.

23) Í áætlun um ráðstafanir í 2. mgr. 11. gr. og B-hluta VI. viðauka við tilskipun 2000/60/EB er að finna skrá, sem ekki er tæmandi, yfir viðbótarráðstafanir sem aðildarríkin geta valið að hrinda í framkvæmd og yrðu þá liður í áætluninni um ráðstafanir, m.a.:

— lagagerninga,

— stjórnsýslugerninga og

— gerða samninga um verndun umhverfisins.

24) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

25) Einkum er nauðsynlegt að fylgja málsmeðferð í stjórnsýslunni með athugun að því er varðar ráðstafanir almenns eðlis, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum í þessari tilskipun, m.a. með því að fella niður nokkra af þessum þáttum eða með því að bætt er við þessa tilskipun nýjum, veigalitlum þáttum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

1. Í þessari tilskipun eru fastsettar sérstakar ráðstafanir sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2000/60/EB til að koma í veg fyrir mengun grunnvatns og hafa eftirlit með henni. Þessar ráðstafanir fela einkum í sér:

a) viðmiðanir til að meta gott, efnafræðilegt ástand grunnvatns og

b) viðmiðanir til að greina umtalsverða og viðvarandi, stígandi leitni og til að skilgreina upphafspunkta til að snúa slíkri leitni við.

2. Þessi tilskipun kemur einnig til viðbótar ákvæðum um að koma í veg fyrir eða takmarka íkomu mengunarvalda í grunnvatn, sem þegar er að finna í tilskipun 2000/60/EB, og miðar að því að koma í veg fyrir að ástand nokkurs grunnvatnshlots spillist.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, auk þeirra sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 2000/60/EB:

1) „gæðakrafa fyrir grunnvatn“: umhverfisgæðakrafa, gefin upp sem styrkur tiltekins mengunarvalds, hóps mengunarvalda eða mengunarvísa í vatni, sem ekki má fara yfir til að vernda heilbrigði manna og umhverfið,

2) „viðmiðunargildi“: gæðastaðall fyrir grunnvatn sem aðildarríkin mæla fyrir um í samræmi við 3. gr.,

3) „umtalsverð og viðvarandi, stígandi leitni“: öll marktæk aukning á styrk mengunarvalds, hóps

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

mengunarvalda eða mengunarvísa í grunnvatni sem hefur tölfræðilega þýðingu eða þýðingu fyrir umhverfið og vegna hennar er talið nauðsynlegt að snúa slíkri leitni við í samræmi við 5. gr.,

4) „íkoma mengunarvalda í grunnvatn“: bein eða óbein viðbót mengunarvalda í grunnvatn af mannavöldum,

5) „bakgrunnsgildi“: styrkur efnis eða gildi fyrir vísi í grunnvatnshloti sem samsvarar annaðhvort engum eða aðeins mjög smávægilegum breytingum af mannavöldum á óröskuðum skilyrðum.

6) „grunnlínugildi“: meðalgildi sem mældist a.m.k. á viðmiðunarárunum 2007 og 2008 á grundvelli vöktunaráætlana, sem fylgt er skv. 8. gr. tilskipunar 2000/60/EB, eða, ef um er að ræða efni sem greindust eftir viðmiðunarárin, á fyrsta tímabilinu þar sem fyrir liggur dæmigert tímabil með vöktunargögnum.

3. gr.

Viðmiðanir til að meta efnafræðilegt ástand grunnvatns

1. Til að meta efnafræðilegt ástand grunnvatnshlots eða hóps grunnvatnshlota samkvæmt lið 2.3 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB skulu aðildarríkin nota eftirfarandi viðmiðanir:

a) gæðakröfur fyrir grunnvatn sem um getur í I. viðauka,

b) viðmiðunargildi sem aðildarríkin eiga að fastsetja í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í A-hluta II. viðauka fyrir mengunarvalda, hópa mengunarvalda og mengunarvísa innan yfirráðasvæðis aðildarríkis sem staðfest hefur verið að stuðli að því að grunnvatnshlot eða hópar grunnvatnshlota séu talin í áhættu, þar sem a.m.k. er tekið tillit til skrárinnar í B-hluta II. viðauka.

Viðmiðunargildin fyrir gott, efnafræðilegt ástand skulu byggjast á verndun grunnvatnshlotsins í samræmi við 1., 2. og 3. lið í A-hluta II. viðauka og sérstakt tillit skal tekið til áhrifa á og innbyrðis tengsla við yfirborðsvatn sem tengist því og landvistkerfi og votlendi sem eru beint háð því og skal m.a. taka tillit til þekkingar varðandi eiturefnafræði manna (e. human toxicology) og visteiturefnafræði.

2. Unnt er að fastsetja viðmiðunargildi á landsvísu fyrir vatnasviðaumdæmi eða fyrir hluta af alþjóðlegu vatnasviðaumdæmi sem fellur innan yfirráðsvæðis aðildarríkis eða fyrir grunnvatnshlot eða hópa grunnvatnshlota.

3. Að því er varðar grunnvatnshlot sem tvö eða fleiri aðildarríki deila og hópa grunnvatnshlota þar sem grunnvatn streymir yfir landamæri aðildarríkis skulu viðkomandi aðildarríki sjá til þess að viðmiðunargildin séu samræmd í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

4. Ef grunnvatnshlot eða hópur grunnvatnshlota nær út fyrir yfirráðasvæði Bandalagsins skal aðildarríkið eða -ríkin, sem í hlut eiga, kappkosta að fastsetja viðmiðunargildi í samkomulagi við viðkomandi ríki (eitt eða fleiri) utan Bandalagsins í samræmi við 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

5. Aðildarríkin skulu fastsetja viðmiðunargildi samkvæmt b-lið 1. mgr., í fyrsta sinn eigi síðar en 22. desember 2008. Birta skal öll fastsett viðmiðunargildi í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi, sem leggja skal fram í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB, þ.m.t. samantekt með upplýsingunum sem koma fram í C-hluta II. viðauka við þessa tilskipun.

6. Aðildarríkin skulu breyta skránni yfir viðmiðunargildi þegar nýjar upplýsingar um mengunarvalda, hópa mengunarvalda eða mengunarvísa benda til þess að setja skuli viðmiðunargildi fyrir fleiri efni, að breyta skuli fyrirliggjandi viðmiðunargildi fyrir efni eða að setja skuli aftur inn viðmiðunargildi fyrir efni sem var áður í skránni, til þess að vernda heilbrigði manna og umhverfið.

Unnt er að fjarlægja viðmiðunargildi úr skránni þegar viðkomandi mengunarvaldar, hópur mengunarvalda eða mengunarvísar skapa ekki lengur áhættu fyrir grunnvatnshlotið sem um er að ræða.

Allar slíkar breytingar á skránni yfir viðmiðunargildi skal tilkynna í tengslum við reglubundna endurskoðun á stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi.

7. Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 22. desember 2009 birta skýrslu á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin veita í samræmi við 5. mgr.

4. gr.

Verklag við mat á efnafræðilegu ástandi grunnvatns

1. Aðildarríkin skulu nota verklagið sem lýst er í 2. mgr. til að meta efnafræðilegt ástand grunnvatnshlots. Ef við á er aðildarríkjunum heimilt að hópa grunnvatnshlot, í samræmi við V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, þegar þetta verklag er viðhaft.

2. Grunnvatnshlot eða hópur grunnvatnshlota skal teljast í góðu, efnafræðilegu ástandi ef:

a) viðeigandi vöktun leiðir í ljós að skilyrðin sem sett eru fram í töflu 2.3.2 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB eru uppfyllt eða

b) ekki er farið yfir gildi gæðakrafnanna fyrir grunnvatn, sem eru tilgreindar í I. viðauka, og viðeigandi viðmiðunargildi, sem eru fastsett í samræmi við 3. gr. og II. viðauka, á neinum vöktunarstað í grunnvatnshlotinu eða hópi grunnvatnshlota eða

c) farið er yfir gildi gæðakrafna fyrir grunnvatn eða viðmiðunargildi á einum eða fleiri vöktunarstöðum en viðeigandi rannsókn, í samræmi við III. viðauka, staðfestir að:

   i. á grundvelli matsins, sem um getur í 3. mgr. III. viðauka, er ekki talið að styrkur mengunarvalda, sem fer yfir gildi í gæðakröfum fyrir grunnvatn eða viðmiðunargildi, skapi verulega áhættu fyrir umhverfið, að teknu tilliti til umfangs grunnvatnshlotsins sem hefur orðið fyrir áhrifum eftir því sem við á,

   ii. önnur skilyrði varðandi gott, efnafræðilegt ástand grunnvatns, sem sett eru fram í töflu 2.3.2 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, hafa verið uppfyllt í samræmi við 4. mgr. III. viðauka við þessa tilskipun,

   iii. kröfurnar í 3. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar hafa verið uppfylltar í samræmi við 4. mgr. III. viðauka við þessa tilskipun að því er varðar grunnvatnshlot sem eru tilgreind í samræmi við 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2000/60/EB,

   iv. grunnvatnshlotið, eða eitthvert þeirra grunnvatnshlota sem eru í hópi grunnvatnshlotanna, er ekki svo mengað að nýtingargeta í þágu manna hafi rýrnað umtalsvert.

3. Val á vöktunarstöðunum fyrir grunnvatn verður að vera í samræmi við kröfurnar í lið 2.4 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB um að tilhögun þeirra sé þannig að þeir gefi samfellda heildarsýn yfir efnafræðilegt ástand grunnvatnsins og að vöktunargögn frá þeim séu lýsandi.

4. Aðildarríkin skulu birta samantekt á mati á efnafræðilegu ástandi grunnvatns í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

Í þessari samantekt, sem er unnin fyrir vatnasviðaumdæmi eða þann hluta alþjóðlegs vatnasviðaumdæmis sem fellur innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, skulu einnig koma fram skýringar á því hvernig tilvik, þar sem farið er yfir gildin að því er varðar gæðakröfur fyrir grunnvatn eða viðmiðunargildi á einstaka vöktunarstöðum, hafa verið tekin til greina í lokamatinu.

5. Ef grunnvatnshlot er flokkað þannig að það sé í góðu, efnafræðilegu ástandi í samræmi við c-lið 2. mgr. skulu aðildarríkin, í samræmi við 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB, grípa til þeirra ráðstafana sem kunna að reynast nauðsynlegar til að vernda vatnavistkerfi, landvistkerfi og notkun manna á grunnvatni, sem er háð þeim hluta grunnvatnshlotsins þar sem vöktunarstaðurinn eða -staðirnir eru, þar sem farið hefur verið yfir gildi í gæðakröfu fyrir grunnvatn eða viðmiðunargildi.

5. gr.

Greining á umtalsverðri og viðvarandi, stígandi leitni og skilgreining á upphafspunktum til að snúa slíkri leitni við

1. Aðildarríkin skulu tilgreina alla umtalsverða og viðvarandi, stígandi leitni í styrk mengunarvalda, hópa mengunarvalda eða mengunarvísa sem finnast í grunnvatnshlotum eða hópum grunnvatnshlota, sem talin eru í áhættu, og skilgreina upphafspunkt til að snúa þeirri leitni við, í samræmi við IV. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu, í samræmi við B-hluta IV. viðauka, snúa við leitni, sem skapar umtalsverða áhættu á að skaða gæði vatnavistkerfa, landvistkerfa, heilbrigði manna eða raunverulega eða hugsanlega réttmæta notkun á vatnsumhverfinu, með áætlun um ráðstafanir sem um getur í 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB til þess að draga jafnt og þétt úr mengun og koma í veg fyrir að grunnvatn spillist.

3. Aðildarríkin skulu skilgreina upphafspunkt til að snúa við leitni sem nemur tilteknum hundraðshluta af gildum í gæðakröfum fyrir grunnvatn, sem settar eru fram í I. viðauka, og af viðmiðunargildum, sem eru fastsett skv. 3. gr., á grundvelli greindrar leitni og umhverfisáhættunnar sem tengist henni í samræmi við 1. lið B-hluta í VI. viðauka.

4. Í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi, sem leggja skal fram í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB, skulu aðildarríkin gera samantekt:

a) á því hvernig mat á leitni frá einstökum vöktunarstöðum innan grunnvatnshlots eða hóps grunnvatnshlota hefur átt þátt í því að greina, í samræmi við lið 2.5 í V. viðauka við þá reglugerð, að í þessum hlotum sé umtalsverð og viðvarandi, stígandi leitni í styrk einhvers mengunarvalds eða viðsnúningur á þeirri leitni og

b) á ástæðunum sem liggja að baki upphafspunktunum sem eru skilgreindir skv. 3. mgr.

5. Ef þörf er á að meta áhrif mengunarslóða sem fyrir eru (e. plumes of pollution) í grunnvatnshlotum, sem kunna að stefna uppfyllingu markmiðanna í 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB í hættu, og einkum mengunarslóða frá punktupptökum og menguðu landi skulu aðildarríkin vinna frekara mat á leitni, að því er varðar mengunarvalda sem greinst hafa, til þess að staðfesta að slóðar frá menguðum stöðum breiðist ekki út, spilli ekki efnafræðilegu ástandi grunnvatnshlots eða hópa grunnvatnshlota og skapi hvorki áhættu fyrir heilbrigði manna né umhverfið. Aðildarríkin skulu taka saman niðurstöður þessa mats í stjórnunaráætlununum fyrir vatnasviðaumdæmi sem skal leggja fram í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

6. gr.

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða takmarka íkomu mengunarvalda í grunnvatn

1. Til að ná því markmiði að koma í veg fyrir eða takmarka íkomu mengunarvalda í grunnvatn, sem fastsett var í samræmi við i-lið b-liðar í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, skulu aðildarríkin sjá til þess að áætlunin um ráðstafanir, sem var fastsett í samræmi við 11. gr. þeirrar tilskipunar, taki til:

a) allra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir íkomu hvers kyns hættulegra efna í grunnvatn, með fyrirvara um 2. og 3. mgr. Við greiningu á slíkum efnum skulu aðildarríkin einkum taka tillit til hættulegra efna sem tilheyra flokkum eða hópum mengunarvalda sem um getur í 1. 6. lið VIII. viðauka við tilskipun 2000/60/EB og efna sem tilheyra flokkum eða hópum mengunarvalda sem um getur í 7. 9. lið viðaukans, ef þau eru talin hættuleg,

b) að því er varðar mengunarvalda, sem eru tilgreindir í VIII. viðauka við tilskipun 2000/60/EB og ekki teljast hættulegir, og alla aðra hættulausa mengunarvalda, sem ekki eru tilgreindir í þeim viðauka, sem aðildarríkin telja að skapi mengunaráhættu eða hugsanlega mengunaráhættu: allra nauðsynlegra ráðstafana til að takmarka íkomu í grunnvatn til þess að tryggja að slík íkoma spilli því ekki eða valdi umtalsverðri og viðvarandi, stígandi leitni í styrk mengunarvalda í grunnvatni. Slíkar ráðstafanir skulu a.m.k. taka mið af bestu starfsvenjum sem settar hafa verið, þ.m.t. bestu starfsvenjur í umhverfismálum og besta, fáanlega tækni, sem eru tilgreind í viðeigandi löggjöf Bandalagsins.

Til þess að fastsetja ráðstafanirnar, sem um getur í a-eða b-lið, mega aðildarríkin, sem fyrsta skref, greina þær aðstæður þar sem mengunarvaldarnir, sem eru tilgreindir í VIII. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, einkum mikilvægir málmar og sambönd þeirra sem um getur í 7. lið þess viðauka, skulu teljast hættulegir eða hættulausir.

2. Taka skal tillit til íkomu mengunarvalda frá dreifðum upptökum mengunar, sem hafa áhrif á efnafræðilegt ástand grunnvatns, þegar slíkt er tæknilega mögulegt.

3. Með fyrirvara um strangari kröfur í annarri löggjöf Bandalagsins er aðildarríkjunum heimilt að veita undanþágu frá ráðstöfununum, sem krafist er skv. 1. mgr., þegar um er að ræða íkomu mengunarvalda sem:

a) eru afleiðing beinnar sleppingar sem er leyfð í samræmi við j-lið 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB,

b) lögbær yfirvöld telja að séu í svo litlu magni og styrkur þeirra svo lítill að hvorki nú né í framtíðinni sé hætta á að gæði viðtökugrunnvatnsins rýrni,

c) stafa af óhöppum eða sérstökum aðstæðum af náttúrulegum orsökum sem ekki var hægt að sjá fyrir með góðu móti, komast hjá eða draga úr,

d) eru afleiðing af endurnýjun eða stækkun grunnvatnshlota af mannavöldum sem er leyfð í samræmi við f-lið 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB,

e) ómögulegt er af tæknilegum ástæðum, að áliti lögbærra yfirvalda, að koma í veg fyrir eða takmarka án þess að beita

   i. ráðstöfunum sem auka áhættu fyrir heilbrigði manna eða gæði umhverfisins í heild eða

   ii. óhóflega kostnaðarsömum ráðstöfunum til að fjarlægja magn mengunarvalda úr menguðum jarðvegi eða jarðvegsgrunni, eða stjórna vætli (e. percolation) þeirra á annan hátt, eða

f) stafa af inngripi í yfirborðsvatn, m.a. í þeim tilgangi að milda áhrif af völdum flóða og þurrka og vegna stjórnunar vatna og vatnaleiða, þ.m.t. á alþjóðavettvangi. Slík starfsemi, þ.m.t. skurður, dýpkun, flutningur og útfelling sets í yfirborðsvatni, skal fara fram í samræmi við almennar, bindandi reglur og, eftir því sem við á, í samræmi við heimildir og leyfi sem gefin eru út á grundvelli slíkra reglna sem aðildarríkin hafa þróað í þeim tilgangi, að því tilskildu að slík losun stefni ekki í hættu umhverfismarkmiðunum sem sett voru fyrir viðkomandi vatnshlot í samræmi við b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

Einungis má beita undanþágunum, sem kveðið er á um í a- til f-lið, ef lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa ákvarðað að skilvirk vöktun í samræmi við lið 2.4.2 í VI. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, eða önnur viðeigandi vöktun sé höfð með viðkomandi grunnvatnshlotum.

4. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu halda skrá yfir undanþágurnar, sem um getur í 3. mgr., til að tilkynna framkvæmdastjórninni um þær, sé þess óskað.

7. gr.

Bráðabirgðafyrirkomulag

Á tímabilinu frá 16. janúar 2009 til 22. desember 2013 skal taka tillit til krafnanna sem settar eru fram í 3., 4. og 5. gr. þessarar tilskipunar við alla nýja málsmeðferð við veitingu leyfa skv. 4. og 5. gr. tilskipunar 80/68/EBE,

8. gr.

Tæknileg aðlögun

1. Heimilt er að breyta A- og C-hluta II. viðauka og III. og IV. viðauka í ljósi framfara á sviði vísinda og tækni, í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni með athugun sem um getur í 2. mgr. 9. gr., þar sem tillit er tekið til frestsins sem er veittur til að endurskoða og uppfæra stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmi eins og um getur í 7. mgr. 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

2. Heimilt er að breyta B-hluta II. viðauka við þessa tilskipun í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni með athugun, sem um getur í 2. mgr. 9. gr., í því skyni að bæta við nýjum mengunarvöldum eða vísum.

9. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1. til 4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

10. gr.

Endurskoðun

Með fyrirvara um 8. gr. skal framkvæmdastjórnin endurskoða I. og II. viðauka við þessa tilskipun eigi síðar en 16. janúar 2013 og á sex ára fresti eftir það. Á grundvelli endurskoðunarinnar skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja fram tillögur að nýrri löggjöf í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans, til að breyta I. og/eða II. viðauka. Í endurskoðun sinni og við samningu allra tillagna skal framkvæmdastjórnin taka tillit til allra viðeigandi upplýsinga sem gætu falið í sér niðurstöður úr vöktunaráætlunum, sem fylgt er skv. 8. gr. tilskipunar 2000/60/EB, rannsóknaráætlunum Bandalagsins og/eða taka tillit til tilmæla frá vísindanefndinni um heilbrigðis- og umhverfisáhættu, aðildarríkjunum, Evrópuþinginu, Umhverfisstofnun Evrópu, evrópskum viðskiptastofnunum og evrópskum umhverfissamtökum.

11. gr.

Mat

Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, sem kveðið er á um í 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2000/60/EB, skulu, að því er varðar grunnvatn, enn fremur vera upplýsingar um mat á virkni þessarar tilskipunar í tengslum við aðra viðkomandi umhverfislöggjöf, þ.m.t. samræmi þeirra á milli.

12. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 16. janúar 2009. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

13. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

14. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 12. desember 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	M. PEKKARINEN
forseti.	*forseti.*

I.

VIÐAUKI

GÆÐAKRÖFUR FYRIR GRUNNVATN

1. Til þess að meta efnafræðilegt ástand grunnvatns í samræmi við 4. gr. verða eftirfarandi gæðakröfur fyrir grunnvatn þær gæðakröfur sem um getur í töflu 2.3.2 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB og eru fastsettar í samræmi við 17. gr. þeirrar tilskipunar.

Mengunarvaldur	Gæðakröfur
Nítröt	50 mg/l
Virk efni í varnarefnum, þ.m.t. viðeigandi umbrots-, niðurbrots- og myndefni þeirra ([1])	0,1 µg/l 0,5 µg/l (samtals) ([2])

([1]) „Varnarefni“: plöntuvarnarefni og sæfiefni eins og þau eru skilgreind í 2. gr. tilskipunar 91/414/EBE annars vegar og í 2. gr. tilskipunar 98/8/EB hins vegar.
([2]) „Samtals“: summa allra einstakra varnarefna sem finnast og eru magngreind í vöktunarferlinu, þ.m.t. umbrots-, niðurbrots- og myndefni þeirra sem skipta máli.

2. Niðurstöðurnar, sem fást með beitingu gæðakrafna fyrir varnarefni á þann hátt sem tilgreindur er, að því er varðar þessa tilskipun, skulu ekki hafa áhrif á niðurstöður málsmeðferðar við áhættumat sem krafist er skv. tilskipun 91/414/EBE eða tilskipun 98/8/EB.

3. Ef talið er, að því er varðar tiltekið grunnvatnshlot, að gæðakröfurnar fyrir grunnvatn gætu leitt til þess að ekki reynist unnt að ná umhverfismarkmiðunum, sem tilgreind eru í 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, að því er varðar tengd grunnvatnshlot, eða til þess að vistfræðilegum eða efnafræðilegum gæðum slíkra vatnshlota hrakaði umtalsvert eða til að umtalsvert tjón yrði á landvistkerfum sem eru háð grunnvatnshlotinu beint, skal fastsetja strangari viðmiðunargildi í samræmi við 3. gr. þessarar tilskipunar og II. viðauka við hana. Áætlanir og ráðstafanir, sem krafist er í tengslum við slík viðmiðunargildi, skulu einnig gilda um starfsemi sem fellur undir gildissvið tilskipunar 91/676/EBE.

II. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARGILDI FYRIR MENGUNARVALDA Í GRUNNVATNI OG MENGUNARVÍSA

A-Hluti

Viðmiðunarreglur fyrir aðildarríkin til að fastsetja viðmiðunargildi í samræmi við 3. gr.

Aðildarríkin skulu fastsetja viðmiðunargildi fyrir alla mengunarvalda og mengunarvísa sem, samkvæmt greiningunni á eiginleikum sem tekin er saman í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2000/60/EB, lýsa eiginleikum grunnvatnshlots eða hópa grunnvatnshlota þar sem hætta er talin á að gott, efnafræðilegt ástand grunnvatnsins náist ekki.

Viðmiðunargildi skal fastsetja þannig að ef niðurstöður úr vöktun á dæmigerðum vöktunarstað fara yfir gildin bendi það til þess að hætta sé á að eitt eða fleiri skilyrði til að ná góðu, efnafræðilegu ástandi grunnvatns, sem um getur í ii-, iii- og iv-lið c-liðar í 2. mgr. 4. gr., hafi ekki verið uppfyllt. Þegar aðildarríkin fastsetja viðmiðunargildi skulu þau hafa eftirfarandi viðmiðunarreglur í huga:

1) Ákvörðun um viðmiðunargildi skal byggjast á:

   a) umfangi víxlverkana milli grunnvatns og tengdra vatnavistkerfa og landvistkerfa sem eru háð því,

   b) truflun á raunverulegri eða hugsanlegri, réttmætri notkun eða starfsemi grunnvatnsins,

   c) öllum mengunarvöldum, sem eru lýsandi fyrir eiginleika grunnvatnshlota þannig að þau teljast í áhættu, að teknu tilliti til lágmarksskrárinnar sem sett er fram í B-hluta,

d) vatnajarðfræðilegum eiginleikum, þ.m.t. upplýsingar um bakgrunnsgildi og vatnsjöfnuð.

2) Við ákvörðun um viðmiðunargildi skal einnig taka tillit til uppruna mengunarvaldanna, hvort þeir finnast e.t.v. í náttúrunni, eiturefnafræði þeirra og leitni til dreifingar, þrávirkni þeirra og hugsanlegrar uppsöfnunar í lífverum.

3) Ef bakgrunnsgildi efna eða jóna eða vísa þeirra hækka vegna náttúrulegra, vatnajarðfræðilegra ástæðna skal taka tillit til þessara bakgrunnsgilda í viðkomandi grunnvatnshloti þegar viðmiðunargildi eru fastsett.

4) Ákvörðun á bakgrunnsgildum skal studd eftirlitskerfi fyrir gögnin sem aflað er, sem grundvallast á mati á gæðum gagna, greiningarforsendum og bakgrunnsgildum, bæði fyrir efni sem kunna að koma fyrir í náttúrunni og af mannavöldum.

B-hluti

Lágmarksskrá yfir mengunarvalda og vísa þeirra sem aðildarríkin skulu íhuga að fastsetja viðmiðunargildi fyrir í samræmi við 3. gr.

1. Efni eða jónar eða vísar sem kunna að koma fyrir í náttúrunni og/eða af mannavöldum.

   Arsen

   Kadmíum

   Blý

   Kvikasilfur

   Ammóníum

   Klóríð

   Súlfat

2. Manngerð, tilbúin efni

   Tríklóretýlen

   Tetraklóretýlen

3. Mæliþættir sem benda til innstreymis salts vatns eða annars ([1])

   Leiðni

C-hluti

Upplýsingar sem aðildarríkin eiga að veita með tilliti til mengunarvalda og vísa þeirra sem viðmiðunargildi hafa verið fastsett fyrir

Í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi, sem leggja skal fram í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB, skulu aðildarríkin gera samantekt um það hvernig málsmeðferðinni, sem sett er fram í A-hluta þessa viðauka, hefur verið fylgt.

Aðildarríkin skulu einkum, ef því verður við komið, leggja fram:

a) upplýsingar um fjölda grunnvatnshlota eða hópa grunnvatnshlota sem eru talin vera í áhættu og um mengunarvalda og mengunarvísa sem stuðla að þessari flokkun, þ.m.t. mældur styrkur/mæld gildi,

---

([1]) Að því er varðar saltstyrk sem verður til af mannavöldum geta aðildarríkin ákveðið að fastsetja viðmiðunargildi, annaðhvort fyrir súlfat og klóríð eða fyrir leiðni.

b) upplýsingar um hvert grunnvatnshlot sem er talið vera í áhættu, einkum um stærð hlotanna, tengsl milli grunnvatnshlota og yfirborðsvatns sem tengist þeim og landvistkerfi sem eru beint háð þeim og, ef um er að ræða efni sem koma fyrir í náttúrunni, náttúruleg bakgrunnsgildi í grunnvatnshlotunum,

c) þröskuldsgildin, hvort sem þau gilda á landsvísu, fyrir vatnasviðaumdæmi eða fyrir hluta af alþjóðlegu vatnasviðaumdæmi, sem fellur innan yfirráðsvæðis aðildarríkis, eða fyrir grunnvatnshlot eða hópa grunnvatnshlota,

d) tengslin milli viðmiðunargildanna og:

i. mældu bakgrunnsgildanna, ef um er að ræða efni sem koma fyrir í náttúrunni,

ii. umhverfisgæðamarkmiða og annarra staðla fyrir vatnsvernd sem til eru á landsvísu, á vettvangi Bandalagsins eða á alþjóðavísu og

iii. allra viðeigandi upplýsinga sem varða eiturefnafræði, visteiturefnafræði, þrávirkni, hugsanlega uppsöfnun í lífverum og tilhneigingu mengunarvaldanna til að dreifast.

III. VIÐAUKI

MAT Á EFNAFRÆÐILEGU ÁSTANDI GRUNNVATNS

1. Aðferðin við mat til að ákvarða efnafræðilegt ástand grunnvatnshlots eða hópa grunnvatnshlota skal notuð í tengslum við öll grunnvatnshlot eða hópa grunnvatnshlota sem eru metin þannig að þau séu í áhættu og í tengslum við sérhvern mengunarvald sem stuðlar að því að grunnvatnshlotið eða hópur grunnvatnshlota séu metin þannig að þau séu í áhættu.

2. Þegar aðildarríkin annast athuganirnar, sem um getur í c-lið 2. mgr. 4. gr., skulu þau taka tillit til:

a) upplýsinganna sem safnað er sem hluta af greiningunni á eiginleikum sem á að fara fram í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2000/60/EB og liði 2.1, 2.2 og 2.3 í II. viðauka við tilskipunina,

b) niðurstaðnanna frá vöktunarnetinu fyrir grunnvatn sem fást í samræmi við lið 2.4. í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB og

c) allra annarra viðeigandi upplýsinga, þ.m.t. samanburður á árlegum, reiknuðum meðalstyrk fyrir viðkomandi mengunarvalda á vöktunarstað við gæðakröfurnar fyrir grunnvatn, sem settar eru fram í I. viðauka, og viðmiðunargildin sem aðildarríkin ákvarða í samræmi við 3. gr. og II. viðauka.

3. Í því skyni að rannsaka hvort skilyrðin um gott, efnafræðilegt ástand grunnvatns, sem um getur í i-lið c-liðar í 2. mgr. 4. gr., hafi verið uppfyllt skulu aðildarríkin, ef við á og ef nauðsyn krefur og á grundvelli viðeigandi samantektar á niðurstöðum úr vöktun, sem studdar eru, ef nauðsyn krefur, með mati á styrk, sem byggist á heildstæðu líkani af grunnvatnshloti eða hópi grunnvatnshlota, meta umfangið í grunnvatnshlotinu þar sem árlegur, reiknaður meðalstyrkur mengunarvalds er hærri en gæðakrafa fyrir grunnvatn eða viðmiðunargildi.

4. Í því skyni að rannsaka hvort skilyrðin um gott, efnafræðilegt ástand grunnvatns, sem um getur í ii- og iii-lið c-liðar í 2. mgr. 4. gr., hafi verið uppfyllt skulu aðildarríkin, ef við á og ef nauðsyn krefur og á grundvelli viðeigandi samantektar úr vöktun og viðeigandi heildstæðs líkans af grunnvatnshlotinu, meta:

a) áhrif mengunarvaldanna í grunnvatnshlotinu,

b) magn og styrk mengunarvaldanna sem flytjast eða líklegt er að berist frá grunnvatnshlotinu til yfirborðsvatns sem tengist þeim eða landvistkerfa sem eru beint háð þeim,

c) líkleg áhrif af magni og styrk mengunarvaldanna sem berast til tengdra yfirborðsvatna og landvistkerfa sem eru beint háð þeim,

d) umfang innstreymis salts vatns eða annars inn í grunnvatnshlotið og

e) áhættuna af völdum mengunarvalda í grunnvatnshloti fyrir gæði vatns sem tekið er eða ætlunin er að taka til neyslu úr grunnvatnshlotinu.

5. Aðildarríkin skulu sýna á kortum efnafræðilegt ástand grunnvatnshlots eða hópa grunnvatnshlota í samræmi við liði 2.4.5 og 2.5. í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB. Aðildarríkin skulu einnig, þar sem við á og við verður komið, sýna á kortunum alla vöktunarstaði þar sem farið er yfir gæðakröfur fyrir grunnvatn og/eða viðmiðunargildi.

IV. VIÐAUKI

GREINING OG VIÐSNÚNINGUR Á UMTALSVERÐRI OG VIÐVARANDI, STÍGANDI LEITNI

A-Hluti

Greining á umtalsverðri og viðvarandi, stígandi leitni

Aðildarríkin skulu greina umtalsverða og viðvarandi, stígandi leitni í öllum grunnvatnshlotum eða hópum grunnvatnshlota, sem eru metin þannig að þau séu í áhættu, í samræmi við II. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, að teknu tilliti til eftirfarandi krafna:

1) Vöktunaráætlunin skal þannig gerð, í samræmi við lið 2.4. í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, að unnt sé að greina umtalsverða og viðvarandi, stígandi leitni í styrk mengunarvalda sem greinst hafa, skv. 3. gr. þessarar tilskipunar.

2) Við greiningu á umtalsverðri og viðvarandi, stígandi leitni skal aðferðin byggjast á eftirfarandi þáttum:

   a) tíðni vöktunar skal ákveðin og vöktunarstaðir valdir þannig að það nægi til:

      i. að veita nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja að unnt sé að greina milli slíkrar stígandi leitni og náttúrulegra sveiflna af fullnægjandi öryggi og nákvæmni,

      ii. að gera kleift að greina slíka stígandi leitni nógu tímanlega til að unnt sé að grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir eða a.m.k. að draga eins og unnt er úr skaðlegum breytingum á gæðum grunnvatns sem hafa verulega þýðingu fyrir umhverfið. Þessi greining skal fara fram í fyrsta sinn árið 2009, ef unnt er, og þar skal taka tillit til fyrirliggjandi gagna í tengslum við skýrslu um greiningu á leitni í fyrstu stjórnunaráætlununum fyrir vatnasviðaumdæmi, sem um getur í 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB, og a.m.k. á sex ára fresti eftir það,

      iii. að taka tillit til tímabundinna, eðlisfræðilegra og efnafræðilegra einkenna grunnvatnshlotsins, þ.m.t. flæðiskilyrði grunnvatns og endurnýjunarhraði og vætlunartími gegnum jarðveg eða jarðvegsgrunn,

   b) aðferðirnar sem eru notaðar við vöktun og greiningu skulu vera í samræmi við alþjóðlegar meginreglur um gæðastjórnun, þ.m.t., ef við á, staðalaðferðir Staðlasamtaka Evrópu eða staðalaðferðir á landsvísu, til að tryggja að gögnin sem fást séu jafngild að því er varðar vísindaleg gæði og samanburðarhæfi,

   c) matið skal byggjast á tölfræðiaðferð, t.d. aðhvarfsgreiningu, til leitnigreiningar í tímaröð frá einstökum vöktunarstöðum,

   d) til að komast hjá skekkjum í leitnigreiningu skulu allar mælingar, sem eru undir magngreiningarmörkum, fastsettar við helmingsgildi hæstu magngreiningarmarka sem koma fyrir í tímaröð, þó ekki fyrir samanlögð varnarefni.

3) Við greiningu á umtalsverðri og viðvarandi, stígandi leitni í styrk efna, sem bæði koma fyrir í náttúrunni og af mannavöldum, skal taka til greina grunnlínugildi og gögn, sem safnað er áður en vöktunaráætlun er tekin í notkun, ef slík gögn liggja fyrir, í því skyni að gefa skýrslu um leitnigreiningu í fyrstu stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi sem um getur í 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

B-hluti

Upphafspunktar til að snúa leitni við

Aðildarríkin skulu snúa við umtalsverðri og viðvarandi, stígandi leitni, í samræmi við 5. gr., að teknu tilliti til eftirfarandi krafna:

1) Upphafspunkturinn fyrir framkvæmd ráðstafana til að snúa við umtalsverðri og viðvarandi, stígandi leitni er þegar styrkur mengunarvaldsins nær 75% af viðmiðunarmæliþáttunum fyrir gæðakröfur grunnvatns, sem settar eru fram í I. viðauka, og viðmiðunargildanna, sem eru fastsett skv. 3. gr., nema:

   a) gerð sé krafa um fyrri upphafspunkt til að unnt sé að gera ráðstafanir til að snúa leitni við á sem kostnaðarhagkvæmastan hátt eða a.m.k. að draga eins og unnt er úr skaðlegum breytingum á gæðum grunnvatns sem hafa marktæka þýðingu fyrir umhverfið,

   b) rök séu færð fyrir því að annar upphafspunktur sé notaður ef ekki er unnt, á grundvelli greiningarmarkanna, að ákvarða að leitni sé fyrir hendi sem svarar til 75% af mæliþáttunum eða

   c) stigaukning leitninnar og möguleiki á að snúa henni við séu þannig að seinni upphafspunktur fyrir ráðstafanir til að snúa leitni við geri það samt kleift með slíkum ráðstöfunum að koma, á sem kostnaðarhagkvæmastan hátt, í veg fyrir allar skaðlegar breytingar á gæðum grunnvatns sem hafa marktæka þýðingu fyrir umhverfið eða a.m.k. að draga úr þeim eins og kostur er. Seinni upphafspunktur af þessum toga skal ekki leiða af sér neinar tafir við að ná umhverfismarkmiðunum á tilskildum tíma.

   Að því er varðar starfsemi, sem fellur undir gildissvið tilskipunar 91/676/EBE, skal fastsetja upphafspunktinn til að lögleiða ráðstafanir til að snúa við umtalsverðri og viðvarandi, stígandi leitni í samræmi við þá tilskipun og tilskipun 2000/60/EB og einkum halda fast við umhverfismarkmið varðandi vatnsverndun eins og þau eru sett fram í 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

2) Þegar upphafspunktur hefur verið fastsettur fyrir grunnvatnshlot, sem er metið þannig að það sé í áhættu í samræmi við lið 2.4.4 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB og skv. 1. lið hér að framan, verður honum ekki breytt á sex ára gildistímabili stjórnunaráætlunar fyrir vatnasviðaumdæmi, sem krafist er í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

3) Sýna skal fram á viðsnúning leitni með tilliti til viðkomandi ákvæða um vöktun sem er að finna í 2. lið A-hluta.

172. Álit fjárlaganefndar [156. mál]

á ábendingum Ríkisendurskoðunar um kaup Fasteigna ríkissjóðs á málningarvinnu.

Fjárlaganefnd hefur fjallað um ábendingar Ríkisendurskoðunar um kaup Fasteigna ríkissjóðs á málningarvinnu og fengið ríkisendurskoðanda til fundar við sig ásamt sérfræðingum hans.

Forsaga málsins er sú að í áfangaskýrslu Ríkisendurskoðunar um viðskipti ríkisstofnana við 800 birgja taldi stofnunin „að val birgja væri of oft rökstutt með vísan til þess að á viðkomandi landsvæði væri aðeins einn aðili fær um að veita þá þjónustu sem þörf væri á“. Að beiðni Ríkisendurskoðunar afhentu Fasteignir ríkissjóðs lista yfir alla þá verktaka sem vinna fyrir Fasteignir ríkissjóðs. Í greinargerð Ríkisendurskoðunar segir: „Við skoðun á listanum og samkeyrslu við bókhaldskerfi ríkisins kom í ljós að kaup Fasteigna ríkissjóðs á málningarvinnu á Akureyri og Laugum í Reykjadal á árunum 2007–2009 einskorðuðust við einn birgja.“ Einnig segir í greinargerðinni: „Við lauslega athugun fann Ríkisendurskoðun 11 málningarfyrirtæki með starfsstöð á Akureyri.“ Efaðist stofnunin ekki um ágæti þess aðila sem verslað var við, en „telur viðskipti Fasteigna ríkissjóðs við fyrirtækið fara í bága við ákvæði 22. gr. laga um opinber innkaup.“

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar var eftirfarandi: „Ríkisendurskoðun telur að Fasteignir ríkissjóðs þurfi að endurskoða verklag sitt við innkaup með það að markmiði að gæta jafnræðis milli fyrirtækja. Einnig telur stofnunin að Ríkiskaup eigi að gera rammasamning við

verktaka í iðnaði utan höfuðborgarsvæðisins, sambærilegan þeim sem nú er unnið að við verktaka á höfuðborgarsvæðinu.“

Á fundi fjárlaganefndar með Ríkisendurskoðun kom fram að Fasteignir ríkissjóðs hefðu í hyggju að breyta verklagi sínu í samræmi við athugasemdir Ríkisendurskoðunar og að stofnunin teldi ekki ástæðu til frekari aðgerða að sinni, en eftir þrjú til fjögur ár mundi hún kanna með hvaða hætti Fasteignir ríkissjóðs hefðu brugðist við ábendingunum. Fjárlaganefnd telur mikilvægt að Ríkisendurskoðun framkvæmi slíka könnun og kynni nefndinni niðurstöðurnar.

Fjárlaganefnd minnir af þessu tilefni aðalskrifstofur ráðuneytanna á lög nr. 84/2007, um opinber innkaup.

Alþingi, 5. nóv. 2010.

Oddný G. Harðardóttir, form.	Björn Valur Gíslason.	Ásbjörn Óttarsson.
Birgitta Jónsdóttir.	Höskuldur Þórhallsson.	Kristján Þór Júlíusson.
	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	

173. Fyrirspurn [157. mál]

til forseta Alþingis um styrki frá Evrópusambandinu.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hyggst Alþingi sækja um aðlögunarstyrki (IPA-styrki) Evrópusambandsins eða aðra almenna styrki sem sambandið veitir umsóknarríkjum og ef svo er, hvað á að sækja um háar fjárhæðir?
2. Komi til styrkveitinga, hvenær verða styrkirnir þá greiddir út?

Skriflegt svar óskast.

174. Frumvarp til laga [158. mál]

um breytingu á lögum um Byggðastofnun, nr. 106/1999.

Flm.: Arndís Soffía Sigurðardóttir, Álfheiður Ingadóttir, Ásmundur Einar Daðason, Lilja Mósesdóttir, Ólafur Þór Gunnarsson, Þráinn Bertelsson.

1. gr.

Orðin „fyrirmælum yfirboðara“ í 18. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að þagnarskylduákvæði laga um Byggðastofnun verði breytt þannig að orðin „fyrirmælum yfirboðara“ verði felld brott en eftir standi að þagnarskylda hvíli á starfsmönnum og stjórn Byggðastofnunar samkvæmt fyrirmælum laga og eðli máls og að þagnarskylda haldist þó að látið sé af starfi.

Það er mikilvægt að þar sem sýslað er með fjármuni sé það gert á eins gagnsæjan hátt og mögulegt er. Byggðastofnun er fjármálastofnun í eigu íslenska ríkisins og eðlilegt að ríkisstofnanir gangi fram með góðu fordæmi og opni stjórnsýslu sína. Heimildir til að gefa fyrirmæli um þagnarskyldu geta í sjálfu sér vakið tortryggni án þess að sérstakt tilefni sé til og jafnvel þó að þær séu ekki nýttar. Tilvist þeirra vekur í sjálfu sér spurningar um hver tilgangur þeirra sé, hvað það sé sem leynt skuli fara umfram lög og eðli máls og hvort þörf sé á svo víðtæku þagnarskylduákvæði. Með hliðsjón af þeirri starfsemi sem fram fer í Byggðastofnun verður ekki séð að slík þörf sé fyrir hendi. Markmiðið með breytingunni er margþætt: að opna stjórnsýslu stofnunarinnar, að taka út úr ákvæðinu þætti sem teljast óþarfir og draga úr leyndarhyggju og tortryggni í garð fjármálastofnunar í eigu ríkisins.

Þagnarskylduákvæði gildandi laga um Byggðastofnun hefur verið óbreytt frá fyrstu lögum um Byggðastofnun, nr. 64/1985. Í greinargerð með frumvarpinu sem varð að þeim lögum segir: „Ákvæði þetta um þagnarskyldu er í samræmi við slík ákvæði í lögum um banka og aðrar lánastofnanir og þarfnast ekki skýringa.“ Ekki verður séð af greinargerðinni né gildandi lögum um Byggðastofnun að sérstök ástæða sé fyrir svo víðtækri þagnarskyldu starfsmanna og stjórnar Byggðastofnunar né heldur kemur þar fram til hverra hugtakið „yfirboðari“ tekur. Engin takmörk virðast heldur vera á því um hvers kyns mál eða málefni yfirboðari getur krafist þagnarskyldu um.

Engin ástæða er til að hafa þagnarskylduákvæði laga um Byggðastofnun svo víðtækt sem raun ber vitni. Óbreytt er það í andstöðu við ákall samtímans um opna og gagnsæja stjórnsýslu.

175. Fyrirspurn [159. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um aldursdreifingu, lífeyrisgreiðslur og atvinnuleysi í nokkrum ríkjum.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hver er hlutfallsleg aldursdreifing í ríkjum Evrópusambandsins, Noregi, Bandaríkjunum, Kanada, Kína og Íslandi miðað við eftirfarandi aldursbil:
   a. 0–20 ára,
   b. 21–30 ára,
   c. 31–40 ára,
   d. 41–50 ára,
   e. 51–60 ára,
   f. 61–70 ára,

g. yfir 70 ára?
2. Á hvaða aldri hefst taka lífeyris í framangreindum ríkjum og hvernig er lífeyrisgreiðslum háttað, er um að ræða séreignarsjóði, gegnumstreymissjóði eða annað, og þá hvað?
3. Hvert var atvinnuleysi í framangreindum ríkjum á árabilunum:
   a. 1990–2000,
   b. 2001–2005,
   c. 2006–2010?

Skriflegt svar óskast.

176. Fyrirspurn [160. mál]

til utanríkisráðherra um viðbrögð við kveðju utanríkisráðherra Bandaríkjanna 17. júní sl.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvernig brást ráðuneytið við kveðju þeirri sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Hillary Clinton, sendi Íslendingum 17. júní sl.?
2. Hefur ríkisstjórnin og ráðuneytið látið reyna í verki á þann stuðning og vináttu Bandaríkjamanna sem fram kom í kveðjunni að Íslendingar gætu reitt sig á í þeim efnahagserfiðleikum sem steðjuðu að þjóðinni?
3. Hafa síðan aukist menningarleg og efnahagsleg tengsl landanna sem mikil áhersla er lögð á í yfirlýsingunni?
4. Hafi ráðherra ekki fylgt þessu boði um stuðning og vináttu eftir, nú fimm mánuðum seinna, stendur það þá til í nánustu framtíð?
5. Hefur það áhrif á viðbrögð við kveðjunni að leiðtogar Evrópusambandsins samþykktu á fundi 17. júní að hefja formlegar viðræður við Ísland um aðild að ESB, sama dag og Hillary Clinton sendi kveðjuna?

Skriflegt svar óskast.

177. Fyrirspurn [161. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um presta á launaskrá hjá Biskupsstofu.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað eru margir prestar á launaskrá hjá Biskupsstofu?
2. Hvað eru margir prestar starfandi þar sem bíða þess að komast á eftirlaun og hve margir hafa mætingarskyldu og fasta stöðu við embættið?

3. Hvað eru margir prestar skráðir í sérverkefni hjá Biskupsstofu og hver eru sérverkefnin sem þeir sinna?
4. Hver er aldur þessara presta?
5. Hver er launakostnaður Biskupsstofu vegna presta sem hafa ekki fast brauð en eru þó á launaskrá á ársgrundvelli?

Skriflegt svar óskast.

178. Fyrirspurn [162. mál]

til heilbrigðisráðherra um kvensjúkdómaaðgerðir á St. Jósefsspítala og víðar.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað voru gerðar margar kvensjúkdómaaðgerðir árin 2008, 2009 og það sem af er ári 2010 á:
   a. St. Jósefsspítala,
   b. Landspítalanum,
   c. sjúkrahúsinu á Akranesi og
   d. einkastofum?
2. Hvað kostar að meðaltali hver aðgerð í kvenlækningum á fyrrgreindum sjúkrastofnunum?
3. Hvað er löng bið eftir aðgerðum af þessu tagi, eftir þeim sjúkrastofnunum sem fyrr greinir?
4. Hvert eiga sérhæfðar aðgerðir af þessu tagi að flytjast verði tekin ákvörðun um að leggja þjónustuna niður á St. Jósefsspítala?
5. Eru læknar St. Jósefsspítala ráðnir í fastlaunakerfi eða starfa þeir samkvæmt gjaldskrá sérfræðilækna?
6. Er St. Jósefsspítali innan fjárlaga fyrir árin 2009 og 2010 þrátt fyrir 10% sparnaðarkröfu hvort ár?
7. Hver var ástæða þess að St. Jósefsspítali var sameinaður Sólvangi og hver hefur ávinningur verið af þeirri sameiningu fyrir ríkissjóð?

Skriflegt svar óskast.

179. Fyrirspurn [163. mál]

til iðnaðarráðherra um olíuleit á Drekasvæðinu.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hefur verið athugað hvort Íslendingar geti verið í samfloti með Norðmönnum í olíuleit með hljóðbylgjurannsóknum (3D seismic search) sem Norðmenn eru nú að hefja á sínum hluta Drekasvæðisins og ef ekki, hvað er því til fyrirstöðu og hvenær er stefnt að rannsóknum á íslenska hlutanum?

Skriflegt svar óskast.

180. Frumvarp til laga [164. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ásbjörn Óttarsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Kristján Þór Júlíusson, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Jón Gunnarsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Ásmundur Einar Daðason.

1. gr.

Við 3. mgr. 42. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Þjónustu grenjaskytta við refa- og minkaveiðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eyðing refa og minka er kostnaðarsöm og hefur lagst með vaxandi þunga á fjárhag ýmissa sveitarfélaga. Þetta á einkum við hin landmeiri sveitarfélög, sem í ýmsum tilvikum eru einnig fámenn. Kostnaður við þetta verkefni hefur haft mjög íþyngjandi áhrif á fjárhag þeirra og kallað hefur verið eftir úrbótum.

Þetta verkefni er í raun samfélagslegt. Refur og minkur eru vágestir í náttúrunni og hafa sums staðar haft mjög slæm áhrif á lífríkið. Fuglalíf hefur látið undan og dæmi eru um að bændur hafi orðið fyrir tjóni með því að þessi dýr hafi lagst á búpening. Það er því eðlilegt að ríkisvaldið komi að þessu verkefni með sveitarfélögunum, m.a. til þess að jafna þann kostnað sem ella leggst með ósanngjörnum hætti á fámenn og landmikil sveitarfélög.

Þróunin hefur verið sú að heldur hefur dregið úr kostnaðarþátttöku ríkissjóðs við veiðar á ref og mink. Það er mat m.a. þeirra sem veiðarnar stunda að þetta hafi valdið því að gætt hafi meiri ágangs þessara dýra, með samsvarandi tjóni í náttúrunni og fyrir bændur. Þetta er því bersýnilega slæm þróun sem einhvern veginn þarf að snúa við.

Fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps lagði fram fyrirspurn til umhverfisráðherra um veiðar á ref og mink. Þar kemur glöggt fram að dregið hafi úr fjárveitingum til veiða á ref

og mink á undanförnum árum. Svar ráðherrans nær yfir fimm ára tímabil, 2005–2009. Hæst var fjárveitingin árið 2005 eða 45 millj. kr. á verðlagi ársins 2009 en var 33 og 35 millj. kr. árin 2008 og 2009, á sama verðlagi. Nánar má sjá þessar upplýsingar í fylgiskjali.

Ríkið innheimtir virðisaukaskatt af veiðum á ref og mink. Innheimtur virðisaukaskattur hefur verið á verðlagi ársins 2009 í kringum 11 millj. kr. á þessu tímabili, samkvæmt svari ráðherra. Athyglisvert er að virðisaukaskattur sem ríkið fær hefur hækkað sem hlutfall af fjárveitingum til málaflokksins á þessu tímabili. Þannig var virðisaukaskatturinn sem hlutfall af fjárveitingunni um 24% árið 2005 en 33% í fyrra. Nettókostnaður ríkisins af veiðum á ref og mink var þannig 34 millj. kr. á árinu 2005 en 23 millj. kr. í fyrra. Þetta gefur til kynna að hlutfallslegur kostnaður ýmissa sveitarfélaga hafi aukist þar sem sveitarfélögin hafa ekki dregið úr veiðum þó að greiðsluþátttaka ríkisins hafi minnkað.

Til þess að bregðast við þessu og tryggja meiri sanngirni gagnvart landmiklum og oft fámennari sveitarfélögum er því lagt til að sveitarfélögin fái endurgreiddan virðisaukaskatt. Dæmi um slíkt eru í tilvikum þar sem um er að ræða samfélagsleg verkefni.

Mjög hefur verið kallað eftir því að þessum málum verði komið í fastari skorður. Samþykktir sveitarfélaga og samtaka þeirra eru í þessa átt og nefna má einnig að Búnaðarþing árið 2010 hvatti og stjórnvöld til þess að endurgreiða sveitarfélögum að fullu virðisaukaskatt vegna þessara veiða.

Í fyrrnefndu svari umhverfisráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns eru ágætlega tíunduð rökin fyrir því að staðið sé fyrir veiðum á ref og mink. Þar koma glögglega fram hin samfélagslegu rök sem lúta að því að ríkið komi að verkefninu.

„Markmið með veiðum á ref og mink eru ólík. Minkurinn er innflutt tegund sem sloppið hefur út í náttúruna og veldur oft verulegu tjóni og getur haft umtalsverð áhrif í náttúrunni. Hann hefur ekki, þrátt fyrir mikla útbreiðslu í áttatíu ár í íslenskri náttúru, verið viðurkenndur sem íslensk tegund. Undanfarin þrjú ár hefur verið í gangi tilraunaverkefni sem miðar að því að kanna hvort gerlegt sé að útrýma mink úr íslenskri náttúru eða hvort mögulegt sé að halda ákveðnum mikilvægum svæðum minklausum. Verkefninu lýkur á næsta ári og fást þá vísbendingar um möguleika þess að draga úr dreifingu minksins eða útrýma honum úr náttúrunni. Meðan verið er að ljúka tilraunaverkefninu er markmiðið með veiðum á mink utan tilraunasvæðanna að halda mink í skefjum.

Markmið með veiðum á ref eru annars eðlis og miðast við að draga úr eða koma í veg fyrir tjón af völdum refa einkum á hlunnindum bænda. Refaveiðar eru á ábyrgð sveitarfélaganna en ríkinu er heimilt samkvæmt lögum að greiða allt að helmingi kostnaðar á móti þeim eftir því sem fjárlög veita svigrúm til. Þar sem refurinn er íslensk tegund er markmið með veiðunum fyrst og fremst að draga úr því tjóni sem hann veldur.“

Meðfrumvarpinu var fylgiskjal: Svar umhverfisráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um veiðar á ref og mink. (Þskj. 396 í 205. máli 138. löggjafarþings.)

181. Fyrirspurn [165. mál]

til forsætisráðherra um úttekt á samkeppnissjóðum á sviði rannsókna og vísinda.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvenær er von á úttekt Vísinda- og tækniráðs á samkeppnissjóðum á sviði rannsókna og vísinda og hvenær mun mat á því hvort grundvöllur sé fyrir sameiningu sjóða liggja fyrir?

182. Fyrirspurn [166. mál]

til forsætisráðherra um endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna útgjalda af völdum eldgossins í Eyjafjallajökli.

Frá Arndísi Soffíu Sigurðardóttur.

1. Hversu mikla fjármuni hefur ríkið þegar endurgreitt sveitarfélögum vegna útgjalda þeirra af völdum eldgossins í Eyjafjallajökli?
2. Hvaða þættir í útgjöldum sveitarfélaganna njóta endurgreiðslu?
3. Hefur verið tekin ákvörðun um að endurgreiða sveitarfélögunum útgjöld vegna eldgossins sem ekki er hægt að sjá fyrir núna en kunna að koma til síðar?

Skriflegt svar óskast.

183. Fyrirspurn [167. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um vegagerð á áhrifasvæði eldgosanna á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli.

Frá Arndísi Soffíu Sigurðardóttur.

1. Hversu miklum fjármunum hefur ríkið þegar varið til vegagerðar vegna afleiðinga eldgosanna á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli?
2. Hvaða vegi er áformað að byggja upp eða lagfæra vegna beinna áhrifa eldgosanna og tengdra afleiðinga, svo sem aukinnar umferðar?
3. Hver er áætlaður heildarkostnaður við þau verkefni?
4. Hvenær er áformað að verkefnunum ljúki?

Skriflegt svar óskast.

184. Fyrirspurn [168. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um varnargarða og fyrirhleðslur á áhrifasvæði eldgossins í Eyjafjallajökli.

Frá Arndísi Soffíu Sigurðardóttur.

1. Hversu miklum fjármunum hefur ríkið varið til viðhalds og uppbyggingar varnargarða og fyrirhleðslna eftir flóðin af völdum eldgossins í Eyjafjallajökli?
2. Hvaða varnargörðum og fyrirhleðslum er áformað að halda við?
3. Hvaða varnargarða og fyrirhleðslur er áformað að styrkja sérstaklega vegna flóðahættu?
4. Hver er áætlaður heildarkostnaður við verkefnið?
5. Hvenær er áformað að verkefninu ljúki?

Skriflegt svar óskast.

185. Fyrirspurn [169. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna og ófjárráða háskólanema.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Er fyrirhugað að breyta úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna á þann veg að þeir sem hefja háskólanám en eru ekki orðnir fjárráða geti fengið fyrirgreiðslu hjá sjóðnum?

186. Fyrirspurn [170. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um aðgerðir til að fyrirbyggja tjón á jörðum bænda undir Eyjafjöllum.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Til hvaða varanlegu aðgerða verður gripið til að fyrirbyggja tjón á jörðum bænda undir Eyjafjöllum vegna þess gríðarlega aurs sem ár undir Eyjafjöllum bera fram í kjölfarið á eldgosinu í Eyjafjallajökli?

187. Fyrirspurn [171. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um öryggi á þjóðvegi 1 undir Eyjafjöllum.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Til hvaða varanlegu aðgerða verður gripið til að tryggja öryggi á þjóðvegi 1 vegna þess gríðarlega aurs sem ár undir Eyjafjöllum bera fram í kjölfarið á eldgosinu í Eyjafjallajökli?

188. Fyrirspurn [172. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um dýpkunarframkvæmdir í Landeyjahöfn.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Hvaða varanlega lausn verður fundin á dýpkunarframkvæmdum í Landeyjahöfn?

189. Fyrirspurn [173. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um nýja Vestmannaeyjaferju.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Hver er staða mála varðandi nýja ferju til siglinga milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar?

190. Fyrirspurn [174. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um eftirlit Bandaríkjamanna með mannaferðum við Laufásveg.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hversu lengi hefur „eftirlitssveit“ á vegum Bandaríkjastjórnar eða sendiráðs Bandaríkjamanna í Reykjavík starfað hér á landi?
2. Hafa stjórnvöld eða lögregluyfirvöld haft vitneskju um starfsemina og ef svo er, síðan hvenær?
3. Hversu margir starfsmenn vinna við þessa iðju og hvar eru þeir staðsettir?
4. Hvaða svæði er vaktað?
5. Hvers kyns heimildir hafa verið veittar fyrir þessari starfsemi Bandaríkjamanna, hver veitti heimildina og hvenær?
6. Hafa Bandaríkjamönnum eða starfsmönnum þeirra verið veitt tilskilin leyfi, m.a. Per-

sónuverndar, til að safna upplýsingum um íslenska ríkisborgara og skrá í gagnagrunn sem er rekinn á vegum erlends ríkis?
7. Hvaða reglur gilda um geymslu og eyðingu þeirra gagna sem er safnað á vegum „eftirlitssveitarinnar“ og skráð eru í SIMAS-gagnagrunn bandarískra stjórnvalda?
8. Hvernig er eftirliti íslenskra stjórnvalda með þessari starfsemi háttað?
9. Telur ráðherra að starfsemi sveitarinnar standist lög og að mannréttindi og persónufrelsi íbúa í nágrenni bandaríska sendiráðsins séu virt?

Skriflegt svar óskast.

191. Fyrirspurn [175. mál]

til fjármálaráðherra um álagningu virðisaukaskatts á sölu vef- og rafbóka, hljóðbóka, nótnabóka, landabréfa o.þ.h.

Frá Merði Árnasyni og Helga Hjörvar.

Hvað líður endurskoðun verklags við álagningu virðisaukaskatts á sölu vef- og rafbóka, hljóðbóka, nótnabóka, landabréfa o.þ.h., sem rætt var um við undirbúning ráðstafana í skattamálum á síðasta þingi af hálfu fjármálaráðuneytis og skattyfirvalda (sbr. þskj. 525, 239. mál)?

192. Frumvarp til laga [176. mál]

um breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson, Margrét Tryggvadóttir, Valgerður Bjarnadóttir.

1. gr.

2. og 3. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Orðin „opinberra hlutafélaga og“ í 2. málsl. 1. mgr. 63. gr. laganna falla brott.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 67. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

2. málsl. 5. mgr. 70. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

4. mgr. 80. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

4. málsl. 2. mgr. 88. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

3. málsl. 6. mgr. 90. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

3. málsl. 1. mgr. 91. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

2. mgr. 149. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Á eftir 163. gr. laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo:

a. (164. gr.)

Gegnsætt hlutafélag er hlutafélag sem uppfyllir öll skilyrði þessarar greinar auk annarra skilyrða laga þessara.

Gegnsæjum hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðin gegnsætt hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ghf. og mega þessi félög ein tengja orðin eða skammstöfunina við heiti sitt eða skammstöfun á heiti hlutafélagsins.

Gegnsætt hlutafélag má aldrei eiga í hluthafa sínum eða eigendum hans beint eða óbeint. Gegnsætt hlutafélag má aldrei lána til eða veita tryggingar til aðila með takmarkaða ábyrgð, eða sameignarfélaga, sem eru hluthafi í því eða eigenda þess hluthafa beint eða óbeint í gegnum önnur félög.

Ekki er heimilt að veðsetja hluti í gegnsæju hlutafélagi nema veðhafi sé gegnsætt hlutafélag eða aðili með ótakmarkaða ábyrgð og eru aðrar veðsetningar ógildar.

Gegnsætt hlutafélag eða aðili með ótakmarkaða ábyrgð, aðrir en sameignarfélög, eiga sem hluthafar einir rétt til greiðslu arðs og njóta atkvæðisréttar á félagsfundum. Aðrir hluthafar í gegnsæu hlutafélagi, sem áttu hluti við umbreytingu í gegnsætt hlutafélag skv. 10. mgr., geta krafist innlausnar á hlut sínum og skal verð hlutarins ákveðið í samræmi við ákvæði 24. gr.

Gegnsætt hlutafélag má ekki eiga hluti í öðrum félögum en gegnsæjum hlutafélögum.

Gegnsætt hlutafélag skal reglulega birta lista á heimasíðu sinni ef til er en ella annars staðar á netinu yfir alla hluthafa sína, sem ekki eru einstaklingar, hlutafé þeirra, veðsetningu þess og veðhafa ef þeir eru ekki einstaklingar. Enn fremur skal birta lista yfir alla eignahluti félagsins, sbr. 6. mgr. Þá skal á sama stað birta samþykktir félagsins, skýrslu endurskoðanda, ársreikning, samstæðureikning og sex mánaða árshlutareikning.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. skal hlutafé í gegnsæu hlutafélagi ávallt greitt með reiðufé og gildir það jafnt um greiðslu stofnhlutafjár sem og við hlutafjárhækkanir hjá félaginu.

Þrátt fyrir ákvæði 153. gr. varðar það fangelsi allt að sex árum ef endurskoðandi gegnsæs hlutafélags gefur vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um atriði, sem gengur gegn ákvæðum þessarar greinar, eða ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri tekur ákvörðun sem brýtur vísvitandi gegn ákvæðum þessarar greinar. Gildir sú ábyrgð þó að viðkomandi hætti

starfi eða sé fjarverandi stjórnarfund nema varamaður taki sæti hans. Nú eru stjórnarmaður og varamaður hans fjarverandi stjórnarfund af óviðráðanlegum ástæðum og bera þeir þá ekki ábyrgð á ákvörðunum teknum á þeim fundi. Endurskoðandi gegnsæs hlutafélags skal strax eftir stjórnarkjör kynna stjórnarmönnum og varamönnum þeirra, sem og framkvæmdastjóra, ábyrgð þeirra og skyldur samkvæmt þessum lögum. Ef stjórnarmaður eða endurskoðandi er ósáttur við ákvörðun stjórnar sem hann telur ganga gegn ákvæðum þessarar greinar getur hann bókað afstöðu sína og skal hún birt á heimasíðu félagsins og á næsta félagsfundi og ber hann þá ekki ábyrgð á ákvörðuninni. Úrsagnir stjórnarmanna og endurskoðanda taka ekki gildi fyrr en tilkynning um nýjan aðila hefur borist hlutafélagaskrá.

Breyting á samþykktum hlutafélags í því skyni að taka upp ákvæði þessarar greinar og breyta hlutafélagi í gegnsætt hlutafélag skal samþykkt af hluthöfum sem ráða yfir meiru en $^{9}/_{10}$ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, sbr. 5. mgr. Sama atkvæðamagn þarf til að breyta samþykktum gegnsæs hlutafélags þannig að það uppfylli ekki lengur ákvæði þessarar greinar og verði almennt hlutafélag samkvæmt lögum þessum.

b. (165. gr.)

Lög þessi taka til opinbers hlutafélags eftir því sem við á nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum hlutafélag sem hið opinbera, einn eða fleiri hluthafar, á að öllu leyti, beint eða óbeint.

Opinberum hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðin opinbert hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ohf. og má tengja orðin eða skammstöfunina heiti eða skammstöfun á hlutafélagi.

Ákvæði 1. mgr. 63 gr. gilda um opinbert hlutafélag án takmarkana vegna fjölda starfsmanna.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í opinberum hlutafélögum skulu gefa stjórninni skýrslu um eign sína í félögum og breytingu á henni ef það skiptir máli varðandi starf þeirra.

Starfsreglur stjórna opinberra hlutafélaga, sbr. 5 mgr. 70 gr., skal birta á vef félagsins ef til er en ella annars staðar á netinu.

Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund opinbers hlutafélags, sbr. 84. gr. Kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir.

Í samþykktum opinbers hlutafélags, sbr. 2 mgr. 88. gr., skal kveðið á um að ætíð skuli boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund, svo og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund.

Fulltrúar fjölmiðla skulu í síðasta lagi fjórtán dögum eftir aðalfund eiga aðgang að fundargerðabók, sbr. 6 mgr. 90. gr., vegna aðalfundar opinbers hlutafélags eða staðfestu endurriti fundargerðar aðalfundar á skrifstofu félagsins.

Upplýsingar sem lagðar eru fram í opinberum hlutafélögum, sbr. 91. gr., geta m.a. byggst á spurningum hluthafa til félagsstjórnar og framkvæmdastjóra

Opinber hlutafélög skulu birta samþykktir félagsins á vef sínum ef til er en ella annars staðar á netinu. Jafnframt skal birta þar ársreikning, samstæðureikning og sex mánaða árshlutareikning opinbers hlutafélags.

11. gr.

Fyrirsögn XX. kafla laganna orðast svo: **Samlagshlutafélög, gegnsæ hlutafélög og opinber hlutafélög.**

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarpsins.

Frumvarp þetta var lagt fram á 138. löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu. Frumvarpinu er ætlað að endurreisa traust á hlutafélögum með því að koma í veg fyrir og uppræta veilu í hlutafélagaforminu, sem rædd verður hér á eftir, og koma algerlega í veg fyrir að fé renni viðstöðulítið í hringi og skekki eignarhald, sýni eigið fé sem ekki er til staðar og hagnað, sem ekki er raunhæfur, eins og komið hefur í ljós eftir hrunið að átt hefur sér stað. Tryggt verði að eignarhald á hlutafélögum verði gegnsætt og uppi á borðum. Þá er ábyrgð stjórnarmanna og endurskoðenda stóraukin og refsingar þyngdar til muna.

Á 136. og 137. þingi var flutt þingsályktunartillaga um að Alþingi ályktaði að fela viðskiptanefnd að semja lagafrumvarp um gegnsæ hlutafélög. Markmið lagasetningarinnar átti að vera að búa til tegund hlutafélaga sem væri með gegnsætt eignarhald, gagnvart eigendum beint og óbeint og einnig dótturfyrirtækjum beint og óbeint. Slíkum félögum yrði bannað að lána til eða eiga í hlutafélögum sem ættu þau beint eða óbeint. Við samningu lagafrumvarps skyldi nefndin leita fulltingis sérfræðinga á sviðinu, endurskoðenda, lögfræðinga og hagfræðinga. Viðskiptanefnd átti að stefna að því að leggja fram tilbúið frumvarp fyrir 1. febrúar 2010 sem gæti tekið gildi 1. maí 2010. Þessi tillaga varð ekki útrædd og þess vegna er þetta frumvarp flutt.

Í umsögn frá Kauphöllinni um þingsályktunartillöguna var þess getið að fyrirtækin eða samtök þeirra gætu sjálf sett sér slíkar reglur. Að mati flutningsmanna yrðu þær reglur aldrei nægilega traustar, sérstaklega varðandi ábyrgð endurskoðenda og stjórnenda, til að endurvekja það traust sem glataðist í hruninu. Til þess þarf tilstuðlan löggjafans.

Í umsögn Viðskiptaráðs Íslands um lagafrumvarpið á 138. löggjafarþingi lögðu samtökin til að beðið yrði með lögfestingu reglna um gegnsæ hlutafélög þar til ljóst yrði hvort og þá hvernig svipaðar aðgerðir verða útfærðar innan ESB. Flutningsmenn telja hins vegar að ekki sé hægt að bíða eftir aðgerðum innan ESB. Nauðsynlegt sé að endurvekja traust á hlutabréfamarkaðnum strax með því að bjóða upp á nýtt hlutafélagaform, gegnsætt hlutafélag. Eftir fall bankanna haustið 2008 hefur traust almennings á hlutabréfamarkaðnum snarminnkað vegna þess að tugþúsundir töpuðu allri hlutafjáreign sinni og einstaklingar og lögaðilar vilja ekki taka þá áhættu sem felst í því að fjárfesta í hlutabréfum að óbreyttum lögum. Með nýja félagaforminu aukast hins vegar líkur á að einstaklingar og lögaðilar hafi áhuga á slíkum fjárfestingum. Með gegnsæju eignarhaldi er aldrei launungarmál hverjir raunverulegir eigendur hlutafélaga eru og ávallt er ljóst hversu miklir fjármunir félagsins eru. Áhætta fjárfesta er því alltaf skýr og allt eftirlit með félaginu verður mun auðveldara. Í hruninu kom í ljós að sýnt var eigið fé sem ekki var til og sami hagnaðurinn var tvítalinn og jafnvel margtalinn. Þess vegna veittu matsfyrirtækin óraunverulegt mat. Þessi atriði villtu um fyrir fjárfestum sem töpuðu hlutafé sínu og lánveitendum sem töpuðu ómældu fé og treysta því ekki lengur hlutafélögum sem lántakendum. Ekki er nægilegt að setja umrædd ákvæði í samþykktir hlutafélaga því þeim má breyta og ekki er hægt að setja hertar refsingar í

samþykktir en þær eiga að koma í veg fyrir að brot á sérákvæðum um gegnsæ hlutafélög eigi sér stað. Á því byggist traustið.

Veila í hlutafélagaforminu.

Hlutafélagaformið er merkilegt tæki sem gerir einstaklingi kleift að taka þátt í atvinnurekstri án þess að taka of mikla áhættu, sem kynni að raska fjárhagslegu sjálfstæði hans og fjölskyldu hans. Hann takmarkar áhættu sína við hlutafjárframlagið. En það er veila í hlutafélagaforminu sem getur komið upp þegar hlutafélög lána til annarra hlutafélaga eða eignast hlut í öðrum hlutafélögum eins og berlega kom í ljós í hruninu og er enn að koma í ljós. Þessi veila er sýnd með dæmum á fylgiskjali I. Vegna þessarar veilu geta fjármunir streymt í hring nánast án viðstöðu og breytt eignarhaldi og yfirráðum og aukið eigið fé hlutafélagsins og jafnvel hagnað. Eina viðstaðan er kostnaður við að stofna hlutafélag og stimpilgjald sem hvort tveggja var léttvægt í stóra dæminu. Þessir straumar fjár í hringi ollu því að umræðan snerist fljótt um milljarðatugi króna og jafnvel 1.000 milljarða kr. í stað nokkurra milljarða króna áður. Breytt eignarhald var svo falið með því að flytja það úr landi, gjarnan til landa sem ekki gefa upplýsingar. Allt var þetta fyrst á kostnað minni hluthafa, sem ekki nutu sömu fyrirgreiðslu, og lánveitenda en síðan þjóðarinnar allrar. Þessi veila í hlutafélagaforminu, sem reyndar er alþjóðleg, var notuð ítrekað í útrásinni enda voru almennir hluthafa andvaralausir og enginn virðist hafa gert sér grein fyrir veilunni. Völdin fluttust til stjórna hlutafélaganna eins og sýnt er í fylgiskjali I, sem leiddi til glannalegrar áhættutöku og gífurlegrar og óeðlilegrar eignamyndunar einstakra manna og á endanum olli þetta mikilli samtengingu alls atvinnulífsins og gerði það viðkvæmt fyrir áföllum. Með því að nota veiluna var sýnt eigið fé sem í reynd var ekki til, eins og sýnt er með dæmum í fylgiskjali I, en lánveitendur lánuðu út á það fé og urðu fyrir miklu tjóni. Þannig varð til samtengt uppblásið atvinnulíf sem sótti í áhættu og var mjög viðkvæmt fyrir áföllum. Þetta er sennilega ein af veigameiri ástæðum þess að allsherjarhrun varð á Íslandi haustið 2008 þó að seinni tíma rannsóknir þurfi til að leiða í ljós hvaða þættir komu þar við sögu.

Dulið eignarhald kemur í veg fyrir eðlilega skattlagningu og býður heim skattundanskotum. Allt eftirlit verður mjög torvelt og stundum er eftirlit ómögulegt vegna skorts á upplýsingum. Þá skekkir dulið eignarhald samkeppni þar sem það liggur ekki fyrir þegar aðilar ná markaðsráðandi stöðu. Allt eftirlit með fjármálafyrirtækjum er nánast ómögulegt þegar eignarhaldið er dulið og falið í erlendum félögum sem ekki veita neinar upplýsingar. Til viðbótar villir það um fyrir almennum smærri hluthöfum.

Öll dæmin í fylgiskjali I sýna fram á mikla veilu í hlutafélagaforminu sem kemur fram þegar hlutafélög lána til eða kaupa í öðrum hlutafélögum, sérstaklega eiganda sínum. Þessi veila gagnast aðallega stjórnum hlutafélaga og styrkir stöðu þeirra á kostnað almennra hluthafa. Auðgunaráhrifin eru svo sérstakur kafli út af fyrir sig. Segja má að öll þessi dæmi sýni að stjórnir félaganna eða starfsmennirnir geta eignast hluti í hlutafélagi án þess að leggja því til áhættufé eða taka áhættu,

Einfaldasta lausnin kann að vera að banna hlutafélögum alfarið að eiga í hlutafélögum og banna þeim að lána til hlutabréfakaupa eða með veði í hlutabréfum. En það kann að koma í veg fyrir eðlilega verkaskiptingu í stærri fyrirtækjum og því er hér valin sú leið sem frumvarpið vísar og ætlað er að hindra slíka hringferð fjár.

Eiginleikar gegnsærra hlutafélaga.

Eignarhald gegnsærra hlutafélaga liggur alltaf fyrir en ógegnsætt eignarhald er annmarki á regluverkinu sem komið hefur í ljós eftir hrun. Samkvæmt frumvarpi þessu liggur eignar-

hald á öllum dótturfélögum gegnsærra hlutafélaga fyrir á netinu og þar sem þau verða öll að vera gegnsæ hlutafélög hvert um sig liggja öll dótturfélög þeirra fyrir og svo koll af kolli. Öll félög sem eru hluthafar og eru ráðandi, þ.e. hafa hagsmuni (hafa arðs- og atkvæðarétt), verða að vera gegnsæ hlutafélög og þau ber að telja upp á netinu. Þar sem ráðandi félög verða öll að vera gegnsæ verða þau einnig að gefa upp þau félög sem eru ráðandi í þeim og svo koll af kolli. Þannig liggur allt eigendaskipulag gegnsæs hlutafélaga fyrir hvað varðar félög. Ef einstaklingar eða aðrir aðilar með ótakmarkaða ábyrgð, ríkissjóður, sveitarfélag eða lífeyrissjóður, koma fyrir sem eigendur er ábyrgð þeirra ekki takmörkuð og eðli máls samkvæmt getur enginn keypt hlut í þeim og þannig getur ekki myndast ábyrgðarlaus fjárstraumur í hring sem m.a. var orsök hrunsins hér á landi. Þó er nauðsynlegt að setja sérákvæði um sameignarfélög þar sem hlutafélög geta verið eigendur að þeim.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga er óheimilt að lána til eigenda nema um sé að ræða venjuleg viðskiptalán (sjá 1. mgr. 104. gr.). Þar koma vandræðin strax upp eins og dómur Hæstaréttar er dæmi um. Hvað er venjulegt viðskiptalán? Skv. 2. mgr. sömu greinar er hlutafélagi bannað að lána til kaupa á hlutabréfum þess eða veita tryggingar fyrir slíkum kaupum enda fara peningarnir þá í hring. Þó eru undanskilin kaup starfsmanna félagsins eða félags tengt þeim en það ákvæði var sett inn með lögum nr. 35/1997 vegna athugasemda eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli samanburðar á ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 1. og 2. félagaréttartilskipunarinnar sem eru hluti EES-samningsins. Frumvarp að þeim lögum fór umræðulaust í gegnum Alþingi. Þarna opnaðist áhættulaus leið fyrir starfsmann til þess að kaupa hluti í félagi sem hann starfaði hjá. Hann stofnaði einkahlutafélag með lágmarkshlutafé sem tók lán frá hlutafélaginu sem hann starfaði hjá til þess að kaupa hlutabréf í því sama hlutafélagi. Þannig fór féð í hring. Ef vel gekk og gengið hækkaði fékk starfsmaðurinn mismuninn sem hagnað. Ef illa gekk fór félagið á hausinn og starfsmaðurinn tapaði bara lágmarkshlutafé. Við þess aðgerð sýndist eigið fé vinnuveitandans vaxa þar sem hann telur lánið sem eign en hlutaféð ekki sem skuld. Slík aðgerð getur jafnvel frestað yfirvofandi gjaldþroti vinnuveitandans og er því hagur hans einnig. Aðrir hluthafar þurftu hins vegar að sætta sig við skertan hlut. Þær takmarkanir sem eru í gildandi lögum á lánveitingum til hluthafa gilda bara fyrir fyrstu og stundum aðra kynslóð eigenda. Þær koma ekki í veg fyrir að peningar streymi í hring með samblandi af kaupum og lánum í gegnum marga liði eigenda. Til þess að hamla gegn því er í þessu frumvarpi sett bann við lánveitingum til aðila með takmarkaða ábyrgð sem koma fyrir á eigendatré gegnsæs hlutafélags. Öðru máli gegnir um aðila með ótakmarkaða ábyrgð, þ.e. einstaklinga, ríkissjóð, sveitarfélög og lífeyrissjóði. Það eru aðilar sem eðli máls samkvæmt er ekki hægt að kaupa hlut í og verða fyrir beinum skakkaföllum ef hlutabréfin sem lánað er fyrir lækka í verði.

Banki sem væri gegnsætt hlutafélag mætti alls ekki eiga lánaviðskipti við eigendur sína, sem eru félög, nema innlánsviðskipti. Hlutafélög sem eiga í banka yrðu að hafa lánaviðskipti sín við aðra banka. Það kann að leiða til þess að minna verði um stór hlutafélög sem eigendur slíkra banka og þeir yrðu í framtíðinni í auknum mæli í eigu lífeyrissjóða og margra einstaklinga eða fyrirtækja einstaklinga með eigið fé ætlað til óskuldsettra fjárfestinga. Færa má rök fyrir því að þannig verði eigendahópur gegnsæs banka sterkari en núgildandi reglur bjóða upp á.

Þar sem veðsetning hluta getur leitt til eignarhalds eru settar sömu reglur um veðsetningu hlutafjár í gegnsæu hlutafélagi.

Markhópur gegnsærra hlutafélaga.

Venjuleg framleiðslufyrirtæki, sem ekki eiga í öðrum fyrirtækjum og eru alfarið í eigu einstaklinga, geta strax orðið gegnsæ. Önnur hlutafélög geta orðið gegnsæ með því að selja frá sér hlutafélög sem þau eiga og ekki eru gegnsæ og samþykkja með nægum meiri hluta að eigendur þeirra sem ekki eru gegnsæir njóti hvorki arðs né atkvæðisréttar. Sá meiri hluti þarf að vera 9/10 greiddra atkvæða og er gert ráð fyrir að félagið kaupi slíka hluti á matsverði ef krafa kemur fram um það. Vegna betri lánskjara og vinsælda sem fjárfestingarkostur mundi gegnsæjum hlutafélögum fjölga á þennan hátt. En vitaskuld þyrfti á endanum að leysa upp hringeignarhald og lánveitingar sem hafa farið í hring.

Öll þau fyrirtæki sem skráð eru í Kauphöll og starfa hér á landi ættu að marka sér þá stefnu að fullnægja reglum um gegnsæ hlutafélög. Veltan í Kauphöllinni og gengi bréfa þar líður mjög fyrir trúnaðarbrestinn sem hefur orðið eftir hrunið.

Fyrirtæki sem bankarnir hafa eignast og þeir þurfa á næstu missirum að koma aftur út á markað til nýrra eigenda ættu að stefna að því að verða gegnsæ. Það er ekki erfitt í byrjun því að þau eru að leita nýrra eigenda sem auðveldara ætti að vera að nálgast ef þau eru gegnsæ hlutafélög. Þau yrðu að selja dótturfélög sem ekki væru gegnsæ eða breyta þeim í gegnsæ hlutafélög sem yfirleitt er ekki erfitt. Þessi fyrirtæki ættu líka að njóta meira traust hjá lánveitendum sem eru illa brenndir, þar á meðal bankinn sem selur.

Markhópur gegnsærra hlutafélaga gæti einnig verið eignarhaldsfélög, fjármögnunarfélög og fasteignafélög sem háð eru langtímatrausti lánveitenda sem eru mjög áhættufælnir eftir hrunið.

Ljóst er að gegnsæ hlutafélög geta ekki átt í erlendum hlutafélögum nema sambærilegar reglur verði teknar upp annars staðar. Þó mætti hugsa sér að setja skilyrði að stjórnarmenn og endurskoðendur væru búsettir á Íslandi og féllu undir íslensk lög, auk annarra skilyrða. Sama á við um erlend hlutafélög sem eigendur gegnsæs hlutafélags. Erlent félag getur aldrei farið með atkvæðisrétt í slíku félagi. Þar sem vandamálið, þ.e. veilan í hlutafélagaforminu, er alþjóðlegt og á sinn þátt í þeirri kreppu sem glímt er við um allan heim er þess að vænta að sambærilegar eða betri lausnir verði fundnar alþjóðlega.

Alþjóðlegar samþættingar hlutafélaga.

Sú samþætting eignarhalds sem hér hefur verið til umræðu er alþjóðlegt fyrirbæri og algengt, t.d. í Japan og Þýskalandi en síður í Bandaríkjunum þar sem skattlagning arðs á milli móður og dóttur dregur úr hvatanum. Fyrst þegar slík samþætting hefst myndast miklir fjármunir í einkaeigu (fé sem í reynd er ekki til eins og sýnt er fram á í fylgiskjali I), eigið fé vex og hagnaður. Þegar fram í sækir koma ókostirnir í ljós en þeir eru sérstaklega völd og áhrif sem stjórnir fyrirtækja öðlast án raunverulegs eignarhalds. Þá geta farið að koma fram önnur sjónarmið en arðsemi og hagsmunirnir snúast um ítök og völd en ekki hagnað eða rekstur hlutafélaga. Atvinnulífinu hnignar. Það væri áhugavert rannsóknarefni að kanna hvort uppgangur hagkerfa í Þýskalandi og Japan eftir stríð og síðan hnignun þeirra t.d. í Japan undanfarið kunni að stafa af þessum sökum.

Traust – forsenda atvinnusköpunar.

Atvinnuleysið er mikið böl fyrir viðkomandi einstaklinga og þjóðarhag. Grundvelli er kippt undan afkomu heimila, fólk brotnar niður og tekjur ríkissjóðs minnka en gjöldin aukast. Til að skapa atvinnu þurfa fyrirtæki að fjárfesta og til þess þurfa þau lánsfé og áhættufé en fjárfestar og lánveitendur treysta ekki hlutafélagaforminu að óbreyttum reglum og fenginni reynslu. Lítil von er til þess að hægt verði að minnka atvinnuleysið og stöðva brottflutning

fólks nema fjárfestingar fyrirtækja fari aftur í gang. Þess vegna er mjög brýnt að byggja aftur upp traust á hlutabréfaeign og traust lánveitenda á fyrirtækjum og bæta þá galla sem augljósir er á reglum um hlutafélög.

Mjög almenn þátttaka var í hlutabréfamarkaðnum og færa má rök að því að eignahrunið sem varð í hruninu, í hlutabréfum og verðfalli fasteigna, sé ásamt gjaldþrotum og atvinnuleysi eitt mesta áfallið sem þjóðin varð fyrir. Hinn almenni hluthafi blæddi fyrir aðgerðir stærstu hluthafanna, situr eftir með sárt enni og oft glataðan ævisparnað og jafnvel skuldir umfram eignir. Þetta er venjulegt fólk, sjá fylgiskjal II. Fjöldi fólks lét glepjast til að kaupa stofnbréf í sparisjóðum, oft með lánum sem veitt voru í því skyni. Þessi hópur fólks er í mjög slæmri stöðu, jafnvel gjaldþrota, og reynsla þess er ekki heldur til að bæta traustið. Eftir hrunið ríkir mikil og almenn tortryggni í garð atvinnulífs, fjármálakerfis og hlutabréfamarkaðarins sérstaklega. Vantraustið er svo mikið að ótrúlegt er að almenningur fjárfesti aftur í hlutabréfum, burtséð frá því að margir hafa ekki til þess bolmagn eftir áfallið. Lánveitendur, innlendir sem erlendir, hafa ekki síður tapað óhemju fjár á hruninu og halda að sér höndum af sömu ástæðu. Talið er að tap þeirra geti numið 6.000 milljörðum kr. eða fjórfaldri þjóðarframleiðslu. Tortryggni þeirra, sérstaklega erlendra lánveitenda, er eðlilega mikil og því þarf að búa til form, sem þeir treysta betur. Þess vegna er mjög brýnt að læra af því sem miður fór til að finna lausnir sem koma í veg fyrir slík slys. Flutningsmenn telja að þær hugmyndir sem hér eru reifaðar séu til þess fallnar að laga veilurnar sem komið hafa í ljós í hlutafélagaforminu.

Eignahrunið í kjölfarið hrunsins í október 2008.

Fyrsta áfallið af hruni bankanna var mikil verðlækkun á eignum almennings, bæði fasteignum og sérstaklega hlutabréfum. Síðan dundu yfir gjaldþrot fyrirtækja, uppsagnir starfsfólks, atvinnuleysi og launalækkun. Verðlækkun eigna varð mest hjá hluthöfum í skráðum hlutafélögum og stofnfjáreigendum í sparisjóðum en oftast tapaðist eignin alveg, 100%. Fyrir liggur að meira en 55 þúsund einstaklingar töpuðu að jafnaði 1,4 millj. kr. í 12 hlutafélögum, sem urðu gjaldþrota (sjá fylgiskjal II). Þar af voru meira en 12.000 aldraðir (64 eða eldri) sem töpuðu að meðaltali 2,3 millj. kr. hver. (Þeim sem áttu meira en 50 millj. kr. virði í hlutabréfum er sleppt í þessum útreikningum.) Alls voru þetta um 80 milljarðar kr. að verðmæti 1. júlí 2008 sem urðu algerlega verðlaus. Eigendur séreignarsjóða og fasteigna hafa tapað um 20%–40% af eignum sínum sem má meta varlega um 600 milljarða kr. Flestar þessar eignir höfðu reyndar hækkað mikið í verði í nokkur ár fyrir hrun. Þá hafa mörg atvinnufyrirtæki orðið gjaldþrota eða eru illa löskuð vegna keðjuverkunar gjaldþrota og eigendur þeirra hafa tapað mjög miklu eða öllu.

Að lokum má nefna að flestar eignir í landinu (nema gjaldeyrisreikningar) hafa rýrnað verulega vegna þess hve krónan hefur veikst og eignirnar eru mældar í krónum. Þannig hefur evran hækkað úr 120 kr. í 180 kr. frá júní 2008 til síðustu áramóta eða um 50% eða krónan lækkað um 33%. Lækkun krónunnar er enn meiri (-50%) ef miðað er við áramótin 2007–2008 til áramóta 2009–2010. Samkvæmt þessu hafa innstæður lækkað um 33% frá júní 2008 mælt í evrum vegna gengisfalls krónunnar. (2,5 millj. kr. innstæða í júní 2008 svaraði til 20.887 evra, stikkorð Icesave, en svaraði um áramótin til 13.900 evra, hefur sem sagt rýrnað um tæpar 7 þús. evrur. Á sama tíma eru erlendir innstæðueigendur Landsbankans tryggðir að fullu!) Fasteignir hafa rýrnað um 50%–60% mælt í evrum á sama tíma og þannig mætti lengi telja. Lífeyrissjóðir landsmanna hafa heldur ekki farið varhluta af þessari rýrnun krónunnar. Þeir sem tóku áhættu með því að kaupa hlutabréf eða stofnbréf með lánum, jafnvel gengistryggðum lánum, eru margir í mjög erfiðri stöðu og einhverjir hugsanlega gjaldþrota.

Næst á eftir atvinnuleysinu er eignahrunið sennilega það högg sem veldur mestum búsifjum því oft er um ævisparnað fólks að ræða, sérstaklega hjá eldra fólki sem ekki á eftir vinnuþrek til að vinna upp tjónið eins og þeir sem yngri eru.

Tæknileg útfærsla breytinga.

Til álita kemur að breyta reglum fyrir hlutafélög almennt en á móti því mælir að hlutafélagaformið er alþjóðlegt og reglur um það nokkuð samræmdar um víða veröld. Þess vegna gæti það truflað samskipti erlendra fyrirtækja hér á landi ef þau gætu ekki starfað nema taka upp þrengri reglur sem lítt væru þekktar erlendis. Sama á við um innlend fyrirtæki sem hafa haslað sér völl erlendis og byggja ekki á trausti innan lands til að fá lánsfé og áhættufé. Þess vegna er hér valin sú leið að taka upp sérstakan flokk fyrirtækja, gegnsæ hlutafélög, ghf., sem búa ekki við þessa veilu í hlutafélagaforminu sem orsakað hefur vantraustið hér á landi. Slík hlutafélög ættu að njóta trausts fjárfesta og lánveitenda og ættu því kost á áhættu- og lánsfé sem almenn hlutafélög ættu ekki kost á vegna tortryggni og vantrausts. Þetta ætti að vera hvati fyrir fyrirtæki að uppfylla skilyrði gegnsærra hlutafélaga.

Til álita kemur að dreifa ákvæðum um gegnsæ hlutafélög um hlutafélagalögin þar sem þau eiga við fremur en að þau séu öll að á sama stað. Í hlutafélagalögunum eru fyrir ákvæði um tvo sérstaka flokka hlutafélaga: opinber hlutafélög, ohf., og samlagshlutafélög, slhf. Ekki var farin sama leið við innleiðslu reglna um þessi sérstöku hlutafélög. Ákvæðin um opinber hlutafélög eru dreifð um lögin en ákvæðin um samlagshlutafélögin eru öll á sama stað, í XX. kafla. Að mati flutningsmanna fer betur á því og það gefur skýrari mynd af þeim sérákvæðum sem gilda um þessi form að hafa þau öll á sama stað og er sú leið því farin. Lagt er til að öll sérákvæði um gegnsæ hlutafélög, ghl., verði í einni grein á eftir greinunum um samlagshlutafélög, slhf., og öll sérákvæði um opinber hlutafélög, ohf., verði til samræmis flutt í eina nýja grein sem komi þar á eftir.

Það væri vel þess virði að skoða hvort ekki sé ástæða til að taka sérákvæði laga um einkahlutafélög upp í lögin um hlutafélög á sama hátt til að auka gegnsæi í lagasetningu því mörg ákvæði eru nákvæmlega þau sömu í lögunum en það er miklu meira verk og bíður betri tíma.

Það er svo spurning hvort ekki eigi að víkka þetta hugtak, gegnsæ hlutafélög, yfir á önnur fyrirtækjaform, eins og einkahlutafélög, sameignarfélög, samvinnufélög og samlög, svo dæmi séu nefnd. Enn fremur mætti skoða aðra þætti, eins og um skarpari verkaskiptingu stjórnar (starfandi stjórnarformenn), lán til starfsmanna og kaup- og sölurétti á hlutabréfum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–9. gr.

Til samræmis við ákvæðin um samlagshlutafélög eru öll ákvæði laganna um opinber hlutafélög, sem sett voru með lögum nr. 90/2006, færð í eina grein, 165. gr. Hér er ekki um efnislega breytingu að ræða heldur formlega. Það er álit flutningsmanna að skýrara sé að hafa öll ákvæði laganna um sérstök hlutafélagaform, gegnsæ hlutafélög (ghf.), opinber hlutafélög (ohf.) og samlagshlutafélög (slhf.) á einum stað. Þannig sé auðveldara að átta sig á sérkennum hvers forms og hvað aðskilur þau frá almennum hlutafélögum.

Um 10. gr.

Í þessari grein er lagt til að við lögin bætist tvær nýjar greinar. Ný ákvæði um gegnsæ hlutafélög verði 164. gr. en sameinuð ákvæði um opinber hlutafélög í 165. gr., sbr. athugasemdir um 1.–9. gr.

Um a-lið (164. gr.).

a. Um 1. mgr.

Í 1. mgr. er tekið fram að gegnsætt hlutafélag (ghf.) sé ákveðin tegund af hlutafélagi sem uppfyllir öll almenn skilyrði laganna um hlutafélög en verður auk þess að uppfylla þau skilyrði sem fram koma í greininni.

b. Um 2. mgr.

Ákvæði 2. mgr. tryggja að einungis þau fyrirtæki sem teljast gegnsæ hlutafélög skv. 1. mgr. megi hafa orðin gegnsætt hlutafélag í nafni sínu eða nota skammstöfunina ghf. og að þau megi tengja orðin gegnsætt hlutafélag eða skammstöfunina ghf. við heiti fyrirtækisins eða skammstöfun á því heiti. Sömuleiðis er hlutafélögum, sem uppfylla öll almenn ákvæði laganna um hlutafélög og skilyrði þessarar greinar, skylt að nota heitið gegnsætt hlutafélag eða skammstöfunina ghf. Þau uppfylla þar á meðal ákvæði 10. mgr. um að breyta félaginu í gegnsætt hlutafélag. Ef hlutafélag breytir eðli sínu úr gegnsæu hlutafélagi í hefðbundið hverfur jafnframt heimild þess og skylda til að hafa þessi auðkenni í nafni sinu. Sjá nánar j-lið, um 11. mgr.

c. Um 3. mgr.

Í fyrri málslið 3. mgr. er afdráttarlaust ákvæði sem bannar gegnsæu hlutafélagi að kaupa eða eignast hluti í hluthafa sínum. Ekki má gegnsætt hlutafélag heldur kaupa hluti í eiganda hluthafa síns né eiganda hans o.s.frv. Markmiðið er að loka fyrir möguleika á því að fé geti streymt í hring í gegnum eignarhald. Ef félag getur keypt upp fyrir sig í eigendakeðjunni getur sá aðili keypt sig niður alla keðjuna og fjármunirnir fara í hring. Undanskilja þarf sameignarfélög þar sem lögaðilar, t.d. almenn hlutafélög, geta átt í sameignarfélagi sem er með ótakmarkaða ábyrgð.

Seinni málslið 3. mgr. er ætlað að loka fyrir það að fé geti streymt í hringi með samspili lána til hluthafa eða eigenda þeirra og kaupum félags í eigendum sínum. Skv. 104. gr. laganna er bannað að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum hlutafélags lán eða setja tryggingar fyrir þá. Þó eru tvær veigamiklar og afdrifaríkar undantekningar frá þessari reglu. Síðasti málsliður 1. mgr. 104. gr. laganna hljóðar svo: „Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.“ Vísað hefur verið í þetta ákvæði í dómsmáli til að heimila mikil lán til hluthafa. Í 3. málsl. 2. mgr. 104. gr. segir: „Ákvæði 1.–2. málsl. eiga þó ekki við um kaup starfsmanna félagsins eða tengds félags á hlutum eða kaup á hlutum fyrir þá.“ Þetta tekur til baka bann við að hlutafélag megi fjármagna kaup á hlutabréfum í sjálfu sér þegar um starfsmenn er að ræða eða félag þeirra, t.d. hlutafélag. Þessu ákvæði var bætt inn í lögin með lögum nr. 35/1997 eins og rætt er um í almennum athugasemdum hér að framan og var höfð hliðsjón af 2. mgr. 23. gr. 2. félagaréttartilskipunarinnar sem er hluti EES-samningsins. Var þessi heimild notuð ótæpilega í aðdraganda hrunsins og bjó til farveg fyrir fé til að fara í hringi.

Það er ekki nægilegt að banna gegnsæju hlutafélagi að lána til hluthafa sinna eins og 104. gr. gengur út á. Þannig gæti gegnsætt hlutafélag A ghf. lánað fé til B (sem gæti verið gegnsætt hlutafélag) sem gæti notað féð til að kaupa í C ghf. sem keypti svo í A og féð hefur farið í hring. Þess vegna er nauðsynlegt að taka fyrir lánveitingar til aðila með takmarkaða ábyrgð sem eru ofar í eigendatrénu.

Öðru máli gegnir um aðila með ótakmarkaða ábyrgð. Ekki er hægt að kaupa hlut í þeim eðli máls samkvæmt (einstaklingar, ríkissjóður, sveitarfélög og lífeyrissjóðir). Þeir hljóta auk þess að gæta vel að þeim skuldbindingum sem þeir taka á sig enda eru afleiðingarnar mjög alvarlegar. Þó þarf að undanskilja sameignarfélög þar sem almenn hlutafélög geta verið eigendur þeirra.

Til þess að tryggja að þessi ákvæði séu haldin eru ströng ákvæði um ábyrgð stjórnenda og endurskoðenda. Sjá nánar j-lið, um 10. mgr.

d. Um 4. mgr.

Veðsetning eigna er oft ígildi eignarhalds, sérstaklega þegar skuldarinn er í veikri stöðu. Einnig vakna spurningar um gildi ákvæða 3. mgr. ef gengið er að veðinu. Þess vegna þurfa veðhafar að lúta sömu reglum og hluthafar að þessu leyti og vera annaðhvort gegnsæ hlutafélög eða aðilar sem ekki er hægt að kaupa hlut í, aðilar með ótakmarkaða ábyrgð; einstaklingar, ríkissjóður, sveitarfélög, lífeyrissjóðir og sameignarfélög. Sparisjóðir mundu ekki mega eiga hlut, enda er hægt að eignast stofnbréf í þeim og þar með (takmörkuð) yfirráð, og ekki sameignarfélög. Tekið er sérstaklega fram að aðrar veðsetningar skuli vera ógildar og þarf að árétta það þegar veðsetning er skráð.

e. Um 5. mgr.

Ákvæði 5. mgr. er ætlað að tryggja að einungis gegnsæ hlutafélög eða aðilar sem ekki er hægt að kaupa eignarhluti í komi fyrir sem eigendur beint eða óbeint. Ef aðili sem er ekki gegnsætt hlutafélag en með takmarkaða ábyrgð, t.d. venjulegt hlutafélag, kaupir hlut í gegnsæu hlutafélagi, nýtur hann ekki arðs eða atkvæðisréttar og er það nægileg skerðing til að fæla slíka aðila frá kaupum. Ef slíkur aðili á hlut í hlutafélagi við umbreytingu í gegnsætt hlutafélag getur hann krafist þess að félagið kaupi þann hlut hans og skal sá hlutur metinn í samræmi við ákvæði 24. gr. laganna sem fjallar um innlausn hluta þegar einn aðili hefur eignast meira en 90% hlutafjár og krefst innlausnar á hlutum annarra hluthafa.

Einu virku hluthafarnir í gegnsæu hlutafélagi, sem hægt er að kaupa eignarhlut í, eru því gegnsæ hlutafélög. Þessi regla er endurkvæm (recursiv) og því hljóta allir virkir eigendur þessara gegnsæju hlutafélaga sem hægt er að kaupa hlut í að vera gegnsæ hlutafélög o.s.frv. Þetta leiðir til þess að allt eigendatréð eru annaðhvort aðilar sem ekki er hægt að kaupa hlut í eða gegnsæ hlutafélög.

Samkvæmt 8. mgr. skal gegnsætt hlutafélag birta á netinu lista yfir alla hluthafa sína. Þar sem allir (virkir) hluthafar sem hægt er að kaupa eignarhlut í eru gegnsæ hlutafélög verða þau, hvert um sig, á sama hátt að birta lista yfir alla hluthafa sína. Þeir hluthafanna sem hægt er að kaupa hlut í verða að vera gegnsæ hlutafélög o.s.frv. Þessi birtingarregla er endurkvæm og þess vegna liggur allt eigendatré (owners structure) ákveðins gegnsæs hlutafélags fyrir. Það gerir kleift að beita ákvæðum 3. mgr. (og 4. mgr.) og hindra með afgerandi hætti að fé fari í hring í gegnum eignarhald.

Það er spurning hvort ekki eigi að fela opinberri stofnun að halda utan um eigendatré allra gegnsærra hlutafélaga þannig að með auðveldum hætti sé unnt að framfylgja ákvæðum þessarar greinar.

f. Um 6. mgr.

Samkvæmt þessari málsgrein má gegnsætt hlutafélag einungis eiga í gegnsæjum hlutafélögum. Þessi regla er endurkvæm (recursiv) þannig að þessi dótturfélög mega sem gegnsæ hlutafélög einungis eiga í gegnsæjum hlutafélögum o.s.frv. Þannig er tryggt að öll félög sem gegnsætt hlutafélag á hlut í séu gegnsæ hlutafélög, sem og félög sem þau eiga í o.s.frv. Þessi málsgrein ásamt 5. mgr. stuðlar þannig að þeirri meginreglu að allt eigendatréð sé gegnsætt upp úr og niður úr að því er varðar eigendur með takmarkaða ábyrgð og hvergi myndast hringeignarhald. Það tryggir svo aftur að hægt er að framkvæma ákvæði 3. mgr. um að gegnsætt hlutafélag megi ekki kaupa í eða lána til eiganda síns ef hann er með takmarkaða ábyrgð og þannig er komið í veg fyrir að fé fari í hringi án fullrar ábyrgðar.

g. Um 7. mgr.

Ákvæði þessarar greinar tryggja að veigamiklar upplýsingar um gegnsætt hlutafélag birtist á netinu þannig að aftur megi skapa traust fjárfesta og lánveitenda sem urðu sennilega fyrir þyngsta högginu af hruninu. Þetta traust er afar mikilvægt til að fyrirtæki landsins geti fengið fjármagn til framkvæmda og reksturs, áhættufé eða lánsfé.

Gert er ráð fyrir að birtir séu á netinu allir þeir hluthafar í gegnsæju hlutafélagi sem eru með takmarkaða ábyrgð, þ.e. gegnsæ hlutafélög og aðrir, einnig allir hlutir sem félagið á í öðrum fyrirtækjum sem eiga öll að vera gegnsæ hlutafélög. Með því að rekja slóðina upp í gegnum eigendatréð með endurkvæmum hætti og í gegnum (gegnsæ) hlutafélög sem félagið á hlut í má með sama hætti finna (gegnsæ) hlutafélög sem þau eiga hlut í og svo koll af kolli. Þannig er hægt að fá skýra mynd af öllu eignarhaldi hlutafélagsins þar sem hætta er á að fé fari í hring. Til að skapa enn frekara traust gæti verið skynsamlegt fyrir fyrirtækin að birta aðra helstu hluthafa þó að þess sé ekki krafist.

Þá er gerð krafa um að ýmsar upplýsingar sem varða hluthafa gegnsæs hlutafélags séu birtar á netinu: samþykktir félagsins, skýrslu endurskoðanda, ársreikning og sex mánaða árshlutareikning. Sumar þessara upplýsinga hafa ekki legið fyrir, t.d. skýrsla endurskoðanda.

h. Um 8. mgr.

Flóknar reglur gilda fyrir almenn hlutafélög um hvenær hlutafé telst vera greitt. Til þess að skapa traust og jafnræði á milli hluthafa er hér lagt til að allt hlutafé gegnsæs hlutafélags verði staðgreitt með peningum. Það er líka í samræmi við upprunalegan tilgang hlutafjár að einstaklingur leggi fram fé og takmarki þannig áhættu sína af þeim rekstri sem félagið hyggst stunda.

i. Um 9. mgr.

Ákvæði þessarar málsgreinar skerpa mjög á ábyrgð og skyldum stjórnenda og endurskoðenda gegnsæs hlutafélags að því er varðar þær reglur sem gilda sérstaklega um gegnsæ hlutafélög og getið er í þessari grein. Markmiðið er að almenningur, fjárfestar og lánveitendur geti algerlega treyst því að þessar reglur séu haldnar því þær eru undirstaða þess trausts sem nauðsynlegt er að byggja upp.

Mjög þungar refsingar eru lagðar við brotum á þessum reglum eða allt að sex ára fangelsi, bæði gagnvart því að upplýsa ekki eða segja rangt frá þeim atriðum sem talin eru upp í 7. mgr. og að taka ákvörðun sem brýtur ákvæði þessarar greinar, t.d. með því að kaupa hlut í eiganda hlutafélagsins eða eigendum hans í eigendatrénu, eða taka veð í slíkum hlutum eða lána til eða veita tryggingar aðila með takmarkaðri ábyrgð í eigendatrénu. Þetta er talið nauðsynlegt í ljósi sögunnar því bæði fjárfestar (hluthafar) og lánveitendur verða að geta treyst því að þessar reglur séu haldnar. Það skal þó undirstrikað að einungis er átt við ákvæði þessarar greinar en ekki önnur ákvæði laganna þegar rætt eru um brot á upplýsingaskyldu eða öðrum reglum.

Skýrar reglur eru settar um ábyrgð stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Ábyrgð á ákvörðunum helst þó að viðkomandi láti seinna af störfum eða hætti. Þó að stjórnarmaður mæti ekki á stjórnarfund ber hann ábyrgð á þeim ákvörðunum sem þar eru teknar nema hann hafi sannanlega boðað varamann sinn fyrir sig á fundinn. Ef hvorugur, stjórnarmaður og varamaður, getur mætt á fundinn af óviðráðanlegum ástæðum bera þeir þó ekki ábyrgð á ákvörðunum fundarins. Hér er eingöngu átt við ákvarðanir sem taka til þessarar greinar sem varða gegnsæ hlutafélög sérstaklega.

Ef stjórnarmaður er ósáttur við ákvörðun stjórnar og greiðir atkvæði gegn henni en verður undir í atkvæðagreiðslu getur hann bókað andstöðu sína og ber stjórninni að birta hana strax á heimasíðu félagsins og kynna hana á næsta félagsfundi. Ber hann þá ekki ábyrgð á ákvörð-

un stjórnar. Þannig er skapaður farvegur fyrir þá stjórnarmenn sem ekki fella sig við ákvörðun meiri hluta stjórnar að því er varðar þessa grein og ætti að koma algerlega í veg fyrir það að þessar reglur séu brotnar. Sama regla gildir fyrir endurskoðanda sem kemst að því að þessar reglur séu brotnar. Hann getur krafist þess að bókun sín eða skýrsla verði birt strax á heimasíðu félagsins og á næsta félagsfundi og telst hann þá hafa gert skyldu sína.

Endurskoðandi skal strax að loknu kjöri stjórnar sannanlega kynna fyrir nýkjörinni stjórn og framkvæmdastjóra þá ábyrgð og skyldur sem þessi grein leggur þeim á herðar og þá jafnt fyrir þeim stjórnarmönnum sem eru endurkjörnir. Þannig er það lagt í hendur endurskoðanda félagsins, sem starfar fyrir alla hluthafa, að sjá til þess að allir aðilar séu upplýstir um ábyrgð sína og skyldur. Úrsögn stjórnarmanns eða endurskoðanda getur ekki tekið gildi fyrr en búið er að kjósa nýjan stjórnarmann eða velja nýjan endurskoðanda. Réttur þeirra til bókunar sem getið er um hér að framan verndar þá fyrir ábyrgð á ákvörðunum stjórnar.

j. Um 10. mgr.

Þessi málsgrein fjallar um breytingu á venjulegu hlutafélagi yfir í gegnsætt hlutafélag og öfugt. Þar sem breytingin yfir í gegnsætt hlutafélag getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þá hluthafa sem eru með takmarkaða ábyrgð og ekki eru gegnsæ hlutafélög, þ.e. að missa arðs- og atkvæðisrétt, er gerð krafa til þess að sterkur meiri hluti hluthafa standi að breytingunni eða 90%. Það er sami meiri hluti og getur krafist innlausnar hlutafjár skv. 24. gr. Sjá nánar umfjöllun um 5. mgr.

Ljóst er að auðvelt er að breyta hlutafélögum sem eru alfarið í eigu banka eða sjóða eftir hrunið í gegnsæ hlutafélög. Það gæti verið liður í því að setja þau á markað og búa þannig til traust hjá væntanlegum fjárfestum. Það gæti hvatt fleiri til að fjárfesta og hækkað verðið. Eins ættu slík félög auðveldari aðgang að lánsfé.

Sömu kröfur eru gerðar til breytinga á gegnsæju hlutafélagi yfir í venjulegt hlutafélag og er ástæðan sú að fjárfestar gætu hafa keypt hluti í félaginu einmitt vegna þess að það var gegnsætt og naut þess vegna trausts. Eins þurfa lánveitendur að treysta því að ekki sé verið að flytja hlutafélög á milli forma á auðveldan hátt. Þetta nýja form hlutafélaga er sett á laggirnar til að búa til traust bæði hjá fjárfestum og lánveitendum. Þeir síðarnefndu munu væntanlega setja í lánasamninga sína uppsagnarákvæði tengt slíkri breytingu.

Um b-lið (164 gr.).

Greinin er skýrð hér að framan undir athugasemdum við 1.–9. gr.

Um 11. og 12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Dæmi um fjárstrauma sem fara viðstöðulítið í hringi en breyta eignarhaldi, eigin fé og jafnvel hagnaði.

Hér á eftir eru nefnd nokkur dæmi um veilu í hlutafélagaforminu. Sum eru mjög ýkt til að sýna með skýrum hætti í hverju vandinn er fólginn.

Dæmi 1. Krosseignarhald. Tvö hlutafélög A hf. og B hf. eru hvort með hlutafé 10 millj. kr. Aðalfundur A hf. ákveður að auka hlutafé sitt um 90 millj. kr. til að kaupa á 90 millj. kr. hlut í B hf. Hlutafjáraukningin er seld á genginu 1,0. Sama ákveður hluthafafundur hjá B hf.

Svo kaupir stjórn A hf. hlutinn af B hf. en selur B hf. jafnframt allt útboð sitt sem er jafnverðmætt. Sama gerir stjórn B hf. Eftir þessar aðgerðir ræður stjórn A hf. öllu (90%) í B hf., kýs alla stjórnina og getur breytt öllum samþykktum. Stjórn B hf. ræður á sama hátt öllu hjá A hf. Það eru stjórnirnar sem ráða öllu en upphaflegir hluthafar hafa ekkert að segja. Eigið fé A hf. vex um 90 millj. kr. því félagið á nú 90 millj. kr. eign í hlutabréfum og eigin hlutabréf teljast ekki til skuldar. Sama gerist með B hf. Bæði félögin geta tekið lán út á þessa eign þó að hún sé í reynd ekki til, af því að ef þau keyptu eigin bréf til baka þá eru eigin bréf verðlaus í hendi hlutafélags. (Það getur endalaust gefið út eigin bréf.) Hagnaður beggja félaga virðist vaxa því A fær 90% af hagnaði B og 90% af honum fer aftur til B. Þannig fer 10% af hagnaði B til upphaflegra hluthafa, 9% situr eftir í A og 81% fær það til baka, sem eykur hagnað næsta árs.

Þessi veila í hlutafélagaforminu er að sjálfsögðu aldrei notuð svona greinilega né í einu skrefi. Oft er fleiri hlutafélögum skotið inn í myndina til að fela áhrifin. Gott dæmi um þetta voru Kaupþing hf. og Exista hf. (áður Meiður hf.) sem áttu um 20% hvort í öðru. Eigið fé þeirra jókst um tugi milljarða króna og út á þá eign fengust lán þó að hún væri í reynd alls ekki til! Stjórn hvors félags réð umtalsverðum hluta af stjórnarmönnum hins félagsins. Það vald var tekið frá hinum almenna hluthafa.

Dæmi 2: Raðeignarhald. Gunnar á 10 millj. kr. og stofnar hlutafélag A hf. með 10 millj. kr. hlutafé sem Gunnar greiðir með peningum. Þá á Gunnar hlutabréf að verðmæti 10 millj. kr. og A á 10 millj. kr. í peningum. Eign í þjóðfélaginu hefur vaxið um 10 millj. kr.! A stofnar hlutafélag C hf., sömuleiðis með 10 millj. kr. hlutafé sem það greiðir með peningum. Gunnar og A eiga þá hvort um sig 10 millj. kr. í hlutabréfum og C á 10 millj. kr. í peningum. Eign í þjóðfélaginu hefur aukist um 20 millj. kr. Nú kaupir C hlutabréfin í A af Gunnari á 10 millj. kr. og þá er Gunnar búinn að fá peningana sína til baka! Gunnar kaus sjálfan sig og vini sína í stjórn A sem aftur kaus sama fólk í stjórn B sem kaus sama fólk í stjórn C sem aftur kýs stjórn A! Öll þrjú hlutafélögin A, B og C eru þá með 10 millj. kr. eigið fé hvert um sig þó að engir fjármunir séu neins staðar!

Endurskoðunarreglur taka á þessum vanda með samstæðureikningsskilum þó að erfitt geti verið að finna hvert félaganna er móðurfélag. Til að komast hjá samstæðureikningum stofnar Gunnar sex hlutafélög A1, A2, A3, A4, A5 og A6 með 6 millj. kr. hlutafé hvert. (Alls 36 millj. kr.) Þau félög stofna svo sex hlutafélög B1, B2, B3, B4, B5 og B6 með 6 millj. kr. hlutafé hvert þannig að A1 á 1 millj. kr. (16,7%) í hverju félaganna B1, B2, B3, B4, B5 og B6 og sama gerist með A2 og öll hin Ai hlutafélögin. Svo stofna öll Bi hlutafélögin sex Ci hlutafélög á sama hátt og á t.d. B4 1 millj. kr. eða 16,7% í hverju hlutafélaganna C1, C2, C3, C4, C5 og C6.

Að lokum kaupa hlutafélögin Ci hlutafé Gunnars í hlutafélögunum Ai þannig að C1 kaupir 1 millj. kr. (16,7%) í hverju hlutafélaganna A1, A2, A3, A4, A5 og A6 og sama gerir C2 o.s.frv. Gunnar er búinn að fá sínar 36 millj. kr. til baka. Nú er ekki krafist samstæðureikningsskila og það sem meira er: félögin eru öll óháð því þau eiga minna en 20% hvert í öðru. Þessi 18 hlutafélög sýnast hvert um sig vera með eigið fé 6 millj. kr. en samt eru engir fjármunir í öllu dæminu! Svo getur hvert þessara hlutafélaga hafið rekstur með því að taka lán út á eigið fé sitt, 6 millj. kr., sérstaklega á þeim tímapunkti þegar það var með þetta eigið fé sitt sem lausafé. Ef lánveitandi eða endurskoðandi skoðar t.d. eitt af þessum hlutafélögum, t.d. B3, þá virðist allt með felldu. Sex aðilar A1, A2, A3, A4, A5 og A6 eiga það að jöfnu (16,7%). Þeir eru allir óháðir, eiga minn en 20% hver í öðrum. Þeir hafa greitt inn hlutafé, 1 millj. kr. hver. Eigið fé B3 er gott því það á 1 millj. kr. hlutafé (16,7%) í sex hlutafélögum C1, C2, C3, C4, C5 og C6 sem öll hafa gott eigið fé, 6 millj. kr. Endurskoðandinn eða lán-

veitandinn getur ekki séð að Ci eiga í eigendum B3, þ.e. Ai. Þess vegna þarf þrjár kynslóðir, Ai, Bi og Ci til að dylja slóðina. Ekkert er þó ólöglegt við þessa uppbyggingu að óbreyttum lögum. Það þarf sex hlutafélög í hverja kynslóð þannig að öll félögin séu óháð.

Inn í þessa keðju af eignarhaldi má svo gjarnan skjóta lánveitingum. B2 gæti þannig lánað Gunnari (eða einhverjum öðrum) 1 millj. kr. til að kaupa hlutabréf í C5 með veði í hlutabréfunum. (Athugið að Gunnar er ekki hluthafi í neinu hlutafélaganna þó að hann ráði þeim öllum!)

Hægt er að blanda öllum þessum dæmum saman, krosseignarhaldi, lánveitingum og raðeignarhaldi. Engin takmörk eru fyrir uppfinningarseminni. T.d. voru lán bankanna til starfsmanna til kaupa á hlutabréfum í viðkomandi banka blanda af lánveitingu og krosseignarhaldi, sérstaklega ef starfsmaðurinn hafði stofnað einkahlutafélag til að taka lánið og kaupa hlutinn. Áhrifin voru þau sömu og hér hefur verið lýst. Eigið fé bankans óx um söluna því skuldabréfið er eign í bókum bankans en hlutaféð er ekki skuld. Starfsmaðurinn fékk áhrif á stjórn bankans og áhrif upphaflegra (smárra) hluthafa dvínuðu að sama skapi. Lán sparisjóða (eða tengdra banka) til kaupa á stofnbréfum virka eins nema þar er um stofnbréf að ræða og oft með persónulegri ábyrgð stofnfjáreigandans. Litlu máli skipti hvort fjárhæðin sem um ræðir var 100 millj. kr. eða 200 millj. kr. því að hún fór í hring en hún hafði veruleg áhrif á völd og gat haft stórkostleg áhrif á eignamyndun ef gengið hækkaði.

Fylgiskjal II.

Eftirgreindar upplýsingar eru frá Verðbréfaskráningu Íslands. Verðmæti hlutabréfa er miðað við 1. júlí 2008 sem urðu síðan verðlaus. Ekki liggja fyrir sambærilegar upplýsingar um stofnbréf sparisjóða en þar var einnig um að ræða umtalsvert tap einstaklinga, mælt í tugum milljarða króna.

Verkefni:
Finna samanlagt verðmæti eignar hverrar kennitölu einstaklinga yngri en 65 ára í skráðum hlutafélögum sem voru með verðmæti 1. júlí 2008 en voru verðlaus síðar. Finna fjölda þeirra og samanlagða eign þeirra á neðangreindum bilum.
Finna sama fyrir þá sem eru 65 ára og eldri (fædda 1943 og fyrr).
Finna sama fyrir fyrirtæki/lögaðila (fyrirtæki, lífeyrissjóðir, safnreikningar o.fl.).

Gengistafla	
Dagsetning	27. júní 2008
Kaupþing	770
Landsbankinn	23,35
Glitnir	15,65
Atorka	6,44
Avion	14,3
Exista	7,6
Straumur	9,96
Bakkavör	29,25
TM	46

	Einstaklingar fæddir fyrir 1944	Einstaklingar fæddir 1944 og síðar	Lögaðilar	Samtals
Fjöldi				
0–1 millj. kr.	7.336	33.204	920	**41.460**
1–3 millj. kr.	2.816	5.769	271	**8.856**
3–6 millj. kr.	1.351	2.044	136	**3.531**
6–10 millj. kr.	634	847	89	**1.570**
10–20 millj. kr.	423	651	109	**1.183**
20–50 millj. kr.	191	293	93	**577**
yfir 50 millj. kr.	96	190	287	**573**
Samtals	**12.847**	**42.998**	**1.905**	**57.750**

Verðmæti				
0–1 millj. kr.	2.290.394.839	7.468.460.920	224.685.185	**9.983.540.944**
1–3 millj. kr.	5.039.106.764	9.881.837.329	479.391.642	**15.400.335.735**
3–6 millj. kr.	5.669.149.311	8.664.703.056	577.567.663	**14.911.420.030**
6–10 millj. kr.	4.861.896.162	6.529.318.083	720.819.753	**12.112.033.998**
10–20 millj. kr.	5.809.506.342	8.907.381.627	1.577.440.022	**16.294.327.991**
20–50 millj. kr.	5.794.164.532	8.846.264.309	2.970.700.324	**17.611.129.165**
yfir 50 millj. kr.	15.140.965.543	88.054.150.026	1.247.614.902.314	**1.350.810.017.883**
Samtals	**44.605.183.493**	**138.352.115.350**	**1.254.165.506.903**	**1.437.122.805.746**

Meðaltal				
0–1 millj. kr.	312.213	224.927	244.223	**240.799**
1–3 millj. kr.	1.789.456	1.712.920	1.768.973	**1.738.972**
3–6 millj. kr.	4.196.262	4.239.092	4.246.821	**4.223.002**
6–10 millj. kr.	7.668.606	7.708.758	8.099.098	**7.714.671**
10–20 millj. kr.	13.734.058	13.682.614	14.471.927	**13.773.735**
20–50 millj. kr.	30.335.940	30.192.028	31.943.014	**30.521.888**
yfir 50 millj. kr.	157.718.391	463.442.895	4.347.090.252	**2.357.434.586**
Samtals	**3.472.031**	**3.217.641**	**658.354.597**	**24.885.243**

Þeim sleppt sem töpuðu meira en 50 millj. kr. verðmæti:				
	Einstaklingar fæddir fyrir 1944	**Einstaklingar fæddir 1944 og síðar**	**Allir einstaklingar**	
Fjöldi	12.751	42.808	55.559	
Heildarupphæð	29.464.217.950	50.297.965.324	79.762.183.274	
Meðaluppæð	2.310.738	1.174.966	1.435.630	

Samkvæmt þessu var heildartap hluthafa í þessum 12 skráðu hlutafélögum 1,437 milljarðar kr. (nánast landsframleiðsla Íslands!). Langstærsti hluti þessa taps, eða 1.351 milljarður kr., var tap einstaklinga (186 talsins) og lögaðila (287 talsins) sem töpuðu hver meira en 50 millj. kr. Þessi mikla eign byggðist hugsanlega að hluta á raðeignahaldi eða lánveitingum. Eftir stendur 86 milljarða kr. tap þeirra sem áttu minna en 50 millj. kr. hver. Þetta voru 55.559 einstaklingar sem töpuðu alls 80 milljörðum kr. eða að meðaltali 1,4 millj. kr. og 1.618 lögaðilar sem töpuðu 6 milljörðum kr. eða að meðaltali 4 millj. kr. Rétt er að benda á að þessar eignir höfðu eins og margar aðrar eignir hækkað umtalsvert næstu árin fyrir hrunið. Ekki fengust upplýsingar um tap stofnfjáreigenda í sparisjóðum en það hleypur á milljörðum króna og hefur valdið miklum vandræðum hjá fjölda heimila. Ekki er heldur hægt að fá upplýsingar um gjaldþrota óskráð fyrirtæki en þar hafa einstaklingar eflaust tapað umtalsverðum fjármunum sem hlutafé. Eru þá ótaldar kröfur byrgja og annara smærri lánveitenda.

193. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um rannsókn á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti.

Flm.: Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir.

Alþingi ályktar að gerð verði sjálfstæð og óháð rannsókn á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti og starfsháttum þeirra frá ársbyrjun 2007 til loka september 2010. Forseti Alþingis skipi þriggja manna nefnd til að vinna rannsóknina og skila um hana

skýrslu til Alþingis innan sex mánaða frá skipun nefndarinnar. Rannsóknin taki sérstaklega til samskipta við önnur ráðuneyti, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið, ákvarðana sem voru teknar í viðkomandi ráðuneytum á tímabilinu og atburða sem tengjast falli bankanna.

Greinargerð.

Í ljósi umfjöllunar um forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyti í skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er lagt til að gerð verði rannsókn á ráðuneytunum þremur og þá sérstaklega horft til samskipta, ákvarðana og atburða sem tengjast falli bankanna.

Ljóst þykir að í aðdraganda hrunsins hafi mikilvægar ákvarðanir verið teknar án umræðu í ríkisstjórn og eru dæmi um að viðkomandi fagráðherrar hafi ekki verið boðaðir á fundi um málefni sem heyrðu undir þeirra ábyrgðarsvið. Enn fremur var það ein af niðurstöðum þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að ábyrgð og eftirlit fagráðherra með sjálfstæðum stofnunum sem undir ráðuneyti þeirra heyrðu virtist verulega ábótavant. Í ljósi framangreinds er brýnt að gerð verði rannsókn á þeim ráðuneytum sem fjallað er um í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og lögð sérstök áhersla á að kanna samskipti ráðuneyta við önnur ráðuneyti, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið, ákvarðanir sem teknar voru í viðkomandi ráðuneytum á tímabilinu og atburði sem tengjast falli bankanna.

194. Svar [74. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.*

Á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 hefur heildarstöðugildafjöldi hjá ráðuneytinu staðið nokkuð í stað. Hins vegar hafa embættismenn verið fluttir til og frá ráðuneytinu á grundvelli 36. gr. laga nr. 70/1996 ásamt því að ráðið var í tímabundnar stöður, afleysingar og ótímabundnar stöður sem losnuðu. Á tímabilinu urðu eftirtaldar mannabreytingar: Ráðnir voru tveir starfsmenn á nýja efnahags- og alþjóðafjármálaskrifstofu ráðuneytisins í lok árs 2008 en þeir starfsmenn fluttust síðan til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins í október 2009 vegna breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta. Þrír starfsmenn voru ráðnir tímabundið til afleysinga sumarið 2009 og sumarið 2010. Skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu var tímabundið settur ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu í febrúar 2009 og á sama tímabili var skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu tímabundið settur skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu. Á árinu 2009 var ráðuneytisstjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu fluttur í embætti ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, sem og skrifstofustjóri og ráðherrabílstjóri frá félagsmálaráðuneytinu. Upplýsingafulltrúi lét af störfum í ágúst 2009 en hann var á tímabundnum ráðningarsamningi. Annar upplýsingafulltrúi var ráðinn tímabundið og lét hann af störfum í febrúar árið 2010. Í ársbyrjun 2010 var skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu fluttur til forsætisráðuneytisins og tók við stöðu alþjóðafulltrúa af forvera sínum sem einnig var frá utanríkisráðuneytinu. Tveir skrifstofustjórar létu af störfum og tveir voru skipaðir í kjölfar

skipulagsbreytinga hjá ráðuneytinu. Annar þeirra var lögfræðingur ráðuneytisins sem skipaður var skrifstofustjóri á nýrri skrifstofu löggjafarmála. Annar lögfræðingur ráðuneytisins lést á árinu. Um mitt ár 2010 voru ráðnir tveir lögfræðingar á nýja skrifstofu löggjafarmála í ráðuneytinu og í ágúst var ráðinn efnahagsráðgjafi.

Hjá forsætisráðuneytinu eru nú 26,74 stöðugildi. Um er að ræða einn ráðuneytisstjóra, fjóra skrifstofustjóra, 11 sérfræðinga; þar með talið alþjóðafulltrúa og efnahagsráðgjafa, ritara ráðherra, bifreiðastjóra, umsjónarstarf, tvo stjórnarráðsfulltrúa, tvo móttökuritara og fjóra vaktmenn. Kynjahlutfall starfsmanna er 16 konur og 11 karlar. Launakostnaður með launatengdum gjöldum fyrir tímabilið 1. janúar 2009 til og með september 2010 er samtals 354,2 millj. kr. Laun ráðherra og aðstoðarmanns ráðherra eru greidd af öðrum fjárlagalið.

2. *Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?*

Laun starfsmanna í ráðuneytinu voru lækkuð í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 18. ágúst 2009 um sparnaðaraðgerðir. Lækkunin nam 3–10% og náði til þeirra starfsmanna sem höfðu heildarlaun yfir 400 þús. kr. Kerfislega var lækkunarhlutfall útfært með fækkun eininga og yfirvinnu en grunnlaun héldust óbreytt. Starfsmönnum var hverjum og einum tilkynnt á fundi um lækkunina og afhent bréf með tilkynningu um breytingu, með þriggja mánaða fyrirvara eða samkvæmt ákvæðum kjarasamninga þar um.

3. *Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?*

Ráðuneytið hefur tekið saman hjálagt yfirlit yfir aðkeypta sérfræðiþjónustu umrætt tímabil. Til samanburðar fylgja jafnframt upplýsingar um heildarkaup á sérfræðiþjónustu á árinu 2008. Yfirlitið nær yfir fjárlagalið aðalskrifstofu ráðuneytisins og ýmissa verkefna á þess vegum. Þess skal getið að forsætisráðuneytið hélt utan um kostnað Stjórnarráðsins, sem nauðsynlegt var að stofna til, í kjölfar bankahrunsins. Var það gert til hagræðis og til að halda yfirsýn yfir kostnað ráðuneytanna fyrst eftir bankahrunið. Ríkisendurskoðun hefur farið yfir alla þá samninga sem gerðir voru í forsætisráðuneytinu á tímabilinu 1. janúar 2008 til 1. apríl 2009.

jan - sept 2010
Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa og ýmis verkefni

Upphæð kr.	Verksali	Vegna
81.000	Bryndís Hlöðversdóttir	lögfræðiþjónusta
775.000	G&T ehf	lögfræðiþjónusta
140.000	Sálfræðiþj Jóhanns Inga G slf	Sérfræðiþjónusta
234.647	VSI öryggishönnun og ráðgjöf eh	Sérfræðiþjónusta
807.500	Arndís Ósk Jónsdóttir	Sérfræðiþjónusta
180.000	Leggjarbrjótur ehf	Sérfræðiþjónusta
30.000	Góð samskipti ehf	Sérfræðiþjónusta
870.438	Háskóli Íslands	Sérfræðiþjónusta
150.000	Nordica ráðgjöf ehf	Sérfræðiþjónusta
53.625	Salvör Aradóttir	Þýðendur, túlkar
20.700	Ellen Margrét Ingvadóttir	Þýðendur, túlkar
323.760	Anne Cecilia Benassi	Þýðendur, túlkar
8.265	Jón Örn Thordarson	Þýðendur, túlkar
75.675	JS þýðingar ehf	Þýðendur, túlkar
16.500	Scriptorium ehf	Þýðendur, túlkar
25.000	Ásdís Káradóttir	Prófarkalestur
45.670	Verkís hf	Hrafnseyri - sýning í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar
1.050.040	BASALT arkitektar ehf	Hrafnseyri - sýning í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar
133.000	Benedikt Bogason	Magma nefnd
75.000	Guðrún Björk Bjarnadóttir	Magma nefnd
3.728.984	Róbert Ragnar Spanó	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
636.000	Skynsemi ehf - starfshópur um bætur	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
252.000	Árni Óskarsson	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
686.630	Daði Már Kristófersson	Nefnd um þjóðlendur
2.410.369	LEX ehf	Nefnd um þjóðlendur
62.194	Þórunn Pálsdóttir	Nefnd um þjóðlendur
26.320.753	Expectus ehf	Sóknaráætlun 20/20
1.000.000	Háskóli Íslands	Sóknaráætlun 20/20
800.000	Gunnar Helgi Kristinsson	Starfshópur um viðbrögð stjórnvalda við skýrslu rannsóknarnefndar Alþ
720.000	Kristín Benediktsdóttir	Starfshópur um viðbrögð stjórnvalda við skýrslu rannsóknarnefndar Alþ
23.100	Ágústa Þorbergsdóttir	Starfshópur um viðbrögð stjórnvalda við skýrslu rannsóknarnefndar Alþ
950.000	Oddný Mjöll Arnardóttir	Starfshópur um viðbrögð stjórnvalda við skýrslu rannsóknarnefndar Alþ
1.176.000	Anna Kristín Ólafsdóttir	Nefnd um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands
1.648.000	Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir	Nefnd um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands
526.000	Haukur Arnþórsson	Nefnd um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands
1.050.040	BASALT arkitektar ehf	Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigur
4.517.271	Björn Georg Björnsson	Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigur
1.501.500	Guðjón Friðriksson	Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigur
133.330	Sveinn Einarsson	Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigur
53.237.991	**Samtals jan - sept 2010**	

2009
Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa og ýmis verkefni

Upphæð kr.	Verksali	Vegna
772.650	Logos	Lögfræðiþjónusta
95.000	Parx ehf.	Lögfræðiþjónusta
2.421.098	Landslög ehf.	Lögfræðiþjónusta
2.943.760	Landform ehf.	Lögfræðiþjónusta
320.000	Jón Ólafsson	Lögfræðiþjónusta
160.000	Parx ehf.	Sérfræðiþjónusta
40.240	Björn Mathíasson	Sérfræðiþjónusta
415.744	Ritsmiðjan slf	Sérfræðiþjónusta
26.519	Vinnuvernd ehf	Sérfræðiþjónusta
95.518	Hjörleifur Guttormsson	Sérfræðiþjónusta
281.124	Háskóli Íslands	Sérfræðiþjónusta
154.000	Vel ehf	Sérfræðiþjónusta
17.100	Ari Páll Kristinsson	Sérfræðiþjónusta
15.000	Jóhann Thoroddsen	Sérfræðiþjónusta
75.000	Magnum ehf	Sérfræðiþjónusta
140.000	Háskóli Íslands	Sérfræðiþjónusta
60.836	Lingua/Norðan Jökuls ehf	Þýðendur, túlkar
183.250	Scriptorium ehf	Þýðendur, túlkar
19.528	Ordstationene	Þýðendur, túlkar
11.550	Ágústa Þorbergsdóttir	Þýðendur, túlkar
20.700	Ellen Margrét Ingvadóttir	Þýðendur, túlkar
53.779	Erla Sigurðardóttir	Þýðendur, túlkar
17.498.286	Lovells LLP	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
1.758.600	Sendiráð Íslands London	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
16.484	Ylva Hellrud - þýðing	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
250.000	Kristján Jónsson - þýðing	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
613.660	Björn Matthíasson - þýðing	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
250.000	Sveinn Sigurðsson - þýðing	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
55.712	Ellen Margrét Ingvadóttir - túlkun	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
130.500	Anne Cecilia Benassi - þýðing	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
71.578	Sigrún Birna Birnisdóttir - þýðing	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
3.978.705	Logos slf	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
8.148	Landslög lögfræðiþjónusta ehf	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
192.709	Lingua/Norðan Jökuls ehf	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
1.555.751	Scriptorium ehf	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
21.951.836	Mats Arne Josefsson	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
6.792.103	Kaarlo Jannari	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
56.814.677	Oliver Wyman	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
397.565	Maríanna Friðjónsdóttir	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
2.532.000	Sleipnir slf	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
693.000	Kukl ehf	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
52.080	LEX ehf	Auðlindanefnd
20.000.000	Rannsóknaþjónusta Hásk í Rvík	Efnahagsrannsóknir
891.000	Háskóli Íslands	Evrópunefnd
588.909	Alta ehf	Félag um rekstur fyrrverandi varnarsvæða
3.296.000	Róbert Ragnar Spanó	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
500.000	Valgerður Stefánsdóttir	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
349.440	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
161.928	Árni Óskarsson	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
175.000	Arthur W Morthens	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
4.186.301	LEX ehf	Nefnd um þjóðlendur
108.991	Þórunn Pálsdóttir lögfr.	Nefnd um þjóðlendur
6.426	Aðalheiður Jóhannsdóttir lögfr.	Nefnd um þjóðlendur
13.819.143	InDevelop Íslandi ehf	Ráðgjöf við undirbúning breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum
1.590.000	Pétur Hrafn Árnason	Saga Íslands, Hið ísl. bókmenntafélag
935.000	Anna Agnarsdóttir	Saga Íslands, Hið ísl. bókmenntafélag
280.000	Gunnar Karlsson	Saga Íslands, Hið ísl. bókmenntafélag
1.480.000	Þórir Óskarsson	Saga Íslands, Hið ísl. bókmenntafélag
4.250.000	Háskóli Íslands	Samþykktir ríkisstjórnar
571.875	Gísli Tryggvason	Sérfræðinganefnd stjórnarskrárnefndar
298.880	Bryndís Hlöðversdóttir	Sérfræðinganefnd stjórnarskrárnefndar
10.193.554	Expectus ehf	Sóknaráætlun 20/20
1.000.000	Háskóli Íslands	Sóknaráætlun 20/20
84.000	Þorsteinn Gunnarsson	Undirbúningur vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta
2.691.000	Björn Georg Björnsson	Undirbúningur vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta
313.500	Trausti Fannar Valsson	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga
191.706.737	**Samtals 2009**	**Þar af 115,5 m.kr. vegna bankahrunsins**

2008		
Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa og ýmis verkefni		
Upphæð kr.		
264.600.291	Samtals 2008	Þar af 194,2 m.kr. vegna bankahrunsins

4. *Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt, og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?*

Þegar ný úrlausnarefni og verkefni koma upp er ávallt reynt að leysa þau af sérfræðingum og starfsfólki innan Stjórnarráðsins. Er allur meginþorri verkefna og úrlausnarefna sem upp koma innan Stjórnarráðsins leystur með þeim hætti. Ætíð koma þó upp einhver verkefni þar sem talin er þörf á utanaðkomandi sérþekkingu og er þá leitað til sérfræðinga og ráðgjafa á viðkomandi sviðum, m.a. vegna samráðs og til að tryggja aðkomu hlutlausra aðila, sbr. þau tilvik og verkefni sem tilgreind eru hér að framan. Í kjölfar og aðdraganda efnahagshrunsins var m.a. í ákveðnum tilvikum talin þörf á slíkri sérhæfðri og óháðri sérfræðiþjónustu og í nokkrum tilfellum leitað til erlendra aðila, sérfræðinga og ráðgjafa í veigamiklum málum sem m.a. kallaði á alþjóðlega sérfræðiþekkingu og reynslu á viðkomandi sviðum. Í úttekt Ríkisendurskoðunar á samningum ráðuneytisins um kaup á sérfræðiþjónustu og ráðgjöf kemur m.a. eftirfarandi fram: „Að mati Ríkisendurskoðunar hefur forsætisráðuneytið gert fullnægjandi grein fyrir ákvörðunum sínum um hvers vegna það taldi þörf á að leita til ráðgjafa og annarra sérfræðinga og eru ekki gerðar neinar athugasemdir við það mat. Þá er ljóst að ráðuneytið fylgdist vel með framkvæmd samninganna og brást að jafnaði við minnkandi þörf fyrir ráðgjöf með því að minnka eða ljúka að fullu viðskiptum við viðkomandi ráðgjafa.“

195. Fyrirspurn [178. mál]

til utanríkisráðherra um rekstur sendiráða.

Frá Birni Val Gíslasyni.

1. Hver hefur þróun í fjölda sendiráða og fastanefnda Íslands erlendis verið á árabilinu 1991–2010, í heild og á ráðherratíma hvers utanríkisráðherra á þessu tímabili? Hver hefur þróun í fjölda sendiherra verið á sama tímabili?
2. Hver hefur rekstrarkostnaður sendiráða og fastanefnda Íslands erlendis verið á sama tímabili og í ráðherratíð hvers ráðherra á verðlagi ársins 2010?
3. Hvert hefur verið hlutfall útgjalda til reksturs sendiráða og fastanefnda Íslands annars vegar og ráðuneytisins í heild hins vegar af heildarútgjöldum ríkissjóðs á hverju ári á sama tímabili?
4. Hver hefur þróun í starfsmannahaldi sendiráða og fastanefnda Íslands erlendis verið á sama tímabili?
5. Hvað eru margir sendiherrar á launaskrá ráðuneytisins, annars vegar í starfi í sendiráðum eða fastanefndum og hins vegar utan þeirra?

6. Hve umfangsmikil er íslenska utanríkisþjónustan í samanburði við önnur ríki Norðurlanda, þegar litið er til fjölda útsendra starfsmanna og fjölda sendiskrifstofa?
7. Hvert er umfang fjárframlaga ríkisins til ráðuneytisins í samanburði við fjárframlög annarra norrænna ríkja til utanríkisráðuneyta sinna, sem hlutfall af ríkisútgjöldum?

Skriflegt svar óskast.

196. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um sérstaka vernd Alþingis og atvikin í Alþingishúsinu 8. desember 2008.

Flm.: Mörður Árnason, Álfheiður Ingadóttir, Margrét Tryggvadóttir, Björn Valur Gíslason, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Birgitta Jónsdóttir, Lilja Mósesdóttir, Þráinn Bertelsson, Valgerður Bjarnadóttir.

Alþingi telur varhugavert að túlka lagaákvæði um sérstaka vernd þingsins með þeim hætti að tjáningarfrelsi stafi hætta af og gengið sé á mikilsverðan rétt borgaranna til að safnast saman til mótmæla eða annars konar þátttöku í stjórnmálum. Um leið og lögð er áhersla á að slík mótmæli fari friðsamlega fram og ógni ekki fólki, eignum né menningarverðmætum lýsir Alþingi yfir að það telur ekki eðlilegt að líta þannig á atvikin í Alþingishúsinu 8. desember 2008 að þar hafi fólk ráðist á Alþingi svo að því eða sjálfræði þess hafi verið hætta búin svo sem áskilið er í 100. gr. almennra hegningarlaga.

Greinargerð.

Atvikin í Alþingishúsinu 8. desember 2008 leiddu til þess að ríkissaksóknari ákvað að ákæra fyrir ýmsar sakir níu þátttakendur í mótmælaaðgerðunum sem þá stóðu. Þar á meðal er ákært fyrir brot á 100. gr. hegningarlaga þar sem kveðið er á um að hver „sem ræðst á Alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin, lætur boð út ganga, sem að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, [skuli] sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár, og getur refsingin orðið ævilangt fangelsi, ef sakir eru mjög miklar“.

Skrifstofustjóri Alþingis vísaði meðal annars til þessarar greinar í rannsóknarbeiðni sem hann sendi lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins 19. desember 2008 vegna atvikanna. Þótt ákvörðun saksóknara sé sjálfstæð og leiði ekki af rannsóknarbeiðni eða kæru er ljóst að víða er litið svo á að vegna þessa bréfs, auk atriða í svörum forseta Alþingis um málið á vettvangi þingsins eða í almennri umræðu, hafi Alþingi sem slíkt haft af málinu afskipti sem jafngildi því að það telji að hér hafi verið um að ræða árás í skilningi 100. gr., sem beri að refsa fyrir með fangelsisvist, í eitt ár að minnsta kosti.

Vegna undanfara saksóknarinnar og með tilliti til stjórnmálalífs á Íslandi í framtíðinni er eðlilegt að Alþingi álykti um beitingu 100. gr. almennra hegningarlaga og í ljósi hennar um þau atvik sem um ræðir.

197. Fyrirspurn [180. mál]

til fjármálaráðherra um kaup lífeyrissjóða á íbúðabréfum 30. maí sl.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvaða 26 íslensku lífeyrissjóðir keyptu 30. maí sl. þau íbúðabréf sem ríkissjóður hafði eignast vegna samkomulags Seðlabankans við Seðlabankann í Lúxemborg um kaup á skuldabréfum Avens B.V. sem voru í eigu Landsbankans í Lúxemborg?
2. Hvaða íslensku lífeyrissjóðir tóku ekki þátt í kaupunum?
3. Stofnuðu lífeyrissjóðirnir félag um kaupin eða sá hver lífeyrissjóður um kaupin fyrir sig?
4. Hvert var hlutfall hvers lífeyrissjóðs fyrir sig af 87,6 milljarða kr. kaupum þeirra?

Skriflegt svar óskast.

198. Fyrirspurn [181. mál]

til forsætisráðherra um starfsráðningar í ráðuneytum frá og með nóvember 2009.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hversu margir hafa verið ráðnir til starfa í ráðuneytum án auglýsingar frá og með nóvember 2009? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum.

Skriflegt svar óskast.

199. Fyrirspurn [182. mál]

til umhverfisráðherra um starfsemi og rekstur náttúrustofa.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hvernig hyggst ráðherra standa vörð um starfsemi og rekstur náttúrustofa á komandi árum?

200. Fyrirspurn [183. mál]

til umhverfisráðherra um ofanflóðavarnir í Neskaupstað.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hvað líður útboði til framkvæmda við ofanflóðavarnir í Neskaupstað?

201. Fyrirspurn [184. mál]

til umhverfisráðherra um veiðar á mink og ref.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hver er stefna ráðherra hvað varðar eyðingu og veiðar minks og hver er stefna hans hvað varðar veiðar á ref?

202. Frumvarp til laga [185. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. a laganna:

a. Í stað „12 kr./kg“ kemur: 15 kr./kg.
b. Í stað „5 kr./kg“ kemur: 12 kr./kg.

2. gr.

Í stað „5,00 kr./kg“ í viðauka I við lögin kemur: 12,00 kr./kg.

3. gr.

Í stað „13,00 kr./kg“ í viðauka IV við lögin kemur hvarvetna: 30,00 kr./kg.

4. gr.

Í stað „7,00 kr./kg“ í viðauka V við lögin kemur hvarvetna: 15,00 kr./kg.

5. gr.

Í stað „160,00 kr./kg“ í viðauka VI við lögin kemur hvarvetna: 220,00 kr./kg.

6. gr.

Í stað „2,50 kr./kg“ í viðauka VII við lögin kemur hvarvetna: 5,00 kr./kg.

7. gr.

Í stað „30,00 kr./kg“ í viðauka VIII við lögin kemur hvarvetna: 35,00 kr./kg.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka XI við lögin:

a. Í stað „25,00 kr./kg“ kemur: 35,00 kr./kg.
b. Í stað „35,00 kr./kg“ kemur: 49,00 kr./kg.
c. Í stað „138,00 kr./stk.“ kemur: 193,00 kr./stk.
d. Í stað „414,00 kr./stk.“ kemur: 580,00 kr./stk.
e. Í stað „552,00 kr./stk.“ kemur: 773,00 kr./stk.
f. Í stað „828,00 kr./stk.“ kemur: 1.160,00 kr./stk.
g. Í stað „1.104,00 kr./stk.“ kemur: 1.546,00 kr./stk.
h. Í stað „2.207,00 kr./stk.“ kemur: 3.090,00 kr./stk.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka XII við lögin:

a. Í stað „72,00 kr./kg“ kemur: 84,00 kr./kg.
b. Í stað „120,00 kr./kg“ kemur: 140,00 kr./kg.
c. Í stað „240,00 kr./kg“ kemur: 280,00 kr./kg.
d. Í stað „288,00 kr./kg“ kemur: 336,00 kr./kg.
e. Í stað „384,00 kr./kg“ kemur: 448,00 kr./kg.
f. Í stað „576,00 kr./kg“ kemur: 672,00 kr./kg.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka XVI við lögin:

a. Í stað „15,00 kr./kg“ kemur hvarvetna: 40 kr./kg.
b. Í stað „1.500 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 4.000 kr./stk.
c. Í stað „2.100 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 5.600 kr./stk.
d. Í stað „12.000 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 32.000 kr./stk.
e. Í stað „9.000 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 24.000 kr./stk.
f. Í stað „375 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 1.000 kr./stk.
g. Í stað „6.750 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 18.000 kr./stk.
h. Í stað „3.000 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 8.000 kr./stk.
i. Í stað „3.450 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 9.200 kr./stk.
j. Í stað „7.875 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 21.000 kr./stk.
k. Í stað „525 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 1.400 kr./stk.
l. Í stað „675 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 1.800 kr./stk.
m. Í stað „450 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 1.200 kr./stk.
n. Í stað „900 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 2.400 kr./stk.
o. Í stað „600 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 1.600 kr./stk.
p. Í stað „1.125 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 3.000 kr./stk.
q. Í stað „750 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 2.000 kr./stk.
r. Í stað „13.500 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 36.000 kr./stk.
s. Í stað „15.000 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 40.000 kr./stk.
t. Í stað „10.500 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 28.000 kr./stk.
u. Í stað „7,50 kr./kg“ kemur hvarvetna: 20 kr./kg.
v. Í stað „120 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 320 kr./stk.

w. Í stað „180 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 480 kr./stk.
x. Í stað „240 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 640 kr./stk.
y. Í stað „30,00 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 80,00 kr./stk.
z. Í stað „150 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 400 kr./stk.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar til hækkunar á fjárhæð úrvinnslugjalds á olíumálningu, blýsýrurafgeymum, pappa- og pappírsumbúðum, plastumbúðum og heyrúlluplasti, ísócyanötum, leysiefnum, halógeneruðum efnasamböndum, olíuvörum, framköllunarefnum og hjólbörðum. Endurskoðun þessi á gjöldum er til þess fallin til að draga úr sjóðshalla sem átt hefur sér stað í þessum flokkum. Frumvarpið byggist á tillögum stjórnar Úrvinnslusjóðs í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laganna.

Tekjur Úrvinnslusjóðs af úrvinnslugjaldi ráðast af innflutningi og innlendri framleiðslu af vörum sem falla undir lögin og upphæð úrvinnslugjalds (kr./kg) í hverjum vöruflokki. Vegna mikils samdráttar í verslun og viðskiptum er erfitt að áætla tekjur Úrvinnslusjóðs til langs tíma. Gert er ráð fyrir að álagt magn árið 2011 verði heldur meira en árið 2010.

Kostnaður af rekstri Úrvinnslusjóðs, utan kostnaðar við skrifstofu, ræðst af magni úrgangs sem er safnað og ráðstafað (endurnýting, endurvinnsla eða förgun) af þjónustuaðilum annars vegar og upphæð þjónustugjalds (kr./kg) sem greitt er til þeirra þegar staðfesting á ráðstöfun liggur fyrir hins vegar. Greitt er fyrir flutning og ráðstöfun. Í áætlun Úrvinnslusjóðs er safnað magn áætlað út frá þróun í söfnuðu magni sl. ár. Við mat á ráðstöfuðu magni er auk þess stuðst við þróun skilahlutfalls (ráðstafað magn deilt með álögðu magni) síðustu ára. Meiri óvissa er í þessari spá en áður vegna mikilla sveiflna í innflutningi og framleiðslu vegna hinna sérstöku aðstæðna í þjóðfélaginu. Nokkur tími líður frá því að vara er sett á markað þar til úrgangur af hennar völdum fellur til. Þessi tími er frá einhverjum mánuðum upp í mörg ár, fer eftir vörum. Óvissa í mati á úrgangi af þessum völdum er meiri þegar hagsveiflur eru miklar. Stærsti kostnaðarliður Úrvinnslusjóðs er greiðsla til þjónustuaðila (skilagjald í tilfelli ökutækja) fyrir ráðstöfun (endurnýting/endurvinnsla/förgun). Almennt er miðað við að þessi kostnaður, þ.e. magntengd greiðsla til þjónustuaðila, hækki um allt að 5% milli 2010 og 2011. Í öllum vöruflokkum nema smurolíu og ökutækjum er hækkun á þessum greiðslum ákveðin hverju sinni af stjórn sjóðsins. Samningur er við olíufélögin um söfnun smurolíuúrgangs og eru greiðslur þar vísitölubundnar. Upphæð skilagjalds á ökutæki er bundin í lög.

Tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi miða við að ná viðunandi sjóðsstöðu vöruflokka á næstu þremur til fimm árum. Miðað er við að sjóðir verði að jafnaði ekki lægri en um 30% af árskostnaði við vöruflokkinn. Um tillögur um gjaldabreytingar vöruflokka er vísað til athugasemda við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru gerðar tillögur um breytingu á úrvinnslugjaldi á pappa- og pappírsumbúðir og plastumbúðir.

Innflutningur og innlend framleiðsla hefur dregist saman síðustu tvo ár. Söfnun pappaumbúða til endurvinnslu virðist hlutfallslega vera að aukast á sama tíma. Á árinu 2009 var safnað og flutt til endurvinnslu eða endurnýtingu um 9.500 tonn af um 14.000 tonnum sem

lagt var á úrvinnslugjald. Þetta gerir um 70% skilahlutfall en það var 45% árið 2007. Endurvinnsluhlutfall pappa- og pappírsumbúða árið 2009 var um 60%. Ákvæði í löggjöf um meðhöndlun úrgangs mæla fyrir um endurvinnsluhlutfall sem ná á fyrir árslok 2011 og byggt er á Evrópugerð sem innleidd hefur verið hér á landi. Áætlun Úrvinnslusjóðs gerir ráð fyrir að þau markmið náist. Í lok árs 2008 féll verð á endurvinnslumörkuðum erlendis verulega. Til að halda söfnun gangandi hækkaði Úrvinnslusjóður greiðslur til þjónustuaðila tímabundið. Fylgst er náið með þróun á verði fyrir úrgangspappa og pappír á endurvinnslumarkaði erlendis sem hefur verið að braggast auk þess sem íslenska krónan hefur verið tiltölulega stöðug gagnvart evru á árinu 2010. Þetta hefur gefið svigrúm til að lækka greiðslu til þjónustuaðila. Þó að ekki hefði komið til þessarar tímabundnu hækkunar á greiðslum til þjónustuaðila hefði þurft að hækka úrvinnslugjald m.a. vegna hækkandi skilahlutfalls. Gerð er tillaga í a-lið um hækkun úrvinnslugjalds úr 12 kr./kg í 15 kr./kg eða um 25%.

Þá er gerð tillaga í b-lið um breytingu á úrvinnslugjaldi á plastumbúðir úr 5 kr./kg í 12 kr./kg, sjá að öðru leyti umfjöllun um 2. gr.

Um 2. gr.

Í greininni er gerð tillaga um breytingu á úrvinnslugjaldi á heyrúlluplast.

Í ársbyrjun 2008 var heyrúlluplast og plastumbúðir sameinaðar í einn vöruflokk með sama gjaldi. Við þetta lækkaði gjald á heyrúlluplast úr 25,00 kr./kg í 3,00 kr./kg. Árið áður var verð á öðrum plastumbúðum lækkað úr 10,00 kr./kg í 3,00 kr./kg vegna sjóðssöfnunar. Verð á plasti var hátt á endurvinnslumarkaði erlendis en féll verulega í lok árs 2008 samhliða því að markaðir lokuðust. Endurvinnslumarkaðir hafa síðan verið að taka við sér. Á árinu 2009 var safnað um 3.400 tonnum af um 11.800 tonnum sem lagt var á úrvinnslugjald og flutt til endurvinnslu eða endurnýtingar. Tilkostnaður við innsöfnun á plastumbúðaúrgangi er tiltölulega meiri en vegna pappaumbúða, sérstaklega innsöfnun á heyrúlluplasti þar sem mjög góður árangur hefur náðst. Gengið hefur mjög á sjóðinn og hann rekinn með talsverðum halla. Evrópureglur mæla fyrir um endurvinnsluhlutfall sem ná á fyrir árslok 2011. Áætlun Úrvinnslusjóðs gerir ráð fyrir að þau markmið náist. Lögð er til hækkun úrvinnslugjalds úr 5,00 kr./kg í 12,00 kr./kg eða 140% hækkun.

Um 3. gr.

Í greininni er gerð tillaga um breytingu á úrvinnslugjaldi á olíuvörur aðrar en brennsluolíu. Álagt gjald á olíuvörur hefur verið óbreytt frá því í mars 2007. Allur tilkostnaður við meðhöndlun úrgangsolíu hefur aukist verulega. Sjóðurinn er rekinn með halla og er því gerð tillaga um hækkun úrvinnslugjalds úr 13,00 kr./kg í 30,00 kr./kg eða um 130%.

Um 4. gr.

Innflutningur á leysiefnum hefur verið sveiflukenndur á liðnum árum og heldur farið minnkandi. Skilahlutfall hefur verið hátt síðan 2006 vegna breyttrar notkunar á hluta af efnunum. Búið er að leggja úrvinnslugjald á flokk leysiefna. Þau skila sér nánast öll til endurnýtingar að notkun lokinni. Gjald á þessi leysiefni er óbreytt, 120 kr./kg. Sjóðsstaða er neikvæð vegna kostnaðar við endurnýtingu eða förgun leysiefna. Lögð er til hækkun úrvinnslugjalds úr 7,00 kr./kg í 15,00 kr./kg eða um 114%.

Um 5. gr.

Vöruflokkurinn halógeneruð efni hefur verið rekinn með neikvæða sjóðsstöðu í nokkurn tíma. Erfitt hefur reynst að rétta sjóðinn af. Stórir farmar af uppsöfnuðum úrgangi hafa borist

m.a. vegna fyrirtækja sem hafa hætt starfsemi. Reksturinn stefnir í að verða neikvæður á þessu ári. Lögð er til hækkun úrvinnslugjalds úr 160,00 kr./kg í 220,00 kr./kg eða um 37%.

Um 6. gr.

Ísócyanöt er lítill vöruflokkur og því þarf lítið út af að bregða til að reksturinn verði neikvæður. Sjóðurinn er neikvæður eins og er. Lögð er til hækkun úr 2,50 kr./kg í 5,00 kr./kg eða 100% hækkun.

Um 7. gr.

Rekstur vöruflokks olíumálningar hefur verið erfiður undanfarin ár. Samstarf hefur verið við framleiðendur, innflytjendur og þjónustuaðila um leiðir til að ná niður kostnaði við meðhöndlun og förgun á málningarúrgangi. Meðalkostnaður hefur lækkað nánast stöðugt frá árinu 2003 þegar hann var um 144 kr./kg en hann er nú um 136 kr./kg. Aðeins er lagt gjald á olíumálningu en ekki vatnsmálningu. Gerð er tillaga um hækkun úrvinnslugjalds úr 30,00 kr./kg í 35,00 kr./kg eða um 16%.

Um 8. gr.

Álagt magn blýsýrurafgeyma hefur minnkað verulega síðustu tvö ár. Ekki hefur dregið úr söfnun rafgeymaúrgangs að sama skapi, þ.e. skilahlutfallið hefur hækkað á milli ára. Óljóst er hver þróunin verður á næstu árum, en innflutningur bíla hefur dregist verulega saman og stefnir í að svo verði áfram. Lögð er til 40% hækkun á úrvinnslugjaldi til að mæta auknum mismun á milli útgjalda sjóðsins og minnkandi tekna.

Um 9. gr.

Undanfarin ár hefur taprekstur verið nokkur á rekstri sjóðs framköllunarefna. Erfitt hefur reynst að fá úrvinnslugjald til að bæði standa undir rekstri vöruflokksins og vinna á viðvarandi tapi. Skýringin er sú að notkun framköllunarefna fer stöðugt minnkandi vegna stafrænnar tækni við ljósmyndun hvers konar. Sjóðurinn hefur gert miklar ráðstafanir á undanförnum árum til að mæta þessari þróun. Framköllunarefni eru flutt inn í mismunandi styrkleika og með mismunandi úrvinnslugjaldi sem reiknað er út frá grunngjaldi framköllunarefna. Til að bæta upp sjóðstap er lögð til 17% hækkun á grunngjaldi.

Um 10. gr.

Í ársbyrjun árið 2003 þegar fyrst var ákveðið að leggja úrvinnslugjald á hjólbarða var gjaldið ákveðið 36 kr./kg. Þá höfðu að meðaltali verið flutt inn á milli 5.000 og 6.000 tonn á hjólbörðum fimm árin þar á undan. Hjólbarðar koma bæði stakir eða undir bílum og tækjum til landsins. Árið 2003 voru flutt inn um 5.000 tonn og tekið á móti um 1.615 tonnum til förgunar. Árið 2004 var innflutningur hjólbarða 6.300 tonn og móttekin til meðhöndlunar 4.000 tonn. Innflutningur á hjólbörðum jókst síðan stig af stigi og fór mest í um 9.000 tonn árið 2007 og móttekið magn til endurnýtingar, þar sem bann við urðun hjólbarða tók gildi 2006, var 6.500 tonn. Við þetta varð mikil sjóðsmyndun í vöruflokknum og var gjald á hjólbarða lækkað í 30 kr./kg í ársbyrjun 2005 og aftur í 20 kr./kg í ársbyrjun 2006 og enn á ný í mars 2007 í 15 kr./kg en við það gekk verulega á hjólbarðasjóðinn. Nú hefur innflutningur á hjólbörðum minnkað mikið eða í 2.600 tonn árið 2009 og móttekið magn til endurnýtingar var 4.600 tonn. Þetta hefur haft verulega neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins er því er lögð til 167% hækkun á úrvinnslugjaldi.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til hækkanir á fjárhæðum úrvinnslugjalds á pappírs-, pappa- og plastumbúðir, heyrúlluplast, olíuvörur aðrar en brennsluolíu, lífræn leysiefni, halógeneruð efnasambönd, ísósýanöt, olíumálningu, blýsýrurafgeyma, framköllunarefni og hjólbarða. Markmið með þessum hækkunum er að draga úr sjóðshalla í framangreindum uppgjörsflokkum en samkvæmt lögum um úrvinnslugjald skal tekjum hvers uppgjörsflokks eingöngu varið til að mæta gjöldum viðkomandi flokks og hver flokkur vera fjárhagslega sjálfstæður.

Frumvarpið byggist á tillögum stjórnar Úrvinnslusjóðs sem miða við að ná viðunandi sjóðsstöðu í hverjum uppgjörsflokki á næstu þremur til fimm árum þannig að staðan verði að jafnaði ekki undir 30% af árskostnaði viðkomandi flokks. Áætlanir sjóðsins miðast við að á árinu 2011 verði úrvinnslugjald lagt á heldur meira magn en í ár og að magntengd greiðsla fyrir úrvinnslu aukist um allt að 5% milli áranna. Meiri óvissa er í þessari spá en áður vegna sérstakra aðstæðna í þjóðfélaginu um þessar mundir en gangi áætlunin um álagt magn eftir má gera ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins leiði til rúmlega 316 m.kr. aukinna tekna af úrvinnslugjaldi á ári. Tekjur af úrvinnslugjaldi renna óskiptar til úrvinnslu úrgangs á vegum Úrvinnslusjóðs að frádregnu 0,5% umsýslugjaldi sem rennur í ríkissjóð. Má því gera ráð fyrir að útgjöld ríkisins hækki álíka mikið þó nokkur munur geti verið á því hvernig tekjur og kostnaður falla til eftir tímabilum en til lengri tíma litið ætti afkoma ríkissjóðs að vera óbreytt eftir sem áður. Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2011. Gert er ráð fyrir þessum auknu tekjum af úrvinnslugjaldi í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011.

203. Frumvarp til laga [186. mál]

um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við bætast eftirfarandi skilgreiningar í viðeigandi stafrófsröð, svohljóðandi:
   1. *Drykkjarvöruumbúðir:* umbúðir drykkjarvara úr áli, gleri, plasti, stáli eða sambærilegum efnum sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar eða átappaðar hérlendis og eru ætlaðar utan um vöru sem flokkast undir vöruliði 2009, 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206 eða 2208 í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög, nr. 88/2005.

2. *Framleiðandi og innflytjandi drykkjarvöru:* aðili sem, óháð þeirri sölutækni sem er notuð,
   i. framleiðir og selur drykkjarvöruumbúðir, eða
   ii. flytur drykkjarvöruumbúðir inn eða út úr landinu í atvinnuskyni.
3. *Framleiðandi og innflytjandi rafhlaða og rafgeyma:* aðili sem, óháð þeirri sölutækni sem er notuð,
   i. framleiðir og selur rafhlöður eða rafgeyma, eða
   ii. flytur rafhlöður eða rafgeyma inn eða út úr landinu í atvinnuskyni.
4. *Meðferð úrgangs:* meðhöndlun úrgangs önnur en endanleg förgun.
5. *Námuúrgangsstaður:* staður þar sem fram fer efnistaka á landi eða neðanjarðarnáma og spilliefni, sem eru notuð eða falla til við námuvinnsluna, eru meðhöndluð sem úrgangur. Námuúrgangsstaður er förgunarstaður.
6. *Rafhlaða eða rafgeymir:* uppspretta raforku sem myndast við beina umbreytingu efnaorku og samanstendur af einu einhlaði eða fleirum eða einu endurhlaði eða fleirum.
7. *Skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir:* fyrirtæki eða aðili sem tekur að sér ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á drykkjarvöruumbúðum.

b. Eftirfarandi skilgreiningar orðast svo:
   1. *Raf- og rafeindatæki:* búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið og er hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1500 volt þegar um er að ræða jafnstraum, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af búnaðinum.
   2. *Raf- og rafeindatækjaúrgangur:* úrgangur raf- og rafeindatækja, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af búnaðinum þegar honum er fleygt.

c. Í stað tilvísunarinnar „sbr. 20. gr.“ í skilgreiningunum *Spilliefni* og *Úrgangur* kemur: sbr. 39. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 3. og 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra gefur út til tólf ára í senn almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt. Umhverfisstofnun vinnur tillögu að áætluninni og leggur fyrir ráðherra, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins og fleiri aðila eftir því sem við á. Áætlunin skal taka mið af lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála í landinu og aðgerðir eða stefnumörkun til að bæta umhverfisvæna endurnotkun, endurnýtingu og förgun. Umhverfisstofnun skal auglýsa drög að landsáætlun í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Almenningi skal tryggður aðgangur að áætluninni og hún skal aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Meta skal áætlunina á a.m.k. sex ára fresti og endurskoða hana eftir þörfum.

Sveitarstjórn skal semja og staðfesta áætlun sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja markmiðum landsáætlunar, sbr. 3. mgr. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta umhverfisvæna endurnotkun, endurnýtingu og förgun og gerð grein fyrir því hvernig

sveitarstjórn hyggst ná markmiðum landsáætlunar. Sveitarstjórnir hafa heimild til að gera sameiginlega áætlun fyrir sín svæði eða svæði einstakra sorpsamlaga. Við gerð áætlunarinnar skal auglýsa hana í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Kynna skal áætlunina í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, þegar við á. Almenningi skal tryggður aðgangur að áætluninni og hún skal aðgengileg á netinu. Meta skal áætlunina á a.m.k. sex ára fresti og gera breytingar á henni sé þörf á. Áætlunin skal auglýst eins og hér að framan greinir á a.m.k. sex ára fresti, hvort sem henni hefur verið breytt eður ei.

b. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs að undanskildum drykkjarvöruumbúðum og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem til fellur í sveitarfélaginu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: útgefandi.

b. 2. mgr. orðast svo:

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir förgunarstaði úrgangs. Heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi fyrir aðrar móttökustöðvar og aðra meðferð úrgangs samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. þó 3. og 4. málsl. Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði. Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir meðhöndlun spilliefna, aðra en flutning, en söfnunar- og móttökustöðvum sem heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi er þó heimilt að taka á móti tilteknum spilliefnum frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum enda verði ekki um aðra meðhöndlun að ræða en söfnun og geymslu til skamms tíma.

c. Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: útgefanda starfsleyfis.

d. Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: Útgefandi.

e. Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 5. mgr. kemur: útgefanda starfsleyfis.

f. Í stað orðanna „gefa út starfsleyfi fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram“ í 6. mgr. kemur: auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrr en niðurstaða mats á umhverfisáhrifum liggur fyrir.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sbr. 32. og 33. gr.“ kemur: sbr. 52. og 53. gr.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Umhverfisstofnun getur óskað eftir upplýsingum um magn, tegund og uppruna úrgangs frá rekstraraðila, skilakerfi og skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir.

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „sbr. 22. gr.“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: sbr. 41. gr.

6. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Drykkjarvöruumbúðir úr áli, gleri, plasti, stáli eða sambærilegum efnum,** með tíu nýjum greinum, 20.–29. gr., svohljóðandi, og breytast númer annarra greina og kafla samkvæmt því:

a. (20. gr.)

Ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á drykkjarvöruumbúðum.

Framleiðandi og innflytjandi drykkjarvöruumbúða ber ábyrgð á þeim drykkjarvöruumbúðum sem framleiddar eru hér á landi eða fluttar inn og eru settar á markað og seldar hér á landi. Drykkjarvöruumbúðir sem falla undir lög þessi skulu nánar tilgreindar í reglugerð. Í ábyrgð framleiðanda og innflytjanda drykkjarvöruumbúða felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun notaðra drykkjarvöruumbúða, meðal annars með því að tryggja skipulega söfnun og móttöku þeirra, ná lágmarkshlutfalli við endurheimt drykkjarvöruumbúða og stuðla að því drykkjarvöruumbúðum sé ekki hent á víðavangi.

Framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöruumbúða skulu uppfylla skyldur sínar með rekstri eigin skilakerfis fyrir drykkjarvöruumbúðir eða með aðild að sameiginlegu kerfi fleiri framleiðenda og innflytjenda.

Hver sá sem framleiðir drykkjarvöru í umbúðum sem falla undir lögin eða flytur slíka vöru inn til endursölu skal vera aðili að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir áður en varan er sett á markað.

Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á meðhöndlun notaðra drykkjarvöruumbúða nær til landsins alls án tillits til hvar vörur í drykkjarvöruumbúðum eru seldar og skal allur úrgangur drykkjarvöruumbúða fara til meðhöndlunar. Seljandi drykkjarvöruumbúða sem falla undir lög þessi og seldar eru í tollfrjálsri verslun hér á landi og ætlaðar til innlendra nota ber ábyrgð framleiðanda og innflytjanda samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá 1. og 3. mgr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um rekstur og stjórnun skilakerfa fyrir drykkjarvöruumbúðir, svo og eftirlit með þeim. Þá er ráðherra heimilt í reglugerð að kveða á um að framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöruumbúða starfi allir saman í einu skilakerfi sem starfar ekki í hagnaðarskyni, enda liggi fyrir þegar ákvörðun er tekin að a.m.k. framleiðendur og innflytjendur með yfir 70% af markaðshlutdeild drykkjarvöruumbúða á liðnu ári hafi lýst yfir vilja til að starfa saman í einu skilakerfi. Ráðherra skal ekki veita skilakerfi slíka heimild lengur en til sex ára í senn.

b. (21. gr.)

Hlutverk skilakerfis fyrir drykkjarvöruumbúðir.

Hlutverk skilakerfis fyrir drykkjarvöruumbúðir er að:

1. kosta meðhöndlun drykkjarvöruumbúðaúrgangs,
2. tryggja söfnun og móttöku á drykkjarvöruumbúðum,
3. greiða skilagjald til þeirra sem skila drykkjarvöruumbúðum og
4. tryggja að þeir sem meðhöndla notaðar drykkjarvöruumbúðir hafi gilt starfsleyfi.

Skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir skal hafa nægt fjármagn frá framleiðendum og innflytjendum til að tryggja að það geti staðið undir skuldbindingum fyrir hönd viðskiptavina sinna.

Skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir skal kosta meðhöndlun drykkjarvöruumbúða í réttu hlutfalli við markaðshlutdeild þeirra framleiðenda og innflytjenda sem gert hafa samning við skilakerfið hvort sem um er að ræða sameiginlegt skilakerfi eða skilakerfi sem er fjármagnað af einum framleiðanda eða innflytjanda.

Skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir skal sjá til þess að koma á söfnun og móttöku á drykkjarvöruumbúðum um land allt. Söfnunarstöðvar sem sveitarstjórnir sjá um að starfræktar séu í sveitarfélagi, sbr. ákvæði 5. mgr. 4. gr., skulu veita skilakerfi fyrir drykkjarvöru-

umbúðir aðstöðu fyrir móttöku á drykkjarvöruumbúðum á söfnunarstöð óski skilakerfi eftir því. Á hverri söfnunarstöð skal einungis starfa eitt skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir. Hafi tvö eða fleiri sameiginleg skilakerfi fengið leyfi, sbr. 24. gr., og eru starfandi er þeim heimilt að skipta landinu á milli sín, þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. Ef skilakerfi ná ekki samkomulagi um skiptingu landsins skal Umhverfisstofnun leita hagkvæmra leiða til þess að meðhöndlun á notuðum drykkjarvöruumbúðum fari fram með landfræðilega skynsamlegum hætti. Ber stofnuninni að leita eftir áliti Samkeppniseftirlitsins við skiptingu landsvæða á milli skilakerfa. Skilakerfi eins framleiðanda og innflytjanda getur sótt um undanþágu til ráðherra frá því að sinna söfnun og móttöku drykkjarvöruumbúða um land allt að því tilskildu að skilakerfi geti sýnt fram að það nái endurnýtingarmarkmiði með öðrum hætti.

Skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir ber að leggja fram tryggingu um fjárhagslega ábyrgð vegna starfsemi sinnar. Ráðherra ákveður í reglugerð, sbr. 29. gr., upphæð og form hinnar fjárhagslegu ábyrgðar. Heimilt er í reglugerðinni að undanþiggja skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir, sem hefur innan sinna vébanda ákveðinn fjölda framleiðenda og innflytjenda og er með tiltekna lágmarksmarkaðshlutdeild, tryggingu um fjárhagslega ábyrgð.

Skilakerfi skal eigi síðar en 1. apríl ár hvert gera Umhverfisstofnun grein fyrir eftirfarandi atriðum varðandi undangengið ár:

a. hvaða framleiðendur og innflytjendur séu aðilar að skilakerfinu,
b. upplýsingar um magn drykkjarvöruumbúða sem hver og einn framleiðandi og innflytjandi hefur sett á markað,
c. hverjar endurheimtur drykkjarvöruumbúða hafi verið og
d. hvar unnt sé að skila drykkjarvöruumbúðum og fá skilagjald greitt fyrir þær.

c. (22. gr.)

Markaðssetning.

Óheimilt er að setja á markað eða selja drykkjarvöru í drykkjarvöruumbúðum nema innflytjandi og framleiðandi sé aðili að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir og skráður hjá Umhverfisstofnun, sbr. 25. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða drykkjarvöruumbúðir og drykkjarvöru í drykkjarvöruumbúðum sem falla undir lögin nema innflytjandi sýni fram á að hann sé aðili að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir.

Til að sannreyna sölumagn drykkjarvara í drykkjarvöruumbúðum er skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir heimilt að óska eftir gögnum varðandi sölumagn drykkjarvara í drykkjarvöruumbúðum úr bókhaldi þeirra framleiðenda eða innflytjenda sem aðild eiga að hlutaðeigandi skilakerfi. Umhverfisstofnun er jafnframt heimilt að óska eftir gögnum frá skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir eða úr bókhaldi framleiðanda og innflytjanda varðandi sölumagn drykkjarvara í drykkjarvöruumbúðum. Löggiltur endurskoðandi skal staðfesta með undirskrift sinni að gögn eða upplýsingar skv. 1. og 2. málsl. séu réttar. Skylt er að veita aðgang að umbeðnum gögnum innan 14 daga frá því að þeirra var óskað.

d. (23. gr.)

Leyfisumsókn.

Áður en skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir hefur starfsemi skal það afla leyfis Umhverfisstofnunar til að reka skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir. Með umsókn um leyfi ber að upplýsa um eftirfarandi:

a. hvers konar umbúðir muni tilheyra skilakerfinu,
b. hvaða framleiðendur og innflytjendur séu aðilar að skilakerfinu,

c. fyrirhuguð skilyrði fyrir aðgangi að skilakerfinu,
d. hvernig fyrirhugað sé að ná markmiði um söfnun,
e. hvar verði unnt að skila drykkjarvöruumbúðum,
f. hvernig skilakerfi ætli að stuðla að því að drykkjarvöruumbúðum sé ekki hent á víðavangi,
g. hvaða merkingar muni verða notaðar í kerfinu og
h. fjárhagslega getu til að reka skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir eða tryggingu um fjárhagslega ábyrgð.

Ákveði ráðherra að einungis skuli starfa eitt skilakerfi, samkvæmt ákvæðum 2. málsl. 6. mgr. 20. gr., þarf skilakerfi ekki að reiða fram tryggingu, sbr. h-lið 1. mgr.

e. (24. gr.)

Veiting leyfis.

Leyfi til rekstrar skilakerfis fyrir drykkjarvöruumbúðir skal því aðeins veitt að fyrirhuguð skilyrði fyrir aðgangi að skilakerfinu séu uppfyllt, að Umhverfisstofnun samþykki dreifingu móttöku drykkjarvöruumbúða um landið og að umsækjandi sýni fram á með fullnægjandi hætti að hann hafi fjárhagslega getu til að reka skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir í þágu neytenda, umhverfisverndar, framleiðenda og innflytjenda.

Nú hefur umsækjandi markaðsráðandi stöðu, sbr. samkeppnislög, nr. 44/1995, og skal þá í leyfinu kveðið á um að hlutaðeigandi skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir tryggi jafnan aðgang allra framleiðenda og innflytjenda að skilakerfinu og að skilyrði er varða hönnun og eiginleika drykkjarvöruumbúða séu ekki íþyngjandi. Ákvæði 1. málsl. á ekki við um eigið skilakerfi eins framleiðanda og innflytjanda.

Umhverfisstofnun skal birta á heimasíðu sinni upplýsingar um þau skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir sem hafa leyfi stofnunarinnar til rekstrar skilakerfis fyrir drykkjarvöruumbúðir og hvar móttaka og greiðsla skilagjalds fyrir drykkjarvöruumbúðir fer fram.

f. (25. gr.)

Skráning framleiðenda og innflytjenda.

Umhverfisstofnun skal halda skrá með upplýsingum um alla framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöru. Framleiðanda og innflytjanda drykkjarvöruumbúða ber að skrá sig hjá Umhverfisstofnun áður en drykkjarvöruumbúðir sem falla undir lög þessi eru settar á markað eða seldar hér á landi. Skilakerfi er heimilt að skrá þá framleiðendur og innflytjendur sem aðilar eru að skilakerfinu hjá Umhverfisstofnun.

g. (26. gr.)

Eftirlit.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi skilakerfa fyrir drykkjarvöruumbúðir. Eftirlit stofnunarinnar felst m.a. í að:

1. meta hvort skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir nái markmiðum um endurheimt drykkjarvöruumbúða og lágmarkshlutfalli við endurvinnslu og endurnýtingu drykkjarvöruumbúða,
2. meta hvort skilyrði leyfis séu virt sé um að ræða sameiginlegt skilakerfi sem hefur markaðsráðandi stöðu,
3. meta reglulega hvort skilyrði fyrir undanþágu frá tryggingu um fjárhagslega ábyrgð séu fyrir hendi sé um slíka undanþágu að ræða og hvort skilakerfi uppfylli skyldur þessa kafla að öðru leyti.

Umhverfisstofnun er heimilt að óska eftir upplýsingum frá toll- og skattyfirvöldum um heildarmagn drykkjarvöruumbúða og magn frá einstökum framleiðendum og innflytjendum drykkjarvöruumbúða vegna framleiðslu og innflutnings á drykkjarvörum í umbúðum sem falla undir lög þessi. Ákvæði 188. gr. tollalaga, nr. 88/2005, og 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu ekki vera því til fyrirstöðu að starfsmenn toll- og skattyfirvalda veiti stofnuninni upplýsingar samkvæmt þessari grein.

Uppfylli skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir ekki skyldur sínar samkvæmt þessum kafla er Umhverfisstofnun heimilt að beita skilakerfi þvingunarúrræðum samkvæmt lögum þessum.

h. (27. gr.)

Skilagjald.

Skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir skal við móttöku greiða hverjum þeim sem skilar drykkjarvöruumbúðum skilagjald sem nemur 14 kr. að lágmarki á hverja umbúðareiningu.

i. (28. gr.)

Gjaldtaka.

Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta gjald fyrir útgáfu leyfis til handa skilakerfum, sbr. 24. gr., sem og eftirlit með skilakerfum, sbr. 26. gr. Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni stofnunarinnar vegna drykkjarvöruumbúða. Upphæð gjalda skal taka mið af kostnaði við veitta þjónustu og verkefni samkvæmt þessum kafla.

j. (29. gr.)

Reglugerðir um drykkjarvöruumbúðir.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar sem leita skal umsagnar hjá starfandi skilakerfum um drykkjarvöruumbúðir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi hagsmunasamtökum atvinnulífsins, að setja reglugerð um eftirtalin atriði:

1. drykkjarvöruumbúðir sem falla undir þessi lög,
2. framkvæmd endurgreiðslu skilagjalds,
3. nánari skilyrði fyrir leyfi til reksturs skilakerfa fyrir drykkjarvöruumbúðir,
4. rekstur og stjórnun skilakerfa fyrir drykkjarvöruumbúðir, eftirlit með þeim, svo og jafnan aðgang innflytjenda og framleiðenda að skilakerfum,
5. skyldu framleiðenda og innflytjenda drykkjarvöruumbúða til að starfa saman í einu skilakerfi,
6. gerð og efnisval drykkjarvöruumbúða,
7. bann við notkun og sölu drykkjarvöruumbúða sem ekki er unnt eða torvelt að endurnota eða endurnýta,
8. kröfur um meðhöndlun notaðra drykkjarvöruumbúða og móttökuskilyrði,
9. skyldu framleiðenda og innflytjenda til að merkja drykkjarvöruumbúðir,
10. lágmarksmarkmið um endurheimt drykkjarvöruumbúða, endurnýtingu og endurnotkun þeirra, sem skilakerfi ber að ná árlega, svo og hlutverk Umhverfisstofnunar við að hafa eftirlit með því að sett markmið náist,
11. upphæð og form fjárhagslegrar ábyrgðar svo og undanþágu frá tryggingu um fjárhagslega ábyrgð fyrir skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir, sbr. 5. mgr. 21. gr., og
12. fjölda og dreifingu móttökuaðstöðu fyrir drykkjarvöruumbúðir.

7. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, V. kafli, **Rafhlöður og rafgeymar,** með fjórum nýjum greinum, 30.–33. gr., svohljóðandi, og breytast númer annarra greina og kafla samkvæmt því:

a. (30. gr.)

Skyldur sveitarfélaga og söluaðila.

Söfnunarstöðvar sem sveitarstjórnir sjá um að starfræktar séu í sveitarfélagi, sbr. ákvæði 5. mgr. 4. gr., skulu hafa aðstöðu fyrir móttöku á rafhlöðum og rafgeymum frá heimilum eins og nánar er kveðið á um í reglugerð. Ber söfnunarstöðvum að taka við slíkum úrgangi gjaldfrjálst.

Sveitarfélög skulu veita leiðbeiningar um hvernig beri að flokka og skila rafhlöðum og rafgeymum til söfnunarstöðva sveitarfélaga og upplýsa um að rafhlöður og rafgeymar mega ekki fara með öðrum úrgangi.

Þeim sem selja og dreifa rafhlöðum og rafgeymum ber að taka við notuðum rafhlöðum og rafgeymum á sölu- eða dreifingarstað gjaldfrjálst og tryggja viðeigandi ráðstöfun.

b. (31. gr.)

Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á rafhlöðum og rafgeymum.

Framleiðendur og innflytjendur rafhlaða og rafgeyma bera ábyrgð á þeim rafhlöðum og rafgeymum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn.

Í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun á rafhlöðum og rafgeymum, að frátalinni söfnun til söfnunarstöðva, og fjármagna upplýsingagjöf samkvæmt ákvæðum 32. gr. Framleiðendur og innflytjendur uppfylla skyldur sínar með því að vörurnar beri úrvinnslugjald samkvæmt lögum um úrvinnslugjald.

Seljandi rafhlaða og rafgeyma sem falla undir lög þessi og seld eru í tollfrjálsri verslun hér á landi og ætluð til innlendra nota ber ábyrgð framleiðanda og innflytjanda samkvæmt lögum þessum.

c. (32. gr.)

Upplýsingaskylda framleiðenda og innflytjenda.

Framleiðendur og innflytjendur rafhlaða og rafgeyma skulu í upplýsingum sem ætlaðar eru kaupanda upplýsa um hvar sé heimilt að skila rafhlöðum og rafgeymum, að rafhlöður og rafgeymar megi ekki fara með öðrum úrgangi, að hægt sé að skila rafhlöðum og rafgeymum án greiðslu og að ábyrgst sé að úrgangurinn verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur. Jafnframt skal upplýsa um áhrif rafhlaða og rafgeyma á heilsu manna og umhverfi. Loks skulu notendur upplýstir um merkingu á rafhlöðum og rafgeymum og hvað þær þýða.

d. (33. gr.)

Skráning framleiðenda og innflytjenda rafhlaða og rafgeyma.

Úrvinnslusjóður skal halda skrá yfir framleiðendur og innflytjendur rafhlaða og rafgeyma hér á landi.

8. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, VI. kafli, **Sérákvæði um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði,** með fimm nýjum greinum, 34.–38. gr., svohljóðandi, og breytast númer annarra greina og kafla samkvæmt því:

a. (34. gr.)

Útgáfa starfsleyfis.

Námuúrgangsstaðir skulu hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun veitir.

Ef rekstraraðili námuúrgangsstaðar hyggst gera breytingar á rekstrinum sem varðað geta starfsleyfið eða flytja reksturinn ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun um það með hæfilegum fyrirvara. Umhverfisstofnun metur innan fjögurra vikna frá móttöku tilkynningar hvort nauðsynlegt er að gefa út nýtt starfsleyfi vegna þeirra breytinga sem rekstraraðili hefur tilkynnt um.

Ef forsendur breytast er Umhverfisstofnun heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en gert var ráð fyrir þegar leyfið var gefið út, breytingar verða á rekstrinum vegna tækniþróunar eða breytingar á reglum um mengunarvarnir.

Ef fyrirhugaður námuúrgangsstaður er háður mati á umhverfisáhrifum skal ekki auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram.

b. (35. gr.)

Umsókn um starfsleyfi.

Umsókn um starfsleyfi fyrir námuúrgangsstað skal auk þess sem fram kemur í 6. gr. fylgja úrgangsáætlun, sbr. 36. gr., og starfsleyfistrygging, sbr. 38. gr.

c. (36. gr.)

Úrgangsáætlun.

Rekstraraðili námuúrgangsstaðar skal gera úrgangsáætlun sem miðar að því að lágmarka úrgang og kveður á um meðhöndlun og þá sérstaklega endurnýtingu eða förgun á námuúrgangi. Við áætlunargerð skal hafa sjálfbærni í huga.

Úrgangsáætlun skal hið minnsta innihalda upplýsingar um flokkun námuúrgangsstaðarins, þar sem það á við, og röksemdir fyrir henni, tegund og magn úrgangs sem áætlað er að falli til, einnig upplýsingar um áhrif úrgangsins á umhverfi og heilsu manna, aðgerðir til að draga úr áhættu ef einhver er, áætlun um eftirlit og vöktun, upplýsingar um lokun, aðgerðir í kjölfar lokunar, aðgerðir til að draga úr hættu á mengun vatns, lofts og jarðvegs, sem og könnun á ástandi svæðisins sem verður fyrir áhrifum af úrgangsstaðnum.

d. (37. gr.)

Viðbragðsáætlun.

Fyrir námuúrgang sem flokkast sem hættulegur skal rekstraraðili staðarins gera viðbragðsáætlun vegna hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og setja fram á aðgengilegu formi upplýsingar þar um.

Námuúrgangsstaður skal flokkaður sem hættulegur ef:

1. líkur eru á að hrun á haugi eða stíflubrestur á námuúrgangsstaðnum geti valdið stórslysi samkvæmt áhættumati sem gert er fyrir staðinn og tekið er tillit til þátta eins og núverandi eða framtíðarstærðar úrgangsstaðarins, staðsetningar og umhverfisáhrifa frá námuúrgangsstaðnum, eða
2. á staðnum er úrgangur sem flokkast sem spilliefni yfir ákveðnum mörkum, eða
3. á staðnum eru efni eða efnablöndur sem flokkast sem hættulegar yfir ákveðnum mörkum.

Viðbragðsáætlun skal liggja fyrir áður en starfsleyfi er gefið út.

e. (38. gr.)

Starfsleyfistrygging.

Auk almennra skilyrða sem tilgreind eru í 8., 36. og 37. gr. er það skilyrði starfsleyfis fyrir námuúrgangsstað að rekstraraðili leggi fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að uppfylltar verði þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal um lokunar- og eftirlitsaðgerðir í kjölfar lokunar námuúrgangsstaðarins.

Starfsleyfistrygging skal gilda í 30 ár eftir að námuúrgangsstað er lokað. Fjárhæð tryggingar skal tiltekin í starfsleyfi. Fjárhæð tryggingar skal vera í samræmi við líkleg umhverfisáhrif sem staðurinn mun valda og þann kostnað sem fylgir því að byggja upp svæðið eftir lokun. Einnig skal taka mið af þeim kostnaði sem hlýst af vöktun og sýnatöku, sem og úttekt á þeim aðgerðum sem eru gerðar til að draga úr áhrifum sem úrgangsstaðurinn veldur.

Aðför má ekki gera í tryggingunni nema til fullnustu skyldu rekstraraðila til aðgerða í samræmi við starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna sem verður 39. gr.:

a. Við bætast tveir nýir stafliðir, e- og f-liður, svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því:
   e. töluleg markmið um endurnýtingu og endurnotkun úrgangs og hlutverk Umhverfisstofnunar til að hafa eftirlit með því að sett markmið náist,
   f. hvaða úrgang heimilt er að meðhöndla á námuúrgangsstað, flokkun, hönnun og stjórnun námuúrgangsstaða, kröfur um úrgangsáætlanir sem framkvæmdaaðilar námuúrgangsstaða skulu gera og kröfur um starfsleyfistryggingu.
b. E-liður, sem verður g-liður, orðast svo: nánari atriði varðandi innihald landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs og áætlana sveitarstjórna skv. 4. gr.
c. Í stað tilvísunarinnar „skv. 22. gr.“ í f-lið, sem verður h-liður, kemur: skv. 41. gr.
d. Í stað tilvísunarinnar „skv. 24. gr.“ í h-lið, sem verður j-liður, kemur: skv. 43. gr.

10. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna, sem verður 40. gr., kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Á hverri söfnunarstöð skal einungis starfa eitt skilakerfi.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna sem verður 41. gr.:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Framleiðandi og innflytjandi bera ábyrgð á raf- og rafeindatækjum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn. Tilgreina skal í reglugerð þau raf- og rafeindatæki sem falla undir þessi lög og tollskrárnúmer þeirra.
b. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Raf- og rafeindatæki skulu flokkast í eftirfarandi flokka:
   1. Stór heimilistæki og sambærileg tæki.
   2. Lítil heimilistæki og sambærileg tæki.
   3. Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður.
   4. Mynd- og hljóðbúnaður.
   5. Ljósabúnaður.
   6. Raf- og rafeindaverkfæri.
   7. Leikföng og tómstunda-, íþrótta- og útivistarbúnaður.

8. Lækningatæki.
9. Vöktunar- og eftirlitstæki.
10. Sjálfsalar.

Óheimilt er að setja á markað, selja hér á landi eða taka til eigin nota í atvinnuskyni raf- og rafeindatæki sem falla undir þessi lög nema framleiðandi og innflytjandi þess sé aðili að skilakerfi.

Tollafgreiðsla raf- og rafeindatækis sem fellur undir þessi lög er háð því að innflytjandi og framleiðandi þess sé aðili að skilakerfi.

12. gr.

Á eftir 3. mgr. 25. gr. laganna, sem verður 44. gr., koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Safni skilakerfi raf- og rafeindatækjaúrgangi umfram hlutdeild sína í heildarmagni skv. 3. mgr. stofnast krafa á hendur skilakerfum sem hafa safnað undir hlutdeild sinni í heildarmagni. Tilgreina skal í reglugerð hvernig staðið skal að uppgjöri milli skilakerfa, þar á meðal útreikning fjárkröfu milli skilakerfa og einingarverð á hvert kíló og eftir flokkum, sbr. 3. mgr. 41. gr. Stýrinefnd skal, að lágmarki ársfjórðungslega, reikna út markaðshlutdeild hvers skilakerfis og heildarmagn raf- og rafeindatækjaúrgangs sem safnað hefur verið á tilteknu tímabili. Markaðshlutdeild skilakerfis, sem miðast við hlutfall í innflutningi og/eða framleiðslu raf- og rafeindatækja, ákvarðar það magn sem skilakerfi ber að safna af raf- og rafeindatækjaúrgangi á því tímabili.

Skilakerfi skal tryggja að söfnun og móttaka á raf- og rafeindatækjaúrgangi fari fram að lágmarki í hverju sveitarfélagi og í hverjum byggðarkjarna þar sem starfræktar eru móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir sambærilegan úrgang, t.d. spilliefni. Í öðrum byggðarkjörnum skulu sveitarfélög sjá til þess með samningi við skilakerfi að íbúar eigi þess kost að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi a.m.k. tvisvar sinnum á ári. Hafi tvö eða fleiri skilakerfi fengið leyfi til að starfa sem skilakerfi og eru starfandi skal miða við að eitt skilakerfi starfi að lágmarki í hverju sveitarfélagi og í hverjum byggðarkjarna þar sem starfræktar eru móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir sambærilegan úrgang, t.d. spilliefni. Skilakerfi skal birta upplýsingar á heimasíðu sinni um hvar unnt sé að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Eigi síðar en sex vikum eftir hvern ársfjórðung skal skilakerfi gera stýrinefnd grein fyrir eftirfarandi atriðum varðandi undangengna þrjá mánuði:

a. hvaða framleiðendur og innflytjendur eru aðilar að skilakerfinu,
b. upplýsingar um heildarmagn raf- og rafeindatækja í kílóum sem hver og einn framleiðandi og innflytjandi hefur sett á markað eða tekið til eigin nota,
c. upplýsingar um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs í kílóum sem safnað hefur verið,
d. upplýsingar um ráðstöfun raf- og rafeindatækjaúrgangs.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna sem verður 45. gr.:

a. 2. mgr. orðast svo:

   Úrvinnslusjóður, sbr. lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, fer með hlutverk stýrinefndar. Hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs samkvæmt lögum um úrvinnslugjald er ekki á ábyrgð stýrinefndar.
b. Í stað 1. málsl. 3. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hafi tvö eða fleiri skilakerfi fengið leyfi og eru starfandi skal stýrinefnd leita hagkvæmra leiða til þess að söfnun, móttaka og meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum fari fram

með landfræðilega skynsamlegum hætti, komi skilakerfin sér ekki saman um skiptingu. Skal hún hafa að leiðarljósi að tryggt sé að söfnun fari fram að lágmarki í hverju sveitarfélagi og í hverjum byggðarkjarna þar sem starfræktar eru móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir sambærilegan úrgang, t.d. spilliefni.

c. A-liður 4. mgr. orðast svo: hafa eftirlit með því að framleiðendur og innflytjendur séu aðilar að skilakerfi.
d. B-liður 4. mgr. fellur brott og breytist röð annarra stafliða samkvæmt því.
e. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Stofnuninni er heimilt að beita skilakerfi þvingunarúrræðum samkvæmt lögum þessum.
f. Orðin „rekstri skráningarkerfis, sbr. 27. gr.“ í 1. málsl. 6. mgr. falla brott.

14. gr.

27. gr. laganna, sem verður 46. gr., orðast svo:

Framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja ber að skrá sig hjá Umhverfisstofnun a.m.k. 15 dögum áður en vara sem fellur undir lög þessi er sett á markað, seld eða tekin til eigin nota hér á landi. Skilakerfi er heimilt að skrá þá framleiðendur og innflytjendur sem aðilar eru að skilakerfinu hjá Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun skal halda skrá með upplýsingum um alla framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar að setja reglugerð um skráningu framleiðenda og innflytjenda. Í reglugerðinni skal fjallað um skyldu framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja til að skrá sig og skila upplýsingum um innflutning eða framleiðslu á raf- og rafeindatækjum til Umhverfisstofnunar og á hvaða hátt það skuli gert. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar og skilakerfa, svo og annarra hagsmunaaðila, við gerð tillagna að reglugerð.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna sem verður 47. gr.:

a. 1. og 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Telji stýrinefnd að framleiðandi eða innflytjandi sé ekki aðili að skilakerfi og að hann framleiði eða flytji inn raf- og rafeindatæki sem falla undir lögin skal hún tilkynna það til Umhverfisstofnunar. Stofnun skal að fenginni tilkynningu gefa hugsanlegum framleiðanda og innflytjanda kost á tjá sig um hvort hann framleiði eða flytji inn raf- eða rafeindatæki sem falla undir lögin.
b. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðsins „Stýrinefnd“ í 2. og 3. mgr. kemur: Umhverfisstofnun sem og stýrinefnd.
d. Í stað orðanna „sbr. viðauka I“ í 2. mgr. kemur: sbr. 41. gr.
e. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Til að sannreyna framleiðslu-, innflutnings- og sölumagn raf- og rafeindatækja er Umhverfisstofnun sem og stýrinefnd heimilt að óska eftir gögnum úr bókhaldi skilakerfa eða framleiðanda og innflytjanda varðandi sölumagn raf- og rafeindatækja. Löggiltur endurskoðandi skal staðfesta með undirskrift sinni að gögn og upplýsingar skv. 1. málsl. séu réttar. Skylt er að veita aðgang að umbeðnum gögnum innan 14 daga frá því að þeirra var óskað.

16. gr.

Á eftir 28. gr. laganna, sem verður 47. gr., kemur ný grein, 48. gr., sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gjaldtaka.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni stofnunarinnar vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs. Upphæð gjalda skal taka mið af kostnaði við veitta þjónustu og verkefni samkvæmt þessum kafla.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Úrvinnslusjóðs, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni Úrvinnslusjóðs vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs. Upphæð gjalda skal taka mið af kostnaði við veitta þjónustu og verkefni samkvæmt þessum kafla.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna sem verður 49. gr.:

a. Í stað tilvísunarinnar „sbr. 21. gr.“ í a-lið kemur: sbr. 40. gr.
b. Í stað tilvísunarinnar „sbr. ákvæði 23., 24. og 25. gr.“ í e-lið kemur: sbr. ákvæði 42., 43. og 44. gr.
c. Orðin „sem falla undir viðauka I“ í f-lið falla brott.
d. I-liður orðast svo: skrá yfir tollskrárnúmer raf- og rafeindatækja sem falla undir lög þessi og í hvaða vöruflokk þau falla.
e. Við bætast tveir nýir stafliðir, l- og m-liður, svohljóðandi:
   l. uppgjör á milli skilakerfa, þar á meðal útreikning fjárkröfu milli skilakerfa og einingarverð fyrir hvert kíló, sbr. ákvæði 4. mgr. 44. gr.
   m. fjölda og dreifingu móttökuaðstöðu fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang.

18. gr.

Í stað tilvísunarinnar „skv. 24. gr.“ í 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: skv. 43. gr.

19. gr.

Í stað tilvísunarinnar „skv. 22. gr.“ í 4. mgr. 33. gr. laganna kemur: skv. 41. gr.

20. gr.

Á eftir 6. mgr. 38. gr. laganna, sem verður 58. gr., kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sinni skilakerfi um drykkjarvöruumbúðir eða skilakerfi fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang ekki tilmælum um úrbætur og um alvarlegt eða ítrekað tilvik er að ræða er Umhverfisstofnun heimilt að svipta skilakerfi leyfi til að starfa.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna sem verður 59. gr.:

a. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Ákvarðanir um útgáfu starfsleyfa samkvæmt lögum þessum má kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá því að ákvörðun um útgáfu starfsleyfis var tekin.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Rísi ágreiningur um ákvarðanir Umhverfisstofnunar sem varðar skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir skal vísa málinu til úrskurðar ráðherra.

22. gr.

Viðauki I við lögin fellur brott.

23. gr.
Innleiðing.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB sem vísað er til í XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009 frá 5. febrúar 2009 og til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma sem vísað er til í II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2007 frá 26. október 2007. Þá er höfð til hliðsjónar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB um úrgang og niðurfellingu tiltekinna tilskipana.

24. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

25. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum:*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
      a. Orðin „einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, sbr. viðauka III“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
      b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
         Framleiðendur og innflytjendur rafhlaða og rafgeyma bera ábyrgð á þeim rafhlöðum og rafgeymum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn og falla undir viðauka X og XI. Í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun á rafhlöðum og rafgeymum að frátalinni söfnun til söfnunarstöðva sveitarfélaga og verslana. Framleiðendur og innflytjendur uppfylla skyldur sínar með því að vörurnar beri úrvinnslugjald.
   b. 1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:
      Ráðherra skipar sex manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar. Fimm meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu eftirfarandi aðila: einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, einn frá Félagi atvinnurekenda og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna. Þurfi að kjósa um afgreiðslu mála ræður atkvæði formanns úrslitum falli atkvæði jöfn.
   c. Viðauki III, Einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, fellur úr gildi.
2. *Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum:*
   Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjali I:
   a. 12. tölul. orðast svo: Förgunarstaðir fyrir úrgang
   b. 13. tölul. orðast svo: Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. staðir fyrir námuúrgang.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 24. gr. skal 6. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. júlí 2011.

II.

Umhverfisstofnun skal ljúka afgreiðslu starfsleyfa fyrir móttökustöðvar aðrar en förgunarstöðvar og starfsleyfa fyrir aðra meðferð úrgangs sem eru í vinnslu hjá stofnuninni við gildistöku laga þessara.

III.

Frá 1. janúar 2011 til 1. júlí 2011 skal leggja skilagjald á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni. Skilagjaldið skal innheimt við tollafgreiðslu og nema 13.08 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum. Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti leggja umsýsluþóknun á hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 4,63 kr. á umbúðir úr stáli, 3,40 kr. á umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 2,44 kr. á umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 2,09 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni og 0,86 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni.

Ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, eiga við um álagningu, innheimtu, viðurlög, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt þessari grein. Endurvinnslan hf. skal endurgreiða neytendum við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum til og með 31. desember 2011. Sömuleiðis skal greiða samsvarandi til einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka sem taka að sér að safna slíkum umbúðum til eyðingar eða endurvinnslu.

IV.

Staðir fyrir námuúrgang sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu sækja um starfsleyfi eigi síðar en 1. janúar 2012. Að öðrum kosti skal þeim lokað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, var samið í umhverfisráðuneytinu í samvinnu við Umhverfisstofnun. Við samningu frumvarpsins var m.a. leitað til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka iðnaðarins, Endurvinnslunnar hf., RR-skila, Samskila, Úrvinnslusjóðs og fjármálaráðuneytisins.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og því samfara nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, og breytingar á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í frumvarpinu er fjallað um drykkjarvöruumbúðir og meðhöndlun þeirra en lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, falla úr gildi 1. janúar 2011, sbr. lög nr. 135/2009.

II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Frá árinu 1989 hefur verið sérstakur farvegur fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir þegar sett voru sérstök lög utan um málaflokkinn Um nokkurt skeið hefur verið fyrirhugað að færa

framkvæmd vegna drykkjarvöruumbúða í þá átt sem önnur úrgangsmeðhöndlun er í dag, þ.e. til aukinnar framleiðendaábyrgðar. Þegar lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, voru sett í desember 2002 var gert ráð fyrir að starfsemi Endurvinnslunnar hf., sbr. lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, yrði óbreytt til ársins 2008 og þá falla úr gildi þegar drykkjarvöruumbúðir mundu bera úrvinnslugjald og falla undir Úrvinnslusjóð, eins og gert var ráð fyrir í þeim lögum. Við frekari skoðun undanfarin ár og í samræmi við það skref sem stigið var varðandi framleiðendaábyrgð á raf- og rafeindatæki var ákveðið að fara ekki þá leið sem mörkuð var árið 2002 heldur setja drykkjarvöruumbúðir í svipað kerfi og það kerfi sem raf- og rafeindatæki eru í, sbr. ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjum og úrvinnslu þess úrgangs sem af þeim hlýst tók gildi 1. janúar 2009 með lögum nr. 73/2008, um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Frá þeim tíma sem liðinn er hafa komið í ljós að nokkur ákvæði laganna má einfalda og skerpa til að bæta framkvæmd mála er varða framleiðendaábyrgð á raf- og rafeindatækjum. Það er m.a. í ljósi þess sem þörf er á þeim breytingum á úrgangslöggjöfinni sem lögð er fram í frumvarpi þessu.

Með frumvarpinu er áformað að innleiða tvær EB-gerðir, annars vegar tilskipun 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB og hins vegar tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma. Við samningu frumvarpsins var höfð til hliðsjónar ný úrgangstilskipun, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og niðurfellingu tiltekinna tilskipana. Um er að ræða uppfærslu eldri úrgangsgerða og endurskoðun en tilskipunin kom í stað þriggja eldri tilskipana, þ.e. 2006/12/EB um úrgang, 91/689/EBE um hættulegan úrgang og 75/439/EBE um förgun olíuúrgangs, sem allar voru innleiddar hér á landi á sínum tíma.

III. Meginefni frumvarpsins.

Í nýju úrgangstilskipuninni 2008/98/EB eru settar fram leiðir til að vernda umhverfið og heilsu manna með því að koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegum áhrifum sem myndun og meðhöndlun úrgangs hefur og með því að minnka heildaráhrif af og bæta nýtingu auðlinda. Unnið verður að innleiðingu úrgangstilskipunarinnar hér á landi á næsta ári en að ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga var ákveðið að láta þetta frumvarp taka til ákvæða tilskipunarinnar er varða úrgangsáætlanir til að gera lagaákvæði er lúta að slíkum áætlunum skýrari og einfalda framkvæmd þeirra. Samkvæmt tilskipuninni og lögum um meðhöndlun úrgangs skal gefa út áætlanir um meðhöndlun úrgangs þar sem fram kemur mat á núverandi stöðu úrgangsmeðhöndlunar á viðkomandi landsvæði, þær leiðir sem valdar eru til að bæta umhverfisvæna endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu og förgun úrgangs og mat á því hvernig áætlanirnar munu styðja við framkvæmd markmiða og ákvæða tilskipunarinnar. Fyrsta landsáætlun um úrgang var gefin út hér á landi árið 2004 og fyrstu svæðisáætlanirnar litu dagsins ljós seinni hluta árs 2005. Tilskipun 2008/98/EB er ekki enn komin inn í EES-samninginn.

Í frumvarpinu eru m.a. lögð til þau nýmæli að útgáfa starfsleyfa fyrir alla meðhöndlun úrgangs aðra en förgun úrgangs og meðhöndlun spilliefna verði í höndum heilbrigðisnefnda. Þannig verður útgáfa starfsleyfa fyrir urðunarstaði, brennslustöðvar, námuúrgangsstaði og förgun og meðhöndlun spilliefna hjá Umhverfisstofnun en útgáfa fyrir alla meðferð úrgangs hjá hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Þetta er lagt til til að einfalda framkvæmd og til þess að skýra verkaskiptingu milli heilbrigðisnefndar og Umhverfisstofnunar.

Líkt og fram hefur komið falla lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, úr gildi 1. janúar 2011. Þannig er gert ráð fyrir að rekstur Endurvinnslunnar hf. breytist og hún starfi þá ekki lengur á grundvelli þeirra laga. Vegna þessa er í frumvarpinu lagt til að sett verði framleiðendaábyrgð á drykkjarvöruumbúðir úr áli, stáli, gleri og plastefnum, í stað núverandi skilagjalds og umsýsluþóknunar á einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli, stáli, gleri og plastefnum. Samkvæmt lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, er gert ráð fyrir að hluti af starfsemi Endurvinnslunnar hf. færist til Úrvinnslusjóðs og í ákvæði til bráðabirgða í sömu lögum að Endurvinnslan hf. starfi til 1. janúar 2011. Í lögunum er jafnframt gert ráð fyrir að Úrvinnslusjóði sé heimilt að undirbúa samning við Endurvinnsluna hf. sem byggist á sömu forsendum og eldri löggjöf, þ.e. að skilagjald verði áfram innheimt af framleiðendum og innflytjendum og að innheimtumaður ríkissjóðs innheimti gjaldið. Þessi háttur grundvallast á eldri framkvæmd þessara mála, á því kerfi sem upphaflega var komið á fót með lögbundnu einkaleyfi til eins fyrirtækis til að annast rekstur skilakerfis í nánum tengslum við hið opinbera. Miklar breytingar hafa orðið á allri tilhögun um úrvinnslu úrgangs frá því að lög um úrvinnslugjald voru sett árið 2002 og er nú m.a. lögð aukin áhersla á ábyrgð framleiðenda vegna meðhöndlunar úrgangs og á það að opinberir aðilar taki sem minnstan þátt í framkvæmd og kostnaði af úrgangsmeðhöndlun. Þannig skulu einstakar framleiðslugreinar taka að sér að annast söfnun þess úrgangs sem fellur til í viðkomandi grein og framleiðendur taka því yfir á sína ábyrgð og kostnað að safna og endurnýta úrgang og þar með að vernda umhverfið gegn mengun af völdum þess úrgangs. Frá 1. janúar 2009 hafa framleiðendur og innflytjendur borið ábyrgð á raf- og rafeindatækjaúrgangi, sbr. ákvæði V. kafla laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þar er kveðið á um að framleiðendur og innflytjendur raftækja skuli fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs. Vilji hefur verið fyrir því að setja drykkjarvöruumbúðir í svipað kerfi sem framleiðendur beri ábyrgð á. Eðlilegt er því talið að framleiðendum og innflytjendum sé gert kleift að starfrækja skilakerfi á eigin ábyrgð sem uppfylli sett markmið samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs.

Hins vegar er rétt að benda á að sjónarmið um framleiðendaábyrgð eru ekki ný af nálinni í íslenskri löggjöf, sbr. t.d. ákvæði 3. mgr. 7. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og ákvæði laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, sérstaklega 3. mgr. 8. gr. laganna sem heimilar fyrirtækjum og atvinnugreinum að semja við Úrvinnslusjóð til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna svartolíu og veiðarfæra úr gerviefnum.

Veruleg reynsla er komin á rekstur skilakerfis fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir hér á landi. Undanfarin 20 ár hefur verið starfrækt hagkvæmt og skilvirkt skilakerfi í formi Endurvinnslunnar hf., sem almenn sátt hefur ríkt um og þjónað hefur þeim hagsmunum sem taka ber tillit til við rekstur slíks kerfis, þ.e. sjónarmiðum umhverfis- og neytendaverndar. Skil á einnota drykkjarvöruumbúðum hafa verið nokkuð góð hér á landi og kerfið fremur aðgengilegt fyrir neytendur þó að þar megi auðvitað alltaf bæta um betur. Mikilvægt er að halda í þann árangur sem Endurvinnslan hf. hefur náð, en skilahlutfall er í dag um 85% að jafnaði. Ljóst er þó að stjórnvöld munu á næstu missirum gera kröfu um hærri skil eða um 90% hið minnsta. Jafnframt er gerð tillaga í þessu frumvarpi um að inn í skilakerfið falli bæði einnota og margnota drykkjarvöruumbúðir. Þá er rétt að benda á að ólíkt skilakerfi raf- og rafeindatækjaúrgangs er uppsetning og rekstur skilakerfis fyrir drykkjarvöruumbúðir fremur einfalt að umfangi, enda var við vinnslu frumvarpsins reynt að sníða helstu vankantana af.

Með frumvarpi þessu er lagt til að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE. Innan Evrópu hafa gilt mismunandi ráðstafanir varðandi rafhlöður og

rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma sem æskilegt þótti að samræma í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra á umhverfið. Að auki þótti rétt að gera ráðstafanir til að samræma kröfur varðandi innihald þungmálma og merkingar þessara vara til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins og koma í veg fyrir að samkeppni raskist innan svæðisins. Af þessum sökum þótti tilefni til setningar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB, en í henni er að finna ákvæði sem setja fram reglur og viðmið sem ætlað er að ná þessum markmiðum.

Meginmarkmið tilskipunar 2006/66/EB er að draga úr neikvæðum áhrifum rafhlaða og rafgeyma og notaðra rafgeyma og rafhlaða á umhverfið og stuðla þannig að því að vernda, varðveita og bæta gæði umhverfisins. Í tilskipuninni er kveðið á um markaðssetningu rafhlaða og rafgeyma og settar eru fram reglur um bann við markaðssetningu þeirra þegar umræddar vörur innihalda ákveðin hættuleg efni. Þau ákvæði eiga sér þegar stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Einnig eru settar fram sérstakar reglur um söfnun, meðhöndlun, endurvinnslu og förgun notaðra rafhlaða og rafgeyma til að bæta viðeigandi löggjöf um úrgang og stuðla að söfnun og endurvinnslu notaðra rafhlaða og rafgeyma. Undir tilskipunina falla allar gerðir rafhlaða og rafgeyma, einnig þær sem tilskipanir 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki og 2002/96/EB sem fjallar um raftækjaúrgang ná yfir.

Samkvæmt tilskipuninni skulu aðildarríki hvetja til flokkunar og söfnunar á notuðum rafhlöðum og rafgeymum. Söfnunarstaðir fyrir færanlegar rafhlöður og rafgeyma skulu vera til staðar þannig að almenningur geti, sér að kostnaðarlausu, fargað þeim á þægilegan hátt. Dreifingaraðilum færanlegra rafhlaða og rafgeyma skal gert að taka við notuðum rafhlöðum og rafgeymum, um leið og ný rafhlaða eða rafgeymir er afhentur nema önnur söfnunarkerfi séu til staðar sem nái markmiðum tilskipunarinnar. Til að koma fyrirkomulagi söfnunar í framkvæmd er aðildarríki heimilt að krefjast þess að framleiðendur setji upp slík kerfi, að krefjast þess að aðrir rekstraraðilar taki þátt í slíkum kerfum eða að viðhalda núverandi kerfi. Í frumvarpi þessu er lagt til að núverandi kerfi hér á landi verði viðhaldið og að rafhlöður og rafgeymar beri áfram úrvinnslugjald og verði safnað á sama hátt og verið hefur.

Í tilskipuninni er kveðið á um að aðildarríkjum sé heimilt að nota fjárhagsleg stjórntæki til að stuðla að því að notuðum rafhlöðum og rafgeymum sé safnað og hvetja til notkunar á minna mengandi rafhlöðum eða rafgeymum. Í frumvarpi þessu er lagt til að rafhlöður og rafgeymar falli áfram undir Úrvinnslusjóð og beri úrvinnslugjald enda fellur það vel að hlutverki Úrvinnslusjóðs sem er að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs með hagrænum hvötum.

Ríki skulu samkvæmt tilskipuninni halda skrá yfir framleiðendur, en nánari útfærsla á skráningu verður unnin af nefnd á vegum framkvæmdastjórnarinnar skv. 24. gr. tilskipunarinnar. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að Úrvinnslusjóður haldi slíka skrá. Meginbreytingar í tilskipuninni varða ákvæði um framleiðendaábyrgð, þ.e. um skyldu framleiðenda til að fjármagna söfnun, meðhöndlun og endurvinnslu notaðra rafhlaða og rafgeyma, greiðslu úrvinnslugjalds af rafhlöðum, um uppsetningu framleiðenda á sérstökum söfnunarstöðum sem eingöngu taka við færanlegum rafhlöðum og rafgeymum án þess þó að sérstakra starfsleyfa sé þörf. Að auki er kveðið á um að dreifingaraðilum verði gert skylt að taka við þeim þegar ný rafhlaða eða rafgeymir er afhentur. Einnig eru lögð til ákvæði sem fela í sér reglur um skráningu á framleiðendum rafhlaða og rafgeyma.

Auk breytinga sem lögð eru til í þessu frumvarpi á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, eru ráðgerðar reglugerðarbreytingar til nánari útfærslu einstakra ákvæða tilskipunarinnar. Í kjölfarið á gildistöku laganna, verði frumvarp þetta að lögum, þarf að setja nýja reglugerð um rafhlöður og rafgeyma í stað

núgildandi reglugerðar nr. 946/1999, um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum. Að auki þarf að gera breytingar á reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, og reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs. Þetta er nauðsynlegt þar sem setja þarf strangari kröfur um hámarksinnihald þungmálma í öllum rafhlöðum og rafgeymum. Þá þarf að kveða í reglugerð á um flokkun og söfnun notaðra rafhlaða og rafgeyma, notkun hagrænna hvata við söfnun, skráningu framleiðenda og aukna upplýsingagjöf til almennings. Einnig þarf að kveða á um hvernig tilhögun færanlegra notaðra rafhlaða og rafgeyma skuli háttað þannig að söfnunarmarkmið náist, auk þess sem kveða þarf á um að framleiðendum verði gert að fjármagna söfnun, meðhöndlun og endurvinnslu notaðra rafhlaða og rafgeyma og fjarlægingu þeirra úr raftækjum og hlutum fyrir meðhöndlun. Í reglugerð þarf einnig að setja ákvæði um leiðbeiningar sem skulu fylgja með raftækjum sem í eru rafhlöður og rafgeymar, auk leiðbeininga um það hvernig best sé að fjarlægja þau úr tækjunum. Að auki þarf að tilgreina bann við förgun notaðra rafhlaða og rafgeyma úr iðnaði og vélknúnum ökutækjum. Loks þar sem lagt er til að stuðst verði við núverandi kerfi þarf einnig að breyta reglugerð nr. 1124/2005, um úrvinnslugjald, sem sett er með stoð í lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald.

Ákvæði í frumvarpi þessu sem varða úrgang frá námum og jarðefnavinnslu eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði. Tilskipunin fjallar um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði, gerð úrgangsáætlana, starfsleyfi, fjárhagslega ábyrgð og fleira. Tilskipunin tiltekur að óvirkur úrgangur og ómengaður jarðvegur frá vinnslu sé undanþeginn nokkrum ákvæðum, svo sem um fjárhagslega ábyrgð. Því eru í frumvarpinu settar fram reglur um meðhöndlun úrgangs frá jarðefnavinnslu, við meðferð og geymslu á steinum og steinefnum og frá námuvinnslu og um þær námur þar sem spilliefni eru notuð eða falla til við námuvinnsluna og úrgangurinn er meðhöndlaður á staðnum. Almennt gildir að úrgang frá námuiðnaði skal meðhöndla á þann hátt að hann hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfi. Framkvæmdaraðili eða sá sem ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði skal sjá til þess að áhrif úrgangs séu sem minnst á umhverfi og heilsu manna, einnig eftir lokun námunnar og að meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði byggist á bestu fáanlegu tækni. Framkvæmdaraðilar eða aðrir sem bera ábyrgð á meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði skulu gera úrgangsáætlun sem miðar að því að lágmarka úrgang og ákveða meðhöndlun, endurnýtingu eða förgun á námuúrgangi. Ef einhver hætta fylgir námuúrgangi skal greina hana og hanna náma/úrgangsstöðina með tilliti til hennar svo hægt sé að fyrirbyggja umhverfisslys. Einnig er skylt að gera viðbragðsáætlanir vegna mengunarhættu og upplýsa almenning um þær. Námuúrgangsstaðir þurfa starfsleyfi og er í frumvarpinu gerð tillaga um að það falli að hinu hefðbundna kerfi um starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi. Almenningur skal upplýstur um hvaða staðir hafa sótt um leyfi til urðunar/geymslu á námuúrgangi og hefur möguleika á að gera athugasemdir. Einnig eru sett ýmis önnur ákvæði varðandi námuúrgangsstaði, t.d. ákvæði um flokkun þeirra, hönnun, að stjórnun sé í höndum þjálfaðra aðila, ákvæði um eftirlit með starfseminni, lokun og vöktun eftir lokun. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að krefjast skuli fjárhagslegrar tryggingar af framkvæmdaraðilum og er það í sama ferli og almennt gildir um urðunarstaði. Hafa skal eftirlit með starfsleyfisskyldum úrgangsstöðum fyrir námuúrgang og halda skal skrá yfir námuúrgangsstaði sem hefur verið lokað. Námuúrgangsstaðir sem þurfa starfsleyfi og eru starfandi 1. maí 2008 skulu uppfylla skilyrði tilskipunarinnar fyrir 1. maí 2012, sbr. ákvæði til bráðabirgða III.

Frá 1. janúar 2009 hafa framleiðendur og innflytjendur borið ábyrgð á raf- og rafeindatækjaúrgangi, sbr. ákvæði V. kafla laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Við fram-

kvæmd laganna hafa komið í ljós nokkur atriði sem þörf er á að bæta úr. Með þessu frumvarpi er ætlunin að bæta úr ágöllum á framkvæmdinni og stuðla að því að hún gangi betur. Breytingarnar felast einkum í því að skýra framkvæmdina og gera hana einfaldari. Gerð er tillaga um að meginreglan verði sú að öll raf- og rafeindatæki falli undir lögin, tollafgreiðsla vara sem fellur undir lögin verði háð því að framleiðandi og innflytjandi sé aðili að skilakerfi og að komið verði á jöfnunarkerfi á milli skilakerfa. Þá er lagt til að Úrvinnslusjóður fari með hlutverk stýrinefndar raf- og raftækjaúrgangs til að gera starf stýrinefndar markvissara og hagkvæmara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er að finna tillögur um nýjar skilgreiningar sem bæta á við 3. gr. laganna og einnig breytingar á skilgreiningum sem fyrir eru.

Nauðsynlegt er að skýrt sé hvaða drykkjarvöruumbúðir falla undir lögin, verði frumvarp þetta að lögum, og því eru í 1. tölul. a-liðar drykkjarvöruumbúðir skilgreindar sem umbúðir drykkjarvara úr áli, gleri, plasti, stáli eða sambærilegum efnum, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar eða átappaðar hér á landi og flokkast undir tiltekna vöruliði í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög, nr. 88/2005. Um er að ræða sömu umbúðir og falla nú undir lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvöru.

Lagt er til í 2. tölul. a-liðar að framleiðandi og innflytjandi drykkjarvöru sé skilgreindur sem aðili sem framleiðir og selur drykkjarvöruumbúðir eða flytur drykkjarvöruumbúðir inn eða út frá Íslandi í atvinnuskyni. Mikilvægt er að skilgreiningin nái yfir framleiðanda og innflytjanda drykkjarvöru óháð þeirri sölutækni sem er notuð og nái þannig m.a. yfir fjarsölu. Sama á við um skilgreiningu á framleiðanda og innflytjanda rafhlaða og rafgeyma, sbr. 3. tölul. a-liðar. Inn- og útflutningur á umræddum vörum í atvinnuskyni nær jafnt til endursölu sem notkunar í eigin rekstri. Skilgreiningin á framleiðanda og innflytjanda rafhlaða og rafgeyma er í samræmi við skilgreiningu á framleiðanda í 3. gr. tilskipunar 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma.

Lagt er til í 4. tölul. a-liðar að sett verði inn í lögin sú skilgreining á meðferð úrgangs sem hefur verið í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs frá því að hún var sett. Meðferð úrgangs er meðhöndlun úrgangs önnur en endanleg förgun, svo sem söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting og pökkun úrgangs. Þetta er lagt til þar sem gerð er tillaga í frumvarpinu um að útgáfa starfsleyfis fyrir alla meðhöndlun úrgangs, aðra en förgun, verði í höndum heilbrigðisnefnda. Sjá nánar athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins.

Í 5. tölul. a-liðar er gerð tillaga um að námuúrgangsstaður verði skilgreindur sem staður þar sem fram fer efnistaka á landi eða neðanjarðarnáma þar sem spilliefni, sem notuð eru eða falla til við námuvinnsluna, eru meðhöndluð sem úrgangur og að námuúrgangsstaður sé förgunarstaður og er þetta í samræmi við ákvæði tilskipunar 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði.

Rafhlaða eða rafgeymir eru skilgreind í 6. tölul. a-liðar sem sérhver uppspretta raforku sem myndast við beina umbreytingu efnaorku og samanstendur af einu einhlaði (e. primary cell) eða fleiri, þ.e. ekki endurhlaðanlegum, eða einu endurhlaði (e. secondary cell) eða fleiri, þ.e. endurhlaðanlegum. Skilgreiningin er í samræmi við skilgreiningu sem er að finna í áðurnefndri tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma.

Skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir er skilgreint í 7. tölul. a-liðar sem fyrirtæki eða aðili sem tekur að sér ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á drykkjarvöruumbúðum. Framleiðanda og innflytjanda ber að uppfylla skyldur sínar með aðild að skilakerfi, sbr. a-lið 6. gr. frumvarpsins, sem verður 20. gr. laganna verði frumvarp þetta að lögum. Í skilakerfi getur verið einn framleiðandi og innflytjandi en einnig geta framleiðendur og innflytjendur gert samning við skilakerfi um að þeir taki að sér þeirra ábyrgð samkvæmt lögunum verði frumvarpið að lögum. Þá getur ráðherra ákveðið að einungis skuli starfa eitt skilakerfi, sbr. tillögu í 2. málsl. 6. mgr. a-liðar 6. gr. frumvarpsins.

Í b-lið greinarinnar eru lagðar til breytingar á skilgreiningum er varða raf- og rafeindatæki annars vegar og raf- og rafeindatækjaúrgang hins vegar til að gera þær skýrari. Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að viðauki I um flokkun raf- og rafeindatækja verði felldur brott og flokkun þeirra tilgreind í lögunum sjálfum, sbr. nánar umfjöllun um 11. og 22. gr. frumvarpsins. Þannig er í 1. tölul. b-liðar greinarinnar lagt til að við núverandi skilgreiningu á raf- og rafeindatæki sé bætt að búnaðurinn sé hannaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið og hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1500 volt þegar um er að ræða jafnstraum, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af búnaðinum. Þá er ekki lengur vísað í viðauka með lögunum, sbr. umfjöllun hér að framan. Í 2. tölul. b-liðar er bætt við skilgreininguna á raf- og rafeindatækjaúrgangi þannig að hún verði skýrari og skýrt sé að einnig sé um að ræða alla íhluti, undireiningar og aukahluti sem eru hluti af búnaðinum þegar honum er fleygt.

Um 2. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á þremur málsgreinum í 4. gr. laganna.

Í a-lið er lögð til breyting á 3. mgr. á þann veg að umhverfisráðherra gefi út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs í stað Umhverfisstofnunar eins og nú er. Samkvæmt frumvarpinu mundi Umhverfisstofnun vinna tillögu að áætluninni og leggja fyrir ráðherra verði frumvarpið að lögum. Lagt er til að landsáætlun verði gefin út til tólf ára í senn sem er talinn hæfilegur gildistími og í samræmi við ákvæði reglugerðar um meðhöndlun úrgangs. Innihaldslýsing áætlunarinnar, sem gerð er tillaga um í frumvarpinu, er að hluta til til innleiðingar á tilskipun 2008/98/EB um úrgang og niðurfellingu tiltekinna tilskipana. Þau ákvæði sem kveða á um að tryggja almenningi aðgang að áætluninni, að hún skuli aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar og ákvæði er varðar mat á áætluninni á a.m.k. sex ára fresti og endurskoðun eftir þörfum eru einnig komin úr tilskipuninni. Með síðasttalda ákvæðinu er lagt til að útgefandi áætlunarinnar meti innihald og framgang hennar með reglubundnum hætti til að tryggja gildi þeirra upplýsinga sem fram koma í áætluninni og nothæfi hennar til stefnumótunar. Hér er um breytingu að ræða því að í lögunum er nú kveðið á um endurskoðun á þriggja ára fresti. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að við gerð áætlunarinnar skuli hún auglýst í sex vikur og öllum þeim sem áhuga hafa gefið tækifæri til að koma ábendingum og athugasemdum að. Slíkt verklag yrði í samræmi við kynningarferli sem lögbundið er fyrir áætlanir sem falla undir lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana.

Svæðisáætlun er nánari útfærsla landsáætlunar fyrir tiltekið svæði. Lögð er til breyting á 4. mgr. og lagt til að gildistími svæðisáætlunar, þ.e. áætlunar sem sveitarstjórn gefur út um meðhöndlun úrgangs, verði tólf ár í samræmi við gildistíma landsáætlunar. Þessi tími hefur verið tilgreindur í ákvæði reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Innihaldslýsing áætlunarinnar, sem gerð er tillaga um í frumvarpinu, er að hluta til innleiðing á tilskipun 2008/98/EB um úrgang. Tilskipun 2008/98/EB gerir ítarlegri kröfur um áætlanir um úrgang

en fyrri tilskipun 2006/12/EB. Lagt er til í frumvarpinu að nánari innihaldslýsing, í samræmi við kröfur tilskipunar 2008/98/EB, verði felld inn í reglugerð um meðhöndlun úrgangs. Í áætluninni skal m.a. vera greining á úrgangsmeðhöndlun, hvað þurfi að gera til að bæta meðhöndlun úrgangs og hvernig áætlunin styður við framkvæmd laga um meðhöndlun úrgangs. Í svæðisáætlun skulu vera upplýsingar um úrgangsmagn og tegundir úrgangs og stöðulýsing á meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Fjalla skal um flutning úrgangs til og frá svæðinu, magnþróun tiltekinna úrgangsflokka, fyrirkomulag sorphreinsunar, helstu endurnýtingar- og förgunarstöðvar, meðhöndlun spilliefna, mat á þörfum fyrir nýskipan varðandi meðhöndlun úrgangs, fyrirhugaða lokun móttökustöðva, skilyrði og matsatriði fyrir staðsetningu nýrra stöðva og umfang þeirra og almenn markmið fyrir meðhöndlun úrgangs ásamt þeirri tækni sem meðhöndla á úrgang með. Þá má svæðisáætlun einnig fjalla um almennt skipulag meðhöndlunar úrgangs, skiptingu ábyrgðar milli aðila, mat á gildi og nauðsyn þess að innleiða hagstjórnartæki til að stýra úrgangi inn á tiltekna braut, fræðslu og upplýsingar fyrir almenning eða tiltekna neytendahópa og eldri förgunarstaði og nauðsyn þess að hreinsa þá. Setja skal fram aðgerðaáætlun um hvernig draga eigi úr myndun úrgangs og greina frá markmiðum þeim sem sett eru til að draga úr úrgangsmyndun og árangursviðmið. Svæðisáætlun er áætlun sveitarstjórnar sem ber ábyrgð á setningu hennar og framkvæmd. Ákvæði frumvarpsins er varðar það að tryggja almenningi aðgang að áætluninni, að hún skuli vera aðgengileg á netinu og ákvæði er varðar mat á áætluninni á a.m.k. sex ára fresti og gerð breytinga eftir þörfum eru jafnframt hluti af innleiðingu áðurnefndrar tilskipunar um úrgang. Lagt er til að sveitarstjórn meti innihald og framgang áætlunarinnar með reglubundnum hætti til að tryggja gildi þeirra upplýsinga sem fram koma í henni og nothæfi hennar sem stefnumótunar- og aðgerðaáætlunar. Hér er um breytingu að ræða því að í lögunum er nú kveðið á um endurskoðun á þriggja ára fresti. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórn geti gert smávægilegar breytingar á áætlun án þess að fram fari heildarendurskoðun á henni. Það sé hlutaðeigandi sveitarfélags að meta hvort þörf sé á heildarendurskoðun eða ekki. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að við gerð áætlunarinnar skuli hún auglýst í sex vikur og öllum þeim sem áhuga hafa gefið tækifæri til að koma ábendingum og athugasemdum að. Slíkt verklag yrði í samræmi við kynningarferli sem lögbundið er fyrir áætlanir sem falla undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Í þeim tilfellum sem svæðisáætlun fellur undir lög um umhverfismat áætlana fer um auglýsingu hennar samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

Eins og að framan greinir í almennum athugasemdum þarf að innleiða tilskipun 2008/98/EB um úrgang að fullu síðar, en lagt er til að þessar breytingar varðandi landsáætlun og svæðisáætlun verði sett í lögin nú. Samband íslenskra sveitarfélaga óskaði eftir því við ráðuneytið með bréfi 3. febrúar 2009 að lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, yrði breytt hvað varðar ákvæði um svæðisáætlanir. Þá þykir einnig rétt að setja skýrari ákvæði um landsáætlun um meðhöndlun úrgangs í lögin og skilgreina betur hlutverk Umhverfisstofnunar varðandi landsáætlun. Þannig er það lagt til nú, eins og að framan greinir, að sett verði ákvæði í lögin að endurskoðun lands- og svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs fari fram á sex ára fresti í stað fjögurra ára eins og nú er kveðið á um og er það í samræmi við framangreinda tilskipun um úrgang.

Eins og fram kemur hér að framan er í frumvarpi þessu lagt til að framleiðendaábyrgð verði á drykkjarvöruumbúðum úr áli, stáli, gleri og plastefnum. Samkvæmt frumvarpinu verða þeir sem flytja inn, framleiða og selja drykkjarvöruumbúðir ábyrgir fyrir drykkjarvöruumbúðaúrgangi og því er lagt til í b-lið að sveitarstjórnir verði undanþegnar ábyrgð á flutningi þessa úrgangs. Þetta nær til flokkaðra umbúða en á auðvitað ekki við þó að einar og einar umbúðir fari óvart í tunnu með almennum óflokkuðum heimilisúrgangi.

Um 3. gr.

Í a–e-lið eru lagðar til breytingar á 5. gr. laganna þannig að útgáfa starfsleyfa fyrir alla meðferð úrgangs, þ.e. alla meðhöndlun úrgangs aðra en förgun, verði í höndum heilbrigðisnefnda. Útgáfa starfsleyfa fyrir förgunarstaði, svo sem urðunarstaði og brennslustöðvar, verði áfram í höndum Umhverfisstofnunar. Þá er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun veiti söfnunarstöðvum og móttökustöðvum starfsleyfi séu þær reknar í nánum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði. Eins og lögin eru nú er það í höndum Umhverfisstofnunar að veita starfsleyfi fyrir móttökustöðvar fyrir meðhöndlun úrgangs en heilbrigðisnefnda að veita starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar og aðra meðhöndlun úrgangs samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þessi tilhögun hefur stundum valdið vandamálum þegar ekki liggur fyrir hvort viðkomandi stöð teljist söfnunarstöð eða flokkunarstöð, en flokkunarstöð er móttökustöð. Jafnframt þróast söfnunarstöðvar oft hratt og teknar eru upp nýjar aðferðir við meðhöndlun úrgangs, svo sem flokkun og böggun, sem hefur í för með sér að stöðvar sem hefja starfsemi sem söfnunarstöðvar og fá starfsleyfi hjá heilbrigðisnefnd teljast innan skamms tíma vera orðnar móttökustöðvar og því starfsleyfisskyldar hjá Umhverfisstofnun. Þetta hefur haft í för með sér ósamræmi í starfsleyfisveitingum. Orðalag varðandi starfsleyfisveitingar í fylgiskjölum með lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun hefur flækt málin enn frekar. Því hafa þessi lagaákvæði nú verið tekin til endurskoðunar, lagðar til áðurnefndar breytingar og til samræmis lagðar til breytingar á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og fyrirhuguð er í kjölfarið breyting á reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, og reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Sjá nánar athugasemdir við 25. gr. frumvarpsins.

Eins og lögin eru nú er ekki sérstaklega kveðið á um hver gefi út starfsleyfi fyrir meðhöndlun spilliefna og því er gerð sú tillaga að fellt verði inn í lögin að Umhverfisstofnun veiti slíkri starfsemi starfsleyfi, utan flutnings spilliefna sem verði starfsleyfisskyldur hjá heilbrigðisnefnd eins og verið hefur. Söfnunar- og móttökustöðvum sem heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi verður þó heimilt að taka á móti tilteknum spilliefnum frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum, enda verði ekki um aðra meðhöndlun að ræða en söfnun og geymslu til skamms tíma. Til að auðvelda almenningi að losa sig við spilliefni og þar sem eiginlegar móttökustöðvar fyrir spilliefni eru ekki reknar í hinum dreifðari byggðum landsins er talið nauðsynlegt að heimila söfnunar- og móttökustöðvum móttöku tiltekinna spilliefna sem flokkast geta sem fremur hættulítil og falla til á heimilum og í smærri fyrirtækjum í tiltölulega litlu magni. Söfnunarstöðvar hafa til þessa tekið á móti slíkum spilliefnum án þess að sérstök lagaheimild sé fyrir hendi en úr því yrði bætt með þessum breytingum. Til greina kemur að fella inn í reglugerð um meðhöndlun úrgangs nánari leiðbeiningar um hvaða spilliefni ræðir, sé það talið nauðsynlegt.

Loks er í f-lið gerð tillaga um breytingu á 6. mgr. 5. gr. laganna í þá veru að ekki skuli auglýsa starfsleyfi fyrr en niðurstaða mats á umhverfisáhrifum liggi fyrir.

Um 4. gr.

Mikilvægt er að tryggja að Umhverfisstofnun haldi miðlægt utan um tölulegar upplýsingar er varða magn, tegundir og uppruna úrgangs og er því gerð tillaga um að við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem kveður á um að Umhverfisstofnun geti óskað eftir þessum upplýsingum frá rekstraraðila, skilakerfi og skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir. Þetta er t.d. mikilvægt til að fá yfirsýn yfir hvað fellur til af rafhlöðum í gegnum það kerfi sem Úrvinnslusjóður heldur utan um og hvað fellur til af rafhlöðum hjá skilakerfum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, falla úr gildi 1. janúar 2011. Í frumvarpinu er lagt til að sett verði framleiðendaábyrgð á drykkjarvöruumbúðir, sem skilgreindar eru í 1. gr. frumvarpsins, í stað núverandi skilagjalds og umsýsluþóknunar á einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli, stáli, gleri og plastefnum. Þannig er gert ráð fyrir að rekstrarumhverfi Endurvinnslunnar hf., sbr. lög nr. 52/1989, breytist frá því sem verið hefur og að hún starfi ekki samkvæmt sérstökum lögum, nr. 52/1989, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum hér að framan. Í greininni er lagt til að á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli sem yrði IV. kafli og fjalli um drykkjarvöruumbúðaúrgang úr áli, gleri, plasti, stáli eða sambærilegum efnum, með tíu nýjum greinum.

Um a-lið (20. gr.).

Í a-lið er fjallað um ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á að fjármagna og tryggja úrvinnslu drykkjarvöruumbúðaúrgangs í skilakerfi.

Lagt er til í 1. mgr. að framleiðandi og innflytjandi drykkjarvöruumbúða beri ábyrgð á þeim drykkjarvöruumbúðum sem framleiddar eru hér á landi eða fluttar inn og eru settar á markað og seldar hér á landi. Lagt er til að þær drykkjarvöruumbúðir sem falla undir lögin, verði frumvarpið að lögum, skuli nánar tilgreindar í reglugerð, sbr. skilgreiningu á drykkjarvöruumbúðum. Gerð er tillaga um að í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda drykkjarvöruumbúða felist að þeir skuli fjármagna og tryggja meðhöndlun drykkjarvöruumbúðaúrgangs, m.a. með því að tryggja skipulega söfnun og móttöku hans, ná lágmarkshlutfalli við endurheimt drykkjarvöruumbúða og stuðla að því drykkjarvöruumbúðum sé ekki hent á víðavangi.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöruumbúða skuli uppfylla skyldur sínar með rekstri eigin skilakerfis fyrir drykkjarvöruumbúðir eða með aðild að sameiginlegu kerfi fleiri framleiðenda og innflytjenda.

Til að tryggja að hver einasti framleiðandi og innflytjandi uppfylli ábyrgð sína er í 3. mgr. lagt til að hver sá sem framleiðir drykkjarvöru í umbúðum sem falla undir lögin eða flytur slíka vöru inn til endursölu skuli vera aðili að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir áður en varan er sett á markað. Þetta er mikilvægt til að tryggja sem besta framkvæmd og að allir framleiðendur og innflytjendur sitji við sama borð og taki þátt í kerfinu. Þá er þetta einnig nauðsynlegt til að skilakerfi fái tímanlega upplýsingar um framleiðanda og innflytjanda og hlutaðeigandi vöru, svo sem upplýsingar um gerð umbúða og merkingar.

Í 4. mgr. kemur fram að skylda hvers og eins skilakerfis nær ætíð til landsins alls án tillits til þess hvar vara er seld og skal allur úrgangur drykkjarvöruumbúða fara til meðhöndlunar. Úrgangur er samkvæmt skilgreiningu í 3. gr. laganna hvers kyns efni eða hlutir sem úrgangshafi ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og er skráður á lista yfir spilliefni og annan úrgang. Seljandi drykkjarvöruumbúða sem seldar eru í tollfrjálsri verslun hér á landi og ætlaðar eru til innlendra nota ber ábyrgð framleiðanda og innflytjanda. Þetta er mikilvægt til að tryggja farveg fyrir drykkjarvöruumbúðir sem t.d. komufarþegar kaupa í fríhöfn hér á landi.

Lagt er til í 5. mgr. að umhverfisráðherra sé heimilt að veita tímabundna undanþágu frá 1. mgr. og þá um leið frá 3. mgr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem að mjög lítið magn sé flutt inn sem sýnishorn.

Í 6. mgr. er kveðið á um reglugerðarheimild til handa ráðherra til að kveða nánar á um rekstur og stjórnun skilakerfa fyrir drykkjarvöruumbúðir, svo og eftirlit með þeim. Þá er í

2. málsl. 6. mgr. gerð tillaga um að ráðherra sé heimilt í reglugerð að kveða á um að framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöruumbúða starfi allir saman í einu skilakerfi, enda lýsi a.m.k. framleiðendur og innflytjendur með yfir 70% af markaðshlutdeild drykkjarvöruumbúða á liðnu ári vilja til að starfa saman í einu skilakerfi. Þannig mundi einungis starfa eitt skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir ef heimildin yrði nýtt. Verði tekin ákvörðun um að allir framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöruumbúða starfi saman í einu skilakerfi er ljóst að kveða þarf á um eftirlit með slíku kerfi með skýrum hætti í reglugerð. Hér má m.a. nefna þörf á ákvæðum um hvernig endurskoðun á bókhaldi slíks skilakerfis skuli háttað. Þá má einnig nefna þörf á skýrum reglum um bókhald og reikningshald fyrir slíkt skilakerfi, þ.m.t. ákvæði um ársskýrslur skilakerfisins og hvernig þær skuli setja fram. Slíkt leyfi til aðeins eins skilakerfis skal ráðherra veita lengst til sex ára í senn. Þetta ákvæði á sér fyrirmynd 3. mgr. 9. gr. dönsku umhverfislöggjafarinnar (Miljø-beskyttelsesloven). Þar segir að ráðherra geti sett reglur um að stjórnun og eftirlit með skilakerfinu í heild eða að hluta til sé í höndum innflytjenda og framleiðenda eða samtaka þeirra, félaga eða fyrirtækja, þegar tryggð er skilvirk og örugg söfnun með tilliti til til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar. Ráðherra getur þá, samkvæmt ákvæðum í dönsku löggjöfinni, ákveðið að eitt skilakerfi hafi einkarétt til reksturs og eftirlit með kerfinu, sem allir innflytjendur og framleiðendur drykkjarvöruumbúða skulu taka þátt í og innflytjendur og framleiðendur drykkjarvöruumbúða eða samtök þeirra, félög eða fyrirtæki, skuli þá stýra skilakerfinu. Í Danmörku er kveðið á um að einkarétt til reksturs skilakerfis sé hægt að veita fyrirtæki eða félagi til sex ára í einu. Skilakerfi fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli og plasti í Danmörku er með einkaleyfi gefið út af ráðherra. Danska kerfið er nú með leyfi sem gildir fyrir tímabilið 2008–2013. Kerfið er endurskoðað þriðja hvert ár til að meta hvort grundvöllur sé til að endurnýja leyfið. Önnur skilakerfi á Norðurlöndunum eru á samkeppnisgrundvelli en þó þannig að alls staðar er eitt skilakerfi sem er með yfirburðastöðu á markaði miðað við hin kerfin.

Um b-lið (21. gr.).

Í b-lið er fjallað um hlutverk skilakerfis fyrir drykkjarvöruumbúðir.

Gerð er tillaga í 1. mgr. um að hlutverk skilakerfis verði að kosta meðhöndlun drykkjarvöruumbúðaúrgangs, tryggja söfnun og móttöku á drykkjarvöruumbúðum, greiða skilagjald til þeirra sem skila drykkjarvöruumbúðum og tryggja að þeir sem meðhöndla drykkjarvöruumbúðir, þ.e. hlutaðeigandi fyrirtæki eða félög, hafi gilt starfsleyfi. Auðvitað á þetta ekki við um fjáröflunarsöfnun barna í íþróttum til dæmis, heldur einungis þar sem raunveruleg meðhöndlun fer fram.

Mikilvægt er að skilakerfið hafi nægilegt fjármagn til að tryggja að það geti staðið við skuldbindingar sínar fyrir hönd viðskiptavina sinna og er því í 2. mgr. kveðið á um það. Gert er ráð fyrir að skilakerfi þurfi að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar, sbr. d-lið greinarinnar, áður en því er heimilt að hefja starfsemi. Með umsókn skal m.a. leggja fram upplýsingar um fjárhagslega getu til reksturs skilakerfis eða tryggingu um fjárhagslega ábyrgð, sbr. ákvæði h-liðar 1. mgr. d-liðar greinarinnar.

Skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir skal, skv. 3. mgr., kosta meðhöndlun drykkjarvöruumbúða í réttu hlutfalli við markaðshlutdeild þeirra framleiðenda og innflytjenda sem gert hafa samning við skilakerfið hvort sem um er að ræða sameiginlegt skilakerfi eða skilakerfi sem er fjármagnað af einum framleiðanda eða innflytjanda.

Í 4. mgr. er gerð tillaga um að hvert og eitt skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir skuli sjá til þess að koma á söfnun og móttöku á drykkjarvöruumbúðum um land allt. Söfnunarstöðvar sveitarfélaga skulu hins vegar skv. 2. málsl. 4. mgr. veita einu skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir aðstöðu fyrir móttöku á drykkjarvöruumbúðum á söfnunarstöð óski skilakerfi eftir

því. Skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir mun eðlilega greiða hóflegt gjald fyrir aðstöðu á söfnunarstöðvum sveitarfélaga óski það að nýta þá aðstöðu. Núverandi framkvæmd Endurvinnslunnar hf. á móttöku drykkjarvöruumbúða er þannig að á höfuðborgarsvæðinu er m.a. tekið á móti umbúðum á endurvinnslustöðvum Sorpu bs. Á landsbyggðinni eru umboðsmenn sem taka við umbúðum. Gert er ráð fyrir að móttaka verði áfram með mismunandi hætti um landið eftir aðstæðum á hverjum stað. Mikilvægt er að íbúar geti á aðgengilegan hátt skilað drykkjarvöruumbúðum og fengið skilagjald endurgreitt. Því er gert ráð fyrir að þéttleiki móttökustöðva verði sambærilegur eða meiri en er í dag. Þannig er gengið út frá því að í mörgum sveitarfélögum verði fleiri en ein móttökuaðstaða, t.d. má hugsa sér að móttökuaðstaða verði í hverjum byggðarkjarna þar sem íbúar eru 150 eða fleiri. Ekkert er heldur því til fyrirstöðu að í einum byggðarkjarna sé fleiri en ein móttökuaðstaða. Í dag er tekið á móti einnota drykkjarvöruumbúðum sem bera skilagjald í yfir 30 sveitarfélögum með yfir 50 byggðarkjörnum og á stærri stöðum er fleiri en ein móttökuaðstaða. Það er mat þeirra sem til þekkja að söfnun á einnota drykkjarvöruumbúðum sé með ágætum og þjóni vel hagsmunum landsmanna. Mikilvægt er að halda í þetta og tryggja að söfnun og móttaka á drykkjarvöruumbúðaúrgangi fari fram í hverju sveitarfélagi og í hverjum byggðarkjarna landsins. Ekki er talin ástæða til að binda það í löggjöfina að móttaka sé á söfnunarstöð sveitarfélags þar sem aðstæður eru mismunandi út um land og á mörgum stöðum hafa ýmis félög og fyrirtæki séð um móttöku á tómum drykkjarvöruumbúðum, svo sem verndaðir vinnustaðir. Hins vegar er mikilvægt að aðgengi íbúa til að skila drykkjarvöruumbúðum verði sem best og fyrirkomulaginu verði ekki breytt of mikið. Í því sambandi ber að nefna að á höfuðborgarsvæðinu er samstarf milli Endurvinnslunnar hf. og Sorpu bs. þannig að á söfnunarstöðvum Sorpu bs. er hægt að skila umræddum umbúðum og fá skilagjaldið endurgreitt. Gengið er út frá því að móttaka drykkjarvöruumbúða verði áfram með ágætum og að stjórnvöld þurfi ekki að hlutast til um að tryggja að íbúar landsins geti skilað umbúðum á þægilegan máta. Þrátt fyrir það er mikilvægt að hægt verði að gripa inn í verði vanhöld á þessu og er því gerð tillaga í 12. tölul. j-liðar (29. gr.) um að ráðherra geti sett í reglugerð ákvæði um fjölda og dreifingu móttökuaðstöðu fyrir drykkjarvöruumbúðir. Hafi tvö og eða fleiri sameiginleg skilakerfi fengið leyfi, sbr. e-lið (24. gr.), og eru starfandi er gerð tillaga um í 3. málsl. 4. mgr. að þeim sé heimilt að skipta landinu á milli sín, þrátt fyrir ákvæði í 1. málsl. Ef skilakerfin komast ekki að samkomulagi skuli Umhverfisstofnun leita hagkvæmra leiða til þess að meðhöndlun drykkjarvöruumbúðaúrgangs fari fram með landfræðilega skynsamlegum hætti. Ber stofnuninni þá að leita eftir áliti Samkeppniseftirlitsins við skiptingu landsvæða á milli skilakerfa. Þá er gerð tillaga um að skilakerfi eins framleiðanda og innflytjanda geti sótt um undanþágu til ráðherra frá því að safna og taka á móti drykkjarvöruumbúðum um land allt að því tilskildu að skilakerfi geti sýnt fram á að ná endurnýtingarmarkmiði með öðrum hætti. Gert er ráð fyrir að þetta geti m.a. átt við um mjög lítil skilakerfi eins framleiðanda sem selur vöru sína á afmörkuðum stað.

Í 5. mgr. er kveðið á um að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir beri að leggja fram tryggingu um fjárhagslega ábyrgð vegna starfsemi sinnar. Lagt er til að umhverfisráðherra setji reglugerð, sbr. j-lið greinarinnar, þar sem nánari ákvæði verða sett um upphæð og form ábyrgðar eða tryggingar. Upphæð ábyrgðar eða tryggingar, svo og form, þarf að tryggja að nægilegir fjármunir séu tiltækir til að greiða fyrir úrvinnslu úrgangs í samræmi við það magn drykkjarvöruumbúða sem viðkomandi hefur sett á markað. Lagt er til að ákveðið verði í reglugerð að skilakerfi sem hefur ákveðinn fjölda viðskiptavina og er með ákveðna markaðshlutdeild geti verið undanþegið sérstakri ábyrgðartryggingu. Er þetta lagt til í ljósi þess að skilakerfi sem hefur innan sinna vébanda fyrirtæki með verulega markaðshlutdeild ætti að

geta staðið það af sér þegar áföll verða hjá einhverjum fyrirtækjum sem aðild eiga að skilakerfinu og þannig eftir sem áður staðið við skuldbindingar sínar varðandi úrvinnslu drykkjarvöruumbúðaúrgangs.

6. mgr. fjallar um upplýsingagjöf til Umhverfisstofnunar og skulu skilakerfi samkvæmt lögunum, verði frumvarp þetta að lögum, árlega veita Umhverfisstofnun varðandi undangengið ár upplýsingar um hvaða framleiðendur og innflytjendur séu aðilar að skilakerfinu, upplýsingar um það magn drykkjarvöruumbúða sem hver og einn framleiðandi og innflytjandi hefur sett á markað, hverjar endurheimtur drykkjarvöruumbúða hafi verið og loks hvar unnt sé að skila drykkjarvöruumbúðum og fá skilagjald greitt fyrir þær. Upplýsingunum skal skila til Umhverfisstofnunar eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Um viðkvæmar upplýsingar sem Umhverfisstofnun fær fer skv. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem kveður á um að starfsfólk Umhverfisstofnunar sé bundið þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd.

Um c-lið (22. gr.).

Í c-lið er fjallað um markaðssetningu drykkjarvöruumbúða og drykkjarvöru í drykkjarvöruumbúðum sem falla undir lögin, verði frumvarp þetta að lögum.

Óheimilt er skv. 1. mgr. að setja á markað eða selja drykkjarvöru í drykkjarvöruumbúðum nema innflytjandi og framleiðandi sé aðili að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir og skráður hjá Umhverfisstofnun. Tollafgreiðsla drykkjarvöruumbúða og drykkjarvara í drykkjarvöruumbúðum sem falla undir lögin, verði frumvarp þetta að lögum, verður því, skv. 2. mgr., háð því að innflytjandi sýni fram á að hann sé aðili að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir. Þetta er mikilvægt til að allir framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöru taki þátt í að uppfylla þær skyldur sem lögin leggja á þá. Aðalatriðið er að ekki sé verið að flytja inn drykkjarvöruumbúðir til endursölu án þess að innflytjandi sé aðili að skilakerfi drykkjarvöruumbúða. Þegar innflutningur vöru er háður einhvers konar skilyrðum er notaður reitur 14 í aðflutningsskýrslu E1 hjá tollinum til að innflytjandi gefi til kynna og lýsi yfir að skilyrðum sé fullnægt eða viðkomandi innflutningur sé undanþeginn viðkomandi skilyrðum, sem er verklag sem innflytjendur þekkja. Hægt yrði að búa til leyfiskóda (þriggja stafa kódi) sem tollurinn mundi hengja á öll gjaldskyld tollskrárnúmer í hlutaðeigandi köflum tollskrár í tollakerfi og síðan mundi tollurinn gefa fyrirmæli um notkun kódans í aðflutningsskýrslu og birta á tollur.is. Þegar aðflutningsskýrsla með gjaldskyldri vöru kemur til tollmeðferðar villuprófar tollakerfi að vísað sé í framangreindan leyfiskóda (kódi sé skráður) í reit 14 í skýrslunni; ef kódi er ekki skráður þá stoppar skýrslan. Í tilvísunarsvæðinu með kódanum mundi innflytjandi skrá númer leyfis sem segir að hann sé aðili að skilakerfi. Tollurinn leggur til að það verði einkvæmt hlaupandi númer og ekki lengra en 7 stafir. Ef um er að ræða innflutning einkaaðila sem ekki er skylt að vera aðili að skilakerfi, t.d. einstaklings sem væri að fá einn rauðvínskassa að gjöf erlendis frá, þá mundi innflytjandi skrá leyfiskóda og skrá UNDANÞE í tilvísunarsvæðið, sem væri yfirlýsing innflytjanda um að innflutningurinn sé undanþeginn ákvæðum um að vera aðili að skilakerfi. Framangreindar breytingar kalla á forritunarvinnu í tollakerfi, VEF-tollafgreiðslu og tollalínu og kallar á upplýsingagjöf til EDI innflytjenda/tollmiðlara vegna þeirra tölvukerfa. Til að einfalda tollinum framkvæmdina er eðlilegt að tollurinn hafi einnig aðgang að gagnagrunni Umhverfisstofnunar varðandi nauðsynlegar upplýsingar.

Til að sannreyna sölumagn drykkjarvara í drykkjarvöruumbúðum er loks í 3. mgr. gerð tillaga um að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir sé heimilt að óska eftir gögnum úr bókhaldi þeirra framleiðenda eða innflytjenda varðandi sölumagn drykkjarvara í drykkjarvöruumbúðum sem aðild eiga að hlutaðeigandi skilakerfi. Þá verður Umhverfisstofnun jafnframt

heimilt að óska eftir gögnum frá skilakerfum eða úr bókhaldi framleiðanda og innflytjanda varðandi sölumagn drykkjarvara í drykkjarvöruumbúðum. Gerð er tillaga um að löggiltur endurskoðandi staðfesti með undirskrift sinni að gögn og upplýsingar skv. 1. og 2. málsl. séu réttar. Skylt verður að veita aðgang að umbeðnum gögnum innan 14 daga frá því að þeirra er óskað, verði frumvarp þetta að lögum.

Um d-lið (23. gr.).

Í d-lið er fjallað um leyfisumsókn og skv. 1. mgr. er gerð tillaga um að áður en skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir hefji starfsemi skuli það afla leyfis Umhverfisstofnunar til að reka skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir. Með umsókn um leyfi ber að upplýsa um hvers konar umbúðir muni tilheyra skilakerfinu, hvaða framleiðendur og innflytjendur séu aðilar að skilakerfinu, fyrirhuguð skilyrði fyrir aðgangi að skilakerfinu, hvernig fyrirhugað sé að ná markmiði um söfnun, hvar verði unnt að skila drykkjarvöruumbúðum, hvernig skilakerfi ætli að stuðla að því að drykkjarvöruumbúðum sé ekki hent á víðavangi, hvaða merkingar muni verða notaðar í kerfinu, og loks upplýsingar um fjárhagslega getu til að reka skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir eða tryggingu um fjárhagslega ábyrgð. Í 2. mgr. er kveðið á um að ákveði ráðherra að einungis skuli starfa eitt skilakerfi, samkvæmt ákvæðum 2. málsl. 6. mgr. 20. gr., þurfi skilakerfi ekki að reiða fram tryggingu, þar sem allir framleiðendur og innflytjendur eru þá saman í einu skilakerfi og bera sameiginlega ábyrgð á rekstri þess.

Um e-lið (24. gr.).

Um leyfisveitingu er fjallað í e-lið greinarinnar. Leyfi til rekstrar skilakerfis fyrir drykkjarvöruumbúðir skal, samkvæmt tillögu í 1. mgr., því aðeins veitt að fyrirhuguð skilyrði fyrir aðgangi að skilakerfinu séu uppfyllt og að Umhverfisstofnun samþykki þéttleika móttöku drykkjarvara um landið. Það er mikilvægt til að tryggja að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir starfi um allt land og að íbúar geti skilað og tekið við skilagjaldi án mikils umstangs. Þá er kveðið á um að veiting leyfis sé einnig háð því að umsækjandi sýni fram á með fullnægjandi hætti að hann hafi fjárhagslega getu til að reka skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir í þágu neytenda, umhverfisverndar, framleiðenda og innflytjenda. Helstu skyldur skilakerfis eru að tryggja að drykkjarvöruumbúðaúrgangi sé safnað án gjaldtöku, ábyrgjast að úrganguri-nn hljóti viðeigandi úrvinnslu og að greiða út skilagjald. Þess er krafist að skilakerfi hafi nægjanlegt fjármagn til að standa undir skuldbindingum sínum. Er það hlutverk Umhverfisstofnunar að fylgjast með að skilakerfi geti staðið við sínar skuldbindingar. Mikilvægt er því að skilakerfið hafi nægilegt fjármagn til að tryggja að það geti staðið við skuldbindingar sínar fyrir hönd viðskiptavina sinna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að hafi umsækjandi markaðsráðandi stöðu, sbr. ákvæði samkeppnislaga, þá skuli í leyfinu kveðið á um að hlutaðeigandi skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir tryggi jafnan aðgang allra framleiðenda og innflytjenda að skilakerfinu og að skilyrði er varða hönnun og eiginleika drykkjarvöruumbúða séu ekki íþyngjandi. Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. á ekki að eiga við um eigið skilakerfi eins framleiðanda og innflytjanda.

Loks er í 3. mgr. lagt til að Umhverfisstofnun birti á heimasíðu sinni upplýsingar um þau skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir sem hafa leyfi stofnunarinnar til að reka skilakerfi og hvar móttaka og greiðsla skilagjalds fyrir drykkjarvöruumbúðir fari fram.

Um f-lið (25. gr.).

F-liður fjallar um skráningu framleiðenda og innflytjenda. Umhverfisstofnun skal samkvæmt tillögu í 1. málsl. halda skrá með upplýsingum um alla framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöruumbúða. Framleiðanda og innflytjanda drykkjarvöruumbúða ber að skrá sig hjá Umhverfisstofnun áður en drykkjarvöruumbúðir sem falla undir lögin, verði frumvarpið að lögum, eru settar á markað eða seldar hér á landi. Skilakerfi er skv. 3. málsl. heimilt að skrá

þá framleiðendur og innflytjendur sem aðilar eru að hlutaðeigandi skilakerfi hjá Umhverfisstofnun. Mikilvægt er að hafa þessa skrá til að tryggja heildstæða yfirsýn yfir framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöruumbúða og þannig tryggja að hægt sé að halda sem nákvæmasta tölfræði yfir innflutning, framleiðslu, notkun og úrvinnslu drykkjarvöruumbúða sem falla undir lögin, verði frumvarp þetta að lögum.

Um g-lið (26. gr.).

Í g-lið er gerð tillaga um að Umhverfisstofnun hafi eftirlit með starfsemi skilakerfa fyrir drykkjarvöruumbúðir. Eftirlit stofnunarinnar á skv. 1. mgr. m.a. að felast í því að meta hvort skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir nái markmiðum um endurheimt drykkjarvöruumbúða, lágmarkshlutfall við endurvinnslu og endurnýtingu drykkjarvöruumbúða, hvort skilyrði leyfis séu virt sé um ræða sameiginlegt skilakerfi sem hefur markaðsráðandi stöðu og hvort skilyrði fyrir undanþágu frá tryggingu um fjárhagslega ábyrgð séu fyrir hendi sé um slíka undanþágu að ræða og hvort skilakerfi uppfylli skyldur þessa kafla að öðru leyti.

Í 2. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun sé heimilt að óska eftir upplýsingum frá toll- og skattyfirvöldum um heildarmagn drykkjarvöruumbúða og magn frá einstökum framleiðendum og innflytjendum drykkjarvöruumbúða vegna framleiðslu og innflutnings á drykkjarvörum í umbúðum. Þetta er nauðsynlegt til að Umhverfisstofnun geti sinnt því eftirlitshlutverki sem henni er falið skv. 1. mgr. Ákvæði 188. gr. tollalaga, nr. 88/2005, og 117. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, eiga ekki að vera því til fyrirstöðu að starfsmenn toll- og skattyfirvalda veiti Umhverfisstofnun nauðsynlegar upplýsingar. Uppfylli skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir ekki skyldur sínar er Umhverfisstofnun heimilt, samkvæmt tillögu í 3. mgr., að beita skilakerfi þvingunarúrræðum samkvæmt lögunum sem m.a. getur falist í sviptingu leyfis. Sjá nánar umfjöllun um 17. gr. frumvarpsins.

Um h-lið (27. gr.).

Skilagjald hefur verið greitt frá árinu 1989 þegar einnota drykkjarvöruumbúðum, sem falla undir lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, hefur verið skilað til Endurvinnslunnar hf. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að áfram verði greitt skilagjald þegar drykkjarvöruumbúðum er skilað og er gerð tillaga í h-lið um að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir skuli við móttöku greiða hverjum þeim sem skilar drykkjarvöruumbúðum skilagjald sem nema skal 14 kr. að lágmarki á hverja umbúðaeiningu. Skilakerfi getur haft þessa upphæð hærri ef það kýs svo eða þörf krefur og er eðlilegt að skilakerfi ákveði upphæðina þannig að hún haldi verðgildi sínu. Í lögum nr. 52/1989, um ráðstöfun gegn umhverfismengun, af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, er kveðið á um að á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni skuli leggja skilagjald sem innheimt skal við tollafgreiðslu. Gjaldið er tiltekið í lögunum sem tiltekin upphæð án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu og kveðið á um að ráðherra skuli hækka fjárhæðina í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá síðustu hækkun gjaldsins. Sama gjald er lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að sett verði framleiðendaábyrgð á drykkjarvöruumbúðir þannig að framleiðendur og innflytjendur sjái alfarið um skilagjaldið og að það verði ekki innheimt af innheimtumanni ríkissjóðs. Mikilvægt er talið að halda í skilagjaldið þar sem það er hvatning til að skila notuðum drykkjarvöruumbúðum og gerð er tillaga um að skilakerfi beri að greiða að lágmarki 14 kr. fyrir hverja umbúðaeiningu. Sjái skilakerfin fram á að skilagjaldið haldi ekki verðgildi sínu og þurfi því að hækka lágmarksupphæðina til að ná betri skilum er gert ráð fyrir að lögunum sé breytt hverju sinni, verði frumvarp þetta að lögum. Skilagjald skal endurgreiða neytendum

við móttöku á skilagjaldsskyldum umbúðum. Sömuleiðis skal greiða samsvarandi skilagjald til fyrirtækja eða félagasamtaka sem taka að sér að safna slíkum umbúðum til eyðingar eða endurvinnslu. Mikilvægt er að tryggja að endurgreiðsla skilagjalds verði einföld fyrir þá sem fá það endurgreitt. Nánari ákvæði um endurgreiðslu skilagjaldsins verður heimilt að setja í reglugerð sem sett yrði skv. 2. tölul. j-liðar frumvarpsins sem verður 29. gr. laganna verði frumvarp þetta að lögum. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði m.a. hægt að fjalla um fyrirkomulag á endurgreiðslu skilagjaldsins.

Um i-lið (28. gr.).

Í i-lið er fjallað um gjaldtöku Umhverfisstofnunar og er gerð tillaga um að Umhverfisstofnun sé heimilt að innheimta gjald fyrir útgáfu leyfis til handa skilakerfum, sbr. e-lið (24. gr.), sem og eftirlit með skilakerfum, sbr. g-lið (26. gr.). Lagt er til að ráðherra setji, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni stofnunarinnar vegna drykkjarvöruumbúðaúrgangs og skal upphæð gjalds taka mið af kostnaði við veitta þjónustu og verkefna samkvæmt þessum kafla laganna, verði frumvarp þetta að lögum.

Um j-lið (29. gr.).

Í greininni er að finna tillögur að reglugerðarheimildum til handa umhverfisráðherra. Umhverfisstofnun skal vinna tillögu að reglugerð um drykkjarvöruumbúðir og leita við þá vinnu umsagnar hjá starfandi skilakerfum fyrir drykkjarvöruumbúðir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi hagsmunaaðilum atvinnulífsins. Í greininni eru talin upp í 11 töluliðum þau atriði sem lagt er til að heimilt verði að setja reglugerðir um.

Í 1. tölul. er lagt til að heimilt verði að tilgreina í reglugerð þær drykkjarvöruumbúðir sem falli undir lögin, verði frumvarp þetta að lögum. Undir lögin falla umbúðir drykkjarvara úr áli, gleri, plasti, stáli eða sambærilegum efnum og flokkast undir vöruliði 2009, 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206 eða 2208 í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög, nr. 88/2005. Sé þörf á verður mögulegt að tilgreina nánar þær umbúðir sem falla undir lögin miðað við undirflokka vöruliða.

Í 2. tölul. er sett heimilt til að fjalla um framkvæmd endurgreiðslu skilagjaldsins í reglugerð, sbr. h-lið 6. gr. frumvarpsins sem verður 27. gr. laganna verði frumvarp þetta að lögum.

Í 3. tölul. er að finna heimild til að setja nánari skilyrði fyrir leyfi til reksturs skilakerfa fyrir drykkjarvöruumbúðir.

Í 4. tölul. er kveðið á um að heimilt sé að setja frekari ákvæði í reglugerð um rekstur og stjórnun skilakerfa fyrir drykkjarvöruumbúðir, svo og eftirlit með þeim og jafnan aðgang innflytjenda og framleiðenda að skilakerfum.

Í 5. tölul. er gerð tillaga um að ráðherra megi í reglugerð kveða á um skyldu framleiðenda og innflytjenda drykkjarvöruumbúða til að starfa saman í einu skilakerfi.

Í 6. tölul. er sett heimild til að í reglugerð verði fjallað um gerð og efnisval drykkjarvöruumbúða og í 7. tölul. er gerð tillaga um að í reglugerð verði hægt að kveða á um bann við notkun og sölu drykkjarvöruumbúða sem ekki er unnt eða torvelt að endurnota eða endurnýta. Mikilvægt er að drykkjarvöruumbúðir sem settar eru á markað séu úr efnum sem eru endurvinnanlegar og einnig að umbúðir séu ekki settar saman úr efnum á þann veg að torvelt sé að endurnýta þær.

Í 8. tölul. er kveðið á um að heimilt verði að gera kröfur um meðhöndlun notaðra drykkjarvöruumbúða sem og móttökuskilyrði. Þetta er mikilvægt þar sem tryggja verður að meðhöndlun úrgangsins sé í lagi út frá hollustuháttarsjónarmiðum og valdi ekki mengun. Eins má hugsa sér að sett verði skilyrði hvernig beri að skila drykkjarvöruumbúðum, t.d. varðandi vélvædda móttöku þar sem mikilvægt er að umbúðir og merkingar á þeim séu heilar.

Í 9. tölul. er fjallað um skyldu framleiðanda og innflytjanda til að merkja drykkjarvöruumbúðir. Gert er ráð fyrir að gerð verði krafa um það í reglugerð að á umbúðum eða merkimiða á umbúðum verði upplýsingar um að um endurvinnanlegar umbúðir sé að ræða sem beri skilagjald. Einnig þarf að gera kröfur um að fram komi upplýsingar um úr hvaða efni umbúðir eru. Þá þarf í reglugerð að gera kröfu um að strikamerkingar eða sambærilegar merkingar skuli vera á umbúðum þar sem strikamerkingar eru t.d. forsenda þess að hægt sé að nota vélar til að taka á móti, flokka og telja drykkjarvöruumbúðir. Jafnframt þarf að tryggja að skilakerfi fái tímanlega upplýsingar um merkingar frá framleiðanda og innflytjanda.

Í 10. tölul. er heimild til að setja í reglugerð lágmarksmarkmið um endurheimt drykkjarvöruumbúða, endurnýtingu og endurnotkun þeirra, sem skilakerfi ber að ná árlega, svo og hlutverk Umhverfisstofnunar til að hafa eftirlit með því að sett markmið náist.

Í 11. tölul. er ákvæði um að heimilt verði að fjalla um í reglugerð undanþágu frá tryggingu um fjárhagslega ábyrgð fyrir skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir, sbr. 5. mgr. b-liðar (21. gr.).

Loks er í 12. tölul. kveðið á um heimild til að setja ákvæði í reglugerð um fjölda og þéttleika móttökuaðstöðu fyrir drykkjarvöruumbúðir um landið. Mikilvægt er að í hverju sveitarfélagi sé að lágmarki ein aðstaða fyrir skilakerfi, svo og í hverjum byggðarkjarna þar sem t.d. búa 150 íbúar eða fleiri. Mikilvægt er einnig að í stærri sveitarfélögum og jafnvel byggðarkjörnum séu fleiri en ein aðstaða til að taka á móti drykkjarvöruumbúðum. Gengið er út frá því að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir sjái sjálf um að tryggja nægjanlegan þéttleika móttökuaðstöðu, en verði það ekki gert er settur inn sá möguleiki að kveðið verði nánar á um þetta atriði í reglugerð.

Um 7. gr.

Með frumvarpi þessu er verið að innleiða ákvæði tilskipunar 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma. Meginmarkmið tilskipunar 2006/66/EB er að draga úr neikvæðum áhrifum rafhlaða og rafgeyma og notaðra rafgeyma og rafhlaða á umhverfið og stuðla þannig að því að vernda, varðveita og bæta gæði umhverfisins. Í greininni er gerð er tillaga um að bæta við nýjum kafla í lögin, með fjórum nýjum greinum, er fjalli um rafhlöður og rafgeyma.

Um a-lið (30. gr.).

Í a-lið er kveðið á um skyldur sveitarfélaga og söluaðila. Gerð er tillaga um það í 1. mgr. að þar sem sveitarstjórn beri að sjá um að starfræktar séu söfnunarstöðvar í sveitarfélaginu skuli þessar stöðvar hafa aðstöðu fyrir móttöku á rafhlöðum og rafgeymum frá heimilum eins og nánar er kveðið á um í reglugerð og að söfnunarstöðvum beri að taka við slíkum úrgangi gjaldfrjálst. Allar rafhlöður og rafgeymar bera úrvinnslugjald samkvæmt lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, og því í raun engin breyting þar sem nú þegar er hægt að skila notuðum rafhlöðum og rafgeymum án þess að þurfa að greiða fyrir það. Í 2. mgr. er lagt til að sveitarfélög skuli veita leiðbeiningar um hvernig beri að flokka og skila rafhlöðum og rafgeymum til söfnunarstöðva sveitarfélaga og upplýsa um að rafhlöður og rafgeymar mega ekki fara með öðrum úrgangi. Þetta er mikilvægt til að tryggja rétta meðferð þessa úrgangs. Loks er í 3. mgr. kveðið á um að þeim sem selja og dreifa rafhlöðum og rafgeymum beri að taka gjaldfrjálst við notuðum rafhlöðum og rafgeymum á sölu- eða dreifingarstað. Þetta er mikilvægt til að tryggja söfnun með því að þegar rafhlöður eða rafgeymar eru keyptir þá sé hægt að skilja notuðu rafhlöðurnar eða rafgeyma eftir hjá söluaðila. Þetta er nýmæli í löggjöfinni en í framkvæmd er það svo að margir söluaðilar hér á landi taka við notuðum rafhlöðum og rafgeymum og tryggja viðeigandi ráðstöfun. Hér má nefna ílát fyrir smárafhlöður í versl-

unum og að bílaverkstæði taka við rafgeymum fyrir bíla þegar skipt er um. Í 8. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að aðildarríki skuli sjá til þess að viðeigandi söfnunarkerfi séu tiltæk fyrir færanlegar rafhlöður og rafgeyma. Slík kerfi skulu gera notendum kleift að fleygja notuðum, færanlegum rafhlöðum og rafgeymum á aðgengilegri söfnunarstöð í grenndinni, að teknu tilliti til þéttleika byggðar. Þessi krafa er uppfyllt hér á landi með aðstöðu á söfnunarstöðvum, þjónustu þjónustuaðila Úrvinnslusjóðs og aðstöðu í mörgum verslunum, eins og að framar greinir. Í 8. gr. tilskipunarinnar er enn fremur kveðið á um að söfnunarkerfi skuli krefja dreifingaraðila um að taka aftur við notuðum, færanlegum rafhlöðum og rafgeymum án endurgjalds ef þeir selja slíkar rafhlöður og rafgeyma, nema mat leiði í ljós að önnur tiltæk kerfi séu a.m.k. jafnárangursrík við að ná umhverfismarkmiðum tilskipunarinnar. Hér er sem sagt opnað fyrir að önnur tiltæk kerfi komi í stað kröfu um að dreifingaraðilar taki við rafhlöðum og rafgeymum. Í frumvarpinu er hins vegar lagt upp með að skylda sölu- og dreifingaraðila rafhlaða og rafgeyma til að taka við notuðum rafhlöðum og rafgeymum. Með því móti er tryggt að auðveldara verði að skila notuðum rafhlöðum, þ.e. það verða fleiri staðir þar sem unnt er að skila. Hinn almenni notandi getur þannig tekið með sér notaða rafhlöðu og skilað henni um leið og hann kaupir sér nýja. Þannig aukast líkur á að notandi temji sér að skila notuðum rafhlöðum og það eykur endurheimt þeirra. Mikilvægt er að reynt sé að auðvelda hinum almenna borgara að losa sig við þennan úrgang því að það eru ekki allir sem gefa sér tíma í að fara sérstaka ferð með úrganginn á söfnunarstöð. Þessi skylda hefur hvorki í för með sér mikinn kostnað né umstang fyrir sölu- og dreifingaraðila þar sem í flestum tilvikum fæli hún í sér að hann kæmi sér upp íláti til að safna þeim rafhlöðum sem skilað væri. Í mörgum tilvikum eru sölu- og dreifingaraðilar nú þegar með samninga við fyrirtæki sem sækja úrgang til þeirra og gætu þar af leiðandi einnig tekið notuðu rafhlöðurnar.

Um b-lið (31. gr.).

Í b-lið er fjallað um ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á rafhlöðum og rafgeymum.

Framleiðendur og innflytjendur rafhlaða og rafgeyma skulu, samkvæmt tillögu sem sett er fram í 1. mgr., bera ábyrgð á þeim rafhlöðum og rafgeymum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn. Framleiðendaábyrgð felur það í sér að framleiðandi, innflytjandi eða seljandi vöru ber ábyrgð á þeim samfélagslega kostnaði, að hluta til eða öllu leyti, sem hlýst af meðhöndlun vörunnar þegar hún er orðin að úrgangi. Kostnaðurinn verður hluti af heildarverði vörunnar þannig að neytandinn borgar hann, en ekki hinn almenni skattgreiðandi eins og þegar kostnaðurinn er á höndum hins opinbera. Auk þess að ætla þeim sem menga að bera af því kostnaðinn, þá liggur að baki hugmyndinni um framleiðendaábyrgð að hún sé líkleg til að draga úr myndun úrgangs sem og að auka möguleika á endurnýtingu og endurvinnslu. Þetta byggist á þeirri hugmynd að þegar framleiðendaábyrgð er fyrir hendi muni framleiðendur frekar sjá sér hag í því að framleiða vöru þannig að hún verði auðveldlega endurnýtt að hluta eða öllu leyti, þar sem það muni draga úr þeim kostnaði sem þeir þurfi annars að bera af förgun vörunnar þegar hún er orðin að úrgangi. Mismunandi útfærslur eru til af framleiðendaábyrgð og mismunandi er hversu langt er gengið. Framleiðendaábyrgð leggur þó ætíð einhvern kostnað á herðar framleiðanda sem setti vöruna á markað. Framleiðendaábyrgð getur verið lögfest en dæmi um slíkt eru lög um úrvinnslugjald og lög um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þá getur framleiðendaábyrgð verið háð samningi milli stjórnvalda og framleiðenda, sbr. t.d. samning Úrvinnslusjóðs og Landssambands íslenskra útvegsmanna um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna veiðarfæra úr gerviefnum.

Í ábyrgð framleiðanda og innflytjanda felst, samkvæmt tillögu í 2. mgr., að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun á rafhlöðum og rafgeymum að frátalinni söfnun til söfn-

unarstöðva. Það þýðir að gert er ráð fyrir að úrgangurinn sé sóttur til söfnunarstöðva. Framleiðendi og innflytjandi skal einnig bera ábyrgð á að fjármagna upplýsingagjöf samkvæmt ákvæðum c-liðar greinarinnar (32. gr.), verði frumvarp þetta að lögum. Gerð er tillaga um að framleiðendur og innflytjendur uppfylli skyldur sínar með því að vörurnar beri úrvinnslugjald samkvæmt lögum um úrvinnslugjald. Í 2. tölul. 8. gr. tilskipunar um rafhlöður og rafgeyma er aðildarríkjum heimilt að krefjast þess að framleiðendur setji upp söfnunarkerfi, að krefjast þess að aðrir rekstraraðilar taki þátt í slíkum kerfum eða að viðhalda núverandi kerfum. Þá er í 9. gr. kveðið á um að aðildarríkjunum sé heimilt að nota fjárhagsleg stjórntæki til að stuðla að því að notuðum rafhlöðum og rafgeymum sé safnað. Í þessu frumvarpi er lagt til að nýta þessa heimild og viðhalda núverandi kerfi þannig að rafhlöður og rafgeymar falli áfram undir lög um úrvinnslugjald. Þessi tillaga er sett fram í ljósi þeirrar reynslu og árangurs sem er af núverandi framkvæmd en rafhlöður og rafgeymar hafa borið spilliefnagjald og síðan úrvinnslugjald allt frá árinu 1997. Í lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, segir að úrvinnslugjald skuli standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar, enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þannig skal samkvæmt lögunum greiða fyrir þann úrgang sem berst inn á söfnunarstöðvar. Með þessari útfærslu sem lögð er til er það Úrvinnslusjóður sem mun bera ábyrgð á því að ná þeim markmiðum sem sett eru. Rétt er þó að benda á að varðandi rafhlöður og rafgeyma í raf- og rafeindatækjum fer skv. V. kafla laganna sem verður VIII. kafli verði frumvarp þetta að lögum.

Loks er í 3. mgr. b-liðar kveðið á um að seljandi rafhlaða og rafgeyma sem falla undir lög þessi og seld eru í tollfrjálsri verslun hér á landi og ætluð til innlendra nota beri ábyrgð framleiðanda og innflytjanda samkvæmt lögunum.

Um c-lið (32. gr.).

Í c-lið er fjallað um upplýsingaskyldu framleiðenda og innflytjenda og merkingar. Um er að ræða innleiðingu á ákvæðum sem eru í 20. og 21. gr. tilskipunarinnar um rafhlöður og rafgeyma. Gerð er tillaga um að framleiðandi og innflytjandi rafhlaða og rafgeyma skuli í upplýsingum sem ætlaðar eru kaupanda upplýsa um hvar sé heimilt að skila rafhlöðum og rafgeymum, að rafhlöður og rafgeymar megi ekki fara með öðrum úrgangi, að hægt sé að skila rafhlöðum og rafgeymum án greiðslu og að ábyrgst sé að úrgangurinn verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur. Jafnframt skal upplýsa um áhrif rafhlaða og rafgeyma á heilsu manna og umhverfi. Loks er gerð tillaga um að notendur skuli upplýstir um merkingu á rafhlöðum og rafgeymum og hvað þær þýða.

Um d-lið (33. gr.).

D-liður fjallar um skráningu framleiðenda og innflytjenda rafhlaða og rafgeyma. Gerð er tillaga um að Úrvinnslusjóður haldi skrá yfir framleiðendur og innflytjendur rafhlaða og rafgeyma hér á landi. Þetta er í samræmi við ákvæði 17. gr. tilskipunar 2066/66/EB um rafhlöður og rafgeyma þar sem kveðið er á um að aðildarríki skuli sjá til þess að sérhver framleiðandi sé skráður. Gert er ráð fyrir að Úrvinnslusjóður geti nálgast þessar upplýsingar hjá tollyfirvöldum. Upplýsingar um framleiðendur og innflytjendur rafhlaða og rafgeyma þurfa að vera aðgengilegar hjá Úrvinnslusjóði fyrir Umhverfisstofnun vegna skýrslugjafar stofnunarinnar til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Um 8. gr.

Með frumvarpi þessu er verið að innleiða ákvæði tilskipunar 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun spilliefna sem notuð eru eða falla til við námuvinnslu, og eru meðhöndluð í námunni sem úrgangur. Ákvæði tilskipunarinnar sem snúa að meðhöndlun á óvirk-

um námuúrgangi eða ómenguðum jarðvegi sem fellur til við námuvinnsluna eru nú þegar í skipulags-, byggingar- og náttúruverndarlögum og þarf því ekki að innleiða sérstaklega. Í greininni er gerð er tillaga um að bæta við nýjum kafli, með fimm nýjum greinum, er fjalli um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði.

Um a-lið (34. gr.).

Námuúrgangsstaðir þurfa starfsleyfi og er í frumvarpinu gerð tillaga um að það falli að hinu hefðbundna kerfi um starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi sem fer eftir lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Því er gerð tillaga um að Umhverfisstofnun veiti námuúrgangsstöðum starfsleyfi. Hyggist rekstraraðili námuúrgangsstaðar gera breytingar á rekstrinum sem varðað geta starfsleyfið eða flytja reksturinn er gerð tillaga um að honum beri að tilkynna Umhverfisstofnun um það með hæfilegum fyrirvara sem skal meta innan fjögurra vikna frá móttöku tilkynningar hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi vegna þeirra breytinga sem rekstraraðili hefur tilkynnt um. Enn fremur er gerð tillaga um að Umhverfisstofnun sé heimilt að endurskoða starfsleyfi ef forsendur breytast. Viðbragðsáætlun, sbr. ákvæði 37. gr., skal liggja fyrir áður en starfsleyfi er gefið út.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, eru framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lögin háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Eru framkvæmdir þær sem fram koma í 2. viðauka við lögin þar af leiðandi tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar sem metur hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Námuúrgangsstaðir eru förgunarstaðir og falla sem slíkir undir b-lið 11. tölul. 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum og eru því tilkynningarskyldir, sbr. það sem að framan greinir. Er í þessu ljósi gerð tillaga um það í 4. mgr. að verði fyrirhugaður námuúrgangsstaður háður mati á umhverfisáhrifum skuli ekki gefa út starfsleyfi fyrir hann fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram.

Um b-lið (35. gr.).

Í greininni er gerð tillaga um að úrgangsáætlun og starfsleyfistrygging skuli fylgja umsókn um starfsleyfi fyrir námuúrgangsstað.

Um c-lið (36. gr.).

Í 1. mgr. er lagt til að gera skuli úrgangsáætlun sem miðar að því að lágmarka úrgang og kveða á um meðhöndlun og þá sérstaklega endurnýtingu eða förgun á námuúrgangi. Rekstraraðili námuúrgangsstaðar er ábyrgur fyrir því að úrgangsáætlun sé gerð. Lagt er til að við áætlunargerð skuli hafa sjálfbærni í huga. Tilgangur úrgangsáætlunar er að fá rekstraraðila til að gera sér grein betur grein fyrir magni úrgangs sem fellur til við námuvinnsluna og hvernig betur sé hægt að lágmarka hann, t.d. með endurnýtingu, endurnotkun eða endurheimt. Einnig að náman sé hönnuð með þeim hætti að förgun hættulegs úrgangs sé örugg þannig að minna eftirlit þurfi með úrgangsstaðnum eftir að honum hefur verið lokað og áhrif hans séu ekki neikvæð á umhverfið sé litið til lengri tíma.

Lagt er til í 2. mgr. að úrgangsáætlanir skuli innihalda upplýsingar um flokkun staðar fyrir námuúrgang og röksemdir fyrir henni, tegund og magn úrgangs sem áætlað er að falli til, svo og upplýsingar um áhrif úrgangsins á umhverfi og heilsu manna, aðgerðir til að draga úr áhættu, áætlun um eftirlit og vöktun, upplýsingar um lokun, aðgerðir í kjölfar lokunar, aðgerðir til að draga úr hættu á mengun vatns, lofts og jarðvegs, sem og könnun á ástandi svæðisins sem verður fyrir áhrifum af úrgangsstaðnum.

Um d-lið (37. gr.).

Samkvæmt tilskipuninni er skylt að gera viðbragðsáætlanir vegna mengunarhættu og upplýsa almenning um þær. Gerð er tillaga um það í 1. mgr. greinarinnar að fyrir stað fyrir

námuúrgang sem flokkast sem hættulegur skuli rekstraraðili námuúrgangsstaðar gera viðbragðsáætlun vegna hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna. Um viðbragðsáætlun fer samkvæmt reglugerð um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna. Reglugerðin gildir um iðnaðarstarfsemi, búnað og geymslustaði þar sem tiltekin hættuleg efni eru geymd eða notuð við eðlilega starfsemi eða þar sem þau kunna að myndast við röskun á eðlilegri starfsemi og lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, gilda um, sbr. þó strangari ákvæði í sérlögum eða sérreglum eins og lögum þessum, verði frumvarpið að lögum. Gerð er tillaga um að námuúrgangsstaður skuli flokkaður sem hættulegur ef líkur eru á að hrun á haugi eða stíflubrestur á námuúrgangsstaðnum geti valdið stórslysi samkvæmt áhættumati sem gert er fyrir staðinn og tekið er tillit til þátta eins og núverandi eða framtíðarstærðar úrgangsstaðarins, staðsetningar og umhverfisáhrifa frá námuúrgangsstaðnum eða á staðnum sé úrgangur sem flokkast sem spilliefni yfir ákveðnum mörkum eða á staðnum séu efni eða efnablöndur sem flokkast sem hættulegar. Í 2. málsl. er gerð tillaga um að viðbragðsáætlun liggi fyrir áður en starfsleyfi er gefið út.

Um e-lið (38. gr.).

Í greininni er kveðið á um fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja. Búist er við að einkum geti reynt á slíka tryggingu þegar rekstraraðili hefur hætt starfsemi, starfsleyfi er ekki lengur í gildi og ekki er unnt að beita þvingunarúrræðum gagnvart starfsleyfishafa. Er því gert ráð fyrir því að tryggingin geti staðið til fullnustu þess að vöktun og sýnataka í kjölfar lokunar fari fram, enda gerir tilskipunin ráð fyrir því að tryggingunni sé haldið svo lengi sem rekstraraðila er skylt að vakta námuúrgangsstaðinn. Gerð er tillaga um það í 2. mgr. greinarinnar að rekstraraðili leggi fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu sem gildi í 30 ár eftir að námuúrgangsstað er lokað. Lagt er til að fjárhæð tryggingar verði tiltekin í starfsleyfi og að fjárhæð hennar sé í samræmi við líkleg umhverfisáhrif sem staðurinn muni valda og þeim kostnaði sem fylgir því að byggja upp svæðið eftir lokun. Einnig skal taka mið af þeim kostnaði sem hlýst af vöktun og sýnatöku, sem og úttekt á þeim aðgerðum sem gerðar eru til að draga úr áhrifum sem úrgangsstaðurinn veldur.

Loks er í 3. mgr. gerð tillaga um að aðför megi ekki gera í tryggingunni nema til fullnustu skyldu rekstraraðila til aðgerða í samræmi við starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

Um 9. gr.

Lagt er til að við 20. gr. laganna, sem verður 39. gr., bætist tveir stafliðir. E-liður kveður á um heimild til handa ráðherra að setja í reglugerð ákvæði um töluleg markmið um endurnýtingu og endurnotkun úrgangs og hlutverk Umhverfisstofnunar til að hafa eftirlit með því að sett markmið náist. F-liður mundi kveða á um heimild til handa ráðherra að setja í reglugerð ákvæði um hvaða úrgang heimilt sé að meðhöndla á námuúrgangsstað, flokkun, hönnun og stjórnun námuúrgangsstaða, kröfur um úrgangsáætlanir sem framkvæmdaaðilar námuúrgangsstaða skulu gera og kröfur um starfsleyfistryggingu.

Þá er lagt til að tiltekið verði í núverandi e-lið, sem verður g-liður, verði frumvarp þetta að lögum, að hægt verði að setja nánari ákvæði í reglugerð um innihald landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs og áætlanir sveitarstjórna.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að á hverri söfnunarstöð skuli einungis starfa eitt skilakerfi fyrir hvern vöruflokk. Þetta er sett inn í frumvarpið til að taka af allan vafa um að aðeins eitt skilakerfi fyrir hvern vöruflokk skuli starfa á hverri söfnunarstöð. Fyrirséð er að vandkvæði

verði ef tvö skilakerfi starfi á sömu söfnunarstöð, enda gæti þá komið upp barátta um þann raf- og rafeindatækjaúrgang sem hinn almenni borgari kemur með á söfnunarstöðina. Ekki væri ljóst hvort hinn almenni borgari ætti að setja úrganginn í gám skilakerfis A eða B. Fer því betur á því að aðeins eitt skilakerfi starfi á hverri söfnunarstöð.

Um 11. gr.

Í greininni er lögð til breyting á því til hvaða raf- og rafeindatækja framleiðendaábyrgðin taki. Lagt er til að meginreglan verði sú að öll raf- og rafeindatæki, sem falla undir skilgreininguna á raf- og rafeindatæki, falli undir lögin. Hér undir falla bæði raf- og rafeindatækin sjálf svo og íhlutir þeirra. Þá er lagt til að tilgreind verði í reglugerð þau raf- og rafeindatæki sem falla undir lögin. Með þessu móti yrði alveg ljóst hvaða raf- og rafeindatæki falla undir lögin og hver ekki. Meginreglan væri að öll raf- og rafeindatæki falli undir lögin og í reglugerð verða þá tilgreind þau tollskrárnúmer sem um ræðir, þ.e. þær vörur sem á að stoppa innflutning á sé viðkomandi innflytjandi ekki aðili að skilakerfi. Sjá nánar hér að aftan í umfjöllun um 3. mgr. greinarinnar. Markmiðið með þessari breytingu er að tryggja það að sem flestum raf- og rafeindatækjum sé safnað og komið til viðeigandi meðhöndlunar. Þessi breyting hefur líka í för með sér ákveðna einföldun og tímasparnað bæði fyrir framleiðendur og innflytjendur og stjórnvöld. Frá 1. janúar 2009 hefur farið mikill tími í það hjá Umhverfisstofnun að meta hvaða raf- og rafeindatæki falli undir lögin og hvaða tæki ekki. Þá þarf framleiðandi og innflytjandi ekki að velkjast í vafa um hvort hans vara falli undir lögin eða ekki.

Lagt er til að raf- og rafeindatæki sem falla undir lögin flokkist í 10 flokka með heitum sem tilgreindir eru í b-lið greinarinnar. Innan ESB er til umræðu að fækka þessum flokkum en það er ekki komin niðurstaða í það þannig að í þessu frumvarpi er gerð tillaga um þessa 10 flokka.

Einnig er í greininni lagt til að óheimilt verði að setja á markað, selja eða taka til eigin nota í atvinnuskyni hér á landi raf- og rafeindatæki sem falla undir þessi lög nema framleiðandi og innflytjandi þess sé aðili að skilakerfi og skráður í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda. Þetta á við um þá sem markaðssetja og selja í atvinnuskyni en ekki innflutning einstaklinga. Hér er verið að skerpa á skyldu framleiðanda og innflytjanda að vera aðili að skilakerfi og skráður í skráningarkerfi og kveða á um með skýrum hætti að óheimilt sé að setja á markað eða selja hér á landi raf- og rafeindatæki nema framleiðandi og innflytjandi hafi uppfyllt skilyrði laganna. Mikill fjöldi framleiðenda og innflytjenda hefur ekki skráð sig í samræmi við núgildandi lög.

Að lokum er lagt til að tollafgreiðsla ákveðinna tollskrárnúmera sé háð því að framleiðandi og innflytjandi sé aðili að skilakerfi í samræmi við lögin. Þannig getur tollurinn skilyrt innflutning á vörum í tilteknum tollskrárnúmerum á þann hátt að kerfið getið tékkað á því að innflytjandi sé aðili að skilakerfi (þarf skráningarnúmer ekki lengra en sjö stafir sem er sett í tilvísun á tollskýrslunni). Varðandi framkvæmd mála við stoppið í tollinum er vísað til umfjöllunar um 2. mgr. c-liðar 6. gr. frumvarpsins. Við framkvæmd laganna hefur komið í ljós að framleiðendur og innflytjendur uppfylla seint og illa skyldu sína um að vera aðilar að skilakerfi. Í mörgum tilvikum þarf Umhverfisstofnun að senda mörg bréf og beita þvingunarúrræðum áður en framleiðandi og innflytjandi lætur segjast og gerist aðili að skilakerfi. Í þessar bréfaskriftir fer mikill tími starfsmanna Umhverfisstofnunar sem og kostnaður af hálfu stofnunarinnar. Hér er því lagt til að innflutningur ákveðinna tollskrárnúmera sé háður því að framleiðandi sé aðili að skilakerfi og skráður í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda. Með því móti sparast tími og kostnaður hjá stjórnvöldum við eftirlit með því að

allir framleiðendur og innflytjendur séu skráðir í samræmi við lögin. Í þessu sambandi má geta þess að Umhverfisstofnun fékk upplýsingar um innflutning frá tollstjóra á ákveðnum tollskrárnúmerum sem notuð eru við innflutning á raf- og rafeindatækjum. Miðað við tímabilið 1. janúar 2009 til 30. september 2009 voru 2.203 lögaðilar sem fluttu inn raf- og rafeindatæki. Reikna má með því að Umhverfisstofnun þurfi að senda flestum að minnsta kosti tvö bréf áður en þeir skrá sig í samræmi við lögin. Þess má einnig geta að 1. nóvember 2009 voru u.þ.b. 285 lögaðilar aðilar að skilakerfi. Þessi breyting mundi hafa í för með sér að framleiðendur og innflytjendur þyrftu að skrá sig áður en raf- og rafeindatæki væri flutt inn og þar með þyrfti ekki að eltast við fyrirtækin eftir á með tilheyrandi kostnaði og tíma. Rétt er að gera ráð fyrir að tollurinn stoppi bara innflutning á kennitölu lögaðila en ekki einstaklinga sem eru ekki að flytja inn í atvinnuskyni. Sé hins vegar um umtalsverðan innflutning einstaklinga að ræða þarf Umhverfisstofnun að skoða þau tilvik.

Um 12. gr.

Skilakerfi skal kosta geymslu, safna og taka á móti og koma til meðhöndlunar því heildarmagni raf- og rafeindatækjaúrgangs sem jafngildir markaðshlutdeild þeirra framleiðenda og innflytjenda sem samning hafa við skilakerfið hvort sem um er að ræða sameiginlegt skilakerfi eða skilakerfi sem er fjármagnað af einum framleiðanda eða innflytjanda. Til að gera þetta skýrar en er í núgildandi lögum er í greininni lagt til að komið verði á jöfnunarkerfi á milli skilakerfa. Þetta felur ekki í sér grundvallarbreytingu heldur er um það að ræða núverandi framkvæmd er skýrð nánar. Allur raf- og rafeindatækjaúrgangur skal fara til meðhöndlunar og ber skilakerfum að safna honum í hlutfalli við markaðshlutdeild þeirra framleiðenda og innflytjenda sem eiga aðild að hlutaðeigandi skilakerfi. Um er að ræða hlutfall af innflutningi og/eða framleiðslu raf- og rafeindatækja til notkunar í atvinnuskyni. Þannig getur sú staða komið upp að eitt skilakerfi safni meira en því ber miðað við markaðshlutdeild sína og beri þannig meiri kostnað en það ætti að gera. Það getur þannig leitt til þess að bæði eða öll skilakerfin safni sem minnstu magni til þess að komast hjá að safni meiru en þeim ber með tilheyrandi kostnaðarauka. Til þess að hvetja skilakerfin til að safna sem mestum raf- og raftækjaúrgangi er lagt til að það skilakerfi sem safni meira en því ber eignist fjárkröfu gagnvart öðrum skilakerfum. Taka má sem dæmi að á þriggja mánaða tímabili safnist 20.000 tonn af raf- og rafeindatækjaúrgangi. Skilakerfi A er með 80% markaðshlutdeild og skilakerfi B með 20% markaðshlutdeild. Skilakerfi A hefði átt að safna 16.000 tonnum en skilakerfi B 4.000 tonnum á þessu tímabili. Hins vegar safnaði skilakerfi A einungis 15.000 tonnum og skilakerfi B safnaði 5.000 tonnum. Þá mundi skilakerfi B eignast fjárkröfu á hendur skilakerfi A vegna þessara 1.000 tonna sem skilakerfi B safnaði umfram skyldu sína. Fjárkrafa reiknast síðan á ákveðnu einingarverði á hverju kílói. Um hvernig staðið skal að uppgjöri milli skilakerfa, forsendum útreiknings fjárkröfu sem skapast á milli þeirra og ákvörðun einingarverðs verður tilgreint í reglugerð sem ráðherra setur. Þannig yrði einingarverðið ákveðið af stýrinefndinni, en í reglugerðinni væru ákvæði um hvernig það yrði gert. Gerð er tillaga um að markaðshlutdeild skilakerfis ákvarði það magn sem skilakerfi beri að safna af raf- og rafeindatækjaúrgangi. Söfnun umfram markaðshlutdeild er t.a.m. þegar safnað er hlutfallslega meiru en sem nemur markaðshlutdeild, að það magn sem skilakerfi ber að safna sé flutt yfir hlutfallslega lengri vegalengd en markaðshlutdeild segir til um eða að safnað sé hlutfallslega meira magni í flokkum sem eru kostnaðarsamir í förgun.

Þá er lagt til að skilakerfi skuli tryggja að söfnun og móttaka á raf- og rafeindatækjaúrgangi fari fram að lágmarki í hverju sveitarfélagi og í hverjum byggðarkjarna þar sem starfræktar eru móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir sambærilegan úrgang, t.d. spilliefni. Í öðr-

um byggðarkjörnum er gerð tillaga um að sveitarfélög sjá til þess með samningi við skilakerfi að íbúar eigi þess kost að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi a.m.k. tvisvar sinnum á ári. Við framkvæmd núgildandi laga hefur ekki verið ljóst hvað felist í að skilakerfi skuli tryggja söfnun og móttöku alls staðar á landinu. Það þykir því ástæða til að kveða með skýrum hætti á um lágmarkskröfur í þessum efnum. Skilakerfum er frjálst að tryggja söfnun og móttöku með víðtækari hætti en kveðið er á um í þessari grein. Þá er lagt til að aðeins eitt skilakerfi starfi að lágmarki í hverju sveitarfélagi og í hverjum byggðarkjarna. Þetta er hugsað í þeim tilgangi að söfnun og móttaka raf- og rafeindatækjaúrgangs geti farið fram með landfræðilega skynsamlegum hætti sem og að ekki verði barátta um söfnun úrgangsins í sama byggðarkjarna. Þannig er gert ráð fyrir að stýrinefnd skipti söfnunarstöðvum á milli skilakerfanna. Einnig er lögð sú skylda á skilakerfi að birta upplýsingar á heimasíðu sinni um hvar hægt sé að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi. Mikilvægt er að almenningur geti nálgast með skýrum hætti hvar unnt sé að skila slíkum úrgangi.

Loks er í greininni lagt til að skilakerfi skili ákveðnum upplýsingum til stýrinefndar ársfjórðungslega. Þetta eru upplýsingar er varða hvaða framleiðendur og innflytjendur eru aðilar að skilakerfinu, upplýsingar um magn sem sett hefur verið á markað eða tekið til eigin nota, söfnunartölu og ráðstöfun úrgangsins, t.d. hver sér um úrvinnslu hans, hvort sem það er hér á landi eða erlendis. Markmiðið með þessu er að stýrinefndin hafi upplýsingar til að reikna út markaðshlutdeild, heildarmagn safnaðs úrgangs og sinna eftirlitshlutverki sínu.

Um 13. gr.

Í a-lið er lagt til að Úrvinnslusjóður fari með hlutverk stýrinefndar raf- og rafeindatækjaúrgangs. Þessi breyting er lögð til þar sem mikilvægt er að gera starf stýrinefndar markvissara og hagkvæmara. Með þessari breytingu bætist við hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs. Gert er ráð fyrir að bætt verði við stjórn Úrvinnslusjóðs fulltrúa Félags atvinnurekenda þar sem innan vébanda þess eru innflytjendur raf- og rafeindatækja. Skýr greinarmunur er gerður á því hvenær stjórnin er að störfum samkvæmt lögum um úrvinnslugjald og hvenær hún er að sinna störfum stýrinefndar. Stýrinefndinni er ætlað það hlutverk að hafa umsjón með starfsemi skilakerfis fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang, þ.e. að skilakerfin ef þau verða tvö eða fleiri uppfylli skyldur sínar, tryggja að skilakerfi virki og safna saman upplýsingum frá þeim til að skila til Umhverfisstofnunar. Stýrinefnd er samstarfsvettvangur atvinnulífsins og þannig ætlað að tryggja að allir innflytjendur og framleiðendur axli ábyrgð sína og að hún deilist niður á þá í samræmi við innflutning og framleiðslu. Í 2. mgr. 26. gr. núverandi laga eru settar fram þær skyldur sem stýrinefnd ber að sinna. Meginverkefni stýrinefndar er að reikna út markaðshlutdeild milli skilakerfa og skv. b-lið að skipta upp landinu milli skilakerfa verði starfandi tvö eða fleiri skilakerfi sem koma sér ekki saman um slíka skiptingu.

Þá er lagt til að stýrinefnd skuli miða við að aðeins eitt skilakerfi starfi að lágmarki í hverju sveitarfélagi og í hverjum byggðarkjarna þar sem starfræktar eru móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir sambærilegan úrgang, t.d. spilliefni, þegar hún skiptir söfnunarstöðvum á milli skilakerfa með landfræðilega skynsamlegum hætti.

Í c-lið er lagt til að a-liður 4. mgr. greinarinnar kveði á um að hlutverk stýrinefndar sé að hafa eftirlit með því að framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja séu aðilar að skilakerfi.

Þar sem Umhverfisstofnun mun sjá um skráningu innflytjenda og framleiðenda er lagt til í d-lið að b-liður 4. mgr. falli brott.

Þá er í e-lið lögð til örlítil orðalagsbreyting á 5. mgr. 26. gr. núgildandi laga til samræmis við orðalag 39. gr. núgildandi laga.

Þar sem lagt er til að Umhverfisstofnun taki yfir skráningu innflytjenda og framleiðenda fellur því út gjaldtökuheimild stýrinefndar fyrir rekstur skráningarkerfis, sbr. tillögu í f-lið. Sjá einnig umfjöllun um 13. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að framleiðanda og innflytjanda beri að skrá sig hjá Umhverfisstofnun og að skilakerfi geti skráð þá framleiðendur og innflytjendur sem aðilar eru að hlutaðeigandi skilakerfi hjá Umhverfisstofnun. Með þessu móti verður kerfið einfaldara í notkun. Framleiðandi og innflytjandi gerist aðili að skilakerfi sem síðan skráir hann hjá Umhverfisstofnun. Þannig þarf framleiðandi og innflytjandi ekki að skrá sig á tveimur mismunandi stöðum. Ákvæði um skráningu á einungis við um nýja framleiðendur og innflytjendur, þ.e. þeir þurfa einungis að skrá sig í einu sinni.

Í 2. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun haldi skrá yfir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja í stað skráningarkerfis fyrir raf- og rafeindatæki sem stýrinefnd ber að reka samkvæmt núgildandi lögum. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að eðlilegt sé að einn aðili sjái um að halda slíka skrá á Íslandi. Umhverfisstofnun mun því halda skrá bæði fyrir framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöruumbúða sem og raf- og rafeindatækja.

Loks er í 3. mgr. kveðið á um heimild ráðherra að setja reglugerð um skráningu framleiðenda og innflytjenda. Í reglugerðinni yrði fjallað um skyldu framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja til að skrá sig og skila upplýsingum um innflutning eða framleiðslu á raf- og rafeindatækjum til Umhverfisstofnunar og á hvaða hátt það skuli gert.

Um 15. gr.

Í a- og c-lið er lögð til orðalagsbreyting til samræmis við 10. gr. þessa frumvarps.

Í b-lið er lögð til breyting til samræmis við 11. gr. þessa frumvarps. Þar sem stýrinefnd skal hafa eftirlit með því að framleiðendur og innflytjendur, sbr. 11. gr. þessa frumvarps, skal stýrinefndin tilkynna til Umhverfisstofnunar verði hún vör við að framleiðandi og innflytjandi sé ekki aðili að skilakerfi.

Í c-lið er lagt til að Umhverfisstofnun fái sömu heimild og stýrinefnd til að fá upplýsingar frá toll- og skattyfirvöldum. Þar sem Umhverfisstofnun á að halda utan um skráningu raf- og rafeindatækjaúrgangs er nauðsynlegt að stofnunin hafi þessa heimild.

Í d-lið er breytt tilvísun til vöruflokka raf- og rafeindatækja.

Í e-lið er lagt til að stýrinefnd og Umhverfisstofnun fái heimild til þess að óska eftir gögnum úr bókhaldi framleiðenda og innflytjenda til þess að sannreyna sölumagn raf- og rafeindatækja. Stýrinefnd þarf að fá upplýsingar frá skilakerfum um magn þeirra raf- og rafeindatækja sem framleiðendur og innflytjendur hlutaðeigandi skilakerfis hafa sett á markað til þess að reikna út markaðshlutdeild skilakerfanna. Til þess að þessar upplýsingar séu réttar þarf stýrinefndin að sannreyna upplýsingarnar með jöfnu millibili. Því er lagt til að stýrinefndin geti fengið upplýsingar úr bókhaldi framleiðanda og innflytjanda sem löggiltur endurskoðandi hefur staðfest með undirritun sinni.

Um 16. gr.

Í greininni er lögð til gjaldtökuheimild fyrir Umhverfisstofnun annars vegar og Úrvinnslusjóð hins vegar fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni stofnananna vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs. Upphæð gjalda skal taka mið af kostnaði við veitta þjónustu og verkefni sem Umhverfisstofnun og Úrvinnslusjóði ber að sinna varðandi raf- og rafeindatæki.

Um 17. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 29. gr., sem verður 49. gr. Í a- og b-lið eru tillögur um breytingar sem tengist breytingu sem lögð er til í 11. og 22. gr. frumvarpsins um að viðauki I verði felldur niður og flokkar raf- og rafeindatækja verði tilteknir í lögunum sjálfum og reglugerð settri á grundvelli þeirra. Í e-lið er lagt til að tveir nýir stafliðir bætist við greinina. Annars vegar að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um uppgjör á milli skilakerfa, þar á meðal útreikning fjárkröfu milli skilakerfa og einingarverð fyrir hvert kíló, sbr. ákvæði 4. mgr. 44. gr. laganna, verði frumvarp þetta að lögum. Hins vegar er lagt til að heimilt verði að kveða á um fjölda og dreifingu eða þéttleika móttökuaðstöðu fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang um landið í reglugerð.

Um 18. og 19. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Í greininni er lagt til að við 38. gr. sem verður 58. gr. og fjallar um þvingunarúrræði bætist ákvæði um að ef skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir eða skilakerfi fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang sinni ekki tilmælum um úrbætur og ef um alvarlegt eða ítrekað tilvik er að ræða sé Umhverfisstofnun heimilt að svipta skilakerfi leyfi til að starfa. Annars vegar er um að ræða nýtt þvingunarúrræði varðandi skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir og hins vegar er um að ræða að samhljóða ákvæði með smávægilegum orðalagsbreytingum er fært í þvingunarúrræðisgreinina úr 26. gr. núverandi laga til þess að gæta samræmis og hafa öll þvingunarúrræði á sama stað.

Um 21. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 39. gr., sem verður 59. gr., verði frumvarp þetta að lögum.

Í a-lið er lögð til breyting á þann veg að kæra megi ákvarðanir um útgáfu starfsleyfa samkvæmt lögunum til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá því að ákvörðun um útgáfu starfsleyfis var tekin, í staðinn fyrir að þetta eigi einungis við um starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út. Þessi breyting tengist breytingu sem lögð er til á 5. gr. laganna. Sjá nánar umfjöllun um 3. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til í b-lið að við greinina bætist ný málsgrein sem kveður á um að ágreiningi um ákvarðanir Umhverfisstofnunar er varðar skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir skuli vísa til úrskurðar ráðherra.

Um 22. gr.

Í greininni er lagt til að Viðauki I falli á brott. Sjá nánar umfjöllun um 10. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir því að frumvarpinu er ætlað að innleiða tilskipun 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma. Þá er tilskipun 2008/98/EB um úrgang höfð til hliðsjónar við vinnslu frumvarpsins þó að gerðin sé ekki innleidd að fullu að svo stöddu, sbr. umfjöllun um 2. gr. frumvarpsins.

Um 24. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2011.

Um 25. gr.

Um 1. tölul.

Í a-lið er gerð tillaga um að í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna falli brott orðin „einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, sbr. viðauka III“ þar sem gert er ráð fyrir að drykkjarvöruumbúðir beri ekki úrvinnslugjald og falli því ekki undir lögin heldur sjái framleiðendur og innflytjendur um framkvæmd málaflokksins og að um hann fari samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. umfjöllun um 6. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til að við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 5. mgr., og kveður á um að framleiðandi og innflytjandi rafhlaða og rafgeyma beri ábyrgð á þeim rafhlöðum og rafgeymum sem eru framleidd hér á landi eða flutt inn og falla undir viðauka X og XI í lögum um úrvinnslugjald. Í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun á rafhlöðum og rafgeymum að frátalinni söfnun til söfnunarstöðvar sveitarfélaga og verslana. Skulu framleiðendur og innflytjendur uppfylla skyldur sínar með því að vörurnar beri úrvinnslugjald. Sjá nánari umfjöllun um 7. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er lagt til að stjórn Úrvinnslusjóðs fari með hlutverk stýrinefndar raf- og rafeindatækjaúrgangs. Gert er ráð fyrir að bætt verði við stjórn Úrvinnslusjóðs fulltrúa Félags atvinnurekenda. Skýr greinarmunur verður gerður á því hvenær stjórnin er að störfum samkvæmt lögum um úrvinnslugjald og hvenær hún er að sinna störfum stýrinefndar. Stýrinefndinni er ætlað það hlutverk að hafa umsjón með starfsemi skilakerfa, þ.e. að þau uppfylli skyldur sínar, tryggja að þau virki og safna saman upplýsingum frá þeim til að skila til Umhverfisstofnunar. Stýrinefnd er samstarfsvettvangur atvinnulífsins og þannig ætlað að tryggja að allir innflytjendur og framleiðendur axli ábyrgð sína og að hún deilist niður á þá í samræmi við innflutning og framleiðslu.

Loks er í c-lið gerð tillaga um að viðauki III, Einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, falli úr gildi, sbr. a-lið og umfjöllun um 6. gr. frumvarpsins.

Um 2. tölul.

Hér eru lagðar til breytingar á fylgiskjali I í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 3. gr. frumvarpsins. Fylgiskjal I fjallar um atvinnurekstur sem Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi. Breytingin felst í því að hvað varðar meðhöndlun úrgangs þá falla einungis förgunarstaðir og meðhöndlun og förgun spilliefna undir þann atvinnurekstur sem Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi. Öll önnur meðhöndlun úrgangs verður háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Sjá nánar umfjöllun um 3. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Hér er lagt til að ákvæðin er varða drykkjarvöruumbúðir komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 2011, þ.e. nýr IV. kafli laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sem fjallar um drykkjarvöruumbúðir úr áli, gleri, plasti, stáli eða sambærilegum efnum.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í ákvæðinu er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli ljúka afgreiðslu starfsleyfa fyrir aðrar móttökustöðvar en förgunarstöðvar og fyrir aðra meðferð úrgangs sem eru í vinnslu hjá

stofnuninni við gildistöku laganna. Þetta er nauðsynlegt vegna þeirrar breytingar sem er lögð til á 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. umfjöllun um 3. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir að heilbrigðisnefnd veiti leyfi fyrir þessari starfsemi frá og með gildistöku laganna. Ljóst er að einhver starfsleyfi verða í vinnslu hjá Umhverfisstofnun þegar lögin taka gildi og eðlilegt að stofnunin klári þá vinnu. Ætla má að stofnunin verði búin að ljúka afgreiðslu þeirra starfsleyfa sem um ræðir eigi síðar en um mitt ár 2011.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að það taki einhvern tíma að koma á framleiðendaábyrgð á drykkjarvöruumbúðir. Því er lagt til að frá 1. janúar 2011 til 1. júlí 2011 skuli leggja skilagjald og umsýslugjald á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni, sem og drykkjarvörur sem framleiddar eru hér á landi í samræmi við gildandi lög. Þá er einnig gert ráð fyrir að Endurvinnslan hf. endurgreiði neytendum skilagjald með sama hætti og verið hefur til og með 31. desember 2011. Þannig að fram til 1. júlí 2011 á að gefast tími til að koma á nýrri framkvæmd varðandi drykkjarvöruumbúðir.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Kveðið er á um að þeir staðir fyrir námuúrgang sem eru starfandi við gildistöku laganna, verði frumvarp þetta að lögum, skuli sækja um starfsleyfi eigi síðar en 1. janúar 2012. Að öðrum kosti skuli þeim lokað. Rétt er að benda á að væntanlega er enginn staður hér á landi sem þetta mun eiga við.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Meginefni frumvarpsins lýtur að upptöku skilakerfis með framleiðendaábyrgð fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir sem leysi af hólmi núverandi fyrirkomulag. Frumvarpinu er einnig ætlað að leiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og tilskipun 2006/21/EB um meðhöndlun spilliefna sem notuð eru eða falla til við námuvinnslu og eru meðhöndluð í námunni sem úrgangur. Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á ákvæðum um framleiðendaábyrgð á raf- og rafeindatækjaúrgangi sem ætlað er að skýra og einfalda framkvæmd laganna. Tillögum frumvarpsins um breytingar á útgáfu starfsleyfa fyrir móttökustöðvar úrgangs og meðhöndlun spilliefna er einnig ætlað að einfalda framkvæmd og setja skýrari verkaskiptingu milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda í þeim efnum.

Í frumvarpinu er kveðið á um framleiðendaábyrgð á drykkjarvöruumbúðum úr áli, stáli, gleri og plastefnum. Megináhrif frumvarpsins á tekjur og gjöld ríkissjóðs eru þau að samhliða upptöku framleiðendaábyrgðar 1. júlí 2011 mun ríkið hætta álagningu og innheimtu skilagjalds og umsýsluþóknunar á umbúðirnar og þessar ríkistekjur þar með falla niður. Framlag ríkissjóðs til Endurvinnslunnar hf., sem fjármagnað hefur verið með þessum tekjum, fellur sömuleiðis niður og breytingin hefur því einungis áhrif á rekstrarumfang ríkissjóðs en

ekki afkomu. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 er þetta umfang áætlað 1.440 m.kr. miðað við óbreytt lög. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun veiti leyfi til rekstrar skilakerfis fyrir drykkjarvöruumbúðir og hafi eftirlit með starfsemi skilakerfa og að stofnuninni verði heimilt að innheimta gjald fyrir hvort tveggja og skal upphæð gjalds taka mið af kostnaði við veitta þjónustu.

Í ákvæðum frumvarpsins, til innleiðingar á tilskipun 2006/66/EB, er kveðið á um skyldu söfnunarstöðva sveitarfélaga til að hafa aðstöðu og taka gjaldfrjálst á móti rafhlöðum og rafgeymum frá heimilum. Einnig er kveðið á um skyldu þeirra sem selja og dreifa þessum vörum að taka við notuðum eintökum og tryggja viðeigandi ráðstöfun. Mælt er fyrir um skyldu þeirra sem framleiða eða flytja inn rafhlöður og rafgeyma til að fjármagna og tryggja meðhöndlun þeirra eftir að þær eru orðnar að úrgangi og að fjármagna upplýsingagjöf samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að framleiðendur og innflytjendur uppfylli þessar skyldur sínar með því að vörurnar beri úrvinnslugjald eins og verið hefur samkvæmt lögum um úrvinnslugjald. Ekki er því reiknað með að þessi hluti frumvarpsins hafi áhrif á tekjur eða gjöld ríkissjóðs.

Í ákvæðum frumvarpsins, til innleiðingar á tilskipun 2006/21/EB, er kveðið á um að námuúrgangsstaður skuli hafa gilt starfsleyfi Umhverfisstofnunar, skyldu rekstraraðila til að gera úrgangsáætlun, og viðbragðsáætlun ef námuúrgangur telst hættulegur, og leggja fram fjárhagslega tryggingu fyrir því að skyldur sem starfsleyfi fylgja verði uppfylltar. Kostnaður Umhverfisstofnunar fyrir eftirlit með námuúrgangi hefur ekki verið áætlaður en ekki er ástæða til að ætla að þar verði um verulegar fjárhæðir að ræða. Reiknað er með að kostnaðinum verði mætt með gjaldskrárákvæðum laganna.

Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjum og úrvinnslu þess úrgangs sem af þeim hlýst tók gildi 1. janúar 2009. Þær breytingar sem hér eru lagðar til hafa það að markmiði að einfalda og skerpa lagaframkvæmdina í ljósi reynslunnar. Helstu breytingar eru þær að lagt er til að öll raf- og rafeindatæki falli undir lögin, Úrvinnslusjóður fari með hlutverk stýrinefndar og að Umhverfisstofnun skuli halda skrá með upplýsingum um alla framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja. Umhverfisstofnun og Úrvinnslusjóður skulu taka gjald fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs og skal upphæð gjalda taka mið af kostnaði.

Meginniðurstaða þessa kostnaðarmats er því sú að lögfesting frumvarpsins leiði til þess að árlegar tekjur og útgjöld ríkisins í fjárlögum og ríkisreikningi í tengslum við lið Endurvinnslunnar hf. falli niður en þær nema um 1,4 milljörðum kr. í ár. Afkoma ríkissjóðs verður því óbreytt eftir sem áður. Í staðinn verði tekin upp framleiðendaábyrgð á einnota drykkjarvöruumbúðum en það kerfi verður rekið utan ríkisstarfseminnar.

204. Frumvarp til laga [187. mál]

um breyting á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna hljóðar svo:

Aðilar skv. 1. mgr. skulu greiða í ríkissjóð ábyrgðargjald af þeim skuldbindingum þeirra

sem ríkisábyrgð er á. Ábyrgðargjald skal svara að fullu til þeirrar ívilnunar sem viðkomandi aðili nýtur, á grunni ríkisábyrgðar, í formi hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án ríkisábyrgðar. Ábyrgðargjald samkvæmt málsgrein þessari skal ákveðið á grundvelli mats óháðs aðila á lánskjörum með og án ríkisábyrgðar og skal gjaldið reiknað af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, sbr. 8. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til breytinga á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, sbr. einnig frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Eru frumvörpin þrjú lögð fram í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 8. júlí 2009, í tengslum við rannsókn stofnunarinnar á fyrirkomulagi eigendaábyrgða Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur.

Niðurstaða rannsóknar ESA var í stuttu máli sú að hin ótakmarkaða eigendaábyrgð sem Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur njóta, í gegnum eigendur fyrirtækjanna, sé ekki að fullu í samræmi við ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð. Hins vegar lítur ESA svo á að heimilt sé að veita eigendaábyrgð vegna lána viðkomandi fyrirtækja, að því gefnu að greitt sé hæfilegt ábyrgðargjald fyrir. Í dag greiða fyrirtækin 0,25% ábyrgðargjald af þeim lánum sem eigendaábyrgð er á, í samræmi við lög um ríkisábyrgðir í tilfelli Landsvirkjunar en með hliðsjón af þeim lögum í tilfelli Orkuveitu Reykjavíkur.

Um Orkuveitu Reykjavíkur gilda sérlög og greiðir fyrirtækið eigendum sínum ábyrgðargjald en ekki ríkinu. Ekki er því þar um „ríkisábyrgð“ að ræða í skilningi laga nr. 121/1997 og er því ekki kveðið á um ábyrgðargjald Orkuveitu Reykjavíkur í frumvarpi því sem hér er lagt fram. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, er hins vegar kveðið á um slíkt hæfilegt ábyrgðargjald með sams konar hætti og hér er lagt til.

Markmið frumvarps þessa er, til fyllingar við frumvarp til laga um breytingar á lögum um Landsvirkjun, að koma til móts við ákvörðun ESA og tryggja að fyrir þær skuldbindingar Landsvirkjunar sem ríkisábyrgð er á, sem og aðra þá aðila sem falla undir 1. mgr. 6. gr. laga um ríkisábyrgðir, sé greitt hæfilegt ríkisábyrgðargjald. Samkvæmt núgildandi 6. gr. laga um ríkisábyrgðir greiða eftirfarandi aðilar fast lágmarksríkisábyrgðargjald sem er 0,0625% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga: Bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem lögum samkvæmt njóta, eða hafa notið, ábyrgðar ríkissjóðs, hvort sem hún er tilkomin vegna eignaraðildar ríkissjóðs eða annars. Sú breyting sem lögð er til í frumvarpi þessu nær því til allra þessara aðila og er með frumvarpinu lagt til að ríkisábyrgðargjald viðkomandi aðila verði metið í hverju tilviki fyrir sig í samræmi við virði hverrar ríkisábyrgðar.

Í samræmi við ákvörðun ESA, dags. 8. júlí 2009, og ríkisaðstoðarreglur ESB um ríkisábyrgðir, skal hið hæfilega ríkisábyrgðargjald svara að fullu til þeirrar ívilnunar sem fyrirtækið nýtur, á grunni ríkisábyrgðar, í formi hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án ríkisábyrgðar.

Í kjölfar ákvörðunar ESA var óháður aðili fenginn til að meta hæfilegt ríkisábyrgðargjald vegna núgildandi lánaskuldbindinga Landsvirkjunar, en þær eru 58 talsins. Úttekt þess aðila leiddi í ljós að hæfilegt ríkisábyrgðargjald, með samanburði á lánskjörum með og án ríkis-

ábyrgðar, vegna núverandi lánaskuldbindinga væri 0,45% á ári (í stað núgildandi 0,25%).

Lagt er til að hið nýja ábyrgðargjald þeirra aðila sem tilgreindir eru í 1. mgr. 6. gr. laga um ríkisábyrgðir taki gildi frá og með 1. janúar 2011 sem er sami gildistökudagur og í áðurgreindum frumvörpum sem lögð eru samhliða fram.

Við gerð og undirbúning frumvarpsins var haft samráð við Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og iðnaðarráðuneytið. Var farið yfir drög að frumvarpinu á sameiginlegum fundum og aðilum gefinn kostur á að koma að athugasemdum og ábendingum.

Frumvarpið hefur fyrst og fremst áhrif á Landsvirkjun og aðra þá aðila sem tilgreindir eru í 1. mgr. 6. gr. laga um ríkisábyrgðir, en einnig ríkissjóð. Fyrir núverandi lánaskuldbindingar Landsvirkjunar, sem og framtíðarlánaskuldbindingar, mun Landsvirkjun þurfa að greiða hærra ríkisábyrgðargjald en áður. Um áhrif frumvarpsins á ríkissjóðs vísast til meðfylgjandi kostnaðarumsagnar um frumvarpið.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ábyrgðargjald sem greitt er til ríkissjóðs vegna skuldbindinga sem ríkisábyrgð er á skuli taka mið af þeim lánskjörum sem bjóðast með ríkisábyrgð og án hennar. Þannig verði núverandi 0,0625% ríkisábyrgðargjald á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili lagt niður. Nýtt ábyrgðargjald skal ákveðið á grundvelli mats óháðs aðila á lánskjörum með og án ríkisábyrgðar. Ábyrgðargjaldið skal svara að fullu til þeirrar ívilnunar sem felst í hagstæðari lánskjörum. Staða þess hluta ríkisábyrgða sem greitt er ríkisábyrgðargjald af er um 300 milljarðar kr. og er Landsvirkjun með um 260 milljarða kr. af þeirri fjárhæð. Aðrir sem greiða slíkt gjald eru Byggðastofnun, Rafmagnsveitur ríkisins og Ríkisútvarpið. Metið hefur verið að 0,0625% ársfjórðungs ríkisábyrgðargjald eða 0,25% gjald á ársgrundvelli þyrfti að hækka í 0,45% til að ná að vega upp að fullu þann mun sem er á kjörum þessara aðila með ríkisábyrgð og ætla mætti að þeir fengju ef hennar nyti ekki við.

Þessar breytingar á gjaldi fyrir veitta ríkisábyrgð eru lagðar til í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að ótakmarkaðar eigendaábyrgðir sé ekki að fullu í samræmi við EES-samninginn um ríkisaðstoð. Fram kemur í ákvörðun ESA að eigendaábyrgð vegna lána viðkomandi fyrirtækja sé heimil að því gefnu að hæfilegt ábyrgðargjald sé greitt fyrir. Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvörpum til breytinga á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, og lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, vegna ákvörðunar ESA um ríkisábyrgðir.

Frumvarpið hefur áhrif á þá aðila sem tilgreindir eru í 6. gr. laga um ríkisábyrgðir, þ.e. banka, lánasjóði, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þá aðila sem lögum samkvæmt njóta, eða hafa notið, ábyrgðar ríkissjóðs, hvort sem hún er til komin vegna eignaraðildar ríkissjóðs eða annars. Gert er ráð fyrir því að tekjuauki ríkissjóðs vegna þessara breytinga geti orðið allt að 500 m.kr. á ári.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er hins vegar ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

205. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Hvor eigandi um sig er í einfaldri ábyrgð fyrir þeim skuldbindingum fyrirtækisins sem heimilaðar eru skv. 9. gr., en um innbyrðis skiptingu á ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum. Ábyrgð eigenda nær ekki til annarra skuldbindinga fyrirtækisins.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi fram beiðni um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti skulu ákvæði laga um gjaldþrotaskipti, eins og þau eru á hverjum tíma, eiga við um Landsvirkjun með sama hætti og um félag með takmarkaða ábyrgð.

2. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og gangast í ábyrgð fyrir greiðslum í sama skyni. Nýjar lántökur, sem njóta skulu ábyrgðar eigenda skv. 2. mgr. 1. gr., eru háðar samþykki fjármálaráðherra.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi.

Ábyrgðir eigenda á lánaskuldbindingum Landsvirkjunar, svo og skuldbindingum samkvæmt langtímarafmagnssamningum Landsvirkjunar við orkufrek fyrirtæki sem nýta rafmagnið í eigin þágu, sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu eins og til þeirra er stofnað og þar til þær eru að fullu efndar eða einstakir samningar falla niður. Greiða ber árlega ríkisábyrgðargjald, sbr. lög nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, af þeim lánaskuldbindingum, svo og skuldbindingum samkvæmt langtímarafmagnssamningum Landsvirkjunar við orkufrek fyrirtæki sem nýta rafmagnið í eigin þágu, frá og með gildistöku laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun. Er frumvarpið lagt fram í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 8. júlí 2009,

í tengslum við rannsókn stofnunarinnar á fyrirkomulagi eigendaábyrgða Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur.

Á ríkisstjórnarfundi 30. júní 2009 var samþykkt að bregðast við ákvörðun ESA með þeim hætti að leggja fram frumvörp til laga sem komi til móts við athugasemdir ESA við núverandi fyrirkomulag eigendaábyrgða Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur. Í kjölfar þeirrar ákvörðunar voru unnin þrjú frumvörp til laga um breytingar á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, og lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Undanfarið ár hafa drög að þeim frumvörpum verið til skoðunar hjá ESA og er þeirri skoðun nú lokið og frumvörpin því tilbúin til framlagningar á Alþingi.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Niðurstaða rannsóknar ESA, sbr. ákvörðun ESA, dags. 8. júlí 2009, var í stuttu máli sú að hin ótakmarkaða eigendaábyrgð sem Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur njóta, í gegnum eigendur fyrirtækjanna, sé ekki að fullu í samræmi við ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð. Hins vegar lítur ESA svo á að heimilt sé að veita ríkisábyrgð vegna lána viðkomandi fyrirtækja, að því gefnu að greitt sé hæfilegt ábyrgðargjald fyrir. Í dag greiða fyrirtækin 0,25% ábyrgðargjald af þeim lánum sem eigendaábyrgð er á, í samræmi við lög nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

Ákvörðun ESA frá 8. júlí 2009 var í formi tilmæla („appropriate measures“) til íslenskra stjórnvalda um að grípa til nauðsynlegra ráðstafana þannig að fyrirkomulag eigendaábyrgða Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur yrði í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Áður hafði ESA beint sams konar tilmælum til norskra stjórnvalda vegna sambærilegra mála.

3. Meginefni frumvarpsins.

Markmið frumvarps þess sem hér er lagt fram er að gera nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, til að koma til móts við tilmæli ESA og tryggja að ríkisábyrgðir vegna Landsvirkjunar séu í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins. Í þeirri breytingu felst að ríkisábyrgðin sé ekki ótakmörkuð, hún nái eingöngu til lánaskuldbindinga og að fyrir ábyrgðina sé greitt hæfilegt ríkisábyrgðargjald.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, sem kveður á um að í stað hins almenna ríkisábyrgðargjalds (0,25%) skv. 2. mgr. 6. gr. þeirra laga skuli Landsvirkjun, og aðrir þeir aðilar sem tilgreindir eru í 1. mgr. 6. gr. laga um ríkisábyrgðir, greiða ríkisábyrgðargjald sem svarar að fullu til þeirrar ívilnunar sem fyrirtækið nýtur, á grunni ríkisábyrgðar, í formi hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án ríkisábyrgðar. Jafnframt er samhliða frumvarpi þessu lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur þar sem kveðið er á um sams konar breytingar hvað eigendaábyrgð á lánaskuldbindingum Orkuveitu Reykjavíkur varðar.

Í kjölfar ákvörðunar ESA var fenginn óháður aðili til að meta hvað telst vera hæfilegt ríkisábyrgðargjald vegna þeirra ríkisábyrgða sem eru á lánum Landsvirkjunar en það var gert með samanburði á lánskjörum með og án ríkisábyrgðar. Liggur úttekt hins óháða aðila þegar fyrir eins og nánar er gert grein fyrir hér á eftir.

Í frumvarpinu er að lokum lagt til að í bráðabirgðaákvæði verði kveðið á um að ábyrgðir eigenda Landsvirkjunar á lánaskuldbindingum, svo og skuldbindingum samkvæmt langtímarafmagnssamningum við orkufrek stóriðjufyrirtæki sem nýta rafmagnið í eigin þágu, sem

stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laganna, haldi gildi sínu eins og til þeirra er stofnað þar til þær eru að fullu efndar.

4. Samráð og mat á áhrifum.

Við gerð og undirbúning frumvarpsins var haft samráð við Landsvirkjun, Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og iðnaðarráðuneytið. Var farið yfir drög að frumvarpinu á sameiginlegum fundum og aðilum gefinn kostur á að koma að athugasemdum og ábendingum.

Frumvarpið hefur fyrst og fremst áhrif á Landsvirkjun en einnig ríkissjóð. Síðar í athugasemdum þessum er fjallað um núverandi lánaskuldbindingar Landsvirkjunar en fyrir þær mun Landsvirkjun þurfa að greiða hærra ríkisábyrgðargjald en áður. Að sama skapi verður ríkisábyrgð sú sem fyrirtækið nýtur ekki lengur ótakmörkuð. Lagt er til að nýjar lántökur sem njóta skulu ábyrgðar ríkisins séu í öllum tilvikum háðar samþykki fjármálaráðherra. Um áhrif frumvarpsins á ríkissjóð vísast til kostnaðarumsagnar um frumvarpið, sbr. fylgiskjal.

5. Ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins kemur fram sú meginregla að hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, sé ósamrýmanleg framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Í 2. og 3. mgr. 61. gr. er að finna undanþágur frá þessu að því er varðar aðstoð sem talin er samrýmast framkvæmd samningsins annars vegar og hins vegar aðstoð sem getur talist samrýmanleg framkvæmd hans að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Til ríkisaðstoðar teljast bæði bein fjárframlög, sem og lán og ábyrgðir. Í leiðbeinandi reglum ESA um ríkisaðstoð er sérstaklega fjallað um ríkisábyrgðir. Ríkisábyrgð gefur lántakanda möguleika á að ná betri lánskjörum en almennt bjóðast á fjármálamörkuðum, t.d. hvað varðar vexti eða tryggingar. Almennt er gert ráð fyrir að ríki krefjist endurgjalds fyrir því að taka á sig áhættu vegna lántökunnar, í formi hæfilegs ríkisábyrgðargjalds. Endurspegli slíkt endurgjald ekki hag lántakanda af ábyrgðinni er það talið fela í sér ríkisaðstoð. Þá feli undanþágur frá lögum um gjaldþrotaskipti í sér ótakmarkaða ábyrgð, bæði að umfangi, tíma og fjárhæð, að svo miklu leyti sem hún jafngildir ábyrgð á öllum skuldbindingum og veitir fyrirtækjum möguleika á að ná hagstæðari kjörum, einkum á lánamörkuðum.

6. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 8. júlí 2009.

Á árinu 2002 hófst rannsókn ESA á því hvort ríkisábyrgð Landsvirkjunar fæli í sér ólögmæta ríkisaðstoð. Fram til ársins 2009 áttu ýmis bréfaskipti sér stað milli stjórnvalda og ESA vegna málsins og með ákvörðun ESA, dags. 8. júlí 2009, lauk rannsókn málsins af hálfu ESA með útgáfu tilmæla til íslenskra stjórnvalda.

Í ákvörðun ESA kemur í fyrsta lagi fram það mat ESA að Landsvirkjun njóti ótakmarkaðrar ríkisábyrgðar á grundvelli 3. mgr. 5. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, og 1. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun. Í skjóli þessarar ótakmörkuðu ríkisábyrgðar geti viðkomandi fyrirtæki í raun ekki orðið gjaldþrota og það sé hæsta trygging sem fyrirtæki getur fengið og hafi í för með sér hagstæðari lánskjör. Slík ótakmörkuð ríkisábyrgð, ólíkt einstökum ríkisábyrgðum, sé í öllum tilvikum andstæð ríkisstyrkjareglum EES-samningsins og því þurfi að afnema hana og sjá til þess að lög nr. 21/1991 geti átt við um fyrirtækið.

Í öðru lagi kemur fram í ákvörðun ESA, dags. 8. júlí 2009, að ríkisábyrgð á einstökum skuldbindingum viðkomandi fyrirtækja sé ekki andstæð EES-samningnum svo framarlega sem greitt sé hæfilegt ábyrgðargjald („appropriate premium“) í samræmi við lög um ríkis-

ábyrgðir. Slíkt ábyrgðargjald þarf að byggja á samanburði á lánskjörum viðkomandi fyrirtækis með og án ríkisábyrgðar.

Með ákvörðun ESA frá 2009 er rannsókn málsins lokið af hálfu ESA og þeim tilmælum beint til íslenskra stjórnvalda að bregðast við og sjá til þess að ríkisábyrgð Landsvirkjunar verði innan þess ramma sem ákvæði EES-samningsins heimila.

7. Ábyrgð eigenda á skuldbindingum Landsvirkjunar.

Samkvæmt lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, er fyrirtækið sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. Landsvirkjun er fyrirtæki með sérstakt lögbundið rekstrarform sem verður helst líkt við sameignarfélag, en þó með þeim afbrigðum á ábyrgð sem felast í 1. gr. laga um fyrirtækið. Í 1. gr. laganna kemur fram að ríkissjóður og Eignarhlutir ehf., sem alfarið eru í eigu ríkissjóðs, eru í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum Landsvirkjunar.

Ákvæði um að hver eigandi sé í einfaldri ábyrgð felur í sér frávik frá þeirri almennu reglu sem gildir um sameignarfélög að hver og einn eigandi sé í ótakmarkaðri ábyrgð fyrir félagið. Í 2. gr. laga um sameignarfélög, nr. 50/2007, er kveðið á um þetta, en þar er sameignarfélag skilgreint sem samstarfsform sem byggist á samningi tveggja eða fleiri aðila um sameiginlega fjárhagslega starfsemi þar sem allir félagsmenn bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Einföld ábyrgð eigenda Landsvirkjunar felur í sér að ganga verður fyrst að félaginu sjálfu til innheimtu skuldbindinga þess áður en gengið er að einstökum eigendum fyrirtækisins. Um innbyrðis skiptingu á ábyrgð milli eigenda fer eftir eignarhlutföllum þar sem ríkissjóður á 99,9% en Eignarhlutir ehf. 0,1%. Samkvæmt því sem fyrr segir um hina einföldu ábyrgð má ganga út frá því að ábyrgð einstakra eigenda félagsins verði ekki virk nema félagið sjálft sé ógjaldfært. Þegar hin einfalda ábyrgð verður virk gagnvart eigendum er ábyrgðin óskipt þannig að unnt er fyrir kröfuhafa að ganga að öðrum hvorum eigenda fyrir allri skuldbindingunni.

8. Lög um ríkisábyrgðir.

Í lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, er að finna þær almennu reglur sem gilda um ríkisábyrgðir. Samkvæmt 1. gr. laganna má ríkissjóður aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum. Í lögum um Landsvirkjun er eins og áður segir kveðið á um ábyrgð ríkisins á skuldbindingum Landsvirkjunar.

Í 6. gr. laga nr. 121/1997 segir að bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem lögum samkvæmt njóta, eða hafa notið, ábyrgðar ríkissjóðs, hvort sem hún er tilkomin vegna eignaraðildar ríkissjóðs eða annars, skuli greiða ábyrgðargjald af þeim skuldbindingum sínum sem ríkisábyrgð er á. Samkvæmt greininni nemur ábyrgðargjaldið 0,0625% á ársfjórðungi (0,25% á ári) af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, og rennur gjaldið í ríkissjóð. Landsvirkjun greiðir umrætt ábyrgðargjald af höfuðstól lána sinna í samræmi við ákvæði laganna.

Í samræmi við ákvörðun ESA, dags. 8. júlí 2009, var óháður aðili fenginn til að meta hæfilegt ríkisábyrgðargjald vegna núgildandi lánaskuldbindinga Landsvirkjunar, en þær eru 58 talsins. Úttekt þess aðila leiddi í ljós að hæfilegt ríkisábyrgðargjald, með samanburði á lánskjörum með og án ríkisábyrgðar, vegna núverandi lánaskuldbindinga væri 0,45% á ári (í stað núgildandi 0,25%).

Eins og áður greinir er samhliða frumvarpi þessu lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, sem kveður á um hið hæfilega ríkisábyrgðargjald sem Landsvirkjun ber að greiða ríkinu af þeim lánaskuldbindingum sem ríkisábyrgð er á.

Kemur þar m.a. fram að slíkt ríkisábyrgðargjald skal svara að fullu til þeirrar ívilnunar sem fyrirtækið nýtur, á grunni ríkisábyrgðar, í formi hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án ríkisábyrgðar og að ábyrgðargjald það sem Landsvirkjun greiðir skuli ákveðið á grundvelli mats óháðs aðila á lánskjörum með og án ríkisábyrgðar.

9. Núverandi skuldbindingar Landsvirkjunar.

Rekstur Landsvirkjunar hefur leitt af sér ýmsar skuldbindingar til skemmri eða lengri tíma. Samkvæmt lögum um Landsvirkjun er ríkissjóður í einfaldri ábyrgð fyrir öllum þessum skuldbindingum.

Ábyrgð ríkissjóðs hefur gegnt mikilvægu hlutverki í lánsfjármögnun Landsvirkjunar á undanförnum áratugum. Skuldir fyrirtækisins sem mynda stofn til greiðslu ábyrgðargjalds námu um 365 milljörðum kr. í lok september 2009. Lán sem tekin voru fyrir 1. janúar 2007 nema 260 milljörðum kr. en ábyrgðargjald af þeim rennur til ársloka 2011 að hluta til Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Ríkissjóður ábyrgist eftir þann tíma skaðleysi sveitarfélaganna samkvæmt kaupsamningi á hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Lán sem tekin eru eftir 1. janúar 2007 nema 106 milljörðum kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til tvíþættar breytingar á 1. gr. laganna.

Annars vegar er kveðið á um að eigendur séu í einfaldri ábyrgð fyrir þeim nýju lánaskuldbindingum sem fjármálaráðherra heimilar. Tekið er fram að ábyrgð eigenda nái ekki til annarra skuldbindinga fyrirtækisins og er ábyrgð á þeim því takmörkuð við fyrirtækið. Varðandi eldri skuldbindingar vísast til 3. gr. frumvarpsins.

Þar sem um einfalda ábyrgð er áfram að ræða, samkvæmt greininni, verður kröfu ekki beint að ríkissjóði fyrr en fullreynt er að krafa fáist ekki greidd hjá fyrirtækinu. Þetta getur ýmist verið með árangurslausu fjárnámi eða gjaldþrotaskiptum. Breytingunni er ekki ætlað að hafa áhrif á stöðu Landsvirkjunar í ríkisreikningi.

Hins vegar er með greininni lagt til að kveðið verði á um það með beinum hætti að komi fram beiðni um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti skulu ákvæði laga um gjaldþrotaskipti, eins og þau eru á hverjum tíma, eiga við um Landsvirkjun, með sama hætti og um félag með takmarkaða ábyrgð. Samkvæmt núgildandi lögum hefur verið litið svo á að Landsvirkjun væri, stöðu sinnar vegna, undanþegin ákvæðum laga um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti. Samkvæmt ákvörðun ESA frá 8. júlí 2009 felur slík undanþága í sér ótakmarkaða ríkisábyrgð sem er andstæð ákvæðum EES-samningsins. Er sú breyting sem hér er lögð til því í samræmi við kröfu ESA og með henni er tryggt að Landsvirkjun lúti sömu reglum um gjaldþrotaskipti, greiðslustöðvun og nauðasamninga og félög með takmarkaðri ábyrgð.

Um 2. gr.

Með greininni eru þrengd skilyrði Landsvirkjunar til að taka lán og gangast í ábyrgð fyrir greiðslum og öðrum skuldbindingum, með ábyrgð ríkissjóðs. Samkvæmt núgildandi 9. gr. laga um Landsvirkjun er fyrirtækinu heimilt að taka lán til þarfa þess og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni, en að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju þarf Landsvirkjun að leita samþykkis fjármálaráðherra. Samkvæmt núgildandi 2. mgr. 1. gr. laganna er ábyrgð eigenda á öllum skuldbindingum fyrirtækisins.

Með greininni er lagt til að nýjar lántökur, sem njóta skulu ábyrgðar eigenda, séu í öllum tilvikum háðar samþykki fjármálaráðherra. Samkvæmt greininni er Landsvirkjun því heimilt, án sérstaks samþykkis fjármálaráðherra, að taka lán án ríkisábyrgðar. Með sama hætti og gildir um aðrar skuldbindingar fyrirtækisins, sem ekki eru með ríkisábyrgð, sbr. 1. gr. frumvarpsins, er ábyrgð á slíkum skuldbindingum eingöngu takmörkuð við fyrirtækið og ekki á hendi eigendanna.

Lög um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997, gilda um ríkisábyrgð Landsvirkjunar og greiðir fyrirtækið því ábyrgðargjald af þeim skuldbindingum sínum sem ríkisábyrgð er á í samræmi við ákvæði þeirra laga, sbr. 6. gr. laga um ríkisábyrgðir. Samhliða frumvarpi þessu er sem áður segir lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um ríkisábyrgðir sem kveður nánar á um með hvaða hætti ábyrgðargjald Landsvirkjunar er áætlað.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lögin sem tekur á eldri lánaskuldbindingum og eldri skuldbindingum samkvæmt langtímarafmagnssamningum við orkufrek fyrirtæki. Með greininni er þannig lagt til að í bráðabirgðaákvæði verði kveðið á um að ábyrgðir eigenda Landsvirkjunar á lánaskuldbindingum, svo og skuldbindingum samkvæmt langtímarafmagnssamningum við orkufrek fyrirtæki, sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laganna haldi gildi sínu eins og til þeirra er stofnað þar til þær eru að fullu efndar. Tekið er fram að greiða beri árlega ríkisábyrgðargjald af þeim skuldbindingum, þ.e. bæði viðkomandi lánaskuldbindingum og skuldbindingum samkvæmt langtímarafmagnssamningum við orkufrek fyrirtæki.

Þeir langtímarafmagnssamningar sem hér um ræðir eru við eftirtalda aðila:

- Elkem á Íslandi hf. frá 1975.
- Alcan á Íslandi hf. (ISAL) frá 1966.
- Alcan á Íslandi hf. (ISAL) viðbótarrafmagn frá 2003.
- Alcan á Íslandi hf. (ISAL) frá 2010 (nýr samningur sem kemur í stað samninganna frá 1966 og 2003).
- Norðurál Grundartanga hf. frá 1997.
- Norðurál Grundartanga hf. frá 2009.
- Alcoa Fjarðaál sf. frá 2003.
- Becromal á Íslandi hf. frá 2007.
- Verne Holdings ehf. frá 2009.

Við mat á hæfilegu ríkisábyrgðargjaldi vegna fyrirliggjandi langtímarafmagnssamninga ber á sama hátt og greint er frá í almennum athugasemdum að sjá til þess að slíkt ábyrgðargjald svari að fullu til þeirrar ívilnunar sem fyrirtækið nýtur, á grunni ríkisábyrgðar, þ.e. leggja þarf mat á verðmæti ríkisábyrgðarinnar og skal ábyrgðargjaldið endurspegla það. Hins vegar er um ólíkar ábyrgðir að ræða hvað varðar lánaskuldbindingar og rafmagnssamninga þar sem erfitt er að leggja mat á raunverulegt virði ábyrgðarinnar í tilviki rafmagnssamninga. Verðmæti og gildi slíkra ábyrgða er fyrst og fremst á byggingar- og framkvæmdatíma viðkomandi verkefna. Hinn óháði aðili, sem vísað er til að framan, mun leggja mat á hæfilegt ríkisábyrgðargjald vegna slíkra skuldbindinga samkvæmt langtímarafmagnssamningum sem þegar hefur verið gengið frá.

Ábyrgðir eigenda á öðrum eldri skuldbindingum Landsvirkjunar falla niður frá og með gildistöku laganna og ábyrgðin er þar með ekki ótakmörkuð eins og verið hefur.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði í lögum um Landsvirkjun verði löguð að fyrirhuguðum breyttum lögum um ríkisábyrgðir í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að ótakmarkaðar eigendaábyrgðir séu ekki að fullu í samræmi við EES samninginn um ríkisaðstoð. Samhliða þessu frumvarpi eru lögð fram frumvörp um breytingar á lögum um ríkisábyrgðir og um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fram kemur í ákvörðun ESA að eigendaábyrgð vegna lána viðkomandi fyrirtækja sé heimil að því gefnu að hæfilegt ábyrgðargjald sé greitt fyrir. Nýtt ábyrgðargjald skal ákveðið á grundvelli mats óháðs aðila á lánskjörum með og án ríkisábyrgðar. Ábyrgðargjaldið skal svara að fullu til þeirrar ívilnunar sem felst í hagstæðari lánskjörum.

Í frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að eigendur séu í einfaldri ábyrgð fyrir nýjum skuldbindingum sem fjármálaráðherra heimilar. Það þýðir að sú einfalda ábyrgð sem ríkið hefir borið á öllum skuldbindingum fyrirtækisins fellur niður. Um þessar skuldbindingar munu framvegis gilda almennar ábyrgðir fyrirtækisins. Samhliða þessum breytingum er gert ráð fyrir að um fyrirtækið gildi almennar reglur samkvæmt lögum um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti komi til þess en til þessa hefur Landsvirkjun verið undanþegin þessum lögum. Sérstaklega er þó tekið á því í ákvæði til bráðabirgða að eldri lánaskuldbindingar og eldri skuldbindingar samkvæmt langtímarafmagnssamningum við orkufrek fyrirtæki haldi gildi sínu þar til þær eru að fullu efndar.

Í öðru lagi er lagt til að skilyrði Landsvirkjunar til að taka lán og gangast í ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum með ríkisábyrgð eru þrengd verulega. Breytingin er í því fólgin að allar nýjar lántökur, sem eiga að bera ríkisábyrgð, skulu bornar undir fjármálaráðherra til samþykktar. Fyrirtækinu verður jafnframt heimilt að taka lán sem ekki bera ríkisábyrgð án sérstaks samþykkis ráðherra.

Breytingar þessar á lögum um Landsvirkjun og sambærileg breyting á lögum um ríkisábyrgðir munu leiða til þess að greiðslur fyrirtækisins í ríkisábyrgðargjald munu væntanlega aukast um tæpar 450 m.kr. á ársgrundvelli með samsvarandi tekjuauka fyrir ríkissjóð og er þá miðað við fyrirliggjandi mat á því að á ársgrundvelli þyrfti ríkisábyrgðargjald að hækka úr 0,25% í 0,45%.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er hins vegar ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

206. Frumvarp til laga [189. mál]

um breytingu á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Við lögin bætist ný grein, 18. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins.

Fjármálaráðherra getur heimilað miðlægri innkaupastofnun að bjóða út innkaup, sem falla undir lög þessi, í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins, hvort sem er í samstarfi við erlenda kaupendur og/eða miðlægar innkaupastofnanir eða sér. Heimildin skal veitt fyrir hvert útboð fyrir sig að undangenginni rökstuddri beiðni stofnunarinnar. Heimildin skal því aðeins veitt að fyrir liggi að reglur Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup hafi verið leiddar í lög í viðkomandi ríki og ástæða sé til að ætla að innkaup í ríkinu muni þjóna hagkvæmni, virkri samkeppni eða öðrum lögmætum sjónarmiðum við opinber innkaup. Um innkaup sem fram fara á grundvelli heimildar sem veitt er samkvæmt þessari grein gilda reglur viðkomandi ríkis, þar á meðal um kærur, gildi innkaupsákvarðana og skaðabætur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur færst í vöxt umræða um nauðsyn á sameiginlegum útboðum erlendis, einkum með aðilum á Norðurlöndum. Slík sameiginleg útboð gera mögulegt að ná fram stærðarhagkvæmni ásamt því að afla tilboða frá fleiri fyrirtækjum og stuðla þannig að virkari samkeppni við opinber innkaup en mögulegt er við útboð hérlendis. Gildandi reglur um opinber innkaup leyfa ekki frávik í þessum tilvikum. Er opinberum innkaupum erlendis því verulega þröngur stakkur sniðinn í núgildandi löggjöf. Með hliðsjón af því að reglur Evrópska efnahagssvæðisins (EES) um opinber innkaup eru í verulegum mæli samræmdar þykir rétt að skapa kaupendum möguleika á því að kaupa inn í öðru ríki EES, þó að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Með frumvarpinu er lagt til að fjármálaráðherra geti veitt miðlægri innkaupastofnun heimild til að bjóða út innkaup erlendis og er heimildin því takmörkuð við almenn eða lokuð útboð. Á vegum ríkisins er rekin miðlæg innkaupastofnun, Ríkiskaup, sbr. 85. gr. laganna. Venjulega mundi útboð vera sameiginlegt með öðrum aðilum, t.d. miðlægri innkaupastofnun í viðkomandi ríki. Einnig getur þó verið um að ræða sérstakt útboð sem er tengt útboði annars aðila, t.d. fer fram samtímis og varðar svipaða vöru eða þjónustu. Er heimildin því ekki bundin við sameiginleg útboð. Gert er ráð fyrir að hin miðlæga innkaupastofnun óski fyrir fram eftir heimild til að bjóða út í öðru ríki með rökstuddri beiðni. Gert er ráð fyrir að stofnunin rökstyðji að innkaupareglur EES hafi verið innleiddar í viðkomandi ríki og innkaup erlendis þjóni með einhverjum hætti markmiðum opinberra innkaupa (t.d. hagkvæmni og/eða virkri samkeppni, sbr. 1. gr. laga nr. 84/2007, um opinber innkaup) eða öðrum lögmætum sjónarmiðum. Með öllu framangreindu á að vera komið í veg fyrir að umrædd heimild sé notuð til þess að komast fram hjá íslenskum reglum um opinber innkaup.

Við samningu frumvarpsins var m.a. haft samráð við heilbrigðisráðuneytið og Ríkiskaup, hina miðlægu innkaupastofnun ríkisins. Áhugi hefur verið á því hjá heilbrigðisráðuneytinu

og Landspítalanum að kanna í tilteknum tilvikum möguleika á sameiginlegum lyfjaútboðum spítalans og systurstofnana á Norðurlöndum.

Í síðasta málslið greinarinnar er að finna sérstakt ákvæði um lagaskil þar sem tekin eru af tvímæli um að reglur viðkomandi erlends ríkis gilda alfarið um innkaup sem fram fara í ríkinu á grundvelli hinnar veittu heimildar. Í þessu felst m.a. að kærunefnd útboðsmála hefur ekki lögsögu yfir viðkomandi innkaupum og getur því ekki beitt þeim úrræðum sem nefndinni eru veitt í 96. og 97. gr. laganna. Er þetta síðastgreinda atriði í samræmi við meginreglur þjóðaréttar. Þótt um lögmæti innkaupa fari samkvæmt lögum annars ríkis er ekki útilokað að unnt sé að hafa uppi kröfu fyrir íslenskum dómstólum um bætur úr hendi íslensks kaupanda. Um það gilda almennar reglur um varnarþing. Við mat á lögmæti innkaupa yrði í slíkum tilvikum að líta til reglna hins erlenda ríkis í samræmi við þá lagaskilareglu sem að framan greinir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fjármálaráðherra geti veitt Ríkiskaupum heimild til að bjóða út innkaup erlendis. Heimildin verði veitt vegna innkaupa í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins hvort sem er í samstarfi við erlenda kaupendur, miðlægar innkaupastofnanir eða eitt sér. Innkaupareglur EES þurfa að hafa verið innleiddar í viðkomandi ríki og innkaupin að vera í samræmi við markmið laga nr. 84/2007 þar sem segir að tryggt verði jafnræði fyrirtækja við opinber innkaup, stuðlað að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efld verði nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. Gert er ráð fyrir að um innkaup sem gerð eru á grundvelli slíkrar heimildar gildi reglur viðkomandi ríkis, þar með talið kærur, gildi innkaupa-ákvarðana og skaðabætur.

Á umliðnum árum hefur margoft komið upp umræða um talsverðan verðmun sem talinn er vera á milli landa innan Evrópu annars vegar og Íslands hins vegar. Með frumvarpi þessu er óskað eftir heimild til að opinberir aðilar geti látið á þetta reyna og leitast við að ná fram stærðarhagkvæmni í innkaupum í samstarfi við erlenda aðila. Markaður t.d. með rekstrarvörur til heilbrigðiskerfisins í Noregi er tæplega 15 sinnum stærri en sá íslenski og danski markaðurinn er um 17 sinnum stærri en sá íslenski. Verðlag á rekstrarvörum og lyfjum er afar háð magninnkaupum í öllum tilfellum. Með því móti verði hægt að afla tilboða frá fleiri fyrirtækjum en mögulegt er við útboð hér á landi og stuðla þannig að virkari samkeppni við opinber innkaup. Ekki hefur verið gerð sérstök úttekt á því hvað þetta gæti skilað mikilli lækkun á innkaupsverði opinberra aðila en gera verður ráð fyrir að það geti orðið umtalsvert ef vel tekst til og þær væntingar, sem umræða um þessi mál hefur skapað, ganga eftir. Það má nefna sem dæmi að sérgreindar heilbrigðisvörur sem keyptar voru af stofnunum heilbrigðisráðuneytisins á síðasta ári voru rétt rúmir 11 milljarðar kr. og hvert prósent í lækkuðu innkaupsverði gæti þannig skilað rúmlega 100 m.kr. lækkun útgjalda hjá því ráðuneyti.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð heldur fremur að það geti dregið úr útgjöldum þótt ekki sé hægt að sjá fyrir í hversu miklum mæli það gæti orðið.

207. Frumvarp til laga [190. mál]

um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að heilbrigði landsmanna, m.a. með því að efla lýðheilsustarf og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og stuðla að því að lýðheilsustarf og heilbrigðisþjónusta byggist á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

2. gr.

2. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Embætti landlæknis og lýðheilsu.

Starfrækja skal embætti landlæknis og lýðheilsu undir yfirstjórn velferðarráðherra.

Landlæknir veitir embættinu forstöðu. Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn að fengnu mati nefndar skv. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hann skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði, þekkingu á sviði lýðheilsu og víðtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar.

Landlæknir ber ábyrgð á að embættið sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Landlæknir ræður starfsfólk embættisins.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, 1. tölul., sem orðast svo:

1. ‚Lýðheilsustarf: Felur í sér að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður þjóðarinnar og þjóðfélagshópa með heilsueflingu, forvörnum og heilbrigðisþjónustu.

4. gr.

4. gr. laganna ásamt fyrirsögn flyst í I. kafla laganna og orðast svo:

Meginhlutverk embættisins.

Hlutverk embættis landlæknis og lýðheilsu er m.a. eftirfarandi:

a. að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu um málefni á verksviði embættisins,
b. að annast forvarna- og heilsueflingarverkefni,
c. að efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa og styðja við menntun á sviði lýðheilsu,
d. að vinna að gæðaþróun,

e. að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum,
f. að hafa eftirlit með lyfjaávísunum og fylgjast með og stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna,
g. að veita starfsleyfi til einstaklinga sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða til notkunar starfsheita löggiltra heilbrigðisstétta,
h. að stuðla að því að menntun heilbrigðisstarfsmanna sé í samræmi við kröfur heilbrigðisþjónustunnar á hverjum tíma,
i. að sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu,
j. að bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna, sbr. sóttvarnalög,
k. að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu,
l. að meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera hann saman við sett markmið,
m. að stuðla að rannsóknum á starfssviðum embættisins,
n. að sinna öðrum verkefnum sem embættinu er falið að sinna samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Ráðherra er heimilt að skilgreina verkefni embættisins nánar með reglugerð.

Landlækni er enn fremur heimilt að gera samninga við háskólastofnanir og aðrar stofnanir um samstarf á sviði rannsókna, kennslu og þjónustu er tengjast verksviði embættisins.

5. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Markmið, skipun landlæknis, skilgreiningar og hlutverk.**

6. gr.

Á eftir I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Fagráð og lýðheilsusjóður,** með tveimur nýjum greinum sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (3. gr. a.)

Fagráð.

Landlækni er heimilt að setja á fót fagráð á einstökum verksviðum embættisins sem í eiga sæti sérfróðir aðilar og fulltrúar stofnana og félagasamtaka á viðkomandi sviði. Fagráð skulu vera embættinu til ráðgjafar.

b. (3. gr. b.)

Lýðheilsusjóður.

Starfrækja skal lýðheilsusjóð sem hefur það hlutverk að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., bæði innan og utan embættisins.

Embætti landlæknis og lýðheilsu ráðstafar fé úr lýðheilsusjóði í samráði við ráðherra og í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 4. mgr.

Til lýðheilsusjóðs rennur hlutfall af innheimtu áfengisgjalds í samræmi við ákvæði laga um gjald af áfengi og tóbaki, hlutfall af brúttósölu tóbaks í samræmi við ákvæði laga um tóbaksvarnir og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um ráðstöfun fjár úr lýðheilsusjóði.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: heilbrigðisstarfsmanna, heilbrigðisstofnana og þeirra sem sinna lýðheilsustarfi.

b. Á eftir orðinu „heilbrigðisstarfsmönnum“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: og þeim sem sinna lýðheilsustarfi.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætast tveir nýir töluliður, svohljóðandi:
   9. Skrá um sykursýki.
   10. Dánarmeinaskrá.

b. Í stað orðanna „sjúkratryggingastofnunin og Lýðheilsustöð“ í 4. málsl. 5. mgr. kemur: og sjúkratryggingastofnunin.

9. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Eftirlit með heilbrigðisþjónustu.**

10. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Öll störf hjá landlæknisembættinu og Lýðheilsustöð eru lögð niður frá 1. janúar 2011. Starfsmönnum landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar skal boðið starf hjá hinu nýja embætti frá og með sama tíma. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra er heimilt að flytja landlækni, sem skipaður er samkvæmt lögum um landlækni, í embætti landlæknis og lýðheilsu, skv. 36. gr. laga nr. 70/1996.

b. (II.)

Embætti landlæknis og lýðheilsu tekur frá 1. janúar 2011 annars vegar við eignum landlæknisembættisins og hins vegar við eignum Lýðheilsustöðvar sem og réttindum og skyldum þeirra að því er varðar framkvæmd þeirra laga sem falla undir málefnasvið þeirra á þeim tíma.

11. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um embætti landlæknis og lýðheilsu.**

II. KAFLI

Brottfall laga nr. 18/2003, um lýðheilsustöð.

12. gr.

Lög nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, falla úr gildi.

III. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

IV. KAFLI
Breytingar á öðrum lögum.

14. gr.

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

7. gr. laganna orðast svo:

Af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skal 1% renna í lýðheilsusjóð, sbr. lög um embætti landlæknis og lýðheilsu.

15. gr.

Breyting á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum.

a. Orðin „að höfðu samráði við tóbaksvarnanefnd og“ í 10. mgr. 8. gr. laganna falla brott.
b. Í stað orðsins „tóbaksvarnanefnd“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: embætti landlæknis og lýðheilsu.
c. 15. gr. laganna orðast svo:
   A.m.k. 0,9% af brúttósölu tóbaks skal renna í lýðheilsusjóð, sbr. lög um embætti landlæknis og lýðheilsu.

16. gr.

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

Í stað orðanna „embætti landlæknis“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: embætti landlæknis og lýðheilsu.

17. gr.

Breyting á lögum nr. 61/1998, um dánarvottorð, krufningar o.fl.

a. Á eftir 4. mgr. 10. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Sýslumaður skal senda Hagstofu Íslands staðfestingu á andláti þar sem fram koma persónuauðkenni hins látna og dánardagur.
b. Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 5. mgr. 10. gr. og 11. gr. laganna kemur: embættis landlæknis og lýðheilsu.
c. Í stað orðsins „Hagstofan“ í 1. málsl. 6. mgr. 10. gr. laganna kemur: Embætti landlæknis og lýðheilsu.
d. Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 4. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: embætti landlæknis og lýðheilsu.

18. gr.

Breyting á lögum nr. 16/2001 um lækningatæki.

1. Í stað orðsins „landlæknir“ í 4. mgr. 1. tölul. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 8. gr., 2. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. laganna og orðsins „landlækni“ í 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. kemur: Lyfjastofnun.
2. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. mgr. 9. gr. og 12. gr. laganna og orðsins „hann“ í 1. mgr. 9. gr. kemur: Lyfjastofnunar, og: stofnunin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sameina Lýðheilsustöð og landlæknisembættið í eitt embætti, embætti landlæknis og lýðheilsu, sem ætlað er að vinna að eflingu lýðheilsu og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu. Meginmarkmið með sameiningu þessara tveggja stofnana er að starfrækja eitt öflugt embætti á sviði lýðheilsu- og heilbrigðismála. Frumvarpið var unnið í nánu og góðu samstarfi við starfsmenn landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar.

Hlutverk Lýðheilsustöðvar og landlæknisembættisins falla vel saman og samlegðaráhrif sameiningar eru margvísleg. Landlæknir hefur frá öndverðu sinnt ráðgjöf til stjórnvalda og tekið þátt í uppbyggingu á skipulegri heilbrigðisþjónustu hér á landi, m.a. með eftirliti með heilbrigðisþjónustunni og heilbrigðisstarfsmönnum. Málefni sem snerta lýðheilsu landsmanna og heilsuvernd hafa með tímanum þróast og orðið jafnframt drjúgur þáttur í starfi embættisins. Við stofnun Lýðheilsustöðvar árið 2003 fluttust ýmis verkefni tengd lýðheilsu á vegum embættis landlæknis til hinnar nýju stofnunar. Í dag sinna báðar þessar stofnanir ráðgjöf um heilbrigðismál til stjórnvalda og almennings, gefa út leiðbeiningar um vinnulag og framkvæmd verkefna og sinna rannsóknum. Því er raunsætt að sameina þessar stofnanir og þannig skapa tækifæri til að styrkja og efla starf þeirra enn frekar en nú er. Samhliða verður unnt að auka hagkvæmni í rekstri, draga úr yfirbyggingu og samnýta mannafla betur en hingað til, sérstaklega í verkefnum sem snúa að forvörnum, og koma í veg fyrir skörun verkefna.

Við sameiningu stofnananna er ekki gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á hlutverkum þeirra tveggja stofnana sem sameinast. Hið nýja embætti mun taka við öllum þeim verkefnum sem landlækni er falið að sinna samkvæmt gildandi lögum um landlækni. Embætti landlæknis og lýðheilsu mun því annast leyfisveitingar, sóttvarnir, ráðgjöf, eftirlit, upplýsingasöfnun, gæðamál og skýrslugerð. Auk þess mun hið nýja embætti sinna verkefnum á sviði forvarna, heilsueflingar og lýðheilsu sem samkvæmt gildandi lögum um Lýðheilsustöð eru á ábyrgð Lýðheilsustöðvar.

Sameinuðu embætti er ætlað að standa vörð um heilbrigði og velferð þjóðarinnar. Það felst m.a. í því að efla vitund og þekkingu um margvíslega áhrifaþætti á heilbrigði og vellíðan þegnanna. Embættinu er ætlað að styrkja og efla lýðheilsustarf sem felst í ráðgjöf til stjórnvalda og almennings um aðgerðir til að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa í þjóðfélaginu með skipulegum og viðurkenndum aðferðum. Heilbrigði og velferð þjóða byggist á þeirri umgjörð sem stjórnvöld hverju sinni búa þegnum sínum. Það umhverfi sem fólk elst upp og lifir og hrærist í í sínu daglega lífi er sterkur áhrifavaldur á heilbrigði og vellíðan þess allt æviskeiðið. Mikilvægt er því fyrir stjórnvöld að hafa sér til ráðgjafar embætti þar sem þessi mál eru stöðugt í umræðu sem byggist á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma. Deigla samræðna stjórnvalda, fagfólks og almennings um heilbrigði og vellíðan skapar síðan forsendur fyrir stjórnvöld til ákvarðanatöku sem byggist á bestu þekkingu á hverjum tíma.

Skilgreiningar á hugtakinu „lýðheilsa“ eru margar og hafa breyst í áranna rás. „Lýðheilsa“ er notað sem þýðing á enska heitinu „public health“. Með lýðheilsu er átt við aðgerðir hins opinbera og annarra í þeim tilgangi að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður þjóðarinnar og þjóðfélagshópa með heilsueflingu, forvörnum og heilbrigðisþjónustu. Til þeirra teljast aðgerðir eða ráðstafanir sem stuðla að fækkun sjúkdóma og slysa, svo og aðgerðir er stuðla að heilsueflingu og forvörnum. Með heilsueflingu er átt við aðgerðir er miða að því að efla þekkingu og færni fólks og skapa þær aðstæður í samfélaginu er auðvelda því að hafa áhrif á eigið heilbrigði. Þetta er jákvætt hugtak sem byggist á þeirri sýn að heilbrigði sé hluti mannréttinda einstaklinga. Heilsuefling krefst samræmdra, þverfaglegra aðgerða á samfélagslegum grunni og nær til þátta utan hefðbundinnar heilbrigðisþjónustu. Með því að skapa einstaklingnum aðstæður fyrir heilnæma lífshætti styður hugtakið við ábyrgð þeirra á að hafa áhrif á heilsu sína og vellíðan. Annar mikilvægur þáttur í lýðheilsustarfi eru forvarnir. Forvarnir eru aðgerðir sem beinast að samfélaginu öllu, hópum eða einstaklingum. Þær miða að því að efla heilbrigði, fyrirbyggja sjúkdóma og beita viðeigandi aðgerðum til að greina frávik svo beita megi snemmtækri íhlutun og hindra sjúkdómsþróun og fylgikvilla

sjúkdóma sem þegar eru til staðar. Hugtakið er þríþætt: í fyrsta lagi felur það í sér verndandi aðgerðir til að draga úr áhættu á sjúkdómum, t.d. með greiningu sjúkdóma á forstigi eða hulinstigi, í öðru lagi hefðbundnar forvarnir fyrir einstaklinga sem beinast að ákveðnum aðstæðum og orsakaþáttum er leitt geta til myndunar sjúkdóma og að lokum felur það í sér að koma í veg fyrir að þekktur sjúkdómur þróist frekar og dregið er úr neikvæðum afleiðingum hans.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að dánarmeinaskrá flytjist frá Hagstofu Íslands til embættis landlæknis og lýðheilsu. Eðlilegt þykir að rekstur dánarmeinaskrár sé í höndum embættisins þar sem skráin byggist á upplýsingum úr dánarvottorðum sem verða til innan heilbrigðisþjónustunnar og innihalda álit læknis á líklegri dánarorsök viðkomandi einstaklings. Það fellur því mjög að hlutverki embættis landlæknis og lýðheilsu að starfrækja dánarmeinaskrá sem er ein af meginuppsprettum upplýsinga um heilsufar landsmanna og því mikilvægur þáttur í vöktun og eftirliti með tíðni sjúkdóma og heilbrigðisþjónustu.

Þá er lögð til sú breyting í frumvarpinu að umsýsla og eftirlit með lækningatækjum, sem samkvæmt núgildandi lögum um lækningatæki er í höndum landlæknis, verði flutt frá landlæknisembættinu til Lyfjastofnunar. Samkvæmt núgildandi lögum um lækningatæki, nr. 16/2001, er landlækni falið að hafa eftirlit með öryggi lækningatækja og réttri notkun. Markmið eftirlitsins er að koma í veg fyrir að sjúklingar verði fyrir tjóni og tryggja að framleiðsla, viðhald og notkun lækningatækja sé í samræmi við bestu fagþekkingu á hverjum tíma. Með frumvarpinu er ekki lögð til nein efnisleg breyting á framangreindum verkefnum heldur einungis að málaflokkurinn verði í heild sinni fluttur frá landlæknisembættinu til Lyfjastofnunar. Sú sérþekking sem er til staðar hjá Lyfjastofnun er varðar vinnuaðferðir við eftirlit með lyfjum og við beitingu ákveðinna verkferla við tæknieftirlit gerir það að verkum að málaflokkurinn fellur vel undir verksvið Lyfjastofnunar. Þá er Lyfjastofnun betur til þess fallin að sinna eftirlitinu þar sem stofnunin hefur þá fjölþættu fagþekkingu sem þarf til að sinna því víðtæka eftirlitshlutverki sem tilgreint er í lögum um lækningatæki.

Við hinu nýja embætti blasa margvísleg verkefni sem snerta allt lífshlaup landsmanna. Lýðheilsustarf nýrrar stofnunar mun felast í fjölbreyttum verkefnum sem snerta m.a. hreyfingu, mataræði og vaxandi offitu landsmanna, slysavarnir, tannvernd, geðvernd, sóttvarnir, kynheilbrigði, uppeldi og þroska barna, varnir gegn margs konar birtingarmyndum ofbeldis og forvarnastarf gegn notkun áfengis, tóbaks og annarra vímuefna. Sérstaklega þarf að huga að aðstæðum verðandi mæðra, barna og ungmenna, atvinnulausra, öryrkja og aldraðra og tryggja jöfnuð þegnanna. Embættið mun jafnframt standa vörð um gæði heilbrigðisþjónustunnar á öllum stigum hennar, þ.e. í forvarnastarfi, hjá heilsugæslu og hjá heilbrigðisstofnunum. Samhliða þessu mun embættið jafnframt bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna og hafa umsjón með gagnasöfnum á landsvísu um heilbrigðisþjónustuna og heilbrigði landsmanna. Allir þessir þættir tvinnast saman í þverfaglegri nálgun á meginhlutverk stofnunarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir markmiðum laganna sem eru að stuðla að heilbrigði landsmanna og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og stuðla að því að lýðheilsustarf og heilbrigðisþjónusta byggist á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að starfrækja skuli embætti landlæknis undir yfirstjórn velferðarráðherra.

Samkvæmt 2. mgr. veitir landlæknir embættinu forstöðu. Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn. Sá sem skipaður er í embætti landlæknis skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði, þekkingu á sviði lýðheilsu og víðtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar. Áður en skipað er í embættið skal hæfni umsækjenda um stöðuna metin af nefnd samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Er hér vísað til nefndar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um þá ábyrgð og skyldur sem á landlækni hvíla. Samkvæmt ákvæðinu ber landlæknir ábyrgð á að embættið sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Þá er jafnframt tekið fram í ákvæðinu að landlæknir ráði starfsfólk embættisins.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningu á hugtakinu „lýðheilsustarf“ sem notað er í frumvarpinu og þörf er á að skilgreina.

Lýðheilsustarf felur í sér að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður þjóðarinnar og þjóðfélagshópa með heilsueflingu, forvörnum og heilbrigðisþjónustu. Skilgreiningar á lýðheilsustarfi eru margar og hafa breyst í áranna rás. Þessi skilgreining leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð á því að viðhalda og bæta heilbrigði og á mikilvægi forvarna og vel skilgreindrar heilbrigðisþjónustu.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um hlutverk embættis landlæknis og lýðheilsu í fjórtán stafliðum. Þá er lagt til að greinin flytjist í I. kafla laganna.

Samkvæmt a-lið er það hlutverk embættisins að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu um málefni á verksviði stofnunarinnar. Slík ráðgjöf getur m.a. verið um aðgerðir til að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa í þjóðfélaginu með skipulegum og viðurkenndum aðferðum. Um getur verið að ræða ráðgjöf til stjórnvalda um stefnumótun á verksviði embættisins þar sem m.a. tillögum er beint til stjórnvalda um aðgerðir og forgangsröðun verkefna. Ákvarðanir og aðgerðir stjórnvalda hafa bein og óbein áhrif á líf þegnanna og heilbrigði þeirra. Sameinað embætti getur veitt stjórnvöldum og öðrum betur en nú þverfaglega ráðgjöf til að vinna að úrlausn fjölþættra verkefna sem eru á verksviði stofnunarinnar.

Samkvæmt b-lið er það hlutverk embættisins að annast forvarna- og heilsueflingarverkefni. Þverfagleg þekking í sameinuðu embætti skapar möguleika á umgjörð fyrir markvissari aðgerðir til að efla lýðheilsu landsmanna.

Samkvæmt c-lið er það hlutverk embættisins að efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa og styðja við menntun á sviði lýðheilsu. Í því felst m.a. að styðja við starfsemi stofnana og frjálsra félagasamtaka til eflingar lýðheilsu og forvarna. Færa má fyrir því rök að lýðheilsustarf sé í eðli sínu teymisvinna fjölmargra aðila, sérfróðra jafnt sem leikmanna og sjálfboðaliða. Með hliðsjón af því þykir samstarf við fjölbreytta flóru stofnana og frjálsra félagasamtaka forsenda þess að árangur verði af lýðheilsustarfi hér á landi.

Samkvæmt d-lið er það hlutverk embættisins að vinna að gæðaþróun. Er þar bæði átti við vinnu að gæðaþróun í lýðheilsustarfi og í heilbrigðisþjónustu. Nánar er kveðið á um vinnu landlæknis að gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu í 11. gr. laga um landlækni og er vísað til umfjöllunar um það ákvæði í greinargerð við lögin.

Samkvæmt e-lið er það hlutverk embættisins að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum. Nánar er kveðið á um eftirlit landlæknis með heilbrigiðisþjónustu

í 7. gr. laga um landlækni og er vísað til umfjöllunar sem fram koma við það ákvæði í greinargerð við lög um landlækni. Um eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum er kveðið nánar á um í III. kafla laga um landlækni og er vísað til umfjöllunar um einstök ákvæði þess í greinargerð við lög um landlækni.

Samkvæmt f-lið er það hlutverk embættisins að hafa eftirlit með lyfjaávísunum og fylgjast með og stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna. Um eftirlit og eftirlitsheimildir landlæknis með ávísunum lyfja er fjallað í IV. kafla laga um landlækni og er vísað til umfjöllunar um ákvæði þeirra í greingargerð við lög um landlækni.

Samkvæmt g-lið er það hlutverk embættisins að veita starfsleyfi til einstaklinga sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða til notkunar starfsheita löggiltra heilbrigðisstétta.

Samkvæmt h-lið er það hlutverk embættisins að stuðla að því að menntun heilbrigðisstarfsmanna sé í samræmi við kröfur heilbrigðisþjónustunnar á hverjum tíma.

Samkvæmt i-lið er það hlutverk embættisins að sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu. Nánar er kveðið á um kvartanir til landlæknis og meðferð landlæknis á slíkum erindum í 12. gr. laga um landlækni og er vísað til umfjöllunar um það ákvæði í greinargerð við lögin.

Samkvæmt j-lið er það hlutverk embættisins að bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna, sbr. sóttvarnalög.

Samkvæmt k-lið er það hlutverk embættisins að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu. Nánar er kveðið á um upplýsingasöfnun landlæknis í 8. gr. laga um landlækni og er vísað til umfjöllunar um það ákvæði í greinargerð við lögin.

Samkvæmt l-lið er það hlutverk embættisins að meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera hann saman við sett markmið. Mikilvægt er að lýðheilsustarf byggist á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma með vel skilgreind markmið svo hægt sé að meta árangur. Sameinað embætti skapar nauðsynlega umgjörð fyrir slíkt starf.

Samkvæmt m-lið er það hlutverk embættisins að stuðla að rannsóknum á starfssviðum embættisins. Í hlutverkinu felst að embættið skuli beita sér fyrir því að rannsóknir séu gerðar á starfssviðum embættisins, að embættið skuli veita rannsóknaraðilum þann stuðning og aðstöðu sem embættið er fært um að veita og eftir atvikum aðgang að upplýsingum úr heilbrigðisskrám í samræmi við þær reglur sem um slíkan aðgang gilda.

Að lokum er tekið fram í n-lið að embættið skuli sinna öðrum verkefnum sem því er falið að annast samkvæmt lögum eða reglugerðum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra skuli vera heimilt að skilgreina verkefni embættisins nánar með reglugerð.

Að lokum er tekið fram í 3. mgr. að landlækni sé heimilt að gera samninga við háskólastofnanir og aðrar stofnanir um samstarf á sviði rannsókna, kennslu og þjónustu er tengjast verksviði embættisins.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að gerð verði breyting á fyrirsögn I. kafla laganna.

Um 6. gr.

Í nýrri 3. gr. a er gert ráð fyrir því að heimilt verði að starfrækja innan embættis landlæknis og lýðheilsu fagráð á einstökum sviðum lýðheilsumála. Í núgildandi lögum eru tilgreind þau ráð sem skulu starfa innan Lýðheilsustöðvar. Þykir sú tilhögun ekki lengur eiga við og er því lagt til að heimilt verði að starfrækja fagráð á einstökum sviðum innan embættisins. Með þessu nýja fyrirkomulagi skapast möguleikar á að fyrsta stigi forvarna sé beitt í

samþættu formi þannig að samtímis sé sjónum beint t.d. að tóbaksvörnum, vörnum gegn kynsjúkdómum og áfengis- og vímuvörnum ofl. en ekki hverjum þætti aðskildum fyrir sig.

Í nýrri 3. gr. b er lagt til að starfræktur verði lýðheilsusjóður sem hefur það hlutverk að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laganna bæði innan og utan embættisins. Þá er gert ráð fyrir að sá hluti af áfengisgjaldi sem áður rann til Forvarnasjóðs renni til lýðheilsusjóðs og einnig hlutfall af brúttósölu tóbaks. Hlutverk sjóðsins er víkkað út í samræmi við þær faglegu áherslur að heildræn nálgun í forvarnastarfi skili mestum árangri og einnig í samræmi við þróun fjárveitinga til Forvarnasjóðs síðastliðin ár með sérstöku framlagi til heilsueflingar og lýðheilsustarfs. Um leið verður ákveðinn faglegur mælikvarði settur til hliðsjónar er kemur að úthlutun styrkja úr sjóðnum og mun sá mælikvarði m.a. ákvarðast af lýðheilsumarkmiðum stjórnvalda hverju sinni. Gert er ráð fyrir að ráðherra mæli nánar fyrir um ráðstöfun fjár úr lýðheilsusjóði, m.a. um að tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé sjóðsins skuli varið í lýðheilsustarf hjá embætti landlæknis og lýðheilsu.

Um 7. gr.

Í samræmi við þá meginbreytingu sem fram kemur í frumvarpi þessu um sameiningu landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar er lögð til sú breyting að við 5. gr. laganna bætist við þeir einstaklingar sem sinna eiga lýðheilsustarfi. Að öðru leyti er vísað til skýringa í greinargerð við 5. gr. laga um landlækni.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að tvær nýjar skrár bætist við 2. mgr. 8. gr. laganna í 9. og 10. tölul.

Í 9. tölul. kemur *skrá um sykursýki.* Í skrána fara upplýsingar um öll tilvik sykursýki sem greinast í sjúklingum á Íslandi. M.a. eru skráðar upplýsingar um sjúkdóminn, meðferð og árangur meðferðar og afdrif sjúklinga. Sykursýki er vaxandi heilbrigðisvandamál á Íslandi og mikilvægt er að embættinu verði veitt heimild til að halda skrá yfir þróun hennar hér á landi, eins og nú er gert í vaxandi mæli meðal nágrannaþjóða okkar.

Í 10. tölul. kemur *dánarmeinaskrá.* Í skrána fara upplýsingar um dánarorsakir landsmanna. Dánarmeinaskrá byggist á upplýsingum af dánarvottorðum. Dánarvottorð verða til innan heilbrigðisþjónustunnar og innihalda álit læknis á líklegri dánarorsök viðkomandi einstaklings. M.a. eru skráðar upplýsingar um dánardag, dánarstað, dánarmein og undirliggjandi orsakir og dánartilvik. Dánarmeinaskrá er ein af meginuppsprettum upplýsinga um heilsufar landsmanna og því mikilvægur þáttur í vöktun og eftirliti með tíðni sjúkdóma og heilbrigðisþjónustu. Þá er hún forsenda þess að hægt sé að vakta dánartíðni með skilvirkum hætti vakni grunur um sjúkdómsfaraldur.

Að öðru leyti er vísað til skýringa í greinargerð við 8. gr. laga um landlækni.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að gerð verði breyting á fyrirsögn II. kafla laganna.

Um 10. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða I er lagt til að öll störf hjá landlæknisembættinu og Lýðheilsustöð verði lögð niður frá 1. janúar 2011. Gert er ráð fyrir að öllum starfsmönnum þessara stofnana verði boðin störf hjá embætti landlæknis og lýðheilsu. Með ákvæðinu er tryggt að ekki þurfi að auglýsa þau störf sem þessir starfsmenn verða ráðnir í. Að öðru leyti fer um réttindi þeirra samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í ákvæðinu er jafn-

framt kveðið á um að ráðherra sé heimilt að flytja landlækni, sem skipaður er samkvæmt lögum um landlækni, í embætti landlæknis og lýðheilsu, samkvæmt 36. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Í ákvæði til bráðabirgða II er kveðið á um yfirtöku embættis landlæknis og lýðheilsu frá 1. janúar 2011 á eignum annars vegar landlæknisembættisins og hins vegar eignum Lýðheilsustöðvar, sem og yfirtöku réttinda og skyldna þessara stofnana að því er varðar framkvæmd þeirra laga sem falla undir málefnasvið þeirra á þeim tíma.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að breyting verði gerð á heiti laganna til samræmis við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að sameina landlæknisembættið og Lýðheilsustöð.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að lög um Lýðheilsustöð verði felld brott.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2011.

Um 14. og 15. gr.

Í greinunum er kveðið á um breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki og lögum um tóbaksvarnir sem gera þarf vegna tilkomu lýðheilsusjóðs.

Um 16. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á sóttvarnalögum, í samræmi við þá breytingu sem felst í frumvarpi þessu, að ábyrgð á framkvæmd sóttvarna færist yfir til embættis landlæknis og lýðheilsu.

Um 17. gr.

Samkvæmt greininni er lagt til að embætti landlæknis og lýðheilsu verði falin þau verkefni sem Hagstofa Íslands gegnir samkvæmt núgildandi lögum. Gert er ráð fyrir að orðalagi greinanna verði breytt þannig að í stað þess að Hagstofa Íslands fari með umsýslu dánarmeinaskrár muni það hlutverk flytjast til embættis landlæknis og lýðheilsu.

Um 18. gr.

Samkvæmt greinni er lagt til að umsýsla og eftirlit með lækningatækjum, sem samkvæmt núgildandi lögum um lækningatæki er í höndum landlæknis, verði flutt frá landlækni til Lyfjastofnunar og að orðalagi greinanna verði breytt í samræmi við það.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.

Með frumvarpinu er lagt til að lög um Lýðheilsustöð falli úr gildi og að lögum um landlækni verði breytt þannig að starfsemi og skyldur Lýðheilsustöðvar falli undir landlækni, en með frumvarpinu er ætlunin að sameina þessar stofnanir í eina. Meginmarkmiðið með sameiningunni er að starfrækja eitt öflugt embætti á sviði heilbrigðismála og lýðheilsu en að hluta til hefur verið skörun á starfsemi þeirra er snerta málefni sem ná yfir lýðheilsu landsmanna og heilsuvernd. Samlegðaráhrifin eru talin vera margvísleg en sameiningunni er ætlað að styrkja og efla þá vinnu sem snýr að lýðheilsu og heilsuvernd og skapa tækifæri fyrir ný og markvissari vinnubrögð á þessu sviði. Sameiningin mun einnig auka fjárhagslega hagkvæmni í rekstri, draga úr yfirbyggingu og leiða til betri nýtingar mannafla, sérstaklega í verkefnum sem snúa að forvörnum. Ekki hefur þó verið unnin sérstök úttekt á fjárhagslegum samlegðaráhrifum stofnananna tveggja eða rekstraráætlun gerð fyrir sameiginlega stofnun á vegum heilbrigðisráðuneytisins. Heilbrigðisráðuneytið telur engu síður ljóst að talsverð hagræðing verði í rekstri í kjölfar þessarar sameiningar þannig að unnt verði að mæta aðhaldsmarkmiði næsta árs en fjárveitingar beggja stofnana lækka um 9% samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 vegna áforma um samdrátt í ríkisútgjöldum.

Við sameininguna er ekki gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á hlutverkum þeirra tveggja stofnana sem sameinast. Að undanskildum þremur breytingum mun hið nýja embætti taka við öllum þeim verkefnum sem landlækni er falið að sinna samkvæmt gildandi lögum um landlækni, ásamt því að sinna verkefnum á sviði forvarna, heilsueflingar og lýðheilsu sem falla undir gildandi lög um Lýðheilsustöð. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting að dánarmeinaskrá flytjist frá Hagstofu Íslands til hins nýja embættis landlæknis og lýðheilsu. Eðlilegt þykir að rekstur dánarmeinaskrár sé í höndum embættisins þar sem skráin byggi á upplýsingum úr dánarvottorðum sem verða til innan heilbrigðisþjónustunnar og innihalda álit læknis á líklegri dánarorsök viðkomandi einstaklings. Hjá Hagstofunni hefur einn starfsmaður í fullu starfi ásamt lækni í hlutastarfi haft umsjón með dánarmeinaskránni og í ár er umsýslukostnaður við það áætlaður 8,4 m.kr. Á árinu 2011 áætlar Hagstofan hins vegar 3 m.kr. í umsýslukostnað dánarmeinaskrár, en vegna sparnaðarmarkmiða hefur lækninum verið sagt upp og starfshlutfall lækkað í 50%. Hagstofan telur að fjárveitingin dugi til að uppfylla kröfur ESB um dánarorsakir. Ýtrustu kröfur rannsóknaraðila verða þó ekki uppfylltar en Hagstofan telur að rannsóknaraðilar eigi sjálfir að bera viðbótarkostnað vegna ítarlegri skrár. Miðað er við að sú fjárveiting sem Hagstofan ætlar til verkefnisins á árinu 2011 færist til embættis landlæknis og lýðheilsu.

Í öðru lagi er lögð til sú breyting að umsýsla og eftirlit með lækningatækjum verði flutt frá landlæknisembættinu til Lyfjastofnunar. Ekki er lögð til efnisleg breyting á framangreindum verkefnum heldur einungis að þau færist til Lyfjastofnunar en sú sérþekking sem þar er til staðar á vinnuaðferðum við eftirlit með lyfjum og við beitingu ákveðinna verkferla við tæknieftirlit gerir það að verkum að málaflokkurinn fellur vel undir verksvið stofnunarinnar. Landlæknisembættið fékk framlag í fjárlögum 2000 sem svarar til um 5 m.kr. á verð-

lagi í dag vegna eftirlits með lækningatækjum og er gert ráð fyrir að sú fjárveiting flytjist til Lyfjastofnunar.

Í þriðja lagi er lagt til að landlæknir haldi skrá um sykursýki og að í hana fari upplýsingar um öll tilvik sykursýki sem greinast í sjúklingum á Íslandi. Hér er um nýtt verkefni að ræða sem ekki verður fjármagnað með nýjum fjárveitingum, heldur mun embættið þurfa að sjá fyrir þeim kostnaði sem til fellur vegna verkefnisins innan síns útgjaldaramma en áætlað er að kostnaður vegna hugbúnaðarvinnu verði um 2 m.kr. Annar umsýslukostnaður er áætlaður óverulegur. Kostnaður við sameiningu stofnananna og við flutning í nýtt húsnæði er áætlaður 30 m.kr. og er miðað við að honum verði mætt með því að ganga á ónýttar fjárveitingar stofnananna frá fyrri árum, en þær námu alls 79,2 m.kr. um síðustu áramót.

Stefnt er að því að nýja stofnunin flytji í nýtt húsnæði á næsta ári og var auglýst eftir húsnæði í maí. Auglýsingin byggðist á húsrýmisáætlun sem Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) vann að í samráði við heilbrigðisráðuneytið og hlutaðeigandi stofnanir og var niðurstaðan sú að um 1.600 fermetra húsnæði þyrfti fyrir hið nýja embætti. Ellefu tilboð bárust og var FSR falið að fara yfir tilboðin og var niðurstaðan sú að lagt var til að samið yrði við eigendur að húsnæði að Laugavegi 178 en um er að ræða 1.620 fermetra húsnæði og er leiguverðið 1.500 krónur á fermetra, þ.e. ársleiga sem nemur á 29 m.kr. Heilbrigðisráðuneytið óskaði hins vegar eftir því að ganga til samninga um hluta húsnæðis Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg. Þar er um er að ræða 1.850 fermetra húsnæði og er leiguverðið 1.850 krónur á fermetra, þ.e. ársleiga upp á 41 m.kr. eða um 41% hærri en það tilboð sem Framkvæmdasýslan mælti með. Ekki hefur fengist niðurstaða í viðræður við eigendur Heilsuverndarstöðvarinnar að svo stöddu.

Núverandi húsnæði hlutaðeigandi stofnana er þannig að landlæknisembættið leigir 937 fermetra húsnæði við Austurströnd á Seltjarnarnesi þar sem leiguverð er 2.124 krónur á fermetra og Lýðheilsustöð leigir 582 fermetra húsnæði við Laugaveg 116 af Fasteignum ríkisins og er leiguverðið þar 700 krónur á fermetra. Við flutning í nýtt húsnæði falla leigugreiðslur vegna núverandi húsnæðis Lýðheilsustöðvar niður, en samningurinn vegna húsnæðis landlæknisembættisins er við einkaaðila og eru 17 ár eftir af honum. Nýtt embætti landlæknis og lýðheilsu eða heilbrigðisráðuneytið geta endurleigt húsnæðið en líklegt er vegna stöðu á fasteignamarkaði að leiguverð verði lægra en núverandi greiðslur til eigenda þess. Ef ekki tekst að endurskoða núverandi leigusamning með það að markmiði að lækka leigugreiðslur mun mismunurinn á núverandi leigugreiðslum og tekjum vegna endurleigu falla á hið nýja embætti eða heilbrigðisráðuneytið.

Fjárveitingar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu verða þær sömu og hefðu annars gengið til hvorrar stofnunar, en samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2011 eru fjárveitingarnar alls 665,6 m.kr. Til að mæta auknum húsnæðiskostnaði þarf því að forgangsraða og hagræða í rekstri aukalega sem nemur 2% af ramma stofnunarinnar og jafnvel meira ef ekki tekst að leigja út húsnæðið á Seltjarnarnesi fljótt eða ef leigugjald er lægra en 2.124 kr. á fermetra á mánuði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að í stað Forvarnasjóðs komi Lýðheilsusjóður og að í hann renni 1% af innheimtu áfengisgjaldi í stað Forvarnasjóðs og að hann fái einnig lögboðið framlag sem svari til 0,9% af brúttósölu tóbaks eða jafnmikið og skylt er að verja til tóbaksvarna samkvæmt gildandi lögum. Fjárveitingar hins nýja Lýðheilsusjóðs munu aukast um 85 m.kr. og verða 223,7 m.kr. þar sem þetta tóbaksvarnaframlag mun eftirleiðis renna í sjóðinn.

Fjármálaráðuneytið telur slíka mörkun tekna ríkisins og fyrir fram lögbindingu fjárframlaga eins og gert er í frumvarpinu vera afar óheppilegt fyrirkomulag sem fellur ekki vel að vinnulagi við rammafjárlagagerð ríkisins og beitingu fjárstjórnarvalds Alþingis. Ráðuneytið

telur að tekjur sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna eigi að renna í ríkissjóð og að ákvörðun um fjárheimildir verkefna eigi að taka í fjárlögum hverju sinni fremur en að fylgja sjálfkrafa þróun í einum tilteknum tekjustofni. Núverandi fyrirkomulag, þ.e. að einum úthlutunarsjóði séu markaðar tilteknar tekjur til úthlutunar, er á skjön við það sem almennt gerist og væri heppilegra að fjárveitingar Lýðheilsusjóðs væru ákveðnar með sambærilegum hætti og á við um aðra úthlutunarsjóði miðað við stefnumörkun og áherslur í málaflokknum. Þá verður að telja vandséð hvers vegna þessi tilteknu verkefni eigi að ráðast af fjármögnun með broti af áfengisgjaldi fremur en beinu framlagi úr ríkissjóði eins og flest önnur starfsemi og þar með að þau fái e.t.v. umtalsverða hækkun á fjárheimild þegar gerðar eru hækkanir á gjaldinu til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð eða rýrni e.t.v. á öðru tímabili þegar gjaldið væri látið haldast óbreytt jafnvel um lengri tíma.

Þá er bent á að með frumvarpinu eru felld niður fyrra fyrirkomulag og viðmið fyrir úthlutunarreglum vegna styrkveitinga úr Lýðheilsusjóði. Núverandi fyrirkomulag er með þeim hætti að stjórn Forvarnasjóðs er í höndum áfengis- og vímuvarnaráðs sem gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr sjóðnum til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna. Með frumvarpinu verður áfengis- og vímuvarnaráð lagt niður og engin stjórn yfir sjóðnum en embætti landlæknis og lýðheilsu er ætlað í þess stað að ráðstafa fé úr Lýðheilsusjóði í samráði við heilbrigðisráðherra og samkvæmt reglum sem hann setur en þær liggja ekki fyrir á þessu stigi. Má telja að tilgangur úthlutana úr sjóðnum og fyrirkomulag þeirra verði fremur óljóst í lögunum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð til frambúðar heldur að sameinuð stofnun verði betur í stakk búin til að mæta þeim aðhaldsmarkmiðum sem henni eru sett í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011, sem nema alls 51,1 m.kr. Þó er gert ráð fyrir að til falli einskiptis útgjöld á næsta ári vegna stofnkostnaðar við sameininguna sem nemi um 30 m.kr. Val heilbrigðisráðuneytisins á húsnæði fyrir hið nýja embætti kann þó að hafa í för með sér að leigja þurfi meira húsnæði en þörf er á samkvæmt mati og að leiguverð gæti orðið töluvert hærra en fyrir það húsnæði sem hagstæðast þótti í útboði.

208. Frumvarp til laga [191. mál]

um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2011“ í 2. málsl. 2. mgr. 56. gr. laganna kemur: 1. janúar 2014.

2. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2010“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum kemur: 1. janúar 2014.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum um sjúkratryggingar skal sjúkratryggingastofnun, Sjúkratryggingar Íslands, annast alla samningsgerð um kaup á heilbrigðisþjónustu. Lögin tóku gildi 1. október 2008 en gert var ráð fyrir að ákvæði IV. kafla laganna að því er varðar samninga sem heilbrigðisráðuneytið hefur gert kæmu til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 2009 og gekk það að mestu leyti eftir. Enn fremur var fyrirhugað að ákvæði um samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samninga við sveitarfélög og aðra sem reka hjúkrunarheimili kæmu til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2010. Það gekk hins vegar ekki eftir og var frestað til 1. janúar 2011 með lögum nr. 121/2009.

Nú er ljóst að enn vantar talsvert upp á að Sjúkratryggingar Íslands verði í stakk búnar að semja við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins, svo og sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili. Í kjölfar efnahagshrunsins hefur orðið ákveðinn forsendubrestur að því er varðar hugmyndafræði þá sem liggur að baki lögum um sjúkratryggingar. Stofnunin hefur ekki fengið þær fjárveitingar sem nauðsynlegar eru til að hún geti sinnt að fullu því hlutverki sem henni er ætlað samkvæmt IV. kafla laga um sjúkratryggingar og ekki er fyrirsjáanlegt að breyting geti orðið þar á á næstu missirum. Nauðsynlegt þykir því að fresta enn um sinn gildistöku ákvæða um samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili. Af því leiðir að framlengja þarf heimild ákvæðis til bráðabirgða IV til ákvörðunar á daggjöldum vegna hjúkrunarrýma með reglugerð. Lagt er til að gildistöku verði frestað um þrjú ár. Fyrirhugað er á því tímabili að taka lög um sjúkratryggingar til endurskoðunar með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem orðið hafa frá því lögin tóku gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að gerð samninga um heilbrigðisþjónustu sem heilbrigðisráðuneytið hefur séð um og gert við heilbrigðisstofnanir, sveitarfélög og rekstraraðila hjúkrunarheimila flytjist til Sjúkratrygginga Íslands eigi síðar en 1. janúar 2014 í stað 1. janúar 2011 þar sem heilbrigðisráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands telja að stofnunin sé ekki tilbúin að taka við verkefninu. Gildistökunni er því frestað um þrjú ár og á meðan er fyrirhugað að taka lög um sjúkratryggingar til gagngerrar endurskoðunar.

Gerð þjónustusamninga sem heilbrigðisráðuneytið hefur haft með höndum vegna heilbrigðisþjónustu á vegum einstaklinga, fyrirtækja og annarra sjálfseignarstofnana en rekstraraðila hjúkrunarheimila var færð til Sjúkratrygginga Íslands 1. júlí 2009.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

209. Fyrirspurn [192. mál]

til umhverfisráðherra um friðlýst svæði og framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hefur verið gerð áætlun um hvernig markmiðum nýafstaðins ársfundar aðildarríkja samningsins um líffræðilega fjölbreytni verður náð á Íslandi næstu 10 árin? Óskað er svars annars vegar hvað varðar markmiðið um að verndarsvæði hafsvæða verði stækkuð þannig að þau nemi 10% í heild og hins vegar að verndarsvæði á landi verði stækkuð þannig að þau nái yfir 17% af þurrlendi.
2. Hversu mörg og hversu stór svæði í sjó hér við land eru friðlýst eða undir annarri vernd samkvæmt lögum?
3. Er fyrirhugað að friðlýsa eða vernda með öðrum hætti fleiri svæði í sjó?
4. Hversu stór hluti þurrlendis er friðlýstur á Íslandi eða undir annarri vernd samkvæmt lögum, annars vegar með jöklum og hins vegar utan þeirra?
5. Er fyrirhugað að friðlýsa eða vernda með öðrum hætti svæði á landi?
6. Hefur verið gerð áætlun um hvernig draga megi úr eyðingu búsvæða, sbr. markmið ársfundarins um 50–100% árangur fyrir 2020?

Skriflegt svar óskast.

210. Fyrirspurn [193. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um sáttamiðlun.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Er ráðherra sammála niðurstöðu nefndar um mat á árangri tilraunar með sáttamiðlun í sakamálum og ef svo er, hyggst ráðherra hrinda tillögum nefndarinnar í framkvæmd?
2. Telur ráðherra ástæðu til að heimildir til sáttamiðlunar nái til fleiri brotaflokka en tilraunin tók til?
3. Hefur ráðherra hug á að beita sér fyrir því að ákvæði um sáttamiðlun verði tekin upp í lög?

Skriflegt svar óskast.

211. Fyrirspurn [194. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um þjónustusamninga.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hver er að mati ráðherra reynslan af:
   a. þjónustusamningi við Sveitarfélagið Hornafjörð um heilbrigðis- og öldrunarmál,
   b. þjónustusamningi við Sveitarfélagið Hornafjörð um málefni fatlaðra,
   c. þjónustusamningi við Vestmannaeyjabæ um málefni fatlaðra,
   d. sambærilegum samningum við önnur sveitarfélög, eins og Akureyrarbæ og Samtök sveitarfélaga á Norðvesturlandi?
2. Hvað eru margir slíkir samningar til og um hvað fjalla þeir?
3. Hver er stefnan varðandi framhald slíkra samninga?

Skriflegt svar óskast.

212. Fyrirspurn [195. mál]

til iðnaðarráðherra um útboð og stækkun álversins í Straumsvík.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hvernig var háttað útboðum til framkvæmda við stækkun álversins í Straumsvík?
2. Hvaða skilyrði voru sett fyrir því að fá að bjóða í verkið?
3. Hver var afstaða stjórnar Ísals, þ.m.t. fulltrúa ríkisins, til útboðsreglnanna? Hverjir eru fulltrúar ríkisins í stjórn Ísals?
4. Hver er skoðun ráðherra á því verklagi sem var viðhaft við útboðsgerðina?

Skriflegt svar óskast.

213. Frumvarp til laga [196. mál]

um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Markmið.

Markmið þessara laga er tvíþætt, annars vegar að afla ríkinu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins, hins vegar að

draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að leggja sérstakan skatt á skuldir þeirra vegna þeirrar kerfisáhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættusöm starfsemi þeirra getur haft í för með sér fyrir þjóðarbúið.

2. gr.
Skattskyldir aðilar.

Skylda til að greiða sérstakan skatt, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum, hvílir á fjármálafyrirtækjum, sem hafa fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður, lánafyrirtæki og verðbréfafyrirtæki, og öðrum aðilum sem hafa fengið leyfi til að taka við innlánum eða stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti. Skattskylda þessi tekur einnig til útibúa erlendra fjármálafyrirtækja sem taka við innlánum eða stunda viðskipti með verðbréf hér á landi.

Undanþegnir skattálagningu samkvæmt lögum þessum eru:

a. aðilar sem falla undir 1. mgr. ef skattstofn þeirra skv. 3. gr., að teknu tilliti til frádráttar skv. 4. gr., er undir 5.000 millj. kr.,
b. fyrirtæki sem eru stofnuð samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að öllu leyti nema annars sé getið í þeim lögum,
c. aðili skv. 1. mgr. sem sætir slitameðferð, sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

3. gr.
Skattstofn.

Stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki er heildarskuldir skattskylds aðila skv. 2. gr. í lok tekjuárs.

Heildarskuldir skv. 1. mgr. eru skuldir, sbr. 75. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eins og þær eru tilgreindar á skattframtali fjármálafyrirtækja samkvæmt þeim lögum.

Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir innan einstakra liða eða flokka við útreikning á skattstofni.

4. gr.
Frádráttur.

Frá skattstofni skv. 3. gr. er heimilt að draga þann hluta tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi innlánsstofnun sem getur að hámarki komið til útborgunar vegna hvers innstæðueiganda samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

5. gr.
Gjaldhlutfall.

Gjaldhlutfall sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki er 0,045%.

6. gr.
Álagning, eftirlit, kærur, innheimta og viðurlög.

Að öðru leyti en greinir í þessum lögum fer um álagningu, eftirlit, kærur og innheimtu skatts samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. IX.–XIV. kafla þeirra laga. Varðandi viðurlög er sérstaklega vísað til XII. kafla laganna.

7. gr.
Álagður skattur.

Skattur samkvæmt lögum þessum telst ekki rekstrarkostnaður skv. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

8. gr.
Reglugerðarheimild.

Fjármálaráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010 og skulda í lok þess árs. Lög þessi skulu koma til endurskoðunar innan eins árs frá gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennt.

Fjármálafyrirtæki eru mikilvægur hlekkur í efnahagslífi hverrar þjóðar, enda gegna þau alla jafna lykilhlutverki í að skapa fjármálastöðugleika og virka fjármálamarkaði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Af því leiðir að rekstrarvandræði þeirra geta haft í för með sér verulegan þjóðfélagslegan kostnað eins og dæmin sanna. Þann gríðarlega kostnað sem lagst hefur á íslenska ríkið í kjölfar hruns fjármálakerfisins hér á landi má að stórum hluta rekja til óhóflegrar áhættusækni fjármálafyrirtækja. Í því ljósi er talið réttmætt að þeir aðilar sem starfa á þessum markaði greiði ríkissjóði tiltekið framlag sem mun nýtast við endurreisn fjármálakerfisins á næstu árum. Enn fremur skiptir stöðugt fjármálakerfi höfuðmáli fyrir áframhaldandi rekstur íslensks fjármálamarkaðar og því eðlilegt að hluti þess kostnaðar sem fellur til við að skapa slíkar aðstæður falli á fjármálafyrirtæki.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki í Evrópu.

Meðal ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) hefur farið fram mikil umræða um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki og hafa mörg aðildarríkjanna ýmist þegar tekið upp sérstaka skatta eða gjöld á fjármálafyrirtæki eða tilkynnt að slíkt muni verða gert á næstu missirum. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur einnig bent á að rökrétt sé að auka skattbyrði fjármálakerfisins vegna þess kostnaðar sem endurreisn þess hefur lagt á ríkissjóði aðildarríkjanna.

Svíar hafa þegar tekið upp svokallað stöðugleikagjald (s. stabilitetsavgift) sem er lagt á heildarskuldir fjármálafyrirtækja. Þeir eru fyrsta Evrópuþjóðin til að taka upp sérstakt gjald eða skatt á fjármálafyrirtæki í kjölfar fjármálakreppunnar. Margar aðrar Evrópuþjóðir, t.d. Frakkar, Bretar og Þjóðverjar, hafa lýst því yfir að þær ætli að fara að fordæmi Svía og leggja á fjármálafyrirtæki sérstakt gjald eða sérstakan skatt sem taki mið af efnahagsreikningi viðkomandi fjármálafyrirtækis. Ísland hefur ekki farið varhluta af þessari umræðu enda hafa áhrif fjármálakreppunnar hér á landi verið meiri en víðast hvar annars staðar.

Sérstakur skattur á íslensk fjármálafyrirtæki.

Við gerð þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af þeirri þróun sem að framan greinir og hefur í því sambandi einkum verið horft til Svíþjóðar og Bretlands. Þar sem vandamál hverrar þjóðar eru misjöfn er óraunhæft að ætla að sama úrræðið henti best fyrir öll ríki EES.

Sá sértæki skattur sem lagður er til með frumvarpi þessu er talinn heppilegasta leiðin til að ná fram markmiðum þess og á sama tíma er reynt að gæta jafnræðis meðal þeirra fjármálafyrirtækja sem starfa hér á landi. Auk þess að vera bein tekjuöflun fyrir ríkissjóð, a.m.k. fyrst um sinn, er með frumvarpi þessu leitast við að hvetja fjármálafyrirtæki til að fjármagna sig með öruggari hætti, þ.e. að vera með hátt eigið fé og tryggð innlán. Með batnandi afkomu ríkissjóðs þegar fram í sækir er eðlilegt að skoða hvort tekjur af umræddum skatti eigi fremur að renna í sérstakan viðlagasjóð sem verði trygging gegn mögulegum fjármálaáföllum í framtíðinni. Fylgst verður grannt með framvindu þessara mála hjá nágrannaþjóðunum á næstu mánuðum en gert er ráð fyrir að verði frumvarp þetta að lögum verði lögin tekin til endurskoðunar innan árs frá gildistöku þeirra með hliðsjón af þróuninni annars staðar.

Í frumvarpinu er lagt til að tekinn verði upp sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki þar sem skattstofninn er heildarskuldir eins og þær koma fram á skattframtali að frádregnum þeim hluta tryggðra innstæðna sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta greiðir út ef kemur til greiðsluskyldu hans. Við vinnslu frumvarpsins var skoðað hvort skattstofninn ætti að vera samanlagðar heildarskuldir og eigið fé að frádregnu hlutafé, varasjóði og öðru óskattlögðu eigin fé sem og víkjandi skuldum sem nota má sem ígildi eigin fjár, en niðurstaðan varð sú að undanskilja allt eigið fé frá skattinum. Aðrir frádráttarliðir voru einnig skoðaðir en frá þeim horfið enda markmiðið að hafa skattstofninn breiðan og skatthlutfallið lágt.

Miðað er við að skattskyldan sé tengd við starfsleyfi viðkomandi fjármálafyrirtækis. Frumvarpið nær því til allra fjármálafyrirtækja sem hafa fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður, lánafyrirtæki eða verðbréfafyrirtæki hjá Fjármálaeftirlitinu, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Jafnframt eru útibú erlendra fjármálafyrirtækja sem taka við innlánum eða stunda verðbréfaviðskipti hér á landi skattskyld samkvæmt frumvarpinu á sama hátt og þau eru skattskyld samkvæmt lögum um tekjuskatt. Slík útibú geta starfað hér á landi á grundvelli leyfa sem gefin hafa verið út í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu og þurfa því ekki sérstakt starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins. Erlend útibú sem starfa hér á landi þurfa að skrá sig hjá skattyfirvöldum og ekki eru taldar líkur á að eftirlit og umsýsla vegna sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki verði sérstökum vandkvæðum bundin. Enn fremur er áralöng reynsla af starfsemi útibúa í eigu erlendra fyrirtækja hér á landi. Frá skattálagningunni eru nokkrar undantekningar. Sú veigamesta er að fjármálafyrirtæki með skattstofn undir 5.000 millj. kr., að teknu tilliti til heimils frádráttar, eru undanþegin skattinum. Enn fremur er lagt til að skatturinn leggist ekki á fyrirtæki sem eru sérstaklega stofnuð til að vera að fullu í eigu hins opinbera né heldur á fjármálafyrirtæki sem tekin hafa verið til slitameðferðar. Þá er einnig tekið fram í frumvarpinu að skattskylda aðila samkvæmt þessu frumvarpi hefur ekki áhrif á skattskyldu þeirra samkvæmt öðrum lögum.

Skattstofn og áætluð tekjuáhrif á ríkissjóð.

Skattstofn þess sérstaka skatts sem hér um ræðir er heildarskuldir eins og þær koma fram á skattframtali að frádregnum tryggðum innstæðum hjá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Í frumvarpi sem efnahags- og viðskiptaráðherra hyggst leggja fram á yfirstandandi þingi um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta er gert ráð fyrir að hámarksgreiðsla sé 100.000 evrur og miðast hún við innstæður innstæðueiganda hjá sömu innlánsstofnun óháð fjölda innlánsreikninga. Forsendur þessa frádráttarliðar taka mið af því að umrætt frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra verði samþykkt. Nái það ekki fram að ganga eða ef gerðar verða verulegar breytingar á því getur reynst nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á frumvarpi þessu að því er varðar frádrátt tryggðra innstæðna.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Ekki liggur fyrir nákvæmt mat á hversu hátt hlutfall hámarksútgreiðsla sjóðsins er af heildarinnstæðum en við útreikning á áætluðum tekjum ríkissjóðs var gert ráð fyrir að um 35% innstæðna séu tryggðar af Tryggingarsjóðnum. Tekið er mið af útreikningum Talnakönnunar frá síðasta ári, sbr. þingskjal 291, 255. mál á 138. löggjafarþingi. Þeir útreikningar voru gerðir fyrir efnahags- og viðskiptaráðuneytið og miðuðu við að hámarksgreiðsla sjóðsins væri 50.000 evrur. Einnig má geta þess að við útreikning á áætluðum tekjum ríkissjóðs af frumvarpinu voru notaðar heildarskuldir eins og þær koma fram í ársreikningum en smávægilegur munur getur verið á þeim og heildarskuldum á skattframtali. Sá munur felst aðallega í að ógjaldfallnar langtímaskuldbindingar, til að mynda eftirlaunaskuldbindingar og skattskuldbindingar, koma fram á skuldahlið ársreiknings en eru síðan bakfærðar á skattframtali. Engu að síður þótti ástæða til að miða við þær skuldir sem skattskyldir aðilar þurfa þegar að gera grein fyrir hjá skattyfirvöldum óháð þeim skatti sem hér er lagður til. Reiknað er með að tekjur ríkissjóðs verði nálægt 1 milljarði kr. af umræddum skatti. Þar sem skattstofninn er heildarskuldir viðkomandi fjármálafyrirtækis má ætla að þrír stærstu viðskiptabankarnir komi til með að greiða langstærstan hluta skattsins eða um ⅘. Þó nokkrir sparisjóðir og verulegur hluti verðbréfafyrirtækja hafa lægri heildarskuldir en 5.000 millj. kr. og koma því ekki til með að greiða sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki samkvæmt frumvarpi þessu. Eftirlit með skattheimtunni verður í höndum embættis ríkisskattstjóra og innheimtan mun fara fram samhliða álagningu tekjuskatts lögaðila.

Samráð.

Efni frumvarpsins er í samræmi við hugmyndir starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði til að endurskoða íslenska skattkerfið, en hann skilaði áfangaskýrslu sinni nýverið. Starfshópurinn hafði samráð við fulltrúa ýmissa hagsmunaaðila við mótun sinna hugmynda, þar á meðal Samtök fjármálafyrirtækja. Áhrifa frumvarpsins gætir fyrst og fremst hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem eru skattskyld samkvæmt frumvarpinu og skattyfirvöldum. Einnig eru líkur á því að frumvarpið hafi snertifleti við eftirlitsaðila fjármálafyrirtækja, þ.e. Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands.

Frumvarpið var unnið af sérfræðingum fjármálaráðuneytisins í nánu samstarfi við ríkisskattstjóra. Enn fremur fór fram faglegt samráð við efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands. Við vinnslu frumvarpsins var stuðst við ábendingar Samtaka fjármálafyrirtækja og Bankasýslu ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið tilgreinir markmið laganna en með þessum sérlögum er stefnt að upptöku sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um skattskylda aðila, þ.e. þá aðila sem bera skyldu til að greiða skatta og gjöld samkvæmt lögum þessum. Lagt er til að skattskylda miðist við starfsleyfi viðkomandi fjármálafyrirtækis. Þau fjármálafyrirtæki sem eru skattskyld eru þau sem hafa starfsleyfi sem: 1) viðskiptabanki, 2) sparisjóður, 3) lánafyrirtæki og 4) verðbréfafyrirtæki. Enn fremur er lagt til að allir aðrir sem hafa leyfi til að taka við innlánum eða stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti falli undir ákvæðið. Í dag eru ekki starfandi hér á landi útibú erlendra fjármálafyrirtækja sem hafa starfsleyfi frá öðrum

ríkjum. Til að gæta samræmis er lagt til að skattskyldan taki jafnframt til erlendra útibúa sem taka við innlánum eða stunda viðskipti með verðbréf hér á landi.

Í 2. mgr. er fjallað um undanþágur frá skattálagningunni. Þar kemur fram að fjármálafyrirtæki með skattstofn undir 5.000 millj. kr. samkvæmt skattframtali greiði ekki umræddan skatt. Með þessari undanþágu má gera ráð fyrir að mörg verðbréfafyrirtæki og þó nokkrir sparisjóðir greiði ekki skattinn. Einnig eru undanþegin skattálagningunni fyrirtæki sem hafa starfsleyfi skv. 1. mgr. en eru stofnuð sérstaklega til að vera í eigu hins opinbera, sbr. Byggðatofnun og Lánasjóður sveitarfélaga ohf., auk fjármálafyrirtækja sem eru í slitameðferð.

Um 3. gr.

Lagt er til að stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki sé heildarskuldir í lok tekjuárs. Með heildarskuldum er átt við samtölu þeirra skulda sem fram koma á skattframtali viðkomandi félags.

Munurinn á heildarskuldum samkvæmt ársreikningi og skattframtali felst aðallega í að ógjaldfallnar langtímaskuldbindingar, til að mynda eftirlaunaskuldbindingar og skattskuldbindingar, koma fram á skuldahlið ársreiknings en eru síðan bakfærðar á skattframtali.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að samkynja liðir séu sýndir án nokkurs frádráttar þannig að eignir séu ekki dregnar frá skuldum við ákvörðun á skattstofni.

Um 4. gr.

Í greininni er rætt um þann lið sem heimilt er að draga frá skattstofni, en það eru tryggðar innstæður. Með því er átt við þann hluta innstæðna sem eru tryggðar og geta að hámarki komið til greiðslu frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Til stendur að efnahags- og viðskiptaráðherra leggi fram frumvarp til nýrra heildarlaga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Samkvæmt því frumvarpi er miðað við að 100.000 evrur verði tryggðar að hámarki hjá hverjum innstæðueiganda hjá sömu innlánsstofnun óháð fjölda innlánsreikninga. Taka forsendur þessa frádráttarliðar mið af því að það frumvarp verði samþykkt.

Til nánari skýringar á þessum frádráttarlið má taka eftirfarandi dæmi: Ef aðili á 50.000 evrur í innlánsstofnun A og 150.000 evrur á tveimur innlánsreikningum í innlánsstofnun B þá gæti innlánsstofnun A dregið 50.000 evrur frá skattstofni sínum vegna þessa aðila og innlánsstofnun B 100.000 evrur þar sem hámarkið er 100.000 evrur á hvern innstæðueiganda.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um gjaldhlutfall bankaskattsins og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 6. gr.

Lagt er til að ákvæði laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, gildi um framtöl, skýrslugjafir, álagningu, eftirlit, kærur og innheimtu skatta og gjalda samkvæmt frumvarpinu svo fremi sem ekki sé kveðið á um annað í frumvarpinu. Þetta felur til að mynda í sér að um viðurlög vegna brota gegn ákvæðum frumvarpsins gilda ákvæði XII. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þeir aðilar sem lögin taka til skulu skila útreiknuðum skattstofni á skattframtali.

Um 7. gr.

Í greininni kemur fram að sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er ekki frádráttarbær sem rekstrarkostnaður samkvæmt lögum um tekjuskatt.

Um 8. gr.

Með greininni er lagt til að fjármálaráðherra sé heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga og þarfnast ákvæðið ekki nánari skýringa.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sérstakur skattur verði lagður á fjármálafyrirtæki í samræmi við sérstakar ráðstafanir í ríkisfjármálum til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Miðað er við að skattskyldan sé hjá fjármálafyrirtækjum sem hafa fengið starfsleyfi sem viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki eða verðbréfafyrirtæki og öðrum þeim aðilum sem fengið hafa leyfi til að taka við innlánum eða stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti. Skattskylda þessi tekur einnig til útibúa erlendra fjármálafyrirtækja sem taka við innlánum eða stunda viðskipti með verðbréf hér á landi. Gert er ráð fyrir að skattstofninn verði 0,045% af heildarskuldum samkvæmt skattframtali að frádregnum tryggðum innstæðum hjá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Álagning og eftirlit með skattheimtunni verður í höndum embættis ríkisskattstjóra en innheimtan mun fara fram samhliða álagningu opinberra gjalda á lögaðila. Miðað við núverandi fjölda og umfang fjármálafyrirtækja er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki verði nálægt 1 milljarði kr. á ársgrundvelli.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að það hafi í för með sér óveruleg útgjöld fyrir ríkissjóð sem rúmast innan fjárheimilda ráðuneytisins.

214. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum (kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. og 5. gr., skal lagt vörugjald samkvæmt aðalflokki í eftirfarandi gjaldbilum miðað við skráða losun koltvísýrings (CO_2) viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra:

		Gjald í %	
Gjaldbil	**Skráð losun CO_2**	**Aðalflokkur**	**Undanþáguflokkur skv. 5. gr.**
A	0–80	0	0
B	81–100	10	0
C	101–120	15	0
D	121–140	20	0
E	141–160	25	5
F	161–180	35	10
G	181–200	45	15
H	201–220	55	20
I	221–250	60	25
J	yfir 250	65	30

Ef ökutæki er framleitt og skráð með metan sem aðalorkugjafa skal vörugjald ökutækisins að hámarki vera 750.000 kr. lægra en útreikningur skv. 1. mgr. segir til um.

Lækkun á vörugjaldi sem gjaldanda hlotnast samkvæmt undanþáguflokki 1. mgr. getur aldrei numið hærri fjárhæð en 750.000 kr.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Vörugjald samkvæmt lögum þessum skal vera sem hér segir:

1. Ökutæki undanþegin vörugjaldi:
   a. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna og sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
   b. Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
   c. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar, kranabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd yfir 5 tonn.
   d. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru yfir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd.
   e. Dráttarbifreiðar að heildarþyngd 4 tonn eða meira sem gerðar eru til nota utan þjóðvega.
   f. Slökkvibifreiðar og sjúkrabifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
   g. Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota.
   h. Dráttarvélar.
   i. Beltabifreiðar (snjóbílar), yfir 700 kg að eigin þyngd, sérstaklega ætlaðar til aksturs í snjó.
   j. Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög.
   k. Ökutæki í eigu erlendra sendiráða, sendiræðisskrifstofa og sendiræðismanna sé slíkt skylt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sama gildir um alþjóðasamtök og alþjóðastofnanir sem hér eru.
   l. Sérsmíðaðar keppnisbifreiðar sem eru skráðar sem slíkar og einungis notaðar í skipulögðum keppnum og æfingum á vegum samtaka akstursíþróttamanna, svo og

til aksturs til og frá slíkum atburðum. Skráningarmerki bifreiðanna skulu auðkennd sérstaklega. Ráðherra setur nánari reglur um gerð og útbúnað þeirra, svo og til hvaða atburða akstursheimildin taki. Sé brotið í bága við þær reglur skal vörugjald innheimt að fullu.

m. Bifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum eða fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu, og samþykktar af Sjúkratryggingum Íslands.
n. Ökutæki sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að viðkomandi ökutæki verði einungis notuð í þágu björgunarsveita.
o. Hópferðabifreiðar sem skráðar eru fyrir 10 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni að leyfðri heildarþyngd 5 tonn eða meira.
p. Bifhjól samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga sem knúin eru af rafhreyfli að öllu leyti.

2. 13% vörugjald:
   a. Kranabifreiðar og borkranabifreiðar sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd.
   b. Yfirbyggingar, þ.m.t. ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
   c. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd, aðrir tengi- og festivagnar.
   d. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
   e. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
   f. Fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki 40 ára og eldri.
   g. Sendibifreiðar sem aðallega eru ætlaðar til vöruflutninga undir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, með sambyggt stýrishús og flutningsrými og án farþegasæta í farmrými.
3. 30% vörugjald:
   a. Hópferðabifreiðar sem skráðar eru fyrir 10 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni að leyfðri heildarþyngd 5 tonn eða minna. Sömu ökutæki í eigu hópferða- eða sérleyfishafa eða í fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við hópferða- eða sérleyfishafa skulu bera 5% vörugjald.
   b. Bifhjól samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga og jafnframt stigin bifhjól.
   c. Önnur vélknúin ökutæki sem ekki eru sérstaklega talin upp í þessum kafla.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. mgr. og 1.–3. tölul. 2. mgr. falla brott, og breytist röð annarra liða samkvæmt því.
b. Inngangsmálsliður 2. mgr. orðast svo: Vörugjald af eftirfarandi ökutækjum skal vera sem hér greinir.
c. Í stað inngangsmálsliðar 4. tölul. 2. mgr. og töflu í sama tölulið kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt undanþáguflokki 3. gr. miðað við skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra.

d. Í stað inngangsmálsliðar 5. tölul. 2. mgr. og töflu í sama tölulið kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Vörugjald af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum skal lagt á samkvæmt undanþáguflokki 3. gr. miðað við skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra.
e. Í stað inngangsmálsliðar 6. tölul. 2. mgr. og töflu í sama tölulið kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Vörugjald af bifreiðum til ökukennslu skal lagt á samkvæmt undanþáguflokki 3. gr. miðað við skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra.
f. 7. og 8. tölul. 2. mgr. falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „stærð aflvélar“ í 1. mgr. kemur: skráðri koltvísýringslosun.
b. 2. mgr. orðast svo:

Þegar ekki er unnt að leggja fram gögn um skráða losun koltvísýrings (CO_2) viðkomandi ökutækis skal losun ökutækis á hvern ekinn kílómetra ákvörðuð sem 0,12 grömm á hvert kíló skráðrar eigin þyngdar ökutækisins að viðbættum 50 grömmum af koltvísýringi.

5. gr.

Í stað orðanna „sprengirými aflvélar“ í 10. gr. laganna kemur: skráða koltvísýringslosun.

6. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé bensín blandað með íblöndunarefni sem ekki er af jarðefnauppruna skal sá hluti blöndunar sem ekki er af jarðefnauppruna undanþeginn vörugjaldi.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

7. gr.

D-liður 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Bifhjól sem hvorki telst bifreið né torfærutæki, er aðallega ætlað til fólks- eða vöruflutninga, er á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur eða fleiri hjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.

8. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili miðast við skráða losun koltvísýrings (CO_2) viðkomandi ökutækis. Skráð losun er mæld í grömmum á hvern ekinn kílómetra.

Bifreiðagjald ökutækis á hverju gjaldtímabili, að eigin þyngd 3.500 kg eða minna, skal vera 5.000 kr. fyrir losun á allt að 80 grömmum af skráðri kolefnislosun ökutækis og 120 kr. fyrir hvert gramm af skráðri losun umfram það.

Liggi upplýsingar um skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis ekki fyrir skal losun ökutækis ákvörðuð sem 0,12 grömm á hvert kíló skráðrar eigin þyngdar ökutækisins að viðbættum 50 grömmum af koltvísýringi.

Bifreiðagjald ökutækis, að eigin þyngd meira en 3.500 kg, á hverju gjaldtímabili er 51.800 kr. að viðbættum 2 kr. fyrir hvert kíló skráðrar eigin þyngdar ökutækis umfram 3.500 kg. Bifreiðagjald ökutækis, að eigin þyngd meira en 3.500 kg, skal þó ekki vera hærra en 73.800 kr. á hverju gjaldtímabili.

9. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Ökutæki sem framleidd eru og skráð með metan sem aðalorkugjafa eða hefur verið breytt þannig að þau geti nýtt metan og breytingin hlotið vottun skoðunarstöðvar skulu greiða lágmark bifreiðagjalds skv. 2. gr.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

10. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Olíur sem ekki eru af jarðefnauppruna skulu þó undanþegnar olíugjaldi. Hafi íblöndunarefni sem ekki er af jarðefnauppruna verið blandað gjaldskyldri olíu skal sá hluti blöndunar sem ekki er af jarðaefnauppruna undanþeginn olíugjaldi.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt.

Með frumvarpi þessu er lögð til kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja og eldsneytis að því er varðar viðmið skattlagningar. Frumvarpið er lagt fram í kjölfar frumvarps um umhverfis- og auðlindaskatta sem varð að lögum nr. 129/2009. Bæði frumvörpin eru í samræmi við tillögur starfshóps fjármálaráðherra sem skilaði af sér skýrslu í maí 2008 um skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Umræddum starfshópi var falið að gera tillögur um samræmda skattlagningu ökutækja og eldsneytis sem hefði þau markmið að leiðarljósi að hvetja til notkunar vistvænna ökutækja, orkusparnaðar, minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda og aukinnar notkunar innlendra orkugjafa, auk þess að fjármagna uppbyggingu og viðhald vegakerfisins og þjóna áfram sem almenn tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er reynt að ná fram framangreindum markmiðum á samræmdan og skilvirkan hátt. Hinn 19. júlí sl. skipaði fjármálaráðherra starfshóp sem ætlað var að leggja lokahönd á frumvarp til laga um breytingar á lögum um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og lögum um bifreiðagjald í samræmi við tillögur starfshóps fjármálaráðherra frá 30. maí 2008. Í starfshópnum áttu sæti Birna Hreiðarsdóttir frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Guðrún Þorleifsdóttir frá iðnaðarráðuneyti, Sigurður Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti sem jafnframt var formaður hópsins og Stefán Einarsson frá umhverfisráðuneyti. Ögmundur Hrafn Magnússon frá fjármálaráðuneyti var starfsmaður hópsins.

Ef litið er til Evrópu eiga þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattlagningu ökutækja og eldsneytis á undanförnum árum það sammerkt að skattlagningunni er í ríkara mæli beint að losun CO_2 frá ökutækjum sem og álagningu sérstaks kolefnisgjalds á eldsneyti. Með slíkum aðgerðum er búinn til hvati til að fjölga vistvænum ökutækjum og vistvænum orkugjöfum til að ná framangreindum markmiðum, þ.e. vera minna háður jarðefnaeldsneyti og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Samkvæmt upplýsingum frá ACEA, sambandi evrópskra bifreiðaframleiðenda, er skattlagningu sem byggist á losun CO_2 nú að finna í 17 af 27 aðildarríkjum ESB. Mismunandi er hvort um er að ræða einhvers konar gjöld lögð á við fyrstu kaup eða árlegt gjald enda er skattlagning ökutækja mjög mismunandi í Evrópulöndum.

Stjórnvöld geta með skattlagningu ráðið miklu um samsetningu og notkun bílaflotans. Almennt er litið svo á að aðgerðir stjórnvalda í þá veru eigi að vera almennar og óháðar

einstökum tæknilegum lausnum. Í skýrslu starfshóps fjármálaráðherra frá 30. maí 2008 kom fram að stjórnvöld eigi ekki að veðja á ákveðnar tæknilausnir heldur hafa ívilnanir almennar. Í þeirri skýrslu er jafnframt tekið fram að skattar sem leggjast hlutfallslega á ökutæki eftir skráðri eyðslu þeirra séu vænlegir til árangurs. Er frumvarp þetta í samræmi við þá hugmyndafræði.

Til að ná framangreindum markmiðum eru því með frumvarpi þessu lagðar til breytingar á lögum um bifreiðagjald, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og lögum um olíugjald og kílómetragjald.

Í skýrslu starfshópsins kemur fram að Ísland var með hæstu skráða CO_2 meðaltalslosun fólksbíla á árinu 2007 af öllum Evrópulöndum. Þrátt fyrir að meðallosun nýrra ökutækja hérlendis hafi farið minnkandi eftir að skýrsla starfshópsins var gerð jókst losun gróðurhúsalofttegunda frá umferð fram að hruni en hefur síðan dregist saman.

Vegasamgöngur eru sá þáttur losunar gróðurhúsalofttegunda sem vaxið hefur langmest hlutfallslega og þær hafa aukið hlut sinn úr því að vera 15% allrar losunar árið 1990 í að vera fjórðungur árið 2006. Að óbreyttu er Ísland langt frá því að geta uppfyllt þau langtímamarkmið sem sett hafa verið um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum.

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar jókst losun gróðurhúsalofttegunda frá öllum samgöngum um 60% frá viðmiðunarárinu 1990 til 2008. Hlutfall losunar frá samgöngum óx á þessu tímabili úr 23% af allri losun af öðrum uppruna en stóriðju í að vera orðið 32% árið 2008. Vegasamgöngur eru veigamesti þáttur samgangna að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda. Á eftirfarandi mynd má sjá hvernig heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum hefur þróast á undanförnum árum.



Heimild: Umhverfisstofnun og útreikningar fjármálaráðuneytis.

Íslensk stjórnvöld hafa óskað eftir því að Ísland taki á sig sameiginlega skuldbindingu með aðildarríkjum ESB í nýjum alþjóðasamningi í loftslagsmálum. Ísland yrði með því þátttakandi í heildarfyrirkomulagi ESB á sviði loftslagsmála, þ.e. bæði viðskiptakerfinu og ákvörðun ESB um dreifingu sameiginlegrar skuldbindingar á tímabilinu 2013–2020. Ráð Evrópusambandsins féllst á þessa tillögu Íslands í desember 2009 og að hefja viðræður um gerð formlegs samnings þess efnis. Með slíku samkomulagi mundi óvissa um framtíðarskuldbindingar Íslands minnka.

Líklegar skuldbindingar Íslands innan ramma nýs alþjóðasamkomulags og tvíhliða samnings Íslands við ESB væru tvíþættar. Annars vegar mundi losun frá stóriðju falla alfarið undir viðskiptakerfi ESB og fá úthlutað heimildum úr sameiginlegum evrópskum potti út frá ákveðnum viðmiðum um losun í viðkomandi iðnaði; þessi losun væri í raun utan beinnar stýringar íslenskra stjórnvalda. Hins vegar mundi Ísland líklega þurfa að draga úr losun í öðrum geirum en stóriðju um u.þ.b. 20% til 2020, miðað við árið 2005. Á móti þessu kæmi binding kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu. Þessu frumvarpi er ætlað að hrinda í framkvæmd áformum stjórnvalda um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum í samræmi við þau áform sem þau hafa almennt í þessum málum.

Í tillögum starfshópsins kemur fram að þeim markmiðum sem honum voru sett verði best náð, á samræmdan og einfaldan hátt, með því að tengja skattlagningu á ökutæki almennt við skráða losun á koltvísýringi (CO_2). Er það í samræmi við þá þróun sem orðið hefur á síðustu árum meðal nágrannaþjóða okkar. Samræmd skattlagning í þá veru felur í sér að vörugjald á ökutæki og bifreiðagjald taki mið af skráðri losun á koltvísýringi og upptöku kolefnisgjalds á jarðefnaeldsneyti, sbr. lög nr. 129/2009. Með því móti er grunnur skattlagningarinnar með sameiginlega þræði um allt skattkerfið, ólíkt því sem verið hefur. Verði frumvarp þetta að lögum hefur slíku samræmi verið náð.

2. Efnisatriði þeirrar kerfisbreytingar sem lögð er til í frumvarpinu.

Í I. kafla frumvarpsins er lagt til að í stað þess að vörugjald af ökutækjum taki mið af sprengirými aflvélar verði gjaldtakan tengd beint við skráða CO_2-losun viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra. Er í því skyni í frumvarpinu stillt upp tillögu að nýju vörugjaldi, sbr. eftirfarandi töflu:

Flokkur	Skráð losun CO_2	Nýtt gjald í %	Gildandi vörugjald
A	0– 80	0	30%
B	81–100	10	30%
C	101–120	15	30%
D	121–140	20	30%
E	141–160	25	30%
F	161–180	35	30/45%
G	181–200	45	30/45%
H	201–220	55	45%
I	221–250	60	45%
J	Yfir 250	65	45%

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að lægra vörugjald samkvæmt eftirfarandi töflu gildi fyrir tilgreind ökutæki til sérstakra nota, en slík ökutæki greiða í dag sérstakt lækkað vörugjald. Lagt er til að hin lækkað vörugjaldstafla verði sem hér segir:

Flokkur	Skráð losun CO_2	Nýtt gjald í %	Gildandi vörugjald
A	0–80	0	
B	81–100	0	10%
C	101–120	0	10%
D	121–140	0	10%
E	141–160	5	10%
F	161–180	10	10/13%
G	181–200	15	10/13%
H	201–220	20	13%
I	221–250	25	13%
J	Yfir 250	30	13%

Frá janúar til september 2010 var meðallosun koltvísýrings hjá nýskráðum ökutækjum á Íslandi 161 g CO_2/km. Ákveðinn fyrirvara verður þó að setja á þá meðallosun þar sem hlutfall lítilla bílaleigubíla var óvenjulega hátt í innflutningi á nýjum ökutækjum.

Miðað við þá tillögu að kerfisbreytingu sem lögð er fram í frumvarpinu og eðlilegt hlutfall stærri ökutækja í innflutningi hefur verið áætlað að meðallosun ökutækja eftir upptöku kerfisbreytingarinnar verði 165 g CO_2 /km. Eins og sést af framangreindum töflum er hinu nýja vörugjaldi þannig stillt upp að meðalfólksbíll, með meðallosun CO_2, komi svipað út úr hinu nýja kerfi. Ökutæki sem losa minna af CO_2 koma hins vegar betur út úr kerfisbreytingunni en ökutæki sem losa meira koma verr út, almennt séð. Meðallosun nýrra ökutækja frá framleiðendum hefur lækkað hratt undanfarin ár og má gera ráð fyrir að sú þróun haldi áfram vegna aukinna krafna Evrópusambandsins um minni losun frá nýjum ökutækjum. Með reglugerð Evrópusambandsins, 443/2009/EB, eru skilgreind markmið sambandsins í meðallosun nýrra fólksbíla sem eru seldir, skráðir eða teknir í notkun. Samkvæmt reglugerðinni stefnir Evrópusambandið á að meðallosun frá nýjum fólksbílum verði 120 g CO_2/km, þar af að meðallosun lækki niður í 130 g CO_2/km vegna tæknilegra framfara en um 10 g CO_2/km með öðrum ráðstöfunum, fyrir lok árs 2015. Jafnframt stefnir Evrópusambandið á að árið 2020 verði meðallosun frá nýjum fólksbílum 95 g CO_2/km. Þessum markmiðum er náð með því að setja kvaðir á sölu hvers og eins framleiðanda innan sambandsins og þarf framleiðandinn að borga gjald af hverju grammi af CO_2/km sem er umfram skilgreind markmið. Í eftirfarandi mynd er að finna tölur um meðallosun CO_2/km af nýjum fólksbílum á árunum 2002–2010 í Svíþjóð, Stóra-Bretlandi, Danmörku og Íslandi.



Heimild: Eurostat, Umhverfisstofnun, danska hagstofan og útreikningar fjármálaráðuneytis. Tölur fyrir Danmörku ná til júlí 2010 og fyrir Ísland til september 2010.

Miðað við stöðugt gengi krónu og jafnan innflutning á ökutækjum er líklegt að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu hafi lítils háttar áhrif á verðmæti þeirra ökutækja sem fyrir eru í landinu, annars vegar til lækkunar á endursöluverði minni ökutækja og hins vegar til hækkunar á endursöluverði stærri ökutækja. Hitt er síðan óljóst hvort þau áhrif komi þegar í stað inn í verðlagningu eða hvort áhrif breytinganna á endursöluverð notaðra bifreiða komi í ljós smám saman með jafnari innflutningi á nýjum bifreiðum. Dæmi um áhrif þessara breytinga á vörugjaldi á einstakar tegundir nýrra ökutækja er að finna í lok almennra athugasemda við þetta frumvarp.

Í kaflanum er jafnframt lagt til að ökutæki sem nota metan sem eldsneyti njóti lækkunar á vörugjöldum en að sú lækkun sé jafnframt takmörkuð af ákveðinni upphæð í krónum. Er þessi breyting ekki síst gerð til þess að auka veg endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum á Íslandi. Nauðsynlegt er að taka metanbifreiðar sérstaklega út fyrir hið almenna kerfi því að án þess njóta metanbifreiðar ekki sama ávinnings og aðrar umhverfisvænar bifreiðar. Bifreiðar sem knúnar eru af rafmagni verða án vörugjalda ef frumvarp þetta verður samþykkt og hið sama gildir um aðra orkugjafa sem ekki losa gróðurhúsalofttegundir.

Í II. kafla frumvarpsins er lagt til að bifreiðagjald af ökutækjum taki mið af skráðri CO_2-losun viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra, í stað þyngdar. Lagt er til að bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili verði 120 kr. fyrir hvert gramm á ekinn kílómetra samkvæmt skráðri kolefnislosun ökutækis hjá Umferðarstofu. Þó er lagt til að losun allt að 80 grömmum af koltvísýringi verði gjaldfrjáls en gjaldið verði aldrei lægra 5.000 kr. Samkvæmt því kæmu ökutæki sem losa 80 grömm eða minna af koltvísýringi á hvern kílómetra

ekki til með að greiða bifreiðagjald umfram 5.000 kr. en skatturinn hækkaði svo með aukinni losun ökutækis á koltvísýringi. Nánari útskýringar á útreikningi er að finna í athugasemdum við 8. gr.

Jafnframt er lagt til að liggi upplýsingar um skráða losun koltvísýrings (CO_2) viðkomandi ökutækis ekki fyrir skuli losun ökutækis ákvörðuð sem eigin þyngd þess í kílógrömmum margfölduð með 0,12 að viðbættum 50 grömmum af koltvísýringi á hvern ekinn kílómetra. Til skýringar þýðir þetta að bifreið sem vegur 1.400 kg og er ekki með þekkta losun mun greiða bifreiðagjald eins og losunin næmi 218 g CO_2/km. Losun er skráð fyrir um það bil helming ökutækja sem eru í notkun hér á landi. Þar sem losun er ekki þekkt miðast hin reiknaða regla við samband þyngdar og losunar þar sem hvort tveggja er þekkt en þó þannig að losunin er reiknuð miðað við að hún sé einu staðalfráviki fyrir ofan meðaltal miðað við þyngd.

Um helmingur ökutækja sem eru minna en 1.000 kg að þyngd greiðir lægra bifreiðagjald eftir breytingu en samkvæmt núgildandi reglum og þar af nær öll nýrri ökutæki. Í flokki ökutækja sem eru 1.000–1.250 kg að þyngd greiðir um helmingur lægra bifreiðagjald eftir en áður. Ökutæki milli 1.250 og 3.000 kg að þyngd skiptast þannig að um ⅓ þeirra greiðir lægra bifreiðagjald eftir en áður.

Gerð er tillaga um að breyta álagningu bifreiðagjalda fyrir ökutæki sem eru þyngri en 3.500 kg að þyngd. Almennt er losun CO_2 ekki skráð fyrir þessi ökutæki og því eru ekki forsendur til þess nú að breyta fyrirkomulagi bifreiðagjaldsins í meginatriðum. Álagning gjaldsins ber hins vegar nokkur merki þess að langt er síðan núgildandi fyrirkomulag var lögfest sem sést af því að öll ökutæki sem eru þyngri en 9 tonn bera sama bifreiðagjald og það er meira en helmingur af flotanum sem er þyngri en 3,5 tonn. Fyrirkomulag bifreiðagjalds þyngri ökutækja er einfaldað og það er lækkað fyrir léttasta hluta þessara ökutækja. Gjaldið nær nú hámarki þegar ökutæki hefur náð 14,5 tonna þyngd í stað 9 tonna áður og er 2 kr. á hvert kg umfram 3.500 kg í stað þess að vera 3.100 kr. fyrir hvert byrjað tonn umfram 3.000 kg.

Kerfisbreytingin er útfærð þannig að tekjur ríkissjóðs af bifreiðagjaldi hækka um 200 millj. kr. milli ára sem er í samræmi við áætlun um hækkun gjaldsins samkvæmt forsendum fyrir frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að ef hefðbundið jarðefnaeldsneyti, bensín eða dísilolía, er blandað með íblöndunarefnum sem ekki eru af jarðefnauppruna sé sá hluti blöndunnar undanþeginn bensín- og olíugjaldi. Undanfarin ár hefur töluverð þróun átt sér stað innan lands í framleiðslu á umhverfisvænu eldsneyti. Þannig er hafin framleiðsla á lífdísil úr steikingarolíu, sláturúrgangi og öðrum úrgangi og tilraunir með framleiðslu á repjuolíu úr repju eru langt á veg komnar. Jafnframt er ráðgert að metanól verksmiðja á Svartsengi hefji starfsemi innan fárra mánaða. Metan hefur verið fangað og hreinsað á Álfsnesi og notað sem eldsneyti á ökutæki um árabil. Hingað til hefur verið litið svo á að vegna jákvæðra umhverfisáhrifa af notkun metans í stað hefðbundinna tegunda jarðefnaeldsneytis sé rétt að metan sem eldsneyti sé undanþegið skattlagningu. Nú er umhverfisvænum íblöndunarefnum sem hafa verið skattskyld hingað til, ef þau eru notuð sem eldsneyti, bætt við. Skynsamlegt er að eigi síðar en að fimm árum liðnum verði endurskoðað hvernig til hafi tekist að ná fram umræddum umhverfismarkmiðum og skattlagningin stillt af á nýjan leik miðað við sett markmið og breytta samsetningu bifreiðaflotans.

Með þeim tillögum sem felast í frumvarpinu og lýst er að framan er reynt að koma til móts við þau markmið sem áðurnefndum starfshópi fjármálaráðherra var ætlað að vinna eftir, sbr.

eftirfarandi samanburð á markmiðum og frumvarpinu sem nú er lagt fram og því sem þegar hefur verið samþykkt:

- Hvatt er til notkunar vistvænna ökutækja með því að leggja vörugjald og bifreiðagjald á eftir CO_2-losun ökutækja. Jafnframt felur kolefnisgjald á jarðefnaeldsneyti og skattfrelsi íblöndunarefna sem ekki eru af jarðefnauppruna í sér aukinn hvata til að nota umhverfisvænt eldsneyti í meira mæli.
- Hvatt er til minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum með því að leggja vörugjöld og bifreiðagjald á eftir CO_2-losun ökutækja.
- Hvatt er til aukinnar notkunar innlendra orkugjafa þar sem endurvinnanlegir orkugjafar verða undanþegnir vörugjaldi og eru nú undanþegnir kolefnisgjaldi. Auk þess losa ökutæki sem nota óhefðbundna orkugjafa (t.d. vetni eða rafmagn) takmarkað magn af CO_2 og verða því undanþegin vörugjaldi þar sem þau lenda í fyrsta bili losunargjalds, sbr. einnig lögfestingu þeirra niðurfellinga sem verið hafa tímabundið í gildi fyrir slík ökutæki.
- Hinni nýju skattlagningu er þannig stillt upp að heildartekjur ríkissjóðs af skattlagningu eldsneytis og ökutækja eru því sem næst óbreyttar. Skattlagningin þjónar því áfram sem almenn tekjuöflun fyrir ríkissjóð ásamt því að fjármagna uppbyggingu og viðhald vegakerfisins. Í ljósi hraðrar þróunar í lækkun losunar á CO_2 er ljóst að endurskoða þarf gjaldbilin innan fárra ára ef skattlagningin á áfram að þjóna sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

3. Tekju- og verðlagsáhrif.

Eins og kunnugt er hefur innflutningur bíla minnkað verulega eftir efnahagshrunið og á síðustu tveimur árum hefur stærstur hluti hans verið á vegum bílaleigufyrirtækja. Því er ekki auðvelt að gera grein fyrir því hvaða áhrif þetta lagafrumvarp hefði á tekjur ríkissjóðs. Rannsóknir benda til þess að eftirspurn eftir nýjum bílum sé mjög tekjuteygin eins og kemur fram í skýrslu starfshóps fjármálaráðherra sem frumvarp þetta byggist á. Með samþykkt frumvarpsins munu vörugjöld lækka á sparneytnum bílum sem margir hverjir eru ódýrir í innflutningi og má ætla að eftirspurn eftir þeim muni aukast og þar með tekjur ríkissjóðs. Eyðslufrekir bílar munu bera hærri vörugjöld og ættu því að öðru jöfnu að hækka í verði og eftirspurnin að minnka. Hvor tveggja ályktunin byggist á þeirri forsendu að innflytjendur láti kaupendur njóta lækkunar vörugjaldanna annars vegar og hækki þá bíla sem vörugjöld verða hækkuð á hins vegar. Hvorugt er þó fyrir fram gefið enda er verðlagning bíla frjáls og fer eftir aðstæðum á markaði. Önnur atriði í efnahagsumhverfinu kunna að hafa mun meiri áhrif á getu og vilja markaðarins til að kaupa nýja bíla á næstu árum. Meðal annars hafði innflutningur nýrra bíla verið gríðarlega mikill á árunum fyrir hrunið og því minni þörf endurnýjunar en annars. Frumvarpinu er ætlað að virka sem hvati til þess að sú endurnýjun sem óhjákvæmilega kemur að verði umhverfislega eins hagkvæm og kostur er.

4. Áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum.

Miðað við þá tillögu að kerfisbreytingu sem lögð er fram í frumvarpinu og eðlilega samsetningu stærri og minni bíla í innflutningi hefur verið áætlað að meðallosun ökutækja eftir upptöku kerfisbreytingarinnar verði 165 g CO_2/km. Samhliða tækniþróun og breytingu á samsetningu bílaflotans á næstu árum má gera ráð fyrir að þessi tala fari lækkandi og er það markmið frumvarps þessa að eiga þátt í þeirri þróun. Skynsamlegt er að eigi síðar en að fimm árum liðnum verði endurskoðað hvernig til hafi tekist við að ná fram umræddum markmiðum

og skattlagningin stillt af á nýjan leik miðað við sett markmið og breytta samsetningu bifreiðaflotans.

5. Dæmi um áhrif breytts fyrirkomulags vörugjalds á einstakar tegundir ökutækja.

Sem áður segir er í frumvarpinu almennt gengið út frá því að ökutæki sem losa minna af koltvísýringi en sem nemur meðaltalslosun (165 g CO_2/km) muni koma betur út úr kerfisbreytingunni en ökutæki sem losa yfir þeirri meðaltalslosun. Er þannig skapaður hvati fyrir fjölgun vistvænni ökutækja. Af eftirgreindum dæmum má sjá hvernig áætlað er að ólíkar tegundir ökutækja komi út úr kerfisbreytingunni verði frumvarpið að lögum.

Tegund	CO_2	Kg	Hækkun/lækkun á vörugjaldi
AYGO	106	843	-167.500 kr.
Yaris	118	1008	-190.000 kr.
Octavia	130	1285	-183.000 kr.
Avensis	157	1435	-117.000 kr.
RAV4	177	1538	130.000 kr.
Accord	182	1438	288.000 kr.
Legacy	202	1415	175.000 kr.
LandCruiser 150*	214	2215	400.000 kr.
Pajero*	243	2210	750.000 kr.

* Dísilbifreið

5. Samráð við hagsmunaaðila.

Starfshópur fjármálaráðherra sem skilaði af sér skýrslu um heildarstefnumótun í skattlagningu ökutækja og eldsneytis í maí 2008 fékk á sinn fund um 30 hagsmunaaðila og tók tillit til þeirra sjónarmiða í sinni skýrslu. Við vinnslu frumvarpsins var tekið mið af þeim sjónarmiðum auk þess sem haft var samband við helstu hagsmunaaðila og þeim gefinn kostur á að koma með athugasemdir. Þeir hagsmunaaðilar sem starfshópur fjármálaráðherra hafði samband við og fékk á sinn fund við undirbúning skýrslunnar voru:

Alþýðusamband Íslands.
Atlantsolía.
Bílgreinasambandið.
Bændasamtökin.
Félag íslenskra stórkaupmanna.
Félag hópferðaleyfishafa.
Félag íslenskra bifreiðaeigenda.
Íslenska lífmassafélagið hf.
Landvernd.
Landvari.
Metan hf.
N1 hf.
Nýorka.
Náttúruverndarsamtök Íslands.
Rannsóknarnefnd umferðarslysa.
Reykjavíkurborg.

Ríkisskattstjóri.
Samtök verslunar og þjónustu.
Samtök ferðaþjónustunnar.
Samtök iðnaðarins.
Samtök atvinnulífsins.
Sjóvá hf.
Skeljungur hf.
Sorpa.
Umferðarstofa.
Umhverfisstofnun.
Vegagerðin.
Vettvangur um vistvænt eldsneyti / Orkustofnun.
Sjálfstæðir vöru- og flutningabifreiðastjórar.

Þeir aðilar sem fengu drög frumvarpsins send og gefinn var kostur á að koma með athugasemdir voru:

Bifreiðastjórafélagið Frami.
Bílgreinasambandið.
Félag íslenskra bifreiðaeigenda.
Græna orkan.
Metan hf.
Ríkisskattstjóri.
Samtök ferðaþjónustunnar.
Samtök iðnaðarins.
Samtök atvinnulífsins.
Samtök verslunar og þjónustu.
Umferðarstofa.
Tollstjóri.
Toyota.
Vistorka.
Vettvangur um vistvænt eldsneyti / Orkustofnun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að í stað þess að miða vörugjald af ökutækjum við sprengirými aflvélar verði vörugjaldið miðað við skráða CO_2-losun viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern kílómetra. Nær þessi breyting til þeirra ökutækja sem nýskráð eru eftir gildistöku laganna. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er nýja taflan í stórum dráttum byggð þannig upp að ökutæki með meðallosun (165 g CO_2/km) greiða svipað vörugjald og nú en ökutæki með minni losun greiða minna, allt að 0%, en ökutæki sem losa yfir meðallosun greiða meira, allt að 65%. Jafnframt eru lagðir til undanþáguflokkar fyrir þau ökutæki sem í dag njóta lækkaðs vörugjalds skv. 5. gr. laganna. Núna eru þetta bílaleigubifreiðar, leigubifreiðar, bifreiðar til ökukennslu og bifreiðar til líkflutninga. Í greininni er jafnframt lagt til að ökutæki sem knúin eru metani verði undanþegin vörugjaldi. Er þetta lagt til þar sem ökutæki sem ganga fyrir metani eru með skráða losun CO_2 en mun umhverfisvænna er að brenna metani heldur en að sleppa því út í andrúmsloftið. Metanökutæki falla því illa að því kerfi sem sett er upp og þykir því nauðsynlegt að taka þau út fyrir hið almenna kerfi. Undanþágan er í samræmi við ákvæði til bráðbirgða X í lögum um vörugjald af ökutækjum,

eldsneyti o.fl. Auk þessa er lagt til að lækkað vörugjald, hvort sem er vegna undanþáguflokks 1. mgr. eða þess að ökutækið er knúið metani skv. 2. mgr., geti aldrei numið hærri fjárhæð en 750.000. kr. Það þykir eðlilegt niðurfellingin sé takmörkuð með þessum hætti til þess að komast hjá misnotkun.

Um 2. gr.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 4. gr., 1. mgr. 5. gr. og 1.–3. tölul. 2. mgr. 5. gr. Megintilgangur breytinganna er að einfalda og sameina ákvæðin og samræma þau bifreiðaskráningu Umferðarstofu.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að dráttarvélar skuli undanþegnar vörugjaldi ef þær eru notaðar á lögbýlum. Ef dráttarvélar eru ekki til nota á lögbýlum skal greiða af þeim 10% vörugjald. Lagt er til að dráttarvélar verði í öllum tilvikum gjaldfrjálsar líkt og aðrar vinnuvélar. Reiknað er með að kostnaður ríkissjóðs vegna þessarar breytingar sé um 11.000.000 kr. á ári en á móti kemur að umtalsverður kostnaður við eftirlit sparast.

Lagt er til að ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga, að heildarþyngd 5 tonn eða minna, njóti ekki sérstaks lægra vörugjalds eins og verið hefur. Þar undir falla m.a. pallbílar og þykir ekki, út frá almennum notum þeirra, ástæða til að meðhöndla þá í skattalegu tilliti á annan hátt en aðra fólksbíla. Í stað þessarar undanþágu er lagt til nýtt ákvæði sem kveður á um að sendibifreiðar sem aðallega eru ætlaðar til vöruflutninga undir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, með sambyggt stýrishús og flutningsrými og án farþegasæta í farmrými njóti sömu undanþágu. Með þessari breytingu er markmiðið að pallbílar verði ekki lengur á lækkuðum gjöldum en að sendibílar, sem alla jafna eru eingöngu notaðir eru í atvinnurekstri, njóti samt sem áður sömu lækkunar.

Jafnframt detta út úr greininni ákvæði um snjóplóga og grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki þar sem slíka ökutækjaflokka er ekki að finna í bifreiðaskrá.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að hópbifreiðar fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni skuli greiða 30% vörugjald en 5% sé ökutækið í eigu hópferða- eða sérleyfishafa. Til þess að samræma ákvæðin við bifreiðaskrá er lagt til að hópferðabifreiðar fyrir 10 manns eða fleiri, að meðtöldum ökumanni, undir 5 tonnum greiði 30% vörugjald en 5% sé ökutækið í eigu hópferða- eða sérleyfishafa. Lagt er til að hópferðabifreiðar yfir 5 tonnum verði undanþegnar vörugjaldi líkt og nú er með hópferðabifreiðar fyrir 18 manns eða fleiri.

Auk þessa er lagt til að skilgreining laganna á bifhjólum verði aðlöguð að ákvæðum umferðarlaga og að bifhjól sem knúin eru af rafhreyfli verði undanþegin gjaldi.

Um 3. gr.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993 er í 4., 5., 6., 7. og 8. tölul. ákvæði sem mæla fyrir um sérstakt lægra vörugjald fyrir leigubifreiðar, bílaleigubifreiðar, bifreiðar til ökukennslu og bifreiðar til líkflutninga, þ.e. 10%/13% í stað 30%/45%.

Með greininni er lagt til að umrædd ökutæki njóti áfram sérstakrar ívilnunar og greiði því sérstakt lækkað vörugjald eins og nánar er kveðið á um í greininni. Þó er lagt til að sérstök undanþága bifreiða til líkflutninga falli brott enda verður ekki séð að sérstakt tilefni sé til slíkrar undanþágu.

Um 4. gr.

Með greininni er lagt til breytt orðalag í samræmi við þá tillögu frumvarpsins að vörugjald af ökutækjum miðist við skráða koltvísýringslosun í stað sprengirýmis aflvélar. Jafnframt er með greininni lögð til formúla um það hvernig skuli reikna losun ökutækis þegar ekki er

unnt að leggja fram gögn um skráða losun. Reglur Evrópusambandsins gera ráð fyrir að öll ökutæki sem seld eru ný á Evrópska efnahagssvæðinu hafi skráða losun frá og með 1. janúar 2010. Gert er því ráð fyrir að fyrst og fremst reyni á regluna þegar um er að ræða innflutning á eldri ökutækjum.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til breytt orðalag í samræmi við þá tillögu frumvarpsins að vörugjald af ökutækjum miðist við skráða koltvísýringslosun í stað sprengirýmis aflvélar.

Um 6. gr.

Með greininni er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um það að þegar bensín er blandað íblöndunarefni sem ekki er af jarðefnauppruna verði sá hluti blöndunnar sem ekki er af jarðefnauppruna undanþeginn vörugjaldi af bensíni. Framleiðsla á metanóli er að hefjast hér á landi en metanól er framleitt úr koltvísýringi og vetni. Eldsneytinu mun svo verða blandað við bensín en hlutfall metanóls mun verða 3% af blöndunni fyrst um sinn en allt að 10% þegar á líður. Í ljósi þess að olíugjald og bensíngjald eru einn helsti tekjustofn ríkissjóðs þegar kemur að viðhaldi vegakerfisins er ljóst að ákvæði sem þetta þarf að endurskoða að nokkrum árum liðnum þegar framleiðsla og notkun á endurvinnanlegum orkugjöfum er orðin almennari.

Um 7. gr.

Með greininni er lagt til að skilgreining laganna á gjaldskyldu fjórhjóla verði útvíkkuð til allra bifhjóla sem eru 400 kg að eigin þyngd eða meira. Langflest bifhjól eru undir 400 kg að eigin þyngd og falla því utan gjaldskyldu. Tillagan kemur til af úrskurði yfirskattanefndar í máli nr. 252/2000 þar sem yfirskattanefnd taldi að ekki væri fullnægjandi lagastoð til innheimtu bifreiðagjalda á sexhjól sem var þyngra en 400 kg. Greinin er eina tillaga frumvarpsins sem lýtur ekki að þeirri kerfisbreytingu sem frumvarpið í heild felur í sér.

Um 8. gr.

Með greininni er lagt til að í stað þess að miða bifreiðagjald við þyngd ökutækis verði það miðað við skráða CO_2-losun af viðkomandi ökutæki, mælt í grömmum á hvern kílómetra. Lagt er til að lágmarksbifreiðagjald fyrir ökutæki undir 3.500 kg verði 5.000 kr. en 120 kr. fyrir hvert gramm af skráðri kolefnislosun umfram 80 grömm. Ökutæki sem losa frá 0–80 g CO_2/km mundu öll greiða 5.000 kr. í bifreiðagjald en ökutæki sem losar 81 gramm mundi greiða 5.120 kr. o.s.frv. Nær þessi breyting til allra þeirra ökutækja sem skráð eru og greiða bifreiðagjald nú, sbr. þó 3. mgr. greinarinnar.

Í 3. mgr. er lögð til sérstök reikniregla bifreiðagjalds í þeim tilvikum þegar skráð losun koltvísýrings ökutækis liggur ekki fyrir. Upplýsingar um skráða losun eiga að liggja fyrir hjá öllum ökutækjum sem sett eru á markað í dag. Það er því helst í eldri ökutækjum sem upplýsingar um skráða losun koltvísýrings liggja ekki fyrir. Þetta þýðir að reiknuð losun ökutækis sem ekki er með skráða losun og er 3.500 kg að eigin þyngd mundi verða 470 (3.500 x 0,12 + 50). Bifreiðagjald þessa ökutækis mundi því verða 51.800 (470–80 x 120 + 5.000).

Í greininni er jafnframt kveðið á um það hvernig skuli reikna bifreiðagjald ökutækja að eigin þyngd meiri en 3.500 kg. Lagt er til að ökutæki að eigin þyngd meira en 3.500 kg greiði 51.800 kr., sbr. bifreiðagjald samkvæmt reiknireglu 3. mgr., og svo 2. kr. fyrir hvert kíló umfram það, þó þannig að bifreiðagjald þessara ökutækja verði aldrei hærra en 73.800 kr. á hverju gjaldtímabili.

Um 9. gr.

Lagt er til að ökutæki sem knúin eru metani verði undanþegin bifreiðagjaldi ef ökutæki er skráð með metan sem aðalorkugjafa. Ljóst er að jákvæð umhverfisáhrif af notkun metans í samgöngum eru mikil auk þess sem sparnaður verður í kaupum á jarðefnaeldsneyti með aukinni metanvæðingu í bílaflotanum. Í því ljósi þykir rétt að efla metanvæðingu í samgöngum með ívilnunum sem þessari. Í fumvarpinu er jafnframt kveðið á um gjaldfrelsi metanbíla frá vörugjöldum upp að vissu marki og metanið sjálft sem eldsneyti hefur ekki verið skattlagt. Jafnframt er lagt til að ökutæki sem hefur verið breytt til þess að nýta metan sem aðalorkugjafa hljóti sömu lækkun á bifreiðagjöldum. Ástæða þess að ökutæki sem eru gerðarviðurkennd sem metanökutæki og ökutæki sem hefur verið breytt til þess að nýta metan eru aðskilin er sú að skráning þessara ökutækja er mismunandi. Ökutæki með gerðarviðurkenningu eru skráð með metan sem orkugjafa en ökutæki sem hefur verið breytt hafa fengið slíka breytingu skráða sem athugasemd í skráningarvottorð. Umferðarstofa hefur mótað vinnureglur um skráningu breyttra ökutækja sem ekki hafa hlotið gerðarviðurkenningu. Samkvæmt þeim vinnureglum er óheimilt að fjarlægja metanbúnaðinn auk þess sem búnaðurinn er skoðaður af skoðunarstofu við reglubundið eftirlit með ökutækinu.

Um 10. gr.

Með greininni er lagt til að olíur sem ekki eru af jarðefnauppruna verði undanþegnar olíugjaldi. Auk þess er lagt til að ef olíu sem ekki er af jarðefnauppruna verður blandað við olíu af jarðefnauppruna verði sá hluti blöndunar sem er af jarðefnauppruna gjaldskyldur. Í dag er olía sem ekki er af jarðefnauppruna, t.d. lífdísill, ekki gjaldskyld ef hún er notuð ein og sér á ökutæki en gjaldskyld ef henni er blandað við gjaldskylda olíu. Framleiðsla er hafin hér á landi á lífdísil úr sláturúrgangi jafnframt því sem tilraunir eru hafnar með ræktun á repju og framleiðslu á repjuolíu. Rétt þykir að styðja við slíka tilraunastarfsemi fyrst um sinn þar sem um er að ræða jákvæð umhverfisháhrif sem og minni þörf fyrir innflutning á jarðefnaeldsneyti. Í ljósi þess að olíugjald og bensíngjald eru einn helsti tekjustofn ríkissjóðs þegar kemur að viðhaldi vegakerfisins er ljóst að ákvæði sem þetta þarf að endurskoða að nokkrum árum liðnum þegar framleiðsla og notkun á endurvinnanlegum orkugjöfum er orðin almennari.

Um 11. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2011. Talið er að tímasetning þessara breytinga sé góð með tilliti til þess að sala á nýjum ökutækjum hefur verið í lágmarki undanfarin tvö ár. Lagerar bílaumboðanna eru í lágmarki og bílafloti landsmanna er að meðaltali orðinn nokkuð gamall en breytingar á nýviði mildast eftir því sem bílarnir verða eldri.

Mikilvægt er að ekki verði tafir á gildistöku frumvarpsins eftir að það hefur verið lagt fram þar sem líklegt er talið að verulega muni draga úr sölu á nýjum ökutækjum sem lækka í skattlagningu strax við framlagningu frumvarpsins. Mjög takmarkaður lager er hins vegar til af þeim ökutækjum sem hækka í verði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum (kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja).

Með frumvarpi þessu er lagt til að skattlagningu ökutækja og eldsneytis verði breytt þannig að hún taki mið af útblæstri bifreiða enn ekki þyngd þeirra og vélarstærð eins og nú er. Kerfisbreyting þess er gerð í samræmi við vinnu starfshóps sem falið var að gera tillögur um samræmda skattlagningu ökutækja og eldsneytis sem hafi þau markmið að leiðarljósi að hvetja til notkunar vistvænna ökutækja, orkusparnaðar, minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda, aukinnar notkunar innlendra orkugjafa, auk þess að fjármagna uppbyggingu og viðhald vegakerfisins og þjóna áfram sem almenn tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Í fyrsta lagi er lagt til að í stað þess að vörugjald af ökutækjum taki mið af sprengirými aflvélar verði gjaldtakan tengd beint við skráða CO_2 losun viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra. Erfitt er að spá fyrir um hvaða áhrif þessi breyting hefur á tekjur ríkissjóðs. Tillögurnar eru þó settar þannig upp að tekjur ríkissjóðs haldist óbreyttar miðað við spár um meðaltalslosun ökutækja næstu ár. Vegna lækkandi meðaltalslosunar sem helgast fyrst og fremst af tækniframförum er ljóst að endurskoða þarf samsetningu vörugjalda að nokkrum árum liðnum ef halda á jöfnum tekjum vegna vörugjalda af ökutækjum.

Í öðru lagi er lagt til að bifreiðagjald af ökutækjum taki mið af skráðri CO_2 losun viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra eins og hún er skráð í skráningarskírteini hverrar bifreiðar, í stað þyngdar. Er breytingin útfærð þannig að tekjur ríkissjóðs vegna bifreiðagjalda hækka um 200 m.kr. á milli ára sem er í samræmi við áætlun um hækkun gjaldsins í forsendum frumvarps til fjárlaga fyrir næsta ár. Annaðhvort losun eða þyngd ökutækja í landinu er þekkt sem gerir það að verkum að hægt er að ákvarða tekjur vegna þessarar breytingar nokkuð nákvæmlega.

Í þriðja lagi er lagt til að ef hefðbundið jarðefnaeldsneyti, bensín eða dísilolía, er blandað með íblöndunarefnum sem ekki eru af jarðefnauppruna sé sá hluti blöndunnar undanþeginn bensín- og olíugjaldi. Erfitt er að segja nákvæmlega til um hvaða áhrif þetta kemur til með að hafa á tekjur ríkissjóðs þar sem í sumum tilvikum hefðu þessi íblöndunarefni verið ógjaldskyld hvort sem er án breytinganna sem lagðar eru til í þessu frumvarpi. Miðað við að öll notkun hefði verið gjaldskyld án þess að tillagan hefði komið fram er hægt að áætla að íblöndun metanóls í bensín vegna þess metanóls sem framleitt verður hér á landi á árinu 2011 gæti lækkað tekjur ríkissjóðs um allt að 70 m.kr. og íblöndun vegna lífdísils gæti lækkað tekjur ríkissjóðs um allt að 130 m.kr.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að dráttarvélar verði í öllum tilvikum gjaldfrjálsar líkt og aðrar vinnuvélar. Hingað til hafa dráttarvélar eingöngu verið undanþegnar vörugjaldi ef þær eru notaðar á lögbýlum. Reiknað er með að tekjulækkun ríkissjóðs vegna þessarar breytingar sé um 11 m.kr. á ári en á móti kemur að talsverður kostnaður við eftirlit sparast.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir því að heildaráhrifin á tekjur ríkissjóð gæti orðið til lítils háttar lækkunar vegna lækkaðra tekna af íblöndunarefnum sem ekki eru af jarðefnauppruna á móti hækkuðum tekjum af bifreiðagjaldi. Kerfisbreyting þessi er ekki talin leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð, hvorki í skattkerfinu né við innheimtu.

215. Frumvarp til laga 198. mál

um fjölmiðla.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Markmið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi. Markmið laganna er jafnframt að koma á samræmdri löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar óháð því miðlunarformi sem er notað.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

1. *Aðgangskassi* er tæki sem er ætlað að taka á móti og vinna úr öllum þáttum stafrænna útsendinga og senda til sjónvarpstækja, þar á meðal þegar við á að veita aðgang að hljóð- og myndmiðlunarefni sem einungis er aðgengilegt gegn endurgjaldi.
2. *Auglýsing* er viðskiptaorðsending sem í felst hvers konar tilkynning sem er miðlað gegn endurgjaldi eða í þágu fjölmiðlaþjónustuveitanda og felur í sér kynningu á ímynd, vöru eða þjónustu.
3. *Ábyrgðarmaður* er einstaklingur sem fer með yfirstjórn fjölmiðlaþjónustuveitanda. Ef fjölmiðlaþjónustuveitandi er einstaklingur telst sá einstaklingur sjálfkrafa ábyrgðarmaður.
4. *Dagskrá* er heildarsamsetning dagskrárliða.
5. *Dagskrárliður* er safn hljóðskráa og/eða hreyfimynda sem mynda stakan lið innan áætlunar eða dagskrár sem veitandi fjölmiðlaþjónustu setur saman og er að formi og efni til sambærilegt hljóðvarpi eða sjónvarpsútsendingu.
6. *Dulin viðskiptaorðsending* er kynning í máli eða myndum á vörum, þjónustu, heiti, vörumerki eða starfsemi aðila sem framleiðir vöru eða veitir þjónustu í dagskrárliðum þegar slík kynning er til þess ætluð af hálfu fjölmiðlaþjónustuveitanda að þjóna auglýsingamarkmiðum og gæti villt um fyrir neytendum að því er eðli hennar varðar.
7. *Efnisstjóri* er starfsmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda sem ber ábyrgð á efnisvali hverju sinni og ákvarðar hvernig það skuli skipulagt, t.d. ritstjóri, dagskrárstjóri, fréttastjóri og aðrir sambærilegir stjórnendur
8. *Erlent endurvarp* er hljóðvarps- eða sjónvarpsútsending frá erlendum fjölmiðlaþjónustuveitanda sem er móttekin af innlendum fjölmiðlaþjónustuveitanda og hann endurvarpar til notenda hér á landi um þráð eða þráðlaust.
9. *Evrópskt efni* er það hljóð- og myndmiðlunarefni sem fellur undir n-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunar Evrópusambandsins 89/552/EB, með síðari breytingum.
10. *Fjarskiptafyrirtæki* er einstaklingur eða lögaðili sem hefur tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.

11. *Fjarskiptanet* er sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi og háspennulínum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og myndmiðlun.
12. *Fjarkaup* er hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni sem í felst beint tilboð eða sala á vöru og þjónustu, þ.m.t. fasteignum, til almennings þar sem við miðlun tilboðs og gerð samnings er notuð ein eða fleiri fjarskiptaaðferðir án þess að neytandi og seljandi hittist. Til fjarkaupa teljast bæði fjarkaupaþættir og fjarkaupainnskot. Fjarkaupaþættir eru heildstæðir dagskrárliðir en fjarkaupainnskot er efni sem er miðlað á milli dagskrárliða og lýtur sömu reglum og viðskiptaorðsendingar.
13. *Fjölmiðill* er hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar.
14. *Fjölmiðlaþjónusta* er sú þjónusta sem fjölmiðlar veita.
15. *Fjölmiðlaþjónustuveitandi* er einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir fjölmiðil.
16. *Flutningur* samkvæmt reglum um flutningsrétt og flutningsskyldu tekur til flutnings og dreifingar á myndefni frá tengipunkti sjónvarpsstöðvar til aðgangskassa notenda.
17. *Flutningsreglur* eru reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu.
18. *Flutningsréttur* felur í sér að fjölmiðlaþjónustuveitendum er skylt, að nánar gættum skilyrðum uppfylltum, að verða við beiðni fjarskiptafyrirtækis um dreifingu á efni.
19. *Flutningsskylda* felur í sér að fjarskiptafyrirtækjum er skylt, að nánar gættum skilyrðum uppfylltum, að verða við beiðni fjölmiðlaþjónustuveitenda um dreifingu efnis.
20. *Gagnvirk auglýsing* er auglýsing sem gerir móttakanda hljóð- og myndefnis kleift að nálgast auglýsingar að eigin frumkvæði í gegnum hvers konar viðtæki.
21. *Hlaðvarp* kallast það þegar dagskrárliðir í heild eða að hluta í formi hljóðskráa eru boðnir almenningi til niðurhals.
22. *Hljóð- og myndsending* í viðskiptaskyni er annars vegar viðskiptaorðsending og hins vegar fjarkaup.
23. *Hljóðmiðlun* er þjónusta sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður og er annars vegar hljóðvarp og hins vegar hlaðvarp eða annars konar hljóðmiðlun eftir pöntun.
24. *Hljóðmiðlun eftir pöntun* (ólínuleg hljóðmiðlun) er þjónusta sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður án tillits til þess viðtækis sem er notað til móttöku útsendingarinnar og án tillits til þess hvort greiða þarf fyrir efnið þannig að notandi getur hlustað á dagskrárliði í heild eða að hluta þegar hann svo kýs og að sérstakri beiðni hans á grundvelli efnisskrár fjölmiðlaþjónustuveitanda.
25. *Hljóðvarp* (línuleg hljóðmiðlun) er hvers konar miðlun hljóðefnis án tillits til þess viðtækis sem er notað til móttöku efnisins þar sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður fram samtímis hlustun á dagskrárliði á grundvelli dagskráráætlunar.
26. *Kostun* er hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni sem tekur til hvers konar framlaga opinbers fyrirtækis, einkafyrirtækis eða einstaklings til fjármögnunar einstakra dagskrárliða með það fyrir augum að vekja athygli á heiti viðkomandi, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum, enda fáist viðkomandi hvorki við hljóð- né myndmiðlun né framleiðslu hljóð- eða myndverka.
27. *Læst útsending* er hljóðvarp eða sjónvarpsútsending þar sem hljóð- eða myndmerkjum hefur verið breytt í því skyni að veita einungis þeim aðgang að útsendingunni sem hafa greitt fyrir hana.

28. *Myndmiðlun* er þjónusta sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður og er annars vegar sjónvarpsútsending og hins vegar myndmiðlun eftir pöntun.
29. *Myndmiðlun eftir pöntun* (ólínuleg myndmiðlun) er þjónusta sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður, án tillits til þess viðtækis sem er notað til móttöku efnisins og án tillits til þess hvort greiða þarf fyrir efnið þannig að notandi getur horft á dagskrárliði í heild eða að hluta þegar hann svo kýs og að sérstakri beiðni hans á grundvelli efnisskrár fjölmiðlaþjónustuveitanda.
30. *Prentmiðill* er fjölmiðill sem miðlar ritefni á prentuðu formi eða öðru sambærilegu formi, svo sem dagblöð og tímarit.
31. *Rafrænn ritmiðill* er fjölmiðill sem miðlar ritefni með rafrænum hætti, svo sem netútgáfur dagblaða og tímarita, dagblöð og tímarit sem er dreift með tölvupósti og aðrir netmiðlar.
32. *Ritefni* er texti sem er miðlað sjálfstætt. Til ritefnis teljast jafnframt uppdrættir, teikningar, myndir, nótur o.fl.
33. *Ritmiðlun* er þjónusta sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður og er annars vegar miðlun ritefnis á prentuðu formi eða öðru sambærilegu formi og hins vegar miðlun ritefnis með rafrænum hætti.
34. *Ritstjórn* felur í sér stjórn á vali og skipan þess efnis sem miðlað er.
35. *Sjálfstæður framleiðandi hljóð- eða myndefnis* er fyrirtæki sem jafnframt er sjálfstæður lögaðili, óháður viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda í þeim skilningi að hann er ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum hans, hvorki sér né sameiginlega með öðrum, og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu.
36. *Sjónvarpsútsending* (línuleg myndmiðlun) er hvers konar miðlun myndefnis án tillits til þess viðtækis sem er notað til móttöku útsendingarinnar þar sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður fram samtímis áhorf á dagskrárliði á grundvelli dagskráráætlunar.
37. *Skjáskipt auglýsing* er auglýsing þar sem á hluta skjás er birt auglýsing samhliða útsendingu hvers kyns myndmiðlunarefnis.
38. *Sýndarauglýsing* er auglýsing sem ekki er til staðar á vettvangi upptöku myndefnis en er bætt við þannig að hún birtist við útsendingu eða annars konar miðlun efnisins.
39. *Viðskiptaorðsendingar* eru texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaorðsendinga teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning.
40. *Viðtæki* er hvert það tæki sem tekur á móti og miðlar fjölmiðlaefni, svo sem sjónvarp, hljóðvarp, tölva, lófatölva, farsími.
41. *Vöruinnsetning* er viðskiptaorðsending sem tekur til allra gerða hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem taka til eða vísa til vöru, þjónustu eða vörumerkis hennar með þeim hætti að þær komi fram í dagskrárlið gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi.
42. *Útvarpsmerki* er sendibylgja, hvort heldur sem er um þráð eða þráðlaus, sem ber hljóð- og myndmiðlunarefni til viðtækja eða aðgangskassa, ýmist á stafrænu eða hliðrænu formi.

II. KAFLI
Gildissvið og lögsaga.

3. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um alla fjölmiðla sem miðla efni handa almenningi hér á landi, að teknu tilliti til ákvæðis 4. gr. Þau gilda því um allt hljóð- og myndefni í læstri eða ólæstri dagskrá, línulegri dagskrá eða eftir pöntun sem og allt ritefni hvort sem því er miðlað á prentuðu eða öðru sambærilegu formi eða með rafrænum hætti.

4. gr.
Lögsaga yfir fjölmiðlaþjónustuveitendum sem miðla myndefni.

Íslenska ríkið hefur lögsögu yfir þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum sem miðla myndefni og hafa staðfestu á Íslandi. Slíkur aðili telst hafa staðfestu hér á landi:

a. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi og ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar hér á landi,
b. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar í öðru ríki, eða öfugt, að því tilskildu að verulegur hluti starfsliðs við myndmiðlunina starfi hér á landi,
c. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar í öðru ríki og verulegur hluti starfsliðs við myndmiðlunina starfar í báðum ríkjum, eða
d. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar í öðru ríki, eða öfugt, og verulegur hluti starfsliðs við myndmiðlunina starfar í hvorugu þessara ríkja, og viðkomandi hefur hafið útsendingar samkvæmt útvarpsleyfi sem veitt var með stoð í íslenskum lögum og haldið stöðugum og virkum tengslum við íslenskt efnahagslíf.

Íslenska ríkið hefur jafnframt lögsögu yfir þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum sem miðla myndefni og hvorki hafa staðfestu hér á landi samkvæmt ákvæði 1. mgr. né í öðru EES-ríki ef þeir uppfylla annað eftirfarandi skilyrða:

a. nota jarðstöð sem staðsett er hér á landi til sendingar merkis í gervitungl, eða
b. nota flutningsgetu gervitungls sem tilheyrir Íslandi ef ekki er notuð jarðstöð sem staðsett er í öðru EES-ríki til sendingar merkis í gervitungl.

Komi upp vafi um það hvort fjölmiðlaþjónustuveitandi sem miðlar myndefni heyri undir lögsögu íslenska ríkisins eða annars EES-ríkis, og ekki reynist unnt að skera úr um það á grundvelli 1. eða 2. mgr., skal úr því leyst á grundvelli ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. sérstaklega 2. kafla III. hluta samningsins um staðfesturétt.

5. gr.
Tímabundin stöðvun á móttöku myndmiðlunarefnis frá öðrum EES-ríkjum.

Þrátt fyrir skyldu íslenska ríkisins til þess að tryggja frelsi til móttöku sjónvarpsútsendinga frá öðrum EES-ríkjum getur fjölmiðlanefnd stöðvað slíka móttöku tímabundið að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. útsendingin brýtur augljóslega, verulega og alvarlega gegn ákvæðum 27. eða 28. gr.,
b. viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi hefur að minnsta kosti tvívegis á síðastliðnum 12 mánuðum brotið gegn ákvæðum a-liðar,

c. fjölmiðlanefnd hefur tilkynnt viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda og Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, skriflega um meint brot og þær ráðstafanir sem hún hyggst grípa til verði brot endurtekið, eða
d. samráð við þar til bært stjórnvald í því aðildarríki sem fer með lögsögu yfir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda og Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, hefur ekki leitt til lausnar innan 15 daga frá tilkynningu skv. c-lið og framhald er á meintu broti.

Þegar um er að ræða myndmiðlun eftir pöntun er heimilt að stöðva tímabundið móttöku myndefnis frá öðru EES-ríki á grundvelli sömu sjónarmiða og tiltekin eru í a-lið 1. mgr., sem og ef það myndefni sem um ræðir er að öðru leyti talið stríða gegn allsherjarreglu, verndun lýðheilsu, almannaöryggi eða neytendavernd.

Fjölmiðlanefnd skal þó einungis stöðva móttöku myndefnis skv. 2. mgr. ef þar til bært stjórnvald í því aðildarríki sem fer með lögsögu yfir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda hefur ekki orðið við beiðni nefndarinnar um að grípa til aðgerða gagnvart þeim fjölmiðlaþjónustuveitanda sem í hlut á eða þær aðgerðir sem það hefur gripið til eru ófullnægjandi. Þá skal fjölmiðlanefnd tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, um fyrirhugaða stöðvun á móttöku efnis áður en til hennar kemur.

Í bráðatilvikum er heimilt að víkja frá ákvæði 3. mgr. Slíkt skal þó án tafa tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, og þar til bæru stjórnvaldi í viðkomandi aðildarríki og það rökstutt sérstaklega að um bráðatilvik hafi verið ræða.

6. gr.

Ráðstafanir gagnvart fjölmiðlaþjónustuveitendum sem miðla myndefni og heyra undir lögsögu annarra EES-ríkja.

Telji fjölmiðlanefnd að fjölmiðlaþjónustuveitandi, sem heyrir undir lögsögu annars EES-ríkis en dreifir myndefni sem að mestu eða öllu leyti er ætlað til móttöku hér á landi, hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara getur fjölmiðlanefnd farið fram á það við þar til bær stjórnvöld í viðkomandi EES-ríki að þau beini því til fjölmiðlaþjónustuveitandans að hann fari að þeim ákvæðum sem um ræðir.

Telji fjölmiðlanefnd þá niðurstöðu sem fæst með beitingu 1. mgr. ekki fullnægjandi og að sá fjölmiðlaþjónustuveitandi sem um ræðir hafi öðlast staðfestu í viðkomandi EES-ríki gagngert í því skyni að sniðganga íslensk lög er henni heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn fjölmiðlaþjónustuveitandanum samkvæmt lögum þessum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a. að hún hafi tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, sem og þar til bærum yfirvöldum í viðkomandi EES-ríki um þær ráðstafanir sem hún hyggst grípa til og rökstutt þær, og
b. að Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, hafi staðfest að ráðstafanir þær sem um ræðir samrýmist ákvæðum EES-samningsins og að mat fjölmiðlanefndar skv. 1. og 2. mgr. sé rétt.

Komist framkvæmdastjórnin eða Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar samrýmist ekki ákvæðum EES-samningsins skal fjölmiðlanefnd ekki grípa til umræddra ráðstafana.

III. KAFLI
Stjórnsýsla.

7. gr.
Fjölmiðlanefnd.

Fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Nefndin annast eftirlit samkvæmt lögum þessum og daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

Ákvörðunum fjölmiðlanefndar samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Kostnaður við starfsemi fjölmiðlanefndar greiðist úr ríkissjóði.

Við framkvæmd eftirlits með viðskiptaorðsendingum sem falla undir eftirlit annarra stjórnvalda samkvæmt sérlögum skal fjölmiðlanefnd leita samstarfs um verkaskiptingu við þau stjórnvöld.

Fjölmiðlanefnd skal gera samstarfssamning við Neytendastofu um mál sem geta varðað starfssvið þessara stofnana.

8. gr.
Skipan fjölmiðlanefndar.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar fimm manns í fjölmiðlanefnd til fjögurra ára í senn. Tveir fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og tveir samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins en þann fimmta skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar og skal hann uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Varaformann skal skipa úr hópi fastra nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á fjölmiðlamálum og/eða menntun sem nýtist á þessu sviði. Ráðherra ákvarðar þóknun nefndarmanna.

Nefndarmenn skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða sérrefsilagaákvæðum.

Fjölmiðlanefnd setur sér starfsreglur sem skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.
Starfsmenn fjölmiðlanefndar.

Fjölmiðlanefnd er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn til að annast í umboði hennar daglega framkvæmd og stjórnun þeirra verkefna sem nefndinni eru falin samkvæmt lögum þessum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á fjárreiðum fjölmiðlanefndar. Hann skal hafa háskólamenntun og búa yfir sérþekkingu á sviði fjölmiðlamála. Um starfskjör starfsmanna fer að samningum opinberra starfsmanna og fjölmiðlanefnd setur þeim starfslýsingu.

10. gr.
Starfssvið fjölmiðlanefndar.

Með starfsemi fjölmiðlanefndar skal stuðlað að því að markmiðum og tilgangi laga þessara verði náð. Skal nefndin vinna að því að efla fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum og standa jafnframt vörð um tjáningarfrelsi og rétt til upplýsinga og stuðla sérstaklega að því að vernd barna samkvæmt fyrirmælum laga þessara sé virt.

Fjölmiðlanefnd skal fara með þau verkefni sem henni eru falin lögum samkvæmt. Nefndin skal m.a.:

a. fylgjast með því að fjölmiðlaþjónustuveitendur fari að fyrirmælum laga þessara, taka ákvarðanir í málum samkvæmt þeim og beita viðurlögum þegar við á,
b. fylgjast með stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði og safna upplýsingum þar að lútandi,
c. annast samskipti við sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum og alþjóðastofnanir um málefni á starfsvettvangi sínum,
d. annast eftirlit með skráningarskyldu og veitingu leyfa til hljóð- og myndmiðlunar og tryggja að lögboðnar upplýsingar um alla fjölmiðlaþjónustuveitendur séu til staðar, og
e. annast eftirlit með innihaldi og framsetningu hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem og viðskiptaorðsendinga í prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum.

11. gr.
Málsmeðferð.

Erindum vegna ætlaðra brota á ákvæðum laga þessara skal beint til fjölmiðlanefndar. Fjölmiðlanefnd tekur ákvörðun um það hvort erindi sem berst henni gefi nægar ástæður til meðferðar. Við afgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum er fjölmiðlanefnd heimilt að raða málum í forgangsröð. Þá er fjölmiðlanefnd heimilt að taka upp mál að eigin frumkvæði.

Fjölmiðlanefnd skal, eins fljótt og við verður komið, taka ákvörðun í málum vegna erinda sem til hennar er beint.

Fjölmiðlanefnd skal eftir því sem við á gæta trúnaðar við meðferð upplýsinga og gagna sem hún aflar eða henni berast á grundvelli laga þessara.

12. gr.
Sérstök rannsóknarheimild.

Fjölmiðlanefnd getur krafið fjölmiðlaþjónustuveitendur um skriflegar upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota á ákvæðum laga þessara og skulu slíkar upplýsingar og gögn þá veitt innan hæfilegs frests sem nefndin setur.

Fjölmiðlanefnd getur við rannsókn ætlaðra brota gegn þeim ákvæðum VI. kafla er varða viðskiptaorðsendingar og fjarkaup gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð fjölmiðlaþjónustuveitanda eða stað þar sem gögn eru varðveitt þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn umræddum ákvæðum. Við framkvæmd aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum.

13. gr.
Upplýsingaskipti.

Fjölmiðlanefnd er heimilt að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, sem og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða, eftir því sem við á, Eftirlitsstofnun EFTA, upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd laga þessara í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Við afhendingu upplýsinga og gagna skal eftir því sem við á setja sem skilyrði að:
a. farið verði með upplýsingarnar og gögnin sem trúnaðarmál hjá þeim sem við þeim tekur,
b. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins notuð í því skyni sem kveðið er á um í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og í samræmi við beiðni um upplýsingar, og
c. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins afhent öðrum með samþykki fjölmiðlanefndar og í þeim tilgangi sem kveðið er á um.

IV. KAFLI
Skráning fjölmiðla, leyfi til hljóð- og myndmiðlunar, gagnsæi, upplýsingagjöf o.fl.

14. gr.
Skráning fjölmiðla.

Öll starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna og ekki er leyfisskyld er skráningarskyld. Fjölmiðlaþjónustuveitendur sem ekki stunda leyfisskylda hljóð- og myndmiðlun skulu tilkynna fjölmiðlanefnd um starfsemi sína áður en hún hefst.

Tilkynning skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og hafa að geyma upplýsingar um heiti viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda, kennitölu hans, lögheimili, netfang og vefsetur, heiti fjölmiðils eða fjölmiðla sem hann starfrækir, nafn ábyrgðarmanns, ritstjórnar- eða dagskrárstefnu, kallmerki ef við á og eignarhald á þeim fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um ræðir.

Ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda skal hafa heimilisfesti hér á landi og vera lögráða og fjár síns ráðandi.

Fjölmiðlaþjónustuveitanda ber að tilkynna fjölmiðlanefnd um allar breytingar sem kunna að verða á högum hans og varða þær upplýsingar sem liggja til grundvallar tilkynningu hans skv. 2. mgr.

15. gr.
Erlent endurvarp hljóð- og myndefnis.

Hljóð- og myndmiðlunarefni sem er endurvarpað erlendis frá af fjölmiðlaþjónustuveitanda sem fellur undir gildissvið laganna ber að tilkynna til fjölmiðlanefndar. Tilkynning skal vera skrifleg og skal koma fram nafn þess erlenda fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um er að ræða hverju sinni, heimili hans, netfang, vefsetur og kallmerki. Þá skal veita upplýsingar um ritstjórnarábyrgð, dagskrárstefnu og eignarhald á viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda ef tiltækar eru.

16. gr.
Leyfi til hljóð- og myndmiðlunar.

Til hljóð- og myndmiðlunar fjölmiðlaþjónustuveitenda sem heyra undir lögsögu íslenska ríkisins, sem krefst tíðniúthlutunar hjá Póst- og fjarskiptastofnun, þarf leyfi fjölmiðlanefndar, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.

Fjölmiðlanefnd getur veitt lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar, annars vegar almennt leyfi til allt að sjö ára í senn og hins vegar skammtímaleyfi að hámarki til þriggja mánaða. Leyfi taka ýmist til landsins alls eða eru staðbundin og afmörkuð við einstaka landshluta.

17. gr.
Umsókn um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar.

Umsókn um almennt leyfi til hljóð- og myndmiðlunar skal vera skrifleg og hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

a. nafn umsækjanda, kennitölu, lögheimili, netfang og vefsetur,
b. nafn ábyrgðarmanns,
c. fyrirhugaða dagskrárstefnu,
d. kallmerki,
e. upplýsingar um aðra fjölmiðlastarfsemi umsækjanda,
f. eignarhald á umsækjanda,

g. hvort sótt er um leyfi til miðlunar hljóð- eða myndefnis á erlendu tungumáli og ástæður þess,
h. hvort sótt er um leyfi fyrir landið allt eða staðbundið leyfi,
i. hvort tilskilinna leyfa hafi verið aflað frá rétthöfum efnis,
j. hvenær fyrirhugað sé að hefja miðlun hljóð- og myndefnis,
k. til hve langs tíma leyfis er óskað.

Umsókn um skammtímaleyfi til hljóð- og myndmiðlunar skal einnig vera skrifleg og hafa að geyma sömu upplýsingar og tilgreindar eru í 1. mgr. að undanskildu því sem fram kemur í e- og f-lið.

Umsækjandi um almennt leyfi skal skila vottorðum um heimilisfesti, lögræði og búsforræði ábyrgðarmanns og vottorði fyrirtækjaskrár um stofnun og tilvist félags, þegar við á.

Umsækjandi um leyfi skal hafa staðfestu í EES-ríki. Um heimild annarra til að starfrækja hljóð- eða myndmiðlun fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

18. gr.

Meðferð umsókna um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar.

Áður en afstaða er tekin til umsóknar um leyfi skal fjölmiðlanefnd leita umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar um tiltæka tíðni og útgeislað afl. Að fenginni þeirri umsögn ákveður fjölmiðlanefnd hvort leyfi skuli veitt.

Nú er leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar veitt og skal þá tekið fram í skilmálum leyfis hver sé handhafi þess, hvort um sé að ræða leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar, við hvaða landsvæði það afmarkast, gildistími þess, kallmerki, dagskrárstefna viðkomandi sem og önnur atriði sem þýðingu kunna að hafa.

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir til þeirra sem úthlutað hefur verið leyfi, og skal þá kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl.

19. gr.

Sérstakar skyldur leyfishafa.

Fjölmiðlaþjónustuveitendum er heimilt að afla tekna með útvarpsgjaldi, áskriftargjaldi, viðskiptaorðsendingum, fjarkaupum og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þeirra.

Rekstri, bókhaldi og fjárreiðum vegna hinnar leyfisskyldu starfsemi skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri og fjárreiðum leyfishafa. Fjölmiðlanefnd getur krafist upplýsinga úr bókhaldi og reikningum leyfishafa, ef þess er talin þörf, um hvort laga- eða reglugerðarákvæði eða leyfisskilmálar hafi verið brotnir. Stjórn og starfsmenn fjölmiðlanefndar eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem leynt á að fara.

Leyfi til hljóð- og myndmiðlunar verður ekki framselt, leigt eða flutt með öðrum hætti til annars aðila. Nú er bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta og/eða ábyrgðarmaður uppfyllir ekki skilyrði þau sem fram koma í 3. mgr. 17. gr. og fellur þá leyfið þegar í stað úr gildi.

20. gr.

Breyting á skilmálum og endurnýjun og niðurfelling leyfis.

Fjölmiðlaþjónustuveitanda ber að tilkynna fjölmiðlanefnd allar breytingar sem á leyfistímanum kunna að verða á högum hans og varða þær upplýsingar sem liggja til grundvallar umsókn hans skv. 17. gr.

Óski leyfishafi eftir því að breyting verði gerð á skilmálum leyfis skal hann sækja um slíkt sérstaklega til fjölmiðlanefndar.

Óski leyfishafi eftir endurnýjun leyfis skal sótt um það til fjölmiðlanefndar eigi síðar en tveimur mánuðum áður en gildandi leyfi rennur út.

Hafi leyfishafi ekki hafið starfsemi innan sex mánaða frá uppgefnu tímamarki skv. j-lið 1. mgr. 17. gr. fellur leyfið sjálfkrafa niður. Sé starfsemi hætt og hún ekki hafin á ný innan fjögurra mánaða telst leyfi sjálfkrafa niður fallið. Leyfishafa ber að tilkynna fjölmiðlanefnd þegar starfsemi lýkur varanlega.

21. gr.

Upplýsingagjöf á heimasíðu fjölmiðlanefndar.

Á heimasíðu fjölmiðlanefndar skal birta upplýsingar um:

a. nafn þess sem tilkynnt hefur starfsemi sína eða hlotið leyfi, kennitölu, lögheimili, netfang og vefsetur og gildistíma leyfis þegar slíkt á við,
b. nafn ábyrgðarmanns,
c. dagskrárstefnu hljóð- og myndmiðla og síðari tilkynningar um breytingu á henni,
d. ritstjórnarstefnu prentmiðla og rafrænna ritmiðla og síðari tilkynningar um breytingu á henni,
e. eignarhald á fjölmiðlaþjónustuveitanda,
f. reglur fjölmiðlaþjónustuveitanda um ritstjórnarlegt sjálfstæði, ef við á, og
g. ákvarðanir fjölmiðlanefndar í málum fjölmiðlaþjónustuveitenda; úr hinni birtu útgáfu úrskurðar skal þó fella brott upplýsingar um viðkvæm einkamálefni einstaklinga og mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

22. gr.

Tilkynningarskylda um eigendaskipti að fjölmiðlaþjónustuveitanda.

Við sölu á hlut í fjölmiðlaþjónustuveitanda bera seljandi og kaupandi ábyrgð á því að tilkynning um söluna sé send fjölmiðlanefnd. Tilkynning um söluna skal hafa borist fjölmiðlanefnd innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings. Þetta ákvæði gildir þó ekki hafi stjórn hlutafélags gert samning við verðbréfamiðstöð skv. 3. mgr.

Eftir sérhvern aðalfund í einkahlutafélagi og hlutafélagi sem er skráningarskylt eða hefur hljóð- og myndmiðlunarleyfi samkvæmt lögum þessum skal stjórn félags senda fjölmiðlanefnd hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því að fundur var haldinn. Þetta ákvæði gildir þó ekki hafi stjórn hlutafélags gert samning við verðbréfamiðstöð skv. 3. mgr.

Stjórn hlutafélags sem er skráningarskylt eða hefur hljóð- og myndmiðlunarleyfi samkvæmt lögum þessum og er eignarskráð í verðbréfamiðstöð hefur heimild til að gera samning við verðbréfamiðstöð um að hún sendi daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til fjölmiðlanefndar.

23. gr.

Skýrslugjöf fjölmiðlaþjónustuveitenda.

Fjölmiðlaþjónustuveitendum er skylt að senda fjölmiðlanefnd árlega skýrslu sem hefur að geyma upplýsingar um eftirfarandi atriði, eftir því sem við á:

a. hlutfall evrópsks myndefnis í línulegri dagskrá,
b. hlutfall myndefnis frá sjálfstæðum framleiðendum í línulegri dagskrá,
c. hlutfall íslensks myndefnis í línulegri dagskrá,

d. hlutfall pantana á evrópsku myndefni í ólínulegri dagskrá,
e. hlutfall pantana á myndefni frá sjálfstæðum framleiðendum í ólínulegri dagskrá,
f. hlutfall pantana á íslensku myndefni í ólínulegri dagskrá,
g. aðgerðir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda til að efla kynningu og framboð á evrópsku myndefni,
h. aðgerðir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda til að auka aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndefni hans, og
i. annað sem nauðsynlegt er til að mæla stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu láta fjölmiðlanefnd skýrslu sína skv. 1. mgr. í té eigi síðar en 31. mars ár hvert vegna nýliðins árs.

Að undangenginni beiðni fjölmiðlanefndar er fjölmiðlaþjónustuveitendum, á öðrum tímum og þegar sérstaklega stendur á, jafnframt skylt að veita þær upplýsingar sem kveðið er á um í 1. mgr. innan hæfilegs frests sem nefndin veitir.

Fjölmiðlanefnd getur áskilið að faggilt skoðunarstofa staðfesti skýrslur fjölmiðlaþjónustuveitenda skv. 1. og 3. mgr. Fjölmiðlanefnd greiðir þann kostnað sem af störfum skoðunarstofu hlýst.

Skoðunarstofa og starfsmenn hennar eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd verkefnisins skv. 4. mgr. og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

V. KAFLI
Réttindi og skyldur fjölmiðlaþjónustuveitenda.

24. gr.
Ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni. Slíkar reglur skulu samdar í samráði við viðkomandi starfsmenn og eftir atvikum starfsmannafélag þeirra.

Í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði skal m.a. fjallað um:

a. starfsskilyrði viðkomandi efnisstjóra, blaða- og fréttamanna ritmiðla og hljóð- og myndmiðla við að framfylgja ritstjórnar- eða dagskrárstefnu fjölmiðlaþjónustuveitandans,
b. starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði viðkomandi efnisstjóra, blaða- og fréttamanna gagnvart eigendum fjölmiðlaþjónustuveitandans, og
c. skilyrði áminningar og brottvikningar viðkomandi efnisstjóra og blaða- og fréttamanna.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu sendar fjölmiðlanefnd til staðfestingar.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu endurskoðaðar árlega. Tilkynna skal fjölmiðlanefnd þegar endurskoðun hefur farið fram og senda henni nýja útgáfu af reglunum til staðfestingar hafi breytingar verið gerðar.

25. gr.
Vernd heimildarmanna.

Starfsmönnum fjölmiðlaþjónustuveitenda sem hlotið hafa leyfi eða skráningu hjá fjölmiðlanefnd er óheimilt að upplýsa hver sé heimildarmaður að grein, riti, frásögn, tilkynningu eða öðru efni, hvort sem það hefur birst eða ekki, hafi heimildarmaður eða höfundur óskað nafnleyndar. Starfsmönnum fjölmiðlaþjónustuveitanda er jafnframt óheimilt að láta af hendi gögn sem hafa að geyma upplýsingar um heimildarmann eða höfund í slíkum tilvikum.

Bann 1. mgr. gildir einnig um þá sem vegna tengsla við fjölmiðlaþjónustuveitanda eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur er eða hefur undir höndum gögn þar að lútandi.

Heimildarvernd skv. 1. og 2. mgr. verður einungis aflétt með samþykki viðkomandi heimildarmanns eða höfundar eða á grundvelli 119. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

26. gr.

Lýðræðislegar grundvallarreglur.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegum grundvallarreglum, virða tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs. Þeir skulu miðla fjölbreyttu efni og mismunandi sjónarmiðum á hlutlægan hátt. Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu eftir fremsta megni gefa ólíkum hópum samfélagsins kost á að tjá skoðanir sínar og sjónarmið og stuðla að gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum mismunandi hópa í samfélaginu. Þá er fjölmiðlum óheimilt að hvetja til refsiverðrar háttsemi og ósæmilegra athafna. Þó skal fjölmiðlaþjónustuveitanda sem hefur þann yfirlýsta tilgang að beita sér fyrir tilteknum málstað vera óskylt að miðla efni sem gengur í berhögg við stefnu miðilsins.

27. gr.

Bann við hatursáróðri.

Í fjölmiðlum er óheimilt að kynda undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis, skoðana eða menningarlegrar, efnahagslegrar eða félagslegrar stöðu í samfélaginu.

28. gr.

Vernd barna gegn skaðlegu efni.

Fjölmiðlaþjónustuveitendum sem miðla hljóð- og myndefni er óheimilt að miðla efni, þar á meðal hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni, sem getur haft skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi.

Frá bannákvæði 1. mgr. má gera eftirfarandi undantekningar:

a. Eftir kl. 21 á kvöldin virka daga og eftir kl. 22 á kvöldin um helgar og til kl. 5 á morgnana er heimilt að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að á undan því fari skýr viðvörun og það sé auðkennt með sjónrænu merki, þegar um miðlun myndefnis er að ræða, allan þann tíma sem efninu er miðlað.
b. Heimilt er að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því gefnu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að útsendingin nái ekki til barna.
c. Heimilt er að miðla hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að því.
d. Heimilt er að miðla fréttum og fréttatengdu efni sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að það sé nauðsynlegur hluti af fréttaþjónustu viðkomandi fjölmiðils og að á undan því fari skýr viðvörun og það sé auðkennt með sjónrænu merki, þegar um miðlun myndefnis er að ræða, allan þann tíma sem efninu er miðlað verði því við komið.

Undantekningarákvæði a- og b-liðar 2. mgr. taka ekki til hljóð- og myndefnis sem getur haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna.

Aðrir fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu kappkosta að efni sem haft getur skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna sé þeim hvorki aðgengilegt né því miðlað til þeirra.

29. gr.
Tal og texti á íslensku.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu eftir því sem við á stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Fjölmiðlar sem miðla hljóði og texta á íslensku skulu í því skyni marka sér málstefnu. Þó skal heimilt að starfrækja fjölmiðla hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku.

Hljóð- og myndefni á erlendu máli, hvort heldur sem því er miðlað í línulegri dagskrá eða eftir pöntun, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal fjölmiðlaþjónustuveitandi, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa.

Ákvæði 2. mgr. á ekki við um endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva. Ákvæði 2. mgr. á ekki heldur við þegar viðkomandi hljóð- eða myndmiðill er starfræktur á öðru tungumáli en íslensku, sbr. 1. mgr.

30. gr.
Aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni.

Þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni skulu eins og kostur er leitast við að gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum. Úrræði til að tryggja aðgengi eru m.a. táknmál, textun og hljóðlýsing.

31. gr.
Skyldur vegna almannaheilla.

Fjölmiðlaþjónustuveitanda er, ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst, skylt að miðla endurgjaldslaust tilkynningum frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og rjúfa línulega dagskrá ef þörf krefur.

32. gr.
Skylda til auðkenningar.

Fjölmiðlaþjónustuveitanda sem miðlar hljóð- eða myndefni í línulegri dagskrá er skylt að birta nafn sitt eða annað auðkenni þegar um myndmiðlun er að ræða og kynna nafn sitt þegar um hljóðmiðlun er að ræða. Slík auðkenning skal eiga sér stað a.m.k. einu sinni á hverjum 30 mínútum útsendingar verði því við komið.

Efnisskrá fjölmiðlaþjónustuveitanda sem starfrækir hljóð- eða myndmiðlun eftir pöntun skal hafa að geyma upplýsingar um það hver veitandi þjónustunnar er.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi sem miðlar ritefni á prentuðu formi skal nafngreindur í hverju eintaki sem og ritstjóri hafi slíkur aðili verið ráðinn.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi sem miðlar ritefni á rafrænu formi skal nafngreina sig með fullnægjandi hætti í viðkomandi miðli sem og ritstjóri hafi slíkur aðili verið ráðinn.

33. gr.
Framboð myndefnis.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni í línulegri dagskrá skulu kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma að frádregnum þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpsþjónustu og fjarkaupa.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni eftir pöntun skulu eftir því sem unnt er tryggja með viðeigandi aðferðum að íslenskt efni og annað evrópskt efni sé áberandi hluti af framboði þeirra.

34. gr.
Dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni í línulegri dagskrá skulu, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 33. gr., á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum.

35. gr.
Skylda til varðveislu á fjölmiðlaefni.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu í a.m.k. 18 mánuði varðveita efni sem miðlað hefur verið fari það ekki í bága við réttindi rétthafa. Miða skal upphaf tímafrests skv. 1. málsl. við það tímamark þegar efninu er fyrst miðlað.

36. gr.
Réttur til andsvara.

Aðili sem telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli hefur rétt til andsvara í viðkomandi miðli eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skulu birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um. Þegar um prentmiðil eða rafrænan ritmiðil er að ræða skal birta andsvör með sama hætti og annað efni viðkomandi miðils og á þeim stað að eftir verði tekið og þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða skal andsvörum miðlað á þeim tíma þegar hlustun eða áhorf er mest og með þeim hætti sem best hæfir miðlun þess efnis sem beiðnin tekur til. Fjölmiðlaþjónustuveitanda er óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun andsvars.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi getur synjað beiðni um andsvar við eftirfarandi aðstæður:

a. ef andsvarið fer yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins,
b. ef í andsvarinu felst annað og/eða meira en að leiðrétta staðreyndir sem fram hafa komið hjá fjölmiðlaþjónustuveitandanum,
c. ef andsvarið felur í sér efni sem brýtur í bága við almenn hegningarlög og er til þess fallið að gera fjölmiðlaþjónustuveitandann skaðabótaskyldan eða er andstætt almennu siðferði,
d. ef andsvarið brýtur gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila,
e. ef aðili getur ekki sýnt fram á að hann eigi einstaklingsbundinna lögvarinna hagsmuna að gæta, og

f. ef upplýsingarnar sem fjölmiðlaþjónustuveitandinn miðlaði eru beinar tilvitnanir í gögn sem stafa frá stjórnvöldum eða dómstólum.

Synjun skv. 2. mgr. skal tilkynnt hlutaðeigandi innan þriggja sólarhringa frá því að beiðni um andsvar er sett fram.

Synji fjölmiðlaþjónustuveitandi beiðni um andsvar skv. 2. mgr. eða bregðist ekki við beiðni aðila innan þeirra tímamarka sem þar eru tilgreind getur hlutaðeigandi beint erindi þar að lútandi til fjölmiðlanefndar sem tekur ákvörðun um hvort aðili eigi rétt á að koma andsvörum á framfæri. Ákvörðun skal tekin innan viku frá því að fjölmiðlanefnd berst erindi þar um og skal nefndin leggja fyrir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda að miðla andsvari án tafar þegar við á.

Skylt er að láta þeim sem telur á sér brotið og rétt á til andsvara skv. 1. og 2. mgr. endurgjaldslaust í té afrit af því efni sem um er að ræða. Ágreining um rétt til efnis samkvæmt þessari málsgrein má einnig bera undir fjölmiðlanefnd til ákvörðunar.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu hafa aðgengilegt á heimasíðu sinni, eða með öðrum opinberum hætti, hvert aðili geti leitað telji hann að lögmætir hagsmunir sínir hafi beðið tjón. Gefa skal upp nafn, símanúmer og/eða netfang þess sem leita skal til hjá viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda.

VI. KAFLI
Viðskiptaorðsendingar og fjarkaup.

37. gr.
Almennar meginreglur.

Viðskiptaorðsendingar skulu vera auðþekkjanlegar sem slíkar og vera skýrt afmarkaðar frá öðru efni með þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er hverju sinni. Sama gildir um fjarkaup.

Duldar viðskiptaorðsendingar eru óheimilar. Í hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni skal ekki beita tækni til að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar.

Viðskiptaorðsendingar og fjarkaup skulu ekki:

a. skerða virðingu fyrir mannlegri reisn,
b. fela í sér nokkra mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, ríkisfangs, trúarbragða eða trúarskoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar,
c. hvetja til hegðunar sem er hættuleg heilbrigði eða öryggi, eða
d. hvetja til hegðunar sem er í áberandi andstöðu við umhverfisvernd.

Óheimilar eru viðskiptaorðsendingar og fjarkaup fyrir tóbaksvörur og áfengi sem og happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi. Sama gildir um viðskiptaorðsendingar um lyfseðilsskyld lyf, eins og kveðið er á um í lyfjalögum. Fullyrðingar sem fram koma í viðskiptaorðsendingum og fjarkaupainnskotum fyrir óáfengar drykkjarvörur þarf að vera hægt að færa sönnur á.

38. gr.
Vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaorðsendingum og fjarkaupum.

Viðskiptaorðsendingar og fjarkaup skulu vera þannig að ekki valdi börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Í viðskiptaorðsendingum og fjarkaupum er óleyfilegt að:

a. hvetja börn til þess að kaupa vöru eða þjónustu með því að notfæra sér reynsluleysi þeirra eða trúgirni,
b. hvetja börn til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vöru eða þjónustu sem auglýst er,

c. hvetja börn til neyslu á matvælum og drykkjarvörum sem innihalda næringarefni og efni sem hafa næringar- og lífeðlisfræðileg áhrif og ekki er mælt með að séu í óhóflegum mæli hluti af mataræði, einkum fitu, transfitusýrur, salt/natríum og sykur,
d. notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem börn bera til foreldra, kennara eða annars fólks, eða
e. sýna börn að tilefnislausu við hættulegar aðstæður.

39. gr.

Vöruinnsetning í hljóð- og myndefni.

Vöruinnsetning er heimil í kvikmyndaverkum, myndum og þáttaröðum gerðum fyrir fjölmiðlaþjónustu, íþróttaþáttum og léttum skemmtidagskrám.

Vöruinnsetning er jafnframt heimil í öðru hljóð- og myndmiðlunarefni þar sem ekki er um að ræða greiðslu heldur aðeins að tilteknar vörur séu afhentar eða þjónusta veitt án endurgjalds, svo sem leikmunir eða verðlaun, í því skyni að þær verði hluti af dagskrárlið.

Vöruinnsetning gegn greiðslu er þó aldrei heimil í hljóð- og myndmiðlunarefni sem er ætlað börnum.

Hljóð- og myndmiðlunarefni með vöruinnsetningu skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:
a. Vöruinnsetningin má ekki snerta innihald hljóð- og myndmiðlunarefnisins að öðru leyti né hafa áhrif á ábyrgð og ritstjórnarlegt sjálfstæði veitanda fjölmiðlaþjónustunnar.
b. Ekki skal beinlínis hvatt til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu.
c. Varan eða þjónustan sem um ræðir skal ekki sett fram á óþarflega áberandi hátt.
d. Áhorfendum skal greint frá því á skýran hátt sé um vöruinnsetningu að ræða, m.a. þannig að dagskrárliðir með vöruinnsetningu séu auðkenndir á viðeigandi hátt við upphaf og lok þeirra og þegar slíkir dagskrárliðir hefjast aftur eftir auglýsingahlé.

Hafi veitandi fjölmiðlaþjónustunnar ekki sjálfur framleitt það hljóð- og myndmiðlunarefni sem um ræðir eða það verið framleitt í umboði veitanda þjónustunnar eða í fyrirtæki tengdu honum má falla frá auðkenningarskyldu skv. d-lið 4. mgr.

40. gr.

Sýndarauglýsingar í myndefni.

Sýndarauglýsingar eru heimilar í myndmiðlunarefni að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:
a. staðsetning auglýsingarinnar sé eðlilegur hluti af umhverfi viðkomandi dagskrárliðar og raski ekki möguleikum áhorfenda á að fylgjast með framvindu hans,
b. auglýsingin sé hvorki í andstöðu við efni dagskrárliðarins né skerði rétt rétthafa, og
c. áhorfendum sé greint frá því á skýran hátt að sýndarauglýsingar komi fyrir í viðkomandi dagskrárlið og frá hverjum þær stafa, m.a. þannig að dagskrárliður með sýndarauglýsingum sé auðkenndur á viðeigandi hátt við upphaf og lok hans og þegar dagskrárliðurinn hefst aftur eftir auglýsingahlé.

Sýndarauglýsingar eru þó aldrei heimilar í hljóð- og myndmiðlunarefni sem er ætlað börnum.

41. gr.

Tímar fyrir auglýsingar og fjarkaupainnskot í hljóð- og myndefni.

Auglýsingum eða fjarkaupainnskotum er heimilt að skjóta inn í dagskrárliði með þeim hætti að það hafi ekki áhrif á framvindu þeirra, að teknu tilliti til eðlilegra hléa og til lengdar og eðlis dagskrárliðarins, sem og að gættum rétti rétthafa.

Við myndmiðlun skal hlutfall auglýsinga og fjarkaupainnskota innan hverrar klukkustundar ekki fara yfir 20%. Í merkingu þessa ákvæðis telst eftirfarandi ekki til auglýsinga:

a. Tilkynningar frá fjölmiðlaþjónustuveitanda um myndmiðlunarefni hans sjálfs og stoðframleiðslu sem leiðir beint af því efni, kostunartilkynningar og tilkynningar um vöruinnsetningu og sýndarauglýsingar.
b. Tilkynningar um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana sem birtar eru endurgjaldslaust.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt að rjúfa útsendingu mynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp (að undanteknum þáttaröðum, framhaldsþáttum og heimildarmyndum), kvikmyndaverka og fréttaþátta með auglýsingum eða fjarkaupainnskotum oftar en einu sinni fyrir hvert tímabil í dagskránni sem er að minnsta kosti 30 mínútur.

Óheimilt er að rjúfa útsendingu á guðsþjónustu eða sambærilegum trúarathöfnum og fréttum með auglýsingum eða fjarkaupainnskotum.

Auglýsingar og fjarkaupainnskot eru óheimil í dagskrá sem er ætluð börnum yngri en 12 ára. Bann þetta hefst 5 mínútum áður en dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára hefst og stendur þar til 5 mínútum eftir að útsendingu slíkrar dagskrár lýkur.

42. gr.

Kostun hljóð- og myndefnis.

Heimilt er fjölmiðlaþjónustuveitanda að afla kostunar við gerð og kaup hljóð- og myndmiðlunarefnis, svo framarlega sem kostandi hefur ekki áhrif á innihald, efnistök eða tímasetningu kostaðs efnis og raskar ekki ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði fjölmiðlaþjónustuveitandans.

Óheimilt er að kosta fréttaútsendingar og fréttatengt efni.

Nú er efni kostað og má þá innihald þess ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostanda eða annars aðila, t.d. með því að auglýsa slíka vöru eða þjónustu sérstaklega.

Kostað hljóð- og myndmiðlunarefni skal vera auðkennt sem slíkt með kynningu, nafni, vörumerki, öðru auðkenni kostanda eða öðrum þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er. Auðkenning skal eiga sér stað í upphafi efnisþáttar, á meðan á honum stendur og/eða við lok hans.

Óheimilt er að aðrir en fjölmiðlaþjónustuveitandi kosti almennt dagskrá miðilsins þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði.

43. gr.

Fjölmiðlaþjónusta á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar sem eingöngu er helguð auglýsingum, fjarkaupum og kynningu í eigin þágu og fjarkaupaþættir.

Ákvæði laga þessara gilda að breyttu breytanda um fjölmiðlaþjónustu á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar sem eingöngu er helguð auglýsingum, fjarkaupum eða kynningu í eigin þágu. Ákvæði 33., 34. og 41. gr. gilda þó ekki um slíka þjónustu.

Um fjarkaupaþætti í fjölmiðlaþjónustu sem ekki er eingöngu helguð fjarkaupum gilda eftirfarandi ákvæði:

a. Þeir skulu standa yfir í að minnsta kosti 15 mínútur órofið.
b. Þeir skulu skýrt auðkenndir með myndskilti, hljóðmerki eða öðrum þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er.

Ákvæði laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga skulu gilda um fjarkaup samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

VII. KAFLI
Reglur um flutning myndefnis.

44. gr.
Flutningsskylda á myndefni.

Fjarskiptafyrirtæki sem rekur almennt stafrænt fjarskiptanet sem notað er til flutnings sjónvarpsútsendinga er skylt að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum fjölmiðlaþjónustuveitenda um flutning á sjónvarpsútsendingum, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. það efni sem óskað er eftir að flutt verði um fjarskiptanet sé sjónvarpsútsending fjölmiðlaþjónustuveitanda sem hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum að undanskildum sjónvarpsútsendingum sem eingöngu eru helgaðar fjarkaupum,
b. um sé að ræða sjónvarpsútsendingu sem send er út á rauntíma með hefðbundnum stafrænum gæðum, og
c. umtalsverður hluti notenda í landinu eða á tilteknu landsvæði nýti sér viðkomandi fjarskiptanet til að taka á móti sjónvarpsútsendingum.

Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt er fjarskiptafyrirtæki aðeins skylt að flytja sjónvarpsútsendingar samkvæmt ákvæðinu sem nemur einum þriðja af flutningsgetu viðkomandi fjarskiptanets. Ef fleiri óska eftir flutningi en fjarskiptanetið annar skal fjarskiptafyrirtækið flytja þær sjónvarpsútsendingar sem hafa mest áhorf. Ávallt skal þó flytja sjónvarpsútsendingar Ríkisútvarpsins sé þess óskað.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi skal sjá um að koma útvarpsmerki að tengipunkti fjarskiptafyrirtækis á viðeigandi formi.

45. gr.
Flutningsréttur á myndefni.

Fjölmiðlaþjónustuveitendum er skylt að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um að fjarskiptafyrirtæki fái að flytja sjónvarpsútsendingar á stafrænu fjarskiptaneti sínu að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. Flutningur sjónvarpsútsendinga til notenda um viðkomandi fjarskiptanet sé af fullnægjandi gæðum og einnig með nægilegu öryggi til að verja lögverndaða hagsmuni rétthafa útsends efnis. Ef um er að ræða læstar sjónvarpsútsendingar skal vera mögulegt að nota aðgangsstýringu. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um lágmarkskröfur um útsendingargæði og öryggi.
b. Það efni sem óskað er eftir að flytja megi um fjarskiptanet sé íslensk sjónvarpsútsending fjölmiðlaþjónustuveitanda sem hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum eða erlend sjónvarpsútsending sem íslenskur fjölmiðlaþjónustuveitandi hefur gert einkaréttarsamning um eða útsending á ákveðnum viðburðum sem ekki fyllir heila dagskrá samkvæmt framansögðu, svo sem íþrótta- eða listviðburðum.
c. Ákvæði í samningum við rétthafa efnis, sem gerðir voru fyrir gildistöku laga þessara, standi því ekki í vegi að flytja megi efnið um fjarskiptanetið.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um seinkaðar sjónvarpsútsendingar og útsendingar á háskerpustaðli eða öðrum stöðlum sem krefjast umtalsvert meiri bandbreiddar.

Nú hefur fjölmiðlaþjónustuveitandi staðbundið leyfi og nær þá flutningsréttur samkvæmt þessari grein ekki út fyrir það svæði sem hið staðbundna leyfi tekur til.

Við kaup á sjónvarpsefni er fjölmiðlaþjónustuveitendum skylt að semja svo við rétthafa að flytja megi sjónvarpsefnið um öll stafræn fjarskiptanet sem fullnægja skilyrðum a-liðar 1. mgr.

Fjölmiðlaþjónustuveitendum er óheimilt að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki.

46. gr.

Málsmeðferð og framkvæmd.

Nú er óskað eftir samningum um flutning á sjónvarpsútsendingu sem fellur undir 44. eða 45. gr. og skulu þá fjölmiðlaþjónustuveitandi og fjarskiptafyrirtæki semja um það svo fljótt sem verða má. Við gerð samninga skal gæta jafnræðis um flutning sjónvarpsútsendinga skv. 44. og 45. gr. og við framkvæmd þeirra. Setja skal viðsemjendum sömu skilmála í sams konar viðskiptum og veita þjónustu og upplýsingar með sömu skilmálum og af sömu gæðum og veitt eru eigin þjónustudeildum, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum. Nú flytur fjarskiptafyrirtæki sjónvarpsútsendingu á grundvelli samnings eða ákvörðunar og skal fjarskiptafyrirtækið gæta jafnræðis milli íslenskra sjónvarpsútsendinga og hafa allar slíkar útsendingar jafnaðgengilegar notendum. Jafnframt skal fjarskiptafyrirtæki láta sjónvarpsútsendingar með íslensku tali eða texta hafa forgang þannig að þær séu framar erlendum endurvarpsrásum við röðun á fjarstýringu. Þetta ákvæði gildir þó ekki um sjónvarpsútsendingar sem starfrækja á skemur en eitt ár og sjónvarpsútsendingar sem einskorðast við fjarkaup.

Ef ekki tekst samkomulag um flutning eða ef til ágreinings kemur um flutning á síðari stigum getur aðili beint málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Stofnunin skal þá leita sátta með aðilum. Takist ekki að ná sáttum skal skorið úr ágreiningi með ákvörðun eins fljótt og við verður komið. Áður en ákvörðun er tekin skal Póst- og fjarskiptastofnun leita álits fjölmiðlanefndar.

Heimili Póst- og fjarskiptastofnun flutning og aðilar ná ekki samkomulagi um stjórnun áskriftarkerfis getur stofnunin ákveðið að kröfu aðila hvort stjórnun áskriftarkerfis skuli vera í höndum fjölmiðlaþjónustuveitanda eða fjarskiptafyrirtækis. Með sama hætti getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið endurgjald í samræmi við nánari fyrirmæli 47. gr. Við mat Póst- og fjarskiptastofnunar skal m.a. taka tillit til atriða varðandi hagkvæmni, hagsmuni notenda og eflingu samkeppni.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að taka ákvörðun til bráðabirgða, enda sé hætta á því að dráttur á ákvörðun valdi því að réttindi aðila máls fari forgörðum eða hann verði fyrir verulegu fjártjóni. Bráðabirgðaákvörðun skal gilda í tiltekinn tíma og má endurnýja hana ef það er talið nauðsynlegt. Endanleg ákvörðun skal tekin svo fljótt sem unnt er.

Við meðferð mála samkvæmt þessari grein er aðilum skylt að láta Póst- og fjarskiptastofnun í té allar upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynleg.

Heimilt er að bera ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt þessari grein undir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála eða dómstóla eftir því sem segir í 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um málsmeðferð og framkvæmd flutnings sjónvarpsútsendinga samkvæmt þessum kafla. Áður en til setningar reglugerðar kemur skal aflað tillagna Póst- og fjarskiptastofnunar og umsagnar fjölmiðlanefndar.

Á þriggja ára fresti skal fjölmiðlanefnd láta gera úttekt á aðgengi almennings að sjónvarpsútsendingum og meta hvort aðstæður kalli á breytingar á ákvæðum þessa kafla um flutningsreglur.

47. gr.

Ákvörðun endurgjalds vegna flutnings myndefnis.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið, nái aðilar ekki samkomulagi þar að lútandi, hvort fjarskiptafyrirtæki eða fjölmiðlaþjónustuveitandi fær greiðslu fyrir flutning eða efni og fjárhæð þeirra greiðslna. Við ákvörðun endurgjalds fyrir flutning sjónvarpsútsendinga skal líta til stofn- og rekstrarkostnaðar búnaðar og þjónustu, afskrifta og hæfilegrar arðsemi af bundnu fjármagni með hliðsjón af áhættu við fjárfestinguna. Póst- og fjarskiptastofnun getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst rekin með hagkvæmum hætti, tekið mið af gjaldskrám á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum viðkomandi fjarskiptafyrirtækis. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að fjarskiptafyrirtæki geri kostnaðarlíkan til útreiknings á gjaldi. Við ákvörðun á gjaldi fyrir flutning skal m.a. taka tillit til þeirrar bandbreiddar sem sjónvarpsútsending tekur á fjarskiptaneti og fjölda notenda viðkomandi þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið gjald fyrir ýmsa þjónustuþætti sem tengjast flutningi sjónvarpsútsendinga og skal við slíka ákvörðun miða við sömu sjónarmið og gilda um flutninginn sjálfan eftir því sem við á.

Við ákvörðun á endurgjaldi fyrir sjónvarpsútsendingar í tilviki flutningsréttar þegar fjarskiptafyrirtækið stýrir áskriftarkerfinu er heimilt að byggja á kostnaði við öflun viðkomandi sjónvarpsefnis auk hæfilegrar álagningar eða miða við hæfilegan afslátt af því verði sem fjölmiðlaþjónustuveitandinn býður notendum sínum sjálfur.

Heimilt er að taka áður ákveðið gjald fyrir flutning eða sjónvarpsefni til endurskoðunar ef annar hvor aðila setur fram kröfu um það ásamt rökstuðningi fyrir nauðsyn endurákvörðunar gjaldsins.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu á kostnaðargreiningu endurgjalds fyrir flutning myndefnis, m.a. um aðferðir við eignamat, afskriftir og ávöxtunarkröfu auk gerðar kostnaðarlíkana.

VIII. KAFLI
Takmörkun á einkaréttindum yfir myndefni.

48. gr.

Aðgangur almennings að myndmiðlun frá þýðingarmiklum viðburðum.

Heimilt er að ákveða í reglugerð að einkarétt fjölmiðlaþjónustuveitenda til myndmiðlunar frá innlendum og erlendum viðburðum sem taldir eru hafa verulega þýðingu í þjóðfélaginu sé einungis heimilt að nýta á þann hátt að meginhluti þjóðarinnar eigi þess kost að fylgjast með viðkomandi viðburðum í beinum eða seinkuðum útsendingum án sérstaks endurgjalds. Í reglugerðinni skal vera tæmandi og nákvæm skrá um þá viðburði sem ákvörðun er ætlað að taka til, og skal ákvörðun um skrána tekin með góðum fyrirvara. Í reglugerð skulu enn fremur vera ákvæði um það hvort hinir tilteknu viðburðir skuli vera sýndir í heild eða að hluta í beinum útsendingum, eða í heild eða að hluta í seinkuðum útsendingum, ef það telst nauðsynlegt eða hagfellt vegna þarfa almennings, sem og önnur atriði sem nauðsynlegt þykir að kveða á um.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi, sem aflar sér einkaréttar fyrir Ísland og/eða önnur EES-ríki til myndmiðlunar frá viðburði sem tiltekinn er í reglugerð skv. 1. mgr., skal þegar í stað tilkynna það til fjölmiðlanefndar sem hefur eftirlit með framkvæmd ráðstafana samkvæmt grein þessari.

Bjóði einkaréttarhafi öðrum fjölmiðlaþjónustuveitanda leyfi til myndmiðlunar frá viðburði til þess að uppfylla skyldu sína skv. 1. mgr. skal það boðið gegn sanngjörnu endurgjaldi. Rísi

ágreiningur um endurgjald getur hvor aðili um sig leitað ákvörðunar fjölmiðlanefndar um sanngjarnt endurgjald fyrir leyfið. Endurgjaldið skal fjölmiðlanefnd meta með hliðsjón af því hvað telst vera eðlilegt markaðsverð á samkeppnismarkaði fyrir réttindi þau sem um ræðir.

Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðun fjölmiðlanefndar skv. 3. mgr. skal einkaréttarhafi engu síður eftirláta viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda leyfi til hljóð- og myndmiðlunar frá þeim viðburði sem um ræðir, enda setji hann tryggingu fyrir greiðslu endurgjaldsins sem fjölmiðlanefnd metur fullnægjandi.

49. gr.

Gagnkvæm viðurkenning á reglum EES-ríkja.

Fjölmiðlaþjónustuveitendum, sem lúta íslenskri lögsögu, er einungis heimilt að nýta einkaréttindi sín til myndmiðlunar frá viðburðum sem annað EES-ríki hefur ákveðið að teljist hafa verulega þýðingu í því þjóðfélagi á þann hátt að meginhluti íbúanna í viðkomandi ríki eigi þess kost að fylgjast með viðburðunum í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds.

Einkaréttindi skulu nýtt í samræmi við reglur viðkomandi EES-ríkis um útsendingu í heild eða að hluta og um beina eða seinkaða útsendingu frá viðburðunum.

Fjölmiðlanefnd skal hafa eftirlit með framkvæmd ráðstafana samkvæmt grein þessari.

IX. KAFLI
Ábyrgð, viðurlög, fullnusta o.fl.

50. gr.

Ábyrgð á hljóð- og myndefni.

Ef hljóð- eða myndmiðlunarefni brýtur í bága við lög fer um viðurlög, refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

a. Einstaklingur sem tjáir sig í eigin nafni, flytur eða miðlar efni sem hann hefur sjálfur samið eða flytur efni samið af öðrum samkvæmt eigin ákvörðun ber á því ábyrgð sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.
b. Kaupandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, hvort heldur sem um einstakling eða lögaðila er að ræða, ber ábyrgð á efni hennar sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.
c. Í öðrum tilvikum bera viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda ábyrgð á því efni sem miðlað er.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi ber ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hans kann að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein.

Skylt er fjölmiðlaþjónustuveitanda að veita hverjum þeim sem telur á sér brotið með miðlun hljóð- og myndefnis upplýsingar um það hver beri ábyrgð á efninu.

51. gr.

Ábyrgð á ritefni.

Ef ritefni brýtur í bága við lög fer um viðurlög, refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

a. Einstaklingur ber ábyrgð á því efni sem hann ritar í eigin nafni eða merkir sér með augljósum hætti sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Sé ritefni haft beint eftir nafngreindum einstaklingi ber sá sem það er haft eftir ábyrgð á eigin ummælum hafi hann samþykkt miðlun þeirra og sé annaðhvort heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.
b. Kaupandi viðskiptaorðsendingar, hvort heldur sem um einstakling eða lögaðila er að

ræða, ber ábyrgð á efni hennar, sé hann heimilisfastur hér á landi eða lýtur íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.

c. Í öðrum tilvikum en þeim sem tilgreind eru í a- og b-lið bera viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda ábyrgð á því efni sem miðlað er.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi ber ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hans kann að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein.

Skylt er fjölmiðlaþjónustuveitanda að veita hverjum þeim sem telur á sér brotið með miðlun ritefnis upplýsingar um það hver beri ábyrgð á efninu.

52. gr.

Bann við miðlun hljóð- og myndefnis og afturköllun hljóð- og myndmiðlunarleyfis.

Fjölmiðlanefnd getur að undangenginni lögmæltri málsmeðferð samkvæmt lögum þessum bannað með ákvörðun miðlun efnis sem telst andstætt ákvæðum laga.

Fjölmiðlanefnd getur afturkallað leyfi til hljóð- og myndmiðlunar vegna brota á ákvæðum laga þessara, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða.

53. gr.

Dagsektir.

Fjölmiðlanefnd getur lagt allt að 200.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á þann sem:

a. vanrækir að verða við ákvörðun fjölmiðlanefndar um afhendingu skriflegra upplýsinga og gagna skv. 1. mgr. 12. gr.,
b. vanrækir að verða við ákvörðun fjölmiðlanefndar um afhendingu upplýsinga úr bókhaldi og reikningum skv. 19. gr.,
c. vanrækir að senda fjölmiðlanefnd hlutaskrá félags skv. 2. mgr. 22. gr.,
d. vanrækir að senda fjölmiðlanefnd skýrslu skv. 23. gr.,
e. vanrækir að verða við ákvörðun fjölmiðlanefndar um skyldu til að birta andsvör skv. 4. mgr. 36. gr. og um afhendingu efnis skv. 5. mgr. 36. gr. og sinnir ekki upplýsingaskyldu skv. 6. mgr. 36. gr., eða
f. miðlar efni sem fjölmiðlanefnd hefur bannað, sbr. 1. mgr. 52. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun getur lagt allt að 200.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á þann sem:

a. ekki fer að ákvörðunum um flutningsrétt eða flutningsskyldu skv. 2., 3. og 4. mgr. 46. gr., eða
b. vanrækir að veita upplýsingar eða gögn skv. 5. mgr. 46. gr.

Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega og á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

54. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fjölmiðlanefnd leggur stjórnvaldssektir á lögaðila sé brotið gegn eftirtöldum ákvæðum:

a. 14. gr. um að skráningarskyld starfsemi fari ekki fram án tilkynningar, fyrir hendi sé ábyrgðarmaður og/eða breytingar á högum tilkynningarskylds aðila tilkynntar.
b. 15. gr. um tilkynningarskyldu erlends endurvarps.
c. 16. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án leyfis.

d. 2. mgr. 19. gr. um aðskilnað reksturs, bókhalds og fjárreiðna leyfisskyldrar starfsemi frá rekstri, bókhaldi og fjárreiðum annarrar starfsemi.
e. 1. mgr. 20. gr. um breytingu á högum leyfishafa.
f. 26. gr. um lýðræðislegar grundvallarreglur.
g. 27. gr. um bann við hatursáróðri.
h. 1.–3. mgr. 28. gr. um vernd barna gegn skaðlegu efni.
i. 29. gr. um tal og texta á íslensku.
j. 31. gr. um skyldur vegna almannaheilla.
k. 32. gr. um skyldu til auðkenningar.
l. 35. gr. um skyldu til varðveislu fjölmiðlaefnis.
m. 1. og 4. mgr. 36. gr. um rétt til andsvara.
n. VI. kafla um viðskiptaorðsendingar og fjarkaup.
o. 49. gr. um gagnkvæma viðurkenningu á reglum EES-ríkja.
p. 1. mgr. 52. gr. um miðlun efnis sem fjölmiðlanefnd hefur bannað.
q. 60. gr. um óheimila hagnýtingu fjölmiðlaefnis.
r. 61. gr. um óheimilan aðgang að hljóð- og myndmiðlunarefni.

Fjölmiðlanefnd skal leggja stjórnvaldssekt bæði á seljanda og kaupanda komi í ljós að þeir hafi vanrækt að tilkynna um eigendaskipti á hlut í útvarpsstöð skv. 1. mgr. 22. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun leggur stjórnvaldssektir á þá sem brjóta gegn ákvæði 4. og/eða 5. mgr. 45. gr. um flutningsrétt.

Sektir skv. 1.–3. mgr. geta numið allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaþjónustuveitanda af broti þegar það á við.

Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta. Í slíkur tilviki er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á heimasíðu hennar.

Fjölmiðlanefnd er heimilt að mæla fyrir um birtingu ákvörðunar að hluta eða í heild. Skal birtingin fara fram með þeim hætti og í þeim mæli sem sanngjarnt má teljast. Hinn brotlegi skal annast og kosta birtinguna.

55. gr.

Fullnusta.

Ákvarðanir fjölmiðlanefndar samkvæmt lögum þessum eru fullnaðarúrlausnir innan stjórnsýslunnar og sæta ekki stjórnsýslukæru. Nú vill aðili ekki una ákvörðun fjölmiðlanefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun fjölmiðlanefndar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar fjölmiðlanefndar nema svo standi á sem kveðið er á um í 6. mgr.

Ákvarðanir fjölmiðlanefndar um stjórnvalds- og dagsektir eru aðfararhæfar. Innheimtar stjórnvalds- og dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun fjölmiðlanefndar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort brot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að aðili sinni síðar þeim skyldum sem á honum hvíldu, nema fjölmiðlanefnd ákveði það sérstaklega.

Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar um dagsektir skv. 1. eða 2. mgr. 53. gr. innan 14 daga frá því að viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda var tilkynnt um hana og óski hann jafnframt eftir því að málið hljóti flýtimeðferð er ekki heimilt að innheimta dagsektir fyrr en

dómur hefur fallið. Þrátt fyrir málshöfðun til ógildingar slíkrar ákvörðunar leggjast dagsektir áfram á viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda.

56. gr.
Refsingar.

Ábyrgðarmaður, starfsmenn fjölmiðlaþjónustuveitanda eða stjórnarmenn sem framkvæma eða láta framkvæma brot gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara skulu sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar:

a. 14. gr. um að skráningarskyld starfsemi fari ekki fram án tilkynningar, fyrir hendi sé ábyrgðarmaður og/eða breytingar á högum tilkynningarskylds aðila tilkynntar.
b. 15. gr. um tilkynningarskyldu erlends endurvarps.
c. 16. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án leyfis.
d. 1. mgr. 19. gr. um tekjur fjölmiðlaþjónustuveitenda og 2. mgr. 19. gr. um aðskilnað reksturs, bókhalds og fjárreiðna leyfisskyldrar starfsemi frá rekstri, bókhaldi og fjárreiðum annarrar starfsemi.
e. 1. mgr. 20. gr. um breytingu á högum leyfishafa.
f. 25. gr. um vernd heimildarmanna.
g. 26. gr. um lýðræðislegar grundvallarreglur.
h. 27. gr. um bann við hatursáróðri.
i. 1.–3. mgr. 28. gr. um vernd barna gegn skaðlegu efni.
j. 29. gr. um tal og texta á íslensku.
k. 31. gr. um skyldur vegna almannaheilla.
l. 32. gr. um skyldu til auðkenningar.
m. 35. gr. um skyldu til varðveislu fjölmiðlaefnis.
n. 1. og 4. mgr. 36. gr. um rétt til andsvara.
o. VI. kafla um viðskiptaorðsendingar og fjarkaup.
p. 4. og 5. mgr. 45. gr. um flutningsrétt.
q. 49. gr. um gagnkvæma viðurkenningu á reglum EES-ríkja.
r. 1. mgr. 52. gr. um miðlun efnis sem fjölmiðlanefnd hefur bannað.
s. 60. gr. um óheimila hagnýtingu fjölmiðlaefnis.
t. 61. gr. um óheimilan aðgang að hljóð- og myndmiðlunarefni.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera honum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

57. gr.
Kæra mála til lögreglu.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru fjölmiðlanefndar eða þegar við á Póst- og fjarskiptastofnunar.

Varði brot á lögum þessum bæði refsiábyrgð fyrir einstakling og lögaðila metur fjölmiðlanefnd, eða eftir atvikum Póst- og fjarskiptastofnun, með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða hvort mál skuli kært til lögreglu að hluta eða í heild. Ef brot eru meiri háttar er viðkomandi stjórnvaldi skylt að vísa þeim til lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru stjórnvalds skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ekki um ákvörðun um að kæra mál til lögreglu.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent mál sem varðar brot á lögum þessum og gögn því tengd til fjölmiðlanefndar eða Póst- og fjarskiptastofnunar, eftir því sem við á, til meðferðar og ákvörðunar.

58. gr.
Þagnarréttur.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjölmiðlanefnd eða Póst- og fjarskiptastofnun, eftir því sem við á, skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

59. gr.
Birting dóms.

Nú er fjölmiðlaþjónustuveitanda eða öðrum þeim sem ábyrgð ber á efni samkvæmt lögum þessum dæmd refsing, ummæli ómerkt eða fébætur dæmdar og má þá ákveða í dómi að viðlögðum dagsektum, eftir kröfu þess sem misgert er við, að forsendur og dómsorð skuli birt þegar um ritmiðil er að ræða eða grein gerð fyrir þeim þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða.

Þegar um ritmiðil er að ræða skal birta dómshlutann með sama hætti og annað efni viðkomandi miðils og á þeim stað að eftir verði tekið og þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða skal grein gerð fyrir honum á þeim tíma þegar hlustun eða áhorf er mest.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

60. gr.
Óheimil hagnýting fjölmiðlaefnis.

Notendum fjölmiðla er óheimilt án leyfis viðkomandi rétthafa að hagnýta sér efni þeirra til tekjuöflunar með nokkrum hætti, svo sem með upptöku efnis, útgáfu þess eða annarri miðlun.

61. gr.
Óheimill aðgangur að hljóð- og myndmiðlunarefni.

Óheimilt er að framleiða, afhenda, leigja, setja upp eða gera við aðgangskassa, viðtæki eða annan útbúnað í því skyni að veita aðila sem ekki hefur innt af hendi áskriftargjald eða annað tilskilið endurgjald aðgang að læstri útsendingu eða hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun.

Óheimilt er að nota aðgangskassa, viðtæki eða annan útbúnað til þess að taka á móti læstri útsendingu eða hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun án þess að inna af hendi áskriftargjald eða annað tilskilið endurgjald.

62. gr.
Setning reglugerðar.

Mennta- og menningarmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstaka kafla þeirra. Í slíkri reglugerð er m.a. heimilt að fjalla nánar um og útfæra eftirfarandi þætti laganna:

a. Nánari fyrirmæli um starfsemi fjölmiðlanefndar, þ.m.t. málsmeðferð, sbr. III. kafla.
b. Nánari fyrirmæli á grundvelli IV. kafla, svo sem um tilhögun skráningar fjölmiðlaþjónustuveitenda, form og efni umsókna um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar og tilhögun slíkra leyfa; tilhögun lögboðinna tilkynninga um breytingar á starfsemi og starfsgrundvelli fjölmiðlaþjónustuveitenda, þ.m.t. form og efni tilkynninga um breytt eignarhald skv. 22. gr.; form upplýsingagjafar á heimasíðu fjölmiðlanefndar og upplýsingagjöf skv. 23. gr.
c. Einstakar skyldur og réttindi fjölmiðlaþjónustuveitanda skv. V. kafla, þ.m.t. um vernd barna gegn skaðlegu efni skv. 28. gr. og form andsvarsréttar skv. 36. gr.
d. Nánari útfærslu einstakra forma viðskiptaorðsendinga og fjarkaupa, þ.m.t. um skilyrði undanþágu og frávika frá meginreglum VI. kafla.
e. Nánari fyrirmæli um framkvæmd og málsmeðferð vegna flutnings hljóð- og myndefnis skv. VII. kafla.
f. Aðgang almennings að þýðingarmiklum viðburðum í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 48. gr. og gagnkvæma viðurkenningu á reglum EES-ríkja skv. 49. gr.
g. Form og tilhögun álagningar dagsekta skv. 53. gr. og stjórnvaldssekta skv. 54. gr.; afturköllun leyfis skv. 2. mgr. 52. gr. og frágang kæru til lögreglu skv. 57. gr.

Áður en kemur til setningar reglugerðar skal aflað tillagna fjölmiðlanefndar. Við setningu nánari reglna um flutning hljóð- og myndmiðlunarefnis skv. e-lið 1. mgr. skal jafnframt aflað umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar.

XI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

63. gr.

Með lögum þessum eru leidd í lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB frá 11. desember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur.

64. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi útvarpslög, nr. 53/2000.

65. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessa verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um prentrétt, nr. 57/1956.*
   a. Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Lög þessi taka ekki til rita sem teljast til fjölmiðla samkvæmt lögum um fjölmiðla.
   b. 9., 10., 14.–22. og 31. gr. laganna falla brott.
2. *Höfundalög, nr. 73/1972.*
   a. Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Sendi útvarpsstöð út stutt myndskeið með heimild í 4. mgr. 48. gr. er heimilt að útsendingin taki einnig til verks sem verndað er samkvæmt lögunum.
   b. Við 48. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Nú sendir útvarpsstöð er nýtur verndar samkvæmt lögum þessum út viðburð, sem vekur mikinn áhuga á meðal almennings, á grundvelli samnings um einkarétt til út-

sendingar og er þá, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., annarri útvarpsstöð sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu heimilt að senda út stutt myndskeið að eigin vali frá viðkomandi viðburði. Heimild þessi nær þó eingöngu til útsendingar slíkra myndskeiða í almennum fréttaþáttum. Sé myndskeið sýnt með heimild í þessari málsgrein skal nafn eða annað auðkenni þeirrar útvarpsstöðvar sem einkaréttinn á birt ef unnt er.

Skilmálar útvarpsstöðvar sem er aðili einkaréttarsamnings fyrir nýtingu skv. 4. mgr. skulu vera réttlátir, sanngjarnir og án mismununar og kynntir með góðum fyrirvara.

3. *Fjarskiptalög, nr. 81/2003.* 55. gr. laganna fellur brott.
4. *Lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006.*
   a. 2. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Um mat á sýningarhæfi annars dagskrárefnis í hljóð- og myndmiðlum en fellur undir 2. tölul. 1. gr. fer eftir ákvæðum laga um fjölmiðla.
   b. Í stað orðsins „Barnaverndarstofa“ og orðsins „Barnaverndarstofu“ hvarvetna í 5. gr. laganna kemur: fjölmiðlanefnd; og: fjölmiðlanefndar.
5. *Lög um Ríkisútvarpið ohf., nr. 6/2007.*
   a. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Tekjur af hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess. Samanlagðar tekjur Ríkisútvarpsins ohf. af kostun skulu þó eigi vera hærri en sem nemur hlutfalli tekna af kostun í samanlögðum tekjum Ríkisútvarpsins af hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni á árinu 2006. Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að selja auglýsingar til birtingar á veraldarvefnum. Þá er vöruinnsetning óheimil í öllum dagskrárliðum hvort heldur sem er í línulegri eða ólínulegri dagskrá. Bann við vöruinnsetningu nær þó einungis til þess efnis sem Ríkisútvarpið ohf. hefur framleitt sjálft eða efnis sem hefur verið framleitt í umboði þess eða tengdra fyrirtækja.
   b. 1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

      Að öðru leyti en fram kemur í lögum þessum gilda um Ríkisútvarpið ohf. lög nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, og lög um fjölmiðla á hverjum tíma.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 63. gr. skulu hljóðvarps- og sjónvarpsleyfi gefin út á grundvelli laga nr. 53/2000 sem í gildi eru við gildistöku laga þessara halda gildi sínu í sex mánuði. Innan þess tíma skulu fjölmiðlaþjónustuveitendur sem falla undir 16. gr. hafa sótt um endurnýjun á leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar til fjölmiðlanefndar. Skammtímaleyfi, sem hafa verið gefin út á grundvelli laga nr. 53/2000 og eru í gildi við gildistöku laga þessara, gilda samkvæmt þeim tímamörkum sem tilgreind eru í þeim. Fjölmiðlaþjónustuveitendur, sem starfrækja þjónustu sem fellur undir 14. og 15. gr., skulu tilkynna fjölmiðlanefnd um starfsemi sína innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

Stjórnir einkahlutafélaga og hlutafélaga skulu senda fjölmiðlanefnd nýjustu hlutaskrá sína fyrir 1. júní 2011. Brot á ákvæði þessu varðar dagsektum skv. c-lið 1. mgr. 53. gr.

II.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu senda fjölmiðlanefnd alla gildandi samninga um kaup á sjónvarpsefni 30 dögum eftir gildistöku laga þessara. Nú heimilar gildandi samningur fjölmiðlaþjónustuveitanda um hljóð- og myndmiðlunarefni við rétthafa, sem gilda mun til lengri

tíma en þriggja ára frá gildistöku laga þessara, ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í 45. gr. og skal þá fjölmiðlaþjónustuveitandi gera nýjan samning við réttthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Takist slíkir samningar ekki er fjölmiðlaþjónustuveitanda óheimilt að senda út efnið að þeim tíma liðnum.

III.

Mennta- og menningarmálaráðherra skal skipa nefnd til að gera tillögur í frumvarpsformi um viðeigandi takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa hvers þingflokks sem á sæti á Alþingi við skipan hennar. Þess utan skipar ráðherra formann og varaformann nefndarinnar og skulu þeir vera sérfróðir um fjölmiðlamál. Nefndin skal í störfum sínum og eftir því sem við getur átt taka sérstakt mið af forsendum og niðurstöðum fjölmiðlanefndar þeirrar sem lauk störfum með skýrslu í apríl 2005. Nefndin skal skila tillögum sínum fyrir 1. maí 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan mennta- og menningarmálaráðherra. Það var upphaflega lagt fram á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú lagt fram að nýju með nokkrum breytingum. Vinna við frumvarpið hefur staðið með litlum hléum síðan í ársbyrjun 2008 til seinni hluta árs 2009 og hafði þá raunar átt sér nokkurn aðdraganda. Að undirbúningi þess og gerð stóð óformlegur vinnuhópur sem skipaður var Karli Axelssyni, hæstaréttarlögmanni og dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Elfu Ýri Gylfadóttur, fjölmiðlafræðingi og deildarstjóra fjölmiðladeildar mennta- og menningarmálaráðuneytis, og Huldu Árnadóttur hdl. og LLM. Þá samdi Ragnar Karlsson fjölmiðlafræðingur fylgiskjal I með frumvarpinu þar sem fjallað er um þróun fjölmiðlamarkaðar hér á landi. Enn fremur komu meðal annarra að gerð frumvarpsins þau Erla S. Árnadóttir hrl., Sigurjón Ingvason hdl., Trausti Fannar Valsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, og Benedikt Bogason, héraðsdómari og formaður útvarpsréttarnefndar. Þá var haft nauðsynlegt samráð við viðeigandi stjórnvöld. Í því sambandi skal í fyrsta lagi getið Póst- og fjarskiptastofnunar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis sem samþykkt hefur þær tillögur að reglum um flutning myndefnis sem fram koma í VII. kafla. Í öðru lagi var víðtækt samráð haft við dómsmálaráðuneytið vegna þeirra reglna frumvarpsins sem nú eru í lögum nr. 57/1956, um prentrétt. Í því sambandi var sú tilhögun afráðin að færa umræddan málaflokk í heild frá dómsmálaráðuneytinu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Loks var haft nauðsynlegt samráð við önnur stjórnvöld sem málaflokknum tengjast.

Fjölmiðlar eru afar mikilvægir, ekki síst nú á tímum. Tilvera þeirra þykir svo sjálfsögð og þeir svo samofnir umhverfinu að líklega mundu fáir átta sig á því hvaða þýðingu fjölmiðlar hafa í raun nema þeir þyrftu að vera án þeirra. Þeir gegna lykilhlutverki í sérhverju samfélagi sem vill teljast lýðræðislegt og eru vettvangur umræðu og skoðanaskipta, upplýsinga og afþreyingar.

Með frumvarpi þessu er í fyrsta skipti að því stefnt að setja eina, heildstæða löggjöf um fjölmiðla og starfsemi þeirra hér á landi. Með því er lagt til að samræmdar verði og sameinaðar þær reglur sem nú gilda og ná annars vegar til hljóð- og myndmiðla, sbr. útvarpslög, nr. 53/2000, með síðari breytingum, og hins vegar til prentmiðla, sbr. lög um prentrétt, nr. 57/1956, með síðari breytingum. Þar með er þó ekki nema hálf sagan sögð enda verður æ erfiðara að fóta sig þegar ætlunin er að skilgreina hugtakið fjölmiðil í tæknivæddu samfélagi 21. aldarinnar og þau lög sem hér hefur verið vitnað til um margt börn síns tíma, ekki síst lög um prentrétt frá 1956. Fjölmiðlar nútímans nota margvíslegar leiðir til þess að dreifa þeim

upplýsingum sem þeir afla. Það er gert á pappír í dagblaði eða tímariti, í útvarpi eða sjónvarpi og síðast en ekki síst á netinu eða með öðrum sambærilegum hætti. Um síðastnefnda vettvanginn hafa engin ein ákveðin lög gilt.

Tilurð frumvarpsins og helsta hvata að gerð þess má upphaflega rekja til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB frá 11. desember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur (hér eftir nefnd hljóð- og myndmiðlunartilskipunin). Þó svo að gildandi útvarpslög, nr. 53/2000, séu ekki gömul í árum talið var allt að einu talið bæði nauðsynlegt og eðlilegt að endurskoða löggjöfina í heild sinni, samhliða lögleiðingu þeirra breytinga sem efni tilskipunarinnar felur í sér. Sú tilhögun styðst við fjölþætt rök. Í fyrsta lagi hafa þróun og tækniframfarir á þessu sviði verið afar hraðar frá setningu gildandi útvarpslaga. Þau eru því nú þegar orðin úrelt um margt, þ.m.t. gildissvið þeirra og ýmis viðmið. Má einnig nefna að grundvallarhugtök eins og sjónvarp og sjónvarpsstöð eru skilgreind með of þröngum hætti í gildandi löggjöf, bann er lagt við því að byggja upp fjölrásasjónvarp á því tíðnisviði sem nágrannaþjóðir Íslendinga nota og skortur er á jafnræði milli sjónvarpsstöðva af þeirri einföldu ástæðu að gildandi lög gera ekki ráð fyrir slíkum tækniframförum. Í öðru lagi er það svo að samanburður við grannríki Íslands leiðir í ljós að þau eru komin miklum mun lengra í þróun þeirrar löggjafar og umhverfis sem ljósvakamiðlar 21. aldarinnar kalla óhjákvæmilega á. Það er nauðsynlegt að bregðast við nú þegar þannig að íslenskt lagaumhverfi á sviði fjölmiðlunar dragist ekki frekar aftur úr miðað við löggjöf grannríkjanna í starfsumhverfi sem verður æ alþjóðlegra og óháð landamærum. Loks eru ákvæði hinnar nýju tilskipunar viðamikil og útheimta þá þegar verulegar breytingar á gildandi lögum.

Frá gildistöku gildandi útvarpslaga hafa átt sér stað miklar breytingar á samsetningu og gerð íslensks fjölmiðlamarkaðar. Í kjölfar þess hafa umræður spunnist í samfélaginu um frekari reglusetningu og skipan mála á þessu sviði. Hafa a.m.k. tvær viðamiklar skýrslur verið unnar af þessu tilefni á síðustu árum. Árið 2004 setti Alþingi lög um breytingu ýmissa ákvæða sem þetta svið varðar, en þau lög voru síðar felld úr gildi eftir synjun forseta Íslands á staðfestingu þeirra. Þá hefur í tvígang verið mælt fyrir frumvarpi til breytinga á útvarpslögum, lögum um prentrétt og samkeppnislögum, þótt frumvarpið hafi ekki verið samþykkt á Alþingi. Ýmislegt af þeim tillögum sem fram koma í tilvitnuðum skýrslum og varða grundvallaratriði í rekstri og starfsumhverfi fjölmiðla þykir eiga erindi í ný lög á þessu sviði, svo sem nánar verður rakið hér síðar.

Þegar vinna við frumvarp til nýrra laga, sem leysa skyldu útvarpslögin af hólmi, var vel á veg komin kviknaði því sú hugmynd að stíga skrefið til fulls og sameina í eina löggjöf þær reglur sem lúta að fjölmiðlum og starfsemi þeirra í víðtækasta skilningi. Áform í þá veru voru m.a. tekin upp í sáttmála ríkisstjórnar þeirrar sem tók við í maí 2009. Var þá öðru fremur horft til ákvæða laga um prentrétt, að því marki sem þau lög taka til fjölmiðla á prentuðu formi, þ.e. dagblaða, tímarita o.s.frv. Þá þótti ekki síður ástæða til þess að huga að stöðu rafrænna ritmiðla, sem svo eru kallaðir, og þá fyrst og fremst fjölmiðla sem miðla ritefni með rafrænum hætti, svo sem netútgáfna dagblaða og tímarita og annarra sambærilegra netmiðla. Í raun má segja að lagaleg staða þeirra hafi í besta falli verið afar óljós í þeirri hröðu þróun fjölmiðla og tækni tengdri þeim sem átt hefur sér stað á liðnum árum, svo sem tæpt var á hér að framan.

Við samningu frumvarpsins þótti jafnframt nauðsynlegt að víkka sjóndeildarhringinn verulega frá þeirri afmörkun sem liggur gildandi útvarpslögum og að sínu leyti prentlögum til grundvallar. Þetta felst m.a. í tillögum um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum, reglum um aðgang efnisveitna að ólíkum dreifiveitum og flutningsrétt dreifiveitna á efni, auk grund-

vallarbreytinga á stjórnsýslu á þessu sviði. Þá eru ábyrgðarreglur samræmdar þannig að ekki gildi mismunandi ábyrgð um mismunandi fjölmiðla. Er þá fátt eitt nefnt. Auk smíði nýrrar heildarlöggjafar útheimtir þetta breytingar á ákvæðum nokkurra annarra laga, svo sem höfundalaga, laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum og svo mætti áfram telja.

Við samningu frumvarps þessa var víða leitað fanga. Aflað var álits fjölmargra sérfróðra aðila og hagsmunaaðila og fyrirmynda leitað erlendis frá. Í aðdraganda þeirrar vinnu sem til var stofnað við samningu frumvarpsins stóð mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir málþingi í apríl 2008 um hina nýju tilskipun Evrópusambandsins nr. 2007/65/EB. Höfundar frumvarpsins sóttu fundi í Brussel, heimsóttu m.a. yfirvöld og stofnanir fjölmiðlaeftirlits í Noregi og tóku þátt í samráði og samvinnu Norðurlandaþjóðanna um tilhögun við innleiðingu efnis tilskipunarinnar í landsrétt. Þá vann Capacent Gallup markaðsrannsókn á viðhorfi til auglýsinga í barnaefni í sjónvarpi á tímabilinu mars–apríl 2008. Enn fremur voru yfirfarin tilmæli, yfirlýsingar og leiðbeinandi reglur Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um fjölmiðla. Samhliða þessu var við samningu frumvarpsins stuðst við þá faglegu vinnu sem á liðnum árum hefur verið unnin á þessu sviði hér innan lands og vísast þá sérstaklega til skýrslu þverpólitískrar nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla frá því í apríl 2005 og frumvarps sem önnur nefnd menntamálaráðherra skilaði á vordögum 2006 og unnið var á grundvelli tilvitnaðrar skýrslu.

Haustið 2009 var frumvarpið lagt fram til almennrar kynningar á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins og bréf sent öllum helstu hagsmunaaðilum til að vekja athygli þeirra á frumvarpinu og þeir hvattir til að gera athugasemdir. Fjölmargar athugasemdir bárust og var tekið tillit til þeirra áður en mælt var fyrir frumvarpinu þann 4. mars árið 2010 á Alþingi. Jafnframt bárust menntamálanefnd athugasemdir hagsmunaaðila og var tekið tillit til þeirra helstu í nefndaráliti meirihluta nefndarinnar frá 2. september 2010. Hafa athugasemdir og breytingartillögur meirihluta menntamálanefndar nú allar verið færðar inn í frumvarpið.

Þess ber einnig að geta að þegar skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 kom út var sérstaklega rýnt í 8. bindi rannsóknarskýrslunnar um þátt fjölmiðla. Einkum var skoðaður kaflinn um ályktanir og lærdóm sem draga má af rannsókninni og með hvaða hætti bregðast mætti við athugasemdum rannsóknarnefndarinnar í fjölmiðlafrumvarpinu. Í skýrslunni er bent á að leita verði leiða til að efla sjálfstæða og hlutlæga fjölmiðlun með því að styrkja bæði fagleg og fjárhagsleg skilyrði fjölmiðlunar. Þá er bent á að styrkja þurfi sjálfstæði ritstjórna og setja eignarhaldi á fjölmiðlum hófleg mörk. Jafnframt er sett fram sú krafa að upplýsa verði hverjir séu eigendur fjölmiðlanna á hverjum tíma til að almenningur geti lagt mat á hvort þeir dragi taum eigenda sinna. Að lokum er bent á að koma þurfi á faglegu eftirliti með fjölmiðlum með það að markmiði að tryggt sé að þeir ræki af ábyrgð hlutverk sitt í lýðræðisríki og verndi almannahagsmuni.

Í frumvarpinu er leitast við að koma til móts við allar þessar ábendingar. Má þar nefna ákvæði um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum og sjálfstæði ritstjórna. Jafnframt er reynt að koma á mikilvægum réttarúrbótum fyrir blaðamenn með því að samræma ábyrgðarreglur fjölmiðla, t.d. hver skuli greiða fébætur í dómsmálum og reglur um áminningu og brottvikningu blaða- og fréttamanna. Allt er þetta gert til að þeir geti starfað sjálfstætt, sinnt hlutverki sínu sem fjórða valdið og eigi það ekki á hættu að vera dregnir til ábyrgðar fyrir tilvitnanir sem hafðar eru beint eftir heimildarmönnum. Jafnframt er skerpt á ákvæðum um vernd heimildarmanna, sem er afar mikilvæg í öllum lýðræðisríkjum. Þá eru gerðar veigamiklar breytingar á núverandi reglum um auglýsingar og kostun til að koma til móts við kröfur

fjölmiðla um að nýta nýja tækni til að skapa nýja tekjugrunna. Má í þessu sambandi nefna sýndarauglýsingar og vöruinnsetningu. Einnig er lagt til að þegar sé skipuð nefnd til að gera tillögur í frumvarpsformi um eignarhald á fjölmiðlum.

Að lokum er í frumvarpinu brugðist við þeirri athugasemd að koma þurfi á faglegu eftirliti með fjölmiðlum vegna þess mikilvæga hlutverks sem fjölmiðlar gegna í lýðræðisríkjum. Er því lagt til að fjölmiðlanefnd verði gert skylt að hafa eftirlit með framkvæmd fjölmiðlalaga líkt og gert er í öllum öðrum lýðræðisríkjum og reynt að tryggja eins og kostur er sjálfstæði hennar gagnvart pólitísku valdi. Þess ber einnig að geta að sambærilegar athugasemdir birtust í skýrslu þingmannanefndarinnar, sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Efni og tilhögun greinargerðar þessarar er með þeim hætti að í framhaldi af inngangi verður vikið að þróun og sögu löggjafar um fjölmiðla hér á landi, frá öndverðu til nútímans (I). Því næst verður sérstaklega vikið að þeirri tækniþróun sem átt hefur sér stað á vettvangi fjölmiðlunar og sjónum þó fyrst og fremst beint að tilkomu stafrænnar sjónvarpstækni. Sú tækni er óneitanlega afar samofin þeirri löggjöf sem um þá gerð fjölmiðla gildir að öðru leyti (II). Að þessu búnu verður fjallað um efnisréttindi hljóð- og myndmiðlunarefnis (III). Þá verður sjónum sérstaklega beint að samstarfi Evrópuríkja á þessum vettvangi, bæði innan Evrópusambandsins og Evrópuráðsins (IV). Einnig er að finna stutt yfirlit yfir stjórnsýslu fjölmiðlamála í helstu samanburðarlöndum Íslands (V). Í tengslum við frumvarp þetta lét menntamálaráðuneytið, svo sem fyrr segir, gera markaðsrannsókn á viðhorfi til auglýsinga í barnaefni í sjónvarpi og verða helstu niðurstöður þeirra kannana reifaðar (VI). Þá þykir þörf á því að fjalla sérstaklega um sjónarmið tengd eignarhaldi fjölmiðla og gagnsæi þess sama eignarhalds (VII). Enn fremur verður grein gerð fyrir helstu efnisatriðum, breytingum og nýmælum sem frumvarpið felur í sér verði það að lögum (VIII). Loks koma skýringar við einstakar greinar. Í fylgiskjali I við frumvarpið er fjallað um þróun fjölmiðlamarkaðar hér á landi í víðtækum skilningi.

I.
Þróun og saga löggjafar um fjölmiðla frá öndverðu til nútímans.

Saga fjölmiðlunar er að sönnu ekki ýkja löng á Íslandi en prentunin sem slík á sér hins vegar lengri sögu. Á Íslandi hafa verið starfræktar prentsmiðjur frá því um 1530 en biskupar landsins réðu lengst af mestu um það hvað þar var prentað, þannig að lítið kom frá þeim annað en kristilegt ritmál. Fyrsta prentsmiðjan sem ekki var undir yfirráðum kirkjunnar fékk starfsleyfi árið 1772 og var sett niður í Hrappsey á Breiðafirði. Þar var árið 1773 prentað fyrsta blaðið sem kom út hér á landi en það hét Islandske Maanedstidender og var sennilega frekar ætlað áskrifendum í Danmörku en lesendum á Íslandi. Prentsmiðja þessi mátti prenta allt annað en guðsorð og skólabækur, en á því hafði Hólaprentsmiðja einkarétt. Fyrir tilstuðlan Magnúsar Stephensens, lögmanns og landfógeta og síðar dómstjóra landsyfirréttar, var einkaréttur þessi á prentun guðsorðs og kennslubóka afnuminn en Hið íslenska landsuppfræðingarfélag keypti prentsmiðjuna árið 1795 og flutti hana í heimahaga Magnúsar, Leirárgarða í Leirársveit. Skömmu síðar eignaðist hann Hólaprentsmiðju og sameinaði hana Hrappseyjarprentsmiðjunni að Leirárgörðum. Magnús var nánast einráður í íslenskum prentiðnaði þar til hann lést árið 1833, en þá hafði prentsmiðjan verið flutt í Viðey. Á þessum tíma var blaðaútgáfa lítil og einhæf.

Haustið 1848 hóf Þjóðólfur göngu sína og var fyrsta blaðið sem prentað var á Íslandi og ekki gefið út af embættismönnum. Þjóðólfur kom út hálfsmánaðarlega og velgdi ritstjórinn, séra Sveinbjörn Hallgrímsson, stjórnvöldum undir uggum með skrifum sínum. Þau brugðust ókvæða við og urðu nokkrir hnökrar á því að fá blaðið prentað og í febrúar 1850 var

Sveinbirni tilkynnt að Landsprentsmiðjan í Viðey mundi hætta prentun Þjóðólfs. Prentfrelsi hafði þegar þetta gerðist verið staðfest með stjórnarskrá í Danmörku, en ekki gefin út sérstök lög um það, hvorki þar né hér á landi. Þessi ákvörðun yfirvalda á Íslandi stríddi þó gegn anda dönsku stjórnarskrárinnar, því að hún jafngilti ritskoðun þar sem öðrum prentsmiðjum var ekki til að dreifa á landinu. Útgáfusögu Þjóðólfs lauk þó ekki þarna því að Sveinbirni tókst með góðra manna hjálp að safna nægu fé til að prenta blaðið í Danmörku. Það nefndist þá Hljóðólfur og kom aftur út 25. apríl 1850. Þegar Sveinbjörn kom aftur til Íslands höfðu viðhorf yfirvalda til útgáfu Þjóðólfs breyst með Trampe greifa, nýjum stiftamtmanni, og blaðið fékkst prentað á ný á Íslandi.

Eiginleg ritskoðun mun lítt hafa verið tíðkuð hér þótt hún hafi verið lögboðin á Íslandi með danskri tilskipun frá 27. september 1799. Prentfrelsislög felldu svo þá tilskipun úr gildi þegar þau voru samþykkt á Alþingi 5. maí 1855. Prenteinokunin sjálf var rofin fáum árum áður með stofnun Prentsmiðju norður- og austuramtsins á Akureyri 1852. Prentsmiðjan var í almannaeigu og þar hófst útgáfa annars frjáls blaðs, mánaðarblaðsins Norðra í febrúar 1853.

Fyrsta tilraunin til að gefa út dagblað var Dagskrá Einars Benediktssonar, skálds, sem átti að koma út daglega yfir þingmánuðina sumarið 1897. Blaðið hafði þá komið út frá haustinu 1896 einu sinni til tvisvar í viku en kom þetta sumar út fjórum til fimm sinnum í viku fram í byrjun október. Þá fækkaði útgáfudögum á ný og í september 1898 seldi Einar Dagskrá. Hún kom þó áfram út til ársins 1899 en ekki sem dagblað.

Fyrsta dagblaðið sem náði að halda uppi samfelldri útgáfu var Vísir. Fyrsta tölublaðið kom út í desember 1910 og hét þá Vísir til dagblaðs í Reykjavík. Dagblöðunum fjölgaði smátt og smátt. Morgunblaðið hóf göngu sína 1913 og Alþýðublaðið 1919 en Þjóðviljinn á fjórða áratugnum svo að þeirra helstu og þekktustu sé getið.

Prentmiðlar voru einráðir á fjölmiðlamarkaði fram á þriðja áratuginn. Þá fóru erlendar útvarpsstöðvar að nást hér á landi en fyrsta íslenska útvarpsstöðin, Útvarp hf., fékk starfsleyfi árið 1925 og hóf útsendingar árið eftir. Ýmsir vankantar voru á rekstrinum, útvarpstæki voru dýr, afnotagjöldin þóttu há og stöðin átti við fjárhagsvanda að etja. Hana dagaði uppi eftir rúmlega tveggja ára rekstur. Þá höfðu verið samþykkt heimildarlög á Alþingi um ríkisrekið útvarp og Ríkisútvarpið hóf útsendingar 20. desember 1930.

Sjónvarpsútsendingar á vegum Ríkisútvarpsins hófust svo 30. september 1966. Íslendingar höfðu því aðgang að einni íslenskri sjónvarpsrás og einni útvarpsrás til 1. desember 1983 þegar Rás 2 fór í loftið. Varnarliðið á Miðnesheiði fékk að vísu leyfi til sjónvarpsútsendinga árið 1955 en til þess var séð að það næðist ekki langt út fyrir vallarmörkin enda þótti rétt að varna því að amerísk áhrif spilltu íslenskri æsku. Árið 1961 var þó styrkurinn aukinn þannig að útsendingar náðust ágætlega um Faxaflóasvæðið en skömmu áður en Ríkisútvarpið hóf sjónvarpsútsendingar 30. september 1966 tilkynntu forráðamenn „Kanasjónvarpsins“ svokallaða að útsendingarstyrkur yrði takmarkaður á ný þar sem stöðin fengi efni sitt á lágu verði og mætti ekki keppa við aðrar sjónvarpsstöðvar.

Þó svo fyrstu tilraunir með útvarpsrekstur hafi, svo sem fyrr segir, hafist á þriðja áratug síðustu aldar voru almenn lög um ljósvakamiðla hér á landi ekki sett fyrr en á árinu 1985, þegar rekstur útvarps var gefinn frjáls og útvarpslög nr. 68/1985 tóku gildi. Þau leystu af hólmi útvarpslög nr. 19/1971, sem eðli málsins samkvæmt fjölluðu eingöngu um starfsemi Ríkisútvarpsins er þá hafði einkarétt á útvarpsrekstri.

Í þeirri miklu og á stundum heitu umræðu sem geisað hefur um fjölmiðlamál á undanförnum árum, hefur stundum gleymst að útvarpslögin frá 1985 hafa í tvígang farið í gegnum verulega endurskoðun. Með lögum nr. 82/1993 voru lögin frá 1985 löguð að fyrirmælum tilskipunar ráðsins 89/552/EBE sem jafnan var kennd við sjónvarp án landamæra (hér eftir

nefnd sjónvarpstilskipunin). Með gildandi útvarpslögum, nr. 53/2000, var ætlunin að mynda almennan ramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu og ákvæði um Ríkisútvarpið voru flutt í sérlög, eins og víðast þekkist í nágrannalöndum Íslands. Jafnframt var brugðist við setningu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB um breytingu á sjónvarpstilskipuninni (hér eftir nefnd breytingartilskipunin). Það er því ekki nýtt að endurskoðun íslensku útvarpslöggjafarinnar eigi rætur að rekja til þeirra skuldbindinga sem Íslendingar undirgengust með aðildinni að EES-samningnum á árinu 1993.

Löggjöf um prentmiðla hefur á hinn bóginn verið minni að vöxtum og um hana hefur verið sæmileg sátt. Til marks um það eru gildandi lög um prentrétt frá árinu 1956.

Miðlun hvers konar efnis á netinu fyrir almenning á sér svo um fimmtán ára sögu hér á landi þó svo að tæknin hafi verið fyrir hendi mun lengur. Um netið og þá miðlun sem þar á sér stað hefur engin sérstök löggjöf verið sett hér að landsrétti en einstök ákvæði ýmissa laga komið við sögu, beinlínis eða fyrir lögjöfnun. Þeirri hröðu þróun sem orðið hefur á þessu sviði á umræddum tíma verður helst líkt við rússíbanareið, svo hraðar og miklar breytingar hafa orðið. Sú staðreynd hefur eðli málsins samkvæmt ekki einfaldað hugmyndir um lagasetningu á þessu sviði.

Eftirtalin lagafyrirmæli mynda öðru fremur hið almenna umhverfi sem íslenskir fjölmiðlar starfa í: 71. og 73. gr. stjórnarskrárinnar, lög um prentrétt, nr. 57/1956, útvarpslög, nr. 53/2000, lög um Ríkisútvarpið ohf., nr. 6/2007, fjarskiptalög, nr. 81/2003, samkeppnislög, nr. 44/2005, og lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005. Skiptar skoðanir kunna að vera um það hvort undir þennan flokk eigi að fella fleiri lög, auk þess sem ljóst er að lögleiðing frumvarps þessa mun leiða til þess að um skörun við önnur og fleiri lög verður að ræða.

Íslendingar hafa frá árinu 1985 búið við eina frjálslegustu fjölmiðlalöggjöf í Evrópu. Hér eru til dæmis engar takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðla að lögum, engin skylda til upplýsingagjafar um eignarhald einstakra fjölmiðla, engar kröfur um að einkamiðlar sinni almannaþjónustu og svo mætti áfram telja. Allt frá árinu 1985 hafa Íslendingar hins vegar upplifað endurtekna umræðu um lagalega stöðu og umhverfi íslenskra fjölmiðla, samhliða framangreindu fjölmiðlafrelsi. Árið 1995 ákvað þáverandi menntamálaráðherra að setja á laggirnar starfshóp til að gera tillögur um breytingar á útvarpslögum, m.a. með tilliti til breyttra aðstæðna á íslenska ljósvakanum, fjölgunar stöðva, aukinnar samkeppni og tæknibreytinga. Starfshópurinn skilaði skýrslu um endurskoðun á þágildandi útvarpslögum árið 1996. Í skýrslunni voru settar fram tillögur um að skerpa opinbert þjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins og efla menningarhlutverk einkarekinna ljósvakamiðla. Hópurinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki skyldi kveða sérstaklega á um takmörkun eignarhalds á ljósvakamiðlum í útvarpslögum. Þrátt fyrir aukið frelsi og grósku í ljósvakaiðnaðinum bæri ekki brýna nauðsyn til þess að fylgja þeirri þróun eftir með hertum reglum um eignarhald. Þvert á móti skyldi leitast við að varðveita það frelsi sem lögin frá 1985 fælu í sér. Þau lög kvæðu á um lýðræðislegar leikreglur, tjáningarfrelsi og óhlutdrægni í starfi útvarpsstöðva. Væru þessi atriði tryggð yrði hlutfall eignarhalds síður að alvarlegu vandamáli. Þessi grundvallarniðurstaða byggðist m.a. á þeirri staðreynd að lög af þessu tagi hefðu oftar en ekki orsakað nokkurn glundroða í nágrannalöndum Íslands. Það hefði reynst fremur auðvelt að fara í kringum slík lög, eftirlit hefði verið kostnaðarsamt og þó að þeim væri ætlað að vernda athafnafrelsi og hlutleysi virtust þau stundum hafa skert athafnafrelsið á ósanngjarnan hátt og jafnvel beinst gegn einstökum aðilum. Nefndin lagði jafnframt til að stjórnsýslu útvarpsmála yrði breytt í nokkrum grundvallaratriðum en þær tillögur gengu ekki eftir í lagaformi.

Við aldamót 20. og 21. aldar urðu síðan miklar breytingar á dagblaðamarkaðnum hér á landi. Gömlu flokksblöðin lögðu upp laupana og nýir miðlar sem eingöngu höfðu tekjur af auglýsingasölu en ekki áskriftargjöldum ruddu sér til rúms. Þá voru miklar breytingar að eiga sér stað á sviði hljóð- og myndmiðlunar, jafnt í tækni og öllu starfsumhverfi. Síðast en ekki síst var netið komið til sögunnar og með því opnuðust enn nýjar gáttir. Í kjölfarið á þessari gjörbreyttu heimsmynd fór að bera á því að ákveðnir stjórnmálamenn efuðust um kosti þess frjálsræðis sem hér hafði sannarlega ríkt. Nefnd var skipuð til að meta hvort tilefni væri til að setja löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Skilaði nefndin skýrslu í apríl 2004 þar sem grunnforsendan var hið almenna viðhorf um mikilvægi fjölmiðla í nútímalýðræðisþjóðfélagi. Áhersla var lögð á mikilvægi skoðana- og tjáningarfrelsis og fjölbreytni í fjölmiðlum. Meginniðurstaða skýrslunnar var sú að samþjöppun eignarhalds væri mikil og óheppileg út frá alþjóðlegum viðmiðunum og í því ljósi voru lagðar fram ýmsar tillögur til úrbóta sem stjórnvöld gátu valið úr. Í framhaldinu var unnið frumvarp að lögum er síðar var lagt fram á Alþingi og samþykkt sem lög nr. 48/2004. Tilurð þessara laga og örlög eru flestum kunn, en forseti synjaði þeim staðfestingar og voru þau í framhaldinu felld úr gildi sumarið 2004.

Í kjölfar þessa skipaði þáverandi menntamálaráðherra þverpólitíska nefnd haustið 2004 til þess að ná sátt um málið og leysa deiluna. Verkefni nefndarinnar voru m.a. skilgreind á eftirfarandi hátt:

- Skoða þróun í evrópskri fjölmiðlalöggjöf.
- Leggja mat á þróun, m.a. stafræna þróun.
- Fjalla um hlutverk Ríkisútvarpsins.
- Skoða samþjöppun eignarhalds.
- Meta hvaða breytingar og nýmæli væru æskileg í íslenskri löggjöf.

Niðurstöður nefndarinnar, sem skilaði skýrslu í apríl 2005, urðu í aðalatriðum þessar:

- Að Ríkisútvarpið yrði áfram öflugt almannaþjónustuútvarp í eigu allra landsmanna.
- Að settar yrðu reglur sem tryggðu gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum.
- Að reglur um leyfisveitingar til rekstrar hljóðvarps og sjónvarps yrðu teknar til endurskoðunar.
- Að eignarhald á fjölmiðlum, sem náð hefðu ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði, yrði bundið takmörkunum með þeim hætti að aðilum yrðu sett hófleg takmörk um heimilaðan eignarhluta.
- Að settar yrðu reglur sem tryggðu aukið val neytenda þannig að efnisveitur fengju aðgang að ólíkum dreifiveitum og dreifiveitur fengju flutningsrétt á fjölbreyttu efni.
- Að mótaðar yrðu reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði í fjölmiðlum.
- Að stjórnsýsla yrði einfölduð.

Veturinn 2005–2006 vann sérstök nefnd þáverandi menntamálaráðherra frumvarp á grundvelli framangreindra tillagna. Frumvarp þetta var þó aldrei afgreitt af Alþingi en það var lagt fram í tvígang, á 132. og 133. löggjafarþingi.

Sem fyrr er rakið voru síðan lögð drög að þeirri vinnu sem nú lítur dagsins ljós í frumvarpi þessu á árunum 2008 og 2009.

II.
Tækniþróun á vettvangi fjölmiðlunar.

Fjölmiðlar hafa breyst mikið undanfarin ár og áratugi. Má raunar segja að algjör bylting hafi orðið á þessu sviði og það oftar en einu sinni. Með samruna fjölmiðla, tölvutækni og fjarskipta hefur fjölmiðlalandslagið breyst til muna þar sem ýmiss konar fjölmiðlun á netinu er orðin hluti af daglegu lífi fólks. Má í þessu sambandi benda á að skilin milli fjölmiðla (til

dæmis mbl.is og eyjan.is) og samskipta einstaklinga og hópa (til dæmis á Facebook og Twitter) eru orðin óljós. Margmiðlun er sú aðferð að nota tvo eða fleiri miðla saman til að koma efni á framfæri. Þessir miðlar geta t.d. verið hljóð, myndir, kvikmyndir, texti, tónlist, gröf eða annað slíkt. Margmiðlun felur í sér getu viðtækja til að samþætta framangreinda miðla í eina heild, sem getur til dæmis verið tölvuleikur, auglýsing eða annars konar kynning á efni, svo sem fræðsluefni. Hugtakið gagnvirk margmiðlun nær til allrar þessarar nýju samskipta- og fjölmiðlatækni og er því lykilhugtak. Með gagnvirkri margmiðlun verða skilin milli ólíkra forma fjölmiðlunar, svo sem hljóðvarps, sjónvarps og ritmiðla, því æ óljósari. Í framhaldinu verður nánar hugað að þessu þýðingarmikla fyrirbæri.

2.1 Gagnvirk margmiðlun.

Gagnvirk margmiðlun gefur notendum kost á því að vera ekki aðeins áhorfendur eða lesendur heldur virkir þátttakendur. Gagnvirk margmiðlun á við um sérhvert tölvustýrt rafrænt kerfi sem leyfir notendum að stjórna, meðhöndla og blanda saman mismunandi formum miðlunar, eins og texta, hljóði, grafík og lifandi myndum. Í gagnvirkri margmiðlun verður samruni milli fjölmiðlunar, tölvu- og fjarskiptatækni. Miðlarnir yfirtaka að hluta hlutverk hver annars en skapa á sama tíma alveg nýja vídd í fjölmiðlun, upplýsingatækni og samskiptum, hvað varðar innihald og aðgengi í tíma og rúmi. Í raun má segja að sjónvörp, tölvur og símar séu ólík viðtæki sem notuð eru við ólíkar aðstæður til að nálgast sama efnið.

Þróun gagnvirkrar margmiðlunar er samspil menningar og tækni sem er enn á upphafsskeiði en hefur þegar breytt lífsháttum fólks hvað varðar til dæmis afþreyingu, fréttaöflun, samskipti, nám, störf, viðskipti, ferðalög og verslun. Margir vilja koma böndum á þróunina sem getur reynst erfitt þar sem hraði breytinga á þessu sviði er svo mikill að gömul viðmið og reglur riðlast. Örar breytingar leiða til krafna um sífellt endurmat, nýjar skilgreiningar, breyttar reglur og stjórnunarhætti, ekki síst á tímum alþjóðavæðingar og fjölmenningar. Afleiðing þessa er sú að lagaumhverfið hefur vart undan því að aðlagast nýjum aðstæðum.

Mikilvæg forsenda gagnvirkrar margmiðlunar er háhraðanettenging notanda á heimili hans eða vinnustað eða þegar hann er á ferðinni. Þá er hugtakið aðgangskerfi æ oftar notað sem samheiti yfir ýmiss konar fjarskiptakerfi sem nýtt eru fyrir tal, texta eða gagna- eða myndflutning. Aðgangskerfin hafa hvert sína kosti og galla og nýtast misjafnlega eftir staðháttum, forsendum, hefðum, menningarþörfum og gildandi leikreglum. Eftirtektarvert er að um leið og samruni á sér stað í talsímaþjónustu og gagna- og myndflutningi bjóðast notendum fleiri gerðir aðgangstenginga en áður. Að því gefnu að samskipti fólks við umheiminn í formi gagnvirkrar margmiðlunar hafi gildið 100 er staðan sú að notendur fá um 90–95% af gögnum til sín í formi sjónvarpsefnis og annars konar gagna en senda einungis frá sér u.þ.b. 5–10% gagna á sama tíma. Ný form samskipta og fjölmiðla gera það að verkum að þessi hlutföll taka breytingum, m.a. með tilkomu bloggs í kvikmyndaformi (e. video blog). Við núverandi aðstæður þarf gagnaflutningsgetan alla jafna að vera mun meiri til notenda en frá þeim.

Gera þarf greinarmun á gagnvirkri margmiðlun og stafrænni sjónvarpstækni, en stafrænt sjónvarp þarf ekki að vera gagnvirk margmiðlun, þótt hluti stafrænnar hljóð- og myndmiðlunar geti flokkast sem gagnvirk margmiðlun. Í framhaldinu verður gerð grein fyrir mismunandi birtingarmyndum stafrænnar fjölmiðlunar. Í kaflanum verður fyrst fjallað um stafræna myndmiðlun og kosti og eiginleika hennar jafnt fyrir notendur sem fyrirtæki auk þess sem fjallað verður um stafræna hljóð- og ritmiðlun.

2.2 Möguleikar stafrænnar myndmiðlunar fyrir notendur.

Segja má að stafræn (digital) myndmiðlun hafi orðið upphaf mikilla breytinga fyrir notendur en með henni hefur framboð og úrval sjónvarpsefnis aukist til muna. Með því að breyta hliðrænni (analog) myndmiðlun í stafræna nýtist tíðnisviðið betur. Stafrænu sjónvarpsmerki er hægt að þjappa saman líkt og með gagnaþjöppun í tölvum. Sjónvarpsrás, sem áður flutti eina hliðræna dagskrá, getur í stafrænu dreifikerfi flutt fleiri. Með fyrirliggjandi þjöppunartækni er fræðilega hægt að tífalda fjöldann en í reynd er algengt að sjónvarpsrásin flytji fjórar til sex dagskrárútsendingar. Með dreifikerfi í lofti skilar stafræn tækni jafnframt betri mynd- og hljómgæðum til notenda. Móttökuskilyrði eru jafnari á þjónustusvæði stafrænnar sendistöðvar en á þjónustusvæði hliðrænna stöðva. Það er jafnframt eðli stafrænna dreifikerfa að skarpari skil eru á þjónustusvæðinu og þess vegna ætti „snjór“ á skjánum að heyra sögunni til. Annar kostur stafrænna dreifikerfa er að minni líkur er á „draugum“ í mynd vegna þess að endurkast, til dæmis frá byggingum eða fjöllum, kemur ekki eins að sök og í hliðrænum dreifikerfum.

Með gagnvirkri stafrænni myndmiðlunartækni gefst einnig tækifæri til að bjóða alls kyns þjónustu auk þess sem farið er að bjóða grafískt notendaviðmót í sjónvarpinu. Notendaviðmótinu má að nokkru líkja við textavarp en verður þó líkara því viðmóti sem notandi þekkir frá netinu og gegnir æ mikilvægara hlutverki sem upplýsingaveita í sjónvarpi. Þar geta notendur fengið aðgang að ítarlegri sjónvarpsdagskrá með rafrænum dagskrárvísi þar sem hægt er að velja dagskrárliði til upptöku eða áhorfs fram í tímann. Þá geta notendur tekið þátt í leikjum með hinni stafrænu tækni, auk þess sem ýmis önnur gagnvirk þjónusta mun verða í boði í náinni framtíð.

Talsvert hröð þróun hefur verið í háskerpusjónvarpi (High Definition Television eða HDTV), jafnt í Bandaríkjunum og Evrópu, þar sem hið opinbera hefur víða haft frumkvæði að slíkri þróun. Búast má við að HDTV verði ráðandi tækni í sjónvarpi innan fárra ára, ekki síst þegar miðlun hreinnar grafíkur og texta eykst til muna. Nú þegar má sjá ýmsar háskerpusjónvarpsrásir í nágrannalöndum Íslands, m.a. er slíkt í boði hjá SVT í Svíþjóð. Þá má jafnframt geta þess að með Evrópukeppninni í knattspyrnu árið 2008 urðu að vissu leyti vatnaskil þar sem sjónvarpsstöðvar kepptust við að bjóða þessa vinsælu keppni á háskerpustaðli fyrir áhorfendur í Evrópu.

Í háskerpusjónvarpi eru myndgæðin meiri en þekkist í sjónvarpi núna og líkjast myndgæðum í kvikmyndahúsi enda er tæknin nýtt í heimabíókerfum. Muninn má að nokkru greina með því að lesa texta á tölvuskjá og texta á sjónvarpsskjá. Til þess að geta boðið notendum upp á háskerpusjónvarp þarf meiri bandbreidd en fyrir venjulegt sjónvarp og þrátt fyrir stöðugar framfarir í þjöppunartækni má búast við að háskerpumynd muni fyrst um sinn krefjast nær sömu bandbreiddar og hliðræn mynd gerir nú. Með enn frekari endurbótum í þjöppun í framtíðinni mun bandbreiddarþörf háskerpusjónvarps þó minnka.

Með stafrænu sjónvarpi opnast einnig leið að netaðgangi í sjónvarpi og þar með tölvupóstnotkun. Þess ber þó að geta að þar sem skerpa á sjónvarpsskjám núna er mun minni en á tölvuskjám eru venjulegar heimasíður ekki mjög læsilegar í sjónvarpi. Ýmis hugbúnaður hefur þó verið þróaður til að gera síðurnar aðgengilegri, m.a. með því að nota RSS-tækni. Þar sem háskerpusjónvörp eru orðin æ algengari verður mikilvægt að þau dreifikerfi sem notendur hafa aðgang að hafi næga bandbreidd og getu til að stækka þegar þess þarf með.

Einnig er vert að minnast á að svonefnd farmóttaka á stafrænu sjónvarpi hefur verið mikið til umræðu erlendis. Slík tækni gerir fólki kleift að horfa á sjónvarp þegar það er á ferðinni.

Gera má ráð fyrir að notendur muni í framtíðinni fá aðgang að sjónvarpi á þennan hátt í gegnum þráðlaus dreifikerfi.

2.3 Möguleikar stafrænnar myndmiðlunar fyrir fjarskiptafyrirtæki.

Út frá sjónarhóli fjarskiptafyrirtækja er stafræn myndmiðlun næsti vaxtarbroddurinn í fjarskiptum. Fjarskiptafyrirtækin hafa hingað til boðið viðskiptavinum sínum upp á þjónustu þar sem mikill munur er á talsíma og gagnaflutningsþjónustu. Þannig hefur talsímaflutningur verið á mun hærra verði en flutningur á öðrum gögnum. Með IP-símatækni (e. Voice-over-IP) dregur úr möguleikum fjarskiptafyrirtækjanna á að gera slíkan greinarmun og tekjustofnarnir þurfa að miðast við gagnamagn sem flutt er um fjarskiptanet. Stafrænni myndmiðlun fylgir mikill gagnaflutningur og með stafrænni tækni geta fjarskiptafyrirtækin aukið þjónustu sína og boðið fjölþætt afþreyingarefni. Þetta hefur verið kallað þríleikur (e. Triple Play) og eykur tekjumöguleika fjarskiptafyrirtækjanna, en niðurstöður markaðsrannsókna benda til þess að heimilin muni í framtíðinni eyða hærra hlutfalli ráðstöfunartekna sinna í ýmiss konar afþreyingarefni. Í þríleiknum geta fjarskiptafyrirtæki boðið gagnaflutning, afþreyingarefni og símaþjónustu í einum pakka til viðskiptavina og þar með aukið á viðskiptatryggð þeirra. Handan við hornið er það sem kallað er fjórleikur (e. Quadruple Play), en þar bætist við sá möguleiki að bjóða hljóð- og myndefni ásamt netaðgangi hvar og hvenær sem er um þráðlaus net. Fyrirtækin hafa nú keppst við að ná forskoti á þessum vettvangi til að tryggja ráðandi markaðsstöðu. Reynslan erlendis hefur sýnt að erfitt er fyrir ný fyrirtæki að koma inn á stafrænan fjölmiðlamarkað þegar stór fyrirtæki eru þegar búin að koma sér þar fyrir og hafa mikla markaðshlutdeild. Fyrstu fyrirtækin geta bundist viðskiptavinum með því að vöndla (þ.e. að bjóða saman ólíka þjónustu í pökkum) fjölmiðla- og fjarskiptaþjónustu, auk þess sem fyrirtækin sem hafa flesta viðskiptavini geta að jafnaði greitt meira fyrir myndefni en nýir aðilar á markaði. Stöðugt framboð á nýju vinsælu sjónvarpsefni gerir það að verkum að viðskiptavinir verða tryggir fyrirtækinu auk þess sem auglýsendur vilja auglýsa þar sem áhorfið er mest. Fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki, sem bjóða stafræna myndmiðlun, geta einnig þróað þjónustu sína og þannig átt bein viðskipti við flest heimili landsins í gegnum sjónvarpið.

Þar sem mikil samkeppni er til staðar á fjarskiptamarkaði hefur verð á fjarskiptaþjónustu farið lækkandi en á móti hefur notkunin aukist afar mikið. Ný tækni mun hins vegar breyta möguleikum fjarskiptafyrirtækja í framtíðinni til að afla tekna. Notendur eru nú þegar í æ ríkari mæli farnir að nýta sér IP-símaþjónustu sem gerir það að verkum að þeir geta sniðgengið talsímakerfi fjarskiptafyrirtækjanna og m.a. greitt fyrir millilandasímtöl eins og um innanbæjarsímtöl væri að ræða. Fyrirtæki eins og Skype bjóða notendum nú að hringja úr tölvum í síma fyrir brot af því sem millilandasímtöl kosta. Svonefnd WiFi-þjónusta, sem er staðbundin en ekki samfelld eins og farsímaþjónusta er oftast, gerir notendum til dæmis kleift að tengjast netinu með meiri bitahraða en farsími gefur kost á og einnig á lægri gjöldum. Ef notendur hafa farsíma með innbyggðum WiFi-möguleikum geta þeir hverju sinni valið hagkvæmustu þjónustuna og sparað sér háar fjárhæðir í mánaðarlegum símgjöldum.

Möguleikar fjarskiptafyrirtækja til tekjuöflunar hafa tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Tækniþróunin gerir það að verkum að fjarskiptafyrirtækin þurfa að finna nýja tekjustofna í ljósi þess að þau fá minnkandi tekjur af farsíma- og utanlandssímtölum. Með IP-tækninni minnkar möguleiki fyrirtækjanna á að skilja á milli símtala og annars gagnaflutnings. Hingað til hafa símafyrirtækin fengið stóran hluta tekna sinna af talþjónustu, fyrst fastlínusímtölum og síðan þráðlausum símtölum. Þegar fjarskiptafyrirtækin þurfa einnig að lækka verð á breiðbandstengingum til einstaklinga og fyrirtækja í þeim tilgangi að geta boðið sjónvarpsþjónustu á netum sínum verða tekjumöguleikarnir æ rýrari. Það er því mikið í húfi

fyrir fjarskiptafyrirtæki, ekki síður en fjölmiðla, að afla tekna með virðisaukandi þjónustu í gegnum stafræna myndmiðlun, svo og á öðrum miðlum. Einnig þurfa þau að tryggja að dreifikerfi þeirra séu notuð.

Allur fjarskiptageirinn er í ríkari mæli farinn að líkjast uppbyggingu netsins þar sem erfitt hefur reynst að stjórna og setja reglur. Eðli málsins samkvæmt munu fjölmiðlarnir, og efnisveitur, fylgja þeirri þróun þar sem þeir munu að stórum hluta útvega þjónustuna sem fjarskiptakerfin miðla til notenda. Í slíkum heimi eru fyrirséð margslungin vandamál varðandi umsýslu höfundarréttar að efni sem miðlað er um fjarskiptakerfin. Þá verður æ erfiðara að setja reglur um ritstjórn og innihald ólíkra miðla og fylgja slíkum reglum eftir.

2.4 Þrepaskipt stafræn þróun í myndmiðlun.

Grunnurinn að því að geta boðið mikinn fjölda sjónvarpsrása, svo notendur geti leigt kvikmyndir, hlustað á tónlist, spilað sjónvarpsleiki við aðra sjónvarpsnotendur og vafrað um netið, svo eitthvað sé nefnt, er að miðlun hljóð- og myndefnisins sé á stafrænu formi og að fjarskiptaleiðin hafi nægilega bandbreidd. Til að hægt sé að bjóða gagnvirka myndmiðlun þarf að byggja upp stafrænt dreifikerfi sem getur verið hvort heldur er þráðlaust eða gegnum leiðara, til dæmis ljósleiðara eða koparlínur (ADSL). Enn fremur þurfa notendur að fá sérstakan endabúnað (aðgangskassa) sem tengist sjónvarpstækinu til að geta tekið á móti útsendingum stafræns sjónvarps og horft á þær í hliðrænum sjónvarpstækjum.

Í grófum dráttum má skipta þróun stafrænnar myndmiðlunar í þrjú þrep sem hvert um sig býður upp á nokkuð mismunandi notkunarmöguleika. Í fyrsta lagi ber að nefna einátta stafræna útsendingu á myndefni sem er ekki gagnvirk. Í öðru lagi er um að ræða stafræna útsendingu með leið til baka og í þriðja lagi á hugtakið við um stafræna einkarás með leið til baka. Með leið til baka er í þessu sambandi átt við gagnvirkni þannig að notandi getur bæði tekið við og sent frá sér gögn. Bæði stafræn myndmiðlun með leið til baka og stafræn einkarás teljast vera gagnvirk stafræn myndmiðlun þar sem notendur geta stýrt þeirri þjónustu sem þeir kjósa.

2.4.1 Stafræn útsending myndefnis.

Stafræn myndmiðlun er ekki endilega gagnvirk og í því tilfelli verða engar meiri háttar breytingar á notkunarmöguleikum frá því sem verið hefur. Stafræn tækni gefur hins vegar kost á betri nýtingu tíðnisviðsins og fleiri dagskrám fyrir notendur. Tíðnisviðið í loftinu er takmörkuð auðlind og þess vegna skiptir miklu máli að hægt sé að þjappa mynd- og hljóðupplýsingum í stafræna dreifikerfinu. Þjöppunin gerir mögulegt að koma fyrir fjórum til sex dagskrám í sömu tíðnirás og áður var notuð fyrir eina hliðræna dagskrá. Kostur stafrænu tækninnar sem notuð er í dreifikerfum er að nota má sömu tíðnina fyrir marga senda á ákveðnu svæði, auk þess sem minni hætta er á truflunum milli aðliggjandi rása á tíðnisviðinu. Í fyrstu skila þessir kostir sér ekki að fullu þar sem nauðsynlegt er að reka hliðrænu dreifikerfin áfram samhliða stafrænu kerfunum. Til lengri tíma litið verða nothæfar tíðnirásir fleiri en nú eru og skortur, sem til dæmis er nú á rásum á höfuðborgarsvæðinu, verður mögulega úr sögunni og það mun auðvelda nýjum fjölmiðlaþjónustuveitendum inngöngu á markaðinn. Þess vegna virðist ljóst að notendur sem taka á móti útsendingum í lofti munu eiga völ á meira úrvali dagskrárútsendinga og annars myndefnis.

2.4.2 Stafræn útsending myndefnis með leið til baka.

Þar sem mikill kostnaður fylgir því að byggja upp stafræn dreifikerfi, auk þess sem kostnaður fylgir endabúnaði notenda, hefur áhersla verið lögð á stafræna gagnvirka myndmiðlun

sem býður upp á mun fleiri möguleika en fjölgun sjónvarpsdagskráa eingöngu. Í grófum dráttum má segja að stafrænni gagnvirkri myndmiðlun megi skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða stafræna sjónvarpsútsendingu með leið til baka og hins vegar stafræna einkarás með leið til baka. Með leið til baka er sem áður segir átt við gagnvirkni þannig að notandi getur bæði tekið við og sent frá sér gögn. Helstu staðlar fyrir stafrænar sendingar eru DVB-C fyrir kapalkerfi, DVB-S fyrir gervitungl og DVB-T fyrir dreifingu í lofti. Notendabúnaðurinn eða aðgangskassinn, sem er mismunandi fyrir staðlana þrjá, gerir notendum kleift að velja úr því efni sem í boði er, auk þess sem notendurnir geta horft á samsetta dagskrá sjónvarpsstöðvanna. Til þess að koma pöntun á efni til skila þarf „tilbakarás“ sem auðvelt er að koma fyrir í kapalkerfum en vandasamara í dreifikerfum í lofti og um gervitungl. Verður þá að grípa til þess ráðs að hafa „tilbakarásina“ í öðru fjarskiptakerfi, t.d. fastlínusíma eða farsíma.

Stafræn útsending býður upp á mikinn fjölda sjónvarpsdagskráa þar sem notendur geta valið á milli dagskrárliða. Með því að nýta sér leiðina til baka geta þjónustufyrirtæki stóraukið þjónustu sína með því t.d. að selja aðgang að kvikmyndum sem sýndar eru á ákveðnum tímum á sérstökum kvikmyndarásum eða bjóða bankaþjónustu í myndmiðlinum, auk þess sem hægt er að bjóða ýmiss konar leiki og íþróttaútsendingar þar sem áhorfendur velja sjónarhorn og margt fleira. Þar sem slík stafræn útsending er háð takmörkuðu tíðnisviði er þó um að ræða takmarkað framboð á efni.

2.4.3 Stafræn einkarás myndefnis með leið til baka.

Stafræn einkarás er frábrugðin stafrænni útsendingu að því leyti að dreifileiðir stafrænna einkarása, eins og um ljósleiðara, xDSL (tæknistaðall sem eykur flutningsgetu á símalínunum) og sum stafræn kapalkerfi, hafa það mikla bandbreidd að hver notandi getur innan ákveðinna marka valið myndefnið að eigin smekk í stað þess að horfa á fasta dagskrá. Framboð myndmiðlunarefnisins í þessum kerfum sætir ekki takmörkunum tíðnisviðsins en er hins vegar háð flutningsgetu einkarásarinnar. Munurinn er sá að notendur geta að vild valið sér myndmiðlunarefni, svo sem kvikmyndir, sjónvarpsþætti, leiki eða tónlistarmyndbönd, og fengið sent frá miðlara á rauntíma. Má því í raun tala um rafræna myndbanda-, tónlistar- og leikjaleigu sem getur hýst gríðarlegt úrval efnis. Slík rafræn leiga gefur áhorfendum kost á að greiða aðeins fyrir það efni sem þeir vilja horfa á. Notendur geta sjálfir valið og stýrt á hvað þeir horfa og hvenær. Myndmiðlunarefnið er aðgengilegt notendum í ákveðinn tíma og hafa þeir innan þess tíma fulla stjórn á efninu. Notendur geta spólað fram og til baka, sett í bið eða stöðvað myndefnið.

Þar sem slík miðlun hljóð- og myndefnis er ekki háð tíðnitakmörkunum er mögulegt að miðla ýmiss konar sérhæfðu efni sem ekki höfðar til fjöldans, svo sem fræðslu- og kennsluefni eða sjónvarpsdagskrám og kvikmyndum frá ólíkum menningarsvæðum.

2.5 Skilyrt aðgangskerfi og aðgangskassi fyrir stafræna myndmiðlun.

Þegar hljóði er útvarpað er rafmerkinu breytt í mótaðar rafsegulbylgjur. Viðtækið tekur við þessum mótuðu bylgjum og breytir merkinu aftur í rafstraum sem síðan knýr hátalara þar sem merkið breytist í hljóð. Sjónvarpssendingar eru hliðstæðar þessu. Upptökuvélin tekur röð kyrrmynda og hverri kyrrmynd um sig er breytt í röð merkja. Fjöldi punkta eða merkja í hverri kyrrmynd skiptir mörgum hundruðum þannig að merkjaflutningurinn í sjónvarpssendingum er mjög ör. Það er í rauninni eini munurinn á hljóðvarpi og sjónvarpi og veldur því að nauðsynlegt er að nota bylgjur með miklu hærri tíðni fyrir sjónvarpssendingar en fyrir hljóðvarp. Allar útsendingar með útvarpsbylgjum byggjast því á notkun svokallaðra burðarbylgna, hvort sem um er að ræða hljóðvarp eða sjónvarp. Þá er einföld bylgja með útsend-

ingartíðninni mótuð með merkinu sem senda á út og samsvarar annaðhvort hljóði eða mynd eftir atvikum.

Fyrir útvarpssendingar eru tvær aðferðir sem koma til greina. Annars vegar er styrkmótun (amplitude modulation, AM) þar sem styrk burðarbylgjunnar er breytt til að endurspegla styrk merkisins. Þessari aðferð var beitt við útvarpssendingar lengi vel vegna þess að hún er auðveld í framkvæmd. Hún skilar þó minni gæðum en hin aðferðin, tíðnimótun (frequency modulation, FM). Í tíðnimótaðri útvarpssendingu er burðarbylgjan alltaf send út með föstum styrk. Til þess að koma hljóðinu til skila er tíðni bylgjunnar hnikað örlítið til og frá til að endurspegla styrk merkisins. Þessi aðferð skilar meiri gæðum en er nokkuð erfiðari í framkvæmd og krefst hærri tíðni á burðarbylgju.

Sjónvarpsútsendingar eru ávallt tíðnimótaðar. Í tilviki hliðræns sjónvarps eru þær í formi tíðnimótaðra merkja sem sjónvarpsviðtæki skynja og umbreyta í mynd. Í stafrænum útsendingum er búið að kóða mynd og hljóð í runu af púlsum sem einungis taka gildi sem samsvara 0 og 1. Venjuleg sjónvarpsviðtæki taka ekki við slíkum merkjum og notendur verða því að afla sér viðbótarbúnaðar, þ.e. aðgangskassa sem breytir stafræna merkinu í form sem sjónvarpstækið getur unnið úr. Vél- og hugbúnaður í aðgangskassanum byggist á tölvutækni. Svo framarlega sem aðgangskassinn fær merki með nógu miklum styrk til þess að geta greint á milli gildanna 0 og 1 fæst fullnægjandi mynd en að öðrum kosti fæst engin mynd á skjáinn. Þetta er skýring þess sem áður var getið að myndgæði eru stöðug innan þjónustusvæðis en myndin hverfur þegar komið er að mörkum þess.

Stafrænir aðgangskassar eru frábrugðnir myndlyklum eins og Stöð 2 hefur til dæmis notað til skamms tíma. Myndlyklar hafa það hlutverk eitt að opna fyrir aðgang að dagskrá hafi notandi aflað sér heimildar til að taka á móti viðkomandi dagskrá. Í stafrænum aðgangskassa er afkóðun sjónvarpsmerkis til þess að notandinn geti horft á efnið aðeins eitt af mörgum hlutverkum aðgangskassans. Aðgangskassi þjónar annars vegar þeim tilgangi að umbreyta stafrænu merki yfir í hliðrænt, í þeim tilgangi að almenningur geti áfram nýtt núverandi sjónvarp uns það er endurnýjað með stafrænu tæki, og hins vegar í þeim tilgangi að stýra aðgangi að læstri dagskrá. Þetta er útfært með endabúnaði sem notandi þarf að tengja á sama hátt og myndlykil núna, auk ýmiss tæknibúnaðar sjónvarpsstöðva og/eða dreifingarfyrirtækja.

Í upphafi stafrænnar myndmiðlunar var lögð mikil áhersla á það af hálfu stjórnvalda að notendur gætu samnýtt aðgangskassana fyrir mismunandi sjónvarpsveitur til þess að þeir neyddust ekki til að kaupa marga kassa. Einn slíkur möguleiki er búnaður samkvæmt MHP-staðlinum (e. Multimedia Home Platform) sem gerir notendum kleift að horfa á mismunandi sjónvarpsdagskrár án þess að afla sér sérstaks aðgangskassa fyrir hverja stöð. Framkvæmdastjórn ESB hefur beitt sér fyrir notkun þessa staðals án þess að gera hann að skyldu. Nú þegar er staðallinn notaður í ýmsum Evrópulöndum, svo sem Finnlandi, Þýskalandi, Spáni, Austurríki og Ítalíu, auk þess sem hann verður notaður í nýju stafrænu sjónvarpskerfi í Noregi. Þess ber að geta að í upphafi stafræns sjónvarps kostuðu aðgangskassar tugi þúsunda króna í innkaupum en kosta nú aðeins brot af þeirri upphæð. Flestir fjölmiðlaþjónustuveitendur og/eða fjarskiptafyrirtæki, sem selja efni eða dagskrá í áskrift, afhenda aðgangskassa sem hluta af áskriftinni. Nú eru einnig komnir á markaðinn aðgangskassar með hörðum diskum og kassar sambyggðir leikjatölvum. Af þessu má ráða að hugmyndir um einn staðal hefur reynst erfið í framkvæmd.

Til þess að fjölmiðlaþjónustuveitendur geti selt þjónustu sína í áskrift þarf skilyrt aðgangskerfi sem veitir viðskiptavinum aðgang að læstri myndmiðlunarþjónustu. Mikil áhersla hefur verið lögð á það í Evrópu að þau fyrirtæki sem starfrækja skilyrt aðgangskerfi, veiti öllum fjölmiðlaþjónustuveitendum sem þess óska aðgang að aðgangsstýringunni, án mismun-

unar og á sanngjörnum kjörum. Einnig eiga fjölmiðlaþjónustuveitendur, sem dreifa ólæstri dagskrá, rétt á því að dagskrárefni þeirra fari óhindrað um aðgangskerfið án endurgjalds. Tilgangurinn með þessum kvöðum er að koma í veg fyrir það að notendur þurfi að hafa marga aðgangskassa með mörgum skilyrtum aðgangskerfum tengda við sjónvarpið. Með því að setja reglur um endabúnað notenda og aðgangskerfi er reynt að fá fjölmiðlaþjónustuveitur og fjarskiptafyrirtæki til að sameinast um búnaðinn og gera notendum auðveldara fyrir. Það er svo spurning hvernig tekst að skilgreina sanngjörn kjör í þessu sambandi og eins er hætta á því að fyrirtæki skirrist við að senda efni sitt um skilyrt aðgangskerfi keppinauta. Þess ber þó að geta að aðgangskassar eru tæknilega mismunandi eftir því hvaða dreifileið og/eða tíðnisvið notað er til að koma stafræna merkinu til viðskiptavina. Ekki er hægt að nota sama aðgangskassa fyrir allar tegundir dreifikerfa vegna mismunandi tækni sem notuð er. Alla jafna þarf mismunandi aðgangskassa fyrir kapalkerfi, gervitungl, útsendingar í loftinu og ADSL. Þetta kemur þó ekki að mikilli sök þar eð langflestir notendur tengjast einungis einni tegund dreifikerfis.

2.6 Hver er þörfin fyrir myndmiðlun?

Ef miðað er við þann fjölda Íslendinga sem nú eru áskrifendur að stafrænu myndmiðlunarefni og höfð eru til hliðsjónar þau heimili sem kaupa svokallaðar „sjóræningjaáskriftir“ að utan má gera ráð fyrir því að íslenskir áhorfendur vilji sambærilega þjónustu og nú er í boði hjá öðrum þjóðum, til dæmis BSkyB í Bretlandi og Canal Digital og Viasat á Norðurlöndum. Flestir eru þeirrar skoðunar að þörfin fyrir bandbreidd muni þróast líkt og orðið hefur með tölvuminni. Eftir því sem minnið er meira því flóknari og stærri er hugbúnaðurinn. Meira framboð hefur þýtt meiri eftirspurn og tölvur eru sífellt að verða aflmeiri. Í þessu sambandi má skoða hvernig þörf fyrir aukna bandbreidd hefur þróast. Fyrir um 10 árum var bandbreidd til fyrirtækja og stofnana, sem átti að anna þörfum fjölda starfsmanna og viðskiptavina, minni en sú bandbreidd sem mörg heimili hafa núna. Því má ætla að eftirspurn eftir myndmiðlunarefni verði mikil og að bjóða verði margar sjónvarpsdagskrár til að geta fullnægt henni, eftir því sem stafræn myndmiðlunarþjónusta þróast í framtíðinni. Nú má skoða mögulega útfærslu á nýtingu fjölrása hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem næði til alls landsins. Í hinu ímyndaða dæmi væri um að ræða eitt fjarskiptafyrirtæki eða fjölmiðlaþjónustuveitanda sem byði sambærilega fjölbreytni í þjónustu og algeng er erlendis.

- Íslenskar sjónvarpsdagskrár – kvikmyndir – íþróttir = 10–15 rásir.
- Þáttasölusjónvarp – 10 nýjustu kvikmyndirnar = 80 rásir.
- Fréttaþjónusta – efnisflokkuð valþjónusta = 10 rásir.
- Gervihnattaendurvarp – einnig fyrir málahópa og sérahugamál = 40–50 rásir.
- Útleigurásir – fyrirtæki, félög, stjórnmálaflokkar, námskeið = 10–15 rásir.
- Opinber þjónusta – skólakerfi – fjarkennsla = 30–40 rásir.
- Persónuleg þjónusta með gagnvirkni = 30 rásir í framtíðinni.
- Háhraðanetsbandbreidd = 10–20 rásir.

Alls eru þetta 220–260 rásir. Með einkarás til notenda eru í raun engin takmörk fyrir fjölda rása í dreifikerfi. Í gervihnattasjónvarpi í Evrópu hafa áskrifendur aðgang að 500–1000 sjónvarpsdagskrám.

2.7 Stafræn myndmiðlun í nágrannalöndunum.

Stafræn hljóð- og myndmiðlun á hefðbundinni sjónvarpstíðni (VHF/UHF) hefur ekki leitt stafrænu þróunina, hvorki í Evrópu né Bandaríkjunum, heldur hefur sú þróun orðið í gervihnattasjónvarpi og kapalkerfi. Þannig hefur stafræn myndmiðlun á hefðbundinni tíðni lengst

af átt erfitt uppdráttar og yfirleitt þurft mikinn opinberan stuðning til að ná útbreiðslu.

Í flestum nágrannalöndum Íslands hafa yfirvöld þegar birt dagsetningar yfir það hvenær stefnt sé að lokum hliðrænna útsendinga á hefðbundinni sjónvarpstíðni. Frá og með þeim tíma verður myndmiðlun stafræn. Með því að slökkva á hliðrænum útsendingum verður hægt að nýta tíðnisviðið mun betur og í þéttbýlum löndum þýðir það aukinn fjölda rása og möguleika fyrir nýja fjölmiðlaþjónustuveitendur til að komast inn á markaðinn. Nú þegar eru flest nágrannaríki Íslands búin að slökkva á hliðrænum sjónvarpsútsendingum eða langt komin með að leggja niður hliðræn dreifikerfi eins og segir að framan. Hér á landi er áætlað að slökkt verði á hliðrænum sjónvarpsútsendingum fyrir lok árs 2012.

Líklega er ein meginástæðan fyrir því að stjórnvöld leggja mikið upp úr því að byggja upp stafræna myndmiðlun á hefðbundinni tíðni sú að þau vilja tryggja stafræna miðlun hefðbundinna sjónvarpsdagskráa, oft í ríkiseigu, til að keppa við nýju fjölrása sjónvarps- og margmiðlunarfyrirtækin sem víða hafa lagt undir sig stóran hluta hljóð- og myndmiðlunarmarkaðarins. Reynslan hefur verið sú að nýju kapal- og gervihnattasjónvarpsfyrirtækin hafa sýnt lítinn áhuga á að taka þátt í slíkri samvinnu og séð hagsmunum sínum betur borgið með rekstri eigin dreifikerfa með litlum ríkisafskiptum. Breyting á þessu mundi á hinn bóginn þýða að þessi fyrirtæki yrðu meðal margra annarra í slíku almennu fjarskiptakerfi myndmiðlunar og þá gæfist jafnframt nýjum samkeppnisaðilum færi á að keppa á jafnréttisgrundvelli um áskrifendur. Vert er að benda á að miðlun myndefnis í loftinu er í mörgum tilfellum ódýrasta dreifileiðin að teknu tilliti til kostnaðar við uppbyggingu dreifikerfis og við notendabúnað. Stjórnvöld í mörgum löndum leggja einnig mikið upp úr því að loka fyrir hliðrænar sjónvarpsútsendingar þar sem þá losnar um tíðnir sem jafnvel má nota til annars en miðlunar myndefnis.

Þess ber einnig að geta að flest lönd, til dæmis á meginlandi Evrópu, eiga landamæri að öðrum löndum og þurfa því að komast að samkomulagi við nágrannaríkin um tíðniúthlutanir. Þá þarf langan aðlögunartíma til að breyta hliðrænu kerfi í stafrænt þar sem allir notendur þurfa að vera tilbúnir til að taka á móti stafrænu merki þegar slökkt er á hliðrænum útsendingum. Þetta þýðir að senda þarf út bæði stafrænt og hliðrænt í nokkur ár á meðan áhorfendur laga sig að stafrænni miðlun myndefnis.

Nú þegar sendir fjöldi erlendra sjónvarpsstöðva út stafrænt. Fjölmiðlaþjónustuveitendur og fjarskiptafyrirtæki í nágrannalöndunum hafa fengið nokkur ár til undirbúnings fyrir breytinguna. Misjafnlega hefur gengið að fá fjölmiðlaþjónustuveitendur og fjarskiptafyrirtæki til að hefja stafræna myndmiðlun en flestir sjá þó kostina við stafrænu tæknina, þ.e. aukinn fjöldi rása, betri mynd- og hljómgæði og aukna tekjumöguleika samhliða nýrri þjónustu.

Helstu dreifileiðir stafrænnar myndmiðlunar í nágrannalöndum Íslands hafa legið um gervihnetti og kapal en ekki á hefðbundnu sjónvarpstíðnisviði. Ástæðan fyrir því er að þessi tækni þróaðist tiltölulega snemma, hún er mjög hagkvæm og auðveldara var að leysa svonefnt fortíðarvandamál sem fylgir samhliða starfrækslu eldri og nýrrar þjónustu (e. legacy-problem) þar sem hætta þarf starfrækslu eldri þjónustu til að koma nýrri þjónustu á laggirnar. Auk þess voru afskipti ríkisins mun minni af óhefðbundinni dreifingu myndmiðlunarefnis en hefðbundinni. Gott dæmi um þetta er vöxtur BSkyB í Bretlandi.

Tiltölulega ódýrt er að breyta hliðrænni útsendingu í stafræna í kapalkerfum og gervihnattaútsendingum og fjölga þannig sjónvarpsdagskrám og auka gæði útsendinga. Kapalkerfi hafa víða byggst upp á þéttbýlum svæðum og í löndum þar sem auðvelt og hagkvæmt hefur verið að tengja íbúa. Gervihnettir hafa hins vegar þann kost að hægt er að bjóða myndmiðlunarþjónustu á öllum markaðnum á sama tíma, hvort heldur er í borg eða á landsbyggðinni. Dreifing myndmiðlunarefnis um gervihnött er auk þess mjög hagkvæm og ódýr lausn í

milljónaþjóðfélögum og skapar ekki mismunun milli dreifbýlis og þéttbýlis þar sem allir geta fengið þjónustuna á sama tíma.

Stafræn miðlun myndmiðlunarefnis á hefðbundinni tíðni er þó að ná aukinni útbreiðslu á allra síðustu árum. Í annarri tilraun í Bretlandi tókst vel til með Freeview og nú er Sky einnig þátttakandi í því verkefni. Ástæður þess að vel hefur tekist til eru til dæmis þær að notendur þurfa ekki að greiða mánaðargjald, aðgangskassarnir eru ódýrir, mynd- og hljómgæði eru mjög mikil og sjónvarpsdagskrárnar sem í boði eru höfða til áhorfenda. Einnig hefur vöxtur verið hraður í Finnlandi og Svíþjóð en nú þegar er búið að slökkva á hliðrænu dreifikerfi þar.

2.8 Stafræn myndmiðlun á Íslandi.

Vinsælustu leiðirnar í stafrænni miðlun myndefnis erlendis hafa ekki náð fótfestu hér á landi, þ.e. gervihnattasjónvarp og kapalkerfi. Annað sem skapar Íslandi sérstöðu í samanburði við önnur lönd er að hefðbundið hliðrænt sjónvarp á öllu Reykjavíkursvæðinu og þar með hjá flestum landsmönnum er á öðru tíðnisviði en í nágrannalöndunum. Hér er það á VHF-tíðni en flest nágrannalöndin nýta hið miklu stærra UHF-tíðnisvið. Upphaf þessa má rekja til sjónvarps varnarliðsins sem í árdaga sjónvarps hér á landi var sent út á VHF. Þrátt fyrir að öll nágrannalöndin hafi síðar flutt sig yfir á UHF-tíðnisvið var ákveðið að nota VHF-tíðnina fyrir Ríkisútvarpið í Reykjavík þegar útsendingar hófust. Ein ástæðan var sú að fjöldi húsa var búinn VHF-loftnetum og hægt var að nýta gömul VHF-sjónvörp áfram. Þessi ákvörðun hefur síðan haft mótandi áhrif á þróun sjónvarps á Íslandi.

Þar sem flest loftnet í Reykjavík eru á VHF-tíðni er aðeins hægt að nýta fimm hliðrænar sjónvarpsrásir og eru þær allar fullnýttar. Hægt var að hliðra til á sínum tíma þannig að Stöð 2 gæti hafið útsendingar með því að Ríkisútvarpið nýtti UHF-tíðni í svonefndar „holufyllingar“. Þegar Sýn bættist við var með erfiðleikum hægt að koma henni fyrir, en þar með var tíðnisviðið fullnýtt. Eftir að sjónvarpsrekstur var heimill öðrum en ríkisvaldinu varð ljóst að VHF-tíðnisviðið teldist ófullnægjandi þar sem tíðni skorti.

Árið 1993 var sjónvarpsstöðvum veitt tíðnileyfi til reksturs hliðræns örbylgjusjónvarps (MMDS), en þar eru 22 rásir til ráðstöfunar fyrir hliðrænt sjónvarp. Þar af höfðu yfirvöld 17 rásir til ráðstöfunar. Mikil blaðaskrif urðu í kjölfar þeirrar ákvörðunar að veita Sýn fjórar rásir fyrir erlent endurvarp. Utandagskrárumræða var á Alþingi um málið 2. maí 1996, þar sem stjórnarandstaðan gagnrýndi harðlega að teknar skyldu tvær rásir af Stöð 2 og tvær rásir af Stöð 3 í ljósi þess að sömu eigendur voru að Sýn og Stöð 2. Íslenskum sjónvarpsstöðvum á VHF- og UHF-tíði var einnig úthlutað örbylgjurásum til hagræðingar fyrir þá sem skiptu alveg um loftnet og gætu þannig numið sendingar allra íslenskra sjónvarpsstöðva á örbylgjunni. Þegar Íslenska útvarpsfélagið keypti Stöð 3 snemma árs 1997 gat fyrirtækið ráðstafað nær öllum örbylgjurásum fyrir sínar sjónvarpsdagskrár.

Þar sem Sýn (áður 365 miðlar) ræður nú yfir nær öllum rásum á örbylgjutíðnisviði hér á landi hefur fyrirtækinu tekist að byggja upp fjölrása sjónvarp á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum áratug og þar með náð sterkri markaðsstöðu sem fjölrása áskriftarsjónvarp. Kosturinn við MMDS-örbylgjukerfið er að það getur náð fljótt og með tiltölulega litlum kostnaði til flestra heimila á suðvesturhluta landsins. Þess má geta að dreifikerfi það sem áður var í eigu 365 miðla er nú komið í eigu fjarskiptafyrirtækisins Vodafone. Þá eru þrjár aðrar sjónvarpsstöðvar starfræktar á þessu sama tíðnisviði, þ.e. Skjár einn, Ríkisútvarpið og Omega. Færa má rök fyrir því að skortur á sjónvarpstíðni hér á landi í hliðrænu sjónvarpi hafi valdið því að samkeppni á sjónvarpsmarkaði varð fátæklegri hér en ella hefði getað orðið.

Tilraunir til að sameina sjónvarpsstöðvar um að hefja rekstur stafræns sjónvarps á UHF-sviði hafa heldur ekki gengið upp. UHF-móttökuloftnet eru minni en VHF-loftnet og þess vegna umhverfisvænni. Algengast er að nota efri hluta UHF-tíðnisviðs sem er laust víðast hér á landi. Vandamálið er hins vegar að stór hluti heimila er ekki með UHF-loftnet og helstu rökin fyrir stafrænu sjónvarpi á þessari tíðni eru einmitt tilvist loftneta. Þá byggðu 365 miðlar upp stafrænt UHF-dreifikerfi eftir að hafa fengið úthlutað slíkri tíðni hjá Póst- og fjarskiptastofnun árið 2005. UHF-dreifikerfið nær nú til um 98% landsmanna. Fyrirtækið sá sér ekki hag í því að byggja upp stafrænt dreifikerfi á VHF/UHF-tíðnisviðinu með öðrum íslenskum sjónvarpsstöðvum og er það í samræmi við þróunina erlendis. Að líkindum hefðu 365 miðlar tapað miklu af sérstöðu sinni á markaðnum með því að taka þátt í slíkri samvinnu. Núna hefur fyrirtækið aðgang að eigin tíðnisviði, aðgangsstýrikerfi og loftnetum hjá viðskiptavinum. Slíkt hefði ekki orðið raunin ef fyrirtækið hefði ákveðið að flytja sig yfir á VHF/UHF-tíðnisviðið með því að sameinast um dreifikerfi og deila áskrifendum með öðrum fyrirtækjum. Keppinautar á markaði hefðu þá getað nýtt sér uppbyggingu í aðgangsstýrikerfi sem 365 miðlar hafa byggt upp með ærnum tilkostnaði og náð af þeim viðskiptum. Ákvörðun 365 miðla um að byggja upp sjálfstætt dreifikerfi er því skiljanleg út frá viðskiptalegum forsendum. Þess má þó geta að Sýn sendir enn út hliðrænt á MMDS-kerfi sínu á meðan ekki hefur verið slökkt á hliðrænu útsendingarkerfi Ríkisútvarpsins.

Hér á landi hafa ekki byggst upp stór kapalkerfi með mikla markaðshlutdeild eins og í mörgum nágrannalöndum Íslands og er ein ástæða þess líklega að hér voru samkeppnishömlur lengur en annars staðar. Nokkur lítil kapalkerfi hafa þó verið byggð upp, svo sem í Hafnarfirði, Höfn í Hornafirði og Reykjanesbæ. Síminn hefur á mörgum árum byggt upp kapalkerfi um ljósleiðara er nefnist Breiðvarp Símans. Það hefur þó ekki náð mikilli útbreiðslu og áhorfi, m.a. vegna skorts á áhugaverðu innlendu og erlendu efni. Notendur hafa lengi vel aðallega haft aðgang að erlendum endurvarpsstöðvum í Breiðvarpinu.

Nú er hafin mikil samkeppni símafyrirtækja og orkufyrirtækja um að bjóða stafræna einkarás um ADSL og ljósleiðara. Áætlað hefur verið að slík þjónusta geti ef til vill þjónað 90% heimila landsins innan fárra ára, aðallega í þéttbýli. Slík samkeppni dregur eðli máls samkvæmt úr hagkvæmni þess að byggja upp öflugt þráðlaust stafrænt dreifikerfi í lofti og minnkar líkur á að það verði gert. Þess má geta að Orkuveita Reykjavíkur hefur einnig hafist handa við viðamikla uppbyggingu ljósleiðara í þéttbýliskjörnum sem eykur enn samkeppnina í þéttbýli.

Síminn hefur nú hafið rekstur ADSL-dreifikerfis og getur boðið upp á fjölbreytta þjónustu, eins og rafræna myndbandaleigu, einkarás til notenda og margvíslega aðra þjónustu sem erfitt er að bjóða á Digital Íslandi, dreifikerfi Sýnar. Ástæðan er sú að Digital Ísland skortir tíðnisvið fyrir slíka þjónustu. Styrkur Símans liggur því í dreifingu.

Skortur á stafrænu dreifikerfi fyrir Ríkisútvarpið hefur sett stofnunina í erfiða stöðu eins og víðast hvar hefur orðið raunin með ríkisreknar sjónvarpsstöðvar erlendis. Vandamálið felst í því að Ríkisútvarpið verður á næstunni að flytja dreifingu sína yfir í stafræna miðlun og til þess þarf stafrænan aðgangskassa en það er afar kostnaðarsamt að byggja upp stafrænt dreifikerfi með sérstakan aðgangskassa fyrir aðeins eina rás. Þess ber þó að geta að Ríkisútvarpið, eitt íslenskra fjölmiðlaþjónustuveitenda, hefur notfært sér gervihnött fyrir dreifingu sjónvarpsdagskrár. Þjónustusvæði ýmissa gervihnatta ná þó til Íslands, þrátt fyrir að þjónustan þar sé ekki endilega markaðssett sérstaklega fyrir Íslendinga. Má þar til dæmis nefna gervihnettina Thor, Eutelsat og SES-Astra þar sem fjölda erlendra dagskráa er að finna. Gervihnattatækni hefur reynst of dýr fyrir lítið menningarsamfélag. Vegna legu landsins ná gervihnettir ekki til allra landsmanna og þarf því að ná til hluta íbúa með annars konar dreif-

ingu. Lengst af hefur rekstur einnar rásar á gervihnetti kostað um 50 millj. kr. á ári og því má sjá hver kostnaðurinn yrði í samfélagi þar sem fjölrásakerfi er mál dagsins.

2.9 Sameiginlegt dreifikerfi myndmiðlunar fyrir fjölmiðlaþjónustuveitendur.

Ljóst er að hér á landi hafa ólík fyrirtæki verið að byggja upp margs konar fjarskiptafyrirtæki sem mörg hver er hægt að nota fyrir miðlun myndefnis. Bent hefur verið á að fjárfesting í mörgum fjarskiptakerfum fyrir lítinn markað sé afar kostnaðarsöm. Það kosti milljarða að byggja upp öll þessi fjarskiptakerfi, ólíklegt sé að þau verði öll notuð í framtíðinni og að lokum verði það viðskiptavinirnir sem greiði fyrir háu verði. Í ljósi þessa er rétt að benda á að tilraunir hafa verið gerðar til að fá fyrirtæki á markaði til að sameinast um eitt fjarskiptakerfi sem ætlað var að þjóna öllum fjölmiðlaþjónustuveitendum á myndmiðlunarmarkaði.

5. nóvember 2002 skipaði samgönguráðherra starfshóp til að gera tillögu um innleiðingu á stafrænu sjónvarpi. Þær áherslur sem ráðuneytið lagði til grundvallar vörðuðu uppbyggingu fjarskiptakerfis, skyldur um dreifingu (RÚV-útbreiðslu), uppbyggingu aðgangskerfis, tímaáætlanir, rekstrarform kerfisins og kostnaðaráætlanir. Áður hafði Póst- og fjarskiptastofnun fundað með hagsmunaaðilum á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði um margra mánaða skeið. Reynt var að ná samstöðu milli hagsmunaaðila og fá fram sjónarmið þeirra um innleiðingu stafræns sjónvarps. Starfshópurinn um stafrænt sjónvarp hélt fundi með ýmsum aðilum sem tengdust framleiðslu, sölu og dreifingu á sjónvarpsefni. Þá studdist hópurinn við greinargerð Póst- og fjarskiptastofnunar frá júní 2002, *Stafrænt sjónvarp á Íslandi: Undirbúningur og innleiðing,* auk greinargerðar Sigfúsar Björnssonar, prófessors við Háskóla Íslands, um aðgangskerfi fyrir stafrænt sjónvarp. Gústav Arnar, fyrrverandi forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, vann einnig grófa kostnaðarútreikninga varðandi möguleika á stafrænu dreifikerfi sjónvarps.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu, og mælti með því, að stofnað yrði sameiginlegt dreifingarfyrirtæki aðila á markaði um stafrænt sjónvarp þar sem allir aðilar hefðu jafnan aðgang að dreifingu myndefnis. Forsenda fyrir því að hægt yrði að setja á stofn slíkt fyrirtæki er að stærri fjölmiðlaþjónustuveitendur mundu nýta sér dreifikerfið. Hugmyndin var að núverandi dreifikerfi yrði að hluta lagt fram sem hlutafé í hið nýja fyrirtæki og sendar, sem mundu úreldast við innleiðingu á stafrænni tækni, yrðu keyptir á matsverði. Mat hópsins var að með slíku fyrirkomulagi yrði öll fjárfesting skipulegri og hagkvæmari en ef hver og einn aðili byggði upp sitt eigið dreifikerfi. Núverandi dreifikerfi Ríkisútvarpsins þarf töluverða endurnýjun og aðkallandi var fyrir Norðurljós á þeim tíma að endurnýja hliðrænt dreifikerfi sitt. Einnig var það mat hópsins að auðveldara væri fyrir nýja fjölmiðlaþjónustuveitendur að komast inn á markaðinn og tilkoma slíks fyrirtækis mundi flýta fyrir því að Ísland kæmist í fremstu röð í þróun upplýsingasamfélagsins.

Í greinargerð hópsins var hins vegar bent á að stofnun slíks fyrirtækis ylti verulega á áhuga fyrirtækja á markaði á að taka þátt í að stofna fyrirtækið. Ríkisútvarpið, Norðurljós, Íslenska sjónvarpsfélagið og ýmsir smærri aðilar yrðu að sjá sér hag í að sameinast um dreifingu og kostnaður yrði að vera svipaður og í gamla kerfinu. Jafnframt þyrfti að taka ákvörðun um hvenær loka ætti núverandi hliðrænu sjónvarpi en reka þyrfti hliðrænt dreifikerfi samhliða hinu stafræna í nokkurn tíma. Einnig var það mat hópsins að mikilvægt væri að fylgjast með því hvernig stafrænt sjónvarp yrði innleitt í nágrannalöndunum. Benti hópurinn á að ýmsir aðilar á markaðnum hefðu lagt í undirbúningsvinnu sem hið nýja fyrirtæki gæti nýtt sér, svo sem Síminn, Norðurljós, Ríkisútvarpið og Íslandsmiðill.

Þegar starfshópurinn hafði skilað greinargerð sinni tókst ekki fá hagsmunaaðila til samninga en viðræður áttu sér stað milli Norðurljósa og Símans. Þá voru hagsmunir Ríkisútvarps-

ins augljósir af því að komast inn á dreifikerfi sem næði til allra heimila landsins með sem minnstum kostnaði. Í stuttu máli sagt slitnaði upp úr viðræðum Norðurljósa og Símans, og ákváðu Norðurljós í kjölfarið að fara ein af stað með Digital Ísland á MMDS-tíðnisviðinu sem fyrirtækið hafði notað fyrir hliðrænar sendingar. Síminn gaf í kjölfarið út yfirlýsingar um að fyrirtækið hygðist byggja upp ADSL-kerfi til sjónvarpsdreifingar fyrir meiri hluta landsmanna. Auk framangreinds hefur Orkuveitan unnið að uppbyggingu á ljósleiðarakerfi sínu á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Íslandsmiðill hóf sölu á þjónustu á stafrænu dreifikerfi sínu haustið 2004 og skömmu síðar fór Digital Ísland í loftið. Má segja að nú séu helstu stafrænu dreifileiðir hljóð- og myndmiðlunarefnis um Digital Ísland og ADSL-kerfi Símans. Ýmsir smærri aðilar bjóða þó stafræna dreifingu hljóð- og myndmiðlunarefnis á afmörkuðum svæðum.

Af framangreindu má ljóst vera að hvert fyrirtæki fyrir sig heldur áfram uppbyggingu á eigin dreifikerfi sem þjónar hagsmunum þess fyrirtækis. Þá er ljóst að ólíkar dreifileiðir hafa mismunandi kosti og galla og kostnaðurinn við uppbyggingu á slíkum kerfum er afar misjafn. Fullreynt má telja að fá aðila með svo ólíka hagsmuni til að sameinast um eitt dreifikerfi.

2.10 Núverandi staða á stafrænum myndmiðlunarmarkaði.

Á myndmiðlunarmarkaði skiptir magn og gæði efnis miklu máli. Fjölmiðlaþjónustuveitandinn sem býður mesta og besta efnið á samkeppnishæfu verði nær flestum áskrifendum og meiri auglýsingatekjum og getur þá haldið áfram að kaupa besta efnið. Staðan núna er sú að tvö fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki, Vodafone/Sýn og Síminn/Skjár einn, eru á íslenskum markaði.

Síminn stendur vel að vígi með stórt dreifikerfi, fyrirtækið hefur fjárfest í vinsælli sjónvarpsstöð, Skjá einum, auk þess sem það býður viðskiptavinum sínum fjölda erlendra endurvarpsstöðva (Skjár heimur). Þá hafa notendur aðgang að rafrænni myndbandaleigu í gegnum Skjáinn (Skjár bíó). Vodafone hefur aðgang að ljósleiðaraneti Orkuveitunnar sem getur sökum sterkrar stöðu sinnar fjárfest í frekari ljósleiðarauppbyggingu. Fyrirtækið getur auk þess boðið sjónvarp í ADSL-kerfinu og leigt heimtaugarnar af Mílu. Sýn hefur þrátt fyrir erfiðleika á síðustu missirum sterka stöðu á íslenskum hljóð- og myndmiðlunarmarkaði sem stærsti fjölmiðlaþjónustuveitandinn með mikinn fjölda áskrifenda. Fyrirtækið hefur byggt upp stafrænt dreifikerfi í lofti, Digital Ísland, sem býður upp á mun skýrari mynd og meiri hljóðgæði en áður hefur þekkst í sjónvarpsútsendingum í lofti hér á landi. Sýn hefur enn aðgang að dreifikerfinu þrátt fyrir að það hafi verið selt til Vodafone.

Ef Síminn hefði ekkert aðhafst í samkeppninni hefði fyrirtækið líklegast átt á hættu að tapa stórum hluta heimila í viðskiptum til keppinautanna. Slík þróun hefði getað leitt til verðrýrnunar á fyrirtækinu. Síminn hefur þegar reynslu af því að byggja upp dreifikerfi, Breiðvarpið, án þess að hafa tryggt sér nægilega mikið hljóð- og myndmiðlunarefni til að dreifikerfið sé álitlegur kostur fyrir viðskiptavini. Þar sem viðskiptavinir velja sér efni en ekki dreifikerfi tókst Símanum ekki að nýta þessa uppbyggingu sína með þeim hætti sem ætlunin var. Því má líta á fjárfestingu Símans í enska boltanum á sínum tíma og kaupin á Skjá einum sem varnaraðgerð til að bregðast við breyttu samkeppnisumhverfi. Út frá þessu sjónarmiði var áhættan í þessari fjárfestingu líklega hverfandi í samanburði við hagsmunina sem í húfi voru.

2.11 Staða Ríkisútvarpsins á stafrænum myndmiðlunarmarkaði.

Ríkisútvarpið er í þeirri stöðu að hafa aðeins eina dagskrá á hliðrænu dreifikerfi sem er að verða úrelt og er erfitt og dýrt í rekstri. Árið 2005 var í fyrsta sinn boðin út tíðni á UHF-

tíðnisviðinu fyrir stafræna miðlun myndefnis og sótti Ríkisútvarpið um tíðni sem samsvarar einni fléttu (flétta þýðir að stafrænum sjónvarpsdagskrám er þjappað saman í einn straum), eða fjórum til fimm sjónvarpsdagskrám. Þetta gerði Ríkisútvarpið með það fyrir augum að byggja upp nýtt stafrænt dreifikerfi sem næði til alls landsins. Sérstaða hliðræns dreifikerfis Ríkisútvarpsins er að það nær til allra landsmanna, með örfáum undantekningum, enda hefur Ríkisútvarpið þá lagaskyldu að sinna öllum landsmönnum.

Stafrænt dreifikerfi þarf að geta komið í stað eldra kerfis. Því þarf að senda dagskrá Ríkisútvarpsins út í stafrænu dreifikerfi sem nær til allra heimila landsins áður en hægt er að hætta útsendingum í hliðræna kerfinu. Ríkisútvarpið er ekki eigandi að neinu stafrænu dreifikerfi. Stafræn dreifikerfi, sem til eru núna og eru í eigu annarra, ná sameiginlega til u.þ.b. 98% þjóðarinnar. Sum þeirra verða vart stækkuð þar sem kostnaðurinn er of mikill. Ríkisútvarpið hefur á hinn bóginn aðgang að þessum dreifikerfum á grundvelli 22. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, og 55. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003.

Til framtíðar litið, þegar slökkt hefur verið á hliðræna útsendingarkerfinu, stendur Ríkisútvarpið frammi fyrir vali milli þess að semja um pláss fyrir dagskrá sína í stafrænu dreifikerfi annarra aðila eða byggja upp eigið dreifikerfi og leigja öðrum aðgang að því svo að flutningsgeta þess verði nýtt að mestu eða öllu leyti. Það eykur enn á vanda Ríkisútvarpsins að gera verður ráð fyrir að stafrænar sendingar þess verði að ná til sama hlutfalls landsmanna og hliðrænar útsendingar gera en það er talið vera um 99,9%. Það er því ólíklegt að hægt verði að ná til jafnstórs hóps ef Ríkisútvarpið verður að semja um pláss í dreifikerfum annarra fjarskiptafyrirtækja. Ríkisútvarpið hefur hins vegar ekki knýjandi þörf til þess að koma upp eigin aðgangskerfi þar sem dagskráin er opin og á að vera öllum aðgengileg í loftinu. Notendur þurfa engu að síður að afla sér aðgangskassa til að umbreyta stafræna merkinu fyrir sjónvarpstækið.

Nokkur umræða hefur verið um það á undanförnum árum hvort hægt sé að ná til sjómanna á miðunum og Íslendinga erlendis. Sjónvarpsútsendingar á miðin hafa oft verið á dagskrá hjá stjórnmálamönnum án þess að nokkuð hafi áunnist með þeirri umræðu. Þörfin virðist engu að síður vera fyrir hendi en henni væri hægt að sinna með gervihnattaútsendingu. Þegar grófir kostnaðarútreikningar voru gerðir fyrir stafrænt sjónvarp í lofti fyrir u.þ.b. 95% landsmanna og gervihnattasendingar fyrir hin 4,9% kom í ljós að slík blönduð fjarskiptatækni væri hugsanlegur möguleiki til að senda út dagskrá Ríkisútvarpsins og ná til þessara ólíku hópa. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Ríkisútvarpið hefur verið aðgengilegt um gervihnött síðan 2007 en fáir nýta sér þá dreifileið til móttöku á útsendingum.

2.12 Stafræn miðlun myndefnis í þéttbýli, dreifbýli og strjálbýli.

Sú þróun sem orðið hefur hér á landi í stafrænni sjónvarpsdreifingu hefur leitt til þess að íbúar dreifbýlustu svæða hafa orðið út undan í þróuninni og verða að sætta sig við mun minni þjónustu en þeir sem búa á þéttbýlissvæðum. Má þar nefna hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun og fjölda sjónvarpsdagskráa. Þetta þýðir að hluti íbúa í dreifbýli hefur ekki aðgang að öllu því mikla úrvali afþreyingarefnis sem í boði er á þéttbýlli stöðum. Spyrja má hvort fjarskiptafyrirtæki á markaði sjái ekki hag sinn í því að þjóna þessum viðskiptavinum nema til komi opinbert inngrip og stuðningur. Kostnaðaráætlanir sýna að það er álíka kostnaðarsamt að byggja upp dreifikerfi í lofti fyrir þessi heimili sem upp á vantar og fyrir hin 80–90%. Hér á landi vantar þann jöfnuð milli þéttbýlis og dreifbýlis sem gervihnattadreifing veitir í fjölmennari löndum. Þetta er þó ekki bara vandamál íbúa í dreifbýli eins og vaxandi fjöldi sumarbústaðaeigenda getur efalaust borið vitni um.

Við stafræna sjónvarpsvæðingu landsins þarf að tryggja ákveðið jafnræði óháð búsetu. Þar sem aðgangur að áhugaverðu sjónvarpsefni er veigamesti hvatinn fyrir fjarskiptafyrirtæki að byggja upp kerfi sín er ekki líklegt að ný fjarskiptafyrirtæki muni leggja í uppbyggingu á kerfi nema aðgangur þeirra að eftirsóknarverðu efni verði jafnframt tryggður. Aðgangur fjarskiptafyrirtækja að hljóð- og myndmiðlunarefni er því undirstaða þess að fjarskiptafyrirtæki sjái sér hag í því að þjóna öllum íbúum landsins. Ef ekki verður hægt að tryggja aðgang fjarskiptafyrirtækja að efni má gera ráð fyrir því að gjáin aukist enn frekar milli þéttbýlis og dreifbýlis og íbúar dreifbýlis fái enn síður sams konar þjónustu og í boði er í þéttbýli. Eins gæti misræmi falist í þeim tímamun sem verður á að tengja stafrænt dreifikerfi annars vegar þéttbýlissvæði, en á þau verður aðaláherslan, og hins vegar dreifbýli og strjálbýli þar sem uppbyggingin er dýrari og íbúar færri. Slíkt ósamræmi í þjónustu og framkvæmdatíma gæti haft enn meiri neikvæðar afleiðingar fyrir íbúa á landsbyggðinni.

2.13 Stafræn myndmiðlun og staða notenda.

Vandamálið sem blasti við notendum á markaði hérlendis þegar farið var að bjóða stafræna myndmiðlun var að val þeirra á efni og dreifileiðum takmarkaðist verulega þar sem ekki var hægt að nálgast sama sjónvarpsefnið í ólíkum fjarskiptakerfum. Einkareknu sjónvarpsstöðvarnar voru einungis sjáanlegar í fjarskiptakerfum sem tengdust þeim en þetta hefur nú breyst með nokkurri uppskiptingu fjölmiðlaþjónustuveitenda og fjarskiptafyrirtækja, sem og gagnkvæmum samningum um aðgang að efni og dreifingu. Evrópuráðið mælist til þess að ríki hafi í huga þann möguleika að setja reglur um flutningsskyldu (e. must carry) fjarskiptafyrirtækja. Þetta þýðir með öðrum orðum að tryggt verði í lögum að efnisveitur sem óska eftir dreifingu hjá hinum ýmsu fjarskiptafyrirtækjum fái slíkan aðgang. Reglurnar hafa lengst af verið túlkaðar þröngt og er í raun stefnt að því að tryggja fjölmiðlum sem gegna almannaþjónustuhlutverki, eins og ríkissjónvarpsstöðvum, aðgang að lokuðum dreifikerfum, svo sem kapalkerfum og ADSL-sendingum. Slíkar reglur væru því augljóslega í þágu hagsmuna stofnunar eins og Ríkisútvarpsins sem ætlað er að þjóna landsmönnum öllum. Þær gætu þó einnig verið hagstæðar litlum fjölmiðlaþjónustuveitendum sem eru að fóta sig á markaði og vilja ná sem mestu áhorfi. Á slíkt ekki síst við á litlum markaði og á margan hátt sérstökum eins og þeim sem er hér á landi.

Einnig er vert að benda á að það skiptir fjölmiðlaþjónustuveitendur máli hvaða númer þeir fá á fjarstýringunni fyrir aðgangskassann. Þegar áhorfendur hafa um tugi eða hundruð stöðva að velja er ákjósanlegast að vera framarlega. Þó að notendur geti raðað stöðvunum að vild sjálfir er ólíklegt að allir noti sér þann möguleika. Það getur því skipt máli fyrir innlenda fjölmiðlaþjónustuveitendur að vera fyrir framan marga tugi erlendra endurvarpsstöðva. Fjölmiðlaþjónustuveitandi sem lendir með dagskrá sína aftarlega í röðinni í valmynd hins rafræna dagskrárvísis (e. EPG, Electronic Program Guide) á þannig á hættu að viðskiptavinirnir horfi sjaldan eða aldrei á dagskrána, jafnvel þó að þeir hafi aðgang að henni. Notendur myndmiðlunarefnis þar sem boðið er upp á tugi rása þekkja að oftast verða sömu stöðvarnar fyrir valinu og sjaldan er horft á þær stöðvar sem eru mjög aftarlega í númeraröðinni.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur hafa ekki allir hagsmuni af því að njóta dreifingar hjá mörgum og mismunandi fjarskiptafyrirtækjum. Hér á landi sýnir sagan að það hafa alls ekki alltaf verið hagsmunir einkareknu sjónvarpsstöðvanna að vera á dreifikerfum samkeppnisaðila. Þar sem fjölmiðlaþjónustuveitendur greiða hátt verð fyrir gott efni hefur það þjónað hagsmunum fjarskiptafyrirtækja sem tengjast þeim viðskiptalega að notendur fái efnið einvörðungu á dreifikerfi þeirra. Í þessu sambandi er vert að nefna ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nr. 1/2007, um erindi fjarskiptafyrirtækisins Canal Digital á Íslandi um meinta

misnotkun 365 miðla vegna markaðsráðandi stöðu. Ætluð brot 365 miðla fólust í því að fyrirtækið synjaði Canal Digital, sem m.a. hugðist starfa að dreifingu sjónvarpsefnis á Íslandi, um dreifingu á íslenskum sjónvarpsrásum 365 miðla nema gegn því skilyrði að fá aðgang að viðskiptamannakerfi Canal Digital. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins varð að krafa 365 miðla um aðgang að viðskiptamannakerfi keppinautarins væri að öllum líkindum verulega samkeppnishamlandi enda væru 365 miðlar með einstaka yfirburðastöðu á íslenska markaðnum fyrir áskriftarsjónvarp. Taldi Samkeppniseftirlitið því að það kynni að vera um misnotkun fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu að ræða. Endanleg niðurstaða liggur enn ekki fyrir í málinu.

Til að gera notendum kleift að velja bæði hljóð- og myndmiðlunarefni og fjarskiptafyrirtæki, auk þess að opna fyrir nýja aðila á markaði, þykir nauðsynlegt að setja reglur sem kveða á um flutningsrétt (e. may carry/must offer) fjarskiptafyrirtækjanna. Það þýðir með öðrum orðum að fjarskiptafyrirtæki geta óskað eftir því að fá aðgang að hljóð- og myndmiðlunarefni á sama hátt og fjölmiðlaþjónustuveitendur geta óskað eftir því að fá aðgang að dreifikerfum.

Kosturinn við flutningsreglur er að stuðla að meira valfrelsi fyrir notendur, bæði hvað varðar kaup á hljóð- og myndmiðlunarefni og fjarskiptaþjónustu. Einnig örva slíkar reglur þróun á markaði þannig að nýir fjölmiðlaþjónustuveitendur geta komið sínu efni á framfæri og fjarskiptafyrirtæki sem eru samkeppnishæf um verð og þjónustu geta komist á markaðinn án þess að fjárfesta í dýru efni. Með þessu geta notendur valið um efni á þeim fjarskiptaleiðum sem í boði eru. Sumir viðskiptavinir hafa e.t.v. áhuga á háhraðasambandi með miklum möguleikum um ljósleiðara eða ADSL en aðrir kjósa að greiða minna fyrir þjónustuna og fá efnið sent í lofti. Gera má ráð fyrir mismunandi verði á ólíkum fjarskiptaleiðum, allt eftir kostnaði við uppbyggingu kerfisins og möguleikunum sem það býður upp á. Lykillinn að því að stuðla að samkeppni og valfrelsi er að sambærilegt efni sé í boði í ólíkum fjarskiptakerfum.

Um flutningsreglurnar er nánar fjallað í athugasemdum við VII. kafla frumvarpsins en þess skal sérstaklega minnst að hér er um að ræða eina af megintillögum hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar frá vorinu 2005.

2.14 Sjónvarp í stafrænu umhverfi.

Ljóst er að með tilkomu stafrænnar tækni skapast ný tækifæri fyrir nýja þjónustu og þar með nýir tekjumöguleikar fyrir fjölmiðlafyrirtækin. Stafræn tækni stuðlar einnig að auknum samruna ólíkra miðla. Ýmsar nýjungar standa notendum nú þegar til boða og aðrar munu líta dagsins ljós í náinni framtíð með samruna miðla í stafrænu umhverfi. Miklir möguleikar opnast sjónvarpsfyrirtækjum með stafrænni tækni. Hér á eftir er ætlunin að fjalla um nokkra nýjungar sem notendur hafa nú fengið aðgang að eða geta búist við að fá aðgang að á komandi missirum eftir því sem stafræn myndmiðlun þróast og áhorfendum fjölgar.

2.14.1 Þáttasölusjónvarp (e. Pay-per-View).

Þáttasölusjónvarp þýðir að áhorfandi greiðir fyrir það efni sem hann vill horfa á. Hægt er að bjóða upp á nýlegar kvikmyndir, íþróttaviðburði eða vinsæla sjónvarpsþætti, svo eitthvað sé nefnt. Þegar boðið er upp á kvikmyndir er mögulegt að sýna sömu kvikmyndina með þeim hætti að hún hefst á 15–20 mínútna fresti. Einnig er mögulegt að selja aðgang að knattspyrnuleikjum, hnefaleikabardögum eða öðrum vinsælum íþróttaviðburðum. Þáttasölusjónvarp er tækifæri fyrir sjónvarpsstöðvar til að auka tekjur sínar með því að bjóða áhugavert efni sem áhorfendur greiða sérstaklega fyrir.

2.14.2 Rafræn myndbandaleiga (e. Video-on-Demand).

Rafræna myndbandaleigu er hægt að bjóða á háhraðaeinkarásum, svo sem um ljósleiðara eða ADSL. Áhorfendur geta fengið aðgang að miklum fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta á rauntíma og hafa aðgang að efninu í 24 tíma. Það er í raun lítill munur á því að fá mynd í rafrænni myndbandaleigu og að fara á myndbandaleiguna nema notendur spara sér sporin. Slík þjónusta hefur m.a. staðið notendum til boða um nokkurra ára skeið í Skjá bíó hjá Símanum.

2.14.3 Gervihnattaendurvarp.

Þar sem tíðnisviðið nýtist betur með stafrænni tækni verður hægt að bjóða fleiri endurvarpsstöðvar en hægt hefur verið hingað til. Þá má nefna ýmsar fréttastöðvar, fræðsluefni, barnaefni, íþróttaefni og sjónvarpsrásir á ýmsum tungumálum. Einnig verður hægt að höfða betur til afmarkaðra markhópa, t.d. með tónlistarrásum, ferðarásum og sjónvarpsstöðvum sem sýna þætti um jaðaríþróttir, mat eða hús og híbýli.

2.14.4 Auglýsinga- og sölurásir.

Miklir möguleikar skapast með nýrri tækni við að miðla auglýsingum. Auk þess verður hægt að ná til viðskiptavina með beinni sölu á vöru og þjónustu en hægt er að bjóða sölu- og auglýsingarásir, eins konar „sjónvarpskringlur“. Einnig gerir gagnvirknin það að verkum að ný tækifæri skapast fyrir sjónvarpsefni þar sem mikil áhersla er lögð á ákveðnar vörur og verslanir. Þetta þýðir að hægt verður að fá upplýsingar um vörur eða kaupa þær beint í gegnum sjónvarpið á svipaðan hátt og gert er á netinu nú. Fyrirtæki á erlendum mörkuðum, þar sem stafrænt sjónvarp hefur verið vinsælt um nokkurt skeið, hafa mörg þróað nýjar leiðir til að auglýsa og markaðssetja vörur sínar. Á nýjum miðli þarf nýjar leiðir og enn er verið að þróa tækni í markaðssetningu sem hefur áhrif á neytendur. Þetta er gert þar sem hefðbundnar auglýsingar munu við breyttar aðstæður ekki hafa sömu áhrif og áður. Má til dæmis nefna ýmsa tækni í stafrænu sjónvarpi sem gerir notendum kleift að „spóla yfir“ auglýsingar. Því þurfa auglýsendur að finna nýjar leiðir til að ná til áhorfenda.

2.14.5 Útleigurásir.

Þar sem rásum fjölgar og þær verða hlutfallslega ódýrari og aðgengilegri en nú skapast tækifæri til að leigja sjónvarpsrás í ákveðinn tíma. Því geta stjórnmálaflokkar leigt rás, til dæmis meðan á flokksþingi stendur, hægt verður að sjónvarpa frá sveitarstjórnarfundum, aðalfundum fyrirtækja o.fl. Með útleigurásum er einnig hægt að bjóða upp á gagnvirk námskeið sem aðeins þeir sem greitt hafa þátttökugjald hafa aðgang að.

2.14.6 Tölvupóstur og rabb.

Líkt og á netinu er hægt að nota tölvupóst og net í sjónvarpinu. Til þess þarf þráðlaust lyklaborð sem fylgdi væntanlega með í áskriftargjaldi fyrirtækjanna. Þar sem tölvupóstur í gegnum sjónvarp hefur verið í boði erlendis hafa nýir hópar farið að nota tölvupóst. Má þar nefna eldra fólk sem hefur áralanga reynslu af sjónvarpinu sínu og finnst það þægilegra og kunnuglegra en tölvur. Eins opnast möguleikar á ýmiss konar þjónustu eins og nú stendur til boða á MSN og sams konar samskiptakerfum.

2.14.7 Valdar vefsíður.

Þar sem venjulegt sjónvarp er með mun minni upplausn en tölvuskjáir þarf að aðlaga vefsíður sérstaklega til að þær sjáist vel í sjónvarpi. Þetta þýðir að fyrirtæki og stofnanir, sem vilja ná til notenda í ýmsum miðlum, þurfa að bjóða mismunandi síður eftir upplausn og stærð þeirra skjáa sem í notkun eru. Mjög ólíkt er að nálgast upplýsingar á netinu, í gegnum litla GSM-símaskjái, sjónvörp eða tölvur svo dæmi sé tekið. Þróaður hefur verið hugbúnaður sem kallar fram heimasíður þannig að þær verði aðgengilegar í sjónvarpi og má reikna með enn meiri þróun á þessu sviði eftir því sem notendum fjölgar. Einnig má nefna að háskerpusjónvörp (HDTV) eru að verða algengari en það þýðir að upplausnin á sjónvarpsskjánum er meiri og því betri myndgæði.

2.14.8 Gagnvirk þjónusta.

Gagnvirk þjónusta í sjónvarpi getur verið afar mismunandi. Í raun má segja að tæknilega séu möguleikarnir óendanlegir. Líkt og með nettengdum tölvum verður í nálægri framtíð hægt að sinna bankaerindum með sjónvarpi, fá upplýsingar um dagskrá, veður, flug og færð, kaupa skyndibita og fá upplýsingar um símanúmer og netföng, svo að fátt eitt sé upptalið.

Einnig opnast möguleikar á alls kyns leikjum, verslun, uppboðum og margs konar smáauglýsingum. Ýmiss konar öryggisþjónusta verður einnig í boði, til dæmis væri hægt að setja upp myndavélar í íbúðum og húsum svo að íbúar geti fylgst með þegar þeir eru ekki heima.

2.14.9 Fjarkennsla og opinber þjónusta.

Með auknum rásafjölda og gagnvirkni verður mjög auðveldlega hægt að bjóða upp á fjarkennslu og ýmsa opinbera þjónustu í gegnum háhraðanet. Slíkt gæti nýst háskólum, framhaldsskólum, endurmenntunarstofnunum og ýmsum fyrirtækjum sem bjóða upp á námskeið. Einnig má nefna ýmsa þjónustu á vegum hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga.

2.14.10 Rafrænn dagskrárvísir (e. Electronic Program Guide – EPG).

Rafrænn dagskrárvísir (EPG) er lykilatriði til að notendur geti fótað sig í auknum rásafjölda og auknu framboði sjónvarpsefnis. Um er að ræða grafískt notendaviðmót þar sem notendur geta fengið upplýsingar um dagskrá allra stöðva. Notendur geta því bæði séð hvað þeim stendur til boða á hverri stöð á ákveðnum tíma og einnig hvað verður á dagskránni næst. Hægt er að hnýta við notendaviðmótið upplýsingar um dagskrárliðina til að auðvelda áhorfendum valið.

2.14.11 Upphafssíða í sjónvarpi (e. Walled garden).

Þau fyrirtæki sem ráða yfir notendabúnaði geta hannað upphafssíðu fyrir notendur sína í sjónvarpinu. Á þessari upphafssíðu er hægt að nálgast verslun og ýmsa gagnvirka þjónustu. Fjölmiðlafyrirtækin geta því gert samninga við ákveðnar verslanir og þjónustuaðila sem verða þá á áberandi stað og beintengjast notendum. Þetta þýðir að þeir hafa betri aðgang að notendum en samkeppnisaðilar sem ekki hafa slíka samninga. Með slíkum sérsamningum við þjónustuaðila geta fyrirtæki aukið arðsemi og fengið hlut af þeim viðskiptum sem fara fram í stafrænu sjónvarpi.

2.14.12 Háskerpusjónvarp (e. High-Definition Television – HDTV).

Þrátt fyrir að mynd- og hljómgæði séu mun meiri í stafrænu sjónvarpi en hliðrænu eru þau þó ekki sambærileg gæðunum í háskerpusjónvarpi. En til þess að bjóða slíka þjónustu þarf mikla bandbreidd. Nokkuð mismunandi er eftir löndum hversu mikil áhersla er lögð á há-

skerpusjónvarp og má nefna að áhersla hefur verið lögð á þessa tækni í Bandaríkjunum, enda eru sjónvarpsútsendingar þar á öðrum staðli og myndin ekki með sömu upplausn og í Evrópu. Munurinn á háskerpusjónvarpi og hefðbundnu hliðrænu sjónvarpi í Bandaríkjunum er því enn meiri en í Evrópu. Til að hægt sé að ná háskerpuútsendingum þarf sérstök sjónvörp og má gera ráð fyrir því að þeim fjölgi æ meira og verð muni fara lækkandi á næstu árum.

2.14.13 Notendabúnaður með hörðum diski (e. Personal Video Recorder – PVR).

Notendabúnaður með hörðum diski býður upp á mikla möguleika, sérstaklega fyrir útsendingakerfi í lofti sem ekki geta boðið einkarás til notenda. Ýmsar tegundir eru til af slíkum búnaði og er Tivo sennilega þekktasta merkið. Með slíkum notendabúnaði er hægt að taka upp ákveðið sjónvarpsefni til að horfa á síðar, hægt er að seinka dagskrá, „spóla yfir“ auglýsingar og margt fleira. Harður diskur þýðir að áhorfendur geta betur stjórnað því á hvað þeir horfa (til dæmis með því að sleppa auglýsingum) og hvenær (til dæmis með því að seinka dagskránni um 30 mín.). Tæknilega er einnig hægt að bjóða vinsælustu kvikmyndirnar í gegnum notendabúnaðinn, ýmsa leiki og aðra afþreyingu.

2.15 IP-sjónvarp og netsjónvarp.

Miðlun myndmiðlunarefnis er að færast frá hefðbundnu sjónvarpsformi (DVB) yfir á gagnaflutningsstaðal netsins, IP (Internet Protocol). Útsendingar um ADSL og ljósleiðara eru á IP-staðli. Þessi þróun myndmiðlunarefnis er rétt að hefjast og alls ekki séð fyrir hvert hún leiðir.

Greina má tvenns konar framtíðarsýn í þessu sambandi sem byggist á mjög ólíkum hagsmunum. Annars vegar er um að ræða hagsmuni fjarskiptafyrirtækja sem vilja tryggja sér tekjur af efnissölu með því að vöndla þjónustu og tryggja sér viðskiptavini. Hins vegar er um að ræða hagsmuni framleiðenda efnis sem vilja losna við milliliði og fá sem mestan hluta tekna til sín. Til að aðgreina þessar stefnur verða notuð hugtökin IP-sjónvarp (IP TV) annars vegar og netsjónvarp (Internet TV) hins vegar.

IP-sjónvarp er leið innlendra fjarskiptafyrirtækja til að bjóða stafrænt gagnvirkt sjónvarp með allri þeirri þjónustu sem þróuð verður í framtíðinni. Þetta er einnig sú þróun sem ætti að hugnast stjórnvöldum því að þannig næst áframhaldandi lögsaga yfir hljóð- og myndmiðlunarefni sem dreift er á fjarskiptakerfunum. Til að notendur geti fengið aðgang að ólíku myndmiðlunarefni þarf aðgangskassa og aðgangsstýrikerfi. Slíkir aðgangskassar fylgja þá venjulega áskriftarsamningum við innlend fjarskiptafyrirtæki sem geta fengið hlutdeild í tekjum og boðið ólíkt myndmiðlunarefni eftir óskum notenda. Með þessum hætti geta fjarskiptafyrirtækin haft nokkuð góða stjórn á því efni sem notendur fá til sín og greiða fyrir myndmiðlunarefnið sem í boði er á IP-sjónvarpinu. Þessi leið getur þó takmarkað val notenda að einhverju leyti og hamlað samkeppni þar sem efni og dreifingu er vöndlað saman hjá einu og sama fyrirtækinu.

Netsjónvarp er á frumstigi en það hefur í för með sér að notendur geta fengið aðgang að miklu úrvali myndmiðlunarefnis án milliliða um netið. Leiða má líkur að því að netsjónvarp muni verða algengara í náinni framtíð. Mjög stór alþjóðleg fyrirtæki hafa hagsmuni af því að netsjónvarp nái útbreiðslu. Kvikmyndaverin hafa til dæmis hagsmuni af því að sem fæstir milliliðir séu milli þeirra og notenda. Stórir aðilar í tölvu- og hugbúnaðargeiranum hafa hannað vél- og hugbúnað til að tryggja sér stöðu á markaði með sínar lausnir. Netsjónvarp hefur flesta eiginleika netsins núna þar sem hægt er að nálgast efni að vild hvaðanæva úr heiminum. Þess má geta að íslensk yfirvöld hafa ekki lögsögu yfir slíkum erlendum fjölmiðlaþjónustuveitendum en viðskiptin fara í gegnum heimasíður sem geta verið staðsettar

hvar sem er í heiminum. Með búnaði sem tengir sjónvarp og net geta notendur fengið aðgang að alls kyns efni, svo sem sjónvarpsdagskrám, kvikmyndum og stökum sjónvarpsþáttum. Þeir sem selja sjónvarpsefni á slíkum síðum þurfa að sjálfsögðu að eiga réttinn að efninu fyrir heimaland notanda en aðgangi að slíku netsjónvarpi er að jafnaði stýrt í gegnum landsbundna greiningu á IP-tölum notenda. Þetta fyrirkomulag skýrist af því að þrátt fyrir alþjóðlegt eðli netsins hafa litlar breytingar orðið á fyrirkomulagi við sölu á sýningarrétti á kvikmyndum og öðru sjónvarpsefni sem er að jafnaði seldur sérstaklega til hvers lands fyrir sig. Að slíkum skilyrðum uppfylltum eða með breyttu fyrirkomulagi á sölu sýningarréttar að sjónvarpsefni má t.d. sjá fyrir sér að stór fyrirtæki eins og bandarísku kvikmyndaverin gætu nýtt sér netsjónvarpstæknina til að ná beint til áhorfenda án milliliða í hverju landi.

Með netsjónvarpi missa fjarskiptafyrirtæki möguleikana á því að fylgjast með og taka gjöld af því efni sem fer um dreifikerfi þeirra. Fjarskiptafyrirtækin þurfa þá að byggja verðlagningu sína á gagnaflutningsmagni eingöngu og koma ekki til með að fá hlutdeild í tekjum fjölmiðlaþjónustuveitendanna nema að takmörkuðu leyti. Afar erfitt verður að hafa yfirsýn yfir allt það efni sem í boði er í netsjónvarpi og fyrir stjórnvöld að hlutast til um viðskiptin telji þau þörf á því. Þjónusta slíkra fyrirtækja fer ekki eftir reglum um hljóð- og myndmiðla í Evrópu séu þau utan EES-svæðisins. Þetta eru sambærileg vandamál og fylgja netinu núna. Eðli netsjónvarps er að takmarka ekki val neytenda við samninga fjölmiðlaþjónustuveitenda og fjarskiptafyrirtækja og vandamál, sem reynt er að leysa með flutningsskyldu og flutningsrétti eins og fjallað verður um síðar, eru ekki til staðar. Aðgangsþröskuldur fjölmiðlaþjónustuveitenda inn á markaðinn lækkar einnig verulega.

Líklegt er að Ísland verði að fylgja alþjóðlegri þróun í þessum efnum en spyrja má hvort aðstaða Íslands sem lítils menningarsvæðis verði önnur en annarra stærri menningar- og tungumálasvæða í nágrannalöndunum. Þarna má e.t.v. líta til þeirrar reynslu sem hefur verið af hugbúnaði og neti hingað til. Spurning er hvort erlendir aðilar muni í sama mæli þýða eða talsetja myndefni sérstaklega fyrir íslenskan markað í ljósi reynslunnar úr hugbúnaðarheiminum. Ef hægt verður að nálgast vinsælt erlent efni í netsjónvarpi má spyrja hvaða áhrif það hafi á íslenska fjölmiðlaþjónustuveitendur sem byggja áhorf sitt að verulegu leyti á erlendu efni, ólíkt stærri menningarsvæðum. Ástæðan er sú að kostnaður við íslenskt efni fyrir fámennan markað er hlutfallslega hár og því er óvenju hátt hlutfall erlends efnis í íslensku sjónvarpi. Einnig er vert að benda á að þar sem íslenskir notendur kaupa þjónustu af erlendum aðilum á netinu þurfa þeir ekki að greiða skatta og gjöld hér á landi og skekkir það samkeppnisstöðu íslenskra fjölmiðlaþjónustuveitenda sem þurfa að innheimta skatta af sínum tekjum. Nánar er fjallað um þessi mál síðar í kaflanum.

Íslendingar munu einnig standa frammi fyrir alþjóðlegum vandamálum líkt og aðrar þjóðir. Verður hægt að koma böndum á óæskilegt efni eins og klám og ofbeldi? Slíkt næst aðeins með alþjóðlegri samvinnu. Einnig má spyrja hvaða tækifæri Íslendingar eiga í slíku alþjóðlegu umhverfi og hvort þeir geti nýtt sér möguleika slíkrar þróunar. Þarna geta til dæmis skapast nýjar leiðir á markaðssetningu íslensks efnis inn á alþjóðamarkað.

2.16 Þróun annarra fjölmiðla í stafrænu umhverfi.

Með tilkomu stafrænnar tækni og margmiðlunar hafa ekki aðeins orðið grundvallarbreytingar er varða miðlun myndefnis. Stafræn tækni hefur í veigamiklum atriðum breytt fjölmiðlamarkaðnum í heild sinni. Má í þessu sambandi nefna að mun auðveldara er fyrir nýja aðila að koma á fót hljóðvarpsstöð með tilkomu netsins. Þá eru vefútgáfur dagblaða mikilvægur þáttur í starfsemi þeirra og miklar kröfur gerðar til þess að fréttum sé komið á framfæri um leið og fréttir berast með nýjum miðlunarleiðum. Dagblöð sem yfirleitt hafa verið

gefin út daglega hafa nú vettvang til að miðla fréttum og öðru efni mun tíðar til lesenda sinna. Þá hafa tekjumódel dagblaðanna breyst þar sem miklu efni er miðlað á vefútgáfum áskriftardagblaða án þess að áskriftartekjur fylgi. Dagblöðin hafa því þurft að laga sig að nýjum og breyttum háttum lesenda sinna með tilkomu netsins. Jafnframt má benda á að nýir rafrænir ritmiðlar hafa einnig litið dagsins ljós með tilkomu netsins, miðlar sem einungis eru til á rafrænu formi og eru sumir hverjir í samkeppni við hina hefðbundnu prentmiðla. Hér á eftir verður nánari grein gerð fyrir þeim tækninýjungum sem felast í stafrænu hljóðvarp og þeim breytingum sem verða á markaði ritmiðlunar með tilkomu stafrænnar tækni.

2.16.1 Hljóðvarp í stafrænu umhverfi.

Í hliðrænu útsendingarkerfi er tíðnisvið hljóðvarps líkt og sjónvarps takmörkuð auðlind. Þetta hefur sérstaklega verið vandamál í stórborgum erlendis þar sem útvarpstíðnisviðið er víða fullnýtt og því ekki hægt að úthluta viðbótartíðnum. Því getur reynst erfitt fyrir nýjar stöðvar að komast inn á markaðinn. Hér á landi hefur skortur á tíðnum fyrir hljóðvarp ekki verið vandamál en mikill munur er á þéttbýli og dreifbýli í þessum efnum. Í þéttbýli vilja fjölmiðlar ná eyrum ólíkra markhópa og bjóða margar stöðvar en í dreifbýli hefur verið mun minni eftirspurn eftir tíðnum sökum fámennis. Þess ber enn fremur að geta að líkt og með sjónvarpstíðni þurfa mörg lönd, t.d. á meginlandi Evrópu, að semja við nágrannaþjóðir sínar um tíðniúthlutanir. Íslendingar hafa eðli málsins samkvæmt ekki þurft að glíma við slík vandamál.

Staða hljóðvarps hefur breyst talsvert í stafrænu umhverfi, sérstaklega í þéttbýli erlendis, m.a. vegna þess að hægt er að nýta tíðnisviðið mun betur en á hliðrænu kerfi og því er hægt að bjóða fleiri stöðvar með stafrænni dreifingu.

2.16.1.1 Ólíkir staðlar stafræns hljóðvarps.

Með stafrænu hljóðvarpi er hægt að bjóða mun meiri hljómgæði og stöðugri útsendingu. Ýmiss konar staðlar hafa verið þróaðir til miðlunar hljóðefnis þar sem hægt er að bjóða stafrænt hljóðvarp með ýmsum miðlunarleiðum. Sumar þessara miðlunarleiða bjóða bókstaflega upp á óendanlegan stöðvafjölda. Algengasti staðallinn sem notaður er í lofti í löndunum í kringum okkur er þó DAB-staðallinn (e. Digital Audio Broadcasting). DAB-staðallinn í lofti er aðallega notaður í Evrópu og Bandaríkjunum og á rætur að rekja til Eureka-verkefnis frá 1987 sem fjármagnað var af Evrópusambandinu. Mörg lönd Evrópu senda út hljóðefni á stafrænu formi. Hins vegar hefur stafrænt hljóðvarp enn sem komið er ekki náð almennum vinsældum beggja vegna Atlantsála. Innan Evrópu eru það helst notendur í Danmörku og Bretlandi sem hafa aðgang að DAB-tækninni, Danir hafa sérstaklega veðjað á þessa tækni fyrir útsendingar hljóðvarps. Segja má að ein meginástæða þess að stafrænt hljóðvarp hefur ekki náð fótfestu á sama hátt og stafrænt sjónvarp er að mun fleiri viðtæki og margvíslegri eru notuð til að hlusta á hljóðvarp. Þannig eru oft mörg viðtæki á sama heimilinu, viðtæki eru að finna í flestum bifreiðum auk þess sem einfaldar útgáfur af viðtækjum eru mjög ódýrar. Eins og oft er með nýja tækni eru stafræn viðtæki, t.d. á DAB-staðlinum, enn hlutfallslega mun dýrari en hefðbundin viðtæki. Í stafrænni myndmiðlun er bilið brúað með svokölluðum aðgangskassa sem lengir líftíma hefðbundinna sjónvarpstækja með því að breyta stafrænu merki yfir í hliðrænt. Þannig geta notendur notað hefðbundin sjónvarpstæki þótt búið sé að skipta yfir í stafræna útsendingu. Sama er hins vegar ekki að segja um hljóðvarp, fólk hlustar oft á útvarpið þegar það er á ferðinni, t.d. í bíl, og ekki er boðið upp á þennan sama kost undir þeim kringumstæðum. Því má reikna með að langur tími líði áður en hljóðvarp verður aðeins stafrænt og slökkt verður á hliðrænum hljóðvarpsútsendingum í Evrópu. Til þess að

af því geti orðið þarf að fjárfesta í frekari tækni, hið opinbera þarf að marka stefnuna, m.a. með tilliti til tæknistaðla, og viðamikil kynning þarf að eiga sér stað í samfélaginu, auk þess sem notendur og fyrirtæki þurfa að sjá hag í því að nýta stafræna tækni.

2.16.1.2 Kostir stafræns hljóðvarps fyrir notendur.

Með stafrænum hljóðvarpssendingum er hægt að senda út fleiri hljóðvarpsdagskrár auk þess sem senda má upplýsingar á skjá viðtækisins. Þar er hægt að miðla upplýsingum um hljóðvarpsstöðina sjálfa og nafn og heiti tónlistar sem flutt er, ásamt ýmsum öðrum upplýsingum, t.d. veðurspá og upplýsingum um umferð. Stafræn tækni gerir þannig mögulegt að miðla efni í hljóðvarpi sem áður var aðeins aðgengilegt eftir öðrum miðlunarleiðum, svo sem hljóði, myndum og texta.

Í nágrannalöndunum má sjá að hljóðvarpsstöðvum hefur víða fjölgað. Nýjar stöðvar hafa verið settar á stofn sem ætlað er að þjóna ákveðnum takmörkuðum markhópum, til dæmis með ákveðinni tónlistarstefnu og engu töluðu máli. Þá hafa upplýsingar sem sendar eru samhliða hljóðefninu verið einn meginþáttur velgengni stafræns hljóðvarps, t.d. í Bretlandi. Með stafrænni hljóðmiðlun, sem sótt er á netið, er hægt með auðveldari hætti að ná útsendingum hljóðvarpsstöðva í öðrum löndum. Margar hljóðvarpsstöðvar eru nú sendar út á netinu og með auknum samruna tölvutækni, fjarskipta og fjölmiðla verður hlustendum gert auðveldara um vik að nálgast hundruð eða þúsundir hljóðvarpsstöðva frá ólíkum málsvæðum og með ólíkri dagskráráherslu.

Hlustendur munu því í framtíðinni geta valið milli mun fleiri hljóðvarpsstöðva en í boði eru núna. Í þessu umhverfi munu íslenskar stöðvar fá meiri samkeppni að utan. Vönduð dagskrá, þar sem fjallað er um innlend málefni og leikin íslensk tónlist, getur verið aðgengileg leið fyrir íslenskar stöðvar til að ná eyrum hlustenda hér á landi og halda markaðsstöðu sinni.

2.16.1.3 Stafræn hljóðmiðlun í almannaþágu.

Í mörgum löndum hafa fjölmiðlar í almannaþágu haft frumkvæði að því að nýta þá tækni sem býðst með stafrænni hljóðmiðlun. Yfirleitt má rekja slíka starfsemi til stefnumörkunar yfirvalda í hverju landi fyrir sig, þar sem ríkisfjölmiðlinum er ætlað að gegna ákveðnu hlutverki við að festa stafræna hljóðmiðlun í sessi. Í þessu sambandi hafa miðlar eins og BBC sýnt hvernig fjölmiðill í almannaþágu getur með því að nýta stafræna tækni stuðlað að aukinni fjölbreytni og höfðað til ólíkra hópa samfélagsins og ólíkra landshluta. Með slíkri stafrænni tækni gefst fjölmiðlinum tækifæri til að höfða til fólks af ólíkum uppruna, á ólíkum aldri, fólks með mismunandi áhugasvið og þannig mætti lengi telja.

Þá má jafnframt nefna að mikill hluti tónlistarupptöku er nú þegar á stafrænu formi. Stafræn hljóðmiðlun býður upp á fjölmörg tækifæri fyrir gerð nýs efnis, en jafnframt aukast kröfur um gæði efnis og framleiðslu. Það þýðir að stafræn miðlun efnis af þessu tagi krefst þess að dagskrárgerðarfólk og aðrir framleiðendur hljóðefnis afli sér þekkingar á möguleikum nýrrar tækni.

2.16.1.4 Ritmiðlar í stafrænu umhverfi.

Prentmiðlar, eitt elsta form fjölmiðlunar, hafa í gegnum áratugina átt í samkeppni við ólíka miðla, t.d. hljóðvarp og sjónvarp. Þeir hafa yfirleitt staðist þessa samkeppni og enn í dag eru prentmiðlar vinsælir meðal lesenda sem margir hverjir kaupa áskrift að dagblöðum og tímaritum. Þess ber þó að geta að með tilkomu netsins og fríblaða eru fleiri og fleiri lesendur sem ekki sjá ástæðu til þess að greiða fyrir áskrift. Ljóst er að mikil breyting hefur átt sér stað á dagblaðamarkaði en dagblaðalestur hefur í nágrannalöndunum víðast hvar minnkað

undanfarin ár og hafa eigendur brugðist við með mismunandi hætti. Mörg dagblöð eru hætt að skilgreina sig sem dagblöð/prentmiðla og skilgreina sig nú sem upplýsingaveitur. Enn fremur hafa margir eigendur dagblaða séð hag sinn í því að fjárfesta í ljósvakamiðlum, tímaritaútgáfum og bókaútgáfu. Ástæða þessara kaupa og samruna er samlegðin sem fæst með því að bjóða upplýsinga- og fréttaefni með fleiri miðlunarleiðum og auka aðgang þeirra að auglýsingamarkaðnum.

Nú þegar hafa prentmiðlar nýtt sér stafræna tækni og bjóða miðla sína á netinu. Má í þessu sambandi nefna Morgunblaðið með mbl.is og Fréttablaðið með visir.is þar sem fléttað er saman texta og myndskeiðum. Miðlarnir hafa brugðist við samkeppninni með þessum hætti og birta nýjar fréttir um leið og þær eru tilbúnar. Prentmiðlar eru því síbreytilegir á netinu og ekki er lengur aðeins prentútgáfa af miðlinum á degi hverjum, eins og tíðkaðist áður. Með stafrænni tækni verður þátttaka lesenda einnig meiri þar sem þeim gefst betur en áður færi á því að bregðast við innihaldi miðilsins og koma skoðunum sínum á framfæri. Það rými sem hefur verið afmarkað fyrir aðsendar greinar, einskorðast ekki einungis við dagblaðið sem slíkt heldur er einnig hægt að nýta netútgáfuna fyrir aðsendar greinar og athugasemdir frá lesendum. Netútgáfur dagblaða bjóða upp á ýmsar nýjungar sem prentútgáfur dagblaðanna geta ekki boðið og þess vegna má segja að ný tækni hafi opnað nýjar leiðir fyrir þátttöku lesenda í skoðanaskiptum í samfélaginu. Má í þessu sambandi til dæmis nefna bloggsíður sem tengjast dagblöðum auk þess sem lesendum býðst einnig að skrifa athugasemdir við einstakar greinar netmiðlanna. Netmiðlar hafa jafnframt í auknum mæli farið að nýta sér alls kyns nýja samskiptahætti, t.d. Facebook, Twitter og Delicious, til að notendur geti safnað, skipulagt og deilt fréttum og upplýsingum með öðrum notendum slíkra samskiptaneta.

Aukinn kostnaður fylgir því fyrir fjölmiðla að halda úti vefmiðli auk prentmiðils. Prentmiðlar geta með vefútgáfum sínum aukið tekjur með því að selja auglýsingar á vefnum og aðgang að gagnasöfnum sínum. Þeir eru þó í auknum mæli að leita leiða til að finna nýjar tekjulindir í breyttu umhverfi. Nýir möguleikar hafa jafnframt opnast fyrir prentmiðla með tilkomu stafrænnar hljóð- og myndmiðlunar. Með auknum samruna er hægt að bjóða texta og myndir á ólíku formi og hugsanlega verður hægt að selja einstakar fréttir prentmiðla í mismunandi formi í framtíðinni. Þess ber að geta að notkun vefútgáfu stóru dagblaðanna er almenn hér á landi. Um 60% landsmanna á aldrinum 12–80 ára nota mbl.is daglega en 30–40% nýta sér visir.is daglega. Þessar vefútgáfur prentmiðlanna eru nú með vinsælustu vefsíðum landsins. Þess má jafnframt geta að flest vikublöð eru einnig með starfsemi á netinu. Þessar vefútgáfur er að aðallega fjármagnaðar með auglýsingum á vefnum þar sem notendur eru tregir til að greiða fyrir slíkt efni á netinu.

2.16.1.5 Prentmiðlar, samruni og samstarf við aðra miðla.

Prentmiðlar nýta sér hina nýju tækni á margvíslegan hátt og bjóða t.d. fréttaþjónustu fyrir GSM-notendur. Samsvarandi þróun mun án efa eiga sér stað í sjónvarpi. Með nýrri tækni skapast möguleikar prentmiðla til að stækka og eflast þrátt fyrir að hefðbundinn dagblaðalestur dragist saman. Þá eru netútgáfur prentmiðlanna farnir að líkjast sjónvarpi æ meira þar sem birtar eru fréttir í formi hljóð- og myndskeiða líkt og í sjónvarpsfréttum. Því er mikilvægt að halda þeim möguleikum opnum fyrir prentmiðla að geta sameinast eða verið í nánu samstarfi við fjölmiðlaþjónustuveitendur í hljóð- og myndmiðlun til að hindra ekki framþróun margmiðlunar. Í þessu sambandi er nærtækt að minnast nýlegs samkomulags um að Morgunblaðið flytji fréttir á Skjánum. Með þessum hætti nýtir Morgunblaðið fréttaflutning sinn á prenti og á vefnum fyrir annan miðil, þ.e. sjónvarp.

2.16.1.6 Aðrir rafrænir ritmiðlar.

Ýmsir rafrænir ritmiðlar hafa litið dagsins ljós á netinu sem engin tengsl hafa við hefðbundna prentmiðla. Margir slíkir miðlar eru í raun blanda af fréttum, fréttatengdu efni og bloggfærslum. Í þessu sambandi má nefna vefmiðilinn eyjan.is þar sem er að finna efni úr öðrum fjölmiðlum, bloggsíður einstaklinga ásamt ýmsu efni vefmiðilsins sjálfs. Í hinu alþjóðlega samhengi er vert að minnast á nýja vefmiðla eins og *The Huffington Post* þar sem þúsundir einstaklinga koma efni til skila í formi greina og bloggfærslna ásamt efni frá föstum pennum netmiðilsins. Þar er að finna m.a. fréttir og fréttaskýringar af ýmsu tagi. The *Huffington Post* er nú eitt þekktasta vefdagblað Bandaríkjanna og lesendur þess eru um níu milljónir á mánuði. Meðal þeirra sem hafa bloggað á vefmiðlinum má nefna Barack Obama, Norman Mailer og Neil Young.

2.16.1.7 Rafrænir ritmiðlar og fagleg blaða- og fréttamennska.

Í rafrænum ritmiðlum er mögulegt að miðla fréttum á rauntíma. Blaða- og fréttamenn eða almennir bloggarar geta með auðveldum hætti komið nýjum fréttum til skila til lesenda og krafa lesenda um að fá upplýsingar hratt og örugglega eykst. Ýmsir hafa bent á að slíkur hraði og væntingar lesenda hafi gert það að verkum að upplýsingar og fréttir hafa verið birtar án þess að nægar heimildir séu fyrir hendi. Viðmiðunarreglan í blaða- og fréttamennsku er að til að birta frétt og ganga úr skugga um áreiðanleika hennar þarf upplýsingar frá a.m.k. tveimur ótengdum heimildarmönnum. Með tilkomu rafrænna ritmiðla gefst kostur á að flytja stuttar fréttir og miðla upplýsingum til lesenda eftir því sem þær berast. Slík upplýsingagjöf getur verið á kostnað faglegrar blaða- og fréttamennsku þar sem notendur treysta áreiðanlegum fréttaflutningi rafrænna ritmiðla með gott orðspor. Með tilkomu rafrænna ritmiðla eru spurningar um fagmennsku, trúverðugleika fjölmiðla og traust til blaðamanna því í brennidepli.

2.16.1.8 Samantekt.

Miklar breytingar hafa orðið á fjölmiðlamarkaði með tilkomu stafrænnar gagnvirkrar miðlunar. Því hefur verið haldið fram að allir fjölmiðlar séu í raun tilvonandi nýmiðlar. Í þessari staðhæfingu felst sú framtíðarsýn að allir hefðbundnir fjölmiðlar, prentmiðlar, hljóðvarp og sjónvarp, séu að taka grundvallarbreytingum vegna samruna ólíkra miðla og netsins. Í bland við hefðbundna fjölmiðla sem hafa farið að nýta sér möguleika nýrrar tækni hafa jafnframt komið fram nýir fjölmiðlar sem ekki eru starfræktir á prenti eða í ljósvakanum. Jafnframt hafa komið til sögunnar nýir framleiðendur ýmiss konar efnis sem ekki hafa starfað við hina hefðbundnu fjölmiðla áður. Í nýjum miðlum gefst notendum kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif á efni og framsetningu sem þeim gafst ekki kostur á í ljósvakamiðlum og prentmiðlum. Stafræn gagnvirk miðlun getur því fært notendur nær því efni sem miðlað er, gefið þeim kost á að aukinni gagnvirkni og skapað þeim leiðir til að búa til og miðla eigin efni.

III.
Efnisréttindi myndmiðlunarefnis.

Það virðist vera nokkuð á reiki meðal almennings hvernig efnisréttindum er háttað og hvað telst leyfilegt og hvað ekki þegar kemur að kaupum, sölu og dreifingu á myndmiðlunarefni. Til skamms tíma hafa kaup á efnisréttindum numið um 15–50% af rekstrarkostnaði sjónvarpsstöðva. Fyrir utan launakostnað fjölmiðlaþjónustuveitenda eru efniskaup frá útlöndum stærsti einstaki útgjaldaliðurinn í rekstri þeirra. Þetta gildir þó ekki um Ríkisútvarpið. Því er nauðsynlegt að gera efnisréttarmálum nokkur skil.

3.1 Almennt um efnisréttindi.

Almennt er myndmiðlunarefni selt til ákveðinna svæða (e. territorial). Þetta þýðir að enginn einn aðili getur keypt réttinn að ákveðnu efni til dæmis fyrir alla Evrópu. Til eru undantekningar á þessu þar sem einn og sami aðilinn á e.t.v. rétt á ákveðnu efni fyrir Norðurlöndin en yfirleitt er þá um að ræða efni sem er ekki eins auðvelt í sölu og t.d. vinsælar kvikmyndir og sjónvarpsþættir frá Bandaríkjunum. Þetta þýðir að yfirleitt er ekki hægt að kaupa efnisrétt fyrir fleiri en eitt svæði nema í undantekningartilvikum, t.d. fyrir stórviðburði á sviði íþrótta. Íslenskir fjölmiðlaþjónustuveitendur kaupa því efni fyrir Ísland sérstaklega (e. territory of Iceland) en hafa þó ekki þar til nýlega farið að semja um einkarétt á efni (e. exclusive). Fjölmiðlaþjónustuveitandi, sem hefur keypt réttindi fyrir annað land, til dæmis Bretland, er því ekki heimilt að dreifa efninu til annars lands nema gera um það sérstakan samning. Nokkuð misjafnar reglur eru um efnisréttindi fyrir ólíka miðla og ólíkar fjarskiptaleiðir og er ætlunin að gera þeim skil hér á eftir.

3.1.1 Efni fyrir sjónvarp.

Myndefni fyrir sjónvarp er að jafnaði selt á frjálsum markaði. Sérstakir markaðir eru nokkrum sinnum á ári og kaupa fjölmiðlaþjónustuveitendur efni sitt yfirleitt á þeim. Rétturinn á efninu gildir þá fyrir ákveðinn fjölda sýninga í ákveðinn tíma og á ákveðnum miðli. Endursýningin má að jafnaði einungis fara fram í þeim miðli sem rétturinn var upphaflega keyptur fyrir, t.d. fyrir útsendingar í lofti. Samningar um myndefni fyrir sjónvarp eru yfirleitt þannig að kaupandinn á ekki rétt á öllu efni frá ákveðnu fyrirtæki heldur getur hvaða fyrirtæki sem er keypt frá hvaða rétthafa sem er. Því má segja að myndefni sé alla jafna selt hæstbjóðanda.

Oft eru gerðir magnsamningar í kaupum á myndefni fyrir sjónvarp. Þeir geta verið þannig að kaupandi greiðir ákveðna upphæð og fær fyrir það ákveðinn fjölda klukkustunda af efni sem rétthafinn útvegar kaupandanum. Í slíkum samningum getur kaupandinn til dæmis fengið efni sem ekki er hafin framleiðsla á en verður framleitt síðar. Ef kaupandinn greiðir hátt verð fyrir slíkan magnsamning getur hann oft fengið talsvert magn eldra efnis með í „kaupbæti“. Það efni, sem á eftir að framleiða, getur einnig orðið afar vinsælt. Kaupandinn getur þannig fjárfest í eftirsóknarverðu og vinsælu efni á góðum kjörum með slíkum samningum.

Annars konar magnsamningar eru einnig til, svokallaðir „output“-samningar sem eru einkaréttarsamningar. Þá skuldbindur kaupandinn sig til að kaupa allt efni sem kemur frá ákveðnum rétthafa/framleiðenda, óháð efni. Með slíkum samningum tryggir kaupandinn sér allt efni frá viðkomandi og með fylgir þá ýmiss konar efni sem hann kýs ekki. Einkaréttarsamningar af þessum toga eru ávallt dýrari en efni á frjálsum markaði. Fyrirtæki sem ráða yfir fleiri „gluggum“, þ.e. geta til dæmis bæði keypt efni fyrir áskriftarsjónvarp og opnar rásir, eiga auðveldara með að gera slíka samninga en samkeppnisaðilar sem eru ekki eins fjölhæfir í miðlun. Hér ber að hafa í huga að fyrirtæki sem hafa mikla útbreiðslu og auglýsingatekjur hafa meiri möguleika á að gera magnsamninga og nota aðeins það efni sem er vinsælt en fyrirtæki sem hafa færri áhorfendur, minni útbreiðslu og þar með minni auglýsingatekjur. Vegna samvirkni milli efnis, útbreiðslu og auglýsingatekna eins og fjallað hefur verið um hér að framan geta slíkir magnsamningar enn frekar styrkt fyrirtæki sem þegar eru stór á markaði og gert samkeppnisaðilum erfitt fyrir

Ef litið er til stöðunnar á innanlandsmarkaði hafa 365 miðlar gert ýmsa svokallaða „output“-samninga á liðnum árum. Sem dæmi má nefna að 365 miðlar gerðu „output“-samninga um nýjar sjónvarpsseríur (drama og gamanþætti) frá Warner og Fox, en þessi tvö fyrirtæki hafa verið með u.þ.b. 50% hlutdeild á bandaríska markaðnum í sjónvarpsseríum undanfarið.

Ríkisútvarpið og Skjár einn geta þó eftir sem áður sýnt þær seríur sem sjónvarpsstöðvarnar höfðu þegar fest kaup á og hafið sýningar á. Þá hefur Ríkisútvarpið gert magnsamning við Disney þar sem það fær forgang að ákveðnu efni. Þá er Ríkisútvarpið í samstarfi við Nordvision og European Broadcast Union (EBU) um evrópskt myndefni fyrir sjónvarp, til dæmis Eurovision-söngvakeppnina. Á íslenska markaðnum, sem hefur sökum smæðar ekki burði til að framleiða eins mikið af innlendu efni og gert er á stærri mörkuðum, skipar erlent myndefni fyrir sjónvarp ávallt stærstan sess í dagskránni.

3.1.2 Kvikmyndir sem sýndar eru í sjónvarpi.

Efnisréttindi yfir kvikmyndum eru mjög ólík sambærilegum réttindum yfir tónlist en þegar kvikmynd er framleidd er hún seld í svokölluðum „réttindagluggum“. Fyrst eru kvikmyndirnar sýndar í kvikmyndahúsum, næst er myndin gefin út á myndbandi og DVD og verður aðgengileg á myndbandaleigum og sölumyndböndum. Þessu næst fer myndin í sjónvarpsgluggann sem skiptist annars vegar í áskriftarsjónvarp og hins vegar í opnar stöðvar. Af þessu leiðir að kaupi áskriftarsjónvarpsstöð ákveðna titla fá opnu sjónvarpsstöðvarnar ekki aðgang að efninu fyrr en síðar. Þetta er ástæðan fyrir því að myndir eru oft nýrri í áskriftarsjónvarpi en á opnum rásum. Þess ber þó að geta að þessi regla gildir aðeins um bandarískt efni en evrópsku efni er öðruvísi farið og geta opnar sjónvarpsstöðvar oft fengið aðgang að því á undan áskriftarstöðvunum.

Hlutdeild áskriftarsjónvarps hér á landi er með því mesta sem gerist í heiminum. Áætlað hlutfall áskrifenda er um 50%. Í öðrum löndum er þetta hlutfall oft í kringum 20%. Þetta háa hlutfall gerir það að verkum að flestir áhorfendur eru búnir að sjá kvikmyndirnar í kvikmyndahúsum, á myndbandi eða DVD eða í áskriftarsjónvarpi þegar myndirnar eru síðan sýndar á opnum stöðvum. Hér á landi eru alla jafna aðeins kvikmyndir sem fyrst eru sýndar í áskriftarsjónvarpi sýndar aftur á opnum stöðvum. Slíkt gerist hins vegar sjaldnast með sjónvarpsþætti.

3.1.3 Kvikmyndahús, myndbönd og DVD.

Efnisréttindum fyrir kvikmyndahús, myndbönd og DVD er þannig háttað að kaupendur hér á landi kaupa rétt á efni frá tilteknum kvikmyndaframleiðendum. Stærstu bandarísku framleiðendurnir eru Universal, Paramount, Warner, Fox, Disney, Sony og MGM. Hérlendis voru það lengst af sömu aðilarnir sem voru rétthafar fyrir kvikmyndahúsin og fyrir myndbönd og DVD. Um þessa miðla gildir að íslenskir viðsemjendur gera einkasamninga við erlenda framleiðendur. Tekjuskipting byggist á ákveðinni prósentu af tekjum fyrir hvern seldan miða eða hvert eintak af myndbandi eða DVD. Þetta hlutfall hefur verið að hækka hin síðari ár og hafa íslenskir viðsemjendur fengið æ minna í sinn hlut. Þetta þýðir að þeir verða æ háðari sölu á öðrum varningi, t.d. sælgætis- og gossölu í kvikmyndahúsunum.

Auk framangreinds þekkjast viðskipti við smærri framleiðendur (e. independent producers) og eru þau réttindi keypt á markaði. Í slíkum viðskiptum er ákveðið verð greitt fyrir myndefnið og eiga kaupendur þá alla jafna öll réttindi yfir miðlun þess efnis óháð miðlunarformi (réttindagluggum).

3.2 Efnisréttindi á ólíkum fjarskiptakerfum.

Þegar kaupandi fjárfestir í hljóð- og myndmiðlunarefni skiptir einnig máli hvaða fjarskiptakerfi notað er til dreifingar og er það oft tiltekið í samningum. Því má segja að hér sé um að ræða viðbót við þá skipan í réttindaglugga sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan. Það mælir hins vegar ekkert á móti því að samið sé svo að efninu sé dreift eftir fleiri

leiðum. Erlendis selja framleiðendur oft sama efnið bæði til rétthafa með dreifingu í lofti og rétthafa sem dreifa efninu á kapalkerfum svo dæmi séu tekin. Þá þarf auðvitað ekki að vera um sama aðilann að ræða. Hér á landi er markaðurinn hins vegar það lítill að það gerist mjög sjaldan að fleiri en einum aðila sé seldur réttur að sama efni.

3.3 Erlendar endurvarpsstöðvar.

Sjónvarpsstöðvar, sem eiga sjálfar öll réttindi yfir því efni sem þær miðla geta selt dagskrár sínar í heild til annarra landa. Slíkar stöðvar eru til að mynda erlendar endurvarpsstöðvar eins og CNN, Discovery, MTV og Cartoon Network. Langflestar þessara stöðva bjóða dagskrár sínar öllum þeim sem hafa áhuga á efninu og gera við þær samninga um endurvarp. Þess vegna eru hér á landi nokkrir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem sýna sömu endurvarpsstöðvarnar á ólíkum fjarskiptakerfum. Þegar samkeppni var sem mest á þessum vettvangi gerðu tilteknir fjölmiðlaþjónustuveitendur hér á landi þó einkaréttarsamninga við slíkar stöðvar með þeim afleiðingum að endurvarp þeirra var einungis aðgengilegt hjá viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda. Sem dæmi þar um má nefna að stöðvarnar Fox News, E! og MGM voru eingöngu aðgengilegar fyrir áhorfendur á Digital Íslandi. Disney Channel var hins vegar aðeins aðgengileg fyrir áskrifendur hjá Skjá Heimi. Fyrir slíka samninga þurftu innlendir fjölmiðlaþjónustuveitendur að greiða mun hærra verð en fyrir venjulega samninga um endurvarp. Almennt gildir að greitt er ákveðið gjald fyrir hvern áskrifanda að stöðinni en ef aðrir fjölmiðlaþjónustuveitendur fá ekki aðgang að endurvarpsstöðinni þarf eðli máls samkvæmt að greiða fyrir mun færri áskrifendur en ella.

Sýningar á norrænu ríkissjónvarpsstöðvunum sem og ýmsum evrópskum sjónvarpsstöðvum í viðstöðulausu endurvarpi hafa verið heimilar hérlendis frá árinu 2000 eins og annars staðar í Evrópu. Að flestu því efni, sem þar er sýnt, eiga stöðvarnar sjálfar öll réttindi. Hins vegar miðla þær jafnframt talsverðu magni af aðkeyptu efni. Ef rétt umgjörð til innheimtu gjalda fyrir höfundarrétt er til staðar er dreifing slíkra sjónvarpsstöðva heimil. Á þeim grundvelli er í gildi samningur rétthafa hérlendis um innheimtu gjalda fyrir slíkt efni.

Viðstöðulaust og óstytt endurvarp hljóð- og sjónvarpsdagskrár sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, til almennings um kapalkerfi, sem fram fer samtímis hinni upphaflegu útsendingu, er háð því að innlendur fjölmiðlaþjónustuveitandi hafi aflað sér heimildar til þess með samningum við Innheimtumiðstöð gjalda (IHM) sem annast réttargæslu fyrir rétthafa vegna innlends endurvarps, þar á meðal hin erlendu útvarpsfyrirtæki. Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar – STEF annast hins vegar hagsmunagæslu fyrir innlenda og erlenda tónhöfunda fyrir endurvarp á tónlistarflutningi í hljóðvarpi og sjónvarpi en réttur þeirra er yfirleitt undanskilinn þegar réttindi yfir efni, t.d. kvikmyndum, eru framseld útvarpsstöðvum.

Útvarpsfyrirtæki á Norðurlöndunum og í Norður-Evrópu hafa frá árinu 1995 starfrækt samtök er nefnast UBO[1] sem koma fram fyrir þeirra hönd vegna útvarpsréttinda (e. broad

---

[1] Hér á landi nefnast samtökin UBOI, Union of Broadcasting Organisations for Iceland, en í Danmörku UBOD, í Finnlandi UBOF, í Noregi UBON og í Svíþjóð UBOS. Aðilar að UBO eru ARD (þ.m.t. öll svæðisbundin útvarpsfyrirtæki svo sem NDR og WDR) (Þýskalandi), ARTE G.E.I.E. (samevrópsk), Danmarks Radio – DR (Danmörku), France Télévisions (Frakklandi), KNR (Grænlandi), Kringvarp Føroya (Færeyjum), MTV3 (Finnlandi), Norsk Rikskringkasting AS – NRK (Noregi), RAI (Ítalíu), Ríkisútvarpið ohf. – RÚV (Íslandi), TVE (Spáni), Sveriges Television AB – SVT og UR (Svíþjóð), SR (Svíþjóð), TV 2|Danmark (Danmörku), TV2 (Noregi), TV4 (Svíþjóð), VG Media (sem kemur fram fyrir hönd margra þýskra einkarekinna útvarpsfyrirtækja svo sem RTL, ProSieben og Sat.1) (Þýska-

casting rights) og höfundarréttargreiðslna fyrir eintakagerð til einkanota skv. 3. mgr. 11. gr. höfundalaga. Skv. 1. mgr. 23. gr. a og 1. mgr. 45. gr. a í höfundalögum er þó heimilt að endurvarpa framangreindum útsendingum í kapalkerfi fjölbýlishúsa eða samtengdra húsa með færri en 25 íbúðum, án þess að aflað sé leyfis eða greitt endurgjald til framangreindra rétthafa. Slík undanþága tekur hins vegar ekki til dreifingar í hótelum, stofnunum eða fyrirtækjum. Heimild sem aflað er til endurvarps í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 23. gr. a og 1. mgr. 45. gr. a í höfundalögum veitir rétt til að taka við útsendingum hinna erlendu útvarpsfyrirtækja frá gervihnetti eða um netið og endurvarpa þeim óstytt, óþýtt, viðstöðulaust og samtímis hinni upphaflegu útsendingu um þráð eða þráðlaust til notenda hér á landi.

3.4 Stafrænt sjónvarp – nýir möguleikar og nýjar ógnir.

Með stafrænu sjónvarpi verða til nýir réttindagluggar, fyrir utan þá hefðbundnu sem fyrir eru, sem geta skapað tekjur fyrir bæði sjónvarpsstöðvar og framleiðendur, en réttindagluggi segir til um ákveðinn fjölda sýninga í ákveðinn tíma og á ákveðnum miðli. Þegar myndbandstæknin ruddi sér til rúms óttuðust framleiðendur að þeir mundu missa tekjur þar sem færri færu í kvikmyndahús og þeir fengju lægra verð þegar áhorfendur færu í auknum mæli að horfa á myndbönd. Þessi ótti reyndist ekki á rökum reistur og í raun jukust tekjurnar þar sem fleiri horfðu á efnið og sáu það jafnvel oft. Því má gera ráð fyrir að með því að bjóða þáttasölusjónvarp (e. Pay-per-View, PPV) og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun (e. Video-on-Demand, VOD) geti framleiðendur og rétthafar enn aukið tekjur sínar með nýjum réttindagluggum.

Framleiðendur og rétthafar standa hins vegar frammi fyrir áður óþekktu vandamáli þegar stafræn tækni er annars vegar. Í hliðrænni tækni rýrna gæðin ávallt við fjölföldun á efni. Ef efni sem hefur verið fjölfaldað er fjölfaldað á ný rýrna gæðin enn meira. Með tilkomu stafrænnar tækni geta gæði afrita nálgast gæði upprunaeintaka. Þetta þýðir að mun auðveldara er að fjölfalda stafrænt efni án þess að það komi verulega niður á gæðum. Vegna þessa hafa framleiðendur verið afar hikandi við að bjóða efni sitt á stafrænum sjónvarpskerfum og gera miklar öryggiskröfur til kerfanna. Það hefur sýnt sig að eftir að kvikmynd eða sjónvarpsþáttur er kominn á netið getur hann komist í hendur hundruð þúsunda netverja á nokkrum klukkustundum. Því hefur PPV- og VOD-efni yfirleitt verið selt í lokuðum kerfum, svo sem kapalkerfum eða ADSL þar sem tæknilegum ráðstöfunum er beitt til varnar ólögmætri eintakagerð og dreifingu efnis.

3.5 Sjónvarp og tölvutækni.

Mikill munur er á því að selja sjónvarpsefni í lokuðum hljóð- og myndmiðlunarkerfum annars vegar og í tölvukerfum hins vegar (IP-tækni). Gera þarf sérstaka grein fyrir þeim vanda sem rétthöfum stafar af IP-tækni. Ástæðan er sú að útsending á stafrænu sjónvarpi mun ekki einskorðast við þekkta sjónvarpsútsendingartækni heldur munu fjarskiptafyrirtæki í auknum mæli nýta sér tölvutækni við flutning á hljóð- og myndmiðlunarefni í framtíðinni. Framleiðendur hafa verið mjög tregir til að selja réttindi á IP-netum nema þeir geti tryggt ákveðið öryggi. IP-réttur getur verið með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða efni sem er miðlað til notandans og hann horfir á yfir netið. Hins vegar er um það að ræða að kvikmynd er hlaðið niður á innbyggðan harðan disk í aðgangskassa sem áhorfandinn hefur aðgang að í ákveðinn tíma. Með því að hlaða niður kvikmynd á harðan disk skapast alltaf

landi), YLE (Finnlandi) og Zweites Deutsches Fernsehen – ZDF (Þýskalandi).

hætta á því að því að tæknilegar ráðstafanir séu sniðgengnar og eintök af myndinni komist í ólöglega dreifingu, t.d. um netið.

IP-réttindi verða algengari eftir því sem tækninni fleygir fram og notendum fjölgar en nokkur fyrirtæki bjóða upp á efni á þennan hátt. Réttur á myndefni á IP-kerfum er seldur til ákveðinna landa á sama hátt og annað sjónvarpsefni. Þetta þýðir að ef notendur í öðrum löndum ætla að kaupa efnið geta þeir það ekki þar sem öryggiskerfið síar út alla erlenda notendur. Ljóst er að slíkum fyrirtækjum mun fjölga ört á næstu árum, sérstaklega þar sem vel hefur gengið að bjóða löglegar tónlistarveitur. Sem dæmi um nýtingu slíkrar tækni má nefna BBC iPlayer þjónustuna þar sem ýmist er boðið er upp á áhorf og/eða niðurhal á dagskrá hjá BBC í eina viku eftir upphaflegan útsendingartíma. Þjónustan er aðeins í boði fyrir netnotendur á Bretlandseyjum. Til að viðskiptalegur grundvöllur sé fyrir því að bjóða upp á IP-sjónvarpsefni í meira mæli fyrir neytendur verður þó að tryggja vernd efnisins gagnvart ólögmætri eintakagerð og dreifingu.

3.6 Íslenskt sjónvarpsefni.

Bent hefur verið á að þar sem áhorfendur njóta menningar að stórum hluta í gegnum sjónvarp ætti vandað íslenskt efni að vera veigameiri þáttur í dagskrá innlendra sjónvarpsstöðva. Flestir telja að auka þurfi hlut vandaðra heimildarmynda og leikins innlends sjónvarpsefnis í íslensku sjónvarpi. Ástæðan fyrir því að ekki er gert meira af þessu efni er sú að það er mjög dýrt í framleiðslu og markaðurinn lítill en innlent efni er um sjötíu sinnum dýrara í framleiðslu en kaup á erlendum tilbúnum þætti.

Sjónvarpsstöðvarnar hafa takmarkað fjármagn og reyna því að ná til almennings með ódýrara innlendu eða erlendu efni. Framleiðendur hafa einnig bent á að það fjármagn sem ætlað er fyrir leikið íslenskt sjónvarpsefni hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands hrökkvi skammt til að styðja framleiðslu á leiknu íslensku sjónvarpsefni. Sem dæmi má nefna að framleiðsla á klukkustundarlöngum leiknum sjónvarpsþætti í Evrópu kostar um 60–90 millj. kr.

Til að gera vandaðar íslenskar leiknar myndir þurfa innlendir framleiðendur að róa á erlend mið. Stuðningur á heimamarkaði er forsendan fyrir því að fá fjármagn frá útlöndum. Með slíkum stuðningi geta þeir sótt um í norrænum og evrópskum sjóðum, selt efnið erlendum sjónvarpsstöðvum eða reynt að fá einkafjármagn. Samkeppni er hins vegar mikil meðal framleiðenda og getur því reynst erfitt að koma verkefni af þessari gerð í framleiðslu.

Almennt má segja að íslenskir framleiðendur og efnisréttarhafar og rétthafar að erlendu efni séu í svipaðri stöðu þegar kemur að stafrænni hljóð- og myndmiðlun. Hvorir tveggja standa frammi fyrir ógnunum og tækifærum. Tækifærin felast í því að geta með nýjum leiðum, svo sem þáttasölusjónvarpi og hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun, aukið tekjur sínar. Með netsjónvarpi opnast einnig leiðir til að markaðssetja íslenskt efni á alþjóðamarkaði. Ógnanirnar felast hins vegar í því að auðveldara verður að fjölfalda efnið í stafrænum gæðum. Þetta þýðir að sjónvarpsefni getur breiðst út á meðal netverja á skömmum tíma.

3.7 Verð hljóð- og myndmiðlunarefnis á Íslandi.

Nú greiða íslenskir notendur hærra verð fyrir minna magn hljóð- og myndmiðlunarefnis en íbúar nágrannaríkja Íslands þar sem efnið er iðulega selt í ákveðnum pökkum. Íslenskir notendur hafa um árabil greitt tvöfalt hærra verð fyrir sambærilegt sjónvarpsefni ef miðað er við önnur Norðurlönd og þrefalt hærra verð ef miðað er við Bretland. Þennan mikla verðmun milli landa má að nokkru leyti skýra með smæð íslensks markaðar. Þá hafa einkafyrir-

tækin fjárfest í viðamiklum stafrænum dreifikerfum. Ljóst er að íslenskir notendur eru m.a. að greiða niður þá fjárfestingu með áskriftargjöldum sínum.

Vodafone/Sýn og Síminn/Skjárinn hafa um árabil keppt um áskrifendur og fjarskiptanotendur. Hafa fyrirtækin þurft að bjóða enn hærra verð fyrir efni en samkeppnisaðilinn á undanförnum árum til að tryggja aðgang að eftirsóknarverðu efni. Þar sem efni er ásamt dreifingu og auglýsingatekjum einn þeirra þriggja þátta sem ákvarða velgengni fjölmiðils á markaði er eðlilegt að fjölmiðlar reyni að ná í eftirsóknarverðasta efnið. Ástandið á Íslandi á liðnum árum leiddi til þess að verð á erlendu efni hækkaði mikið þar sem fyrirtæki greiddu æ hærra verð til að ná eftirsóknarverðasta efninu en með því var reynt að ná hylli áhorfenda. Þetta leiddi til þess að notendur þurftu að greiða afar hátt verð fyrir áskrift að myndmiðlunarþjónustu. Verð á vinsælu bandarísku efni þrefaldaðist á nokkrum árum. Vinsælir bandarískir þættir sem kostuðu um 1.500 bandaríkjadali í innkaupum upp úr árinu 2000 hækkuðu upp í 5.000–5.500 bandaríkjadali á 5–6 árum. Þetta þýddi að um nokkurra ára bil var greitt sama verð fyrir klukkustundina á markaði með 300.000 íbúa og í Danmörku þar sem íbúar eru sautján sinnum fleiri. Fyrir efnahagshrunið var svo komið að aðeins Ísland og Ísrael greiddu viðlíka verð fyrir bandarískt sjónvarpsefni. Við þessar aðstæður er afar erfitt fyrir nýjar efnisveitur að komast inn á markaðinn og bjóða úrval af innlendu og erlendu efni í samkeppni við sjónvarpsstöðvarnar sem fyrir eru. Einnig ber að hafa í huga að þar sem íslenskar stöðvar hafa greitt hlutfallslega mjög hátt verð fyrir efnið hefur reynst erfitt fyrir þær að vera samkeppnishæfar á alþjóðlegum hljóð- og myndmiðlunarmarkaði.

Dreifing hljóð- og myndmiðlunarefnis hér á landi er jafnframt kostnaðarsöm fyrir fámennan markað. Verð á sjónvarpsefni fór sífellt hækkandi og mörg heimili fóru að kaupa áskrift að erlendu sjónvarpsefni hjá íslenskum aðilum sem ekki var heimilt að selja hér á landi. Á fámennum markaði hafa þessir samverkandi þættir áhrif á verð og dreifingu á íslenskum sjónvarpsdagskrám.

IV.
Samstarf Evrópuríkja.

4.1 Inngangur.

Evrópuríki hafa undanfarna áratugi haft með sér öflugt og fjölþætt samstarf um málefni fjölmiðla, jafnt innan Evrópuráðsins sem og á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) og síðar Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Markmið þessa samstarfs er margvíslegt og skuldbindingargildi þess fyrir íslenska ríkið ekki í öllum tilvikum hið sama. Innan Evrópuráðsins lýtur samstarfið fyrst og fremst að því að útfæra tjáningar- og upplýsingarétt þann sem kveðið er á um í 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og ríkuleg áhersla lögð á að fjölræði í fjölmiðlun og fjölbreytni fjölmiðla sé skilyrði þess að lýðræðislegt þjóðfélag fái þrifist. Innan ESB og EES lýtur samstarfið hins vegar einkum að því að koma á öflugum innri markaði á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar. Löggjöf ESB á þessu sviði miðar að því að samræma löggjöf aðildarríkjanna um tiltekna þætti hljóð- og myndmiðlunar og er íslenska ríkið skuldbundið til að leiða það í lög vegna EES-samningsins. Á þessum vettvangi hefur að auki verið lögð áhersla á örugga netnotkun barna og ungmenna, evrópska kvikmyndagerð, fjölmiðlalæsi og fjölbreytni fjölmiðla, og hafa stofnanir ESB sent frá sér tilmæli um þau málefni.

Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður fyrst vikið að samstarfi ríkja á vettvangi Evrópuráðsins og að svo búnu að löggjöf innan ESB og EES. Í þeirri umfjöllun verður sjónum fyrst og fremst beint að þeim gerðum sem íslenska ríkið er skuldbundið til að leiða í lög og stuttlega vikið að þeim tilmælum sem stofnanir ESB hafa sent frá sér um málefni fjölmiðla.

4.2 Evrópuráðið.

Mikilvægasta starf Evrópuráðsins er að styrkja lýðræði, mannréttindi og undirstöður réttarríkisins í öllum 47 aðildarríkjum ráðsins. Grundvöllurinn að starfi Evrópuráðsins er 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), en sú grein fjallar um vernd tjáningarfrelsis. Starf Evrópuráðsins er margþætt og er fjallað um fjölmiðla og hlutverk þeirra í ýmsum stýrinefndum innan ráðsins. Sú nefnd sem er ætlað að fjalla sérstaklega um fjölmiðla og tjáningarfrelsið er stýrinefndin um fjölmiðla og nýja miðla (e. Steering Committee on the Media and New Communication Services, CDMC) en í henni sitja sérfræðingar frá aðildarlöndum Evrópuráðsins ásamt fjöldamörgum áheyrnarfulltrúum frá öðrum löndum, stofnunum og hagsmunasamtökum. Nefndin er virk í starfi sínu og fjallar um málefni sem skipta öll Evrópuríki máli, svo sem tjáningarfrelsi, rétt til upplýsinga, samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum, fjölbreytni í fjölmiðlum, sjálfstæði stjórnsýslustofnana er fara með fjölmiðlamál, ógnir og tækifæri nýrra miðla o.fl. Stýrinefndin semur tilmæli, yfirlýsingar og leiðbeiningar. Þá stendur hún fyrir fundum, ráðstefnum og málþingum sem gefur aðildarlöndum tækifæri á að skiptast á reynslu og upplýsingum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fer með aðild Íslands að stýrinefnd um fjölmiðla og nýja miðla.

Eins og fram kemur í yfirlýsingu ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1982 um tjáningarfrelsi og rétt til upplýsinga er mikil áhersla lögð á það í aðildarríkjum að fjöldi sjálfstæðra og óháðra fjölmiðla sem endurspegli fjölbreyttar hugmyndir og skoðanir séu starfandi. Þá segir í tilmælum ráðherranefndarinnar nr. (94) 13 að fjölræði í fjölmiðlun og fjölbreytni fjölmiðla sé skilyrði þess að lýðræðislegt þjóðfélag fái þrifist.

Í ályktun ráðherrafundar Evrópuráðsins um fjölmiðla sem haldinn var í Prag 1994 er fullyrt að lýðræði fái ekki vaxið og dafnað nema fyrir hendi sé í fjölmiðlunum sjálfstæð og ábyrg blaðamennska sem nálgist viðfangsefni sitt úr ólíkum áttum. Slík blaðamennska hafi það að markmiði að upplýsa almenning um gerðir yfirvalda og um það sem gerist í atvinnulífinu til þess að almenningur geti myndað sér skoðanir. Þá er það einnig markmið slíkrar blaðamennsku að gefa einstaklingum og hópum kost á að tjá sig og hafa stöðugt og gagnrýnið eftirlit með valdhöfum í víðum skilningi.

Á síðasta ráðherrafundi Evrópuráðsins um fjölmiðla sem haldinn var í Kiev 2005 var að gefnu tilefni fjallað um mikilvægi þess að virða tjáningarfrelsið og rétt til upplýsinga þegar hættuástand steðjar að. Þá var ályktað um mikilvægi menningarlegrar fjölbreytni og fjölbreytni í fjölmiðlum á tímum alþjóðavæðingar. Einnig var ályktað um að virða skuli mannréttindi og huga að framþróun nýmiðlunar í upplýsingasamfélaginu. Síðan ráðherrafundurinn var haldinn hefur stór hluti þess sem stýrinefndin fjallaði og ályktaði um tengst nýjum miðlum. Jafnframt var nafni stýrinefndarinnar breytt úr stýrinefnd um fjölmiðla í stýrinefnd um fjölmiðla og nýja miðla.

Síðasti ráðherrafundur um fjölmiðla og nýja miðla var í maí 2009 í Reykjavík. Þar ályktuðu ráðherrar fjölmiðlamála aðildarríkja Evrópuráðsins um þau fjölmiðlamál sem brýnast er að fjallað sé um nú. Má þar nefna endurskilgreiningu á hugtakinu fjölmiðill með tilkomu nýrra miðla, hlutverk fjölmiðla í almannaþjónustu í harðnandi samkeppnisumhverfi og rétt til andsvara í nýjum miðlum. Jafnframt var ályktað um mikilvægi netsins fyrir tjáningarfrelsið og mikilvægi þess að hryðjuverkalög og önnur lög til verndar hagsmunum ríkja séu ekki misnotuð á kostnað tjáningarfrelsis og réttar til upplýsinga.

Sáttmálinn um sjónvarp án landamæra (e. European Convention on Transfrontier Television) heyrir undir Evrópuráðið. Í sáttmálanum er að finna lágmarksreglur um sjónvarp án landamæra til að sjónvarpsmerki geti óhindrað farið yfir landamæri innan Evrópu. Sáttmálinn tók gildi árið 1989 og var viðleitni aðildarríkja Evrópuráðsins til að setja samræmdar reglur

um sjónvarp. Sáttmálinn varð grunnurinn að tilskipun Evrópusambandsins um sjónvarp án landamæra sem tók gildi sama ár. Gerðar voru breytingar á sáttmálanum árið 1998, ári eftir að breytingar voru gerðar á tilskipun ESB og nú er verið að vinna að breytingum til samræmis við nýja tilskipun Evrópusambandsins um hljóð- og myndmiðlun.

Megintilgangur sáttmálans er að styðja við 10. gr. mannréttindasáttmálans og tryggja að sjónvarpsefni hlíti samræmdum lágmarksreglum og sé aðgengilegt áhorfendum án tillits til landa og landsvæða. Þannig geta áhorfendur í aðildarlöndum Evrópuráðsins fengið aðgang að fjölbreyttu efni og upplýsingum auk þess að hafa aðgang að margbreytilegum skoðunum. Munurinn á sáttmála Evrópuráðsins og tilskipun Evrópusambands er að sáttmálinn nær aðeins til þess efnis sem sent er yfir landamæri, þ.e. efnis sem sent er út í einu landi en er jafnframt aðgengilegt í einu eða fleiri löndum. Sjónvarpsefnið sem sáttmálinn nær til afmarkast við það hvort hægt er að sjá efnið í öðru landi. Tilskipun ESB nær hins vegar til bæði til efnis sem aðeins er aðgengilegt í aðildarlöndunum sjálfum (e. domestic) og til efnis sem næst í öðrum löndum (e. transfrontier).

Efni sáttmálans og tilskipunar ESB er um margt líkt. Gerðar eru kröfur um innihald efnisins, t.d. er varðar auglýsingar, rétt almennings til að sjá mikilsverða viðburði, rétt til andsvara, vernd barna gegn skaðlegu efni, lögsögu o.fl.

Hafa ber í huga að aðildarlönd Evrópuráðsins eru mun fleiri en aðildarlönd Evrópusambandsins. Því eru mörg lönd sem ekki er skylt að innleiða löggjöf ESB, en hafa þó staðfest sáttmálann eða eru í þann mund að gera það. Má þar nefna lönd eins og Tyrkland, Úkraínu og Sviss. Því gilda sambærileg ákvæði og kveðið er á um í tilskipun ESB um sjónvarpsefni í ýmsum löndum utan Evrópusambandsins. Flest aðildarlönd Evrópuráðsins hafa staðfest sáttmála Evrópuráðsins um sjónvarp án landamæra, Ísland er þó ekki eitt þeirra.

Þess má geta að undir Evrópuráðið heyrir Evrópska upplýsingamiðstöðin um hljóð- og myndmiðla (e. European Audiovisual Observatory). Miðstöðin er staðsett í Strassborg og hefur það að markmiði að safna, vinna og dreifa upplýsingum um hljóð- og myndmiðlunarmarkaðinn í Evrópu. Miðstöðin safnar og gefur út bæði megindlegar og eigindlegar rannsóknaniðurstöður um fjölmiðlamarkaðinn, auk lögfræðilegra og fjárhagslegra upplýsinga um fjölmiðla í Evrópu. Miðstöðin gefur út upplýsingaritið IRIS-Legal Observations of the European Audiovisual Observatory og árlegt rit (Statistical Yearbook – Film, Television, Video & New Media in Europe). Þá gefur miðstöðin út ýmiss konar rit um ólíka þætti er snerta hljóð- og myndmiðla í Evrópu. Þess má jafnframt geta að miðstöðin heldur viðamikla gagnabanka um lögfræðileg mál og fjármál er snerta hljóð- og myndmiðla í Evrópu, auk þess að halda úti heimasíðu. Evrópusambandið hefur verið þátttakandi í Evrópsku upplýsingamiðstöðinni um hljóð- og myndmiðla síðan árið 1999. Þá hefur verið tekin ákvörðun um að Evrópusambandið verði þátttakandi a.m.k. fram til ársins 2013. Framkvæmdastjórn ESB er fulltrúi Evrópusambandsins í samstarfinu. Ísland hefur ekki tekið þátt í samstarfi Evrópsku upplýsingamiðstöðvarinnar.

4.3 Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið.

Á vettvangi Evrópusambandsins fer fram margvíslegt samstarf um fjölmiðla almennt þó svo að megináherslan sé á hljóð- og myndmiðlun. Þó er jafnframt um samstarf að ræða sem lýtur að nokkrum meginþáttum sem varða alla fjölmiðla. Hér í framhaldinu verður sjónum fyrst beint að samstarfi á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar en því næst að öðru samstarfi á almennari nótum.

4.3.1 Frá sjónvarpi án landamæra til hljóð- og myndmiðlunarþjónustu án landamæra.

Samstarf ríkja á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) og Evrópska efnahagssvæðisins (EES) tekur fyrst og fremst til fjórfrelsisins svokallaða sem miðar að því að koma á einsleitum innri markaði og kerfi sem tryggir að samkeppni á þeim markaði verði ekki raskað. Í því felst sem kunnugt er afnám hindrana sem standa í vegi fyrir frjálsum vöruviðskiptum, frjálsri þjónustustarfsemi, frjálsum fjármagnsflutningum og frjálsri för fólks, sem og skilvirku samkeppniseftirliti.

Tilkoma gervihnattasjónvarps á níunda áratugnum gerði sjónvarp yfir landamæri auðveldara en áður og kallaði á aukið samstarf innan ESB varðandi löggjöf og lagaframkvæmd á þessum vettvangi. Fyrsta skrefið í þá átt var stigið árið 1989 með setningu tilskipunar nr. 89/552/EBE um sjónvarp án landamæra sem ætlað var að tryggja frelsi til sjónvarpsútsendinga á hinum innri markaði. Með tilskipuninni skuldbundu aðildarríkin sig til að leyfa sjónvarp frá öðrum aðildarríkjum að tilteknum lágmarkskröfum uppfylltum. Í þessum lágmarkskröfum fólst í fyrsta lagi að dagskrárefni innihéldi hvorki klám né stuðlaði að kynþáttahatri, í öðru lagi að óheimilt væri að senda út efni til þess fallið að skaða börn á þeim tíma dags sem þau eru líkleg til að horfa á það og í þriðja lagi að tryggja að meiri hluti efnis (að undanskildum fréttum, íþróttaefni, leikjum, auglýsingum, fjarkaupum og textavarpi) væri af evrópskum uppruna eftir því sem unnt var. Í fjórða lagi voru ítarlegar kröfur gerðar um innihald og lengd auglýsinga og aðgreiningu þeirra frá öðru efni. Enn fremur var lagt bann við tóbaksauglýsingum og ákveðnar skorður reistar við efni áfengisauglýsinga. Í fimmta lagi voru reglur sem miðuðu að því að tryggja að þjóðfélagslega þýðingarmiklir atburðir lytu ekki einkarétti til útsendingar þannig að markverður hluti almennings gæti ekki fylgst með í opinni dagskrá. Tilskipunin fól í sér að reglur upprunalandsins giltu um sjónvarpsefni, þ.e. reglur þess lands þar sem sjónvarpsstöð hafði staðfestu. Var þetta gert til að koma í veg fyrir að ein og sama sjónvarpsstöðin þyrfti að lúta lögsögu fleiri en eins ríkis vegna sömu dagskrárinnar.

Tilskipun um sjónvarp án landamæra var leidd í lög hér á landi með lögum nr. 82/1993, um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985. Tilskipuninni var svo breytt með tilskipun nr. 97/36/EB og voru þær breytingar leiddar í lög með gildandi útvarpslögum.

Tilskipun um sjónvarp án landamæra með síðari breytingum fjallar einungis um hefðbundnar sjónvarpsútsendingar, þ.e. útsendingar með rafsegulbylgjum frá einum punkti til margra. Hún tekur því ekki til dreifingar dagskrárefnis á netinu eða annarrar þjónustu eftir pöntun (e. on-demand services). Óhætt er að segja að umfangsmiklar tækniframfarir hafi orðið frá því að hún tók gildi og landslag þessa markaðar breyst gífurlega. Það þótti því nauðsynlegt að taka hana til gagngerrar endurskoðunar og var afraksturinn tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu nr. 2007/65/EB sem bæði breytir heiti löggjafarinnar og rýmkar gildissvið hennar verulega.

Hin nýja tilskipun er yfirgripsmikil rammalöggjöf sem tekur til allrar hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, þ.m.t. hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun. Með henni eru ýmsar reglur rýmkaðar og sveigjanleiki aukinn auk þess sem reglur um sjónvarpsauglýsingar eru nútímavæddar m.a. í þeim tilgangi að auðvelda fjármögnun hljóð- og myndmiðlunarefnis. Með hinni nýju tilskipun er leitast við að svara þeim tækniframförum sem orðið hafa og efla og jafna samkeppni á þessum markaði í Evrópu með því að setja nýjar tegundir miðlunar hljóð- og myndefnis undir sama hatt og hefðbundið sjónvarp. Þá eru stoðir eldri tilskipunarinnar treystar og áhersla lögð á menningarlega fjölbreytni, vernd barna, neytendavernd, fjölbreytni fjölmiðla og baráttuna við fordóma á grundvelli kynþáttar og trúarskoðana. Loks er

með hinni nýju tilskipun lögð áhersla á það að í aðildarríkjunum starfi öflugir og sjálfstæðir aðilar sem hafi eftirlit með framkvæmd löggjafar á þessu sviði og annist framfylgni hennar.

Rétt þykir að víkja nokkrum orðum að helstu breytingum sem tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu hefur í för með sér á tilskipun um sjónvarp án landamæra.

Svo sem fyrr greinir er gildissvið tilskipunarinnar rýmkað verulega. Hljóð- og myndmiðlunarþjónusta tekur þannig til hefðbundinna sjónvarpsútsendinga, svokallaðrar línulegrar hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, sem og hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun, svokallaðrar ólínulegrar hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. Til þess að slík þjónusta falli undir tilskipunina þarf henni hins vegar að vera beint að almenningi í þeim tilgangi að upplýsa, skemmta eða fræða. Í þessu sambandi skal þess þó getið að þær reglur sem gilda um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun eru að nokkru leyti rýmri en þær sem gilda um hefðbundnar sjónvarpsútsendingar og ræðst það einkum af því vali sem kaupandi slíkrar þjónustu hefur.

Tilskipunin mælir jafnframt fyrir um samstarf á milli aðildarríkjanna í tilvikum þar sem útsendingu frá hljóð- og myndmiðlunarþjónustuveitanda í einu aðildarríki er að fullu eða að verulegu leyti beint að móttakendum í öðru aðildarríki hafi síðarnefnda aðildarríkið nýtt sér heimild sína til að setja strangari reglur um einhverja þá þætti sem tilskipunin mælir fyrir um. Umrætt ákvæði er sett til þess að koma í veg fyrir að hljóð- og myndmiðlunarþjónustuveitendur geti farið í kringum lög þess aðildarríkis sem þjónusta þeirra er í raun ætluð með því að stofnsetja sig í aðildarríki sem hefur frjálslegri löggjöf.

Þá er gerð krafa um gagnsæi á markaði fyrir hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og skylda lögð á öll þau fyrirtæki sem á honum starfa að veita upplýsingar um eignarhald og annað nauðsynlegt til að greina hver fer með yfirráð í þeim.

Tilskipunin mælir að sama skapi fyrir um að allir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem hafa staðfestu á EES-svæðinu skuli hafa aðgang að atburðum sem teljast þýðingarmiklir fyrir almenning og eru sendir út á grundvelli einkaréttarsamninga í þeim tilgangi að flytja stuttar fréttir af viðkomandi viðburði. Tilgangur ákvæðisins er að greiða fyrir frjálsu flæði upplýsinga.

Þá leggur tilskipunin þá skyldu á aðildarríkin að þau tryggi að veitendur hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun komi evrópskum verkum á framfæri á sama hátt og aðrir fjölmiðlaþjónustuveitendur.

Tilskipunin skilgreinir enn fremur við hvaða aðstæður og í hvaða dagskrárliðum aðildarríkjunum er frjálst að heimila vöruinnsetningu. Aðildarríkin geta þó mælt fyrir um að strangari reglur skuli gilda að þessu leyti um þá fjölmiðlaþjónustuveitendur sem heyra undir lögsögu þeirra.

Hvað sjónvarpsauglýsingar varðar gilda enn sömu efnistakmarkanir og áður. Reglur um magntakmarkanir sem og auglýsingainnskot hafa hins vegar verið rýmkaðar. Takmarkanir á tímalengd auglýsingainnskota á hverri klukkustund eru þó enn óbreytt og slík innskot mega því ekki vara lengur en alls 12 mínútur á hverri klukkustund.

Ætlunin með auknum sveigjanleika í þessu sambandi sem og reglum um vöruinnsetningu er að skjóta sterkari stoðum undir efnahagslega afkomu fjölmiðlaþjónustuveitenda að teknu tilliti til hagsmuna neytenda.

Þá leggur tilskipunin skyldu á aðildarríkin og framkvæmdastjórnina til að tryggja að skorður séu settar við hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni sem ætlað er að hvetja börn til neyslu á matvælum og drykkjarvörum sem innihalda efni sem ekki er mælt með að séu í óhóflegum mæli hluti af mataræði, einkum fitu, transfitusýrur, salt/natríum og sykur.

Tilskipunin mælir enn fremur fyrir um að hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun sem er til þess fallið að hafa skaðleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna sé þeim að jafnaði óaðgengilegt.

Með tilskipuninni er jafnframt stefnt að því að auka aðgengi sjón- og heyrnarskertra að hljóð- og myndmiðlunarefni. Aðildarríkin skulu því hvetja fjölmiðlaþjónustuveitendur undir lögsögu sinni til að tryggja að sú þjónusta sem þeir veita sé smám saman gerð aðgengilegri sjón- og heyrnarskertum, t.d. með hljóðlýsingum og textun.

Sameiginlegt eftirlit og/eða sjálfseftirlit (e. co- and self-regulation) hefur á mörgum sviðum reynst vel í ýmsum aðildarríkjum. Með það að leiðarljósi skyldar tilskipunin aðildarríkin til að hvetja til slíkrar reglusetningar um þau atriði sem með henni eru samræmd að því marki sem réttarkerfi þeirra heimila.

Loks mælir tilskipunin fyrir um að eftirlitsstofnanirnar í aðildarríkjunum skuli hafa með sér samstarf og skiptast á nauðsynlegum upplýsingum um framkvæmd tilskipunarinnar bæði sín á milli sem og við framkvæmdastjórnina í þeim mæli sem þörf er á.

Í drögum að tilskipuninni var lengst af gerð sú krafa að aðildarlöndum væri skylt að tryggja sjálfstæði stjórnsýslustofnana er færu með eftirlit með fjölmiðlaþjónustuveitendum. Á lokasprettinum var þó afráðið að umrætt ákvæði yrði ekki hluti af tilskipuninni, en eftir stendur að eftirlit og framkvæmd gerir ráð fyrir að sjálfstæð stjórnsýslustofnun hafi eftirlit með framkvæmd hljóð- og myndmiðlunarmarkaðarins í hverju aðildarlandi.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur komið upp tengslafundum fyrir hinar sjálfstæðu stjórnsýslustofnanir til að þær geti sem best framfylgt tilskipunum sambandsins. Hittast slíkar stofnanir því reglulega á fundum með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til að ræða sameiginleg álitaefni er snerta hljóð- og myndmiðla.

Þess skal að endingu getið að með þeim breytingunum sem gerðar voru á tilskipun um sjónvarp án landamæra árið 1997 var sett á fót tengslanefnd hjá framkvæmdastjórninni um hljóð- og myndmiðla (Contact Committee). Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins stýrir tengslanefndinni og á hvert aðildarland fulltrúa í henni. Þá hafa EFTA, Noregur og Ísland áheyrnarfulltrúa í tengslanefndinni. Hlutverk tengslanefndarinnar er að skiptast á upplýsingum við innleiðingu tilskipana um hljóð- og myndmiðla. Einnig er hlutverk nefndarinnar að fylgjast með breytingum sem verða á hljóð- og myndmiðlunarmarkaði og skiptast á skoðunum. Þá er það hlutverk nefndarinnar að aðstoða aðildarlönd við að senda tölulegar upplýsingar um fjölmiðlamarkaðinn eins og tilskipunin gerir ráð fyrir. Tengslanefndin fylgist einnig sérstaklega með tækniframþróun sem verður á hljóð- og myndmiðlunarmarkaði.

4.3.2 Annað samstarf.

Fjölmiðlun er afar mikilvæg atvinnugrein innan Evrópusambandsins. Þess ber að geta að við aðeins hljóð- og myndmiðlun starfar meira en ein milljón manna. Þessi þáttur atvinnulífsins hefur því verulega efnahagslega þýðingu auk þess sem fjölmiðlar hafa veigamiklu félagslegu og menningarlegu hlutverki að gegna. Þá eru fjölmiðlar mikilvægir til að miðla upplýsingum og fréttum þannig að borgarar geti metið og myndað sér skoðanir og þannig orðið virkir þátttakendur í lýðræðislegri umræðu aðildarríkjanna. Sjónvarp er án efa ein mikilvægasta uppspretta upplýsinga og afþreyingar í evrópsku samfélagi þar sem viðtæki er á nánast hverju heimili og meðal-Evrópubúi horfir á sjónvarp í 150–260 mínútur á degi hverjum. Í þessu sambandi er einnig vert að hafa í huga að sjónvarp er jafnan talið hafa verulegan

slagkraft og þar með víðtæk áhrif á skoðanamyndun almennra borgara á flestum sviðum. Þá hefur útbreiðsla nýrra miðla og nýrra miðlunarleiða, svo sem rafrænna ritmiðla, vaxið ört á undanförnum árum og aukið þörfina á frekara samstarfi á þessu sviði.

Í ljósi þessa hafa aðildarríki Evrópusambandsins með sér umtalsvert samstarf á þessum vettvangi, til viðbótar þeirri löggjöf sem útlistuð var í kafla 4.3.1, auk þess sem ESB á í margvíslegu ytra samstarfi bæði við þriðju ríki og ýmsar alþjóðastofnanir. Aðildarríki EFTA hafa á grundvelli EES-samningsins tekið þátt í hluta þessa samstarfs. Hér á eftir verður greint frá meginþáttum þess og tiltekið eftir því sem við á hvort Ísland er þátttakandi í því á grundvelli EES-samningsins og hvernig þeirri þátttöku er þá háttað.

4.3.3 Vernd barna og ungmenna.

Innan ESB er lögð rík áhersla á það að þróun fjölmiðlunar haldist í hendur við vernd almennra hagsmuna allra evrópskra borgara, einkum og sér í lagi barna og ungmenna. Svo sem áður greinir er að finna sérstök ákvæði í sjónvarpstilskipuninni og hinni nýju hljóð- og myndmiðlunartilskipun um vernd barna og ungmenna gegn efni sem er til þess fallið að hafa alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska þeirra auk þess sem veitendum hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun ber að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja að börn og ungmenni hafi ekki aðgang að slíku efni. Vegna hinnar öru tækniþróunar á þessum vettvangi og aukinnar útbreiðslu nýrra miðla hafa aðildarríkin einnig með sér samstarf að þessu leyti í víðara samhengi.

Til viðbótar við ákvæði tilskipananna koma síðan tilmæli frá Evrópuþinginu og ráðinu um vernd barna og ungmenna og mannlega reisn í öllum rafrænum ritmiðlum sem aðildarríkjum Evrópusambandsins er ætlað að taka mið af við lagasetningu á þessum vettvangi („Recommendation on the Protection of Minors and Human Dignity and on the Rigth of Reply“ frá 20. desember 2006 og „Recommendation on the protection of minors and human dignity in audiovisual and information services“ frá 28. maí 1998). Á grundvelli þessara tilmæla ber aðildarríkjunum m.a. að leitast við að innleiða andsvarsrétt eða sambærilegan rétt í netmiðlum, stuðla að ábyrgri notkun barna og ungmenna á því sem upplýsingasamfélagið hefur upp á að bjóða, hvetja fjölmiðlaþjónustuveitendur á netinu og önnur netfyrirtæki til að berjast gegn mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar, trúar eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar, án þess þó að takmarka tjáningar- eða prentfrelsi, setja siðareglur í samráði við fag- og eftirlitsaðila og leita leiða til að berjast gegn allri ólöglegri starfsemi sem er til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á börn og ungmenni á netinu. Samkvæmt tilmælunum ber þeim sem starfa á þessum vettvangi jafnframt að sýna samfélagslega ábyrgð með því að vinna að sömu markmiðum eftir því sem kostur er.

Þá hefur framkvæmdastjórnin sent frá sér tilmæli um vernd neytenda, einkum barna og ungmenna, varðandi notkun tölvuleikja („Communication of The European Commission on protection of consumers, in particular minors, in respect of the use of video games“). Tölvuleikir eru eitt vinsælasta afþreyingarefni evrópskra borgara í hinum ýmsu aldursflokkum og samfélagshópum. Þá hafa vinsældir gagnvirkra tölvuleikja aukist mikið á undanförnum árum sem og vinsældir tölvuleikja á netinu og er nú um að ræða iðnað sem veltir gífurlegum fjárhæðum. Þessar síauknu vinsældir hafa jafnframt stuðlað að framförum á fjarskiptamarkaði og aukinni útbreiðslu þriðju kynslóðar farsíma. Af þessum sökum eru tölvuleikir miðlunarform í fremstu röð og tjáningarfrelsi bæði þeirra sem þá skapa og þeirra sem þá spila þarft umhugsunarefni að mati framkvæmdastjórnarinnar. Þess ber þó að geta að tölvuleikir geta haft veruleg sálræn áhrif á börn og ungmenni og því þarf að tryggja að þeim sé búin fullnægjandi vernd og að börn og ungmenni hafi ekki aðgang að tölvuleikjum sem eru líklegir

til þess að hafa skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska þeirra. Umrædd tilmæli bera þess glöggt merki að framkvæmdastjórninni er umhugað að skapa eðlilegt jafnvægi á milli þessara tveggja þátta. Með þeim er þannig lögð áhersla á að aðildarríkin taki upp PEGI-kerfið svokallaða sem byggist á því að tölvuleikir séu auðkenndir með sérstöku merki sem gefur til kynna hvort innihald þeirra sé viðeigandi fyrir einstaka aldurshópa og gerir þannig foreldrum auðveldara að velja tölvuleiki sem hæfa börnum þeirra. Þess er jafnframt freistað með tilmælunum að vekja alla þá sem hagsmuna hafa að gæta til umhugsunar og hvetja þá til að leita leiða til að skapa fullnægjandi jafnvægi á milli tjáningarfrelsis og verndar barna og ungmenna að þessu leyti.

Sérstakur liður í vernd barna og ungmenna að þessu leyti er SAFT-verkefnið svokallaða sem Ísland tekur þátt í á grundvelli EES-samningsins. SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga. Verkefnið er hluti af Safer Internet Action Plan, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun, og er styrkt af Evrópusambandinu. Samningsaðili við ESB hér á landi er Heimili og skóli – landssamtök foreldra sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins að öllu leyti fyrir Íslands hönd.

Heimili og skóli er í samstarfi við önnur lönd í Evrópu og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu. Markmiðið er að til verði sameiginlegur evrópskur sjóður þekkingar og aðferðafræði á þessu sviði sem styður hið jákvæða og hamlar gegn neikvæðum hliðum upplýsingatækninnar.

Samningsaðilum að verkefninu er ætlað að hanna og framkvæma markvisst vakningarátak um örugga og ábyrga notkun á netinu og tengdum miðlum. Þá er markmiðið að efla vitund um hvernig hægt er að njóta netsins og nýrra miðla á öruggan, jákvæðan, skemmtilegan og fræðandi hátt. SAFT er ætlað að ná til barna og unglinga, foreldra, netþjónustuaðila og skólakerfisins. Lögð er áhersla á siðferði á netinu, persónuvernd, farsímaöryggi auk þess sem verkefninu er ætlað að veita fræðslu um tölvuleiki og gagnrýna netnotkun.

Fræðslan felur m.a. í sér dreifingu kennsluefnis í grunnskóla, jafningjafræðslu og söfnun og dreifingu upplýsinga, t.d. um notkun tölvuleikja meðal barna, um það hvort munur er á notkun kynjanna á netinu og nýjum miðlum og um mismunandi notkun þessara miðla í eldri og yngri hópum barna. Þá hefur verið gert markvisst fræðslu- og upplýsingaátak fyrir foreldra svo að þeir verði betur í stakk búnir til að fræða börn sín og njóta netsins og nýrra miðla með þeim. Einnig er reynt að hafa víðtækt samstarf og samræmt átak á landsvísu við aðila innan stjórnsýslunnar, þá sem koma að menntun og tómstundastarfi barna og unglinga, netþjónustuaðila, forvarnaaðila, foreldra, fjölmiðla og börn og unglinga. Að landsrétti koma fyrirmæli af þessum toga m.a. fram í lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006. Við lögtöku þeirra var einmitt horft til evrópskra viðmiða og reglusetningar og sem dæmi má nefna að í lögunum er lögð til grundvallar aldursflokkun samkvæmt PEGI- (Pan-European Game Information) og Kijkwijzer-kerfunum svonefndu.

4.3.4 Evrópsk kvikmyndagerð.

Hluti af löggjöf ESB á þessum vettvangi lýtur að evrópskum kvikmyndum og evrópskri kvikmyndagerð og miðar að því að styrkja nefndan iðnað eftir því sem kostur er og varðveita þau verðmæti sem þegar hafa skapast. Framkvæmdastjórnin hefur sett reglur sem heimila að gerð kvikmynda sé styrkt af einstökum aðildarríkjum svo framarlega sem slíkt hamlar ekki samkeppni á innri markaði ESB og að tilteknum frekari skilyrðum uppfylltum. Markmiðið með reglunum er að efla evrópska menningu og gera evrópskan kvikmyndaiðnað betur samkeppnishæfan á alþjóðavettvangi.

Eitt af hlutverkum ESB samkvæmt Rómarsáttmálanum er að hvetja aðildarríkin til samstarfs um vernd evrópskra menningarverðmæta, þ.m.t. evrópskra kvikmynda. Í því skyni hafa Evrópuþingið og ráðið sent frá sér tilmæli þar sem áhersla er lögð á mikilvægi þess að evrópskum kvikmyndaarfi sé kerfisbundið safnað saman, hann skráður, verndaður og endurbættur, til að tryggja að unnt sé að miðla honum áfram til komandi kynslóða og aðildarríkin hvött til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana í því skyni („Recommendation to Member States on film heritage“ frá árinu 2005).

Þá ber að nefna að í sjónvarpstilskipuninni og hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er að finna ákvæði sem eru liður í þessu samstarfi aðildarríkjanna og skylda fjölmiðlaþjónustuveitendur til að gera evrópsku hljóð- og myndmiðlunarefni hátt undir höfði. Þar er einnig að finna tilteknar reglur um það hvernig koma eigi því efni á framfæri og efla framleiðslu þess svo sem nánar verður útlistað síðar.

4.3.5 MEDIA-áætlunin.

MEDIA er skammstöfun á „Measures to Encourage the Development of the European Industry of the Audiovisual Production“ sem útleggst á íslensku Átak til eflingar evrópskum kvikmynda-, sjónvarps- og margmiðlunariðnaði. MEDIA-áætlunin er á vegum Evrópusambandsins og gildir frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2013. Veittar verða um 700 milljónir evra á tímabilinu. EFTA-ríkin Ísland, Noregur og Liechtenstein eiga aðild að áætluninni fyrir tilstilli EES-samningsins.

MEDIA-áætluninni er ætlað að styðja við evrópska hljóð- og myndmiðlunariðnaðinn með ýmiss konar stuðningsaðgerðum. Henni er ætlað að styrkja framhaldsmenntun og þjálfun fagfólks, undirbúning verkefna eða verkefnapakka og dreifingu og markaðssetningu myndefnis. Styrkir eru veittir til leikins efnis, heimildarmynda, teikni- og hreyfimynda og margmiðlunarverkefna.

Markmið MEDIA-áætlunarinnar er jafnframt að styrkja alþjóðlega dreifingu á evrópskum myndum og margmiðlunarefni og að efla samspil á milli markaðsins og styrkjakerfa. Þá er áætluninni ætlað að vera nógu sveigjanleg til að geta aðlagað sig að tækniþróun sem vafalítið mun eiga sér stað á tímabilinu. Einnig á áætlunin að styrkja sérstaklega verkefni frá svæðum þar sem kvikmynda-, sjónvarps- og margmiðlunariðnaðurinn er rýr og verkefni frá litlum málsvæðum.

4.3.6 Efni fyrir nýja miðla.

Í byrjun árs 2008 fór framkvæmdastjórn Evrópusambandsins af stað með nýtt verkefni sem hefur það að markmiði að auka efni fyrir nýja miðla (e. Content On-line). Er verkefninu ætlað að koma á auknu samstarfi milli framleiðenda efnis, fjarskiptafyrirtækja og netfyrirtækja. Ætlunin er að notendum standi til boða meira evrópskt höfundarréttarvarið efni fyrir nýja miðla. Jafnframt er markmiðið að auðvelda flæði efnis yfir landamæri aðildarríkja.

Framkvæmdastjórnin telur að skortur á evrópsku efni fyrir nýmiðla geri það að verkum að tæknileg framþróun sé hægari en nauðsynlegt er. Þar sem nýmiðlun er enn í mótun er óvíst hvaða efni notendur vilja og hvernig þeir vilja nýta efnið. Slík óvissa gerir það að verkum að framleiðendur hafa verið hikandi við að bjóða efni sitt. Markmið verkefnisins er því að gera fjölmiðlaþjónustuveitendum, fjarskiptafyrirtækjum og framleiðendum efnis auðveldara að bjóða efni yfir landamæri, að koma í veg fyrir eða minnka einkarétt á efni, að gæta að því að efni sé nýtt og að koma í veg fyrir að efni sé vöndlað saman í sérstaka áskriftarpakka.

Þá er markmið verkefnisins að draga úr framboði sjóræningjaefnis á netinu. Hægt er að ná slíku takmarki m.a. með aukinni fræðslu um gildi höfundarréttar og með því að auka sam-

vinnu milli framleiðenda efnis, notenda og fjarskiptafyrirtækja. Þá er einnig ætlunin að auka notkun á tækni sem auðveldar rétthöfum að hafa stjórn á því efni sem í boði er. Að mati framkvæmdastjórnarinnar þarf að draga úr óvissu fyrirtækja á markaði, tryggja sanngjarnt endurgjald rétthafa og auka efni á nýmiðlum fyrir þær 500 milljónir notenda sem eru á evrópskum markaði.

4.3.7 Fjölmiðlalæsi.

Evrópusambandið hefur í síauknum mæli lagt áherslu á fjölmiðlalæsi. Hefur sjónum sérstaklega verið beint að börnum og unglingum í þessu sambandi, aðallega hvað varðar læsi á nýjum miðlum (t.d. SAFT-verkefnið). Ástæðan er hraðar tæknibreytingar sem gera það að verkum að mikilvægt verður fyrir evrópska borgara að skilja hvernig upplýsingar, hugmyndir og skoðanir verða til og hvernig þeim er komið á framfæri og miðlað í nútímasamfélögum. En til þess að geta verið virkir þátttakendur í lýðræðisríkjum nú á tímum þurfa borgarar að vera læsir á fjölmiðla.

Framkvæmdastjórnin skilgreinir hugtakið fjölmiðlalæsi sem getu borgara til að nota, greina og meta mátt mynda, hljóðs og skilaboða í samtímamenningunni sem verða á vegi þeirra á degi hverjum, einnig hæfninni til að eiga í samskiptum í gegnum hljóð- og myndmiðla. Fjölmiðlalæsi tekur til allra fjölmiðla, svo sem sjónvarps og kvikmynda, hljóðvarps og tónlistar, prentmiðla, netsins og annarra nýrra stafrænna boðskiptaleiða.

Markmið fjölmiðlalæsis er að auka skilning á ólíkum skilaboðum í fjölmiðlum. Það á að hjálpa notendum að bera kennsl á hvernig skilaboðum er komið áleiðis í gegnum fjölmiðla, hvernig fjölmiðlar eru skoðanamyndandi, hvernig þeir skapa alþýðumenningu og hvernig þeir hafa áhrif á val fólks. Fjölmiðlalæsi á að gera notendum kleift að auka gagnrýna hugsun til að þeir geti dregið skynsamar ályktanir af þeim skilaboðum í fjölmiðlum sem þeir hafa aðgang að. Fjölmiðlalæsi er talið til grunnréttinda hvers borgara í öllum ríkjum heimsins. Þá er fjölmiðlalæsi talið nauðsynlegt til að borgarar geti nýtt tjáningarfrelsið og haft aðgang að upplýsingum. Það er álit framkvæmdastjórnarinnar að fjölmiðlalæsi sé í raun grunnurinn að virku lýðræði.

Margir telja að fjölmiðlalæsi nú sé jafnmikilvægt fyrir þátttöku borgara í lýðræðissamfélagi og læsi var í upphafi 19. aldar. Í skýrslum Evrópusambandsins um fjölmiðlalæsi er minnt á hversu mikilvægt læsi, þ.e. að lesa, skrifa og skilja texta, hefur verið fyrir vitsmunalega og félagslega framþróun í vestrænum samfélögum. Núna skiptir hins vegar sköpum að vera læs á fjölmiðla í víðtækri merkingu þess hugtaks, þ.e. að vera læs á nýja miðla, auglýsingar, netið, hljóð- og myndmiðla o.fl. Þar sem fjölmiðlar hafa mikil félagsleg og efnahagsleg áhrif er það álit framkvæmdastjórnarinnar að fjölmiðlalæsi, sérstaklega með tilkomu nýrra miðla, sé ein meginforsenda þess að borgari geti talist fullgildur og virkur í lýðræðisríki. Fjölmiðlar eru mikilvæg leið evrópskra borgara til að skilja samfélag sitt og vera þátttakendur í lýðræðislegri umræðu. Því er aukið fjölmiðlalæsi talið samræmast markmiðum Evrópusambandsins um áframhaldandi þróun upplýsingasamfélagsins.

Þann 20. ágúst 2009 birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ný tilmæli til aðildarríkjanna um fjölmiðlalæsi (Recommendation on media literacy in the digital environment for a more competitive audiovisual and content industry and inclusive knowledge society). Þar er því beint til aðildarríkja í samvinnu við stjórnsýslustofnanir þær sem hafa eftirlit með hljóð- og myndmiðlum og netmiðlum og eftir atvikum persónuverndarstofnanir að stuðla að því að hagsmunaaðilar á sviði fjölmiðla og nýrra miðla setji sér reglur. Jafnframt er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að efla rannsóknir og setja á stofn verkefni til að efla fjölmiðlalæsi. Þá er lagt til að fjölmiðlalæsi verði hluti af námskrá í skólum auk þess sem það

er talið einn af þáttum lykilhæfni í því sem hefur verið kallað ævilangt nám og nær til náms á öllum skólastigum, endurmenntunar og fullorðinsfræðslu. Einnig er yfirvöldum ætlað að vekja athygli á þeirri hættu sem felst í því að koma persónuupplýsingum á framfæri í gegnum alls kyns samskiptakerfi og að efla þekkingu notenda, sérstaklega ungs fólks, foreldra og kennara.

Í nóvember 2000 setti framkvæmdastjórn ESB á fót þrjá vinnuhópa til að efla fjölmiðlalæsi. Framkvæmdastjórnin hefur jafnframt varið 3,5 milljónum evra til 30 verkefna til að stuðla að auknu fjölmiðlalæsi. Þá hefur framkvæmdastjórnin látið gera könnun á fjölmiðlalæsi meðal aðildarlandanna til að leggja rækt við og bæta það í Evrópu. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá árinu 2006 kemur fram að fjölmiðlalæsi borgara er afar mismunandi innan einstakra ríkja sambandsins. Þá kemur jafnframt fram að enginn einn staðall er fyrir hendi til að meta fjölmiðlalæsi og mikil þörf er fyrir áframhaldandi rannsóknir til að búa slíkan staðal til. Það er ljóst að fjölmiðlalæsi er lykilþáttur þess að það markmið náist sem sett er fram í svokallaðri i2010-áætlun um upplýsingasamfélagið en henni er m.a. ætlað að efla samkeppnishæfni Evrópuríkja í upplýsingatæknimálum.

Fjögur lönd virðast vera í fararbroddi markvissrar uppbyggingar fjölmiðlalæsis, en það eru Ástralía, Suður-Afríka, Kanada og Bretland. Í Bretlandi má rekja upphaf þessarar þróunar allt til fjórða áratugar nýliðinnar aldar. Mikill áhugi er jafnframt á fjölmiðlalæsi í ýmsum löndum Evrópu, einkum Frakklandi, Þýskalandi, Niðurlöndum, Ítalíu, Grikklandi, Sviss og Austurríki, þótt þau standi enn talsvert að baki fyrrnefndum þjóðum á þessi sviði.

Þess má geta að kennsla í fjölmiðlalæsi hófst í finnskum grunnskólum árið 1970 og 1977 í framhaldsskólum. Slík fræðsla hófst í norskum grunnskólum árið 1974 og 1985 var hún efld til muna. Í sænskum grunnskólum hefur fræðslan verið skyldugrein frá árinu 1980 en í Danmörku hefur fræðsla um fjölmiðlalæsi og notkun miðla verið hluti af námsefni grunnskólanna frá 1970.

Bent hefur verið á að íslensk stjórnvöld hafa mótað stefnu sem varðar meðal annars tengsl menntunar og miðla og stuðlað að hagnýtingu upplýsingatækni í skólum og aukinni fræðslu á því sviði. Markviss kennsla í fjölmiðlalæsi eins og hún tíðkast í ýmsum nágrannalöndum Íslands hefur hins vegar ekki náð fótfestu hér á landi.

4.3.8 Fjölbreytni fjölmiðla.

Innan ESB er rík áhersla lögð á að vernda fjölbreytni fjölmiðla sem jafnan er talið eitt af frumskilyrðum þess að réttur til upplýsinga og tjáningarfrelsi sé tryggt með fullnægjandi hætti. Í ensku og fleiri tungumálum er hugtakið „media pluralism“ notað í þessu samhengi.

Aukin samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og áhrif hennar á fjölbreytni fjölmiðla og tjáningarfrelsi hefur verið framkvæmdastjórninni sem og ráðamönnum í aðildarríkjum ESB nokkuð áhyggjuefni um skeið. Í ljósi þess hefur framkvæmdastjórnin hleypt af stokkunum svokallaðri þriggja þrepa áætlun til að efla umræðuna um fjölbreytni fjölmiðla innan ESB.

Umrædd þriggja þrepa áætlun byggist á því að innan hugtaksins fjölbreytni fjölmiðla rúmist ekki einungis dreift eignarhald á fjölmiðlum heldur einnig að borgararnir hafi aðgang að margvíslegum upplýsingum svo að þeir geti myndað sér skoðun án þess að verða fyrir óhóflegum áhrifum frá einum ráðandi fjölmiðli. Þá þurfi borgararnir einnig gagnsætt kerfi sem tryggir að tiltrú þeirra á raunverulegt sjálfstæði fjölmiðla sé til staðar.

Fyrsta þrep áætlunarinnar fólst í því að framkvæmdastjórnin útbjó vinnuskjal sem fjallaði almennt um aðgerðir samtaka og stofnana ýmiss konar til eflingar á fjölbreytni fjölmiðla. Er sjónum þar einkum beint að þeirri vinnu sem fram hefur farið á vettvangi Evrópuráðsins. Jafnframt var í vinnuskjalinu fjallað almennt um fjölmiðlamarkaðinn í Evrópu og sérstöðu

hans. Mikilvægi sjálfstæðra eftirlitsstofnana á sviði fjölmiðla var tíundað og áhrif nýrra miðla á fjölbreytni þeirra. Að lokum var landslagið á fjölmiðlamörkuðum einstakra aðildarríkja og löggjöf á þessu sviði útlistað. Annað þrep áætlunarinnar fólst í sjálfstæðri og óháðri rannsókn á fjölbreytni fjölmiðla í aðildarríkjum ESB. Rannsakendum var ætlað að búa til mælistiku til að meta fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Rannsókninni var jafnframt ætlað að lýsa þeim lagalegu, félagslegu, menningarlegu og efnahagslegu þáttum sem veita vísbendingar um fjölbreytni fjölmiðla. Að rannsókninni unnu Kaþólski háskólinn í Löven, Viðskiptaháskólinn í Jönköping, Central European University og Ernst & Young í Belgíu. Voru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar í júní 2009. Síðasta þrepið gerir svo ráð fyrir því að framkvæmdastjórnin sendi frá sér tilmæli um þetta efni. Áætlað er að umrædd tilmæli komi á árinu 2010.

4.3.9 Ytra samstarf.

Svo sem áður greinir hafa aðildarríki ESB með sér margvíslegt samstarf á vettvangi fjölmiðlunar. Það er þó ekki síður mikilvægt fyrir ESB að hafa samstarf við þriðju aðila á þessu sviði þar sem starfsumhverfi verður æ alþjóðlegra og þörfin á alþjóðlegum lausnum á ýmsum þáttum því sífellt meira aðkallandi.

Ytra samstarf ESB á þessum vettvangi er fjölbreytilegt. Þar má nefna framkvæmdina á stækkun ESB. Ríki sem sótt hafa um inngöngu í ESB þurfa m.a. að aðlaga löggjöf sína á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar að reglum sambandsins og sýna fram á að þau geti staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru. Þá ber að nefna nágrannastefnu ESB (e. The European Neighbourhood Policy). Með henni er ætlunin að veita þeim ríkjum sem eiga landamæri við ESB til austurs og suðurs tækifæri til að taka þátt í þeirri vinnu sem fer fram innan sambandsins og efla samskipti við þau sem frekast má. Samstarf á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar er liður í nágrannastefnu ESB og miðar að því að efla gagnkvæman skilning og skiptast á skoðunum um málefni á því sviði, auk þess sem ESB og nefnd ríki hafa með sér samvinnu í baráttunni gegn kynþáttafordómum. Loks skal þess getið að ESB tekur þátt í samstarfi um þessi málefni innan ýmissa alþjóðasamtaka og má auk þess samstarfs sem áður hefur verið greint frá á vettvangi Evrópuráðsins í því sambandi nefna Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO), Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Alþjóðahugverkastofnunina (WIPO).

V.

Stjórnsýsla fjölmiðlamála í helstu samanburðarlöndum.

Af sögulegum ástæðum[2] hefur verið mun meira eftirlit með hljóð- og myndmiðlum en prentmiðlum. Stjórnsýslustofnanir þær, sem eiga að framfylgja lögum um fjölmiðla, hafa yfirleitt aðeins það hlutverk að framfylgja lögum um hljóð- og myndmiðla, en þó eru ýmis dæmi um þeim sé jafnframt falið að framfylgja tilteknum lögum sem varða fjölmiðla í víð-

---

[2] Þar sem útsendingartíðni hefur verið takmörkuð auðlind hefur það verið í verkahring hins opinbera að úthluta tíðnisviðum til útvarpsfyrirtækja. Nauðsynlegt hefur verið að tryggja að fáir aðilar fái ekki úthlutað öllu tíðnisviðinu sem í boði hefur verið og að dagskrárefni sem í boði hefur verið sé margbreytilegt. Önnur sjónarmið hafa gilt um prentmiðla, m.a. vegna prent- og tjáningarfrelsis. Miklar skorður voru hins vegar settar við starfsemi útvarpsfyrirtækja sem til langs tíma voru eingöngu í ríkiseigu í mörgum Evrópulöndum. Þegar einkaaðilar hófu útvarpsrekstur töldu yfirvöld enn að stýringar væri þörf þar sem eftirspurn væri að jafnaði meiri en framboð á tíðnum til útsendingar, sérstaklega í þéttbýli.

tækari skilningi, t.d. banni við auglýsingum á áfengi og tóbaki. Ástæða þessa er sú að löggjöfin sem gildir um prentmiðla er mun minni í sniðum en löggjöfin fyrir sjónvarp og hljóðvarp. Þá er löggjöfin um rafræna prentmiðla, og raunar netið í heild, enn í mikilli mótun. Stjórnsýslustofnanir aðildarríkjanna hafa yfirleitt það hlutverk að veita leyfi til hljóð- og myndmiðlunar; hafa eftirlit með efnisinnihaldi (svo sem reglum um auglýsingar, efni sem inniheldur klám og ofbeldi); hafa eftirlit með því að fjölmiðlaþjónustuveitendur starfi lögum samkvæmt og geti gripið til viðeigandi aðgerða (svo sem áminninga, sekta og leyfissviptinga) fari fjölmiðlaþjónustuveitendur ekki að lögum. Þá hafa þessar stofnanir einnig hlutverki að gegna við skipulagningu og samræmingu starfsumhverfis fjölmiðla í hverju landi fyrir sig.

Nær öll lönd Evrópu hafa sjálfstæðar fjölmiðlastofnanir sem njóta sjálfstæðis að því leyti að þær eru ekki hluti af ráðuneytum og njóta sjálfstæðis gagnvart hinu pólitíska valdi. Slíkt sjálfstæði er reynt að tryggja með því að lágmarka eins og kostur er vald ráðherra við skipun stjórna og með því að úrskurðir slíkra stofnana séu fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslustigi eða einungis kæranlegar til sjálfstæðra áfrýjunarnefnda. Slíkar sjálfstæðar stjórnsýslustofnanir hafa eflst með aukinni samkeppni á fjölmiðlamarkaði, m.a. þegar útvarpsrekstur var gefinn frjáls í mörgum löndum Vestur-Evrópu upp úr 1980. Öll Evrópulönd, að Lúxemborg og Íslandi undanskildu, hafa komið á fót sjálfstæðum stjórnsýslustofnunum sem sjá um eftirfylgni löggjafar um fjölmiðla. Þess ber þó að geta í þessu samhengi að í flestum tilvikum heyrir eftirlit með tíðniúthlutunum í hljóð- og myndmiðlun undir sjálfstæðar fjarskiptastofnanir, á Íslandi Póst- og fjarskiptastofnun. Í nokkrum löndum hafa slíkar stofnanir þó verið sameinaðar og má þar nefna Ítalíu (í. Autoritá per le garanzie nelle comunicazioni), Bretland (e. Ofcom) og Finnland (f. Ficora).

Stjórnsýslustofnanir í fjölmiðlamálum eiga það svo flestar sameiginlegt að hafa eftirlit með bæði einkareknum og ríkisreknum fjölmiðlum. Þó eru undantekningar frá þessu eins og í Þýskalandi (þ. Landesmedienanstalten) þar sem stofnunin hefur einungis eftirlit með einkareknum fjölmiðlum.

Stjórnsýslustofnanir á sviði fjölmiðlamála eru ólíkar að formi. Í sambandsríkjum eins og Þýskalandi og Belgíu eru hljóð- og myndmiðlunarleyfisveitingar t.d. í höndum sambandsríkjanna þar sem stofnanir í hverju sambandsríki um sig sjá um að framfylgja lögum. Í flestum Evrópuríkjum er þó aðeins ein stjórnsýslustofnun sem hefur eftirlit með og vinnur að stefnumörkun á sviði fjölmiðla. Þá er mikill munur á stærð slíkra eftirlitsstofnana. Í fjölmennustu löndum ESB eru rúmlega 1.000 manns að störfum en um 10 starfa í slíkum stofnunum í fámennustu ríkjum sambandsins.

Aukin alþjóðavæðing, stafræn tækni og breytt fjölmiðlalandslag hefur gert það að verkum að samvinna milli stjórnsýslustofnana í Evrópu hefur aukist til mikilla muna á síðustu árum. Árið 1995 varð til samráðsvettvangur evrópskra stjórnsýslustofnana í fjölmiðlamálum (e. European Platform of Regulatory Authorities, EPRA). Samráðsvettvanginum er ætlað að stuðla að auknum samskiptum og upplýsingaskiptum stjórnsýslustofnana sem eiga að framfylgja lögum um fjölmiðla, þó aðallega hljóð- og myndmiðla. Þá er stofnununum ætlað að skiptast á upplýsingum um ýmis mál er snerta öll eða flest Evrópulöndin og að vera samráðsvettvangur til að túlka fjölmiðlalöggjöf, svo sem tilskipanir og reglugerðir ESB. Nú er 51 stofnun í 42 löndum aðili að EPRA. Auk þess hafa bæði Evrópusambandið og Evrópuráðið áheyrnarfulltrúa á fundunum. Það er því þannig að Ísland er eitt af fáum löndum í Evrópu sem ekki hefur tekið þátt í þessu samstarfi en lönd eins og Malta, Andorra, Lúxemborg og Kýpur eru þátttakendur í EPRA-samstarfinu.

Aukin alþjóðavæðing hefur leitt til þess að sjónvarpsstöðvar eru nú í auknum mæli staðsettar í einu landi en ætlað að ná til íbúa í öðru landi. Dæmi um slíkt er Bretland þar sem

ríflega 1.000 sjónvarpsstöðvar eru með aðsetur, en aðeins brot af þeim sendir út á ensku. Ofcom, fjölmiðla- og fjarskiptaeftirlit Bretlands er því skylt að hafa eftirlit með öllum þeim stöðvum sem senda út frá Bretlandi, óháð tungumáli stöðvarinnar. Á Bretlandi er fjöldi stöðva sem er ætlað að ná til Norðurlandanna. Má þar nefna TV3, TV6, TV8, Kanal 5, Kanal 9, og ZTV sem er ætlað að ná til sænskra áhorfenda. Aukin samvinna stjórnsýslustofnana á sviði fjölmiðlamála hefur leitt til þess að formlegu samkomulagi hefur verið komið á milli stofnana einstakra aðildarríkja ESB. Má í þessu sambandi benda á að allar kærur vegna efnis sem sent er út á sænsku frá fyrrgreindum stöðvum í Bretlandi eru áframsendar af sænsku stofnuninni (Granskningsnämden för radio och TV) til Ofcom í Bretlandi. Ofcom þarf því að búa yfir sérþekkingu til að geta tekið við og meðhöndlað kærur frá Svíþjóð. Þegar upp koma mál er varðar andsvarsrétt o.fl. þar sem blæbrigði tungumáls og/eða orðalag getur skipt sköpum hefur þurft að leita enn meiri samvinnu á milli stofnana einstakra Evrópuríkja.

Stjórnsýsla í fjölmiðlamálum er nokkuð ólík á Norðurlöndunum. Í Finnlandi hefur Fjarskiptastofnun og fjölmiðlaeftirlit verið sameinað (f. Ficora). Í Danmörku sér ein stofnun (d. Styrelsen for Bibliotek og medier) um að úthluta leyfum, hafa eftirlit með að lögum sé framfylgt, að aðstoða ráðuneyti í málum er snerta hljóð- og myndmiðla o.fl. Undir stofnunina heyra hins vegar ekki málefni annarra fjölmiðla. Í Svíþjóð eru tvær stofnanir sem sinna eftirliti með hljóð- og myndmiðlum. Önnur sér um að úthluta leyfum og aðstoða ráðuneyti menningarmála í málum er snerta hljóð- og myndmiðla (s. Radio- och TV-verket). Hin hefur eftirlit með innihaldi efnis sem flutt er í hljóð- og myndmiðlum (s. Granskningsnämden för Radio och TV). Málefni annarra fjölmiðla eru í höndum hinna ýmsu stofnana. Í Svíþjóð er þó stefnt að því að sameina alla stjórnsýslu fjölmiðlamála. Í Noregi er ein stofnun sem sér um að framfylgja lögum um alla fjölmiðla. Hún úthlutar m.a. leyfum, hefur eftirlit með efni miðlanna, hefur eftirlit með lögum um eignarhald á öllum fjölmiðlum, er ábyrg fyrir styrkveitingum til dagblaðaútgáfu, hefur frumkvæði að því að auka fjölmiðlalæsi og ábyrgð notenda á netinu og hefur með höndum eftirlit með kvikmyndum og tölvuleikjum (n. Medietilsynet). Þá aðstoðar hún ráðuneytið í málum er snerta fjölmiðla. Við endurskoðun stjórnsýslu í fjölmiðlamálum hér á landi hefur í frumvarpi þessu aðallega verið litið til Noregs.

VI.

Kannanir á viðhorfum til hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni.

Ýmis nýmæli er að finna í tilskipun Evrópusambandsins um hljóð- og myndmiðlun frá 2007, m.a. rýmkun á auglýsingareglum, auk þess sem vöruinnsetning er leyfð með ákveðnum takmörkunum. Allt frá því að tilskipunin um sjónvarp án landamæra kom til árið 1989 hafa neytendasjónarmið og vernd barna gegn ótilhlýðilegu efni verið stór þáttur í lagasetningu. Í forsendum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar segir m.a. að „framboð skaðlegs efnis í hljóð- og myndmiðlunarþjónustu [sé] áfram viðfangsefni löggjafa fjölmiðlaiðnaðarins og foreldra“. Þá er að finna nýtt ákvæði í tilskipuninni sem þrengir heimildir fjölmiðlaþjónustuveitenda í auglýsingum sem beint er að börnum. Í ljósi alls þessa var ákveðið að kanna hug áhorfenda hér á landi til reglna á þessu sviði. Tilgangurinn var að hafa hliðsjón þar af við reglusetningu í samræmi við það svigrúm sem einstökum aðildarríkjum er ætlað.

Í mars og apríl árið 2008 lét mennta- og menningarmálaráðuneytið Capacent Gallup gera kannanir á viðhorfi áhorfenda til auglýsinga í sjónvarpi. Markmið rannsóknarinnar var m.a. að kanna hve mikið magn auglýsinga sem beinist að börnum er sýnt á þeim tíma sem barnaefni er á dagskrá Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2 með það atriði sérstaklega í huga hversu hátt hlutfall auglýsinga í barnatímum hér á landi eru auglýsingar þar sem óhollur matur er auglýstur. Í því sambandi var kannað viðhorf fólks til auglýsinga í kringum barnaefni í sjón-

varpi og hvort vilji væri til að takmarka slíkar auglýsingar. Þá var kannað viðhorf áhorfenda til vöruinnsetningar í sjónvarpi. Niðurstöður kannananna, ásamt helstu nýmælum tilskipunarinnar, voru kynntar á málþingi mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Þjóðminjasafninu 10. apríl 2008.

6.1 Af hverju eru settar takmarkanir á auglýsingar sem beint er að börnum?

Evrópusambandinu er umhugað um vernd barna gegn óæskilegu fjölmiðlaefni. Þess vegna var lögð rík áherslu á það af hálfu framkvæmdastjórnarinnar við undirbúning á lögleiðingu hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar í landsrétti einstakra ríkja að takmarka verði viðskiptaorðsendingar þar sem óhollur matur er auglýstur fyrir börn. Í þessu sambandi má benda á að þar til í lokaútgáfu hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar var bannákvæði gegn slíkum viðskiptaorðsendingum. Ýmis aðildarlönd, svo sem Danmörk, höfðu þegar brugðist við til samræmis við þau áform áður en endanleg útgáfa tilskipunarinnar var samþykkt. Settar voru siðareglur þar sem bann er sett við slíkum auglýsingum í hljóð- og myndmiðlunarefni og tóku þær gildi um áramótin 2007/2008. Slíkt bann hafði þá þegar verið sett í Bretlandi í sjónvarpi og síðar í hljóðvarpi.

Í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er komið til móts við sjónarmið margra aðildarríkja ESB um að takmarka verði viðskiptaorðsendingar um óholl matvæli sem beint er að börnum. Ástæðan er m.a. sú hversu móttækileg börn eru fyrir ýmiss konar viðskiptaorðsendingum auk þess sem rannsóknir sýna sífellda aukningu offitu meðal þeirra. Þá hafa bæði erlendir og innlendir fræðimenn bent á að offita sé dæmi um það þegar kostnaður er að hluta til borinn af öðrum en neytandanum sjálfum þar sem hún eykur hættu á ýmsum sjúkdómum og almennum heilsubresti. Heilsuleysið hefur síðan í för með sér kostnað fyrir samfélagið og felur þannig í sér neikvæð ytri áhrif. Almennt er talið að heildarkostnaður við offitu og fylgikvilla hennar nemi um 6% af útgjöldum ríkja til heilbrigðismála, en hefur farið upp í 9% í sumum löndum. Vegna þessa sívaxandi kostnaðar hafa flestar vestrænar þjóðir sett það sem forgangsverkefni í heilbrigðisáætlunum að bregðast við offituvandanum.

Þegar skoðað er hversu mörg lönd hafa bannað eða takmarkað auglýsingar sem beint er að börnum í fjölmiðlum kemur í ljós að almennt eru miklar takmarkanir gerðar á slíkum auglýsingum. Í alþjóðlegri könnun frá árinu 2000, *Obesity: Preventing and Managing the Global Epidemic,* sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (World Health Organisation, WHO) lét gera á auglýsingum sem beint er að börnum kom í ljós að í 85% þeirra 73 landa sem könnuð voru höfðu verið settar reglur um auglýsingar sem beint er að börnum. Þá kom í ljós að í 44% þessara landa höfðu verið settar reglur um innihald auglýsinga og/eða fjölda auglýsinga og í 22% landanna höfðu verið settar einhvers konar reglur um auglýsingar á matvörum. Nú er gert ráð fyrir að um 155 milljónir barna um allan heim, eða um 10%, eigi við offitu að stríða. WHO gerir ráð fyrir því í skýrslu sinni að árið 2010 verði fjöldi of feitra barna kominn upp í 287 milljónir. Þá má geta þess að árið 2006 er talið að um 32% barna í Evrópu hafi verið of þung og 8% átt við offitu að stríða. Í rannsókn sem gerð var hér á landi voru tæp 20% 9 ára skólabarna of þung og 5% áttu við offituvandamál að stríða.

Þess má jafnframt geta að þeir þættir sem taldir eru valda þessari auknu offitu að mati WHO eru meiri kyrrseta, aukin fjölmiðlanotkun, auglýsingar og markaðssetning óhollrar matvöru og aukinn aðgangur að mat sem inniheldur mettaða fitu, sykur og salt. Því hefur WHO beint sjónum sínum að markaðssetningu og auglýsingum í fjölmiðlum sem beint er að börnum. Færð hafa verið sannfærandi rök fyrir því að takmarkanir á viðskiptaorðsendingum um hitaeiningaríka fæðu sem beint er að börnum hafi jákvæð áhrif og að kostnaðarvirkni slíkra takmarkana hafi reynst afar vel erlendis.

Í ýmsum fjölmiðlarannsóknum bendir margt til þess að fylgni sé á milli mikils sjónvarpsáhorfs og óhóflegrar neyslu matvæla. Þá benda rannsóknir á markaðssetningu sem beint er að börnum til þess að hátt hlutfall auglýsinganna séu matvælaauglýsingar, meiri hluti slíkra auglýsinga séu auglýsingar þar sem auglýst er óholl matvara, börnum líki slíkar auglýsingar, markaðssetning gagnvart börnum hafi áhrif á val þeirra og neyslu og að auglýsingar hafi áhrif óháð öðrum utanaðkomandi þáttum, bæði hvað varðar val á vöruflokkum og vörumerkjum.

Hafa ber í huga að ein meginástæða þess að takmarkanir eða bann hefur verið sett við markaðssetningu gagnvart börnum í fjölmiðlum í flestum löndum er að ung börn hafa almennt ekki þroska til að skilja muninn á auglýsingum og öðru efni. Börn öðlast þekkingu á vörumerkjum við tveggja ára aldur en þau eru hins vegar u.þ.b. fimm ára þegar þau gera sér grein fyrir því að einhver munur er á dagskrárefni og auglýsingum. Það er hins vegar ekki fyrr en við átta ára aldur að þau hafa þroska til að skilja að auglýsingar eru hlutdrægar og að þeim er ætlað að sannfæra áhorfandann um ágæti vöru eða þjónustu. Enn fremur hafa viðtökurannsóknir sýnt að auglýsingar þar sem þekktar persónur koma fram, t.d. dægurstjörnur, leikbrúður eða teiknimyndapersónur höfða sérstaklega vel til barna. Því hafa slíkar auglýsingar verið bannaðar í ýmsum löndum, þó að auglýsingar sem beint er að börnum séu almennt leyfðar (til dæmis í Danmörku og Bretlandi).

6.2 Auglýsingar í barnatímum.

Í könnun Capacent var skoðað magn auglýsinga í sjónvarpi á fimm tímabilum; vikunni 4. til 10. mars 2007, vikunni 18. til 24. maí 2007, vikunni 15. til 21. desember 2007, vikunni 30. janúar til 5. febrúar 2008 og vikunni 16. til 22. febrúar 2008. Skráð var dagskrá og auglýsingar sem sýndar voru síðustu 10 mínúturnar áður en barnaefni var sent út, auglýsingar sem rufu dagskrá barnaefnis og auglýsingar sem voru sýndar allt að 10 mínútum eftir að barnaefni lauk. Skráðar voru þær auglýsingar þar sem auglýstar voru vörur fyrir börn, auglýsingar þar sem verið var að auglýsa mat og drykk og auglýsingar þar sem verið var að auglýsa sælgæti.

Í könnuninni kom í ljós að sýndar voru 74 auglýsingar í og í kringum útsendingartíma barnaefnis Ríkisútvarpsins og 86 auglýsingar á Stöð 2. Þá kom eftirfarandi í ljós:

Auglýsingar í Ríkisútvarpinu

Flokkuð heildarsamantekt	Samtals	
Skyndibiti/sykraðar mat- og drykkjarv.	35	47,3%
Leikfangaverslanir	32	43,2%
Annað	7	9,5%

Auglýsingar á Stöð 2

Flokkuð heildarsamantekt	Samtals	
Skyndibiti/sykraðar mat- og drykkjarv.	21	24,4%
Leikfangaverslanir	56	65,1%
Annað	9	10,5%

Kostun efnis á Stöð 2

Flokkuð heildarsamantekt	Samtals	
Coca Cola	7	43,8%
McDonalds	6	37,5%

Pepsi Max	9	12,5%
Pizzeria Rizzo	1	6,3%

Könnunin leiddi í ljós að tæplega helmingur auglýsinganna í Ríkisútvarpinu og fjórðungur auglýsinga á Stöð 2 voru auglýsingar þar sem óholl matvara var markaðssett. Þá kom í ljós að fyrirtæki sem kosta efni í og í kringum útsendingartíma barnaefnis á Stöð 2 eru öll að markaðssetja skyndibita og gos. Gera má ráð fyrir að um helmingstekjur Ríkisútvarpsins af auglýsingum í kringum barnatíma og fjórðungshlutur Stöðvar 2 komi frá auglýsendum óhollrar matvöru. Þess ber og að geta að Stöð 2 fær enn fremur kostunarframlag frá slíkum fyrirtækjum.

6.3 Símakönnun á viðhorfi almennings til auglýsinga í kringum útsendingu barnaefnis í sjónvarpi.

Capacent gerði símakönnun fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið þar sem kannað var viðhorf fólks til auglýsinga í kringum útsendingu barnaefnis í sjónvarpi. Einnig var kannað viðhorf fólks til vöruinnsetningar í sjónvarpi. Var könnunin gerð á tímabilinu 18. mars til 1. apríl 2008. Úrtakið var 1.354 manns á öllu landinu, 16–75 ára og handahófsvalið úr þjóðskrá. Svarhlutfall var 61,3%.

Í könnuninni var leitað svara við eftirfarandi spurningum:

1. Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi?
2. Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að banna auglýsingar á ákveðnum vöruflokkum í kringum barnatíma í sjónvarpi?
3. Hverja af eftirtöldum vöruflokkum, ef einhverja, mundir þú vilja að bannað væri að auglýsa í kringum barnatíma í sjónvarpi?
4. Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) sýningum á auglýsingum sem beint er til barna og hvetja til neyslu á hollum matvörum og heilbrigðum lífsháttum?
5. Hver af eftirfarandi fullyrðingum á best við um viðhorf þitt til auglýsinga þar sem þekktar teiknimyndapersónur eða fígúrur eru notaðar til þess að auglýsa vörur og þjónustu?
   a. Mér finnst það eigi að banna allar slíkar auglýsingar.
   b. Mér finnst það eigi að leyfa slíkar auglýsingar ef verið er að auglýsa hollustu.
   c. Mér finnst það eigi að leyfa allar slíkar auglýsingar.
6. Verður þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei fyrir þrýstingi frá barni þínu/börnum þínum um að kaupa vörur sem auglýstar eru í barnatíma í sjónvarpi?
7. Telur þú að sá þrýstingur sem þú verður fyrir frá barni þínu/börnum þínum um að kaupa vörur sem auglýstar eru í barnatíma í sjónvarpi hafi mikil eða lítil áhrif á innkaup fjölskyldunnar?
8. Hver af eftirfarandi fullyrðingum um óbeinar auglýsingar í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum á best við um þig?
   a. Mér finnst það eigi að banna slíkar auglýsingar.
   b. Mér finnst það eigi að leyfa slíkar auglýsingar að því tilskildu að það komi fram í upphafi og lok þáttar eða kvikmyndar hverjir eru að auglýsa óbeint.
   c. Mér finnst það eigi að leyfa slíkar auglýsingar.

Í ljós kom að rúmlega 70% aðspurða voru mjög andvígir eða frekar andvígir því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi. Þá kemur fram að eftir því sem fólk er eldra er það andvígara slíkum auglýsingum. Andstaða við slíkar auglýsingar eykst jafnframt með aukinni menntun fólks. Þá niðurstöðu verður hins vegar að skoða með fyrirvara um að þegar spurt var með sértækari hætti mátti greina breytileika í viðhorfum svo sem nánar verður skýrt hér á eftir.

Í eftirfarandi töflum er myndrænt gerð grein fyrir helstu niðurstöðum.

Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi?

Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi?

Greiningar

	Fjöldi svara	Mjög hlynnt(ur)	Frekar hlynnt(ur)	Hvorki né	Frekar andvíg(ur)	Mjög andvíg(ur)	Meðaltal
Aldur *							
16-24 ára	143	4,9%	25,2%	25,9%	29,4%	14,7%	2,8
25-34 ára	143	5,6%	14,0%	14,7%	26,6%	39,2%	2,2
35-44 ára	167	1,8%	6,0%	12,6%	42,5%	37,1%	1,9
45-54 ára	133	1,5%	6,8%	18,0%	28,6%	45,1%	1,9
55-75 ára	174	1,1%	5,7%	8,0%	33,9%	51,1%	1,7
Fjölskyldutekjur *							
Lægri en 250 þúsund	81		7,4%	11,1%	32,1%	49,4%	1,8
250 til 399 þúsund	120	3,3%	5,8%	15,0%	39,2%	36,7%	2,0
400 til 549 þúsund	163	2,5%	11,7%	12,3%	32,5%	41,1%	2,0
550 til 799 þúsund	131	1,5%	7,6%	16,8%	30,5%	43,5%	1,9
800 þúsund eða hærri	119	5,0%	12,6%	16,8%	33,6%	31,9%	2,3
Menntun *							
Grunnskólapróf	118	5,1%	22,9%	18,6%	26,3%	27,1%	2,5
Grunnskólapróf og viðbót	201	3,0%	9,5%	13,9%	36,8%	36,8%	2,0
Framhaldsskólapróf	233	2,6%	10,3%	18,0%	31,8%	37,3%	2,1
Háskólapróf	206	1,9%	7,3%	11,7%	33,0%	46,1%	1,9
Átt þú börn sem eru yngri en 18 ára? *							
Já	343	2,3%	8,2%	14,3%	36,2%	39,1%	2,0
Nei	417	3,4%	13,7%	16,3%	29,7%	36,9%	2,2

Í könnuninni kom jafnframt í ljós að tæplega 63% þeirra sem voru hlynntir banni við auglýsingum voru hlynnt því að takmarka auglýsingar þar sem ákveðnir vöruflokkar eru auglýstir. Kom í ljós að langflestir vildu banna auglýsingar þar sem sælgæti, skyndibiti, sykraðar mat- og drykkjarvörur og sykrað morgunkorn er auglýst. Aðeins um 40% aðspurðra vildi banna leikfangaauglýsingar. Þá kom í ljós að konur vilja fremur takmarkanir á slíkum auglýsingum auk þess sem eldra fólk er frekar hlynnt slíkum takmörkunum en yngra fólk. Jafnframt virðist menntun hafa áhrif, en þeir sem eru meira menntaðir vilja fremur takmarka ákveðna vöruflokka í auglýsingum. Þá var frekar vilji til þess að takmarka slíkar auglýsingar meðal foreldra barna.

Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að banna auglýsingar á ákveðnum vöruflokkum í kringum barnatíma í sjónvarpi?



Greiningar

	Fjöldi svara	Mjög hlynnt(ur)	Frekar hlynnt(ur)	Hvorki né	Frekar andvíg(ur)	Mjög andvíg(ur)	Meðaltal
Búseta *							
Reykjavík	234	41,0%	27,8%	7,7%	11,1%	12,4%	3,7
Nágrannasv.félög Rvk	220	30,0%	27,3%	9,1%	17,7%	15,9%	3,4
Önnur sveitarfélög	305	37,0%	24,6%	9,5%	15,7%	13,1%	3,6
Fjöldi barna á heimili							
Ekkert	347	37,5%	26,2%	7,8%	13,5%	15,0%	3,6
Eitt	169	35,5%	28,4%	10,1%	15,4%	10,7%	3,6
Tvö	155	36,8%	26,5%	8,4%	16,1%	12,3%	3,6
Þrjú eða fleiri	87	32,2%	21,8%	11,5%	17,2%	17,2%	3,3
Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi? *							
Hlynnt(ur)	102	22,5%	28,4%	8,8%	27,5%	12,7%	3,2
Hvorki né	114	27,2%	28,1%	22,8%	15,8%	6,1%	3,5
Andvíg(ur)	515	41,6%	25,8%	5,2%	11,8%	15,5%	3,7

Hverja af eftirtöldum vöruflokkum, ef einhverja, myndir þú vilja að bannað væri að auglýsa í kringum barnatíma í sjónvarpi?



Svarendur sem sögðust vera hlynntir því að banna auglýsingar í ákv. vöruflokkum í kringum barnatíma í sjónvarpinu voru spurðir þessarar spurningar



Hverja af eftirtöldum vöruflokkum, ef einhverja, myndir þú vilja að bannað væri að auglýsa í kringum barnatíma í sjónvarpi?

Greiningar	Tóku afstöðu	Sælgæti	Skyndi-bita	Sykraðar drykkjarvörur og matvæli	Sykrað morgun-korn	Leikföng	Annað/Engan af þessum vöruflokkum
Kyn							
Karl	234	79,5%	77,8%	76,9%	65,8%	38,0%	5,6%
Kona	235	84,7%	81,7%	76,6%	74,9%	43,0%	4,3%
Aldur							
16-24 ára	75	58,7%	68,0%	54,7%	50,7%	13,3%	10,7%
25-34 ára	89	80,9%	75,3%	74,2%	62,9%	34,8%	6,7%
35-44 ára	113	85,8%	85,0%	77,9%	73,5%	43,4%	1,8%
45-54 ára	84	89,3%	79,8%	85,7%	75,0%	48,8%	3,6%
55-75 ára	108	89,8%	86,1%	86,1%	83,3%	54,6%	3,7%
Búseta							
Reykjavík	161	83,2%	85,7%	78,3%	72,0%	43,5%	5,6%
Nágrannasv.félög Rvk	123	79,7%	78,9%	74,8%	64,2%	31,7%	7,3%
Önnur sveitarfélög	185	82,7%	75,1%	76,8%	73,0%	43,8%	2,7%
Menntun							
Grunnskólapróf	62	72,6%	62,9%	53,2%	53,2%	25,8%	6,5%
Grunnskólapróf og viðbót	115	80,0%	74,8%	77,4%	67,8%	44,3%	7,0%
Framhaldsskólapróf	153	85,0%	80,4%	79,1%	71,2%	39,9%	3,9%
Háskólapróf	137	85,4%	91,2%	84,7%	79,6%	44,5%	2,9%
Fjölskyldutekjur							
Lægri en 250 þúsund	48	89,6%	79,2%	79,2%	77,1%	43,8%	4,2%
250 til 399 þúsund	74	86,5%	81,1%	78,4%	70,3%	47,3%	2,7%
400 til 549 þúsund	109	85,3%	82,6%	82,6%	72,5%	46,8%	0,9%
550 til 799 þúsund	82	81,7%	78,0%	76,8%	69,5%	32,9%	9,8%
800 þúsund eða hærri	75	72,0%	77,3%	69,3%	65,3%	33,3%	9,3%
Átt þú börn sem eru yngri en 18 ára?							
Já	222	88,3%	82,0%	79,7%	75,2%	43,7%	3,2%
Nei	247	76,5%	77,7%	74,1%	66,0%	37,7%	6,5%
Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi?							
Hlynnt(ur)	51	74,5%	62,7%	52,9%	45,1%	21,6%	13,7%
Hvorki né	61	72,1%	80,3%	65,6%	57,4%	21,3%	9,8%
Andvíg(ur)	345	85,5%	83,2%	82,0%	77,4%	47,2%	2,9%

Í ljósi þess að hér á landi eru einnig auglýsingar þar sem áhersla er lögð á hollt mataræði og hreyfingu þótti rétt að kanna hvort aðspurðir vildu algert bann á auglýsingum sem beint væri að börnum eða vildu fremur banna auglýsingar á vörum sem ekki þættu æskilegar fyrir börn. Í könnuninni kom í ljós að mikill meiri hluti fólks, eða 86,6%, er hlynntur eða frekar hlynntur auglýsingum sem beint er að börnum og hvetja til neyslu á hollum matvörum og til heilbrigðra lífshátta. Þá kom í ljós að yngra fólk var frekar hlynnt slíkum auglýsingum auk þess sem sama gilti um fólk utan höfuðborgarsvæðisins.

Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) sýningum á auglýsingum sem beint er til barna og hvetja til neyslu á hollum matvörum og heilbrigðum lífsháttum?

Greiningar

	Fjöldi svara	Mjög hlynnt(ur)	Frekar hlynnt(ur)	Hvorki né	Frekar andvíg(ur)	Mjög andvíg(ur)	Meðaltal
Kyn *							
Karl	399	50,9%	33,6%	4,5%	5,8%	5,3%	4,2
Kona	388	55,9%	32,7%	5,4%	4,4%	1,5%	4,4
Aldur *							
16-24 ára	153	63,4%	25,5%	6,5%	3,9%	0,7%	4,5
25-34 ára	147	61,2%	26,5%	5,4%	4,8%	2,0%	4,4
35-44 ára	170	45,3%	41,2%	3,5%	5,3%	4,7%	4,2
45-54 ára	139	48,2%	35,3%	5,8%	5,0%	5,8%	4,2
55-75 ára	178	50,0%	36,0%	3,9%	6,2%	3,9%	4,2
Búseta *							
Reykjavík	243	52,7%	30,9%	7,8%	5,3%	3,3%	4,2
Nágrannasv.félög Rvk	223	48,0%	36,8%	3,6%	7,2%	4,5%	4,2
Önnur sveitarfélög	321	57,6%	32,4%	3,7%	3,4%	2,8%	4,4

Í ljósi þess að rannsóknir hafa sýnt fram á að auglýsingar þar sem fram koma þekktar persónur (fígúrur eða teiknimyndapersónur) sem höfða sérstaklega til barna eru sérstaklega áhrifamiklar var ákveðið að spyrja um viðhorf fólks til slíkra auglýsinga. Þótti rétt að gera slíkt þar sem auglýsingar af þessu tagi hafa verið bannaðar til dæmis í Danmörku og Bretlandi.

Skemmst er frá því að segja að könnunin leiddi í ljós að mikill meiri hluti aðspurðra, eða 71,8%, taldi að leyfa bæri slíkar auglýsingar ef verið væri að auglýsa hollar neysluvörur. Þá eru karlmenn og yngra fólk fremur hlynnt því að leyfa slíkar auglýsingar en konur og eldra fólk.



Í könnuninni var enn fremur spurt hvort foreldrar sem áttu börn yngri en 18 ára teldu sig verða fyrir þrýstingi frá börnum sínum vegna auglýsinga í kringum útsendingu barnaefnis í sjónvarpi. Um 55% aðspurðra töldu sig sjaldan eða aldrei verða fyrir slíkum þrýstingi, en 45% töldu sig stundum eða oft verða fyrir slíkum þrýstingi.

Þá kom í ljós að fólk með lægstu tekjurnar telur sig verða fyrir minni þrýstingi frá börnum sínum en tekjuhærra fólk. Einnig virðist menntun skipta máli, en þeir sem eru betur menntaðir telja sig frekar verða fyrir þrýstingi en þeir sem minni menntun hafa. Enn fremur virðist fólk sem á fleiri börn verða fyrir meiri þrýstingi en þeir sem eiga aðeins eitt barn.

Verður þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei fyrir þrýstingi frá barni þínu/börnum þínum um að kaupa vörur sem auglýstar eru í barnatíma í sjónvarpi?



Svarendur sem eru með börn yngri en 18 ára á heimilinu voru spurðir þessarar spurningar

Verður þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei fyrir þrýstingi frá barni þínu/börnum þínum um að kaupa vörur sem auglýstar eru í barnatíma í sjónvarpi?

Greiningar	Fjöldi svara	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei
Aldur *					
16-34 ára	101	17%	20%	25%	39%
35-44 ára	145	21%	33%	24%	21%
45-75 ára	85	13%	26%	13%	48%
Fjölskyldutekjur *					
Lægri en 250 þúsund	12	17%	8%	17%	58%
250 til 399 þúsund	47	28%	13%	32%	28%
400 til 549 þúsund	84	18%	25%	23%	35%
550 til 799 þúsund	83	18%	24%	24%	34%
800 þúsund eða hærri	62	15%	44%	13%	29%
Menntun *					
Grunnskólapróf	21	19%	24%	5%	52%
Grunnskólapróf og viðbót	79	16%	20%	20%	43%
Framhaldsskólapróf	101	20%	23%	23%	35%
Háskólapróf	130	17%	35%	24%	24%
Fjöldi barna á heimili *					
Eitt	122	9%	20%	16%	55%
Tvö	128	21%	30%	24%	24%
Þrjú eða fleiri	81	26%	32%	26%	16%
Aldur barna á heimili**					
0-3 ára	112	21%	23%	19%	38%
4-6 ára	97	24%	37%	24%	15%
7-9 ára	108	20%	36%	23%	20%
10-12 ára	91	24%	31%	29%	16%
13-17 ára	149	19%	23%	21%	36%
Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi? *					
Hlynnt(ur)	32	9%	22%	9%	59%
Hvorki né	49	12%	27%	27%	35%
Andvíg(ur)	234	20%	29%	21%	29%

Þrátt fyrir að ýmsir telji sig verða fyrir þrýstingi frá börnum sínum vegna auglýsinga í sjónvarpi telja flestir að slíkur þrýstingur hafi ekki áhrif á innkaup fjölskyldunnar. Niðurstöður urðu á þá leið að 81,2% aðspurðra töldu að slíkur þrýstingur hefði lítil eða frekar lítil áhrif á innkaup fjölskyldunnar. Þá virðist menntun, fjöldi barna á heimili og aldur barna hafa áhrif á svör aðspurðra við þessari spurningu.

Telur þú að sá þrýstingur sem þú verður fyrir frá barni þínu/börnum þínum um að kaupa vörur sem auglýstar eru í barnatíma í sjónvarpi hafi mikil eða lítil áhrif á innkaup fjölskyldunnar?

Greiningar	Fjöldi svara	Mjög lítil	Frekar lítil	Hvorki mikil né lítil	Frekar mikil	Mjög mikil	Meðaltal
Menntun *							
Grunnskólapróf	10	10,0%	60,0%		20,0%	10,0%	3,4
Grunnskólapróf og viðbót	44	36,4%	52,3%	4,5%	4,5%	2,3%	4,2
Framhaldsskólapróf	66	22,7%	51,5%	12,1%	12,1%	1,5%	3,8
Háskólapróf	98	31,6%	52,0%	10,2%	5,1%	1,0%	4,1
Fjöldi barna á heimili							
Eitt	54	29,6%	57,4%	5,6%	5,6%	1,9%	4,1
Tvö	97	32,0%	52,6%	7,2%	7,2%	1,0%	4,1
Þrjú eða fleiri	67	23,9%	47,8%	14,9%	10,4%	3,0%	3,8
Aldur barna á heimili**							
0-3 ára	70	24,3%	42,9%	17,1%	12,9%	2,9%	3,7
4-6 ára	82	30,5%	46,3%	11,0%	9,8%	2,4%	3,9
7-9 ára	85	25,9%	57,6%	9,4%	5,9%	1,2%	4,0
10-12 ára	75	25,3%	56,0%	8,0%	8,0%	2,7%	3,9
13-17 ára	94	29,8%	52,1%	8,5%	7,4%	2,1%	4,0

Loks var spurt um vöruinnsetningu í sjónvarpi. Í ljós kom að aðspurðir eru almennt hlynntir vöruinnsetningu í sjónvarpi og telur um helmingur fólks að leyfa eigi vöruinnsetningu án þess að fram komi hverjir eru að greiða fyrir slíkt. Rúm 32% aðspurðra telja að leyfa eigi vöruinnsetningu ef fram kemur hverjir greiða fyrir hana. Í könnuninni kom og í ljós að eftir því sem fólk er eldra þeim mun andvígara er það vöruinnsetningu. Þá vilja karlar fremur en konur leyfa slíkt. Eftir því sem fólk er tekjuhærra er það jafnframt hlynntara því að leyfa vöruinnsetningu. Þá kemur fram að þeir sem eiga engin börn eru hlynntari banni en þeir sem eiga börn.


Hver af eftirfarandi fullyrðingum um óbeinar auglýsingar í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum á best við um þig?
Mér finnst að það eigi að banna slíkar auglýsingar
17,9%
Mér finnst að það eigi að leyfa slíkar auglýsingar að því tilskyldu að það komi fram í upphafi og lok þáttar eða kvikmyndar hverjir eru að auglýsa óbeint
32,3%
Mér finnst að það eigi að leyfa slíkar auglýsingar
49,8%


Hver af eftirfarandi fullyrðingum um óbeinar auglýsingar í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum á best við um þig?
Greiningar
Fjöldi svara
Banna slíkar auglýsingar
Leyfa augl. en þarf að koma fram hver augl.
Leyfa slíkar auglýsingar
Kyn *
Karl 356 17% 28% 55%
Kona 337 19% 37% 44%
Aldur *
16-24 ára 142 5% 25% 70%
25-34 ára 133 5% 28% 67%
35-44 ára 152 16% 38% 46%
45-54 ára 119 27% 31% 42%
55-75 ára 147 37% 38% 25%
Fjölskyldutekjur *
Lægri en 250 þúsund 69 33% 29% 38%
250 til 399 þúsund 101 25% 43% 33%
400 til 549 þúsund 143 20% 33% 47%
550 til 799 þúsund 123 19% 31% 50%
800 þúsund eða hærri 115 6% 30% 63%
Fjöldi barna á heimili *
Ekkert 312 24% 33% 43%
Eitt 157 16% 32% 52%
Tvö 145 10% 30% 59%
Þrjú eða fleiri 78 12% 33% 55%
Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi? *
Hlynnt(ur) 100 7% 28% 65%
Hvorki né 105 8% 30% 62%
Andvíg(ur) 452 23% 34% 43%
Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að banna augl. á ákv. vöruflokkum í kringum barnatíma í sjónvarpi? *
Hlynnt(ur) 409 19% 36% 45%
Hvorki né 60 10% 23% 67%
Andvíg(ur) 189 19% 30% 52%

6.4 Samantekt.

Kannanirnar sýna að stór hluti auglýsinga og öll kostun í kringum útsendingu barnaefnis í sjónvarpi hér á landi er þess eðlis að auglýstar eru óhollar neysluvörur. Sérstaklega ber að nefna Ríkisútvarpið, en hvorki meira né minna en helmingur allra auglýsinga í kringum útsendingu barnaefnis var þess eðlis.

Könnun Capacent leiddi jafnframt í ljós að mikill meiri hluti aðspurðra er annaðhvort hlynntur eða frekar hlynntur takmörkunum á auglýsingum sem beint er að börnum. Þá vildi fólk fremur takmarka auglýsingar þar sem markaðssettar eru óhollar neysluvörur. Í könnuninni kom jafnframt fram að mikill meiri hluti fólks er fylgjandi vöruinnsetningu í sjónvarpi.

VII.

Sjónarmið tengd eignarhaldi á fjölmiðlum og gagnsæi þess.

Í þeirri miklu umræðu sem farið hefur fram um fjölmiðla í samfélaginu fyrstu ár þessarar aldar er óhætt að fullyrða að eignarhald þeirra og upplýsingar um það eignarhald og mögulegar takmarkanir þar á, sem settar yrðu með lögum, hafi verið langfyrirferðarmestar. Þannig var eignarhaldið í brennidepli á vettvangi beggja fjölmiðlanefndanna sem störfuðu á árunum 2004 og 2005, svo mjög að oft skyggði sú umræða algjörlega á aðrar tillögur sem fram komu á þeim vettvangi. Fjölmiðlanefnd sú sem skilaði tillögum sínum vorið 2005 setti fram ákveðnar tillögur um eignarhald á fjölmiðlum og mögulegar takmarkanir þar á, sem og tillögur um reglur um gagnsæi eignarhalds fjölmiðla. Í frumvarpi því sem lagt var fram í tvígang árið 2006 höfðu tillögur þessar verið færðar í frumvarpsbúning en urðu aldrei að lögum. Því má með nokkrum sanni segja að málið hafi aldrei verið leitt til lykta. Í ljósi þess sem og þeirrar áherslu sem það hefur sætt í allri umræðu hefur því verið sérstakur gaumur gefinn í því starfi sem liggur frumvarpi þessu til grundvallar og þær tillögur gerðar sem nú verður nánar vikið að.

7.1 Gagnsæi eignarhalds fjölmiðla.

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni að settar yrðu reglur sem tryggðu gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum. Í skýrslu nefndarinnar sagði m.a. svo:

„Nefndin telur rétt að setja reglur um gagnsæi í eignarhaldi á öllum hefðbundnum ljósvaka- og prentmiðlum. Tilkynningarskylda um eignarhald og breytingar á því mundi þannig ná jafnt til ljósvaka- og prentmiðla þó að aðeins ljósvakamiðlar séu leyfisskyldir samkvæmt núgildandi lögum. Nefndin telur til framtíðar litið að reglur af þessum toga ættu að gilda um netmiðla, a.m.k. þá sem eru ígildi fjölmiðla. Í ljósi þeirrar vinnu, sem nú á sér stað á öðrum vettvangi, bæði hér heima og erlendis, telur nefndin þó á þessu stigi ekki forsendur til þess að gera beinar tillögur þar að lútandi. Reglur um gagnsæi eignarhalds auðvelda almenningi að fá upplýsingar um eigendur einstakra miðla og hversu mikilla hagsmuna þeir eiga að gæta í miðlunum. Gagnsæi í eignarhaldi er nauðsynlegt til að almenningur geti tekið afstöðu til ritstjórnarstefnu og efnis miðlanna. Við lagasetningu þyrfti að veita því stjórnvaldi, sem fara mun með fjölmiðlamál, heimildir til að beita dagsektum og/eða leyfissviptingu séu ekki veittar lögboðnar upplýsingar um eignarhald.“

Framangreindar tillögur fjölmiðlanefndarinnar fólu a.m.k. í sér fimm megintillögur:

Í fyrsta lagi að reglur um gagnsæi í eignarhaldi á fjölmiðlum nái jafnt til útvarpsstöðva sem dagblaða en ekki netmiðla að svo stöddu.

Í öðru lagi að almenningur eigi greiðan aðgang að upplýsingum um hverjir eigi fjölmiðla á hverjum tíma.

Í þriðja lagi að gagnsæi í eignarhaldi sé nauðsynlegt til að almenningur geti tekið afstöðu til annars vegar ritstjórnarstefnu/dagskrárstefnu og efni miðlanna hins vegar eins og það birtist almenningi.

Í fjórða lagi að tilkynningarskylda eigi að gilda um eignarhald og breytingar á því.

Í fimmta lagi að stjórnvöld fái heimild til að leggja á dagsektir eða svipta leyfi séu tilkynningar vanræktar.

Tillögur þessar voru síðan færðar í frumvarpsbúning í fyrrnefndum frumvörpum frá árinu 2006 og birtast á ný í svipaðri mynd í frumvarpi þessu. Sú breyting hefur þó orðið á að allir miðlar, þ.m.t. netmiðlar falla undir gildissvið reglunnar, enda gerði nefndin ráð fyrir þeirri tilhögun þegar til lengri tíma væri litið. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar í IV. kafla frumvarpsins, einkum 21. og 22. gr.

7.2 Eignarhald á fjölmiðlum og mögulegar takmarkanir þar á.

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni frá vorinu 2005 að eignarhald á fjölmiðlum sem náð hefðu ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði yrði bundið takmörkunum með þeim hætti að aðilum yrðu sett hófleg takmörk um heimilan eignarhlut. Vegna mikilvægis þeirrar þverpólitísku og faglegu niðurstöðu sem varð er nauðsynlegt að gera nokkuð ítarlega grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar hvað þetta varðar. Í skýrslu hennar sagði m.a. svo:

„Það er álit nefndarinnar að rétt sé að setja eignarhaldi skorður enda séu þær málefnalegar, almennar og meðalhófs gætt. Við mat hér að lútandi hefur nefndin m.a. haft eftirfarandi þætti í huga. Evrópuráðið hefur lagt fram þau tilmæli til aðildarríkjanna að huga að því að setja í lög reglur til að hamla gegn samþjöppun sem gæti stefnt markmiðinu um fjölbreytni fjölmiðla í hættu. Mælt er með því að ríki skoði möguleika á því að afmarkaðir verði í lögum, við úthlutun leyfa eða aðra lagaframkvæmd, þröskuldar til að takmarka áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa getur haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðlunar. Einnig megi huga að því að setja takmörk á hlutafjáreign einstakra aðila í fjölmiðlafyrirtækjum. Séu slíkar takmarkanir settar skuli hafa í huga stærð fjölmiðlamarkaðarins í viðkomandi landi og fjárhagslegt bolmagn hans. Þannig verði fyrirtækjum, sem náð hafa leyfilegri hámarksstærð á tilteknum markaði, ekki úthlutað frekari leyfum til að senda út á þeim markaði. Einnig beinir Evrópuráðið þeim tilmælum til aðildarríkjanna að þau meti þörfina á því að setja sérstakar reglur um lóðrétta samþjöppun, þ.e. þegar sami aðili hefur með höndum framleiðslu, útsendingu, dreifingu og aðra þætti fjölmiðlunar.

Svo sem ítarlega er rakið hér að framan einkennist fjölmiðlamarkaðurinn hér á landi, eins og víða erlendis, af verulegri samþjöppun á eignarhaldi. Slík samþjöppun er áhyggjuefni fyrir neytendur/almenning í ljósi þess að fjölmiðlar gegna margs konar hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi enda er gjarnan talað um fjölmiðla sem „fjórða valdið“. Þeir upplýsa, fræða og móta skoðanir almennings. Þeir skemmta, eru vettvangur fyrir auglýsingar og tilkynningar og farvegur fyrir skoðanir stjórnvalda, hagsmunahópa og almennings. Fjölmiðlar hafa það hlutverk að veita aðhald þeim sem fara með pólitískt og efnahagslegt vald á hverjum tíma. Í ljósi þessa verður að stuðla að fjölræði á markaðnum með það að markmiði að tryggja menningarlega og stjórnmálalega fjölbreytni. Svo sem nánar er rakið hér fyrr í skýrslunni er það nokkuð óumdeilt sérfræðilegt mat að úrræði hins hefðbundna samkeppnisréttar nægi ekki ein og sér til þess að sporna við neikvæðum áhrifum samþjöppunar og samráðs fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði. Þær tillögur, sem reifaðar eru hér í framhaldinu, verður því að skoða sem viðbót eða „framlengingu“ við hin hefðbundnu úrræði samkeppnisréttarins. Í einhverjum tilvikum má

á hinn bóginn sjá þann möguleika fyrir að til beitingar hefðbundinna samkeppnisréttarlegra úrræða komi í tilvikum sem þessar tillögur ná ekki sérstaklega til.

Skoðaðar hafa verið ýmsar leiðir sem farnar hafa verið í nokkrum samanburðarlöndum. Hefur nefndin fjallað um kosti og galla þessara leiða. Staðreyndin er hins vegar sú að þessi ríki hafa farið mjög svo mismunandi leiðir að framangreindu markmiði. Að hinni samevrópsku löggjöf slepptri er tæplega ofsagt að löggjöf einstakra þjóðríkja sé í hverju tilviki klæðskerasaumuð fyrir ólík samfélög og markaði. Við mat á þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða fyrir eignarhaldi, verður jafnframt að gæta að því að ekki má ganga of hart fram gagnvart þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem haslað hafa sér völl á þeim viðkvæma markaði sem hinn íslenski fjölmiðlamarkaður er. Reglur af þessum toga mega heldur ekki leggja stein í götu nýrra aðila á fjölmiðlamarkaði. Þannig verður að feta hið vandrataða einstigi milli þess að tryggja fjölbreytni og fjölræði annars vegar og hins vegar þess að fjárfestar, einstaklingar og fyrirtæki sjái sér hag í því að fjárfesta á fjölmiðlamarkaði. Að öðrum kosti gætu takmarkanir snúist upp í andhverfu sína og unnið gegn því markmiði að almenningur, neytendur, eigi aðgang að fjölbreyttum fjölmiðlum.

Vegna þeirra breytinga, sem eru að verða á fjölmiðlum í stafrænu umhverfi, telur nefndin ekki rétt að banna eignatengsl milli dagblaða og ljósvakamiðla. Ástæðan er sú að prentmiðlar eru í ríkara mæli farnir að skilgreina sig sem upplýsingaveitur vegna þeirra samlegðaráhrifa sem felast í samvinnu prent- og ljósvakamiðla í margmiðlunarumhverfi. Í margmiðlunarumhverfi verður í auknum mæli hægt að bjóða texta og myndir á ólíku formi og skapast þá nýir möguleikar fyrir prentmiðlana að stækka og eflast þó að hefðbundinn dagblaðalestur dragist saman. Það er því nauðsynlegt að gefa prentmiðlum svigrúm til framþróunar í breyttu umhverfi.

Nefndin leggur til að almennar takmarkanir verði settar á eignarhald ljósvaka- og prentmiðla sem starfa hér á landi, þó þannig að takmörkunin nái aðeins til fjölmiðla sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu og þar með ákveðnu áhrifavaldi. Þá telur nefndin ástæðu til að binda takmarkanirnar eingöngu við dagblöð af prentmiðlum. Nefndin telur jafnframt ákjósanlegt að mögulegar reglur um eignarhald séu einfaldar og skýrar.

Það er niðurstaða nefndarinnar að ekki sé rétt að gera sérstakan greinarmun á aðilum eftir tengslum þeirra við aðrar atvinnugreinar heldur skuli reglurnar vera almennar og gilda jafnt fyrir alla. Nefndin gerir því tillögur um að eignarhald á fjölmiðlum fari að hafa áhrif ef annað tveggja eða hvort tveggja á við:

- Fjölmiðill hefur ákveðna útbreiðslu, þ.e. þriðjungur af mannfjölda notfærir sér miðilinn að jafnaði á degi hverjum.
- Markaðshlutdeild fjölmiðilsins fer yfir þriðjung af heildarupplagi, heildaráhorfi eða heildarhlustun á hverjum fjölmiðlamarkaði um sig.

Nefndin leggur enn fremur til að takmörkun þessi verði útfærð með þeim hætti að eigi aðili eða skyldir aðilar fleiri en einn fjölmiðil á sama markaði, þ.e. hljóðvarps-, sjónvarps- eða dagblaðamarkaði, þá skuli leggja saman útbreiðslu eða markaðshlutdeild viðkomandi fjölmiðla við framangreint mat. Hins vegar telur nefndin að ekki séu efni til þess að láta það hafa áhrif á þetta mat þótt aðili eigi fjölmiðil á fleiri mörkuðum, þ.e. fleiri en einnar gerðar (sbr. t.d. löggjöf í Noregi). Það mat nefndarinnar helgast af sérstöðu og smæð hins íslenska fjölmiðlamarkaðar. Er þá frekar talin ástæða til þess að hafa hinn almenna áhorfsþröskuld nokkuð lægri en ella. Við ákvörðun þess hvar framangreind mörk liggja er þess að gæta að sambærileg viðmið finnast í löggjöf einstakra ríkja svo sem nánar er fjallað um í 6. kafla. Það er þó alls ekki einhlítt hver þau mörk eru í prósentum talið í hverju landi fyrir sig. Að virtu

heildarmati og teknu tilliti til þeirra séraðstæðna, sem hér eru fyrir hendi, þykir nefndinni meðalhófs gætt með framangreindum mörkum.

Við mat á útbreiðslu og markaðshlutdeild skal miða við kannanir sem standast ákveðnar faglegar kröfur og viðurkenndar verða af því stjórnvaldi sem með fjölmiðlamál mun fara, og upplagstölur og aðrar upplýsingar sem rekstraraðilum verður gert skylt að láta stjórnvaldinu í té.

Hér að framan hefur verið komist að niðurstöðu um það hversu mikla útbreiðslu fjölmiðill hafi til þess að eignarhald verði talið hafa þýðingu. Nú verður hins vegar horft til þess með hvaða hætti setja beri eignarhaldi skorður hafi verið farið yfir framangreind mörk útbreiðslu/markaðshlutdeildar.

Við ákvörðun þess hvar mörk af framangreindum toga eigi að liggja er til margs að líta. Í því sambandi horfir nefndin öðru fremur til þess að enginn einn aðili eða tengdir aðilar geti átt ráðandi hlut í fjölmiðli sem náð hefur framangreindri útbreiðslu/markaðshlutdeild. Ein leið til þess að ákvarða ráðandi hlut í fjölmiðli væri sú að ætla stjórnvaldi því sem með fjölmiðlamál mun fara mat þessa hverju sinni. Nefndin telur þó heppilegra og gegnsærra að fastsetja þessi mörk í lögum og telur að öllu virtu sé hóflega farið fram með því að leggja til að eignarmörk verði með þeim hætti að eignarhald framangreindra aðila og skyldra aðila verði aldrei meira en 25 % í slíkum fyrirtækjum.

Með því að útfæra tillögurnar með þessum hætti telur nefndin að stuðlað sé að fjölræði og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði þó þannig að fjölmiðlafyrirtækin geti stækkað og nýtt sér hagkvæmni stærðarinnar en jafnframt gefið gott svigrúm til nýliðunar.

Þó að ljósvakamiðlar verði einungis leyfisskyldir munu takmarkanir á eignarhaldi þó engu að síður einnig ná til dagblaða sem falla undir framangreindar skilgreiningar.

Aðstaðan er að öðru leyti mismunandi í tilviki prentmiðla annars vegar og ljósvakamiðla hins vegar. Viðkomandi stjórnvöld munu geta haft áhrif og eftirlit og eftir atvikum gripið inn í ef farið er yfir leyfileg mörk eignarhalds á ljósvakamiðlum á grundvelli lögbundinna og tímabundinna leyfisveitinga. Annað gildir um prentmiðla sem ekki er gert ráð fyrir að verði leyfisskyldir. Í tilviki þeirra er hins vegar gert ráð fyrir því að viðkomandi stjórnvald geti beitt dagsektum auk þess sem brot á lagafyrirmælum kynnu að varða refsingu.

Í ljósi tilhneigingar til lóðrétts eignarhalds, áréttar nefndin að framangreindar reglur um eignarhald setja dreififyrirtækjum sömu skorður og öðrum eigendum á fjölmiðlum og útheimta þá ekki sérstakar eignarréttarlegar aðgerðir vegna hins lóðrétta eignarhalds.

Svo sem fyrr segir er gert ráð fyrir að eignarhald í framangreinda veru verði eitt þeirra skilyrða sem sett séu fyrir veitingu útvarpsleyfis, sbr. nú 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000. Staða þeirra aðila, sem við gildistöku slíkrar löggjafar hafa gilt útvarpsleyfi, er sjálfstætt athugunarefni. Til greina kæmi að við útgáfu nýrra leyfa yrðu skilyrði í þessa veru tekin upp en eldri leyfi héldu gildi sínu óbreytt. Slíkt mundi óhjákvæmilega leiða til misræmis og aðstöðumunar þeirra aðila sem hefðu nýlega fengið útgefið leyfi og þeirra sem væru með leyfi sem skammur tími væri eftir af. Nefndin leggur því til að öllum aðilum í þeim fjölmiðlarekstri sem takmarkanir þessa kafla munu taka til, jafnt prentmiðlum sem ljósvakamiðlum, verði veittur sambærilegur aðlögunartími þannig að tveimur árum liðnum frá gildistöku laga yrðu aðilar að hafa aðlagað sig hinni nýju löggjöf.“

Framangreindar tillögur fjölmiðlanefndarinnar fólu a.m.k. í sér fjórar megintillögur:

- Einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar mega ekki eiga meira en 25% eignarhlut í fjölmiðli, þ.e. útvarpsstöð eða dagblaði, hafi hann náð þriðjungs markaðshlutdeild í áhorfi/lestri eða útbreiðslu.

- Eigi aðili eða skyldir aðilar fleiri en einn fjölmiðil á sama markaði, þ.e. hljóðvarps-, sjónvarps- eða dagblaðamarkaði, skal leggja saman útbreiðslu eða markaðshlutdeild viðkomandi fjölmiðla við framangreint mat.
- Við mat á útbreiðslu og markaðshlutdeild skal miða við kannanir sem standast ákveðnar faglegar kröfur og viðurkenndar verða af því stjórnvaldi sem með fjölmiðlamál mun fara.
- Ekki má veita umsækjanda útvarpsleyfi ef eignarhald á honum er ekki í samræmi við framangreindar reglur.

Mikilvægi framangreindra tillagna er ótvírætt og í meginatriðum eiga sömu sjónarmið við nú, næstum hálfum áratug síðar. Að tvennu þýðingarmiklu er þó að huga í þessu sambandi. Annars vegar hafa á þessum tíma átt sér stað heilmiklar eignatilfærslur sem leiða til þess að landslagið er ekki það sama nú og árið 2005 þó svo að ljóst sé að samþjöppun eignarhalds sé áfram viðvarandi vandamál á íslenskum fjölmiðlamarkaði, sbr. ítarlega úttekt þar að lútandi í fylgiskjali I með frumvarpi þessu. Hins vegar hefur sú þróun orðið frá þessum tíma að vægi nýrra miðlunarleiða í fjölmiðlun hefur aukist hröðum skrefum. Þar má nefna þátt netsins og netmiðlanna og svo á hinn bóginn hljóð- og myndmiðlun eftir pöntun. Tillögur fjölmiðlanefndarinnar gerðu aftur á móti ráð fyrir því að eignarhaldstakmarkanirnar næðu aðeins til hefðbundinna prentmiðla og ljósvakamiðla. Sú heimsmynd á ekki fyllilega við lengur. Það er erfitt að rökstyðja það nú af hverju hefðbundnir fjölmiðlar ættu einir að sæta takmörkunum af þessum toga. Miðað við aðferðafræði fjölmiðlanefndarinnar mundi ný nálgun við þetta viðfangsefni kalla á afmörkun a.m.k. sex ólíkra markaða fjölmiðlunar, þ.e. hefðbundinna prentmiðla, rafrænna ritmiðla (netmiðla), línulegrar myndmiðlunar, myndmiðlunar eftir pöntun, línulegrar hljóðmiðlunar og hljóðmiðlunar eftir pöntun. Tillögur fjölmiðlanefndarinnar gerðu þar að auki ráð fyrir því að eignarhald fjölmiðla á einstökum mörkuðum hefðu aðeins áhrif innan hans en ekki á aðra markaði fjölmiðla. Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á allra síðustu árum er áhorfsmál hvort slík nálgun á við lengur. Þá er ljóst að þær aðferðir sem lagðar voru til við mælingu markaðshlutdeildar eiga t.d. ekki við um myndmiðlun eftir pöntun og netmiðla.

Að öllu þessu virtu og þrátt fyrir að ýmsar meginforsendur fjölmiðlanefndar hvað eignarhald varðar séu enn í fullu gildi er það allt að einu metið svo að þörf sé gagngerrar endurskoðunar á þörf eignarhaldstakmarkana og mögulegri útfærslu þeirra, sé á þeim þörf. Í sögulegu ljósi ætti enginn vafi að leika á því að mikilvægt er að sem mest samstaða, ekki síst pólitísk, náist um slíkt. Er tilurð, starf og niðurstöður hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar frá árinu 2005 skýrt fordæmi um það, ekki síst í ljósi þess ófriðar sem staðið hafði um málaflokkinn missirin þar á undan. Því hefur verið afráðið að í stað þess að gerðar séu beinar efnislegar tillögur um nýja útfærslu eignarhaldstakmarkana verði þverpólitískri og faglegri nefnd ætlað að meta þörfina á eignarhaldstakmörkunum og útfærslu þeirra, sé þeirra þörf. Er gert ráð fyrir þessari nefndarskipan í bráðabirgðaákvæði IV í frumvarpinu og vísast nánar um starfsemi og tímamörk hennar til þess ákvæðis, en þó vakin athygli á því að henni er ætlaður skammur tími til að skila tillögum. Með þessu er að því stefnt að skapa sem mesta sátt um frumvarp þetta og þá mögulegu tilhögun eignarhaldstakmarkana sem kann að leiða af starfi umræddrar nefndar.

VIII.

Markmið frumvarps þessa, helstu efnisatriði, breytingar og nýmæli.

Svo sem áður hefur komið fram liggja fjölþættar ástæður að baki því að lagt er í þá gagngeru endurskoðun á löggjöf á þessu sviði sem stefnt er að með frumvarpi þessu. Í því sambandi má nefna breytingar þær sem leiðir af hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni, örar tækniframfarir, þörf endurnýjaðra reglna um prentmiðla, tilkomu netsins, grundvallarbreytingar á samsetningu og gerð íslensks fjölmiðlamarkaðar og samræmdar reglur um ábyrgð þeirra sem fjölmiðla reka og hjá þeim starfa, sem og nauðsyn á heildstæðu regluverki um starfsumhverfi þeirra sem á þessum vettvangi starfa. Þannig má segja að markmiðið með frumvarpinu sé að mæta framangreindum breytingum með samræmdri löggjöf á þessum vettvangi auk þess sem því er ætlað að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun sem og að efla vernd neytenda á því sviði.

Hér að framan og í fylgiskjali I er gerð ítarleg grein fyrir þeirri þróun sem hefur orðið á þessum vettvangi bæði hér á landi og annars staðar í Evrópu. Ekki er ástæða til að endurtaka það sem þar kemur fram en hér á eftir verður gerð grein fyrir öðrum þeim nýmælum sem frumvarp þetta hefur að geyma.

Líkt og ráða má af því sem fram hefur komið er skipan frumvarpsins í einstaka kafla með svofelldum hætti:

I. Markmið og skilgreiningar.
II. Gildissvið og lögsaga.
III. Stjórnsýsla.
IV. Skráning fjölmiðla, leyfi til hljóð- og myndmiðlunar, gagnsæi, upplýsingagjöf o.fl.
V. Réttindi og skyldur fjölmiðlaþjónustuveitenda.
VI. Viðskiptaorðsendingar og fjarkaup.
VII. Reglur um flutning myndefnis.
VIII. Takmörkun á einkaréttindum yfir myndefni.
IX. Ábyrgð, viðurlög, fullnusta o.fl.
X. Ýmis ákvæði.
XI. Gildistaka o.fl.

Helstu nýmæli eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi ber að nefna þá mikilsverðu breytingu að frumvarpinu er ætlað að taka til fjölmiðla og fjölmiðlunar í víðtækri merkingu, svo sem slík starfsemi er skilgreind í 2. gr. frumvarpsins. Gildandi lög taka einungis til útsendinga hljóðvarps og sjónvarps í þrengri skilningi annars vegar (útvarpslög) og hefðbundinna prentmiðla hins vegar (lög um prentrétt), en engin sérlög taka á hinn bóginn til annarra miðla. Þannig er frumvarpinu ætlað að gilda um allt efni sem miðlað er af þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum er lúta ritstjórn og heyra undir lögsögu íslenska ríkisins. Þeir miðlar sem undir lögin heyra eru því m.a. dagblöð og tímarit, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar. Ekki getur þó verið um tæmandi talningu að ræða, ekki síst í ljósi þeirrar öru þróunar sem er á þessu sviði og því mikilvægt þegar til framtíðar er litið að einstök miðlunarform verði mátuð við skilgreiningu laganna fremur en að í upphafi sé reynt að ná þar utan um með tæmandi hætti.

Í öðru lagi er í frumvarpinu í fyrsta sinn tekið upp sérstakt markmiðsákvæði sem hefur að geyma almenna yfirlýsingu um tilgang og markmið frumvarpsins.

Í þriðja lagi er skilgreiningum fjölgað verulega frá gildandi lögum og leitast við að skilgreina og skýra öll þau sértæku hugtök sem frumvarpið hefur að geyma sem mörg hver eiga rætur að rekja til tilskipana ESB á þessum vettvangi. Þannig er stefnt að því að taka upp

nokkur ný grundvallarhugtök sem leiðir af rýmkuðu og breyttu gildissviði frumvarpsins. Er nauðsynlegt að gera hér nokkra grein fyrir þeim helstu og raunar afar mikilvægt að þau verði sem fyrst töm öllum þeim sem á grundvelli löggjafarinnar starfa og með hana sýsla. Hugtakið ábyrgðarmaður er nýtt af nálinni en það hugtak nær til þeirra einstaklinga sem fara með yfirstjórn fjölmiðlaþjónustuveitanda. Efnisstjóri nefnist síðan sá starfsmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda sem ber ábyrgð á efnisvali hverju sinni og ákvarðar hvernig það skuli skipulagt, t.d. ritstjóri, dagskrárstjóri, fréttastjóri og aðrir sambærilegir stjórnendur. Þá er þýðingarmikið að geta þess að hugtakið fjölmiðill er nú skilgreint í fyrsta sinn að íslenskum lögum en hugtakið tekur til hvers konar miðla sem með reglubundnum hætti miðla til almennings efni er lýtur ritstjórn. Þessu tengt eru síðan skilgreind hugtökin fjölmiðlaþjónusta sem er sú þjónusta sem fjölmiðlar veita og fjölmiðlaþjónustuveitandi sem er einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir fjölmiðil. Flutningsreglur eru síðan reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu á myndefni. Þá er hugtakið hljóðmiðlun skilgreint en það tekur annars vegar til hefðbundins hljóðvarps (línulegrar dagskrár) og hins vegar til hlaðvarps eða annars konar hljóðmiðlunar eftir pöntun (ólínulegrar hljóðmiðlunar). Með sama hætti getur myndmiðlun verið með tvennum hætti, annars vegar hefðbundin sjónvarpsútsending (línuleg dagskrá) og hins vegar myndmiðlun eftir pöntun (ólínuleg myndmiðlun). Hugtakið ritmiðlun nær síðan til þeirrar þjónustu sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður og er annars vegar miðlun ritefnis á prentuðu eða öðru sambærilegu formi (prentmiðlar) og hins vegar miðlun ritefnis með rafrænum hætti (rafrænn ritmiðill), þ.e. fjölmiðlun á netinu í formi netmiðla o.s.frv. Þá felur hugtakið ritstjórn í sér stjórn á vali og skipan þess efnis sem miðlað er. Þá þarf sérstaklega að gera grein fyrir nýjum og breyttum hugtökum á því sviði sem til skamms tíma hefur fallið í heild undir svið auglýsinga. Hin hefðbundna skilgreining hugtaksins auglýsing nær hins vegar ekki lengur til allra þeirra aðferða sem notaðar eru til að koma viðskiptaskilaboðum til skila til neytenda. Eiga ný hugtök á þessum vettvangi, sem flest eiga rætur sínar að rekja til hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar, eftir að vinna sér þegnrétt í málinu. Grundvallarhugtök á þessu sviði verða annars vegar fjarkaup og hins vegar viðskiptaorðsendingar. Með hugtakinu viðskiptaorðsending er átt við texta, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaorðsendinga teljast m.a. hefðbundnar auglýsingar, kostun og vöruinnsetning. Undir hugtakið falla jafnframt önnur form auglýsinga, svo sem skjáskipt auglýsing og sýndarauglýsing. Um nýja hugtakanotkun vísast að öðru leyti til 2. gr. frumvarpsins og ítarlegra skýringa við hana.

Í fjórða lagi koma til skoðunar ákvæði laganna um lögsögu. Þau taka fyrst og fremst mið af myndmiðlum í samræmi við fyrirmæli þar að lútandi af vettvangi hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Um lögsögu fjölmiðla almennt vísast til gildissviðs ákvæðis 3. gr. frumvarpsins, en um lögsögu myndmiðla vísast sérstaklega til ákvæða 4.–6. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til að reglur um lögsögu verði einfaldaðar frá því sem er þó svo að meginreglan um staðfestu sé enn hin sama. Þá eru gerðar breytingar á því hvenær fjölmiðlaþjónustuveitandi sem hvorki hefur staðfestu hér á landi né í öðru EES-ríki telst heyra undir lögsögu íslenska ríkisins. Enn fremur er tekið upp ákvæði sem gerir fyrirhuguðu stjórnvaldi á þessu sviði, fjölmiðlanefnd, undir ákveðnum kringumstæðum, kleift að grípa til ráðstafana gagnvart fjölmiðlaþjónustuveitendum sem heyra undir lögsögu annarra EES-ríkja en senda efni sitt út hér á landi.

Í fimmta lagi er með frumvarpinu lagt til að gerð verði grundvallarbreyting á stjórnsýslu á þessum vettvangi. Helgast þær tillögur af nokkrum þýðingarmiklum ástæðum. Í fyrsta lagi gerir hljóð- og myndmiðlunartilskipunin beinlínis ráð fyrir því að til staðar sé sjálfstæður og óháður eftirlitsaðili sem framfylgi ákvæðum hennar og annist nauðsynleg samskipti við sambærilega aðila í öðrum aðildarríkjum EES. Í öðru lagi felur lögleiðing ákvæða tilskipunarinnar í sér brýna þörf á tilkomu slíks eftirlitsaðila með hliðsjón af hinu rýmkaða gildissviði og umfangi þeirra verkefna sem af tilskipuninni leiðir. Í þriðja lagi er nú þegar rík þörf að landsrétti fyrir tilvist slíks eftirlitsaðila og m.a. ljóst að útvarpsréttarnefnd í núverandi mynd annar ekki þeim verkefnum sem henni eru ætluð að gildandi útvarpslögum, m.a. þeim verkefnum sem leiðir af skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum. Er nú svo komið að öll aðildarríki EES-samningsins að Íslandi og Lúxemborg undanskildum hafa komið á fót sambærilegum eftirlitsaðilum. Eigi Ísland ekki að dragast enn frekar aftur úr í alþjóðlegu samstarfi á þessum vettvangi er nauðsynlegt að ákvæði frumvarps þessa um skipan fjölmiðlanefndar og breytta stjórnsýslu verði í lög leidd. Í III. kafla frumvarpsins er þannig kveðið á um skipan og starfsemi fjölmiðlanefndar . Starfssvið hennar verður fjölþætt og í mikilvægum atriðum breytt frá því sem nú gildir um útvarpsréttarnefnd ekki síst af þeirri ástæðu að starfssviði fjölmiðlanefndar verður að ná utan um alla fjölmiðla í landinu, hverju nafni sem þeir nefnast.

Í sjötta lagi er í IV. kafla frumvarpsins lagt til að öll fjölmiðlaþjónusta sem heyrir undir lögsögu íslenska ríkisins sé skráningarskyld til fjölmiðlanefndar í því skyni að auðvelda henni að rækja starf sitt. Þess utan er viðhaldið reglum um leyfisskyldu þeirrar hljóð- og myndmiðlunar sem útheimtir tíðniúthlutun. Þá er það nýmæli tekið upp að fjölmiðlaþjónustuveitendur eru á hverjum tíma skyldir til upplýsingagjafar um eignarhald. Er með því lagt til að leidd verði í lög sú tillaga síðari fjölmiðlanefndar að upplýsingar um eignarhald fjölmiðlafyrirtækja á hverjum tíma séu almenningi ávallt aðgengilegar.

Í sjöunda lagi er í V. kafla frumvarpsins fjallað um réttindi og skyldur fjölmiðlaþjónustuveitenda. Sum af ákvæðum kaflans eru efnislega samhljóða ákvæðum IV. kafla gildandi útvarpslaga með þeim breytingum þó sem leiðir af rýmkuðu og breyttu gildissviði. Í kaflanum er þó einnig að finna fjölmörg nýmæli og ber í því sambandi að nefna reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði, vernd heimildarmanna, aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni og bann við hatursáróðri. Þá hefur verið aukið verulega við reglur um rétt til andsvara og vernd barna gegn skaðlegu efni og þær skerptar frá því sem nú er. Mörg hver eiga þessi nýmæli rætur að rekja til hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Ákvæðum kaflans er þó í heild og eftir því sem við á ætlað að taka til allra gerða fjölmiðla enda eðlilegt að samræmdar reglur gilda þar um svo sem frekast er kostur og önnur tilhögun raunar vart samrýmanleg jafnræðiskröfum.

Í áttunda lagi er í VI. kafla lagður grunnur að samræmdum reglum um öll form kynningar á vörum og þjónustu í víðtækasta skilningi. Hið hefðbundna hugtak auglýsing nær ekki lengur til allra þeirra aðferða þannig að við tekur nýtt heildarhugtak viðskiptaorðsendingar. Hugtakinu viðskiptaorðsendingu er ætlað að ná yfir texta, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaorðsendinga teljast því m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning.

Til þessa hafa sérstök lagafyrirmæli ekki gilt á þessum vettvangi um aðra fjölmiðla en þá sem falla undir útvarpslög. Á því er ekki lögð til grundvallarbreyting að öðru leyti en því að í 37. og 38. gr. frumvarpsins er ráðgert að nokkrar meginreglur gildi hvað þetta varðar um

alla tegundir fjölmiðla. Lagt er til það nýmæli að óheimilt verði að hvetja börn til neyslu á óhollum matvælum og drykkjarvörum svo sem nánar er útlistað í frumvarpinu. Þá er jafnframt lagt til að viðskiptaorðsendingar sem hvetja til kaupa á tóbaki, áfengi og happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur tilskilin leyfi ásamt lyfseðilsskyldum lyfjum verði bannaðar í öllum fjölmiðlum. Er lagt til að sá háttur verði hafður á, enda ná viðskiptaorðsendingar samkvæmt skilgreiningu í frumvarpi þessu til mun víðtækari markaðssetningar er þau sérlög þar sem bannákvæði þessi er að finna. Að öðru leyti eru reglur kaflans sniðnar að hljóð- og myndefni. Ákvæði frumvarpsins um vöruinnsetningu í hljóð- og myndefni fela í sér nýmæli en ekkert er um þá tegund viðskiptaorðsendinga fjallað í gildandi útvarpslögum. Samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er vöruinnsetning að meginstefnu bönnuð en aðildarríkjunum þó frjálst að heimila hana að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Með frumvarpinu er lagt til að vöruinnsetning verði heimiluð einkareknum fjölmiðlaþjónustuveitendum með ákveðnum skilyrðum og þannig aukið við möguleika þeirra til tekjuöflunar. Að sama skapi gerir frumvarpið ráð fyrir því að fjölmiðlaþjónustuveitendur og auglýsendur geti nýtt nýja auglýsingatækni á borð við sýndarauglýsingar, skjáskiptar auglýsingar og gagnvirkar auglýsingar. Þá er lagt til í samræmi við ákvæði hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar að reglur um tíma fyrir auglýsingar og fjarkaupainnskot verði rýmkaðar.

Í níunda lagi er í VII. kafla frumvarpsins lagt til að teknar verði upp reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu hljóð- og myndmiðla. Tillögur frumvarpsins þar að lútandi eru í grundvallaratriðum samhljóða tillögum fjölmiðlanefndarinnar frá vorinu 2005 sem jafnframt voru teknar upp í frumvarp menntamálaráðherra sem lagt var fyrir Alþingi veturinn 2006–2007 en náði ekki fram að ganga. Nánari grein verður gerð fyrir inntaki þeirra í umfjöllun með viðkomandi kafla.

Í tíunda lagi eru í IX. kafla frumvarpsins gerðar viðamiklar breytingar á ákvæðum um ábyrgð, viðurlög og fullnustu. Þannig eru reglur um ábyrgð samræmdar og einfaldaðar og verða að efni til þær sömu á vettvangi allra fjölmiðla verði frumvarp þetta að lögum. Meðal annarra nýmæla kaflans er lagt til það nýmæli að fjölmiðlanefnd geti beitt dagsektum í ákveðnum tilvikum. Vakin er athygli á þeirri tillögu frumvarpsins að mál sæti aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru fjölmiðlanefndar. Eftirlit með framkvæmd laganna hvílir því fyrst og síðast á herðum nefndarinnar. Undirstrikar þessi tilhögun að sínu leyti breytt og stóraukið hlutverk eftirlitsstjórnvaldsins.

Í ellefta lagi er í X. kafla frumvarpsins lagt til að tekin verði upp ein og samræmd reglugerðarheimild. Í henni er vísað til nánar afmarkaðra þátta frumvarpsins og heimild veitt til nánari útfærslu þeirra með reglugerð. Með þessari tilhögun er fullnægjandi lagastoð stjórnvaldsfyrirmæla undirbyggð með gleggri hætti en nú er.

Í tólfta lagi er í XI. kafla frumvarpsins að finna ákvæði um gildistöku þess auk þess sem safnað er saman þeim breytingum sem lagðar eru til á öðrum lögum. Annars vegar er þar um að ræða breytingar sem eru óhjákvæmilegar vegna ákvæða frumvarpsins og hins vegar breytingar sem eru tilkomnar vegna ákvæða hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar.

Fyrst eru lagðar til breytingar á höfundalögum, nr. 73/1972. Þær breytingar eru tilkomnar vegna ákvæða hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar en þar er mælt fyrir um að aðildarríkin skuli tryggja að fjölmiðlaþjónustuveitendur hafi aðgang að viðburðum sem sendir eru út í lokaðri dagskrá og vekja mikinn áhuga meðal almennings í því skyni að miðla frá þeim stuttum fréttaskotum.

Í annan stað eru lagðar til breytingar á lögum um aðgang barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006, í því skyni að virkja eftirlit á þeim vettvangi. Þannig er lagt til að

eftirlit að þessu leyti flytjist frá Barnaverndarstofu til fjölmiðlanefndar enda þykir þessi málaflokkur eiga samleið með öðrum verkefnum hins nýja stjórnvalds.

Þá eru lagðar til smávægilegar breytingar á lögum um Ríkisútvarpið ohf., nr. 6/2007, til samræmis við ákvæði frumvarpsins.

Auk þess eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um prentrétt, nr. 57/1956, en sú grundvallarbreyting verður að allir þættir fjölmiðlunar sem nú falla þar undir flytjast undir gildissvið nýrra fjölmiðlalaga verði frumvarp þetta að lögum.

Í þrettánda lagi er vakin athygli á fjórum ákvæðum til bráðabirgða. Sýnist þar mestum tíðindum sæta ákvæði IV. en þar er ráðgert að setja á laggirnar nefnd sem fjalla á um eignarhald fjölmiðla hér á landi og mögulegar takmarkanir þar á.

Af framangreindu er ljóst að með frumvarpi þessu eru ráðgerðar viðamiklar breytingar á öllu laga- og starfsumhverfi þeirra fjölmiðla og eftir atvikum fjarskiptafyrirtækja sem undir það heyra. Ekki þykir ástæða til þess að tíunda þessar breytingar nánar hér en fyrir þeim er gerð ítarleg grein í skýringum með einstökum ákvæðum þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er annars vegar að finna markmiðsákvæði og hins vegar skilgreiningar á þeim hugtökum sem hafa sérstaka þýðingu við beitingu ákvæða þess. Markmiðsákvæðið og flestar af þeim hugtakaskilgreiningum sem um ræðir eru nýmæli sem eru tiltekin af víðtæku gildissviði frumvarpsins svo sem nánar verður útlistað í athugasemdum við einstök ákvæði kaflans.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um markmið frumvarpsins. Ákvæði þetta er nýmæli en markmiðsákvæði af því tagi sem hér er lagt til er hvorki í gildandi útvarpslögum né lögum um prentrétt, enda hinum síðarnefndu ekki sérstaklega ætlað að mynda ramma um starfsemi þeirra fjölmiðla sem þau taka til. Svo sem áður greinir er frumvarpinu ætlað mun víðtækara gildissvið en gildandi löggjöf. Frumvarpinu er þannig ætlað að taka til hljóð- og myndmiðlunar í víðtækustu merkingu á meðan gildandi útvarpslög ná aðeins til hefðbundins hljóðvarps og sjónvarps. Þá er frumvarpinu ætlað að ná jafnt til hefðbundinna prentmiðla sem og rafrænna ritmiðla. Eftir sem áður eru markmiðin ávallt hin sömu, þ.e. að lögð sé áhersla á fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði til að tryggja menningarlega og stjórnmálalega fjölbreytni og stuðla að því að borgarar geti metið, tekið afstöðu til og tekið þátt í lýðræðislegum ákvörðunum. Með fjölbreytni er átt við fjölbreytni í framboði fjölmiðla sem fram komi m.a. í mörgum og ólíkum sjálfstæðum fjölmiðlum og fjölbreytni í tegundum fjölmiðla og innihaldi fjölmiðlaefnis. Með fjölræði er vísað til þess að fjölmiðlar séu ekki undir yfirráðum fárra aðila. Jafnframt er lögð áhersla á að samhliða því frelsi haldist þróun á þessum vettvangi í hendur við almenna hagsmuni notenda, einkum og sér í lagi barna og ungmenna, sem og vernd mannréttinda í víðtækum skilningi.

Frumvarpinu er enn fremur ætlað að stuðla að auknu fjölmiðlalæsi á meðal almennings. Hugtakið fjölmiðlalæsi vísar til færni, þekkingar og skilnings sem gerir notendum kleift að nýta sér fjölmiðla á öruggan og skilvirkan hátt. Um fjölmiðlalæsi er fjallað sérstaklega í 37. formálsgrein hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Þar er lögð áhersla á þá staðreynd að fólk sem læst er á fjölmiðla geti valið efni á mun upplýstari hátt en aðrir, skilið eðli þess og markmið og fært sér í nyt öll þau tækifæri sem ný tækni á þessu sviði hefur upp á að bjóða.

Það sé að sama skapi betur fært um að vernda sig og fjölskyldu sína gegn skaðlegu og sérandi efni. Þó svo að tilskipunin taki svo sem áður greinir einungis til myndmiðla er ljóst að fjölmiðlalæsi er ekki síður mikilvægt þegar um annars konar fjölmiðla er að ræða. Er af hálfu ESB talið að fjölmiðlalæsi nú sé hugsanlega jafnmikilvægt fyrir þátttöku borgara í lýðræðissamfélagi eins og læsi var í upphafi 19. aldar. Í ljósi þessa er með ákvæðum frumvarpsins stefnt að því að auka fjölmiðlalæsi á meðal almennings, t.d. með því að gera upplýsingar um eigendur fjölmiðla aðgengilegar almenningi og með skýrari aðgreiningu dagskrárefnis annars vegar og auglýsinga og annarra viðskiptaorðsendinga auk fjarkaupa hins vegar og svo mætti áfram telja. Þá er hinu nýja stjórnvaldi, fjölmiðlanefnd, m.a. ætlað að stuðla að auknu fjölmiðlalæsi á meðal almennings og standa vörð um þau gildi sem liggja til grundvallar ákvæðum frumvarpsins að öðru leyti. Þess ber jafnframt að gæta að í nýrri menntastefnu er læsi einn af fimm grunnþáttunum. Hinir eru jafnrétti, lýðræði, sjálfbær þróun og skapandi starf. Læsi felst í því að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla texta í víðum skilningi til að mæta kröfum samfélagsins og einstaklingsins. Með texta er átt við ritmál, myndmál, talmál og önnur ráðandi kerfi tákna í samfélaginu. Læsi er því lykill að því að fólk geti bætt þekkingu sína og verið gagnrýnir og virkir þegnar í lýðræðisþjóðfélagi. Læsi má því lýsa sem færni einstaklinga til að eiga skilvirk samskipti í félagslegu, menningarlegu og tæknilegu samhengi í samfélaginu. Gert er ráð fyrir að fjölmiðlanefnd standi með virkum hætti og í samstarfi við Heimili og skóla, menntamálayfirvöld o.fl. að fræðslu um fjölmiðlalæsi, t.d. með málþingum, birtingu upplýsinga á heimasíðu og fleiru sem getur nýst í þessum efnum.

Í ljósi gildissviðs frumvarpsins er það aukinheldur markmið þess að koma á fót samræmdri löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar óháð því miðlunarformi sem notað er og þykir rétt að orða það sérstaklega í síðari málslið frumvarpsgreinarinnar enda er breytingin veruleg að þessu leyti að ræða. Rétt er að geta þess að hljóð- og myndmiðlunartilskipunin, sem er ein meginástæða þess að ráðist var í heildarendurskoðun á löggjöf á þessum vettvangi, tekur samkvæmt efni sínu einungis til myndmiðlunar. Lagahefð er fyrir því hér á landi að sömu reglur gildi um hljóðmiðlun annars vegar og myndmiðlun hins vegar eftir atvikum. Ljóst er að ný tækni á sviði hljóðmiðlunar er að ryðja sér til rúms á sama hátt og á vettvangi myndmiðlunar og því full ástæða til þess að sömu reglur gildi eftir því sem við á. Þannig tekur frumvarpið jafnt til hefðbundins hljóðvarps og sjónvarps sem og nýrra tegunda hljóð- og/eða myndmiðlunar. Um aðrar tegundir fjölmiðla gilda að sönnu nokkuð önnur sjónarmið en með heildstæðri löggjöf á þessum vettvangi hlýtur þess engu síður að verða freistað að láta sömu reglur gilda um alla fjölmiðla eftir því sem kostur er.

Um 2. gr.

Í 1. gr. gildandi útvarpslaga er að finna skilgreiningar helstu hugtaka sem sérstaka þýðingu hafa samkvæmt lögunum. Engum skilgreiningum er til að dreifa í lögum um prentrétt en einstök hugtök hafa þó verið skýrð í réttarframkvæmd í tímans rás. Svo sem áður greinir er frumvarpinu ætlað mun rýmra gildissvið en gildandi löggjafar og af því leiðir að nauðsyn þykir að skilgreina allnokkurn fjölda nýrra hugtaka auk þess sem breyting er gerð á inntaki skilgreininga eldri hugtaka eftir því sem við á. Í frumvarpsgreininni er þannig skilgreint 41 hugtak sem hafa sérstaka þýðingu við beitingu ákvæða þess. Margar þessara skilgreininga eru byggðar á hugtakaskilgreiningum í 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og eiga sér því skírskotun á þeim vettvangi. Flestar skilgreininganna skýra sig eðli málsins sam-

kvæmt sjálfar en þó þykir rétt að fara um þær nokkrum orðum og útlista uppruna hverrar og einnar.

Hugtakið *aðgangskassi* leysir af hólmi hugtakið myndlykill sem skilgreint er í gildandi útvarpslögum. Hugtakið aðgangskassi hefur þó allnokkuð rýmri merkingu en hugtakið myndlykill og tekur til fjölþættari tæknibúnaðar. Skilgreiningin er nær samhljóða orðskýringu 2. gr. reglna um skilyrt aðgangskerfi og notendabúnað fyrir stafrænt sjónvarp nr. 570/2006, sem sett er á grundvelli fjarskiptalaga, nr. 81/2003.

Skilgreining á hugtakinu *auglýsing* er óbreytt frá gildandi útvarpslögum en vakin er athygli á því að auglýsing rúmast nú innan hugtaksins viðskiptaorðsending sem jafnframt er skilgreint í frumvarpinu. Þá tekur hugtakið í frumvarpinu eðli málsins samkvæmt jafnframt til auglýsinga í prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum.

Hugtakið *ábyrgðarmaður* er í frumvarpinu skilgreint í fyrsta sinn. Með því er lögð til grundvallar ein samræmd skilgreining á þeim sem fer með yfirstjórn fjölmiðlaþjónustuveitanda og/eða fyrirsvar fyrir hann óháð því hvers konar fjölmiðil viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi starfrækir. Tilhögun þessi tekur mið af því að alltaf sé til staðar einstaklingur sem svari til persónulegrar ábyrgðar vegna starfsemi fjölmiðlaþjónustuveitanda. Til einföldunar er svo lagt til að í tilvikum þegar fjölmiðlaþjónustuveitandi er einstaklingur sé sá hinn sami jafnframt ábyrgðarmaður. Í hlutafélögum má og vænta þess að sá aðili sem að lögum gegnir framkvæmdastjórn sé jafnframt ábyrgðarmaður.

Dagskrá leysir af hólmi hugtakið útvarpsdagskrá og hefur eðli málsins samkvæmt rýmri merkingu. Með því er tekið tillit til breyttrar tækni.

Hugtakið *dagskrárliður* er ekki sérstaklega skilgreint í gildandi útvarpslögum. Skilgreining þess er byggð á b-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Sem dæmi um dagskrárliði má nefna kvikmyndir, íþróttaviðburði, gamanþætti, heimildarþætti og frumsamda leikna þætti.

Hugtakið *dulin viðskiptaorðsending* er sérstaklega skilgreint í frumvarpinu. Skilgreiningin er byggð á j-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar en duldar viðskiptaorðsendingar geta þó einnig komið fyrir í öðrum fjölmiðlum en þeim sem hún tekur til. Ef upp kemur vafi um það hvort um dulda viðskiptaorðsendingu sé að ræða skal m.a. horft til þess hvort greiðsla eða annað endurgjald komi fyrir eður ei. Slíkt mundi þá styðja það að um dulda viðskiptaorðsendingu væri að ræða. Duldar viðskiptaorðsendingar eru bannaðar skv. 2. mgr. 37. gr. frumvarpsins.

Hugtakið *efnisstjóri* er nýtt hugtak samkvæmt frumvarpinu. Með því er ætlað að skilgreina með samræmdum hætti þá starfsmenn fjölmiðlaþjónustuveitenda sem ábyrgð bera á efnisvali hverju sinni og ákvarða hvernig það skuli skipulagt. Til efnisstjóra teljast t.d. ritstjórar, dagskrárstjórar, fréttastjórar og aðrir sambærilegir stjórnendur. Hugtakið hefur einkum þýðingu við framkvæmd ábyrgðarreglna frumvarpsins en efnisstjóri viðkomandi efnis er einn þeirra sem ábyrgð geta borið á því samkvæmt þeim.

Ekki er að finna skilgreiningu á *erlendu endurvarpi* í gildandi útvarpslögum. Með frumvarpinu er lagt til að það hugtak verði sérstaklega skilgreint, einkum þar sem sú tilkynningarskylda sem samkvæmt því er lögð á fjölmiðlaþjónustuveitendur tekur einnig til endurvarps þeirra á efni frá erlendum fjölmiðlaþjónustuveitendum. Þannig ber fjölmiðlaþjónustuveitendum sem heyra undir frumvarpið að tilkynna fjölmiðlanefnd um alla þá fjölmiðlaþjónustu sem þeir láta öðrum í té, þar með talið endurvarp á slíkri þjónustu erlendis frá. Sem dæmi um erlent endurvarp má nefna miðlun Skjásins og 365 miðla á erlendum sjónvarpsstöðvum á borð við BBC Prime, Sky News, DR1 og svo mætti áfram telja.

Hugtakið *evrópskt efni* er ekki sérstaklega skilgreint í gildandi útvarpslögum. Tilvísun til þess er á hinn bóginn að finna í 7. gr. þeirra en í 3. mgr. hennar er vísað til reglugerðar nr. 911/2000 um nánari skilgreiningu hugtaksins. Sú skilgreining er byggð á skilgreiningu hugtaksins í tilskipuninni eins og hún var fyrir gildistöku hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Því má velta fyrir sér hvaða þýðingu það hafi að taka upp í reglugerð skilgreiningu að þessu leyti sem ekki er á nokkurn hátt efnislega útfærð í viðkomandi lagaákvæði. Á hinn bóginn verður ekki talið nauðsynlegt að taka skilgreiningu þessa beinlínis upp í lagatextann, enda er hún umfangsmikil og ekki einsleit auk þess sem tilvísun til evrópsks efnis er ekki að finna í bannreglum frumvarpsins heldur eingöngu tilmælum þess um dagskrárframboð. Er talið fara betur á því að taka upp það nýmæli að vísa einfaldlega til skilgreiningarinnar eins og hún kemur fyrir í n-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar, en þar er evrópskt efni skilgreint með svofelldum hætti:

„i. Evrópsk verk merkir eftirfarandi:
- verk sem eru upprunnin í aðildarríkjunum,
- verk sem eru upprunninn í þriðju löndunum innan Evrópu sem eru aðilar að samningi Evrópuráðsins um sjónvarp milli landa í Evrópu og fullnægja skilyrðum ii. liðar,
- verk sem framleidd eru sameiginlega innan ramma samninga á sviði hljóð- og myndmiðlunar sem Bandalagið hefur gert við þriðju lönd og fullnægja skilyrðum sem skilgreind eru í þeim samningum,
- beiting ákvæða annars og þriðja undirliðar skal vera háð því að í viðkomandi þriðju löndum séu ekki gerðar ráðstafanir sem fela í sér mismunun gagnvart verkum sem eru upprunnin í aðildarríkjunum,

ii. Verkin sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið i. liðar eru verk sem aðallega eru unnin með höfundum og samverkamönnum, sem hafa fasta búsetu, í einu eða fleiri ríkjanna, sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið i. liðar, að því tilskildu að þau uppfylli eitt af eftirfarandi þremur skilyrðum:
- þau séu gerð af einum eða fleiri framleiðendum, er hafa staðfestu í einhverju þessara ríkja, eða,
- framleiðsla verkanna sé undir umsjón og henni stjórnað í raun af einum eða fleiri framleiðendum með staðfestu í einhverju þessara ríkja eða,
- framlag meðframleiðenda frá einhverju þessara ríkja til heildarútgjalda við sameiginlega framleiðslu verks vegur þyngst og hinu sameiginlega framleiðsluverkefni er ekki stjórnað af einum framleiðanda eða fleirum með staðfestu utan þessara ríkja,

iii. Verk, sem eru ekki evrópsk verk í skilningi i. liðar en eru framleidd innan ramma tvíhliða samninga milli aðildarríkja og þriðju landa um sameiginleg framleiðsluverkefni, skulu teljast evrópsk verk, að því tilskildu að meðframleiðendur innan Bandalagsins standi undir meirihluta heildarframleiðslukostnaðar og að framleiðsluverkefninu sé ekki stjórnað af einum eða fleiri framleiðendum með staðfestu utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna.“

Hugtökin *fjarskiptafyrirtæki* og *fjarskiptanet* eru skilgreind í frumvarpinu vegna flutningsreglna VII. kafla þess. Skilgreiningar hugtakanna eru samhljóða skilgreiningum laga um fjarskipti, nr. 81/2003, á sömu hugtökum að breyttu breytanda.

Hugtakið *fjarkaup* er ekki skilgreint í gildandi útvarpslögum en þar er hins vegar að finna skilgreiningu á hugtakinu *fjarsala.* Er sú skilgreining byggð á skilgreiningu sjónvarpstilskipunarinnar og er þýðing á enska hugtakinu „teleshopping“. Í íslenskri útgáfu hinnar upprunalegu sjónvarpstilskipunar var þó notuð þýðingin fjarkaup og er sú þýðing einnig notuð

í hugtakasafni þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins. Hugtakið fjarkaup virðist hins vegar ekki hafa öðlast festu í íslensku máli. Hugtakið fjarsala hefur verið notað fyrir það sem nefnt er á ensku „distance selling“ á vettvangi neytendaverndar Evrópusambandsins. Lagt er til að upprunalega hugtakið fjarkaup verði tekið upp til að ekki verði villst á hugtökunum fjarsala og fjarkaup sem ekki merkja það sama. Með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni var umræddri skilgreiningu á orðinu fjarsala breytt lítillega og er tekið mið af þeirri breytingu í frumvarpinu. Í þeirri skilgreiningu sem lögð er til grundvallar í frumvarpinu er jafnframt horft til skilgreiningar laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, sem og skilgreininga laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, en í báðum tilvikum var verið að innleiða viðeigandi tilskipanir ESB. Er með þessu stuðlað að sem mestu samræmi hugtakanotkunar milli einstakra laga. Eðli málsins samkvæmt er síðan greinarmunur gerður á fjarkaupaþáttum annars vegar og fjarkaupainnskotum hins vegar svo sem nánar er útlistað í VI. kafla frumvarpsins um hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni.

Hugtakið *fjölmiðill* hefur eðli málsins samkvæmt grundvallarþýðingu við beitingu ákvæða frumvarpsins. Í almennum athugasemdum við frumvarpið er allvíða vikið að inntaki hugtaksins og þeim vandkvæðum sem það er háð að móta eina altæka skýringu þess í hinu síbreytilega umhverfi fjölmiðla. Í frumvarpinu er lagt til að hugtakið verði skilgreint með einföldum og almennum hætti sem rúmar til framtíðar litið nýjar tegundir fjölmiðla. Til þess að teljast fjölmiðill í skilningi frumvarpsins þurfa slíkir miðlar þó að uppfylla þau grundvallarskilyrði sem fram eru sett í skilgreiningunni. Hugtakið nær til hljóðvarpsstöðva, sjónvarpsstöðva og aðila sem miðla hljóð-, mynd- eða ritefni á vefmiðlum dagblaða og tímarita ásamt fylgiritum þeirra og svo mætti áfram telja svo framarlega sem ritstjórn er fyrir hendi. Inntak hugtaksins ritstjórn hefur því afgerandi þýðingu fyrir það hvort um fjölmiðil í skilningi frumvarpsins er að ræða. Allt að einu skal tekið fram að með skilgreiningu hugtaksins á þessum vettvangi er ekki ætlunin að svara í eitt skipti fyrir öll hinni viðvarandi spurningu fjölmiðlafræðinnar um hvað teljist vera fjölmiðill.

Fjölmiðlaþjónusta er nýtt grundvallarhugtak samkvæmt frumvarpinu sem ætlað er að ná yfir alla þá starfsemi sem undir frumvarpið fellur. Það tekur því bæði til hljóðmiðlunar og myndmiðlunar fjölmiðlaþjónustuveitenda hvort heldur sem um hefðbundnar útsendingar eða samsvarandi þjónustu eftir pöntun er að ræða. Það tekur að sama skapi til miðlunar fjölmiðlaþjónustuveitenda á ritefni hvort heldur sem er á prentuðu eða rafrænu formi. Nánara inntak hugtaksins fjölmiðlaþjónusta ræðst svo af skilgreiningu á hugtakinu fjölmiðill sem og einstökum tegundum fjölmiðlunar.

Fjölmiðlaþjónustuveitandi er nýtt grundvallarhugtak samkvæmt frumvarpinu og á rætur að rekja til d-liðar 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar þó svo að því sé samkvæmt frumvarpinu ætlað víðtækara gildi. Inntak hugtaksins ræðst svo eðli málsins samkvæmt af inntaki hugtaksins fjölmiðill en samkvæmt þeirri skilgreiningu sem lögð er til er fjölmiðlaþjónustuveitandi einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir fjölmiðil. Um er að ræða heildarhugtak sem ætlunin er að nái til allra þeirra sem starfrækja fjölmiðla, hvort heldur sem er á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar eða ritmiðlunar. Hugtakið leysir að sama skapi af hólmi eldri hugtök á borð við útgefandi í löggjöf á þessum vettvangi.

Hugtökin *flutningur, flutningsreglur, flutningsréttur* og *flutningsskylda* eru sérstaklega skilgreind í frumvarpinu. Helgast það af reglum VII. kafla um flutning hljóð- og myndefnis. Hugtök þessi eiga uppruna sinn í skýrslu síðari fjölmiðlanefndarinnar frá því í apríl 2005. Í skilgreiningu á hugtakinu *flutningur* kemur orðið tengipunktur sjónvarpsstöðvar fyrir. Með því er átt við þann punkt sem hagkvæmast er fyrir fjarskiptafyrirtæki að taka á móti sjón-

varpsmerki. Móttaka slíks merkis getur verið í lofti, í gegnum leiðara, í símstöð eða með öðrum hagkvæmum hætti. Tekið skal fram að í skilgreiningum á hugtökunum *flutningsréttur* og *flutningsskylda* eru í stað hugtakanna *efnisveita* og *dreifiveita* sem notuð voru í framangreindri skýrslu fjölmiðlanefndar notuð hugtökin fjölmiðlaþjónustuveitandi og fjarskiptafyrirtæki.

Hugtakið *gagnvirk auglýsing* er jafnframt nýtt af nálinni. Hugtakinu er ætlað að ná til nýrrar auglýsingatækni. Gagnvirk auglýsing er í raun hvers konar auglýsing eftir pöntun í hljóð- og myndmiðlum þar sem neytandinn getur nálgast ítarlegri upplýsingar en fram koma í línulegri dagskrá um þá vöru eða þjónustu sem um er að ræða með því að velja þann kost með sértækum hætti. Sem dæmi um gagnvirka auglýsingu mætti nefna það þegar áhorfanda matreiðsluþáttar býðst að sækja ítarlegri upplýsingar um einstakar vörur sem þar eru í notkun með því að velja þar til gerða táknmynd (e. icon) sem birtist í auglýsingahléi í hinni línulegu dagskrá.

Hugtakið *hlaðvarp* er í frumvarpinu skilgreint til skýringar. Hlaðvarp telst til hljóðmiðlunar eftir pöntun og þykir ekki þarfnast nánari útlistunar.

Hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni er að sama skapi nýtt yfirhugtak sem tekur bæði til viðskiptaorðsendinga í hljóð- og myndmiðlum og fjarkaupa eins og þau hugtök eru skilgreind. Í raun má segja að undir hugtakið falli hvers konar kynning á vöru eða þjónustu í formi hljóð- og myndmiðlunar.

Hljóðmiðlun er nýtt hugtak sem skilgreint er í fyrsta sinn með frumvarpinu. Því er ætlað að ná yfir alla hljóðvarpsstarfsemi með samsvarandi hætti og myndmiðlun að breyttu breytanda. Undir hugtakið falla því bæði hefðbundnar hljóðvarpsútsendingar sem og hljóðmiðlun eftir pöntun.

Hljóðmiðlun eftir pöntun er einnig nýtt hugtak og svarar það til hugtaksins myndmiðlun eftir pöntun að breyttu breytanda. Til hljóðmiðlunar eftir pöntun telst m.a. hlaðvarp, þ.e. dagskrárliðir í heild eða að hluta í formi hljóðskráa sem fjölmiðlaþjónustuveitendur bjóða almenningi til niðurhals.

Hljóðvarp er ekki sérstaklega skilgreint í gildandi lögum. Hugtakið er þar hins vegar notað yfir annan tveggja þátta hugtaksins útvarps sem tekur annars vegar til sjónvarps og hins vegar hljóðvarps. Með frumvarpinu er lagt til að það verði skilgreint með sértækum hætti og er sú skilgreining hliðstæð skilgreiningu á hugtakinu sjónvarpsútsending. Þannig er hugtakinu hljóðvarp ætlað að ná til miðlunar hljóðefnis á meðan hugtakinu sjónvarpsútsending er ætlað að ná til miðlunar myndefnis.

Hugtakið *kostun* er með frumvarpinu skilgreint í fyrsta sinn. Sú skilgreining sem lögð er til byggist á k-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Til kostunar telst m.a. það þegar fyrirtæki eða einstaklingar kosta útsendingar einstakra dagskrárliða gegn því að vakin sé athygli á nafni þeirra, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum í tengslum við útsendinguna.

Skilgreining á hugtakinu *læst útsending* er samhljóða skilgreiningu h-liðar 1. gr. gildandi útvarpslaga.

Myndmiðlun er nýtt grundvallarhugtak samkvæmt frumvarpinu. Hugtakið á rætur sínar að rekja til hugtaksins hljóð- og myndmiðlunarþjónusta sem skilgreint er í a-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og nánar útskýrt í 16., 18. og 22. formálsgrein hennar. Þar sem frumvarpinu er bæði ætlað að ná til myndmiðlunar í skilningi tilskipunarinnar og hljóðmiðlunar er þó lagt til að hugtakið myndmiðlun verði notað um hið fyrrnefnda til að koma í veg fyrir rugling að þessu leyti. Hugtakið myndmiðlun nær því til hreyfimynda hvort sem

þær eru með eða án hljóðs en eðli málsins samkvæmt ekki til hljóðmiðlunar sér. Hugtakið hljóð- og myndmiðlun samkvæmt frumvarpinu tekur hins vegar bæði til hljóðmiðlunar og myndmiðlunar. Undir hugtakið myndmiðlun falla bæði hefðbundnar sjónvarpsútsendingar og myndmiðlun eftir pöntun, að því tilskildu að um fjölmiðlastarfsemi sé að ræða. Myndmiðlunin þarf því að vera ætluð umtalsverðum hluta almennings til viðtöku og hafa þann tilgang að bjóða dagskrárliði til upplýsingar, skemmtunar eða fræðslu svo sem fram kemur í nefndu ákvæði a-liðar 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar sem og 18. formálsgrein hennar. Þó að megintilgangur myndmiðlunar sé framboð á dagskrárliðum skal skilgreiningin á slíkri þjónustu einnig taka til efnis á textaformi sem fylgir dagskrárliðum svo sem textunarþjónustu, textavarps og rafrænna dagskrárvísa. Slík þjónusta fellur því undir frumvarpið enda nátengd hefðbundinni myndmiðlun. Til glöggvunar skal tekið fram að til textavarps telst miðlun efnis sem inniheldur ýmist texta, grafík, myndir og í takmörkuðum mæli hreyfimyndir með eða án hljóðs og sérhver notandi getur nálgast ýmist í heild eða að hluta á þeim tíma sem hann kýs. Þannig ber textavarp ýmis einkenni myndmiðlunar eftir pöntun en vegna eðlis þjónustunnar þykir engu að síður rétt að telja hana til línulegrar myndmiðlunar og lýtur það því sömu reglum eftir því sem við á. Hugtakinu er hins vegar ekki ætlað að ná til vefsetra til einkanota, tölvupósts sem sendur er til takmarkaðs fjölda viðtakenda, dreifingar einkaaðila á myndefni í þeim tilgangi að deila því með öðrum eða skiptast á slíku efni við aðra eða eftir atvikum annarrar þjónustu sem ekki er í samkeppni við sjónvarpsútsendingar í víðasta skilningi. Ákvæði frumvarpsins taka þó eins og fram kemur í skilgreiningunni einungis til þeirrar myndmiðlunar sem starfrækt er af fjölmiðlaþjónustuveitendum sem bera á henni ritstjórnarábyrgð svo sem fram kemur í skilgreiningu á því hugtaki.

Myndmiðlun eftir pöntun er að sama skapi nýtt hugtak. Sú skilgreining sem lögð er til á því með frumvarpinu er byggð á g-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Slík þjónusta er eðlislík hefðbundnu sjónvarpi að því leyti að hún keppir um sömu áhorfendur og svipar til hennar að formi til. Hún er hins vegar ólík hefðbundnum sjónvarpsútsendingum að því er varðar það val og þá stjórn sem notandinn hefur. Þjónustan er veitt með þeim hætti að fjölmiðlaþjónustuveitandi setur saman sérstaka efnisskrá og notandinn velur síðan úr henni það efni sem hann sjálfur kýs. Hugtakið nær yfir alla slíka þjónustu án tillits til þeirrar fjarskiptaleiðar sem notuð er til miðlunar efnisins og þess viðtækis sem notað er til móttöku þess. Þannig kann slík þjónusta t.d. að vera veitt í gegnum netið (e. non-linear webcasting). Sem dæmi um slíka þjónustu má nefna Skjárbíó Skjásins og dagskrárefni sem sótt er aftur í tímann á vefsíðum á borð við www.ruv.is og www.visir.is.

Hugtakið *prentmiðill* er skilgreint í frumvarpinu í fyrsta sinn. Undir hugtakið falla hefðbundin dagblöð og tímarit sem og öll önnur blöð sem koma út með reglubundnum hætti og falla að öðru leyti að skilgreiningu hugtaksins fjölmiðill. Í gildandi lögum um prentrétt segir í 1. gr. að rit samkvæmt lögunum teljist hvert það rit sem prentað er eða letrað á annan vélrænan eða efnafræðilegan hátt. Skilgreining þess er að sönnu barn sína tíma og samkvæmt frumvarpinu er enginn greinarmunur gerður á þeirri tækni sem beitt er við gerð og fjölföldun efnis að þessu leyti.

Hugtakið *rafrænn ritmiðill* er að sama skapi skilgreint hér í fyrsta sinn. Undir hugtakið falla hinir svokölluðu netmiðlar og eftir atvikum aðrir rafrænir miðlar. Ekki er hægt með tæmandi hætti að telja upp þau tilvik sem hér geta fallið undir en í dæmaskyni má nefna netútgáfur dagblaða og tímarita, dagblöð og tímarit sem dreift er með tölvupósti og sjálfstæðar vefsíður sem halda úti fréttum og stuðla að skoðanaskiptum. Lagt er til að skilgreiningin verði víðtækari en ella og nánara inntak hugtaksins verði mótað í réttarframkvæmd verði

frumvarpið að lögum. Sem dæmi má nefna að hugsast getur að einstakar bloggsíður falli undir hugtakið að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skilgreining hugtaksins *ritefni* er að hluta byggð á 2. málsl. 1. gr. gildandi prentlaga. Hugtakið hefur þýðingu við afmörkun á hugtökunum prentmiðill og rafrænn ritmiðill og er því lagt til að skilgreining þess verði tekin upp með sjálfstæðum hætti. Í skilgreiningunni eru tiltekin dæmi um efni sem telst til ritefnis en árétta skal að ekki er í því sambandi um tæmandi talningu að ræða. Ritefni mætti einnig skilgreina neikvætt sem allt annað efni fjölmiðla en hljóð- og myndefni. Augljós takmarkatilvik kunna þó að koma upp á vettvangi rafrænna ritmiðla þar sem bæði efnisform eru nýtt jöfnum höndum. Sem dæmi um þetta má taka vefsíður stærstu fjölmiðlanna þar sem annars vegar eru birtar fréttir á textaformi og hins vegar sem hljóð- eða myndefni.

Hugtakið *ritmiðlun* er nýtt grundvallarhugtak samkvæmt frumvarpinu og tekur til miðlunar ritefnis bæði á prentuðu formi og með rafrænum hætti.

Hugtakið *ritstjórn* er með frumvarpinu skilgreint í fyrsta sinn. Skilgreiningin er byggð á c-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Um grundvallarhugtak er að ræða sem hefur margþætta þýðingu bæði samkvæmt frumvarpinu og tilskipuninni. Það hefur þýðingu við afmörkun á gildissviði frumvarpsins sem og sérstaklega lögsögu yfir einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum hljóð- og myndmiðlunar. Þá liggur hugtakið til grundvallar skilgreiningu á fjölmiðlaþjónustuveitanda í skilningi frumvarpsins, en ritstjórn á því efni sem miðlað er þarf að vera fyrir hendi til þess að um fjölmiðil geti verið að ræða. Þó að hugtakið eigi uppruna sinn í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er því ætlað að afmarka gildissvið frumvarpsins hvað varðar alla fjölmiðla hvort heldur sem er hljóð- og myndmiðla eða ritmiðla, jafnt prentmiðla sem rafræna ritmiðla, þar sem leiða má rök að því að sambærilegar reglur eigi að gilda um allar tegundir fjölmiðla.

Mat á því hvort ritstjórn sé fyrir hendi í þessum skilningi er ávallt vandasamt. Það er þó enn vandasamara en ella þegar um er að ræða hljóð- og myndmiðlun eftir pöntun eða rafræna ritmiðla. Álitamál kunna t.d. að koma upp þegar framleiðsla eða tiltekin starfsemi er útvistuð hjá öðru fyrirtæki en fjölmiðlaþjónustuveitanda, þegar fleiri en einn geta talist bera ábyrgð á ritstjórn efnis eða þegar fjarskiptafyrirtæki setja saman tiltekna þjónustupakka fyrir sína viðskiptavini.

Segja má að hugtakið ritstjórn lýsi tilteknum eiginleikum í tengslum fjölmiðlaþjónustuveitandans og þeirrar fjölmiðlaþjónustu sem í boði er. Þannig telst fjölmiðlaþjónustuveitandi hafa ritstjórn á efni þegar hann hefur forræði fyrir því hljóð- og myndefni eða ritefni sem miðlað er sem og skipulagningu þjónustunnar að öðru leyti.

Svo sem að framan greinir hefur hugtakið ritstjórn einnig úrslitaþýðingu við ákvörðun á því hvort tiltekinn fjölmiðlaþjónustuveitandi telst falla undir lögsögu íslenska ríkisins eður ei. Lögsöguákvæði frumvarpsins að því leyti sem þau taka til hljóð- og myndmiðlunar eru á sama hátt og samsvarandi ákvæði gildandi laga reist á ákvæðum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar, svo sem nánar er rakið í athugasemdum við II. kafla frumvarpsins, og eru í raun þjóðréttarlegs eðlis. Þeim er því ætlað það hlutverk að ákvarða undir lögsögu hvaða EES-ríkis eða eftir atvikum þriðja ríkis einstakir fjölmiðlaþjónustuveitendur falla. Af þessum sökum er mikilvægt að hugtakið ritstjórn sé afmarkað og skilgreint með sama hætti innan aðildarríkja EES-samningsins. Fyrirsjáanlegt er að upp geti komið vandamál þegar um stórar samsteypur á þessum vettvangi er að ræða með starfsstöðvar í fleiri en einu aðildarríki. Í slíkum tilvikum mun það hafa verulega þýðingu við mat á lögsögu hvar ákvarðanir sem lúta ritstjórn eru teknar. Þar sem samræmd túlkun á hugtakinu er afar mikilvæg verður ótvírætt

nauðsynlegt í framtíðinni að líta til úrlausna Evrópudómstólsins og eftir atvikum EFTA-dómstólsins við nánari afmörkun þess og frekari skýringu.

Til frekari glöggvunar á inntaki hugtaksins ritstjórn samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni má nefna að talsmaður menningar- og menntamálanefndar Evrópuþingsins fjallaði um skilgreiningu á ritstjórn við meðferð tilskipunarinnar í þinginu. Kvað hún tilskipunina aðeins ná til fjölmiðlaþjónustuveitenda sem hafa það að atvinnu að miðla fjölmiðlaefni og bera ábyrgð á ritstjórnarlegri skipan og endanlegri samsetningu dagskrárliða í útsendri línulegri dagskrá eða safni hljóð- og myndmiðlunarefnis eftir pöntun. Þjónusta sem ekki hefur miðlun hljóð- og myndefnis að megintilgangi og felur í meginatriðum aðeins í sér flutning efnis heyri hins vegar ekki undir tilskipunina.

Af ummælum þessum má ráða að undir tilskipunina falli aðeins þjónusta þar sem veitandi hennar ber tiltekna fyrirframskilgreinda ábyrgð á því efni sem í boði er. Fjölmiðlaþjónusta þar sem efni er sett fram án þess að fjölmiðlaþjónustuveitandinn beri ábyrgð á því, t.d. með því að koma tilteknu efni á framfæri eða taka ákveðið efni út, er því samkvæmt þessu ekki háð ritstjórn. Þannig þarf að liggja eitthvað faglegt mat til grundvallar því hvaða efni er í boði og hvernig það er sett saman í dagskrá eða sett fram til pöntunar til þess að ritstjórnarábyrgð teljist vera fyrir hendi.

Þrátt fyrir framangreinda umfjöllun um ritstjórn í hljóð- og myndmiðlum má það ekki gleymast að ritstjórn hefur að sjálfsögðu þýðingu við skilgreiningu og afmörkun allrar fjölmiðlunar. Forsenda þess að fjölmiðlaþjónustuveitandi beri ábyrgð á ritstjórn efnis er því að hann hafi stjórn á og stýri framboði þess. Er þessari forsendu ætlað að ná jafnt yfir bæði hljóð- og myndmiðlunarefni og ritefni. Ef ekki er um slíkt að ræða er viðkomandi því ekki fjölmiðlaþjónustuveitandi. Ef stjórn viðkomandi felst einungis í því að hann geri efni aðgengilegt og taki t.d. út ólöglegt efni eða efni sem óheimilt er að dreifa vegna höfundarréttar má líta svo á að hann stýri ekki efnisframboði og fari þar af leiðandi ekki með ritstjórn. Þannig fellur sú þjónusta, sem felst í starfrækslu gagnagrunna þar sem því efni sem þar er sett fram er ekki stýrt með markvissum hætti, ekki undir hugtakið fjölmiðlaþjónusta. Ástæða þess er sú að framsetningu þess efnis sem þar er aðgengilegt í einhvers konar skrá skortir. Leitarvél sem nær í efni og byggist ekki á neinum tegundaflokkunum fyrir fram telst því ekki vera fjölmiðlaþjónusta í þessum skilningi. Þjónustuveitandi sem hins vegar flokkar efni sitt og býður notendum upp á að skoða tiltekið efni, t.d. úr fyrirframskilgreindum skrám, sem þeir geta síðan pantað, telst vera fjölmiðlaþjónustuveitandi. Þá telst umsýsla samskiptaþjónustu eins og Twitter, Facebook eða Flickr, þar sem texta og eftir atvikum hljóð- og/eða myndefni er komið á framfæri, ekki til fjölmiðlunar, enda miðlun efnis fyrst og síðast á hendi einstakra notenda.

Af framangreindu má ljóst vera að ekki verður með öllu einfalt að draga skýr mörk. Annars vegar má nefna til sögunnar miðlun sem augljóslega fellur í flokk fjölmiðlunar, svo sem dagblöð, sjónvarp og hljóðvarp og netmiðla, t.d. mbl.is og visir.is. Hins vegar er um að ræða miðlun sem skýrlega fellur ekki í flokk fjölmiðlunar, svo sem einstaklingsbundin persónuleg samskipti á netinu, t.d. á vettvangi Facebook eða tölvupóstsamskipti, MSN o.s.frv. Þarna á milli verða hins vegar til vafatilvik. Væntanlega yrði sjaldnast talið að einstakar persónubundnar bloggsíður lytu ritstjórn í þeim skilningi að þær gætu skoðast sem fjölmiðill. Þó kunna að verða óljós mörk á milli slíkra tilvika annars vegar og svo hins vegar smærri netmiðla. Helgast þetta af því að tækniframfarir á þessum vettvangi eru gríðarlegar og því ekki heppilegt að skilgreina hugtakið ritstjórn á grundvelli þeirrar þjónustu og tækni sem er aðgengileg notendum nú heldur þannig að það nái einnig yfir þá tækni sem aðgengileg verður

í náinni framtíð. Ljóst má því vera að þessi skil verða ekki endanlega slípuð fyrr en í réttarframkvæmd. Allt að einu liggur áherslan á því að undir hugtakið ritstjórn falli þeir aðilar sem stýra og flokka hljóð- og myndmiðlunarefni eða ritefni en byggja t.d. framboð sitt ekki einungis á leitarvélum.

Hugtakið *sjálfstæður framleiðandi hljóð- eða myndefnis* er með samþykkt frumvarpsins skilgreint í fyrsta sinn í lögum. Samkvæmt gildandi útvarpslögum skyldi sú skilgreining tekin upp í reglugerð og var það gert í 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 50/2002. Samkvæmt því ákvæði telst það vera sjálfstæður framleiðandi ef ein sjónvarpsstöð á ekki meira en ¼ hluta í framleiðslufyrirtækinu eða tvær eða fleiri sjónvarpsstöðvar eiga ekki samanlagt meira en helming í fyrirtækinu enda hafi það ekki á seinustu þremur árum framleitt meira en 9/10 hluta af sjónvarpsefni sínu fyrir sömu sjónvarpsstöð. Í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er hugtakið sjálfstæður framleiðandi hins vegar ekki skilgreint sérstaklega en í 31. formálsgrein breytingartilskipunarinnar frá 1997 kemur fram að við skilgreiningu hugtaksins skuli aðildarríkin taka mið af sjónarmiðum á borð við eignarhald á framleiðslufyrirtæki, magn efnis sem selt er einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum og eignarhald afleiddra réttinda. Með þetta í huga, sem og að þau hlutföll sem gengið er út frá í tilvitnuðu ákvæði reglugerðar þykja orka tvímælis, er lagt til að hugtakið sjálfstæður framleiðandi verði skilgreint með þeim hætti sem fram kemur í frumvarpsgreininni, eða sem fyrirtæki sem jafnframt er sjálfstæður lögaðili, óháður viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda í þeim skilningi að hann er ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum hans, hvorki sérstaklega né sameiginlega með öðrum, og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu, þ.m.t. það sem lýtur að vinnu fyrir aðra en þann fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um er að ræða hverju sinni. Með því skilyrði skilgreiningarinnar að viðkomandi framleiðandi skuli vera óháður þeim fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um er að ræða er átt við að hann megi ekki vera undir yfirráðum hans í víðtækasta skilningi þess orðs. Það þýðir að hvorki megi vera fyrir hendi slík eignatengsl né aðrar aðstæður sem veita viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda tækifæri til að hafa afgerandi áhrif á starfsemi framleiðslufyrirtækisins. Yfirráð þessi geta verið hvort heldur sem er bein eða óbein og hvort heldur sem er sérstök eða sameiginleg með öðrum. Lagt er til að ekki verði mælt fyrir um sérstakt hlutfall eignarhlutar að þessu leyti svo sem gert var í framangreindri skilgreiningu reglugerðarinnar enda ljóst að raunveruleg yfirráð geta ráðist af öðrum þáttum. Svo sem að framan greinir er það skilyrði sett í skilgreiningu reglugerðarinnar að viðkomandi framleiðandi hafi ekki á síðustu árum framleitt meira en 9/10 hluta sjónvarpsefnis fyrir sömu sjónvarpsstöð. Ekki þykir ástæða til að taka þau fyrirmæli upp í hina lagalegu skilgreiningu á hugtakinu sjálfstæður framleiðandi. Í fyrsta lagi fæst ekki séð að svo óveruleg takmörkun geti haft nokkra efnislega þýðingu. Í öðru lagi þykir sú skilgreining sem lögð er til ná utan um hugtakið með fullnægjandi hætti.

Hugtakið *sjónvarpsútsending* er jafnframt grundvallarhugtak sem skilgreint er með frumvarpinu. Sú skilgreining sem lögð er til er byggð á c-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Hugtakið er svo nánar útlistað í 24. formálsgrein hennar. Til sjónvarpsútsendinga telst nú einkum hliðrænt og stafrænt sjónvarp, bein streymiþjónusta (e. life streaming), línulegt vefvarp (e. linear webcasting) og nærlæg myndefnisveita (e. near video on demand, NVOD). Hins vegar telst myndefnisveita (e. video on demand, VOD) til myndmiðlunar eftir pöntun. Sem dæmi um nærlæga myndefnisveitu má nefna það þegar sama kvikmyndin er send út með tilteknu millibili og neytandinn hefur val um það á hvaða tíma hann horfir á hana. Tekið skal fram að hugtakið samtímis áhorf tekur einnig til áhorfs sem er því sem næst samtímis vegna þess stutta tímamismunar sem af tæknilegum ástæðum myndast milli útsend-

ingar og móttöku hennar. Útsendingar svokallaðra plús-stöðva eða annarra sambærilegra stöðva þar sem neytendum gefst kostur á að horfa á dagskrá í seinkaðri útsendingu falla jafnframt undir hugtakið.

Skjáskipt auglýsing er með frumvarpinu skilgreind í fyrsta skipti og er á sama hátt og skilgreiningu á gagnvirkri auglýsingu ætlað að bregðast við nýrri tækni á vettvangi myndmiðlunar. Um er að ræða auglýsingar sem birtast einungis á hluta skjás viðtækisins á meðan á dagskrárlið stendur. Þannig getur t.d. verið um að ræða renning þar sem tiltekinn texti eða hreyfimyndir koma fram eða eftir atvikum stærri hluta skjásins. Slík auglýsingatækni hefur einkum verið notuð í útsendingu íþróttaviðburða eða annarra sambærilegra viðburða þar sem ekki þykir tilhlýðilegt að gera hlé á útsendingu. Þá hefur slíkri tækni í auknum mæli verið beitt við miðlun auglýsinga á netinu.

Hugtakið *sýndarauglýsing* er skilgreint í fyrsta sinn í frumvarpinu. Sú skilgreining sem lögð er til grundvallar er annars vegar byggð á skilgreiningu leiðbeinandi tilmæla framkvæmdastjórnar ESB um viðskiptaorðsendingar (2004/C 102/02) og hins vegar á minnisblaði Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva (EBU) frá árinu 2000. Sýndarauglýsing er ein tegund viðskiptaorðsendinga en fellur þó ekki undir hugtakið auglýsing eins og það er skilgreint í frumvarpinu. Er því um sérstaka tegund auglýsinga að ræða sem ekki lúta að öllu leyti sömu reglum og hefðbundnar sjónvarpsauglýsingar og svipar í raun fremur til vöruinnsetningar. Samkvæmt þeirri skilgreiningu sem lögð er til er sýndarauglýsing viðskiptaorðsending þar sem tiltekinni tækni er beitt í því skyni að breyta þeim auglýsingum sem þegar eru til staðar á vettvangi upptöku viðkomandi myndefnis eða eftir atvikum þar sem slík tækni er notuð til að setja auglýsingar inn á sérstaka fyrirframákveðna staði á vettvangi upptöku. Slíkri tækni er einkum beitt þegar um miðlun myndefnis frá íþróttaviðburðum, menningarviðburðum eða öðrum sambærilegum viðburðum er að ræða. Sem dæmi í því sambandi má nefna þegar auglýsingum á og umhverfis íþróttaleikvanga er breytt eða þeim bætt við með þessum hætti. Þegar svo háttar til eru viðkomandi auglýsingar því ekki til staðar á leikvanginum sjálfum heldur er þeim bætt við þannig að þær birtast við útsendingu eða annars konar miðlun efnisins.

Hugtakið *viðskiptaorðsending* er nýtt hugtak sem skilgreint er í fyrsta sinn í frumvarpinu. Sú skilgreining sem lögð er til byggist á h-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar þar sem hugtakið hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni er skýrt. Viðskiptaorðsending er ein tegund hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni en það hugtak tekur einnig til fjarkaupa. Þá tekur hugtakið samkvæmt frumvarpinu jafnframt til slíkra orðsendinga í prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum þó svo að það sé eðli málsins samkvæmt víðtækara í tilviki hljóð- og myndmiðla vegna þeirrar tækni sem tiltæk er á þeim vettvangi. Sem dæmi um viðskiptaorðsendingar má nefna hvers kyns auglýsingar, kostun og vöruinnsetningu. Undir hugtakið fellur þó ekki fjarkaup sem lúta að sínu leyti öðrum lögmálum.

Hugtakið *viðtæki* er skilgreint í fyrsta sinn í frumvarpinu. Þar sem frumvarpinu er ætlað að ná yfir allt fjölmiðlaefni óháð fjarskiptaleið og þeim tæknibúnaði sem notaður er til viðtöku þykir nauðsynlegt að skilgreina umrætt hugtak. Er hugtakinu ætlað að ná til þeirra tækja sem taka á móti og miðla slíku efni, hvort heldur sem er hljóð- og myndefni eða ritefni á rafrænu formi, svo sem sjónvarps, hljóðvarps, tölvu, lófatölvu og farsíma. Upptalning þessi er ekki tæmandi og er hugtakinu því jafnframt ætlað að ná til nýrrar tækni á þessum vettvangi ef til kemur.

Hugtakið *vöruinnsetning* er að sama skapi skilgreint í fyrsta sinn í frumvarpinu. Sú skilgreining sem lögð er til grundvallar er byggð á m-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskip-

unarinnar. Þá er hugtakið einnig skýrt í 61.–63. formálsgrein hennar. Hugtakinu er ætlað að taka til allra gerða hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem taka til eða vísa til vöru, þjónustu eða vörumerkis með þeim hætti að þær komi fram í dagskrárlið gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi. Þegar um vöruinnsetningu er að ræða er tilvísun til vöru innbyggð í atburðarás viðkomandi dagskrárliðar. Hún getur átt sér stað í kvikmyndum sem og öðru hljóð- og myndmiðlunarefni með þeim takmörkunum sem greinir í 39. gr. frumvarpsins. Hefðbundinni vöruinnsetningu má gróflega skipta í þrjá hluta. Í fyrsta lagi er um það að ræða að einstökum vörum er komið fyrir sem leikmunum í hljóð- og myndmiðlunarefni (e. screen placement). Í öðru lagi getur vöruinnsetning átt sér stað með því að nafn vöru eða þjónustu eða eftir atvikum vörumerki eða annað auðkenni komi fyrir í samtali eða samtölum í slíku efni hvort heldur sem er einu sinni eða oftar (e. manuscript placement). Í þriðja lagi getur verið um það að ræða að vara eða þjónusta gegni lykilhlutverki í söguþræði viðkomandi efnis (e. plot placement).

Útvarpsmerki er skilgreint í frumvarpinu í fyrsta sinn. Helgast það af reglum VII. kafla um flutning hljóð- og myndefnis en hugtakið hefur þýðingu í því sambandi. Hugtakinu er ætlað að ná bæði til rafsegulbylgna (t.d. ADSL, gervihnattasendinga, MMDS og DVB-T) og til ljósbylgna (t.d. ljósleiðaranets). Þá er leitast við að skilgreina miðlun efnisins með tæknióháðum hætti þar sem unnt er að taka á móti útvarpsmerki með ólíkum viðtækjum (t.d. sjónvarpi, hljóðvarpi, farsímum og lófatölvum). Hugtakið nær hvort tveggja til stafrænnar og hliðrænnar miðlunar efnis.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um gildissvið þess auk sérreglu um lögsögu íslenska ríkisins yfir fjölmiðlaþjónustuveitendum sem miðla myndefni. Enn fremur er að finna þar ákvæði um tímabundna stöðvun á móttöku myndefnis frá öðrum EES-ríkjum að tilteknum skilyrðum uppfylltum sem og ráðstafanir sem fjölmiðlanefnd getur gripið til gagnvart fjölmiðlaþjónustuveitendum á vettvangi myndmiðlunar sem heyra undir lögsögu annarra EES-ríkja í ákveðnum tilvikum. Ákvæði 4.–6. gr. kaflans eiga öll rætur að rekja til hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og taka einungis til myndmiðla. Sum ákvæði kaflans hafa að geyma nýmæli en önnur eiga sér samsvörun í gildandi lögum. Umrædd ákvæði 4.–6. gr. eiga það jafnframt sammerkt að vera þjóðréttarlegs eðlis svo sem nánar er útlistað í athugasemdum við einstakar greinar. Engu síður er lagt til að þau verði lögleidd enda er slíkt til þess fallið að auka bæði gagnsæi og skýrleika.

Um 3. gr.

Rétt þykir að skilgreina gildissvið hinnar nýju löggjafar með þeim afdráttarlausa hætti sem hér er lagt til. Í frumvarpsgreininni er lagt til að lögin gildi um allt efni sem miðlað er af fjölmiðlaþjónustuveitendum og ætlað er almenningi hér á landi, hvort sem um er að ræða hljóð- og myndefni í læstri eða ólæstri dagskrá, línulegri dagskrá eða eftir pöntun eða eftir atvikum ritefni hvort sem því er miðlað á prentuðu eða öðru sambærilegu formi eða með rafrænum hætti Í ákvæði 4. gr. er fjallað sérstaklega um þá fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni en lögsaga yfir þeim lýtur þjóðréttarlegum skuldbindingum svo sem nánar verður útlistað í athugasemdum með þeirri grein.

Ljóst er að gildissviðsákvæði þessu er ætluð rúm þýðing enda tækniframfarir á þessu sviði með ólíkindum hraðar og breytingar örar. Því þykir ekki heppilegt að afmarka gildissvið frumvarpsins með þröngum og tæmandi hætti. Í því sambandi skal sérstaklega áréttað að

verði frumvarpið að lögum fellur bæði hljóð- og myndmiðlun sem og miðlun ritefnis á netinu undir gildissvið þeirra að öðrum skilyrðum uppfylltum. Gildandi lög ná hvorki til slíkrar þjónustu né heldur hljóð- eða myndmiðlunar eftir pöntun, svo dæmi séu tekin, og því gilda aðrar og mun takmarkaðri reglur um slíka starfsemi. Af þessum sökum er samkeppnisstaða á vettvangi fjölmiðlunar í víðtækasta skilningi nú ójöfn og eðlilegs jafnræðis er ekki gætt. Mikilvægt er að geta þess að hugtökin fjölmiðlaþjónustuveitandi og fjölmiðill hafa grundvallarþýðingu við afmörkun á gildissviði frumvarpsins en skv. 2. gr. þess tekur hugtakið fjölmiðlaþjónustuveitandi til einstaklinga eða lögaðila sem starfrækja fjölmiðil. Hugtakið fjölmiðill tekur svo til hvers konar miðla sem með reglubundnum hætti miðla til almennings efni er lýtur ritstjórn. Utan gildissviðs frumvarpsins fellur því miðlun efnis sem ekki lýtur ritstjórn í skilningi þess. Enn fremur þarf það efni sem miðlað er að vera ætlað almenningi til móttöku. Frumvarpinu er þannig ekki ætlað að gilda um vefsetur til einkanota, tölvupóst sem sendur er til takmarkaðs fjölda viðtakenda, dreifingu einkaaðila á hljóð- og myndefni í þeim tilgangi að deila því með öðrum eða skiptast á slíku efni við aðra eða eftir atvikum annarrar þjónustu sem ekki telst til fjölmiðlunar samkvæmt almennum viðmiðum. Rétt er að taka fram að í 4. gr. gildandi útvarpslaga er að finna sértæka takmörkun á gildissviði laganna. Þar er mælt fyrir um að ákvæði þeirra nái ekki til dreifingar útvarpsdagskrár eða útsendinga sem eingöngu eru ætlaðar þröngum hópi og takmarkist við byggingar eða húsakynni á samfelldri lóð, svo sem einstök íbúðarhús, sjúkrahús, gistihús, skóla og verksmiðjur. Með hinu nýja gildissviðsákvæði frumvarpsins er óþarft að taka það sérstaklega fram að frumvarpið nái ekki til dreifingar hljóð- og myndefnis sem eingöngu er ætlað þröngum hópi þar sem frumvarpið tekur samkvæmt því einungis til dreifingar efnis sem ætlað er almenningi til móttöku. Eðli málsins samkvæmt tekur það því ekki til þeirrar dreifingar sem sérstaklega er kveðið á um í 4. gr. gildandi laga. Þá er sértæk upptalning af því tagi sem hér um ræðir óheppileg þar sem slík lagasetning getur leitt til óheimillar gagnályktunar.

Um 4. gr.

Í frumvarpsgreininni er skilgreint hvaða fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni heyra undir íslenska lögsögu. Ákvæðið er byggt á 2. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar á sama hátt og samsvarandi ákvæði 2. gr. gildandi laga er byggt á 2. gr. sjónvarpstilskipunarinnar með þeim breytingum sem gerðar voru á henni með breytingartilskipuninni 1997. Ákvæði 1.–3. mgr. sem og 5. og 6. mgr. 2. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar eru efnislega samhljóða samsvarandi ákvæðum sjónvarpstilskipunarinnar með nefndum breytingum. Ákvæði 4. mgr. var hins vegar breytt með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni svo sem nánar verður útlistað hér á eftir. Þrátt fyrir að framangreindum ákvæðum tilskipunarinnar hafi ekki verið breytt er lagt til að orðalag ákvæðisins verði einfaldað eins og kostur er og eru ákvæði frumvarpsgreinarinnar því nokkuð frábrugðin 2. gr. gildandi laga þó svo að efnislega sé ekki um breytingu að ræða.

Vert er að taka fram að ákvæði 2. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar er þjóðréttarlegs eðlis og ætlað það hlutverk að skera úr um hvaða EES-ríki fari með lögsögu yfir þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum sem undir gildissvið hennar falla og beri þannig ábyrgð gagnvart öðrum aðildarríkjum EES-samningsins á að þeir fari að ákvæðum tilskipunarinnar. Svo sem rakið er í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að gildandi útvarpslögum þótti engu síður rétt að taka umrætt ákvæði upp í landsrétt og er við það haldið nú. Þannig þykir rétt að upplýsingar um það hvaða fjölmiðlaþjónustuveitendur heyri undir íslenska lögsögu séu aðgengilegar almenningi í innlendum réttarheimildum, sbr. álit umboðsmanns Al-

þingis í máli nr. 2151/1997 um birtingu og miðlun upplýsinga um gerðir samkvæmt EES-samningnum og réttarreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.

Í upphaflegu sjónvarpstilskipuninni kom fram sú meginregla í 1. mgr. 2. gr. að hverju aðildarríki væri skylt að sjá til þess að allar sjónvarpsútsendingar, sem sendar væru út af sjónvarpsstöðvum undir þeirra lögsögu eða sjónvarpsstöðvum sem notuðu tíðni eða gervihnattaaðstöðu sem úthlutað var af viðkomandi aðildarríki eða gervihnattajarðstöð sem þar var staðsett, væru í samræmi við þau lög sem giltu um sjónvarpsútsendingar ætlaðar almenningi í viðkomandi ríki. Þannig hefur hvert aðildarríki EES frá upphafi verið ábyrgt gagnvart öðrum aðildarríkjum að þessu leyti og meginreglan sú að aðildarríkin hafi hvorki eftirlit með né afskipti af sjónvarpsútsendingum frá öðrum aðildarríkjum, sbr. 2. mgr. 2. gr. upphaflegu sjónvarpstilskipunarinnar. Enn fremur hefur frá upphafi verið gert ráð fyrir því að hver fjölmiðlaþjónustuveitandi á EES-svæðinu heyrði einungis undir lögsögu eins aðildarríkis og þeir byggju þannig við gagnsæi um það hvaða lögum starfsemi þeirra lyti.

Þessar meginreglur eru enn í gildi þó svo að framsetningu þeirra hafi verið breytt bæði með breytingartilskipuninni 1997 og með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Þannig voru reglurnar um það hvaða aðildarríki færi með lögsögu hverju sinni orðaðar með mun nákvæmari hætti í breytingartilskipuninni 1997 og nákvæmlega skilgreint hvenær sjónvarpsstöð teldist hafa staðfestu í aðildarríki og þar með falla undir lögsögu þess. Að meginstefnu var haldið við þá framsetningu með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni þó svo að smávægilegar breytingar hafi verið gerðar á varalögsögureglunum svo sem nánar verður útlistað síðar auk þess sem hugtakanotkun var breytt í samræmi við rýmkað gildissvið tilskipunarinnar.

Framsetning ákvæðis 4. gr. frumvarpsins er sem áður greinir talsvert frábrugðin framsetningu ákvæðis 2. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er sett fram sú meginregla að undir lögsögu íslenska ríkisins heyri þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni og hafa staðfestu hér á landi. Í a–d-liðum 1. mgr. 4. gr. eru svo reglur um það hvenær fjölmiðlaþjónustuveitandi telst hafa staðfestu hér á landi. Þær reglur eru byggðar á a–c-liðum 3. mgr. 2. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar sem er líkt og áður greinir ætlað að skera úr um það hvaða EES-ríki fari með lögsögu yfir fjölmiðlaþjónustuveitanda. Hljóð- og myndmiðlunartilskipunin tekur samkvæmt efni sínu ekki til hljóð- og myndmiðlunar sem eingöngu er ætluð til viðtöku í löndum utan EES-svæðisins og almenningur innan þess nær ekki. Í 1. mgr. 2. gr. gildandi útvarpslaga var þessu fylgt og samkvæmt henni gilda lögin einungis um útsendingar á sjónvarpsdagskrám ef sendingu verður náð á Íslandi og/eða í öðru EES-ríki. Með frumvarpinu er hins vegar lagt til að ekki verði gerður greinarmunur að þessu leyti og undir lögsögu íslenska ríkisins heyri allir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem hafa staðfestu hér á landi samkvæmt reglum 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins eða eftir atvikum uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í 2. mgr. 4. gr. þess.

Í a-lið 1. mgr. er sett fram sú meginregla að fjölmiðlaþjónustuveitandi teljist hafa staðfestu hér á landi ef aðalskrifstofa hans er staðsett hér og ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta ritstjórn eru teknar hér á landi. Í b–d-liðum 2. mgr. er svo útlistað hvernig skuli farið með ýmis takmarkatilvik. Í b-lið er tiltekið að þegar fjölmiðlaþjónustuveitandi hefur aðalskrifstofu sína hér á landi en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta ritstjórn eru teknar í öðru ríki, eða öfugt, þ.e. ef fjölmiðlaþjónustuveitandi hefur aðalskrifstofu sína í öðru ríki en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta ritstjórn eru teknar hér á landi, ráðist lögsaga yfir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda af því hvar verulegur hluti starfsliðs hans við myndmiðlunina er staðsettur. Ef verulegur hluti starfsliðs viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda á því sviði er staðsettur hér á landi þegar svo háttar til heyrir hann

undir lögsögu íslenska ríkisins. Í c-lið kemur svo fram að þegar fjölmiðlaþjónustuveitandi hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanataka um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta ritstjórn á sér stað í öðru ríki og verulegur hluti starfsliðs hans á umræddum vettvangi er staðsettur í báðum þessum ríkjum heyri hann undir lögsögu íslenska ríkisins. Þannig ræðst lögsaga yfir fjölmiðlaþjónustuveitanda í slíkum tilvikum af því hvar aðalskrifstofa hans er staðsett. Í d-lið kemur svo fram að ef veitandi fjölmiðlaþjónustu hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanataka um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta ritstjórn á sér stað í öðru ríki, eða öfugt, þ.e. ef veitandi fjölmiðlaþjónustu hefur aðalskrifstofu sína í öðru ríki en ákvarðanataka um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta ritstjórn á sér stað hér á landi og verulegur hluti starfsliðs við myndmiðlunina starfar í hvorugu þessara ríkja, heyri viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi undir lögsögu íslenska ríkisins ef hann hefur hafið útsendingar samkvæmt útvarpsleyfi sem veitt var með stoð í íslenskum lögum og haldið stöðugum og virkum tengslum við íslenskt efnahagslíf.

Samkvæmt framangreindu hefur hugtakið ritstjórn grundvallarþýðingu við afmörkun á því hvaða fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni heyra undir lögsögu íslenska ríkisins. Það hugtak er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins og nánar skýrt í athugasemdum við því ákvæði. Eins og þar kemur fram eru skilin ekki alls kostar skörp. Þar sem reglum 1. mgr. greinarinnar er ætlað að skera úr um hvaða EES-ríki fari með lögsögu yfir einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum er nauðsynlegt að hugtakið ritstjórn sé skýrt með samræmdum hætti í aðildarríkjum EES-samningsins. Hið sama gildir um það hvað telst aðalskrifstofa sem og það hvað telst verulegur hluti starfsliðs í skilningi ákvæðisins. Það má því gera ráð fyrir því að fjölmiðlanefnd og eftir atvikum dómstólar hér á landi líti til úrlausna stofnana EES og ESB um nánari túlkun þessara hugtaka og afmörkun.

Í 2. mgr. greinarinnar er svo að finna reglur um það í hvaða tilvikum fjölmiðlaþjónustuveitandi sem miðlar myndefni heyrir undir lögsögu íslenska ríkisins teljist hann hvorki hafa staðfestu hér á landi samkvæmt ákvæði 1. mgr. né í öðru EES-ríki. Í slíkum tilvikum heyrir fjölmiðlaþjónustuveitandi undir lögsögu íslenska ríkisins ef hann notar jarðstöð sem staðsett er hér á landi til sendingar merkis í gervitungl. Hið sama gildir ef viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi notar gervitunglaflutningsgetu sem tilheyrir Íslandi, svo framarlega sem ekki er notuð jarðstöð sem staðsett er í öðru EES-ríki til sendingar merkis í gervitungl. Teljist fjölmiðlaþjónustuveitandi hvorki hafa staðfestu hér á landi né í öðru EES-ríki er þannig fyrst litið til þeirrar jarðstöðvar sem hann notar og sé hún ekki staðsett í EES-ríki til þess hverjum sú gervitunglaflutningsgeta sem hann notar tilheyrir. Með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni var þessum varalögsögureglum snúið við þar sem ákveðin vandamál komu upp við framkvæmd þeirra. Samkvæmt sjónvarpstilskipuninni, með þeim breytingum sem gerðar voru á henni með breytingartilskipuninni 1997, var þannig fyrst litið til þess hvaða ríki sú gervitunglaflutningsgeta sem viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi notaði tilheyrði og síðan til þeirrar jarðstöðvar sem notuð var og eru c- og d-liður 1. mgr. 2. gr. gildandi útvarpslaga miðaðir við það. Í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru að þessu leyti með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er með frumvarpinu lagt til að á þessu verði gerð framangreind breyting.

Til skýringar skal tekið fram að með sendingu merkis úr jarðstöð í gervitungl (e. satellite up-link) er átt við það þegar merki tiltekins hljóð- og myndmiðlunarefnis er sent úr jarðstöð upp í gervitungl. Þegar merki efnis er sent til margra landa er það þannig sent upp í gervitungl úr jarðstöð. Merkið næst síðan á mörgum stöðum og er m.a. tekið niður (e. satellite down-link) og dreift til margra áhorfenda í senn, t.d. um kapalkerfi eða ADSL. Með gervi-

tunglaflutningsgetu (e. satellite capacity) er hins vegar átt við þá flutningsgetu eða bandbreidd sem viðkomandi gervitungl býr yfir.

Enn fremur var reglan um það að sjónvarpsstöð teldist heyra undir lögsögu aðildarríkis ef hún notaði senditíðni sem úthlutað væri af því felld niður með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni þar sem hún þótti í ljósi þróunar á þessum vettvangi úrelt. Þá reglu er að finna í b-lið 1. mgr. 2. gr. gildandi útvarpslaga. Í ljósi þeirra breytinga sem gerðar hafa verið að þessu leyti hefur frumvarpið ekki samsvarandi reglu að geyma.

Í 3. mgr. er loks að finna reglu um það hvernig skuli leyst úr vafatilvikum um lögsögu sem ekki er unnt að leysa úr skv. 1. eða 2. mgr. Í slíkum tilvikum skal litið til ákvæða EES-samningsins, sbr. sérstaklega 2. kafla III. hluta hans um staðfesturétt. Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði e-liðar 1. mgr. 2. gr. gildandi útvarpslaga.

Enn sem komið er hefur ekki reynt á ákvæði 2. gr. gildandi útvarpslaga, enda hafa fjölmiðlaþjónustuveitendur sem markaðssetja myndefni sitt fyrir íslenskan markað í öllum tilvikum verið innlendir aðilar með staðfestu hér á landi. Að sama skapi hafa innlendir fjölmiðlaþjónustuveitendur fram til þessa ekki herjað út fyrir landsteinana né heldur hafa fjölmiðlaþjónustuveitendur sem markaðssetja myndefni sitt fyrir erlenda markaði stofnsett sig hér á landi. Í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins hafa hins vegar komið upp fjölmörg tilvik þar fjölmiðlaþjónustuveitendur með staðfestu í einu EES-ríki dreifa hljóð- og myndmiðlunarefni sem ætlað er almenningi í öðru EES-ríki. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að skýrar reglur gildi um það hverjum ber að hafa eftirlit með viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitendum auk þess sem brýnt er að einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum sé ljóst hvaða reglur gilda um þá. Gera má ráð fyrir því að með aukinni alþjóðavæðingu á þessum vettvangi muni í auknu mæli reyna á það hvaða ríki fari með lögsögu yfir einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum.

Um 5. gr.

Ákvæðið samsvarar ákvæði 5. gr. gildandi útvarpslaga að teknu tilliti til rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins. Ákvæðið er byggt á 2. gr. a) í sjónvarpstilskipuninni sem tekin var upp með breytingartilskipuninni 1997 auk þess sem við hana var bætt með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Ákvæðið hefur að geyma heimild fyrir fjölmiðlanefnd til að stöðva tímabundið móttöku annars vegar sjónvarpsútsendinga og hins vegar myndmiðlunar eftir pöntun frá öðrum aðildarríkjum EES-samningsins að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum í hvoru tilviki fyrir sig. Um er að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að aðildarríki EES-samningsins skuli tryggja frjálst flæði þjónustu á þessum vettvangi enda beri hvert aðildarríki fyrir sig ábyrgð á því að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem undir þeirra lögsögu heyra fari að ákvæðum tilskipunarinnar. Tilgangur ákvæðisins er að vernda neytendur og þá einkum börn í móttökuríkinu fyrir efni sem ekki stenst þær siðferðiskröfur sem þar eru gerðar en slík viðhorf kunna að vera mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Samkvæmt réttarvenju dómstólsins ber þó að túlka þröngt allar takmarkanir á frelsi til að veita þjónustu, svo sem hvers konar undanþágur frá meginreglum sáttmálans, og verður að telja það sama eiga við í þessu tilviki. Þá ber að sjálfsögðu að gæta þess að fylgja þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í hvívetna þar sem hún er tilkomin vegna skuldbindinga íslenska ríkisins samkvæmt tilskipuninni.

Í a–d-lið 1. mgr. 5. gr. er mælt fyrir um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til þess að fjölmiðlanefnd sé heimilt að stöðva tímabundið móttöku sjónvarpsútsendingar frá öðru aðildarríki EES-samningsins. Ákvæðið er byggt á 2. mgr. 2. gr. a) í tilskipuninni. Í a-lið koma

fram þau efnisskilyrði sem þurfa að vera til staðar en einungis er heimilt að stöðva sjónvarpsútsendingu ef hún brýtur augljóslega, verulega og alvarlega gegn ákvæði 27. gr. um bann við hatursáróðri eða ákvæði 28. gr. um vernd barna gegn skaðlegu efni. Í b–d-liðum eru svo sett fram tiltekin formskilyrði sem öll þurfa að vera fyrir hendi. Skv. b-lið þarf viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi að hafa a.m.k. tvívegis á undanförnum 12 mánuðum brotið gegn ákvæði a-liðar svo heimilt sé að stöðva móttöku útsendingar frá honum. Skv. c-lið þarf fjölmiðlanefnd áður en hún aðhefst nokkuð að hafa upplýst viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda sem og Eftirlitsstofnun EFTA, eða eftir atvikum framkvæmdastjórn ESB, um að hún telji að um brot á viðeigandi ákvæði laganna sé að ræða og að hún hyggist grípa til ráðstafana verði brotið endurtekið. Skv. d-lið þarf fjölmiðlanefnd að sama skapi að freista þess að leysa málið í samráði við þar til bær stjórnvöld í því ríki sem fer með lögsögu yfir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda sem og Eftirlitsstofnun EFTA eða eftir atvikum framkvæmdastjórn ESB áður en hún aðhefst nokkuð. Þannig skal fjölmiðlanefnd þá þegar eftir að hún sendir tilkynningu skv. c-lið freista þess að leysa málið með samkomulagi og er skv. d-lið óheimilt að stöðva útsendingu nema slíkt samkomulag hafi ekki náðst að liðnum 15 dögum frá því að hún sendi umrædda tilkynningu. Þannig líða alltaf minnst 15 dagar frá því að tilkynning er send skv. c-lið og þar til fjölmiðlanefnd er heimilt að stöðva móttöku þeirrar útsendingar sem um ræðir.

Í lokamálslið 2. mgr. 2. gr. a) í tilskipuninni kemur fram að Eftirlitsstofnun EFTA eða eftir atvikum framkvæmdastjórn ESB skuli innan tveggja mánaða frá því að tilkynnt er um aðgerðir af því tagi sem getið er um í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins taka ákvörðun um það hvort þær aðgerðir sem gripið hefur verið til samrýmist EES-rétti. Þá kemur fram að ef viðkomandi eftirlitsaðili kemst að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki beri því aðildarríki sem í hlut á að binda enda á aðgerðirnar þegar í stað. Ekki þykir ástæða til að taka þetta ákvæði upp í frumvarpið þar sem fyrst og fremst er um skuldbindingu að EES-rétti að ræða. Fjölmiðlanefnd ber hins vegar á grundvelli ákvæðis tilskipunarinnar að hlíta niðurstöðu viðeigandi eftirlitsaðila í þessu sambandi.

Í 2.–4. mgr. 5. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að heimilt sé að stöðva tímabundið móttöku myndefnis eftir pöntun frá öðru EES-ríki. Um er að ræða nýmæli í frumvarpinu. Ákvæði 2.–4. mgr. eru byggð á 4.–6. mgr. 2. gr. a) í tilskipuninni sem jafnframt eru nýmæli og helgast af rýmkuðu gildissviði hennar. Í 2. mgr. er kveðið á um þau efnisskilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi. Þau eru að sínu leyti nokkuð rýmri en hvað heimild til stöðvunar á sjónvarpsútsendingum varðar en samkvæmt frumvarpsgreininni er heimilt að stöðva móttöku myndefnis eftir pöntun frá öðru EES-ríki á grundvelli sömu sjónarmiða og tiltekin eru í a-lið 1. mgr. og því til viðbótar ef það myndefni sem um ræðir er að öðru leyti talið stríða gegn allsherjarreglu, verndun lýðheilsu, almannaöryggi eða neytendavernd. Í 42. formálsgrein hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar kemur fram að pöntunarþjónusta sé ólík sjónvarpsútsendingum að því er varðar það val og þá stjórn sem notandinn geti haft og að því er varðar þau áhrif sem hún geti haft á samfélagið. Sú staðreynd réttlæti að setja vægari reglur um slíka þjónustu en einungis sé nauðsynlegt að hún samræmist grundvallarreglum tilskipunarinnar. Af þessum sökum er eðlilegt að aðildarríkin hafi að sama skapi rýmri heimild til stöðvunar á móttöku myndefnis á þeim vettvangi en að því er sjónvarpsútsendingar varðar. Í 3. og 4. mgr. er svo að finna þau formskilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi. Skv. 3. mgr. skal fjölmiðlanefnd leita til þar til bærra stjórnvalda í því aðildarríki sem fer með lögsögu yfir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda áður en hún aðhefst nokkuð og er einungis heimilt að stöðva móttöku þjónustunnar ef slík umleitan leiðir

ekki til viðunandi niðurstöðu. Enn fremur skal fjölmiðlanefnd tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn ESB um fyrirhugaða stöðvun á móttöku efnis áður en til hennar kemur. Ákvæði tilskipunarinnar hefur ekki að geyma sérstök tímamörk að þessu leyti og þykir því ekki ástæða til að leggja til að slík tímamörk verði í lög leidd í þessu sambandi. Hins vegar verður að gera ráð fyrir að fjölmiðlanefnd gefi þar til bæru stjórnvaldi í því aðildarríki sem um ræðir tilhlýðilegt svigrúm til að grípa til viðunandi ráðstafana enda er í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar lagt til í 4. mgr. að fjölmiðlanefnd hafi heimild til að víkja frá ákvæði 3. mgr. ef um bráðatilvik er að ræða. Þegar svo háttar til ber henni að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn ESB, eftir því sem við á, sem og þar til bæru stjórnvaldi í viðkomandi aðildarríki um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til og færa fyrir því sérstök rök að um bráðatilvik hafi verið að ræða.

Í 6. mgr. 2. gr. a) í tilskipuninni kemur svo fram að Eftirlitsstofnun EFTA eða eftir atvikum framkvæmdastjórn ESB skuli, með fyrirvara um svigrúm aðildarríkisins til að gera þær ráðstafanir sem um getur í 3. og 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar, ganga úr skugga um samræmi tilkynntra ráðstafana við EES-rétt á eins skömmum tíma og frekast er unnt. Komist viðkomandi eftirlitsaðili að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar samrýmist ekki EES-rétti skal hún fara þess á leit við hlutaðeigandi aðildarríki að það láti vera að gera fyrirhugaðar ráðstafanir eða bindi enda á umræddar ráðstafanir án tafar. Á sama hátt er sambærilegt ákvæði í tilskipuninni um sjónvarpsútsendingar. Þykir ekki ástæða til að taka ákvæði þetta upp í frumvarpið enda er fyrst og fremst um skuldbindingu íslenska ríkisins að EES-rétti að ræða.

Loks skal tekið fram að ákvæði 5. gr. frumvarpsins gildir ekki um hljóðmiðlun og hefur engin áhrif á heimild fjölmiðlanefndar til að stöðva móttöku slíkrar þjónustu frá öðrum EES-ríkjum ef það er andstætt ákvæðum laga enda eru reglur þar um ekki samræmdar með tilskipuninni. Þá hefur ákvæðið engin áhrif á heimild fjölmiðlanefndar til að stöðva móttöku hljóð- og myndefnis frá ríkjum utan EES-svæðisins.

Um 6. gr.

Í greininni er að finna heimild fyrir fjölmiðlanefnd til að grípa til ráðstafana gagnvart fjölmiðlaþjónustuveitendum sem miðla myndefni sem að mestu eða öllu leyti er ætlað til móttöku hér á landi en heyra undir lögsögu annarra EES-ríkja. Um er að ræða nýmæli þó svo að greinin eigi sér vissa samsvörun í 2. mgr. 2. gr. gildandi útvarpslaga. Rétt er að geta þess að ákvæði 2. mgr. 2. gr. gildandi útvarpslaga á sér hvorki stoð í upphaflegu sjónvarpstilskipuninni né breytingartilskipuninni frá 1997. Í athugasemdum með ákvæðinu í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til gildandi útvarpslaga kemur fram að hún sé reist á dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Ekki er unnt að draga svo afdráttarlausa ályktun af nefndri dómaframkvæmd og því vafasamt að ákvæðið hefði staðist ef á það hefði reynt á vettvangi EES-réttar enda er það á skjön við meginregluna um lögsögu yfir einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum. Er því lagt til að það verði fellt niður og frumvarpsgreinin tekin upp í þess stað. Frumvarpsgreinin er byggð á 3. gr. tilskipunarinnar sem tók umtalsverðum breytingum með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Þó svo að tilskipunin miði að því að samræma reglur aðildarríkjanna á þessum vettvangi eru með henni einungis gerðar lágmarkskröfur. Aðildarríkjunum er því heimilt að setja fjölmiðlaþjónustuveitendum innan lögsögu sinnar ítarlegri og strangari reglur á þeim sviðum sem samræmd eru með tilskipuninni. Ákvæði 3. gr. tilskipunarinnar tekur á þeim aðstæðum sem skapast þegar hljóð- og myndmiðlunarefni fjölmiðlaþjónustuveitanda, sem heyrir undir lögsögu eins aðildarríkis en beinir þjónustu sinni að öllu eða mestu leyti að yfirráðasvæði annars aðildarríkis, uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í

móttökuríkinu. Ákvæði tilskipunarinnar gerir ráð fyrir því að við slíkar aðstæður hafi þar til bær stjórnvöld í viðkomandi aðildarríkjum samstarf sín á milli um lausn mála og þegar viðunandi lausn fæst ekki með slíku samstarfi er móttökuríkinu veitt heimild til að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn þeim fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um ræðir að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Þau aðildarríki sem kjósa að setja landsbundnar sérreglur skulu þó tryggja að þær séu í raun nauðsynlegar, þeim sé beitt án mismununar og þær séu hóflegar. Enn fremur skulu markmið þeirra samrýmast markmiðum EES-réttar. Þau sjónarmið sem Evrópudómstóllinn hefur talið samrýmast markmiðum EES-réttar að þessu leyti er m.a. neytendavernd, vernd barna og ungmenna og menningarhefð viðkomandi aðildarríkis.

Ýmis dæmi eru um að fjölmiðlaþjónustuveitendur í einstökum EES-ríkjum freisti þess að fara á svig við strangari löggjöf í heimalandi sínu með því að flytja höfuðstöðvar sínar til annars EES-ríkis þar sem löggjöfin er reist á lágmarkskröfum tilskipunarinnar. Í því sambandi má nefna þær fjölmörgu sjónvarpsstöðvar sem fært hafa höfuðstöðvar sínar til Bretlands en miðla engu síður efni sem ætlað er til móttöku í öðrum aðildarríkjum. Með tilkomu gervihnattasendinga og háhraðatenginga milli landa er slíkt tæknilega mögulegt og því enn brýnna en áður að fyrir hendi séu úrræði til að tryggja að strangari reglur einstakra aðildarríkja séu ekki sniðgengnar með þessum hætti. Rík áhersla var lögð á upptöku þessa ákvæðis í tilskipunina á Norðurlöndunum þar sem fjöldi sjónvarpsstöðva sem miðla efni ætluðu til móttöku innan þeirra hafa aðsetur á Bretlandi. Dæmi um það er TV3 í Danmörku, Noregi og Svíþjóð sem og TV6, TV8, ZTV, Kanal 5 og Kanal 9 í Svíþjóð. Vegna þessa hafa komið upp ýmis vandamál og nægir í því sambandi að nefna að þær sjónvarpsstöðvar sem heyra undir breska lögsögu hafa m.a. farið á svig við strangari reglur um viðskiptaorðsendingar í móttökuríkjunum auk þess sem þær hafa í umtalsverðum mæli virt að vettugi reglur móttökulandsins um textun á hljóð- og myndmiðlunarefni, táknmálstúlkun og aðrar ráðstafanir sem gerðar skulu í þágu sjón- og heyrnarskertra.

Í 1. mgr. kemur fram að telji fjölmiðlanefnd að fjölmiðlaþjónustuveitandi, sem heyrir undir lögsögu annars EES-ríkis en dreifir myndmiðlunarefni sem að mestu eða öllu leyti er ætlað til móttöku hér á landi, hafi brotið gegn ákvæðum laganna geti hún farið fram á það við þar til bær yfirvöld í viðkomandi EES-ríki að þau beini því til fjölmiðlaþjónustuveitandans að hann fari að þeim ákvæðum sem um ræðir.

Við mat á því í hverju tilviki fyrir sig hvort umrædd fjölmiðlaþjónusta sé að mestu eða öllu leyti ætluð til móttöku hér á landi skal fjölmiðlanefnd líta til vísbendinga á borð við uppruna sjónvarpsauglýsinganna og/eða áskriftartekna, aðaltungumáls þjónustunnar eða hvort einhverjum dagskrárliðum eða hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni sé beint sérstaklega til almennings hér á landi. Eðli málsins samkvæmt er einungis gert ráð fyrir því að þessi staða geti komið upp í þeim tilvikum þegar frumvarpið kveður á um strangari eða ítarlegri reglur en tilskipunin þar sem aðildarríkjunum er skylt að tryggja að allir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem undir þeirra lögsögu heyra fari að þeim lágmarkskröfum sem hún setur. Í þessu sambandi má nefna að börnum er veitt víðtækari vernd samkvæmt ákvæðum frumvarpsins en mælt er fyrir um í tilskipuninni, bæði að því er varðar tímasetningu viðskiptaorðsendinga og innihald. Þannig er um mikilvægt úrræði fyrir fjölmiðlanefnd að ræða ef upp koma tilvik af þessu tagi.

Í 2. mgr. kemur svo fram að fjölmiðlanefnd geti í þeim tilvikum þegar hún telur í fyrsta lagi að fullnægjandi árangur hafi ekki náðst með beitingu 1. mgr. og í öðru lagi að viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi hafi öðlast staðfestu í öðru EES-ríki gagngert til þess að fara á skjön við íslensk lög gripið til viðeigandi ráðstafana gegn þeim fjölmiðlaþjónustuveitanda

sem í hlut á. Áður en fjölmiðlanefnd aðhefst skal hún þó tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn ESB, eftir því sem við á, sem og þar til bærum yfirvöldum í því EES-ríki sem fer með lögsögu yfir viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda um þær ráðstafanir sem hún hyggst grípa til og rökstyðja nauðsyn þeirra. Þá skal fjölmiðlanefnd bíða með að grípa til umræddra ráðstafana þar til viðkomandi eftirlitsaðili hefur staðfest að þær ráðstafanir sem hún hyggst grípa til samrýmist ákvæðum EES-samningsins og að mat hennar skv. 1. og 2. mgr. greinarinnar sé rétt. Í samræmi við meginreglur EES-réttar þurfa þær aðgerðir sem fjölmiðlanefnd verður heimilt að grípa til í þessu sambandi, verði frumvarpið að lögum, að vera nauðsynlegar til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með þeim ákvæðum laganna sem stjórnvaldið telur brotið gegn, þeim beitt á jafnréttisgrundvelli og í samræmi við meðalhófsreglu EES-réttar.

Í 3. mgr. er svo tekið fram að komist framkvæmdastjórnin eða Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu, að þær ráðstafanir sem fjölmiðlanefnd hyggst grípa til fái ekki samrýmst ákvæðum EES-samningsins, skuli nefndin ekki grípa til þeirra. Rétt er að taka fram að skv. 5. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar ber framkvæmdastjórninni eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, að taka ákvörðun að þessu leyti innan þriggja mánaða frá tilkynningunni sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr.

Um III. kafla.

Með frumvarpi þessu er lögð til breytt stjórnsýsla. Þær breytingar eru annars vegar tilkomnar vegna þeirra skyldna sem á íslenska ríkinu hvíla samkvæmt EES-samningnum eins og fyrr hefur verið rakið og hins vegar vegna þeirra áforma sem í frumvarpinu felast um heildstæða löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar.

Íslensk stjórnskipan byggist á því að ráðherra, hver á sínu sviði, fari með æðstu yfirstjórn stjórnsýslunnar. Í framkvæmd hefur þó verið talið að löggjafinn hafi heimild, byggða á stjórnskipunarvenju, til að ákveða með lögum að tiltekin starfsemi, t.d. stjórnsýslustofnun, skuli vera sjálfstæð og þar með undanskilin yfirstjórn ráðherra sem annars mundi til hans falla. Ráðherra fer því með yfirstjórn stjórnarmálefna nema hún sé að lögum undanskilin.

Benda ber á að með því að löggjafinn svipti ráðherra stjórnunar- og eftirlitsheimildum yfir tiltekinni stofnun er um leið aflétt ráðherraábyrgð af hlutaðeigandi ráðherra, svo og þinglegri ábyrgð að því er snertir meðferð þeirra heimilda sem um ræðir. Að lögum verður staðan sú, í slíkum tilvikum, að enginn ber þessa ábyrgð gagnvart Alþingi. Af þessari ástæðu hefur verið talið að ekki ætti að koma á fót slíkum sjálfstæðum stofnunum nema í þeim undantekningartilvikum að kostir slíkrar skipunar þykja vega upp framangreinda ókosti.

Í upphaflegum tillögum frá árinu 2005 að nýrri tilskipun Evrópusambandsins um breytingu á sjónvarpstilskipuninni frá 1989, með síðari breytingum, var lengst af gert ráð fyrir sérstöku ákvæði þess efnis að aðildarríkjunum væri skylt að tryggja sjálfstæði sérstakrar stjórnsýslustofnunar er færi með eftirlit með fjölmiðlaþjónustuveitendum. Í lokagerð hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar er ekki lengur gerð bein krafa um tilvist slíkrar stofnunar en allt að einu eru fyrirmæli tilskipunarinnar með þeim hætti að það er óhjákvæmileg. Enn fremur liggja fyrir tilmæli frá Evrópuráðinu (REC No. R(2000)23) um að aðildarlönd þess skuli koma sér upp sjálfstæðum eftirlitsstofnunum á þessum vettvangi. Í tilmælunum er mikilvægi slíkra stjórnsýslustofnana sérstaklega áréttað og áhersla lögð á þá sérþekkingu á þessum málaflokki sem slíkar stofnanir búa jafnan yfir. Í nefndum tilmælum er að auki lögð rík áhersla á stjórnunarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði slíkra stofnana og að aðildarlöndin

skapi þeim viðeigandi starfsumhverfi með lagasetningu á þessu sviði. Með frumvarpinu er leitast við fylgja tilmælunum hvað þessa þætti varðar.

Ákvæði gildandi laga um útvarpsréttarnefnd hafa lengst af reynst vel en eru þó um margt ófullnægjandi í þessu sambandi, ekki síst nú þegar umræddu stjórnvaldi er ætlað að taka til allra fjölmiðla. Með frumvarpinu er því lagt til að fjölmiðlanefnd leysi útvarpsréttarnefnd af hólmi sem það stjórnvald sem fer með eftirlit og umsjón með starfsemi hljóð- og myndmiðla auk þess sem henni er ætlað að hafa sambærilegt eftirlit og umsjón með starfsemi allra annarra fjölmiðla.

Ein þýðingarmesta forsenda þeirra breytinga sem lagðar eru til er sú að skýrlega verði tekið af skarið um stjórnsýslulegt sjálfstæði fjölmiðlanefndar. Ljóst er að verkefni hins nýja stjórnvalds verða og mun umfangsmeiri en verið hefur hjá útvarpsréttarnefnd. Þar koma til ný verkefni vegna þess að allir fjölmiðlar heyra nú undir stjórnvaldið og vegna nýrra fyrirmæla í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni sem og frekari verkefni sem leiðir af tillögum frumvarpsins um lögfestingu tillagna hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar Alþingis um gagnsæi eignarhalds, flutningsreglur o.fl.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins koma fram meginreglur um fyrirkomulag stjórnsýslu samkvæmt frumvarpinu. Sem fyrr fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn ljósvakamiðla, nú hljóð- og myndmiðla, auk þess sem áformað er að yfirstjórn annarra fjölmiðla flytjist til þess ráðuneytis. Fjölmiðlanefnd er svo í umboði hans ætlað að sinna allri stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins á grundvelli EES-samningsins er fjölmiðlanefnd ætlað sjálfstæði gagnvart ráðherra og öðrum stjórnvöldum eins og nánar er útfært í frumvarpi þessu.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um það að ákvörðunum fjölmiðlanefndar samkvæmt frumvarpinu verði ekki skotið til æðra stjórnvalds. Í framkvæmd þekkist hvort tveggja en með hliðsjón af fyrirhuguðu sjálfstæði fjölmiðlanefndar og fortakslausum rétti aðila til þess að bera ákvarðanir hennar undir dómstóla verður að telja að réttaröryggis sé gætt í hvívetna.

Í 3. mgr. er loks mælt fyrir um að kostnaður við starfsemi fjölmiðlanefndar greiðist úr ríkissjóði og þykir það ákvæði ekki þarfnast frekari skýringa.

Í VI. kafla frumvarpsins, einkum 37. og 38. gr., eru efnisákvæði sem hafa skörun við ákvæði annarra sérlaga um tóbaksvörur og áfengi og laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Á þessum sviðum starfa sérstök stjórnvöld sem fara að lögum með ákveðnar heimildir að því er auglýsingar og eftir atvikum kostun varðar svo sem nánar er útlistað í athugasemdum við þær greinar. Ætlunin er ekki sú að breyta í neinu heimildum þessara aðila en um framkvæmd eftirlits með viðskiptaorðsendingum skal fjölmiðlanefnd efna til samstarfs við þá um verkaskiptingu.

Ljóst er að ýmis ákvæði í frumvarpi þessu og núgildandi útvarpslögum, nr. 53/2000, eru áþekk eða samhljóða ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Ástæða þess er einkum sú að tiltekin ákvæði um auglýsingar í hljóð- og myndmiðlum eru bæði í tilskipunum Evrópusambandsins um sjónvarpsmál og um neytendamál. Má nefna sem dæmi að ákvæði 20. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, og 7. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, eru í megindráttum samhljóða. Það er nokkuð misjafnt hvaða stofnanir í ESB-ríkjunum hafa eftirlit með að þessum ákvæðum sé fylgt. Í Danmörku og Bretlandi hafa fjölmiðlaeftirlitsstofnanir þessa eftirlitsskyldu en í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð er hún hjá þeim stofnunum sem sjá um neytendamál. Til

fyllingar má nefna að útvarpsréttarnefnd hefur nú eftirlit með því að viðskiptaorðsendingar séu vel afmarkaðar frá ritstjórnarefni.

Verkefni Neytendastofu samkvæmt framangreindum lögum, nr. 57/2005, er m.a. að koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti og að stuðla að auknu gagnsæi markaðarins. Þá á hún að sjá til þess að viðskiptahættir séu ekki villandi eða líklegir til að blekkja neytendur, gæta þess að neytendur fái ekki rangar upplýsingar og að gætt sé sanngirni gagnvart keppinautum. Bæði útvarpsréttarnefnd og Neytendastofa hafa því samkvæmt núgildandi lögum m.a. eftirlit með framsetningu og innihaldi auglýsinga. Í ljósi þess að viðurlagaheimildir stofnananna eru ólíkar auk þess sem sérþekking og áherslur þeirra eru mismunandi er lagt til að tiltekin ákvæði verði áfram bæði í fjölmiðlalögum og lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu líkt og nú er. Til að skýra betur starfssvið og hlutverk fjölmiðlanefndar og Neytendastofu er lagt til að kveðið verði á um að samstarfssamningur sé gerður þeirra á milli um þessi mál.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er fjallað um skipun í fjölmiðlanefnd. Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðherra skipi fimm manns í fjölmiðlanefnd. Tvo skal skipa samkvæmt tilnefningu samráðsnefndar háskólastigsins, sbr. 26. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, og er þá sérstaklega gert ráð fyrir fræðilegri aðkomu að nefndinni, tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands en ráðherra skipar þann fimmta. Ráðherra skipar formann fjölmiðlanefndar úr hópi nefndarmanna. Formaður fjölmiðlanefndar skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Varaformann skal skipa úr hópi fastra nefndarmanna. Sú nýbreytni er jafnframt lögð til að stjórnarmenn hafi sérþekkingu á fjölmiðlamálum og/eða starfsumhverfi fjölmiðla. Til sérþekkingar í þessu sambandi getur talist menntun eða fagleg starfsreynsla á vettvangi fjölmiðlamála.

Í 2. mgr. eru hefðbundin fyrirmæli um almennt hæfi stjórnarmanna. Ekki þykir ástæða til að kveða sérstaklega á um sérstakt hæfi þeirra og gilda því almenn ákvæði stjórnsýslulaga að því leyti.

Í 3. mgr. er kveðið á um að fjölmiðlanefnd setji sér starfsreglur. Í þeim skal m.a. getið um starfsmenn og valdsvið framkvæmdastjóra, þ.e. hvaða ákvarðanir hann geti tekið og hvers lags ákvarðanir skuli ávallt bera undir nefndina. Aðrar starfsreglur skulu m.a. lúta að meðferð erinda og almennri starfsemi nefndarinnar til að auka gagnsæi og auðvelda samskipti við almenning, fyrirtæki og stofnanir.

Um 9. gr.

Þar sem fyrirsjáanlegt er að verkefni fjölmiðlanefndar verða umfangsmikil, verði frumvarpið að lögum, er mælt svo fyrir að fjölmiðlanefnd fái heimild til að ráða framkvæmdastjóra og annað starfsfólk eftir atvikum. Í þessari tilhögun felst ákveðið frávik frá almennum reglum þar sem það er jafnan ráðherra sem skipar eða ræður í slík störf. Engu síður er lagt til að nefndin ráði framkvæmdastjóra í því tilviki sem hér um ræðir í því skyni að tryggja sjálfstæði hennar. Er þetta sambærileg tilhögun og hjá Samkeppniseftirlitinu og Fjármálaeftirlitinu þar sem stjórn ræður í báðum tilvikum forstjóra viðkomandi eftirlitsstofnana. Þá er gerð krafa um að framkvæmdastjóri skuli hafa menntun á háskólastigi og búa yfir sérþekkingu á sviði fjölmiðlamála sem og að fjölmiðlanefnd skuli setja honum starfslýsingu.

Samkvæmt greininni er ráðgert að framkvæmdastjóri sé bær til að afgreiða sjálfur þau mál sem ekki útheimta beina aðkomu fjölmiðlanefndar, sbr. 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Þá er

heimild til að ráða fleiri starfsmenn en óvíst hvort til þess kemur og ræðst m.a. af fjárveitingum til nefndarinnar. Þá getur að sjálfsögðu komið til þess að kaupa utanaðkomandi sérfræðiþjónustu. Til að halda kostnaði í lágmarki er gert ráð fyrir að fjölmiðlanefnd semji við ríkisstofnun um aðstöðu og eftir atvikum einnig þjónustu.

Vísað er til þess að um starfskjör starfsmanna fjölmiðlanefndar fari að samningum opinberra starfsmanna og að framkvæmdastjóri beri ábyrgð á fjárreiðum fjölmiðlanefndar. Hann skal vera embættismaður í skilningi 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem borið getur ábyrgð skv. 38. gr. sömu laga.

Um 10. gr.

Í greininni er starfssviði fjölmiðlanefndar lýst. Svo sem ráða má af ákvæðinu er fjölmiðlanefnd ætlað fjölbreytt hlutverk.

Í 1. mgr. er almenn stefnuyfirlýsing um starfsemi nefndarinnar. Þar kemur fram að henni sé ætlað það almenna hlutverk að stuðla að því að markmið og tilgangur frumvarpsins nái fram að ganga. Í samræmi við ákvæði 1. gr. frumvarpsins skal hún því vinna að því að efla fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði sem og fjölmiðlalæsi. Þá skal hún standa vörð um tjáningarfrelsi og rétt til upplýsinga og stuðla sérstaklega að því að vernd barna samkvæmt fyrirmælum frumvarpsins sé virt.

Í 2. mgr. eru svo helstu verkefni fjölmiðlanefndar tiltekin í a–e-lið. Athuga ber að ekki er um tæmandi talningu að ræða og verkefni hennar og starfsvið því enn víðtækara en þar kemur fram.

Í upphafi 2. mgr. er tiltekið að fjölmiðlanefnd skuli fara með þau verkefni sem henni eru falin lögum samkvæmt. Er með því bæði átt við þau verkefni sem henni eru falin með ákvæðum frumvarpsins sem og verkefni sem henni kunna að vera falin samkvæmt öðrum lögum.

Í a-lið 2. mgr. kemur svo fram að fjölmiðlanefnd skuli fylgjast með því að fjölmiðlaþjónustuveitendur fari að fyrirmælum laganna, taki ákvarðanir samkvæmt þeim og beiti viðurlögum þegar við á. Í þessu kemur fram hið veigamikla hlutverk nefndarinnar sem sjálfstæðs og óháðs eftirlitsaðila á þessum vettvangi.

Í b-lið 2. mgr. er svo tekið fram að fjölmiðlanefnd skuli fylgjast með stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði og safna upplýsingum þar að lútandi. Verði frumvarp þetta að lögum er um mikilvægan þátt í starfi fjölmiðlanefndar að ræða sem lýtur m.a. að því að uppfylla kröfur hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar sem og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar, m.a. á vettvangi Evrópuráðsins og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

Í c-lið 2. mgr. kemur svo fram að fjölmiðlanefnd skuli annast samskipti við sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum sem og alþjóðastofnanir um málefni á starfsvettvangi sínum. Þannig er fjölmiðlanefnd ætlað að annast samskipti við sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum, m.a. um lögsögu, tímabundna stöðvun sendinga og kvartanir. Í þessu endurspeglast það viðamikla hlutverk sem slíkum stjórnvöldum er ætlað í samstarfi á vettvangi EES og skýrt kemur fram í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Fjölmiðlanefnd skal í samstarfi við sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum leysa úr þeim vafaatriðum sem upp kunna að koma varðandi lögsögu yfir einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum. Hún skal enn fremur taka ákvarðanir um tímabundna stöðvun móttöku hljóð- og myndmiðlunarefnis frá öðrum EES-ríkjum þegar það á við og annast nauðsynleg samskipti við framkvæmdastjórn ESB eða eftir atvikum Eftirlitsstofnun EFTA sem og sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum í slíkum tilvikum svo sem útlistað er í 5. gr. frumvarpsins. Loks skal hún taka við kvörtunum frá systurstofnunum í öðrum EES-ríkjum um fjölmiðlaþjónustuveitendur sem heyra undir

lögsögu íslenska ríkisins en dreifa hljóð- og myndmiðlunarefni til annarra EES-ríkja í samræmi við 3. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Telji fjölmiðlanefnd að fjölmiðlaþjónustuveitandi, sem heyrir undir lögsögu annars EES-ríkis en dreifir hljóð- og myndmiðlunarefni á Íslandi, hafi brotið gegn ákvæðum frumvarpsins getur hún að sama skapi farið fram á það við þar til bær yfirvöld í viðkomandi EES-ríki að þau beini því til fjölmiðlaþjónustuveitandans að hann fari að þeim ákvæðum sem um ræðir svo sem nánar er kveðið á um í 6. gr. frumvarpsins.

Í d-lið 2. mgr. er svo tiltekið að fjölmiðlanefnd hefur eftirlit með skráningarskyldu og veitingu leyfa til hljóð- og myndmiðlunar og tryggja að lögboðnar upplýsingar um alla fjölmiðlaþjónustuveitendur séu til staðar. Þannig skal fjölmiðlanefnd framfylgja reglum um skráningarskyldu ásamt því að veita og afturkalla leyfi til hljóð- og myndmiðlunar í samræmi við ákvæði IV. kafla frumvarpsins. Fjölmiðlanefnd skal hafa eftirlit með því að allir fjölmiðlaþjónustuveitendur tilkynni starfsemi sína til hennar og halda skrá um þá aðila. Svo sem fram hefur komið og nánar verður rakið í athugasemdum við IV. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir þeirri nýbreytni að öll fjölmiðlaþjónusta sé tilkynningarskyld en einungis sú þjónusta sem krefst tíðniúthlutunar hjá Póst- og fjarskiptastofnun leyfisskyld. Af þessu leiðir nokkuð breytt eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk frá því sem nú gildir um útvarpsréttarnefnd. Fjölmiðlanefnd hefur þannig veigamiklu hlutverki að gegna við að framfylgja nýjum reglum um gagnsæi eignarhalds sem eru með markverðari nýmælum sem felast í þessu frumvarpi þetta ráðgerir.

Í e-lið 2. mgr. er svo sérstaklega áréttað hið þýðingarmikla hlutverk fjölmiðlanefndar við eftirlit með hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni og viðskiptaorðsendingum í prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum. Með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að efnislegar heimildir til auglýsinga í prentmiðlum eða rafrænum ritmiðlum þrengist frá því sem nú er. Það eftirlit sem nú fer fram að lögum að því leyti er á hendi fleiri en eins stjórnvalds en með frumvarpinu er stefnt að samræmingu og einföldun þar að lútandi. Að því er hljóð- og myndmiðla varðar hefur eftirlit útvarpsréttarnefndar samkvæmt gildandi lögum m.a. verið fólgið í því að fylgjast með því hvort tímamörk eru virt, hvort viðskiptaorðsendingar eru þess eðlis að valdið geti börnum líkamlegum eða siðferðilegum skaða og svo mætti áfram telja. Ekki eru lagðar til breytingar að þessu leyti umfram það sem leiðir af rýmkuðu gildissviði frumvarpsins.

Af framangreindu má ljóst vera að fjölmiðlanefnd er bæði ætlað að vera framvörður þeirra almennu gilda sem stuðlað skal að með frumvarpinu auk þess sem hún skal gæta þess að hagsmunir neytenda séu tryggðir með fullnægjandi hætti. Henni er jafnframt ætlað að gæta þess að jafnvægi sé milli þessara þátta.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu eru almennar málsmeðferðarreglur sem fjölmiðlanefnd er ætlað að starfa eftir.

Í 1. mgr. koma fram þeir þrír meginþættir sem lúta að upphafi máls hjá fjölmiðlanefnd. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að af hálfu fjölmiðlanefndar sé þegar í upphafi lagt mat á það hvort mál uppfylli þær formlegu og efnislegu kröfur að teljast tækt til meðferðar. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði þar að lútandi verði í reglugerð ellegar verklagsreglum sem fjölmiðlanefnd setur. Þannig er gert ráð fyrir því að fjölmiðlanefnd taki ákvörðun um það hvort erindi sem henni berst gefi nægar ástæður til meðferðar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að fjölmiðlanefnd sé heimilt að raða málum í forgangsröð. Á þessu stigi er alls óljóst um fjölda þeirra mála sem upp kunna að koma og því óhjákvæmilegt að heimilað sé að afgreiða þau í

samræmi við mikilvægi þeirra. Í þriðja lagi er fjölmiðlanefnd beinlínis heimilað að taka mál upp að eigin frumkvæði. Á sviði stjórnsýsluréttar er það ekki vafalaust hvaða heimildir stjórnvald hefur til frumkvæðis af þessum toga sé ekki beinlínis kveðið á um það og þykir því ástæða til þess að taka af allan vafa í því sambandi.

Almennt ber að ganga út frá að flestar þær ákvarðanir sem fjölmiðlanefnd er falið að taka á grundvelli laganna um rétt eða skyldu fjölmiðlaþjónustuveitenda séu stjórnvaldsákvarðanir. Um meðferð og afgreiðslu slíkra mála gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum. Ákvörðun nefndarinnar um að taka mál til meðferðar er á hinn bóginn ekki slík ákvörðun, heldur ákvörðun um meðferð máls. Hið sama á við um þær ákvarðanir sem hún tekur um forgangsröðun mála. Engu síður kann réttmæti forgangsröðunar að koma til skoðunar eftirlitsaðila í ákveðnum tilvikum, svo sem hjá umboðsmanni Alþingis. Mikilvægt er að forgangsröðun byggist á mati þeirra hagsmuna sem um er að tefla og stefnt er að því að tryggja með frumvarpi þessu. Þá verður einnig að ganga út frá því, sbr. til hliðsjónar ákvæði 3. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, að þeim sem teljast aðilar viðkomandi máls sé tilkynnt um stöðu þess, ekki síst ef forgangsröðun hefur í för með sér fyrirsjáanlegar tafir á meðferð viðkomandi máls.

Í 2. mgr. er hnykkt á þeirri sjálfsögðu grundvallarreglu stjórnsýsluréttarins að málsmeðferð sé hraðað svo sem frekast er kostur. Rétt er að taka fram að samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni hvíla ákveðnar skyldur að þessu leyti á eftirlitsstjórnvöldum í aðildarríkjunum. Þannig skal fjölmiðlanefnd skv. b-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar tilkynna eftirlitsstjórnvaldi í aðildarríki sem til hennar leitar vegna brota fjölmiðlaþjónustuveitanda, sem heyrir undir lögsögu íslenska ríkisins, á löggjöf í umræddu aðildarríki, um árangur af slíkri beiðni innan tveggja mánaða.

Í 3. mgr. er sérstaklega áréttuð trúnaðarskylda fjölmiðlanefndar við meðferð upplýsinga og gagna sem hún aflar eða henni berast eftir öðrum leiðum. Slík trúnaðarskylda kann að leiða beint af lögum eða eftir atvikum af eðli viðkomandi upplýsinga eða gagna. Í því sambandi má sérstaklega nefna að fjölmiðlaþjónustuveitendur kunna að vera bundnir trúnaði við viðsemjendur sína auk þess sem ýmsar rekstrarlegar upplýsingar eru þess eðlis að rétt er að um þær ríki trúnaður.

Um 12. gr.

Frumvarpsgreinin á sér að nokkru leyti samsvörun í 2.–5. málsl. 5. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga en hefur hér eðli málsins samkvæmt víðtækari skírskotun. Það ákvæði var lögtekið með 6. gr. laga um breytingar á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, nr. 57/2007.

Rétt er að taka fram að mistök virðast hafa orðið við setningu 2.–4. málsl. 5. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga, sbr. 6. gr. laga nr. 57/2007. Í upphafi ákvæðisins er kveðið á um að unnt sé að krefjast skriflegra upplýsinga vegna ætlaðra brota á VI. kafla laganna sem hefur að geyma ákvæði um auglýsingar, fjarsölu og kostun. Þá kemur fram að við rannsókn brota á ákvæðum VI. kafla sé unnt að gera nauðsynlegar athuganir á starfsstöð þess sem rannsóknin beinist að þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum 7.–14. gr. sem eru í IV. kafla laganna um skyldur útvarpsstöðva. Af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) sem nefndu ákvæði var ætlað að innleiða má ráða að ákvæðinu var ætlað að taka til ætlaðra brota á VI. kafla laganna um auglýsingar, fjarsölu og kostun.

Með 1. mgr. er lögð til rýmkun frá því sem mælt er fyrir um í ákvæði 2. málsl. 5. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga um heimild fjölmiðlanefndar til að krefja fjölmiðlaþjónustuveitendur um skriflegar upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota. Þannig þykir rétt að sú heimild nái jafnt til ætlaðra brota á öllum ákvæðum laganna en ekki einungis þeirra sem lúta að hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni enda má ætla að slíkt auðveldi henni verulega að rækja þann starfa sem henni er ætlaður samkvæmt frumvarpinu. Rétt er að taka fram að skv. 53. gr. frumvarpsins getur fjölmiðlanefnd lagt dagsektir á hvern þann sem vanrækir að verða við ákvörðun hennar um afhendingu upplýsinga og gagna samkvæmt ákvæðinu.

2. mgr. greinarinnar er samhljóða 4. og 5. málsl. 5. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga og leiðir sem áður segir af framangreindri reglugerð um samvinnu um neytendavernd. Hún tekur einungis til rannsóknar á brotum á reglum um hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni en ekki öðrum brotum á ákvæðum viðkomandi kafla eða frumvarpsins að öðru leyti. Þar sem umrætt ákvæði er liður í því að uppfylla skyldur samkvæmt framangreindri reglugerð þykir ekki rétt að ganga lengra að því leyti en þar er lagt til, enda ljóst að um verulega íþyngjandi aðgerð getur verið að ræða. Rétt er að árétta það sem fram kemur í athugasemdum við nefnd ákvæði gildandi laga um að sambærilegt ákvæði í samkeppnislögum hafi verið túlkað svo í framkvæmd að nauðsynlegt sé að afla dómsúrskurðar áður en vettvangsrannsókn er gerð. Skilyrði fyrir beitingu heimilda til athugana á starfsstöðvum eru mjög ströng og er ætlunin að tryggja að heimildinni sé beitt á málefnalegum forsendum og aðeins þegar ríkar ástæður eru til.

Í 3. málsl. 5. mgr. 6. gr. gildandi laga er mælt fyrir um heimild til að leggja bann við útsendingu efnis sem telst andstætt ákvæðum VI. kafla laganna um auglýsingu, fjarsölu og kostun. Lagt er til að heimild þessi verði rýmkuð og henni skipað í IX. kafla frumvarpsins um ábyrgð, viðurlög, fullnustu o.fl. svo sem nánar verður rakið í athugasemdum við þann kafla.

Um 13. gr.

Greinin á sér efnislega samsvörun í 6. gr. a í gildandi útvarpslögum en hefur hér víðtækari skírskotun. Ákvæðið fjallar um afhendingu fjölmiðlanefndar á gögnum til systurstofnana sinna og eftir atvikum annarra stjórnvalda á EES-svæðinu sem og framkvæmdastjórnar ESB eða, ef við á, Eftirlitsstofnunar EFTA. Umrætt ákvæði gildandi útvarpslaga var lögtekið með 7. gr. laga um breytingar á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, nr. 57/2007. Með frumvarpsgreininni er þó lagt til að gildissvið þess verði rýmkað og það taki til upplýsinga og gagna sem nauðsynleg þykja við framkvæmd laganna eftir því sem við á en ekki einungis þeirra ákvæða sem lúta að hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni eins og ákvæði 6. gr. a í gildandi útvarpslögum. Í athugasemdum með 7. gr. frumvarps til fyrrgreindra laga kemur fram að í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) sé gert ráð fyrir að lögbær stjórnvöld á Íslandi veiti erlendum lögbærum stjórnvöldum allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að ákvarða hvort brot hefur verið framið. Þá hvílir samkvæmt reglugerðinni skylda á lögbærum stjórnvöldum til að tilkynna lögbærum stjórnvöldum annarra ríkja ef þeim verður kunnugt um brot innan EES-svæðisins eða ef þau hafa rökstuddan grun um slíkt brot. Með þetta að leiðarljósi var nefnt ákvæði leitt í lög. Sambærileg ákvæði er að finna í ýmsum öðrum lögum, t.d. samkeppnislögum.

Svo sem að framan greinir er með frumvarpinu lagt til að gildissvið ákvæðisins verði rýmkað. Að því er myndmiðla varðar helgast það m.a. af fyrirmælum 23. gr. b í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni þar sem kveðið er á um að aðildarríkin skuli gera viðeigandi ráðstafanir til að veita hvert öðru og framkvæmdastjórninni þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við beitingu ákvæða tilskipunarinnar, einkum fyrir milligöngu lögbærra og óháðra eftirlitsyfirvalda sinna. Þar sem ákvæði þetta er ekki bundið við framkvæmd þeirra ákvæða tilskipunarinnar sem lúta að neytendavernd þykir rétt að lögfest verði almenn heimild að þessu leyti. Þá er að sama skapi ljóst að ýmis ákvæði frumvarpsins að því er aðra fjölmiðla varðar lúta að neytendavernd og þykir því rétt að heimildin verði almenn að þessu leyti, enda fæst ekki séð að heimild þessi sé íþyngjandi fyrir einstaka fjölmiðla. Af niðurlagi 1. mgr. ákvæðisins verður þó ráðið að henni er einungis ætlað að taka til upplýsinga og gagna sem lúta að framkvæmd þeirra ákvæða sem eru hluti af skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum.

Rétt er að taka fram að skv. 3. málsl. 25. gr. gildandi útvarpslaga um skyldu og varðveislu á frumsömdu útvarpsefni er útvarpsrekanda skylt að láta útvarpsréttarnefnd í té afrit af upptöku útsendingar samkvæmt ósk nefndarinnar. Ekki er að finna samhljóða ákvæði í frumvarpinu þar sem gert er ráð fyrir að slík upplýsingaöflun rúmist innan þeirrar rannsóknarheimildar sem kveðið er á um í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Hins vegar er mælt fyrir um varðveisluskyldu efnis að þessu leyti í 35. gr. frumvarpsins.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 6. gr. a gildandi útvarpslaga að öðru leyti en því að fjölmiðlanefnd er eftirlátið mat á því hvort hún setur sérstök skilyrði fyrir veitingu þeirra upplýsinga eða gagna sem um ræðir hverju sinni. Þykir það eðlilegra þar sem jafnt kann að vera um upplýsingar eða gögn að ræða sem ekki er nauðsynlegt að farið verði með sem trúnaðarmál eða önnur sérstök skilyrði sett varðandi meðferð þeirra.

Um IV. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um skráningu fjölmiðla, leyfi til hljóð- og myndmiðlunar o.fl. Að því leyti sem þessi kafli á sér samsvörun í gildandi lögum vísast til III. kafla útvarpslaga um leyfi til útvarps. Með hliðsjón af breyttu og rýmkuðu gildissviði má þá þegar vera ljóst að um allbreyttar reglur er að ræða.

Á meðal helstu breytinga sem lagðar eru til er sú meginregla að öll fjölmiðlaþjónusta verði skráningarskyld en einungis sú þjónusta sem krefst tíðniúthlutunar hjá Póst- og fjarskiptastofnun leyfisskyld. Skilyrði leyfis til hljóð- og myndmiðlunar eru að stofni til þau sömu og samkvæmt gildandi lögum en lagt er til að útfærslu þeirra verði nokkuð breytt. Leyfi skiptast síðan í almenn leyfi og skammtímaleyfi og geta ýmist verið staðbundin eða náð til landsins alls. Þá er lagt til að lögleiddar verði reglur um gagnsæi eignarhalds, upplýsingagjöf um fjölmiðlaþjónustuveitanda á heimasíðu fjölmiðlanefndar og tilkynningarskyldu um eigendaskipti að fjölmiðlaþjónustuveitendum en þær eiga rætur sínar að rekja til tillagna síðari fjölmiðlanefndarinnar frá árinu 2005. Þá hefur kaflinn að geyma fyrirmæli um árlega skýrslugjöf fjölmiðlaþjónustuveitenda til fjölmiðlanefndar.

Í tillögum IV. kafla frumvarpsins felast vissulega auknar kröfur miðað við gildandi rétt. Kemur þar einkum til skráningarskylda allra fjölmiðla og aukin upplýsingagjöf. Þessi tilhögun er þó nauðsynleg eigi að vera unnt að koma til móts við þær skýlausu kröfur sem nú eru gerðar um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum og til að fjölmiðlanefnd hafi fullnægjandi yfirsýn yfir starfsemi á þessum markaði og geti meðal annars uppfyllt þær kröfur sem af lögleiðingu hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar leiðir.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru fyrst og fremst fyrirmæli um skráningarskyldu fjölmiðlaþjónustuveitenda en jafnframt er gerð grein fyrir þeim áskilnaði að ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda sé lögráða og fjár síns ráðandi.

Um forsendur skráningarskyldunnar hefur nokkuð verið fjallað hér að framan. Tilætlunin er þannig sú að öll starfsemi fjölmiðla sem undir lögin fellur sé skráningarskyld, sé hún ekki leyfisskyld, sbr. fyrirmæli 16. gr. frumvarpsins um leyfisskylda hljóð- og myndmiðlun. Svo sem fram hefur komið er almenn skráningarskylda af þessum toga ný af nálinni og felur vissulega í sér auknar kröfur á hendur þeim aðilum sem fjölmiðla eiga og reka. Þessar kröfur eru þó í raun fremur léttbærar og varða fyrst og fremst upplýsingagjöf án þess að hafðar séu samhliða uppi nýjar efnislegar kröfur eða viðmið á hendur þeim sem stunda vilja fjölmiðlastarfsemi. Um leið og það skal sérstaklega áréttað er nauðsynlegt að reifa helstu sjónarmið sem á slíka upplýsingagjöf kalla.

Í fyrsta lagi á skráningar- eða tilkynningarskylda af þessum toga rætur að rekja til tillagna hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar frá því í apríl 2005. Í umræddum tillögum nefndarinnar sagði m.a. að gera þyrfti greinarmun á ljósvakamiðlum annars vegar og prentmiðlum og netmiðlum hins vegar þegar kæmi að opinberum leyfum. Var ekki lögð til grundvallar breyting á því fyrirkomulagi að meðan starfsemi ljósvakamiðla væri í meginatriðum háð leyfi gegndi öðru um prentmiðla og raunar einnig netmiðla. Nefndin lagði þó til að þegar til framtíðar væri litið yrði hugað að því að sambærilegar reglur giltu um netmiðla og ljósvakamiðla, en fram hjá því yrði ekki litið að skilin milli net- og prentmiðla annars vegar og ljósvakamiðla hins vegar væru óskýr í stafrænu umhverfi og æ örðugra væri að skilgreina hugtakið fjölmiðil. Nefndin taldi að skoða bæri þá tilhögun að breytilegar reglur giltu um ólíka fjölmiðla og hvað ljósvakamiðlana varðaði yrði sum starfsemi ekki leyfisskyld heldur tilkynningarskyld þannig að stjórnvöld hefðu fullnægjandi yfirsýn á hverjum tíma. Á þeim tíma taldi nefndin sér hins vegar ekki fært að leggja til slíka skipan. Staðreyndin er á hinn bóginn sú að mikil gerjun hefur orðið síðan vorið 2005 þegar komist var að þessari niðurstöðu og augljósari rök standa nú til þess að þessi leið verði farin og þá í tilviki allra fjölmiðla enda ekki ástæða til þess að gera þar greinarmun á, m.a. vegna jafnræðissjónarmiða.

Í öðru lagi leiðir það af auknum kröfum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar að því stjórnvaldi sem sinnir eftirlitshlutverki á þessu sviði er nauðsyn að geta fylgst með allri starfsemi af þessum toga hverju nafni sem hún nefnist og án tillits til þess hvort hún er leyfisskyld eða ekki. Til þess að geta haft eftirlit með lögum þessum þarf fjölmiðlanefnd að hafa yfirlit yfir þá fjölmiðlaþjónustuveitendur sem ekki eru leyfisskyldir en heyra undir lögin að öðru leyti. Svo sem ítarlega er rakið hér að framan er um síkvikan og framsækinn markað að ræða þar sem örar breytingar verða. Því getur reynst erfitt fyrir fjölmiðlanefnd að hafa yfirsýn yfir markaðinn til þess að rækja eftirlitsskyldu sína nema fyrirtæki séu skráningarskyld. Þá er einnig vert að benda á að með alþjóðavæðingu fjölmiðla, þar sem auðveldlega er hægt að senda út frá einu landi en beina efninu að öðru landi, sé nauðsynlegt að stjórnvöld hafi yfirsýn yfir þá fjölmiðlaþjónustuveitendur sem hafa lögsögu í hverju EES-landi. Tilkynningarskylda af þessu tagi ætti ekki að reynast viðkomandi fyrirtækjum ýkja þungbær kvöð samanborið við það augljósa hagræði sem næst með slíkri upplýsingagjöf. Upplýsingar af þessum toga eru t.d. nauðsynlegar til þess að stjórnvöld geti uppfyllt þær skyldur sem felast í ákvæðum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar, sbr. 3. gr. a) þar sem mælt er fyrir um að aðildarríkin skuli sjá til þess að fjölmiðlaþjónustuveitendur, sem heyra undir lögsögu þeirra, veiti notendum ýmsar upplýsingar um fjölmiðlaþjónustuveitandann til þess að notendur geti

haft greiðann og beinan aðgang að þeim, auk þess sem víðtæk skylda hvílir á íslenska ríkinu að upplýsa eftirlitsstofnanir EES um margvísleg atriði, sbr. t.d. 4. og 5. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar.

Í þriðja lagi er tilkynningarskyldan jafnframt augljós og nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að halda utan um upplýsingar um eignarhald fjölmiðlaþjónustuveitenda, sbr. ákvæði þessa kafla um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum, einkum 21. og 22. gr. frumvarpsins.

Í þessu sambandi skal bent á að það er ekki einsdæmi að fjölmiðlar þurfi að skrá sig. Í Svíþjóð þurfa allir sem reka eða hyggjast setja á stofn fjölmiðla að tilkynna það til stjórnvalda og tilgreina samhliða ábyrgðarmann viðkomandi fjölmiðils. Hefðbundnir ljósvakamiðlar þurfa jafnframt leyfi. Kostur þess að láta skrá sig sem fjölmiðil felst í þeim réttindum sem fjölmiðlar njóta umfram önnur fyrirtæki, svo sem vernd heimildarmanna og sjálfstæði ritstjórna, auk þess sem það er óheimilt samkvæmt sænsku stjórnarskránni að hafa eftirlit með efni fjölmiðla áður en það er birt.

Sá greinarmunur sem gerður er á þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum sem einungis eru tilkynningarskyldir annars vegar og þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum í hljóð- og myndmiðlun sem jafnframt eru leyfisskyldir styðst við málefnaleg rök svo sem fram kemur í athugasemdum við ákvæði 16. gr. frumvarpsins. Þá skal enn áréttað að tilkynningarskylda af þessum toga ætti ekki að reynast viðkomandi fyrirtækjum mjög þungbær eða íþyngjandi miðað við þann augljósa hag sem af hlýst.

Ákvæði greinarinnar skýra sig að mestu sjálf. Í 1. mgr. er mælt fyrir um tilkynningarskylduna sem slíka, en fyrir inntaki hennar hefur rækileg grein verið gerð hér að framan.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um form tilkynningarskyldunnar og þær upplýsingar sem liggja skulu fyrir. Þar er um að ræða upplýsingar um heiti viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda, kennitölu hans, lögheimili, netfang og vefsetur, heiti þess fjölmiðils eða þeirra fjölmiðla sem hann starfrækir, nafn ábyrgðarmanns, ritstjórnar- eða dagskrárstefnu, kallmerki ef við á og eignarhald á þeim fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um ræðir. Skýra þessi atriði sig í meginatriðum sjálf.

Í 3. mgr. er síðan að finna þá meginreglu að ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitenda skuli hafa heimilisfesti hér á landi og vera lögráða og fjár síns ráðandi. Að gildandi lögum eru reglur hér að lútandi breytilegar í tilviki mismunandi miðla. Í prentlögum er í 1. mgr. 10. gr. gerð sú krafa að útgefandi blaðs eða tímarits sem gefið er út hér á landi sé lögráða og hafi lögheimili hér á landi og forræði á búi sínu. Í 2. mgr. 10. gr. er sambærileg krafa gerð í tilviki ritstjóra og í 3. mgr. 10. gr. tekið fram að sé útgefandi ópersónulegur aðili skuli ráðinn ritstjóri. Í útvarpslögum er í h-lið 4. mgr. 6. gr. mælt fyrir um það að sé bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta falli leyfið þá þegar úr gildi. Á vettvangi útvarpsréttarnefndar hefur sú framkvæmd og viðgengist að gera umsækjendum um leyfi að skila vottorðum um búsforræði og eftir atvikum vottorðum hlutafélagaskrár/firmaskrár um stofnun og tilvist félags, þegar slíkt á við. Sérstakar lögræðiskröfur eru á hinn bóginn ekki við hafðar á þeim vettvangi. Hér er lögð til einföldun og samræming reglna að þessu leyti og lagt til að í öllum tilvikum verði sú krafa gerð að ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitenda skuli hafa heimilisfesti hér á landi og vera lögráða og fjár síns ráðandi. Ekki þykir þörf á því að gera sambærilegar kröfur til annarra þeirra einstaklinga sem koma að rekstri fjölmiðla, svo sem ritstjóra o.s.frv. Kann t.d. að haga svo til að ritstjóri uppfylli ekki slíkar kröfur en slíkt ætti að ekki standa rekstri fjölmiðilsins í vegi enda ævinlega tryggt að ábyrgðarmaður uppfylli þau einstaklingsbundnu skilyrði sem hér um ræðir. Það leiðir svo af sjálfu sér að ekki þarf almennt séð að gera kröfur af þessum toga til ópersónulegra aðila enda útilokað að gjaldþrota félag geti staðið að fjöl-

miðlarekstri, m.a. vegna fyrirmæla í gjaldþrotaskiptalögum. Þrátt fyrir þetta eiga ekki sömu sjónarmið að öllu leyti við í tilviki leyfisskyldrar starfsemi til hljóð- og myndmiðlunar. Þar er eðli málsins samkvæmt um að ræða starfsemi sem fram fer á grundvelli tíðniúthlutana fjarskiptayfirvalda og felur þannig í sér úthlutun takmarkaðra gæða (auðlindar). Svo sem ítarlega er rakið í athugasemdum með 16. gr. leiðir það til þess að nokkuð aðrar og að sínu leyti strangari kröfur verða gerðar til slíkrar starfsemi en starfrækslu annarra fjölmiðla. Er því ráðgert í 3. mgr. 17. gr. að nokkru fyllri kröfur séu að þessu leyti gerðar að skilyrði leyfisveitingar og verður nánar að þeim vikið þar.

Loks er í 4. mgr. gert ráð fyrir upplýsingaskyldu þeirra fjölmiðlaþjónustuveitenda sem ákvæðið tekur til með sambærilegum hætti og gildir um leyfisskylda aðila, sbr. 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins.

Rétt er að taka fram að sé skráningarskyld starfsemi stunduð án tilkynningar getur það varðað bæði stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæði 54. gr. frumvarpsins og/eða refsingu samkvæmt ákvæði 56. gr. þess. Sömu viðurlög koma til sé fjölmiðill starfræktur án þess að fyrir hendi sé ábyrgðarmaður sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. um heimilisfesti, lögræði og búsforræði.

Um 15. gr.

Í greininni er kveðið á um að tilkynna beri sérstaklega um erlent endurvarp hljóð- og myndefnis. Tilkynning skal vera skrifleg og skal koma fram nafn þess erlenda fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um er að ræða hverju sinni, heimili hans, netfang, vefsetur og kallmerki. Þá skuli veita upplýsingar um ritstjórnarábyrgð, dagskrárstefnu og eignarhald á viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda ef tiltækar eru. Hér er um að ræða sambærilegar upplýsingar og liggja þurfa til grundvallar í öðrum tilvikum.

Endurvarp af þessu tagi á hljóð- og myndefni erlendra fjölmiðlaþjónustuveitenda er alþekkt. Samkvæmt greininni er ráðgerð sérstök skráningarskylda slíkra erlendra aðila og hvílir skyldan til upplýsingagjafar að því leyti á þeim fjölmiðlaþjónustuveitanda sem endurvarpið stundar. Á viðkomandi aðila hvílir eftir sem áður sjálfstæð skylda til skráningar ellegar öflunar leyfis í samræmi við almenn fyrirmæli frumvarpsins. Aðeins er þó gerð skýlaus krafa um upplýsingar um heimili, netfang, vefsetur og kallmerki hins erlenda fjölmiðlaþjónustuveitanda. Ekki er hins vegar gerð fortakslaus krafa um upplýsingar um ritstjórnarábyrgð, dagskrárstefnu og eignarhald, en þeirra skal þó aflað séu þær tiltækar. Verður framkvæmd frumvarpsins og útfærsla stjórnsýslu fjölmiðlanefndar að móta það hvaða kröfur verði gerðar til innlendra fjölmiðlaþjónustuveitenda um öflun slíkra upplýsinga, sem á hinn bóginn þurfa fortakslaust að liggja til grundvallar öflunar leyfis eða skráningar þeirra fjölmiðlaþjónustuveitenda sem undir gildissvið frumvarpsins falla.

Á fundum framkvæmdastjórnar ESB með fulltrúum aðildarríkja EES um innleiðingu hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar hafa m.a. verið til umræðu ýmis vandamál sem skapast geta þegar um erlent endurvarp er að ræða og nauðsyn þess að stjórnvöld í einstökum aðildarríkjum búi yfir upplýsingum um það frá hverjum slíkt efni stafar. Má í þessu sambandi benda á að ýmis aðildarríki hafa búið svo um vernd barna gegn skaðlegu efni að heimilt sé að senda það út á tímum sem ekki er hætt við að börn sjái. Augljós vandamál geta skapast af tímamun á milli einstakra aðildarríkja í þessu sambandi. Sem dæmi má nefna að efni sem hefur að geyma klám eða tilefnislaust ofbeldi og sent er út í línulegri dagskrá austast í álfunni kl. 23 næst ef því er endurvarpað viðstöðulaust vestast í álfunni kl. 19 eða 20 þegar ætla má að börn séu enn við skjáinn. Til þess að auðvelda beitingu ákvæða 6. gr. frumvarpsins og

annarra tiltækra ráðstafana við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að fyrir liggi frá hverjum hið erlenda endurvarp stafar. Ætla má að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur hér á landi sem endurvarpa efni erlendis frá geti með tiltölulega einföldum hætti nálgast þær upplýsingar sem hér um ræðir og þykir því ekki óeðlilegt að leggja þeim þessa skyldu á herðar.

Rétt er að taka fram að sé erlent endurvarp stundað án tilkynningar varðar það bæði stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæði 54. gr. frumvarpsins og refsingu samkvæmt ákvæði 56. gr. þess.

Um 16. gr.

Í þessari grein er fjallað um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar.

1. mgr. leysir af hólmi 1. mgr. 6. gr. gildandi laga um leyfi til útvarps. Með henni er lagt til að hljóð- og myndmiðlun, sem á uppruna sinn hér á landi og krefst tíðniúthlutunar hjá Póst- og fjarskiptastofnun, þurfi leyfi fjölmiðlanefndar, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Gildandi útvarpslögum var fyrst og fremst ætlað að taka til hefðbundinna útvarps- og sjónvarpsstöðva sem senda út í lofti (ljósvakamiðla) en frumvarpi þessu er hins vegar ætlað að ná til allrar hljóð- og myndmiðlunar óháð þeirri tækni sem notuð er til dreifingar og óháð því hvort um línulega dagskrá er að ræða eða efni eftir pöntun.

Ástæða þess að fjölmiðlaþjónusta sem send er í lofti og krefst tíðni hjá Póst- og fjarskiptastofnun er leyfisskyld er sú að tíðni í lofti er takmörkuð auðlind. Í öllum fjölmennari grannríkjum Íslands hefur verið skortur á tíðni sem gerir það að verkum að ný fyrirtæki á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar eiga í erfiðleikum með að komast inn á markaðinn. Þrátt fyrir að stafræn hljóð- og myndmiðlun nýti tíðnina betur þannig að hægt verði að bjóða umtalsvert fleiri rásir en í hliðræna kerfinu er enn um takmarkað magn rása að ræða og kostnaðarsamt að flytja margar rásir í dreifbýli. Þá er rétt að taka fram að enn hefur ekki verið mörkuð stefna um stafræna hljóðmiðlun hér á landi þótt takmarkað efni sé nú þegar sent út með slíkum hætti í tilraunaskyni til takmarkaðs hóps notenda (DAB-tækni). Því má gera ráð fyrir að áfram verði mikil ásókn í ákveðna tíðni á hliðræna dreifikerfinu um ókomin ár með þeim afleiðingum að færri komast að en vilja á þéttbýlli svæðum. Með stafrænni dreifingu myndefnis getur því orðið enn meiri gjá milli þéttbýlis og dreifbýlis þar sem notendur í þéttbýli hafa aðgang að mun meira efni, hvort heldur sem er í línulegri dagskrá eða pöntunarþjónustu, en notendur í dreifbýli sem hafa aðeins aðgang að takmörkuðu úrvali efnis.

Ákveðin tíðnisvið eru verðmætari fjölmiðlaþjónustuveitendum en önnur og meiri eftirspurn er eftir þeim tíðnisviðum. Má í þessu sambandi nefna t.d. UHF-tíðnisviðið, en það er hið hefðbundna tíðnisvið sem notað er til stafrænna sjónvarpsútsendinga í lofti í Evrópu. Vegna þessa hefur, af sögulegum ástæðum, sjálfstæðum eftirlitsstofnunum verið falið að úthluta leyfum til sjónvarps og hljóðvarps með hliðsjón af þeim helstu sjónarmiðum sem byggt hefur verið á, svo sem fjölræði, menningarlegri fjölbreytni og rétti til upplýsinga. Þannig hafa sjálfstæðar eftirlitsstofnanir í raun ákvarðað það hverjir fái leyfi, að þessum sjónarmiðum virtum, og fjarskiptastofnanir úthlutað tíðni að því búnu.

Það hefur verið stefna stjórnvalda bæði í Evrópu og Bandaríkjunum allt frá upphafi að stjórnvöld þau er fara með fjölmiðlamál geti tryggt að sama fyrirtæki eða sömu eigendur fái ekki úthlutað tíðni fyrir stórum eða öllum hluta þess tíðnisviðs sem notað er til hljóð- og myndmiðlunar. Því eru í ýmsum löndum strangar reglur um að einn og sami eigandi megi ekki eiga nema takmarkað magn annars vegar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva á landsvísu og hins vegar staðbundinna hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva. Því má segja að bæði leyfisveitingar og takmarkanir á eignarhaldi hafi það að markmiði að tryggja tjáningarfrelsi, fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði.

Hér á landi hefur útvarpsréttarnefnd veitt leyfi af þessu tagi frá árinu 1986 þegar frjálst útvarp hófst. Ekki þykir rétt að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi að öðru leyti en því sem hlýst af breyttri tækni og stjórnsýslu. Þó að ljóst megi vera að aðrar og strangari reglur gildi fyrir þá fjölmiðlaþjónustuveitendur sem þurfa jafnframt tíðniúthlutun hjá Póst- og fjarskiptastofnun þykir ekki rétt að gera þá kröfu að allir þeir sem bjóða línulega dagskrá þurfi leyfi. Er það í samræmi við stefnu stjórnvalda erlendis, en eðli máls samkvæmt er hægt að flytja meira magn línulegra dagskráa á t.d. kapalkerfum, ADSL-kerfum og ljósleiðurum. Má segja að þar sem bæði ljósleiðarar og ADSL geta boðið hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun til hvers og eins, sé rásafjöldinn sem í boði er nær ótakmarkaður. Því þykir ekki rétt að krefjast leyfa frá fjölmiðlaþjónustuveitendum sem nota slík kerfi, enda ekki um takmarkaða auðlind að ræða með sama hætti og dreifing hljóð- og myndmiðlunarefnis í lofti. Má í raun segja að verði settar á slíkar íþyngjandi reglur gagnvart fjölmiðlaþjónustuveitendum sem nýta sér t.d. ADSL og ljósleiðara, gæti tjáningarfrelsi þeirra verið skert þar sem stjórnvöld hefðu heimild til að svipta þá leyfi. Er því lagt til að slíkar íþyngjandi kröfur séu aðeins settar á fjölmiðlaþjónustuveitendur sem veita þjónustu þar sem auðlindin er takmörkuð og þá með það að markmiði að tryggja tjáningarfrelsi, fjölræði og fjölbreytni þannig að einn og sami eða sömu fjölmiðlaþjónustuveitendurnir fái ekki úthlutað stórum eða öllum hluta verðmætasta tíðnisviðsins hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Jafnframt er lagt til að sá háttur verði hafður á að fjölmiðlanefnd veiti fyrst leyfi og síðan verði tíðni úthlutað hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Er sú ráðstöfun í samræmi við það markmið frumvarpsins að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði, en eðli máls samkvæmt er það ekki markmið Póst- og fjarskiptastofnunar að taka sérstakt tillit til slíkra þátta við veitingu tíðnileyfa. Rétt er að taka fram að sé leyfisskyld starfsemi stunduð án leyfis varðar það bæði stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæði 54. gr. frumvarpsins og refsingu samkvæmt ákvæði 56. gr. þess.

Í 2. mgr. er fjallað um tegundir leyfa til hljóð- og myndmiðlunar. Ákvæði þar að lútandi er nú að finna í 3. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga. Við það er haldið að leyfi til hljóð- og myndmiðlunar sem verða veitt lögaðilum og einstaklingum séu ávallt tímabundin. Samkvæmt gildandi lögum má lengst veita leyfi til hljóðvarps til fimm ára í senn en leyfi til sjónvarps til sjö ára í senn. Ekki þykja rök standa til þess að gera áfram þann greinarmun og þess í stað ráðgert að leyfin verði almennt veitt til allt að sjö ára í senn. Að sjálfsögðu verða leyfi þó veitt til skemmri tíma í senn standi rök til þess en þó ber að jafnaði að gæta lögbundins jafnræðis við allar leyfisveitingar. Við veitingu leyfa og afmörkun á tímalengd þeirra ber fjölmiðlanefnd m.a. að líta til þess að um takmarkaða auðlind er að ræða og gæta að sjónarmiðum um fjölræði og fjölbreytni á umræddum markaði í því samhengi.

Á leyfum er síðan gerður sá þýðingarmikli greinarmunur að þau eru annars vegar svokölluð almenn leyfi en hins vegar skammtímaleyfi sem aðeins verða veitt í þrjá mánuði að hámarki. Svo sem nánar kemur fram í einstökum ákvæðum þessa kafla eru um margt gerðar aðrar og vægari kröfur til útgáfu slíkra leyfa.

Þá eru tekin af öll tvímæli um það að leyfi geta náð til landsins alls eða verið staðbundin og afmörkuð við einstaka landshluta. Eru þeirri tilhögun ekki settar frekari skorður. Þannig getur verið um að ræða einstök eða fleiri sveitarfélög eða á hinn bóginn minni eða stærri afmörkuð svæði. Þykir ekki fært fyrir fram að útlista slíka tilhögun nánar en fjölmiðlanefnd er ætlað að móta frekari framkvæmd að þessu leyti.

Um 17. gr.

Af hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni leiðir auknar kröfur um upplýsingagjöf fjölmiðlaþjónustuveitenda. Í frumvarpi þessu er m.a. brugðist við umræddum kröfum með því að mæla fyrir um viðameiri upplýsingagjöf við umsókn um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar. Rétt er að geta þess að í 6. gr. gildandi reglugerðar nr. 50/2002 um útvarpsstarfsemi er mælt fyrir um allumfangsmikla upplýsingagjöf að þessu leyti.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er mælt fyrir um að umsókn um leyfi skuli vera skrifleg og hafa að geyma nánari upplýsingar sem útlistaðar eru í a–k-lið.

Í a-lið er tiltekið að fram skuli koma nafn umsækjanda, kennitala, lögheimili, netfang og vefsetur.

Í b-lið er það skilyrði sett að tilkynna skuli fjölmiðlanefnd hver sé ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda skv. IX. kafla. Þessi regla á sér fyrirmynd í d-lið 4. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga og þykir ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Í c-lið er kveðið á um þá skyldu leyfishafa að gera fjölmiðlanefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er, svo og fyrirhugaðri breytingu á áður kynntri dagskrárstefnu. Hér er efnislega um sömu reglu að ræða og í c-lið 4. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga, en allt að einu þykir eðlilegt að fara nokkrum orðum um forsendur þessa skilyrðis sem er það sama og í löggjöf flestra þeirra ríkja sem við berum okkur saman við. Skilyrði þetta er m.a. sett til að eftirlitsstofnanir á sviði fjölmiðla geti tekið afstöðu til þess efnis sem í boði er hjá fjölmiðlaþjónustuveitendum með það að markmiði að efnisframboð fjölmiðla verði sem fjölbreyttast fyrir neytendur. Þá má geta þess að í löndum þar sem tíðnisvið er fullnýtt reyna fjölmiðlaþjónustuveitendur eftir fremsta megni að halda í leyfi sín til hljóð- og myndmiðlunar, svo og tíðnileyfi. Þó hefur borið á því að grundvallarbreytingar hafa verið gerðar á kynntri dagskrá með það fyrir augum að bregðast við samkeppni frá nýjum fjölmiðlaþjónustuveitendum þar sem framboð efnis og dagskrá hefur laðað að sér marga áhorfendur eða eftir atvikum hlustendur. Þegar áður kynntri dagskrárstefnu er breytt getur það haft í för með sér minni fjölbreytni fyrir áhorfendur eða hlustendur. Í ýmsum nágrannalöndum Íslands þykir því ekki sjálfsagt að fjölmiðlaþjónustuveitendur geti breytt dagskrárstefnu sinni fyrirvaralaust með tilliti til fjölbreytni á markaði annars vegar og vegna hugsanlegrar hættu á að fyrirtæki sem hafa komið sér fyrir á markaði og ráða yfir leyfum og tíðni bregðist við með þeim hætti að breyta stefnu sinni að þessu leyti til höfuðs nýjum aðilum sem eru að hasla sér völl á markaði hins vegar.

Í d-lið er síðan fjallað um kallmerki leyfishafa. Er reglan samhljóða e-lið 4. mgr. 6. gr. gildandi laga. En með kallmerki er átt við einkennisnafn hljóð- og/eða myndefnisveitu, svo sem FM 95,7, Skjár Einn eða Útvarp Saga.

Í e-lið er svo gert ráð fyrir því að umsækjandi veiti upplýsingar um aðra fjölmiðlastarfsemi sem hann stundar.

Samkvæmt f-lið er síðan fyrirhugað að umsækjandi veiti upplýsingar um eignarhald á honum. Er sú skylda bein afleiðing þeirra nýmæla sem lögð eru til í þessum kafla frumvarpsins og lúta að gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum og virkri upplýsingaskyldu þar að lútandi. Upplýsingar af þeim toga þurfa eðli málsins samkvæmt að liggja fyrir þegar í upphafi og sú skylda hvílir síðan á fjölmiðlaþjónustuveitanda að upplýsa um allar breytingar þar á.

Þá er í g-lið gert ráð fyrir að gerð sé grein fyrir því hvort sótt er um leyfi til miðlunar hljóð- eða myndefnis á erlendu tungumáli og ástæður þess. Skv. 1. mgr. 29. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um það að fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla hljóð- eða myndefni sem ætlað er til móttöku hér á landi skuli stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska

tungu. Þó sé heimilt að starfrækja fjölmiðlaþjónustu sem ætluð er til móttöku hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku. Svo sem fram kemur í skýringum með því ákvæði er það svo samkvæmt gildandi lögum að heimild í þessa veru er bundin við sérstakar aðstæður en það verði vart talið standast skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum þegar tungumál aðildarríkja hans eiga í hlut auk þess sem slíkt sé í besta falli vafasamt með tilliti til almennra reglna um tjáningarfrelsi. Þá verði heimild til miðlunar hljóð- og myndefnis á öðrum tungumálum en íslensku ekki talin andstæð málverndunarsjónarmiðum enda lúti þau fyrst og fremst að því að efni sem miðlað er á íslensku sé á vönduðu máli. Allt að einu þykir aðgreining þessi þó standast að lögum og að gerð sé grein fyrir því við umsókn hvers vegna miðlun muni fara fram á öðru tungumáli en íslensku, þó svo að ekki sé lengur gerð krafa um það að sérstakar aðstæður þurfi að vera fyrir hendi.

Í h-lið er kveðið á um að í umsókn skuli gerð grein fyrir því hvort sótt sé um leyfi fyrir landið allt eða staðbundið leyfi. Leiðir það af sjálfu sér að í umsókn sé gerð grein fyrir þessu atriði enda nauðsynlegt að kanna hvort tíðni sé tiltæk. Til staðbundinna leyfa verða þó gerðar allar þær sömu kröfur og gerðar eru til þeirra leyfa sem ná til landsins alls.

Þá er í i-lið gerð krafa um það að umsækjandi upplýsi um það hvort tilskilinna leyfa hafa verið aflað frá rétthöfum efnis á borð við STEF og önnur sambærileg höfundarréttarsamtök. Í framkvæmd hefur útvarpsréttarnefnd fram til þessa aflað umræddra upplýsinga frá umsækjendum enda þótt ekki hafi verið kveðið á um slíkt í gildandi lögum. Rétt er að taka fram að umrædd leyfi eru ekki forsenda útgáfu leyfis til hljóð- og myndmiðlunar en engu að síður þykir rétt að festa þessa framkvæmd í sessi í því skyni að tryggja réttindi rétthafa sem best má.

Í j-lið er ráðgert að umsækjandi upplýsi um það þegar við umsókn hvenær hann fyrirhugar að hefja miðlun hljóð- og myndefnis. Er þessi krafa í samræmi við fyrirmæli 4. mgr. 20. gr. frumvarpsins þess efnis að hafi leyfishafi ekki hafið starfsemi innan sex mánaða frá uppgefnu tímamarki falli útgefið leyfi sjálfkrafa niður. Eru sambærileg fyrirmæli nú í g-lið 4. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga.

Loks er í k-lið áskilið að upplýst sé í umsókn til hve langs tíma sótt sé um leyfi. Svo sem fram kom í athugasemdum við 16. gr. er með frumvarpinu ráðgert að leyfi til hljóð- og myndmiðlunar verði ekki veitt til lengri tíma en sjö ára í senn. Umsækjandi kann þó að óska eftir leyfi til skemmri tíma. Eins skal það áréttað að málefnaleg sjónarmið geta staðið til þess að leyfi sé aðeins veitt til skemmri tíma þótt sótt sé um til lengri tíma.

Í 2. mgr. er grein gerð fyrir þeim upplýsingum sem fram þurfa að koma í umsókn um skammtímaleyfi. Skal slík umsókn einnig vera skrifleg og hafa að geyma sömu upplýsingar og tilgreindar eru í 1. mgr. að undanskildu því sem fram kemur í e- og f-lið.

Þá er í 3. mgr. mælt fyrir um það að umsækjanda um almennt leyfi beri að skila vottorðum um heimilisfesti, lögræði og búsforræði ábyrgðarmanns og eftir atvikum vottorði hlutafélagaskrár/firmaskrár um stofnun og tilvist félags, þegar slíkt á við. Að sjónarmiðum að baki þessu er vikið í athugasemdum við 3. mgr. 14. gr. en ákvæði þetta á samstöðu með fyrirmælum þeirrar greinar. Almennt er þannig gerð sú krafa í tilviki allra fjölmiðla að ábyrgðarmaður sé hér heimilisfastur, lögráða og fjár síns ráðandi en við umsókn um útvarpsleyfi ber að staðfesta þessi atriði með vottorðum viðkomandi stjórnvalda sem og nauðsynlegri staðfestingu á tilvist félags sé það leyfishafi. Með þessari tilhögun er lögfest regla sem útvarpsréttarnefnd viðhefur nú við úthlutun langtímaleyfa, að fyrrgreind vottorð fylgi umsóknum um slík leyfi.

Í 4. mgr. er loks sett fram sú krafa að leyfishafi skuli hafa staðfestu í EES-ríki. Um heimild aðila utan EES til að reka fjölmiðlaþjónustu fer eftir sem áður samkvæmt lögum um fjár-

festingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Ákvæði þetta er óbreytt frá gildandi lögum og því til fyllingar koma reglur um lögsögu í II. kafla frumvarpsins. Þykir það ekki þarfnast nánari skýringa.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um þá meðferð sem umsókn um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar skal sæta í þeim tilvikum sem það á við.

Samkvæmt 1. mgr. er ráðgert að lögmælt sé sú tilhögun að eftir að umsókn hefur komið fram en áður en leyfisveitandinn tekur til hennar efnislega afstöðu skuli leitað umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar um tiltæka tíðni og útgeislað afl. Áður en leyfi er veitt er nauðsynlegt að afla upplýsinga um þessi atriði þannig að tryggt sé að tíðni sé fyrir hendi sem og að áætlað útgeislað afl sendis fari ekki út fyrir þau landfræðilegu mörk sem leyfi er ætlað að taka til. Með útgeisluðu afli er átt við styrk útsendingarinnar en sé slíkt afl of mikið getur það truflað útsendingar á öðrum svæðum.

Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um þau efnisatriði sem fram skulu koma í leyfi. Skal þar koma fram hver sé handhafi leyfis, hvort um sé að ræða leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar, við hvaða landsvæði það afmarkast, gildistími þess, kallmerki, dagskrárstefna viðkomandi sem og önnur atriði sem þýðingu kunna að hafa.

Í 3. mgr. er tekin upp regla samhljóða 1. málsl. b-liðar 6 gr. gildandi laga þess efnis að Póst- og fjarskiptastofnun úthluti senditíðnum samkvæmt nánar tilgreindum skilyrðum. Þrátt fyrir að fyrirmæli af þessu tagi eigi sér nokkra sögu í löggjöf þykir allt að einu rétt að skýra forsendur þeirra og tilurð nokkuð. Fjölmiðlaþjónustuveitendur sem hefja leyfisskyldan rekstur þurfa leyfi til hljóð- og myndmiðlunar eftir því á hvoru sviðinu þeir hyggjast starfa auk tíðnileyfa hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Úrlausn þessa er því tvíþætt.

Tíðnisvið er takmörkuð auðlind og er víða að fullu nýtt í nágrannalöndum Íslands. Stjórnsýslustofnanir á sviði hljóð- og myndmiðlunar hafa haft það hlutverk að úthluta leyfum með það að markmiði að fjölbreytni og fjölræði sé til staðar á markaði. Þannig eru í sumum nágrannalöndum Íslands viðhafðar „fegurðarsamkeppnir“ þar sem fjölmiðlaþjónustuveitendur sem bjóða fjölbreyttast efni fá úthlutað leyfi. Þá er þess jafnframt gætt að sömu aðilarnir fái ekki mörg staðbundin eða landsbundin leyfi.

Hér á landi hefur útvarpsréttarnefnd haft þetta hlutverk með höndum, en hefur eðli málsins samkvæmt ekki staðið frammi fyrir sömu vandamálum og sambærilegar stofnanir í nágrannalöndunum. Skylda fjarskiptayfirvalda er hins vegar annars eðlis þar sem sérstök sjónarmið um fjölmiðla eiga ekki við. Fjarskiptayfirvöld hafa almennt það hlutverk að úthluta tíðnum án þess að taka tillit til þeirra menningar- og fjölmiðlapólitísku þátta sem stjórnsýslustofnunum á sviði hljóð- og myndmiðlunar er ætlað að gæta. Því hefur sú framkvæmd víðast hvar verið viðhöfð í nágrannalöndum Íslands, svo og hér á landi, að stjórnsýslustofnanir á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar úthluta leyfum og þegar leyfi er fengið úthluta fjarskiptayfirvöld tíðni. Þar sem tíðni er fullnýtt þurfa slíkar stofnanir að vinna saman.

Þá er sú breyting lögð til í þessu samhengi að ákvæði b-liðar 4. mgr. 6. gr. gildandi laga verði fellt brott, en þar er mælt svo fyrir að viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva skuli einvörðungu heimilað um þráð og/eða þráðlaust um örbylgju. Af þessu ákvæði leiðir að óheimilt er samkvæmt gildandi lögum að endurvarpa erlendum stöðvum um UHF-tíðnisviðið sem er hið hefðbundna sjónvarpstíðnisvið sem notað er í Evrópu. Grundvallarforsenda þess að hægt verði að fara að nota UHF-tíðnisviðið fyrir fjölrása sjónvarp hér á landi er að þessu ákvæði verði breytt.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að heimild til að endurvarpa erlendum sjónvarpsstöðvum verði ekki bundin við neina ákveðna tækni í dreifingu hér á landi. Hér ber að hafa í huga að samkvæmt gildandi lögum er aðeins heimilt að endurvarpa erlendum dagskrám á örbylgju. Þá má geta þess að endurvarp á erlendum dagskrám er einnig heimilt í gegnum þráð, t.d. í kapalkerfum og ADSL. Þar sem nýlega hefur verið boðin út tíðni á UHF fyrir stafrænt sjónvarp er ljóst að UHF-tíðnisviðið verður notað fyrir stafrænar sjónvarpsútsendingar í náinni framtíð. Því þykir eðlilegt að gefa fyrirtækjum kost á að bjóða fjölrása sjónvarp á UHF-tíðnisviðinu líkt og á örbylgjunni í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað erlendis.

Um 19. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um sérstakar skyldur handhafa leyfis til hljóð- og myndmiðlunar. 1. mgr. er nær samhljóða 15. gr. útvarpslaga um tekjur útvarpsstöðva að teknu tilliti til rýmkaðs gildissviðs laganna. 2. mgr. greinarinnar er samhljóða f-lið 4. mgr. 6. gr. gildandi laga og fjallar um bókhaldslegan aðskilnað vegna hinnar leyfisskyldu starfsemi fjölmiðlaþjónustuveitanda frá öðrum rekstri. Slíkur aðskilnaður er bæði nauðsynlegur og eðlilegur þegar um leyfisskylda starfsemi er að ræða. Rétt er að taka fram að skv. 53. gr. frumvarpsins getur fjölmiðlanefnd lagt dagsektir á hvern þann sem vanrækir að verða við ákvörðun hennar um afhendingu upplýsinga úr bókhaldi og reikningum samkvæmt ákvæðinu.

Í 3. mgr., sem er samhljóða h-lið 4. mgr. 6. gr. gildandi laga, eru sett tvíþætt skilyrði varðandi framsal leyfis annars vegar og áhrif gjaldþrotaskipta og fleira á bú leyfishafa hins vegar. Er framsal leyfisins sem slíks með öllu óheimilt. Framsalsbannið tekur á hinn bóginn ekki til mögulegrar sameiningar eða eftir atvikum yfirtöku félags eða annars lögaðila sem er rétthafi leyfis. Við gjaldþrotaskipti einstaklings eða lögaðila sem er rétthafi leyfis fellur leyfið fortakslaust úr gildi. Sama á við uppfylli ábyrgðarmaður ekki lengur þau skilyrði leyfisveitingar sem áskilin eru skv. 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins.

Brot á ákvæði þessu varða bæði stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæði 54. gr. frumvarpsins og refsingu samkvæmt ákvæði 56. gr. þess.

Um 20. gr.

Í greinina hefur verið safnað saman nokkrum ákvæðum sem lúta að breytingu skilmála fyrir leyfi til hljóð- og myndmiðlunar, endurnýjun þess og niðurfellingu.

Í 1. mgr. er lagt til það nýmæli að leyfishafa beri að tilkynna fjölmiðlanefnd allar breytingar sem á leyfistímanum kunna að verða á högum hans og varða þær upplýsingar sem liggja til grundvallar umsókn hans skv. 17. gr. frumvarpsins. Að sínu leyti er í 22. gr. frumvarpsins ráðgert það nýmæli að sérstök upplýsingaskylda hvíli á fjölmiðlaþjónustuveitanda um eignarhald og breytingar á því, en eðlilegt þykir að komi til breytinga í starfsemi eða umhverfi fjölmiðlaþjónustuveitanda sem jafnframt lýtur að þeim forsendum sem að baki leyfisveitingunni lágu sé fjölmiðlanefnd upplýst þar um. Í því felst þó auðvitað ekki opin heimild til þess að afturkalla leyfi undir slíkum kringumstæðum enda verður skýr lagaheimild að standa til slíks. Hér er því fyrst og fremst um það að ræða að allar upplýsingar og upplýsingagjöf um fjölmiðla sé með sem gagnsæjustum hætti og er raunar stefnt að því að treysta slíkt með ýmsum ákvæðum frumvarpsins. Í 21. gr. frumvarpsins er til að mynda ráðgert að á heimasíðu fjölmiðlanefndar sé hægt að ganga að ákveðnum grundvallarupplýsingum um fjölmiðlaþjónustuveitendur vísum.

Í 2. mgr. er fjallað um þær aðstæður þegar handhafi leyfis óskar eftir því að breyting sé gerð á skilmálum þess. Skal hann þá sækja um slíkt sérstaklega til fjölmiðlanefndar. Hér kunna að koma til breytingar á dagskrárstefnu, breyting á staðbundnu leyfi í landsleyfi, breyting á því hver fer með ritstjórnarábyrgð o.s.frv.

Í 3. mgr. er fjallað um það þegar handhafi leyfis óskar eftir endurnýjun þess. Skal sótt um það til fjölmiðlanefndar eigi síðar en tveimur mánuðum áður en gildandi leyfi rennur út. Með þessu verklagi er komið í veg fyrir að starfsemi fjölmiðlaþjónustuveitanda komist í uppnám vegna þess að ekki reynist nægur tími til þess að fara yfir forsendur umsóknar um endurnýjað leyfi áður en eldra leyfi fellur úr gildi á fyrirframákveðnum tímamörkum.

Í 4. mgr. er um það fjallað þegar leyfishafi hefur ekki starfsemi innan tilskilins tíma ellegar þegar starfsemi er hætt og hún ekki hafin á ný innan ákveðins tíma. Er í fyrra tilvikinu miðað við sömu tímamörk og í gildandi lögum, eða sex mánuði, þó þannig að miðað sé við þau tímamörk sem leyfishafi hefur sjálfur gefið upp en ekki útgáfu leyfis. Í síðara tilvikinu miðast tímamörk við fjóra mánuði. Þá er lagt til að leyfishafa sem hættir starfsemi beri að tilkynna fjölmiðlanefnd þar um. Ástæða þess er að borið hefur á því að útvarpsréttarnefnd hafi ekki fengið upplýsingar um starfslok einstakra hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva og því ekki haft nægilegt yfirlit yfir starfsemi á markaðnum.

Um 21. gr.

Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar frá því í apríl 2005 er lagt til að gagnsæi á fjölmiðlamarkaði verði aukið með því að ákveðnar upplýsingar verði birtar um fjölmiðlaþjónustuveitendur á heimasíðu fjölmiðlanefndar. Er þessi tillaga jafnframt sett fram til að uppfylla skyldur íslenska ríkisins skv. 3. gr. a) í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Þar er sú skylda lögð á aðildarríkin að tryggja að ákveðnar lágmarksupplýsingar um alla fjölmiðlaþjónustuveitendur sem heyra undir lögsögu þeirra séu almenningi aðgengilegar. Reglum um gagnsæi er ætlað að veita almenningi upplýsingar um hverjir eiga fjölmiðlaþjónustuveitendur á hverjum tíma, óháð þeirri tækni sem notuð er til útsendingar eða dreifingar. Aðeins hluti hljóð- og myndmiðlunar er leyfisskyldur og er reglunum ætlað að tryggja jafnræði að þessu leyti óháð dreifingarformi og eðli fjölmiðlaþjónustunnar.

Þá er kveðið á um það í tilmælum Evrópuráðsins (REC No. R(94)13) varðandi gagnsæi á fjölmiðlamarkaði að aðildarþjóðir tryggi að slíkar reglur séu settar í löggjöf á þessum vettvangi. Slíkar reglur eru taldar nauðsynlegar til að tryggja fjölræði og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Í tilmælunum kemur fram að slíkar reglur séu forsenda þess að almenningur geti metið þær upplýsingar og myndað sér skoðun á því efni sem fram kemur í ólíkum fjölmiðlum með tilliti til eignarhalds á þeim. Þá kemur fram að reglur af þessu tagi séu nauðsynlegar til þess að eftirlitsstofnanir hafi yfirlit yfir eignarhald á fjölmiðlum og geti eftir atvikum brugðist við of mikilli samþjöppun ef þörf er á. Í tilmælunum er því beint til aðildarlanda að til þess bær yfirvöld safni upplýsingum um eignarhald og eftir atvikum miðli slíkum upplýsingum til annarra stjórnvalda eða alþjóðastofnana. Í 43. formálsgrein hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar er nauðsyn á reglum af þessu tagi jafnframt rökstudd með sérstöku eðli þeirrar þjónustu sem um er að ræða, einkum vegna skoðanamótandi áhrifa hennar. Því sé nauðsynlegt að neytendur viti nákvæmlega hver sé ábyrgur fyrir þeirri þjónustu sem um er að ræða hverju sinni.

Lagt er til að birtar verði upplýsingar um nafn, kennitölu og lögheimili, netfang og vefsetur viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda og gildistíma leyfis þegar slíkt á við (a-liður). Jafnframt ber að birta nafn ábyrgðarmanns fjölmiðlaþjónustuveitanda (b-liður). Þá skal birta

dagskrárstefnu viðkomandi fjölmiðils ef um hljóð- eða myndmiðil er að ræða (c-liður) og ritstjórnarstefnu ef um prentmiðil eða rafrænan ritmiðil er að ræða (d-liður) sem og í báðum tilvikum síðar tilkynningar um breytingar þar að lútandi ef við á. Gera skal grein fyrir nafni einstaklings eða eigenda þess lögaðila sem veitir fjölmiðlaþjónustu (e-liður). Enn fremur ber að gera grein fyrir reglum fjölmiðlaþjónustuveitanda um ritstjórnarlegt sjálfstæði, í þeim tilvikum þegar slíkt á við (f-liður). Loks ber að birta úrskurði fjölmiðlanefndar í málum varðandi viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda, þó með nánar tilgreindum úrfellingum persónu- og atvinnuupplýsinga (g-liður).

Ástæða er til að árétta þá afstöðu hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar Alþingis frá árinu 2005 að reglur um gagnsæi eignarhalds auðveldi almenningi að fá upplýsingar um eigendur einstakra miðla og hversu mikilla hagsmuna þeir eiga að gæta í miðlunum. Gagnsæi eignarhalds sé því nauðsynleg grundvallarforsenda þess að almenningur geti tekið afstöðu til ritstjórnarstefnu og efnis miðlanna.

Um 22. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um tilkynningarskyldu þegar breytingar verða á eignarhaldi á fjölmiðlaþjónustuveitanda. Í 1. mgr. segir að seljandi og kaupandi beri ábyrgð á því að tilkynning um sölu sé send fjölmiðlanefnd innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings.

Til þess að hægt sé að hafa eftirlit með því að allir samningar hafi verið tilkynntir er mælt svo fyrir í 2. mgr. að eftir sérhvern aðalfund í félögum sem stunda fjölmiðlun skuli stjórn félagsins senda fjölmiðlanefnd hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því fundurinn var haldinn.

Í 3. mgr. kemur svo fram að framangreindar reglur gildi þó ekki hafi stjórn hlutafélags, sem er eignarskráð í verðbréfamiðstöð, samið við verðbréfamiðstöðina um að hún skuli senda daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til fjölmiðlanefndar, sem birtir hana síðan á heimasíðu sinni.

Rétt er að taka fram að skv. 53. gr. frumvarpsins getur fjölmiðlanefnd lagt dagsektir á hvern þann sem vanrækir að senda nefndinni hlutaskrá samkvæmt ákvæðinu.

Um 23. gr.

Greinin er að stærstum hluta nýmæli. Með 1. mgr. ákvæðisins er lagt til að öllum fjölmiðlaþjónustuveitendum verði gert skylt að skila fjölmiðlanefnd árlega skýrslu með tilteknum upplýsingum. Upplýsingaskyldan er mismunandi eftir því hvort um er að ræða miðlun myndefnis eða annars efnis. Helgast það af því að í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er kveðið á um viðamikla upplýsingagjöf þeirra sem undir hana falla. A–h-liðir eiga því einungis við þá fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni en i-liður tekur jafnt til allra fjölmiðlaþjónustuveitenda. Nauðsynlegt þykir að leggja skyldu á fjölmiðlaþjónustuveitendur að þessu leyti þar sem erfiðlega hefur gengið að afla slíkra upplýsinga að gildandi rétti.

Í a-h-liðum er þannig um að ræða upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fjölmiðlanefnd geti sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart framkvæmdastjórn ESB og mælt er fyrir um í 4. og 5. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Sú upplýsingaskylda tekur einvörðungu til þeirra fjölmiðlaþjónustuveitenda sem miðla myndefni, en miðast jafnt við línulega dagskrá og myndmiðlun eftir pöntun, og lýtur að því að sýna fram á að aðildarríkin uppfylli skyldur um að meiri hluti dagskrárefnis sé frá evrópskum framleiðendum sem og tiltekið hlutfall dagskrárefnis frá sjálfstæðum framleiðendum. Aðildarríkjum ESB hefur frá setningu sjónvarpstilskipunarinnar verið skylt að senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um hlutfall evrópsks

efnis og hlutfall efnis frá sjálfstæðum framleiðendum í línulegri dagskrá. Með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni var svo aukið við þá upplýsingaskyldu og jafnframt gerð sú krafa að sambærilegar upplýsingar verði sendar um sömu atriði hvað varðar myndmiðlunarefni eftir pöntun. Þrátt fyrir að þessi skylda hafi þegar verið fyrir hendi er ekki kveðið á um það með sértækum hætti í gildandi lögum að fjölmiðlaþjónustuveitendum sé skylt að senda útvarpsréttarnefnd árlega skýrslu að þessu leyti. Af niðurlagi 5. mgr. 6. gr. gildandi laga verður hins vegar ráðið að sjónvarpsstöðvum hafi í reynd verið skylt að láta slíka skýrslu í té. Þá hvílir skylda á fjölmiðlanefnd samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni um að upplýsa framkvæmdastjórn ESB um aðgerðir íslenskra fjölmiðlaþjónustuveitenda til að auka aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni. Er því lagt til að þær upplýsingar verði hluti af skýrslugjöf fjölmiðlaþjónustuveitenda samkvæmt ákvæðinu.

Í i-lið er hins vegar er um að ræða upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að mæla stöðu og þróun á íslenskum fjölmiðlamarkaði almennt sem er eitt af þeim verkefnum sem fjölmiðlanefnd er ætlað að sinna skv. 10. gr. frumvarpsins. Sú upplýsingaskylda tekur jafnt til allra fjölmiðlaþjónustuveitenda. Ísland hefur undirgengist margþættar skuldbindingar á alþjóðavettvangi sem fela í sér skyldur til að veita margvíslegar upplýsingar um stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði. Þar sem heimtur slíkra upplýsinga hafa ekki verið sem skyldi þykir nauðsynlegt að lögbundin verði skylda í þessa veru. Til að fylgjast með framvindu jafnréttismála getur fjölmiðlanefnd óskað eftir upplýsingum frá fjölmiðlaþjónustuveitendum um greiningu starfsfólks eftir kyni og stöðu (starfsheitum). Þá getur fjölmiðlanefnd óskað eftir samstarfi við fjölmiðlaþjónustuveitendur um upplýsingar um birtingarmyndir kynjanna, þ.e. hlutfall kvenna og karla í fréttum, bæði viðmælendur og fréttamenn, hlutfall kynjanna í unnu dagskrárefni o.fl. Hér getur einnig verið um að ræða upplýsingar um hvernig fjölmiðlaþjónustuveitendur vinna gegn staðalímyndum kynjanna og efla stöðu kvenna á og í fjölmiðlum.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að fjölmiðlaþjónustuveitendur skuli láta fjölmiðlanefnd skýrslu sína skv. 1. mgr. í té eigi síðar en 31. mars ár hvert fyrir nýliðið ár.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um það að fjölmiðlaþjónustuveitendum sé skylt að veita þær upplýsingar sem kveðið er á um í 1. mgr. á öðrum tímum óski fjölmiðlanefnd eftir því. Fjölmiðlanefnd getur því óskað eftir því hvenær sem er að fjölmiðlaþjónustuveitendur láti henni viðkomandi upplýsingar í té og veitt þeim hæfilegan frest í því sambandi. Með þessu er fyrst og fremst ætlað að bregðast við þeirri víðtæku upplýsingaskyldu sem leiðir af ýmsum alþjóðaskuldbindingum að þessu leyti og gera fjölmiðlanefnd kleift að svara þeim fyrirspurnum sem henni berast.

Í 4. mgr. kemur fram að fjölmiðlanefnd geti áskilið að faggilt skoðunarstofa staðfesti skýrslur fjölmiðlaþjónustuveitenda skv. 1. mgr. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða niðurlagi 5. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga að því undanskildu að fram kemur í frumvarpsgreininni að fjölmiðlanefnd skuli sjálf bera kostnað af slíkri umleitan.

Í 5. mgr. er loks kveðið á um það að skoðunarstofa og starfsmenn hennar skuli bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd slíks verkefnis. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og geta brot þar á varðað refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Rétt er að taka fram að skv. 53. gr. frumvarpsins getur fjölmiðlanefnd lagt dagsektir á hvern þann sem vanrækir að senda henni skýrslu samkvæmt ákvæðinu.

Um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um réttindi og skyldur fjölmiðlaþjónustuveitenda í víðtækum skilningi. Reglurnar í kaflanum eiga sér að nokkru leyti samsvörun í reglum IV. kafla gildandi útvarpslaga um skyldur útvarpsstöðva. Sambærilegar reglur hafa ekki áður verið settar um prentmiðla en eðli málsins samkvæmt þykir rétt að ýmsar þeirra eigi jafnt við um allar tegundir fjölmiðla. Í kaflanum er jafnframt að finna ýmis nýmæli sem m.a. leiðir af tillögum hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar frá árinu 2005 sem og reglum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar.

Kaflinn hefur í fyrsta lagi að geyma reglu um ritstjórnarlegt sjálfstæði sem leiðir beint af fyrrnefndum tillögum fjölmiðlanefndar. Því næst kemur ákvæði um vernd heimildarmanna sem er nýmæli í löggjöf á þessum vettvangi. Í næstu þremur ákvæðum er svo fjallað um vernd tiltekinna grundvallarréttindi, þ.e. lýðræðislegar grundvallarreglur, bann við hatursáróðri og vernd barna gegn skaðlegu efni. Eiga þessar reglur eðlilega samstöðu og standa til fyllingar hver annarri. Því næst eru fyrirmæli um tal og texta á íslensku og aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni. Þá er fjallað um skyldur fjölmiðlaþjónustuveitenda vegna almannaheilla. Að svo búnu er fjallað um skyldu til auðkenningar. Því næst er fjallað um dagskrárframboð og hlutfall dagskrárefnis frá sjálfstæðum framleiðendum, skyldu til varðveislu á fjölmiðlaefni og loks um rétt til andsvara.

Rétt er að taka fram að ekki er lagt til að ákvæði um tekjustofna útvarpsstöðva sem nú er í 15. gr. gildandi útvarpslaga verði viðhaldið. Gildandi útvarpslög taka einungis til leyfisskyldrar hljóð- og myndmiðlunar og voru því tekjuöflunarleiðir þeirra sem fengu slíkt leyfi takmarkaðar með þeim hætti sem tekið er fram í greininni. Þessi tilhögun á sér sögulegar rætur og má rekja til þess þegar útvarp var gefið frjálst árið 1985. Í því umhverfi þótti tilefni til að stýra því með lögbundnum hætti hvernig nefndir miðlar mættu standa að tekjuöflun. Þetta fyrirkomulag er að sínu leyti barn síns tíma og þykir ekki þörf á að viðhalda því í hinu breytta umhverfi sem fjölmiðlar starfa nú í. Þá þykir ekki rétt að stýra tekjuöflunarleiðum hluta þeirra fjölmiðla sem frumvarpið tekur til með þessum hætti, enda slíkt til þess fallið að skapa óheppilegt ójafnræði á markaðnum. Eftir sem áður er fjallað um tekjustofna RÚV ohf. í sérlögum þar að lútandi.

Um 24. gr.

Í ákvæðinu er, í samræmi við tillögur hinnar þverpólitísku fjölmiðlanefndar Alþingis frá árinu 2005, lagt til að fjölmiðlaþjónustuveitendur setji sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni. Í skýrslu nefndarinnar er tekið fram að slíkar reglur hafi e.t.v. ekki úrslitaáhrif um ritstjórnarlegt sjálfstæði einar sér en með öðrum úrræðum gegni slíkar reglur þó ákveðnu hlutverki til bóta. Brot á þessum fyrirmælum varða þannig ekki sjálfstætt viðurlögum skv. IX. kafla laganna. Á hinn bóginn bæri fjölmiðlanefnd að taka það fram á heimasíðu sinni hafi slíkar reglur ekki verið settar, sbr. f-lið 21. gr. frumvarpsins. Ætlunin er jafnframt sú að tilvist slíkrar lagareglu reynist nauðsynlegur hvati þess að fjölmiðlar setji sér almennt reglur um sjálfstæði ritstjórna. Þess er vænst að það aðhald sem viðkomandi starfsmenn, eftir atvikum stéttarfélag þeirra, en síðast en ekki síst almenningur veita verði öllum viðurlögum yfirsterkara. Það gefur augaleið að almenningur hlýtur að treysta betur fréttaflutningi og hlutlægni fjölmiðils sem starfar í samræmi við slíkar reglur en þess fjölmiðils sem það gerir ekki.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu í þessa veru og það samráð sem ber að hafa við starfsmenn og eftir atvikum starfsmannafélag þeirra.

Í 2. mgr. er talið upp í þremur stafliðum það lágmarksefni sem fram á að koma í slíkum reglum en það lýtur að starfsskilyrðum, starfsháttum og skilyrðum áminningar og brottvikningar. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að fjallað sé um fleiri atriði.

Í 3. mgr. kemur fram að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skuli sendar fjölmiðlanefnd til staðfestingar. Í slíkri staðfestingu felst einvörðungu lögmætiseftirlit samkvæmt meginreglum stjórnsýsluréttar. Fjölmiðlanefnd kemur því eingöngu með athugasemdir við slíkar reglur telji hún ákvæði þeirra fara í bága við lög.

Í 4. mgr. er mælt svo fyrir að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skuli endurskoðaðar árlega og þá í samráði við sömu aðila og getið er um í 1. mgr. Reynsla af framkvæmd og vandamálum sem upp koma á þannig að skila sér smám saman inn í reglurnar eftir því sem tilefni er til. Árleg endurskoðun slíkra reglna stuðlar jafnframt að eðlilegri umræðu og endurnýjun á vettvangi fjölmiðilsins sjálfs.

Eins og rakið er í umfjöllun um ábyrgðarreglur frumvarpsins í IX. kafla er löng hefð fyrir því hér á landi að flytjandi efnis í ljósvakamiðlum og höfundur ritefnis í prentmiðlum beri á því ábyrgð að nánari skilyrðum uppfylltum, þ.m.t. blaða- og fréttamenn. Hins vegar hafa jafnframt verið í lögum ákvæði um að fjölmiðlaþjónustuveitendur beri ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hans kann að vera gert að greiða á grundvelli ábyrgðarákvæðanna. Til skoðunar kom í þessu sambandi að létta enn frekar mögulegri ábyrgð blaða- og fréttamanna en lengra er gengið í þá átt í ýmsum grannlöndum Íslands. Niðurstaðan var allt að einu sú að breyta ekki þessu fyrirkomulagi í grundvallaratriðum og eru nánari rök færð fyrir því á viðkomandi stað í frumvarpinu. Þar er hins vegar minnt á reglusetningu samkvæmt þessu ákvæði og bent á að unnt sé að skerpa á þessum þáttum sem hluta af starfsskilyrðum starfsmanna viðkomandi fjölmiðils og starfsháttum sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna hans. Er með þessu komið nokkuð til móts við sjónarmið í þessa veru án þess að grundvallarbreyting sé gerð á ríkjandi fyrirkomulagi.

Um 25. gr.

Í frumvarpsgreininni er kveðið á um vernd heimildarmanna sem er nýmæli í löggjöf á þessum vettvangi. Verndun trúnaðar á milli fjölmiðlafólks og heimildarmanna er eitt af grundvallarskilyrðum þess að fjölmiðlar geti lagt sitt af mörkum til lýðræðisþjóðfélagsins og einn af hornsteinum tjáningarfrelsis þeirra. Í tjáningarfrelsi að þessu leyti felst m.a. annars réttur til að taka við og miðla upplýsingum sem eiga erindi til almennings. Það liggur í hlutarins eðli að til þess að tryggja að fjölmiðlar njóti þessa er nauðsynlegt að búa svo um hnútana að fjölmiðlafólk geti heitið heimildarmönnum sínum nafnleynd og staðið vörð um það loforð. Ef fullnægjandi heimildavernd er ekki tryggð getur það orðið til þess að upplýsingar sem erindi eiga til almennings verði ekki látnar í té vegna ótta heimildarmanna um að þeir eigi yfir höfði sér hefndaraðgerðir atvinnurekanda, stjórnvalda eða annarra sem hagsmuni hafa af því að upplýsingum sé haldið leyndum.

Nú þegar er kveðið er á um vernd heimildarmanna í réttarfarslöggjöfinni en allt að einu þykir rétt að mæla einnig fyrir um slíka vernd með almennum hætti í frumvarpinu þar sem því er ætlað að mynda með heildstæðum hætti ramma utan um starfsemi allra fjölmiðla hér á landi. Við samningu frumvarpsgreinarinnar var meðal annars höfð hliðsjón af tilmælum Evrópuráðsins um rétt blaðamanna til að greina ekki frá heimildarmönnum sínum frá árinu 2000 en þessi réttur hefur verið mikið til umræðu á þeim vettvangi. Enn fremur var litið til frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmann þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna

upplýsingagjafar í þágu almannaheilla sem lagt var fram á 130. löggjafarþingi 2003–2004 en varð ekki útrætt.

Rétt er að geta þess að vernd heimildarmanna í íslenskum rétti á sér jafnframt stoð í ákvæði 15. gr. gildandi laga um prentrétt um ábyrgð á efni rita og ákvæði 26. gr. gildandi útvarpslaga um ábyrgð á útvarpsefni. Þó svo að það sé ekki tekið fram í ákvæðunum sjálfum vernda þau ekki einungis rétt höfunda til þess að halda auðkenni sínu leyndu, heldur einnig nafnleynd heimildarmanna. Í greinargerð þeirri er fylgdi prentlögunum er þetta raunar tekið fram berum orðum:

„Ábyrgðarkerfi þessu er ætlað að slá vörð um prentfrelsið með því að sporna við eftirgrennslan yfirvalda um það, hverjir kunni að eiga hlutdeild í því, sem ritað er, að ná með skjótum og virkum hætti til þess, sem telst sekastur, og loks sérstaklega að vernda nafnleynd höfundar og heimildarmanns.“

Mikilvægustu reglur gildandi laga um rétt blaðamanna til þess að neita að segja til heimildarmanna sinna birtast þó sem að framan greinir í lagaákvæðum er fjalla um undaþágu frá vitnaskyldu í réttarfarslöggjöfinni. Reglur að þessu leyti er annars vegar að finna í 53. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, og hins vegar í 119. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Umrædd ákvæði veita ekki undanþágu frá því að koma fyrir dóm, heldur einungis til þess að neita að svara þar ákveðnum spurningum. Nefnt ákvæði 119. gr. er nokkuð frábrugðið samsvarandi ákvæði eldri laga um meðferð opinberra mála en því var breytt og það fært til samræmis við nefnt ákvæði laga um meðferð einkamála eftir því sem frekast var unnt. Vegna þeirrar meginreglu sakamálaréttarfars að leiða beri hið sanna í ljós eftir því sem kostur er eru þó öll frávik frá vitnaskyldu þrengri þegar um er að ræða sakamál en einkamál. Þannig er undanþágan ekki fortakslaus skv. 19. gr. laga um meðferð sakamála á sama hátt og skv. 53. gr. laga um meðferð einkamála, svo sem nánar verður vikið að síðar.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er mælt fyrir um að starfsmönnum fjölmiðlaþjónustuveitenda sem hlotið hafa leyfi eða skráningu hjá fjölmiðlanefnd sé óheimilt að upplýsa hver sé heimildarmaður að grein, riti, frásögn, tilkynningu eða öðru efni, hvort sem það hefur birst eða ekki, hafi heimildarmaður eða höfundur óskað nafnleyndar. Enn fremur er mælt fyrir um að starfsmönnum fjölmiðlaþjónustuveitanda sé óheimilt að láta af hendi gögn sem hafa að geyma upplýsingar um heimildarmann eða höfund í slíkum tilvikum. Þannig er lagt til að ákvæðið nái jafnt til allra starfsmanna fjölmiðlaþjónustuveitenda og er það að því leyti víðtækara en ákvæði réttarfarslöggjafarinnar um undanþágu frá vitnaskyldu. Þá er trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og höfunda og heimildarmanna verndað með ákvæðinu þó að efnið sem um er að ræða hafi ekki verið birt. Loks tekur ákvæðið með ótvíræðum hætti til heimildargagna, enda getur verið augljóst samband á milli slíkra gagna og persónu heimildarmanns svo sem fram kemur í dómi Hæstaréttar í máli nr. 419/1995.

Í 2. mgr. er kveðið á um að bann 1. mgr. gildi einnig um þá sem vegna tengsla við fjölmiðlaþjónustuveitanda eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur er eða hefur undir höndum gögn þar að lútandi. Ákvæðið er reist á áðurnefndum tilmælum Evrópuráðsins frá árinu 2000 og er ætlað að styrkja heimildarverndina enn frekar.

Í 3. mgr. er svo mælt fyrir um að heimildarvernd skv. 1. og 2. mgr. verði einungis aflétt með samþykki viðkomandi heimildarmanns eða þegar við á höfundar eða á grundvelli 119. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Svo sem áður greinir er vitni skv. a-lið 2. mgr. 119. gr. nefndra laga óheimilt án leyfis þess sem í hlut á að svara spurningum um hver sé höfundur eða heimildarmaður að riti, grein, frásögn eða tilkynningu sem hefur birst án þess

að hann væri nafngreindur, ef vitnið ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birtist opinberlega eða það hefur öðlast vitneskju um höfund eða heimildarmann í starfi hjá ábyrgðarmanni. Í 3. mgr. er svo mælt fyrir um að dómari geti þrátt fyrir framangreint ákveðið að vitni skuli svara spurningum um tiltekin atriði telji hann að vitnisburður geti ráðið úrslitum um niðurstöðu máls, enda séu ríkari hagsmunir af því að spurningunum verði svarað en trúnaði haldið. Þegar svo háttar til getur dómari því aflétt heimildarverndinni, óháð vilja þess sem hlut á að máli, ef hagsmunir af því að vitni svari tilteknum spurningum vegur að hans mati þyngra en þeir hagsmunir að trúnaði sé haldið. Hér yrði dómari að leggja annars vegar mat á trúnaðarsambandið og eðli þess og hins vegar á alvarleika málsins. Því alvarlegri sem sakargiftir eru, þeim mun líklegra væri að trúnaði yrði aflétt og því ríkari sem trúnaður er, því líklegra væri að hann héldi.

Ljóst er að ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um tjáningarfrelsi geta haft áhrif á túlkun og beitingu reglna um undanþágu frá vitnaskyldu. Á þeim grundvelli hefur all oft reynt á það fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu hvort réttlætanlegt hafi verið að aflétta heimildarvernd í einstökum tilvikum. Í dómaframkvæmd hans er rík áhersla lögð á það að vernd trúnaðarsambands fjölmiðlafólks og heimildarmanna þeirra sé nauðsynlegur þáttur í tjáningarfrelsi fjölmiðla og grundvallarskilyrði fyrir því að þeir geti sinnt lýðræðislegu hlutverki sínu. Þetta er glögglega útlistað í dómi Mannréttindadómstólsins frá 27. mars 1996 í máli *Goodwins gegn Bretlandi*, en þar segir m.a.:[3]

„Heimildavernd frétta er eitt af grunnskilyrðunum fyrir tjáningarfrelsi fjölmiðla. Án slíkrar verndar kynnu heimildarmenn að forðast það að veita fjölmiðlum liðsinni í að upplýsa almenning í málum er varða hagsmuni almennings. Af því kann að leiða að grafið verði undan eftirlitshlutverki fjölmiðla og dregið úr möguleikum þeirra til að miðla nákvæmum og áreiðanlegum upplýsingum. Að teknu tilliti til mikilvægis verndar heimildarmanna fjölmiðla fyrir tjáningarfrelsi fjölmiðla í lýðræðissamfélagi og hugsanlegs skaða er fyrirmæli um upplýstrun heimilda kynnu að valda er slíkt úrræði ósamrýmanlegt 10. gr. sáttmálans, nema það sé réttlætt með mikilsverðum hagsmunum almennings.“

Í ljósi þessa hefur Mannréttindadómstóll Evrópu veitt vernd heimildarmanna mikið vægi í úrlausnum sínum. Þegar ráðið er í dómaframkvæmd hans á þessum vettvangi er ljóst að í meðförum dómstólsins hafa mótast nokkrar grundvallarreglur að þessu leyti. Skilyrðin um að takmörkun sé lögmælt og beinist að lögmætu markmiði eru jafnan uppfyllt. Úrslitin ráðast því í flestum tilvikum af því hvort takmörkunin teljist nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Til þess að svo teljist vera þarf takmörkun að beinast að því að vernda mikilsverða hagsmuni almennings (e. an overriding requirement in the public interest).

Ef yfirvöld hafa einhver önnur úrræði en þau að gera fjölmiðlamönnum að afhjúpa heimildarmenn sína hefur dómstóllinn lagt áherslu á að þeim skuli beitt. Þannig skuli rof heimildarverndar ætíð vera síðasta úrræðið sem gripið er til. Það kemur því einungis til skoðunar

---

[3] „Protection of journalistic sources is one of the basic conditions for press freedom... Without such protection, sources may be deterred from assisting the press in informing the public on matters of public interest. As a result the vital public-watchdog role of the press may be undermined and the ability of the press to provide accurate and reliable information may be adversely affected. Having regard to the importance of the protection of journalistic sources for press freedom in a democratic society and the potentially chilling effect an order of source disclosure has on the exercise of that freedom, such a measure cannot be compatible with Article 10 (art. 10) of the Convention unless it is justified by an overriding requirement in the public interest.“

hvort nægir hagsmunir séu í húfi til að aflétta heimildarverndinni ef ekki eru önnur vægari úrræði til staðar. Komið hefur fram að viðskiptahagsmunir séu ekki nægjanlegir í þessu sambandi. Trúnaðarbrot, hvort heldur af hálfu starfsmanna einkaaðila eða ríkisstarfsmanna, teljast heldur ekki nægjanleg ein og sér til að rjúfa heimildarverndina.

Þeir hagsmunir sem dómstóllinn hefur einkum talið heimildarverndinni yfirsterkari eru að með því að aflétta heimildarverndinni verði unnt að koma í veg fyrir eða upplýsa alvarlegan glæp á borð við morð, manndráp, nauðgun, misnotkun barna, landráð eða sambærilega glæpi. Það er því ljóst að einungis í allra alvarlegustu tilvikum telur dómstóllinn koma til greina að skylda fjölmiðla til að upplýsa um heimildarmenn sína. Enn fremur hefur komið fram að það að upplýsinga sé aflað á ólögmætan hátt af hálfu heimildarmanns nægi ekki eitt sér til að rjúfa heimildarverndina sem og að yfirvöld geti ekki komist fram hjá heimildarverndinni með því að beita öðrum þvingunarúrræðum svo sem húsleit eða símhlerunum. Loks hefur glögglega komið fram að ekki skiptir máli hver heimildarmaður er eða hvaða stöðu hann gegnir. Opinberir starfsmenn njóta þannig sömu verndar og aðrir og sams konar hagsmunir þurfa að vera í húfi svo réttlætanlegt sé að víkja heimildarverndinni til hliðar þegar þeir eiga í hlut.

Ætla má að dómstólar hér á landi muni líta til sambærilegra sjónarmiða við hagsmunamat á grundvelli 3. mgr. 119. gr. laga um meðferð sakamála.

Um 26. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að fjölmiðlaþjónustuveitendur skuli í allri starfsemi sinni halda lýðræðislegar grundvallarreglur í heiðri, virða tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs. Ákvæðið á sér að hluta samsvörun í 9. gr. gildandi útvarpslaga, en friðhelgi einkalífs hefur bæst við ákvæðið. Með frumvarpinu er jafnframt lagt til að ákvæðið verði gert ítarlegra og sú skylda sem lögð er á fjölmiðlaþjónustuveitendur gerð víðtækari en samkvæmt gildandi lögum, enda sé um að ræða grunngildi faglegrar fjölmiðlunar. Vísar greinin til þeirra hugmynda sem liggja til grundvallar upplýstri umræðu og ákvarðanatöku í lýðræðissamfélagi. Slíkar lýðræðishugmyndir byggja á að upplýst umræða, tjáningarfrelsi og rétti til upplýsinga að teknu tilliti til friðhelgi einkalífs sé grundvöllur lýðræðisins. Fyrirmynd framangreinds ákvæðis er m.a. fengin úr norrænum fjölmiðlalögum þar sem þessi skylda hefur verið nefnd sannleikskrafan (s. og n. saklighetskrav). Til þess að borgarar geti myndað sér skoðanir og tekið upplýstar ákvarðanir þurfa þeir að hafa aðgang að ólíkum sjónarmiðum og hlutlægum upplýsingum og gegna fjölmiðlar veigamiklu hlutverki í þessu sambandi. Krafan um hlutlægni felur m.a. í sér að staðhæfingar sem settar eru fram skulu vera réttar og að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram. En í þessu sambandi er vísað til m.a. faglegrar blaða- og fréttamennsku um að leitað sé margra heimilda og heimildarmanna til að sannreyna staðreyndir áður en upplýsingar eru birtar. Líta verður til félagslegra gilda frétta og upplýsinga þar sem blaða- og fréttamenn þurfa með ábyrgum hætti að miðla upplýsingum og fréttum til notenda. Blaða- og fréttamenn bera því siðferðislega ábyrgð á því efni sem miðlað er og bera fyrst og fremst ábyrgð gagnvart notendum fjölmiðlanna. Sambærilegt ákvæði hefur ekki verið að finna í löggjöf um aðra fjölmiðla en þá sem falla undir gildandi útvarpslög en það leiðir af sjálfu sér að við setningu heildstæðrar löggjafar um fjölmiðla sé slíkri reglu ætlað almennt gildi.

Eðli málsins samkvæmt er ekki um að ræða ákvæði sem unnt er að framfylgja með skírskotun til nákvæmra viðmiða en allt að einu er þýðing þess óumdeild og það stendur öðrum

ákvæðum þessara laga sem og annarra laga sem varða mannréttindi af þessu tagi til nauðsynlegrar fyllingar. Frumvarpsgreinin er að nokkru leyti reist á einni af grundvallaryfirlýsingum Evrópuráðsins um fjölræði í fjölmiðlun og fjölbreytni í fjölmiðlaefni frá árinu 1982 (Declaration on the Freedom of Expression and Information). Í yfirlýsingunni er áhersla lögð á að tjáningarfrelsi og rétti til upplýsinga hafi grundvallarþýðingu í lýðræðissamfélagi. Þá er í 6. tölul. yfirlýsingarinnar áréttað að yfirvöld skuli í allri stefnumótun stuðla að tjáningarfrelsi og rétti til upplýsinga í fjölmiðlum og standa vörð um fjölbreytni í fjölmiðlun m.a. með því að tryggja möguleika á því að fjölbreyttar hugmyndir og skoðanir komi fram. Einnig er því beint til aðildarríkjanna að standa vörð um rétt bæði einstaklinga og hópa til að tjá skoðanir sínar og að almenningur eigi kost á að nálgast mismunandi upplýsingar og hugmyndir frá ólíkum heimildum í fjölmiðlum.

Þá er lagt til að friðhelgi einkalífs verði getið sérstaklega þar sem ákveðin mörk eru milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs. Rétturinn um friðhelgi einkalífsins rennur af réttinum til frelsis og sjálfsákvörðunarréttinum, svo lengi sem að sá réttur hefur ekki áhrif á frelsi og réttindi annarra. Er litið svo á að þessi sjálfsagði réttur sé meðal mikilvægustu grundvallarmannréttinda og ein af grunngildum lýðræðis. Fjölmiðlar eru að sjálfsögðu ekki undanþegnir því að þurfa að taka tillit til grundvallarreglunnar um friðhelgi einkalífs við meðferð sína á persónuupplýsingum. Í ljósi þess mikilvæga lýðræðishlutverks, sem fjölmiðlar gegna njóta þeir mikils frelsis svo að þeir geti sem best upplýst almenning um atburði líðandi stundar og eðli þjóðfélagsins. Ljóst er að slíku frelsi fylgir ábyrgð og því þykir sjálfsagt að hnykkja á því í ákvæðinu að fjölmiðlum ber að sýna virðingu fyrir einstaklingnum, frelsi hans og réttindum. Þá er jafnframt lagt til að fjölmiðlum sé óheimilt að hvetja til refsiverðrar háttsemi og hættulegra eða ósæmilegra athafna. Frelsi fylgir ábyrgð og þarf að gæta varúðar í þessum efnum. Sambærileg ákvæði eru í lögum ýmissa nágrannalanda okkar, t.d. Bretlands og Svíþjóðar.

Í lokamálslið ákvæðisins er undantekningarregla sem á sér samsvörun í 9. gr. gildandi útvarpslaga. Undantekningarregla þessi mælir fyrir um að fjölmiðlaþjónustuveitanda, sem hefur þann yfirlýsta tilgang að beita sér fyrir tilteknum málstað, sé óskylt að miðla efni sem gengur í berhögg við stefnu miðilsins. Í greinargerð með frumvarpi til gildandi útvarpslaga er undantekningarregla þessi rökstudd með vísan til tjáningarfrelsis. Liggur það í augum uppi að aðili sem rekur fjölmiðil í þeim tilgangi að beita sér fyrir ákveðnum málstað geti illa borið skylda til þess að taka tillit til gagnstæðra sjónarmiða. Er öllum fjölmiðlaþjónustuveitendum samkvæmt frumvarpinu því veitt sama svigrúm að þessu leyti og prentmiðlar hafa jafnan notið en slíkir miðlar eru iðulega gefnir út til framdráttar ákveðnum baráttumálum og ber vitaskuld engin skylda til að reifa jafnframt andstæð sjónarmið. Sem augljós dæmi í þessa veru má nefna útvarps- og sjónvarpsstöðvar trúfélaga, dagblöð einstakra stjórnmálaflokka sem áður tíðkuðust og svo mætti áfram telja.

Rétt er að taka fram að brot á ákvæðinu varða bæði stjórnvaldssekt skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Um 27. gr.

Fyrirmæli frumvarpsgreinarinnar um bann við hatursáróðri eru nýmæli á vettvangi löggjafar um fjölmiðla. Ákvæðið kemur í beinu framhaldi af ákvæði 26. gr. um lýðræðislegar grundvallarreglur og mælir fyrir um að ákveðin grundvallarmannréttindi skuli virt í allri fjölmiðlun, þ.m.t. viðskiptaorðsendingum og fjarkaupum. Um er að ræða skýrt bann við því að miðla efni sem kyndir undir hatur á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoð-

ana, þjóðernis, skoðana eða menningarlegrar, efnahagslegrar eða félagslegrar stöðu í samfélaginu.

Mikilvægt er að gera greinarmun á hatursáróðri annars vegar og málefnalegri gagnrýni, stjórnmálaumræðu og skoðanaágreiningi hins vegar. Hatursáróður er skilgreindur sem tal, texti, tjáning, hegðun og/eða framkomu sem birtist í texta, hljóði og/eða mynd þar sem hvatt er til ofbeldis, fordóma og/eða fordómafullrar hegðunar gegn einstaklingi eða hópi af fólki og/eða með því að vanvirða, smána, hræða og/eða ógna viðkomandi einstaklingi eða hópi. Samkvæmt þessu á frumvarpsgreinin ekki við um hefðbundna gagnrýni, skoðanaágreining eða stjórnmálaumræður í fjölmiðlum heldur það sem fella má undir framangreinda skilgreiningu á hatursáróðri.

Frumvarpsgreinin er reist á ákvæði 3. gr. b í hljóð- og myndmiðlunartilskipun ESB 2007/65/EB auk þess sem hún á sér samsvörun í tilmælum Evrópuráðsins nr. R(97)20 um bann við hatursáróðri í fjölmiðlum. Eru tilmælin tilkomin vegna þess að fjölmiðlar í Evrópu eru taldir hafa þróast í átt til umburðarleysis gagnvart ólíkum hópum í samfélaginu. Hatursáróður þykir sérstaklega skaðlegur þegar hann birtist í hljóð- og myndmiðlum vegna þess slagkrafts og þeirrar útbreiðslu sem slíkir miðlar hafa en er að sjálfsögðu einnig skaðlegur í annars konar fjölmiðlum. Í tilmælunum er fjallað um það markmið Evrópuráðsins að stuðla að aukinni samheldni innan Evrópu og áhersla lögð á að ólíkar birtingarmyndir hatursáróðurs grafi undan lýðræði, fjölbreytni og menningarlegri samheldni. Í tilmælunum er auk þess mælst til þess að stjórnvöld í aðildarríkjum Evrópuráðsins setji sér reglur sem banna hatursáróður á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, stjórnmálaskoðana og þjóðernis, svo og vegna félagslegrar, efnahagslegrar og menningarlegrar stöðu í samfélaginu, sérstaklega vegna þess hve slíkur áróður getur haft mikil og neikvæð áhrif á lýðræði í samfélaginu sé honum dreift í fjölmiðlum.

Mikilvægt er að hafa í huga að hér er í raun ekki um nýmæli að ræða í íslenskri löggjöf þó að ákvæðið sé nýmæli á vettvangi löggjafar um fjölmiðla. Kveðið er á um það í 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Þá skulu konur og karlar njóta jafns réttar í hvívetna. Í XXV. kafla almennra hegningarlaga er fjallað um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Í 233. gr. segir að hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar sæti sektum eða fangelsi í allt að tveimur árum. Þá segir í 235. gr. laganna að ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því sem verða mundi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að einu ári. Auk þess er fjallað um fleiri ærumeiðandi aðdróttanir í 236. gr. almennra hegningarlaga. Þess ber að geta að brot gegn 233. gr. laganna sæta ákæru en mál vegna brota gegn 235. og 236. gr. getur sá einn höfðað sem misgert er við (einkarefsimál). Það er því ýmist ákæruvaldið eða málsaðili sjálfur sem á saksókn vegna brota gegn framangreindum ákvæðum. Dómstólaleiðin, með þeim kostnaði og fyrirhöfn sem málsókn fylgir, er því oft eina úrræðið fyrir þann sem brotið er á. Í frumvarpinu er lagt til að kvörtun sé hægt að beina til fjölmiðlanefndar sem getur úrskurðað í málinu á skömmum tíma. Máli getur einnig lyktað með áliti nefndarinnar um það sem betur mætti fara ef ekki þykja skilyrði til að ljúka máli með viðurlögum. Í frumvarpinu býðst því auðsóttari farvegur fyrir slík mál á svipaðan hátt og tíðkast í nánast öllum nágrannaríkjum Íslands. Eftir sem áður munu þó öll alvarleg brot enda fyrir dómstólum á sama hátt og nú er.

Eitt af markmiðunum með frumvarpinu er að tilgreina öll réttindi og skyldur fjölmiðla, einnig ákvæði sem eru í öðrum lögum, til að starfsmenn fjölmiðla og almenningur hafi yfirsýn yfir þau á einum stað. Þá hafa íslensk stjórnvöld samþykkt framangreind tilmæli Evrópuráðsins nr. R(97)20 um bann við hatursáróðri í fjölmiðlum og þeim er skylt að leiða ákvæði hljóð- og myndmiðlunartilskipunar ESB í lög. Í frumvarpsgreininni er sérstaklega litið til 65. gr. stjórnarskrárinnar og þeirra ákvæða almennra hegningarlaga sem nú þegar markar fjölmiðlum lagaramma í þessu efni og sem almennt eru sambærileg við framangreind tilmæli Evrópuráðsins. Að teknu tilliti til þessa er með frumvarpsgreininni ekki farið lengra en nú þegar er heimilt eða skylt samkvæmt ákvæðum í stjórnarskrá, íslenskum lögum og alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland er aðili að. Sambærileg ákvæði um hatursáróður eru í lögum helstu nágrannaríkja Íslands.

Um 28. gr.

Í frumvarpsgreininni er að finna ákvæði um vernd barna gegn skaðlegu efni. Meginefni ákvæðisins lýtur fyrst og fremst að miðlun hljóð- og myndefnis svo sem nánar verður útlistað hér á eftir. Þó er einnig ráðgert að taka upp almenna vísireglu sem tekur til annarra fjölmiðlaþjónustuveitenda.

Rétt er að taka fram að í 38. gr. frumvarpsins er að finna sérreglu um vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaorðsendingum. Hinu almenna ákvæði 28. gr. frumvarpsins er þó eðli málsins samkvæmt einnig ætlað að taka til efnis viðskiptaorðsendinga eftir því sem við á. Sú tilhögun að fyrirmælum sem sérstaklega er ætlað að vernda hagsmuni barna sé skipað í tvö aðskilin ákvæði á sér samsvörun í gildandi útvarpslögum. Þannig er almennt ákvæði um vernd barna gegn óheimilu efni nú í 14. gr. útvarpslaga og sértækt ákvæði um vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum í 20. gr. Ekki þykir ástæða til að breyta þessari skipan sem að sínu leyti á sér samsvörun í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Þannig er almenna reglu um vernd barna að finna í 22. gr. tilskipunarinnar. Sú regla hefur ekki tekið teljandi efnisbreytingum frá því að sjónvarpstilskipunin var sett árið 1989 þó svo að aukið hafi verið við skýringar með ákvæðinu til fyllingar efni þess. Þá er sérreglu um viðskiptaorðsendingar að finna í g-lið 3. gr. e). Sú regla tilskipunarinnar hefur á sama hátt tekið litlum efnisbreytingum þó svo að henni hafi verið skipað á nýjan stað með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni og við hana aukið lítillega svo sem nánar verður rakið í athugasemdum við 38. gr. frumvarpsins.

Eins og áður greinir á ákvæðið sér samsvörun í ákvæði 14. gr. gildandi útvarpslaga þótt framsetning þess hér sé með nokkuð breyttum hætti í þeim tilgangi að skerpa og skýra gildandi reglu auk þess sem ekki þykja standa sérstök rök til þess að hún gildi einungis um myndmiðlun á sama hátt og ákvæði gildandi laga. 1.–3. mgr. frumvarpsgreinarinnar taka því jafnt til hljóðmiðlunar og myndmiðlunar og ákvæði 4. mgr. til annarrar fjölmiðlunar. Enn fremur er tekið tillit til fyrirmæla hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og formálsgreina hennar hvað þetta varðar.

Rétt er að taka fram að ákvæði 14. gr. frumvarps til gildandi útvarpslaga var breytt í meðförum Alþingis. Upphaflega gerði ákvæði frumvarpsins ráð fyrir því að óheimilt væri að senda út efni skaðlegt börnum á þeim dagskrártíma og á þann hátt að veruleg hætta væri á að börn sæju viðkomandi efni. Þá var gert ráð fyrir því að í reglugerð yrði mælt fyrir um að efni sem ekki væri við hæfi barna væri einungis sýnt á nánar tilteknum dagskrártíma eða tryggt með tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði sem útsending næði til mundu að öðru jöfnu ekki heyra eða sjá slíkar útsendingar. Loks skyldi að því gætt að útsending væri ávallt auðkennd með viðeigandi hætti.

Efni 2. mgr. 14. gr. var hins vegar svo breytt í meðförum menntamálanefndar Alþingis að það leiddi til grundvallarbreytingar á merkingu ákvæðisins. Þannig er það í gildandi ákvæði sjálfstætt viðbótarskilyrði fyrir útsendingu alls sjónvarpsefnis, sem ekki er talið við hæfi barna á þeim tímum sem heimilt er að senda það út, að gerðar séu sérstakar tæknilegar ráðstafanir til að tryggja að það nái ekki til barna á viðkomandi útsendingarsvæði. Samkvæmt hljóðan gildandi ákvæðis er því óheimilt með öllu, á hvaða tíma sem er, að senda út efni sem ekki er við hæfi barna í opinni dagskrá. Af þessu leiðir að útsendingar Ríkisútvarpsins og Skjás eins, svo dæmi séu tekin, hafa brotið gegn þessum fyrirmælum allt frá gildistöku gildandi laga. Í nefndaráliti menntamálanefndar kemur fram að þessi breyting helgist af því að verið sé að fylgja með nákvæmari hætti orðalagi sjónvarpstilskipunarinnar eins og henni verið breytt með breytingartilskipuninni árið 1997. Hér var einfaldlega um misskilning að ræða enda kom skýrt fram í tilskipuninni þá á sama hátt og nú að gera bæri greinarmun að þessu leyti á opinni dagskrá annars vegar og læstri dagskrá hins vegar. Þannig sætir opin dagskrá takmörkunum með tilliti til tímasetningar útsendinga en læst dagskrá takmörkunum í formi tæknilegra hindrana á aðgangi barna.

Þessu til viðbótar var 1. mgr. 14. gr. gildandi laga tekin upp óbreytt í 21. gr. reglugerðar nr. 50/2002 um útvarpsstarfsemi en við hana skeytt sértækum tímamörkum og þannig kveðið á um að efni skaðlegt börnum megi ekki sýna fyrir kl. 23. Telja verður vafasamt að sú tilhögun að kveða á um tímamörk með þessum hætti í reglugerð standist lögmætisreglu án þess að meira komi til. Með frumvarpsgreininni er lagt til að þessir ágallar verði lagfærðir, ákvæðið skýrt og það fært til samræmis við hljóð- og myndmiðlunartilskipunina.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er sett fram sú meginregla að fjölmiðlaþjónustuveitanda sé óheimilt að miðla hljóð- og myndefni, þar á meðal viðskiptaorðsendingum sem geta haft skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi. Framboð skaðlegs hljóð- og myndefnis og vernd barna að því leyti er ævarandi viðfangsefni reglusetningar á þessum vettvangi. Ekki er unnt að skilgreina með tæmandi hætti hvaða efni fellur undir bannreglu 1. mgr. Vísað er til efnis sem getur haft skaðvænleg áhrif á þroska barna í víðtækasta skilningi og er efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi sérstaklega nefnt í því sambandi. Þær tilvísanir leysa þó ekki vandann því hvorki klám né tilefnislaust ofbeldi eru einsleit hugtök að merkingu.

Til fyllingar má þó segja að meginregla 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar nái til efnis sem vegna inntaks, efnistaka eða siðferðisboðskapar getur vegna orðfæris eða athafna ógnað velferð barna. Við mat á þessu hlýtur jafnframt að verða horft til viðmiða í öðrum lögum sem með sama hætti er sérstaklega ætlað að vernda hagsmuni barna að þessu leyti, svo sem laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006. Við alla reglusetningu af þessu tagi er þó nauðsynlegt að gæta þess að eðlilegt jafnvægi ríki á milli þeirra ráðstafana sem gerðar eru til að vernda líkamlegan, andlegan og siðferðilegan þroska barna annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar. Í þessu skyni er því farin sú leið að gera í 2. mgr. undantekningu frá meginreglu 1. mgr. um almennt bann að þessu leyti.

Undantekningar frá meginreglu 1. mgr. skv. 2. mgr. eru þríþættar. Í fyrsta lagi er mælt fyrir um heimild til útsendinga á tilteknum tímum, svokallað „vatnaskilaákvæði“ (a-liður), í öðru lagi er mælt fyrir um heimild til útsendinga með viðeigandi tæknilegum hindrunum (b-liður) og í þriðja lagi er mælt fyrir um heimild til að miðla slíku hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun með viðeigandi tæknilegum hindrunum (c-liður).

Í a-lið er að finna það nýmæli að sá dagskrártími þegar heimilt er að senda út efni sem fellur undir bannreglu 1. mgr. er nákvæmlega afmarkaður. Í gildandi lögum er fjölmiðla-

þjónustuveitendum eftirlátið mat á því á hvaða tíma heimilt er að miðla hljóð- og myndefni sem ekki er við hæfi barna. Þannig er mælt fyrir um bann við því að miðla slíku efni á þeim tímum þegar hætt er við að börn sjái viðkomandi efni. Í a-lið er hins vegar lagt til að leitt verði í lög svokallað „vatnaskilaákvæði“ sem mælir fyrir um það að eftir kl. 21 á kvöldin virka daga og eftir kl. 22 á kvöldin um helgar og til kl. 5 á morgnana í báðum tilvikum sé heimilt að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að það sé auðkennt sem slíkt svo sem nánar er lýst í frumvarpsgreininni. Þykir skýrara að mæla fyrir um þetta með afdráttarlausum hætti og til þess fallið að skerpa á þeirri vernd sem ákvæðinu er ætlað að veita án þess þó að tjáningarfrelsi sé takmarkað með ótilhlýðilegum hætti. Rétt er að geta þess að sambærilegt ákvæði er að finna í löggjöf ýmissa nágrannaþjóða Íslands, svo sem í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Bretlandi, og þykir það hafa gefist vel í framkvæmd. Jafnframt er slíkt vatnaskilaákvæði að finna í leiðbeinandi reglum EBU.

Í b-lið er svo mælt fyrir um heimild til að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því gefnu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að útsendingin nái ekki til barna. Með þessu er lagt til að löggjöfin verði færð til samræmis við ákvæði hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar en svo sem fyrr greinir virðist hafa gætt misskilnings í þessu sambandi við útfærslu gildandi laga. Það leiðir af eðli máls að sé fullnægjandi tæknilegum hindrunum fyrir aðgangi barna komið fyrir skiptir útsendingartími ekki máli. Með tæknilegum ráðstöfunum í þessu sambandi er t.d. átt við aðgangskóða, síunarkerfi og aðrar sambærilegar ráðstafanir.

Í c-lið er sérregla um hljóð- og myndmiðlun eftir pöntun. Með henni er mælt fyrir um heimild til að miðla slíku efni sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að því. Efnislega og að breyttu breytanda á þetta ákvæði samstöðu með ákvæði b-liðar og er ætlað að koma í veg fyrir að börn geti nálgast skaðlegt efni hjá slíkum fjölmiðlaþjónustuveitendum.

Í d-lið er svo gerð undantekning að því er fréttir og fréttatengt efni varðar.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að undantekningarákvæði a- og b-liða 2. mgr. taki ekki til hljóð- og myndefnis sem getur haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna. Samanborið við meginreglu 1. mgr. þar sem bann er lagt við miðlun efnis sem er til þess fallið að hafa skaðvænleg áhrif á þroska barna er áherslan hér lögð á alvarleg skaðvænleg áhrif. Þessi greinarmunur er gerður með hliðsjón af ákvæði 22. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar þar sem altækt bann er lagt við miðlun efnis í línulegri dagskrá sem talið er geta haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi (e. which might seriously impair the physical, mental or moral development of minors, in particular programmes that involve pornography or gratuitous violence). Skv. 3. gr. h) í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni tekur hið altæka bann þó ekki til hljóð- og myndmiðlunar eftir pöntun en eðli slíkrar þjónustu er að sínu leyti annað en miðlunar í línulegri dagskrá svo sem áður greinir.

Tekið skal fram að brot á ákvæði 1.–3. mgr. varða bæði stjórnvaldssekt skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Í 4. mgr. gefur að finna nýmæli. Þar er ráðgerð almenn vísiregla sem ætlað er að taka til annarra fjölmiðla en þeirra sem fjallað er um í 1.–3. mgr. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem undir það falla skuli kappkosta að efni sem haft getur skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna sé þeim ekki aðgengilegt eða miðlað til þeirra. Reglan felur í sér almenn tilmæli en ekki bannreglu og helgast það af

tvennu. Í fyrsta lagi er eðli þeirra fjölmiðla sem hér um ræðir um margt annað en hljóð- og myndmiðla. Í öðru lagi er ekki mögulegt að útfæra bannreglu hvað þá varðar með skýrum hvað þá tæmandi hætti. Allt að einu er lögð á það áhersla í samræmi við grundvallarmarkmið frumvarpsins að ávallt sé leitast við að fara að þessum fyrirmælum.

Um 29. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er að finna almenna meginreglu um að allir fjölmiðlaþjónustuveitendur skuli eftir fremsta megni stuðla að menningarþróun og eflingu íslenskrar tungu. Enn fremur er tekið fram að engu síður sé heimilt að starfrækja fjölmiðla hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku.

Ákvæði 1. mgr. á sér að sínu leyti fyrirmynd í 1. mgr. 7. gr. gildandi útvarpslaga en því er nú ætlað að gilda jafnt um alla þá fjölmiðla hér á landi sem miðla efni sínu til íslenskra notenda. Þeim ber því öllum að stuðla að framgangi nefndra gilda og gæta að því að það efni sem miðlað er á íslensku sé á vönduðu máli. Sérstök ástæða er til að vekja á því athygli að íslensk málstefna var samþykkt á Alþingi vorið 2009 og menntamálaráðherra falið að fylgja henni eftir (198. mál 136. löggjafarþings). Í íslensku málstefnunni er sérstaklega fjallað um málstefnu í fjölmiðlum. Þar kemur fram að lagt sé til að fjölmiðlar (og auglýsingastofur) setji sér málstefnu, standi vörð um íslenskt mál, vandað sé til verka við þýðingar og yfirlestur skjátexta, hvatt til íslenskrar dagskrárgerðar, talsetning á efni fyrir börn sé á vönduðu máli o.fl. Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði nefnd til að gera útfærðar tillögur um þetta. Varð það niðurstaða nefndarinnar að rétt væri að beina því til fjölmiðla sem miðla hljóði og texta á íslensku að setja sér málstefnu.

Í síðari málslið 1. mgr. er svo gerð sú undantekning að heimilt skuli að starfrækja fjölmiðla hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku. Samkvæmt gildandi útvarpslögum er samsvarandi heimild bundin við sérstakar aðstæður en það verður vart talið standast skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum þegar tungumál aðildarríkja hans eiga í hlut auk þess sem slíkt er í besta falli vafasamt með tilliti til almennra reglna um tjáningarfrelsi. Hafa verður í huga að mikil fjölgun hefur verið undanfarin ár á erlendum ríkisborgurum sem setjast að hér á a landi í lengri eða skemmri tíma. Þess má geta í þessu sambandi að í Hafnarfirði hefur verið starfrækt hljóðvarpsstöð frá árinu 2006 þar sem sent er út efni á ýmsum tungumálum svo sem pólsku, rússnesku, ensku og tagalog. Þá verður heimild til miðlunar efnis á öðrum tungumálum en íslensku ekki talin andstæð málverndunarsjónarmiðum enda lúta þau fyrst og fremst að því að efni sem miðlað er á íslensku sé á vönduðu máli.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru efnislega samhljóða ákvæði 8. gr. gildandi útvarpslaga og varða einungis hljóð- og myndefni. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að efni á erlendu máli, hvort heldur sem um er að ræða línulega dagskrá eða hljóð- og myndmiðlun eftir pöntun, skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það eigi þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skuli fjölmiðlaþjónustuveitandi þó, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa. Óþarft þykir að árétta sérstaklega svo sem gert er í gildandi lögum að allt tal og texti skuli vera á lýtalausu íslensku máli enda leiðir slíkt óhjákvæmilega af meginreglu 1. mgr. Brot á ákvæði 2. mgr. varða bæði stjórnvaldssekt skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er svo gerð undantekning frá reglu 2. mgr. að því er varðar endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva sem og hvað varðar hljóð- og myndmiðla sem starfræktir eru á öðrum tungumálum en íslensku í samræmi við ákvæði 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Grein þessi þykir ekki þarfnast frekari skýringa.

Um 30. gr.

Í greininni er mælt fyrir um aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni. Ákvæðið er nýmæli sem byggt er á ákvæði 3. gr. c) í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Það ákvæði kemur nú nýtt inn í tilskipunina en um grundvöll þess er fjallað í 64. formálsgrein hennar. Er þar fjallað um rétt fatlaðra og aldraðra til þátttöku í félags- og menningarlífi og órjúfanleg tengsl þess réttar við aðgengi að myndmiðlunarefni.

Í greininni er mælt fyrir um að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni skuli eins og kostur er leitast við að gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum. Úrræði til að tryggja aðgengi eru m.a. táknmál, textun og hljóðlýsing. Enn fremur ber að leggja áherslu á að veitendur fjölmiðlaþjónustu eftir pöntun setji fram valmynd sína þannig að hún sé skýr og aðgengileg. Ekki þykir fært að mæla fyrir um sams konar skyldu að því er varðar aðra fjölmiðlaþjónustuveitendur enda er þjónusta þeirra um margt annars eðlis auk þess sem skylda að þessu leyti væri þeim verulega íþyngjandi.

Í ákvæði þessu er ekki lögð ótvíræð skylda á fjölmiðlaþjónustuveitendur að þessu leyti heldur er fremur um að ræða tilmæli til þeirra. Þessu ákvæði er þó ásamt öðrum sambærilegum ákvæðum þessa kafla ætlað að mynda ramma utan um starfsemi fjölmiðlaþjónustuveitenda. Eðli málsins samkvæmt sæta þó hvorki fjölmiðlaþjónustuveitendur né einstaklingar viðurlögum vegna ákvæðisins. Þess ber að geta að íslenska ríkið skal samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni upplýsa framkvæmdastjórn ESB um það með reglubundnum hætti hvernig fjölmiðlaþjónustuveitendur hér á landi hafa brugðist við að þessu leyti og aðgerðir þeirra þar að lútandi. Af þeim sökum ber fjölmiðlaþjónustuveitendum að upplýsa fjölmiðlanefnd þar um í árlegri skýrslu sinni skv. 23. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæði 13. gr. gildandi útvarpslaga en er nú ætlað að ná til allra fjölmiðla. Sambærileg regla hefur fram til þessa ekki gilt um aðra fjölmiðla en þá sem falla undir gildissvið útvarpslaga en samhliða tækniþróun þykir eðlilegt að hún hafi víðtækari skírskotun. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að fjölmiðlaþjónustuveitendum sé, ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst skylt að miðla endurgjaldslaust tilkynningum frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og rjúfa línulega dagskrá ef þörf krefur. Fjölmiðlar eru eðli málsins samkvæmt sá vettvangur sem almenningur nýtir sér öðrum fremur til að afla upplýsinga um atburði líðandi stundar. Það er því mikilvægt að þeir aðilar sem tilteknir eru í frumvarpsgreininni hafi greiðan aðgang að fjölmiðlum við þær aðstæður sem þar er lýst. Þær aðstæður sem fyrst og fremst koma til greina að þessu leyti eru náttúruhamfarir ýmiss konar þótt aðrar aðstæður geti vissulega kallað á nýtingu heimildarinnar.

Sögulega eru hljóðvarp og sjónvarp sá vettvangur sem fyrst og fremst hefur verið nýttur í þessu skyni þar sem ekki er unnt að nýta hefðbundna prentmiðla til að koma slíkum tilkynningum á framfæri samstundis. Þá hefur hljóðvarp haft sérstöðu hvað þetta varðar þar sem það var lengst af eini miðillinn sem unnt var að nýta til að miðla upplýsingum til almennings í

rafmagnsleysi. Með nýrri tækni er hins vegar hægt að koma slíkum tilkynningum á framfæri með fjölbreyttari hætti og má í því sambandi sérstaklega nefna miðlun fjölmiðla á efni í farsíma, fartölvur, lófatölvur og önnur sambærileg viðtæki. Í ljósi þessa þykir rétt að ákvæðið nái jafnt til allra fjölmiðlaþjónustuveitenda. Rétt er þó að taka fram að brot á ákvæðinu varða bæði stjórnvaldssekt skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Um 32. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldu fjölmiðlaþjónustuveitenda til auðkenningar. Ákvæði 1. og 2. mgr. eru nýmæli en ekki hefur verið lögð sú skylda á fjölmiðlaþjónustuveitendur í lögum að auðkenna hljóð- eða myndmiðlunarefni sitt með þessum hætti. Engu síður hafa fjölmiðlaþjónustuveitendur hér á landi almennt auðkennt það efni sem sent er út í línulegri dagskrá. Ákvæði 3. mgr. á sér rætur í 3. og 5. gr. gildandi laga um prentrétt en skylda til auðkenningar prentefnis með þessum hætti hefur verið í lögum allt frá 19. öld. Ákvæði 4. mgr. er svo nýmæli sem tekur til auðkenningar ritefnis sem miðlað er með rafrænum hætti. Markmið þessa ákvæðis er öðrum fremur að tryggja að allt fjölmiðlaefni sé auðkennt og neytendum þannig ávallt ljóst hver það er sem miðlar efni hverju sinni. Skylda til auðkenningar hefur grundvallarþýðingu varðandi framkvæmd ákvæða frumvarpsins enda ljóst að ekki er unnt að framfylgja þeim nema fyrir liggi hvaða fjölmiðlaþjónustuveitandi miðlar því efni sem til athugunar er.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu fjölmiðlaþjónustuveitanda sem miðlar hljóð- eða myndefni í línulegri dagskrá til að birta nafn sitt eða annað auðkenni þegar um myndmiðlun er að ræða og kynna nafn sitt þegar um hljóðmiðlun er að ræða. Þá er tekið fram að slík auðkenning skuli eiga sér stað a.m.k. einu sinni á hverjum 30 mínútum útsendingar. Eðli málsins samkvæmt tekur ákvæðið bæði til sjónvarps og hljóðvarps. Þegar um sjónvarp er að ræða er gert ráð fyrir því að annaðhvort nafn eða merki viðkomandi stöðvar sé birt en þegar um hljóðvarp er að ræða þarf nafn stöðvarinnar að koma fram í útsendingunni. Gert er ráð fyrir því að auðkenning þessi fari fram a.m.k. einu sinni á hverjum 30 mínútum útsendingar. Ekkert er því þó til fyrirstöðu að það sé gert oftar eða eftir atvikum með samfelldum hætti á meðan á útsendingu einstakra dagskrárliða í sjónvarpi stendur.

Í 2. mgr. er svo mælt fyrir um að efnisskrá fjölmiðlaþjónustuveitanda sem miðlar hljóð- og myndefni eftir pöntun skuli hafa að geyma upplýsingar um það hver veitandi þjónustunnar er. Þannig er gert ráð fyrir því að fullnægjandi sé að auðkenna efnisskrána sem slíka. Rétt er að taka fram að í löggjöf ýmissa annarra landa, t.d. Svíþjóðar, er gerð sú krafa að einstakir efnisþættir slíkra skráa skuli auðkenndir hver fyrir sig þannig að notendur fái í öllum tilvikum upplýsingar um það þegar þeir panta efni hver veitandi þjónustunnar er. Ekki þykir ástæða til að fara þá leið hér enda má segja að markmið ákvæðisins nái fram að ganga með því að efnisskráin sé auðkennd í heild sinni. Á sama hátt og ákvæði 1. mgr. tekur ákvæði 2. mgr. bæði til myndmiðlunar og hljóðmiðlunar eftir pöntun.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla ritefni á prentuðu formi skuli nafngreindir í hverju eintaki sem og ritstjóri hafi slíkur aðili verið ráðinn. Ákvæði í þessa veru á sér efnislega samsvörun í ákvæði 3. gr. gildandi laga um prentrétt þar sem fram kemur að útgefandi rits sem prentað er hér á landi skuli nafngreina sig í hverju eintaki þess sem og ritstjórar hafi þeir verið ráðnir. Í 5. gr. tilvitnaðra laga er jafnframt kveðið á um það að sá sem annast prentun eða letrun rits hér á landi skuli á hverju eintaki ritsins geta nafns síns eða firma, prentstaðar og prentárs. Reglur af þessum toga eiga sér langa sögu hvað prentmiðla varðar en slíkar reglur var þegar að finna í tilskipun um prentfrelsi frá 9. maí 1855.

Rétt er að taka fram að ákvæði laga um prentrétt hafa víðtækara gildissvið að því er prentað efni varðar en frumvarpið. Þau gilda þannig um öll rit sem gefin eru út en frumvarpið tekur eðli málsins samkvæmt einungis til þeirra rita sem teljast til fjölmiðla. Þegar ákvörðun er tekin um auðkenningarskyldu einstakra fjölmiðla er það álitamál hvort þau viðmið eigi í öllum tilvikum og skilyrðislaust að vera hin sömu. Niðurstaðan er sú að svo sé ekki. Telja verður að það form auðkenningar sem ráðgert er í 1. og 2. mgr. sé fullnægjandi hvað viðkomandi tegundir fjölmiðla varðar. Fyrir því er hins vegar löng lagahefð að bæði útgefandi og ritstjóri auk þess sem annast prentun eða letrun rits séu tilgreindir í prentmiðlum. Þykir rétt enn um sinn að viðhalda þeirri hefð hvað ritstjóra varðar og stíga því ekki skrefið til fulls í þá veru að aðeins fjölmiðlaþjónustuveitandinn sjálfur sé auðkenndur þó svo að slík tilgreining eigi að duga með hliðsjón af því að aðrar upplýsingar má þá nálgast á heimasíðu fjölmiðlanefndar. Hins vegar þykir ekki sérstök þörf á að taka upp fyrirmæli um að prentara (einstaklings eða firma), prentstaðar og prentárs sé getið svo sem mælt er fyrir um í 5. gr. gildandi laga. Það er að öllum líkindum óþekkt, a.m.k. síðari áratugi, að á persónulega ábyrgð prentara hafi reynt vegna efnis í fjölmiðlum og eins hafa bindandi fyrirmæli um útgáfustað og útgáfuár fyrst og fremst þýðingu þegar um annars konar rit en þau sem teljast til fjölmiðla er að ræða, svo sem bækur eða önnur rit sem ekki koma út með reglubundnum hætti. Það leiðir hins vegar af eðli fjölmiðla að sambærilegra atriða er jafnan getið. Í þessu sambandi ber og að hafa hugfast að með 51. gr. frumvarpsins er lagt til að ábyrgð á efni geti ekki lengur fallið á prentara og því hefur þessi tilgreining þess utan ekki lengur þýðingu að því leyti. Loks skal tekið fram að almenna hugtakið fjölmiðlaþjónustuveitandi leysir eðli málsins samkvæmt hugtakið útgefandi í lögum um prentrétt af hólmi þegar um fjölmiðla er að ræða.

Í 4. mgr. er nýmæli um það að fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla ritefni á rafrænu formi skuli nafngreina sig með fullnægjandi hætti í viðkomandi miðli sem og ritstjóri hafi slíkur aðili verið ráðinn. Er hér mælt fyrir um sambærilega auðkenningarskyldu að því er rafræna ritmiðla varðar og prentmiðla, enda gilda um þá sömu sjónarmið að þessu leyti. Þá er þetta í samræmi við það sem þegar tíðkast hjá helstu miðlum af þessu tagi hér á landi og þess auk þess gætt í framkvæmd að lögum um prentrétt hafi verið beitt um rafræna ritmiðla. Rétt er að taka fram að brot á ákvæðinu varða bæði stjórnvaldssekt skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Um 33. gr.

Í greininni er kveðið á um framboð myndefnis.

Í 1. mgr. er kveðið á um að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni í línulegri dagskrá skuli kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Ákvæðið á sér samsvörun í 2. mgr. 7. gr. gildandi útvarpslaga. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma sjónvarpsstöðva að frádregnum þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpsþjónustu og fjarsölu.

Í 2. mgr. er svo að finna nýmæli sem kveður á um að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni eftir pöntun skuli eftir því sem unnt er tryggja með viðeigandi aðferðum að íslenskt efni og annað evrópskt efni sé áberandi í framboði þeirra.

Aðildarríkjum EES-samningsins ber á grundvelli hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar að senda skýrslur til framkvæmdastjórnarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, um hlutfall evrópsks efnis í allri myndmiðlun. Sú skylda hefur um langt árabil verið til staðar vegna línulegrar miðlunar en með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er sú skylda

jafnframt lögð á hvað varðar miðlun myndefnis eftir pöntun. Af þessum sökum er kveðið á um það í 23. gr. frumvarpsins að árleg skýrsla fjölmiðlaþjónustuveitenda til fjölmiðlanefndar hafi að geyma upplýsingar að þessu leyti.

Skilgreiningu á því hvað telst vera evrópskt efni samkvæmt tilskipuninni eins og hún var fyrir gildistöku hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar er að finna í reglugerð nr. 91/2000. Nýja skilgreiningu á því hvað telst vera evrópskt efni er nú að finna í ákvæði n-liðar 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og er til hennar vísað í 2. gr. frumvarpsins og um hana fjallað í skýringum við hana.

Um 34. gr.

Í greininni er kveðið á um að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla myndefni í línulegri dagskrá skuli, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 33. gr., á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Í 10. gr. gildandi útvarpslaga er ákvæði sama efnis sem á rætur að rekja til 5. gr. sjónvarpstilskipunarinnar frá 1989. Efnislega var ákvæðinu hvorki breytt við endurskoðun tilskipunarinnar 1997 né 2007. Í greinargerð með 10. gr. gildandi útvarpslaga er ítarlegur rökstuðningur fyrir lögtöku ákvæðisins. Ekki er þörf á því að endurtaka hann hér en það þó ítrekað sem þar kemur fram um efnisleg tengsl ákvæðisins við ákvæði 33. gr. þess um framboð hljóð- og myndmiðlunarefnis.

Sú grundvallarbreyting er svo sem áður greinir lögð til að hugtakið sjálfstæður framleiðandi hljóð- og myndefnis verði nú skilgreint í lögum í fyrsta sinn. Samkvæmt gildandi lögum skyldi sú skilgreining tekin upp í reglugerð og var það gert í 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 50/2002. Samkvæmt því ákvæði telst það vera sjálfstæður framleiðandi ef ein sjónvarpsstöð á ekki meira en ¼ hlut í framleiðslufyrirtækinu eða tvær eða fleiri sjónvarpsstöðvar eiga ekki samanlagt meira en helming í fyrirtækinu enda hafi það ekki á seinustu þremur árum framleitt meira en 9/10 hluta af sjónvarpsefni sínu fyrir sömu sjónvarpsstöð. Í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er hugtakið sjálfstæður framleiðandi hins vegar ekki skilgreint sérstaklega.

Í 31. formálsgrein breytingartilskipunarinnar frá 1997 kemur fram að við skilgreiningu hugtaksins skuli aðildarríkin taka mið af sjónarmiðum á borð við eignarhald á framleiðslufyrirtæki, magn efnis sem selt er einstökum fjölmiðlaþjónustuveitendum og eignarhald afleiddra réttinda. Með þetta í huga sem og að þau hlutföll sem gengið er út frá í tilvitnuðu ákvæði reglugerðar þykja orka tvímælis er lagt til að hugtakið sjálfstæður framleiðandi verði skilgreint með þeim hætti sem fram kemur í 2. gr. frumvarpsins, eða sem fyrirtæki sem jafnframt er sjálfstæður lögaðili, óháð viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda í þeim skilningi að hann er ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum hans, hvorki sér í lagi né sameiginlega með öðrum, og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu, þ.m.t. það sem lýtur að vinnu fyrir aðra en þann fjölmiðlaþjónustuveitanda sem um er að ræða hverju sinni.

Þá er lagt til að síðari málsliður 10. gr. gildandi laga, sem kveður á um að fjölmiðlaþjónustuveitendur skuli leggja áherslu á að svo stór hluti af verkum sjálfstæðra framleiðenda sem unnt er sé sýndur innan fimm ára frá því að gerð þeirra lauk, verði ekki hluti af frumvarpsgreininni. Þau tilmæli sem í þessu felast þykja ekki hafa þess háttar gildi að eðlilegt sé að taka þau upp í lagatexta. Að öðru leyti þykja fyrirmæli ákvæðisins fullnægjandi til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með greininni auk þess sem ákvæði 5. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar kemur þeim til fyllingar.

Til áréttingar skal tekið fram að ákvæðið gildir ekki um miðlun myndefnis eftir pöntun. Helgast það af því að um er að ræða skyldu samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni sem ekki þykir ástæða til að marka rýmra gildissvið en þar er gert.

Um 35. gr.

Greinin hefur að geyma fyrirmæli um varðveislu á öllu því efni sem miðlað er í fjölmiðlum í 18 mánuði. Greinin er nýmæli en þess ber þó að geta að í 1. málsl. 25. gr. gildandi útvarpslaga er mælt fyrir um tiltekna varðveisluskyldu þess efnis sem undir þau lög falla. Í 2. málsl. 25. gr. útvarpslaga er mælt fyrir um skyldu til þess að láta þeim sem telur misgert við sig í té afrit af upptöku viðkomandi efnis. Þetta ákvæði hefur nú, með rýmkuðu gildissviði, verið fært undir 36. gr. um andsvarsrétt, enda fjallar það um rétt þeirra aðila sem telja að lögmætir hagsmunir þeirra hafi beðið tjón til að fá afrit af efni því sem um er að ræða.

Í lögum um skylduskil til safna, nr. 20/2002, er að sönnu mælt fyrir um almenna varðveisluskyldu efnis. Allt að einu og til hagræðingar fyrir framkvæmd væntanlegrar fjölmiðlalöggjafar þykir rétt að leggja til að sú takmarkaða og tímabundna varðveisluskylda sem nú er að finna í tilvitnuðu ákvæði útvarpslaga nái til allra fjölmiðla sem undir lögin falla. Af lauslegri könnun sem gerð hefur verið virðist efni fjölmiðla nú alla jafna vera varðveitt a.m.k. umræddan tíma þannig að skylda af þessu tagi ætti ekki að vera íþyngjandi.

Varðveisluskyldan er mikilvæg til þess að réttur til andsvara, sbr. 36. gr. frumvarpsins, geti gengið sem snuðrulausast fyrir sig. Skylda af þessu tagi hefur þó víðtækari tilgang því m.a. þarf fjölmiðlanefnd að hafa aðgang að efni komi fram ábendingar eða kvartanir um að fjölmiðlaþjónustuveitandi hafi brotið gegn lögum eða vegna framkvæmdar stjórnsýslu laganna að öðru leyti. Um rétt fjölmiðlanefndar til aðgangs að umræddu efni fer eftir 12. gr. frumvarpsins.

Í ákvæðinu er þannig mælt fyrir um að fjölmiðlaþjónustuveitendur skuli í a.m.k. 18 mánuði varðveita efni sem miðlað hefur verið og að upphaf þess tímafrests miðist við það tímamark þegar efninu er fyrst miðlað. Sýnist reglan skýr og vart þarfnast frekari útskýringa.

Brot á ákvæðinu varða bæði stjórnvaldssekt skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Um 36. gr.

Í greininni er mælt fyrir um almennar reglur um rétt þeirra sem telja að á þeim hafi verið brotið með því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli. Ákvæði þar að lútandi er nú að finna í 18.–21. gr. gildandi laga um prentrétt þar sem mælt er fyrir um leiðréttingarskyldu útgefanda eða ritstjóra sem og í 11. gr. gildandi útvarpslaga um andsvarsrétt sem reist er á 23. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Sambærilegt ákvæði hefur verið í tilskipuninni frá upphafi en það var styrkt allnokkuð með breytingartilskipuninni frá 1997. Ákvæði tilskipunarinnar tekur þó einungis til andsvara í sjónvarpsútsendingum og á því voru engar breytingar gerðar með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Telja verður að efnislega sé sá réttur sem mælt er fyrir um í 18.–21. gr. gildandi prentlaga hinn sami og mælt er fyrir um í 11. gr. gildandi útvarpslaga þó svo að reglur laga um prentrétt séu útfærðar með nákvæmari hætti. Þá verður ekki séð að eðlismunur sé á rétti til leiðréttinga í skilningi laga um prentrétt og rétti til andsvara í skilningi útvarpslaga, enda lýtur þessi réttur í báðum tilvikum að því að leiðrétta staðreyndir en ekki því að koma sjónarmiðum að með almennari hætti. Ekki er því um breytingu að ræða að því leyti þó svo að lagt sé til að ein og almenn regla gildi um andsvarsrétt í öllum fjölmiðlum. Þá er lagt til að reglan taki einnig til hljóð- og

myndmiðlunar eftir pöntun sem og rafrænna ritmiðla enda ljóst að umrædd réttindi eru mönnum jafnmikilvæg á þeim vettvangi.

Í 53. formálsgrein tilskipunarinnar er sérstök áhersla lögð á að aðildarríkin tryggi rétt til andsvara í netmiðlum með sama hætti. Þá er í 1. tölul. 1. mgr. tilmæla Evrópusambandsins (2006/952/EBE) sem og 15. lið inngangsorða þeirra mælst til þess að aðildarríkin tryggi að andsvarsréttur gildi jafnt um nýja miðla sem hefðbundnar sjónvarpsútsendingar. Enn fremur er í tilmælum Evrópuráðsins Rec(2004)16 um andsvarsrétt í nýju fjölmiðlaumhverfi gerð ítarleg grein fyrir mikilvægi þess að aðilar hafi rétt til andsvara án tillits til þess um hvers konar miðil er að ræða hverju sinni. Með hliðsjón af framangreindu þykir rétt að með tilkomu nýrrar tækni á vettvangi fjölmiðlunar verði réttur þessi útfærður með samsvarandi hætti. Er því lagt til að allir þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem frumvarpið tekur til verði bundnir af ákvæðinu.

Í 1. mgr. greinarinnar er meginreglan um andsvarsrétt aðila orðuð. Þó svo að ákvæðið sé útfært með nákvæmari hætti og hafi víðtækari skírskotun er inntak þess efnislega hið sama og ákvæðis 18. gr. laga um prentrétt og 11. gr. útvarpslaga auk þess sem þar er kveðið á um sambærileg atriði og fram koma í 21. gr. laga um prentrétt. Með því að tiltaka að andsvörum skuli miðlað eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um er átt við að slíkt skuli gert svo skjótt sem við verður komið. Sem dæmi í því sambandi má nefna að hafi hinum röngu staðreyndum verið miðlað í fréttatíma hljóðvarps eða sjónvarps er eðlilegt að andsvörum verði miðlað í næsta sambærilega fréttatíma eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar að lútandi og sé um prentmiðil að ræða er eðlilegt að andsvörum sé miðlað í næsta tölublaði viðkomandi miðils. Vanhöld á þessu kunna að leiða til þess að um brot á ákvæðinu teljist vera að ræða enda skylda fjölmiðlaþjónustuveitanda að þessu leyti ótvíræð. Enn fremur kemur fram að andsvörum í prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum skuli miðlað með sama hætti og öðru efni viðkomandi miðils og á þeim stað að eftir verði tekið. Þetta þýðir svo dæmi séu nefnd að fjölmiðlaþjónustuveitandi uppfyllir ekki skyldu sína samkvæmt ákvæðinu ef andsvari er miðlað með smærra letri en öðru efni viðkomandi miðils eða eftir atvikum á lítt áberandi stað á innsíðu þegar það efni sem andsvara er óskað vegna var birt á útsíðu. Hið sama gildir þegar andsvar vegna fréttar sem birst hefur á forsíðu rafræns ritmiðils er ekki birt þar heldur á undirsíðu. Þá segir að andsvörum í hljóð- og myndmiðlum skuli miðlað á þeim tíma þegar hlustun eða áhorf er mest og með þeim hætti sem best hæfir miðlun þess efnis er beiðnin tekur til. Með þessu er átt við að fjölmiðlaþjónustuveitendur geti svo dæmi séu nefnd ekki fullnægt skyldu sinni að þessu leyti með því að miðla andsvörum að næturlagi auk þess sem eðlilegt er að andsvör vegna efnis sem miðlað hefur verið í fréttatíma sé að sama skapi miðlað í fréttatíma.

Þá er í lokamálslið 1. mgr. lagt til að leidd verði í lög almenn fyrirmæli um að fjölmiðlaþjónustuveitendum sé óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir miðlun andsvars og með því taka af öll tvímæli í því sambandi. Regla af þessu tagi er nú í 1. mgr. 18. gr. laga um prentrétt þar sem fram kemur að leiðrétting við frásögn skuli birt endurgjaldslaust. Sambærileg fyrirmæli er ekki að finna í 11. gr. útvarpslaga. Tilhögun þessi er í samræmi við framangreind tilmæli Evrópuráðsins um andsvarsrétt í nýju fjölmiðlaumhverfi.

Í 2. mgr. eru svo settar fram reglur um það hvenær fjölmiðlaþjónustuveitandi getur hafnað beiðni um andsvar. Vísi að slíkri reglu er nú að finna í 2. mgr. 18. gr. og 19. gr. prentlaga en um nýmæli að því er aðra miðla varðar er að ræða. Ákvæðið er að meginstefnu til byggt á áðurnefndum tilmælum Evrópuráðsins. Umræddum reglum er ætlað að koma í veg fyrir að réttur til andsvara verði misnotaður og eyða ágreiningi að þessu leyti ef upp kemur. Um tæm-

andi talningu heimilda að þessu leyti er að ræða og fjölmiðlaþjónustuveitendum því óheimilt að synja um miðlun andsvars ef engin þeirra á við.

Samkvæmt a- og b-lið er fjölmiðlaþjónustuveitanda heimilt að hafna beiðni um andsvar fari andsvarið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins sem og ef í því felst annað og/eða meira en slík leiðrétting. Með þessu eru tekin af öll tvímæli um að andsvarsréttur tekur einungis til leiðréttinga á staðreyndum. Það er því ekki um það að ræða að aðilar geti á grundvelli hans eignast rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri að öðru leyti.

Í c- og d-lið er svo gerð sú sjálfsagða krafa að andsvarið feli ekki í sér efni sem brjóti í bága við almenn hegningarlög, sé til þess fallið að gera fjölmiðlaþjónustuveitandann skaðabótaskyldan, sé andstætt almennu siðferði eða brjóti gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila.

Í e-lið er sett það skilyrði að aðili þurfi að geta sýnt fram á að hann eigi einstaklingsbundinna lögvarinna hagsmuna að gæta. Ekki þykir rétt að opna fyrir þann möguleika að hver sem telur á sér brotið, en á ekki einstaklingsbundinna lögvarinna hagsmuna að gæta, njóti réttar til andsvara enda ljóst að slíka heimild væri auðvelt að misnota.

Í f-lið er svo loks lagt til að ef þær upplýsingar sem fjölmiðlaþjónustuveitandinn miðlaði eru beinar tilvitnanir í gögn sem stafa frá stjórnvöldum eða dómstólum hafi aðili ekki rétt til andsvara jafnvel þótt hann eigi einstaklingsbundinna lögvarinna hagsmuna að gæta. Rétt þykir að fjölmiðlaþjónustuveitendur geti vitnað beint í slíkar heimildir í umfjöllun sinni um einstök mál, án þess að það leiði til þess að þeir aðilar sem slík mál varða fái sérstakan rétt til andsvara. Fjölmiðlaþjónustuveitendur mega því treysta því að það sem fram kemur í slíkum gögnum sé rétt að því gefnu að til slíkra upplýsinga sé rétt vitnað.

Í 3. mgr. er kveðið á um að synjun fjölmiðlaþjónustuveitanda á birtingu andsvars skv. 2. mgr. skuli tilkynnt andsvarsbeiðanda innan þriggja sólarhringa frá því að beiðni er sett fram. Rétt þykir að frestur að þessu leyti sé skammur enda ljóst að mikilsverðir hagsmunir kunna að vera í húfi og skjótra úrræða því þörf í ljósi þeirra áhrifa sem umfjöllun fjölmiðla jafnan hefur.

Í 4. mgr. er svo tekið fram að lögmæti synjunar fjölmiðlaþjónustuveitanda sé unnt að bera undir fjölmiðlanefnd sem taki ákvörðun um hvort aðili eigi rétt til að koma andsvörum á framfæri. Í því sambandi er rétt að hafa hugfast að umræddar reglur eru undantekningar frá meginreglunni um andsvarsrétt og þær ber í samræmi við hefðbundin lögskýringarsjónarmið að túlka þröngt ef á reynir. Rétt er að taka fram að skv. 53. gr. frumvarpsins getur fjölmiðlanefnd lagt dagsektir á hvern þann fjölmiðlaþjónustuveitanda sem vanrækir að verða við ákvörðun hennar um birtingu andsvara.

Í 5. mgr. er svo lagt til að fjölmiðlaþjónustuveitendum verði gert skylt að láta þeim sem telur á sér brotið endurgjaldslaust í té afrit af því efni sem um er að ræða. Sams konar fyrirmæli er að finna í 25. gr. gildandi útvarpslaga um skyldu til varðveislu á frumsömdu útvarpsefni. Er lagt til að umrædd fyrirmæli verði færð undir ákvæðið um andsvarsrétt í stað þess að þeim verði skipað í ákvæði 35. gr. frumvarpsins um skyldu til varðveislu á fjölmiðlaefni þar sem þau eiga efnislega samleið með andsvarsréttinum að þessu leyti. Þá tekur ákvæðið eðli málsins samkvæmt einnig til efnis í öðrum fjölmiðlum og er nýmæli á þeim vettvangi. Loks er hnykkt á því að ágreining um rétt til efnis samkvæmt þessari málsgrein sé heimilt að bera undir fjölmiðlanefnd til ákvörðunar. Skv. 53. gr. frumvarpsins getur fjölmiðlanefnd lagt dagsektir á hvern þann sem vanrækir að verða við ákvörðun nefndarinnar um afhendingu efnis.

Í 6. mgr. eru að endingu fyrirmæli um það að fjölmiðlaþjónustuveitendur skuli hafa aðgengilegar upplýsingar á heimasíðu sinni, eða með öðrum opinberum hætti, um hvert aðili geti leitað ef hann telur að lögmætir hagsmunir sínir hafi beðið tjón. Rétt þykir að lögfesta fyrirmæli að þessu leyti til að tryggja að aðili sem telur á sér brotið geti með auðveldum hætti fengið upplýsingar um hvert hann geti leitað telji hann lögmæta hagsmuni sína hafa beðið tjón af rangri útlistun staðreynda hjá fjölmiðlaþjónustuveitanda. Skv. 53. gr. frumvarpsins getur fjölmiðlanefnd lagt dagsektir á hvern þann sem vanrækir þessa upplýsingaskyldu.

Um VI. kafla.

Með frumvarpinu er sem áður greinir lagt til að hugtakanotkun verði breytt nokkuð og hún færð til samræmis við breytt umhverfi á þessum vettvangi sem og hljóð- og myndmiðlunartilskipunina. VI. kafla frumvarpsins er ætlað að koma í stað VI. kafla gildandi útvarpslaga um auglýsingar, fjarsölu og kostun auk þess sem ákvæðum kaflans er ætlað að taka til annarra fjölmiðla eftir því sem við á. Í lögum hafa fram til þessa ekki verið sérstakar reglur um auglýsingar í öðrum tegundum fjölmiðla en þeim sem falla undir gildissvið útvarpslaga. Hins vegar eru í lögum almennar reglur um auglýsingar sem taka jafnt til allra fjölmiðla sem og auglýsinga á öðrum vettvangi. Í því sambandi má nefna ákvæði 6. og 7. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, 7. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, og 13. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994.

Í þessum kafla frumvarpsins er annars vegar lagt til að settar verði almennar meginreglur að þessu leyti sem gildi um alla fjölmiðla. Þær reglur eru í raun sambærilegar þeim reglum sem þegar gilda um auglýsingar almennt samkvæmt öðrum lögum og fela ekki í sér strangari kröfur að þessu leyti þó svo að þær séu útfærðar hér sérstaklega fyrir fjölmiðla. Hins vegar eru í kaflanum lagðar til reglur sem einungis lúta að hljóð- og myndmiðlum og leiðir af sérstöku eðli þeirrar tegundar fjölmiðla sem og þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni, enda löng hefð fyrir því að ítarlegar reglur gildi um auglýsingar og annað sambærilegt efni í slíkum miðlum.

Með frumvarpinu eru jafnframt ráðgerðar grundvallarbreytingar á hugtakanotkun á þessum vettvangi sem leiðir annars vegar af gjörbreyttu umhverfi fjölmiðla og hins vegar af þeim breytingum sem gerðar voru með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Hugtakið viðskiptaorðsendingar er nýtt yfirhugtak sem ætlað er að ná yfir allar tegundir auglýsinga, kostun og vöruinnsetningu. Þá er hugtakið hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni að sama skapi nýtt en því er ætlað að taka til allra viðskiptaorðsendinga í hljóð- og myndmiðlum sem og fjarkaupa. Þessi nýju hugtök kunna að koma einhverjum spánskt fyrir sjónir en allt að einu eru þau óhjákvæmileg enda ótvírætt hagræði í því fólgið að geta notað yfirhugtök af þessu tagi í stað þess að telja í öllum tilvikum upp öll þau afbrigði sem undir hugtökin falla. Staðreyndin er sú að hið gamalgróna hugtak auglýsing nær ekki yfir öll þau form sem um getur verið að ræða þegar vörur og/eða þjónusta er kynnt neytendum í hinu breytta fjölmiðlaumhverfi.

Þær breytingar sem lagðar eru til á ákvæðum um hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni koma einkum til vegna örrar tækniþróunar í miðlun efnis. Sem dæmi má nefna að áhorfendur geta nú í auknum mæli sniðgengið auglýsingar með notkun nýrrar tækni, svo sem stafrænna upptökutækja, og auknu úrvali rása, auk þess sem stafræn gagnvirk miðlun gefur fjölmiðlaþjónustuveitendum tækifæri til að afla tekna með fjölbreyttari hætti en áður. Til þess að bregðast við þessari þróun þarf fjölmiðlaþjónustuveitendum því að vera mögulegt að þróa nýjar leiðir til tekjuöflunar.

Mikill munur hefur fram til þessa verið á tekjuöflunarmöguleikum fjölmiðlaþjónustuveitenda á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar á EES-svæðinu annars vegar og tekjuöflunarmöguleika fjölmiðlaþjónustuveitenda utan þess hins vegar vegna þeirra takmarkana sem sjónvarpstilskipunin setti þeim fyrrnefndu. Með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er þannig leitast við að koma til móts við kröfur evrópskra fjölmiðlaþjónustuveitenda um að rýmka ýmsar íþyngjandi takmarkanir í reglum um hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni. Þannig eru felldar niður takmarkanir á daglegu magni viðskiptaorðsendinga auk þess sem reglur um auglýsingahlé eru rýmkaðar verulega. Þá er aðildarríkjunum gert kleift að heimila vöruinnsetningu og greiða götu þróunar á nýrri auglýsingatækni. Með þessu er einnig miðað að því að jafna samkeppnisstöðu á milli þeirra fjölmiðlaþjónustuveitenda sem bjóða upp á hefðbundnar sjónvarps- og/eða hljóðvarpsútsendingar annars vegar og þeirra sem bjóða upp á hljóð- og/eða myndmiðlunarefni eftir pöntun hins vegar.

Rétt er að taka fram að í frumvarpinu er gert ráð fyrir tilkomu nýrrar auglýsingatækni í hljóð- og myndmiðlun á borð við gagnvirkar auglýsingar og skjáskiptar auglýsingar. Um slíkar auglýsingar gilda sömu reglur og um aðrar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni eftir því sem við á. Í því sambandi er sérstaklega áréttað að skjáskiptar auglýsingar sem og táknmyndir gagnvirkra auglýsinga skulu falla innan þess tímaramma sem markaður er fyrir auglýsingar og fjarkaupainnskot í 41. gr. frumvarpsins auk þess sem þær skulu skýrt aðgreindar frá dagskrárefni í samræmi við 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins. Þess ber að geta að skjáskiptar auglýsingar eru bannaðar í mörgum aðildarríkjum EES-samningsins en ekki þykir rétt að taka upp bann að því leyti hér á landi enda er tilkoma slíkra auglýsinga til þess fallin að auka verulega tekjumöguleika fjölmiðlaþjónustuveitenda, einkum að því er varðar langa dagskrárliði á borð við knattspyrnuleiki og aðra kappleiki. Er með því fylgt fordæmi Bretlands og Þýskalands þar sem slíkar auglýsingar eru heimilar.

Brot á ákvæðum þessa kafla varða öll stjórnvaldssektum skv. 54. gr. frumvarpsins sem og refsingu skv. 56. gr. þess. Rétt er að árétta í því sambandi að kaupendur viðskiptaorðsendinga bera ábyrgð á efni þeirra skv. b-liðum 1. mgr. 50. og 51. gr. frumvarpsins. Liggi ekki fyrir hver kaupandi er ber viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda ábyrgð á efni þeirra skv. c-liðum sömu ákvæða.

Um 37. gr.

Í greininni eru settar fram almennar meginreglur um viðskiptaorðsendingar og fjarkaupa sem taka til allra fjölmiðla eftir því sem við á.

Í 1. mgr. er kveðið almennt á um auðkenningu viðskiptaorðsendinga og fjarkaupa. Greinin er efnislega samhljóða 16. gr. gildandi útvarpslaga að teknu tilliti til rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins. Þá á greinin sér samsvörun í 6. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, þar sem kveðið er á um að auglýsingar skuli þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða auk þess sem þær skuli skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla. Auðkenningarskyldan nær því til viðskiptaorðsendinga í bæði prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum sem og viðskiptaorðsendinga og fjarkaupa í hljóð- og myndmiðlum, jafnt í línulegri og ólínulegri dagskrá.

Viðskiptaorðsendingar og fjarkaup þurfa í öllum tilvikum að vera skýrt afmarkaðar frá öðru hljóð- og myndmiðlunarefni og vera auðþekkjanlegar sem slíkar. Að því er hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni varðar er í 55. formálsgrein hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar skýrt tekið fram að auðkenningin megi ekki hindra fjölmiðlaþjónustuveitendur í að þróa nýja auglýsingatækni. Að breyttu breytanda eiga sömu sjónarmið við um aðra fjöl-

miðla, einkum rafræna ritmiðla þar sem tækniþróun er ör. Er því við það miðað í ákvæðinu að auðkenning skuli vera með þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er hverju sinni. Að því er hljóð- og myndmiðla varðar getur slík auðkenning meðal annars átt sér stað með myndskilti eða hljóðmerki og að því er prentmiðla og rafræna ritmiðla varðar með innrömmun auglýsingar. Fjölmiðlaþjónustuveitendur skulu þó í öllum tilvikum tryggja að einhvers konar auðkenning eigi sér stað enda er aðgreining viðskiptaorðsendinga og fjarkaupa frá því efni sem lýtur ritstjórnarábyrgð viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda grundvallarþáttur í neytendavernd á þessum vettvangi.

Í 2. mgr. er annars vegar lagt bann við duldum viðskiptaorðsendingum og hins vegar við hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni þar sem beitt er tækni sem hefur áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar.

Hvað hið fyrrnefnda varðar tekur umrætt bann jafnt til allra fjölmiðla en um er að ræða nýmæli á vettvangi prentmiðla og rafrænna ritmiðla. Í ljósi sjónarmiða um aukna neytendavernd á þessum vettvangi þykir rétt að umrætt bann nái til allra fjölmiðla, enda verður að gera þá fortakslausu kröfu til fjölmiðlaþjónustuveitenda að þeir tryggi að neytendum sé ljóst hvenær um viðskiptaorðsendingar er að ræða eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins. Hvað hið síðarnefnda varðar tekur umrætt bann eðli málsins samkvæmt einungis til hljóð- og myndmiðla enda fæst ekki séð að slík tækni verði viðhöfð í öðrum tegundum fjölmiðla. Sambærileg ákvæði er að finna í 2. og 3. mgr. 16. gr. gildandi útvarpslaga að teknu tilliti til rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins en þau ákvæði eiga rætur sínar að rekja allt til sjónvarpstilskipunarinnar frá 1989. Nú er ákvæðið að finna í a- og b-lið 1. mgr. 3. gr. e í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Sú breyting var gerð með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni að aðildarríkjunum var heimilað að opna fyrir vöruinnsetningu og er með frumvarpinu lagt til að slíkar viðskiptaorðsendingar verði heimilaðar svo sem síðar greinir. Vöruinnsetning taldist áður til dulinna viðskiptaorðsendinga að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum en með hinum nýju reglum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar sem með frumvarpinu er lagt til að leiddar verði í lög munu áhorfendur verða nægjanlega upplýstir um að um innsetningu vöru sé að ræða. Verði á slíkri auðkenningu misbrestur kann það þó að leiða til þess að um dulda viðskiptaorðsendingu teljist vera að ræða.

Hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni þar sem beitt er tækni til að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar hafa verið óheimilar allt frá því að útvarpslögum, nr. 68/1985, var breytt með lögum nr. 82/1993, en með þeim var sjónvarpstilskipunin frá 1989 innleidd. Hvorki í greinargerð með frumvarpi því sem varð að nefndum lögum né heldur í greinargerð með frumvarpi því sem varð að gildandi útvarpslögum er útskýrt hvað átt er við með tækni sem ætlað er að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar. Rétt þykir því að fara um það nokkrum orðum.

Viðskiptaorðsendingar sem ætlað er hafa áhrif neðan marka meðvitaðrar skynjunar (e. subliminal advertising) eru þannig úr garði gerðar að neytendur skynja þær ekki beint heldur er þeim beint að undirmeðvitund þeirra. Sem dæmi um slíkar viðskiptaorðsendingar má nefna örstutt myndskeið eða einstaka ramma þar sem vörumerki bregður fyrir en áhorfandinn skynjar það ekki sem slíkt heldur síast það inn í undirmeðvitund hans. Slík tækni er nú víðast hvar bönnuð. Til frekari skýringar má í dæmaskyni nefna mál sem kom upp í Bandaríkjunum árið 2007 þar sem vörumerki McDonalds-skyndibitastaðarins var látið bregða fyrir í einstökum ramma (1/30úr sekúndu) í þáttaröðinni Iron Chef America á sjónvarpsstöðinni Food Network.

Í 3. mgr. er að finna reglur sem takmarka efni og innihald viðskiptaorðsendinga og fjarkaupa. Greinin er nýmæli og er byggð á c-lið 1. mgr. 3. gr. e í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni en er hér ætlað víðtækara gildissvið og tekur einnig til viðskiptaorðsendinga í öðrum fjölmiðlum en þeim sem undir gildissvið tilskipunarinnar falla. Um er að ræða almennar meginreglur sem eru í samræmi við það markmið frumvarpsins að vernda almenna hagsmuni fjölmiðlanotenda, einkum og sér í lagi barna og ungmenna, sem og mannréttindi í víðtækum skilningi, þó þannig að ekki sé gengið óhóflega á tjáningarfrelsi eða frelsi til eðlilegrar markaðsfærslu á vörum og þjónustu. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Í 4. mgr. kemur m.a. fram að viðskiptaorðsendingar og fjarkaup fyrir tóbaksvörur og áfengi séu óheimilar. Greinin er byggð á d–f-lið hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar þó svo að gengið sé nokkru lengra með frumvarpinu að því er áfengi varðar auk þess sem greinin tekur jafnt til allra fjölmiðla. Þá er í frumvarpsgreininni kveðið á um bann við viðskiptaorðsendingum og fjarkaupa fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi hér á landi lögum samkvæmt. Um nýmæli í löggjöf á þessum vettvangi er að ræða en nú þegar er óheimilt samkvæmt viðkomandi sérlögum að auglýsa umræddar vörutegundir. Þó þykir nauðsynlegt að taka almennt ákvæði þessa efnis upp í frumvarpið enda nær það til allra gerða viðskiptaorðsendinga auk fjarkaupa samkvæmt frumvarpinu en ekki aðeins hefðbundinna auglýsinga svo sem við á um bannreglur sérlaganna.

Markmið reglu 4. mgr. er meðal annars að vernda neytendur og takmarka neyslu á tóbaksvörum og áfengi. Þannig er tilgangur ákvæðisins öðru fremur að stuðla að bættu heilsufari almennings. Við gerð frumvarpsins kom það til skoðunar að ganga lengra og banna allar viðskiptaorðsendingar og fjarkaup sem stafa frá fyrirtækjum sem hafa það að meginstarfsemi að framleiða vörur af þessum toga og útiloka þannig í raun kynningu viðkomandi vörumerkja líkt og gert er í Noregi. Slíkt þótti þó ekki að óbreyttu fær leið, meðal annars í því ljósi að samhliða þyrfti þá að taka upp og breyta með samræmdum hætti ákvæðum þeirra sérlaga sem setja kynningu og auglýsingu á slíkum vörum skorður. Í stað þess er lagt til að það þurfi að vera hægt að færa sönnur á fullyrðingar sem fram koma í viðskiptaorðsendingum og fjarkaupainnskotum fyrir óáfengar drykkjarvörur. Er lagt til að slíkt ákvæði sé sett fram til að taka af öll tvímæli um að þær óáfengu drykkjarvörur sem verið er að auglýsa séu sannanlega á markaði fyrir neytendur. Hér er átt við drykki sem hafa minna en 2,25% áfengisinnihald.

Þá er sem að framan greinir það nýmæli lagt til að viðskiptaorðsendingar og fjarkaup fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi verði gerðar óheimilar. Um starfrækslu happdrættis gilda nú fyrirmæli laga nr. 38/2005. Þá gilda sérlög um starfsemi getrauna, sbr. lög nr. 59/1972, og lög um talnagetraunir (lottó), nr. 26/1986. Jafnframt gilda sérlög um einstök happdrætti svo sem Happdrætti Háskóla Íslands, SÍBS, Íslandsspil og DAS. Meginþættir happdrættislöggjafarinnar fela það í sér að hér á landi mega þeir einir reka happdrættis- og veðmálastarfsemi sem til þess hafa sérstakt leyfi, þ.e. framangreindir aðilar. Skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 38/2005 varðar það sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður a) af ásetningi eða stórfelldu gáleysi rekur happdrættis- eða veðmálastarfsemi hér á landi án þess að hafa til þess happdrættisleyfi samkvæmt lögunum eða b) af ásetningi eða stórfelldu gáleysi auglýsir, kynnir eða miðlar hvers konar upplýsingum um happdrætti, sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögunum eða uppfyllir skilyrði laganna. Það mun vera óumdeilt, meðal annars samkvæmt upplýsingum svokallaðrar fastanefndar dómsmálaráðherra um happdrættismál, að eftirliti og refsivörslu með ólögmætri happdrættisstarfsemi sé ábótavant. Það er því samdóma álit þeirra sem á þessu sviði starfa að þörf úrbót fælist í því að eftirlit hér að lútandi yrði í höndum fjölmiðlanefndar að því er

tekur til viðskiptaorðsendinga og fjarkaupa þar sem um óheimila happdrættis- og veðmálastarfsemi er að ræða.

Í lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, er í 7. gr. lagt bann við hvers konar auglýsingum á tóbaki og reykfærum svo sem það er nánar útfært í lagatextanum. Eftirfylgni með því banni er síðan á hendi heilbrigðisnefnda sem geta beitt dagsektum við nánar tilgreind skilyrði en brot á auglýsingabanninu varðar sektum en fangelsi allt að tveimur árum séu sakir miklar eða brot ítrekað. Þá er nauðsynlegt að geta þess að skv. 9. gr. laga um Lýðheilsustöð, nr. 18/2003, er tóbaksvarnaráði ætlað víðtækt hlutverk við tóbaksvarnir. Skv. 1. mgr. 7. gr. tóbaksvarnalaga er sú undantekning gerð frá banni á tóbaksauglýsingum að það nær ekki til slíkra auglýsinga í erlendum ritum, þ.e. rita sem gefin eru út erlendis af erlendum aðila og á erlendu tungumáli, enda sé megintilgangur ritsins ekki að auglýsa tóbak.

Í 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, eru hvers konar auglýsingar á áfengi bannaðar. Brot gegn auglýsingabanninu varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum. Skv. 1. mgr. 6. gr. laga um Lýðheilsustöð, nr. 18/2003, er áfengis- og vímuvarnaráði ætlað sérstakt eftirlitshlutverk með framkvæmd löggjafar um áfengis- og vímuvarnir og skv. 2. mgr. 6. gr. sömu laga skal ráðið stuðla að samræmingu og samvinnu allra þeirra aðila sem að málaflokknum koma, þar á meðal refsivörslukerfisins. Bann við áfengisauglýsingum er þó ekki fremur en sambærilegt bann við tóbaksauglýsingum fortakslaust. Skv. 1. tölul. 4. mgr. 20. gr. áfengislaga eru auglýsingar heimilaðar í erlendum ritum, þ.e. ritum sem gefin eru út erlendis af erlendum aðila og á erlendu tungumáli, enda sé megintilgangur ritsins ekki að auglýsa áfengi. Skv. 2. og 3. tölul. er síðan um frekari undanþágur að ræða sem ekki skipta þó máli í þessu samhengi.

Af þessu má ljóst vera að skörun verður á milli ákvæða frumvarpsgreinarinnar, verði hún lögleidd, og tilvitnaðra sérlagaákvæða. Er þá rétt að ítreka þá grundvallarástæðu þessa að umrædd sérlög taka einungis til auglýsinga og eftir atvikum kostunar en ekki annarra tegunda viðskiptaorðsendinga eða fjarkaupa. Því hafa ákvæði frumvarpsins almennt víðtækari skírskotun en bannákvæði nefndra sérlaga. Sem dæmi í því sambandi má nefna að það fortakslausa bann sem lagt er til með frumvarpinu er tóbaksvörur varðar tekur einnig til vöruinnsetningar í hljóð- og myndmiðlunarefni sem á uppruna sinn í ríkjum utan EES. Því er samkvæmt frumvarpinu t.d. óheimilt að sýna kvikmyndir og þáttaraðir frá Bandaríkjunum þar sem tóbaksframleiðendur greiða fyrir vöruinnsetningu. Þar sem umrætt bannákvæði er samhljóða ákvæði hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og aðildarríkjunum þar með í raun öllum skylt að leiða það í lög mun það sama gilda á öllu EES-svæðinu. Þannig má búast við því að sérútgáfur á bandarískum kvikmyndum og þáttaröðum, þar sem tekið er tillit til þessa, verði framleiddar fyrir evrópskan markað. Fjölmiðlaþjónustuveitandi þarf því alltaf að leita upplýsinga um það hvort efni keypt frá ríkjum utan EES-svæðisins hafi að geyma vöruinnsetningu á umræddum vörutegundum. Hátti svo til er honum óheimilt að sýna efnið nema að það eða þau myndskeið þar sem viðkomandi vara er innsett séu klippt út.

Enn fremur þykir rétt að hnykkja á bannreglum þessum hér, m.a. vegna þess að fyrirmæli þessa efnis eiga samleið með öðrum ákvæðum frumvarpsins og því eðlilegt að fjölmiðlanefnd annist að einhverju leyti eftirfylgni með slíku banni á sama hátt og öðrum reglum um efni og innihald annarra viðskiptaorðsendinga og fjarkaupa.

Að öllu framangreindu virtu má því segja að a.m.k. tvenn stjórnvöld fari með eftirlit vegna kynningar og markaðssetningar tóbaks og áfengis. Engum slíkum aðila er hins vegar til að dreifa hvað varðar óleyfilega happdrættis- og veðmálastarfsemi. Þessu eftirliti til viðbótar kemur síðan hið hefðbundna refsivörslukerfi. Þau nýmæli eru hins vegar ráðgerð í frumvarpi þessu, svo sem nánari grein er gerð fyrir í viðurlagakafla frumvarpsins og athugasemdum

með honum, að ekki kemur til opinberrar meðferðar vegna brota á frumvarpi þessu nema að undangenginni kæru fjölmiðlanefndar. Um nánari útfærslu viðurlaga verður eðli málsins samkvæmt fjallað í greinargerð með viðurlagakafla. Um lagaskil í þessu sambandi er þó óhætt að fullyrða að komi upp brotasamsteypa vegna skörunar refsiákvæða frumvarps þessa og tilvitnaðra sérrefsilaga sýnist einsýnt að sérrefsilagaákvæðin tæmi sök í tilviki hefðbundinna auglýsinga, sem og þeirrar kynningar annarrar sem þau taka mögulega til en refsiákvæðum frumvarps þessa verði beitt um aðrar viðskiptaorðsendingar auk fjarkaupa, sem ekki falla þar undir.

Um 38. gr.

Svo sem útlistað er í athugasemdum við 28. gr. frumvarpsins hefur hún að geyma meginákvæði þess um vernd barna gegn skaðlegu efni. Í frumvarpsgrein þessari er hins vegar að finna sérreglu um vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaorðsendingum og fjarkaupum. Hinu almenna ákvæði 28. gr. er þó eðli málsins samkvæmt einnig ætlað að taka til efnis viðskiptaorðsendinga og fjarkaupa eftir því sem við á. Sú tilhögun að fyrirmælum sem sérstaklega er ætlað að vernda hagsmuni barna sé skipað í tvö aðskilin ákvæði á sér samsvörun í gildandi útvarpslögum svo sem nánar greinir í athugasemdum með 28. gr. frumvarpsins. Þannig er sértækt ákvæði um vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum í 20. gr. gildandi útvarpslaga. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt í g-lið 1. mgr. 3. gr. e) í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni.

Umrædda reglu var þegar að finna í 16. gr. sjónvarpstilskipunarinnar frá 1989 og hefur hún litlum efnisbreytingum tekið þó svo að reglunni hafi verið skipað á nýjan stað með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni og við hana aukið með tilliti til rýmkaðs gildissviðs tilskipunarinnar. Frumvarpsgreinin er því í meginatriðum efnislega samhljóða 20. gr. gildandi útvarpslaga en er eðli málsins samkvæmt ætlað víðtækara gildissvið þar sem hún tekur einnig til viðskiptaorðsendinga í öðrum fjölmiðlum. Rétt er að taka fram að í 7. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er að finna ákvæði sambærilegs efnis sem tekur til allra auglýsinga, þar á meðal auglýsinga í fjölmiðlum. Þar er mælt fyrir um að auglýsingar skuli miðast við að börn sjái þær og heyri og megi þær á engan hátt misbjóða þeim. Þar er jafnframt mælt fyrir um að í auglýsingum verði að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau auk þess sem gæta skuli að því að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum komi börn fram í auglýsingum.

Í upphafi 1. mgr. ákvæðisins er almenn vísiregla þar sem fram kemur að viðskiptaorðsendingar og fjarkaup skuli þannig úr garði gerð að ekki valdi börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Í a–e-lið er svo að finna upptalningu á nokkrum atriðum sem óheimilt er að viðhafa í viðskiptaorðsendingum og fjarkaupum, sem beint er að börnum. Ekki er um tæmandi talningu tilvika að ræða og því ótækt að gagnálykta frá ákvæðinu. A-, b-, d- og e-liður eru efnislega samhljóða a–d-lið 20. gr. gildandi útvarpslaga og þykja því ekki þarfnast frekari skýringa að öðru leyti en því að árétta ber að þeir taka nú til viðskiptaorðsendinga í öllum fjölmiðlum. C-liður felur á hinn bóginn í sér nýmæli.

Nýmæli c-liðar er tilkomið vegna 2. mgr. 3. gr. e) í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Með henni var sett nýtt ákvæði sem á efnislega samstöðu með reglu g-liðar 1. mgr. sömu greinar. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skuli hvetja veitendur fjölmiðlaþjónustu til að þróa siðareglur um óviðeigandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, sem fylgi eða séu hluti af dagskrárliðum fyrir börn og varða matvæli og drykkjarvörur sem innihalda næringarefni og efni sem hafa næringar- og lífeðlisfræðileg

áhrif, einkum fitu, transfitusýrur, salt/natríum og sykur, og ekki er mælt með að sé í óhóflegum mæli hluti af mataræði. Umrætt ákvæði tilskipunarinnar er einkum tilkomið vegna ört vaxandi ofþyngdar og offitu á meðal barna og ungmenna og er liður í að stemma stigu við þeim heilsufarsvanda sem að steðjar sökum þess.

Við lagasetningu og lagaframkvæmd hér á landi er ekki hefð fyrir því að mælt sé fyrir um það í lögum að fulltrúar einstakra atvinnugreina setji sér sjálfir bindandi efnisreglur og annist í kjölfarið framkvæmd þeirra. Í þeim tilvikum sem slíkt hefur verið reynt hefur það almennt ekki gefist sem skyldi. Í ljósi þessa sem og þeirrar viðhorfskönnunar sem lýst er í almennum athugasemdum við frumvarp þetta og leiddi í ljós að langflestir vildu banna auglýsingar á sælgæti, skyndibita, sykruðum mat- og drykkjarvörum og sykruðu morgunkorni sem beint er að börnum er lagt til að ákvæði þetta verði í lög leitt. Í IV. kafla áðurnefndra leiðbeiningarreglna talsmanns neytenda og umboðsmanns barna er svo sem áður greinir sérstaklega fjallað um markaðssókn sem beinist að börnum í sjónvarpi. Þar kemur fram að ef matvæli eru auglýst 10 mínútum fyrir eða 2 mínútum eftir barnatíma eða annað efni sem höfðar til barna yngri en 12 ára skuli það aðeins vera matvæli sem geta talist holl og að vöru- og kennimerki kostunaraðila með matvæli sem ekki uppfylla þær kröfur skuli ekki sýnd eða nefnd í tengslum við barnaefni.

Hugmyndir um lagasetningu í þessa veru eru ekki nýjar af nálinni og má í því sambandi nefna að á 135. löggjafarþingi 2007-2008 kom fram tillaga til þingsályktunar (þskj. 47, 47. mál) um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru sem beint er að börnum. Þar var lagt til að Alþingi ályktaði að fela heilbrigðisráðherra að kanna grundvöll fyrir setningu reglna um takmörkun auglýsinga á matvöru sem beint er að börnum ef matvaran inniheldur mikla fitu, sykur eða salt, með það að markmiði að sporna við offitu, einkum meðal barna og ungmenna. Þó svo að regla c-liðar eigi rætur að rekja til hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar þykir verndarandlag hennar þess eðlis að rétt sé að hún gildi jafnframt um viðskiptaorðsendingar í öðrum fjölmiðlum. Þá er mikilvægt að fram komi að með þessu er ekki lagt almennt bann við auglýsingu eða annars konar kynningu á þess háttar matvælum eða drykkjarvöru heldur eru markaðssetningu þeirra gagnvart börnum sett sérstök takmörk.

Fyrirmæli frumvarpsgreinarinnar eiga það sammerkt að vera matskennd. Er fjölmiðlanefnd því ætlað nokkurt svigrúm við mat á því hvort einstakar viðskiptaorðsendingar eða fjarkaup brjóti í bága við þau og má búast við að inntak þeirra skýrist frekar í framkvæmd þegar á líður. Í ljósi þess að viðurlög við brotum á ákvæðinu felast í stjórnvaldssektum og/eða refsingum er hins vegar ljóst að mat hér að lútandi sætir nokkrum skorðum jafnt að formi sem efni.

Loks er rétt að taka fram að nokkur skörun er á milli áðurnefnds ákvæðis 7. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu annars vegar og frumvarpsgreinarinnar hins vegar. Frumvarpsgreinin tekur þó til allra viðskiptaorðsendinga og fjarkaupa auk þess sem hún hefur víðtækari skírskotun að öðru leyti. Neytendastofa fer með eftirlit með framkvæmd umrædds ákvæðis á sama hátt og annarra ákvæða nefndra laga og getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn því auk þess sem slíkt brot varðar refsingu ef sakir eru miklar. Eðli málsins samkvæmt er ekki um það að ræða að bæði fjölmiðlanefnd og Neytendastofa geti lagt á stjórnvaldssekt vegna sama brotsins og er því ráð fyrir gert að umrædd stjórnvöld hafi með sér samráð í þeim málum sem upp koma að þessu leyti.

Um 39. gr.

Með greininni er lagt til að vöruinnsetning í hljóð- og myndefni verði heimiluð með þeim skilyrðum sem þar greinir. Greinin er nýmæli. Hún er reist á 3. gr. g í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni sem svo er nánar skýrð í 60.-63. formálsgrein hennar. Með nefndri 3. gr. er aðildarríkjunum í sjálfs vald sett hvort þau heimila vöruinnsetningu eður ei auk þess sem kveðið er á um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt sé svo gert.

Svo sem að framan greinir er með frumvarpinu lagt til að vöruinnsetning verði heimiluð, þó einungis fyrir aðra fjölmiðlaþjónustuveitendur en Ríkisútvarpið, sbr. 64. gr. frumvarpsins. Með því er reynt að auka möguleika fjölmiðlaþjónustuveitenda og annarra framleiðenda hljóð- og myndefnis til tekjuöflunar og tryggja samkeppnishæfni þeirra á alþjóðlegum vettvangi. Þær tækniframfarir sem orðið hafa á síðastliðnum árum hafa gert það að verkum að mun auðveldara er fyrir notendur að sniðganga auglýsingahlé í línulegri dagskrá, t.d. með notkun aðgangskassa með hörðum diski sem einungis taka upp dagskrárefni en sleppa alfarið auglýsingahléum. Það hefur leitt til þess að fjölmiðlaþjónustuveitendur eiga æ erfiðara með að fjármagna starfsemi sína. Því þykir rétt að fjölmiðlaþjónustuveitendur fái aukin tækifæri til að fjármagna starfsemi sína með vöruinnsetningu.

Hugtakið vöruinnsetning er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins en þar kemur fram að vöruinnsetning er allar gerðir hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem taka til eða vísa til vöru, þjónustu eða vörumerkis með þeim hætti að þær komi fram í dagskrárlið gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi. Nánari skýringu á hugtakinu vöruinnsetning er að finna í athugasemdum við 2. gr. Við það sem þar kemur fram er þó rétt að bæta að það skiptir ekki máli í þessu sambandi hver þiggur greiðslu eða annað endurgjald fyrir vöruinnsetninguna. Þannig getur það t.d. verið viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi, framleiðandi hljóð- og myndefnisins eða jafnvel þeir einstaklingar sem koma að framleiðslu efnisins. Með öðru endurgjaldi er í skilgreiningunni t.d. átt við það þegar greitt er fyrir vöruinnsetningu með vörum eða þjónustu.

Í 1. mgr. er vöruinnsetning heimiluð í kvikmyndaverkum, myndum og þáttaröðum gerðum fyrir fjölmiðlaþjónustu, íþróttaþáttum og léttum skemmtidagskrám. Í greininni er að finna tæmandi talningu á því hljóð- og myndefni þar sem vöruinnsetning gegn fjárgreiðslu er leyfileg. Þannig er vöruinnsetning gegn fjárgreiðslu t.d. óheimil í fréttum og fréttatengdu efni.

Í 2. mgr. er svo lagt til að vöruinnsetning verði jafnframt heimiluð í öðru hljóð- og myndefni að því tilskildu að ekki komi fjárgreiðsla fyrir heldur aðeins að tilteknar vörur séu afhentar eða þjónusta veitt án endurgjalds, svo sem leikmunir eða verðlaun, í því skyni að þær verði hluti af dagskrárlið.

Með 3. mgr. er lagt til að vöruinnsetning gegn greiðslu verði ávallt óheimil í hljóð- og myndefni sem ætlað er börnum. Með ákvæðinu er verið að uppfylla þau skilyrði sem sett eru að þessu leyti í 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. g í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir að vöruinnsetning í hljóð- og myndefni sem ætlað er börnum verði heimil að því tilskildu að vörur séu afhentar eða þjónusta veitt án endurgjalds, svo sem leikmunir eða verðlaun, í því skyni að þær verði hluti af dagskrárlið. Er þetta í samræmi við þá almennu vernd barna gegn ákveðnu hljóð- og myndefni sem hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er ætlað að efla. Helgast þetta einkum af því að börn eru sérlega viðkvæm að þessu leyti þar sem þau hafa ekki þroska til að skilja á milli hvers kyns viðskiptaorðsendinga og annars efnis.

Í 4. mgr. er kveðið á um ákveðin skilyrði sem vöruinnsetning þarf að uppfylla. Í a-lið kemur fram að vöruinnsetning megi ekki snerta innihald hljóð- og myndefnisins að öðru leyti né hafa áhrif á ábyrgð og ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðlaþjónustuveitandans. Með ákvæði þessu er ætlunin að koma í veg fyrir að hljóð- og myndefni snúist um þá vöru eða þjónustu sem um er að ræða hverju sinni eða að hún verði meginumfjöllunarefni þess. Aukinheldur er því ætlað að tryggja það að sá sem greiðir fyrir vöruinnsetningu hafi ekki áhrif á ritstjórnarstefnu fjölmiðlaþjónustuveitandans eða dagskrárgerð. Þannig má sá sem greiðir fyrir vöruinnsetningu ekki hafa áhrif á tímasetningu útsendingar þegar um línulega dagskrá er að ræða svo dæmi sé nefnt. Á sama hátt og þegar dagskrárliðir eru kostaðir er sú hætta fyrir hendi að þeir sem greiða fyrir vöruinnsetningu freisti þess að hafa áhrif á þess háttar atriði. Í b- og c-lið kemur svo fram að ekki megi beinlínis hvetja til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu sem og að varan eða þjónustan skuli ekki vera sett fram á óþarflega áberandi hátt.

Ákvæðunum er ætlað að skapa skýr skil á milli hljóð- og myndefnis með vöruinnsetningu annars vegar og auglýsinga, kostunar og fjarkaupa hins vegar. Með þeim er jafnframt lögð áhersla á að sú vara eða þjónusta sem um er að ræða hverju sinni verði eðlilegur hluti af viðkomandi dagskrárlið. Í d-lið er svo að finna reglu um það að áhorfendum skuli gerð grein fyrir því á skýran hátt að í viðkomandi dagskrárlið sé vöruinnsetning. Ákvæði þessu er ætlað að tryggja að áhorfandinn sé upplýstur um það að greitt hafi verið fyrir vöruinnsetningu í viðkomandi dagskrárlið og að hann átti sig á eðli hennar sem viðskiptaorðsendingar. Þess ber þó að gæta að sú auðkenning sé fram sett með viðeigandi hætti og beri hvorki keim af auglýsingu né kostunartilkynningu. Þannig skal ekki draga sérstaka athygli að nafni eða vörumerki fyrirtækis eða á annan hátt upplýsa um hver stendur að vöruinnsetningunni, enda bæri slíkt keim af kostun eða auglýsingu. Þegar áhorfendum er gerð grein fyrir því að um vöruinnsetningu sé að ræða skal því einungis koma fram upplýsingar um að t.d. bifreiðaframleiðandi, húsgagnaverslun eða matvöruverslun standi að vöruinnsetningunni. Er því ekki gert ráð fyrir að slíkar tilkynningar hafi að geyma myndir, myndskeið, tónlist eða annað sem tengist ímynd tiltekinna fyrirtækja sem vöruinnsetning stafar frá. Hafa ber hugfast að tilkynningu um vöruinnsetningu er fyrst og fremst ætlað að upplýsa notendur um að vöruinnsetning sé til staðar í viðkomandi dagskrárlið og hvers konar vörutegund er um að ræða en ekki að kynna viðkomandi aðila.

Í 5. mgr. er svo lagt til að fjölmiðlaþjónustuveitanda, sem ekki hefur sjálfur framleitt það hljóð- og myndefni sem um er að ræða, eða það hefur verið framleitt í umboði hans eða af tengdum fyrirtækjum, verði heimilt að falla frá auðkenningarskyldu skv. d-lið 4. mgr. Þetta er álitaefni var mikið rætt á vettvangi ESB við setningu hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og niðurstaðan varð sú að rétt væri að veita slíka heimild. Um valkvæða heimild er að ræða en rétt þykir að hún verði lögleidd hér þar sem ella er óeðlilega þung skylda lögð á fjölmiðlaþjónustuveitendur að þessu leyti. Þetta mun einkum koma til skoðunar þegar um efni sem keypt er frá ríkjum utan EES-svæðisins er að ræða en þar kunna að gilda rýmri reglur um vöruinnsetningu en lagðar eru til í tilskipuninni. Þess ber þó að gæta að þessi heimild hefur ekki áhrif á reglu 4. mgr. 37. gr. frumvarpsins þar sem fortakslaust bann er lagt við hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni fyrir tóbaksvörur, áfengi og lyfseðilsskyld lyf. Fjölmiðlaþjónustuveitendur þurfa því ávallt að afla upplýsinga um það hvort vöruinnsetningu á nefndum vörutegundum sé að finna í því efni sem þeir festa kaup á og gera viðeigandi ráðstafanir ef svo er.

Um 40. gr.

Í greininni er fjallað um svokallaðar sýndarauglýsingar í myndefni. Ákvæðið er nýmæli en ekki er gert ráð fyrir slíkum viðskiptaorðsendingum í gildandi útvarpslögum þó svo að nauðsynleg tækni hafi í raun þegar verið til staðar þegar þau voru sett. Segja má að samkvæmt gildandi lögum séu sýndarauglýsingar í raun óheimilar enda uppfylla þær ekki skilyrði laganna um aðskilnað auglýsinga frá dagskrárefni og falla ekki innan þess tímaramma sem auglýsingum er ætlaður auk þess sem unnt er að líta svo á að um duldar auglýsingar sé að ræða. Þrátt fyrir það eru slíkar auglýsingar algengar hér á landi, einkum í sjónvarpsútsendingum frá íþróttaviðburðum. Í því skyni að eyða lagaóvissu að þessu leyti er því lagt til að sýndarauglýsingar verði heimilaðar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Er það í samræmi við það sem tíðkast víða annars staðar í Evrópu.

Þá kemur skýrt fram í 67. lið leiðbeinandi reglna framkvæmdastjórnar ESB 2004/C 102/02 um túlkun á tilteknum ákvæðum sjónvarpstilskipunarinnar að slíkar auglýsingar séu samþýðanlegar tilskipuninni að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Sýndarauglýsing er eins og fram kemur í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins ein tegund viðskiptaorðsendinga en fellur þó ekki undir hugtakið auglýsing eins og það er skilgreint í frumvarpinu. Hugtakið er ítarlega skilgreint í minnisblaði Samtaka evrópskra útvarpsstöðva frá árinu 2000 þar sem mælt er með skýrum reglum um þess konar auglýsingar (e. EBU Memorandum on Virtual Advertising – The need for a clear framework for virtual advertising). Um sérstaka tegund auglýsinga er að ræða sem ekki lúta að öllu leyti sömu reglum og hefðbundnar auglýsingar og svipar í raun fremur til vöruinnsetningar. Samkvæmt þeirri skilgreiningu hugtaksins sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins er sýndarauglýsing auglýsing sem ekki er til staðar á vettvangi upptöku myndefnis en er bætt við þannig að hún birtist við útsendingu eða annars konar miðlun efnisins. Slíkri tækni er einkum beitt þegar um miðlun myndefnis frá íþróttaviðburðum, menningarviðburðum eða öðrum sambærilegum viðburðum er að ræða. Sem dæmi í því sambandi má nefna þegar auglýsingum á og umhverfis íþróttaleikvanga er breytt eða þeim bætt við með þessum hætti. Þegar svo háttar til eru viðkomandi auglýsingar því ekki til staðar á leikvanginum sjálfum heldur er þeim bætt við þannig að þær birtast við útsendingu eða annars konar miðlun efnisins.

Í ljósi framangreindrar sérstöðu sýndarauglýsinga er eðli málsins samkvæmt hvorki gerð sú krafa að þær falli innan sérstakra auglýsingatíma né heldur að þær rúmist innan þess tíma sem fjölmiðlaþjónustuveitendum er markaður til miðlunar auglýsinga og fjarkaupainnskota. Efni slíkra auglýsinga má þó að sjálfsögðu ekki brjóta í bága við ákvæði frumvarpsins og um þær gilda sömu reglur og um aðrar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni að því leyti.

Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er lagt til að sýndarauglýsingar verði heimilar í myndefni að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði sem lagt er til að verði lögtekin eru byggð á áðurnefndum leiðbeinandi tilmælum framkvæmdastjórnar ESB. Í samræmi við það sem þar kemur fram er mælt fyrir um að staðsetning auglýsingarinnar sé eðlilegur hluti af umhverfi viðkomandi dagskrárliðar og raski ekki möguleikum áhorfenda á að fylgjast með framvindu hans (a-liður); að auglýsingin sé hvorki í andstöðu við efni dagskrárliðarins né skerði rétt rétthafa (b-liður) og að áhorfendum sé greint frá því á skýran hátt að sýndarauglýsingar komi fyrir í viðkomandi dagskrárlið og frá hverjum þær stafa, m.a. þannig að dagskrárliður með sýndarauglýsingum sé auðkenndur á viðeigandi hátt við upphaf og lok hans og þegar dagskrárliðurinn hefst aftur eftir auglýsingahlé (c-liður). Tekið skal fram að öll framangreind skilyrði þurfa að vera uppfyllt til þess að slík auglýsing sé heimil.

Í fyrirmælum a-liðar 1. mgr. felst m.a. að sýndarauglýsing skuli einungis birtast á sérstökum þar til gerðum stöðum á vettvangi útsendingar. Þannig er t.d. óheimilt að birta sýndarauglýsingar á einstökum leikmönnum eða öðrum einstaklingum sem koma fyrir í viðkomandi útsendingu sem og á tækjum eða öðrum munum sem eru hluti þar af. Í dæmaskyni má nefna að óheimilt væri að birta sýndarauglýsingu á knetti eða marki í útsendingu frá knattleik eða eftir atvikum hljóðfæri í útsendingu frá tónlistarviðburði.

Í fyrirmælum b-liðar 1. mgr. felst m.a. að slíkar auglýsingar mega ekki vera í andstöðu við samninga þeirra aðila sem að viðkomandi viðburði standa við auglýsendur, kostendur og aðra sambærilega aðila og má almennt ætla að samþykki skipuleggjanda viðburðarins þurfi til birtingar sýndarauglýsingar með þessum hætti. Þá þarf að gæta að réttindum handhafa útsendingarréttar í þessu sambandi.

Í fyrirmælum c-liðar 1. mgr. er svo gerð sú sjálfsagða krafa að áhorfendur séu upplýstir um birtingu sýndarauglýsinga í viðkomandi dagskrárlið. Er hér um að ræða sambærilega reglu og lögð er til um vöruinnsetningu í hljóð- og myndefni í d-lið 4. mgr. 39. gr. frumvarpsins.

Með 2. mgr. er svo lagt til að sýndarauglýsingar verði aldrei heimilar í myndefni sem ætlað er börnum. Er þetta lagt til með hliðsjón af þeirri almennu vernd barna gegn ákveðnu myndefni sem frumvarpinu er ætlað að efla.

Um 41. gr.

Í greininni er fjallað um tíma fyrir auglýsingar og fjarkaupainnskot í hljóð- og myndefni. Ákvæði um þetta efni er nú að finna í 17. og 18. gr. útvarpslaga en með frumvarpinu eru lagðar til þónokkrar breytingar á þeim til samræmis við breytt fyrirmæli hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Greinin er byggð á 10., 11. og 18. gr. tilskipunarinnar. Með þeim breytingum sem gerðar voru á tilskipuninni og hér er lagt til að lögteknar verði er stefnt að auknum sveigjanleika fyrir fjölmiðlaþjónustuveitendur hvað þetta varðar. Bent hefur verið á að áhorfendur geti nú í auknum mæli sneitt hjá auglýsingum og fjarkaupainnskotum, m.a. með notkun stafrænna upptökutækja með hörðum diski og vegna aukins fjölda rása. Sú vernd sem takmörkunum af því tagi sem hér eru til umfjöllunar er ætlað að veita hefur því ekki sömu þýðingu fyrir áhorfendur og áður.

Til glöggvunar og samanburðar þykir rétt að gera stuttlega grein fyrir reglum gildandi laga að þessu leyti. Skv. 17. gr. gildandi laga skulu auglýsingar og fjarkaupainnskot flutt í sérstökum auglýsingatíma á milli dagskrárliða og eru einstök innskot ekki leyfð nema í undantekningartilvikum. Þó er heimilt að rjúfa einstaka dagskrárliði með auglýsingatíma og fjarkaupainnskotum enda leiði það ekki til afbökunar eða röskunar á dagskrárefni með þeim þröngu skilyrðum sem kveðið er á um í a-c-lið í 3. mgr. 17. gr. Skv. 4. mgr. er svo óheimilt að skjóta auglýsingum eða fjarkaupainnskotum í guðsþjónustur eða trúarlega dagskrá, fréttir og fréttatengt efni sem og dagskrá fyrir börn. Þrönga heimild er þó að finna til innskota í fréttatengda dagskrárliði ef þeir eru lengri en 30 mínútur.

Samkvæmt 18. gr. gildandi laga eru svo settar þær skorður að hlutfall auglýsingatíma í sjónvarpi má ekki fara yfir 15% þó með heimild til hækkunar í 20% ef með eru talin fjarkaupainnskot. Þetta hlutfall má ekki fara yfir 20% á sömu klukkustund. Frá þessu eru svo gerðar undantekningar ef um er að ræða tilkynningar frá sjónvarpsstöðinni sjálfri eða tilkynningar um opinbera þjónustu eða hjálparbeiðnir.

Með frumvarpsgreininni er lögð til bæði breyting og rýmkun á framangreindum reglum. Með 1. mgr. er lagt til að sú meginregla að auglýsingar og fjarkaupainnskot skuli að jafnaði

flutt í sérstökum auglýsingatímum víki og við taki sú meginregla að auglýsingum og fjarkaupainnskotum megi skjóta inn í dagskrárliði, þó þannig að slíkt hafi ekki áhrif á framvindu þeirra, að teknu tilliti til eðlilegra hléa og til lengdar og eðlis dagskrárliðarins, sem og að gættum rétti rétthafa. Þannig er lagt til að heimilt verði að skjóta auglýsingum og fjarkaupainnskotum inn í dagskrárliði með þeim takmörkunum þó sem greinir í 3. mgr. Í stað undanþægrar bannreglu tekur því við matskennd heimild. Mat að þessu leyti er á hendi viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda en sætir eftirliti fjölmiðlanefndar og mögulegum viðurlögum verði talið að brotið hafi verið gegn ákvæðinu, sbr. IX. kafla frumvarpsins.

Við mat á því hvort auglýsingum og fjarkaupainnskotum er skotið inn í dagskrárlið með viðeigandi hætti skal m.a. litið til sjónarmiða á borð við skil í framvindu leikins efnis, skiptingu á umfjöllunarefni eða tilkomu nýs þátttakanda þegar um heimildarefni, umræðuþætti eða aðra sambærilega dagskrárliði er að ræða, skil á milli einstakra verka þegar um tónlistarþætti er að ræða, skil á milli atriða í léttum skemmtidagskrám og keppnishléa þegar um miðlun efnis frá íþróttaviðburðum er að ræða. Rétt er að taka fram að Evrópudómstóllinn hefur fjallað um túlkun samsvarandi ákvæðis sjónvarpstilskipunarinnar í máli nr. C-245/01, *RTL Television GmbH gegn Niedersächsische Landesmedienanstalt für privaten Rundfunk*. Í því máli sagði dómstóllinn m.a. að ákvæðinu væri ætlað að sætta ólíka hagsmuni fjölmiðlaþjónustuveitenda og auglýsenda annars vegar og hagsmuni rétthafa og neytenda hins vegar. Í sama dómi kom aukinheldur fram að markmið ákvæðisins væri öðru fremur að vernda neytendur fyrir óhóflegu áreiti sífelldra viðskiptaorðsendinga.

Misbrestur hefur verið á því að fyrirmælum gildandi laga að þessu leyti hafi verið fylgt í framkvæmd og eftirlit í raun verið afar veikt. Sú rýmkun sem hér er ráðgerð, sem og það mat sem lagt er í hendur einstakra fjölmiðlaþjónustuveitenda, útheimtir því sannarlega virkt aðhald sem fjölmiðlanefnd er ætlað að veita. Svo sem að framan greinir er ákvæðið reist á hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Engu síður þykir rétt að þeir fjölmiðlaþjónustuveitendur sem miðla hljóðefni sæti sömu takmörkunum að þessu leyti líkt og skv. 17. gr. gildandi laga enda ljóst að sömu sjónarmið eiga við um slíkt efni hvað rof dagskrárliða varðar.

Í 2. mgr. er hlutfall auglýsinga og fjarkaupainnskota í myndefni ákvarðað 20% að hámarki á hverri klukkustund á sama hátt og skv. 1. mgr. 18. gr. gildandi laga. Hins vegar er ekki kveðið sérstaklega á um tiltekið hámark auglýsinga og fjarkaupainnskota af heildarútsendingartíma. Er því bæði um einföldun og rýmkun að þessu leyti að ræða. Með sambærilegum hætti og í gildandi lögum er svo áréttað að ákveðnir þættir teljist ekki til auglýsinga í þessu sambandi. Þar er um að ræða nánar skilgreindar tilkynningar frá viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda sjálfum og tilkynningar um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana sem birtar eru endurgjaldslaust.

Til skýringar má nefna í þessu sambandi að kynningarefni frá fjölmiðlaþjónustuveitanda sjálfum, þar sem t.d. eru auglýstir aðrir dagskrárliðir sem sýndir verða í línulegri dagskrá eða kynning á hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun frá sama fjölmiðlaþjónustuveitanda, fellur ekki undir fyrrgreint hámark auglýsinga og fjarkaupainnskota á klukkustund. Þá falla tilkynningar um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana sem ekki er sérstaklega greitt fyrir utan við fyrrgreint hámark. Slíkar tilkynningar geta t.d. varðað almannahagsmuni eða verið auglýsingar um fjársöfnun fyrir tiltekið málefni. Lagt er til að umrætt ákvæði nái einungis til myndefnis á sama hátt og 1. mgr. 18. gr. gildandi laga enda framboð hljóðefnis mun meira en myndefnis og valfrelsi neytenda að þessu leyti því ríkara. Eru því rök ekki talin standa til þess að lögfesta sambærilega takmörkun að því er hljóðefni varðar.

Þó svo að lagt sé til að gildandi reglur verði rýmkaðar í samræmi við framangreint er engu síður og að sjálfsögðu gerð afdráttarlaus krafa um að auglýsingar og fjarkaupainnskot séu skýrt aðgreind frá dagskrárefni. Það á einnig við um auglýsingar þar sem beitt er nýrri auglýsingatækni á borð við skjáskiptar auglýsingar og gagnvirkar auglýsingar. Slíkar auglýsingar í línulegri dagskrá skulu því vera auðkenndar með viðeigandi hætti í samræmi við 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins og falla innan þess tímaramma sem markaður er í frumvarpsgreininni.

Hvað gagnvirkar auglýsingar í línulegri dagskrá varðar skal táknmynd sú sem leiðir áhorfandann að hinni eiginlegu auglýsingu birtast innan hefðbundins auglýsingatíma. Þegar áhorfandinn hefur valið táknmyndina breytist sú þjónusta sem um ræðir þó úr því að vera línuleg útsending í það að vera myndmiðlun eftir pöntun og skal þá lúta þeim reglum sem um slíka þjónustu gilda. Af þessu leiðir að hin gagnvirka auglýsing sem slík þarf eðli málsins samkvæmt ekki að rúmast innan nefndra tímamarka þó svo að táknmyndin skuli birtast innan þeirra marka.

Í 3. mgr. er síðan frekari takmörkun á reglu 1. mgr. sem á rætur að rekja til 10. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Nánar tiltekið er um það að ræða að óheimilt er að rjúfa útsendingu mynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp, kvikmyndaverka og fréttaþátta með auglýsingum og/eða fjarkaupainnskotum oftar en einu sinni fyrir hvert tímabil í dagskránni sem er að minnsta kosti 30 mín. Þessi sérstaka takmörkun tekur hins vegar ekki til þáttaraða, framhaldsþátta og heimildarmynda, en um slíkt efni gildir einungis hin almenna takmörkun 1. mgr. Með þessu er ætlunin að notendur geti óhindrað fylgt efnisþræði viðkomandi hljóð- eða myndefnis. Er litið svo á að þau verk sem samkvæmt ákvæðinu er óheimilt að rjúfa oftar en á 30 mínútna fresti séu þess eðlis að þau þarfnist sérstakrar verndar, m.a. í höfundarréttarlegu tilliti, auk þess sem litið til þeirrar sérstöðu sem allt fréttatengt efni hefur eðli málsins samkvæmt. Er því gert ráð fyrir því að umrætt ákvæði gildi einnig um fréttaþætti í hljóðmiðlun.

Í 4. mgr. er loks tekið fram að óheimilt sé að rjúfa útsendingu á guðsþjónustu eða sambærilegum trúarathöfnum og fréttum með auglýsingum og fjarkaupainnskotum. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða ákvæði 4. mgr. 17. gr. gildandi laga að undanskildu því að fyrirmæli um fréttatengda dagskrárliði er að finna í 3. mgr. ákvæðisins og fyrirmæli um dagskrá fyrir börn í 5. mgr. þess. Tekið skal fram að frumvarpið gerir ráð fyrir því að notað verði orðið fréttaþættir fyrir slíkt efni þar sem það þykir skýrara.

Í 5. mgr. er svo að meginstefnu til að finna nýmæli en lagt er til að auglýsingar og fjarkaupainnskot verði óheimil í dagskrá sem ætluð er börnum yngri en 12 ára. Hæfilegt þykir að bann þetta hefjist 5 mínútum áður en dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára hefst og ljúki 5 mínútum eftir að útsendingu slíkrar dagskrár lýkur. Rétt er að geta þess að skv. 4. mgr. 17. gr. gildandi laga er óheimilt að skjóta auglýsingum og fjarkaupainnskotum inn í útsendingu á dagskrá fyrir börn. Ákvæði frumvarpsins á sér því að nokkru leyti samsvörun í gildandi lögum þó svo að með því sé að sínu leyti gengið nokkuð lengra í vernd barna á þessum vettvangi.

Markaðssetning gagnvart börnum er afar umdeild og nýtur sú skoðun æ meira fylgis að auglýsingum skuli ekki beint sérstaklega að börnum. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að börn geta ekki talist upplýstir og sjálfstæðir neytendur vegna áhrifagirni og reynsluleysis auk þess sem þau hafa ekki fjárræði. Að mati margra eiga börn rétt á vernd gegn sífelldu áreiti auglýsenda sem gefa þeim misvísandi skilaboð, stundum þvert á það sem uppalendur þeirra eru að vinna að.

Við setningu hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar var ík áhersla lögð á aukna vernd barna að þessu leyti og er hliðstæð ákvæði þeim ákvæðum sem hér er lagt til að verði í lög leidd að finna í löggjöf ýmissa aðildarríkja EES-samningsins. Þá er rétt að geta þess að umboðsmaður barna og talsmaður neytenda hafa frá árinu 2005 beitt sér í sameiningu fyrir frekari takmörkunum á markaðssókn gagnvart börnum. Má í þessu sambandi nefna að talsmaður neytenda og umboðsmaður barna settu 28. janúar 2009 leiðbeiningarreglur um aukna neytendavernd barna þar sem leitast er við að finna gott jafnvægi varðandi mörk við markaðssókn fyrirtækja gagnvart börnum og unglingum. Í 1. tölul. IV. kafla reglnanna er kveðið á um að auglýsingar skuli ekki að vera í barnatíma í sjónvarpi.

Eins og lýst er í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu lét mennta- og menningarmálaráðuneytið gera könnun meðal almennings hér á landi um viðhorf til auglýsinga sem beint er að börnum. Í ljós kom að rúmlega 70% aðspurða voru mjög andvígir eða frekar andvígir því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum í sjónvarpi.

Í ljósi þessa er lagt til að nefnt ákvæði verði í lög leitt. Hæfilegt þykir að takmörkun þessi taki jafnframt til 5 mínútna tímabils áður en útsending dagskrár sem ætluð er börnum hefst og 5 mínútna tímabils eftir að slíkri dagskrá lýkur. Þá þykir rétt að miða við 12 ára aldursmark að þessu leyti en almennt er talið að fyrst um 12 ára aldur geti börn dregið eigin ályktanir og skilið efni af þessu tagi í réttu samhengi. Er þetta jafnframt í samræmi við lagasetningu annars staðar á Norðurlöndum svo og áðurnefndar leiðbeiningarreglur talsmanns neytenda og umboðsmanns barna sem miða einnig við 12 ára aldursmarkið.

Um 42. gr.

Reglum um kostun hljóð- og myndefnis var lítillega breytt með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Er þar fyrst og fremst um breytta hugtakanotkun að ræða auk þess sem reglunum er nú skipað í 3. gr. f) í stað 17. gr. áður. Þá var bætt við heimild til að banna kostun á dagskrárefni fyrir börn, heimildarmyndum og trúarlegum dagskrárliðum. Ekki þykir rétt að nýta þá heimild, einkum þar sem slíkt er talið geta hamlað innlendri dagskrárgerð. Hvað kostun á barnaefni varðar er rétt að taka fram að skv. 38. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að viðskiptaorðsendingar sem beint er að börnum sæti ákveðnum takmörkunum og á það ákvæði að sjálfsögðu einnig við um kostun. Frumvarpsgreinin er því í meginatriðum efnislega samhljóða ákvæði 21. gr. gildandi útvarpslaga.

Ákvæði 1.–3. mgr. eru samhljóða ákvæðum 1.–3. mgr. 21. gr. gildandi laga að öðru leyti en því sem leiðir af breyttri hugtakanotkun. Þá er lagt til að reglugerðarheimild sem nú er að finna í 2. málsl. 3. mgr. 21. gr. gildandi laga og varðar sérstakar reglur er gilda skuli um kostun góðgerðar- og líknarfélaga verði ekki tekin upp í ákvæði laganna enda hefur slík reglugerð ekki verið sett og vandséð að þörf sé á sérreglum þar að lútandi. Eðli málsins samkvæmt þykja 1.–3. mgr. ekki þarfnast frekari skýringa.

Ákvæði 4. mgr. svarar að sínu leyti til ákvæðis 4. mgr. 21. gr. gildandi laga en hefur þó verið aukið við það m.a. með tilliti til rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins. Felur breytingin auk annars í sér að engum vafa er undirorpið að auðkenningarskyldan nær jafnt til hljóð- og myndmiðlunar eftir pöntun og línulegrar hljóð- og myndmiðlunar.

Eins og fram kemur í athugasemd við 21. gr. í athugasemdum við frumvarp til gildandi útvarpslaga er of mikið um það að kostunartilkynningar séu jafnframt auglýsingar á vöru eða þjónustu kostanda sem er andstætt tilgangi kostunarheimildar tilskipunarinnar, þ.e. að gefa fyrirtækjum færi á að kynna ímynd sína um leið og þau leggja fé af mörkum til dagskrárgerðar. Þá var hnykkt á því að full ástæða væri til að fylgja reglum þessum betur eftir en

verið hafði. Það hefur þó ekki tekist sem skyldi og eru kostunartilkynningar enn þessu marki brenndar.

Af framangreindum ástæðum þykir því rétt að skýra nánar hvað við er átt með kostun og hvernig kostunartilkynningar skulu aðgreindar frá öðrum hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni á alþjóðavettvangi. Samkvæmt reglum Alþjóðaviðskiptaráðsins (ICC) um viðskiptaorðsendingar er hugtakið kostun skilgreint sem viðskiptasamningur þar sem kostandi til hagsbóta fyrir sjálfan sig skuldbindur sig til að kosta eða styrkja með öðrum hætti ákveðna vöru eða þjónustu með því að tengja ímynd sína, vörumerki, eigin vöru eða þjónustu við það sem kostað er í skiptum fyrir að hagnýta þau tengsl sem við það skapast í hugum neytenda. Skv. 2. gr. h) í sáttmála Evrópuráðsins um sjónvarp án landamæra (e. European Convention on Transfrontier Television) telst það kostun þegar aðili, sem hvorki starfar á vettvangi hljóð- eða myndmiðlunar né að framleiðslu slíks efnis, tekur með beinum eða óbeinum hætti þátt í fjármögnun dagskrárliðar í því skyni að kynna nafn sitt, vörumerki, ímynd eða starfsemi. Kostun er tiltölulega nýtt fyrirbrigði á þessum vettvangi en það fór að bera á þess háttar viðskiptaorðsendingum í kringum 1980 og þá aðallega í tengslum við útsendingar frá íþróttaviðburðum. Frá miðjum 9. áratug síðustu aldar hefur kostun þó aukist stöðugt, einkum á vettvangi myndmiðlunar, og er vinsælt myndmiðlunarefni nær undantekningarlaust kostað í dag.

Í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni hefur frá upphafi verið gerður skýr greinarmunur á auglýsingum og kostun. Kostunartilkynningar teljast því ekki til auglýsinga í skilningi tilskipunarinnar. Kostaðir dagskrárliðir þurfa svo sem áður greinir að vera auðkenndir sem slíkir þannig að nafn, vörumerki eða annað auðkenni kostanda komi fram í upphafi viðkomandi dagskrárliðar, á meðan á honum stendur og/eða við lok hans. Enn fremur þarf að koma skýrt fram að umræddur dagskrárliður sé kostaður af viðkomandi aðila. Þess þarf þó að gæta að kostunartilkynningar séu skýrt aðgreindar frá hefðbundnum auglýsingum og öðrum viðskiptaorðsendingum. Þær skulu því ekki hafa að geyma atburði eða atburðarás eða líkjast uppbyggingu auglýsinga að öðru leyti. Þá mega þær heldur ekki hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um kostanda eða starfsemi hans, svo sem upplýsingar um staðsetningu og opnunartíma. Í slíkum tilkynningum er þó heimilt að vísa til ákveðinnar vöru eða þjónustu sem einkennir starfsemi kostanda sem og notast við einstök vígorð sem eru hluti af ímynd hans. Kostunartilkynningum er því ætlað það hlutverk annars vegar að gera áhorfendum og/eða hlustendum ljóst að aðrir en fjölmiðlaþjónustuveitandinn hafi tekið þátt í fjármögnun á tilteknu hljóð- og/eða myndmiðlunarefni og hins vegar að minna á kostanda sem slíkan en ekki að kynna eða auglýsa sérstaka vöru eða þjónustu.

Rétt er að taka fram að framangreind afmörkun á hugtakinu kostun og inntaki kostunartilkynninga er reist á ákvæðum og formálsgreinum hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar að þessu leyti og þar af leiðandi hefði framkvæmd samsvarandi ákvæða útvarpslaga réttilega átt að vera með sama hætti. Þessu hefur þó ekki verið framfylgt hér á landi fram til þessa og má því segja að kostunartilkynningar hafi að nokkru leyti runnið saman við auglýsingar ef frá er talin skipan þeirra í línulegri dagskrá, en þær hafa eðli málsins samkvæmt ekki verið hluti af hefðbundnum auglýsingatímum.

Í 5. mgr. er svo kveðið á um að óheimilt sé að aðrir en fjölmiðlaþjónustuveitendur kosti almennt dagskrárgerð þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði. Samsvarandi ákvæði hefur verið í útvarpslögum frá því að útvarpsrekstur var gefinn frjáls með útvarpslögum, nr. 68/1985, og er slíkt ákvæði að finna í 5. mgr. 21. gr. gildandi laga. Rökin er þau sömu nú sem fyrr að komið sé í veg fyrir að einstaklingar, einstök fyrirtæki, stofnanir, stjórnmálasamtök o.s.frv. geti í áróðurs- og auglýsingaskyni mótað og kostað almenna dagskrá fjöl-

miðlaþjónustuveitenda. Beinist vernd reglunnar því fyrst og fremst að ritstjórnarlegu sjálfstæði einstakra fjölmiðlaþjónustuveitenda til að tryggja að kostunaraðilar hafi ekki áhrif á t.d. efnistök eða efnisval í dagskrá.

Regla 4. mgr. 37. gr. frumvarpsins tekur nú yfir þau efnisatriði sem kveðið er á um í 6. mgr. 21. gr. gildandi laga þar sem hið nýja hugtak viðskiptaorðsending tekur einnig til kostunar.

Um 43. gr.

Greinin á sér að nokkru leyti samsvörun í ákvæði 19. gr. gildandi útvarpslaga um fjarsöluþætti þó svo að gildissvið frumvarpsgreinarinnar sé nokkuð rýmra auk þess sem það er einfaldara. Ákvæðið er byggt á 18. gr. a) og 19. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Ákvæðið hefur að geyma sérreglur um fjölmiðlaþjónustu á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar sem eingöngu er helguð auglýsingum, fjarkaupum og kynningu í eigin þágu og fjarkaupaþætti en slík fjölmiðlaþjónusta er um sumt sérstaks eðlis.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ákvæði laganna skuli gilda að breyttu breytanda um fjölmiðlaþjónustu sem eingöngu er helguð auglýsingum, fjarkaupum eða kynningu í eigin þágu. Þá er eðli málsins samkvæmt tekið fram að ákvæði 33., 34. og 41. gr. skuli þó ekki gilda um slíka þjónustu. Ákvæði 1. mgr. er byggt á 19. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar og á sér að nokkru leyti samsvörun í 2. mgr. 19. gr. gildandi útvarpslaga.

Í 2. mgr. er sérákvæði um fjarkaupaþætti í fjölmiðlaþjónustu sem ekki er eingöngu helguð fjarkaupum. Samkvæmt ákvæðinu skulu þeir standa yfir í að minnsta kosti 15 mínútur órofið og vera skýrt auðkenndir með myndskilti, hljóðmerki eða öðrum þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er. Ákvæðið á sér samsvörun í 1. mgr. 19. gr. gildandi útvarpslaga en er hér nokkuð breytt með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru á 18. gr. a í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni.

Í 3. mgr. er svo kveðið á um að ákvæði laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga skuli gilda um fjarkaup samkvæmt frumvarpinu eftir því sem við á. Ákvæði þetta er samhljóða 3. mgr. 19. gr. gildandi laga.

Um VII. kafla.

Lagt er til að lögfest verði ákvæði um rétt og skyldu til flutnings á sjónvarpsútsendingum. Þessum ákvæðum er ætlað að stuðla að aðgengi notenda að fjölbreyttu sjónvarpsefni og draga úr áhrifum lóðrétts eignarhalds á fjölmiðlum og dreifikerfum.

Ákvæðin eiga við um stafræn fjarskiptanet sem flutt geta sjónvarpsútsendingar. Til fjarskiptaneta teljast bæði fjarskiptanet sem eingöngu eru notuð til sjónvarpsútsendinga og fjarskiptanet sem notuð eru til að veita annars konar fjarskiptaþjónustu, sbr. skilgreiningu í 13. tölul. 3. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003. Mikil aukning á sér nú stað í notkun stafrænnar sjónvarpsþjónustu. Gert er ráð fyrir því að sjónvarpsþjónusta verði nær eingöngu flutt á stafrænu formi frá og með árinu 2012, sbr. áform um endurskoðun fjarskiptaáætlunar sem eru í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Stafrænar sjónvarpsútsendingar er hægt að flytja á ýmiss konar fjarskiptanetum. Þau stafrænu fjarskiptanet sem flestir nota til móttöku sjónvarpsútsendinga hér á landi eru annars vegar þráðlaus UHF- og MMDS-net Vodafone og hins vegar ADSL-net Símans. Þá hefur einnig átt sér stað víðtæk uppbygging ljósleiðarakerfa í þéttbýli á undanförnum árum og er þegar búið að tengja bæjarfélög og hverfi í stærri þéttbýliskjörnum slíku kerfi. Stafræn fjarskiptanet geta flutt mikinn fjölda sjónvarpsdagskráa og þess vegna er yfirleitt mögulegt að

koma flestum ef ekki öllum íslenskum sjónvarpsútsendingum til notenda í gegnum eitt og sama netið. Ákvæðum um flutningsskyldu og flutningsrétt er ætlað að tryggja að notendum standi til boða fjölbreytt úrval sjónvarpsefnis án þess að þeir þurfi að tengjast mörgum fjarskiptanetum. Ákvæðunum er einnig ætlað að koma í veg fyrir að fyrirtæki eða samstæður fyrirtækja sem hafa bæði yfirráð yfir sjónvarpsefni og fjarskiptanetum noti þá aðstöðu sína með því að binda framboð á efni við ákveðin fjarskiptanet (lóðrétt eignarhald).

Að sönnu breytist allt umhverfi fjölmiðla, þ.m.t. hið lagalega, á undrahraða. Á einu ári gerist oft meira á þessu réttarsviði en á mörgum áratugum á öðrum sviðum. Allt að einu er þó nauðsynlegt að setja þá stöðu sem nú blasir við á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði í sögulegt samhengi. Árið 2004 keypti Síminn meiri hluta í Íslenska sjónvarpsfélaginu (Skjárinn). Sama ár keypti Og Fjarskipti dótturfélög fjölmiðlafyrirtækisins Norðurljóss, þar á meðal hljóð- og myndmiðlunarfyrirtækið 365 miðla sem nú heitir Sýn. Með umræddum fyrirtækjakaupum tryggðu fjarskiptafyrirtækin sér sjónvarpsefni til dreifingar um fjarskiptanet sín. Kaup þeirra fólu í sér samruna í skilningi 18. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Báðir samrunarnir voru í ákvörðunum Samkeppnisráðs nr. 10 og 12/2005 taldir leiða til eða styrkja markaðsráðandi stöðu hinna sameinuðu fyrirtækja. Við samrunana urðu til tveir hópar fyrirtækja sem hvor um sig var settur saman af fjarskiptafyrirtæki og fjölmiðlaþjónustuveitanda. Að öllu óbreyttu hefðu þessar fyrirtækjablokkir, sem áttu og eiga að hluta til enn allar vinsælustu einkareknu sjónvarpsstöðvarnar hér á landi, yfir að ráða langmestum hluta af öllu eftirsóknarverðu erlendu sjónvarpsefni sem einkareknum stöðvum stendur til boða. Auk þess skiptu umrædd fjarskiptafyrirtæki, Síminn og Vodafone og félög þeim tengd, í grundvallaratriðum með sér íslenska fjarskiptamarkaðnum. Að mati Samkeppnisráðs var ljóst að samrunarnir mundu leiða til mikillar samþjöppunar á þeim samkeppnismörkuðum sem þeir hefðu áhrif á. Samþjöppunin gæti leitt til útilokunar keppinauta frá viðkomandi mörkuðum og skaðað hag neytenda, sérstaklega þegar til lengri tíma væri litið, með því að fyrirtækin samtvinnuðu og vöndluðu saman ólíkri þjónustu fjarskipta- og fjölmiðlunar og með því að mismuna öðrum sem á markaðnum störfuðu.

Í tilvitnuðum ákvörðunum Samkeppnisráðs kom fram að samkeppnisyfirvöld heimiluðu samrunana með skilyrðum. Skilyrði fyrir samruna Símans og Íslenska sjónvarpsfélagsins voru m.a. að Síminn byði öðrum fyrirtækjum upp á flutning sjónvarpsefnis og að Íslenska sjónvarpsfélagið veitti öðrum fyrirtækjum aðgang að sjónvarpsefni. Skilyrði fyrir samruna Vodafone og 365 miðla var m.a. að 365 miðlar veittu öðrum fyrirtækjum aðgang að sjónvarpsefni, en ekki var kveðið á um skyldu til að flytja sjónvarpsútsendingar fyrir aðra aðila.

Frá árinu 2005 þegar ákvarðanirnar voru teknar hefur landslag fjölmiðla og fjarskipta að sönnu breyst. Alls kyns breytingar hafa orðið á þeim félagasamstæðum sem um er að ræða og þá hafa rekstrarskilyrði og afkoma bæði í fjölmiðlum og fjarskiptum versnað til muna á síðustu missirum. Allt að einu er það svo að ákveðin grundvallaratriði eru óbreytt. Ráðandi fyrirtæki, þ.e. Síminn og Skjárinn annars vegar og Sýn (áður 365 miðlar) og Vodafone hins vegar, geta í krafti stærðar sinnar boðið heildarlausnir fyrir heimili, þ.m.t. stafrænar sjónvarpsrásir, hljóð- og myndmiðlun eftir pöntun, heimasíma, nettengingu, farsíma og hverja þá þjónustu sem þróuð verður í framtíðinni. Síminn stendur vel að vígi með öflugt fjarskiptakerfi auk eignarhalds á fjölmiðlaþjónustuveitanda sem býður áskriftarsjónvarp (Skjár einn), erlent endurvarp (Skjár heimur) og myndmiðlun eftir pöntun (Skjár bíó). Sýn (áður 365 miðlar) hefur sterka stöðu sem stærsti fjölmiðlaþjónustuveitandinn á þessum markaði. Þar er um að ræða flestar einkareknar íslenskar sjónvarpsstöðvar og einkaréttarsamninga á vinsælu erlendu íþróttaefni, svo sem ensku knattspyrnuna og Formúlu 1. Fyrirtækin sem um

ræðir eru í dag með samninga um dreifingu sjónvarpsútsendinga hvort fyrir annað. Það var þó ekki fyrr en eftir að samkeppnisyfirvöld höfðu sett skilyrði vegna samruna fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtækjanna að samningar um gagnkvæma dreifingu komust á. Því þarf að tryggja að áfram verði í boði flutningur á sjónvarpsútsendingum ótengdra fyrirtækja og ekki síst þarf að huga að möguleikum nýrra fjölmiðlaþjónustuveitenda til þess að koma útsendingum sínum til notenda. Koma verður í veg fyrir að það ástand skapist að notendur standi frammi fyrir því að við val á fjölmiðlaþjónustuveitanda eða fjarskiptafyrirtæki takmarkist aðgangur þeirra að efni. Það er að sjálfsögðu fagnaðarefni þegar slíkt er tryggt með frjálsum samningum. Það væri hins vegar óvarlegt að treysta því að slíkt verði jafnan leyst á grundvelli samninga. Til þess að tryggja þessi markmið til frambúðar er heldur ekki nægilegt að styðjast við framangreindar ákvarðanir samkeppnisyfirvalda sem beinast aðeins að tilteknum fyrirtækjum við tilteknar aðstæður og leggja þar að auki aðeins flutningsskyldu á aðra fyrirtækjasamstæðuna. Því er talin þörf á því að lögfesta reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu.

Þess má geta að í tillögum nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla frá því í apríl 2005 kemur fram eftirfarandi forsenda fyrir því að sett verði í lög ákvæði um flutningsrétt og flutningsskyldu:

„Nefndin telur það ekki samræmast hagsmunum neytenda að val þeirra á dreifiveitu geti mögulega ráðið kostum þeirra á efnisveitum. Nauðsynlegt er að neytendur geti valið þá efnisveitu sem þeir helst kjósa, sem og dreifiveitu óháð efninu.“

Nefndin taldi jafnframt að vegna smæðar og sérstöðu íslenska markaðarins væri mikilvægt að lögfesta reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu. Slík löggjöf mundi auka val neytenda og draga úr áhrifum lóðrétts eignarhalds. Þá taldi nefndin að meginregluna um samningsfrelsi milli fjölmiðlaþjónustuveitanda (efnisveitu) og dreifiveitu yrði að virða, en stjórnvöldum yrði falið að skera úr kæmu upp ágreiningsmál.

Þá er í fjarskiptaáætlun 2005–2010, sem gefin var út af samgönguráðuneytinu árið 2005, jafnframt að finna skýr pólitísk markmið hvað varðar stafrænt sjónvarp, en þar segir:

„Æskilegt er að dreifing á hljóðvarpi og sjónvarpi þróist yfir í „lárétt“ fyrirkomulag, þ.e. að skýr aðgreining verði milli þeirrar starfsemi sem lýtur að dreifingu merkisins annars vegar og framleiðslu og sölu myndefnis hins vegar. Þetta myndi auðvelda nýjum aðilum að komast inn á markaðinn og koma í veg fyrir að stærri fyrirtæki sætu ein að dreifikerfunum. Þannig er mikilvægt að aðgengi neytenda að sjónvarpsefni sé ekki bundið við háhraðatengingar eða dreifinet frá tilteknum aðila. Slíkt fyrirkomulag skekkir samkeppnisstöðu þeirra sem framleiða og dreifa efni.“

Þó að ekki sé minnst á flutningsreglur í fjarskiptaáætlun er talið æskilegt að skýr skil séu milli dreifingar sjónvarpsefnis annars vegar og framleiðslu og sölu efnisins hins vegar. Þá er talið mikilvægt að aðgengi neytenda að sjónvarpsefni sé ekki bundið við dreifikerfi tiltekinna aðila. Segja má að sú aðgreining sem leiðir af flutningsreglum og felur í sér aðgreiningu dreifiveitna og fjölmiðlaþjónustuveitenda með þessum hætti samræmist vel fjarskiptaáætlun samgönguráðuneytisins.

Reglur af þessum toga eru ekkert eyland og eiga sér fyrirmynd bæði vestan hafs og austan. Svokölluð must carry-regla er í gildi í mörgum ríkjum, þó jafnan með fremur þröngu gildissviði. Það eru þó aðeins nokkur ár síðan hugtakið flutningsskylda vann sér þegnrétt í Evrópu. Árið 1999 lét framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gera úttekt á fjarskiptalöggjöf í álfunni með tilliti til samkeppni og frjálsræðis og hófst þá umræða um setningu reglna um flutningsskyldu í framhaldi af því. Upphaflega var litið svo á að reglur um flutningsskyldu yrðu settar tímabundið þar sem ekki yrði þörf fyrir þær í fjölrása sjónvarpskerfum stórra fyrirtækja á

markaði. Ákveðið var að halda ákvæðinu inni en aðildarríkjum var gert að endurskoða lagasetningu um flutningsskyldu reglulega. Frá því hugtakið var fyrst sett hefur stefnumótun og túlkun á hugtakinu breyst nokkuð. Nú er ákvæðið að finna í 31. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda í sambandi við fjarskiptanet og þjónustu (alþjónustutilskipun). Í greinargerð með fjarskiptalögum, nr. 81/2003, er fjallað um nýmæli í tilskipuninni þar sem veitt er heimild til að setja reglur sem skylda aðila sem reka fjarskiptanet til þess að flytja ákveðna útvarpsdagskrá, eina eða fleiri samkvæmt ákvörðun stjórnvalda. Þá er tekið fram að slíka skyldu megi aðeins leggja á þegar sérstakar ástæður eigi við.

Engin dómafordæmi eru um 31. gr. alþjónustutilskipunarinnar. Framkvæmdastjórn ESB hefur hins vegar túlkað hana í tveimur vinnuskjölum. Fyrra skjalið varðar sjónvarpsútsendingar almennt, en hið síðara varðar flutningsskyldu sérstaklega. Litið er svo á að þegar settar eru kvaðir um flutningsskyldu þurfi þær að vera málefnalegar án þess að flutningsskyldan sé skilgreind nákvæmlega. Þá skiptir máli að gerður sé sérstakur greinarmunur á fjölmiðlaþjónustuveitanda annars vegar og dreifiveitu hins vegar. Í löndum eins og Belgíu, Hollandi og Bretlandi eru kapalfyrirtæki hvort tveggja efnisveitur (fjölmiðlaþjónustuveitandi) og dreifiveitur. Í öðrum löndum, t.d. í Frakklandi, býður sitt hvort fyrirtækið almennt efni og dreifingu. Flutningsskylda hefur því verið útfærð með ólíkum hætti auk þess sem misjafnt er hvort þörf er fyrir þær yfirleitt í aðildarríkjunum. Ákvæði um flutningsskyldu var hugsað til þess að yfirvöld gætu lagt ákveðnar skyldur á fyrirtæki sem væru ráðandi á markaði og dreifðu efni á ákveðnum tegundum fjarskiptaneta. Reglurnar voru í upphafi almennt túlkaðar þröngt og var í raun verið að tryggja fjölmiðlum, sem bjóða útvarpsþjónustu í almannaþágu, eins og ríkissjónvarpsstöðvum, aðgang að lokuðum dreifikerfum eins og kapli eða ADSL. Dæmi um lönd sem túlka reglurnar með þessum hætti eru Bretland, Pólland og flæmski hluti Belgíu. Einnig eru dæmi um að flutningsskylda sé afar víðtæk og að jafnframt sé skylda að flytja fjarkaupastöðvar, t.d. í Þýskalandi og á Möltu. Dæmi um flutningsskyldu á áskriftarsjónvarpsstöðvum má svo finna í franska hluta Belgíu. Hér að neðan er að finna töflu yfir þau aðildarríki Evrópusambandsins sem sett hafa ákvæði um flutningsskyldu í innlenda löggjöf sem samræmist 31. gr. alþjónustutilskipunarinnar að hluta eða öllu leyti.

Listi yfir þau aðildarríki Evrópusambandsins sem sett hafa ákvæði um flutningsskyldu í innlenda löggjöf sem samræmist 31. gr. alþjónustutilskipunarinnar að hluta eða öllu leyti

	Ákveðnar sjónvarpsstöðvar/ Specified broadcast channels	Einungis kapall/ Cable only	Ákveðin markmið/ Clearly identified General Interest Objectives	Aðeins ríkis-sjónvarpsstöðvar/ Only PSB	Greiðslur fyrir höfundarrétt/ Copyright payment
Austurríki	Já	Já	Nei	Nei	Að mestu
Belgía	Að mestu	Að hluta	Að mestu	Að mestu	Já
Bretland	Já	Nei	Já	Já	Nei
Danmörk	Já	Nei	Já	Nei	Já
Finnland	Nei	Já	Nei	Nei	Nei
Frakkland	Já	Nei	Nei	Nei	Að mestu
Holland	Að mestu	Já	Já	Nei	Að mestu
Írland	Já	Já	Að hluta	Nei	Nei
Malta	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Pólland	Já	Já	Að hluta	Já	Já
Svíþjóð	Að mestu	Já	Að mestu	Nei	Já

	Ákveðnar sjónvarpsstöðvar/ Specified broadcast channels	Einungis kapall/ Cable only	Ákveðin markmið/ Clearly identified General Interest Objectives	Aðeins ríkis-sjónvarpsstöðvar/ Only PSB	Greiðslur fyrir höfundarrétt/ Copyright payment
Tékkland	Nei	Nei	Nei	Nei	Já
Ungverjaland	Já	Já	Nei	Nei	Að hluta
Þýskaland	Nei	Já	Já	Nei	Já

Eins og hér sést hafa ekki öll aðildarríkin tekið upp ákvæði um flutningsskyldu í lögum. Þá hafa aðildarríki útfært flutningsskyldu á sjónvarpsefni með afar ólíkum hætti. Þá er vert að nefna að stefna yfirvalda í Evrópu annars vegar og Bandaríkjunum hins vegar er afar ólík þegar kemur að flutningsskyldu. Evrópska módelið kveður á um að ákveðnar stöðvar geti óskað eftir flutningsskyldu vegna þess að efni þessara stöðva sé álitið auka fjölbreytni í fjölmiðlum, hafi menningarlegt gildi og sé mikilvægt til að viðhalda og efla tungumál þjóðarinnar. Aðildarríkin hafa síðan túlkað flutningsskylduna með ólíkum hætti. Aftur á móti gerir bandaríska módelið ráð fyrir því að kapal- og gervihnattafyrirtæki flytji sjónvarpsdagskrár óháð innihaldi efnisins (e. content neutral) til að tryggja samkeppni á markaði. Þó má nefna að flutningsskylda hefur verið talin mikilvæg í Bandaríkjunum vegna þess að fjölmiðlar gegna veigamiklu hlutverki í að stuðla að lýðræðislegri umræðu. Hin bandaríska leið hefur talsvert verið gagnrýnd vegna þess að ekki er tekið tillit til innihalds þess efnis sem flutt er. Á meðan svo er þjóni flutningsskyldan ekki þeim lýðræðislega tilgangi sem henni er ætlað. Þá hefur verið bent á að fjarkaupastöðvar geti óskað eftir flutningsskyldu. Slíkar stöðvar taki mikið pláss á dreifikerfum fjarskiptafyrirtækjanna og fjölmiðlaþjónustuveitendur sem bjóða myndefni sem gæti aukið fjölbreytni og hafa menningarlegt gildi komist ekki að.

Ákvæðið um flutningsskyldu á sér nú stoð í 22. gr. gildandi útvarpslaga um aðgang að almennum fjarskiptanetum. Í ákvæðinu er fjallað um ósk útvarpsstöðva um að fá aðgang að kapalkerfum eða öðrum almennum fjarskiptanetum sem hagnýtt eru til útvarpssendinga. Er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað að fara með málið eins og mælt er fyrir um í fjarskiptalögum. Regla þessi á sér einnig að nokkru leyti stoð í 55. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, sbr. og tilvitnaðar ákvarðanir samkeppnisyfirvalda frá því í mars 2005. Í 55. gr. fjarskiptalaga segir að skylda megi aðila, sem bjóða fjarskiptanet til dreifingar hljóð- og sjónvarpssendinga til almennings, til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá þegar umtalsverður hluti notenda nýtir sér fjarskiptanetin til að taka á móti hljóð- og sjónvarpsútsendingum. Slíkar skyldur eru þó aðeins lagðar á þegar sérstaklega ríkar ástæður mæla með því. Með hliðsjón af þeirri stöðu, sem hefur verið uppi á hinum íslenska markaði, er talið nauðsynlegt að flutningsskylda nái ekki aðeins til fjölmiðla í almannaþjónustu heldur til allra fjölmiðla sem starfa á vettvangi myndmiðlunar hér á landi. Slíkt ákvæði myndi tryggja litlum fjölmiðlaþjónustuveitendum aðgang að dreifingu og þar með aðgang að markaðnum. Ef nýir fjölmiðlaþjónustuveitendur þyrftu að leggja út í miklar fjárfestingar í fjarskiptanetum til að komast inn á markaðinn yrði aðgangsþröskuldurinn það hár að nær ógerlegt yrði fyrir þær að koma efninu á markað.

Talið er nauðsynlegt að reglan gangi í báðar áttir og því er lagt til að fjarskiptafyrirtækjum verði gert kleift að fá það efni sem þau kjósa (e. may carry/must offer). Hin hliðin á peningnum lýtur þannig að stöðu lítilla dreifikerfa gagnvart stærri fjölmiðlaþjónustuveitendum. Í ljósi þess að ýmiss konar efni er aðeins aðgengilegt á ákveðnum dreifikerfum hefur í vaxandi mæli verið fjallað um nauðsyn þess á hinum samevrópska vettvangi að taka upp ákvæði um flutningsrétt. Ekki er kunnugt um að settar hafi verið reglur um flutningsrétt annars

staðar, en tekið hefur verið á slíkum málum fyrir evrópskum samkeppnisyfirvöldum (sbr. t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli COMP/M.4504 – SFR/Télé 2 France).

Í Evrópu hafa yfirvöld gert sér grein fyrir því að það efni sem áhorfendur vilja hefur safnast á fárra hendur og er oft aðeins aðgengilegt á ákveðnum dreifileiðum. Þar sem áhorfendur velja sér efni, og tæknin og dreifileiðin skiptir þá minna máli, er nauðsynlegt fyrir fjarskiptafyrirtæki að hafa aðgang að efninu til að geta yfirleitt verið samkeppnishæf með sínar dreifileiðir. Vandamálið er því þekkt þótt ekki sé búið að bregðast við því með lagasetningu í Evrópu. Málið hefur hins vegar verið rætt ítarlega og má í því sambandi nefna skýrslu European Audiovisual Observatory í Strassborg þar sem kallaðir voru saman sérfræðingar alls staðar að úr álfunni til að ræða slíkar reglur og var skýrsla um málið birt í kjölfarið („To Have or Not to Have Must-Carry Rules“. IRIS Special. Strasbourg: European Audiovisual Observatory, 2005). Í skýrslunni er m.a. fjallað um aukna nauðsyn þess að líta til flutningsréttar, þar sem það er að verða erfiðara fyrir fjarskiptafyrirtæki að fá aðgang að eftirsóknarverðu efni en fyrir fjölmiðlaþjónustuveitendur að komast inn á fjarskiptanet með sjónvarpsdagskrár sínar, þar sem stafræn tækni hefur gert það að verkum að mun meiri bandbreidd er nú til ráðstöfunar en áður. Í þessu sambandi er einnig vert að benda á að í tilmælum Evrópuráðsins varðandi fjölbreytni í fjölmiðlun nr. R(2007) 2 er mælst til þess að aðildarríki tryggi fjölmiðlaþjónustuveitendum sanngjarnan aðgang að fjarskiptanetum og taki jafnframt til skoðunar hvort þörf sé á að setja reglur um aðgang fjarskiptafyrirtækja að sjónvarpsefni.

Við útfærslu flutningsreglna í frumvarpi þessu var m.a. litið til hinna ólíku fyrirmynda í Evrópu og Bandaríkjunum. Var litið til Evrópu vegna þess markmiðs að flutningsskylda geti aukið fjölbreytni í fjölmiðlum og hafi menningarlegt gildi. Afleiðingin af þeirri nálgun á flutningsskyldu er sú tillaga að hún muni ná jafnt til ríkissjónvarpsstöðva sem og sjónvarpsstöðva í eigu einkaaðila. Bandaríska módelið, þar sem ekki er tekin afstaða til innihalds efnisins, þótti hins vegar ekki þjóna markmiðum notenda nægilega vel. Því er jafnframt lagt til í frumvarpinu að flutningsskyldan gildi um íslenskar sjónvarpsdagskrár en nái ekki til sölurása, eins og í Bandaríkjunum og nokkrum Evrópulöndum. Við gerð frumvarpsins var einnig haft í huga að flutningsréttur er ef til vill þýðingarmeiri en flutningsskylda til að tryggja valfrelsi notenda og aðgang nýrra fyrirtækja að markaði. Íslenska ákvæðið um flutningsrétt eins og það er útfært í frumvarpi þessu er því nýmæli eftir því sem best er vitað.

Ýmis vandamál geta komið upp við reglusetningu af þessu tagi. Reglur í framangreinda veru hljóta ævinlega að sæta fjölmörgum takmörkunum. Sumt efni sem notendum býðst er þess eðlis að taka þarf tillit til velsæmissjónarmiða. Þá þarf að huga að burðargetu fjarskiptaneta, hversu margar rásir þau geta borið, auk þess sem alls kyns álitamál kunna að koma upp varðandi efnisréttindi og kostnað á ólíkum dreifileiðum. Séu reglurnar skýrar á þó að vera hægt að leysa flest ágreiningsmál sem upp kunna að koma og því meginmarkmiði jafnframt náð að auka fjölbreytni og jákvæða samkeppni notendum til hagsbóta.

Að sjálfsögðu er út frá því gengið í frumvarpinu að fyrirtækin freisti þess að semja sjálf um flutning sjónvarpsútsendinga í samræmi við þær skyldur sem kveðið er á um í frumvarpinu. Ef aðilum tekst að komast að samkomulagi er ekki gert ráð fyrir að stjórnvöld hafi afskipti af málum. Það er fyrst undir þeim kringumstæðum að slíkir samningar takast ekki sem hægt verður að leita til stjórnvalda um lausn á ágreiningi.

Sú tilhögun er nú ráðgerð að í stað fjölmiðlanefndar, sem fer með stjórnsýslu samkvæmt lögunum, verði frumvarpið samþykkt, verði það Póst- og fjarskiptastofnun sem í meginatriðum fer með stjórnsýslu skv. VI. kafla og verði falið að taka ákvarðanir samkvæmt honum. Helgast það af því að innan þeirrar stofnunar er til staðar viðamikil þekking og reynsla í með-

ferð mála varðandi aðgang að fjarskiptanetum og verðlagningu á slíkri þjónustu. Við ákvarðanir varðandi flutning sjónvarpsdagskráa er gert ráð fyrir að svipuðum aðferðum verði beitt og þegar stofnunin fjallar um aðgang annars konar þjónustuveitenda að fjarskiptanetum á grundvelli laga um fjarskipti. Vissulega einfaldar það ekki stjórnsýslu samkvæmt frumvarpinu að þessi þáttur verði þannig í höndum annars stjórnvalds en þess sem fer með meginhlutverk í stjórnsýslu málaflokksins. Hjá þessu verður þó ekki komist að óbreyttu fyrirkomulagi, en nefna má að hjá sumum grannþjóðum Íslendinga, svo sem Bretum, Finnum og Ítölum, fer sama stofnun með málefni fjölmiðla og fjarskipta.

Að öllu framangreindu virtu má draga meginatriðin um flutningsskyldu og flutningsrétt saman með eftirfarandi hætti: Í fyrsta lagi geta fjölmiðlaþjónustuveitendur fengið dreifingu á sjónvarpsútsendingum sínum á fjarskiptanetum fjarskiptafyrirtækja óski þeir eftir því og að gættum nánari skilyrðum sem útfærð eru í frumvarpinu. Hér er því um svokallaða flutningsskyldu að ræða (e. must carry). Í öðru lagi geta fjarskiptafyrirtæki fengið að dreifa sjónvarpsútsendingum á fjarskiptanetum sínum óski þau eftir því og að gættum nánari skilyrðum sem útfærð eru í frumvarpinu. Hér er því um svokallaðan flutningsrétt að ræða (e. may carry/must offer). Í þriðja lagi er svo lögð til sú þýðingarmikla meginregla að samningsfrelsi milli fjölmiðlaþjónustuveitenda og fjarskiptafyrirtækja ber að virða í hvívetna, en Póst- og fjarskiptastofnun verði falið að skera úr reynist útilokað að komast að slíku samkomulagi.

Um 44. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að verða við beiðni um flutning sjónvarpsútsendinga fjölmiðlaþjónustuveitenda. Fjarskiptanet sem fallið geta undir þetta ákvæði eru net sem flutt geta sjónvarpsútsendingar á stafrænu formi. Ákvæðið getur jafnt átt við net sem eingöngu eru notuð til sjónvarpsútsendinga og net sem þjóna fjölþættara hlutverki, svo sem net sem notuð eru samhliða fyrir netþjónustu og aðra fjölmiðlaþjónustu. Ekki er gerður greinarmunur á fjarskiptanetum eftir því hvort útsendingar eru þráðlausar eða um þráð né heldur hvaða tæknistaðall er notaður við útsendingar.

Til þess að fjölmiðlaþjónustuveitandi geti krafist flutnings þurfa tiltekin skilyrði að vera fyrir hendi og er þeim lýst í 1. mgr. og þau útfærð í a–c-lið hennar. Meðal skilyrðanna er að um sé að ræða íslenska sjónvarpsútsendingu sem send er út á rauntíma með hefðbundnum stafrænum gæðum. Ekki er skylt að flytja seinkaða sjónvarpsútsendingu, sjónvarpsútsendingu á háskerpustaðli eða á öðrum stöðlum er krefjast umtalsvert meiri bandbreiddar eða sjónvarpsútsendingar sem eru eingöngu helgaðar fjarkaupum. Sjónvarpsútsendingar á breiðtjaldsformi eru ekki undanskildar þar sem þær taka ekki umtalsvert meiri bandbreidd en hefðbundnar sjónvarpsútsendingar. Það er enn fremur skilyrði fyrir því að flutningsskylda hvíli á fjarskiptafyrirtæki að umtalsverður hluti notenda nýti sér viðkomandi net til að taka á móti sjónvarpsútsendingum. Þar sem fjarskiptanet hafa mjög mismunandi útbreiðslusvæði getur verið að verulegur hluti notenda á tilteknu landsvæði nýti ákveðið net, en það hafi samt ekki umtalsverðan notendafjölda á landsvísu. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að flutningsskylda sé fyrir hendi á staðbundnum vinsælum sjónvarpsstöðvum.

Stafræn fjarskiptanet hafa flest mikla burðargetu og því ætti flutningsskylda ekki að vera mjög íþyngjandi miðað við þann fjölda sjónvarpsútsendinga sem hugsanlega geta fallið undir ákvæðið miðað við núverandi aðstæður. Til þess að tryggja að ekki verði um óhóflega íþyngjandi skyldu að ræða, er í 2. mgr. kveðið á um að ekki megi skylda fyrirtæki til þess að flytja fleiri sjónvarpsútsendingar en sem nemur þriðjungi af burðargetu viðkomandi fjarskiptanets. Er slíkur varnagli sleginn þar sem ekki þykir rétt að leggja þungar byrðar á fjar-

skiptafyrirtæki sem hafa takmarkaða bandbreidd og rásafjölda. Í bandarískum rétti (e. Cable Act) er ákvæði líkt þessu þar sem kapalfyrirtækjum er skylt að flytja dagskrár í eigu annarra fyrirtækja og er þá stuðst við þriðjung eins og hér er gert. Bandaríska löggjöfin er flóknari og eru fjarskiptanet sett í ákveðna flokka eftir stærð. Hér hefur ákvæðið verið einfaldað í samanburði við bandarískan rétt. Ef fleiri fjölmiðlaþjónustuveitendur óska eftir að sjónvarpsútsendingar þeirra verði fluttar en fjarskiptanet annar skal fjarskiptafyrirtækið flytja þær útsendingar sem hafa mest áhorf. Ljóst er að slíkar reglur auðvelda ekki litlum og nýjum fjölmiðlaþjónustuveitendum í myndmiðlun aðgang að dreifikerfum með takmarkaðan rásafjölda. Hins vegar þótti rétt að teknu tilliti til neytendasjónarmiða að áhorfendur hefðu ávallt aðgang að þeim sjónvarpsútsendingum sem hefðu mest áhorf hverju sinni. Ávallt skal þó flytja sjónvarpsútsendingu Ríkisútvarpsins sé þess óskað. Við mat á því hvað telst mesta áhorf þykir rétt að miða við hlutlausar kannanir eins og reglulegar fjölmiðlakannanir Capacent og sambærilegar kannanir.

Í 3. mgr. er tekið fram að fjölmiðlaþjónustuveitandi sem fer fram á flutning á sjónvarpsútsendingu sinni skuli sjálfur sjá um að koma merki sínu að tengipunkti fjarskiptafyrirtækis á viðeigandi formi.

Um 45. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um flutningsrétt, þ.e. þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að fjarskiptafyrirtæki geti krafist þess að fá að dreifa sjónvarpsútsendingum á stafrænu fjarskiptaneti sínu.

Í a-lið 1. mgr. kemur fram að til þess að fjarskiptafyrirtæki geti krafist flutnings þarf fjarskiptanet þess að geta sent efnið út með fullnægjandi gæðum. Einnig þarf að tryggja öryggi á fjarskiptanetinu þannig að lögverndaðir hagsmunir rétthafa efnis séu varðir. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um lágmarkskröfur um gæði og öryggi útsendinga á fjarskiptanetum. Til þess að tryggja gagnsæi er nauðsynlegt að slíkar reglur um gæði og öryggi verði birtar. Það gerir fjarskiptafyrirtækjum kleift að sjá hvaða skilyrði fjarskiptanet þeirra þurfa að uppfylla. Það getur einnig auðveldað samningsgerð milli fjölmiðlaþjónustuveitenda og rétthafa efnis ef fyrir liggur hvaða öryggiskröfur eru gerðar gagnvart þeim netum sem efnið kann að verða flutt um. Ef fjarskiptafyrirtæki óskar eftir að flytja lokaða sjónvarpsútsendingu verður fjarskiptanetið að bjóða upp á möguleika til að beita aðgangsstýringu sem er nauðsynleg til að geta læst og opnað fyrir áskriftarsjónvarp. Aðgangsstýring getur verið í höndum fjölmiðlaþjónustuveitanda eða fjarskiptafyrirtækis eftir atvikum, sbr. 3. mgr. 46. gr. Ef aðgangsstýring er ekki möguleg á viðkomandi neti er aðeins hægt að krefjast þess að fá opnar sjónvarpsútsendingar til flutnings.

Í b-lið 1. mgr. er kveðið á um til hvers konar efnis flutningsréttur nær. Reglur um flutningsrétt taka ekki einvörðungu til íslenskra sjónvarpsútsendinga fjölmiðlaþjónustuveitenda sem staðfestu hafa hér á landi heldur einnig erlendra sjónvarpsútsendinga sem íslenskur fjölmiðlaþjónustuveitandi hefur gert einkaréttarsamning um, svo og útsendinga á ákveðnum viðburðum sem ekki fylla heila dagskrá, svo sem íþrótta- og listviðburðum. Í þessu sambandi er minnt á að dagskrá í frumvarpi þessu er heildarsamsetning dagskrárliða, en dagskrárliður er safn hljóð- og/eða hreyfimynda sem myndar stakan lið innan áætlunar eða skrár sem veitandi fjölmiðaþjónustu setur saman og sem er að formi og efni sambærilegt sjónvarpsútsendingu. Viðburðir ýmiss konar geta þannig verið stakir dagskrárliðir og fylla þá ekki heila dagskrá í framangreindum skilningi. Slíkir viðburðir geta verið afar vinsælir og þykir ákjósanlegt að ólík fjarskiptafyrirtæki hafi möguleika á að flytja slíkt efni. Eins eru ýmsir

íþróttaviðburður þess eðlis að þeir teldust ekki fylla heila dagskrá í sjónvarpsútsendingu. Með þessu er reynt að tryggja jafnræði milli fyrirtækjanna í efni og reynt að koma í veg fyrir að einstakir fjölmiðlaþjónustuveitendur skilgreini tiltekið vinsælt sjónvarpsefni sem viðburð (stakan dagskrárlið) til að komast fram hjá flutningsreglunum. Flutningsréttur nær hins vegar ekki til ólínulegrar hljóð- og myndmiðlunar, svo sem myndmiðlunar eftir pöntun þar sem myndefnið er ekki sent út samkvæmt dagskráráætlun og flokkast því ekki sem línuleg myndmiðlun. Bent er á að fáheyrt er að einkaréttarsamningar fylgi slíku efni, enda er það rétthöfum í hag að það sé aðgengilegt neytendum á sem flestum dreifikerfum. Skv. b-lið 1. mgr. nær ákvæðið um flutningsrétt einnig til erlendra endurvarpsrása enda hefur það færst í vöxt að gerðir séu einkaréttarsamningar um þær. Þá tekur ákvæðið einnig til þess ef íslenskir fjölmiðlaþjónustuveitendur flytja starfsemina til útlanda til að komast hjá lögum um flutningsrétt, en um lögsögu yfir sjónvarpsefni er sérstaklega fjallað í II. kafla frumvarpsins sem og í almennum athugasemdum við það.

Í c-lið 1. mgr. er loks kveðið á um það skilyrði að ákvæði í samningum við rétthafa efnis, sem voru gerðir fyrir gildistöku laganna standi því ekki í vegi að flytja megi efnið um fjarskiptanetið. Nánar er að þessu vikið í athugasemdum við 4. mgr. sem á hér efnislega samstöðu.

Svo sem fram kemur í 2. mgr. falla fleiri tegundir sjónvarpsútsendinga undir reglur um flutningsrétt en flutningsskyldu. Þar sem það eru fjarskiptafyrirtæki sem óskað geta eftir að fá efni til flutnings er ekki ástæða til að setja takmörk vegna bandbreiddar. Fjarskiptafyrirtæki óskar eftir því efni sem það hefur áhuga á og sem fjarskiptanet þess getur borið. Þannig taka flutningsréttarreglurnar einnig til seinkaðra sjónvarpsútsendinga og útsendinga á háskerpustaðli eða öðrum stöðlum sem krefjast meiri bandbreiddar.

Í 3. mgr. er tekið fram að flutningsréttur geti ekki verið víðtækari en leyfi viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitanda segir til um hvað varðar útsendingarsvæði og er fjarskiptafyrirtæki ekki heimilt að dreifa sjónvarpsútsendingum sem hafa staðbundið leyfi utan viðkomandi svæðis.

Í 4. mgr. er fjallað um samninga fjölmiðlaþjónustuveitenda við rétthafa efnis. Eitt af skilyrðum þess að hægt sé að krefjast þess að fá efni til flutnings er að ákvæði í áður gerðum samningum við rétthafa efnis standi því ekki í vegi að flytja megi efnið um viðkomandi fjarskiptanet, sbr. umfjöllun um c-lið 1. mgr. hér að framan. Þetta skilyrði má þó ekki hindra flutningsrétt til lengri tíma. Því er kveðið á um skyldu fjölmiðlaþjónustuveitenda til að semja um efniskaup í framtíðinni með þeim hætti að flytja megi efnið á öllum fjarskiptanetum sem uppfylla skilyrði a-liðar 1. mgr. Í ákvæði til bráðabirgða er svo kveðið á um að ef gildandi samningur fjölmiðlaþjónustuveitanda um sjónvarpsefni við rétthafa heimilar ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem uppfylla lágmarkskröfur skuli fjölmiðlaþjónustuveitandi gera nýjan samning við rétthafa sem heimili slíkt ekki síðar en innan sex mánaða frá gildistöku laganna.

Verði frumvarpið að lögum verður fjölmiðlaþjónustuveitendum skylt við kaup á öllu sjónvarpsefni að semja svo við rétthafa að flytja megi sjónvarpsefnið á öllum tegundum fjarskiptaneta sem uppfylla lágmarkskröfur um gæði og öryggi og eftir atvikum aðgangsstýringu. Hið sama gildir um erlendar sjónvarpsútsendingar sem íslenskur fjölmiðlaþjónustuveitandi hefur gert einkaréttarsamning um. Ákvæðið á að tryggja að fjölmiðlaþjónustuveitandi reyni ekki að komast fram hjá flutningsreglunum með því að gera aðeins samninga um kaup á efni fyrir tengt fjarskiptafyrirtæki.

Með flutningsreglunum er markmiðið að brjóta upp lóðrétt eignarhald á efni og dreifingu og því er ljóst að það verður hvati fyrir einstaka fjölmiðlaþjónustuveitendur að reyna að beina viðskiptavinum sínum að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Við þessu er brugðist í 5. mgr. með því að banna fjölmiðlaþjónustuveitendum að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Með tengdu fjarskiptafyrirtæki er átt við félög í samstæðu í skilningi hlutafélagalaga eða félög og/eða aðra aðila með sambærileg fjárhagsleg eða stjórnunarleg tengsl í öðrum tilvikum. Í ljósi reynslunnar er talin hætta á að fjölmiðlaþjónustuveitendur reyni að beina viðskiptavinum sínum að völdum fjarskiptafyrirtækjum og fjarskiptafyrirtæki sem ekki hafa yfir að ráða eigin sjónvarpsútsendingum muni áfram eiga erfitt uppdráttar. Fjarskiptafyrirtækjunum verður heimilt að bjóða alls kyns þjónustu en með ákvæðinu er þrýst á um aukna samkeppni milli þeirra með því að þau geti boðið hagstætt verð og góða þjónustu. Það geta fyrirtækin einungis gert ef þau hafa aðgang að sambærilegu efni.

Rétt er að taka fram að brot á ákvæðum 4. og 5. mgr. varða bæði stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæði 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Um 46. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um málsmeðferð og framkvæmd sem viðkemur flutningi myndefnis en í 47. gr. frumvarpsins er fjallað um þau sjónarmið sem leggja ber til grundvallar við ákvörðun endurgjalds.

Samkvæmt 1. mgr. ber fyrirtækjum sem falla undir ákvæði 44. og 45. gr. að semja um flutning sjónvarpsútsendinga eins fljótt og unnt er eftir að ósk um flutning er sett fram. Ekki er gert ráð fyrir afskiptum stjórnvalda af slíkum samningaumleitunum nema þær sigli í strand. Í 1. mgr. er sérstaklega kveðið á um skyldu aðila til að gæta jafnræðis varðandi flutning sjónvarpsútsendinga á grundvelli 44. og 45. gr. Verð og aðrir skilmálar skulu vera sambærilegir gagnvart tengdum jafnt sem ótengdum fyrirtækjum. Fjarskiptafyrirtæki ber að láta þær dagskrár hafa forgang sem hafa íslenskt tal eða texta þannig að þær séu framar erlendum endurvarpsstöðvum við röðun á fjarstýringu. Þar sem það skiptir miklu máli fyrir sýnileika sjónvarpsstöðvar að vera framarlega í númeraröðinni á fjarstýringunni er talið rétt að veita dagskrám með íslensku tali eða texta forgang. Að baki ákvæði þessu búa menningarpólitísk sjónarmið, m.a. um vernd íslenskrar tungu. Ákvæðið tekur jafnt til dagskrár íslenskra fjölmiðlaþjónustuveitenda sem og erlendra dagskráa enda sé dagskráin með íslensku tali eða texta. Ákvæðið er þannig byggt á málefnalegum og veigamiklum sjónarmiðum um vernd margbreytileika ólíkra tungumála og útfærslan jafnframt talin standast kröfur EES-samningsins.

Ef samkomulag tekst ekki milli aðila getur hvor þeirra sem er vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar sem skal skera úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 2. mgr. Póst- og fjarskiptastofnun hefur í rúman áratug fengist við mál er varða aðgang að fjarskiptanetum og verðlagningu á slíkum aðgangi. Það þykir því falla vel að starfsemi stofnunarinnar að taka til meðferðar mál er varða flutning sjónvarpsútsendinga á fjarskiptanetum. Stofnuninni ber fyrst að leita sátta með aðilum á sama hátt og gert er í deilumálum milli fjarskiptafyrirtækja á grundvelli fjarskiptalaga. Nái stofnunin ekki að sætta aðila ber henni að taka ákvörðun í málinu. Slík ákvörðun er eðli málsins samkvæmt stjórnvaldsákvörðun og lýtur öllum þeim almennum fyrirmælum sem um þær gilda auk þeirra sérreglna sem fram koma í VII. kafla frumvarps þessa. Þá er í þessari málsgrein kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun beri að leita álits fjölmiðlanefndar þegar ósk um að fá sjónvarpsútsendingu til flutnings kemur til meðferðar hjá stofnuninni. Þetta er gert þar sem fjölmiðlanefnd hefur sérþekkingu sem varðar

myndefni, en sérþekking Póst- og fjarskiptastofnunar lýtur fremur að fjarskiptanetum sem flytja efnið.

Þarfir fjarskiptafyrirtækja og fjölmiðlaþjónustuveitenda eru mismunandi hvað varðar samskipti við notendur og stýringu aðgangs að efni. Í 3. mgr. 46. gr. kemur fram að Póst- og fjarskiptastofnun geti ákveðið hvor aðila sjái um aðgangsstýringu og með sama hætti hvort aðilar eigi rétt til endurgjalds, en um nánari útlistun þar að lútandi er vísað til 47. gr. Mál þar sem deilt var um hvor aðilinn skyldi sjá um aðgangsstýringu og viðskiptamannabókhald hefur komið til kasta samkeppnisyfirvalda og var í því máli ákveðið til bráðabirgða að fjölmiðlaþjónustuveitanda væri óheimilt að setja það skilyrði fyrir afhendingu sjónvarpsmerkja sinna að hafa aðgang að viðskiptamannabókhaldi fjarskiptafyrirtækis (sjá ákvörðun til bráðabirgða nr. 1/2007, 20. desember 2007 – Erindi Canal Digital Íslandi um misnotkun 365 miðla á markaðsráðandi stöðu). Við mat sitt ber Póst- og fjarskiptastofnun m.a. að líta til hagkvæmni hverrar leiðar, hagsmuna notenda og samkeppnissjónarmiða. Þar getur t.d. komið til skoðunar hvort fyrirtækið ræður yfir hentugra og hagkvæmara aðgangsstýrikerfi. Hafa þarf í huga hagsmuni notenda varðandi kostnað við þjónustuna og að æskilegt er að notendur þurfi aðeins einn aðgangskassa til að taka á móti útsendingu. Einnig þarf að skoða hverjar þarfir fyrirtækjanna eru út frá því hvernig þau markaðssetja sína þjónustu og hver styrkur þeirra er á viðkomandi markaði. Sú leið sem valin er verður að vera til þess fallin að styðja við virka samkeppni og því geta þarfir lítilla fyrirtækja þurft að vera í fyrirrúmi umfram þarfir markaðsráðandi fyrirtækja.

Ákvarðanir um aðgang að fjarskiptanetum geta tekið töluvert langan tíma, einkum ef framkvæma þarf kostnaðargreiningu til þess að ákveða hæfilegt gjald. Þær aðstæður geta verið fyrir hendi að dráttur á ákvörðun valdi aðila umtalsverðu fjártjóni. Því er í 4. mgr. veitt heimild til að taka bráðabirgðaákvörðun í deilumálum. Slík ákvörðun getur lotið að öllum þeim þáttum sem fjallað er um í 46. og 47. gr. Við ákvörðun gjalds til bráðabirgða yrði í flestum tilvikum að byggja á samanburði við gjaldskrár sambærilegrar þjónustu. Með vísan til þessa er ljóst að bráðabirgðaákvörðun skal bæði fela í sér ákvörðun um flutningsrétt og/eða skyldu og um gjald fyrir viðkomandi þjónustu eða efni, auk annarra viðeigandi efnisatriða.

Í 5. mgr. er kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun geti krafið aðila um allar upplýsingar og gögn sem stofnunin telur þurfa við meðferð einstakra mála. Slík gögn geta t.d. verið bókhaldsgögn, tæknilýsingar og samningar.

Í 6. mgr. er áréttað að málskotsleiðir vegna ákvarðana séu þær sömu og vegna annarra ákvarðana Póst- og fjarskiptastofnunar skv. 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

Í 7. mgr. er samgönguráðherra veitt heimild til að setja reglugerð með nánari ákvæðum um málsmeðferð og framkvæmd flutnings sjónvarpsútsendinga samkvæmt þessum kafla. Um er að ræða heimildarákvæði sem hægt er að beita ef þörf þykir á nánari útfærslu á viðkomandi reglum. Tilhögun við reglugerðarsetningu er sambærileg hinni almennu heimild frumvarpsins þar að lútandi í 62. gr. þess.

Loks er í 8. mgr. kveðið á um reglulega endurskoðun á þörfinni fyrir flutningsreglur. Þetta er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til ákvæða um flutningsskyldu skv. 31. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu. Eðli máls samkvæmt þykir rétt að slík endurskoðun taki jöfnum höndum til flutningsréttar og flutningsskyldu.

Rétt er að taka fram að skv. 53. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun geti lagt dagsektir á hvern þann sem ekki fer að ákvörðunum stofnunarinnar um flutningsrétt og flutningsskyldu eða vanrækir að veita upplýsingar og gögn á grundvelli ákvæðisins, sbr. 2.–5. mgr. 46. gr.

Um 47. gr.

Í þessari grein er að finna nánari fyrirmæli um þau sjónarmið sem Póst- og fjarskiptastofnun ber að styðjast við þegar ákvarða skal endurgjald í þeim tilvikum að fallist er á flutningsrétt eða flutningsskyldu, en ljóst er að ákvörðun endurgjalds er afar veigamikill þáttur við útfærslu slíkrar ákvörðunar.

Í 1. mgr. eru tiltekin þau atriði sem byggja má á varðandi ákvörðun verðs. Ákvæðinu svipar mjög til þeirra reglna sem gilda um verðákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar á grundvelli laga um fjarskipti. Markmiðið er að eðlilegt og sanngjarnt verð sé greitt fyrir flutning og efni. Verðlagning má ekki hamla samkeppni en verður að sama skapi að vera forsvaranleg með hliðsjón af upphaflegri fjárfestingu eiganda aðstöðunnar og áhættu sem tekin var með fjárfestingunni. Við ákvörðun verðs fyrir flutning getur Póst- og fjarskiptastofnun byggt á kostnaði við fjárfestingar og rekstur viðkomandi fjarskiptanets. Það þykir hins vegar rétt að gera kröfu um hagkvæman rekstur slíks nets og því kemur til greina að taka mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst rekin með hagkvæmum hætti. Það getur einnig komið til greina að byggja eingöngu á samanburði við verð á sambærilegri þjónustu, einkum í þeim tilvikum sem erfitt er að koma við kostnaðargreiningu á viðkomandi neti eða ef kostnaður við rekstur þess er óeðlilega hár og bendir til óhagræðis í rekstri. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að fjarskiptafyrirtæki geri kostnaðarlíkan til útreiknings á verði. Við ákvörðun á gjaldi fyrir flutning skal m.a. taka tillit til þeirrar bandbreiddar sem sjónvarpsútsending tekur á fjarskiptaneti og fjölda notenda viðkomandi sjónvarpsþjónustu.

Í einhverjum tilvikum þarf fjölmiðlaþjónustuveitandi á þjónustu að halda sem ekki telst beinlínis til flutnings sjónvarpsútsendingar en er nátengd honum og e.t.v. ekki fáanleg hjá öðrum en viðkomandi fjarskiptafyrirtæki. Hér getur t.d. verið um að ræða tengingar við fjarskiptanetið, meðhöndlun útvarpsmerkis og aðgangsstýringu. Í 2. mgr. er kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun geti ákveðið verð fyrir slíka þjónustu og skal við það beita hliðstæðum aðferðum og við ákvörðun verðs fyrir flutning.

Í 3. mgr. er fjallað um ákvörðun á gjaldi fyrir sjónvarpsútsendingar í tilviki flutningsréttar þegar fjarskiptafyrirtæki stýrir áskriftarkerfinu. Undir þeim kringumstæðum kemur til greina að byggja á kostnaði við kaup eða framleiðslu fjölmiðlaþjónustuveitanda á viðkomandi efni eða miðað við hæfilegan afslátt frá því verði sem fjölmiðlaþjónustuveitandinn býður notendum sínum sjálfur. Hvor leiðin valin er getur t.d. oltið á því hversu gagnsær viðkomandi kostnaður er. Gæta þarf þess að ekki verði óeðlilega lítill munur á heildsölu- og smásöluverði (e. margin squeeze), en slík staða getur hamlað eðlilegri samkeppni. Tryggja þarf að þeim sem kaupir sjónvarpsútsendingu í heildsölu sé mögulegt að standast verðsamkeppni á smásölumarkaði og hafa eðlilega framlegð af endursölu efnisins.

Eftir að ákvörðun hefur verið tekin um gjald fyrir flutning eða efni geta aðstæður breyst og leitt til þess að eðlilegt sé að endurskoða gjaldið. Kostnaður getur hækkað eða lækkað af ýmsum orsökum og er í slíkum tilvikum rétt að hafa möguleika til að ákvarða gjald á nýjan leik. Í 4. mgr. er aðilum gefinn kostur á að setja fram rökstuddar beiðnir um endurskoðun gjalds.

Þá er samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra heimilt að setja reglugerð um nánar útfærslu á kostnaðargreiningu endurgjalds fyrir flutning myndefnis, m.a. um aðferðir við eignamat, afskriftir og ávöxtunarkröfu auk gerðar kostnaðarlíkana.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla er að finna ákvæði sem eiga rætur sínar að rekja til hugmynda um upplýsingasamfélagið sem almennt eru viðurkenndar í aðildarríkjum EES-svæðisins sem og öðrum vestrænum ríkjum. Í þessum ríkjum er það talin skylda að tryggja sem víðtækastan aðgang almennings að hvers konar upplýsingum sem almenning varða og almenningur hefur áhuga á. Ákvæði kaflans eru reist á 3. gr. j í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Það ákvæði kom inn í tilskipunina með breytingartilskipuninni frá 1997 og var 3. gr. a fyrir þær breytingar sem gerðar voru með hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Fyrirmynd ákvæðis tilskipunarinnar er aftur að finna í 9. gr. samnings Evrópuráðsins um sjónvarp án landamæra (e. European Convention on transfrontier television). Ákvæði kaflans eru efnislega samhljóða ákvæðum 23. og 24. gr. gildandi útvarpslaga að teknu tilliti til rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins að því er hljóð- og myndmiðla varðar. Svo sem fram kemur í athugasemdum við frumvarp til gildandi laga er sá munur á ákvæði 48. gr. frumvarpsins annars vegar og ákvæði 49. gr. hins vegar að lögbinda ber það síðarnefnda samkvæmt hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni en aðildarríkjunum er í sjálfs vald sett hvort þau lögbinda hið fyrrnefnda.

Um 48. gr.

Greinin er að stærstum hluta efnislega samhljóða ákvæði 23. gr. gildandi útvarpslaga að teknu tilliti til breyttrar hugtakanotkunar vegna rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins. Ítarlegar skýringar fylgdu ákvæði 23. gr. í frumvarpi því sem varð að gildandi útvarpslögum og vísast til þess sem þar kemur fram með heildstæðum hætti um skýringu á einstökum efnisþáttum frumvarpsgreinarinnar. Rétt er að taka fram að sú heimild sem ákvæðið mælir fyrir um hefur enn ekki verið nýtt. Þrátt fyrir það þykir ástæða til að viðhalda heimild þessari með vísan til þeirra sjónarmiða sem bjuggu að baki lögleiðingu hennar í upphafi, þ.e. að vernda rétt borgaranna til upplýsinga og tryggja aðgang almennings að myndefni frá innlendum og erlendum viðburðum sem hafa mikilsverða þýðingu fyrir þjóðfélagið.

Samkvæmt 3. mgr. er fjölmiðlanefnd nú ætlað það hlutverk sem útvarpsréttarnefnd hefur samkvæmt gildandi lögum, þ.e. að ákvarða sanngjarnt endurgjald viðkomandi einkaréttarhafa til handa. Til álita kæmi að ætla Póst- og fjarskiptastofnun þetta hlutverk í ljósi þess hlutverks sem stofnuninni er nú ætlað á grundvelli VII. kafla frumvarpsins um flutningsreglur, þ.m.t. viðamikið hlutverk vegna ákvörðunar um endurgjald skv. 47. gr. frumvarpsins. Allt að einu þótti rétt að halda í þá skipan að stjórnvald það sem fer með málaflokkinn ákvarði endurgjald í þessu tilviki. Er því raunar þannig farið að það tilvik sem hér um ræðir varðar lögskipti tveggja eða fleiri fjölmiðlaþjónustuveitenda, án beinnar aðkomu fjarskiptafyrirtækja. Við ákvörðun endurgjalds skal fjölmiðlanefnd þó eðli málsins samkvæmt líta til sambærilegra sjónarmiða og Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað skv. 47. gr. frumvarpsins.

Að frátöldum breytingum sem lagðar eru til vegna rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins og breyttrar hugtakanotkunar er lagt til að ákvæði 4. mgr. verði nokkuð frábrugðið samsvarandi ákvæði 5. mgr. 23. gr. gildandi laga. Þær breytingar sem með því eru lagðar til er tilkomnar með hliðsjón af hinu almenna ákvæði 55. gr. frumvarpsins um fullnustu ákvarðana fjölmiðlanefndar.

Þá er með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til á höfundalögum, nr. 73/1972, í 64. gr. frumvarpsins lagt til að ákvæði 6. mgr. 23. gr. verði ekki hluti af frumvarpsgreininni.

Rétt er að taka fram að skv. 2. mgr. 3. gr. j í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni ber íslenska ríkinu að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA hyggist það nýta heimild sína skv. 1. mgr. Eftirlitsstofnun EFTA skal þá innan þriggja mánaða staðfesta að þær ráðstafanir sem íslenska ríkið hyggst gera á þessum grundvelli séu í samræmi við EES-rétt og upplýsa önnur aðildarríki um viðkomandi ráðstafanir.

Um 49. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæði 24. gr. gildandi útvarpslaga að teknu tilliti til breyttrar hugtakanotkunar vegna rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins. Greinin er reist á 3. mgr. 3. gr. j í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni og lýtur að því að tryggja að þær ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli 1. mgr. 3. gr. j, sbr. ákvæði 49. gr. frumvarpsins, verði virkar. Með nefndu ákvæði tilskipunarinnar er sú skylda lögð á þau ríki sem af henni eru bundin að þau virði skrár hvers annars um þýðingarmikla viðburði og aðrar ákvarðanir í tengslum við þær, svo sem um beinar eða seinkaðar útsendingar. Tekið skal fram að þó svo að heimild sú sem mælt er fyrir um í 48. gr. frumvarpsins verði ekki nýtt ber íslenska ríkinu á grundvelli frumvarpsgreinarinnar engu síður skylda til að virða slíkar ráðstafanir annarra ríkja. Frekari grein er gerð fyrir efnisþáttum ákvæðisins í skýringum sem fylgdu ákvæði 24. gr. í frumvarpi því sem varð að gildandi útvarpslögum og vísast til þess sem þar kemur fram um nánir útlistun þar að lútandi.

Rétt er að árétta að lagt er til að fjölmiðlanefnd hafi eftirlit með framkvæmd ráðstafana samkvæmt þessari grein og beiti þá fjölmiðlaþjónustuveitendur sem brjóta gegn skyldum sínum samkvæmt greininni stjórnvaldssektum á grundvelli 54. gr. frumvarpsins, á sama hátt og útvarpsréttarnefnd samkvæmt gildandi lögum. Enn fremur er lagt til að brot á ákvæðinu varði refsingu skv. 56. gr. frumvarpsins.

Um IX. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um ábyrgð á hljóð- og myndefni annars vegar og ritefni hins vegar, viðurlög við brotum á ákvæðum frumvarpsins, afturköllun hljóð- og myndmiðlunarleyfis, fullnustu, kæru mála til lögreglu, þagnarrétt og birtingu forsendna og dómsorðs þegar við á. Er ákvæðum af þessum toga skipað saman. Á sama hátt og í gildandi útvarpslögum eru lögð til bæði stjórnsýsluviðurlög og refsiviðurlög. Í gildandi prentlögum er eingöngu gert ráð fyrir refsiviðurlögum og er því um nýmæli að ræða að því er varðar þá fjölmiðla sem þau taka til. Þá er lagt til að fjölmiðlanefnd geti beitt dagsektum í ákveðnum tilvikum en slíka heimild er ekki að finna í gildandi lögum. Það hefur færst í vöxt og af því talin góð reynsla að heimila viðkomandi stjórnvöldum að beita slíku úrræði til þess að framfylgja bæði lögum sem og ákvörðunum í einstökum málum. Má sem dæmi nefna úrræði Samkeppniseftirlitsins á grundvelli samkeppnislaga og Fjármálaeftirlitsins á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastofnunum. Í skýrslu síðari fjölmiðlanefndar frá vorinu 2005 er á nokkrum stöðum lagt til að stjórnvöld hafi slík þvingunarúrræði til að knýja fram fylgni við ákvæði laganna.

Þá er skipað í þennan kafla ákvæði um bann fjölmiðlanefndar við miðlun ólögmæts efnis og afturköllun á leyfi til hljóð- og myndmiðlunar vegna alvarlegra og ítrekaðra brota gegn þeim ákvæðum frumvarpsins sem varða viðurlögum. Ákvæði um stjórnvaldssektir og refsingar eru gerð mun fyllri en nú er, m.a. vegna þess víðtæka gildissviðs sem frumvarpinu er ætlað. Þá er lagt til að mál sæti aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru fjölmiðla-

nefndar og eftirlit að þessu leyti hvíli því fyrst og fremst á nefndinni. Til fyllingar sérrefsilagaákvæðum frumvarpsins koma síðan ákvæði almennra hegningarlaga. Þá er einnig að finna sérrefsilagaákvæði í áfengislögum, lyfjalögum, tóbakslögum og lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu sem geta átt við um einstaka efnisþætti og þá fyrst og fremst efni viðskiptaorðsendinga.

Í gildandi útvarpslögum og lögum um prentrétt er að finna sérreglur sem lúta að eignaupptöku og réttaráhrifum tiltekinna aðgerða stjórnvalda. Af ítarlegri skoðun fæst ekki séð að heppilegt sé að viðhalda slíkum sérreglum í lögum um fjölmiðla enda almennar reglur á sviði réttarfars og stjórnsýslu fullnægjandi í því sambandi til viðbótar reglum þessa kafla og þá sérstaklega fullnustureglur 55. gr. frumvarpsins svo og málsmeðferðarreglur 57. gr. frumvarpsins. Þó er nauðsynlegt að skýra þetta nokkuð nánar.

Í 29. gr. gildandi útvarpslaga er sérstök heimild til upptöku myndlykla (aðgangskassa), viðtækja og ólögmæts ávinnings af notkun slíks búnaðar. Þá í er í 28. gr. laga um prentrétt sérregla um framkvæmd upptöku prentaðs efnis. Ekki er vitað til að á sérreglur þessar hafi í raun reynt að neinu marki í réttarframkvæmd og ekki þykir þörf á því að taka þær upp í ný fjölmiðlalög þar sem hin almenna upptökuheimild í 69. gr. almennra hegningarlaga er að öllu leyti fullnægjandi í þessu sambandi. Í 29. og 30. gr. laga um prentrétt eru síðan sérreglur um réttaráhrif þess að rit hafi verið gerð upptækt, hald lagt á það eða sala og dreifing bönnuð. Skal þá birta auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og er öll birting og/eða dreifing eftir það sérstaklega bönnuð. Sama má segja um þessi ákvæði og þau fyrrnefndu, að ekki hefur reynt mjög á þau, og ekki þykir sérstök þörf á því að taka þau upp í nýjum fjölmiðlalögum. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hið nýja stjórnvald fjölmiðlanefnd geti að undangenginni lögmætri málsmeðferð bannað miðlun efnis og að brot á slíku banni sæti viðeigandi refsingum. Er eðlilegt að í slíkri ákvörðun sé nánar kveðið á um réttaráhrif hennar að öllu leyti og þá minnt á að allar ákvarðanir fjölmiðlanefndar verða bornar undir dómstóla. Þá er gert ráð fyrir þeirri tilhögun að öll alvarlegri brot sæti refsingum að undangenginni kæru til lögreglu sem býr þá sem endranær yfir öllum hefðbundnum heimildum laga um meðferð sakamála til einstakra aðgerða. Tilhögun þessa verður einnig að meta í ljósi þess ríka andsvarsréttar sem einstaklingar njóta í fjölmiðlum, sbr. 36. gr. frumvarpsins, hinna sértæku ábyrgðarreglna 50. og 51. gr. og skyldu til birtinga áfellisdóma, sbr. 59. gr., en öll stuðla þessi ákvæði að því að gætt sé ábyrgðar í fjölmiðlaumfjöllun samhliða því að tjáningarfrelsi fjölmiðla sé virt. Að öllu þessu virtu má því segja að rök standi til þess að almennar heimildir af þessum toga séu nægjanlegar og ekki séu smíðaðar sérreglur af réttarfarslegum toga nema brýna nauðsyn krefji.

Þau ákvæði útvarpslaga annars vegar og laga um prentrétt hins vegar sem einna mest hefur reynt á í framkvæmd eru ákvæði þeirra um refsi- og fébótaábyrgð á því efni sem sent er eða gefið út. Þykir því tilhögun frumvarpsins á reglum þar að lútandi útheimta allrækilega útlistun.

Umrædd ákvæði tengjast tjáningarfrelsi með beinum hætti en í þeim er kveðið á um það hver skuli gerður ábyrgur þegar farið er út fyrir leyfileg mörk að því leyti. Skýrar ábyrgðarreglur eru eðli málsins samkvæmt mikilvægar fyrir hvern þann sem tjáir sig í fjölmiðlum eða er ábyrgur fyrir því sem aðrir segja eða skrifa á þeim vettvangi. Þá eru þær mikilvægar fyrir þá sem telja á sér brotið og vilja sækja rétt sinn. Slíkar ábyrgðarreglur eru einnig mikilvægar í samfélagslegu tilliti þar sem útfærsla þeirra getur haft áhrif á innihald og gæði og er hluti af þeirri lýðræðislegu umræðu sem á sér stað í hverju landi fyrir sig.

Svo sem áður greinir hafa gífurlegar tækniframfarir orðið á vettvangi fjölmiðlunar á undanförnum árum. Í þessu sambandi hefur verið mikil umræða í ýmsum nágrannalöndum Íslands um samræmingu ábyrgðarreglna fyrir ólíkar tegundir fjölmiðla. Má í þessu sambandi nefna að nú hefur um allnokkurt skeið verið fjallað um slíkar samræmingar í norskum lögum og hefur verið kallað eftir heildstæðum lögum um ábyrgðarreglur í fjölmiðlum. Norsk stjórnvöld ákváðu í framhaldi af þessu að skipa nefnd sem á að koma með tillögur til úrbóta. Er nefndinni ætlað að skoða ábyrgðarreglur annars staðar á Norðurlöndum, alþjóðlega löggjöf að þessu leyti, auk þess sem taka á tillit til sjónarmiða hagsmunaaðila. Sérstaklega er nefndinni ætlað að skoða efnahagslegar og stjórnunarlegar afleiðingar sem leiðir af þeim tillögum sem settar eru fram.

Hér á landi er svo sem að framan segir að finna ábyrgðarreglur bæði í útvarpslögum og lögum um prentrétt. Engar sérstakar ábyrgðarreglur eru hins vegar í gildi um fjölmiðla á netinu og verður því að líta til fyrrgreindra reglna þegar mál koma upp er varða nýja miðla hér á landi. Segja má að með örri tækniþróun og breytingu á fjölmiðlaumhverfinu með tilkomu netsins sé nauðsynlegt að taka reglurnar til heildstæðrar endurskoðunar, m.a. með það fyrir augum að samræmdar reglur gildi um alla fjölmiðla að þessu leyti eftir því sem kostur er. Í því sambandi þykir rétt að víkja stuttlega að tilhögun að þessu leyti í helstu samanburðarlöndum, Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Í Danmörku er reglur um ábyrgð á efni fjölmiðla að finna í *Medieansvarsloven*. Lögin gilda bæði um hljóð- og myndmiðla og prentmiðla og kveða á um það hver beri ábyrgð á efni hverju sinni. Samkvæmt ábyrgðarreglunum er ávallt einn aðili ábyrgur, í flestum tilvikum ritstjórinn (d. redaktør). Lögin gilda um innlend dagblöð og tímarit, bæði texta og myndir. Einnig eiga lögin við leyfisskylt hljóð- og myndefni auk mynda, texta og hljóðefnis sem ætla má að sé fjölmiðlaefni. Þegar um prentað efni er að ræða er almenna reglan samkvæmt lögunum sú að höfundur greinar beri ábyrgð á efni hennar. Ritstjóri ber hins vegar ábyrgð á ónafngreindum greinum sem birtast. Þá er ritstjórinn einnig ábyrgur fyrir efni greinar sem birt er ef höfundur greinarinnar er starfsmaður miðilsins og greinin er birt með vitund ritstjórans. Ef vitnað er til nafngreinds einstaklings sem hefur samþykkt það sem eftir honum er haft er hann jafnframt ábyrgur fyrir því sem frá honum kemur. Útgefandinn ber síðan ábyrgð á efni miðilsins ef ekki er hægt að sýna fram á ábyrgð ritstjóra. Hliðstæðar reglur er að finna um ljósvakamiðla og kvikmyndir, höfundur efnis ber almennt ábyrgð á því. Í ákveðnum tilfellum er ritstjóri þó meðábyrgur, t.d. ef höfundur efnis er starfsmaður viðkomandi fjölmiðils. Þá gildir almennt að í beinum útsendingum ber hver ábyrgð á því sem hann segir. Lögin ná samkvæmt efni sínu ekki til netmiðla.

Í Noregi eru reglur um ábyrgð á efni fjölmiðla og viðurlög við brotum á víð og dreif í löggjöfinni, m.a. í stjórnarskránni, almennum hegningarlögum, skaðabótalögum o.fl., en sem að framan greinir er nú unnið að heildstæðri endurskoðun þessara reglna. Til einföldunar fyrir fjölmiðlafólk og almenning hefur reglunum verið safnað saman og er þær að finna í „Var Værsom-plakaten“, siðareglum norsku blaðamannasamtakanna. Í Noregi er meginreglan sú að ritstjóri ber ábyrgð á því efni sem birtist í tímaritum, dagblöðum eða ljósvakamiðlum.

Þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar við áðurnefnda endurskoðun lagarammans í Noregi eru meðal annars að samræma reglur þannig að sambærileg ákvæði gildi fyrir ólíka miðla, jafnframt að laga framangreinda meginreglu að nýjum miðlum. Þá hefur komið til tals hvort rétt sé að koma upp því fyrirkomulagi að fjölmiðlar þurfi að skrá sig eins og tíðkast bæði í Svíþjóð og Danmörku þannig að ábyrgðarreglurnar taki aðeins til þeirra fjölmiðla sem

láta skrá sig opinberlega. Loks er ætlunin að taka afstöðu til þess hvort þörf sé á sérstökum reglum sem vernda einstaklinga í fjölmiðlum. Í því sambandi er einkum litið til þeirra miðla sem ekki hafa sérstaka ritstjórn og því óljóst hver ber hina endanlegu ábyrgð.

Í Svíþjóð þarf sá sem gefur út prentmiðil (dagblað eða tímarit) að gefa upp ábyrgðarmann (s. utgivare) og sækja um sérstakt leyfi (s. utgivningsbevis) áður en efnið er gefið. Er það gert hjá stjórnsýslustofnuninni Patent- och registreringsverket í Svíþjóð. Þá njóta hefðbundnir ljósvakamiðlar sjálfkrafa verndar tjáningarfrelsisákvæða en þurfa að fá sérstakt útvarpsleyfi (s. sändningstillstånd) og gefa upplýsingar um ábyrgðarmann til stjórnsýslustofnunarinnar *Radio- och TV-verket*. Aðrir fjölmiðlar geta einnig látið skrá sig sem fjölmiðlar hjá Radio- och TV-verket, m.a. ýmiss konar vefmiðlar. Kosturinn við að sækja um slíka skráningu er að þá telst starfsemin til fjölmiðlareksturs og fær miðillinn vernd sem slíkur. Meginreglan í sænskum lögum er sú að útgefandinn (s. utgivare) ber einn ábyrgð á því efni sem birt er. Höfundar einstakra efnisþátta prentmiðla bera því ekki slíka ábyrgð. Birtast fyrrgreindar reglur annars vegar í prentfrelsistilskipuninni (tryckfrihetsförordningen (TF)) þegar um er að ræða prentmiðla og í tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar (yttrandefrihetsgrundlagen (YGL)) þegar um er að ræða hljóð- og myndmiðla og vefmiðla (vefsetur).

Samkvæmt tjáningarfrelsisákvæðum sænsku stjórnarskrárinnar mega stjórnsýslustofnanir ekki hafa eftirlit með því efni sem birt er fyrir fram eða gera fjölmiðlum erfitt fyrir varðandi birtingu. Fjölmiðlar hafa jafnframt ákveðin réttindi samkvæmt stjórnarskránni, t.d. varðandi vernd heimildarmanna, auk þess sem ábyrgðarreglan um að ábyrgðarmaðurinn (s. utgivare) sé einn ábyrgur fyrir efni miðilsins gildir aðeins um fjölmiðla. Tvenns konar vefmiðlar njóta verndar samkvæmt tjáningarfrelsisákvæðum sænsku stjórnarskrárinnar, annars vegar gagnagrunnar (vefsvæði) og hins vegar vefmiðlar (vefhljóðvarp, vefsjónvarp og dagblöð sem dreift er í gegnum tölvupóst).

Af framangreindu má sjá að ábyrgðarreglur í fjölmiðlum eru ekki samhæfðar á Norðurlöndunum. Hins vegar eiga þær það sammerkt að útgefendur og/eða ritstjórar bera meginábyrgð á því efni sem miðlað er. Slíkri tilhögun er m.a. ætlað að varna því að fjölmiðlamenn stundi of mikla sjálfsritskoðun þar sem birting á umdeildu efni yrði þeim fjárhagslega þungbær. Jafnframt er rétt að benda á að á Norðurlöndunum eru slíkar ábyrgðarreglur nátengdar reglum um sjálfstæði ritstjórna, þannig að ritstjórar og aðrir fjölmiðlamenn eigi ekki á hættu að efni sé ekki birt vilji útgefandi ekki taka fjárhagslega ábyrgð á greiðslu sekta eða fébóta ef til þess kemur. Má í þessu sambandi minnast á ný lög um ritstjórnarlegt sjálfstæði sem sett voru í Noregi árið 2008 og tóku gildi í upphafi árs 2009. Í lögunum er öllum fjölmiðlum, hljóð- og myndmiðlum, prentmiðlum og vefmiðlum skylt að hafa ritstjóra sem ber ábyrgð á efninu og er hann jafnframt ábyrgur fyrir því að eigendur og aðrir forsvarsmenn fjölmiðilsins hafi ekki áhrif á efnistök og innihald miðilsins. Því má segja að ábyrgðarreglur til verndar blaðamönnum og heimildarmönnum þeirra ásamt reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði haldist í hendur um að tryggja innihald og gæði þess efnis sem ætlað er að móta lýðræðislega umræðu í þessum löndum.

Hér á landi er löng hefð fyrir því að flytjandi efnis í ljósvakamiðlum og höfundur ritefnis í prentmiðlum beri á því ábyrgð að nánari skilyrðum uppfylltum svo sem síðar greinir. Ekki þykir ástæða til að hverfa frá því fyrirkomulagi en með framangreind sjónarmið að leiðarljósi er lagt til að sett verði skýr ákvæði um að fjölmiðlaþjónustuveitendur beri ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hans kann að vera gert að greiða á grundvelli ábyrgðarákvæðanna. Þá er svo sem áður greinir lagt til með 24. gr. frumvarpsins að fjölmiðlaþjónustuveitendum sem hafa ritstjórn eða reka fréttastofu verði skylt að setja sér

reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði hennar. Í slíkum reglum er þá unnt að skerpa á þessum þáttum sem hluta af starfsskilyrðum starfsmanna viðkomandi fjölmiðils og starfsháttum sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna hans.

Reglum frumvarpsins um ábyrgð á efni fjölmiðla er skipað í tvö ákvæði, annars vegar ákvæði um ábyrgð á hljóð- og myndefni og hins vegar ákvæði um ábyrgð á ritefni. Þessi tvískipting helgast bæði af sögulegum ástæðum sem og þeim mun sem er á miðlunarformi í hvoru tilviki fyrir sig. Þrátt fyrir þessa tvískiptingu er ætlunin að samræma ábyrgð á efni fjölmiðla eftir því sem kostur er. Ákvæði frumvarpsins eru á sama hátt og ákvæði 26. gr. gildandi útvarpslaga um ábyrgð á útsendingu útvarpsefnis og ákvæði 15. gr. gildandi laga um prentrétt um ábyrgð á efni blaða og tímarita sértækar reglur um ábyrgð að þessu leyti. Þær eru því frábrugðnar því sem mundi gilda samkvæmt almennum reglum um refsi- og skaðabótaábyrgð að því leyti að þær mæla fyrir um það með nákvæmum hætti hver ber ábyrgð í hverju tilviki fyrir sig í stað þess að ábyrgð geti hvílt á hverjum þeim sem þátt á í broti hverju sinni. Þær gera þannig að meginstefnu, líkt og ákvæði gildandi laga, ráð fyrir því að einungis einn skuli gerður ábyrgur hverju sinni þó svo að sameiginleg ábyrgð geti komið til í ákveðnum tilvikum auk þess sem ábyrgð á bóta- eða sektargreiðslum hvílir á fjölmiðlaþjónustuveitanda í tilvikum þegar starfsmaður hans ber ábyrgð á efni samkvæmt ákvæðum frumvarpsgreinanna.

Nokkur munur er á ákvæði 26. gr. útvarpslaga annars vegar og ákvæði 15. gr. laga um prentrétt hins vegar. Hið fyrrnefnda er um margt skýrari en hið síðarnefnda þó svo að það hafi mótast nokkuð í framkvæmd auk þess sem tilhögun ábyrgðar er ekki í öllum tilvikum sambærileg.

Samkvæmt 1. málsl. a-liðar 26. gr. útvarpslaga ber sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ábyrgð á því. Þessi regla á sér hliðstæðu í 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt, en samkvæmt henni hvílir ábyrgð á höfundi ritefnis í blaði eða tímariti ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess heimilisfastur hér á landi þegar viðkomandi rit kemur út eða undir íslenskri lögsögu þegar mál er höfðað. Allnokkur reynsla er komin á það hvað teljist fullnægjandi nafngreining í þessu sambandi og verður nánar vikið að henni í athugasemdum við 51. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 3. málsl. a-liðar 26. gr. útvarpslaga ber hver sem tekur þátt í samtali í útvarpi í eigin nafni ábyrgð á sínu framlagi í því. Þetta ákvæði á sér ekki hliðstæðu í lögum um prentrétt og hafa höfundar blaða- og tímaritsgreina því verið taldir bera ábyrgð á ummælum viðmælenda sinna, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 328/2008, *Ásgeir Þór Davíðsson gegn Björk Eiðsdóttur og Guðrúnu Elínu Arnardóttur*. Þetta hefur valdið umtalsverðri gagnrýni og getur óhjákvæmilega leitt til þess að blaðamenn veigri sér við miðlun þess sem viðmælendur þeirra hafa fram að færa eða ritskoði það um of. Enn fremur skapar þessi staða óeðlilegt ójafnræði á milli þeirra sem starfa við hljóð- og myndmiðlun annars vegar og þeirra sem starfa við prentmiðlun hins vegar. Þannig getur komið upp sú staða að blaðamaður annars vegar og sjónvarpsfréttamaður hins vegar flytji efni frá sama blaðamannafundi. Hinn fyrrnefndi tekur það sem fram kemur upp á segulbandstæki og skrifar það svo í framhaldinu orðrétt upp og birtir í blaðagrein. Hinn síðarnefndi tekur það aftur á móti upp og sendir það út óbreytt eftir atvikum ásamt eigin útleggingu. Í fyrra tilvikinu ber blaðamaðurinn ábyrgð á öllu efni greinarinnar ef hann er nafngreindur sem höfundur hennar á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt, þ.m.t. því efni sem haft er beint eftir viðmælanda hans. Í síðara tilvikinu ber viðmælandinn hins vegar ábyrgðina á því sem hann segir á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. útvarpslaga. Með ákvæðum frumvarpsins er ætlunin m.a. að samræma ábyrgð á efni þannig að þess háttar staða skapist ekki.

Samkvæmt b-lið 26. gr. útvarpslaga ber flytjandi ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið. Regla þessi er efnislega óbreytt frá eldri lögum og í athugasemdum við frumvarp til útvarpslaganna 1971 segir að ábyrgð flytjanda svari til ábyrgðar ritstjóra sem birtir ritsmíð er hann kveður annan mann hafa samið, en ekki undir nafni hans. Ástæða þykir til að skerpa þessa reglu þar sem ljóst er að í sumum tilvikum er efni flutt af starfsmönnum hljóð- og myndmiðla án þess að þeir komi að samningu eða ákvarðanatöku um flutning þess og því nærtækara að viðkomandi efnisstjóri eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda beri ábyrgð í slíkum tilvikum. Þær breytingar sem lagðar eru til að þessu leyti eru nánar útlistaðar í athugasemdum við 50. gr. frumvarpsins.

Í c-lið 26. gr. útvarpslaga er skýrt tekið fram að auglýsandi beri ábyrgð á auglýsingu. Almennt bera auglýsingar í útvarpi eða sjónvarpi skýrlega með sér hver það er sem að henni stendur. Verði misbrestur á því er hlutaðeigandi útvarpsstöð skylt að gefa fullnægjandi upplýsingar þar um til hvers sem þess óskar. Ákvæði af þessu tagi er ekki að finna í lögum um prentrétt en ábyrgð hefur verið felld á auglýsendur á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laganna hafi þeir nafngreint sig með fullnægjandi hætti. Myndast hefur ákveðin dómaframkvæmd að þessu leyti svo sem fram kemur í dómi Hæstaréttar í máli nr. 491/2006, *Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason gegn Gunnari Hrafni Birgissyni og Gunnar Hrafn Birgisson gegn Jónasi Kristjánssyni, Mikael Torfasyni og 365 miðlum ehf.* Í dóminum kemur fram að mörkuð hafi verið sú stefna í dómaframkvæmd að gera minni kröfur til þess að höfundur teljist hafa nafngreint sig í skilningi 2. mgr. 15. gr. prentlaga þegar auglýsingar eiga í hlut en ella gildir um annað efni með þeim hætti að þótt ekki sé vísað til nafns höfundar eða auglýsanda í auglýsingu þá nægi að til staðar sé auðkenni sem beint eða óbeint vísaði til þess fyrirtæki sem óskar eftir birtingu auglýsingar eða fyrirsvarsmanns þess til þess að skilyrði 2. mgr. 15. gr. um nafngreiningu höfundar teljist uppfyllt. Þannig gilda ákveðin sérsjónarmið hvað auglýsingar varðar. Engu síður þykir rétt að taka af öll tvímæli í þessu sambandi og með ákvæðum frumvarpsins er ætlunin að skerpa og samræma ábyrgð á efni auglýsinga svo sem nánar verður útlistað í athugasemdum með ákvæðum 50. og 51. gr.

Samkvæmt d-lið 26. gr. útvarpslaga ber útvarpsstjóri ábyrgð á öðru efni. Sé útvarpsefni þar með ekki á ábyrgð neins þeirra sem tilgreindir eru í a–c-lið ber útvarpsstjóri á því ábyrgð. Ákvæði þetta á sér að sínu leyti hliðstæðu í ákvæði 3. mgr. 15. gr. laga um prentrétt um ábyrgð útgefanda eða ritstjóra dagblaðs eða tímarits.

Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga um prentrétt ber sá sem hefur blað eða tímarit til sölu eða dreifingar ábyrgð á efni þess sé hvorki fyrir nafngreindum höfundi, útgefanda eða ritstjóra að fara og loks sá sem annast hefur prentun þess eða letrun. Eðli málsins samkvæmt er ekki að finna sambærilegar reglur í gildandi útvarpslögum enda öll sú starfsemi sem þau taka til leyfisskyld og því ætti í öllum tilvikum að vera unnt að ná til einhvers framar í ábyrgðarröðinni. Ekki hefur fram til þessa reynt á ábyrgð svo aftarlega í ábyrgðarröð laga um prentrétt svo vitað sé.

Í 16. gr. laga um prentrétt er að finna sérreglu um það hvernig með skuli farið þegar ritstjórar eða eftir atvikum útgefendur eru fleiri en einn en einn þerra hefur tilgreint sig sérstaklega sem ábyrgðarmann. Þegar svo háttar til skal sá sem slíkt hefur gert einn sæta ábyrgð. Sambærilega reglu er ekki að finna í útvarpslögum enda almennt einungis einn útvarpsstjóri hjá þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum sem undir gildissvið þeirra falla.

Í e-lið 26. gr. útvarpslaga og 17. gr. laga um prentrétt er að finna ákveðnar reglur um samábyrgð á greiðslu sekta og fébóta og er ætlunin svo sem að framan var nefnt og útlistað

verður nánar í athugasemdum með 50. og 51. gr. að viðhalda slíkri tilhögun með samræmdum hætti.

Af framangreindu má ráða að nokkur munur er fyrirkomulagi ábyrgðar hljóð- og myndefnis annars vegar og ritefnis hins vegar að gildandi lögum. Með ákvæðum frumvarpsins er stefnt að því að samræma þetta fyrirkomulag eftir því sem kostur er auk þess sem ætlunin er að skerpa ákvæðin með tilliti til nýrra tegunda fjölmiðla og fjölbreyttara miðlunarforms. Ábyrgðarreglur frumvarpsins taka þannig til allra þeirra miðla sem teljast fjölmiðlar í skilningi þess.

Ábyrgðarreglur frumvarpsins eru eftir sem áður reistar á hinu svo kalla belgíska ábyrgðarkerfi, sem gerir ráð fyrir því að við eðlilegar aðstæður verði aðeins einn aðili gerður ábyrgur að lögum vegna tiltekins efnis fjölmiðils, þó svo að sameiginleg ábyrgð geti í tilteknum tilvikum komið til. Er þar jafnframt mælt fyrir um tiltekna ábyrgðarröð, þannig að ábyrgð eins aðila leysir jafnframt hina, sem aftar eru í röðinni undan ábyrgð. Tveir eða fleiri aðilar verða því einungis gerðir samábyrgir að þeir standi innan sama ábyrgðarflokks. Þeim ástæðum og rökum sem liggja að baki þessu kerfi, er svo lýst í greinargerð með frumvarpi til laga um prentrétt: „Ábyrgðakerfi þessu er ætlað *að* slá vörð um prentfrelsið með því að sporna við eftirgrennslan yfirvalda, hverjir kunni að eiga hlutdeild í því, sem ritað er, *að* ná með skjótum og virkum hætti til þess sem telst sekastur og *loks* sérstaklega að vernda nafnleynd höfundar og heimildarmanns. Heimild til nafnleyndar þessara aðilja teljast með réttu eitt veigamesta skilyrðið fyrir fullnægjandi starfrækslu blaða í lýðræðisþjóðfélagi og nafnleyndarrétturinn því mikilvægur fyrir prentfrelsi í reynd …“ Tilvitnuð rök standa enn og er umræddri tilhögun því sem fyrr ætlað að vernda bæði tjáningarfrelsi og rétt til upplýsinga sem og rétt þeirra sem á er brotið í umfjöllun fjölmiðla og skapa eðlilegt jafnvægi þar á milli.

Um 50. gr.

Greinin fjallar um ábyrgð á hljóð- og myndefni sem brýtur í bága við lög. Svarar efni greinarinnar til 26. gr. gildandi útvarpslaga og er svo sem að framan greinir á sama hátt og nefnd 26. gr. reist á hinu svokallaða belgíska ábyrgðarkerfi.

Í a-lið 1. mgr. er kveðið á um að þeir einstaklingar sem tjá sig í eigin nafni, flytja og/eða miðla efni sem þeir sjálfir hafa samið og/eða flytja efni samið af öðrum samkvæmt eigin ákvörðun beri á því ábyrgð sé viðkomandi heimilisfastur hér á landi eða lýtur íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Í gildandi lögum er sérstaklega áréttað að sambærileg ábyrgðarregla taki einnig til samtala sem fram fari í útvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) þannig að viðkomandi þátttakandi beri ábyrgð á sínu framlagi í slíkri samræðu. Með breyttu orðalagi a-liðar 1. mgr. er talið vafalaust að slík ábyrgð sé fyrir hendi. Í gildandi lögum er í b-lið 26. gr. kveðið á um að flytjandi beri ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið. Ekki er útilokað að þessi grundvöllur ábyrgðar leiði til ankannalegrar niðurstöðu. Það leiðir af eðli máls að flytjandi hlýtur sjálfur að þurfa að taka ákvörðun um að flytja tiltekið efni til að teljast ábyrgur fyrir efninu. Vera kann að flytjanda efnis sé gert skylt, t.d. sem starfsmanni fjölmiðlaþjónustuveitanda, að flytja tiltekið efni og þykir þá ekki rétt að hann beri á því ábyrgð. Vissulega munu koma upp takmarkatilvik við túlkun þessa og er útilokað að sjá þar allt fyrir. Verður slíkt því að mótast nánar í réttarframkvæmd. Þá er ábyrgð bundin við þau tilvik þegar viðkomandi einstaklingur er heimilisfastur hér á landi eða lýtur íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Þegar svo háttar til að viðkomandi einstaklingur lýtur ekki íslenskri lögsögu bera því viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustu-

veitanda ábyrgð á því efni sem um er að ræða á grundvelli c-liðar 1. mgr. Segja má að með breyttri framsetningu í a-lið 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar sé þess freistað að sameina a- og b-lið 26. gr. gildandi laga, en skýra jafnframt reglurnar og skerpa.

Í b-lið 1. mgr. er kveðið á um að kaupendur hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni, hvort heldur sem um einstaklinga eða lögaðila er að ræða, beri ábyrgð á efni þeirra, sé viðkomandi heimilisfastur hér á landi eða lýtur íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Að sínu leyti svarar ákvæðið til c-liðar 26. gr. gildandi útvarpslaga, þó að því gættu að reglunni er nú ætlað mun rýmra gildissvið, enda falla allar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni undir ákvæði frumvarpsins en ekki aðeins hefðbundnar auglýsingar, svo sem samkvæmt gildandi lögum. Þá er reglan skerpt þar sem viðkomandi fjölmiðlaþjónustuveitandi ætti í öllum tilvikum að geta upplýst hver kaupandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni er hverju sinni en vafi kann að leika á því í einhverjum tilvikum hver auglýsandi er samkvæmt gildandi lögum. Þá ætti reglan að fela í sér hvatningu til fjölmiðlaþjónustuveitenda um að halda slíkum upplýsingum til haga því ella ber viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda ábyrgð á efni hljóð- eða myndsendingar á grundvelli c-liðar. Hið sama gildir um hljóð- og myndsendingar ef kaupandi er ekki heimilisfastur hér á landi eða lýtur ekki íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Fjölmiðlaþjónustuveitendur þurfa því ávallt að gæta að því þegar þeir taka við auglýsingum frá slíkum aðilum að þær séu í samræmi við lög, ella ber viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður viðurlaga- og fébótaábyrgð á efni þeirra.

Í c-lið 1. mgr. er svo sem áður hefur komið fram lagt til að viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda beri ábyrgð á öðru efni, þ.e. því efni sem ekki fellur skýrlega undir a- og b-lið 1. mgr. Segja má að ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda komi í stað útvarpsstjóra samkvæmt gildandi lögum og er einungis um breytta hugtakanotkun að þessu leyti að ræða ekki efnisbreytingu. Þá þykir eðlilegt að viðkomandi efnisstjóri geti einnig orðið ábyrgur enda ljóst að ákvarðanir um efnisval hvíla á honum og er um efnisbreytinga að ræða að því leyti. Hér er því lagt til að efnisstjóri og ábyrgðarmaður geti verið samábyrgir að þessu leyti en þeir falla samkvæmt ákvæðinu innan sama ábyrgðarflokks. Með viðkomandi efnisstjóra er eðli málsins samkvæmt átt við þann efnisstjóra sem ábyrgð bar á vali þessi efnis sem um er að ræða hverju sinni, en hjá hverjum og einum fjölmiðlaþjónustuveitanda starfa gjarnan margir efnisstjórar hver á sínu sviði. Í sumum tilvikum er engum efnisstjóra til að dreifa og er ábyrgðarmaður þá einn ábyrgur. Ábyrgðarmaður skal í öllum tilvikum hafa heimilisfesti hér á landi, vera lögráða og fjár síns ráðandi, sbr. 3. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins, og því á ávallt að vera tryggt að fyrirfinnist einstaklingur sem ber ábyrgð á efni hverju sinni.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fjölmiðlaþjónustuveitandi beri ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hans kunni að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein. Regla þessi sem nú er í e-lið 26. gr. gildandi útvarpslaga var nýmæli við lögtöku þeirra árið 2000. Þau rök sem bjuggu að baki lögtöku hennar þá voru fyrst og fremst að tryggja réttaröryggi þeirra sem brotið er gegn. Reglan hefur þó ótvírætt víðtækara gildi en svo, eins og rakið er hér að framan. Þannig varnar hún því að fjölmiðlamenn stundi óheppilega sjálfsritskoðun með það í huga að birting á umdeildu efni kunni að reynast þeim fjárhagslega þungbær og eflir þannig tjáningarfrelsi og stuðlar að lýðræðislegri umræðu. Þá geta fjölmiðlaþjónustuveitendur eflt gildi hennar að þessu leyti enn frekar með því að kveða á um það í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði, sbr. 24. gr. frumvarpsins, að starfsmenn þeirra verði ekki endurkrafðir að þessu leyti. Ekki þykir hins vegar nauðsynlegt að viðhalda reglu

e-liðar 26. gr. gildandi laga um að innheimta megi fésektir og skaðabætur hjá útvarpsstöð með fjárnámi enda leiðir slíkt af almennum reglum.

Loks er í 3. mgr. kveðið á um þá skyldu fjölmiðlaþjónustuveitanda að veita hverjum þeim sem telur á sér brotið með miðlun hljóð- eða myndefnis upplýsingar um það hver beri ábyrgð á efninu. Sambærileg regla er í 1. mgr. 27. gr. gildandi útvarpslaga en samræmisins vegna þykir fara betur á því að henni sé komið fyrir með þessum hætti. Á grundvelli þessa ákvæðis ber fjölmiðlaþjónustuveitendum t.d. að veita upplýsingar um það hver kaupandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni er hverju sinni sem og hver viðkomandi efnisstjóri er í þeim tilvikum þegar það á við.

Um 51. gr.

Í greininni er kveðið á um ábyrgð á ritefni, hvort sem því er miðlað á prenti eða með rafrænum hætti. Svarar efni greinarinnar til 15. gr. gildandi laga um prentrétt en það er sem að framan greinir meginákvæði laganna um ábyrgð á efni blaða og tímarita. Frumvarpsgreinin er á sama hátt og ákvæði gildandi laga reist á hinu svokallaða belgíska ábyrgðarkerfi þó lagt sé til nokkuð breytt ábyrgðarfyrirkomulag.

Í a-lið 1. mgr. er kveðið á um að einstaklingar beri ábyrgð á efni sem þeir rita í eigin nafni eða merkja með augljósum hætti sé viðkomandi heimilisfastur hér á landi eða lýtur íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Skv. 2. mgr. 15. gr. gildandi laga um prentrétt ber höfundur refsi- og fébótaábyrgð á efni rits ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenskri lögsögu, þegar mál er höfðað. Talsvert hefur reynt á það í framkvæmd hvað teljist fullnægjandi nafngreining að þessu leyti og hefur Hæstiréttur Íslands markað afgerandi stefnu. Þannig hefur rétturinn gert mjög ríkar kröfur til nafngreiningar svo að hún fullnægi skilyrði laganna og gildir þá einu þótt höfundurinn vilji í reynd gangast við ábyrgð sinni frammi fyrir dómi. Eins og fram hefur komið í mörgum dómum Hæstaréttar hefur verið byggt á því að fullt nafn höfundarins komi fram með greininni. Það táknar m.a. að eftirnafn verður að koma fram ásamt skírnarnafni. Þannig hefur Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að skammstöfun dugi ekki í þessu sambandi, jafnvel þó öllum sé ljóst um hvern er að ræða, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 110/1975, 44/1976 og 299/1994. Hið sama gildir um gælunöfn, en hins vegar virðist vera á reiki hvort alþekkt höfundarnöfn eða listamannsnöfn teljist fullnægjandi nafngreining, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 163/1977 og 49/1977. Aðstæður stefndu í báðum þessum málum voru sambærilegar að því leyti, að báðir höfðu þeir notað skírnarnöfn sín ein sem listamannsnöfn. Alls ekki fór á milli mála að báðir voru þeir vel kunnir undir sínum höfundarnöfnum, annar sem teiknari skopmynda í stærsta dagblaði þjóðarinnar en hinn sem rithöfundur. Engu síður taldist nafngreiningin fullnægjandi í öðru tilvikinu en ekki í hinu, en dómarnir gengu með mánaðar millibili.

Með a-lið 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er ætlunin að uppræta þær ströngu kröfur sem gerðar hafa verið til nafngreiningar og eyða óvissu að þessu leyti. Þannig telst það fullnægjandi ef efni er merkt einhverjum með augljósum hætti, svo sem með mynd, höfundarnafni, skammstöfun, netfangi eða öðrum sambærilegum hætti, þó svo að viðkomandi sé ekki nafngreindur með bæði skírnar- og eftirnafni. Útgangspunkturinn er sá að ljóst megi vera eftir almennum mælikvarða um hvern er að ræða. Eftir sem áður telst almenn og víðtæk auðkenning á borð við „húsmóðir í Vesturbænum“, „góður Austfirðingur“, „maður af Skaganum“ eða annað því um líkt þó ekki fullnægjandi í þessu tilliti nema hugsanlega að ljóst megi vera um hvern er að ræða.

Í a-lið 1. mgr. kemur jafnframt fram að sé ritefni haft beint eftir nafngreindum einstaklingi beri sá sem það er haft eftir ábyrgð á eigin ummælum hafi hann samþykkt miðlun þeirra og sé hann annaðhvort heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Að forsendum þess að lagt er til að regla þessi verði í lög leidd er vikið hér að framan og vísast til þess. Sönnunarbyrðina fyrir því að viðkomandi hafi samþykkt miðlun þeirra ummæla sem um er að ræða ber sá sem því heldur fram, væntanlega jafnan sá sem ábyrgð mundi ella falla á. Ætla má að fjölmiðlafólk geti tryggt sér sönnun að þessu leyti með einföldum hætti, svo sem með því að afla staðfestingar í tölvupósti eða með öðrum sambærilegum hætti.

Hvað ábyrgð á efni fyrirsagna varðar er rétt að taka fram að ekki er lagt til að kveðið verði á um það með sérstökum hætti og mun því sama gilda að því leyti og nú tíðkast í framkvæmd. Þannig ber sá sem grein er merkt ábyrgð á efni þeirra fyrirsagna sem henni fylgja beinlínis nema annað sé tekið fram. Öðru máli kann hins vegar að gegna um þær fyrirsagnir sem birtar eru á öðrum stöðum í viðkomandi fjölmiðli en vísa til efnis greinarinnar og ræðst það af atvikum hverju sinni. Á grundvelli 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar ber fjölmiðlaþjónustuveitanda svo ávallt að upplýsa þann sem telur á sér brotið um það hver ber ábyrgð á fyrirsögnum hverju sinni.

Í b-lið 1. mgr. er kveðið á um að kaupandi viðskiptaorðsendingar, hvort heldur sem um einstakling eða lögaðila er að ræða, beri ábyrgð á efni hennar sé hann heimilisfastur hér á landi eða lýtur íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Svo sem áður greinir hefur um auglýsingar verið vísað til 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt fram til þessa og því gerð krafa um nafngreiningu auglýsanda til þess að á hann verði felld ábyrgð á efni hennar þó svo að kröfur til nafngreiningar séu um sumt vægari en þær sem að framan er lýst um höfunda. Þykir því rétt að taka ótvírætt af skarið að þessu leyti og fella ábyrgð á efni viðskiptaorðsendingar í ritefni á kaupanda hennar. Eftir sem áður er þó ábyrgð bundin við að kaupandi sé heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Ef svo er ekki fellur ábyrgð á viðkomandi efnisstjóra og/eða ábyrgðarmann fjölmiðlaþjónustuveitanda á grundvelli c-liðar 1. mgr.

Að því er áskilnað um heimilisfesti eða íslenska lögsögu á öðrum grundvelli skv. a- og b-lið 1. mgr. varðar vísast til þess sem fram kemur í athugasemdum við 50. gr. frumvarpsins að breyttu breytanda.

Í c-lið 1. mgr. er svo sem áður hefur komið fram lagt til að viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda beri ábyrgð á öðru efni, þ.e. því efni sem ekki fellur skýrlega undir a- og b-lið 1. mgr. Segja má að efnisstjóri komi í stað ritstjóra skv. 3. mgr. 15. gr. gildandi laga og ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda í stað útgefanda og er því einungis um breytta hugtakanotkun að þessu leyti að ræða. Hér er hins vegar lagt til að efnisstjóri og ábyrgðarmaður geti verið samábyrgir að þessu leyti en það er breyting frá því sem nú gildir þar sem ábyrgð ritstjóra tæmir ábyrgð útgefanda og öfugt. Með viðkomandi efnisstjóra er eðli málsins samkvæmt átt við þann efnisstjóra sem ábyrgð bar á vali þess efnis sem um er að ræða hverju sinni, en hjá hverjum og einum fjölmiðlaþjónustuveitanda starfa gjarnan margir efnisstjórar hver á sínu sviði. Í sumum tilvikum er engum efnisstjóra til að dreifa og er ábyrgðarmaður þá einn ábyrgur. Ábyrgðarmaður skal í öllum tilvikum hafa heimilisfesti hér á landi, vera lögráða og fjár síns ráðandi, sbr. 3. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins, og því á ávallt að vera tryggt að fyrirfinnist einstaklingur sem ber ábyrgð á efni hverju sinni.

Í 3. mgr. 15. gr. gildandi laga um prentrétt ber sá sem hefur rit til sölu eða dreifingar, og loks sá sem annast hefur prentun þess eða letrun, ábyrgð á efni þess sé hvorki fyrir að fara

nafngreindum höfundi, útgefanda eða ritstjóra. Ákvæði þetta er að sínu leyti barn síns tíma og á það hefur ekki reynt í framkvæmd svo vitað sé. Ekki þykir sérstök ástæða til að viðhalda því enda fær vart staðist að um fjölmiðil í skilningi frumvarpsins sé engum framar í röðinni fyrir að fara, sbr. t.d. 3. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins, og því óeðlilegt að hinar sérstöku ábyrgðarreglur taki til slíks ritefnis. Um það gilda því almennar reglur og getur ábyrgð í slíkum tilvikum þannig náð til allra sem á einhvern hátt hafa tekið þátt í miðlun slíks ritefnis með saknæmum hætti.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fjölmiðlaþjónustuveitandi beri ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hans kunni að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein. Regla þessi á sér nokkra samsvörun í 17. gr. gildandi laga um prentrétt en er þó víðtækari en þar er kveðið á um. Um þau rök sem að baki reglunni búa er fjallað í athugasemdum við 2. mgr. 50. gr. frumvarpsins og vísast til þess sem þar kemur fram hér að breyttu breytanda.

Loks er í 3. mgr. kveðið á um þá skyldu fjölmiðlaþjónustuveitanda að veita hverjum þeim sem telur á sér brotið með miðlun ritefnis upplýsingar um það hver beri ábyrgð á efninu. Á grundvelli þessa ákvæðis ber fjölmiðlaþjónustuveitendum t.d. að veita upplýsingar um það hver kaupandi viðskiptaorðsendingar er hverju sinni sem og hver viðkomandi efnisstjóri er í þeim tilvikum sem það á við.

Um 52. gr.

Efni frumvarpsgreinarinnar er tvíþætt en þó af sama meiði. Annars vegar er í 1. mgr. skipað heimild fjölmiðlanefndar til að banna með ákvörðun miðlun efnis sem er andstætt lögum, og þá jafnt fjölmiðlalögum sem og öðrum lögum sem við geta átt. Til slíks banns kæmi þó ekki nema að undangenginni lögmæltri málsmeðferð, sbr. 11. og 12. gr. frumvarpsins. Heimild í þessa veru er nú í 3. málsl. 5. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga. Skv. 53. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að fjölmiðlanefnd geti lagt dagsektir á hvern þann sem vanrækir að verða við ákvörðun nefndarinnar um slíkt bann, en brot á þessu banni getur jafnframt varðað stjórnvaldssekt skv. 54. gr. og/eða refsingu skv. 56. gr. eða eftir atvikum öðrum lögum.

Í 2. mgr. er fjölmiðlanefnd hins vegar heimilað að ganga skrefinu lengra og afturkalla útgefið leyfi til hljóð- og myndmiðlunar vegna alvarlegra og ítrekaðra brota á ákvæðum frumvarpsins. Sambærilegt ákvæði um útvarpsleyfi er nú í 31. gr. gildandi útvarpslaga.

Um 53. gr.

Í greininni er lagt til það nýmæli að fjölmiðlanefnd og eftir atvikum Póst- og fjarskiptastofnun geti lagt á dagsektir til þess að knýja á um fylgni við ákvæði laganna eða ákvarðanir stofnananna í einstökum málum. Sambærilegt úrræði er og hefur um árabil verið til staðar á ýmsum sviðum stjórnsýslunnar og gefist vel í framkvæmd. Segja má að með þessu úrræði sé eðlileg eftirfylgni tryggð en meðalhófs þó gætt í því sambandi.

Lagt er til að dagsektir geti numið allt að 200.000 kr. á dag. Ákvörðun þar að lútandi byggist á mati fjölmiðlanefndar í hverju tilviki fyrir sig og tekur eðli málsins samkvæmt mið af eðli og umfangi þess brots sem um er að ræða.

Samkvæmt 1. mgr. varða þau brot sem ætlunin er að beita dagsektum vegna einkum vanrækslu á upplýsingagjöf af ýmsum toga samkvæmt viðeigandi ákvæðum frumvarpsins og vanrækslu á að verða við tilgreindum ákvörðunum fjölmiðlanefndar. Í 2. mgr. er síðan

mælt fyrir um afmarkaðar heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að leggja á dagsektir vegna athafnaleysis og/eða brota á fyrirmælum VII. kafla um flutningsreglur.

Í 3. mgr. er loks kveðið á um að ákvörðun um dagsektir skuli tilkynnt bréflega og á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Eðli máls samkvæmt ber að fylgja málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, við ákvörðun um beitingu dagsekta. Þá má leiða það sjónarmið af dómaframkvæmd og meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga að áður en íþyngjandi þvingunarúrræði svo sem dagsektum er beitt beri fyrst að leita vægari úrræða til að ná því markmiði sem að er stefnt. Ber því almennt að áminna aðila og veita honum hæfilegan frest til að koma málum í lögmætt horf áður en ákvörðun um dagsektir er tekin, nema ljóst sé að slíkt muni ekki skila tilætluðum árangri.

Grein þessi þarfnast að öðru leyti ekki frekari skýringa.

Um 54. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um stjórnvaldssektir sem fjölmiðlanefnd og í ákveðnum tilvikum Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað að leggja á vegna nánar tiltekinna brota á ákvæðum frumvarpsins. Heimild þessi nær þó aðeins til lögaðila, en um ábyrgð einstaklinga fer skv. 56. gr. frumvarpsins. Sambærilegt ákvæði er í 30. gr. gildandi útvarpslaga en slíku úrræði er ekki fyrir að fara í gildandi lögum um prentrétt. Um rökin fyrir beitingu stjórnvaldssekta í stað hefðbundinna refsinga má árétta það sem fram kom í athugasemdum við frumvarp til gildandi útvarpslaga þegar stjórnvaldssektir við brotum af þessum vettvangi voru fyrst í lög leidd. Þessi brot þykja almennt séð vera þess eðlis að ekki sé ástæða til að þau sæti meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Þá þykir úrræði af þessum toga skjótvirkara og líklegra til skilvirkrar beitingar verði frumvarpið að lögum.

Í 56. gr. frumvarpsins er fjallað um refsingar vegna brota á ákvæðum frumvarpsins. Þar eru talin upp mörg sömu brot og samkvæmt þessu ákvæði verður brugðist við með stjórnvaldssektum. Með ákvæði 57. gr. er brugðist við þessu og samræmis gætt á þann hátt að fjölmiðlanefnd er falið að meta hvort meint brot á lögunum skuli kært til lögreglu. Meiri háttar brot er skylt að kæra, en almennt verður á hinn bóginn að gera ráð fyrir að minni háttar brot séu ekki kærð, enda má færa fyrir því rök að stjórnvaldssektir séu í flestum tilvikum líklegri til að ná fram markmiðum laganna en hefðbundin refsing.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er í a–r-lið gerð grein fyrir þeim brotum á lögunum sem varðað geta stjórnvaldssektum. Vísast til greinarinnar sjálfrar um nánari tilgreiningu þar að lútandi.

Í 2. mgr. er lagt til að fjölmiðlanefnd leggi stjórnvaldssektir á bæði seljanda og kaupanda ef þeir vanrækja að tilkynna um eigendaskipti að fjölmiðlaþjónustuveitanda, sbr. 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Þannig er um að ræða sérstakt viðurlagaákvæði til að fylgja eftir ákvæðum frumvarpsins um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlaþjónustuveitendum. Er með þessu undirstrikað mikilvægi þess að slík eigendaskipti séu tilkynnt í samræmi við ákvæði frumvarpsins til þess að fjölmiðlanefnd geti rækt það hlutverk sitt að halda almenningi upplýstum um eignarhald á fjölmiðlaþjónustuveitendum.

Samkvæmt 3. mgr. leggur Póst- og fjarskiptastofnun stjórnvaldssektir á þá sem brjóta gegn ákvæði 4. og/eða 5. mgr. 45. gr. um flutningsrétt. Er þetta fyrirkomulag til samræmis við þá tilhögun frumvarpsins að sú stofnun fari með stjórnsýslulega eftirfylgni flutningsreglna skv. VII. kafla þess.

Í 4. mgr. er lagt til að sektir geti numið allt að 10 millj. kr. Nauðsynlegt er að setja í lögin þak á fjárhæð þeirra sekta sem viðkomandi stjórnvaldi er heimilt að leggja á en því á hinn bóginn ætlað umtalsvert svigrúm til sektarákvarðana innan þeirra marka. Þá kemur fram að við ákvörðun sektar skuli m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaþjónustuveitanda af broti þegar það á við.

Í 5. mgr. er loks lagt til að heimilt verði að falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða ef af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta. Einkum er gert ráð fyrir að þessari heimild verði beitt þegar um afar smávægileg brot er að ræða eða af öðrum sambærilegum ástæðum er ekki talin ástæða til að beita stjórnvaldssekt. En slík tilvik geti komið upp að fjölmiðlanefnd telji engu að síður ástæðu til að fjalla um málefni er varða starfsemi eftirlitsskyldra aðila án þess að til viðurlaga komi. Í slíku áliti geta falist leiðbeinandi tilmæli um þætti sem betur mættu fara í starfsemi fjölmiðilsins.

Í 7. mgr. er lagt til að heimilt verði að mæla fyrir um birtingu ákvörðunar að hluta eða í heild. Birtingin skal fara fram með þeim hætti og í þeim mæli sem sanngjarnt má teljast og skal hinn brotlegi annast og kosta birtinguna. Þar sem um fjölmiðla er að ræða þykir þessi tilhögun ekki vera fjárhagslega íþyngjandi fyrir fjölmiðlana, enda er mælst til þess að þeir birti ákvörðunina í sínum eigin miðli.

Um 55. gr.

Í greininni er fjallað með heildstæðum hætti um fullnustu ákvarðana fjölmiðlanefndar, málskot til dómstóla, tímafresti o.fl.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ákvarðanir fjölmiðlanefndar séu fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslusviði og sæti ekki stjórnsýslukæru. Ekki er um breytingu að ræða frá núverandi skipan að því er hljóð- og myndmiðla varðar því úrskurðir útvarpsréttarnefndar sæta ekki kæru innan stjórnsýslunnar. Sambærilegri tilhögun er nú ekki fyrir að fara á vettvangi annarra fjölmiðla. Með þessu er jafnframt lögð áhersla á sjálfstæði fjölmiðlanefndar en svo sem ítarlega er rakið hér að framan er það lykilatriði að hún sé sjálfstæð og óháð pólitískum afskiptum í störfum sínum. Eftir sem áður geta þeir aðilar sem það kjósa þó höfðað mál til ógildingar á einstökum ákvörðunum nefndarinnar fyrir dómstólum. Lagt er til að sá réttur sæti ekki öðrum takmörkunum en þeim að mál sé höfðað innan sex mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun hennar. Málshöfðunarfrestir af þessum toga eru ekki einhlítir að lögum og í sumum tilvikum er gert ráð fyrir að þeir nemi aðeins þremur mánuðum. Almenna reglan er þó sú að ekki er í lögum kveðið sérstaklega á um slíka fresti.

Þegar horft er til eðlis þeirrar starfsemi sem hér er fjallað um og þeirra ákvarðana sem fjölmiðlanefnd er ætlað að taka hennar vegna þykja ákveðin rök standa til þess að málsmeðferð verði hraðað svo sem kostur er og endanlegar ákvarðanir liggi fyrir sem fyrst. Er því gerð tillaga um sérstakan málshöfðunarfrest. Þeir hagsmunir sem hér á reynir eru þó ekki það ríkir að rétt þyki að leggja til skemmri málshöfðunarfrest en sex mánuði, og er þá miðað við birtingu ákvörðunar, enda verður talið að með því sé gætt fyllsta réttaröryggis, sem og þeirra hagsmuna er felast í því að endanleg ákvörðun í máli fáist fyrr en síðar. Þá er þess að gæta að ekki er gert ráð fyrir því að málshöfðun fresti réttaráhrifum ákvarðana fjölmiðlanefndar nema í þeim tilvikum sem um getur í 6. mgr. greinarinnar. Er sú tilhögun í samræmi við almennar reglur.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ákvarðanir fjölmiðlanefndar um stjórnvalds- og dagsektir séu aðfararhæfar en sambærilegt ákvæði er í 3. mgr. 30. gr. gildandi útvarpslaga um aðfararhæfi

stjórnvaldssekta. Innheimtar stjórnvalds- og dagsektir skulu svo renna til ríkissjóðs að teknu tilliti til kostnaðar við innheimtuna.

Í 3. mgr. er kveðið á um að stjórnvaldssektir samkvæmt lögunum beri dráttarvexti og í 4. mgr. að þeim verði beitt óháð því hvort brot séu framin af ásetningi eða gáleysi.

Í 5. mgr. kemur fram að óinnheimtar dagsektir falli ekki sjálfkrafa niður þrátt fyrir að aðili sinni síðar þeim skyldum sem á honum hvíla. Hins vegar er gert ráð fyrir því að fjölmiðlanefnd geti fellt slíkar dagsektir niður með sérstakri ákvörðun þar að lútandi.

Í 6. mgr. er ákvæði þess efnis að óheimilt sé að innheimta dagsektir í þeim tilvikum þegar mál er höfðað til ógildingar á slíkri ákvörðun. Nánari skilyrði eru útfærð í málsgreininni en þess er m.a. krafist að óskað sé flýtimeðferðar til reksturs slíks máls.

Um 56. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar eru talin upp í a–t-lið þau brot á ákvæðum frumvarpsins sem varðað geta refsingu í hefðbundnum skilningi. Skv. 28. gr. gildandi útvarpslaga er meginreglan sú að brot gegn lögunum varði aðeins fésektum en alvarleg og ítrekuð brot geti varðað fangelsi. Samkvæmt gildandi lögum um prentrétt varða brot á einstökum ákvæðum þeirra ýmist eingöngu sektum eða sektum og fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar. Tilhögun 1. mgr. þessarar greinar er á þá leið að umrædd brot skuli sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar, en umrædd brot eru þess eðlis að fullnægjandi þykir að þau varði fangelsi allt að sex mánuðum þegar svo háttar til. Um sektarákvarðanir samkvæmt ákvæðinu gildir refsirammi almennra hegningarlaga hverju sinni. Um einstök brot vísast til frumvarpsgreinarinnar. Í 2. mgr. greinarinnar er svo sérstaklega áréttað að sé brot framið í starfsemi lögaðila megi gera honum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

Um 57. gr.

Með greininni er lagt til ákveðið verklag þegar brot getur varðað jafnt stjórnvaldssekt og refsingu. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að mál sæti aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru fjölmiðlanefndar en Póst- og fjarskiptastofnunar þegar um brot á VII. kafla frumvarpsins er að ræða. Fyrirmynd að þessu verklagi er að finna í nýlegum breytingum á samkeppnislögum og er í samræmi við það markmið að samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem refsing og stjórnsýsluviðurlög eru lögbundin sem viðurlög við broti þannig að ekki komi til þess að mál sama aðila verði rannsakað á sama tíma hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig skuli fara með brot sem bæði geta varðað refsiábyrgð fyrir einstakling og lögaðila. Í þeim tilvikum er lagt til að stofnanirnar meti með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða hvort máli verður vísað til lögreglu að hluta eða í heild. Þannig er gert ráð fyrir því að unnt verði að kæra til lögreglu ýmist þann hluta málsins sem varðar refsiábyrgð einstaklings eða lögaðila eða eftir atvikum málið í heild. Rétt þykir að það komi í hlut viðkomandi stjórnvalds að meta hvort ljúka beri máli í heild eða að hluta með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu sem mun rannsaka þau mál og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra.

Í 3. mgr. er kveðið á um að um ákvörðun fjölmiðlanefndar eða eftir atvikum Póst- og fjarskiptastofnunar um að kæra mál til lögreglu gildi ekki ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 4. mgr. greinarinnar er loks mælt fyrir um að ákæranda sé heimilt að senda eða endursenda fjölmiðlanefnd eða Póst- og fjarskiptastofnun, eftir því sem við á, mál sem varða brot gegn reglum frumvarpsins til meðferðar og ákvörðunar. Mögulegt er að lögregla og ákærandi fái upplýsingar um meint brot við rannsókn annarra mála. Er því nauðsynlegt að kveða á um heimild til handa ákæranda til þess að senda slík mál til viðkomandi stjórnvalds. Enn fremur er gert ráð fyrir því að ákærandi geti endursent mál sem viðkomandi stofnun hefur kært til lögreglu telji hann ekki tilefni til málshöfðunar.

Um 58. gr.

Greinin er nýmæli en með henni er lagt til að lögfestur verði þagnarréttur til handa þeim sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot. Ákvæðið er í samræmi við almenn sjónarmið að þessu leyti og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 59. gr.

Ákvæði greinarinnar á sér efnislega samsvörun í 1. mgr. 22. gr. laga um prentrétt en er nýmæli í löggjöf um hljóð- og myndmiðla. Almennt ákvæði af sama meiði er þó að finna í 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, að því er meiðyrðamál varðar en þar kemur fram að dæma megi þann sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun til þess að greiða þeim sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleiri.

Í 1. mgr. er kveðið á um að sé fjölmiðlaþjónustuveitanda eða öðrum þeim sem ábyrgð ber á efni samkvæmt ákvæðum frumvarpsins dæmd refsing, ummæli ómerkt eða fébætur dæmdar megi ákveða í dómi, að viðlögðum dagsektum, eftir kröfu þess sem misgert er við, að forsendur og dómsorð skuli birt þegar um ritmiðil er að ræða eða grein gerð fyrir þeim þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða.

Í 2. mgr. er svo að finna fyrirmæli um það hvernig staðið skuli að birtingu eða umfjöllun að þessu leyti. Lagt er til að þegar um ritmiðil er að ræða skuli birta dómshlutann með sama hætti og annað efni viðkomandi miðils og á þeim stað, að eftir verði tekið og þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða skuli grein gerð fyrir honum á þeim tíma þegar hlustun eða áhorf er mest.

Rétt er að taka fram að sambærileg fyrirmæli og fram koma í 2. mgr. 22. gr. gildandi laga um prentrétt er ekki að finna í frumvarpsgreininni. Ekki verður séð að þörf sé á að mæla fyrir um að birting skuli fara fram svo skjótt sem gert er í 2. mgr. nefndrar 22. gr. þar sem kveðið er á um dagsektir að þessu leyti í frumvarpsgreininni. Enn fremur verður að telja óeðlilegt að leggja slíka skyldu á áður en aðfararfrestur er liðinn. Þá verða slík tímamörk ekki talin hafa úrslitaþýðingu þar sem ljóst er að allnokkur tími mun vera liðinn frá því að ummæli féllu. Enn fremur er ekki lagt til að mælt verði fyrir um það sérstaklega svo sem gert er í 3. mgr. 22. gr. gildandi laga um prentrétt að viðkomandi dómshluti skuli birtur án endurgjalds enda ljóst að þess verður ekki krafist fyrir birtingu eða umfjöllun samkvæmt dómi þegar dómsorð gerir ekki ráð fyrir slíku.

Um X. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði af tvennum toga. Í 60. og 61. gr. eru settar skorður við óheimilli hagnýtingu fjölmiðlaefnis og aðgangi að hljóð- og myndefni. Í 62. gr. er um að ræða almenna

heimild til setningar reglugerðar. Sambærileg ákvæði eru nú í XI. kafla gildandi útvarpslaga en hafa samkvæmt frumvarpinu eðli málsins samkvæmt víðtækari skírskotun.

Um 60. gr.

Í greininni er fjallað um óheimila hagnýtingu fjölmiðlaefnis. Ákvæðið á að sínu leyti efnislega samstöðu með ákvæði 32. gr. gildandi útvarpslaga en frumvarpsgreininni er hins vegar ætlað að ná jafnt til alls fjölmiðlaefnis. Fyrrnefnt ákvæði gildandi útvarpslaga kom inn í löggjöf á þessum vettvangi við gildistöku útvarpslaga, nr. 19/1971, en í athugasemdum við frumvarp sem varð að þeim lögum er tiltekið að það hafi áður verið að finna í reglugerð um útvarpsrekstur ríkisins. Það var efnislega óbreytt í útvarpslögum, nr. 68/1985, sem og í 32. gr. gildandi laga. Í athugasemdum við frumvarp er varð að lögum nr. 68/1985 segir að ákvæðið tengist ýmsum ákvæðum V. kafla höfundalaga, nr. 73/1972, einkum 48. gr. Í 48. gr. laganna er kveðið á um réttindi útvarpsstofnana. Þar er kveðið á um að án samþykkis útvarpsstofnunar sé óheimilt endurvarp á útvarpi og dreifing þess um þráð, upptaka endurflutnings á útvarpi, birting á sjónvarpi í atvinnuskyni eða ávinnings og eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps og það að birta slíka upptöku. Ljóst er því að um nokkra skörun við umrætt ákvæði höfundalaga er að ræða. Með breyttu gildissviði ákvæðisins er að sama skapi ljóst að það skarast við önnur ákvæði höfundalaga en fjölmiðlaefni nýtur í mörgum tilvikum höfundarréttarverndar. Engu síður þykir rétt að hafa ákvæði af þessum toga af löggjöf á þessum vettvangi enda ljóst að gildissvið þess á því sviði er rýmra en höfundalaga. Þannig tekur ákvæðið t.d. til óheimillar hagnýtingar hljóð- og myndefnis eftir pöntun sem tilvitnuð ákvæði höfundalaga gera að óbreyttu ekki auk þess sem það tekur til óheimillar hagnýtingar fjölmiðlaefnis sem ekki telst afrakstur andlegrar sköpunar og nýtur því ekki höfundarréttarverndar. Rétt er að taka fram að brot á ákvæðinu varða bæði stjórnvaldssektum skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess. Þá er á grundvelli 58. gr. unnt að gera upptæka hluti og búnað sem notaðir hafa verið við brot á ákvæðinu sem og ávinning sem aflað hefur verið með slíku broti.

Um 61. gr.

Í greininni er fjallað um óheimilan aðgang að hljóð- og myndefni. Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 33. gr. gildandi útvarpslaga að teknu tilliti til rýmkaðs gildissviðs frumvarpsins að því er hljóð- og myndmiðlun varðar. Ákvæði þetta var tekið upp í útvarpslög, nr. 68/1985, með lögum nr. 98/1995 sem breyttu þeim lögum og var ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/84/EB um lögvernd þjónustu sem byggist á eða hefur í sér fólginn skilyrtan aðgang. Ákvæðið skarast við ákvæði 50. gr. b höfundalaga, nr. 73/1972, um tæknilegar ráðstafanir en hefur sjálfstætt gildi gagnvart öðrum hagsmunum en þeim sem höfundalögum er ætlað að vernda. Þykir því rétt að viðhalda því í löggjöf á þessum vettvangi. Rétt er að taka fram að brot gegn ákvæðinu varða stjórnvaldssektum skv. 54. gr. frumvarpsins og refsingu skv. 56. gr. þess.

Um 62. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir almennri heimild mennta- og menningarmálaráðherra til að setja reglugerð.

Svo sem fram kemur í 1. mgr. er um almenna heimild að ræða en jafnframt áréttaðir nokkrir mikilvægir þættir laganna sem til álita kemur að útfæra nánar í formi reglugerðar. Þar er þó fráleitt um tæmandi talningu að ræða og því verður ekki gagnályktað frá ákvæði

1. mgr. Þykir fara betur á því að safna öllum þeim atriðum sem lúta að nánari reglusetningu saman á einn stað fremur en að tilmæli í þá veru finnist á víð og dreif í lögunum eins og oft þekkist raunar.

Í 1. mgr. ákvæðisins er þannig mælt fyrir um heimild mennta- og menningarmálaráðherra til þess að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstaka kafla þeirra. Er þetta síðan útfært frekar í sjö stafliðum með nánari skírskotun til einstakra atriða og efnisþátta í III.–IX. kafla.

Í 2. mgr. er kveðið á um að áður en til setningar reglugerðar komi skuli ævinlega leitað tillagna fjölmiðlanefndar, án þess þó að stjórnvaldinu sé ætlað úrslitavald í þeim efnum. Í tilviki flutningsreglna skv. e-lið 1. mgr. skal þó jafnframt leitað umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar sem ætlað er veigamikið hlutverk við framkvæmd þeirra reglna. Með framangreindri tilhögun er stefnt að því að skapa samræmi við reglugerðarsetningu, nýta þá sérfræðiþekkingu sem fyrir hendi verður hjá fjölmiðlanefnd og eftir atvikum Póst- og fjarskiptastofnun og skapa sem faglegast umhverfi stjórnsýslu fjölmiðlamála, óháð pólitísku boðvaldi. Til einföldunar og skýrleika er æskilegt að aðeins verði um eina reglugerð að ræða þó svo að önnur tilhögun sé auðvitað ekki útilokuð.

Loks skal tekið fram að við útfærslu reglna á grundvelli g-liðar skal eftir því sem kostur er leitað álits ríkissaksóknara og eftir atvikum lögreglu.

Um 63. gr.

Með frumvarpinu er lögð til innleiðing á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB frá 11. desember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur. Við lokavinnslu frumvarps þessa gáfu Evrópuþingið og ráðið út nýja tilskipun, 2010/13/ESB, sem er samþætt útgáfa á tilskipun 89/552/EBE með síðari breytingum. Frumvarpið uppfyllir allar lágmarkskröfur sem gerðar eru af hálfu ESB með téðum tilskipunum og öðrum skuldbindingum samkvæmt EES-samningnum.

Ekki hefur verið nákvæmlega skilgreint hvaða efnisatriði frumvarpsins stafa frá framangreindum tilskipunum. Þar að auki er gildissvið frumvarpsins talsvert víðara en tilskipanir ESB, þ.e. nær til allra fjölmiðla en ekki aðeins hljóð- og myndmiðlunar, sbr. 3. gr. og athugasemdir við hana. Hér eru tilgreind nokkur atriði til skýringar en að öðru leyti er vísað til almennra og sérstakra athugasemda um frumvarpið:

a. III. kafli, stjórnsýsla. Í tilskipunum ESB er ekki nákvæmlega tilgreint hvernig eftirliti og stjórnsýslu skuli háttað en á hinn bóginn kveðið á um grundvallarforsendur og samstarf um tölulegar upplýsingar, upplýsingamiðlun milli stjórnvalda, skýrslugerð o.fl. Sum ákvæði frumvarpsins í einstökum greinum III. kafla taka því mið af almennum forsendum og önnur hafa beina tilvísun til sérstakra ákvæða tilskipananna. Það er skýrt nánar í athugasemdum við III. kafla og einstakar greinar hans.
b. IV. kafli, skráning fjölmiðla, leyfi til hljóð- og myndmiðlunar, gagnsæi, upplýsingagjöf o.fl. Hér gildir hið sama og um III. kafla að sum ákvæði frumvarpsins í einstökum greinum IV. kafla taka mið af almennum forsendum og önnur hafa beina tilvísun til sérstakra ákvæða tilskipananna. Það er skýrt nánar í athugasemdum um IV. kafla og einstakar greinar hans.
c. V. kafli, um réttindi og skyldur fjölmiðlaþjónustuveitenda, gildir einnig um ritmiðla og gengur því lengra en ákvæði tilskipunarinnar. Þá eru ákvæði 26. gr. víðari en tilskipunin gefur til kynna og hið sama gildir um 27. gr. þar sem nokkrum atriðum hefur verið bætt

við, þ.e. um kynhneigð, skoðanir og menningar-, efnahags- og félagslega stöðu í samfélaginu. Auk þess eru ákvæði tilskipana ESB útfærð í 28. gr. með tilteknum tímamörkum á virkum dögum og um helgar í stað almennra tímamarka. 29. gr. á sér ekki samsvörun í tilskipunum eðli málsins samkvæmt.

d. VI. kafli, um viðskiptaorðsendingar og fjarkaup. Helstu frávik frá ákvæðum tilskipana ESB eru í 37. og 38. gr. frumvarpsins. Í þeirri fyrri er kveðið á um algert bann við áfengis-, tóbaks- og lyfjaauglýsingum og í þeirri síðari er bann við því að auglýsa óheilnæma matvöru fyrir börn. Í báðum tilvikum er svigrúm EES-ríkjanna nýtt til að setja strangari ákvæði í lög en tilskipanir gefa til tilefni til. Það sama gildir um 5. mgr. 41. gr. um auglýsingar og fjarkaupainnskot í barnaefni.

e. Flest ákvæði IX., X. og XI. kafla eru eðli málsins samkvæmt ekki byggð á tilskipunum ESB.

Um 64. gr.

Í greininni er ákvæði um gildistöku laganna og að gildandi útvarpslög, nr. 53/2000, falli úr gildi. Er áformað að frumvarpið öðlist þegar gildi. Rétt er að geta þess að lögleiðingu hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar átti samkvæmt efni hennar að vera lokið 19. desember 2009.

Um 65. gr.

Um 1. tölul.

Hér eru lagðar til breytingar á lögum um prentrétt, nr. 57/1956. Frumvarp þetta tekur eðli málsins samkvæmt einungis til þeirra rita sem teljast til fjölmiðla samkvæmt ákvæðum þess. Ekki þykir því rétt að fella lög um prentrétt í heild sinni brott enda kynni við það að skapast eyða í löggjöfina. Er því lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 1. gr. laganna þar sem tekið er fram að lögin taki ekki til þeirra rita sem teljast til fjölmiðla og jafnframt að þau ákvæði sem nú eru efnislega hluti af frumvarpinu falli brott.

Um 2. tölul.

Hér eru lagðar til breytingar á höfundalögum, nr. 73/1972, sem eru tilkomnar vegna nýmæla í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Nýmælin í tilskipuninni lúta að því að útvarpsrekendur skuli hafa aðgang að viðburðum sem sendir eru út í lokaðri dagskrá og vekja mikinn áhuga meðal almennings en mælt er fyrir um að útvarpsrekendum skuli vera heimilt að senda út stuttar fréttir af viðburðunum. Til að gera þetta kleift er nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á ákvæðum höfundalaga er snerta annars vegar réttindi höfunda verndaðra verka og hins vegar á ákvæðum um réttindi útvarpsstöðva er eiga rétt til útsendingarmerkisins. Mælir frumvarpið fyrir um nauðsynlegar breytingar á ákvæðum höfundalaga í þessu skyni, annars vegar ákvæði 15. gr. laganna er fjallar um undanþágur frá rétti höfundar við nýtingu verndaðra verka við frásögn af dægurviðburðum og hins vegar ákvæði 48. gr. um réttindi útvarpsstöðva.

Tekið er fram í 40. formálsgrein tilskipunarinnar að kröfur hennar séu með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB um samræmingu tiltekinna þátta höfundarréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu og viðeigandi alþjóðlegra samninga á sviði höfundarréttar og skyldra réttinda.

Rétt er að taka fram að afráðið var að gera ekki heildstæðar hugtakabreytingar í höfundalögum nú til samræmis við ákvæði frumvarpsins að öðru leyti þar sem heildarendurskoðun þeirra er fyrirhuguð á næstunni. Hugtökin útvarpsstöð og útvarpsrekandi eru því notuð í frumvarpstextanum til þess að ekki skapist misræmi í lögunum að því leyti. Eðli málsins

samkvæmt ber þó að skýra þau hugtök með hliðsjón af hugtakinu fjölmiðlaþjónustuveitandi sem skilgreint er í 2. gr. frumvarpsins sem og öðrum hugtökum sem þar eru skilgreind og þýðingu kunna að hafa í þessu sambandi.

Í a-lið er að finna ákvæði sem ætlað er að mæla fyrir um takmörkun á rétti höfunda til nýtingar verka sinna í þeim tilgangi að uppfylla fyrirmæli hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar, en í 3. gr. k í tilskipuninni er mælt fyrir um heimild útvarpsrekenda til að nýta útsendingar með þeim hætti er greinir í b-lið ákvæðisins. Felst í ákvæðinu undanþága frá einkarétti höfunda þeirra verka er kunna að vera nýtt í viðkomandi útvarpssendingu.

Í b-lið er að finna ákvæði sem felur í sér nauðsynlega takmörkun á rétti útvarpsstöðva sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 48. gr. laganna til að innleiða umrædd ákvæði tilskipunarinnar.

Ákvæðið er bundið við þá aðstöðu að útvarpsstöð hafi aflað sér einkaréttar til útsendingar frá viðburði sem vekur mikinn áhuga meðal almennings. Hér koma til greina íþróttaviðburðir og aðrir viðburðir er vekja almennan áhuga. Í flestum tilfellum er auðvelt að skilgreina viðburði, t.d. knattspyrnuleik eða tónleika. Hins vegar geta komið upp tilfelli þar sem viðburður getur varað í marga daga, jafnvel vikur. Í þessu sambandi má nefna Ólympíuleika þar sem erfitt getur reynst að skilgreina hvað átt er við með hugtakinu viðburður. Ljóst er að í slíkum tilfellum getur viðburður hvorki talist einstök frjálsíþróttagrein sem keppt er í, t.d. 100 metra hlaup karla, né heldur að litið sé á alla leikana sem einn og sama viðburðinn. Í þessum efnum þarf að gæta meðalhófs þar sem nær væri að líta á hvern dag sem einn tiltekinn viðburð þar sem keppt er í fjölda íþróttagreina og aðeins sýnt brot af því sem fram fór yfir daginn.

Í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni er tilgreint að um sé að ræða viðburði sem sendir eru út í lokaðri dagskrá. Þrátt fyrir að viðburðir af því tagi sem hafðir eru í huga séu yfirleitt sendir út í lokaðri dagskrá er ekki útilokað að sjónvarpsstöð ákveði að senda út í opinni dagskrá viðburð sem hún hefur aflað sér einkaréttar til að senda út. Þykir því nærtækara að miða heimildina við alla viðburði sem eru háðir einkarétti hvað varðar útsendingar.

Ákvæðið er bundið við nýtingu útvarpsrekanda á myndskeiðum í stuttum almennum fréttum. Íþróttafréttaþættir teljast til almennra frétta í þessu sambandi. Í hugtakinu fréttir felst að eftir að frásögn af atburðinum er ekki lengur fréttnæm er nýting ekki lengur heimil með stoð í ákvæðinu. Nýting er heimil í hljóð- og myndmiðlun eftir pöntun, að lokinni beinni útsendingu, ef um er að ræða framboð á sama útsenda sjónvarpsdagskrárliðnum í slíkri þjónustu af hálfu sama fjölmiðlaþjónustuveitanda. Ákvæðið nær hins vegar ekki til þess að búa til ný viðskiptalíkön fyrir pöntunarþjónustu.

Með „stuttum útdráttum“ er átt við útdrætti sem ekki eru lengri en 90 sekúndur en sú skýring styðst við ummæli 39. formálsgreinar tilskipunarinnar. Hér er um að ræða hámarkslengd en heimil lengd útdráttar ræðst af eðli viðburðar og efnisinnihaldi hverju sinni.

Þá er kveðið á um skyldu til nafngreiningar í samræmi við önnur ákvæði um takmarkanir á höfundarétti og skyldum réttindum.

Í 6. mgr. 3. gr. k í tilskipuninni kemur fram að ríkin skuli sjá til þess að fyrirkomulag og skilyrði varðandi framboð á stuttum útdráttum séu skilgreind, einkum greiðslufyrirkomulag, hámarkslengd útdrátta og tímamörk á útsendingu þeirra. Sé kveðið á um greiðslu megi hún ekki vera hærri en sem nemur viðbótarkostnaði sem beinlínis er stofnað til við að veita aðgang. Í ljósi þessa er lagt til að leitt verði í lög að skilmálar útvarpsstöðvar fyrir nýtingu af þessu tagi skuli vera réttlátir, sanngjarnir og án mismununar, auk þess sem þeir skuli kynntir með góðum fyrirvara.

Um 3. tölul.

55. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, um skyldu til að flytja útvarpsdagskrá er felld brott en ákvæði VII. kafla frumvarpsins um flutning myndefnis leysa þá grein af hólmi.

Um 4. tölul.

Lagðar eru til tvær breytingar á lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006. Önnur er tilvísunarbreyting en hin grundvallarbreyting.

Í a-lið er eðli málsins samkvæmt lagt til að 2. málsl. 4. gr. laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006, verði breytt á þá leið að í stað þess að kveðið sé á um að það eftirlit sem þar er fjallað um fari eftir ákvæðum útvarpslaga fari það eftir ákvæðum laga um fjölmiðla.

Í b-lið er sú grundvallarbreyting lögð til að það eftirlitshlutverk sem nú er á hendi Barnaverndarstofu flytjist alfarið til fjölmiðlanefndar og verði 5. gr. laganna breytt til samræmis við það. Um efnislegar ástæður þessarar breytingar er öðrum fremur það að segja að vanhöld hafa verið á því að eftirlit samkvæmt lögum nr. 62/2006 hafi verið uppfyllt. Í þessu sambandi má nefna að skv. 3. gr. laganna á ábyrgðaraðili að setja sér verklagsreglur um framkvæmd mats skv. 2. mgr. 2. gr. laganna og aldurstakmörkunar sem styðjast við alþjóðlega viðurkennd skoðunarkerfi fyrir kvikmyndir og tölvuleiki. Samkvæmt lögunum skal matið vera heildarmat á framangreindum atriðum og öðrum atriðum sem kunna að skipta máli. Samkvæmt fyrrgreindri grein á ábyrgðaraðili að birta verklagsreglurnar opinberlega, m.a. á vefsíðu sem almenningur hefur aðgang að og á sölustöðum kvikmynda og tölvuleikja. Þá á ábyrgðaraðili að færa niðurstöður um mat á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja í gagnagrunn sem almenningur hefur aðgang að. Framkvæmd þessa hefur ekki enn tekist sem skyldi. Það sem m.a. veldur er sú staðreynd að lögin heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið en framkvæmdin samkvæmt lögunum undir Barnaverndarstofu, en sú stjórnsýslustofnun heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Verkefnið hefur ekki fallið vel að öðrum þeim málaflokkum sem heyra undir Barnaverndarstofu.

Þykir því fara betur að eftirlit með framkvæmd þessa veigamikla þáttar heyri fremur undir fjölmiðlanefnd, ekki síst í ljósi tillagna frumvarpsins um veigamikinn þátt nefndarinnar í vernd barna og ungmenna. Í því sambandi má benda á 28. gr. þar sem fjallað er um vernd barna gegn skaðlegu efni og 38. gr. þar sem er að finna sérákvæði um vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaorðsendingum. Augljóst hagræði felst í því að eftirlit sem þetta sé með sem samræmdustum hætti. Í tilvitnuðum lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum falla kvikmyndir undir gildissvið þeirra, hvort sem þær eru sýndar í kvikmyndahúsi eða á öðrum opinberum stöðum, gefnar úr á myndbandi eða sýndar í sjónvarpi. Sama gildir um sjónvarpsþætti og sjónvarpsmyndir. Þá taka lögin jafnframt til allra tölvuleikja sem dreift er í atvinnuskyni hér á landi, óháð dreifingaraðferð og dreifingarmiðlum. Þessi verkefni falla öll afar vel að verksviði fjölmiðlanefndar eins og hlutverk hennar er hugsað og skilgreint samkvæmt frumvarpinu.

Þess ber að geta að stjórnsýslustofnanir þær sem fara með fjölmiðlamál í nágrannalöndum okkur er sumum hverjum ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laga um eftirlit með kvikmyndum og tölvuleikjum. Má í þessu sambandi nefna Medietilsynet i Noregi. Þar er góð reynsla af slíku fyrirkomulagi. Þar hefur safnast saman þekking innan stofnunarinnar um vernd barna gegn skaðlegu efni og ótilhlýðilegum viðskiptaorðsendingum auk þekkingar á eftirliti með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.

Að lokum má leiða rök að því að auðveldara getur reynst fyrir almenning að vita hvert á að beina kvörtunum, fyrirspurnum og athugasemdum um hljóð- og myndmiðlunarefni, þ.m.t. kvikmyndir og tölvuleiki þegar ein og sama stjórnsýslustofnunin hefur lögum samkvæmt eftirlit með öllu hljóð- og myndmiðlunarefni.

Um 5. tölul.

Lagðar eru til tvenns konar breytingar.

Í a-lið er lagt til að 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna verði lagaður að þeim breytingum frumvarpsins sem felast í VI. kafla um viðskiptaorðsendingar og fjarkaup. Skilgreiningum er breytt til samræmis við nýja hugtakanotkun. Þá er sérstaklega tekið fram að vöruinnsetning sé óheimil í dagskrá Ríkisútvarpsins. Um vöruinnsetningu er ítarlega fjallað í athugasemd við 39. gr. frumvarpsins. Með frumvarpsgreininni er lagt til að vöruinnsetning verði heimiluð með þeim skilyrðum sem þar greinir. Greinin er nýmæli. Hún er reist á 3. gr. g í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni sem svo er nánar skýrð í 60.–63. formálsgrein hennar. Með nefndri 3. gr. g er aðildarríkjunum í sjálfsvald sett hvort þau heimila vöruinnsetningu eður ei auk þess sem kveðið er á um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt sé svo gert. Svo sem að framan greinir er með frumvarpinu lagt til að vöruinnsetning verði heimiluð, þó einungis fyrir aðra fjölmiðlaþjónustuveitendur en Ríkisútvarpið. Með því er reynt að auka möguleika einkarekinna fjölmiðlaþjónustuveitenda og framleiðenda hljóð- og myndmiðlunarefnis til tekjuöflunar og tryggja samkeppnishæfni þeirra. Eðli málsins samkvæmt er slíkt bann þó ekki framkvæmanlegt þegar um aðkeypt efni er að ræða og því lagt til í 5. málsl. að kveðið verði á um að bann við vöruinnsetningu nái einungis til þess efnis sem Ríkisútvarpið hefur framleitt sjálft eða efnis sem hefur verið framleitt í umboði þess eða tengdra fyrirtækja.

Í b-lið er lagt til að í 12. gr. sé áréttað að auk hlutafélagalaga og upplýsingalaga gildi lög um fjölmiðla þegar sérreglum laga um Ríkisútvarpið ohf. sleppir. Í sjálfu sér leiðir slíkt af almennum lögskýringarsjónarmiðum, en þar sem önnur lög eru sérstaklega tilgreind þykir rétt að lög um fjölmiðla séu þar á meðal.

Um ákvæði til bráðabirgða I og II.

Í ákvæðunum er m.a. brugðist við nýjum reglum um gagnsæi eignarhalds, flutningsrétt og flutningsskyldu, breytta stjórnsýslu og nýjar reglur um vöruinnsetningu.

Í ákvæði til bráðabirgða I er kveðið á um það hvenær fjölmiðlanefnd á í fyrsta skipti að berast hlutaskrá frá fjölmiðlaþjónustuveitendum til birtingar á heimasíðu sinni samkvæmt ákvæðum 22. gr.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II skulu fjölmiðlaþjónustuveitendur senda fjölmiðlanefnd alla gildandi samninga um kaup á hljóð- og myndmiðlunarefni 30 dögum eftir gildistöku laga þessara. Eitt af þeim atriðum sem staðið geta í vegi fyrir flutningsrétti eru ákvæði í samningum útvarpsstöðvar við rétthafa efnis um að ekki megi flytja efnið um ákveðin fjarskiptanet. Heimili gildandi samningur fjölmiðlaþjónustuveitanda um hljóð- og myndmiðlunarefni við rétthafa ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í 45. gr. frumvarpsins skal fjölmiðlaþjónustuveitandi gera nýjan samning við rétthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Sú takmörkun er þó sett að þessi íþyngjandi skylda komi aðeins til framkvæmda í tilviki langtímasamninga þannig að þeir samningar einir komi til endurskoðunar sem að gildistíma vara þrjú ár eða lengur frá gildistöku laganna verði frumvarpið lögleitt. Verði frumvarpið að lögum verður fjölmiðlaþjónustuveitendum skylt við kaup á öllu hljóð- og myndmiðlunarefni, sem miðlað er, að semja ávallt svo við rétthafa að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem uppfylla kröfur a-liðar 1. mgr. 45. gr.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í VIII. kafla almennra athugasemda er ítarlega fjallað um mögulegar eignarhaldstakmarkanir og tillögur hinnar þverpólitísku nefndar frá árinu 2005. Þar er tekið fram að þrátt fyrir að ýmsar meginforsendur fjölmiðlanefndarinnar um eignarhald séu enn í fullu gildi sé engu

að síður nauðsynlegt að rannsaka að nýju hvort þörf sé á að takmarka eignarhald á fjölmiðlum og ef svo, hvernig eigi að útfæra slíkar takmarkanir í lögum. Þess er getið að mikilvægt sé að sem mest samstaða, ekki síst pólitísk, náist um slíkt. Er því lagt til að þverpólitísk og fagleg nefnd geri tillögur í frumvarpsformi um viðeigandi takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum. Er mælt fyrir um nefndarskipunina í bráðabirgðaákvæði þessu. Við skipan hennar er annars vegar gert ráð fyrir jafnri aðkomu allra þeirra flokka sem nú eiga fulltrúa á Alþingi en hins vegar er gert ráð fyrir því að formaður og varaformaður nefndarinnar verði skipaðir ópólitískt og að þeir búi yfir nokkurri faglegri sérþekkingu. Verksvið nefndarinnar er skýrt og afmarkað og þess vegna er gert ráð fyrir því að nefndin byggi á vinnu þverpólitísku nefndarinnar frá vorinu 2005. Með hliðsjón af því er ekki gert ráð fyrir að nefndin þurfi ýkja langan tíma til að ljúka verkefni sínu og að niðurstöður hennar liggi fullbúnar fyrir eigi síðar en 1. maí 2011.

Fylgiskjal I.

Ragnar Karlsson:

Þróun fjölmiðlamarkaðarins.

1.1 Hvað er fjölmiðill?

Fjölmiðlar eru gjarnan sagðir vera fjórða valdsviðið í samfélaginu. Í lýðræðislegum samfélögum er almennt gengið út frá því sem vísu að fjölmiðlar gegni mikilvægu hlutverki fyrir lýðræðisleg skoðanaskipti; þeir eigi að veita stjórnvöldum og fyrirtækjum aðhald (McQuail, 1992, 2003; Street, 2001). Fjölmiðlar eru einnig mikilvæg upplýsingaveita á markaði, jafnt fyrir neytendur og launþega, fjárfesta og fyrirtæki (Duval, 2005; Slaatta, 2003), jafnframt því sem þeir hafa augljósu menningarlegu hlutverki að gegna (McQuail, 2005). Fyrir utan hina félagslegu- og menningarlegu þýðingu skiptir fjölmiðlun einnig máli efnahagslega með því að skapa störf og verðmæti.

Að sönnu hefur samfélagsleg þýðing fjölmiðla mönnum verið löngu ljós við miðlun upplýsinga, til að fræða, gagnrýna, veita aðhald og ekki síst til skemmtunar og dægradvalar. Fjölmiðlarnir eru eins konar samfélagslegur áttaviti sem aðstoðar fólk við að rata um það völundarhús sem samfélagið er, við að koma reiðu á „óreiðuna“. Þeir veita snöggsoðið yfirlit um það sem henti í gær, boða það sem líðandi dagur mun bera í skauti sér og kryfja álitamál og setja í samhengi þegar vel tekst til. Á vissan hátt má segja að fjölmiðlarnir gegni sama hlutverki fyrir nútímamanninn og morgunbænin fyrir miðaldamanninn (Eco, 2001: 63). Flestir glugga í dagblöð, hlusta á hljóðvarp, kíkja á netið eða horfa á sjónvarp til þess eins að glöggva sig á því við hverju megi búast þann daginn og ekki síður til að fullvissa sig um að flest sé með kyrrum kjörum í dag frá því í gær.

Í síbreytilegu og margslungnu nútímasamfélagi gegna fjölmiðlar mikilvægu hlutverki sem uppspretta þekkingar um leið og þeir ljá samkennd og gera kleift að speglast í aðstæðum annarra. Áhrif fjölmiðla á daglegt líf verða tæplega umflúin hvort sem fólki líkar betur eða verr. Vitneskja um samfélagið og þá veröld sem fólk lifir í er að stórum hluta fengin úr fjölmiðlum hverju nafni sem þeir nefnast (Luhmann, 2000). Fæstar af þeim hugmyndum sem fólk hefur um félagslegan veruleika eru reistar á eigin reynslu. Þess í stað eru þær fengnar að stórum hluta úr fjölmiðlum eins og C. Wright Mills benti á fyrir löngu:

> Afar lítið af því sem við teljum okkur þekkja um félagslegar staðreyndir umheimsins kemur frá fyrstu hendi. Flestar „myndir sem við geymum í hugskoti okkar“ eru fengnar úr þessum miðlum, jafnvel að slíku marki að við trúum oft ekki í rauninni því sem við höfum séð fyrr en við höfum lesið um það í dagblaðinu eða heyrt um það í útvarpinu. Fjölmiðlar miðla ekki einungis upplýsingum til okkar, þeir leiða reynslu okkar. Viðmið okkar um trúverðugleika og raunveruleika eru gjarnan fengin frá slíkum miðlum fremur en af eigin brotakenndri reynslu.
>
> [*Very little of what we think we know of the social realities of the world have found out first-hand. Most of the ‚pictures in our heads' we have gained from these media-even to the point where we often do not really believe what we see before us until we read about it in the paper or hear about it on the radio. The media not only give us information; they guide our very experiences. Our standards of credulity, our standards of reality, tend to be set by these media rather than by our own fragmentary experience.*]
>
> Mills, 2000 [1956]: 311.

Sökum þeirrar milligöngu sem fjölmiðlarnir hafa milli fólks og hins ytri félagslega veruleika ætti þýðing og áhrif fjölmiðla að vera flestum ljós. Í raun fær fátt staðist fjölmiðlunum snúning við að móta almenningsálitið, eða eins og Ben H. Bagdikian staðhæfir:

> Fjölmiðlar verða á hverjum tíma sú heimild sem segir til um hvað sé satt og ósatt, hvað sé raunveruleiki og hvað sé hugarburður, hvað sé mikilvægt og hvað sé léttvægt, Ekkert annað afl mótar með áhrifameiri hætti viðhorf almennings, jafnvel valdbeiting sigrar aðeins ef henni tekst að skapa jákvætt viðmót gagnvart þeim sem valdinu beitir.
>
> [*The mass media become the authority at any given moment for what is true and what is false, what is reality and what is fantasy, what is important and what is trivial. There is no greater force in shaping the public mind; even brute force triumphs only by creating an accepting attitude towards the brutes.*]
>
> Bagdikian, 1983: xiv.

Þar með er ekki sagt að fjölmiðlar hafi að öllu jöfnu bein áhrif á atferli manna og hugsanir. Öllu heldur eins og Jean Seaton metur áratuga ransóknir á áhrifum fjölmiðla: „Vísindalegar rannsóknir um nærri 70 ára skeið hafa leitt í ljós að fjölmiðlar ákveða ekki hvað þú hugsar en þeir ákvarða að hverju hugsunin beininst.“ („Nearly seventy years of empirical research has shown that the media do not determine what you think: but they do set the agenda of what you think about.“ Seaton, 2008: 121.) Sú mynd sem fjölmiðlarnir draga upp af atburðum og málefnum verður oft á tíðum sá útgangspunktur eða dagskrárrammi sem samfélagsleg umræða byggist á. Segja má að fjölmiðlar séu í hlutverki nokkurs konar fundarstjóra samfélagslegra umræðna með því að setja mál iðulega á dagskrá og slá tóninn í opinberri umræðu.

Matreiðsla fjölmiðla á þeim veruleika sem þeir færa daglega upp á disk fyrir fólk verður til fyrir flókið samspil margvíslegra ytri og innri þátta og lýtur að nokkru eigin lögmálum (sbr. t.d. Bourdieu, 1998; Luhmann, 2000; McQuail, 1992; 2005; Mathiesen, 2006). Lagalegur rammi um starfsemi fjölmiðla, fjármögnun þeirra og eignarhald, samkeppni þeirra á milli um tekjur og notendur, aðgengi að upplýsingum og samskipti við heimildamenn, hagsmunahópa í stjórnkerfi og atvinnulífi og auglýsendur, sem og óskir og kröfur notenda gagnvart miðlunum skipta máli í samspili við innri starfshætti innan fjölmiðlanna sjálfra eins og hugmyndir um fréttamat og reglur um fréttaflutning og fagbindingu fjölmiðlafólks (e. *professionalism*). Fréttir bíða þess ekki að verða sagðar heldur eru þær afurð verkaskiptingar og samspils fjölmargra áhrifaþátta utan og innan fjölmiðlanna sjálfra, sem hefur allt með að gera um hvað fjölmiðlar fjalla og hvernig þeir haga umfjölluninni. Sú mynd sem fjölmiðlar draga upp af veruleikanum er því félagslega skilyrt á sama hátt og aðrar hugmyndir okkar um sam-

félagið eru félagslega mótaðar (e. *social construction of reality*) (sbr. Berger og Luckmann, 1971).

En jafnvel þótt fólk sé þess meðvitað að sá veruleiki sem birtist í fjölmiðlum eða birtist í gegnum þá *(„appears to them or through them to others“*) sé oft og einatt eins konar „hálfsannleikur“ (Luhmann, 2000: 4; upphaflegar áherslur) getur fólk ekki leitt hann hjá sér, sama hversu fjarri hinu sanna hann kann að vera. Upphafstónn umræðunnar er því oftar en ekki sleginn af fjölmiðlunum, eins og Niklas Luhmann bendir á:

> Við þekkjum nægilega mikið til fjölmiðlanna að við getum ekki treyst þeim sem heimild. Aðferð okkar til að takast á við þetta er að hafa grun um að verið sé að hafa áhrif á gang mála, án þess að það hafi neinar afdrifaríkar afleiðingar þar sem þekking sem fengin er úr fjölmiðlum myndar sjálfsstyrkjandi heild eins og fyrir eigin áhrif. Þrátt fyrir að öll þekking bæri með sér aðvörun um að hún væri undirorpin vafa, væri hún engu að síður sá þekkingargrunnur sem byggt væri á.
>
> [*[W]e know so much about the mass media that we are not able to trust these sources. Our way of dealing with this is to suspect that there is manipulation at work, and yet no consequences of any import ensue because knowledge acquired from the mass media merges together as if of its own accord into selfreinforcing structure. Even if all knowledge were to carry a warning that it was open to doubt, it would still have to be used as a foundation, as a starting point.*]
>
> Luhmann, 2000: 1.

Þar með er ekki sagt að fjölmiðlanotendur standi varnarlausir gagnvart túlkun fjölmiðla á atburðum og viðhorfum (sbr. tilgátuna um *the helpless audience*) (Neumann, 1991: 80–82 o.áfr.). Svo lengi sem ekki ríkir einokun í fjölmiðlun og almenningur getur vegið og metið efni ólíkra fjölmiðla þeim mun minni hætta er á að einstakir fjölmiðlar hafi mótandi áhrif á skoðanir notenda, eins og Mills benti á:

> Svo framarlega sem fjölmiðlarnir lúta ekki algerri einokun, getur einstaklingurinn teflt einum fjölmiðli fram gegn öðrum, hann getur borið þá saman og þar með hafnað því sem einn þeirra kann að láta uppi. Því meiri samkeppni sem er á milli fjölmiðla, því betri tök hefur einstaklingurinn á að veita viðnám.
>
> [*So long as the media are not entirely monpolized, the individual can play one medium off against another; he can compare then, and hence resist what any one of them puts out. The more genuine competition there is among the media, the more resistance the individual might be able to command.*]
>
> Mills, 2000 [1956]: 313.

Breytingar sem gengið hafa yfir í fjölmiðlun á undanförnum árum og áratugum og birtast ekki síst í samþjöppun eignarhalds og markaðsstöðu fjölmiðla hafa vakið ugg í brjósti margra. Tæknilegar breytingar og samruni (e. *convergence*) ólíkra miðlunarleiða fjölmiðlaefnis koma þar augljóslega við sögu. Á sama tíma á þessi þróun sér aðra hlið sem fram kemur í því að aukin markaðsvæðing fjölmiðla og samkeppni þeirra á milli um athygli notenda hefur stuðlað að aukinni stöðlun efnis og einsleitni í efnisframboði. Þessi þróun hefur verið leidd af öflugum fjölmiðlasamsteypum sem hafa ítök og áhrif í mörgum greinum fjölmiðlunar samtímis (t.d. Hesmondhalgh, 2007; McCheseny, 2004, 2008; Murdock, 2000a; Preston, 2001; Winseck, 2008). Fjöldi fjölmiðla og aukið valfrelsi á markaði þarf ekki endilega að leiða til aukinnar fjölbreytni í efni og á fjölmiðlamarkaði, síður en svo. Svo vitnað sé eina ferðina enn til ríflega hálfrar aldar gamallar ritsmíðar Mills:

> Þessi hugmynd um að beita einum fjölmiðli gegn öðrum gengur út frá fjölbreytni í efni fjölmiðla. Hugmyndin felur í sér að um raunverulega samkeppni sé að ræða, sem er almennt ekki raunin.

> Fjölmiðlarnir virðast bjóða upp á fjölbreytni og samkeppni en við nánari athugun virðist samkeppnin felast í tilbrigði við fáein stöðluð umfjöllunarefni fremur en andstæð málefni. Frelsi til að draga fram málefni á áhrifaríkan hátt virðist í meira mæli vera takmarkað við þá fáu hagsmunaaðila sem hafa virkan og stöðugan aðgang að þessum miðlum.
>
> [*This idea of playing one medium off against another assumes that the media really have varying contents. It assumes genuine competition, which is not widely true. The media display an apparent variety and competition, but on a closer view they seem to compete more in terms of variations on a few standardized themes than of clashing issues. The freedom to raise issues effectively seems more and more to be confined to those few interests that have ready and continual access to these media.*]
>
> Mills, 2000 [1956]: 313–14.

Í ljósi þess að fjölmiðlar hafa margvíslegu og mikilvægu hlutverki að gegna í nútímasamfélagi er ekki að undra að hugtökin fjölræði (e. *pluralism*) og menningarleg fjölbreytni (e. *cultural diversity*) séu hornsteinar allrar umræðu um fjölmiðla og fyrirkomulag fjölmiðlunar í lýðræðislegum samfélögum. Í tíunda ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu er kveðið á um rétt allra manna til tjáningarfrelsis og rétt manna til upplýsinga. Með líku sniði er kveðið á um þetta í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og í öðrum alþjóðlegum sáttmálum og yfirlýsingum. Þótt ekki sé þar talað um fjölmiðla berum orðum hefur þetta verið túlkað þannig að í því felist frelsi til að tjá sig í fjölmiðlum og rétturinn til gagnsæis og frjáls aðgengis að upplýsingum og sjónarmiðum (*Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla,* 2005: 163–64, 211–13). Í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins um aðgerðir til að stuðla að fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði og til að tryggja tjáningarfrelsi er fjölmiðlafjölbreytni skýrð þannig að átt sé við framboð fjölbreyttra miðla jafnt er efni varðar, tegund og eignarhald (*Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla*, 2005: 166–68, 214). Án þess að fjölræði í fjölmiðlun sé tryggt er hætt við að réttur manna til tjáningarfrelsis og frjáls aðgengis að upplýsingum og skoðunum sé fyrir borð borinn (Cavallin, 1998, 2000; Doyle, 2002a; McQuail, 2003). Þá hafa fræðimenn bent á að „illa upplýst samfélög taka slæmar ákvarðanir“ (*Stupid societies make bad decisions*) (Seaton, 2008: 124).

1.2 Íslenskur fjölmiðlamarkaður: almenn og sértæk einkenni

Íslenskir fjölmiðlar eru ekki eyland. Fjölmiðlamarkaðurinn hér á landi hefur gengið í gegnum mikið umbreytingarskeið á undanförnum tveimur áratugum eða svo – skeið breytinga sem ekki sér fyrir endann á. Eins og þessar breytingar horfa við almenningi birtast þær helst í auknu framboði mismunandi fjölmiðla – innlendra sem erlendra – og í stórauknu efnisframboði. Á sama tíma hefur þróun á íslenskum fjölmiðlamarkaði verið með líkum hætti og annars staðar í átt til samþjöppunar á eignarhaldi og markaðsstöðu og myndunar fjölmiðlasamsteypa.

Fjölmiðlar draga vitanlega dám af þeim samfélagsháttum sem þeir eru sprottnir úr og af þeim lagalega ramma og rekstrarlegu umgjörð sem starfsemi þeirra er sett á hverjum tíma. Ástæður þeirra breytinga, sem orðið hafa í fjölmiðlun hér á landi að undanförnu, verða kannski raktar til fjögurra þátta öðrum fremur: Fyrir það fyrsta varð afnám einkaréttar Ríkisútvarpsins í ársbyrjun 1986 til útsendinga hljóðvarps og sjónvarps til þess að nýjum aðilum gafst færi á að hasla sér völl í útvarpsrekstri.[1] Í annan stað hafa stórstígar tækniframfarir á sviði fjarskipta og rafrænnar miðlunar orðið til þess að ryðja að verulegu leyti úr vegi tækni-

[1] Útvarp er hér á eftir notað sem samheiti fyrir hljóðvarp og sjónvarp, sbr. útvarpslög, nr. 15/2000.

legum takmörkunum á aðgengi að útvarpsrásum og ýta undir samnýtingu, samþættingu og samruna ólíkra fjölmiðla. Í þriðja lagi hefur aukinn frítími fólks og almenn hagsæld samfara margháttuðum breytingum í atvinnulífi hvatt til og stuðlað að þessum breytingum. Í fjórða og síðasta lagi hafa bein tengsl milli fjölmiðla og stjórnmála rofnað. Í stað þess að einkareknir fjölmiðlar starfi samkvæmt pólitískum formerkjum bakhjarla sinna hafa þeir verið færðir undir stjórn og taumhald markaðsaflanna og starfræktir samkvæmt því. Með þessu er ekki sagt að fjölmiðlar hafi glatað pólitísku hlutverki sínu né að þeir geti ekki þjónað pólitískum tilgangi eigenda sinna. Fyrir utan efnahagslegan hvata til að eiga og reka fjölmiðla, sem þó er ekki alltaf ljós þegar þess er gætt að fjölmiðlar hafa ósjaldan verið reknir með tapi jafnvel árum saman, snýst eignarhald á fjölmiðlum allt eins um stjórnmálaleg völd og áhrif, eða eins Daniel C. Hallin og Paolo Mancini benda á: „eigendur fjölmiðla munu á tíðum nota þá sem tæki til áhrifa gagnvart öðrum valdahópum og til afskipta í stjórnmálaheiminum, svo sannarlega í mörgum tilvikum er þetta frumástæðan fyrir eignarhaldi á fjölmiðlum“ [*„owners will often use their media properties as a vehichle for a negotiation with other elites and for intervention in the political world; indeed in many cases this will be the primary purpose of media owership“*] (Hallin og Mancini, 2004: 58). Með því að fjölmiðlar hafa í vaxandi mæli orðið eign umfangsmikilla eigenda sem eiga hagsmuna að gæta á ýmsum sviðum, jafnt innan fjölmiðlunar sem utan, hafa þeir orðið berskjaldaðri fyrir margvíslegum utanaðkomandi áhrifum (McQuail, 2005: 29).

Sökum fámennis hefur íslenski fjölmiðlamarkaðurinn þó nokkra sérstöðu. Fjölbreytni í efni og eignarhaldi á fjölmiðlum er ekki eins mikil hér og víðast þekkist hjá fjölmennari þjóðum. Sömuleiðis gerir smæð markaðarins það að verkum að hann er berskjaldaðri fyrir utanaðkomandi áföllum eins og berlega hefur sýnt sig að undanförnu í kjölfar þeirrar fjármálakreppu sem hér hefur verið við lýði frá haustinu 2008. Þeir erfiðleikar sem fylgt hafa í kjölfarið hafa ekki síður haft áhrif á fjölmiðla en á aðra atvinnustarfsemi og hafa m.a. leitt til fækkunar fjölmiðla og niðurskurðar og erfiðleika á ýmsum sviðum í rekstri þeirra fjölmiðla sem eftir standa.

Óhætt mun að fullyrða að úrval fjölmiðla hér á landi sé fjölbreytt þegar miðað er við fjölda miðla sem í boði eru og fámenni þjóðarinnar. Þetta á jafnt við um fjölmiðla sem fram undir þetta hafa stuðst við hefðbundnar miðlunarleiðir, þ.e. fréttablöð, hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, og nýja miðla eða svonefnda vefmiðla. Fjöldi innlendra fjölmiðla og vefmiðla sem landsmönum stóð til boða við síðustu áramót er sýndur í töflu 1.1 eftir tegund og efni.

Tafla 1.1. *Framboð fjölmiðla 2009*

					Landsmiðlar					*Staðarmiðlar*[1]			
	Alls	*Alls*	*Almennir miðlar*	*Sérefnis-miðlar*	*Alls*	*Höfuð-borgar-svæðið*	*Suðurnes*	*Vestur-land*	*Vestfirðir*	*Norður-land vestra*	*Norður-land eystra*	*Austur-land*	*Suðurland*
Blöð													
Dagblöð	2	2	2	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Vikublöð	21	2	1	1	19	1	2	5	2	1	3	2	3
Hljóðvarpsstöðvar													
Einkastöðvar	17	13	1	12	4	-	-	-	-	1	1	-	2
RÚV	5	3	2	1	2	-	-		1	1			
Sjónvarpsstöðvar													
Einkastöðvar	9	8	2	6	1	-	-	-	-	-	1	-	-
RÚV	1	1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Vefmiðlar													
Fjölmiðlavefir[2]	20	6	4	2	15	1	1	3	1	1	2	1	4
Óháðir vefir[3]	19	4	2	2	14	-	1	-	6	4	2	2	-

Skýringar: Fjölmiðlar og vefmiðlar starfræktir í lok árs 2009.

[1] Til staðarmiðla teljast landshluta-, héraðs- og bæjarmiðlar.

[2] Einungis vefir sem eru uppfærðir reglulega og geta talist vera viðbót við hinn hefðbundna fjölmiðil. Meðtaldir eru vefiur blaða sem koma út mánaðarlega til daglega. PDF-útgáfa blaða er ekki meðtalin.

[3] Fréttavefir sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja eru ekki meðtaldir.

Heimild: eigin athugun.

Útbreiðsla þeirra miðla sem eru í boði á hverjum tíma er misjöfn. Sumir hafa landið allt að útbreiðslusvæði og er ætlað að ná til alls þorra almennings, á meðan aðrir hafa að markmiði að ná til afmarkaðri hópa með efni sem er sérstaklega sniðið að þörfum og áhuga notenda eftir búsetu eða félagslegri stöðu. Jafnframt má gera greinarmun á starfsemi ólíkra fjölmiðla eftir því hvort þeir geti talist vera fyrst og fremst þjónustumiðlar eða markaðsmiðlar. Þessi skil eru þó ekki alltaf nándar nærri eins skýr eins og dregið er upp á mynd 1.1.

Mynd 1.1. *Fjögur meginsvið fjölmiðlunar*

		Tilgangur	
		Þjónustumiðlar	*Markaðsmiðlar*
Notendur	*Almenningur*	Útvarp í almannaþjónustu	Einkamiðlar
	Afmarkaðri notendahópar	Svæðisútvarp, fjölmiðlun á vegum félagsamtaka, málhópa, o.s.frv.	Sérefnismiðlar, staðbundnir einkamiðlar

Gera má ráð fyrir að starfsemi og efnisframboð einstakra miðla ráðist mikið til af samspili af þeim notendahópi sem þeim er ætlað að þjóna og þeim tilgangi sem þeim er ætlaður.

Þegar fjölbreytni efnis og eignarhalds fjölmiðla er til skoðunar er rétt að hafa það hugfast að fjölbreytileiki eignarhalds tryggir ekki eitt og sér fjölbreytni efnis (sbr. Doyle, 2002a; 2006; Hemondhalgh, 2007; Meier, 2007; Meier og Trappel, 1998). Samband eignarhalds og efnis er flóknara en svo. Stór og tiltölulega fá fyrirtæki geta verið betur til þess fallin að tryggja fjölbreytni efnis heldur en margir mjög smáir sjálfstæðir og ófullburða fjölmiðlar. Þótt það kunni að hljóma sem öfugmæli þá getur of mikil samkeppni í fjölmiðlun orðið til þess að draga úr gæðum og fjölbreytni efnis hvað sem líður kennisetningum um að frjáls markaður og samkeppni komi ávallt best til móts við óskir manna, komi í veg fyrir sóun og tryggi besta nýtingu fjármuna. Of mikil samkeppni á fjölmiðlamörkuðum getur þannig verið „niðurbrjótandi“ eða „eyðandi“ samkeppni (e. *destructive competition*) (McQuail, 2007; Meier, 2007; Roth, 2004; van Cuilenburg, 2007; van Cuilenburg og van der Wurff, 2007). Áhrifum samkeppnisstigs á fjölmiðlamörkuðum á fjölbreytni efnis má lýsa eins sýnt er í töflu 1.2. Samkvæmt þessu má leiða að því líkum að vöruframboð á tilteknum markaði þar sem fullkomin samkeppni ríkir leiði til fábreytni þeirrar vöru og þjónustu sem notendum stendur til boða. Á mörkuðum þar sem einokunarsamkeppni ríkir eru líkur á því að vöru- og þjónustuframboðið milli aðila sé frábrugðið. Á mörkuðum þar sem fákeppni ríkir er framboð vöru og þjónustu yfirleitt frábrugðið.

Tafla 1.2 *Samkeppnisstig fjölmiðlamarkaða*

	Fullkomin samkeppni	*Einokunar-samkeppni*	*Fákeppni*	*Einokun*
Fjöldi fyrirtækja	Mörg	Fá	Fá	Eitt
Vara/þjónusta	Fábreitt	Frábrugðin	Yfirleitt frábrugðin	•
Markaðshindranir	Nei	Já/nei	Já	Já

Heimild: Hoskins, McFadyen og Finn, 2004: 142.

Möguleikar á fjölbreyttu efnisframboði ráðast vitanlega að talsverðu leyti af þeim fjárhagslegu björgum sem fjölmiðlar hafa yfir að ráða. Öllum má vera ljóst að óraunhæft er að reikna með sömu fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði hér og í stærri samfélögum. Til þess er íslenskt samfélag einfaldlega of lítið.

Fjölmargir þættir hafa áhrif á fjölræði og fjölbreytni á fjölmiðlamörkuðum. Þar má nefna stærð markaðar, tækni sem fyrir hendi er hverju sinni, hvaða umgjörð er um starfsemi fjölmiðla, hvaða starfsaðstæður þeim eru búnar af hálfu þess opinbera með lögum og reglugerðum, samkeppnishegðun á markaði o.s.frv. Samverkan allra þessara þátta hefur áhrif á fjölda fjölmiðla sem eru í boði hverju sinni, tekjur og framlegð fjölmiðla og á fjölbreytni efnis (Doyle, 2002a). Þetta má draga upp á eftirfarandi vegu eins og sýnt er í mynd 1.2.

Mynd 1.2. *Áhrifaþættir á fjölræði/fjölbreytni í fjölmiðlun*



Heimild: Doyle, 2002a: 15.

Hafa ber í huga að fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði ræðst af samspili margvíslegra þátta, svo sem frammistöðu fjölmiðla, fjölbreytni efnis og eignarhaldi.

1.3 Um efnið

Í þeirri samantekt sem hér fer á eftir er þessi skipting miðla eftir útbreiðslu og tilgangi höfð til hliðsjónar. Fjallað er um þá hlið fjölmiðlunar sem David Chaney (1972, 1. kafli) nefndi hina „hlutlægu hlið“ (e. *the objective side*) fjölmiðlunar í stað hinnar „huglægu hliðar“ (e. *the subjective side*). Hlutlæga hliðin lýtur að fjölmiðlunum sjálfum sem stofnunum, fyrirkomulagi fjölmiðlunar, starfsemi fjölmiðla og efnisframboði þeirra, á meðan huglæga hliðin snýr að viðtökum og upplifun notenda á efni fjölmiðla og áhrifum þess á notendur. Þeirri hlið fjölmiðlunar sem snýr að notendunum eru ekki gerð skil hér. Þess í stað er sjónum beint að nokkrum þáttum sem snerta hina hlutlægu hlið. Grein er gerð fyrir hvernig fjölmiðlun er fyrirkomið hér á landi, helstu breytingum sem átt hafa sér stað í fjölmiðlun frá því um miðjan síðasta áratug og stöðunni í dag með tilliti til fjölmiðlanotkunar, framboðs miðla og efnis, tekna, markaðsstöðu og samþjöppunar á mörkuðum.[2]

Kastljósinu er hér einkum beint að þeim fjölmiðlum sem fram undir þetta hafa verið taldir til hinna eiginlegu fjölmiðla, fréttablaða, hljóðvarps og sjónvarps, auk þess sem vikið er að vefmiðlum lítillega. Með þessu er ekki dregið á neinn hátt úr mikilvægi annarra fjölmiðla, svo sem tímarita, bóka og kvikmynda, og ýmissa nýmiðla fyrir fræðslu, umræðu og dægradvöl. Efnisramma þessarar samantektar er einfaldlega sniðinn þröngur stakkur hvað efni, efnistök og tíma áhrærir. Full þörf er á því að kortleggja fjölmiðlamarkaðinn nánar en unnt er að gera hér.

Umfjöllunarefninu eru reyndar einnig reistar skorður af þeim heimildum sem tiltækar eru um þróun og stöðu fjölmiðlunar hér á landi. Heimildir um fjölmiðla og starfsemi þeirra eru að ýmsu leyti að skornum skammti þrátt fyrir að á undanförnum árum safnast saman margvísleg þekking og talsvert magn upplýsinga um íslenska fjölmiðla á vegum þess opinbera, einkaaðila og í fræðilegum úttektum. Litlar upplýsingar eru hins vegar til um fjölmiðlanotkun landsmanna aðrar en þær sem fást úr könnunum á lestri og mælingum á hljóðvarpshlustun og áhorfi á sjónvarp og sniðnar eru að þörfum auglýsenda.[3] Slíkar upplýsingar hafa takmarkað gildi og eru ósamþýðanlegar til annarra nota en þeim er upphaflega ætlað. Oftar en ekki er eru skorður settar við notkun þeirra þar sem er safnað í viðskiptalegum tilgangi (sbr. niðurstöður fjölmiðlakannanna og mælinga) eða að birting þeirra er margvíslegum takmörkunum háð vegna trúnaðarkvaða sem á þeim hvíla.

Tölulegar upplýsingar, sem hér eru reifaðar, eru að stórum hluta byggðar á birtum og óbirtum upplýsingum úr gagnasafni Hagstofu Íslands um fjölmiðla og menningarmál. Sumt af þeim upplýsingum um fjölmiðla eru í gagnasafni Hagstofunnar er háð trúnaði. Notkun þeirra er því ákveðnum takmörkunum háð. Í þeim tilfellum þar sem stuðst er við slíkar upp-

---

[2] Eftirfarandi úttekt er að hluta byggð á efni sem höfundur tók saman fyrir nefndir menntamálaráðherra um íslenskan fjölmiðlamarkað og birtist sem þriðji kaflinn í Greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi, 2004 og aftur ári síðar í endurskoðaðri og aukinni gerð sem þriðji kaflinn í Skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla, 2005.

[3] Á sama tíma og vitað er ýmislegt um hvernig fjölmiðlanotkun barna og ungmenna er háttað og hvaða breytingar hafa verið á henni í gegnum árin (sbr. langtímarannsókn prófessors Þorbjarnar Broddasonar) er vitneskja um fjölmiðlanotkun landsmanna almennt af skornum skammti. Reyndar hefur safnast saman margvísleg þekking úr tilfallandi rannsóknum, en engar samfelldar rannsóknir og mælingar eru til um fjölmiðlanotkun hér á landi. Sama á einnig við um menningarástundum.

lýsingar er þess gætt til hins ýtrasta að trúnaður sé ekki rofinn við einstaka aðila í umfjöllun og við framsetningu talna.

Stuðst er einnig við niðurstöður úr fjölmiðlakönnunum samstarfsaðila fjölmiðla og auglýsingastofa sem framkvæmdar hafa verið með líku sniði um nokkurt árabil, fyrst af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og síðar af ÍM Gallup, nú Capacent. Að auki eru tilfærðar ýmsar aðrar heimildir. Eins og vera ber er vísað til heimilda eins og við á hverju sinni.

1.4 Um hugtökin fjölmiðil og fjölmiðlun

Fljótt á litið kann að virðast sjálfgefið hvað teljist vera fjölmiðill (e. *mass medium* í et. og *mass media* í ft.) og sömuleiðis hvað sé fjölmiðlun (e. *mass communication*). Að öllu jöfnu vísa þessi hugtök til miðilsins og efnis hans, miðlunarinnar og móttöku efnisins, eða til alls þrenns í senn, líkt og Robert Burton sagði um sjónina í riti sínu *Anatomy of Melancholy* (1621): „Þrennt er það sem sjónin þarfnast, hluturinn, skynfærið og miðillinn.“ (*„To the Sight three things are required, the Object, the Organ and the Medium“* ívitnað í Williams, 1984: 203.) *Íslensk orðabók* (2002) segir fjölmiðil vera „tæki til að dreifa upplýsingum til mikils fjölda á stóru svæði“, en að fjölmiðlun sé „dreifing upplýsinga til margra manna á stóru svæði (með fjölmiðlum)“.

Sögulega eru bæði hugtökin samofin fjöldaútbreiðslu bókarinnar, blaða, kvikmynda og hljómplötunnar og viðgangi hljóðvarps og síðar sjónvarps. Jafnframt eru þau nátengd hugmyndum um „múgsamfélagið“ (e. *mass society*) og fjöldamenningu (e. *mass culture*) sem skutu rótum á fyrstu áratugum síðustu aldar og trú manna á þætti fjölmiðla í mótun almenningsálitsins (Williams, 1984: 203-4). Enn þann dag í dag eru þessir sömu miðlar við lýði í tiltölulega lítt breyttri mynd. En það eru einmitt þeir sem koma flestum til hugar þegar talað er um fjölmiðla. Eins og Denis McQuail segir:

> það sem við lítum á sem einkennandi atriði fjölmiðlunar fyrir 70 árum eða svo er enn ofarlega í huga okkar nú, þ.e. eiginleiki þeirra til að ná til alls þorra almennings á skjótan hátt með sömu upplýsingar, skoðanir og afþreyingu, almennan áhuga á þeim, örvun þeirra á von og áhyggjum í jöfnum mæli og væntingar til áhrifamáttar þeirra.
>
> [*what we regarded as the key features of mass communication seventy or more years ago are still foremost in our minds today: their capacity to reach the entire population rapidly and with much the same information, opinions and entertainment; their universal fascination they hold, their stimulation of hopes and fears in equal measure; the assumption of great impact and influence.*]
>
> McQuail, 2005: 4.

Þau einkenni sem talin eru til fjölmiðla er að þeir dreifa almennum upplýsingum sem aðgengilegar eru fjölmennum hópi manna á stóru svæði á skipulegan og skjótvirkan hátt. Fjölmiðlun er einnar áttar, frá fámennum hópi sendanda til fjölmenns og óskipulagðs hóps móttakenda sem hafa takmarkað svigrúm til andsvara. Hún er ópersónuleg og opinber í stað þess að vera beint að tilteknum einstaklingum, auk þess sem hún er samfelld og stöðug í stað þess að vera bundin við sérstakt tilefni eða einstakan atburð (Hadenius og Weibull, 2002: 15; Hartley, Montgomery, Rennig og Brennan, 2002: 142; Lorimer, 1994: 21–22; O'Shaughnessy og Stadler, 2008: 2). Stundum er skilgreining á fjölmiðlun notuð í þröngri merkingu og nær þá aðeins til fjölmiðla sem hafa opinbera umræðu að meginmarkmiði. Í greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi (2004: 5) segir svo að fjölmiðill sé:

> stofnun eða fyrirtæki, lögaðili, sem safnar, metur og setur reglulega fram upplýsingar í því skyni að dreifa þeim reglulega til umtalsverðs fjölda fólks á tilteknu svæði. Fjölmiðill getur notað ólíkar leiðir

til að dreifa þeim upplýsingum sem hann aflar: Hann getur gert það sem dagblað eða tímarit, á ljósvakanum, í útvarpi eða sjónvarpi eða á netinu.[4]

„Í annan tíma hefur hugtakið fjölmiðill verið notað í víðari merkingu og tekur einnig til miðla sem hafa afþreyingu og skemmtun að leiðarljósi (Hadenius og Weibull, 2002: 15-16). Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla (2005: 13) segir til að mynda að þar sé „fjallað um fjölmiðla í víðum skilningi“, einkum þá „sem endurnýja sig daglega“ og „samruna ýmissa hefðbundinna fjölmiðla og netmiðla“ í stað þess að fjalla „aðallega ... um dæmigerða fjölmiðla og þá sem alla jafnan hafa mest áhrif í umræðu um þjóðfélagsmál í víðum skilningi, þ.e. dagblöð, útvarp og sjónvarp“.

Slíkar skilgreiningar eru ekki vandræðalausar. Fyrir það fyrsta getur miðlun til mikils fjölda manna samtímis eða því sem næst átt sér stað án fjölmiðla. Allt frá miðöldum hefur táknum og skilaboðum verið komið á framfæri við fjölmennan og óskipulegan hóps fólks með margvíslegum hætti, svo sem í formi stytta, minnismerkja, altaristaflna, steindra kirkjuglugga og söngva svo fátt eitt sé upp talið. Augljósasta dæmið um slíka fjöldamiðlun er samræmt messuhald hinnar pápísku kirkju sem öldum saman hefur náð til meiri fjölda fólks samtímis en útbreiddustu fjölmiðlar hafa nokkurn getað státað sig af að ná til (Curran, 1982: 202). Í annan stað er forskeytið *fjöl-* að ýmsu leyti villandi þar sem útbreiðsla fjölmiðla og fjölmiðlaafurða er oft á tíðum næsta lítil. Hvar á að draga þau mörk um útbreiðslu miðla svo þeir geti talist fjölmiðlar? Eru bækur til að mynda fjölmiðill? Sumir mundu segja að svo væri, en aðrir ekki. Í stað þess að hugtökin feli í sér miðlun til mikils fjölda manna væri nær að segja að efni og afurðir þess sem nefna má fjölmiðla séu í grundvallaratriðum aðgengileg flestum, óháð því hvort fleiri eða færri færi sér þau í nyt. Þess vegna má segja að hugtökin miðill og miðlun (e. *mediated communication*) eigi betur við (Lorimer, 1994: 21–27; Thompson, 1995: 23–26). Í þriðja lagi gefa hugtökin fjölmiðill og fjölmiðlun til kynna að fjölmiðlanotendur séu óvirkir móttakendur efnis fjölmiðla. Slíkt fer fjarri hinu sanna. Fjölmiðlanotkun og túlkun notenda á efni fjölmiðla ræðst að talsverðu leyti af félagslegum kringumstæðum hverju sinni, þekkingu þeirra og reynslu (Thompson, 1995: 24–25).[5]

Það er síður en svo alltaf ljóst hver það er sem miðlar, hver miðillinn er, hverju er miðlað og í þágu hverra í hvert og eitt skipti, eins og Umberto Eco bendir á í eftirfarandi dæmi:

1. Fyrirtæki framleiðir póloboli með krókódílsmynd og auglýsir þá.
2. Ný kynslóð manna byrjar að ganga í pólobolunum.
3. Sérhver eigandi umræddra pólobola auglýsir með krókódílsmyndinni á brjósti sínu þessa tegund af pólobolum. []
4. Sjónvarpsútsending (sjónvarpsþáttur), sýnir til að endurspegla raunveruleikann, ungt fólk sem gengur í pólóbolunum með krókódílsmerkinu. []
5. Ungir (og aldnir) horfa á sjónvarpsútsendinguna og kaupa fleiri póloboli með krókódílsmerkinu vegna þess að þeir sækjast eftir útliti unga fólksins úr þættinum. []

Hver er fjölmiðillinn? Auglýsingin? Útsendingin? Pólobolurinn? []
Hver sendir skilaboðin? Framleiðandinn? Sá sem gengur í pólobolnum? Leikstjóri sjónvarpsþáttarins? Sá sem greinir fyrirbærið? []
Hver býr til hugmyndafræðina? Enn á ný, framleiðandinn? Sá sem gengur í pólobolnum (þar með talið sá þekkti einstaklingur sem kann að ganga í honum á almannafæri án sérstakrar greiðslu)? Leikstjóri sjónvarpsþáttarins sem dregur upp mynd af kynslóð ungs fólks?

---

[4] Fyrirmynd þessarar skilgreiningar er sótt í rit Páls Sigurðssonar, *Fjölmiðlaréttur* (1997: 17–21).

[5] Sbr. notagildiskenninguna (e. *uses and gratification theory*) og kenninguna um hinn virka fjölmiðlanotanda (e. *active audience theory*).

Hver skipuleggur þetta? Í spurningunni felst ekki vísbending um að skipulag sé til heldur fremur að það sé ekki upprunið úr einum stað.

[*1. A firm produces polo shirts with an alligator on them and it advertises them.*
2. A generation begins to wear these polo shirts.
3. Each consumer of the polo shirts advertises, via the alligator on his or her chest, this brand of polo shirt.
4. A TV broadcast (programme), to be faithful to reality, shows some young people wearing the alligator polo shirt.
5. The young (and the old) see the TV broadcast and buy more alligator polo shirts because they have „the young look“.
Which is the mass medium? The advertisement? The broadcast? The shirt?
Who is sending message? The manufacturer? The wearer? The TV director? The analyst of this phenomenon?
Who is the producer of ideology? Again, the manufacturer? The wearer (including the celebrity who may wear it in the public for free)? The TV director who portrays the generation?
Where does the plan come from? This is not to imply that there is no plan but rather it does not emanate from one central source.]

Eco, „The Multiplication of the Media,“ 1986,
hér vitnað í Lorimer, 1994: 22–23.

Tilkoma netsins og gagnvirkrar miðlunar hefur óneitanlega raskað þeirri mynd sem almenningur hefur lengst af gert sér af fjölmiðlum. Í kjölfar útbreiðslu nýrra samskiptamiðla og samsláttar á milli hefðbundinna fjölmiðla, síma og netsins hafa skilin á milli fjölmiðlunar og persónulegra samskipta (e. *interpersonal communication*) máðst út að nokkru. Í stað „línulegrar miðlunar“ (e. *linear communication*) frá fáum til margra hefur samruni milli stafrænnar tölvutækni og mismunandi boðskiptatækni og miðlunaraðferða gert gagnkvæma persónulega miðlun mögulega frá mörgum til margra þar sem einstaklingarnir geta samtímis verið í hlutverki þiggjenda og sem skapendur hver kyns efnis og texta (Hartley, Montgomery, Rennig og Brennan, 2002: 143).

Netið hefur þannig að geyma mismunandi miðla og ólíka notkun í senn, eins og Jens F. Jensen bendir á:

Netið hefur tvo eiginleika, sem hafa oft verið aðgreindir: miðlun og varðveisla þekkingar. … Það sem gerir netið sérstakt er samþætting og samruni þessa eiginleika, þ.e. alheims samskiptaleið og jafnframt skjalasafn staðreynda, skáldskapar, vísinda, lista, rafrænna viðskipta, kynlífs og leikja fyrir allan heiminn.
Hér skiptir máli að netið brúar bilið á milli fjöldasamskipta í formi bóka, dagblaða, kvikmynda, útvarps, sjónvarps o.s.frv. og einkasamskipta með talsíma, bréfsendingum, símbréfum, textaskilaboðum (SMS) o.s.frv. Á netinu er hægt að eiga samskipti við marga, við einn og það sem er nýtt í þessu samhengi, margir við marga í einu.

[*Internettet har to funktioner, som ofte har været adskilt: formidling og lagring af information. ... Det er både kombinationen og integrationen af de to sider, der gør internettet til en ganske særligt medie – en global kommunikationskanal og samtidig en værdensomspænnende arkiv for fakta og fiktion, videnskab og kunst, e-handel, sex og spil.*
Hertil kommer, at internettet overskrider skellet mellem „massekommunikation“ (via bog, avis, film, radio, tv osv.) og interpersonlig kommunikation (via telefon, brev, fax, sms osv.). På internettet kan man kommunikere en-til-mange, en-til-en og noget som forholdsvis nyt – mange-til-mange ...]

Jensen, 2004: 204.

Netið með öllum þeim möguleikum sem það býður upp á getur ekki talist fjölmiðill sem slíkur – það er aðeins einn boðskiptavettvangur af mörgum sem okkur stendur til boða. Margt af þeirri miðlun sem fer um netið uppfyllir vissulega þau skilyrði að vera ópersónuleg, opinber, samfelld og stöðug í stað þess að vera bundin við sérstakt tilefni eða einstakan atburð (Lievrouw og Livingstone, 2006; Morris og Ogan, 2002: 135–38).

Tafla 2.1 sýnir samanburð helstu samskiptaeiginleika persónulegra samskipta, hefðbundinnar og stafrænnar miðlunar (e. *digital communication*). Skipta má ólíkum miðlum og miðlunarleiðum upp í þrjú stig (e. *media of three degrees*) eftir eðli og umfangi þeirra samskipta sem um er að tefla (Jensen, 2002: 3–4). *Fyrsta stigs* miðlun einkennist af beinum persónulegum og lítt stöðluðum samskiptum milli einstaklinga eða til tiltölulega fámenns hóps hverju sinni. Dæmi þar um er tungumálið, og önnur samskipti sem fela í sér persónulega nánd, svo sem lifandi sviðs- og tónlistarflutningur. Miðlun á *öðru stigi* felst í því að efninu er miðlað á stöðluðu formi af fáum til fjölmenns hóps notenda eins og með prentmiðlum, blöðum, tímaritum og bókum, hljóðvarpi og sjónvarpi, auk kvikmynda og hljóðrita. *Þriðja stigs* miðlun sameinar einkenni fyrsta og annars stigs miðlunar, með möguleika á flutningi mikils magns af stöðluðu efni til fjölmenns hóps notenda, og sem samtímis býður upp á gagnvirkni milli sendanda og móttakanda, jafnt á milli fárra sem fleiri. Netið er augljósasta dæmið þar um.

Tafla 2.1. *Samskiptaeiginleikar mismunandi boðskiptatækni og miðlunar*

	Fyrsta stigs miðlun		*Annars stigs miðlun*		*Þriðja stigs miðlun*
Samskiptaeiginleikar	*Milliliðalaus samskipti milli einstaklinga*	*Heimilissími*	*Prentmiðlar*	*Útvarp (hljóðvarp og sjónvarp)*	*Netið*
Hraði boðskipta	Lítill	Mikill	Lítill/miðlungs	Mikill	Mikill
Landfræðileg spönnun	Lítil	Mikil	Miðlungs	Mikil	Mikil
Félagsleg spönnun	Lítil	Mikil	Miðlungs	Mikil	Miðlungs/mikil
Efnismagn	Lítið	Lítið	Miðlungs	Miðlungs	Mikið
Efnisúrval	Lítið	Lítið	Lítið	Lítið	Mikið
Nákvæmni	Mikil	Lítil	Mikil	Lítil/miðlungs	Mikil
Gagnkvæmni	Mikil	Miðlungs	Lítil	Lítil	Miðlungs
Margbreytileiki	Mikill	Miðlungs	Mikill	Miðlungs	Miðlungs

Heimildir: byggt á Jensen, 2002: 3–4; van Dijk, 2004: 154.

Aukinn samruni milli mismunandi tegunda fjölmiðla og fjölbreyttari dreifileiðir sem til boða standa hafa gert það að verkum að sífellt erfiðara er að greina á milli persónulegra boðskipta og hefðbundinnar fjölmiðlunar (Hadenius og Weibull, 2002: 16; Hesmondhalgh, 2007: 15, 240–42, 249; McQuail, 2005: 31–45). Hefðbundnir fjölmiðlar hafa í auknum mæli ekki aðeins fært sér í nyt gagnvirkni tölvutækninnar og netsins til dreifingar efnis til notenda. Þeir hafa einnig í sífellt meira mæli fetað sig inn á nýjar brautir við framsetningu efnis og í samskiptum við notendur sem óhugsandi voru með öllu fyrir daga stafrænnar tækni og nýrrar samskiptatækni. Ástæður þess að hefðbundnir fjölmiðlar sækja stöðugt inn á netið eru ýmsar. Í fyrsta lagi er fjölmiðlum í lófa lagið að endurnýta áður gert efni með því að miðla því yfir netið og að samnýta vinnu við efni sem dreift er á netinu með annarri efnisgerð án tiltakanlega mikils viðbótarkostnaðar. Í öðru lagi er þetta í því augnamiði að tryggja sér hlut í vaxandi tekjum af auglýsingum á netinu. Í þriðja lagi gerir netmiðlun fjölmiðlum kleift að gera

tilraunir með nýtt efni og breytta framsetningu á efni. Að síðustu gerir nærvera fjölmiðla á netinu þeim auðveldara um vik að ná betur til yngra fólks sem hefur í vaxandi mæli snúið baki við hefðbundnum fjölmiðlum (Trappel, 2007: 127–28; Sparks, 2004: 311 o.áfr.).

Nú til dags eru blöð að öllu jöfnu gefin bæði út í prentuðu formi á pappír og í sérstakri vefútgáfu í texta, mynd og hljóði, þar sem lesendur geta með gagnvirkum hætti komið athugasemdum á framfæri við fréttir og lagt sitt til málanna. Hljóðvarpshlustendur og sjónvarpsáhorfendur geta verið í sambandi við þáttagerðarmenn í beinni útsendingu, í síma og yfir netið og lagt orð í belg jafnóðum. Aukin gagnkvæmni og geymslugeta venjulegra heimilistölva hefur orðið til þess að fjölmiðlanotendur haga fjölmiðlanotkun sinni í auknum mæli með öðrum hætti en þeir gerðu. Nú býðst þeim að lesa, hlusta og horfa á efni miðlanna hvenær sem þeim best hentar og hvar sem þeir eru staddir hverju sinni (Jenkins, 2006; Lotz, 2007). Nýjar miðlunarleiðir sjónvarps, eins og í gegnum þriðju kynslóðar farsíma, gera það að verkum að sjónvarpsnotkun er ekki lengur bundin við staði og stund, heldur geta menn horft á það meðan þeir eru á ferðinni (Do, Kim, Kim og Kim, 2009; Pavlik 2008). Í nánustu framtíð má reikna með að efnisframboð í farsímann komi til með að aukast til mikilla muna og að hann verði æ mikilvægara tæki til upplýsingaöflunar og afþreyingar fyrir fólk sem er á faraldsfæti (Østergaard, 2007).

Þróun hefðbundinna fjölmiðla til gagnvirkni má lýsa eins og sýnt er í mynd 2.1 sem dregur upp einfalda mynd af einkennum hefðbundinna fjölmiðla og tölvuneta og nýmiðla með tilliti til stærðar notendahóps og samskiptamáta mismunandi boðskiptatækni og miðla.

Mynd 2.1. *Notendahópar og samskiptamáti hefðbundinna fjölmiðla og nýmiðla*



Hvað sem slíkum tæknilegum og efnislegum samruna líður milli ólíkra boðskiptakerfa og miðlunarleiða er enn til staðar skýr munur á milli mismunandi tegunda fjölmiðla, ekki hvað síst er varðar efni þeirra (Jensen, 2004; Lievrouw og Livingstone, 2006; Lister, Dovey, Giddings, Grant og Kelly, 2003). Blöð eru enn blöð þótt þeim sé samhliða dreift á pappír og á vefnum í sama eða með breyttu sniði; hljóðvarp og sjónvarp eru enn sömu miðlar þótt unnt sé að hlusta og horfa á þau í gegnum síma, yfir netið og taka merki þeirra niður úr gervihnetti. Nýir miðlar draga einnig dám af eldri og hefðbundnari miðlum og sækja þangað fyrirmyndir að efni. Sú bylting í efni og efnisgerð sem ætla mætti að nýjar miðlunaraðferðir leiddu til hafa látið á sér standa (Dovey, Giddings, Grant og Kelly, 2003; Hesmondhalgh, 2007). Vinsælir og útbreiddir nýmiðlar eru oft einungis aðeins ný birtingarmynd hefðbund-

inna fjölmiðla og eru oftar en ekki hluti af „rótgróinni fjölmiðlamenningu“ [„an established commercial media culture“] (Lister, Dovey, Giddings, Grant og Kelly, 2003: 7).

Ástæðulaust er einnig að draga of skýr mörk á milli hefðbundinna fjölmiðla og nýrra miðla (Hesmondhalgh, 2007, 9. kafli; Jankowski, 2006: 55–57; Lievrouw og Livingstone, 2006: 2–3, 20–25; Lister, Dovey, Giddings, Grant og Kelly, 2003: 7, 10–14, 37–44). Enn er langt í land að netið komi í stað hefðbundinna fjölmiðla og fjölmiðlunar, ef það þá gerir það einhvern tíma. Nær væri að segja að fjölmiðlun á netinu sé viðbót við eldri miðla (Hesmondhalgh, 2007: 249). Líkt og Martin Lister og samverkamenn hans benda á, þ.e. „nýnæmi nýmiðla er, að hluta til, raunverulegt, að því leyti að þeir voru ekki til áður, en að teknu tilliti til þessara breytinga er ekki verið að hafna sögunni því hún er full af sambærilegum augnablikum þar sem nýmæli hafa komið fram“ [*„[t]he newness of the new media is, in part, real, in that these media did not exist before now. But taking these changes into account does not mean abolishing all history because it (history) is full of similar moments of newness“*] (Lister, Dovey, Giddings, Grant og Kelly, 2003: 3). Dómsdagsspár hafa áður verið kveðnar upp yfir fjölmiðlum í kjölfarið á tilurð og örri útbreiðslu nýrra miðla: á sínum tíma var álit margra að hljóðvarpið mundi útrýma hljómplötunni; sjónvarpið hljóðvarpinu, sjónvarpið og síðar myndbandið og mynddiskurinn voru sögð koma í stað sýninga kvikmynda í kvikmyndahúsum, o.s.frv. Tæplega þarf að taka það fram að þessir sömu miðlar og spáð var svo hraksmánarlega fyrir lifa enn í dag þokkalegu lífi þótt þeir hafi þurft að aðlaga sig að breyttri stöðu á fjölmiðlamarkaði. Nú síðast segja þeir sem telja sig sjá fram í tímann að netið muni ryðja dagblöðum í hefðbundnu formi úr vegi.[6] Þeim sem halda slíkum ragnarökum frammi er hollt að hafa í huga að mismunandi fjölmiðlar hafa ólíku samfélagslegu hlutverki að gegna. Notkun ólíkra miðla hefur mismunandi félagslega og sálræna þýðingu fyrir notendur. Fólk notar ólíka fjölmiðla á mismunandi vegu, eftir ólíkum kringumstæðum hverju sinni. Það er meira en hæpið að gera ráð fyrir því að netið í hvaða mynd sem er fullnægi ólíkum þörfum manna að þessu leyti (sbr. van Dijk, 2004).

Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á allri tæknilegri umgjörð fjölmiðlunar og með tilkomu nýrra miðlunarleiða má vera ljóst að „engin einföld skilgreining“ er til um fjölmiðlahugtakið (*„has no straightforward definition“*) (Laughey, 2007: 3). Sumir kveða jafnvel svo fast að orði að allar tilraunir til að skilgreina fyrirbærið séu dæmdar til að mistakast (O'Shaughnessy og Stadler, 2008: 2). Augljós hætta við alla slíka skilgreiningasmíð er annars vegar sú að skilgreiningin verði of þröng og útiloki margt af því sem telja má til fjölmiðla, eða, á hinn bóginn, hún verði of víð og þar af leiðandi merkingarlaus (Hartley, Montgomery, Rennig og Brennan, 2002: 138–39). Þennan skilgreiningavanda má ljóslega ráða af íslenski löggjöf um fjölmiðla. Í lögum er hvergi að finna skilgreiningu á því hvað teljist vera fjölmiðill þrátt fyrir að hugtakið komi víðs vegar fyrir. Þess í stað verður að ráða merkingu hugtaksins af umfjöllunarefninu hverju sinni.[7]

---

[6] Nýlega kvað fjölmiðlaútgefandinn Rupert Murdoch upp grafskrift yfir prentuðum dagblöðum sem hann spáir að heyri sögunni til innan áratugar þar sem allur fréttaflutningur verði á netinu (eyjan.is, 10. júní 2009). Reyndar taldi Murdoch tæpu ári áður að prentuð dagblöð ættu langra lífdaga auðið (mbl.is, 17. nóv. 2008). Ekki er örgrannt um að fjárhagslegir erfiðleikar fjölmiðlaveldis hans News Corp. Inc. sem meðal annars gefur út stórblöðin The New York Post, The Wall Street Journal í Bandaríkjunum og The Times í Bretlandi, hafi haft eitthvað með þessi sinnaskipti að gera (Morgunblaðið, 7. ágúst 2009).

[7] Orðaleit í núgildandi lögum leiðir í ljós að orðið fjölmiðill í öllum orðmyndum kemur fyrir í 31 lagatexta án nokkurra skýringa. Hugtakið fjölmiðlun kemur hins vegar aðeins fyrir einu sinni.

Í stað þess að skilgreina í eitt skipti fyrir öll hvað er fjölmiðill og hvað er fjölmiðlun er ráðlegra að ráða skilgreininguna af umfjöllunarefninu hverju sinni, hvaða tilgangi og hlutverki miðlinum og miðluninni er ætlað að hafa og sömuleiðis hvernig notkun miðilsins er farið (Lievrouw og Livingstone, 2006). Í því efni skiptir mestu að miðlunin sé opinber og aðgengileg þorra manna og að efnið hafi á einhvern hátt félagslega skírskotun. Samkvæmt Marjoire Ferguson er opinber miðlun „sú upplýsingavinnsla og menningarsamskipti milli fjölmiðlastofnana, afurða og almennings, sem deilt er félagslega, almennt aðgengilegileg og hefur samfélagsleg einkenni“ [*„those processes of information and cultural exchange between media institutions, products and publics which are socially shared, widely available and communal in character“*] (Ferguson, 1990: ix).

1.5 Fjölmiðlanotkun og útbreiðsla upplýsingatækni.

Aðgengi að fjölmiðlum er auðvelt hér á landi og útbreiðsla og notkun fjölmiðla og upplýsingatækni er almenn. Dagblöðunum er ýmist á dreift á landsvísu eða til þorra heimila. Upplag dagblaða í eintökum talið á hverja 1.000 íbúa á aldrinum 15 ára mælist hvergi hærri (WAN, 2008: 91). Viðtæki fyrir móttöku útsendinga hljóðvarps og sjónvarps hafa um langt skeið verið til á nær öllum heimilum og útsendingar flestra útvarpsstöðva nást víðast um landið. Útbreiðsla upplýsingatækni á heimilum hér á landi er með því mesta sem gerist í Evrópu og þótt víðar sé leitað (EUROSTAT; OECD). Svo mjög hafa Íslendingar tekið upplýsingatæknina í sína þjónustu á ýmsum sviðum að þeir teljast heimsmeistarar í notkun Facebook samskiptasíðunnar svo dæmi sé nefnt (ABS fjölmiðlahús, 26. jan. 2009 og 24. sept. 2009).

Tafla 3.1 sýnir upplýsingatæknibúnað vegna móttöku og afspilunar á fjölmiðlaefni og til rafrænna samskipta á heimilum fólks á aldrinum 16–74 ára fyrri hluta árs 2009 eða sem því næst. Hljóðvarp og farsími eru til á svo gott sem öllum heimilum. Sama er að segja um sjónvarp og aðgengi að textavarpi. Heimilistölva er til á langsamlega flestum heimilum. Litlu færri heimili eru með nettengingu. Þar af er obbinn af nettengdum heimilum með háhraðatengingu, eða 97% nettengdra heimila.

Tafla 3.1. *Upplýsingatæknibúnaður á heimilum 2009 (hlutfall, %)*

	Hlutfall, %		*Hlutfall, %*
Hljóðvarp	<100	Myndbandstæki	68
Farsími	981	Stafræn móttaka sjónvarps	60
Sjónvarp	95	MP3/iPod	59
Heimilistölva	92	Tvö sjónvarpstæki og fleiri	50
þ.a. fartölva	76	Flatskjár	48
þ.a. borðtölva	60	Leikjatölva	42
þ.a. lófatölva	10	Heimabíó	30
Nettenging	90	Stafrænt myndupptökutæki	17
þ.a. háhraðatenging (xDSL)	97	Tenging sjónvarps um kapal	11
Textavarp	86[2]	Gervihnattadiskur	9
DVD spilari	82		

Skýringar:
[1] Tala vísar til ársins 2006.
[2] Tala vísar til ársins 2002.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Útbreiðsla fjölmiðla- og upplýsingatækni breytist nær stöðugt með tilkomu nýrrar tækni og þjónustu sem er í boði og með því að eldri tækni er leyst af hólmi með nýrri og endurbættri tækni. Á síðustu árum hefur þannig fartölvan komið í vaxandi mæli í stað borðtölvunnar á heimilum landsmanna. Nú er svo komið að fartölvur eru nú til að á fleiri heimilum en borðtölvur. Sömuleiðis hefur myndbandstækjum í auknum mæli verið skipt út fyrir DVD spilara. Á fáeinum árum hafa DVD spilarar öðlast meiri útbreiðslu en myndbandstækin höfðu nokkurn tíma. Þeir eru til á átta af hverjum tíu heimilum. Enn þá eru myndbandstæki þó til á hátt í sjö af hverjum tíu heimilum. Sex af hverjum tíu heimilum eru með stafræna móttöku sjónvarps. Á helmingi heimila eru tvö eða fleiri sjónvarpstæki. Aðeins fáum árum eftir að flatskjáir og svonefnt heimabíó komu á neytendamarkað eru flatskjáir þegar á hátt í helmingi heimila og heimabíó fast að því á þriðjungi. Einhver heimilismanna á ríflega helmingi heimila hefur yfir að ráða „tónhlöðu“ (MP3 og/eða iPod spilara). Hins vegar eiga fæst heimili stafrænt myndupptökutæki (*DVD Recorder*) eða taka á móti sjónvarpi um kapal eða gervihnattadisk.

Langflestir landsmenn líta reglulega í fréttablöð, hlusta hljóðvarp og horfa á sjónvarp, auk þess sem flestir nýta sér netið daglega til samskipta, upplýsingaleitar og afþreyingar.[8] Kannanir sýna þó að fjölmiðlanotkun er á misjafnan hátt farið eftir kyni og aldri. Tafla 3.2 sýnir hlutfall þeirra sem notfærðu sér daglega fréttablöð, hljóðvarp og sjónvarp og fóru á netið frá 2000 til 2008.

Tafla 3.2. *Dagleg fjölmiðla- og netnotkun 2000–2008*

	2000	2005	2008
Fréttablöð	74	951	..
Hljóðvarp	792	89	883
Sjónvarp	88	71	863
Netið	79	76	86

Skýringar: Niðurstöðunum ber að taka með vara þar sem þær eru fengnar úr ólíkum könnunum. Ekki er gerður greinarmunur á starfstengdri notkun netsins og notkun í einkalífi.
[1] Tala vísar til ársins 2004.
[2] Tala vísar til ársins 2001.
[3] Tala vísar til ársins 2007.
Heimildir: Capacent; Elvestad og Blekesaune, 2008: 432; Hagstofa Íslands; PricewaterhouseCoopers, 2001.

Hátt í níu af hverjum tíu hlusta daglega á hljóðvarp, horfa á sjónvarp og nota netið. Á undangengum árum hefur hlutfall þeirra sem nota daglega þessa miðla og netið hækkað fremur en hitt. Árið 2004 lásu að jafnaði 95% fréttablöð daglega (sjá mynd 3.1). Lestur fréttablaða hefur aukist umtalsvert frá því að hafið var að gefa út frídagblöð hér á landi með tilkomu Fréttablaðsins frá árinu 2001. Árið 1991 lásu 78% blöð daglega hér á landi (Ahlin, 1991: 67); árið 2000 mældist hlutfall daglegra blaðalesenda 74% (Capacent).

[8] Útbreiðsla og notkun annarra fjölmiðla er sömuleiðis verulega almenn hér á landi. Þannig hefur aðsókn að kvikmyndahúsum og leiga myndbanda og diska verið um árabil með því hæsta sem gerist (EAO, 2008c; Ragnar Karlsson, 2002a, 2002b).

Mynd 3.1. *Dagleg fjölmiðla,- tölvu- og netnotkun (hlutfall af mannfjölda, %)*



Skýringar: Niðurstöðunum ber að taka með vara þar sem þær eru fengnar úr ólíkum könnunum. Tala innan sviga vísar til könnunarárs. Ekki er gerður greinarmunur á náms- og starfstengdri tölvu- og netnotkun og notkun í frítíma.
Heimildir: Capacent; Elvestad og Blekesaune, 2008: 432; Hagstofa Íslands.

Í evrópskum samanburði mælist daglegur lestur fréttablaða með því mesta sem gerist í Evrópu samkvæmt evrópsku félagsmálakönnuninni (European Social Survey) árið 2004 (sjá mynd 3.2). Hlutfall daglegra lesenda var aðeins hærra í Noregi. Norðmenn hafa reyndar um langt árabil verið allra þjóða iðnastir við blaðalestur (Elvestad og Blekesaune, 2008; Gustafsson og Weibull, 1997).

Mynd 3.2. *Lestur fréttablaða í 23 Evrópulöndum 2004*



Skýring: Samkvæmt niðurstöðum European Social Survey 2004.
Heimild: Elvestad og Blekesaune, 2008: 432.

Með árunum hafa fjölmiðlar orðið sífellt frekari til fjörs og æðis ærið margra. Vesturlandabúar verja drjúgum hluta daglegrar vöku í notkun fjölmiðla. Sagt er að daglega verji hver Bandaríkjamaður sem kominn er á unglingsár að meðaltali talsvert lengri tíma í fjölmiðlanotkun en við húsverkin og heimalærdóm svo dæmi sé tekið. Í Bretlandi er þessu á við-

líka hátt farið (Rojek, 2009: 23–25). Sambærilegar tölur eru ekki til héðan. Fátt bendir þó til þess að landsmenn séu neinir eftirbátar annarra í þessu efni.

Misjafnt er hve löngum tíma við verjum að jafnaði í notkun ólíkra fjölmiðla eins og lesa má út úr töflu 3.2 og sýnt er á mynd 3.3. Af hefðbundnum fjölmiðlum fer lengstur tími í að horfa á sjónvarp, eða að jafnaði þrjár stundir á dag. Frá því að reglubundnar mælingar á sjónvarpsnotkun hófust hér á landi hefur áhorf aðeins lítillega lengst þrátt fyrir fjölgun stöðva og stóraukið framboð sjónvarpsefnis á sama tíma. Daglega hlusta menn skemur á hljóðvarp en þeir horfa á sjónvarp eða að jafnaði um tvær klukkustundir á dag. Erlendar rannsóknir sýna að hljóðvarpshlustun fer mestmegnis fram samtímis annarri daglegri iðju í leik og starfi: í bílnum, í vinnunni, við húsverkin, heimalærdóminn, meðan skokkað er o.s.frv. (sbr. Alasuutari, 1997; Crisell, 1994, 2002; Hendy, 2000; Larsen, 2001). Þessu er væntanlega á líkan veg farið hér á landi. Skemmstum tíma verja menn í lestur fréttablaða, eða 39 mínútum á dag að jafnaði árið 2004.

Nýlegar upplýsingar um lengd daglegar netnotkunar Íslendinga eru ekki tiltækar. Ógerlegt er því að segja til um lengd netnotkunar að jafnaði. Samkvæmt könnun sem gerð var árið 2000 dvaldi hver netnotandi hátt í fimm klukkustundir á netinu á dag að jafnaði. Ekkert verður fullyrt um það hvort netnotkun mæld í tíma hafi breyst síðan. Rétt er að taka fram að öll netnotkun er hér meðtalin, jafnt í starfi, námi og í frítíma.

Mynd 3.3. *Fjölmiðla- og netnotkun á dag (tími að jafnaði)*



Skýringar: Notkun að jafnaði á dag. Niðurstöðunum ber að taka með vara þar sem þær eru fengnar úr ólíkum könnunum. Tala innan sviga vísar til könnunarárs. Ekki er gerður greinarmunur á náms- og starfstengdri Internetnotkun og notkun í frítíma.
Heimildir: Capacent (hljóðvarp og sjónvarp, 4. vika 2009,19.–21. janúar); Elvestad og Blekesaune, 2008: 432; Hagstofa Íslands; PricewaterhouseCoopers, 2001.

Nokkurn fyrirvara verður að hafa við túlkun þessara upplýsinga þar sem þær eru fengnar úr könnunum sem eru ekki fyllilega samanburðarhæfar. Engu síður gefa niðurstöðurnar vísbendingu um að aukin notkun netsins hafi ekki dregið úr notkun hefðbundinna fjölmiðla svo einhverju nemi öndvert við það sem oft er haldið fram. Fréttir af andláti hefðbundinna fjölmiðla eru enn alsendis ótímabærar, hvað sem síðar kann að verða.

Forvitnilegt er að skoða upplýsingar um fjölmiðlanotkun hér á landi í samanburði við það sem gerist annars staðar.[9] Við samanburð milli landa þarf jafnframt að hafa hugfast að framboð fjölmiðla og fjölmiðlanotkun ræðst að talsverðu leyti af samspili efnahagslegra, félagslegra, pólitískra og sögulegra aðstæðna. Athuganir hafa sýnt að samband er til að mynda á milli blaðalesturs, menntunar og afkomu (Elvestad og Blekesaune, 2008; Gustafsson og Weibull, 1997; Hallin og Mancini, 2004; Sánchez-Tabernero og Carvajal, 2002). Útbreiðsla og blaðalestur er að öllu jöfnu talsvert meiri norðan- og vestanvert í Evrópu en sunnar þar sem blöð standa almennt hallari fæti gagnvart öðrum miðlum, einkum sjónvarpinu. Sömuleiðis sýna rannsóknir að útbreiðsla og notkun upplýsingatækni fer að talsverðu leyti eftir efnahag og menntunarstigi (Norris, 2001; van Dijk, 2005, 2008). Útbreiðsla og notkun upplýsingatækni er almennari og meiri í Vestur- og Norður-Evrópu en austan- og sunnanvert um álfuna (EUROSTAT), sem rekja má til samspils efnahagslegra og menningarlegra þátta (sjá t.d. Pauwels og Burgelman, 2003; van Dijk, 2008).[10]

Dagleg fjölmiðlanotkun og netnotkun á Norðurlöndum er sýnd í töflu 3.3. Hljóðvarps-, sjónvarps- og netnotkun árið 2007 mældist hér hærri en á öðrum Norðurlöndum, hvort heldur er miðað við hlutfall daglegra notenda eða mælt í tíma. Lengd hljóðvarpsnotkunar á Norðurlöndum hefur reyndar um langt skeið verið í hærri kantinum í samanburði við það sem almennt er í Evrópu og í Bandaríkjunum (Hasebrink og Herzog, 2009; Hendy, 2000: 124–25).

---

[9] Ákveðinn varnagla verður þó hafa við slíkum samanburði sökum ólíkra aðferða sem viðhafðar eru við mælingar á fjölmiðlanotkun. Sjónvarpsáhorf og hlustun á hljóðvarp mælist til að mynda minna með viðstöðulausri rafrænni mælingu (e. *Peoples Meter* eða *24 Hour Recall System*) en í dagbókarkönnunum (sjá t.d. IP, 2008, Menneer, 1995 og Nordström, 1995). Rafrænar mælingar á sjónvarps- og hljóðvarpsnotkun hafa um langt skeið verið víða við lýði. Hér á landi leystu rafrænar mælingar dagbókarkannanir af hólmi í janúar 2008 er Capacent hóf slíkar mælingar í samstarfi við helstu fjölmiðla og auglýsingastofur. Sá tími sem menn hlusta daglega á hljóðvarp mælist um það bil helmingi skemmri samkvæmt þessari aðferð en dagbókarkannanir sýndu. Hins vegar mælist lengd þess tíma sem menn verja fyrir framan sjónvarpið samkvæmt rafrænum mælingum áþekkur lengd þess tíma sem dagbókarkannanir áður mældu.

[10] Í stærra samhengi fellur útbreiðsla upplýsingatækni og netsins á heimsvísu nánast eins og flís við rass við efnahagslega skiptingu heimsbyggðarinnar milli norðurs og suðurs (Hafez, 2007; Sparks, 2007; Zimmer, 2009).

Tafla 3.3. *Dagleg fjölmiðla- og netnotkun á Norðurlöndum 2007*

	Danmörk	*Finnland*	*Ísland*	*Noregur*	*Svíþjóð*
Nota daglega, %					
Fréttablöð[1]	78	94	95	96	91
Hljóðvarp	81	79	88	67	74
Sjónvarp	69	74	86	68	71
Netið	66	62	86	66	58
Notkun á dag að jafnaði í mín.					
Fréttablöð[1]	31	40	39	44	37
Hljóðvarp	179	196	230	132	154
Sjónvarp	148	166	126	154	157

Skýringar: Niðurstöðunum ber að taka með vara þar sem þær eru fengnar úr ólíkum könnunum. Ekki er gerður greinarmunur á starfstengdri netnotkun og notkun í einkalífi. Allar tölur vísa til ársins 2007 nema annað sé tekið fram.

[1] Tölur vísa til ársins 2004.

Heimildir: Elvestad og Blekesaune, 2008: 432; EUROSTAT, nóvember 2008. (http://epp.eurostat.ec.europa.eu), Hagstofa Íslands; Harrie, 2009.

Nokkuð öðru gegnir með sjónvarpsnotkun. Norðurlandabúar horfa mun skemur á sjónvarp á dag en Evrópumenn almennt, einkum þeir sem búa sunnar og austar í álfunni, að ekki sé talað um Bandaríkjamenn og Japani sem verja að enn lengri tíma fyrir framan sjónvarpstækið (IP, 2008: 36). Að meðaltali horfa Evrópumenn daglega á sjónvarp í um þrjár klukkustundir og tuttugu mínútur á móti rétt um tveimur og hálfri klukkustund sem Norðurlandabúar dvelja að jafnaði fyrir framan sjónvarpstækið á dag (EAO, 2008b: 146).

Íslenskir blaðalesendur vörðu álíka löngum tíma daglega í lestur blaða og Finnar og Svíar en talsvert lengri tíma en Danir og talsvert skemmri tíma en Norðmenn. Samkvæmt evrópsku félagsmálakönnuninni árið 2004 voru íslenskir blaðalesendur þeir sem eyddu fjórða lengsta tíma í lesturinn af 23 þjóðum, eða nokkru skemmri tíma en Norðmenn og Finnar og talsvert minna er Írar sem höfðu lengst ofan af sér með blaðalestri, en álíka lengi og breskir og eistneskir blaðalesendur (Elvestad og Blekesaune, 2008: 232).

1.6 Netnotkun

Þegar höfð er í huga almenn útbreiðsla margvíslegrar fjölmiðla- og upplýsingatækni á heimilum mun vera óhætt að fullyrða að Íslendingar séu tiltölulega vel í stakk búnir að taka virkan þátt í hinni margumræddu boðskipta- og margmiðlunarbyltingu. Aðgangur og notkun fjölmiðla og upplýsingatækni þýðir þó ekki það sama og upplýsingaleikni. Á sama tíma og kannanir benda eindregið til að „stafræn aðgreining“ (e. *digital divide*) sé minni hér á landi en víðast hvar, þá sýna sömu athuganir að aðgengi að notkun upplýsingatækni ræðst að nokkru leyti af félags- og efnalegri stöðu (svo sem aldri, lengd skólagöngu og tekjum) (*Hagtíðindi*, 2008:1; um rannsóknir á stafrænni aðgreiningu má lesa t.d. í Norris, 2001; Preston, 2001; Sassi, 2005; van Dijk, 2005, 2008; Webster, 2006).

Algengast er að netið sé notað til samskipta, upplýsingaleitar, vefmiðlanotkunar og í vaxandi mæli einnig til vörukaupa (e. *e-commerce*) og bankaviðskipta (sjá töflu 3.4). Netnotkun er þó á ólíkan hátt farið eftir aldri og menntun notenda. Yngri notendur og langskólagengnir nota netið almennt á fjölbreyttari hátt og til flóknari hluta en þeir sem eldri eru og þeir sem hafa skemmri skólagöngu að baki (sjá t.d. van Dijk, 2005: 117-20; 2008). Þessu er einnig svo farið hér á landi.

Tafla 3.4. *Tilgangur netnotkunar 2002–2009*

	Hlutfall netnotenda, %			
Tilgangur netnotkunar[1]	*2002*	*2005*	*2009*	*Breyting +/-*
Tölvupóstur	90	88	91	+1
Upplýsingaleit um vöru og þjónustu	82	85	86	+4
Lesa dagblöð, tímarit	74	76	78	+4
Viðskipti við heimabanka	58	71	78	+20
Upplýsingaleit á vefjum opinberra aðila	68	59	68	–
Lesa bloggsíður	..	..	66[3]	..
Hlusta á útvarp, horfa á sjónvarp	17	37	65	+48
Spjallrásir, MSN, o.þ.h.	19	50	61	+42
Ferðatengd notkun	55	63	57	+2
Sækja eyðublöð frá opinberum aðilum	43	34	54	+11
Senda inn eyðublöð til opinberra aðila	33	24	54	+21
Hlaða inn eigin efni, texta eða myndum	..	..	47	..
Leika/hlaða niður leikjum, kvikmyndum, tónlist	21	33	46	+25
Upplýsingaleit um heilsu	44	46	40	+4
Hlaða niður hugbúnaði	29[2]	29	31	+2
Kaup á vörum og þjónustu	22	32	29	+7
Símtöl eða fjarfundir	8	16	27	+19
Atvinnuleit/umsóknir	15[2]	18	19	+4
Þátttaka í umræðum á Netinu	..	..	19[3]	..
Halda úti bloggsíðu	..	..	15[3]	..
Til að selja vörur eða þjónustu	7	7	14	+7
Fjarnám/endurmenntun	10[2]	14	11	+1

Skýringar: Aldur svarenda 16–74 ára. Hlutfall af netnotendum. Ekki er gerður greinarmunur á náms- og starfstengdri netnotkun og notkun í frítíma.

[1] Hafa notað á sl. þremur mánuðum.

[2] Tala vísar til ársins 2003.

[3] Tala vísar til ársins 2008.

Heimild: Hagstofa Íslands, www.hagstofa.is, Hagtölur » Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni » Upplýsingatækni: tafla: Ástæða internet notkunar einstaklinga 2002-2009.

Langsamlega flestir nota netið til að taka á móti og senda tölvupóst (91%), nokkru færri lesa blöð og tímarit á netinu (78%) eða hlusta á hljóðvarp og horfa á sjónvarp yfir netið (65%) og taka þátt á spjallrásum (61%). Talsvert færri, eða innan við helmingur netnotenda notar netið til flóknari hluta svo sem eins og að hlaða niður leikjum, kvikmyndum og tónlist (46%), hugbúnaði (31%), eða notfærir sér netið til símtala og fjarfunda (27%). Almennt notar yngra fólk netið á fjölbreyttari hátt en þeir sem eldri eru.

Hljóðvarpshlustun og áhorf á sjónvarp af netinu og þátttaka á spjallrásum hefur vaxið mun hraðar en önnur netnotkun á síðustu árum. Þeir eru mun færri sem taka þátt í umræðum á netinu (19% árið 2008) og halda úti bloggsíðu (15% árið 2008). Þetta kann að benda til þess að netið sé enn fyrst og fremst vettvangur til gagnvirkra samskipta milli einstaklinga og til upplýsingaöflunar og fjölmiðlanotkunar í stað þess að vera almennur og opinn umræðuvettvangur þar sem menn komi sjónarmiðum sínum og efni á framfæri utan netsamfélaga (eins á samskiptavefjunum Facebook og Twitter, svo aðeins tveir séu nefndir). Rétt er þó að hafa í huga að netnotkun breytist ört með aukinni dreifigetu, nýjum samskiptaleiðum og aukinni færni notenda eins og sést berlega af upplýsingunum í töflu 3.4 að framan.

1.7 Taumhald á miðlum

Einkareknir fjölmiðlar hér á landi búa við einhverja frjálslyndustu löggjöf sem þekkist í Vestur-Evrópu og jafnvel þótt víðar væri leitað (Þorbjörn Broddason, 2005: 79–80). Í alþjóðlegum samanburði hefur starfsumhverfi íslenskra fjölmiðla verið lýst sem „fádæma opnu og frjálsu“ (*an exceptionally open and free media environment*), eins og segir í skýrslu um starfsaðstæður fjölmiðla um víða veröld (Freedom House, 2004: 109).

Lagalegt umhverfi fjölmiðlunar hér á landi hefur alla tíð einkennst af því sem nefna mætti „neikvætt frelsi“ (e. *negative freedom*), þ.e. frelsi undan takmörkunum, í stað „jákvæðs frelsis“ (e. *positive freedom*), þ.e. frelsis sem felur í sér skyldu og ábyrgð, svo vísað sé til greiningar Isaiah Berlin á frelsishugtakinu (Berlin, 1969). Víst er að fá dæmi, ef nokkur, er að finna um jafn íhlutunarlausa löggjöf varðandi starfsumhverfi og skyldur einkarekinna fjölmiðla og hér á landi. Það á jafnt við um efni þeirra, ritstjórnarlega ábyrgð, sem og um eignarhald (sjá frekari umræðu hjá Ólafi Þ. Harðarsyni, 2007: 74–75; Ragnari Karlssyni, 2006: 37–38; Þorbirni Broddasyni, 2005: 79–80; Þorbirni Broddasyni og Ragnari Karlssyni, 2009).

Starfsemi fjölmiðla eru hvarvetna settar einhverjar skorður. Þetta er réttlætt annars vegar með mikilvægi frjálsrar fjölmiðlunar fyrir lýðræðislega umræðu og hins vegar með tilvísun til skoðanamyndandi áhrifa fjölmiðla. Í lýðræðislegum samfélögum eru takmarkanir á starfsemi fjölmiðla með þrennum hætti (Lichtenberg, 1990; McQuail, 2003). Í *fyrsta lagi* gera stjórnvöld víðast kröfur til fjölmiðla um efni og framsetningu þess, eða það sem nefna mætti efnisskyldu (e. *content regulation*). Hún getur verið með ýmsum hætti, svo sem að efni og framsetning þess brjóti ekki gegn rétti og skoðunum einstaklinga og einstakra hópa. Í þessum efnum er sennilega kunnust svonefnd „sanngirniskrafa“ (e. *the fairness doctrine*) bandaríska fjarskiptaeftirlitsins (Federal Communications Commission). Dæmi um efnisskyldu er til að mynda andsvarsréttur og tilmæli um að útvarpsstöðvar haldi lýðræðislegar grundvallarreglur í heiðri og gæti að vernd barna gegn óheimilu efni (sbr. útvarpslög, nr. 53/2000, IV. kafla, 9., 11. og 14. gr.; reglugerð nr. 50/2002, um útvarpsstarfsemi, VII. kafla). Efnisskylda getur líka falist í því að útvarpsstöðvum sé skylt að sinna tiltekinni dagskrárgerð, svo sem eins og að sýna innlent efni, efni frá ákveðnum heimshlutun, texta erlent efni, takmörk eru sett á lengd auglýsingatíma, o.s.frv. Dæmi um slíkar efnisskyldur að finna í lögum um starfsemi útvarpsstöðva (útvarpslög, nr. 53/2000, IV. kafli, 7. og 8. gr.; reglugerð nr. 50/2002, um útvarpsstarfsemi, IV. og VI. kafli).

Í *öðru lagi* getur löggjafinn haft áhrif á starfsemi fjölmiðla með setningu almennra leikreglna á fjölmiðlamarkaði og um starfsemi þeirra (e. *structural regulation*). Reglur um eignarhald og markaðshegðun fjölmiðlafyrirtækja eru settar til þess að koma í veg fyrir óeðlilega samþjöppun og til að ýta undir fjölbreytni og fjölræði á markaði. Ljósasta dæmi um inngrip með þessum hætti er starfsemi útvarps í almannaþjónustu. Í sumum löndum er talið nægjanlegt að fjölmiðlar lúti almennum samkeppnisreglum. Annars staðar hefur löggjafinn sett sérstakar reglur um leyfilega hámarksmarkaðshlutdeild fjölmiðla, fjölmiðlafyrirtækja og samsteypa, um eignarhald einstaklinga og fyrirtækja á fjölmiðlum og um krosseignarhald á milli ólíkra fjölmiðla (Freedman, 2008).

Tafla 4.1 veitir yfirlit um eignarhaldstakmarkanir eftir ólíkum fjölmiðlum og milli ólíkra fjölmiðla sem við lýði voru innan Evrópu árið 2008, eða því sem næst.

Tafla 4.1. *Takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðla í Evrópu 2008*

	Takmarkanir á krosseignarhaldi					
Eigendur:	*Svæðisbundið hljóðvarp*	*Hljóðvarp á landsvísu*	*Svæðisbundið sjónvarp*	*Sjónvarp á landsvísu*	*Blöð með svæðisbundna dreifingu*	*Fréttablöð á landsvísu*
Svæðisbundið hljóðvarp (leyfishafar)	Belgía* Bretland* Frakkland* Holland* Króatía* Lúxemb.* Slóvakía* Tékkland*	Austurríki Bretland* Holland* Lúxemb.* Slóvakía* Tékkland*	Austurríki* Bretland* Frakkland* Slóvakía* Tékkland* Ungverjal.*	Austurríki* Bretland* Írland* Ítalía Slóvakía* Tékkland*	Bretland* Frakkland* Írland* Ítalía* Makedónía Slóvakía* Tékkland* Ungverjal.* Þýskaland*	Bretland* Írland* Ítalía* Makedónía Slóvakía* Tékkland* Þýskaland*
Hljóðvarp á landsvísu (leyfishafar)	Bretland* Frakkland* Írland* Ítalía Lúxemb.* Slóvakía* Tékkland*	Bretland* Frakkland* Írland Lúxemb.* Slóvakía* Tékkland* Ungverjal.	Bretland* Frakkland* Ítalía Slóvakía* Tékkland* Ungverjal.	Bretland Frakkland* Írland* Ítalía Slóvakía* Tékkland* Ungverjal.	Bretland* Írland* Makedónía Slóvakía* Tékkland* Þýskaland*	Bretland* Frakkland* Írland* Makedónía Slóvakía* Tékkland* Ungverjal. Þýskaland*
Svæðisbundið sjónvarp (leyfishafar)	Belgía* Bretland* Frakkland* Króatía* Kýpur* Lúxemb.* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*	Bretland* Ítalía Kýpur* Lúxemb.* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*	Austurríki* Bretland* Frakkland* Ítalía* Kýpur* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Ungverjal.* Þýskaland*	Austurríki Bretland* Grikkland Ítalía Kýpur* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Þýskaland*	Bretland* Frakkland* Ítalía* Makedónía Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Ungverjal.*	Bretland* Ítalía* Makedónía Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*

	Takmarkanir á krosseignarhaldi					
Eig-endur:	*Svæðisbundið hljóðvarp*	*Hljóðvarp á landsvísu*	*Svæðisbundið sjónvarp*	*Sjónvarp á landsvísu*	*Blöð með svæðisbundna dreifingu*	*Fréttablöð á landsvísu*
Sjónvarp á lands-vísu (leyfis-hafar)	Bretland* Frakkland* Ítalía Kýpur* Lúxemb.* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*	Bretland Frakkland* Írland Ítalía Kýpur* Lúxemb.* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Ungverjal.	Austurríki Bretland* Frakkland* Grikkland Ítalía Kýpur* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Ungverjal. Þýskaland*	Austurríki Bretland* Frakkland* Ítalía* Írland Kýpur* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Þýskaland*	Ítalía* Makedónía Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*	Bretland* Frakkland* Ítalía* Makedónía Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Ungverjal.
Gervi-hnatta-sjónvarp	Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*	Bretland* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*	Bretland* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Þýskaland*	Bretland* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Þýskaland*	Írland* Slóvenía* Slóvakía*	Írland* Slóvenía* Slóvakía*
Blöð með svæðis-bundna-dreifingu (útgef-endur)	Bretland* Frakkland* Holland* Írland* Kýpur* Lúxemb.* Pólland* Slóvakía* Slóvenía* Svíþjóð* Tékkland* Þýskaland*	Bretland* Holland* Írland* Kýpur* Lúxemb.* Slóvakía* Slóvenía* Svíþjóð* Tékkland* Þýskaland*	Austurríki* Bretland* Frakkland* Holland* Ítalía* Kýpur* Pólland* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Ungverjal.*	Austurríki* Bretland* Grikkland Holland* Írland* Ítalía* Kýpur* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland*	Frakkland* Ítalía* Slóvakía* Slóvenía*	Ítalía* Slóvakía* Slóvenía*
Frétta-blöð á lands-vísu (útgef-endur)	Bretland* Frakkland* Holland* Írland* Kýpur* Lúxemb.* Slóvakía* Slóvenía* Svíþjóð* Tékkland* Tyrkland* Þýskaland*	Bretland* Frakkland* Holland* Írland* Kýpur* Lúxemb.* Slóvakía* Slóvenía* Svíþjóð* Tékkland* Tyrkland* Þýskaland*	Austurríki* Bretland* Frakkland* Grikkland Holland* Ítalía* Kýpur* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Tyrkland*	Austurríki* Bretland* Frakkland* Grikkland Holland* Írland* Ítalía* Kýpur* Slóvakía* Slóvenía* Tékkland* Tyrkland* Ungverjal.	Írland* Ítalía* Slóvakía* Slóvenía*	Frakkland* Írland* Ítalía* Slóvakía* Slóvenía*

Skýringar: Takmarkanir á eignarhaldi umfram það sem kveðið er á um í samkeppnislöggjöf, lögum um hringamyndanir (e. *Cartel Act*), og erlendar fjárfestingar.

* Aðeins heimilt með takmörkunum og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, einkum er varðar markaðshlutdeild og samþjöppun eignarhalds.

Heimild: WAN, 2007–2008.

Af sama toga eru reglur sem kveða á um gagnsæi eignarhalds og takmarkanir á leyfilegri hámarkseignarhlutdeild einstakra einstaklinga og fyrirtækja. Tafla 4.2. sýnir hvernig þessu er háttað innan Evrópu og víðar varðandi fréttablöð og útgáfu þeirra.

Krafa um að eigendur fjölmiðla greini frá eignarhaldi sínu er tilkomin vegna þess að án þess að slíkar upplýsingar liggi fyrir er ekki unnt að fylgjast með að gagni hvernig samþjöpp-

un eignarhalds er háttað á fjölmiðlamörkuðum, né að vita hvaða hagsmunir kunni að liggja að baki starfsemi miðlanna. Leynd um hvernig eignarhaldinu er háttað elur á tortryggni og býður heim hættunni á samslætti ritstjórnarvalds og eignarhalds. „Misnotkun verður vandamál þar sem menn ráða yfir uppsöfnuðu og einráðu valdi, án heimildar eða kjósa að nota ekki vald sitt á gagnsæan hátt.“ (Mills, 2000 [1956]: 313.)

Hér á landi gilda ekki reglur um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum, né um takmarkanir á eignarhaldi. Eigendum hefur verið í sjálfsvald sett hvort þeir láti eitthvað uppi um það hvernig eignarhaldinu á fjölmiðlum er háttað. Mörgum er án efa í fersku minni þegar ekki fékkst lengi vel upp gefið þótt eftir væri leitað hverjir væru eigendur að Fréttablaðinu eftir endurreisn þess árið 2002.

Tafla 4.2. *Yfirlit um reglur um eignarhald fréttablaða í nokkrum löndum 2008*

	Gagnsæi upplýsinga um eignarhald	*Takmarkanir á leyfilegri hámarksmarkaðshlutdeild*[2]
Austurríki		√
Belgía		√
Bretland	√	√
Búlgaría		
Danmörk		
Eistland		
Finnland		
Frakkland	√	√
Grikkland	√	√
Holland	√	√
Írland		√
Ísland		
Ítalía	√	√
Króatía	√	
Lúxemborg		
Makedónía		
Moldavía		
Noregur	√	√
Pólland	√	√
Portúgal		
Rússland	√	
Slóvakía		
Slóvenía	√	√
Spánn		
Sviss	√	√
Svíþjóð		
Tékkland	√	√
Tyrkland		
Ungverjaland		
Úkraína	√	√
Þýskaland	√	√
Evrópa: takamarkanir/ekki takmarkanir	14/17	15/14
Ástralía	√	

	Gagnsæi upplýsinga um eignarhald	*Takmarkanir á leyfilegri hámarks-markaðshlutdeild*[2]
Nýja Sjáland		√
Bandaríkin		√
Kanada	√	
Japan	√	

Skýringar: √ merkir skilyrði/takmarkanir.
[1] Aðeins sértækar reglur um eignarhald útlendinga.
[2] Reglur um hámarks markaðshlutdeild samkvæmt sérákvæðum í lögum og reglugerðum um fjölmiðla.
Heimild: WAN, 2007–2008.

Þriðja meginleiðin sem löggjafinn og stjórnvöld geta farið í því skyni að ýta undir fjölbreytni í fjölmiðlun er með styrkjum og öðrum fjárhagslegum ívilnunum (e. *subsidy approach*). Slíkur stuðningur er hugsaður til að draga úr göllum frjálsrar samkeppni og berja í markaðsbresti (e. *market failure*), ýta undir tiltekna starfsemi og til að hvetja til og hafa áhrif á hegðun neytenda. Stuðningur sem veittur er í þessu skyni getur ýmist verið beinn eða óbeinn. Dæmi um beinan stuðning er til dæmis þegar hið opinbera styrkir fjölmiðla sem standa höllum fæti í samkeppni við stærri miðla, eða búa við markaðsaðstæður og starfsskilyrði sem eru þeim verulega óhagstæð. Beinar styrkveitingarnar eru réttlættar með því að væri ekki neitt að gert mundi það leiða til óviðunandi fábreytni á markaði. Þess háttar styrkveitingar – eins og blaðastyrkir eru dæmi um – hafa þó ætið verið umdeildar. Ókosturinn við beina styrki er sá að þeir geta leitt til skekktrar samkeppnisstöðu milli fjölmiðla á sama markaði og dregið úr hvata til hagræðingar í rekstri þeirra fjölmiðla sem styrkjanna njóta ef þeir eru byggðir á umsóknum og úthlutunum og leitt til stöðnunar og fest ríkjandi ástand í sessi ef þeir eru gerðir sjálfvirkir (Grisold, 1996; Høyer, 2003; Murchetz, 1998; Picard, 2003; Þorbjörn Broddason, 2005: 52).

Annað dæmi þessu skylt er sérstök skattlagning á tekjur fjölmiðla eins og á auglýsingatekjur sem myndar sjóð til að ýta undir fjölbreytni í dagskrárgerð og til framleiðslu á efni sem sýnt þykir að markaðurinn mundi annars ekki sinna. Menningarsjóður útvarpsstöðva sem var við lýði frá 1986 til 2000 er gott dæmi um þetta.

Óbeinn stuðningur getur verið með ýmsu móti, t.d. í formi skattaívilnana og afsláttar á póstburðar- og símgjöldum, en slíkt þekktist víða á meðan póst- og símaþjónusta var bundin einkaleyfi. Fjölmiðlun er talin hafa svo mikla þýðingu fyrir lýðræðislega umræðu og menningarþróun að slíkar ívilnanir eru réttlættar í því skyni að ýta undir fjölmiðlaneyslu almennings, til að efla starfsemi miðlanna vegna menningar- og lýðræðislegs hlutverks þeirra og til atvinnusköpunar.

Dæmi um óbeinan stuðning við fjölmiðla hér á landi er lægri virðisaukaskattur sem lagður er á sölu fjölmiðla til neytenda.[11] Þótt hér sé ekki um styrk að ræða til fjölmiðla ýtir lægri skattlagning undir fjölmiðlaneyslu almennings og kemur þannig fjölmiðlunum til góða með aukinni sölu. Bent hefur verið á að þessi leið sé ekki fremur gallalaus en beinar styrkveitingar þar sem hún komi útbreiddari og söluhærri miðlum til góða í hlutfallslega meiri mæli en miðlum sem hafa minni útbreiðslu (sbr. Grisold, 1996).

[11] Lengi vel var virðisaukaskattur á sölu fjölmiðla hér á landi 14 prósent í stað 24,5 prósenta almenns virðisaukaskatts sem lagður er á sölu vöru og þjónustu. Þetta hlutfall var lækkað niður í sjö prósent 1. mars 2007 (lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum). Almennt virðisaukaskattsþrep hækkaði 1. mars 2009 í 25,5%.

Í nútímalýðræðissamfélagi geta flestir sammælst um það að ekki megi leggja meiri hömlur á starfsemi fjölmiðla en kveðið er á um í lögum um vernd einstaklinga og vegna öryggis ríkisins. Í reynd er þessu á misjafnan hátt farið hvort heldur er um að ræða fréttablöð eða útvarp. Á meðan blöð (og prentað mál) njóta svo til óskoraðs frelsis í lýðræðissamfélögum og eru undanþegin hvers kyns kvöðum um efni og efnisframsetningu umfram ákvæði um meiðyrði og vernd einkalífs einstaklinga er starfsemi útvarps hvarvetna skilyrt með margvíslegum skyldum og kvöðum. Gildir þá einu hvort um er að ræða ríki sem kenna sig við óheft einstaklingsfrelsi eða ríki sem leggja ríkari áherslu á félagslegan jöfnuð.

Ólíkt taumhald á blöðum og útvarpi á sér sínar sögulegu skýringar. Frelsi blaða og prentaðs máls var samofið baráttu frjálslyndra borgaraafla og síðar verkalýðs gegn einveldisfyrirkomulaginu og fyrir lýðræðislegum réttindum. Á hinn bóginn grundvallaðist löggjöf um hljóðvarp í öndverðu á allt öðrum forsendum, sem síðar mótuðu einnig löggjöf um starfsemi sjónvarps (sjá t.d. McQuail, 2003; 2005, 2. kafli; Þorbjörn Broddason, 2005: 65–66).

Í fyrsta lagi var mönnum ljóst að útvarpsbylgjur væru takmörkuð auðlind. Hvarvetna upp úr 1920 kom það í hlut ríkisvaldsins að hafa yfirumsjón með útvarpinu. Víðast var útvarpsrekstur bundinn við einkaleyfi á vegum opinberra eða hálfopinberra stofnana. Í Bandaríkjunum þar sem menn trúðu því að lögmál frjáls markaðar ætti best við í útvarpsstarfsemi varð ríkisvaldið þó að grípa í taumana árið 1927 og skammta senditíðni eftir að í algjört óefni var komið. Markaðurinn reyndist allendis ófær um að sjá um þann vanda sjálfur (sjá t.d. McCheseny, 2004, 1. kafli; 2008, 6. kafli).

Í annan stað var mönnum langt í frá ljóst til hvers hljóðvarpið væri. Öndvert við fyrri boðskiptatækni var hljóðvarpið, og sjónvarpið síðar, „aðallega gert fyrir útsendingar og móttöku sem litið var á sem sértæk ferli, með lítilli eða engri skilgreiningu á því efni er miðla skyldi“ (Williams, 1974: 25), eða öllu heldur að hljóðvarp og sjónvarp hafi verið „tækni í leit að innihaldi“ eins og komist hefur verið að orði (Þorbjörn Broddason, 2005: 65).[12] Það er kannski vegna þessa sem fáir gerðu tilkall til hljóðvarpsins í byrjun og stóðu gegn opinberri forsjá þess.

Í þriðja lagi var ferkari íhlutun opinberra aðila í starfsemi útvarpsins réttlætt þegar í ljós kom hversu áhrifamikið tæki útvarpið var til sefjunar og skoðanamótunar. Stjórnmálaöfgar á millistríðsárunum og beiting hljóðvarps sem áróðurstækis í seinna heimsstríði og í köldu stríði stórveldanna í framhaldinu varð til þess að styrkja þessa skoðun frekar. Í sögulegu ljósi verður misjafnt taumhald á prentmiðlum og útvarpi skiljanlegt. Þrátt fyrir að tæknilegum hindrunum hafi verið rutt úr vegi sem réttlæti takmarkaðan aðgang að ljósvakanum er tilvist útvarpsþjónustu í almannaþágu oftast réttlætt með vísan til lýðræðis- og menningarlegrar þýðingar slíkrar þjónustu (Freedman, 2008).

1.8 Lauslegur samanburður á heimildum og skyldum Ríkisútvarpsins og útvarps á vegum einkaaðila

Hér á landi, líkt og víðast í Evrópu, eru ríkari skyldur gerðar til útvarps í almannaþjónustu en einkarekins útvarps. Það á við um þjónustu, efnisgerð og framsetningu efnis. Samkvæmt lögum er Ríkisútvarpið þjóðarútvarp sem skal senda út til landsins alls og miða í kring, fjölbreytt efni fyrir alla aldurshópa, fræðslu jafnt sem afþreyingu. Þá er Ríkisútvarpinu gert að halda úti fréttaþjónustu og sinna málefnum lands og þjóðar (lög um Ríkisútvarpið ohf.,

---

[12] „Radio seems to have been a technology looking for a use, rather than a response to a demand for a new kind of service or content, and much the same is true of television“ (McQuail, 2005: 34).

nr. 6/2007, II. kafli, Hlutverk og skyldur; Samningur um útvarpsþjónustu í almannaþágu).[13][14] Til þess að Ríkisútvarpinu megi auðnast að standa undir því margþætta hlutverki sem því er ætlað að sinna er því tryggður tekjustofn að hluta samkvæmt lögum sem nú er fenginn af álögu á skattskylda einstaklinga, en áður með afnotagjöldum.

Ekki eru lagðar eins ríkar kvaðir á útvarp á vegum einkaaðila um efni og þjónustu. Um dagskrárframboð einkastöðva gilda almenn ákvæði um að þær skuli „stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu“; sjónvarpstöðvar skulu „kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu“ að frátöldum „þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpsþjónustu og fjarsölu“, auk þess kröfur eru gerðar um textun eða talsetningu efnis á erlendu máli (útvarpslög, nr. 53/2000, IV. kafli, Skyldur útvarpsstöðva). Ekki er gerð krafa til þess í lögum að stöðvar einkaaðila sendi út til landsins alls, haldi úti fréttaþjónustu eða sendi út í opinni dagskrá.

Tafla 4.3 gefur yfirlit um ívilnanir/heimildir og skyldur sem gilda um Ríkisútvarpið og útvarp á vegum einkaaðila samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum. Í töflunni eru allar ívilnanir/heimildir og skyldur lagðar að jöfnu og því er ekki lagt mat á þýðingu einstakra ívilnana/heimilda og skyldna fyrir rekstur og afkomu Ríkisútvarpsins og einkastöðvanna.[15]

Tafla 4.3. *Samanburður á ívilnunum/heimildum og skyldum Ríkisútvarpsins og útvarps einkaaðila 2009*

	Ríkis-útvarpið	*Einka-stöðvar*	*Skýringar*
Þjónusta			
Tvær hljóðvarpsrásir og ein sjónvarpsrás	S		
Fréttaþjónusta	S		
Útsending nái til landsins alls	S		
Svæðisútsendingar hljóðvarps	S		
Textavarp og almannaþjónusta	S		
Almannaþjónusta á vef RÚV	S		
Táknmálstúlkun fyrir heyrnarskerta	S		
Ákvæði um lágmarkslengd dagskrár hljóðvarps og sjónvarps	S		dagleg útsending dagskrár skal vera að lágmarki sjö klst. í sjónvarpi og 18. klst. á annarri hljóðvarpsrásinni og allan sólarhringinn á hinni

[13] Þrátt fyrir ákvæði í lögum þess efnis að útsendingar Ríkisútvarpsins skuli ná til allra óháð búsetu hefur Sjónvarpið aldrei náð til allra landsmanna. Svo seint sem árið 2000 náðu einir 78 sveitabæir, þar sem 250 manns voru heimilisfastir, illa eða alls ekki útsendingum Sjónvarpsins (Ragnar Karlsson, Hilmar Thor Bjarnason, Þorbjörn Broddason og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2000: 140). Enn þann dag í dag eru móttökuskilyrði fyrir útsendingar hljóðvarps og sjónvarps ófullnægjandi á einstaka stað.

[14] Til marks um fjölþætt almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins má nefna að Sjónvarpið hefur frá því í nóvember 1980 sent út yfirlit frétta á táknmáli, fyrst norrænna sjónvarpsstöðva í almannaþjónustu (Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason, 2006).

[15] Benda má þó á lauslega úttekt á samanburði á skyldum Sjónvarpsins og einkastöðva og hversu íþyngjandi þær eru í Ragnari Karlssyni, Hilmari Thor Bjarnasyni, Þorbirni Broddasyni og Margréti Lilju Guðmundsdóttir, 2001.

	Ríkis-útvarpið	*Einka-stöðvar*	*Skýringar*
Aðgengi að útsendingu			
Opið	S		
Dagskrá og efni			
Óhlutdrægni	S		
Lýðræðislegar hefðir haldnar í heiðri	S	S	
Krafa um efnislega fjölbreytni	S		
Efni ætlað börnum og unglingum	S		
Menningartengt efni	S		
Takmörk á lengd auglýsingatíma	S	S	
Auglýsingahlé í dagskrárliðum	H	H	með takmörkunum
Þýðingarskylda erlend efnis	S	S	talsett eða textað
Lágmark innlends efnis á kjörtíma	S		
Lágmark norræns efnis af útsendingartíma	S		norrænt efni nemi að lágmarki 5% af útsendu efni Sjónvarps
Innlent og evrópskt efni nemi a.m.k. helmingi af dagskrártíma	S	S	
Fjármögnun			
Álaga á skattskylda einstaklinga	H	•	aldraðir undanþegnir
Áskriftir	•	H	
Auglýsingar	H	H	með takmörkunum fyrir RÚV
Kostun dagskrárliða	H	H	með takmörkunum fyrir RÚV
Skattar og gjöld			
VSK lagður á áskriftir	•	S	7%
VSK lagður á auglýsingar	S	S	almennt VSK þrep: 24,5%
Tekju- og eignarskattur	S	S	

Skýringar: Einfaldað.
Merking tákna: H táknar ívilnun/heimild; S táknar skyldu.
Heimildir: Lög um Ríkisútvarpið ohf., nr. 1/2007; *reglugerð 50/2000 um útvarpsstarfsemi; útvarpslög, nr. 53/2000*, *samningur um útvarpsþjónustu í almannaþágu*, 2007.

Verulegur munur er á ívilnunum/heimildum og skyldum Ríkisútvarpsins og einkastöðva varðandi þjónustu, aðgengi að útsendingum og dagskrá og efni. Heimildir Ríkisútvarpsins og einkastöðva eru þær sömu er fjármögnun og opinberar álögur varðar, að því þó undanskildu að Ríkisútvarpinu eru tryggðar tekjur með álagningu á einstaklinga í formi skatts en einkastöðvunum er heimilt að afla tekna með áskriftum.

Samandregið yfirlit yfir ívilnanir/heimildir og skyldur Ríkisútvarpsins og einkastöðva er sýnt í töflu 4.4. Þótt hér sé um mikla einföldun að ræða, gefur þessi samanburður nokkuð glögga mynd af ólíkum kröfum sem gerðar eru til Ríkisútvarpsins og einkastöðva samkvæmt opinberum fyrirmælum.

Tafla 4.4. *Samandregið yfirlit yfir ívilnanir/heimildir og skyldur Ríkisútvarpsins og útvarps einkaaðila 2009*

	Skyldur	*Ívilnanir/heimildir*	*Undanþágur frá skyldum*
Ríkisútvarpið	21	4	–
Einkastöðvar	7	4	14

Skýring: Allar ívilnanir/heimildir og skyldur eru hér lagaðar að jöfnu.
Heimild: sjá *töflu 4.2*.

1.9 Fréttablöð

Lengi vel einkenndist þróun á blaðamarkaði hér á landi af hægfara breytingum. Undir lok síðustu aldar varð breyting þar á. Á undanförnum tveimur áratugum eða svo hefur blaðamarkaðurinn þurft að ganga í gegnum svipaða erfiðleika og blaðamarkaðir víðast á Vesturlöndum hafa átt við að etja um lengri tíma og m.a. birtast í blaðadauða og fækkun útgefinna titla, þverrandi blaðasölu og samþjöppun eignarhalds. Dagblöðin, sem flest voru lengst af öðrum þræði formleg eða óformleg flokksmálgögn, voru tiltölulega föst í sessi fram undir 1990. Formleg tengsl blaðanna við stjórnmálaflokka hafa síðan rofnað og tilvera þeirra er nú fyrst og fremst háð frammistöðu þeirra á markaði og viðtökum lesenda.[16] Í kjölfar fækkunar blaða á undanförnum árum hefur orðið vart skýrrar samþjöppunar í eignarhaldi á dagblaðamarkaði.[17]

1.9.1 Mismunandi blaðamarkaðir

Samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum (ISO, 1991; UNESCO, 1985) sem og viðtekinni venju er fréttablöðum hér skipt upp í þrjá flokka eftir útgáfutíðni og efni, þ.e. dagblöð sem gefin eru út a.m.k. fjórum sinnum í viku, vikublöð sem gefin eru út einu sinni til þrisvar sinnum í viku. Blöð, sem gefin eru út sjaldnar en vikulega, eru ekki til umfjöllunar hér, þar sem þau uppfylla ekki þau skilyrði sem gerð eru til blaða um útgáfutíðni og endurnýjun efnis svo þau geti talist eiginleg fréttablöð. Fréttblöðum má jafnframt skipta upp í þrjá meginflokka eftir efni og tilhöfðun þess, þ.e. í almenn fréttablöð, sérefnisblöð og blöð sem hafa staðbundna efnisskírskotun fyrst og fremst. Slík skipting er þó ekki nándar nærri einhlít.[18]

Mynd 5.1 byggist á þessari skiptingu þó að teknu tilliti til íslensks blaðamarkaðar. Einkenni almennra dagblaða er að þau hafa vítt efnisval og breiða tilhöfðun, mikla útgáfutíðni. Útbreiðsla dagblaða er yfirleitt umtalsvert meri en annarra blaða. Þessu er þó ekki alltaf þannig farið. Á undanförnum árum var sérefnisblað gefið út um tíma sem dagblað (þ.e. Viðskiptablaðið á árunum 2007–2008). Þá var Dagur gefinn út sem dagblað um tíma (1985–1996) með áherslu á málefni landsbyggðarinnar eftir að hafa áður komið út sem vikublað fyrir Norðurland um langt skeið.

---

[16] Austurland, málgagn Alþýðubandalagsins í fyrrum Austurlandskjördæmi, var síðasta blaðið sem taldist formlegt flokksmálgagn. Útgáfunni var hætt árið 2000.

[17] Sjá nánar um þetta og um þróun á íslenskum blaðamarkaði m.a. hjá Guðjóni Friðrikssyni, 2000, Ragnari Karlssyni, 2004, Þorbirni Broddasyni og Ragnari Karlssyni, 2009.

[18] Sjá frekar um skilgreiningu á fréttablöðum eftir efni og útgáfutíðni hjá Ragnari Karlssyni, 2004 og Seethaler, 2004.

Mynd 5.1. *Markaðir fréttablaða*



Almenn vikublöð höfða gjarnan til breiðs hóps lesenda og geta oft á tíðum haft mikla útbreiðslu. Útgáfutíðni sérefnisblaða og blaða sem gefin eru út fyrir landshluta og byggðarlög hefur að öllu jöfnu verið lág og útbreiðsla þeirra oftast takmörkuð í samanburði við almenn dagblöð og vikublöð.

Af mismunandi efni og skírskotun blaða má leiða að því rök að ólík blöð þjóni ólíkum þörfum lesenda eftir því hvort efni þeirra hefur almenna skírskotun til lesenda, eða afmarkaðri hópa eftir áhugasviði og búsetu. Þannig er ekki hægt að reikna með að landshlutablöð eða héraðs- og bæjarblöð komi í stað almennra blaða, ellegar að sérefnisblöð uppfylli þarfir lesenda fyrir almennt efni svo dæmi séu tekin. Þetta þýðir þó ekki að mismunandi blöð geti ekki komið að nokkru í stað annarra blaða jafnt gagnvart lesendum og auglýsendum eins og sýnt er í töflu 5.1, en þar eru dregnir upp mismunandi markaðir fréttablaða miðað við efni og tilgang blaða.

Tafla 5.1. *Samkeppnismarkaðir fréttablaða*

	Samkeppni um lesendur/tekjur við			
Tegund blaða	*Almenn blöð*	*Sérefnisblöð*	*Landshlutablöð*	*Héraðs- og bæjarblöð*
Almenn blöð	↔	(→)	(→)	
Sérefnisblöð	(→)			
Landshlutablöð			(↔)	(↔)
Héraðs- og bæjarblöð			(↔)	(↔)

Merking tákna: ↔ bein samkeppni; (→) og (↔) samkeppni og takmörkuð samkeppni, sem ræðst af því hvort blöð eru á sama útbreiðslusvæði og á sama lesendamarkaði.

Almenn blöð keppa augljóslega sín á milli um lesendur og auglýsendur, enda flytja þau að mörgu leyti sama eða líkt efni. Jafnframt geta almenn blöð veitt sérefnisblöðum og landshlutablöðum samkeppni svo fremi þau fjalli jafnframt að nokkru um sömu mál og málefni. Þetta má skýra út með því að stóru dagblöðin, Fréttablaðið og Morgunblaðið hafa lagt áherslu á viðskiptafréttir og efnahagsmál með líku sniði og Viðskiptablaðið. Að auki hafa sum dagblöð sinnt landsbyggðarfréttum af talsverðum metnaði og þrótti og því verið að nokkru í samkeppni við landshlutablöð. Sama má segja um sérefnisblöð að því tilskildu að þau fjalli að nokkru um sama eða svipað efni og almenn blöð. Samkeppni milli sérefnisblaða er fremur ólíkleg þar sem vart er hægt að gera ráð fyrir að tvö eða fleiri sérefnisblöð leggi áherslu á sama lesendahóp og á jafnlitlum markaði og er hér á landi. Landshlutablöð og héraðs- og bæjarblöð eru í samkeppni á sama útbreiðslusvæði, sömuleiðis héraðs- og bæjarblöð sem gefin eru út á sama stað og þjóna sama hópi lesenda.

Í töflu 5.2 er veitt yfirlit yfir fjölda fréttablaða eftir útgáfutíðni og efni sem út komu við árslok frá miðjum síðasta áratug. Fjöldi blaða eftir mismunandi útgáfutíðni og efni hefur ýmist minnkað eða staðið í stað frá upphafi tímabilsins til ársloka 2009. Mest er fækkunin í flokki almennra landsblaða og almennra dagblaða. Vikulegum staðarblöðum hefur hins vegar fjölgað um eitt frá árinu 1995.

Tafla 5.2. *Fréttablöð eftir útgáfutíðni og efni 1995–2009*

Útgáfutíðni	*1995*	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*2009*	*Breyting 2009–1985 +/-*
Dagblöð	5	3	4	3	5	3	2	-3
Almenn landsblöð	4	3	4	3	4	3	2	-2
Sérefnisblöð	–	–	–	–	1	–	–	–
Staðarblöð[1]	1	–	–	–	–	–	–	-1
Vikublöð	22	18	23	24	23	20	21	-1
Almenn landsblöð	2	–	–	1	–	–	1	-1
Sérefnisblöð	2	2	2	2	1	1	1	-1
Staðarblöð[1]	18	16	21	21	22	19	19	1
Efni	*1995*	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*2009*	*Breyting 2009–1985 +/-*
Almenn landsblöð	6	3	4	4	4	3	2	-3
Dagblöð	4	3	4	3	4	3	2	-2
Vikublöð	2	–	–	1	–	–	1	-1
Sérefnisblöð	2	2	2	2	2	1	1	-1
Dagblöð	–	–	–	–	1	–	–	–
Vikublöð	2	2	2	2	1	1	1	-1
Staðarblöð[1]	19	16	21	21	22	19	18	–
Dagblöð	1	–	–	–	–	–	–	-1
Vikublöð	18	16	21	21	22	19	19	1

Skýringar: Blöð útgefin í lok árs. Dagblöð = blöð útgefin fjórum sinnum í viku og oftar; vikublöð = blöð útgefin 1–3 sinnum í viku.
[1] Landshluta-, héraðs- og bæjarblöð.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Á sama tíma hefur almennum landsdagblöðum fækkað um tvö, en síðast varð DV til að heltast úr lestinni er útgáfudögum blaðsins var fækkað úr fjórum í þrjá í maí 2009. Blaðið telst því ekki lengur vera dagblað heldur almennt vikublað með tilhöfðun á landsvísu.

1.9.2 Dagblöð

Tvö dagblöð almenns efnis koma út hér á landi um þessar mundir en þetta eru Fréttablaðið (stofnað 2001) og Morgunblaðið (stofnað 1913). Fréttablaðið er gefið út af 365 miðlum ehf. sem einnig rekur nokkrar sjónvarps- og hljóðvarpsstöðvar, þar á meðal Stöð 2 og Bylgjuna, auk þess að halda úti vefmiðlinum visir.is. Útgefandi Morgunblaðsins er Árvakur hf., sem einnig starfrækir mbl.is, fyrsta og elsta starfandi vefmiðilinn hér á landi. Útgefnum tölublöðum Morgunblaðsins var fækkað úr sjö í sex í október 2009 er sunnudagsblaðið var sameinað Lesbók Morgunblaðsins og gert að helgartímariti, Sunnudagsmogganum, sem dreift er með laugardagsútgáfunni. Áður (í ársbyrjun 2009) hafði útgáfudögum Fréttablaðsins verið fækkað úr sjö í sex. Morgunblaðið er selt í áskrift og lausasölu en Fréttablaðinu er dreift til lesenda þeim að kostnaðarlausu á höfuðborgarsvæðinu og nokkrum stærri þéttbýlisstöðum öðrum, auk þess sem það er lagt fram í verslunum og bensínstöðvum og víðar. Bæði blöðin teljast því vera landsblöð jafnt að efni og útbreiðslu.

Frá fyrri hluta vetrar 2008 hefur dagblöðunum fækkað um þrjú. Í október 2008 var útgáfu 24 stunda hætt og Viðskiptablaðið hóf stuttu síðar að koma út sem vikublað. Síðast hætti

Dagblaðið Vísir (stofnað 1981; hér eftir nefnt til styttingar DV) að koma út sem dagblað þegar útgáfudögum blaðsins var fækkað úr fjórum í þrjá í maí á sl. ári.

Yfirlit yfir dagblöð sem komið hafa út frá árinu 2008 er sýnt í töflu 5.3. Útgáfu blaða sem eru auðkennd í töflunni á skyggðum grunni hefur síðan verið hætt (24 stundir) eða þau hafið að koma út sem vikublöð (DV og Viðskiptablaðið).

Blöðin eru í mörgu tilliti ólík innbyrðis, jafnt er varðar útgáfudaga í viku, fjölda síðna að jafnaði, útbreiðslu og lestur, fjölda starfsmanna á ritstjórn. Auk þess er munur á þeim hvað varðar skiptingu milli ritstjórnarefnis, innsends efnis og magns auglýsinga. Hlutfallslega meira magn auglýsinga er í fríblöðunum en seldum blöðum, eða allt upp í 68 prósent í Fréttablaðinu samanborið við innan við þrjátíu af hundraði í Morgunblaðinu. Seld blöð eru að öllu jöfnu fjölbreyttari að efni en fríblöð. Nýlegur samanburður á efni Fréttablaðsins og Morgunblaðsins leiðir þetta skýrt í ljós (Engblom, Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason, 2008; sjá einnig í Birgi Guðmundssyni, 2007).

Tafla 5.3. *Útgefin dagblöð 2008: nokkrar kennitölur*

	Efni	*Tölublöð í viku*	*Starfsmenn á ritstjórn*[1]	*Síður í viku*[2]	*Síður/tölublað*	*Síður af ritstjórnarefni í viku*	*Síður af aðsendu efni í viku*	*Síður af auglýsingum í viku*	*Ritstjórnarefni,%*	*Aðsent efni, %*	*Auglýsingar, %*	*Síður af ritstjórnarefni í viku á starfsm á ritstjórn*	*Útbreiðsla að jafnaði í þús. eintaka*[3]	*Meðallestur á tölublað, %*[4]	*Lesendur í þús.*	*Lesendur á eintak*
Seld blöð																
DV	Almennt	5	31	216	43	133	1	82	61,6	0,5	38,0	4,3	13	7	17	1,3
Morgunblaðið	Almennt	7	89	408	56	241	55[5]	112	59,1	13,4[5]	27,5	2,7	50	39	100	2,0
Viðskiptablaðið	Viðskipti og efnahagsmál	4	20	116	29	69	6	41	59,5	5,2	35,3	3,5	4[6]	..	..	..
Fríblöð																
24 stundir	Almennt	5	30	184	37	92	4	88	50,0	2,2	47,8	3,1	108	50	127	1,2
Fréttablaðið	Almennt	7	72	416	59	128	5	283	30,8	1,2	68,0	1,8	103	65	165	1,6
Samtals																
Öll blöð	▪	28	242	1.340	224	663	71	606	49,5	5,3	45,2	2,7	280	..	..	..
Seld blöð	▪	16	140	740	128	443	62	235	59,9	8,4	31,8	3,2	69	..	..	..
Fríblöð	▪	12	102	600	96	220	9	371	36,7	1,5	61,8	2,2	211	..	..	..
Meðaltal																
Öll blöð	▪	6	48	268	45	133	14	121	▪	▪	▪	2,8	56	..	..	..
Seld blöð	▪	5	47	247	43	148	21	78	▪	▪	▪	3,1	23	..	..	..
Fríblöð	▪	6	51	300	48	110	5	185	▪	▪	▪	2,2	106	..	..	..

Skýringar: Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Blöð sem eru á skyggðum fleti hafa hætt útkomu eða útgáfutíðni þeirri hefur verið breytt í vikublöð (útg. 1–3 í viku).

[1] Samkvæmt skráðum félagsmönnum í Blaðamannafélagi Íslands 2008.
[2] 39. vika 2008 (21.–27. september).
[3] Útbreiðsla 2008 samkvæmt upplýsingum útgefenda, nema Viðskiptablaðið, sjá skýringu nr. 6. Útbreiðsla er sléttuð við næsta þúsund.
[4] Meðallestur í maí–júlí 2008, nema fyrir DV í maí–júlí 2007.
[5] Ásamt minningargreinum er námu 55 prósentum af öllu aðsendu efni, eða sem samsvarar ríflega 30 síðum yfir í vikunni.
[6] Áætlað.

Heimildir: Capacent; Engblom, Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason, 2008; Hagstofa Íslands; press.is; eigin athugun.

1.9.2.1 Fækkun dagblaða

Dagblöðum hefur fækkað stórlega hér á landi á undanförnum áratugum. Mestallan níunda áratuginn og fram yfir 1990 komu út sex dagblöð í senn. Síðan hefur blöðunum fækkað niður í tvö. Fyrst til að heltast úr lestinni var Þjóðviljinn (í ársbyrjun 1992), því næst sameinuðust Tíminn og Dagur sem Dagur-Tíminn (1996), síðar útgefið sem Dagur (1997); sama ár rann Alþýðublaðið inn í Dag. Útgáfu Dags var hætt árið 2001. Öll þessi blöð áttu það sammerkt að útbreiðsla þeirra var lítil í samanburði við þau blöð sem eftir stóðu. Útbreiðsla Þjóðviljans var um 5.000 eintök skömmu áður en yfir lauk (1991), Alþýðublaðsins um 1.500 eintök (1996), Dags liðlega 5.000 eintök (1995), Tímans í kringum 3.000 eintök (1995) og sameinaðs blaðs Dags, Tímans og Alþýðublaðsins um 6.500 eintök (2000). Á þessu árabili var útbreiðsla Morgunblaðsins að jafnaði ríflega 50.000 eintök og útbreiðsla DV var á fjórða tug þúsunda.

Hafin hefur verið útgáfa á tveimur nýjum dagblöðum á síðustu árum, þ.e. á fríblaðinu Blaðinu árið 2005 og Viðskiptablaðinu árið 2007. Fríblaðið Blaðið hóf göngu sína árið 2005, en nafni þess var breytt í 24 stundir áður en útgáfu þess var hætt í október árið 2008. Viðskiptablaðið hefur komið úr frá árinu 2007, en blaðið hafði áður verið gefið út sem vikublað (síðast tvisvar í viku) síðan 1994. Dagar Viðskiptablaðsins sem dagblaðs voru taldir síðla árs 2008.

Á sama tíma og dagblöðum hefur farið fækkandi þegar til lengri tíma er litið hefur þetta um leið aukið lífsrými þeirra blaða sem eftir eru þannig að þau standa sterkar að vígi og ættu væntanlega að geta boðið lesendum sínum upp á aukna þjónustu og breiðara efnisframboð. Fækkun blaða virðist þó hafa reynst skammgóður vermir ef metið er út frá fjölda síðna í dagblöðum frá 1995, eins og sýnt er á mynd 5.2. Fjöldi síðna jókst umtalsvert frá því laust eftir aldamót og fram til ársins 2005 en þá fækkaði samanlögðum síðufjölda dagblaðanna talsvert og árið 2008 svo komið að fjöldi síðna var orðinn nánast sá sami og hann var árið 2003, eða ríflega 1.100 síður á viku. Í kjölfar efnahagsþrenginganna frá síðasta hausti hafa dagblöðin skorðið niður síður og jafnframt hefur útgáfudögum fækkað.

Þess verður ekki vart að fækkun blaða hafi komið stærsta blaðinu að gagni eða því minnsta til góða þar sem hágildi og lágildi fyrir vikulegan síðufjölda hefur meira eða minna staðið í stað allt frá því laust fyrir aldamótin.

Mynd 5.2. ***Vikulegur síðufjöldi dagblaða 1995–2008.***



Skýringar: Vikulegur síðufjöldi dagblaða útgefinna í lok árs. Aukablöð og fylgirit eru meðtalin.

Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

1.9.2.2. Útbreiðsla og markaðshlutdeild

Samanlagt upplag dagblaða árið 2008 var laust innan við 280.000 eintök eða um 100.000 eintökum meiri en hún var árið 1995. Útbreiðsla fríblaðanna var 211.000 eintök að jafnaði eða ríflega þrír fjórðu hlutar af heildarútbreiðslu dagblaða. Útbreiðsla dagblaða á árabilinu 1995–2008 er sýnd á mynd 5.3.

Mynd 5.3. *Útbreiðsla dagblaða 1995–2008*



Skýringar: Útbreiðsla er sléttuð við næsta þúsund. Áætlað að hluta.

Heimild. Hagstofa Íslands.

Þegar Fréttablaðið hóf göngu sína hafði útbreiðsla dagblaða farið minnkandi um nokkurt skeið samfara fækkun útgefinna blaða. Frá og með tilkomu Fréttablaðsins árið 2001 og síðar með Blaðinu (sem varð 24 stundir) árið 2005 jókst samanlögð útbreiðsla dagblaðanna stórlega. Gildir þá einu hvort mælt er í heildarupplagi, útbreiðslu á íbúa eða á heimili.

Frá því að fríblöðin hófu að koma út hafa þau haft langsamlega mesta daglega útbreiðslu allra dagblaðanna. Útbreiðsla 24 stunda var 108.000 eintök er yfir lauk síðla árs 2008, en Fréttablaðinu var dreift reglulega í 103.000 eintökum. Bæði blöðin voru borin daglega í hús á þéttbýlisstöðum víðs vegar um landið, annars staðar lágu þau frammi á fjölförnum stöðum.

Jafnaðarútbreiðsla Morgunblaðsins árið 2008 var um 50.000 eintök. Útbreiðsla blaðsins hefur dregist saman um 6.300 eintök frá því að hún var mest árið 2000.[19] Útbreiðsla DV hefur minnkað ört um árabil þar til útgáfu þess sem dagblaðs lauk í maí 2009. Árið 2008 var jafnaðardreifing blaðsins sögð um 13.000 eintök, eða um 25.000 eintökum minni en þegar mest var um miðjan tíunda áratug síðustu aldar. Útbreiðsla Viðskiptablaðsins á árinu 2008 fæst ekki uppgefin, en hér er hún metin í kringum 4.000 eintök að jafnaði.[20] Breytingar á útbreiðslu einstakra blaða 1995–2008 eru sýndar á mynd 5.4.

Mynd 5.4. *Útbreiðsla dagblaða eftir einstökum blöðum 1995–2008*



Skýringar: Útbreiðsla er sléttuð við næsta þúsund. Útbreiðsla *DV* 2003–2004 er metin samkvæmt fjölmiðlakönnunum. Fréttablaðið og 24 stundir = eintök dreift í hús með blaðberum, ásamt framlögðum eintökum. DV var gefið út sem helgarblað frá 29. apríl 2006 til 22. febrúar 2007 er blaðið hóf göngu sína á ný sem dagblað. Útbreiðsla DV f.hl. árs 2006 er hér auðkennd með brotinni línu. Viðskiptablaðið hóf göngu sína sem dagblað 9. febrúar 2007 eftir að hafa verið gefið út sem vikublað frá árinu 1994, lengst af útgefið einu sinni í viku. Útbreiðsla Fréttablaðsins árin 2001–2006 er meðaltalsútbreiðsla júlí–desember samkvæmt upplagseftirliti Verslunarráðs Íslands. Útbreiðsla DV árin 1985–2003 er áætluð út frá lesendakönnunum, ársreikningum og virðisaukaskattskrám. Útbreiðsla Viðskiptablaðsins er áætluð út frá virðisaukaskattskrám. Annars er útbreiðsla samkvæmt upplýsingum útgefenda.

* Upphaflega *Blaðið.*

Heimild: Hagstofa Íslands.

---

19 Upplag og útbreiðsla Fréttablaðsins og Morgunblaðsins var sannreynt af upplagseftirliti Verslunarráðs Íslands, síðar Viðskiptaráði, þar til eftirlitinu var hætt árið 2007. Upplýsingar um upplag og útbreiðslu annarra dagblaða eru ýmist byggðar á upplýsingum frá útgefendum, þá þegar þær hafa verið veittar, ellegar á mati út frá ársreikningum, virðisaukaskattsskrám og lesendakönnunum.

20 Tekið skal fram að seld eintök (í áskrift og lausasölu) eru einhverju færri þar sem fríeintök eru inni í tölum um útbreiðslu seldra blaða.

Samþjöppun á dagblaðamarkaði er mikil, eins og sést berlega þegar hlutfallsleg skipting á útbreiðslu milli blaða og útgefenda er skoðuð fyrir árið 2008 og í árslok eftir að Viðskiptablaðið var orðið að vikublaði og útgáfu 24 stunda hafði verið hætt, eins og sýnt er á mynd 5.5.

Mynd 5.5. *Markaðshlutdeild dagblaðaútgefenda 2008, %*

Skýringar: Markaðshlutdeild m.v. útbreiðslu að jafnaði. Árvakur hf. = Morgunblaðið og 24 stundir; Birtíngur ehf. = DV; Framtíðarsýn ehf. = Viðskiptablaðið; 365 miðlar ehf.. = Fréttablaðið. Útbreiðsla Viðskiptablaðsins er áætluð.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Dagblaðamarkaðurinn skiptist að mestu milli tveggja aðila, Árvakurs hf., sem gaf út Morgunblaðið og 24 stundir, sem var með 57% hlut og 365 miðla ehf., útgefanda Fréttablaðsins, en hlutur þess var 37%. Hlutdeild annarra var hverfandi. Í lok árs hafði þetta snúist við en þá var hlutur 365 miðla ehf. 62% en Árvakurs hf. 30%. Hlutdeild Birtings útgáfufélags ehf., útgefanda DV var 8%.[21]

1.9.2.3 Seld dagblöð á undanhaldi

Ljóst er að tilkoma fríblaðanna hefur valdið seldu dagblöðunum þungum búsifjum, sem birtist í þverrandi tekjum þeirra og útbreiðslu. Fríblöðunum verður þó ekki einum kennt um samdrátt í útbreiðslu seldu dagblaðanna. Hins vegar hafa þau aukið verulega á vanda seldra blaða. Allt frá því um miðjan síðasta áratug hefur hallað undan fæti í sölu dagblaða. Árið 1995 náði útbreiðsla þeirra sögulegu hámarki, eða um 98.000 eintök, sem er 30.000 eintökum meira en útbreiðsla blaðanna var árið 2008.

Útbreiðsla sem hlutfall af íbúafjölda hefur jafnvel dregist enn meir saman (sjá mynd 5.6). Árið 1995 voru gefin út 37 eintök á hverja 100 íbúa og ríflega eitt eintak á hvert heimili; árið 2008 var útbreiðslan komin niður í 20 eintök á hverja 100 íbúa og eitt eintak á hver tvö heimili. Leita þarf allt aftur á fimmta áratug síðustu aldar til að finna jafn litla útbreiðslu á íbúa. Ljóst má vera að minnkandi útbreiðsla helst að nokkru leyti í hendur við fækkun dagblaða frá því við upphaf tíunda áratugarins.[22]

---

21 Ekki er fyllilega sanngjarnt að leggja að jöfnu útbreiðslu blaða sem borin eru út frítt til lesenda og seldra blaða. Hlutdeild Árvakurs hf. (Morgunblaðið) í útbreiðslu seldra dagblaða eingöngu yfir árið var þannig 75%.

22 Sjá nánar um líklegar ástæður þessa hjá Ragnari Karlssyni, 2004: 237–41 o.áfr.

Mynd 5.6. *Útbreiðsla seldra dagblaða 1995–2008 (vísitala, 1995=100)*



Skýringar: Útbreiðsla dagblaða að jafnaði sem út komu í árslok. Áætlað að hluta, sjá skýringar við **mynd 1blöð.**

* Síðar *24 stundir.*

Heimild. Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Heimilum sem eru með áskrift að dagblaði hefur fækkað jafnt og þétt á síðustu árum. Þessa fækkun má að sjálfsögðu rekja til áhrifa frá fríblöðunum á dagblaðamarkaðinn. Samkvæmt neyslukönnun Félagsvísindastofnunar voru 32% heimila ekki með áskrift að neinu dagblaði árið 1995. Fimm árum síðar var þetta hlutfall komið upp í 36% samkvæmt rannsókn Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna. Árið 2005 voru 59% heimila ekki með áskrift að dagblaði og ári síðar 68%. Síðustu árin heyrir það nánast til undantekninga að heimili haldi áskrift að fleiri dagblöðum en einu. Árið 2006 voru 2% heimila með áskrift að fleiri en einu dagblaði en 12% árið 1995.

Hlutur lausasölu af seldum eintökum hefur ekki aukist sem nemur fækkun áskrifta. Lausasala nam um 18% af eintakafjölda seldra blaða árið 2008. Lausasalan hafði þá hækkað um fjögur prósentustig frá árinu 2002 að telja en þá var hlutur lausasölu 14% af seldum eintökum.

1.9.2.4 Fríblaðamarkaðurinn

Óhætt er að segja að vatnaskil hafi orðið í íslenskri dagblaðaútgáfu þegar útgáfa Fréttablaðsins hófst árið 2001. Blaðið var fyrsta dagblaðið sem hleypt var af stokkunum frá því að útgáfa Dagblaðisins hófst árið 1975.[23] Útkoma blaðsins var nokkur tímamót enda var það um margt einstakt á meðal þeirra fjölmörgu frídagblaða sem sett höfðu verið á fót í stórborgum Evrópu, Norður-Ameríku og víðar. Fréttablaðið var borið út í hús til lesenda en fríblöðum

---

[23] Upphaflega var blaðið gefið út af Frjálsri fjölmiðlun hf. sem einnig gaf þá út DV. Eftir nokkra mánuði komst rekstur blaðsins í þrot en það var endurreist nokkru síðar undir merkjum Fréttar ehf. (síðar 365 – prentmiðla ehf.) sem nokkru síðar tók einnig við útgáfu DV af þáverandi eigendum, Útgáfufélaginu DV ehf.

annars staðar var dreift staðbundið á fjölförnum samgöngustöðum (sbr. Bakker, 2002; Vogel, 2001). Fréttablaðið var lengi vel eina almenna fría dagblaðið sem borið var í hús og jafnframt dreift á landsvísu. Sérstaða blaðsins hefur ekki síður falist í því að frá fyrstu tíð hefur blaðið verið fullburðugt dagblað sem flytur fréttir og fjölbreytt annað efni, öndvert við það sem gerðist með fríblöð annars staðar en þau takmarka sig að mestu við hraðsoðið yfirlit yfir helstu fréttir og atburði líðandi stundar. Nýlegur samanburður á efni Fréttablaðsins og fríblaðsins Metro í Stokkhólmi leiðir þetta berlega í ljós (Engblom, Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason, 2008).[24] Blaðið, síðar 24 stundir, fetaði að mestu í slóð Fréttablaðsins, nema hvað efni og efnistök voru með nokkuð glaðlegra sniði.[25]

Frá því að útgáfa Fréttablaðsins hófst árið 2001 hefur hlutur fríblaðanna í útbreiðslu dagblaðanna aukist jafnt og þétt. Árið 2001 nam hlutur Fréttablaðsins rétt innan við helmingi af heildarútbreiðslu dagblaðanna. Með tilkomu Blaðsins árið 2005 jókst vægi fríblaðanna í útbreiðslunni verulega, eða í 75%. Síðan þá hefur skipting á útbreiðslu seldra blaða og fríblaða verið svo til stöðug, eða í hlutföllunum einn á móti fjórum (sjá mynd 5.7).

Mynd 5.7. *Hlutfallsleg skipting á útbreiðslu dagblaða milli seldra blaða og fríblaða 2001–2008, %*



Skýring: Útbreiðsla dagblaða að jafnaði útgefinna á árinu. Áætlað að hluta.
Heimild. Hagstofa Íslands.

---

24 Sjá yfirlit og umfjöllun um frídagblöð um allan heim á Free Daily Newspapers, http://users.fmg.uva.nl/pbakker/freedailies/.

25 Tilraun til útgáfu frídagblaðs í öðrum löndum sem teldist fullburðugt og almennt fréttablað var Nyhedsavisen í Danmörku. Fyrirmyndir að útgáfu blaðsins og rekstrarformi voru að nokkru sóttar til reynslunnar af útgáfu Fréttablaðsins enda voru sömu eigendur að báðum blöðum. Útgáfa Nyhedsavisen stóð skemur en lagt var upp með, blaðið lagði upp laupana eftir tveggja ára útgáfu en það hafði verið rekið með botnlausu tapi (sjá um „lífshlaup“ blaðsins í Skyum-Nielsen, Karkov og Runge, 2009).

Hlutur þess eina selda dagblaðs sem eftir er á markaði hefur stækkað nokkuð eftir að útgáfu 24 stunda lauk og eintökum af Fréttablaðinu var fækkað úr 103.000 í 90.000 eintök.

Hvergi annars staðar hafa fríblöð náð slíkri fótfestu á dagblaðamarkaði sem hér á landi. Útbreiðsla fríblaða sem hlutfall af heildarútbreiðslu blaða er hvergi meiri en hér. Dönsku fríblöðin sem hafa næstmesta hlutfallslega útbreiðslu fríblaða komast ekki með tærnar þar sem þau íslensku hafa hælana í þessum efnum. Árið 2007 nam markaðshlutdeild dönsku fríblaðanna í heildarútbreiðslu dagblaða 57% en markaðshlutdeild fríblaða var 74% hér. Mynd 5.8 sýnir hvernig útbreiðsla fríblaða og seldra blaða skiptist hlutfallslega í ýmsum Evrópulöndum og víðar.

Mynd 5.8. *Skipting á útbreiðslu dagblaða eftir seldum blöðum og fríblöðum í nokkrum Evrópulöndun og heimsálfum 2007, %*



Heimildir: Hagstofa Íslands; WAN, 2008.

Óvenju sterk staða fríblaða á dagblaðamarkaði vekur upp þá spurningu hvað valdi. Karl Erik Gustafsson hefur sett fram þá tilgátu að viðgangur fríblaða standi í sambandi við dalandi lestur dagblaða og takmarkað vægi þeirra á auglýsingamarkaði í samanburði við aðra miðla, einkum sjónvarp. Fríblöðin hafi með mikilli dreifingu náð til nýrra lesenda sem hefðbundin dagblöð náðu ekki til og þannig getað boðið auglýsendum upp á nýjan og ódýrari auglýsingavettvang en þeir höfðu átt kost á. Segja má að fríblöð séu tákn um að dagblaðamarkaðurinn gegni ekki hlutverki sínu gagnvart lesendum og/eða auglýsendum segir Gustafsson [„Gratistidningar kan nämligen sägas vara ett symptom på att dagspressen enligt läsare och/eller annonsörer inte sköter sitt jobb tillräckligt bra“] (Gustafsson, 2005: 29).

Jón Ásgeir Jóhannesson hefur nefnt svipaða ástæðu fyrir því að hann og aðilar honum tengdir eignuðust Fréttablaðið árið 2002 eftir að fyrri eigendur höfðu komist í þrot með útgáfuna. Í nýlegu viðtali segir hann að hugmyndin með kaupunum á blaðinu hafi verið að rjúfa yfirburðastöðu Morgunblaðsins á auglýsingamarkaði með því að skapa eigin fyrirtækjum og öðrum útbreiddari og ódýrari vettvang til að auglýsa á (Viðskiptablaðið, 10. september, 2009, s. 27). Þetta kemur nokkuð heim og saman við úttekt Guðbjargar Hildar Kolbeins á birtingum fyrirtækja í eigu útgefenda í Fréttablaðinu en þær runnu ómælt til blaðsins og skutu þannig stoðum undir rekstur þess (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006). Einnig má leiða að því rök að Morgunblaðið hafi ekki getað annað eftirspurn eftir auknu auglýsingarými í blaðinu.

Eitt er víst, útbreiðsla hefðbundinna dagblaða miðað við mannfjölda hefur um langt skeið verið talsvert minni á Íslandi og í Danmörku en annars staðar á Norðurlöndum (Harrie, 2009; WAN, 2008). Það skýrir að nokkru öra og mikla útbreiðslu fríblaða í þessum tveimur löndum þar sem blöðin hafa náð til lesenda sem voru hættir að lesa hefðbundin dagblöð.

Þetta má sýna eins og gert er í mynd 5.9. Eins og lesa má út úr myndinni skarast lesendahópar seldra blaða og fríblaða ekki nema að nokkru marki. Á meðan helsti markhópur seldra blaða hefur verið þeir sem lesa dagblöð reglulega og að minna leyti þeir sem lesa blöð endrum og sinnum, er markhópur fríblaða aðallega þeir sem lesa blöð endrum og sinnum og hluti þeirra les ekki blöð að öllu jöfnu (Picard, 2001).

Mynd 5.9. *Lesendamarkaðir dagblaða*



Heimild: Picard, 2001: 169.

Enn er ekki tímabært að kveða upp úr um það hvaða áhrif fríblöð muni hafa til lengri tíma á útbreiðslu og lestur seldra blaða og þar með á rekstrargrundvöll blaðanna. Mögulegum áhrifum fríblaða á blaðalestur má lýsa eins og gert er í líkaninu á mynd 5.10. Til skemmri tíma litið virðist ljóst að fríblöðin hafi í för með sér aukinn blaðalestur, bæði með því að ná til nýrra lesenda og til kaupenda seldra blaða sem lesa fríblöð ekki síður en hinna sem ekki kaupa blöð. Jafnframt er einhver hluti lesenda seldra blaða sem snýr við þeim bakinu og hættir blaðakaupum og lætur lestur fríblaða nægja.

Mynd 5.10. *Skammtíma- og langtímaáhrif fríblaða á lestur seldra blaða*



Heimild: Bakker, 2002: 81.

Til lengri tíma litið er ekki loku fyrir það skotið að lestur nýrra lesenda á fríblöðum leiði til þess að þeir venjist á lestur dagblaða og fari einnig að lesa seld blöð endrum og sinnum eða reglulega (Bakker, 2002). Lestur blaða ræðst af fleiru en samkeppni milli seldra blaða og fríblaða. Blöðin, hvort heldur seld blöð eða fríblöð, eiga einnig í samkeppni við aðra miðla, ekki síst vefmiðla (De Bens, 2007).

Að auki er ýmislegt óljóst með framtíð fríblaðanna sjálfra. Sú staðreynd að þau afla sér eingöngu tekna með birtingu auglýsinga gerir það að verkum að rekstrargrundvöllur þeirra er mun viðkvæmari fyrir samdrætti í efnahagslífinu og minnkandi auglýsingatekjum heldur en seld blöð sem afla einnig tekna af blaðsölu.

1.9.2.5 Dagblaðalestur

Í evrópskum og alþjóðlegum samanburði geta Íslendingar talist áfjáðir blaðalesendur. Dagleg útbreiðsla dagblaða á mann er á meðal þess mesta sem gerist í Evrópu (WAN, 2008). Blaðalestur er almennur í samanburði við það sem gengur og gerist í álfunni. Fréttablöð eru hér lesin daglega að jafnaði af níu af hverjum tíu og nær allir glugga í dagblað einhvern tímann yfir vikuna (sjá kafla 3, töflu 3.2 og mynd 3.1 að framan).

Fréttablaðið hefur fljótlega eftir að útgáfa þess hófst verið lesið af flestum enda berst blaðið daglega á stærstan hluta heimila. Daglega lásu sex af hverjum tíu, á aldrinum 12–80

ára, blaðið á tímabilinu ágúst til október árið 2009. Lestur blaðsins hefur hins vegar minnkað nokkuð frá því að hann mældist mestur á árunum 2004 og 2005, en þá lásu hátt í sjö af hverjum tíu blaðið daglega (sjá mynd 5.11).

Mynd 5.11. *Daglegur lestur eftir dagblöðum 1995–2009, %*



Skýringar: Dagblöð = blöð útgefin 4 sinnum í viku og oftar. Kannanir eru ekki að fullu sambærilegar milli ára.
* Upphaflega *Blaðið*.
Heimildir: Capacent, 1999–2009; Félagsvísindastofnun, 1992–1998.

Hitt fríblaðið, 24 stundir, náði aldrei sambærilegum lestri jafnvel þótt því væri dreift í álíka stóru upplagi. Lestur blaðsins mældist mestur um það bil sem útgáfu blaðsins var hætt en þá var það lesið af öðrum hverjum manni.

Daglegur lestur Morgunblaðsins hefur dregist umtalsvert saman frá árinu 1995 er ríflega sex af hverjum tíu lásu blaðið að jafnaði daglega. Mestur mældist lesturinn á blaðinu síðla árs 1999, þegar tæplega sjö af hverjum tíu lásu blaðið að jafnaði. Síðan þá hefur leiðin legið niður á við, en í ágúst–október sl. lásu tæplega fjórir af hverjum tíu blaðið daglega. Lestur þess hefur því minnkað um tæpan helming á einum áratug.

DV hefur tapað hlutdeild í lestri nánast óslitið frá 1995 en síðla þess árs kváðust 48% lesa blaðið daglega en aðeins 7% í maí–júlí árið 2007. Blaðið hefur ekki verið þátttakandi í lestrarmælingum frá þeim tíma. Ekkert verður því sagt um lestur á blaðinu um þessar mundir. Um lestur Viðskiptablaðsins er sömuleiðis ekkert vitað meðan það var gefið út sem dagblað.

Athyglisvert er að skoða samsetningu lesenda blaðanna með tilliti til kyns, aldurs og búsetu. Í töflu 5.4 er skipting lesenda 24 stunda, Fréttablaðsins og Morgunblaðsins sýnd fyrri hluta árs 2008 og DV um mitt ár 2007 er lestur blaðsins var síðast kannaður í sameiginlegri lesendakönnun blaðanna. Í ljósi mikillar útbreiðslu og almenns lesturs er Fréttablaðið með mestan lestur meðal allra lesenda, karla og kvenna, eftir aldurshópum og á höfuðborgarsvæði og á landsbyggðinni. Lestur annarra blaða í öllum þessum hópum lesenda er minni þegar

skoðaður er daglegur lestur. Rétt er að vekja athygli á að blaðalestur eykst með aldrinum og að lestur blaða er augljóslega meiri meðal þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu en þeirra sem búsettir eru úti á landi.

Tafla 5.4. *Lesendur dagblaða 2008 (hlutfallsleg skipting, %)*

	24 stundir	*Fréttablaðið*	*DV*[1]	*Morgunblaðið*
Allir lesendur				
Allir	50	65	7	42
Karlar	52	67	7	42
Konur	49	63	7	41
12–19 ára	28	52	7	31
20–29 ára	35	59	6	23
30–39 ára	52	73	6	30
40–49 ára	57	65	8	44
50–59 ára	62	69	7	58
60–80 ára	67	70	8	64
Höfuðborgarsvæðið	54	70	8	46
Landsbyggð	45	56	5	34
Lesendur eftir blöðum				
Karlar	52	53	53	52
Konur	48	47	47	48
12–19 ára	8	12	15	11
20–29 ára	13	17	16	10
30–39 ára	18	20	14	13
40–49 ára	20	18	20	19
50–59 ára	18	16	16	21
60–80 ára	22	18	19	26
Höfuðborgarsvæðið	67	68	73	70
Landsbyggð	33	32	27	30

Skýringar: Lesendur á aldrinum 12–80 ára. Nálgaðar tölur. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Samkvæmt könnun í febrúar–apríl 2008 nema annað sé tilgreint. Blöð sem eru á skyggðum fleti koma ekki lengur út eða þeim hefur verið breytt í vikublöð (útg. 1–3 í viku).

[1] Samkvæmt könnun í maí–júlí 2007.

Heimild: Capacent, 2008; eigin útreikningar.

Með því að skoða skiptingu lesenda eftir blöðum kemur í ljós að munur á samsetningu lesenda blaðanna eftir kyni, aldri og búsetu er tiltölulega lítill. Það bendir til þess að blöðin höfði álíka vel eða illa til lesenda af báðum kynjum, til þeirra sem yngri eru og eldri, óháð búsetu.

Minnkandi blaðalestur er ekki einhlítur. Þó að lestrarmælingar sýni að lestur allra blaðanna hefur dregist saman yfir lengra árabil, þá er ekki þar með sagt að blöðin nái ekki til álíka margra, ef ekki fleiri, en þau gerðu meðan lesturinn mældist meiri. Dagblöðin hafa um árabil verið virk á vefnum. Tveir fjölsóttustu og mest notuðu innlendu vefirnir hér á landi eru vefur Morgunblaðsins, mbl.is, og vefur Fréttablaðsins og annarra miðla í eigu 365 miðla ehf., visir.is. Vefir fyrrverandi dagblaðanna DV og Viðskiptablaðsins eru einnig mikið notaðir og

lesnir. Tafla 5.5 sýnir notkun á mbl.is og visir.is frá árinu 2007 samkvæmt niðurstöðum kannana.

Tafla 5.5. *Dagleg og vikuleg notkun mbl.is og visir.is 2007–2009*

		Fara inn á vef daglega, %		*Fara inn á vef yfir vikuna, %*	
Könnunartími		*mbl.is*	*visir.is*	*Mbl.is*	*visir.is*
2007	janúar–febrúar	49	22	70	44
	mars–apríl	50	22	71	44
	maí–júlí	51	24	72	47
	ágúst–október	54	22	75	44
2008	nóvember–janúar	52	29	73	49
	febrúar–apríl	55	33	77	56
	maí–júlí	53	..	75	..
	ágúst–október	59	..	78	..
2009	nóvember–janúar	62	..	80	..
	febrúar–apríl	58	..	78	..
	maí–júlí	58	..	78	..

Skýring: Aldur í úrtaki 12–80 ára.

Hátt í sex af hverjum tíu segjast fara daglega inn á mbl.is og hátt í átta af hverjum tíu einhvern tímann í vikunni. Notkun á visir.is var talsvert minni en notkun mbl.is þegar notkunin var síðast mæld (í febrúar–apríl 2008) en þá sögðust ríflega þrír af hverjum tíu nota vefinn daglega og rétt um sex af hverjum tíu sögðust fara inn á vefinn einhvern tímann í vikunni.

1.10 Almenn vikublöð og sérefnisblöð

Almenn vikublöð (e. *general eða popular weeklies*) skipa veigamikinn sess á blaðamarkaði í fjölmörgum löndum. Almennt má segja að slík blöð fylli í skarð sem dagblöðin sinna lítt eða ekki. Hér á landi hefur útgáfa slíkra blaða verið ærið stopul frá því laust eftir miðbik síðasta áratugar. Segja má að slík blöð hafi skotið fyrst upp kollinum hér á landi í lok áttunda áratugarins með Helgarpóstinum (1979–1988), en blaðið var að mörgu leyti nýlunda í íslenskri blaðamennsku og á blaðamarkaði (Guðjón Friðriksson, 2000: 253–63). Einkenni almennra vikublaða er að þau leggja minni áherslu á beinan fréttaflutning en dagblöðin en þeim mun ríkari rækt við fréttaskýringar með því að skyggnast að baki þeim fréttum sem eru efst á baugi hverju sinni og setja þær í annað kastljós en dagblöð, hljóðvarp og sjónvarp gera, í bland við umfjöllun um menningu og listir, pólitískt slúður og skrif um skemmtanalífið. Að vissu leyti hafa mörg þessara blaða þjónað svipuðu hlutverki og sunnudagsblöð gera víða, svo sem í Bretlandi og Þýskalandi.

Á köflum hafa almenn vikublöð náð umtalsverðri útbreiðslu, eða allt að 20.000 eintökum. Algengast er að blöðin séu seld í lausasölu fremur en áskrift og auglýsingatekjur eru almennt veigalítill þáttur í tekjumyndun blaðanna. Það er í eðli slíkra blaða að sala getur verið mjög breytileg milli tölublaða, enda ræðst útbreiðslan hverju sinni mikið til af því hvert umfjöllunarefnið er hverju sinni og hversu áhugavekjandi það er að mati almennings.

Ástæður þess að slík blöð hafa horfið af markaði hér á landi má án efa skýra að talsverðu leyti með breytingum sem orðið hafa á efnisvali og efnisáherslum dagblaða í kjölfar aukins

vægis sjónvarps í fjölmiðlanotkun landsmanna frá afnámi einkaréttar Ríkisútvarpsins og tilkomu einkastöðvanna.

Í þá tíð þegar hér var aðeins ein sjónvarpsrás sem sendi í verulega takmarkaðan tíma út fréttir og skylt efni stafaði dagblöðunum ekki ógn af sjónvarpinu. Dagblöðin voru „fyrst með fréttirnar“ sem aðrir miðlar tóku síðan upp í kjölfarið. Eftir að sjónvarpið yfirtók hlutverk blaðanna að nokkru og varð í auknum mæli helsta fréttauppsprettan fyrir almenning fundu þau fyrir þeirri breytingu. Hafa dagblöðin smám saman orðið líkari almennum vikublöðum í sókn eftir athygli auglýsenda og lesenda. Til að halda í lesendur og auglýsendur hafa dagblöðin lagt sífellt meiri áherslu á helgarútgáfu og útgáfu fylgiblaða eða kálfa, og jafnframt tekið æ meira upp af efni sem vikublöðin fjölluðu um áður. Aukinn síðufjöldi dagblaðanna og breytingar á efnisvali og áherslum þýddi að dagblöðin voru komin í beina samkeppni við vikublöðin. Þetta leiddi til þess að vikublöðin voru tilneydd til að „hasla sér völl á vettvangi slúðurs sem tilheyrði áður, og gerir enn, miðlungs vikublöðum sem höfða til aðdáenda konunglegra brúðkaupa eða ómerkilegs varnings, aðdáenda frásagna af framhjáhaldi hinna frægu og áhugamanna um brjóstaskoðun í baðherberginu“ [„invade the field of gossip that previously belonged, and still does, to the middlebrow weeklies, … for fans of royal weddings, or lowbrow products … for devotees of the extramarital affairs of showbiz personalities and hunters of breasts bared in the intimacy of the bathroom“] eins og Eco segir um reynsluna frá Ítalíu (Eco, 2001: 40). Á jafnlitlum markaði og hinum íslenska var hins vegar ekki í nein hús að venda fyrir vikublöðin, tími þeirra var einfaldlega liðinn.

DV sem nýverið varð að vikublaði (reyndar gefið út þrisvar sinnum í viku) á nýjan leik sver sig að ýmsu leyti í ætt við mörg þau almennu vikublöð sem komu út hér áður fyrr og er ekki ósvipað ýmum norrænum vinsælum götublöðum, svo sem hinu norska Verdens Gang, með áherslu á umfjöllun um baksvið frétta, listir, skemmtanalíf, slúður og íþróttir, svo það helsta sé nefnt (Eide, 1997).[26] Þetta er reyndar í annað sinn á nokkrum árum sem DV er breytt úr dagblaði í vikublað, en blaðið var gefið út einu sinni í viku frá því í apríl 2006 og þar til blaðið var gert að dagblaði á nýjan leik ári síðar. Útbreiðsla blaðsins var þá að jafnaði allt að 10.000 eintök, sam var talsvert minna en þegar best lét á níunda áratugnum. Núverandi útgefandi DV er Birtingur útgáfufélag ehf., sem keypti blaðið árið 2008 út úr fjölmiðlasamsteypu 365 hf., þáverandi móðurfélagi 365 miðla ehf.

Frá því um miðbik síðasta áratugar komu út reglulega tvö svokölluð sérefnisfréttablöð (e. *special-interest newspapers*) sem seld voru í áskrift og lausasölu. Þetta voru Fiskifréttir sem hófu að koma út árið 1983 og Viðskiptablaðið sem gefið hefur verið út síðan 1994. Samanlögð útbreiðsla blaðanna var að jafnaði um 10.000 eintök. Fiskifréttir voru gerðar að fylgiblaði með Viðskiptablaðinu snemma árs 2008. Árið áður var Viðskiptablaðið gert að dagblaði er útgáfudögunum blaðsins var fjölgað úr tveimur í fjóra daga í viku, þar til vikuleg útgáfa blaðsins var tekin upp að nýju í nóvember 2008. Upplýsingar um útbreiðslu blaðsins fást ekki uppgefnar til birtingar, en ætla má að á meðan blaðið var gefið út sem dagblað hafi útbreiðsla þess verið á 7.000 til 8.000 eintök þegar best lét. Viðskiptablaðið er í samkeppni við viðskiptablöð Fréttablaðsins og Morgunblaðsins. Núverandi útgefandi Viðskiptablaðsins er Myllusetur ehf. sem keypti blaðið þegar fyrri eigandi Framtíðarsýn ehf. komst í þrot seint á árinu 2008.

---

[26] DV var reyndar gefið út sem vikublað (einu sinni í viku) frá því í apríl 2006 og þar til blaðið var gert að dagblaði á nýjan leik ári síðar.

1.11 Staðarblöð

Framboð menningar og afþreyingar er vafalaust einn þeirra þátta sem hefur afgerandi áhrif á val manna á búsetu og þar af leiðandi á fólksfjöldaþróun byggðarlaga og búferlaflutninga. Um það vitna rannsóknir á byggðaþróun og búferlaflutningum (sbr. t.d. Inga Rúnar Eðvarðsson, 1998; Stefán Ólafsson, 1997).

Staðarmiðlar sem svo eru nefndir hér eru mikilvægur hluti menningar- og afþreyingarframboðs í byggðarlögum víðs vegar um landið (Birgir Guðmundsson, 2006). Hugtakið staðarmiðill vísar hér til landshluta-, héraðs- og bæjarmiðla, eða miðla sem hafa fyrst og fremst staðbundna efnisskírskotun og höfða aðallega til notenda heima í héraði og brottfluttra og annarra sem tengsl hafa við viðkomandi svæði.[27]

Rannsóknir á staðarmiðlum og notkun þeirra eru afar takmarkaðar hér á landi.[28] Almennt má þó ganga út frá því að staðarmiðlar hafi þýðingarmiklu hlutverki að gegna í héraði og fyrir það nærumhverfi sem þeir eru sprottnir úr. Þeir eru mikilvægur vettvangur

- fyrir opna lýðræðislega umræðu, skoðanaskipti og gagnrýni;
- sem upplýsingaveita um menn, atburði og málefni;
- sem mikilvægur hlekkur í að efla staðarvitund/nærvitund og ýta undir samheldni íbúa; og
- sem hluti af almennum lífsgæðum.

Af sundurlausum upplýsingum má ráða að staðarmiðlar skipta máli í hugum íbúa og notkun þeirra er almenn. Úrtakskönnun Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri árið 2003 á viðhorfi fólks í Norðausturkjördæmi til þýðingar staðarmiðla leiddi í ljós að 71% aðspurðra taldi mjög mikilvægt og 26% frekar mikilvægt að fá reglulega fréttir í fjölmiðum úr nærumhverfi (Birgir Guðmundsson, 2004: 35). Sömuleiðis töldu fleiri að þýðing staðarmiðla við fréttaflutning úr héraði væri þýðingarmeiri en fréttaflutningur almennu landsmiðlanna, dagblaða, hljóðvarps og sjónvarps. Af einstökum staðarmiðlum töldu flestir aðspurðra hljóðvarp mikilvægast með því að flytja upplýsingar um nærumhverfi (47%), því næst kom sjónvarp (41%), blöð (29%), vefmiðlar (15%) og lestina ráku auglýsinga- og dagskrárblöð (6%) hvað mikilvægi varðar (Birgir Guðmundsson, 2004: 40).

Staðarblöð eru langsamlega fyrirferðarmest í þessum flokki miðla. Hljóðvarpsstöðvar sem starfa í nærumhverfi hafa ætíð verið fáar og átt erfitt uppdráttar, að ekki sé minnst á staðbundið sjónvarp (sjá um þetta í köflum 6.1 og 7.1 hér á eftir). Í árslok 2009 voru gefin út 19 staðarblöð sem komu að jafnaði út einu sinni í viku á einum 16 þéttbýlisstöðum víðs vegar um land. Dagskráin sem er gefin út á Selfossi hefur lengst komið út eða síðan árið 1966. Blaðið var reyndar gefið út sem dagskrár- og auglýsingablað til ársins 1980 er því var breytt í fréttablað. Fréttir í Vestmannaeyjum hefur lengst blaðanna komið út samfellt sem fréttablað eða frá árinu 1974. Algengt er að staðarblöð hafi verið gefin út í aðeins fá ár þegar útgáfunni er slitið. Endurnýjun á þessum markaði er því algeng. Jafnframt er talsvert um það að blöðin séu gefin út í tengslum við prentsmiðjurekstur eða aðra útgáfu. Þeirrar tilhneigingar sem vart varð í útgáfu staðarblaða fyrir nokkrum árum, að einn og sami útgefandi gæfi samtímis út

---

[27] Dreifingu og útbreiðslu hverfabaða og blaða fyrir bæjarhluta, en nokkur slík eru gefin út í Reykjavík, er ekki gefinn gaumur hér.

[28] Úttekt Birgis Guðmundssonar, lektors, er eina rannsóknin sem hér hefur verið framkvæmd sérstaklega um staðarmiðla og staðarblöð, og staðarblöð sérstaklega (Birgir Guðmundsson, 2004). Sjá einnig um íslensk staðarblöð og um þýðingu þeirra í Birgir Guðmundsson (2006) og Engblom (2001).

fleiri en eitt blað fyrir ólíka staði, gætir ekki lengur. Allir útgefendur þeirra staðarblaða sem nú koma út gefa aðeins út eitt blað. Yfirlit um blöðin er sýnt í töflu 5.6.[29]

Staðarblöðin eru eins misjöfn og þau eru mörg, jafnt hvað varðar fjölda síðna, stærð útbreiðslusvæðis og útbreiðslu, og að efni og efnistökum. Níu blaðanna eru seld en tíu eru fríblöð. Obbinn af blöðunum eða 15 þeirra kemur einnig út í sérstakri vefútgáfu þar sem efni er uppfært reglulega á milli þess sem blöðin eru gefin út á pappír. Á vef blaðanna er yfirleitt einnig að finna margvíslegt viðbótarefni og þjónustu við lesendur, auk auglýsinga.

Tafla 5.6. *Staðarblöð 2009*

Tegund og heiti blaðs	*Útbreiðslusvæði*	*Upphaf útgáfu*	*Útgáfutíðni*	*Dreifing*	*Síður að jafnaði á tölublað*[1]	*Miðlun á vef*
Austurglugginn	Austurland	2002	1/viku	Selt	12	Já
Bæjarins Besta	Vestfirðir	1984	1/viku	Selt	18	Já
Bæjarpósturinn/ Norðurslóð[2]	Dalvík og nærsv.	1985	1/viku	Selt	159	Já
Dagskráin[3]	Suðurland (- Vestm.)	1980	1/viku	Frítt	18	Já
Feykir	Norðurl. Vestra	1981	1/viku	Selt	8	Já
Fjarðarpósturinn	Hafnarfj.	1983	1/viku	Frítt	12	Já
Fréttaskjárinn	Seyðisfjörður	1983	1/viku	Frítt	4	Nei
Fréttir	Vestmannaeyjar	1974	1/viku	Selt	20	Já
Gagnvegur	Strandasýsla	2007	1/viku	Frítt	8	Nei
Íbúinn	Borgarbyggð og nærsv.	2006	1/viku	Frítt	4	Nei
Jökull	Snæfellsbær	2003	1/viku	Frítt	8	0
Skarpur	Norðurþing og nærsv.	2001	1/viku	Selt	8	Já
Skessuhorn	Vesturland	1998	1/viku	Selt	28	Já
Stykkishólms-pósturinn	Stykkishólmur og nærsv.	1994	1/viku	Frítt	6	Já
Sunnlenska fréttablaðið	Suðurland (- Vestm.)	1991	1/viku	Selt	16	Já
Tíðindin	Suðurnes	2003	1/viku	Frítt	16	Já
Vikublaðið Þeyr	Grundarfjörður og nærsv.	1991	1/viku	Frítt	4	Já
Vikudagur	Akureyri og nærsv.	1997	1/viku	Selt	16	Já
Víkurfréttir	Suðurnes	1980	1/viku	Frítt	24	Já

Skýringar: Landshluta-, héraðs- og bæjarblöð útgefin einu sinni 1–3 sinnum í viku og sem komu út í lok árs 2009. * Miðlun á vef einungis á PDF sniði.

[1] Samkvæmt útgáfu ársins 2008.

[2] Fréttablaðið Bæjarpósturinn er gefinn út þrisvar sinnum í viku og Norðurlsóð einu sinni í mánuði. Saman mynda blöðin vikulega útgáfutíðni.

[3] Dagskrárblað sjónvarps frá 1968–1980.

Heimild: Hagstofa Íslands; eigin athugun.

[29] Að auki koma út tvö staðarblöð og hverfisblöð sem gefin eru út hálfsmánaðarlega og níu blöð sem koma út einu sinni í mánuði. Ekki er vikið frekar að útgáfu þessara blaða hér, enda er hæpið að telja þau til fréttablaða í eiginlegum skilningi vegna þess hve langur tími líður á milli útgáfu þeirra.

Fram undir síðustu ár fjölgaði staðarblöðum hægt og bítandi en frá árinu 2008 hefur þeim farið fækkandi (sjá töflu 5.7). Útbreiðslu staðarblaða eru settar þröngar skorður. Það ræðst af því að þeim er fyrst og fremst ætlað að ná til lesenda innan bæjar eða héraðs. Meðalútbreiðsla á blað hefur aðeins lítillega aukist frá árinu 1995, eða um 700 eintök á blað að jafnaði. Árið 2008 var meðalútbreiðsla hvers blaðs um 3.100 eintök. Helmingi blaðanna er dreift í um 1.300 eintökum. Útbreiðsla útbreiddasta blaðsins var að jafnaði 9.800 eintök, en því blaði sem minnsta útbreiðslu hafði var aðeins dreift í 300 eintökum að jafnaði. Útbreiðsla fríblaða er í flestum tilfellum mun meiri en þeirra blaða sem eru seld í áskrift og í lausasölu. Síðufjöldi blaðanna er lítill í samanburði við dagblöðin. Algengasti síðufjöldi hvers tölublaðs er 12 síður að jafnaði.

Almennt er talsverður munur á milli seldra blaða og fríblaða. Útbreiðslusvæði og útbreiðsla fríblaða er að jafnaði markvert meiri en seldra blaða. Hins vegar er síðufjöldi blaðanna áþekkur. Hlutfall auglýsinga af leturfleti er merkjanlega hærra í fríblöðum en seldum blöðum sem hafa hlutfallslega meira ritstjórnarefni að geyma. Auglýsingatekjur fríblaða eru að meðaltali talsvert hærri en seldra blaða, en tekjur þeirra síðarnefndu eru almennt hærri sem helgast af andvirði af sölu. Jafnframt eru ritstjórnir fríblaða almennt fáliðaðri en seldu blaðanna að jafnaði (Ragnar Karlsson, 2008b).

Tafla 5.6. *Staðarblöð 1995–2008*

	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*2009*	*Breyting 2008–1990 +/-*
	18	16	21	21	22	19	19	1
Fjöldi blaða								
Seld blöð	9	8	10	10	9	9	9	–
Fríblöð	9	8	11	11	13	10	10	1
Fjöldi blaða eftir útbreiðslu í þús. eint.								
Allt að 1.000 eintökum	8	5	8	8	8	8	…	–
1.001 til 2.500	5	6	5	6	6	4	…	-1
2.501 til 5.000	1	–	2	1	2	2	…	1
5.001 til 10.000	4	5	5	5	5	5	…	1
>10.000	–	–	1	1	1	–	–	–
Útbreiðsla á blað í þús. eint.								
Að jafnaði	2,4	2,7	3,3	3,5	3,4	3,1	…	0,7
Hágildi	6,5	6,6	11,8	13,1	13,2	9,8	…	3,3
Miðgildi	1,2	1,7	1,7	1,7	1,5	1,3	…	-0,1
Lágildi	0,3	0,4	0,3	0,3	0,3	0,3	…	–
Síðufjöldi á tölublað								
Að jafnaði	10	12	13	14	14	12	…	2
Hágildi	20	27	32	32	28	28	…	8
Miðgildi	8	11	12	12	12	12	…	4
Lággildi	4	4	8	4	5	4	…	–

Skýringar: Vikublöð (landshluta-, héraðs- og bæjarblöð) útgefin í lok árs. Seld blöð og fríblöð. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.

Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Flest staðarblaðanna, eða 14, eru í samkeppni á útbreiðslusvæði sínu við önnur staðarblöð um lesendur og auglýsingar. Aðeins fimm blaðanna sitja ein að sínu útbreiðslusvæði. Á undanförnum árum hefur þeirrar tilhneigingar gætt að útgefendur bæjarblaða hafi kappkostað að víkka út útbreiðslusvæði blaðanna þannig að þau nái til heils landshluta. Sumpart stafar þetta af harðnandi samkeppni frá öðrum blöðum og vefmiðlum, svo og sem afleiðing af sameiningu sveitarfélaga, breyttri kjördæmaskipan og bættum samgöngum. Mörg hver þeirra blaða sem áður voru ein um hituna t.d. innan bæjarfélags hafa fengið samkeppni frá öðrum blöðum sem gefin eru út fyrir stærra svæði (Ragnar Karlsson, 2008b).

Þýðing staðarblaða fyrir umræðu í nærumhverfi verður ekki dregin í efa. Blöðin þjóna því hlutverki að vera tengiliður milli íbúa, almannavalds og atvinnulífs á þeim stöðum þar sem þau eru gefin út. Þegar best lætur eru blöðin mikilvægur staðbundinn umræðuvettvangur. Fullyrða má að rekstur margra blaðanna sé í járnum. Samtímis gætir að því er virðist stigvaxandi markaðsvæðingar í þessari útgáfu svo sem með fjölgun fríblaða og aukins vægis auglýsinga í tekjum blaðanna. Í kjölfarið má merkja tilhneigingu sumra staðarblaða til að sneiða hjá gagnrýninni umræðu og að draga úr eiginlegri blaðamennsku við efnisöflun og í framsetningu efnis (Ragnar Karlsson, 2008b). Mörg þeirra blaða, sem gefin hafa verið út, hafa lifað stutt áður en útgáfu þeirra hefur verið hætt. Sú hætta er augljóslega fyrir hendi að næsta litlir tekjumöguleikar margra blaðanna geri þau um of háð auglýsendum, ríkjandi meiri hluta í sveitarstjórn, hagsmunum í atvinnulífi, áhrifum „héraðshöfðingja“ og komi þannig í veg fyrir að þau geti með góðu móti þjónað hlutverki sínu sem vettvangur fyrir opna og gagnrýna umræðu.[30] Almennt má ganga að því vísu að blaðamenn staðarblaða verði í ríkari mæli varir við þrýsting um efni og efnistök en blaðamenn á dagblöðum finna fyrir. Þessi nálægðarvandi birtist meðal annars í þeirri freistingu og tilhneigingu að birta allt sem berst óháð fréttagildi, og að leggja áherslu á „jákvæðar“ fréttir. Til lengri tíma litið má þó ætla að stækkun kjördæma, frekari tilfærsla verkefna frá ríki og frekari stækkun sveitarfélaga geti orðið til þess að efla staðarblöðin og aðra staðbundna fjölmiðlun.[31]

1.12 Umræðuvettvangur fréttablaða

Hér er ekki gerð nein tilraun til að gera úttekt á efni og efnisáherslum fréttablaðanna. Öllum má ljóst vera að hlutverk blaðanna er mismunandi á opinberum umræðuvettvangi. Ritstjórnarleg áhersla, efnisframboð og efnistök ráðast öðru fremur af því hvaða hlutverki þeim er ætlað að þjóna og til hverra þau eiga að höfða. Í grófum dráttum má raða fréttablöðum á fjóra ása eftir því hve ríka áherslu þau leggja á opinberan vettvang og einkavettvang í umfjöllun sinni og því hvar efnisáherslurnar liggja, á stjórnmál, atvinnulíf og þjóðfélagsmál eða á hneyksli, afbrot, íþróttir og dægurmál (sbr. Sparks, 2000).

Í mynd 5.12 er gerð tilraun til að raða íslenskum fréttablöðum upp samkvæmt þessu. Dagblöðin tvö raðast upp á ekki alls ólíkan hátt. Bæði blöðin leggja almennt áherslu á umræðu tengda opinberum vettvangi frekar en einkavettvangi. Efni þeirra snýst fremur um stjórnmál, atvinnulíf og þjóðfélagsmál en dægurmál hvers konar. Nokkur áherslumunur er vissulega á milli blaðanna hvað efni og efnistök varðar. Áhersla DV hefur um nokkurt skeið

---

[30] Til vitnis um að staðarblöð hafi tilhneigingu til að fríkenna sig frá því að blandast í deilur er kannski sú staðreynd að mörg þeirra eru án leiðara.

[31] Sjá frekari umræðu um þetta í Birgi Guðmundssyni (2004, 2006) og Ragnari Karlssyni (2004: 250–57).

verið fremur á einkavettvang en opinberan vettvang og umfjöllun um hneyksli, afbrot, íþróttir og dægurmál.

Viðskiptablaðið gerir eðlilega út á umræðu sem tengist einkavettvangi með ríka áherslu á atvinnulíf öðru fremur. Ætla má að staðarblöðin leggi almennt nokkuð ríkari áherslu á opinberan vettvang og efni tengt staðbundnum stjórnmálum, atvinnulífi og þjóðfélagsmálum en málefni tengd einkavettvangi. Kemur það til af því að oft og tíðum er helsta heimildauppspretta þessara blaða sveitarstjórn, embættismenn og forsvarsmenn í atvinnulífi heima í héraði.

Það skal tekið fram að staðsetning einstakra blaða eftir áherslu og efnistökum útilokar ekki aðra umfjöllun um annað efni. Þannig leggja til að mynda bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið vaxandi áherslu á íþróttaumfjöllun og dægurmál. Að sama skapi fjallar DV einnig að nokkru leyti um stjórnmál og samfélagsmál í tengslum við opinberan vettvang.[32]

Mynd 5.12. *Staða fréttablaða á opinberum umræðuvettvangi*



Heimild: með hliðsjón af Sparks, 2000.

1.13 Hljóðvarp

Á hverjum sólarhring voru sendar út yfir 400 klukkustundir af hljóðvarpsefni hér á landi að jafnaði árið 2009. Á árinu 1985 – síðasta árið fyrir afnám einkaréttar Ríkisútvarpsins – höfðu hlustendur úr að moða 25 klukkustundum af hljóðvarpsefni á sólarhring á tveimur dagskrárrásum Ríkisútvarpsins. Þegar litið er til fjölda stöðva sem senda reglulega út verður fjölbreytni að teljast nokkur á hljóðvarpsmarkaði, en síður þegar litið er til þess dagskrárframboðs sem í boði er. Fyrir utan dagskrárrásir Ríkisútvarpsins, Rás 1 og Rás 2, eru dagskráráherslur flestra stöðva sniðnar að tiltölulega afmörkuðum hópi hlustenda með tilliti til aldurs og áhugamála (e. *niche markets*). Eiginleg dagskrárgerð er næsta lítil á mörgum stöðv-

[32] Sjá frekari umræðu um þetta hjá Ragnari Karlssyni, 2004: 242–46 og Sparks, 2000.

anna. Margar þeirra senda nær eingöngu út tónlist af hljómplötum í bland við kynningar og spjall. Endurnýjun á þessum markaði er mikil og algengt er að stöðvar staldri stutt við.

1.13.1 Hljóðvarpsstöðvar

Í lok árs 2009 sendu 22 hljóðvarpsstöðvar út reglulega. Í einkaeigu voru 17 stöðvar, en fimm dagskrárrásir voru á vegum Ríkisútvarpsins.[33] Flestar voru stöðvarnar árin 2001–2002, eða 26 hvort ár. Fjöldi hljóðvarpsstöðva sem sendi reglulega út á árunum 1995–2008 er sýndur á mynd 6.1.

Mynd 6.1. *Hljóðvarpsstöðvar 1995–2009*



Skýringar: Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglubundið út eigin dagskrá á árinu, auk stöðva og dagskrárrása Ríkisútvarpsins – Hljóðvarps (Rásar 1 og Rásar 2, Rondó og svæðisútvarpsstöðva). Að frátöldum skóla- og æskulýðsstöðvum.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Á þeim rúmu tveimur áratugum sem liðnir eru síðan einkaréttur Ríkisútvarpsins til hljóðvarpsútsendinga var afnuminn um áramótin 1985/1986 hafa 53 einkareknar stöðvar hafið reglulegar útsendingar. Fyrsta og elsta starfandi einkastöðin er Bylgjan, en útsendingar stöðvarinnar hófust í águst 1986. „Líftími“ einkarekinna hljóðvarpsstöðva er yfirleitt stuttur,

---

33 Hér eru aðeins meðtaldar innlendar stöðvar sem sendu reglulega út eigin dagskrá og höfðu langtímaleyfi til hljóðvarps. Langbylgju- og stuttbylgjusendingar Ríkisútvarpsins, sem og skóla- og æskulýðsstöðvar, eru því ekki meðtaldar hér. Sama gildir einnig um viðstöðulaust endurvarp hljóðvarps eins og BBC World Service, Radio og gervihnattahljóðvarpsstöðvar (e. *satellite radio channels*), eins og Music Choice o.fl. Þá eru útsendingar svokallaðs vefútvarps ekki til umræðu hér. Eftir því sem næst verður komist var Ný Bylgjan eina hljóðvarpsstöðin sem sendi einungis út á netinu. Stöðin sendir viðstöðulaust út svokallaða nýbylgjutónlist af vef Bylgjunnar, www.bylgjan.is. Ný Bylgjan er starfrækt af 365 miðlum ehf. Í lok janúar 2010 hóf einkarekna dægurtónlistarstöðin Rás 3 útsendingar einungis á netinu. Rekstrargrundvöllur nethljóðvarps hefur almennt reynst hæpinn. Undirtektir hlustenda hafa almennt látið á sér standa og auglýsingatekjur stöðvanna eru þar af leiðandi litlar sem engar. Greiðslur fyrir flutning efnis sem er bundið höfundarrétti hafa oft á tíðum reynst vefhljóðvarpi þungar í skauti (sbr. Crisell, 2002: 122–23).

eða að jafnaði sex ár, sem bendir eindregið til þess að bekkurinn sé of þröngt setinn á hljóðvarpsmarkaði. Það hefur þó ekki komið í veg fyrir að nýjar stöðvar hafi verið settar á fót.[34]

Af 53 stöðvum sem starfræktar voru á tímabilinu frá 1986 til ársloka 2008 höfðu átta stöðvar starfað í áratug og lengur. Frá árinu 2005 hafa átta stöðvar hafið útsendingar, fimm þeirra eru enn þá starfræktar. Tíu stöðvar af þeim 17 einkareknu hljóðvarpsstöðvum sem sendu út í ársbyrjun 2010 hafa starfað skemur en áratug (sjá mynd 6.2). Aðeins tvær af þeim einkastöðvum sem hljóma í dag hófu útsendingar fyrir 1990. Sjö stöðvar hafa starfað í áratug og lengur. Starfstími þeirra einkastöðva sem sendu út um síðustu áramót var að jafnaði 11 ár.

Mynd 6.2. *Einkareknar hljóðvarpsstöðvar í árslok 2009 (lengd starfstíma)*



Skýringar: Stöðvunum er raðað eftir stofnári. Upplýsingar vísa aðeins til stöðva sem sendu út eigin samsetta dagskrá í lok árs 2009. Að frátöldum skóla- og æskulýðsstöðvum. Ártal í sviga vísar til upphafsárs reglulegra útsendinga stöðvar eða forvera hennar.

[1] Upphaflega Létt.
[2] Upphaflega Barnarásin.
[3] Upphaflega Útvarp fyrir nýbúa.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Yfirlit yfir dagskrárrásir Ríkisútvarpsins og einkareknar hljóðvarpsstöðvar sem sendu reglulega út um áramótin 2009/2010 er að finna í töflu 6.1. Ríkisútvarpið sendi út á landsvísu á tveimur stöðvum, Rás 1 (frá 1930) og Rás 2 (frá 1983). Ríkisútvarpið starfrækti einnig þrjár svæðisútvarpsstöðvar, en það eru Svæðisútvarp Vestfjarða (frá 1989) og Svæðisútvarp Norðurlands og Austurlands, en síðarnefnda stöðin varð til með samruna Svæðisútvarps

[34] Á sl. ári hófu tvær einkareknar hljóðvarpsstöðvar reglulegar útsendingar, en þær eru Lýðvarpið FM 100,5 sem sendi út frá því mars og fram í júní og Kaninn 91,9 sem hefur sent út frá sl. hausti.

Norðurlands (frá 1985) og Svæðisútvarps Austurlands (frá 1987) í nóvember 2009.[35] Frá miðju ári 2004 hefur Ríkisútvarpið sent út í tilraunaskyni á DAB staðli (e. *Digital Audio Broadcasting*) á sérstakri stöð, Rondó. Stöðin sendir einnig jafnhliða út á FM.

Tafla 6.1. *Hljóðvarpsstöðvar 2009*

Heiti stöðvar	*Staðsetning*	*Útsendingarsvæði á FM*[1]	*Dagskrársnið*[2]	*Fjár-mögnun*	*Útsending á vef*
Ríkisútvarpið					
Rás 1	Reykjavík	Landið	Almennt	S, AU	Já
Rás 2	Reykjavík	Landið	Almennt	S, AU, K	Já
Svæðisútvarp Austurlands	Egilsstaðir	Austurland	Landshlutamál	S, AU	Já
Svæðisútvarp Norðurlands	Akureyri	Norðurland	Landshlutamál	S, AU	Já
Svæðisútvarp Vestfjarða	Ísafjörður	Vestfirðir	Landshlutamál	S, AU	Já
Rondó[3]	Reykjavík	Faxaflóasv.æði	Klassísk tónlist og djass	S	Já
Einkareknar stöðvar					
Bylgjan	Reykjavík	Landið	Almennt	AU, K	Já
Flass 104,5	Reykjavík	Höfuðborgarsvæði	Dægurtónlist og dægurmál	AU, K	Já
FM 95,7	Reykjavík	Landið	Dægurtónlist og dægurmál	AU, K	Já
GullBylgjan	Reykjavík	Faxaflóasvæðið	Dægurtónlist	AU, K	Já
Kaninn 91,9	Reykjanesbær	Faxaflóasvæðið, Suðurland, Akureyri	Dægurtónlist	AU, K	Já
LéttBylgjan[4]	Reykjavík	Faxaflóasv.	Dægurtónlist	AU, K	Já
Lindin	Reykjavík	Landið (þéttbýli)	Trúarlegt	Fe	Já
Suðurland FM 96,3	Selfoss	Suðurland að hluta	Dægurtónlist	AU, K	Já
Útvarp Boðun	Kópavogur	Faxaflóasvæðið og Akureyri	Trúarlegt	Fe	Já
Útvarp Hafnarfjörður[5]	Hafnarfjörður	Höfuðborgarsvæði	Málefni nýlendinga, og grenndarútvarp fyrir Hafnarfjörð	Fo	Já
Útvarp Kántríbær	Skagaströnd	Húnaflói, Skagafjörður	Dægurtónlist	AU, K	Já
Útvarp Latibær[6]	Reykjavík	Faxaflóasvæðið	Barnaefni	AU, K	Nei
Útvarp Saga	Reykjavík	Faxaflóasvæðið, Skagafjörður, Suðurland	Dægur- og samfélagsmál	AU, K	Já

[35] Fjórða svæðisstöð Ríkisútvarpsins, Svæðisútvarp Suðurlands, var aflögð árið 2007 eftir að hafa starfað frá árinu 2003. Ríkisútvarpið hélt einnig úti Svæðisútvarpi höfuðborgarsvæðisins frá 1985–1987. Boðað hefur verið að svæðisútvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins verði aflagðar. Þeirra í stað verða svæðisútsendingar felldar inn í dagskrá landsrásanna Rásar 1 og Rásar 2.

Heiti stöðvar	*Staðsetning*	*Útsendingarsvæði á FM*[1]	*Dagskrársnið*[2]	*Fjár-mögnun*	*Útsending á vef*
Útvarp Vestmannaeyja	Vestmanna-eyjar	Vestmannaeyjar	Staðarmálefni	AU, K	Nei
Voice 987	Akureyri	Akureyri, Dalvík, Grenivík og Hrísey	Dægurtónlist	AU, K	Já
XA-Radíó	Reykjavík	Höfuðborgarsvæðið og Akureyri	12 spora efni	Fe	Nei
Xið	Reykjavík	Faxaflóasvæðið, Ísafjörður, Akureyri og Vestmannaeyjar	Dægurtónlist	AU, K	Já

Skýringar: Einkareknar hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu út eigin samsetta dagskrá í lok árs 2009, ásamt Ríkisútvarpinu – hljóðvarpi. Að skóla- og æskulýðsstöðvum frátöldum. Faxaflói merkir hér höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland og sunnanvert Snæfellsnes. Húnaflói merkir hér Húnavatnssýslur og Strandir að hluta.
Fjármögnun: S = skatttekjur; AU = auglýsingar; Fe = framlög einkaaðila; Fo = framlög opinberra aðila; K = kostun.
[1]Samkvæmt upplýsingum stöðvanna.
[2] Megineinkenni dagskrár miðað við efni og tilhöfðun dagskrár.
[3] Stafrænar tilraunaútsendingar frá miðju ári 2004.
[4] Upphaflega Létt.
[5] Upphaflega sem Útvarp fyrir nýbúa.
[6] Upphaflega Barnarásin.

Heimild: Hagstofa Íslands; eigin athugun.

Báðar landsrásir Ríkisútvarpsins senda út almennt efni. Dagskrá Rásar 1 er þó almennari en dagskrá Rásar 2, en stöðin sendir út fjölbreytt efni í tali og tónum, jafnt til upplýsingar og skemmtunar. Megináherslan í dagskrá Rásar 2 er á dægur- og samfélagsmál og íþróttalýsingar. Rás 1 og Rás 2 hafa talsverða sérstöðu í samanburði við aðrar hljóðvarpsstöðvar vegna ríkrar áherslu á upptöku og flutning lifandi tónlistar: klassískrar tónlistar og djass á Rás 1 og popptónlistar á Rás 2. Dagskrá svæðisútvarpsstöðvanna einskorðast að mestu leyti við fréttir úr viðkomandi landsfjórðungi.[36] Rondó sendir út klassíska tónlist og djass af hljómplötum. Landsrásir Ríkisútvarpsins og Rondó eru sendar út frá Reykjavík. Svæðisstöðvar Ríkisútvarpsins eru staðsettar á Akureyri og Ísafirði.

Frá upphafi árs 2009 hafa dagskrárrásir Ríkisútvarps – Hljóðvarps verið fjármagnaðar með sérstakri álögu á skattgreiðendur, í stað afnotagjalda áður, auk sölu á auglýsingatímum og með kostun.[37]

Allar einkastöðvarnar nema fjórar senda út frá höfuðborgarsvæðinu. Hljóðvarp á vegum einkaaðila hefur ekki verið sú lyftistöng fyrir fjölmiðlun á landsbyggðinni sem ýmsir bundu vonir við þegar útvarpsrekstur var gefinn frjáls fyrir hartnær aldarfjórðungi síðan.[38] Einkarekið hljóðvarp á landsbyggðinni hefur alla tíð átt erfitt uppdráttar. Flestar þeirra stöðva sem settar hafa verið á fót utan höfuðborgarsvæðisins hafa staldrað stutt við. Af 11 stöðvum sem

---

36 Dagskrárgerðarfólk svæðisstöðvanna leggur jafnframt Rás 1 og Rás 2 og Sjónvarpinu til dagskrárefni, með fréttainnslögum og þáttagerð.

37 Afnotagjald hljóðvarps var innifalið í afnotagjaldi sjónvarps, en það nam 30 af hundraði af afnotagjaldi fyrir sjónvarp í lit.

38 Sbr. þingumræður um breytta skipan útvarps í aðdraganda afgreiðslu útvarpslaga.

hafa starfað utan höfuðborgarsvæðisins eru fimm starfandi í dag. Þetta eru stöðvarnar Kaninn 91.9 á Suðurnesjum (frá því í september í ár), Suðurland FM 96,3 á Selfossi (frá 2007), Útvarp Kántríbær á Skagaströnd (með hléum frá 1992), Útvarp Vestmannaeyja (frá 1993) og Voice 987 (frá 2006) sem gerð er út frá Akureyri.

Hliðrænar útsendingar (e. *analogue transmission*) einkastöðvanna Bylgjunnar og FM 95,7 ná til alls landsins. Útsendingarsvæði annarra stöðva á FM einskorðast að mestu við sunnan- og vestanvert landið, eða einstök þéttbýlissvæði og næsta nágrenni þeirra. Dagskrár margra einkastöðvanna og stöðva Ríkisútvarpsins eru einnig sendar viðstöðulaust út á netinu. Útsendingar stöðvanna nást því víðast um landið.

Af einkareknu stöðvunum getur aðeins Bylgjan talist vera almenn stöð (e. *general interest channel*), en dagskrá stöðvarinnar er tiltölulega fjölbreytt og samanstendur af fréttum, umfjöllun um dægur- og samfélagsmál og flutningi skemmtiefnis, auk tónlistar. Aðrar stöðvar teljast sérefnisstöðvar (e. *special interest channels*) af ýmsu tagi og er efni þeirra ætlað að höfða til tiltekinna markhópa (e. *niche markets*) eftir aldri og áhugasviði hlustenda. Af þeim einkareknu stöðvum sem nú hljóma teljast átta vera tónlistarstöðvar (e. *music radio*). Þetta eru stöðvarnar FM 95,7, Flass 104,5, FM 95,7, GullBylgjan, Kaninn 91,9, LéttBylgjan, Suðurland FM 96,3, Útvarp Kántríbær, Voice 987 og Xið 977. Stöðvarnar sérhæfa sig allar í vinsælum stefnum og straumum í dægurtónlist. Útvarp Saga er svonefnt talmálsútvarp (e. *talk radio*) með áherslu á samfélags- og dægurmál. Útvarp Latibær sendir út barnaefni, sem er að megninu til tónlist. Lindin og Útvarp Boðun eru trúboðsstöðvar en dagskrár þeirra samanstanda eingöngu af trúarlegu efni í tali og tónum. XA-Radíó telst til þjónustustöðva (e. *service radio*), en dagskráin samanstendur af reynslusögum og efni tengdu „12 spora kerfi“ AA-samtakanna. Útvarp Hafnarfjörður, áður Útvarp fyrir nýbúa, telst sömuleiðis hér til þjónustustöðva, en uppistaða reglubundinnar dagskrár stöðvarinnar er umfjöllun um málefni nýbúa á ýmsum tungumálum. Svæðisbundin málefni hvers konar eru uppistaðan í dagskrá Útvarps Vestmannaeyja, en stöðin er eina einkarekna stöðin um þessar mundir sem getur talist vera hreinræktuð staðarstöð (e. *local radio*).

Flestar einkareknu stöðvarnar eru fjármagnaðar með auglýsingaflutningi og kostun. Trúboðstöðvarnar Lindin og Útvarp Boðun og XA-Radíó eru reknar að mestu leyti fyrir frjáls framlög og með sjálfboðavinnu. Útvarpi Kántríbæ og Útvarpi Vestmannaeyja eru reknar fyrir áhugamennsku að mestu leyti. Rekstur Útvarps Hafnarfjarðar er kostaður með opinberum framlögum og sjálfboðastarfi.

1.13.2 Móttaka hljóðvarps

Leiðir til móttöku hljóðvarps hafa á síðustu árum orðið sífellt fjölbreyttari. Móttaka hljóðvarps er ekki lengur bundin við hefðbundin viðtæki og í bíl eins og fyrir fáeinum árum. Í dag er hægt að taka á móti og hlusta á hljóðvarp yfir netið og í gegnum tölvu, og farsíma og sjónvarpstæki. Könnun sem gerð var árið 2007 á móttökuleiðum hljóðvarps hér á landi leiddi í ljós að algengasta móttaka hljóðvarps er í bíl, en hátt í þrír af hverjum fjórum hlusta í bílnum (sjá mynd 6.3). Næst algengasta viðtaka hljóðvarpssendinga er í gegnum hljóðvarpsviðtæki, en um tveir þriðju hlusta á hljóðvarp þannig. Nokkur hluti hlustar á hljóðvarp í gegnum tölvu yfir netið, eða tæplega tveir af hverjum tíu. Enn færri taka á móti hljóðvarpssendingu í gegnum sjónvarpstæki. Viðbúið er að talsvert fleiri hlusti á hljóðvarp á netinu í dag en árið 2007, hvort heldur er í gegnum tölvu eða farsíma.

Mynd 6.3. *Móttökuleiðir hljóðvarps 2007, september (hlutfall, %)*



Heimild: Póst og fjarskiptastofnun, 2008: 33.

1.13.3 Staða og rekstraraðilar einkarekinna hljóðvarpsstöðva

Skipta má einkastöðvum upp eftir eðli dagskrár og tilgangi með rekstri þeirra, í markaðsstöðvar, trúboðsstöðvar og þjónustustöðvar eins og sýnt er í töflu 6.2. Með markaðsstöðvum er átti við stöðvar sem reknar eru á markaðsforsendum og fjármagnaðar með sölu auglýsingatíma í dagskrá og kostun einkaaðila. Frá upphafi einkarekins hljóðvarps hafa flestar stöðvanna verið svokallaðar markaðsstöðvar, eða þrjár af hverjum fjórum einkareknum stöðvum hin síðari ár.

Tafla 6.2. *Staða einkarekinna hljóðvarpsstöðva 1995–2009*

	Alls	Markaðsstöðvar[1]	Trúboðsstöðvar	Þjónustustöðvar
Fjöldi stöðva				
1995	11	10	1	–
2000	13	10	2	1
2005	14	11	2	1
2009	17	13	2	2
Hlutfallsleg skipting, %				
1995	100	91	9	–
2000	100	77	15	8
2005	100	79	14	7
2009	100	76	12	12

Skýringar: Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglulega út eigin samsetta dagskrá í lok árs. Að skóla- og æskulýðsstöðvum frátöldum. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
[1] Ásamt staðarstöðvum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Algengt er að rekstraraðilar einkarekinna hljóðvarpsstöðva staldri stutt við. Þótt rekstraraðilum hafi farið fjölgandi hefur þeim þó ekki fjölgað að sama skapi og stöðvunum. Á undanförnum árum hefur gætt skýrrar tilhneigingar til samþjöppunar eignarhalds á einka-

reknu hljóðvarpi. Tafla 6.3 sýnir fjölda einkarekinna hljóðvarpsstöðva eftir rekstraraðilum frá 1995 og til ársloka 2009.

Lengst af síðasta áratug var Fínn miðill ehf. stórtækastur einkaaðila í hljóðvarpsrekstri. Þegar mest var rak fyrirtækið sex stöðvar. Norðurljós hf. eignuðust ráðandi hlut í Fínum miðli ehf. árið 2000. Þegar mest var voru 11 hljóðvarpsstöðvar starfræktar á vegum dótturfélaga Norðurljósa hf., Fíns miðils og Íslenska útvarpsfélagsins ehf.

Tafla 6.3. *Rekstraraðilar einkarekinna hljóðvarpsstöðva 1995–2009 (markaðsstöðvar)*

			Fjöldi rekstraraðila eftir fjölda stöðva					
	Fjöldi stöðva	Fjöldi rekstraraðila	Ein	Tvær	Þrjár	Fjórar	Fimm	Sex
1995	10	9	8	1	–	–	–	–
2000	10	5	4	–	–	–	–	1
2005	11	6	4	1	–	–	1	–
2009	13	8	7	–	–	–	–	1

Skýringar: Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglulega út eigin samsetta dagskrá í lok árs. Móðurfélög og dótturfélög eru hér talin til eins og sama rekstraraðila, sem og félög þar sem um náin eignatengsl er um að ræða í gegnum stærstu hluthafa beggja félaga. Að frátöldu þjónustuútvarpi, trúboðs-, skóla- og æskulýðsstöðvum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Rekstraraðilar markaðsstöðva voru sjö talsins árið 2009. Allir nema einn starfrækja eina stöð hver. Sex stöðvanna sem sendu út í lok ársins 2008 eru í eigu 365 miðla ehf, en það eru stöðvarnar Bylgjan, FM957, GullBylgjan, LéttBylgjan, Útvarp Latibær og Xið.

1.13.3 Dagskrárframboð í hljóðvarpi

1.13.3.1 Útsendingartími

Útsendingartími hljóðvarps hefur eðlilega stóraukist samfara fjölgun stöðva. Frá því að einkarekið hljóðvarp kom til skjalanna árið 1986 hefur senditíminn tólffaldast, eða farið úr 13.000 stundum á ári í um 151.000 stundir. Fram til aldamóta jókst samanlagaður útsendingartími hljóðvarps samfellt milli ára, en frá aldamótum hefur hann verið um 150.000 stundir á ári (sjá mynd 6.4). Frá aldamótum hefur lítillega dregið úr árlegum útsendingartíma einkastöðva á sama tíma og samanlagður útsendingartími rása Ríkisútvarpsins hefur aukist nokkuð frá árinu 2004 að telja er tilraunaútsendingar Rondó hófust á miðju ári.

Á árinu 2008 sendu einkareknar stöðvar út tæpar 124.000 stundir á móti tæpum 27.000 útsendum stundum í Ríkisútvarpinu. Útsendingartími hljóðvarps á landsvísu hefur tvöfaldast frá því í byrjun tíunda áratugarins, en þá náðu einungis útsendingar Rásar 1 og Rásar 2 til landsins alls. Samanlagður útsendingartími þeirra fjögurra stöðva sem senda út á landsvísu árið 2008 var ríflega 33.000 stundir.

Mynd 6.4. *Árlegur útsendingartími hljóðvarps 1995–2008*



Skýringar: Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglulega út eigin samsetta dagskrá á árinu. Að skóla- og æskulýðsstöðvum frátöldum.

* Útsendingartími *RÚV - Hljóðvarps* 2006 er áætlaður.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Um síðustu áramót sendu flestar hljóðvarpsstöðvar út allan sólarhringinn sjö daga vikunnar (sjá töflu 6.4). Daglegur útsendingartími svæðisstöðva Ríkisútvarpsins og sumra einkarekinna stöðva var þó næsta lítill. Svæðisútvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins senda út fjóra til fimm virka daga í viku, um það bil hálfa klukkustund hvern útsendingardag. Útvarp Vestmannaeyja sendir að jafnaði út þrjá daga í viku, fimm stundir í senn. Útsendingar Útvarps Hafnarfjarðar stóðu að jafnaði yfir í tvær stundir í senn fimm til sex daga í viku.

Tafla 6.4. Útsendingartími og útsendingardagar hljóðvarpsstöðva 2009

Heiti stöðvar	*Útsendar klst. í viku að jafnaði*	*Útsendar klst. á útsendingardegi að jafnaði*	*Útsendingardagar í viku að jafnaði*
Ríkisútvarpið – Hljóðvarp			
Rás 1	168:00	24:00	7
Rás 2	168:00	24:00	7
Rondó	168:00	24:00	7
Svæðisútvarp Norðurlands og Austurlands[1]	0,12152777778	0,0243055556	5
Svæðisútvarp Vestfjarða[1]	2:20	0:35	4
Einkastöðvar			
Bylgjan	168:00	24:00	7
Flass 104,5	168:00	24:00	7
FM 95,7	168:00	24:00	7
GullBylgjan	168:00	24:00	7
LéttBylgjan	168:00	24:00	7
Lindin	168:00	24:00	7
Suðurland FM 96,3	168:00	24:00	7
Útvarp Boðun	168:00	24:00	7

Heiti stöðvar	*Útsendar klst. í viku að jafnaði*	*Útsendar klst. á útsendingardegi að jafnaði*	*Útsendingardagar í viku að jafnaði*
Útvarp Hafnarfjarðar[2]	8:00–10:00	2:00	4–5
Útvarp Kántríbær	168:00	24:00	7
Útvarp Latibær	168:00	24:00	7
Útvarp Saga	168:00	24:00	7
Útvarp Vestmannaeyja[1]	4:00	2:00	2
Voice 987	168:00	24:00	7
XA-Radíó	168:00	24:00	7
Xið	168:00	24:00	7

Skýringar: Einkareknar hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu út eigin samsetta dagskrá í lok árs 2009, ásamt Ríkisútvarpinu – Hljóðvarpi. Að skóla- og æskulýðsstöðvum frátöldum.
[1] Áætlað.
[2] Upphaflega Útvarp fyrir nýbúa.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Eiginleg dagskrárgerð er ekki nema hluti af útsendingartíma margra stöðvanna. Frá því upp úr miðnætti og til morguns, er eiginleg dagskrá hefst, fyllir ókynnt tónlist upp í útsendingar margra þeirra stöðva sem senda út allan sólarhringinn. Á öðrum stöðvum er dagskrárþáttum endurútvarpað með nokkurra tíma millibili.

Endurflutningur efnis er einnig nokkur hluti af útsendingartíma Rásar 1, eða um það bil tvær stundir af hverjum tíu. Á Rás 2 er endurflutningur efnis hverfandi eða hálfur klukkutími af hverjum tíu útsendum tímum. Hlutfall endurflutnings á dagskrá stöðvanna hefur verið tiltölulega stöðugt um langa hríð.

1.13.4 Dagskrárefni hljóðvarps

Sérhæfing dagskrárefnis í hljóðvarpi, eða það sem hér er nefnt „dagskrársnið“ (e. *programme format*), er að mörgu leyti einkennandi fyrir hljóðvarpsmarkaðinn. Tilkoma sjónvarpsins og ört vaxandi vinsældir þess batt enda á „gullöld“ hljóðvarpsins sem hafði staðið óslitið frá því á þriðja áratugnum. Fjölskyldan sameinaðist nú að kvöldlagi fyrir framan sjónvarpsviðtækið í stað þess að safnast saman við hljóðvarpstækið eins og áður. Hljóðvarpinu var því nauðugur einn kostur að laða að hlustendur. Hljóðvarpsstöðvar fóru í vaxandi mæli að haga dagskránni þannig að hún höfðaði til mismunandi hlustenda á ákveðnum tímum dagsins, ellegar að stöðvar sérhæfðu sig í tilteknu dagskrárefni, fréttatengdu efni, íþróttum, tónlist o.s.frv. (Crisell, 1994; Croteau og Hoynes, 2001: 55–56).[39]

Um líkt leyti og sjónvarpið fangaði í vaxandi mæli hug og hjörtu fólks hlustenda varð hljóðvarpinu til happs að smárinn (e. *transistor*) leysti útvarpslampann (e. *radio valve eða*

[39] Þótt það sé utan efnisramma þessarar samantektar má geta þess að svipaðar sundurgreiningar efnis hefur gætt í útgáfu svonefndra neytendatímarita (e. *consumer magazines*). Í kjölfar sjónvarpsins voru dagar útbreiddra heimilistímarita (e. *familiy magazines*) að mestu taldir. Í staðinn sneru tímaritaútgefendur sér í vaxandi mæli að útgáfu sérefnistímarita (e. *special interest magazines*) sem sniðin eru að áhugamálum tiltekinna hópa, s.s eftir kyni, aldri og áhugamálum (sbr. Abrahamson, 1996; Barnes og Thomson, 1994). Viðlíka þróunar hefur gætt á íslenskum tímaritamarkaði. Fljótlega eftir að sjónvarp hófst hér á landi lagðist útgáfa rótgróinna fjölskyldutímarita af, s.s. eins og Fálkans, á meðan öðrum tókst að aðlaga sig að nýjum aðstæðum og taka upp nýjar efnisáherslur, s.s. eins og Vikan sem gefin er út í dag sem kvennatímarit (sbr. Guðjón Friðriksson, 2000, kafli 45; Ragnar Karlsson, 2003).

tube) af hólmi á sjötta áratug síðustu aldar. Í stað lampatækjanna sem óhandhægt var að flytja úr stað og stinga þurfti í samband við rafmagn og tengja við loftnet voru smáratækin mun ódýrari og meðfærilegri. Þau voru með innbyggðu loftneti og gengu hvort heldur sem var fyrir rafmagni eða litlum handhægum rafhlöðum sem gerði það að verkum að auðveldlega var unnt að flytja þau með sér hvert á land sem var. Um líkt leyti ruddu hljóðvarpstæki í bílum sér til rúms. Hljóðvarpsnotkun var því ekki lengur bundin við stofuna eða eldhúskrókinn eins og á tíma lampatækjanna. Þessi „hreyfanleiki“ miðilsins auðveldaði hljóðvarpsstöðvum að ná til ólíkra hópa hlustenda á mismunandi tímum dagsins (Crisell, 2002: 125–27).

Samkeppni á hljóðvarpsmarkaði hefur ýtt enn frekar undir efnissérhæfingu hljóðvarpsstöðva. Víðast hvar hefur hljóðvarpsmarkaður verið mettaður um langt skeið. Útbreiðsla hljóðvarps á Vesturlöndum hefur fyrir löngu náð hámarki. Hljóðvarpstæki eru til á öllum heimilum og hljóðvarpshlustun einstaklinga hefur um árabil staðið að mestu í stað. Það er því deginum ljósara að ekki er að vænta nýrra hlustenda á hljóðvarpsmarkaði umfram náttúrulega mannfjölgun (Hendy, 2000: 32). Takmarkaðir vaxtarmöguleikar á hljóðvarpsmarkaði hafa þó ekki komið í veg fyrir fjölgun hljóðvarpsstöðva, enda er stofn- og rekstrarkostnaður hljóðvarps mun lægri en til að mynda en kostnaður við stofnun og rekstur fullbúinnar sjónvarpsstöðvar. Laust fyrir aldamótin voru starfræktar í Bandaríkjunum um 11.000 hljóðvarpsstöðvar á móti um 3.500 sjónvarpsstöðvum. Með öðrum orðum hljóðvarpsstöðvar voru þrisvar sinnum fleiri en sjónvarpsstöðvar (Hendy, 2000: 10–11). Viðlíka máli gegnir í Evrópu, en í flestum löndum álfunnar hefur lítið lát orðið á fjölgun hljóðvarpsstöðva eftir að einkaréttur þess opinbera til útvarps var afnuminn víðast hvar á níunda áratugnum (Hans-Bredow-Institut, 2009; Harrie, 2009; Kelly, Mazzoleni og McQuail, 2004). Svipuðu máli gegnir hér á landi þar sem hljóðvarpsstöðvum hefur fjölgað árlega fram undir aldamót (sbr. mynd 2.1 að framan). Á sama tíma og æ fleiri stöðvar bítast um athygli hlustenda eru stöðvarnar tilneyddar til að haga dagskránni, efni og flutningstímum þannig að það höfði til „réttra“ hlustenda í stað þess að kappkosta að ná til „allra“.[40]

Dagskrársnið þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að veita auglýsendum aðgang að þeim hlustendum sem þeir hafa helst áhuga á að ná til og gefa mest af sér í aðra hönd fyrir stöðvarnar. Um leið og stöðlun dagskrár lágmarkar óvissu um samsetningu hlustendahópsins stuðlar hún að því að kostnaði við dagskrárgerð er haldið í lágmarki (Chapman, 1992: 12–18; Crisell, 2002: 127–29; Engblom og Wormbs, 2007: 196–204; Hendy, 2000: 26–48).

Tónlistardagskrá og talmálsdagskrá eru víðast hvar algengustu dagskrársnið í hljóðvarpi. Tónlistarstöðvar sérhæfa sig oftast í flutningi tiltekinnar tónlistar og tónlistarstefna, allt frá hipp-hoppi til klassískrar tónlistar og allt þar á milli. Umfjöllunarefni talmálsstöðva getur verið af ýmsum toga, en mest ber þó á fréttum sem uppfærðar eru reglulega allan sólarhringinn, fréttum af veðri og umferð, fréttum af fjármála- og hlutabréfamörkuðum og umfjöllun um dægur- og samfélagsmálefni (Hendy, 2000). Dagskrárgerðarkostnaður við talmálsútvarp er jafnvel enn minni en við tónlistarútvarp sem þarf að greiða af flutningi tónlistar til réttthafa, útgefenda og laga- og textahöfunda (Hendy, 2000: 38).[41]

---

[40] Sömu þróunar hefur einnig tekið að gæta í auknum mæli í sjónvarpi á síðari árum í kjölfar harðandi samkeppni á sjónvarpsmarkaði með fjölgun sjónvarpsstöðva og tilkomu áskrifarsjónvarps.

[41] Hér á landi eru Stefgjöld dæmi um greiðslur vegna flutnings tónlistar á opinberum vettvangi, þ.m.t. í hljóðvarpi (sjá Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, www.stef.is/).

Þrátt fyrir sérhæfingu á hljóðvarpsmarkaði og mismunandi dagskrársnið er efnisleg fjölbreytni milli stöðva oft meiri í orði en á borði. Í reynd hefur reynslan víðast hvar verið sú að einhæfni efnis hefur aukist með auknum fjölda stöðva (Crisell, 2002: 131; Hendy, 2000; Neauman, 1991: 141–42). Þessi einhæfni á ekki hvað síst við um tónlistarútvarp. Lagaval tónlistarstöðva ræðst gjarnan af útgáfu- og sölulistum hljómplötuútgefenda og vitneskju um smekk hlustendahópsins sem fengin er úr könnunum og öðrum markaðsrannsóknum. Algengast er að tónlistarstöðvar leggi áherslu á vinsæla dægurtónlist og kappkosti einkum að höfða til hlustenda á aldrinum 16 til 35 ára. Í Bandaríkjunum þar sem ekki er óalgengt að 40 til 50 stöðvar séu á sama útsendingarsvæði reynist efnisfjölbreytni í hljóðvarpi minni en fjöldi stöðva gefur til kynna. Langsamlega mest framboð er af stöðvum sem senda út dægurtónlist, eða um helmingur stöðvanna. Annars konar framboð tónlistar er fátítt. Samkvæmt bandaríska fjölmiðlafræðingnum W. Russell Neuman er það svo að „af því mynstri sem er á samþjöppun dægurtónlistar leiðir að þeim hlustendum sem vilja fremur klassíska tónlist, jazz eða fréttaskýringar er ekki sinnt“ *(„the pattern of concentration of popular music still leaves unserved, in many markets, those who would prefer classical music, jazz, or news commentary“)* (Neuman, 1991: 141). Á lagalistum tónlistarstöðva er því fátt sem kemur hlustandanum á óvart og sem gæti stuðlað að breiðari tónlistarsmekk hans. Enda eru auglýsendur „áhugasamastir um stöðvar sem tryggja fyrirsjáanlegt lagaval í útsendingu“ (*„best attracted by a station guaranteeing predictable choices about music on air“*) (Hendy, 2000: 227; upphafleg áhersla).

Hérlendis ruddi dagskrársnið sér til rúms í hljóðvarpi með tilkomu einkastöðvanna.[42] Tafla 6.5 sýnir einkastöðvar og árlegan útsendingartíma einkastöðva eftir dagskrársniði á árabilinu 1995–2008/2009. Af einstökum dagskrársniðum er tónlistarútvarp langmest áberandi í einkaútvarpi. Önnur hver stöð sem sendi út í lok árs 2008 var tónlistarstöð. Útsendingartími tónlistarstöðva nam 57% af heildarútsendingartíma einkarekinna stöðva árið 2008. Nær allar stöðvarnar flytja vinsæla dægurtónlist sem einkum virðist ætlað að höfða til unglinga og fólks fram á miðjan aldur.

---

[42] Segja má að dagskrá Rásar 2 fyrstu árin eftir að hún hóf útsendingar árið 1983 hafi um margt borið keim af dagskrársniði hreinræktaðs tónlistarútvarps þar sem popptónlist var í fyrirrúmi í dagskránni, auk „innhringiþátta“ (e. *phone-in programmes*). Á hinn bóginn einkenndist dagskrá Rásar 1 af almennu dagskrárframboði (e. *mixed programming*), með „eitthvað fyrir alla“, sem í dag mætti frekar lýsa sem „allt fyrir suma“ þegar haft er í huga að hlustendur stöðvarinnar eru að jafnaði eldri en hlustendur annarra stöðva.

Tafla 6.5. *Einkareknar hljóðvarpsstöðvar eftir dagskrársniði 1995–2008/2009*

	Almennar-stöðvar1	Talmáls-stöðvar[1]	Barna-stöðvar	Tónlistar-stöðvar[2]	Staðar-stöðvar[3]	Trúboðs-stöðvar	Þjónustu-stöðvar
Stöðvar/fjöldi							
1995	2	–	–	5	3	1	–
2000	1	–	–	11	4	2	1
2005	1	2	1	9	1	2	2
2008	1	1	1	8	1	2	2
2009	1	1	1	9	1	2	
Útsendingartími í klst.							
1995	17.520	–	–	38.520	10.372	5.840	–
2000	8.784	–	–	85.803	18.265	17.568	700
2005	8.760	15.120	8.760	50.952	1.700	17.520	9.060
2008	8.784	8.784	8.784	70.272	200	17.568	9.137
Stöðvar, %							
1995	18	–	–	45	27	9	–
2000	5	–	–	58	21	11	5
2005	6	11	6	50	6	11	11
2008	6	6	6	50	6	13	13
2009	6	6	6	53	6	12	12
Útsendingartími, %							
1995	24	–	–	53	14	8	–
2000	7	–	–	65	14	13	1
2005	8	14	8	46	2	16	8
2008	7	7	7	57	0	14	7

Skýringar: Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglubundið út eigin dagskrá á árinu. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Að skóla- og æskulýðsstöðvum frátöldum.

[1] Stöðvar sem leggja áherslu á dægur- og samfélagsmál og sem sendu út tónlist innan við 70% af heildarútsendingartíma og geta ekki talist til staðar- eða þjónustustöðva.

[2] Stöðvar sem sendu út tónlist og tónlistardagskrá í a.m.k. 70% af heildarútsendingartíma og geta ekki fallið undir aðrar efnisstöðvar.

[3] Staðbundnar stöðvar sem áherslu leggja á staðbundin málefni og ekki geta talist hreinar tónlistarstöðvar.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Samþjöppun eftir dagskrársniði er meiri ef aðeins er miðað við markaðsstöðvarnar. Frá aldamótum hafa um tvær af hverjum þremur markaðsstöðvum verið tónlistarstöðvar en helmingur og innan við helmingur á tíunda áratugnum. Hlutdeild tónlistarstöðva í samanlögðum útsendingartíma markaðsstöðvanna er jafnvel enn hærri en nemur hlutdeild í fjölda stöðva, eða sem samvarar hátt í þremur fjórðu hlutum af útsendingartímanum hin síðari ár. Að þessu sögðu virðist mega taka undir orð David Hendys þegar hann segir: „Að óumdeilt er að afnám hafta hefur leitt af sér víðtæka aukningu í útvarpsstarfsemi en meginspurningin er hvort það hafi fært útvarpshlustendum meiri fjölbreytni, eins og vænst var.“ *(That deregulation has brought a huge expansion in radio activity seems beyond dispute. But the central question is whether it has in fact delivered the greater choice in radio-listening it promised.)* (Hendy, 2000: 25–26; upphaflegar áherslur.)

Sú mynd sem dregin er upp í töflu 6.5 gefur þó aðeins takmarkaða mynd af tónlistarflutningi í hljóðvarpi. Umfang tónlistar er mun meira í hljóðvarpi en fjöldi tónlistarstöðva gefur tilefni til að ætla. Af einstöku dagskrárefni í hljóðvarpi er tónlist langsamlega fyrirferðarmest. Því er ekki að undra að hljóðvarpinu hafi stundum verið lýst sem „búðarglugga fyrir framleiðslu tónlistariðnaðarins“ (*„a shop window for the wares of the music industry,“* Hendy, 2000: 168). Reyndar hefur tónlist ávallt verið meginuppistaðan í dagskrá hljóðvarps frá því að reglulegur útvarpsrekstur hófst vestan hafs og austan um og uppúr 1920.[43] Átta af hverjum tíu útsendum stundum í hljóðvarpi hér á landi er tónlist. Þar af er hlutur tónlistar af dagskrá einkahljóðvarpsstöðva um 90% á móti um 70% af samanlögðum útsendingartíma dagskrárrása Ríkisútvarpsins – Hljóðvarps.

Ástæða þess að tónlist er jafnáberandi í hljóðvarpi og raun ber vitni stafar ekki síst af eðli hljóðvarps sem fjölmiðils. Hljóðvarpsnotkun er ekki á sama hátt bundin stað og stund og notkun margra annarra fjölmiðla. Unnt er að hlusta á hljóðvarp nánast hvar sem er og við hinar ólíkustu kringumstæður. Sérstaða hljóðvarpsins sem fjölmiðils felst einnig í því að það er ekki eins frekt á athygli fólks og aðrir fjölmiðlar. Verulegan hluta þess tíma sem „hlustað“ er á hljóðvarp er annarri iðju sinnt, samtímis. Í stað þess að vera í forgrunni og krefjast óskiptrar athygli fólks eins og prentmiðlar gera – svipuðu máli gegnir einnig um sjónvarp – er hæglega unnt að njóta margs af því sem hljóðvarpið hefur upp á að bjóða án þess að þurfa endilega að leggja stíft við hlustir. Hljóðvarpið er því oft í hlutverki „bakgrunnsmiðils“ í stað þess að vera miðpunktur athyglinnar (Crisell, 1994, 2002; Hendy, 2000; Larsen, 2001; Scannell, 2000). Það er því ekki að undra að tónlist sé jafnríkur efnisþáttur í hljóðvarpi og raun ber vitni. Dægurtónlist sem einkennist oftast af stuttum og grípandi lögum er einstaklega vel til þess fallin að skapa bakgrunn fyrir aðra iðju sem nokkurs konar „hljóðrænt veggfóður“ (e. *aural wallpaper*) (Hendy, 2000: 168–69).

Á vissan hátt má segja að „rokkæðið“ sem brast á um svipað leyti og fjöldaframleiðsla hófst á smáranum hafi komið hljóðvarpinu til bjargar. Um líkt leyti hófust einnig útsendingar á FM tíðnisviði sem skiluðu mun hreinna og skýrara hljóði en með lang- og miðbylgjuútsendingum sem jók enn frekar á kosti hljóðvarps sem tónlistarmiðils (Crisell, 1994, 2002: 126). Reyndar er alls óvíst að rokktónlistin hefði breiðst eins hratt út ef hún hefði ekki notið liðsinnis hljóðvarpsins. Hagsmunir tónlistariðnaðarins og hljóðvarpsstöðvanna fóru því saman að þessu leyti (Chapman, 1992, 1–2 kafli; Croteau og Hoynes, 2001: 56–58).

1.13.5 Dagskrá Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar 2

Af þeim 22 hljóðvarpsstöðvum sem starfræktar eru um þessar mundir senda aðeins Bylgjan og Rás 1 og Rás 2 út almenna dagskrá. Mun meiri fjölbreytni gætir í dagskrá þeirra en annarra stöðva. Skipting útsendingartíma Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar eftir efni árið 2008 er sýnd í töflu 6.6.

---

[43] Þannig var þetta einnig í árdaga hljóðvarps hér á landi (sjá Gunnar Stefánsson, 1997). Á árunum 1936–1940 var tónlist að jafnaði hátt í helmingur af útsendingartíma Ríkisútvarpsins (sjá Hagstofa Íslands, 2003, geisladiskur, tafla 12.18).

Tafla 6.6. *Útsending almennra hljóðvarpsstöðva eftir efni 2008*

	Upplýsing og menning[1]	Skemmti-efni[2]	Íþróttir	Tónlist	Börn og unglingar	Annað[3]	Alls
Stundir á ári							
Bylgjan	1.003	401	100	6.618	10	652	8.784
Rás 1	3.907	451	–	4.100	..	326	8.784
Rás 2	2.452	333	125	5.532	..	342	8.784
Hlutfallsleg skipting, %							
Bylgjan	11	5	1	75	0	7	100
Rás 1	45	5	–	47	..	3	100
Rás 2	28	4	1	63	..	4	100

Skýringar: Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
[1] Fréttir, veður, fréttaskýringar og umræðuþættir og þættir um samfélags- og dægurmál, trúmál, vísindi, menning og listir.
[2] Afþreying og skemmtun.
[3] Auglýsingar, dagskrárkynningar og óflokkað efni.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Dagskrá Rásar 1 er fjölbreyttust að efni. Tæpur helmingur af útsendingartíma stöðvarinnar árið 2008 var efni sem gróflega má flokka sem upplýsingu og menningu. Undir upplýsingu og menningu falla m.a. fréttir og fréttatengt efni, umræðuþættir um samfélags- og dægurmál, trúmál, vísindi, menning og listir. Á Rás 2 var hlutfall upplýsingar og menningar 28% en á Bylgjunni aðeins 11%. Hlutur skemmti- og afþreyingarefnis er áþekkur á stöðvunum þremur, milli 4 og 5%. Dagskrárgerð fyrir börn og unglinga er hverfandi í dagskrá Bylgjunnar og Rásar 1, en á Rás 2 fyrirfinnst slíkt efni alls ekki.[44] Aðeins Bylgjan og Rás 2 senda út íþróttir í formi beinna lýsinga af íþróttakappleikjum.[45] Tónlist er yfirgnæfandi á Bylgjunni, eða þrjár af hverjum fjórum útsendum stundum á móti hátt í tveimur af hverjum þremur stundum á Rás 2. Árið 2008 var tónlist hátt í helmingur útsendingartíma Rásar 1.

Mynd 6.5. sýnir hvernig dagskrá stöðvanna skiptist hlutfallslega innbyrðis milli upplýsingar og menningar, skemmtiefnis, íþrótta og tónlistar á árinu 2008.

[44] Upplýsingar um umfang barna- og unglingaefnis á dagskrá Rásar 1 eru ekki tiltækar þar sem það er inni í tölum um útsendingartíma eftir efnisflokkum.
[45] Íþróttum eru að auki gerð skil í fréttatímum og í síðdegisútvarpi Bylgjunnar og Rásar 2.

Mynd 6.5. *Dagskrá almennra hljóðvarpsstöðva eftir efni 2008 (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma að frátöldu efni fyrir börn og unglinga, auglýsingum, dagskrárkynningum og óflokkuðu efni. Sjá annars skýringar við *töflu 4.6*.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Dagskrárfjölbreytni (e. *programme diversity*) er unnt að meta með því að bera saman skiptingu efnis innbyrðis milli tiltekinna efnisflokka (sjá um mælingar á fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði, í van Cuilenburg, 2000, 2007; van Cuilenburg og van der Wurff, 2007; Lund og Berg, 2009; McQuail, 2007; van der Wurff, 2004; van der Wurff, van Cuilenburg og G. Keune, 2000). Í töflu 6.7 er gerð tilraun til að meta dagskrárfjölbreytni dagskrár Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar 2. Dagskrárfjölbreytni er hér sýnd sem mismunur á innbyrðis hlutfalli upplýsingar og afþreyingar í formi stuðuls er tekur gildi á bilinu –1 til +1. Eftir því sem gildi stuðulsins liggur nær –1 þeim mun meiri áherslu leggur viðkomandi stöð á afþreyingu og því nær sem gildið liggur +1 því ríkari áhersla er á upplýsingaefni; þeim mun nær sem gildið liggur 0 þeim mun meira jafnvægi er á milli upplýsingar og afþreyingar í dagskrá.

Samanburðurinn leiðir berlega í ljós mismunandi dagskrárfjölbreytni milli stöðvanna. Á meðan jafnvægi hefur verið í efnisframboði Rásar 1 þau ár sem hér eru til skoðunar hefur efnisframboð hinna stöðvanna hneigst í auknum mæli að afþreyingu á kostnað upplýsingar. Þetta á einkum við um Bylgjuna, en áhersla stöðvarinnar hefur síðustu ár verið að langsamlega mestu leyti á afþreyingu.

Tafla *6.7. Dagskrárfjölbreytni Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar 2 1995–2008*

	Bylgjan		*Rás 1*		*Rás 2*	
	Upplýsing	*Afþreying*	*Upplýsing*	*Afþreying*	*Upplýsing*	*Afþreying*
Stundir á ári						
1995	..	..	3.012	3.020	3.306	4.769
2000	2.108	5.956	2.836	3.551	3.281	5.166
2005	1.000	7.100	2.681	3.327	2.565	5.889
2008	1.003	7.119	3.863	4.596	2.452	5.990
Hlutfallsleg skipting, %						
1995	..	..	50	50	41	59
2000	26	74	44	56	39	61
2005	12	88	45	55	30	70
2008	12	88	46	54	29	71

	Bylgjan		*Rás 1*		*Rás 2*	
	Upplýsing	*Afþreying*	*Upplýsing*	*Afþreying*	*Upplýsing*	*Afþreying*
Dagskrárfjölbreytni						
1995	..		–		-18	
2000	-.48		-12		-22	
2005	-.76		-10		-.40	
2008	-.76		-8		-.42	

Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma milli upplýsingar og afþreyingar.
Efnisflokkar:
Upplýsing: Fréttir, veður, fréttaskýringar og umræðuþættir og þættir um samfélags- og dægurmál, trúmál, vísindi, menningu og listir.
Afþreying: Afþreying og skemmtun, íþróttir og tónlist.
Dagskrárfjölbreytni tekur gildi frá –1 til +1, þar sem 0 táknar fullkomið jafnvægi milli upplýsingar og afþreyingar, –1 táknar algera áherslu á afþreyingu og +1 táknar algera áherslu á upplýsingu.
Dagskrárfjölbreytni reiknast þannig: upplýsing % – afþreying % * 0,01.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Með þessu er ekki lagt mat á gæði þess efnis sem stöðvarnar flytja. Hins vegar gefur efnisfjölbreytni til kynna frammistöðu fjölmiðla við að ýta undir fjölbreytni og hvernig þeir rækja lýðræðislegt og menningarlegt hlutverk sitt (sbr. McQuail, 2005, 8. kafli, 2007).

1.13.6 Dagskrárfjölbreytni í norrænum samanburði

Fróðlegt er að skoða dagskrárfjölbreytni almennu íslensku stöðvanna í samanburði við hliðstæðar stöðvar annars staðar. Í töflu 6.8 er dagskrárfjölbreytni Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar 2 sýnd í samanburði við norrænar opinberar stöðvar og helstu einkareknar markaðsstöðvar með tilliti til umfangs upplýsingar og afþreyingar í dagskrá. Dagskrárfjölbreytni er metin og sýnd á sama hátt og í töflu 6.7.

Samanburðurinn sýnir að dagskrá opinberu stöðvanna er að jafnaði talsvert fjölbreyttari en dagskrá einkastöðvanna. Þetta er þó ekki einhlítt. Eftir því sem fleiri stöðvar eru á vegum opinberu útvarpsstofnananna þeim mun sérhæfðari er dagskrá stöðvanna líkt og sjá má af efnisskiptingu stöðva finnska og sænska ríkisútvarpsins, YLE, og SR.

Dagskrá Rásar 1 hefur mikla sérstöðu í samanburði við dagskrá hinna stöðvanna, en stöðin ver nánast jafnmiklum tíma í flutning upplýsinga- og afþreyingarefnis. Næst Rás 1 í dagskrárfjölbreytni kemst stöð Grænlensku landsstjórnarinnar KNR og önnur landsrás Norska ríkisútvarpsins NRK P2. Fyrsta rás finnska ríkisútvarpsins YLE og hljóðvarp færeysku heimastjórnarinnar ÚF standa ekki ýkja langt að baki hvað fjölbreytni dagskrár stöðvanna varðar. Dagskrá Rásar 2 sver sig í ætt við dagskrá einkastöðva vegna talsvert ríkari áherslu á afþreyingu en upplýsingaefni. Dagskrárfjölbreytni stöðvarinnar er sú sama og einkastöðva að jafnaði. Dagskrá Bylgjunnar er lítið frábrugðin.

Tafla 6.8. Dagskrárfjölbreytni norrænna hljóðvarpsstöðva

			Hlutfallsleg skipting, %		
	Staða	*Heiti stöðvar*	*Upplýsing*	*Afþreying*	*Dagskrár-fjölbreytni*
Finnland	Opinberar stöðvar	YLE Radio 1	41	58	-17
(2005)		YLE YleX	12	88	-76
		YLE Radio Suomi	31	69	-38
		YLE Radio Vega	32	55	-23
		YLE Radio Extrem	14	83	-69
	Einkastöðvar	Radio Nova	15	64	-49
Færeyjar	Opinberar stöðvar	Útvarp Føroya – ÚF	36	55	-19
(2006)	Einkastöðvar	Rás 2	16	82	-66
Grænland	Opinberar stöðvar	KNR-Radioa	40	54	-14
(2005)					
Ísland	Opinberar stöðvar	RÚV Rás 1	45	52	-1
(2008)		RÚV Rás 2	28	68	-40
	Einkastöðvar	Bylgjan	11	81	-70
Noregur	Opinberar stöðvar	NRK P1	26	63	-37
(2004)		NRK P2	40	54	-14
	Einkastöðvar	P4	21	30	-9
		Kanal 24	23	58	-35
Svíþjóð	Opinberar stöðvar	SR P1	84	8	+.76
(2005)		SR P2	8	92	-84
		SR P3	27	72	-45
		SR P4 Riks	38	61	-23
Norðurlönd	Allar stöðvar	Meðaltal	33	66	-33
	Opinberar stöðvar	Meðaltal	32	63	-31
	Einkastöðvar	Meðaltal	20	60	-40

Skýringar: Hlutfall upplýsingar og afþreyingar af heildarútsendingartíma. Tala innan sviga við viðkomandi land vísar til þess árs sem upplýsingarnar eiga við. Hlutföll eru reiknuð út frá heildarútsendingartíma.

Efnisflokkar:
Upplýsing: fréttir, fréttaskýringar, veður og þættir um samfélagsmál, menning, listir, trúmál og vísindi.
Afþreying: skemmtiefni, tónlist og íþróttir.

Dagskrárfjölbreytni tekur gildi frá -1 til +1, þar sem 0 táknar fullkomið jafnvægi milli upplýsingar og afþreyingar, -1 táknar algera áherslu á afþreyingu og +1 táknar algera áherslu á upplýsingu.
Dagskrárfjölbreytni reiknast þannig: upplýsing % – afþreying % * 0,01.

Heimildir: Hagstofa Íslands; Harrie, 2006, Ragnar Karlsson, 2008a; eigin útreikningar.

Lesendum til frekari glöggvunar er dagskrárskipting norrænu opinberu stöðvanna og einkastöðva sýnd á mynd 6.6. Upplýsingarnar sem fram koma á myndinni eru byggðar á

töflu 6.8, en myndin sýnir hlutfallslega skiptingu innbyrðis milli upplýsingar og afþreyingarefnis í dagskrá stöðvanna í stað hlutfalls af heildarútsendingartíma eins og í töflunni.

Mynd 6.6. *Upplýsing og afþreying á dagskrá norrænna hljóðvarpsstöðva (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma milli upplýsingar og afþreyingar. Sjá annars skýringar við *töflu 4.8*.
Heimildir: Hagstofa Íslands; Harrie, 2006, Ragnar Karlsson, 2008a; eigin útreikningar.

Miðað við þann samanburð sem fram kemur á myndinni er mest jafnvægi milli upplýsingar og afþreyingar í dagskrá Rásar 1 af dagskrám þeirra 20 norrænu stöðva sem samanburðurinn nær til. Hlutfallsleg skipting milli upplýsingar og menningar og afþreyingar á Rás 2 og Bylgjunni liggur nálægt meðaltali og miðgildi fyrir allar stöðvar.

1.13.7 Samanburður á dagskráráherslum Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar 2

Samanburður á dagskrárfjölbreytni Bylgjunnar, Rásar 1 og Rásar 2 sýnir að dagskráráherslur stöðvanna eru um margt ólíkar. Mynd 6.7 sýnir hlutfallslega skiptingu milli upplýsingar og afþreyingar á dagskrá stöðvanna og útsenda daglega tíma hvors efnisflokks um sig árið 2008. Að teknu tilliti til efnisskiptingar í hljóðvarpi á Norðurlöndum (sbr. töflu 6.8 og mynd 6.6 að framan) er dagskrá talin vera efnislega fjölbreytt ef innbyrðis hlutfall hvors efnisflokks liggur á milli 30 og 70%.[46] Fari hlutur annars efnisflokksins yfir 70% er hægt að tala um efnisofgnótt viðkomandi efnis, og efnisfátækt í þeim efnisflokki sem liggur undir 30 prósentunum. Tekið skal fram að hér er ekki lagt mat á gæði þess efnis sem stöðvarnar flytja.

Mynd 6.7. *Útsendir tímar á dag og hlutfallsleg skipting dagskrár milli upplýsingar og afþreyingar á Bylgjunni, Rás 1 og Rás 2 2008 (%)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma á dag að jafnaði milli upplýsingar og afþreyingar.
Efnisflokkar:
Upplýsing: fréttir, fréttaskýringar, veður og þættir um samfélagsmál, menning, listir, trúmál og vísindi.
Afþreying: leikið efni, skemmtiefni, tónlist og íþróttir.
Efnisfátækt er skilgreind sem minna en 30 af hundraði af heildardagskrárefni hvors efnisflokks um sig.
Dagskrárfjölbreytni er skilgreind sem 30 til 70 af hundraði af heildardagskrárefni hvors efnisflokks um sig.
Efnisofgnótt er skilgreind sem meira en 70 af hundraði af heildardagskrárefni hvors flokks um sig.
Heimild: Hagstofa Íslands, eigin útreikningar.

Aðeins dagskrá Rásar 1 uppfyllir þau skilyrði sem hér eru sett fyrir dagskrárfjölbreytni. Dagskrá Rásar 2 er á mörkum þess að geta talist fjölbreytt og að einkennast af ofgnótt í framboði af afþreyingu og efnisfátækt í framboði af upplýsingu. Slagsíða er nokkru meiri á efnisframboði Bylgjunnar. Dagskrá stöðvarinnar einkennist af ofgnótt af afþreyingu og efnisfátækt af upplýsingu.

Ólíkum dagskráráherslum stöðvanna má lýsa eins og gert er í töflu 6.9. Rás 1 og Rás 2 leggja ríkari áherslu en Bylgjan á efni sem flokka má til upplýsingar. Bylgjan ásamt Rás 2

[46] Þau mörk sem hér er miðað við eru nokkru víðari en efnisskipting norrænu stöðvanna gefur tilefni til.

leggja ríkari rækt en Rás 1 við afþreyingu, s.s. viðtals- og skemmtiþætti og umfjöllun um dægurmál og tónlist.

Tafla 6.9 Dagskráráherslur almennra hljóðvarpsstöðva

	Bylgjan	Rás 1	Rás 2
Upplýsing[1]	0	+++	++
Afþreying[2]	++	++	+
Tónlist	+++	++	+++
Íþróttir	+	–	+
Börn og unglingar	–	+	–

Skýringar: Byggt á upplýsingum um skiptingu dagskrár stöðvanna.
Merking tákna: – engin eða hverfandi lítil áhersla; + nokkur áhersla; ++ talsverð áhersla; +++ ník áhersla.
[1] Fréttir, fréttaskýringar, veður og þættir um þjóðfélagsmál, menningu, listir og vísindi.
[2] Viðtals-, skemmti- og dægurmálaþættir.

Óhætt mun að fullyrða að meiri fjölbreytni í dagskrá Rásar 1 og Rásar 2 en einkastöðvanna stafar af því fjölþætta samfélags- og menningarlega hlutverki sem Ríkisútvarpinu er ætlað að uppfylla og skilgreint er í lögum (sjá lög um Ríkisútvarpið ohf., nr. 61/2007, II. kafla). Kvaðir í lögum um efnisskyldu einkastöðva eru hins vegar næsta litlar (sjá útvarpslög, nr. 53/2000, IV. kafli).

1.13.8 Markaðshlutdeild í hljóðvarpi

Þegar litið er til þess fjölda sem er í boði af hljóðvarpsstöðvum hér á landi, eða um og yfir 20 stöðvar hin síðari ár, mætti ætla að hljóðvarpsnotkun dreifist í auknum mæli milli fleiri stöðva. Þessu er þó ekki þannig farið nema að takmörkuðu leyti. Að vísu hefur eðlilega dregið úr hlut Ríkisútvarpsins í hlustun samfara fjölgun stöðva, en mikillar samþjöppunar gætir engu síður á hljóðvarpsmarkaði jafnt hvað varðar hlutdeild einstakra stöðva og rekstraraðila. Um árabil hefur langsamlega mest verið hlustað á þrjár stöðvar, þ.e. Bylgjuna og landsrásir Ríkisútvarpsins, Rás 1 og Rás 2. Mælingar sýna að árum saman hafa um 90% af útvarpshlustuninni komið í hlut þessara þriggja stöðva.[47]

Rás 2 og Bylgjan hafa haft mesta hlustun af einstökum stöðvum svo langt sem samfelldar mælingar ná. Mynd 6.8 sýnir hlutdeild stöðva í heildarhlustun í 34. viku árið 2009 (17.–24. ágúst) samkvæmt mælingum Capacent. Rás 2 mældist með mesta hlustun, eða 37 prósent. Því næst var mest hlustað á Bylgjuna sem reyndist með 34% hlutdeild. Markaðshlutdeild Rásar 1 var meira en helmingi minni en þessara tveggja stöðva, eða 16 prósent. Á aðrar stöðvar var hlustað mun minna. Samanlögð hlutdeild almennu landsstöðvanna þriggja, rása Ríkisútvarpsins, Rásar 1 og Rásar 2, og Bylgjunnar var 87%. Af öðrum stöðvum mældist FM957 með hæsta hlustun, eða átta prósent. Rondó rak lestina með langminnsta hlustun af þeim stöðvum sem mælingin náði til, eða aðeins 0,1 prósent.

[47] Hafa verður hugfast að mælingar á hljóðvarpshlustun mæla aðeins notkun þeirra stöðva sem aðild eiga að mælingunum, en ekki allra stöðva. Fátt er því vitað um hlustun á aðrar stöðvar. Sama á einnig við um mælingar á áhorfi á sjónvarp.

Mynd 6.8. *Hlutdeild stöðva og rekstraraðila í heildarhlustun á hljóðvarp 2009, ágúst (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýring: 34. vika 2009, 17.–23. ágúst.
Heimild: Capacent.

Ríkisútvarpið og 365 miðlar ehf. skipta hljóðvarpsmarkaðnum að miklu leyti upp á milli sín. Samanlögð markaðshlutdeild Ríkisútvarpsins þessa sömu viku í ágúst sl. mældist 52% á móti 48% hlut 365 miðla ehf. Reyndar er ekki vitað um hlustun á stöðvar annarra fjölmiðlafyrirtækja, en undanfarið hafa aðeins Ríkisútvarpið og 365 miðlar ehf. tekið þátt í reglulegum könnunum á hljóðvarpsnotkun. Af ýmsu má ráða að takmarkað er hlustað á aðrar stöðvar.

Mynd 6.9 sýnir hlutfallslega skiptingu milli Ríkisútvarpsins og einkastöðva í heildarhlustun 1995–2009. Fram undir aldamót lækkaði markaðshlutdeild Ríkisútvarpsins umtalsvert. Samanlögð hlutdeild tveggja landsrása Ríkisútvarpsins, Rásar 1 og Rásar 2, mældist rétt innan við 70% í október 1995, en var komin niður fyrir 50% undir lok áratugarins. Síðan hefur hlutdeild Ríkisútvarpsins verið tiltölulega stöðug, eða 50–55%.

Mynd 6.9. *Hlutdeild Ríkisútvarpsins og einkarekinna stöðva í heildarhlustun á hljóðvarp 1995–2009*



* Þ.e. Rás 1 og Rás 2 öll ár, auk Rondó frá 2008.
Heimildir: Capacent, 1999–2009; Félagsvísindastofnun, 1995–1998.

Sú spurning vaknar hvort og hversu vel dagskrárframboðið endurspegli eftirspurn hljóðvarpshlustenda þegar haft er hugfast að um 90% af þeim tíma sem varið er til hlustunar koma í hlut þeirra þriggja stöðva sem senda út almenna dagskrá. Gera má ráð fyrir að eftir því sem fylgni er meiri á milli markaðshlutdeildar tiltekins efnis eða stöðva eftir dagskrársniði og hlustunar muni þeim mun meiri efnisfjölbreytni (e. *content diversity*) ríkja á viðkomandi markaði (sjá t.d. van Cuilenburg, 2007; van der Wurff, 2004; van Cuilenburg og van der Wurff, 2007; van der Wurff, van Cuilenburg og G. Keune, 2000). Þetta má skoða með því að bera saman markaðshlutdeild stöðva eftir dagskrársniði og útsendingartíma líkt og sýnt er í töflu 6.10.

Tafla 6.10. *Samanburður á dagskrárframboði og hlustun á almennar hljóðvarpstöðvar og tónlistarstöðvar*

	Dagskrárframboð, %	*Hlustun, %*	*Mismunur*
Almennar stöðvar[1]	38	86	-48
Tónlistarstöðvar[2]	62	14	+48

Skýringar: Hlustun í 34. viku 2009, 17.–23. ágúst á Bylgjuna, FM957, Gullbylgjuna, Léttbylgjuna, Rás 1, Rás 2, Rondó og Xið; dagskrárframboð sömu stöðva árið 2008.

[1] Þ.e. Bylgjan, Rás 1 og Rás 2.
[2] Þ.e. FM957, Gullbylgjan, Léttbylgjan, Rondó og Xið.

Heimildir: Capacent; Hagstofa Íslands; eigin athugun.

Dagskrárframboð almennra stöðva er langtum minna en nemur hlustun á stöðvarnar; þessu er öfugt farið með tónlistarstöðvarnar. Fljótt á litið virðist mega draga af þessu þá

álykun að framboð af tónlistarstöðvum sé mun meira en nemur eftirspurn hlustenda eftir slíku hljóðvarpsefni.

1.13.9 Markaðshlutdeild á norrænum hljóðvarpsmarkaði

Samþjöppun á hljóðvarpsmarkaði er síður en svo bundin við Ísland. Svipað á við annars staðar á Norðurlöndum (Engblom og Wormbs, 2007; Harrie, 2009) og víða annars staðar í Evrópu (Hans-Bredow-Institut, 2009; Hasebrink og Herzog, 2009; Hultén, 2007). Sammerkt með hljóðvarpsmarkaði á öllum Norðurlöndum er að mikillar samþjöppunar gætir mælt í hlutdeild stærstu stöðva eins og lesa má út úr töflu 6.11. Með fyrirvörum um samanburðarhæfni upplýsinganna má draga þá ályktun að hlustun dreifist í ríkara mæli á milli stöðva hér á landi en víðast hvar annars staðar á Norðurlöndum. Hlutdeild einnar og tveggja stöðva með mesta hlustun er nokkru lægri hér en að meðaltali á öðrum Norðurlöndum. Á hinn bóginn er samanlagður hlutur þeirra þriggja stöðva sem mælast með mesta hlustun talsvert hærri hér en annars staðar á Norðurlöndum.

Tafla 6.11. *Hljóðvarp á Norðurlöndun 2007 – hlutdeild í hlustun*

	Aldur hlustenda í mælingum	*Hlutdeild stöðvar með mesta hlustun,%*	*Hlutdeild tveggja stöðva með mesta hlustun, %*	*Hlutdeild þriggja stöðva með mesta hlustun, %*	*Hlutdeild opinberra stöðva, %*	*Hlutdeild einkarekinna stöðva, %*
Danmörk	12+	37	58	64	70	30
Finnland	9+	38	49	57	53	47
Ísland	12–80	29	53	77	541	46
Noregur	9+	51	57	62	62	38
Svíþjóð	9–79	42	52	62	63	37
Norðurlönd	Meðaltal	39	54	64	61	39
	Miðgildi	38	53	62	62	38

[1] Að frátöldu svæðisútvarpi og Rondó.
Heimild: Harrie, 2009.

Markaðshlutdeild opinberra stöðva á Norðurlöndum er tiltölulega sterk í samanburði við opinberar stöðvar víðast annars staðar í álfunni. Algengt er að samanlögð markaðshlutdeild opinberra stöðva víða í Evrópu sé á milli 30 og 40% (Hans-Bredow-Institut, 2009; Hultén, 2007: 204–5). Á öllum Norðurlöndunum er markaðshlutdeild hljóðvarpsstöðva í opinberri eigu að jafnaði ríflega 60%. Árið 2007 var markaðshlutdeild danska ríkisútvarpsins DR hæst af norrænu opinberu stöðvunum, eða 70%. Staða opinberu hljóðvarpsstöðvanna er sýnu veikari hér og í Finnlandi en annars staðar á Norðurlöndum. Ríkisútvarpið og YLE voru með ríflega 50% markaðshlutdeild árið 2007.

Mynd 6.10 sýnir þróun samanlagðrar markaðshlutdeildar hljóðvarpsrása norrænu opinberu stöðvanna á árunum 1995–2008. Fram undir miðbik tíunda áratugarins lækkaði markaðshlutdeild opinberu stöðvanna á öllum Norðurlöndum samfara fjölgun einkastöðva og með stórauknum dagskrártíma í hljóðvarpi. Síðan þá hefur markaðshlutdeild opinberu stöðvanna haldist svo til óbreytt.

Mynd 6.10. *Markaðshlutdeild norrænna opinberra hljóðvarpsstöðva 1995–2008 (hlutfall, %)*



Heimildir: Harrie, 2006, 2009; Nordicom, www.nordicom.gu.se/.

1.14 Sjónvarp

Sjónvarpsmarkaður hér á landi hefur tekið stórstígum breytingum á undanförnum árum. Efnisframboð hefur aukist umtalsvert með tilkomu sérefnisstöðva og dreifileiðir sjónvarps hafa orðið fjölbreyttari. Með hliðsjón af smæð íslensks samfélags hefur það verið nokkurt umhugsunarefni fyrir utanaðkomandi að hér skuli yfirhöfuð vera hægt að reka samtímis fleiri en eina fullveðja sjónvarpsstöð (Noam, 1991: 233–35). Fjöldi stöðva segir ekki alla sólarsöguna um fjölbreytni efnis og stöðva. Samþjöppun á þessum markaði verður að teljast mikil hvort heldur er litið til efnisframboðs, markaðshlutdeildar einstakra stöðva eða eignarhalds stöðvanna.

1.14.1 Sjónvarpsstöðvar

Um þessar mundir senda tíu sjónvarpsstöðvar út reglulega eigin dagskrá. Frá því að einkaréttur Ríkisútvarpsins var afnuminn í ársbyrjun 1986 hafa 19 einkareknar sjónvarpsstöðvar hafið útsendingar.[48] Stöð 2 er elsta starfandi einkarekna sjónvarpsstöðin, en útsendingar stöðvarinnar hófust í október 1986. Hún var eina einkarekna sjónvarpsstöðin þar til árið 1992 en þá hóf kristilega sjónvarpsstöðin Omega reglulegar útsendingar. Tvær nýjar stöðvar

---

48 Að auki hafa nokkrir aðilar sent út vísi að sjónvarpsdagskrá um skamma hríð. Þeirra á meðal eru Austfirska sjónvarpsfélagið, Eyfirska sjónvarpsfélagið, og Sjónvarpsfélag Neshrepps utan Ennis sem starfræktar voru seinni hluta níunda áratugarins og laust fram yfir 1990. Eiginleg dagskrárgerð þessara stöðva var þó næsta takmörkuð. Auk þess sem stöðvarnar sendu út takmarkaða eigin dagskrá um tíma þjónuðu þær fyrst og fremst sem viðstöðulaust endurvarp Stöðvar 2. Þessar stöðvar eru ekki til frekari umræðu hér. Stöðvar sem senda út dagskrá samtímis á fleiri en einni rás, eins og Stöð 2 Sport undir merkjum Stöðvar 2 Sport 2, eru taldar hér sem ein stöð. Rásir sem senda út dagskrá annarra stöðva með tímaseinkun eins og Sjónvarpið+, Stöð 2+, Skjár 1+ eru ekki til umræðu hér þar sem þær geta flokkast ekki sem eiginlegar dagskrárstöðvar.

bættust við árið 1995 er Sjónvarp Hafnarfjarðar og Stöð 3 voru settar á fót.[49] Sama ár hóf Sýn reglulegar útsendingar eftir að hafa sent út óreglulega um nokkurt skeið. Síðan hafa 14 einkareknar sjónvarpsstöðvar verið settar á laggirnar.

Af þeim 19 einkareknu sjónvarpsstöðvum sem settar hafa verið á fót hér frá því að sérleyfi Ríkisútvarpsins til útvarpssendinga var afnumið hefur helmingurinn lagt upp laupana. Frá árinu 2005 hafa fimm sjónvarpsstöðvar hafið starfsemi, þar af eru tvær starfandi í dag. Mynd 7.1 sýnir fjölda sjónvarpsstöðva frá 1995. Sjónvarpsstöðvum hefur fækkað á síðustu árum líkt og hljóðvarpsstöðvum. Flestar voru stöðvarnar 13 talsins árið 2005. Fækkun stöðva undanfarin ár bendir til þess að rekstrargrundvöllur sé ekki fyrir hendi nema fyrir fáeinar stöðvar.

Mynd 7.1 *Fjöldi sjónvarpsstöðva frá 1995*



Skýringar: Sjónvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglubundið út eigin dagskrá á árinu, auk Ríkisútvarpsins – Sjónvarps. Stöðvar sem senda út mismunandi dagskrá á fleiri en einni dagskrárrás teljast hér sem ein stöð (s.s. Stöð 2 Sport og undirstöðvar hennar).
Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 7.2 sýnir sjónvarpsstöðvar sem sendu út í árslok 2009 og hversu lengi þær hafa verið starfræktar. Stofnár er tilgreint í sviga fyrir aftan heiti hverrar stöðvar. Auk Sjónvarps Ríkisútvarpsins senda reglulega út í dag níu einkareknar sjónvarpstöðvar. Þetta eru stöðvarnar ÍNN, Nova TV, N4, Omega, Skjár 1, Stöð 2, Stöð 2 Bíó (áður Bíórásin), Stöð 2 Extra (áður Popp tíví og Sirkus) og Stöð 2 Sport (áður Sýn). Sex stöðvar af þeim níu einkastöðvum sem nú eru starfandi voru stofnaðar 1995 og síðar. Yngstu stöðvarnar á sjónvarpsmarkaðnum eru ÍNN sem hóf reglubundnar útsendingar í febrúar 2007 og Nova TV sem fór í loftið um mitt árið 2008.

---

[49] Sjónvarp Hafnarfjarðar sendi út frá árinu 1995 fram á mitt ár 2001. Stöð 3 var ætlað að veita Stöð 2 samkeppni, en svo fór að stöðin var keypt af keppinautinum til þess eins að leggja hana niður árið 1997.

Mynd 7.2. *Einkareknar sjónvarpsstöðvar í árslok 2009 (lengd starfstíma)*



Skýringar: Stöðvunum er raðað eftir stofnári. Upplýsingar vísa aðeins til stöðva með langtímaleyfi sem sendu út eigin samsetta dagskrá í lok árs 2009. Ártal í sviga vísar til upphafsárs reglulegra útsendinga stöðvar eða forvera hennar.

[1] Upphaflega Sýn, ásamt undirstöðvum, Stöð 2 Sport 2, o.s.frv.
[2] Upphaflega Aksjón.
[3] Upphaflega Bíórásin.
[4] Upphaflega Áttan, síðar Sirkus.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Yfirlit yfir sjónvarpsstöðvar sem sendu út í ársbyrjun 2010 er að finna í töflu 7.1. Sjónvarpsstöðvunum má skipta upp í almennar stöðvar og sérefnisstöðvar eftir dagskrársniði og efnisskírskotun. Sjónvarpið, Skjár 1 og Stöð 2 teljast hér almennar stöðvar. Þær bjóða allar upp á tiltölulega fjölbreytt efni og dagskrá þeirra er ætlað að höfða til sem flestra.[50] Aðrar stöðvar flokkast sem sérefnisstöðvar, en dagskrá þeirra er mun einsleitari en stöðva almenns efnis. Efni sérefnistöðvanna er sniðið að áhugamálum tiltölulega afmarkaðs hóps áhorfenda með því að einskorða sig mestmegnis við flutning tiltekinnar tegundar af efni. Stöð 2 Sport sýnir eingöngu íþróttir, dagskrá Omega er helguð trúmálum í tali og tónum, efnisframboð Stöðvar 2 Bíó einskorðast við kvikmyndir, Stöð 2 Extra sýnir leikna þætti og þáttaraðir auk annars afþreyingarefnis og raunveruleikaþátta, ÍNN er talmálssjónvarp með megináherslu á samfélagsmálefni og Nova TV sýnir einvörðungu tónlistarmyndbönd. Þá telst N4 vera staðarstöð fyrir Akureyri og næsta nágrenni en dagskrá stöðvarinnar er umfjöllun um málefni á heimaslóð.

[50] Fjölbreytni efnis á Skjá 1 er einhlítari en á hinum tveimur stöðvunum. Stöðin sendir ekki lengur út fréttir og efni sem sérstaklega er ætlað börnum eins og hún gerði um skeið. Annað efni, eins og íþróttir og þættir um samfélagsmálefni og fræðsluefni, er hverfandi á dagskrá stöðvarinnar.

Tafla 7.1. *Sjónvarpsstöðvar 2009*

	Staðsetning	*Opin/læst dagskrá*	*Dagskrársnið*[1]	*Fjármögnun*	*Útsending á vef*
Ríkisútvarpið					
Sjónvarpið	Reykjavík	Opin	Almennt	S, AU, K	Að hluta
Einkareknar stöðvar					
ÍNN	Reykjavík	Opin	Samfélagsmál	AU, K	Í heild
Nova Tíví	Reykjavík	Opin	Tónlistarmyndbönd	■[2]	Nei
N4	Akureyri	Opin	Staðarmál	AU, K	Í heild
Omega	Reykjavik	Opin	Trúmál	Fe	Nei
Skjár 1	Reykjavík	Læst	Almennt	ÁS, AU, K	Að hluta
Stöð 2	Reykjavík	Læst	Almennt	ÁS, AU, K	Að hluta
Stöð 2 Bíó	Reykjavík	Læst	Kvikmyndir	ÁS	Nei
Stöð 2 Extra	Reykjavík	Læst	Leikið efni/afþreying	ÁS, AU, K	Nei
Stöð 2 Sport[3]	Reykjavík	Læst	Íþróttir	ÁS, AU, K	Nei

Skýringar: Einkareknar sjónvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem voru starfræktar í lok árs 2009 og sendu út eigin samsetta dagskrá, ásamt Ríkisútvarpinu – Sjónvarpi.

Fjármögnun: S = skatttekjur; ÁS = áskriftir; AU = auglýsingar; Fe = framlög einkaaðila; K = kostun.

[1] Megineinkenni dagskrár miðað við efni og tilhöfðun efnis.

[2] Stöðin aflar ekki eigin tekna, en hún fylgir með í grunnáskrift að áskriftarstöðvum 365 miðla ehf.

[3] Upphaflega Sýn, ásamt undirstöðvum, Stöð 2 Sport 2, o.s.frv.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Allar sjónvarpsstöðvarnar senda út frá Reykjavík nema ein. Þrívegis hefur verið reynt að setja á fót sjónvarpsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins.[51] Tvær þeirra hættu útsendingum eftir skamman tíma, en útgerð þeirrar þriðju, N4 á Akureyri, stendur enn. Efnisgerð og eiginleg dagskrá stöðvarinnar hefur lengstum verið næsta takmörkuð.

Af þeim sjónvarpsstöðvum sem starfræktar eru um þessar mundir senda sex út í opinni dagskrá, þ.e. ÍNN, Nova TV, N4 og Omega, auk Sjónvarpsins. Hinar stöðvarnar, Stöð 2, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Sport og Stöð 2 Extra, eru áskriftarstöðvar og senda út í læstri dagskrá, auk Skjás 1 sem varð áskriftarstöð í nóvember 2009 eftir að hafa sent út í opinni dagskrá frá því að útsendingar hófust árið 1998. Útsending áskriftarstöðva er ekki aðgengileg öðrum en áskrifendum.[52]

Allar einkareknu stöðvarnar, að Omega undanskilinni, eru markaðsstöðvar. Skjár 1, Stöð 2, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Sport og Stöð 2 Extra eru fjármagnaðar með tekjum af áskriftum, auglýsingum og kostun; rekstur N4 er fjármagnaður með birtingu auglýsinga og kostun eingöngu. Engar beinar tekjur eru af starfsemi Nova TV, en stöðin fylgir með kaupum á grunnáskrift að áskriftarstöðvum 365 miðla. Rekstur Omega, líkt og kristilegu hljóðvarpsstöðvanna, er kostaður að mestu með frjálsum framlögum. Síðan um síðustu áramót nýtur Sjónvarpið tekna með sérstakri álagningu á alla skattskylda einstaklinga, í stað afnotagjalda á viðtækjaeigendur áður, auk þess sem það aflar tekna með auglýsingum og kostun.

---

51 Þetta eru stöðvarnar Augnsýn í Reykjanesbæ (2004–2005), Eyjasýn/Fjölsýn í Vestmannaeyjum (2002–2005) og Aksjón, síðar sem N4 (frá árinu 1997) á Akureyri.

52 Undantekning hér frá er daglegur frétta- og dægurmálaþáttur Stöðvar 2 „Ísland í dag“ ásamt fréttum og veðri og einstaka öðrum dagskrárlið.

1.14.2 Dreifing og móttaka sjónvarps

Á undanförnum árum hafa opnast nýjar dreifileiðir fyrir sjónvarp í gegnum kapal og síma með móttöku í gegnum ADSL-tengingu, með stafrænu merki, um gervihnött og síðast um GSM-síma. Aðeins dagskrá stöðvarinnar ÍNN er í beinni útsendingu á netinu, en dagskrá annarra stöðva er unnt að nálgast að hluta í gegnum tölvu um netið, ýmist beint eða með niðurhali eftir á. Útsending stöðvanna er því ekki bundin eingöngu við hliðræna dreifingu með móttöku í gegnum loftnet (e. *analogue terrestrial transmission*) eins og áður. Í dag nást útsendingar allra stöðvanna víðast um land svo fremi notendur hafi til þess gerðan búnað til móttöku á merki stöðvanna.[53]

Í töflu 7.2 eru sýndar leiðir til dreifingar sjónvarps sem í boði voru árið 2008 og hlutfall heimila sem áttu þess kost að tengjast dreifikerfunum og hve stór hluti var virkir notendur að einstökum kerfum.

Tafla 7.2. *Útbreiðsla og notkun dreifikerfa fyrir sjónvarp 2008 (hlutfall af heimilum/notendum)*

Dreifikerfi	*Mögulegar tengingar, %*	*Virkir notendur, %*
Hliðrænt kerfi RÚV	< 100	20–30
Hliðrænt kerfi Vodafone Og fjarskipta[1]	98	20–30
Stafrænt kerfi Vodafone Og fjarskipta[1]	99	35–45
Síminn (breiðband/ADSL)[2]	90	30–40
Ljósleiðaranet	5	0–5

Skýringar: Áætlaður fjöldi mögulegra tenginga og fjölda stafrænna myndlykla. Til einföldunar er gengið út frá því að hvert heimili noti aðeins eina leið til móttöku á sjónvarpi nema um hliðræna móttöku sé að ræða.
[1]Dótturfélag Teymis hf.
[2] Vörumerki Skipta hf., dótturfélags Exista hf.

Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun, 2008: 25.

Útbreiðsla flestra dreifikerfanna er á landsvísu, eða svo gott sem. Ríkisútvarpið dreifir sínum stöðvum í gegnum eigið dreifikerfi. Stöðvum 365 miðla ehf. er dreift hliðrænt í örbylgju og stafrænt í gegnum dreifikerfi Vodafone Og fjarskipta ehf., dótturfélags Teymis hf., en til skamms tíma voru fyrirtækin hluti af sömu samsteypu. Skipti hf. undir vörumerki Símans dreifir merki Skjás 1 á breiðbandi og í síma með ADSL-móttöku. Skjár 1 er í eigu dótturfélags Skipta hf., Skjárinn – miðlar ehf. Að auki senda Og fjarskipti ehf. og Skipti hf. einnig út merki þeirra stöðva sem eru í opinni dagskrá, ÍNN, Omega, Sjónvarpsins og Skjás 1 sem lið í þjónustu við viðskiptavini sína og samkvæmt hugmyndum um svokallað flutningsskyldu (e. *must carry rule)* (sjá um þetta hjá Elfu Ýri Gylfadóttur, 2005: 114). Á árinu 2008 bættist ný dreifileið fyrir sjónvarp og hljóðvarpsmerki við þær sem fyrir voru, en það er dreifing sjónvarps í gegnum þriðju kynslóðar farsíma (3G GSM) á vegum símafyrirtækisins Nova ehf.

Algengasta móttökuleið sjónvarps á heimilum haustið 2007 var í gegnum loftnet, hliðrænt eða stafrænt. Tvö af hverjum þremur heimilum tóku á móti sjónvarpsmerki þannig (sjá mynd 7.3). Næst algengasta móttaka var með ADSL-tengingu, eða á þremur af hverjum tíu heimilum, því næst kom móttaka í gegnum breiðband, á um það bil einu heimili af hverjum tíu.

[53] Reyndar hafa útsendingar Sjónvarpsins náð til alls þorra landsmanna frá því um 1970. Stöð 2 telst hafa sjónvarpað á landsvísu síðan 1993, Stöð 2 Sport (áður Sýn) síðan 1999 og Skjár 1 frá því á árinu 2001.

Móttaka sjónvarps eftir öðrum leiðum, svo sem um ljósleiðara og úr gervihnetti, var mun óalgengari.

Mynd 7.3. *Móttökuleiðir sjónvarps á heimilum 2007, september (hlutfall, %)*



Heimild: Póst og fjarskiptastofnun, 2008: 36.

Útbreiðsla einstakra móttökuleiða sjónvarps breytist ört. Aðeins fjórum árum eftir að stafrænar sjónvarpsútsendingar hófust hér á landi síðla árs 2005 á vegum 365 ljósvakamiðla ehf., forvera 365 miðla ehf., höfðu sex af hverjum tíu heimilum aðgang að stafrænu sjónvarpi (Hagstofa Íslands, *Hagtölur » Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni »* Upplýsingatækni, tafla: Tæknibúnaður heimila 2002–2009).

1.14.3 Áskriftarsjónvarp, endurvarp og þáttasala

Áskriftarsjónvarp hófst hér á landi með Stöð 2. Frá upphafi hefur stöðin verið send út í gegnum loftnet. Þegar stöðin var sett á fót voru fá dæmi þess að sjónvarp væri selt til áskrifenda í gegnum loftnet í stað þess að fara um þráð (sbr. svonefnt kapalsjónvarp). Þetta „viðskiptalíkan“ hafði þá aðeins verið reynt til þrautar með ágætum árangri af frönsku stöðinni Canal Plus frá 1984 (Iosifidis, Steemers og Wheeler, 2005: 36–37). Þær fjórar áskriftarstöðvar sem senda út í dag eru ýmist seldar til áskrifenda einar sér eða saman. Þær eru allar í eigu 365 miðla ehf.

Sjónvarpáhorfendur eiga þess einnig kost á að ná útsendingum tuga erlendra sjónvarpsstöðva með áskrift að viðstöðulausu endurvarpi sem sent er út ýmist í loftnet eða um þráð. Um þessar mundir endurvarpa sjö aðilar erlendum stöðvum til áskrifenda (sjá töflu 7.3). Þar á meðal eru símafyrirtækin, Skipti hf., Teymi hf. og síðan nýverið Nova ehf. Endurvarp allra þeirra telst á landsvísu, eða svo gott sem. Endurvarp annarra er bundið við einstaka þéttbýlis-

staði.[54] Fjöldi stöðva sem boðið er upp á í endurvarpi smærri aðila er mun takmarkaðri en þær stöðvar sem eru í boði á vegum símafyrirtækjanna. Staðbundið endurvarp smærri aðila hefur dregist saman eftir því sem endurvarp símafyrirtækjanna hefur náð víðar.

Tafla 7.3. *Endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva og þáttasala (VoD) 2009*

Rekstraraðili	*Heiti þjónustu*	*Endurvarp erlends sjónvarps*	*Þáttasölu-sjónvarp (VoD)*	*Aðferð við dreifingu*
Landskerfi				
Skipti hf. (Skjárinn – miðlar ehf.)	SkjárHeimur / SkjárBíó	Já	Já	ADSL, breiðband
Teymi hf.	Fjölvarp / Digital Ísland	Já	Fyrirhugað	Örbylgjuloftnet, stafræn sending í loftnet, ADSL
Nova hf.	Nova	Já	Nei	3GSM[1]
Staðbundin kerfi				
Ólafsvík	Villa Vídeó	Já	Nei	Um þráð
Reykjanesbær	Kapalvæðing	Já	Nei	Um þráð
Skagaströnd	Sjónvarpsfélag Skagastrandar	Já	Nei	Um þráð
Vestmannaeyjar	Fjölsýn	Já	Nei	Um þráð

Skýringar: Upplýsingar í maí 2009.
[1] Þriðja kynslóð farsíma.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin athugun.

Frá árinu 2005 hefur verið boðið upp á þáttasölusjónvarp (e. *video on demand – skammstafað sem VoD*) á vegum Skjásins – miðla ehf. sem nefnt er SkjárBíó. Notendum býðst að horfa á úrval kvikmynda og þátta gegn greiðslu í gegnum ADSL-tengingu. Vel yfir 1.000 kvikmyndir standa notendum til boða um þessar mundir, auk þess sem þeir hafa aðgang að efni sem verið hefur á dagskrá Skjás 1 og ýmsu öðru efni án endurgjalds.[55] Hér verða ekki nefndar tölur um fjölda keyptra mynda vegna trúnaðar við rekstraaðila. Af fréttum má þó vera ljóst að salan hleypur á hundruðum þúsunda mynda á ári.

Sex til sjö af hverjum tíu heimilum eru í áskrift að áskriftarsjónvarpi, innlendum og erlendum stöðvum. Þetta samsvarar því að um 70.000–90.000 heimila af 120.000–125.000 heimilum séu í áskrift að innlendum og erlendum sjónvarpsstöðvum. Fjöldi áskrifenda að einstökum stöðvum er ekki gefinn hér upp vegna trúnaðar. Út frá könnunum er þó unnt að draga upp grófa mynd af þróun áskrifta yfir nokkurt árabil.

Mynd 7.4 sýnir áskriftir að Stöð 2, Sýn (nú Stöð 2 Sport) og Fjölvarpi sem hlutfall af einstaklingum/heimilum á árabilinu 1995–2007/2008. Áskrifendur eru flestir að Stöð 2 af einstökum stöðvum. Fimm árum eftir að stöðin hóf útsendingar voru sex af hverjum tíu heimilum með áskrift að stöðinni, eða allt að 50.000 heimili (Ragnar Karlsson, Hilmar Thor Bjarnason, Þorbjörn Broddason og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2000: 103). Undanfarinn áratug eða svo hefur áskrifendafjöldi að stöðinni ekki haldið í við fjölgun heimila og áskrif-

[54] Sjá frekar á vefsíðu Skjás 1, www.skjarinn.is.
[55] Áhöld eru um hvort líta beri á þáttasölusjónvarp sem sjónvarp í hefðbundnum skilningi eða einfaldlega sem myndbandaleigu á rafrænu formi.

endum hefur fækkað sem hlutfalli af mannfjölda. Síðustu ár hafa milli fjögur og fimm heimili af hverjum tíu verið í áskrift að stöðinni, en það jafngildir um 40.000–50.000.

Mynd 7.4. *Áskriftir að einstökum sjónvarpsstöðvum og endurvarpi erlends sjónvarps 1995–2008 (hlutfall af mannfjölda/heimilum, %)*



Skýringar: Upplýsingar samkvæmt könnunum s. hl. árs. Hlutfall áskrifta að Stöð 2, Sýn og Bíórásarinnar af mannfjölda á aldrinum 12–80 ára. Áskriftir að erlendu endurvarpi sem hlutfall af heimilum í árslok.
* Sýn nefnist í dag Stöð 2 Sport.
** Bíórásin nefnist í dag Stöð 2 bíó.
Heimildir: Capacent; Hagstofa Íslands; Ragnar Karlsson, Hilmar Thor Bjarnason, Þorbjörn Broddason og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2000: 103.

Áskrifendur að Sýn (nú Stöð 2 Sport) hafa verið um það bil helmingi færri, eða sem samsvarar áskriftum milli 20 og 30% heimila. Á síðustu tveimur árum eða svo má gera ráð fyrir að áskrifendum stöðvarinnar hafi fjölgað talsvert eftir að stöðin hreppti sýningarrétt að vinsælum íþróttaviðburðum, þar á meðal að beinum útsendingum frá ensku knattspyrnunni.

Áskrift að erlendum sjónvarpsstöðvum hefur aukist verulega hin síðari ár. Um það bil þriðjungur heimila hafði aðgang að erlendu sjónvarpi í endurvarpi árið 2008, eða milli 35.000 og 40.000 heimili.[56] Þar af voru áskrifendur að endurvarpi innlendra aðila um 30.000 í árslok 2008.

---

[56] Ekki er vitað með vissu hversu mörg heimili eru með móttökubúnað fyrir erlendar gervihnattastöðvar. Samkvæmt könnun Hagstofunnar á upplýsingatæknibúnaði á heimilum árið 2009 voru níu prósent heimila með gervihnattadisk (Hagstofa Íslands, *Hagtölur » Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni » Upplýsingatækni,* tafla: Tæknibúnaður heimila 2002–2009). Það jafngildir því að um 10.000 heimili hafi verið með slíka móttöku sjónvarps. Ekki er kunnugt um hvaða þjónustu heimilin kaupa, en sennilegt er að flest þeirra séu með móttökubúnað fyrir Sky stöðvarnar, eða milli 5.000 og 7.000 heimili að því er ætlað var árið 2007 (eyjan.is, 9. ágúst 2007).

1.14.4 Rekstraraðilar einkarekinna sjónvarpstöðva

Mikillar samþjöppunar gætir á eignarhaldi stöðva (sjá töflu 7.4). Rekstraraðilar svonefndra markaðsstöðva, þ.e. þeirra sem fjármagnaðar voru með sölu áskrifta og tekjum af birtingu auglýsinga og kostun, voru fimm talsins í lok árs 2008. Síðan þá hefur einn rekstraraðili helst úr lestinni.

Tafla *7.4. Rekstraraðilar einkarekinna sjónvarpsstöðva 1995–2009 (markaðsstöðvar)*

	Fjöldi stöðva	*Fjöldi rekstraraðila*	*Fjöldi rekstraraðila eftir fjölda stöðva*				
			Ein	*Tvær*	*Þrjár*	*Fjórar*	*Fimm*
1995	4	3	2	1	–	–	–
2000	7	4	3	–	–	1	–
2005	8	3	1	1	–	–	1
2009	8	5	4	–	–	1	–

Skýringar: Sjónvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglulega út eigin dagskrá í árslok. Móðurfélög og dótturfélög eru hér talin til eins og sama rekstraraðila, sem og félög með eignatengsl í gegnum stærstu hluthafa beggja félaga. Stöðvar sem senda út mismunandi dagskrá á fleiri en einni dagskrárrás teljast hér sem ein stöð (svo sem Stöð 2 Sport og undirstöðvar hennar). Að frátöldum trúboðsstöðvum.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Af þeim átta markaðsdrifnu sjónvarpsstöðvum í einkaeigu sem starfræktar voru um síðustu áramót eru fjórar í eigu 365 miðla ehf., en þetta eru Stöð 2, Stöð 2 Sport, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra. Hinir fjórir rekstraraðilarnir ráku allir eina stöð hver. Auk Skjásins ehf., sem gerir út Skjá 1, voru þetta ÍNN-Íslands Nýjasta nýtt ehf. sem er rekstraraðili ÍNN, Nova hf. sem starfrækir samnefnda stöð og Extra.is ehf. sem starfrækir stöðina N4 á Akureyri.

1.14.5 Dagskrárframboð í sjónvarpi

1.14.5.1 Útsendingartími

Framboð sjónvarpsefnis hefur margfaldast á undanförnum árum samfara fjölgun stöðva. Á mynd 7.5 er árlegur útsendingartími sjónvarps sýndur á árabilinu 1995–2008. Frá 1995 hefur útsendingartími sjónvarps fjórfaldast, eða frá því að vera um 17.000 klukkustundir við upphaf tímabilsins í ríflega 70.000 stundir árið 2008. Útsendum stundum fækkaði reyndar um 36.000 stundir á sl. tveimur árum.[57] Einkareknar stöðvar senda út yfir níu af hverjum tíu tímum. Samanlagður útsendingartími almennu stöðvanna Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 árið 2008 var yfir 22.000 stundir, eða laust innan við þriðjungur af heildarútsendingartíma sjónvarps.

Daglegur og vikulegur útsendingartími og útsendingardagar sjónvarpsstöðva sem sendu út í lok árs 2009 eru sýndir í töflu 7.5. Allar stöðvarnar sendu út sjö daga vikunnar. Flestar þeirra sendu jafnframt út allan sólarhringinn eða fast að því. Daglegur útsendingartími Sjónvarpsins er mun takmarkaðri en einkastöðvanna, en stöðin sendi að jafnaði út 14 klukkustundir daglega.

[57] Ástæða þessarar fækkunar er að á árinu 2006 sendu tveir aðilar út íþróttaviðburði í beinni útsendingu á fjölda rása samtímis, í stað aðeins eins frá haustinu 2008.

Mynd 7.5. *Árlegur útsendingartími sjónvarps 1995–2008*



Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 7.5. *Útsendingartími og útsendingardagar sjónvarpsstöðva 2009*

	Útsendar klst. á viku að jafnaði	*Útsendar klst. á dag að jafnaði*	*Útsendingardagar í viku að jafnaði*
Ríkisútvarpið			
Sjónvarpið	98	14	7
Einkareknar stöðvar			
ÍNN	168	24	7
Nova Tíví	168	24	7
N4	42	6	7
Ómega	168	24	7
Skjár 1	168	24	7
Stöð 2	168	24	7
Stöð 2 Extra	168	24	7
Stöð 2 Bíó	168	24	7
Stöð 2 Sport[1]	154	22	7

Skýring: Einkareknar sjónvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu út eigin samsetta dagskrá í lok árs 2009, ásamt Ríkisútvarpinu – Sjónvarpi. Útsendingartími er miðaður við lengd útsendinga árið 2008.
[1] Ásamt undirstöðvum.

Heimild: Hagstofa Íslands.

1.14.5.2 Endursýningar

Lenging daglegs útsendingartíma sjónvarps hefur leitt til þess að hlutfall endursýninga af útsendri dagskrá margra stöðva hefur aukist stórlega. Árið 2008 lét nærri að endursýnt efni væri sjö af hverjum tíu dagskrártímum í sjónvarpi.[58]

Mynd 7.6 sýnir hlutfallslega skiptingu milli frumsýnds og endursýnds efnis árið 2008 á dagskrá almennu efnisstöðvanna þriggja, Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2. Hlutfall endursýnds efnis er umtalsvert lægra í Sjónvarpinu en á hinum stöðvunum, þótt endursýningum hafi fjölgað samfara lengingu daglegs útsendingartíma stöðvarinnar. Ekki er alls kostar sanngjarnt að leggja að jöfnu hlutfall endursýninga í Sjónvarpinu og stöðva sem senda út allan sólarhringinn eða fast að því. Undanfarin ár hafa frumsýndar stundir engu síður verið fleiri í Sjónvarpinu en á dagskrá hinna stöðvanna (sjá frekar um þetta í Ragnari Karlssyni og Þorbirni Broddasyni, 2006; Þorbirni Broddasyni, 2005: 78–79).[59]

Mynd 7.6. *Frumsýnt og endursýnt efni á dagskrá almennra sjónvarpsstöðva 2008 (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýring: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma að frátöldum auglýsingum, fjarsölu, uppfyllingum og dagskrárkynningum og óflokkuðu efni.
* Hlutfall frumsýnds og endursýnds efnis að frádregnum tónlistarmyndböndum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Dagskrá sérefnisstöðvanna Omega, Stöðvar 2 Bíó og Stöðvar 2 Extra samanstendur að stórum hluta af endursýningum. Auk endursýninga, skipa beinar útsendingar frá íþróttaviðburðum stóran sess í útsendingum Stöðvar 2 Sport. Um Nova TV gegnir öðru máli, en stöðin sendir viðstöðulaust út tónlistarmyndbönd allan sólarhringinn.

---

58 Nætursjónvarp sumra sjónvarpsstöðvanna samanstendur af viðstöðulausri útsendingu ókynntra tónlistarmyndbanda eftir að eiginlegri dagskrá lýkur.

59 Endursýningum hefur þó fjölgað mikið í Sjónvarpinu upp á síðkastið. Að frátöldum fréttum og íþróttum hefur sumardagskrá stöðvarinnar í ár verið að verulegum hluta endursýnt efni, innlent jafnt sem erlent.

1.14.6 Dagskrárefni sjónvarps

Dagskrárefni stöðvanna er með margvíslegu sniði. Á meðan sumar stöðvar leggja ýmist áherslu á alhliða eða fjölbreytta dagskrá er efnisframboð annarra mun einsleitara. Fjölbreytni efnis fer að sjálfsögðu eftir því hvort markhópar stöðvanna eru almennir sjónvarpsáhorfendur eða afmarkaðir hópar eftir áhugasviðum og aldri.

Lengi vel einkenndist dagskrá sjónvarpsstöðva af alhliða efnisframboði, fréttum, fræðsluefni, leiknu efni, skemmtidagskrá, íþróttum og efni fyrir börn og unglinga. Eftir því sem sjónvarpsstöðvum hefur fjölgað og samkeppni aukist um áhorfendur sem dreifast í auknum mæli á milli stöðva hefur orðið æ algengara að sjónvarpsstöðvar einskorði sig við flutning tiltekins efnis, líkt og algengt er í hljóðvarpi (sjá umfjöllun í kafla 6.3.2).

Efnissérhæfing er að öllu jöfnu mest í áskriftarsjónvarpi. Slík sérhæfing er þó einnig vel þekkt á meðal stöðva sem senda út opna dagskrá en efni þeirra er oft tengt fréttum, fjármálaumfjöllun, eða lífsstíl og neyslu, svo sem tísku, ferðalögum. Í kjölfar stafrænna útsendinga er næsta augljóst að efnissérhæfing milli sjónvarsstöðva kemur til með að aukast og að sérefnisstöðvum eða þemastöðvum (e. *thematic channels*) muni fjölga frá því sem nú er (Iosifidis, 2007; Iosifidis, Steemers og Wheeler, 2005).

Hér á landi hefur tilhneigingar til sérhæfingar gætt í vaxandi mæli hér á landi með fjölgun einkarekinna sjónvarpsstöðva. Skipta má einkasjónvarpsstöðvum upp eftir efni og efnisskírskotun, eða dagskrársniði, eins og sýnt er í töflu 7.6. Frá aldamótum hefur þemastöðvum farið fjölgandi, en fyrir þann tíma voru þær aðeins tvær, trúboðsstöðin Omega (frá 1995) og staðarstöðin Sjónvarp Hafnarfjarðar (1995–2001). Sex af þeim átta einkareknu stöðvum sem senda út um þessar mundir teljast þemastöðvar: tvær sérhæfa sig í leiknu efni og skemmtiefni meðan hinar eru talmáls-, íþrótta- tónlistar- og trúboðsstöð. Á síðasta ári voru hartnær þrír fjórðu af efnisframboði einkastöðvanna á vegum þemastöðva.

Tafla 7.6. *Einkareknar sjónvarpsstöðvar eftir dagskrársniði 1995–2008*/2009

	Almennar stöðvar	*Frétta- og talmálsstöðvar*	*Leikið efni, skemmtiefni*	*Íþrótta-stöðvar*	*Tónlistar-stöðvar*	*Staðar-stöðvar*[1]	*Trúboðs-stöðvar*
Stöðvar, fjöldi							
1995	3	–	–	–	–	1	1
2000	2	–	1	1	1	2	1
2005	2	1	2	2	1	3	1
2008	2	1	2	1	1	1	1
2009	2	1	2	1	1	1	1
Útsendingartími, klst.							
1995	5.072	–	–	–	–	80	8.760
2000	15.839	–	8.784	3.525	8.753	505	8.784
2005	16.777	1.024	13.871	7.044	3.624	5.098	8760
2008	17.405	8.784	12.535	10.538	5.000	2.140	8.784
Útsendingartími, %							
1995	37	–	–	–	–	1	63
2000	34	–	19	8	19	1	19
2005	30	2	25	13	6	9	16
2008	27	13	19	16	8	3	13

Skýringar: Sjónvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglubundið út eigin dagskrá á árinu. Flokkun stöðva eftir dagskrársniði er byggð á megineinkennum dagskrárliða og skilgreiningu stöðvanna sjálfra. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Stöðvar sem senda út mismunandi dagskrá á fleiri en einni dagskrárrás teljast hér sem ein stöð (svo sem Stöð 2 Sport og undirstöðvar hennar).

[1] Staðbundnar stöðvar sem leggja aðallega áherslu á staðarmál.

Heimild: Hagstofa Íslands.

1.14.7 Dagskrá Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2

Dagskrárefni Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 er í veigamiklum atriðum frábrugðið efni annarra stöðva sem er einsleitara og sniðið að áhugasviði tiltekinna hópa. Tafla 7.7 og mynd 7.7 sýna skiptingu dagskrár Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 eftir helstu efnisflokkum daglangt og á kjörtíma (e. *prime time*).[60] Kjörtími Sjónvarpsins og Skjás 1 er skilgreindur frá kl. 19.00 til 23.00 en kjörtími Stöðvar 2 stendur frá 18.30 til 23.00. Ástæða þess að kjörtími Stöðvar 2 hefst hálftíma fyrr en kjörtími hinna stöðvanna er sú að kvöldfréttatími stöðvarinnar hefst klukkan 18:30. Efnisskipting á kjörtíma er sérstaklega tekin til athugunar vegna þess að þá horfa flestir á sjónvarp og dagskrá stöðvanna er alla jafna fjölbreyttari en á öðrum tímum dagsins.

Talsverður munur er á skiptingu dagskrár eftir efnisflokkum milli stöðvanna, daglangt sem á kjörtíma. Munurinn er einkum sláandi milli Skjás 1 og hinna stöðvanna tveggja. Megnið af daglegri dagskrá Skjás 1 er leikið efni, skemmtiefni og sjálfshjálpar- og lífsstílsþættir, að ógleymdri tónlist. Sama er að segja um efnisskiptingu á kjörtíma, en níu af hverjum útsendum tímum eru leikið efni og skemmtiefni. Tónlist fyrirfinnst hins vegar ekki á dagskrá stöðvarinnar á kjörtíma, en tónlistarmyndbönd eru uppistaðan í næturdagskrá og

[60] Flokkun efnis er byggð á úttekt á sjónvarpsmarkaði í Evrópu sem gerð var fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (David Graham and Assoc. Ltd., 2005). Skipting dagskrárefnis stöðvanna er ekki fullkomlega sambærileg. Því er hér aðeins um nálgun að ræða.

fram eftir degi áður en eiginleg dagskrá hefst síðdegis. Efni sem flokkast sem upplýsing og menning er verulega takmarkað á dagskrá stöðvarinnar; efni fyrir börn og unglinga og íþróttir er hverfandi eða er alls ekki á dagskránni.

Tafla 7.7. *Dagskrá almennra sjónvarpsstöðva eftir efni daglangt 2008 og á kjörtíma 2005*

	Upplýsing og menning[1]	*Leikið efni*	*Skemmti-efni*	*Tónlist*	*Íþróttir*	*Börn og unglingar*	*Annað*[2]	*Alls*
Daglangt (2008)								
Stundir á ári								
Sjónvarpið	1207	1.961	234	57	668	554	448	5130
Skjár 1	163	1.886	103	5.503	43	–	1.086	8.784
Stöð 2	1.086	4.981	306	238	87	1316	607	8.621
Hlutfallsleg skipting, %								
Sjónvarpið	24	38	5	1	13	11	9	100
Skjár 1	2	21	1	63	–	–	12	100
Stöð 2	13	58	4	3	1	15	7	100
Á kjörtíma (2005)[3]								
Hlutfallsleg skipting, %								
Sjónvarpið	39	45	9	–	3	4	–	100
Skjár 1	10	58	32	–	–	–	–	100
Stöð 2	26	43	31	–	0	–	–	100

Skýringar: Nálgaðar tölur fyrir efnisskiptingu á Stöð 2 að hluta. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
Kjörtími: Sjónvarpið og Skjár 1 19:00–23:00; Stöð 2 18:30–23:00.
[1] Fréttir, fréttaskýringar, veður, umræðuþættir og þættir um samfélagsmál, vísindi, listir og trúmál.
[2] Auglýsingar, fjarsala, uppfyllingar, dagskrárkynningar, stúfar og óflokkað efni.
[3] Efnisskipting samkvæmt auglýstri dagskrá um tveggja vikna skeið í mars 2005.
Heimildir: Hagstofa Íslands (daglangt); Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason, 2006 (á kjörtíma).

Efnisbreidd í Sjónvarpinu og Stöð 2 er mun meiri en á Skjá 1. Sjónvarpið sýnir hlutfallslega meira af efni sem flokka má til upplýsingar og menningar en Stöð 2, daglangt sem og á kjörtíma. Sama gildir um hlutfall barna- og unglingaefnis. Útsendir tímar af upplýsingu og menningu árið 2008 voru litlu fleiri í Sjónvarpinu en á Stöð 2. Sama er að segja um efni sérstaklega ætlað börnum og unglingum, en Stöð 2 sendi út meira en helmingi fleiri stundir af slíku efni en Sjónvarpið. Þetta stafar að sjálfsögðu af því að útsendar daglegar stundir á Stöð 2 eru mun fleiri en í Sjónvarpinu.

Dagskrárfjölbreytni Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 má meta eins og gert er í töflu 7.8. Taflan sýnir hlutfall upplýsingar og afþreyingar á dagskrá þessara þriggja stöðva á árabilinu 1995 til 2008. Dagskrárfjölbreytni er hér sýnd sem mismunur á hlutfalli upplýsingar og afþreyingar í formi stuðuls er tekur gildi á bilinu –1 til +1. Eftir því sem gildi stuðulsins liggur nær –1 þeim mun meiri áherslu leggur stöðin á afþreyingu og því nær sem gildið liggur +1 því ríkari áhersla er á upplýsingaefni; þeim mun nær sem gildið liggur 0 þeim mun meira jafnvægi er á milli upplýsingar og afþreyingar í dagskrá stöðvanna.

Framboð afþreyingar hefur verið umtalsvert hærra á dagskrá stöðvanna þriggja öll árin en framboð upplýsingar. Meira jafnvægis hefur gætt á milli efnisflokkanna í dagskrá Sjónvarpsins en hinna stöðvanna.

Tafla 7.8. *Dagskrárfjölbreytni almennra sjónvarpsstöðva 1995–2008*

	Sjónvarpið		*Skjár 1*		*Stöð 2*	
	Upplýsing	*Afþreying*	*Upplýsing*	*Afþreying*	*Upplýsing*	*Afþreying*
Stundir á ári						
1995	781	1.540	•	•	..	..
2000	706	2.145	1.226	7.090	1.121	4.235
2005	1.032	2.123	165	8.090	1.574	5.144
2008	1.207	2.920	163	7.535	1.086	5.612
Hlutfallsleg skipting, %						
1995	34	66	•	•	..	..
2000	25	75	15	85	21	79
2005	33	67	2	98	23	77
2008	29	71	2	98	16	84
Dagskrárfjölbreytni						
1995	-.33		•		..	
2000	-.51		-.70		-.58	
2005	-.35		-.96		-.53	
2008	-.42		-.96		-.68	

Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma milli upplýsingar og afþreyingar.
Efnisflokkar:
Upplýsing: fréttir, fréttaskýringar, veður og þættir um samfélagsmál, menning, listir, trúmál og vísindi.
Afþreying: leikið efni, skemmtiefni, tónlist og íþróttir.
Dagskrárfjölbreytni tekur gildi frá –1 til +1, þar sem 0 táknar fullkomið jafnvægi milli upplýsingar og afþreyingar, –1 táknar algera áherslu á afþreyingu og +1 táknar algera áherslu á upplýsingu.
Dagskrárfjölbreytni reiknast þannig: upplýsing % – afþreying % * 0,01.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Mynd 7.7. *Dagskrá almennra sjónvarpsstöðva eftir efni 2008 daglangt og á kjörtíma 2005 (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma að frátöldum auglýsingum, fjarsölu, dagskrárkynningum og óflokkuðu efni. Sjá annars skýringar við *töflu* 7.7.

Heimildir: Hagstofa Íslands (daglangt); Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason, 2006 (á kjörtíma).

1.14.8 Uppruni dagskrárefnis

Allar götur frá því að innlent sjónvarp hófst árið 1966 hefur eitt helsta einkenni þess verið hátt hlutfall erlends efnis á dagskrá. Fullyrða má að sjónvarpið hafi veitt „erlendum menningarstraumum inn í þjóðlífið af slíkum þunga að naumast verður jafnað til nokkurs sem á undan var gengið“ (Þorbjörn Broddason, 2005: 78). Í árdaga Sjónvarpsins varð strax ljóst að það væri af slíkum vanefnum búið að óhjákvæmilegt væri annað en að útlent efni mundi skipa stærri sess í dagskránni en innlend framleiðsla. Fyrirferð erlends efnis í sjónvarpi keyrði þó fyrst um þverbak með stórauknum útsendingartíma í kjölfar tilkomu einkarekins sjónvarps.

Í norrænum og alþjóðlegum samanburði hefur íslenskt sjónvarp þráfaldlega svo gott sem vermt botnsætið hvað varðar hlutdeild innlends efnis af dagskrá (sjá t.d. De Bens, Kelly og Bakke, 1992; Buonanno, 2002; EAO, 2008b; Harrie, 2006; Medina, 2004; Nordenstreng og Varis, 1974; Sepstrup, 1989; Tunstall, 1977: 278–79; Tunstall, 2008; Tunstall og Machin, 1999; Varis 1984, 1985). Ef aðeins er miðað við uppruna leikins efnis er samanburðurinn jafnvel enn óhagstæðari fyrir íslenskar sjónvarpsstöðvar (sjá t.d. De Bens og de Smaele, 2001; EAO, 2008b; Iosifidis, Steemers og Wheeler, 2005, 6. kafli). Leikið efni er kostnaðarsamt og regluleg framleiðsla slíks efnis hefur verið íslensku sjónvarpi ofviða. Innlend dagskrárgerð hefur því mestmegnis einskorðast við fréttir og fréttatengda dagskrárliði, viðtals- og skemmtiþætti hvers konar, gestakomur í sjónvarpssal og upptökur og beinar útsendingar frá íþróttakeppnum og kappleikjum, í stað efnis sem er frekara á mannafla og fjármuni í framleiðslu og kallar á umtalsverða forvinnu og eftirvinnslu. Þetta á reyndar ekki aðeins við Ísland. Óvíða er framleiðsla leikins efnis, fræðslu- og heimildarmynda og annars kostnaðarsams efnis mikil þrátt fyrir umtalsverða innlenda dagskrárgerð fyrir sjónvarp að öðru leyti

(EAO, 2008b, 8. kafli; Medina, 2004).[61] Með örfáum undantekningum hefur innlend dagskrárgerð fyrir sjónvarp víðast hvar samanstaðið af framleiðslu efnis sem er tiltölulega ódýrt í framleiðslu, svo sem eins og leikjum, spjallþáttum, glensi og gríni, „raunveruleikasjónvarpi“ og blönduðum skemmtiþáttum (Waisbord, 2004: 382). Ástæða þessa verður ljós þegar haft er í huga að hver þáttur í bandarísku þáttaröðinni Law & Order kostar ekki undir tveimur milljónum bandaríkjadala í framleiðslu (Pavlik, 2008: 163).

Framboð innlends efnis í sjónvarpi hefur engu síður margfaldast á undanförnum árum með fjölgun stöðva og samkeppni þeirra á milli um áhorfendur og auglýsendur. Innlend dagskrárgerð hefur sömuleiðis orðið fjölbreyttari með árunum. Á ríflega tuttugu ára tímabili, 1995–2008, fast að því tvöfaldaðist innlent efni í Sjónvarpinu, á Skjá 1 og Stöð 2, úr ríflega 1.800 stundum árið 1995 í 3.500 stundir árið 2008. Samanlagt hlutfall innlends efnis á dagskrá sjónvarpsstöðvanna þriggja árið 2008 var það sama og árið 1995, eða sléttur fjórðungur.[62] Í ljósi þess að obbinn af efni á dagskrá íslenskra sjónvarpsstöðva er erlent efni, er umhugsunarvert hvort unnt sé að tala um íslenska sjónvarpsdagskrá yfirleitt (sjá umræðu um þetta í Ragnari Karlssyni og Þorbirni Broddasyni, 2006; Þorbirni Broddasyni, 2005: 77–79).

Myndir 7.8 og 7.9 sýna sýndar klukkustundir af árlegum sýningum innlends efnis og hlutfall þess á dagskrá almennu sjónvarpsstöðvanna, Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2, á árabilinu 1995–2008.

Mynd 7.8. *Innlent efni á dagskrá almennra sjónvarpsstöðva 1995–2008 (stundir á ári)*



Heimild: Hagstofa Íslands.

---

61 Þetta skýrist meðal annars af því að meðalframleiðslukostnaður við hverja klukkustund af leiknu efni á stöðvum Independent Television (ITV) í Bretlandi árið 1999 var um 70 prósentum hærri en kostnaður við framleiðslu hverrar klukkustundar af skemmtiefni og fjórum sinnum hærri en klukkustundar af barnaefni (Doyle 2002b: 81). Ekki er ástæða til að ætla að viðlíka eigi ekki við annars staðar, né að þetta hlutfall hafi breyst svo nokkru nemi síðan.

62 Hafa ber hugfast að um bæði frumsýnt og endursýnt innlent efni að ræða. Ef aðeins væri miðað við frumsýndar stundir væri þetta hlutfall nokkru lægra á síðasta ári en árið 1995 þar sem endursýningar efnis, einkum innlends efnis, hafa aukist stórlega síðustu árin.

Mynd 7.9. *Hlutfall innlends efnis á dagskrá almennra sjónvarpsstöðva 1995–2008 (%)*



Heimild: Hagstofa Íslands.

Framboð innlends efnis í Sjónvarpinu hefur nær tvöfaldast frá því um miðjan síðasta áratug og innlent efni á Stöð 2 hefur á sama tíma aukist um nær 50%. Innlent efni í Sjónvarpinu nálgast nú að vera helmingur af dagskrárefni stöðvarinnar, eða sambærilegt og er í írska ríkissjónvarpinu RTÉ (Evrópuráðið/Eri Carts, 2009: 29), frá því að vera að jafnaði allan síðasta áratug rétt um þriðjungur. Hæst fór hlutur innlends efnis árið 2005, en þá voru sýningar á innlendu efni helmingur af dagskrártíma stöðvarinnar. Innlent efni á Stöð 2 hefur undanfarin ár verið að jafnaði um fjórðungur af dagskrártímanum. Hlutfallslegur samanburður á milli stöðvanna er þó ekki alls kostar sanngjarn vegna mismunandi lengdar á daglegum útsendingartíma þeirra. Sum árin hefur fjöldi stunda af sýndu innlendu efni á Stöð 2 verið meiri á Stöð 2 þrátt fyrir að hlutfall innlends efnis hafi verið nokkru lægra en í Sjónvarpinu. Á árinu 2008 sendi Sjónvarpið út yfir 500 fleiri stundir af innlendu dagskrárefni en Stöð 2.

Sýningum á innlendu efni á Skjá 1 hefur fækkað talsvert undanfarin ár, hvort heldur er í tímum talið eða að tiltölu. Hlutfall innlends efnis á Skjá 1 er umtalsvert minna en á hinum stöðvunum. Innlent efni hefur hin síðari ár verið innan við 20% af útsendingartíma stöðvarinnar að tónlistarmyndböndum frátöldum. Innlent efni var 12% af dagskrárefni stöðvarinnar á árinu 2008.

Fjölmiðlakannanir sýna að íslenskir áhorfendur taka íslensku efni með þökkum. Innlend dagskrárgerð nýtur óskoraðra vinsælda í samanburði við megnið af erlendu efni. Í ljósi þessa er eðlilegt að stöðvarnar leggi eftir föngum áherslu á sýningar innlends efnis á kjörtíma fremur en erlent efni. Mynd 7.10 sýnir hlutfallslega skiptingu innlends og erlends efnis á dagskrá Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 daglangt og á kjörtíma árið 2005. Nokkru ríkari

áhersla var lögð á sýningar innlends efnis á kjörtíma á einkastöðvunum en í Sjónvarpinu. Þetta kann að hafa breyst síðan.[63]

Mynd 7.10. *Innlent og erlent efni á dagskrá almennra sjónvarpsstöðva 2008 daglangt og á kjörtíma 2005 (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma milli innlends og erlends efnis að frátöldum auglýsingum, fjarsölu, uppfyllingum og dagskrárkynningum.

Kjörtími: Sjónvarpið og Skjár 1 19:00–23:00; Stöð 2 18:30-23:00. Efnisskipting á kjörtíma er samkvæmt auglýstri dagskrá um tveggja vikna skeið í mars árið 2005.

Heimildir: Hagstofa Íslands (daglangt); Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason, 2006 (á kjörtíma).

Þrátt fyrir að innlendri dagskrárgerð í Sjónvarpinu hafi vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum og nú sé svo komið að u.þ.b. helmingur dagskrártíma stöðvarinnar sé innlent efni, er hún engu síður eftirbátur opinberu norrænu systurstöðvanna í þessu efni (Nordicom, www.gu.se/). Um árabil hefur innlent efni til að mynda verið um þrír fjórðu af dagskrá sænska ríkissjónvarpsins, SVT. Sjónvarpið sver sig fremur í ætt við norrænar einkastöðvar varðandi skiptingu milli innlends og erlends efnis. Innlent efni á stóru sænsku einkastöðvunum var að jafnaði um helmingur dagskrártímans. Á kjörtíma, hins vegar, er innlent efni svo til eingöngu á dagskrá (Engblom og Wormbs, 2007). Öndvert við það sem á við hér á landi gefur þetta Gustafsson tilefni til að álykta sem svo: „Sænskt sjónvarp er í eðli sínu sænskt. Hér eru engir tískustraumar. Það hefur hvorki orðið minna eða meira sænskt.“ [„Svensk television är till sin karaktär svensk. Här finns ingen trend. Den har varken blivit mindre eller mer svensk“] (Gustafsson, 2005: 107).

Sjónvarp – og reyndar hljóðvarp einnig – er í eðli sínu fjölþjóðlegur miðill (sbr. Hjarvard, 1993; Nowell-Smith, 1991). Skipting efnis eftir uppruna er ekki nándar nærri eins einhlít eins og virst getur í fljótu bragði. Efnisgerð, efnishugmyndir, efnissnið, að ógleymdu stjórn- og tæknifyrirkomulagi sjónvarps, eru meira og minna byggð á fyrirmyndum fengnum annars staðar frá líkt og McQuail bendir á, þ.e. að „það er vandamál hvernig eigi að fást við fjöl-

[63] Lausleg athugun sýnir að sýningum innlends efnis á kjörtíma hafi fækkað á Skjá 1 en fjölgað á Stöð 2 og í Sjónvarpinu.

þjóðleg efnissnið (til aðgreiningar frá eiginlegu sjónvarpsefni). Mikið af sjónvarpsefni og öðru fjölmiðlaefni hefur í raun verið alþjóðavætt hvað varðar efnisgerð eða efnissnið, jafnvel í þeim tilvikum þar sem það er framleitt á heimamarkaði.“ [*„[T]here is the problem of dealing with transnational formats (as distinct from actual products). Much television and other media content has been effectively internationalized in terms of genre or format, even when it is locally produced.“*] (McQuail, 1992: 293.)

Með aukinni samkeppni á sjónvarpsmarkaði um áhorfendur og efni sem vænlegt er til vinsælda hefur það orðið algengara að sjónvarpsstöðvar endurgeri vinsælt útlent efni.[64] Það getur verið álitaefni hvort slíkt „blendingsefni“ skuli flokkast með öðru innlendu efni, eða sér sem einhvers konar millistig milli innlends og erlends efnis.[65] Eftir því sem sjónvarpsstöðvum fjölgar og áhorfendur dreifast meira á milli stöðva þeim mun kostnaðarsamara er að fanga athygli áhorfenda. Í því skyni að lágmarka óvissu um vinsældir nýs sjónvarpsefnis hafa sjónvarpsstöðvar í auknum mæli fetað sig inn á þær brautir að kaupa sýningar- og endurgerðarrétt að þáttum og þáttaröðum, svonefndum „forskriftarþáttum“ („format“-þáttum) sem hafa notið vinsælda á meðal áhorfenda annars staðar. Sala á slíkum réttindum hefur farið hríðvaxandi á seinni árum. Markaðssetning á ýmsum afleiddum vörum (e. *spin-off products*) tengist oft þvílíku sjónvarpsefni, svo sem eins og á útgáfurétti og markaðssetningu á tónlist með sigurvegurunum úr söngkeppnum (Iosifidis, Steemers og Wheeler, 2005: 148–56; IP, 2008; Moran og Malbon, 2006; Waisbord, 2004).

Einkareknar sjónvarpsstöðvar hér á landi hafa ekki verið neinn eftirbátur erlendra stöðva í þessum efnum. Vinsælar „raunveruleikaþáttaraðir“ og keppnir hafa verið færðar í íslenskan búning að fengnu leyfi og greiðslu til rétthafa. Nær undantekningarlaust hefur verið um að ræða bandarískar og breskar þáttaraðir. Yfirlit yfir helstu þáttaraðir sem hafa verið endurgerðar fyrir íslenskt sjónvarp í seinni tíð er sýnt í töflu 7.9.[66]

Tafla 7.9. *Endurgerðir erlendra sjónvarpsþáttaraða í íslensku sjónvarpi*

Stöð	*Íslenskt heiti þáttaraðar*	*Tegund sjónvarpsefnis*	*Upphaf sýninga í íslenskri endurgerð*	*Erlent heiti þáttaraðar*	*Uppruna-land þátta-raðar*	*Upphaf sýninga*
Sirkus[1]	Ástarfleyið	Raunveru-leikaþáttur	2005	The Love Boat	Bandaríkin	1977
Skjár 1	Allt í drasli	Raunveru-leikaþáttur	2005	How Clean is Your House	Bretland	2003
	Íslenski parsveinninn	Raunveru-leikaþáttur	2005	The Bachelor	Bandaríkin	2002
	Ertu skarpari en skólakrakki?	Keppni	2007	Are You Smarter than a 5th Grader?	Bandaríkin	2007
	Singing Bee	Keppni	2008	The Singing Bee	Bandaríkin	2007

64 Slík dagskrárgerð hefur stundum verið nefnd „hermikrákusjónvarp“ (e. *copycat TV*) (Moran, 1996), eða „McTV“ (Waisbord, 2005).

65 Hér er slíkt dagskrárefni flokkað með öðru innlendu efni.

66 Taflan sýnir aðeins þær þáttaraðir sem endurgerðar hafa verið með leyfi og samningum við rétthafa. Fjölmargar aðrar þáttaraðir í íslensku sjónvarpi hafa dregið dám af erlendum þáttaröðum þótt ekki hafi verið greitt fyrir notkun hinnar upphaflegu fyrirmyndar.

Stöð	*Íslenskt heiti þáttaraðar*	*Tegund sjónvarpsefnis*	*Upphaf sýninga í íslenskri endurgerð*	*Erlent heiti þáttaraðar*	*Upprunaland þáttaraðar*	*Upphaf sýninga*
	Fyndnar fjölskyldumyndir	Skemmtiþáttur	2009	America's Most Funniest Home Videos[2]	Bandaríkin	1989
Stöð 2	Viltu vinna milljón?	Keppni	2003	Who Wants to Be a Millionaire?	Bretland	1998
	Idol stjörnuleit	Keppni	2003, 2005	American Idol[3]	Bandaríkin	2002
	X-Factor	Keppni	2005	X-Factor	Bretland	2004
	Hæðin	Raunveruleikaþáttur	2008	The Block	Ástralía	2003
	Wipeout – Ísland	Keppni	2009	Wipe Out	Bandaríkin	2008

Skýringar: ekki tæmandi upptalning.
[1] Nú Stöð 2 Extra.
[2] Byggt á japanskri þáttaröð „Kato-chan Ken-chan Gokigen TV".
[3] Byggt á bresku þáttaröðinni Pop Idol sem upphaflega var tekin til sýninga árið 2001.
Heimild: eigin athugun.

1.14.9 Heimsmynd íslensks sjónvarps

Uppruni erlends efnis á sjónvarpsstöðvunum eftir mál- og menningarsvæðum telst seint bera vitni um fjölbreytni. Frá því að innlent sjónvarp var innleitt fyrir meira en fjórum áratugum hefur bandarískt efni ávallt verið fyrirferðarmest af erlendu efni, og á stundum af öllu efni að íslenskum dagskrárliðum meðtöldum. Frá einstökum öðrum löndum er breskt efni því næstmest áberandi. Lætur nærri að allt að níu stundir af hverjum tíu af erlendu efni komi frá enskumælandi löndum. Efni frá öðrum málsvæðum hefur verið hverfandi á dagskrá allra stöðvanna, þar með talið frá Norðurlöndunum.[67]

Tafla 7.10 sýnir hlutfallslega skiptingu erlends efnis eftir uppruna í Sjónvarpinu, á Skjá 1 og Stöð 2 á árabilinu 1995 til 2008. Líkt og upplýsingarnar bera með sér hefur hlutfall bandarísks efnis af erlendu sýndu efni fremur aukist en hitt í Sjónvarpinu og á Stöð 2 á undanförnum árum, á sama tíma og dregið hefur úr því á Skjá 1.

Tafla 7.10. *Erlent efni á almennum sjónvarpstöðum eftir uppruna 1995–2008*

		Hlutfallsleg skipting, %					
	Stundir af erlendu efni, alls	*Bandarískt*	*Breskt*	*Norrænt*	*Evrópskt, annað*	*Annað*	*Óflokkað og óskilgreint*
Sjónvarpið							
1995	2.035	31	11	5	6	4	43
2000	2.248	41	12	5	7	4	32
2005	2.231	56	22	9	8	6	–
2008	2.227	51	23	12	9	5	1

[67] Af hálfu Sjónvarpsins virðist þó mega greina nokkra áherslubreytingu undanfarin missiri sem væntanlega má að talsverðu leyti rekja til þjónustusamnings milli ríkisútvarpsins og menntamálaráðherra sem kveður á um að Sjónvarpið skuli kappkosta að sýna efni frá Norðurlöndum sem og annað evrópskt efni (sjá samning um útvarpsþjónustu í almannaþágu, 2007, 5. gr.).

		Hlutfallsleg skipting, %					
	Stundir af erlendu efni, alls	*Bandarískt*	*Breskt*	*Norrænt*	*Evrópskt, annað*	*Annað*	*Óflokkað og óskilgreint*
Skjár 1[1]							
2000	1.763	100	–	–	–	–	–
2005	2.965	87	12	–	–	1	–
2008	2.140	76	12	–	–	1	–
Stöð 2							
1995	3.498	67	11	0	8	10	4
2000	4.827	64	12	1	8	9	6
2005	6.104	58	11	1	3	10	17
2008	6.742	73	8	0	3	14	2

Skýring: Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
[1] Að frátöldum tónlistarmyndböndum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Í ljósi fyrirferðar bandarísks efnis á dagskrá sjónvarpsstöðvanna mætti ætla, með réttu eða röngu, að ímyndir bandarískrar menningar hafi orðið það inngrónar í vitund okkar fólks að unnt sé að taka undir með einni af persónunum í mynd þýska kvikmyndaleikstjórans Wim Wenders, *Im Lauf der Zeit* frá 1976: „Kanarnir hafa náð yfirráðum yfir undirmeðvitund okkar“ [*„the Yanks have colonised our subconscious“*].[68]

1.15 Innlend og erlend dagskrárfjölbreytni

Mismunandi dagskrárfjölbreytni stöðvanna má meta út frá ólíku vægi innlends og erlends efnis á dagskrá þeirra, eins og gert í töflu 7.11.[69] Dagskrárfjölbreytni Sjónvarpsins er mun meiri en hinna stöðvanna er varðar skiptingu milli innlends og erlends efnis. Aukið hlutfall innlends efnis á dagskrá hefur leitt til aukins jafnvægis í dagskrá Sjónvarpsins. Veruleg slagsíða er á dagskrá hinna stöðvanna, innlendu efni í óhag.

Tafla 7.11. *Innlent og erlent efni á dagskrá almennra sjónvarpsstöðva 1995–2008*

	Sjónvarpið		*Skjár 1* [1]		*Stöð 2*	
	Innlent efni	*Erlent efni*	*Innlent efni*	*Erlent efni*	*Innlent efni*	*Erlent efni*
Tímar á ári						
1995	897	2.035	•	•	927	3.498
2000	1.114	2.248	1.509	1.763	1.523	4.827
2005	1.534	2.231	650	2.965	1.762	6.104
2008	1.889	2.227	250	1.890	1363	6.742
Hlutfallsleg skipting, %						
1995	31	69	•	•	21	79
2000	33	67	46	54	24	76
2005	41	59	18	82	22	78

[68] Sjónvarpið er ekki eitt um að vera ofurselt bandarísku efni að miklu leyti. Uppruni kvikmynda í kvikmyndahúsum, svo að ekki sé talað um uppruna mynda á myndböndum og mynddiskum, er jafnvel enn einhæfari en uppruni efnis í sjónvarpi (Hagstofa Íslands, www.hagstofa.is, Hagtölur » Menningarmál » Myndbönd og mynddiskar; Ragnar Karlsson, 2002a: 27–31, 2002b: 311–14).

[69] Sjá um skilgreiningu á dagskrárfjölbreytni í kafla 6.3.4 að framan.

	Sjónvarpið		*Skjár 1* [1]		*Stöð 2*	
	Innlent efni	*Erlent efni*	*Innlent efni*	*Erlent efni*	*Innlent efni*	*Erlent efni*
2006	49	51	20	80	29	71
2007	43	57	15	85	20	80
2008	46	54	12	88	17	83
Dagskrárfjölbreytni						
1995	-.38		•		-.58	
2000	-.34		-.08		-.52	
2005	-.18		-.64		-.56	
2006	-.02		-.60		-.42	
2007	-.14		-.70		-.60	
2008	-.08		-.76		-.66	

Skýringar: Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
Dagskrárfjölbreytni tekur gildi frá –1 til +1, þar sem 0 táknar fullkomið jafnvægi milli upplýsingar og afþreyingar, –1 táknar algera áherslu á afþreyingu og +1 táknar algera áherslu á upplýsingu.
Dagskrárfjölbreytni reiknast þannig: upplýsing % – afþreying % * 0,01.
[1] Að frádregnum tónlistarmyndböndum.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Jafnvel þótt hlutfall innlends efnis hafi aukist umtalsvert hin síðari ár í Sjónvarpinu, vekur fyrirferð erlends efnis á dagskrá stöðvarinnar spurningu um hversu vel eða illa hafi tekist að tryggja menningarhlutverk Sjónvarpsins eins og kveðið er á um í lögum um Ríkisútvarpið (sbr. lög um Ríkisútvarpið ohf., nr. 61/2007, II. kafli, 3. gr.). Í samningi menntamálaráðherra og Ríkisútvarpsins um útvarpsþjónustu í almannþágu sem er frá árinu 2007 er brugðist við þessu þar sem kveðið er á um að íslenskt sjónvarpsefni skuli hafa náð 65% af útsendingu á kjörtíma fyrir lok samningstímans árið 2112 (sjá samning um útvarpsþjónustu í almannaþágu, 2007, 3. gr.).

Líta má á aukna áherslu á innlenda dagskrárgerð, einkum á kjörtíma, sem viðbrögð stöðvanna við kröfum áhorfenda um innlent efni og aukinni samkeppni eftir áhorfendum og auglýsingum. Á hitt ber einnig að líta að verðhækkanir á sýningarrétti erlends efnis hafa hér að auki haft áhrif. Því fer vitanlega fjarri að hækkað innkaupsverð á erlendu efni eigi bara við um íslenskan sjónvarpsmarkað. Sömu tilhneigingar gætir víðast hvar í kjölfar samkeppni í sjónvarpi og stóraukins útsendingartíma sjónvarps. Innkaupsverð ítalskra sjónvarpsstöðva á erlendu sjónvarpsefni hækkaði allt að þúsundfalt á níunda áratugnum í kjölfar mikillar fjölgunar stöðva og harðvítugrar samkeppni þeirra á milli (Collins, Garnham og Locklsey, 1988: 24).

Á meðan Sjónvarpið var eitt um hituna var innkaupsverð erlends sjónvarpsefnis tiltölulega lágt í alþjóðlegum samanburði. Síðan þá hefur kostnaður við innkaup á erlendu efni stórlega hækkað, sérstaklega á vinsælu bandarísku efni. Frá því að Stöð 2 hóf útsendingar 1986 og fram til 1994 hækkaði innkaupsverðið að jafnaði um 25–30%, eða frá 12 upp í 15–16 bandaríkjadali á mínútuna, að því er áætlað hefur verið. Sýningarréttur vinsæls efnis hækkaði mun meira (Ragnar Karlsson, Hilmar Thor Bjarnason, Þorbjörn Broddason og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2000: 137). Árið 1995 greiddu íslensku sjónvarpsstöðvarnar milli 800 og 1.000 bandaríkjadali fyrir hverja dagskrárstund (50 mínútur) af vinsælu erlendu efni, eða sem samsvarar um 16–20 dölum á mínútuna (Hoskins, McFadyen og Finn, 1997: 70–71). Síðan þá hefur verðið hækkað enn frekar. Fyrir vinsælan þátt í bandarískri þáttaröð voru greiddir

5.000–5.500 bandaríkjadalir á árið 2004, eða 100 til 110 dalir á mínútu (Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla, 2005: 159–60). Samkvæmt þessu hafa greiðslur fyrir sýningarrétt á vinsælum erlendum þáttum allt að því nífaldaðist frá því að Stöð 2 hóf útsendingar árið 1986 og fram til ársins 2004. Ekki er ljóst hvort erlent efnið hafi hækkað frekar í verði síðan.

Verðhækkun á sýningarrétti frá meiri háttar íþróttaviðburðum er enn öfgafyllri. Á alþjóðlegum markaði hækkaði sýningarétturinn fyrir útsendingar frá heimsmeistaramótinu í knattspyrnu fyrir samningstímann 1994–1998 og samningstímann 2002–2006 þúsundfalt (Iosifidis, 2004). Árið 2005 var sjónvarpsrétturinn fyrir sýningar frá sænsku knattspyrnunni seldur til fimm ára fyrir 1.350 milljónir sænskar krónur; sama ár voru greiddar 900 milljónir sænskra króna fyrir sýningarréttinn frá leikjum í meistaradeildinni í ísknattleik. Tveimur áratugum fyrr, áður en einkarekið sjónvarp hófst, námu heildarútgjöld sænska sjónvarpsins, SVT, vegna sýninga frá íþróttaviðburðum á ári samtals 24 milljónum sænskra króna að launakostnaði meðtöldum (Engblom og Wormbs, 2007: 171).

Gera má ráð fyrir að viðlíka þróun hafi orðið á sýningarrétti íslenskra stöðva frá stórmótum í íþróttum. Íslenskar sjónvarpsstöðvar hafa staðið í harðvítugri samkeppni sín á milli við að bjóða í sýningarrétt af alþjóðlegum íþróttakeppnum. Skemmst er að minnast hvernig rekstraraðilar Skjás 1 og Stöðvar 2 og Sýnar (nú Stöð 2 Sport) yfirbuðu hvorn annan í samkeppni um sýningarréttinn frá ensku meistaradeildinni í fótbolta fyrir fáeinum árum.[70]

Tilkoma áskriftarsjónvarpsstöðva hefur orðið til þess að ýta enn frekar undir hækkun á sýningarrétti á vinsælu útlendu efni. Þetta stafar af því að áskriftarstöðvar hafa forgang að efni umfram stöðvar sem senda út opna dagskrá (Elfa Ýr Gylfadóttir, 2006). Almennt líða sex til níu mánuðir frá frumsýningu vinsælla kvikmynda í kvikmyndahúsum þar til áskriftarstöðvar geta fengið sýningarréttinn. Allt að þrjátíu mánuðir – tvö og hálft ár – líða frá frumsýningu og þar til stöðvar sem senda út opna dagskrá geta fengið sýningarrétt á myndunum (Tambini, 2006: 118). Þessi tímamismunur setur sjónvarpsstöðvar sem senda út opna dagskrá í óþægilega aðstöðu í samkeppni við áskriftarstöðvar. Til að bregðast við þessu hafa stöðvar sem senda út opna dagskrá lagt aukna áherslu á innlent efni, einkum á kjörtíma, eins og skemmti- og spjallþætti og annað efni sem kostar tiltölulega lítið í framleiðslu en nýtur engu að síður vinsælda á meðal áhorfenda, sem og vinsælla erlendra „forskriftarþátta“.

Aukin samkeppni milli sjónvarpsstöðva, lengri útsendingartími og fjölgun áskriftarstöðva getur hæglega leitt til þess að þær stöðvar sem senda út í opinni dagskrá verði það sem Henrik Søndergaard nefnir „afsláttarsjónvarp“ (e. *discount television*) (Søndergaard, 1996a). Í stað áskriftarstöðva sem kost eiga á nýju og eftirsóttu efni eiga stöðvar sem senda út í opinni dagskrá oft fárra annarra kosta völ en að bjóða upp á innlent efni sem oft kostar lítið í framleiðslu og útlent efni sem ýmist hefur þegar verið sýnt á áskriftarstöðvum eða þær sækjast yfirhöfuð ekki eftir að sýna (Søndergaard, 1996a: 185–86; 1996b: 114–16 o.áfr.). Fjölgun stöðva og aukin samkeppni þeirra í milli leiðir til þess að sjónvarpsmarkaðurinn skiptist í auknum mæli á milli stöðva sem bjóða upp á dagskrárgerð sem sver sig í ætt við úrval í sérverslunum (e. *boutique programming*) og hins vegar stöðva sem reiða sig á ódýrara efni (e. *low cost programming*) þannig að þær bjóða upp á „undirmálssjónvarp“, og í versta falli til þess sem nefnt hefur verið „Trash TV“, ruslsjónvarp (Hujanen, 2000: 75).

---

[70] Ekki hefur verið gefið upp hvað forráðamenn Stöðvar 2 og Sýnar greiddu fyrir sýningarréttinn, en gera má ráð fyrir að hann hafi hlaupið á hundruðum milljóna króna.

1.15.1 Dagskrárfjölbreytni í norrænum og evrópskum samanburði

Fjölþjóðlegar rannsóknir sýna að marktækur munur er á efnisframboði stöðva í almannaþjónustu og einkastöðva. Efnisframboð stöðva í almannaþjónustu er að jafnaði fjölbreyttara en efnisframboð einkastöðva, daglangt og á kjörtíma. Almannaþjónustustöðvar leggja yfirleitt meiri rækt við upplýsingu og menningu, fræðsluefni og efni fyrir börn og unglinga en einkastöðvarnar að jafnaði (David Graham and Assoc., 2005; McKinsey & Co., 1998, 2007; Trappel, 1998).

Í þessu ljósi er fróðlegt að skoða fjölbreytni dagskrár Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 í norrænum samanburði. Tafla 7.12 sýnir dagskrárfjölbreytni norrænna opinberra stöðva, helstu markaðsdrifinna einkastöðva og blendingsstöðva með tilliti til hlutfalls upplýsinga- og afþreyingarefnis af útsendingartíma. Til opinberra stöðva teljast stöðvar í opinberri eigu sem fjármagnaðar eru að öllu eða mestu leyti með afnotagjöldum og/eða með framlagi úr ríkissjóði. Blendingsstöðvar eru stöðvar í opinberri eigu sem eru að öllu eða mestu leyti fjármagnaðar með markaðstekjum, þ.e. auglýsingatekjum og kostun, í stað afnotagjalda og/eða framlaga frá því opinbera.

Fjölbreytni dagskrár Sjónvarpsins er talsvert minni en gengur og gerist meðal annarra norrænna opinberra stöðva. Mun meiri áhersla er lögð á afþreyingarefni í dagskrá Sjónvarpsins en á flestum öðrum opinberum stöðvum. Dagskrárfjölbreytni stöðvarinnar er minni en fjölbreytni efnis á blendingsstöðvum að jafnaði, en nokkru meiri en almennt gengur og gerist á meðal einkastöðvanna. Athygli vekur að dagskrárfjölbreytni Sjónvarpsins er minni en opinberu stöðvanna SvF í Færeyjum og KNR-TV í Grænlandi. Dagskrárfjölbreytni Sjónvarpsins er einna næst dönsku blendingsstöðvarinnar TV2.

Dagskrá Stöðvar 2 er talsvert fjölbreyttari en dagskrá einkastöðva að jafnaði, en nokkru minni en dagaskrárfjölbreytni blendingsstöðva. Skjár 1 vermir svo gott sem botnsætið í þessum samanburði, þar sem dagskráráherslur stöðvarinnar er svo til eingöngu á afþreyingarefni.

Tafla 7.12. *Dagskrárfjölbreytni norrænna sjónvarpsstöðva*

			Hlutfallsleg skipting, %		*Dagskrár-fjölbreytni*
	Staða	*Heiti stöðvar*	*Upplýsing*	*Afþreying*	
Danmörk	Opinberar stöðvar	DR 1	52	48	+.04
-2006	Blendingsstöðvar[1]	TV 2	32	68	-.36
	Einkastöðvar	TV 3/TV3+	5	95	-.90
		Kanal 4/Kanal 5	2	98	-.96
Finnland	Opinberar stöðvar	YLE TV1	65	31	+.34
-2004		YLE TV2	31	51	-20
	Einkastöðvar	MTV3	24	74	-.50
		Nelonen	13	79	-.66
Færeyjar	Opinberar stöðvar	Sjónvarp Føroya – SvF	40	60	-.20
(2003)					
Grænland	Opinberar stöðvar	KNR-TV	22	49	-.27
-2006					
Ísland	Opinberar stöðvar	Sjónvarpið	21	56	-.35
-2008	Einkastöðvar	Skjár 1	2	79	-.77
		Stöð 2	13	65	-.52
Noregur	Opinberar stöðvar	NRK 1	46	45	+.01
-2006	Blendingsstöðvar1	TV 2/NO	31	60	-.29
	Einkastöðvar	TV Norge	23	77	-.54
		TV 3	4	77	-.73
Svíþjóð	Opinberar stöðvar	SVT 1 og 2	64	33	+.31
-2006	Blendingsstöðvar[1]	TV 4	38	61	-.23
	Einkastöðvar	Kanal 5	19	79	-60
		TV 3	18	81	-.63
Norðurlönd	Allar stöðvar	Meðaltal	27	65	-.38
	Opinberar stöðvar	Meðaltal	44	46	+.02
	Blendingsstöðvar[1]	Meðaltal	34	63	-.29
	Einkastöðvar	Meðaltal	13	80	-.67

Skýringar: Hlutfall upplýsingar og afþreyingar af heildarútsendingartíma stöðva. Tala innan sviga við viðkomandi land vísar til þess árs sem upplýsingarnar eiga við.

Efnisflokkar:

Upplýsing: fréttir, fréttaskýringar, veður og þættir um samfélagsmál, fræðsla, menning, listir, trúmál og vísindi.

Afþreying: leikið efni, skemmtiefni, tónlist og íþróttir.

Dagskrárfjölbreytni tekur gildi frá –1 til +1, þar sem 0 táknar fullkomið jafnvægi milli upplýsingar og afþreyingar, –1 táknar algera áherslu á afþreyingu og +1 táknar algera áherslu á upplýsingu.

Dagskrárfjölbreytni reiknast þannig: upplýsing % – afþreying % * 0,01.

[1] Stöðvar í opinberri eigu sem fjármagnaðar eru eingöngu eða að mestu leyti með markaðstekjum (auglýsingum og kostun).

Heimildir: Hagstofa Íslands; Harrie, 2006; Lund og Berg, 2009; Ragnar Karlsson, 2008a; að hluta til eigin útreikningar.

Frekari samanburður á efnisframboði norrænu stöðvanna er sýndur í mynd 7.11. Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu á milli upplýsingar og afþreyingar en ekki hlutfall hvors efnisflokks af heildarútsendingartíma stöðvanna eins og sýnt er í töflu 7.12.

Mynd 7.11. *Upplýsing og afþreying á dagskrá norrænna sjónvarpsstöðva (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma milli upplýsingar og afþreyingar. Sjá frekar skýringar við *töflu 7.12*.
Heimildir: Hagstofa Íslands; Harrie, 2006; Lund og Berg, 2009; Ragnar Karlsson, 2008a; að hluta til eigin útreikningar.

Samanburður á dagskrárfjölbreytni Sjónvarpsins og annarra opinberra evrópskra sjónvarpsstöðva er sýndur í töflu 7.13 og á mynd 7.12. Sjónvarpið er á meðal þeirra stöðva í 31 landi álfunnar sem leggja mesta áherslu á afþreyingarefni af þeim 35 opinberu stöðvum sem hér eru bornar saman. Hlutfall upplýsingar og afþreyingar og dagskrárfjölbreytni er langt fyrir neðan reiknað meðaltal og miðgildi stöðvanna. Ríkari áhersla á afþreyingu er aðeins að finna í portúgalska ríkissjónvarpinu, RTP, og því írska, RTÉ.[71] Hér er gengið út frá því að nokkurt jafnvægi geti talist í dagskrá ef innbyrðis hlutfall á milli upplýsingar og afþreyingar liggur á milli 70 og 30%. Dagskrá 31 stöðvar af þeim 35 stöðvum sem samanburðurinn tekur telst vera tiltölulega fjölbreytt samkvæmt þessu.

Tafla 7.13. *Dagskrárfjölbreytni opinberra evrópskra sjónvarpsstofnana*

		Hlutfallsleg skipting, %		*Dagskrár-*	
Land	*Söðvar*	*Upplýsing*	*Afþreying*	*fjölbreytni*	*Ár*
Austurríki	ORF1, 2	31	69	-.38	2006
Belgía, flæmski hlutinn	VRT1, Canvas Ketnet	36	64	-.28	2006
Belgía, vallónski hlutinn	RTBF1, 2	52	48	+.04	2006
Bretland	BBC1, 2	56	44	+.12	2006
Búlgaría	BNT 1	30	70	-.40	2005
Danmörk	DR1, 2	58	42	+.16	2006
Eistland	ETV	51	49	0,02	2006
Finnland	YLE1, 2	50	50	–	2006
Frakkland	France 2	49	51	-.02	2007
Færeyjar	SvF	65	35	+.30	2003
Grænland	KNR-TV	31	69	-.38	2006
Holland	Ned1, 2, 3	60	40	+.20	2006
Írland	RTÉ1, 2	18	82	-.64	2006
Ísland	RÚV – Sjónvarp	21	79	-.58	2008
Ítalía	RAI Uno, Duo, Tre	48	52	-.04	2006
Króatía	HRT1, 2	31	69	-.38	2006
Lettland	LTV 1	37	63	-.26	2004
Litháen	LNRT	31	69	-.38	2005
Malta	PBS-TVM	60	40	+.20	2005
Noregur	NRK1, 2	34	66	-.32	2006
Pólland	TVP1, 2	34	66	-.32	2006
Portúgal	RTP1, 2	27	73	-.46	2007
Rúmenía	TVR1, 2	39	61	-.22	2006
Slóvakía	STV 1, 2	36	64	-.28	2003
Slóvenía	RTVSLO1, 2	44	56	-.12	2006
Spánn	TVE La Primera, La 2	56	44	+.12	2006
Sviss, frönskumælandi hlutinn	SF 1, 2	29	71	-.42	2006

[71] Upphæð afnotagjalda á Írlandi og í Portúgal er einna lægst í Vestur-Evrópu (EAO, 2008b: 56). Bæði RTÉ og RTP hefur í auknum mæli verið gert á undanförnum árum að fjármagna starfsemi sína með auglýsingatekjum, sem aftur hefur orðið til þess að stöðvarnar hafa lagt aukna áherslu á afþreyingarefni í því skyni að auka áhorf og höfða betur til auglýsenda (Corcoran, 2004: 98–100 o.áfr.; Sousa og Silva, 2009.

Land	*Söðvar*	*Hlutfallsleg skipting, %* *Upplýsing*	*Afþreying*	*Dagskrár-fjölbreytni*	*Ár*
Sviss, þýskumælandi hlutinn	TSR1, 2	49	51	-.02	2006
Sviss, ítölskumælandi hlutinn	TSI1, 2	50	50	–	2006
Svíþjóð	SVT1, 2	48	52	-.04	2006
Tékkland	CT1, 2	52	48	+.04	2006
Tyrkland	TRT1, 2	45	55	-.10	2005
Ungverjaland	MTV M1	57	43	+.14	2006
Þýskaland	ARD (Das Erste)	50	50	–	2007
	ZDF TV	57	43	+.14	2006
Evrópa	Meðaltal	43	57	-.14	•
	Miðgildi	48	52	-.04	•

Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma milli upplýsingar og afþreyingar.
Efnisflokkar:
Upplýsing: fréttir, fréttaskýringar, veður og þættir um samfélagsmál, menning, fræðsla, listir, trúmál og vísindi.
Afþreying: leikið efni, skemmtiefni, tónlist og íþróttir.
Dagskrárfjölbreytni tekur gildi frá -1 til +1, þar sem 0 táknar fullkomið jafnvægi milli upplýsingar og afþreyingar, -1 táknar algera áherslu á afþreyingu og +1 táknar algera áherslu á upplýsingu.
Dagskrárfjölbreytni reiknast þannig: upplýsing % – afþreying % * 0,01.
Heimildir: EAO, 2004–2008; Ragnar Karlsson, 2008a; eigin útreikningar.

Mynd 7.12. *Upplýsing og afþreying á dagskrá opinberra evrópskra sjónvarpsstöðva (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma að frátöldu efni fyrir börn og unglinga, auglýsingum, fjarsölu, dagskrárkynningum og óflokkuðu efni. Sjá annars skýringar við *töflu 7.13.*
Heimildir: EAO, 2005–2008; Ragnar Karlsson, 2008a; eigin útreikningar.

1.15.2 Samanburður á dagskráráherslum Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2

Upplýsingar um fjölda og hlutfall útsendra stunda eftir efni og uppruna gefa ekki tilefni til bollaleggingar um gæði einstakra dagskrárliða stöðvanna. Til þess að það sé unnt þarf mun ítarlegri samanburð á efni stöðvanna og dagskrársamsetningu þeirra en mögulegt er að veita hér. Hins vegar gefa þessar upplýsingar nokkra mynd af því hvert framlag hverrar stöðvar er til upplýstrar samfélagslegrar umræðu og almennrar menningarlegrar þróunar líkt og kveðið er á um í útvarpslögum að stöðvarnar skuli stuðla að (útvarpslög, nr. 53/2000, IV. kafli, 7.–9. gr.).

Dagleg dagskrárupprðun stöðva á samkeppnismarkaði sem sýna almennt efni hefur tilhneigingu til að vera keimlík. Þetta gera stöðvarnar til þess að draga eins og auðið er úr líkum þess að áhorfendur sjái ástæðu til að flakka á milli stöðva (Hujanen, 2000). Þetta má að nokkru skýra út með svonefndum „Hotelling áhrifum“ (e. *Hotelling effect*) sem kennd eru við Harold Hotelling. Hann leiddi að því rök með stærðfræðilegri rökleiðslu í grein sem hann birti árið 1929 að rík tilhneiging sé til offramboðs á mörkuðum á vöru með sömu eða líka eiginleika sem mikil eftirspurn sé eftir. Þetta skýrir til að mynda út hvers vegna verslanir sem selja svipaðan varning og þjónustustaðir sem bjóða upp á hliðstæða þjónustu (svo sem skyndibitastaðir) hnappast saman þar sem flestir eða margir eiga leið um, jafnvel í kringum sama götuhornið, eins og svo margir hafa vafalaust tekið eftir á ferðum sínum erlendis. Þó að aðilum fjölgi og hagnaður hvers um sig sé enn meiri en tilkostnaðurinn við að flytja sér enginn ástæðu til þess að færa sig um set.

Þessari hugmynd um „miðsækni“ (e. *centrism theory*) hefur allnokkuð verið beitt við rannsóknir á fjölbreytni á fjölmiðlamörkuðum, einkum í sjónvarpi.[72] Ljós dæmi um þetta „hjarðeðli“ má víða sjá í tengslum við fjölmiðla og fjölmiðlun. Fræg er til að mynda sú „sprengja“ sem varð í útgáfu bóka um líkamsrækt og mataræði í kjölfar bókar bandarísku leikkonunnar Jane Fonda, Jane Fonda's Workout Book (1982), og sjónvarpsþátta í framhaldinu. Í kjölfar fyldi síðan röð bóka eftir kvikmyndastjörnur og aðra nafntogaða einstaklinga sem vildu leggja sitt lóð á vogarskálar og kenna mönnum að borða minna og æfa meira (Neuman, 1991: 152).[73] Að því er viðkemur sjónvarpi sérstaklega birtist þetta í ríkri tilhneigingu milli einkarekinna stöðva að leita í smiðju til keppinautarins í efnisgerð líkt og Mercedes Medina bendir á í nýlegri samanburðarrannsókn á sjónvarpi í nokkrum löndum Evrópu:

> Þegar einkarekin útvarpsfyrirtæki fást við að búa til áheyrendahópa til að selja auglýsendum reyna þau að fá sem stærstan hóp áheyrenda með dagskrá sinni. Af því leiðir að ef eigendum útvarpsstöðva gengur vel í samkeppni og þeir njóta stuðnings auglýsenda hættir ákvörðunum um dagskrá

---

[72] Einna fyrstur manna til að heimfæra hugmynd Hotellings um miðsækni upp á fjölmiðlamarkaði var bandaríski hagfræðingurinn Peter O. Steiner í greininni „Program Patterns and Preferences and the Workability of Competition in Radio Broadcasting“ sem birtist í Quarterly Journal of Economics árið 1952 þar sem hann bar saman dagskrá stóru bandarísku sjónvarpsstöðvanna með tilliti til upphaflegrar hugmyndar Hotellings.

[73] Anga af þessari tísku rak á fjörur hér á landi með sjónvarpsþáttum og útgáfu bókarinar *Í fullu fjöri* eftir Sigrúnu Stefánsdótur árið 1983. Innlend dæmi um þessa hneigð er til að mynda sú holskefla sem riðið hefur yfir í útgáfu frumsaminna og þýddra sakamálasagna á undanförnum árum í kjölfarið á vinsældum bóka Arnalds Indriðasonar. Ekki er óþekkt að hljómplötuútgefendur keppist sín á milli um að endurtaka leikinn frá síðasta smelli með útgáfu á nær því sama; neytendatímarit fjalla meira og minna um sömu einstaklingana með áþekkum efnistökum; sjónvarpsstöðvar keppast sín á milli við að sýna á sama tíma viðlíka efni, og þannig mætti lengi upp telja.

> til að snúast um endurtekningu þar sem þeir eru undir stöðugum þrýstingi um að styðjast við sams konar dagskrárframboð.
>
> [*If commercial broadcasters are in the business of producing audiences to be sold to advertisers, then they will try to get the largest audience through their programmes. Therefore, if channel owners are competitive and advertiser supported, programming decisions will show a strong tendency toward duplication, as they are pressured to rely on the same kind of programming.*]
>
> Medina, 2004: 109.

Þessari tilhneigingu til miðsækni í útvarpi (hljóðvarpi jafnt sem sjónvarpi) má lýsa eins og sýnt er í töflu 7.14. Segjum sem svo að 80 prósent hljóðvarpshlustenda kjósi að hlusta á dægurtónlist (hópur A) og 20 prósent á klassíska tónlist (hópur B). Jafnframt er gert ráð fyrir að tekjur og kostnaður af því að þjónusta hvern hóp fyrir sig sé hlutfallslega sá sami á hvern einstakling og stöðvarnar sækist eftir að ná í eins marga notendur og mögulegt er fremur en tiltekna notendur.

Tafla 7.14. *Miðsækni fjölmiðlamarkaða*

	Efnisóskir hlustenda/áhorfenda	
Fjöldi fjölmiðla á markaði	*Efni A (80%)*	*Efni B (20%)*
1 fjölmiðill	80% * 1	Ekki þjónað
2 fjölmiðilar	40% * 2	Ekki þjónað
3 fjölmiðlar	27% * 3	Ekki þjónað
4 fjölmiðilar	20% * 4	Ekki þjónað
Eða	27% * 3	20% * 1
...		
9 fjölmiðlar	11% * 7	10% * 2
Eða	10% * 8	10% * 1

Heimildir: Með hliðsjón af Collins, Garnham og Locksley, 1988: 105; Doyle, 2002b: 73–74; Hoskins, McFadyen og Finn, 2004: 258; Neumann, 1991: 155; Waterman, 2006: 392–93.

Ef aðeins er um eina hljóðvarpsstöð að ræða er ljóst að hún mun kappkosta að þjóna 80 prósentum hlustenda, hópi A, fremur en þeim 20 prósentum sem kjósa að hlusta á klassíska tónlist (hópur B). Sama væri uppi á teningnum ef stöðvarnar væru tvær, þar sem helmingur hlustenda í hópi A er stærri en hópur B. Á sama hátt mundi borga sig fyrir þriðju stöðina að þjónusta hóp A þar sem þriðjungur hlustenda í hópi A (26,6%) er fjölmennari en hópur B. Það væri því ekki fyrr en stöðvarnar væru orðnar fjórar að tölu að það væri álitamál hvort það borgaði sig ekki að höfða til hóps B sem er jafnstór og fjórðungur af hópi A og sitja að þeim markaði óskiptum í stað þess að keppa við þrjár aðrar stöðvar um hlustendur í hópi A. Til þess að tvær stöðvar sæu sér hag í að þjónusta hóp B þyrftu stöðvarnar að vera orðnar að minnsta kosti níu talsins, þar sem helmingur af 20 prósentum er jafnstór og áttundi partur af 80 prósentum. Ef markaðnum væri hins vegar þjónað af einum aðila sem ræki tvær stöðvar í stað nokkurra aðila sem starfrækti hver eina stöð, mundi þessi sami rekstraraðili best hámarka fjölda hlustenda með því að stöðvarnar höfðuðu til sitt beggja hlustendahópanna.

Hér er vitanlega um tilbúið dæmi að ræða, en engu síður virðist hugmynd Hotellings um miðsækni eiga ágætlega við um útvarpsmarkaðinn. Vitanlega er því ekki þannig farið að óskir manna um fjölmiðlaefni séu svo einstrengingslegar að ekki geti með neinu móti samrýmst óskum annarra að einhverju leyti. Þannig hafa flestir gaman af leiknu efni og afþreyingu, ekki síður en fræðslu og heimildarefni. Jafnframt er það aldrei svo að hver og einn

finni ekki eitthvað sem fellur að eigin smekk í ólíkum fjölmiðlum. Þá skiptir einnig máli að fjölmiðlanotendur eru misjafnlega „verðmætir“ fyrir fjölmiðla og í augum auglýsenda. Allt eins getur borgað sig að höfða til afmarkaðs hóps eða hópa á meðal fjölmiðlanotenda, svo sem eftir aldri og efnahag, fremur en til fjölmiðlanotenda almennt. Slíkt ræðst vitanlega af því að hvort afraksturinn sé meiri en tilkostnaðurinn. Alþekkt er til að mynda úr áskriftarsjónvarpi að notendur eru tilbúnir að greiða hærra verð fyrir aðgang að efni sem þeir hafa áhuga á (Doyle, 2002b; Hoskins, McFadyen og Finn, 2004).

Því er oft haldið fram að einkareknir fjölmiðlar og samkeppni þeirra á milli tryggi að „fólk fái það sem það vill“. Miðað við það sem sagt er hér á undan er hæpið að gera að því skóna að svo sé í raun. Eins og W. Russell Neuman segir: „Hagfræði fjölmiðlunar stuðlar ekki að fjölbreytni. Á þessu markaðstorgi hugmynda ríkir óvenjulega sterkur miðsóknarkraftur sem leiðir til óhóflegrar einsleitni.“ [*„The economics of mass communications do not promote diversity. There is a curiously powerful centripetal force in the marketplace of ideas that leads to ... „excessive sameness““*] (Neuman, 1991: 129). Því væri réttara að segja að samkeppni milli fjölmiðla um notendur og tekjur tryggi fyrst og fremst framboð á efni sem flestir vilja og aðrir geta sætt sig við sem skásta kost sem er í boði. Slíkt þarf vitanlega ekki endilega þýða það sama og fjölbreytni. Samkeppni milli fjölmiðla ein og sér er tæpast til þess fallin að tryggja menningarlegan fjölbreytileika og fullnægja ólíkum óskum um efni sem fjölmiðlanotendur hafa. Í öllu falli er með öllu óraunhæft að gera ráð fyrir að fjölbreytni á jafnlitlum markaði og hér er sé eins mikil og á stærri mörkuðum.

Dagskrárröðun efnis sjónvarpsstöðva (e. *scheduling*) – einkum á kjörtíma – einkennist af því sem lýsa má sem „dagskrárflæði“ (e. *programme flow*) (sjá Williams, 1974, 4. kafla). Dagskráin líður áfram með föstum efnisliðum, blöndu af fréttum og fréttatengdu efni, léttri afþreyingu og leiknu efni með það að markmiði að halda áhorfandanum við skjáinn sem lengst og án þess að hann finni hjá sér hvöt til að skipta á milli stöðva. Áhorfandinn gengur þannig að blöndu af ólíku efni sem vísri og dagskrárflæðið myndar eina samofna heild yfir eina kvöldstund, eða það sem Raymond Williams nefndi „kvöldáhorf“ (*„an evening's viewing“*, Williams, 1974: 98). Það er vegna þessa sem oft er þannig tekið til orða að horft hafi verið á sjónvarpið og hlustað á hljóðvarpið í stað þess að segja að horft eða hlustað hafi verið á tiltekið efni eða dagskrárlið (Scannell, 2000: 9–10). Upprröðun efnis innan dagskrárammans (e. *programme grid*) getur verið með ýmsu móti eftir árstíðum, vikudögum o.s.frv. (Ellis, 2000.)[74] Almennt má greina mun á dagskrárröðun og dagskrárflæði milli stöðva sem hafa almannaþjónustuhlutverki að gegna og markaðsstöðva.[75]

Lauslegur samanburður á daglegri dagskrá Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 leiðir í ljós að upprröðun dagskrárliða á kjörtíma og daglangt í miðri viku og um helgar er með talsvert

---

[74] Þannig er dagskrá Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 með talsvert ólíku sniði um helgar og í miðri viku. Meiri áhersla er lögð á afþreyingu í helgardagskránni en á virkum dögum. Sömuleiðis er dagskrá stöðvanna sumpart ólík, einkum dagskrá Sjónvarpsins, eftir árstíðum. Á veturna leggja stöðvarnar ríkari áherslu á frumsýnt innlent efni, einkum leikið efni, heimildar- og skemmtiþætti, en á sumrin þegar sjónvarpsáhorf er almennt minna.

[75] Hugmyndina að mismunandi upprröðun og flæði dagskrár stöðva í almannaþjónustu og markaðsstöðva er upphaflega fram komin í riti Raymonds Williams frá 1974 um samanburð á bandarísku og evrópsku sjónvarpi. Samkvæmt Williams leggja sjónvarpsstöðvar í almannaþjónustu fyrst og fremst rækt við fréttir og fréttatengt efni, umfjöllun um samfélagsmálefni og listir, heimildarþætti, sjónvarpsleikrit og barnaefni, á meðan áhersla markaðsstöðva er á leikna þætti og þáttaraðir, kvikmyndir og almenna afþreyingu (Williams, 1974: 84–86).

ólíkum hætti milli stöðvanna. Dagskrá Sjónvarpsins og Stöðvar 2 á kjörtíma samanstendur af upplýsingaefni í bland við afþreyingu. Meiri efnisfjölbreytni gætir þó í Sjónvarpinu á kjörtíma, en stöðin leggur meiri áherslu á upplýsingaefni á kjörtíma en Stöð 2, auk sýninga á íþróttum. Fyrir og eftir kjörtíma samanstendur dagskrá Stöðvar 2 mestmegnis af afþreyingu. Á sama tíma er dagskrá Sjónvarpsins blandaðri. Skjár 1 sýnir hins vegar að mestu afþreyingarefni í bland við raunveruleikasjóvarp, hvort heldur er á kjörtíma eða fyrir og eftir. Dagskrá stöðvanna er með nokkuð öðru sniði um helgar. Þá leggja þær aukna áherslu á afþreyingarefni á kjörtíma á öllum stöðvum, þáttaraðir og kvikmyndir, nema hvað dagskrá Sjónvarpsins er mun fjölbreyttari á sunnudagskvöldum en dagskrá hinna stöðvanna (sjá frekari umræðu um upprðun dagskrár stöðvanna í Ragnari Karlssyni og Þorbirni Broddasyni, 2006).

Ólíkar áherslur Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 á upplýsingu og afþreyingu og innlent og erlent efni eru sýndar á myndum 7.13 og 7.14, sem hlutfall og útsendir daglegir tíma eftir efni og uppruna árið 2008. Sömu mælikvarðar eru hér notaðir við að meta hvort dagskrár stöðvanna beri vott um jafnvægi, ofgnótt eða efnisfátækt og beitt var við mat á dagskrá hljóðvarpsstöðva hér að framan (kafli 4.2.5). Fari hlutur annars af þeim tveimur efnisflokkum sem hér eru lagðir til grundvallar, annars vegar upplýsingu á móti afþreyingu, og hins vegar innlendu efni í samanburði við erlent, yfir 70% er hægt að tala um efnisofgnótt af viðkomandi efni, og efnisfátækt í þeim efnisflokki sem liggur undir 25%.

Mynd 7.13. *Útsendir tímar á dag og hlutfallsleg skipting dagskrár milli upplýsingar og afþreyingar í Sjónvarpinu, Skjá 1 og Stöð 2 2008 (%)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma stöðvanna á dag að jafnaði að frátöldu efni fyrir börn og unglinga, auglýsingum, fjarsölu, dagskrárkynningum og óflokkuðu efni og að frátöldum tónlistarmyndböndum á Skjá 1.
Efnisflokkar:
Upplýsing: fréttir, fréttaskýringar, veður og þættir um samfélagsmál, menning, listir, trúmál og vísindi.
Afþreying: leikið efni, skemmtiefni, tónlist og íþróttir.
Efnisfátækt er hér skilgreind sem minna en 30 af hundraði af heildardagskrárefni hvors efnisflokks um sig.
Dagskrárfjölbreytni er hér skilgreind sem 30 til 70 af hundraði af heildardagskrárefni hvors efnisflokks um sig.
Efnisofgnótt er hér skilgreind sem meira en 70 af hundraði af heildardagskrárefni hvors flokks um sig.
Heimild: Hagstofa Íslands, eigin útreikningar.

Mynd 7.14. *Útsendir tímar á dag og hlutfallsleg skipting dagskrár milli innlends og erlends efnis í Sjónvarpinu, Skjá 1 og Stöð 2 2008 (%)*



Skýringar: Hlutfallsleg skipting útsendingartíma stöðvanna á dag að jafnaði að frátöldum auglýsingum, fjarsölu, dagskrárkynningum og óflokkuðu efni og að frátöldum tónlistarmyndböndum á Skjá 1.
Efnisfátækt er hér skilgreind sem minna en 30 af hundraði af heildardagskrárefni hvors efnisflokks um sig.
Dagskrárfjölbreytni er hér skilgreind sem 30 til 70 af hundraði af heildardagskrárefni hvors efnisflokks um sig.
Efnisofgnótt er hér skilgreind sem meira en 70 af hundraði af heildardagskrárefni hvors flokks um sig.
Heimild: Hagstofa Íslands, eigin útreikningar.

Samkvæmt þessu einkennist efnisframboð einkastöðvanna af ofgnótt afþreyingarefnis og af erlendu efni og að sama skapi af fátækt af efni sem gróflega má flokka undir upplýsingu og af innlendu efni. Ójafnvægi í dagskrá Skjás 1 er þó sýnu meira en dagskrá Stöðvar 2 ber vitni um. Dagskrá Sjónvarpsins nálgast að vera í jafnvægi hvort heldur er miðað við efni eða uppruna dagskrár.

Samanburður á dagskrá stöðvanna sýnir að dagskráráherslur þeirra eru um margt ólíkar. Lýsa má mismunandi dagskráráherslum Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2 út frá þeim upplýsingum sem tilfærðar eru hér á undan um samsetningu dagskrár og efnisframboð á þann hátt sem sýnt er í töflu 7.15. Sjónvarpið og Stöð 2 skera sig úr í samanburði við Skjá 1 hvað viðkemur áherslu á efni sem flokkast getur undir upplýsingu og afþreyingu. Sjónvarpið og Stöð 2 leggja svipaða áherslu á sýningar á efni fyrir börn og á innlent efni, þrátt fyrir að áhersla á innlent efni sé meiri daglangt í Sjónvarpinu en á Stöð 2, að ekki sé talað um á Skjá 1. Dagskrársamsetning og dagskráráherslur þessara tveggja stöðva eru þó um sumt sambærilegar á kjörtíma.

Tafla 7.15. *Dagskráráherslur almennra sjónvarpsstöðva daglangt og á kjörtíma*

	Sjónvarpið	*Skjár 1*	*Stöð 2*
Daglangt			
Upplýsing[1]	++	–	++
Afþreying[2]	++	+++	+++
Íþróttir	+++	–	–
Börn og unglingar	++	–	++
Tónlist	0	+++	+
Innlent efni	0	+	+
Kjörtími			
Upplýsing[1]	0	–	+
Afþreying[2]	++	+++	+++
Íþróttir	+	–	–
Börn og unglingar	–	–	–
Tónlist	–	–	–
Innlent efni	++	–	++

Skýringar: Byggt á upplýsingum um skiptingu dagskrár stöðvanna.
Merking tákna: – engin eða hverfandi lítil áhersla; + nokkur áhersla; ++ talsverð áhersla; +++ rík áhersla.
[1] Fréttir, veður og þættir um þjóðfélagsmál, menningu, listir og vísindi.
[2] Leikið efni, skemmti- og dægurmálaþættir, auk annarrar afþreyingar.

Samanburð á dagskráráherslum stöðvanna með tilliti til áherslu á upplýsingu og afþreyingu og innlent og erlent efni má enn fremur sýna eins og gert er í mynd 7.15. Allar stöðvarnar leggja mun ríkari áherslu á afþreyingu fremur en upplýsingu, þó í mismiklum mæli sé. Aðeins dagskrá Sjónvarpsins kemst næst því að vera í jafnvægi hvað varðar innlent og erlent efni.

Mynd 7.15. *Efnisáherslur Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2*



Skýringar: byggt á *töflu 7.15.*

Ólíkt efnisframboð og dagskráráherslur almennu sjónvarpstöðvanna Sjónvarpsins, Skjás og Stöðvar 2 undirstrika svo ekki verður um villst ólíkt hlutverk og tilgang stöðvanna. Á meðan Sjónvarpið hefur margvíslegar skyldur gagnvart almenningi sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum, eru skyldur einkastöðvanna næsta litlar.[76]

1.16 Markaðshlutdeild í sjónvarpi

Mikillar samþjöppunar gætir á sjónvarpsmarkaði hér á landi. Lengi vel skiptist sjónvarpsmarkaðurinn nokkuð jafnt á milli Sjónvarpsins og Stöðvar 2. Það var ekki fyrr en með tilkomu Skjás 1 sem tók að draga nokkuð úr veldi þessara tveggja stöðva á sjónvarpsmarkaði. Mynd 7.16 sýnir markaðshlutdeild stöðva 1995–2009 mælda sem hlutfall af þeim tíma sem sjónvarpsáhorfendur vörðu fyrir framan sjónvarpið daglega að jafnaði.[77]

Frá árinu 1995 hefur Sjónvarpið haldið svo til óbreyttum hlut í áhorfi, eða verið með markaðshlutdeild milli 40 og 50%. Tilkoma Skjás 1 hefur fyrst og fremst dregið úr markaðshlutdeild Stöðvar 2, sem hefur farið úr tæplega 50 prósenta markaðshlutdeild í október 1995 niður í 29 prósenta hlut í 42. viku 2009 (12.–18. október). Skjár 1 hefur að jafnaði haft 15 til 20 prósenta markaðshlutdeild frá upphafi mælinga á áhorfi á stöðina árið 1999. Áhorf á Skjá 1 mældist mest 25 prósent haustið 2006, en markaðshlutdeild stöðvarinnar reyndist 15 prósent í 42. viku 2009. Áhorf á aðrar stöðvar en þessar þrjár er snöggtum minna. Samanlögð hlutdeild Stöðvar 2 Bíó, Stöðvar 2 Sport og Stöðvar 2 Extra var átta af hundraði í 42. viku í október 2009.

Mynd 7.16. *Hlutdeild sjónvarpsstöðva í heildaráhorfi 1995–2009*



Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1995–1998; Capacent, 1999–2009.

---

76 Þetta gildir jafnt um hljóðvarp sem sjónvarp, sbr. kafla 4.1 að framan.

77 Hér er aðeins miðað við hlutfall af áhorfi á þær stöðvar sem spurt var um í könnunum, en ekki allt sjónvarpsáhorf. Um ástæður þessa sjá að framan í 47. nmgr.

Markaðshlutdeild einstakra stöðva í 42. viku 2009 (dagana 12.–18. október) er dregin upp í mynd 7.17.

Mynd 7.17. *Hlutdeild stöðva í heildaráhorfi á sjónvarp í október 2009*



Skýringar: 42. vika 2009, 12.–18. október 2009.

* *Stöð 2 Sport* og *Stöð 2 Sport 2* eru hér taldar sem ein stöð. Hlutdeild hvorrar stöðvar í heildaráhorfi mældist um 2,3 prósent og 1,5 prósent, í þessari röð.

Heimild: Capacent, 2009.

Séu þessar niðurstöður heimfærðar upp á rekstraraðila, eins og gert er í mynd 7.18, sést greinilega hvernig tilkoma Skjás 1 breytti því veldi sem lengi vel ríkti á markaði milli Sjónvarpsins og stöðva 365 miðla ehf. og fyrirrennara þess.[78] Með tilkomu Skjás 1 dró talsvert úr markaðshlutdeild hinna tveggja stóru aðilanna á markaði. Frá því um aldamót og fram til ársins 2007 hélst markaðshlutdeild þessara þriggja aðila að mestu óbreytt. Samanlögð markaðshlutdeild stöðva 365 miðla ehf. í október 2009 (42.viku) var 37% samanborið við 55% í október 1999 er markaðshlutdeildin mældist hæst. Á sama tíma hefur hlutur Sjónvarpsins aukist nokkuð, frá því að vera 43% árið 1999 í 49%. Ef hins vegar er einungis miðað við skiptingu á markaðshlutdeild milli rekstraraðila einkastöðvanna þá mældist samanlögð hlutdeild stöðva 365 miðla ehf. 71% á móti 29% hlut Skjásins – miðlar ehf. sem gerir út Skjá 1.

[78] Þ.e. Dagsbrúnar hf., Norðurljósa hf., Íslenska útvarpsfélagsins hf. og Sýnar ehf.

Mynd 7.18. *Hlutdeild rekstraraðila í heildaráhorfi á sjónvarp 1995–2009*



Skýringar:
* 365 miðlar ehf. og fyrrirennarar þess Dagsbrún hf., Norðurljós hf., Íslenska útvarpsfélagið hf. og Sýn ehf.
Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1995–1998; Capacent, 1999–2009.

Með auknu framboði sjónvarpsefnis og fjölgun sjónvarpsstöðva dró verulega úr hlutdeild Sjónvarpsins í áhorfi gagnvart einkastöðvunum (sjá mynd 7.19). Samanlagður skerfur einkastöðva í heildaráhorfinu í 42. viku 2009 var 51 af hundraði samanborið við 65 af hundraði er hann hefur verið mestur.

Mynd 7.19. *Hlutdeild Sjónvarpsins og einkarekinna stöðva í heildaráhorfi 1995–2009*



Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1995–1998; Capacent, 1999–2009.

Reyndar ber þess að geta að dregið hefur verulega úr markaðshlutdeild Skjás 1 síðan stöðin hóf að senda út læsta dagskrá til áskrifenda eingöngu í nóvember 2009. Þannig mælist stöðin nú að jafnaði með milli sex og sjö prósenta hlut í stað 15–16 áður. Minnkað áhorf á stöðina hefur komið Sjónvarpinu fyrst og fremst til góða. Eftir að Skjár 1 varð að áskriftarstöð mælist Sjónvarpið að jafnaði með um 55% hlutdeild (sjá Capacent., *www.capacent.is > fjölmiðlamælingar>sjónvarp*).

Markaðshlutdeild þeirra þriggja stöðva sem senda út almenna dagskrá, Sjónvarpsins, Skjás 1 og Stöðvar 2, er að jafnaði yfir 90% af samanlögðu áhorfi á þær stöðvar sem þátt taka í áhorfsmælingum. Þetta vekur upp spurningu um það hvort samhengi sé á milli framboðs stöðva eftir dagskrársniði og eftirspurn áhorfenda. Tafla 7.16 sýnir efnisfjölbreytni á sjónvarpsmarkaði eftir dagskrársniði stöðva og skiptingu áhorfenda.

Tafla 7.16. *Samanburður á dagskrárframboði og áhorfi á almennar stöðvar og sérefnisstöðvar*

	Dagskrárframboð, %	*Áhorf, %*	*Mismunur*
Almennar stöðvar[1]	49	91	-42
Íþróttastöðvar[2]	23	5	+18
Afþreyingarstöðvar[3]	27	4	+23

Skýringar: Áhorf í 18. viku 2009, 26. apríl – 3. maí; á Sjónvarpið, Skjá 1, Stöð 2, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Extra og Stöð 2 Sport; dagskrárframboð sömu stöðva árið 2008.
[1] Þ.e. Sjónvarpið, Skjár 1 og Stöð 2.
[2] Þ.e. Stöð 2 Sport.
[3] Þ.e. Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra.
Heimildir: Capacent; Hagstofa Íslands.

Samanburðurinn sýnir að eftirspurn eftir almennum stöðvum er mun meiri en framboðið. Dagskrárframboð almennra stöðva er tæplega helmingur af dagskrárframboði sjónvarps, þótt níu tíundu hlutar áhorfsins falli í þeirra hlut. Dagskrárframboð íþróttastöðvarinnar Stöðvar 2 Sport er talsvert umfram eftirspurn. Munurinn er enn meiri á milli framboðs og eftirspurnar afþreyingarstöðva.

1.16.1 Markaðshlutdeild í norrænum og evrópskum samanburði

Samþjöppun á sjónvarpsmarkaði tiltölulega mikil hér á landi í samanburði við það sem almennt gerist í löndum Evrópu. Það á jafnt við hvort sem miðað er við markaðshlutdeild áhorfsmestu stöðvarinnar eða tveggja og þriggja áhorfsmestu stöðvanna eins og lesa má út úr töflu 7.17.[79] Þetta stafar af miklu leyti af því að fjöldi stöðva er minni hér en almennt gerist í fjölmennari löndum. Áhorfendur dreifast því ekki í sama mæli hér á milli stöðva eins og í þeim löndum þar sem þar sem sjónvarpsáhorfendur geta valið á milli mikils fjölda stöðva. Hlutur einkastöðva er sömuleiðis mun lægri hér en sem nemur hlut einkastöðva að meðaltali í Evrópu; að sama skapi er hlutur Sjónvarpsins hærri en stöðva í almannaþjónustu að jafnaði.

Mynd 7.20 sýnir markaðshlutdeild stöðva í opinberri eigu og einkastöðva innan 37 Evrópulanda miðað við upplýsingar frá árinu 2007. Markaðshlutdeild sjónvarps í almannaþjónustu er aðeins hærri í Hvíta Rússlandi og Króatíu en hér á landi.

Tafla 7.17. *Sjónvarp í Evrópu 2007 – hlutdeild í áhorfi*

	Aldur áhorfenda í mælingum	*Hlutdeild stöðvar með mest áhorf, %*	*Hlutdeild tveggja stöðva með mest áhorf, %*	*Hlutdeild þriggja stöðva með mest áhorf, %*	*Hlutdeild opinberra stöðva, %*	*Hlutdeild einka-rekinna stöðva, %*[1]
Austurríki	12+	26	43	50	43	57
Belgía, flæmski hlutinn	15+	31	53	61	37	63
Belgía, vallónski hlutinn	15+	25	41	55	20	80
Bretland	16+	23	43	52	40	60
Búlgaría	15+	37	55	70	15	85
Danmörk	12+	34	60	66	33	67
Eistland	18+	21	39	56	17	83
Finnland	10+	26	50	67	44	56
Frakkland	15+	31	50	64	38	62
Grikkland	15+	19	35	50	16	84
Holland	13+	19	32	42	32	68
Hvíta-Rússland	16+	42	54	62	62	38
Írland	15+	27	40	51	41	59
Ísland	12–80	49	81	99	49	51
Ítalía	15+	23	44	55	43	57
Króatía	18+	35	57	75	51	49
Kýpur	18+	21	40	55	20	80
Lettland	18+	19	36	48	16	84

[79] Þessum samanburði ver að taka með nokkurri varúð vegna ólíkra aðferða við mælingar á sjónvarpsnotkun eftir löndum.

	Aldur áhorfenda í mælingum	*Hlutdeild stöðvar með mest áhorf, %*	*Hlutdeild tveggja stöðva með mest áhorf, %*	*Hlutdeild þriggja stöðva með mest áhorf, %*	*Hlutdeild opinberra stöðva, %*	*Hlutdeild einka-rekinna stöðva, %*[1]
Litháen	15+	25	47	61	14	86
Lúxemborg	12+	42	48	53	0>	<100
Makedónía	14+	23	36	43	9	91
Malta	12+	33	48	61	33	67
Noregur	12+	38	67	76	42	58
Portúgal	15+	28	55	80	32	68
Pólland	16+	23	42	59	42	58
Rúmenía	18+	15	27	39	17	83
Rússland	18+	22	40	55	45	55
Serbía	15+	27	50	60	36	64
Slóvakía	15+	35	53	69	23	77
Slóvenía	15+	26	50	61	33	67
Spánn	16+	21	39	56	23	77
Sviss, frönskumælandi hlutinn	15–74	24	40	48	31	69
Sviss, ítölskumælandi hlutinn	15–74	24	36	46	31	69
Sviss, þýskumælandi hlutinn	15–74	23	32	39	32	68
Svíþjóð	15+	22	41	56	35	65
Tékkland	15+	40	62	82	31	69
Tyrkland	20+	15	26	36	5	95
Ungverjaland	18+	26	50	69	18	82
Úkraína	18+	22	38	45	2	98
Þýskaland	14+	14	27	40	27	73
Evrópa, meðaltal	•	27	45	58	29	71
Evrópa, miðgildi	•	25	43	56	32	68

Skýringar: Meðaltal er óvegið meðaltal. Opinberar stöðvar sem reknar eru alfarið á markaðsforsendum eru hér flokkaðar með einkareknum stöðum, svo sem eins og Channel 4 í Bretlandi og TV2 í Danmörku.

[1] Í nokkrum tilfellum ásamt áhorfi á erlendar stöðvar.

Heimildir: EAO, 2008a; Harrie, 2009; IP, 2008.

Mynd 7.20. *Markaðshlutdeild sjónvarpsstöðva í almannaþjónustu og einkaeigu í Evrópu 2007 (hlutfallsleg skipting, %)*



Skýringar: Meðaltal er óvegið meðaltal. Opinberar stöðvar sem reknar eru alfarið á markaðsforsendum eru hér flokkaðar með einkareknum stöðum, s.s. eins og *Channel 4* í Bretlandi og *TV2* í Danmörku.

Heimildir: EAO, 2008a; Harrie, 2009; IP, 2008.

Opinberu norrænu sjónvarpsstöðvarnar eiga það sammerkt að staða þeirra á markaði er tiltölulega sterk miðað við opinberar stöðvar víða annars staðar í Evrópu. Markaðshlutdeild norrænu stöðvanna allra mælist fyrir ofan miðju.

Markaðshlutdeild flestra norrænu stöðvanna minnkaði framan af tíunda áratugnum samfara auknu framboði sjónvarpsstöðva og auknu sjónvarpefni, en frá miðjum síðasta áratug hefur hlutdeild opinberu stöðvanna í áhorfi að mestu verið stöðug. Mynd 7.21 sýnir markaðshlutdeild opinberu sjónvarpsstöðvanna á Norðurlöndum frá árinu 1995 til ársins 2008. Markaðshlutdeild Sjónvarpsins mældist hæst árið 2008, en hlutdeild danska ríkisútvarpsins, DR, lægst. Markaðshlutdeild DR hefur um langt skeið verið talsvert lægri en annarra norrænna opinberra sjónvarpsstöðva. Að hluta til stafar þetta af því að danskir sjónvarpsáhorfendur hafa lengi átt þess kost að sjá sjónvarp frá nágrannalöndunum. Einnig kann að skipta máli að sjónvarp á vegum einkaaðila var heimilað fyrr í Danmörku en annars staðar á Norðurlöndum.

Mynd 7.21. *Markaðshlutdeild norrænna opinberra sjónvarpsstöðva 1995–2008 (hlutfall, %)*



Heimildir: Harrie, 2006, 2009; NORDICOM, www.nordicom.gu.se/.

2.17 Útvarp í almannaþjónustu

Lafði Patricia Hodgson og fyrrverandi stjórnarformaður Independent Television (ITV) í Bretlandi komst eitt sinn þannig að orði um útvarp í almannaþjónustu að erfitt sé að skilgreina það, en það sé engu síður auðþekkjanlegt *(„Public service broadcasting may be hard to define, but it is easy to recognise*,“ Hodgson, 1993). Í sama streng tekur Armand Mattelart þegar hann segir að „skipulag sem ræðst af einkaeign er óhjákvæmilega ólíkt því sem er stjórnað af almannaþjónustu“ (*„a regime of private property is necessarily different from one governed by the principle of public service,“* Mattelart, 1994: 192). Því hefur jafnframt verið haldið fram að meginmunur á almannaþjónustuútvarpi sem stendur undir nafni og einkastöðvum felist í því að það fyrrnefnda komi fram við notendur sem jafnréttháa borgara í stað neytenda (sær. Garnham, 1990, 8. kafli; 1993; Hoggart, 2004). Hvað sem slíkum bollalegg-

ingum varðar má vera ljóst að tilgangur og hlutverk stöðva í almannaþjónustu og einkarekinna stöðva eru eðli málsins samkvæmt ólík.

Til að varpa ljósi á það í hverju einkenni útvarps í almannaþjónustu felast verður fyrst að skoða hvað er fólgið í hugtakinu, hvaða skilyrði það verður að uppfylla og í hverju árangur (e. *performance*) þess er ólíkur í samanburði við einkarekið útvarp. Hugtakið útvarp í almannaþjónustu getur haft margvíslega merkingu og vísað til ólíkra hluta. Harald Moe og Trine Syvertsen halda því fram að útvarp í almannaþjónustu er ekki í skilningi þess orðs „skýrt skilgreint hugtak“ (*„a precise analytical term,“* Moe og Syvertsen, 2008: 398). Vegna sögulegra tengsla milli útvarps í almannaþjónustu og ríkisvaldsins er sá misskilningur útbreiddur að samasemmerki þurfi að vera á milli almannaþjónustu og ríkisrekstrar. Almannaþjónusta snýst ekki um eignarforræði heldur hvernig fjármögnun hennar er háttað og hvaða skilyrði og skyldur hún þarf að uppfylla gagnvart notendum (Garnham, 1990; 1993; Syverten, 2003).

Skilningur manna á hugtakinu hefur einnig breyst í tímans rás í samræmi við breyttar aðstæður á hverjum tíma (Scannel, 1990). Notkun hugtaksins er oft gildishlaðin og hefur á sér blæ jákvæðni og þess sem er álitið æskilegt og hefur oftar en ekki skírskotun til menningar, fagmennsku og gæða (Syvertsen, 1999).

Greina má þónokkra grunnþætti sem almennt er samkomulag um að útvarp í almannaþjónustu feli í sér. Útvarp í almannaþjónustu er þjóðarútvarp sem nær til allra óháð búsetu og efnahag, efni þess höfði til allra með blöndu af fræðslu, upplýsingu og afþreyingu, það sinni þörfum minnihlutahópa jafnt sem stærri hópa, það stuðli að þjóðareiningu og leggi rækt við menningararfinn og stuðli að almennri menningarþróun, það hafi markaðsleg sjónarmið að leiðarljósi varðandi dagskrá og umfjöllunarefni, og að stjórnvöld hlutist ekki til um daglega starfsemi þess (d'Haenens og Bardoel, 2007; Raboy, 1995; Scannel, 1990; Syvertsen, 1999, 2003). Útvarp í almannaþjónustu snýst ekki um tækni heldur þjónustu og tryggð við notendur (Nissen, 2006; Wolton, 2006).

Ærið misjafnt er hvernig skipulagi útvarps í almannaþjónustu er háttað milli landa, hvaða skyldur það ber og hvernig fjármögnun þess er farið. Lengst af hefur útvarp í almannaþjónustu víðast í Evrópu verið fjármagnað með afnotagjöldum, en upp á síðkastið hefur færst í vöxt að starfsemin sé fjármögnuð með beinu framlagi hins opinbera, og/eða að stöðvunum hefur verið gert að sækja sér rekstrarfé með auglýsingatekjum, kostun og öðrum markaðstekjum (Moe og Syvertsen, 2008; Picard, 2005; Syvertsen, 2003).

1.17.1 Útvarp í almannaþjónustu á markaði

Samkeppni útvarps í almannaþjónustu og einkaútvarps um hlustendur/áhorfendur og tekjur vekur upp spurningu um áhrif slíkrar samkeppni á efnisfjölbreytni þess síðarnefnda. Að því er viðkemur sjónvarpi sérstaklega, þótt það sama gildi að mestu um hljóðvarp einnig, hafa stöðvar sem hafa almannaþjónustuhlutverki að gegna um þrjár meginleiðir að velja til að bregðast við samkeppni frá einkastöðvum (Hultén 2007; Hultén og Brants, 1992). Í fyrsta lagi geta þær aðlagað dagskrána og dagskrárefni sitt að efni og efnisáherslum einkastöðvanna. Í annan stað hafa opinberar sjónvarpsstöðvar þann kost að einbeita sér að því að berja í markaðsbresti og draga sig í hlé í samkeppni við einkastöðvarnar og einbeita sér að efni sem einkastöðvar sinna lítt eða alls ekki, svo sem fræðslu- og menningarefni og efni fyrir afmarkaða hópa og verða að eins konar jaðarsjónvarpi (e. *ghettoized*). Í þriðja lagi geta opinberar sjónvarpsstöðvar brugðist við samkeppni frá einkastöðvum með því að leggja aukna alúð og rækt við almannaþjónustuhlutverk sitt, með áherslu á alhliða og fjölbreytt efni,

fræðslu og afþreyingu. Síðastnefnda leiðin er sjálfgefin rísi sjónvarpsstöðvar í almannaþjónustu undir hlutverki sínu.

Samkeppni milli stöðva í einkaeigu og almannaþjónustu um áhorfendur og tekjur getur hæglega leitt til efnislegrar einsleitni. Yves Achille og Bernard Miège halda því til að mynda fram að frá því upp úr 1980 hafi dagskrá fjölmargra sjónvarpsstöðva í almannaþjónustu í Evrópu tekið að líkjast dagskrá einkastöðva með aukinni áherslu á afþreyingu og skemmtun. Þetta hafi verið þeim mun meira áberandi á þeim stöðvum sem þurftu að reiða sig á markaðstekjur, auglýsingatekjur og kostun, en þeirra stöðva sem fjármagnaðar voru með afnotagjöldum að öllu eða að langmestu. Sýningar á efni sem ekki höfði til meginþorra áhorfenda og barna- og unglingaefni hafi horfið af kjörtíma og þokast út á dagskrárjaðarinn þegar færri eru að horfa. Þótt þetta kunni að vera fallið til árangurs til skamms tíma halda Achille og Miège því fram að til lengri tíma litið grafi sjónvarpsstöðvar í almannaþjónustu sér smám saman eigin gröf með þessu. Eftir því sem efni almannaþjónustustöðva er líkara efni einkarekinna stöðva þeim mun erfiðara er að slá skjaldborg um sjónvarp í almannaþjónustu og réttlæta tilvist þess (Achille og Miège, 1994; sjá einnig um þetta í Padovani og Tracey, 2003; Tracey, 1998). Eins og Søndergaard staðhæfir:

> Stærsta ógnin sem steðjar að sjónvarpsstöðvum í almannaþjónustu er fremur sú að þær, í kappsemi sinni að komast af á markaði sem hefur í raun enga þörf fyrir þær, muni grafa sína eigin gröf. Þannig er brýnt að tekin verði afstaða til þess hvort þessi þjónusta skuli áfram verða talin til menningarlegra þátta, að verða viðhaldið þrátt fyrir afstöðu markaðarins, eða hvort hún eigi að vera aðlöguð að þessum aðstæðum.
>
> [*The greatest threat public service media face is rather that they, themselves, in their eagerness to survive on a market that really has no use for them, will dig their own graves. For that reason it is vital that we make up our minds as to whether public service broadcasting shall continue to be counted among the objects of cultural policy, to be sustained despite market pressures, or whether it should continue to adapt to those pressures.*]
>
> Søndergaard, 1999: 27.

Rannsókn Trine Syvertsen á dagskrárframboði á norsku sjónvarpsstöðvunum sem senda út almenna dagskrá á landsvísu (þ.e. NRK, TV 2 og TV Norge) virðist renna stoðum undir þetta. Efni sem ekki er eins líklegt til vinsælda hefur þokast í vaxandi mæli út á jaðar dagskrár norska ríkissjónvarpsins NRK, en að sama hefur aukin áhersla verið lögð á afþreyingarefni á kjörtíma í líkingu við keppinautana. Syvertsen staðhæfir að á árunum 1992–1995 hafi fjölbreytni í framboði sjónvarpsefnis á kjörtíma minnkað vegna þess að NRK hafi í auknum mæli tekið mið af dagskrá einkastöðvanna (Syvertsen, 1997). Els De Bens hefur komst að viðlíka niðurstöðu um efnisframboð í belgísku sjónvarpi (De Bens, 2000).

Niðurstöður rannsókna eru þó ekki samdóma um áhrif samkeppni á milli einkastöðva og stöðva í almannaþjónustu á efnisfjölbreytni.[80] Þannig getur styrk staða stöðva í almannaþjónustu orðið til þess að einkastöðvar sæki í smiðju sjónvarps í almannaþjónustu í leit að fyrirmyndum. Langtímarannsókn þeirra Heikki Hellmanns og Tuomo Sauris á dagskrárframboði finnskra einkastöðva og opinberu stöðvarinnar YLE á kjörtíma benda eindregið til þess að svo sé (Aslama

---

[80] Sbr. Bentson, Nielsen og Nordahl Svendsen, 1992, Coppens, 2005, Hellmann, 2001, Kopp, 1989, Krüger, 2005, Picard, 2002b, Roth, 2004,, van der Wurff, 2004, van der Wurff, Cuilenburg og Keune, 2000 svo aðeins fáeinar rannsóknir séu nefndar.

, Hellmann og Sauri, 2004; Hellman og Sauri, 1994, 1996). Á sama tíma og YLE hefur í auknum mæli tekið mið af dagskrárframboði helstu finnsku einkastöðvarinnar MTV (nú MTV3) varðandi vinsælt afþreyingarefni, hefur sú síðarnefnda sótt fyrirmynd til YLE varðandi fréttir og fréttatengt efni og þætti um samfélagsmál. Sama má ætla að gildi um Stöð 2, en stöðin hefur alla tíð lagt áherslu á fréttir og fréttatengt efni og eftir mætti á innlenda dagskrá á kjörtíma, sem og efni fyrir börn á öðrum tímum dagsins. Fréttatími stöðvarinnar hefur verið flaggskipið í dagskránni frá upphafi og verið sá dagskrárliður stöðvarinnar sem þráfaldlega hefur mælst með mest áhorf í gegnum árin.[81]

Fjármögnun, öðrum þáttum fremur, virðist hafa afgerandi áhrif á það hvernig sjónvarpsstöðvum sem reknar eru í almannaþjónustu tekst að uppfylla lýðræðislegt og menningarlegt hlutverk með fjölbreyttu framboði efnis – upplýsingar jafnt sem afþreyingar. Eins og Nicholas Garnham staðhæfði fyrir löngu um sjónvarpsstöðvar í almannaþjónustu: „Það er fjármagnið og eðli fjármögnunarinnar sem ræður mestu um það svigrúm sem fjölmiðlastarfseminni er skapað.“ (*„It is the quantity of the funding and the nature of the financing source that is the most fundamental determining constraint on a broadcasting structure,“* Garnham, 1978: 53.) Fjölbreytni efnis og hve ríka áherslu almannasjónvarpsstöðvar leggja á umfjöllun um menningu og samfélagsmál, ekki síst á kjörtíma, virðist öðru fremur ráðast af því hvernig fjármögnun stöðvanna er háttað. Stöðvar sem fjármagnaðar eru að öllu eða að mestu leyti af afnotagjöldum eða hliðstæðu fyrirkomulagi standa sig almennt betur við að sinna almannaþjónustuhlutverki sínu en stöðvar sem þurfa að reiða sig að verulegu leyti á markaðstekjur, auglýsingar og kostun, í samkeppni við markaðsmiðla um athygli áhorfenda og auglýsenda (Achille og Miège, 1994; Brants og De Bens, 2000; Iosifids, 2007; Iosifidis, Steemers og Wheeler, 2005; McKinsey & Co., 1998, 2007; Padovani og Tracey, 2003; Picard, 2002b).

Sú staðreynd að Ríkisútvarpið sækir um þriðjung tekna sinna í samkeppni við einkastöðvar vekur upp spurningar um hvaða áhrif það hafi á dagskrá, efnisframboð og efnisáherslur þess jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Tafla 8.1 og mynd 8.1 sýna hvernig fjármögnun Sjónvarpsins var háttað árið 2007 í samanburði við aðrar opinberar evrópskar sjónvarpsstöðvar um líkt leyti. Sambærilegar upplýsingar eru ekki tiltækar um fjármögnun hljóðvarps í almannaþjónustu. Tekjum sjónvarpsstöðvanna er skipt upp í opinberar tekjur og markaðstekjur. Opinberar tekjur eru bein opinber framlög og afnotagjöld; markaðstekjur eru auglýsingar, kostun og ýmsar aðrar tekjur, svo sem sala sýningarréttar.

---

[81] Þrátt fyrir að höfundi sé ekki kunnugt um hliðstæðar rannsóknir varðandi hljóðvarp má gera ráð fyrir að svipað eigi við og viðkemur sjónvarpi.

Tafla 8.1. *Fjármögnun opinberra evrópska sjónvarpsstöðva (hlutfallsleg skipting, %)*

		Opinber fjármögnun			*Markaðstekjur*				
Land	*Stöð*	*Alls*	*Opinber framlög*	*Afnota-gjöld*	*Alls*	*Auglýs-ingar*	*Kostun*	*Aðrar*[1]	*Ár*
Austurríki	ORF	50	–	50	50	32	–	19	2007
Belgía	RTBF[2]	72	72	–	28	21	–	7	2006
	VRT[3]	61	61	–	39	8	5	26	2006
Bretland	BBC Group	81	6	75	19	–	–	19	2008
Danmörk	DR	92	–	92	8	–	–	8	2007
Eistland	ERR TV	91	91	–	9	1	–	8	2007
Finnland	YLE	96	4	92	4	–	–	4	2006
Frakkland	France TV	62	–	62	38	28	–	10	2006
Grikkland	HRT	64	6	57	36	36	–	0	2002
Holland	Ned 1, 2, 3	55	55	–	45	29	0	16	2006
Írland	RTE	44	–	44	56	46	2	7	2007
Ísland	RÚV – Sjónvarp	69	–	69	31	23	4	4	2006
Ítalía	RAI	50	2	48	50	33	3	14	2007
Króatía	HRT	65	1	64	35	27	–	8	2006
Lettland	LTV	55	55	–	45	40	0	5	1999
Litháen	LNRT	62	62	–	38	31	1	7	2006
Makedónía	MKRT	64	12	53	36	21	–	16	2001
Malta	PBS-TVM	25	25	–	76	69	–	6	2005
Noregur	NRK	95	1	94	5	–	1	4	2006
Pólland	TVP	27	0	27	73	54	5	13	2006
Portúgal	RTP	76	40	36	24	17	–	7	2007
Rúmenía	TVR	84	13	71	16	11	0	5	2004
Slóvakía	STV	80	14	66	20	11	3	6	2002
Slóvenía	RTVSLO	66	65	1	34	19	–	15	2006
Spánn	RTVE	44	44	–	56	53	–	3	2006
Sviss	SRG-SSR	62	1	61	38	28	4	7	2007
Svíþjóð	SVT	93	–	93	7	–	–	7	2007
Ungverjaland	MTV	74	45	29	26	9	1	16	2002
Tékkland	Česká Televize	65	–	65	35	19	4	12	2006
Tyrkland	TRT	92	92	–	9	8	0	0	2005
Þýskaland	ARD	86	–	86	14	4	–	9	2007
	ZDF	87	–	87	13	7	–	7	2007
Evrópa	Meðaltal	68	•	•	32	•	•	•	•
	Miðgildi	66	•	•	34	•	•	•	•

Skýringar: Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
[1] Ásamt sölu á sýningarrétti.
[2] Vallónski hlutinn.
[3] Flæmski hlutinn.
Heimild: EAO, 2004–2008.

Mynd 8.1. *Fjármögnun opinberra evrópskra sjónvarpsstöðva (hlutfallsleg skipting, %)*



Heimild: EAO, 2004–2008.

Opinberar tekjur vega þyngra í fjármögnun flestra af þeim 32 opinberu sjónvarpsstöðvum sem tilgreindar eru í töflunni og á myndinni. Aðeins RTÉ á Írlandi, TVE á Spáni, TVP í Póllandi og TVM á Möltu eru fjármagnaðar að mestu með markaðstekjum. Starfsemi norrænu stöðvanna, YLE í Finnlandi, KNR í Noregi, SVT í Svíþjóð og DR í Danmörku er nær alfarið fjármögnuð með opinberu fé.

Lauslegur samanburður á fjármögnun stöðvanna og hlut upplýsingar og afþreyingar á dagskrá þeirra sýnir að dagskrárjafnvægi stöðva sem styðjast við opinbera fjármögnun að mestu er almennt meira en þeirra stöðva sem fjármagna starfsemi sína að miklu leyti með markaðstekjum (sjá töflu 7.13 og mynd 7.12 að framan). Frá þessu eru þó mikilsverðar undantekningar. Fleiri þættir en tekjusamsetning stöðvanna hafa hér augljóslega áhrif, svo sem upphæð þeirra tekna sem stöðvarnar hafa úr að spila, laga- og reglugerðarrammi sem er um starfsemi stöðvanna hvernig almannaþjónustuhlutverk þeirra er skilgreint, auk sérstakra sögulegra og pólitískra kringumstæðna í hverju landi fyrir sig.

1.18 Fjölmiðlatekjur

Tekjuöflun fjölmiðla er um margt einstök. Ólíkt öðrum framleiðendum og seljendum vöru og þjónustu er algengast að fjölmiðlar séu þátttakendur á tveimur vöru- og þjónustumörkuðum í senn (e. *dual product market*) (Albarran, 2004; Barwise og Gordon, 2002; Croteau og Hoynes, 2001: Doyle, 2002b; Hoskins, McFadyen og Finn, 2004; Picard, 1989; Roppen, 2004). Rekstur og afrakstur fjölmiðla byggist að verulegu leyti af frammistöðu þeirra á báðum þessum mörkuðum. Fjölmiðlar falbjóða framleiðslu sína, upplýsingu og afþreyingu á markaði í formi bóka, blaða, tímarita, hljóðvarps- og sjónvarpsþátta, hljóðrita og kvikmynda sem dreift er eftir margvíslegum leiðum, á pappír, í kvikmyndahúsum, á diskum, á netinu og í gegnum farsíma. Ekki selja þó allir fjölmiðlar efni sitt til notenda með beinum hætti, svo sem eins og fríblöð og sjónvarpsstöðvar sem senda út opna dagskrá. Notendur greiða hins vegar fyrir fjölmiðlanotkunina óbeint í formi þess tíma sem þeir verja til fjölmiðlanotkunar, en tími er eins og allir vita takmörkuð og jafnframt verðmæt auðlind (Inglis, 1990: 115–16; Picard, 1989: 17; Rojek, 2009, 2. kafli).

Fjölmiðlar eru einnig á auglýsingamarkaði jafnhliða því að vera á vörumarkaði. Almennt er haft á orði að fjölmiðlar selji auglýsendum rými og tíma undir auglýsingar. Eftir því sem stærð og samsetning notendahóps fjölmiðilsins fellur betur að markhópi tiltekinnar vöru og þjónustu svo sem með tilliti til aldurs, kyns, félagslegrar stöðu, tekna og búsetu og annarra félagslegra þátta, þeim mun eftirsóttari er viðkomandi miðill fyrir tiltekna auglýsendur og hærra verðs er unnt að krefjast fyrir birtingu og flutning auglýsinga. Af þessum sökum er eðlilegra að telja að fjölmiðlar skapi fjölmiðlanotendur sem þeir síðan selja auglýsendum aðgang að (sbr. Davis, 2006, Doyle, 2002b; Murdock, 2000b; Sinclair, 1989, 1. og 2. kafli).[82]

Viðlíka gegnir um kostun utanaðkomandi aðila á framleiðslu eða útsendingu dagskrárliða í útvarpi. Slíkt hefur að markmiði að vekja athygli á starfsemi, vörum og/eða vörumerki og að styrkja jákvæða ímynd á meðal viðskiptavina. Áhugi á því að kosta efnisgerð fjölmiðla ræðst fyrst og fremst af samsetningu þess markhóps sem ætlað er að birting og flutningur hins kostaða efnis eða dagskrárliðar höfði öðrum fremur til. Af þessum sökum er eðlilegast að líta á kostun sem eitt form auglýsinga (Davis, 2006; Sinclair, 1989) sem getur þegar vel tekst til verið áhrifameiri en beinar auglýsingar (Luhmann, 2000: 46).

---

[82] Sumir fræðimenn líta reyndar svo á að fjölmiðlanotendur séu óafvitandi í starfi við að horfa á auglýsingar sem þeir fá „greitt fyrir“ með skemmtun og upplýsingu (sbr. Jhally, 1987; Smythe, 1981).

Ekki afla þó allir fjölmiðlar sér tekna með auglýsingum. Sumir fjölmiðlar eru eingöngu fjármagnaðir með sölu efnis, á meðan fjármögnun annarra er tryggð að öllu eða verulegu leyti með opinberum framlögum (lögbundnum afnotagjöldum eða í formi skatttekna). Enn aðrir fjölmiðlar eru reknir fyrir framlög frá einstaklingum og með sjálfboðastarfi sem tíðkast gjarnan með fjölmiðla á vegum málhópa og félagslegra hreyfinga, svo sem þjónustumiðla, fjölmiðla á vegum trúarhópa og nemendafélaga o.s.frv. Þessir fjölmiðlar eru ekki í beinni samkeppni um tekjur við þá fjölmiðla sem eru á markaði og hér eru nefndir markaðsmiðlar. Útbreiðsla fjölmiðla þessarar náttúru er oftast takmörkuð og efni þeirra sniðið að fyrir fram þekktum og skilgreindum hópi notenda. Líta má á starfsemi slíkra miðla sem „nærmiðlun“ (e. *narrowcasting*).[83]

1.18.1 Tekjuöflun fjölmiðla

Leiðir sem fjölmiðlar beita til að afla sér tekna ráðast einkum af tvennu: annars vegar af því hvernig dreifingu þeirra er háttað og hins vegar af útbreiðslu og landfræðilegri afmörkun útbreiðslusvæðis þeirra (Doyle, 2002b; Hoskins, McFadyen og Finn, 2004; Picard, 1989: 19–21, 2002a, 3. kafli).

Einfölduð mynd af tekjuöflun markaðsdrifinna blaða, hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva auk vefmiðla er sýnd í töflu 9.1 með tilliti til mismunandi aðferða við dreifingu, landfræðilegra takmarkana markaðsvæðis og útbreiðslu. Tekjum er hér skipt upp í greiðslu fyrir efni (áskriftir, lausasölu og þáttasölu), kostun og auglýsingar. Auglýsingar skiptast í almennar auglýsingar (e. *display advertisements*), flokkaðar auglýsingar (e. *classified display advertisements*) og smáauglýsingar (e. *classified advertisements*). Flokkaðar auglýsingar eru t.d. atvinnu- og fasteignaauglýsingar og smáauglýsingar í fréttablöðum og skjáauglýsingar (e. *badge eða sign advertisements*) í sjónvarpi. Auk þessara tveggja megintegunda auglýsinga eru auglýsingainnlegg eða innskot og pésar (e. *preprinted inserts*) sem smeygt er inn í blöð áður en þau eru borin út til lesenda. Auglýsingum er ýmist ætlað að höfða til neytenda óháð búsetu þeirra eða til neytenda sem búsettir eru á afmörkuðum og staðbundnum mörkuðum. Táknin * og + eru hér notuð til að auðkenna mikilvægi mismunandi aðferða fyrir tekjuöflun miðlanna, þar sem * gefur til kynna að viðkomandi tekjuflokkur er mikilvægur fyrir miðilinn og + merkir léttvæga tekjulind.

---

[83] Dæmi þar um er t.d. Útvarp fyrir nýbúa, XA-Radíó sem flytur 12 spora efnið, trúboðsstöðvar eins og hljóðvarpsstöðvarnar Útvarp Boðun og Lindin og kristilega sjónvarpsstöðin Omega. Hér undir falla einnig sumir þjóðmálavefir.

Tafla 9.1. *Tekjuöflun markaðsmiðla*

Tegund fjölmiðla	Greitt fyrir efni (áskriftir, sala)	Kostun	Almennar auglýsingar	Flokkaðar auglýsingar og smáaug-lýsingar/skjá-auglýsingar	Auglýsinga-innlegg og pésar
Bækur	*				
Tímarit	*	+	*	+	
Fréttablöð					
Dagblöð, seld	*		*	+	+
Dagblöð, fríblöð			*	+	+
Staðarblöð, seld	*		*	+	
Staðarblöð, fríblöð			*	+	
Almenn vikublöð	*		*	+	
Sérefnisblöð	*		*	+	
Hljóðrit	*				
Kvikmyndir f. kvikmyndahús	*		+	+	
Mynddiskar og bönd	*		+		
Hljóðvarp					
Almennar stöðvar		+	*		
Staðarstöðvar		+	*		
Sérefnisstöðvar		+	*		
Opnar sjónvarpsstöðvar					
Almennar stöðvar		+	*	+	
Staðarstöðvar		+	*	*	
Áskriftarsjónvarp					
Almennar stöðvar	*	+	*	+	
Sérefnisstöðvar	*	+	*	+	
Þáttasölusjónvarp	*				
Endurvarp	*				
Fréttavefmiðlar					
Almennir vefir	+		*	*	
Sérefnisvefir	+		*	*	
Staðarvefir			*	+	

Skýring: staðfærð og einfölduð mynd.
Merking tákna: * = mikilvæg tekjulind; + = léttvæg tekjulind.
Heimild: byggt á Picard, 1989: 20.

Algengast er að fréttablöð afli bæði tekna með sölu og auglýsingatekjum. Tekjur fríblaða eru hins vegar eingöngu af birtingu auglýsinga. Útbreiðslusvæði dagblaða, sérefnisblaða og almennra vikublaða er oftast á landsvísu eða fast að því. Auglýsingatekjur þessara blaða eru því fyrst og fremst fengnar með birtingu almennra auglýsinga sem ætlað er að höfða til lesenda óháð búsetu þeirra og í minna mæli af birtingu rað- og smáauglýsinga og með dreifingu auglýsingainnleggja og pésa. Aukinheldur sitja dagblöðin, sem og aðrir landsmiðlar, að aug-

lýsingum sem ætlað er að höfða til neytenda á höfuðborgarsvæðinu, þar sem höfuðborgarsvæðið er mikilvægasti einstaki útbreiðsluvettvangur miðlanna.[84]

Öðru máli gegnir með staðarblöð og aðra staðbundna fjölmiðla. Þótt unnt sé að lesa flest staðarblaðanna og hlusta á útsendingu stöðvanna á netinu er útbreiðsla þessara miðla engu síður fyrst og fremst staðbundin vegna efnis þeirra. Auglýsingatekjur staðarmiðla fást því aðeins af auglýsingum sem beint er til neytenda heima í héraði.

Tekjur hljóðvarpsstöðva samanstanda aðallega af almennum auglýsingum og í minna mæli af kostun. Sama máli gegnir með sjónvarpsstöðvar sem senda út í opinni dagskrá. Stöðvar sem senda út í lokaðri dagskrá reiða sig að stærstum hluta á áskriftartekjur og almennar auglýsingar, en í minna mæli á kostun og skjáauglýsingar.

Vefmiðlar eru starfræktir fyrst og fremst fyrir tekjur af auglýsingum, almennum og í auknum mæli af flokkuðum auglýsingum og smáauglýsingum. Veraldarvefurinn hefur til að mynda reynst ágætur vettvangur fyrir fasteigna- og starfaauglýsingar, auglýsingar á notuðum bílum og hvers kyns smáauglýsingar þar sem gagnvirkni netsins gerir notendum kleift að finna auðveldlega það sem þeir leita að með aðstoð leitarskipana sem má sníða að talsverðu leyti eftir þörfum hverju sinni (Doyle, 2002b: 151).

Á undanförnum árum hefur umtalsverður vöxtur verið í birtingu auglýsinga á vefnum á meðan auglýsingar hafa staðið að mestu í stað eða dregist saman í hefðbundnum fjölmiðlum (Pavlik, 2008: 156–57). Þrátt fyrir það hefur vefurinn hingað til ekki reynst sú uppspretta tekna sem margir hugðu í upphafi. Afrakstur hefur oft reynst minni en tilkostnaður við miðlun efnis á vefnum, eða eins og Doyle bendir á: „Hið undirliggjandi vandamál varðandi þjónustu vefmiðla sem viðskiptamódels er að fá ef nokkur raunhæf viðskiptamódel hafa komið fram sem skila tekjum er standa undir þjónustunni“ („*[t]he underlying problem with Internet-based media provision as an economic activity is that few if any realistic models have been constructed for deriving revenues from it which are adequate to cover the costs of the service in question,*“ Doyle, 2002b: 152; sjá einnig The Economist, 21.–27. mars, 2009, s. 18).

Tiltölulega algengt er að vefmiðlar bjóði upp á netverslun (e. *e-commerce*) í því skyni að auka tekjuflæðið. Enn önnur leið til tekjuöflunar er að krefja notendur um áskrift fyrir aðgang að vefjum óháð notkun (e. *flat fee pricing*), eða með því að krefjast greiðslu fyrir notkun. Fjölmiðlar sem oft hafa yfir að ráða miklu magni ítarupplýsinga og eldra efnis (e. *back libraries*), hvort heldur er í formi texta eða sem hljóð eða mynd, sem hægt er að matreiða upp á nýtt, hafa að öllu jöfnu meiri möguleika á að selja aðgang að hluta efnisins en vefmiðlar sem hafa upp á takmarkaðra efni að bjóða (Doyle, 2002b: 145, 152–54; Pavlik, 2008: 152–5).

Fréttavefir hafa í vaxandi mæli brugðið á það ráð að krefja notendur fyrir gjald af aðgengi að efni í kjölfar samdráttar í auglýsingatekjum að undanförnu.[85] Þetta kann þó að reynast skammgóður vermir. Í þeirri ofgnótt af efni sem býðst endurgjaldslaust á netinu hafa vefmiðlar sem rukka fyrir aðgang og not efnis víðast hvar látið í minni pokann í samkeppni við

---

[84] Búsetuskipting hér á landi minnir um margt á einkenni borgríkis. Um síðustu áramót voru 63 prósent landsmanna búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Færa má fyrir því rök að með bættum samgöngum sé höfuðborgarsvæðið ásamt Suðurnesjum, Akranesi, Hveragerði, Árborg og Ölfusi orðið að einu og sama markaðssvæði. Á þessu svæði eru um þrír fjórðu hlutar landsmanna búsettir.

[85] Fjölmiðlafyrirtæki fjölmiðlaeigandans Ruperts Murdochs, News Corp Inc. hefur í hyggju að selja aðgengi að fréttum á vef til að bregðast við miklum samdrætti í auglýsingum í fjölmiðlum fyrirtækisins og rekstrartapi að undanförnu (sjá guardian.co.uk, 6. ágúst 2009a,b; Morgunblaðið, 7. ágúst 2009).

vefmiðla sem veita notendum frían aðgang að öllu efni eða hluta þess. Samkvæmt nýlegri rannsókn sem gerð var á meðal notenda fréttavefja í Bretlandi kváðust þrír af hverjum fjórum leita á önnur mið með fréttaöflun á vefnum ef sá fréttavefur sem þeir sæktu mest tæki að rukka fyrir afnot af efninu (guardian.co.uk, 21. sept. 2009).

Íslenskir fréttavefmiðlar veita notendum frían aðgang að efninu að hluta eða í heild. Vefir Morgunblaðsins, mbl.is, og Viðskiptablaðsins, vb.is, taka báðir gjald af notendum fyrir aðgang að hluta efnis. Fullyrða má að tekjur þeirra íslensku vefmiðla sem selja aðgang að efni eru næsta takmarkaðar samanborið við þær tekjur sem þeir hafa af auglýsingum.

1.18.2 Tekjur fjölmiðla

Hér á eftir er lítillega gerð grein fyrir þróun tekna í þremur meginflokkum fjölmiðla, þ.e. fréttablaða, hljóðvarps og sjónvarps.[86] Samsvarandi upplýsingar liggja ekki fyrir um rekstrarkostnað, né um afkomu fjölmiðlafyrirtækja. Allar tekjuupplýsingar eru uppreiknaðar með tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs án húsnæðis miðað við verðlag ársins 2008. Til fjölmiðlatekna eru hér einungis taldar tekjur sem til falla af fjölmiðlastarfsemi með beinum hætti (þ.e. tekjur af sölu, auglýsingum og kostun).[87] Vegna trúnaðar er ekki greint frá tekjum einstakra einkarekinna fjölmiðla og rekstraraðila þeirra.[88]

Samanlagðar tekjur af útgáfu fréttablaða og útvarpsstarfsemi árið 2008 losuðu rúma 19 milljarða kr. (sjá töflu 9.2).[89] Frá árinu 1995 lætur nærri að tekjurnar hafi tvöfaldast. Samanlagðar tekjur fjölmiðlanna hafa reyndar dregist saman sl. tvö ár, eða um átta prósent frá því að þær voru hæstar árið 2006. Lækkunina er að stærstum hluta að rekja til samdráttar á auglýsingamarkaði. Á sama tíma og aðföng fjölmiðla hafa hækkað í verði og skuldsetning fjöl-

---

86 Hér er ekki vikið að tekjum af annarri fjölmiðlun, svo sem af útgáfu tímarita, kvikmynda og hljóðrita. Tölur um tekjur fjölmiðla eru fengnar frá rekstraraðilum með árlegri innsöfnun Hagstofunnar um starfsemi fjölmiðla. Í einstaka tilfelli hefur þurft að meta tekjur og skiptingu þeirra hjá einstaka aðila þar sem rekstraraðilar hafa skirrst við að skila inn upplýsingum þrátt fyrir að Hagstofa Íslands hafi skýra stoð í lögum um heimild til að kalla eftir upplýsingunum (sbr. lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007, II. kafla). Í þeim tilvikum hafa tekjur og skipting þeirra verið metin út frá öðrum tiltækum gögnum. Af þessu leiðir að vissan fyrirvara verður að setja við þær upplýsingar um tekjur fjölmiðla sem hér eru tilfærðar.

87 Tekjur vefmiðla eru að stærstum tilkomnar vegna birtingar auglýsinga. Vefmiðlar DV, Morgunblaðsins og Viðskiptablaðsins (þ.e. dv.is, mbl.is og vb.is) eru innifaldar í tekjum blaðanna. Annar háttur er hafður á varðandi tekjur af visir.is þar sem vefurinn er í tengslum við hljóðvarps- og sjónvarpsstarfsemi, auk blaðaútgáfu. Tekjur visir.is eru því lagðar saman í hlutfalli við auglýsingatekjur 365 miðla ehf. af útgáfu dagblaða og hljóðvarps- og sjónvarpsrekstri. Sala þáttasölusjónvarps sem og áskriftartekjur af endurvarpi erlends sjónvarps eru innifaldar í áskriftartekjum sjónvarpsstöðva. Tekjur sjálfstæðra vefmiðla eru ekki meðtaldar hér, en tekjur þeirra eru næsta litlar. Samanlagðar tekjur sjálfstæðra fréttavefja árið 2008 voru innan við 100 milljónir króna. Nákvæmari tala er ekki gefin upp hér vegna trúnaðar.

88 Við birtingu á tekjuhlutdeild einstakra aðila er byggt á fordæmi í úrskurðum Samkeppniseftirlitsins, sem birtir tekjuhlutdeild sem hleypur á fimm prósenta bili, sbr. nýlega ákvörðun til ógildingar samruna Árvakurs hf. og Fréttablaðsins ehf. (Samkeppniseftirlitið, 2009). Hér eru sett ívið strangari skilyrði: upplýsingar um tekjuhlutdeild þriggja og fleiri aðila hleypur á tíu prósenta bili, t.d. [5–15], en á 15 prósentustigum ef um tvo eða aðeins einn aðila er um að tefla, t.d. [10–25].

89 Upplýsingar um tekjur eru hér reiknaðar út frá meðalverðlagi ársins 2008 miðað við vísitölu neysluverðs án húsnæðiskostnaðar.

miðlafyrirtækja hefur aukist vegna óhagstæðrar gengisþróunar hefur samdráttur auglýsingatekna stuðlað enn frekar að versnandi afkomu fjölmiðla upp á síðkastið.[90]

Tafla 7.2 sýnir þróun tekna fréttablaða, hljóðvarps og sjónvarps, á árunum 1995–2008. Tekjur sjónvarps hækkuðu mest á tímabilinu, eða ríflega tvöfölduðust. Næstmest hækkuðu tekjur hljóðvarps, eða um 56 af hundraði. Tekjuaukning fréttablaða var hins vegar nokkru minni, eða 51 af hundraði.

Tafla 9.2. *Tekjur fjölmiðla 1995–2008*

	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*Breyting 2008–1995 +/-*
Milljónir króna							
Tekjur, alls	11.060	15.410	18.210	20.820	20.710	19.070	+72
Fréttablöð, alls[1]	5.030	6.470	8.020	9.570	8.820	7.580	+51
Hljóðvarp	1.530	2.020	2.130	2.210	2.440	2.380	+56
Sjónvarp[2]	4500	6.910	8.060	9.040	9.450	9.110	+102
Hlutfallsleg skipting, %							
Fréttablöð, alls[1]	45	42	44	46	43	40	-5
Hljóðvarp	14	13	12	11	12	12	-2
Sjónvarp[1]	41	45	44	43	46	48	+7

Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Reiknað út frá tekjum fjölmiðla (afnotagjöld og áskriftir, lausasala, auglýsingar og kostun). Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.

[1] Blöð útgefin vikulega og oftar.

[2] Ásamt áskriftartekjum af endurvarpi erlends sjónvarps og þáttasölusjónvarpi.

Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Langstærstur hluti tekna fjölmiðlanna fellur til sjónvarps og fréttablaða, eða 88 prósent af samanlögðum tekjum þessara þriggja flokka fjölmiðla. Frá árinu 1995 hefur hlutur sjónvarps af tekjum fjölmiðla hækkað úr 41% í 48%, en hlutdeild fréttablaða hefur lækkað um fimm prósentustig, úr 45% niður í 40%. Hlutur hljóðvarps hefur aðeins lítillega breyst á sama tímabili, eða lækkað um tvö prósentustig, úr 14% niður í 12%.

Yfirlit yfir þróun tekna fréttablaða, hljóðvarps og sjónvarps á árabilinu 1995–2008 er sýnt í mynd 9.1 í formi vísitölu (1995=100). Tekjuþróun miðlanna fylgist að framan af tímabilinu þar til undir aldamót er draga tók í sundur með þeim. Upp úr aldamótunum drógust tekjur allra miðlanna lítillega saman að raunvirði, en um miðbik áratugarins jukust þær samfellt þar til þær tóku að lækka á ný á allra síðustu árum. Tekjur fréttablaða hafa dregist langsamlega

[90] Samkvæmt mælingum ABS fjölmiðlahúss dróst birting auglýsinga í dagblöðum saman um fimmtung milli áranna 2007 og 2008. Samdráttarins tók fyrst að gæta í maí, en í kjölfar bankahrunsins í október minnkaði magn auglýsinga í dagblöðum um 40% (ABS fjölmiðlahús, 30. jan. 2009). Fækkun auglýsinga í dagblöðunum stafar ekki eingöngu af minni umsvifum auglýsenda. Auglýsingamagn á hverjum tíma ræðst að talsverðu leyti af fjölda fjölmiðla á markaði, samkeppni þeirra á milli og af því birtingarverði sem auglýsendum stendur til boða. Minna magn dagblaðaauglýsinga stafar því að nokkru af því að 24 stundir hættu útkomu í október og Viðskiptablaðinu var breytt í vikublað mánuði síðar. Auglýsingar hafa einnig minnkað hjá öðrum fjölmiðlum. Að sögn málsvara sjónvarpstöðvarinnar Skjás 1 nam auglýsingasamdráttur stöðvarinnar 20–40% í kjölfar bankahrunsins sl. haust (dv.is, 7. nóv. 2008).

mest saman, eða um 21 prósent frá árinu 2006 að telja. Samdráttar í tekjum hljóðvarps og sjónvarps tók ekki að gæta fyrr en árið 2008. Tekjur hljóðvarps lækkuðu milli áranna 2007 og 2008 um tvö prósent og sjónvarps um fimm prósent.

Mynd 9.1. *Tekjur fréttablaða, hljóðvarps og sjónvarps 1995–2008: vísitala 1995=100*



Skýringar: Tekjur á verðlagi ársins 2008. Reiknað út frá tekjum fjölmiðla (afnotagjöld og áskriftir, lausasala, auglýsingar og kostun).
* Ásamt áskriftartekjum af endurvarpi erlends sjónvarps og þáttasölusjónvarpi.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Athyglisvert er að bera tekjuþróunina í fjölmiðlun og síma- og fjarskiptaþjónustu saman. Mynd 9.2 sýnir tekjur í fjölmiðlum sem vísitölu á árabilinu 1995–2008 (1995=100) í samanburði við síma- og fjarskiptaþjónustu. Árlegar tekjur af síma- og fjarskiptaþjónustu ríflega tvöfölduðust á sama tíma og samanlagðar tekjur fjölmiðla jukust um ríflega 70%.

Mynd 9.2. *Tekjur af fjölmiðlun í samanburði við fjarskipti 1995–2008: vísitala (1995=100)*



Skýringar: Tekjur á verðlagi ársins 2008. Reiknað út frá tekjum fjölmiðla (afnotagjöld og áskriftir, lausasala, auglýsingar og kostun) og tekjum fjarskiptafyrirtækja af síma- og fjarskiptaþjónustu. Fjölmiðlar eru hér blöð útgefin vikulega og oftar (almenn blöð og staðar- og sérefnisblöð), hljóðvarp og sjónvarp, ásamt endurvarpi.
Heimildir: Hagstofa Íslands; Póst- og fjarskiptastofnun, 2007, 2009; eigin útreikningar.

Fram undir aldamótin fylgdist tekjuaukning í fjölmiðlun og í síma- og fjarskiptaþjónustu að miklu leyti að. Eftir afnám einkaréttar Landssíma Íslands í ársbyrjun 1998 hefur í auknum mæli dregið sundur með greinunum, meðal annars vegna aukinnar útbreiðslu farsíma, háhraðatenginga fyrir gagnaflutning yfir netið og margvíslegrar afleiddrar þjónustu fjarskipta- og símafyrirtækjanna. Frá árinu 1995 hafa tekjur af síma- og fjarskiptaþjónustu meira en tvöfaldast á sama tíma og tekjur af fjölmiðlun hafa aukist um 72%. Rétt er að hafa í huga við þennan samanburð að tekjumyndun er ekki með sama hætti í síma og fjarskiptum og í fjölmiðlun. Tekjur síma- og fjarskiptafyrirtækja stafa af kaupum á þjónustu fyrirtækja og stofnana auk einstaklinga og heimila á meðan sala fjölmiðla er að stærstum hluta til einstaklinga og heimila, auk auglýsingatekna og kostunar.

Auglýsingar eru mikilvæg tekjulind flestra fjölmiðla. Tafla 9.3 sýnir hlutfallslega skiptingu tekna milli sölu og auglýsinga í nokkrum flokkum fjölmiðla á tímabilinu 1995–2008. Auglýsingatekjur dagblaða og staðarblaða hafa undanfarin ár verið um 80% af tekjum þeirra. Hlutfall auglýsingatekna dagblaðanna hefur hækkað umtalsvert frá upphafi er auglýsingatekjur voru litlu hærri en tekjur blaðanna af sölu og áskriftum. Þetta er talsvert hærra hlutfall en annars staðar á Norðurlöndum, en hlutfall auglýsinga í tekjum dagblaðanna árið 2007 var frá 53% upp í 57% (Harrie, 2009). Hér hlutfallið svipað og í Kanada (78%) og í Lúxemborg (79%) en aftur á móti talsvert lægra en í Bandaríkjum (87%) (WAN, 2008: 8).

Tafla 9.3. *Skipting tekna eftir flokkum fjölmiðla 1995–2008 (%)*

	Tegund tekna	*1995*	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*% mismunur 2008/1995*
Dagblöð[1]	Sala	47	37	24	21	20	25	22
	Auglýsingar	53	63	76	79	80	76	
Staðarblöð[2]	Sala	26	27	24	23	18	26	–
	Auglýsingar	74	73	76	77	82	74	
Útvarp[3]	Afnotagjöld og áskriftir[4]	71	62	53	56	54	66	5
	Auglýsingar og kostun	29	38	47	44	46	34	
Útvarp í almannaþjónustu[3]	Afnotagjöld	69	67	72	69	68	68	1
	Auglýsingar og kostun	31	33	28	31	32	32	
Einkaútvarp[3]	Áskriftir	73	58	57	62	60	64	9
	Auglýsingar og kostun[4]	27	42	43	38	40	36	

Skýringar: Fjölmiðlatekjur eingöngu.
[1] Seld og fríblöð.
[2] Fréttablöð útgefin 1–3 sinnum í viku.
[3] Hljóðvarp og sjónvarp.
[4] Ásamt áskriftum að endurvarpi erlends sjónvarps og þáttasölusjónvarpi.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Vægi auglýsinga í tekjum útvarps, jafnt einkastöðva sem og Ríkisútvarpsins, er mun minna en í blaðaútgáfunni. Hlutfall auglýsingatekna Ríkisútvarpsins hefur haldist nær óbreytt yfir tímabilið á sama tíma auglýsingar vega talsvert meira sem hlutfall af tekjum einkastöðvanna. Mynd 9.3 sýnir auglýsingar sem hlutfall af tekjum ólíkra flokka miðla milli áranna 1995 og 2008.

Mynd 9.3. *Auglýsingatekjur sem hlutfall af tekjum fjölmiðla 1995–2008 (%)*



Skýring: sjá skýringar við *töflu 10.1.*
Heimild: Hagstofa Íslands.

1.18.2.1 Tekjur fréttablaða

Samanlagðar tekjur fréttablaða (dagblaða og vikublaða) árið 2008 námu rúmum sjö og hálfum milljarði króna. Frá árinu 1995 hafa samanlagðar tekjur fréttablaða af sölu og auglýsingum hækkað um helming. Langsamlega stærstur hluti teknanna féll útgefendum dagblaða í skaut, eða ríflega sjö milljarðar króna. Það samsvarar ríflega níu tíundu af heildarblaðtekjum. Tekjur vikublaða, þ.e. staðarblaða, almennra vikublaða og sérefnisblaða, námu um 520 milljónum króna, eða um sjö af hundraði. Tekjur fréttablaða, dagblaða og vikublaða 1995–2008 eru sýndar á mynd 9.4.

Mynd 9.4. *Tekjur fréttablaða 1995–2008 (milljónir króna)*



Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Reiknað út frá tekjum fréttablaða af sölu og auglýsingum. Dagblöð, blöð útgefin fjórum sinnum og oftar í viku; vikublöð, blöð útgefin einu sinni til þrisvar sinnum í viku.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Auknar blaðtekjur frá 1995 eru tilkomnar vegna aukinna tekna af útgáfu dagblaða. Eftir samdrátt í dagblaðaútgáfu frá því undir lok níunda áratugar síðustu aldar og fram á miðjan tíunda áratuginn tóku tekjurnar að hækka samfara almennum efnahagsvexti. Upp úr aldamótunum lækkuðu tekjurnar á ný vegna samdráttar í hagkerfinu en jukust síðan á nýjan leik þegar efnahagur landsins tók að rétta sig við. Frá 2002 til 2006 jukust tekjur af útgáfu dagblaða um 62% sem er að miklu leyti vegna aukinna auglýsingatekna og tilkomu fríblaðanna Fréttablaðsins (2001) og Blaðsins (2005, síðar 24 stunda). Frá árinu 2007 hafa tekjur hins vegar lækkað um 13%.

Tekjur vikublaða hafa lækkað um 9% að raungildi frá því árið 1995. Árið 2006 varð talsverð tekjuaukning af útgáfu vikublaða sem rekja má til þess að DV varð að almennu vikublaði í stað dagblaðs í apríl sama ár. Tekjurnar lækkuðu aftur árið 2007 með því að DV varð dagblað á ný og Viðskiptablaðið var gert að dagblaði um líkt leyti eftir að hafa komið út sem vikublað frá upphafi árið 1994.

1.18.2.2 Tekjur dagblaða

Frá 1995 til 2008 jukust tekjur dagblaðanna um rúman tvo og hálfan milljarð króna, eða sem samsvarar aukningu um 58%. Samanlagðar blaðtekjur (sala og auglýsingar) árið 2008 námu 7.060 milljónum króna (sjá töflu 9.4). Tekjuaukningu dagblaðanna undanfarin ár er að rekja til aukinna auglýsingatekna. Frá 1995 og til 2008 meira en tvöfölduðust auglýsingatekjur dagblaðanna. Á tímabilinu varð fimmtungs lækkun á tekjum af blaðsölu, þ.e. af áskriftum og lausasölu.

Tafla 9.4. *Tekjur dagblaða 1995–2008*

	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*Breyting 2008–1995 +/-*
Milljónir kr.							
Tekjur, alls	4.470	5.840	7.270	7.990	8.100	7.060	+58
Sala	2.110	2.180	1.750	1.690	1.590	1.720	-18
Auglýsingar	2.360	3.660	5.520	6.300	6.510	5.340	+126
Hlutfallsleg skipting, %							
Sala	47	37	24	21	20	24	-23
Auglýsingar	53	63	76	79	80	76	+23

Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Fréttablöð útgefin fjórum sinnum og oftar í viku.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Auglýsingar hafa orðið sífellt mikilvægari tekjustofn dagblaðanna. Fram undir aldamótin voru auglýsingatekjur litlu hærri en tekjur af blaðsölu. Hlutur auglýsingatekna af tekjum dagblaða hækkaði ár frá ári fram til ársins 2008 er hann lækkaði lítillega. Undanfarin ár hafa auglýsingatekjur numið allt að átta tíundu af tekjum dagblaða.

Tekjum er afar misskipt milli einstakra blaða og útgefenda. Ekki er unnt að greina nákvæmlega frá markaðshlutdeild einstakra blaða og útgefenda. Þess í stað verður gróf nálgun að nægja. Árið 2008 nam hlutdeild Árvakurs hf.[91] milli [45–60] af hundraði af samanlögðum tekjum dagblaðamarkaðarins. Hlutdeild annarra skiptist þannig að 365 miðlar ehf.[92] voru með [35–50] prósenta hlut, Birtingur útgáfufélag ehf.[93] og Framtíðarsýn ehf.[94] með [0–15] prósent hvort félag. Samkvæmt þessu var samanlögð hlutdeild tveggja stærstu útgefendanna, Árvakurs hf. og 365 miðla ehf., yfir átta tíundu hlutar af heildarveltu á dagblaðamarkaði.

Frá því að útgáfa frídagblaða hófst árið 2001 hefur hlutur þeirra í tekjum dagblaðaútgáfunnar stöðugt aukist á kostnað seldra blaða. Ætla má að samanlögð hlutdeild frídagblaðanna, Fréttablaðsins og 24 stunda, hafi numið allt að helmingi af blaðtekjum (sölu og auglýsingum) árið 2008. Sé hins vegar aðeins miðað við tekjur af auglýsingum var hlutdeild frídagblaðanna talsvert hærri en nam hlut þeirra í heildartekjum blaða. Síðan útgáfu 24 stunda var hætt í byrjun október 2008 hefur hlutdeild fríblaðanna eðlilega dalað.

1.18.2.3 Tekjur vikublaða

Vikublöðum má skipta eftir efni í almenn vikublöð og sérefnisblöð. Langflest vikublaðanna eru staðarblöð (landshluta-, bæjar- og héraðsfréttablöð), eða ríflega níu af hverjum tíu blöðum. Frá 1995 hafa mest komið út í senn tvö sérefnisblöð. Þá hefur útgáfa almennra vikublaða verið stopul. Á árunum 1995 til 1997 voru gefin út í senn tvö til þrjú almenn vikublöð. Eftir það lagðist útgáfa slíkra blaða af, eða þar til DV var gefið út um skeið sem vikublað á árunum 2006 og 2007 og þar til á þessu ári að blaðið telst á ný vikublað eftir að vikulegum útgáfudögum blaðsins var fækkað úr fjórum í þrjá. Sökum fæðar sérefnisblaða og almennra

91 Útgefandi Morgunblaðsins og 24 stunda.
92 Útgefandi Fréttablaðsins.
93 Útgefandi DV.
94 Þáverandi útgefandi Viðskiptablaðsins.

vikublaða og trúnaðar gagnvart útgefendum slíkra blaða verða hér aðeins gefnar upp samanlagðar tekjur vikublaða.

Yfirlit yfir tekjur vikublaða á árabilinu 1995–2008 er sýnt í töflu 9.5. Árið 2008 námu tekjur vikublaða rúmum hálfum milljarði króna, sem jafngildir um sjö af hundraði af samanlögðum tekjum fréttablaða. Tekjurnar voru hæstar árið 2006 en þá hóf DV að koma út sem vikublað. Síðan hafa tekjurnar dregist talsvert saman samfara því að DV var gert að dagblaði á nýjan leik og að Viðskiptablaðið varð dagblað árið 2007.

Tafla 9.5. *Tekjur vikublaða 1995–2008*

	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*Breyting 2008/1995 +/-*
Milljónir kr.							
Tekjur, alls	570	570	750	1.150	730	520	-9
Sala	260	190	210	410	150	140	-46
Auglýsingar	310	380	540	740	580	380	+23
Hlutfallsleg skipting, %							
Sala	46	34	28	35	21	27	-19
Auglýsingar	54	66	72	65	79	73	+19

Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Almenn vikublöð, sérefnisblöð og landshluta-, bæjar- og héraðsfréttablöð útgefin einu sinni til þrisvar sinnum í viku.

Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Auglýsingar hafa orðið sífellt veigameiri tekjustofn vikublaða líkt og gerst hefur í dagblöðum. Frá 1995 hafa tekjur af blaðsölu (áskriftum og lausasölu) ekki einasta dregist saman að hlutfalli heldur einnig í krónum talið. Árið 2008 öfluðu auglýsingar 73% af tekjum vikublaðanna samanborið við 54% árið 1995. Auglýsingatekjur eru þó sýnu þýðingarmeiri tekjulind staðarblaða en sérefnisblaða og almennra vikublaða. Það kemur til af því að um alllangt skeið hefur um og yfir helmingur staðarblaða verið fríblöð á meðan sérefnisblöð og almenn vikublöð hafa undantekningarlaust verið áskriftarblöð og seld í lausasölu.

Tekjumöguleikar flestra staðarblaða eru verulega takmarkaðir. Jafnvel þó að útgefendur margra bæjar- og héraðsfréttablaða hafi reynt að auka tekjumöguleika blaðanna með því að færa út útbreiðslusvæði þeirra til nærliggjandi byggðarlaga og jafnvel til heilla landshluta eru tekjur flestra blaðanna engu síður naumt skammtaðar. Árið 2008 voru tekjur tekjuhæsta blaðsins u.þ.b. 120-faldar á við það sem minnstar tekjur hafði. Að meðaltali námu tekjur staðarblaða að jafnaði um 20 milljónum króna á árinu 2008. Árstekjur meira en helmings blaðanna voru innan við 25 milljónir króna.

1.18.2.4 Tekjur hljóðvarps

Hljóðvarpsmarkaðurinn er minnstur hinna þriggja meginfjölmiðlamarkaða. Árið 2008 námu tekjur hljóðvarps tæplega 2,4 milljörðum króna, eða 12% af heildartekjum fjölmiðla. Á mynd 9.5 eru dregnar upp tekjur hljóðvarpsstöðva á árunum 1995–2008. Frá því á árinu 1995 hafa hljóðvarpstekjur (afnotagjöld og auglýsingar og kostun) aukist um 57%. Ríflega tveir þriðju hlutar þessarar tekjuaukningar eru tilkomnir vegna starfsemi einkastöðva.

Mynd 9.5. *Tekjur hljóðvarpsstöðva 1995–2008 (milljónir króna)*



Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008.
* Afnotagjöld og auglýsingar + kostun.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Í töflu 9.6 er gerð grein fyrir tekjuskiptingu milli einkastöðva og hljóðvarps Ríkisútvarpsins. Árið 2008 voru tekjur einkastöðva 810 milljónir króna á móti 1.580 milljónum sem féllu í skaut Ríkisútvarpinu. Frá 1995 hafa tekjur af hljóðvarpsstarfsemi Ríkisútvarpsins aukist um þriðjung. Tekjur hljóðvarps á vegum einkaaðila meira en tvöfölduðust á sama tíma.

Tekjur af auglýsingum og kostun hafa smám saman orðið æ stærri hluti af tekjum hljóðvarps, eða hátt í 60% hin síðari ár. Að sama skapi hefur dregið úr vægi afnotagjalda í samanlögðum hljóðvarpstekjum. Öfugt við einkastöðvarnar sem alfarið eru fjármagnaðar með auglýsingum og kostun nýtur Ríkisútvarpið einnig góðs af afnotagjöldum. Frá 1995 til 2008 hækkuðu tekjur RÚV – Hljóðvarps af afnotagjöldum um þriðjung. Á fyrri hluta níunda áratugarsins voru auglýsingar mikilvægasti einstaki tekjustofn hljóðvarps Ríkisútvarpsins. Eftir afnám einkaréttar Ríkisútvarpsins hefur mikilvægi afnotagjalda aukist að miklum mun. Árið 1986 sköpuðu auglýsingar 64% af hljóðvarpstekjum Ríkisútvarpsins; frá 1990 hefur þetta snúist við. Árið 2008, síðasta árið sem afnotagjaldakerfið var við lýði, námu tekjur af afnotagjöldum 63% af heildartekjum Ríkisútvarpsins af hljóðvarpsstarfsemi.

Tafla 9.6. *Tekjur hljóðvarps 1995–2008*

	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*Breyting 2008–1995 +/-*
Milljónir kr.							
Tekjur, alls	1.520	2.010	2.130	2.210	2.440	2.390	+57
Einkareknar stöðvar	320	680	630	640	830	810	+153
RÚV – Hljóðvarp	1.200	1.330	1.500	1.570	1.610	1.580	+32
Afnotagjöld RÚV[1]	760	830	990	1.000	1.020	990	+30
Auglýsingar/kostun, alls	760	1.190	1.140	1.230	1.420	1.390	+83
Einkareknar stöðvar[2]	320	680	630	640	830	800	+150
RÚV – Hljóðvarp	440	510	510	570	590	590	+34
Hlutfallsleg skipting, %							
Tekjur, alls							
Einkareknar stöðvar	21	34	30	29	34	34	+13
RÚV – Hljóðvarp	79	66	70	71	66	66	-13
Afnotagjöld RÚV[1]	50	41	46	45	42	42	-8
Auglýsingar/kostun, alls	50	59	54	55	58	58	+8
Einkareknar stöðvar[2]	42	57	55	53	58	58	+16
RÚV – Hljóðvarp	58	43	45	47	42	42	-16

Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.

[1] Miðað er við að þriðjungur upphæðar afnotagjaldsins hafi runnið til hljóðvarps Ríkisútvarpsins.

[2] Kostun einkastöðva er ekki innifalin fyrir árið 1995. Í reynd voru tekjur einksstöðva því nokkru hærri en hér er sýnt.

Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Markaðshlutdeild einkarekinna stöðva í samanlögðum tekjum hljóðvarps árið 2008 var 34%, en hún hefur staðið í stað frá aldamótum. Frá upphafi tímabilsins hefur hlutdeild einkastöðva hins vegar aukist um 13%. Hlutur einkastöðva í tekjum af auglýsingum og kostun er nokkru meiri en nemur hlut þeirra í samanlögðum tekjum hljóðvarps, eða 58% árið 2008 samanborið við 34% af heildartekjum. Þessi mismunur stafar af afnotagjöldum Ríkisútvarpsins sem námu 41% af hljóðvarpstekjum árið 2008.

Verulega mikil samþjöppun ríkir á hljóðvarpsmarkaði þegar litið er til hlutdeildar einstakra rekstraraðila. Hljóðvarp Ríkisútvarpsins ber ægishjálm yfir aðra aðila á markaði. Þannig var markaðshlutdeild Ríkisútvarpsins 66% árið 2008 á móti 34% hlut einkastöðvanna. Á sama tíma var markaðshlutdeild hljóðvarpsstöðva 365 miðla ehf.[95] [25–40]% og annarra [0–15]%. Markaðshlutdeild 365 miðla ehf. var [85–100]% ef aðeins er miðað við skiptingu tekna á milli einkastöðva.

1.18.2.5 Tekjur sjónvarps

Sjónvarpsmarkaðurinn velti á síðasta ári ríflega níu milljörðum króna mælt í samanlögðum tekjum af afnotagjöldum, áskriftum, auglýsingum og kostun. Tekjur sjónvarps eru u.þ.b. fjórfaldar á við tekjur hljóðvarps, en um fimmtungi hærri en tekjur fréttablaða. Yfirlit yfir þróun sjónvarpstekna 1995–2008 er að finna á mynd 9.6.

[95] Rekstraraðili Bylgjunnar, FM 95,7, GullBylgjunnar, LéttBylgjunnar, Útvarps Latabæjar og Xins 977.

Mynd 9.6. *Tekjur sjónvarpsstöðva 1995–2008 (milljónir króna)*



Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Ásamt tekjum af endurvarpi sjónvarps og þáttasölusjónvarpi.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Samanlagðar tekjur sjónvarps á árinu 2008 voru ríflega níu milljarðar króna, eða meira en tvöfalt hærri en við upphaf tímabilsins. Stærstan hluta tekjuaukningarinnar er að rekja til einkastöðva og fjölbreyttara sjónvarpsframboðs og fjölgunar áskriftarstöðva (sbr. umfjöllun í 7. kafla).[96] Á árabilinu 1995–2008 hátt í þrefölduðust tekjur einkastöðva á sama tíma og tekjur Ríkisútvarpsins – Sjónvarps jukust um 16% (sjá töflu 9.7).

Af þeirri 4,6 milljarða tekjuaukningu sem orðið hefur í sjónvarpi frá 1995 stöfuðu tæplega tveir þriðju af auknum tekjum af afnotagjöldum og áskriftum. Þar af vó þyngst aukning tekna af áskriftarsjónvarpi, en tekjur þess jukust um 122%, samanborið við 30% hækkun tekna af afnotagjöldum Sjónvarpsins.

Tafla 9.7. *Tekjur sjónvarps 1995–2008*

	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*Breyting 2008–1995 +/-*
Milljónir kr.							
Tekjur, alls	4.510	6.920	8.060	9.040	9.450	9.110	+102
Einkareknar stöðvar	2.420	4.540	5.410	6.300	6.560	6.310	+161
RÚV – Sjónvarp	2.090	2.380	2.650	2.740	2.890	2.800	+34
Afnotagjöld/áskriftir, alls	3.510	4.700	5.450	6.250	6.490	6.540	+86
Einkareknar stöðvar	1.990	3.040	3.460	4.290	4.440	4.560	+129
RÚV – Sjónvarp[1]	1.520	1.660	1.970	1.960	2.050	1.980	+30

[96] Útsendingar Sýnar (nú Stöð 2 Sport) hófust árið 1995 og ári síðar fór Stöð 3 í loftið, en báðar stöðvarnar voru áskriftarstöðvar. Sama ár hófst endurvarp erlends sjónvarps til áskrifenda á vegum Íslenska útvarpsfélagsins hf., en félagið starfrækti einnig Stöð 2 og Sýn.

	1995	2000	2005	2006	2007	2008	Breyting 2008–1995 +/-
Auglýsingar/kostun, alls	1000	2.220	2.610	2.790	2.960	2.570	+157
Einkareknar stöðvar[2]	430	1.500	1.950	2.010	2.120	1.750	+307
RÚV – Sjónvarp	570	720	660	780	840	820	+44
Hlutfallsleg skipting, %							
Tekjur, alls							
Einkareknar stöðvar	54	66	67	70	69	69	+15
RÚV – Sjónvarp	46	34	33	30	31	31	-15
Afnotagjöld/áskriftir, alls	78	68	68	69	69	72	-6
Einkareknar stöðvar	57	65	64	69	68	70	+16
RÚV – Sjónvarp[1]	43	35	36	31	32	30	-13
Auglýsingar/kostun, alls	22	32	32	31	31	28	+6
Einkareknar stöðvar[2]	43	68	75	72	72	68	+25
RÚV – Sjónvarp	57	32	25	28	28	32	-25

Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Ásamt tekjum af endurvarpi erlends sjónvarps og þáttasölusjónvarpi. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
[1] Miðað er við að tveir þriðju hlutar afnotagjaldsins hafi runnið til sjónvarps Ríkisútvarpsins.
[2] Kostun einkastöðva er ekki innifalin fyrir árið 1995. Í reynd voru tekjur einkastöðva því nokkru hærri en hér er sýnt.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Áskriftir og afnotagjöld mynduðu um 69% af tekjum sjónvarps árið 2008, þar af voru áskriftir 72% af tekjum einkastöðva og 71% af tekjum Sjónvarpsins. Tekjur af auglýsingum og kostun nema allt að þriðjungi af tekjum einkastöðva. Árið 1995 var þetta hlutfall 18%. Um langt árabil hefur skipting tekna Sjónvarpsins milli auglýsinga og kostunar og afnotagjalda verið mikið til óbreytt, eða í hlutfallinu einn á móti tveimur þriðju.

Tekjur einkarekinna stöðva af heildartekjum sjónvarps námu árið 2008 69% samanborið við 46% markaðshlutdeild árið 1995. Tekjur einkastöðvanna í afnotagjöldum og áskriftum námu 70% árið 2008 samanborið við 57% 1995. Árið 2008 féllu 68% tekna af auglýsingum og kostun sjónvarps í hlut einkastöðvanna samanborið við 43% árið 1995.

Af einstökum rekstraraðilum sjónvarps eru 365 miðlar ehf.[97] umsvifamestur aðila á markaði. Árið 2008 nam markaðshlutdeild fyrirtækisins á sjónvarpsmarkaði [45–60]%. Markaðshlutdeild annarra var þannig: Ríkisútvarpið var með 31% hlut, hlutdeild Skjásins ehf.[98] var [10–25]% og hlutur annarra rekstraraðila var [0–10]%. Samanlögð markaðshlutdeild 365 miðla ehf. og Skjásins ehf. af tekjum einkarekinna sjónvarpsstöðva var hins vegar ekki undir 85%. Þar af nam hlutdeild 365 miðla ehf. [70–85]% og Skjásins ehf. [15–30]%.

[97] Stjórn Sambands íslenskra auglýsingastofa telur að brotthvarf Ríkisútvarpsins af auglýsingamarkaði væri „[a]lgjörlega andstætt hagsmunum neytenda og auglýsenda“ (mbl.is, 30. nóv. 2006). Stjórnin hefur síðar áréttað þessi sjónarmið frekar (sjá mbl.is, 5. nóv. 2008).

[98] Sjá um öndverð sjónarmið talsmanna 365 ehf. og Ríkisútvarpsins hjá Pétri Péturssyni (2008a, b) og Þorsteini Þorsteinssyni (2008a, b).

1.19 Umsvif Ríkisútvarpsins á markaði

Fjármögnun Ríkisútvarpsins og staða þess á markaði hefur verið mikið til umræðu undanfarin ár. Gagnrýnt hefur verið að Ríkisútvarpinu sé heimilað að afla tekna með flutningi auglýsinga og kostun dagskrárliða samtímis því sem það nýtur tekna með sérstakri skattlagningu á skattskylda einstaklinga að ellilífeyrisþegum undanskildum (frá síðustu áramótum að telja) og áður með afnotagjöldum. Þetta fyrirkomulag „tvöfaldrar" fjármögnunar hefur verið gagnrýnt af mörgum þar sem Ríkisútvarpinu er gefin forgjöf gagnvart einkastöðvum sem byggja sitt rekstrarfé að öllu eða talsverðu leyti á auglýsingum og kostun sem skekki samkeppnisstöðu á markaði. Eftir því sem samkeppni milli fjölmiðla um auglýsingatekjur hefur harðnað og þrengst hefur á auglýsingamarkaði upp á síðkastið hafa þær raddir orðið háværari sem telja að Ríkisútvarpið verði að hverfa af þeim markaði.[99]

Ekki er ástæða til að bera brigður á þetta svo réttmæt sem þessi gagnrýni er. Engu síður eru ákveðin gagnrök í málinu sem ekki eru með öllu úr lausu lofti gripin. Bent hefur verið á að hverfi Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði leiði það til óhagkvæmni og kostnaðarauka fyrir auglýsendur vöru og þjónustu. Þegar tillit er tekið til styrkrar stöðu Ríkisútvarpsins á hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði mundi brotthvarf þess af auglýsingamarkaði verða til þess að fækka þeim valkostum sem auglýsendum standa til boða (Björn B. Björnsson, 2008).[100] Sterk staða 365 miðla ehf. gagnvart öðrum einkareknum fjölmiðlafyrirtækjum setti fyrirtækið í þá stöðu að geta ráðið nánast einhliða birtingarverði auglýsinga hverfi Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði.[101] Í þessu sambandi hefur verið áætlað að helmingur alls auglýsingafjár árið 2007 hafi runnið til 365 miðla ehf., en fjórðungur hafi fallið í hlut Árvakurs hf., 12% til Ríkisútvarpsins, 8% til Skjásins ehf. og fimm hundraðshlutar til annarra (Þorsteinn Þorsteinsson, 2008a). Hér verður ekki skorið úr um réttmæti þessara upplýsinga, en samkvæmt þessu eru umsvif Ríkisútvarpsins talsvert minni á auglýsingamarkaði en hlutdeild þess í áhorfi og hlustun gefur tilefni til (sjá 3. og 4. kafla).

Í ljósi umræðna um fjármögnun og fyrirferð Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði er ekki úr vegi að skoða tekjuhlutdeild þess á hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði frá því að einkarekið útvarp hófst fyrir tæpum aldarfjórðungi síðan, árið 1986, eins og dregið er upp í myndum 9.7 og 9.8.

---

[99] Um ummæli málsvara 365 ehf. og Skjásins – miðla ehf. um þetta, sjá t.d. mbl.is, 31. okt. 2008. Gagnrýni rekstraraðila einkarekinna fjölmiðla á fjármögnun Ríkisútvarpsins hefur þó ekki alltaf beinst gegn þátttöku þess á auglýsingamarkaði, heldur einnig afnotagjöldum meðan þau voru við lýði og síðar framlagi í formi skatttekna. Gagnrýnt hefur verið að lögbundnar tekjur hafi staðið straum af herkostnaði Ríkisútvarpsins af samkeppni við einkaaðila í stað þess að vera eingöngu nýttar til starfsemi sem falli undir skilgreinda almannaþjónustu. Slíkt háttalag jafngildi því ríkisaðstoð á samkeppnismarkaði og stríði gegn samkeppnisreglum á EES-svæðinu. Í þjónustusamningi Ríkisútvarpsins við menntamálaráðherra, sem gildir frá 1. apríl 2007 til 31. mars 2012, er reynt að girða fyrir þetta. Þar er m.a. kveðið á um að þess skuli „sérstaklega gætt að haldið sé aðskildum tekjum og kostnaðarliðum vegna þeirrar starfsemi sem fellur undir útvarpsþjónustu í almannaþágu annars vegar og starfsemi sem flokka má sem samkeppnisrekstur hins vegar" (Samningur um útvarpsþjónustu í almannaþágu, 2007, 5. gr.). Víðar er ámóta gagnrýni á fyrirkomulag fjármögnunar útvarps í almannaþjónustu höfð í frammi (sbr. d'Haenens og Bardoel, 2007; Mortensen, 2004; Syvertsen, 2004, 8. kafli).

[100] Stjórn Sambands íslenskra auglýsingastofa telur að brotthvarf Ríkisútvarpsins af auglýsingamarkaði væri „[a]lgjörlega andstætt hagsmunum neytenda og auglýsenda" (mbl.is, 30. nóv. 2006). Stjórnin hefur síðar áréttað þessa afstöðu frekar (sjá mbl.is, 5. nóv. 2008).

[101] Sjá um öndverð sjónarmið talsmanna 365 ehf. og Ríkisútvarpsins hjá Pétri Péturssyni (2008a, b) og Þorsteini Þorsteinssyni (2008a, b).

Frá tilkomu einkarekinna hljóðvarpsstöðva árið 1986 hafa tekjur Ríkisútvarps sem hlutfall af heildartekjum hljóðvarps eðlilega lækkað. Mynd 9.7 sýnir tekjur Ríkisútvarps – Hljóðvarps sem hlutfall af hljóðvarpstekjum frá árinu 1986. Fram til 1998 jókst hlutdeild einkarekinna stöðva á kostnað Ríkisútvarpsins. Síðan hefur skipting milli einkareknu stöðvanna og Ríkisútvarpsins verið að mestu óbreytt. Síðustu ár hefur hlutdeild Ríkisútvarpsins í samanlögðum tekjum hljóðvarps numið um tveimur þriðju af heildartekjum hljóðvarps og ríflega 40 af hundraði af auglýsingatekjum og kostun í hljóðvarpi.

Mynd 9.7. *Tekjur Ríkisútvarpsins - Hljóðvarps sem hlutfall af heildartekjum hljóðvarpsstöðva 1986–2008 (%)*



Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Tekjuhlutdeild Ríkisútvarpsins í sjónvarpi hefur minnkað meira en í hljóðvarpi. Fram undir síðustu ár lækkaði markaðshlutur Sjónvarpsins á sjónvarpsmarkaði nær samfellt að sama skapi og einkastöðvum óx ásmegin. Gildir þá einu hvort miðað er við heildartekjur, eða eingöngu tekjur af afnotagjöldum, áskriftum, auglýsingum og kostun.

Mynd 9.8 sýnir hlutdeild Sjónvarpsins í tekjum sjónvarps á tímabilinu 1986–2008. Hlutdeild einkarekinna stöðva í öllum tegundum tekna af sjónvarpsstarfsemi jókst samfellt fram til ársins 2001. Eftir þann tíma hefur skipting tekna milli Sjónvarpsins og einkastöðvanna verið að mestu óbreytt eða um og yfir 30% árið 2008.

Athyglisvert er að hlutur Ríkisútvarpsins, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi, hefur haldist að mestu óbreyttur frá því um aldamót. Fljótt á litið rennir þetta ekki stoðum undir þá fullyrðingu að Ríkisútvarpið hafi á síðustu árum orðið æ frekara til fjörsins í samkeppni á

Mynd 9.8. *Tekjur Ríkisútvarpsins - Sjónvarps sem hlutfall af heildartekjum sjónvarpsstöðva 1986–2008 (%)*



Skýringar: Tekjur á meðalverðlagi ársins 2008. Ásamt tekjum af endurvarpi sjónvarps og þáttasölusjónvarpi.
Heimild: Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

auglýsingamarkaði en því hefur þráfaldlega verið haldið fram af talsmönnum stóru einkamiðlanna. Skýring þess að Ríkisútvarpið hefur haldið að mestu óbreyttum hlut í tekjum hljóðvarps og sjónvarps síðustu ár kann að vera sú að það hafi notið styrkrar stöðu sinnar meðal hljóðvarpshlustenda og sjónvarpsáhorfenda sem aftur endurspeglast í óbreyttri tekjuhlutdeild gagnvart einkareknu hljóðvarpi og sjónvarpi.

1.20 Eignarhald og samþjöppun

Samþjöppun í fjölmiðlun verður að teljast mikil hér á landi. Gildir þá einu hvort horft er til eignarhalds eða stöðu einstakra miðla á markaði. Slík samþjöppun eigna og valda er ekki einskorðuð við fjölmiðla eina heldur efnahagslífið almennt hér á landi sem að nokkru má rekja til smæðar íslensks samfélags.[102]

Íslenskur fjölmiðlamarkaður er um margt einstakur í samanburði við fjölmiðlamarkaði í nágrannalöndum. Það stafar ekki hvað síst af smæð markaðarins sem ætla má að hafi mikið um það að segja að hér fyrirfinnst meiri samþjöppun fjölmiðla en víðast gerist í nágrannalöndum og í Evrópu. Gildir þá einu hvort miðað er við stærri lönd eða samfélög af svipaðri stærð að mannfjölda.

Á undanförnum árum og áratugum hefur þráfaldlega verið varað við afleiðingum af mikilli samþjöppun í fjölmiðlun hér á landi. Í skýrslu til norrænu ráðherranefndarinnar árið 1993,

---

[102] Viðlíka máli gegnir einnig um flest svið tengdra markaða og í afþreyingariðnaði, svo sem í útgáfu og dreifingu hljóðrita og kvikmynda og í dreifingu og sölu tölvuleikja og leikjatölva. – Sjá t.d. um kvikmyndamarkaðinn í Ragnari Karlssyni, 2002a: 13–20, 2002b; Samkeppnisstofnun, 2004.

um eignarhald og samþjöppun fjölmiðla á Norðurlöndum, var bent á að samþjöppun væri mikil á dagblaðamarkaði hér og á útvarpsmarkaði í kjölfar afnáms einkaréttar Ríkisútvarpsins 1986. Skýrsluhöfundurinn, Jens Cavallin, taldi að samþjöppun í útvarpi stafaði af því að engar skorður væru settar varðandi framsal útvarpsleyfa milli aðila. Væri ekki gripið í taumana taldi hann að allar líkur væri á að samþjöppun eignarhalds ykist m.a. vegna smæðar íslenska auglýsingamarkaðarins. Svo vitnað sé beint í Cavallin:

> Samþjöppun fjölmiðla er mikil á Íslandi. Eins virðist vera fram undan samþjöppun eignarhalds hvað varðar útvarp og sjónvarp eftir tímabil útþenslu í kjölfar afnáms einokunar.Tvær af þremur sjónvarpsstöðvum eru nú í höndum eins einkafyrirtækis, sem ræður einnig yfir tveimur útvarpsstöðvum. Þetta ástand reyndist mögulegt vegna skorts á reglum um úthlutun tíðnirása fyrir útvarp. Með hliðsjón af smæð auglýsingamarkaðarins hér á landi er líklegt að samþjöppunin muni halda áfram.
>
> *[The Icelandic press is in a phase of strong concentration [...] Radio and TV also face concentration of ownership after a period of expansion following the abolition of the monopoly. Two of the three TV-channels are now in the hands of one private company, which also control two radio channels. This situation was possible through the absence of rules for the transfer of private broadcasting concessions. ... Due to the small size of the Icelandic advertising market the concentration process is likely to go on.]*
>
> Cavallin, 1993: 12.

Á líka lund var kveðið að orði í skýrslu sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um „Samþjöppun og fjölræði í fjölmiðlun“ (Report on Media Concentrations and Pluralism in Europe) frá árinu 1997. Í ljósi margslunginna krosseignatengsla sem voru á milli þeirra einkareknu fjölmiðla sem eitthvað kvað að hér á þeim tíma sem skýrslan var tekin saman komst nefndin að þeirri niðurstöðu að aðeins tveir ótengdir aðilar væru eftir á fjölmiðlamarkaðnum, annars vegar blokk Íslenska útvarpsfélagsins hf./Frjálsrar fjölmiðlunar hf./Árvakurs hf.[103] og hins vegar Ríkisútvarpið. Nefndin lýsti samþjöppun á fjölmiðlamarkaðinum þannig:

> Á Íslandi dró töluvert úr fjölbreytni í dagblaðageiranum seint á 10. áratugnum með sameiningu tveggja dagblaða og með því að eitt dagblað lagði upp laupana. Árið 1997 var fjöldi dagblaða kominn niður í aðeins þrjú blöð og það eru mikil krosseignatengsl milli blaðaútgáfu og ljósvakamiðla. Þar sem þrír ráðandi fjölmiðlar eru samtengdir í gegnum krosseignatengsl, þá hafa í raun aðeins verið tvær sjálfstæðar „raddir“ í íslenskum fjölmiðlageira – Íslenska útvarpsfélagið/Frjáls fjölmiðlun/Árvakur samþjöppunin og hinn ríkisrekni fjölmiðill.
>
> *[In Iceland, diversity in the press sector was reduced considerably in the late 1990s by the merger of two daily titles ... and the closure of the another. By 1997, the number of daily newspapers in Iceland was down to only three and there is extensive cross-ownership between press and broadcasting sectors. Because the three dominant commercial media suppliers are interconnected through cross-ownership, there have effectively been only two separate autonomous „voices“ in the Icelandic media – the Islenska utvarpsfelagid/Frjals fjolmidlun/Arvakur amalgamation and the state-run Icelandic Broadcasting Company.]*
>
> Doyle, 2002a: 142.

---

[103] Árvakur hf. átti á þessum tíma eignarhlut í Íslenska útvarpsfélaginu hf. sem var rekstraraðili Stöðvar 2 og Bylgjunnar, með kaupum síðarnefnda félagsins á áskriftarsjónvarpsstöðinni Stöð 3 (1995–1997) sem Árvakur var hafði var stór hluthafi í. Árið 1995 keypti Íslenska útvarpsfélagið 35 prósenta hlut í Frjálsri fjölmiðlun þáverandi útgefanda DV sem seldur var ekki löngu síðar.

Nýverið beindi Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (skammstafað ÖSE; Office for Democratic Institutions and Human Rights, skammstafað OSCE) í skýrslu sinni um framkvæmd kosninga til Alþingis sl. vor þeirri spurningu til stjórnvalda hvort ekki gæti verið ástæða til að huga að setningu reglna um samþjöppun eignarhalds í fjölmiðlum hér á landi. Í ljósi fámennis þjóðarinnar og smæðar auglýsingamarkaðarins hér á landi benda skýrsluhöfundar á að þeim mun brýnna sé að tryggt verði að fjölmiðar í eigu fjölmiðlasamsteypna stuðli að ólíkum sjónarmiðum í dagskránni (ÖSE, 2009).

1.20.1 Samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum

Samþjöppun í fjölmiðlun má meta út frá ýmsum mælikvörðum. Ekkert samkomulag ríkir um hvaða aðferðum og mælikvörðum er réttast að beita þegar samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum er metin. Það er því afar misjafnt hvaða leið eftirlitsstofnanir með fjölmiðlum og samkeppnisyfirvöld víðs vegar hafa að leiðarljósi við slíkt mat (Iosifidis, 1997).

Algengir mælikvarðar sem notaðir eru við mat á markaðslegri samþjöppun er hlutdeild stærstu fyrirtækja á markaði (á ensku oft nefnt *C_4 Index,* eða *C_n Index*)[104] og svonefndur *Hirschman-Herfindahl Index* (hér eftir nefndur til styttingar HHI kvarði). Síðarnefndi mælikvarðinn er m.a. lagður til grundvallar í leiðbeiningarvísi bandaríska dómsmálaráðuneytisins og Federal Trade Commission um mat á láréttum samruna og markaðssamþjöppun, í svonefndum Horizontal Merger Guidelines (U.S. Department of Justice and the Federal Trade Commission, 1997). Algengt er að HHI kvarðanum sé brugðið upp af ýmsum eftirlitsaðilum með fjölmiðlum, svo sem eins og hollensku fjölmiðlaeftirlitsstofnuninni Commissariaat voor der Media „Media Monitor“, http://www. mediamonitor.nl/). Hér hefur Samkeppniseftirlitið stuðst við kvarðann við mat á áhrifum samruna og vegna álitamála sem upp hafa komið vegna samruna fyrirtækja á tilteknum mörkuðum (sbr. Samkeppniseftirlitið, 2004; 2009a, b).

HHI kvarðinn er fundinn með því að leggja saman margfeldi markaðshlutdeildar (þ.e. í öðru veldi) þeirra fyrirtækja sem teljast vera á sama markaði. Kvarðinn tekur gildi á bilinu 0 og 10.000. Eftir því sem gildið er lægra þeim mun minni er samþjöppunin; þeim mun hærra sem gildið er þeim mun meiri er samþjöppunin. Sem dæmi má taka markað með tíu fyrirtækjum sem hvert um sig er með 10 prósenta markaðshlutdeild. HHI kvarðinn væri þá 102 x 10 = 1.000; ellegar ef fimm fyrirtæki eru á markaði með jafna markaðshlutdeild þá væri HHI kvarðinn 202 x 5 = 2.000; ef aðeins eitt fyrirtæki væri á markaði væri HHI kvarðinn 1002 x 1 = 10.000. Ef fyrirtækin á markaði eru mörg og öll með örlitla markaðshlutdeild er HHI kvarðinn því sem næst 0.[105] Kosturinn við HHI mælikvarðann umfram mælingar á markaðshlutdeild einstakra eða fárra aðila (sbr. C_n mælikvarðann) er sá helstur að hann er ekki eins næmur fyrir fjölda fyrirtækja á markaði (sbr. Compaine, 2000: 558; Hoskins, McFadyen og Finn, 2004: 146–47; van Cuilenburg, 2000, 2007; van Cuilenburg og van der Wurff, 2007; van der Wurff, van Cuilenburg og Keune, 2000: 139–40).

---

[104] C_4 mælikvarðinn var lagður til grundvallar nýlegri úttekt um samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum í tíu Evrópulöndum sem unnin var að undirlagi hollensku fjölmiðlastofnunarinnar, Commissariaat voor der Media (Ward, 2004).

[105] Mælikvarðann má skrifa út á eftirfarandi hátt:
$HHI = \sum(m_i^2)$
$1/n$ (fullkomin samkeppni) $\leq HHI \leq 10{,}000$ (einokun)
þar sem m_i merkir markaðshlutdeild (tekjur/útbreiðsla/áhorfendur/tími/...) i;
þar sem n merkir fjöldi fyrirtækja/rekstraraðila/fjölmiðla á markaði.

Mismunandi er hvar samkeppnisyfirvöld og eftirlitsaðilar draga mörkin við óæskilegri samþjöppun á markaði og við hve mikla hækkun á gildi mælikvarðans skuli miða svo ástæða sé til að óttast neikvæð áhrif á samkeppni eftir samruna.[106] Algeng þumalfingursregla er að miða við að ef gildi HHI kvarðans er yfir 1.800 sé um ríka samþjöppun að ræða; um lága samþjöppun sé að ræða ef gildið fer undir 1.000; og að samþjöppun sé nokkur en ekki teljist ástæða til sérstakra inngripa ef gildið liggur milli 1.000 og 1.800.[107]

Við mat á samþjöppun á markaði og samkeppnislegum áhrifum samþjöppunar verður að skilgreina viðeigandi markað/markaði. Til grundvallar skilgreiningu á mörkuðum er sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Með staðgöngu er átt við þegar vara eða þjónusta getur komið að fullu eða verulegu leyti í staðinn fyrir aðra vöru eða þjónustu. Landfræðileg mörk sölu og þjónustu eru að auki lögð til grundvallar skilgreiningu á mörkuðum (sjá frekar Samkeppniseftirlitið, 2005a, 2005b, 2009a, b).

Að neðan er HHI kvarðanum brugðið upp á dagblaða-, hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaðinn með tilliti til samþjöppunar. Í mati samkeppnisyfirvalda á samþjöppun markaða og áhrifum samruna á samþjöppun er algengast að miðað sé við tekjur/veltu. Hér aftur á móti er markaðshlutdeild fjölmiðla og rekstraraðila fundin af útbreiðslu og hlutdeild í lestri, hlustun og áhorfi. Stuðst er annars vegar við upplýsingar um útbreiðslu dagblaðanna og hins vegar niðurstöður nýlegra fjölmiðlakannana um markaðshlutdeild fjölmiðla út frá lestri. Útreikningarnir ná til allra dagblaðanna og þeirra hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva sem fjölmiðlakannanir taka til. Eðlilegra verður að teljast að styðjast við markaðshlutdeild í útbreiðslu, hlustun og áhorfi en tekjur og veltu þegar meta skal samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum, enda liggja aðrir og víðtækari hagsmunir að baki vangaveltum um samþjöppun og fákeppni í fjölmiðlun en þeir sem snúa eingöngu að rekstrarlegri og viðskiptalegri hlið fjölmiðla.

Litið er hér svo á að dagblöð, hljóðvarp og sjónvarp mundi ótengda vöru- og þjónustumarkaði. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt til að sjónvarpsmarkaðinum sé skipt upp í nokkra undirmarkaði, almennt sjónvarp, áskriftarsjónvarp og endurvarp. Samkeppnisráð hefur tekur mið af þessum tilmælum í nýlegum úrskurðum um samruna á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði hér (sbr. Samkeppniseftirlitið, 2005a, b, 2009a, b). Ekki er hér tilraun gerð til landfræðilegrar skiptingar þessara þriggja markaða, enda er öllum dagblöðunum dreift á landsvísu eða fast að því og þau eru aðgengileg flestum á veraldarvefnum óháð búsetu. Svipuðu máli gegnir með langflestar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar sem nást víðast um land um einhverja dreifileið.

Tafla 10.1 og mynd 10.1 sýna samþjöppun á dagblaða-, hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði mælt með HHI kvarðanum og hvernig hún hefur þróast yfir nokkurt árabil. Samþjöppun verður að teljast verulega mikil í öllum þessum fjölmiðlum hvort heldur er miðað út frá markaðstöðu miðla eða eigenda. Öll þau ár sem hér er miðað við, eða í flestum tilvikum frá árinu 1995, hefur gildi HHI kvarðans verið vel yfir 1.800 stigum sem eru þau mörk sem almennt er miðað við þegar metið er hvort um ríka samþjöppun sé að ræða. Reyndar hefur dregið nokkuð úr samþjöppuninni á sjónvarpsmarkaði jafnt er varðar stig samþjöppunar eftir miðlum

---

[106] Túlkunarreglur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um mat á afleiðingu lárétts samruna eru nokkuð rýmri en þær sem bandarísk samkeppnisyfirvöld styðjast við (sjá t.d. Samkeppniseftirlitið, 2004, s. 13. nmgr. 28 og U.S. Department of Justice and the Federal Trade Commission, 1997).

[107] Fjarskiptahagfræðingurinn Eli Noam telur að ekki sé ástæða til taka með í slíkar mælingar þá aðila sem eru með óverulega markaðshlutdeild. Hann leggur einnig til að tekið verði tillit til stærðar viðkomandi markaðar við mat á því hvenær samþjöppun sé komin á það stig að kalli á aðgerðir (Noam, 2004).

og eignarhaldi. Sama hefur gerst á dagblaðamarkaðinum mælt í útbreiðslu; öðru gegnir með samþjöppun mælda út frá eignarhaldi.

Tafla 10.1. *HHI stig fyrir fjölmiðlamarkaði 1995–2009*

	HHI stig						
	1995	*2000*	*2005*	*2006*	*2007*	*2008*	*2009*
HHI eftir titlum/stöðvum							
Dagblöð[1]							
Útbreiðsla	4.300	4.900	3.800	4.100	4.500	3.200	..
Lestur	5.100	4.500	3.000	3.500	3.400	3.500	5.200
Hljóðvarp							
Hlustun	..	2.000[2]	2.000	2.200	2.100	2.800	2900
Sjónvarp							
Áhorf	4.600	3.300	3.400	3.100	3.700	3.300	3200
HHI eftir eignarhaldi							
Dagblöð[1]							
Útbreiðsla	4.300	5.300	3.600	5.100	4.800	4.600	..
Lestur	5.100	5.100	4.000	5.100	5.100	5.100	5200
Hljóðvarp							
Hlustun	..	4.600	4.300	4.700	4.700	5.100	5.000
Sjónvarp							
Áhorf	4.800	3.800	3.700	3.600	3.800	3.800	3.800

Skýringar: HHI stig eru sléttuð við næsta hundrað.
[1] Dagblöð útgefin á árinu.
[2] Tölur vísa til könnunar í mars 2002.
Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1995; Capacent, 2000–2009; Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.

Samkvæmt þeim forsendum sem hér eru lagðar til grundvallar getur samþjöppun talist veruleg á þessum þremur fjölmiðlamörkuðum. Benda má á að ef mörkuðum væri skipt upp í undirmarkaði vöru og þjónustu og eftir landfræðilegum mörkum væri samþjöppun mun meiri en hér kemur fram.

Mynd 10.1. *HHI stig fyrir fjölmiðlamarkaði*



Skýringar: HHI reiknuð út frá markaðshlutdeild eftir fjölmiðlum og eingarhaldi. Dagblöð útgefin á árinu.
Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1995–1998; Capacent, 1999–2009; Hagstofa Íslands; eigin útreikningar.



Skýring: HHI reiknuð út frá markaðshlutdeild eftir fjölmiðlum og eingarhaldi.
Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1995–1998; Capacent 1999–2009; eigin úrteikningar.

Fróðlegt er að skoða á hvaða lund þessu er farið á vefnum með því að skoða umferð um vefsíður. Því hefur oftsinnis verið haldið fram að veraldarvefurinn og sú efnisgnótt sem þar er sýni að ekki sé lengur ástæða til að hafa áhyggjur af samþjöppun í fjölmiðlun. Fjöldi þeirra radda og sjónarmiða sem á Vefnum er sé nægjanleg trygging fyrir fjölbreytni hvað sem líður samþjöppun í hefðbundinni fjölmiðlun (sbr. Compaine, 2008). Því fer fjarri að allir séu tilbúnir að skrifa undir þetta. Athuganir á umferð um vefsíður sýna að á vefnum er ekki síður rík tilhneiging til samþjöppunar en í hefðbundnum fjölmiðlum. Að frátöldum stóru leitarvélunum (einkum Google, MSN og Yahoo) eru vefmiðlar á vegum hefðbundinna fjölmiðla gjarnan þeir vefir sem hæsta markaðshlutdeildina hafa, þeirra sömu miðla og hafa lykilstöðu á

hefðbundnum fjölmiðlamörkuðum (sbr. Hindman, 2009; Edwin Baker, 2007; Trappel, 2007: 127–31).[108]

Tafla 10.2 sýnir notkun allra mældra vefja, annars vegar, og vefmiðla, hins vegar, mælt í fjölda notenda, innlita og flettinga í viku í janúar sl. samkvæmt niðurstöðum samræmdrar vefmælingar (sjá nánar Modernus, www.modernus.is). Fjöldi allra vefja sem þátt tóku í mælingunni þessa tilteknu viku var 142; þar af voru 21 vefur sem flokkast hér sem vefmiðlar ýmist sjálfstæðir eða sem gerðir voru út í tengslum við aðra fjölmiðlun á vegum rekstraraðila. Til vefmiðla heyra almennir fréttavefir (e. *mainstream news sites*), tenglasöfn á fréttir annarra miðla (e. *index og category sites*), upplýsinga- og samskiptavefir hefðbundinna fjölmiðla (e. *meta and comment sites*) og almennir umræðuvefir (e. *share and discussion sites*) (sjá frekar um þetta í Deuze, 2003).

Vefmælingin tekur aðeins til vefja sem eru aðilar að mælingunni, ekki allra íslenskra vefja. Ganga má þó að því sem gefnu að í mælingunum taki þátt flestir vefir sem einhverju máli skipta miðað við notkun. Vefir sem hafa mesta notkun erlendis frá (75% notenda og meira) eru ekki meðtaldir.

Tafla 10.2. *Vefnotkun í janúar 2009*

	Allir vefir (fjöldi 142)			*Vefmiðlar (fjöldi 21)*		
	Notendur	*Innlit*	*Flettingar*	*Notendur*	*Innlit*	*Flettingar*
Alls, fjöldi	2.014.713	9.772.832	54.236.789	1.040.816	6.981.504	40.070.554
Hágildi	364.105	3.365.646	21.085.676	364.105	3.365.646	21.085.676
Meðaltal	14.188	68.823	381.949	49.563	332.453	1.908.122
Miðgildi	2.812	5.263	20.919	9.924	22.470	47.997
Lágildi	2	2	6	187	259	1.130
Meðaltal á notanda	•	4,9	26,9	•	6,7	38,5
HHI	*704*	*1.708*	*2.117*	*2.126*	*3.207*	*3.772*
Hlutfall, %						
Hæsti vefur	18,1	34,4	38,9	35,0	48,2	52,6
Tveir hæstu	32,3	54,7	62,0	62,5	76,5	83,9
Fimm hæstu	49,5	67,9	72,6	87,5	94,4	97,4
Tíu hæstu	63,7	82,3	83,3	96,3	98,5	99,4

Skýringar: Vefnotkun samkvæmt samræmdri vefmælingu Modernus í 5. viku 2009 (26. janúar – 1. febrúar). Notkun vefja sem mælast með yfir 75 prósent frá erlendum notendum er sleppt hér, svo sem leikjavefjum CCP hf. (eve-online.com), vef Ferðamálastofu (visiticeland.com) og vef Iceland Review (icelandreview.is).
*Heimild: M*odernus, www.modernus.is (Samræmd vefmæling); eigin útreikningar.

Eins og upplýsingarnar í töflunni bera með sér er rík tilhneiging til samþjöppunar í vefnotkun, hvort heldur er miðað við notkun allra vefja eða einvörðungu vefmiðla, óháð mismunandi mælikvörðum. Vefnotkunin er eðlilega dreifðari þegar miðað er við alla vefi en vefmiðla eingöngu þar sem þeir fyrrnefndu eru fast að því að vera sjöfalt fleiri. Athygli vekur að gildi á HHI kvarðanum fyrir vefmiðlana slaga hátt upp í það sem mælist hjá hefðbundnum fjölmiðlum (sbr. töflu 10.1 að framan).

[108] Sjá um um þetta í einstökum löndum t.d. í Hans-Bredow-Institut, 2009, Harrie, 2009 og van der Wurff, 2005).

Sýna má að því er virðist augljósa tilhneigingu til samþjöppunar á veraldarvefnum eins og gert er í mynd 10.2. Myndin sýnir upphlaðið hlutfall á notkun á þeim vefjum sem mesta notkun hafa, frá þeim hæsta, upp í þann næsthæsta og síðan koll af kolli. Eftir því sem notkunin dreifist minna milli vefja þeim mun íbjúgari eru línurnar í átt að efra horni vinstra megin. Af myndunum má glöggt sjá að notkunin dreifist jafnar milli allra vefja en vefmiðlanna og einnig að notkunin dreifist minna í innlitum og flettingum en í fjölda notenda. Þetta rennir stoðum undir það að þeir vefir sem hafa upp á mest efni að bjóða og fjölþættasta þjónustu séu oftar og meira sóttir en þeir vefir sem hafa fátæklegra efnisúrval.

Mynd 10.2. *Samþjöppun í notkun vefja 2009 janúar*



Skýringar: Vefnotkun samkvæmt samræmdri vefmælingu Modernus í 5. viku 2009 (26. janúar – 1. febrúar). Notkun vefja sem mælast með yfir 75 prósent frá erlendum notendum er sleppt hér, s.s. eins og leikjavefjum CCP hf., eve-online.com, vef Ferðamálastofu, visiticeland.com og vef *Iceland Review*, icelandreview.is.

Upphlaðin notkun. Blá lína vísar til notkunar á 50 hæstu vefjum. Rauð lína vísar til notkunar á fjölmiðlavefjum.
Heimild: Modernus, www.modernus.is (Samræmd vefmæling); eigin útreikningar.

Yfirlit yfir 15 mest sótta innlenda vefi viku í ágúst sl. er birt í töflu 10.3 samkvæmt niðurstöðum úr samræmdri vefmælingu. Vefirnir raðast hér eftir fjölda notenda frá þeim hæsta til þess lægsta. Sex vefir af 15 hæstu voru vefmiðlar. Þar af voru fjórir sem tengjast annarri hefðbundnari fjölmiðlun (þ.e. vefir DV, Morgunblaðsins, Ríkisútvarpsins og 365 miðla ehf.).

Tafla vefir 10.3. *15 mest notuðu innlendu vefirnir í ágúst 2009*

Röð	*Lén vefs (yfirvefir/undirvefir)*	*Rekstraraðili*	*Notendur*	*Innlit*	*Flettingar*	*Innlit/ notendur*	*Flettingar/ notendur*	*Hlutfall innlendra notenda*	*Tegund vefs*
1	eve-online.com/...	CCP hf.	335.652	954.555	7.650.730	3	23	0,4	tölvuleikur
2	mbl.is/...	Árvakur hf.	331.722	2.609.345	12.337.499	8	37	84,1	fjölmiðlavefur
	Forsíðan		300.924	2.396.660	5.649.739	8	19	85,5	undirvefur
	Fréttavefur annað		237.330	1.192.815	2.782.758	5	12	84,2	undirvefur
	Fólklö		126.819	325.126	661.962	3	5	86,5	undirvefur
	Íþróttir		95.186	290.996	656.378	3	7	86,8	undirvefur
	Viðskipti		82.926	213.658	346.383	3	4	83,9	undirvefur
	Fasteignir		29.701	75.393	830.330	3	28	89,3	undirvefur
	Atvinna		9.599	17.598	128.998	2	13	89,3	undirvefur
3	visir.is/...	365 miðlar ehf.	237.030	1.529.300	9.136.095	6	39	85,8	fjölmiðlavefur
	Forsíða		191.414	1.240.748	2.840.311	6	15	87,0	undirvefur
	Fréttir og annað		174.432	775.252	2.131.786	4	12	86,7	undirvefur
	Lífið		103.803	333.850	1.988.271	3	19	87,8	undirvefur
	Íþróttir		70.510	234.904	772.214	3	11	87,3	undirvefur
	Viðskipti		67.402	162.882	299.728	2	4	86,0	undirvefur
	Blog		20.046	32.632	96.110	2	5	83,5	undirvefur
4	Ja.is / simaskra.is	Já Upplýsingaveitur ehf.	159.275	448.639	1.725.600	3	11	91,8	símaskrá

5	blog.is	Árvakur hf.	121.325	383.589	1.231.120	3	10	82,9	bloggvefur
6	dv.is	Birtíngur útgáfufélag ehf.	105.660	503.733	2.197.849	5	21	86,9	fjölmiðlavefur
7	ruv.is	Ríkisútvarpið ohf.	86.422	276.844	912.983	3	11	80,4	fjölmiðlavefur
8	eyjan.is	Invis ehf.	68.219	337.578	1.230.055	5	18	83,5	fjölmiðlavefur
9	vedur.is	Veðurstofa Íslands	62.656	184.932	526.946	3	8	84,3	veður
10	blogcentral.is	365 miðlar ehf.	56.826	142.261	443.116	3	8	81,8	bloggvefur
11	Pressan.is	Vefpressan ehf.	55.351	174.596	508.175	3	9	88,0	fjölmiðlavefur
12	Leikjanet.is	Vatíkanið ehf.	54.308	207.497	948.672	4	17	89,5	tölvuleikir
13	fotbolti.is	Fótbolti ehf.	54.074	341.298	1.434.912	6	27	87,9	íþróttaefni
13	leit.is	Leit.is ehf.	44.897	246.772	612.966	5	14	91,7	leitarvél
14	midi.is	Miði ehf.	30.766	47.522	249.844	2	8	93,9	miðasala að viðburðurm
15	hugi.is	Já Upplýsingaveitur ehf.	335.652	954.555	7.650.730	3	23	76,4	spjallsíða

Skýring: Vefnotkun í 35. viku 2009 (24.–30. ágúst). Vefum er raðað eftir fjölda notenda í vikunni.

Heimild: Modernus, www.modernus.is (Samræmd vefmæling); að hluta til eigin útreikningar.

Aðeins tveir vefmiðlanna sem komust í talningarvikunni í hóp þeirra 15 hæstu eru sjálfstæðir vefmiðlar (eyjan.is og pressan.is) sem tengjast ekki annars konar fjölmiðlastarfsemi á vegum rekstraraðila. Sömu sex vefir eru jafnframt á meðal þeirra vefja sem eru með flest innlit og flettingar yfir vikuna.

Þegar litið er til styrkrar stöðu hefðbundinna fjölmiðla í vefnotkun er ekki örgrannt um að taka megi undir með Josef Trappel þegar hann segir:

> Það eimir lítið eftir af fyrstu fagnaðarlátunum yfir netinu sem kerfisbundinni tvíátta samskiptaleið er breytti viðtakendum í sendendur og öfugt og hefði þar með bundið enda á markaðsráðandi stöðu í fákeppnisumhverfi. Svo virðist sem bæði framboð og eftirspurn fréttaefnis á netinu lúti samþjöppun á fáum netsíðum og enn færri fjölmiðlaeigendum.
>
> *[There is not much left from the early euphoria about the Internet as a systematic two-way communication system, turning receivers into senders and vice versa, thereby ending oligopolistic market control. It appears that both supply and demand of news content on the Internet is highly concentrated on few websites an on ever fewer media owners.]*
>
> Trappel, 2007: 128.

Sá samanburður sem reifaður hefur verið hér að framan gefur þó aðeins takmarkaða mynd af stöðu á íslenskum fjölmiðlamörkuðum og á veraldarvefnum með tilliti til samþjöppunar. Því er rétt að undirstrika að aðeins er hér um nálgun að ræða en ekki neinn endanlegan dóm. Engu síður er ástæða til þess að ætla að samþjöppun í fjölmiðlum hér á landi sé umtalsverð og að ástæða sé til að gefa henni frekari gætur.

Taka verður fleira inn í myndina en fjölda fjölmiðla á markaði og innbyrðis markaðsskiptingu þeirra á milli þegar meta skal samþjöppunarstig fjölmiðla. Spurningin snýst vissulega einnig um burði fjölmiðla til að þjóna hlutverki sínu til upplýsingagjafar, umræðu og dægradvalar af myndarbrag (Doyle, 2002a, 2006; Meier, 2007; Meier og Trappel, 1998). Nauðsynlegt er einnig að tekið sé tillit til stærðar viðkomandi markaða þegar samþjöppun er til umræðu (sbr. Doyle, 2002a; Noam, 2004). Þar við bætist að það samþjöppunarstig sem samkeppnisyfirvöld geta sætt sig við þarf ekki endilega að fara saman við fjölmiðlapólitísk sjónarmið. Hvar menn setja mörkin við óviðunandi samþjöppun í fjölmiðlun er þegar allt kemur til alls pólitísk spurning en ekki einvörðungu viðskiptalegt eða lagatæknilegt úrlausnarefni (Cavallin, 2000; Doyle, 2002a, 2006; Edwin Baker, 2007; Gomery, 2000; Karppinen, 2006; McChesney, 2004, 5. og 6. kafli; van Cuilenburg, 2000, 2007; van Cuilenburg og van der Wurff, 2007).

Heimildaskrá.

Abrahamson, D. (1996) *Magazine-Made America: The Cultural Transformation of the Postwar Periodical.* Cresskill, NJ: Hampton Press.

ABS fjölmiðlahús, 26. jan. 2009, „Íslendingar eru heimsmeistarar í Facebooknotkun“ (*http://www.absmedia.is/frettir/nr/82397/*).

ABS fjölmiðlahús, 30. jan. 2009, „Mikill samdráttur á dagblaðaauglýsingum“ (sótt á: *http://www.absmedia.is/frettir/nr/82670*).

ABS fjölmiðlahús, 24. september 2009, „Tæplega 50% þjóðarinnar á Facebook“ (sótt á: *http://www.absmedia.is/frettir/nr/92457/*).

Achille, Y. og B. Miège (1994) „The Limits to the Adaptation Strategies of European Public Service Television“, *Media, Culture and Society* 16(1): 31–46.

Ahlin, T. (1993) *Kulturvanor i Norden. En undersökning av kultur- och medievanor i de nordiska länderna.* [Stokkhólmi]: Nordisk statistisk sekretaritat. (Nordisk statistisk skriftserie, 62.)

Alasuutari, P. (1997) „Why Does the Radio Go Unnoticed?“, *Nordicom Review,* 18(1): 161–71.

Albarran, A. B. (2004) „Media Economics“, s. 291–307 í *The SAGE Handbook of Media Studies.* J. D. H. Downing, D. McQuail, P. Schlesinger og E. Wartella, ritstj. Thousand Oaks, CA: Sage.

Ang, I. (1991) *Desperately Seeking the Audience.* London: Routledge.

Aslama, M., H. Hellmann og T. Sauri (2004) „Digitalizing Diversity: Public Service Strategies and Television Program Supply in Finland in 2002“, *International Journal of Media Management* 6(3–4): 152–61.

Bagdikian, B. H. (1983) *The Media Monopoly.* Boston, MA: Beacon Press.

Bakker, P. (2002) „Reinventing Newspapers: Readers and Markets of Free Dailies“, s. 77–86 í *Media Firms: Structures, Operations, and Performance.* R. G. Picard, ritstj. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates.

Bakker, P. og O. Scholten (2005) *Communicatiekaart van Nederland: Overzicht van media en communicatie.* 5. útg. Amsterdam: Kluwer.

Barnes, B. E. og L. Thomson (1994) „Power to the People (Meter): Audinece Measurement Technology and Media Specialization“, s. 75–94 í *Audiencemaking: How the Media Create Audience.* J. S. Ettema og D. C. Whitney, ritstj. Thousand Oaks, CA: Sage.

Barwise, P. og D. Gordon (2002) „The Economics of the Media“, s. 198–216 í *The Media: An Introduction.* A. Briggs og P. Cobley, ritstj. London: Longman.

Bentson, K.-H., N. A. Nielsen og E. Nordahl Svendsen (1992) „Ligheder og forskelle. – En sammenlogning af DR og TV2's programudbud, seertal og vurdering i 1990 ud fra et public-service perspektiv“, *Mediekultur* 17: 19–39.

Berger, P. og T. Luckmann (1971) *The Social Construction of Reality.* Harmondsworth: Penguin.

Berlin, I. (1969) *Four Essays on Liberty.* Oxford: Oxford University Press.

Birgir Guðmundsson (2004) *Miðjan er undir iljum þínum – Héraðsfréttablöð og nærfjölmiðlun á nýrri öld.* Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Birgir Guðmundsson (2006) „The Role of Local Media in Sustaining Viability in Rural and Smaller Regional Communities in Iceland“, í *Nordic-Scottish University Network for Rural and Regional Development; Proceedings of the NSN's Annual Conference Sept. 22–25, 2005.* Elín Aradóttir, ritstj. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Birgir Guðmundsson (2007) „Tilkoma nýs dagblaðs – breyttur veruleiki“, s. 275–86 í *Rannsóknir í félagsvísindum VIII, Félagsvísindadeild.* Gunnar Þór Jóhannesson, ritstj. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Björn B. Björnsson (2008) „Óráð um auglýsingar“, *Morgunblaðið,* 11. des. 2008.

Bourdieu, P. (1998) *On Television and Journalism.* London: Pluto Press.

Brants, K. og E. De Bens (2000) „The Status of TV Broadcasting in Europe“, s. 7–22 í J. Wieten, G. Murdock og P. Dahlgren, ritstj. *Television Across Europe: A Compartive Introduction.* London: Sage.

Buonanno, M., ritstj. (2002) *Television Fiction in Europe. Eurofiction Report.* Strasborg: Evrópuráðið.

Capacent, fjölmiðlakannanir, *www.capacent.is*.

Cavallin. J. (1993) „Media Concentration and Media Ownership in the Nordic Countries.“ Kaupmannahöfn: Norræna ráðherraráðið. (Nordiske Seminar- og Arbejds rapporter, 1993: 532.)

Cavallin, J. (2000) „Public Policy Uses of Diversity Measures“, s. 105–74 í *Measuring Media Content, Quality, and Diversity: Approaches and Issues in Content Research.* R. G. Picard, ritstj. Turku: Turku School of Economics and Business Administration.

Chaney, D. (1972) *Processes of Mass Communication.* London: Macmillan.

Chapman, R. (1992) *Selling the Sixties: The Pirates and Pop Music Radio.* London: Routledge.

Collins, R., N. Garnham and G. Locksley (1988) *Economics of Television: The UK Case.* London: Sage.

Commissariaat voor der Media, „Media Monitor“, *http://www.mediamonitor.nl/.*

Compaine, B. M. (2000) „Distinguishing Between Concentration and Competition“, s. 537–81 í B. M. Compaine og D. Gomery, *Who Owns the Media? Competition and Concentration in the Mass Media Industry.* 3. útg. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates.

Compaine, B. M. (2005) „The Media Monopoly Myth: How New Competition is Expanding Our Sources of Information and Entertainment. „ New Millenium Research Council (sótt á: http://newmillennium-research.org//archive/Final_Compaine_Paper_ 050205.pdf).

Coppens, T. (2005) „Finetuned or Out-of-Key? Critical Reflections on Frameworks for Assessing PSB Performance“, s. 79–99 í *Cultural Dilemmas in Public Service Broadcasting.* G. F. Lowe and P. Jauert, ritstj. Gautaborg: NORDICOM.

Corcoran, F. (2004) *RTÉ and the Globalization of Irish Television.* Bristol: Intellect Books.

Crisell, A. (1994) *Understanding Radio.* 2. útg. London: Routledge.

Crisell, A. (2002) „Radio: Public Service, Commercialism and the Paradox of Choice“, s. 121–34 í *The Media: An Introduction.* A. Briggs og P. Cobley, ritstj. London: Longman.

Croteau, D og W. Hoynes (2001) *The Business of the Media: Corporate Media and the Public Interest.* Thousand Oaks, CA: Pine Forge Press.

Curran, J. (1982) „Communications, Power, and Social Order“, s. 202–35 í *Culture, Society and the Media.* M. Gurevitch, T. Bennett, J. Curran og J. Woollacott, ritstj. London: Methuen.

David Graham and Associates Ltd. (2005) „Impact Study of Measures (Community and National) Concerning the Promotion of Distribution and Production of TV Programmes Provided for Under the Article (25(a) of the TV Without Frontiers Directive Final Report.“ Skýrsla unnin fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (The Audiovisual, Media and Internet Unit Directorate–General Information Society and Media European Commission, maí 2005.

Davis, A. (2006) „Placing Promotional Culture“, s. 149–63 í *Media and Cultural Theory.* James Curran og David Morley, ritstj. London: Routledge.

De Bens, Els (2000) „Media Competition: Greater Diversity or Greater Convergence? Evidence from Two Empirical Studies“, s. 158–79 í *Media and Open Societies: Cultural, Economic and Policy Foundations for Media Openness and Diversity in East and West.* J. van Cuilenburg og R. van der Wurff, ritstj. Amsterdam: Het Spinhuis.

De Bens, E. (2007) „Developments and Oppourtunities of the European Press Industry“, s. 141–70 í *Power, Performance and Politics: Media Policy in Europe.* W. A. Meier og J. Trappel, ritstj. Baden-Baden: Nomos.

De Bens, E. og H. de Smaele (2001) „The Inflow of American Television Fiction on European Broadcasting Channels Revisited“, *European Journal of Communication* 16(1): 51–75.

De Bens, E., M. Kelly og M. Bakke (1992) „Television Content: Dallasification of Culture?“, s. 75–100 í *Dynamics of Media Politics: Broadcast and Electronic Media in Western Europe.* K. Siune og W. Truetzschler, ritstj. London: Sage.

Deuze, M. (2003) „The Web and its Journalism: Considering the Consequences of Different Types of Newsmedia Online“, *New Media and Society* 5(2): 237–45.

Do, J, D. Kim, D. Y. Kim og E. Kim (2009) „When mobile Phones Meet Television …: An FGI Analysis of Mobile Broadcasting Users in Korea“, *Media, Culture and Society* 31(4): 669–79.

Doyle, G. (2002a) *Media Ownership.* London: Sage.

Doyle, G. (2002b) *Understanding Media Economics.* London: Sage.

Doyle, G. (2006) „Structure and Development of Media Ownership in Europe“, s. 121–37 í *Media Economics in Europe.* J. Heinrich og G. G. Kopper, ritstj. Berlin: Vistas. (Informationskultur in Europa, 4.)

Duval, J. (2005) „Economic Journalism in France“, s. 135–55 í *Bourdieu and the Journalistic Field.* R. Benson og E. Neveu, ritstj. Cambridge: Polity Press.

dv.is, 7. nóv. 2008, „Starfsfólkið tók völdin“ (sótt á: http://www.dv.is/brennidepill/2008/ 11/10/starfsfolkid-tok-voldin/).

EAO (2004–2007) *Yearbook 2004–2007.* A. Lange, ritstj. Strasborg: European Audiovisual Observatory.

EAO (2008a) *Yearbook 2008, 1. b.: Television in 36 European States.* A. Lange, ritstj. Strasborg: European Audiovisual Observatory.

EAO (2008b) *Yearbook 2008, 2. b.: Trends in European Television.* A. Lange, ritstj. Strasborg: European Audiovisual Observatory.

EAO (2008c) *Yearbook 2008, 3. b.: Film and Home Video.* A. Lange, ritstj. Strasborg: European Audiovisual Observatory.

Eco, U. (2001) *Five Moral Pieces.* New York: Harcourt.

Economist, The (2009) „The End of the Free Lunch–Again“, 21.–27. mars, s. 18.

Edwin Baker, C. (2007) *Media Concentration and Democracy: Why Ownership Matters.* Cambridge: Cambridge University Press.

Eide, M. (1997) „A New Kind of Newspaper? Understanding a Popularization Process“, *Media, Culture and Society* 19(2): 173–82.

Elfa Ýr Gylfadóttir (2006) „Þróun efnismála á íslenskum sjónvarpsmarkaði“, s. 245–56 í *Rannsóknir í félagsvísindum VII, Félagsvísindadeild.* Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006. Úlfar Hauksson, ritstj. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ellis, J. (2000) „Scheduling: The Last Creative Act in Television“, *Media, Culture and Society* 22(1): 25–38.

Elvestad, E. og A. Blekesaune (2008) „Newspaper Readers in Europe: A Multilevel Study of Individual National Differences“, *European Journal of Communication* 23(4): 425–47.

Engblom, L.-Å. (2001) „Islands landsortspress: Från handskrifter till hemsidor på hundrada år“, s. 105–15 í *Nordisk landsortspress på 1990-talet.* K. E. Gustafsson, ritstj.: Gautaborg: Handelshögskolan vid Göteborgs universitetet.

Engblom, L.-Å. og N. Wormbs (2007) *Radio och TV efter monopolet.* En kamp om politik, pengar, public och teknik. Stokkhólmi: Ekerlids Förlag.

Engblom, L.-Å., Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason (2008) „The Competition Between Free and Subscribed Newspapers in Scandinavia – with Special Focus on Iceland.“ Rannsóknarpappír lagður fram á ráðstefnunni The Nordic Media Theory in Practice, Department of Scandinavian Studies University College of London og Reuters Institute for the Study of Journalism, University of Oxford, 7.–8. nóv. 2008.

EUROSTAT, gagnagrunnur, tafla: „Households having access to the Internet, by type of connection – (as % of all households)“ (sótt á: http://epp.eurostat.ec.europa.eu/tgm/ table.do?tab=table&init =1&language=en&pcode=tin00073&plugin=1).

Evrópuráðið/ERI Carts (2009) „Compendium of Cultural Policies and Trends in Europe: Cultural Policy Profie“, 10. útg. (sótt á: http://www.cultural policies.net/web/index.ph).

eyjan.is, 9. ágúst 2007, „5–7000 heimili með búnað frá Sky – ólöglegt segir lögmaður – seljandi handtekinn – þrjú lögbannsmál“ (sótt á: http://eyjan.is/blog/2007/08/09/5-7000-heimili-me%C3%B0-buna%C3%B0-fra-sky-ologlegt-segir-logma%C3%B0ur-seljandi-handtekinn-% C3%BErju-logbannsmal/).

eyjan.is, 10. júní 2009, „Fjölmiðlakóngurinn Murdoch: Prentuð dagblöð úr sögunni innan áratugar. Netið tekur við“ (sótt á: http://eyjan.is/blog/2009/06/10/fjolmidlakongurinn-murdoch-prentud-dagblod-ur-sogunni-innan-aratugar-netid-tekur-vid//).

Ferguson, M. (1990) „Foreword“, s. ix–xiii í *Public Communication – The New Imperatives: Future Directions for Media Research.* M. Ferguson, ritstj. London: Sage.

Félagsvísindastofnun (1995–1998) „Fjölmiðlakannanir.“ Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (fjölrit).

Free Daily Newspapers, http://users.fmg.uva.nl/pbakker/freedailies/.

Freedom House (2004) *Freedom of the Press 2004: A Global Survey of Media Independence.* K. D. Karlekar, ritstj. Lanham, MD: Rowan and Littlefield.

Frjáls verslun, 2008, 8.–9. tbl., sérhefti: „300 stærstu“.

Freedman, D. (2006) „Internet Transformations: „Old“ Media Resilience in the „New“ Media Revolution“, s. 275–90 í *Media and Cultural Theory.* James Curran og David Morley, ritstj. London: Routledge.

Freedman, D. (2008) *The Politics of Media Policy.* Cambridge: Polity Press.

Garnham, N. (1978) *Structures of Television.* London: British Film Institute.

Garnham, N. (1990) *Capitalism and Communication: Global Culture and the Economics of Information.* F. Inglis, ritstj. London: Sage.

Garnham, N. (1993) „The Future of Public Service Broadcasting in Britain in Historical Perspectvie“, s. 16–31 í *Rethinking Goverance and Accountability.* C. Shaw, ritstj. London: British Film Institute. (The BBC Charter Series, 5.)

Gomery, D. (2000) „Interpreting Media Ownership“, s. 507–35 í B. M. Compaine og D. Gomery, *Who Owns the Media? Competition and Concentration in the Mass Media Industry.* 3. útg. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates.

Greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi. Menntamálaráðuneutið, Reykjavík, apríl 2004 (sótt á: http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/ fjolmidla.pdf).

Grisold, A. (1996) „Press Concentration and Media Policy in Small Countries: Austria and Ireland Compared“, *European Journal of Communication* 11(4): 485–509.

guardian.co.uk, 21. september 2009 „Only 5% of Web Users Would Pay for Online News, Reports Survey“ (sótt á: http://www.guardian.co.uk/media/pda/2009/sep/21/paid-content-newspapers-online-news).

guardian.co.uk, 6. ágúst 2009a, „Rupert Murdoch to Charge to View Websites by 2010“ (sótt á: http://www.guardian.co.uk/media/2009/aug/06/rupert-murdoch-internet-pay).

guardian.co.uk, 6. ágúst 2009b, „Rupert Murdoch Plans Charge for All News Websites by Next Summer“ (sótt á: http://www.guardian.co.uk/media/2009/aug/06/rupert-murdoch-website-charges).

Guðbjörg Hildur Kolbeins (2006) „Af kaupmönnum og hjartans börnum“, s. 257–70 í *Rannsóknir í félagsvísindum VII: Félagsvísindadeild.* Úlfar Hauksson, ritstj. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðjón Friðriksson (2000) *Nýjustu fréttir! Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga.* Reykjavík: Iðunn.

Gunnar Stefánsson (1997) *Útvarp Reykjavík, 1. b. Saga Ríkisútvarpsins 1930–1960.* Reykjavík: Sögufélagið.

Gustafsson, K. E. (2004) *„Sattuman kauppaa Islannissa“, Sumoen Lehdistö* 10(4): 38–40.

Gustafsson, K. E. (2005) *Reklamens makt över medierna.* Stokkhólmi: SNS Förlag.

Gustafsson, K. E. og L. Weibull (1997) *„European Newspaper Readership: Structure and Development“, Communications* 22(3): 249–73.

Hadenius, S. og L. Weibull (2002) *Mass medier. Press, radio og TV i förvandling.* 7. útg. Stokkhólmi: Albert Bonniers Förlag.

d'Haenens, L. og J. Bardoel (2007) „European Public Service Broadcasting: A Concept, an Institution, and a Practice“, s. 79–94 í *Western Broadcast Models: Structure, Content and Performance.* L. d´Haenens og F. Saeys, ritstj. Berlín: Mouton de Gruyter. (Communications Monographs, 5.)

Hafez, K. (2007) *The Myth of Media Globalization.* Cambridge: Polity Press.

Hagstofa Íslands, upplýsingar af vef, www.hagstofa.is.

Hagtíðindi (2008) „Notkun heimila og einstaklinga á tölvum og interneti 2008“, *Hagtíðindi, Upplýsingatækni,* 2008:1.

Hallin, D. C. og P. Mancini (2004) *Comparing Media Systems: Three Models of Media and Politics.* Cambridge: Cambridge University Press.

Hans-Bredow-Institut (2009) *Internationales Handbuch Medien.* 49. ár. C. Matzen og A. Herzog, ritstj. Baden Baden: Nomos.

Harrie, E., ritstj. (2006) *Media Trends 2006 in Denmark, Finland, Iceland and Sweden: Radio, TV and Internet: Descriptive Analyses and Statistics.* Gautaborg: NORDICOM. (Nordic Media Trends, 8.)

Harrie, E., ritstj. (2009) *The Nordic Media Market 2008: Media Companies and Business Activities.* Gautaborg: NORDICOM (vefútgáfa: www.nordicom.gu.se/).

Hartley, J., M. Montgomery, E. Rennig og M. Brennan (2002) *Communication, Cultural and Media Studies: The Key Concepts.* 3. útg. London: Routledge.

Hasebrink, U. og A. Herzog (2009) „Mediennutzung im internationalen Vergleich", s. 131–54 í *Internationales Handbuch Medien.* 28. útg. Hans-Bredow-Institut, ritstj. Baden-Baden: Nomos.

Hellman, H. (2001) „Diversity – An End in Itself? Developing a Multi-Measure Methodology of Television Programme Variety Studies", *European Journal of Communication* 16(2): 181–208.

Hellman, H. and T. Sauri (1994) „Public Service Television and the Tendency towards Convergence: Trends in Prime-Time Programme Structure in Finland, 1970–1992", *Media, Culture and Society* 16(1): 47–71.

Hellman, H. og T. Sauri (1996) „Konvergens och mångfald i de finska TV-kanalerna. TV-reformens påverkan på prime time-programutbudet 1988–1995", s. 101–20 í *Nordisk forskning om public service: Radio och TV i allänhetens tjänst.* O. Hultén, H. Søndergaard og U. Carlsson, ritstj. Gautaborg: NORDICOM. (Nordic Media Trends, 2.)

Hendy, D. (2000) *Radio in the Global Age.* Cambridge: Polity Press.

Hesmondhalgh, D. (2007) *The Cultural Industries.* 2. útg. London: Sage.

Hindman, M. (2009) *The Myth of Digital Democracy.* Princeton, NJ: Princeton University Press.

Hjarvard, S. (1993) „Pan-European Television News: Towards A European Political Public Sphere?", s. 71–94 í *National Identity: The Television Revolution.* P. Drummond, J. Willis og R. Paterson, ritstj. London: British Film Institute.

Hodgson, P. (1993) „Why the BBC Must Be a World Player", *The Times,* 26. maí 1993, s. 27.

Hoggart, R. (2004) *Mass Media in a Mass Society: Myth and Reality.* London: Continuum.

Hoskins, C., S. McFadyen og A. Finn (1997) *Global Television and Film: An Introduction to the Economics of the Business.* Oxford: Clarendon Press.

Hoskins, C., S. McFadyen og A. Finn (2004) *Media Economics: Applying Economics to New and Traditional Media.* Thousands Oaks, CA: Sage.

Hujanen, T. (2000) „Programming and Channel Competition in European Television", s. 65–83 í *Television Across Europe: A Comparative Introduction.* J. Wieten, G. Murdock og P. Dahlgren, ritstj. London: Sage.

Hultén, O. (2007) „Between Vanishing Concept and Future Model: Public Service Broadcasting in Europe on the Move", s. 197–221 í *Power, Performance and Politics: Media Policy in Europe.* W. A. Meier og J. Trappel, ritstj. Baden Baden: Nomos.

Hultén, O. og K. Brants (1992) „Public Service Broadcasting: Reactions to Competition", s. 116–29 í *Dynamics of Media Politics: Broadcast and Electronic Media in Western Europe.* K. Siune og W. Truetzchler, ritstj. London: Sage.

Høyer, R. (2003) „Medieregulering og næringsvirksomhet. Pressestøtten i et større perspektiv", s. 109–23 í *Pennan, Penningen och Politiken. Medier och medieföretag förr och nu.* U. Carlsson, ritstj. Gautaborg: NORDICOM.

Ingi Rúnar Eðvarðsson, ritstj. (1997) *Búsetustefna til nýrrar aldar.* [Reykjavík]: Byggðastofnun.

Inglis, F. (1990) *Media Theory: An Introduction.* Oxford: Blackwell.

Iosifidis. P. (1997) „Methods of Measuring Media Concentration", *Media, Culture and Society* 19(4): 643–63.

Iosifidis, P. (2004) „Public Television in Small EU Member States: Challenges and Strategies." Rannsóknarpappír lagður fram á ráðstefnunni RIPE@2004, Aarhus Universitet, Árósum, 3.–5. júní 2004 (retrieved from: http://www.yle.fi/ripe/2004/).

Iosifidis, P. (2007) *Public Television in the Digital Era: Technological Challenges and New Strategies for Europe.* Houndmills: Palgrave.

Iosifidis, P., J. Steemers og M. Wheeler (2005) *European Television Industries.* London: British Film Institute.

IP (2008) *Television 2008: International Key Facts.* Köln: IP-Deutschland/RTL Group.

Íslensk orðabók (2002) 3. útg. Mörður Árnason, ritstj. Reykjavík: Edda.

ISO (1991) *Information and documentation – Statistics on the production and distribution of books, newspapers, periodicals and electronic publications.* Genf: Alþjóðlegu staðalsamtökin. (ISO 9707: 1991, E.)

Jankowski, N. W. (2006) „Creating Community with Media: History, Theories and Scientific Investigations“, s. 55–74 í *The Handbook of New Media.* 2. útg. L. A. Lievrouw og S. Livingstone, ritstj. London: Sage.

Jenkins, H. (2006) *Convergence Culture: Where Old and New Media Collide.* New York: New York University Press.

Jensen, J. F. (2004) „Fra computere til netværksmedier“ s. 197–218 í *Dansk mediehistorie, 4. b. 1995–2003.* K. B. Jensen, ritstj. Frederiksberg C: Samfundslitteratur.

Jensen, K. B. (2002) „Introduction: The State of Convergence in Media and Communication Research“, s. 1–11 í *A Handbook of Media and Communication Research: Qualitative and Quantitative Methodologies.* K. B. Jensen, ritstj. London: Routledge.

Jhally, S. (1987) *The Codes of Advertising: Fetishism and the Political Economy of Meaning in the Consumer Society.* New York: Routledge.

Karppinen, K. (2006) „Media Diversity and the Politics of Criteria: Diversity Assessment and Technocratisation of European Media Policy“, *Nordicom Review* 27(2): 53–68.

Kelly, M., G. Mazzoleni og D. McQuail, ritstj. (2004) *The Media in Europe: The Euromedia Handbook.* 3. útg. London: Sage.

Kent, R. (2002) „Audience Research“, s. 245–58 í *The Media: An Introduction.* A. Briggs og P. Cobley, ritstj. London: Longman.

Kopp, P. (1989) „The Supply of Programmes by Public Television in Europe: An Econometric Analysis“, *European Journal of Communication* 4(4): 481–97.

Krüger, U. M. (2005) „Sparten Sendungsformen und Inhalte im deutschen Fernsehangebot“, *Media Perspektiven* 5/2005: 190–204.

Larsen, B. S. (2001) „Et soundtrack til hverdagen – radiobrug og hverdagsliv“, *MedieKultur* 33: 27–36.

Laughey, D. (2007) *Key Themes in Media Theory.* Maidenhead: Open University Press.

Lichtenberg, J. (1990) „Foundations and Limits of Freedom of the Press“, s. 102–35 í *Democracy and the Mass Media.* J. Lichtenberg, ritstj. Cambridge: Cambridge University Press.

Lievrouw, L. A. og S. Livingstone (2006) „The Social Shaping and Consequences of ICTs“, s. 15–32 í *The Handbook of New Media.* 2. útg. L. A. Lievrouw og S. Livingstone, ritstj. London: Sage.

Lister, M., J. Dovey, S. Giddings, I. Grant og K. Kelly (2003) *New Media: A Critical Introduction.* London: Routledge.

Lorimer, R. (1994) *Mass Communications: A Comparative Introduction.* Manchester: Manchester University Press.

Lotz, A. D. (2007) *The Television Will be Revolutionized.* New York: New York University Press.

Lóa Aldísardóttir (1999) „Loftkennt fólk á staðlausum tímum? Áhrif Netsins á fjölmiðlanotkun“, *Skírnir* 173, haust: 421–47.

Lóa Aldísardóttir (2000) „Global Medium – Local Tool: How Readers and Media Companies Use the Web“, *European Journal of Communication* 15(2): 241–51.

Luhmann, N. (2000) *The Reality of the Mass Media.* Cambridge: Polity Press.

Lund, A. B. og C. E. Berg (2009) „Denmark, Sweden and Norway: Television Diversity by Duopolistic Competition and Co-Regulation“, *The International Communication Gazette* 71(1–2): 19–37.

Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007 (sótt á: http://www.althingi.is/lagas/136b/2007163.html).

Lög um Ríkisútvarpið ohf., nr. 61/2007 (sótt á: http://www.althingi.is/lagas/136b/2007006.html).

Lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum (sótt á: http://www.althingi.is/ lagas/136b/1988050.html).

Mathiesen, T. (2006) *Makt og medier. En innføring i mediesosiologi.* 2. útg. Osló: Pax Forlag.

Mattelart, A. (1994) *Mapping World Communication: War, Progress, Culture.* Minneapolis, MN: University of Minnesota Press.

mbl.is, 30. nóv. 2006, „SÍA: Andstætt hagsmunum neytenda og auglýsenda að taka RÚV af auglýsingamarkaði“ (sótt á: http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2006/11/30/sia_ andstaett_hagsmunum_ neytenda_og_auglysenda_ad_t/).

mbl.is, 31. okt. 2008, „Telja RÚV þurfa að fara út af auglýsingamarkaði“ (sótt á: http://mbl.is/ mm/gagnasafn/ grein.html?grein_id=1252495).

mbl.is, 5. nóv. 2008, „Vilja ekki að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði“ (sótt á: http://mbl.is/ mm/gagnasafn/ grein.html?grein_id=1253334).

mbl.is, 17. nóv. 2008, „Murdoch: Bjartsýnn fyrir hönd dagblaða“ (sótt á: http://mbl.is/mm/ frettir/erlent/ 2008/11/17/murdoch_bjartsynn_fyrir_hond_dagblada/).

McChesney, R. W. (2004) *The Problem of the Media: U.S. Communicatin Politics in the 21st Century.* New York: Monthly Review Press.

McChesney, R. W. (2008) *The Political Economy of the Meda: Enduring Issues, Emerging Dilemmas.* New York: Monthly Review Press.

McKinsey & Company (1999) „Public Service Broadcasters Around the World: A McKinsey Report for the BBC“, janúar 1999.

McKinsey & Company (2004) „Review of Public Service Broadcasting Around the World“, september 2004 (sótt á: http://www.ofcom.org.uk/consult/condocs/psb2/psb2/psbwp/ wp3mck.pdf).

McLuhan, M. (1973 [1964]) *Understanding Media.* London: Abacus.

McQuail, D. (1992) *Media Performance: Mass Communication and the Public Interest.* London: Sage.

McQuail, D. (2003) *Media Accountability and Freedom of Publication.* Oxford: Oxford University Press.

McQuail, D. (2005) *McQuail's Mass Communication Theory.* 5. útg. London: Sage.

McQuail, D. (2007) „Revisiting Diversity as a Media Policy Goal“, s. 41–57 í *Power, Performance and Politics: Media Policy in Europe.* W. A. Meier og J. Trappel, ritstj. Baden-Baden: Nomos.

Medina, M. (2004) *European Television Production: Pluaralism and Concentration.* Pamplona: Universidad de Navarra. (Media Markets Monographs, 5.)

Meier, W. A. (2007) „National and Transnational Media Ownership Concentration in Europe: A Burden for Democracy?“, s. 75–91 í *Power, Performance and Politics: Media Policy in Europe.* W. A. Meier og J. Trappel, ritstj. Baden Baden: Nomos.

Meier, W. A. og J. Trappel (1998) „Media Concentration and the Public Interest“, s. 38–59 í *Media Policy: Convergence, Concentration and Commerce.* D. McQuail og K. Siune, ritstj. London: Sage.

Menneer, P. (1995) „Radio Audiences: Figures to be Taken at Face Value?“ Rannsóknarpappír skrifaður fyrir Samband evrópskra útvarpsstöðva, EBU (fjölrit).

Mills, C. W. (2000 [1956]) *The Power Elite.* New York: Oxford University Press.

Modernus, samræmd vefmæling, www.modernus.is.

Moe, H. og T. Syvertsen (2008) „Researching Public Service Broadcasting“, s. 398–412 í *The Handbook of Journalism Studies.* K. Wahl-Jorgensen og T. Hanitzsch, ritstj. London: Routledge.

Moran, A. (1998) *Copycat Television: Globalisation, Program Formats and Cultural Identiy.* Luton: University of Luton Press.

Moran, A. og J. Malbon (2006) *Understanding the Global TV Format.* Bristol: Intellect.

Morgunblaðið, 13. des. 1983, „Upplagseftirlit tekið upp“, s. 2.

Morgunblaðið, 7. ágúst 2009, „Rukka fyrir aðgang. News Corp rekið með miklu tapi“, s. 16.

Morris, M. og C. Ogan (2002) „The Internet as Mass Medium“, s. 134–45 í *McQuail's Reader in Mass Communication Theory.* D. McQuail, ritstj. London: Sage.

Mortensen, F. (2005) „Er licensen til public service-institutionerne i norden lovlig statsstøtte ifølge nu?“ *Nordisk kulturpolitisk tidskrift* 1/2005: 84–119.

Murdock, G. (2000a) „Digital Futures: European Television in the Age of Convergence“, s. 35–57 í *Television Across Europe: A Comparative Introduction.* J. Wieten, G. Murdock og P. Dahlgren, ritstj. London: Sage.

Murdock, G. (2000b) „Peculiar Commodities: Audiences at Large in the World of Goods“, s. 47–70 í *Consuming Audiences: Production and Reception in Media Research.* I. Hagen og J. Wasco, ritstj. Creskill, NJ: Hampton Press.

Murschetz, P. (1998) „State Support for the Daily Press in Europe: A Critical Appraisal: Austria, France, Norway and Sweden Compared“, *European Journal of Communication* 13(3): 291–313.

Napoli, P. M. (2003) *Audience Economics: Media Institutions and the Audience Marketplace.* New York: Columbia University Press.

Neuman, W. R. (1991) *The Future of the Mass Audience.* New York: Cambridge University Press.

Nissen, C. S. (2006) „No Public Service without Both Public and Service – Content Provision between the Scylla of Populism and the Charybdis of Elitism“, s. 65–82 í *Making a Difference: Public Service Broadcasting in the European Media Landscape.* C. S. Nissen, ritstj. Eastleigh: John Libbey.

Noam, E. (1991) *Television in Europe.* New York: Oxford University Press.

Noam, E. (2004) „How to Measure Media Concentration“, FT.com, 30. ágúst 2004 (sótt á: http://news.ft.com/cms/s/da30bf5e-fa9d-11d8-9a71-00000e2511c8.html).

Nordenstreng, K. og T. Varis (1974) *Television Traffic – A One-Way Street? A Survey and Analysis of the International Flow of Television Programme Material.* París: UNESCO.

NORDICOM, www.nordicom.gu.se/.

Nordström, B. (1995) „När Sverige fick nya TV-publikråkningar“, s. 79–84 í *Mediemätningar. Teori, tolkning, tillämpning.* U. Carlsson, ritstj. Gautaborg: Nordicom-Sverige. (MedieNotiser, 2.)

Norris, P. (2001) *Digital Divide, Civic Engagement, Information Poverty, and the Internet Worldwide.* Cambridge: Cambridge University Press.

Nowell-Smith, G. (1991) „Broadcasting: National Cultures/International Business“, *New Formations* 13 (vorhefti): 39–44.

OECD, „OECD Key ICT Indicators“, http://www.oecd.org/document/23/0,3343,en_2649_ 34449_33987543_1_1_1_1,00.html.

Ólafur Þ. Harðarson (2007) „Media and Politics in Iceland“, s. 63–82 í *Communicating Politics: Political Communications in the Nordic Nations.* J. Strömbäck, M. Ørsten og T. Aalberg, ritstj. Gautaborg: NORDICOM.

O'Shaughnessy, M. og J. Stadler (2008) *Media and Society.* 2. útg. Oxford: Oxford University Press.

Padovani, C. og M. Tracey (2003) „Report on the Conditions of Public Service Broadcasting“, *Television and New Media* 4(2): 132–53.

Pahlen, P. F. (2006) „Audience Research and Analysis“, s. 623–36 í *Handbook of Media Management and Economics.* A. B. Albarran, S. M. Chan-Olmsted og M. O. Wirth, ritstj. New York: Lawrence Erlbaum Associates.

Pauwels C. og J.-C. Burgelman (2003) „Policy Challenges to the Creation of a European Information Society: A Critical Analysis“, s. 59–85 í *The European Information Society: A Reality Check.* Jan Servaes, ritstj. Bristol: Intellect.

Pavlik, J. V. (2008) *Media in the Digital Age.* New York: Columbia University Press.

Páll Sigurðsson (1997) *Fjölmiðlaréttur. Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Pétur Pétursson (2008a) „RÚV og Ríkisskip“, *Morgunblaðið,* 11. júlí 2008.

Pétur Pétursson (2008b) „RÚV á grænni grein“, *Morgunblaðið,* 12. des. 2008.

Picard, R. G. (1989) *Media Economics: Concepts and Issues.* Newbury Park, CA: Sage.

Picard, R. G. (2000) „Audience Fragmentation and Structural Limits on Media Innovation and Diversity“, s. 180–91 í *Media and Open Societies: Cultural, Economic and Policy Foundations for Media Openness and Diversity in East and West.* J. van Cuilenburg og R. van der Wurff, ritstj. Amsterdam: Het Spinhuis.

Picard, R. G. (2002a) *The Economics of Financing Media Companies.* New York: Fordham University Press.

Picard, R. G. (2002b) „Assessing Audience Performance of Public Service Broadcasters“, *European Journal of Communication* 17(2): 227–35.

Picard, R. G. (2003) „Press Support and Company Performance: The Swedish Case“, s. 95–107 í *Pennan, Penningen och Politiken. Medier och medieföretag förr och nu.* U. Carlsson, ritstj. Gautaborg: NORDICOM.

Picard, R. G. (2005) „Financing Public Media: The Future of Collective Funding“, s. 183–96 í *Making a Difference: Public Service Broadcasting in the European Media Landscape.* C. S. Nissen, ritstj. Eastleigh: John Libbey.

Póst- og fjarskiptastofnun (2007) „Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn 2006“ (sótt á: http://pta.is/displayer.asp?cat_id=136).

Póst- og fjarskiptastofnun (2008) „Markaðsgreining. Viðauki A: Heildsölumarkaður útsendingarþjónustu til útvarpsnotenda (Markaður 18)“ (sótt á: http://pta.is/default.aspx?cat_id=284&module_id=210&element_id=2201).

Póst- og fjarskiptastofnun (2009) „Tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn 2008“ (sótt á: http://pta.is/Default.aspx?cat_id=136).

press.is, félagatal Blaðamannafélags Íslands 2008, http://press.is/page/felagatal.

Preston, P. (2001) Reshaping Communications: Technology, Information and Social Change. London: Sage.

PricewaterhouseCoopers (2001) „Könnun á Internetnotkun 2001.“ Fjölrit.

Raboy, M. (1995) „Public Service Broadcasting in the Context of Globalization“, s. 1–19 í *Public Service Broadcasting for the 21st Century.* M. Raboy, ritstj. Luton: Luton University Press.

Ragnar Karlsson (2002a) „Cinema's Nine Lives: Fall and Revival of the Theatrical Film Market in Iceland 1965–2000“, European Audiovisual Observatory (sótt á: http://www. obs.coe.int/oea_publ/eurocine/index.html).

Ragnar Karlsson (2002b) „Long-Time-A-Dying: Transformation of the Cinema Exhibition Market in Iceland 1980–2000“, *Nordicom Review* 23(1–2): 301–16.

Ragnar Karlsson (2003) „Magazine Publishing in Iceland: Contested and a Dynamic Market“. Rannóknarpappír lagður fram ráðstefnunni Mapping the Magazine – A Cross-Disciplinary Symposium on Magazine Studies, Cardiff University, 26.–27. júní 2003.

Ragnar Karlsson (2004) „Mapping the Newspaper Market 1980–2003“, s. 223–63 í *Europäische Pressemärkte – European Press Markets.* B. Schneider og W. J. Schütz, ritstj. Vín: Verlag der Österreichischen Akademie der Wissenschaften. (Relation, ný röð, 1.)

Ragnar Karlsson (2006) „Radio, TV and Internet in Iceland: Bave New „Digital“ World –Turning Point of Broadcasting or Old Wine in New Bottles?“, s. 25–41 í *Media Trends 2006 in Denmark, Finland, Iceland and Sweden: Radio, TV and Internet: Descriptive Analyses and Statistics.* E. Harrie, ritstj. Gautaborg: Nordicom. (Nordic Media Trends, 8.)

Ragnar Karlsson (2008a) *Media and Communication Statistics Faroe Islands and Greenland 2008.* Gautaborg: NORDICOM. (Nordic Media Trends, 10.)

Ragnar Karlsson (2008b) „Af lággróðrinum í íslenskum fjölmiðlum: Fátt eitt um aðstæður héraðs- og staðarfjölmiðla.“ Erindi flutt á ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði, Háskólanum á Hólum, 28.–29. mars.

Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason (2006) „Between the Market and the Public: Content Provision and Scheduling of Public and Private TV in Iceland.“ Rannsóknarpappír lagður fram á ráðstefnunni RIPE@2006: Public Service Broadcasting in a Multimedia Environment – Programmes and Platforms, Universitaat Amsterdam og Hilversum, 16.–18. nóv. 2006 (sótt á: *http://www.uta.fi/jour/ripe/2006/*).

Ragnar Karlsson, Hilmar Thor Bjarnason, Þorbjörn Broddason og Margrét Lilja Guðmundsdóttir (2000) „Performance of Public and Private Television in Iceland 1993–1999: An Assessment“, Nordicom Review 21(1): 101–42.

Reglugerð 50/2002 um útvarpsstarfsemi (sótt á: http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/rar/reglugerdir502002).

Rojek, C. (2009) *The Labour of Leisure: The Culture of Free Time.* London: Sage.

Roppen, J. (2004) *Medieundustrien. Innføring i medieøkonomi.* Osló: Det Norske Samlaget.

Roth, A. (2004) „The Ecology of a Dual Television Market: Competition in the Netherlands.“ Rannsóknarpappír lagður fram á ráðstefnunni 6th World Media Economics Conference, HEC Montréal, 12.–15. maí 2004 (sótt á:: http://www.cem.ulaval.ca/6thwmec/roth.pdf).

Rothenbuhler, E. (1996) „Commercial Radio as Communication“, *Journal of Communication* 46(1): 125–43.

Samkeppniseftirlitið (2004) „Samruni verslunarsviðs Tæknivals hf. við Norðurljós hf. (Skífuna hf.), Samruni Fréttar ehf. við Norðurljós, Fjárhagsleg endurskipulagning Norðurljósa“, 19/2004 (sótt á: http://www.samkeppni.is/akvardanir_alit_umsagnir/ index. htm).

Samkeppniseftitlitið (2005a) „Samruni Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf.“, 10/2005 (http://www.samkeppni.is/akvardanir_alit_umsagnir/index. htm).

Samkeppniseftirlitið (2005b) „Samruni Og fjarskipta hf., 365 ljósvakamiðla ehf. og 365 prentmiðla ehf.“, 12/2005 (http://www.samkeppni.is/akvardanir_alit_umsagnir/ index.htm).

Samkeppniseftirlitið (2009) „Samruni Árvakurs hf., Fréttablaðsins ehf. og Pósthússins ehf. Ákvörðun nr. 6/2009“, 13. febr. 2009 (sótt á: http://samkeppni.is/samkeppni/is/ akvard anir/?wildparam1=Ndesicion=*2009*&s1=1).

Samkeppniseftirlitið (2009b) „Samkeppniseftirlitið ógildir samruna Morgunblaðsins og Fréttablaðsins“ (sótt á: http://samkeppni.is/samkeppni/is/frettir/).

Samningur um útvarpsþjónustu í almannaþágu, 23. mars 2007 (sótt á: http://ruv.is/heim/ upplysingar/um/).

Sánchez-Tabernero, A. og M. Carvajal (2002) *Media Concentration in the European Market: New Trends and Challenges.* Pamplona: Universidad de Navarra. (Media Markets Monographs, 3.)

Sassi, S. (2005) „Cultural Differentiation or Social Segregation? Four Approaches to the Digital Divide“, *New Media and Society* 7(5): 684–700.

Scannell, P. (1990) „Public Servie Broadcasting: The History of a Concept“, s. 11–28 í *Understanding Television.* A. Goodwin og G. Whannel, ritstj. London: Routledge.

Scannell, P. (2000) *Radio, Television and Modern Life.* Oxford: Blackwell.

Schulz, W. (2000) „Television Audiences“, s. 113–34 í *Television Across Europe: A Comparative Introduction.* J. Wieten, G. Murdock og P. Dahlgren, ritstj. London: Sage.

Seaton, J. (2008) „A Diversity of Understanding: The Increasing Importance of Major Public Service Broadcasting Institutions“, s. 120–24 í *The Price of Plurality: Choice, Diversity and Broadcasting Institutions in the Digital Age.* T. Gardam og D. A. L. Levy, ritstj. Oxford: Reuters Institute for the Study of Journalism.

Seethaler, J. (2004) „Vergleichende Ansätze in der Erforschung der europäischen Pressemärkte: Ein Literaturbericht“, s. 129–63 í *Europäische Pressemärkte – European Press Markets.* Beate Schneider og Walter J. Schütz, ritstj. Vín: Verlag der Österreichischen Akademie der Wissenschaften. (Relation, ný röð, 1).

Sepstrup, P. (1989) „Implications of Current Developments in West European Broadcasting“, *Media, Culture and Society* 11(1): 29–54.

Sinclair, J. (1989) *Images Incorporated: Advertising as Industry and Ideology.* London: Routledge.

Skyum-Nielsen, R., R. Karkov og M. Runge (2009) *Alt går efter planen. Sagaen om Nyhedsavisen.* Kaupmannahöfn: Politikens Forlag.

Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík, apríl 2005.

Slaatta, T. (2003) *Den norske medieordnen. Posisjoner og privilegier.* Osló: Gyldendal.

Smythe, D. W. (1981) *Dependency Road: Communications, Capitalism, Consciousness and Canada.* Norwood, NJ: Ablex.

Sousa, H. og E. C. Silva (2009) „Keeping up Appearances: Regulating Media Diversity in Portugal“, *International Communication Gazette* 71(1–2): 89–100.

Sparks, C. (2004) „The Impact of the Internet on the Existing Media“, s. 307–26 í *Towards a Political Economy of Culture: Capitalism and Communication in the Twenty-First Century.* A. Calabrese og C. Sparks, ritstj. Oxford: Oxford University Press.

Sparks, C. (2007) *Globalization, Development and the Mass Media.* London: Sage.

Stefán Ólafsson (1997) *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga.* Reykjavík: Byggðastofnun.

Street, J. (2001) *Mass Media, Politics and Democracy.* Houndmills: Palgrave.

Syvertsen, T. (1997) *Den store TV-krigen: Norsk almennefjernsyn 1988–96.* Björgvin: Fagbokforlaget.

Syvertsen, T. (1999) „The Many Uses of the „Public Service“ Concept“, *Nordicom Review* 20(1): 5–12.

Syvertsen, T. (2003) „Challenges to Public Television in the Era of Convergence and Commercialization“, *Television and New Media* 4(2): 155–75.

Syvertsen, T. (2004) *Mediemangfold. Styring av mediene i et globalisert marked.* Kristiansand syðri: IJ Forlaget.

Søndergaard, H. (1996a) „Kvalitet og magnfoldighed i det nye medielandskab: Refleksioner over public service i multi-kanalsystemet“, s. 175–96 í *Nordisk forskning om public service: Radio och TV i allänhetens tjänst.* O. Hultén, H. Søndergaard og U. Carlsson, ritstj. Gautaborg:: NORDICOM. (Nordic Media Trends, 2.)

Søndergaard, H. (1996b) „Public Service after the Crisis“, *Nordicom Review,* 16(1): 107–20.

Søndergaard, H. (1999) „Some Reflections on Public Service Broadcasting“, *Nordicom Review* 20(1): 21–28.

Søndergaard, H. (2003) „Programfladestyring og organisationsforandringer i nordisk public service-fjernsyn“, *Mediekultur* 35: 5–22.

Tambini, D. (2006) „On-Demand in Demand: Public Service Broadcasters, New Services and Copyright“, s. 115–34 í *Making a Difference: Public Service Broadcasting in the European Media Landscape.* C. S. Nissen, ritstj. Eastleigh: John Libbey.

Thompson, J. B. (1995) *The Media and Modernity: A Social Theory of the Media.* Cambridge: Polity Press.

Tracey, M. (1998) *The Decline and Fall of Public Service Broadcasting.* Oxford: Oxford University Press.

Trappel, J. (2007) „Towards the Upper Limit: Structure and Policy of Emerging Onlie Media in Europe“, s. 123–40 í *Power, Performance and Politics: Media Policy in Europe.* W. A. Meier og J. Trappel, ritstj. Baden Baden: Nomos.

Trappel, J., ritstj. (1998) „Balance between Rights and Obligations and Financial Resources of Public Television and Private Television. Study for the European Commission and ESA: Final Report“. Köln: Prognos, nóvember 1998.

Tunstall, J. (1977) *The Media are American: Anglo-American Media in the World.* London: Constable.

Tunstall, J. (2008) *The Media were American: U.S. Media in Decline.* Oxford: Oxford University Press.

Tunstall, J. og D. Machin (1999) *The Anglo-American Media Connection.* Oxford: Oxford University Press.

UNESCO (1985) *Revised recommendations concerning the international standardization of statistics on the production and distribution of books, newspapers and periodicals.* Paris: UNESCO.

U.S. Department of Justice and the Federal Trade Commission (1997) „Horizontal Merger Guidelines.“ Endurskoðuð útg. 8. apríl 1997 (sótt á: http:// www.usdoj.gov/atr/public/ guidelines/horiz_book/hmg1.html).

Útvarpslög, 53/2000 (sótt á: http://www.althingi.is/lagas/136b/2000053.html).

van Cuilenburg, J. (2000) „On Measuring Media Competition and Media Diversity: Concepts, Theories and Methods“, s. 51–84 í *Measuring Media Content, Quality, and Diversity: Approaches and Issues in Content Research.* R. G. Picard, ritstj. Turku: Turku School of Economics and Business Administration.

van Cuilenburg, J. (2007) „Media Diversity, Competition and Concentration: Concepts and Theories“, s. 25–54 í *Media Between Culture and Commerce.* E. De Bens, ritstj. Bristol: Intellect. (Changing Media – Changing Europe Series, 4.)

van Cuilenburg, J. og R. van der Wurff (2007) „Toward Easy-to-Measure Media Diversity Indicators“, s. 99–113 í *Media Between Culture and Commerce.* E. De Bens, ritstj. Bristol: Intellect. (Changing Media – Changing Europe Series, 4.)

van Dijk, J. A. G. M. (2004) „Digital Media“, s. 145–63 í *The SAGE Handbook of Media Studies.* J. D. H. Downing, D. McQuail, P. Schlesinger og E. Wartella, ritstj. Thousand Oaks, CA: Sage.

van Dijk, J. A. M. G. (2005) *The Deepening Diogital Divide: Inequality in the Information Society.* London: Sage.

van Dijk, J. A. G. M. (2008) „One Europe, Digitally Divided“, s. 288–304 í *Handbook of Internet Politics.* A. Chadwick og P. N. Howard, ritstj. London: Routledge.

van der Wurff, R. (2004) „Supplying and Viewing Diversity: The Role of Competition and Viewer Choice in Dutch Broadcasting“, *European Journal of Communication* 19(2): 215–37.

van der Wurff, R. (2005) „Online Competition and Performances of News and Information Markets in the Netherlands“, *Gazette* 67(1): 9–26.

van der Wurff, R., J. van Cuilenburg og G. Keune (2000) „Competition, Media Innovation and Diversity in Broadcasting: A Case Study of the TV Market in the Netherlands“, s. 119–57 í *Media and Open Societies: Cultural, Economic and Policy Foundations for Media Openness and Diversity in East and West.* J. van Cuilenburg og R. van der Wurff, ritstj. Amsterdam: Het Spinhuis.

Varis, T. (1984) „The International Flow of Television Programmes“, *Journal of Communication* 34(1): 143–52.

Viðskiptablaðið, 10. sept. 2009. „Ég stefni ekki að því að byggja upp veldi aftur“, s. x. 24–28.

Vogel, A. (2001) „Die tägliche Gratispresse: Ein neues Geschäftsmodell für Zeitungen in Europa“, *Media Perspektiven,* H. 11: 576–84.

Varis, T. (1985) *International Flow of Television Programmes.* París: UNESCO.

Waisbord, S. (2004) „Media and the Reinvention of the Nation“, s. 375–92 í *The SAGE Handbook of Media Studies.* J. D. H. Downing, D. McQuail, P. Schlesinger og E. Wartella, ritstj. Thousand Oaks, CA: Sage.

Waisbord, S. (2005) „McTV: Understanding the Global Popularity of Terlevision Formats“, *Television and New Media* 5(4): 359–83.

WAN (2007; 2008) *World Press Trends 2007 og 2008.* Paris: World Association of Newspapers.

Ward, D. (ásamt O. C. Fueg og A. D'Armo) (2004) *A Mapping Study of Media Concentration and Ownership in Ten European Countries.* Hilversum: Commissariaat vor de Media.

Waterman, D. (2006) „The Economics of Media Programming“, s. 387–416 í *Handbook of Media Management and Economics.* A. B. Albarran, S. M. Chan-Olmsted og M. O. Wirth, ritstj. New York: Lawrence Erlbaum Associates.

Webster, F. (2006) „The Information Society Revisited“, s. 443–57 í *The Handbook of New Media.* 2. útg. L. A. Lievrouw og S. Livingstone, ritstj. London: Sage.

Williams, R. (1974) *Television: Technology and Cultural Form.* London: Fontana/Collins.

Williams, R. (1984) *Keywords: A Vocabulary of Culture and Society.* 2. útg. London: Fontana.

Winseck, D. (2008) „The State of Media Ownership and Media Markets: Competition or Concentration and Why Should We Care?“, *Sociology Compass* 2(1): 34–47.

Wolton, D. (2006) „Public Service – Beyond the Obsession with Technology and the Markets“, s. 197–10 í *Making a Difference: Public Service Broadcasting in the European Media Landscape.* C. S. Nissen, ritstj. Eastleigh: John Libbey.

Zimmer, J. (2009) „Die entwicklung des Internets in globaler Perspektive“, s. 164–74 í *Internationales Handbuch Medien.* 28. útg. Hans-Bredow-Institut, ritstj. Baden-Baden: Nomos.

Þorbjörn Broddason (2005) *Ritlist, prentlist, nýmiðlar.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Þorbjörn Broddason og Ragnar Karlsson (2009) „Das Mediensystems Islands“, s. 369–83 í *Internationales Handbuch Medien.* 28. útg. Hans-Bredow-Institut, ritstj. Baden-Baden: Nomos.

Þorsteinn Þorsteinsson (2008a) „Fyrirferð 365 miðla á íslenskum auglýsingamarkaði“, *Morgunblaðið,* 6. júlí 2008.

Þorsteinn Þorsteinsson (2008b) „Auglýsingatekjur 365 munu vaxa margfalt“, *Morgunblaðið,* 15. des. 2008.

ÖSE (2009) „Iceland: Early Parliamentary Elections 25 April 2009. OSCE/ODIHR Election Assessment Mission Report.“ Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, Varsjá, 28. júlí 2009 (sótt á: http://www.osce.org/odihr/ item_12_37275.html).

Østergaard, B. S. (2007) „Much More to Come: Features of Mobile Content in Europe“, s. 123–40 í *Power, Performance and Politics: Media Policy in Europe.* W. A. Meier og J. Trappel, ritstj. Baden Baden: Nomos.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjölmiðla.

Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót samræmdu regluverki sem taki til fjölmiðla og fjölmiðlunar í víðtækri merkingu. Þannig er frumvarpinu ætlað að gilda um allt efni sem miðlað er af þeim fjölmiðlaþjónustuveitendum sem heyra undir lögsögu íslenska ríkisins og miðla með reglubundnum hætti efni til almennings sem lýtur ritstjórn. Frumvarpið felur í sér sameiningu og samræmingu á reglum sem ná annars vegar til hljóð- og myndmiðla samkvæmt útvarpslögum, nr. 53/2000, og hins vegar prentmiðla samkvæmt lögum um prentrétt, nr. 57/1956. Gert er ráð fyrir að samhliða gildistöku frumvarpsins falli þau lög úr gildi. Þá falli úr gildi 55. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, um skyldu til að flytja útvarpsdagskrá en ákvæði í sjötta kafla frumvarpsins leysir þá grein af hólmi.

Helstu atriðin í frumvarpinu eru í fyrsta lagi að skilgreiningum er fjölgað verulega frá gildandi lögum þar sem leitast er við að skýra vel öll þau sértæku hugtök sem frumvarpið hefur að geyma. Þessi hugtök eiga mörg hver rætur að rekja til tilskipana ESB á þessum vettvangi. Þá er lagt til að öll fjölmiðlaþjónusta verði skráningarskyld og að fjölmiðlaþjónustuveitendur verði á hverjum tíma skyldir til að gefa upplýsingar um eignarhald. Er með því lagt til að leidd verði í lög ákvæði um að upplýsingar um eignarhald fjölmiðlafyrirtækja séu almenningi ávallt aðgengilegar. Í frumvarpinu er fjallað um réttindi og skyldur fjölmiðlaþjónustuveitenda og eru þar nokkur nýmæli, m.a. um ritstjórnarlegt sjálfstæði, vernd heimildarmanna, aðgengi sjón- og heyrnarskertra að miðlunarefni og bann við hatursáróðri. Frumvarpið tekur einnig til auglýsinga og annarra viðskiptaorðsendinga en í því er m.a. kveðið á um að óheimilt verði að hvetja börn til neyslu á óhollum matvælum og drykkjarvörum. Þá er jafnframt lagt til að auglýsingar á tóbaki, áfengi, happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur viðhlítandi leyfi og lyfseðilsskyldum lyfjum verði bannaðar í öllum fjölmiðlum. Með frumvarpinu er lagt til að vöruinnsetningar í dagskrárliðum verði heimilaðar einkareknum fjölmiðlaþjónustuveitendum með ákveðnum skilyrðum og þannig aukið við möguleika þeirra til tekjuöflunar. Í frumvarpinu eru einnig lagðar fram viðamiklar breytingar á gildandi ákvæðum um ábyrgð, viðurlög og fullnustu gagnvart fjölmiðlaþjónustuveitendum og þær reglur samræmdar og einfaldaðar. Í því felst m.a. að lagt er til að hægt verði að beita dagsektum í ákveðnum tilvikum.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á laggirnar ný sjálfstæð stjórnsýslunefnd, fjölmiðlanefnd. Nefndinni er ætlað að leysa útvarpsréttarnefnd af hólmi, sem er það stjórnvald sem fer

með eftirlit og umsjón með starfsemi hljóð- og myndmiðla, auk þess sem nefndinni er ætlað að hafa sambærilegt eftirlit og umsjón með starfi allara annarra fjölmiðla. Fjölmiðlanefnd er þó ætlað að hafa veigameira og sjálfstæðara eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk en útvarpsréttarnefnd. Ný verkefni munu koma til sögunnar bæði vegna þess að allir fjölmiðlar heyra samkvæmt þessu undir fjölmiðlanefnd og vegna nýrra fyrirmæla í hljóð- og myndmiðlunartilskipun ESB. Fjölmiðlanefnd skal samkvæmt frumvarpinu fylgjast með stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði og safna upplýsingum þar að lútandi. Hún skal fylgjast með því að fjölmiðlaþjónustuveitendur fari að fyrirmælum laganna, t.d. hvað varðar nýjar reglur um skráningarskyldu, árlega skýrslugjöf og gagnsæi eignarhalds og beita viðurlögum þegar það á við. Þá er lagt til að fjölmiðlanefnd verði skylt að birta mun ítarlegri upplýsingar um fjölmiðla en verið hefur og er það m.a. liður í að auka gagnsæi. Nefndinni er ætlað að staðfesta reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa sem útvarpsstöðvum og dagblöðum sem reka fréttastofu er skylt að setja sér og endurskoða árlega. Annar þáttur í starfi fjölmiðlanefndar er að uppfylla kröfur hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar, sem og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar, og annast samskipti við sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum sem og alþjóðlegar stofnanir m.a. varðandi lögsögu, tímabundna stöðvun sendinga og kvartanir.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar fimm manns í fjölmiðlanefnd til fjögurra ára í senn. Þar að auki er fjölmiðlanefnd heimilt að ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn til að annast í umboði hennar daglega framkvæmd og stjórnun þeirra verkefna sem nefndinni eru falin samkvæmt frumvarpinu.

Ljóst er að samkvæmt frumvarpinu verða verkefni fjölmiðlanefndar umfangsmeiri en sú starfsemi sem verið hefur á þessu sviði. Reiknað er með að fjölmiðlanefnd muni ráða framkvæmdastjóra og tvo sérfræðinga til að annast daglega framkvæmd og stjórnun verkefna sem nefndinni eru falin. Hafa ber í huga að talsverð óvissa er um hversu mikil umsvif nefndarinnar verða en það fer t.d. eftir því hversu ítarlegum aðferðum er beitt við eftirlitið. Með hliðsjón af þessum forsendum gæti rekstrarkostnaður fjölmiðlanefndar numið um 33 m.kr. á ári auk 2 m.kr. í stofnkostnað í upphafi. Á móti fellur niður um 10 m.kr. fjárheimild vegna útvarpsréttarnefndar. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir vegna útvarpsréttarnefndar verði færðar yfir á hina nýju stjórnsýslunefnd. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs verður leitað allra leiða til að lágmarka kostnað við fjölmiðlanefnd. Hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu er í skoðun hvort hægt verði að samnýta aðstöðu og þjónustu með annarri stofnun til að lágmarka kostnað við þennan rekstur.

Samkvæmt sjöunda kafla frumvarpsins munu ný verkefni falla til hjá Póst- og fjarskiptastofnun sem einnig gætu aukið útgjöld ríkissjóðs. Þau verkefni lúta að ákvörðun um endurgjald þegar fallist er á flutningsrétt eða flutningsskyldu hjá fjarskiptafyrirtækjum eða fjölmiðlaþjónustuveitendum. Í þeim tilvikum þarf Póst- og fjarskiptastofnun að sjá um að gerðir verði viðeigandi útreikningar og kostnaðargreining. Samkvæmt upplýsingum frá Póst- og fjarskiptastofnun gætu útgjöld aukist um u.þ.b. 5 m.kr. á ári í tengslum við þessar athuganir. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu á kostnaðargreiningu endurgjalds fyrir flutning myndefnis, m.a. um aðferðir við eignamat, afskriftir og ávöxtunarkröfu auk gerðar kostnaðarlíkana.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má þannig áætla, miðað við þessar forsendur, að útgjöld ríkissjóðs gætu aukist um 28 m.kr. á ári að frádregnum fjárheimildum vegna útvarpsréttarnefndar auk þess sem gera má ráð fyrir 2 m.kr. stofn- og upphafskostnaði fyrsta árið. Hugsanlegt er að útgjaldaaukningin verði minni ef hægt verður að koma rekstri fjölmiðlanefndar þannig fyrir að hún samnýti aðstöðu og þjónustu með annarri stofnun, t.d. Póst- og fjarskiptastofnun. Telja má líklegt að frumvarpið verði til umfjöllunar á Alþingi í vetur og muni því ekki

taka gildi fyrr en undir mitt næsta ár. Því er gert ráð fyrir að fjölmiðlanefnd taki ekki til starfa fyrr en á seinni part árs 2011. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 var hins vegar reiknað með rekstrarframlagi til heils árs hjá Fjölmiðlastofu, sem verður fjölmiðlanefnd og Póst- og fjarskiptastofnun. Gefur það tilefni til þess að við aðra umræðu fjárlagafrumvarpsins verði gerðar tillögur um að lækka þau framlög í frumvarpinu um helming, eða 14 m.kr.

216. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010, frá 29. janúar 2010, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010, frá 29. janúar 2010, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum

fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna.

Samkvæmt ákvörðuninni skulu reikningsskilareglur Japans og Bandaríkjanna frá 1. janúar 2009 vera metnar að jöfnu við alþjóðlega reikningsskilastaðla í samræmi við IAS-staðal 1, framsetning reikningsskila. Tilmælin heimila félögum frá þriðju ríkjum einnig að semja ársreikning og árshlutareikning í samræmi við reikningsskilareglur Kína, Kanada, Suður-Kóreu eða Indlands, og gildir sú heimild til reikningsársins sem hefst 1. janúar 2012.

Tilgangurinn með ákvörðuninni er að gera tiltekna reikningsskilastaðla þriðju ríkja jafngilda alþjóðlegum reikningsskilastöðum (IFRS) þar til innleiðing alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna hefur farið fram í viðkomandi þriðju ríkjum.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, og ýmsum öðrum lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, var upphaflega lagt fram á 136. löggjafarþingi 2008–2009 og á ný lítillega breytt á 138. löggjafarþingi. Hins vegar náðist á hvorugu af fyrrgreindum löggjafarþingum að afgreiða frumvarpið úr efnahags- og skattanefnd. Fyrirhugað er að leggja frumvarpið enn á ný fram á yfirstandandi löggjafarþingi. Í frumvarpinu er fyrirhugað að leggja til að ársreikningaskrá, sem hefur eftirlit með beitingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna, skuli hafa eftirlit með því hvort reikningsskilareglur heimaríkis þriðju ríkja séu hliðstæðar alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Með því móti verður sköpuð nauðsynleg lagastoð fyrir innleiðingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB.

Ekki verður séð að um verði að ræða neinar efnahagslegar afleiðingar þess að gerðin verði innleidd í íslenskan rétt.

Um stjórnsýslulegar afleiðingar gerðarinnar verður ekki séð að umfang þess eftirlits og vinnu sem gert er ráð fyrir af hálfu ársreikningaskrár verði slíkt að það kalli á sérstakar ráðstafanir hvað varðar skipulag eða starf stofnunarinnar. Þá vísast til 3. mgr. 61. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, þar sem segir að ársreikningaskrá fari með mat á því hvort kröfur samkvæmt ákvæðum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins séu hliðstæðar ákvæðum laga um ársreikninga sem byggjast á tilskipun 2004/109/EB.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 10/2010

frá 29. janúar 2010

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2009 frá 4. desember 2009 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB frá 12. desember 2008 um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna ([2]).

3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2008/961/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/891/EB ([3]), en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Liður 23c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/891/EB) í IX. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32008 D 0961**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB frá 12. desember 2008 um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna (Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 112).“

([1]) Stjtíð. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 35, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 34.
([2]) Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 112.
([3]) Stjtíð. ESB L 343, 8.12.2006, bls. 96.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/961/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila

vegna ákvörðunar nr. 10/2010 um að fella ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB inn í samninginn

„Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB frá 12. desember 2008 um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna hefur að geyma ákvæði þess efnis að góðar reikningsskilavenjur, sem tíðkast í tilteknum löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, skuli teljast jafngildar EES-reglum og að útgefendum, sem starfa utan efnahagssvæðisins, skuli heimilt að haga árlegum og hálfsárslegum samstæðu-reikningsskilum í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem tíðkast í Alþýðulýðveldinu Kína, Kanada, Lýðveldinu Kóreu eða Lýðveldinu Indlandi. Ákvörðun þessi er felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið samningsins að því er varðar samskipti við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.“

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 12. desember 2008

um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna

(tilkynnt með númeri C(2008) 8218)

(Texti sem varðar EES)

(2008/961/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([1]), einkum 4. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([2]) er þess krafist af félögum sem lúta lögum aðildarríkis, ef verðbréf þeirra eru skráð á skipulegan markað í öllum aðildarríkjum, að þau semji samstæðureikninga sína í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana, nú almennt nefndir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS-staðlar), sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 (hér á eftir nefndir „innleiddir IFRS-staðlar“) fyrir hvert fjárhagsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.

2) Í 4. og 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB er kveðið á um að sé þess krafist að útgefandi geri samstæðureikningsskil, skulu árleg reikningsskil og hálfsársreikningsskil taka til þess háttar samstæðureikningsskila sem gerð eru í samræmi við innleidda IFRS-staðla. Jafnvel þótt þessar kröfur eigi bæði við um útgefendur í Bandalaginu og í þriðja landi er heimilt að veita útgefendum í þriðja landi undanþágu frá kröfunum, að því tilskildu að í lögum viðkomandi þriðja lands séu settar fram sambærilegar kröfur.

3) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/891/EB ([3]) er kveðið á um að útgefanda frá þriðja landi sé einnig heimilt að gera samstæðureikningsskil sín, að því er varðar fjárhagsár sem hefst fyrir 1. janúar 2009 í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal sem Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) gefur út samkvæmt góðri reikningsskilavenju (GAAP) í Kanada, Japan eða Bandaríkjunum eða samkvæmt góðri reikningsskilavenju þriðja lands með fyrirvara um samleitni við alþjóðlegan reikningsskilastaðal.

4) Reikningsskil, sem eru gerð í samræmi við IFRS-staðla, sem Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) gefur út, veita notendum þessara reikningsskila fullnægjandi upplýsingar til að þeir geti lagt upplýst mat á eignir og skuldir útgefanda, fjárhagsstöðu hans, hagnað og tap og framtíðarhorfur. Því er rétt að heimila útgefendum í þriðja landi að nota IFRS-staðla, sem Alþjóðareikningsskilaráðið gefur út, innan Bandalagsins.

5) Í því skyni að meta hvort góðar reikningsskilavenjur í þriðja landi séu jafngildar innleiddum IFRS-stöðlum er, í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 frá 21. desember 2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla, sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB ([4]), kveðið á um skilgreiningu á jafngildi og aðferð til að

([1]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.
([2]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 343, 8.12.2006, bls. 96.
([4]) Stjtíð. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 66.

ákvarða jafngildi góðra reikningsskilavenja í þriðja landi. Í reglugerð (EB) nr. 1569/2007 er einnig gerð krafa um að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar heimili útgefendum í Bandalaginu að nota IFRS-staðla sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 í hlutaðeigandi þriðja landi.

6) Í desember 2007 hafði framkvæmdastjórnin samráð við samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila (CESR) um tæknilegt mat á jafngildi góðra reikningsskilavenja í Bandaríkjunum, Kína og Japan. Í mars 2008 jók framkvæmdastjórnin þetta samráð þannig að það tæki til góðra reikningsskilavenja í Suður-Kóreu, Kanada og Indlandi.

7) Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila mælti með því, í ráðleggingum sínum í mars, maí og október 2008, að góðar reikningsskilavenjur í Bandaríkjunum og Japan yrðu viðurkenndar sem jafngildar IFRS-stöðlum til nota innan Bandalagsins. Enn fremur mælti nefndin með því að reikningsskil, sem gerð eru í samræmi við góðar reikningsskilavenjur í Kína, Kanada, Suður-Kóreu og á Indlandi, yrðu samþykkt innan Bandalagsins tímabundið, þó eigi lengur en til 31. desember 2011.

8) Reikningsskilaráð Bandaríkjanna og Alþjóðareikningsskilaráðið undirrituðu á árinu 2006 viljayfirlýsingu þar sem þau áréttuðu það markmið sitt að tryggja samleitni góðra reikningsskilavenja í Bandaríkjunum og IFRS-staðla og lögðu drög að vinnuáætlun í því skyni. Með vinnuáætlun þessari var unnt að eyða margvíslegum og miklum mun sem var á góðum reikningsskilavenjum í Bandaríkjunum og IFRS-stöðlum. Í kjölfar viðræðna framkvæmdastjórnarinnar og verðbréfa- og kaupþingsnefndar Bandaríkjanna er að auki ekki lengur gerð krafa um afstemmingar af hálfu útgefenda í Bandalaginu sem gera reikningsskil sín í samræmi við IFRS-staðla sem Alþjóðareikningsskilaráðið gefur út. Því er rétt að líta svo á að góðar reikningsskilavenjur í Bandaríkjunum teljist jafngildar innleiddum IFRS-stöðlum frá 1. janúar 2009.

9) Reikningsskilaráð Japans og Alþjóðareikningsskilaráðið tilkynntu í ágúst 2007 um samkomulag sín á milli um að hraða samleitnivinnunni með því að eyða helsta mun sem er á góðum reikningsskilavenjum í Japan og IFRS-stöðlum eigi síðar en 2008 og öðrum mun fyrir árslok 2011. Japönsk yfirvöld gera ekki kröfu um afstemmingu af hálfu útgefenda í Bandalaginu sem gera reikningsskil sín samkvæmt IFRS-stöðlum. Því er rétt að líta svo á að góðar reikningsskilavenjur í Japan teljist jafngildar innleiddum IFRS-stöðlum frá 1. janúar 2009.

10) Skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1569/2007 má heimila útgefendum í þriðja landi, á aðlögunartímabili, sem lýkur eigi síðar en 31. desember 2011, að nota góðar reikningsskilavenjur annars þriðja lands, sem vinnur að samleitni við IFRS-staðla eða hefur skuldbundið sig til að innleiða þá eða sem hefur komist að samkomulagi við Bandalagið um gagnkvæma viðurkenningu, fyrir 31. desember 2008.

11) Reikningsskilastaðlar fyrir fyrirtæki í Kína hafa að verulegu leyti verið samræmdir IFRS-stöðlum og taka til nær allra efnisatriða núgildandi IFRS-staðla. Þar eð reikningsskilastöðlunum fyrir fyrirtæki hefur hins vegar aðeins verið beitt frá 2007 þarf að færa frekari sönnur fyrir því að þeim sé rétt beitt.

12) Reikningsskilaráð Kanada skuldbatt sig opinberlega í janúar 2006 til að innleiða IFRS-staðla eigi síðar en 31. desember 2011 og hefur gripið til skilvirkra ráðstafana til að tryggja tímanleg og algjör umskipti yfir í IFRS-staðla eigi síðar en þann dag.

13) Fjármálaeftirlitsnefnd Suður-Kóreu og Reikningsskilastofnun Suður-Kóreu skuldbundu sig opinberlega í mars 2007 til að innleiða IFRS-staðla eigi síðar en 31. desember 2011 og hafa gripið til skilvirkra ráðstafana til að tryggja tímanleg og algjör umskipti yfir í IFRS-staðla fyrir þann dag.

14) Indversk stjórnvöld og samtök löggiltra endurskoðenda á Indlandi skuldbundu sig opinberlega í júlí 2007 til að innleiða IFRS-staðla eigi síðar en 31. desember 2011 og hafa gripið til skilvirkra ráðstafana til að tryggja tímanleg og algjör umskipti yfir í IFRS-staðla eigi síðar en þann dag.

15) Þótt ekki skuli taka endanlega ákvörðun um jafngildi reikningsskilastaðla, sem verið er að samræma IFRS-stöðlum, fyrr en lagt hefur verið mat á það hvernig félög og endurskoðendur beita þessum reikningsskilastöðlum er mikilvægt að styðja viðleitni þeirra landa sem hafa skuldbundið sig til að samræma reikningsskilastaðla sína IFRS-stöðlum, svo og þeirra landa er hafa skuldbundið sig til að innleiða IFRS-staðla. Til samræmis við það er rétt að heimila útgefendum í þriðja landi að gera árleg

reikningsskil sín og hálfsársreikningsskil innan Bandalagsins í samræmi við góðar reikningsskilavenjur í Kína, Kanada, Suður-Kóreu eða Indlandi á aðlögunartímabili sem er ekki lengra en þrjú ár.

16) Framkvæmdastjórnin skal, með tækniaðstoð samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila, halda áfram að fylgjast með þróun þessara góðu reikningsskilavenja þriðja lands með tilliti til innleiddra IFRS-staðla.

17) Hvetja skal lönd til að innleiða IFRS-staðla. Evrópusambandið getur ákvarðað að ekki sé lengur heimilt að nota innlenda staðla, sem hafa verið skilgreindir sem jafngildir, við samantekt á upplýsingum sem krafist er samkvæmt tilskipun 2004/109/EB eða reglugerð (EB) nr. 809/2004 ([1]) um framkvæmd tilskipunar 2003/71/EB, ef hlutaðeigandi lönd hafa innleitt IFRS-staðla sem einu reikningsskilastaðla sína.

18) Vegna lagalegs skýrleika og gagnsæis ber því að skipta út ákvörðun 2006/891/EB.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Frá 1. janúar 2009 skal, til viðbótar við þá IFRS-staðla sem innleiddir eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, að því er varðar árleg samstæðureikningsskil og hálfsárssamstæðureikningsskil, telja eftirfarandi staðla jafngilda IFRS-stöðlum sem innleiddir eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002:

a) alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla), að því tilskildu að í skýringum með endurskoðuðum reikningsskilum sé ótvíræð og afdráttarlaus yfirlýsing um að í þeim reikningsskilum sé farið að IFRS-stöðlum í samræmi við IAS-staðal 1, framsetning reikningsskila,

b) góðar reikningsskilavenjur í Japan,

c) góðar reikningsskilavenjur í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Fram að fjárhagsárum sem hefjast 1. janúar 2012 skal útgefanda frá þriðja landi heimilað að gera árleg samstæðureikningsskil og hálfsárssamstæðureikningsskil í samræmi við góðar reikningsskilavenjur Alþýðulýðveldisins Kína eða Kanada, Lýðveldisins Suður-Kóreu eða Lýðveldisins Indlands.

1. gr. a

Framkvæmdastjórnin skal, með tækniaðstoð samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila, halda áfram að fylgjast með viðleitni þriðju landa til að skipta yfir í IFRS-staðla og eiga virk skoðanaskipti við yfirvöld meðan á samleitniferlinu stendur. Framkvæmdastjórnin skal, á árinu 2009, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og evrópsku verðbréfanefndina (ESC) um framvindu þessa. Framkvæmdastjórnin skal jafnframt leggja, án tafar, skýrslu fyrir ráðið og Evrópuþingið ef þær aðstæður koma upp í framtíðinni að útgefendum í Evrópusambandinu verður gert að samræma reikningsskil sín innlendum, góðum reikningsskilavenjum í viðkomandi erlendri lögsögu.

1. gr. b

Dagsetningar þær sem þriðju lönd hafa opinberlega tilkynnt um í tengslum við skipti yfir í IFRS-staðla, skulu vera viðmiðunardagsetningar fyrir afnám jafngildisviðurkenningar að því er varðar þessi þriðju lönd.

2. gr.

Ákvörðun nr. 2006/891/EB falli úr gildi frá og með 1. janúar 2009.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. ESB L 149, 30.4.2004, p. 1. Leiðrétt með Stjtíð. ESB L 215, 16.6.2004, bls. 3.

217. Frumvarp til laga [200. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „18%“ í 1. málsl. 3. mgr. 66. gr. laganna kemur: 20%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. A laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þannig skal fjárhæð barnabóta og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 4. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.
b. Orðin „3. og“ í 2. mgr. falla brott.
c. 3. mgr. fellur brott.
d. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður er verður 1. málsl., svohljóðandi: Tekjutengdar barnabætur skulu árlega nema 61.191 kr. með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu.
e. Í stað „3. mgr.“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: 1. málsl.
f. Í stað „2%“ í 5. málsl. 4. mgr. kemur: 3%.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. B laganna:

a. Í stað orðsins „Gjaldfallnir“ og orðsins „gjaldfallnar“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: Greiddir; og: greiddar.
b. Í stað „6%“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: 7%.
c. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvarðaðar vaxtabætur samkvæmt þessari málsgrein skal skerða um 8%.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Í stað „15%“ í 1. mgr. 2. tölul. kemur: 18%.
b. Í stað „10%“ í 2. mgr. 2. tölul. kemur: 15%.
c. Í stað „15%“ í a-lið 3. tölul. kemur: 18%.
d. Í stað „18%“ í b-lið 3. tölul. kemur: 20%.
e. Í stað „32,7%“ í c-lið 3. tölul. kemur: 36%.
f. Í stað „18%“ í b-lið 4. tölul. kemur: 20%.
g. Í stað „32,7%“ í c-lið 4. tölul. kemur: 36%.
h. Í stað „18%“ í a-lið 5. tölul. kemur: 20%.
i. Í stað „18%“ í b-lið 5. tölul. kemur: 20%.
j. Í stað „18%“ í 6. tölul. kemur: 20%.
k. Í stað „18%“ í a-lið 7. tölul. kemur: 20%.
l. Í stað „15%“ í b-lið 7. tölul. kemur: 18%.
m. Í stað „18%“ í a-lið 8. tölul. kemur: 20%.
n. Í stað „15%“ í b-lið 8. tölul. kemur: 18%.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað „18%“ í 1. mgr. kemur: 20%.
b. Í stað „32,7%“ í 2. mgr. kemur: 36%.
c. Í stað „18%“ í 3. mgr. kemur: 20%.
d. Í stað „18%“ í 2., 4. og 5. málsl. 4. mgr. kemur: 20%.

6. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 8. mgr. A-liðar 68. gr., sbr. reglugerð nr. 555/2004, um greiðslu barnabóta, verður barnabótum ekki skuldajafnað á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga á árinu 2011.

b. (II.)

Þrátt fyrir h-lið ákvæðis til bráðabirgða XXXIII skal á framtalsskyldar eignir skv. 72. gr. í lok áranna 2010 og 2011 við álagningu 2011 og 2012 reikna auðlegðarskatt manna þannig: Af fyrstu 75.000.000 kr. af auðlegðarskattsstofni einstaklings og fyrstu 100.000.000 kr. af samanlögðum auðlegðarskattsstofni hjóna greiðist enginn skattur. Af auðlegðarskattsstofni yfir þeim mörkum greiðast 1,50%. Auðlegðarskattsstofn vegna áranna 2010 og 2011 skal endurreikna við álagningu opinberra gjalda 2012 og 2013 með tilliti til viðbótareigna skv. b-lið ákvæðis til bráðabirgða XXXIII. Sá mismunur sem myndast við þann endurreikning og er umfram viðmiðunarmörk 1. málsl. skal skattlagður við álagningu opinberra gjalda 2012 og 2013.

c. (III.)

Við endurreikning á gengistryggðum húsnæðis- og bílalánum í lán í íslenskum krónum, sbr. dóm Hæstaréttar frá 16. júní 2010 þar sem gengistryggðir bílasamningar voru dæmdir ólögmætir, skulu inneignarvextir skuldara sem ákvarðaðir eru af þessum sökum á árunum 2010 og 2011 ekki teljast til fjármagnstekna. Endurútreikningur afborgana og vaxta af þessum sökum skal hvorki hafa áhrif á áður ákvarðaðar vaxtabætur né barnabætur hvort sem er til hækkunar eða lækkunar nema skattaðili fari fram á endurákvörðun þeirra skv. 2. mgr. 101. gr.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað „18%“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: 20%.

8. gr.

Í stað „18%“ í 3. og 4. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 20%.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað „18%“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: 20%.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað „5%“ í 1. mgr. kemur: 10%.
b. Í stað fjárhæðarinnar „1.000.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 1.500.000 kr.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „83,54 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 86,90 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „75,14 kr.“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 78,15 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „100,73 kr.“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 104,75 kr.
d. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Af áfengi sem selt er í tollfrjálsum verslunum sem falla undir ákvæði 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005: 15% af áfengisgjaldi skv. 1.–3. tölul.
e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Geri ferðamaður, skipverji eða flugverji grein fyrir áfengi á tollafgreiðsluhliði sem er umfram tollfrjálsar heimildir skv. 5.–7. tölul. 6. gr. ber honum einungis að greiða mismun áfengisgjalds skv. 1.–3. tölul. og skv. 4. tölul. 1. mgr., enda framvísi hann greiðslukvittun sem sýni fram á að áfengið hafi verið keypt í tollfrjálsri verslun hér á landi.

12. gr.

Við 1. málsl. 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna bætist: sbr. þó 4. tölul. 1. mgr. 3. gr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „325,13 kr.“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: 347,90 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3,85 kr.“ í 2. tölul. 2. mgr. kemur: 4,12 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „11,63 kr.“ í 3. tölul. 2. mgr. kemur: 12,45 kr.
d. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Af tóbaki sem selt er í tollfrjálsum verslunum sem falla undir ákvæði 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005: 40% af tóbaksgjaldi skv. 1.–3. tölul.
e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Geri ferðamaður, farmaður eða aðrir grein fyrir tóbaki á tollafgreiðsluhliði sem er umfram tollfrjálsar heimildir skv. 2. mgr. 10. gr. ber honum einungis að greiða mismun tóbaksgjalds skv. 1.–3. tölul. og skv. 4. tölul. 2. mgr., enda framvísi hann greiðslukvittun sem sýni fram á að tóbakið hafi verið keypt í tollfrjálsri verslun hér á landi.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „408,40 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 437,00 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „20,41 kr.“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 21,85 kr.
c. Á eftir orðunum „hafa meðferðis“ í 2. tölul. kemur: sbr. þó 4. tölul. 2. mgr. 9. gr.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta.

15. gr.

Í stað fjárhæðanna „2,90 kr.“, „2,60 kr.“, „2,70 kr.“ og „3,60 kr.“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: 4,35 kr.; 3,80 kr.; 4,10 kr.; og: 5,35 kr.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er rétthafa séreignarsparnaðar heimilt á tímabilinu 1. janúar 2011 fram til 1. apríl 2011 að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar, sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla, til vörsluaðila skv. 3.–5. mgr. 8. gr. og skal greiðslum háttað eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Heimilt er á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar rétthafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem þann 1. janúar 2011 nemur samanlagt allt að 5.000.000 kr. óháð því hvort sú heildarfjárhæð séreignarsparnaðar er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Skal sú fjárhæð greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, á 12 mánaða tímabili frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttist hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 5.000.000 kr. er að ræða.

Við ákvörðun fjárhæðar rétthafa til útborgunar skal draga frá hámarksfjárhæð, þ.e. allt að 5.000.000 kr., samanlagða fjárhæð þess séreignarsparnaðar sem þegar hefur verið greiddur út á grundvelli ákvæðisins eins og það hljóðaði fyrir 1. janúar 2011. Sé óskað eftir útgreiðslum samkvæmt ákvæði þessu fellur fyrra greiðslufyrirkomulag niður, en samanlögð heimil heildarfjárhæð útborgunar, allt að 5.000.000 kr., greiðist út í samræmi við ákvæði 2. mgr., sbr. fyrri málslið þessarar málsgreinar.

Óski rétthafi eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 2. mgr. skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Ef rétthafi á séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila skal hann gera grein fyrir því í umsókn sinni

Vörsluaðilar séreignarsparnaðar taka ákvörðun um umsókn rétthafa skv. 2. mgr. og hafa umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans.

Skuldheimtumönnum er óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn samkvæmt þessu ákvæði, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag eftirlits og útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt, atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006.

Um afgreiðslu umsókna, sem borist hafa í gildistíð eldra ákvæðis og óafgreiddar kunna að vera, skal fara eftir ákvæði þessu, svo breyttu, frá og með gildistöku þess.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

17. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „52,77 kr.“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: 54,88 kr.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 4. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 1. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Kílómetra-gjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Kílómetra-gjald, kr.*
10.000–11.000	0,27	21.001–22.000	6,45
11.001–12.000	0,83	22.001–23.000	7,01
12.001–13.000	1,39	23.001–24.000	7,57
13.001–14.000	1,96	24.001–25.000	8,13
14.001–15.000	2,52	25.001–26.000	8,69
15.001–16.000	3,08	26.001–27.000	9,26
16.001–17.000	3,64	27.001–28.000	9,82
17.001–18.000	4,20	28.001–29.000	10,38
18.001–19.000	4,76	29.001–30.000	10,94
19.001–20.000	5,32	30.001–31.000	11,50
20.001–21.000	5,89	31.000 og yfir	12,06

b. 6. mgr. orðast svo:

Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum ökutækjum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Kílómetra-gjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Kílómetra-gjald, kr.*
5.000–6.000	7,91	18.001–19.000	20,88
6.001–7.000	8,55	19.001–20.000	21,82
7.001–8.000	9,21	20.001–21.000	22,78
8.001–9.000	9,87	21.001–22.000	23,72
9.001–10.000	10,50	22.001–23.000	24,66
10.001–11.000	11,44	23.001–24.000	25,60
11.001–12.000	12,66	24.001–25.000	26,56

12.001–13.000	13,87	25.001–26.000	27,50
13.001–14.000	15,08	26.001–27.000	28,44
14.001–15.000	16,30	27.001–28.000	29,39
15.001–16.000	17,51	28.001–29.000	30,34
16.001–17.000	18,72	29.001–30.000	31,28
17.001–18.000	19,94	30.001–31.000	32,22
		31.001 og yfir	33,18

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

19. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „22,94 kr.“ í 14. gr. laganna kemur: 23,86 kr.

20. gr.

Í stað fjárhæðanna „37,07 kr.“ og „39,28 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: 38,55 kr.; og: 40,85 kr.

X. KAFLI

Breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., með síðari breytingum.

21. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „17.200 kr.“ í 4. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: 17.900 kr.

XI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 132/1999, um vitamál, með síðari breytingum.

22. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „125,12 kr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: 130,12 kr.

XII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

23. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „8.400 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 8.700 kr.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., með síðari breytingum.

24. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 698 kr. á mánuði árið 2011 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

XIV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, með síðari breytingum.
25. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laganna skal skuldbinding ríkisins skv. 60. gr. á árinu 2011 samkvæmt sérstöku samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar vera 1.278 millj. kr. á árinu 2011. Fari fram endurmat á launa- og verðlagsforsendum fjárveitinga til sambærilegra ríkisstofnana innan ársins skal endurskoða framlag til þjóðkirkjunnar með sama hætti. Framlag til Kristnisjóðs skal vera 76,3 millj. kr. á árinu 2011.

XV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.
26. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 69. gr. laganna skulu bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., ekki breytast á árinu 2011.

XVI. KAFLI
Gildistaka
27. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:

a. 1., 4.–5., 7.–9. og 23. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og koma til framkvæmda við álagningu 2012 og á staðgreiðsluárinu 2011 eftir því sem við á.
b. 2. og 3. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við ákvörðun barnabóta og vaxtabóta og álagningu gjalda á árinu 2011.
c. 6., 11.–15., 17.–20., 22. og 25. gr. öðlast þegar gildi.
d. 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og tekur til skipta á dánarbúum þeirra sem andast þann dag eða síðar og búskipta þeirra sem hafa heimild til setu í óskiptu búi fari þau fram eftir gildistöku laganna.
e. 16., 21., 24. og 26. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Jöfnuður í ríkisfjármálum 2009–2013.

Frá haustinu 2008 hefur meginverkefni ríkisstjórnarinnar verið að laga rekstur ríkisins að gjörbreyttum efnahagslegum veruleika með það að markmiði að endurreisa íslenskt efnahagslíf í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Í skýrslu fjármálaráðherra sem lögð var fyrir Alþingi í júní 2009 var þetta verkefni útfært nánar sem áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á árunum 2009–2013. Þar kemur skýrt fram að aðgerðir ríkisstjórnarinnar muni fela í sér hvort tveggja niðurskurð ríkisútgjalda og hækkun á tekjum ríkissjóðs. Sú blandaða leið niðurskurðar og tekjuöflunar sem ríkisstjórnin hefur haft að leiðarljósi til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum er þó í stöðugri endurskoðun og tekur mið af þeim árangri sem hvor leið skilar. Þannig er reynt að lágmarka það tjón sem niðurskurður á samneyslu veldur hagkerfinu og einnig þau neikvæðu áhrif er tekjuöflunaraðgerðir kunna að hafa.

Þegar við afgreiðslu fjárlaga 2009 voru gerðar viðamiklar ráðstafanir bæði á tekju- og

gjaldahlið og síðan aftur við afgreiðslu fjárlaga 2010. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011[1] er að finna heildarsamantekt á þeim tekjuöflunaraðgerðum sem þegar hefur verið gripið til. Mestur þungi þeirra var á árinu 2010, þó svo að nýjar tekjuöflunaraðgerðir fyrir það ár hafi orðið minni en reiknað var með við undirbúning frumvarps til fjárlaga fyrir það ár. Þessar aðgerðir hafa átt stóran þátt í því að bæta stöðu ríkissjóðs frá því sem ella hefði orðið og þar með mikilvægur liður í þeim viðsnúningi sem að var stefnt.

Fram undan er þriðja ár áætlunar stjórnvalda um jöfnuð í ríkisfjármálum. Áfram verður farin blönduð leið niðurskurðar og tekjuöflunar, en í þessum áfanga verður þó þungi aðgerðanna að mestu á útgjaldahliðinni. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir samtals 44 milljörðum kr. í beinum aðgerðum til að bæta afkomu ríkissjóðs frá því sem ella hefur orðið þannig að frumjöfnuður hans verði orðinn jákvæður á árinu 2011. Þar af er stefnt að því að sérstakar aðgerðir á tekjuhlið skili 11 milljörðum kr. í viðbótartekjuöflun með það að markmiði að hafa sem minnst áhrif á ráðstöfunartekjur þeirra sem minna mega sín. Engar almennar breytingar eru fyrirhugaðar á helstu tekjustofnum ríkissjóðs, svo sem tekjuskatti einstaklinga, virðisaukaskatti eða tryggingagjaldi, heldur er fremur horft til skatta á fjármagn og eignir, enda ekki síst á þeim sviðum sem núverandi skattkerfi gengur skemur en algengt er í nágrannalöndunum. Þessar breytingar eru um flest í takt við þær hugmyndir sem er að finna í áfangaskýrslu starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði til að endurskoða skattkerfið.

Við samningu frumvarpsins var haft samráð við viðkomandi ráðuneyti um þá málaflokka frumvarpsins sem undir þau heyra. Að auki var haft samráð við embætti ríkisskattstjóra.

2. Forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011.

Í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er að finna breytingar á ýmsum lögum er varða tekjuöflun ríkissjóðs í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011, þ.m.t. tillögur að viðbótartekjuöflun. Þessum breytingum má skipta í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi eru sérstakar tekjuöflunaraðgerðir, í öðru lagi hækkanir á krónutölusköttum í takt við verðlagsforsendur frumvarps (bensín, olía, áfengisgjald o.fl.) og í þriðja lagi hækkanir á ýmsum gjaldskrám hjá stofnunum ríkisins, bæði vegna hækkunar verðlags og aðhaldsaðgerða í ríkisrekstrinum almennt. Tillögur að breytingum á barnabótum og vaxtabótum eru einnig í þessu frumvarpi, þó að þeir bótaflokkar falli undir útgjaldahliðina vegna þess hversu samtvinnaðar þessar bætur eru tekjuskattskerfinu. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hverjum flokki fyrir sig.

2.1 Sérstakar tekjuöflunaraðgerðir.

Sem fyrr segir er í forsendum fjárlagafrumvarps gert ráð fyrir að sérstakar aðgerðir á tekjuhlið í formi breytinga á einstökum tekjustofnum skili ríkissjóði 11 milljörðum kr. í viðbótartekjur á næsta ári. Sú breyting hefur átt sér stað á þeim áformum sem fram kemur í þessu frumvarpi að viðbótartekjur af vörugjaldi á áfengi og tóbak verði 700 millj. kr. lægri en reiknað er með í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps, eða 600 millj. kr í stað 1,3 milljarða kr. Sérstakar aðgerðir á tekjuhlið nema því nú 10,3 milljörðum kr. í stað 11 milljarða kr. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þessi tekjuáform skiptast milli einstakra tekjustofna. Rétt er að taka fram að tillögu um kerfisbreytingar á bifreiðagjaldi og vörugjaldi bifreiða annars vegar og um sérstakan skatt á fjármálastofnanir hins vegar er ekki að finna í þessu frumvarpi, en frumvörp þess efnis verða lögð fram samhliða þessu frumvarpi.

---

[1] Fyrra hefti frumvarps til fjárlaga 2011, Stefna og horfur, bls. 33.

Sérstakar tekjuöflunaraðgerðir 2011.

Rekstrargrunnur	**milljarðar kr.**
Fjármagnstekjuskattur	1,5
Tekjuskattur lögaðila	0,5
Auðlegðarskattur	1,5
Erfðafjárskattur	1,0
Vörugjald á áfengi og tóbak	0,6
Áfengis- og tóbaksgjald	0,8
Kolefnisgjald	1,0
Vörugjald bifreiða og bifreiðagjald – kerfisbreyting; sérstakt frumvarp	0,2
Sérstakur skattur á fjármálastofnanir – sérstakt frumvarp	1,0
Viðbótarskatttekjur	**7,3**
Viðbótarheimild til úttektar á séreignarsparnaði – tekjuskattur einstaklinga	3,0
Viðbótartekjuöflun 2011, samtals	**10,3**

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þeim tekjuöflunaraðgerðum sem er að finna í þessu frumvarpi.

Fjármagnstekjuskattur einstaklinga og tekjuskattur lögaðila. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur einstaklinga hækki úr 18% í 20%. Tekjuáhrif hækkunarinnar eru áætluð 1,5 milljarðar kr. á árinu 2011 og er þessi tekjustofn talinn skila ríkissjóði 24,7 milljörðum kr. samtals á því ári að meðtalinni þessari hækkun.

Með þeim breytingum sem gerðar voru á skattalögum á síðasta ári var dregið verulega úr mismuni á skattlagningu fjármagnstekna annars vegar og launatekna og annarra tekna hins vegar. Enn er til staðar nokkur munur, en samkvæmt gildandi lögum er lægsta tekjuskattshlutfall að meðtöldu útsvari við staðgreiðslu launatekna samtals 37,22%, en hæsta 46,12% samanborið við 18% fjármagnstekjuskatt. Hækkun fjármagnstekjuskatts í 20% mun því ekki íþyngja fjármagnstekjum umfram launatekjur, lífeyri og aðrar almennar tekjur. Það á eins við þótt tekið sé tillit til verðbótaþáttar vaxtatekna, því þegar breytingar á fjármagnstekjuskatti eru skoðaðar þarf að hafa í huga að vaxtatekjur undir ákveðnum mörkum eru undanþegnar skattlagningu.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila hækki úr 18% í 20%. Hækkun á tekjuskatti lögaðila kemur hins vegar aðeins að litlu leyti fram á árinu 2011 þar sem álagning hans fer alla jafna fram með árstöf. Hækkun skatthlutfallsins úr 18% í 20% ætti að skila ríkissjóði nálægt 2,5 milljörðum kr. á ári, þar af er talið að 500 millj. kr. skili sér á árinu 2011.

Á sama hátt og enn er til staðar mismunur í skattlagningu launa og fjármagnstekna þeim síðarnefndu í hag er einnig til staðar mismunur á skattlagningu launatekna annars vegar og tekna af atvinnurekstri í hlutafélagaformi hins vegar, atvinnurekstrartekjunum í hag. Launatekjur bera sem fyrr segir 37–46% jaðarskatt auk þess sem 8,65% tryggingagjald er lagt á launagreiðslur þannig að heildarjaðarskattlagning launa getur verið á bilinu 46–55%. Samanlagður skattur á hagnað félags og úthlutaðan arð er hins vegar í dag um 33%. Þessi mikli munur getur og hefur leitt til skattalegrar hagræðingar í formi tilfærslna á launatekjum yfir í rekstrarhagnað og arðgreiðslur hjá einkahlutafélögum sem endurspeglast m.a. í þeirri sprengingu sem orðið hefur í fjölda fyrirtækja á því félagaformi.

Þó svo að verulega hafi dregið úr mismun skattlagningar eftir tegund tekna með laga breytingum á síðasta ári, eins og þegar hefur verið bent á, er unnt að draga frekar úr þessum mun án neikvæðra afleiðinga. Hækkun á skatthlutfalli fjármagnstekjuskatts einstaklinga og tekjuskatts lögaðila úr 18% í 20% er frekara skref í átt að minni mun. Með þeim breytingum verður samanlagður skattur á hagnað félags og arð eiganda samtals 36% sem er enn nokkru lægra en skattlagning á launatekjur og lægra en sambærilegar tölur fyrir önnur lönd. Þá verður fjármagnstekjuskattur og skattur á hagnað lögaðila enn lægri en í flestum öðrum löndum.

Auðlegðarskattur. Ein af tekjuöflunaraðgerðum stjórnvalda á síðasta ári var að taka upp auðlegðarskatt sem lagður var á í fyrsta sinn á þessu ári. Skatthlutfall hans er 1,25% á nettóeign hjóna yfir 120 millj. kr. og nettóeign einhleypra yfir 90 millj. kr. Skatturinn er tímabundinn til ársins 2012. Endurreikningur skattsins fer að vísu fram ári síðar að teknu tilliti til markaðsverðs á hlutabréfaeign viðkomandi skattaðila. Samkvæmt greinargerð með lögunum var þessi tekjuöflunarleið m.a. valin í ljósi þess að eignamyndun og samþjöppun eignarhalds, einkum peningalegra eigna, hefur verið mikil á undanförnum árum, m.a. vegna þess munar sem hefur verið á skattlagningu fjármagnstekna og annarra tegunda tekna. Samkvæmt upplýsingum úr álagningargögnum er sterkt samhengi milli tekna þeirra sem skatturinn leggst á og nettóeignar þeirra eins og búast mátti við. Má því líta á eignarskatt með svo háum fríeignarmörkum sem ígildi stighækkandi fjármagnstekjuskatts.

Það er ein af forsendum tekjuáætlunar fyrir árið 2011 að hinn tímabundni auðlegðarskattur verði hækkaður sem liður í aukinni tekjuöflun stjórnvalda. Miðað er við að hann skili 1,5 milljörðum kr. í viðbótartekjur með hækkun á skatthlutfallinu í 1,50% sem nú er 1,25%, og lækkun fríeignarmarka úr 90 millj. kr. í 75 millj. kr. nettóeignir hjá einhleypum einstaklingum og úr 120 millj. kr. í 100 millj. kr. hjá hjónum. Heildartekjur af auðlegðarskatti verði frumvarpið að lögum eru áætlaðar 5,2 milljarðar kr. miðað við rekstrargrunn á árinu 2011.

Erfðafjárskattur. Erfðafjárskattur er lágur hérlendis miðað við flest nágrannalönd okkar, eða 5% óháð skyldleika við arfláta að öðru leyti en því að maki eða sambúðaraðili er undanþeginn skattinum. Skatthlutfallið er hið sama hvort heldur um er að ræða fyrirframgreiðslu arfs eða greiðslu hans eftir andlát. Skattfrelsismörk eru 1 millj. kr. á hvert dánarbú, en þau eiga ekki við í tilviki fyrirframgreiðslu arfs.

Í skattalegu tilliti er almennt litið á erfðafjárskatt sem ígildi tekjuskattlagningar. Mikill munur á hlutfalli hans og almennu tekjuskattshlutfalli gæti því ýtt undir skattasniðgöngu, ekki síst í tilviki fyrirframgreiðslu. Meðal annars í ljósi þess og sömuleiðis í tekjuöflunarskyni fyrir ríkissjóð er í frumvarpi þessu lagt til að erfðafjárskattur hækki úr 5% í 10%. Samhliða er lagt til að skattfrelsismörk skattsins á hvert dánarbú hækki úr 1 millj. kr. í 1,5 millj. kr. Reiknað er með að þessar breytingar skili ríkissjóði 1 milljarði kr. í viðbótartekjur á árinu 2011 og eru heildartekjur af skattinum taldar verða 2.350 millj. kr. á því ári.

Vörugjald á áfengi og tóbak. Í dag er sala á áfengi og tóbaki í komuverslun fríhafna undanþegin vörugjaldi og virðisaukaskatti. Þetta fyrirkomulag er séríslenskt fyrirbrigði ef frá er talinn Noregur sem tók nýverið upp svipað fyrirkomulag. Til fróðleiks má nefna að árið 1995 var í reglugerð um áfengisgjald kveðið á um hlutfallslegt gjald á áfengi sem selt er í tollfrjálsum verslunum hér á landi. Í þeirri reglugerð var gjaldið stigskipt eftir styrkleika áfengis og var frá 75 kr. á hvern lítra af áfengi undir 15% af hreinum vínanda upp í 1.150 kr. á hvern lítra af áfengi yfir 60% af hreinum vínanda. Á þeim tíma var álagning gjaldsins í

lögum frá 300 kr. upp í 7.000 kr. á hvern lítra. Í reglugerðinni var þó undanþága frá gjaldinu til handa Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli. Sú breyting var hins vegar gerð á reglugerðinni árið 1998 að sú undanþága var afnumin og allar tollfrjálsar verslanir skyldu leggja á þetta hlutfallslega áfengisgjald ásamt því að álagning þeirra var lækkuð. Nam þá hlutfall gjaldsins um 16% af almennu áfengisgjaldi. Árið 2000 var þessi gjaldtaka afnumin með setningu ákvæðis í lög um áfengi og tóbak þar sem kveðið var á um gjaldfrelsi þessara vara í sölu tollfrjálsra verslana.

Mikilvægur þáttur í viðbótartekjuöflun ríkissjóðs frá því eftir hrun haustið 2008 hefur verið rúmlega 40% hækkun á vörugjaldi á áfengi og tóbak sem selt er innan lands. Þó svo að sú hækkun hafi að einhverju marki dregið úr innlendri sölu á þessum vöruflokkum eins og búast mátti við hafa vörugjaldstekjurnar aukist verulega. Með tilliti til þess hlutverks þessara vörugjalda að draga úr neyslu um leið og aflað er tekna fyrir ríkissjóð má draga í efa réttmæti þess fyrirkomulags að sala í íslenskum fríhöfnum sé skattfrjáls. Ljóst er að verði sú ívilnun skert mun það rýra tekjur hjá rekstraraðilum fríhafnanna í einhverjum mæli. Eigi þjónusta þeirra á flugvöllum að haldast óbreytt kallar slíkt tekjutap á hagræðingu og/eða nýja tekjuöflun.

Í forsendum tekjuáætlunar fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011 er reiknað með að tekið verði upp sérstakt vörugjald á áfengi og tóbak í komuverslun fríhafna sem skili ríkissjóði nálægt 1 milljarði kr. Þessi áform hafa nú verið tekin til endurskoðunar og er nú miðað við að sú tekjuöflun verði nær 300 millj. kr. Er þá miðað við að tóbaksgjaldið verði 20% af almennu vörugjaldi tóbaks og áfengisgjaldið 10% af almennu vörugjaldi áfengis. Á móti lægri tekjum en reiknað var með í forsendum fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir að frekara aðhalds verði gætt í rekstri Isavia ohf. með það að markmiði að unnt verði að lækka bein framlög ríkisins til fyrirtækisins. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að vörugjald af tóbaki hækki nokkuð umfram verðlag á næsta ári, eða um 7%, sem skila mun ríkissjóði um 250–300 millj. kr. í viðbótartekjur.

Kolefnisgjald. Á síðasta ári var tekið upp kolefnisgjald á fljótandi eldsneyti úr jarðefnum, en með því var stigið ákveðið skref í nýrri skattheimtu á sviði umhverfis- og auðlindaskatta. Kolefnisgjald er ákvarðað með hliðsjón af verði losunarheimilda á uppboðsmarkaði ESB (EU ETS) og var fjárhæð gjaldsins fyrir árið 2010 um það bil helmingur af verðinu eins og það stóð þegar lögin voru samþykkt í lok árs 2009. Verð á losunarheimildum hefur hins vegar hækkað nokkuð að undanförnu, en á móti vegur heldur sterkari króna gagnvart evru. Jafnframt er talið rétt að taka viðbótarskref varðandi þessa gjaldtöku og því er lagt til að kolefnisgjaldið sem hlutfall af verði losunarheimilda á uppboðsmarkaði ESB hækki úr 50% í 75%. Þá hafa forsendur um kolefnisinnihald eldsneytis, sem geta verið lítillega mismunandi eftir heimildum, verið endurskoðaðar. Niðurstaðan er sú að kolefnisgjald hækkar um nálægt 50% í flestum gjaldflokkum. Viðbótartekjur ríkissjóðs af þessum breytingum eru áætlaðar um 1 milljarður kr. Gjaldið er misjafnt eftir tegundum eldsneytis, eða á bilinu 2,60–3,10 kr. á hvern lítra, en verður eftir hækkunina 3,80–4,60 kr. á hvern lítra.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar. Samkvæmt 11. og 12. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, geta eigendur séreignarsparnaðar ekki hafið úttekt hans fyrr en að þeir hafa náð 60 ára aldri. Í byrjun árs 2009 var hins vegar lögfest ákvæði til bráðabirgða við lögin sem heimilaði úttekt hans allt að 1 millj. kr. og síðan aftur undir lok ársins um 1,5 millj. kr. til viðbótar. Samkvæmt gildandi lögum geta því eigendur

séreignarsparnaðar sótt um að taka út allt að 2,5 millj. kr. fram til 1. apríl á næsta ári og fá hann greiddan út á næstu 12–24 mánuðum. Rökin fyrir þessari tímabundnu ráðstöfun var að milda með þessum hætti þann samdrátt ráðstöfunartekna sem ýmsar fjölskyldur hafa orðið fyrir, m.a. í kjölfar atvinnumissis. Fram til þessa hafa rúmlega 50 þúsund eigendur séreignarsparnaðar sótt um þessa úttekt, samtals 43,2 milljarða kr. Meðalúttekt fyrir skatt er samkvæmt því tæplega 900 þús. kr. á rétthafa.

Í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir komandi ár er reiknað með frekari heimildum til úttektar á séreignarsparnaði sem skila mundu ríkissjóði nálægt 3 milljörðum kr. í tekjuskatt umfram tekjuáhrif fyrri heimilda. Það þýðir samkvæmt lauslegu mati að um 10 milljarðar kr. verði greiddir út á grundvelli nýrrar heimildar til viðbótar þeim 43 milljörðum kr. sem þegar hafa verið greiddir út. Í ljósi þeirra áforma er lagt til í þessu frumvarpi að hverjum rétthafa verði heimilt að taka út allt að 5 millj. kr. af séreignarsparnaði sínum sem greiddar verði út á næstu 12 mánuðum. Umsóknarfrestur er sá sami og í gildandi bráðabirgðaákvæði, 1. apríl 2011. Fyrir þá einstaklinga sem sækja um 5 millj. kr. útgreiðslu nú og hafa ekki nýtt hana áður nemur mánaðarleg útgreiðsla að frádregnum tekjuskatti og útsvari samtals 250 þús. kr. næstu tólf mánuði. Þá er miðað við að staðgreiðsluhlutfall á útgreiðslu sé 40,12%. Í tilviki hjóna væri greiðslan tvöföld, 500 þús. kr. ef bæði eiga rétt á útgreiðslu og hafa ekki nýtt hana áður. Ljóst er að opnun slíkrar heimildar ætti sannanlega að geta nýst þeim sem búa við óhagstæð vaxtakjör vegna skammtímalánsfjármögnunar af margvíslegum ástæðum. Á hinn bóginn er rétt að hafa í huga að séreignarsparnaðurinn er tiltölulega nýtt sparnaðarform og nær hjá flestum einungis aftur til ársins 1998. Þar af leiðandi er meðalfjárhæð séreignarsparnaðar á hvern einstakling mun lægri en 5 millj. kr. eða nær 3 millj. kr.

2.2 Aðhaldsaðgerðir í barnabóta- og vaxtabótakerfinu.

Sem fyrr segir er í þessu frumvarpi að finna tillögur að breytingum á barnabótum og vaxtabótum þó að þeir bótaflokkar falli undir útgjaldahliðina vegna þess hversu samtvinnaðar þessar bætur eru tekjuskattskerfinu. Samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2011 er reiknað með samtals 3,5 milljarða kr. sparnaði í greiðslum barnabóta og vaxtabóta. Sá sparnaður endurspeglast í tillögum þessa frumvarps eins og nánar er lýst hér á eftir.

Barnabætur. Samkvæmt fjárlögum ársins 2010 var reiknað með að greiddur yrði út 10,1 milljarður kr. í barnabætur á þessu ári, en eftir endanlega ákvörðun þeirra við álagningu opinberra gjalda 1. ágúst sl. er ljóst að þær verða heldur hærri, eða 10,5 milljarðar kr. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2011 er reiknað með nokkrum sparnaði á þessum útgjaldalið, eða 1.300 millj. kr. frá áætlaðri útkomu á yfirstandandi ári. Það þýðir að heildargreiðslur barnabóta á árinu 2011 verði 9,2 milljarðar kr. Til að ná þessu markmiði er í þessu frumvarpi lagt til að barnabætur vegna barna yngri en sjö ára verði skertar af tekjum eins og aðrar bætur. Enn fremur verði tekjuskerðingarhlutfall vegna eins barns hækkað úr 2% í 3%. Engin breyting verður hins vegar á skerðingarhlutfallinu þegar börnin eru fleiri. Þetta er gert til að lækkun bótanna komi fremur fram hjá þeim sem hafa hærri tekjur. Jafnframt er lagt til að skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum verði óheimil út árið 2011.

Samkvæmt gildandi lögum eru ótekjutengdar barnabætur með hverju barni yngra en sjö ár samtals 61.191 kr. á ári, eða 5.100 kr. á mánuði. Þessi fjárhæð helst óbreytt hjá hjónum með börn á þessum aldri séu samanlagðar tekjur þeirra undir 300 þús. kr. á mánuði. Séu tekjurnar hærri skerðist bótafjárhæðin með hverju barni undir sjö ára um 3% af mánaðartekjum

umfram 300 þús. kr. (umfram 3,6 millj. kr. á ári) uns þær falli niður við 470 þús. kr. mánaðartekjur (5,6 millj. kr. á ári) verði frumvarp þetta að lögum.

Barnabætur með fyrsta barni eru í dag samtals 152.331 kr. á ári eða 12.694 kr. á mánuði óháð aldri barns. Skerðingarhlutfall af tekjum umfram 300 þús. kr. á mánuði er nú 2% með einu barni, en í frumvarpinu er lagt til að það hækki í 3%. Það þýðir að barnabætur með einu barni falla alveg niður við lægri tekjuviðmiðun en áður, eða við 8,7 millj. kr. árstekjur (725 þús. kr. á mánuði) í stað 11,2 millj. kr. (933 þús. kr. á mánuði). Auk þess að skila ríkissjóði viðbótartekjum leiðir hækkun á tekjuskerðingarhlutfalli með einu barni til þess að hjón með tvö börn njóta barnabóta lengra upp tekjuskalann, eða allt upp að 856 þús. kr. á mánuði, en hjón með eitt barn fá eins og áður er nefnt bætur upp að 933 þús. kr. á mánuði samkvæmt gildandi lögum.

Vaxtabætur. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 er gerð tillaga um 9.800 millj. kr. fjárheimild til greiðslu vaxtabóta á næsta ári sem er 270 millj. kr. lægri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2010. Áætlað er að þessi útgjöld verði að óbreyttu um 1,9 milljörðum kr. hærri á næsta ári en reiknað var með í fjárlögum 2010, bæði vegna vanmats í áætluninni og vegna innbyggðrar aukningar í bótakerfinu milli ára. Til þess að ná settum markmiðum um að lækkun þessara útgjalda bitni síður á hinum tekjulægri er í þessu frumvarpi lagt til að gerð verði sú breyting á útreikningi vaxtabóta samkvæmt gildandi lögum að tekjutenging þeirra verði 7% í stað 6% nú. Því til viðbótar er lagt til að þannig ákvarðaðar vaxtabætur verði síðan skertar um 8% hjá öllum bótaþegum til þess að unnt verði að ná settu markmiði um 2,2 milljarða kr. sparnað á næsta ári.

Samkvæmt tekjuskattslögunum eru hámarksvaxtabætur misháar eftir hjúskaparstöðu. Hjá barnlausum einstaklingum eru árlegar hámarksbætur 246.944 kr., hjá einstæðu foreldri 317.589 kr. og hjá hjónum eða sambúðarfólki 408.374 kr. Þessar fjárhæðir munu lækka um 8% nái tillaga frumvarpsins fram að ganga, eða um 19.755 kr. hjá einhleypum, 25.407 kr. hjá einstæðum foreldrum og 32.670 kr. hjá hjónum. Rétt er að árétta að þetta er lækkun á hámarksgreiðslu bótanna. Að auki gætu vaxtabætur hjá tekjuhærri fjölskyldum lækkað nokkuð vegna aukinnnar tekjutengingar.

Nú standa hins vegar yfir viðræður milli stjórnvalda og ýmissa hagsmunaaðila um það hvaða leiðir séu færar til að ná betri tökum á skuldavanda heimilanna. Ein þeirra leiða sem rædd hefur verið er hvort unnt sé að breyta kerfi vaxtabóta þannig að þær gagnist þeim betur sem eru í hvað mestum skuldavanda. Enn liggja ekki fyrir endanlegar tillögur í þeim efnum, en þær kunna að leiða til breytinga á þeim tillögum sem kynntar eru í þessu frumvarpi.

2.3 Almenn hækkun krónutöluskatta.

Auk þeirra sérstöku tekjuöflunaraðgerða og breytinga á barnabótum og vaxtabótum sem þegar hefur verið lýst eru í frumvarpinu einnig tillögur um almenna 4% hækkun á hinum svokölluðu krónutölusköttum í takt við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins. Markmiðið er að fjárhæðir þessara skatta haldi raungildi sínu frá fyrra ári. Hér er um að ræða vörugjöld sem ákvörðuð eru sem ákveðin fjárhæð á magneiningu. Þetta eru vörugjöld á bensíni, olíu og kílómetragjald og vörugjald á áfengi. Vörugjald á tóbak og bifreiðagjald falla alla jafna einnig undir þessa skilgreiningu, en eins og áður er komið fram munu þeir tekjustofnar hækka með öðru móti.

Bensíngjald, olíugjald og kílómetragjald. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að almennt bensíngjald sem í dag er 22,94 kr. á hvern lítra hækki í 23,86 kr. og sérstakt bensíngjald á 95 oktana bensín hækki úr 37,07 kr. á hvern lítra í 38,55 kr., eða samtals um 2,40 kr. á hvern lítra. Samsvarandi hækkun á olíugjaldi er 2,11 kr. á hvern lítra. Um er að ræða 4% hækkun sem fyrr segir er í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins. Gert er ráð fyrir að þessar hækkanir skili ríkissjóði aukalega 750 millj. kr.

Þá er einnig lagt til að almennt og sérstakt kílómetragjald hækki um 4% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins. Gert er ráð fyrir að hækkunin skili ríkissjóði aukalega 30 millj. kr.

Vörugjald á áfengi. Í frumvarpinu er einnig að finna tillögu um 4% hækkun á vörugjöldum á áfengi í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Viðbótartekjur af þeirri hækkun eru áætlaðar um og yfir 400 millj. kr. Sem fyrr segir er nú til skoðunar að breyta skattlagningu áfengis, einkum bjórs, þannig að meira tillit sé tekið til styrkleika, sem gæti hugsanlega að hluta komið í staðinn fyrir umrædda hækkun.

2.4 Gjaldskrárhækkanir o.fl.

Þá er að lokum í frumvarpi þessu gert ráð fyrir eftirfarandi gjaldskrárhækkunum ýmissa stofnana eða fyrirtækja ríkisins, fyrst og fremst í takt við verðlagsforsendur frumvarpsins, en einnig vegna aðhaldsaðgerða í ríkisrekstrinum almennt.

Útvarpsgjald. Lagt er til að fjárhæð sérstaks útvarpsgjalds hækki um 700 kr. og nemi 17.900 kr. á hvern gjaldanda í stað 17.200 kr. samkvæmt gildandi lögum. Miðað er við 4% hækkun og nálgað að hundraði. Við það er miðað að þeir einstaklingar sem greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra greiði útvarpsgjaldið, svo og þeir lögaðilar sem eru skattskyldir og bera sjálfstæða skattaðild. Þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða fá það gjald fellt niður samkvæmt lögum um málefni aldraðra eru undanskildir gjaldinu. Undanskilin álagningu gjaldsins eru einnig dánarbú, þrotabú og ýmsir lögaðilar, svo sem stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga, félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Með því að láta gjaldið renna í ríkissjóð er aukin vissa í rekstri Ríkisútvarpsins ohf., en ríkissjóður mun bera áhættuna af óvissu um fjölda greiðenda sem félagið hefði ella borið. Viðbótartekjur ríkissjóðs af þessari hækkun eru áætlaðar rúmlega 140 millj. kr.

Vitagjald. Lagt er til að vitagjald hækki um 5 kr. á hvert brúttótonn. Um er að ræða 4% hækkun í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins. Áætlaðar viðbótartekjur af hækkuninni eru taldar nema 10 millj. kr.

Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra. Lagt er til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hækki um 300 kr. eða í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins. Miðað er við 4% hækkun og nálgað að hundraði. Gert er ráð fyrir að gjaldendur verði um 175 þús. á álagningarárinu 2011 og fækki um 3% milli ára. Áætlað er að hækkunin skili ríkissjóði aukalega 60 millj. kr.

Fæðingarorlof. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir því að gjöld fæðingarorlofssjóðs verði lækkuð um 1 milljarð kr. með sértækum aðhaldsaðgerðum. Nú stendur yfir mat á áhrifum þeirra sparnaðaraðgerða sem gripið var til í fjárlögum yfirstand-

andi árs í fæðingarorlofskerfinu. Vonir standa til að þær aðgerðir skili meiri útgjaldaminnkun og því er ekki lögð til nein breyting á lögum um fæðingarorlof í þessu frumvarpi.

Bætur almannatrygginga. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins er ekki gert ráð fyrir verðlagshækkunum á grunnfjárhæðum bótakerfa eins og lífeyristryggingum, atvinnuleysistryggingum, barnabótum, vaxtabótum og fæðingarorlofsgreiðslum. Hallarekstur í ríkisfjármálum og samdráttaraðgerðir sem nauðsynlegt hefur verið að grípa til í þessu frumvarpi, auk óhjákvæmilegra nýrra útgjaldaskuldbindinga sem falla til, m.a. vegna skuldabyrði og atvinnuleysis, gefa ekki svigrúm til þess að standa undir slíkum verðlagshækkunum.

Sóknargjöld. Samkvæmt gildandi lögum eru svonefnd sóknargjöld ákvörðuð með þeim hætti að ákveðin grunnfjárhæð hækkar milli ára skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna með því að ofan á hana bætist hækkun sem kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára á undan tekjuárinu. Framlagið reiknast fyrir alla einstaklinga, 16 ára og eldri, og rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga. Þrátt fyrir nafngiftina innheimtir ríkið í raun engin sóknargjöld heldur er um það að ræða að framlagið er reiknað samkvæmt lögum á grundvelli framangreindra viðmiða. Með tilliti til almennrar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð í tengslum við nauðsynlegar ráðstafanir í ríkisfjármálum er talið nauðsynlegt að lækka þessa fjárhæð og er því í þessu frumvarpi lagt til að sóknargjöld verði föst krónutala, og lækki úr 767 kr. á mánuði samkvæmt núgildandi lögum í 698 kr. fyrir árið 2011. Með breytingunni er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins á árinu 2011 lækki um 183 millj. kr. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs lækki um rúmar 53 millj. kr. vegna Jöfnunarsjóðs sókna en framlag í sjóðinn reiknast sem 18,5% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða samkvæmt lögum um sóknargjöld og hins vegar vegna Kirkjumálasjóðs sem reiknast á sama hátt sem 11,3% af sóknargjöldum.

Framlag til þjóðkirkjunnar. Við hrun fjármálakerfisins í október 2008 komust fjármál ríkisins í uppnám. Tekjur ríkisins hafa síðan dregist verulega saman og útgjöld aukist og er ríkissjóður rekinn með meiri halla og skuldasöfnun en nokkur dæmi eru um. Til þess að ná aftur jöfnuði í ríkisfjármálum þannig að þau verði sjálfbær er nauðsynlegt að grípa til margþættra aðgerða til lækkunar á útgjöldum ríkisins og til aukinnar tekjuöflunar. Í frumvarpinu er lagt til að skuldbinding ríkissjóðs á árinu 2011 gagnvart þjóðkirkjunni samkvæmt sérstöku samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar muni lækka um 100 millj. kr. Með sama hætti er lagt til að framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs muni skerðast um 5,9 millj. kr. á árinu. Tekjur ríkissjóðs hafa dregist verulega saman á síðustu árum í kjölfar hruns fjármálakerfisins í október 2008. Með tilliti til þess og aðgerða ríkissjóðs til lækkunar á útgjöldum og til aukinnar tekjuöflunar er nauðsynlegt að lækka framlög ríkissjóðs á árinu 2011 til þjóðkirkjunnar og til Kristnisjóðs sem þessu nemur. Með þessari lækkun mun þjóðkirkjan leggja sitt af mörkum til samræmis við almennan samdrátt í útgjöldum á flestum sviðum ríkisins með nefndri hagræðingarkröfu, að frátöldum breytingum vegna annarra forsendna vegna verðlagshækkana.

3. Áhrif tillagna frumvarpsins á ráðstöfunartekjur, verðlag og kaupmátt.

Erfitt er að meta af einhverri nákvæmni hvaða áhrif framangreindar aðgerðir hafa á einstakar efnahagsstærðir eins og ráðstöfunartekjur heimilanna, verðlag eða kaupmátt ráðstöfunartekna sem aftur hafa áhrif á framvindu efnahagsmála. Ljóst er að viðbótartekjuöflun í

formi fjármagnstekjuskatts, erfðafjárskatts, auðlegðarskatts, bifreiðagjalds og lægri greiðslur barnabóta, vaxtabóta og úr fæðingarorlofssjóði hafa bein áhrif til lækkunar á ráðstöfunartekjur, eða um nálægt 8,7 milljarða kr. Á móti vega auknar útgreiðslur séreignarsparnaðar sem áætlað er að nemi nálægt 6 milljörðum kr. eftir greiðslu tekjuskatts og útsvars. Samanlögð áhrif þessara aðgerða á ráðstöfunartekjur heimilanna eru samkvæmt því mati lítillega neikvæð, eða sem nemur 2,5–3 milljörðum kr. til lækkunar.

Áhrif annarra aðgerða í frumvarpinu ættu fyrst og fremst að koma fram í hærra verðlagi (tekjuskattur lögaðila, áfengis- og tóbaksgjald, kolefnisgjald, krónutöluskattar, gjaldskrár). Lauslegt mat sýnir að þau áhrif gætu verið kringum 0,2% til hækkunar á vísitölu neysluverðs. Rétt er að taka fram að vörugjald á sölu áfengis og tóbaks í fríhöfnum hefur ekki áhrif á vísitölu neysluverðs.

Gangi þetta mat eftir væru samanlögð áhrif af tillögum frumvarpsins nálægt 0,5% til lækkunar á kaupmætti ráðstöfunartekna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar hækki úr 18% í 20% vegna tekna sem falla til frá og með 1. janúar 2011. Gert er ráð fyrir að hækkunin komi til framkvæmda við álagningu á árinu 2012.

Um 2. gr.

Í gildandi lögum eru sérstakar barnabætur sem greiddar eru með börnum yngri en sjö ára ótekjutengdar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að því verði breytt á þann veg að barnabætur vegna barna yngri en sjö ára verði skertar með tekjutengingu eins og aðrar barnabætur. Jafnframt er lagt til að tekjuskerðingarhlutfall þeirra verði 3% óháð fjölda barna. Þá er gerð tillaga um að tekjuskerðingarhlutfall barnabóta með einu barni verði hækkað úr 2% í 3%, en önnur tekjuskerðingarhlutföll haldist óbreytt. Sú breyting miðar að því að lækkun bótanna komi síður niður á stærri fjölskyldum. Þessar breytingar eru áætlaðar skila um 1,3 milljarða kr. sparnaði í greiðslum barnabóta.

Um 3. gr.

Samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, teljast gjaldfallnir vextir og gjaldfallnar verðbætur á afborganir og vexti til vaxtagjalda og reiknast því vaxtabætur af þeim. Fjármálastofnanir hafa beitt þeirri aðferð við útreikning lána sem eru í svokallaðri frystingu að leggja árlega vexti við höfuðstól lánsins. Íbúðalánasjóður beitir m.a. þeirri aðferð. Þessir vextir eru taldir gjaldfallnir þó svo að engin greiðsla hafi farið fram og mynda þar með stofn til vaxtabóta. Þessari aðferð er þó ekki beitt hjá öllum fjármálastofnunum og hefur það skapað ákveðið misræmi við ákvörðun vaxtabóta.

Í lok árs 2008 var ákvæði um skuldajöfnun vaxtabóta til Íbúðalánasjóðs fellt brott. Það þýðir að vaxtabætur eru í einhverjum mæli greiddar til einstaklinga sem eru með lán í frystingu og í vanskilum hjá sjóðnum án þess að þeir hafi orðið fyrir beinum fjárútlátum við greiðslu afborgana og vaxta. Með þessu móti geta þeir sem eru með lán í frystingu og fara e.t.v. síðar í sértæka skuldaaðlögun eða greiðsluaðlögun fengið peninga greidda út úr ríkissjóði og síðan fengið kröfur afskrifaðar vegna áðurnefndra vaxta og verðbóta sem aldrei hefur verið lagt út fyrir. Sama á við varðandi fleiri fjármálastofnanir.

Þetta er ekki til þess fallið að auka réttlæti gagnvart þeim sem eru enn að berjast við að standa í skilum og greiða sitt. Því er lagt til með frumvarpi þessu að til vaxtagjalda sem mynda stofn til vaxtabóta teljist einungis greiddir vextir og verðbætur á afborganir og vexti.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er stefnt að tæplega 2 milljarða kr. sparnaði í greiðslu vaxtabóta á næsta ári samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011. Í ljósi þeirra áforma er í b- og c-lið þessarar greinar lagt til að tekjutenging vaxtabóta verði 7% í stað 6% eins og nú er og að endanlega ákvarðaðar vaxtabætur verði síðan skertar um 8% hjá öllum bótaþegum.

Um 4. gr.

Hér er lögð til hækkun á tekjuskatti aðila með takmarkaða skattskyldu í samræmi við aðrar hækkanir frumvarpsins ef frá eru taldar hækkanir samkvæmt a- og b-lið. Þeir liðir sættu ekki hækkun til samræmis við hærri tekjuskattsprósentu skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 66. gr. þegar tekinn var upp þrepaskiptur tekjuskattur í lok ársins 2009, með lögum nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins. Því er hér lögð til hækkun í samræmi við þær breytingar.

Um 5. gr.

Lagt er til að tekjuskattur lögaðila sem skattskyldir eru skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr., þ.m.t. hlutafélög og einkahlutafélög, hækki úr 18% í 20%. Þá er lögð til samsvarandi hækkun á tekjuskatti lögaðila sem skattskyldir eru skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 2. gr., eins og sameignar- og samlagsfélög, úr 32,7% í 36%. Gert er ráð fyrir að hækkunin komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2012 vegna rekstrarársins 2011.

Enn fremur er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila í 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna af fengnum arði hækki í samræmi við almenna hækkun skatts á fjármagnstekjur úr 18% í 20%. Á sama hátt er gert ráð fyrir að tekjuskattur af fjármagnstekjum þeirra lögaðila sem undanþegnir eru skattskyldu samkvæmt tilteknum ákvæðum 4. gr. hækki úr 18% í 20%.

Um 6. gr.

Með bráðabirgðaákvæði I er lagt til að skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum verði áfram óheimil út árið 2011, ella mundi hún falla niður í lok árs 2010.

Með bráðabirgðaákvæði II er lagt til að hinn tímabundni auðlegðarskattur sem fyrst var lagður á árið 2010 verði hækkaður sem liður í aukinni tekjuöflun stjórnvalda. Miðað er við að hann skili 1,5 milljörðum kr. í viðbótartekjur með hækkun á skatthlutfallinu í 1,50% sem nú er 1,25%, og lækkun skattleysismarka úr 90 millj. kr. í 75 millj. kr. nettóeignir hjá einhleypum einstaklingum og úr 120 millj. kr. í 100 millj. kr. hjá hjónum. Að öðru leyti eru álagningarreglur auðlegðarskattsins óbreyttar.

Með bráðabirgðaákvæði III er lagt til að endurreikningur lána í kjölfar dóms Hæstaréttar hafi engin skattaleg áhrif þótt ákvarðaðar séu vaxtatekjur á ofgreiddar innborganir á einhverjum tímabilum. Jafnframt er lagt til að ekki komi til endurákvörðunar á barnabótum og vaxtabótum af þessum sökum nema skattaðili fari fram á endurákvörðun þeirra skv. 2. mgr. 101. gr.

Um 7. og 8. gr.

Í greinunum er lagt til að staðgreiðsla tekjuskatts á fjármagnstekjur hækki úr 18% í 20% vegna tekna sem falla til frá og með 1. janúar 2011. Gert er ráð fyrir að hækkunin komi til

framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2011. Þetta er liður í viðbótartekjuöflun ríkissjóðs fyrir árið 2011, en tekjuáhrif hækkunarinnar eru áætluð um 1,5 milljarðar kr.

Um 9. gr.

Í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011 er í þessari grein lagt til að tekjuskattur lögaðila sem stunda kaupskipaútgerð hækki úr 18% í 20% til samræmis við fyrrgreinda hækkun tekjuskatts á lögaðila, sbr. athugasemdir við 5. gr.

Um 10. gr.

Í þessari grein er lagt til að erfðafjárskattur hækki úr 5% í 10%. Jafnframt er lagt til að fríeignarmörk á hvert dánarbú hækki úr 1 millj. kr. í 1,5 millj. kr. Tilgangur þessarar breytingar er almenn tekjuöflun fyrir ríkissjóð í tengslum við nauðsynlegar ráðstafanir í ríkisfjármálum samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarps fyrir komandi ár. Talið er að breytingin muni skila ríkissjóði nálægt 1 milljarði kr. í viðbótartekjur.

Um 11. gr.

Með greininni er lagt til að fjárhæð áfengisgjalds verði hækkuð um 4%, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum við frumvarpið. Þá er lagt til að tekið verði upp sérstakt áfengisgjald á áfengi sem selt er úr komuverslunum hér á landi, sbr. skilgreiningu í 104. gr. tollalaga. Um er að ræða verslanir sem starfræktar eru í tengslum við millilandaflug í Keflavík, í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum. Slíkar vörur eru með öllu gjaldfrjálsar, en tillaga greinarinnar gerir ráð fyrir að gjald sem nemur 10% af því áfengisgjaldi sem þegar er lagt á annað áfengi í landinu verður tekið upp.

Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að hafi aðili keypt umfram það magn sem heimilt er gjaldfrjálst samkvæmt tollalögum þá skuli einungis greiða mismun á hefðbundnu áfengisgjaldi og sérstaka áfengisgjaldinu framvísi hann kvittun sem sýni að áfengið hafi verið keypt í tollfrjálsri verslun hér á landi.

Um 12. gr.

Í ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. í gildandi lögum er kveðið á um gjaldfrelsi áfengis í tollfrjálsum verslunum hér á landi. Hér er lagt til að bætt verði við ákvæðið tilvísun í 3. gr. laganna um undanþágu frá gjaldfrelsinu, sbr. tillögu 11. gr. hér að framan. Er það nauðsynlegt því verði frumvarpið að lögum verður áfengi sem selt er í komuverslunum ekki lengur gjaldfrjálst heldur einungis það sem selt er í brottfararverslunum í samræmi við það sem almennt gerist í nágrannalöndunum.

Um 13. gr.

Í greininni er lagt til að tóbaksgjald hækki um 7%, eða hlutfallslega jafnt af öllum tegundum tóbaks sem flutt er til landsins og selt innan lands. Í ákvæðinu er einnig lagt til að sett verði sérstakt tóbaksgjald á tóbak sem selt er úr komuverslunum hér á landi, sbr. skilgreiningu í 104. gr. tollalaga. Um er að ræða verslanir sem starfræktar eru í tengslum við millilandaflug í Keflavík, í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum. Tóbaksvörur eru með öllu gjaldfrjálsar samkvæmt gildandi lögum, en hér er lagt til að tekið verði upp sérstakt gjald sem nemi 20% af því tóbaksgjaldi sem lagt er á tóbaksvörur seldar innan lands.

Í ákvæði 2. tölul. 9. gr. í gildandi lögum er kveðið á um gjaldfrelsi tóbaks í tollfrjálsum verslunum hér á landi. Hér er lagt til að bætt verði við ákvæðið tilvísun í 4. gr. laganna um

undanþágu frá gjaldfrelsinu, sbr. tillögu 1. mgr. Er það nauðsynlegt því verði frumvarpið að lögum verður tóbak sem selt er í komuverslunum ekki lengur gjaldfrjálst heldur einungis það sem selt er í brottfararverslunum í samræmi við það sem almennt gerist í nágrannalöndunum.

Um 14. gr.

Með a- og b-lið er lagt til að gjald af tóbaki sem ferðamenn eða farmenn hafa með sér til landsins verði hækkað um 7% til samræmis við áðurnefnda hækkun, sbr. 8. gr. laganna.

Í c-lið er kveðið á um að hafi aðili keypt umfram það magn sem heimilt er gjaldfrjálst samkvæmt tollalögum þá skuli einungis greiða mismun á hefðbundnu tóbaksgjaldi og sérstaka tóbaksgjaldinu framvísi hann kvittun sem sýni að tóbakið hafi verið keypt í tollfrjálsri verslun hér á landi.

Um 15. gr.

Á síðasta ári var tekið upp kolefnisgjald á fljótandi eldsneyti úr jarðefnum, en með því var stigið ákveðið skref í nýrri skattheimtu á sviði umhverfis- og auðlindaskatta. Nú er talið rétt að taka viðbótarskref varðandi þessa gjaldtöku. Í frumvarpinu er því lagt til að kolefnisgjaldið hækki um 50% frá því sem er nú þannig að miðað verði við 75% af verði losunarheimilda á uppboðsmarkaði ESB í stað 50%. Viðbótartekjur ríkissjóðs af þeirri hækkun eru áætlaðar um 1 milljarður kr. Gjaldið er misjafnt eftir tegundum eldsneytis, eða á bilinu 2,60–3,10 kr. á hvern lítra, en verður eftir hækkunina 3,80–4,60 kr. á hvern lítra.

Um 16. gr.

Með greininni er lagt til að ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum nr. 129/1997, sem fyrst var sett með lögum nr. 13/2009, og síðan breytt með lögum nr. 130/2009, verði breytt þannig að rétthöfum verði heimilt að sækja um að fá greiddan út séreignarsparnað að ákveðnu marki á tímabilinu 1. janúar 2011 fram til 1. apríl 2011, til viðbótar við þá bráðabirgðaheimild sem nú er að finna í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum, þ.e. að heimild til að greiða út séreignarsparnað verði framlengd. Með lögum nr. 13/2009 var heimild veitt til að greiða út í áföngum og upp að 1 millj. kr. sem tæki jafnt til allra rétthafa. Með lögum nr. 130/2009 var síðan veitt heimild til þess að rétthafar gætu innleyst allt að 1,5 millj. kr. til viðbótar. Með þessu frumvarpi er lagt til að rétthafar geti fengið greiddar út allt að 2,5 millj. kr. til viðbótar við þá greiðslu sem heimil er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII, eins og því var breytt með lögum nr. 130/2009, eða samtals allt að 5,0 millj. kr. Gert er ráð fyrir að sú fjárhæð sem heimilt verður að greiða út samkvæmt þessari viðbótarheimild verði miðuð við stöðu á samanlögðum séreignarsparnaði rétthafa í lok ársins 2010. Miðar breytingin að því að samanlagður útgreiðslutími fjárhæðar sem nemur allt að 5,0 millj. kr. verði 12 mánuðir og sækja þarf um að fá sparnaðinn greiddan út með umsókn fyrir 1. apríl 2011 samkvæmt greininni. Því gildir það að ef óskað er eftir því að fá sparnaðinn greiddan út samkvæmt þessu nýja ákvæði fellur fyrra greiðslufyrirkomulag niður, en samanlögð heimil heildarfjárhæð útborgunar, allt að 5.000.000 kr., greiðist út í samræmi við ákvæði 2. mgr.

Ákvæði það sem hér er lagt til er að mestu leyti samhljóða ákvæði 41. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 130/2009. Til að taka af öll tvímæli er í 9. mgr. kveðið á um að það er einungis útgreiðsla séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu sem hefur ekki áhrif á þær bætur sem þar eru taldar upp. Um frekari skýringar á efnisákvæðum þeim sem hér um ræðir vísast til athugasemda við 41. gr. laga nr. 130/2009 og 3. gr. þess frumvarps sem varð að lögum nr. 13/2009.

Um 17. gr.

Lagt er til að olíugjald verði hækkað úr 52,77 kr. í 54,88 kr. eða um 4% í takt við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011. Að meðtöldum virðisaukaskatti nemur hækkunin 2,65 kr. á lítra, sem þýðir nálægt 1,4% hækkun útsöluverðs. Fjárhæð olíugjalds var síðast breytt 21. desember 2009 þegar gjaldið var hækkað um 3,2%. Frá þeim tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 2,1%.

Um 18. gr.

Í a- og b-liðum greinarinnar er lagt til að fjárhæð almenns kílómetragjalds og sérstaks kílómetragjalds hækki um 4% í takt við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011. Fjárhæð almenns kílómetragjalds var síðast breytt 28. maí 2009 þegar gjaldið var lækkað um 20% með lögum nr. 60/2009 á móti hækkun bensíngjalds og olíugjalds. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 7,5% frá þeim tíma og hefur hið almenna kílómetragjald því lækkað að raungildi sem því nemur.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að almennt vörugjald af eldsneyti hækki um 0,92 kr. á hvern lítra, úr 22,94 kr. í 23,86. kr., eða um 4% í takt við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011. Að meðtöldum virðisaukaskatti nemur hækkunin liðlega 1 kr. á hvern lítra. Fjárhæð almenna vörugjaldsins var síðast breytt 21. desember 2009. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 2,1% frá þeim tíma og hefur almennt vörugjald af eldsneyti því lækkað að raungildi sem því nemur.

Um 20. gr.

Lagt er til að sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni hækki um 1,48 kr. á hvern lítra, úr 37,07 kr. í 38,55 kr. Að meðtöldum virðisaukaskatti nemur hækkunin tæplega 1,9 kr. á lítra. Einnig er lagt til að sérstakt vörugjald á hvern lítra af öðru bensíni hækki um 1,57 kr. á hvern lítra, úr 39,28 kr. í 40,85 kr. Að meðtöldum virðisaukaskatti nemur hækkunin tæplega 2 kr. á hvern lítra. Sú hækkun sem hér er lögð til er 4% og í takt við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011. Fjárhæð sérstaks vörugjalds var síðast hækkuð 11. desember 2008. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um tæp 10% frá þeim tíma og hefur sérstakt vörugjald af eldsneyti því lækkað að raungildi sem því nemur.

Um 21. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að fjárhæð sérstaks útvarpsgjalds verði hækkuð um 700 kr., eða 4%, og nemi 17.900 kr. á hvern gjaldanda í stað 17.200 kr. samkvæmt gildandi lögum. Vegna almennrar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð í tengslum við nauðsynlegar ráðstafanir í ríkisfjármálum er nú talið nauðsynlegt að hækka fjárhæð sérstaks útvarpsgjalds um 4%.

Um 22. gr.

Fjárhæð vitagjalds var síðast breytt 19. desember 2009. Þá var ákveðið að vitagjald skyldi vera 125,12 kr. af hverju brúttótonni skips og lágmarksgjald 4.900 kr. Í samræmi við verðlagsbreytingar frá síðustu hækkun gjaldsins og í samræmi við almenna tekjuöflun fyrir ríkissjóð í tengslum við nauðsynlegar ráðstafanir í ríkisfjármálum er lagt til að vitagjald hækki um 4% og verði 130,12 kr.

Um 23. gr.

Hér er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra samkvæmt lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, verði hækkað um 300 kr. og nemi 8.700 kr. á hvern gjaldanda í stað 8.400 kr. samkvæmt gildandi lögum. Hækkunin kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2011 vegna tekna ársins 2010.

Um 24. gr.

Samkvæmt gildandi lögum eru svonefnd sóknargjöld ákvörðuð með þeim hætti að ákveðin grunnfjárhæð hækkar milli ára skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna með því að ofan á hana bætist hækkun sem kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára á undan tekjuárinu. Framlagið reiknast fyrir alla einstaklinga, 16 ára og eldri, og rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga. Þrátt fyrir nafngiftina innheimtir ríkið í raun engin sóknargjöld heldur er um það að ræða að framlagið er reiknað samkvæmt lögum á grundvelli framangreindra viðmiða. Í ákvæðinu er lagt til að sóknargjöld verði föst krónutala og lækki úr 767 kr. á mánuði samkvæmt núgildandi lögum í 698 kr. fyrir árið 2011. Með tilliti til almennrar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð í tengslum við nauðsynlegar ráðstafanir í ríkisfjármálum er talið nauðsynlegt að lækka þessa fjárhæð. Með breytingunni er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins á árinu 2011 lækki um 183 millj. kr. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs lækki um rúmar 53 millj. kr. vegna Jöfnunarsjóðs sókna en framlag í sjóðinn reiknast sem 18,5% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða samkvæmt lögum um sóknargjöld og hins vegar vegna Kirkjumálasjóðs sem reiknast á sama hátt sem 11,3% af sóknargjöldum.

Um 25. gr.

Við hrun fjármálakerfisins í október 2008 komust fjármál ríkisins í uppnám. Tekjur ríkisins hafa síðan dregist verulega saman og útgjöld aukist og er ríkissjóður rekinn með meiri halla og skuldasöfnun en nokkur dæmi eru um. Til þess að ná aftur jöfnuði í ríkisfjármálum þannig að þau verði sjálfbær er nauðsynlegt að grípa til margþættra aðgerða til lækkunar á útgjöldum ríkisins og til aukinnar tekjuöflunar. Í ákvæðinu er lagt til að skuldbinding ríkissjóðs á árinu 2011 gagnvart þjóðkirkjunni samkvæmt sérstöku samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar muni lækka um 100 millj. kr. Með sama hætti er lagt til að framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs muni skerðast um 5,9 millj. kr. á árinu. Tekjur ríkissjóðs hafa dregist verulega saman á síðustu árum í kjölfar hruns fjármálakerfisins í október 2008. Með tilliti til þess og aðgerða ríkissjóðs til lækkunar á útgjöldum og til aukinnar tekjuöflunar er nauðsynlegt að lækka framlög ríkissjóðs á árinu 2011 til þjóðkirkjunnar og til Kristnisjóðs sem þessu nemur. Með þessari lækkun mun þjóðkirkjan leggja sitt af mörkum til samræmis við almennan samdrátt í útgjöldum á flestum sviðum ríkisins með nefndri hagræðingarkröfu, að frátöldum breytingum vegna annarra forsendna vegna verðlagshækkana.

Um 26. gr.

Í forsendum frumvarps til fjárlaga er ekki gert ráð fyrir verðlagshækkunum á grunnfjárhæðum bótakerfa eins og lífeyristryggingum, atvinnuleysistryggingum, barnabótum, vaxtabótum og fæðingarorlofsgreiðslum. Hallarekstur í ríkisfjármálum og samdráttaraðgerðir sem nauðsynlegt hefur verið að grípa til í þessu frumvarpi, auk óhjákvæmilegra nýrra útgjaldaskuldbindinga sem falla til, m.a. vegna skuldabyrði og atvinnuleysis, gefa ekki svigrúm

til þess að standa undir slíkum verðlagshækkunum. Með þessu ákvæði til bráðabirgða er lagt til að bætur almannatrygginga taki ekki breytingum í samræmi við almennt verðlag.

Um 27. gr.

Ákvæðið fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum til að auka tekjur ríkissjóðs í samræmi við forsendur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011. Í frumvarpinu eru tekjuáformin byggð á markmiðum áætlunar um að jöfnuði verði náð í ríkisfjármálum á næstu þremur árum. Í þessu frumvarpi er verið að leggja til hluta af þeim breytingum á lögum um tekjuöflun ríkissjóðs sem ætlunin er að flytja þannig að ofangreind áform nái fram að ganga. Jafnframt eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á ýmsum lögum til lækkunar á ríkisútgjöldum í samræmi við sömu markmið.

Í forsendum fjárlagafrumvarps næsta árs er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum á tekjuhlið sem samtals eiga að skila 11 milljörðum kr. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir breytingum á tekjustofnum sem áætlað er að skili samtals 9,1 milljarði kr. Í fyrsta lagi er lagt til að skattur á fjármagnstekjur verði hækkaður úr 18% í 20% frá og með 1. janúar 2011 og að skatturinn komi til framkvæmda við staðgreiðslu tekjuskatts vegna fjármagnstekna á árinu 2011. Endanleg álagning skattsins komi til framkvæmda á árinu 2012. Á ársgrundvelli er gert ráð fyrir að hækkunin auki tekjur ríkissjóðs um rúmlega 1,5 milljarða kr.

Í öðru lagi er lagt til að tekjuskattur lögaðila, þ.e. meðal annars hlutafélaga og einkahlutafélaga, verði hækkaður úr 18% í 20% og að tekjuskattur sameignar- og samlagsfélaga hækki samsvarandi úr 32,7% í 36%. Gert er ráð fyrir að hækkunin komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2012 vegna rekstrarársins 2011 og skili á ársgrundvelli um 2,5 milljörðum kr. en að tekjur vegna skattlagningarinnar verði um 500 m.kr. á næsta ári. Jafnframt er lagt til að skattur lögaðila af fengnum arði hækki í samræmi við almenna hækkun skatts á fjármagnstekjur.

Í þriðja lagi er lagt til að nýr auðlegðarskattur sem lagður var á í fyrsta skipti á þessu ári verði hækkaður úr 1,25% í 1,50% af nettóeign hjóna yfir 100 m.kr. og 75 m.kr. hjá einstaklingum. Samhliða því að skatthlutfallið er hækkað eru skattleysismörkin lækkuð frá því sem nú er eða úr 120 m.kr. í 100 m.kr. hjá hjónum og úr 90 m.kr. í 75 m.kr. hjá einstaklingum. Ráðgert er að hækkun skattsins skili ríkissjóði um 1,5 milljörðum kr. í auknar tekjur.

Í fjórða lagi er lagt til að erfðafjárskattur verði hækkaður úr 5% í 10% og er gert ráð fyrir því að skatturinn auki tekjur ríkissjóðs um 1 milljarð kr. árlega.

Í fimmta lagi er lagt til að tóbaksgjald verði hækkað um 7% og sett verði sérstakt áfengisgjald og tóbaksgjald á þessar vörur í tollfrjálsum komuverslunum í tengslum við millilandaflug hér á landi. Slíkar vörur hafa til þessa verið gjaldfrjálsar en lagt er til að tekið verði upp sérstakt 10% gjald af almennu reiknuðu áfengisgjaldi eins og það er lagt á áfengi sem selt

er í landinu og sérstakt 20% gjald af almennu reiknuðu tóbaksgjaldi. Gjaldið verður hins vegar ekki lagt á áfengi eða tóbak sem selt er í verslunum við brottför úr landi. Gert er ráð fyrir því að hækkun á tóbaksgjaldi og upptaka á sérstöku áfengis- og tóbaksgjaldi í komuverslunum til landsins auki tekjur ríkissjóðs um 600 m.kr.

Í sjötta lagi er lagt til að viðmiðun kolefnisgjalds verði hækkuð úr 50% í 75% af verði losunarheimilda á uppboðsmarkaði Evrópusambandsins. Verð losunarheimilda á uppboðsmarkaðinum hefur hækkað nokkuð á undanförnum misserum en hækkun gengis íslensku krónunnar hefur orðið til þess að hækkunin hefur ekki skilað sér í auknum tekjum ríkissjóðs. Því er gjaldið hækkað og gert ráð fyrir því að tekjuaukinn verði um 1 milljarður kr. á ári.

Að lokum er gert ráð fyrir því að veitt verði viðbótarheimild til úttektar á séreignarsparnaði. Samkvæmt gildandi lögum geta eigendur séreignarsparnaðar sótt um að taka út allt að 2,5 m.kr. fram til 1. apríl á næsta ári. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til er gert ráð fyrir að heildarfjárhæð sem hægt verður að taka út verði allt að 5 m.kr. og skal umsóknartíminn vera frá 1. janúar 2011 til 1. apríl 2011. Gert er ráð fyrir að vegna þessara breytinga verði allt að 10 milljarðar kr. greiddir út úr séreignarsjóðum til viðbótar við þá 43 milljarða kr. sem þegar hafa verið greiddir út. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs vegna þessa eru áætlaðar 3 milljarðar kr. í tekjuskatt umfram tekjuáhrif fyrri heimilda.

Sérstakar tekjuöflunaraðgerðir 2011

Rekstrargrunnur	**mia.kr.**
Fjármagnstekjuskattur	1,5
Tekjuskattur lögaðila	0,5
Auðlegðarskattur	1,5
Erfðafjárskattur	1,0
Áfengis- og tóbaksgjald	0,6
Kolefnisgjald	1,0
Viðbótarheimild til úttektar á séreignarsparnaði	3,0
Samtals:	**9,1**

Til viðbótar þessum sérstöku tekjuöflunaraðgerðum er auk þess lögð til almenn 4% hækkun á nokkrum svokölluðum krónutölusköttum í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins. Í fyrsta lagi er lögð til 4% hækkun á olíugjaldi, almennu og sérstöku kílómetragjald, almennu vörugjald af eldsneyti og sérstöku vörugjaldi af bensíni. Samtals er gert ráð fyrir að þessar hækkanir skili um 750 m.kr. tekjum í ríkissjóð. Þá er einnig lagt til að almennt og sérstakt kílómetragjald hækki um 4% og að hækkunin muni skila 30 m.kr. tekjuauka.

Í öðru lagi er lögð til 4% hækkun á sérstöku útvarpsgjaldi sem skili 140 m.kr. í auknum tekjum, vörugjaldi á áfengi sem auki tekjur ríkissjóðs um 400 m.kr. og vitagjaldi sem skili 10 m.kr. tekjuauka.

Jafnframt er í þriðja lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraða verði hækkað um 4% og að hækkunin skili um 60 m.kr.

Í frumvarpinu er auk tekjuöflunaraðgerða fyrir ríkissjóð gerðar nokkrar breytingar á útgjöldum í samræmi við forsendur í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár til að bæta afkomu ríkissjóðs frá því sem ella hefði orðið þannig að frumjöfnuður hans verði orðinn jákvæður á árinu 2011.

Í fyrsta lagi er lagt til að barnabætur vegna barna yngri en sjö ára verði tekjutengdar eins og aðrar bætur og enn fremur að tekjuskerðingarhlutfall vegna eins barns hækki úr 2% í 3%. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar á barnabótakerfinu lækki greiðslur um 1,3 milljarða kr. á næsta ári.

Í öðru lagi er lagt til að tekjutenging vaxtabóta verði hækkuð úr 6% í 7%, auk þess sem reiknaðar bætur verði síðan skertar um 8%. Gert er ráð fyrir að greiddar vaxtabætur úr ríkissjóði muni lækka um 2,2 milljarða kr. vegna þessara breytinga á næsta ári.

Í þriðja lagi er lagt til að sóknargjöld lækki úr 767 kr. á mánuði samkvæmt núgildandi lögum í 698 kr. fyrir árið 2011. Með breytingunni er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins á árinu 2011 lækki um 183 millj. kr. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs lækki um rúmar 53 millj. kr. vegna Jöfnunarsjóðs sókna en framlag í sjóðinn reiknast sem 18,5% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða samkvæmt lögum um sóknargjöld og hins vegar vegna Kirkjumálasjóðs sem reiknast á sama hátt sem 11,3% af sóknargjöldum.

Í fjórða lagi er lagt til að framlag ríkissjóðs á árinu 2011 til þjóðkirkjunnar muni lækka um 100 millj. kr. og með sama hætti er lagt til að framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs muni skerðast um 5,9 millj. kr. á árinu. Þetta er gert með tillögu um að framlag til kirkjunnar samkvæmt lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar verði bundið við fasta krónutölu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2011 en taki ekki mið af reiknilíkani sem framlögin hafa verið miðuð við.

Í fimmta og síðasta lagi er í samræmi við verðlagsforsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2011 lagt til að grunnfjárhæðir almannatryggingа verði ekki verðlagshækkaðar. Að óbreyttu má reikna með að fjárheimildir hefðu orðið um 2,7 milljörðum kr. hærri miðað við spá um 3,5% almenna verðlagshækkun.

Aðgerðir til lækkunar ríkisútgjalda 2011

Rekstrargrunnur	**mia.kr.**
Barnabætur	1,3
Vaxtabætur	2,2
Sóknargjöld	0,2
Þjóðkirkjan	0,1
Grunnfjárhæðir almannatryggingа ekki verðbættar	2,7
Samtals:	**6,5**

Þær ráðstafanir sem lagt er til að gripið verði til í þessu frumvarpi gera ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs batni um 15,6 milljarða kr. frá því sem hefði orðið að óbreyttu. Eru þær í samræmi við þær forsendur sem settar eru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár. Gert er ráð fyrir að kostnaðarauki í skattkerfinu við að koma þessum breytingum í framkvæmd verði óverulegur og muni rúmast innan fjárheimilda ráðuneytisins.

218. Frumvarp til laga [201. mál]

um skeldýrarækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra, setja reglur um starfsemina og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til ræktunar skeldýra á íslensku forráðasvæði. Ákvæði laganna gilda m.a. um skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Eignarland:* Landsvæði, þ.m.t. innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
2. *Framleiðslusvæði:* Sjávarsvæði, ármynni eða lón þar sem er að finna náttúruleg skeldýr eða svæði sem eru notuð til að rækta skeldýr og þaðan sem lifandi skeldýr eru tekin.
3. *Lindýr*: Hryggleysingjar með mjúkan, óliðskiptan líkama, sveipaðan möttli (kápu) (Mollusca).
4. *Mannvirki:* Hvers konar byggingar og búnaður sem er notaður við ræktun skeldýra.
5. *Netlög:* Sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.
6. *Ræktunarsvæði:* Afmarkað svæði þar sem skeldýraræktarfyrirtæki ræktar skeldýr og dýr sem eru ekki fóðruð en taka sjálf upp næringu úr umhverfi.
7. *Skeldýr:* Flokkur lindýra sem hefur um sig skel.
8. *Skeldýrarækt:* Ræktun skeldýra með skipulegri umhirðu og vöktun á afmörkuðu svæði þar sem engin fóðrun á sér stað. Hluti af ræktun er einnig skipuleg söfnun og veiði á skeldýrum til áframhaldandi ræktunar.
9. *Skeldýraræktarstöð:* Ræktunarstaður skeldýra.
10. *Þörungaeitur:* Lífræn eiturefni sem samlokur safna í sig þegar þær nærast á þörungum sem innihalda slík efni (sjávarlífeitur).

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Stjórnsýsla.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Matvælastofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Einnig hefur Fiskistofa eftirlit með veiðum skeldýra til áframhaldandi ræktunar, vigtun og skráningu sjávarafla í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda á hverjum tíma. Þá skal Fiskistofa hafa eftirlit með því að veiði á skeldýrum sé einungis stunduð á svæðum sem flokkuð hafa verið af Matvælastofnun og upplýsa Matvælastofnun um atriði sem varða veiði skeldýra á hverjum tíma, svo sem hvaða aðilar stundi veiðarnar, aflabrögð, og hvar skeldýranna er aflað.

5. gr.
Svæðaskipting starfsemi.

Ráðherra er heimilt, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, að ákveða samkvæmt lögum þessum skipulag og skiptingu ræktunarsvæða meðfram ströndum landsins. Ráðherra getur falið Fiskistofu umsjón með skipulagi, gerð og vörslu gagnagrunns um svæðaskiptingu vegna ræktunarsvæða.

Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra m.a. afla umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslu Íslands, Matvælastofnunar, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera tvær vikur.

Ákvörðun ráðherra um svæðaskiptingu skal birt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.
Staðbundið bann við starfsemi o.fl.

Ráðherra getur takmarkað eða bannað skeldýrarækt eða ákveðnar aðferðir við slíka starfsemi í einstökum fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart þeirri starfsemi sem fer fram samkvæmt lögum þessum. Sama gildir ef starfsemin truflar siglingar eða veldur siglingahættu. Áður en ákvörðun um slíkt bann er tekin skal ráðherra leita eftir afstöðu aðila sem starfrækja skeldýrarækt á viðkomandi svæðum. Einnig skal ráðherra afla umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslu Íslands, Matvælastofnunar, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera tvær vikur.

III. KAFLI
Leyfisveitingar o.fl.

7. gr.
Tilraunaleyfi.

Matvælastofnun er heimilt að gefa út tímabundin tilraunaleyfi til skeldýraræktar, til þess að kanna hvort svæðið hentar til slíkrar ræktunar. Leyfi þetta veitir ekki heimild til dreifingar afurða til neyslu.

Áður en tilraunaleyfi er veitt skal Matvælastofnun afla umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslu Íslands, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands og

viðkomandi sveitarstjórnar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu tilraunasvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera tvær vikur.

Umsókn um tilraunaleyfi skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að skeldýraræktarstöð, fagþekkingu umsækjenda um tilraunaleyfi á viðkomandi sviði, stærð og umfang starfsemi og tegundir. Ef áformað er að starfsemi samkvæmt umsókn umsækjanda fari fram innan netlaga eignarlands skal fylgja eignarheimild eða samningur við eiganda viðkomandi lands. Þá skal fylgja yfirlýsing bygginga- og/eða skipulagsfulltrúa sveitarfélags um að mannvirki sem er áformað að nota við skeldýrarækt séu í samræmi við skipulag.

Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þá þætti sem um getur í 3. mgr. getur Matvælastofnun gert umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en tilraunaleyfi er veitt.

Tilraunaleyfi gildir að hámarki til tveggja ára í senn en heimilt er að endurnýja það samkvæmt umsókn leyfishafa um eitt ár í senn þannig að það gildi að hámarki í fimm ár. Í leyfi skulu koma fram upplýsingar um staðsetningu, aðferðir við ræktun og þær tegundir sem leyfið gildir um. Leyfið gildir eingöngu um þær skelfisktegundir sem sótt er um leyfi fyrir og skal það vera bundið við afmörkuð svæði.

Einnig er heimilt að binda tilraunaleyfi skilyrðum um að leyfishafi merki ræktunarsvæði til öryggis fyrir sjófarendur, haldi skrár um fjölda lína, botnfestingar og framvindu ræktunartilraunar, framkvæmi tilteknar forkannanir varðandi staðarval og sýnatökur á framleiðslusvæði, efna- og örverurannsóknir, athugun á áhrifum veðurfarslegra þátta, mengun o.fl.

Leyfishafi skal skila Matvælastofnun skýrslu um ræktunina árlega auk þess að veita stofnuninni aðgang að gögnum um ræktunina.

Við útgáfu tilraunaleyfis getur Matvælastofnun krafist þess að leyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi.

Matvælastofnun er heimilt að veita tilraunaleyfishafa forgang að ræktunarleyfi á viðkomandi svæði að gildistíma loknum.

8. gr.

Heilnæmiskönnun.

Áður en gefin eru út ræktunarleyfi skal leyfishafi eða umsækjandi láta framkvæma heilnæmiskönnun. Heilnæmiskönnun skal skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi. Leyfishafi greiðir kostnað við heilnæmiskönnun en heimilt er ráðherra að ákveða að hann skuli greiddur úr ríkissjóði að hluta eða öllu leyti ef fjárheimildir fást til þess í fjárlögum.

Niðurstöður úr heilnæmiskönnun skulu liggja fyrir við útgáfu ræktunarleyfis.

9. gr.

Ræktunarleyfi.

Ræktun og veiðar skeldýra eru einungis heimilar á ræktunarsvæðum sem Matvælastofnun hefur viðurkennt á grundvelli heilnæmiskannana.

Hægt er að sækja um ræktunarleyfi þótt tilraunaleyfi hafi ekki áður verið veitt. Við útgáfu ræktunarleyfis getur Matvælastofnun krafist þess að leyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi.

Áður en ræktunarleyfi er veitt skal Matvælastofnun afla umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands og viðkomandi sveitarstjórnar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera tvær vikur. Einnig skal leita umsagnar Landhelgisgæslu Íslands um hvort fyrirhugað ræktunarsvæði truflar siglingar eða veldur siglingahættu. Jafnframt hefur Matvælastofnun heimild, að fenginni umsögn Fiskistofu, til að ákvarða stærð ræktunarsvæðis, hafi svæðaskipting ekki verið ákveðin, sbr. 5. gr. Matvælastofnun skal hafa að leiðarljósi reynslu tilraunaleyfishafa á tilraunaleyfissvæðinu þegar ræktunarleyfi er veitt á viðkomandi svæði að loknum gildistíma tilraunaleyfisins.

Umsókn um ræktunarleyfi skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að skeldýraræktarstöð, fagþekkingu umsækjenda um ræktunarleyfi á viðkomandi sviði, stærð og umfang starfsemi, framleiðslumagn og tegundir. Einnig skulu fylgja umsókn upplýsingar um merkingu ræktunarsvæðis til öryggis fyrir sjófarendur. Ef áformað er að starfsemi samkvæmt umsókn umsækjanda fari fram innan netlaga eignarlands skal fylgja eignarheimild eða samningur við eiganda viðkomandi lands. Þá skal fylgja umsókn yfirlýsing bygginga- og/eða skipulagsfulltrúa sveitarfélags um að mannvirki sem er áformað að nota við skeldýrarækt séu í samræmi við skipulag.

Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þá þætti sem um getur í 4. mgr. getur Matvælastofnun gert umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en ræktunarleyfi er veitt. Þá getur Matvælastofnun takmarkað stærð og umfang ræktunarsvæðis frekar en fram kemur í umsókn þótt svæðaskipting hafi verið ákveðin skv. 5. gr., ef stofnunin telur tilefni til þess.

Telji Matvælastofnun að umsókn um ræktunarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara skal stofnunin gefa út ræktunarleyfi til sjö ára í senn.

Leyfishafi skal skila Matvælastofnun skýrslu um ræktunina árlega auk þess að veita stofnuninni aðgang að gögnum um ræktunina.

Matvælastofnun getur við útgáfu ræktunarleyfis krafist þess að leyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi.

10. gr.

Afturköllun.

Heimilt er að afturkalla tilraunaleyfi og ræktunarleyfi séu aðstæður að mati Matvælastofnunar óviðunandi vegna hættu á mengun eða vegna annarra ófyrirsjáanlegra aðstæðna.

Ef leyfishafi hefur ekki hafið starfsemi innan 24 mánaða frá útgáfu ræktunarleyfis er Matvælastofnun heimilt að fella ræktunarleyfi úr gildi. Sama gildir ef starfsemi leyfishafa stöðvast í 24 mánuði. Einnig getur Matvælastofnun afturkallað ræktunarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmælum eða gegn skilyrðum tilrauna- eða ræktunarleyfis eða skilyrði eru að öðru leyti ekki uppfyllt.

Þá er heimilt að svipta aðila tilrauna- eða ræktunarleyfum ef þeir afhenda Matvælastofnun ekki umbeðnar upplýsingar samkvæmt lögum þessum.

Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skal Matvælastofnun ávallt veita leyfishafa skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

IV. KAFLI
Starfsemi.
11. gr.
Mannvirki og búnaður.

Mannvirki og búnaður sem nýtt eru í þágu skeldýraræktar skulu vera í samræmi við gildandi skipulag og ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda á hverjum tíma.

Leyfishafi skal merkja búnað og mannvirki og senda tilkynningar um starfsemina til Landhelgisgæslu Íslands, Siglingastofnunar Íslands, hafnaryfirvalda í viðkomandi sveitarfélögum og annarra stjórnvalda eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda á hverjum tíma. Landhelgisgæsla Íslands sendir út tilkynningu til sjófarenda um staðsetningu ræktunarsvæðis.

12. gr.
Eftirlit og skýrslugjöf.

Matvælastofnun skal hafa eftirlit með skeldýraræktarstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Eftirlitið skal ná til starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í tilrauna- og ræktunarleyfi séu haldin.

13. gr.
Lok starfsemi.

Við lok starfsemi sem leyfi hefur verið veitt til samkvæmt lögum þessum, bæði tilraunaleyfi og ræktunarleyfi, er leyfishafa skylt að fjarlægja öll mannvirki og allan búnað sem hann hefur notað til starfsemi sinnar innan þriggja mánaða. Matvælastofnun getur þó veitt leyfishafa lengri frest ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Ef leyfishafi sinnir ekki þessari skyldu innan framangreindra tímamarka getur Matvælastofnun látið framkvæma verkið á hans kostnað. Tilkynna skal um lok starfsemi til Landhelgisgæslu Íslands sem kemur upplýsingum á framfæri með tilkynningum til sjófarenda.

14. gr.
Framleiðsla og dreifing.

Um framleiðslu og dreifingu skeldýra og eftirlit með heilbrigði skeldýra og heilnæmi afurða fer eftir ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi.

V. KAFLI
Gjaldtaka.
15. gr.
Gjaldskrá.

Fyrir leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu leyfishafar greiða gjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við störf Matvælastofnunar vegna veitingar leyfis og til að standa straum af kostnaðarþáttum við eftirlitið, svo sem:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna útgáfu leyfa og eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, svo og vegna vinnu og annars kostnaðar Fiskistofu við skipulag, gerð og vörslu gagnagrunns, sbr. 5. gr.,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, þegar tiltekin starfsemi leyfishafa eða afurðir eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis skeldýra vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað við viðbótareftirlit ber leyfishafi. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir eða vara hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak opinbers eftirlits og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og eftirlit Matvælastofnunar að fengnum tillögum stofnunarinnar.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,
c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
d. þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Ráðherra skal afla umsagna hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár Matvælastofnunar með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar.

Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.
Framsal.

Framsal, leiga og veðsetning á tilraunaleyfi og ræktunarleyfi til skeldýraræktar samkvæmt lögum þessum er óheimil.

VII. KAFLI
Reglugerðarheimild, viðurlög, o.fl.

17. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga með reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um útgáfu tilrauna- og ræktunarleyfa, merkingar á búnaði og mannvirkjum, úttekt á mannvirkjum og búnaði, endurnýjun og viðhald þeirra. Einnig skal skilgreina í reglugerðinni tegundir skeldýra sem er heimilt að rækta, eftirlit með starfsemi skeldýraræktarstöðva og flutning skeldýra milli starfsstöðva eða svæða. Enn fremur hefur ráðherra heimild til að setja í reglugerð ákvæði um veiðar á villtum stofnum skeldýra til ræktunar. Við setningu reglugerða skal eftir því sem við á leitað umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera tvær vikur.

18. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum þessara laga og stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að tveimur árum.

Mál út af brotum skv. 1. mgr. skulu sæta meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

19. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan samráðshóps um kræklingarækt sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði 26. nóvember 2008 á grundvelli tillagna í skýrslu nefndar um stöðu og möguleika kræklingaræktar á Íslandi, sem birt var 2. júní 2008. Þar var gerð tillaga um stofnun samráðshóps um uppbyggingu kræklingaræktar sem í sætu fulltrúar kræklingaræktenda og opinberra stofnana. Hlutverk samráðshópsins var að samþætta starf ríkisstofnana og koma með tillögur til ráðherra um fyrirhuguð ræktunarsvæði sem færu í heilnæmiskönnun og mat á tíðni eitraðra svifþörunga.

Samráðshópinn skipuðu: Ingimar Jóhannsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Guðrún Þórarinsdóttir frá Hafrannsóknastofnuninni, varamaður Hrafnkell Eiríksson, Franklín Georgsson frá Matís ohf., varamaður Ragnar Jóhannsson, Þór Gunnarsson frá Matvælastofnun, varamaður Gísli Jónsson, Skúli Gunnar Böðvarsson frá Skelrækt og Björn Theodórsson, ritari starfshópsins. Þá starfaði Sigríður Norðmann, lögfræðingur í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu með hópnum að gerð frumvarpsins.

Ekki eru til sérstök heildarlög um þessa atvinnugrein hér á landi en talið hefur verið að um hana gildi ákvæði laga um fiskeldi. Í framkvæmd hefur hins vegar komið í ljós að ákvæði þeirra laga eiga ekki að öllu leyti við um skeldýrarækt, t.d. kræklingarækt. Gera þarf a.m.k. nokkrar breytingar á lögunum til þess að þau geti gilt um skeldýrarækt eða kræklingarækt og bæta við þau sérstökum ákvæðum sem víkja nokkuð frá öðrum ákvæðum laganna. Ekki hefur heldur verið talið að lög um fiskrækt geti átt við um þessa atvinnugrein.

Í vinnu og á fundum samráðshópsins hefur verið rætt um hvort setja eigi sérstök lög um skeldýrarækt eða breyta eldri lögum um svipað efni, t.d. lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, eða lögum nr. 58/2006, um fiskrækt, til þess að þau geti gilt um kræklingaeldi eða kræklingarækt.

Aflað var upplýsinga um hvernig ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla er hagað í nágrannalöndum okkar. Niðurstöður þeirrar athugunar voru m.a. að ekki eru sérstök lög í Danmörku um þetta efni og heldur ekki á Írlandi heldur eru ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla um kræklingarækt hluti af fiskveiðilöggjöfinni. M.a. er ráðherra á Írlandi veitt heimild til að gefa út rekstrarleyfi þarlendis. Það vald hefur verið framselt til Fiskeridirektoratet í Danmörku. Sérstakar reglugerðir gilda síðan um útgáfu leyfa og eftirlit með starfseminni og svo aðrar reglugerðir um heilnæmis- og matvælaeftirlit með starfseminni sem byggðar eru á EES-gerðum um það efni.

Í frumvarpi þessu er farin sú leið að setja sérstök lög um skeldýrarækt sem munu þá einnig gilda um kræklingarækt.

Eftirlit með starfsemi á sviði skeldýraræktar, einkum kræklingarækt er aðallega eftirlit með heilnæmi og hollustuháttum, þ.e. matvælaeftirlit sem fer eftir lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli EES-gerða um það efni, sbr. m.a. lög nr. 93/1995, um matvæli, sbr. og lög nr. 143/2009, um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að Matvælastofnun annist hér á landi eftirlit með starfseminni með svipuðum hætti og gildir um eftirlit með annarri matvælaframleiðslu.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða var talið rétt að setja sérstök lög um atvinnugreinina. Um er að ræða fyrstu heildarlögin á Íslandi sem fjalla um skeldýrarækt. Við samningu frumvarpsins hefur ekkert komið fram um að ákvæði þess séu ekki í samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, og einnig hefur verið reynt að gæta þess að ákvæði frumvarpsins séu í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn) og reglur sem settar hafa verið á grundvelli samningsins. Frumvarpið snertir fyrst og fremst skeldýraræktarstöðvar og hefur eins og áður segir verið unnið af vinnuhóp sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði 26. nóvember 2008 og í sátu fulltrúar frá stofnunum og hagsmunaaðilum sem fjalla um skeldýrarækt. Einnig hefur við samningu frumvarpsins verið haft samráð við Matvælastofnun og Fiskistofu.

Frumvarp þetta var áður lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010 en varð ekki útrætt á því þingi. Við meðferð málsins á þinginu komu hins vegar fram umsagnir frá eftirtöldum aðilum um efni frumvarpsins: Bændasamtökum Íslands, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Fjórðungssambandi Vestfjarða, Hafrannsóknastofnuninni, Landhelgisgæslu Íslands, Landssambandi fiskeldisstöðva, Samtökum fiskvinnslustöðva, Matís ohf., Matvælastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Samtökum eigenda sjávarjarða, Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, Siglingastofnun Íslands, Skipulagsstofnun og Viðskiptaráði Íslands.

Við gerð frumvarpsins hefur eins og unnt er verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem komu fram í umsögnum framangreindra aðila og gerðar viðeigandi breytingar á frumvarpinu í samræmi við þær athugasemdir og ábendingar, m.a. eftirtaldar breytingar:

Lítils háttar breytingar eru gerðar á skilgreiningum í 3. gr. frumvarpsins, verksvið Fiskistofu til eftirlits aukið að tilteknu marki og kveðið á um tiltekna upplýsingaskyldu til Matvælastofnunar, bætt hefur verið við frumvarpið umsagnaraðilum og tryggð aðkoma sveitarstjórna sem umsagnaraðila við ýmsar ákvarðanir samkvæmt frumvarpinu og Sambands íslenskra sveitarfélaga við samningu stjórnvaldsfyrirmæla, bætt hefur verið við frumvarpið tilteknum ákvæðum í því skyni að auka eða tryggja öryggi sjófarenda og áréttuð viðmið um forgang tilraunaleyfishafa að ræktunarleyfi á tilraunaleyfissvæði að tilraunaleyfistíma loknum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmiðið með setningu sérstakra laga um skeldýrarækt er, svo sem nánar kemur fram í greininni, að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra, setja reglur um starfsemina og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu.

Skeldýrarækt er, sem kunnugt er, ný atvinnugrein sem hefur átt misjöfnu gengi að fagna á þeim tíma sem hún hefur starfað. Eigi að síður eru bundnar við það vonir að atvinnugreinin

geti eflt atvinnulíf og byggð í landinu og þannig skilað þjóðarbúinu umtalsverðum tekjum, svo sem raun hefur orðið á með öðrum þjóðum. Með frumvarpi þessu er ætlunin því að styðja eftir föngum við uppbyggingu skeldýraræktar sem atvinnugreinar, m.a. kræklingaræktar, og setja þeirri atvinnugrein jafnframt skýrar reglur og umgjörð.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um það að lögin taki til ræktunar skeldýra á íslensku forráðasvæði. Ákvæði laganna gilda einnig um skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla. Gert er ráð fyrir að ákvæði laganna gildi um alla skeldýrarækt, bæði kræklingarækt og ræktun tegunda sem festa sig á undirlag og einnig tegundir sem eru hreyfanlegar og botnlægar, svo sem hörpudisk og kuðungategundir.

Um 3. gr.

Í greininni eru skilgreind helstu hugtök sem fyrir koma í frumvarpinu, sem og hugtök sem lýsa ýmsum þeim afbrigðum sem fyrir koma við lagalega útfærslu heimilda til skeldýraræktar, þ.m.t. kræklingaræktar.

Um 4. gr.

Í greininni kemur fram að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum. Framkvæmd stjórnsýslunnar er hins vegar að öðru leyti í höndum Matvælastofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Einnig er þar áréttað að Fiskistofa hefur eftirlit með veiðum skeldýra til áframhaldandi ræktunar, vigtun og skráningu sjávarafla í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda á hverjum tíma. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á yfirstjórn eða eftirliti með þeirri starfsemi samkvæmt frumvarpinu. Þó er Fiskistofu fengið það viðbótarhlutverk að hafa eftirlit með því að veiði á skeldýrum sé einungis stunduð á svæðum sem flokkuð hafa verið af Matvælastofnun og jafnframt að upplýsa Matvælastofnun um atriði sem varða veiði skeldýra á hverjum tíma, svo sem hvaða aðilar stundi veiðarnar, aflabrögð og hvar skeldýranna sé aflað. Er þetta ákvæði sett til að tryggja að skeldýr sem sett eru á markað komi af svæðum sem hafa farið í gegnum heilnæmiskönnun og verið flokkuð af Matvælastofnun. Ástæðan er sú m.a. að þess hefur orðið vart að einstaka kræklingaræktendur hafi stundað veiðar á villtum kræklingi í tilteknum landshluta og flutt frá veiðisvæði á ræktunarsvæði sitt í öðrum landshluta til áframhaldandi ræktunar, m.a. svæði sem hafa ekki verið flokkuð og viðurkennd af Matvælastofnun. Í umsögn Matvælastofnunar til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 17. maí 2010, kemur fram að viðbúið er að framhald verði á þessum veiðum og megi gera ráð fyrir að flutningur á lifandi dýrum með þessum hætti geti haft ýmis vandamál í för með sér, svo sem vegna útbreiðslu á sjúkdómum og sníkjudýrum, við blöndun ólíkra erfðastofna og flutning á óæskilegum tegundum skeldýra milli landshluta. Við útgáfu á ræktunarleyfi skv. 9. gr. eru skoðuð neikvæð vistfræði- og erfðafræðiáhrif og telur Matvælastofnun að það kunni að vera að sömu atriði ættu að vera til skoðunar þegar veidd skeldýr eru flutt milli svæða til áframeldis. Ekkert í frumvarpinu eða reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins bannar hins vegar veiðar á einu svæði og áframhaldandi ræktun á öðrum ef um er að ræða tvö flokkuð svæði. Fiskistofa fer með eftirlit með veiðum skeldýra, vigtun og skráningu sjávarafla í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma og þykir því rétt að fela stofnuninni framangreint viðbótarhlutverk.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að ákveða skiptingu og skipulag svæða til skeldýraræktar meðfram ströndum landsins. Nauðsynlegt þykir að setja reglur um skipulag um hvers konar nýtingu strandsvæða þar sem tekið er tillit til þeirra fjölmörgu hagsmunaárekstra sem geta orðið á milli þeirra sem vilja nýta strandsvæði með einum eða öðrum hætti, sem eru t.d. landeigendur, eigendur sumar- eða heilsárshúsa, eigendur netlaga, æðarbændur, veiðiréttarhafar, sjófarendur, fiskeldisaðilar, aðilar sem nýta þara eða þörunga, möl, sand, skeljasand, kalkþörungaset, málma, olíu, gas, og einnig ferðamenn o.fl. Þó er ekki gert ráð fyrir ákvörðun ráðherra um heildarframleiðslu á hverju svæði enda fjallað um hana í ræktunarleyfum. Við það er nú miðað í frumvarpsgreininni að svæðaskipting styðjist við vistfræðileg eða hagræn rök, og því er gert ráð fyrir að ævinlega skuli afla umsagna tiltekinna stofnana áður en ákvörðun um hana er tekin. Gert er ráð fyrir að umsagnir þessara fagstofnana tryggi að aflað verði allra þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að taka ákvarðanir samkvæmt greininni. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera tvær vikur. Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra geti falið Fiskistofu umsjón með skipulagi, gerð og vörslu gagnagrunns um svæðaskiptingu. Slíkur gagnagrunnur er m.a. nauðsynlegur til að tryggja að skýrt sé hvaða svæði aðilar hafa til umráða vegna ræktunar. Talið er rétt að fela Fiskistofu það verkefni að annast skipulag, gerð og vörslu gagnagrunnsins en stofnunin annast einnig gerð og vörslu gagnagrunns um starfsemi á sviði fiskeldis og fiskræktar og hefur því öll gögn, tækni og þekkingu til að annast þessa vinnslu. Talið er rétt að þessi verkefni séu á hendi einnar stofnunar til að tryggja nauðsynlega heildaryfirsýn yfir starfsemi á þessum sviðum og samræmi í upplýsingaöflun og vörslu gagna um þau svæði sem ráðstafað verður samkvæmt lögunum.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að takmarka eða banna skeldýrarækt eða tilteknar aðferðir til slíkrar starfsemi á ákveðnum svæðum þar sem sérstök hætta er talin stafa af slíkri starfsemi. Hér er átt við staðbundna mengun eða viðkvæm svæði og hugsanlega verndun svæða og lífríkis þeirra fyrir þessari starfsemi. Loks er í ákvæðinu áréttað að áður en tekin er ákvörðun um slíka svæðaskiptingu skuli ráðherra leita eftir afstöðu aðila sem starfrækja skeldýrarækt á viðkomandi svæðum. Einnig skal ráðherra m.a. afla umsagna ýmissa opinberra stofnana, þ.e. Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórna. Gert er ráð fyrir að umsagnir þessara stofnana tryggi að aflað verði allra þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að taka ákvarðanir samkvæmt greininni. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera tvær vikur.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um að Matvælastofnun sé heimilt að gefa út tímabundið tilraunaleyfi á meðan verið er að kanna hvort svæði hentar til skeldýraræktar. Slík tilraunaleyfi gilda til tveggja ára og að hámarki í fimm ár. Leyfin veita hins vegar ekki heimild til dreifingar afurða til neyslu. Ástæður fyrir því að veita Matvælastofnun heimild til að gefa út tilraunaleyfi eru m.a. að gefa fyrirtækjum kost á að kanna hvort viðkomandi svæði henta til ræktunar áður en tekin er ákvörðun um hvort heilnæmiskönnun skuli gerð. Einnig er í ákvæðinu fjallað um að áður en tilraunaleyfi er veitt skuli Matvælastofnun afla umsagna tiltekinna stofnana, þ.e. Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Siglingastofnunar Íslands og viðkomandi sveitar-

stjórna, til að afla upplýsinga um hvort sú starfsemi sem er áformuð gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðilegum áhrifum. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera tvær vikur. Þá kemur fram hvaða skilyrði umsókn um tilraunaleyfi þarf að uppfylla og hvaða gögn skulu fylgja henni til Matvælastofnunar svo og að stofnunin geti krafist frekari upplýsinga og gagna ef tilefni verður talið til þess. Enn fremur er gert ráð fyrir að leyfishafi skuli skila Matvælastofnun skýrslu um ræktunina árlega auk þess að veita stofnuninni aðgang að gögnum um hana. Þá er gert ráð fyrir að unnt sé að binda tilraunaleyfi tilteknum skilyrðum. Skal leyfið eingöngu gilda um þær skelfisktegundir sem sótt er um leyfi fyrir og vera bundið við afmörkuð svæði. Loks kemur þar fram að við útgáfu tilraunaleyfis geti Matvælastofnun krafist þess að leyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi. Framangreind ákvæði eru sett til að setja skýrar reglur um leyfisveitingarnar og stuðla að gagnsæi við framkvæmd þeirra. Þá er í ákvæðinu fjallað um að Matvælastofnun sé heimilt að veita tilraunaleyfishafa forgang að ræktunarleyfi á viðkomandi svæði að gildistíma loknum. Síðastgreint ákvæði er svipað og ákvæði um forgangsrétt tilraunaleyfishafa til nýtingarleyfis samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um að áður en ræktunarleyfi eru gefin út sé skylt að framkvæma heilnæmiskönnun á tilraunasvæði. Kanna þarf hvort svæði hentar til skeldýraræktar eða hvort það sé óhentugt til slíkrar starfsemi vegna heilnæmisástæðna. Fram kemur að heilnæmiskönnun skuli skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli þar að lútandi. Þá er fjallað um að leyfishafi greiði kostnað við heilnæmiskönnunina en ráðherra er þó heimilt að ákveða að hann skuli greiddur úr ríkissjóði að hluta eða öllu leyti ef fjárheimildir fást til þess í fjárlögum. Loks er áréttað að niðurstöður úr heilnæmiskönnun skuli liggja fyrir við útgáfu ræktunarleyfis og er það í samræmi við tilgang þessa ákvæðis.

Um 9. gr.

Í greininni eru ákvæði um ræktunarleyfi til skeldýraræktar, m.a. kræklingaræktar. Þar kemur fram m.a. að ræktun og veiðar skeldýra eru einungis heimilar á ræktunarsvæðum sem Matvælastofnun hefur viðurkennt á grundvelli heilnæmiskönnunar. Fram kemur að hægt er að sækja um ræktunarleyfi þótt tilraunaleyfi hafi ekki áður verið veitt. Við útgáfu ræktunarleyfis getur Matvælastofnun krafist þess að leyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi. Enn fremur eru í greininni fyrirmæli um þær kröfur sem umsókn um ræktunarleyfi skal uppfylla og ákvæði um málsmeðferð umsóknar. Gert er ráð fyrir því að Matvælastofnun skuli leita umsagna tiltekinna stjórnvalda, þ.e. Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Siglingastofnunar Íslands. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera tvær vikur. Skylda til upplýsingagjafar hefur þann tilgang að ræktunarleyfi verði einungis veitt þeim sem fyrir fram getur sýnt fram á að hann sé líklegur til að uppfylla skilyrði laga og ræktunarleyfis, komi til útgáfu þess. Þess ber að sjálfsögðu að gæta að ekki séu lagðar víðtækari skyldur og kvaðir á umsækjanda en nauðsyn krefur með tilliti til þeirra upplýsinga sem leyfisveitandi þarf á að halda við meðferð umsóknar, enda geta rannsóknir verið bæði tímafrekar og kostnaðarsamar. Jafnframt kemur þar fram að Matvælastofnun skuli hafa að leiðarljósi reynslu tilraunaleyfishafa á tilraunaleyfissvæði þegar ræktunarleyfi er veitt á við-

komandi svæði að loknum gildistíma tilraunaleyfisins. Þannig skuli tilraunaleyfishafi njóta forskots þegar komi að útgáfu ræktunarleyfis á viðkomandi svæði. Síðastgreint efnisákvæði er byggt á því að tilraunaleyfishafi verði að hafa ákveðna tryggingu fyrir því að einhver annar aðili geti ekki stokkið fram fyrir hann þegar kemur að útgáfu ræktunarleyfis fyrir viðkomandi tilraunaleyfissvæði. Ræktunarleyfi til skeldýraræktar skulu gefin út til sjö ára í senn. Enn fremur er gert ráð fyrir að leyfishafi skuli skila Matvælastofnun skýrslu um ræktunina árlega auk þess að veita stofnuninni aðgang að gögnum um hana. Um veiðar skeldýra fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda um veiðar á nytjastofnum sjávar, meðferð, vigtun og skráningu sjávarafla á hverjum tíma. Þá er í ákvæðinu gert ráð fyrir að Matvælastofnun geti takmarkað stærð og umfang ræktunarsvæða frekar en fram kemur í umsókn þótt svæðaskipting hafi verið ákveðin skv. 5. gr., ef stofnunin telur tilefni til þess. Hér er gert ráð fyrir að Matvælastofnun leggi mat á hvort taka skuli slíkar ákvarðanir í einstökum tilvikum. Áréttað skal að hér er um að ræða heimild en ekki skyldubundið ákvæði. Slíkar ákvarðanir Matvælastofnunar verða að sjálfsögðu að vera byggðar á tilteknum málefnalegum og lögmætum sjónarmiðum og mega ekki ganga lengra en ástæða er talin til, sbr. m.a. meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 10. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að heimilt sé að afturkalla tilraunaleyfi og ræktunarleyfi séu aðstæður að mati Matvælastofnunar óviðunandi vegna hættu á mengun eða vegna annarra ófyrirsjáanlegra aðstæðna. Ástæða þessa ákvæðis er hugsanlegar breytingar á aðstæðum á tilrauna- eða ræktunarleyfissvæðum, t.d. vegna mengunar og annarra umhverfisþátta. Einnig er í greininni heimild til að fella úr gildi ræktunarleyfi ef leyfishafi hefur ekki hafið starfsemi innan 24 mánaða frá útgáfu ræktunarleyfis. Sama gildir ef starfsemi leyfishafa stöðvast í 24 mánuði. Enn fremur er ákvæði um að Matvælastofnun geti afturkallað ræktunarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna eða gegn skilyrðum tilrauna- eða ræktunarleyfis, t.d. með óheimilli sölu afurða, svo og ef skilyrði slíks leyfis eru að öðru leyti ekki uppfyllt. Þá er heimilt að svipta aðila tilrauna- og ræktunarleyfum ef þeir afhenda Matvælastofnun ekki umbeðnar upplýsingar samkvæmt lögum þessum. Loks er tekið fram að ekki sé heimilt að grípa til leyfissviptingar eða afturköllunar samkvæmt ákvæði þessu nema leyfishafa sé fyrst gefið færi á að bæta úr.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um að öll mannvirki og búnaður sem nýttur er í þágu skeldýraræktar, m.a. til kræklingaræktar, skuli vera í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla um það efni á hverjum tíma. Slík mannvirki þurfa m.a. að vera í samræmi við skipulag, ef þau eru í netlögum, stjórnvaldsfyrirmæli um siglingar og umferð á sjó o.fl. Síðastgreindar reglur heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Siglingastofnun Íslands. Þá kemur fram að leyfishafi skuli merkja búnað og mannvirki og senda tilkynningar um starfsemina til Siglingastofnunar Íslands, hafnaryfirvalda í viðkomandi sveitarfélagi og annarra stjórnvalda eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda á hverjum tíma. Er það talið nauðsynlegt til að starfsemin geti farið fram á réttan hátt og viðkomandi stjórnvöld geti sinnt þeim hlutverkum sem þeim eru falin samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að Matvælastofnun skuli hafa eftirlit með skeldýraræktarstöðvum í samræmi við fyrirmæli laganna. Þá kemur fram að eftirlitið skuli ná til starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í tilrauna- og ræktunarleyfi séu haldin.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um skyldu ræktunarleyfishafa og einnig tilraunaleyfishafa til að fjarlægja allan búnað og öll mannvirki þegar starfsemi lýkur og honum settur ákveðinn tímafrestur til að framkvæma það verk. Ljóst er að mikil hætta getur verið af t.d. sokknum, yfirgefnum kræklingalínum og því er hér um mikilvægt ákvæði að ræða. Einnig er kveðið á um tiltekin þvingunarúrræði ef leyfishafi sinnir ekki þessari skyldu.

Um 14. gr.

Hér er áréttað að um framleiðslu og dreifingu skeldýra og eftirlit með heilbrigði skeldýra og heilnæmi afurða fari eftir ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi. Hér er átt við matvælalög, nr. 93/1995, og ýmis sérlög sem fjalla um eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla, m.a. skeldýra.

Um 15. gr.

Hér er að mestu leyti um að ræða sambærilegt ákvæði og í 25. gr. og 26. gr. matvælalaga, nr. 93/1995, sbr. breytingar á þeim lögum sem gerðar voru með lögum nr. 143/2009, um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. Í ákvæðinu eru afmarkaðir þeir meginkostnaðarþættir sem gjaldtöku vegna leyfisveitinga og eftirlits er ætlað að standa undir. Þá er þar sérstaklega áréttað að við gerð gjaldskrárinnar sé heimilt að reikna með, eftir því sem við á í hverju tilviki, vinnu og öðrum kostnaði Fiskistofu við skipulag, gerð og vörslu gagnagrunnsins, þ.e. ef afgreiðsla einstakra umsókna hefur í för með sér tiltekinn kostnað vegna slíkrar vinnu. Um skýringu og túlkun ákvæðisins er vísað til þeirra sjónarmiða sem fram koma í greinargerð með sams konar ákvæði í frumvarpi sem varð að lögum nr. 143/2009, sbr. þingskjal 17 í 17. máli á 138. löggjafarþingi. Gert er ráð fyrir að skýring og túlkun ákvæða laganna verði samræmd eins og unnt er.

Um 16. gr.

Samkvæmt greininni er framsal, leiga eða veðsetning ræktunarleyfis óheimil. Engar undantekningar eru hér gerðar frá þeirri reglu.

Um 17. gr.

Í greininni er mælt fyrir um heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til útgáfu reglugerðar til fyllingar ákvæðum laganna. Er í greininni gert ráð fyrir að í reglugerð verði nánar mælt fyrir um útgáfu tilrauna- og ræktunarleyfa, merkingar á búnaði og mannvirkjum, úttekt á mannvirkjum og búnaði, endurnýjun og viðhald ræktunarbúnaðar, skilgreindar tegundir sem heimilt er að rækta, eftirlit með starfsemi skeldýraræktarstöðva og flutning skeldýra milli starfsstöðva eða svæða. Þá hefur ráðherra heimild til að setja í reglugerð ákvæði um veiðar á villtum stofnum skeldýra til ræktunar. Loks er gert ráð fyrir að ráðherra skuli við

setningu reglugerðanna leita umsagna tiltekinna stjórnvalda eftir því sem við á, þ.e. þegar fjallað er um tiltekin úrlausnarefni á fagsviðum þeirra stjórnvalda. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera tvær vikur.

Um 18. gr.

Brot gegn ákvæðum laganna geta haft í för með sér hættu og valdið heilsutjóni á mönnum og dýrum, svo og skaðað ýmsa aðra hagsmuni. Því er talið nauðsynlegt að huga að varnaðaráhrifum laganna og því lögð til þau viðurlög sem þar er mælt fyrir um við brotum á þeim. Með ákvæðinu er einnig lagt til að um meðferð þeirra mála fari samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Um 19. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skeldýrarækt.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði sérstök lög um skeldýrarækt sem munu þá einnig gilda um kræklingarækt en sú atvinnugrein hefur til þessa fallið undir lög um fiskeldi. Samkvæmt frumvarpinu er Matvælastofnun ætlað að gefa út annars vegar tímabundin tilraunaleyfi og hins vegar ræktunarleyfi sem gildir í sjö ár. Stofnunin skal leita umsagnar Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslu Íslands, Orkustofnunar, Siglingamálastofnunar Íslands og viðkomandi sveitarstjórnar áður en leyfi eru gefin út. Tilraunaleyfi er veitt til tveggja ára í senn en heimilt er að endurnýja leyfið um eitt ár í senn þannig að það gildi að hámarki í fimm ár. Áður en ræktunarleyfi er gefið út skal umsækjandi um slíkt leyfi láta framkvæma heilnæmiskönnun á því hafsvæði sem hann sækir um ræktunarleyfi á. Slík könnun skal skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun en umsækjandi um ræktunarleyfið greiðir kostnaðinn. Þó gerir frumvarpið ráð fyrir því að ráðherra fái heimild til að greiða kostnað vegna heilnæmiskönnunar úr ríkissjóði að hluta eða öllu leyti ef heimildir fást til þess á fjárlögum. Ástæðan fyrir þessari heimild er sú að hugsanlega geta skapast aðstæður þar sem gera þarf slíka könnun á svæðum sem eru menguð, svo sem í nágrenni þéttbýlis eða í kjölfar mengunarslysa. Hægt verður að sækja um ræktunarleyfi þó svo að tilraunaleyfi hafi ekki áður verið veitt.

Eftirlit með starfsemi á sviði skeldýraræktunar er aðallega eftirlit með heilnæmi og hollustuháttum. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að Matvælastofnun annist eftirlit með starfseminni með svipuðum hætti og gildir um eftirlit með annarri matvælaframleiðslu. Gert er ráð fyrir því að greitt verði gjald fyrir veitt leyfi og eftirlit og skal gjaldið ekki vera hærra en raunkostnaður við störf Matvælastofnunar við leyfisveitingarnar og eftirlit með starfseminni. Vakni grunsemdir um að leyfishafi eða afurðir uppfylli ekki almennar og eðlilegar kröfur um meðferð og heilbrigði skeldýra skal stofnunin framkvæma viðbótareftirlit eða rannsóknir og skal leyfishafinn bera allan kostnað af slíku.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að allur kostnaður við veitingu leyfa og eftirlit með þeim verði greiddar af leyfishöfum sjálfum samkvæmt sérstakri gjaldskrá og því ekki gert ráð fyrir breytingum á afkomu ríkissjóðs. Hins vegar hefur ekki verið gerð sérstök áætlun af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um hugsanlegt umfang starfseminnar og því er ekki hægt að meta áhrifin á tekjur og gjöld. Heimild ráðherra til að greiða fyrir heilnæmiskannanir úr ríkissjóði samkvæmt frumvarpinu eru háðar fjárveitingum á hverjum tíma. Í fjárlögum áranna 2006–2010 hefur verið veitt 3 m.kr. framlag árlega til rannsóknar á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks, samtals 15 m.kr. fyrir tímabilið. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að veitt verði 2,5 m.kr. framlag vegna þessa verkefnis.

219. Frumvarp til laga [202. mál]

um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Í stað orðsins „fimm“ í 5. mgr. 10. gr. laganna kemur: tíu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skulu þeir uppfylla almenn hæfisskilyrði héraðsdómara.
b. 5. málsl. 1. mgr. fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra en með því eru lagðar til breytingar á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru annars vegar lagðar til breytingar á ákvæði 10. gr. laganna um innlausn veiðiréttar en samkvæmt því ákvæði er innlausnarrétturinn tímabundinn og gildir til 30. júní 2011. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að gildistími innlausnarréttarins verði framlengdur um fimm ár, þ.e. til 30. júní 2016.

Í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu er nú til meðferðar mál til ákvörðunar samkvæmt framangreindu ákvæði 10. gr. laga nr. 61/2006, sem ekki er enn lokið. Um er að ræða flókin eignarréttarleg ágreiningsefni sem ekki er útilokað að leitað verði úrlausnar dómstóla um þegar ráðuneytið hefur lokið þeirri vinnu sem er á verksviði þess samkvæmt framangreindu ákvæði. Ljóst er að slíkur málarekstur getur dregist, m.a. vegna þess hve flókin og umfangsmikil slík mál geta verið. Einnig hefur komið fram í viðræðum sjávarútvegs- og

landbúnaðarráðuneytisins við hagsmunaaðila að talið er æskilegt að gildistími þessa ákvæðis verði framlengdur um tiltekinn tíma eða um fimm ár.

Hins vegar eru með frumvarpinu lagðar til breytingar á skipan matsnefndar skv. 44. gr. laganna. Samkvæmt gildandi ákvæði greinarinnar er gert ráð fyrir að tveir nefndarmenn séu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og að annar þeirra skuli vera formaður nefndarinnar. Ekki er samkvæmt lögunum gert ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilnefni mann í matsnefndina.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ber ábyrgð á lax- og silungsveiðimálum hér á landi en þetta er einn af þeim málaflokkum sem eru á verksviði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Einnig er ljóst að meiri hluti laxveiðiáa landsins er í eigu bænda en sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fer með yfirstjórn landbúnaðarmála hér á landi. Þegar litið er til þessa verður að telja rétt að ráðherra skipi sjálfur a.m.k. einn mann í matsnefndina. Þá kom fram á aðalfundi Landssambands Veiðifélaga, sem haldinn var í Mosfellsbæ 11. og 12. júní 2010, að fundurinn beindi því til stjórnar að beita sér fyrir skoðun á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, hvað varðar skipun í matsnefnd og meðferð arðskrármála fyrir dómstólum.

Með frumvarpinu er því lagt til að í stað þess að tveir nefndarmenn séu tilnefndir af Hæstarétti Íslands og að annar þeirra skuli vera formaður skuli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipa einn nefndarmann án tilnefningar sem skal vera formaður nefndarinnar. Hins vegar er áfram gert ráð fyrir að Hæstiréttur Íslands tilnefni einn mann í nefndina eins og verið hefur samkvæmt gildandi lögum. Þá er gert ráð fyrir að báðir framangreindir nefndarmenn verði að uppfylla sömu hæfisskilyrði og samkvæmt gildandi lögum, þ.e. almenn hæfisskilyrði héraðsdómara. Loks er áfram gert ráð fyrir að Landssamband veiðifélaga tilnefni einn mann í nefndina.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Réttur til innlausnar veiðiréttinda skv. 10. gr. laga nr. 61/2006 er bundinn þeim tímatakmörkunum að ef innlausn hefur ekki farið fram innan fimm ára frá gildistöku laganna, sem var 1. júlí 2006, fellur slíkur réttur endanlega niður í eitt skipti fyrir öll, þ.e. 30. júní 2011.

Í almennum athugasemdum í greinargerð með 10. gr. frumvarps til laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 132. löggjafarþing 2005–2006, þskj. 891, 607. mál, kemur fram að með lögum nr. 61/1932 hafi verið sett ákvæði í lög um innlausnarrétt eigenda landareigna á veiðiréttindum sem skilin höfðu verið frá þeim eignum fyrir gildistöku laganna. Einnig kemur þar fram að þessi frestur hafi þrívegis verið lengdur, síðast til ársloka 1951, en eftir það, með lögum nr. 53/1957, hafi verið ákveðið að innlausnarrétturinn skyldi haldast án tímamarka og hafi sú tilhögun verið óbreytt í lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Í athugasemdum við 10. gr. í framangreindu frumvarpi kemur enn fremur fram að lítið hafi reynt á ákvæði eldri laga um innlausnarréttinn og að um sé að ræða ákvæði sem feli í sér íþyngjandi inngrip í réttindi sem stofnað hafi verið til fyrir meira en 70 árum. Þá kemur þar fram að með hliðsjón af þeirri meginreglu sem fram komi í 9. gr. frumvarpsins, og þeim sjónarmiðum sem það ákvæði var byggt á, væri talið rétt að taka enn upp ákvæði um rétt í þessa veru í ný lög um lax- og silungsveiði, en ætla því nú stuttan gildistíma, þ.e. fimm ár frá gildistöku laganna. Í umræddu ákvæði 9. gr. frumvarpsins og greinargerð með því ákvæði kemur fram sú meginregla að frá gildistöku laganna verði veiðiréttur ekki skilinn frá fasteignum, hvorki með hefðbundnu afsali né heldur við uppskiptingu fasteignar eða ráðstöf-

un einstakra spildna úr henni. Slíkt yrði í öllum tilvikum leyfisskylt, og gert ráð fyrir að við mat á heimild til undanþágu beri sérstaklega að líta til þess hvort kostir fasteignar til landbúnaðarnota skerðist, og jafnframt að fiskstofnar viðkomandi vatns verði ekki ofnýttir. Sú tilhögun þyki í betra samræmi við meginmarkmið frumvarpsins og væri m.a. ætlað að tryggja áframhaldandi sjálfstæði og rekstrargrundvöll þeirra jarða sem byggi afkomu sína, að öllu leyti eða að hluta, á veiðinytjum. Þess utan sé ljóst að takmarkalaus uppskipting veiðiréttar einstakra jarða á fleiri hendur geti stefnt í hættu því markmiði frumvarpsins að tryggja skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu þeirrar auðlindar sem fiskstofnar ferskvatna séu. Í framangreindri greinargerð með 10. gr. frumvarpsins var því talið rétt að takmarka gildistíma innlausnarréttarins við fimm ár, frá gildistöku laganna. Þá var þar tekið fram að með því væri gætt réttmætra hagsmuna bæði landeigenda og veiðiréttarhafa.

Í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu er nú til meðferðar mál til ákvörðunar samkvæmt framangreindu ákvæði 10. gr. laga nr. 61/2006, sem ekki er enn lokið. Um er að ræða flókin eignarréttarleg ágreiningsefni sem ekki er útilokað að leitað verði úrlausnar dómstóla um þegar ráðuneytið hefur lokið þeirri vinnu sem er á verksviði þess samkvæmt framangreindu ákvæði. Ljóst er að slíkur málarekstur getur dregist, m.a. vegna þess hve flókin og umfangsmikil slík mál geta verið.

Einnig hefur komið fram í viðræðum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins við hagsmunaaðila að talið er æskilegt að gildistími innlausnarréttarins skv. 10. gr. laganna verði framlengdur um tiltekinn tíma eða um fimm ár.

Þegar litið er til þessa er talið rétt að framlengja gildistíma ákvæðisins um tiltekinn tíma á meðan leyst verður úr þeim málum sem til meðferðar eru nú samkvæmt framangreindu ákvæði 10. gr. laga nr. 61/2006 þegar gildistíma ákvæðisins lýkur. Hins vegar skal áréttað að ef hið nýja ákvæði skv. 1. gr. þessa frumvarps verður að lögum heimilar það einnig réttþöfum að gera nýjar kröfur um innlausn veiðiréttinda allt fram til þess tíma þegar gildistíma ákvæðisins er lokið.

Með vísan til framanritaðs er því lagt til að það tímamark innlausnarréttar sem tilgreint er í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, verði framlengt um fimm ár, þ.e. til 30. júní 2016.

Um 2. gr.

Í 44. gr. laganna koma fram ákvæði um skipan og störf matsnefndar sem starfar samkvæmt lögunum. Þar kemur fram m.a. að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn og jafnmarga til vara í matsnefndina til fjögurra ára í senn. Tveir skulu skipaðir að tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skulu þeir uppfylla almenn hæfisskilyrði héraðsdómara. Einn nefndarmaður skal skipaður að tilnefningu stjórnar Landssambands veiðifélaga. Nefndin skiptir með sér störfum. Annar nefndarmanna sem Hæstiréttur Íslands tilnefnir skal vera formaður nefndarinnar. Ráðherra er heimilt að framlengja starfstíma matsnefndar um sex mánuði til þess að ljúka þeim málum sem nefndin hefur til meðferðar þegar ráðherra skipar nýja menn í nefndina. Heimilt er matsnefndinni að kveðja sérfræðinga sér til aðstoðar ef þörf þykir og einnig er nefndinni heimilt að leita eftir áliti eða rannsóknum sérfræðinga eða rannsóknastofnana á lífríki vatns þar sem það hefur þýðingu fyrir úrlausn máls. Þá er gert ráð fyrir að matsnefnd sé heimilt að ráða sér starfsmenn. Ráðherra ákveður tímagjald matsmanna og starfsmanns nefndarinnar. Laun og annar kostnaður af starfsemi matsnefndar greiðist með fjárveitingum af fjárlögum. Við ákvörðun matskostnaðar skv. 47. gr. skal miðað við að hann standi almennt undir kostnaði af starfsemi nefndarinnar.

Matsnefndin hefur ýmis verkefni samkvæmt lögunum, m.a. að framkvæma matsgerðir og gera arðskrár, sbr. 44. gr. laganna, úrlausn ágreinings um skiptingu veiðiréttar í óskiptri sameign, sbr. 2. mgr. 8. gr., úrlausn ágreinings um verðmæti innleysts veiðiréttar, sbr. 10. gr., ákvörðun bóta fyrir tjón af svæðisbundinni friðun eða veiði, sbr. 3. mgr. 24. gr., ákvörðun bóta fyrir tjón vegna notkunar fastra veiðivéla, sbr. 6. mgr. 28. gr., ákvörðun um skiptingu veiðitíma, veiðistaða, endurgjald o.fl. fyrir stangveiði í straumvatni, sbr. 4. mgr. 29. gr., ákvörðun bóta fyrir tjón vegna gerðar fiskvega, sbr. 4. mgr. 34. gr., og ákvörðun bóta vegna tjóns ef sannað þykir að framkvæmd eða mannvirkjagerð í eða við veiðivatn spilli fiskgengd, lífríki veiðivatns eða öðrum þeim hagsmunum sem verndar njóta samkvæmt lögunum, sbr. 36. gr. Í 4. mgr. 46. gr. laganna kemur fram að matsnefnd skuli ganga á vettvang að tilkvöddum málsaðilum samkvæmt ákvörðun nefndarinnar. Þá kemur fram í 47. gr. laganna að í úrskurði matsnefndar skuli kveðið á um kostnað af meðferð máls og skiptingu hans á aðila og að hann renni í ríkissjóð. Loks kemur þar fram að veiðifélag skuli að jafnaði bera kostnað af endurskoðun arðskrár.

Samkvæmt eldri lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði var gert ráð fyrir að undirmatsmenn væru dómkvaddir af héraðsdómara en að heimilt væri að kæra mat þeirra til yfirmatsnefndar sem starfaði samkvæmt lögunum. Lög nr. 76/1970 voru felld úr gildi með lögum nr. 61/2006 og jafnframt breytt ákvæðum um matsgerðir samkvæmt lögunum á þann veg að einungis er starfandi ein matsnefnd samkvæmt lögunum og því eingöngu gert ráð fyrir einu stjórnsýslustigi um slíkar ákvarðanir. Matsgerðum matsnefndarinnar verður ekki skotið til ráðherra eða annarra stjórnvalda, sbr. 48. gr. laganna, en þær er hins vegar að sjálfsögðu unnt að bera undir dómstóla.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ber ábyrgð á framkvæmd laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, og þeim málaflokki sem fjallað er um í lögunum.

Einnig er ljóst að meiri hluti laxveiðiáa landsins er í eigu bænda en sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fer með yfirstjórn landbúnaðarmála hér á landi.

Þá kom fram á aðalfundi Landssambands Veiðifélaga, sem haldinn var í Mosfellsbæ 11. og 12. júní 2010, að fundurinn beindi því til stjórnar Landssambands Veiðifélaga að beita sér fyrir skoðun á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, hvað varðar skipun í matsnefnd og meðferð arðskrármála fyrir dómstólum.

Með vísan til framanritaðs eru með frumvarpi þessu lagðar til breytingar á skipan matsnefndar skv. 44. gr. laganna á þann veg að í stað þess að tveir menn séu skipaðir í nefndina samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og að annar þeirra verði formaður verði einn skipaður af ráðherra án tilnefningar og gert ráð fyrir að hann verði formaður nefndarinnar. Hins vegar er gert ráð fyrir að báðir framangreindir nefndarmenn verði að uppfylla sömu hæfisskilyrði og samkvæmt gildandi lögum, þ.e. almenn hæfisskilyrði héraðsdómara. Áfram er gert ráð fyrir að Hæstiréttur tilnefni einn mann í nefndina. Þá er einnig áfram gert ráð fyrir að Landssamband veiðifélaga tilnefni einn mann í nefndina.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru annars vegar lagðar til breytingar á 10. gr. laganna um innlausn veiðiréttar en lagt er til að innlausnarrétturinn verði framlengdur um fimm ár eða til 30. júní 2016. Hins vegar eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á skipan matsnefndar skv. 44. gr. laganna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

220. Frumvarp til laga [203. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Kaupandi afla“ í 1. og 2. mgr. kemur: Aðili sem stundar viðskipti með afla.
b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hver sá sem vanrækir að veita Fiskistofu upplýsingar skv. 2. mgr. skal sæta dagsektum. Dagsektir geta numið allt að 25.000 kr. á dag eftir eðli og umfangi brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna skriflega þeim sem hún beinist að. Dagsektir eru aðfararhæfar og greiðast í ríkissjóð.

Ákvörðun um dagsektir má kæra til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins innan fjórtán daga frá því að hún er tilkynnt þeim sem hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en kærufrestur er liðinn. Ef ákvörðun er kærð til ráðuneytisins falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða ráðuneytisins liggur fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu eftir ábendingum og tillögum frá Fiskistofu. Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi. Það hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt. Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hafa borist umsagnir frá umsagnaraðilum og gefa þær ekki tilefni til breytinga á frumvarpinu. Það er því endurflutt óbreytt.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 12. gr. laganna þar sem kemur fram að kaupandi afla skuli fylla út og skila skýrslum um ráðstöfun afla í því formi og með þeim hætti sem ráðuneytið ákveður.

Fiskistofa safnar og vinnur upplýsingar úr svonefndum vigtar- og ráðstöfunarskýrslum (VOR-skýrslum) frá fiskkaupendum og fiskvinnslum. Þessar upplýsingar eru nýttar í margvíslegum tilgangi, svo sem við ákvörðun á viðmiðunarverði hjá úrskurðarnefnd sjómanna, í birtingu ársfjórðungslegra hagtalna hjá Hagstofu Íslands, í samanburði við skráningar í aflaskráningarkerfið til þess að kanna nákvæmni og réttmæti skráningar afla til kvóta til fiskiskipa, við bakreikningseftirlit Fiskistofu þegar grunur er um að aðili eigi viðskipti með „svartan afla“, við útreikning þorskígildisstuðla, við ákvörðun gjalds vegna ólögmæts sjávarafla og við svörun margvíslegra fyrirspurna varðandi afla, ráðstöfun hans og verðmæti.

Til þess að upplýsingar sem er að finna í VOR-skýrslum og unnar úr þeim komi að gagni eða að fullu gagni við úrlausn þeirra verkefna sem að framan eru nefnd er afar mikilvægt að skýrslunum sé skilað innan tiltekins tíma til þess að hægt sé að meðhöndla þær eftir þörfum og vinna eða miðla úr þeim upplýsingum sem þar er að finna og/eða taka ákvarðanir á grundvelli þeirra. Má í því sambandi sérstaklega nefna úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna sem ákvarðar viðmiðun fiskverðs hvers mánaðar, en mikilvægt er að það byggist á nýjustu upplýsingum. Útreikningur á viðmiðunarfiskverði er alfarið byggður á upplýsingum úr VOR-gögnum. Þorskígildi eru ákvörðuð árlega á grundvelli upplýsinga sem skráðar eru í „VOR-ið“ á tímabilinu 1. maí til 30. apríl. Mikilvægt er að þorskígildi næsta fiskveiðiárs liggi fyrir sem fyrst í júlí ár hvert, en grundvöllur þess að unnt sé að ákvarða það er að upplýsingar frá fiskvinnslum hafi skilað sér og verið skráðar í VOR-grunninn fyrir fyrrgreint tímabil. Þá birtir Hagstofan upplýsingar samkvæmt fyrir fram samþykktri birtingaráætlun og seinkun úrvinnslu og miðlunar Fiskistofu á upplýsingum úr VOR-inu getur því haft áhrif á að sú birtingaráætlun standist. Af þessu má vera ljóst að afar mikilvægt er að VOR-skýrslur berist á réttum tíma til Fiskistofu til þess að stofnunin hafi tækifæri til þess að skrá þær í gagnagrunninn og gæðaprófa áður en þau gögn eru nýtt til birtingar eða ákvarðanatöku. Þá er vert að taka fram að óheppilegt er að álagning gjalds vegna ólögmæts sjávarafla sé ákvörðuð þegar langt er liðið frá veiðitímabilinu sjálfu, en ekki er unnt að reikna nákvæmlega út álagningu nema allar upplýsingar um verðmæti afla og afurða liggi fyrir í VOR-kerfi Fiskistofu.

Framangreint ákvæði í 12. gr. laga nr. 57/1996 er sú lagastoð sem söfnun Fiskistofu á umræddum VOR-skýrslum byggist á.

Við athugun á viðurlagaákvæðum laga nr. 57/1996 er ljóst að einu úrræðin sem Fiskistofa getur gripið til, í tilefni af vanrækslu við skýrsluskil, eru í meginatriðum skriflegar áminningar en ekki verður séð að unnt sé að beita afturköllun vigtunarleyfis eða öðrum viðurlögum samkvæmt lögunum vegna vanrækslu aðila á að skila skýrslum til Fiskistofu um ráðstöfun afla. Sama gildir um lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, en ekki verður séð að hægt sé að beita sviptingu veiðileyfis, og lög nr. 55/1998, um sjávarafurðir, með síðari breytingum, en ekki verður séð að unnt sé að beita afturköllun vinnsluleyfis samkvæmt þeim lögum, sem nú er reyndar á verksviði Matvælastofnunar, sbr. lög nr. 167/2007, um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Afturköllun vigtunarleyfa beinist að vigtunarleyfishöfum, t.d. fiskmarkaði eða fiskvinnslustöð, vegna brota aðila sem starfa í þeirra þágu en hins vegar skortir samsvörun á milli brots vegna skýrsluskila og hugsanlegrar afturköllunar vigtunarleyfis í kjölfar vanskila á svonefndum vigtar- og ráðstöfunarskýrslum. Að óbreyttum lögum og reglugerðum og með vísan til þess sem rakið er hér að framan er ljóst að vandkvæðum er bundið að knýja fram

skil á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum með einföldum og skilvirkum hætti, og einnig er óvíst að kærur til lögreglu vegna slíkra mála mundu skila miklum árangri.

Skilvirkasta úrræðið sem til greina kemur til að bæta úr umræddum vanda er að Fiskistofa fái lagaheimild til að beita dagsektum til að knýja fram skýrsluskil. Lagaheimildir til slíks úrræðis skortir hins vegar. Rétt þykir í þessu samhengi og til hliðsjónar að benda á að víða í lögum er stjórnvöldum sem sinna eftirlitshlutverki fengið þetta úrræði, m.a. í 12. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, en þar er það reyndar ráðherra sem leggur á dagsektir.

Með vísan til framanritaðs er lagt til að gerðar verði tilteknar breytingar á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er kveðið á um tiltekið úrræði fyrir Fiskistofu til að knýja fram skil á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum, svokölluðum VOR-skýrslum.

Gert er ráð fyrir að ákvæðið gildi ekki aðeins um kaupendur afla heldur alla aðila sem stunda viðskipti með afla. Með því er ætlunin að tryggja það að ákvæðið gildi um alla aðila sem skylt er að skila skýrslum um viðskipti með afla en það er talið nauðsynlegt til þess að úrræðið nái þeim tilgangi sem stefnt er að með lögfestingu þess.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er ljóst að einu úrræðin sem Fiskistofa getur gripið til, í tilefni af vanrækslu við skýrsluskil, eru skriflegar áminningar. Ekki verður séð að unnt sé að beita afturköllun vigtunarleyfis vegna vanrækslu aðila á að skila skýrslum til Fiskistofu um ráðstöfun afla. Sama gildir um lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, en ekki verður séð að hægt sé að beita sviptingu veiðileyfis vegna vanrækslu á að skila upplýsingum og gögnum samkvæmt þeim lögum og einnig samkvæmt lögum nr. 55/1998, um sjávarafurðir, með síðari breytingum, en ekki verður séð að unnt sé að beita afturköllun vinnsluleyfis samkvæmt þeim lögum, sem nú er reyndar á verksviði Matvælastofnunar, sbr. lög nr. 167/2007, um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Afturköllun vigtunarleyfa beinist að vigtunarleyfishöfum, t.d. fiskmarkaði eða fiskvinnslustöð, vegna brota aðila sem starfa í þeirra þágu. Skortir samsvörun á milli brots vegna skýrsluskila og hugsanlegrar afturköllunar vigtunarleyfis í kjölfar vanskila á svonefndum vigtar- og ráðstöfunarskýrslum. Að óbreyttum lögum og reglugerðum og með vísan til þess sem rakið er hér að framan er ljóst að vandkvæðum er bundið að knýja fram skil á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum með einföldum og skilvirkum hætti, og er einnig óvíst að kærur til lögreglu vegna slíkra mála mundu skila miklum árangri. Skilvirkasta úrræðið sem til greina kemur til að bæta hér úr umræddum vanda er að Fiskistofa fái lagaheimild til að beita dagsektum til að knýja fram skýrsluskil en lagaheimildir til slíks úrræðis skortir hins vegar verði lögunum ekki breytt.

Hér er því lagt til að Fiskistofa fái lagaheimild til að beita dagsektum til að knýja fram skil á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að dagsektir geti numið tiltekinni hámarksfjárhæð eftir eðli og umfangi brots en heimilt er að ákveða lægri fjárhæð í dagsektir. Einnig er gert ráð fyrir að dagsektir séu aðfararhæfar, en það hefur þá þýðingu að unnt er að innheimta þær með fjárnámi án þess að áður sé kveðinn upp dómur um þær greiðslur sem Fiskistofa ákveður í dagsektir. Er þetta gert til að tryggja að úrræðið verði skilvirkara

og auðveldara í framkvæmd. Enn fremur kemur fram í ákvæðinu að dagsektir greiðast í ríkissjóð.

Þá skal áréttað að ákvörðun Fiskistofu um dagsektir verður kæranleg til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins en í frumvarpinu er gert ráð fyrir sérstöku ákvæði þess efnis. Er þar settur kærufrestur sem er fjórtán dagar frá því að ákvörðun er kynnt þeim sem hún beinist að en dagsektir reiknast ekki fyrr en kærufrestur er liðinn. Ef ákvörðun er kærð til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða ráðuneytisins liggur fyrir. Hér er um að ræða sérstaka kæruheimild sem gengur framar ákvæði 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, en að öðru leyti gilda ákvæði þeirra laga um álagningu dagsekta og meðferð stjórnsýslumála vegna þeirra, svo og um stjórnsýslukærur til ráðuneytisins eftir því sem við á að svo miklu leyti sem ekki eru sérstök ákvæði um það í lögunum. Loks er þar að finna sérstakt ákvæði um að dagsektir reiknist ekki fyrr en kærufrestur er liðinn og ef ákvörðun er kærð til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða ráðuneytisins liggur fyrir. Verður að telja að það sé sanngjörn regla og til þess fallin að auðvelda framkvæmd ákvæðisins.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Fiskistofu verði heimilt að beita dagsektum til að knýja fram skil á svokölluðum vigtar- og ráðstöfunarskýrslum. Gert er ráð fyrir að ákvæðið gildi ekki aðeins um kaupendur afla heldur alla aðila sem stunda viðskipti með afla. Með því er ætlunin að tryggja að ákvæðið gildi um alla aðila sem skylt er að skila skýrslum um viðskipti með afla en það er talið nauðsynlegt til þess að úrræðið nái þeim tilgangi sem að er stefnt. Dagsektir þessar geta numið allt að 25 þús. kr. á dag eftir eðli og umfangi brots. Gert er ráð fyrir því að þær verði aðfararhæfar og renni í ríkissjóð.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir því að það hafi í för með sér teljandi kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

221. Frumvarp til laga [204. mál]

um breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (frestun gildistöku ákvæðis um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XVI í lögunum orðast svo:

Ákvæði 2.–4. málsl. 1. mgr. 14. gr. koma til framkvæmda 1. janúar 2012.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 29. maí 2008 samþykkti Alþingi lög nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, sem fólu m.a. í sér þá breytingu á 14. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, að gerð var krafa um að samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi orkufyrirtækja yrði rekin í aðskildum fyrirtækjum frá og með 1. júlí 2009 í stað þess að eingöngu væri krafist bókhaldslegs aðskilnaðar. Í kjölfar lagabreytinganna hófu bæði Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur undirbúning að aðskilnaði starfseminnar í samræmi við ákvæði laganna. Á hluthafafundi í Hitaveitu Suðurnesja hf. 1. desember 2008 var samþykkt að skipta fyrirtækinu í HS Orku hf., sem annast virkjanir og raforkusölu, og HS Veitur hf., sem annast veitustarfsemi fyrirtækisins. Formleg uppskipting Hitaveitu Suðurnesja hf. átti sér stað 1. janúar 2009 en ekki hefur orðið af sams konar uppskiptingu innan Orkuveitu Reykjavíkur.

Í kjölfar beiðni frá Orkuveitu Reykjavíkur var gildistöku framangreindrar breytingar á 14. gr. raforkulaga frestað til 1. janúar 2010 með samþykkt laga nr. 30/2009, um breytingu á raforkulögum. Með lögum nr. 142/2009, um breytingu á raforkulögum, var gildistöku breytingar á 14. gr. raforkulaga, varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja, frestað í annað sinn til 1. janúar 2011. Í báðum tilfellum var í greinargerð vísað til aðstæðna á fjármálamörkuðum og viðkvæmrar stöðu orkufyrirtækja varðandi fjármögnun.

Með bréfi, dags. 6. september 2010, fór eigendanefnd Orkuveitu Reykjavíkur þess á leit við iðnaðarráðherra að framkvæmd 2.–4. málsl. 1. mgr. 14. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, sem kveður á um aðskilnað dreifiveitna frá annarri starfsemi orkufyrirtækja, verði frestað enn um sinn. Með bréfinu er jafnframt óskað eftir því að iðnaðarráðuneytið hlutist til um endurskoðun á umræddu lagaákvæði að undangengnu hagfræðilegu mati á kröfunni um fyrirtækjaaðskilnað.

Meginefni laga nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, var að kveða á um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja, setja reglur um opinbert eignarhald fyrirtækja sem stunda sérleyfisstarfsemi, leggja bann við varanlegu framsali opinberra aðila á vatns- og jarðhitaréttindum og lögfesta sjónarmið er varða atriði tengd leigu afnota af vatns- og jarðhitaréttindum. Rökin að baki kröfu um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja (fyrirtækjaaðskilnaður) voru tvíþætt. Annars vegar þurfti að gera þessa kröfu svo að unnt væri að setja reglur um opinbert eignarhald fyrirtækja sem stunda sérleyfisstarfsemi. Hins vegar væri, með aðgreiningu þessara þátta í starfsemi raforkufyrirtækja, betur unnt að tryggja að allir raforkuframleiðendur sitji við sama

borð í samskiptum sínum við þau fyrirtæki sem annast dreifingu á raforku og koma í veg fyrir samkeppnishindranir sem kunna að leiða af því að sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi sé á sömu hendi.

Færa má rök fyrir því að þau sjónarmið sem byggt var á við setningu framangreindra laga nr. 30/2009 og laga nr. 142/2009 eigi enn við um starfsemi íslenskra orkufyrirtækja. Í bréfi eigendanefndar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 9. september 2010, kemur fram að Orkuveita Reykjavíkur standi nú frammi fyrir viðræðum við lánardrottna um endurfjármögnun lána félagsins og að skuldabyrði fyrirtækisins sé veruleg. Við slíkar aðstæður, auk gjaldskrárhækkana og niðurskurðar í rekstri, sé erfitt fyrir fyrirtækið að leggja í kostnaðarsamar aðgerðir til að mæta kröfum raforkulaga um uppskiptingu fyrirtækisins. Þá sé það mat eigendanefndar Orkuveitu Reykjavíkur að lögformlegur aðskilnaður dreifiveitu frá annarri starfsemi félagsins sé ekki til þess fallinn að stuðla að hagkvæmari nýtingu framleiðsluþátta, neytendum til hagsbóta, sem sé hinn almenni tilgangur samkeppni á markaði. Þvert á móti kunni slíkar aðgerðir að leiða til enn frekari verðhækkana þar sem líklegt sé að rekstrarkostnaður muni heldur aukast verði félaginu gert að reka dreifiveitustarfsemi í sérstöku fyrirtæki. Með vísan til þessa leggur eigendanefnd Orkuveitu Reykjavíkur til í bréfi sínu til ráðuneytisins, dags. 9. september 2010, að umrætt ákvæði 14. gr. raforkulaga verði endurskoðað og að lagt verði hagfræðilegt mat á hvort markaðsaðstæður hér á landi, að teknu tilliti til smæðar staðbundinna dreifiveitna, séu þess eðlis að líklegt geti talist að fullkominn aðskilnaður sölu og dreifingar raforku sé til þess fallinn að skila sér í bættri þjónustu og hagstæðari verðum til almennings.

Eins og fram kemur að framan hefur ákvæði 14. gr. raforkulaga, um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja, verið frestað tvívegis með vísan til aðstæðna á fjármálamörkuðum og viðkvæmrar stöðu orkufyrirtækjanna varðandi fjármögnun. Í ljósi þeirra aðstæðna sem enn eru á fjármálamörkuðum og viðkvæmrar stöðu orkufyrirtækjanna má fallast á að í þriðja sinn sé rétt að fresta tímabundið framkvæmd ákvæða 14. gr. raforkulaga varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja.

Með vísan til framangreinds er því með frumvarpi þessu lagt til að framkvæmd ákvæða 2.–4. málsl. 1. mgr. 14. gr. raforkulaga verði frestað til 1. janúar 2012.

Iðnaðarráðuneytið mun nýta þann tíma sem gefst til 1. janúar 2012 til að láta fara fram hagfræðilega úttekt á því hvort sá fyrirtækjaaðskilnaður sem mælt er fyrir um í viðeigandi gerðum Evrópusambandsins á sviði raforkumála (sbr. tilskipun 2003/54/EB og tilskipun 2009/72/EB) eigi að öllu leyti við um markaðsaðstæður hér á landi og hvort hann sé til þess fallinn að skapa samkeppnisumhverfi sem sé neytendum raforkuþjónustu til hagsbóta.

Við gerð og undirbúning frumvarpsins var haft samráð við Orkuveitu Reykjavíkur. Var farið yfir drög að frumvarpinu á sameiginlegum fundum og fyrirtækinu og eigendanefnd þess gefinn kostur á að koma að athugasemdum og ábendingum.

Frumvarpið hefur fyrst og fremst áhrif á Orkuveitu Reykjavíkur og eigendur þess fyrirtækis. Ekki er um íþyngjandi áhrif að ræða.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (frestun gildistöku ákvæðis um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi).

Í frumvarpi þessu er lagt til að framkvæmd ákvæða raforkulaga varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta verði frestað til 1. janúar 2012. Ákvæði þau sem hér um ræðir voru samþykkt á Alþingi árið 2008 með lögum nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, en þau lög fólu m.a. í sér breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003. Gangi frumvarp þetta að óbreyttu eftir væri hér um þriðju frestunina að ræða á framkvæmd þessara ákvæða.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

222. Frumvarp til laga [205. mál]

um breytingu á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Hver eigandi um sig ber einfalda hlutfallslega fjárhagsábyrgð á lánaskuldbindingum Orkuveitu Reykjavíkur í réttu hlutfalli við eignarhluta hans í fyrirtækinu. Ábyrgð eigenda nær ekki til annarra skuldbindinga fyrirtækisins. Ábyrgð eigenda skal ekki nema hærra hlutfalli en 80% af lánsfjárþörf verkefnis sem veitt er eigendaábyrgð. Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt, án samþykkis eigenda hverju sinni, að taka lán til rekstrarþarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum í sama skyni. Aðrar nýjar lántökur, sem njóta skulu ábyrgðar eigenda, eru háðar samþykki þeirra.

b. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Orkuveita Reykjavíkur greiðir eigendum sínum árlegt ábyrgðargjald af þeim lánaskuldbindingum sem ábyrgð eigenda er á. Vegna lána til samkeppnisstarfsemi fyrirtækisins skal ábyrgðargjald svara að fullu til þeirrar ívilnunar sem fyrirtækið nýtur, á grunni ábyrgðar eigenda, í formi hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án ábyrgðar. Ábyrgðargjald það sem Orkuveita Reykjavíkur greiðir skal ákveðið á grundvelli mats óháðs aðila á lánakjörum með og án ábyrgðar eigenda og skal gjaldið reiknað af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga.

Ákvæði laga um gjaldþrotaskipti, greiðslustöðvun og nauðasamninga, eins og þau eru á hverjum tíma, gilda um Orkuveitu Reykjavíkur. Ábyrgð eigenda Orkuveitu Reykjavíkur verður ekki virk fyrr en að loknum gjaldþrotaskiptum fyrirtækisins.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð bera áfram, hvert um sig gagnvart kröfuhöfum, ótakmarkaða ábyrgð á þeim lánaskuldbindingum sem sveitarfélögin hafa stofnað til fyrir stofnun sameignarfyrirtækisins Orkuveitu Reykjavíkur 1. janúar 2002.

Ábyrgðir eigenda á lánaskuldbindingum, svo og skuldbindingum samkvæmt langtímarafmagnssamningum Orkuveitu Reykjavíkur við stóriðjufyrirtæki, sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu eins og til þeirra er stofnað þar til þær eru að fullu efndar. Greiða ber árlega ábyrgðargjald, sbr. 1. gr., af þeim lánaskuldbindingum, svo og þar sem um er að ræða ábyrgð á skuldbindingum samkvæmt rafmagnssamningum Orkuveitu Reykjavíkur við stóriðjufyrirtæki, frá og með gildistöku laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 8. júlí 2009, í tengslum við rannsókn stofnunarinnar á fyrirkomulagi eigendaábyrgða Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar.

Á ríkisstjórnarfundi 30. júní 2009 var samþykkt að bregðast við ákvörðun ESA með þeim hætti að leggja fram frumvörp til laga sem komi til móts við athugasemdir ESA við núverandi fyrirkomulag eigendaábyrgða Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur. Í kjölfar þeirrar ákvörðunar voru unnin þrjú frumvörp til laga, þ.e. frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Undanfarið ár hafa drög að þessum frumvörpum verið til skoðunar hjá ESA og er þeirri skoðun nú lokið og frumvörpin því tilbúin til framlagningar á Alþingi.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í ákvörðun ESA, dags. 8. júlí 2009, kemur fram hin efnislega niðurstaða að sú ótakmarkaða eigendaábyrgð sem Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur njóta, í gegnum eignarhald fyrirtækjanna, sé ekki í samræmi við ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð. Hins vegar kemur fram í ákvörðuninni að ESA lítur svo á að heimilt sé að veita ríkisábyrgð (ábyrgð eigenda í tilviki Orkuveitu Reykjavíkur) vegna lánaskuldbindinga viðkomandi fyrirtækja, að því gefnu að greitt sé hæfilegt ábyrgðargjald fyrir. Í dag greiða fyrirtækin 0,25% ábyrgðargjald af þeim lánum sem eigendaábyrgð er á.

Ákvörðun ESA frá 8. júlí 2009 var í formi tilmæla („appropriate measures“) til íslenskra stjórnvalda um að grípa til nauðsynlegra ráðstafana þannig að fyrirkomulag eigendaábyrgða Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur verði í samræmi við skuldbindingar Íslands að EES-samningnum. Áður hafði ESA beint sams konar tilmælum til norskra stjórnvalda vegna sambærilegra mála.

3. Meginefni frumvarpsins.

Markmið frumvarps þess sem hér er lagt fram er að gera nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 139/2001, í kjölfar tilmæla ESA, og tryggja að ábyrgðir eigenda Orkuveitu Reykjavíkur séu í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins. Í þeirri breytingu felst að ábyrgðin sé ekki ótakmörkuð, hún nái eingöngu til lánaskuldbindinga og að fyrir hana sé greitt hæfilegt ábyrgðargjald.

Samhliða frumvarpi þessu eru lögð fram frumvörp til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, og lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, þar sem lagðar eru til sams konar breytingar hvað varðar ríkisábyrgð þá sem Landsvirkjun nýtur.

Í kjölfar ákvörðunar ESA var fenginn óháður aðili til að meta hvað telst vera hæfilegt ábyrgðargjald vegna þeirra ábyrgða eigenda sem eru á lánum Orkuveitu Reykjavíkur. Var það gert með samanburði á lánskjörum með og án ábyrgðar eigenda. Liggur úttekt hins óháða aðila fyrir eins og nánar er gerð grein fyrir hér í almennum athugasemdum.

Í frumvarpinu er lagt til að í bráðabirgðaákvæði verði kveðið á um að ábyrgðir eigenda Orkuveitu Reykjavíkur á lánaskuldbindingum, svo og skuldbindingum samkvæmt rafmagnssamningum við stóriðjufyrirtæki, sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laganna haldi gildi sínu eins og til þeirra er stofnað þar til þær eru að fullu efndar. Verði frumvarpið að lögum mun það því ekki hafa áhrif á núgildandi lánaskuldbindingar fyrirtækisins nema að því leyti að fyrir þær verður greitt hærra ábyrgðargjald, frá og með gildistöku laganna.

4. Samráð og mat á áhrifum.

Við gerð og undirbúning frumvarpsins var haft samráð við Orkuveitu Reykjavíkur, Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og fjármálaráðuneytið. Var farið yfir drög að frumvarpinu á sameiginlegum fundum og aðilum gefinn kostur á að koma að athugasemdum og ábendingum.

Frumvarpið hefur fyrst og fremst áhrif á Orkuveitu Reykjavíkur og eigendur þess fyrirtækis. Síðar í greinargerð þessari er fjallað um núverandi lánaskuldbindingar Orkuveitu Reykjavíkur en fyrir þær mun fyrirtækið þurfa að greiða hærra ábyrgðargjald en áður. Að sama skapi verður eigendaábyrgð sú sem fyrirtækið nýtur ekki lengur ótakmörkuð. Um áhrif frumvarpsins á ríkissjóðs vísast til meðfylgjandi kostnaðarumsagnar um frumvarpið.

5. Ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins kemur fram sú meginregla að hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, sé ósamrýmanleg framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Í 2. og 3. mgr. 61. gr. er að finna undanþágur frá þessu að því er varðar aðstoð sem talin er samrýmast framkvæmd samningsins annars vegar og hins vegar aðstoð sem getur talist samrýmanleg framkvæmd hans að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Til ríkisaðstoðar teljast bæði bein fjárframlög, sem og lán og ábyrgðir. Í leiðbeinandi reglum ESA um ríkisaðstoð er sérstaklega fjallað um ríkisábyrgðir. Ríkisábyrgð gefur lántakanda möguleika á að ná betri lánskjörum en almennt bjóðast á fjármálamörkuðum, t.d. hvað varðar vexti eða tryggingar. Almennt er gert ráð fyrir að ríki krefjist endurgjalds fyrir það að taka á sig áhættu vegna lántökunnar, í formi hæfilegs ríkisábyrgðargjalds. Endurspegli slíkt endurgjald ekki hag lántakanda af ábyrgðinni er það talið fela í sér ríkisaðstoð. Þá feli undanþágur frá lögum um gjaldþrotaskipti í sér ótakmarkaða ábyrgð, bæði að umfangi, tíma

og fjárhæð, að svo miklu leyti sem hún jafngildir ábyrgð á öllum skuldbindingum og veiti fyrirtækjum möguleika á að ná hagstæðari kjörum, einkum á lánamörkuðum.

6. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 8. júlí 2009.

Á árinu 2002 hófst rannsókn ESA á því hvort ríkisábyrgð orkufyrirtækjanna fæli í sér ólögmæta ríkisaðstoð. Fram til ársins 2009 áttu ýmis bréfaskipti sér stað milli stjórnvalda og ESA vegna málsins og með ákvörðun ESA, dags. 8. júlí 2009, lauk rannsókn málsins af hálfu ESA með útgáfu tilmæla til íslenskra stjórnvalda um lagfæringar.

Í ákvörðun ESA kemur í fyrsta lagi fram það mat ESA að Orkuveita Reykjavíkur njóti ótakmarkaðrar eigendaábyrgðar á grundvelli 3. mgr. 5. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og 1. gr. laga nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Í skjóli þessarar ótakmörkuðu eigendaábyrgðar geti viðkomandi fyrirtæki í raun ekki orðið gjaldþrota og það sé hæsta trygging sem fyrirtæki getur fengið og hefur í för með sér hagstæðari lánakjör. Slík ótakmörkuð eigendaábyrgð, ólíkt einstökum ábyrgðum, sé í öllum tilvikum andstæð ríkisstyrkjareglum EES-samningsins og því þurfi að afnema hana og sjá til þess að lög nr. 21/1991 geti átt við um fyrirtækið.

Í öðru lagi kemur fram í ákvörðun ESA, dags. 8. júlí 2009, að eigendaábyrgð á einstökum lánaskuldbindingum viðkomandi fyrirtækja sé ekki andstæð EES-samningnum svo framarlega sem greitt sé hæfilegt ábyrgðargjald í samræmi við lög um ríkisábyrgðir. Slíkt ábyrgðargjald þarf að byggjast á samanburði á lánskjörum viðkomandi fyrirtækis með eða án eigendaábyrgðar.

Með ákvörðun ESA er rannsókn málsins lokið af hálfu ESA og þeim tilmælum beint til íslenskra stjórnvalda að bregðast við og sjá til þess að eigendaábyrgð Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar verði innan þess ramma sem ákvæði EES-samningsins heimila.

7. Mat óháðs aðila á hæfilegu ábyrgðargjaldi.

Í lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, er að finna þær almennu reglur sem gilda um ríkisábyrgðir. Lögin taka ekki til ábyrgða eigenda Orkuveitu Reykjavíkur á skuldbindingum fyrirtækisins, en eru höfð til hliðsjónar.

Í 6. gr. laga nr. 121/1997 segir að bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem lögum samkvæmt njóta, eða hafa notið, ábyrgðar ríkissjóðs, hvort sem hún er tilkomin vegna eignaraðildar ríkissjóðs eða annars, skuli greiða ábyrgðargjald af þeim skuldbindingum sínum sem ríkisábyrgð er á. Samkvæmt greininni nemur ábyrgðargjaldið 0,0625% á ársfjórðungi (0,25% á ári) af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, og rennur gjaldið í ríkissjóð.

Í samræmi við ákvörðun ESA, dags. 8. júlí 2009, var óháður aðili fenginn til að meta hæfilegt ábyrgðargjald vegna núgildandi lánaskuldbindinga Orkuveitu Reykjavíkur, vegna samkeppnisstarfsemi fyrirtækisins. Úttekt þess aðila leiddi það í ljós að hæfilegt ábyrgðargjald, með samanburði á lánskjörum með og án ábyrgðar eigenda, vegna núverandi lánaskuldbindinga væri að meðaltali 0,48% á ári (í stað núgildandi 0,25%). Varðandi lánaskuldbindingar sem farið verður í eftir gildistöku laganna ber að meta hæfilegt ábyrgðargjald með sama hætti og að framan greinir með samanburði á lánskjörum með og án ábyrgðar eigenda á þeim tíma sem slík lántaka á sér stað.

8. Núverandi lánaskuldbindingar OR vegna samkeppnisstarfsemi fyrirtækisins.

Lánaskuldbindingar Orkuveitu Reykjavíkur vegna samkeppnisstarfsemi fyrirtækisins eru 45 talsins og nema um það bil 100 milljörðum kr. miðað við gengi 30. september 2010. Sé tekið tillit til hlutfalls lána vegna samkeppnisstarfsemi eru eftirstöðvar þeirra um 74 milljarðar kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að hver eigandi fyrirtækisins beri einfalda hlutfallslega ábyrgð á lánaskuldbindingum fyrirtækisins. Tilgreint er að ábyrgð eigenda nær ekki til annarra skuldbindinga fyrirtækisins og að ábyrgð eigenda skuli ekki nema hærra hlutfalli en 80% af lánsfjárþörf viðkomandi verkefnis. Er það til samræmis við þær reglur sem gilda á grundvelli EES-samningsins varðandi ríkisaðstoð í formi ríkisábyrgðar, sbr. og ákvæði 3. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir. Eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins mun reglan um 80% hámarkshlutfall einvörðungu gilda fyrir lánaskuldbindingar sem skrifað er undir eftir gildistöku laganna, þ.e. ekki hafa afturvirk áhrif á núgildandi lánaskuldbindingar.

Með greininni er enn fremur lagt til nýtt ákvæði sem er til komið vegna ákvörðunar ESA um eigendaábyrgð á lánaskuldbindingum Orkuveitunnar. Samkvæmt ákvæðinu ber að greiða árlegt ábyrgðargjald af þeim lánaskuldbindingum sem ábyrgð eigenda er á. Ábyrgðargjaldinu er ætlað að samsvara þeim mun sem er á lánakjörum þeim sem fyrirtækið hefur fengið vegna ábyrgðar eigenda og lánakjörum sem bjóðast án slíkrar ábyrgðar. Hefur óháður aðili verið fenginn til að leggja mat á þann mun, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lögin sem tekur á eldri lánaskuldbindingum fyrirtækisins og eldri skuldbindingum samkvæmt langtímarafmagnssamningum við stóriðjufyrirtæki. Með greininni er þannig lagt til að í bráðabirgðaákvæði verði kveðið á um að ábyrgðir eigenda Orkuveitunnar á lánaskuldbindingum, svo og í þeim tilvikum þar sem um er að ræða ábyrgðir á skuldbindingum samkvæmt langtímarafmagnssamningum við stóriðjufyrirtæki, sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laganna, haldi gildi sínu eins og til þeirra er stofnað þar til þær eru að fullu efndar. Tekið er fram að greiða beri árlega ábyrgðargjald, sbr. 1. gr., af þeim skuldbindingum, þ.e. bæði viðkomandi lánaskuldbindingum og þar sem um er að ræða ábyrgð á skuldbindingum samkvæmt langtímarafmagnssamningum við stóriðjufyrirtæki.

Við mat á hæfilegu ábyrgðargjaldi vegna ábyrgða eigenda sem kunna í einhverjum tilvikum að vera á fyrirliggjandi langtímarafmagnssamningum ber á sama hátt og greint er frá í almennum athugasemdum að sjá til þess að slíkt ábyrgðargjald svari að fullu til þeirrar ívilnunar sem fyrirtækið nýtur, á grunni eigendaábyrgðar, þ.e. leggja þarf mat á verðmæti ábyrgðarinnar og skal ábyrgðargjaldið endurspegla það. Hins vegar er um ólíkar ábyrgðir að ræða hvað varðar lánaskuldbindingar og rafmagnssamninga þar sem erfitt er að leggja mat á raunverulegt virði ábyrgðarinnar í tilviki rafmagnssamninga. Hinn óháði aðili, sem vísað er til að framan, mun leggja mat á hæfilegt ábyrgðargjald vegna slíkra skuldbindinga samkvæmt langtímarafmagnssamningum sem þegar hefur verið gengið frá, að því leyti sem slíkar ábyrgðir eru til staðar hjá eigendum Orkuveitu Reykjavíkur.

Ábyrgð eigenda á öðrum skuldbindingum Orkuveitunnar fellur niður frá og með gildistöku laganna og er ábyrgðin þar með ekki ótakmörkuð eins og verið hefur.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði í lögunum verði löguð að fyrirhuguðum breyttum lögum um ríkisábyrgðir í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að ótakmarkaðar eigendaábyrgðir séu ekki að fullu í samræmi við EES-samninginn um ríkisaðstoð. Samhliða þessu frumvarpi eru lögð fram frumvörp um breytingar á lögum um ríkisábyrgðir og lögum um Landsvirkjun. Fram kemur í ákvörðun ESA að eigendaábyrgð vegna lána viðkomandi fyrirtækja sé heimil að því gefnu að hæfilegt ábyrgðargjald sé greitt fyrir. Nýtt ábyrgðargjald skal ákveðið á grundvelli mats óháðs aðila á lánskjörum með og án ríkisábyrgðar. Markmið frumvarpsins er því að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum og tryggja að ábyrgðir eigenda Orkuveitu Reykjavíkur séu í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins. Gert er ráð fyrir að Orkuveita Reykjavíkur skuli greiða eigendum sínum árlegt ábyrgðargjald af þeim lánaskuldbindingum sem ábyrgð eigenda er á. Skal gjaldið svara að fullu til þeirrar ívilnunar sem fyrirtækið nýtur, á grunni ábyrgðar eigenda, í formi hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án ábyrgðar. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði 0,45% á ári og reiknist af núverandi lánaskuldbindingum fyrirtækisins en samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneytinu má gera ráð fyrir það muni nema í kringum 355,8 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

223. Svar [57. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um tekjur RÚV af viðskiptum við stjórnmálasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru tekjur RÚV af viðskiptum við stjórnmálasamtök árin 2000–2009, að báðum meðtöldum, sundurliðað eftir árum?

Fyrirspurnin var send Ríkisútvarpinu og hafa eftirfarandi upplýsingar borist. Í töflunni má sjá tekjur Ríkisútvarpsins af viðskiptum sínum við stjórnmálasamtök árin 2000–2009:

Ár	Þús. kr.
2000	1.533
2001	1.201
2002	6.800
2003	13.330
2004	1.203
2005	2.418
2006	10.099
2007	18.029
2008	3.924
2009	10.815
Samtals	**69.352**

224. Svar [4. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ásbjarnar Óttarssonar um afskriftir lána.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Um hve háa fjárhæð voru húsnæðislán gömlu bankanna afskrifuð við kaup nýju bankanna á þeim?*
2. *Um hve háa fjárhæð voru lán fyrirtækja afskrifuð við kaup nýju bankanna á þeim?*
3. *Hvað mundi það kosta lánastofnanir ef dómur Hæstaréttar frá 16. september sl. næði líka til fyrirtækja?*
4. *Hversu há eru þau lán til fyrirtækja sem hugsanlega mundu falla undir dóm um gengistryggð lán hjá Hæstarétti?*

Svar óskast sundurliðað eftir lánastofnunum.

Ekki er mögulegt að gefa svör sundurliðuð eftir fjármálafyrirtækjum. Tölurnar sem á eftir koma byggjast á gögnum frá Fjármálaeftirlitinu.

1. Nýju bankarnir keyptu húsnæðislánin að meðaltali á 72% af kröfuvirði við yfirfærslu frá gömlu bönkunum. Hlutfallið getur verið mismunandi milli bankanna þriggja. Afföllin voru því samtals 90 milljarðar kr. miðað við upphaflegan efnahagsreikning nýju bankanna þriggja.

Í umræðu um afskriftir húsnæðislána er vert að benda á að um þriðjungur húsnæðislána bankanna varð eftir í gömlu bönkunum við hrun bankakerfisins í október 2008. Tölur Seðlabankans um útlán bankakerfisins ná aðeins til starfandi fjármálastofnana. Húsnæðislán í eigu gömlu bankanna eru því ekki tekin með í þeim gögnum eftir þann tíma.

2. Nýju bankarnir keyptu fyrirtækjalánin á að meðaltali um 40% af kröfuvirði við yfirfærslu frá gömlu bönkunum. Hlutfallið getur verið mismunandi milli bankanna þriggja. Afföllin voru því um 1.600 milljarðar kr. miðað við upphaflegan efnahagsreikning bankanna þriggja.

3. Ekki er ljóst hversu víðtækt fordæmisgildi dómur Hæstaréttar frá 16. júní hefur, þ.e. hvaða lána hann nær til hvort sem það varðar einstaklinga eða fyrirtæki. Kostnaður lána-

stofnana mundi ráðast af því hversu stór hluti lánasafns þeirra yrði talinn falla undir fordæmi dómanna frá 16. júní og 16. september. Ef fyrirtækjalán sem ekki væru „hrein“ erlend lán yrðu dæmd ólögmæt og endurreiknuð miðað við lægstu óverðtryggðu vexti Seðlabanka Íslands, þá gæti tap lánastofnana vegna þeirra orðið nálægt 60 milljarðar. Það skal tekið fram að forsendur þessara talna eru mjög hreyfanlegar og fjárhæðir geta því breyst með tilliti til þess.

4. Erfitt er að meta fordæmisgildi dóma Hæstaréttar í þessum málum en dómarnir varða bílalán einstaklinga. Bókfært virði lána fjármálafyrirtækja til fyrirtækja með einhverja tengingu við erlenda mynt nemur um 660 milljörðum kr. Margvísleg sjónarmið geta legið að baki gengistryggðum samningum fyrirtækja og verður að líta til þess að í slíkum tilfellum er um að ræða samningssamband tveggja aðila í atvinnurekstri. Í flestum tilvikum byggist því skuldsetning fyrirtækja í erlendri mynt eða í íslenskum krónum með gengisviðmiðun á yfirveguðu mati þar sem mörg önnur sjónarmið eru í forgrunni en í tilviki einstaklinga. Af þeim sökum eru hvorki sérstök sanngirnisrök né efnahagsleg rök fyrir því að gengistryggð lán fyrirtækja hljóti sams konar meðferð og lán til einstaklinga. Einnig er algengt að fyrirtæki séu að fullu varin fyrir neikvæðum afleiðingum lántöku í erlendum gjaldmiðli þar sem þau hafi stóran hluta tekna sinna erlendis frá. Þá býðst fyrirtækjum sem ekki njóta náttúrulegra gengisvarna að kaupa sér gengisvarnir hjá fjármálafyrirtækjum. Talið er að um helmingur fyrirtækja með erlend lán hafi á að skipa einhvers konar gengisvörnum. Þá eru afborganir gengistryggðra lána frádráttarbærar sem kostnaður í bókhaldi fyrirtækja, en einstaklingar eru algerlega óvarðir fyrir þessum neikvæðu afleiðingum óhagstæðrar gengisþróunar. Eins verður að telja í tilfelli fyrirtækja málefnalegt að líta til samningssambands fyrirtækja og fjármálastofnunar í heild í stað þess að líta aðeins til eins afmarkaðs lánasamnings.

225. Frumvarp til laga [206. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögaðilum og öðrum aðilum í atvinnurekstri skal vera heimilt að gera gengistryggða lánssamninga. Með gengistryggðu láni er átt við lán sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a. Að höfuðstóll lánssamnings sé tilgreindur í íslenskum krónum.
b. Að útborgun láns sé í íslenskum krónum.
c. Að lánið sé ásamt vöxtum endurgreitt í íslenskum krónum.
d. Að endurgreiðslur og höfuðstóll láns breytist að hluta til eða að öllu leyti í samræmi við gengi erlendra gjaldmiðla, eins eða fleiri, gagnvart íslenskri krónu.

2. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Ef samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti teljast ógild skal peningakrafan bera vexti skv. 1. málsl. 4. gr., enda eigi önnur ákvæði þessarar greinar ekki við. Hið sama á við ef samningur kveður á um verðtryggingu skuldar samhliða vaxtaákvæðum, og annað tveggja er ógilt, og skulu þá bæði ákvæði samningsins um vexti og verðtryggingu fara eftir því sem kveðið er á um í 4. gr. og því sem greinir nánar í þessari grein.

Sé lánssamningur til lengri tíma en fimm ára skal að loknu uppgjöri skv. 5. mgr. miða við lægstu vexti á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 10. gr. Um verðtryggingu skal þá miða við vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 14. gr., frá uppgjörsdegi. Afmörkun þeirra skuldbindinga sem falla undir þessa málsgrein skal vera í samræmi við skilyrði ákvæðis B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Ákvæði þessarar málsgreinar eru frávíkjanleg ef skuldari kýs að lánssamningur hans beri heldur vexti í samræmi við 4. gr. eða ef samið er um betri kjör honum til handa.

Vexti samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skal reikna frá og með stofndegi peningakröfu, nema samið verði um annað, sbr. 3. gr.

Skuldara skal heimilt að greiða peningakröfur að fullu, án uppgreiðslugjalds, teljist samningsákvæði um verðtryggingu og vexti ógild, sbr. 1. mgr., með áföllnum vöxtum skv. 1. mgr.

Kröfuhafa ber að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft vegna ólögmætra vaxta og/eða verðtryggingar. Við ákvörðun endurgreiðslu eða útreikning á stöðu skuldar skal upphaflegur höfuðstóll skuldar vaxtareiknaður samkvæmt ákvæðum 1. mgr. Frá höfuðstól og áföllnum vöxtum skal draga þær fjárhæðir sem inntar hafa verið af hendi fram að uppgjörsdegi í vexti, hvers kyns vanskilaálögur og afborganir miðað við hvern innborgunardag. Þannig útreiknuð fjárhæð myndar eftirstöðvar skuldarinnar og skulu þá upphaflegir eða síðar ákvarðaðir endurgreiðsluskilmálar gilda að því er varðar lánstíma, gjalddaga og aðra tilhögun á greiðslu skuldar, allt að teknu tilliti til þeirra breytinga sem leiðir af ákvæðum þessarar greinar. Hafi skuldari notið greiðslujöfnunar á grundvelli ákvæða laga nr. 63/1985, eða samkvæmt sérstöku samkomulagi, skal hún falla niður og fjárhæð á jöfnunarreikningi bætast við höfuðstól lánsins. Nýti skuldari sér rétt til verðtryggingar veðláns skv. 2. mgr. skal greiðslujöfnun aftur taka gildi og skal greiðslumark skv. 3. gr. laga nr. 63/1985 taka gildi á því tímamarki sem umreikningur láns samkvæmt þessari málsgrein miðast við.

Við endurgreiðslur til lögaðila er kröfuhafa heimilt að taka tillit til allra lánsviðskipta þeirra í milli og draga frá þann ávinning sem lögaðili kann að hafa haft vegna ólögmætra vaxta eða verðtryggingarákvæða. Með ávinningi er átt við mismun á vöxtum skv. 4. gr. og umsömdum en ólögmætum vöxtum og verðtryggingu.

Ef útreikningur á uppgjöri skv. 5. mgr. leiðir til þess að krafa sé að fullu greidd skal lánveitandi gefa út fullnaðarkvittun, hlutast til um afléttingu veðbanda og gefa út þær yfirlýsingar sem nauðsyn krefur. Ef skuldari á að loknum útreikningi skv. 5. mgr. kröfu á lánveitanda skal lánveitandi greiða þá fjárhæð sem upp á vantar eigi síðar en 30 dögum frá því að krafa er gerð um endurgreiðslu.

Nú hafa, einu sinni eða oftar, orðið aðila- eða skuldaraskipti af lánssamningi þar sem um er að ræða ólögmæta vexti og/eða verðtryggingu. Skal þá hver skuldari eiga sjálfstæðan rétt gagnvart kröfuhafa til leiðréttingar á greiðslum þeim sem þeir inntu af hendi vegna lánsins svo og rétt eða skyldu til leiðréttingar vegna breytinga á höfuðstól lánsins vegna áhrifa geng-

istryggingar. Réttindi og skyldur hvers og eins aðila skulu miðast við þann tíma sem viðkomandi var skuldari lánssamnings. Leiðrétting nær bæði til greiðslna og höfuðstóls á því tímabili samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. *Greiðsluuppgjör.* Reiknaður skal mismunur allra þeirra greiðslna sem skuldari innti af hendi og þess sem hefði átt að greiða miðað við vexti skv. 4. gr. og aðra skilmála lánssamnings.
b. *Höfuðstólsleiðrétting.* Breytingar á höfuðstól vegna ólögmætrar verðtryggingar sem reiknaður hefur verið á höfuðstól láns meðan hver aðili var skuldari láns skal koma til sérstaks uppgjörs sem miðast við dagsetningu aðilaskipta að lánssamningi og miðast réttur eða skylda hvers aðila til leiðréttingar við þann dag.

Sé aðili ekki lengur skuldari láns skal mismunur vegna greiðslna og leiðrétting höfuðstóls vegna ólögmætrar verðtryggingar koma til sérstaks uppgjörs. Sé aðili enn skuldari skal mismunur greiðslna færður á höfuðstól láns eða dreginn frá honum samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Ákvæði þessarar greinar um greiðslur úr hendi skuldara eiga, eftir því sem við á, við um greiðslur sem inntar hafa verið af hendi af öðrum aðilum fyrir skuldara, sem og ábyrgðarmönnum fjárskuldbindinga, og jafnframt greiðslur sem kröfuhafi hefur fengið vegna fullnustugerða. Sanni ábyrgðarmaður eða veðeigandi rétt sinn skulu greiðslur til þeirra ganga fyrir öðrum greiðslum til skuldara við uppgjör skv. 6. og 7. mgr.

Ef ágreiningur um rétt til greiðslu ris innbyrðis á milli skuldara skv. 7. mgr. eða skuldara og þriðja manns skv. 8. mgr. skal kröfuhafi greiða uppgjörsfjárhæð inn á geymslureikning í samræmi við ákvæði laga nr. 9/1978 með þeim skilmálum að deiluaðilar sanni rétt sinn til greiðslunnar með gildu samkomulagi eða að fullnaðardómur hafi gengið um ágreining þeirra.

3. gr.

Við lögin bætast sex ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (X.)

Hafi húsnæðislán til neytanda verið greitt út í íslenskum krónum eða umbreyting úr erlendum myntum er hluti viðkomandi lánssamnings, en endurgreiðsla skuldarinnar miðast að einhverju leyti við gengi erlendra gjaldmiðla, fer um uppgjör vegna ofgreiðslu og framtíðarskilmála skuldbindingarinnar eftir því sem greinir í 18. gr. laganna. Afmörkun þeirra skuldbindinga sem falla undir þessa grein skal vera í samræmi við skilyrði ákvæðis B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Sé slíkur lánssamningur til lengri tíma en fimm ára skal þó, ef skuldari kýs, að loknu uppgjöri skv. 5. mgr. 18. gr. laganna miða vexti næstu fimm ára þar á eftir við lægstu vexti á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 10. gr. laganna. Um verðtryggingu skal þá miðað við vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 14. gr., frá uppgjörsdegi. Að liðnum fimm árum skulu vaxtakjör endurskoðuð og er þá lánveitanda heimilt að ákveða vaxtakjör sem miðast við sambærilegar lánveitingar hans á þeim tíma er til endurskoðunar kemur. Lánveitanda ber að hafa frumkvæði að uppgjöri vegna lána sem falla undir 1. málsl. þessa ákvæðis og skal slíkt uppgjör fara fram innan 90 daga frá gildistöku laga þessara. Ákvæði þetta tekur jafnframt til lánssamninga og eignaleigusamninga sem einstaklingar hafa gert við fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 161/2002, vegna kaupa á bifreið til einkanota.

b. (XI.)
Fjármálafyrirtæki sem veitt hefur lán er fellur undir ákvæði ákvæðis til bráðabirgða X skal eigi síðar en 60 dögum eftir gildistöku laga þessara senda skuldara útreikning á nýjum höfuðstól og/eða endurgreiðslu ofgreidds fjár sem af uppgjörinu leiðir. Slíkan útreikning skal jafnframt senda ábyrgðarmanni eða veðeiganda, sbr. 9. mgr. 18. gr. laganna. Sanni ábyrgðarmaður eða veðhafi ekki rétt sinn til greiðslna innan þeirra tímamarka sem fjármálafyrirtæki setur í tilkynningu skv. 1. málsl. þessa ákvæðis er fjármálafyrirtæki heimilt að færa höfuðstól til samræmis við útreikning eða endurgreiða skuldara ofgreitt fé óski hann þess. Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að fela umboðsmanni skuldara að hafa eftirlit með útreikningum fjármálafyrirtækja samkvæmt þessari grein, óska eftir upplýsingum um forsendur útreikninga og kveða á um úrbætur ef þörf krefur.

c. (XII.)
Ef í lánssamningi er kveðið á um ólögmæta verðtryggingu í formi gengistryggingar skal með samningi kröfuhafa og skuldara vera heimilt að færa höfuðstól lánsins í erlendar myntir eins og um gilt erlent lán hafi verið að ræða frá stofntíma kröfunnar. Falla þá niður heimildir til leiðréttingar greiðslna og höfuðstóls samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Heimild þessi gildir í 90 daga frá gildistöku laga þessara og skal staðfest með skriflegum og sannanlegum hætti.

d. (XIII.)
Ef gengið hefur dómur um kröfu samkvæmt lánssamningi með óheimilli gengistryggingu skal endurupptaka heimil skv. XXIII. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, án tillits til þess hvort tímafrestir séu liðnir samkvæmt ákvæðum 137. gr. sömu laga. Sama skal gilda um úrskurði um gjaldþrotaskipti. Skuldara er jafnframt heimilt að óska eftir endurupptöku fullnustugerða hafi slíkar gerðir farið fram á grundvelli lánssamninga sem höfðu að geyma ólögmæt ákvæði um gengistryggingu. Heimildir til endurupptöku samkvæmt þessu ákvæði falla niður að liðnum níu mánuðum frá gildistöku laga þessara.

e. (XIV.)
Fyrningarfrestur uppgjörskrafna vegna ólögmætrar verðtryggingar lánssamninga í formi gengistryggingar reiknast frá 16. júní 2010.

f. (XV.)
Leysi lánveitandi til sín veðsetta eign skuldara eða eign samkvæmt kaupleigusamningi og reynist eftirstöðvar skuldbindingar skuldara vera hærri en innlausnarverð lánveitanda, þrátt fyrir að eftirstöðvar samningsins hafi verið endurreiknaðar í samræmi við 18. gr., á skuldari rétt á að greiða eftirstöðvar skuldbindingar sinnar með eftirfarandi skilmálum:

a. Fjárhæð eftirstöðva skuldbindingar skuldara skal aldrei ákvarðast hærri en sem nemur mismun á eftirstöðvum skuldbindingar, að teknu tilliti til útreiknings skv.18. gr., og því verði sem lánveitandi hefur sannanlega fengið við endursölu bifreiðarinnar. Seljist bifreið hins vegar ekki innan sex mánaða frá því að útreikningur skv. 18. gr. lá fyrir skal miðað við matsverð bifreiðar. Skuldara er heimilt, á eigin kostnað, að óska eftir óháðu mati löggilts bifreiðasala á matsverði bifreiðar og skal við það mat tekið tillit til hæfilegs kostnaðar við sölu bifreiðarinnar. Fallist lánveitandi ekki á það mat getur hann aflað mats dómkvadds matsmanns. Frá matsverði skal draga áfallin gjöld, svo sem bifreiða-

gjöld, vátryggingar og stöðumælasektir, sem og áfallinn kostnað vegna vanefnda.

b. Helming eftirstöðva skuldar sinnar skv. a-lið skal skuldari eiga rétt á að greiða á allt að þremur árum gegn því að eftirstöðvar að öðru leyti falli niður. Eftirstöðvar skuldar skv. 1. málsl. skulu bera vexti og verðtryggingu skv. 4. gr. laganna.

c. Lánveitandi getur ekki leitað fullnustu vegna eftirstöðva skuldbindingarinnar í íbúðarhúsnæði skuldara þar sem hann hefur skráð lögheimili og heldur heimili.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er ráðherra heimilt að skipa nefndinni starfsmenn sem starfa á ábyrgð og undir handleiðslu nefndarinnar.

b. 2. mgr. fellur brott.

5. gr.

Á eftir 5. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, ásamt fyrirsögn, og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því. Hinar nýju greinar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

a. (6. gr.)

Úrskurðarnefnd.

Komi til ágreinings um niðurfærslu skulda fyrirtækis við sértæka skuldaaðlögun skal heimilt að skjóta ágreiningi til úrskurðarnefndar.

Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar þrjá menn í úrskurðarnefndina. Skal einn skipaður samkvæmt tilnefningu frá Samtökum atvinnulífsins, einn án tilnefningar og einn af Hæstarétti og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndarmenn skulu hafa sérþekkingu á sviði viðskipta, fjármála og kröfuréttar og hafa menntun sem nýtist á þessu sviði. Ráðherra er heimilt að skipa nefndinni starfsmenn sem starfa á ábyrgð nefndarinnar og undir handleiðslu hennar.

Nefndinni er heimilt að leita sér utanaðkomandi aðstoðar frá endurskoðunar- eða ráðgjafarfyrirtækjum.

Málsaðilar skulu láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á. Ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, koma ekki í veg fyrir að nefndin fái afhent gögn. Úrskurðarnefndin skal bundin þagnarskyldu um þau gögn og upplýsingar sem hún kann að fá vitneskju um við starf sitt.

Innheimta skal gjald með málskoti til úrskurðarnefndar vegna málsmeðferðar fyrir nefndinni sem ráðherra ákvarðar með reglugerð. Gjaldið, sem rennur í ríkissjóð, skal taka mið af kostnaði af þóknun nefndarmanna, rekstur málsins fyrir nefndinni, starfsaðstöðu, sérfræðiaðstoð og gagnaöflun. Tapist mál í grundvallaratriðum skal sá aðili sem heldur fram málstað og tapar að jafnaði að greiða málskostnað. Nefndin kveður á um fjárhæð og skiptingu gjalds í úrskurðarorðum sínum.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi úrskurðarnefndarinnar, m.a. um verklag við úrlausn deilumála, starfshætti, starfsstöð, starfsmenn nefndarinnar, sérfræðiaðstoð, málskotsgjöld og kostnað lögaðila, skiptingu kostnaðar og aðra þætti er lúta að starfsumhverfi nefndarinnar.

b. (7. gr.)

Kostnaður við rekstur eftirlitsnefndar skv. 4. gr. og úrskurðarnefndar skv. 6. gr. greiðist úr ríkissjóði, en lánastofnanir skv. 4. gr. laga nr. 161/2002 skulu endurgreiða þann kostnað eftir reglum sem ráðherra setur.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 100/2010, um umboðsmann skuldara.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að fela umboðsmanni skuldara að hafa eftirlit með útreikningum fjármálafyrirtækja samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XI í lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, óska eftir upplýsingum um forsendur útreikninga og kveða á um úrbætur ef þörf krefur.

IV. KAFLI

Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu af því tilefni að Hæstiréttur Ísland kvað upp dóma 16. júní 2010 sem skáru úr um ólögmæti bindingar lána í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla og dóms 16. september 2010 um vaxtareikning slíkra ólögmætra gengistryggðra lána.

Í ráðuneytinu hefur verið unnið að úrlausn skuldavanda heimila og fyrirtækja um nokkurn tíma, m.a. á vettvangi nefndar um fjármálastöðugleika, en í henni eiga sæti fulltrúar forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands auk fulltrúa efnahags- og viðskiptaráðuneytis sem stýrir starfi nefndarinnar. Nefndin undirbjó m.a. viðbrögð við dómum Hæstaréttar, leitaði fjölda álitsgerða og greindi áhrif á fjármálakerfið, fyrirtæki og heimili.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar 16. júní 2010 óskaði ráðuneytið eftir viðbrögðum frá Alþýðusambandi Íslands, Neytendasamtökunum, Hagsmunasamtökum heimilanna, Landssambandi lífeyrissjóða, Samtökum fjárfesta, Samtökum atvinnulífsins og talsmanni neytenda. Efnislegar athugasemdir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Hagsmunasamtökum heimilanna, Neytendasamtökunum og talsmanni neytenda.

Á blaðamannafundi 16. september 2010, sem haldinn var í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu þegar niðurstaða Hæstaréttar lá fyrir í máli nr. 471/2010, kynntu efnahags- og viðskiptaráðherra, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins sameiginlega að viðbrögð stjórnvalda við dómnum yrðu lagasetning til að tryggja jafnræði og sanngirni. Fjármálafyrirtæki hafa þegar brugðist við þeim meginlínum sem þá urðu ljósar. Endurútreikningur bílalána einstaklinga var tilkynntur af flestum fjármálafyrirtækjum í októbermánuði og uppgjör hófst í samræmi við þær reglur sem efnahags- og viðskiptaráðuneytið var með í mótun á grundvelli sanngirnissjónarmiða og almennra reglna fjármunaréttar og lýst var á umræddum blaðamannafundi.

Við samningu frumvarps þess sem nú er lagt fram fékk ráðuneytið auk þess Vilhjálm Árnason prófessor og Róbert H. Haraldsson prófessor til að koma fram með athugasemdir

er varða sanngirnis- og siðferðissjónarmið. Þá voru drög að frumvarpi kynnt fyrir talsmanni neytenda auk þess sem ráðuneytið hefur haft nokkur samskipti við Samtök fjármálafyrirtækja og einstök aðildarfélög þess við undirbúning málsins.

Gengistrygging er ein tegund verðtryggingar sem felst í því að tengja verðgildi peninga við einhvers konar vísitölu eða gengi og tryggja þannig verðgildi kröfu gagnvart verðrýrnun gjaldmiðils. Almennt bann við verðtryggingu var lögfest á Íslandi með lögum nr. 71/1966 en með lögum nr. 13/1979 var heimilað að verðtryggja skuldbindingar í íslenskum krónum með skilyrðum, nánar tiltekið þeim að (a) miða við opinbera skráða vísitölu eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma og (b) miða við gengi erlends gjaldmiðils þar sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum eða reglugerð.

Lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, heimila einungis verðtryggingu á grundvelli vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar auk hlutabréfavísitalna. Þannig var gengistrygging ekki heimil en engu síður beitt í lánssamningum með margbreytilegum hætti á tilteknu árabili í íslensku samfélagi án íhlutunar opinberra stjórnvalda. Meðan samningsaðilar sáu sér hag í slíkri ólögmæltri gengistryggingu létu þeir ekki reyna á ólögmæti hennar fyrir dómstólum fyrr en við gengisfall íslensku krónunnar 2008. Ljóst er að í íslensku samfélagi höfðu tíðkast samningar, sem aðilar byggðu réttindi og skyldur á og áttu víðtæk viðskipti um, án þess að hugað hefði verið nægilega að lagalegum grundvelli þeirra. Nú þurfti að skera úr um hvort ólögmæti frá öndverðu breytti þessu og þá á hvern hátt, en það er t.d. talin almenn regla í kröfurétti að venja víki ekki til hliðar ófrávíkjanlegum lagareglum.

Niðurstaða Hæstaréttar Íslands 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og nr. 153/2010 skar skýrlega úr um að opinbert almennt bann við gengistryggingu gildir á Íslandi að óbreyttum lögum og að allir fjársamningar svo tryggðir taki sjálfkrafa breytingum hvað varðar réttindi og skyldur þegar af þeirri ástæðu.

Í dómsniðurstöðu Hæstaréttar réttum þremur mánuðum síðar, dags. 16. september, í máli nr. 471/2010 segir:

„Þegar virt er að ákvæðið um gengistryggingu í samningi aðilanna er ógilt og bein og órjúfanleg tengsl eru samkvæmt framansögðu milli þess ákvæðis og fyrirmæla þar um vexti er hvorki unnt að styðjast við þau fyrirmæli óbreytt eftir orðanna hljóðan né gefa þeim með skýringu annað inntak, enda liggur fyrir í málinu að á millibankamarkaði í London hafa aldrei verið skráðir LIBOR vextir af lánum í íslenskum krónum. Vegna þessa er óhjákvæmilegt að ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiði til þess líta verði með öllu framhjá ákvæðum samningsins um vaxtahæð.“

Hæstiréttur kvað upp úr um að í svo breyttu réttarástandi beri að líta svo á samninga með gengistryggingu að þar hafi verið samið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera. Þá gildi réttarregla 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sem lýsir því ástandi að samið hafi verið um að greiða vexti en vaxtaviðmiðun hafi ekki verið tiltekin. Samkvæmt greininni skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir eru skv. 10. gr. laganna.

Nauðsyn lagasetningar.

Dómar Hæstaréttar um gengistryggð lán hafa leitt í ljós verulega annmarka á framkvæmd laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, bæði að því er varðar skilning á efnisákvæðum laganna um heimild til verðtryggingar fjárskuldbindinga og þeim uppgjörsreglum sem við taka ef ólögmætir skilmálar hafa verið til staðar. Þó að dómar Hæstaréttar hafi létt af mestu

óvissunni er engu síður hætt við að ágreiningur verði gerður um lögmæti fjölda samninga á víðtæku sviði skammtíma- og langtímafjármögnunar. Þá hafa vaknað spurningar um jafnræði meðal skuldara, einkum á neytendamarkaði. Meginmarkmið frumvarpsins er því að draga úr þessari óvissu. Til grundvallar eru lögð þau sanngirnisrök að sambærileg mál fái sambærilega niðurstöðu auk þess að tryggja réttaröryggi við uppgjör lána með óskuldbindandi gengisviðmiðun.

Það sem er sérstakt í þessu máli er að tiltekin lagaregla hefur í för með sér ógildingu á samningsákvæðum í tugum þúsunda samninga sem allir hafa væntanlega gert án þvingana og í góðri trú um að væru í samræmi við lög og reglur. Þá verður til tómarúm, sérstaklega til framtíðar litið, sem hefur víðtækar afleiðingar fyrir samfélagið og tefur nauðsynlega uppbyggingu. Tafir á niðurstöðu hvað framtíðina varðar eru mjög bagalegar.

Löggjafinn er til þess bær og skyldur að stjórnlögum að viðhalda og tryggja festu í hagkerfinu og styðja við grundvöll samninga um peningakröfur. Hæstiréttur kvað upp úr um að lög um vexti og verðtryggingu giltu samkvæmt efni sínu en nýtt réttarástand hefði ekki skapast fyrir athugasemdalausa viðskiptavenju sem heimilaði gengistryggingu. Það er því löggjafans að fylla út í það tómarúm sem skapast hefur.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er byggt á sjónarmiðum um vörslu almannahagsmuna, sanngirni og vernd skuldara. Jafnframt er það forsenda lagasetningar að hún er almenn og jafnræði tryggt. Gildissvið frumvarpsins nær af þessum ástæðum til lána einstaklinga vegna húsnæðiskaupa eins og nánar er skilgreint í frumvarpinu og lána til bifreiðakaupa hvort heldur sem þau lán eru á grundvelli lánssamninga eða eignarleigusamninga, enda er löggjöfinni ætlað að skýra almennt réttarástand. Ef ekki verða sett almenn lög um uppgjör samninganna munu skuldarar verða í mismunandi stöðu eftir því hjá hvaða banka þeir hafa tekið lán, jafnvel þótt aðstæður þeirra séu fyllilega sambærilegar að öllu öðru leyti. Það er því sanngirnismál að þetta verði leiðrétt með lögum.

Helstu ástæður fyrir takmörkun á verðtryggingu, þ.m.t. gengistryggingu, er annars vegar að vernda fjármálastöðugleika (opinberir hagsmunir) og hins vegar lántaka (einstaklingshagsmunir). Málefnaleg rök standa til þess að gera stöðu þeirra heimila sem raunverulega fengu lán í erlendri mynt sambærilega stöðu heimila sem sannanlega tóku gengistryggð lán sem ólögleg teljast í skilningi laga nr. 38/2001 og ber að greiða vexti af skv. 4. gr. þeirra laga, sbr. dóm Hæstaréttar 16. september sl. Verndarhagsmunir lántaka og alls samfélagsins eru hinir sömu og þeir eru augljósir því gengistryggð lán og lán í erlendri mynt auka áhættu skuldara með því að hætta á greiðsluþroti eykst ef greiðslubyrðin sveiflast óháð tekjum. Þegar lagt er bann við gengistryggingu er um leið tekin ákvörðun um að lánveitanda sé óheimilt að velta áhættunni af gengisþróun yfir á lántaka. Bent skal á að fjármálafyrirtækjunum var ljóst að gengistrygging var bönnuð og hvaða rök stóðu til þess. Hæstiréttur sér ástæðu til að árétta þetta í dómunum frá 16. júní 2010 með þessum orðum:

„Þegar mælt var fyrir frumvarpinu á Alþingi kom einnig fram að samkvæmt reglum þess yrðu heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla felldar niður, enda eðlilegt, ef menn vildu miða fjárhæð skuldbindingar við erlendan gjaldmiðil, að hann yrði notaður beint. Í lögskýringargögnum liggur að auki fyrir að við meðferð frumvarpsins á Alþingi gerðu Samtök banka og verðbréfafyrirtækja þær athugasemdir í umsögn að ekki yrði séð hvaða rök væru fyrir því að takmarka heimildir til verðtryggingar í 14. gr. þess við tilteknar vísitölur, en næði frumvarpið fram að ganga yrði eins og eftir þágildandi lögum óheimilt að tengja lánssamninga í íslenskum krónum við erlenda mynt á

meðan ekkert bannaði að veita lán beint í erlendu myntinni. Frumvarpinu var í engu breytt að þessu leyti og varð það að lögum nr. 38/2001.“

Í ljósi dóma Hæstaréttar frá 16. júní og 16. september 2010, sem staðfestu ólögmæti gengistryggðra lánssamninga og mæltu fyrir um vexti af þeim, er ljóst að verði frumvarp þetta að lögum hróflar það lítt við stærstum hluta þeirra samninga sem falla undir gildissvið þess. Það felur þannig í raun ekki í sér afturvirkni. Tilgangur þess er að fyrst og fremst að gæta jafnræðis meðal einstaklinga sem tekið hafa lán í erlendri mynt eða lán sem tengjast erlendri mynt með einum eða öðrum hætti.

Ljóst er að dómsvaldið er alla jafna ekki til þess bært að skýra almennt réttarástand með því að setja almenna réttarreglu og í þessu tilviki leiðir að auki fjöldi afbrigða lánssamninga og réttarfars- og málsforræðisreglur til þess að það kunni að verða langvinnt og torsótt að ná fram skýrleika fyrir allan almenning. Löggjafinn einn getur breytt lögum sem hann hefur sett og bætt úr ágöllum. Dómsmál gætu skipt tugum eða hundruðum og dómstólar eru nú þegar þjakaðir af auknum málafjölda vegna bankahrunsins. Því má búast við því að endanlegar niðurstöður liggi ekki fyrir fyrr en eftir í fyrsta lagi eitt og hálft til tvö ár. Hætta er á því að skuldarar sem eru í þröngri stöðu hafi ekki bolmagn, t.d. vegna annarra skuldamála, til að standa á rétti sínum gagnvart lánveitendum með því að taka þátt í málaferlum og þeirri áhættu sem þeim fylgir. Sömuleiðis er það ljóst að niðurstaða dómsmála ræðst mjög af kröfugerð og þeim málatilbúnaði sem aðilar máls hafa uppi í hverju tilviki. Réttur manna til að láta reyna á mál fyrir dómstólum ef þeir svo kjósa stendur augljóslega óhaggaður, þrátt fyrir að frumvarp þetta verði að lögum.

Þau sjónarmið sem hér hafa verið rakin valda því að brýnt er að setja í lög ákvæði sem tryggja samræmda meðferð sambærilegra mála, tryggja að unnið verði úr hinum mikla málafjölda innan fjármálafyrirtækja og hjá þeim aðilum sem sinna fólki í greiðslu- eða skuldavanda með sanngjörnum og skilvirkum hætti og að löggjafinn taki af skarið um þau álitaefni, sem leiðir af framangreindum dómsúrlausnum, í ljósi þeirrar leiðsagnar sem lesa má úr dómsúrlausnum Hæstaréttar.

Bærni löggjafans til að ákveða fyrirkomulag vaxta og verðtryggingar eins og gert er í lögum nr. 38/2001 og mótar virði peningakrafna fellur almennt ekki undir ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar.

Rétt er að benda á að á fjórða áratug síðustu aldar reyndi víða á sambærileg grundvallaratriði fyrir æðstu dómstólum þegar löggjafinn hafði í alvarlegri kreppu stillt verðlagsviðmið með löggjöf og í þeim tilvikum sem löggjafinn gerði það ekki kom það í hlut dómstóla að niðurfæra samninga á grundvelli heimilda í samninga- og kröfurétti. Í dómi hæstaréttar Noregs, sbr. Rt. 1962, bls. 369, reyndi t.d. á inngrip löggjafans af þessu tagi og valdbærni hans var staðfest. Þá var í dómi Hæstaréttar í máli 5/1953 (1954, bls. 73) staðfest sú niðurstaða bæjarþings Reykjavíkur að afturvirk lagasetning væri réttlætanleg þar sem lögin væru þáttur í margþættri tilraun til að lagfæra fjárhagskerfi þjóðarinnar og koma því í fastari skorður.

Frumvarpið felur einnig í sér margháttaðan ávinning fyrir kröfuhafa. Greitt er hratt úr óvissu um virði eignasafns fjármálafyrirtækjanna og mælt fyrir um einfaldari uppgjörsleiðir sem spara fyrirtækjunum mikinn kostnað. Óhjákvæmilegu tjóni er jafnað hratt niður og þannig greitt fyrir raunhæfara mati á verðmæti eigna og endurreisn efnahagslífsins hraðað. Batnandi efnahagshorfur skipta kröfuhafa miklu, enda aukast endurheimtumöguleikar þeirra í réttu hlutfalli við efnahagsbatann. Mikilvægt er að skapa sátt og samstöðu í þjóðfélaginu í kjölfar hrunsins og afleiðinga þess. Einföld, sanngjörn og skilvirk úrræði fyrir einstaklinga,

líkt og þau sem hér eru kynnt til sögunnar, eru nauðsynlegur þáttur í slíkri sátt en við samningu frumvarpsins hefur verið tekið tilhlýðilegt tillit til hagsmuna bæði einstaklinga og kröfuhafa. Þá ber að hafa í huga að þau ákvæði frumvarpsins sem talist geta íþyngjandi fyrir kröfuhafa lúta einvörðungu að því að tryggja jafnstöðu skuldara í sambærilegri stöðu, vegna bílalána og fasteignaveðlána. Með þeirri afmörkun er verndarandlag aðgerða löggjafans skilgreint afar þröngt, eða hið sama verndarandlag og nýtur stjórnarskrárbundinnar verndar skv. 71. gr. stjórnarskrár, þar sem er rétturinn til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Ekki verður séð að vernd kröfuhafa skv. 72. gr. sé altækari eða virðismeiri en vernd heimilis og einkalífs skuldara skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Umfang gengistryggðra lána til heimila og skipting þeirra.

Gengistryggð lán til heimila urðu ekki algeng fyrr en á síðasta áratug og einskorðast nánast við árabilið 2005 til 2008. Rétt er að benda á að lán í erlendri mynt til heimila, sem hafa ekki möguleika á að verjast gengisfalli, hafa aukist verulega í aðdraganda fleiri fjármálakreppa en þeirrar íslensku. Þessa þróun mátti sjá í aðdraganda sænsku fjármálakreppunnar í upphafi tíunda áratugarins, þeirra asísku undir lok tíunda áratugarins og víða í Eystrasaltsríkjunum og Austur-Evrópu á undanförnum árum. Hlutfall þeirra af heildarskuldsetningu heimila er einnig mun lægra. Aðeins um 9% íbúðalána eru með einhverja tengingu við erlendar myntir, hvort sem miðað er við „gengistryggt lán“, „myntkörfulán“ eða lán þar sem erlend mynt hefur skipt um hendur, þar af eru aðeins um 1.500 heimili sem hafa aðeins húsnæðislán sem eru með þessum hætti tengd erlendri mynt eða í erlendri mynt. Umfang bílalána af þessu tagi er hins vegar mun meira. Bókfært virði þessara bílalána er um 61 milljarður kr. samkvæmt tölum frá Fjármálaeftirlitinu.

Þar sem stærsti hluti fjárskuldbindinga er í formi verð- eða gengisbundinna lána jukust skuldir skuldara jafnframt mjög við hrunið. Með lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, var lögfest það markmið löggjafans að koma á jafnvægi milli virðis eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar. Í þeirri lagasetningu fólst viðurkenning löggjafans á mikilvægi þess að skuldir yrðu hratt lagaðar að greiðslugetu. Stórfelld aukning skulda þjóðarbúsins samfara mikilli lækkun eignaverðs hefur valdið því að efnahagslegar forsendur fyrir fullri endurheimt allra krafna á einstaklinga í landinu eru ekki til staðar. Geta hagkerfisins til verðmætasköpunar stendur með öðrum orðum ekki undir endurgreiðslu allra skuldanna. Þannig er uppi mikil óvissa um hvaða skuldir er raunhæft að innheimta og að hve miklu leyti. Brýnt er að eyða óvissu þar um sem allra fyrst.

Fjármálastöðugleiki og hagkerfið.

Óvissa um umfang ólögmætrar gengistryggingar og uppgjör slíkra lána hefur tafið endurskipulagningu skulda heimila og fyrirtækja. Aðlögun skulda að fjárhagslegri getu heimila og fyrirtækja hefur verið mikilvægur þáttur í aðlögun flestra hagkerfa eftir fjármálakreppur. Slík skuldaaðlögun er grundvallaratriði fyrir endurreisn íslenska hagkerfisins sem gekk í gegnum fordæmalausa skuldsetningu einkageirans í aðdraganda bankahrunsins. Ef skuldir heimila og fyrirtækja lækka ekki sem hlutfall af tekjum og eignum er hverfandi svigrúm fyrir fjárfestingu og einkaneyslu. Því fyrr sem þessi aðlögun getur orðið því betra. Það er því mikilvægt fyrir framtíð hagkerfisins að sem fyrst fáist skýrari línur í umfang og mögulegt uppgjör gengistryggðra lána. Á sama hátt getur dráttur á endurskipulagningu skulda dregið úr stöðugleika fjármálakerfisins. Óvissa um eignir fjármálafyrirtækja og gæði þeirra vekur spurningar

um fjárhagslegan styrk fjármálafyrirtækja og hugsanlega fjármálakerfisins í heild. Slík aðstaða getur valdið meira tjóni en ella þyrfti að verða, ef hratt er tekið af skarið um umfang þeirra eigna sem rýrnað hafa í kjölfar dómanna. Því er mikilvægt fyrir heilbrigt fjármálakerfi að umfang ólögmætrar gengistryggingar verði ljóst sem fyrst.

Þá er hætt við því að réttlætiskennd almennings verði misboðið og greiðsluvilji einstaklinga þverri ef fjárhagsleg staða heimila verður látin ráðast að stórum hluta af tilviljunarkenndu orðalagi í samningum sem einstaklingar höfðu ekki forsendur til þess að meta á sjálfstæðan hátt. Því er hætt við að það ójafnræði sem myndast þegar einn aðili fær gengistryggingu dæmda ólöglega en annar stendur uppi með lögmætan lánssamning dragi úr greiðsluvilja þeirra síðarnefndu. Af þeim sökum er sanngjarnt sem og mikilvægt fyrir fjármálastöðugleika að jafnræðis sé gætt í meðferð sams konar og eðlislíkra neytendalána.

Gjaldeyrishöftin hindra að innstæðueigendur og fjárfestar geti flutt eignir sínar úr landi í nokkrum mæli. Af þeirri ástæðu ætti dómur Hæstaréttar ekki að hafa mikil áhrif á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja í heild. Viðskiptabankar og sparisjóðir fjármagna sig að mestu með innlánum og enn er í gildi yfirlýsing ríkisstjórnar um fulla tryggingu innlána. Ef eiginfjárstaða fjármálafyrirtækja uppfyllir kröfur FME getur Seðlabankinn aðstoðað fjármálafyrirtæki í tímabundnum lausafjárvanda með fyrirgreiðslu gegn viðunandi tryggingum. Seðlabankinn getur hins vegar ekki veitt fjármálafyrirtæki lausafjárfyrirgreiðslu sé eiginfjárhlutfall þess óviðunandi og ekki liggur fyrir raunhæf áætlun um að endurreisa eiginfjárstöðuna innan tiltekinna tímamarka.

Mat á kostnaði fjármálafyrirtækja vegna dóma Hæstaréttar vegna gjaldeyrislána fjármálafyrirtækja hefur að mestu leyti verið í höndum Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt upphaflegu minnisblaði Fjármálaeftirlitsins frá 12. júlí sl. var kostnaður lánastofnana miðað við endurmat lánanna út frá lægstu óverðtryggðu vöxtum Seðlabankans um 142 milljarðar kr. Síðan hefur Fjármálaeftirlitið unnið að frekari greiningu og gagnaöflun ásamt því að fá utanaðkomandi lögfræðiálit. Niðurstaðan er sú að vænt tap lánastofnana lækkar um 34 milljarða kr. frá fyrra mati í 108 milljarða kr. samtals. Þar af eru um 50 milljarðar kr. vegna einstaklinga og 58 milljarðar kr. vegna fyrirtækja. Þessi niðurstaða er að mati Fjármálaeftirlitsins sú versta mögulega miðað við gefnar forsendur. Í einhverjum tilvikum eiga fjármálafyrirtæki möguleika á að minnka tap sitt, ýmist með því að ná betri innheimtu annarra lánssamninga eða með skuldajöfnun.

Varðandi áhrif á eiginfjárhlutfall stóru viðskiptabankanna þriggja er það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að þeir verði allir með CAD-hlutfall yfir 16% miðað við uppgjör í lok júní 2010 og að meðtöldum áhrifum mögulegra gjaldeyrisskiptasamninga við Seðlabanka Íslands á áhættugrunn bankanna.

Íbúðalánamarkaðurinn.

Um 9% heimila með íbúðalán eru með gengistryggð fasteignaveðlán að hluta eða öllu leyti. Um 5.500 heimili eru með blönduð fasteignaveðlán, þ.e. gengistryggð eða í erlendri mynt að einhverju leyti. Auk þess eru um 1.500 heimili eingöngu með gengistryggð eða erlend fasteignaveðlán. Ljóst er þessir skuldarar hafa að meginstefnu tekjur og eiga eignir sem eru í íslenskum krónum. Íbúðalán tengjast beint velferð og afkomu alls þorra almennings. Hrun gengis íslensku krónunnar haustið 2008 hafði því gríðarleg áhrif til hins verra. Greiðslubyrði heimila með gengistryggð íbúðalán hefur þyngst mikið og gefa upplýsingar Seðlabanka Íslands til kynna að a.m.k. 35–40% heimila sem eru með gengistryggð íbúðalán að hluta eða öllu leyti séu yfir viðmiðunarmörkum um hámarksgreiðslubyrði. Þannig hafa

eftirstöðvar lána um 43% þeirra heimila sem eru eingöngu með gengistryggð fasteignaveðlán meira en tvöfaldast frá lántöku og eftirstöðvar um helmings heimila með blönduð fasteignaveðlán hafa hækkað um meira en 50% frá lántöku. Gögn benda til þess að um 20% gengistryggðra lána séu í greiðslujöfnun hjá fjármálafyrirtækjunum en um 20% í vanskilum, þar af 10% í mjög alvarlegum vanskilum þegar tekið er mið af heildarfjárhæð umræddra lána.

Samtímis hefur íbúðaverð lækkað verulega að raunvirði og því leysir eignasala ekki vanda þessa hóps auk þess sem það mundi vega að grundvallarstoðum samfélagsins ef stórir hópar fólks missti íbúðarhúsnæði sitt sökum greiðsluþrots. Húsnæðisverð hefur lækkað um 15% frá því það náði hámarki í upphafi árs 2008. Raunverð húsnæðis hefur lækkað mun meira, eða um 35% frá því það náði hámarki í október árið 2007. Er því ljóst að íbúðarhúsnæði er nú í stórum stíl veðsett umfram verðmæti og því hvorki í hag lánveitenda né skuldara að halda til streitu kröfum sem byggjast á hæpnum lagalegum forsendum og erfitt verður að innheimta. Seðlabankinn telur að tæplega 40% skuldugra heimila, eða 28.300, skuldi líklega meira en þau eiga í húsnæði. Telur bankinn að það hlutfall muni hækka enn næstu missirin í um 45% þar sem um 45% skuldsettra heimila, eða 33.000 heimili, eru með íbúðaskuldir sem nema meira en 90% af eigin húsnæðisauði. Heildarhagsmunir krefjast þess að lánum af þessum toga sé komið í viðráðanlegt horf og má fullyrða að til lengri tíma litið komi það bæði skuldurum og lánveitendum til góða. Lánveitendur hafa heldur ekki getað vænst annars en að þessar skuldir, sem hafa hækkað mun meira en aðrar skuldir heimila, þurfi umbreytingar og aðlögunar við í kjölfar gengishrunsins.

Fjölmörg lánsform voru nýtt við gerð gengistryggðra íbúðalána samkvæmt athugun Fjármálaeftirlitsins á þeim lánssamningum sem tíðkast hafa um gengistryggð íbúðalán. Þrátt fyrir að markaðssetning og hin eiginlegu viðskipti virðist vera með svipuðum hætti eru skjöl ýmist útbúin sem skuldaviðurkenningar í erlendum myntum (stundum að „jafnvirði“ tiltekinnar íslenskrar upphæðar) en í öðrum samningum er skuldaviðurkenningin í íslenskum krónum og eina tengingin við erlendar myntir er hin eiginlega gengistrygging. Á milli þessara tveggja forma eru svo nokkrar útfærslur. Svo virðist sem tilviljun ein ráði því hvernig skjölin hafa verið útbúin og þeir einstaklingar sem lánin tóku virðast ekki hafa haft val um það hvernig gengið var frá skjölum og nánast óþekkt að þeir hafi leitað sér utanaðkomandi ráðgjafar við þessar lántökur. Finna má dæmi um mismunandi skjalagerð innan sömu fjármálafyrirtækja. Veigamikil rök mæla með því að allir þeir sem tóku gengistryggð íbúðalán, þ.e. lán til að festa kaup á eigin húsnæði, eigi að fá sömu úrlausn sinna mála, óháð því hvernig gengið var frá lánsskjölum í einstökum tilvikum. Um var að ræða fjárfestingu í íslenskum eignum og takmarkaðir möguleikar hjá skuldurum að verja sig fyrir breytingum á gengi íslensku krónunnar, hvað þá í þeim mæli sem síðar var. Þessi afmörkun á frekari stoð í skýrri stjórnarskrárvernd heimilisins skv. 71. gr. stjórnarskrár.

Sérsjónarmið um gengistryggð lán lögaðila.

Erlend lán hafa lengi verið mikilvæg íslenskum fyrirtækjum. Samkvæmt skýrslu Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika frá árinu 2009 voru 70% heildarútlána til fyrirtækja og eignarhaldsfélaga í erlendum gjaldmiðlum. Þrátt fyrir þetta háa hlutfall heildarútlána voru aðeins 44% fyrirtækja með slík lán. Fimmtungur lána til fyrirtækja eru óverðtryggð lán en einungis um 10% verðtryggð. Bókfært virði lána í erlendri mynt til fyrirtækja nemur rúmum 1.000 milljörðum kr. Kröfuvirðið er þó mun hærra, eða 2.360 milljarðar kr. Af þessum tölum sést að bankarnir hafa þegar afskrifað verulegan hluta þessara lána þótt enn eigi eftir að færa afskriftirnar til viðkomandi fyrirtækja. Lánin skiptast þannig að um þriðjungur bókfærða

virðisins er til sjávarútvegsfyrirtækja og annar rúmur tíundi hluti til eignarhaldsfélaga. Sjávarútvegsfyrirtækin eru stærstu skuldarar útflutningsfyrirtækja, með um 40% af heildareftirstöðvum útlána til útflutningsfyrirtækja.

Skuldsetning fyrirtækja í erlendri mynt eða með gengistryggingu lýtur um flest öðrum lögmálum en í tilviki einstaklinga. Algengt er að fyrirtæki séu að fullu varin fyrir neikvæðum afleiðingum lántöku í erlendum gjaldmiðli þar sem þau hafi stóran hluta tekna sinna erlendis frá. Þá býðst fyrirtækjum sem ekki njóta náttúrulegra gengisvarna að kaupa sér gengisvarnir hjá fjármálafyrirtækjum. Þá eru afborganir gengistryggðra lána frádráttarbærar sem kostnaður í bókhaldi fyrirtækja, en einstaklingar eru algerlega óvarðir fyrir þessum neikvæðu afleiðingum óhagstæðrar gengisþróunar. Í flestum tilvikum byggist því skuldsetning fyrirtækja í erlendri mynt eða í íslenskum krónum með gengisviðmiðun á yfirveguðu mati þar sem mörg önnur sjónarmið eru í forgrunni en í tilviki einstaklinga. Af þeim sökum eru hvorki sérstök sanngirnisrök né efnahagsleg rök fyrir því að gengistryggð lán fyrirtækja skuli teljast ólögmæt, jafnvel þótt svo sé um lán til einstaklinga.

Af umfangi gengistryggðra og erlendra lána til fyrirtækja er ljóst að ef þau teljast öll fela í sér ólöglega samningsskilmála og ekki kemur til lagasetning sem takmarkar tjón fjármálafyrirtækjanna á einhvern hátt munu eiga sér stað verulegir eignaflutningar frá fjármálafyrirtækjum til fyrirtækja, með mjög handahófskenndum hætti. Fyrirtækin eru oftar en ekki með raunverulegar eða keyptar gengisvarnir, eins og augljóslega má ráða af tölum um hlutfall sjávarútvegsfyrirtækja í þessum hópi skuldara samkvæmt tölunum hér að framan. Slík fyrirtæki hafa engu tjóni orðið fyrir og því bersýnilega ósanngjarnt að þau njóti einhvers ávinnings á kostnað viðsemjenda sinna vegna samninga sem þau sjálf sóttust eftir að gera með gengisviðmiðun. Þá er ljóst að stór hluti skulda eignarhaldsfélaga var með erlendri gengisviðmiðun í einu eða öðru formi. Mörg slík eignarhaldsfélög eru nú fallin enda forsendur fyrir rekstri þeirra fallnar. Markmið löggjafans hefur verið að slík félög með fallnar forsendur verði ekki endurreist, sbr. ákvæði laga nr. 107/2009 og sérstaklega umfjöllun í greinargerð með frumvarpi því sem varð að þeim lögum. Það væri ósanngjarnt ef eigendur slíkra félaga sem eiga engar rekstrarforsendur fengju nú sérstakan óvæntan ávinning. Ljóst er að eigendaábyrgð ríkissjóðs á bankakerfinu að stórum hluta veldur því að skattborgarar mundu á endanum þurfa að standa undir kostnaðinum af þeirri eignatilfærslu sem yrði ef fyrirtækjalán yrðu talin ólögmæt og viðbótar eigið fé yrði talið nauðsynlegt. Slíkt mætti ef til vill réttlæta ef tilfærslan nýttist rekstrarhæfum fyrirtækjum sem hefðu forsendur til arðsams rekstrar, en alls ekki ef tilfærslan yrði eins konar happdrættisvinningur fyrir eigendur fallinna eignarhaldsfélaga og fyrirtæki sem ekkert tjón hefðu liðið vegna gengisfalls krónunnar, heldur þvert á móti hagnast á því. Það er því mikilvægt að styðja sem kostur er við lögmæti gengistryggðra lána til fyrirtækja, hverju nafni sem þau nefnast. Ákvæði í lögunum um að komi til endurgreiðslu vegna ólögmætra vaxta og/eða verðtryggingarákvæða vegna lögaðila sé kröfuhafa heimilt að taka tillit til allra lánsviðskipta þeirra í milli og draga frá þann ávinning sem lögaðili kann að hafa haft af fyrri samningum.

Samhliða frumvarpi þessu er ætlunin að styrkja enn frekar samkomulag ríkisins og fjármálafyrirtækja um sértæka skuldaaðlögun. Meðal þeirra ákvæða sem er að finna í þessu frumvarpi eru ákvæði sem styrkja munu framkvæmd þeirrar skuldaaðlögunar með auðveldara verðmati fyrirtækja í skuldameðferð og einföldu fyrirkomulagi úrskurða um ágreining. Jafnframt munu ríkisvaldið og fjármálafyrirtækin setja fram tímasetta áætlun um endurskipulagningu skulda fyrirtækja. Með þessu átaki á að tryggja að svigrúm fjármálastofnana til

endurskipulagningar skulda fyrirtækja skili sér til þeirra fyrirtækja sem raunverulega þurfa á að halda, byggja á raunverulegum rekstrarforsendum og skapa samfélagsleg verðmæti.

Markmið og helstu atriði frumvarpsins.

Frumvarpið er fjórþætt:

Í fyrsta lagi eru sett ákvæði til bráðabirgða til að taka á tímabundnum úrlausnarefnum vegna óvíss réttarástands á samhæfðan hátt.

Í öðru lagi eru gerðar tvær breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu, annars vegar á 14. gr. þar sem verðtrygging krafna með gengistryggingu verður lögmælt með fimm skilyrðum og hins vegar á 18. gr. með nákvæmum uppgjörsreglum vegna samninga sem tryggðir eru með ólögmætri gengistryggingu.

Í þriðja lagi er lagt til í II. kafla frumvarpsins að sett verði á laggirnar úrskurðarnefnd á grundvelli laga nr. 107/2009 sem hafi það verkefni að leysa úr álitamálum sem varða sértæka skuldaaðlögun fyrirtækja, en mikilvægt er að þeim málum verði hraðað sem kostur er.

Í fjórða lagi er lagt til að kostnaður sem leiðir af íhlutun stjórnvalda í endurskipulagningu skulda einstaklinga og fyrirtækja greiðist af helstu lánastofnunum skv. 4. gr. laga nr. 161/2002.

Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

Almenn ákvæði:

a. Aðilum í atvinnurekstri verður heimilað að taka gengistryggð lán, sbr. tillögu til breytingar á 14. gr. laga um vexti og verðtryggingu. Jafnframt er skilgreint frekar hvað felist í gengistryggingu lánssamnings.
b. Lögmælt er að ef samið hefur verið um ólögmæta vexti eða verðtryggingu skuli hvort tveggja koma til endurskoðunar í samræmi við 4. gr. laganna.
c. Sett er sérregla um að ef lánssamningar til lengri tíma en fimm ára hafa að geyma ólögmæt ákvæði gildi sú meginregla að af þeirri skuld greiðist hagstæðustu vextir af óverðtryggðum lánum skv. 2. málsl. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu.
d. Heimilt verður án álags eða vanefndaafleiðinga að greiða upp skuld samkvæmt lánssamningi með ólögmætum vaxta- eða verðtryggingarákvæðum.
e. Í 5. mgr. 2. gr. (18. gr.) er sett fram uppgjörsregla sem á við ef skuldari hefur greitt af skuld með ólögmætum vaxta- og verðtryggingarákvæðum. Gert er ráð fyrir að allar greiðslur gangi inn á vexti og höfuðstól skuldarinnar og ekki verði heimilað að reikna neina dráttarvexti eða önnur vanskilaálög af slíkum kröfum við uppgjör.
f. Sett er sérstök regla í 7. gr. mgr. 18. gr. sem varðar uppgjör lánssamninga þar sem fleiri en einn skuldari hefur verið að láni með ólögmætum vaxta- og verðtryggingarákvæðum. Er miðað við það að sá skuldari sem orðið hefur fyrir tjóni fái það bætt beint úr hendi viðkomandi lánveitanda. Með þeim hætti er hagur fyrri skuldara tryggður eftir því sem unnt er.
g. Kveðið er á um að ábyrgðarmenn eigi rétt til uppgjörs hafi þeir greitt kröfur með ólögmætum vaxta- og verðtryggingarákvæðum. Kröfur ábyrgðarmanna ganga fyrir öðrum kröfum.
h. Lögð er til regla um úrlausn ágreiningsmála, ef áhöld er um hver eigi rétt til endurgreiðslu eða uppgjörs.

Bráðabirgðaákvæði:

a. Kveðið er á um að um húsnæðislán einstaklinga og svokölluð bílalán gildi sérstök regla sem felur það í sér að ef slík lán hafa verið greidd út í íslenskum krónum eða umbreyting úr erlendum myntum er hluti viðkomandi lánssamnings, en endurgreiðsla skuldar miðast að einhverju leyti við gengi erlendra gjaldmiðla, fari um uppgjör vegna ofgreiðslu skv. 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu. Sett er sérregla um að ef lán til lengri tíma en fimm ára hafa að geyma ólögmæt ákvæði gildi sú meginregla að af þeirri skuld greiðist hagstæðustu vextir af óverðtryggðum lánum skv. 2. málsl. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu.
b. Settur er tímafrestur vegna uppgjöra og útreiknings á íbúða- og bílalánum einstaklinga sem hafa að geyma ólögmæt vaxta- og verðtryggingarákvæði.
c. Lögð er til sérstök tímabundin heimild fyrir alla aðila að samningum með ólögmæt vaxta- og verðtryggingarákvæði að breyta slíkum samningum í gild erlend lán. Fellur þá um leið niður réttur til sérstakra leiðréttinga.
d. Gert er ráð fyrir að vikið verði frá almennum tímafrestum til endurupptöku dómsmála að því er varðar svonefnd gengistryggingarmál o.fl.
e. Lögð er til sérstök uppgjörsregla um hvernig skuli fara með eftirstöðvar láns- eða kaupleigusamnings í þeim tilvikum þar sem lánveitandi leysir til sín eign samkvæmt samningi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og áður hefur komið fram var í dómum Hæstaréttar Íslands frá 16. júní 2010 lagður sá skilningur í ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001 að í þeim fælist bann við því að skuldbindingar í íslenskum krónum væru bundnar við gengi erlendra gjaldmiðla og að slík tenging teldist vera ógild verðtrygging. Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að lögaðilum og öðrum aðilum í atvinnurekstri sé heimilað að gera gengistryggða lánssamninga. Jafnframt er sett fram nánari skilgreining á því hvað teljist gengistryggðir samningar.

Innlendar fjármálastofnanir hafa um langt skeið aflað fjármagns á alþjóðlegum markaði til endurlána á Íslandi. Í löggjöf hefur verið fjallað um skorður og form við veitingu slíkra lána en í ákvæðum 6. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, var bannað að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra mynta nema um væri að ræða endurlánað erlent lánsfé. Í 2. gr. laga nr. 71/1966 var síðan heimilað að innlent lán (endurlán) miðaðist við sama gengi og gilti um endurgreiðslu hins erlenda láns. Í lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, sem og lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála, var nánar kveðið á um það hvernig lántökum erlendis frá mætti hátta og hvernig „endurlána“ mætti það fé. Samkvæmt 38. gr. laga nr. 13/1979 gilti sú regla að: (a) eingöngu mátti lána miðað við endurgreiðslu á sama gengi og bankinn þurfti að endurgreiða sitt lán; (b) ef endurgreiðsluferillinn var ekki eins átti að miða við það gengi sem bankinn endurgreiddi sitt lán á; og (c) óheimilt var að innheimta hið síðra eða vexti af því miðað við hærra gengi en gilti þegar erlenda lánið var greitt. Um beitingu þessa lagaákvæða er m.a. fjallað í dómi Hæstaréttar frá 3. október 2002 í máli nr. 18/2002 og kemur þar skýrt fram að kröfuhafa var heimilt að krefja skuldara um greiðslu íslenskra króna miðað við sölugengi á gjalddögum afborgana lánsins og að upp frá því yrðu vanskilin í íslenskum krónum. Var því um eiginlega gengistryggingu að ræða.

Í febrúar árið 1995 voru lög nr. 13/1979 endanlega felld úr gildi með breytingu á þágildandi vaxtalögum, nr. 25/1987. Í breytingalögunum, nr. 13/1995, var kveðið á um það í 1. gr.

að heimilt ætti að vera að verðtryggja sparifé og lánsfé miðað við vísitölu gengis á erlendum gjaldmiðli eða samsettum gjaldmiðlum, sbr. það ákvæði sem varð að 21. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987. Sagði í athugasemdum með því frumvarpi að með frjálsræði í gjaldeyrismálum og aukinni framþróun á fjármagnsmarkaði hefðu ákvæði um hömlur á gengistryggðum lánum misst gildi sitt og að hluta til verið sniðgengin í framkvæmd. Frá árinu 1995 var því heimilt að verðtryggja lánsfé og sparifé hvort sem var með því að binda það við innlenda verðvísitölu eða vísitölu gengis á erlendum gjaldmiðlum. Var auk þess vikið frá því að binda endurlán við þá skilmála sem fjármálafyrirtæki hafði á sinni eigin fjármögnun.

Ný lög um vexti og verðtryggingu voru sett á árinu 2001. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að frumvarpshöfundar leggi það til að heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla verði felldar niður. Í nefndaráliti frá efnahags- og viðskiptanefnd er ekkert minnst á þetta markmið en í framsöguræðu ráðherra er hins vegar sagt að heimildir til að binda „skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla séu felldar niður“, enda sé það „eðlilegt að ef um það er að ræða að menn vilji miða við erlenda gjaldmiðla að þá sé erlendi gjaldmiðillinn notaður“. Hæstiréttur Íslands hefur með dómum sínum frá 16. júní 2010 kveðið upp úr um inntak laganna að þessu leyti svo sem kunnugt er. Það felst hins vegar ekki í dómum Hæstaréttar að innlendum aðilum sé óheimilt sé að taka lán í erlendum myntum óháð því hvernig möguleikar þeirra eru á því að afla sér tekna í þeim sömu myntum.

Vandséð er hver efnislegur munur er á því að taka lán í erlendri mynt eða taka lán í íslenskri mynt sem bundin er við gengi erlendra gjaldmiðla. Tæknilega er munurinn einvörðungu sá hvernig gjaldeyrisviðskipti eiga sér stað í tengslum við útborgun lánsins og hvernig skjalagerð er háttað. Áhætta beggja samningsaðila getur verið sú hin sama nema ef skuldari nýtir hinar erlendu myntir til að fjárfesta í erlendum eignum eða geymir þær á gjaldeyrisreikningum. Þykir því ástæða til að heimila nú að lögaðilar og aðrir þeir sem atvinnurekstur stunda geti tekið lán þar sem fjárhæðir miðast við gengi erlendra gjaldmiðla. Þetta fyrirkomulag getur hentað í fjölmörgum atvinnugreinum og verið efnahagslífinu til framdráttar þar sem framleiðslu- og þjónustuatvinnugreinar njóta þess lága fjármagnskostnaðar sem hinn alþjóðlegi markaður getur boðið upp á.

Í kjölfar falls íslensku krónunnar og fjármálakerfisins á árinu 2008 hefur þó orðið ljóst að þær aðstæður geta skapast að þrátt fyrir mun hagstæðari vaxtakjör á „erlendum“ lánum geta gengissveiflur leitt til mikilla og óviðráðanlegra skakkafalla fyrir þá skuldara sem hafa tekjur í íslenskum krónum. Þetta á einkum og sér í lagi við um einstaklinga sem taka lán í öðru skyni en atvinnuskyni. Eru því ekki efni til að rýmka sérstaklega heimildir neytenda til að taka slík lán en í bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að veitt verði tímabundin heimild til að breyta lánum þessara aðila, sem hafa að geyma ólögmæta gengistryggingu, í gild erlend lán frá stofndegi kröfu. Getur það í ýmsum tilvikum verið hagkvæmt fyrir skuldara með tilliti til þess hvenær lánin voru tekin, þeirra vaxta sem samið var um í samanburði við þá vexti sem eru að fjárskuldbindingum í íslenskum krónum og áætlaðrar greiðslubyrði.

Lagt er til að lögaðilum og öðrum þeim sem atvinnurekstur stunda verði heimilað að taka gengistryggð lán. Með vísun til annarra aðila í atvinnurekstri er átt við aðila, félag eða einstakling, sem selur vöru, þjónustu eða réttindi í hagnaðarskyni fyrir eigin reikning og á eigin ábyrgð enda sé umfang starfseminnar ekki óverulegt eða um skammvinna starfsemi að ræða. Nauðsynlegt er að skilgreina nánar hvað teljist vera gengistryggt lán annars vegar og hvað erlent lán. Í fyrri löggjöf er ekki um skýra aðgreiningu að ræða og ekki verður ráðið með ein-

hlítum hætti af eldri dómafordæmum hvernig dómstólar líti á þá aðgreiningu. Við athugun hefur komið fram að skjalagerð við veitingu erlendra og gengistryggðra lána er mjög mismunandi bæði á milli fjármálafyrirtækja og jafnvel innan einstakra fyrirtækja. Við það bætist að framkvæmdin, þ.e. hvort erlendar myntir eru í raun afhentar þegar skjöl benda til þess að erlent lán hafi verið veitt, virðist vera mjög fjölbreytileg. Af þeim sökum er hér lagt til að gengistryggt lán í skilningi 1. gr. verði skilgreint með þeim hætti að í öllum megindráttum hafi lán einkenni þess að vera lán í íslenskri mynt, en að fjárhæðir miðist við gengisþróun erlendra gjaldmiðla. Af því leiðir að ef höfuðstóll láns er tilgreindur í erlendum myntum er litið á slíkt lán sem erlent lán. Sama gildir ef lán hefur verið greitt út í erlendum myntum eða ef það endurgreiðist samkvæmt samningi í erlendum myntum. Slíka lánssamninga geta bæði fyrirtæki og einstaklingar gert en eiginleg gengistryggð lán er neytendum óheimilt að taka.

Með vísun til annarra aðila í atvinnurekstri er átt við aðila, félag eða einstakling sem selur vöru, þjónustu eða réttindi í hagnaðarskyni fyrir eigin reikning og á eigin ábyrgð enda sé umfang starfseminnar ekki óverulegt eða um skammvinna starfsemi að ræða.

Um 2. gr.

Lagt er til að í stað núgildandi 18. gr. laganna komi ný grein þar sem tekið er mið af þeim fordæmum sem fyrir liggja um inntak greinarinnar og þeim þörfum sem skapast hafa í framhaldi af dómum Hæstaréttar frá 16. júní 2010 og 16. september 2010.

Í 1. mgr. er lögð til skýrari regla um tengsl verðtryggingar og vaxtaákvæða, þ.e. að sú staðreynd verði endurspegluð í lögunum að órjúfanleg tengsl eru á milli ákvæða um verðtryggingu og samninga um vexti af fjárskuldbindingum. Af því leiðir að ef annaðhvort ákvæði samninga um vexti eða eða verðtryggingu (eða hvorutveggja) eru ógildanleg á grundvelli laganna verði að koma til heildarendurskoðunar í samræmi við ákvæðin í 4. gr. laganna, þ.e. að litið er þá aðstöðu eins og ekki hafi verið samið um tiltekna vexti eða verðtryggingu. Er þessi regla í fullu samræmi við þá niðurstöðu sem komist var að í dómi Hæstaréttar frá 16. september 2010. Þykir hér eftir rétt að sú regla sé skýrð í lögum og öllum ljós.

Í 2. mgr. er kveðið á um að þar sem lán hafi verið veitt til lengri tíma en fimm ára skuli litið svo á að endurskoðaðir vexti og verðtrygging miðist við vísitölu neysluverðs og verðtryggingu. Ljóst er að meginþorri allra lána sem veitt eru til lengri tíma en fimm ára er á verðtryggðum kjörum og að hækkun eða lækkun þeirra lána miðast við almennar kostnaðarbreytingar í samfélaginu. Vextir af lánum sem tryggð eru með vísitölu eru því mun lægri en þar sem lánveitandi þarf að gera ráð fyrir verðbólgu og áhættu vegna verðbólgubreytinga. Greiðslubyrði af verðtryggðum lánum er talsvert lægri en af þeim lánum sem bera óverðtryggða vexti þar sem lántakinn fær í raun lánað fyrir vaxtahækkunum með hækkun höfuðstólsins.

Til eru fordæmi fyrir því að sett hafi verið lög sem ívilna skuldurum fasteignalána umfram skuldara annarra lána, enda viðurkennt að almenn lán til öflunar íbúðarhúsnæðis séu veigamikill þáttur í þjóðfélagsgerðinni og mikilvægt tæki til að búa almenningi viðunandi lífskjör. Hið opinbera hefur frá fornu fari látið þau mál sig miklu varða m.a. að alþýðu manna sé gert kleift að standa í skilum með slík lán þegar að kreppir í efnahagslífi. Í tengslum við þetta atriði má nefna lög um greiðslujöfnun fasteignalána til einstaklinga, nr. 63/1985. Þá má vísa til laga nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Einnig liggur fyrir að löggjafinn hefur í nokkrum tilvikum sett sérreglur sem gilda aðeins um veðlán, svo sem reglur um vaxtabætur sem bundnar eru við lán sem tekin eru vegna kaupa á eigin íbúðarhúsnæði. Framangreind atriði veita nokkuð sterka vísbendingu um það að svo-

kölluð veðlán njóti nokkurrar sérstöðu þegar kemur að lánum til einstaklinga, en að annars konar lán, sem ætluð eru til neyslu eða skammtímafjárfestinga, hafi ekki sömu stöðu með tilliti til almannaheillasjónarmiða og velferðar. Sérreglur um uppgjör á lánum vegna íbúðarhúsnæðis, en þá er átt við lán vegna eigin íbúðarhúsnæðis, virðast byggjast á þeim grunni að málaefnaleg rök standi að baki því að verja og vernda einstaklinga vegna lána sem þeir hafa tekið til að fjármagna eigin húsnæði. Verður ekki annað séð en að fjármálafyrirtækin byggi sjálf á því að rétt og eðlilegt sé að gera greinarmun á lánum á þessum grundvelli. Ekki er því tilefni til að draga aðra ályktun en þá að málefnaleg og hlutlæg rök standi til þess að mismuna einstaklingum við gildistöku laga um meðferð og uppgjör ólögmætra gengistryggðra lána, með þeim hætti að sérregla verði sett um uppgjör á veðlánum, enda væri markmið þeirrar lagasetningar að verja heimili einstaklinga og ekki væri gengið lengra í mismunun en nauðsyn krefði.

Í lögum má víða finna sérreglur um lán til einstaklinga eða neytenda, svo sem lög um neytendalán, nr. 121/1994, lög um greiðslujöfnun fasteignalána til einstaklinga, nr. 63/1985, lög um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, nr. 107/2009, X. kafli a í lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., um greiðsluaðlögun, sbr. lög nr. 24/2009. Þá er skattaleg meðferð á lánum er ólík, t.d. er réttur til vaxtabóta bundinn við einstaklinga. Að auki er vert að benda á það að allmörg fjármálafyrirtæki, sem sett hafa starfsreglur um uppgjör á skuldum, hafa sett mismunandi reglur um uppgjör skulda einstaklinga og fyrirtækja, einnig að þegar gert var samkomulag um notkun sjálfsskuldarábyrgða milli samtaka fjármálafyrirtækja, Neytendasamtakanna og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, fyrst á árinu 1998, var gildissvið samkomulagsins takmarkað við ábyrgðir einstaklinga og ábyrgðir vegna einstaklinga, þ.e. gerður var greinarmunur á lánum til einstaklinga og fyrirtækja. Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið má sjá að almennt virðist það vera viðurkennt, af hálfu löggjafans, stjórnvalda, sem og af hálfu fjármálafyrirtækjanna, að mismunandi sjónarmið gildi um meðferð og uppgjör á lánum til einstaklinga (neytenda) og fyrirtækja, og að hin mismunandi sjónarmið réttlæti ólíkar reglur um meðferð þessara lána. Lagasetning sem kveður á um mismunandi meðferð mála einstaklinga eða fyrirtækja er því ekki í andstöðu við þau jafnræðissjónarmið sem búa að baki ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þess verður að gæta að ganga ekki lengra í mismunun milli þessara tveggja hópa en nauðsynlegt er til þess að ná fram markmiðum lagasetningar. Með tilliti til jafnræðis og réttlætissjónarmiða er hér því lagt til að skuldurum veðlána, með ógildri gengistryggingu, standi til boða að greiða framvegis af lánum sínum sem þau væru verðtryggð. Ekki er þó ástæða til að hrófla við því uppgjöri sem fram þarf að fara vegna þess sem liðið er af lánstímanum og er því miðað við að verðtrygging komi til skjalanna eftir að uppgjöri er lokið vegna ólögmætra skilmála. Er því gengið eins skammt og unnt er við að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Í 3. mgr. er kveðið á um að vexti skv. 1. mgr. ákvæðisins skuli reikna frá stofndegi peningakröfu. Þó er aðilum heimilt að semja um annað, sbr. heimild í 3. gr. laganna.

Í 4. mgr. er lagt til að skuldara verði heimilt að greiða peningakröfur að fullu, án uppgreiðslugjalds, ef samningur um lán hefur haft að geyma ólögmæt ákvæði um vexti eða verðtryggingu. Aðstaðan er sú að skuldari hefur í upphafi gert lánssamning um ákveðin kjör og skilmála sem reynast hafa verið ólögmæt. Kjörin bauð í öllum þorra tilvika fjármálafyrirtæki og útbjó þau skjöl sem giltu um viðskiptin. Ef í ljós kemur að um ólögmæta skilmála var að ræða stendur skuldari frammi fyrir því að í gildi er samningur með vöxtum skv. 4. gr. vaxtalaga, en um þá vexti hefur hann í raun aldrei samið. Eðlilegt er að 4. gr. vextir

gildi um uppgjör þegar til fortíðar er litið en rétt þykir að í ljósi hinna brostnu forsendna eigi skuldari rétt á því að greiða lán sitt upp. Þá er lagt til að ekki verði lagt á uppgreiðslugjald velji skuldari þá leið. Rétt er að benda á í því sambandi að samkvæmt lögum um neytendalán, sbr. 16 gr. laga nr. 121/1994, er sá réttur fyrir hendi í vissum tilvikum.

Í 5. mgr. er kveðið á um þá aðferð sem leggja skal til grundvallar þegar gengið er til uppgjörs vegna krafna sem hafa haft að geyma ákvæði um ólögmæta vexti og verðtryggingu. Þykir nauðsynlegt, til að stuðla að skilvirkni og skýrri réttarstöðu um slík uppgjör, að kveða nánar á um meðferð innborgana, útreikning höfuðstóls og aðra uppgjörsþætti. Er gert ráð fyrir að upphaflegur höfuðstóll kröfu verði vaxtareiknaður miðað við þá vexti sem kveðið er á um í 4. gr. laganna til uppgjörsdags. Inn á höfuðstól og áfallna vexti verði á hverjum tíma ráðstafað þeim innborgunum sem skuldari greiddi, hvort sem er sem hluta af hinum reglulegu afborgunum eða í öðru samhengi. Kröfuhafa er óheimilt að reikna dráttarvexti á það sem vangreitt kann að vera enda er ljóst að í öllum þorra tilvika hefur ekki verið höfð uppi lögmæt greiðslukrafa og skuldari ekki haft forsendur til að reikna út afborganir og vexti miðað við það sem rétt er. Rétt þykir jafnframt á grundvelli sömu sjónarmiða að þar sem krafist hefur verið vanskilaálaga skuli greiðsla á þeim teljast innborgun á höfuðstól og vexti hinnar nýútreiknuðu skuldbindingar. Kröfuhafa er jafnframt óheimilt við uppgjör á grundvelli þessarar greinar að bæta við kröfuna liðum sem tengjast vanskilum, svo sem ítrekun og vanskila- og innheimtugjöldum.

Sem einfalt dæmi má hér taka að ef lán með ólögmætri gengistryggingu þar sem lán hefur verið tekið með upphaflegri fjárhæð, 1.000.000 kr., skuldari hefur greitt 60.000 kr. í afborgun og vexti og á uppgjörsdegi eru áfallnir vextir á höfuðstól 10.000 kr. að teknu tilliti til innborgana. Eftirstöðvar skuldarinnar á innborgunardegi verða þannig 950.000 kr. Í dæminu skiptir ekki máli hvort lánið hafi verið í skilum eða ekki og áfallnir dráttarvextir vegna vanskila sem og áfallinn kostnaður vegna vanskila skiptir ekki heldur máli og leggst ekki við höfuðstól. Hins vegar dragast allar greiðslur skuldara vegna vanskila frá við uppgjör, svo sem greiðslur vegna innheimtuviðvörunar, milliinnheimtu og lögfræðikostnaðar:

Höfuðstóll í upphafi	1.000.000 kr.
Innborgun þremur mánuðum síðar	(60.000 kr.)
Áfallnir vextir skv. 4. gr.	10.000 kr.
Nýr höfuðstóll	950.000 kr.

Ef ekki hefði verið greitt frekar af þessu láni ætti síðan að reikna vexti skv. 4. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga, til uppgjörsdags. Ekki væri heimilt að krefjast vanskilavaxta né annarra vanskilaálaga. Ef kröfuhafi skuldar skuldara vegna þess að innborganir duga til að gera upp eftirstöðvar lánsins ber að greiða þá fjárhæð út en ella lækkar höfuðstóll og dreifast afborganir á honum miðað við upphaflega greiðsluskilmála láns eða það sem hefur verið ákvarðað síðar á annan hátt, t.d. með skilmálabreytingum eða einhliða ívilnunum lánveitenda sem skuldarar hafa ekki hafnað.

Gert er ráð fyrir sérreglu varðandi uppgjör og endurgreiðslur til lögaðila. Fyrirtæki eiga oft langa viðskiptasögu að baki hjá viðkomandi fjármálafyrirtækjum. Með því að nýta sér möguleika á gengistryggðum lánum gátu þau lækkað vaxtakostnað sinn umtalsvert. Til að byrja með högnuðust þau verulega á þessum lánum miðað við þau kjör sem þeim stóðu til boða á lánum í íslenskum krónum. Við uppgjör er sanngjarnt og eðlilegt að líta til heildarviðskipta, en taka ekki einungis til uppgjörs þau lán sem voru óhagstæð fyrir fyrirtækin.

Ákvæðið miðar að því að takmarka óeðlilegan ávinning fyrirtækjanna af ólöglegum gengistryggðum lánum og draga hann frá endurgreiðslum af sambærilegum lánum sem urðu óhagstæð miðað við íslensk krónulán þegar gengi krónunnar féll. Við mótun uppgjörsreglu hefur verið tekið mið af dómi Hæstaréttar frá 16. júní 2010 en þess ber þó að geta að málsaðilar virðast ekki hafa deilt um einstök atriði í útreikningum lánveitanda. Jafnframt verður hér stuðlað að einföldun og skilvirkni sem nauðsynleg er þegar gengið er til uppgjörs vegna lánssamninga með ólögmætum ákvæðum um vexti og verðtryggingu.

Í 7. mgr. er kveðið á skyldu lánveitanda til að láta í té skilríki fyrir fullnaðargreiðslu ef niðurstaða útreiknings skv. 5. mgr. leiðir til þess og hlutast að eigin frumkvæði til um að veðböndum verði aflétt þar sem það á við. Hér verður þó að hafa í huga að í sumum tilvikum er skuld skv. 5. mgr. tryggð með tryggingarbréfi, þ.e. veðbréfi sem setur veðtryggingu fyrir skuld sem stofnuð er áður eða skuld sem ráðgert er að stofnist síðar. Að baki tryggingarbréfum kunna því að hvíla fleiri skuldbindingar en sú sem er greidd upp skv. 5. mgr. Það ræðst af almennum reglum hvort fullnægt er skilyrðum þess að veðböndum samkvæmt tryggingarbréfi verði aflýst og hróflar regla 7. mgr., sem hér er lögð til, engu í þeim efnum. Auk þess getur komið til þess að nauðsynlegt sé að gefa út aðrar yfirlýsingar, svo sem sérstaka útreikninga og afturkalla færslur í vanskilaskrár. Þá er í málsgreininni kveðið á um gjalddaga þeirrar fjárhæðar sem inna þarf að hendi til skuldara sem greitt hefur hærri fjárhæð en sem nemur eftirstöðvum skuldar. Í bráðabirgðaákvæði með frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir sérstöku uppgjöri vegna ólögmætra gengistryggðra lána.

Í 8. mgr. er vikið að álitamálum sem varða uppgjör vegna lána þar sem skuldaraskipti hafa orðið. Skuldaraskipti hafa nánast undantekningarlaust átt sér stað í tengslum við eigendaskipti að veðsettum eignum. Í þeim tilvikum sem kaupandi eignar hefur yfirtekið skuld með ólögmætum skilmálum um verðtryggingu eða vexti er ljóst að fyrri skuldari getur hafa orðið fyrir tjóni sökum þess að gert er ráð fyrir að lán hafi verið hærri fjárhæðar en raun varð á. Í slíkum tilvikum er uppgjör flóknara en hin almenna regla 5. mgr. gerir ráð fyrir. Þarf því að lánveitandi að gera upp við hvern skuldara, bæði afborganaþátt og höfuðstólsbreytingar, sem miðar við það tímabil þegar viðkomandi var skuldari að láni. Þetta fyrirkomulag leiðir til þess að sá aðili fær uppgjör sem rétt á til þess, ef skuldari hefur t.d. yfirtekið lán, sem hefur innifalda ólögmæta gengistryggingu, getur ekki gert kröfu til endurgreiðslu eða lækkunar á höfuðstól nema hann hafi á sínum eignarhaldstíma ofgreitt afborganir eða höfuðstóll hækkað vegna gengisbreytinga. Gert verður upp við þann sem varð fyrir tjóni með því að greiðslutilhögun söluverðs hlutar tók mið af rangri lánsfjárhæð. Önnur tilhögun gæti leitt til þess að kaupandi eignar nyti hvorutveggja réttar til endurgreiðslu og í raun lægra kaupverðs. Miðar reglan sem hér er lögð til að því að leiðréttingar skili sér á réttan stað í anda sanngirni og heilbrigðra viðskiptahátta. Í ákvæðinu felst þó engin afstaða til mögulegra krafna milli viðkomandi aðila vegna viðskiptanna og hefur uppgjörsreglan engin áhrif á kröfur þeirra í milli.

Í 9. mgr. er kveðið á um að réttur til endurgreiðslu skuli vera í hendi þess sem innti greiðslu af hendi, svo sem vegna ábyrgðar á fjárskuldbindingu, og einnig að réttur til slíkrar endurgreiðslu skuli vera hjá þeim sem skuld var fullnustuð hjá við sölu á veði. Einungis kemur til greiðslu til ábyrgðarmanna eða þeirra sem hafa átt veð ef nettó endurgreiðslukrafa myndast vegna uppgjörs. Vegna innbyrðis réttarstöðu ábyrgðarmanna og þess sem lánað hefur veð andspænis skuldara er nauðsynlegt að lánveitandi greiði fyrst til annarra en skuldara. Viðkomandi þarf þó að sanna rétt sinn til greiðslu innan þeirra tímamarka sem frumvarpið gerir ráð fyrir að uppgjör skuli fara fram innan. Eðlilegt er að lánveitandi tilkynni

ábyrgðarmönnum um endurútreikning og uppgjör með sama hætti og skuldara, ella geta viðkomandi ekki gætt réttar síns. Komi upp ágreiningur á milli ábyrgðarmanna, eigenda veðs og skuldara skal greiðsla innt af hendi inn á geymslureikning, sbr. ákvæði 10. mgr. Ekki verður séð að greinin þarfnist nánari skýringar.

Í 10. mgr. er kveðið á um það hvernig skuli fara með ef ágreiningur um endurgreiðslu ríS innbyrðis á milli skuldara, í tilvikum þar sem fleiri en einn skuldari hefur verið að láni, eða ef ábyrgðarmenn eða eigendur veðs sem gengið hefur verið af hafa orðið fyrir tjóni vegna ábyrgðar sinnar. Deili skuldari við þessa aðila, eða ábyrgðarmenn innbyrðis, skal jafnframt greitt inn á geymslureikning þar sem uppgjörsfjárhæð bíður þess að þessir aðilar leysi deilu sína með samkomulagi eða dómi. Mikilvægt er að uppgjörsgreiðsla verði innt af hendi til þess aðila sem raunverulega varð fyrir tjóni og að komið verði í veg fyrir frekari þrætur eftir að greiðsla er innt af hendi eða deilur um það hvert fjármálafyrirtæki eigi að ráðstafa greiðslunum. Geymslugreiðsla er rökrétt úrræði ef svo stendur á en þá er uppgjörsfjárhæð ráðstafað á vaxtaberandi reikning þangað til ljóst verður hver er hinn rétti móttakandi fjárins.

Um 3. gr.

Með ákvæðum til bráðabirgða í 3. gr. frumvarpsins er verið að bregðast við því ástandi sem skapast hefur í kjölfar svokallaðra gengistryggingardóma í júní og september 2010. Ljóst er að þúsundir samninga eru í uppnámi og þörf er á skýrum línum varðandi uppgjör og úrvinnslu. Enn eru til meðferðar hjá dómstólum talsverður fjöldi mála sem varða álitamál um það hvaða form lánsskilmála teljist fela í sér ólögmæta gengistryggingu.

Í a-lið, sem verður bráðabirgðaákvæði X, er lagt til að þegar um húsnæðislán til neytenda er að ræða skuli ekki skipta máli með hvaða hætti hefur verið gengið frá gerð skjala eða peningamillifærslum í tengslum við viðskiptin. Í þessu sambandi má nefna að í sumum tilvikum voru húsnæðislán veitt í formi veðskuldabréfs þar sem sérstaklega er tilgreint hver skuldin er, þ.e. fjárhæð, skilmálar og þess háttar. Í öðrum tilvikum var um að ræða sérstakan lánssamning í tilefni húsnæðiskaupa, en sú skuld svo tryggð með veði í fasteigninni á grundvelli tryggingarbréfs (þ.e. veðbréfi sem setur veðtryggingu fyrir skuld sem stofnuð er áður eða skuld sem ráðgert er að stofnist síðar). Ákvæðinu er ætlað að ná til beggja þessara samningsforma. Aðalatriðið er að sjálfsögðu hvort viðkomandi lán fór til húsnæðiskaupa, þ.e. lán fari sannanlega til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Almennt ætti ekki að leika vafi á því hvort lán er veitt til húnsæðiskaupa. Ætla verður að almennt liggi fyrir gögn sem sýna fram á þetta, svo sem þinglýstir kaupsamningar um viðkomandi eign, peningamillifærslur milli seljanda og kaupanda o.s.frv. Þá er lagt til að húsnæðislán samkvæmt þessari grein verði afmörkuð í samræmi við skilyrði B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Hér er átt við hin efnislegu skilyrði sem fram koma í 1. mgr. B-liðar 68. gr. laganna, en þar er í tengslum við vaxtabætur vikið að lánum „sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003 og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð samkvæmt eldri lögum“. Skv. 2. mgr. B-liðar 68. gr. laganna er það skilyrði þess, að vaxtagjöld geti myndað rétt til vaxtabóta, að um sé að ræða fasteignaveðlán til a.m.k. tveggja ára eða lán við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára enda séu lánin sannanlega til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Í ákvæðinu er átt við hin efnislegu skilyrði þess að lán verði talið til húsnæðiskaupa, þannig að það ræður t.d. ekki úrslitum hvort skuld hafi ekki verið skráð í skattframtali, enda þótt það gæti verið til sönnunar um að lán hafi verið tekið til húsnæðiskaupa, eftir atvikum ásamt öðrum gögnum. Eins og að framan segir ætti sjaldnast að leika vafi á þessu. Ljóst er

að gengistryggð eða erlend lán til húsnæðiskaupa voru kynnt sem eina og sama þjónustan og almenningur hafði engin tök á að hlutast til um gerð lánsskilmála. Fjölmörg dæmi eru um að þeir sem fóru inn í bankana í nákvæmlega sömu erindagjörðum og fengu í raun alveg sömu skilmála eigi á hættu að vera flokkaðir annars vegar með gild erlend lán og hins vegar með ógilda gengistryggingu. Jafnframt er kveðið á um að þar sem veðlán hafa verið veitt til lengri tíma en fimm ára skuli litið svo á að endurskoðaðir vexti og verðtrygging miðist við vísitölu neysluverðs og verðtryggingu. Ljóst er að meginþorri allra húsnæðislána í landinu er á verðtryggðum kjörum og að hækkun eða lækkun þeirra lána miðast við almennar kostnaðarbreytingar í samfélaginu. Vextir af lánum sem tryggð eru með vísitölu eru því mun lægri þar sem lánveitandi þarf að gera grein ráð fyrir verðbólgu og áhættu vegna verðbólgubreytinga. Greiðslubyrði af verðtryggðum lánum er talsvert lægri en af þeim lánum sem bera óverðtryggða vexti þar sem skuldarinn fær í raun lánað fyrir vaxtahækkunum með hækkun höfuðstólsins. Jafnframt þykir rétt að svokölluð bílalán einstaklinga falli undir þá reglu sem hér er lögð til, hvort heldur sem um er að ræða lánssamning eða eignaleigusamning.

Sé um að ræða lánssamning vegna íbúðahúsnæðis til lengri tíma en fimm ára getur skuldari ef hann svo kýs átt kost á verðtryggðu láni miðað við lægstu vexti á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 10. gr. Að fimm árum liðnum er miðað við að lánveitenda sé heimilt að endurskoða vaxtakjör miðað við sambærilegar lánveitingar hans á þeim tíma. Á þessu fimm ára tímabili getur lántakandi greitt lánið upp án kostnaðar.

Ljóst er að ákvæði a-liðar kunna í einhverjum tilvikum að leiða til lakari réttarstöðu kröfuhafa. Þó er til þess að líta að í mörgum tilvikum hafa fjármálafyrirtæki boðið einstaklingum með gengistryggð lán að fá þau lækkuð verulega gegn endursamningum um aðra skilmála. Þá er ljóst að í mörgum tilvikum er gjörsamlega útilokað fyrir einstaklinga að greiða til baka þau gengistryggðu lán sem mest hafa hækkað. Vafasamt er því að tjón hljótist af því að lækka umrædda samninga til þess sem hér er lagt til.

Málefnaleg rök eru sem áður greinir fyrir því að jafna hlut þeirra einstaklinga sem tóku lán í nákvæmlega sama tilgangi og höfðu enga möguleika á því að verja sig né bregðast við þeirri gríðarlegu veikingu krónunnar sem um orðið hefur síðustu 2–3 ár. Er þar bæði um stórfellt almannaheillamál að ræða sem og veigamikil jafnræðisrök. Allt öðru máli gegnir um þá sem tóku lán í öðrum og fjölbreyttari tilgangi, sem og fjárfestingar- og rekstrarfyrirtæki. Ráðuneytið hefur jafnframt kynnt helstu fjármálafyrirtækjum landsins efni þessarar greinar.

Í b-lið, sem verður ákvæði til bráðabirgða XI, er kveðið á um sérstaka tímafresti til uppgjörs samkvæmt ákvæðum a-liðar, ákvæði til bráðabirgða X, og eftirlit með því uppgjöri. Mikilvægt er að gengið verði í að gera upp fortíðina og skipa málum til framtíðar sem fyrst þannig að heimilin í landinu geti gert áætlanir og vissa fáist um framtíðarskuldbindingar. Rétt þykir í ljósi neytendasjónarmiða að eftirlit verði haft með þeim uppgjörum sem fram fara á lánum sem falla undir ákvæði til bráðabirgða X, þ.e. húsnæðis- og bílalán einstaklinga.

Ákvæði c-liðar, sem verði ákvæði til bráðabirgða XII, miða að því að veita þeim skuldurum sem telja sér hag í því heimild til að semja við lánveitendur sína um að breyta lánum með gengistryggingu yfir í gild erlend lán. Heimildin er tímabundin og veitt í ljósi þess að þeir sem tóku gengistryggð lán áður en gengi krónunnar styrktist eftir miðjan fyrsta áratuginn, eða eftir að krónan tók að veikjast, geta talið sér hag í að halda sínum lánum með óbreyttum skilmálum, einkum í ljósi þeirra hagkvæmu vaxta sem gjarnan var samið um. Þykir eðlilegt að skuldarar hafi um þetta val og geti þannig breytt ólögmætum lánum sínum í gild erlend

lán. Fellur þá niður réttur til uppgjörs vegna ólögmætrar gengistryggingar samkvæmt eðli máls.

Í ákvæðum d-liðar, sem verði ákvæði til bráðabirgða XIII, er kveðið á um sérstakar endurupptökuheimildir þegar dómar og úrskurðir hafa gengið á grundvelli ógildanlegra samninga. Þykir rétt í ljósi hinna sérstöku aðstæðna að víkja frá þeim tímafrestum og ströngu skilyrðum sem almennt gilda um slíkar endurupptökuheimildir.

Í e-lið er kveðið á um hver fyrningarfrestur skuli vera vegna ólögmætrar verðtryggingar lánssamninga í formi gengistryggingar. Er lagt til að fyrningarfrestur verði reiknaður frá 16. júní 2010.

Í f-lið er lögð til sérstök uppgjörsregla um hvernig skuli fara með eftirstöðvar láns- eða kaupleigusamnings í þeim tilvikum þar sem lánveitandi leysir til sín eign samkvæmt samningi. Þrátt fyrir endurútreikning lánssamnings skv. 18. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða X, kann í einhverjum tilvika að koma til þess að lánveitandi leysi til sín eign samkvæmt láns- eða kaupleigusamningi. Í slíkum tilvikum kunna eftirstöðvar áhvílandi láns- eða kaupleigusamnings að vera hærri en söluverð eða matsverð bifreiðar, þrátt fyrir endurútreikning. Þykir eðlilegt í ljósi markmiðs að baki lagasetningu þessari að skuldari skuli eiga þess kost að greiða eftirstandandi skuld á þremur árum með þeim skilmálum sem þar er nánar kveðið á um. Lagt er til að eftirstöðvar beri vexti og verðtryggingu skv. 4. gr. laganna, auk þess sem fyrir hverja krónu sem skuldari greiðir af höfuðstól skuldarinnar skuli lánveitandi lækka skuldina um eina krónu (króna á móti krónu). Að þremur árum liðnum skulu eftirstöðvar felldar niður að fullu. Ákvæði þessi eiga hliðstæðu í framkvæmd Íbúðalánasjóðs á meðferð krafna sem glatað hafa veðtryggingu sem verið hafa við lýði frá árinu 2003. Sú framkvæmd hefur gefist afar vel og stuðlar að eðlilegu samhengi milli áhættu skuldara og kröfuhafa af lánveitingum.

Þá er talið mikilvægt að kveða á um að lánveitandi geti ekki leitað fullnustu eftirstöðva láns- eða kaupleigusamnings í íbúðarhúsnæði skuldara þar sem hann hefur skráð lögheimili og heldur sannanlega heimili.

Um II. og III. kafla frumvarpsins.

Með lögum nr. 107/2009 voru sett margvísleg ákvæði sem tryggja áttu skilvirka endurskipulagningu á skuldum einstaklinga og fyrirtækja. Þar var m.a. kveðið á um að laga skyldi skuldsetningu að greiðslugetu og veðrými eigna. Á grundvelli þessara laga gerðu stjórnvöld og fjármálastofnanir samkomulag um sértæka skuldaaðlögun á grundvelli laganna. Í skýrslu eftirlitsnefndar með framkvæmd laganna, sem birt var 5. október 2010, kom skýrt fram að framkvæmd laganna hefur ekki tekist sem skyldi og mun færri einstaklingar og fyrirtæki hafa fengið úrlausn sinna mála á grundvelli laganna en að var stefnt í upphafi. Í skýrslunni eru rakin fjölmörg atriði sem aflaga hafa farið, en meðal þeirra er að skort hefur á að fyrir hendi væru aðilar sem skorið gætu með einföldum hætti úr um ágreining um verðmat fyrirtækja og um úrlausn mála þegar ágreiningur hefur verið milli kröfuhafa. Er því í þessu frumvarpi lagt til að sett verði á fót úrskurðarnefnd sem skeri úr um ágreining, með svipuðum hætti og gerðardómur mundi gera. Vonast er til að þessi breyting auki traust á skuldaaðlögunarferlinu, flýti fyrir úrlausn mála og auki traust kröfuhafa sem ekki teljast til fjármálastofnana á sanngjarnri úrlausn ágreiningsmála.

Í III. kafla laganna er að finna ákvæði sem heimila efnahags- og viðskiptaráðherra að fela umboðsmanni skuldara að hafa eftirlit með útreikningum fjármálafyrirtækja samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XI í lögum um vexti og verðtryggingu. Þá er heimilt að fela umboðs-

manni að óska eftir upplýsingum um forsendur útreikninga og kveða á um úrbætur ef þörf krefur.

Um 4. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 4. gr. laganna er lýtur að greiðslu kostnaðar við nefndina og vegna skipunar starfsmanna sem starfa skuli fyrir nefndina.

Í a-lið er lagt til að ráðherra verði heimilað að skipa nefndinni starfsmenn sem starfa á ábyrgð og undir handleiðslu nefndarinnar. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna skal ráðherra leggja nefndinni til sérstakan starfsmann sem undirbýr fundi hennar og útvegar og vinnur upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir störf nefndarinnar. Tillagan byggist m.a. á tillögu eftirlitsnefndar um sértæka skuldaaðlögun sem fram kom í skýrslu nefndarinnar, en þar kemur fram það mat nefndarinnar að virkt eftirlit með fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja kalli á starf tveggja til þriggja sérfræðinga með sérþekkingu og þjálfun á sviði endurskoðunar.

Í b-lið er lagt til að 2. mgr. 4. gr. laganna er fjallar m.a. um kostnað við starf eftirlitsnefndarinnar verði felld úr gildi en í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að kostnaður af störfum eftirlitsnefndar verði framvegis borinn af lánastofnunum sem falla undir 4. gr. laga nr. 161/2002.

Um 5. gr.

Um a-lið (6. gr.).

Í a-lið 5. gr. er lagt til að sett verði upp sérstök úrskurðarnefnd sem geti úrskurðað um ágreining um niðurfærslu skulda fyrirtækis við sértæka skuldaaðlögun. Úrskurðarnefndin byggist á samkomulagi um úrvinnslu skuldamála fyrirtækja og átaki til að vinna á skuldavanda lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Aðilar að því samkomulagi eru öll helstu hagsmunasamtök atvinnulífsins, bankar og sparisjóðir, efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs. Samkvæmt samkomulaginu munu stjórnvöld jafnframt beita sér fyrir því að opinberar lánastofnanir, svo sem Byggðastofnun, taki þátt í úrvinnslu skuldamála fyrirtækja á grundvelli samkomulagsins.

Í 2. mgr. er lagt til að úrskurðarnefndin verði skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara, skal einn nefndarmaður vera tilefndur af Samtökum atvinnulífsins, einn án tilnefningar og einn af Hæstarétti sem verði formaður nefndarinnar. Þar sem úrskurðarnefndinni er ætlað hlutverk við úrlausn ágreinings er lýtur að skuldum fyrirtækja og niðurfærslu þeirra við sértæka skuldaaðlögun er lagt til að nefndarmenn skuli hafa sérþekkingu á sviði viðskipta, fjármála og kröfuréttar og jafnframt menntun sem nýtist á þessu sviði.

Í 3. mgr. er lagt til að nefndinni verði heimilt að leita sér utanaðkomandi aðstoðar frá endurskoðunar- eða ráðgjafarfyrirtækjum, en slík sérfræðiaðstoð getur verið nauðsynleg að afla vegna tiltekinna atriða.

Mikilvægt er að úrskurðarnefndin hafi aðgang að öllum gögnum og er því tekið fram í 4. mgr. að málsaðilar skuli láta nefndinni í té öll gögn. Jafnframt er kveðið á um að ákvæði 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki um þagnarskyldu skuli ekki koma í veg fyrir afhendingu upplýsinga. Aftur á móti er úrskurðarnefndin bundin þagnarskyldu um þau gögn og upplýsingar sem hún fær vitneskju um

Í 5. mgr. er lagt til að þeim aðila sem skýtur máli til úrskurðarnefndarinnar verði gert að greiða sérstakt gjald, málskotsgjald, sem ætlað er að taka mið af kostnaði við úrskurðarnefndina, svo sem við þóknun nefndarmanna, rekstur mála fyrir nefndinni starfsaðstöðu,

sérfræðiaðstoð og gagnaöflun. Þá er lagt til að sá aðili sem heldur fram málstað í máli fyrir úrskurðarnefndinni greiði málskostnað sem úrskurðarnefnd ákveður.

Að lokum er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er fjallað um úrskurðarnefndina og starfshætti hennar. Þá er ráðherra heimilt að setja reglur um verklag við úrlausn deilumála fyrir nefndinni, tekur það m.a. til þess hvernig skuli farið með einstaka þætti ágreinings, m.a. um verðmat. Þá er lagt til að ráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um málskotsgjald og kostnað lögaðila, skiptingu kostnaðar og aðra þætti er lúta að starfsumhverfi nefndarinnar. Ráðherra getur að lokum sett reglur um hvernig endurgreiðsla á kostnaði við nefndina verði skipt á fjármálafyrirtæki en til frádráttar þeim kostnaði kæmi að jafnaði málsskotsgjald sem greidd hafa verið.

Um b-lið (7. gr.).

Í b-lið 5. gr. er lagt til að kostnaður við rekstur eftirlitsnefndar um sértæka skuldaaðlögun skv. 4. gr. laganna og úrskurðarnefndar skv. 10. gr. laganna verði borinn af lánastofnunum skv. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Í greininni er lagt til að kostnaðurinn verði greiddur úr ríkissjóði en endurgreiddur af lánastofnunum. Við uppgjör verða gjöld sem greidd eru við málskot til nefndarinnar dregin frá þeim kostnaði sem lánastofnanir eru endurkrafðar um. Þá er lagt til að ráðherra setji nánari reglur um endurgreiðslu kostnaðar samkvæmt þessari grein.

Um 6. gr.

Lagt er til að bætt verði nýju ákvæði til bráðabirgða við lög um umboðsmann skuldara en sambærilegt ákvæði er í nýju ákvæði til bráðabirgða XI sem bæta á við lög um vexti og verðtryggingu og lýtur að tímabundinni heimild til að fela umboðsmanni skuldara að hafa eftirlit með útreikningum fjármálafyrirtækja gagnvart neytendum samkvæmt nýju ákvæði til bráðabirgða X í lögum um vexti og verðtryggingu. Þá er heimilt að fela umboðsmanni skuldara að óska eftir upplýsingum um forsendur útreikninga og kveða á um úrbætur ef þörf krefur. Um frekari skýringar er vísað til athugasemdar við 3. gr. frumvarpsins um nýtt ákvæði til bráðabirgða, XI sem bæta á við lög um vexti og verðtryggingu.

Um 7. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi og þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara.

Markmið frumvarpsins er fyrst og fremst að draga úr þeirri óvissu sem ríkir um uppgjör á þeim lánum sem hafa að geyma óskuldbindandi ákvæði um gengistryggingu. Auk þess er leitast við að tryggja að sambærileg mál fái sambærilega niðurstöðu og því til viðbótar að tryggja réttaröryggi við uppgjör lána með óskuldbindandi gengisviðmiðum. Með frumvarp-

inu er verið að bregðast við og gera nauðsynlegar lagabreytingar í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar Íslands um að það stríði gegn ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Ef svo hafi verið gert skuli færa höfuðstól krafna í upphaflegt horf án tillits til gengisbindingar. Þá hefur Hæstiréttur einnig úrskurðað að við endurreikning skuldar skuli reiknast vextir sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum lánum.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að aðilum í atvinnurekstri verði heimilað að taka gengistryggð lán að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í öðru lagi eru tekin af öll tvímæli um að ef samið hefur verið um ólögmæta vexti eða verðtryggingu skuli hvort tveggja koma til endurskoðunar. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að heimilt verði án álags eða vanefndaafleiðinga að greiða upp skuld samkvæmt lánssamningum með ólögmætum vaxta- eða verðtryggingarákvæðum. Í fjórða lagi er sett fram uppgjörsregla sem á við ef skuldari hefur greitt af skuld með ólögmætum vaxta- og verðtryggingarákvæðum. Í fimmta lagi er lögð til sérstök regla sem varðar uppgjör lánssamninga þar sem fleiri en einn skuldari hefur verið að láni með ólögmætum vaxta- eða verðtryggingarákvæðum. Í sjötta lagi er kveðið á um að ábyrgðarmenn eigi rétt til uppgjörs hafi þeir greitt kröfur með ólögmætum vaxta- og verðtryggingarákvæðum. Í sjöunda lagi er lögð til regla um úrlausn ágreiningsmála ef áhöld eru um hver eigi rétt til endurgreiðslu eða uppgjörs.

Í bráðabirgðaákvæðum frumvarpsins er brugðist við með ýmsum hætti við því ástandi sem skapaðist í kjölfar dóma Hæstaréttar um gengistryggð lán í júní og september 2010. Þar er m.a. kveðið á um að í tilfelli fasteignaveðlána einstaklinga og bílalána gildi sérstök regla sem feli það í sér að öll slík lán sem hafa að geyma gengistryggingu verði talin í sama flokki óháð því hvernig gengið hefur verið frá skjölum eða millifærslum fjármuna í hverju tilviki. Í frumvarpinu kemur m.a. fram að fjölmörg dæmi séu um að þeir sem fóru inn í bankana í nákvæmlega sömu erindagjörðum og fengu í raun alveg sömu skilmála eigi á hættu að vera flokkaðir annars vegar með gild erlend lán og hins vegar með ógilda gengistryggingu. Er því í frumvarpinu gert ráð fyrir að í flokk ógildra gengistryggðra lána verði jafnframt felld lán sem hugsanlega gætu talist gild erlend lán. Ljóst er að þetta ákvæði kann í einhverjum tilvikum að leiða til lakari réttarstöðu kröfuhafa. Um þetta atriði kann því að ríkja nokkur óvissa og þá sérstaklega hvort af þessu kunni að hljótast skaðabótaskylda á hendur ríkissjóði.

Fjármálaeftirlitið gerir ráð fyrir að vænt tap lánastofnana vegna gengistryggðra bíla- og íbúðalána geti orðið allt að 108 milljarðar kr. og þar af eru 50 milljarðar kr. vegna einstaklinga og 58 milljarðar kr. vegna fyrirtækja. Áhrif þessa kostnaðar á einstakar lánastofnanir sem ríkissjóður á eignarhlut í yrði, ef einhver væri, fyrst og fremst gagnvart viðskiptabönkunum þremur og þá helst Landsbanka Íslands en eignarhlutur ríkissjóðs í honum er ríflega 80%. Í frumvarpinu kemur fram, varðandi áhrif á eiginfjárhlutfall stóru viðskiptabankanna þriggja, að þeir hafi allir verið með CAD-hlutfall yfir 16% miðað við uppgjör í lok júní 2010 og að meðtöldum áhrifum mögulegra gjaldeyrisskiptasamninga við Seðlabanka Íslands á áhættugrunn bankanna. Því ætti fjármálalegum stöðugleika ekki að vera ógnað vegna áhrifa af dómum Hæstaréttar vegna gjaldeyrislána. Varðandi Íbúðalánasjóð þá er ekki gert ráð fyrir að eitthvað af þessum kostnaði falli á hann þar sem sjóðurinn hefur ekki boðið upp á slík gengistryggð lán. Að svo stöddu er hins vegar ekki hægt að segja til um það hvort eða þá að hve miklu leyti þörf sé á að ríkissjóður leggi fram viðbótarframlög til eiginfjáraukningar bankanna vegna þess kostnaðar sem kann að hljótast af ólögmæti gengistryggingarinnar.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á 4. gr. laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, í þá veru að efnahags- og viðskiptaráðherra verði heimilt að skipa eftirlitsnefndinni, sem tilgreind er í 4. gr. laganna, starfsmenn sem starfa á ábyrgð og undir handleiðslu nefndarinnar. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið gerir ráð fyrir að kostnaður við störf þessarar nefndar verði samtals 45 m.kr. á árinu 2011 en í fjárlagafrumvarpi fyrir það ár er gert ráð fyrir 4 m.kr. framlagi til nefndarinnar. Skiptist kostnaðurinn þannig að reiknað er með 10 m.kr. launakostnaði vegna þriggja nefndarmanna, 30 m.kr. kostnaði vegna þriggja endurskoðenda, 5 m.kr. kostnaði fyrir hálft stöðugildi sérfræðings og þá er gert ráð fyrir að kostnaður vegna starfsaðstöðu og aðfanga verði um 5 m.kr.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að sett verði á laggirnar úrskurðarnefnd sem geti úrskurðað um ágreining um niðurfærslu skulda fyrirtækis við sértæka skuldaaðlögun en gert er ráð fyrir að nefndina skipi þrír einstaklingar. Lagt er til að þeim aðila sem skýtur máli til úrskurðarnefndarinnar verði gert að greiða sérstakt gjald, málskotsgjald, sem renni í ríkissjóð. Er gjaldinu ætlað að taka mið af kostnaði við úrskurðarnefndina, svo sem vegna þóknunar nefndarmanna, reksturs mála fyrir nefndinni, starfsaðstöðu, sérfræðiaðstoðar og gagnaöflunar en gert er ráð fyrir að um 100 mál fari til nefndarinnar á ári. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið áætlar að kostnaður við störf nefndarinnar verði samtals 20 m.kr. en eins og fyrr segir er tekjum af málskotsgjaldinu ætlað að standa undir þeim kostnaði. Skiptist kostnaðurinn þannig að reiknað er með 10 m.kr. launkostnaði þriggja nefndarmanna, 7 m.kr. tímabundnum kostnaði vegna starfsmanns nefndarinnar og 3 m.kr. kostnaði vegna starfsaðstöðu og aðfanga. Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að kostnaður við rekstur eftirlitsnefndar og úrskurðarnefndar skuli greiðast úr ríkissjóði en jafnframt er lagt til að lánastofnanir skuli endurgreiða ríkissjóði þann kostnað eftir reglum sem efnahags- og viðskiptaráðherra setur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að efnahags- og viðskiptaráðherra verði heimilt að fela umboðsmanni skuldara að hafa eftirlit með útreikningum fjármálafyrirtækja á nýjum höfuðstól. Reiknað er með að kostnaður vegna þessa verði óverulegur og muni rúmast innan fjárheimilda embættis umboðsmanns skuldara.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs kunni að aukast um 61 m.kr. á árinu 2011 samkvæmt áætlunum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins um kostnað við rekstur eftirlitsnefndar og úrskurðarnefndar en þar af eru 7 m.kr. tímabundinn kostnaður. Hins vegar má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af málskotsgjaldi verði um 20 m.kr. en gert er ráð fyrir að tekjurnar standi að öllu leyti undir kostnaði við rekstur úrskurðarnefndar. Gert er ráð fyrir að lánastofnanir muni endurgreiða ríkissjóði þann kostnað sem hlýst af rekstri nefndanna eftir reglum sem ráðherra setur en til frádráttar þeim kostnaði kæmi að jafnaði málskotsgjald sem greitt hefur verið. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011 er hvorki gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum né auknu tekjum en þar er settur bindandi útgjaldarammi á nafnvirði fyrir ríkið í heild á árinu 2011.

Ekki verður séð að útgjöld A-hluta ríkissjóðs muni aukast með beinum hætti vegna þeirrar höfuðstólsleiðréttingar gengistryggðra lána sem frumvarpið felur í sér þar sem sá kostnaður sem kann að hljótast af þeim endurreikningi mun greiðast af fjármálastofnunum. Þá liggur ekkert fyrir um það hvort eða þá að hve miklu leyti þörf sé á að ríkissjóður leggi bönkunum til aukið eigið fé í tengslum við þetta frumvarp og einnig hefur komið fram sú skoðun að óvissa geti verið fyrir hendi um það hvort lögfesting þess muni kalla á skaðabótaskyldu á hendur ríkissjóði. Að frátöldum þessum óvissuþáttum má gera ráð fyrir að frumvarpið muni ekki hafa teljandi áhrif á afkomu A-hluta ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

226. Fyrirspurn [207. mál]

til iðnaðarráðherra um menningar- og heilsutengda ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Ragnheiði Ríkharðsdóttur.

Telur ráðherra að breyta megi reglum um úthlutun styrkja til menningartengdrar og heilsutengdrar ferðaþjónustu svo að sveitarfélög og einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu hafi færi á að sækja um styrki til slíkrar starfsemi?

227. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

3. tölul. 4. gr. laganna orðast svo: Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir 1.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili frá því að starfsemi hefst.

2. gr.

Á eftir 5. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, 6. mgr., svohljóðandi:

Ríkisskattstjóra er heimilt að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá liggi fyrir að opinber gjöld hans séu áætluð á einhverju ári af næstliðnum þremur tekjuárum á undan því ári sem sótt er um skráningu á virðisaukaskattsskrá.

3. gr.

Í stað orðsins „vélknúinna“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: skráningarskyldra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „sérfræðiþjónusta“ í c-lið kemur: sem og gagnavinnsla og upplýsingamiðlun.
b. D-liður orðast svo: rafrænt afhent þjónusta; þjónusta þessi telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð.

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „sbr. 26. gr.“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: sbr. 25. gr.

6. gr.

Við 1. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skilyrði innskattsfrádráttar er að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. Í stað „1.400.000 kr.“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: 3.000.000 kr.
b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Virðisaukaskattsskýrslu skal skila rafrænt til ríkisskattstjóra á því formi sem hann ákveður. Ríkisskattstjóri getur veitt heimild til eins árs í senn til þess að skila virðisaukaskattsskýrslu á pappír ef gildar ástæður eru fyrir hendi og metur hann í hverju tilviki fyrir sig hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 25. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „fimmtán daga“ í 1. og 3. málsl. kemur: tuttugu og eins dags.
b. Á eftir 2. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Með skattákvörðun í þessu sambandi er ekki átt við áætlanir á grundvelli 2. málsl. 2. mgr. þessarar greinar og 1. og 2. mgr. 26. gr.

9. gr.

Á eftir 27. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 27. gr. A og 27. gr. B, svohljóðandi:

a. (27. gr. A.)

Hafi skattaðili sætt áætlun virðisaukaskatts skv. 25. eða 26. gr. samfellt í tvö ár eða lengur er ríkisskattstjóra heimilt að fella hann af virðisaukaskattsskrá.

Skattaðili sem hefur verið felldur af virðisaukaskattsskrá skv. 1. mgr. getur ekki skráð sig aftur nema hann hafi gert fullnægjandi skil á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti. Í stað fullnægjandi skila á virðisaukaskatti getur ríkisskattstjóri heimilað skattaðila að leggja fram tryggingu í formi skilyrðislausrar sjálfskuldarábyrgðar banka fyrir endurákvörðuðum virðisaukaskatti skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar, að viðbættu álagi, vöxtum og öðrum innheimtukostnaði.

Skattaðili sem hefur verið skráður að nýju á virðisaukaskattsskrá skv. 2. mgr. skal nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil í að minnsta kosti tvö ár frá og með því tímabili sem skráning á sér stað að nýju og skal gjalddagi vera 15 dögum eftir að uppgjörstímabili lýkur. Hafi skattaðili gert fullnægjandi skil á þessu tímabili skal hann að því loknu standa skil á virðisaukaskatti samkvæmt almennum reglum 24. gr.

Ákvæði 3. mgr. gilda einnig um nýskráningu á virðisaukaskattsskrá skv. 5. gr. og endurskráningu skv. 2. mgr. þessarar greinar ef skattaðili sjálfur, eigandi, framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður, sé um félag að ræða, hefur orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá.

Fjármálaráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessarar greinar.

b. (27. gr. B.)

Berist virðisaukaskattsskýrsla eftir að skattaðili hefur sætt áætlun skal ríkisskattstjóri leggja á hann gjald að fjárhæð 5.000 kr. fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem hefur ekki verið skilað á réttum tíma skv. 2. mgr. 24. gr.

Fella má niður gjald skv. 1. mgr. ef skattaðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og metur ríkisskattstjóri það í hverju tilviki hvað skuli telja gildar ástæður í þessu sambandi.

Innheimtumaður ríkissjóðs annast innheimtu gjaldsins sem rennur í ríkissjóð.

10. gr.

Í stað orðanna „rannsóknarlögreglustjóra ríkisins“ í 7. mgr. 41. gr. laganna kemur: ríkislögreglustjóra.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „14 dögum“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: 30 dögum.
b. Á eftir 4. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Endurgreiðsla til byggingaraðila sem byggir íbúðarhúsnæði til sölu eða leigu og er skattskyldur skv. 2. mgr. 3. gr. má því aðeins fara fram að hann hafi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslu fyrir sama tímabil og endurgreiðslubeiðni hans tekur til og skal endurgreiðslu samkvæmt þessum málslið skuldajafna á móti álögðum virðisaukaskatti sama tímabils.
c. 4. mgr. fellur brott.

12. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2010“ í ákvæði til bráðabirgða X í lögunum kemur: 31. desember 2011.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XV í lögunum:

a. Í stað tilvísunarinnar „1. mgr. 42. gr.“ tvívegis í 1. mgr. kemur: 2. mgr. 42. gr.
b. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2011“ í 1. og 2. mgr. kemur: 1. janúar 2012.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Tilefni lagasetningar.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um virðisaukaskatt en í nokkurn tíma hefur legið fyrir að endurskoða þyrfti lögin til að styrkja framkvæmd þeirra. Örar breytingar hafa átt sér stað á öllum sviðum efnahagslífsins, ekki síst á sviði rafrænnar sölu á vöru og þjónustu, þar sem landamæri, sem áður fyrr þóttu nokkuð ljós, eru ekki lengur til staðar. Þessi þróun hefur aukið á þörf fyrir aðlögun ýmissa skattalaga, ekki síst virðisaukaskattslaganna, í takt við nýjar söluaðferðir og aukin viðskipti milli landa. Þetta á bæði við um skilgreiningar og efnistúlkun einstakra ákvæða í lögunum og ekki síður alla skattframkvæmd, þ.e. skatteftirlit og skattrannsóknir. Vinna við endurskoðun laganna er þegar hafin og má líta á þær breytingar sem er að finna í þessu frumvarpi sem fyrsta áfanga í þeirri vinnu.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á lögunum til að skilgreina hvað telst vera útflutningur á rafrænt afhentri þjónustu og teljist þar með ekki til skattskyldrar veltu. Sem fyrr segir hefur á síðustu árum veruleg þróun átt sér stað á sviði rafrænna viðskipta og rafrænnar þjónustusölu og ný áður óþekkt vandamál komið í ljós vegna sölu á veraldarvefnum sem nauðsynlegt er að bregðast við. Vankantar á ákvæði núgildandi laga að þessu leyti hafa í einhverjum tilvikum leitt til tvískattlagningar eða jafnvel engrar skattlagningar á vissum sviðum rafrænnar þjónustusölu. Með breytingunni verður tryggt að tiltekin rafrænt afhent þjónusta muni ekki teljast til skattskyldrar veltu þegar þjónustan er keypt af erlendum aðila sem ekki stund-

ar starfsemi hér á landi og jafnframt verður tryggt að kaup á sömu þjónustu verði virðisaukaskattsskyld hér á landi þegar hún er nýtt hérlendis. Breytingar þessar gera meðal annars kleift að afmarka betur hvað telst til afhendingar á rafrænni þjónustu hjá gagnaverum hér á landi.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að gerðar verði breytingar í þá átt að bæta skil og eftirlit með greiðslu virðisaukaskatts. Áætluðum aðilum á virðisaukaskattsskrá hefur fjölgað verulega á síðustu árum og hafa úrræði ríkisskattstjóra til að bregðast við því verið afar takmörkuð. Við því er reynt að bregðast í þessu frumvarpi. Um það bil 32 þúsund aðilar eru á grunnskrá virðisaukaskattsskrár og sæta um 20% þeirra áætlun við frumálagningu. Nokkur hluti þeirra skilar þó skýrslu síðar en oft án greiðslu. Þær breytingar sem hér eru lagðar til stuðla því að skilvirkara skatteftirliti og koma í veg fyrir að aðilar sæti ítrekað áætlunum. Meðal annars er lagt til að ríkisskattstjóri geti synjað aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá hafi opinber gjöld hans verið áætluð á einhverju ári af næstliðnum þremur tekjuárum á undan því ári sem sótt er um skráningu. Þá er lagt er til að sá aðili sem skráður er að nýju á virðisaukaskattsskrá eftir að hafa staðið skil á virðisaukaskattinum skuli nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil í að minnsta kosti tvö ár auk ýmissa fleiri tillagna í frumvarpinu.

II. Meginefni frumvarpsins.

Rafræn þjónustusala. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á lögunum til að skilgreina hvað telst vera útflutningur á rafrænt afhentri þjónustu og teljist þar með ekki til skattskyldrar veltu. Ákvæði d-liðar 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna hefur þótt of óljóst orðað og ýmis rafrænt afhent þjónusta hefur ekki verið talin falla undir ákvæðið samkvæmt túlkun á því. Á síðustu árum hefur veruleg þróun átt sér stað á sviði rafrænna viðskipta og rafrænnar þjónustusölu og ný áður óþekkt vandamál komið í ljós vegna sölu á veraldarvefnum sem nauðsynlegt er að bregðast við. Mikil þróun hefur m.a. átt sér stað í lagaumhverfi Evrópusambandsins á sviði virðisaukaskatts af þessum sökum til þess að stuðla að bættum viðskiptaháttum og styrkari skattframkvæmd í rafrænum viðskiptum. Rafræn viðskipti eru að jafnaði aðgreind annars vegar í bein rafræn viðskipti og hins vegar í óbein rafræn viðskipti. Um óbein rafræn viðskipti er að ræða þegar veraldarvefurinn er eingöngu notaður til þess að ljúka samningi aðila en um bein rafræn viðskipti er aftur á móti að ræða þegar öllum samningsskuldbindingum aðila er lokið með rafrænum hætti. Með vísan til þessa ber að leggja áherslu á að hugtakið rafrænt afhent þjónusta í frumvarpi þessu felur eingöngu í sér bein rafræn viðskipti þar sem öllum samningsskuldbindingum aðila er lokið með rafrænum hætti. Vegna örra tækniframfara á sviði rafrænnar þjónustusölu eru ýmsir vankantar á ákvæðum núgildandi laga sem hefur leitt til tvískattlagningar eða engrar skattlagningar á vissum sviðum rafrænnar þjónustusölu. Með breytingu ákvæðisins verður tryggt að tiltekin rafrænt afhent þjónusta muni ekki teljast til skattskyldrar veltu og jafnframt verður tryggt að kaup á sömu þjónustu verði virðisaukaskattsskyld hér á landi. Breyting þessi gerir einnig betur kleift að afmarka það hvað teljist til afhendingar á rafrænni þjónustu hjá gagnaverum hér á landi en það álitamál hefur verið til umræðu á síðustu missirum.

Eftirlit vegna áætlana á virðisaukaskatti. Í öðru lagi er lagt til að gerðar verði breytingar í þá átt að bæta skil og eftirlit með greiðslu virðisaukaskatts. Áætluðum aðilum á virðisaukaskattsskrá, þ.e. þeim aðilum sem ekki skila virðisaukaskattsskýrslu á réttum tíma, hefur fjölgað verulega á síðustu árum og hafa úrræði ríkisskattstjóra til að bregðast við því verið afar takmörkuð. Áætlaðir aðilar hafa jafnvel verið árum saman á virðisaukaskattsskránni án þess að standa skil á virðisaukaskattinum í ríkissjóð. Ríkissjóður hefur því orðið af háum

fjárhæðum vegna þessara skattaðila. Um það bil 32 þúsund aðilar eru á virðisaukaskattsskrá og sæta um 20% þeirra áætlun við frumálagningu. Nokkur hluti þeirra skilar þó skýrslu síðar en oft án greiðslu. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2007 kemur fram að um 1.800 lögaðilar og 1.500 einstaklingar hafa verið áætlaðir samfellt í fjögur ár. Í skýrslu starfshóps ríkisskattstjóra sem gerði skýrslu um áætlanir í virðisaukaskatti á árinu 2008 var talið að um 1.500 aðilar skili aldrei lögboðnum gögnum eða gjöldum. Mikill tími skattyfirvalda og innheimtuaðila fer í umsýslu vegna áætlaðra aðila og er sú vinna meðal annars fólgin í því að ákvarða og tilkynna um áætlun, taka á móti innsendum skýrslum, yfirfara þær, fella niður áætlanir og skrá skýrslurnar. Augljóst er mikilvægi þess að virðisaukaskattsskráin gefi sem gleggsta mynd af þeim aðilum sem stunda rekstur og standa skil á skattinum og að upplýsingar úr skránni séu áreiðanlegar. Þær breytingar sem hér eru lagðar til stuðla því að betra skatteftirliti og koma í veg fyrir að aðilar sæti ítrekað áætlunum. Samkvæmt núgildandi lögum getur ríkisskattstjóri ekki neitað rekstraraðilum um færslu innskatts á grundvelli reikninga frá aðilum sem hafa verið afskráðir af virðisaukaskattsskrá en gefa engu síður út reikninga sem eru í samræmi við formákvæði laganna. Af þessum sökum hefur ríkissjóður orðið fyrir tapi bæði vegna þess að virðisaukaskattur á grundvelli reikningsins er ekki greiddur í ríkissjóð og rekstraraðilinn fær virðisaukaskattinn greiddan í formi innskatts. Verði komið í veg fyrir þetta hvetur það kaupendur vöru og þjónustu til þess að eiga eingöngu viðskipti við þá aðila sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá.

Þannig er lagt til að ríkisskattstjóri geti synjað aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá hafi opinber gjöld hans verið áætluð á einhverju ári af næstliðnum þremur tekjuárum á undan því ári sem sótt er um skráningu. Þá er sett það skilyrði að til að unnt sé að nýta innskatt til frádráttar við virðisaukaskattsskil skuli seljandi vörunnar vera skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskiptin eiga sér stað. Hafi skattaðili sætt áætlun virðisaukaskatts samfellt í tvö ár eða lengur er lagt til að ríkisskattstjóra verði heimilt að fella hann af virðisaukaskattsskrá. Eingöngu verður heimilt að skrá aðila á virðisaukaskattsskrá á ný ef hann stendur skil á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti fyrir þau tímabil sem áætlun tekur til. Í stað fullnægjandi skila á virðisaukaskatti getur ríkisskattstjóri þó heimilað skattaðila að leggja fram tryggingu fyrir endurákvörðuðum virðisaukaskatti. Enn fremur er lagt til að sá aðili sem skráður er að nýju á virðisaukaskattsskrá eftir að hafa staðið skil á virðisaukaskattinum skuli nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil í að minnsta kosti tvö ár. Geri hann fullnægjandi skil á þessu tímabili skal hann eftir það gera upp virðisaukaskatt samkvæmt almennum reglum þar um. Þá er lagt til að þeir aðilar sem skila ekki virðisaukaskattsskýrslum á réttum tíma og sæta áætlun vegna þess greiði gjald vegna þess óhagræðis og kostnaðar sem af slíkum vanskilum leiðir. Jafnframt er lagt til að skylt sé að skila virðisaukaskattsskýrslum rafrænt til ríkisskattstjóra þar sem netsamband og netnotkun er orðin almenn og þeim fækkar óðum sem skila skattframtölum á pappír. Að lokum er lagt til að endurgreiðsla virðisaukaskatts til byggingaraðila sem skattskyldir eru skv. 2. mgr. 3. gr. laganna sé því aðeins heimil að þeir hafi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslu fyrir sama tímabil og endurgreiðslubeiðni þeirra tekur til.

Fjárhæðarmörk, frestir og skilgreiningar. Í þriðja lagi eru gerðar nokkrar breytingar á fjárhæðarmörkum og skilgreiningum. Þannig er lagt til að fjárhæðarmörk þeirra sem undanþegnir eru skattskyldri veltu hækki úr 500.000 kr. í 1.000.000 kr. og að heimild til að miða við lengra uppgjörstímabil verði 3.000.000 kr. í stað 1.400.000 kr. Þá er lagt til að miðað verði við skráningarskyld ökutæki í stað vélknúinna vegna sölu á notuðum ökutækjum. Enn fremur er lagt til að frestur til endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt innsendri virðis-

aukaskattsskýrslu verði lengdur úr fimmtán dögum í tuttugu og einn dag og að endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald skuli fara fram eigi síðar en 30 dögum í stað 14 dögum eftir að ríkisskattstjóra barst erindið. Þá er hugtakið skattákvörðun skilgreint betur.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna veitna. Í fjórða lagi er lagt til að endurgreiðsla virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns verði felld niður. Ljóst hefur verið í nokkurn tíma að endurskoða þurfi endurgreiðslur þessar þar sem veitur hafa breyst, þær verið sameinaðar og nýjar verið stofnaðar. Þar sem ljóst er að upphaflegu forsendurnar fyrir þessu endurgreiðslukerfi eru brostnar er lagt til að endurgreiðsluheimild þessi verði felld niður og hitun húsa og laugarvatns á landsbyggðinni styrkt eftir öðrum leiðum samkvæmt nánari ákvörðun iðnaðarráðuneytisins sem hefur forræði á málefnum veitna.

Framlenging bráðabirgðaákvæða. Að lokum er lagt til að framlengd verði um eitt ár, eða til ársloka 2011, heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða til þeirra sem hafa leyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni og heimild til endurgreiðslu 100% virðisaukaskatts til byggjenda og eigenda íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis, auk húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga.

III. Samráð og mat á áhrifum.

Frumvarp þetta hefur fyrst og fremst áhrif á þá aðila sem eru eða hyggjast vera á virðisaukaskattsskrá. Þó er ekki talið að um verulega íþyngjandi áhrif verði að ræða gagnvart skráningarskyldum aðilum sem sinna ekki skyldum sínum samkvæmt lögunum þar sem tilgangur breytinganna er að auka eftirlit með þeim og bæta úrræði ríkisskattstjóra vegna athafnaleysis þeirra aðila. Frumvarpið hefur þannig áhrif á verklag og framkvæmd hjá ríkisskattstjóra þar sem aukið eftirlit og aðhald mun verða gagnvart aðilum sem eru á skránni. Við mat á því hvort fyrirhugaðar breytingar hafi áhrif á atvinnufrelsi skattaðila verður að telja að sú verði ekki raunin þar sem auknar aðhaldsaðgerðir vegna athafnaleysis skattaðila við að skila skattframtölum og skýrslum vegi ekki að atvinnufrelsi hans. Við samningu þessara ákvæða voru dönsku virðisaukaskattslögin höfð til hliðsjónar en þar er að finna sambærileg ákvæði um úrræði skattyfirvalda til að bregðast við vanskilum skýrslna og framtala. Þá hefur frumvarpið áhrif vegna breyttrar túlkunar á rafrænni þjónustusölu. Við samningu frumvarpsins var haft samráð við ríkisskattstjóra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að fjárhæðarmörk þeirra sem eru undanþegnir skattskyldu skv. 3. gr. laganna verði hækkuð úr 500.000 kr. í 1.000.000 kr. Við mat á fjárhæðinni er meðal annars litið til þess að mörkin eru 50.000 NOK í Noregi og 50.000 DKK í Danmörku. Hækkunin mun hafa þau áhrif að einfalda rekstrarumhverfi þeirra aðila sem eru með lítil umsvif.

Þá er einnig lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt til að taka af allan vafa um að miðað skuli við tekjur á hverju tólf mánaða tímabili, en ekki almanaksárið.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að ríkisskattstjóra verði heimilt að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá liggi fyrir að hann hafi ekki uppfyllt framtalsskyldur sínar á einhverju

ári af næstliðnum þremur tekjuárum á undan því ári sem sótt er um skráningu á virðisaukaskattsskrá og opinber gjöld hans af þeim sökum áætluð. Nægjanlegt er að um eitthvert eitt af þessum þremur árum sé að ræða. Um heimildarákvæði er að ræða og er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri meti hvert tilfelli fyrir sig.

Tilgangur ákvæðisins er að skjóta styrkari stoðum undir framkvæmd virðisaukaskatts með því að gera auknar kröfur til þeirra sem sækja um skráningu á virðisaukaskattsskrá. Þannig er þeim gert skylt að standa skil á framtölum áður en þeir verða skráðir á virðisaukaskattsskrá enda má segja að þeir séu þá líklegri til þess að takast á við þær skyldur og þau réttindi sem í skráningunni felast.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að 1. mgr. 10. gr. laganna verði breytt á þann veg að orðið „vélknúinna“ falli brott og ákvæðið taki til skráningarskyldra ökutækja. Við afmörkun á því hvað telst vera skráningarskylt ökutæki í skilningi ákvæðisins skal litið til ákvæða reglugerðar nr. 751/2003, um skráningu ökutækja, sem sett er á grundvelli umferðarlaga, nr. 50/1987. Samkvæmt reglugerðinni er skylt að skrá bifreiðar, bifhjól, torfærutæki og dráttarvélar áður en ökutækin eru tekin í notkun. Einnig er skylt að skrá eftirvagna bifreiða eða dráttarvéla sem gerðir eru fyrir meira en 750 kg heildarþyngd, svo og hjólhýsi og tjaldvagna. Þar sem notkun og endursala tengitækja eins og hjólhýsa, fellihýsa og tjaldvagna hefur aukist til muna frá því að lögin voru sett er lagt til að orðalag ákvæðisins verði breytt svo að það taki einnig til slíkra tengitækja.

Með þessari breytingu er komið í veg fyrir að virðisaukaskattur safnist upp í verði þeirra ökutækja sem hingað til hafa ekki fallið undir ákvæðið.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er lagðar til breytingar á þann veg að gagnavinnsla og upplýsingamiðlun falli undir c-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. og að í d-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. komi hugtakið „rafrænt afhent þjónusta“ í stað „tölvuþjónusta“. Einnig er kveðið á um að þjónusta þessi teljist ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð.

Ákvæði d-liðar 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna var lögfest með lögum nr. 115/1997. Í skattframkvæmd hefur mótast ákveðin túlkun á hugtakinu tölvuþjónusta en mikil þróun hefur átt sér stað á síðustu árum á sviði rafrænnar þjónustusölu og ýmis rafrænt afhent þjónusta hefur ekki verið talin falla undir hugtakið tölvuþjónusta samkvæmt túlkun á því. Með vísan til þess er nú lögð til breyting á ákvæðinu. Hugtakið rafræn þjónusta er skýrt í lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu og á samkvæmt því við um þjónustu sem almennt er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum hætti að beiðni þjónustuþega. Sama hugtak er notað í þessu ákvæði en við umfjöllun á hugtakinu í frumvarpi þessu er miðað við hvað fellur undir það í skilningi virðisaukaskattslaganna. Rafrænt afhent þjónusta sem hefur verið talin falla utan ákvæðisins og er seld til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi hefur talist til skattskyldrar veltu hér á landi. Skv. 1. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna er sala þjónustu undanþegin skattskyldri veltu þegar hún er veitt erlendis. Í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. er hins vegar kveðið á um undanþágu þegar tiltekin þjónusta er innt af hendi hér á landi en seld til aðila búsettra erlendis þegar hún er nýtt að hluta eða öllu leyti erlendis. Með vísan til þessa getur sú staða komið upp að aðila hér á landi sem selur rafræna þjónustu til aðila sem hvorki hefur búsetu né starfsstöð hér verði gert að skila virðisaukaskatti bæði þar sem kaupandi hefur búsetu og hér á landi hafi þjónustan ekki fallið

undir skilgreiningu ákvæðisins. Slíkt leiðir til tvískattlagningar og röskunar á samkeppnisstöðu fyrirtækja. Einnig getur komið upp sú staða að enginn virðisaukaskattur hafi verið lagður á sömu þjónustu þegar hún er keypt erlendis frá til nota hér á landi.

Orðalag ákvæðisins er að fyrirmynd tilskipunar Evrópusambandsins 2006/112/EB um virðisaukaskatt. Í tilskipuninni er hugtakið rafrænt afhent þjónusta (e. electronically supplied services) notað og nánar skilgreint í reglugerð við tilskipunina. Í viðauka við tilskipunina er hugtakið skilgreint þannig að það feli í sér sérstaklega fimm þætti sem hafa má til hliðsjónar við túlkun hugtaksins rafrænt afhent þjónusta í skilningi d-liðar 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna. Þessir þættir eru í fyrsta lagi afhending á vefseturshýsingu og viðhald á forritum og búnaði í gegnum fjarvinnslu, í öðru lagi afhending hugbúnaðar og uppfærslur á honum, í þriðja lagi afhending mynda, texta og upplýsinga og veitt aðgengi úr gagnagrunnum, í fjórða lagi afhending tónlistar, kvikmynda og leikja og útsendingar og viðburðir tengdir stjórnmálum, menningu, listum, íþróttum, vísindum og afþreyingu og í fimmta lagi veitt fjarkennsla. Skv. 2. mgr. 12. gr. laganna er heimilt að skilgreina hugtakið rafrænt afhent þjónusta nánar í reglugerð.

Verði ákvæði þetta að lögum mun tiltekin þjónusta gagnavera (e. data centers) verða skilgreind sem rafrænt afhent þjónusta. Gagnaver er almennt heiti á sérbyggðu húsrými sem hannað er fyrir búnað til upplýsingavinnslu og fyrir þá starfsemi sem því tengist. Almennt er unnt að skipta þjónustu gagnavera í átta þætti sem eru eftirfarandi:

1. Hýsing (e. hosting & colocation).
2. Kerfisveita (e. application services).
3. Gagnavistun (e. data storage).
4. Afritunarþjónusta (e. data backup services).
5. Endurreisnarþjónusta (e. disaster recovery).
6. Tengiþjónusta (e. connectivity services).
7. Rekstrarþjónusta (e. managed services).
8. Sérhæfð þjónusta (e. professional services).

Með vísan til framangreindrar þjónustu gagnavera getur þjónustan bæði falið í sér rafrænt afhenta þjónustu sem er undanþegin skattskyldri veltu og þjónustu í formi aðstöðuleigu sem ber virðisaukaskatt. Hugtakið aðstöðuleiga er ekki skilgreint sérstaklega í lögum um virðisaukaskatt en í skilningi þeirra hefur hugtakið aðstöðuleiga verið talið ná til útleigu á rými sem ekki telst til fasteignaleigu skv. 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna. Hýsing gagnavera felur m.a. í sér samnýtingu á grunngerð (rafmagn, kæling o.s.frv.) og fjarskiptakerfum. Af því leiðir að þjónustu sem eingöngu felur í sér hýsingu slíkra þátta má jafna við aðstöðuleigu eins og hugtakið hefur verið túlkað í framkvæmd laganna. Hins vegar ber að líta svo á að önnur þjónusta gagnavera feli að jafnaði í sér rafrænt afhenta þjónustu og muni þar af leiðandi falla undir skilgreiningu d-liðar 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna.

Um 5. gr.

Lagt er til að lagfærð verði tilvísun sem láðist að gera þegar breytingar voru gerðar á 25. og 26. gr. laganna með lögum nr. 149/1996.

Um 6. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að heimild til færslu innskatts sé háð því skilyrði að viðsemjandi skattaðilans sé á virðisaukaskattsskrá þegar viðskipti eiga sér stað. Upp hafa komið mörg tilvik þar sem skattaðili hefur talið virðisaukaskatt til innskatts án þess að viðsemjandi

hans hafi verið með opið virðisaukaskattsnúmer eða jafnvel aldrei skráður á virðisaukaskattsskrá en þrátt fyrir það gefið út reikning með virðisaukaskatti og ekki staðið skil á honum í ríkissjóð. Með ákvæðinu er stefnt að því að koma í veg fyrir slík tilfelli og fyrirbyggja tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum.

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra er með einfaldri uppflettingu hægt að fá upplýsingar um það hverjir hafa virðisaukaskattsnúmer. Hægt er að leita bæði eftir kennitölu og virðisaukaskattsnúmeri og birtast upplýsingar um það hvenær viðkomandi virðisaukaskattsnúmer var opnað og hafi því verið lokað koma fram upplýsingar hvenær það var gert.

Um 7. gr.

Í fyrsta lagi er lagt til að fjárhæðarmörk þeirra sem eru í ársskilum verði hækkuð í 3.000.000 kr. Þrátt fyrir að núgildandi mörk séu 1.400.000 kr. er í 3. gr. reglugerðar nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti, kveðið á um að fari velta þess aðila sem notar almanaksárið sem uppgjörstímabil umfram það mark geti hann engu síður haldið óbreyttum skilamáta uns skattskyld velta hans hefur náð 3.000.000 kr. Í skattframkvæmd hafa þessi fjárhæðarmörk reynst villandi þar sem skattaðilar hafa ýmist talið ársskilamörkin vera 1.400.000 kr. eða 3.000.000 kr. Því er lagt til að einungis verði miðað við ein fjárhæðarmörk. Tillögu þessa ber einnig að skoða með hliðsjón af 1. gr. þessa frumvarps, þ.e. að fjárhæðarmörk 3. tölul. 4. gr. verði hækkuð í 1.000.000 kr.

Þá er lagt til að virðisaukaskattsskýrslum skuli skila rafrænt til þess að auka skilvirkni og hagræðingu í virðisaukaskattsskilum. Meiri hluti skattaðila, eða rétt um 70% þeirra, skila nú virðisaukaskattsskýrslum rafrænt en tilgangur ákvæðisins er að auka rafræn skil enn frekar. Telja verður að skattaðilar geti uppfyllt þetta ákvæði án vandkvæða þar sem netsamband og netnotkun er orðin almenn og þeim fækkar óðum sem skila skattframtölum á pappír.

Gert er ráð fyrir því að ríkisskattstjóri geti veitt skattaðilum heimild til að skila virðisaukaskattsskýrslum á pappír ef sérstök vandkvæði eru á því að skila þeim rafrænt.

Um 8. gr.

Í fyrsta lagi er lagt til að frestur ríkisskattstjóra til þess að afgreiða inneignarskýrslu verði lengdur úr 15 dögum í 21 dag. Frá gildistöku laga þessara hefur frestur til endurgreiðslu samkvæmt ákvæðinu verið óbreyttur eða 15 dagar. Inneignarskýrslum hefur fjölgað á umliðnum árum og reynslan hefur sýnt að ástæða er til að skoða þær skýrslur vandlega. Því er lagt til að frestur þessi verði lengdur í 21 dag.

Í öðru lagi er lögð til sú breyting að komið verði í veg fyrir að skráður aðili geti fengið virðisaukaskatt greiddan úr ríkissjóði samkvæmt endurgreiðsluskýrslu ef virðisaukaskattur hans vegna fyrri tímabila, eins eða fleiri, er enn áætlaður. Samkvæmt núgildandi ákvæði getur aðili átt rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts þar sem áætlun ríkisskattstjóra er talin vera skattákvörðun í skilningi ákvæðisins. Því er lagt til að í þeim tilvikum þar sem fyrir liggur áætlun vegna fyrri uppgjörstímabila skuli aðili ekki eiga rétt á endurgreiðslu fyrr en hann hefur gert fullnægjandi skil á virðisaukaskattsskýrslu fyrir það tímabil sem áætlun tekur til.

Um 9. gr.

Um a-lið (27. gr. A).

Í 1. mgr. er lagt til að ríkisskattstjóra verði heimilað að fella skattaðila af virðisaukaskattsskrá sem sæta áætlun samfellt í tvö ár eða lengur. Ef skattaðili stendur ekki skil á

virðisaukaskattsskýrslu og virðisaukaskatti hefur ríkisskattstjóri nú einungis það úrræði að áætla virðisaukaskatt á viðkomandi aðila. Reynslan hefur sýnt að það úrræði eitt og sér kemur ekki í veg fyrir að þessir aðilar stundi áfram rekstur og gefi út reikninga sem viðskiptavinir þeirra leggja til grundvallar innskatti í bókhaldi sínu eða til grundvallar endurgreiðslu skv. 42. gr. Ákvæðinu er ætlað að styrkja framkvæmd 6. gr. frumvarps þessa og fyrirbyggja tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum.

Samkvæmt 2. mgr. getur skattaðili sótt um skráningu á virðisaukaskattsskrá að nýju þegar hann hefur staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti fyrir þau uppgjörstímabil sem áætluð hafa verið.

Til þess að unnt sé að hafa betra eftirlit með skilum þessara aðila er í 3. mgr. lagt til að skattaðili sem skráður er að nýju á virðisaukaskattsskrá skv. 2. mgr. skuli nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil í a.m.k. tvö ár. Geri hann fullnægjandi skil á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti á því tímabili, þ.e. í tvö ár samfellt, færist hann aftur í almenn skil skv. 24. gr. laganna.

Í 4. mgr. er lagt til að nýskráðum eða endurskráðum aðilum verði gert að standa skil á virðisaukaskattsskýrslu og virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum 3. mgr., hvort heldur sem um er að ræða einstakling eða félag ef eigandi félagsins, framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður þess hefur orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum. Með hugtökunum framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og eigandi er átt við aðila sem skráðir eru opinberri skráningu samkvæmt fyrirtækjaskrá en gert er ráð fyrir að ákvæðið nái einnig til raunverulegra stjórnenda eða eigenda félags. Ákvæði 3. og 4. mgr. miða að því að auðvelda eftirlit með skilum þeirra aðila sem þar um ræðir á virðisaukaskatti.

Um b-lið (27. gr. B).

Með þessu ákvæði er lagt til að ríkisskattstjóri leggi á gjald að fjárhæð 5.000 kr. fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem skilað er í kjölfar áætlunar virðisaukaskatts á viðkomandi skattaðila. Hátt hlutfall þeirra skattaðila sem sæta áætlun ríkisskattstjóra leiðréttir áætlunina síðar með því að skila virðisaukaskattsskýrslu. Síðbúin virðisaukaskattsskil eru gríðarlega kostnaðarsöm fyrir skattyfirvöld og innheimtumenn ríkissjóðs og fjöldi þeirra sem eru áætlaðir á hverju uppgjörstímabili hefur aukist síðastliðin ár. Engin viðurlög hafa verið við vanskilum skýrslna utan lögbundins álags og er þess vænst að gjaldið verði einn liður í því að sporna við áætlunum í virðisaukaskatti.

Í ákvæðinu er lagt til að ríkisskattstjóri hafi heimild til þess að fella niður gjaldið ef skattaðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og skal ríkisskattstjóri meta það í hverju tilviki hvað skuli telja gildar ástæður í þessu sambandi.

Um 10. gr.

Með lögreglulögum, nr. 90/1996, var embætti ríkislögreglustjóra stofnað og embætti rannsóknarlögreglustjóra ríkisins lagt niður. Láðst hefur að gera viðeigandi breytingar í virðisaukaskattslögum og er tilgangur þessa ákvæðis að bæta úr því.

Um 11. gr.

Með þessari breytingu er í fyrsta lagi lagt til að ríkisskattstjóra verði veittur lengri frestur til að afgreiða endurgreiðslubeiðnir íbúðareigenda og byggingaraðila íbúðarhúsnæðis. Með tilkomu bráðabirgðaákvæðis XV, sem tók gildi 1. mars 2010, þar sem heimiluð var 100% endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu manna við nýbyggingu, viðhald og endurbætur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis og húsnæðis í eigu sveitarfélaga, fjölgaði endur-

greiðslubeiðnum verulega. Jafnframt jókst álag á embætti ríkisskattstjóra vegna þessara endurgreiðslubeiðna til muna þannig að afgreiðslufrestur þessara beiðna samkvæmt núgildandi ákvæði hefur reynst of skammur. Því er lagt til að afgreiðslutími embættisins verði lengdur úr 14 dögum í 30.

Þá er lögð fram tillaga um að byggingaraðilum, sem skattskyldir eru skv. 2. mgr. 3. gr. laganna, verði gert skylt að skila virðisaukaskattsskýrslu samhliða endurgreiðslubeiðni vegna vinnu manna á byggingarstað. Er það gert til þess að unnt verði að bera saman annars vegar veltu og útskatt samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu byggingaraðila og hins vegar reiknaðan virðisaukaskatt af eigin vinnu og vinnu starfsmanna þeirra samkvæmt innsendri endurgreiðslubeiðni. Gefur auga leið að talsvert öryggi er að þessu. Samkvæmt núgildandi ákvæðum þarf skráning endurgreiðslubeiðna af þessum toga að vera lokið fyrir gjalddaga virðisaukaskatts á hverju tímabili til þess að unnt sé að jafna endurgreiðslu byggingaraðilans á móti greiðslu virðisaukaskatts samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu hans fyrir sama tímabil og beiðnin tekur til. Byggingaraðilar fá því endurgreiðslu í hendur áður en þeir þurfa að standa skil á virðisaukaskattsskýrslu skv. 24. gr. og greiðslu virðisaukaskatts fyrir sama tímabil og dæmi eru um að það hafi þeir ekki gert og því sætt áætlun. Er lagt til að þessu verði breytt til þess að bæta og efla eftirlit með skilum á virðisaukaskatti.

Til samanburðar má benda á að hliðstætt ákvæði, og hér er lagt til að verði tekið upp, er í 4. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila. Er þar kveðið á um að opinberir aðilar, sem eru skráðir á virðisaukaskattsskrá, fá ekki endurgreiðslu skv. 12. gr. reglugerðarinnar, sbr. 42. gr. laganna, fyrr en álagning virðisaukaskatts fyrir sama tímabil liggur fyrir.

Í c-lið er lagt til að endurgreiðsla virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns verði felld niður. Ljóst hefur verið í nokkurn tíma að endurskoða þyrfti endurgreiðslur þessar þar sem veitur hafa breyst, þær verið sameinaðar og nýjar verið stofnaðar. Iðnaðarráðuneytið hefur látið gera nýja útreikninga samkvæmt reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslur virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, og kom þá í ljós að engin af hitaveitunum á lengur rétt til endurgreiðslu. Það skýrist af því að hlutfall virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns hefur lækkað úr 14% í 7% en hámark endurgreiðslnanna er enn þá 11% af vegnu meðalverði. Rafhitun og kyntar veitur eiga rétt á endurgreiðslu en í nokkuð lægra hlutfalli en áður. Þar sem ljóst er að upphaflegu forsendurnar fyrir þessu endurgreiðslukerfi eru brostnar er lagt til að endurgreiðsluheimild þessi verði felld niður og hitun húsa og laugarvatns á landsbyggðinni styrkt samkvæmt nánari ákvörðun iðnaðarráðuneytisins sem hefur forræði á málefnum veitna. Endurgreiðslur virðisaukaskatts samkvæmt þessu ákvæði voru á árinu 2009 216.838.724 kr.

Um 12. og 13. gr.

Lagt er til að framlengja gildistíma bráðabirgðaákvæðis X til 31. desember 2011 og bráðabirgðaákvæðis XV til 1. janúar 2012. Í bráðabirgðaákvæði X er heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða þeirra sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni. Í bráðabirgðaákvæði XV er heimild til þess að endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað og einnig eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis vegna þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess. Jafnframt nær sama heimild til byggjenda íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis vegna

þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu þess háttar húsnæðis og eigenda íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis vegna þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits við endurbætur eða viðhald þess háttar húsnæðis. Heimildin nær einnig til húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga. Talið hefur verið að þessi endurgreiðsla hafi reynst vel og haft jákvæð áhrif til aukinnar atvinnu. Jafnframt hefur aðilum sem hafa nýtt sér endurgreiðsluna farið fjölgandi.

Í b-lið 13. gr. er lagfærð tilvísun í ákvæði til bráðabirgða XV til 42. gr. laganna.

Um 14. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (rafræn þjónustasala og eftirlit vegna áætlana).

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytinga á lögum um virðisaukaskatt. Megintilgangur breytinganna er að bæta skil og eftirlit með greiðslu virðisaukaskatts auk þess að bregðast við þeirri þróun sem orðið hefur vegna rafrænnar þjónustusölu.

Í fyrsta lagi er lagt til að gerðar verði breytingar til að bæta skil og eftirlit með greiðslu virðisaukaskatts. Á umliðnum árum hefur þeim aðilum fjölgað verulega sem ekki hafa skilað virðisaukaskattsskýrslum á réttum tíma og því sætt áætlunum skattyfirvalda. Samkvæmt gildandi lögum hefur ekki verið unnt að taka áætlaða aðila af virðisaukaskattsskrá og því hafa þeir jafnvel verið árum saman á skránni án þess að standa skil á virðisaukaskattinum í ríkissjóð. Ríkissjóður hefur því orðið af háum fjárhæðum vegna þessara skattaðila auk þess sem allt eftirlit hefur verið þungt í vöfum, tímafrekt og kostnaðarsamt. Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar með það að markmiði að auka tekjur og lækka kostnað.

Í öðru lagi er lögð til breyting vegna þróunar á tækniumhverfi til að skilgreina hvað telst vera útflutningur á rafrænt afhentri þjónustu og teljist þar með ekki til skattskyldrar veltu. Ákvæði núverandi laga hafa þótt óljós hvað þetta varðar og gerir breyting þessi einnig betur kleift að afmarka það hvað teljist til afhendingar á rafrænni þjónustu hjá gagnaverum hér á landi.

Þá er í þriðja lagi lagt til að endurgreiðsla virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns verði felld niður og í fjórða lagi eru gerðar nokkrar breytingar á fjárhæðarmörkum, frestum og skilgreiningum.

Að lokum er lagt til að framlengd verði til ársloka 2011 heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða til þeirra sem hafa leyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni og heimild til endurgreiðslu 100% virðisaukaskatts til byggjenda og eigenda íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis. Þetta á jafnframt við um húsnæði sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu þeirra.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum er gert ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs geti aukist og dragi að einhverju leyti úr kostnaði við skatteftirlit og innheimtu. Ekki hefur verið gerð áætlun um hverju breytingar þessar geti skilað en ef vel tekst til með framkvæmdina má ætla að tekjuaukning geti orðið umtalsverð og að ekki komi til aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

228. Tillaga til þingsályktunar [209. mál]

um rannsókn á athöfnum þingmanna í tengslum við búsáhaldabyltinguna í janúar 2009.

Flm.: Gunnar Bragi Sveinsson, Vigdís Hauksdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skipuð verði sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis sem rannsaki hvort athafnir einstakra þingmanna á tímabilinu frá október 2008 til febrúar 2009, í tengslum við svokallaða búsáhaldabyltingu, hafi brotið í bága við ákvæði laga og eftir atvikum leggja mat á hvort þeir hafi bakað sér refsiábyrgð. Nefndin verði skipuð þremur sérfræðingum á sviði sakamálaréttarfars, refsiréttar og stjórnskipunarréttar.

Rannsóknarnefndin leggi mat á hvort einstakir alþingismenn hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, brotið starfsskyldur sínar, gerst sekir um mistök eða vanrækslu í starfi eða brotið gegn refsiákvæðum laga. Skal nefndin gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur vaknar við rannsókn nefndarinnar um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og gera jafnframt grein fyrir þeim málum í skýrslu til Alþingis.

Rannsóknarnefndin fái í hendur allar þær rannsóknarheimildir sem henni eru nauðsynlegar til þess að geta varpað skýru ljósi á rannsóknarefnið. Skulu slíkar heimildir útfærðar í sérstöku frumvarpi til laga sem leggja skal fyrir Alþingi til samþykktar. Skal nefndin m.a. hafa aðgang að öllum gögnum stjórnvalda, þ.m.t. fundargerðum, minnisblöðum og greinargerðum, sem varpað geta ljósi á rannsóknarefnið. Jafnframt skuli sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfum nefndarinnar um að láta henni í té upplýsingar, gögn og skýringar sem hún fer fram á. Með gögnum er m.a. átt við skýrslur, skrár, fundargerðir, minnispunkta af fundum, minnisblöð, bókanir, rafrænar upptökur, skýrslur löggreglu og önnur gögn sem nefndin óskar eftir í þágu rannsóknarinnar. Nefndinni verði heimilt að kalla einstaklinga til fundar við sig til að afla munnlegra upplýsinga í þágu rannsóknarinnar og skuli viðkomandi þá skylt að mæta til skýrslutöku hjá nefndinni. Skylt verði að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að veita upplýsingar þótt þær séu háðar þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um innanríkismál, utanríkismál, öryggi ríkisins eða fundargerðir nefnda Alþingis. Sama gildi um upplýsingar sem óheimilt er að lögum að veita fyrir dómi nema með samþykki ráðherra, forstöðumanns eða annars yfirmanns viðkomandi, jafnt hjá hinu opinbera sem einkafyrirtæki. Nefndinni skuli vera heimilt að framkvæma skýrslutökur fyrir opnum tjöldum telji hún tilefni til. Stjórnvöld skuli veita nefndinni alla nauðsynlega aðstoð sem hún óskar eftir við störf sín, og skuli nefndin, ef hún þess óskar, fá aðgang að gögnum og skýrslum sem sérfróðir aðilar á vegum stjórnvalda hafa unnið um málefni sem falla undir starf nefndarinnar. Að öðru leyti skulu rannsóknarheimildir nefndarinnar vera hinar sömu og rannsóknarnefndar Alþingis sem skipuð var á grundvelli laga nr.

142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Nefndin skili Alþingi skýrslu um rannsóknina eigi síðar en 1. apríl 2011 og verði skýrslan þegar í stað gerð opinber. Skýrslan verði tekin til umfjöllunar á Alþingi og henni vísað til fastanefndar sem leggi fram tillögur um viðbrögð þingsins við henni.

Kostnaður vegna starfa rannsóknarnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í janúar 2009 áttu sér stað mótmæli gegn sitjandi ríkisstjórn, öðru ráðuneyti Geirs H. Haarde, þar sem fólk sló takt með pottum, pönnum og sleifum, svokölluð búsáhaldabylting. Fullyrða má að nokkur tengsl hafi verið á milli þeirra efnahagslegu áfalla sem dundu yfir þjóðina á haustmánuðum ársins 2008 og þeirra mótmæla sem hér er fjallað um. Náðu mótmælin hápunkti sínum 20.–22. janúar 2009. Í stuttu máli sagt lauk téðum mótmælum í kjölfar þess að ríkisstjórn Geirs H. Haarde fór frá völdum. Hafði annað ráðuneyti Geirs H. Haarde þá starfað frá 24. maí 2007 til 1. febrúar 2009.

Mörgum eru í fersku minni myndir og myndbrot af lögreglumönnum sem stóðu andspænis hundruðum mótmælenda. Flestir mótmælenda stóðu friðsamlega að sínum mótmælum en ákveðinn hópur þeirra beitti öðrum meðölum, t.d. því að kasta hlutum í lögreglu, í Alþingishúsið, Stjórnarráðið og lögreglustöðina við Hverfisgötu, svo eitthvað sé nefnt. Nokkrir mótmælendur reyndu að komast inn í Alþingishúsið en lögregla og þingverðir vörnuðu þeim inngöngu. Þá gerðu mótmælendur hættulega tilraun til að brjóta sér leið inn í lögreglustöðina við Hverfisgötu í þeim tilgangi að frelsa einstakling sem hafði verið handtekinn. Breyting varð á mótmælunum er mótmælendur söfnuðust saman við Stjórnarráðið í Lækjargötu. Lögregla varnaði inngöngu og varði húsið. Eftir að grjóti og hellusteinum hafði um nokkra hríð rignt yfir lögreglu gengu friðsamir mótmælendur fram fyrir skjöldu, mynduðu varnarmúr og vörðu lögreglumenn grjótkasti. Linnti mótmælunum fljótlega af þeim sökum. Ekki verður annað séð en að mjög alvarlegt ástand hafi skapast og nokkur fjöldi lögreglumanna hafi lagt sig í verulega hættu við að sinna skyldustörfum sínum.

Því hefur verið haldið fram að þingmenn hafi tekið þátt í mótmælum þessum ýmist með beinum eða óbeinum hætti. Hinn 8. desember 2009 birtist í Morgunblaðinu grein eftir Gylfa Guðjónsson, fyrrverandi lögreglumann og ökukennara, sem ber heitið „Lögregla í herkví“. Þar segir m.a.: „Enn merkilegra er að bæði núverandi heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra munu hafa haft það við að veifa til þessa hóps út um glugga þinghússins og utandyra að hvetja fólk þetta til dáða í stórhættulegum athöfnum og afbrotum. Margir lögreglumenn gengu frá þeim leik slasaðir og niðurbrotnir.“ Í viðtali við Snorra Magnússon, formann Landssambands lögreglumanna, í Morgunblaðinu 9. desember 2009 er rætt um þessa atburði. Þar lýsir Snorri m.a. háttsemi ákveðins þingmanns með eftirfarandi orðum: „Í stað þess að fylgja tilmælum til að þingmanna og starfsfólks Alþingis um að halda sig frá gluggum hússins hafi hún staðið úti við glugga og talað í síma og sent kveðju með því að kreppa hnefann út í fjöldann.“ Snorri ritaði forseta Alþingis bréf, dags. 22. desember 2009, þar sem hann, fyrir hönd Landssambands lögreglumanna, vísar til framangreindra atburða og spyr forseta „hver sé í raun ábyrgð þeirra [stjórnmálamanna] sem í hlut eiga“ og „hvernig Alþingi ætli sér að afgreiða þetta mál allt saman“. Kemur eftirfarandi staðhæfing m.a. fram í téðu bréfi Snorra: „[V]irðist hafa verið fjallað um mál þetta á fundi forsætisnefndar Alþingis, sem haldinn var 22. janúar 2009. Í fundargerðinni er vitnað í Kjartan Ólafsson, fyrrv. Alþingismann, en þar er haft eftir honum að hann hafi orðið vitni að því meinta hátterni þingmanns-

ins, sem gert hefur verið að umtalsefni í fjölmiðlum sem og í ræðustól Alþingis. […] Í fundargerðinni er reyndar einnig vitnað til orða núverandi forseta Alþingis, með eftirfarandi hætti: „ÁRJ sagði að margir hefðu nefnt svipað í sín eyru.“ Framangreindu bréfi Snorra svaraði forseti Alþingis ekki fyrr en eftir að formaður Landssambands lögreglumanna hafði ítrekað spurningar sínar með bréfi dags. 25. febrúar 2010. Virðist forseti telja að það sé ekki hennar eða forsætisnefndar Alþingis að bregðast við og hlutast til um rannsókn framangreindra atburða heldur hljóti slíkt að vera í verkahring viðeigandi stjórnvalda, lögreglu og ríkissaksóknara. Upplýsir forseti að hún muni ekki leggja fram tillögu í forsætisnefnd um hvernig málið verði afgreitt. Þá tekur forseti fram að komi slík tillaga fram á Alþingi verði hún tekin á dagskrá samkvæmt þeim reglum sem gilda um meðferð slíkra tillagna. Þess ber að geta að samkvæmt bókunum sem virðast hafa verið gerðar í fundargerð forsætisnefndar Alþingis 22. janúar 2009 var á þeim fundi rætt um framgöngu tveggja þingmanna í tengslum við umfjöllun nefndarinnar um búsáhaldabyltinguna. Kemur þar efnislega fram að annar þingmaðurinn virðist hafa látið fjölmiðla vita af möguleikum þingmanna og starfsmanna Alþingis til að komast óséðir á milli húsa, og þannig mögulega sett þá og húsakost Alþingis í hættu. Þá kemur eftirfarandi fram: „Þá greindi [A] frá því að hann hefði orðið vitni af því að [B] alþingismaður hefði verið í sambandi við fólk utan hússins og virst vera að veita þeim upplýsingar um viðbúnað lögreglu.“

Vart verður hjá því komist að draga þær ályktanir af framangreindu að stórkostleg hætta hafi skapast í búsáhaldabyltingunni og að ákveðnir alþingismenn hafi veitt liðsinni sitt eða hvatt aðra til verka sem sköpuðu mikla hættu. Flutningsmenn þessarar tillögu telja mikilvægt að varpað verði ljósi á framangreinda atburði sem lið í því að skapa á ný traust á Alþingi og stjórnvöldum. Fara verður yfir hvort þingmenn og ráðherrar hafi farið út fyrir það sem talist getur réttur þeirra til að tjá sig og um leið hvort tilefni sé til að bregðast við framgöngu þessara aðila. Af þeim sökum er lagt til að skipuð verði rannsóknarnefnd sem rannsaki og skrifi skýrslu um málið og sú skýrsla verði í framhaldinu lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar og úrvinnslu. Verði talið að þingmenn eða ráðherrar hafi gerst brotlegir við lög hljóta Alþingi, kjósendur og viðeigandi stjórnvöld að bregðast við því með þeim hætti sem eðlilegur þykir.

Lagt er til að Alþingi hlutist til um að skipa sérstaka rannsóknarnefnd sem í eigi sæti sérfræðingar á sviði sakamálaréttarfars, refsiréttar og stjórnskipunarréttar. Þá er lagt til að Alþingi tryggi, með framlagningu frumvarps til laga, að téð rannsóknarnefnd hafi allar þær heimildir til rannsóknar sem henni kunna að teljast nauðsynlegar. Eru í tillögunni nefndar ákveðnar heimildir en að öðru leyti skal litið til heimilda rannsóknarnefndar Alþingis sem skipuð var á grundvelli laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Þar sem mögulega kann að vera að um að ræða athafnir sem varðað geta reglur laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, verður að telja eðlilegt að rannsókn þessi fari fram á vettvangi sérnefndar skipaðar af Alþingi. Verður þó vart hjá því komist að gera ráð fyrir að rannsóknarnefndin vísi þeim málum til lögreglu eða annars ákæruvalds sem þar eiga heima.

229. Svar [89. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um stöðu Íbúðalánasjóðs.

1. *Hversu mikil hafa útlánatöp Íbúðalánasjóðs verið árin 2000–2010:*
   a. *vegna hefðbundinna útlána til íbúðakaupa einstaklinga,*
   b. *vegna lána til banka á árunum 2004–2008,*
   c. *vegna peningamarkaðssjóða,*
   d. *vegna lána til leiguíbúða,*
   e. *vegna annars, og þá hvers?*

a. Eftirfarandi tafla sýnir árlegt framlag Íbúðalánasjóðs í afskriftareikning til að mæta útlánatöpum fyrir árin 2000–2010:

Ár	Framlag í afskriftasjóð (millj. kr.)
2010*	1.492
2009	2.121
2008	807
2007	295
2006	498
2005	394
2004	755
2003	937
2002	748
2001	365
2000	564
*janúar–júní	

Á tímabilinu 2000–2007 voru útlánatöp að stærstum hluta vegna útlána til einstaklinga en á tímabilinu 2007–2010 hafa afskriftir vegna útlána til lögaðila aukist, einkum vegna leiguíbúðalána. Í því sambandi hafa verið færðar sérstakar afskriftir vegna leiguíbúðalána, á árunum 2009 og 2010, samtals að fjárhæð 650 millj. kr. Þá hefur verið fært sérstakt framlag í afskriftasjóð vegna uppboðsíbúða, samtals að fjárhæð 1.126 millj. kr. á árunum 2009 og 2010. Umræddar fjárhæðir eru taldar með í framangreindri töflu. Hinn 30. júní 2010 var staða afkriftasjóðsins 3.699 millj. kr. auk 1.126 millj. kr. vegna niðurfærslu uppboðsíbúða.

Í næstu töflu má sjá bein útlánatöp sem færð hafa verið í rekstrarreikning við uppgjör á sölu íbúða einstaklinga að undangenginni nauðungarsölu. Miðað er við uppboðsdag þótt endanleg sala íbúðar frá Íbúðalánasjóði fari fram síðar.

Ár	Útlánatöp vegna útlána til einstaklinga (millj. kr.)
2009	330
2008	301
2007	193
2006	63
2005	25
2004	109
2003	94
2002	109
2001	100
2000	80

b. Á árunum 2004–2005 keypti Íbúðalánasjóður greiðsluflæði tiltekinna fasteignaveðlána banka og sparisjóða. Kaup á greiðsluflæði fela í sér að fasteignaveðlánin voru áfram í vörslu og þjónustu viðkomandi banka/sparisjóða en mánaðarlega er skilað til Íbúðalánasjóðs greiddum afborgunum af lánunum. Hingað til hefur sjóðurinn innleyst óveruleg útlánatöp vegna þessa. Sjóðurinn gerir þó ráð fyrir að á næstu árum muni hann þurfa að innleysa töp vegna kaupanna í samræmi við útlánatöp vegna útlána Íbúðalánasjóðs til einstaklinga, enda um hliðstæð lán að ræða.

c. Samtals nam nettótap sjóðsins vegna peningamarkaðssjóða um 288 millj. kr. að teknu tilliti til ávöxtunar. Brúttótap sjóðsins nam um 325 millj. kr.

d. Frá árinu 2004 hefur hlutfall útlána til leiguíbúða farið vaxandi af heildarútlánum til lögaðila. Í dag eru því útlán Íbúðalánasjóðs til lögaðila að mestu leyti vegna almennra og félagslegra leiguíbúða. Líkt og kom fram í a-lið hafa á árunum 2009 og 2010 verið færðar 650 millj. kr. á afskriftareikning vegna leiguíbúðalána.

e. Í kjölfar fjármálahrunsins haustið 2008 hefur sjóðurinn afskrifað 10.497 millj. kr. vegna kaupa á skuldabréfum (8.512 millj. kr.) og vaxtaskiptasamninga (1.985 millj. kr.). Var hvort tveggja liður í lausafjár- og áhættustýringu sjóðsins og í samræmi við fjár- og áhættustýringarstefnu hans, en stefnan er samin út frá reglugerð um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs, nr. 544/2004, með síðari breytingum.

2. *Var laust fé Íbúðalánasjóðs á árunum 2000–2010 geymt í Seðlabankanum? Ef ekki, hvar var féð þá geymt?*

Laust fé Íbúðalánasjóðs á umræddum árum var að hluta til geymt hjá Seðlabanka Íslands en að mestu geymt hjá bönkum og sparisjóðum í samræmi við fjár- og áhættustýringarstefnu sjóðsins á hverjum tíma. Á undanförnum tveimur árum hefur laust fé sjóðsins þó verið að mestu geymt hjá Seðlabankanum. Vaxtamunur milli Seðlabankans annars vegar og bankakerfisins hins vegar var það mikill frá árinu 2004 að hætt var við að eigið fé sjóðsins hefði verið langt undir viðmiðunarmörkum ef laust fé hefði eingöngu verið geymt hjá Seðlabankanum frá þeim tíma. Þá hefði það hvorki verið í samræmi við fjár- og áhættustýringarstefnu sjóðsins né lög um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum. Einnig er rétt að geta þess að fram til ársins 2004 veitti Íbúðalánasjóður ekki peningalán heldur var um að ræða skipti á húsbréfum sem viðskiptavinir sjóðsins fóru með til viðskiptabanka og spari-

sjóða og seldu. Vegna þess voru því ekki umtalsverðar fjárhæðir í lausafjárstýringu hjá sjóðnum á árunum 1999–2004.

3. *Hve mikið af húsnæðisbréfum seldi Íbúðalánasjóður á sama tíma og hann lánaði bönkum og sparisjóðum fé til að fjármagna fasteignaveðlán?*

Húsnæðisbréf eru skuldabréf sem Íbúðalánasjóður gaf út til janúar 2004, einkum vegna fjármögnunar svokallaðra viðbótarlána. Í júlí 2004 tóku íbúðabréf alfarið við hlutverki húsnæðisbréfa og húsbréfa sem fjármögnunarbréf sjóðsins.

Sjóðurinn lánaði ekki bönkum og sparisjóðum fé til að fjármagna fasteignaveðlán. Hins vegar keypti Íbúðalánasjóður greiðsluflæði tiltekinna fasteignaveðlána, sem bankar og sparisjóðir höfðu þá þegar veitt, í lok árs 2004 og fyrri hluta árs 2005. Markmiðið var að koma lausafé sjóðsins í verðtryggða ávöxtun og stilla þar með af eigna- og skuldahlið í efnahagsreikningi sjóðsins. Rétt er að benda á að umrædd fasteignaveðlán þurftu að uppfylla ýmis skilyrði, t.d. hvað varðar veðsetningarhlutfall, veðröð og hámarksfjárhæð láns.

Á þessum sama tíma, þ.e. frá árslokum 2004 til júní 2005, gaf sjóðurinn út íbúðabréf fyrir ríflega 26 milljarða kr. að nafnverði. Þar af voru 7 milljarðar í nýjum og stysta flokki íbúðabréfa HFF14. Sá skuldabréfaflokkur var sérstaklega gefinn út til að bregðast við þeim miklu uppgreiðslum sem sjóðurinn glímdi við á þessum tíma.

4. *Hvaða áhrif á fjármögnunarstefnu sjóðsins höfðu viðvaranir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Seðlabanka Íslands þess efnis að bankarnir gætu ekki fjármagnað húsnæðislánin, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar frá nóvember 2005?*

Fjármögnunarstefna Íbúðalánasjóðs ákvarðast af lögum nr. 44/1998, reglugerð nr. 544/2004 og fjár- og áhættustýringarstefnu sjóðsins. Því má segja að efasemdir aðila um getu banka og sparisjóða í tengslum við fjármögnun húsnæðislána hafi ekki haft bein áhrif á fjármögnunarstefnu Íbúðalánasjóðs. Einnig má vísa í svar sjóðsins til Fjármálaeftirlitsins sem fram kemur í fyrrnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar frá nóvember 2005, en þar segir:

„Fræðilega séð hefði eini kostur sjóðsins verið að hætta skuldabréfaútboðum og veita uppgreiðslufé í útlán. Uppgreiðslurnar urðu hins vegar með örari hætti en svo að slíkt væri unnt á síðasta misseri síðasta árs, á sama tíma og dreifikerfi sjóðsins gerbreyttist og spurn eftir lánum hans minnkaði stórlega. Sjóðurinn sat því uppi með fé sem ekki var hægt að lána út. Jafnvel þótt hægt hefði verið að lána féð út, hefðu útlán skilað sjóðnum lakari ávöxtun en fékkst með lánasamningunum. Þegar bankarnir hófu íbúðalán síðasta haust var alls óljóst hvort um stundarbólu væri að ræða, eða hvort bankarnir ætluðu sér hlutdeild á íbúðalánamarkaði til frambúðar. Ábendingar FME, Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins bentu meðal annars til þess að sumar fjármálastofnanir hefðu leiðst út í lánveitingar íbúðalána í samkeppniskapphlaupi og ekki gætt að því hvernig þær hygðust endurfjármagna lánin. Útgáfa fjármögnunarbréfa sjóðsins hefur um árabil verið ráðandi um langtímavaxtastig í landinu og ríkið stendur ábyrgt fyrir öllum skuldbindingum hans. Við slíkar aðstæður var algerlega fráleitt fyrir Íbúðalánasjóð að hætta útgáfu íbúðabréfa. Slíkt hefði leitt til hruns vaxtamyndunar á markaði og gert sjóðinn ósamkeppnishæfan um ný útlán. Lánshæfismat sjóðsins hefði hrunið í kjölfarið og hagsmunum ríkissjóðs verið teflt í voða. Þetta hefði verið skýrt brot á lagaskyldum stjórnar og framkvæmdastjóra og óhugsandi út frá því hlutverki sem sjóðurinn er að lögum falið.“

5. *Er gert ráð fyrir frekari afskriftum af lánum og fjárfestingum Íbúðalánasjóðs? Ef svo er, hversu miklum og hvernig sundurliðast þær?*

Íbúðalánasjóður er sem stendur virkasti lánveitandinn á innlendum fasteignamarkaði og hefur ákveðnum skyldum að gegna í þeim efnum. Í vaxtaálagi sjóðsins er gert ráð fyrir afskriftum vegna útlána. Eðli málsins samkvæmt er nær óhjákvæmilegt að einhverjar afskriftir verði á hverjum tíma en umfang þeirra ræðst jafnan af stöðu efnahagsmála hverju sinni. Gera má ráð fyrir að afskriftir vegna útlána verði í sögulegu hámarki næstu eitt til þrjú árin í samræmi við spár um framvindu efnahagsmála. Íbúðalánasjóður hefur í vinnslu viðskipta- og rekstraráætlun í tengslum við samkomulag stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem skal skilað til Fjármálaeftirlitsins. Niðurstöður þeirrar vinnu munu liggja fyrir ekki seinna en í árslok.

6. *Hverjir veittu Íbúðalánasjóði sérfræðiaðstoð á árunum 2000–2008? Í hverju fólst aðstoðin og hversu mikið var greitt fyrir hana?*

Íbúðalánasjóður hefur frá upphafi keypt sérfræðiaðstoð á ýmsum sviðum sem tengjast rekstri sjóðsins. Hér á eftir eru tilgreindar upplýsingar úr ársskýrslum á árunum 2001–2008 um sérfræðikostnað hvers árs:

Ár	Fjárhæð (millj. kr.)
2001	29,2
2002	29,5
2003	32,6
2004	102,3
2005	80,0
2006	84,5
2007	101,4
2008	100,7

Helstu flokka sérfræðinga og skiptingu kostnaðar er að finna í eftirfarandi töflu (fjárhæðir í millj. kr.):

Sérfræðikostnaður	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001
Endurskoðendur	23,5	12,6	10,2	8,3	12,9	10,3	7,4	10,4
Lögmenn	20,3	12,6	13,6	13,1	12,5	5,1	0,9	0,2
Fjármálaeftirlit	15,9	10,0	7,5	5,1	1,3	0,9	0,8	0,5
Matsfyrirtæki	12,7	20,8	15,9	13,3	16,6	0,0	0,0	0,0
Fjármálaráðgjöf	15,3	20,5	25,3	25,8	45,9	4,4	4,0	0,6
Annað	13,0	24,9	13,9	14,4	13,1	12,2	16,4	17,5
Samtals	100,7	101,4	86,3	80,0	102,3	32,9	29,5	29,2

7. *Hvernig sinnti Íbúðalánasjóður skyldu sinni skv. 9. tölul. 9. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, sem kveður á um að sjóðurinn skuli fylgjast með íbúðaþörf í landinu og áætlanagerð sveitarfélaga um þörf á íbúðarhúsnæði? Hvernig fór sú vinna fram og hvernig nýttist hún sjóðnum, ráðuneytinu og Seðlabanka Íslands?*

Samræmt utanumhald yfir ýmsa grunnþætti er varða húsnæðismál, íbúðaþörf, skipulagsmál, byggingarmagn og fleira er hvergi að finna í okkar stjórnkerfi. Upplýsingar um einstök atriði liggja hjá hinum ýmsu stofnunum og aðilum en hvergi með samræmdum hætti. Það hefur því verið erfitt fyrir Íbúðalánasjóð að framfylgja þeirri skyldu sem spurt er um. Á

fyrstu starfsárum sjóðsins var reynt að hafa yfirlit yfir félagslegt húsnæði í eigu sveitarfélaga og nýtingu þess. Árlega var aflað upplýsinga um auðar íbúðir og almennt um nýtingu þessara íbúða í samstarfi við félagsmálaráðuneytið en síðar færðist þessi upplýsingaöflun til Varasjóðs húsnæðismála sem hefur annast þjónustu við sveitarfélög og veitt styrki til þeirra vegna auðra íbúða og við sölu þeirra þegar áhvílandi lán hafa verið hærri en söluverð.

Rétt er að taka fram að erfitt er að ná samræmdum upplýsingum um áform sveitarfélaga á þessu sviði. Á undanförnum árum hefur ríkt talsverð samkeppni milli sveitarfélaga um skipulagsmál, uppbyggingu og frágang svæða fyrir íbúðarhúsnæði og þótt lögð hafi verið áhersla á svæðaskipulag sem næði til fleiri sveitarfélaga virðist slíkt hafa borið lítinn árangur og einstakar sveitarstjórnir jafnvel lagst gegn slíku samstarfi og samræmingu. Þegar Íbúðalánasjóður hefur leitað upplýsinga um þörf á uppbyggingu húsnæðis í tengslum við afgreiðslu lánsumsókna um leiguhúsnæði hafa viðbrögð sveitarfélaga nánast án undantekninga verið þau að leggja ríka áherslu á þörf fyrir umrædda uppbyggingu og stutt viðkomandi lánsumsóknir.

Vegna skorts á samræmdum upplýsingum um húsnæðismál beitti Íbúðalánasjóður sér fyrir sérstakri rannsóknarstarfsemi á þessu sviði og árið 2003 var sett á fót Rannsóknasetur í húsnæðismálum við Viðskiptaháskólann á Bifröst og starfaði sú stofnun til ársloka 2006. Leitað var til ýmissa aðila sem þessi málaflokkur hefði átt að höfða til, svo sem Fasteignamatsins, Hagstofunnar, Seðlabankans, Samtaka fjármálafyrirtækja, annarra háskóla og einstakra ráðuneyta, um samstarf en án árangurs. Stofnunin var því rekin á kostnað Íbúðalánasjóðs, Viðskiptaháskólans á Bifröst og félagsmálaráðuneytisins en þar sem ekki tókst að afla henni frekari stuðnings var hún lögð niður í árslok 2006.

Árið 2007 var mikil þensla á byggingarmarkaði og ásókn í lánsfé frá sjóðnum og reyndu viðskiptabankarnir, sem veittu lán til verktaka við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, m.a. að koma lánveitingum þessum af sér til Íbúðalánasjóðs er húsnæðið var fullbúið. Var því talin brýn þörf á að fylgjast vel með þessari þróun og meðal annars voru reglur um lánveitingar hertar á þann hátt að leigusamningar yrðu að liggja fyrir til að leiguíbúðalán yrðu veitt. Í ársbyrjun 2008 leitaði framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs eftir því við ráðgjafarfyrirtækið Reykjavík Economics ehf., sem er sérhæft ráðgjafarfyrirtæki á fasteignamarkaði, að það gerði úttekt á íbúðamarkaðnum fyrir stjórn sjóðsins. Fyrirtækið gerði ítarlega úttekt á byggingarmagni, stöðu framkvæmda og nýtingu á húsnæði á einstökum landsvæðum. Í mars 2008 var gerð sérstök úttekt á Suðurnesjum en þar hafði mikil uppbygging verið í gangi auk þess sem ákveðið var af hálfu stjórnvalda að nýta mörg hundruð íbúðir á „gamla varnarsvæðinu“ á Keflavíkurflugvelli fyrir námsmenn og síðar sem almennar leiguíbúðir, en stjórn Íbúðalánasjóðs hafði töluverðar áhyggjur af þróun mála á því svæði. Í framhaldi af því var gerð úttekt á ástandi þessara mála á Austurlandi en þar hafði einnig verið byggt mikið af íbúðarhúsnæði, m.a. fyrir tilstuðlan stjórnvalda og sveitarstjórna vegna stóriðjuframkvæmda. Því næst var höfuðborgarsvæðið skoðað, þá Suðurland og loks Norðurland. Þessari úttekt lauk í júlí og ágúst 2008. Í framhaldi af henni var reglum um lánveitingar til leiguíbúða breytt verulega í þá átt að gæta meira aðhalds.

8. *Hversu mikið var eigið fé Íbúðalánasjóðs og eiginfjárhlutfall sjóðsins á árunum 2000–2009, svo og á yfirstandandi ári, sundurliðað eftir árum?*

Ár	Eigið fé (ma. kr.)	Eiginfjárhlutfall (CAD-hlutfall)
2000	8,4	Ekki reiknað
2001	8,7	Ekki reiknað
2002	9,9	Ekki reiknað
2003	11,6	Ekki reiknað
2004	12,7	5,60%
2005	13,9	6,00%
2006	16,4	6,30%
2007	20,2	7,00%
2008	13,3	4,60%
2009	10,1	3,00%
2010*	8,4	2,10%
*Miðað við 30. júní 2010		

9. *Hvernig er greiðsluáætlun Íbúðalánasjóðs fyrir árin 2010–2012?*

Íbúðalánasjóður birtir áætlanir um útlán, útgáfu og greiðslur til eins árs í senn. Nýjasta (endurskoðaða) áætlun sjóðsins gildir fyrir árið 2010 og hefur verið birt hjá Kauphöll Íslands. Þar er einnig að finna greiðsluáætlun sjóðsins fram í tímann í ársreikningi.

10. *Við hversu mörgum íbúðum hefur Íbúðalánasjóður tekið frá árinu 2000? Hvað á hann margar íbúðir núna? Hvað er áætlað að sjóðurinn taki við mörgum íbúðum árin 2010–2012?*

Ár	Keyptar íbúðir*	Uppsöfnuð birgðastaða**
2000	86	
2001	99	
2002	130	
2003	164	
2004	123	
2005	55	
2006	77	48
2007	123	80
2008	212	196
2009	321	347
2010 (janúar–ágúst)	537	822
Áætlun árslok 2010		1.100
Áætlun árslok 2011		882
Áætlun árslok 2012		765

* Eignir sem Íbúðalánasjóður kaupir á uppboði.
** Uppsöfnuð staða uppboðsíbúða. Staða frá fyrra ári að viðbættum keyptum eignum og frádregnum seldum. Sjóðurinn gerir ráð fyrir að fyrirhugað kaupleigukerfi dragi úr uppsöfnun íbúða í eigu sjóðsins og er tekið tillit til þess í yfirlitinu.

230. Svar [103. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um skuldir sveitarfélaga hjá Íbúðalánasjóði.

Svar ráðherra byggist á upplýsingum frá Íbúðalánasjóði.

1. *Hversu mikið skulda sveitarfélögin Íbúðalánasjóði vegna kaupa þeirra á félagslegu húsnæði?*

Sveitarfélögin skulda um 44 milljarða kr. vegna kaupa á 3.863 eignum til félagslegra nota.

Fjárhæðir í krónum.

Kjördæmi	**Uppreiknaðar eftirstöðvar** (30.9.2010)	**Vanskil**	**Fasteignamat**
Reykjavík norður og suður	20.738.909.128	0	26.696.315.000
Suðvestur	8.295.464.849	0	11.819.010.000
Norðvestur	4.513.253.556	1.267.255	4.196.592.000
Norðaustur	5.122.791.229	0	6.355.244.000
Suður	5.244.335.654	6.200.356	7.196.104.000
Samtals	**43.914.754.416**	**7.467.611**	**56.263.265.000**

Kjördæmi	**Hlutfall af heildaruppreiknuðum eftirstöðvum** (30.9.2010)
Reykjavík norður og suður	47%
Suðvestur	19%
Norðvestur	10%
Norðaustur	12%
Suður	12%

2. *Hversu há upphæð er í vanskilum hjá sjóðnum vegna slíkra kaupa og hvernig skiptist upphæðin milli kjördæma?*

Vanskilafjárhæðin er tæpar 7,5 millj. kr. sem skiptist í 6,2 millj. kr. í Suðurkjördæmi og tæpar 1,3 millj. kr. í Norðvesturkjördæmi (sjá töflu í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar).

3. *Hefur einhver hluti slíkra skulda verið afskrifaður og ef svo er, hversu háar eru afskriftirnar samtals, í hvaða kjördæmum hafa skuldir verið afskrifaðar og hversu háar upphæðir í hverju þeirra?*

Sveitarfélag	**Ár**	**Fjárhæð í millj. kr.**
Vesturbyggð	2002	83,7
Ísafjarðarbær	2003 og 2006	38
Hríseyjarhreppur	2005	36,9
Bolungarvíkurkaupstaður	2009	73
Samtals		**231,6**

Í **Vesturbyggð** voru afskrifaðar skuldir að fjárhæð tæpar 84 millj. kr. árið 2002. Árið 2003 voru afskrifaðar 13 millj. kr. hjá **Ísafjarðarbæ** og aftur rúmar 25 millj. kr. í árslok 2006. Árið 2005 voru afskrifaðar tæpar 37 millj. kr. hjá **Hríseyjarhreppi** þegar það sveitarfélag var sameinað Akureyrarkaupstað. Árið 2009 voru afskrifaðar 73 millj. kr. hjá **Bolungarvíkurkaupstað**.

Skuldir sveitarfélaganna eru afskrifaðar eftir að eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaganna hefur óskað eftir því vegna erfiðrar fjárhagsstöðu viðkomandi sveitarfélags og með samþykki ráðuneytisins eins og lög og reglugerðir kveða á um.

4. *Liggja inni beiðnir hjá Íbúðalánasjóði um afskriftir lána sveitarfélaga og ef svo er, í hvaða kjördæmum og um hversu háar upphæðir er að ræða?*

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga óskaði eftir því við Íbúðalánasjóð í janúar 2009 að sjóðurinn felldi niður helming skulda Bolungarvíkurkaupstaðar við sjóðinn vegna félagslega íbúðakerfisins, en alls nema þær 146 millj. kr. Stjórn sjóðsins féllst á að afskrifa 73 millj. kr. og að 73 millj. kr. yrðu „frystar“ í eitt ár. Að því tímabili loknu yrði málið tekið til endurskoðunar í samráði við eftirlitsnefndina og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Nú liggur fyrir ósk frá Bolungarvíkurkaupstað um að ljúka afskrift á þeirri fjárhæð sem eftir stendur, alls 81 millj. kr. Niðurstaða í því máli liggur ekki fyrir.

231. Frumvarp til laga [210. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (kyrrsetning eigna).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

1. gr.

Á eftir 31. gr. laganna kemur ný grein, 31. gr. a, svohljóðandi:

Til tryggingar greiðslu væntanlegrar kröfu um staðgreiðslu opinberra gjalda, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá gjaldanda og öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 30. gr. beinist að ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun.

Tollstjóri annast rekstur mála skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal tilkynna tollstjóra um mál þar sem hann telur að rannsókn hans muni leiða til þess að staðgreiðsla opinberra gjalda hjá gjaldanda verði hækkuð eða honum eða öðrum þeim sem grunur um refsiverða háttsemi skv. 30. gr. beinist að verði gerð fésekt. Tollstjóra er heimill aðgangur að öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 25. gr., og snerta ráðstafanir samkvæmt þessari grein. Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með

þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar.

Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn leiðir ekki til þess að skattar skattaðila verði hækkaðir eða honum eða öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 30. gr. beinist að verði gerð fésekt hvort sem er af skattyfirvöldum eða fyrir dómi. Sá er kyrrsetning beinist að á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef inntar eru af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

Leggja má fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti kyrrsetningargerðar með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

2. gr.

Á eftir 41. gr. laganna kemur ný grein, 41. gr. a, svohljóðandi:

Til tryggingar greiðslu væntanlegrar kröfu um virðisaukaskatt, fésekt og sakarkostnað í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 40. gr. beinist að ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun.

Tollstjóri annast rekstur mála skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal tilkynna tollstjóra um mál þar sem hann telur að rannsókn hans muni leiða til þess að virðisaukaskattur skattaðila verði hækkaður eða honum eða öðrum þeim sem grunur um refsiverða háttsemi skv. 40. gr. beinist að verði gerð fésekt. Tollstjóra er heimill aðgangur að öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 38. gr., og snerta ráðstafanir samkvæmt þessari grein. Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar.

Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn leiðir ekki til þess að virðisaukaskattur skattaðila verði hækkaður eða honum eða öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 40. gr. beinist að verði gerð fésekt hvort sem er af skattyfirvöldum eða fyrir dómi. Sá er kyrrsetning beinist að á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef inntar eru af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

Leggja má fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti kyrrsetningargerðar með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

3. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur ný grein, 20. gr. a, svohljóðandi:

Til tryggingar greiðslu væntanlegrar kröfu um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim sem rökstuddur grunur um

refsiverða háttsemi skv. 19. gr. beinist að ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun.

Tollstjóri annast rekstur mála skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal tilkynna tollstjóra um mál þar sem hann telur að rannsókn hans muni leiða til þess að staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur hjá skattaðila verði hækkuð eða honum eða öðrum þeim sem grunur um refsiverða háttsemi skv. 19. gr. beinist að verði gerð fésekt. Tollstjóra er heimill aðgangur að öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 15. gr., og snerta ráðstafanir samkvæmt þessari grein. Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar.

Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn leiðir ekki til þess að staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur skattaðila verði hækkuð eða honum eða öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 19. gr. beinist að verði gerð fésekt hvort sem er af skattyfirvöldum eða fyrir dómi. Sá er kyrrsetning beinist að á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef inntar eru af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

Leggja má fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti kyrrsetningargerðar með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra jafnt til mála sem rannsókn er þegar hafin á og þeirra sem síðar eru tekin til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Tilefni lagasetningar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði heimild til kyrrsetningar vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Heimild til kyrrsetningar var sett í lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, með lögum nr. 23/2010 og var talið að sú heimild tæki til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, laga um virðisaukaskatt og laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hæstiréttur kvað upp dóm 21. júní 2010 nr. 372/2010 þar sem ekki var fallist á að almenn tilvísun virðisaukaskattslaga til tekjuskattslaga dygði til að veita lagaheimild til kyrrsetningar vegna ætlaðra brota gegn virðisaukaskattslögum. Frumvarp þetta er því lagt fram til að heimilt sé að kyrrsetja eignir til að tryggja skattkröfur vegna brota á framangreindum lögum.

Orðalag frumvarpsins er eins og í lögum nr. 23/2010 þar sem heimild var veitt til kyrrsetningar vegna væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar í málum sem sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Mál er sæta rannsókn vegna gruns um brot gegn skattalögum eru oft afar vandmeðfarin og taka auk þess eðli máls samkvæmt mun lengri tíma en venjulegar skattákvarðanir og því er aukin hætta á undanskoti eigna. Sérstaklega er mikilvægt að tryggja skil virðisaukaskatts og staðgreiðslu í ríkissjóð þar sem um er að ræða vörsluskatta, þ.e. skattaðili hefur undir höndum fjármuni sem tilheyra ríkissjóði.

II. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpinu er ætlað að veita skattyfirvöldum heimild til að krefjast kyrrsetningar á eignum aðila sem eru til rannsóknar vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda,

lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Heimildinni er ætlað að bregðast við hættu á undanskoti eigna meðan rannsókn stendur yfir en málsmeðferðartími vegna þessara brota getur orðið mjög langur og því aukin hætta á því að þeir aðilar sem rannsókn sæta reyni að koma sér undan greiðslum skatta og mögulegra fésekta með því að færa eignir sínar í hendur öðrum eða koma þeim undan með öðrum hætti. Gert er ráð fyrir að heimilt sé að beita kyrrsetningu gagnvart skattaðilanum sjálfum og öðrum þeim er grunur um refsiverða háttsemi beinist að og kann þar af leiðandi að verða gert að greiða fésekt vegna refsiverðra brota. Fyrirsvarsmenn lögaðila bera refsiábyrgð vegna brota sem eru framin í rekstri lögaðila og því mun kyrrsetningarheimild þessa frumvarps einnig ná til þeirra. Þannig verður kyrrsetningarheimildin í samræmi við refsiákvæði framangreindra skattalaga.

Ákvæðið tekur mið af 88. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, þar sem lögreglu er fengin heimild til kyrrsetningar eigna. Skv. 7. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, fer skattrannsóknarstjóri ríkisins við rannsókn mála eftir lögum um meðferð sakamála, með takmörkunum þó. Er því nærtækt að heimild til kyrrsetningar verði fengin vegna rannsóknar mála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og kyrrsetningu beitt strax á stigi rannsóknar hjá því embætti, enda liggi fyrir mat embættisins á væntanlegri enduráætlun og sektarfjárhæð.

Í frumvarpinu er lagt til að tollstjóri annist rekstur mála vegna kyrrsetningarkröfu og mun skattrannsóknarstjóri senda tilkynningu þar að lútandi til hans. Í þeirri tilkynningu munu liggja fyrir forsendur kyrrsetningarinnar og eðlilegt að tilgreind verði sú fjárhæð sem ætlað er að hafi verið skotið undan ásamt lýsingu á meintu broti.

Lagt er til að almennar reglur um kyrrsetningu samkvæmt lögum nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., gildi um kyrrsetningu samkvæmt greininni eftir því sem við á til dæmis við mat á því hvað geti verið andlag kyrrsetningargerðar. Þó er gert ráð fyrir að reglur um tryggingu fyrir kyrrsetningu, málshöfðun og lögboðin gjöld vegna ráðstafananna taki ekki til kyrrsetningar tollstjóra. Það er í samræmi við áðurgreint ákvæði 88. gr. laga um meðferð sakamála.

Rökstuddur grunur um stórfelld skattalagabrot þarf að vera til staðar svo að unnt sé að beita kyrrsetningu samkvæmt frumvarpi þessu. Þá er lagt til að ráðstafanir samkvæmt greininni falli niður um leið og ljóst er að rannsókn skattrannsóknarstjóra muni ekki leiða til hækkunar á sköttum eða fésekt. Að sama skapi getur skattaðili fengið kyrrsetningarráðstafanir felldar brott með því að inna af hendi greiðslur sem kyrrsetningu er ætlað að tryggja. Er þar með sama hætti tekið mið af ákvæði 88. gr. laga um meðferð sakamála.

Í frumvarpinu er lagt til að aðili geti borið lögmæti kyrrsetningarinnar undir dóm á grundvelli 102. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Gert er ráð fyrir að heimilt sé að beita kyrrsetningu vegna ætlaðra brota á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, á grundvelli 11. gr. þeirra laga.

Lagt er til að heimildum frumvarpsins verði beitt vegna mála sem rannsókn er þegar hafin á til jafns við þau sem síðar verða rannsökuð hjá skattrannsóknarstjóra.

III. Samráð og mat á áhrifum.

Við samningu frumvarpsins var haft samráð við skattrannsóknarstjóra ríkisins og tollstjóra. Sambærilegt frumvarp var lagt fram á síðasta þingi en það náði ekki fram að ganga. Í ítarlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit með innheimtu sekta og sakarkostnaðar frá júní 2009 kemur fram að treysta þurfi skattheimtu ríkisins og er kyrrsetning á rannsóknarstigi tilgreind sem möguleiki til að tryggja skattheimtuna og koma í veg fyrir undanskot eigna.

Með frumvarpinu er verið að tryggja betur greiðslur í ríkissjóð vegna yfirvofandi skattkrafna ríkisins og fésektarkrafna sem komnar eru til vegna vörsluskatta auk þess sem stemmt er stigu við undanskotum eigna. Ætla má að kyrrsetningarheimild hjá skattrannsóknarstjóra muni stuðla að skilvirkari málsmeðferð en samkvæmt gildandi lögum þar sem ekki mun þurfa að vísa máli til lögreglu eingöngu til að leggja fram kröfu um kyrrsetningu en mikilvægt er að hafa hraðar hendur til að tryggja þær kröfur sem um ræðir í frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (kyrrsetning eigna).

Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði í lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, lög um virðisaukaskatt og lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir að skattaðilar geti komið sér undan greiðslum opinberra gjalda með því að flytja eða færa eignir úr sinni vörslu í hendur öðrum. Sambærileg heimild var sett í lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, með lögum nr. 23/2010. Eins og gerð var grein fyrir í umsögn um það frumvarp er í þessu frumvarpi sams konar heimild veitt skattrannsóknarstjóra til að kyrrsetja eignir aðila sem eru til rannsóknar vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Heimildinni er ætlað að bregðast við hættu á undanskoti eigna meðan rannsókn stendur yfir og að aðilar sem rannsókn sæta reyni að koma sér undan greiðslum skatta og mögulegra fésekta með því að færa eignir sínar í hendur öðrum eða koma þeim undan með öðrum hætti. Frumvarp þetta gerir jafnframt ráð fyrir því að tollstjóri annist rekstur mála vegna kyrrsetningarkröfu frá skattrannsóknarstjóra með sama hætti og gert er með kyrrsetningar samkvæmt tekjuskattslögum.

Eins og kom fram í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarp til breytinga á tekjuskattslögum vegna kyrrsetningar eigna er mikil óvissa um í hvaða mæli grípa þarf til þessara úrræða á næstunni. Ef um nokkurn fjölda mála af þessum toga verður að ræða gæti þurft að fjölga starfsmönnum við innheimtuaðgerðir tollstjóra tímabundið um einn til tvo. Um er að ræða tiltölulega lítinn kostnaðarauka fyrir málaflokkinn sem gert er ráð fyrir að rúmist innan útgjaldaramma ráðuneytisins verði þetta frumvarp að lögum.

232. Svar [104. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um innheimtuaðgerðir á vegum LÍN og viðbrögð sjóðsins við vanskilum lántakenda.

1. *Á hvaða forsendum starfa innheimtufyrirtæki sem taka að sér þjónustu fyrir LÍN og eftir hvaða verklagsreglum starfa þau?*

Við undirbúning þessa svars var leitað upplýsinga hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þeir aðilar sem sinna innheimtu fyrir sjóðinn eru Intrum, Juris og Mandat og hefur Lánasjóðurinn gert samninga við þessi fyrirtæki um að sinna innheimtustörfum. Þá vinna fyrirtækin á grundvelli innheimtulaga, nr. 95/2008, og laga um lögmenn, nr. 77/1998, auk þess sem unnið er á grundvelli réttarfarslaga, þar á meðal laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, aðfararlaga, nr. 90/1989, og nauðungarsölulaga, nr. 90/1991. Verklagsreglur sem starfað er eftir koma fram í samningi innheimtuaðila við sjóðinn og í ýmsum fyrirmælum frá sjóðnum, bæði almennum og í einstaka tilvikum. Þá ber að geta þess að þó að mál hafi verið sent til innheimtu, annaðhvort milli- eða löginnheimtu, eiga skuldarar þess ávallt kost að leggja mál sín fyrir stjórn sjóðsins og eftir atvikum málskotsnefnd.

2. *Hver eru rökin fyrir því að innheimtufyrirtæki sjái um innheimtu krafna LÍN?*

Rökin fyrir því að fela innheimtuaðilum innheimtuna eru þau að sjóðurinn þarf líkt og aðrir að innheimta kröfur sínar og hefur talið hagkvæmara að semja við innheimtuaðila um þá þjónustu í stað þess að setja upp sérstaka innheimtudeild hjá sjóðnum vegna þessa. Þannig hafa lögmenn um ártugaskeið annast lögfræðilega innheimtu námslána í góðu samráði við sjóðinn. Varðandi milliheimtu þá ákvað sjóðurinn fyrir nokkrum árum að fela Intrum milliheimtu til þess að lengja innheimtuferlið enn frekar með lágmarkstilkostnaði áður en gripið er til lögfræðilegra aðgerða og veita greiðendum þannig svigrúm til samninga. Í því samhengi er vert að nefna að nú er hægt að dreifa greiðslu hjá Intrum í allt að sex mánuði. Loks er mikilvægt að hafa í huga að áður en krafan er send frá LÍN hefur skuldarinn fengið senda greiðsluseðla frá sjóðnum auk aðvarana um framhald innheimtunnar. Fruminnheimta námslánanna er því hjá sjóðnum þar sem skuldurum eru boðin fjölþætt úrræði til þess að standa í skilum, svo sem fjögurra eða sex mánaða greiðsludreifing, undanþága frá afborgun, frysting o.fl. Sjá nánar í yfirliti yfir greiðsluerfiðleikaúrræði hjá LÍN í svari við 6. tölulið.

3. *Hvernig samræmist starfsemi innheimtufyrirtækja tilmælum ríkisstjórnarinnar um vægar innheimtuaðgerðir?*

Eins og að framan greinir þá setur sjóðurinn innheimtuaðilum sínum fyrirmæli um hvernig innheimtunni skuli hagað og tryggir að innheimta sé á hverjum tíma í samræmi við vilja sjóðsins. Hafa innheimtuaðilar í því sambandi leiðbeint skuldurum um þau úrræði sem standa til boða hjá sjóðnum. Innheimtuaðilar ganga eins langt og kostur er í að gera skuldurum kleift að ljúka málum með samkomulagi eða öðrum þeim úrræðum sem í boði eru. Fullyrða má að innheimta fyrir sjóðinn sé með mun vægari hætti en almennt gengur og gerist. Innheimta á vegum sjóðsins ætti því að fullnægja tilmælum ríkisstjórnarinnar um vægar innheimtuaðgerðir.

Sú staðreynd að LÍN nýtir þjónustu milliinnheimtufyrirtækis er til merkis um að beitt sé vægum innheimtuaðgerðum á fyrri stigum. Þegar rætt er um hvort innheimtuaðgerðir séu vægar eða ekki er yfirleitt litið til þriggja þátta:

- Hvaða sveigjanleiki er greiðendum boðinn til samninga um vanskil.
- Hvaða innheimtuaðgerða er gripið til.
- Hver kostnaður greiðanda sé af innheimtuaðgerðum.

Þó að LÍN hafi valið þá leið að nýta þjónustu milliinnheimtufyrirtækis þá hefur LÍN ekki afsalað sér ákvörðunarvaldi um framgang innheimtunnar og hafa stjórnendur LÍN fulla stjórn á því með hvaða hætti innheimtunni er háttað, hvaða svigrúm til samninga er veitt og til hvaða innheimtuaðgerða er gripið.

Almennur ferill mála í lögfræðilegri innheimtu er sá að áður en kemur að fjárnámi hjá skuldurum vegna skulda þeirra við Lánasjóðinn eru send innheimtubréf. Berist engin viðbrögð við þeim er að jafnaði send ítrekun. Berist engin viðbrögð við ítrekun er útbúin stefna í málinu sem birt er með lögbundnum fyrirvara. Hafi skuldari ekki samband er málið dómtekið. Þegar árituð stefna (dómur) berst frá héraðsdómi er í kjölfarið send aðfararbeiðni til sýslumanns vegna fjárnáms. Þetta ferli tekur að lágmarki hálft ár. Fyrir innheimtu svonefndra R-lána og skuldabréfa þar sem heimild er til að senda kröfu beint í fjárnám án undangengins dóms er þó ávallt send greiðsluáskorun. Á öllum stigum er í framangreindu ferli unnt að hafa samband við lögmannsstofuna og semja um innborganir á kröfuna og/eða greiðsluáætlun með þeim afleiðingum að frekari aðgerðum er frestað á meðan skuldari stendur við áætlunina. Einnig er farið yfir það með öllum sem eiga í erfiðleikum með að greiða sín vanskil að þeim standi til boða skuldbreyting vanskila sinna. Eins er skuldurum bent á önnur úrræði sem þeim kunna að standa til boða eftir atvikum, t.d. endurútreikning lána ef þeim hefur láðst að skila skattframtali þannig að tekjutengdur gjalddagi sé reiknaður út frá áætluðum tekjum. Loks ef það á við er skuldurum leiðbeint um að senda stjórn Lánasjóðsins erindi um frestun gjalddaga, t.d. vegna heilsubrests. Skuldurum er því veitt greinargott yfirlit yfir þau úrræði sem lög og reglur um Lánasjóðinn heimila og þeim leiðbeint um réttindi sín í þeim efnum.

4. Hver er fjöldi vanskilamála á borðum innheimtufyrirtækja vegna krafna LÍN?

LÍN gefur út 53.652 greiðsluseðla á ári og eru lánþegar LÍN 29.595 talsins.

Það sem af er árinu 2010 hafa 1.260 mál farið til innheimtu í milliinnheimtu og eru 292 þeirra enn í innheimtuferli en önnur hafa verið greidd. Upp úr næstu mánaðamótum verða vanskil vegna gjalddaga 1. september send í milliinnheimtu en eins og fyrr segir er hægt að dreifa greiðslum á allt að sex mánuði hjá Intrum.

Miðað við útgefinn fjölda greiðsluseðla fyrstu átta mánuði ársins, greiða um 97% greiðsluseðla sína áður en innheimta á milliinnheimtustigi hefst. Það hlutfall hefur hækkað á milli ára úr 95% árið 2009. Af þeim kröfum sem fóru í milliinnheimtu til Intrum sl. tvö ár voru 63% greiddar hjá fyrirtækinu. Aðeins 1,5% af kröfum LÍN fara að meðaltali áfram í löginnheimtu.

Hjá Juris, lögmannsstofu eru nú til meðferðar 468 innheimtumál fyrir sjóðinn með misjafnlega langa forsögu. Hjá Mandat lögmannsstofu eru 922 lántakar með mál sín í innheimtu. Hver skuldari er hins vegar með mismarga gjalddaga í innheimtu og skiptist það svona: Með 1–5 gjalddaga eru 671, sem felur í sér að vanskilin hafa staðið í allt að tvö og hálft ár. Með 6–10 gjalddaga eru 175, sem felur í sér að vanskil hafa staðið í þrjú til fimm ár. Með 11–20 gjalddaga 64, sem felur í sér að vanskil hafa staðið í fimm til tíu ár. Með fleiri en 20 eru 12, sem felur í sér að vanskil hafa staðið lengur en í tíu ár. Þess skal getið að í minnstu hópunum sem eru með langa sögu vanskila eru að jafnaði einstaklingar sem ekki hafa greitt af lánum sínum, t.d. vegna greiðsluþrots í kjölfar gjaldþrotameðferðar en einnig lántakar sem hafa flutt af landi brott án þess að greiða námslánaskuldir sínar. Innheimtuaðilar vinna í samræmi við

ákveðnar verklagsreglur sem stjórn LÍN hefur samþykkt. Þessar reglur eru hugsaðar til að auka enn möguleika greiðenda til að koma námslánum sínum í skil og nýta sér þannig þau almennu úrræði sem eru í boði. Í þessu samhengi má nefna að veita skuli 50% afslátt af innheimtuþóknun á fyrsta stigi innheimtu, heimild til að fella niður dráttarvexti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, heimild til að greiða vanskil með skuldabréfi (sem tíðkast hvergi annars staðar).

5. *Hversu mörg fjárnám hafa verið gerð vegna krafna frá LÍN frá og með október 2008?*

Hjá Juris og Mandat hafa verið gerð um 160 fjárnám fyrir sjóðinn á því tímabili sem nefnt er í fyrirspurninni.

6. *Hvaða úrræði standa þeim til boða sem komast í greiðsluvanda og hvernig upplýsir LÍN, og eftir atvikum innheimtufyrirtæki á vegum sjóðsins, skuldara um þau?*

Hér á eftir fer stutt samantekt á helstu úrræðum sem eru í boði fyrir þá sem lent hafa í greiðsluvanda og hversu margir hafa nýtt sér þau ásamt frekari upplýsingum um vanskil sjóðsins:

a. Árlegri afborgun námslána (G-, R-, S- og V-lána) er skipt í tvennt. Annars vegar er föst afborgun á fyrri hluta árs og hins vegar viðbótarafborgun á seinni hluta árs. Fasta afborgunin er dregin frá tilteknum hundraðshluta tekna fyrra árs, sú upphæð sem eftir stendur er viðbótarafborgunin. Þannig reiknast engin viðbótarafborgun fyrir tekjulægstu lánþegana.

b. Greiðsludreifing.
   - Afborgun dreifist jafnt á fjóra eða sex mánuði samkvæmt vali lántaka.*
   - Fjórar eða sex dreifigreiðslur.
   - Dreifigreiðslurnar eru greiddar gegnum íslenskan banka (í íslenskum heimabanka, í beingreiðslu eða hjá gjaldkera í íslenskum banka).
   - Hverja dreifigreiðslu þarf að greiða í heilu lagi.
   - Afgreiðslugjald er 1,5% vegna fjögurra mánaða dreifingar en 2% vegna sex mánaða dreifingar. Gjaldið leggst á fyrstu dreifigreiðsluna.
   - Greiðsludreifing hefst frá og með næstu afborgun eftir umsókn en sé sótt um innan tveggja mánaða frá gjalddaga afborgunar er unnt að fá greiðsludreifinguna frá og með þeirri afborgun.
   - Sjá nánar skilmála fjögurra mánaða dreifingar og skilmála sex mánaða dreifingar á www.lin.is. Umsókn um greiðsludreifingu er á „Mínu svæði“, eldri afborganir þurfa að vera í skilum.

   *Afborgun undir kr. 30.000 er ekki dreift.

c. Undanþágur frá afborgun námslána (kafli 7.4 í úthlutunarreglum LÍN).
   Hægt er að sækja um undanþágur frá afborgun námslána að uppfylltum ákveðnum skilyrðum:

   7.4.1. Undanþága vegna lágra tekna.
   Hafi lánþegi haft svo lágar tekjur á fyrra ári að honum reiknast ekki viðbótargreiðsla og fjárhagur hans hefur ekki batnað á endurgreiðsluárinu er sjóðsstjórn heimilt að veita

undanþágu frá fastri ársgreiðslu ef lánshæft nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega. Að jafnaði er miðað við að ástæður þær sem valda örðugleikunum hafi varað í a.m.k. fjóra mánuði fyrir gjalddaga afborgunar.

7.4.2. Undanþága vegna skyndilegra og verulegra breytinga.

Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu, ýmist til lækkunar eða niðurfellingar á greiðslum, eftir atvikum, ef skyndileg og veruleg breyting hefur orðið á högum lánþega þannig að útsvarsstofn vegna tekna á fyrra ári gefur ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluárinu. Heimildin miðast við að skyndileg og alvarleg veikindi, slys eða aðrar sambærilegar ástæður valdi verulegri skerðingu á ráðstöfunarfé og á möguleikanum til að afla tekna.

7.4.3. Sótt um undanþágu.

Lánþegi sem óskar eftir undanþágu frá endurgreiðslu námsláns, til lækkunar eða niðurfellingar, skal sækja um það á þar til gerðu umsóknareyðublaði og láta fylgja nákvæmar upplýsingar sem þar er óskað eftir. Umsókn um undanþágu frá endurgreiðslu námsláns skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar. Hafi ósk um undanþágu ekki borist sjóðnum fyrir þessi tímamörk er óheimilt að veita undanþágu, sbr. 7. mgr. 8. gr. laga um sjóðinn.

Ef veitt er undanþága frá endurgreiðslu S- og/eða V-láns hefur undanþágan ekki áhrif á fjölda endurgreiðsluára, þ.e. endurgreiðslutíminn lengist sem nemur undanþágutímanum. Vegna undanþágu frá fastri afborgun árið 2010 er miðað við að útsvarstekjur lánþega (ef G-lán, þá útsvarstekjur að viðbættum fjármagnstekjum) árið 2009 hafi verið lægri en kr. 4.000.000 (upphæð uppfærð 10. mars 2009) og að möguleikar til að afla tekna séu skertir, sbr. ástæður í grein 7.4.1.

d. Frysting námslána til þriggja ára.

Nýtt tímabundið úrræði (frá 12. mars 2010) fyrir lántaka sem þegar eru með algjöra frystingu á lánum sínum hjá viðskiptabanka (bönkum), í skuldaaðlögun eða með mat frá umboðsmanni skuldara þar sem fram kemur að greiðslugeta sé það slæm að grípa þurfi til sértækra úrræða hjá kröfuhöfum. Frysting getur orðið frá og með árinu 2009, ef um eldri vanskil er að ræða þarf að ganga frá þeim fyrst. Senda þarf yfirlýsingu frá viðskiptabanka og/eða tillögu frá umboðsmanni skuldara sem staðfestir að um verulega fjárhagsörðugleika sé að ræða.

e. Vanskil.

Ef afborgun er ekki greidd fyrir eða á eindaga, leggst viðbótarkostnaður á skuldina. Dráttarvextir eru reiknaðir frá gjalddaga og gjald er lagt á fyrir innheimtuviðvörun samkvæmt heimild í reglugerð. Komi til milliinnheimtu og lögmannsinnheimtu hækkar enn kostnaðurinn. Sjóðurinn hvetur því lánþega til að standa í skilum. Eindagi reglubundinna afborgana er að jafnaði þriðja virka dag eftir gjalddaga. Séu ekki gerð skil er ítrekun með viðvörun um milliinnheimtu send greiðanda um 20 dögum eftir gjalddaga og til greiðanda og ábyrgðarmanna um 45 dögum eftir gjalddaga. Séu enn ekki gerð skil fer krafan í milliinnheimtu 60 dögum eftir eindaga kröfu og leggur Intrum á gjald samkvæmt heimildum í reglugerð. Sé krafa í milliinnheimtu skulu greiðendur snúa sér til

Intrum vegna greiðslu. Intrum hefur heimild til að semja um greiðslu til allt að sex mánaða. Reynist innheimta enn árangurslaus fer krafan áfram til lögmannsinnheimtu. Sé hins vegar afborgun í greiðsludreifingu hjá LÍN og hafi skil ekki verið gerð um tíu dögum eftir eindaga síðustu dreifikröfunnar er ítrekun send lánþega og ábyrgðarmanni. Séu enn ekki gerð skil er lánþega og ábyrgðarmanni send ítrekun með viðvörun um lögmannsinnheimtu. Reynist skuldin ógreidd að gefnum fresti liðnum fer skuldin til lögmannsinnheimtu. Sé skuld í lögmannsinnheimtu skulu greiðendur snúa sér til viðkomandi lögmannsstofu vegna greiðslu. Lögmenn hafa heimild til að semja við greiðendur og ef um veruleg vanskil er að ræða er hægt að útbúa sérstakt vanskilaskuldabréf sem fer síðan í innheimtu til Landsbanka Íslands. Ef krafa á hendur lánþega er óuppgerð í innheimtu hjá lögmönnum þegar ný afborgun kemur á gjalddaga fer nýja krafan beint til lögmanna og gefst greiðendum kostur á að gera upp vanskil sín gagnvart LÍN í heild hjá lögmönnum án milligöngu LÍN.

Markaðskjaralán, vanskilaskuldabréf eða skuldabréf vegna ofgreiddra lána eru í innheimtu hjá Landsbanka Íslands. Unnið er að því að hægt verði að sækja um skilmálabreytingu til Landsbanka Íslands samkvæmt sérstakri heimild LÍN.

233. Tillaga til þingsályktunar [211. mál]

um skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Flm.: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Ásmundur Einar Daðason, Margrét Tryggvadóttir, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Árni Þór Sigurðsson, Ásbjörn Óttarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Birgir Ármannsson, Birgitta Jónsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Björn Valur Gíslason, Guðlaugur Þór Þórðarson, Helgi Hjörvar, Höskuldur Þórhallsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Kristján L. Möller, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Lilja Mósesdóttir, Magnús Orri Schram, Mörður Árnason, Oddný G. Harðardóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Róbert Marshall, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Skúli Helgason, Valgerður Bjarnadóttir, Þráinn Bertelsson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að skipa starfshóp um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Hópurinn verði skipaður einum fulltrúa dómsmála- og mannréttindaráðherra, einum fulltrúa félags- og tryggingamálaráðherra, einum fulltrúa tilnefndum af Samtökum um Kvennaathvarf og einum fulltrúa tilnefndum af Útlendingastofnun. Hlutverk starfshópsins verði að skila dómsmála- og mannréttindaráðherra fullmótuðum tillögum um úrbætur og hugsanlegar laga- eða reglugerðarbreytingar. Markmiðið með úrbótum verði fyrst og fremst að bæta réttarstöðu þeirra kvenna sem koma frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru háðar ofbeldisfullum mökum um landvist á Íslandi. Telji starfshópurinn rökrétt að hluti vinnunnar nái til stöðu allra erlendra kvenna sem beittar eru ofbeldi af mökum sínum skulu tillögurnar taka mið af því. Hópurinn skili niðurstöðum þremur mánuðum frá dagsetningu skipunarbréfs.

Greinargerð.

Kvennaathvarfið kynnti 2. desember 2009 skýrslu um rannsókn sem unnin var á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið. Meðal þess sem rannsóknin leiddi í ljós er skelfileg staða kvenna frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem eru beittar ofbeldi af mökum sínum en háðar þeim um landvist.

Vert er að taka fram að um fámennan hóp í íslensku samfélagi er að ræða, eins og segir í skýrslunni, þar sem aðeins lítill hópur kvenna af erlendum uppruna leitar í Kvennaathvarfið vegna ofbeldisfulls maka.

Rannsókn Kvennaathvarfsins náði til allra kvenna af erlendum uppruna sem þangað komu. Hér er hins vegar tekinn út sá hópur sem kemur frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem rannsóknin sýndi mikinn mun á stöðu þeirra og kvenna sem koma frá EES-löndum Þær síðarnefndu eru mun betur settar vegna reglna um frjálst flæði vinnuafls innan svæðisins. Með orðum Hildar Guðmundsdóttur, mannfræðings og vaktstýru Kvennaathvarfsins, sem gerði rannsóknina: „Í sumum tilvikum eru konur frá löndum utan EES háðar maka varðandi dvalarleyfi í landinu, sem gerir þær berskjaldaðri fyrir ofbeldi eiginmanna sinna. Ókunnugleiki og tungumálaerfiðleikar auðvelda misnotkun og geta stuðlað að einangrun. Vitað er til þess að fleiri en ein erlend kona hefur komið vegna sama manns og svo virðist sem einstaka ofbeldismenn velji kerfisbundið konur frá löndum utan EES og telji þær auðveldari fórnarlömb ofbeldis vegna stöðu þeirra í íslensku samfélagi.“

Í skýrslu Kvennaathvarfsins eru útlistuð ýmis dæmi um það ofbeldi og misnotkun sem konurnar eru beittar.

Sumir karlar halda konunum einangruðum á heimilum sínum og leyfa þeim ekki að eiga samskipti við annað fólk. T.d. kom ein kvennanna í Kvennaathvarf og vissi ekki sitt eigið heimilisfang þrátt fyrir að hafa búið hérlendis nokkur ár en henni hafði verið haldið einangraðri. Meiri hluti kvennanna hefur orðið fyrir líkamlegu ofbeldi og sumar fyrir ýmiss konar kynferðisofbeldi, en um það segir í skýrslunni: „Af frásögn kvennanna má ráða að karlarnir telji að konurnar séu eign þeirra og þeir geti leyft sér að koma fram við þær eins og þeim sýnist og að þeir eigi rétt á að fá öllum kynferðislegum hugarórum sínum fullnægt. Eiginmennirnir hóta konunum óspart „heimsendingu“ ef þær neita að hlýða.“ Sumar kvennanna eru beittar fjárhagslegri misnotkun af ýmsu tagi, látnar þræla sér út í láglaunavinnu til að sjá fyrir makanum, látnar skrifa undir fjárhagslegar skuldbindingar fyrir þá eða vinna launalaust fyrir þá. Þær eru niðurlægðar af mökum sínum á marga vegu og þeim til dæmis sagt að þær séu keyptar. Makarnir ljúga til um hagi sína og bakgrunn og villa á sér heimildir meðan á viðkynningu stendur.

Samkvæmt upplýsingum frá rannsakanda koma sumar kvennanna endurtekið í Kvennaathvarfið en fara aftur til maka síns á milli. Gjarnan með því hugarfari að þær verði einfaldlega að láta ofbeldið yfir sig ganga í nokkur ár, meðan þær eru háðar makanum um landvist. Þetta gera þær fyrir börn sín eða vegna þess að þær eiga ekki afturkvæmt á heimaslóðir.

Rétt er að taka fram að í 6. mgr. 13. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002, sem breytt var með lögum nr. 86/2008, er að finna ákvæði sem sérstaklega var ætlað að koma til móts við þann hóp kvenna sem tillaga þessi fjallar um. Ákvæðið hljóðar svo:

„Ef hjúskap, staðfestri samvist eða sambúð er slitið vegna þess að útlendingur eða barn hans hefur sætt misnotkun eða ofbeldi í sambandinu er, þegar sérstaklega stendur á og ríkar sanngirnisástæður mæla með, jafnframt heimilt að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu þrátt fyrir breyttar forsendur dvalar hér á landi að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 11.

gr. Skal þá m.a. litið til lengdar hjúskapar, staðfestrar samvistar eða sambúðar og tengsla útlendings við landið.“

Ljóst virðist að þetta ákvæði hafi haft í för með sér formlega réttarbót. Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun hefur hins vegar lítið sem ekkert reynt á ákvæðið. Af þeirri staðreynd má draga þá ályktun að meira þurfi til að koma, svo sem fræðsla um réttindi. Flutningsmenn taka ekki afstöðu til þess hvort ákvæðið veiti efnislega fullnægjandi vernd og er starfshópnum falið að fara yfir það atriði. Eins er hópnum falið að hafa skýrslu Kvennaathvarfsins til hliðsjónar við vinnu sína en hann hefur að öðru leyti frjálsar hendur um vinnulag.

Eins og fyrr segir er hlutverk starfshópsins að skila fullmótuðum tillögum um úrbætur og hugsanlegar laga- og reglugerðarbreytingar. Markmiðið með þeim úrbótum er að bæta réttarstöðu þeirra kvenna sem koma frá löndum utan EES og eru háðar ofbeldisfullum mökum um landvist á Íslandi. Flutningsmenn leggja áherslu á að árangur í málinu náist hið fyrsta. Því er lagt til að hópurinn hafi þrjá mánuði til að skila tillögum sínum um þetta afmarkaða verkefni. Flutningsmönnum finnst þó eðlilegt að setja starfshópnum ekki stólinn fyrir dyrnar ef hluti vinnunnar getur nýst í þágu kvenna frá löndum innan EES, þótt þeirra aðstaða að lögum sé gjörólík. Starfshópnum er því falið að meta hvort rökrétt sé að hluti vinnunnar nái til stöðu allra erlendra kvenna sem beittar eru ofbeldi af mökum sínum og skulu þá tillögurnar taka mið af því.

Samsetning hópsins er þannig hugsuð að þekking á aðstæðum kvennanna og framkvæmd útlendingalöggjafar fáist með fulltrúum frá Kvennaathvarfi og Útlendingastofnun. Dómsmála- og mannréttindaráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra skipi svo hvor sinn fulltrúa en nokkur skörun er á verksviði ráðuneytanna í útlendingamálum. Ráðherrarnir ákveði sín á milli hvor fulltrúa þeirra verði formaður starfshópsins.

Vernd kvenna gegn ofbeldi maka snertir grunninn að tilveru þeirra og öryggi. Ef veruleikinn er sá að ofbeldismenn hérlendis velja konur frá löndum utan EES vegna lakari stöðu þeirra í íslensku samfélagi þurfa íslensk stjórnvöld að bregðast hratt og vel við. Styrkja þarf réttarstöðu þessara kvenna svo að þær eigi greiða leið út úr ofbeldissamböndum. Þannig ættu einnig að nást fram fyrirbyggjandi áhrif, með skýrum skilaboðum um að þess háttar ofbeldi og misnotkun á konum verði undir engum kringumstæðum liðið.

234. Svar [27. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um húshitunarkostnað.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur verið árlegur og endanlegur húshitunarkostnaður heimila á einstökum orkuveitusvæðum frá árinu 2000 á núgildandi verðlagi?*
2. *Hver er framangreindur kostnaður núna eftir verðlagsbreytingar sem urðu 1. október sl.?*

Svar óskast sundurliðað þannig að kostnaðurinn sé reiknaður út fyrir: a. íbúð í fjölbýli100 fm, b. raðhús 140 fm, c. einbýlishús 180 fm, d. einbýlishús 250 fm.

Þar sem hér á landi er að finna margar litlar hitaveitur sem þjóna fáum íbúum og þar með mjög mörg orkuveitusvæði, var að höfðu samráði við fyrirspyrjanda ákveðið að í svarinu yrði verð á húshitun einskorðað við færri svæði. Verðsamanburður nær yfir fjögur svæði þar sem raforka er notuð til húshitunar, þ.e. hjá Rarik í þéttbýli og dreifbýli og hjá Orkubúi Vestfjarða í þéttbýli og dreifbýli. Þá er skoðuð verðþróun hjá fjórum hitaveitum og þremur kyntum hitaveitum. Með því að skoða þessa þrjá flokka er talið að hægt sé að setja fram gott yfirlit yfir kostnað við húshitun hér á landi á umræddu tímabili.

Ráðuneytið fékk aðstoð Orkustofnunar við að svara fyrirspurninni. Í útreikningum stofnunarinnar er horft til heildarverðs til neytenda með öllum sköttum og gert ráð fyrir niðurgreiðslum þar sem það á við. Hafa þarf í huga að á þessu tímabili hefur heildarfjöldi kWst. sem er niðurgreiddur ekki alltaf verið sá sami. Árið 2002 var hámark niðurgreiddra kWst. hækkað úr 30.000 kWst. á ári í 50.000 kWst. Árið 2005 var hámarkið aftur lækkað og þá í 35.000 kWst. Hámarkið var aftur hækkað árið 2006 og þá í 40.000 kWst og hefur haldist óbreytt síðan.

Í tölunum er gert ráð fyrir sömu orkuþörf þrátt fyrir að mismikla orku þurfi til að viðhalda sama innihitastigi, eftir því hvar á landinu húsið er. Þá er gert ráð fyrir að ofnakerfi á svæðum þar sem framrásarhiti heits vatns er lágur, sé stærra en ella og er því gert ráð fyrir að hiti sé nýttur niður í 35°C. Þá er kyndikostnaður oft afar mismunandi eftir aldri og einangrun húsa. Getur t.d. nýtt gler og gluggaumbúnaður skipt sköpum í kyndingarkostnaði landsmanna.

1. Húsnæði: 100 m^2.

	Rafhitun				Hitaveitur				Kyntar hitaveitur		
Staður	RARIK Péttbýli	RARIK Dreifbýli	OV Péttbýli	OV Dreifbýli	Reykjavík	Akureyri	Egilsstaðir	Selfoss	Ísafjörður	Seyðisfjörður /Hofn	Vestmannaeyjar
Húsnæði	Fjölbýli	Fjölbýli	Fjölbýli	Fjölbýli	Fjölbýli	Fjölbýli	Fjölbýli	Fjölbýli	Fjölbýli	Fjölbýli	Fjölbýli
Stærð	100 m2	100 m2	100 m2	100 m2	100 m2	100 m2	100 m2	100 m2	100 m2	100 m2	100 m2
kWst/ári	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619
2000	108.367	108.367	93.220	93.220	67.613	119.269	86.053	68.208	101.182	100.101	83.879
2001	110.356	110.356	98.742	98.742	65.681	111.800	84.872	66.372	101.666	97.196	78.781
2002	97.044	97.044	97.239	97.239	64.955	100.361	82.842	65.592	100.459	97.987	77.945
2003	99.955	99.955	95.434	95.434	64.718	98.286	81.538	65.996	98.798	99.226	76.334
2004	101.417	101.417	96.924	96.924	69.484	98.196	80.190	66.134	99.917	97.569	89.139
2005	112.162	123.024	99.053	103.168	67.045	98.368	77.069	65.930	98.874	93.040	87.355
2006	107.542	114.740	98.176	104.474	62.405	88.324	72.190	64.721	102.510	94.336	82.773
2007	106.577	119.087	104.364	110.608	55.770	84.283	67.358	57.842	104.059	100.208	80.510
2008	108.531	123.350	102.481	111.435	50.811	81.717	59.670	53.166	102.380	103.893	75.606
2009	112.576	132.205	109.716	121.109	48.595	72.967	56.939	51.371	108.102	115.964	70.960
okt.10	125.253	148.693	123.810	144.401	63.126	71.292	56.547	52.886	116.262	130.342	79.547

2. Húsnæði: 140 m².

	Rafhitun				Hitaveitur				Kyntar hitaveitur		
Staður	RARIK Þéttbýli	RARIK Dreifbýli	OV Þéttbýli	OV Dreifbýli	Reykjavík	Akureyri	Egilsstaðir	Selfoss	Ísafjörður	Seyðisfjörður /Hofn	Vestmannaeyjar
Húsnæði	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús
Stærð	140 m²	140 m²	140 m²	140 m²	140 m²	140 m²	140 m²	140 m²	140 m²	140 m²	140 m²
kWst/ári	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400
2000	132.745	132.745	113.469	113.469	84.558	151.551	109.893	85.700	123.871	123.089	105.088
2001	135.526	135.526	120.732	120.732	82.140	142.061	107.592	83.393	124.545	119.447	98.474
2002	118.174	118.174	118.889	118.889	81.232	126.993	105.018	82.413	123.055	120.576	97.431
2003	121.949	121.949	116.472	116.472	80.935	124.367	103.259	82.921	120.833	122.166	95.416
2004	123.938	123.938	118.496	118.496	86.896	123.465	101.243	83.094	122.375	120.080	111.853
2005	144.331	157.848	127.613	131.728	83.847	122.653	97.303	82.839	121.208	114.346	109.192
2006	138.361	147.200	126.462	133.283	78.044	109.635	91.142	81.319	126.173	116.204	103.449
2007	137.132	152.869	134.531	141.363	69.746	104.062	84.830	72.675	128.368	123.869	100.600
2008	139.961	158.818	132.175	142.621	63.545	100.101	75.109	66.800	126.618	128.933	94.472
2009	147.886	173.672	143.740	158.496	60.773	89.382	71.561	64.545	134.170	144.492	88.666
okt.10	164.539	195.332	162.644	189.694	78.945	87.426	71.018	66.448	144.492	162.776	99.201

3. Húsnæði: 180 m².

	Rafhitun				Hitaveitur				Kyntar hitaveitur		
Staður	RARIK Þéttbýli	RARIK Dreifbýli	OV Þéttbýli	OV Dreifbýli	Reykjavík	Akureyri	Egilsstaðir	Selfoss	Ísafjörður	Seyðisfjörður /Hofn	Vestmannaeyjar
Húsnæði	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli
Stærð	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²
kWst/ári	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632
2000	165.216	165.216	142.616	142.616	100.131	181.219	131.804	101.776	144.724	144.216	124.580
2001	158.658	158.658	140.942	140.942	97.267	169.872	128.473	99.037	145.571	139.896	116.574
2002	137.594	137.594	138.785	138.785	96.191	151.468	125.399	97.873	143.822	141.336	115.338
2003	142.163	142.163	135.807	135.807	95.840	148.336	123.221	98.476	141.084	143.249	112.953
2004	144.635	144.635	138.322	138.322	102.898	146.688	120.592	98.682	143.015	140.768	132.728
2005	173.896	174.832	153.860	157.975	99.288	144.973	115.899	98.378	141.734	133.927	129.262
2006	166.685	170.785	152.458	159.759	92.417	129.221	108.560	96.573	147.920	136.300	122.451
2007	165.213	183.916	162.255	169.629	82.591	122.240	100.887	86.307	150.708	145.613	119.063
2008	168.847	191.415	159.465	171.282	75.247	116.997	89.298	79.330	148.893	151.946	111.811
2009	180.338	211.782	175.010	192.856	71.965	104.469	84.998	76.653	158.127	170.711	104.940
okt.10	200.645	238.196	198.334	231.320	93.483	102.255	84.317	78.913	170.436	192.585	117.263

4. Húsnæði: 250 m².

	Rafhitun				Hitaveitur				Kyntar hitaveitur		
Staður	RARIK Þéttbýli	RARIK Dreifbýli	OV Þéttbýli	OV Dreifbýli	Reykjavík	Akureyri	Egilsstaðir	Selfoss	Ísafjörður	Seyðisfjörður/Hofn	Vestmannaeyjar
Húsnæði	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli
Stærð	250 m²	250 m²	250 m²	250 m²	250 m²	250 m²	250 m²	250 m²	250 m²	250 m²	250 m²
kWst/ári	43.922	43.922	43.922	43.922	43.922	43.922	43.922	43.922	43.922	43.922	43.922
2000	218.805	218.805	191.493	191.493	123.345	225.446	164.465	125.740	175.809	175.710	153.637
2001	193.140	193.140	171.069	171.069	119.817	211.329	159.599	122.356	176.914	170.380	143.554
2002	166.542	166.542	168.445	168.445	118.490	187.953	155.781	120.918	174.780	172.283	142.033
2003	172.296	172.296	164.629	164.629	118.058	184.067	152.978	121.664	171.271	174.678	139.096
2004	175.488	175.488	167.875	167.875	126.752	181.307	149.435	121.918	188.212	184.349	163.846
2005	255.964	265.205	228.049	244.876	122.306	178.244	143.619	121.543	205.615	176.036	172.570
2006	224.571	232.650	205.665	218.922	113.842	158.418	134.526	119.312	193.625	178.360	163.321
2007	221.673	247.374	217.056	230.121	101.738	149.337	124.823	106.629	196.429	189.251	158.248
2008	224.836	255.219	212.079	230.264	92.692	142.183	110.450	98.008	193.104	195.969	147.947
2009	240.234	282.147	232.255	258.562	88.648	126.958	105.030	94.701	203.665	218.473	138.386
okt.10	265.904	315.460	262.127	307.625	115.156	124.359	104.142	97.494	218.565	245.370	153.028

235. Svar [157. mál]

forseta Alþingis við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um styrki frá Evrópusambandinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hyggst Alþingi sækja um aðlögunarstyrki (IPA-styrki) Evrópusambandsins eða aðra almenna styrki sem sambandið veitir umsóknarríkjum og ef svo er, hvað á að sækja um háar fjárhæðir?*
2. *Komi til styrkveitinga, hvenær verða styrkirnir þá greiddir út?*

IPA-styrkir Evrópusambandsins hafa ekki komið til umræðu á vettvangi þeirra aðila sem samkvæmt þingsköpum hafa á hendi stjórn Alþingis eða er ætlað að fjalla um innri málefni þingsins, þ.e. forsætisnefndar og formanna þingflokka. Engin tilmæli hafa heldur komið fram um að málið verði rætt á þessum vettvangi.

236. Frumvarp til laga [212. mál]

um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

4. mgr. 103. gr. laganna orðast svo:

Ef ekki er sýnt að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja til að efna skuldbindingar þess að fullu má krefjast riftunar eftir sömu reglum og gilda um riftun ráðstafana við gjaldþrotaskipti. Gilda þá öll ákvæði XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, við slita-

meðferðina með sama hætti og við gjaldþrotaskipti en þó þannig að frestur til að höfða riftunarmál skv. 1. mgr. 148. gr. sömu laga skal vera 24 mánuðir í stað sex mánaða.

2. gr.

2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum orðast svo: Við greiðslustöðvunina skal beitt ákvæðum 1. mgr. 101. gr., 102. gr., 103. gr. og 103. gr. a laganna, eins og fyrirtækið hefði verið tekið til slita með dómsúrskurði á þeim degi sem lög nr. 44/2009 öðluðust gildi, en slitameðferðin skal þó allt að einu kennd við heimild til greiðslustöðvunar svo lengi sem sú heimild stendur, sbr. 1. tölul. Ákvæði IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gilda ekki um slíka greiðslustöðvun sem hér um ræðir, en þó skal aðstoðarmaður hafa eftirlit með ráðstöfunum skilanefndar skv. 103. gr. laganna. Áður en heimild fyrirtækisins til greiðslustöðvunar rennur út geta skilanefnd og slitastjórn sameiginlega gert kröfu um að fyrirtækið verði tekið til slitameðferðar eftir almennum reglum, sbr. þó 3. og 4. tölul., með dómsúrskurði, enda séu uppfyllt efnisskilyrði 3. tölul. 2. mgr. 101. gr. laganna. Slík krafa skal í síðasta lagi lögð fram á þeim degi er heimild fyrirtækisins til greiðslustöðvunar rennur út. Um meðferð slíkrar kröfu fer að öðru leyti eftir 3. mgr. 101. gr. laganna. Fallist dómur á kröfuna skal það standa óraskað sem gert hefur verið í greiðslustöðvun fyrirtækisins eftir gildistöku laga nr. 44/2009. Að því leyti sem rétthæð krafna og önnur réttaráhrif ráðast almennt af þeim degi er úrskurður um slitameðferð gengur skal á sama hátt miða við gildistökudag þeirra laga. Frá því að beiðni um slitameðferð eftir almennum reglum berst dómara og þar til endanlegur úrskurður er kveðinn upp gilda reglur um slitameðferð til bráðabirgða um fyrirtækið. Heimild til greiðslustöðvunar lýkur sjálfkrafa þegar endanlegur úrskurður um að fyrirtækið sé tekið til slitameðferðar er kveðinn upp.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar ábendinga af hálfu skilanefnda og slitastjórna Landsbanka, Kaupþings og Glitnis vegna dóma sem kveðnir voru upp af áfrýjunardómstóli í Frakklandi 4. nóvember 2010. Af dómunum má draga þá ályktun að fyrir hendi kunni að vera ákveðin réttaróvissa er lúti að upphafi slitameðferðar fjármálafyrirtækja eftir almennum reglum sem ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 161/2002 tekur til. Einnig kom fram í dómunum að tilvísun til riftunarreglna laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, væri ekki nægjanlega skýr í gildandi ákvæði laganna.

Þar sem verulegir hagsmunir eru í húfi fyrir bú bankanna og þar með kröfuhafa þeirra þykir nauðsynlegt að eyða öllum vafa um aðkomu dómstóla að slitameðferðinni og tryggja að enginn vafi geti leikið á því að formskilyrðum tilskipunar 2001/24/EB, um endurskipulagningu og slit lánastofnana, sé fullnægt. Í tilskipuninni er talið felast mikið hagræði, enda talið að endurskipulagning og slit fjármálafyrirtækis sem hefur aðalstöðvar í einu aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og útibú í öðru aðildarríki fari einungis eftir lögum eins ríkis, en ekki margra. Tilskipunin leggur grundvöllinn að samræmdum reglum á Evrópska efnahagssvæðinu um endurskipulagningu fjárhags og slit fjármálafyrirtækja og byggist á megin-

sjónarmiðum um einingu (e. principle of unity), algildi (e. principle of universality) og jafnræði (e. principle of non-discrimination).

Þá eru með frumvarpinu tekin af öll tvímæli um að öll ákvæði XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, gildi við slitameðferð fjármálafyrirtækja og þar með öll þau réttarúrræði sem þar koma fram og er ætlað að jafna stöðu kröfuhafa.

Markmið breytinganna sem lagðar eru til í frumvarpinu er því að tryggja jafnræði kröfuhafa fjármálafyrirtækja, annars vegar með því að tryggja viðurkenningu slitameðferðarinnar innan Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við ákvæði tilskipunar 2001/24/EB og hins vegar með því að tryggja að einstakar ráðstafanir séu tvímælalaust riftanlegar eins og væri við gjaldþrotaskipti.

2. Helstu atriði frumvarpsins.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á 4. mgr. 103. gr. laganna sem lögfestir með skýrum hætti vísun til XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er varðar riftun á ráðstöfunum auk fleiri atriða.

Í öðru lagi er lögð til breyting sem felur í sér að fjármálafyrirtæki sem falla undir sérreglur ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009, verði með dómsúrskurði tekin til slitameðferðar sem um gilda almennar reglur, í stað þess að slíkt gerist sjálfkrafa þegar heimild til greiðslustöðvunar hefur runnið sitt skeið á enda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 4. mgr. 103. gr. laganna sem ætlað er að árétta að öll ákvæði XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, þar á meðal ákvæði 138. gr. um afléttingu kyrrsetningar, skuli gilda við slitameðferð fjármálafyrirtækja. Ekki felst í þessu efnisbreyting frá gildandi rétti heldur er um það að ræða að tekin eru af öll tvímæli um að þegar svo háttar til við slitameðferð fjármálafyrirtækis sem í ákvæðinu greinir gildi allar reglur riftunarkafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Um 2. gr.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir vafa um að ákvæði laganna varðandi slitameðferð fjármálafyrirtækja samrýmist ákvæðum tilskipunar 2001/24/EB eru lagðar til breytingar á 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða V.

Breytingunum er m.a. ætlað að færa dómstólum það hlutverk að taka ákvörðun um að hefja slitameðferð fjármálafyrirtækis eftir almennum reglum. Sú sérstaka greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja sem komið var á með lögum nr. 129/2008 hófst með úrskurði dómara og ágreiningsefni er varða framkvæmd hennar heyra undir dómstóla. Engin breyting varð á því með gildistöku laga nr. 44/2009 22. apríl 2009 og hefur svo verið frá þeim tíma. Sem fyrr segir er frumvarpinu ætlað að árétta áframhaldandi hlutverk dómstóla við slitameðferð eftir almennum reglum hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem undir bráðabirgðaákvæðið falla. Þá þykir nauðsynlegt að taka af allan vafa um að úrskurður dómstóla um að fyrirtæki skuli tekið til slitameðferðar eftir almennum reglum skuli gilda og hafa réttaráhrif frá þeim degi er lög nr. 44/2009 öðluðust gildi.

Loks er áréttað í greininni að frá því að beiðni um slitameðferð berst dómstólum og þar til endanlegur úrskurður hefur verið kveðinn upp skulu reglur um slitameðferð gilda til

bráðabirgða um fyrirtækið. Þannig skapast ekki réttaróvissa fari svo að úrskurður dómara verði ekki kveðinn upp fyrr en eftir að heimild fjármálafyrirtækis til greiðslustöðvunar lýkur.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar ábendinga af hálfu skilanefnda og slitastjórna Landsbankans, Kaupþings og Glitnis vegna dóma sem kveðnir voru upp af áfrýjunardómstóli í Frakklandi 4. nóvember sl., en af þeim má draga þá ályktun að skapast hafi ákveðin réttaróvissa er lýtur að upphafi slitameðferðar fjármálafyrirtækja. Þar sem verulegir hagsmunir eru í húfi þykir nauðsynlegt að eyða öllum vafa um aðkomu dómstóla að slitameðferðinni og tryggja að formskilyrðum tilskipunar 2001/24/EB, um endurskipulagningu og slit lánastofnana, sé fullnægt.

Annars vegar er um að ræða breytingu á 4. mgr. 103. gr. laganna, sem lögfestir með skýrum hætti vísun til XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er varðar riftun á ráðstöfunum auk fleiri atriða. Hins vegar er lögð til breyting sem felur í sér að fjármálafyrirtæki sem falla undir sérreglur bráðabirgðaákvæðis V við lögin, sbr. bráðabirgðaákvæði II við lög nr. 44/2009, verði með dómsúrskurði tekin til slitameðferðar sem um gilda almennar reglur, í stað þess að slíkt gerist sjálfkrafa þegar heimild til greiðslustöðvunar hefur runnið sitt skeið á enda.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

237. Svar [115. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Birgis Þórarinssonar um Sparisjóðinn í Keflavík, Spkef sparisjóð, Byr sparisjóð og Byr hf.

1. *Hvaða rök og hugmyndir eru að baki því að Byr sparisjóður var gerður að hlutafélagi en Sparisjóðurinn í Keflavík áfram látinn vera sparisjóður?*

Það sem mælti með hlutafélagaforminu í tilviki Byrs, fyrir utan almenn rök sem færa má fyrir því félagaformi, er að um nokkuð stóra fjármálastofnun er að ræða sem kostnaðarsamt hefði orðið fyrir ríkið að endurreisa sem sparisjóð. Landfræðilega standa ekki sömu rök til þess að endurreisa Byr sem sparisjóð og í tilviki Sparisjóðsins í Keflavík. Hlutafélagaformið var talin betri leið með tilliti til endurfjármögnunar eða sölu í framhaldinu, en telja verður

að hlutafélagabanki sé áhugaverðari fjárfestingarkostur, m.a. vegna takmarkana á arðgreiðslum í tilviki sparisjóða.

Ríkur vilji er hjá stjórnvöldum til þess að viðhalda sparisjóðakerfinu í landinu. Svo það megi verða er talið að til þurfi að vera nægjanlega stór eining stofnfjársparisjóðs til að mynda kjölfestu í kerfinu og að Sparisjóðurinn í Keflavík geti verið slíkur aðili. Þá er Sparisjóðurinn í Keflavík með starfsstöðvar víða á Vestfjörðum og þess vegna var farin sú leið að láta hann viðhalda sínu félagaformi.

2. *Hvað eiga bráðabirgðastjórnir Sparisjóðsins í Keflavík og Byrs sparisjóðs að starfa lengi, hvert er hlutverk þeirra og hver ákveður og greiðir laun stjórnarmanna?*

Bráðabirgðastjórn í fjármálafyrirtæki er skipuð skv. 100. gr. laga nr. 161/2002, en þar er starfstími þeirra einnig ákvarðaður. Í tilviki Sparisjóðsins í Keflavík og Byrs sparisjóðs voru bráðabirgðastjórnir skipaðar í sjóðunum samkvæmt ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins sem voru teknar fyrir sjóðina 22. apríl 2010. Í ákvörðununum er einnig gert ráð fyrir kostnaði við rekstur slitastjórnanna.

Hinn 23. júlí úrskurðaði Héraðsdómur Reykjaness að Sparisjóðurinn í Keflavík skyldi tekinn til slitameðferðar og 2. júlí úrskurðaði Héraðsdómur Reykjavíkur að Byr sparisjóður skyldi tekinn til slitameðferðar. Það var gert að beiðni bráðabirgðastjórna sparisjóðanna. Skv. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 44/2009, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, skipaði héraðsdómur sjóðunum þriggja manna slitastjórn. Með þeim úrskurðum lauk hlutverki bráðabirgðastjórnanna.

3. *Hverjir eru kröfuhafar Sparisjóðsins í Keflavík og Byrs sparisjóðs?*

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um það hverjir eru kröfuhafar Sparisjóðsins í Keflavík og Byrs sparisjóðs. Viðkomandi slitastjórnir sjá um samskipti við kröfuhafa sjóðanna.

4. *Hvert er hlutverk Bankasýslu ríkisins er lýtur að Sparisjóðnum í Keflavík, Byr sparisjóði, Spkef sparisjóði og Byr hf.?*

Hlutverk Bankasýslu ríkisins lýtur að því að fara með eignarfyrirsvar í fjármálafyrirtækjum í eigu ríkisins. Fjármálaráðuneytið felur Bankasýslunni að fara með eignarhald ríkisins í þessum fjármálafyrirtækjum að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu og fjármögnun þeirra.

5. *Hvernig samræmist 5 milljarða kr. lán ríkissjóðs til Byrs hf. ábendingum Bankasýslunnar um að bankakerfið sé allt of stórt?*

Það varð niðurstaða í samningum á milli ríkisins og slitastjórnar Byrs sparisjóðs að ríkið mundi eiga 5,2% eignarhlut í Byr hf. og jafnframt veita félaginu 5 milljarða kr. víkjandi lán. Þessi niðurstaða lágmarkar kostnað ríkisins við endurreisn Byrs hf.

Með vísan í svar við 1. tölul. er talið að rekstur fjármálafyrirtækis í hlutafélagi geti auðveldað þá nauðsynlegu hagræðingu sem fyrirsjáanlega þarf að eiga sér stað í bankakerfinu á Íslandi.

6. *Er unnið að stefnumótun varðandi framtíð sparisjóðakerfisins?*

Bankasýsla ríkisins vinnur að stefnumótun varðandi framtíð sparisjóðakerfisins.

7. *Hvenær verða stofnefnahagsreikningar fyrir Spkef sparisjóð og Byr hf. birtir og hvenær verða birtar upplýsingar um rekstur þessara fyrirtækja?*

Stofnefnahagsreikningar verða birtir að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu sem vonast er til að verði innan fárra vikna. Samkvæmt eigendastefnu skulu fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins birta fjárhagsupplýsingar sínar ársfjórðungslega.

8. *Er unnið að greiningu á svokölluðum stofnfjárbréfalánum, þ.e. athugaður fjöldi lána og lántaka, upphæð lána o.s.frv.?*

Slík greining hefur ekki verið unnin í fjármálaráðuneytinu og ekki heldur í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.

9. *Hefur verið unnið að tillögugerð um aðstoð við þá sem tóku slík lán og eru í flestum tilvikum í sjálfskuldarábyrgð fyrir þeim og ef svo er, hefur komið til tals að fella niður skuldir?*

Engin sérstök tillögugerð hefur verið unnin af hálfu ráðuneytisins vegna þeirra sem tóku lán til að fjárfesta í stofnfé á undangengnum árum. Á einhver slík mál reynir nú fyrir dómstólum eða þau kunna sæta rannsókn og mun staðan væntanlega skýrast í kjölfarið.

238. Fyrirspurn [213. mál]

til utanríkisráðherra um íslenska friðargæslu.

Frá Arndísi Soffíu Sigurðardóttur.

1. Hversu margir íslenskir friðargæsluliðar starfa nú á erlendri grund?
2. Hvaða verkefnum sinnir íslenska friðargæslan um þessar mundir?
3. Hversu margir íslenskir friðargæsluliðar bera vopn við störf sín?
4. Telur ráðherra efni til að draga frekar úr fjárframlögum til íslenskrar friðargæslu miðað við núverandi efnahagsaðstæður?

Skriflegt svar óskast.

239. Frumvarp til laga [214. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um málefni aldraðra (einbýli).

Flm.: Ólafur Þór Gunnarsson, Þráinn Bertelsson, Lilja Mósesdóttir,
Lilja Rafney Magnúsdóttir, Þuríður Backman, Árni Þór Sigurðsson,
Arndís Soffía Sigurðardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Guðmundur Steingrímsson,
Jónína Rós Guðmundsdóttir, Margrét Tryggvadóttir.

Breyting á lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu,
með síðari breytingum.

1. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Öllum íbúum á hjúkrunar- og dvalarheimilum, sem þiggja daggjöld frá ríkinu, skal bjóðast einbýli á viðkomandi stofnun.

Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra,
með síðari breytingum.

2. gr.

Lokamálsliður 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Við hönnun hjúkrunar- og dvalarrýma skal þess gætt að öllum íbúum gefist kostur á einbýli óski þeir þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Stofnunum þar sem enn eru tvíbýli, sbr. 1. gr. laga þessara, skal á næstu 5 árum frá gildistöku laga þessara breyta með þeim hætti að fjölbýlum sé lokað en öll rými verði einbýli. Ráðherra velferðarmála skal innan árs frá gildistöku laga þessara leggja fram áætlun um með hvaða hætti fjölbýlum verði fækkað og loks útrýmt.

II.

Á heimilum þar sem enn eru starfrækt fjölbýli, sbr. 2. gr. laga þessara, skal innan 5 ára frá gildistöku laga þessara tryggja að öllum íbúum bjóðist einbýli.

Greinargerð.

Á hjúkrunar- og dvalarheimilum landsins eru nú 2.542 hjúkrunarrými og 544 dvalarrými. Þessum rýmum hefur fækkað frá árinu 2007 úr tæplega 2.700 hjúkrunarrýmum og ríflega 700 dvalarrýmum. Hlutfallsleg fækkun hjúkrunarrýma hefur verið um 6% á þessum tíma en fækkun dvalarrýma um ríflega 20%. Á sama tíma hafa sveitarfélög og ríkið bætt verulega í þá þjónustu sem aldraðir og aðrir þurfa að geta fengið heim, auk fjölgunar á dagvistarúrræðum fyrir eldra fólk.

Að minnsta kosti 800 af þeim rýmum sem eru í boði eru í fjölbýli, þ.e. þar búa fleiri en einn einstaklingur í herbergi. Við hönnun allra þeirra rýma sem hafa verið byggð undanfarin 10 ár hefur þess verið gætt að allir heimilismenn byggju einir á herbergi nema sérstakar óskir

væru um annað. Þannig hafa heimilin í Sóltúni, Boðaþingi og Mörk á höfuðborgarsvæðinu verið byggð með þessar þarfir í huga. Auk þessara hjúkrunarheimila hefur Droplaugarstöðum verið breytt í þessa veru. Við hönnun og byggingu hjúkrunarrýma á landsbyggðinni hefur einnig verið gætt að byggingu einbýla og nægir þar að nefna Fellsenda í Dalabyggð og Jaðar í Ólafsvík auk fleiri staða.

Á undanförnum árum hafa þingmenn og ráðherrar viðrað hugmyndir um að útrýma fjölbýlum á hjúkrunarheimilum. Þar nægir að nefna áætlun um fjölgun hjúkrunarrýma, sem var lögð fram af Jóhönnu Sigurðardóttur, þáverandi félagsmálaráðherra, sem fól m.a. í sér að fækka fjölbýlum. Í kjölfarið hafa síðan félagsmálaráðherrarnir Ásta R. Jóhannesdóttir og Árni Páll Árnason fylgt málinu eftir. Auk þess hafa þingmenn alloft í þingræðum og fyrirspurnum velt þessu máli upp. Hér er hins vegar lagt til að skrefið verði stigið lengra, þ.e. að gerð verði áætlun um að á tilteknum tíma verði útrýmt fjölbýlum á hjúkrunarheimilum og að lögfestur verði réttur til einbýlis.

Samtök aldraðra hafa oft ályktað um málefni hjúkrunarheimila og krafist þess að sá háttur yrði hafður á að öllum íbúum gefist kostur á einbýli óski þeir þess. Þegar unnið var að gerð nýrra heilbrigðislaga var rætt um að taka þessa breytingu inn í lögin en horfið frá þeim áætlunum. Stefna þeirra ráðuneyta sem með málefni aldraðra og heilbrigðisþjónustu fara hefur verið að reyna að minnka áherslu á stofnanaþjónustu, en auka áherslu á þá þjónustu sem fólk getur fengið heim til sín. Sú þjónusta hefur stóraukist undanfarin missiri, bæst hefur við kvöld-, helgar- og næturþjónusta víða um land, unnið hefur verið að samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu, og dagvistarúrræðum fjölgað. Þá hefur matsferli vegna vistunar á hjúkrunar- og dvalarheimilum verið breytt á þann hátt að biðtími eftir hjúkrunarrými er nú mun styttri en áður eftir að matið hefur verið gert. Aukin áhersla á endurhæfingu aldraðra hefur einnig gert það að verkum að þörf fyrir hjúkrunarrými skapast seinna á æviskeiði flestra.

Fyrir liggur að á næstu missirum er vilji til að flytja málefni aldraðra til sveitarfélaganna á svipaðan hátt og gert verður um næstu áramót með málefni fatlaðra. Það er afar mikilvægt að áður en sá flutningur verði liggi fyrir vilji löggjafarvaldsins um hvenær og hvernig staðið verður að því að tryggja þennan rétt íbúa á hjúkrunar og dvalarheimilum.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að lögfest verði að allir íbúar þessara stofnana eigi rétt á að búa einir í herbergi, sé það ósk þeirra. Einnig er skilgreint að þetta skuli gerast á næstu fimm árum og er ráðuneyti velferðarmála falið að leggja fram áætlun þar um innan árs frá gildistöku laganna.

240. Svar [84. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um ákvörðun ráðherra um frjálsar veiðar á úthafsrækju.

1. *Hver eru viðbrögð ráðherra við álitamálum um lögmæti ákvörðunar hans um að gefa ekki út heildarafla úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2010/2011 með reglugerð og gefa þannig veiðar á úthafsrækju frjálsar, í ljósi minnisblaðs Ástráðs Haraldssonar hrl., dags. 9. júlí 2009, og álitsgerðar Karls Axelssonar hrl. og dósents í lagadeild Háskóla Íslands, dags. 26. ágúst 2010?*

Ráðherra gaf út heildaraflamark fyrir 15 íslenska nytjastofna 16. júlí sl. Úthafsrækja var þar ekki á meðal og hefur hann enga ákvörðun tekið um aðra skipan mála fram að þessu þrátt fyrir tilvitnað minnisblað og álitsgerð.

2. *Hyggst ráðherra takmarka eða stöðva veiðar á úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2010/2011 þegar veidd hafa verið 7.000 tonn eða meira, til samræmis við mat Hafrannsóknastofnunarinnar á veiðiþoli úthafsrækjustofnsins?*

Líkt og fram kemur í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar var ekki tekin ákvörðun um heildaraflamark í úthafsrækju í júlí sl. Engin ný ákvörðun hefur verið tekin um annað, en fylgst verður með gangi veiðanna líkt og hvað aðra stofna varðar.

3. *Telur ráðherra að frjálsar veiðar á úthafsrækju geti talist sjálfbærar og ef svo er, hvaða rök búa að baki þeirri skoðun hans?*

Fyrir liggur að Hafrannsóknastofnunin mun taka til sérstakrar skoðunar grundvöll veiðiráðgjafar í úthafsrækju, henni mun ljúka á næstu mánuðum en þar verður litið m.a. til reynslu undanfarinna ára. Tugþúsund tonna munur er á ráðgjöf undanfarins áratugar og veiði sem hefur þannig verið miklu minni. Sé tekið mið af nýlegri stofnmælingu Hafrannsóknastofnunarinnar 2010 benda hins vegar niðurstöður til þess að úthafsrækjustofninn sé enn lítill og nýliðun slök, líkt og undanfarin ár þrátt fyrir þessa litlu veiði. Þótt almennt sé talið að veiðar hafi afgerandi áhrif á fiskstofna sem lítt eru bráð rándýra, eins og á við um þorsk, er ljóst af reynslu áranna að afrán þorsks eða aðrir þættir í umhverfinu skipta afgerandi máli fyrir rækjuna. Óheftar veiðar á rækju til langs tíma geta þó án efa leitt til ósjálfbærra veiða ef ekki er gripið inn í þegar þörf krefur. Þetta gildir að sjálfsögðu um alla fiskistofna. Hafrannsóknastofnunin hefur sem kunnugt er lagt fram tillögur um heildarafla á yfirstandandi ári og mun það liggja til grundvallar mati á stöðu stofnsins á næstu mánuðum og þar til fyrrgreindri skoðun á grundvelli veiðiráðgjafar lýkur.

4. *Telur ráðherra að frjálsar veiðar á úthafsrækju séu líklegar til að hámarka arðsemi af slíkum veiðum?*

Telja verður að mikil aðlögun og uppbygging hljóti óhjákvæmlega að verða í þessari grein í ljósi þess að veiðarnar hafi verið svo litlar sem raun ber vitni sl. áratug en þá hrundu veiðarnar úr nær 30 þúsund tonnum niður í átta hundruð tonn. Á síðasta fiskveiðiári veiddu skip án aflahlutdeildar í úthafsrækju tæp 40% þess afla sem á land kom og segir það sína sögu. Þessi skip þurfa ekki að greiða leigu fyrir aflaheimildir sínar núna. Veruleg endurskipulagning fer því fram í þessu tilliti og mikilvægt er að það gerist á sem hagkvæmastan hátt.

5. *Hvernig samræmist ákvörðun ráðherra um frjálsar veiðar á úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2010/2011 stefnu ríkisstjórnarinnar um umgengni um auðlindir sjávar?*

Mat ráðherra er að sú ákvörðun að gefa ekki út heildaraflamark vegna veiða á úthafsrækju í júlí sl. sé ekki ósamræmi við þessi markmið. Í þessu sambandi er vísað til svara við öðrum hlutum fyrirspurnarinnar og að í stefnuyfirlýsingunni er m.a. tiltekið að ríkisstjórnin muni stuðla að vernd fiskistofna, stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda sjávar og skapa sátt meðal þjóðarinnar um eignarhald og nýtingu auðlinda sjávar og hún telji brýnt að treysta í sessi siðræn viðhorf í umgengni við hafið og auðlindir sjávar í ljósi þess að maðurinn er hluti af náttúrunni og verður að umgangast hana af ábyrgð.

241. Fyrirspurn [215. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um stefnu varðandi framkvæmdir.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Hver er stefna ráðherra varðandi mannaflsfrekar framkvæmdir og einbreiðar brýr?

242. Fyrirspurn [216. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um fiskveiðisamninga.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hver er að mati ráðherra ávinningur Íslendinga af fiskveiðisamningi við Færeyinga?
2. Hvaða fiskveiðisamningar eru í gildi við erlendar þjóðir? Við hverja eru samningarnir, hvert er efni þeirra og hver er gildistíminn?
3. Hver er að mati ráðherra ávinningur Íslendinga af samningunum?

Skriflegt svar óskast.

243. Fyrirspurn [217. mál]

til heilbrigðisráðherra um tannheilsu þjóðarinnar.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hver er stefna ráðherra varðandi tannheilsu þjóðarinnar? Kemur hún fram í nýrri heilbrigðisáætlun?
2. Hver er stefna ráðherra varðandi tannheilsu barna og markmið um að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag?
3. Hver er heildarkostnaður sjúklinga og ríkis við tannlækningar? Svar óskast sundurliðað eftir:
   a. fyrirbyggjandi þjónustu,
   b. tannréttingum,
   c. almennum tannlækningum,
   d. meiri háttar inngripum sem greidd eru af Sjúkratryggingum Íslands.
4. Hvað þyrfti skattprósenta að hækka mikið til að standa undir öllum kostnaði skv. 3. lið fyrirspurnarinnar?

Skriflegt svar óskast.

244. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Í stað 7. mgr. 100. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Nú fer aðili og þeir sem hann er í samstarfi við með yfirráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, og verður hann þá ekki tilboðsskyldur samkvæmt þessari grein. Þetta gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráðin en nær þeim að nýju.

Nú átti eigandi hlutafjár meira en 30% atkvæðisréttar í félagi sem hefur fjármálagerninga tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fyrir 1. apríl 2009 og er hann þá ekki tilboðsskyldur samkvæmt þessari grein, enda auki hann ekki við hlut sinn. Sami tímafrestur gildir hafi aðili farið með yfirráð í félagi á grundvelli samstarfs samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II, III, IV, V og VI í lögunum falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 17. gr. frumvarps til laga um breyting á lögum um verðbréfaviðskipti sem lagt var fram á 136. löggjafarþingi (þskj. 53 – 53. mál) var lagt til að svohljóðandi bráðabirgðaákvæði yrði tekið upp í lögin:

„Nú átti eigandi hlutafjár meira en 33% atkvæðisréttar í félagi sem var skráð á skipulegum verðbréfamarkaði við gildistöku laga þessara og er hann þá ekki tilboðsskyldur skv. 100. gr. laganna, enda auki hann ekki við hlut sinn. Sama gildir hafi aðili á grundvelli samstarfs við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 33% atkvæða í félaginu við gildistöku laga þessara.“

Við þinglega meðferð málsins var ákvæðinu breytt og svohljóðandi ákvæði samþykkt:

„Nú átti eigandi hlutafjár a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félagi sem hefur fjármálagerninga tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fyrir 1. apríl 2009 og hefur hann þá tíma til 31. mars 2011 að fullnægja tilboðsskyldu sinni eða draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann fari niður fyrir yfirtökumörk. Auki hann við hlut sinn á tímabilinu gilda reglur laganna um tilboðsskyldu. Sami tímafrestur gildir hafi aðili farið með yfirráð í félagi á grundvelli samstarfs skv. 100. gr. laganna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framlengja tímafresti 1. málsl. þessa ákvæðis tvisvar sinnum í 6 mánuði í senn ef aðstæður á markaði leiða til þess að ósanngjarnt er að krefjast þess að aðili selji sig niður fyrir yfirtökumörk innan tímamarkanna.“

Tilgangur breytinganna virðist að hluta til hafa verið að árétta að ein og sama regla gilti um yfirtökumörk og tengsl aðila og um leið var fallið frá þeirri leið sem fram að þessu hafði verið farin við sambærilega lagasetningu, þ.e. að setja ákvæði til bráðabirgða sem gerðu þeim kleift sem áttu yfir nýjum yfirtökumörkum eða féllu undir nýjar tengslareglur kleift að við-

halda eignarhluta sínum eða tengslum þrátt fyrir breytingu á reglum laganna. Lagt var til að veita nokkuð rúman tímafrest til aðlögunar á umræddu ákvæði.

Þess má jafnframt geta að skv. 5. mgr. 100. gr. laganna er Fjármálaeftirlitinu heimilt að að veita undanþágu frá tilboðsskyldu ef sérstakar ástæður mæla með því.

Samkvæmt lögunum hefur aðili frest til að fullnægja tilboðsskyldu sinni eða draga úr hlutabréfaeign sinni til 31. mars 2011. Að auki hefur Fjármálaeftirlitið heimild til þess að framlengja frestinn tvisvar sinnum í sex mánuði í senn þannig að fresturinn getur mest verið til 31. mars 2012.

Kauphöllin (NasdaqOmx) hefur gert ráðuneytinu grein fyrir því að hún telji bráðabirgðaákvæði það sem samþykkt var vorið 2009 vera til þess fallið að skaða verðbréfamarkaðinn og að veruleg hætta sé á því að félög taki hlutabréf sín úr viðskiptum hér á landi ef ákvæðið kemur að fullu til framkvæmda. Það fer ekki á milli mála að yfirgnæfandi líkur eru á að hlutabréf a.m.k. eins félags hverfi úr viðskiptum á Íslandi ef þetta ákvæði verður óbreytt. Umrætt félag er Össur hf. en félagið er einnig með hlutabréf sín í viðskiptum hjá kauphöllinni í Kaupmannahöfn. Sams konar ákvæði er varðar yfirtökur er ekki að finna í danskri löggjöf. Kauphöllin álítur því mikilvægt að koma í veg fyrir að félög fari úr viðskiptum eingöngu vegna þessa ákvæðis. Engin fordæmi eru fyrir svona ákvæði í yfirtökureglum í öðrum norrænum ríkjum og því skerðir þetta samkeppnisstöðu kauphallarinnar. Þá sé einnig afar slæmt, að mati kauphallarinnar, að leikreglum á markaði sé breytt með þessum hætti eftir á. Slíkt geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir verðbréfamarkaðinn í heild sinni.

Í þessu samhengi hefur kauphöllin einnig bent á að önnur regla gildir ef hluthafi, einn eða í samstarfi við aðra, á yfir yfirtökumörkum þegar hlutabréf eru tekin til viðskipta, sbr. 7. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Við þær aðstæður má hluthafi fara með yfirráð í félagi án þess að þurfa að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð eða draga úr hlutafjáreign sinni þannig að hún fari undir yfirtökumörk, að því gefnu að hluthafinn auki ekki við atkvæðisrétt sinni í félaginu umfram næsta margfeldi af fimm. Að mati kauphallarinnar er því hluthöfum mismunað samkvæmt lögunum, þ.e. umrædd sölukvöð á eingöngu við þá sem áttu yfir yfirtökumörkunum þegar lögunum var breytt.

Verulegar breytingar hafa orðið á hlutabréfamarkaði frá því að hremmingar dundu yfir fjármálamarkaði haustið 2008. Mikilvægt er að standa vörð um innlendan hlutabréfamarkað og reyna að koma í veg fyrir frekari þynningu á honum. Þótt áhugi og geta almennings, stofnanafjárfesta og fyrirtækja til virkrar þátttöku á hlutabréfamarkaði kunni að vera í lágmarki sem stendur þarf lagaumgjörð markaðarins að vera þannig að þátttakendur á honum sjái sér hag í því að eiga þar viðskipti þegar hjól atvinnulífsins fara aftur að snúast.

Samkvæmt upplýsingum kauphallarinnar eru félögin Össur og Marel í þeirri aðstöðu að annaðhvort verður viðskiptum á verðbréfamarkaði hér á landi hætt eða stærstu hluthafar þurfa að selja sig undir 30% mörkin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til þess að gæta jafnræðis á milli þeirra sem falla undir ákvæði 7. mgr. 100. gr. og þeirra sem falla munu undir ákvæði hinnar nýju 8. mgr. er lagt til að þeir sem eru yfir tilboðsskyldumörkum verði læstir við þau mörk sem þeir eru við á skráningardegi eða 1. apríl 2009, eftir því sem við á. Að öðru leyti vísast til þess sem segir í almennum hluta athugasemdanna.

Um 2. gr.

Lagt er til að bráðabirgðaákvæði sem ekki eru lengur virk falli brott.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

Frumvarpinu er ætlað að samræma ákvæði um tilboðsskyldu þeirra sem eru undanþegnir almennu ákvæðunum um tilboðsskyldu sem stofnast við 30% mörk eignarhalds.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

245. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Á eftir 3. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Liggi hvorki ársreikningur né stofnefnahagsreikningur fyrir er heimilt að leggja bráðabirgðaeftirlitsgjald á viðkomandi aðila á grundvelli áætlaðs efnahagsreiknings. Bráðabirgðagjaldið skal endurskoðað þegar ársreikningur eða stofnefnahagsreikningur liggur fyrir.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða eftirfarandi hlutföll af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.:
   a. Viðskiptabankar 0,0271%.
   b. Sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki 0,0244%.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,399% af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,215% af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 450.000 kr.

4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,147% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.
5. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,147% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
6. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,0226% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóða samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,91% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
8. Kauphallir skulu greiða 0,69% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
9. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,0111% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 950.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.530.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 2.670.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum til tuttugu og fimm milljarða króna, 4.960.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum til eitt hundrað milljarða króna og 5.740.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.
10. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 450.000 kr.
11. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,0039% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.
12. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 500.000 kr.
13. Aðilar með innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008, skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Einstaklingar og lögaðilar, aðrir en fjármálafyrirtæki, sem starfrækja gjaldeyrisskiptastöð eða peninga- og verðmætasendingarþjónustu, sbr. 1. mgr. 25. gr. a laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Erlendir vörsluaðilar séreignarsparnaðar sem fengið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytis á reglum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað, sbr. 10. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna hlutabréfa sinna. Greiða skal 300.000 kr. fastagjald vegna hlutabréfa að markaðsvirði undir fimm milljörðum króna, 800.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá fimm til tuttugu og fimm milljarða króna, 2.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði

frá tuttugu og fimm til eitt hundrað milljarða króna, 4.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá eitt hundrað til fimm hundruð milljarða króna og 6.300.000 kr. vegna hlutabréfa með markaðsvirði yfir fimm hundruð milljörðum króna.

Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna skuldabréfa sinna. Greiða skal 100.000 kr. fastagjald vegna skuldabréfa að markaðsvirði undir einum milljarði króna, 150.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá einum til fimm milljarða króna, 350.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimm til tíu milljarða króna, 600.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá tíu til fimmtíu milljarða króna, 850.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimmtíu til tvö hundruð milljarða króna og 1.000.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði yfir tvö hundruð milljörðum króna.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

Fjármálafyrirtæki sem stýrt er af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur starfsleyfi, takmarkað starfsleyfi eða starfsleyfi félagsins hefur verið afturkallað, greiðir fastagjald. Gjaldið miðast við það starfsleyfi sem fyrirtækið hafði áður en það fór undir yfirráð skilanefndar, slitastjórnar eða bráðabirgðastjórnar og greiðist samkvæmt eftirfarandi sundurliðun, viðskiptabankar 31.500.000 kr., aðrar lánastofnanir 16.500.000 kr. og önnur fjármálafyrirtæki 7.500.000 kr. Gjald samkvæmt þessari málsgrein greiðist þangað til slitum er lokið. Fyrirtæki greiðir eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi töluliðum 1. mgr. þar til það fer undir yfirráð skilanefndar, slitastjórnar eða bráðabirgðastjórnar en hlutfallslega skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar frá því tímamarki.

3. gr.

Lokamálsliður 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Hætti eftirlitsskyldur aðili starfsemi áður en eftirlitsgjald er að fullu greitt fellur niður sá hluti gjaldsins sem ekki er kominn í gjalddaga þegar starfsleyfi fellur úr gildi, sbr. þó 9. mgr. 5. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, segir:

„Fyrir 1. júlí ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa efnahags- og viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júní ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal efnahags- og viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.“

Áætlað álagt eftirlitsgjald á árinu 2010 er 1.153 millj. kr. en frumvarpið gerir ráð fyrir 1.619 millj. kr. árið 2011 og nemur áætluð hækkun á milli ára 466 millj. kr. eða um 40%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins árið 2010 er 1.195 millj. kr. en áætlaður rekstrarkostnaður á árinu 2011 nemur 1.755 millj. kr. sem er hækkun um 560 millj. kr. eða tæp 47%.

Verulegar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 og hefur verið unnið að því á undanförnum missirum að laga starfsemi stofnunarinnar að nýjum aðstæðum. Áfram er unnið að eflingu stofnunarinnar og er efnahags- og viðskiptaráðherra, þegar þetta er ritað, að ganga frá skipun nefndar sem fara á heildstætt yfir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Kjarnareglur alþjóðlega greiðsluuppgjörsbankans um virkt fjármálaeftirlit (BIS – Bank for International Settlements – Core Principles for Effective Banking Supervision) mynda þann ramma sem fylgt var þegar lagaákvæði um starfsemi Fjármálaeftirlitsins voru upphaflega samin og við endurskoðun þeirra síðan. Með því að tryggja Fjármálaeftirlitinu nægilegt fé til rekstrar (e. adequate resources), fullnægjandi lagaheimildir til eftirlits (e. suitable legal framework), virk ákvæði til framfylgni ákvarðana (e. powers to address compliance) og sjálfstæði gagnvart öðrum hagsmunum en þeim sem felast í sjálfu eftirlitinu (e. operational independence) á stofnunin að geta unnið í samræmi við þessar kjarnareglur. Tilgangur þessa frumvarps er að tryggja Fjármálaeftirlitinu fjárhagslegt sjálfstæði.

Sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins gagnvart öðrum hagsmunum en þeim sem felast í sjálfu eftirlitinu hefur frá upphafi verið hornsteinn samskipta ráðuneytisins og stofnunarinnar. Er enda tryggilega gengið frá sjálfstæði hennar í þeim lögum sem um starfsemi hennar gilda. Sama á við um fjármögnun á starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitsskyldir aðilar standa að öllu leyti undir rekstarkostnaði Fjármálaeftirlitsins og nýtur stofnunin því ekki beinna framlaga úr ríkissjóði. Rétt kann hins vegar að vera að kveða skýrar á um sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins í lögum og verður það verkefni nefndar um endurskoðun á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi að fara yfir þau atriði.

Í fylgiskjali I, skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2011, er að finna sundurliðun einstakra kostnaðarliða. Til frekari glöggvunar er hér gerð grein fyrir helstu kostnaðarliðum í rekstri Fjármálaeftirlitsins samkvæmt áætlun fyrir árið 2011:

Launakostnaður.

Laun og launatengd gjöld eru áætluð 1.252 millj. kr. árið 2011 en eru 885 millj. kr. samkvæmt uppfærðri áætlun fyrir árið 2010. Hækkun launakostnaðar milli ára er því 367 millj. kr. eða rúm 41%. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af fjölgun starfsmanna. Á síðustu mánuðum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að ráðnir verði 12 nýir starfsmenn á verðbréfasviði vegna aukinna verkefna á sviði rannsókna á bankahruninu samhliða áformuðum auknum umsvifum sérstaks saksóknara. Fjöldi starfsmanna í árslok 2010 verður þá orðinn 99. Vegna aukinnar áherslu á öflugar greiningar, vettvangsathuganir og strangara eftirlit er gert ráð fyrir 18 nýjum stöðugildum á árinu 2011. Þar af eru sex ný stöðugildi á lánasviði, tvö á lífeyris- og verðbréfasjóðasviði, tvö á stoðsviði, eitt á vátryggingasviði, fjögur á upplýsingatæknisviði, eitt á verðbréfasviði og tvö á réttarreikningsskilasviði. Áætlað er að fjöldi stöðugilda í árslok 2011 verði 117. Gert er ráð fyrir að aukning á árinu 2011 reiknist frá byrjun ársins. Áætlað er að um 17 framangreindra stöðugilda séu tímabundin störf vegna mikils umfangs rannsóknarverkefna á árunum 2011–2013 sem tengjast bankahruninu. Efnahags- og við-

skiptaráðherra ákvarðar laun stjórnarmanna og verða þau 13,5 millj. kr. á árinu 2011 en 12,4 millj. kr. árið 2010.

Húsnæðiskostnaður.

Samtals er kostnaður vegna húsaleigu, reksturs húsnæði og flutning áætlaður 88 millj. kr. á árinu 2011 sem miðað við rúmar 59 millj. kr. á árinu 2010 er um 48% hækkun og skýrist hún af fyrirhuguðum flutningi stofnunarinnar í nýtt, stærra og hentugra húsnæði á árinu 2011 en gildandi leigusamningar renna út í febrúar 2011.

Rekstur tölvubúnaðar.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við rekstur tölvubúnaðar og sérfræðiþjónusta vegna tölvumála verði 165 millj. kr. á árinu 2011 sem miðað við rúmar 107 millj. kr. árið 2010 er rúmlega 53% hækkun. Hækkunin stafar af fjölgun starfsmanna Fjármálaeftirlitsins, þ.e. kostnaði við vélbúnað og notendahugbúnað fyrir nýja starfsmenn, og auk aukins kostnaðar við rekstrarvörur tengdar þessu.

Sérfræðiþjónusta.

Fjármálaeftirlitið kaupir margvíslega þjónustu að. Má þar nefna ráðgjöf vegna skipulags eftirlitsframkvæmdar, ýmsa lögfræðiþjónustu og ráðningarþjónustu. Hér fellur einnig undir kostnaður vegna aukins umfangs rannsóknarverkefna og aðkeypt erlend ráðgjöf vegna innleiðingar á stoð II í Basel 2 reglum. Heildargjöld samkvæmt þessum lið eru áætluð 65 millj. kr. á árinu 2011 en rúmar 13 millj. kr. á árinu 2010.

Rekstrarkostnaður samtals.

Samtala gjaldaliða án úrskurðarnefnda er áætluð 1.755 millj. kr. á árinu 2011 sem miðað við 1.195 millj. kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun ársins 2010 er tæplega 47% hækkun milli ára.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að álagt eftirlitsgjald verði 1.619 millj. kr. árið 2011 og byggist skipting þess milli flokka eftirlitsskyldra aðila á mati sem grundvallast á tímaskráningu Fjármálaeftirlitsins. Tekið er mið af gildandi skiptingu gjaldsins í frumvarpinu og lagt til að mismunandi álagningarhlutföll gildi fyrir viðskiptabanka annars vegar og hins vegar sparisjóði, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lágmarks- eða fastagjöld sem staðið hafa óbreytt frá árinu 2007 verði hækkuð, sjá nánar töflu 2 í fylgiskjali I. Breytingar eru einnig lagðar til á þrepaskiptum fastagjöldum lífeyrissjóða en undanfarin ár hefur verið miðað við að hlutur þessara gjalda verði hverju sinni um 60% af heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóðina og er það í samræmi við óskir Landssamtaka lífeyrissjóða.

Með frumvarpi þessu eru birt sem fylgiskjöl gögn sem tilheyra rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2011. Þau eru eftirfarandi:

I. Skýrsla til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2011, skv. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
II. Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila „Um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2011“.

Í þessum gögnum er að finna nánari sundurgreiningu á einstökum kostnaðarliðum, umfram það sem að framan greinir, auk margvíslegra upplýsinga er varða verkefni og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins og varpa nánara ljósi á rekstrartölurnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 139/2009 voru samþykktar viðbætur við ákvæði 4. gr. laganna sem taka áttu á því hvernig leggja ætti eftirlitsgjald á aðila sem væru að hefja starfsemi. Í frumvarpinu er að finna tillögu um hvernig standa eigi að álagningu eftirlitsgjalds þegar hvorki er fyrir hendi stofnefnahagsreikningur né ársreikningur vegna fyrri starfsemi.

Um 2. gr.

Breytingar skv. 1. mgr. á álagningarhlutföllum frá gildandi lögum skýrast af lögbundnu endurmati á kostnaðarskiptingu við rekstur Fjármálaeftirlitsins, þróun álagningarstofna eftirlitsskyldra aðila og mati á kostnaðardreifingu, sbr. fylgiskjal I.

Gert er ráð fyrir hækkun gildandi álagningarhlutfalla allra eftirlitsskyldra aðila nema vátryggingamiðlara, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, verðbréfamiðstöðva og kauphalla. Samkvæmt 9. tölul. 1. mgr. er gert ráð fyrir hækkunum á fastagjöldum lífeyrissjóða sem eru eins og áður í fimm þrepum og er lægsta þrepið samkvæmt frumvarpinu nú 950.000 kr. en það hæsta 5.740.000 kr. Breytingar frá gildandi ákvæði eru miðaðar við að hlutur fastagjaldanna verði um 60% af heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóðina en stuðst hefur verið við það þetta hlutfall sem viðmið frá og með árinu 2007 í samræmi við óskir Landssamtaka lífeyrissjóða.

Eins og fram kemur í almennum hluta athugasemdanna er enn fremur lagt til að þau lágmarks- eða fastagjöld sem staðið hafa óbreytt frá árinu 2007 verði hækkuð.

Lagðar eru til breytingar á 9. mgr. Í fyrsta lagi er áréttað að fjármálafyrirtækjum sem eru undir yfirráðum skilanefndar, slitastjórnar eða bráðabirgðastjórnar beri að greiða eftirlitsgjald hvort sem þau hafi starfsleyfi eða ekki. Í öðru lagi er lagt til að fastagjaldið taki mið af því starfsleyfi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki hafði áður en það fór undir yfirráð þessara aðila. Í þriðja lagi er það áréttað að þau fyrirtæki sem falla undir álagningu eftirlitsgjalds samkvæmt málsgreininni greiði fastagjald þangað til slitum er lokið. Er enda eftirlitsgjöldum á þessa aðila ætlað að standa undir kostnaði við eftirlit og rannsóknir allt þar til skiptum á þeim er lokið. Í fjórða lagi er gerð tillaga um hvernig staðið skuli að álagningu eftirlitsgjalds á fjármálafyrirtæki sem fer undir yfirráð skilanefndar, slitastjórnar eða bráðabirgðastjórnar eftir að hefðbundin álagning eftirlitsgjalds hefur farið fram. Og að síðustu er lagt til að fastagjöld á þessa aðila verði hækkuð.

Um 3. gr.

Við lokamálslið 3. mgr. 6. gr. laganna er í frumvarpinu lagt til að bæta tilvísun í 9. mgr. 5. gr. Breytingin vísar til þess að álagt fastagjald á fjármálafyrirtæki sem stýrt er af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, fellur ekki niður þó að viðkomandi fyrirtæki hafi ekki lengur starfsleyfi.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Fjármálaeftirlitið:

Skýrsla til efnahags- og viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2011, skv. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, er viðskiptaráðherra hér með send rekstraráætlun fyrir Fjármálaeftirlitið vegna ársins 2011. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júlí ár hvert gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Verkefni tengd endurreisn bankerfisins, sérstök rannsóknarvinna í kjölfar bankahrunsins og rannsóknir á gjaldeyrisviðskiptum hafa verið umfangsmikill þáttur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins síðustu misseri og hefur stofnunin vaxið hratt af þessum ástæðum. Kostnaði við rannsóknir tengdum bankahruninu hefur verðið mætt með sérstöku framlagi úr ríkissjóði svo og sérgreindu eftirlitsgjaldi á fjármálafyrirtæki, sem stýrt er af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn í samræmi við ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Sömuleiðis hefur sérstöku heimildarákvæði í nefndum lögum verið beitt eftir því sem kostur er til að endurheimta kostnað tengdan endurreisn bankanna, sem er umfram kostnað af reglubundnu eftirliti.

Ljóst er að Fjármálaeftirlitið þarf enn að stækka, a.m.k. tímabundið. Þannig hefur ráðuneytinu þegar verið kynnt sú skoðun stofnunarinnar að nauðsynlegt sé að fjölga sérfræðingum við rannsóknir tengdar bankahruninu þar sem búið er að ákveða verulega styrkingu embættis sérstaks saksóknara. Sömuleiðis hefur undanfarna mánuði verið unnið að ítarlegri og gagngerri endurskipulagningu á skipulagi og starfsemi stofnunarinnar til að gera hana hæfari til að takast á við reglubundna eftirlitsstarfsemi. Við þá endurskipulagningu hefur reynst óhjákvæmilegt að fjölga starfsmönnum einkum á lánasviði og upplýsingatæknisviði, Lögð verður meiri áhersla en áður á greiningarhæfni starfsmanna og starfsreynslu. Í 3. kafla í skýrslunni er í umfjöllun um launakostnað gerð nánari grein fyrir fjölgun starfsmanna, samanber einnig umfjöllun um rekstrarkostnað samtals í niðurlagi sama kafla.

Fjármálaeftirlitið hefur, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2011. Átti Fjármálaeftirlitið fund með nefndinni þann 7. júní sl. þar sem kynnt voru drög að rekstraráætlun fyrir stofnunina ásamt skýringum og drög að skiptingu eftirlitsgjaldsins við álagningu á árinu 2011. Samráðsnefndin skilaði athugasemdum við drögin að rekstraráætluninni til Fjármálaeftirlitsins þann 1. júlí sl. Stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur kynnst sér álit nefndarinnar og staðfest meðfylgjandi rekstraráætlun.

Auk forsendna fyrir rekstraráætlun ársins 2011 og tillagna um álagningu eftirlitsgjalds á því ári er í skýrslu þessari að finna stutta greinargerð um rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2009 og umfjöllun um rekstraráætlun vegna ársins 2010. Athygli er vakin á að í áætlun fyrir

árið 2011 er horft allt að 18 mánuði fram í tímann varðandi umsvif í rekstri Fjármálaeftirlitsins.

Þá telur Fjármálaeftirlitið einnig rétt að nefna varðandi framangreint að stofnunin hefur brugðist við tilmælum ráðuneytisins um 9% samdrátt rekstrarumfangs stofnunarinnar með ýmsum ráðstöfunum. Laun forstjóra, aðstoðarforstjóra og nokkurra annarra starfsmanna hafa verið lækkuð og hætt hefur verið við launahækkanir starfsmanna sem gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun ársins 2010. Þá hefur verið unnið að því að draga saman ýmsa rekstrarliði, svo sem starfsmannatengdan kostnað, auk þess sem sparnaður skapast við betri nýtingu á húsnæði, þ.e. færri fermetrar á mann. Áhrif framangreindra ráðstafana ná jafnframt til rekstraráætlunar ársins 2011.

Skýrslunni fylgja þrjár töflur þar sem gerð er grein fyrir áætluðu rekstrarumfangi næsta árs (2011) og endurskoðaðri rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins á yfirstandandi ári (*tafla 1*), áætlaðri álagningu eftirlitsgjalds miðað við áætlað rekstrarumfang 2011 (*tafla 2*) og að lokum „yfirlit yfir helstu rekstrar- og eiginfjárliði ársreiknings með og án áhrifa af hrunmálum“ (*tafla 3*). Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009 er einnig meðfylgjandi.

1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2009

Tekjur af eftirlitsgjaldi á árinu 2009 námu 777,6 m.kr. Ýmsar tekjur námu 13,8 m.kr. og fjármunatekjur nettó námu 30,8 m.kr. Sérstakt framlag ríkisins nam 18,5 m.kr. Rekstrargjöld, að meðtöldum eignakaupum, námu 1.180,3 m.kr. Tekjuhalli samkvæmt rekstrarreikningi nam 339,6 m.kr. Meðtalin í framangreindum fjárhæðum eru tekjur og gjöld vegna úrskurðarnefnda, sem vistaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu, samtals 8,5 m.kr. Eignir í árslok 2009 námu samtals 321,0 m.kr. og skuldir 132,3 m.kr. þannig að eigið fé í árslok nam 188,7 m.kr. Framangreindar tölur eru samkvæmt ársreikningi 2009 og innifela rekstrar- og efnahagsliði sem tengjast bankahruninu. Í hjálagðri *töflu* 3 eru helstu stærðir rekstrar- og eiginfjárliða ársreikningsins fyrir árið 2009 sýndar sérgreindar með og án áhrifa vegna bankahrunsins.

Mikið umrót varð í rekstrarumhverfi Fjármálaeftirlitsins í kjölfar bankahrunsins. Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009, frá því í júlí 2008, var endurmetin í nóvember 2008 en þá var gert ráð fyrir að rekstrarumfang stofnunarinnar myndi dragast töluvert saman á árinu 2009 í kjölfar þeirra atburða sem orðið höfðu á fjármálamarkaði í landinu. Jafnframt var þá ákveðið að falla frá áður fyrirhuguðum húsnæðisskiptum stofnunarinnar á árinu. Gerð var grein fyrir þessu endurmati með skýrslu til viðskiptaráðherra, dags. 26. nóvember 2008. Samdráttur heildargjalda í nýrri áætlun eftir þetta endurmat nam 270 m.kr. Við þessa endurmetnu áætlun var síðan bætt 13 m.kr. við yfirferð hjá viðskiptanefnd Alþingis vegna nýrra verkefna tengdum breytingum á lögum um gjaldeyrismál. Í tengslum við gerð rekstraráætlunar stofnunarinnar fyrir árið 2010 þótti síðan óhjákvæmilegt að taka aftur upp rekstraráætlun ársins 2009 einkum vegna enn frekari breytinga á tekjum af eftirlitsgjaldi og kostnaði tengdum tölvumálum og yfirfærslu frá fyrra ári sem þá lá fyrir. Nánar er gerð grein fyrir þessum breytingum í skýrslu til viðskiptaráðherra, dags. 6. júní 2009, um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2010.

Fjármálaeftirlitið fékk með fjáraukalögum fyrir árið 2008 sérstakt 549 m.kr. framlag úr ríkissjóði á árinu 2008 til að mæta margvíslegum kostnaði vegna aðgerða tengdum bankahruninu og endurreisn bankakerfisins. Gerð er stutt grein fyrir ráðstöfun þessa framlags í skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstarkostnað stofnunarinnar á árinu 2010. Fjármálaeftirlitið fékk síðan í framhaldi af þessu einnig sérstakt 18,5 m.kr. framlag úr ríkissjóði á árinu 2009.

Í *yfirliti 1* hér á eftir eru sýndar helstu tölur úr rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009 og þær breytingar sem gerðar voru á áætluninni og nefndar hafa verið hér að framan. Þá sýnir yfirlitið einnig rauntölur ársins (dálkur 4) samkvæmt ársreikningi stofnunarinnar fyrir 2009 að frátöldu sérstaka ríkisframlaginu og kostnaði því tengdu. Fjárhæðir í þessum dálki (dálkur 4) eru síðan í yfirlitinu bornar saman við endurskoðaða rekstraráætlun frá júlí 2009.

Yfirlit 1.

	1	2	3	4	5
Rekstraráætlun FME vegna 2009 m.kr.	**Upphafleg áætlun (júlí 2008)**	**Endursk. áætlun (nóv. 2008)**	**Endursk. áætlun (júlí 2009)**	**Rauntölur 2009 án ríkisframlags og sérstaks kostn. vegna bankahruns**	**Frávik raunt. í dálki 4 frá endursk. áætlun í dálki 3**
Tekjur:					
Eftirlitsgjald	1.115,9	825,7	766,0	777,6	11,6
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	6,0	8,5	2,5
Aðrar tekjur	1,0	0,5	0,5	5,3	4,8
Vaxtatekjur nettó	12,0	12,0	12,0	30,8	18,8
Tekjur samt.	1.135,0	844,2	784,5	822,2	37,7
Ríkisframlag					
Gjöld:					
Launakostnaður	900,9	704,8	706,1	641,1	-65,0
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	6,0	8,5	2,5
Önnur gjöld samt.	291,3	236,4	247,6	239,3	-8,3
Gjöld samt.	1.198,2	941,2	959,7	888,9	-70,8
Tekjuafgangur	-63,2	97,0	-175,2	-66,7	108,5
Yfirfært frá fyrra ári	108,9	142,7	289,9	268,8	-21,1
Eigið fé í árslok	45,7	45,7	114,7	202,1	87,4

Samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er Fjármálaeftirlitinu heimilað að mynda varasjóð samsvarandi rekstrarafgangi umfram áætlun sem skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfseminni. Hámark slíks varasjóðs er 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs og er heimilt að nýta viðkomandi sjóð til að fjármagna útgjöld umfram áætlanir vegna ófyrirséðra atvika.

Um rekstur og efnahag Fjármálaeftirlitsins á árinu 2009 er að öðru leyti vísað til ársreiknings Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009.

2. Rekstraráætlun vegna ársins 2010

Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2010 var send viðskiptaráðherra með bréfi þann 6. júlí 2009. Í ljósi aðstæðna á fjármálamarkaði var þó ljóst að enn var töluverð óvissa um nauðsynlegt umfang starfseminnar og þróun í starfsumhverfi stofnunarinnar í nánustu framtíð. Fjármáleftirlitið taldi því nauðsynlegt að endurmeta rekstraráætlunina þegar leið á haustið og sendi viðskiptaráðherra endurmatið með bréfi dags. 27. október 2009. Þar kemur fram að þörf fyrir fjölgun starfsmanna til að sinna brýnum endurreisnar- og eftirlitsverkefnum og margháttaðri rannsóknarvinnu tengdri bankahruninu hafi reynst meiri en gert var

ráð fyrir í fyrri áætlun. Jafnframt var dregið úr áður áætluðum kostnaði tengdum flutningi stofnunarinnar í nýtt húsnæði, sem enn einu sinni þótti ljóst að gengi ekki eftir á árinu.

Eftir umfjöllun viðskiptanefndar Alþingis í desember 2009 um rekstraráætlun stofnunarinnar lagði nefndin síðan til breytingu á frumvarpi til breytingar á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálstarfsemi, sem fól í sér hækkun á fastagjöldum á fjármálafyrirtæki sem stýrt er af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn, umfram það sem áætlun Fjármálaeftirlitsins hafði gert ráð fyrir. Samkvæmt nefndaráliti miðar breytingin að því að tryggja sanngjarna fjármögnun á rannsóknum Fjármálaeftirlitsins á föllnum fjármálafyrirtækjum. Áhrif þessara breytinga á álagt eftirlitsgjald í ársbyrjun 2010 ásamt ýmsum leiðréttingum er varða álagt eftirlitsgjald svo og uppfærsla yfirfærslu frá fyrra ári, samkvæmt endanlegu uppgjöri stofnunarinnar fyrir árið 2009, hafa verið færð inn í endurskoðaða áætlun stofnunarinnar (maí 2010), sem sýnd er á *yfirliti 2* hér á eftir ásamt samanburði við fyrri áætlanir.

Yfirlit 2.

Rekstraráætlun FME vegna 2010 *) m.kr.	**Rekstrar-áætlun** (júlí 2009)	**Endursk. áætlun** (okt. 2009)	**Endursk. áætlun** (maí. 2010)	**Frávik frá upphafl. áætlun**
Tekjur				
Eftirlitsgjald	1.021,5	1.103,7	1.153,0	131,5
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	6,0	0
Aðrar tekjur	1,0	1,0	1,0	0
Vaxtatekjur nettó	12,0	12,0	6,0	-6,0
Tekjur samt.	**1.040,5**	1.122,7	**1.166,0**	**125,5**
Gjöld				
Launakostnaður	803,5	883,4	884,8	81,3
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	6,0	0
Önnur gjöld samt.	307,4	309,7	310,1	2,7
Gjöld samt.	**1.116,9**	1.199,1	**1.200,9**	**84,0**
Tekjuafgangur	**-76,4**	-76,4	**-34,9**	**41,5**
Yfirfært frá fyrra ári	114,7	114,7	202,0	87,3
Eigið fé í árslok	**38,3**	38,3	**167,1**	**128,8**
-Þar af sérstakur varasjóður	38,3	38,3	38,3	
*) *Án rekstraráhrifa vegna bankahrunsins*				

Nokkuð er um liðið síðan Fjármálaeftirlitið setti fyrst fram áætlanir um flutning í hentugra húsnæði. Upphaflega var áætlað að stofnunin flytti í nýtt húsnæði á árinu 2007, sem ekki gekk eftir. Áfram var haldið með þessi áform á árinu 2008, og enn hætt við eftir bankahrunið. Ekki er gert ráð fyrir flutningi í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2010. Flutningur er eigi að síður orðinn mjög brýnn vegna bæði þrengsla og öryggiskrafna og hefur verið gerð grein fyrir því í gögnum með rekstraráætlunum stofnunarinnar á undanförnum árum og með bréfum til ráðuneytisins um húsnæðismálin, nú síðast þann 20. janúar 2010. Undirbúningur er nú hafinn við útvegun nýs leiguhúsnæðis, samanber bréf fjármálaráðuneytisins til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins varðandi húsnæðisöflun stofnunarinnar, dags. 9. apríl 2010. Fjármálaeftirlitið væntir þess að hægt verði að flytja stofnunina í nýtt húsnæði á fyrri hluta ársins 2011.

3. Rekstraráætlun fyrir árið 2011.

Í töflu 1 er sýnd rekstraráætlun fyrir árið 2011 og samanburður við rekstraráætlun fyrir árið 2010. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu forsendum stærstu liða áætlunarinnar.

Launakostnaður.

Fjöldi starfsmanna ræður mestu um helstu rekstrarstærðir Fjármáleftirlitsins, þ.e. laun og launatengd gjöld, húsnæðisþörf og umfang tölvubúnaðar. Á síðustu mánuðum ársins 2010 er gert ráð fyrir að ráðnir verði 12 nýir starfsmenn á verðbréfasviði vegna aukinna verkefna á sviði rannsókna á bankahruninu samhliða áformuðum auknum umsvifum sérstaks saksóknara. Fjöldi starfsmanna í árslok 2010 verður þá orðinn 99. Vegna aukinnar áherslu á öflugar greiningar, vettvangsathuganir og strangara eftirlit er gert ráð fyrir 18 nýjum stöðugildum á árinu 2011. Þar af eru 6 ný stöðugildi á lánasviði, 2 á lífeyris- og verðbréfasjóðasviði, 2 á stoðsviði, 1 á vátryggingasviði, 4 á upplýsingatæknisviði, 1 á verðbréfasviði og 2 á réttarreikningsskilasviði. Áætlað er að fjöldi stöðugilda í árslok 2011 verði 117. Gert er ráð fyrir að aukning á árinu 2011 reiknist frá byrjun ársins. Áætlað er að um 17 stöðugildi í framangreindum tölum séu tímabundin störf vegna mikils umfangs rannsóknarverkefna á árunum 2011 til 2013, tengdu bankahruninu.

Í töflu 1 kemur fram að laun og launatengd gjöld eru áætluð 1.226,4 m.kr. árið 2011 samanborið við 864,0 m.kr. samkvæmt áætlun 2010. Hækkun launakostnaðar milli ára er því 362,4 m.kr. eða 41,9%. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af fjölgun starfsmanna . Af 1.226,4 m.kr. launakostnaði teljast 180 m.kr. vera tímabundinn launakostnaður vegna rannsóknarvinnu. Án þessa tímabundna kostnaðar er hækkun launakostnaðar milli ára 21%.

Viðskiptaráðherra ákvarðar laun stjórnarmanna og verða þau 13,5 m.kr. á árinu 2011 samanborið við 12,4 m.kr. árið 2009.

Húsaleiga og rekstur á húsnæði.

Húsaleiga í núverandi húsnæði byggir á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Leigusalar stofnunarinnar eru tveir og renna leigusamningar út í lok febrúar 2011. Eins og vikið er að í kafla 2 hér að framan er undirbúningur nú hafinn að útvegun nýs leiguhúsnæðis, sem vænst er að hægt verði að taka í notkun á fyrri hluta ársins 2011. Við þann undirbúning nýtur stofnunin aðstoðar Framkvæmdasýslu ríkisins.

Áætlunin gerir ráð fyrir að nýtt, hentugra og rýmra húsnæði verið tekið á leigu í mars 2011 eða þegar núverandi leigutíma stofnunarinnar lýkur. Ráðuneytinu hefur verið gerð grein fyrir brýnum ástæðum og þörf fyrir flutningi stofnunarinnar í hentugra og traustara húsnæði, síðast í bréfi dags. 20. janúar 2010.

Gert er ráð fyrir í áætluninni að aukin rýmisþörf stofnunarinnar á árinu 2011 í nýju húsnæði verði um 23% meiri, eða um 450 m^2, en í núverandi húsnæði. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir breytingu á leiguverði á fermetra í nýju húsnæði þar sem upplýsingar benda til að núverandi leiguverð stofnunarinnar geti nokkurn vegin samsvarað því sem vænta má að þurfi að greiða fyrir leigu í nýju húnsæði á hvern fermetra. Hins vegar er gert ráð fyrir að kostnaður vegna umhirðu og húsumsjónar verði nokkuð hærri en í eldra húsnæði.

Samtals er kostnaður vegna þessara liða áætlaður 58 m.kr. samanborið við 45 m.kr. á árinu 2010. Hækkun þessa liðar er því 13 m.kr., eða um 29,0%.

Rekstur tölvubúnaðar.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við rekstur tölvubúnaðar og sérfræðiþjónusta vegna tölvumála verði 165,0 m.kr. á árinu 2011 samanborið við 107,5 m.kr. á árinu 2010. Hækkun þessa liðar er því 57,5 m.kr., eða um 53,5%. Hækkunin stafar af fjölgun starfsmanna Fjármála-

eftirlitsins, þ.e. kostnaði við vélbúnað og notendahugbúnað fyrir nýja starfsmenn, auk aukins kostnaðar við rekstrarvörur þessu tengdu. Einnig er gert ráð fyrir kostnaði við þróun og uppbyggingu á svonefndri *skuldbindingaskrá* (e. Credit Registry) sem gert er ráð fyrir að verði sett á laggirnar skv. 10. gr. laga nr. 75/2010, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. Þá er gert ráð fyrir kostnaði við uppbyggingu vöruhúss gagna Fjármálaeftirlitsins með stórbættum greiningarmöguleikum ásamt kostnaði við lagfæringar á skjalastjórnunarkerfi stofnunarinnar. Leitað verður allra leiða til að gæta hagkvæmni varðandi kaup og/eða smíði hugbúnaðar í þessu sambandi.

Sérfræðikostnaður.

Undir þessum lið er kostnaður við ýmsa aðkeypta sérfræðiþjónustu. Þar með talið er margvísleg aðkeypt þjónusta/ráðgjöf vegna skipulags eftirlitsframkvæmdar, ýmis lögfræðiþjónusta, ráðningarþjónusta og kostnaður vegna þjónustu við ýmis smærri verkefni. Enn fremur aukið umfang rannsóknarverkefna og aðkeypt erlend ráðgjöf vegna innleiðingar á stoð II í Basel 2 reglum. Heildargjöld samkvæmt þessum lið eru áætluð 65,0 m.kr. samanborið við 13,2 m.kr. á árinu 2010 og nemur hækkunin 51,8 m.kr.

Ferðakostnaður erlendis.

Gert er ráð fyrir að ferðakostnaður erlendis verði 40,0 m.kr. á árinu 2011 samanborið við 33,0 m.kr. á árinu 2010. Hækkunin er 7,0 m.kr. aða 21,2% og skýrist af fjölgun ferða úr 130 árið 2010 í 160 árið 2011. Stærstur hluti ferðakostnaðar tengist þátttöku í samstarfi eftirlita á Evrópska efnahagssvæðinu og vísast í því sambandi til yfirlits um erlendar nefndir og eftirlitssamstarf hér á eftir. Áhersla er lögð á aukna þátttöku í erlendu samstarfi í samræmi við tillögur í skýrslu Kaarlo Jännäri.

Þátttökugjöld vegna erlends samstarfs.

Fjármálaeftirlitinu ber í nokkrum tilvikum að greiða þátttökugjöld vegna erlends eftirlitssamstarfs. Um er að ræða eftirgreint samstarf:

- Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlita (e. Committee of European Securities Regulators -CESR) 7,9 m.kr.
- Alþjóðasamtök vátryggingaeftirlita (e. International Association of Insurance Supervisors -IAIS) 2,0 m.kr.
- Samstarfsnefnd Evrópskra vátryggingaeftirlita og lífeyrissjóðaeftirlita (e. Committee of European Insurance and Occupational Pension Supervisors -CEIOPS) 6,0 m.kr.
- Samstarfsnefnd evrópskra bankaeftirlita (e. Committee of European Banking Supervisiors -CEBS) 2,2 m.kr.
- Alþjóðasamtök verðbréfaeftirlita (e. International Organization of Securities Commissions -IOSCO)) 1,7 m.kr.

Heildarþátttökugjöld samkvæmt þessum lið eru 20,0 m.kr. Á árinu 2010 var sambærilegur kostnaður áætlaður samtals 15,0 m.kr. og nemur hækkunin 5,0 m.kr. eða 33,3%.

Eignakaup.

Gert er ráð fyrir flutningi stofnunarinnar í nýtt húsnæði á árinu 2011. Áætlað er að nýta núverandi skrifstofuhúsgögn og búnað stofnunarinnar eins og kostur er í nýju húsnæði. Eigi að síður verður töluverður kostnaður vegna nýrra skrifstofuhúsgagna óhjákvæmilegur við fyrirhugaða húsnæðisbreytingu. Í fyrsta lagi er nokkur hluti elsta búnaðarins ekki líklegur til að nýtast í nýju húsnæði. Í öðru lagi er töluverður hluti af núverandi skrifstofuhúsgögnum

stofnunarinnar leigður frá árinu 2008 með hluta af núverandi húsnæði. Kaupréttur er á þessum búnaði þegar leigutíma líkur og er í áætluninni gert ráð fyrir að hann verði nýttur. Einnig er í nýrri húsrýmisáætlun gert ráð fyrir nokkurri stækkun húsnæðisins, bættri fundaaðstöðu og ýmsum breytingum, t.d. varðandi geymslumál. Þessu fylgir að bæta verður við nýjum skrifstofubúnaði til að húsnæði nýtist. Heildargjöld samkvæmt þessum lið eru áætluð 30,0 m.kr. Á árinu 2010 er kostnaður vega eignakaupa áætlaður samtals 14,2 m.kr. og nemur hækkunin 15,8 m.kr. eða 111,3%.

Kostnaður vegna flutninga.

Fyrirhuguðum flutningi stofnunarinnar mun óhjákvæmilega fylgja kostnaður við að taka saman búnað stofnunarinnar í eldra húsnæði og flytja í nýtt. Framkvæmdasýsla ríkisins áætlar þennan kostnað alls um 13 m.kr. Því til viðbótar eru undir þessum lið smærri kostnaðarliðir sem stofnunin telur að fylgja muni flutningunum og undirbúningi þeirra. Heildargjöld þessu tengd eru því áætluð 15,5 m.kr. Á árinu 2010 er áætlaður kostnaður samkvæmt þessum lið 2,5 m.kr.

Annar kostnaður.

Samtala kostnaðarliða sem ekki hefur verið gerð grein fyrir hér á undan er áætluð 121,6 m.kr. á árinu 2011 samanborið við 88,1 m.kr. fyrir árið 2010 og nemur hækkunin 33,5 m.kr. eða 38,0%. Hækkunin milli ára á þessum kostnaðarliðum samtals stafar af fjölgun starfsmanna og stækkun húsnæðis.

Rekstrarkostnaður samtals.

Samtala gjaldaliða án úrskurðarnefnda er áætluð 1.754,9 m.kr. á árinu 2011 samanborið við 1.194,9 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun ársins 2010, sem er 560 m.kr. hækkun milli ára eða tæplega 47%. Af þessari 560 m.kr. hækkun teljast 238 m.kr. vera vegna tímabundins rekstrarkostnaðar (launakostnaður og hlutdeild í öðrum reglulegum rekstrarkostnaði) vegna rannsóknarvinnu. Án þessa tímabundna rekstrarkostnaðar yrði hækkunin milli ára tæplega 27%.

Aðrar tekjur og vaxtatekjur.

Fjármálaeftirlitið fær vexti af innstæðum á reikningum sínum í Seðlabanka Íslands. Áætlaðar vaxtatekjur nettó, 6,0 m.kr., byggja á áætlaðri meðalstöðu innstæðu m.v. álagningu eftirlitsgjalds samkvæmt drögum að rekstraráætlun. Aðrar tekjur eru óverulegar eða um 1 m.kr. Fjármálaeftirlitið áskilur sér jafnframt rétt til að nýta heimildir í 7. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, til að krefja eftirlitsskylda aðila um greiðslu kostnaðar fyrir tilfallandi nauðsynlegt umframeftirlit samkvæmt reikningi, fastagjöld fyrir afgreiðslu starfsleyfa og ýmsar afgreiðslur og skráningar, samanber nánar tilvitnaða lagagrein, svo og gjaldskrá stofnunarinnar. Tekjur samkvæmt greininni er ekki gerlegt að áætla.

4. Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2011.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 skal Fjármálaeftirlitið í skýrslu þessari leggja mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila. Þannig skal hliðsjón höfð af tímaskiptingunni á tilgreindu tímabili samhliða mati á þróun þessarar skiptingar fyrir líðandi ár og næsta fjárhagsár.

Tímaskráning Fjármálaeftirlitsins er tengd málaskráningarkerfi stofnunarinnar. Þessi skráning verður þó ekki nema að hluta tengd ákveðnum eftirlitsskyldum aðilum eða flokkum þeirra. Fjölmörg mál og eftirlitsverkefni eru almenns eðlis (*e. cross-sectoral*) og varða fleiri en einn flokk eftirlitsskyldra aðila eða markaði í heild. Sama á við um verkefni sem varða innri starfsemi eftirlitsins.

Með breytingu á lögum nr. 99/1999 sem tóku gildi í ársbyrjun 2008 var gerð sú breyting að greint var á milli viðskiptabanka og annarra lánastofnana í álagningu eftirlitsgjalds með mismunandi álagningarhlutföllum. Fjármálaeftirlitið hafði í rekstraráætlun sinni fyrir árið 2008 lagt fram tillögu um sama álagningarhlutfall fyrir allar lánastofnanir byggða á tímaskráningu, samanber einnig gildandi lög á þeim tíma. Þessu var hins vegar breytt við afgreiðslu viðkomandi frumvarps frá viðskiptanefnd, samkvæmt tilmælum frá Samtökum fjármálafyrirtækja.

Forsendur fyrir þessari skiptingu álagningarhlutfalls á lánastofnanir eru því ekki komnar frá Fjármálaeftirlitinu og skiptingin ekki studd niðurstöðum úr tímaskráningu stofnunarinnar enda möguleiki á slíkri aðgreiningu fremur takmarkaður. Í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009, þann 3. júlí 2008, var lagt til að þessu yrði aftur breytt þannig að allar lánastofnanir bæru sama álagningarhlutfall. Þessu var þó aftur breytt til fyrra horfs í samræmi við tillögur samtaka fjármálafyrirtækja við meðferð enduráætlunar rekstraráætlunarinnar í viðskiptanefnd Alþingis í desember 2008 eftir að upphafleg tekjuáætlun stofnunarinnar hafði raskast mjög vegna bankahrunsins. Tekjuáætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2011, tekur áfram mið af sambærilegri skiptingu eftirlitsgjaldsins milli viðskiptabanka og annarra lánastofnana eins og er í gildandi áætlun fyrir árið 2010.

Í *töflu 2* sem er fylgiskjal með skýrslunni er sýnd tillaga (áætlun) Fjármálaeftirlitsins um skiptingu eftirlitsgjalds á árinu 2011 milli flokka eftirlitsskyldra aðila, sem gerð er með hliðsjón af framangreindu lagaákvæði að öðru leyti en að framan greinir. Í töflunni er einnig sýnd sambærileg hlutfallsskipting álagðs eftirlitsgjalds á árinu 2010, álagningarstofnar vegna eftirlitsgjalds á árinu 2011, gildandi álagningarhlutföll og áætluð álagningarhlutföll á árinu 2011 og gildandi og áætluð lágmarks- og fastagjöld. Vakin skal athygli á því að í þeim dálkum í töflunni sem sýna hlutfallsskiptingu álagðs eftirlitsgjalds eru ekki meðtalin eftirlitsgjöld á fjármálafyrirtæki undir stjórn skilanefndar, slitastjórnar eða bráðabirgðastjórnar.

Í áætlun Fjármálaeftirlitsins um álagningu eftirlitsgjalds á árinu 2011 er nú gert ráð fyrir nokkurri hækkun á lágmarks- og fastagjöldum á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila. Þessum gjöldum var síðast breytt í ársbyrjun 2007 með breytingum sem þá tóku gildi á l. nr. 99/1999. Í áætluninni er nú lagt til að lágmarksgjöld á viðskiptabanka, sparisjóði, lánafyrirtæki, Íbúðalánasjóð, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og vátryggingafélög verði 1.000 þús.kr. en þessi gjöld eru nú 600 þús.kr. Þá er gert ráð fyrir að lágmarksgjöld á verbréfamiðlanir, verðbréfamiðstöðvar og kauphallir verði 600 þús.kr. en gjöldin eru nú 350 þús.kr. Einnig að fastagjöld á tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóði samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta verði 500 þús. kr. en gjöldin eru nú 300 þús.kr. Sömuleiðis að fastagjöld á innlánsdeildir samvinnufélaga og lágmarksgjöld á vátryggingamiðlara verði 450 þús. kr. en gjöldin eru nú 300 þús. kr. Ekki er í áætluninni gert ráð fyrir breytingu á fastagjöldum á aðra aðila að undanskildum fastagjöldum lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja sem stýrt er af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn sem nánar er gerð grein fyrir hér á eftir.

Lágmarksgjöld samkvæmt framangreindri áætlun munu taka til tuttugu fjármálafyrirtækja, þriggja vátryggingafélaga og fimm vátryggingamiðlara. Áætluð hækkun þessara gjalda er á

bilinu 50–71%. Varðandi þessa hækkun skal bent á að álagningarhlutföll, t.d. lánastofnana, hafa hækkað umtalsvert meira frá ársbyrjun 2007 eða yfir 200%. Þá má geta þess að þau gjöld sem hér er lagt til að verði hækkuð í 450 þús. kr. til 1.000 þús. kr. samsvara 36–80 klst. vinnuframlagi samkvæmt gildandi gjaldskrá stofnunarinnar.

Þá er í tillögunum gert ráð fyrir óbreyttum fastagjöldum á útgefendur hluta- og skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi. Álagning vegna eftirlitsgjalds á þessa aðila, sem tekin var upp á árinu 2006, varð hæst 9,5% af heildarálagningu eftirlitsgjalds á árinu 2008, en álagningarstofnar gjaldsins hafa síðan rýrnað mikið og nemur heildargjaldið á þessa aðila árið 2010 aðeins 2,9 % af álögðu eftirlitsgjaldi samtals. Í núverandi áætlun er ekki gert ráð fyrir breytingum á fastagjöldum vegna þessara gjalda, sbr. eftirfarandi töflu, en heildarálagning samkvæmt áætluninni nemur 2,3% álagðs eftirlitsgjalds alls á árinu 2011:

Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi		**Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi**	
Markaðsvirði m.kr.	Fastagjald í þús.kr.	Markaðsvirði m.kr.	Fastagjald í þús.kr.
0 – 4.999	300	0 – 999	100
5.000 – 24.999	800	1.000 – 4.499	150
25.000 – 99.999	2.400	5.000 – 9.999	350
100.000 – 499.999	4.400	10.000 – 49.999	600
500.000 og yfir	6.300	50.000 – 199.999	850
		200.000 og yfir	1.000

Þá leggur Fjármálaeftirlitið til breytingar á fastagjöldum lífeyrissjóða en miðað er við að hlutur þessara gjalda verði hverju sinni um 60% af heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóðina í samræmi við óskir Landssamtaka lífeyrissjóða. Gjöld þessi verði því:

> Fastagjald 950 þús. kr. vegna lífeyrissjóða með hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.530 þús. kr. vegna lífeyrissjóða með hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 2.670 þús.kr. vegna lífeyrissjóða með hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum króna til tuttugu og fimm milljarða króna, 4.960 þús. kr. vegna lífeyrissjóða með hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum króna til eitthundrað milljarða króna og 5.740 þús. kr. vegna lífeyrissjóða með hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir.

Fjármálaeftirlitið leggur einnig til í þessari áætlun hækkun á fastagjöldum fjármálafyrirtækja sem stýrt er af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur takmarkað starfsleyfi eða ekki. Í áætluninni er gert ráð fyrir að fast gjald á viðskiptabanka í þessari stöðu verði 31.500 þús. kr. en gjaldið er nú 21.000 þús. kr., fast gjald á aðrar lánastofnanir verði 16.500 þús. kr. en gjaldið er nú 11.000 þús. kr., og fast gjald á önnur fjármálafyrirtæki verði 7.500 þús. kr. en gjaldið er nú 5.000 þús. kr. Eins og fram er komið í skýrslunni er eftirlitsgjaldi á þessa aðila ætlað að standa undir kostnaði við rannsóknarvinnu sem tengist bankahruninu.

Samkvæmt rekstraráætluninni fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald á því ári verði 1.619,1 m.kr. samanborið við 1.153,0 m.kr. áætlað innheimt eftirlitsgjald á árinu 2010 sem er 40,4 % hækkun milli ára.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rekstraráætlun FME

Tafla 1.

	Í þús. kr.	Áætlun vegna 2010	Endursk. áætlun 2010	Áætlun vegna 2011	Breyting %
	Rekstrarkostnaður:	**1**	**2**	**3**	**D2 til D3**
1	Laun og launatengd gjöld	864.000	864.000	1.226.375	41,9%
2	Íþrótta- og gististyrkur	8.400	8.400	11.700	39,3%
3	Stjómarlaun	11.000	12.400	13.500	8,9%
4	*Laun og launatengd gjöld samtals*	*883.400*	*884.800*	*1.251.575*	41,5%
5	Starfsmannaþj., kaffi, fundir	8.500	8.500	16.750	97,1%
6	Endurmenntunarkostnaður	10.000	10.000	13.500	35,0%
7	Húsaleiga, húsfélag	52.000	45.000	58.000	28,9%
8	Rafmagn, hiti,	1.800	1.800	2.500	38,9%
9	Símakostnaður	9.000	9.000	11.000	22,2%
10	Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl.	5.500	5.500	10.000	81,8%
11	Bækur og ritföng	8.000	8.000	10.000	25,0%
12	Póstkostnaður	800	800	1.000	25,0%
13	Rekstur tölvub.,sérfr.þj. v. og eignk. v. tölvumála	107.500	107.500	165.000	53,5%
14	Sérfræðikostnaður	10.000	13.200	65.000	392,4%
15	Málskostnaður	6.000	6.000	6.000	0,0%
16	Stjómunar og árangursmæling	1.500	1.500	500	-66,7%
17	Ferðakostnaður erlendis	33.000	33.000	40.000	21,2%
18	Ferðakostnaður innanlands	4.000	4.000	5.000	25,0%
19	Þátttökugj. vegna erl. samstarfs	15.000	15.000	20.000	33,3%
20	Kostnaður vegna funda her á landi	1.800	1.800	3.600	100,0%
21	Eignakaup	10.000	14.200	30.000	111,3%
22	Öryggisgæsla	2.500	2.500	3.000	20,0%
23	Ræsting, ræstingarvörur	7.500	7.500	9.000	20,0%
24	Styrkur til starfsmannafélags	1.800	1.800	3.000	66,7%
25	Kostnaður vegna flutninga	2.500	2.500	15.500	520,0%
26	Ýmis gjöld og þjónusta	11.000	11.000	15.000	36,4%
27	*Önnur gjöld samtals*	*309.700*	*310.100*	*503.350*	62,3%
28	**Gjöld alls án úrskurðarnefnda**	1.193.100	1.194.900	1.754.925	46,9%
	Tekjur				
30	**Álagt eftirlitsgj. m.v. breytingar á lögum nr. 99/199**	1.103.740	1.152.964	1.619.122	40,4%
31	**Vaxtatekjur netto**	12.000	6.000	6.000	0,0%
32	**Aðrar tekjur**	1.000	1.000	1.000	0,0%
33	**Tekjur alls án úrskurðarnefnda**	1.116.740	1.159.964	1.626.122	40,2%
34	**Úrskurðarnefndir**				
35	**Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda**	6.000	6.000	7.000	
36	**Tekjur úrskurðarnefnda**	6.000	6.000	7.000	
37	**Tekjuafgangur**	-76.360	-34.936	-128.803	
38	**Yfirfært frá fyrra ári, áætlað**	114.660	202.039	167.103	
39	**Eigið fé í árslok**	38.300	167.103	38.300	
	- þaraf sérstakur varasjóður	*38.300*	*38.300*	*38.300*	
	- þaraf annað eigið fé	*0*	*128.803*	*0*	

Tafla 2

Áætluð álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2011 og tillögur um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld

Miðað er við álagningarþörf 1.619.122 þús.kr. skv. drögum að rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins vegna 2011

Í þús. kr.	Tilvís. í 5. gr.laga nr. 99/1999	Álagningarstofn *)	Álagt eftirlitsgjald 2010	Hlutfl. skipting eftirlitsgjalds milli flokka eftirlitsk.aðila skv. álagn. 2010	Álagningarstofnar samkvæmt ársreikningum ársins 2009	Áætluð lágm.- og fastagjöld 2011	Gildandi lágm.- og fastagjöld 2010	Áætluð álagningar hlutföll - % vegna ársins 2011	Gildandi álagningarhlutföll - % og fastagjöld	Áætluð álagning vegna ársins 2011 1)	Hlutfl. skipting milli flokka eftirlitsk.aðila m.v. álagn. 2011
Lánastofnanir	*tölul. 1. samtals*		*561.264*	*55,7*	*3.225.807.243*					*864.518*	*61,8*
Viðskiptabankar	*1.a*	e	416.967	*41,4*	2.773.666.771	1.000	600	0,0271	0,0176	751.664	*53,7*
Sparisjóðir	*1.b*	e	69.272	*6,9*	155.264.474	1.000	600	0,0244	0,0159	40.416	*2,9*
Lánafyrirtæki	*1.b*	e	75.025	*7,4*	296.875.997	1.000	600	0,0244	0,0159	72.438	*5,2*
Vátryggingafélög	*2*	i	150.037	*14,9*	46.477.796	1.000	600	0,3990	0,3530	185.446	*13,3*
Vátryggingamiðlarar	*3*	i	2.020	*0,2*	352.444	450	300	0,2150	0,2150	2.833	*0,2*
Verðbréfafyrirtæki	*4*	e	14.543	*1,4*	7.793.853	1.000	600	0,1470	0,1470	16.856	*1,2*
Verðbréfamiðlanir	*5*	e	1.050	*0,1*	178.138	600	350	0,1470	0,1470	1.800	*0,1*
Rekstrarfélög	*6*	e	40.531	*4,0*	201.209.269	1.000	600	0,0226	0,0175	48.274	*3,5*
Verðbréfamiðstöðvar	*7*	t	3.812	*0,4*	344.912	600	350	0,9100	0,9100	3.139	*0,2*
Kauphallir	*8*	t	6.326	*0,6*	528.282	600	350	0,6900	0,6900	3.645	*0,3*
Lífeyrissjóðir	*9*	el	156.915	*15,6*	1.774.718.546	950/5.740	790/4.780	0,01110	0,00982	196.994	*14,1*
Innlánsdeildir samvinnufélaga	*10*	f	300	*0,0*		450	300		300	600	*0,0*
Íbúðalánasjóður	*11*	e	26.155	*2,6*	794.736.344	1.000	600	0,0039	0,0036	30.995	*2,2*
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf. og öryggissjóðir skv. lögum um innstæðutryggingar	*12*	f	600	*0,1*		500	300		300	1.000	*0,1*
Aðilar með innheimtuleyfi, skv. l. nr. 95/2008	*13*	f	3.000	*0,3*		600	600		600	3.000	*0,2*
Erlendir vörslusaðilar séreignarsparnaðar		f	3.000	*0,3*		1.500	1500		1500	3.000	*0,2*
Eignarhaldsfélög skv. 4. mgr. 5. gr.		f	9.000	*0,9*		1.500	1500		1500	9.000	*0,6*
Útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa		f	29.100	*2,9*		*3)*			sjá skýrlsu	28.000	*2,0*
Samtals			*1.007.653*	*100,0*						*1.399.100*	*100,0*
Fjármálafyrirtæki undir skilanefndum o.fl. 2)		f	148.000			7,5 - 15 m.kr.	5-21 m.kr.			220.000	
Samtals			**1.155.653**							**1.619.100**	

**) e=eignir samtals; t=rekstrartekjur;*
el= hrein eign til greiðslu lífeyris;
i=bókfærð iðgjöld; f=fastagjald

1) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgjalda.
2) Fjármálafyrirtæki sem stýrt er af skilanefnd, slitatjórn eða bráðabirgðastjórn.
3) Sjá nánar um áætluð fastagjöld á útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa í kafla 4 í skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2011.

Fstagjöld lífeyissjóða:	
Hrein eign til gr. lífeyris 0 til 1 ma.kr.	*950 þús.kr.*
Hrein eign til gr. lífeyris 1 til 10 ma.kr.	*1.530 þús.kr.*
Hrein eign til gr. lífeyris frá 10 til 25 ma.kr.	*2.670 þús.kr.*
Hrein eign til gr. lífeyris frá 25 til 100 ma.kr.	*4.960 þús.kr.*
Hrein eign til gr. lífeyris frá 100 ma.kr	*5.740 þús.kr.*

Fjármálaeftirlitið

Tafla 3 **Yfirlit yfir helstu rekstrar- og eiginfjárliði ársreiknings með og án áhrifa af hrunmálum**

Árið 2009		**Ársreikningur 2009**	**þ.a. vegna hrunmála**	**þ.a. án áhrifa hrunmála**
		þús.kr.	þús.kr.	þús.kr.
Tekjur				
Eftirlitsgjald		777.588	0	777.588
Úrskurðarnefndir		8.453	0	8.453
Aðrar tekjur		5.350	0	5.350
Vaxtatekjur nettó		30.799	0	30.799
	Tekjur samtals	*822.190*	*0*	*822.190*
Ríkisframlag		18.500	18.500	0
Gjöld				
Launakostnaður		641.074	0	641.074
Úrskurðarnefndir		8.453	0	8.453
Önnur gjöld samtals		530.768	291.429	239.339
	Gjöld samtals	*1.180.295*	*291.429*	*888.866*
Tekjuafgangur		**-339.605**	**-272.929**	**-66.676**
Yfirfært frá fyrra ári		528.344	259.628	268.716
Eigið fé í árslok		**188.739**	**-13.301**	**202.040**

Árið 2008		**Ársreikningur 2008**	**þ.a. vegna hrunmála**	**þ.a. án áhrifa hrunmála**
		þús.kr.	þús.kr.	þús.kr.
Tekjur				
Eftirlitsgjald		912.709	0	912.709
Úrskurðarnefndir		5.892	0	5.892
Aðrar tekjur		5.288	0	5.288
Vaxtatekjur nettó		43.014	0	43.014
	Tekjur samtals	*966.903*	*0*	*966.903*
Ríkisframlag		549.000	549.000	0
Gjöld				
Launakostnaður		530.444	0	530.444
Úrskurðarnefndir		5.892	0	5.892
Önnur gjöld samtals		538.928	289.372	249.556
	Gjöld samtals	*1.075.264*	*289.372*	*785.892*
Tekjuafgangur		**440.639**	**259.628**	**181.011**
Yfirfært frá fyrra ári		87.705	0	87.705
Eigið fé í árslok		**528.344**	**259.628**	**268.716**

Fylgiskjal II.

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila:

Umsögn um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2011.

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur kynnt samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila drög að skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað eftirlitsins árið 2011. Samráðsnefndin hefur farið yfir drögin og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Almennt

Í drögum FME er gert ráð fyrir verulegri og hraðri stækkun stofnunarinnar með fjölgun starfsmanna, stærra húsnæði og umbreytingu í upplýsingatæknimálum. FME hefur þegar vaxið mikið eftir hrun fjármálakerfisins og vísar FME þar sérstaklega til þess að rannsóknarvinna í kjölfar hrunsins og rannsóknir á gjaldeyrisviðskiptum hafi verið umfangsmikil.

Rekstrarkostnaður 2011 er áætlaður kr. 1.754,9 m.kr. samtals, sem er 46,9% hækkun milli ára. Á móti er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald á árinu 2011 verði 1.619,1 m.kr. samanborið við 1.153,0 m.kr. endurskoðað áætlað innheimt eftirlitsgjald á árinu 2010 eða 40,4% hækkun milli ára.

Samráðsnefndin fellst á þau sjónarmið sem liggja til grundvallar áætlunum FME, en bendir jafnframt á að sú mikla hækkun gjalda sem gert er ráð fyrir er verulega íþyngjandi fyrir eftirlitsskylda aðila og því verði stjórnendur eftirlitsins að leita leiða til að efla stofnunina á sem hagkvæmastan hátt. Mikil fjölgun starfsfólks, á skömmum tíma, samfara flutningi í nýtt húsnæði getur verið mjög vandasöm. Slíkt stökk getur leitt til mikillar hækkunar á rekstrarkostnaði án þess að markmið um aukin styrk náist að viðunandi marki. Því er mikilvægt að stjórnendur séu vakandi yfir öllum þáttum sem leitt geta til aukins kostnaðar og þá sérstaklega liða eins og launa og leigu sem vandasamt er að skera niður þegar framlíða stundir og hinar sérstöku aðstæður sem nú ríkja líða hjá. Að þessu virtu beinir samráðsnefndin því til stjórnar og stjórnenda FME að leita leiða til að draga úr þeim mikla vexti sem áætlunin gerir ráð fyrir og þar með að eftirlitsgjaldið verði lækkað frá því sem drögin gera ráð fyrir.

Samráðsnefndin ítrekar ábendingu sína frá síðasta ári að eðlilegt sé og þess gætt að kostnaður vegna rannsókna á bankahruninu og málum því tengdu greiðist af gömlu bönkunum eða ríkissjóði beint. Því gæti verið æskilegt að í áætlun FME yrði nánari grein gerð fyrir hvaða störf varða bankahrunið.

Um einstaka liði í rekstri FME.

Laun og launatengd gjöld eru stærstu liðirnir í rekstri FME. Í áætlun FME fyrir 2011 er gert ráð fyrir mikilli hækkun á þessum liðum eða um 42%. Hækkunin er áætluð fyrst og fremst vegna fjölgunar starfsmanna fremur en hækkun launa. Í áætluninni er gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna á nær öllum sviðum og að um 20 starfsmenn verði ráðnir tímabundið. Samráðsnefndin ítrekar ábendingu hér að

framan varðandi aðhald í rekstrinum hvað fjölgun starfsmanna varðar og beinir því til stjórnenda FME að hugsanlega megi beita tímabundnum ráðningum í meira mæli en gert er ráð fyrir þannig að núverandi aðstæðum sé mætt án þess að skuldbinda stofnunina til lengri tíma með áhættu á mögulegum launahækkunum.

Í áætlunum FME hefur um nokkurt skeið verið gert ráð fyrir að stofnunin flytti í hentugara húsnæði. Samráðsnefndin gerir ekki athugasemdir við þetta og fellst á rök stjórnenda hvað þennan lið varðar, en í áætluninni og á samráðsfundi kom fram að ekki er gert ráð fyrir mikilli hækkun leigugjalda og að leitað sé að húsnæði sem auðveldlega megi skipta upp og framleigja ef þörf krefur síðar.

Um rekstur tölvubúnaðar var nokkuð rætt á fundi samráðsnefndarinnar með stjórnendum FME þann 7. júní. Fulltrúar FME lögðu þar áherslu á mikilvægi þess að efla þennan lið í rekstrinum og fellst samráðsnefndin á það með þeirri einu athugasemd að brýnt sé að leita hagkvæms hugbúnaðar og að samrekstur við aðila á markaði verði kannaður áður en ráðist er í kaup eða smíði á dýrum búnaði.

Samtök fjármálafyrirtækja og fleiri hafa um nokkurt skeið lagt á það áherslu að FME og aðrar stofnanir nýti sér heimildir og þá hagkvæmni sem því getur fylgt að ráða sérfræðinga á markaði til verkefna og ráðgjafar fremur en að ráða starfsfólk í fasta vinnu. Þetta sjónarmið ítrekar samráðsnefndin.

Samráðsnefndin gerir ekki sérstakar athugasemdir við aðra liði rekstrargjalda.

Um skiptingu eftirlitsgjalds og aðrar tekjur.

Samráðsnefndin gerir ekki athugasemdir við þá skiptingu sem lögð er til í áætlun stjórnenda FME á eftirlitsgjaldi, en með þeim fyrirvara að nefndin hefur aðeins haft takmarkað ráðrúm til að bera skiptinguna undir hagsmunaaðila. Því áskilur samráðsnefndin sér rétt til að koma nánari athugasemdum á framfæri við FME eða ráðherra síðar.

Reykjavík 1. júlí 2010

f.h. samráðsnefndar

Stefán Árni Auðólfsson, form.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að kveða á um álagningarstofna eftirlitsskyldra fjármálastofnana en ár hvert skulu Fjármálaeftirlitið og samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila skila efnahags- og viðskiptaráðherra skýrslu um umfang og útgjöld eftirlitsins. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til breytinga á eftirlitsgjaldi skal efnahags- og viðskiptaráðherra leggja fram frumvarp þar að lútandi.

Í fjárlögum 2010 var gert ráð fyrir að ríkistekjur Fjármálaeftirlitsins af eftirlitsgjaldi á fjármálastofnanir nemi 1.021,5 m.kr. en tekjum af gjaldinu er ætlað að standa undir rekstrarkostnaði stofnunarinnar. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að álagningarhlutföll gjalda á alla eftirlitsskylda aðila verði hækkuð mjög verulega að undanskildum gjöldum á vátryggingamiðlara, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlara, verðbréfamiðstöðvar og kauphallir. Hækkun álagningarhlutfalla kæmi einkum fram hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum en ekki í jafnmiklum mæli hjá vátryggingafélögum og lífeyrissjóðum. Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að tekjur af eftirlitsgjaldinu verði 1.619,1 m.kr. á árinu 2011 eða 58,5% hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum 2010. Þá er rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins áætlaður 1.754,9 m.kr. á árinu 2011 en gert er ráð fyrir að mismunurinn milli þess kostnaðar og tekna af eftirlitsgjaldinu verði fjármagnaður með óráðstöfuðu eigin fé stofnunarinnar vegna rekstrarafgangs frá fyrri árum. Helstu ástæður fyrir þessari 72% hækkun á áformuðum rekstrarútgjöldum stofnunarinnar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld verði 1.252 m.kr. á árinu 2011 en það jafngildir um 56% hækkun frá því sem rekstraráætlun stofnunarinnar gerði ráð fyrir vegna fjárlaga ársins 2010 og lá til grundvallar þegar lögunum var síðast breytt í lok árs 2009 með breytingum á álagningarstofnum eftirlitsskyldra aðila. Þar af er gert ráð fyrir að um 180 m.kr. verði tímabundinn launakostnaður vegna rannsóknarvinnu vegna bankahrunsins haustið 2008. Í öðru lagi er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna húsnæðis en reiknað er með að sá kostnaður verði 88 m.kr. á árinu 2011 eða 42% hærri en áætlun gildandi laga gerði ráð fyrir. Fyrirhugað er að stofnunin muni flytjast í nýtt og stærra húsnæði en gildandi leigusamningur rennur út í febrúar 2011. Í þriðja lagi er reiknað með auknum kostnaði við rekstur tölvubúnaðar vegna fjölgunar starfsmanna og að hann verði 165 m.kr. árið 2011 en það svarar til 63% hækkunar milli ára frá fyrri áætlun fyrir fjárlög 2010. Í fjórða lagi er áætlað að kostnaður við kaup á sérfræðiþjónustu hækki verulega milli ára og verði 65 m.kr. á árinu 2011 en í fyrri rekstraráætlun var gert ráð fyrir 10 m.kr. kostnaði.

Ljóst er að þessi áform fela í sér að gríðarlegur útgjaldavöxtur yrði í þessari starfsemi á sama tíma og fjármálakerfið hefur dregist mikið saman. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2010 er velta stofnunarinnar þegar orðin um tvöfalt meiri en árið 2007 en miðað við þessar áætlanir væri veltan orðin ríflega þrefalt meiri.

Í þessu sambandi er ástæða til að vekja athygli á nokkrum eftirfarandi atriðum sem snúa að fjármálum Fjármálaeftirlitsins.

1. Í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er eins og áður hefur komið fram gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið skuli fyrir 1. júlí ár hvert gefa efnahags- og viðskiptaráð-

herra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Fjármálaráðuneytinu barst þó ekki rekstraráætlun stofnunarinnar frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu fyrr en um miðjan ágúst sl. þegar mestallri ákvarðanatöku um fjárlagagerð fyrir árið 2011 var lokið. Engu síður var fjallað um málið í ráðherranefnd um ríkisfjármál og síðan með afgreiðslu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011 í ríkisstjórn. Var niðurstaða þeirrar umfjöllunar eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpinu en þar er gert ráð fyrir að framlög til Fjármálaeftirlitsins hækki um samtals 305,5 m.kr. að teknu tilliti til 91,9 m.kr. aðhaldsmarkmiðs í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Fjárheimild í fjárlagafrumvarpinu er þannig 292,1 m.kr. lægri en frumvarp þetta gerir ráð fyrir að veitt verði til stofnunarinnar á árinu 2011. Þess má geta að í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir 131,5 m.kr. viðbótarfjárheimild til stofnunarinnar vegna aukins rekstrarumfangs.

2. Vakin skal athygli á því að í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár er settur bindandi útgjaldarammi á nafnvirði fyrir ríkið í heild á árinu 2011. Eins og fram kemur í áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum, sem sett er fram í fyrra hefti fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011, felur það í sér að heildarramma um útgjöldin verði ekki breytt á síðari stigum heldur verði að mæta hækkunum sem kunna að verða ákveðnar á útgjöldum einstakra málaflokka ríkisstarfseminnar með jafnmikilli lækkun annarra málaflokka.

3. Fjármálaráðuneytið vill benda á það í þessu samhengi að það sé skilningur ráðuneytisins á því sem fram kemur í 2. gr. laganna, varðandi það hvort tilefni sé til þess að efnahags- og viðskiptaráðherra leggi fram frumvarp um breytingu á eftirlitsgjaldinu, að í því felist sú skylda að leggja mat á nauðsyn þess og tilgang, þar með talið í ljósi stöðu ríkisfjármála hverju sinni. Lögin geti ekki falið í sér sjálfvirka eða sjálfgefna skattlagningu og útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð einungis á þeim grundvelli að það sé lagt til í rekstraráætlun stofnunarinnar. Ekki verður annað séð en að efnahags- og viðskiptaráðherra beri, vegna stjórnskipunarlegrar stöðu hans sem ráðherra þessa málaflokks, að meta með sjálfstæðum hætti hvort tillögur í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um rekstraráform gefi tilefni til breytinga á eftirlitsgjaldinu og þá að hve miklu leyti. Ekki liggur þó fyrir slík greining á þessum auknu verkefnum eða afstaða til forgangs þeirra af hálfu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins sem fjármálaráðuneytið gæti haft til hliðsjónar við mat á auknu rekstrarumfangi stofnunarinnar og þeim verkefnum sem í því kunna að felast.

4. Samkvæmt skýrslu Fjármálaeftirlitsins um áætlaðan rekstrarkostnað stofnunarinnar skýrist um 56% hækkun launakostnaðar frá forsendum fjárlaga 2010 að miklu leyti af mikilli fjölgun starfsfólks. Í því sambandi skiptir þó einnig máli að launakjör starfsmanna stofnunarinnar eru almennt talsvert betri en gerist og gengur í stjórnsýslunni, t.d. í öðrum eftirlitsstofnunum eða hjá aðalskrifstofum ráðuneyta. Þá er ekki að sjá í launabókhaldi ríkisins að laun starfsmanna stofnunarinnar hafi lækkað svo nokkru nemi á þeim tveimur árum sem liðin eru frá hruni bankakerfisins á haustmánuðum 2008. Á sama tíma hafa starfsmenn flestra annarra ríkisstofnana, einkum sérfræðingar og stjórnendur í hærri launaþrepum, þurft að sæta umtalsverðum launaskerðingum vegna aðhaldsráðstafana. Slíkt launamisræmi getur valdið röskun í launakerfi ríkisins og valdið erfiðleikum í starfsmannamálum annarra ríkisstofnana.

5. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því, eins og fyrr segir, að eftirlitsgjald á fjármálafyrirtæki verði hækkað um tæpar 600 m.kr. frá fjárlögum 2010. Hafa ber í huga að tekjur vegna þessara gjalda eru lagðar á sem lögþvingaðar skatttekjur ríkissjóðs en eru að lögum markaðar til eftirlits með starfsemi þessara fyrirtækja. Í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, eru fjármál stofnunarinnar því að öllu leyti hluti af fjármálum A-hluta ríkissjóðs. Aukið rekstrarumfang stofnunarinnar leiðir því til aukinna útgjalda ríkissjóðs í reikningshaldi ríkis-

ins og alþjóðlegum hagtölum á sama hátt og á við um aðrar ríkisstofnanir sem fjármagnaðar eru með mörkuðum ríkistekjum. Er hér um sama fyrirkomulag að ræða og á við um t.d. Brunamálastofnun, en sú stofnun er alfarið fjármögnuð með sambærilegri gjaldheimtu brunavarnagjalds. Fjármálaráðuneytið telur aftur á móti það ekki vera heppilegt fyrirkomulag að ríkistekjur séu markaðar með þessum hætti til reksturs ríkisaðila. Að mati ráðuneytisins ættu tekjur sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna að renna í ríkissjóð á grundvelli sjónarmiða um tekjuöflun, hagkvæmni og skilvirkni en að ákvörðun um fjárheimildir einstakra verkefna eigi almennt að vera tekin á Alþingi við afgreiðslu fjárlaga óháð þeim tekjum á grundvelli mats á fjárþörf verkefna og forgangsröð þeirra hverju sinni.

6. Í ljósi þess að frumvarp þetta felur í sér verulega aukningu á skattheimtu gagnvart fjármálafyrirtækjum þarf að hafa í huga samhengið við aðra skattheimtu á þessi fyrirtæki. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 er t.a.m. gert ráð fyrir 500 m.kr. veltu í starfsemi nýs embættis umboðsmanns skuldara sem einnig á að fjármagna með sambærilegri gjaldtöku á lánastofnanir. Þá er í fjárlagafrumvarpinu einnig áformað að lagður verði á bankaskattur sem skili um 1 milljarði kr. til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð og auk þess gert ráð fyrir að skattar á hagnað lögaðila muni hækka í 20% á árinu 2011. Þótt talið væri fært að hækka slíka gjaldtöku til tekjuöflunar fyrir aukna ríkisstarfsemi getur það varla talist vera markmið í sjálfu sér. Segja má að öll slík ný skattlagning skerði svigrúm ríkisins til almennrar tekjuöflunar að sama skapi.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir 397,4 m.kr. hækkun á framlagi til Fjármálaeftirlitsins vegna áforma um aukin verkefni stofnunarinnar en á móti er gert ráð fyrir 91,9 m.kr. lækkun vegna aðhaldsmarkmiða, sem svarar til 9% af veltu í fjárlögum 2010 á sama hátt og á við um allar aðrar stjórnsýslu- og eftirlitsstofnanir ríkisins. Nettó hækkun fjárheimildanna frá fjárlögum 2010 nemur þá 305,5 m.kr. eða 30%. Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að tekjur af eftirlitsgjöldunum verði um 292 m.kr. meiri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu og að tilgangurinn með því væri að veita stofnuninni jafnmikla hækkun á fjárheimild til viðbótar því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Hækkunin hefði í sjálfu sér ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem framlagið er fjármagnað með mörkuðum skatttekjum af hækkun eftirlitsgjalds en hins vegar hefði þetta í för með sér að rekstrarumfang ríkissjóðs ykist sem því næmi. Þessi áform fela þá einnig í sér að 91,9 m.kr. hagræðingarkrafa til Fjármálaeftirlitsins, vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011, falli niður. Þyrfti þá að gera ráðstafanir til að koma við hagræðingu eða samdrætti í útgjöldum annarra verkefna hjá ríkinu til að aðhaldsmarkmið og útgjaldarammi fjárlagafrumvarpsins haldi. Tillögur um hækkun skatta af eftirlitsgjöldum í þessu frumvarpi eru þannig ekki í samræmi við tekjuáætlanir og fjárheimildir í fjárlagafrumvarpinu. Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum en engar breytingar gerðar á fjárlagafrumvarpinu verður því ekki heimilt að ráðstafa viðbótartekjunum til aukins rekstrarumfangs Fjármálaeftirlitsins.

246. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Auði Ýri Steinarsdóttur, Þóru Hjaltested og Kjartan Gunnarsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Steinunni Guðbjartsdóttur og Pál Eiríksson frá slitastjórn Glitnis, Heimi Haraldsson frá skilanefnd Glitnis, Ólaf Garðarsson frá slitastjórn Kaupþings og Kristin Bjarnason og Halldór Backman frá slitastjórn Landsbanka Íslands hf.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Markmið breytinganna er að tryggja jafnræði kröfuhafa og að eignir fjármálafyrirtækja í slitum njóti verndar eftir að greiðslustöðvun lýkur.

Annars vegar er lagt til að gerðar verði breytingar á 4. mgr. 103. gr. laganna þannig að tekin verði af öll tvímæli um að allar reglur kafla um riftun ráðstafana þrotamanns o.fl., XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti, eigi við um þau tilvik sem í téðri 103. gr. greinir, þ.e. þegar ekki telst sýnt að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja til að efna skuldbindingar þess að fullu.

Hins vegar er lagt til að gerð verði breyting á ákvæði til bráðabirgða V sem felur í sér að fjármálafyrirtæki sem falla undir sérreglur ákvæðisins verði með dómsúrskurði tekin til slitameðferðar sem um gilda almennar reglur í stað þess að slíkt gerist sjálfkrafa þegar heimild til greiðslustöðvunar hefur runnið sitt skeið á enda.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðsins „dómur“ í 6. efnismálsl. 2. gr. komi: héraðsdómur.

Alþingi, 16. nóv. 2010.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm. Arndís Soffía Sigurðardóttir. Magnús Orri Schram.

Skúli Helgason. Valgerður Bjarnadóttir.

247. Frumvarp til laga [212. mál]

um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. nóv.)

1. gr.

4. mgr. 103. gr. laganna orðast svo:

Ef ekki er sýnt að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja til að efna skuldbindingar þess að fullu má krefjast riftunar eftir sömu reglum og gilda um riftun ráðstafana við gjaldþrotaskipti. Gilda þá öll ákvæði XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, við slitameðferðina með sama hætti og við gjaldþrotaskipti en þó þannig að frestur til að höfða riftunarmál skv. 1. mgr. 148. gr. sömu laga skal vera 24 mánuðir í stað sex mánaða.

2. gr.

2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum orðast svo: Við greiðslustöðvunina skal beitt ákvæðum 1. mgr. 101. gr., 102. gr., 103. gr. og 103. gr. a laganna, eins og fyrirtækið hefði verið tekið til slita með dómsúrskurði á þeim degi sem lög nr. 44/2009 öðluðust gildi, en slitameðferðin skal þó allt að einu kennd við heimild til greiðslustöðvunar svo lengi sem sú heimild stendur, sbr. 1. tölul. Ákvæði IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gilda ekki um slíka greiðslustöðvun sem hér um ræðir, en þó skal aðstoðarmaður hafa eftirlit með ráðstöfunum skilanefndar skv. 103. gr. laganna. Áður en heimild fyrirtækisins til greiðslustöðvunar rennur út geta skilanefnd og slitastjórn sameiginlega gert kröfu um að fyrirtækið verði tekið til slitameðferðar eftir almennum reglum, sbr. þó 3. og 4. tölul., með dómsúrskurði, enda séu uppfyllt efnisskilyrði 3. tölul. 2. mgr. 101. gr. laganna. Slík krafa skal í síðasta lagi lögð fram á þeim degi er heimild fyrirtækisins til greiðslustöðvunar rennur út. Um meðferð slíkrar kröfu fer að öðru leyti eftir 3. mgr. 101. gr. laganna. Fallist héraðsdómur á kröfuna skal það standa óraskað sem gert hefur verið í greiðslustöðvun fyrirtækisins eftir gildistöku laga nr. 44/2009. Að því leyti sem rétthæð krafna og önnur réttaráhrif ráðast almennt af þeim degi er úrskurður um slitameðferð gengur skal á sama hátt miða við gildistökudag þeirra laga. Frá því að beiðni um slitameðferð eftir almennum reglum berst dómara og þar til endanlegur úrskurður er kveðinn upp gilda reglur um slitameðferð til bráðabirgða um fyrirtækið. Heimild til greiðslustöðvunar lýkur sjálfkrafa þegar endanlegur úrskurður um að fyrirtækið sé tekið til slitameðferðar er kveðinn upp.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

248. Breytingartillaga [212. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá Lilju Mósesdóttur.

Í stað orðsins „héraðsdómur“ í 6. efnismálsl. 2. gr. komi: dómur.

249. Lög [212. mál]

um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. nóvember 2010.)

Samhljóða þskj. 247 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum orðast svo: Við greiðslustöðvunina skal beitt ákvæðum 1. mgr. 101. gr., 102. gr., 103. gr. og 103. gr. a laganna, eins og fyrirtækið hefði verið tekið til slita með dómsúrskurði á þeim degi sem lög nr. 44/2009 öðluðust gildi, en slitameðferðin skal þó allt að einu kennd við heimild til greiðslustöðvunar svo lengi sem sú heimild stendur, sbr. 1. tölul. Ákvæði IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gilda ekki um slíka greiðslustöðvun sem hér um ræðir, en þó skal aðstoðarmaður hafa eftirlit með ráðstöfunum skilanefndar skv. 103. gr. laganna. Áður en heimild fyrirtækisins til greiðslustöðvunar rennur út geta skilanefnd og slitastjórn sameiginlega gert kröfu um að fyrirtækið verði tekið til slitameðferðar eftir almennum reglum, sbr. þó 3. og 4. tölul., með dómsúrskurði, enda séu uppfyllt efnisskilyrði 3. tölul. 2. mgr. 101. gr. laganna. Slík krafa skal í síðasta lagi lögð fram á þeim degi er heimild fyrirtækisins til greiðslustöðvunar rennur út. Um meðferð slíkrar kröfu fer að öðru leyti eftir 3. mgr. 101. gr. laganna. Fallist dómur á kröfuna skal það standa óraskað sem gert hefur verið í greiðslustöðvun fyrirtækisins eftir gildistöku laga nr. 44/2009. Að því leyti sem rétthæð krafna og önnur réttaráhrif ráðast almennt af þeim degi er úrskurður um slitameðferð gengur skal á sama hátt miða við gildistökudag þeirra laga. Frá því að beiðni um slitameðferð eftir almennum reglum berst dómara og þar til endanlegur úrskurður er kveðinn upp gilda reglur um slitameðferð til bráðabirgða um fyrirtækið. Heimild til greiðslustöðvunar lýkur sjálfkrafa þegar endanlegur úrskurður um að fyrirtækið sé tekið til slitameðferðar er kveðinn upp.

250. Fyrirspurn [220. mál]

til utanríkisráðherra um mat á ávinningi Íslands af fríverslunarsamningum við Kína og Bandaríkin.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hefur verið lagt mat á efnahagslegan ávinning sem Ísland hefði af fríverslunarsamningum við Kína og Bandaríkin? Ef svo er, hver er niðurstaðan?

Skriflegt svar óskast.

251. Fyrirspurn [221. mál]

til utanríkisráðherra um viðræður Íslands og Kína um fríverslunarsamning.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hvernig standa viðræður Íslands og Kína um fríverslunarsamning?

Skriflegt svar óskast.

252. Fyrirspurn [222. mál]

til utanríkisráðherra um kosti fríverslunarsamnings við Bandaríkin.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hverjir væru kostir fríverslunarsamnings við Bandaríkin að mati ráðherra?

Skriflegt svar óskast.

253. Fyrirspurn [223. mál]

til utanríkisráðherra um hagsmuni á Norðuríshafssvæðinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hefur ríkisstjórnin áform um að beita sér fyrir auknu samstarfi eða samningi milli Íslands, Kanada, Noregs, Grænlands, Bandaríkjanna og Færeyja um sameiginlega hagsmuni á Norðuríshafssvæðinu, svo sem um náttúruauðlindir, samgöngur, vísindastarf, rannsóknir og menningarmál? Hverjir telur ráðherra að væru helstu sameiginlegu hagsmunir þessara landa ef af slíku samstarfi yrði?

Skriflegt svar óskast.

254. Svar [91. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Birgis Ármannssonar um nýjar nefndir, ráð, verkefnisstjórnir og hópa á vegum ríkisstjórnarinnar frá 1. febrúar 2009.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margar nýjar nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópa og aðra hópa af sama tagi hafa einstök ráðuneyti og ríkisstjórnin í heild skipað frá 1. febrúar 2009?*
2. *Hverjar eru þessar nefndir, ráð, verkefnisstjórnir og hópar, hvert er hlutverk þeirra, er skipun þeirra samkvæmt heimild eða fyrirmælum í lögum, hver er skipunartíminn og hverjar þeirra hafa lokið störfum?*

Óskað er eftir upplýsingum um það hvaða einstaklingar hafa verið skipaðir, tilnefndir eða valdir með öðrum hætti til setu í þessum nefndum, ráðum, verkefnisstjórnum og hópum, hver hafi skipað eða eftir atvikum tilnefnt þá og hvort störfin séu launuð eða ólaunuð.

Forsætisráðuneyti.

Skipaðar hafa verið 28 nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og aðrir hópar af sama tagi frá 1. febrúar 2009.

Nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og hópar af sama tagi skipaðir frá 1. febrúar 2009.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Ráðherranefnd um efnahagsmál	Skv. ákv. ríkisstjórnar	Ótímabundin nefnd	Nei	Að samræma stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og hafa eftirlit með framkvæmd efnahagsstefnunnar á einstökum sviðum.
Ráðherranefnd um ríkisfjármál	Skv. ákv. ríkisstjórnar	Ótímabundin nefnd	Nei	Að fjalla um ríkisfjármál
Ráðherranefnd um jafnrétti kynja	Skv. ákv. ríkisstjórnar	Ótímabundin nefnd	Nei	Að áhrif kvenna í endurreisn íslensks samfélags í kjölfar efnahagsþrenginga verði tryggð, að jafna hlutföll kynjanna á öllum sviðum samfélagsins, að kynjasjónarmið verði höfð að leiðarljósi í aðgerðum til atvinnusköpunar og við mótun atvinnustefnu fyrir landið o.fl.
Ráðherraefnd um Evrópumál	Skv. ákv. ríkisstjórnar	Ótímabundin nefnd	Nei	Að að tryggja yfirsýn þeirra ráðherra sem þurfa að fylgjast heildstætt með framvindu umsóknar Íslands um aðild að ESB
Almannavarna- og öryggismálaráð	Skv. ákv. í lögum	Ótímabundin nefnd	Nei	
Nefnd um fjármál stjórnmálaflokka	Skv. ákv. í lögum	11 mánuðir	Já	Endurskoða lög um fjármál stjórnmálaflokka
Peningastefnunefnd	Skv. ákv. í lögum	3 ár		Fer með ákvörðunarvald um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum
Ráðgjafarhópur um stjórnarskrána	Skv. ákvörðun ráðherra	2 mánuðir	Já	Gera tillögur um stjórnarskrárákvæði um auðlindir í þjóðareign, þjóðaratkvæðagreiðslur og breytingar á stjórnarskrá og stjórnlagaþing
Nefnd um styrkingu atvinnulífs í Fjallabyggð	Skv. ákvörðun ráðherra	3 mánuðir	Já	Að styrkja atvinnulíf í Fjallabyggð
Starfshópur um skýrslu Kaarlo Jännäri	Skv. ákvörðun ráðherra	2 vikur	Já	Fara yfir skýrsluna um aðdraganda hruns bankanna til að meta ábendingar varðandi endurskipulagningu á fjármálamarkaði
Starfshópur til að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja		1 mánuður	Já	Móta tillögur til að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja
Starfshópur um siðareglur í stjórnsýslunni	Skv. ákvörðun ráðherra	4 mánuðir	Já	Að semja drög að siðareglum fyrir embættismenn og aðra starfsmenn innan stjórnsýslu ríkisins
Starfshópur vegna flutnings verkefna frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti til fjármálaráðuneytis	Skv. ákvörðun ráðherra	4 mánuðir	Já	Að undirbúa og stýra flutningi umræddra verkefna á milli ráðuneytanna
Starfshópur um rekstur grunnskráa	Skv. ákvörðun ráðherra	2,5 mánuðir	Já	Að fara yfir fyrirkomulag og mögulega hagræðingu vegna reksturs grunnskráa hjá ríkinu, Þjóðskrár, fasteignaskrár og ökutækjaskrár

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Starfshópur um endurskoðun á upplýsingalögum	Skv. ákvörðun ráðherra	17 mánuðir	Já	Að skoða hvernig megi rýmka aðgang almennings að upplýsingum í fórum stjórnvalda
Nefnd um endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands	Skv. ákvörðun ráðherra		Nei	Að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands í heild sinni
Nefnd um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis	Skv. ákvörðun ráðherra	1 mánuður	Já	Að meta þau atriði rannsóknarskýrslunnar sem snúa beint að stjórnsýslunni
Vinnuhópur um tilhögun rafrænna samskipta opinberra aðila við einstaklinga og lögaðila	Skv. ákvörðun ráðherra	4 mánuðir	Já	Að kynna sér helstu aðferðir til að halda utan um samskipti þessara aðila á hagkvæman og notendavænan hátt
Vinnuhópur um innleiðingu frjáls og opins hugbúnaðar	Skv. ákvörðun ráðherra	1 ár	Nei	Að gera tillögur að aðgerðaráætlun um innleiðingu á frjálsum og opnum hugbúnaði í opinberum rekstri
Starfshópur um fyrirkomulag stjórnsýsluumbóta og hagræðingarmála	Skv. ákvörðun ráðherra	2 mánuðir	Já	Að gera tillögu um endurskipulagningu þróunar-, umbóta og hagræðingarmála hjá ríkinu sem tengjast stjórnsýsluumbótum rafrænni stjórnsýslu mannauðsmálum og stjórnun stofnana
Starfshópur um bætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn	Skv. ákvörðun ráðherra	7 mánuðir	Já	Að semja drög að frumvarpi til l. þar sem mælt verði fyrir um greiðslu bóta til þeirra sem orðið hafa fyrir illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum er heyra undir lög 26/2007
Samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna	Skv. ákv. í lögum	Ótímabundin nefnd	Nei	Að stuðla að því að siðferðileg viðmið séu í hávegum höfð í opinberum störfum og veita stjórnvöldum ráðleggingar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og spillingu
Nefnd um orku- og auðlindamál	Skv. ákv. ráðh.	2 mánuðir	Já	
Stýrihópur um gerð sóknaráætlana fyrir alla landshluta	Skv. ákvörðun ráðherra		Nei	Að gera sóknaráætlun fyrir Ísland til ársins 2020

Einstaklingar skipaðir í nefndir, ráð verkefnisstjórnir, starfshópa o.þ.h. frá 1. febrúar 2009.

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
Ráðherranefnd um efnahagsmál	Jóhanna Sigurðardóttir			Ólaunað
	Árni Páll Árnason			Ólaunað
	Steingrímur J. Sigfússon			Ólaunað
Ráðherranefnd um ríkisfjármál	Steingrímur J. Sigfússon			Ólaunað
	Jóhanna Sigurðardóttir			Ólaunað
Ráðherranefnd um jafnrétti kynja	Jóhanna Sigurðardóttir			Ólaunað
	Guðbjartur Hannesson			Ólaunað
	Steingrímur J. Sigfússon			Ólaunað
	Ögmundur Jónasson			Ólaunað
Ráðherranefnd um Evrópumál	Jóhanna Sigurðardóttir			Ólaunað
	Össur Skarphéðinsson			Ólaunað
	Steingrímur J. Sigfússon			Ólaunað
	Katrín Jakobsdóttir			Ólaunað
Almannavarna- og öryggismálaráð	Forsætisráðherra, form.			Ólaunað
	Dómsmálaráðherra		Skv. lögum	Ólaunað
	Samgönguráðherra		Skv. lögum	Ólaunað
	Umhverfisráðherra		Skv. lögum	Ólaunað
	Heilbrigðisráðherra		Skv. lögum	Ólaunað
	Utanríkisráðherra		Skv. lögum	Ólaunað
	Iðnaðarráðherra		Skv. lögum	Ólaunað
	Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis		Skv. lögum	Ólaunað
	Ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytis		Skv. lögum	Ólaunað
	Ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytis		Skv. lögum	Ólaunað
	Ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytis		Skv. lögum	Ólaunað
	Ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytis		Skv. lögum	Ólaunað
	Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis		Skv. lögum	Ólaunað
	Ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytis		Skv. lögum	Ólaunað
	Ríkislögreglustjóri		Skv. lögum	Ólaunað
	Forstjóri Landhelgisgæslu Íslands		Skv. lögum	Ólaunað
	Flugmálastjóri		Skv. lögum	Ólaunað
	Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar		Skv. lögum	Ólaunað
	Siglingamálastjóri		Skv. lögum	Ólaunað
	Vegamálastjóri		Skv. lögum	Ólaunað
	Veðurstofustjóri		Skv. lögum	Ólaunað
	Brunamálastjóri		Skv. lögum	Ólaunað
	Forstjóri Umhverfisstofnunar		Skv. lögum	Ólaunað
	Forstjóri Geislavarna ríkisins		Skv. lögum	Ólaunað

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
	Orkumálastjóri		Skv. lögum	Ólaunað
	Forstjóri Landsnets		Skv. lögum	Ólaunað
	Fulltrúi Rauða kross Íslands		Skv. lögum	Ólaunað
	Fulltrúi samræmdrar neyðarsvörunar		Skv. lögum	Ólaunað
	Sóttvarnarlæknir		Skv. lögum	Ólaunað
	2 fulltrúar	Samband ísl. sveitarfélaga	Skv. lögum	Ólaunað
Nefnd um fjármál stjórnmálaflokka	Ágúst Geir Ágústsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Magnús R. Guðmundsson	Frjálslyndi flokkurinn		Ólaunað
	Kolbrún Stefánsdóttir	Frjálslyndi flokkurinn		Ólaunað
	Jóhann Kristjánsson	Borgarahreyfingin		Ólaunað
	Gréta Ingþórsdóttir	Sjálfstæðisflokkurinn		Ólaunað
	Drífa Snædal	Vinstri hreyfingin – grænt framboð		Ólaunað
	Margrét Sigrún Björnsdóttir	Samfylkingin		Ólaunað
	Sigfús Ingi Sigfússon	Framsóknarflokkurinn		Ólaunað
Peningastefnunefnd	Gylfi Zoega		Skv. lögum	Launuð
	Anne Sibert Buiter		Skv. lögum	Launuð
	Seðlabankastjóri		Skv. lögum	Launuð
	Aðstoðarseðlabankastjóri		Skv. lögum	Launuð
	Aðalhagfræðingur Seðlabankastjóra		Skv. lögum	Launuð
Ráðgjafarhópur um stjórnarskrána	Björg Thorarensen		Án tilnefningar	Launað
	Gísli Tryggvason		Án tilnefningar	Launað
	Bryndís Hlöðversdóttir		Án tilnefningar	Launað
	Halldór V. Kristjánsson	Samgönguráðherra		Ólaunað
	Auður B. Árnadóttir	Mennta- og menningarmálaráðh.		Ólaunað
Starfshópur um skýrslu Kaarlo Jännäri	Hrannar B. Arnarsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Hjördís Dröfn Vilhjálmsd.	Fjármálaráðherra		Ólaunað
	Helga Valfells	Viðskiptaráðherra		Ólaunað
Starfshópur til að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja	Halldór Árnason		Án tilnefningar	Ólaunað
	Arndís Steinþórsdóttir	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðh.		Ólaunað
	Pétur Örn Sverrisson	Iðnaðarráðherra		Ólaunað
	Rósa Gunnarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðh.		Ólaunað
	Maríanna Jónasdóttir	Fjármálaráðherra		Ólaunað
Starfshópur um siðareglur í stjórnsýslunni	Páll Þórhallsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Jón Ólafsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Halldóra Friðjónsdóttir	Fjármálaráðherra		Ólaunað
Starfshópur um flutning verkefna frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti til fjármálaráðuneytis	Halldór Árnason		Án tilnefningar	Ólaunað
	Jóhann Guðmundsson	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðh.		Ólaunað
	Arnór Snæbjörnsson	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðh.		Ólaunað
	Þórhallur Arason	Fjármálaráðherra		Ólaunað
	Hafsteinn S. Hafsteinsson	Fjármálaráðherra		Ólaunað
Starfshópur um rekstur grunnskráa	Haraldur A. Bjarnason	Fjármálaráðherra		Ólaunað
	Ásdís Ingibjargardóttir	Dóms- og kirkjumálaráðherra		Ólaunað
	Ólafur Hjálmarsson	Hagstofa Íslands		Ólaunað
	Birgir Gunnarsson	Samgönguráðherra		Ólaunað
Starfshópur um endurskoðun á upplýsingalögum	Trausti Fannar Valsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Þórhallur Vilhjálmsson	Mennta- og menningarmálaráðh.		Ólaunað
	Margrét Vala Kristjánsdóttir			Ólaunað
Nefnd um endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands	Arnar Þór Másson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Hafdís Ólafsdóttir	Fjármálaráðherra		Ólaunað
	Gunnar Helgi Kristinsson		Án tilnefningar	Launað
	Páll Þórhallsson		Án tilnefningar	
	Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir		Án tilnefningar	Launað
Nefnd um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis	Gunnar Helgi Kristinsson		Án tilnefningar	Launað
	Oddný Mjöll Arnardóttir		Án tilnefningar	Launað
	Ómar H. Kristmundsson		Án tilnefningar	Launað
	Kristín Benediktsdóttir		Án tilnefningar	Launað
	Trausti Fannar Valsson		Án tilnefningar	Launað
Vinnuhópur um tilhögun rafrænna samskipta opinberra aðila við einstaklinga og aðra lögaðila	Halla Björg Baldursdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Bragi Leifur Hauksson	Félags- og tryggingamálaráðherra		Ólaunað
	Haraldur Bjarnason	Fjármálaráðherra		Ólaunað
	Ottó V. Winther	Samgöngu- og sveitastjórnarráðh.		Ólaunað
	Margrét Hauksdóttir	Dómsmála- og mannréttindaráðh.		Ólaunað
Vinnuhópur um innleiðingu frjáls og opins hugbúnaða	Haraldur A. Bjarnason			Ólaunað
	Björn Jónsson	Heilbrigðisráðherra		Ólaunað
	Hugi Þórðarson	Samgöngu- og sveitastjórnarráðh.		Ólaunað
	Hjörtur Grétarsson	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
	Kristín Jónsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðh.		Ólaunað
	Björn Sigurðsson		Án tilnefningar	Ólaunað

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
Starfshópur um fyrirkomulag stjórnsýsluumbóta og hagræðingarmála	Ómar H. Kristmundsson		Án tilnefningar	Launað
	Guðbjörg Sigurðardóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Arnar Þór Másson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Angantýr Einarsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Gunnar Björnsson		Án tilnefningar	Ólaunað
Starfshópur um bætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn	Kristrún Heimisdóttir	Félags- og tryggingamálaráðherra		Ólaunað
	Páll Þórhallsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Ása Ólafsdóttir	Dóms- og mannréttindaráðherra		Ólaunað
	Kristbjörg Stephensen	Reykjarvíkurborg		Ólaunað
	Eiríkur Jónsson		Án tilnefningar	Launað
Samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna	Jón Ólafsson		Án tilnefningar	Launað
	Guðfinna Halla Þorvaldsdóttir	BSRB		Ólaunað
	Halldóra Friðjónsdóttir	Fjármálaráðherra		Ólaunað
	Sigrún Jóhannesdóttir	Félag forstöðumanna ríkisstofnana		Ólaunað
	Vilhjálmur Árnason	BSRB KÍ og BHM		Ólaunað
	Kristín Ástgeirsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Páll Þórhallsson		Án tilnefningar	Ólaunað
Nefnd um orku- og auðlindamál	Trausti Fannar Valsson		Án tilnefningar	Launað
	Hjördís Hákonardóttir		Án tilnefningar	Launað
	Bjarnveig Eiríksdóttir		Án tilnefningar	Launað
	Ólafur Páll Jónsson		Án tilnefningar	Launað
	Aagot Óskarsdóttir		Án tilnefningar	Launað
Stýrihópur um gerð sóknaráætlana fyrir alla landshluta	Sigrún Björk Jakobsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Karl Björnsson			Ólaunað
	Katrín Jakobsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Katrín Júlíusdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Kristján Möller		Án tilnefningar	Ólaunað
	Gylfi Magnússon		Án tilnefningar	Ólaunað
	Dagur B. Eggertsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Svandís Svavarsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað

Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

Skipaðar hafa verið 13 nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og aðrir hópar af sama tagi frá 1. febrúar 2009.

Nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og hópar af sama tagi skipaðir frá 1. febrúar 2009.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Stýrihópur sem hefur yfirumsjón með framkvæmd sameiningar Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands	Verkefnanefnd	26.01.1010	Já	Yfirumsjón sameiningar
Samráðshópur um málefni Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands	Verkefnanefnd		Já	Hlutverk: athugun á hagkvæmni þess að sameina starfsemi Þjóðskrár og Fasteignaskrár
Nefnd til að endurskoða reglur um skipan dómara	Verkefnanefnd		Já	Undirbúa setningu nýrra reglna um skipan hæstaréttar- og héraðsdómara
Nefnd um mótun reglna um inntak undirbúningsnám-skeiða vegna ættleiðingar á erlendu barni, skipulagningar og gjaldtöku	Verkefnanefnd	frá 01.09.2010	Já	Móta reglur, sjá heiti nefndar
Fullnustunefnd	Verkefnanefnd	frá 13.8.2010		Nefnd sem ætlað er að gera tillögur að langtímaáætlun á sviði fullnustumála
Endurskoðun lögregluembætta	Verkefnanefnd	15.6.2009	Já	Fara yfir stofnanauppbyggingu innan lögreglunnar, umdæmaskiptingu og verkaskiptingu
Skipun í stýrihóp til að undirbúa drög að stefnu stjórn-valda í almannavarna- og öryggismálum til þriggja ára í samræmi við ákvæði 3. gr. almannavarnalaga	Verkefnanefnd	13.10.2009		
Starfshópur um málefni Landhelgisgæslu Íslands	Verkefnanefnd	27.10.2009		
Starfshópur til að gera tillögur að breytingum á opinberu réttarfari og réttarreglum því tengdar með það að mark-miði að draga úr óþörfu umstangi, hraða málsmeðferð og auka afköst án viðbótarfjárveitinga.	Verkefnanefnd	23.10.2010		
Nefnd til að fara yfir lög og reglur um hælisleitendur	Verkefnanefnd	21.4.2009	Já	
Vinnuhópur um breytt verklag vegna eftirlits með útlendingum	Verkefnanefnd	10.11.2009	Já	

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Vinnuhópur um endurskoðun fyrirkomulags við umönnunarkostnað hælisleitenda	Verkefnanefnd	12.10.2010		
Dómnefnd til að fjalla um hæfni dómara	Skv. lögum	22.7.2010		Fjalla á um hæfni þeirra sem sækja um embætti hæstaréttar- og héraðsdómara

Einstaklingar skipaðir í nefndir, ráð verkefnisstjórnir, starfshópa o.þ.h. frá 1. febrúar 2009.

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningar-aðili	Skipað m. öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
Stýrihópur sem hefur yfirumsjón með framkvæmd sameiningar Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands	Margrét Hauksdóttir, Haukur Ingibergsson, Katrín E. Hjörleifsdóttir, Skúli Guðmundsson, Ásdís Ingibjargardóttir	DMR		Ólaunað
Samráðshópur um sameiningu Fasteignaskrár og Þjóðskrár	Þórunn J. Hafstein, Haukur Ingibergsson, Jón Magnússon, Skúli Guðmundsson, Ásdís ingibjargardóttir	DMR		Ólaunað
Nefnd til að endurskoða reglur um skipan dómara	Guðrún Erlendsdóttir, Hákon Árnason, Ómar Hlynur Kristmundsson	DMR		Launað
Nefnd um mótun reglna um inntak undir-búningsnámskeiða vegna ættleiðingar á erlendu barni, skipulagningu og gjaldtöku	Valgerður Baldursdóttir, Anna Guðný Haugen, Hrefna Friðriksdóttir	DMR		Launað
Fullnustunefnd	Erlendur Sigurður Baldursson, Helgi Gunnlaugsson, Sveinn Magnússon, Anna Björg Aradóttir, Helgi Þór Gunnarsson, Sigríður Friðjónsdóttir, Erla Kristín Árnadóttir, Páll Egill Winkel, Skúli Þór Gunnsteinsson, Haukur Guðmundsson	DMR		
Endurskoðun lögregluembætta	Arnar Guðmundsson, Haukur Guðmundsson, Ásdís Ingibjargardóttir	DMR		Ólaunað
Skipun í stýrihóp til að undirbúa drög að stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum til þriggja ára í samræmi við ákvæði 3. gr. almannavarnalaga, nr. 82/2008	Þórunn J. Hafstein, Valur Ingimundarson, Margrét S Björnsdóttir, Halla Gunnarsdóttir, Viðir Reynisson	DMR		Ólaunað
Starfshópur um málefni LGH	Haukur Guðmundsson, Georg Lárusson, Jón Gunnarsson, Vigdís Hauksdóttir, Lilja Mósesdóttir,	DMR		Ólaunað
Starfshópur til að gera tillögur að breytingum á opinberu réttarfari og réttarreglum því tengdu með það að markmiði að draga úr óþörfu umstangi, hraða málsmeðferð og auka afköst án viðbótarfjárveitinga.	Sigríður J. Friðriksdóttir, Eiríkur Tómasson, Jón H. B. Snorrason, Jóhannes Rúnar Jóhannsson	Ríkissaksóknari, réttarfarsnefnd LMFÍ, ríkissaksóknari		
Nefnd til að fara yfir lög og reglur um hælisleitendur	Björg Thorarensen, Trausti Fannar Valsson, Atli Viðar Thorstensen Rósa Dögg Flosadóttir, Kristín Benediktsdóttir, Gunnar Narfi Gunnarsson	DMR		Launað
Vinnuhópur um breytt verklag vegna eftirlits með útlendingum	Sigríður Björk Guðjónsdóttir, Guðbrandur Guðbrandsson, Þorsteinn Gunnarsson, Jóhann Karl Þórisson, Jón Pétur Jónsson	DMR		
Vinnuhópur um endurskoðun fyrirkomulags við umönnunarkostnað hælisleitenda	Rósa Dögg Flosadóttir, Jakob Magnússon, Jón Friðrik Bjartmarz Ingþór Karl Eiríksson, Kristín Völundardóttir	DMR		Ólaunað
Dómnefnd til að fjalla um hæfni dómara	Páll Hreinsson, Stefán Már Stefánsson, Guðrún Agnarsdóttir, Allan Vagn Magnússon, Brynjar Níelsson	Alþingi, dóm-stólaráð, Lög-mannafélag Íslands		Launað

Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Skipaðar hafa verið 16 nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og aðrir hópar af sama tagi frá 1. febrúar 2009.

Nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og hópar af sama tagi skipaðir frá 1. febrúar 2009.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Dómnefnd vegna hönnunar-samkeppni um hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð	Ákvörðun ráðherra	15. janúar 2010	Nei	Að leggja mat á tillögur sem bárust vegna hönnunar-samkeppni um hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð
Kærunefnd greiðsluaðlögunarmála	Skv. lögum nr. 101/2010	23. ágúst 2010	Nei	Að annast meðferð og úrvinnslu ákvarðana umboðsmanns skuldara sem teknar eru á grundvelli laga um greiðslu-aðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, og laga um tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota, nr. 103/2010, og kærðar hafa verið til kærunefndarinnar.
Kærunefnd húsamála	Skv. lögum nr. 26/1994, 36/1994 og 75/2008	1. júlí 2010	Nei	Að fjalla um ágreining milli eigenda í fjöleignarhúsum, milli leigjenda og leigusala íbúðar- og atvinnuhúsnæðis og milli leigusala og leigutaka lóða undir hús í frístundabyggð.
Nefnd um aðgerðaáætlun stjórn-valda gegn kynbundnu ofbeldi árin 20112015	Ákvörðun ráðherra	30. júní 2010	Nei	Að vinna að aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi árin 2011–2015, en í áætluninni verður m.a. lögð sérstök áhersla á að skoða samhengi kynbundinna ofbeldis-brota, saksóknar vegna þeirra og meðferðar í dómskerfinu.
Nefnd um heildarlöggjöf um starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana	Skv. ákvörðun ráðherra	8. apríl 2009	Nei	Að fara yfir kosti og galla þess að setja heildarlöggjöf um starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana og skoða hvort ástæða sé til að setja heildarlöggjöf um starf-semi almannaheillasamtaka þannig að slík samtök fái skýrari réttarstöðu sem og rekstrarumhverfi.
Nefnd um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs	Skv. ákvörðun ráðherra	15. apríl 2010	Nei	Að vera umræðu- og hugmyndahópur um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs
Nefnd um starfsendurhæfingu	Skv. ákvörðun ráðherra	27. maí 2010	Nei	Að vinna að því að samþætta starf hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins að málefnum starfsendurhæfingar, með það að markmiði að ná sameiginlegri niðurstöðu og tryggja öllum landsmönnum sama rétt til starfsendurhæfingar og starfshæfingar.
Nefnd um Vinnumarkaðsstofnun	Ákvörðun ráðherra skv. samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins	27. maí 2010	Nei	Að fara yfir skipulag og verkefni nýrrar Vinnumarkaðs-stofnunar auk þess að fjalla um mögulega framtíðarverka-skiptingu hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins, í samræmi við yfirlýsingu forsætisráðherra og fjármála-ráðherra í tengslum við framlengingu stöðugleikasáttmálans í október 2009.
Samráðshópur vegna þjónustu við fatlaða	Skv. ákvörðun ráðherra	8. apríl 2009	Nei	Að tryggja gagnkvæma upplýsingamiðlun milli verkefnis-stjórnar um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og fulltrúa starfsmanna um stöðu verkefnisins hverju sinni og þau viðfangsefni sem framundan eru og að kortleggja starfs-kjör og réttindi þeirra starfsmanna sem tilfærsla málaflokks-ins nær til og fjalla um aðferðir við tilflutning starfsmanna frá ríki til sveitarfélaga.
Samráðsnefnd um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga	Skv. lögum nr. 16/2008	4. mars 2009	Nei	Að vera félags- og tryggingamálaráðherra og forstjóra Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga til ráðgjafar um fagleg málefni og gjaldtöku.
Starfshópur um gildistöku laga um umboðsmann skuldara	Skv. lögum nr. 100/2010	1. júlí 2010	Nei	Að undirbúa gildistöku laganna, m.a. vera umboðsmanni til ráðgjafar fyrsta starfsárið.
Starfshópur um réttindi starfsmanna erlendis í íslenska velferðarkerfinu	Skv. yfirlýsingu ríkisstjórnar frá 17. febrúar 2008	8. apríl 2009	Já	Að kanna hvort og þá með hvaða hætti sé unnt að tryggja að starfsmenn með lögheimili hér á landi sem eru að störfum erlendis fyrir dótturfyrirtæki íslenskra fyrirtækja geti viðhaldi réttindum í íslenska velferðarkerfinu.
Stýrihópur um velferðarvakt	Skv. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 10. febrúar 2009	16. febrúar 2009	Nei	Að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu með markvissum hætti og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna.
Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála	Skv. lögum nr. 40/1991 og lögum nr. 44/1998	1. júlí 2010	Nei	Að skera úr ágreiningsmálum sem kunna að rísa vegna ákvarðana félagsmálanefnda á grundvelli laga um félags-þjónustu sveitarfélaga og vegna ákvarðana húsnæðisnefnda og Íbúðalánasjóðs á grundvelli laga um húsnæðismál.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Vinnuhópur um mat á áhrifum efnahagsástandsins á stöðu kynjanna	Skv. V. kafla verkefnaskrár ríkisstjórnarinnar frá 2009	16. febrúar 2009	Já	Að meta áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna og hvort aðgerðir stjórnvalda kunna að hafa ólík áhrif á konur og karla sem og að vera stjórnvöldum til ráðgjafar varðandi samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við skipulagningu aðgerða eða viðbragðsáætlana sem ætlað er að bregðast við afleiðingum efnahagsástandsins.
Þverpólitískur samráðshópur um framkvæmd laga nr. 107/2009	Skv. lögum nr. 107/2009	19. janúar 2010	Nei	Að tryggja aðgang flokka og hópa á Alþingi að upplýsingum um þróun mála og greiða fyrir upplýstri umræðu og stefnumörkun.

Einstaklingar skipaðir í nefndir, ráð verkefnisstjórnir, starfshópa o.þ.h. frá 1. febrúar 2009.

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað / Ólaunað
Dómnefnd vegna hönnunarsamkeppni um hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð	Ásmundur Ásmundsson		Án tilnefningar	Launað
	Vilborg Ingólfsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Jóhann Eðvald Benediktsson	Fjarðabyggð		Ólaunað
	Þorsteinn Helgason	Arkitektafélag Íslands		Launað
	Einar Ólafsson	Arkitektafélag Íslands		Launað
Kærunefnd greiðsluaðlögunarmála	Ingibjörg Þorsteinsdóttir		Án tilnefningar	Launað
	Einar Páll Tamimi		Án tilnefningar	Launað
	Arndís Anna K. Gunnarsdóttir		Án tilnefningar	Launað
Kærunefnd húsamála	Arnbjörg Sigurðardóttir		Án tilnefningar	Launað
	Ásmundur Ásmundsson		Án tilnefningar	Launað
	Karl Axelsson	Húseigendafélagið		Launað
Nefnd um aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi árin 2011–2015	Höskuldur Sæmundsson		Án tilnefningar	Launað
	Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann		Án tilnefningar	Launað
	Thelma Þórðardóttir	Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti		Ólaunað
	Gunnar Alexander Ólafsson	Heilbrigðisráðuneyti		Ólaunað
	Kristín Ástgeirsdóttir	Jafnréttisstofa		Ólaunað
	Jón H.B. Snorrason	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu		Ólaunað
	Jóna Pálsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðuneyti		Ólaunað
	Hulda Elsa Björgvinsdóttir	Ríkissaksóknari		Ólaunað
	Tryggvi Þórhallsson	Samband íslenskra sveitarfélaga		Ólaunað
	Sigþrúður Guðmundsdóttir	Samtök um kvennaathvarf		Ólaunað
	Guðrún Jónsdóttir	Stígamót		Ólaunað
Nefnd um heildarlöggjöf um starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfseignar-stofnana	Ómar H. Kristmundsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Hjalti Zóphóníasson	Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti		Ólaunað
	Ingibjörg Helga Helgadóttir	Fjármálaráðuneyti		Ólaunað
	Sólveig Guðmundsdóttir	Heilbrigðisráðuneyti		Ólaunað
	Eva Þengilsdóttir	Samtök almannaheilla		Ólaunað
Nefnd um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs	Ólafur Þ. Stephensen		Án tilnefningar	Ólaunað
	Gyða Margrét Pétursdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Ragnhildur Vigfúsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Bragi Skúlason		Án tilnefningar	Ólaunað
	Linda Benediktsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
Nefnd um starfsendurhæfingu	Soffía Gísladóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Geirlaug G. Björnsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Hallgrímur Guðmundsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Kristín Siggeirsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Gylfi Arnbjörnsson	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Finnbjörn A. Hermannsson	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Guðlaug Kristjánsdóttir	Bandalag háskólamanna		Ólaunað
Nefnd um starfsendurhæfingu	Elín Björg Jónsdóttir	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja		Ólaunað
	Ólöf Leifsdóttir	Hlutverk – samtök um vinnu og verkþjálfun		Ólaunað
	María Norðdahl	Kennarasamband Íslands		Ólaunað
	Þorbjörn Guðmundsson	Landssamtök lífeyrissjóða		Ólaunað
	Hallur Páll Jónsson	Samband íslenskra sveitarfélaga		Ólaunað
	Hannes G. Sigurðsson	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
	Guðrún Hannesdóttir	Öryrkjabandalag Íslands		Ólaunað
Nefnd um Vinnumarkaðsstofnun	Bolli Þór Bollason		Án tilnefningar	Ólaunað
	Sigurður Bessason	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Halldór Grönvold	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Maríanna H. Helgadóttir	Bandalag háskólamanna		Ólaunað
	Árni Stefán Jónsson	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja		Ólaunað

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað / Ólaunað
	Elna Katrín Jónsdóttir	Kennarasamband Íslands		Ólaunað
	Erla Friðriksdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		Ólaunað
	Jón Rúnar Pálsson	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
	R. Linda Skúladóttir	Öryrkjabandalag Íslands		Ólaunað
Samráðshópur vegna þjónustu við fatlaða	Einar Njálsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Árni Stefán Jónsson	SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu		Ólaunað
	Salóme Þórisdóttir	Þroskaþjálfafélag Íslands		Ólaunað
	Kristín Á. Guðmundsdóttir	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja		Ólaunað
	Sverrir Óskarsson	Bandalag háskólamanna		Ólaunað
	Helga Jóhannesdóttir	Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðun.		Ólaunað
	Inga Rún Ólafsdóttir	Launanefnd sveitarfélaga		Ólaunað
	Signý Jóhannesdóttir	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Elín Björg Jónsdóttir	Samflot og Kjölur		
	Kristín Þóra Harðardóttir	Reykjavíkurborg		Ólaunað
Samráðsnefnd um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga	Helgi Hjörvar		Án tilnefningar	Ólaunað
	Kristinn Halldór Einarsson	Blindrafélagið		Ólaunað
	Bryndís Snæbjörnsdóttir	Daufblindrafélag Íslands		Ólaunað
	Guðrún Sigurjónsdóttir	Heilbrigðisráðuneyti		Ólaunað
	Ragnheiður Bóasdóttir	Mennta- og menningarmálaráðuneyti		Ólaunað
	Garðar Páll Vignisson	Samband íslenskra sveitarfélaga		Ólaunað
Starfshópur um gildistöku laga um umboðsmann skuldara	Bolli Þór Bollason		Án tilnefningar	Ólaunað
	Böðvar Héðinsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Sturlaugur Tómasson		Án tilnefningar	Ólaunað
Starfshópur um réttindi starfsmanna erlendis í íslenska velferðarkerfinu	Bjarnheiður Gautadóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Magnús M. Norðdahl	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Ingibjörg Helga Helgadóttir	Fjármálaráðuneyti		Ólaunað
	Jón H. Magnússon	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
Stýrihópur um velferðarvakt	Lára Björnsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Gissur Pétursson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Þórhildur Þorleifsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Sigurrós Kristinsdóttir	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Valgerður Halldórsdóttir	Bandalag háskólamanna		Ólaunað
	Garðar Hilmarsson	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja		Ólaunað
	Vilborg Oddsdóttir	Biskupsstofa		Ólaunað
	Ása Ólafsdóttir	Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti		Ólaunað
	Rafn Sigurðsson	Fjármálaráðuneyti		Ólaunað
	Einar Jón Ólafsson	Heilbrigðisráðuneyti		Ólaunað
	Geir Gunnlaugsson	Heilbrigðisráðuneyti		Ólaunað
	Eiríkur Jónsson	Kennarasamband Íslands		Ólaunað
	Stefán Stefánsson	Mennta- og menningarmálaráðuneyti		Ólaunað
	Kristján Sturluson	Rauði kross Íslands		Ólaunað
	Stella K. Víðisdóttir	Reykjavíkurborg		Ólaunað
	Gunnar Rafn Sigurbjörnsson	Samband íslenskra sveitarfélaga		Ólaunað
	Guðrún Eyjólfsdóttir	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
	Margrét Sæmundsdóttir	Efnahags- og viðskiptaráðuneyti		Ólaunað
	Guðríður Ólafsdóttir	Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands		Ólaunað
Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála	Kristrún Heimisdóttir		Án tilnefningar	Launað
	Margrét Gunnlaugsdóttir		Án tilnefningar	Launað
	Gunnar Eydal	Samband íslenskra sveitarfélaga		Launað
Vinnuhópur um mat á áhrifum efnahagsástandins á stöðu kynjanna	Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Kolbeinn Stefánsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Sigurður Guðmundsson	Fjármálaráðuneyti		Ólaunað
	Helga Jóhannesdóttir	Fjármálaráðuneyti		Ólaunað
	Gunnar Alexander Ólafsson	Heilbrigðisráðuneyti		Ólaunað
	Tryggvi Hallgrímsson	Jafnréttisstofa		Ólaunað
	Hildur Jónsdóttir	Jafnréttisráð		Ólaunað
Þverpólitískur samráðshópur um framkvæmd laga nr. 107/2009	Magnús Pétursson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir	Þingflokkur Samfylkingarinnar		Ólaunað
	Unnur Brá Konráðsdóttir	Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins		Ólaunað
	Marinó G. Njálsson	Þingflokkur Hreyfingarinnar		Ólaunað
	Guðmundur Steingrímsson	Þingflokkur Framsóknarflokksins		Ólaunað
	Lilja Mósesdóttir	Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs		Ólaunað
	Þráinn Bertelsson		Án tilnefningar	Ólaunað

Fjármálaráðuneyti.

Skipaðar hafa verið 27 nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og aðrir hópar af sama tagi frá 1. febrúar 2009.

Nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og hópar af sama tagi skipaðir frá 1. febrúar 2009.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Samninganefnd um gjaldeyrislán	Skv. ákvörðun ráðherra	24.2.2009	Já	Í samræmi við ályktun ríkisstjórnarinnar 24. febrúar 2009
Samninganefnd um Icesave	Skv. ákvörðun ráðherra	24.2.2009	Já	Í samræmi við ályktun ríkisstjórnarinnar 24. febrúar 2009
Samninganefnd um uppgjör milli gömlu og nýju viðskiptabankanna	Skv. ákvörðun ráðherra	24.2.2009	Já	Samningaviðræður milli fulltrúa stjórnvalda annars vegar, og skilanefnda gömlu bankanna f.h. kröfuhafa hins vegar, um endanleg fjárhagsskil milli gömlu og nýju bankanna
Stjórn ÁTVR 2009–2010	Skv. reglug. 883/2005	19.3.2009	Nei	
Bílanefnd 2009–2010	Skv. reglug. 580/1991	30.3.2009	Nei	
Endurskoðendaráð 2009–2013	Skv. lögum nr. 79/2008	1.4.2009	Nei	
Stjórn Landsvirkjunar 2009	Skv. lögum nr. 42/1983	3.4.2009	Já	
Starfshópur sem ætlað er að gera heildstæða úttekt á áfengislöggjöfinni	Skv. ákvörðun ráðherra	3.4.2009	Já	Leggja mat á lagaumhverfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, skattlagningu áfengis, áfengisauglýsingar og markaðssetningu áfengis
Verkefnisstjórn um stefnumótun og undirbúning að kynjaðri hagstjórn	Skv. ákvörðun ráðherra	29.4.2009	Nei	Vinna álit og tillögur um aðgerðir til að innleiða leikreglur kynjaðrar fjárlagagerðar
Viðræðunefnd við lífeyrissjóði um fjármögnun framkvæmda	Skv. ákvörðun ráðherra	26.6.2009	Nei	Ræða við fulltrúa lífeyrissjóða um fjármögnun ýmissa framkvæmda sem eru eða kunna að vera framundan á næstu árum
Starfshópur til að móta tillögur um sameiningu skattumdæma og breyttra verkaskiptingu embættis ríkisskattstjóra og skattstofa	Skv. ákvörðun ráðherra	6.7.2009	Já	Móta tillögur um endurskipulagningu skattumdæma og breytta verkaskiptingu embættis ríkisskattstjóra og skattstofa
Nefnd um umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu	Skv. ákvörðun ráðherra	15.7.2009	Já	Kanna grundvöll þess að leggja á umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu sem ættu að renna til uppbyggingar þjóðgarða og annarra fjölsóttra og friðlýstra áningarstaða ferðamanna og til eflingar ferðaþjónustu.
Stýrihópur um útfærslu aðhalds- og sparnaðaraðgerða haustið 2009	Skv. ákvörðun ráðherra	17.9.2009	Já	Sparnaðarteymi sem vinni með ráðuneytum og ríkisstofnunum að markmiðum ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum.
Stjórn Bankasýslu ríkisins	Skv. lögum nr. 88/2009	21.9.2009	Nei	
Kærunefnd útboðsmála 2009–2013	Skv. lögum nr. 84/2007	30.9.2009	Nei	
Starfshópur sem ætlað er að gera heildstæða úttekt á framkvæmd laga nr. 36/1978, um stimpilgjald	Skv. ákvörðun ráðherra	30.10.2009	Nei	Gera heildstæða úttekt á framkvæmd laga nr. 36/1978, um stimpilgjald
Starfshópur til að kanna hvort hægt sé að reka skaðabótamál á hendur þeim sem valdið hafa ríkinu fjárhagslegu tjóni.	Skv. ákvörðun ráðherra	4.11.2009	Nei	Skoða hvort unnt sé að hefja og reka skaðabótamál á hendur þeim lögaðilum og einstaklingum sem sýna má fram á að hafi valdið ríkinu og almenningi í landinu fjárhagslegu tjóni með athöfnum sínum í aðdraganda og í kjölfar bankahrunsins.
Vinnuhópur um vistvæn innkaup ríkisins	Skv. ákvörðun ráðherra	13.11.2009	Nei	Samþætta umhverfisskilyrði almennu verklagi og búa til verkfæri sem gera vistvæn innkaup einföld, fagleg og aðgengileg
Nefnd um málefni lífeyrissjóða sbr. 9. tölul. stöðugleikasáttmálans	Skv. ákvörðun ráðherra	3.2.2010	Nei	Meta núverandi kerfi og koma með tillögur um framtíðarskipan lífeyrismála
Samninganefnd um Icesave (nr. II)	Skv. ákvörðun ráðherra	15.2.2010	Nei	
Starfshópur um breytingar og umbætur á skattkerfinu	Skv. ákvörðun ráðherra	25.2.2010	Nei	Móta og setja fram heildstæðar tillögur um breytingar og umbætur á skattakerfinu
Samráðsnefnd starfshóps um breytingar og umbætur á skattkerfinu	Skv. ákvörðun ráðherra	23.6.2010	Nei	Vinnur með starfshóp um breytingar og umbætur á skattkerfinu
Stjórn Landsvirkjunar 2010	Skv. lög um nr. 42/1983	16.4.2010	Nei	
Vinnuhópur um opinber innkaup	Skv. ákvörðun ráðherra	19.4.2010	Nei	Útfæra stuðning við ráðuneytin vegna eftirfylgni á innkaupstefnu ríkisins
Starfshópur um endurskoðun laga nr. 170/2008, um skattlagningu kolvetnisvinnslu	Skv. ákvörðun ráðherra	26.4.2010	Nei	Endurskoða lög nr. 170/2008, um skattlagningu kolvetnisvinnslu
Starfshópur sem endurskoða skal framkvæmd og skipulag Lífeyrissjóðs bænda	Skv. ákvörðun ráðherra	12.5.2010	Nei	Endurskoða framkvæmd og skipulag Lífeyrissjóðs bænda

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Samráðshópur fjármálaráðuneytisins, ráðuneyta og Félags forstöðumanna um aðhalds- og sparnaðaraðgerðir	Skv. ákvörðun ráðherra	25.5.2010	Nei	Sparnaðarteymi sem vinni með ráðuneytum og ríkisstofnunum að markmiðum ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum.

Einstaklingar skipaðir í nefndir, ráð verkefnisstjórnir, starfshópa o.þ.h. frá 1. febrúar 2009.

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
Samninganefnd um gjaldeyrislán	Ragnhildur Arnljótsdóttir			Ólaunað
	Hjördís Dröfn Vilhjálmsdóttir			Ólaunað
	Jón Sigurðsson			Launað
	Martin Eyjólfsson			Ólaunað
	Sturla Pálsson			Ólaunað
Samninganefnd um Icesave	Áslaug Árnadóttir			Ólaunað
	Indriði H. Þorláksson			Ólaunað
	Martin Eyjólfsson			Ólaunað
	Páll Þórhallsson			Ólaunað
	Sturla Pálsson			Ólaunað
	Svavar Gestsson			Ólaunað
Samninganefnd um uppgjör milli gömlu og nýju viðskiptabankanna	Þorsteinn Þorsteinsson			Launað
	Þórhallur Arason			Ólaunað
	Indriði H. Þorláksson			Ólaunað
	Jónína S. Lárusdóttir			Ólaunað
	Guðmundur Árnason			Ólaunað
	Benedikt Stefánsson			Ólaunað
	Björn Rúnar Guðmundsson			Ólaunað
Stjórn ÁTVR 2009–2010	Aðalheiður Héðinsdóttir			Launað
	Eyjólfur Eysteinsson			Launað
	Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir			Launað
	Marianna Jónasdóttir			Launað
	Sigurður M. Magnússon			Launað
Bílanefnd 2009–2010	Gunnar Gunnarsson			Launað
	Hafsteinn S. Hafsteinsson			Launað
	Jón H. Bjartmarz			Launað
Endurskoðendaráð 2009–2013	Bjarnveig Eirksdóttir			Launað
	Brynja Halldórsdóttir			Launað
	Helga Harðardóttir	Félag löggiltra endurskoðenda		Launað
	Hildur Árnadóttir	Viðskiptaráð Íslands		Launað
	Margrét Gunnlaugsdóttir			Launað
	Ólafur B. Kristinsson	Félag löggiltra endurskoðenda		Launað
	Þórður Reynisson			Launað
Stjórn Landsvirkjunar 2009	Bryndís Hlöðversdóttir			Launað
	Sigurbjörg Gísladóttir			Launað
	Ingimundur Sigurpálsson			Launað
	Páll Magnússon			Launað
	Stefán Arnórsson			Launað
Starfshópur sem ætlað er að gera heildstæða úttekt á áfengislöggjöfinni	Anna Björg Aradóttir	Heilbrigðisráðuneyti		Ólaunað
	Guðmundur J. Árnason			Ólaunað
	Heiða Gestsdóttir	Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti		Ólaunað
	Helga Hauksdóttir	Tollstjóri		Ólaunað
	Þórður Reynisson			Ólaunað
Verkefnisstjórn um stefnumótun og undirbúning að kynjaðri hagstjórn	Hugrún R. Hjaltadóttir	Jafnréttisstofa		Ólaunað
	Ingi Valur Jóhannsson	Félags- og tryggingamálaráðuneyti		Ólaunað
	Marianna Jónasdóttir			Ólaunað
	Silja Bára Ómarsdóttir	Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum		Ólaunað
	Hildur Jónsdóttir	Forsætisráðuneyti		Ólaunað
Viðræðunefnd við lífeyrissjóði um fjármögnun framkvæmda	Ögmundur Jónasson			Ólaunað
	Dagný Brynjólfsdóttir	Heilbrigðisráðuneyti		Ólaunað
	Hreinn Haraldsson	Samgöguráðuneytið		Ólaunað
	Ingimar Jóhannsson	Sjávarútvegs- og landbúnarráðuneyti		Ólaunað
	Kristján Skarphéðinsson	Iðnaðarráðuneytið		Ólaunað
	Skúli Helgason	Forsætisráðuneytið		Ólaunað
	Þórhallur Arason			Ólaunað
Starfshópur til að móta tillögur um sameiningu skattumdæma og breyttra verkaskiptingu embættis ríkisskattstjóra og skattstofa	Angantýr Einarsson			Ólaunað
	Guðmundur Árnason			Ólaunað
	Gunnar Karlsson			Ólaunað
	Sigmundur Stefánsson			Ólaunað
	Skúli Eggert Þórðarson			Ólaunað

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
Nefnd um umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu	Ólafur Örn Haraldsson	Fjármálaráðuneytið		Launað
	Guðjón Bragason	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
	Helga Haraldsdóttir	Iðnaðarráðuneytið		Ólaunað
	Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir	Umhverfisráðuneytið		Ólaunað
	Ingibjörg G. Guðjónsdóttir	Samtök ferðaþjónustunnar		Ólaunað
	Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir	Samtök á sviði náttúruverndar		Ólaunað
Stýrihópur um útfærslu aðhalds- og sparnaðaraðgerða haustið 2009	Ásta Valdimarsdóttir	Félags forstöðumanna ríkisstofnana		Ólaunað
	Eyþór Benediktsson	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Gunnar Björnsson	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Ingþór Karl Eiríksson	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Lárus H. Bjarnason	Fulltrúi Félags forstöðumanna ríkisstofnana		Ólaunað
	Þórhallur Arason	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
Stjórn Bankasýslu ríkisins	Þorsteinn Þorsteinsson			Launað
	Sigurður B. Stefánsson			Launað
	Sonja María Hreiðarsdóttir			Launað
Kærunefnd útboðsmála 2009–2013	Auður Finnbogadóttir			Launað
	Páll Sigurðsson			Launað
	Soffía Jónsdóttir			Launað
	Stanley Pálsson			Launað
Starfshópur sem ætlað er að gera heildstæða úttekt á framkvæmd laga nr. 36/1978, um stimpilgjald	Ásta Sólveig Andrésdóttir			Ólaunað
	Bergþóra Sigmundsdóttir			Ólaunað
	Guðmundur Jóhann Árnason			Ólaunað
	Helena E. Snorradóttir			Ólaunað
	Kristín Völundardóttir			Ólaunað
	Sigríður Anna Ellerup			Ólaunað
Starfshópur til að kanna hvort hægt sé að reka skaðabótamál á hendur þeim sem valdið hafa ríkinu fjárhagslegu tjóni.	Ása Ólafsdóttir	Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti		Ólaunað
	Áslaug Árnadóttir	Efnahags- og viðskiptaráðuneytið		Ólaunað
	Hafdís Ólafsdóttir	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Páll Þórhallsson	Forsætisráðuneytið		Ólaunað
Vinnuhópur um vistvæn innkaup ríkisins	Anne Maria Sparf	Umhverfisráðuneytið		Ólaunað
	Egill Tryggvason	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
Nefnd um málefni lífeyrissjóða sbr. 9. tölul. stöðugleikasáttmálans	Ágúst Þór Sigurðsson	Félagsmálaráðuneytið		Ólaunað
	Árni Stefán Jónsson	BSRB		Ólaunað
	Gunnar Björnsson	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Gunnar Rafn Sigurbjörnsson	Samband íslenskra sveitarfélaga		Ólaunað
	Gylfi Arnbjörnsson	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Hafdís H. Ólafsdóttir	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Hannes G. Sigurðsson	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
	Páll Haldórsson	BHM		Ólaunað
	Vilhjálmur Egilsson	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
	Þóra M. Hjaltested	Efnahags- og viðskiptar.		Ólaunað
	Þorbjörn Guðmundsson	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Eiríkur Jónsson	KÍ		Ólaunað
Samninganefnd um Icesave (nr. II)	Don Johnston			Launað
	Einar Gunnarsson			Ólaunað
	Guðmundur Árnason			Ólaunað
	Jóhannes Karl Sveinsson			Launað
	Lárus Blöndal			Launað
	Lee Buchheit			Launað
Starfshópur um breytingar og umbætur á skattkerfinu	Arnar Þór Sveinsson	Efnahags- og viðskiptaráðuneytið.		Ólaunað
	Hrannar B. Arnarsson	Forsætisráðuneytið		Ólaunað
	Indriði H. Þorláksson	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Ingilín Kristmannsdóttir	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðh.		Ólaunað
	Katrín Ólafsdóttir	Félag- og tryggingamálaráðuneytið		Ólaunað
	Maríanna Jónasdóttir	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Skúli Eggert Þórðarsson	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
Samráðsnefnd starfshóps um breytingar og umbætur á skattkerfinu	Guðlaug Kristjánsdóttir	BHM		Ólaunað
	Kolbrún Halldórsdóttir	Bandalag íslenskra listamanna		Ólaunað
	Helga Jónsdóttir	BSRB		Ólaunað
	Erna Bjarnadóttir	Bændasamtök Íslands		Ólaunað
	Almar Guðmundsson	Félag atvinnurekenda		Ólaunað
	Oddur S. Jakobsson	KÍ		Ólaunað
	Helgi K. Hjálmsson	Landssamband eldri borgara		Ólaunað
	Hannes G. Sigurðsson	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
	Bragi Gunnarsson	Samtök fjármálafyrirtækja		Ólaunað
	Jón Bjarni Gunnarsson	Samtök iðnaðarins		Ólaunað
	Þórður Magnússon	Viðskiptaráð Íslands		Ólaunað
	Einar Árnason	Öryrkjabandalag Íslands		Ólaunað

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
	Birkir Jón Jónsson	Þingfl. Framsóknarflokksins		Ólaunað
	Lísa B. Ingólfsdóttir	Þingfl. Hreyfingarinnar		Ólaunað
	Helgi Hjörvar	Þingfl. Samfylkingarinnar		Ólaunað
	Pétur Blöndal	Þingfl. Sjálfstæðisflokksins		Ólaunað
Stjórn Landsvirkjunar 2010	Bryndís Hlöðversdóttir			Launað
	Sigurbjörg Gísladóttir			Launað
	Ingimundur Sigurpálsson			Launað
	Páll Magnússon			Launað
	Stefán Arnórsson			Launað
Vinnuhópur um opinber innkaup	Egill Tryggvason	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Bjarni B. Arthursson	Heilbrigðisráðuneytið		Ólaunað
	Jón Þór Ragnars	Mennta- og menningarmálar.		Ólaunað
	Inga Ósk Jónsdóttir	Iðnaðarráðuneytið		Ólaunað
	Eydís Eyjólfsdóttir	Forsætisráðuneytið		Ólaunað
	Jóhanna Hilmarsdóttir	Ríkiskaup		Ólaunað
	Júlíus Ólafsson	Ríkiskaup		Ólaunað
Starfshópur um endurskoðun laga nr. 170/2008, um skattlagningu kolvetnisvinnslu	Aðalsteinn Hákonarson	Ríkisskattstjóri		Ólaunað
	Sigurður Guðmundsson	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Guðmundur Jóhann Árnason	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Ingvi Már Pétursson	Iðnaðarráðuneytið		Ólaunað
	Ingvar Rögnvaldsson	Ríkisskattstjóri		Ólaunað
Starfshópur sem endurskoða skal framkvæmd og skipulag Lífeyrissjóðs bænda	Hafdís Ólafsdóttir	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Ólafur Friðriksson	Landbúnarráðuneyti		Ólaunað
	Skúli Bjarnason	Lífeyrissjóður bænda		Ólaunað
	Örn Bergsson	Bændasamtök Íslands		Ólaunað
Samráðshópur fjármálaráðuneytisins, ráðuneyta og Félags forstöðumanna um aðhalds- og sparnaðaraðgerðir	Þórhallur Arason	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Nökkvi Bragason	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Gunnar Björnsson	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Ingþór Karl Eiríksson	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Viðar Helgason	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Gísli Þ. Magnússon	Mennta- og menningarmálaráðun.		Ólaunað
	Hrönn Ottósdóttir	Heilbrigðisráðuneytið		Ólaunað
	Óðinn Jónsson	Forsætisráðuneytið		Ólaunað
	Sturlaugur Tómasson	Félags- og tryggingamálaráðun.		Ólaunað
	Jón Magnússon	Dómsmála- og mannréttidaráðun.		Ólaunað
	Lárus H. Bjarnason	Fulltrúi Félags forstöðumanna ríkisstofnana		Ólaunað
	Stefán Eiríksson	Félags forstöðumanna ríkisstofnana		Ólaunað

Viðskiptaráðuneyti.

Skipaðar hafa verið 27 nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og aðrir hópar af sama tagi frá 1. febrúar 2009.

Nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og hópar af sama tagi skipaðir frá 1. febrúar 2009.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Nefnd um erlenda fjárfestingu 2009–2013	Á grundvelli 12. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri	2009–2013		Sérstök fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, skal fylgjast með að ákvæðum 4. gr. um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sé framfylgt, sbr. ákvæði 5. gr. Jafnframt skal hún vera ráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar skv. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr.
Nefnd um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga	Skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, sbr. lög nr. 41/2001	2008		Prófnefnd
Prófnefnd bifreiðasala (2009–2011)	Skv. 1. gr. reglugerðar nr. 45/2003 um námskeið og próf til að öðlast leyfi til sölu notaðra ökutækja, sbr. lög nr. 28/1998, um verslunaratvinnu	2009–2011		Prófnefnd
Prófnefnd fasteignasala – 2009–2013	Skv. 3. mgr. 3. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004	2009–2013		Prófnefnd

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Fjármálaeftirlitið – stjórn 2009–2010	Skv. 4. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi	2009–2010		Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri FME.
Samkeppniseftirlitið – stjórn 2009–2013	Skv. 2. mgr. 5. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005	2009–2013		Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Samkeppniseftirlitsins.
Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta – stjórn 2010–2012	Skv. 4. gr. laga nr. 98/1999, um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta	2010–2012		Veita innstæðueigendum í viðskiptabönkum og sparisjóðum og viðskiptavinum fyrirtækja sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis í samræmi við ákvæði laganna
Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda – 2009–2012	Sbr. reglugerð nr. 275/2008, er úrskurða skal í ágreiningsmálum m.a. varðandi einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd	2009–2012		Sbr. reglugerð nr. 275/2008, er úrskurða skal í ágreiningsmálum m.a. varðandi einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd
Áfrýjunarnefnd neytendamála – 2009–2013	Skv. 4. gr. laga nr. 62/2005	2009–2013	Flutt til DRM	
Áfrýjunarnefnd samkeppnismála, 2009–2013	Skv. 9. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005	2009–2013		Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins sæta kæru til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála skal liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti
Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum 2010–2012	Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum starfar skv. samkomulagi viðskiptaráðuneytis, Neytendasamtaka og Sambands íslenskra tryggingafélaga	2010–2012		Nefndin fjallar um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli neytenda og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi.
Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki	Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki starfar skv. samkomulagi viðskiptaráðuneytis, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, Sambands íslenskra sparisjóða og Neytendasamtakanna frá 8. júní 2000 og samþykktum byggðum á því samkomulagi	2006	Nefndin er vistuð hjá FME	Kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtæki slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila. Jafnframt tekur nefndin til meðferðar ágreining um yfirfærslur á milli viðskiptareikninga á milli viðkomandi landa skv. 13. gr. laga nr. 87/1992, með síðari breytingum.
Úrskurðarnefnd verðbréfamiðstöðva	Skv. 25. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa	2009–2013		Kæra vegna ágreinings sem kann að rísa í tilefni af eignarskráningu í verðbréfamiðstöð eða annarra atriða sem falla undir gildissvið laganna skal send til úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva. Þetta á þó ekki við um skaðabótakröfur.
Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara – 2010–2012	Skv. 6. gr. laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara	2010–2012		Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara og Samkeppnisstofnun sjá um daglegan rekstur og greiðslur á kostnaði við flutningsjöfnun og úrskurðar hvað teljast skuli flutningskostnaður
Nefnd um endurskoðun laga um endurskoðendur nr. 79/2008	Efnahags- og viðskiptaráðherra	2010		Nefndinni er ætlað að fara heildstætt yfir lög og reglur sem gilda um endurskoðendur.
Starfshópur til að endurskoða drög að reglugerð um endurmenntun endurskoðenda				
Endurskoðendaráð	Nefndin skipuð af fjármálaráðherra			
Eftirlitsnefnd með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar	Skv. 4. gr. laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins	2009–2010		Hlutverk nefndarinnar að fylgjast með og kanna að eigin frumkvæði hvort eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði framfylgja samræmdum reglum sem kunna að verða settar á grundvelli 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. laganna. Þá skal nefndin fylgjast með því að við framkvæmd sértækra aðgerða sé gætt sanngirni og jafnræðis á milli skuldara.
Endurkröfunefnd skv. 96. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987	Skv. 96. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987	2009–2012		Að kveða á um hvort beita skuli endurkröfurétti vegna gáleysis eða ásetnings þess sem ábyrgð ber á tjóni sem vátryggingafélag hefur bætt skv. umferðalögum

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Jafnréttisnefnd EVR	Skv. jafnréttisáætlun ráðuneytis	2009–2011		Jafnréttisnefnd skal vera jafnréttisfulltrúa til aðstoðar og ráðgjafar ásamt því að vera ráðgefandi fyrir yfirstjórn ráðuneytisins í málefnum er varða jafnrétti.
Nefnd til að fara yfir lög á sviði fjármálamarkaðar	Efnahags- og viðskiptaráðherra	2009		Er nefndinni ætlað að huga sérstaklega að því hvort tilefni sé til að endurskoða ákvæði um viðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækja við slík fyrirtæki, töku hlutabréfa fjármálafyrirtækja sem veð gegn láni, hlutverk, hæfisskilyrði og reglur stjórna, eignarhald, takmarkanir á stórum áhættum og náin tengsl.
Nefnd til að semja frumvarp um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði	Efnahags- og viðskiptaráðherra	2009	23.2.2010	Að semja frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði
Samráðshópur um samfélagslega ábyrgð við endurreisn atvinnulífsins	Efnahags- og viðskiptaráðherra	2009		Um hlutverk samráðshópsins vísast til stöðugleikasáttmálans, frá 25. júní 2009, þar sem kveðið er á um að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins skuli móta, sameiginlega, viðmið sem fylgt verði við endurreisn atvinnulífsins og aðkomu opinberra aðila að atvinnustarfsemi og eignarhaldi fyrirtækja
Solvency II – endurskoðun gjaldþolsreglna vátryggingafélaga	Efnahags- og viðskiptaráðherra	2010–2011		Að vinna að innleiðingu tilskipunar um stofnun og starfrækslu vátryggingafélaga í frumtryggingar- og endurtryggingastarfsemi, svokallaðrar Solvency II tilskipunar, sem samþykkt var á Evrópuþinginu 22. apríl 2009.
Samráðshópur vegna málshöfðana á hendur íslenska ríkinu í kjölfar bankahrunsins	Efnahags- og viðskiptaráðherra	2009		Um hlutverk samráðshópsins vísast til stöðugleikasáttmálans, frá 25. júní 2009, þar sem kveðið er á um að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins skuli móta, sameiginlega, viðmið sem fylgt verði við endurreisn atvinnulífsins og aðkomu opinberra aðila að atvinnustarfsemi og eignarhaldi fyrirtækja
Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila 2009–2013	Skv. 7. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998	2009–2013	Starfar í tengslum við FME	Samráðsnefndin er vettvangur eftirlitsskyldra aðila til þess að geta komið á framfæri viðhorfum sínum til starfshátta og reksturs FME. Nefndin hefur ekki ákvörðunarvald í málefnum FME

Einstaklingar skipaðir í nefndir, ráð verkefnisstjórnir, starfshópa o.þ.h. frá 1. febrúar 2009.

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
Nefnd um erlenda fjárfestingu 2009–2013	Unnur Kristjánsdóttir, form.		Kosið á Alþingi	Launað
	Silja Bára Ómarsdóttir, varaform.		Kosið á Alþingi	Launað
	Adolf H. Berndsen		Kosið á Alþingi	Launað
	Björk Sigurgeirsdóttir		Kosið á Alþingi	Launað
	Sigurður Hannesson		Kosið á Alþingi	Launað
Nefnd um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga	Harpa Theodórsdóttir, form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
	Sigurlaug R. Sævarsdóttir	Félag viðskipta- og hagfræðinga		Ólaunað
	Ólöf Stefánsdóttir, starfsmaður nefndar	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
Prófnefnd bifreiðasala (2009–2011)	Vilhjálmur Bjarnason, form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Runólfur Ólafsson	Félag íslenskra bifreiðaeigenda		Launað
	Dagur Jónasson	Bílgreinasambandið		Launað
Prófnefnd fasteignasala – 2009–2013	Friðjón Örn Friðjónsson hrl. form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Ingibjörg Þórðardóttir	Félag fasteignasala		Launað
	Símon Sigvaldason	Hæstiréttur Íslands		Launað
Fjármálaeftirlitið – stjórn 2009–2010	Gunnar Haraldsson, form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Kristín Haraldsdóttir	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Jón Þ. Sigurgeirsson	Seðlabanki Íslands		Launað
	Lilja Ólafsdóttir hdl., form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Kristín Haraldsdóttir	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Jón Þ. Sigurgeirsson	Seðlabanki Íslands		Launað
Samkeppniseftirlitið, stjórn 2009–2013	Rögnvaldur J. Sæmundsson, form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Jóhann R. Benediktsson	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Inga Jóna Jónsdóttir	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta, stjórn 2010–2012	Guðrún Þorleifsdóttir, form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Þórhallur Arason	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
	Halldór Þór Halldórsson	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
Afrýjunarnefnd hugverkaréttinda 2009–2012	Rán Tryggvadóttir, form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
Áfrýjunarnefnd neytendamála 2009–2013	Ása Ólafsdóttir, form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Egill Heiðar Gíslason	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Eyvindur G. Gunnarsson	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
Áfrýjunarnefnd samkeppnismála 2009–2013	Jóhannes Karl Sveinsson form.	Hæstiréttur Íslands		Launað
	Anna Kristín Traustadóttir	Hæstiréttur Íslands		Launað
	Stefán Már Stefánsson	Hæstiréttur Íslands		Launað
Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum 2010–2012	Rúnar Guðmundsson	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki	Áslaug Árnadóttir, form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
Úrskurðarnefnd verðbréfamiðstöðva	Aðalsteinn E. Jónasson, form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Einar Páll Tamimi	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Sigríður Rafnar Pétursdóttir	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara 2010–2012	Gunnar G. Þorsteinsson form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Valgerður Rún Benediktsdóttir	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Ingunn E. Sveinsdóttir	N1 hf.		Launað
	Samúel Guðmundsson	Olíuverslun Íslands hf.		Launað
	Ólafur Jónsson	Skeljungur hf.		Launað
Nefnd um endurskoðun laga um endurskoðendur, nr. 79/2008	Sigurður Þórðarson, form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Einar Guðbjartsson	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Bjarnveig Eiríksdóttir, form.	Endurskoðendaráð		Launað
	Lárus Finnbogason	Félag löggiltra endurskoðenda		Launað
Starfshópur til að endurskoða drög að reglugerð um endurmenntun endurskoðenda	Sigurbjörg S. Guðmundsdóttir	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
	Árni Valgarð Claessen			Ólaunað
	Hildur Árnadóttir			Ólaunað
Endurskoðendaráð	Bjarnveig Eiríksdóttir, form.	Fjármálaráðherra		Launað
	Þórður Reynisson	Fjármálaráðherra		Launað
	Ólafur B. Kristinsson	Félag löggiltra endurskoðenda		Launað
	Helga Harðardóttir	Félag löggiltra endurskoðenda		Launað
	Hildur Árnadóttir	Viðskiptaráð Íslands		Launað
Eftirlitsnefnd með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar	María Thjell, form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Sigríður Ármannsdóttir	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Þórólfur Matthíasson	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Valgerður Rún Benediktsd., starfsm.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
Endurkröfunefnd skv. 96. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987 – 2009–2012	Helgi Jóhannesson form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Launað
	Sigmar Ármannsson	Samtök fjármálafyrirtækja		Launað
	Andri Árnason	Félag íslenskra bifreiðaeigenda		Launað
Jafnréttisnefnd EVR	Björn Hannesson	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
	Margrét Sæmundsdóttir	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
	Ómar Þór Eyjólfsson	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
	Valgerður Rún Benediktsdóttir	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
Nefnd til að fara yfir lög á sviði fjármálamarkaðar	Kjartan Gunnarsson, form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
	Árný J. Guðmundsdóttir	Fjármálaeftirlitið		Ólaunað
	Birgir Örn Arnarsson	Samtök fjármálafyrirtækja		Ólaunað
	Vilhjálmur Bjarnason	Samtök fjármálafyrirtækja		Ólaunað
	Sigríður Rafnar Pétursdóttir, starfsm.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
	Ómar Þór Eyjólfsson	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
Nefnd til að semja frumvarp um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði	Ástríður Jóhannesdóttir form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
	Guðrún Áslaug Jósepsdóttir	Fjármálaeftirlitið		Ólaunað
	Sigurður Guðmundsson	Samtök fjármálafyrirtækja		Ólaunað
	Vilhjálmur Bjarnason	Samtök fjárfesta		Ólaunað
Samráðshópur um samfélagslega ábyrgð við endurreisn atvinnulífsins	Benedikt Stefánsson, form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
	Egill Tryggvason,	Fjármálaráðuneyti		Ólaunað
	Hrafnhildur Stefánsdóttir,	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
	Ingibjörg R. Guðmundsdóttir,	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Rán Ingvarsdóttir	Félags- og tryggingamálaráðun.		Ólaunað
Solvency II – endurskoðun gjaldþolsreglna vátryggingafélaga	Sigurður Freyr Jónatansson, form.	Fjármálaeftirlitið		Ólaunað
	Steinunn Guðjónsdóttir	FÍT		Ólaunað
	Ragnar Þ. Ragnarsson	SFF		Ólaunað
	Ólafur Lúther Einarsson,	SFF		Ólaunað
Samráðshópur vegna málshöfðana á hendur íslenska ríkinu í kjölfar bankahrunsins	Þóra M. Hjaltested, form.	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
	Bergþór Magnússon	Utanríkisráðuneytið		Ólaunað
	Hafdís Ólafsdóttir	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Páll Þórhallsson	Forsætisráðuneytið		Ólaunað
	Arnar Þór Sæþórsson	Fjármálaeftirlitið		Ólaunað
	Sigríður Logadóttir	Seðlabanki Íslands		Ólaunað

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila 2009–2013 – starfar í tengslum við FME	Guðjón Guðmundsson	Samtök fjármálafyrirtækja		
	Sigrún Ragna Ólafsdóttir	Samtök fjármálafyrirtækja		
	Sigurður Viðarsson	Samtök fjármálafyrirtækja		
	Stefán Auðólfsson	Landssamtök lífeyrissjóða		
	Íris Ösp Björnsdóttir	Tilnefnd af hálfu annarra eftirlitsskyldra aðila		

Heilbrigðisráðuneyti.

Skipaðar hafa verið 16 nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og aðrir hópar af sama tagi frá 1. febrúar 2009.

Nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og hópar af sama tagi skipaðir frá 1. febrúar 2009.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Dómnefnd vegna hönnunar-samkeppni um hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð	Ákvörðun ráðherra	15. janúar 2010	Já	Að leggja mat á tillögur sem bárust vegna hönnunar-samkeppni um hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð
Kærunefnd greiðslu-aðlögunarmála	Skv. lögum nr. 101/2010	23. ágúst 2010	Nei	Að annast meðferð og úrvinnslu ákvarðana umboðsmanns skuldara sem teknar eru á grundvelli laga um greiðslu-aðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, og laga um tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota, nr. 103/2010, og kærðar hafa verið til kærunefndarinnar.
Kærunefnd húsamála	Skv. lögum nr. 26/1994, 36/1994 og 75/2008	1. júlí 2010	Nei	Að fjalla um ágreining milli eigenda í fjöleignarhúsum, milli leigjenda og leigusala íbúðar- og atvinnuhúsnæðis og milli leigusala og leigutaka lóða undir hús í frístundabyggð.
Nefnd um aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi árin 2011–2015	Skv. ákvörðun ráðherra	30. júní 2010	Nei	Að vinna að aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi árin 2011–2015, en í áætluninni verður m.a. lögð sérstök áhersla á að skoða samhengi kynbundinna ofbeldis-brota, saksóknar vegna þeirra og meðferðar í dómskerfinu.
Nefnd um heildarlöggjöf um starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana	Skv. ákvörðun ráðherra	8. apríl 2009	Nei	Að fara yfir kosti og galla þess að setja heildarlöggjöf um starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana og skoða hvort ástæða sé til að setja heildarlöggjöf um starfsemi almannaheillasamtaka þannig að slík samtök fái skýrari réttarstöðu sem og rekstrarumhverfi.
Nefnd um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs	Skv. ákvörðun ráðherra	15. apríl 2010	Nei	Að vera umræðu- og hugmyndahópur um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs
Nefnd um starfsendurhæfingu	Skv. ákvörðun ráðherra	27. maí 2010	Nei	Að vinna að því að samþætta starf hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins að málefnum starfsendurhæfingar, með það að markmiði að ná sameiginlegri niðurstöðu og tryggja öllum landsmönnum sama rétt til starfsendurhæfingar og starfshæfingar.
Nefnd um Vinnumarkaðsstofnun	Ákvörðun ráðherra skv. samkomulagi við aðila vinnu-markaðarins	27. maí 2010	Nei	Að fara yfir skipulag og verkefni nýrrar Vinnumarkaðs-stofnunar auk þess að fjalla um mögulega framtíðarverka-skiptingu hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins, í sam-ræmi við yfirlýsingu forsætisráðherra og fjármálaráðherra í tengslum við framlengingu stöðugleikasáttmálans í október 2009.
Samráðshópur vegna þjónustu við fatlaða	Skv. ákvörðun ráðherra	8. apríl 2009	Nei	Að tryggja gagnkvæma upplýsingamiðlun milli verkefnis-stjórnar um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og fulltrúa starfsmanna um stöðu verkefnisins hverju sinni og þau viðfangsefni sem framundan eru og að kortleggja starfs-kjör og réttindi þeirra starfsmanna sem tilfærsla málaflokks-ins nær til og fjalla um aðferðir við tilflutning starfsmanna frá ríki til sveitarfélaga.
Samráðsnefnd um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga	Skv. lögum nr. 16/2008	4. mars 2009	Nei	Að vera félags- og tryggingamálaráðherra og forstjóra Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga til ráðgjafar um fagleg málefni og gjaldtöku.
Starfshópur um gildistöku laga um umboðsmann skuldara	Skv. lögum nr. 100/2010	1. júlí 2010	Nei	Að undirbúa gildistöku laganna, m.a. vera umboðsmanni til ráðgjafar fyrsta starfsárið.
Starfshópur um réttindi starfsmanna erlendis í íslenska velferðarkerfinu	Skv. yfirlýsingu ríkisstjórnar frá 17. febrúar 2008	8. apríl 2009	Já	Að kanna hvort og þá með hvaða hætti sé unnt að tryggja að starfsmenn með lögheimili hér á landi sem eru að störfum erlendis fyrir dótturfyrirtæki íslenskra fyrirtækja geti viðhaldi réttindum í íslenska velferðarkerfinu.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Stýrihópur um velferðarvakt	Skv. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 10. febrúar 2009	16. febrúar 2009	Nei	Að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu með markvissum hætti og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna.
Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála	Skv. lögum nr. 40/1991 og lögum nr. 44/1998	1. júlí 2010	Nei	Að skera úr ágreiningsmálum sem kunna að rísa vegna ákvarðana félagsmálanefnda á grundvelli laga um félags-þjónustu sveitarfélaga og vegna ákvarðana húsnæðisnefnda og Íbúðalánasjóðs á grundvelli laga um húsnæðismál.
Vinnuhópur um mat á áhrifum efnahagsástandsins á stöðu kynjanna	Skv. V. kafla verkefnaskrár ríkisstjórnarinnar frá 2009	16. febrúar 2009	Já	Að meta áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna og hvort aðgerðir stjórnvalda kunna að hafa ólík áhrif á konur og karla sem og að vera stjórnvöldum til ráðgjafar varðandi samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við skipulagn-ingu aðgerða eða viðbragðsáætlana sem ætlað er að bregðast við afleiðingum efnahagsástandsins.
Þverpólitískur samráðshópur um framkvæmd laga nr. 107/2009	Skv. lögum nr. 107/2009	19. janúar 2010	Nei	Að tryggja aðgang flokka og hópa á Alþingi að upplýsing-um um þróun mála og greiða fyrir upplýstri umræðu og stefnumörkun.

Einstaklingar skipaðir í nefndir, ráð verkefnisstjórnir, starfshópa o.þ.h. frá 1. febrúar 2009.

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
Dómnefnd vegna hönnunar-samkeppni um hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð	Ásmundur Ásmundsson		Án tilnefningar	Launað
	Vilborg Ingólfsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Jóhann Eðvald Benediktsson	Fjarðabyggð		Ólaunað
	Þorsteinn Helgason	Arkitektafélag Íslands		Launað
	Einar Ólafsson	Arkitektafélag Íslands		Launað
Kærunefnd greiðsluaðlögunarmála	Ingibjörg Þorsteinsdóttir		Án tilnefningar	Launað
	Einar Páll Tamimi		Án tilnefningar	Launað
	Arndís Anna K. Gunnarsdóttir		Án tilnefningar	Launað
Kærunefnd húsamála	Arnbjörg Sigurðardóttir		Án tilnefningar	Launað
	Ásmundur Ásmundsson		Án tilnefningar	Launað
	Karl Axelsson	Húseigendafélagið		Launað
Nefnd um aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi árin 2011–2015	Höskuldur Sæmundsson		Án tilnefningar	Launað
	Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann		Án tilnefningar	Launað
	Thelma Þórðardóttir	Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti		Ólaunað
	Gunnar Alexander Ólafsson	Heilbrigðisráðuneyti		Ólaunað
	Kristín Ástgeirsdóttir	Jafnréttisstofa		Ólaunað
	Jón H.B. Snorrason	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu		Ólaunað
	Jóna Pálsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðuneyti		Ólaunað
	Hulda Elsa Björgvinsdóttir	Ríkissaksóknari		Ólaunað
	Tryggvi Þórhallsson	Samband íslenskra sveitarfélaga		Ólaunað
	Sigþrúður Guðmundsdóttir	Samtök um kvennaathvarf		Ólaunað
	Guðrún Jónsdóttir	Stígamót		Ólaunað
Nefnd um heildarlöggjöf um starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana	Ómar H. Kristmundsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Hjalti Zóphóníasson	Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti		Ólaunað
	Ingibjörg Helga Helgadóttir	Fjármálaráðuneyti		Ólaunað
	Sólveig Guðmundsdóttir	Heilbrigðisráðuneyti		Ólaunað
	Eva Þengilsdóttir	Samtök almannaheilla		Ólaunað
Nefnd um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs	Ólafur Þ. Stephensen		Án tilnefningar	Ólaunað
	Gyða Margrét Pétursdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Ragnhildur Vigfúsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Bragi Skúlason		Án tilnefningar	Ólaunað
	Linda Benediktsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
Nefnd um starfsendurhæfingu	Soffía Gísladóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Geirlaug G. Björnsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Hallgrímur Guðmundsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Kristín Siggeirsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Gylfi Arnbjörnsson	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Finnbjörn A. Hermannsson	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Guðlaug Kristjánsdóttir	Bandalag háskólamanna		Ólaunað
	Elín Björg Jónsdóttir	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja		Ólaunað
	Ólöf Leifsdóttir	Hlutverk – samtök um vinnu og verkþjálfun		Ólaunað
	María Norðdahl	Kennarasamband Íslands		Ólaunað
	Þorbjörn Guðmundsson	Landssamtök lífeyrissjóða		Ólaunað
	Hallur Páll Jónsson	Samband íslenskra sveitarfélaga		Ólaunað
	Hannes G. Sigurðsson	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
	Guðrún Hannesdóttir	Öryrkjabandalag Íslands		Ólaunað

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
Nefnd um Vinnumarkaðsstofnun	Bolli Þór Bollason		Án tilnefningar	Ólaunað
	Sigurður Bessason	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Halldór Grönvold	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Maríanna H. Helgadóttir	Bandalag háskólamanna		Ólaunað
	Árni Stefán Jónsson	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja		Ólaunað
	Elna Katrín Jónsdóttir	Kennarasamband Íslands		Ólaunað
	Erla Friðriksdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		Ólaunað
	Jón Rúnar Pálsson	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
	R. Linda Skúladóttir	Öryrkjabandalag Íslands		Ólaunað
Samráðshópur vegna þjónustu við fatlaða	Einar Njálsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Árni Stefán Jónsson	SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu		Ólaunað
	Salóme Þórisdóttir	Þroskaþjálfafélag Íslands		Ólaunað
	Kristín Á. Guðmundsdóttir	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja		Ólaunað
	Sverrir Óskarsson	Bandalag háskólamanna		Ólaunað
	Helga Jóhannesdóttir	Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytis		Ólaunað
	Inga Rún Ólafsdóttir	Launanefnd sveitarfélaga		Ólaunað
	Signý Jóhannesdóttir	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Elín Björg Jónsdóttir	Samflot og Kjölur		Ólaunað
	Kristín Þóra Harðardóttir	Reykjavíkurborg		Ólaunað
Samráðsnefnd um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga	Helgi Hjörvar		Án tilnefningar	Ólaunað
	Kristinn Halldór Einarsson	Blindrafélagið		Ólaunað
	Bryndís Snæbjörnsdóttir	Daufblindrafélag Íslands		Ólaunað
	Guðrún Sigurjónsdóttir	Heilbrigðisráðuneyti		Ólaunað
	Ragnheiður Bóasdóttir	Mennta- og menningarmálaráðuneyti		Ólaunað
	Garðar Páll Vignisson	Samband íslenskra sveitarfélaga		Ólaunað
Starfshópur um gildistöku laga um umboðsmann skuldara	Bolli Þór Bollason		Án tilnefningar	Ólaunað
	Böðvar Héðinsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Sturlaugur Tómasson		Án tilnefningar	Ólaunað
Starfshópur um réttindi starfsmanna erlendis í íslenska velferðarkerfinu	Bjarnheiður Gautadóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Magnús M. Norðdahl	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Ingibjörg Helga Helgadóttir	Fjármálaráðuneyti		Ólaunað
	Jón H. Magnússon	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
Stýrihópur um velferðarvakt	Lára Björnsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Gissur Pétursson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Þórhildur Þorleifsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Sigurrós Kristinsdóttir	Alþýðusamband Íslands		Ólaunað
	Valgerður Halldórsdóttir	Bandalag háskólamanna		Ólaunað
	Garðar Hilmarsson	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja		Ólaunað
	Vilborg Oddsdóttir	Biskupsstofa		Ólaunað
	Ása Ólafsdóttir	Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti		Ólaunað
	Rafn Sigurðsson	Fjármálaráðuneyti		Ólaunað
	Einar Jón Ólafsson	Heilbrigðisráðuneyti		Ólaunað
	Geir Gunnlaugsson	Heilbrigðisráðuneyti		Ólaunað
	Eiríkur Jónsson	Kennarasamband Íslands		Ólaunað
	Stefán Stefánsson	Mennta- og menningarmálaráðuneyti		Ólaunað
	Kristján Sturluson	Rauði kross Íslands		Ólaunað
	Stella K. Víðisdóttir	Reykjavíkurborg		Ólaunað
	Gunnar Rafn Sigurbjörnsson	Samband íslenskra sveitarfélaga		Ólaunað
	Guðrún Eyjólfsdóttir	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
	Margrét Sæmundsdóttir	Efnahags- og viðskiptaráðuneyti		Ólaunað
	Guðríður Ólafsdóttir	Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands		Ólaunað
Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála	Kristrún Heimisdóttir		Án tilnefningar	Launað
	Margrét Gunnlaugsdóttir		Án tilnefningar	Launað
	Gunnar Eydal	Samband íslenskra sveitarfélaga		Launað
Vinnuhópur um mat á áhrifum efnahagsástandins á stöðu kynjanna	Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Kolbeinn Stefánsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Sigurður Guðmundsson	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Helga Jóhannesdóttir	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Gunnar Alexander Ólafsson	Heilbrigðisráðuneytið		Ólaunað
	Tryggvi Hallgrímsson	Jafnréttisstofa		Ólaunað
	Hildur Jónsdóttir	Jafnréttisráð		Ólaunað
Þverpólitískur samráðshópur um framkvæmd laga nr. 107/2009	Magnús Pétursson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir	Þingflokkur Samfylkingarinnar		Ólaunað
	Unnur Brá Konráðsdóttir	Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins		Ólaunað
	Marinó G. Njálsson	Þingflokkur Hreyfingarinnar		Ólaunað
	Guðmundur Steingrímsson	Þingflokkur Framsóknarflokksins		Ólaunað
	Lilja Mósesdóttir	Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs		Ólaunað

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
	Þráinn Bertelsson		Án tilnefningar	Ólaunað

Iðnaðarráðuneyti.

Skipaðar hafa verið sex nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og aðrir hópar af sama tagi frá 1. febrúar 2009.

Nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og hópar af sama tagi skipaðir frá 1. febrúar 2009.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Nefnd um endurskoðun laga um skipan ferðamála	Skv. ákvörðun ráðherra	01.01.2010–31.12.2014		Leggja fram tillögur að breytingu á lögum nr. 73/2005, skoða hvort mögulegt sé að koma á nýju fyrirkomulagi vegna trygginga og skoða hvort gera þurfi frekari breytingar á lögum um skipan ferðamála og leggja fram tillögu þess efnis.
Starfsh. um samstarf hins opinbera og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu – markaðssetning Keflavíkurflugvallar	Skv. ákvörðun ráðherra	26.2.2009	1.10.2009	Leggja fram tillögur svo íslensk ferðaþjónusta geti komið sterkar að markaðssetningu Keflavíkur-flugvallar.
Verkefnisstjórn um atvinnu-uppbyggingu í Þingeyjarsýslum	Skv. ákvörðun ráðherra	01.11.2009–30.09.2010		Finna samstarfsaðila um atvinnuuppbyggingu sem byggist á hagnýtingu orkunnar frá háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum.
Ráðgjafahópur um leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum	Skv. ákvörðun ráðherra	27.10.2009–31.12.2010		Fara yfir fyrirliggjandi tillögur Landsnets um leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum og leggja mat á til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að bæta samkeppnis-stöðu Vestfjarða til atvinnuuppbyggingar í orkufrekum iðnaði
Verkefnisstjórn um átak í orkuskiptum	Skv. ákvörðun ráðherra	05.03.2010–31.12.2010		Móta heildstæða orkustefnu sem miðar að því að endurnýjanlegir orkgjafar leysi innflutta orku af hólmi
Starfshópur til að skoða hvernig bæta megi skilyrði til að stofna og reka örfyrirtæki	Skv. ákvörðun ráðherra	17.08.2010–01.11.2010		Skilgreina leiðir til að einfalda og bæta skilyrði til stofnunar og við rekstur örfyrirtækja

Einstaklingar skipaðir í nefndir, ráð verkefnisstjórnir, starfshópa o.þ.h. frá 1. febrúar 2009.

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launa / Ólaunað
Nefnd um endurskoðun laga um skipan ferðamála	Helena Þuríður Karlsdóttir		Án tilnefningar	Launað
	Gunnar Valur Sveinsson		Án tilnefningar	Launað
	Hildigunnur Hafsteinsdóttir		Án tilnefningar	Launað
	Jón Þorgeir Einarsson		Án tilnefningar	Launað
	Vigdís Eva Líndal		Án tilnefningar	Launað
Starfshóður um samstarf hins opinbera og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu – markaðssetning Keflavíkurflugvallar	Guðný María Jóhannsdóttir	Keflavíkurflugvöllur ohf.		Ólaunað
	María Reynisdóttir	Höfuðborgarstofa		Ólaunað
	Ólöf Ýrr Atladóttir	Iðnaðarráðuneytið		Ólaunað
	Pétur Óskarsson	SAF		Ólaunað
	Sunna Þórðardóttir	Ferðamálastofa		Ólaunað
Verkefnisstjórn um atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum	Bergur Elías Ágústsson	Norðurþing		Ólaunað
	Einar Mathiesen	Landsvirkjun		Ólaunað
	Margrét Hólm Valsdóttir	Skútustaðahreppur		Ólaunað
	Marta Eiríksdóttir	Iðnaðarráðuneytið		Launað
	Reinhard Reynisson	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga		Ólaunað
	Tryggvi Harðarson	Þingeyjarsveit		Ólaunað
Ráðgjafahópur um leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum	Guðni A. Jóhannesson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Matthildur Helgadóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Þorgeir Pálsson		Án tilnefningar	Ólaunað
Verkefnisstjórn um átak í orkuskiptum	Hólmfríður Sveinsdóttir	Iðnaðarráðuneytið		Ólaunað
	Ágústa S. Loftsdóttir	Orkustofnun		Ólaunað
	Bryndís Skúladóttir	Samtök iðnaðarins		Ólaunað
	Danfríður Skarphéðinsdóttir	Umhverfisráðuneytið		Ólaunað
	Ingvar Sverrisson	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti		Ólaunað
	Jakob Sigurður Friðriksson	Vistorka		Ólaunað
	Ólafur Bjarnason	Sambands íslenskra sveitarfélaga		Ólaunað
	Ögmundur Hrafn Magnússon	Fjármálaráðuneyti		Ólaunað
	Verkefnisstjóri er Jón Björn Skúlason, Vistorku			Ólaunað

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launa / Ólaunað
Starfshópur til að skoða hvernig bæta megi skilyrði til að stofna og reka örfyrirtæki	Hanna Dóra Másdóttir	Iðnaðarráðuneytið		Ólaunað
	Agnar Freyr Helgason	félagsmálaráðuneyti		Ólaunað
	Valgerður Rún Benediktsdóttir	Efnahags- og viðskiptaráðuneyti		Ólaunað

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Ráðuneytið hefur skipað 14 nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópa og aðra hópa af sama tagi frá 1. febrúar 2009.

Nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og hópar af sama tagi skipaðir frá 1. febrúar 2009.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/fyrir-mælum*	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Nefnd um stefnumörkun í nytjaskógrækt		26.03.09 – óákv.	Nei	Vinna langtímastefnumótun fyrir íslenska nytjaskóg-rækt í samræmi við lög um landshlutaverkefni í skógrækt, nr. 95/2006
Starfshópur til þess að endurskoða lög um fiskveiðistjórnun		01.07.09 – óákv.	Já	Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða
Ráðgefandi hópur um veiðiráðgjöf og nýt-ingu sjávarauðlinda og ástand í lífríki sjávar		06.07.09 – óákv.	Nei	Veiðiráðgjöf og veita ráðgjöf um nýtingu sjávarauðlinda og ástand í lífríki sjávar
Vinnuhópur um makrílveiðar		04.08.09 – 2 mán.	Já	Fara yfir makrílveiðar íslenska skipaflotans í ár og í fyrra og vinna greinargerð um framkæmd veiðanna sem nýst geti við framtíðaskipulag veiða og vinnslu á makríl
Vinnuhópur til að endurskoða jarða- og ábúðarlög		21.08.09 – áætl. okt.2010	Nei	Endurskoða jarða- og ábúðalög í þeim tilgangi að stuðla að skynsamlegri landnýtingu með tilliti til fæðuöryggis
Starfshópur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða		18.09.09 – óákv.	Nei	Breyting á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 12.03.2002
Starfshópur um dragnótaveiðar í Skagafirði		07.10.09 – óákv.	Nei	Skoða áhrif dragnótaveiða í Skagafirði og semja greinargerð sem ráðuneytið geti stuðst við í framhaldi
Stafshópur um eflingu svínaræktar		08.10.09 – óákv.	Já	Efling svínaræktar með sérstöku tilliti til íslenskra aðstæðna hvað varðar fæðuöryggi, fóðuröflun og umhverfissjónarmið.
Nefnd um kornrækt		16.10.09 – óákv.	Nei	Vinna áætlun um hvernig staðið verði að eflingu kornræktar á Íslandi.
Vinnuhópur um breytingar á eignarhaldi í landbúnaði og sjávarútvegi í kjölfar bankahruns		18.11.09 – óákv.	Nei	Fara yfir stöðu þessa máls og kortleggja hana.
Starfshópur um eflingu alifuglaræktar		19.01.10 – óákv.	Nei	Efling alifuglaræktar með sérstöku tilliti til íslenskra aðstæðna hvað varðar fæðuöryggi, fóðuröflun og umhverfissjónarmið
Stafshópur um kjötútflutning		19.01.10 – óákv.	Nei	Meta hvort og með hvaða hætti sé rétt að skapa kjötframleiðendum lagaumhverfi sem geti heimilað þeim að standa sameiginlega að útflutningi á kjöti við sérstakar markaðsaðstæður.
Samráðshópur um vigtun sjávarafla		11.03.10 – óákv.	Nei	Fara yfir ýmis umkvörtunarefni og álitamál varðandi hlutverk hafnanna við vigtun sjávarafla og leita lausna á þeim.
Starfshópur um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra		28.04.10 – óákv.	Nei	Endurskoða reglugerð nr. 438/2002 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra.

*Engin nefnd skipuð samkvæmt sérstökum lagafyrirmælum

Einstaklingar skipaðir í nefndir, ráð verkefnisstjórnir, starfshópa o.þ.h. frá 1. febrúar 2009.

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
Nefnd um stefnumörkun í nytjaskógrækt	Jón Birgir Jónsson		Án tilnefningar	
	Valgerður Jónsdóttir		Án tilnefningar	For-maður launaður, aðrir ekki
	Þorsteinn Tómasson		Án tilnefningar	
	Aðalsteinn Sigurgeirsson	Tilraunastöð skógræktar ríkisins		
	Áslaug Helgadóttir	Landbúnaðarháskóli Íslands		
	Svana Halldórsdóttir	Bændasamtök Ísl.		
	Edda Björnsdóttir	Landssamt. skógareig.		

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
	Jón Geir Pétursson	Umhverfisráðuneyti		
	Jón Loftsson	Skógrækt ríkisins		
	Sveinn Runólfsson	Landgræðsla ríkisins		
Starfshópur til þess að endurskoða lög um fiskveiðistjórnun	Guðbjartur Hannesson	Samfylkingin		Ólaunað
	Svanfríður Jónasdóttir	Samfylkingin		
	Björn Valur Gíslason	Vinstri – hreyfingin grænt framboð		
	Lilja Rafney Magnúsd.	Vinstri – hreyfingin grænt framboð		
	Finnbogi Vikar	Borgarahreyfingin		
	Gunnar Bragi Sveinsson	Framsóknarflokkurinn		
	Einar K. Guðfinnsson	Sjálfstæðisflokkurinn		
	Árni Bjarnason	FFSÍ		
	Adolf Guðmundsson	LÍÚ		
	Friðrik J. Arngrímsson	LÍÚ		
	Arthúr Bogason	LS		
	Sigrún B. Jakobsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Erla Kristinsdóttir	Sf		
	Jón Steinn Elíasson	Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda		
	Sævar Gunnarsson	SSÍ		
	Aðalsteinn Baldursson	Matvælasvið Starfsgreinasambands Íslands		
	Guðmundur Þ. Ragnarss.	Fél. VM		
	Björn Erlendsson	Samtök eigenda sjávarjarða		
	Sesselja Bjarnadóttir	Umhverfisráðuneytið		
Ráðgefandi hópur um veiðiráðgjöf og nýtingu sjávarauðlinda og ástand í lífríki sjávar	Alexander Kristinsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Anna Kristín Daníelsd.		Án tilnefningar	
	Björn Valur Gíslason		Án tilnefningar	
	Guðmundur H. Indriðas.		Án tilnefningar	
Vinnuhópur um makrílveiðar	Steinar I. Matthíasson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Friðrik J. Arngrímsson	LÍÚ		
	Sigurjón Arason	Matís		
	Sveinn Sveinbjörnsson	Hafrannsóknastofnun		
	Þórhallur Ottesen	Fiskistofa		
Vinnuhópur til að endurskoða jarða- og ábúðarlög	Erna Bjarnadóttir		Án tilnefningar	Ólaunað en ákv sérfræði-vinna greidd
	Helgi Haukur Hauksson		Án tilnefningar	
	Jóhannes Sigfússon		Án tilnefningar	
	Ólína Þorvarðardóttir		Án tilnefningar	
	Sigurbjartur Pálsson		Án tilnefningar	
	Stefán Ólafsson		Án tilnefningar	
Starfshópur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða	Guðjón Þorkelsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Georg Ottósson	Samb. garðyrkjubænda		
	Sigurlaug S. Angantýsd.	Samb. garðyrkjubænda		
	Hanna Dóra Másdóttir	Iðnaðarráðuneytið		
	Karólína Gunnarsdóttir		Án tilnefningar	
	Ólafur Friðriksson		Án tilnefningar	
	Pétur Grétarsson		Án tilnefningar	
Starfshópur um dragnótaveiðar í Skagafirði	Halldór Gunnar Ólafsson	BioPol		Ólaunað
	Jón Sólmundsson	Hafrannsóknastofnun		
	Bjarni Jónsson	Veiðimálastofnun		
Starfshópur um eflingu svínaræktar	Björn Halldórsson		Án tilnefningar	Formanni greidd þóknun öðrum ekki
	Guðbrandur Brynjúlfss.	Svínaræktarfél. Ísl.		
	Hörður Harðarson	Svínaræktarfél. Ísl.		
	Björn Steinbjörnsson	Matvælastofnun		
	Grétar Hr. Harðarson	Landbúnaðarhásk. Ísl.		
Nefnd um kornrækt	Þorsteinn Tómasson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Sveinn Ingvarsson		Án tilnefningar	
	Hörður Harðarson		Án tilnefningar	
	Áslaug Helgadóttir		Án tilnefningar	
	Jónatan Hermannsson		Án tilnefningar	
	Bergþóra Þorkelsdóttir		Án tilnefningar	
	Eyjólfur Sigurðsson		Án tilnefningar	
	Ólafur Eggertsson		Án tilnefningar	
	Kristinn Hugason		Án tilnefningar	
Vinnuhópur um breytinar á eignarhaldi í landbúnaði og sjávarútvegi í kjölfar bankahruns	Ingimar Jóhannsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Björn Rúnar Guðmundss	Efnah.- og viðskiptaráðun.		
	Hjördís D. Vilhjálmsd.	Fjármálaráðuneytið		
	Páll Þórhallsson	Forsætisráðuneytið		

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
Starfshópur um eflingu alifuglaræktar	Björn Halldórsson Birgitte Brugger Jóhannes Sveinbjörnsson Skúli Einarsson Þorsteinn Sigmundsson	 MAST Landbúnaðarháskóli Íslands Fél. kjúklingabænda Fél. eggjaframleiðenda	Án tilnefningar	Formanni greidd þóknun öðrum ekki
Starfshópur um kjötútflutning	Sigurgeir Þorgeirsson Valgerður R. Benediktsd. Sigurður Jóhannesson Sigurgeir S. Sigurgeirss.	 Efnah.- og viðskiptaráðun. Landssamtök sláturleyfishafa Bændasamtök Íslands	Án tilnefningar	Ólaunað
Samráðshópur um vigtun sjávarafla	Brynhildur Benediktsd. Már Sveinbjörnsson Björn Arnaldsson Eyþór Björnsson	 Hafnasamband Íslands Hafnasamband Íslands Fiskistofa	Án tilnefningar	Ólaunað
Starfshópur um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra	Sigurborg Daðadóttir Guðný H. Björnsdóttir Snorri Sigurðsson Unnsteinn S. Snorrason	 Landssamband kúabænda Landbúnaðarháskóli Íslands Bændasamtök Íslands	Án tilnefningar	Ólaunað

Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Skipaðar hafa verið 67 nefndir, ráð eða starfshópar á tímabilinu 1. febrúar 2009 til 1. september 2010.

Nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og hópar af sama tagi skipaðir frá 1. febrúar 2009.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	1.4.2010	1.4.2012	Að úrskurða í málum þar sem námsmenn í ríkisháskólum eða háskólum sem hlotið hafa staðfestingu mennta- og menningarmálaráðherra telja brotið á rétti sínum sbr. ákvæði reglna nr. 73/1999, um áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema skv. 5. gr. laga nr. 136/1997.
Fornleifanefnd	Skv. lögum. reglug., reglum eða þál.	1.5.2010	30.4.2014	sbr. 7. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001
Háskólaráð Landbúnaðar-háskóla Íslands að Hvanneyri	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	1.7.2009	30.6.2012	Skv. 22. gr. laga um búnaðarfræðslu er stjórn Landbúnaðar-háskóla Íslands falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar stefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag skólans
Húsafriðunarnefnd	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	1.1.2010	31.12.2013	Sbr. ákvæði 2. gr. laga nr. 104/2001, um húsafriðun
Höfundaréttarráð	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	1.2.2009	31.1.2013	Vettvangur fyrir kynningu og umræðu um þau höfunda-réttarmálefni sem efst eru á baugi á hverjum tíma, einkum tillögur um breytingar á höfundalögum og áhrif höfundalaga á samfélagið. Með vísan til 58. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, og 6. gr. reglugerðar um starfsreglur höfundaréttarnefndar og höfundaréttarráðs, nr. 500/2008. Árið 1992 var kveðið á um að stofnað skyldi höfundaréttarráð í tengslum við 58. gr. laga nr. 73/1972. Í áliti menntamálanefndar á Alþingi í ársbyrjun 2006 kemur fram að virkja skuli þetta ákvæði og stofna höfundaréttarráð.
Jafnréttisnefnd	Nefnd skipuð skv. ákvörðunum ráðherra	31.12.2009	31.12.2011	Fylgjast með stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnun-um þess, móta stefnu og áætlanir ráðuneytisins í jafnréttis-málum og vera ráðgefandi fyrir jafnréttisfulltrúa ráðuneyt-isins. Í starfi sínu hafi nefndin til hliðsjónar jafnréttisáætlun menntamálaráðuneytis og Stjórnarráðs og lög og reglugerðir sem við eiga.
Leiklistarráð	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	30.9.2009	15.8.2011	Skipað sbr. 17. gr. leiklistarlaga, nr. 138/1998.
Matsnefnd um náms- og starfsráðgjöf	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	20.10.2009	20.10.2013	Sbr. ákvæði 2. gr. laga nr. 35/2009 um náms- og starfs-ráðgjafa. Hlutverk nefndarinnar er að meta umsóknir um starfsheitið náms- og starfsráðgjafi skv. þeim skilyrðum sem kveðið er á um í greindum lögum.
Málskotsnefnd Lánasjóðs íslenskra námsmanna	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	16.3.2010	15.3.2014	Með vísan til 5. gr. a. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 67/1997
Menningarsjóður útvarpsstöðva	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	17.8.2010	16.8.2012	Sbr. ákvæði 7. gr. reglugerðar nr. 69/1986 um Menningar-sjóð útvarpsstöðva.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Námsstyrkjanefnd	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	7.9.2009	6.9.2013	Að sjá um úthlutun námsstyrkja til framhaldsskólanema, sbr. ákvæði 5. gr. laga nr. 2003 um námsstyrki
Nefnd um íslensku í tölvuheiminum	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	18.1.2010	19.1.2013	Að fylgja eftir íslenskri málstefnu 2009 þar sem fjallað er um notendaviðmót á íslensku í skólum og hins vegar að gera áætlun um aðrar aðgerðir sem tilgreindar eru í málstefnunni um íslensku í tölvuheiminum
Nemaleyfisnefnd í snyrtifræði	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	20.2.2009	19.2.2013	Hlutverk nenfndarinnar er að fjalla um umsóknir frá snyrti-stofum er æskja þess að taka nemendur í starfsþjálfun í snyrtifræðir, sbr. skilyrði 11. greinar reglugerðar nr. 280/1997 um námssamninga og starfsþjálfun, með áorðnum breytingum. Um störf nemaleyfisnefnda fer skv. ákvæðum meðfylgjandi erindisbréfs.
Nemaleyfisnefnd í vélvirkjun	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	16.8.2010	15.8.2014	Að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í iðngreininni.
Ráðgjafarnefnd um æskulýðsrannsóknir	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	6.5.2010		Skv. 12. grein æskulýðslaga.
Rithöfundasjóður Ríkisútvarpsins	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	9.10.2009	30.12.2013	Skv. skipulagsskrá nr. 687/1996
Samráðshópur grunn- og framhaldsskóla um innritun	Skv. ákvörðunum ráðherra	11.1.2010	31.12.2011	Fjalla um tillögur að viðmiðum fyrir brautskráningu úr grunnskóla, reglur um innritun í framhaldsskóla, upp-lýsingakerfi og upplýsingamiðlun til nemenda og foreldra
Samráðshópur leik- og grunnskóla um innritun	Skv. ákvörðun ráðherra	11.1.2010	31.12.2011	Fjalla um tillögur að viðmiðum fyrir brautskráningu úr grunnskóla, reglur um innritun í framhaldsskóla, upp-lýsingakerfi og upplýsingamiðlun til nemenda og foreldra.
Samráðsnefnd við hagsmunaaðila á leik- og grunnskólastigi	Skv. ákvörðun ráðherra	16.2.2010	16.2.2014	Að vera umræðu- og samstarfsvettvangur aðila um ýmis fagleg málefni leikskóla og grunnskóla, vettvangur fyrir samráð og umræður þar sem hægt er að taka fyrir einstök mál, skiptast á skoðunum og veita upplýsingar, skýra mismunandi sjónarmið, vekja athygli á málum og finna ýmsum úrlausnarefnum réttan farveg
Samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	27.1.2010	26.1.2014	Lög nr. 75/1985. Að fjalla í heild um starfsemi tónlistar-skóla, samstarf skólanna og/eða rekstraraðila þeirra svo og samstraf tónlistarskóla við grunnskóla og framhaldsskóla
Skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	13.3.2009	12.3.2013	Í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr.92/2008, um framhaldsskóla
Skólanefnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	20.3.2009	19.3.2013	Í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr.92/2008, um framhaldsskóla
Skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	3.3.2009	2.3.2013	Í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr.92/2008, um framhaldsskóla
Skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	10.3.2009	9.3.2013	Í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr.92/2008, um framhaldsskóla
Skólanefnd Menntaskólans á Tröllaskaga	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	24.4.2009	23.4.2013	Í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr.92/2008, um framhaldsskóla
Skólanefnd Menntaskólans í Kópavogi	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	26.2.2009	25.2.2013	Í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr.92/2008, um framhaldsskóla
Skólanefnd Menntaskólans við Sund	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	26.2.2009	25.2.2013	Í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr.92/2008, um framhaldsskóla
Skólanefnd Verkmennta-skóla Austurlands	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	3.4.2009	2.4.2013	Í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr.92/2008, um framhaldsskóla
Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	27.1.2010	26.1.2014	Í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla.
Starfsgreinaráð í matvæla- og veitingagreinum	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	27.1.2010	26.1.2014	Í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla.
Starfsgreinaráð í málm-tækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreinum	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	27.1.2010	26.1.2014	Í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla.
Starfsgreinaráð í rafiðngreina	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	27.1.2010	26.1.2014	Í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla.
Starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	27.1.2010	26.1.2014	Í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla.
Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	27.1.2010	26.1.2014	Í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla.
Starfsgreinaráð um heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreinar	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	27.1.2010	26.1.2014	Í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	27.1.2010	26.1.2014	Í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla.
Starfshópur til að endurskoða viðmið um æðri menntun og prófgráðu	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	18.3.2009	1.12.2009	Sbr. auglýsingu nr. 80/2007, 4. kafla. Þar segir að stefna skuli að því að endurskoða viðmiðin á árinu 2009 og hafa þá til hliðsjónar skilgreiningar háskóla á þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn þeirra eiga að ráða yfir við námslok á mismunandi námsleiðum. Hópurinn skal jafnframt hafa í huga samfellu milli framhaldsskóla og háskóla m.t.t. skilgreiningar á hæfni og færni nemenda við námslok eða lokapróf.
Starfshópur um alþjóðamál	Skv. ákvörðun ráðherra	5.1.2010	20.2.2010	Að fjalla um þátttöku Íslands í alþjóðlegum samstarfsáætlunum á sviðum mennta, vísinda og nýsköpunar
Starfshópur um starfsskilyrði og menningarlegt gildi kvikmyndagerðar á Íslandi	Skv. ákvörðun ráðherra	24.2.2010	1.4.2010	Skoða starfsskilyrði kvikmyndagerðar á Íslandi með sérstakri hliðsjón af skilyrðum í nágrannalöndunum og skila tillögum um hvernig þau megi bæta til lengri tíma litið
Starfshópur um stefnumörkun fornleifarannsókna og miðlun fornleifa í miðbæ Reykjavíkur	Skv. ákvörðun ráðherra	2.3.2010	1.6.2010	Vinna áfram með tillögur vinnuhóps um fornleifar á Alþingisreit frá 18. nóvember 2009. Í því felst m.a. að gera tillögu að stefnumörkun um fornleifarannsóknir og miðlunar fornleifa í miðbæ Reykjavíkur. Í því ljósi ætti að líta á málið í víðara samhengi og skoða einnig önnur svæði í miðbænum í nánasta umhverfi Alþingisreitsins. Starfshópurinn skoði ennfremur hvernig staðið skuli að áframhaldandi fornleifarannsóknum á Alþingisreitnum, fyrirkomulagi þeirra og fjármögnun
Stjórn bókmenntasjóðs	Skipað skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	15.6.2010	14.6.2013	Vinna áfram með tillögur vinnuhóps um fornleifar á Alþingisreit frá 18. nóvember 2009. Í því felst m.a. að gera tillögu að stefnumörkun um fornleifarannsóknir og miðlunar fornleifa í miðbæ Reykjavíkur. Í því ljósi ætti að líta á málið í víðara samhengi og skoða einnig önnur svæði í miðbænum í nánasta umhverfi Alþingisreitsins. Starfshópurinn skoði ennfremur hvernig staðið skuli að áframhaldandi fornleifarannsóknum á Alþingisreitnum, fyrirkomulagi þeirra og fjármögnun
Stjórn Íslenska dansflokksins	Skipað skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	1.10.2009	30.9.2013	Stjórn Íslenska dansflokksins fjallar almennt um starfsemi dansflokksins og skulu allar meiriháttar ákvarðanir í þeim efnum bornar undir stjórnina til umsagnar. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun sem listdansstjóri vinnur og leggur fram, skal borin undir stjórnina til umsagnar.
Stjórn Íslenskra getrauna	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	10.8.2010	9.8.2013	Skipuð til þriggja ára með skírskotun til 4. gr. laga nr. 59/1972 um Íslenskar getraunir,
Stjórn landsskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins	Nefnd skipuð skv. ákvörðunum ráðherra	6.4.2010	31.12.2013	Ákvæði um stjórn landsskrifstofunnar eru í 2. gr. samnings milli menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands og gerð er grein fyrir helstu verkefnum hennar í 3. gr.
Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	12.2.2010	1.2.2012	Skv. 3. gr. reglugerðar nr. 268/1999 um sjóðinn
Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	9.2.2009	8.2.2011	Skv. 4. gr. laga nr. 21/1992, sbr. 1. gr. laga nr. 67/1997.
Stjórn listamannalauna	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	10.10.2009	9.10.2012	Skv. 3. gr. laga nr. 57/2009 um listamannalaun
Stjórn Rannsóknanámssjóðs	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	1.1.2010	1.1.2013	Styrkja rannsóknatengt framhaldsnám til meistaraprófs.
Stjórn Rannsóknasjóðs	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	28.8.2009	28.8.2012	Að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi.
Stjórn Ríkisútvarpsins ohf.	Stjórn eða ráð sem Alþingi kýs	1.2.2010	31.1.2011	Skv. 8. gr. laga nr. 6 1. febr. 2007 um Ríkisútvarpið ohf.
Stjórn Sprotasjóðs	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	1.9.2009	31.8.2013	Að gera tillögu til ráðherra um hvernig skuli ráðstafa fjárveitingu sjóðsins til styrkþega og tillögur um einstök áherslusvið sem skulu hafa forgang hverju sinni, sbr. ákvæði 15 gr. laga um leikskóla, nr. 90/2009, 34. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, og 53. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008
Stjórn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	1.7.2010	30.6.2014	Hlutverk stjórnar er að vera forstöðumanni til ráðgjafar og veita honum umsagnir um starfsáætlanir og skipulag stofnunarinnar, sbr. 4. gr. laganr. 40/2006.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Stjórnsýsla og stoðþjónusta háskólanna	Skv. ákvörðun ráðherra	4.3.2010	23.4.2010	Að fara yfir stoðþjónustu háskólanna og skoða hvaða þætti hennar háskólarnir geti haft hag af að sameinast um eða geta leitt til hagræðingar í rekstri háskólanna. Einnig skal hópurinn skoða stjórnsýslu háskólanna með sömu atriði að leiðarljósi
Sveinsprófsnefnd í tannsmíði	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	19.3.2009	18.3.2013	Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf.
Undanþágunefnd framhaldsskóla	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	10.6.2009	10.6.2013	Sbr. ákvæði 19. gr. laga nr. 87/2008, um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla
Úthlutunarnefnd greiðslna fyrir afnot á bókasöfnum,	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	9.6.2010	1.6.2013	Hlutverk úthlutunarnefndarinnar er að annast úthlutun skv. 5. gr. laga nr.91/2007 um bókmenntasjóð og fleira
Úthlutunarnefnd Launasjóðs hönnuða	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	15.8.2010	14.8.2011	Sbr. 6. gr. laga nr. 57/2009 um listamannalaun
Úthlutunarnefnd Launasjóðs myndlistarmanna	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	15.8.2010	14.8.2011	Sbr. 6. gr. laga nr. 57/2009 um listamannalaun
Úthlutunarnefnd Launasjóðs rithöfunda	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	15.8.2010	14.8.2011	Sbr. 6. gr. laga nr. 57/2009 um listamannalaun
Úthlutunarnefnd Launasjóðs sviðslistafólks	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	15.8.2010	14.8.2011	Sbr. 6. gr. laga nr. 57/2009 um listamannalaun
Úthlutunarnefnd Launasjóðs tónlistarflytjenda	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	15.8.2010	14.8.2011	Sbr. 6. gr. laga nr. 57/2009 um listamannalaun
Úthlutunarnefnd Launasjóðs tónskálda	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	15.8.2010	14.8.2011	Sbr. 6. gr. laga nr. 57/2009 um listamannalaun
Verkefnisstjórn um stefnu opinberu háskólanna	Skv. ákvörðunum ráðherra	12.8.2010	1.9.2012	Að semja verk- og tímaáætlun sem fjallar um hvernig hægt sé að gera samstarf skólanna sem nánast og hrinda henni í framkvæmd.
Viðræðunefnd um fyrir-komulag og verkaskiptingu á sviði tónlistarfræðslu í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar frá október 2009.	Skv. ákvörðun ráðherra	28.1.2010		Fjalla um mögulega aðkomu ríkisins vegna fjárhagslegs stuðnings við tónlistarskóla í samræmi við tillögur sem fram hafa komið við endurskoðun laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, og gera tillögu um breytingar á núverandi fyrirkomulagi, jafnframt því sem lagðar verði til breytingar á verka- eða tekjustofnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga til mótvægis slíkri breytingu
Vinnuhópur um endurskoðun regluerðar um innheimtu höfundaréttargalda	Skv. ákvörðun ráðherra	1.7.2010	17.12.2010	Skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaga, nr. 125/2001, með áorðnum breytingum
Vísindanefnd vísinda- og tækniráðs	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	22.6.2009	21.6.2012	Skv. 4. gr. laga nr. 2/2003.
Þjóðbúningaráð	Skv. lögum, reglug., reglum eða þál.	16.8.2010	15.8.2014	Með vísun til þál. um stofnun þjóðbúningaráðs, sem Alþingi samþykkti 10. mars 1999

Einstaklingar skipaðir í nefndir, ráð verkefnisstjórnir, starfshópa o.þ.h. frá 1. febrúar 2009.

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað / Ólaunað
Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema	Ingveldur Þ. Einarsdóttir	Samstarfsnefnd háskólastigsins		Launað
	Ingi B. Poulsen	Samtök háskólanema		Launað
	Dóra Sif Tynes	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
Dómnefnd vegna hönnunar-samkeppni um byggingu framhaldsskóla í Mosfellsbæ	Ólafur Sigurðsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Jóhanna B. Hansen	Mosfellsbær		
	Sigurður Einarsson	Arkitektafélag Íslands		Launað
	Kristín Brynja Gunnarsdóttir	Arkitektafélag Íslands		Launað
	Þráinn Sigurðsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Fornleifanefnd	Þóra Pétursdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Bjarni F Einarsson	Fornleifafræðingafélag Íslands		Launað
	Ásmundur Helgason	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
Fornleifarannsóknir á Alþingisreit – vinnuhópur	Karl M. Kristjánsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Hjörleifur Stefánsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðný Gerður Gunnarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Kristín Huld Sigurðardóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Margrét Hallgrímsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Jón Þór Ragnars	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Laufey Ólafsdóttir	Reykjavíkurborg		
	Gunnar Gíslason	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Guðjón Bragason	Samband íslenskra sveitarfélaga		

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað / Ólaunað
Fýsileikanefnd og starfshópur um Landbúnaðarháskóla Íslands	Ágúst Sigurðsson	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri		
	Áslaug Helgadóttir	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri		
	Jón Atli Benediktsson	Háskóli Íslands		
	Sæunn Stefánsdóttir	Háskóli Íslands		
	Halldór Árnason	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands að Hvanneyri	Haraldur Benediktsson	Bændasamtök Íslands		
	Þórhallur Bjarnason	Bændasamtök Íslands		
	Jón Torfi Jónasson	Háskóli Íslands		
	Lilja Jóhannesdóttir	Nemendafélag Landbúnaðarháskólans		
	Emma Eyþórsdóttir	Starfsmenn Landbúnaðarháskólans		
	Ásmundur Einar Daðason	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra		
	Stefán Logi Haraldsson	Samtök atvinnulífsins		
	Orri Páll Jóhannsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Ágúst Sigurðsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Heimsminjanefnd Íslands	Kristín Huld Sigurðardóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Lovísa Ásbjörnsdóttir	Umhverfisráðherra		
	Ragnheiður H. Þórarinsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Sigurður Á. Þórarinsson	Umhverfisráðherra		
	Margrét Hallgrímsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Húsafriðunarnefnd	Gunnþóra Guðmundsdóttir	Arkitektafélag Íslands		Launað
	Margrét Leifsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		Launað
	Snorri Freyr Hilmarsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Eva maría Jónsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Hjörleifur Stefánsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
Höfundaréttarráð	Magnús M. Norðdahl	Alþýðusamband Íslands		
	Emma Eyþórsdóttir	Bandalag háskólamanna		
	Þóra Sigríður Ingólfsdóttir	Blindrabókasafn Íslands		
	Leifur Hauksson	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja		
	Halldór Þ. Birgisson	Félag íslenskra bókaútgefenda		
	Hildigunnur Halldórsdóttir	Félag íslenskra hljómlistarmanna		
	Steinunn Birna Ragnarsdóttir	Félag íslenskra tónlistarmanna		
	Hjálmtýr Heiðdal	Félag kvikmyndagerðarmanna		
	Hávar Sigurjónsson	Félag leikskálda og handritshöfunda		
	Sigrún Valbergsdóttir	Félag leikstjóra á Íslandi		
	Tryggvi Björgvinsson	Félag um stafrænt frelsi á Íslandi		
	Jakob Frímann Magnússon	Félag tónskálda- og textahöfunda		
	Bára Kristinsdóttir	Ljósmyndarafélagið		
	Kristín Magnúsdóttir	Myndstef		
	Hildigunnur Hafsteinsdóttir	Neytendasamtökin		
	Davíð Stefánsson	Rithöfundasamband Íslands		
	Bjarni Guðmundsson	Ríkisútvarpið		
	Hallur Baldursson	Samband íslenskra auglýsingastofa		
	Kristín Mjöll Jakobsdóttir	Samband flytj. og hljómplötuframl.		
	Hrafnhildur Stefánsdóttir	Samtök atvinnulífsins		
	Sigurður B. Halldórsson	Samtök iðnaðarins		
	Agnes Johansen	SÍK		
	Friðrik Þór Friðriksson	Samtök kvikmyndaleikstjóra		
	Sigrún Eva Ármannsdóttir	Samtök upplýsingatæknifyrirtækja		
	Eggert Pétursson	Samband íslenskra myndlistarmanna,SÍM		
	Hrafn Pálsson	STEF		
	Auður Inga Ingvarsdóttir	Síminn		
	Kjartan Ólafsson	Tónskáldafélag Íslands		
	Ólöf Benediktsdóttir	Upplýsing – félag bókasafns- og upplýsingafræða		
	Valdimar Tryggvi Hafstein	Hagþenkir		
	Halldór Björn Runólfsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Svanhildur Skúladóttir	Nova		
Íslenska vatnafræðinefndin	Kristinn Einarsson	Orkustofnun		
	Óli Grétar Blöndal Sveinsson	Landsvirkjun		
	Þóra Ellen Þórhallsdóttir	Háskóli Íslands		
	Jórunn Harðardóttir	Veðurstofa Íslands		
	Hrund Ólöf Andradóttir	Íslenska vatnafræðifélagið		
	Eygerður Margrétardóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Magnús Jóhannsson	Veiðimálastofnun		
	Gunnar Steinn Jónsson	Umhverfisstofnun		
	Árni Snorrason	Veðurstofa íslands		
Jafnréttisnefnd	Einar Hreinsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðrún Margrét Guðmundsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Jóna Pálsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Óskar Þór Ármannsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað / Ólaunað
	Þórveig Þormóðsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Védís Grönvold	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Kvikmyndaráð	Ágúst Guðmundsson	Bandalag íslenskra listamanna		
	Þorvaldur Árnason	Félag kvikmyndahúsaeigenda		
	Hilmar Oddsson	Samtök kvikmyndaleikstjóra		
	Ari Kristinsson	Framleiðendafélagið SÍK		
	Hrafnhildur Gunnarsdóttir	Félag kvikmyndagerðarmanna		
	Sigríður Pétursdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Ólafur H. Torfason	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Leiklistarráð	Jórunn Sigurðardóttir	Leiklistarsamband Íslands		Launað
	H. Dofri Hermannsson	Bandalag sjálstæðra leikhúsa		Launað
	Guðrún Vilmundardóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
Matsnefnd um náms- og starfsráðgjöf	Ágústa E. Ingþórsdóttir	Félag náms- og starfsráðgjafa		Launað
	Gísli Fannberg	Samstarfsnefnd háskólastigsins		Launað
	Erna Árnadóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Málskotsnefnd Lánasjóðs íslenskra námsmanna	Sonja M. Hreiðarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Helgi Birgisson	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Bjarnveig Eiríksdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
Námsstyrkjanefnd	Finnur Friðriksson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Ásmundur Einar Daðason	Fjármálaráðuneytið		
	Eva Indriðadóttir	Samband íslenskra framhaldsskólanema		
	Magnús B. Jónsson	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Auður Lilja Erlingsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Nefnd sem gera á tillögur til ráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum	Steinunn Stefánsdóttir	Íslensk málnefnd		
	Sigurður G. Tómasson	Blaðamannafélag Íslands		
	Ásgrímur Angantýsson	Félag fréttamanna		
	Elfa Ýr Gylfadóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Ari Páll Kristinsson	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum		
Nefnd til að athuga hvort grundvöllur sé fyrir stofnun framhaldsskóla í Grindavík	Leifur Eysteinsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Garðar Páll Vignisson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Eyjólfur Bragason	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Karl Kristjánsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Nefnd til að gera tillögur um lagalega stöðu íslenskrar tungu	Björg Thorarensen	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Sigurður Líndal	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Þórhallur Vilhjálmsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðrún Kvaran	Íslensk málnefnd		Launað
Nefnd um íslensku í tölvuheiminum	Jóna Pálsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Haraldur Bernharðsson	Íslensk málnefnd		
	Eiríkur Rögnvaldsson	Tungutæknisetur		
	Sigrún Helgadóttir	Íslensk málnefnd og Tungutæknisetur		
	Björgvin Ívar Guðbrandsson	Samtök móðurmálskennara		
	Sigurbjörg Jóhannesdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Nefnd um Ríkisútvarpið á auglýsingamarkaði	Sigurður Kári Kristjánsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Skúli Helgason	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Magnús Þór Hafsteinsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Birgir Guðmundsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Sigtryggur Magnason	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Nemaleyfisnefnd í snyrtifræði	Anna María Jónsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Ásta Bergljót Stefánsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Inga Kolbrún Hjartardóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Ómar Örn Ólafsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Þórhalla Ágústsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
Ráðgjafanefnd um náms- og starfsráðgjöf	Anna Lóa Ólafsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðbjörg Vilhjálmsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Arna Sigurðardóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Sigríður Egilsdóttir	Landlæknisembættið		
Ráðgjafarnefnd um æskulýðsrannsóknir	Andrea S. Hjálmsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Auður Geirsdóttir	Landssamband æskulýðsfélaga		
	Sindri Snær Einarsson	Æskulýðsráð Íslands		
	Soffía Pálsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Stefán Hrafn Jónsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Rithöfundasjóður Ríkisútvarpsins	Bergljót Kristjánsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Rýnihópur um endurskoðun háskóla-, vísinda- og nýsköpunarmála	Guðmundur Heiðar Frímannsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Viðar Hreinsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Einar Steingrímsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Kristín Vala Ragnarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað / Ólaunað
	Þórdís Ingadóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Þórólfur Þórlindsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Áslaug Helgadóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðrún Nordal	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Magnús Karl Magnússon	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Jón Torfi Jónasson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Páll Skúlason	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Jón Ólafsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Inga Þórsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Una Þorleifsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Berglind Rós Magnúsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Safnaráð	Guðný Dóra Gestsdóttir	Félag íslenskra safna og safnamanna		
	Jenný Lind Egilsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		
Safnráð Listasafns Íslands	Ásta Ólafsdóttir	Samband íslenskra myndlistarmanna, SÍM		
	Jóhann Bergmann Kjartansson Ransu	Samband íslenskra myndlistarmanna, SÍM		
	Svanfríður Franklínsdóttir	Fastráðnir starfsmenn Listasafns Íslands		
Samráðshópur grunn- og framhaldsskóla um innritun	Magnús Þorkelsson	Félag íslenskra framhaldsskóla		
	Guðbjörg Aðalbergsdóttir	Félag íslenskra framhaldsskóla		
	Guðlaug Erla Gunnarsdóttir	Skólastjórafélag Íslands		
	Valgerður Freyja Ágústsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Þorsteinn Sæberg Sigurðsson	Skólastjórafélag Íslands		
	Guðni Olgeirsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Sölvi Sveinsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Þórir Ólafsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Samráðshópur leik- og grunnskóla um innritun	Guðbjörg Aðalbergsdóttir	Félag íslenskra framhaldsskóla		
	Magnús Þorkelsson	Félag íslenskra framhaldsskóla		
	Valgerður Freyja Ágústsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Guðlaug Erla Gunnarsdóttir	Skólastjórafélag Íslands		
	Guðni Olgeirsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Sölvi Sveinsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Þórir Ólafsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Samráðshópur um úrræði fyrir framhaldsskólanema sumarið 2009	Hanna Dóra Másdóttir	Iðnaðarráðuneyti		
	Stefán Rafn Sigurbjörnsson	Samband íslenskra framhaldsskólanema		
	Ómar Einarsson	Reykjavíkurborg		
	Guðfinna B. Kristjánsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Sigtryggur Magnason	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Samráðsnefnd við hagsmunaaðila á leik- og grunnskólastigi	Björg Guðrún Bjarnadóttir	Kennarasamband Íslands		
	Guðni Olgeirsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Sesselja Snævarr	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Sigríður Lára Ásbergsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Sigurrós Kristinsdóttir	Efling-stéttarfélag		
	Sjöfn Þórðardóttir	Heimili og skóli		
	Ólafur Loftsson	Kennarasamband Íslands		
	Ingibjörg Kristleifsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðlaug Erla Gunnarsdóttir	Kennarasamband Íslands		
	Svandís Ingimundardóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Ragnar S. Þorsteinsson	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Ída Jensdóttir	Samtök sjálfstæðra skóla		
	Arnór Guðmundsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar	Laufey Ólafsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Sigursveinn Magnússon	Samtök tónlistarskólastjóra		
Samstarfsnefnd um endurmenntun kennara	Bragi Guðmundsson	Háskólinn á Akureyri		
	Sigurjón Mýrdal	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Ingibjörg Kristleifsdóttir	Félag leikskólakennara		
	Þórður Árni Hjaltested	Félag grunnskólakennara		
	Anna María Gunnarsdóttir	Félag framhaldsskólakennara		
	Sólrún Björg Kristinsdóttir	Háskóli Íslands		
	Ásrún Matthíasdóttir	Háskólinn í Reykjavík		
	Kristín Valsdóttir	Listaháskóli Íslands		
	Svandís Ingimundardóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Björg Pétursdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Samstarfsnefnd um málefni framhaldsskóla	Arnór Guðmundsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Gísli Þór Magnússon	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Aðalheiður Steingrímsdóttir	Félag framhaldsskólakennara		
	Elna Katrín Jónsdóttir	Félag framhaldsskólakennara		
	Guðbjörg Aðalbergsdóttir	Félag íslenskra framhaldsskóla		
	Oddný Hafberg	Félag íslenskra framhaldsskóla		
Skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi	Helgi Guðmundsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Hjördís Garðarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað / Ólaunað
	Marta Birna Baldursdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Helena Guttormsdóttir	Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands		
	Ólafur Helgi Haraldsson	Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands		
Skólanefnd Framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð	Anna Sigríður Hjaltadóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Bergþór Morthens	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Helgi Jóhannsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir	Héraðsnefnd Eyjafjarðar		
	Jónína Magnúsdóttir	Héraðsnefnd Eyjafjarðar		
Skólanefnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu	Kristín Guðrún Gestsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Steinarr Bjarni Guðmundsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Þorvarður Árnason	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Sigrún Kapitóla Guðrúnardóttir	Samband sveitarfélaga á Austurlandi		
	Árni Rúnar Þorvaldsson	Samband sveitarfélaga á Austurlandi		
Skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík	Dagný Jónsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Kristín Eysteinsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Kristján Ketill Stefánsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðrún Pálína Ólafsdóttir	Reykjavíkurborg		
	Hermann Valsson	Reykjavíkurborg		
Skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum	Esther Ösp Gunnarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Hrafnkell Lárusson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Ingunn Sædal	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðmundur Ólafsson	Samband sveitarfélaga á Austurlandi		
	Margrét Urður Snorradóttir	Samband sveitarfélaga á Austurlandi		
Skólanefnd Menntaskólans í Kópavogi	Finnur Geir Beck	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Kolbeinn Óttarsson Proppé	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Þóra Elfa Björnsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Sigurrós Þorgrímsdóttir	Kópavogsbær		
	Þorgerður Jóhannsdóttir	Kópavogsbær		
Skólanefnd Menntaskólans við Sund	Guðlaug María Júlíusdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðmundur Kristinn Birgisson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Ragnar Helgi Ólafsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðrún Hólmgeirsdóttir	Reykjavíkurborg		
	Helga Kristín Auðunsdóttir	Reykjavíkurborg		
Skólanefnd Verkmenntaskóla Austurlands	Guðfinna Kristjánsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Sigríður Stefánsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Jón Björn Hákonarson	Samband sveitarfélaga á Austurlandi		
	LíNeik Anna Sævarsdóttir	Samband sveitarfélaga á Austurlandi		
	Sigurður Ólafsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina	Atli Lýðsson	Alþýðusamband Íslands		
	Jakobína Þórðardóttir	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja		
	Berglind Eva Ólafsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Þórkatla Þórisdóttir	Heilbrigðisráðuneyti		Launað
Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina	Þórdís Zöega	Félag íslenskra framhaldsskóla		
	Erla Bjarney Árnadóttir	Samtök atvinnulífsins		
	Selma Gísladóttir	Samtök atvinnulífsins		
	Reynir Már Ásgeirsson	Samtök atvinnulífsins		
	Fjóla Pétursdóttir	Alþýðusamband Íslands		
	Þorbjörn Guðmundsson	Alþýðusamband Íslands		
	Sveinn Guðnason			
	Alþýðusamband Íslands			
Starfsgreinaráð í matvæla- og veitingagreinum	Níels Sigurður Olgeirsson	Alþýðusamband Íslands		
	Arnar Erlingsson	Alþýðusamband Íslands		
	Skúli Thoroddsen	Alþýðusamband Íslands		
	Níels Hjaltason	Samtök atvinnulífsins		
	Jóhannes Felixson	Samtök atvinnulífsins		
	María Guðmundsdóttir	Samtök atvinnulífsins		
	Trausti Víglundsson	Samtök atvinnulífsins		
	Baldur Sæmundsson	Félag íslenskra framhaldsskóla		Launað
Starfsgreinaráð málmtækni-, vélstjórnar- og framleiðslu-greina	Vignir Eyþórsson	Alþýðusamband Íslands		
	Halldór Arnar Guðmundsson	Alþýðusamband Íslands		
	Elías K. Þorsteinsson	Alþýðusamband Íslands		
	Guðfinnur G. Johnsen	Samtök atvinnulífsins		
Starfsgreinaráð rafiðngreina	Svanborg Hilmarssdóttir	Alþýðusamband Íslands		
	Sigurjón Hólm Magnússon	Samtök atvinnulífsins		
Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina	Elva Björk Sverrisdóttir	Blaðamannafélag Íslands		
	Sigrún Eva Ármannsdóttir	Samtök atvinnulífsins		
Starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina	Hilmar Harðarson	Alþýðusamband Íslands		
	Fjóla Pétursdóttir	Alþýðusamband Íslands		
	Gunnar Valur Sveinsson	Samtök atvinnulífsins		

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað / Ólaunað
	Özur Lárusson	Bílgreinasamband		
Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina	Atli Lýðsson	Alþýðusamband Íslands		
Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina	Ingibjörg R. Guðmundsdóttir	Alþýðusamband Íslands		
	Snæbjörn Sigurðarson	Alþýðusamband Íslands		
	Ásgeir Valdimarsson	Félag íslenskra framhaldsskóla		
	Ólafía B. Rafnsdóttir	Samtök atvinnulífsins		
	Hulda Björk Halldórsdóttir	Samtök atvinnulífsins		
	Guðríður Sigurðardóttir	Samtök atvinnulífsins		
	Haraldur Eggertsson	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja		
Starfsgreinaráð snyrtigreina	Kristín Sif Jónínudóttir	Félag íslenskra snyrtifræðinga		
	Ragnheiður Bjarnadóttir	Félag framhaldsskóla		
	Hulda Hafsteinsdóttir	Samtök atvinnulífsins		
Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina	Guðríður Helgadóttir	Kennarasamband Íslands		
	Guðrún Aðalbjörg Sigurðardóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Védís Guðjónsdóttir	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja		
	Halldóra Sigríður Sveinsdóttir	Alþýðusamband Íslands		
	Heimir Björn Janusarson	Alþýðusamband Íslands		
	Magnús Ágúst Ágústsson	Bændasamtök Íslands		
	Jóhanna Erla Pálmadóttir	Bændasamtök Íslands		
Starfshópur til að endurskoða viðmið um æðri menntun og prófgráðu	Gísli Fannberg	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Friðrika Harðardóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Steinn Jóhannsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Rósa Gunnarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
Starfshópur til að meta kostnaðaráhrif nýrra laga um leikskóla og grunnskóla	Leifur Eysteinsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Jana Friðfinnsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Jón Ingi Einarsson	Samband íslenskra sveitarfélaga		
	Guðni Olgeirsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Starfshópur um alþjóðamál	Ágúst H. Ingþórsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Unnur Þorsteinsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Inga Þórsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Hjördís Hendriksdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Högni Kristjánsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Ásta Magnúsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Starfshópur um starfsskilyrði og menningarlegt gildi kvikmyndagerðar á Íslandi	Haukur Alfreðsson	Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti		
	Sigurrós Hilmarsdóttir	Kvikmyndamiðstöð Íslands		
	Hrafnhildur Gunnarsdóttir	Sambönd kvikmyndaframleiðenda, kvikmyndaleikstjóra, kvikmyndagerðarmanna o.fl.		
	Ari Kristinsson	Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda o.fl.		
	Kristín Atladóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Starfshópur um stefnumörkun fornleifarannsókna og miðlun fornleifa í miðbæ Reykjavíkur	Margrét Hallgrímsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðný Gerður Gunnarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Karl M. Kristjánsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Hjörleifur Stefánsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Kristín Huld Sigurðardóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Starfshópur um tengsl Háskóla Íslands og Raunvísindastofnunar Háskólans	Jenný Bára Jensdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðmundur G. Haraldsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Friðrika Harðardóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Stefnumótun í læsi	Erna Árnadóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðmundur B. Kristmundsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Ragnheiður Gestsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Rósa G. Eggertsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Védís Grönvold	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Þorgerður Agla Magnúsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Berglind Rós Magnúsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Stjórn gjafasjóðs Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors (Thorkilisjóður)	Ólafur Proppé	Skv. stöðu sinni		
	Guðríður Sigurðardóttir	Skv. stöðu sinni		
Stjórn Íslenska dansflokksins	Marta Nordal	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Hany Hadaya	Félag íslenskra listdansara		Launað
	Ingibjörg Björnsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
Stjórn landsskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins	Aðalheiður Sigurjónsdóttir	Leikn, samtök fullorðinsfræðsluaðila		
	Guðlaugur Pálmi Magnússon	Félag íslenskra framhaldsskóla		
	Sigrún Ingibjörg Gísladóttir	Landssamtök íslenskra háskólanema		
	Þorsteinn Sæberg Sigurðsson	Kennarasamband Íslands		
Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda	Sólveig Bóasdóttir	Hagþenkir		
	Guðni Elísson	Mennta- og menningarmálaráðherra		

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað / Ólaunað
Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna	Auður Lilja Erlingsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Finnur Friðriksson	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Eyja Margrét Brynjarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Rakel Lind Hauksdóttir	Bandalag íslenskra námsmanna		Launað
	Sindri Snær Einarsson	Samband íslenskra framhaldsskólanema		Launað
	sigurður Kári Árnason	Stúdentaráð Háskóla Íslands		Launað
	Haraldur Guðni Eiðsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Valur Þráinsson	Samband íslenskra námsmanna erlendis		Launað
Stjórn listamannalauna	Margrét Bóasdóttir	Bandalag íslenskra listamanna		Launað
	Kristján Steingrímur jónsson	Listaháskóli Íslands		Launað
	Birna Þórðardóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
Stjórn Rannsóknanámssjóðs	Ingibjörg Harðardóttir	Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs		
	Guðni Thorlacius Jóhannesson	Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs		
Stjórn Rannsóknasjóðs	Hannes Jónsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Áslaug Helgadóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Þórunn Rafnar	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Vilmundur Guðnason	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðrún Nordal	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Stjórn Sprotasjóðs	Rósa Gunnarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Elna Katrín Jónsdóttir	Kennarasamband Íslands		Launað
	Svandís Ingimundardóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga		Launað
	Finnur Friðriksson	Samstarfsnefnd háskólastigsins		Launað
	Sigurjón Mýrdal	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Stjórn Verðlaunasjóðs dr. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts	Guðríður Sigurðardóttir	Skv. stöðu sinni		
	Yngvi Pétursson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Stjórn Æskulýðssjóðs	Óskar Dýrmundur Ólafsson	Æskulýðsráð Íslands		
Stjórnsýsla og stoðþjónusta háskólanna	Einar Hreinsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Hellen M. Gunnarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Hreinn Pálsson	Háskóli Íslands		
	Margrét Jónsdóttir	Háskólinn í Reykjavík		
	Eiríkur Smári Sigurðarson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Sveinsprófsnefnd í tannsmíði	Gunnar Vagn Gunnarsson	Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina		Launað
	Soffía Dögg Halldórsdóttir	Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina		Launað
	Sólbjört Aðalsteinsdóttir	Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina		Launað
Undanþágunefnd framhaldsskóla	Hörður Helgason	Félag íslenskra framhaldsskóla		Launað
	Sigurður Ingi Andrésson	Kennarasamband Íslands		Launað
	Karl Kristjánsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Úthlutunarnefnd greiðslna fyrir afnot á bókasöfnum,	Sveinn Yngvi Egilsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Guðni Kolbeinsson	Rithöfundasamband Íslands		
Úthlutunarnefnd Launasjóðs hönnuða	Rósa Helgadóttir	Hönnunarmiðstöð Íslands		Launað
	Haukur Már Hauksson	Hönnunarmiðstöð Íslands		Launað
	Þorsteinn Geirharðsson	Hönnunarmiðstöð Íslands		Launað
Úthlutunarnefnd Launasjóðs rithöfunda	Ingunn Ásdísardóttir	Rithöfundasamband Íslands		Launað
	Hólmkell Hreinsson	Rithöfundasamband Íslands		Launað
	Bergljót Kristjánsdóttir	Rithöfundasamband Íslands		Launað
Úthlutunarnefnd Launasjóðs sviðslistafólks	Snorri Freyr Hilmarsson	Leiklistarsamband Íslands		Launað
	Þorgerður E. Sigurðardóttir	Leiklistarsamband Íslands		Launað
	Ingibjörg Björnsdóttir	Leiklistarsamband Íslands		Launað
Úthlutunarnefnd Launasjóðs tónlistarflytjenda	Þórir Baldursson	Félag íslenskra hljómlistarmanna		Launað
	Berglind María Tómasdóttir	Félag íslenskra hljómlistarmanna		Launað
	Ólafur Vignir Albertsson	Félag íslenskra hljómlistarmanna		Launað
Valnefnd vegna verkefnisins Evrópa unga fólksins	Elísabet Pétursdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Guðmundur Karl Einarsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Hulda Katrín Stefánsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Margrét Halldórsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Júlíus Aðalsteinsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
Viðræðunefnd um fyrirkomulag og verkaskiptingu á sviði tónlistarfræðslu í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar frá október 2009.	Eyþór Benediktsson	Fjármálaráðuneytið		
	Jóhannes Finnur Halldórssson	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti		
	Þórhallur Vilhjálmsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Jón Vilberg Guðjónsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Vinnuhópur um endurskoðun regluerðar um innheimtu höfundaréttargalda	Elfa Ýr Gylfadóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Gunnar Guðmundsson	Innheimtumiðstöð gjalda		
	Helena Snorradóttir	Fjármálaráðuneytið		
	Jón Vilberg Guðjónsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
Vísindanefnd vísinda- og tækniráðs	Jón Bragi Bjarnason	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Kristín Svavarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað / Ólaunað
	Sigríður Halldórsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Inga Þórsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Þorsteinn Ingi Sigfússon	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Ari Kristinn Jónsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Hilmar Bragi Janusson	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Stefán Ólafsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Unnur Þorsteinsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
	Guðrún Nordal	Mennta- og menningarmálaráðherra		Launað
Þekkingarsetur á Íslandi	Stefanía Guðrún Kristinsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Skúli Skúlason	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Rögnvaldur Ólafsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Stefán B. Sigurðsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Viðar Hreinsson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Þórarinn V. Sólmundarson	Mennta- og menningarmálaráðherra		
	Hellen M. Gunnarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðherra		

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Skipaðar hafa verið níu nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og aðrir hópar af sama tagi frá 1. febrúar 2009.

Nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og hópar af sama tagi skipaðir frá 1. febrúar 2009.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Nefnd um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga	Samstarfssáttmáli ríkisstjórnar	8.7.2009		
Samráðsnefnd um efnahagsmál	Samstarfssáttmáli ríkisstjórnar	28.8.2009		
Starshópur um aukinn hlut kvenna í sveitarstjórnum	Skv. ákvörðun ráðherra	16.3.2009	Greinargerð skilað 18/11/2009	
Starfshópur um endurskoðun rg. um akstur og hvíldartíma	Skv. ákvörðun ráðherra	15.4.2009		
Starfshópur um endurskoðun sveitarstjórnarlaga	Skv. ákvörðun ráðherra	11.1.2010		
Starfshópur um nýjan veg um Dynjandisheiði	Skv. ákvörðun ráðherra	9.10.2009		
Vinnuhópur um aukið öryggi fjarskipta	Skv. ákvörðun ráðherra	22.6.2010		
Vinnuhópur um gjaldtöku á vegum	Skv. ákvörðun ráðherra	28.10.2009	Skýrslu skilað 27/11/2010	
Nefnd um fjárhagsstöðu hafna	Skv. ákvörðun ráðherra	16.2.2009	Skýrslu skilað 29/01/2010	

Einstaklingar skipaðir í nefndir, ráð verkefnisstjórnir, starfshópa o.þ.h. frá 1. febrúar 2009.

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
Nefnd um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga	Gunnar Svavarsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Sigurður Guðmundsson	Fjármálaráðherra		Ólaunað
	Birna Lárusdóttir	Þingfl. Sjálfstæðisflokksins		Ólaunað
	Ragnheiður Hergeirsdóttir	Þingfl. Samfylkingarinnar		Ólaunað
	Petrína Baldursdóttir	Þingfl. Framsóknar		Ólaunað
	Jón Kristófer Arnarsson	Þingfl. Borgarahreyfingarinnar		Ólaunað
	Elín Líndal	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
	Lúðvík Geirsson	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
	Sigrún Björk Jakobsdóttir	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
Samráðsnefnd um efnahagsmál	Björn R. Guðmundsson	Efnahags- og viðskiptaráðherra		Ólaunað
	Jóhannes Finnur Halldórsson	Samgönguráðherra	Án tilnefningar	Ólaunað
	Rafn Sigurðsson	Fjármálaráðherra		Ólaunað
	Sigurður Snævarr	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
	Gunnlaugur Júlíusson	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
	Benedikt Valsson	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
Starshópur um aukinn hlut kvenna í sveitarstjórnum	Sigrún Jónsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Herdís Þórðardóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Unnur Brá Konráðsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Halldór V. Kristjánsson		Án tilnefningar	Ólaunað
Starfshópur um endurskoðun rg. um akstur og hvíldartíma	Birna Hreiðarsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Fjóla Pétursdóttir	ASÍ		Ólaunað
	Jón Rúnar Pálsson	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
	Eyþóra Hjartardóttir	Vegagerðin		Ólaunað
	William Thomas Möller	Umferðarstofa		Ólaunað
Starfshópur um endurskoðun sveitarstjórnarlaga	Trausti Fannar Valsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Ólafur Þór Gunnarsson		Án tilnefningar	skv. setu
	Drífa Hjartardóttir		Án tilnefningar	Skv. setu
	Ísólfur Gylfi Pálmason		Án tilnefningar	Skv. setu

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
	Björk Vilhelmsdóttir	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
	Guðjón Bragason	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
Starfshópur um nýjan veg um Dynjandisheiði	Gísli Eiríksson	Vegagerðin		Ólaunað
	Eiður Thoroddsen	Vegagerðin		Ólaunað
	Eiríkur Bjarnason	Vegagerðin		Ólaunað
	Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir	Fjórðungssamband Vestfirðinga		Ólaunað
	Sigurður Pétursson	Fjórðungssamband Vestfirðinga		Ólaunað
Vinnuhópur um gjaldtöku á vegum	Egill Tryggvason	Fjármálaráðherra		Ólaunað
	Eiríkur Bjarnason	Vegagerðin		Ólaunað
	Friðfinnur Skaptason		Án tilnefningar	Ólaunað
Nefnd um fjárhagsstöðu hafna	Smári Geirsson	Hafnasamband sveitarfélaga		Ólaunað
	Gunnlaugur Júlíusson	Hafnasamband sveitarfélaga		Ólaunað
	Stefanía Traustadóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Ólafur Örn Ólafsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Sigurður Áss Grétarsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Magnús Björn Jónsson	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
	Svanhvít Axelsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
Vinnuhópur um aukið öryggi fjarskipta	Geir Ragnarsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Jón F. Bjartmarz	Ríkislögreglustjóri		Ólaunað
	Jónas Ingi Pétursson	Ríkislögreglustjóri		Ólaunað
	Stefán Snorri Stefánsson	Póst- og fjarskiptastofnun		Ólaunað
	Þorleifur Jónsson	Póst- og fjarskiptastofnun		Ólaunað
	Dagný Halldórsdóttir	Neyðarlínan		Ólaunað
	Brandur St. Guðmundsson	Flugfjarskipti		Ólaunað
	Baldur Bjartmarsson	Siglingastofnun		Ólaunað

Umhverfisráðuneyti.

Skipaðar hafa verið 23 nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og aðrir hópar af sama tagi frá 1. febrúar 2009.

Nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og hópar af sama tagi skipaðir frá 1. febrúar 2009.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunartími	Lokið störfum	Hlutverk
Stýrihópur um vistvæn innkaup	Stefna ríkisstjórnarinnar um vistvæn innkaup	1. sept. 2009– óskilgreint	Nei	Stýrihópurinn hefur það hlutverk að vinna að sameiginlegum verkefnum sem styðja við vistvæn opinber innkaup á Íslandi
Starfshópur um framkvæmd byggingareftirlits	Skv. ákvörðun ráðherra	5. feb. 2009– óskilgreint	Nei	Starfshópurinn hefur það hlutverk að fara yfir skýrslu Benedikts Jónssonar verkfræðings „Byggingareftirlitið – Könnun á störfum og starfsaðstöðu byggingarfulltrúa“.
Nefnd um umhverfis-viðurkenningu umhverfisráðuneytisins	Skv. ákvörðun ráðherra	12. feb. 2009– 25. apríl 2009	25.4.2009	Nefndin hefur það hlutverk að vera umhverfisráðherra til aðstoðar við ákvörðun á árlegri umhverfisviðurkenningu ráðuneytisins til fyrirtækja
Nefnd um innleiðingu vatnatilskipunar	Skv. ákvörðun ráðherra vegna innleiðingar vatnatil-skipunar ESB í íslenskan rétt	13. feb. 2009– óskilgreint	18.2.2010	Nefndin hefur það hlutverk að gera tillögu að frumvarpi til innleiðingar á vatnatilskipun 2000/60/EB
Starfshópur um undirbúning fullgildingar Árósasamningsins	Skv. ákvörðun ráðherra vegna ákvörðunar ríkis-stjórnarinnar um fullgildingu Árósasamningsins	13. mars 2009– óskilgreint	18.12.2009	Starfshópurinn hefur það hlutverk að undirbúa fullgildingu Árósamsamningsins
Nefnd um endurskoðun náttúruverndarlaga	Skv. ákvörðun ráðherra	13. nóv. 2009– 1. júlí 2010	Nei	Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu að heildarendurskoðun laga um náttúrvernd, nr. 44/1999, með það að markmiði að styrkja stöðu náttúruverndar á Íslandi.
Starfshópur til að kanna rekstrargrundvöll félagasamtaka	Skv. ákvörðun ráðherra	19. mars 2009– 20. apríl 2009	9.09.2009	Starfshópurinn á að kanna rekstrargrundvöll félagasamtaka á sviði umhverfismála við breyttar efnahagsaðstæður og leggja fram tillögur um hvernig efla megi starfsemi og fjárhag félaganna til frambúðar.
Verkefnisstjórn um aðgerðaráætlun í loftslags-málum	Skv. ákvörðun ráðherra vegna ákvörðunar ríkis-stjórnarinnar um aðgerða-áætlun í loftslagsmálum	30. júní 2009– 1. apríl 2010	Nei	Starfshópurinn hefur það hlutverk að vinna aðgerðaráætlun í loftslagsmálum
Nefnd um samningu byggingarreglugerðar	Skv. ákvörðun ráðherra	20. jan. 2010– 1. des. 2010	Nei	Hlutverk nefndarinnar er að semja byggingar-reglugerð með hliðsjón af nýju frumvarpi til laga um mannvirki.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunartími	Lokið störfum	Hlutverk
Nefnd um innleiðingu Árósasamningsins	Skv. ákvörðun ráðherra vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um fullgildingu Árósasamningsins	2. feb. 2010–1. júní 2010	Nei	Hlutverk nefndarinnar er að vinna að gerð frumvarps til laga um innleiðingu Árósasamningsins
Nefnd um umhverfisviðurkenningu ráðuneytisins	Skv. ákvörðun ráðherra	18. feb. 2010–25. apríl 2010	25.4.2010	Nefndin hefur það hlutverk að vera ráðherra til aðstoðar við ákvörðun á árlegri umhverfisviðurkenningu ráðuneytisins til fyrirtækja
Nefnd að semja frumvarp til laga vegna innleiðingar reglna um viðskiptakerfi EB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (ETS)	Skv. ákvörðun ráðherra vegna innleiðingar reglna um viðskiptakerfi EB	11. mars 2010–1. ágúst 2010	Nei	Nefndin hefur það hlutverk að semja frumvarp til laga vegna innleiðingar reglna um viðskiptakerfi EB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (ETS)
Hættumatsnefnd fyrir Mosfellsbæ	Skv. ákvörðun ráðherra vegna ákvæða í rg. nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða o.fl.	25. feb. 2010–óskilgreint	Nei	Hlutverk nefndarinnar er gerð bráðabirgðahættumats að beiðni Mosfellsbæjar
Starfshópur til að gera úttekt á lögum um vernd Breiðafjarðar	Skv. ákvörðun ráðherra	3. mars 2010–30. sept. 2010	Nei	Hlutverk starfshópsins er að gera úttekt á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar
Starfshópur um líffræðilegan fjölbreytileika	Skv. ákvörðun ráðherra vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um skipan starfshópsins	17. mars 2010–1. júlí 2010	Nei	Starfshópurinn hefur það hlutverk að ganga frá tíma- og áfangaskiptri framkvæmdaráætlun á grundvelli stefnumörkunar um líffræðilegan fjölbreytileika og skipta verkefnum á milli ráðuneyta.
Aðgerðahópur um alaskalúpínu	Skv. ákvörðun ráðherra	9. júlí 2010–8. júlí 2013	Nei	Hlutverk starfshópsins er að móta og samræma aðgerðir við kortlagningu á útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils, varnir og upprætingu á friðlýstum svæðum, svo og á miðhálendinu, taka saman grunnupplýsingar um alaskalúpínu og skógarkerfil fyrir almenning og aðra vörslumenn lands
Hættumatsnefnd fyrir Reykjavík	Skv. ákvörðun ráðherra vegna ákvæða í rg. nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða o.fl.	8. júní 2010–óskilgreint	Nei	Hlutverk nefndarinnar er gerð bráðabirgðahættumats á Kjalarnesi að beiðni Reykjavíkurborgar
Nefnd um endurskoðun á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.	Skv. ákvörðun ráðherra	9. júlí 2010–15. mars 2011	Nei	Hlutverk nefndarinnar er að varpa skýru ljósi á lagalega stöðu villtra spendýra og fugla á Íslandi m.a. með tilliti til dýraverndarsjónarmiða og leggja fram tillögur um úrbætur með það að leiðarljósi að uppfylla markmið gildandi laga og þeirra alþjóðlegu samninga sem Ísland er aðili að og varða verndun villtra spendýr og fugla
Lögbundnar nefndir og ráð				
Skólaráð Brunamálaskólans	Skv. 9. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000	16. nóv. 2009–15. nóv. 2013	Nei	Hlutverk skólaráðsins er að vera Brunamálastofnun til ráðgjafar um fagleg og rekstrarleg málefni skólans og ber ábyrgð gagnvart brunamálastjóra á framkvæmd og starfsemi Brunamálaskólans
Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála	Skv. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997	18. okt. 2009–17. okt. 2013	Nei	Hlutverk nefndarinnar er að kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál
Tilraunadýranefnd	Skv. 16. gr. laga nr. 15/1994, um dýravernd	26. feb. 2010–25. feb. 2014	Nei	Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar við umsjón þeirra mála sem tekur til tilrauna á dýrum og meðferðar á tilraunadýrum.
Ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls	Skv. 51. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999	3. maí 2010–2. maí 2014	Nei	Hlutverk nefndarinnar er að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni er varða rekstur og skipulag þjóðgarðsins
Prófnefnd mannvirkjahönnuða	Skv. 48. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997	11. jan. 2010–óskilgreint (þar til ný lög um mannvirki taka gildi)	Nei	Hlutverk nefndarinnar er að hafa umsjón með og ákveða tilhögun námskeiða fyrir væntanlega mannvirkjahönnuði

Einstaklingar skipaðir í nefndir, ráð verkefnisstjórnir, starfshópa o.þ.h. frá 1. febrúar 2009.

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað / Ólaunað
Stýrihópur um vistvæn innkaup	Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, umhverfisráðuneyti, form.		Án tilnefningar	Ólaunað
	Guðmundur B. Friðriksson	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
	Helgi Bogason	Reykjavíkurborg		Ólaunað
	Júlíus S. Ólafsson	Fjármálaráðuneyti		Ólaunað
	Guðmundur Ragnar Ólafsson	Hafnarfjarðarbær		Ólaunað
Starfshópur um framkvæmd byggingareftirlits	Stefán Thors, form.	Skipulagsstofnun		Ólaunað
	Björn Karlsson	Brunamálastofnun		Ólaunað
	Hafsteinn Pálsson, umhverfisráðuneyti		Án tilnefningar	Ólaunað
	Einar Júlíusson	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
	Gísli Norðdahl	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
	Helga Björk Laxdal	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
Nefnd um umhverfisviðurkenningu umhverfisráðuneytisins	Harpa Björnsdóttir, form.		Án tilnefningar	Launað
	Guðrún Eyjólfsdóttir	Samtökum atvinnulífsins		Launað
	Guðmundur Gunnarsson	Alþýðusambandi Íslands		Launað
Nefnd um innleiðingu vatnatilskipunar	Sigríður Auður Arnardóttir, umhverfisráðuneyti, form.		Án tilnefningar	Ólaunað
	Ásta Einarsdóttir	Sjávarútvegs- og landbúnaðarrn.		Ólaunað
	Guðjón Bragason	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
	Guðjón Axel Guðjónsson	Iðnaðarráðuneytið		Ólaunað
	Heiðrún Guðmundsdóttir	Umhverfisstofnun		Ólaunað
	Pétur Reimarsson	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
	Sigurbjörg Sæmundsdóttir, umhverfisrn.		Án tilnefningar	Ólaunað
	Ásta Þorleifsdóttir	Frjáls félagasamtök		Ólaunað
Starfshópur um undirbúning fullgildingar Árósasamningsins	Sigríður Auður Arnardóttir, umhverfisráðuneyti, form.		Án tilnefningar	Ólaunað
	Helga Hauksdóttir	Utanríkisráðuneytið		Ólaunað
	Gunnar Narfi Gunnarsson	Dómsmálaráðuneytið		Ólaunað
Nefnd um endurskoðun náttúruverndarlaga	Salvör Jónsdóttir, form.		Án tilnefningar	Launað
	Aagot V. Óskarsdóttir, varamaður form.		Án tilnefningar	Launað
	Þóra Ellen Þórhallsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Kristín Linda Árnadóttir	Umhverfisstofnun		Ólaunað
	Sigrún Ágústsdóttir, varamaður	Umhverfisstofnun		Ólaunað
	Jón Gunnar Ottósson	Náttúrufræðistofnun Íslands		Ólaunað
	Trausti Baldursson, varamaður	Náttúrufræðistofnun Íslands		
Starfshópur til að kanna rekstrargrundvöll félagasamtaka	Guðmundur Hörður Guðmundsson, umhverfisráðuneyti, form.		Án tilnefningar	Ólaunað
	Tryggvi Felixson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Kristín Svavarsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
Verkefnisstjórn um aðgerðar-áætlun í loftslagsmálum	Hugi Ólafsson, umhverfisráðuneyti, form.		Án tilnefningar	Ólaunað
	Sigrún Ólafsdóttir	Forsætisráðuneytið		Ólaunað
	Sigurður Guðmundsson	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Sveinn Þorgrímsson	Iðnaðarráðuneytið		Ólaunað
	Karl Alvarsson	Samgönguráðuneytið		Ólaunað
	Erna Bjarnadóttir	Sjávarútvegs- og landbúnaðarrn.		Ólaunað
	Ellý Katrín Guðmundsdóttir	Samband ísl. sveitarfélaga		Ólaunað
Nefnd um samningu byggingarreglugerðar	Björn Karlsson, form.		Án tilnefningar	Ólaunað
	Björn Guðbrandsson		Án tilnefningar	
	Ólöf Örvarsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
Nefnd um innleiðingu Árósasamningsins	Kristín Rannveig Snorradóttir, umhverfisráðuneyti, form.		Án tilnefningar	Ólaunað
	Ingvi Már Pálsson	Iðnaðarráðuneytið		Ólaunað
	Sigríður Norðmann	Sjávarútvegs- og landbúnaðarrn.		Ólaunað
Nefnd um umhverfisviðurkenningu ráðuneytisins	Sigþrúður Jónsdóttir, form.		Án tilnefningar	Launað
	Guðbergur Rúnarsson	Samtök atvinnulífsins	Án tilnefningar	Launað
	Guðmundur Gunnarsson	Alþýðusamband Íslands	Án tilnefningar	Launað
Nefnd að semja frumvarp til laga vegna innleiðingar reglna um viðskiptakerfi EB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (ETS)	Glóey Finnsdóttir, umhverfisráðuneyti, form.		Án tilnefningar	Ólaunað
	Guðrún Þorleifsdóttir	Iðnaðarráðuneytið		Ólaunað
	Hrafnhildur Bragadóttir	Umhverfisstofnun		Ólaunað
	Ómar Þór Eyjólfsson	Efnahags- og viðskiptaráðuneyti		Ólaunað
	Pétur Reimarsson	Samtök atvinnulífsins		Ólaunað
	Sigurður Guðmundsson	Fjármálaráðuneytið		Ólaunað
	Valgerður Guðmundsdóttir	Samgönguráðuneytið		Ólaunað
Hættumatsnefnd fyrir Mosfellsbæ	Gunnar Guðni Tómasson, form.		Án tilnefningar	Launað
	Snjólfur Ólafsson		Án tilnefningar	Launað
	Jóhanna B. Hansen	Mosfellsbær		Ólaunað
	Finnur Birgisson	Mosfellsbær		Ólaunað

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað / Ólaunað
Starfshópur til að gera úttekt á lögum um vernd Breiðafjarðar	Guðríður Þorvarðardóttir, form.		Án tilnefningar	Ólaunað
	Erla Björk Örnólfsdóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Kristín Rannveig Snorradóttir, umhverfisráðuneyti		Án tilnefningar	Ólaunað
	Róbert Arnar Stefánsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Trausti Baldursson		Án tilnefningar	Ólaunað
Starfshópur um líffræðilegan fjölbreytileika	Sigurður Ármann Þráinsson, umhverfisráðuneyti, form.		Án tilnefningar	Ólaunað
	Þorsteinn Tómasson	Sjávarútvegs- og landbúnaðarrn.		Ólaunað
	Áslaug Helgadóttir	Iðnaðarráðuneytið		Ólaunað
Aðgerðahópur um alaskalúpínu	Sveinn Runólfsson, form.		Án tilnefningar	Ólaunað
	Jón Gunnar Ottósson, form.		Án tilnefningar	Ólaunað
	Trausti Baldursson	Náttúrufræðistofnun Íslands		Ólaunað
	Ásrún Elmarsdóttir	Náttúrufræðistofnun Íslands		Ólaunað
	Elín Fjóla Þórarinsdóttir	Landgræðsla ríkisins		Ólaunað
	Magnús Jóhannsson	Landgræðsla ríkisins		Ólaunað
Hættumatsnefnd fyrir Reykjavík	Gunnar Guðni Tómasson, form.		Án tilnefningar	
	Fjóla Guðrún Sigtryggsdóttir		Án tilnefningar	
	Ólafur Bjarnason	Reykjavíkurborg		Ólaunað
	Auður Ólafsdóttir	Reykjavíkurborg		Ólaunað
Nefnd um endurskoðun á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.	Menja von Schmalensee, form.		Án tilnefningar	Ólaunað
	Hólmfríður Arnardóttir		Án tilnefningar	Ólaunað
	Páll Hersteinsson		Án tilnefningar	Ólaunað
	Kristinn Haukur Skarphéðinsson	Náttúrufræðistofnun Íslands		Ólaunað
	Hildur Vésteinsdóttir	Umhverfisstofnun		Ólaunað
	Sigmar B. Hauksson	Skotvís		Ólaunað
	Auður Lilja Arnþórsdóttir	Dýralæknafélag Íslands		Ólaunað
	Tómas Grétar Gunnarsson	Frjáls félagasamtök		Ólaunað
Lögbundnar nefndir og ráð				
Skólaráð Brunamálaskólans	Kristín Jónsdóttir, form.		Án tilnefningar	Launað
	Ólafur Ástgeirsson, varamaður		Án tilnefningar	Launað
	Herdís Sigurjónsdóttir	Samband ísl. sveitarfélaga		Launað
	Kristján Einarsson	Samband ísl. sveitarfélaga		Launað
	Sverrir Björn Björnsson	LSS		Launað
	Steinn Jónsson	LSS		Launað
Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála	Hjalti Steinþórsson, form.		Skv. lögum	Ólaunað
	Ásgeir Magnússon	Hæstiréttur Íslands		Launað
	Aðalheiður Jóhannsdóttir, varamaður	Hæstiréttur Íslands		Launað
	Þorsteinn Þorsteinsson	Hæstiréttur Íslands		Launað
	Sigurður Erlingsson, varamaður	Hæstiréttur Íslands		Launað
	Hildigunnur Haraldsdóttir	Hæstiréttur Íslands		Launað
	Hörður Harðarson, varamaður	Hæstiréttur Íslands		Launað
	Geir Oddsson	Hæstiréttur Íslands		Launað
	Helga Jóhanna Bjarnadóttir, varamaður	Hæstiréttur Íslands		Launað
Tilraunadýranefnd	Halldór Runólfsson, form.		Án tilnefningar	Launað
	Sigríður Björnsdóttir		Án tilnefningar	Launað
	Jón Kalmansson	Siðfræðistofnun HÍ		Launað
Ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls	Hjalti J. Guðmundsson, form.	Umhverfisstofnun		Ólaunað
	Kristín Huld Sigurðardóttir	Fornleifavernd ríkisins		Ólaunað
	Skúli Alexandersson	Ferðamálasamtök Snæfellsness		Ólaunað
	Ólína B Kristinsdóttir	Snæfellsbær		Ólaunað
Prófnefnd mannvirkjahönnuða	Sigurður Thoroddsen, form.		Án tilnefningar	Launað
	Jóhannes Þórðarson, varamaður		Án tilnefningar	Launað
	Þórarinn Hjaltason		Án tilnefningar	Launað
	Guðmundur Gunnarsson, varamaður		Án tilnefningar	Launað
	Ólafur Helgi Árnason		Án tilnefningar	Launað
	Elín Smáradóttir, varamaður		Án tilnefningar	Launað

Utanríkisráðuneyti.

Skipaðar hafa verið sex nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og aðrir hópar af sama tagi frá 1. febrúar 2009.

Nefndir, ráð, verkefnisstjórnir, starfshópar og hópar af sama tagi skipaðir frá 1. febrúar 2009.

Heiti nefndar	Skipun skv. heimild/ fyrirmælum	Skipunar-tími	Lokið störfum	Hlutverk
Starfshópur um öryggismál og endurskipulagningu STJR	Ákvörðun ríkisstjórnar 4. des. 2009	des. 2009 til mars 2010	Já	Að undirbúa breytingar er leiða af niðurlagningu Varnarmálastofnunar
Verkefnisstjórn vegna niðurlagningar Varnamálastofnunar	Skv. lögum nr. 98/2010	1. sept.– 31. des. 2010	Nei	Tók yfir starfsskyldur forstjóra VMSÍ, ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og lögbundnum verkefnum þar til hún verður lögð niður
Samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu	Skv. lögum nr. 121/2008	Fjögur ár frá 2. mars 2009	Nei	Sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands
Stjórn Íslandsstofu	Skv. lögum nr. 38/2010	02.06.2010– 02.06.2013	Nei	a) að vera samstarfsvettvangur fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir til þess að efla ímynd og orðspor Íslands, b) að veita alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir útflutningi á vöru og þjónustu, c) að laða til landsins erlenda ferðamenn með samræmdu kynningar- og markaðsstarfi, d) að laða erlenda fjárfestingu til Íslands, upplýsa erlenda fjárfesta um kosti Íslands og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um fjárfestingarmál, e) að styðja við kynningu á íslenskri menningu erlendis.
Verkefnisstjórn Íslandsstofu	Skv. ákvörðun ráðherra	22.09.2009– 22.02.2010	Já	Að fjalla um og gera tillögur að: a) Verkaskiptingu aðila, b) samstarf og samræmingu verkefna, c) fyrirhuguðum flutingi verkefna og tengdra fjármuna til Íslandsstofu, d) aðgerðir til að efla ímynd lands og þjóðar á erlendum vettvangi
Samstarf við Færeyjar	Skv. ákvörðun ráðherra	10.08.2010–	Nei	Að gera tillögur um að treysta samstarf Íslands og Færeyja á ýmsum sviðum

Auk ofangreindra nefnda hefur utanríkisráðherra, skv. þingsályktun nr. 1/137, skipað aðalsamninganefnd vegna aðildarviðræðna við ESB og tíu samningahópa er fjalla um byggðamál, mál er fallmál, gjaldmiðilsmál, sjávarútvegsmál og utanríkismál. Starfi þeirra er ekki la undir EES-samninginn (tveir hópar), innanríkismál, fjárhagsmál, lagamál, landbúnaðarokið.

* Til skýringar varðandi þóknanir vegna setu í nefndum, ráðum, verkefnisstjórnum og hópum, skal tekið fram að það er meginreglan í utanríkisráðuneytinu að þóknanir til aðila, sem ekki eru á launaskrá í stjórnsýslunni eða hjá aðilum sem hafa tilnefnt þá til setu í framangreindri nefnd eða hópum, eru ákveðnar af þóknananefnd.

Einstaklingar skipaðir í nefndir, ráð verkefnisstjórnir, starfshópa o.þ.h. frá 1. febrúar 2009.

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
Starfshópur um öryggismál og endurskipulagningu stjórnar	Guðmundur B. Helgason		Utanríkisráðherra	
	Ágúst Geir Ágústsson	Forsætisráðherra		
	Angantýr Einarsson	Fjármálaráðherra		
	Haukur Guðmundsson	Dómsmálaráðherra		
	Karl Alvarsson	Samgönguráðherra		
Verkefnisstjórn vegna niðurlagningar varnarmálastofnunar	Guðmundur B. Helgason		Utanríkisráðherra	Launað
	Anna Jóhannsdóttir	Forsætisráðherra		Launað
	Valur Ingimundarson	Dómsmálaráðherra		Launað
	Halla Gunnarsdóttir	Fjármálaráðherra		Launað
	Margrét S. Björnsdóttir	Samgönguráðherra		Launað
Samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu	Valgerður Sverrisdóttir		Utanríkisráðherra	
	Hjálmar Jónsson		Kosinn af Alþ. **	
	Haukur Már Haraldsson		Kosinn af Alþ. **	
	Sigfús Ólafsson		Kosinn af Alþ. **	
	Drífa Hjartardóttir		Kosin af Alþ. **	
	Katrín Ásgrímsdóttir		Kosin af Alþ. **	
	Guðrún Ögmundsdóttir		Kosin af Alþ. **	
	Ásgerður Jóna Flosadóttir		Kosin af Alþ. **	
	Þorbjörn Guðmundsson	Alþýðusamband Íslands		
	Guðrún Eyjólfsdóttir	Samtök atvinnulífsins		
	Jóna Þ. Þórisson	Samstarfshópur félagsamtaka sem starfa að þróunarsamvinnu		
	Ragnar Gunnarsson	Samstarfshópur félagsamtaka sem starfa að þróunarsamvinnu		
	Steinunn Gyðu-Guðjónsdóttir	Samstarfshópur félagsamtaka sem starfa að þróunarsamvinnu		

Nefnd	Nafn einstaklings	Tilnefningaraðili	Skipað með öðrum hætti	Launað/ Ólaunað
	Ulla Magnússon	Samstarfshópur félagsamtaka sem starfa að þróunarsamvinnu		
	Þórir Guðmundsson	Samstarfshópur félagsamtaka sem starfa að þróunarsamvinnu		
	Páll Jensson	Háskóli Íslands		
	Geir Gunnlaugsson	Háskólinn í Reykjavík		
Stjórn Íslandsstofu	Ólöf Ýrr Atladóttir	Iðnaðarráðuneytið		
	Sigsteinn Páll Grétarsson	Samtök atvinnulífsins		
	Friðrik Pálsson	Samtök atvinnulífsins		
	Eggert Benedikt Guðmundsson	Samtök atvinnulífsins		
	Vilborg Einarsdóttir	Samtök atvinnulífsins		
	Einar Karl Haraldsson	Utanríkisráðuneytið		
	Kolbrún Halldórsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðuneyti		
Verkefnisstjórn Íslandsstofu	Einar Karl Haraldsson, form.	Utanríkisráðuneyti		
	Auður Edda Jökulsdóttir	Utanríkisráðuneyti		
	Jón Ásbergsson	Útflutningsráð		
	Pétur Reimarsson	Samtök atvinnulífsins		
	Árni Gunnarsson	Samtök ferðaþjónustunnar		
	Einar Karl Haraldsson	Forsætisráðuneyti		
	Arnar Guðmundsson	Iðnaðarráðuneyti		
	Karitas H. Gunnarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðuneyti		
Samstarf við Færeyjar	Martin Eyjólfsson	Utanríkisráðuneyti		
	Ólafur Friðriksson	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti		
	Sverrir Jónsson	Fjármálaráðuneyti		
	Anna Jóhannsdóttir	Forsætisráðuneyti		

** Eiga einnig sæti í þróunarsamvinnunefnd sem kosin er af Alþingi, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 121/2008

Auk ofangreindra nefnda hefur utanríkisráðherra, skv. þál. nr. 1/137, skipað aðalsamninganefnd vegna aðildarviðræðna við ESB og tíu samningahópa er fjalla um byggðamál, mál er falla undir EES-samninginn (tveir hópar), innanríkismál, fjárhagsmál, lagamál, landbúnaðarmál, gjaldmiðilsmál, sjávarútvegsmál og utanríkismál. Starfi þeirra er ekki lokið.

255. Fyrirspurn [224. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um skuldaúrræði fyrir einstaklinga.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hve margir einstaklingar hafa fengið lán sín fryst?
2. Hve margir einstaklingar hafa fengið leiðréttingu á höfuðstól lána sinna í bönkum og sparisjóðum og hver er heildarfjárhæð þeirrar skuldalækkunar?
3. Hve margir einstaklingar hafa fengið afskrifaðar skuldir í bönkum og sparisjóðum eftir svo kallaðri 110% leið og hver er heildarfjárhæð þeirra afskrifta?
4. Hve margir einstaklingar hafa fengið sértæka skuldaaðlögun?

Svar óskast sundurliðað eftir stóru viðskiptabönkunum þremur og sparisjóðum í heild.

Skriflegt svar óskast.

256. Fyrirspurn [225. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um staðbundna fjölmiðla.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Er ráðherra reiðbúinn að beita sér fyrir því að skipaður verði starfshópur sem taki út stöðu staðbundinna fjölmiðla og leggi fram tillögur að bættu rekstrarumhverfi þeirra?

257. Fyrirspurn [226. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um rafbyssur í lögreglustarfi.

Frá Auði Lilju Erlingsdóttur.

1. Hefur ráðherra borist greinargerð um úttekt á svokölluðum rafbyssum sem fram kom í svari á 135. löggjafarþingi (þskj. 533) að ríkislögreglustjóri mundi senda ráðherra og ef svo er, hver er staða málsins?
2. Hver er afstaða ráðherra til þess að lögreglan taki í notkun slík tæki, í ljósi þess að þau gefa frá sér 50.000 volta rafstraum og valda miklum sársauka, auk þess sem þekkt er að slíkur rafstraumur truflar vöðva- og taugastarfsemi?
3. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi vopnaburð íslenskra lögreglumanna?

Skriflegt svar óskast.

258. Tillaga til þingsályktunar [227. mál]

um málshöfðun á hendur breska ríkinu fyrir alþjóðlegum dómstól vegna beitingar hryðjuverkalaga.

Flm.: Gunnar Bragi Sveinsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Höskuldur Þórhallsson, Þór Saari, Margrét Tryggvadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins að undirbúa málshöfðun á hendur breska ríkinu fyrir alþjóðlegum dómstól vegna beitingar hryðjuverkalaga gegn íslenska ríkinu og íslenskum fyrirtækjum. Málsóknin verði í fyrsta lagi byggð á því að beiting hryðjuverkalaganna hafi verið tilefnislaus, ekki lögum samkvæmt og hafi skaðað íslenskt orðspor og fjárhagslega hagsmuni þjóðarinnar. Í öðru lagi verði gerð krafa um skaðabætur fyrir það tjón sem ákvörðun breskra stjórnvalda olli íslenska ríkinu og íslenskum fyrirtækjum.

Greinargerð.

Hinn 8. október 2008 beittu bresk stjórnvöld lögum um varnir gegn hryðjuverkum gegn Landsbanka Íslands, frystu eignir bankans og settu þar með Ísland á lista yfir hættulegustu samtök og menn heimsins. Með þeim aðgerðum skilgreindu bresk stjórnvöld Ísland og Íslendinga sem hryðjuverkamenn.

Ekki þarf að fjölyrða um þann orðsporsskaða sem hlaust af ákvörðun breskra stjórnvalda. Á einni nóttu hvarf traust á viðskiptum við Íslendinga og íslensk fyrirtæki sem ríkt hafði í áratugi. Í viðtali við Fréttablaðið 21. október 2008 segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri verslunar og þjónustu: „Fyrirtæki hafa orðið fyrir gríðarlegu tjóni sem ekki er hægt að mæla. Viðskiptasambönd hafa trosnað, greiðslufrestur felldur niður og staðgreiðslu krafist. Ofan á þetta bætist gríðarleg veiking á gengi krónunnar.“ Hann segist sjá fram á hrinu uppsagna í verslun og þjónustu fyrir mánaðamót. „Menn reyna að tóra og hagræða eins og þeir lifandi geta en við óttumst uppsagnahrinu. Spurningin er aðeins hversu stórkostleg hún verður.“

Í grein eftir Magnús Inga Erlingsson sem birt var í Morgunblaðinu 3. nóvember 2008 segir m.a.: „Með beitingu hryðjuverkalaga Breta var traust á stjórnvöldum og íslenskum fyrirtækjum þurrkað út á erlendum vettvangi og viðskipti við landið lömuðust. Hökt hefur verið á gjaldeyrisviðskiptum við landið. Á því tjóni bera bresk stjórnvöld ábyrgð skv. skaðabótareglum Evrópusambandsins og EES-samningsins sem þróast hafa fyrir tilstilli dómafordæma Evrópu- og EFTA-dómstólsins.“

Ljóst má vera að beint og óbeint tjón íslensks atvinnulífs varð gríðarlegt og dýpkaði þannig þá efnahagslegu kreppu sem skollin var á. Margt bendir því til þess að fjárhagslegt tjón íslensku þjóðarinnar og íslenskra fyrirtækja vegna aðgerða bresku ríkisstjórnarinnar sé mikið. Því er eðlilegt að bresk stjórnvöld axli ábyrgð á því tjóni sem ákvörðun þeirra olli og greiði skaðabætur, enda um ólöglega og svívirðilega framkomu að ræða, með tilliti til þess að í ræðu sinni í breska þinginu kl. 12.33 8. október 2008 hélt Alistair Darling því ranglega fram að bankinn Kaupthing Singer & Friedlander (KSF) hefði verið settur í skiptameðferð á síðustu klukkustund þegar hið rétta var að á þessum tíma hafði breska fjármálaeftirlitið (FSA) bannað KSF að taka við nýjum innlánum. Því er ekki ljóst hver er orsök og hvað er afleiðing þegar kemur að atburðarásinni við fall Kaupþings, þ.e. ummæli Darlings í breska þinginu eða bann FSA við því að KSF tæki við nýjum innlánum. Í niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að sýnt sé að atvik þau sem tengdust KSF hafi ráðið úrslitum um fall Kaupþings.

Aðgerðir breskra stjórnvalda í kjölfar falls íslensku bankanna hafa að öllum líkindum leitt til mikils tjóns fyrir íslensku þjóðina. Því er nauðsynlegt að fá staðfest fyrir alþjóðlegum dómstól að beiting hryðjuverkalaganna hafi verið með öllu óviðeigandi og að aðgerðirnar hafi ekki verið málefnalegar og löglegar þar sem aldrei var ljóst að gríðarleg ógn steðjaði að stöðugleika breska fjármálakerfisins, eins og breska ríkið hefur haldið fram. Þá verður varla horft fram hjá orðum breska varnarmálaráðherrans í norskum fjölmiðlum um að beiting hryðjuverkalaganna hafi verið ómakleg og verði líklega ekki notuð aftur með sama hætti. Yfirlýsingu ráðherrans má túlka sem viðurkenningu á því að beiting hryðjuverkalaganna hafi verið vafasöm og jafnvel viðurkenningu á því að íslenska ríkið og íslensk fyrirtæki eigi skaðabótakröfu á bresk stjórnvöld vegna aðgerða þeirra.

Við undirbúning málsóknarinnar er mikilvægt að fá eins nákvæma mynd af tjóninu og hægt er. Eðlilegast væri að lögmenn þeir er sækja mundu málið fyrir Íslands hönd fengju

sérfræðinga til að afla upplýsinga og leggja mat á það tjón sem ákvörðun bresku ríkisstjórnarinnar olli íslensku þjóðinni og fyrirtækjum á Íslandi.

259. Fyrirspurn [228. mál]

til heilbrigðisráðherra um kostnað langveikra sjúklinga af sjúkdómum sínum.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Liggur fyrir greining á mismunandi kostnaði langveikra sjúklinga af sjúkdómum sínum og ef svo er, er opinber aðstoð við langveika sjúklinga í samræmi við þennan kostnað?
2. Tekur opinber aðstoð við langveika sjúklinga tillit til þess hvað þeir búa langt frá þeim stað þar sem þeir fá þjónustu?

Skriflegt svar óskast.

260. Fyrirspurn [229. mál]

til fjármálaráðherra um launakjör heilbrigðisstétta.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Hvaða munur er á launakjörum helstu heilbrigðisstétta, þ.e. lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, á Íslandi og í Noregi?

Skriflegt svar óskast.

261. Fyrirspurn [230. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um undanþágur frá banni við að sprauta hvíttunarefnum í fisk.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Hversu lengi munu matvælayfirvöld veita undanþágur frá banni við að sprauta hvíttunarefnum í fisk við vinnslu?

Skriflegt svar óskast.

262. Fyrirspurn [231. mál]

til umhverfisráðherra um höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Er fyrirhugað að flytja höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins frá Fljótsdalshéraði?

263. Fyrirspurn [232. mál]

til iðnaðarráðherra um orku í jörð í Þingeyjarsýslum.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Hvert er talið vera magn nýtanlegrar orku í jörð í Þingeyjarsýslum samkvæmt vísindalegum niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið annars vegar og hins vegar samkvæmt umhverfismati?

264. Fyrirspurn [233. mál]

til heilbrigðisráðherra um kostnaðargreiningu á spítölum.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Liggur fyrir kostnaðargreining sem sýnir að það kosti ríkissjóð minna að hafa sjúklinga á stórum spítölum en minni?

265. Frumvarp til laga [234. mál]

um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem gerður var í Lúganó 30. október 2007 og kemur í stað samnings um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum sem gerður var í Lúganó 16. september 1988, ásamt þeim þremur bókunum og níu viðaukum sem honum fylgja og teljast óaðskiljanlegur hluti hans.

Samningurinn ásamt bókunum og viðaukum sem honum fylgja er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lúganósamningurinn og þær þrjár bókanir sem honum fylgja skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Dómar, sem hvorki þarf að viðurkenna né fullnægja skv. 61. gr. samningsins, fá ekki réttarverkanir hér á landi.

4. gr.

Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og endurskoðaður Lúganósamningur öðlast gildi að því er Ísland varðar.

5. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 68/1995, um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum

Gerður í Lúganó hinn 30. október 2007.

INNGANGUR

AÐILAR AÐ SAMNINGI ÞESSUM,

SEM ERU STAÐRÁÐNIR í að styrkja á yfirráðasvæðum sínum réttarvernd þeirra manna sem þar eru búsettir,

SEM TELJA að í því skyni sé nauðsynlegt að ákvarða hið alþjóðlega dómsvald dómstóla sinna og að auðvelda viðurkenningu og koma á skjótvirkri málsmeðferð til að tryggja fullnustu á dómum, opinberlega staðfestum skjölum og réttarsáttum,

SEM GERA SÉR GREIN fyrir tengslum sín í milli, sem eru staðfest á sviði efnahagsmála með fríverslunarsamningum milli Evrópubandalagsins og tiltekinna aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu,

SEM HAFA HLIÐSJÓN AF:
- Brusselsamningnum frá 27. september 1968 um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum eins og honum hefur verið breytt með aðildarsamningum eftir því sem Evrópusambandið hefur stækkað,
- Lúganósamningnum frá 16. september 1988 um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum, sem felur í sér að reglum Brusselsamningsins verður beitt í tilteknum aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu,
- reglugerð ráðsins (EB) nr. 44/2001 frá 22. desember 2000 um dómsvald, viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum, sem hefur leyst af hólmi ofangreindan Brusselsamning,
- samningi milli Evrópubandalagsins og konungsríkisins Danmerkur um dómsvald, viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum, sem var undirritaður í Brussel 19. október 2005,

SEM ERU SANNFÆRÐIR um að með því að láta meginreglur reglugerðar (EB) nr. 44/2001 einnig ná til samningsaðilanna muni lagaleg og efnahagsleg samvinna styrkjast,

SEM ÓSKA að tryggja samræmda túlkun á samningi þessum eins og frekast er unnt,

HAFA í þessum anda ÁKVEÐIÐ að gera með sér samning þennan og

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

I. HLUTI
GILDISSVIÐ
1. gr.

1. Samningur þessi gildir um einkamál, þar á meðal verslunarmál, án tillits til þess hvaða dómstóll fer með mál. Hann tekur sér í lagi ekki til skattamála, tollamála og stjórnsýslumála.
2. Samningurinn gildir ekki um:
a) persónulega réttarstöðu manna, rétthæfi eða gerhæfi, fjármál hjóna, bréfarf eða lögarf,
b) gjaldþrot, nauðasamninga eða sambærilega málsmeðferð,
c) almannatryggingar,
d) gerðardóma.
3. Í samningi þessum merkir hugtakið „ríki bundið af þessum samningi“ sérhvert ríki sem er aðili að þessum samningi eða aðildarríki að Evrópubandalaginu. Hugtakið getur einnig þýtt Evrópubandalagið.

II. HLUTI
VARNARÞING
1. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI
2. gr.

1. Með þeim takmörkunum sem greinir í samningi þessum skal lögsækja menn, sem eiga heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, fyrir dómstólum í því ríki, hvert sem ríkisfang þeirra er.

2. Þeir menn sem ekki eru ríkisborgarar í því ríki sem er bundið af þessum samningi, þar sem þeir eiga heimili, skulu lúta sömu varnarþingsreglum og gilda um ríkisborgara þess ríkis.

3. gr.

1. Menn, sem eiga heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, má aðeins lögsækja fyrir dómstólum í öðru ríki, sem er bundið af þessum samningi, samkvæmt þeim reglum sem settar eru í 2.–7. kafla þessa hluta.
2. Sérstaklega má ekki beita reglum um dómsvald ríkja, sem settar eru í viðauka I, gegn þeim.

4. gr.

1. Eigi varnaraðili ekki heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, ákvarða lög hvers ríkis, sem er bundið af þessum samningi, um sig dómsvald dómstóla þess, sbr. þó ákvæði 22. og 23. gr.
2. Gegn varnaraðila, sem þannig er ástatt um, getur hver sá sem á heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, hvert sem ríkisfang hans er, fært sér í nyt í því ríki þær varnarþingsreglur sem þar gilda á sama hátt og ríkisborgarar þess ríkis og sérstaklega þær reglur sem tilgreindar eru í viðauka I.

2. KAFLI
SÉRSTAKAR VARNARÞINGSREGLUR

5. gr.

Mann, sem á heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, má lögsækja í öðru ríki sem er bundið af þessum samningi:

1. a) í málum, sem varða samninga, fyrir dómstóli þess staðar þar sem skuldbindinguna skyldi efna,
   b) í tilviki þessa ákvæðis, nema um annað sé samið, er sá staður þar sem skuldbindingu skal efna:
      – þegar um lausafjárkaup er að ræða, sá staður í ríki, sem er bundið af þessum samningi, þar sem, samkvæmt samningi, hlutur var afhentur eða skyldi afhenda,
      – þegar þjónusta er veitt, sá staður í ríki, sem er bundið af þessum samningi, þar sem, samkvæmt samningi, þjónusta var veitt eða hana skyldi veita,
   c) ef ákvæði b-liðar eiga ekki við, þá skulu ákvæði a-liðar gilda,
2. í málum, sem varða framfærsluskyldu:
   a) fyrir dómstóli þess staðar þar sem sá sem rétt á til framfærslu á heimili eða dvelst að jafnaði, eða
   b) fyrir þeim dómstóli sem samkvæmt lögum sem við hann gilda er bær til að fara með mál varðandi persónulega réttarstöðu manns, ef leysa má úr álitaefni sem tengist framfærsluskyldu í því máli, nema varnarþingið byggist einungis á ríkisfangi eins aðilans, eða
   c) fyrir þeim dómstóli sem, samkvæmt þeim lögum sem við hann gilda, er bær til að fara með mál varðandi foreldraskyldur, ef leysa má úr álitaefni sem tengist framfærsluskyldu í því máli, nema varnarþingið byggist einungis á ríkisfangi eins aðilans,
3. í málum um skaðabætur utan samninga fyrir dómstóli þess staðar þar sem tjónsatburðurinn varð eða getur orðið,

4. þegar krafist er skaðabóta eða þess að fyrra ástandi verði komið á og krafan á rót að rekja til refsiverðs verknaðar, fyrir þeim dómstóli þar sem opinbera málið er til meðferðar, að því tilskildu að dómstóllinn, samkvæmt þeim lögum sem við hann gilda, sé bær til að fara með kröfur einkamálaréttarlegs eðlis,
5. vegna ágreinings, sem stafar af rekstri útibús, umboðsskrifstofu eða annarrar starfsemi, fyrir dómstóli þess staðar þar sem starfsemin er,
6. sem stofnanda, vörslumann eða rétthafa fjárvörslusjóðs, sem stofnaður hefur verið á grundvelli laga eða með skjali eða með munnlegum gerningi sem staðfestur er skriflega, fyrir dómstóli í því ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem sjóðurinn á heimili,
7. vegna ágreinings um greiðslu launa, sem krafist er vegna björgunar í þágu farms eða farmgjalds, fyrir þeim dómstóli þar sem kyrrsetning farmsins eða farmgjaldskröfunnar:
   a) hefur verið gerð til tryggingar á þeirri greiðslu, eða
   b) hefði mátt fara fram en ábyrgð eða önnur trygging hefur verið sett,

   ákvæði þetta á þó einungis við ef því er haldið fram að varnaraðili eigi til réttar að telja í farminum eða farmgjaldskröfunni eða að hann hafi átt til slíks réttar að telja þegar björgun varð.

6. gr.

Mann, sem á heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, má einnig lögsækja:
1. ef hann er einn af mörgum varnaraðilum, fyrir dómstóli þess staðar þar sem einhver þeirra á heimili, svo fremi að kröfurnar séu svo tengdar innbyrðis að æskilegt sé að fara með þær og dæma sameiginlega til að koma í veg fyrir að ósamrýmanlegir dómar verði kveðnir upp ef dæmt væri um hverja þeirra sérstaklega,
2. sem þriðja mann í sakaukamáli eða sem þriðja mann í öðrum málum, fyrir þeim dómstóli þar sem mál er upphaflega höfðað, nema það hafi einungis verið höfðað í því skyni að koma í veg fyrir að hann yrði lögsóttur á réttu varnarþingi sínu,
3. í málum um gagnkröfu, ef hún á rót sína að rekja til sama samnings eða málsatvika og aðalkrafan byggist á, fyrir dómstóli þar sem aðalkrafan er til meðferðar,
4. í málum, sem varða samninga ef málið má sameina máli gegn sama varnaraðila og það varðar réttindi yfir fasteign, fyrir dómstóli í ríki, sem er bundið af þessum samningi, þar sem fasteignin er.

7. gr.

Ef dómstóll í ríki, sem er bundið af þessum samningi, hefur samkvæmt samningi þessum dómsvald í málum um ábyrgð sem stafar af notkun eða rekstri skips hefur sá dómstóll, eða hver sá dómstóll annar sem að lögum þess ríkis kemur í hans stað, einnig dómsvald í málum um takmörkun þessarar ábyrgðar.

3. KAFLI
VARNARÞING Í VÁTRYGGINGARMÁLUM

8. gr.

Í málum um vátryggingar skal ákvarða varnarþing eftir ákvæðum þessa kafla, sbr. þó 4. gr. og 5. tölul. 5. gr.

9. gr.

1. Vátryggjanda, sem á heimili í ríki sem er bundið af þessum samningi, má lögsækja:
   a) fyrir dómstólum í því ríki þar sem hann á heimili, eða
   b) í öðru ríki, sem er bundið af þessum samningi, í þeim tilvikum þegar mál er höfðað af vátryggingartaka, vátryggðum eða öðrum rétthafa, fyrir dómstóli þess staðar þar sem stefnandi á heimili, eða
   c) sé hann samvátryggjandi, fyrir dómstóli í ríki, sem er bundið af þessum samningi, þar sem mál er höfðað gegn aðalvátryggjanda.

2. Nú á vátryggjandi ekki heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, en hefur útibú, umboðsskrifstofu eða aðra starfsemi í ríki, sem er bundið af þessum samningi, og skal þá, í málum sem stafa af rekstri starfseminnar, litið svo á sem hann eigi heimili í því ríki.

10. gr.

Í málum vegna ábyrgðartrygginga eða vátrygginga á fasteignum má einnig lögsækja vátryggjanda fyrir dómstóli þess staðar þar sem tjónsatburðurinn varð. Þetta gildir einnig ef vátryggingarsamningur tekur bæði til fasteignar og lausafjár og hvort tveggja verður fyrir tjóni vegna sama atburðar.

11. gr.

1. Í málum vegna ábyrgðartrygginga má einnig lögsækja vátryggjandann fyrir dómstóli þar sem tjónþoli hefur höfðað mál gegn vátryggðum ef þau lög sem við dómstólinn gilda veita heimild til þess.
2. Ákvæði 8., 9. og 10. gr. gilda um mál sem tjónþoli höfðar beint gegn vátryggjanda þar sem slík bein málssókn er heimil.
3. Nú veita lög um slíka beina málssókn heimild til að draga vátryggingartaka eða vátryggðan inn í málið og hefur sami dómstóll þá einnig dómsvald gagnvart þeim.

12. gr.

1. Vátryggjandi má einungis höfða mál fyrir dómstólum í ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem varnaraðili á heimili, hvort sem hann er vátryggingartaki, vátryggður eða annar rétthafi, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 11. gr.
2. Ákvæði þessa kafla hafa ekki áhrif á rétt til að bera fram gagnkröfu fyrir þeim dómstóli þar sem aðalkrafan er til meðferðar í samræmi við ákvæði þessa kafla.

13. gr.

Frá ákvæðum þessa kafla má aðeins víkja með samningi:
1. ef hann er gerður eftir að ágreiningur er risinn, eða
2. ef hann veitir vátryggingartaka, vátryggðum eða öðrum rétthafa heimild til málshöfðunar fyrir öðrum dómstólum en þeim sem nefndir eru í þessum kafla, eða
3. ef hann er gerður milli vátryggingartaka og vátryggjanda, sem áttu báðir heimili, eða dvöldust að jafnaði í sama ríki, sem er bundið af þessum samningi, þegar samningurinn var gerður, og hann veitir dómstólum þess ríkis dómsvald, jafnvel þótt tjónsatburðurinn kunni að verða erlendis enda sé slíkur samningur ekki andstæður lögum þess ríkis, eða
4. ef hann er gerður við vátryggingartaka sem ekki á heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, nema um sé að ræða vátryggingu sem er lögboðin eða hún varðar fasteign í ríki sem er bundið af þessum samningi, eða

5. ef hann varðar vátryggingarsamning sem tekur til eins eða fleiri áhættuflokka sem nefndir eru í 14. gr.

14. gr.

Í 5. tölul. 13. gr. er vísað til eftirfarandi áhættuflokka:

1. sérhvers tjóns á:
   a) hafskipum, mannvirkjum undan ströndum eða á rúmsjó eða loftförum þegar tjónið á rætur að rekja til atburða sem tengjast notkun þeirra í atvinnuskyni,
   b) vörum í flutningi, nema farangri farþega, þegar flutt er að hluta eða að öllu leyti með slíkum skipum eða loftförum,
2. sérhverrar ábyrgðar, nema vegna líkamstjóns á farþegum eða tjóns á farangri þeirra,
   a) sem á rætur að rekja til notkunar eða reksturs skipa, mannvirkja eða loftfara, sem vísað er til í a-lið 1. tölul., að því leyti, hvað hið síðarnefnda varðar, sem lög þess ríkis sem bundið er af þessum samningi, þar sem loftfarið er skráð, banna ekki samninga um varnarþing í sambandi við vátryggingu gegn slíkri áhættu,
   b) á tjóni sem vörur valda í flutningi sem greinir í b-lið 1. tölul.,
3. sérhvers fjártjóns í tengslum við notkun eða rekstur skipa, mannvirkja eða loftfara sem vísað er til í a-lið 1. tölul., einkum taps á farmgjalds- eða leigutekjum,
4. sérhverrar áhættu sem tengist þeim áhættuflokkum sem nefndir eru í 1.–3. tölul.,
5. mikillar áhættu hvers konar, þrátt fyrir 1.–4. tölul.

4. KAFLI
VARNARÞING Í NEYTENDAMÁLUM

15. gr.

1. Í málum vegna samninga, sem maður, neytandi, gerir í tilgangi sem telja verður að varði ekki atvinnu hans, skal ákvarða varnarþing eftir ákvæðum þessa kafla, sbr. þó 4. gr. og 5. tölul. 5. gr., enda sé um að ræða:
   a) samning um lausafjárkaup með afborgunarskilmálum, eða
   b) samning um lán, sem endurgreiða skal með afborgunum, eða annars konar lánafyrirgreiðslu til að fjármagna kaup á lausafé, eða
   c) í öllum öðrum tilvikum, hafi samningur verið gerður við mann sem stundar verslunar- eða atvinnustarfsemi í ríki, sem er bundið af þessum samningi og þar sem neytandinn á heimili, eða með einhverjum hætti beinir slíkri starfsemi til þess ríkis eða fleiri ríkja, þar á meðal þess ríkis, enda taki samningur til slíkrar starfsemi.

2. Nú á viðsemjandi neytandans ekki heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, en hefur útibú, umboðsskrifstofu eða svipaða starfsemi í ríki, sem er bundið af þessum samningi, og skal þá í ágreiningi, sem stafar af rekstri starfseminnar, litið svo á að aðilinn eigi heimili í því ríki.

3. Kafli þessi gildir ekki um flutningssamninga, nema þeir feli í sér ferðir og gistingu fyrir heildarverð.

16. gr.

1. Neytandi getur höfðað mál gegn hinum samningsaðilanum annaðhvort fyrir dómstólum í því ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem sá aðili á heimili eða fyrir dómstólum þar sem neytandinn á heimili.

2. Hinn samningsaðilinn getur einungis höfðað mál gegn neytandanum fyrir dómstólum í því ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem neytandinn á heimili.
3. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á rétt til að koma að gagnkröfu fyrir dómstóli þar sem aðalkrafan er til meðferðar í samræmi við ákvæði þessa kafla.

17. gr.

Frá ákvæðum þessa kafla má aðeins víkja með samningi:
1. sem gerður er eftir að ágreiningur er risinn, eða
2. sem heimilar neytandanum að höfða mál fyrir öðrum dómstólum en þeim sem getið er um í þessum kafla, eða
3. sem gerður er af neytanda og samningsaðila hans sem áttu báðir heimili eða dvöldust að jafnaði í sama ríki, sem er bundið af þessum samningi, þegar samningurinn var gerður og samningurinn veitir dómstólum þess ríkis dómsvald enda sé slíkur samningur ekki andstæður lögum þess ríkis.

5. KAFLI
VARNARÞING Í VINNUSAMNINGUM EINSTAKRA MANNA

18. gr.

1. Í málum sem varða vinnusamninga einstakra manna skal ákvarða varnarþing eftir ákvæðum þessa kafla, sbr. þó 4. gr. og 5. tölul. 5. gr.
2. Nú gerir launþegi vinnusamning við vinnuveitanda sem á ekki heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, en hefur útibú, umboðsskrifstofu eða svipaða starfsemi í ríki, sem er bundið af þessum samningi, og skal þá, vegna ágreinings sem stafar af rekstri útibúsins, umboðsskrifstofunnar eða starfseminnar, líta svo á að vinnuveitandinn eigi heimili í því ríki.

19. gr.

Heimilt er að höfða mál gegn vinnuveitanda sem á heimili í ríki sem er bundið af þessum samningi:
1. fyrir dómstólum í því ríki þar sem hann á heimili, eða
2. í öðru ríki sem er bundið af þessum samningi:
   a) fyrir dómstólum þar sem launþeginn starfar að jafnaði eða fyrir dómstólum þess staðar þar sem hann starfaði síðast, eða
   b) ef launþeginn starfar eða starfaði að jafnaði ekki í einu tilteknu landi, fyrir dómstólum þess staðar þar sem starfsemin, sem launþeginn var ráðinn til, er eða var.

20. gr.

1. Vinnuveitandi má einungis höfða mál gegn launþega fyrir dómstólum í ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem launþegi á heimili.
2. Ákvæði þessa kafla hafa ekki áhrif á rétt til að koma að gagnkröfu fyrir dómstóli þar sem aðalkrafan er til meðferðar í samræmi við ákvæði þessa kafla.

21. gr.

Frá ákvæðum þessa kafla má aðeins víkja með samningi um varnarþing:
1. sem gerður er eftir að ágreiningur er risinn, eða
2. sem heimilar launþeganum að höfða mál fyrir öðrum dómstólum en þeim sem getið er um í þessum kafla.

6. KAFLI
SKYLDUVARNARÞING
22. gr.

Eftirgreindir dómstólar hafa einir dómsvald, án tillits til heimilis:

1. í málum um réttindi yfir fasteign eða leigu fasteignar, dómstólar í því ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem fasteignin er.

   Í málum um fasteignaleigusamninga, sem gerðir eru um tímabundin persónuleg afnot til allt að sex mánaða óslitið, skulu dómstólar í því ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem varnaraðili á heimili þó einnig hafa dómsvald, enda sé leigutaki persóna og bæði leigutaki og leigusali eigi heimili í sama ríki sem er bundið af þessum samningi,
2. í málum um gildi stofnskrár félaga, ógildi þeirra eða slit eða annarra lögpersóna eða samtaka manna eða lögpersóna eða um gildi ákvarðana fyrirsvarsaðila þeirra, dómstólar í því ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem félagið, lögpersónan eða samtökin hafa aðsetur. Við ákvörðun á aðsetri skal dómstóllinn beita þeim lagaskilareglum sem við hann gilda,
3. í málum um gildi skráninga í opinberar skrár, dómstólar í því ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem skráin er haldin,
4. í málum sem varða skráningu eða gildi einkaleyfa, vörumerkja, mynstra eða annarra svipaðra réttinda sem tilkynna þarf eða skrá, hvort heldur ágreiningsefnið er haft uppi til sóknar eða varnar, dómstólar í því ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem tilkynning eða beiðni um skráningu hefur verið lögð fram, hefur farið fram eða er talin hafa farið fram samkvæmt gerningi Evrópubandalagsins eða ákvæðum alþjóðasamnings.

   Að öðru leyti en því, sem greinir um lögsögu Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar samkvæmt samningi um veitingu evrópskra einkaleyfa sem undirritaður var í München 5. október 1973, skulu dómstólar allra ríkja, sem eru bundin af þessum samningi, einir hafa dómsvald, án tillits til heimilis, í málum um skráningu eða gildi evrópsks einkaleyfis hvort heldur ágreiningsefnið er haft uppi til sóknar eða varnar,
5. í málum um fullnustu dóma, dómstólar í því ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem fullnusta hefur farið fram eða skal fara fram.

7. KAFLI
SAMNINGAR UM VARNARÞING
23. gr.

1. Nú hafa aðilar samið um að dómstóll eða dómstólar í ríki, sem er bundið af þessum samningi, skuli hafa dómsvald um ágreining sem þegar er risinn eða um ágreining sem kann að rísa í tengslum við tiltekin lögskipti þeirra og að minnsta kosti annar þeirra eða einn þeirra á heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, og skal þá sá dómstóll eða þeir dómstólar hafa dómsvald. Slíkt dómsvald útilokar dómsvald annarra dómstóla nema málsaðilar hafi samið um annað fyrirkomulag. Slíkur samningur um varnarþing skal vera:

a) skriflegur eða munnlegur og staðfestur skriflega, eða
b) í formi sem er í samræmi við venjur sem aðilar hafa komið á sín í milli, eða
c) í milliríkjaviðskiptum, í formi sem er í samræmi við viðskiptavenjur sem aðilunum voru eða áttu að hafa verið kunnar og eru almennt þekktar og farið er almennt eftir af aðilum samninga af þeirri gerð á því viðskiptasviði sem um er að ræða.

2. Sérhver rafræn samskipti sem veita varanlega skráningu á samningnum skulu vera jafngild „skriflega“.

3. Hafi slíkt samkomulag verið gert milli aðila og hvorugur eða enginn þeirra á heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, geta dómstólar í öðrum ríkjum, sem eru bundin af þessum samningi, ekki skorið úr málinu nema sá dómstóll eða þeir dómstólar, sem samið hefur verið um, hafi vísað máli frá dómi vegna rangs varnarþings.
4. Dómstóll sá eða dómstólar í ríki, sem er bundið af þessum samningi, sem veitt hefur verið dómsvald með skjali sem stofnar fjárvörslusjóð, hafa einir dómsvald í málum gegn stofnanda, vörslumanni eða rétthafa ef mál snýst um lögskipti þessara aðila eða um réttindi þeirra eða skyldur samkvæmt reglum sjóðsins.
5. Samningar um varnarþing eða slík ákvæði í skjali, sem stofnar fjárvörslusjóð, hafa ekki gildi ef þau fara gegn ákvæðum 13., 17. eða 21. gr. eða ef þau útiloka dómsvald þeirra dómstóla sem einir skulu hafa það samkvæmt 22. gr.

24. gr.

Enda þótt önnur ákvæði samnings þessa veiti dómstóli í ríki, sem er bundið af þessum samningi, ekki dómsvald hefur hann dómsvald ef varnaraðili sækir dómþing fyrir honum. Þetta gildir þó ekki ef þing er sótt til að mótmæla varnarþingi eða ef annar dómstóll hefur einn dómsvald samkvæmt 22. gr.

7. KAFLI
KÖNNUN Á VARNARÞINGI OG ÞVÍ HVORT MÁL SÉ TÆKT TIL MEÐFERÐAR

25. gr.

Nú er dómstóli í ríki, sem er bundið af þessum samningi, falið að skera úr ágreiningi sem í aðalatriðum varðar málefni sem dómstólar í öðru ríki, sem er bundið af þessum samningi, hafa einir dómsvald um samkvæmt 22. gr. og skal hann þá sjálfkrafa vísa máli frá dómi.

26. gr.

1. Nú er maður, sem á heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, lögsóttur fyrir dómstóli í öðru ríki, sem er bundið af þessum samningi, og sækir þar ekki dómþing og skal dómstóllinn þá sjálfkrafa vísa máli frá dómi nema hann hafi dómsvald samkvæmt ákvæðum samnings þessa.
2. Dómstóllinn skal fresta meðferð málsins þar til sýnt er fram á að varnaraðilinn hafi átt kost á að taka á móti stefnu eða samsvarandi skjali svo tímanlega að hann hefði getað undirbúið vörn sína eða að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar í því skyni.
3. Ákvæði 15. gr. Haagsamningsins frá 15. nóvember 1965 um birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum eða verslunarmálum koma í stað ákvæða 2. mgr. ef senda skal stefnu eða samsvarandi skjal um málshöfðun samkvæmt þeim samningi.
4. Aðildarríki Evrópubandalagsins, sem eru bundin af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1348/2000 frá 29. maí 2000 eða samningi milli Evrópubandalagsins og konungsríkisins Danmerkur um birtingu á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum eða verslunarmálum, sem var undirritaður í Brussel 19. október 2005, skulu, í samskiptum sín á milli, beita ákvæðum 19. gr. þeirrar reglugerðar ef senda skal stefnu eða samsvarandi skjal um málshöfðun samkvæmt þeirri reglugerð og þeim samningi.

9. KAFLI
„LITIS PENDENS“ OG SKYLDAR KRÖFUR

27. gr.

1. Ef krafa, byggð á sömu málsástæðum og milli sömu aðila, er gerð fyrir dómstólum í tveimur eða fleiri ríkjum, sem eru bundin af þessum samningi, skal hver dómstóll, annar en sá sem mál er fyrst höfðað fyrir, sjálfkrafa fresta meðferð þess þar til fyrir liggur að sá dómstóll hafi dómsvald í málinu.
2. Þegar fyrir liggur að sá dómstóll sem mál er fyrst höfðað fyrir hafi dómsvald skulu aðrir dómstólar vísa málinu frá dómi í þágu hans.

28. gr.

1. Ef skyldar kröfur eru gerðar fyrir dómstólum í tveimur eða fleiri ríkjum sem eru bundin af þessum samningi getur hver dómstóll, annar en sá sem mál er fyrst höfðað fyrir, frestað málsmeðferð sinni.
2. Ef skyldar kröfur eru gerðar á fyrsta dómstigi, getur hvaða dómstóll sem er, annar en sá sem málið var fyrst höfðað fyrir, vísað málinu frá samkvæmt kröfu einhvers málsaðilans, ef sá dómstóll sem mál er fyrst höfðað fyrir hefur dómsvald um kröfurnar og lög, sem gilda við þann dómstól, heimila að skyldar kröfur séu sóttar sameiginlega.
3. Með skyldum kröfum er í grein þessari átt við kröfur sem eru svo tengdar innbyrðis að æskilegt er að fara með þær og dæma sameiginlega til að koma í veg fyrir að ósamrýmanlegir dómar verði kveðnir upp ef dæmt er um hverja þeirra sérstaklega.

29. gr.

Ef fleiri dómstólar en einn eiga hver um sig einir dómsvald um kröfu skulu allir dómstólar, aðrir en sá sem mál er fyrst höfðað fyrir, vísa máli frá dómi í þágu þess dómstóls.

30. gr.

Samkvæmt þessum kafla telst mál höfðað fyrir dómstóli:

1. þegar stefna, eða samsvarandi skjal um málshöfðun, hefur verið lögð fram fyrir dómi, svo fremi að stefnandi hafi ekki í kjölfarið látið hjá líða að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til þess að láta birta stefnuna fyrir stefnda,
2. ef nauðsynlegt er að birta stefnu áður en hún er lögð fram fyrir dómi, frá þeim tíma þegar sá sem hefur heimild til að birta stefnu tekur við henni, svo fremi að stefnandi hafi ekki í kjölfarið látið hjá líða að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að leggja stefnu fram fyrir dómi.

10. KAFLI
BRÁÐABIRGÐAÚRRÆÐI, ÞAR MEÐ TALIN TRYGGINGARÚRRÆÐI

31. gr.

Leita má til dómstóla í ríki, sem er bundið af þessum samningi, um að beita réttarúrræðum til bráðabirgða, þar með talin tryggingarúrræði, sem lög þess ríkis kunna að heimila, enda þótt dómstólar í öðru ríki, sem er bundið af þessum samningi, hafi dómsvald um efni málsins samkvæmt samningi þessum.

III. HLUTI
VIÐURKENNING OG FULLNUSTA

32. gr.

Í samningi þessum merkir „dómur“ sérhverja ákvörðun um málsúrslit, sem tekin er af dómstóli í ríki, sem er bundið af þessum samningi, hverju nafni sem hún nefnist, svo sem dóm, úrskurð eða ákvörðun um fullnustu, svo og ákvörðun réttarritara um málskostnað.

1. KAFLI
VIÐURKENNING

33. gr.

1. Dómur, sem kveðinn hefur verið upp í ríki sem er bundið af þessum samningi, skal viðurkenndur í öðrum ríkjum, sem eru bundin af þessum samningi, án þess að nokkurrar sérstakrar málsmeðferðar sé þörf.
2. Ef ágreiningur rís um það hvort dómur skuli viðurkenndur getur hver sá aðili sem hagsmuna hefur að gæta óskað, samkvæmt þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. og 3. kafla þessa hluta, ákvörðunar um að dómurinn skuli viðurkenndur.
3. Ef viðurkenningin hefur þýðingu fyrir úrslit máls sem rekið er fyrir dómstóli í ríki, sem er bundið af þessum samningi, og aðili ber hana fyrir sig hefur sá dómstóll dómsvald um viðurkenningarkröfuna.

34. gr.

Dómur skal ekki viðurkenndur:

1. ef viðurkenning hans væri bersýnilega andstæð allsherjarreglu í því ríki þar sem hennar er krafist,
2. ef hann er útivistardómur og varnaraðila var ekki birt stefna eða samsvarandi skjal svo tímanlega og með þeim hætti að hann gæti undirbúið vörn sína, nema stefndi hafi látið hjá líða að hefja mál til að hnekkja dóminum þegar hann átti þess kost,
3. ef hann er ósamrýmanlegur dómi sem kveðinn hefur verið upp í máli milli sömu aðila í ríki því þar sem viðurkenningar er krafist,
4. ef hann er ósamrýmanlegur dómi, sem áður hefur verið kveðinn upp í öðru ríki, sem er bundið af þessum samningi, eða í þriðja ríki um sama sakarefni og milli sömu aðila, enda fullnægi fyrri dómurinn skilyrðum til viðurkenningar í því ríki þar sem viðurkenningar er krafist.

35. gr.

1. Dómur skal enn fremur ekki viðurkenndur ef hann brýtur gegn ákvæðum 3., 4. eða 6. kafla II. hluta eða ef um er að ræða tilvik sem fjallað er um í 68. gr. Auk þess má synja um viðurkenningu dóms ef um er að ræða tilvik sem fjallað er um í 3. mgr. 64. gr. eða 4. mgr. 67. gr.
2. Við könnun á varnarþingsreglum þeim sem vísað er til í 1. mgr. er dómstóll sá eða yfirvald það sem viðurkenningarkrafan er sett fram við bundið þeim niðurstöðum um málsatvik sem dómstóll upphafsríkisins byggði dómsvald sitt á.
3. Dómsvald dómstólsins í dómsríkinu verður ekki endurskoðað að öðru leyti en greinir í 1. mgr. Áskilnaður sá sem vísað er til í 1. tölul. 34. gr. um samræmi við allsherjarreglu tekur ekki til varnarþingsreglna.

36. gr.

Erlendan dóm má aldrei endurskoða að efni til.

37. gr.

1. Ef krafist hefur verið viðurkenningar fyrir dómstóli í ríki, sem er bundið af þessum samningi, á dómi kveðnum upp í öðru ríki, sem er bundið af þessum samningi, má dómstóllinn fresta málinu ef dómurinn hefur sætt málskoti með venjulegum hætti.
2. Ef krafist hefur verið viðurkenningar fyrir dómstóli í ríki, sem er bundið af þessum samningi, á dómi kveðnum upp á Írlandi eða í Breska konungsríkinu má dómstóllinn fresta málinu ef fullnustu hefur verið frestað í dómsríkinu vegna málskots.

2. KAFLI
FULLNUSTA

38. gr.

1. Dómi, sem kveðinn hefur verið upp í ríki, sem er bundið af þessum samningi, og fullnægja má í því ríki, skal fullnægja í öðru ríki, sem er bundið af þessum samningi, þegar hann, að beiðni rétts aðila, hefur verið lýstur fullnustuhæfur þar.
2. Í Breska konungsríkinu skal þó fullnægja slíkum dómi í Englandi og Wales, í Skotlandi eða á Norður-Írlandi þegar hann, að beiðni rétts aðila, hefur verið skráður fullnustuhæfur í þeim hluta Breska konungsríkisins.

39. gr.

1. Beiðnina skal leggja fram til þess dómstóls eða valdbærs stjórnvalds sem er talið upp í listanum í viðauka II.
2. Heimili þess, sem fullnustu er krafist hjá, eða sá staður þar sem fullnustu er krafist, ræður því hver dómstóll fer með mál.

40. gr.

1. Með beiðnina skal fara samkvæmt lögum þess ríkis þar sem fullnustu er krafist.
2. Beiðandi skal tilgreina réttarfarslegt aðsetur í umdæmi þess dómstóls sem beiðni er beint til. Ef lög þess ríkis þar sem fullnustu er krafist mæla ekki fyrir um slíkt aðsetur skal beiðandi tilnefna málflutningsumboðsmann.
3. Skjöl þau sem í 53. gr. getur skulu fylgja beiðni.

41. gr.

Dómur skal lýstur aðfararhæfur um leið og formskilyrði 53. gr. hafa verið uppfyllt, án þess að hann sé endurskoðaður samkvæmt 34. og 35. gr. Á þessu stigi málsins skal þeim aðila sem fullnustu er krafist hjá ekki veitt færi á að gera athugasemdir við beiðnina.

42. gr.

1. Gera skal beiðanda samstundis kunnugt um afdrif ákvörðunar um beiðni um fullnustuhæfi í samræmi við réttarfarsreglur í því ríki sem fullnustu er leitað.
2. Yfirlýsingu um að dómur sé fullnustuhæfur skal birta fyrir þeim aðila sem fullnustu er krafist hjá, ásamt dóminum sjálfum, ef hann hefur ekki þegar verið birtur aðilanum.

43. gr.

1. Málsaðilum er báðum heimilt að bera undir dóm ákvörðun í tilefni af beiðni um yfirlýsingu um fullnustuhæfi eða fá hana endurupptekna.
2. Málskoti eða ósk um endurupptöku skal beina til þess dómstóls sem nefndur er í viðauka III.
3. Um málskot eða ósk um endurupptöku fer samkvæmt reglum um réttarfar í umþrættum einkamálum.
4. Ef sá aðili, sem fullnustu er leitað hjá, mætir ekki fyrir dómi þegar krafa beiðanda um málskot er tekin fyrir, gilda ákvæði 2. og 4. mgr. 26. gr. þrátt fyrir að sá aðili sem fullnustu er leitað hjá eigi ekki heimili í neinu ríki sem er bundið af þessum samningi.
5. Bera má ákvörðun um fullnustuhæfi undir dóm innan mánaðar frá birtingu hennar. Ef sá aðili sem fullnustu er leitað hjá á heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, öðru en því þar sem fullnustuheimild var veitt, er frestur til málskots eða endurupptöku tveir mánuðir talið frá þeim degi er birting fór fram, annaðhvort fyrir honum sjálfum eða á heimili hans. Frest þennan má ekki lengja vegna mikillar fjarlægðar.

44. gr.

Niðurstöðu málskots eða endurupptöku verður aðeins hnekkt með málskoti sem vísað er til í viðauka IV.

45. gr.

1. Dómstóll sem tekur fyrir málskot eða beiðni um endurupptöku samkvæmt 43. eða 44. gr. skal synja eða fella úr gildi yfirlýsingu um fullnustuhæfi einungis á þeim grundvelli sem tilgreindur er í 34. og 35. gr. Skal ákvörðun dómstólsins liggja fyrir án tafar.
2. Hinn erlenda dóm má aldrei endurskoða að efni til.

46. gr.

1. Dómstóll sá sem máli er skotið til samkvæmt 43. eða 44. gr. getur að kröfu þess sem fullnustu er krafist hjá frestað máli ef dóminum hefur verið skotið til æðra dóms á venjulegan hátt í dómsríkinu eða endurupptöku er krafist þar eða ef frestur til þessa er enn ekki liðinn. Í síðargreinda tilvikinu getur dómstóllinn ákveðið frest til að koma fram málskoti eða leggja fram kröfu um endurupptöku.
2. Hafi dómur verið kveðinn upp á Írlandi eða í Breska konungsríkinu skal litið á hvert það málskot, sem heimilað er í dómsríkinu, sem venjulegt málskot í merkingu 1. mgr.
3. Dómstóllinn getur einnig áskilið um fullnustu að sett verði trygging sem dómstóllinn ákvarðar.

47. gr.

1. Þegar viðurkenna ber dóm samkvæmt þessum samningi skal ekki koma í veg fyrir að beiðandi notfæri sér réttarúrræði til bráðabirgða, þar með talin tryggingarúrræði, í samræmi við lög þess ríkis sem um ræðir, án þess að krafist sé yfirlýsingar um fullnustuhæfi samkvæmt 41. gr.
2. Yfirlýsing um fullnustuhæfi felur í sér rétt til að beita hvaða tryggingarráðstöfunum sem er.
3. Meðan frestur til málskots samkvæmt 5. mgr. 43. gr. um ákvörðun um fullnustuhæfi er ekki liðinn og þar til niðurstaða af slíku málskoti liggur fyrir má ekki gera aðrar ráðstafanir

til fullnustu en þær sem miða að því að tryggja fullnustu í eignum þess aðila sem fullnustu er krafist hjá.

48. gr.

1. Nú hefur í erlendum dómi verið tekin afstaða til margra krafna og ekki er unnt að heimila fullnustu þeirra allra og skal þá dómstóllinn eða valdbært stjórnvald heimila fullnustu einnar þeirra eða fleiri.
2. Beiðandinn getur krafist yfirlýsingar um fullnustuhæfi dóms að hluta til.

49. gr.

Hafi erlendur dómur mælt fyrir um févíti verður honum aðeins fullnægt í því ríki þar sem fullnustu er krafist ef fjárhæð févítisins hefur verið endanlega ákveðin af dómstólum í dómsríkinu.

50. gr.

1. Ef sá sem fullnustu krefst hefur í dómsríkinu, að öllu leyti eða að hluta, notið að lögum fjárhagslegrar aðstoðar við málarekstur eða verið undanþeginn kostnaði eða gjöldum skal hann við þá málsmeðferð sem í þessum kafla getur njóta allrar þeirrar aðstoðar eða undanþágna frá kostnaði eða gjöldum sem framast eru veittar með lögum í því ríki þar sem fullnustu er krafist.
2. Þó getur sá sem krefst fullnustu á úrskurði um framfærsluskyldu, sem stjórnvald í Danmörku, Íslandi eða Noregi hefur kveðið upp, nýtt sér í því ríki þar sem fullnustu er krafist það hagræði sem í 1. mgr. segir, ef hann leggur fram yfirlýsingu frá danska, íslenska eða norska dómsmálaráðuneytinu, eftir því sem við á, um að hann fullnægi efnahagslegum skilyrðum til fjárhagslegrar aðstoðar, að öllu leyti eða að hluta, eða til undanþágu frá kostnaði eða gjöldum.

51. gr.

Aðili, sem krefst fullnustu í ríki, sem er bundið af þessum samningi, á dómi sem upp hefur verið kveðinn í öðru ríki, sem er bundið af þessum samningi, verður ekki krafinn um neins konar tryggingu eða framlag á þeim forsendum að hann sé erlendur ríkisborgari eða að hann eigi ekki heimili eða dvöl í því ríki þar sem fullnustu er krafist.

52. gr.

Engan skatt, gjald eða þóknun, sem reiknast með hliðsjón af verðmæti þeirra hagsmuna sem í húfi eru, má leggja á í tengslum við meðferð yfirlýsingar um fullnustuhæfi í því ríki þar sem fullnustu er krafist.

3. KAFLI
SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

53. gr.

1. Aðili, sem krefst viðurkenningar eða yfirlýsingar um fullnustuhæfi á dómi, skal leggja fram endurrit dóms sem fullnægir nauðsynlegum skilyrðum til að sanna gildi hans.
2. Aðili, sem krefst yfirlýsingar um fullnustuhæfi á dómi, skal einnig leggja fram vottorð það sem vísað er til í 54. gr., sbr. þó 55. gr.

54. gr.

Dómstóll eða valdbært stjórnvald í ríki, sem er bundið af þessum samningi og þar sem úrlausn var fengin, skal, eftir kröfu þess sem á hagsmuna að gæta, gefa út vottorð og til þess nota staðlaða eyðublaðið í viðauka V.

55. gr.

1. Hafi skjalið, sem tilgreint er í 54. gr., ekki verið lagt fram getur dómstóllinn eða valdbært stjórnvald sett frest til framlagningar þess, tekið samsvarandi skjal gilt eða, ef dómstóllinn telur mál nægilega upplýst, fallið frá kröfu um framlagningu þess.
2. Ef dómstóllinn eða valdbært stjórnvald krefst þess skal leggja fram þýðingu á skjölunum. Skal þýðingin staðfest af manni sem til þess er bær í einhverju ríkjanna sem er bundið af þessum samningi.

56. gr.

Ekki verður krafist löggildingar eða svipaðra formsatriða að því er varðar skjöl þau sem fjallað er um í 53. gr. eða 2. mgr. 55. gr., né að því er varðar málflutningsumboð.

IV. HLUTI

OPINBERLEGA STAÐFEST SKJÖL OG RÉTTARSÁTTIR

57. gr.

1. Opinberlega staðfest skjal, sem gefið hefur verið út og fullnustuhæft er í ríki sem er bundið af þessum samningi, skal samkvæmt beiðni lýsa fullnustuhæft í öðru ríki, sem er bundið af þessum samningi, samkvæmt þeim reglum sem greinir í 38. gr. og eftirfarandi greinum. Dómstóll, sem tekur fyrir málskot eða beiðni um endurupptöku samkvæmt 43. eða 44. gr., skal einungis synja eða fella úr gildi yfirlýsingu um að dómur sé fullnustuhæfur ef fullnusta skjalsins væri bersýnilega andstæð allsherjarreglu í ríki því sem beiðni er beint til.
2. Einnig skal líta á ráðstafanir stjórnvalda vegna framfærsluskyldu eða staðfestingar stjórnvalda á þeim sem opinberlega staðfest skjöl í skilningi 1. mgr.
3. Skjalið skal fullnægja þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að sanna að það sé opinberlega staðfest skjal í ríki því sem það var gefið út í.
4. Ákvæðin í 3. kafla III. hluta gilda eftir því sem við á. Valdbært stjórnvald í ríki, sem er bundið af þessum samningi og þar sem skjal var opinberlega staðfest og gefið út, skal gefa út vottorð, eftir kröfu þess sem hefur hagsmuna að gæta, og til þess nota staðlaða eyðublaðið í viðauka VI.

58. gr.

Sátt, sem gerð hefur verið fyrir dómstóli við meðferð máls og er fullnustuhæf í ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem hún var gerð, má fullnægja í því ríki þar sem fullnustu er krafist með sömu skilyrðum og gilda um opinberlega staðfest skjöl. Dómstóll eða valdbært stjórnvald í ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem réttarsátt var staðfest skal gefa út vottorð, eftir kröfu þess sem hefur hagsmuna að gæta, og til þess nota staðlaða eyðublaðið í viðauka V.

V. HLUTI
ALMENN ÁKVÆÐI

59. gr.

1. Þegar ákvarða skal hvort aðili eigi heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi og þar sem mál hefur verið höfðað, skal dómstóllinn beita þeim lögum sem við hann gilda.
2. Ef aðili á ekki heimili í því ríki þar sem mál hefur verið höfðað skal dómstóllinn, þegar hann tekur afstöðu til þess hvort aðilinn eigi heimili í öðru ríki sem er bundið af þessum samningi, beita lögum þess ríkis.

60. gr.

1. Þegar beitt er ákvæðum samnings þessa skal telja heimili félags, annarrar lögpersónu eða samtaka manna eða lögpersóna þar sem:
a) aðsetur þeirra er, eða
b) höfuðstöðvar þeirra eru, eða
c) meginstarfsemi þeirra fer fram.
2. Í tilviki Breska konungsríkisins og Írlands merkir „aðsetur“ skráða skrifstofu eða, ef um enga slíka skrifstofu er að ræða neins staðar, þann stað þar sem aðili er stofnaður sem lögpersóna, eða, ef um engan slíkan stað er að ræða neins staðar, þann stað þar sem viðkomandi aðili varð til eftir þeim lögum sem þar gilda.
3. Þegar ákvarða skal hvort fjárvörslusjóður eigi heimili í ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem mál hefur verið höfðað skal dómstóllinn beita þeim lagaskilareglum sem við hann gilda.

61. gr.

Án þess að raskað sé gildi ákvæða í landslögum, sem betri rétt veita, geta þeir sem eiga heimili í ríki, sem er bundið af þessum samningi, og sæta málshöfðun vegna brots, sem framið var af gáleysi, valið sér, fyrir sakadómi í öðru ríki sem er bundið af þessum samningi og þar sem þeir eru ekki ríkisborgarar, löghæfan mann til að annast vörn sína, einnig þótt þeir mæti ekki sjálfir fyrir dómi. Dómstóll sá, sem með málið fer, getur þó ákveðið að viðkomandi skuli sjálfur koma fyrir dóm; komi hann ekki fyrir dóm þarf hvorki að viðurkenna né fullnægja dómi í öðrum ríkjum, sem eru bundin af þessum samningi, að því er tekur til kröfu einkamálaréttarlegs eðlis ef hann átti þess ekki kost að taka til varna í málinu.

62. gr.

Í samningi þessum merkir hugtakið „dómstóll“ yfirvald sem hefur verið falið dómsvald af ríki, sem er bundið af þessum samningi, í málum sem falla undir gildissvið þessa samnings.

VI. HLUTI
BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

63. gr.

1. Þessum samningi skal einungis beita um dómsmál sem höfðuð eru og um opinberlega staðfest skjöl sem gefin eru út eftir að samningurinn öðlast gildi í dómsríkinu og þegar krafist er viðurkenningar eða fullnustu á dómi eða opinberlega staðfestu skjali, í því ríki sem beiðni er beint til.

2. Þó skulu dómar, sem kveðnir eru upp eftir að samningur þessi öðlast gildi, en þar sem mál í dómsríkinu var höfðað fyrir gildistöku þessa samnings, vera viðurkenndir og þeim fullnægt samkvæmt ákvæðum III. hluta:

a) ef málið í dómsríkinu var höfðað eftir að Lúganósamningurinn frá 16. september 1988 tók gildi bæði í dómsríkinu og í því ríki sem beiðni er beint til,
b) í öllum öðrum tilvikum, ef dómsvald dómstólsins byggðist á hliðstæðum reglum og eru í II. hluta samnings þessa eða samningi sem var í gildi milli dómsríkisins og þess ríkis sem beiðni er beint til þegar málið var höfðað.

VII. HLUTI
AFSTAÐA TIL REGLUGERÐAR RÁÐSINS (EB) NR. 44/2001 OG ANNARRA SAMNINGA

64. gr.

1. Samningur þessi hindrar ekki að aðildarríki Evrópubandalagsins beiti reglugerð ráðsins (EB) nr. 44/2001 um dómsvald, viðurkenningu og um fullnustu dóma í einkamálum, með síðari breytingum, samningi um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum, sem undirritaður var í Brussel 27. september 1968, eða bókun um túlkun dómstóls Evrópubandalaganna á þeim samningi, sem undirrituð var í Lúxemborg 3. júní 1971, eins og þeim hefur verið breytt með aðildarsamningum ríkja Evrópubandalaganna að þeim samningi og bókun, auk samnings milli Evrópubandalagsins og konungsríkisins Danmerkur um dómsvald, viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem var undirritaður í Brussel 19. október 2005.
2. Samningi þessum skal þó ávallt beita:

a) við úrlausn um dómsvald ef varnaraðili á heimili í ríki þar sem þessi samningur gildir, en ekki samningur samkvæmt 1. mgr., eða ef dómstólum í slíku ríki er veitt dómsvald með 22. eða 23. gr. samnings þessa,
b) um „litis pendens“ eða skyldar kröfur, sbr. 27. og 28. gr., þegar mál er höfðað í ríki þar sem samningur þessi gildir, en ekki samningur samkvæmt 1. mgr., og í ríki þar sem samningur þessi gildir auk samnings samkvæmt 1. mgr.,
c) við úrlausn um viðurkenningu og fullnustu þegar annaðhvort dómsríkið eða ríki það sem beiðni er beint til beitir ekki samningi samkvæmt 1. mgr.

3. Auk þeirra ástæðna sem tilgreindar eru í III. hluta má synja um viðurkenningu eða fullnustu ef þær reglur sem dómstóllinn hefur byggt dómsvald sitt á eru aðrar en þær sem af samningi þessum leiðir og krafist er viðurkenningar eða fullnustu hjá aðila sem á heimili í ríki þar sem þessi samningur gildir en ekki samningur samkvæmt 1. mgr., nema dóminn megi ella viðurkenna eða honum megi fullnægja samkvæmt lögum í því ríki sem beiðni er beint til.

65. gr.

Að öðru leyti en því sem leiðir af 2. mgr. 63. gr., 66. gr. og 67. gr. kemur samningur þessi, hvað varðar ríki sem eru bundin af þessum samningi, í stað samninga milli tveggja þeirra eða fleiri sem fjalla um sama efni og þessi samningur. Sér í lagi skal þessi samningur ganga fyrir þeim samningum sem vísað er til í viðauka VII.

66. gr.

1. Samningar þeir sem taldir eru í 65. gr. skulu halda gildi sínu á þeim sviðum sem samningur þessi tekur ekki til.

2. Þeir skulu enn fremur halda gildi sínu um dóma sem kveðnir eru upp og um opinberlega staðfest skjöl sem gefin eru út áður en samningur þessi öðlast gildi.

67. gr.

1. Samningur þessi hefur ekki áhrif á samninga sem binda samningsaðilana og/eða ríkin, sem bundin eru af þessum samningi, og ákvarða dómsvald eða viðurkenningu eða fullnustu dóma á tilteknum sviðum. Þrátt fyrir skyldur, sem leiðir af öðrum samningum milli tiltekinna samningsaðila, kemur þessi samningur ekki í veg fyrir að samningsaðilar geri slíka samninga.
2. Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að dómstóll í ríki, sem er bundið af þessum samningi og samningi um tiltekið efni, taki sér dómsvald samkvæmt þeim samningi enda þótt varnaraðili eigi heimili í öðru ríki sem er bundið af þessum samningi og ekki er aðili að þeim samningi. Dómstóll sá sem mál hefur til meðferðar skal þó ávallt beita ákvæðum 26. gr. samnings þessa.
3. Dómar, sem kveðnir eru upp í ríki, sem er bundið af þessum samningi, af dómstóli, sem dómsvald hefur samkvæmt samningi um tiltekið efni, skulu viðurkenndir og þeim fullnægt í öðrum ríkjum sem eru bundin af þessum samningi í samræmi við ákvæðin í III. hluta samnings þessa.
4. Auk þeirra ástæðna sem tilgreindar eru í III. hluta má synja um viðurkenningu eða fullnustu ef ríki það sem beiðni er beint til er ekki aðili að samningi um tiltekið efni og sá maður sem viðurkenningar eða fullnustu er krafist hjá á heimili í því ríki eða, ef ríkið er aðili að Evrópubandalaginu og vegna samninga sem Evrópubandalagið þyrfti að gera, í einhverju aðildarríkja sinna, nema dóminn megi ella viðurkenna eða honum megi fullnægja samkvæmt lögum í því ríki sem beiðni er beint til.
5. Nú eru bæði dómsríkið og ríki það sem beiðni er beint til aðilar að samningi um tiltekið efni og samningurinn tilgreinir skilyrði fyrir viðurkenningu eða fullnustu dóma og skulu þá þau skilyrði gilda. Ávallt má beita ákvæðum samnings þessa um málsmeðferð til viðurkenningar og fullnustu dóma.

68. gr.

1. Samningur þessi hefur ekki áhrif á samninga sem ríki, sem eru bundin af þessum samningi, gerðu, áður en þessi samningur öðlast gildi, um að viðurkenna ekki dóma, sem kveðnir eru upp í öðrum ríkjum sem eru bundin af þessum samningi, gegn varnaraðilum sem eiga heimili eða dveljast að jafnaði í þriðja ríki ef svo stendur á sem í 4. gr. segir og dóminn mátti einungis byggja á varnarþingsreglu sem tilgreind er í 2. mgr. 3. gr. Þrátt fyrir skyldur, sem leiðir af öðrum samningum milli tiltekinna samningsaðila, kemur þessi samningur ekki í veg fyrir að samningsaðilar geri slíka samninga.
2. Þó má samningsaðili ekki skuldbinda sig gagnvart þriðja ríki til að viðurkenna ekki dóm sem kveðinn er upp í öðru ríki, sem er bundið af þessum samningi, af dómstóli sem byggir dómsvald sitt á því að varnaraðili á eignir í því ríki eða á því að sóknaraðili hefur komið fram aðför í eign sem er í því ríki:
   a) ef málið varðar eignarrétt eða umráðarétt yfir eigninni, miðar að því að öðlast ráðstöfunarrétt yfir henni eða varðar annan ágreining um eignina, eða
   b) ef eignin hefur verið sett til tryggingar kröfu sem málið varðar.

VIII. HLUTI
LOKAÁKVÆÐI

69. gr.

1. Samning þennan skal leggja fram til undirritunar af hálfu Evrópubandalagsins, Danmerkur og ríkja sem eru aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu á þeim tíma sem samningurinn var lagður fram til undirritunar.
2. Samningurinn er háður fullgildingu af hálfu þeirra ríkja sem undirrita hann. Fullgildingarskjölin skal afhenda svissneska sambandsráðinu sem sinnir hlutverki vörsluaðila samningsins.
3. Þegar samningurinn hefur verið fullgiltur mega samningsaðilar senda yfirlýsingar í samræmi við I., II. og III. gr. í bókun nr. 1.
4. Samningurinn öðlast gildi fyrsta dag sjötta mánaðar eftir þann dag þegar Evrópubandalagið og aðildarríki að Fríverslunarsamtökum Evrópu hafa afhent fullgildingarskjöl sín.
5. Samningurinn öðlast gildi gagnvart sérhverjum öðrum samningsaðila fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að hann hefur afhent fullgildingarskjal sitt.
6. Með fyrirvara um 3. mgr. 3. gr. í bókun nr. 2 kemur samningur þessi í stað samnings um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum, sem var gerður í Lúganó 16. september 1988, frá þeim degi sem hann tekur gildi í samræmi við 4. og 5. mgr. hér að framan. Litið verður á allar tilvísanir í Lúganósamninginn frá 1988 í öðrum samningum sem tilvísun til þessa samnings.
7. Að því er varðar sambandið á milli aðildarríkja Evrópubandalagsins og þeirra yfirráðasvæða sem fjallað er um í b-lið 1. mgr. 70. gr. og eru ekki í Evrópu, þá kemur þessi samningur í stað samnings um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum sem var undirritaður í Brussel 27. september 1968, bókunar um túlkun dómstóls Evrópubandalaganna á þeim samningi, sem undirrituð var í Lúxemborg 3. júní 1971, eins og þeim hefur verið breytt með aðildarsamningum ríkja að Evrópubandalögunum að þeim samningi og bókun, hvað þessi yfirráðasvæði varðar í samræmi við 2. mgr. 73. gr., frá þeim degi sem þessi samningur tekur gildi.

70. gr.

1. Þegar samningur þessi hefur öðlast gildi er aðild að honum heimil:
   a) ríkjum sem verða aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu, eftir að samningur þessi er lagður fram til undirritunar, með þeim skilyrðum sem er að finna í 71. gr.,
   b) aðildarríkjum Evrópubandalagsins sem koma fram fyrir hönd tiltekinna yfirráðasvæða utan Evrópu, en eru hluti af yfirráðasvæði þess aðildarríkis eða aðildarríkið er ábyrgt fyrir utanríkismálum þess yfirráðasvæðis samkvæmt skilyrðum 71. gr.,
   c) hvaða annað ríki sem er með þeim skilyrðum sem er að finna í 72. gr.
2. Þau ríki sem vísað er til í 1. mgr. og vilja gerast aðilar að þessum samningi skulu beina umsókn sinni til vörsluaðilans. Umsókninni, ásamt þeim upplýsingum er um getur í 71. og 72. gr., skal fylgja ensk og frönsk þýðing.

71. gr.

1. Hvert það ríki sem vísað er til í a- og b-lið 1. mgr. 70. gr. og vill gerast aðili að þessum samningi:
   a) skal koma til skila þeim upplýsingum sem krafist er til að þessi samningur gildi,
   b) má leggja fram yfirlýsingar í samræmi við I. og III. gr. í bókun nr. 1.

2. Vörsluaðilinn skal senda allar upplýsingar sem hann hefur fengið samkvæmt 1. mgr. til hinna samningsaðilanna áður en aðildarskjal viðkomandi ríkis er afhent til vörslu.

72. gr.

1. Hvert það ríki sem vísað er til í c-lið 1. mgr. 70. gr. og vill gerast aðili að þessum samningi:
   a) skal koma til skila þeim upplýsingum sem krafist er til að þessi samningur gildi,
   b) má leggja fram yfirlýsingar í samræmi við I. og III. gr. í bókun nr. 1, og
   c) skal veita vörsluaðilanum upplýsingar, er varða sérstaklega:
      1) réttarkerfi þess, þar á meðal upplýsingar um skipun dómara og sjálfstæði þeirra,
      2) landsrétt þess varðandi réttarfar í einkamálum og um fullnustu dóma, og
      3) lagaskilareglur þeirra í tengslum við einkamálaréttarfar.
2. Vörsluaðilinn skal senda allar upplýsingar, sem berast samkvæmt 1. mgr., til hinna samningsaðilanna áður en viðkomandi ríki er boðið að gerast aðili að samningnum í samræmi við 3. mgr.
3. Vörsluaðilinn skal því aðeins bjóða viðkomandi ríki aðild ef það hefur fengið einróma samþykki samningsaðilanna, sbr. þó 4. mgr. Samningsaðilarnir skulu kappkosta að ljá samþykki sitt í síðasta lagi innan árs frá því að vörsluaðilinn bauð viðkomandi ríki að gerast aðili.
4. Að því er varðar samskipti þess ríkis sem gerist aðili og þeirra samningsaðila sem ekki hafa andmælt aðild þess öðlast samningurinn gildi fyrir fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að aðildarskjalið er afhent til vörslu.

73. gr.

1. Fullgildingarskjölin skal afhenda vörsluaðilanum til vörslu.
2. Í tilviki ríkis, sem gerist aðili að samningnum samkvæmt 70. gr., tekur samningurinn gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjalið er afhent til vörslu. Frá þeim tíma skal viðkomandi ríki talið vera aðili að þessum samningi.
3. Sérhver samningsaðili má senda vörsluaðilanum texta þessa samnings á tungumáli eða tungumálum viðkomandi samningsaðila og skal textinn talinn jafngildur öðrum textum, ef aðilar að þessum samningi komast að samkomulagi um slíkt í samræmi við 4. gr. í bókun nr. 2.

74. gr.

1. Samningur þessi er ótímabundinn.
2. Sérhver samningsaðili getur, hvenær sem er, sagt samningnum upp með tilkynningu til vörsluaðilans.
3. Uppsögnin öðlast gildi við lok þess almanaksárs þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim degi er vörsluaðilinn veitti tilkynningu um uppsögn viðtöku.

75. gr.

Eftirfarandi bókanir og viðaukar fylgja samningnum:
- bókun nr. 1 um tiltekin atriði varðandi varnarþing, málsmeðferð og fullnustu,
- bókun nr. 2 um samræmda túlkun samningsins og um fastanefndina,
- bókun nr. 3 um beitingu 67. gr. samningsins,
- viðaukar I–IV og viðauki VII með upplýsingum í tengslum við beitingu þessa samnings,

– viðaukar V og VI þar sem er að finna vottorðin sem vísað er til í 54., 58. og 57. gr. þessa samnings,
– viðauki VIII þar sem er að finna yfirlit yfir jafngild tungumál sem vísað er til í 79. gr., og
– viðauki IX sem varðar beitingu II. gr. í bókun nr. 1.

Bókanir þessar og viðaukar skulu teljast óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.

76. gr.

Sérhver samningsaðili getur farið fram á endurskoðun þessa samnings, sbr. þó 77. gr. Vörsluaðilinn skal í því skyni kalla til fastanefndina með þeim hætti sem segir í 4. gr. í bókun nr. 2.

77. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu senda vörsluaðilanum texta allra ákvæða í lögum sem breyta listunum sem er að finna í viðauka I–IV, sem og öllum brottfellingum og viðbótum við listann sem er að finna í viðauka VII og hvenær þær tóku gildi. Koma skal með slíkar tilkynningar innan hæfilegs tíma áður en breytingarnar taka gildi og skal þeim fylgja þýðing á ensku og frönsku. Vörsluaðilinn skal aðlaga umrædda viðauka í samræmi við breytingarnar, eftir að hafa ráðfært sig við fastanefndina í samræmi við 4. gr. í bókun nr. 2. Samningsaðilarnir skulu í því skyni útvega þýðingu á þeirri aðlögun á tungumálum þeirra.
2. Fastanefndin skal gera allar breytingar á viðaukum V–VI og VIII–IX við þennan samning í samræmi við 4. gr. í bókun nr. 2.

78. gr.

1. Vörsluaðilinn skal tilkynna samningsaðilunum um:
   a) afhendingu sérhvers fullgildingar- eða aðildarskjals,
   b) gildistökudaga samnings þessa gagnvart samningsaðilunum,
   c) sérhverja yfirlýsingu sem móttekin er samkvæmt I.–IV. gr. í bókun nr. 1,
   d) sérhverja tilkynningu sem gerð er samkvæmt 2. mgr. 74. gr., 1. mgr. 77. gr. og 4. mgr. í bókun nr. 3.
2. Tilkynningunum mun fylgja þýðing á ensku og frönsku.

79. gr.

Samningur þessi, sem gerður er í einu frumriti á þeim tungumálum sem talin eru upp í viðauka VIII, þar sem allir textarnir eru jafngildir, skal varðveittur í skjalasafni svissneska sambandsráðsins. Svissneska sambandsráðið skal senda staðfest afrit samningsins til allra samningsaðila.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar ritað undir samning þennan.

Gjört í Lúganó 30. október 2007

Fyrir hönd Evrópubandalagsins

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands

Fyrir hönd konungsríkisins Noregs

Fyrir hönd Svissneska sambandslýðveldisins

Fyrir hönd konungsríkisins Danmerkur

BÓKUN NR. 1
um tiltekin atriði varðandi varnarþing, málsmeðferð og fullnustu.

SAMNINGSAÐILAR HAFA KOMIÐ SÉR SAMAN UM EFTIRFARANDI:

I. gr.

1. Réttarskjöl og utanréttarskjöl, sem gerð hafa verið í ríki sem er bundið af þessum samningi og birta þarf manni í öðru ríki, sem er bundið af þessum samningi, skal framsenda með þeim hætti sem samningar eða samkomulag sem er í gildi milli þessara ríkja kveða á um.
2. Ef samningsaðili á yfirráðasvæði, þar sem birting skal fram fara, mótmælir því ekki með yfirlýsingu við vörsluaðilann má einnig senda slík skjöl frá viðkomandi opinberum starfsmönnum í því ríki þar sem skjal er samið beint til viðkomandi opinberra starfsmanna í því ríki þar sem viðtakanda er að finna. Skal starfsmaðurinn í dómsríkinu þá senda samrit skjalsins til þess starfsmanns, í því ríki sem beiðni er send til, sem bær er til að afhenda það viðtakanda. Skjalið skal afhent með þeim hætti sem lög þess ríkis sem beiðni er send til mæla fyrir um. Afhendingin skal staðfest með vottorði sem senda skal beint til starfsmannsins í dómsríkinu.
3. Aðildarríki Evrópubandalagsins, sem eru bundin af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1348/2000 frá 29. maí 2000 eða samningi milli Evrópubandalagsins og konungsríkisins Danmerkur um birtingu á réttarskjölum eða utanréttarskjölum í einkamálum eða verslunarmálum, sem var undirritaður í Brussel 19. október 2005, skulu, í samskiptum sín á milli, beita ákvæðum þeirrar reglugerðar og þeim samningi.

II. gr.

1. Reglu 2. tölul. 6. gr. og 11. gr. um varnarþing í sakaukamálum eða í öðrum málum gegn þriðja manni má ekki beita að fullu í þeim ríkjum sem eru bundin af þessum samningi og vísað er til í viðauka IX. Mann, sem á heimili í öðru ríki sem er bundið af þessum samningi, má lögsækja fyrir dómstólum í þeim ríkjum samkvæmt þeim reglum sem vísað er til í viðauka IX.
2. Frá þeim tíma er samningur þessi er fullgiltur getur Evrópubandalagið lýst því yfir að 2. tölul. 6. gr. og 11. gr. megi ekki beita í tilteknum öðrum aðildarríkjum og látið í té upplýsingar um þær reglur sem skulu gilda.
3. Dómar, sem kveðnir eru upp í öðrum ríkjum sem eru bundin af þessum samningi í samræmi við 2. tölul. 6. gr. eða 11. gr., skulu viðurkenndir og þeim fullnægt í ríkjum samkvæmt 1. og 2. mgr. í samræmi við III. hluta. Þau réttaráhrif sem dómar, sem kveðnir eru upp í ríkjum þessum, geta haft gagnvart þriðja manni, með því að beita ákvæðum 1. og 2. mgr., skal einnig viðurkenna í öðrum ríkjum sem eru bundin af þessum samningi.

III. gr.

1. Sviss áskilur sér rétt til að lýsa því yfir, við fullgildingu samningsins, að það muni ekki beita eftirfarandi hluta ákvæðis 2. tölul. 34. gr.:
„nema stefndi hafi látið hjá líða að hefja mál til að hnekkja dóminum þegar hann átti þess kost“.
Ef Sviss lýsir slíku yfir skulu aðrir samningsaðilar beita sama fyrirvara varðandi þá dóma sem eru kveðnir upp af svissneskum dómstólum.
2. Samningsaðilar geta á grundvelli yfirlýsingar, að því er varðar dóma sem eru kveðnir upp í því ríki sem gerist aðili samkvæmt c-lið 1. mgr. 70. gr., áskilið sér:
a) þann rétt sem nefndur er í 1. mgr., og
b) rétt þess yfirvalds sem um getur í 39. gr., þrátt fyrir ákvæði 41. gr., til þess að kanna sjálft hvort einhver þeirra ástæðna sem notaðar eru til að neita um viðurkenningu og fullnustu dóms sé til staðar eða ekki.
3. Hafi samningsaðili gert slíkan fyrirvara, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., gagnvart ríki, sem gerist aðili, getur það ríki gert sama fyrirvara með yfirlýsingu gagnvart dómum sem kveðnir eru upp af dómstólum viðkomandi samningsaðila.
4. Að undanskildum þeim fyrirvara sem nefndur er í 1. mgr. gilda yfirlýsingarnar í fimm ár og eru endurnýjanlegar að loknum þeim tíma. Samningsaðilinn skal tilkynna um endurnýjun yfirlýsingar þeirrar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. ekki síðar en sex mánuðum áður en slíku tímabili lýkur. Ríki, sem gerist aðili, getur einungis endurnýjað yfirlýsingu sína, sem gefin er samkvæmt 3. mgr., eftir að hlutaðeigandi yfirlýsing samkvæmt 2. mgr. hefur verið endurnýjuð.

IV. gr.

Yfirlýsingar þær sem vísað er til í þessari bókun má draga til baka hvenær sem er með tilkynningu til vörsluaðilans. Tilkynningunni skal fylgja þýðing á ensku og frönsku. Samningsaðilarnir skulu útvega þýðingar á sínum tungumálum. Slík afturköllun tekur gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar að lokinni tilkynningunni.

BÓKUN NR. 2
um samræmda túlkun samningsins og um fastanefndina.

INNGANGUR

SAMNINGSAÐILAR,

SEM VÍSA TIL 75. gr. samnings þessa,

SEM HAFA Í HUGA hin nánu tengsl milli samnings þessa, Lúganósamningsins frá 1988 og samninganna sem vísað er til í 1. mgr. 64. þessa samnings,

SEM HAFA Í HUGA að dómstóll Evrópubandalaganna hefur vald til þess að skera úr um túlkun þeirra samninga sem vísað er til í 1. mgr. 64. gr. þessa samnings,

SEM HAFA Í HUGA að þessi samningur verður hluti af reglum Evrópubandalagsins og þar af leiðandi hefur dómstóll Evrópubandalaganna vald til að skera úr um túlkun á ákvæðum þessa samnings sem dómstólar aðildarríkja Evrópubandalagsins hafa beitt,

SEM ER KUNNUGT um úrlausnir dómstóls Evrópubandalaganna um túlkun á þeim samningum sem vísað er til í 1. mgr. 64. gr. þessa samnings fram að undirritun samnings þessa og úrlausnir dómstóla samningsaðila Lúganósamningsins frá 1988 um hinn síðarnefnda samning fram að undirritun þessa samnings,

SEM HAFA Í HUGA að samhliða endurskoðun bæði Lúganósamningsins frá 1988 og Brusselsamninganna, sem leiddi til þess að texti þessara samninga var endurskoðaður, var efnislega byggð á ofangreindum úrlausnum um Brusselsamninginn frá 1968 og Lúganósamninginn frá 1988,

SEM HAFA Í HUGA að endurskoðaður texti Brusselsamningsins hefur verið felldur inn í reglugerð (EB) nr. 44/2001 eftir að Amsterdamsáttmálinn tók gildi,

SEM HAFA Í HUGA að þessi endurskoðaði texti var einnig grundvöllur texta þessa samnings,

SEM VILJA, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna, koma í veg fyrir mismunandi túlkun og ná eins samræmdri túlkun og unnt er á ákvæðum samningsins og ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 44/2001, sem í öllum meginatriðum eru tekin upp í þennan samning, og á öðrum samningum sem vísað er til í 1. mgr. 64. gr. þessa samnings,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Sérhver dómstóll, sem beitir þessum samningi og túlkar hann, skal taka réttmætt tillit til þeirra meginsjónarmiða sem fram koma í úrlausnum dómstóla ríkja, sem eru bundin af þessum samningi, eða dómstóls Evrópubandalaganna, sem skipta máli og varða ákvæði, eitt eða fleiri, sem um er að ræða eða hvað eða hver önnur svipuð ákvæði Lúganósamningsins frá 1988 og þeirra gerninga sem vísað er til í 1. mgr. 64. gr. þessa samnings.
2. Skylda samkvæmt 1. mgr. gildir gagnvart aðildarríkjum Evrópubandalagsins, sbr. þó skyldur þeirra í tengslum við dómstól Evrópubandalaganna sem leiðir af sáttmálanum um stofnun Evrópubandalagsins eða af samningi milli Evrópubandalagsins og konungsríkisins Danmerkur um dómsvald, viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem var undirritaður í Brussel 19. október 2005.

2. gr.

Sérhverju ríki, sem er bundið af þessum samningi og er ekki aðili að Evrópubandalaginu, er heimilt að senda greinargerð eða skriflegar athugasemdir, í samræmi við 23. gr. í bókun við samþykkt dómstóls Evrópubandalaganna, þar sem dómstóll aðildarríkis Evrópubandalagsins biður dómstól Evrópubandalaganna um forúrskurð varðandi spurningu um túlkun á þessum samningi eða þeim gerningum sem vísað er til í 1. mgr. 64. gr. þessa samnings.

3. gr.

1. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal setja upp kerfi til að skiptast á upplýsingum um þá dóma sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp samkvæmt þessum samningi, svo og um dóma sem máli skipta samkvæmt Lúganósamningnum frá 1988 og þeim gerningum sem vísað er til í 1. mgr. 64. gr. þessa samnings. Aðgangur að þessu kerfi skal vera opinn almenningi og skal geyma dóma æðsta dómstigs og dómstóls Evrópubandalaganna, sem og dóma sem hafa sérstaka þýðingu, eru endanlegir og hafa verið kveðnir upp samkvæmt þessum samningi, Lúganósamningnum frá 1988 og þeim gerningum sem vísað er til í 1. mgr. 64. gr. þessa samnings. Dómarnir skulu vera flokkaðir og skal þeim fylgja útdráttur.

Kerfið er með þeim hætti að valdbær yfirvöld í ríkjum, sem eru bundin af þessum samningi, skulu senda dóma sem vísað er til hér að ofan og kveðnir hafa verið upp af dómstólum í þessum ríkjum til framkvæmdastjórnarinnar.

2. Ritari dómstóls Evrópubandalaganna sér um að velja mál, sem hafa sérstaka þýðingu fyrir tilhlýðilegt hlutverk samningsins, og skal hann kynna þau mál sem hafa verið valin á fundi sérfræðinga samkvæmt 5. gr. þessarar bókunar.

3. Þar til Evrópubandalögin hafa komið upp kerfi samkvæmt 1. mgr. skal dómstóll Evrópubandalaganna viðhalda þeirri upplýsingamiðlun sem var komið á fót með bókun nr. 2 við Lúganósamninginn frá 1988, vegna dóma sem kveðnir hafa verið upp samkvæmt þessum samningi og Lúganósamningnum frá 1988.

4. gr.

1. Setja skal á fót fastanefnd sem í skulu eiga sæti fulltrúar samningsaðilanna.

2. Að ósk samningsaðila skal vörsluaðili samningsins boða til funda í nefndinni í því skyni að:

- ræða um sambandið milli þessa samnings og annarra alþjóðasamninga,
- ræða um beitingu 67. gr., þar á meðal um fyrirhugaða aðild að gerningum um tiltekin mál samkvæmt 1. mgr. 67. gr., og um áformaða löggjöf samkvæmt bókun nr. 3,
- taka til skoðunar aðild nýrra ríkja. Má sérstaklega nefna að nefndin getur spurt ríki sem vilja gerast aðilar og vísað er til í c-lið 1. mgr. 70. gr. spurninga varðandi réttarkerfi þeirra og framkvæmd samningsins. Nefndin getur einnig tekið til skoðunar hugsanlega aðlögun samningsins sem er nauðsynleg fyrir beitingu hans í þeim ríkjum sem gerast aðilar,
- samþykkja nýjar jafngildar tungumálaútgáfur samkvæmt 3. mgr. 73. gr. þessa samnings og nauðsynlegar breytingar á viðauka VIII,
- ræða um endurskoðun samningsins samkvæmt 76. gr.,
- ræða um breytingar á viðaukum I–IV og viðauka VII samkvæmt 1. mgr. 77. gr.,
- samþykkja breytingar á viðaukum V og VI samkvæmt 2. mgr. 77. gr.,
- afturkalla fyrirvara og yfirlýsingar samningsaðilanna samkvæmt bókun nr. 1 og gera nauðsynlegar breytingar á viðauka IX.

3. Nefndin skal setja málsmeðferðarreglur um hlutverk sitt og ákvarðanatöku. Reglurnar skulu mæla fyrir um að unnt sé að hafa samráð og taka ákvarðanir með skriflegum hætti.

5. gr.

1. Vörsluaðili samningsins má, þegar nauðsynlegt er, boða til fundar í nefndinni með sérfræðingum til að skiptast á skoðunum um hvernig samningurinn reynist og einkum varðandi þróun fordæmisreglna og nýja löggjöf sem getur haft áhrif á beitingu samningsins.

2. Á þessum fundi eiga sæti sérfræðingar samningsaðilanna, ríkja sem eru bundin af þessum samningi, dómstóls Evrópubandalaganna og Fríverslunarsamtaka Evrópu. Fundurinn skal vera opinn hverjum öðrum sérfræðingum sem talið er nauðsynlegt að séu viðstaddir.
3. Sérhverjum vanda sem upp kemur varðandi framkvæmd samningsins má vísa til fastanefndarinnar, sem vísað er til í 4. gr. í þessari bókun, vegna frekari ráðstafana.

BÓKUN NR. 3
um beitingu 67. gr. samningsins.

SAMNINGSAÐILAR HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

1. Ákvæði sem mæla fyrir um dómsvald eða viðurkenningu eða fullnustu dóma, að því er varðar tiltekin málefni, og felast eða munu felast í ákvörðunum stofnana Evrópubandalaganna, skal, hvað samninginn varðar, fara með á sama hátt og samninga þá sem vísað er til í 1. mgr. 67. gr.
2. Nú telur samningsaðili að ákvæði, sem felst í fyrirhugaðri ákvörðun stofnana Evrópubandalaganna, samrýmist ekki samningnum og skulu samningsaðilarnir þá þegar íhuga að breyta samningnum samkvæmt 76. gr., án þess þó að raskað sé gildi þeirrar málsmeðferðar sem kveðið er á um í bókun nr. 2.
3. Í þeim tilvikum þegar einn samningsaðili eða margir saman fella sum eða öll ákvæðin, sem eru í gerðum stofnana Evrópubandalagsins, sem vísað er til í 1. mgr., inn í landsrétt, skal tekið á þessum ákvæðum landsréttar með sama hætti og samningunum sem vísað er til í 1. mgr. 67. gr.
4. Samningsaðilarnir skulu tilkynna vörsluaðilanum um texta þeirra ákvæða sem vísað er til í 3. mgr. Slíkri tilkynningu skal fylgja þýðingu á ensku og frönsku.

VIÐAUKI I

Eftirfarandi eru þær varnarþingsreglur sem vísað er til í 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. samningsins:
- í Austurríki: 99. gr. laga um dómsvald dómstóla (*Jurisdiktionsnorm*),
- í Belgíu: 5.–14. gr. laga frá 16. júlí 2004 um alþjóðlegt einkamálaréttarfar,
- í Breska konungsríkinu: reglur þær sem heimila að varnarþing byggist á því:
  a) að stefna hafi verið birt varnaraðila meðan á tímabundinni dvöl hans í Breska konungsríkinu stóð, eða
  b) að varnaraðili eigi eignir í Breska konungsríkinu, eða
  c) að sóknaraðili hafi komið fram aðför í eignum sem eru í Breska konungsríkinu,
- í Búlgaríu: 1. tölul. 4. gr. laga um alþjóðlegt einkamálaréttarfar,
- í Danmörku: 2. og 3. mgr. 246. gr. réttarfarslaga (*Lov om rettens pleje*),
- í Eistlandi: 86. mgr. laga um réttarfar í einkamálum (tsiviilkohtumenetluse seadustik),
- í Finnlandi: 2., 3. og 4. málsl. 1. mgr. 1. hluta 10. kafla réttarfarslaga (*oikeudenkäymiskaari/rättegångsbalken)*,
- í Frakklandi: 14. og 15. gr. borgaralögbókar (*Code civil*),
- í Grikklandi: 40. gr. laga um réttarfar í einkamálum (*Κώδικας Πολιτικής Δικονομίας*),
- á Írlandi: reglur þær sem heimila að varnarþing byggist á því að stefna hafi verið birt varnaraðila meðan á tímabundinni dvöl hans á Írlandi stóð,

- á Íslandi: 4. mgr. 32. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991,
- á Ítalíu: 3. og 4. gr. laga 218 frá 31. maí 1995,
- á Kýpur: 2. tölul. 21. kafla dómstólalaganna nr. 14/1960, með síðari breytingum,
- í Lettlandi: 27. kafli og 3., 5., 6. og 9. mgr. 28. kafla laga um réttarfar í einkamálum (*Civilprocesa likums*),
- í Litháen: 31. gr. laga um réttarfar í einkamálum (*Civilinio proceso kodeksas*),
- í Lúxemborg: 14. og 15. gr. borgaralögbókar (*Code civil*),
- á Möltu: 742., 743. og 744. gr. laga um réttarfar í einkamálum – 12. kafli 12 (*Kodiċi ta' Organizzazzjoni u Proċedura Ċivili – Kap. 12*) og 549. gr. viðskiptalaganna – 13. kafli (*Kodiċi tal-kummerċ* – Kap. 13),
- í Noregi: 2. málsl. í kafla 4-3(2) í lögum um deilumál (*tvisteloven*),
- í Portúgal: 65. og 65. gr. A í lögum um réttarfar í einkamálum *(Código de Processo Civil*) og 11. gr. laga um réttarfar í vinnumálum (*Código de Processo de Trabalho*),
- í Póllandi: 1103. og 1110. gr. laga um réttarfar í einkamálum *(Kodeks postępowania cywilnego*), að því leyti sem þær kveða á um dómsvald á grundvelli heimilis varnaraðila í Póllandi, umráða varnaraðila á eignum í Póllandi eða tilkalls hans til eignarréttar í Póllandi, þeirrar staðreyndar að andlag deilunnar er staðsett í Póllandi og þeirrar staðreyndar að einn málsaðila er pólskur ríkisborgari,
- í Rúmeníu: 148.–157. gr. laga nr. 105/1992 um alþjóðlegt einkamálaréttarfar,
- í Slóvakíu: 37.–37. gr. e í lögum nr. 97/1963 um alþjóðlegt einkamálaréttarfar og skyldar reglur,
- í Slóveníu: 2. tölul. 48. gr. laga um alþjóðlegt einkamálaréttarfar *(Zakon o mednarodnem zasebnem pravu in postopku*) í tengslum við 2. tölul. 47. gr. laga um réttarfar í einkamálum (*Zakon o pravdnem postopku*) og 58. gr. laga um alþjóðlegt einkamálaréttarfar (*Zakon o mednarodnem zasebnem pravu in postopku*) í tengslum við 59. gr. laga um réttarfar í einkamálum (*Zakon o pravdnem postopku*),
- í Sviss: reglur um kyrrsetningarvarnarþing *(le for du lieu du séquestre/Gerichtsstand des Arrestortes/foro del luogo del sequestro*) samkvæmt 4. gr. sambandsríkislaganna um alþjóðlegan einkamálarétt (*loi fédérale sur le droit international privé/Bundesgesetz über das internationale Privatrecht/legge federale sul diritto internazionale privato*),
- í Svíþjóð: 1. málsl. 1. mgr. 3. hluta 10. kafla réttarfarslaga (*rättegångsbalken*),
- í Tékklandi: 86. gr. laga nr. 99/1963 um réttarfar í einkamálum (*občanský soudní řád*) með síðari breytingum,
- í Ungverjalandi: 57. gr. lagatilskipunar nr. 13/1979 um alþjóðlegt einkamálaréttarfar *(a nemzetközi magánjogról szóló 1979. évi 13. törvényereű rendelet*),
- í Þýskalandi: 23. gr. laga um réttarfar í einkamálum (*Zivilprozessordnung*).

VIÐAUKI II

Dómstólar eða valdbær stjórnvöld sem vísað er til í 39. gr. og leggja má fram beiðni til eru eftirfarandi:

- í Austurríki: „Bezirksgericht“,
- í Belgíu: „tribunal de première instance“ eða „rechtbank van eerste aanleg“ eða „erstinstanzliches Gericht“,
- í Breska konungsríkinu:

a) í Englandi og Wales, „High Court of Justice“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, „Magistrates' Court“ fyrir milligöngu „Secretary of State“,
b) í Skotlandi, „Court of Session“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, „Sheriff Court“ fyrir milligöngu „Secretary of State“,
c) á Norður-Írlandi, „High Court of Justice“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, „Magistrates' Court“ fyrir milligöngu „Secretary of State“,
d) á Gíbraltar, „Supreme Court“ eða, þegar um er að ræða dóm vegna framfærsluskyldu, „Magistrates' Court“ fyrir milligöngu „the Attorney General of Gibraltar“,

– í Búlgaríu: „Софийски градски съд“,
– í Danmörku: „byret“,
– í Eistlandi: „maakohus“ eða sýsludómstól,
– í Finnlandi: „käräjäoikeus/tingsrätt“,
– í Frakklandi:
  a) „greffier en chef du tribunal de grande instance“,
  b) „président de la chambre départementale des notaires“ þegar um er að ræða fullnustu á grundvelli skjals sem er opinberlega staðfest af lögbókanda,
– í Grikklandi: „Μονομελές Πρωτοδικείο“,
– í Hollandi: „voorzieningenrechter van de rechtbank“,
– á Írlandi: „High Court“,
– á Íslandi: héraðsdómur,
– á Ítalíu: „corte d'appello“,
– á Kýpur: „Επαρχιακό Δικαστήριο“ eða, þegar um dóm vegna framfærsluskyldu er að ræða, „Οικογενειακό Δικαστήριο“,
– í Lettlandi: „rajona (pilsētas) tiesa“,
– í Litháen: „Lietuvos apeliacinis teismas“,
– í Lúxemborg: dómstjóri „tribunal d'arrondissement“,
– á Möltu: „Prim' Awla tal-Qorti Ċivili“ eða „Qorti tal-Maġistrati ta' Għawdex fil-ġurisdizzjoni superjuri tagħha“ eða, þegar um er að ræða dóm vegna framfærsluskyldu, „Reġistratur tal-Qorti“ fyrir milligöngu „Ministru responsabbli għall-Ġustizzja“,
– í Noregi: „tingrett“,
– í Portúgal: „Tribunal de Comarca“,
– í Póllandi: „sąd okręgowy“,
– í Rúmeníu: „Tribunal“,
– í Slóvakíu: „okresný súd“,
– í Slóveníu: „okrožno sodišče“,
– á Spáni: „Juzgado de Primera Instancia“,
– í Sviss:
  a) ef dómur er til greiðslu peninga, „juge de la mainlevée/Rechtsöffnungsrichter/giudice competente a pronunciare sul rigetto dell'opposizione“ eftir réttarfarsreglum 80. og 81. gr. sambandsríkislaganna um málssókn vegna skulda og gjaldþrots (loi fédérale sur la poursuite pour dettes et la faillite/Bundesgesetz über Schuldbetreibung und Konkurs/legge federale sulla esecuzione e sul fallimento),
  b) ef dómur er til annars en greiðslu peninga, „juge cantonal d'exequatur compétent/zuständiger kantonaler Vollstreckungsrichter/giudice cantonale competente a pronunciare l'exequatur“,
– í Svíþjóð: „Svea Hovrätt“,

– í Tékklandi: „okresní soud“ eða „soudní exekutor“,
– í Ungverjalandi: „megyei bíróság székhelyén működő helyi bíróság“ og í Búdapest, „Budai Központi Kerületi Bíróság“,
– í Þýskalandi:
  a) dómstjóri við deild í „Landgericht“,
  b) lögbókandi þegar leitað er eftir fullnustu á grundvelli opinberlega staðfests skjals.

VIÐAUKI III

Dómstólar sem skjóta má málum til samkvæmt 2. mgr. 43. gr. eru eftirfarandi:
– í Austurríki: „Landesgericht“ gegnum „Bezirksgericht“,
– í Belgíu:
  a) þegar um málskot varnaraðila er að ræða, „tribunal de première instance“ eða „rechtbank van eerste aanleg“ eða „erstinstanzliche Gericht“,
  b) þegar um málskot beiðanda er að ræða, „*cour d'appel*“ eða „*hof van beroep*“,
– í Breska konungsríkinu:
  a) í Englandi og Wales, „High Court of Justice“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, „Magistrates' Court“,
  b) í Skotlandi, „Court of Session“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, „Sheriff Court“,
  c) á Norður-Írlandi, „High Court of Justice“ eða, ef um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, „Magistrates' Court“,
  d) á Gíbraltar, „the Supreme Court“ eða, þegar um er að ræða dóm um framfærsluskyldu, „Magistrates' Court“,
– í Búlgaríu: „ Апелативен съд – София“,
– í Danmörku: „landsret“,
– í Eistlandi: „ringkonnakohus“,
– í Finnlandi: „hovioikeus/hovrätt“,
– í Frakklandi:
  a) „cour d'appel“ varðandi ákvarðanir sem heimila beitinguna,
  b) dómstjóri „tribunal de grande instance“ varðandi ákvarðanir sem heimila ekki beitinguna,
– í Grikklandi: „Εφετείο“,
– í Hollandi: „rechtbank“,
– á Írlandi: „High Court“,
– á Íslandi: héraðsdómur,
– á Ítalíu: „corte d'appello“,
– á Kýpur: „Επαρχιακό Δικαστήριο“ eða, þegar um er að ræða dóm vegna framfærsluskyldu, „Οικογενειακό Δικαστήριο“,
– í Lettlandi: „Apgabaltiesa“ gegnum „rajona (pilsētas) tiesa“,
– í Litháen: „Lietuvos apeliacinis teismas“,
– í Lúxemborg: „Cour supérieure de justice“ sem áfrýjunardómstóls í einkamálum,
– á Möltu: „Qorti ta' l-Appell“ í samræmi við áfrýjunarferlið í „Kodiċi ta' Organizzazzjoni u Proċedura Ċivili – Kap.12“ eða, þegar um er að ræða dóm vegna framfærsluskyldu, „ċitazzjoni“ hjá „Prim' Awla tal-Qorti ivili jew il-Qorti tal-Maġistrati ta' Għawdex fil-ġurisdizzjoni superjuri tagħha“,

- í Noregi: „lagmannsrett“,
- í Portúgal: „Tribunal da Relação“ er hinn valdbæri dómstóll. Málum er skotið til dómstólsins, í samræmi við gildandi landslög, með beiðni sem stíluð er á dómstólinn sem kvað upp hinn umdeilda úrskurð,
- í Póllandi: „sąd apelacyjny“ gegnum „sąd okręgowy“,
- í Rúmeníu: „Curte de Apel“,
- í Sambandslýðveldinu Þýskalandi: „Oberlandesgericht“,
- í Slóvakíu: áfrýjunardómstóllinn í gegnum þann héraðsdómstól hvers ákvörðun er verið að áfrýja,
- í Slóveníu: „okrožno sodišče“,
- á Spáni: „el „Juzgado de Primera Instancia“ que dictó la resolución recurrida para ser resuelto el recurso por la Audiencia Provincial“,
- í Sviss: „tribunal cantonal/Kantonsgericht/tribunale cantonale“,
- í Svíþjóð: „Svea Hovrätt“,
- í Tékklandi: áfrýjunardómstóllinn gegnum héraðsdómstólinn,
- í Ungverjalandi: staðardómstóllinn sem er staðsettur þar sem sýsludómstóllinn hefur aðsetur (í Búdapest, héraðsdómstóllinn í Búda); sýsludómstóllinn tekur fyrir málskotsbeiðnina (í Búdapest, „the Capital Court“).

VIÐAUKI IV

Málskot sem um er að ræða í 44. gr. samningsins eru eftirfarandi:
- í Austurríki: „Revisionsrekurs“,
- í Belgíu, í Grikklandi, á Spáni, í Frakklandi, á Ítalíu, í Lúxemborg og í Hollandi: með áfrýjun til ógildingar,
- í Breska konungsríkinu: með einum möguleika á áfrýjun um lagaatriði,
- í Búlgaríu: „обжалване пред Върховния касационен съд“,
- í Danmörku: með áfrýjun til „höjesteret“ að fengnu leyfi „Procesbevillingsnævnet“,
- í Eistlandi: „kassatsioonikaebus“,
- í Finnlandi: með áfrýjun til „korkein oikeus/högsta domstolen“,
- á Írlandi: með áfrýjun um lagaatriði til „Supreme Court“,
- á Íslandi: með áfrýjun til Hæstaréttar,
- á Kýpur: með áfrýjun til hæstaréttar,
- í Lettlandi: með áfrýjun til „Augstākās tiesas Senāts“ gegnum „Apgabaltiesa“,
- í Litháen: með áfrýjun til „Lietuvos Aukščiausiasis Teismas“,
- á Möltu: engum frekari málskotum er beint til einhvers annars dómstóls; þegar um er að ræða dóm vegna framfærsluskyldu „Qorti ta' l-Appell“ í samræmi við áfrýjunarferlið í „kodiċi ta' Organizzazzjoni u Procedura Ċivili – Kap. 12“,
- í Noregi: með áfrýjun til „Höyesteretts kjæremålsutvalg“ eða „Höyesterett“,
- í Portúgal: með áfrýjun um lagaatriði,
- í Póllandi: „skarga kasacyjna“,
- í Rúmeníu: „contestatie in anulare“ eða „revizuire“,
- í Sambandslýðveldinu Þýskalandi: með „Rechtsbeschwerde“,
- í Slóvakíu: „dovolanie“,
- í Slóveníu: með áfrýjun til „Vrhovno sodišče Republike Slovenije“,

- í Sviss: með „recours devant le tribunal fédéral/Beschwerde beim Bundesgericht/ricorso di davanti al Tribunale federale“,
- í Svíþjóð: með áfrýjun til „Högsta domstolen“,
- í Tékklandi: „dovolání“ og „žaloba pro zmatečnost“,
- í Ungverjalandi: „felülvizsgálati kérelem“.

VIÐAUKI V

Vottorð um dóma og réttarsáttir sem vísað er til í 54. og 58. gr. í samningnum um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.

1. Dómsríki
2. Dómstóll eða valdbært stjórnvald sem gefur út vottorðið
   2.1. Nafn
   2.2. Heimilisfang
   2.3. Sími/Fax/Netfang
3. Dómstóll sem kvað upp dóminn/samþykkti réttarsáttina*
   3.1. Tegund dómstóls
   3.2. Aðsetur dómstóls
4. Dómur/réttarsátt*
   4.1. Dagsetning
   4.2. Tilvísunarnúmer
   4.3. Aðilar að dómnum/réttarsáttinni*
      4.3.1. Nafn/nöfn stefnanda/stefnenda
      4.3.2. Nafn/nöfn stefnda/stefndu
      4.3.3. Nafn/nöfn annars/annarra aðila, ef einhver/-jir er/-u
   4.4. Dagsetning birtingar stefnu í útivistarmálum
   4.5. Texti dómsins/réttarsáttarinnar* sem fylgir þessu vottorði
5. Nöfn þeirra aðila sem notið hafa að lögum fjárhagslegrar aðstoðar

Dómurinn/réttarsáttin* er fullnustuhæf/-ur í dómsríkinu (38. og 58 gr. í samningnum) gagnvart:
Nafn:

Gjört í ....., dagsetning .....

Undirskrift og/eða stimpill .....

* Strokist út eftir atvikum.

VIÐAUKI VI

Vottorð um opinberlega staðfest skjöl sem vísað er til í 4. mgr. 57. gr. í samningnum um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.

1. Dómsríki
2. Dómstóll eða valdbært stjórnvald sem gefur út vottorðið
   2.1. Nafn
   2.2. Heimilisfang
   2.3. Sími/Fax/Netfang
3. Stjórnvald sem hefur staðfest hið opinbera skjal
   3.1. Stjórnvald sem átti þátt í að útbúa hið opinbera skjal (ef við á)
      3.1.1. Nafn og hlutverk stjórnvalds
      3.1.2. Aðsetur stjórnvalds
   3.2. Stjórnvald sem hefur skráð hið opinbera staðfesta skjal (ef við á)
      3.2.1. Tegund stjórnvalds
      3.2.2. Aðsetur stjórnvalds
4. Opinberlega staðfest skjal
   4.1. Lýsing á skjalinu
   4.2. Dagsetning
      4.2.1. þegar skjalið var útbúið
      4.2.2 ef annað: þegar skjalið var skráð
   4.3. Tilvísunarnúmer
   4.4. Aðilar að skjalinu
      4.4.1. Nafn lánardrottins
      4.4.2. Nafn skuldunauts
5. Texti hinnar fullnustuhæfu skuldbindingar sem fylgir þessu vottorði

Hið opinbera staðfesta skjal er fullnustuhæft gegn skuldunauti í dómsríki (1. mgr. 57. gr. samningsins)

Gjört í ..... dagsetning

Undirskrift og/eða stimpill

VIÐAUKI VII

Þessi samningur kemur í stað eftirfarandi samninga í samræmi við 65. gr. samningsins:

- samnings milli Sviss og Spánar um gagnkvæma fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Madríd 19. nóvember 1896,
- samnings milli Tékkóslóvaska lýðveldisins og Sviss um viðurkenningu og fullnustu dóma ásamt viðbótarbókun, undirritaður í Bern 21. desember 1926,
- samnings milli Sviss og Þýska ríkisins um viðurkenningu og fullnustu dóma og gerðardóma sem undirritaður var í Bern 2. nóvember 1929,
- samnings milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 16. mars 1932,
- samnings milli Sviss og Ítalíu um viðurkenningu og fullnustu dóma sem undirritaður var í Róm 3. janúar 1933,
- samnings milli Svíþjóðar og Sviss um viðurkenningu og fullnustu dóma og gerðardóma sem undirritaður var í Stokkhólmi 15. janúar 1936,

- samnings milli Sviss og Belgíu um viðurkenningu og fullnustu dóma og gerðardóma sem undirritaður var í Bern 29. apríl 1959,
- samnings milli Austurríkis og Sviss um viðurkenningu og fullnustu dóma sem undirritaður var í Bern 16. desember 1960,
- samnings milli Noregs annars vegar og Stóra-Bretlands og Norður-Írlands hins vegar um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Lundúnum 12. júní 1961,
- samnings milli Noregs og Sambandslýðveldisins Þýskalands um viðurkenningu og fullnustu dóma og fullnustuskjala á sviði einkamála sem undirritaður var í Ósló 17. júní 1977,
- samnings milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu og fullnægju á kröfum borgararéttarlegs eðlis sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 11. október 1977,
- samnings milli Noregs og Austurríkis um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var í Vín 21. maí 1984.

VIÐAUKI VIII

Tungumálin sem vísað er til í 79. gr. samningsins eru: búlgarska, tékkneska, danska, hollenska, enska, eistneska, finnska, þýska, gríska, ungverska, íslenska, írska, ítalska, lettneska, litháíska, maltneska, norska, pólska, portúgalska, rúmenska, slóvaska, slóvenska, spænska og sænska.

VIÐAUKI IX

Ríkin og reglurnar sem vísað er til í II. gr. í bókun nr. 1 eru eftirfarandi:
- Þýskaland: 68. gr., 72. gr., 73. gr. og 74. gr. laga um réttarfar í einkamálum *(Zivilprozeßordnung)* varðandi tilkynningar um málshöfðun til þriðja aðila,
- Austurríki: 21. gr. laga um réttarfar í einkamálum *(Zivilprozeßordnung)* varðandi tilkynningar um málshöfðun til þriðja aðila,
- Ungverjaland: 58. og 60. gr. laga um réttarfar í einkamálum (*Polgári perrendtartás*) varðandi tilkynningar um málshöfðun til þriðja aðila,
- Sviss, að því er varðar þær kantónur, þar sem réttarfarslög mæla ekki fyrir um varnarþing það sem vísað er til í 2. mgr. 6. gr. og 11. gr. samningsins: viðeigandi ákvæði varðandi tilkynningar til þriðju aðila um málshöfðun *(litis denuntiatio)* í viðeigandi réttarfarslögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild verði veitt til að fullgilda af Íslands hálfu samning um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum, sem undirritaður var af hálfu íslenska ríkisins þann 30. október 2007 í Lúganó í Sviss (verður samningur þessi hér eftir nefndur Lúganósamningurinn). Lúganósamningurinn gildir milli Evrópubandalagsins (hér ýmist vísað til sem Evrópubandalagsins eða EB), Danmerkur og EFTA-ríkjanna Íslands, Noregs og Sviss og kemur hann í stað eldri Lúganósamnings, sem undirritaður var

af hálfu Íslands þann 16. september 1988 í Lúganó, sbr. lög um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum, nr. 68/1995.

Með fullgildingu Lúganósamningsins frá 2007 er stefnt að frekari samvinnu á sviði dómsmála í alþjóðlegum einkamálum. Samningurinn treystir enn fremur meginreglur forvera síns frá 1988 um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma sem kveðnir eru upp í ríkjum annarra samningsaðila.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að ákvæði samningsins og þeirra þriggja bókana sem honum fylgja skuli hafa gildi hér á landi sem lög. Er það gert í þeim tilgangi að unnt sé að beita Lúganósamningnum með beinum hætti fyrir íslenskum dómstólum en vegna tvíeðliskenningarinnar sem lögð er til grundvallar í lagatúlkun hér á landi þarf að lögfesta alþjóðlega samninga svo slíkt sé unnt.

2. Forsaga samningsins.

Árið 1968 gerðu stofnríki EB, þ.e. Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg og Þýskaland, fyrst með sér samning um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum. Við samning þennan var bætt bókun árið 1971 sem fól í sér að dómstóll bandalagsins fékk vald til að túlka samninginn með bindandi hætti. Samningnum var breytt nokkrum sinnum til þess að fella ný ríki sem gengu í Evrópusambandið einnig undir gildissvið hans. Samningurinn frá 1968 ásamt síðari breytingum og bókun við hann hafa almennt gengið undir heitinu Brusselsamningurinn og gátu einungis aðildarríki EB orðið aðilar að honum, sbr. þágildandi 220. gr. Rómarsáttmálans (nú 293. gr.).

Af hálfu aðildarríkja EB og EFTA, svo og af hálfu EB sem stofnunar, kom snemma fram áhugi á því að gera sérstakan fjölþjóðasamning sem hefði að geyma samsvarandi reglur og Brusselsamningurinn með því meginmarkmiði að samræmdar reglur giltu um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum í öllum ríkjum EB og EFTA. Samstarf um slíkan fjölþjóðasamning hófst 1985 með stofnun sameiginlegs verkefnishóps. Niðurstaða þess starfs leiddi til Lúganósamningsins sem samþykktur var í Lúganó 16. september 1988. Er samningurinn mikilvægasti fjölþjóðlegi samningur um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum sem samþykktur hefur verið af hálfu íslenska ríkisins. Nánari umfjöllun um samninginn má finna í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 68/1995, um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum (Alþingistíðindi 1994–1995 A–deild, bls. 2553–2574).

Maastrichtsáttmálinn (Evrópusambandssáttmálinn) sem aðildarríki EB undirrituðu 7. febrúar 1992 í Maastricht í Hollandi, tók gildi 1. nóvember 1993 og markaði upphaf Evrópusambandsins (hér ýmist vísað til sem Evrópusambandsins eða ESB). Árið 1997 hóf ESB endurskoðun á Brusselsamningnum og Lúganósamningnum með það að markmiði að yfirfara samningana og samræma þá. Var af því tilefni settur á fót vinnuhópur sem í áttu sæti fulltrúar ESB-ríkjanna ásamt fulltrúum þeirra EFTA-ríkja sem aðilar voru að Lúganósamningnum frá 1988. Vinnuhópurinn komst að sameiginlegri niðurstöðu um endurskoðaða samninga í lok apríl 1999. Við gildistöku Amsterdamsáttmálans þann 1. maí 1999 öðlaðist ESB nýjar heimildir varðandi lagalegt samstarf á sviði einkamála. Kom það í veg fyrir að þau drög sem vinnuhópurinn hafði lagt fram að nýjum samningum yrðu að nýjum Brusselsamningi og nýjum Lúganósamningi en þau urðu hins vegar grundvöllur að reglugerð ráðsins nr. 44/2001/EB um dómsvald, viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum (Brussel I reglugerðin). Reglugerðin öðlaðist gildi í öllum aðildarríkjum ESB, að Danmörku undanskilinni, 1. mars 2002. Þann 19. október 2005 gerðu EB og Danmörk með sér samning sem veitti gildi ákvæð-

um Brussel I reglugerðarinnar, ásamt síðari breytingum, í samskiptum milli EB-ríkja annars vegar og Danmerkur hins vegar.

Hinar nýju valdheimildir sem sambandið öðlaðist við gildistöku Amsterdamsáttmálans kölluðu á það álitaefni vegna samningaviðræðna um nýjan Lúganósamning hvort EB sem stofnun gæti eitt verið viðsemjandi EFTA-ríkjanna eða hvort öll aðildarríkin þyrftu einnig að vera aðilar að samningnum. Var af því tilefni óskað eftir áliti dómstóls ESB sem kvað upp úr um það með áliti sínu dags. 7. febrúar 2006 að Evrópubandalagið væri til þess bært að semja fyrir hönd aðildarríkjanna um nýjan Lúganósamning um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum. Í kjölfar álits dómstólsins var haldin ráðstefna í Lúganó frá 10. til 12. október 2006 til þess að leggja lokahönd á samninginn en þar áttu sæti fulltrúar EB, Danmerkur, Íslands, Noregs og Sviss, auk þess sem fjöldi fulltrúa stofnana ESB sem og aðildarríkja fylgdust með. Ekki náðist samkomulag um alla þætti samningsins og áttu frekari samningaviðræður sér stað í kjölfarið. Samningurinn var, eins og áður hefur komið fram, undirritaður í Lúganó þann 30. október 2007.

Rétt er að geta þess að 1. desember 2009 öðlaðist Lissabonsáttmálinn svokallaði gildi í ríkjum ESB. Með sáttmálanum runnu hinar þrjár stoðir ESB saman í eina og var Evrópubandalagið þannig lagt niður. Evrópusambandið hefur því tekið yfir samningsskuldbindingar Evrópubandalagsins samkvæmt Lúganósamningnum. Með hliðsjón af þessu verður hér eftir vísað til Evrópusambandsins í umfjöllun um samninginn.

3. Helstu breytingar.

Efnislega er Lúganósamningurinn frá 2007 að miklu leyti í samræmi við Lúganósamninginn frá 1988. Þó hefur uppsetningu hans að einhverju leyti verið breytt og nýjum ákvæðum og viðaukum verið bætt við. Þá hafa einstök ákvæði sem áður voru í sjálfum samningnum verið flutt í viðauka við samninginn og önnur ákvæði verið færð úr bókunum við eldri samninginn og yfir í samninginn sjálfan. Ein veigamesta breytingin með hinum nýja samningi er sú að Evrópusambandið, sem stofnun, er nú aðili að samningnum í stað einstakra aðildarríkja áður. Samningurinn tekur því til ellefu sambandsríkja til viðbótar en Tékkland, Kýpur, Slóvakía, Slóvenía, Ungverjaland, Malta, Eistland, Lettland, Litháen, Búlgaría og Rúmenía voru ekki aðilar að Lúganósamningnum frá 1988. Endurskoðun á efnisákvæðum samningsins beindist einkum að reglum um varnarþing og lögsögu dómstóla yfir neytendasamningum. Aðrar mikilvægar breytingar voru gerðar á eftirfarandi sviðum: sérstakri lögsögu í félagarétti, *litis pendens*, og sameiningu skyldra dómsmála, svo og í málum er varða fullnustu dóma í öðru landi (*exequatur*). Aðrar óverulegri breytingar voru gerðar á eftirfarandi sviðum: varnarþingssamningum, ráðningarsamningum, lögsögu í skaðabótamálum, samlagsaðild, málshöfðun í ábyrgðarmálum, málshöfðun vegna brota á ábyrgðarskilmálum, málum sem höfðuð eru til að koma í veg fyrir fullnustu dóms, tryggingarmálum, fasteignavarnarþingi og hugverkamálum, svo og rétti til að taka til varna samkvæmt efni máls án þess að réttur glatist þar með til þess að vefengja lögsögu.

4. Efnisatriði Lúganósamningsins.

Lúganósamningurinn skiptist í átta hluta sem aftur greinast í kafla og einstök ákvæði. Ákvæðin eru 79 talsins.

Í I. hluta samningsins (1. gr.) er fjallað um gildissvið hans. Í II. hluta (2.–31. gr.) er fjallað um varnarþing. Í III. hluta (32.–56. gr.) er fjallað um viðurkenningu og fullnustu og í IV. hluta (57. og 58. gr.) um opinberlega staðfest skjöl og réttarsáttir. Þá fylgir í kjölfarið V. hluti

(59.–62. gr.) sem fjallar um almenn ákvæði og VI. hluti (63. gr.) sem hefur að geyma bráðabirgðaákvæði. Síðan kemur VII. hluti (64.–68. gr.) sem fjallar um afstöðu til reglugerðar ráðsins nr. 44/2001/EB og annarra samninga og loks VIII. hluti (69.–79. gr.) sem hefur að geyma lokaákvæði.

Þrjár bókanir fylgja samningnum og teljast þær óaðskiljanlegur hluti hans, sbr. 75. gr. Í bókun nr. 1 er nánar fjallað um tiltekin atriði varðandi varnarþing, málsmeðferð og fullnustu (I.–IV. gr.). Í bókun nr. 2 er fjallað um samræmda túlkun samningsins og um fastanefndina (1.–5. gr.) og í bókun nr. 3 er fjallað um beitingu 67. gr. samningsins.

Loks fylgja samningnum níu viðaukar sem einnig teljast óaðskiljanlegur hluti hans, sbr. 75. gr. Viðaukar I–IV og viðauki VII hafa að geyma upplýsingar í tengslum við beitingu samningsins. Í viðaukum V og VI er að finna þau stöðluðu eyðublöð sem vísað er til annars vegar í 54. og 58. gr. og hins vegar í 4. mgr. 57. gr. samningsins. Í viðauka VIII er að finna yfirlit yfir jafngild tungumál sem vísað er til í 79. gr. og í viðauka IX er fjallað um beitingu II. gr. í bókun nr. 1.

Ákvæði Lúganósamningsins frá 2007 eru að mestu leyti efnislega samhljóða samsvarandi ákvæðum Brussel I reglugerðarinnar og er tölusetning einstakra ákvæða að sama skapi að meginstefnu sú hin sama. Þó eiga aðfaraorð samningsins, 69.–79. gr., ákvæði I., III. og IV. gr. bókunar nr. 1, bókanir nr. 2 og 3, svo og viðauki VIII, sér ekki samsvörun í Brussel I reglugerðinni.

4.1. Gildissvið (1. gr.).

Lúganósamningurinn gildir einungis á sviði einkamála, þar á meðal verslunarmála, án tillits til þess hvaða dómstóll fer með mál. Það leiðir af efni samningsins að hann gildir einungis um þau einkamál sem hafa á sér vissan alþjóðlegan blæ en ekki mál þar sem um er að ræða hreina innlenda hagsmuni. Opinber mál falla ekki undir samninginn. Samningurinn gildir ekki um skattamál, tollamál og stjórnsýslumál. Sérstaklega eru undanskilin mál sem varða persónulega réttarstöðu manna, rétthæfi og gerhæfi, svo og fjárhagsleg réttindi sem eiga rætur að rekja til hjúskapar eða erfða. Gjaldþrotamál eru undanþegin, svo og mál í sambandi við nauðasamninga og mál varðandi almannatryggingar og gerðardóma. Hvað þessi atriði varðar er ákvæðið samhljóða 1. gr. Lúganósamningsins frá 1988.

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. er nýmæli í samningnum en þar er kveðið á um það að með hugtakinu „ríki bundið af þessum samningi“ sé átt við sérhvert ríki sem aðili er að samningnum, aðildarríki Evrópusambandsins eða Evrópusambandið sjálft. Nauðsynlegt var talið að kveða sérstaklega á um þetta atriði þar sem Evrópusambandið sem slíkt er orðið aðili að samningnum en á sama tíma skal hann gilda fyrir einstök aðildarríki þess og þá dómstóla sem í aðildarríkjunum eru.

4.2. Varnarþing.

4.2.1. Almennar reglur um varnarþing (2.–4. gr.).

Ákvæði nýja Lúganósamningsins sem mæla fyrir um almennar reglur um varnarþing eru að mestu leyti sama efnis og í Lúganósamningnum frá 1988. Þannig er það enn meginregla samkvæmt samningnum að menn skuli lögsækja á heimilisvarnarþingi sínu, sbr. 2. gr., og skiptir þá ríkisfang ekki máli í því sambandi. Það fer svo eftir almennum réttarfarsreglum í hverju samningsríki fyrir hvaða dómstóli innan þeirra mál skal höfðað nema samningurinn kveði á um annað.

Einungis er heimilt að lögsækja einstakling utan þess samningsríkis þar sem hann á heimili, eftir þeim varnarþingsreglum sem kveðið er á um í 2.–7. kafla II. hluta samningsins, sbr. 1. mgr. 3. gr. Varnarþingsreglurnar eru þannig tæmandi taldar í samningnum og leiða því m.a. til þess að engum íslenskum reglum um alþjóðlegt varnarþing má lengur beita gegn íbúum samningsríkjanna í málum sem falla undir samninginn og er það raunar sérstaklega tekið fram í 3. gr. Sem dæmi má nefna að 4. mgr. 32. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, verður ekki beitt gegn mönnum sem heimili eiga í aðildarríki samningsins eftir lögtöku hans, sbr. 2. mgr. 3. gr. og viðauka I.

Allar venjulegar alþjóðlegar varnarþingsreglur gilda hins vegar samkvæmt Lúganósamningnum gagnvart þeim sem ekki eru búsettir í samningsríki, þar á meðal þær alþjóðlegu varnarþingsreglur sem í gildi eru skv. 4. gr. hans. Þetta hefur þá þýðingu að dómur, sem kveðinn er upp í samningsríki á slíkum forsendum, hefur full réttaráhrif í hinum samningsríkjunum.

4.2.2. Sérstök varnarþing (5.–7. gr.).

Með sérstöku varnarþingi er átt við að í nánar tilteknum tilvikum megi lögsækja mann í einu samningsríki þótt hann sé búsettur í öðru samningsríki. Meginreglan um heimilisvarnarþing skv. 2. gr. byggist á tengslum varnaraðila við tiltekið ríki en reglurnar um sérstök varnarþing byggjast hins vegar á tengslum tiltekins sakarefnis við það ríki. Rétt er að taka fram að sérstöku varnarþingin eru valkvæð þannig að sóknaraðili getur að jafnaði valið hvort hann lögsækir varnaraðila á heimilisvarnarþingi skv. 2. gr. eða á sérstöku varnarþingi.

Efnislega eru ákvæði 5. gr. Lúganósamningsins frá 2007 að mestu í samræmi við ákvæði Lúganósamningsins frá 1988. Þó hafa nokkrar breytingar átt sér stað. Þannig hafa reglur um varnarþing í vinnusamningnum, sem kveðið var á um í 1. mgr. 5. gr., verið teknar út úr ákvæðinu og er sérstaklega fjallað um þær í 18.–21. gr. samningsins. Ákvæði 1. mgr. hefur jafnframt verið skýrt að því er varðar hvar efndavarnarþing vegna lausafjárkaupa og þjónustu skuli vera (b-liður 1. mgr. 5. gr.) en samkvæmt ákvæðinu skal sá staður þar sem skuldbindingu skal efna vera talinn sá staður í samningsríki þar sem samkvæmt samningi hlutur var afhentur eða skyldi afhenda eða þjónusta var veitt eða hana skyldi veita, nema um annað hafi verið samið. Var 5. gr. eldri Lúganósamningsins óskýr hvað þetta varðar.

Í 2. mgr. 5. gr. er fjallað um framfærsluvarnarþing en þar er mælt fyrir um að mál út af framfærsluskyldu, hvort sem er með barni eða maka, megi sækja fyrir dómstóli þess staðar þar sem sá sem rétt á til framfærslu á heimili eða dvelst að jafnaði. Hér á landi er venjulega ekki farið í dómsmál út af kröfum af þessu tagi heldur eru þær úrskurðaðar af stjórnvöldum og eru aðfararhæfar. Skv. 62. gr. samningsins telst slíkur úrskurður jafngildur dómi og verður við það jafnræði milli samningsríkja í þessu tilliti.

Í málum sem varða skaðabætur utan samninga er heimilt að höfða mál þar sem tjónsatburður átti sér stað (brotavarnarþing), sbr. 3. mgr. 5. gr. Sú breyting átti sér stað á ákvæðinu með Lúganósamningnum frá 2007 að jafnframt er heimilt að höfða mál fyrir dómstóli þess ríkis þar sem tjónsatburður getur orðið.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á orðalagi 4.–7. mgr. 5. gr. en efnislega eru ákvæðin í samræmi við ákvæði Lúganósamningsins frá 1988. Þetta á t.d. við um varnarþing í refsimáli skv. 4. mgr. 5. gr. og varnarþing fjárvörslusjóðs skv. 6. mgr. 5. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. samningsins er áfram gert ráð fyrir aðilasamlagsvarnarþingi. Í því felst að ef lögsækja má marga menn búsetta í samningsríkjunum má höfða mál fyrir dómstóli á heimilisvarnarþingi einhvers þeirra. Sú breyting hefur þó verið gerð á ákvæðinu að gerð er

krafa um að kröfurnar séu svo tengdar innbyrðis að æskilegt sé að fara með þær og dæma sameiginlega til að koma í veg fyrir hættu á því að ósamrýmanlegir dómar yrðu kveðnir upp, ef dæmt væri um hverja þeirra sérstaklega.

Ákvæði 2.–4. mgr. 6. gr. samningsins eru samhljóða ákvæðum 2.–4. mgr. 6. gr. Lúganósamningsins frá 1988. Í 2. mgr. 6. gr. er mælt fyrir um varnarþing þriðja manns, í 3. mgr. um gagnkröfuvarnarþing og í 4. mgr. um varnarþing varðandi réttindi yfir fasteign.

Í 7. gr. er kveðið á um að ef dómstóll í samningsríki er talinn hafa lögsögu til þess að skera úr um ábyrgð sem stafar af notkun eða rekstri skips hafi sá dómstóll einnig lögsögu í málum um takmörkun þeirrar ábyrgðar.

4.2.3. Varnarþing í vátryggingarmálum (8.–14. gr.).

Í vátryggingamálum gilda sérstakar ófrávíkjanlegar varnarþingsreglur, sbr. 8. gr. samningsins, en markmiðið með þessum reglum er að vernda vátryggingartaka sem almennt er talinn hafa verri stöðu við samningsgerð en vátryggjandi.

Er 9. gr. samningsins að mestu samhljóða 8. gr. Lúganósamningsins frá 1988 en þó er gengið nokkuð lengra í b-lið 1. mgr. 9. gr. en áður var gert. Meginreglan skv. a-lið 1. mgr. 9. gr. er hin sama og áður, þ.e. að vátryggjanda má lögsækja fyrir dómstóli í því ríki þar sem hann á heimili. Í b-lið er vátryggingartaka, vátryggðum eða öðrum rétthafa heimilað að höfða mál fyrir dómstóli þar sem hann sjálfur á heimili, en slíkt átti aðeins við um vátryggingartaka áður. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að reki vátryggjandi útibú, umboðsskrifstofu eða aðra starfsemi í öðru ríki, sem bundið er af samningnum, er heimilt að líta svo á að hann eigi heimili þar hafi vátryggingin verið tekin þar, sbr. 2. mgr. 9. gr. Í málum vegna ábyrgðartrygginga eða vátrygginga á fasteignum má einnig lögsækja vátryggjanda fyrir dómstóli þess staðar þar sem tjónsatburður varð, sbr. 10. gr. samningsins. Skv. 12. gr. samningsins má vátryggjandi sjálfur hins vegar að jafnaði aðeins höfða mál fyrir dómstóli í því samningsríki þar sem varnaraðili á heimili.

Í 13. gr. samningsins er kveðið á um að í nánar tilteknum tilvikum sé heimilt að víkja frá varnarþingsreglunum með samningi og eru skilyrði þess sett fram í ákvæðinu sem er samhljóða 12. gr. Lúganósamningsins frá 1988. Er í ákvæðinu m.a. fjallað um vátryggingartaka sem ekki á heima í aðildarríki og vátryggingarsamninga sem taka til eins eða fleiri áhættuflokka sem nefndir eru í 14. gr. en í því ákvæði er fjallað um sérstaka áhættuflokka sem varða skip og loftför. Ástæða þess að heimilt er að víkja frá varnarþingsreglum í þessu sambandi er sú að slíkir samningar eru að jafnaði gerðir milli hliðsettra aðila. Er það metið svo að í þessum tilvikum sé ekki fyrir hendi mismunur á samningsaðstöðu aðilanna líkt og ef um væri að ræða hefðbundið samningssamband milli vátryggjanda og vátryggingartaka.

4.2.4. Varnarþing í neytendamálum (15.–17. gr.).

Markmið með varnarþingsreglu 15.–17. gr. samningsins er svipað og um varnarþing í vátryggingarmálum, þ.e. að vernda þann aðila sem ætla má að hafi almennt verri stöðu við samningsgerð. Um neytendamál er að ræða þegar menn gera vissar tegundir samninga án þess að þeir séu liður í atvinnu þeirra. Gildissvið samningsins er með breytingunum frá 2007 víðara en áður var að því er varðar neytendamál. Í 15. gr. samningsins er fjallað um það hvaða samningstegundir falla undir þessar sérstöku varnarþingsreglur og eru þær eftirfarandi:

a) samningar um lausafjárkaup með afborgunarskilmálum,
b) samningar um lán sem endurgreiða skal með afborgunum, eða annars konar lánafyrirgreiðslu, til að fjármagna kaup á lausafé, og

c) samningar sem gerðir hafa verið við mann sem stundar verslunar- eða atvinnustarfsemi í ríki þar sem neytandinn á heimili, eða með einhverjum hætti beinir slíkri starfsemi til þess ríkis, enda sé samningurinn í tengslum við atvinnustarfsemi viðkomandi.

Skv. 13. gr. Lúganósamningsins frá 1988 giltu varnarþingsreglurnar einungis um tilteknar tegundir samninga en af c-lið 15. gr. hins nýja samnings má sjá að honum er ætlað að gilda um alla neytendasamninga. Frá þessu eru þó tvær undantekningar: annars vegar í málum sem varða vátryggingasamninga en í slíkum tilvikum ræðst það af ákvæðum 8.–14. gr. samningsins hvar höfða skal mál, sbr. umfjöllun í kafla 4.2.3, og hins vegar í málum þar sem efni samningsins fellur undir ákvæði 22. gr. um skylduvarnarþing og ber þá að höfða mál á því varnarþingi sem þar er mælt fyrir um.

Reglan er sú að neytandi getur höfðað mál gegn samningsaðila sínum annaðhvort fyrir dómstóli í því samningsríki þar sem seljandi er til heimilis eða þar sem neytandinn sjálfur á heima, sbr. 1. mgr. 16. gr. samningsins. Seljandi getur á hinn bóginn aðeins höfðað mál gegn neytanda þar sem neytandinn á heima, sbr. 2. mgr. 16. gr. Ákvæði 1. og 2. mgr. 16. gr. hafa ekki áhrif á rétt til að koma að gagnkröfu fyrir dómstóli þar sem aðalkrafan er til meðferðar, sbr. 3. mgr. 16. gr.

Í 17. gr. samningsins er kveðið á um að víkja megi frá þessum varnarþingsreglum með samningi en einungis ef einhverju þessara skilyrða er fullnægt:

1. að samningurinn sé gerður eftir að ágreiningur er risinn,
2. að samningurinn heimili neytanda að höfða mál fyrir öðrum dómstólum en þeim sem getið var að framan, eða
3. að samningurinn hafi verið gerður af neytanda og samningsaðila hans sem, þegar samningurinn var gerður, áttu báðir heimili eða dvöldust að jafnaði í sama samningsríki, og samningurinn veitir dómstólum þess ríkis dómsvald, enda sé slíkur samningur ekki andstæður lögum þess ríkis.

4.2.5. Varnarþing í vinnusamningum einstaklinga (18.–21. gr.).

Með Lúganósamningnum frá 2007 voru varnarþingsreglur í vinnusamningum einstaklinga settar í sérstakan kafla þar sem þær voru útfærðar með nánari hætti.

Í 2. mgr. 18. gr. segir að geri launþegi vinnusamning við vinnuveitanda sem á ekki heimili í aðildarríki, en hafi þar útibú, umboðsskrifstofu eða svipaða starfsemi skuli, vegna ágreinings sem stafi af rekstri útibúsins, umboðsskrifstofunnar eða starfseminnar, líta svo á að vinnuveitandinn eigi heimili í aðildarríkinu.

Samkvæmt 19. gr. samningsins getur launþegi valið um að höfða mál gegn vinnuveitanda sínum fyrir dómstólum í ríki þar sem vinnuveitandinn á heimili, þar sem starfsemin er eða þar sem launþeginn starfar að jafnaði eða starfaði síðast. Vinnuveitandinn getur hins vegar að jafnaði einungis höfðað mál gegn launþega sínum þar sem launþeginn á heima, sbr. 20. gr. samningsins.

Heimilt er að víkja frá varnarþingsreglunum með samningi sem gerður er eftir að ágreiningur er risinn eða heimilar launþeganum að höfða mál fyrir öðrum dómstólum en þeim sem getið er um í kaflanum, sbr. 21. gr. samningsins.

4.2.6. Skylduvarnarþing (22. gr.).

Í sumum tilvikum býður Lúganósamningurinn aðeins upp á eitt tiltekið varnarþing í samningsríki sem skylt er að nota við málshöfðun. Ekki má víkja frá þessu með samningi eða á annan hátt. Ef mál er höfðað fyrir dómstóli í samningsríki í bága við slíkt ákvæði ber dómara

í því ríki að vísa máli frá dómi af sjálfsdáðum. Gangi dómur andstætt þessu engu að síður nýtur hann hvorki viðurkenningar né aðfararhæfis í öðrum samningsríkjum.

Rökin fyrir því að mæla fyrir um sérstök skylduvarnarþing eru þau að sakarefnið telst svo tengt því samningsríki sem varnarþing er í, að því er tekur til löggjafar í því ríki og annarra atriða, að það væri óæskilegt eða óeðlilegt að dómsvald um það væri í öðru samningsríki. Ákvæðin um skylduvarnarþing gilda án tillits til þess hvort varnaraðili er búsettur í samningsríki eða ekki. Er þetta frábrugðið því sem gildir um sérstök varnarþing. Tilvikin eru að mestu sambærileg þeim sem tilgreind eru í Lúganósamningnum frá 1988 en þó er að finna breytingar í 1. mgr. sem og 4. mgr. 22. gr. Samkvæmt ákvæðinu eru skylduvarnarþingin þessi:

1. Mál um réttindi yfir fasteign eða leigu fasteignar má aðeins sækja í því samningsríki sem fasteignin er í. Þó er gerð undantekning varðandi mál um fasteignaleigusamninga sem gerðir eru um tímabundin persónuleg afnot til allt að sex mánaða óslitið. Slík mál verða annaðhvort höfðuð í því ríki þar sem fasteignin er eða þar sem varnaraðili á heimili, enda sé leigutaki persóna og bæði leigutaki og leigusali eiga heimili í sama ríki.
2. Mál um gildi og ógildi eða slit félaga eða annarra lögpersóna eða um ákvarðanir fyrirsvarsmanna þeirra skal höfða þar sem lögpersónan hefur aðsetur.
3. Mál um gildi skráninga í opinbera skrá skal höfða fyrir dómstólum þess samningsríkis þar sem skráin er haldin.
4. Mál, sem varða skráningu eða gildi einkaleyfa, vörumerkja, mynstra eða annarra svipaðra réttinda sem tilkynna þarf eða skrá, skal höfða fyrir dómstólum þess samningsríkis þar sem tilkynning eða beiðni um skráningu hefur verið lögð fram, hefur farið fram eða er talin hafa farið fram samkvæmt gerningi Evrópusambandsins eða ákvæðum þjóðréttarsamnings. Að öðru leyti en því, sem greinir um lögsögu Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar samkvæmt samningi um veitingu evrópskra einkaleyfa sem undirritaður var í München 5. október 1973, hafa dómstólar samningsríkjanna einir dómsvald, án tillits til heimilis, í málum um skráningu eða gildi evrópsks einkaleyfis sem veitt hefur verið því ríki. Gildir það hvort sem ágreiningsefnið er haft uppi til sóknar eða varnar.
5. Í málum um fullnustu dóma hafa dómstólar þess samningsríkis einir dómsvald þar sem fullnusta hefur farið fram eða skal fara fram.

4.2.7. Samningsvarnarþing (23.–24. gr.).

Aðilum er heimilt að gera samninga um varnarþing fullnægi þeir þeim skilyrðum sem koma fram í 23. gr., en þau eru einkum þessi:

1) að minnsta kosti annar samningsaðili eða einn þeirra eigi heimili í samningsríki, sbr. 1. mgr. 23 gr.,
2) að aðilar hafi í samningnum vísað til tiltekins dómstóls eða dómstóla í samningsríki, sbr. 1. mgr. 23. gr.,
3) að samningurinn sé gerður í tengslum við ágreininginn sem þegar er risinn eða kann að rísa í tengslum við tiltekin lögskipti.

Að auki má gera ráð fyrir því að það geti talist skilyrði samkvæmt samningnum að réttarsamband aðila hafi alþjóðleg tengsl, þar sem samningurinn tekur einungis til mála sem hafa á sér vissan alþjóðlegan blæ, enda þótt það sé ekki beinlínis tekið fram í 23. gr. samningsins.

Samningur um varnarþing þarf annaðhvort að vera skriflegur eða munnlegur og staðfestur skriflega eða í formi sem er í samræmi við venjur sem aðilar hafa komið á sín í milli eða vera í samræmi við viðskiptavenjur þegar um milliríkjaviðskipti er að ræða. Í Lúganósamningnum

frá 2007 er það sérstaklega tekið fram í þessu sambandi að sérhver rafræn samskipti sem veita varanlega skráningu á samningnum sjálfum skuli teljast jafngild því að þau væru gerð skriflega. Þegar samningur um varnarþing liggur fyrir hefur enginn annar dómstóll dómsvald í málinu. Það skal þó tekið fram að samningur um varnarþing getur ekki haggað ákvæðum samningsins um skylduvarnarþing. Hátti þannig til að enginn eða hvorugur aðila á heimili í samningsríki en geri samt samning um alþjóðlegt varnarþing í því tiltekna ríki leiðir það til þess að dómstólar annarra samningsríkja hafa ekki dómsvald nema sá dómstóll sem samið var um hafi vísað máli frá sér vegna rangs varnarþings. Liggi slík frávísun hins vegar fyrir geta dómstólar annarra samningsríkja dæmt í málinu ef lög viðkomandi ríkis um alþjóðlegt varnarþing standa til þess.

Rétt er að taka fram að ákvæði 4. mgr. 17. gr. Lúganósamningsins frá 1988 er ekki að finna í Lúganósamningnum frá 2007. Í ákvæðinu var kveðið á um að hefði samningur um varnarþing einungis verið gerður í þágu annars aðilans eða eins þeirra héldi sá aðili rétti sínum til málshöfðunar fyrir hverjum þeim dómstóli öðrum sem hafði dómsvald samkvæmt samningnum. Rökin að baki þessari breytingu eru þau að erfitt þótti að skilgreina hvenær samningur um varnarþing teldist einungis hafa verið gerður í þágu annars aðilans eða eins þeirra.

Í 24. gr. samningsins er gert ráð fyrir þegjandi samþykki um varnarþing. Í stuttu máli segir að dómstóll í samningsríki hafi dómsvald ef varnaraðili sækir þar dómþing. Þetta gildir þó ekki ef hann mætir til þess að mótmæla varnarþingi. Reglan gildir heldur ekki um skylduvarnarþing skv. 22. gr. Ákvæðið var áður að finna í 18. gr. Lúganósamningsins frá 1988 en það er breytt að því leyti að ekki er lengur gerð krafa um að aðili sem sækir dómþing til að mótmæla varnarþingi geri það einungis í þeim tilgangi líkt og áður var.

4.3. Könnun á varnarþingi og því hvort mál sé tækt til meðferðar (25.–26. gr.).

Í 25. gr. samningsins er kveðið á um að þegar dómstóli í samningsríki er falið að skera úr ágreiningi sem í aðalatriðum varðar málefni sem dómstólar annars samningsríkis hafa einir dómsvald um skal hann sjálfkrafa vísa máli frá dómi. Er ákvæðið samhljóða 19. gr. Lúganósamningsins frá 1988. Reglan telst nauðsynleg til þess að unnt sé að framfylgja ákvæðunum í 22. gr. um skylduvarnarþing.

Í 26. gr. er fjallað um hvernig fara skal með þegar um útivistarmál er að ræða. Ákvæðið er að mestu samhljóða ákvæði 20. gr. Lúganósamningsins frá 1988. Nýmæli er þó að finna í 4. mgr. 26. gr. en það snýr einungis að aðildarríkjum Evrópusambandsins og konungsríkinu Danmörku. Hér skal þess enn fremur getið að hvorki skal viðurkenna né fullnusta útivistardómi ef varnaraðila var ekki réttilega stefnt svo tímanlega að hann gæti undirbúið vörn sína, sbr. 2. mgr. 34. gr. samningsins. Ákvæðið kveður þó á um að það eigi þó ekki við hafi stefndi látið hjá líða að hefja mál til að hnekkja dóminum þegar hann átti þess kost.

4.4. „Litis pendens“ og skyldar kröfur (27.–30. gr.).

Engar efnislegar breytingar er að finna í ákvæði 27. gr. samningsins sem fjallar um svokölluð „litis pendens áhrif“ en ákvæðið var áður að finna í 21. gr. Lúganósamningsins frá 1988. Ef krafa, byggð á sömu málsástæðum og milli sömu aðila, er gerð fyrir dómstólum í tveimur eða fleiri samningsríkjum skal hver dómstóll, annar en sá sem mál er fyrst höfðað fyrir, sjálfkrafa fresta meðferð þess þar til fyrir liggur að sá dómstóll hafi dómsvald í málinu. Ef það liggur hins vegar fyrir að sá dómstóll, sem mál er fyrst höfðað fyrir, hafi dómsvald skulu aðrir dómstólar vísa málinu frá dómi í þágu hans.

Nokkrar breytingar hafa átt sér stað að því er varðar skyldar kröfur, sbr. 28. gr. samningsins. Skv. 1. mgr. er það ekki lengur skilyrði fyrir frestun málsmeðferðar að málin séu til meðferðar á fyrsta dómstigi í samningsríkjunum. Í ákvæðinu segir nú að séu skyldar kröfur gerðar fyrir dómstólum í tveimur eða fleiri samningsríkjum geti hver dómstóll, annar en sá þar sem mál hefur fyrst verið höfðað, frestað málsmeðferð sinni. Skv. 2. mgr. er kveðið skýrar á um að dómstóli á fyrsta dómstigi sé heimilt, eftir kröfu annars aðilans, að vísa frá máli um skyldar kröfur hafi mál þegar verið höfðað fyrir öðrum dómstóli sem hefur lögsögu í málinu. Gerð er krafa um að heimilt sé samkvæmt lögum þess ríkis þar sem dómstóllinn starfar að skyldar kröfur séu sóttar sameiginlega og að sá dómstóll þar sem mál var fyrst höfðað hafi dómsvald um kröfurnar. Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á 3. mgr. 28. gr. en þar er kveðið á um að skyldar kröfur séu þær kröfur kallaðar sem eru svo tengdar innbyrðis að æskilegt er að dæma um þær sameiginlega til að koma í veg fyrir ósamrýmanlega dóma.

Ákvæði 30. gr. samningsins er nýmæli og kveður á um hvenær mál telst vera höfðað fyrir dómstóli. Þar segir að mál teljist vera höfðað fyrir dómstóli annars vegar þegar stefna, eða samsvarandi skjal um málshöfðun, hefur verið lögð fram fyrir dómi, enda hafi stefnandi ekki í kjölfarið látið hjá líða að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til þess að láta birta stefnuna fyrir stefnda, og hins vegar, þegar um er að ræða tilvik þar sem nauðsynlegt er að birta stefnu áður en hún er lögð fram fyrir dómi, frá þeim tíma þegar sá sem hefur heimild til að birta stefnu tekur við henni, svo fremi að stefnandi hafi ekki í kjölfarið látið hjá líða að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að leggja stefnu fram fyrir dómi. Ákvæðinu er ætlað að samræma réttarreglur samningsríkjanna að þessu leyti.

4.5. Bráðabirgðaúrræði, þ.m.t. tryggingarúrræði (31. gr.).

Ákvæðið er óbreytt frá 24. gr. Lúganósamningsins frá 1988. Í því er kveðið á um að þótt dómstóll í einu samningsríki hafi dómsvald um efni máls megi leita til dómstóla annars samningsríkis um að beita réttarúrræðum til bráðabirgða, þar með töldum tryggingarúrræðum, sem lög þess ríkis kunna að heimila. Ef staðfestingarmál skal fylgja í kjölfarið verður að höfða það en þá yrði fyrst að fresta staðfestingarmálinu uns dómur er fallinn í fyrsta málinu. Fer það eftir almennum reglum samningsins um lögsögu hvaða dómstóll er talinn bær til þess að fjalla um efni máls skv. 31. gr.

4.6. Viðurkenning og fullnusta dóma (32.–56. gr.).

4.6.1. Hugtakið dómur.

Ákvæði 32. gr. samningsins er samhljóða ákvæði 25. gr. Lúganósamningsins frá 1988 en ákvæðið skilgreinir hugtakið „dóm“ samkvæmt samningnum. Rétt er að benda á nýtt ákvæði í 62. gr. samningsins sem skilgreinir hugtakið „dómstól“ á þann hátt að það nái jafnframt til ákvarðana stjórnvalds sem falið hefur verið dómsvald í málum sem falla undir gildissvið samningsins. Í þessu felst að þær ákvarðanir stjórnvalds sem eru fullnustuhæfar teljast til „dóma“ í þessu sambandi. Sem dæmi má nefna að úrskurður sýslumanns um meðlag er aðfararhæfur á grundvelli 1. mgr. 66. gr. barnalaga, nr. 76/2003, og fellur því undir hugtakið dóm í þessu sambandi.

4.6.2. Viðurkenning dóma (33.–37. gr.).

Ákvæði 33.–37. gr. samningsins fjalla um skyldu samningsríkjanna til þess að viðurkenna dóma sem kveðnir eru upp í öðrum samningsríkjum og þær undantekningar sem gilda þar

um. Meginreglan er sú, líkt og í Lúganósamningnum frá 1988, að dómar, sem kveðnir eru upp í samningsríki, skulu viðurkenndir í öðrum samningsríkjum án nokkurrar sérstakrar málsmeðferðar, sbr. 33. gr. samningsins.

Stundum verða dómar þó ekki viðurkenndir. Í samningnum eru með tæmandi hætti taldar upp þær málsástæður sem unnt er að setja fram eða nota gegn viðurkenningu dóms sem kveðinn hefur verið upp í öðru samningsríki, sbr. nánar 34. og 35. gr. Öðrum varnarástæðum verður því ekki komið að og er sérstaklega tekið fram í 36. gr. að erlendan dóm megi aldrei endurskoða að efni til.

Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á ákvæði 34. gr. frá því sem áður var en í ákvæðinu er fjallað um þau tilvik þar sem dómur skal ekki viðurkenndur. Ákvæðið var áður að finna í 27. gr. Í 2. mgr. 34. gr. er mælt fyrir um að útivistardómur skuli ekki viðurkenndur hafi varnaraðila ekki verið birt stefna eða samsvarandi skjal svo tímanlega og með þeim hætti að hann gæti undirbúið vörn sína. Jafnframt segir í ákvæðinu að hafi stefndi látið hjá líða að hefja mál til að hnekkja dóminum þegar hann átti þess kost, þá skuli dómurinn viðurkenndur og er það nýmæli. Í ljósi framkvæmdarinnar þótti ljóst að sá möguleiki væri fyrir hendi að skuldari sem ekki væri í góðri trú gæti nýtt eldra ákvæðið sér til hagsbóta. Með dómi sínum þann 14. desember 2006 í máli *ASML Netherlands BV* gegn *Semiconductor Industry Services* GmbH (mál nr. C-203/05) tók dómstóll ESB afstöðu til 2. mgr. 34. gr. Brussel I reglugerðarinnar. Þar segir að með kröfunni um að varnaraðili hafi átt þess kost að hefja mál til að hnekkja dómi sé gerð krafa um að varnaraðila hafi verið kunnugt um innihald dómsins þar sem hann hafði verið birtur honum innan hæfilegs tíma svo varnaraðilinn hafi getað undirbúið vörn sína. Ekki væri nægilegt að viðkomandi væri kunnugt um að mál hafi verið höfðað gegn honum og að útivistardómur hafi fallið í kjölfarið. Þá staðfesti dómstólinn einnig að formgalli á birtingu, sem hefði ekki umtalsverð áhrif fyrir varnaraðila, væri ekki nægilegur til þess að koma í veg fyrir að útivistardómur yrði viðurkenndur.

Í ákvæðinu er ekki lengur að finna skilyrðið um að dómur skuli ekki viðurkenndur, hafi dómstóllinn í dómsríkinu við ákvörðun sína fyrst tekið afstöðu til álitaefnis um persónulega réttarstöðu manna, rétthæfi eða gerhæfi, fjármál hjóna, lögarf eða bréfarf og komist að niðurstöðu sem andstæð er lagaskilareglum í ríki því þar sem viðurkenningar er krafist, nema sama niðurstaða hefði fengist ef beitt hefði verið lagaskilareglum þess ríkis. Regluna var að finna í Lúganósamningnum frá 1988 vegna ólíkra lagavalsreglna í samningsríkjunum í fjölskyldu- og erfðamálum en munurinn er einkum fólginn í því að sum ríki leggja til grundvallar að lög þess ríkis þar sem viðkomandi á heimili skuli gilda á meðan önnur byggja á því að ríkisborgararéttur viðkomandi skuli ráða. Vegna vinnu Evrópusambandsins við að samræma lagavalsreglur aðildarríkja sinna þótti ekki nauðsynlegt að kveða lengur á um þessa undantekningu. Ekki hafa þó verið settar sameiginlegar reglur á þessu sviði innan Evrópusambandsins.

Í 4. mgr. 34. gr. er fjallað um ósamrýmanlega dóma. Í ákvæðinu er að finna þau nýmæli að dóm skuli ekki viðurkenna ef hann er ósamrýmanlegur dómi um sama sakarefni og milli sömu aðila sem áður hefur verið kveðinn upp í samningsríki. Af þessu leiðir að nú getur varnaraðili einnig borið það fyrir sig að dómur sé ósamrýmanlegur dómi sem kveðinn hefur verið upp í öðru samningsríki en það var ekki unnt áður. Samkvæmt Lúganósamningnum frá 1988 gilti þessi regla einungis um dóma sem ósamrýmanlegir voru dómum sem kveðnir voru upp í þriðja ríki.

Samkvæmt Lúganósamningnum frá 2007 eru helstu varnarástæður sem unnt er að koma fram með gegn viðurkenningu dóms eftirtaldar:

1) ef viðurkenning hans væri bersýnilega andstæð allsherjarreglu í viðkomandi ríki,
2) ef um útivistardóm er að ræða og stefna var ekki birt svo tímanlega og með þeim hætti að varnaraðili gæti undirbúið vörn sína, nema stefndi hafi látið hjá líða að hefja mál til að hnekkja dóminum þegar hann átti þess kost,
3) ef hann er ósamrýmanlegur dómi, sem áður hefur verið kveðinn upp í öðru samningsríki eða í þriðja ríki, um sama sakarefni og milli sömu aðila, enda fullnægi fyrri dómurinn skilyrðum til viðurkenningar í því ríki þar sem viðurkenningar er krafist, og
4) ef ekki hefur verið farið eftir varnarþingsreglum sem gilda í vátryggingarmálum eða neytendamálum eða um skylduvarnarþing. Dómstólar í fullnusturíkinu eru þó bundnir af niðurstöðu dómstóls í dómsríki um málsatvik þegar þeir meta síðastgreint atriði. Einnig felst í umræddum ákvæðum með gagnályktun að dómstólar í síðara ríkinu eru bundnir af úrlausnum dómstóla dómsríkisins um varnarþing í öðrum tilvikum en hér greinir.

4.6.3. Fullnusta dóma (38.–52. gr.).

Ákvæði 38.–52. gr. samningsins fjalla um fullnustu dóms í öðru samningsríki en því þar sem hann var kveðinn upp, þar á meðal um heimild varnaraðila til þess að bera ákvörðun um fullnustuhæfi undir dóm. Eru reglur Lúganósamningsins frá 2007 nokkuð einfaldari en í samningnum frá 1988.

Meginreglan er áfram sú að dómi, sem kveðinn hefur verið upp í samningsríki og fullnægja má í því ríki, skuli fullnægja í öðru samningsríki þegar hann, að beiðni rétts aðila, hefur verið lýstur fullnustuhæfur þar, sbr. 1. mgr. 38. gr. samningsins. Beiðni um þetta skal leggja fram hjá þeim dómstóli eða valdbæru stjórnvaldi sem talið er upp í viðauka II með samningnum, sbr. 1. mgr. 39. gr. Hér á landi skal leggja beiðnina fram hjá héraðsdómi. Heimili þess, sem fullnustu er krafist hjá, eða sá staður þar sem fullnustu er krafist, ræður því hvaða dómstóll fer með mál, sbr. 2. mgr. 39. gr. Ákvæðið er breytt að því leyti að í Lúganósamningnum frá 1988 var gert ráð fyrir því að meginreglan væri sú að heimili þess sem fullnustu var krafist hjá réði því hvaða dómstóll færi með mál. Í samningnum frá 2007 eru framangreindar tvær aðferðir lagðar að jöfnu. Með beiðni skal fara með þeim hætti sem lög mæla fyrir um í því ríki þar sem fullnustu er krafist, sbr. 1. mgr. 40. gr. en ákvæðið er samhljóða ákvæði 33. gr. Lúganósamningsins frá 1988.

Dómur skal lýstur aðfararhæfur um leið og formskilyrði 53. gr. hafa verið uppfyllt, sbr. 41. gr. samningsins. Ákvæðið er nokkuð breytt frá því sem áður var og hafa reglurnar um þau málskjöl sem lögð skulu fram, skv. 53. gr. samningsins, verið einfaldaðar og samræmdar. Dómstól, sem móttekur fullnustubeiðni, ber ekki skylda til þess að kanna hvort dómurinn uppfylli skilyrði um fullnustu skv. 34. eða 35. gr. en slíkt var skilyrði áður. Slík könnun fer því ekki fram nema varnaraðili beri ákvörðun um fullnustuhæfi undir dóm skv. 5. mgr. 43. gr. samningsins. Rétt er þó að taka fram að undantekningu frá þessu má finna í b-lið 2. mgr. III. gr. bókunar nr. 1 við samninginn að því er varðar ríki sem gerist aðili að samningnum eftir gildistöku hans, sé ríkið hvorki EFTA- né ESB-ríki.

Dómstóllinn skal tilkynna gerðarbeiðanda um afdrif ákvörðunar um fullnustuhæfi í samræmi við þær reglur sem í ríkinu gilda, sbr. 1. mgr. 42. gr. Skv. 2. mgr. skal birta yfirlýsingu um að dómur sé fullnustuhæfur fyrir þeim sem fullnustu er krafist hjá, ásamt dóminum, ef hann hefur ekki þegar verið birtur honum. Ákvæðið inniheldur ákveðnar breytingar frá því sem var. Skerpt er á málshraðareglunni, sbr. 1. mgr., á þann veg að gera skal gerðarbeiðanda „samstundis kunnugt“ um afdrif ákvörðunar í stað „án tafar“ samkvæmt Lúganósamningnum

frá 1988. Þá er ákvæði 2. mgr. nýmæli en regluna mátti leiða af ákvæði 36. gr. eldri samningsins.

Í 43. gr. samningsins er fjallað um heimild málsaðila til þess að fá ákvörðun um fullnustuhæfi dóms endurskoðaða eða endurupptekna og þær formreglur sem gilda í slíkum málum. Niðurstöðu málskots eða endurupptöku verður einungis hnekkt með málskoti í samræmi við þá upptalningu sem er að finna í viðauka IV við samninginn, sbr. 44. gr. Hafa skal í huga að 44. gr. gefur ekki til kynna með hvaða hætti þetta málskot skuli fara fram. Má draga þá ályktun að málskotið stjórnist af ákvæðum landsréttar í hverju ríki fyrir sig. Á sama hátt lýtur það jafnframt þeim takmörkunum sem um slíkt gilda samkvæmt ákvæðum landsréttar. Við málskot eða endurupptöku er dómstóll þó bundinn af 45. gr. samningsins. Dómur erlends ríkis skal ekki undir neinum kringumstæðum verða endurskoðaður efnislega og ber dómstólnum í því ríki þar sem óskað hefur verið eftir fullnustu að kveða upp úrskurð sinn án tafar.

Í 46. gr. kemur fram að dómstóll sá sem máli er skotið til skv. 43. eða 44. gr. samningsins geti samkvæmt kröfu varnaraðila stöðvað málaferli ef dómi hefur verið skotið til æðra dóms í ríki gerðarbeiðanda.

Í 1. mgr. 47. gr. er að finna nýmæli. Í ákvæðinu er því slegið föstu að gerðarbeiðandi geti notfært sér réttarúrræði til bráðabirgða, þ.m.t. tryggingarúrræði, í samræmi við lög þess ríkis sem um ræðir, áður en ákvörðun er tekin um fullnustuhæfi dóms. Beiting þessara úrræðis á einkum við í þremur mismunandi tilvikum:

1) þegar svo háttar til sem í 31. gr. samningsins segir, þ.e. þegar mál er til meðferðar í því ríki sem dómsvald hefur um efni málsins,
2) þegar beiðni um fullnustuhæfi ákvörðunar er til meðferðar í fullnusturíkinu, sbr. 1. mgr. 47. gr., og
3) þegar ákvörðun um fullnustuhæfi hefur verið kveðin upp, þ.e. á meðan ákvörðunin er til meðferðar hjá æðra dómstigi, sbr. 3. mgr. 47. gr.

Ástæðu þessa nýmælis má rekja til ákvæðis 39. gr. Lúganósamningsins frá 1988 þar sem kveðið var á um að á meðan frestur til málskots væri ekki liðinn og þar til niðurstaða af slíku málskoti lægi fyrir mætti ekki gera aðrar ráðstafanir til fullnustu en þær sem miðuðu að því að tryggja fullnustu í eignum þess aðila sem fullnustu væri krafist hjá. Þetta fól í sér að ekki var unnt að grípa til annarra tryggingarráðstafana fyrr en ákvörðun um fullnustuhæfi dóms lá fyrir.

Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á ákvæðum 48.–49. og eru þau í meginatriðum samhljóða ákvæðum Lúganósamningsins frá 1988. Ákvæði 50. gr. samningsins er að mestu leyti í samræmi við ákvæði 44. gr. Lúganósamningsins frá 1988 en í ákvæðinu er mælt fyrir um fjárhagslega aðstoð við málarekstur. Sú mikilvæga breyting hefur þó átt sér stað að ákvæðið gildir nú um öll ákvæði 2. kafla III. hluta (38.–52. gr.) en gilti áður einungis um þau ákvæði sem nú er að finna í 39.–42. gr. samningsins. Ákvæðið hefur þannig rýmra gildissvið en áður og tekur jafnframt til málskots til æðra dómstigs. Grundvöllur fjárhagsaðstoðarinnar ræðst af reglum þess ríkis þar sem málið var tekið til efnislegrar meðferðar og verður hann ekki endurskoðaður af fullnusturíkinu. Í 1. mgr. 50. gr. er kveðið á um rétt þess sem notið hefur lögbundinnar fjárhagslegrar aðstoðar við málarekstur eða verið undanþeginn kostnaði eða gjöldum í dómsríkinu til þess að njóta allrar þeirrar aðstoðar eða undanþágna frá kostnaði eða gjöldum sem framast eru veittar með lögum í því ríki þar sem fullnustu er krafist. Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að sá sem krefst fullnustu á úrskurði um framfærsluskyldu, sem stjórnvald í Danmörku, Íslandi eða Noregi hefur kveðið upp, geti notið sama hagræðis ef hann leggur fram yfirlýsingu frá danska, íslenska eða norska dómsmálaráðuneytinu um að

hann fullnægi efnahagslegum skilyrðum til fjárhagslegrar aðstoðar, að öllu leyti eða að hluta, eða til undanþágu frá kostnaði eða gjöldum. Er 2. mgr. 50. gr. frábrugðin 2. mgr. 44. gr. Lúganósamningsins frá 1988 um sama efni, að því leyti að ákvæðið gildir nú jafnframt um fullnustu á úrskurði um framfærsluskyldu sem stjórnvald í Noregi hefur kveðið upp en áður var einungis getið um Ísland og Danmörk í þessu sambandi.

Ákvæði 52. gr. samningsins var áður að finna í III. gr. bókunar nr. 1 við Lúganósamninginn frá 1988.

4.6.4. Sameiginleg ákvæði (53.–56. gr.).

Ef aðili krefst viðurkenningar eða yfirlýsingar um fullnustuhæfi á dómi þarf hann að leggja fram tiltekin gögn, svo sem kveðið er á um í 53. gr. samningsins. Er þar um að ræða staðfest endurrit dómsins auk vottorðs sem staðfestir að dómurinn sé fullnustuhæfur samkvæmt lögum dómsríkisins. Í 54. gr. samningsins er mælt fyrir um skyldu dómstóls eða þar til bærs stjórnvalds í dómsríki til þess að gefa út slíkt vottorð sé þess óskað af þeim sem hagsmuna á að gæta í málinu. Með þessum breytingum er málsmeðferðin gerð einfaldari, bæði fyrir gerðarbeiðanda sem og þann dómstól sem móttekur fullnustubeiðnina. Áður hvíldi sú skylda á dómstólnum að kanna gildi framlagðra gagna en með breytingunni þarf dómstóllinn einungis að taka til skoðunar staðlað eyðublað, sbr. viðauka V við samninginn, sem gefið er út af valdbæru stjórnvaldi í dómsríkinu.

Ákvæði 55. gr. er efnislega óbreytt en hefur þó tekið mið af þeim breytingum sem hér að framan greinir. Svarar ákvæðið til 48. gr. Lúganósamningsins frá 1988. Líkt og í Lúganósamningnum frá 1988 er ekki krafist löggildingar eða svipaðra formsatriða að því er varðar þau skjöl sem lögð eru fram í tengslum við viðurkenningu eða fullnustu dóma, né að því er varðar málflutningsumboð, sbr. 56. gr. samningsins.

4.7. Opinberlega staðfest skjöl og réttarsáttir (57.–58. gr.).

Í sumum ríkjum hafa opinberir aðilar heimild til að lýsa tiltekin skjöl fullnustuhæf (*acts autentiques*). Það sem skilur skjöl þessi frá öðrum aðfararheimildum er að aðfararheimild verður ekki til með atbeina dómara heldur fyrir tilstilli opinbers aðila sem annaðhvort hefur tekið þátt í að semja skjalið eða hefur staðfest falsleysi þess og að efni þess samræmist lögum viðkomandi ríkis. Um þessi skjöl gilda allar sömu reglur og gilda annars um fullnustu dóma samkvæmt samningnum, sbr. umfjöllun í kafla 4.6.3 hér að framan.

Ákvæði 57. gr. er að mestu efnislega óbreytt frá því sem áður var en þó hefur það verið lagað að nýjum sáttmála. Nýmæli er að finna í 2. málsl. 1. mgr. ákvæðisins þar sem vísað er til 43. og 44. gr. samningsins. Breytingin tekur af allan vafa um það að dómstólum (einnig æðra dómstigi) er heimilt að vísa frá eða fella úr gildi yfirlýsingu um fullnustuhæfi skjals sem hefur verið opinberlega staðfest.

Jafnframt er að finna nýmæli í 2. mgr. 57. gr. en þar er kveðið á um að líta skuli á ráðstafanir stjórnvalda vegna framfærsluskyldu eða staðfestingar stjórnvalda á þeim sem opinberlega staðfest skjöl í skilningi 1. mgr. Þá er 2. málsl. 4. mgr. 57. gr. nýr og mælir fyrir um útgáfu staðlaðs eyðublaðs sem gerðarbeiðandi skal leggja fram með beiðni um fullnustu. Eyðublað þetta má finna í viðauka VI við samninginn.

Loks skal getið nýmæla í tengslum við réttarsáttir sem getið er um í 2. málsl. 58. gr. en þar er mælt fyrir um að dómstóll eða valdbært stjórnvald í því ríki þar sem réttarsátt var staðfest skuli gefa út vottorð af því tilefni, eftir kröfu þess sem hefur hagsmuna að gæta, og nota til þess staðlað eyðublað sem finna má í viðauka V við samninginn.

4.8. Almenn ákvæði (59.–62. gr.).

Þær breytingar hafa átt sér stað á V. hluta sem fjallar um almenn ákvæði samningsins að í stað tveggja ákvæða áður telur hlutinn nú fjögur ákvæði. Ákvæði 59. gr. er óbreytt frá því sem áður var en orðalag 60. gr. er að nokkru breytt. Ákvæðin mæla fyrir um það hvar einstaklingar og lögaðilar skulu vera taldir eiga heimili. Þá hefur ákvæðum 61. og 62. gr. verið bætt við samninginn en þau var áður að finna í II. og V. gr. a bókunar nr. 1 við samninginn.

Í 61. gr. samningsins er fjallað um kröfur einkamálaréttarlegs eðlis sem dæmt er um í tengslum við refsimál vegna brots sem framið er af gáleysi. Ákvæðið tengist 4. mgr. 5. gr. þar sem mælt er fyrir um varnarþing í slíkum málum. Í 62. gr. er fjallað um hugtakið „dómstól“, sbr. umfjöllun í kafla 4.6. hér að framan.

4.9. Bráðabirgðaákvæði (63. gr.).

Í 63. gr. er að finna bráðabirgðaákvæði en þar er m.a. mælt fyrir um hvernig fara skuli með mál sem hafa verið höfðuð fyrir gildistöku samningsins.

Þá hefur ákvæði 54. gr. A Lúganósamningsins frá 1998 verið fellt út úr samningnum en ákvæðinu, sem varðaði þau ríki sem ekki höfðu undirritað alþjóðasamninginn um kyrrsetningu hafskipa, var einungis ætlað að gilda í þrjú ár eftir að Lúganósamningurinn frá 1988 öðlaðist gildi. Ísland hefur ekki fullgilt samninginn um kyrrsetningu hafskipa.

4.10. Afstaða til reglugerðar ráðsins nr. 44/2001/EB og annarra samninga (64.–68. gr.).

Í 64. gr. er mælt fyrir um sambandið milli Lúganósamningsins frá 2007, Brussel I reglugerðarinnar og samnings milli Evrópusambandsins annars vegar og konungsríkisins Danmerkur hins vegar um dómsvald, viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum, sem undirritaður var í Brussel 19. október 2005. Ákvæðið hefur að geyma reglur um það hvenær eigi að beita Lúganósamningnum og hvenær eigi að beita Brussel I reglugerðinni eða samningnum milli ESB og Danmerkur. Í stuttu máli má segja að Brussel I reglugerðin gildir í málum sem varða eingöngu aðildarríki ESB, samningnum milli ESB og Danmerkur er beitt í málum þegar um er að ræða mál milli aðila í Danmörku annars vegar og aðildarríki ESB hins vegar og Lúganósamningurinn gildir í málum milli aðila í Danmörku eða aðildarríki ESB annars vegar og hins vegar aðila í einhverju þeirra EFTA-ríkja sem aðilar eru að samningnum.

Í 65. gr. er líkt og áður mælt fyrir um að tilteknir samningar verði óvirkir við gildistöku samningsins. Sú breyting hefur átt sér stað að í stað þess að samningarnir séu taldir upp í ákvæðinu sjálfu, sbr. 55. gr. Lúganósamningsins frá 1988, hefur upptalningin verið færð í VII. viðauka við samninginn en hún er þó ekki tæmandi, sbr. orðalag 2. málsl. 65. gr. Þar segir að samningurinn skuli „sér í lagi“ ganga framar þeim samningnum sem upp eru taldir í viðaukanum. Þá hefur verið bætt við ákvæðið tilvísun til 67. gr. samningsins þar sem m.a. er fjallað um heimild fyrir samningsaðila til að gera samninga sín á millum, svo sem varðandi fullnustu.

Ákvæði 66. gr. er óbreytt. Í því er mælt fyrir um að samningar þeir sem getið er í VII. viðauka skuli halda gildi sínu á þeim sviðum sem Lúganósamningurinn tekur ekki til og einnig hafa þeir gildi um dóma sem kveðnir eru upp áður en Lúganósamningurinn öðlast gildi.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á 67. gr. samningsins. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að samningurinn hafi ekki áhrif á samninga sem binda samningsaðilana og/eða samningsríkin og ákvarða dómsvald eða viðurkenningu eða fullnustu dóma á tilteknum sviðum. Skv. 3. mgr. ákvæðisins skulu dómar, sem kveðnir eru upp í samningsríki af dómstóli sem dómsvald hefur samkvæmt samningi um tiltekið efni, viðurkenndir og þeim fullnægt í öðrum samn-

ingsríkjum í samræmi við ákvæði III. hluta samningsins (32.–56. gr.). Í 4. mgr. 67. gr. er að finna nýmæli. Þar er mælt fyrir um að til viðbótar við þær ástæður, sem tilgreindar eru í III. hluta samningsins, megi synja um viðurkenningu eða fullnustu dóms ef ríki sem beiðni er beint til er ekki aðili að samningi um tiltekið efni og sá maður, sem viðurkenningar eða fullnustu er krafist hjá, á heimili í því ríki, eða ef ríkið er aðili að Evrópusambandinu og vegna samninga sem Evrópusambandið þyrfti að gera, í einhverju aðildarríkja sinna, nema dóminn mætti ella viðurkenna eða fullnægja samkvæmt lögum í því ríki sem beiðni er beint til. Er ákvæðinu ætlað að koma í veg fyrir að dómar verði viðurkenndir og þeim fullnustað í Evrópusambandinu ef þeir eru grundvallaðir á reglum sem sambandinu sjálfu hefði borið að semja um en ekki gert.

Ákvæði 68. gr. samningsins er að miklu leyti í samræmi við ákvæði 59. gr. Lúganósamningsins frá 1988. Ákvæðið mælir fyrir um að samningurinn skuli ekki hafa áhrif á samninga sem samningsríkin gerðu, áður en samningurinn öðlast gildi, um að viðurkenna ekki dóma, sem kveðnir eru upp í öðrum samningsríkjum, gegn varnaraðilum sem eiga heimili eða dvelja ast að jafnaði í þriðja ríki að nánari skilyrðum uppfylltum.

4.11. Lokaákvæði (69.–79. gr.).

Lokaákvæðin hafa m.a. að geyma reglur um undirritun samningsins, staðfestingu, hverjir geti orðið aðilar að honum, hvenær hann taki gildi, gildistíma, endurskoðun og um uppsögn hans. Þessi ákvæði skýra sig að mestu leyti sjálf.

Af 4. mgr. 69. gr. er ljóst að samningurinn öðlast gildi fyrsta dag sjötta mánaðar eftir þann dag þegar Evrópusambandið og eitt aðildarríkja EFTA hafa afhent fullgildingarskjöl sín. Tók samningurinn gildi þann 1. janúar 2010 að því er varðar Evrópusambandið, Danmörku og Noreg. Gagnvart öðrum ríkjum sem fullgilda samninginn eftir þennan tíma öðlast samningurinn gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að það ríki hefur afhent fullgildingarskjal sitt, sbr. 5. mgr. 69. gr.

Líkt og í Lúganósamningnum frá 1988 er heimild fyrir þau ríki sem síðar gerast aðilar að EFTA að gerast aðilar að samningnum, sem og ríki utan ESB og EFTA að því gefnu að þau uppfylli skilyrði 72. gr. samningsins. Sérstaklega skal bent á að skv. b-lið 1. mgr. 70. gr. er aðild að samningnum jafnframt heimil aðildarríkjum Evrópusambandsins sem koma fram fyrir hönd tiltekinna yfirráðasvæða sem eru ekki í Evrópu en eru hluti af yfirráðasvæði þess aðildarríkis eða aðildarríkið er ábyrgt fyrir utanríkismálum þess yfirráðasvæðis samkvæmt skilyrðum 71. gr. Ákvæði þessa efnis var ekki að finna í Lúganósamningnum frá 1988, þótt talið væri að samningurinn gæti átt við slíkar lendur eða landsvæði.

Ákvæði 71.–79. gr. þarfnast ekki frekari skýringa en þau eru að mestu í samræmi við lokaákvæði Lúganósamningsins frá 1988. Rétt er þó að taka fram að efni VI. gr. bókunar 1 hefur verið flutt í 77. gr. samningsins.

4.12. Bókanir.

Lúganósamningnum fylgja þrjár bókanir sem teljast óaðskiljanlegur hluti hans, sbr. 75. gr.

Bókun nr. 1 hefur að geyma ákvæði um tiltekin atriði varðandi varnarþing, málsmeðferð og fullnustu dóma. Hefur bókunin verið einfölduð frá því sem áður var og hafa bæst við hana tvö ný ákvæði, í III. og IV. gr. Í III. gr. er m.a. kveðið á um mögulega fyrirvara af hálfu Sviss að því er varðar 2. mgr. 34. gr. samningsins. Þarfnast hvorugt ákvæðið skýringa við.

Bókun nr. 2 fjallar um samræmda túlkun samningsins og um fastanefndina sem setja skal á stofn og fulltrúar samningsríkjanna eiga sæti í. Er henni ætlað að koma í veg fyrir sundur-

leita túlkun á ákvæðum samningsins, svo sem framast er unnt. Ákvæði bókunarinnar eru talsvert breytt. Taka breytingarnar m.a. mið af því að Evrópusambandið er nú aðili að samningnum í stað aðildarríkja þess áður. Þannig er dómstól ESB ætlað meira hlutverk nú, m.a. að því er varðar túlkun og önnur atriði sem lúta eingöngu að aðildarríkjum ESB, sbr. 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar. Þá ber sérhverjum dómstóli sem beitir samningnum og túlkar hann að taka réttmætt tillit til þeirra meginsjónarmiða sem fram koma í úrlausnum dómstóla samningsríkjanna, sem og úrlausnum dómstóls ESB. Rétt er að benda á að ákvæði 2. gr. gerir ráð fyrir því að samningsríki sem ekki er aðili að ESB sé heimilt að leggja fram greinargerð eða skriflegar athugasemdir fyrir dómstól ESB í tengslum við beiðni um forúrskurð, varðandi spurningu um túlkun á samningnum eða annarra samninga sem vísað er til í 1. mgr. 64. gr. samningsins, til að mynda Brussel I reglugerðina. Í 4. gr. er mælt fyrir um stofnun fastanefndar og hlutverk hennar.

Bókun nr. 3 fjallar um beitingu 67. gr. samningsins þar sem m.a. er mælt fyrir um að samningurinn hafi ekki áhrif á samninga sem samningsríkin gera við önnur ríki varðandi dómsvald eða viðurkenningu eða fullnustu dóma á tilteknum sviðum. Þessu er m.a. ætlað að tryggja samræmi milli Lúganósamningsins og Brussel I reglugerðarinnar.

4.13. Viðaukar.

Lúganósamningnum fylgja níu viðaukar sem teljast óaðskiljanlegur hluti hans, sbr. 75. gr. samningsins. Þeim er hægt að breyta á einfaldari hátt en samningnum og bókununum, sbr. 77. gr.

Viðaukar I–IV og viðauki VII hafa að geyma upplýsingar í tengslum við beitingu samnings. Í viðaukum V og VI er að finna vottorðin sem vísað er til annars vegar í 54. og 58. gr. og hins vegar í 4. mgr. 57. gr. samningsins. Í viðauka VIII er að finna yfirlit yfir jafngild tungumál sem vísað er til í 79. gr. samningsins og í viðauka IX er fjallað um beitingu II. gr. í bókun nr. 1 við samninginn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er íslenskum stjórnvöldum veitt heimild til að fullgilda Lúganósamninginn ásamt bókunum hans fyrir Íslands hönd.

Samningurinn í heild sinni ásamt bókunum og viðaukum sem honum fylgja er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpinu, annars vegar íslenski textinn sem verður fylgiskjal með lögunum og hins vegar enski textinn sem er fylgiskjal I með frumvarpinu.

Um 2. gr.

Ákvæðið veitir ákvæðum Lúganósamningsins og þriggja bókana við hann lagagildi hér á landi. Þeir níu viðaukar sem fylgja samningnum fá hins vegar ekki lagagildi enda er efni þeirra þannig að ekki er ástæða til þess. Þar er m.a. að finna lista yfir dómstóla aðildarríkja samningsins þar sem leggja skal fram beiðni um fullnustu dóms, lista yfir dómstóla aðildarríkjanna þangað sem skjóta má málum í tilefni af beiðni um yfirlýsingu um fullnustuhæfi eða ósk um endurupptöku, yfirlit yfir jafngild tungumál og vottorð sem opinberum aðilum í aðildarríkjunum er ætlað að fylla út í tengslum við einstök mál á grundvelli samningsins.

Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 68/1995, um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum, sem sett voru vegna fullgildingar Íslands á Lúganósamningnum frá 1988 er ítarlega farið yfir ástæður þess að þörf er á lögfestingu Lúganósamnings-

ins. Eiga þau rök við enn í dag en helsta ástæðan er sú að mörg ákvæði hans eru með þeim hætti að þau veita einstaklingum og lögaðilum réttindi og leggja á þá skyldur. Slík ákvæði eru til þess fallin að hafa svonefnd bein réttaráhrif. Þá verður jafnframt að hafa í huga, líkt og áður, að Lúganósamningurinn er þjóðréttarsamningur og því háður þeim lagareglum um túlkun sem um það gilda en til að mynda verður við túlkun og beitingu hans að taka tillit til ýmissa erlendra dómsúrlausna og jafnvel skýringarrita sem fyrir liggja um ákvæði hans.

Þess skal að lokum getið að verði Lúganósamningurinn lögfestur hér á landi ber að líta á hann sem sérlög með hliðsjón af öðrum ákvæðum laga, einkum réttarfarsákvæðum. Þetta þýðir að ákvæði hans skuli skýrð svo að þau gangi framar öðrum ósamrýmanlegum ákvæðum nema atvik leiði ótvírætt til annarrar niðurstöðu.

Um 3. gr.

Í 61. gr. samningsins segir að ekki þurfi að viðurkenna eða fullnægja dómi sem kveðinn hefur verið upp í samningsríki þegar svo stendur á að dæmt hefur verið um kröfu einkamálaréttarlegs eðlis í refsimáli ef varnaraðili átti þess ekki kost að taka til varna í málinu. Ákvæði 3. gr. frumvarpsins kveður á um að slíkir dómar sem kveðnir kunna að vera upp í öðru samningsríki skuli hvorki hljóta viðurkenningu né þeim fullnægt hér á landi.

Um 4. gr.

Í 4. mgr. 69. gr. samningsins segir að samningurinn öðlist gildi fyrsta dag sjötta mánaðar eftir þann dag þegar Evrópusambandið og eitt aðildarríkja EFTA hafa afhent fullgildingarskjöl sín. Eins og kemur fram í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu hefur því skilyrði nú verið fullnægt. Gagnvart öðrum ríkjum sem fullgilda samninginn eftir þennan tíma öðlast samningurinn gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að það ríki hefur afhent fullgildingarskjal sitt, sbr. 5. mgr. 69. gr.

Þegar fullgildingarskjal Íslands hefur verið afhent mun utanríkisráðuneytið birta auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda um hvenær samningurinn tekur gildi gagnvart Íslandi.

Um 5. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

CONVENTION
on jurisdiction and the recognition and enforcement of judgments in civil and commercial matters

Done at Lugano on 30 October 2007

PREAMBLE

THE HIGH CONTRACTING PARTIES TO THIS CONVENTION,

DETERMINED to strengthen in their territories the legal protection of persons therein established,

CONSIDERING that it is necessary for this purpose to determine the international jurisdiction of the courts, to facilitate recognition, and to introduce an expeditious procedure for securing the enforcement of judgments, authentic instruments and court settlements,

AWARE OF the links between them, which have been sanctioned in the economic field by the free trade agreements concluded between the European Community and certain States members of the European Free Trade Association,

TAKING INTO ACCOUNT:
- the Brussels Convention of 27 September 1968 on jurisdiction and the enforcement of judgments in civil and commercial matters, as amended by the Accession Conventions under the successive enlargements of the European Union,
- the Lugano Convention of 16 September 1988 on jurisdiction and the enforcement of judgments in civil and commercial matters, which extends the application of the rules of the 1968 Brussels Convention to certain States members of the European Free Trade Association,
- Council Regulation (EC) No 44/2001 of 22 December 2000 on jurisdiction and the recognition and enforcement of judgments in civil and commercial matters, which has replaced the above-mentioned Brussels Convention,
- the Agreement between the European Community and the Kingdom of Denmark on jurisdiction and the recognition and enforcement of judgments in civil and commercial matters, signed at Brussels on 19 October 2005,

PERSUADED that the extension of the principles laid down in Regulation (EC) No 44/2001 to the Contracting Parties to this instrument will strengthen legal and economic cooperation,

DESIRING to ensure as uniform an interpretation as possible of this instrument,

HAVE in this spirit DECIDED to conclude this Convention, and

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

TITLE I
SCOPE
ARTICLE 1

1. This Convention shall apply in civil and commercial matters whatever the nature of the court or tribunal. It shall not extend, in particular, to revenue, customs or administrative matters.
2. The Convention shall not apply to:
(a) the status or legal capacity of natural persons, rights in property arising out of a matrimonial relationship, wills and succession;
(b) bankruptcy, proceedings relating to the winding-up of insolvent companies or other legal persons, judicial arrangements, compositions and analogous proceedings;
(c) social security;
(d) arbitration.
3. In this Convention, the term 'State bound by this Convention' shall mean any State that is a Contracting Party to this Convention or a Member State of the European Community. It may also mean the European Community.

TITLE II
JURISDICTION
SECTION 1
GENERAL PROVISIONS
ARTICLE 2

1. Subject to the provisions of this Convention, persons domiciled in a State bound by this Convention shall, whatever their nationality, be sued in the courts of that State.
2. Persons who are not nationals of the State bound by this Convention in which they are domiciled shall be governed by the rules of jurisdiction applicable to nationals of that State.

ARTICLE 3

1. Persons domiciled in a State bound by this Convention may be sued in the courts of another State bound by this Convention only by virtue of the rules set out in Sections 2 to 7 of this Title.
2. In particular the rules of national jurisdiction set out in Annex I shall not be applicable as against them.

ARTICLE 4

1. If the defendant is not domiciled in a State bound by this Convention, the jurisdiction of the courts of each State bound by this Convention shall, subject to the provisions of Articles 22 and 23, be determined by the law of that State.
2. As against such a defendant, any person domiciled in a State bound by this Convention may, whatever his nationality, avail himself in that State of the rules of jurisdiction there in force, and in particular those specified in Annex I, in the same way as the nationals of that State.

SECTION 2
SPECIAL JURISDICTION
ARTICLE 5

A person domiciled in a State bound by this Convention may, in another State bound by this Convention, be sued:

1. (a) in matters relating to a contract, in the courts for the place of performance of the obligation in question;
   (b) for the purpose of this provision and unless otherwise agreed, the place of performance of the obligation in question shall be:
      – in the case of the sale of goods, the place in a State bound by this Convention where, under the contract, the goods were delivered or should have been delivered,
      – in the case of the provision of services, the place in a State bound by this Convention where, under the contract, the services were provided or should have been provided;
   (c) if subparagraph (b) does not apply then subparagraph (a) applies;
2. in matters relating to maintenance,
   (a) in the courts for the place where the maintenance creditor is domiciled or habitually resident; or
   (b) in the court which, according to its own law, has jurisdiction to entertain proceedings concerning the status of a person if the matter relating to maintenance is ancillary to those proceedings, unless that jurisdiction is based solely on the nationality of one of the parties; or
   (c) in the court which, according to its own law, has jurisdiction to entertain proceedings concerning parental responsibility, if the matter relating to maintenance is ancillary to those proceedings, unless that jurisdiction is based solely on the nationality of one of the parties;
3. in matters relating to tort, *delict* or *quasi-delict,* in the courts for the place where the harmful event occurred or may occur;
4. as regards a civil claim for damages or restitution which is based on an act giving rise to criminal proceedings, in the court seised of those proceedings, to the extent that that court has jurisdiction under its own law to entertain civil proceedings;
5. as regards a dispute arising out of the operations of a branch, agency or other establishment, in the courts for the place in which the branch, agency or other establishment is situated;
6. as settlor, trustee or beneficiary of a trust created by the operation of a statute, or by a written instrument, or created orally and evidenced in writing, in the courts of the State bound by this Convention in which the trust is domiciled;
7. as regards a dispute concerning the payment of remuneration claimed in respect of the salvage of a cargo or freight, in the court under the authority of which the cargo or freight in question:
   (a) has been arrested to secure such payment, or
   (b) could have been so arrested, but bail or other security has been given,
   provided that this provision shall apply only if it is claimed that the defendant has an interest in the cargo or freight or had such an interest at the time of salvage.

ARTICLE 6

A person domiciled in a State bound by this Convention may also be sued:

1. where he is one of a number of defendants, in the courts for the place where any one of them is domiciled, provided the claims are so closely connected that it is expedient to hear and determine them together to avoid the risk of irreconcilable judgments resulting from separate proceedings;
2. as a third party in an action on a warranty or guarantee or in any other third party proceedings, in the court seised of the original proceedings, unless these were instituted solely with the object of removing him from the jurisdiction of the court which would be competent in his case;
3. on a counter-claim arising from the same contract or facts on which the original claim was based, in the court in which the original claim is pending;
4. in matters relating to a contract, if the action may be combined with an action against the same defendant in matters relating to rights *in rem* in immovable property, in the court of the State bound by this Convention in which the property is situated.

ARTICLE 7

Where by virtue of this Convention a court of a State bound by this Convention has jurisdiction in actions relating to liability from the use or operation of a ship, that court, or any other court substituted for this purpose by the internal law of that State, shall also have jurisdiction over claims for limitation of such liability.

SECTION 3

JURISDICTION IN MATTERS RELATING TO INSURANCE

ARTICLE 8

In matters relating to insurance, jurisdiction shall be determined by this Section, without prejudice to Articles 4 and 5(5).

ARTICLE 9

1. An insurer domiciled in a State bound by this Convention may be sued:

(a) in the courts of the State where he is domiciled, or

(b) in another State bound by this Convention, in the case of actions brought by the policyholder, the insured or a beneficiary, in the courts for the place where the plaintiff is domiciled, or

(c) if he is a co-insurer, in the courts of a State bound by this Convention in which proceedings are brought against the leading insurer.

2. An insurer who is not domiciled in a State bound by this Convention but has a branch, agency or other establishment in one of the States bound by this Convention shall, in disputes arising out of the operations of the branch, agency or establishment, be deemed to be domiciled in that State.

ARTICLE 10

In respect of liability insurance or insurance of immovable property, the insurer may in addition be sued in the courts for the place where the harmful event occurred. The same applies if movable and immovable property are covered by the same insurance policy and both are adversely affected by the same contingency.

ARTICLE 11

1. In respect of liability insurance, the insurer may also, if the law of the court permits it, be joined in proceedings which the injured party has brought against the insured.
2. Articles 8, 9 and 10 shall apply to actions brought by the injured party directly against the insurer, where such direct actions are permitted.
3. If the law governing such direct actions provides that the policyholder or the insured may be joined as a party to the action, the same court shall have jurisdiction over them.

ARTICLE 12

1. Without prejudice to Article 11(3), an insurer may bring proceedings only in the courts of the State bound by this Convention in which the defendant is domiciled, irrespective of whether he is the policyholder, the insured or a beneficiary.
2. The provisions of this Section shall not affect the right to bring a counter-claim in the court in which, in accordance with this Section, the original claim is pending.

ARTICLE 13

The provisions of this Section may be departed from only by an agreement:
1. which is entered into after the dispute has arisen, or
2. which allows the policyholder, the insured or a beneficiary to bring proceedings in courts other than those indicated in this Section, or
3. which is concluded between a policyholder and an insurer, both of whom are at the time of conclusion of the contract domiciled or habitually resident in the same State bound by this Convention, and which has the effect of conferring jurisdiction on the courts of that State even if the harmful event were to occur abroad, provided that such an agreement is not contrary to the law of that State, or
4. which is concluded with a policyholder who is not domiciled in a State bound by this Convention, except insofar as the insurance is compulsory or relates to immovable property in a State bound by this Convention, or
5. which relates to a contract of insurance insofar as it covers one or more of the risks set out in Article 14.

ARTICLE 14

The following are the risks referred to in Article 13(5):
1. any loss of or damage to:
   (a) seagoing ships, installations situated offshore or on the high seas, or aircraft, arising from perils which relate to their use for commercial purposes;
   (b) goods in transit, other than passengers' baggage, where the transit consists of or includes carriage by such ships or aircraft;
2. any liability, other than for bodily injury to passengers or loss of or damage to their baggage:
   (a) arising out of the use or operation of ships, installations or aircraft as referred to in point 1(a) insofar as, in respect of the latter, the law of the State bound by this Convention in which such aircraft are registered does not prohibit agreements on jurisdiction regarding insurance of such risks;
   (b) for loss or damage caused by goods in transit as described in point 1(b);

3. any financial loss connected with the use or operation of ships, installations or aircraft as referred to in point 1(a), in particular loss of freight or charter-hire;
4. any risk or interest connected with any of those referred to in points 1 to 3;
5. notwithstanding points 1 to 4, all large risks.

SECTION 4
JURISDICTION OVER CONSUMER CONTRACTS
ARTICLE 15

1. In matters relating to a contract concluded by a person, the consumer, for a purpose which can be regarded as being outside his trade or profession, jurisdiction shall be determined by this Section, without prejudice to Articles 4 and 5(5), if:
(a) it is a contract for the sale of goods on instalment credit terms, or
(b) it is a contract for a loan repayable by instalments, or for any other form of credit, made to finance the sale of goods, or
(c) in all other cases, the contract has been concluded with a person who pursues commercial or professional activities in the State bound by this Convention of the consumer's domicile or, by any means, directs such activities to that State or to several States including that State, and the contract falls within the scope of such activities.
2. Where a consumer enters into a contract with a party who is not domiciled in the State bound by this Convention but has a branch, agency or other establishment in one of the States bound by this Convention, that party shall, in disputes arising out of the operations of the branch, agency or establishment, be deemed to be domiciled in that State.
3. This section shall not apply to a contract of transport other than a contract which, for an inclusive price, provides for a combination of travel and accommodation.

ARTICLE 16

1. A consumer may bring proceedings against the other party to a contract either in the courts of the State bound by this Convention in which that party is domiciled or in the courts for the place where the consumer is domiciled.
2. Proceedings may be brought against a consumer by the other party to the contract only in the courts of the State bound by this Convention in which the consumer is domiciled.
3. This Article shall not affect the right to bring a counter-claim in the court in which, in accordance with this Section, the original claim is pending.

ARTICLE 17

The provisions of this Section may be departed from only by an agreement:
1. which is entered into after the dispute has arisen; or
2. which allows the consumer to bring proceedings in courts other than those indicated in this Section; or
3. which is entered into by the consumer and the other party to the contract, both of whom are at the time of conclusion of the contract domiciled or habitually resident in the same State bound by this Convention, and which confers jurisdiction on the courts of that State, provided that such an agreement is not contrary to the law of that State.

SECTION 5
JURISDICTION OVER INDIVIDUAL CONTRACTS OF EMPLOYMENT
ARTICLE 18

1. In matters relating to individual contracts of employment, jurisdiction shall be determined by this Section, without prejudice to Articles 4 and 5(5).
2. Where an employee enters into an individual contract of employment with an employer who is not domiciled in a State bound by this Convention but has a branch, agency or other establishment in one of the States bound by this Convention, the employer shall, in disputes arising out of the operations of the branch, agency or establishment, be deemed to be domiciled in that State.

ARTICLE 19

An employer domiciled in a State bound by this Convention may be sued:
1. in the courts of the State where he is domiciled; or
2. in another State bound by this Convention:
   (a) in the courts for the place where the employee habitually carries out his work or in the courts for the last place where he did so; or
   (b) if the employee does not or did not habitually carry out his work in any one country, in the courts for the place where the business which engaged the employee is or was situated.

ARTICLE 20

1. An employer may bring proceedings only in the courts of the State bound by this Convention in which the employee is domiciled.
2. The provisions of this Section shall not affect the right to bring a counter-claim in the court in which, in accordance with this Section, the original claim is pending.

ARTICLE 21

The provisions of this Section may be departed from only by an agreement on jurisdiction:
1. which is entered into after the dispute has arisen; or
2. which allows the employee to bring proceedings in courts other than those indicated in this Section.

SECTION 6
EXCLUSIVE JURISDICTION
ARTICLE 22

The following courts shall have exclusive jurisdiction, regardless of domicile:
1. in proceedings which have as their object rights *in rem* in immovable property or tenancies of immovable property, the courts of the State bound by this Convention in which the property is situated.
   However, in proceedings which have as their object tenancies of immovable property concluded for temporary private use for a maximum period of six consecutive months, the courts of the State bound by this Convention in which the defendant is domiciled shall also have jurisdiction, provided that the tenant is a natural person and that the landlord and the tenant are domiciled in the same State bound by this Convention;

2. in proceedings which have as their object the validity of the constitution, the nullity or the dissolution of companies or other legal persons or associations of natural or legal persons, or of the validity of the decisions of their organs, the courts of the State bound by this Convention in which the company, legal person or association has its seat. In order to determine that seat, the court shall apply its rules of private international law;
3. in proceedings which have as their object the validity of entries in public registers, the courts of the State bound by this Convention in which the register is kept;
4. in proceedings concerned with the registration or validity of patents, trade marks, designs, or other similar rights required to be deposited or registered, irrespective of whether the issue is raised by way of an action or as a defence, the courts of the State bound by this Convention in which the deposit or registration has been applied for, has taken place or is, under the terms of a Community instrument or an international convention, deemed to have taken place.
   Without prejudice to the jurisdiction of the European Patent Office under the Convention on the grant of European patents, signed at Munich on 5 October 1973, the courts of each State bound by this Convention shall have exclusive jurisdiction, regardless of domicile, in proceedings concerned with the registration or validity of any European patent granted for that State irrespective of whether the issue is raised by way of an action or as a defence;
5. in proceedings concerned with the enforcement of judgments, the courts of the State bound by this Convention in which the judgment has been or is to be enforced.

SECTION 7
PROROGATION OF JURISDICTION
ARTICLE 23

1. If the parties, one or more of whom is domiciled in a State bound by this Convention, have agreed that a court or the courts of a State bound by this Convention are to have jurisdiction to settle any disputes which have arisen or which may arise in connection with a particular legal relationship, that court or those courts shall have jurisdiction. Such jurisdiction shall be exclusive unless the parties have agreed otherwise. Such an agreement conferring jurisdiction shall be either:
(a) in writing or evidenced in writing, or
(b) in a form which accords with practices which the parties have established between themselves, or
(c) in international trade or commerce, in a form which accords with a usage of which the parties are or ought to have been aware and which in such trade or commerce is widely known to, and regularly observed by, parties to contracts of the type involved in the particular trade or commerce concerned.

2. Any communication by electronic means which provides a durable record of the agreement shall be equivalent to ‘writing’.
3. Where such an agreement is concluded by parties, none of whom is domiciled in a State bound by this Convention, the courts of other States bound by this Convention shall have no jurisdiction over their disputes unless the court or courts chosen have declined jurisdiction.
4. The court or courts of a State bound by this Convention on which a trust instrument has conferred jurisdiction shall have exclusive jurisdiction in any proceedings brought against

a settlor, trustee or beneficiary, if relations between these persons or their rights or obligations under the trust are involved.
5. Agreements or provisions of a trust instrument conferring jurisdiction shall have no legal force if they are contrary to the provisions of Articles 13, 17 or 21, or if the courts whose jurisdiction they purport to exclude have exclusive jurisdiction by virtue of Article 22.

ARTICLE 24

Apart from jurisdiction derived from other provisions of this Convention, a court of a State bound by this Convention before which a defendant enters an appearance shall have jurisdiction. This rule shall not apply where appearance was entered to contest the jurisdiction, or where another court has exclusive jurisdiction by virtue of Article 22.

SECTION 8
EXAMINATION AS TO JURISDICTION AND ADMISSIBILITY
ARTICLE 25

Where a court of a State bound by this Convention is seised of a claim which is principally concerned with a matter over which the courts of another State bound by this Convention have exclusive jurisdiction by virtue of Article 22, it shall declare of its own motion that it has no jurisdiction.

ARTICLE 26

1. Where a defendant domiciled in one State bound by this Convention is sued in a court of another State bound by this Convention and does not enter an appearance, the court shall declare of its own motion that it has no jurisdiction unless its jurisdiction is derived from the provisions of this Convention.
2. The court shall stay the proceedings so long as it is not shown that the defendant has been able to receive the document instituting the proceedings or an equivalent document in sufficient time to enable him to arrange for his defence, or that all necessary steps have been taken to this end.
3. Instead of the provisions of paragraph 2, Article 15 of the Hague Convention of 15 November 1965 on the Service Abroad of Judicial and Extrajudicial Documents in Civil and Commercial matters shall apply if the document instituting the proceedings or an equivalent document had to be transmitted pursuant to that Convention.
4. Member States of the European Community bound by Council Regulation (EC) No 1348/2000 of 29 May 2000 or by the Agreement between the European Community and the Kingdom of Denmark on the service of judicial and extrajudicial documents in civil or commercial matters, signed at Brussels on 19 October 2005, shall apply in their mutual relations the provision in Article 19 of that Regulation if the document instituting the proceedings or an equivalent document had to be transmitted pursuant to that Regulation or that Agreement.

SECTION 9
LIS PENDENS – RELATED ACTIONS
ARTICLE 27

1. Where proceedings involving the same cause of action and between the same parties are brought in the courts of different States bound by this Convention, any court other than the

court first seised shall of its own motion stay its proceedings until such time as the jurisdiction of the court first seised is established.
2. Where the jurisdiction of the court first seised is established, any court other than the court first seised shall decline jurisdiction in favour of that court.

ARTICLE 28

1. Where related actions are pending in the courts of different States bound by this Convention, any court other than the court first seised may stay its proceedings.
2. Where these actions are pending at first instance, any court other than the court first seised may also, on the application of one of the parties, decline jurisdiction if the court first seised has jurisdiction over the actions in question and its law permits the consolidation thereof.
3. For the purposes of this Article, actions are deemed to be related where they are so closely connected that it is expedient to hear and determine them together to avoid the risk of irreconcilable judgments resulting from separate proceedings.

ARTICLE 29

Where actions come within the exclusive jurisdiction of several courts, any court other than the court first seised shall decline jurisdiction in favour of that court.

ARTICLE 30

For the purposes of this Section, a court shall be deemed to be seised:
1. at the time when the document instituting the proceedings or an equivalent document is lodged with the court, provided that the plaintiff has not subsequently failed to take the steps he was required to take to have service effected on the defendant; or
2. if the document has to be served before being lodged with the court at the time when it is received by the authority responsible for service, provided that the plaintiff has not subsequently failed to take the steps he was required to take to have the document lodged with the court.

SECTION 10
PROVISIONAL, INCLUDING PROTECTIVE, MEASURES
ARTICLE 31

Application may be made to the courts of a State bound by this Convention for such provisional, including protective, measures as may be available under the law of that State, even if, under this Convention, the courts of another State bound by this Convention have jurisdiction as to the substance of the matter.

TITLE III
RECOGNITION AND ENFORCEMENT
ARTICLE 32

For the purposes of this Convention, ‘judgment’ means any judgment given by a court or tribunal of a State bound by this Convention, whatever the judgment may be called, including a decree, order, decision or writ of execution, as well as the determination of costs or expenses by an officer of the court.

SECTION 1
RECOGNITION
ARTICLE 33

1. A judgment given in a State bound by this Convention shall be recognised in the other States bound by this Convention without any special procedure being required.
2. Any interested party who raises the recognition of a judgment as the principal issue in a dispute may, in accordance with the procedures provided for in Sections 2 and 3 of this Title, apply for a decision that the judgment be recognised.
3. If the outcome of proceedings in a court of a State bound by this Convention depends on the determination of an incidental question of recognition that court shall have jurisdiction over that question.

ARTICLE 34

A judgment shall not be recognised:

1. if such recognition is manifestly contrary to public policy in the State in which recognition is sought;
2. where it was given in default of appearance, if the defendant was not served with the document which instituted the proceedings or with an equivalent document in sufficient time and in such a way as to enable him to arrange for his defence, unless the defendant failed to commence proceedings to challenge the judgment when it was possible for him to do so;
3. if it is irreconcilable with a judgment given in a dispute between the same parties in the State in which recognition is sought;
4. if it is irreconcilable with an earlier judgment given in another State bound by this Convention or in a third State involving the same cause of action and between the same parties, provided that the earlier judgment fulfils the conditions necessary for its recognition in the State addressed.

ARTICLE 35

1. Moreover, a judgment shall not be recognised if it conflicts with Sections 3, 4 or 6 of Title II, or in a case provided for in Article 68. A judgment may furthermore be refused recognition in any case provided for in Article 64(3) or 67(4).
2. In its examination of the grounds of jurisdiction referred to in the foregoing paragraph, the court or authority applied to shall be bound by the findings of fact on which the court of the State of origin based its jurisdiction.
3. Subject to the provisions of paragraph 1, the jurisdiction of the court of the State of origin may not be reviewed. The test of public policy referred to in Article 34(1) may not be applied to the rules relating to jurisdiction.

ARTICLE 36

Under no circumstances may a foreign judgment be reviewed as to its substance.

ARTICLE 37

1. A court of a State bound by this Convention in which recognition is sought of a judgment given in another State bound by this Convention may stay the proceedings if an ordinary appeal against the judgment has been lodged.

2. A court of a State bound by this Convention in which recognition is sought of a judgment given in Ireland or the United Kingdom may stay the proceedings if enforcement is suspended in the State of origin, by reason of an appeal.

SECTION 2
ENFORCEMENT
ARTICLE 38

1. A judgment given in a State bound by this Convention and enforceable in that State shall be enforced in another State bound by this Convention when, on the application of any interested party, it has been declared enforceable there.
2. However, in the United Kingdom, such a judgment shall be enforced in England and Wales, in Scotland, or in Northern Ireland when, on the application of any interested party, it has been registered for enforcement in that part of the United Kingdom.

ARTICLE 39

1. The application shall be submitted to the court or competent authority indicated in the list in Annex II.
2. The local jurisdiction shall be determined by reference to the place of domicile of the party against whom enforcement is sought, or to the place of enforcement.

ARTICLE 40

1. The procedure for making the application shall be governed by the law of the State in which enforcement is sought.
2. The applicant must give an address for service of process within the area of jurisdiction of the court applied to. However, if the law of the State in which enforcement is sought does not provide for the furnishing of such an address, the applicant shall appoint a representative *ad litem*.
3. The documents referred to in Article 53 shall be attached to the application.

ARTICLE 41

The judgment shall be declared enforceable immediately on completion of the formalities in Article 53 without any review under Articles 34 and 35. The party against whom enforcement is sought shall not at this stage of the proceedings be entitled to make any submissions on the application.

ARTICLE 42

1. The decision on the application for a declaration of enforceability shall forthwith be brought to the notice of the applicant in accordance with the procedure laid down by the law of the State in which enforcement is sought.
2. The declaration of enforceability shall be served on the party against whom enforcement is sought, accompanied by the judgment, if not already served on that party.

ARTICLE 43

1. The decision on the application for a declaration of enforceability may be appealed against by either party.
2. The appeal is to be lodged with the court indicated in the list in Annex III.

3. The appeal shall be dealt with in accordance with the rules governing procedure in contradictory matters.
4. If the party against whom enforcement is sought fails to appear before the appellate court in proceedings concerning an appeal brought by the applicant, Article 26(2) to (4) shall apply even where the party against whom enforcement is sought is not domiciled in any of the States bound by this Convention.
5. An appeal against the declaration of enforceability is to be lodged within one month of service thereof. If the party against whom enforcement is sought is domiciled in a State bound by this Convention other than that in which the declaration of enforceability was given, the time for appealing shall be two months and shall run from the date of service, either on him in person or at his residence. No extension of time may be granted on account of distance.

ARTICLE 44

The judgment given on the appeal may be contested only by the appeal referred to in Annex IV.

ARTICLE 45

1. The court with which an appeal is lodged under Article 43 or Article 44 shall refuse or revoke a declaration of enforceability only on one of the grounds specified in Articles 34 and 35. It shall give its decision without delay.
2. Under no circumstances may the foreign judgment be reviewed as to its substance.

ARTICLE 46

1. The court with which an appeal is lodged under Article 43 or Article 44 may, on the application of the party against whom enforcement is sought, stay the proceedings if an ordinary appeal has been lodged against the judgment in the State of origin or if the time for such an appeal has not yet expired; in the latter case, the court may specify the time within which such an appeal is to be lodged.
2. Where the judgment was given in Ireland or the United Kingdom, any form of appeal available in the State of origin shall be treated as an ordinary appeal for the purposes of paragraph 1.
3. The court may also make enforcement conditional on the provision of such security as it shall determine.

ARTICLE 47

1. When a judgment must be recognised in accordance with this Convention, nothing shall prevent the applicant from availing himself of provisional, including protective, measures in accordance with the law of the State requested without a declaration of enforceability under Article 41 being required.
2. The declaration of enforceability shall carry with it the power to proceed to any protective measures.
3. During the time specified for an appeal pursuant to Article 43(5) against the declaration of enforceability and until any such appeal has been determined, no measures of enforcement may be taken other than protective measures against the property of the party against whom enforcement is sought.

ARTICLE 48

1. Where a foreign judgment has been given in respect of several matters and the declaration of enforceability cannot be given for all of them, the court or competent authority shall give it for one or more of them.
2. An applicant may request a declaration of enforceability limited to parts of a judgment.

ARTICLE 49

A foreign judgment which orders a periodic payment by way of a penalty shall be enforceable in the State in which enforcement is sought only if the amount of the payment has been finally determined by the courts of the State of origin.

ARTICLE 50

1. An applicant who in the State of origin has benefited from complete or partial legal aid or exemption from costs or expenses shall be entitled, in the procedure provided for in this Section, to benefit from the most favourable legal aid or the most extensive exemption from costs or expenses provided for by the law of the State addressed.
2. However, an applicant who requests the enforcement of a decision given by an administrative authority in Denmark, in Iceland or in Norway in respect of maintenance may, in the State addressed, claim the benefits referred to in paragraph 1 if he presents a statement from the Danish, Icelandic, or Norwegian Ministry of Justice to the effect that he fulfils the economic requirements to qualify for the grant of complete or partial legal aid or exemption from costs or expenses.

ARTICLE 51

No security, bond or deposit, however described, shall be required of a party who in one State bound by this Convention, applies for enforcement of a judgment given in another State bound by this Convention on the ground that he is a foreign national or that he is not domiciled or resident in the State in which enforcement is sought.

ARTICLE 52

In proceedings for the issue of a declaration of enforceability, no charge, duty or fee calculated by reference to the value of the matter at issue may be levied in the State in which enforcement is sought.

SECTION 3
COMMON PROVISIONS

ARTICLE 53

1. A party seeking recognition or applying for a declaration of enforceability shall produce a copy of the judgment which satisfies the conditions necessary to establish its authenticity.
2. A party applying for a declaration of enforceability shall also produce the certificate referred to in Article 54, without prejudice to Article 55.

ARTICLE 54

The court or competent authority of a State bound by this Convention where a judgment was given shall issue, at the request of any interested party, a certificate using the standard form in Annex V to this Convention.

ARTICLE 55

1. If the certificate referred to in Article 54 is not produced, the court or competent authority may specify a time for its production or accept an equivalent document or, if it considers that it has sufficient information before it, dispense with its production.
2. If the court or competent authority so requires, a translation of the documents shall be produced. The translation shall be certified by a person qualified to do so in one of the States bound by this Convention.

ARTICLE 56

No legalisation or other similar formality shall be required in respect of the documents referred to in Article 53 or Article 55(2), or in respect of a document appointing a representative *ad litem*.

TITLE IV
AUTHENTIC INSTRUMENTS AND COURT SETTLEMENTS

ARTICLE 57

1. A document which has been formally drawn up or registered as an authentic instrument and is enforceable in one State bound by this Convention shall, in another State bound by this Convention, be declared enforceable there, on application made in accordance with the procedures provided for in Article 38, et seq. The court with which an appeal is lodged under Article 43 or Article 44 shall refuse or revoke a declaration of enforceability only if enforcement of the instrument is manifestly contrary to public policy in the State addressed.
2. Arrangements relating to maintenance obligations concluded with administrative authorities or authenticated by them shall also be regarded as authentic instruments within the meaning of paragraph 1.
3. The instrument produced must satisfy the conditions necessary to establish its authenticity in the State of origin.
4. Section 3 of Title III shall apply as appropriate. The competent authority of a State bound by this Convention where an authentic instrument was drawn up or registered shall issue, at the request of any interested party, a certificate using the standard form in Annex VI to this Convention.

ARTICLE 58

A settlement which has been approved by a court in the course of proceedings and is enforceable in the State bound by this Convention in which it was concluded shall be enforceable in the State addressed under the same conditions as authentic instruments. The court or competent authority of a State bound by this Convention where a court settlement was approved shall issue, at the request of any interested party, a certificate using the standard form in Annex V to this Convention.

TITLE V
GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 59

1. In order to determine whether a party is domiciled in the State bound by this Convention whose courts are seised of a matter, the court shall apply its internal law.
2. If a party is not domiciled in the State whose courts are seised of the matter, then, in order

to determine whether the party is domiciled in another State bound by this Convention, the court shall apply the law of that State.

ARTICLE 60

1. For the purposes of this Convention, a company or other legal person or association of natural or legal persons is domiciled at the place where it has its:
(a) statutory seat; or
(b) central administration; or
(c) principal place of business.
2. For the purposes of the United Kingdom and Ireland 'statutory seat' means the registered office or, where there is no such office anywhere, the place of incorporation or, where there is no such place anywhere, the place under the law of which the formation took place.
3. In order to determine whether a trust is domiciled in the State bound by this Convention whose courts are seised of the matter, the court shall apply its rules of private international law.

ARTICLE 61

Without prejudice to any more favourable provisions of national laws, persons domiciled in a State bound by this Convention who are being prosecuted in the criminal courts of another State bound by this Convention of which they are not nationals for an offence which was not intentionally committed may be defended by persons qualified to do so, even if they do not appear in person. However, the court seised of the matter may order appearance in person; in the case of failure to appear, a judgment given in the civil action without the person concerned having had the opportunity to arrange for his defence need not be recognised or enforced in the other States bound by this Convention.

ARTICLE 62

For the purposes of this Convention, the expression 'court' shall include any authorities designated by a State bound by this Convention as having jurisdiction in the matters falling within the scope of this Convention.

TITLE VI
TRANSITIONAL PROVISIONS
ARTICLE 63

1. This Convention shall apply only to legal proceedings instituted and to documents formally drawn up or registered as authentic instruments after its entry into force in the State of origin and, where recognition or enforcement of a judgment or authentic instruments is sought, in the State addressed.
2. However, if the proceedings in the State of origin were instituted before the entry into force of this Convention, judgments given after that date shall be recognised and enforced in accordance with Title III:
(a) if the proceedings in the State of origin were instituted after the entry into force of the Lugano Convention of 16 September 1988 both in the State of origin and in the State addressed;

(b) in all other cases, if jurisdiction was founded upon rules which accorded with those provided for either in Title II or in a convention concluded between the State of origin and the State addressed which was in force when the proceedings were instituted.

TITLE VII
RELATIONSHIP TO COUNCIL REGULATION (EC) No 44/2001 AND OTHER INSTRUMENTS

ARTICLE 64

1. This Convention shall not prejudice the application by the Member States of the European Community of the Council Regulation (EC) No 44/2001 on jurisdiction and the recognition and enforcement of judgments in civil and commercial matters, as well as any amendments thereof, of the Convention on Jurisdiction and the Enforcement of Judgments in Civil and Commercial Matters, signed at Brussels on 27 September 1968, and of the Protocol on interpretation of that Convention by the Court of Justice of the European Communities, signed at Luxembourg on 3 June 1971, as amended by the Conventions of Accession to the said Convention and the said Protocol by the States acceding to the European Communities, as well as of the Agreement between the European Community and the Kingdom of Denmark on jurisdiction and the recognition and enforcement of judgments in civil and commercial matters, signed at Brussels on 19 October 2005.

2. However, this Convention shall in any event be applied:

(a) in matters of jurisdiction, where the defendant is domiciled in the territory of a State where this Convention but not an instrument referred to in paragraph 1 of this Article applies, or where Articles 22 or 23 of this Convention confer jurisdiction on the courts of such a State;

(b) in relation to *lis pendens* or to related actions as provided for in Articles 27 and 28, when proceedings are instituted in a State where the Convention but not an instrument referred to in paragraph 1 of this Article applies and in a State where this Convention as well as an instrument referred to in paragraph 1 of this Article apply;

(c) in matters of recognition and enforcement, where either the State of origin or the State addressed is not applying an instrument referred to in paragraph 1 of this Article.

3. In addition to the grounds provided for in Title III, recognition or enforcement may be refused if the ground of jurisdiction on which the judgment has been based differs from that resulting from this Convention and recognition or enforcement is sought against a party who is domiciled in a State where this Convention but not an instrument referred to in paragraph 1 of this Article applies, unless the judgment may otherwise be recognised or enforced under any rule of law in the State addressed.

ARTICLE 65

Subject to the provisions of Articles 63(2), 66 and 67, this Convention shall, as between the States bound by this Convention, supersede the conventions concluded between two or more of them that cover the same matters as those to which this Convention applies. In particular, the conventions mentioned in Annex VII shall be superseded.

ARTICLE 66

1. The conventions referred to in Article 65 shall continue to have effect in relation to matters to which this Convention does not apply.

2. They shall continue to have effect in respect of judgments given and documents formally drawn up or registered as authentic instruments before the entry into force of this Convention.

ARTICLE 67

1. This Convention shall not affect any conventions by which the Contracting Parties and/or the States bound by this Convention are bound and which in relation to particular matters, govern jurisdiction or the recognition or enforcement of judgments. Without prejudice to obligations resulting from other agreements between certain Contracting Parties, this Convention shall not prevent Contracting Parties from entering into such conventions.
2. This Convention shall not prevent a court of a State bound by this Convention and by a convention on a particular matter from assuming jurisdiction in accordance with that convention, even where the defendant is domiciled in another State bound by this Convention which is not a party to that convention. The court hearing the action shall, in any event, apply Article 26 of this Convention.
3. Judgments given in a State bound by this Convention by a court in the exercise of jurisdiction provided for in a convention on a particular matter shall be recognised and enforced in the other States bound by this Convention in accordance with Title III of this Convention.
4. In addition to the grounds provided for in Title III, recognition or enforcement may be refused if the State addressed is not bound by the convention on a particular matter and the person against whom recognition or enforcement is sought is domiciled in that State, or, if the State addressed is a Member State of the European Community and in respect of conventions which would have to be concluded by the European Community, in any of its Member States, unless the judgment may otherwise be recognised or enforced under any rule of law in the State addressed.
5. Where a convention on a particular matter to which both the State of origin and the State addressed are parties lays down conditions for the recognition or enforcement of judgments, those conditions shall apply. In any event, the provisions of this Convention which concern the procedures for recognition and enforcement of judgments may be applied.

ARTICLE 68

1. This Convention shall not affect agreements by which States bound by this Convention undertook, prior to the entry into force of this Convention, not to recognise judgments given in other States bound by this Convention against defendants domiciled or habitually resident in a third State where, in cases provided for in Article 4, the judgment could only be founded on a ground of jurisdiction as specified in Article 3(2). Without prejudice to obligations resulting from other agreements between certain Contracting Parties, this Convention shall not prevent Contracting Parties from entering into such conventions.
2. However, a Contracting Party may not assume an obligation towards a third State not to recognise a judgment given in another State bound by this Convention by a court basing its jurisdiction on the presence within that State of property belonging to the defendant, or the seizure by the plaintiff of property situated there:

(a) if the action is brought to assert or declare proprietary or possessory rights in that property, seeks to obtain authority to dispose of it, or arises from another issue relating to such property, or

(b) if the property constitutes the security for a debt which is the subject-matter of the action.

TITLE VIII
FINAL PROVISIONS
ARTICLE 69

1. The Convention shall be open for signature by the European Community, Denmark, and States which, at the time of the opening for signature, are Members of the European Free Trade Association.
2. This Convention shall be subject to ratification by the Signatories. The instruments of ratification shall be deposited with the Swiss Federal Council, which shall act as Depositary of this Convention.
3. At the time of the ratification, the Contracting Parties may submit declarations in accordance with Articles I, II and III of Protocol 1.
4. The Convention shall enter into force on the first day of the sixth month following the date on which the European Community and a Member of the European Free Trade Association deposit their instruments of ratification.
5. The Convention shall enter into force in relation to any other Party on the first day of the third month following the deposit of its instrument of ratification.
6. Without prejudice to Article 3(3) of Protocol 2, this Convention shall replace the Convention on jurisdiction and the enforcement of judgments in civil and commercial matters done at Lugano on 16 September 1988 as of the date of its entry into force in accordance with paragraphs 4 and 5 above. Any reference to the 1988 Lugano Convention in other instruments shall be understood as a reference to this Convention.
7. Insofar as the relations between the Member States of the European Community and the non-European territories referred to in Article 70(1)(b) are concerned, this Convention shall replace the Convention on Jurisdiction and the Enforcement of Judgments in Civil and Commercial Matters, signed at Brussels on 27 September 1968, and of the Protocol on interpretation of that Convention by the Court of Justice of the European Communities, signed at Luxembourg on 3 June 1971, as amended by the Conventions of Accession to the said Convention and the said Protocol by the States acceding to the European Communities, as of the date of the entry into force of this Convention with respect to these territories in accordance with Article 73(2).

ARTICLE 70

1. After entering into force this Convention shall be open for accession by:
(a) the States which, after the opening of this Convention for signature, become Members of the European Free Trade Association, under the conditions laid down in Article 71;
(b) Member States of the European Community acting on behalf of certain non-European territories that are part of the territory of that Member State or for whose external relations that Member State is responsible, under the conditions laid down in Article 71;
(c) any other State, under the conditions laid down in Article 72.
2. States referred to in paragraph 1, which wish to become a Contracting Party to this Convention, shall address their application to the Depositary. The application, including the information referred to in Articles 71 and 72 shall be accompanied by a translation into English and French.

ARTICLE 71

1. Any State referred to in Article 70(1)(a) and (b) wishing to become a Contracting Party to this Convention:

(a) shall communicate the information required for the application of this Convention;

(b) may submit declarations in accordance with Articles I and III of Protocol 1.

2. The Depositary shall transmit any information received pursuant to paragraph 1 to the other Contracting Parties prior to the deposit of the instrument of accession by the State concerned.

ARTICLE 72

1. Any State referred to in Article 70(1)(c) wishing to become a Contracting Party to this Convention:

(a) shall communicate the information required for the application of this Convention;

(b) may submit declarations in accordance with Articles I and III of Protocol 1; and

(c) shall provide the Depositary with information on, in particular:

  (1) their judicial system, including information on the appointment and independence of judges;

  (2) their internal law concerning civil procedure and enforcement of judgments; and

  (3) their private international law relating to civil procedure.

2. The Depositary shall transmit any information received pursuant to paragraph 1 to the other Contracting Parties prior to inviting the State concerned to accede in accordance with paragraph 3 of this Article.

3. Without prejudice to paragraph 4, the Depositary shall invite the State concerned to accede only if it has obtained the unanimous agreement of the Contracting Parties. The Contracting Parties shall endeavour to give their consent at the latest within one year after the invitation by the Depositary.

4. The Convention shall enter into force only in relations between the acceding State and the Contracting Parties which have not made any objections to the accession before the first day of the third month following the deposit of the instrument of accession.

ARTICLE 73

1. The instruments of accession shall be deposited with the Depositary.

2. In respect of an acceding State referred to in Article 70, the Convention shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of accession. As of that moment, the acceding State shall be considered a Contracting Party to the Convention.

3. Any Contracting Party may submit to the Depositary a text of this Convention in the language or languages of the Contracting Party concerned, which shall be authentic if so agreed by the Contracting Parties in accordance with Article 4 of Protocol 2.

ARTICLE 74

1. This Convention is concluded for an unlimited period.

2. Any Contracting Party may, at any time, denounce the Convention by sending a notification to the Depositary.

3. The denunciation shall take effect at the end of the calendar year following the expiry of

a period of six months from the date of receipt by the Depositary of the notification of denunciation.

ARTICLE 75

The following are annexed to this Convention:
- a Protocol 1, on certain questions of jurisdiction, procedure and enforcement,
- a Protocol 2, on the uniform interpretation of this Convention and on the Standing Committee,
- a Protocol 3, on the application of Article 67 of this Convention,
- Annexes I through IV and Annex VII, with information related to the application of this Convention,
- Annexes V and VI, containing the certificates referred to in Articles 54, 58 and 57 of this Convention,
- Annex VIII, containing the authentic languages referred to in Article 79 of this Convention, and
- Annex IX, concerning the application of Article II of Protocol 1.

These Protocols and Annexes shall form an integral part of this Convention.

ARTICLE 76

Without prejudice to Article 77, any Contracting Party may request the revision of this Convention.

To that end, the Depositary shall convene the Standing Committee as laid down in Article 4 of Protocol 2.

ARTICLE 77

1. The Contracting Parties shall communicate to the Depositary the text of any provisions of the laws which amend the lists set out in Annexes I through IV as well as any deletions in or additions to the list set out in Annex VII and the date of their entry into force. Such communication shall be made within reasonable time before the entry into force and be accompanied by a translation into English and French. The Depositary shall adapt the Annexes concerned accordingly, after having consulted the Standing Committee in accordance with Article 4 of Protocol 2. For that purpose, the Contracting Parties shall provide a translation of the adaptations into their languages.
2. Any amendment of Annexes V through VI and VIII through IX to this Convention shall be adopted by the Standing Committee in accordance with Article 4 of Protocol 2.

ARTICLE 78

1. The Depositary shall notify the Contracting Parties of:
(a) the deposit of each instrument of ratification or accession;
(b) the dates of entry into force of this Convention in respect of the Contracting Parties;
(c) any declaration received pursuant to Articles I to IV of Protocol 1;
(d) any communication made pursuant to Article 74(2), Article 77(1) and paragraph 4 of Protocol 3.
2. The notifications will be accompanied by translations into English and French.

ARTICLE 79

This Convention, drawn up in a single original in the languages listed in Annex VIII, all texts being equally authentic, shall be deposited in the Swiss Federal Archives. The Swiss Federal Council shall transmit a certified copy to each Contracting Party.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned Plenipotentiaries, have signed this Convention.

For the European Community

For the Republic of Iceland

For the Kingdom of Norway

For the Swiss Confederation

For the Kingdom of Denmark

PROTOCOL 1
on certain questions of jurisdiction, procedure and enforcement

THE HIGH CONTRACTING PARTIES HAVE AGREED AS FOLLOWS:

ARTICLE I

1. Judicial and extrajudicial documents drawn up in one State bound by this Convention which have to be served on persons in another State bound by this Convention shall be transmitted in accordance with the procedures laid down in the conventions and agreements applicable between these States.
2. Unless the Contracting Party on whose territory service is to take place objects by declaration to the Depositary, such documents may also be sent by the appropriate public officers of the State in which the document has been drawn up directly to the appropriate public officers of the State in which the addressee is to be found. In this case the officer of the State of origin shall send a copy of the document to the officer of the State applied to who is competent to forward it to the addressee. The document shall be forwarded in the manner specified by the law of the State applied to. The forwarding shall be recorded by a certificate sent directly to the officer of the State of origin.
3. Member States of the European Community bound by Council Regulation (EC) No 1348/2000 of 29 May 2000 or by the Agreement between the European Community and the Kingdom of Denmark on the service of judicial and extrajudicial documents in civil or commercial matters, signed at Brussels on 19 October 2005, shall apply in their mutual relations that Regulation and that Agreement.

ARTICLE II

1. The jurisdiction specified in Articles 6(2) and 11 in actions on a warranty or guarantee or in any other third party proceedings may not be fully resorted to in the States bound by this Convention referred to in Annex IX. Any person domiciled in another State bound by this

Convention may be sued in the courts of these States pursuant to the rules referred to in Annex IX.
2. At the time of ratification the European Community may declare that proceedings referred to in Articles 6(2) and 11 may not be resorted to in some other Member States and provide information on the rules that shall apply.
3. Judgments given in the other States bound by this Convention by virtue of Article 6(2) or Article 11 shall be recognised and enforced in the States mentioned in paragraphs 1 and 2 in accordance with Title III. Any effects which judgments given in these States may have on third parties by application of the provisions in paragraphs 1 and 2 shall also be recognised in the other States bound by this Convention.

ARTICLE III

1. Switzerland reserves the right to declare upon ratification that it will not apply the following part of the provision in Article 34(2):
"unless the defendant failed to commence proceedings to challenge the judgment when it was possible for him to do so'.
If Switzerland makes such declaration, the other Contracting Parties shall apply the same reservation in respect of judgments rendered by the courts of Switzerland.
2. Contracting Parties may, in respect of judgments rendered in an acceding State referred to in Article 70(1)(c), by declaration reserve:
(a) the right mentioned in paragraph 1; and
(b) the right of an authority mentioned in Article 39, notwithstanding the provisions of Article 41, to examine of its own motion whether any of the grounds for refusal of recognition and enforcement of a judgment is present or not.
3. If a Contracting Party has made such a reservation towards an acceding State as referred to in paragraph 2, this acceding State may by declaration reserve the same right in respect of judgments rendered by the courts of that Contracting Party.
4. Except for the reservation mentioned in paragraph 1, the declarations are valid for periods of five years and are renewable at the end of such periods. The Contracting Party shall notify a renewal of a declaration referred to under paragraph 2 not later than six months prior to the end of such period. An acceding State may only renew its declaration made under paragraph 3 after renewal of the respective declaration under paragraph 2.

ARTICLE IV

The declarations referred to in this Protocol may be withdrawn at any time by notification to the Depositary. The notification shall be accompanied by a translation into English and French. The Contracting Parties provide for translations into their languages. Any such withdrawal shall take effect as of the first day of the third month following that notification.

PROTOCOL 2
on the uniform interpretation of the convention and on the standing committee

PREAMBLE

THE HIGH CONTRACTING PARTIES,

HAVING REGARD to Article 75 of this Convention,

CONSIDERING the substantial link between this Convention, the 1988 Lugano Convention, and the instruments referred to in Article 64(1) of this Convention,

CONSIDERING that the Court of Justice of the European Communities has jurisdiction to give rulings on the interpretation of the provisions of the instruments referred to in Article 64(1) of this Convention,

CONSIDERING that this Convention becomes part of Community rules and that therefore the Court of Justice of the European Communities has jurisdiction to give rulings on the interpretation of the provisions of this Convention as regards the application by the courts of the Member States of the European Community,

BEING AWARE of the rulings delivered by the Court of Justice of the European Communities on the interpretation of the instruments referred to in Article 64(1) of this Convention up to the time of signature of this Convention, and of the rulings delivered by the courts of the Contracting Parties to the 1988 Lugano Convention on the latter Convention up to the time of signature of this Convention,

CONSIDERING that the parallel revision of both the 1988 Lugano and Brussels Conventions, which led to the conclusion of a revised text for these Conventions, was substantially based on the above mentioned rulings on the 1968 Brussels and the 1988 Lugano Conventions,

CONSIDERING that the revised text of the Brussels Convention has been incorporated, after the entry into force of the Amsterdam Treaty, into Regulation (EC) No 44/2001,

CONSIDERING that this revised text also constituted the basis for the text of this Convention,

DESIRING to prevent, in full deference to the independence of the courts, divergent interpretations and to arrive at an interpretation as uniform as possible of the provisions of this Convention and of those of the Regulation (EC) No 44/2001 which are substantially reproduced in this Convention and of other instruments referred to in Article 64(1) of this Convention,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

ARTICLE 1

1. Any court applying and interpreting this Convention shall pay due account to the principles laid down by any relevant decision concerning the provision(s) concerned or any similar provision(s) of the 1988 Lugano Convention and the instruments referred to in Article 64(1) of the Convention rendered by the courts of the States bound by this Convention and by the Court of Justice of the European Communities.
2. For the courts of Member States of the European Community, the obligation laid down

in paragraph 1 shall apply without prejudice to their obligations in relation to the Court of Justice of the European Communities resulting from the Treaty establishing the European Community or from the Agreement between the European Community and the Kingdom of Denmark on jurisdiction and the recognition and enforcement of judgments in civil and commercial matters, signed at Brussels on 19 October 2005.

ARTICLE 2

Any State bound by this Convention and which is not a Member State of the European Community is entitled to submit statements of case or written observations, in accordance with Article 23 of the Protocol on the Statute of the Court of Justice of the European Communities, where a court or tribunal of a Member State of the European Community refers to the Court of Justice for a preliminary ruling a question on the interpretation of this Convention or of the instruments referred to in Article 64(1) of this Convention.

ARTICLE 3

1. The Commission of the European Communities shall set up a system of exchange of information concerning relevant judgments delivered pursuant to this Convention as well as relevant judgments under the 1988 Lugano Convention and the instruments referred to in Article 64(1) of this Convention. This system shall be accessible to the public and contain judgments delivered by the courts of last instance and of the Court of Justice of the European Communities as well as judgments of particular importance which have become final and have been delivered pursuant to this Convention, the 1988 Lugano Convention, and the instruments referred to in Article 64(1) of this Convention. The judgments shall be classified and provided with an abstract.

The system shall comprise the transmission to the Commission by the competent authorities of the States bound by this Convention of judgments as referred to above delivered by the courts of these States.

2. A selection of cases of particular interest for the proper functioning of the Convention will be made by the Registrar of the Court of Justice of the European Communities, who shall present the selected case law at the meeting of experts in accordance with Article 5 of this Protocol.

3. Until the European Communities have set up the system pursuant to paragraph 1, the Court of Justice of the European Communities shall maintain the system for the exchange of information established by Protocol 2 of the 1988 Lugano Convention for judgments delivered under this Convention and the 1988 Lugano Convention.

ARTICLE 4

1. A Standing Committee shall be set up, composed of the representatives of the Contracting Parties.

2. At the request of a Contracting Party, the Depositary of the Convention shall convene meetings of the Committee for the purpose of:

- a consultation on the relationship between this Convention and other international instruments,
- a consultation on the application of Article 67, including intended accessions to instruments on particular matters according to Article 67(1), and proposed legislation according to Protocol 3,

– the consideration of the accession of new States. In particular, the Committee may ask acceding States referred to in Article 70(1)(c) questions about its judicial system and the implementation of the Convention. The Committee may also consider possible adaptations to the Convention necessary for its application in the acceding States,
– the acceptance of new authentic language versions pursuant to Article 73(3) of this Convention and the necessary amendments to Annex VIII,
– a consultation on a revision of the Convention pursuant to Article 76,
– a consultation on amendments to Annexes I through IV and Annex VII pursuant to Article 77(1),
– the adoption of amendments to Annexes V and VI pursuant to Article 77(2),
– a withdrawal of the reservations and declarations made by the Contracting Parties pursuant to Protocol 1 and necessary amendments to Annex IX.

3. The Committee shall establish the procedural rules concerning its functioning and decision-making. These rules shall provide for the possibility to consult and decide by written procedure.

ARTICLE 5

1. The Depositary may convene, whenever necessary, a meeting of experts to exchange views on the functioning of the Convention, in particular on the development of the case-law and new legislation that may influence the application of the Convention.
2. This meeting shall be composed of experts of the Contracting Parties, of the States bound by this Convention, of the Court of Justice of the European Communities, and of the European Free Trade Association. It shall be open to any other experts whose presence is deemed appropriate.
3. Any problems arising on the functioning of the Convention may be referred to the Standing Committee referred to in Article 4 of this Protocol for further action.

PROTOCOL 3
on the application of article 67 of the convention

THE HIGH CONTRACTING PARTIES HAVE AGREED AS FOLLOWS:

1. For the purposes of the Convention, provisions which, in relation to particular matters, govern jurisdiction or the recognition or enforcement of judgments and which are or will be contained in acts of the institutions of the European Communities shall be treated in the same way as the conventions referred to in Article 67(1).
2. If one of the Contracting Parties is of the opinion that a provision contained in a proposed act of the institutions of the European Communities is incompatible with the Convention, the Contracting Parties shall promptly consider amending the Convention pursuant to Article 76, without prejudice to the procedure established by Protocol 2.
3. Where a Contracting Party or several Parties together incorporate some or all of the provisions contained in acts of the institutions of the European Community referred to in paragraph 1 into national law, then these provisions of national law shall be treated in the same way as the conventions referred to in Article 67(1).
4. The Contracting Parties shall communicate to the Depositary the text of the provisions

mentioned in paragraph 3. Such communication shall be accompanied by a translation into English and French.

ANNEX I

The rules of jurisdiction referred to in Article 3(2) and 4(2) of the Convention are the following:

- in Belgium: Articles 5 through 14 of the Law of 16 July 2004 on private international law,
- in Bulgaria: Article 4(1) of the International Private Law Code,
- in the Czech Republic: Article 86 of Act No 99/1963 Coll., the Code of Civil Procedure (*občanský soudní řád*), as amended,
- in Denmark: Article 246(2) and (3) of the Administration of Justice Act (*Lov om rettens pleje*),
- in Germany: Article 23 of the code of civil procedure (*Zivilprozeßordnung*),
- in Estonia: Paragraph 86 of the Code of Civil Procedure (*tsiviilkohtumenetluse seadustik*),
- in Greece: Article 40 of the code of civil procedure (*Κώδικας Πολιτικής Δικονομίας*),
- in France: Articles 14 and 15 of the civil code (*Code civil*),
- in Iceland: Article 32 paragraph 4 of the Civil Proceedings Act (*Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991*),
- in Ireland: the rules which enable jurisdiction to be founded on the document instituting the proceedings having been served on the defendant during his temporary presence in Ireland,
- in Italy: Articles 3 and 4 of Act 218 of 31 May 1995,
- in Cyprus: section 21(2) of the Courts of Justice Law No 14 of 1960, as amended,
- in Latvia: section 27 and paragraphs 3, 5, 6 and 9 of section 28 of the Civil Procedure Law (*Civilprocesa likums*),
- in Lithuania: Article 31 of the Code of Civil Procedure (*Civilinio proceso kodeksas*),
- in Luxembourg: Articles 14 and 15 of the civil code (*Code civil*),
- in Hungary: Article 57 of Law Decree No. 13 of 1979 on International Private Law (*a nemzetközi magánjogról szóló 1979. évi 13. törvényerejű rendelet*),
- in Malta: Articles 742, 743 and 744 of the Code of Organisation and Civil Procedure – Cap. 12 (*Kodiċi ta' Organizzazzjoni u Proċedura Ċivili – Kap. 12*) and Article 549 of the Commercial Code – Cap. 13 (*Kodiċi tal-kummerċ - Kap. 13*),
- in Norway: Section 4-3(2) second sentence of the Dispute Act (*tvisteloven*),
- in Austria: Article 99 of the Law on court Jurisdiction (*Jurisdiktionsnorm*),
- in Poland: Articles 1103 and 1110 of the Code of Civil Procedure (*Kodeks postępowania cywilnego*), insofar as they establish jurisdiction on the basis of the defendant's residence in Poland, the possession by the defendant of property in Poland or his entitlement to property rights in Poland, the fact that the object of the dispute is located in Poland and the fact that one of the parties is a Polish citizen,
- in Portugal: Article 65 and Article 65A of the code of civil procedure (*Código de Processo Civil*) and Article 11 of the code of labour procedure (*Código de Processo de Trabalho*),

- in Romania: Articles 148–157 of Law No. 105/1992 on Private International Law Relations,
- in Slovenia: Article 48(2) of the Private International Law and Procedure Act (*Zakon o mednarodnem zasebnem pravu in postopku*) in relation to Article 47(2) of Civil Procedure Act (*Zakon o pravdnem postopku*) and Article 58 of the Private International Law and Procedure Act (*Zakon o mednarodnem zasebnem pravu in postopku*) in relation to Article 59 of Civil Procedure Act (*Zakon o pravdnem postopku*),
- in Slovakia: Articles 37 to 37e of Act No 97/1963 on Private International Law and the Rules of Procedure relating thereto,
- in Switzerland: le for du lieu du séquestre/Gerichtsstand des Arrestortes/foro del luogo del sequestro within the meaning of Article 4 of the loi fédérale sur le droit international privé/Bundesgesetz über das internationale Privatrecht/legge federale sul diritto internazionale privato,
- in Finland: the second, third and fourth sentences of the first paragraph of Section 1 of Chapter 10 of the Code of Judicial Procedure (*oikeudenkäymiskaari/rättegångsbalken*),
- in Sweden: the first sentence of the first paragraph of Section 3 of Chapter 10 of the Code of Judicial Procedure (*rättegångsbalken*),
- in the United Kingdom: the rules which enable jurisdiction to be founded on:
  (a) the document instituting the proceedings having been served on the defendant during his temporary presence in the United Kingdom, or
  (b) the presence within the United Kingdom of property belonging to the defendant, or
  (c) the seizure by the plaintiff of property situated in the United Kingdom.

ANNEX II

The courts or competent authorities to which the application referred to in Article 39 of the Convention may be submitted are the following:

- in Belgium: the ‘tribunal de première instance’ or ‘rechtbank van eerste aanleg’ or ‘erstinstanzliches Gericht’,
- in Bulgaria: the ‘Софийски градски съд’,
- in the Czech Republic: the ‘okresní soud’ or ‘soudní exekutor’,
- in Denmark: the ‘byret’,
- in Germany:
  (a) the presiding judge of a chamber of the ‘Landgericht’;
  (b) a notary in a procedure of declaration of enforceability of an authentic instrument,
- in Estonia: the ‘maakohus’ (county court),
- in Greece: the ‘Μονομελές Πρωτοδικείο’,
- in Spain: the ‘Juzgado de Primera Instancia’,
- in France:
  (a) the ‘greffier en chef du tribunal de grande instance’;
  (b) the ‘président de la chambre départementale des notaires’ in the case of application for a declaration of enforceability of a notarial authentic instrument,
- in Ireland: the High Court,
- in Iceland:the ‘héraðsdómur’,
- in Italy: the ‘corte d'appello’,

- in Cyprus: the ‘Επαρχιακό Δικαστήριο’ or in the case of a maintenance judgment the ‘Οικογενειακό Δικαστήριο’,
- in Latvia: the ‘rajona (pilsētas) tiesa’,
- in Lithuania: the ‘Lietuvos apeliacinis teismas’,
- in Luxembourg: the presiding judge of the ‘tribunal d'arrondissement’,
- in Hungary: the ‘megyei bíróság székhelyén működő helyi bíróság’, and in Budapest the ‘Budai Központi Kerületi Bíróság’,
- in Malta: the ‘Prim' Awla tal-Qorti Ċivili’ or ‘Qorti tal-Maġistrati ta' Għawdex fil-ġurisdizzjoni superjuri tagħha’, or, in the case of a maintenance judgment, the ‘Reġistratur tal-Qorti’ on transmission by the ‘Ministru responsabbli għall-Ġustizzja’,
- in the Netherlands: the ‘voorzieningenrechter van de rechtbank’,
- in Norway: the ‘tingrett’,
- in Austria: the ‘Bezirksgericht’,
- in Poland: the ‘sąd okręgowy’,
- in Portugal: the ‘Tribunal de Comarca’,
- in Romania: the ‘Tribunal’,
- in Slovenia: the ‘okrožno sodišče’,
- in Slovakia: the ‘okresný súd’,
- in Switzerland:
  (a) in respect of judgments ordering the payment of a sum of money, the ‘juge de la mainlevée’/‘Rechtsöffnungsrichter’/‘giudice competente a pronunciare sul rigetto dell'opposizione’, within the framework of the procedure governed by Articles 80 and 81 of the loi fédérale sur la poursuite pour dettes et la faillite/Bundesgesetz über Schuldbetreibung und Konkurs/legge federale sulla esecuzione e sul fallimento;
  (b) in respect of judgments ordering a performance other than the payment of a sum of money, the ‘juge cantonal d'exequatur’ compétent/zuständiger ‘kantonaler Vollstreckungsrichter’/‘giudice cantonale’ competente a pronunciare l'exequatur,
- in Finland: the ‘käräjäoikeus/tingsrätt’,
- in Sweden: the ‘Svea hovrätt’,
- in the United Kingdom:
  (a) in England and Wales, the High Court of Justice, or in the case of a maintenance judgment, the Magistrates' Court on transmission by the Secretary of State;
  (b) in Scotland, the Court of Session, or in the case of a maintenance judgment, the Sheriff Court on transmission by the Secretary of State;
  (c) in Northern Ireland, the High Court of Justice, or in the case of a maintenance judgment, the Magistrates' Court on transmission by the Secretary of State;
  (d) in Gibraltar, the Supreme Court of Gibraltar, or in the case of a maintenance judgment, the Magistrates' Court on transmission by the Attorney General of Gibraltar.

ANNEX III

The courts with which appeals referred to in Article 43(2) of the Convention may be lodged are the following:

- in Belgium:
  (a) as regards appeal by the defendant, the ‘tribunal de première instance’ or ‘rechtbank van eerste aanleg’ or ‘erstinstanzliche Gericht’;

(b) as regards appeal by the applicant: the ‘cour d'appel’ or ‘hof van beroep’,
- in Bulgaria: the ‘Апелативен съд – София’,
- in the Czech Republic: the court of appeal through the district court,
- in Denmark: the ‘landsret’,
- in the Federal Republic of Germany: the ‘Oberlandesgericht’,
- in Estonia: the ‘ringkonnakohus’,
- in Greece: the ‘Εφετείο’,
- in Spain: el ‘Juzgado de Primera Instancia’ que dictó la resolución recurrida para ser resuelto el recurso por la Audiencia Provincial,
- in France:
  (a) the ‘cour d'appel’ on decisions allowing the application;
  (b) the presiding judge of the ‘tribunal de grande instance’, on decisions rejecting the application,
- in Ireland: the High Court,
- in Iceland: the ‘héraðsdómur’,
- in Italy: the ‘corte d'appello’,
- in Cyprus: the ‘Επαρχιακό Δικαστήριο’ or in the case of a maintenance judgment the ‘Οικογενειακό Δικαστήριο’,
- in Latvia: the ‘Apgabaltiesa’ via the ‘rajona (pilsētas) tiesa’,
- in Lithuania: the ‘Lietuvos apeliacinis teismas’,
- in Luxembourg: the ‘Cour supérieure de justice’ sitting as a court of civil appeal,
- in Hungary: the local court situated at the seat of the county court (in Budapest, the Central District Court of Buda); the appeal is adjudicated by the county court (in Budapest, the Capital Court),
- in Malta: the ‘Qorti ta' l-Appell’ in accordance with the procedure laid down for appeals in the Kodiċi ta' Organizzazzjoni u Proċedura Ċivili – Kap.12 or in the case of a maintenance judgment by ‘ċitazzjoni’ before the ‘Prim' Awla tal-Qorti ivili jew il-Qorti tal-Maġistrati ta' Għawdex fil-ġurisdizzjoni superjuri tagħha'’,
- in the Netherlands: the ‘rechtbank’,
- in Norway: the ‘lagmannsrett’,
- in Austria: the ‘Landesgericht’ via the ‘Bezirksgericht’,
- in Poland: the ‘sąd apelacyjny’ via the ‘sąd okręgowy’,
- in Portugal: the ‘Tribunal da Relação’ is the competent court. The appeals are launched, in accordance with the national law in force, by way of a request addressed to the court which issued the contested decision,
- in Romania: the ‘Curte de Apel’,
- in Slovenia: the ‘okrožno sodišče’,
- in Slovakia: the court of appeal through the district court whose decision is being appealed,
- in Switzerland: the ‘tribunal cantonal/Kantonsgericht/tribunale cantonale’,
- in Finland: the ‘hovioikeus/hovrätt’,
- in Sweden: the ‘Svea hovrätt’,
- in the United Kingdom:
  (a) in England and Wales, the High Court of Justice, or in the case of a maintenance judgment, the Magistrates' Court;

(b) in Scotland, the Court of Session, or in the case of a maintenance judgment, the Sheriff Court;
(c) in Northern Ireland, the High Court of Justice, or in the case of a maintenance judgment, the Magistrates' Court;
(d) in Gibraltar, the Supreme Court of Gibraltar, or in the case of a maintenance judgment, the Magistrates' Court.

ANNEX IV

The appeals which may be lodged pursuant to Article 44 of the Convention are the following:

- in Belgium: Greece, Spain, France, Italy, Luxembourg and in the Netherlands, an appeal in cassation,
- in Bulgaria: ‘обжалване пред Върховния касационен съд’,
- in the Czech Republic: a ‘dovolání’ and a ‘žaloba pro zmatečnost’,
- in Denmark: an appeal to the ‘højesteret’, with the leave of the ‘Procesbevillingsnævnet’,
- in the Federal Republic of Germany: a ‘Rechtsbeschwerde’,
- in Estonia: a ‘kassatsioonikaebus’,
- in Ireland: an appeal on a point of law to the Supreme Court,
- in Iceland: an appeal to the ‘Hæstiréttur’,
- in Cyprus: an appeal to the Supreme Court,
- in Latvia: an appeal to the ‘Augstākās tiesas Senāts’ via the ‘Apgabaltiesa’,
- in Lithuania: an appeal to the ‘Lietuvos Aukščiausiasis Teismas’,
- in Hungary: ‘felülvizsgálati kérelem’,
- in Malta: no further appeal lies to any other court; in the case of a maintenance judgment the ‘Qorti ta' l-Appell’ in accordance with the procedure laid down for appeal in the ‘kodiċi ta' Organizzazzjoni u Procedura Ċivili – Kap. 12’,
- in Norway: an appeal to the ‘Høyesteretts Ankeutvalg’ or ‘Høyesterett’,
- in Austria: a ‘*Revisionsrekurs*’,
- in Poland: ‘skarga kasacyjna’,
- in Portugal: an appeal on a point of law,
- in Romania: a ‘contestatie in anulare’ or a ‘*revizuire*’,
- in Slovenia: an appeal to the ‘Vrhovno sodišče Republike Slovenije’,
- in Slovakia: the ‘dovolanie’,
- in Switzerland: a ‘recours devant le Tribunal fédéral’/‘Beschwerde beim Bundesgericht’/‘ricorso davanti al Tribunale federale’,
- in Finland: an appeal to the ‘korkein oikeus/högsta domstolen’,
- in Sweden: an appeal to the ‘Högsta domstolen’,
- in the United Kingdom: a single further appeal on a point of law.

ANNEX V

Certificate on judgments and court settlements referred to in Articles 54 and 58 of the Convention on jurisdiction and the recognition and enforcement of judgments in civil and commercial matters

State of origin
- Court or competent authority issuing the certificate
  - 2.1. Name
  - 2.2. Address
  - 2.3. Tel/Fax/E-mail
- Court which delivered the judgment/approved the court settlement*
  - 3.1. Type of court
  - 3.2. Place of court
- Judgment/court settlement*
  - 4.1. Date
  - 4.2. Reference number
  - 4.3. The parties to the judgment/court settlement*
    - 4.3.1. Name(s) of plaintiff(s)
    - 4.3.2. Name(s) of defendant(s
    - 4.3.3. Name(s) of other party(ies), if any
  - 4.4. Date of service of the document instituting the proceedings where judgment was given in default of appearance
  - 4.5. Text of the judgment/court settlement* as annexed to this certificate
- Names of parties to whom legal aid has been granted

The judgment/court settlement* is enforceable in the State of origin (Article 38/58 of the Convention) against:
Name :

Done at ....., date .....

Signature and/or stamp .....

* Delete as appropriate

ANNEX VI

Certificate on authentic instruments referred to in Article 57(4) of the Convention on jurisdiction and the recognition and enforcement of judgments in civil and commercial matters

1. State of origin
2. Court or competent authority issuing the certificate
   - 2.1. Name
   - 2.2. Address
   - 2.3. Tel/Fax/E-mail
3. Authority which has given authenticity to the instrument
   - 3.1. Authority involved in the drawing up of the authentic instrument (if applicable)
     - 3.1.1. Name and designation of authority
     - 3.1.2. Place of authority
   - 3.2. Authority which has registered the authentic instrument (if applicable)
     - 3.2.1. Type of authority

1. 3.2.2.Place of authority
2. Authentic instrument
   4.1. Description of the instrument
   4.2. Date
      4.2.1. on which the instrument was drawn up
      4.2.2. if different: on which the instrument was registered
   4.3. Reference number
   4.4. Parties to the instrument
      4.4.1. Name of the creditor
      4.4.2. Name of the debtor
3. Text of the enforceable obligation as annexed to this certificate.

The authentic instrument is enforceable against the debtor in the State of origin (Article 57(1) of the Convention).

Done at date

Signature and/or stamp

ANNEX VII

The conventions superseded pursuant to Article 65 of the Convention are, in particular, the following:

- the Treaty between the Swiss Confederation and Spain on the mutual enforcement of judgments in civil or commercial matters, signed at Madrid on 19 November 1896,
- the Convention between the Czechoslovak Republic and the Swiss Confederation on the recognition and enforcement of judgments with additional protocol, signed at Bern on 21 December 1926,
- the Convention between the Swiss Confederation and the German Reich on the recognition and enforcement of judgments and arbitration awards, signed at Berne on 2 November 1929,
- the Convention between Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden on the recognition and enforcement of judgments, signed at Copenhagen on 16 March 1932,
- the Convention between the Swiss Confederation and Italy on the recognition and enforcement of judgments, signed at Rome on 3 January 1933,
- the Convention between Sweden and the Swiss Confederation on the recognition and enforcement of judgments and arbitral awards signed at Stockholm on 15 January 1936,
- the Convention between the Swiss Confederation and Belgium on the recognition and enforcement of judgments and arbitration awards, signed at Berne on 29 April 1959,
- the Convention between Austria and the Swiss Confederation on the recognition and enforcement of judgments, signed at Berne on 16 December 1960,
- the Convention between Norway and the United Kingdom providing for the reciprocal recognition and enforcement of judgments in civil matters, signed at London on 12 June 1961,

- the Convention between Norway and the Federal Republic of Germany on the recognition and enforcement of judgments and enforceable documents, in civil and commercial matters, signed at Oslo on 17 June 1977,
- the Convention between Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden on the recognition and enforcement of judgments in civil matters, signed at Copenhagen on 11 October 1977, and
- the Convention between Norway and Austria on the recognition and enforcement of judgments in civil matters, signed at Vienna on 21 May 1984.

ANNEX VIII

The languages referred to in Article 79 of the Convention are Bulgarian, Czech, Danish, Dutch, English, Estonian, Finnish, French, German, Greek, Hungarian, Icelandic, Irish, Italian, Latvian, Lithuanian, Maltese, Norwegian, Polish, Portuguese, Romanian, Slovak, Slovenian, Spanish and Swedish.

ANNEX IX

The States and the rules referred to in Article II of Protocol 1 are the following:
- Germany: Articles 68, 72, 73 and 74 of the code of civil procedure (*Zivilprozeßordnung*) concerning third-party notices,
- Austria: Article 21 of the code of civil procedure (*Zivilprozeßordnung*) concerning third-party notices,
- Hungary: Articles 58 to 60 of the Code of Civil Procedure (*Polgári perrendtartás*) concerning third-party notices,
- Switzerland, with respect to those cantons whose applicable code of civil procedure does not provide for the jurisdiction referred to in Articles 6(2) and 11 of the Convention: the appropriate provisions concerning third-party notices (litis denuntiatio) of the applicable code of civil procedure.

Fylgiskjal II.

Samanburðarskjal
yfir ákvæði Lúganósamningsins frá 2007,
Lúganósamningsins frá 1988 og Brussel I reglugerðarinnar.

Lúganósamningur 2007	Lúganósamningur 1988	Brussel I reglugerð
1. gr.	1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.	2. gr.
3. gr.	3. gr.	3. gr.
4. gr.	4. gr.	4. gr.
5. gr.	5. gr.	5. gr.
6. gr.	6. gr.	6. gr.

Lúganósamningur 2007	Lúganósamningur 1988	Brussel I reglugerð
7. gr.	6. gr. A	7. gr.
8. gr.	7. gr.	8. gr.
9. gr.	8. gr.	9. gr.
10. gr.	9. gr.	10. gr.
11. gr.	10. gr.	11. gr.
12. gr.	11. gr.	12. gr.
13. gr.	12. gr.	13. gr.
14. gr.	12. gr. A	14. gr.
15. gr.	13. gr.	15. gr.
16. gr.	14. gr.	16. gr.
17. gr.	15. gr.	17. gr.
18. gr.	-	18. gr.
19. gr.	1. tölul. 5. gr.	19. gr.
20. gr.	-	20. gr.
21. gr.	5. tölul. 17. gr.	21. gr.
22. gr.	16. gr. og bókun 1, V. gr. d	22. gr.
23. gr.	17. gr.	23. gr.
24. gr.	18. gr.	24. gr.
25. gr.	19. gr.	25. gr.
26. gr.	20. gr.	26. gr.
27. gr.	21. gr.	27. gr.
28. gr.	22. gr.	28. gr.
29. gr.	23. gr.	29. gr.
30. gr.	-	30. gr.
31. gr.	24. gr.	31. gr.
32. gr.	25. gr.	32. gr.
33. gr.	26. gr.	33. gr.
34. gr.	27. gr.	34. gr.
35. gr.	28. gr.	35. gr.
36. gr.	29. gr.	36. gr.
37. gr.	30. gr.	37. gr.
38. gr.	31. gr.	38. gr.
39. gr.	32. gr.	39. gr.
40. gr.	33. gr.	40. gr.
41. gr.	34. gr.	41. gr.
42. gr.	35. gr.	42. gr.
1. mgr. 43. gr.	1. mgr. 36. gr. og 1.mgr. 40. gr.	1. mgr. 43. gr.

Lúganósamningur 2007	Lúganósamningur 1988	Brussel I reglugerð
2. mgr. 43. gr. 3. mgr. 43. gr. 4. mgr. 43. gr. 5. mgr. 43. gr.	1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 40. gr. 1. mgr. 37. gr. 2. mgr. 40. gr. 36. gr.	2. mgr. 43. gr. 3. mgr. 43. gr. 4. mgr. 43. gr. 5. mgr. 43. gr.
44. gr.	41. gr.	44. gr.
45. gr.	2. og 3. mgr. 34. gr.	45. gr.
46. gr.	38. gr.	46. gr.
47. gr.	39. gr.	47. gr.
48. gr.	42. gr.	48. gr.
49. gr.	43. gr.	49. gr.
50. gr.	44. gr.	50. gr.
51. gr.	45. gr.	51. gr.
52. gr.	Bókun 1, III. gr.	52. gr.
53. gr.	46. og 47. gr.	53. gr.
54. gr.	-	54. gr.
55. gr.	48. gr.	55. gr.
56. gr.	49. gr.	56. gr.
57. gr.	50. gr.	57. gr.
58. gr.	51. gr.	58. gr.
59. gr.	52. gr.	59. gr.
60. gr.	53. gr.	60. gr.
61. gr.	Bókun 1, II. gr.	61. gr.
62. gr.	Bókun 1, V. gr. a.	62. gr.
63. gr.	54. gr.	66. gr.
64. gr.	54. gr. B	68. gr.
65. gr.	55. gr.	69. gr.
66. gr.	56. gr.	70. gr.
67. gr.	57. gr.	71. gr.
68. gr.	59. gr.	72. gr.
69. gr.	61. gr.	-
70. gr.	1. mgr. 62. gr.	-
71. gr.	63. gr.	-
1.–3. mgr. 72. gr. 4. mgr. 72. gr.	b-liður 1. mgr. 62. gr. 4. mgr. 62. gr.	- -
73. gr.	3. mgr. 62. gr.	-
74. gr.	64. gr.	-
75. gr.	65. gr.	-

Lúganósamningur 2007	Lúganósamningur 1988	Brussel I reglugerð
76. gr.	66. gr.	-
77. gr.	Bókun 1, VI. gr.	-
78. gr.	67. gr.	-
79. gr.	68. gr.	-
Bókun 1, I. gr.	Bókun 1, IV. gr.	-
Bókun 1, II. gr.	Bókun 1, V. gr.	65. gr.
Bókun 1, III. gr.	-	-
Bókun 1, IV. gr.	-	-
Bókun 2, 1. gr.	Bókun 2, 1. gr.	-
Bókun 2, 2. gr.	-	-
Bókun 2, 3. gr.	Bókun 2, 2. gr.	-
Bókun 2, 4. gr.	-	-
Bókun 2, 5. gr.	Bókun 2, 3. og 4. gr.	-
Bókun 3	Bókun 3	-
Viðauki I	2. mgr. 3. gr.	Viðauki I
Viðauki II	32. gr.	Viðauki II
Viðauki III	1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 40. gr.	Viðauki III
Viðauki IV	2. mgr. 37. gr. og 41. gr.	Viðauki IV
Viðauki V	-	Viðauki V
Viðauki VI	-	Viðauki VI
Viðauki VII	55. gr.	69. gr.
Viðauki VIII	68. gr.	-
Viðauki IX	Bókun 1, V. gr.	65. gr.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að veitt verði heimild til að fullgilda samning um dómsvald, viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum, svonefndan Lúganósamning. Samningur þessi var undirritaður af hálfu íslenska ríkisins 30. október 2007 og kemur í stað eldri Lúganósamnings sem undirritaður var 16. september 1988 og staðfestur var með lögum nr. 68/1995. Með staðfestingu samningsins er stefnt að frekari samvinnu á sviði dómsmála í

alþjóðlegum einkamálum og að treysta meginreglur eldri samnings um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma sem kveðnir eru upp í ríkjum annarra samningsaðila.

Helsta breytingin er að í nýjum samningi er Evrópusambandið, sem stofnun, nú aðili að samningnum í stað einstakra aðildarríkja áður. Samningurinn tekur því til ellefu sambandsríkja til viðbótar sem ekki voru aðilar að samningnum frá 1988. Endurskoðun á efnisatriðum samningsins lýtur einkum að reglum um varnarþing og lögsögu dómstóla yfir neytendasamningum, auk þess sem gerðar eru breytingar á sviðum er snúa að sérstakri lögsögu í félagarétti, sameiningu skyldra dómstóla og málum er varða fullnustu dóma í öðru landi. Aðrar óverulegri breytingar eru gerðar á varnarþingssamningum, ráðningarsamningum, lögsögu í skaðabótamálum, samlagsaðild, málshöfðun í ábyrgðarmálum, málshöfðun vegna brota á ábyrgðarskilmálum, málum sem höfðuð eru til að koma í veg fyrir fullnustu dóms, tryggingarmálum, fasteignavarnarþingi og hugverkamálum, svo og rétti til að taka til varna samkvæmt efni máls án þess að réttur glatist þar með til þess að vefengja lögsögu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Rétt er þó að vekja athygli á því að þar sem nýr samningur treystir enn frekar samvinnugrundvöll eldri samningsins er hugsanlegt að innlendir dómstólar verði fyrir auknu álagi vegna mála sem höfðuð verða með stoð í samningnum frá því sem áður var. Líkt og áður má þó ætla að þetta álag muni jafnast út vegna mála sem gera má ráð fyrir að höfðuð verði í öðrum aðildarríkjum á grundvelli samningsins.

266. Tillaga til þingsályktunar [235. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010, frá 12. mars 2010, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB frá 16. september 2009 um breytingu á tilskipunum ráðsins 77/91/EBE, 78/855/EBE og 82/891/EBE og tilskipun 2005/56/EB að því er varðar kröfur um skýrslugjöf og upplýsingar við samruna og skiptingu.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010, frá 12. mars 2010, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB frá 16. september 2009 um breytingu á tilskipunum ráðsins 77/91/EBE, 78/855/EBE og 82/891/EBE og tilskipun 2005/56/EB að því er varðar kröfur um skýrslugjöf og upplýsingar við samruna og skiptingu.

Tilskipun 2009/109/EB er ætlað að draga úr stjórnsýslubyrðum, einkum varðandi birtingu og skjöl af hálfu hlutafélaga. Innleiðing hennar kallar á lagabreytingar hér á landi og var umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar því tekin með stjórnskipulegum fyrirvara.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur

verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB frá 16. september 2009 um breytingu á tilskipunum ráðsins 77/91/EBE, 78/855/EBE og 82/891/EBE og tilskipun 2005/56/EB að því er varðar kröfur um skýrslugjöf og upplýsingar við samruna og skiptingu.

Markmiðið með tilskipuninni, sem innleiða þarf í íslenskan rétt fyrir júnílok 2011, er að draga úr stjórnsýslubyrðum í hlutafélögum en á þeim hvíla ýmsar upplýsingaskyldur. Dregið er úr þeim skyldum við vissar aðstæður hvað snertir gerð skýrslna og skjala og birtingu þeirra. Er aukin heimild til að nýta m.a. vef félaga.

Tilskipunin á rætur að rekja til ákvörðunar Evrópusambandsins frá árinu 2007 um að draga úr stjórnsýslubyrðum hjá félögum með ýmsum hætti til ársins 2012 í því skyni að auka samkeppnishæfni félaga í sambandinu. Áherslur þessar á breytingar má jafnvel rekja til Lissabonáætlunarinnar frá 2000 um vöxt í sambandinu. Umbreytingarnar hafa áhrif á almennar reglur um félög en einnig ársreikninga og endurskoðun. Leitast er við að gæta þess að þær hafi ekki neikvæð áhrif með tilliti til verndarhlutverks þeirra.

Í inngangi að tilskipuninni er m.a. greint frá því að draga megi úr upplýsingaskyldum í félögum varðandi skýrslur og skjöl ef allir hluthafar samþykkja í ákveðnum tilvikum. Þetta merkir að reglurnar eiga helst við í félögum með fáa hluthafa. Þá er greint frá því að möguleiki sé á að birta drög að samrunaáætlun og önnur skjöl á vef félaga og jafnvel öðrum vefjum í stað hefðbundinnar birtingar í hlutafélagaskrá. Gæta þarf að hagsmunum annarra aðila en hluthafa, t.d. lánardrottna og stjórnvalda. Vikið er að minni kröfum en nú eru gerðar varðandi ákveðnar skýrslur sérfræðinga, við samruna móðurfélaga og dótturfélaga og í markaðsfélögum þar sem hálfsársuppgjör er gert.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Vegna innleiðingar ákvæða tilskipunarinnar í íslenskan rétt er stefnt að því að breyta ákvæðum í lögum um 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum. Jafnframt er umfram skyldu, en í samræmi við núverandi löggjöf, gert ráð fyrir sams konar breytingum á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum. Fyrirhugað er að efnahags- og viðskiptaráðherra leggi fram lagafrumvarp þessa efnis á yfirstandandi þingi.

Breytingarnar samkvæmt fyrirhuguðu frumvarpi snúa að ákvæðum beggja laga um innlendan samruna og skiptingu, svo og millilandasamruna og millilandaskiptingu, en eðlilegt hefur þótt að svipaðar reglur gildi um hlutafélög, sem tilskipunin tekur til, og einkahlutafélög. Kjarni reglnanna í löggjöfinni eru ákvæðin um samruna. Svipuð ákvæði eru um skiptingu eftir því sem við á. Ákvæðin um millilandasamruna og millilandaskiptingu byggjast síðan mjög á ákvæðunum um innlendan samruna og skiptingu.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 37/2010

frá 12. mars 2010

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2010 frá 29. janúar 2010 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB frá 16. september 2009 um breytingu á tilskipunum ráðsins 77/91/EBE, 78/855/EBE og 82/891/EBE og tilskipun 2005/56/EB að því er varðar kröfur um skýrslugjöf og upplýsingar við samruna og skiptingu ([2]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XXII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (önnur tilskipun ráðsins 77/91/EBE), 3. lið (þriðja tilskipun ráðsins 78/855/EBE) og 5. lið (sjötta tilskipun ráðsins 82/891/EBE):

   „– **32009 L 0109:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB frá 16. september 2009 (Stjtíð. ESB L 259, 2.10.2009, bls. 14).“

([1]) Stjtíð. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 25, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 27.
([2]) Stjtíð. ESB L 259, 2.10.2009, bls. 14.

2. Eftirfarandi bætist við í lið 10e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB):

„eins og henni var breytt með:

– **32009 L 0109:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB frá 16. september 2009 (Stjtíð. ESB L 259, 2.10.2009, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/109/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/109/EB

frá 16. september 2009

um breytingu á tilskipunum ráðsins 77/91/EBE, 78/855/EBE og 82/891/EBE og tilskipun 2005/56/EB að því er varðar kröfur um skýrslugjöf og upplýsingar við samruna og skiptingu

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum g-lið 2. mgr. 44. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Leiðtogaráðið samþykkti á fundi sínum 8. og 9. mars 2007 að dregið skuli úr stjórnsýsluálagi á fyrirtæki um 25% fyrir 2012 til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja í Bandalaginu.

2) Félagaréttur hefur verið skilgreindur sem svið þar sem lagðar eru fjölmargar upplýsingaskyldur á félög en sumar þeirra virðast úreltar eða óhóflegar. Því er rétt að endurskoða þessar skyldur og, eftir því sem við á, draga úr stjórnsýsluálagi sem er lagt á félög í Bandalaginu að því lágmarki sem þörf er á til að vernda hagsmuni annarra hagsmunaaðila.

3) Gildissvið annarrar tilskipun ráðsins 77/91/EBE frá 13. desember 1976 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu, og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ([3]), og þriðju tilskipunar ráðsins 78/855/EBE frá 9. október 1978 um samruna almenningshlutafélaga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans ([4]), skulu leiðrétt í því skyni að taka mið af breytingum á finnskum félagarétti.

4) Á vefsetrum félaga eða öðrum vefsetrum gefst í tilteknum tilvikum annar kostur á birtingu en með félagaskrám. Aðildarríki skulu geta tilnefnt önnur vefsetur sem félög geta notað sér að kostnaðarlausu til slíkrar birtingar, s.s. vefsetur viðskiptasamtaka eða verslunarráða eða miðlægan, rafrænan verkvang sem um getur í fyrstu tilskipun ráðsins 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu ([5]) og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra. Þar sem unnt er að nota vefsetur fyrirtækja eða önnur vefsetur til birtingar samrunaáætlana [áður drög að samrunasamningi] og/eða skiptingaráætlana [áður drög að skiptingarsamningi] og annarra skjala, sem gera þarf aðgengileg hluthöfum og lánveitendum meðan á vinnslu stendur, skulu öryggiskröfur uppfylltar að því er varðar vernd vefsetursins og áreiðanleika skjala.

5) Kröfur varðandi upplýsingar um samrunaáætlanir vegna samruna yfir landamæri samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/ESB frá 26. október 2005 um samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri ([6]) skulu samsvara þeim kröfum sem gilda um samruna og skiptingu innan hvers lands samkvæmt tilskipun 78/855/EBE og sjöttu tilskipun ráðsins 82/891/EBE frá 17. desember 1982,

([1]) Álit frá 25. febrúar 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).
([2]) Álit Evrópuþingsins frá 22. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 27. júlí 2009.
([3]) Stjtíð. EB L 31.1.1977, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 295, 20.10.1978, bls. 36.
([5]) Stjtíð. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8.
([6]) Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 1.

á grundvelli g-liðar 3. mgr. 54. gr. sáttmálans um skiptingu hlutafélaga ([1]).

6) Aðildarríkin skulu geta ákvarðað að ekki þurfi að fara að ítarlegum skýrslu- eða upplýsingakröfum að því er varðar samruna eða skiptingu félaga, sem mælt er fyrir um í 9. grein og c-lið 1. mgr. 11.gr. tilskipunar 78/855/EBE og í 7. grein og c-lið 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 82/891/EBE, ef allir hluthafar félaganna, sem eru hluti af samruna eða skiptingu, eru sammála um að óþarft sé að fara að ákvæðunum.

7) Allar breytingar á tilskipunum 78/855/EBE og 82/891/EBE, þar sem slíkt samkomulag hluthafa er heimilað, skulu ekki hafa áhrif á það fyrirkomulag sem er til varnar hagsmunum lánveitenda viðkomandi félaga og þær reglur sem miða að því að tryggja að starfsfólki viðkomandi félaga og opinberra yfirvalda, s.s. skattyfirvalda sem hafa eftirlit með samruna eða skiptingu í samræmi við gildandi lög Bandalagsins, séu veittar nauðsynlegar upplýsingar.

8) Ekki er nauðsynlegt að krefjast reikningsskila þar eð útgefandi verðbréfa, sem eru skráð á skipulegum markaði, birtir hálfsársreikningsskil í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað ([2]).

9) Oft er ekki þörf á skýrslu óháðs sérfræðings, eins og kveðið er á um í tilskipun 77/91/EBE, þegar einnig þarf að taka saman skýrslu óháðs sérfræðings til verndar hagsmunum hluthafa eða lánveitenda í tengslum við samruna eða skiptingu. Í þeim tilvikum skulu aðildarríkin því eiga kost á að leysa fyrirtæki undan tilkynningarskyldu tilskipunar 77/91/EBE eða veita heimild til að sami sérfræðingur taki saman báðar skýrslurnar.

10) Samruni móðurfélaga og dótturfélaga þeirra hefur takmörkuð efnahagsleg áhrif á hluthafa og lánveitendur þegar eignarhlutdeild móðurfélags í dótturfélagi er 90% eða meira af hlutabréfum og öðrum verðbréfum sem veita atkvæðisrétt í dótturfélaginu. Hið sama gildir um tilteknar skiptingar, einkum þegar félögum er skipt upp í ný félög sem eru í eigu hluthafa í hlutfalli við réttindi þeirra í félaginu sem er skipt upp. Í þeim tilvikum skal draga úr þeirri tilkynningarskyldu sem mælt er fyrir um í tilskipunum 78/855/EBE og 82/891/EBE.

11) Þar sem aðildarríkin geta ekki náð markmiðum þessarar tilskipunar á fullnægjandi hátt, nánar tiltekið að draga úr stjórnsýsluálagi, einkum að því er varðar birtingar- og skráningarskuldbindingar hlutafélaga í Bandalaginu, á fullnægjandi hátt og því verður, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

12) Því ber að breyta tilskipunum 77/91/EBE, 78/855/EBE, 82/891/EBE og 2005/56/EB til samræmis við það.

13) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([3]) eru aðildarríkin hvött til að taka saman, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafana til að lögleiða hana.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 77/91/EBE

Tilskipun 77/91/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað fjórtánda undirliðar 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

   „— í Finnlandi: julkinen osakeyhtiö/publikt aktiebolag,“.

2. Í 10.gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

   „5. Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki þessari grein við stofnun nýs félags með samruna eða skiptingu þegar skýrsla óháðs sérfræðings um samrunaáætlun eða skiptingaráætlun er tekin saman.

   Þegar aðildarríki ákveða að beita þessari grein, í þeim tilvikum sem um getur í fyrsta undirlið, geta þau kveðið á um að sami sérfræðingur eða

([1]) Stjtíð. EB L 378, 31.12.1982, bls. 47.
([2]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.
([3]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

sérfræðingar taki saman skýrsluna samkvæmt þessari grein og skýrslu óðháðs sérfræðings um áætlun um samruna eða skiptingu.“

3. Í stað 3. mgr. 27. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríki mega ákveða að beita ekki 2. mgr. þegar um er að ræða hækkun á skráðu hlutafé í þeim tilgangi að löggilda samruna, skiptingar eða almennt útboð um kaup eða skipti á hlutabréfum og að greiða hluthöfum félagsins, sem verið er að yfirtaka eða skipta, eða sem hið almenna útboð snýst um fyrir kaupin eða skiptin á hlutabréfunum.

Þegar um er að ræða samruna eða skiptingu, skulu aðildarríki samt sem áður einungis beita fyrsta undirlið þegar skýrsla óháðs sérfræðings um samrunaáætlun eða skiptingaráætlun er tekin saman.

Þegar aðildarríki ákveða að beita 2. grein, þegar um samruna eða skiptingu er að ræða, geta þau kveðið á um að sami sérfræðingur eða sérfræðingar taki saman skýrsluna samkvæmt þessari grein og skýrslu óðháðs sérfræðings um áætlun um samruna eða skiptingu.“

2. gr.

Breytingar á tilskipun 78/855/EBE

Tilskipun 78/855/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað fjórtánda undirliðar 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„— í Finnlandi: julkinen osakeyhtiö/publikt aktiebolag“,

2. Eftirfarandi málsgreinar bætast við 6. gr.:

„Samrunafélag skal undanþegið þeim birtingarkröfum sem mælt er fyrir um í 3. grein tilskipunar 68/151/EBE ef það, á samfelldu tímabili, sem hefst a.m.k. einum mánuði fyrir daginn þegar halda skal hluthafafund, þar sem taka á ákvörðun um samrunaáætlun, og lýkur ekki fyrr en þeim fundi lýkur, gerir áætlunina um samrunann aðgengilega almenningi á vefsetri sínu endurgjaldslaust. Aðildarríkin skulu ekki nota þessa undanþágu á aðrar kröfur eða takmarkanir en þær sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi vefsetursins og sannvottaðan uppruna skjala og geta einungis lagt slíkar kröfur eða takmarkanir hlutfallslega á til að ná fram þessum markmiðum.

Þrátt fyrir aðra málsgrein geta aðildarríki krafist að útgáfa fari fram fyrir milligöngu miðlægs, rafræns verkvangs sem um getur í 4. mgr. 3. greinar í tilskipun 68/151/EBE. Aðildarríkin geta að öðrum kosti krafist þess að slík útgáfa fari fram á öðru vefsetri sem þau tilnefna í þessum tilgangi. Nýti aðildarríkin sér einn af þessum möguleikum skulu þau tryggja að ekki sé innheimt sérstakt gjald af félögum fyrir slíka birtingu.

Ef notað er annað vefsetur en miðlæga, rafræna verkvanginn skal birta vísun sem veitir aðgang að því vefsetri á miðlæga, rafræna verkvangnum a.m.k. einum mánuði fyrir daginn sem hluthafafundur er haldinn. Í þeirri vísun skal tilgreina birtingardag samrunaáætlunar á vefsetrinu og skal hún vera aðgengileg almenningi án endurgjalds. Ekki skal innheimta sérstakt gjald af félögum fyrir slíka birtingu.

Bannið, sem fyrirbyggir innheimtu sérstaks gjalds af félögum vegna birtingar, sem mælt er fyrir um í þriðju og fjórðu málsgrein, skal ekki hafa áhrif á getu aðildarríkja til að velta kostnaði vegna miðlægs, rafræns verkvangs yfir á félög.

Aðildarríki geta krafist þess að félög varðveiti upplýsingarnar í ákveðinn tíma eftir hluthafafundinn á vefsetri sínu, eða eftir atvikum, á miðlægum, rafrænum verkvangi eða á öðru vefsetri sem hlutaðeigandi aðildarríki tilnefnir. Aðildarríkin geta ákvarðað afleiðingar tímabundinnar röskunar á aðgangi að vefsetri eða að miðlæga, rafræna verkvangnum sem m.a. má rekja til tæknilegra þátta.“

3. Í 8. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Að því er varðar b-lið 1. mgr. gilda 2., 3. og 4. mgr. 11. gr.“;

4. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

1. Stjórn eða framkvæmdastjórn hvers samrunafélaganna skal semja nákvæma skriflega skýrslu til skýringar á samrunaáætlun og með lagalegum og fjárhagslegum ástæðum samrunans, einkum á skiptihlutfalli hlutabréfa.

Hafi sérstök vandamál komið upp við verðmætamat skal einnig fjallað um þau í skýrslunni.

2. Stjórn eða framkvæmdastjórn hvers félags, sem á hlut að máli, skal upplýsa hluthafafund félags og stjórn eða framkvæmdastjórn hinna félaganna, sem hlut eiga að máli, til að hin síðarnefndu geti gefið hluthafafundi upplýsingar um breytingar, sem skipta máli, á eignum og skuldum frá því að samrunaáætlanir eru samdar og þar

til þeir hluthafafundir eru haldnir sem ákvarða skulu um samrunaáætlanirnar.

3. Aðildarríkin geta ákveðið að skýrslunnar, sem um getur í 1. mgr., og/eða upplýsinganna, sem um getur í 2. mgr,. sé ekki krafist ef allir hluthafar og eigendur annarra verðbréfa, sem veita atkvæðisrétt í hverju og einu þeirra félaga sem tekur þátt í samrunanum, eru sammála um það.“,

5. Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. málsgreinar er breytt sem hér segir:

i) Eftirfarandi komi í stað c- og d-liðar:

„c) eftir atvikum, milliuppgjör, sem ekki miðast við fyrra tímamark en fyrsta dag þriðja mánaðar áður en samrunaáætlunin var gerð, ef síðasti ársreikningur er fyrir reikningsár sem lauk áður en sex mánuðir voru til þessa tímamarks;

d) eftir atvikum, skýrslu stjórna eða framkvæmdastjórna samrunafélaganna, sem kveðið er á um í 9. gr.,“;

ii) eftirfarandi undirlið er bætt við:

„Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar, skal ekki krefjast milliuppgjörs ef félag gefur út hálfsárs fjárhagsskýrslu í samræmi við 5. grein tilskipunar 2004/109/EB og gerir hana aðgengilega hluthöfum í samræmi við þessa málsgrein. Auk þess geta aðildarríki kveðið á um að ekki verði krafist milliuppgjörs ef allir hluthafar og eigendur annarra verðbréfa, sem veita atkvæðisrétt í hverju og einu þeirra félaga, sem tekur þátt í samrunanum, eru sammála um það.“

b) eftirfarandi undirgrein bætist við 3. mgr.:

„Ef hluthafi hefur fallist á notkun félagsins á rafrænum aðferðum við miðlun upplýsinga, má senda slík skjöl með tölvupósti.“,

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Félag skal undanþegið frá kröfunni um að gera skjölin, sem um getur í 1. mgr., aðgengileg á skráðri skrifstofu sinni ef það, á samfelldu tímabili, sem hefst að lágmarki einum mánuði fyrir daginn sem hluthafafundur, sem á að ákvarða samrunaáætlun, er haldinn og lýkur ekki fyrr en þeim fundi lýkur, gerir skjölin aðgengileg á vefsetri sínu. Aðildarríkin skulu ekki nota þessa undanþágu á aðrar kröfur eða takmarkanir en þær sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi vefsetra og sannvottaðan uppruna skjala og geta einungis lagt slíkar kröfur eða takmarkanir hlutfallslega á til að ná fram þessum markmiðum.

Ákvæði 3. mgr. skulu ekki gilda ef vefsetur gefur hluthöfum kost á niðurhali og prentun skjala, sem um getur í 1. mgr., á tímabilinu sem um getur í fyrsta undirlið þessarar málsgreinar. Í því tilviki geta aðildarríkin þó kveðið á um að félag geri þessi skjöl aðgengileg hluthöfum til skoðunar á skráðri skrifstofu sinni.

Aðildarríki geta krafist þess að félög varðveiti upplýsingarnar í tiltekinn tíma eftir aðalfundinn á vefsetri sínu. Aðildarríkin geta ákvarðað afleiðingar tímabundinnar röskunar á aðgangi að vefsetri, sem sem m.a. má rekja til tæknilegra þátta.“,

6. Í stað 2. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:

„2. Í því skyni skal í lögum aðildarríkja að minnsta kosti kveðið á um að þessir lánardrottnar eigi rétt á fullnægjandi tryggingu þegar slík vernd er nauðsynleg vegna fjárhags samrunafélaganna enda hafi lánardrottnar ekki þá þegar nægar tryggingar.

Aðildarríki skulu mæla fyrir um skilyrði verndar sem kveðið er á um í 1. mgr. og í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Aðildarríkin skulu í öllum tilvikum tryggja að lánveitendur hafi heimild til að fara þess á leit við viðeigandi stjórnsýslu- eða dómsmálayfirvald að það geri fullnægjandi verndarráðstafanir, að því tilskildu að þeir geti með trúverðugum hætti sýnt fram á að kröfur þeirra séu í hættu vegna samrunans og fullnægjandi verndarráðstafanir hafi ekki verið gerðar hjá félaginu.“,

7. Í 23. gr. falli 4. mgr. brott,

8. Ákvæðum 24. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað annars málsliðar komi eftirfarandi:

„Slík framkvæmd skal stjórnast af ákvæðum II. kafla.“,

b) eftirfarandi málsliður bætist við:

„Aðildarríki skulu þó ekki setja þær kröfur sem fram koma í 5. gr. (b-, c- og d-lið 2. mgr.), 9. og 10. gr., 11. gr. (d- og e-lið 1.

mgr.), 19. gr. (b-lið 1. mgr.) og 20. og 21. gr.“,

9. Ákvæðum 25. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað inngangsorða:

„Aðildarríki skulu ekki beita 7. gr. við framkvæmdina, sem um getur í 24. grein, hafi eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:“,

b) annar málsliður b-liðar falli niður,

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„Að því er varðar b-lið 1. mgr. gilda 2., 3. og 4. mgr. 11. gr.“;

10. Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað inngangsorðanna:

„Í þeim tilvikum þegar samruni verður með yfirtöku félags sem á minnst 90% hlutabréfa en ekki öll hlutabréf og önnur verðbréf, sem veita atkvæðisrétt á hluthafafundum félagsins eða félaganna, sem eru yfirtekin, skulu aðildarríkin ekki krefjast þess að hluthafafundur yfirtökufélagsins samþykki samrunann ef eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt:“,

b) í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) eigi síðar en einum mánuði fyrir þann dag sem tilgreindur er í a-lið skal öllum hluthöfum í yfirtökufélaginu veittur kostur á að kynna sér, í skráðri skrifstofu félagsins, þau skjöl sem um getur í a- og b-lið og eftir atvikum í c-, d- og e-lið 1. mgr. 11. gr.,“;

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„Að því er varðar b-lið 1. mgr. gilda 2., 3. og 4. mgr. 11. gr.“;

11. Ákvæðum 28. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað inngangsorðanna:

„Aðildarríki skulu ekki setja þær kröfur um samruna á sem fram koma í 9., 10. og 11. gr. í skilningi 27. gr. hafi eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:“,

b) eftirfarandi orð bætast við í c-lið:

„eða stjórnvald sem aðildarríkið tilnefnir í því skyni.“

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„Aðildarríki þarf ekki að beita fyrstu málsgreininni ef löggjöf þess aðildarríkis veitir yfirtökufélagi rétt, án undanfarandi, opinbers yfirtökutilboðs, til að gera þá kröfu á alla handhafa eftirstandandi verðbréfa félagsins eða félaganna, sem á að yfirtaka, að þeir selji þessi verðbréf yfirtökufélaginu fyrir samrunann á sanngjörnu verði.“.“

3. gr.

Breytingar á tilskipun 82/891/EBE

Tilskipun 82/891/EBE er breytt sem hér segir:

1. eftirfarandi málsgreinar bætast við 4. gr.:

„Sérhvert félag, sem tekur þátt í skiptingu skal undanþegið frá útgáfukröfum sem mælt er fyrir um í 3. grein tilskipunar 68/151/EBE, ef á samfelldu tímabili sem hefst að lágmarki einum mánuði fyrir dag sem er ákveðinn fyrir hluthafafund, sem á að ákveða skiptingaráætlun og lýkur ekki fyrr en þeim fundi lýkur, gerir skiptingaráætlun aðgengilega almenningi endurgjaldslaust á vefsetri sínu. Aðildarríkin skulu ekki nota þessa undanþágu á neinar aðrar kröfur eða takmarkanir en þær sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi vefsetra og sannvottaðan uppruna skjala og geta einungis lagt slíkar kröfur eða takmarkanir hlutfallslega á til að ná fram þessum markmiðum.

Þrátt fyrir aðra málsgrein geta aðildarríki krafist útgáfu fyrir milligöngu miðlægs, rafræns verkvangs sem um getur í 4. mgr. 3. greinar í tilskipun 68/151/EBE. Aðildarríkin geta að öðrum kosti krafist þess að slík útgáfa fari fram á öðru vefsetri sem er tilnefnt af aðildarríki í þessum tilgangi. Nýti aðildarríkin sér einn af þessum möguleikum, skulu þau tryggja að sérstakt gjald vegna slíkrar birtingar sé ekki innheimt frá félögum.

Ef annað vefsetur en miðlægi rafræni verkvangurinn er notað, skal birta tilvísun sem veitir aðgang að því vefsetri á miðlæga rafræna verkvangnum a.m.k. einum mánuði fyrir daginn þegar hluthafafundur á sér stað. Sú tilvísun skal innihalda birtingardag skiptingaráætlunar á vefsetri og vera aðgengileg almenningi endurgjaldslaust. Ekki skal innheimta sérstakt gjald frá félögum fyrir slíka birtingu.

Bannið sem hindrar innheimtu sérstaks gjalds frá félögum vegna birtingar, sem mælt er fyrir um í þriðja og fjórða lið, skal ekki hafa áhrif á getu aðildarríkja til að velta kostnaði vegna miðlægs rafræns verkvangs yfir á félög.

Aðildarríki geta krafist þess að félög varðveiti upplýsingarnar í ákveðinn tíma eftir aðalfundinn á vefsetri sínu, eða eftir atvikum, á miðlæga rafræna verkvangnum eða á öðru vefsetri sem hlutaðeigandi aðildarríki tilnefnir. Aðildarríkin geta ákvarðað afleiðingar tímabundinnar truflunar á aðgangi að vefsetri eða að miðlægum rafrænum verkvangi, sem orsakast af tæknilegum eða öðrum þáttum.“,

2. í 6. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Að því er varðar b-lið 1. mgr. gilda 2., 3. og 4. mgr. 9. gr.“;

3. Í stað annarrar undirgreinar í 2. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„Eftir atvikum skal þar einnig koma fram að samin hafi verið skýrsla um endurgjald í öðru en reiðufé sem um getur í 2. mgr. 27. gr. tilskipunar 77/91/EBE fyrir hvert viðtökufélag og til hvaða skrár sú skýrsla skuli lögð fram.“,

4. Í 8. gr. falli 3. mgr. brott,

5. Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi komi í stað c- og d-liðar:

„c) eftir atvikum milliuppgjör sem ekki miðast við fyrri tímamörk en fyrsta dag þriðja mánaðar áður en skiptingaráætlunin var gerð, ef síðasti ársreikningur er fyrir reikningsár sem lauk áður en sex mánuðir voru til þeirra tímamarka,

d) eftir atvikum skýrslur stjórna eða framkvæmdastjórna þeirra félaga sem taka þátt í skiptingunni sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr.:“;“

ii. eftirfarandi undirgrein er bætt við:

„Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar, skal ekki krefjast fjárhagsskýrslu ef félag gefur út hálfsársreikningsskil í samræmi við 5. grein tilskipunar 2004/109/ESB og gerir hana aðgengilega hluthöfum í samræmi við þessa málsgrein.“,

b) eftirfarandi undirgrein bætist við 3. mgr.:

„Ef hluthafi hefur fallist á notkun félagsins á rafrænum aðferðum við miðlun upplýsinga, má senda slík skjöl með tölvupósti.“,

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Félag skal undanþegið frá útgáfukröfum skjala sem mælt var fyrir um í 1. mgr., ef á samfelldu tímabili sem hefst að lágmarki einum mánuði fyrir dag sem er ákveðinn fyrir aðalfund, sem á að ákveða skiptingaráætlun og lýkur ekki fyrr en niðurstaða þess fundar, gerir skjölin aðgengileg á vefsetri sínu. Aðildarríkin skulu ekki nota þessa undanþágu á aðrar kröfur eða takmarkanir en þær sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi vefseturs og sannvottaðan uppruna skjala og geta einungis lagt slíkar kröfur eða takmarkanir hlutfallslega á til að ná fram þessum markmiðum.

Ákvæði 3. mgr. skulu ekki gilda ef vefsetur gefur hluthöfum kost á niðurhali og prentun skjala sem um getur í 1. mgr., á tímabilinu sem um getur í fyrsta undirlið þessarar málsgreinar. Í því tilviki geta aðildarríkin þó kveðið á um að félag geri þessi skjöl aðgengileg hluthöfum til skoðunar á skráðri skrifstofu sinni.

Aðildarríki geta krafist þess að félög varðveiti upplýsingarnar í ákveðinn tíma eftir aðalfundinn á vefsetri sínu. Aðildarríkin geta ákvarðað afleiðingar tímabundinnar truflunar aðgangs að vefsetri, sem orsakast af tæknilegum þáttum eða öðrum þáttum.“,

6. Í stað 2. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„2. Í lögum aðildarríkja skal, í því skyni, að minnsta kosti kveðið á um að lánardrottnar þessir eigi rétt á fullnægjandi tryggingu þegar slíkt er nauðsynlegt vegna fjárhags félagsins sem skipt er og þess félags sem taka mun að sér skuldina samkvæmt skiptingaráætlun, enda hafi þeir ekki þegar nægar tryggingar.

Aðildarríki skulu mæla fyrir um skilyrði verndar sem kveðið er á um í 1. mgr. og í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Aðildarríkin skulu í öllum tilvikum tryggja að lánveitendur hafi heimild til að fara þess á leit við viðeigandi stjórnsýslu- eða dómsmálayfirvald að það geri fullnægjandi verndarráðstafanir, að því tilskildu að þeir geti með trúverðugum hætti sýnt fram á að kröfur þeirra séu í hættu vegna skiptingarinnar og fullnægjandi verndarráðstafanir hafi ekki verið gerðar hjá félaginu.“

7. Ákvæðum 20. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað inngangsorðanna:

„Með fyrirvara um það sem í 6. gr. segir er

ekki nauðsynlegt að lög aðildarríkis áskilji að hluthafafundur félags sem skipt er samþykki skiptingu, ef viðtökufélögin eiga sameiginlega bæði öll hlutabréf í því og öll önnur verðbréf sem veita atkvæðisrétt á hluthafafundum þess, enda sé eftirfarandi lágmarksskilyrðum fullnægt:“,

b) annar málsliður b-liðar falli brott,

c) c-liður falli brott,

d) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„Að því er varðar b-lið fyrstu mgr., gildir 2., 3. og 4. mgr. 9. gr. og 10. gr.“,

8. Ákvæðum 22. gr. er breytt sem hér segir:

a) ákvæði 4. mgr. falli brott,

b) í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Aðildarríki skulu ekki leggja þær kröfur á sem um getur í 7. og 8. gr. og í c-, d- og e-lið 1. mgr. 9. gr., þegar hlutabréfum í hverju hinna nýju félaga er úthlutað hluthöfum í félaginu sem skipt er, í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra í því félagi.“

4. gr.

Breytingar á tilskipun 2005/56/EB

Tilskipun 2005/56/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirgreinar bætast við 1. mgr. 6. gr.:

„Sérhvert samrunafélaga skal undanþegið frá útgáfukröfum sem mælt var fyrir um í 3. grein tilskipunar 68/151/EBE, ef á samfelldu tímabili sem hefst a.m.k. einum mánuði fyrir daginn þegar hluthafafundur á sér stað þar sem taka á ákvörðun um sameiginlega samrunaáætlun yfir landamæri og lýkur ekki fyrr en niðurstaða þess fundar gerir sameiginlega samrunaáætlun fyrir slíkan samruna aðgengilega almenningi endurgjaldslaust á vefsetri sínu. Aðildarríkin skulu ekki nota þessa undanþágu á neinar aðrar kröfur eða takmarkanir en þær sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi vefseturs og sannvottaðan upprunaskjala og geta einungis lagt slíkar kröfur eða takmarkanir hlutfallslega á til að ná fram þessum markmiðum.

Þrátt fyrir annan undirlið geta aðildarríki krafist útgáfu fyrir milligöngu miðlægs, rafræns verkvangs sem um getur í 4. mgr. 3. greinar í tilskipun 68/151/EBE. Aðildarríkin geta að öðrum kosti krafist þess að slík útgáfa fari fram á öðru vefsetri sem er tilnefnt af aðildarríki í þessum tilgangi. Nýti aðildarríkin sér einn af þessum möguleikum, skulu þau tryggja að ekki sé innheimt sérstakt gjald frá félögum fyrir slíka birtingu.

Þegar annað vefsetur en miðlægi rafræni verkvangurinn er notað, skal birta tilvísun sem veitir aðgang að því vefsetri á miðlæga rafræna verkvangnum a.m.k. einum mánuði fyrir daginn þegar hluthafafundur á sér stað. Sú tilvísun skal innihalda birtingardag samrunaáætlunar yfir landamæri á vefsetrinu og vera aðgengileg almenningi án endurgjalds. Ekki skal innheimta sérstakt gjald frá félögum fyrir slíka birtingu.

Bannið sem hindrar innheimtu sérstaks gjalds frá félögum vegna birtingar, sem mælt er fyrir um í þriðja og fjórða undirlið, skal ekki hafa áhrif á getu aðildarríkja að velta kostnaði vegna miðlægs rafræns verkvangs yfir á félög.

Aðildarríki geta krafist þess að félög varðveiti upplýsingarnar í ákveðinn tíma eftir aðalfundinn á vefsetri sínu, eða eftir atvikum, á hinum miðlæga rafrænum verkvangi eða á öðru vefsetri sem hlutaðeigandi aðildarríki tilnefnir. Aðildarríkin geta ákvarðað afleiðingar tímabundinnar truflunar á aðgangi að vefsetri eða að miðlægum rafrænum verkvangi, sem orsakast af tæknilegum eða öðrum þáttum.“,

2. Í stað 2. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„2. Í þeim tilvikum að samruni yfir landamæri verði fyrir tilverknað félags, sem á minnst 90 % hlutabréfa en ekki öll hlutabréfin og önnur verðbréf, sem veita atkvæðisrétt á hluthafafundum félagsins eða félaganna, sem tekin eru yfir, skal einungis gera kröfu um skýrslur frá óháðum sérfræðingi eða sérfræðingum og skjöl sem nauðsynleg eru til að athuga gaumgæfilega lögmæti samrunans, að því marki sem kveðið er á um slíkt í landslögum sem yfirtökufélagið eða félagið eða félögin, sem tekin eru yfir, heyra undir í samræmi við tilskipun 78/855/EBE.“

5. gr.

Endurskoðun

Fimm árum eftir dagsetninguna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 6. gr., skal framkvæmdastjórnin yfirfara framkvæmd ákvæða tilskipana 77/91/EBE, 78/855/EBE, 82/891/EBE og 2005/56/EB, með áorðnum breytingum eða viðbótum samkvæmt þessari tilskipun, einkum áhrif þeirra við að draga úr stjórnsýsluálagi á félög, í ljósi fenginnar reynslu við beit-

ingu þeirra, og skal hún leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögum að frekari breytingum þessara tilskipana, ef þörf er á.

6. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

7. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

8. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. september 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BUZEK	C. MALMSTRÖM
forseti.	*forseti.*

267. Tillaga til þingsályktunar [236. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010, frá 30. apríl 2010, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010, frá 30. apríl 2010, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE).

Megintilgangurinn með tilskipun 2007/2/EB er að samræma og samnýta opinberar landupplýsingar í allri Evrópu og þá einna helst í þágu umhverfismála. Innleiðing hennar kallar á lagabreytingar hér á landi og var umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar því tekin með stjórnskipulegum fyrirvara.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE).

Markmið tilskipunarinnar er eins og áður segir að samræma og samnýta opinberar landupplýsingar og þá einna helst í þágu umhverfismála. Landupplýsingar eru hvers kyns hnitsettar upplýsingar um fyrirbæri í umhverfinu, bæði náttúruleg og manngerð. Vegna mikilvægis umhverfismála og pólitískrar stefnumörkunar innan Evrópusambandsins er talið nauðsynlegt að aðildarríkin geti skipst á landupplýsingum yfir landamæri og að gögnin séu samnýtanleg. Með tilskipuninni eru settar reglur um hvernig skipulag, upplýsingamiðlun og aðgengi landupplýsingagagna skuli vera auk þess sem sett eru fyrirmæli um það hvernig eftirliti með slíkum gögnum skuli háttað. Talið er að helmingur allra upplýsinga sem falla undir tilskipunina sé á forræði umhverfisráðuneytisins og stofnana þess.

Í hugmyndafræði tilskipunarinnar felast mikil tækifæri til umbóta hér á landi því vegna hennar er nauðsynlegt að innleiða staðla við skráninguna svo að unnt sé að miðla lýsigögnum (metadata) og gögnunum sjálfum á netinu. Hún nær eingöngu til landupplýsinga á rafrænu formi og fjallar einkum um miðlun, aðgengi og samræmingu þeirra. Í meginatriðum má skipta henni í sex eftirfarandi kafla: 1) Lýsigögn (Metadata), 2) Samhæfing gagna og þjónustu (Interoperability), 3) Netþjónusta (Network services), 4) Miðlun gagna (Data sharing), 5) Samhæfing (Coordination) og 6) Vöktun og eftirfylgni (Monitoring).

Af hálfu EFTA-ríkjannna var gerð krafa um þá aðlögun við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn að tryggt yrði að EES/EFTA-ríkin fengju jafnlangan tíma og ESB-ríki fá til þess að innleiða þær skyldur sem Inspire-gerðin leggur þeim á herðar. Aðlögunartexti þessa efnis kemur fram í 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Til að tryggja að þær grunnbreytingar sem tilskipunin kveður á um komist til framkvæmda er áætlað að setja ný lög um grunngerð landupplýsinga. Einstakir efnisþættir hennar verða innleiddir í tímasettum áföngum allt til ársins 2019. Verður það gert með reglugerðum, innleiðingarreglum og leiðbeiningum um meginkafla tilskipunarinnar.

Þau gögn sem tilskipunin nær til falla undir svið nokkurra ráðuneyta og var hún send til umsagnar þeirra sem og til Sambands íslenskra sveitarfélaga en tilskipunin varðar sveitarfélögin í landinu vegna skipulagsgagna. Almennt telja þeir sem í stjórnsýslunni starfa að hún ýti á nauðsynlegar úrbætur varðandi skipulag og umsýslu landupplýsinga hér á landi sem nú er dreifð og oft illa aðgengileg. Einnig má benda á að ekki liggur fyrir heildarstefnumörkun stjórnvalda á þessu sviði hér á landi.

Innleiðing tilskipunarinnar hefur að mati umhverfisráðuneytisins í för með sér verulegan samfélags- og fjárhagslegan ávinning á komandi árum en hún mun koma til góða vegna skipulagsmála, viðbragða við náttúruhamförum, náttúruverndar og ferðaþjónustu svo eitthvað sé nefnt.[1]

Að þessu leyti mun ávinningur fyrst og fremst koma fram í hagræðingu, aukinni samvinnu og samnýtingu sem fylgir því að gögn verða aðgengilegri. Mun innleiðing þannig koma í veg fyrir tvíverknað og að margir aðilar séu að vinna að öflun sömu upplýsinga. Aukinn útlagður kostnaður ríkissjóðs vegna innleiðingar er áætlaður 39 millj. kr. á ári í fimm ár auk vinnuframlags innan ráðuneyta og stofnana sem ætla má að muni nema allt að 80 millj. kr. á ári. Á sama fimm ára tímabili er áætlað að árlegur kostnaður sveitarfélaganna nemi 15 millj. kr. auk 30 millj. kr. innri kostnaðar. Talið er að fjárhagslegur ávinningur af innleiðingu sé fimmfaldur útlagður kostnaður ef miðað er við mat annarra ríkja en hann mun koma fram síðar og ekki hjá sömu aðilum og verða fyrir kostnaði.

---

[1] Sjá nánar INSPIRE. Tilskipun Evrópusambandsins um samræmda notkun landupplýsinga. Greinargerð og tillögur. Landmælingar Íslands, nóvember 2008. Aðgengileg á heimasíðu Landmælinga: http://www.lmi.is/Files/Skra_0032203.pdf.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 55/2010

frá 30. apríl 2010

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010 frá 12. mars 2010 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunnvirki fyrir staðtengdar upplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) ([2]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„1j. **32007 L 0002:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunnvirki fyrir staðtengdar upplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Að því er EFTA-ríkin varðar skal lesa ákvæði um tímamörk í stafl. a) og b) í 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. þannig að talið sé frá gildistökudegi þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hafa að geyma ákvæði um að fella inn í EES-samninginn framkvæmdarreglurnar sem um getur í þessum greinum.

([1]) Stjtíð. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 20, og EES-viðbætir nr. 30, 10.6.2010, bls. 26.
([2]) Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

b) Að því er EFTA-ríkin varðar skal lesa ákvæði um tímamörk í 2. og 3. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 24. gr., en samkvæmt þeim skal talið frá gildistökudegi tilskipunarinnar, þannig að talið sé frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010 frá 30. apríl 2010 sem hefur að geyma ákvæði um að fella þessa tilskipun inn í EES-samninginn.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/2/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2007/2/EB

frá 14. mars 2007

um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans, á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 17. janúar 2007 ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Umhverfisstefna Bandalagsins skal miða að víðtækri vernd með tilliti til margbreytilegra aðstæðna á hinum ýmsu svæðum Bandalagsins. Enn fremur eru upplýsingar, þ.m.t. landupplýsingar, nauðsynlegar fyrir framsetningu og framkvæmd þessarar stefnu og annarra stefnumála Bandalagsins sem verða að samþættast kröfum um umhverfisvernd í samræmi við 6. gr. sáttmálans. Til þess að slík samþætting megi verða er nauðsynlegt að koma á tiltekinni samræmingu milli notenda og veitenda upplýsinganna þannig að sameina megi upplýsingar og þekkingu á mismunandi sviðum.

2) Í sjöttu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála, sem var samþykkt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 ([3]) er þess krafist að áhersla sé lögð á að tryggja að stefnumótun Bandalagsins í umhverfismálum sé framkvæmd á samræmdan hátt, að teknu tilliti til svæðisbundins og staðarbundins mismunar. Allmörg vandamál eru til staðar varðandi það hve tiltækar landupplýsingar eru, svo og varðandi gæði, skipulag, aðgengi að og samnýtingu þeirra landupplýsinga sem nauðsynlegar eru í því skyni að ná fram markmiðunum sem sett eru fram í áætluninni.

3) Vandamálin, sem tengjast því hve tiltækar landupplýsingar eru, gæðum þeirra, skipulagi, aðgengi og samnýtingu, eru sameiginleg fjölmörgum þemum á sviði stefnumótunar og upplýsinga og þeirra verður vart á ýmsum stigum opinberra yfirvalda. Til að leysa þessi vandamál þarf að gera ráðstafanir sem fela í sér skipti á rekstrarsamhæfðum landgögnum og landgagnaþjónustu, samnýtingu þeirra, aðgang að þeim og notkun þeirra á ýmsum stigum opinberra yfirvalda og á mismunandi sviðum. Því skal koma á fót grunngerð fyrir landupplýsingar innan Bandalagsins.

4) Grunngerð fyrir landupplýsingar innan Evrópubandalagsins (Inspire-áætluninni) er ætlað að hjálpa við stefnumótun í tengslum við stefnumál og aðgerðir sem geta haft bein eða óbein áhrif á umhverfið.

5) Inspire-áætlunin skal byggjast á grunngerðum fyrir landupplýsingar sem settar hafa verið upp í aðildarríkjunum og samrýmast almennum framkvæmdarreglum, og bætt skal við hana ráðstöfunum á vettvangi Bandalagsins. Þessum ráðstöfunum er ætlað að tryggja að grunngerðir fyrir landupplýsingar, sem komið er á fót í aðildarríkjunum, séu samhæfðar og nothæfar innan Bandalagsins og yfir landamæri.

6) Grunngerðir fyrir landupplýsingar í aðildarríkjunum skulu þannig hannaðar að tryggt sé að landgögn séu geymd, að þau séu tiltæk og þeim viðhaldið á þeim vettvangi sem ákjósanlegastur er, að mögulegt sé að sameina land-

([1]) Stjtíð. ESB C 221, 8.9 2005, bls. 33.
([2]) Álit Evrópuþingsins frá 7. júní 2005 (Stjtíð. ESB C 124 E, 25.5.2006, bls. 116), sameiginleg afstaða ráðsins frá 23. janúar 2006 (Stjtíð. ESB C 126 E, 30.5.2006, bls. 16) og afstaða Evrópuþingsins frá 13. júní 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 29. janúar 2007 og lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 13. febrúar 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).
([3]) Stjtíð. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

gögn, sem eiga sér mismunandi uppruna í Bandalaginu, á samræmdan hátt og deila þeim meðal ýmissa notenda og ýmiskonar hugbúnaðar, að mögulegt sé að safna saman landgögnum hjá opinberu yfirvaldi á tilteknu stigi og nota þau meðal annarra opinberra yfirvalda á öðrum stigum, að aðgengi að landgögnum sé þannig að víðtæk notkun þeirra sé ekki takmörkuð á ótilhlýðilegan hátt, að auðvelt sé að finna tiltæk landgögn og meta hve hentug þau eru í ákveðnum tilgangi ásamt því að skilyrðin um notkun þeirra séu ljós.

7) Nokkur skörun er á landupplýsingum, sem þessi tilskipun nær til, og þeim upplýsingum sem fjallað er um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál ([1]). Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á tilskipun 2003/4/EB.

8) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera ([2]) en markmið hennar eru til fyllingar markmiðum þessarar tilskipunar.

9) Þessi tilskipun skal hvorki hafa áhrif á tilvist né eignarhald opinberra yfirvalda á hugverkaréttindum.

10) Inspire-áætlunin hefur í för með sér umtalsvert aukið vægi fyrir önnur framtaksverkefni Bandalagsins og hún hefur einnig ávinning af þeim, eins og reglugerð ráðsins (EB) nr. 876/2002 frá 21. maí 2002 um að koma á fót sameiginlega fyrirtækinu Galíleó ([3]) og orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins „Hnattrænn umhverfis- og öryggiseftirlitsvettvangur (GMES): Hnattrænum umhverfis- og öryggiseftirlitsvettvangi komið á fót fyrir 2008 (aðgerðaáætlun (2004–2008))“. Aðildarríkin skulu íhuga að nota gögn og þjónustu sem til verður vegna fyrirtækisins Galíleó og Hnattræns umhverfis- og öryggisvettvangs jafnóðum og þau verða tiltæk, einkum þau sem varða tíma- og rýmisvísanir frá fyrirtækinu Galíleó.

11) Ráðist er í mörg framtaksverkefni í hverju ríki fyrir sig og á vettvangi Bandalagsins til að safna, samræma eða skipuleggja miðlun eða notkun landupplýsinga. Koma má þessum framtaksverkefnum á fót með löggjöf Bandalagsins, eins og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/479/EB frá 17. júlí 2000 um að taka upp evrópska skrá yfir losun mengandi efna (EPER) í samræmi við 15. gr. tilskipunar ráðsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (IPPC) ([4]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2152/2003 frá 17. nóvember 2003 um eftirlit með skógum og víxlverkun umhverfisþátta í Bandalaginu (Forest Focus) ([5]), innan ramma áætlana sem fjármagnaðar eru af Bandalaginu (t.d. Corine-flokkun landgerða, Upplýsingakerfi um stefnu Evrópu í flutningamálum) eða í tengslum við framtaksverkefni í hverju ríki fyrir sig eða á tilteknum svæðum. Þessi tilskipun er ekki aðeins viðbót við slík framtaksverkefni með því að láta í té ramma sem gerir þeim kleift að verða rekstrarsamhæfð heldur byggir hún einnig á fyrirliggjandi reynslu og framtaksverkefnum í stað þess að endurtaka það sem þegar hefur verið gert í þessu tilliti.

12) Þessi tilskipun gildir um landgögn, sem eru í vörslu opinberra yfirvalda eða á vegum þeirra, og um notkun opinberra yfirvalda á landgögnum við framkvæmd opinberra verkefna sinna. Með fyrirvara um tilteknar aðstæður skal tilskipunin þó einnig gilda um landgögn í vörslu einstaklinga eða lögaðila, sem ekki eru opinber yfirvöld, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingar eða lögaðilar fari fram á það.

13) Í þessari tilskipun skulu ekki settar fram kröfur um söfnun nýrra gagna, eða um tilkynningu slíkra upplýsinga til framkvæmdastjórnarinnar, þar sem þau mál falla undir aðra löggjöf sem varðar umhverfið.

14) Grunngerðum, í hverju ríki fyrir sig, skal komið upp, stig af stigi og eftir því skulu landgagnaþemun, sem falla undir þessa tilskipun, hafa mismunandi forgang. Framkvæmdin skal taka mið af því hversu mikil þörf er fyrir landgögn, vegna fjölbreyttrar notkunar í ýmsum málaflokkum, forgangsröðun aðgerða í stefnumálum Bandalagsins þar sem þörf er samhæfðra landgagna og þeirri framför sem þegar

([1]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26
([2]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90.
([3]) Stjtíð. EB L 138, 28.5.2002, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 192, 28.7.2000, bls. 36.
([5]) Stjtíð. ESB L 324, 11.12.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 788/2004 (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 17).

hefur orðið með samhæfingarátaki af hálfu aðildarríkjanna.

15) Ein meginhindrunin í vegi þess að unnt sé að fullnýta tiltæk gögn er það hversu mikill tími og mikið fjármagn fer forgörðum við leit að landgögnum, sem til eru, eða við að ákvarða hvort nota megi þau í tilteknum tilgangi. Aðildarríki skulu því leggja fram lýsingar á tiltækum landgagnasöfnum og -þjónustu í formi lýsigagna.

16) Fjölbreytni sniðs og skipanar, sem notuð er við að skipuleggja og fá aðgang að landgögnum í Bandalaginu, gerir það að verkum að erfitt reynist, með skilvirkum hætti, að móta, framkvæma, fylgjast með og leggja mat á þá löggjöf Bandalagsins, sem beint eða óbeint hefur áhrif á umhverfið, og því skal vera unnt að grípa til framkvæmdarráðstafana sem auðvelda notkun landgagna sem eiga sér mismunandi uppruna í aðildarríkjunum. Þessar ráðstafanir skulu miða að því að gera landgagnasöfn rekstrarsamhæfð og aðildarríki skulu tryggja að gögn eða upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram rekstrarsamhæfi, séu tiltækar með skilmálum sem takmarka ekki notkun þeirra í þeim tilgangi. Framkvæmdarreglur skulu byggjast á alþjóðlegum stöðlum, ef unnt er og skulu ekki hafa í för með sér óhóflegan kostnað fyrir aðildarríkin.

17) Netþjónusta er nauðsynleg svo deila megi landgögnum milli mismunandi stiga opinberra yfirvalda innan Bandalagsins. Þessi netþjónusta skal gera kleift að finna, umbreyta, skoða og hala niður landgögn og virkja þjónustu á sviði landgagna og rafrænna viðskipta. Netþjónustan skal starfa í samræmi við almennt samþykktar forskriftir og lágmarksnothæfisviðmiðanir til þess að tryggja rekstrarsamhæfi grunngerðanna sem settar eru upp af hálfu aðildarríkjanna. Netþjónustan skal einnig fela í sér tæknilega möguleika á því að gera opinberum yfirvöldum kleift að gera sín eigin landgagnasöfn og -þjónustu tiltæka.

18) Tiltekin landgagnasöfn og -þjónusta, sem skiptir máli fyrir stefnumál Bandalagsins og hefur bein eða óbein áhrif á umhverfið, eru varðveitt og starfrækt af hálfu þriðja aðila. Aðildarríki skulu því gefa þriðju aðilum kost á að leggja af mörkum til grunngerða í hverju ríki fyrir sig, að því tilskildu að samloðun og notendavænleiki landgagna og landgagnaþjónustu, sem falla undir þessar grunngerðir, skerðist ekki þar með.

19) Reynsla aðildarríkjanna hefur sýnt, að til að vel takist til við að koma í framkvæmd grunngerð fyrir landupplýsingar, er mikilvægt að lágmarksfjöldi þjónustuleiða sé tiltækur almenningi án endurgjalds. Aðildarríkin skulu því að lágmarki og án endurgjalds, koma á framfæri, þjónustu sem gerir kleift að leita að og, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, skoða landgagnasöfn.

20) Í því skyni að styðja við aðlögun grunngerða í hverju ríki fyrir sig að Inspire-áætluninni skulu aðildarríkin veita aðgang að grunngerðum sínum í gegnum landupplýsingagátt (geo-portal) Bandalagsins, sem starfrækt er af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, auk aðgangsstaða sem þau ákveða að starfrækja sjálf.

21) Í því skyni að gera upplýsingar frá mismunandi stigum opinberra yfirvalda tiltækar skulu aðildarríki fjarlægja hindranir, sem mæta opinberum yfirvöldum á lands-, svæðis- og staðarvísu við framkvæmd opinberra verkefna, sem geta haft bein eða óbein áhrif á umhverfið.

22) Opinber yfirvöld þurfa að hafa hnökralausan aðgang að viðkomandi landgagnasöfnum og -þjónustu við framkvæmd opinberra verkefna sinna. Það getur hindrað slíkan aðgang að hann sé háður einstökum, sértækum samningaviðræðum milli opinberra yfirvalda í hvert skipti sem þörf er á aðgangi. Aðildarríki skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir slíkar hindranir í framkvæmd á samnýtingu gagna, t.d. með því að styðjast við fyrirliggjandi samninga sem gerðar hafa verið á milli opinberra yfirvalda.

23) Ef opinbert yfirvald leggur öðru opinberu yfirvaldi í sama aðildarríki til landgagnasöfn og -þjónustu, sem krafist er til að efna skuldbindingar um skýrslugjöf samkvæmt löggjöf Bandalagsins að því er varðar umhverfismál, skal viðkomandi aðildarríki frjálst að ákveða að þessi landgagnasöfn og -þjónusta skuli ekki vera gjaldskyld. Fyrirkomulag samnýtingar landgagnasafna og -þjónustu á milli ríkisstjórna og annarra opinberra yfirvalda og einstaklinga eða lögaðila, sem annast opinbera stjórnsýslu samkvæmt landslögum, skal vera með þeim hætti að tekið sé tillit til nauðsynjar þess að standa vörð um fjárhagslega burði opinberra yfirvalda, einkum þeirra sem skylt er að afla tekna. Hvað sem því líður skulu álögð gjöld ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við að safna, framleiða, fjölfalda og miðla

þeim að viðbættri hæfilegri ávöxtun fjárfestinga.

24) Netþjónusta skal veitt í fullu samræmi við meginreglurnar um verndun persónuupplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]).

25) Reglurammar um samnýtingu landgagna meðal opinberra yfirvalda, sem tilskipunin skyldar til samnýtingar, skulu vera hlutlausir, að því er varðar slík opinber yfirvöld innan aðildarríkis, en einnig að því er varðar slík opinber yfirvöld í öðrum aðildarríkjum og stofnunum Bandalagsins. Þar sem stofnanir og aðilar í Bandalaginu þurfa oft að samþætta og meta landupplýsingar frá öllum aðildarríkjunum skal þeim gert kleift að fá aðgang að landgögnum og að nota þau ásamt landgagnaþjónustu í samræmi við samræmd skilyrði.

26) Með það í huga að örva þróun þriðju aðila á virðisaukandi þjónustu, í þágu bæði opinberra yfirvalda og almennings, er nauðsynlegt að auðvelda aðgang að landgögnum sem ná yfir stjórnsýsluleg mörk eða landamæri.

27) Að koma grunngerðum fyrir landupplýsingar í framkvæmd með árangursríkum hætti, krefst samhæfingar meðal allra þeirra sem hagsmuni hafa af því að setja upp slíkar grunngerðir, hvort sem þeir leggja til efni eða eru notendur. Því skal koma á fót viðeigandi samræmingarskipulagi, sem nær til mismunandi stjórnvaldsstiga, þar sem tekið er tillit til dreifingar valds og ábyrgðar innan aðildarríkjanna.

28) Svo njóta megi nýjustu tækni og raunverulegrar reynslu af upplýsingagrunngerðum er viðeigandi að ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar, styðjist við alþjóðlega staðla og staðla sem samþykktir eru af hálfu evrópskra staðlastofnana í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða ([2]).

29) Þar sem Umhverfisstofnun Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90 frá 7. maí 1990 um stofnun Umhverfisstofnunar Evrópu og evrópsks upplýsinga- og eftirlitsnets á sviði umhverfismála ([3]), hefur það verkefni að veita Bandalaginu hlutlægar, áreiðanlegar og sambærilegar umhverfisupplýsingar á vettvangi Bandalagsins og miðar m.a. að því að bæta flæði upplýsinga um umhverfismál sem varða stefnumörkun, á milli aðildarríkja og stofnana Bandalagsins, skal hún taka virkan þátt í framkvæmd þessarar tilskipunar.

30) Í samræmi við 34. gr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([4]) eru aðildarríkin hvött til að taka saman, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafana til að lögleiða hana og að birta þær.

31) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([5]).

32) Framkvæmdastjórnin skal einkum hafa umboð til þess að aðlaga lýsingu á fyrirliggjandi gagnaþemum sem um getur í I., II., og III. viðauka. Þar eð slíkar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

33) Einnig skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til að samþykkja framkvæmdarreglur, sem kveða á um tæknilega tilhögun rekstrarsamhæfis og samhæfingar á landgagnasöfnum og þjónustu, reglur sem ákvarða skilyrði varðandi

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

([3]) Stjtíð. EB L 120, 11.5.1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1641/2003 (Stjtíð. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 1).

([4]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

([5]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

aðgang að slíkum söfnum og þjónustu, svo og reglur varðandi tækniforskriftir og skyldur netþjónustu. Þar eð slíkar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að bæta nýjum, veigalitlum þáttum við þessa tilskipun skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

34) Undirbúningsvinna vegna ákvarðana, sem varða framkvæmd þessarar tilskipunar og þróunar Inspire-áætlunarinnar í framtíðinni, krefst samfelldrar vöktunar á framkvæmd tilskipunarinnar og reglubundinnar skýrslugjafar.

35) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að koma á fót Inspire-áætluninni, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna hinna fjölþjóðlegu þátta og þeirrar almennu þarfar innan Bandalagsins að samræma skilyrði fyrir aðgangi að landupplýsingum, skiptum á þeim og samnýtingu þeirra, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

1. Markmið þessarar tilskipunar er að mæla fyrir um almennar reglur sem miða að því að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (hér á eftir nefnd Inspire-áætlunin), vegna stefnu Bandalagsins í umhverfismálum og stefnumála eða starfsemi sem getur haft áhrif á umhverfið.

2. Í Inspire-áætluninni skal byggt á grunngerðum fyrir landupplýsingar sem komið hefur verið á fót í aðildarríkjunum og starfrækt af hálfu þeirra.

2. gr.

1. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um tilskipanirnar 2003/4/EB og 2003/98/EB.

2. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á tilvist eða eignarhald opinberra yfirvalda á hugverkaréttindum.

3. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „grunngerð fyrir landupplýsingar“: lýsigögn, landgagnasöfn og landgagnaþjónusta, netþjónusta og -tækni, samningar um samnýtingu, aðgang og notkun, samræmingar- og eftirlitskerfi, tilhögun, ferli og málsmeðferð sem komið er á fót, starfrækt eða gerð tiltæk í samræmi við þessa tilskipun,

2. „landgögn“: hvers konar gögn með beina eða óbeina tilvísun til tiltekinnar staðsetningar eða landsvæðis,

3. „landgagnasafn“: auðgreinanlegt safn af landgögnum,

4. „landgagnaþjónusta“: aðgerðir sem hægt er, með hjálp tölvuhugbúnaðar, að framkvæma á landgögnum sem geymd eru í landgagnasöfnum eða á tengdum lýsigögnum,

5. „landhlutur“: óhlutbundin táknun á raunverulegu fyrirbæri sem tengt er tiltekinni staðsetningu eða landsvæði,

6. „lýsigögn“: upplýsingar sem lýsa landgagnasöfnum og landgagnaþjónustu og gera kleift að leita að þeim, skrá þau og nota,

7. „rekstrarsamhæfi“: möguleikinn á því að sameina landgagnasöfn og hafa samskipti milli þjónustuleiða, án síendurtekinnar handvirkrar íhlutunar, með þeim hætti að niðurstaðan sé samhangandi og virðisauki gagnasafnanna og þjónustunnar sé aukinn,

8. „Inspire-landupplýsingagátt“: vefsetur, eða jafngildi þess, sem veitir aðgang að þjónustunni sem um getur í 1. mgr. 11. gr.,

9. „opinbert yfirvald“:

   a) ríkisstjórn eða aðrar opinberar stjórnsýslustofnanir, þ.m.t. opinberar ráðgjafastofnanir, á lands-, svæðis- eða staðarvísu,

   b) sérhver einstaklingur eða lögaðili sem annast opinbera stjórnsýslu samkvæmt landslögum, þ.m.t. sértæk skyldustörf, starfsemi eða þjónusta í tengslum við umhverfið, og

   c) sérhver einstaklingur eða lögaðili sem ber opinbera ábyrgð, gegnir opinberu hlutverki eða veitir opinbera þjónustu, í tengslum við umhverfið, og heyrir undir stjórn aðila eða einstaklings sem um getur í a- eða b-lið;

aðildarríki geta kveðið á um að þegar aðilar eða stofnanir starfa að dómsmálum eða lagasetningu skuli þau ekki teljast opinbert yfirvald í skilningi þessarar tilskipunar,

10. „þriðji aðili“: allir einstaklingar eða lögaðilar aðrir en opinber yfirvöld.

4. gr.

1. Þessi tilskipun skal taka til landgagnasafna sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) þau varða svæði þar sem aðildarríki hefur og/eða beitir lögsögu,

b) þau eru á rafrænu formi,

c) þau eru geymd hjá eða fyrir hönd einhvers af eftirfarandi:

   i. opinbers yfirvalds eftir að opinbert yfirvald lét búa þau til eða tók við þeim, eða þau eru í umsjón þess yfirvalds eða uppfærð af því yfirvaldi og á gildissviði opinberra verkefna þess,

   ii. þriðja aðila sem hefur fengið aðgang að netinu í samræmi við 12. gr.,

d) þau varða eitt eða fleiri þemu sem talin eru upp í I., II. eða III. viðauka.

2. Í tilvikum þar sem mörg samhljóða eintök af sama landgagnasafninu eru geymd hjá mismunandi opinberum yfirvöldum eða fyrir hönd þeirra skal þessi tilskipun aðeins gilda um viðmiðunarútgáfuna sem afritin eru fengin frá.

3. Þessi tilskipun skal einnig taka til landgagnaþjónustu sem varðar gögn sem eru hluti af landgagnasöfnunum sem um getur í 1. mgr.

4. Þessi tilskipun krefst þess ekki að nýjum landgögnum sé safnað.

5. Ef um er að ræða landgagnasöfn, sem eru í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í c-lið 1. mgr. og sem þriðji aðili hefur hugverkaréttindi yfir, getur opinbert yfirvald aðeins grípið til aðgerða samkvæmt þessari tilskipun með samþykki þriðja aðilans sem um ræðir.

6. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal þessi tilskipun því aðeins ná yfir landgagnasöfn, sem geymd eru hjá eða fyrir hönd opinbers yfirvalds sem starfar á lægsta stjórnsýslustigi aðildarríkis, ef í aðildarríkinu eru lög eða reglugerðir sem krefjast söfnunar eða miðlunar þeirra.

7. Aðlaga má lýsinguna á fyrirliggjandi gagnaþemum, sem um getur í I., II. og III. viðauka, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 22. gr., í því skyni að taka tillit til breytilegra þarfa fyrir landgögn til að styðja við stefnu Bandalagsins sem hefur áhrif á umhverfið.

II. KAFLI

LÝSIGÖGN

5. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja að lýsigögn séu búin til fyrir landgagnasöfn og -þjónustu sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II., og III. viðauka og að þessi lýsigögn séu uppfærð.

2. Lýsigögn skulu innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

a) samræmi landgagnasafna við framkvæmdarreglurnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr.,

b) skilyrði, sem gilda um aðgang að og notkun á landgagnasöfnum og -þjónustu, og, eftir atvikum, samsvarandi gjöld,

c) gæði og réttmæti landgagnasafna,

d) opinber yfirvöld sem bera ábyrgð á stofnun, umsjón, viðhaldi og dreifingu landgagnasafna og -þjónustu,

e) takmarkanir á aðgangi almennings og ástæður slíkra takmarkana í samræmi við 13. gr.

3. Aðildarríki skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að lýsigögn séu fullgerð og af nægilegum gæðum til að uppfylla markmiðin sem sett eru fram í 6. mgr. 3. gr.

4. Reglur um framkvæmd þessarar greinar skulu samþykktar eigi síðar en 15. maí 2008 í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. Í þessum reglum skal tekið tillit til viðeigandi, fyrirliggjandi alþjóðlegra staðla og þarfa notenda, einkum í tengslum við fullgildingarlýsigögn.

6. gr.

Aðildarríki skulu búa til lýsigögnin, sem um getur í 5. gr., í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) eigi síðar en tveimur árum eftir dagsetningu samþykktar framkvæmdarreglnanna í samræmi við 4. mgr. 5. gr., ef um er að ræða landgagnasöfn sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I. og II. viðauka,

b) eigi síðar en fimm árum eftir dagsetningu samþykktar framkvæmdarreglnanna í samræmi við 4.

mgr. 5. gr., ef um er að ræða landgagnasöfn sem samsvara þemunum sem talin eru upp í III. viðauka.

III. KAFLI

REKSTRARSAMHÆFI LANDGAGNASAFNA OG -ÞJÓNUSTU

7. gr.

1. Framkvæmdarreglur, sem mæla fyrir um tæknilega tilhögun rekstrarsamhæfis, og, þegar slíkt er gerlegt, samræmingu landgagnasafna og -þjónustu, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 22. gr. Þegar framkvæmdarreglurnar eru samdar skal tekið tillit til viðeigandi þarfa notenda, fyrirliggjandi framtaksverkefna og alþjóðlegra staðla um samhæfingu landgagnasafna, ásamt sjónarmiðum sem tengjast hagkvæmni og kostnaðarávinningi. Ef stofnanir, sem komið er á fót samkvæmt alþjóðalögum, hafa samþykkt viðeigandi staðla til að tryggja rekstrarsamhæfi eða samhæfingu landgagnasafna og -þjónustu skulu þessir staðlar samþættir og vísað skal til fyrirliggjandi tæknilegra úrræða, ef við á, í framkvæmdarreglunum sem um getur í þessari málsgrein.

2. Þegar framkvæmdastjórnin semur framkvæmdarreglurnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal hún byggja á greiningu sem hún tekur að sér að framkvæma til að tryggja að reglurnar séu raunhæfar og hóflegar með hliðsjón af líklegum kostnaði og ávinningi og miðla niðurstöðum slíkrar greiningar til nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 22. gr. Aðildarríkin skulu, sé þess óskað, veita framkvæmdastjórninni nauðsynlegar upplýsingar til að gera henni kleift að framkvæma slíkar greiningar.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að öll gagnasöfn, sem nýlega hafa verið tekin saman og að stórum hluta endurskipulögð, og samsvarandi landgagnaþjónusta séu tiltæk í samræmi við framkvæmdarreglurnar, sem um getur í 1. mgr., innan tveggja ára frá samþykkt þeirra og að önnur gagnasöfn og -þjónusta, sem enn eru í notkun, séu tiltæk í samræmi við framkvæmdarreglurnar innan sjö ára frá samþykkt þeirra. Landgagnasöfn skulu gerð tiltæk í samræmi við framkvæmdarreglurnar annaðhvort með aðlögun gildandi landgagnasafna eða með umbreytingarþjónustunni sem um getur í d-lið 1. mgr. 11. gr.

4. Framkvæmdarreglurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu taka til skilgreininga og flokkunar á landhlutum, sem skipta máli í landgagnasöfnum og tengjast þemunum sem talin eru upp í I., II. eða III. viðauka, og því hvernig vísað er landfræðilega til þessara landgagna.

5. Fulltrúar aðildarríkja á lands-, svæðis- og staðarvísu, auk annara einstaklinga og lögaðila sem hafa hagsmuni af viðkomandi landgögnum með skírskotun til hlutverks þeirra í grunngerð fyrir landupplýsingar, þ.m.t. notendur, framleiðendur, veitendur virðisaukandi þjónustu eða hvers konar samræmingaraðilar, skulu fá tækifæri til að taka þátt í undirbúningsviðræðum um innihald framkvæmdarreglnanna, sem um getur í 1. mgr., áður en nefndin, sem um getur í 1. mgr. 22. gr., fær þær til umfjöllunar.

8. gr.

1. Ef um er að ræða landgagnasöfn, sem samsvara einu eða fleiri þemum, sem talin eru upp í I. eða II. viðauka, skulu framkvæmdarreglurnar, sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr., uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

2. Í framkvæmdarreglunum skal fjallað um eftirfarandi þætti landgagna:

a) sameiginlegan ramma fyrir einkvæma auðkenningu landhluta þangað sem hægt er að varpa auðkennum í landsbundnum kerfum svo tryggja megi rekstrarsamhæfi á milli þeirra,

b) tengsl landhluta,

c) lykileigindir og samsvarandi fjöltyngd samheitasöfn, sem almennt er krafist, vegna stefnumála sem geta haft áhrif á umhverfið,

d) upplýsingar um tímaþátt gagnanna,

e) uppfærslu gagnanna.

3. Framkvæmdarreglurnar skulu útfærðar þannig að þær tryggi samræmi milli upplýsinga, sem vísa til sömu staðsetningar, eða milli upplýsinga, sem vísa til sama hlutar, sem táknaður er í mismunandi hlutföllum.

4. Framkvæmdarreglurnar skulu útfærðar þannig að þær tryggi að upplýsingar, sem leiddar eru af mismunandi landgagnasöfnum, séu sambærilegar að því er varðar atriðin sem um getur í 4. mgr. 7. gr. og í 2. mgr. þessarar greinar.

9. gr.

Framkvæmdarreglurnar, sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr., skulu samþykktar í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) eigi síðar en 15. maí 2009 ef um er að ræða landgagnasöfn sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I. viðauka,

b) eigi síðar en 15. maí 2012 ef um er að ræða landgagnasöfn sem samsvara þemunum sem talin eru upp í II. eða III. viðauka,

10. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja að allar upplýsingar, þ.m.t. gögn, kóðar og tæknilegar flokkanir, sem nauðsynlegar eru til að fara að framkvæmdarreglunum sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr., séu gerðar tiltækar opinberum yfirvöldum eða þriðju aðilum í samræmi við skilyrði sem takmarka ekki notkun þeirra í þeim tilgangi.

2. Í því skyni að tryggja að landgögn, sem varða landfræðilegar fitjur sem ná yfir landamæri tveggja eða fleiri aðildarríkja, séu í samhengi, skulu aðildarríki, eftir því sem við á, ákveða, með gagnkvæmu samþykki, framsetningu á slíkum sameiginlegum fitjum ásamt staðsetningu þeirra.

IV. KAFLI

NETÞJÓNUSTA

11. gr.

1. Aðildarríki skulu koma á fót og starfrækja net fyrir eftirfarandi þjónustu, að því er varðar landgagnasöfn og -þjónustu sem lýsigögn hafa verið búin til fyrir, í samræmi við þessa tilskipun:

a) leitarþjónustu, sem gerir kleift að leita að landgagnasöfnum og -þjónustu á grundvelli innihalds samsvarandi lýsigagna, og að birta innihald lýsigagnanna,

b) skoðunarþjónustu sem gerir kleift, að lágmarki, að birta, rápa um, þysja að/frá, skotra eða leggja gagnalag yfir sýnileg landgagnasöfn og til að birta skýringartexta og allt viðeigandi innihald lýsigagna,

c) niðurhalsþjónustu sem gerir kleift að hala niður afrit af landgagnasöfnum eða hluta slíkra safna og, ef unnt er, fá beinan aðgang að þeim,

d) umbreytingarþjónustu sem gerir kleift að umbreyta landgagnasöfnum með það í huga að ná fram rekstrarsamhæfi,

e) þjónustu sem gerir kleift að virkja landgagnaþjónustu;

Þessi þjónusta skal taka tillit til viðkomandi þarfa notenda og skal vera auðveld í notkun, tiltæk almenningi og aðgengileg á Netinu eða með öðrum viðeigandi fjarskiptaúrræðum.

2. Að því er varðar þjónustuna, sem um getur í a-lið 1. mgr., skal a.m.k. innleiða eftirfarandi samsetningu leitarskilyrða:

a) lykilorð,

b) flokkun landgagna og þjónustu,

c) gæði og réttmæti landgagnasafna,

d) samræmi við framkvæmdarreglurnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr.,

e) landfræðilega staðsetning,

f) skilyrði sem gilda um aðgang að og notkun á landgagnasöfnum og -þjónustu,

g) opinber yfirvöld sem bera ábyrgð á stofnun, umsjón, viðhaldi og dreifingu landgagnasafna og -þjónustu.

3. Umbreytingarþjónustan, sem um getur í d-lið 1. mgr., skal sameinuð annarri þjónustu, sem um getur í þeirri málsgrein, þannig að kleift sé að starfrækja alla þjónustuþættina í samræmi við framkvæmdarreglurnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr.

12. gr.

Aðildarríki skulu tryggja að opinber yfirvöld hafi tæknilega möguleika á því að tengja landgagnasöfn og -þjónustu við netið sem um getur í 1. mgr. 11. gr. Þessi þjónusta skal einnig gerð tiltæk þriðju aðilum, sé óskað eftir því, ef landgagnasöfn og -þjónusta þeirra fara að framkvæmdarreglum þar sem sérstaklega er mælt fyrir um skuldbindingar að því er varðar lýsigögn, netþjónustu og rekstrarsamhæfi.

13. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 11. gr. er aðildarríkjum heimilt að takmarka aðgang almennings að landgagnasöfnum og -þjónustu gegnum þjónustuna, sem um getur í a-lið 1. mgr. 11. gr., ef slíkur aðgangur hefði óhagstæð áhrif á milliríkjasamskipti, almannaöryggi eða landvarnir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 11. gr. er aðildarríkjum heimilt að takmarka aðgang almennings að landgagnasöfnum og -þjónustu gegnum þjónustuna, sem um getur í b- til e-lið í 1. mgr. 11. gr., eða þjónustu á sviði rafrænna viðskipta, sem um getur í 3. mgr. 14. gr., ef slíkur aðgangur hefði óhagstæð áhrif á eitthvað af eftirfarandi:

a) trúnað, sem varðar málsmeðferð opinberra yfirvalda, ef kveðið er á um trúnaðarkvöð af því tagi í lögum,

b) milliríkjasamskipti, almannaöryggi eða landvarnir,

c) meðferð mála fyrir dómstólum, möguleika einstaklinga til að hljóta réttláta málsmeðferð fyrir dómi eða möguleika opinbers yfirvalds til að láta fara fram rannsókn sem varðar refsiverðan verknað eða agabrot,

d) leynd, sem varðar upplýsingar í viðskiptum eða iðnaði, ef kveðið er á um leynd af því tagi í landslögum eða lögum Bandalagsins í því skyni að vernda réttmæta, efnahagslega hagsmuni, þ.m.t. almannahagsmunir sem fólgnir eru í að virða trúnaðarkvöð í hagskýrslum og skattaleynd,

e) hugverkarétt,

f) vernd persónuupplýsinga og/eða skjala sem varða einstakling hafi viðkomandi ekki veitt samþykki sitt fyrir birtingu upplýsinganna og ef kveðið er á um slíka trúnaðarkvöð í landslögum eða lögum Bandalagsins,

g) hagsmuni eða vernd annarra einstaklinga hafi þeir veitt umbeðnar upplýsingar af fúsum og frjálsum vilja án þess að þeim sé það skylt samkvæmt lögum eða unnt sé að skylda þá til þess samkvæmt lögum nema þeir hafi veitt samþykki sitt fyrir birtingu viðkomandi upplýsinga,

h) vernd þess hluta umhverfisins sem slíkar upplýsingar varða, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera.

2. Ástæður fyrir takmörkunum á aðgangi, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu túlkaðar þröngt að teknu tilliti til þeirra hagsmuna almennings sem þjónað er með því að veita þennan aðgang í einstökum tilvikum. Í hverju tilviki skal vega og meta þá hagsmuni almennings, sem fylgja birtingu upplýsinganna, gagnvart þeim hagsmunum sem þjónað er með því að takmarka eða skilyrða aðganginn. Aðildarríkin mega ekki, með skírskotun til a-, d-, f-, g- og h-liðar 1. mgr., takmarka aðgang að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið.

3. Aðildarríkin skulu, innan þessa ramma og að því er varðar beitingu f-liðar 1. mgr., tryggja að kröfur í tilskipun 95/46/EB séu uppfylltar.

14. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja að þjónustan, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 11. gr., sé tiltæk almenningi án endurgjalds.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að leyfa opinberu yfirvaldi, sem veitir þjónustu sem um getur í b-lið 1. mgr. 11. gr., að leggja á gjöld ef þau gjöld tryggja viðhald landgagnasafna og samsvarandi landgagnaþjónustu, einkum í tilvikum þar sem um er að ræða mjög mikið magn gagna sem eru oft uppfærð.

3. Gögn sem gerð eru tiltæk með skoðunarþjónustunni, sem um getur í b-lið 1. mgr. 11. gr., mega vera með sniði sem kemur í veg fyrir að þau séu notuð aftur í viðskiptalegum tilgangi.

4. Ef opinber yfirvöld leggja gjöld á þjónustuna, sem um getur í b-, c- eða e-lið 1. mgr. 11. gr., skulu aðildarríki tryggja að þjónusta, sem byggist á rafrænum viðskiptum, sé í boði. Slík þjónusta getur fallið undir fyrirvara, leyfi sem fæst með smelli eða, ef nauðsyn krefur, leyfi.

15. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót og starfrækja Inspire-landupplýsingagátt á vettvangi Bandalagsins.

2. Aðildarríki skulu veita aðgang að þjónustunni, sem um getur í 1. mgr. 11. gr., um Inspire-landupplýsingagátt sem um getur í 1. mgr. Aðildarríkjum er einnig heimilt að veita aðgang að þessari þjónustu um eigin afgreiðslustaði.

16. gr.

Samþykkja skal framkvæmdarreglur, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessa kafla með því að bæta við hann, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, sem um getur í 3. mgr. 22. gr. og skal einkum mæla fyrir um eftirfarandi:

a) tækniforskriftir fyrir þjónustuna, sem um getur í 11. og 12. gr., og lágmarksnothæfisviðmiðanir fyrir þessa þjónustu, að teknu tilliti til gildandi krafna um skýrslugjöf og tilmæla sem samþykkt eru innan ramma umhverfislöggjafar Bandalagsins, gildandi þjónustu sem byggist á rafrænum viðskiptum og tæknilegri framþróun,

b) skyldur sem um getur í 12. gr.

V. KAFLI

SAMNÝTING GAGNA

17. gr.

1. Öll aðildarríkin skulu samþykkja ráðstafanir til að samnýta landgagnasöfn og -þjónustu meðal opinberra yfirvalda sem um getur í a- og b-lið 9. mgr. 3. gr. Þessar ráðstafanir skulu gera þessum opinberu yfirvöldum kleift að fá aðgang að landgagnasöfnum og -þjónustu og að skiptast á og nota söfnin og þjónustuna vegna opinberra verkefna sem geta haft áhrif á umhverfið.

2. Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu útiloka allar takmarkanir sem líklegt er að skapi hindranir, sem koma fyrir á notkunarstað, við framkvæmd á samnýtingu landgagnasafna og -þjónustu.

3. Aðildarríkin mega heimila opinberum yfirvöldum, sem dreifa landgagnasöfnum og -þjónustu, að úthluta til þeirra opinberu yfirvalda eða stofnana og aðila innan Bandalagsins sem nota þessi landgagnasöfn eða -þjónustu, leyfum þar að lútandi og/eða krefja þau um greiðslu fyrir þau. Öll slík gjöld og leyfi skulu samrýmast að öllu leyti hinu almenna markmiði að auðvelda samnýtingu landgagnasafna og þjónustu meðal opinberra yfirvalda. Ef gjöld eru innheimt skal halda þeim í því lágmarki sem þarf til að tryggja nauðsynleg gæði og afhendingu á landgagnasöfnum og -þjónustu ásamt sanngjarnri ávöxtun fjárfestinga, jafnframt því að virða kröfur um eigin fjármögnun opinberra yfirvalda sem dreifa landgagnasöfnum og -þjónustu, eftir því sem við á. landgagnasöfn og -þjónusta, sem aðildarríki veita stofnunum og aðilum Bandalagsins, í því skyni að uppfylla kvaðir um skýrslugjöf samkvæmt löggjöf Bandalagsins, að því er varðar umhverfismál, skulu ekki vera háð neinni gjaldtöku.

4. Fyrirkomulag á samnýtingu landgagnasafna og -þjónustu, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., skulu vera aðgengileg opinberum yfirvöldum annarra aðildarríkja, sem um getur í a- og b-lið 9. mgr. 3. gr., og stofnunum og aðilum Bandalagsins vegna opinberra verkefna sem geta haft áhrif á umhverfið.

5. Fyrirkomulag á samnýtingu landgagnasafna og -þjónustu, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., skulu vera aðgengileg, á gagnkvæmum og jafngildum grundvelli, aðilum sem komið er á fót með alþjóðasamningum, sem Bandalagið og aðildarríkin eiga aðild að, vegna opinberra verkefna sem geta haft áhrif á umhverfið.

6. Ef fyrirkomulag við samnýtingu landgagnasafna og -þjónustu, sem kveðið er á um í 1., 2. og 3. mgr., er gert aðgengilegt, í samræmi við 4. og 5. mgr., mega kröfur fylgja fyrirkomulaginu sem skilyrða notkun þess samkvæmt landslögum.

7. Þrátt fyrir þessa grein er aðildarríkjum heimilt að takmarka samnýtingu ef hún myndi stofna réttvísi, almannaöryggi, landvörnum eða alþjóðlegum samskiptum í hættu.

8. Aðildarríkin skulu veita stofnunum og aðilum Bandalagsins aðgang að landgagnasöfnum og -þjónustu í samræmi við samræmd skilyrði. Framkvæmdarreglur, sem gilda um þessi skilyrði og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 22. gr. Þessar framkvæmdarreglur skulu að öllu leyti virða meginreglurnar sem settar eru fram í 1. til 3. mgr.

VI. KAFLI

RÁÐSTAFANIR TIL SAMRÆMINGAR OG FYLLINGAR

18. gr.

Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi skipulag og tilhögun séu tilgreind til þess að samræma, á mismunandi stjórnsýslustigum, framlag allra þeirra sem hafa hagsmuni af grunngerðum þeirra fyrir landupplýsingar.

Þetta skipulag skal samræma framlag, m.a., notenda, framleiðenda, virðisaukandi þjónustuveitenda og samræmingaraðila að því er varðar auðkenningu viðkomandi gagnasafna, þarfir notenda, veitingu upplýsinga um gildandi starfsvenjur og endurgjöf um framkvæmd þessarar tilskipunar.

19. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á samræmingu Inspire-áætlunarinnar á vettvangi Bandalagsins og skal í því skyni njóta aðstoðar viðkomandi stofnana, einkum Umhverfisstofnunar Evrópu.

2. Hvert aðildarríki skal tilnefna tengilið, yfirleitt opinbert yfirvald, sem ber ábyrgð á samskiptum við framkvæmdastjórnina í tengslum við þessa tilskipun. Þessi tengiliður nýtur stuðnings samræmingarskipulags þar sem tillit er tekið til dreifingar valds og ábyrgðar innan aðildarríkisins.

20. gr.

Í framkvæmdarreglunum, sem um getur í þessari tilskipun, skal tekið tilhlýðilegt tillit til staðla, sem evrópskar staðlastofnanir samþykkja í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í tilskipun 98/34/EB, auk alþjóðlegra staðla.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

21. gr.

1. Aðildarríkin skulu hafa eftirlit með framkvæmd og notkun grunngerða fyrir landupplýsingar. Þau skulu gera niðurstöður eftirlitsins aðgengilegar framkvæmdastjórninni og almenningi að staðaldri.

2. Eigi síðar en 15. maí 2010 skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu sem inniheldur samantekt lýsingar:

a) á því hvernig veitendur og notendur landgagnasafna og -þjónustu í opinbera geiranum og milliliðir eru samhæfðir og á tengslum við þriðju aðila og skipulagi gæðatryggingar,

b) á framlagi opinberra yfirvalda eða þriðju aðila til virkni og samræmingar á grunngerðinni fyrir landupplýsingar,

c) á upplýsingum um notkun grunngerðar fyrir landupplýsingar,

d) á samkomulagi opinberra yfirvalda um samnýtingu gagna,

e) á kostnaði og ávinningi af framkvæmd þessarar tilskipunar.

3. Á þriggja ára fresti, þar sem fyrsta skiptið er eigi síðar en 15. maí 2013, skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu með uppfærðum upplýsingum varðandi atriðin sem um getur í 2. mgr.

4. Samþykkja skal ítarlegar reglur um framkvæmd þessarar greinar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr.

22. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

23. gr.

Eigi síðar en 15. maí 2014 og á sex ára fresti þaðan í frá skal framkvæmdastjónin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar tilskipunar sem byggð er, m.a., á skýrslum aðildarríkjanna í samræmi við 2. og 3. mgr. 21. gr.

Ef þörf krefur skulu skýrslunni fylgja tillögur um aðgerðir Bandalagsins.

24. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. maí 2009.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

25. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

26. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 14. mars 2007.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	G. GLOSER
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

LANDGAGNAÞEMU SEM UM GETUR Í A-LIÐ 6. GR., 1. MGR. 8. GR. OG A-LIÐ 9. GR.

1. Viðmiðunarhnitakerfi

   Kerfi fyrir einkvæmar vísanir í landupplýsingar í rúmi, sem mengi hnita (x, y, z) og/eða breiddargráður og lengdargráður og hæðir, sem byggjast á láréttu og lóðréttu landmælingaviðmiði.

2. Landfræðileg reitakerfi

   Samræmt reitanet með breytilegri upplausn, sameiginlegum upphafspunkti og staðlaðri staðsetningu og stærð reita.

3. Örnefni

Heiti svæða, landsvæða, staða, borga, úthverfa, bæja eða byggða eða hvers konar landfræðilegar eða staðfræðilegar fitjur sem hafa opinbert eða sögulegt gildi.

4. Stjórnsýslueiningar

Stjórnsýslueiningar, sem skipta svæðum þar sem aðildarríki hafa og/eða beita lögsögu, að því er varðar stjórnun á lands-, svæðis- og staðarvísu, aðskildar með stjórnsýslumörkum.

5. Heimilisföng

Staðsetning fasteigna sem byggist á auðkennum heimilisfanga, yfirleitt eftir götuheiti, húsnúmer, póstnúmer.

6. Landareignir og lóðir

Svæði sem skilgreind eru út frá fasteignaskrá eða jafngildi hennar.

7. Flutninganet

Net fyrir flutninga á vegum, með járnbrautum, í lofti, á sjó og á vatnaleiðum ásamt tengdum grunnvirkjum. Tengingar milli mismunandi neta eru þar meðtaldar. Einnig telst þar með samevrópska flutningakerfið eins og það er skilgreint í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB frá 23. júlí 1996 um viðmiðunarreglur Bandalagsins við uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins ([1]), og síðari endurskoðunum á þeirri ákvörðun.

8. Vatnafar

Vatnafarsþættir þ.m.t. hafsvæði og öll önnur vatnshlot og tengd atriði, þ.m.t. vatnasvið og undirvatnasvið. Eftir því sem við á, samkvæmt skilgreiningum sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ([2]) og á formi netkerfa.

9. Verndarsvæði

Svæði sem tilnefnd eru eða stjórnað innan ramma alþjóðalaga, löggjafar Bandalagsins og aðildarríkjanna til að ná fram tilteknum verndunarmarkmiðum.

II. VIÐAUKI

LANDGAGNAÞEMU SEM UM GETUR Í A-LIÐ 6. GR., 1. MGR. 8. GR. OG B-LIÐ 9. GR.

1. Hæð

Stafræn hæðarlíkön fyrir yfirborð lands, íss og hafs. Inniheldur jarðbundna hæð, dýptarmælingar og strandlengju.

2. Landgerðir

Efnisleg og líffræðileg þekja yfirborðs jarðar þ.m.t. tilbúið yfirborð, landbúnaðarsvæði, skógar, lítt snert eða ósnert svæði, votlendi, vatnslón.

3. Uppréttar fjarkönnunarmyndir

Myndir af yfirborði jarðar með landfræðilegum tilvísunum, annaðhvort frá gervihnöttum eða skynjurum í lofti.

([1]) Stjtíð. EB L 228, 9.9.1996, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1791/2006 (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 327, 22. 12.2000, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun nr. 2455/2001/EB (Stjtíð. L 331, 15.12.2001, bls. 1).

4. Jarðfræði

Jarðfræði sem lýst er samkvæmt samsetningu og gerð. Inniheldur berggrunn, veiti og landmótun.

III. VIÐAUKI

LANDGAGNAÞEMU SEM UM GETUR Í B-LIÐ 6. GR. OG B-LIÐ 9. GR.

1. Tölfræðilegar einingar

Einingar fyrir miðlun eða notkun tölfræðilegra upplýsinga.

2 Byggingar

Landfræðileg staðsetning bygginga.

3. Jarðvegur

Jarðvegur og jarðvegsgrunnur samkvæmt dýpt, hrýfi, gerð og innihaldi agna og lífræns efnis, hlutfalli steina, veðrun, meðalhallatölu þar sem við á, og áætluðu geymslurými fyrir vatn.

4. Landnotkun

Landsvæði sem lýst er samkvæmt núverandi og fyrirhuguðum starfrænum þáttum eða félagshagfræðilegum tilgangi (t.d. íbúðasvæði, iðnaðarsvæði, verslunarsvæði, landbúnaðarsvæði, skógræktarsvæði, tómstundasvæði).

5. Heilbrigði og öryggi manna

Landfræðileg útbreiðsla ráðandi meinsemda (ofnæmis, krabbameins, öndunarfærasjúkdóma o.s.frv.), upplýsingar sem gefa til kynna áhrif á heilbrigði (lífmerki, samdráttur í frjósemi, farsóttir) eða vellíðan manna (þreyta, streita o.s.frv.) sem tengjast beint (loftmengun, íðefnum, eyðingu ósonlagsins, hávaða o.s.frv.) eða óbeint (matvælum, erfðabreyttum lífverum o.s.frv.) gæðum umhverfisins.

6. Veitur og þjónusta á vegum stjórnvalda

Til hennar teljast virki eins og skólplagnir, meðhöndlun úrgangs, orkuveitur og vatnsveitur, svo og stjórnsýsla og félagsleg þjónusta á vegum stjórnvalda, svo sem opinber stjórnsýsla, almannavarnasvæði, skólar og sjúkrahús.

7. Umhverfisvöktunaraðstaða

Staðsetning og starfræksla umhverfisvöktunaraðstöðu felur í sér eftirlit með og mælingar á losun, stöðu umhverfissviða og öðrum mæliþáttum vistkerfisins (líffræðilegri fjölbreytni, vistfræðilegum skilyrðum gróðurs o.s.frv.) á vegum opinberra yfirvalda eða fyrir hönd þeirra.

8. Framleiðslu- og iðnaðaraðstaða

Athafnasvæði iðnaðarframleiðslu, þ.m.t. mannvirki sem falla undir tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ([1]) og vatnstökuvirki, námur, geymslusvæði.

9. Aðstaða fyrir landbúnað og lagareldi

Landbúnaðartæki og framleiðslutæki (þ.m.t. áveitukerfi, gróðurhús og gripahús).

10. Mannfjöldadreifing – lýðfræði

([1]) Stjtíð. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

Landfræðileg dreifing íbúa, þ.m.t. einkenni og atvinnustig íbúa, gögn söfnuð saman eftir reitum, svæðum, stjórnsýslueiningum eða öðrum greiningareiningum.

11. Svæði sem lúta stjórnun/takmörkunum/reglugerðum og skýrslugjafareiningar

Svæði sem er stjórnað, eru háð reglum eða notuð við skýrslugjöf á alþjóðlegum og evrópskum vettvangi og á lands-, svæðis- og staðarvísu. Til þeirra teljast losunarstaðir, svæði með takmarkaðan aðgang í kringum drykkjarvatnslindir, svæði sem eru viðkvæm fyrir nítrati, merktar siglingaleiðir á hafi úti eða á víðáttumiklum innri vatnaleiðum sem eru háðar reglugerðum, svæði ætluð fyrir losun úrgangs, svæði með hávaðatakmörkunum, svæði þar sem leit og námugröftur eru leyfð, vatnasviðaumdæmi, viðeigandi skýrslugjafareiningar og strandstjórnunarsvæði.

12. Náttúruleg áhættusvæði

Viðkvæm svæði sem einkennast af náttúruhamförum (öll andrúmslofts-, vatnafræðileg, jarðskjálfta-, jarðelda- og eldfyrirbæri sem, vegna staðsetningar, alvarleika og tíðni, geta haft alvarleg áhrif á samfélagið), t.d. flóð, skriðuföll og landsig, snjóflóð, skógareldar, jarðskjálftar, eldgos.

13. Skilyrði í lofthjúp

Eðlisfræðileg skilyrði í andrúmsloftinu. Tekur til landgagna sem byggjast á mælingum, líkönum eða samsetningu þeirra og staðsetningar mælinga.

14. Veðurfræðilegar landfræðifitjur

Veðurskilyrði og mælingar á þeim, úrkoma, hitastig, gufun, vindhraði og vindátt.

15. Haffræðilegar landfræðifitjur

Eðlisfræðileg skilyrði í úthöfum (straumar, selta, ölduhæð o.s.frv.)

16. Innhafsvæði

Eðlisfræðileg skilyrði í innhöfum og saltvatnshlotum sem skipt er í svæði og undirsvæði með sameiginlegum einkennum.

17. Líflandfræðileg svæði

Svæði með tiltölulega einsleit vistfræðileg skilyrði með sameiginlegum einkennum.

18. Búsvæði og lífvist

Landsvæði sem einkennast af tilteknum vistfræðilegum skilyrðum, ferlum, uppbyggingu og virkni (til stuðnings lífi) sem eru efnislegur grundvöllur lífvera sem lifa þar. Þar með teljast land- og lagarsvæði sem einkennast af landfræðilegum, ólífrænum og lífrænum fitjum, hvort sem þau eru náttúrleg eða hálfnáttúrleg.

19. Útbreiðsla tegunda

Landfræðileg útbreiðsla dýra- og plöntutegunda, gögn söfnuð saman eftir reitum, svæðum, stjórnsýslueiningum eða öðrum greiningareiningum.

20. Orkuauðlindir

Orkuauðlindir, þ.m.t. vetniskolefni, vatnsorka, líforka, sólarorka, vindorka o.s.frv., ásamt hæðar- og dýptarupplýsingum um umfang auðlindanna, ef við á.

21. Jarðefnaauðlindir

Jarðefnaauðlindir, þ.m.t. málmgrýti, jarðefni til iðnaðarnota o.s.frv., ásamt hæðar- og dýptarupplýsingum um umfang auðlindanna, ef við á.

268. Tillaga til þingsályktunar [237. mál

um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að veita eigendum innstæðna í innlánsstofnunum og viðskiptavinum fyrirtækja í verðbréfaþjónustu vernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis.

Til að unnt sé að veita þá vernd sem kveðið er á um í 1. mgr. er innlánsstofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu skylt að greiða iðgjald til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta sem veitir lágmarksvernd samkvæmt lögum þessum.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Innlánsstofnun:* Viðskiptabanki eða sparisjóður sem stundar starfsemi skv. a-lið 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og hlotið hefur starfsleyfi hér á landi.
2. *Innstæða:* Inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum, og millifærsla í hefðbundinni almennri bankastarfsemi, sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum, og hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun. Lántökur innlánsstofnunar, eiginfjárreikningar, peningamarkaðsinnlán, heildsöluinnlán og safnreikningar, aðrir en reikningar innlánsleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar, teljast ekki til innstæðna.
3. *Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu:* Fjármálafyrirtæki sem hlotið hefur starfsleyfi til að stunda starfsemi á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.
4. *Verðbréf:* Verðbréf eins og þau eru skilgreind í lögum um verðbréfaviðskipti sem eru í vörslu eða umsýslu fjármálafyrirtækis og því ber að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti fyrirtækisins og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum.
5. *Verðbréfaviðskipti:* Verðbréfaviðskipti skv. 1. gr. laga um verðbréfaviðskipti.
6. *Reiðufé:* Fé í eigu fjárfestis í evrum eða gjaldmiðli annarra aðildarríkja sem er í vörslu fyrirtækis í verðbréfaþjónustu í tengslum við fjárfestingarstarfsemi.
7. *Aðildarríki:* Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.
8. *Vörsluaðili lífeyrissparnaðar:* Aðili skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, sem hefur heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla sömu laga.

9. *Innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar:* Fjárfestingarleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar sem eingöngu hefur heimildir til að ávaxta fé sitt á innlánsreikningi samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni.
10. *Peningamarkaðsinnlán:* Fjárfestingarkostur fjármálafyrirtækis sem býður viðskiptavini hærri vexti en bjóðast með almennum sparifjárreikningum og er bundinn skilyrðum, t.d. varðandi lengd binditíma, lágmarksfjárhæð og úttekt eða innlausn.
11. *Heildsöluinnlán:* Innlán fjármálafyrirtækja, félagasamtaka og stofnana þar sem miðlari á peningamarkaði semur um kjör og tímalengd viðkomandi innlána. Slík innlán standa almennum sparifjáreigendum almennt ekki til boða og skilmálar þeirra eru ekki staðlaðir heldur er samið um þá í hverju tilviki fyrir sig.
12. *Safnreikningar:* Eigin reikningur fjármálafyrirtækis þar sem fjármálagerningar eða hlutdeild viðskiptavinar er skráð. Inneign á safnreikningum telst ekki til innstæðu nema annað leiði af lögum þessum þar sem ekki er um að ræða sérgreindan reikning í eigu innstæðueiganda.

II. KAFLI
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.

3. gr.
Sjóðurinn.

Með tryggingar samkvæmt lögum þessum fer Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, hér eftir nefndur sjóðurinn. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt lögum þessum. Lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur gilda ekki um sjóðinn. Sjóðurinn nýtur ekki ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum í skilningi laga um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997.

Sjóðurinn er undanþeginn greiðslu tekjuskatts, eignarskatts og fjármagnstekjuskatts. Sama á við um aðra skatta sem byggjast á sömu álagningarstofnum. Þá verður sjóðurinn hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né er heimilt að gera aðför í eignum hans.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að gera aðför í samræmi við ákvæði laga um aðför, nr. 90/1989, í eignum þeirrar deildar sjóðsins sem tekið hefur lán skv. 8. gr., komi til vanskila.

4. gr.
Stjórn og framkvæmdastjóri.

Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins og ákveður þóknun stjórnar. Skal einn stjórnarmaður skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður, einn stjórnarmaður skal tilnefndur af Seðlabanka Íslands og einn tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Stjórnarmenn skulu uppfylla óhæðis- og hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra við sjóðinn eða semja við lögaðila um rekstur og vörslu hans. Jafnframt er henni heimilt að semja við þriðja aðila um umsjón greiðslna úr sjóðnum. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, eiga ekki við um stjórn eða starfsmenn sjóðsins.

Framkvæmdastjóri sjóðsins eða framkvæmdastjóri lögaðila, ef við á, skal uppfylla óhæðis- og hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki. Sama á við um starfsmenn lögaðila sem stjórn sjóðsins kann að semja við um ákveðna þætti í rekstri sjóðsins.

5. gr.
Ársfundur.

Ársfund skal halda fyrir lok mars ár hvert. Á ársfundi skulu endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins lagðir fram til kynningar, gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins og helstu atriðum í starfsemi hans á liðnu ári. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Fundurinn skal auglýstur opinberlega og eiga rétt til fundarsetu fulltrúar þeirra innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem greiða iðgjöld til sjóðsins, fulltrúar hagsmunasamtaka þeirra, fulltrúar hagsmunasamtaka viðskiptamanna þeirra, svo og fulltrúar opinberra aðila.

6. gr.
Starfsemi sjóðsins.

Sjóðurinn starfar í þremur sjálfstæðum deildum. Innstæðudeildir eru tvær, A-deild og B-deild. Jafnframt starfar við sjóðinn verðbréfadeild. Deildirnar hafa aðskilinn fjárhag og reikningshald og bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hver annarrar.

Fyrirtæki sem er skylt að greiða iðgjöld til sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram það sem kveðið er á um í lögum þessum.

Rekstrarkostnaður greiðist af eignum sjóðsins í samræmi við hlutfall hverrar deildar í heildarkostnaði.

Fjármálaeftirlitið heldur sérstaka skrá um fyrirtæki sem er skylt að greiða iðgjöld til sjóðsins. Skal skráin uppfærð jafnóðum og breytingar verða og birt á vefsíðum Fjármálaeftirlitsins og sjóðsins.

7. gr.
Greiðsluskylda sjóðsins.

Sjóðnum er skylt að greiða viðskiptavini innlánsstofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem greiðir iðgjöld til sjóðsins fjárhæð sem nemur vernd sjóðsins skv. 12. og 20. gr. enda hafi greiðsluskylda sjóðsins orðið virk vegna:

1. álits Fjármálaeftirlitsins um að innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu teljist ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár sem viðskiptavinur hefur krafið fyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda, eða
2. úrskurðar héraðsdóms um að innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hafi verið tekið til slita skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Álit Fjármálaeftirlitsins skv. 1. tölul. 1. mgr. skal liggja fyrir svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að það fær staðfestingu á að aðstæður sem lýst er í 1. tölul. 1. mgr. séu fram komnar hjá innlánsstofnun. Framangreint á þó ekki við gagnvart verðbréfadeild sjóðsins en þá skal álit Fjármálaeftirlitsins liggja fyrir innan þriggja vikna.

Nú telur Fjármálaeftirlitið eða Seðlabanki Íslands að fjármálafyrirtæki sem er skylt að greiða iðgjöld til sjóðsins sé í slíkri stöðu að gæti leitt til þess að greiðsluskylda sjóðsins yrði virk og skal það þá þegar tilkynnt sjóðnum.

8. gr.
Lán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána á milli sjóðsdeilda fjárhæð sem nemur allt að 50% af kröfu sem gerð er á hendur viðkomandi sjóðsdeild, þó ekki umfram 100 millj. kr. Lánið skal endurgreiðast innan 36 mánaða. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um lán á milli deilda.

Beri brýna nauðsyn til er stjórn sjóðsins heimilt að taka lán dugi eignir sjóðsins ekki til að standa undir lágmarksskuldbindingum hans.

Lán sjóðsins samkvæmt þessari grein eru undanþegin stimpilgjaldi.

9. gr.
Innra öryggi.

Stjórn sjóðsins skal tryggja að reglulega sé farið yfir innri verkferla sjóðsins og að tölvubúnaður sé fullnægjandi þannig að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum. Skýrsla þessu til staðfestingar skal send Fjármálaeftirlitinu sem getur sett nánari reglur um úttekt verkferla eða rekstur og viðhald tölvukerfa samkvæmt þessari grein.

Séu einstök verkefni falin öðrum skal stjórn sjóðsins ganga úr skugga um að viðkomandi uppfylli ákvæði 1. mgr.

III. KAFLI
Innstæður.

10. gr.
Iðgjald.

Innlánsstofnanir skulu greiða iðgjöld til A-deildar frá því að þær hefja starfsemi skv. a-lið 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Iðgjöld skiptast í almennt iðgjald skv. 2. mgr., iðgjald sem reiknast á grundvelli markaðshlutdeildar skv. 3. mgr. og iðgjald sem reiknað er á grundvelli áhættueinkunnar skv. 4. mgr.

Almennt iðgjald skal á ársgrundvelli nema sem svarar 1% af innstæðum, þó ekki þeim sem undanþegnar eru tryggingavernd skv. 14. gr., hjá viðkomandi innlánsstofnun, eða 0,25% á ársfjórðungslegum gjalddaga.

Auk iðgjalds skv. 2. mgr. greiðir innlánsstofnun breytilegt iðgjald fyrir hvert prósentustig umfram 10% af heildarinnstæðum allra innlánsstofnana sem eru í vörslu viðkomandi innlánsstofnunar. Iðgjald þetta skal nema 0,016% á ársgrundvelli, eða 0,004% á ársfjórðungslegum gjalddaga fyrir hvert prósentustig sem er umfram 10%.

Auk iðgjalda skv. 2. og 3. mgr. greiðir innlánsstofnun breytilegt iðgjald í samræmi við áhættustuðul sem gefinn skal hverri einstakri innlánsstofnun þar sem vægi eiginfjáruppbyggingar og eiginfjárstyrks skal nema 35% af stuðlinum, vægi fjármögnunar- og rekstrarþátta 45% og vægi áhættudreifingar 20%. Fjármálaeftirlitið reiknar út áhættustuðul hverrar innlánsstofnunar og tilkynnir sjóðnum um breytingar á áhættustuðli þegar slíkar breytingar eru gerðar. Áhættustuðull skal lægst hafa gildið 0 en hæst gildið 1 og skal iðgjald skv. 2. mgr. margfaldað með stuðli viðkomandi innlánsstofnunar.

Gjalddagar eru fjórir á ári, einn fyrir hvern ársfjórðung, síðasta virkan dag í febrúar, maí, ágúst og nóvember.

Sjóðnum er heimilt að innheimta viðbótariðgjöld ef eign A-deildar dugir ekki til að standa undir greiðslu þegar greiðsluskylda sjóðsins verður virk vegna atvika sem getur í 7. gr.

Einnig er sjóðnum heimilt að innheimta viðbótariðgjöld til að standa straum af kostnaði, afborgunum og greiðslum vaxta af lánum skv. 8. gr. Iðgjald samkvæmt þessari málsgrein skal þó aldrei vera hærra en nemur 0,6% af tryggðum innstæðum hjá viðkomandi innlánsstofnun.

Iðgjöld eru óendurkræf.

Eigi síðar en 30 dögum eftir lok hvers ársfjórðungs skulu innlánsstofnanir hafa veitt sjóðnum upplýsingar um samtölu þeirra eigna og atriða sem álagning skv. 2.–4. mgr. byggist á. Skulu upplýsingarnar veittar í því formi sem sjóðurinn ákveður. Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að sannreyna upplýsingar sem fjármálafyrirtæki hafa afhent samkvæmt grein þessari. Sjóðurinn tilkynnir innlánsstofnunum upphæð iðgjalds a.m.k. sjö dögum fyrir gjalddaga.

Standi innlánsstofnun ekki skil á upplýsingum sem henni ber að veita skv. 8. mgr. er sjóðnum heimilt að áætla iðgjald innlánsstofnunar skv. 2.–4. mgr. Slíkt iðgjald skal að lágmarki nema tvöfaldri síðustu álagningu ársfjórðungslegs iðgjalds viðkomandi innlánsstofnunar og er óheimilt að endurgreiða það þótt full skil verði gerð á öllum nauðsynlegum upplýsingum síðar.

Þegar eignir A-deildar nema að lágmarki 4% af heildarinnstæðum sem tryggðar eru er stjórn sjóðsins heimilt að lækka iðgjöld skv. 2. mgr. Skal stjórnin leita álits Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins áður en til slíkrar lækkunar kemur.

Sjóðnum er heimilt að innheimta iðgjöld í þeirri mynt sem innstæða er í.

11. gr.

Vanskil á greiðslu iðgjalds.

Greiði innlánsstofnun sem er skylt að greiða iðgjald til sjóðsins ekki ársfjórðungslegt iðgjald á gjalddaga skv. 5. mgr. 10. gr. leggst á iðgjaldið 5% álag fyrir hvern liðinn dag umfram gjalddaga, í fimm daga. Hafi fyrirtæki ekki staðið skil á iðgjaldi og álagi að þeim tíma liðnum tilkynnir stjórn sjóðsins um vanskil fyrirtækisins til Fjármálaeftirlitsins.

Verði vanskil á greiðslu iðgjalds innlánsstofnunar er stjórn sjóðsins heimilt að láta færa fjármuni sem nema þeim innlánum sem orðið hafa til hjá hlutaðeigandi innlánsstofnun frá gjalddaga á reikning hennar hjá Seðlabanka Íslands þar til iðgjald hefur verið greitt.

Sé innlánsstofnun svipt heimild til að taka við innlánum eða starfsleyfi í heild raskast ekki hagsmunir þeirra sem nutu tryggingaverndar við sviptingu starfsleyfis í samræmi við ákvæði þessa kafla.

12. gr.

Greiðslur úr A-deild.

Greiðslur til hvers einstaks innstæðueiganda úr A-deild skulu nema heildarfjárhæð tryggðra innstæðna hans í hlutaðeigandi innlánsstofnun, þó aldrei hærri fjárhæð en nemur jafnvirði 100.000 evra (EUR) í íslenskum krónum. Sjóðurinn verður ekki krafinn um frekari greiðslu. Rétthafi í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar telst innstæðueigandi samkvæmt þessari grein.

Hlutaðeigandi innlánsstofnun eða þrotabúi hennar er skylt að afhenda sjóðnum allar þær upplýsingar sem sjóðurinn telur nauðsynlegar til að meta rétt hvers innstæðueiganda og vörsluaðila, á þeim degi sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 7. gr. eða þegar úrskurður er kveðinn upp um töku bús fyrirtækis til slitameðferðar.

Nú er innstæðueigandi rétthafi í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar og skiptist þá greiðsla tryggingarfjárhæðar á milli vörsluaðila og hans í sama hlutfalli og hlutur hans í reikningi vörsluaðila af heildarinnstæðum hans hjá viðkomandi innlánsstofnun nemur. Vörsluaðili ráðstafar fénu samkvæmt skilagrein sjóðsins og greiðir til rétthafa í samræmi við skilmála samnings þeirra á milli.

Áður en greiðsla skv. 1. mgr. er innt af hendi skal sjóðurinn staðreyna að innstæðueigandi hafi ekki fengið innstæðu sína að hluta, eða öllu leyti, greidda frá viðkomandi innlánsstofnun og dragast þær greiðslur að fullu frá greiðslum úr sjóðnum sem nemur fjárhæð greiðslunnar.

Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann án sérstakrar framsalsyfirlýsingar kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi innlánsstofnun eða þrotabúi. Sé bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar í slitameðferð, sbr. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nýtur krafa sjóðsins réttthæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Krafa skal reiknuð miðað við eign innstæðueiganda þann dag sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 1. mgr. 7. gr. eða þann dag sem úrskurður er kveðinn upp um töku bús innlánsstofnunar til slitameðferðar, hvort sem fyrr verður.

Sjóðnum er heimilt við endurgreiðslu andvirðis innstæðu úr A-deild að inna greiðsluna af hendi í samræmi við þá skilmála er gilda um innstæðu. Þá er sjóðnum heimilt að ákveða að endurgreiða andvirði innstæðu í íslenskum krónum, að hluta til eða öllu leyti, óháð því hvort hún hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Viðmiðunargengi er sölugengi greiðsludags samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands.

Sjóðstjórn skal úrskurða um ágreining um greiðsluskyldu. Ákvörðun sjóðstjórnar má bera undir dómstóla.

13. gr.

Sérákvæði um útreikning.

Hámarksgreiðsla skv. 12. gr. miðast við innstæður innstæðueiganda hjá sömu innlánsstofnun óháð fjölda innlánsreikninga.

Nú er innstæða í sameign fleiri en eins innstæðueiganda og skal þá hlutdeild hvers um sig við útreikning á greiðslu skv. 12. gr. vera hin sama og hlutdeild þeirra í innstæðu á reikningnum. Liggi ekki fyrir upplýsingar um hlutdeild hvers aðila skal miða við jafna skiptingu.

14. gr.

Takmarkanir á tryggingavernd.

Eftirfarandi innstæður njóta ekki verndar samkvæmt lögum þessum:

1. innstæður í eigu fjármálafyrirtækja,
2. innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti,
3. innstæður fyrirtækis þar sem innlánsstofnun fer með virkan eignarhlut samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki,
4. innstæður ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja að meiri hluta í eigu opinberra aðila,
5. innstæður rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði,
6. innstæður annarra félaga í sömu samsteypu,
7. innstæður sem eru ekki skráðar á nafn.

Takmarkanir á tryggingavernd skv. 1. mgr. raska ekki rétthæð innstæðna í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við slitameðferð innlánsstofnunar skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

15. gr.
Frestir.

Hvíli greiðsluskylda á sjóðnum gagnvart innstæðueiganda eða vörsluaðila lífeyrissparnaðar skal sjóðurinn inna greiðslu af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tuttugu virkum dögum eftir að álit Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir, sbr. 7. gr., eða þann dag sem úrskurður var kveðinn upp um að bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar hafi verið tekið til slitameðferðar, sbr. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið getur við sérstakar aðstæður veitt sjóðnum allt að tíu daga frest til viðbótar.

Innan þess tímafrests sem tilgreindur er í 1. mgr. skal stjórn sjóðsins afla gagna sem eru nauðsynleg til að staðfesta réttmæti krafna. Sjóðurinn eða aðili sem er falin umsjón greiðslna skv. 4. gr. skal tilkynna innstæðueiganda skriflega um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu sjóðsins.

Sjóðurinn getur ekki með tilvísun til frests skv. 1. mgr. neitað að inna af hendi greiðslu til innstæðueiganda sem ekki gat tímanlega haft uppi kröfu á hendur sjóðnum. Frestur innstæðueiganda í slíkum tilvikum getur þó aldrei orðið lengri en sá frestur sem er veittur til að lýsa kröfu í bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar.

Liggi fyrir ákæra á hendur innstæðueiganda vegna gruns um peningaþvætti er heimilt að draga greiðslu skv. 1. mgr. uns dómur liggur fyrir.

16. gr.
B-deild.

Eignir og skuldbindingar innstæðudeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta samkvæmt lögum nr. 98/1999 við gildistöku laga þessara tilheyra sérstakri deild, B-deild.

IV. KAFLI
Verðbréfadeild.

17. gr.
Vernd fjárfesta.

Verðbréfadeild tryggir fjárfestum lágmarksvernd vegna glataðra verðbréfa og reiðufjár.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu greiða iðgjöld til verðbréfadeildar sjóðsins frá upphafi starfsemi sinnar. Þeim er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um viðskipti í tengslum við verðbréf samkvæmt þessari grein.

Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að sannreyna upplýsingar sem afhentar hafa verið samkvæmt grein þessari.

Sé ágreiningur um það hvað telst fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sker Fjármálaeftirlitið úr um þann ágreining.

18. gr.
Lágmarksstærð og iðgjöld.

Heildareign verðbréfadeildar skal nema að lágmarki 200 millj. kr. Lágmarkseign skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, grunnvísitölu janúar 2010.

Fast ársiðgjald fyrirtækis í verðbréfaþjónustu er 800.000 kr. ásamt breytilegu iðgjaldi samkvæmt öðrum eftirfarandi töluliða:

1. Vegna verðbréfaviðskipta á næstliðnu ári sem nema 10–100 milljörðum kr. skal greiða 200.000 kr.
2. Vegna verðbréfaviðskipta á næstliðnu ári sem nema meira en 100 milljörðum kr. skal viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu greiða 400.000 kr.

Auk iðgjalds skv. 2. mgr. er sjóðnum heimilt að innheimta viðbótariðgjald ef eign deildarinnar dugir ekki til að standa undir greiðslu úr sjóðnum þegar greiðsluskylda hans verður virk vegna þeirra atvika sem getur í 7. gr. Einnig er sjóðnum heimilt að innheimta viðbótariðgjald til að standa straum af kostnaði, afborgunum og greiðslum vaxta af lánum skv. 8. gr. Iðgjöld samkvæmt þessari málsgrein skulu þó hæst nema tvöföldu iðgjaldi skv. 2. mgr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skal veita sjóðnum allar upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að geta reiknað út iðgjald viðkomandi. Skulu upplýsingarnar veittar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert í því formi sem sjóðurinn ákveður.

Standi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ekki skil á upplýsingum sem því ber að veita samkvæmt grein þessari er sjóðnum heimilt að áætla iðgjald fyrirtækisins skv. 2. mgr. Slíkt iðgjald skal að lágmarki nema tvöföldu föstu iðgjaldi skv. 2. mgr. og er óheimilt að endurgreiða það þótt full skil verði gerð á öllum nauðsynlegum upplýsingum síðar.

Þegar eignir deildarinnar hafa náð tilskildu marki skv. 1. mgr. er stjórn sjóðsins heimilt að lækka iðgjöld skv. 2. mgr. eða fella þau niður. Skal stjórnin leita álits Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins áður en til þess kemur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu og lýtur eftirliti eftirlitsaðila þar til að tryggja sig gegn tjóni. Kaupi sjóðurinn vátryggingu skal þó í það minnsta fimmtungur af lágmarksstærð deildarinnar skv. 1. mgr. vera í verðbréfum eða reiðufé.

Gjalddagi iðgjalds skv. 2. mgr. er 1. mars ár hvert. Nýtt fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem hefur starfsemi á álagningarárinu skal greiða ársiðgjald skv. 2. mgr. um leið og starfsemi hefst.

Iðgjöld eru óendurkræf.

19. gr.
Vanskil á greiðslu iðgjalds.

Greiði fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ekki iðgjald til sjóðsins á gjalddaga samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins leggja álag á iðgjaldið sem nemur 100.000 kr. fyrir hvern dag. Hafi greiðsla iðgjalds og álags ekki verið innt af hendi eigi síðar en 10 dögum eftir gjalddaga skal slíkt tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar.

Sé fyrirtæki í verðbréfaþjónustu svipt starfsleyfi í heild eða að hluta raskast ekki hagsmunir þeirra sem nutu tryggingaverndar í samræmi við ákvæði þessa kafla.

20. gr.
Greiðslur úr verðbréfadeild.

Hámarksgreiðsla úr verðbréfadeild sjóðsins til hvers fjárfestis vegna tryggðra verðbréfa eða reiðufjár nemur jafnvirði 20.000 evra (EUR) og verður sjóðurinn ekki krafinn um frekari greiðslu.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða þrotabúi þess er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar um verðbréf og reiðufé í eigu fjárfesta sem njóta verndar skv. 17. gr. á þeim degi sem Fjár-

málaeftirlitið gefur út álit skv. 1. mgr. 7. gr. eða þegar úrskurður er kveðinn upp um töku bús fyrirtækis til slitameðferðar.

Áður en greiðsla skv. 1. mgr. er innt af hendi skal stjórn sjóðsins staðreyna að greiðsla á kröfunni hafi ekki fengist að hluta eða öllu leyti frá viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr sjóðnum.

Stjórn sjóðsins skal staðreyna að krafa fjárfestis sé réttmæt og skilyrði fyrir greiðslu séu fyrir hendi. Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann kröfu fjárfestis á hendur hlutaðeigandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða þrotabúi. Sé bú fyrirtækis í verðbréfaþjónustu í slitameðferð, sbr. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nýtur krafa sjóðsins rétthæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Krafa skal reiknuð miðað við eign fjárfestis þann dag sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 1. mgr. 7. gr. eða þann dag sem úrskurður er kveðinn upp um töku bús fyrirtækis í verðbréfaþjónustu til slitameðferðar, hvort sem fyrr verður.

Sjóðnum er heimilt við endurgreiðslu andvirðis kröfu vegna verðbréfs að inna greiðsluna af hendi í samræmi við skilmála þess verðbréfs sem er grundvöllur endurgreiðslu. Þá er sjóðnum heimilt að ákveða að endurgreiða andvirði verðbréfa eða reiðufjár í íslenskum krónum, óháð því hvort það hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Viðmiðunargengi er sölugengi greiðsludags samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands.

Sjóðstjórn skal úrskurða um ágreining um greiðsluskyldu. Ákvörðun sjóðstjórnar má bera undir dómstóla.

21. gr.

Sérákvæði um útreikning.

Hámarksgreiðsla skv. 20. gr. miðast við allar kröfur fjárfestis á hendur sama fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

Nú hafa fleiri menn fjárfest sameiginlega og skal þá hlutdeild hvers um sig gilda við útreikning á greiðslu skv. 20. gr. Liggi ekki fyrir upplýsingar um hlutdeild hvers fjárfestis skal miða við jafna skiptingu.

Sé unnt að staðreyna rétt manns til greiðslu úr sjóðnum innan þeirra tímamarka sem afmarkast af áliti Fjármálaeftirlitsins skv. 7. gr. eða úrskurði um töku bús fyrirtækis í verðbréfaþjónustu til slitameðferðar skal hann njóta greiðslunnar, að öðrum kosti gengur rétturinn til þess sem verulegar líkur eru á að eigi réttinn. Ef fleiri en einn eiga ótvíræðan rétt til verðbréfa eða reiðufjár skal hlutur hvers þeirra tekinn til greina við útreikning á greiðslu.

22. gr.

Undanþágur.

Undanskilin tryggingavernd samkvæmt þessum lögum eru:

1. verðbréf og reiðufé fjármálafyrirtækja,
2. verðbréf og reiðufé sem tengist málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti,
3. verðbréf og reiðufé fyrirtækis þar sem verðbréfafyrirtæki fer með virkan eignarhlut samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki,
4. verðbréf og reiðufé ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja að meiri hluta í eigu opinberra aðila,
5. verðbréf og reiðufé rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði,

6. verðbréf og reiðufé annarra félaga í sömu samsteypu.

23. gr.
Frestir.

Viðskiptavinir fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skulu senda sjóðnum kröfur sínar skriflega ásamt þeim gögnum sem sjóðurinn metur nauðsynleg. Sjóðurinn ákveður, í samráði við Fjármálaeftirlitið, lengd þess frests sem viðskiptavinir hafa til að gera kröfu á sjóðinn. Frestur inn má þó ekki vera styttri en fimm mánuðir.

Ef bú fyrirtækis í verðbréfaviðskiptum er tekið til slitameðferðar skulu viðskiptavinir þess lýsa kröfum í búið áður en þeir gera kröfu á sjóðinn skv. 1. mgr.

Innan þess tímafrests sem ákveðinn hefur verið skv. 1. mgr. skal stjórn sjóðsins afla gagna sem eru nauðsynleg til að staðfesta réttmæti krafna. Sjóðurinn eða aðili sem er falin umsjón greiðslna skv. 4. gr. skal tilkynna fjárfesti skriflega um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu sjóðsins.

Sjóðurinn getur ekki með tilvísun til þess frests sem ákveðinn hefur verið skv. 1. mgr. neitað að inna af hendi greiðslu til viðskiptamanns fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem ekki gat tímanlega haft uppi kröfu á hendur sjóðnum. Í slíkum tilvikum getur fresturinn þó aldrei orðið lengri en sá frestur sem veittur er til að lýsa kröfu í bú hlutaðeigandi fyrirtækis.

Greiðslur til viðskiptamanns fyrirtækis í verðbréfaþjónustu ber að inna af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að lögmæti og fjárhæð kröfu er staðfest. Fjármálaeftirlitið getur við sérstakar aðstæður veitt sjóðnum allt að þriggja mánaða frest til viðbótar.

Liggi fyrir ákæra á hendur fjárfesti vegna gruns um peningaþvætti er heimilt að draga greiðslu skv. 5. mgr. uns dómur liggur fyrir.

V. KAFLI
Erlend útibú.

24. gr.

Útibú innlánsstofnana eða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem starfa hér á landi en hafa staðfestu í ríki sem er ekki aðildarríki skulu greiða iðgjald til sjóðsins vegna innstæðna, verðbréfa og reiðufjár sem nýtur ekki tryggingar sambærilegs tryggingakerfis í heimaríkinu. Sjóðnum er heimilt að gera þeim að greiða viðbótariðgjald, allt að tvöföldu iðgjaldi skv. 2. mgr. 10. gr., eða setja tryggingar, sem sjóðurinn metur fullnægjandi, fyrir því að þau geti staðið við skuldbindingar sínar.

Fjármálaeftirlitið getur veitt innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem greiðir iðgjald og hefur staðfestu hér á landi undanþágu frá greiðslu iðgjalds til sjóðsins vegna útibús fyrirtækisins sem staðsett er utan aðildarríkis. Innstæður, verðbréf og reiðufé í því útibúi njóta ekki tryggingaverndar sjóðsins.

VI. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

25. gr.
Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög þessi og reglur sem byggjast á þeim. Um eftirlitið gilda að öðru leyti lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Sjóðurinn greiðir eftirlitsgjald samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.
Upplýsingagjöf til viðskiptamanna.

Innlánsstofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu á afgreiðslustöðum sínum og vefsíðum hafa til reiðu upplýsingar um innstæðutryggingar og lágmarksvernd fyrir fjárfesta. Upplýsingar skulu vera á tungumáli þess ríkis þar sem starfsstöð er og tiltaka m.a. fjárhæð tryggingar, hvaða eignir njóta eða eru undanskildar tryggingavernd og hvert viðskiptamaður getur snúið sér neiti fyrirtæki honum um greiðslu. Upplýsingar þessar skulu kynntar viðskiptamönnum sérstaklega við upphaf viðskipta.

Auglýsingar innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu um vernd sjóðsins skulu takmarkaðar við beina tilvísun til hlutaðeigandi deildar hans. Fjármálaeftirlitið getur sett nánari reglur um upplýsingaskyldu samkvæmt lögum þessum.

27. gr.
Fjárfestingarstefna.

Stjórn sjóðsins ákveður fjárfestingarstefnu hans og gerir grein fyrir henni á ársfundi. Ávöxtun á fé sjóðsins skal við það miðuð að sjóðurinn geti sem best sinnt hlutverki sínu.

28. gr.
Reglugerð.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem um tilhögun á greiðslum úr honum.

VIII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

29. gr.
Innleiðing.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á eftirfarandi tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins: 94/19/EB um innlánatryggingakerfi, 97/9/EB um bótakerfi fyrir fjárfesta og 2009/14/EB um breytingar á tilskipun um innlánatryggingakerfi.

30. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Eignir og skuldbindingar verðbréfadeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, samkvæmt lögum nr. 98/1999, tilheyra verðbréfadeild við gildistöku laga þessara.

31. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum:

a. Við 110. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:
Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssekt á innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem veitir ekki Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að leggja á iðgjald skv. 10. eða 18. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.
b. 2. mgr. 112. gr. b laganna orðast svo:
Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna. Hið sama á við ef innlánsstofnun, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða þrotabú slíkra fyrirtækja veita ekki Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta upplýsingar sem sjóðnum eru nauðsynlegar til að hann geti innt af hendi greiðsluskyldu sína skv. 12. og 20. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. skal fyrsti gjalddagi iðgjalds skv. 10. gr. vera síðasti virki dagur maímánaðar 2011, vegna ársfjórðungsins janúar – mars 2011.

II.

Tryggingarsjóður sparisjóðanna skal lagður niður eigi síðar en 31. desember 2010. Eignir Tryggingarsjóðs sparisjóðanna skulu renna til sparisjóðanna í sömu hlutföllum og nemur hlutdeild þeirra í heildarinnstæðum hjá sparisjóðum eins og hún kann að verða 31. desember 2010. Standa skal skil á greiðslu til þeirra eigi síðar en 31. mars 2011.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. laga þessara skulu lög nr. 98/1999 áfram gilda um B-deild sjóðsins vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laga þessara, að undanskildum 4.–8. gr., 14. gr., 16. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna, uns lokið er greiðslu skuldbindinga hennar vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laga þessara. Þá gilda ákvæði 2. mgr. 3. gr., 4. gr. og 5. gr. laga þessara um B-deild sjóðsins.

Ákvæði laga nr. 98/1999 um útgáfu og greiðslu ábyrgðaryfirlýsinga vegna ársins 2010 og fyrri ára halda gildi sínu óháð því hvort ábyrgðaryfirlýsingar hafa borist sjóðnum. Stjórn sjóðsins skal innheimta fjármuni sem nemur ábyrgðaryfirlýsingum aðildarfyrirtækja og skulu þau hafa staðið skil á greiðslu eigi síðar en 31. desember 2010. Um vanskil fer skv. 11. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt.

Frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta var lagt fram á Alþingi á haustþingi 2009 (þskj. 291, 255. mál). Frumvarpið tók nokkrum breytingum í meðförum þingsins og er nú lagt fram öðru sinni að teknu tilliti til þeirra breytinga sem urðu á því í meðförum þingsins.

Núgildandi lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, tóku gildi 1. janúar 2000. Markmið laganna er að veita innstæðueigendum í viðskiptabönkum og sparisjóðum og viðskiptavinum fyrirtækja sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti

með verðbréf lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis í samræmi við ákvæði laganna. Með lögunum voru innleiddar tvær tilskipanir Evrópusambandsins, annars vegar um tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 97/9/EB og hins vegar um innlánatryggingakerfi nr. 94/19/EB. Sú fyrrnefnda kveður á um samræmdar reglur um lágmarksvernd fyrir fjárfesta sem eiga kröfu á hendur fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir í tengslum við viðskipti með verðbréf gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis. Þeirri síðarnefndu er ætlað að tryggja innstæðueigendur, upp að vissu marki, gegn greiðsluerfiðleikum viðskiptabanka og sparisjóða. Tilskipanirnar voru liður í aðgerðum Evrópusambandsins til að mynda sameiginlegan markað fyrir banka- og verðbréfaþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Nánar fólust aðgerðirnar í því að koma á samræmdum reglum og eftirlitskerfi sem ætlað var að efla öryggi í fjármálaþjónustu, verjast kerfisáhættu, auka neytendavernd og stuðla jafnframt að skilvirkum og samkeppnishæfum markaði á þessu sviði.

Með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 98/1999 var lagt til að Tryggingarsjóður viðskiptabanka, innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða og nýtt tryggingakerfi fyrir fjárfesta rynni saman í einn sjóð, Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, sem í daglegu tali er nefndur tryggingarsjóður, tók til starfa við gildistöku laganna 1. janúar 2000. Samkvæmt lögunum er sjóðurinn sjálfseignarstofnun sem skipt er í tvær deildir; innstæðudeild og verðbréfadeild. Hvorug deildin ber ábyrgð á skuldbindingum hinnar. Viðskiptabankar, sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti og hafa staðfestu hér á landi skulu eiga aðild að sjóðnum. Sama gildir um útibú þessara aðila innan EES og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Heildareign innstæðudeildar sjóðsins skal nema a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári og heildareign verðbréfadeildar nema a.m.k. 100 millj. kr. Í lögunum er m.a. kveðið á um rekstur, fjármögnun, greiðsluskyldu og fjárhæð greiðslna úr sjóðnum. Þar kemur fram að dugi eignir sjóðsins ekki til fullrar tryggingar skuli krafa hvers tryggðs innstæðueiganda að 1,7 millj. kr. greidd að fullu en eftir það skuli greitt hlutfallslega inn á allar kröfur. Þessi fjárhæð er tengd við gengi evru eins og það var 5. janúar 1999 og telst vera 20.887 evrur.

Ólgan sem ríkt hefur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum undanfarin missiri hefur m.a. orðið til þess að Evrópusambandið hefur þegar endurskoðað regluverk sitt á þessu sviði en 11. mars 2009 tók gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi að því er varðar fjárhæðir innstæðutrygginga og greiðslufresti, 2009/14/EB. Um fyrrgreinda atriðið segir í aðfaraorðum tilskipunarinnar að það sé sýnt að sú fjárhæð sem tilskipun 94/19/EB tryggi, þ.e. 20.000 evrur, sé ófullnægjandi og með það að markmiði að viðhalda trausti innstæðueigenda og til að endurheimta stöðugleika á fjármálamörkuðum þurfi strax að hækka fjárhæðina í 50.000 evrur. Jafnframt er í tilskipuninni kveðið á um að fyrir árslok 2010 skuli tryggð heildarfjárhæð hvers innstæðueiganda miðast við 100.000 evrur. Sá fyrirvari er þó settur við síðastgreinda atriðið að framkvæmdastjórninni er ætlað, fyrir árslok 2009, að skila Evrópuþinginu og ráðinu mati sínu á áhrifum svo mikillar hækkunar tryggingarfjárhæðar. Verði það mat framkvæmdastjórnarinnar að þetta mikil hækkun sé óviðeigandi skal hún skila Evrópuþinginu og ráðinu tillögum til viðeigandi lausnar. Ekki var gerð tillaga um að víkja frá 100.000 evra markinu. Um síðargreinda atriðið, þ.e. um greiðslufrestina, segir að sá þriggja mánaða frestur sem tilskipun 94/19/EB heimilar til útgreiðslu úr tryggingakerfinu, hafi greiðsluskylda orðið virk, sé of langur og stríði bæði gegn hagsmunum innstæðueigenda og þörfinni á að viðhalda trausti þeirra á kerfinu. Breyt-

ingatilskipunin kveður því á um styttingu þessa frests niður í tuttugu daga, og í þeim tilvikum þegar greiðsluskylda verður virk vegna álits hlutaðeigandi yfirvalds um að fjármálafyrirtæki teljist ekki fært um að inna af hendi greiðslu, sem viðskiptavinur hefur krafið fyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda, skal umrætt álit liggja fyrir eigi síðar en fimm dögum síðar í stað tuttugu og eins dags líkt og tilskipun 94/19/EB áskilur.

Það lá ljóst fyrir í upphafi árs 2009 að væntanlegri tilskipun væri aðeins ætlað að taka á aðkallandi atriðum sem tengdust trúverðugleika innstæðutryggingakerfisins en að nauðsynlegt yrði að halda endurskoðunarvinnunni áfram. Í samræmi við það var settur upp vinnuhópur um endurskoðun innstæðutryggingakerfisins og tók Ísland þátt í starfi hópsins. Treglega gekk að ná samstöðu innan hópsins um tillögur til framkvæmdastjórnarinnar um fyrirkomulag innstæðutrygginga; svo treglega að framkvæmdastjórnin leysti í reynd hópinn upp sl. sumar og lagði fram sínar eigin tillögur. Til einföldunar má segja að meginatriði tillagna framkvæmdastjórnarinnar séu einföldun, samræming, enn styttri útgreiðslufrestir, auknar heimildir tryggingasjóða til upplýsingaöflunar hjá innlánsstofnunum og fjármögnun tryggingakerfisins.

Séu þessi atriði borin saman við frumvarp þetta má sjá að ákvæði þess falla almennt nokkuð vel að þeim breytingum sem framkvæmdastjórnin leggur til. Mikil vinna hefur verið lögð í skilgreiningar, einkum á hugtakinu „innstæðu“, afmörkun réttinda innstæðueigenda er skýrari, ákvæði um útgreiðslufresti og skuldajöfnun hafa verið endurskrifuð, staða tryggingarsjóðs og stjórnar hans gerð skýrari og síðast en ekki síst er lögð til grundvallarbreyting á fjármögnun tryggingakerfisins.

Á nokkrum sviðum gengur tillaga framkvæmdastjórnarinnar lengra en tillögur frumvarpsins en ekki er talin ástæða til þess að bregðast við því á þessu stigi. Bæði er að tillögur framkvæmdastjórnarinnar eiga eftir að fara í gegnum stofnanakerfi Evrópusambandsins áður en þær verða bindandi og eins er í tillögunum að finna ákvæði um innleiðingarfresti varðandi einstök atriði. Þannig gerir tillagan ráð fyrir eftirfarandi aðlögun eða aðgerðum:

- Almennur innleiðingarfrestur – 31.12.2012
- Einföldun og samræming (e. scope & eligibility) – 31.12.2012
- Útgreiðslufrestur ein vika – 31.12.2013
- Skýrsla um mögulegt samevrópskt tryggingakerfi – 31.12.2014
- Lágmarks fjárhagslegur styrkur tryggingakerfis – 31.12.2020
- Virkt gagnkvæmt lánakerfi á milli tryggingakerfa – 31.12.2020

Vert er að hafa í huga að þær tillögur sem er að finna í frumvarpinu gera ráð fyrir mun hraðari sjóðsmyndun tryggingakerfisins hér á landi en í Evrópusambandsríkjunum og mun hærri öryggisþröskuldi (e. funding level). Er enda ekkert virkt innstæðutryggingakerfi við lýði hér á landi að óbreyttu.

Þótt þess sjáist ekki skýr merki virðist liggja fyrir vilji til þess hjá framkvæmdastjórninni að samþætta aðgerðir við endurskoðun innstæðutryggingakerfisins væntanlegum breytingum á tryggingakerfi fyrir fjárfesta og tryggingakerfi fyrir rétthafa vátrygginga (e. insurance guarantee schemes). Sú vinna er hins vegar skammt á veg komin enda hefur verið viðvarandi andstaða við hugmyndir um vátryggingatryggingakerfi meðal nokkurra aðildarríkja sambandsins.

Ísland hefur ekki farið varhluta af þeirri ólgu sem undanfarið hefur ríkt á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Eftir hrun þriggja stærstu viðskiptabanka landsins haustið 2008 þykir sýnt að breyta þarf gildandi löggjöf um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta enda hafa gríðarlegar ábyrgðir fallið á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, einkum

vegna starfsemi erlendra útibúa Landsbankans í Bretlandi og Hollandi (Icesave-reikningarnir), en innan EES gildir það fyrirkomulag að útibú er að meginstefnu til undir eftirliti stjórnvalda í heimaríki ásamt því sem það fellur undir tryggingakerfi innstæðna í heimaríkinu. Ekki verður hér gerð frekari grein fyrir ábyrgðunum sem féllu á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta heldur vísast til athugasemda með frumvarpi til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. (þskj. 204, 136. mál 137. löggjafarþings). Sjá einkum 4. kafla athugasemdanna um bankahrunið.

Einkum af þessum ástæðum, þ.e. annars vegar vegna breytingar á regluverki Evrópusambandsins á sviðinu og hins vegar vegna þeirra ábyrgða sem fallið hafa á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta í kjölfar hruns bankanna, þykir nauðsynlegt að ráðast í heildarendurskoðun á lögunum.

Heppilegra þykir að fara þá leið að setja ný heildarlög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, fremur en að gera breytingar á núgildandi lögum, ekki síst þar sem til viðbótar við efnislegar breytingar er framsetning nokkuð breytt frá gildandi lögum. Verði frumvarpið að lögum mun það því koma í stað gildandi laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum, og er jafnframt gert ráð fyrir setningu nýrrar reglugerðar í stað reglugerðar sem sett hefur verið með heimild í lögunum.

Tekið skal fram að áðurnefnd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/14/EB, sem líkt og fyrr segir breytir tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi að því er varðar fjárhæðir innstæðutrygginga og greiðslufresti, hefur enn ekki verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Ástæðan er sú að Noregur hefur verið í viðræðum við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um heimild til þess að viðhalda hærri tryggingu fyrir innstæðueigendur en 100.000 evrur. Hafa viðræður þær ekki skilað árangri (nóvember 2010). Þrátt fyrir það er ljóst að þegar sú ákvörðun liggur fyrir mun Íslandi bera að innleiða umrædda tilskipun og þykir því eðlilegt að frumvarp þetta taki því jafnframt mið af þeim breytingum sem kveðið er á um í tilskipuninni. Almennur innleiðingarfrestur vegna tilskipunar 2009/14/EB rennur út um næstu áramót.

2. Uppbygging frumvarpsins og helstu breytingar frá gildandi lögum.

2.1. Uppbygging frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í átta kafla og eru almenn ákvæði í I. kafla. Þar er farin sú leið að skýra merkingu tiltekinna orða sem tíðum koma fyrir í frumvarpinu. Í II. kafla er einkum að finna greinar sem varða stofnun, skipulag og starfsemi Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, sem í frumvarpinu er nefndur sjóðurinn. Í III. kafla frumvarpsins eru greinar sem varða vernd innstæðueigenda en í IV. kafla greinar sem varða vernd fjárfesta. Þessi aðgreining þykir til þess fallin að vera til einföldunar enda byggist tryggingavernd innstæðueigenda annars vegar og tryggingavernd fjárfesta hins vegar ekki á einni og sömu tilskipun Evrópusambandsins. Nánar er í III. kafla frumvarpsins gert ráð fyrir tveimur innstæðudeildum, A-deild og B-deild. B-deildinni er þó, verði frumvarpið að lögum, ætlað að starfa samkvæmt gildandi lögum nr. 98/1998, að undanskildum nánar tilteknum ákvæðum. Verði frumvarpið að lögum skal B-deild lögð niður þegar greiðslu skuldbindinga hennar er lokið vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laganna, sbr. bráðabirgðaákvæði III í frumvarpinu.

A-deildinni er hins vegar ætlað að vera hin nýja innstæðudeild er taki til starfa 1. janúar 2011, verði frumvarpið að lögum. Frá þeim tíma skulu innlánsstofnanir greiða iðgjald til A-deildar, frá því að þau hefja starfsemi skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Til viðbótar við ákvæði um A-deild og B-deild er í III. kafla frumvarpsins m.a. að finna greinar sem varða iðgjald til innstæðudeildar (A-deildar) og forsendur fyrir útreikningi þess, greiðslufyrirkomulag, vanskil og fresti, ásamt því sem upp eru taldar þær innstæður sem frumvarpið leggur til að ekki njóti verndar. Í IV. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir sérstakri verðbréfadeild er tryggi fjárfestum lágmarksvernd vegna glataðra verðbréfa og reiðufjár en sem fyrr segir byggist vernd fjárfesta á sérstakri tilskipun Evrópusambandsins. Í IV. kafla er kveðið á um að heildareign verðbréfadeildar sjóðsins skuli nema að lágmarki 200 millj. kr. sem taki breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs 1. janúar 2011, þ.e. frá gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum. Þá er í kaflanum m.a. að finna ákvæði er varða iðgjald til verðbréfadeildar, greiðslufyrirkomulag, vanskil og fresti, ásamt því sem upp er talið hvaða verðbréf það eru og reiðufé sem ekki njóti verndar samkvæmt tillögu frumvarpsins. Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um erlend útibú en í VI. kafla um eftirlit. Í VII. kafla frumvarpsins er síðan að finna ýmis ákvæði, m.a. heimild ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins. Loks er í VIII. kafla frumvarpsins að finna ákvæði um gildistöku og innleiðingu en aftan við kaflann eru ákvæði til bráðabirgða.

2.2. Helstu breytingar frá gildandi lögum.

Framsetning frumvarpsins er nokkuð ólík gildandi lögum. Þannig er í frumvarpinu, með skiptingu í kafla, greint milli verndar sem varðar innstæðueigendur annars vegar og verndar sem varðar fjárfesta hins vegar. Líkt og þegar hefur komið fram er frumvarpið m.a. samið vegna breytinga sem gerðar hafa verið á regluverki Evrópusambandsins.

Lögð er til stofnun nýrrar innstæðudeildar, A-deildar, sem taki við iðgjaldi frá innlánsstofnunum frá 1. janúar 2011, verði frumvarpið að lögum. Er gert ráð fyrir að heildarfjárhæð tryggðra greiðslna hvers einstaks innstæðueiganda úr A-deild skuli nema heildarfjárhæð tryggðra innstæðna hans í hlutaðeigandi innlánsstofnun, þó aldrei hærri fjárhæð en nemur jafnvirði 100.000 evrum og að sjóðurinn verði ekki krafinn um frekari greiðslu. Þannig er í frumvarpinu lögð til talsverð hækkun lágmarkstryggingaverndar innstæðueigenda frá því sem kveðið er á um í núgildandi lögum, en samkvæmt gildandi lögum er lágmarkstryggingaverndin rúmar 20.000 evrur en ekkert hámark er hins vegar á verndinni. Þannig er í frumvarpinu í raun fallið frá því að kveða á um lágmarkstryggingu og í staðinn kveðið á um hámarkstryggingu.

Samkvæmt núgildandi lögum er iðgjald til tryggingarsjóðs greitt eftir á vegna nýliðins árs. Fundin er staða tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum annars vegar við upphaf árs og hins vegar í lok árs en síðan tekið meðaltal. Heildareign innstæðudeildar sjóðsins skal að lágmarki nema 1% af meðaltalinu. Þetta fyrirkomulag felur í sér þann ókost að þegar mikil aukning verður á innstæðum, á skömmum tíma, hefur ekkert iðgjald verið greitt af aukningunni fyrr en löngu síðar. Þannig má segja að áhættan sé tryggð án þess þó að iðgjald hafi verið greitt. Ekki síst vegna þessa er í frumvarpinu gerð tillaga um verulega breytt fyrirkomulag hvað varðar innheimtu iðgjalds og að innlánsstofnanir greiði viðbótariðgjald vegna tiltekinna áhættuþátta. Lagt er til að iðgjald greiðist ársfjórðungslega og að það miðist við bókfærða stöðu tryggðra innstæðna í lok næstliðins ársfjórðungs fyrir gjalddaga. Þá skuli innlánsstofnanir, eftir atvikum, greiða viðbótariðgjald, annars vegar markaðshlutdeildartengt og hins vegar samkvæmt áhættustuðli. Með tillögu um breytingar í þessa veru er markmiðið

það að iðgjöld til sjóðsins endurspegli sem best þá áhættu sem til staðar er hverju sinni. Þá er, sem fyrr segir, í frumvarpinu gerð tillaga um hækkun tryggingarfjárhæðar og breytt greiðslufyrirkomulagi við útgreiðslu úr sjóðnum, komi til greiðsluskyldu, þ.m.t. um verulega styttingu fresta miðað við núgildandi lög. Tilskipun 2009/14/EB kveður á um styttingu útgreiðslufrests niður í tuttugu daga og að í þeim tilvikum þegar greiðsluskylda verður virk vegna álits hlutaðeigandi yfirvalds um að fjármálafyrirtæki teljist ekki fært um að inna af hendi greiðslu, sem viðskiptavinur hefur krafið fyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda, skuli umrætt álit liggja fyrir eigi síðar en fimm dögum síðar, í stað tuttugu og eins dags líkt og tilskipun 94/19/EB áskilur. Frumvarpið tekur mið af þessum breytingum á regluverki Evrópusambandsins að því er varðar styttingu fresta en gildandi lög eru til samræmis við eldri reglur sambandsins að þessu leyti.

Lagt er til að nýttar verði heimildir tilskipunar 94/19/EB til að undanskilja tryggingavernd tiltekinna innstæðueigenda umfram það sem er í gildandi lögum. Því er í frumvarpinu tiltekið að ákveðnar innstæður njóti ekki verndar. Sama á við um heimildir tilskipunar 97/9/EB til að takmarka tryggingavernd fjárfesta vegna tiltekinna verðbréfa og reiðufjár, þ.e. gerð er tillaga um að heimildir þessar verði að nokkru leyti nýttar.

Sérstaka grein er að finna í frumvarpinu um svokallaða B-deild en þrátt fyrir ákvæði 30. gr. laga þessara skulu lög nr. 98/1999 áfram gilda um þá deild vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laga þessara, að undanskildum 4.–8. gr., 14. gr., 16. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna, uns lokið er greiðslu skuldbindinga hennar vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laganna. Þá gilda ákvæði 2. mgr. 3. gr,. 4. gr. og 5. gr. laganna um B-deild sjóðsins, sbr. bráðabirgðaákvæði III í þessu frumvarpi.

Samkvæmt frumvarpinu er stjórn sjóðsins heimilt, beri brýna nauðsyn til, að taka lán dugi eignir sjóðsins ekki til að standa undir lágmarksskuldbindingum hans. Þrátt fyrir að óheimilt sé að gera aðför í eignum sjóðsins gerir frumvarpið ráð fyrir því að það sé þó heimilt í eignum þeirrar deildar sjóðsins sem tekið hefur lán, komi til vanskila. Rétt er að nefna að gerð er tillaga um að sérstaklega verði tekið fram í sjálfum lagatextanum að sjóðurinn njóti ekki ríkisábyrgðar. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að heildareign verðbréfadeildar sjóðsins skuli að lágmarki nema 200 millj. kr. og taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs 1. janúar 2011 en samkvæmt núgildandi lögum skal heildareignin nema 100 millj. kr. Jafnframt er lögð til hækkun iðgjalds og að greitt verði sérstakt viðbótariðgjald sem tengt verði verðbréfaviðskiptum næstliðins árs, stighækkandi eftir umfangi viðskiptanna. Aflagt er það fyrirkomulag að hvert aðildarfyrirtæki leggi fram ábyrgðaryfirlýsingu, nái heildareign verðbréfadeildar ekki tilskildu lágmarki, sbr. 7. gr. núgildandi laga. Líkt og fyrr greinir er í frumvarpinu lagt til að heimildir tilskipunar 97/9/EB til að takmarka tryggingavernd fjárfesta vegna tiltekinna verðbréfa og reiðufjár verði að nokkru leyti nýttar.

Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir nokkuð auknum samskiptum, frá því sem nú er, milli tryggingarsjóðs, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka Íslands og þeirra fyrirtækja sem skylt er að greiða iðgjöld til sjóðsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er sett fram það markmið laganna að veita innstæðueigendum og fjárfestum vernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi innlánsstofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Innlánsstofnun og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eru, ásamt öðrum orðum og hugtökum, skilgreind nánar í 2. gr. Til að unnt sé að veita þá vernd sem tilgreind er í 1. mgr. er mikil-

vægt að kveðið sé á um skyldu innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu til að greiða iðgjald til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, sem veitir lágmarksvernd samkvæmt lögunum, sbr. 2. mgr. greinarinnar.

Um 2. gr.

Við fall bankanna haustið 2008 vöknuðu ýmsar spurningar varðandi gildissvið núgildandi laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999. Einkum vörðuðu þær það álitaefni hversu langt verndin næði samkvæmt lögunum, þ.e. hvaða tegundir innstæðna væru raunverulega tryggðar samkvæmt þeim. Í frumvarpi þessu þykir því nauðsynlegt að skera úr um þetta álitaefni með eins skýrum hætti og frekast er unnt. Því eru hugtökin innstæða, verðbréf, reiðufé, peningamarkaðsinnlán, heildsöluinnlán og safnreikningar m.a. skýrð í greininni. Jafnframt er í greininni að finna skýringu á innlánsstofnun, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, aðildarríki, vörsluaðila lífeyrissparnaðar og innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar.

Í 1. tölul. er hugtakið innlánsstofnun skýrt sem viðskiptabanki eða sparisjóður sem stundar starfsemi skv. a-lið 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og hlotið hefur starfsleyfi hér á landi. Samkvæmt þeim lögum er annars vegar um að ræða móttöku endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi, innlán og skuldaviðurkenningar, og hins vegar veitingu útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.

Þrátt fyrir að í flestum tilvikum þyki ljóst hvað við er átt þegar rætt er um innstæðu eða innlán er hugtakið innstæða skýrt í 2. tölul. greinarinnar, enda bjóða fjármálafyrirtækin upp á fjölda ólíkra ávöxtunarleiða þannig að oft er það svo að þeir sem nýta sér þjónustu fyrirtækjanna geta vart gert sér grein fyrir því hvort viðkomandi tegund innlánsreiknings njóti tryggingaverndar eða ekki samkvæmt lögum um innstæðutryggingar. Í þessu sambandi þarf jafnframt að líta til þess í hve miklum mæli og á hvaða hátt fjármálafyrirtækin hafa kynnt viðskiptavinum sínum þá tryggingavernd sem tryggingarsjóður veitir. Hugtakið innstæða er ekki skýrt í gildandi lögum um innstæðutryggingar en í reglugerð nr. 120/2000, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem sett er með heimild í umræddum lögum, er hugtakið skýrt sem innstæða „sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum“. Tilvísun í reglugerðinni um að innstæða nái til „millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi“ samræmist skilgreiningu tilskipunar 94/19/EB um innlánatryggingakerfi. Með millifærslu er átt við þá aðstöðu þegar fjármunir eru í svokölluðu „transit“, þ.e. á því tímabili þegar fjármunir eru færðir á milli reikninga. Rétt er að vekja athygli á að hugtaksskýringuna er að finna í tilskipun sem var sett árið 1994. Síðan þá hefur orðið tæknileg bylting í bankakerfum, netbankar eru komnir til sögunnar og nú orðið millifærast fjármunir nánast samtímis á milli reikninga en á þeim tíma sem tilskipunin var samin gátu slíkar millifærslur jafnvel tekið nokkra daga. Almennt er viðurkennt það megineinkenni innstæðna að banki móttekur peninga frá viðskiptavini í því skyni að endurlána þá eða nýta þá til fjárfestingar. Frá móttöku hefur bankinn því full umráð fjármunanna. Annað einkenni innstæðna er að innlánsstofnun er skylt að greiða viðskiptavini innstæðuna að hluta eða að öllu leyti, að kröfu viðskiptamanns, t.d. í formi ávísunar, útborgunar í peningum eða samkvæmt millifærslubeiðni. Segja má að framangreind atriði greini innstæðu frá lánveitingu en í slíkum tilvikum er bæði gjalddagi yfirleitt fyrir fram ákveðinn og greiðslustaður hjá viðkomandi kröfuhafa (lánastofnun). Í skilgreiningu á hugtakinu innstæðu þykir sérstök ástæða til þess að vísa sérstaklega til verðbóta til að taka

af vafa um að ákvæðið taki einnig til verðtryggðra reikninga og að uppsafnaðar verðbætur séu hluti innstæðu.

Hafa þarf í huga að „hefðbundin bankastarfsemi“ hefur tekið verulegum breytingum á síðustu áratugum. Fjármálafyrirtæki bjóða nú upp á margvíslega þjónustu. Ýmsar ávöxtunarleiðir í formi innlánsreikninga eru í boði með mismunandi binditíma og skilyrðum, lánafyrirgreiðslur af ýmsum toga, greiðslu- og kreditkortaþjónusta, auk þess sem flest fjármálafyrirtæki eru jafnframt vörslufyrirtæki rekstrarfélaga verðbréfasjóða eða verðbréfafyrirtæki, sem í því sambandi bjóða upp á ýmsa möguleika í verðbréfaviðskiptum og fjárfestingum í gegnum sjóði. Af framangreindu má því ráða að eðli „hefðbundinnar bankastarfsemi“ hefur tekið miklum breytingum og fyrir hinn almenna neytanda getur af þessum sökum verið afar erfitt að átta sig á því til hvaða hluta „hefðbundinnar bankastarfsemi“ innstæðutryggingakerfið nær og til hvaða hluta ekki. Í sumum löndum, t.d. í Danmörku, hefur verið farin sú leið að telja upp þær tegundir reikninga sem njóta tryggingaverndar viðkomandi tryggingarsjóðs. Hér er hins vegar farin sú leið að skilgreina innstæðu tiltölulega rúmt, þ.e. sem innstæðu vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi. Í því felst að tryggingaverndin nær til allra sparireikninga sem innlánsstofnanir bjóða upp á, allt frá óbundnum, óverðtryggðum reikningum til bundinna, verðtryggða reikninga, t.d. til hlaupareikninga og sparireikninga. Þó er sérstaklega tekið fram að lántökur innlánsstofnana, eiginfjárreikningar, peningamarkaðsinnlán, heildsöluinnlán og safnreikningar, aðrir en reikningar innlánsleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar, teljast ekki til innstæðna.

Skuldabréf, víxlar eða aðrar kröfur sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa geta aldrei talist til innstæðna en í þessu sambandi þykir rétt að vekja athygli á því að nokkur mismunur er á íslenskri þýðingu tilskipunar 94/19/EB og frumtexta tilskipunarinnar að þessu leyti. Þannig segir í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar um þetta atriði að innlán teljist einnig vera „kröfur útgefnar af lánastofnun í formi verðbréfa“ en í frumtexta tilskipunarinnar er orðalagið svohljóðandi „...and any debt evidenced by a certificate issued by a credit institution“. Sýnt þykir að með orðalaginu „debt certificate“ sé hér átt við viðurkenningu innlánsstofnunar á að skulda viðskiptamanni tiltekna innstæðu með útgáfu bankabókar (by issuing a debt certificate) en ekki sé með þessu orðalagi verið að vísa til krafna útgefinna af lánastofnun í formi verðbréfa, sbr. íslenska þýðingu. Samkvæmt hefðbundinni skýringu gengur frumtexti gerða Evrópusambandsins framar þýddum textum.

Í tengslum við skýringar á hugtakinu innstæða í 2. tölul. þykir rétt að leggja línurnar vegna frjáls og einstaklingsbundins lífeyrissparnaðar, þ.e. hvort slíkur sparnaður njóti verndar tryggingarsjóðs eða ekki. Ýmis fjármálafyrirtæki, svo sem bankar og sparisjóðir auk lífeyrissjóða, hafa boðið upp á slíkan sparnað. Í daglegu tali hefur sparnaður þessi verið nefndur séreignarsparnaður eða viðbótarlífeyrissparnaður. Heimild til að bjóða upp á frjálsan og einstaklingsbundinn lífeyrissparnað byggist á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og getur sparnaðurinn ýmist verið í vörslu lífeyrissjóða, banka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja eða líftryggingafélaga. Launamenn á aldrinum 16–70 ára geta gert sérstakan samning um lífeyrissparnað við bankastofnun, verðbréfafyrirtæki, líftryggingafélag eða lífeyrissjóð vegna iðgjalda til séreignar eða viðbótartryggingaverndar. Lífeyrissparnaður getur hvort heldur sem er farið inn á bundinn reikning eða til kaupa á sérstakri sparnaðartryggingu. Banki getur þannig, svo dæmi sé tekið, boðið upp á bundinn innlánsreikning og verðbréfafyrirtæki stofnað verðbréfasjóð vegna slíks sparnaðar.

Á bak við reikning sem er skráður á nafn lífeyrissjóðs eru félagar sjóðsins sem geta eðli máls samkvæmt ekki verið skráðir fyrir reikningunum persónulega. Í frumvarpinu er lagt til

að sjóðurinn tryggi innstæður á safnreikningum vegna séreignarsparnaðar hvort sem vörsluaðili er lífeyrissjóður eða fjármálafyrirtæki. Hið sama á við safnreikninga sem bankar og önnur fjármálafyrirtæki starfrækja til að halda utan um séreignarsparnað í eigu viðskiptamanna.

Í 3. tölul. er hugtakið fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skilgreint þannig að um sé að ræða fjármálafyrirtæki sem hlotið hefur starfsleyfi til að stunda starfsemi á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/ 2002. Ekki þykir þörf á að skýra hugtakið hér frekar heldur vísast nánar til umræddra laga.

Í 4. tölul. er hugtakið verðbréf skýrt í samræmi við skilgreiningu í lögum um verðbréfaviðskipti, þ.e. að um sé að ræða verðbréf sem eru í vörslu eða umsýslu fjármálafyrirtækis og því ber að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti fyrirtækisins og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum. Samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti er með verðbréfum átt við þau framseljanlegu verðbréf sem hægt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði, að undanskildum greiðsluskjölum, svo sem: i) hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélögum eða öðrum lögaðilum og heimildarskírteini fyrir hlut, ii) skuldabréf eða skuld á verðbréfaformi, þ.m.t. heimildarskírteini vegna slíkra verðbréfa og/eða iii) önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja verðbréf eða leiða til uppgjörs í reiðufé sem ræðst af verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum eða ávöxtunarkröfum, hrávörum eða öðrum vísitölum eða mælikvörðum, sbr. a-lið 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Vernd tryggingakerfisins felst í því að verðbréf, hlutdeildarskírteini og reiðufé sé tiltækt eigendum þeirra ef á reynir. Þannig er með verðbréfum vísað til þess að átt sé við verðbréf sem eru í vörslu, umsjón eða umsýslu aðildarfyrirtækis og því beri að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti aðildarfyrirtækis og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum. Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt að halda fjármunum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins og eru því litlar líkur á að viðskiptavinir þess tapi fjármunum komist fyrirtækið í þrot. Líkt og með séreignarsparnað sem ávaxtaður er í sjóðum bankastarfsemi þar sem verðmæti ræðst af undirliggjandi eignum nýtur markaðsverðmæti verðbréfasjóða ekki heldur verndar tryggingarsjóðs enda ræðst markaðsverðmæti verðbréfasjóða einnig af verði undirliggjandi eigna.

Í 5. tölul. þykir rétt að vísa til laga um verðbréfaviðskipti varðandi skýringu á því hvað teljist verðbréfaviðskipti. Í 18. gr. frumvarpsins er lagt til að verðbréfaviðskipti næstliðins árs verði álagningargrunnur vegna greiðslu iðgjalds. Þar sem vafamál getur verið um hvers konar viðskipti er að ræða þykir rétt að taka fram að átt er við verðbréfaviðskipti eins og þeim er lýst í 1. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007.

Í 6. tölul. er hugtakið reiðufé skýrt. Þar kemur fram að með reiðufé sé átt við fé í eigu fjárfestis, í evrum eða gjaldmiðli annarra aðildarríkja, og það skilyrði gert að féð sé í vörslu fyrirtækis í verðbréfaþjónustu í tengslum við fjárfestingarstarfsemi.

Í 7. tölul. er hugtakið aðildarríki skýrt sem ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.

Í 8. tölul. er hugtakið vörsluaðili lífeyrissparnaðar skilgreint sem aðili skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem hefur heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla sömu laga. Ekki þykir þörf á að skýra hugtakið hér frekar heldur vísast nánar til umræddra laga.

Í 9. tölul. er hugtakið innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar skýrt sem fjárfestingarleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar sem eingöngu hefur heimildir til að ávaxta fé sitt á innlánsreikningi samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni. Hér er átt við frjálsan einstaklingbundinn lífeyris-

sparnað sem í daglegu tali er nefndur séreignarsparnaður eða viðbótarlífeyrissparnaður. Hann byggist á ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Getur slíkur sparnaður verið í vörslu lífeyrissjóða, banka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja eða líftryggingafélaga. Lífeyrissparnaður getur farið inn á bundinn reikning eða til kaupa á sparnaðartryggingu.

Í 10. tölul. er hugtakið peningamarkaðsinnlán (e. fixed deposits) skilgreint sem fjárfestingarkostur fjármálafyrirtækis sem býður viðskiptavini hærri vexti en bjóðast með almennum sparifjárreikningum og er bundinn skilyrðum, t.d. varðandi lengd binditíma, lágmarksfjárhæð og úttekt eða innlausn. Í seinni tíð hefur hugtakið öðlast nokkurn sess í fjármálastarfsemi. Átt er við samning sem felur í sér að ákveðnar fjárhæðir eru lagðar inn á bankareikning í fyrir fram ákveðinn tíma. Sama upphæð er síðan endurgreidd í einu lagi að viðbættum fyrir fram ákveðnum vöxtum og gjalddaga. Þrátt fyrir að hugtakið beri keim af því að geta verið innstæða (sbr. binditími og vextir), þá þykir rétt að geta þess hér að í skilningi þessa frumvarps er litið svo á að með peningamarkaðsinnláni sé átt við lánveitingu fjárfestis til viðkomandi fjármálafyrirtækis, enda hafa slík samningsform verið kynnt sem skammtímafjárfesting eða skammtímaávöxtun. Þar af leiðandi teljast slíkir samningar ekki til innstæðna og eru þeir því ekki varðir af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Hér skulu jafnframt til skýringar höfð í huga þau sjónarmið um neytendavernd sem finna má í tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi og þær heimildir sem tilskipunin heimilar til að undanskilja tilteknar innstæður frá tryggingavernd. Þannig er samkvæmt tilskipuninni heimilt að undanskilja stærri fjárfesta, stofnanir og fyrirtæki frá tryggingavernd en ætla má að þeir sem nýta sér slíka ávöxtunarmöguleika, sem peningamarkaðsinnlán eru, séu fyrst og fremst þeir sem reglulega stunda fjárfestingarstarfsemi, stærri aðilar og fyrirtæki en ekki einstaklingar sem fyrst og fremst er ætlað að vernda með hugmyndafræðinni að baki tilskipuninni um innstæðutryggingar.

Því hefur verið haldið fram í þessu samhengi að með því að undanskilja peningamarkaðsinnlán tryggingavernd sé staðfest að neyðarlögin nr. 125/2008 hafi verið framkvæmd rangt þegar peningamarkaðsinnlán annarra en fjármálafyrirtækja voru flutt yfir í nýju bankana sem innstæður. Því er til að svara að frumvarpið mun ekki hafa afturvirk áhrif að þessu leyti og engin afstaða er tekin til fortíðarinnar þótt í frumvarpinu sé tekið af skarið um tryggingavernd innstæðna framtíðarinnar. Einnig má benda á að við flutning innlána yfir í nýju bankana var ekki í öllum tilfellum litið á peningamarkaðsinnlán sem innstæður. Einnig hefur verið bent á að þessi aðgreining í frumvarpstextanum muni leiða til að peningamarkaðsinnlán teljist ekki til forgangskrafna og standi því aftar en innlán í kröfuröð við gjaldþrot banka. Það mundi leiða til þess að helstu notendur umræddrar fjármálaafurðar, svo sem lífeyrissjóðir og stórir fjárfestar, mundu frekar horfa til annarra fjárfestingarkosta, t.d. innlánsreikninga, sem ekki væru eins hentugir fyrir þá. Rétt er að vekja aftur athygli á tilgangi frumvarpsins og innstæðutrygginga almennt séð, þ.e. að vernda sparifé almennings en ekki stofnanafjárfesta. Peningamarkaðsinnlán standa almennum sparifjáreiganda hreinlega ekki til boða þar sem ákveðin skilyrði eru um lágmark slíkrar fjárfestingar og verður því þegar af þeirri ástæðu að hafna því að rétt sé að veita peningamarkaðsinnlánum tryggingavernd samkvæmt löggjöf um innstæðutryggingakerfi.

Í 11. tölul. er hugtakið heildsöluinnlán skýrt sem innlán fjármálafyrirtækja, félagasamtaka og stofnana þar sem miðlari á peningamarkaði semur um kjör og tímalengd viðkomandi innlána. Slík innlán standa almennum sparifjáreigendum almennt ekki til boða og skilmálar þeirra eru ekki staðlaðir heldur er samið um þá í hverju tilviki fyrir sig. Heildsöluinnlán eru

að stærstum hluta til innlán fjármálafyrirtækja, félagasamtaka og stofnana. Í heildsöluinnlánum felst að banki metur í fyrstu þörf sína fyrir fjármagn með tilliti til þeirra aðstæðna sem ríkja á markaði á hverjum tíma. Þegar þörfin hefur verið metin er jafnan leitað til miðlara á peningamarkaði með tilboð um kjör og tímalengd innlánanna. Miðlarar gera þá gjarnan gagntilboð. Heildsöluinnlán hafa því ekki fasta skilmála sem hugsanlegur innstæðueigandi gengur að, heldur semja aðilarnir um þau kjör sem heildsöluinnlánið á að bera.

Í 12. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu safnreikningar. Þar segir að safnreikningur sé eigin reikningur fjármálafyrirtækis þar sem fjármálagerningar eða hlutdeild viðskiptavinar er skráð. Inneign á safnreikningum telst ekki til innstæðu nema annað leiði af lögum þessum, verði frumvarpið að lögum, þar sem ekki er um að ræða sérgreindan reikning í eigu innstæðueiganda, sbr. þó safnreikninga innlánsleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta fari með tryggingar samkvæmt lögunum. Þótt sjóðurinn sé rekinn sem sjálfseignarstofnun er tekið fram að lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999, gildi ekki um sjóðinn. Samræmist þetta fyrirkomulag 4. gr. þeirra laga þar sem fram kemur að lögin taki m.a. ekki til sjálfseignarstofnana sem starfa á grundvelli sérlaga. Í þessu sambandi þykir rétt að benda á að hér á landi eru ekki til sérlög um sjóði, önnur en lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, en skv. 1. gr. laganna eru m.a. þeir sjóðir sem stofnað er til með sérstökum lögum undanskildir gildissviði laganna. Lögin taka því ekki heldur til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Sjóðurinn lýtur því þeim sjónarmiðum og lagavenjum sem myndast hafa um rekstur sjóða almennt, auk ákvæða þessa frumvarps og laga um fjármálafyrirtæki eftir því sem við á og þar sem til þeirra er vísað. Litið er svo á í félagarétti að einkenni sjálfseignarstofnana séu m.a. þau að ábyrgð á skuldbindingum sjálfseignarstofnunar helst hjá henni sjálfri, fjármunir sem greiddir hafa verið til sjálfseignarstofnunar eru óendurkræfir, stjórn skal vera óháð stofnendum og samþykktir vera grundvöllur starfseminnar. Þá er með sjálfseignarstofnun ekki átt við samtök fleiri aðila og því eiga félagsmenn ekki að hafa áhrif á starfsemina. Þegar litið er á starfsemi tryggingarsjóðs hingað til er ljóst að gætt hefur verið að nokkrum þessara sjónarmiða. Stjórn sjóðsins hefur að hluta til verið skipuð fulltrúum stofnenda sjóðsins, þ.e. aðilum frá bönkum og sparisjóðum. Þannig hafa fulltrúar aðildarfyrirtækjanna í raun, með setu- og atkvæðisrétti á fundum sjóðsins, getað haft áhrif á starfsemi hans. Samkvæmt fræðilegri, danskri umfjöllun er nánast ómögulegt að gera greinarmun á sjálfseignarstofnun og sjóði og virðist sem svo sé einnig hér á landi. Þrátt fyrir að með frumvarpi þessu séu lagðar til ýmsar breytingar frá gildandi lögum er sem fyrr segir áfram gert ráð fyrir óbreyttu rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins, þ.e. að hann verði rekinn sem sjálfseignarstofnun. Fyrirkomulag þetta samræmist því sem þekkist í Danmörku, Noregi og Svíþjóð þar sem sambærilegir sjóðir eru reknir sem sjálfseignarstofnanir.

Í 1. mgr. greinarinnar kemur einnig fram að sjóðurinn nýtur ekki ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum í skilningi laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir. Skv. 1. gr. þeirra laga er ríkissjóði ekki heimilt að takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum. Það þyrfti því alltaf að koma til atbeina löggjafarvaldsins ef ætlunin væri sú að veita Tryggingarsjóði innstæðueigenda einhvers konar ríkisábyrgð.

Sjóðurinn er sérstakur á margan hátt og er tekið fram að hann er undanþeginn ýmsum almennum reglum sem þykir réttlætanlegt í ljósi þess mikilvæga hlutverks í almannaþágu sem

honum er ætlað að gegna. Þannig er sjóðurinn t.d. undanþeginn ákvæðum upplýsingalaga og stjórnsýslulaga og líkt og kveðið er á um í gildandi lögum kemur fram í 2. mgr. að sjóðurinn sé undanþeginn skattskyldu. Hann greiði því hvorki skatt af eignum sínum né tekjum, fjármagnstekjuskatt eða aðra sambærilega skatta sem til gætu komið. Af ákvæðinu leiðir að sjóðurinn er hins vegar ekki undanþeginn því að greiða þá skatta eða aðrar álögur sem tengjast launagreiðslum hans, eða virðisaukaskatti, ef vara eða þjónusta sem hann kaupir er virðisaukaskattsskyld. Í síðari málslið málsgreinarinnar kemur fram að hann verði hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né sé heimilt að gera aðför í eignum hans.

Það nýmæli er þó að finna í 3. mgr. að þrátt fyrir að óheimilt sé að gera aðför í eignum sjóðsins er það þó heimilt í eignum þeirrar deildar sjóðsins sem tekið hefur lán skv. 8. gr., komi til vanskila í samræmi við lög um aðför. Telja verður að slíkt ákvæði sé eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt enda byðust sjóðnum að öðrum kosti varla neinir möguleikar á láni. Eðlileg krafa lánveitenda er að þeir hafi möguleika á að ganga eftir efndum lánssamninga.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skipun í stjórn sjóðsins þar sem gerð er tillaga um nokkuð breytt fyrirkomulag frá gildandi lögum. Lagt er til að fækka stjórnarmönnum úr sex í þrjá sem allir skulu skipaðir af efnahags- og viðskiptaráðherra sem einnig ákveður þóknun stjórnar. Skal einn stjórnarmaður skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður, einn stjórnarmaður skal tilnefndur af Seðlabanka Íslands og einn tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Framangreint fyrirkomulag við skipun stjórnarmanna þykir vel til þess fallið að tryggja óháða og vel starfhæfa stjórn sem starfi með hagsmuni sjóðsins og þeirra sem honum ber að veita tryggingavernd í fyrirrúmi. Væri meiri hluti stjórnarmanna skipaður af ráðherra án tilnefningar er hætta á að ásýnd sjóðsins væri sú að mikil og náin tengsl væru á milli ríkisins og stjórnar tryggingarsjóðs. Slíkt gæti dregið úr vægi sjóðsins sem sjálfstæðrar og óháðrar stofnunar.

Með því að gefa samstarfsnefnd háskólastigsins kost á því að tilnefna einn stjórnarmann er leitast við að tryggja að fræðilegum sjónarmiðum og um leið hagsmunum hins almenna sparifjáreiganda sé haldið á lofti enda er megintilgangurinn með innstæðutryggingakerfi að tryggja hagsmuni sparifjáreigenda.

Í 2. mgr. er áskilið að stjórnarmenn skuli uppfylla skilyrði laga um fjármálafyrirtæki bæði að því er varðar óhæði og hæfi. Skv. 4. mgr. eru sömu kröfur gerðar til framkvæmdastjóra sjóðsins eða framkvæmdastjóra lögaðila, eigi það við, en líkt og fram kemur í 3. mgr. er sjóðnum hvort heldur sem er heimilt að ráða framkvæmdastjóra við sjóðinn eða semja við lögaðila um rekstur og vörslu hans. Auk þess er stjórn sjóðsins heimilt að semja við þriðja aðila um umsjón greiðslna úr sjóðnum. Rétt þykir að taka fram að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, eigi hvorki við um stjórn né starfsmenn sjóðsins en skv. 3. gr. frumvarpsins er stofnunin sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt lögum þessum. Þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld setji sjóðinn á fót með lögum, einkum vegna skuldbindinga sinna samkvæmt EES-samningnum, þá er með því ekki sett á laggirnar ríkisstofnun enda leggur íslenska ríkið sjóðnum ekki til neina fjármuni. Nær væri að líta svo á að þeir sem hafa skyldu til greiðslu iðgjalds í sjóðsins séu hinir eiginlegu stofnendur hans.

Loks er í 5. mgr. kveðið á um þagnarskyldu stjórnarmanna og starfsmanna sjóðsins og að hún sé í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki. Í síðari málslið 5. mgr. er tekið fram að starfsmenn lögaðila sem stjórn sjóðsins kunni að semja við um ákveðna þætti í rekstri sjóðs-

ins, sbr. heimild í greininni, séu jafnframt bundnir sambærilegri þagnarskyldu. Þannig felur orðalag ákvæðisins í sér að þagnarskylda á við, jafnt þótt ekki sé um að ræða stjórn eða starfsmenn sjóðsins.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um ársfund sem halda skal fyrir lok mars ár hvert. Ekki er um að ræða hefðbundinn aðalfund, t.d. samkvæmt hlutafélagalögum. Þar skulu reikningar sjóðsins lagðir fram til kynningar ásamt því sem gera skal grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins og helstu atriðum í starfsemi hans á liðnu ári. Rétt er að geta þess að reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Samkvæmt 2. mgr. skal fundurinn auglýstur opinberlega. Rétt til fundarsetu eiga fulltrúar þeirra sem greiða iðgjöld til sjóðsins ásamt fulltrúum hagsmunasamtaka þeirra, fulltrúum hagsmunasamtaka viðskiptamanna þeirra og fulltrúum opinberra aðila.

Um 6. gr.

Í greininni er nánar kveðið á um starfsemi sjóðsins. Hann starfar í þremur sjálfstæðum deildum sem hafa aðskilinn fjárhag og reikningshald og bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hver annarrar. Þó skal rekstrarkostnaður greiðast sameiginlega af iðgjöldum þeirra. Um er að ræða verðbréfadeild og tvær innstæðudeildir, A-deild og B-deild. Gert er ráð fyrir að A-deild starfi frá og með 1. janúar 2011 og samkvæmt því hefjast greiðslur til hennar á því ári. B-deild verður starfrækt samkvæmt gildandi lögum, nr. 98/1999, að undanskildum nánar tilteknum ákvæðum. Verði frumvarpið að lögum skal B-deild lögð niður þegar greiðslu skuldbindinga hennar er lokið vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laganna, sbr. bráðabirgðaákvæði III í frumvarpinu. Um starfsemi og tilurð A- og B-deildar vísast að öðru leyti til skýringa í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Í 2. mgr. er tekið fram að sjóðurinn beri ábyrgð á þeim skuldbindingum sem stofnast gagnvart sjóðnum en fyrirtækin sem greiða iðgjald bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram það sem segir í lögunum. Rétt er hins vegar að benda á að samkvæmt ákvæðum 10. gr. er sjóðnum heimilt að krefjast viðbótariðgjalds við nánar tilteknar aðstæður og er einnig gert ráð fyrir heimild tryggingarsjóðs til þess að taka lán til að standa undir lögbundnum skuldbindingum sínum ef brýna nauðsyn beri til.

Tekið er fram í 3. mgr. að rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af eignum hans í samræmi við hlutfall hverrar deildar í heildarkostnaði. Slíku fyrirkomulagi er ætlað að tryggja að hver deild standi undir þeim kostnaði sem stafar af henni og þannig muni t.d. ekki koma til þess að A-deild þurfi að bera kostnað af rekstri B-deildar. Þetta fyrirkomulag kemur einnig fram í 1. mgr. greinarinnar þar sem mælt er fyrir um að deildir sjóðsins hafi aðskilinn fjárhag og reikningshald og beri ekki ábyrgð á skuldbindingum hver annarrar. Þetta er í samræmi við það fyrirkomulag sem hefur verið við lýði samkvæmt gildandi lögum. Rétt þykir þó að kveða sérstaklega á um þetta atriði í lagatextanum.

Að lokum segir í 4. mgr. að Fjármálaeftirlitið haldi og uppfæri reglulega skrá yfir þau fjármálafyrirtæki sem eiga aðild að sjóðnum og greiða til hans iðgjöld. Rétt þykir að taka fram að skráin skuli birt almenningi á vefsíðu tryggingarsjóðs og Fjármálaeftirlitsins.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um greiðsluskyldu tryggingarsjóðs sem verður virk að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, annars vegar vegna álits Fjármálaeftirlitsins um að innlánsstofnun eða

fyrirtæki í verðbréfaþjónustu teljist ekki fært að inna af hendi greiðslu sem viðskiptavinur hefur krafið fyrirtækið um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála sem gilda og hins vegar vegna úrskurðar héraðsdóms um að innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hafi verið tekið til slitameðferðar skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Skal umrætt álit Fjármálaeftirlitsins liggja fyrir svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að það fær staðfestingu á því að fyrirtæki hafi ekki verið fært um endurgreiðslu að kröfu viðskiptavinar eins og lýst er í 1. mgr. greinarinnar. Frestur Fjármálaeftirlitsins er nokkuð rýmri þegar um er að ræða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða allt að þrjár vikur en ekki hefur farið fram sambærileg endurskoðun á tilskipun um bótakerfi fyrir fjárfesta og lokið er á tilskipun um innstæðutryggingar.

Einnig er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið eða Seðlabanki Íslands skuli tilkynna tryggingarsjóði ef grunur leikur á að innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eigi við að etja slík vandamál að gæti leitt til greiðsluskyldu sjóðsins. Nauðsynlegt er að sjóðurinn fái sem fyrst upplýsingar um greiðsluvanda fyrirtækis því að það getur gefið ákveðnar vísbendingar um styrk og stöðu kerfisins og gæti gert sjóðnum kleift að hafa betri „viðbragðsáætlanir“. Með því að gerðar séu auknar kröfur til sjóðsins til útgreiðslu með styttingu fresta er eðlilegt að veita honum allar upplýsingar sem máli geta skipt eins fljótt og kostur er. Þannig eru meiri líkur en minni á að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart innstæðueigendum. Ákvæðið er í samræmi við tilskipun um innstæðutryggingar með þeim breytingum sem gerðar voru á henni með tilskipun 2009/14/EB og tilskipun um bótakerfi fyrir fjárfesta og samsvarar 9. gr. gildandi laga um innstæðutryggingar.

Um 8. gr.

Um lánveitingar og heimild tryggingarsjóðs til þeirra er fjallað í 8. gr. frumvarpsins. Ljóst er að þegar fjármunir sjóðsins duga ekki til þess að standa undir skuldbindingum sjóðsins þarf að grípa til ráðstafana sem tryggja innstæðueigendum þá lágmarkstryggingu sem sjóðnum er skylt að veita samkvæmt lögunum. Ekki er gerð sérstök tillaga um að lántökur tryggingarsjóðs njóti ríkisábyrgðar eða að ríkissjóði sé skylt að veita sjóðnum lán ef fjármunir hans standa ekki undir greiðslu innstæðutryggingar. Lagt er til að stjórn sjóðsins sé heimilt að taka lán og er lagt til að lánveitingar til sjóðsins geti verið með tvenns konar hætti. Annars vegar að sjóðurinn geti fengið lán úr annarri sjóðsdeild fyrir allt að 50% af kröfu sem gerð er á hana, þó aldrei hærri upphæð en 100 millj. kr. Það gefur augaleið að þar sem miðað er við að lágmarkseign verðbréfadeildar skuli vera 200 millj. kr. væri ekki eðlilegt ef deildinni væri heimilt að lána meira en helming eignar sinnar til annarrar deildar. Þetta úrræði gæti verið sem lausn á ákveðnum skammtímavanda og ljóst að slíkt lán getur í raun aðeins haft þýðingu ef krafa á sjóðinn er af þeirri stærðargráðu að hann ráði við hana.

Hins vegar er í 2. mgr. mælt fyrir um heimild sjóðsins til þess að taka lán dugi eignir hans ekki til að standa undir lágmarksskuldbindingum sínum. Ljóst er þó að slík lánveiting skal vera skilyrðum háð og aðeins þegar brýna nauðsyn ber til, t.d. í þeim tilvikum að fyrirsjáanlegt er að kröfur á sjóðinn séu svo háar að honum er ókleift að standa við lágmarksskuldbindingar sínar. Sjóðnum er ætlað að tryggja innstæðueigendum og fjárfestum lágmarksvernd með innheimtu iðgjalda. Það er ljóst að ríkisábyrgð er ekki sjálfkrafa til staðar heldur þarf að skoða aðstæður á hverjum tíma og kanna hvort og þá hvernig megi bregðast við þeim vanda sem upp er kominn til þess að takmarka það fjárhagslega tap sem innstæðueigendur og fjárfestar hafa orðið fyrir. Það getur t.d. gerst á þann veg að krafist verði tímabundið hærri iðgjalda og er heimild þess efnis að finna í 10. gr. og 18. gr. Mikilvægt er því að stjórnendum

fjármálafyrirtækja sé ljóst að vernd innstæðueigenda er í takt við hugmyndafræðina um innstæðutryggingakerfi og þar af leiðandi er nauðsynlegt að haga rekstri fyrirtækja í samræmi við þá áhættu og fjárfestingar sem um er að ræða.

Reikna má með að lántaka tryggingarsjóðs verði erfiðleikum bundin án bakábyrgðar ríkissjóðs eða aðkomu hans með öðrum hætti. Það er sjálfstætt úrlausnarefni, og í reynd óháð lögum um innstæðutryggingar, hvort til þess komi að ríkissjóður veiti sjóðnum lán eða ábyrgð, komi til þess að sjóðurinn geti ekki staðið undir skuldbindingum sínum án slíks úrræðis. Í 3. gr. er sérstaklega tiltekið að sjóðurinn njóti ekki ríkisábyrgðar í skilningi laga um ríkisábyrgðir.

Um 9. gr.

Greinin er nýmæli og varðar viðhald og innra öryggi tryggingakerfisins og byggist á tilskipun um innstæðutryggingar. Kveðið er á um að sjóðurinn skuli reglulega láta yfirfara innri verkferla og tölvukerfi þannig að hann geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögunum. Í því felst að tryggja að verkferlar og tækjabúnaður sé með þeim hætti að framkvæmanlegt væri að annast tilkynningar og útgreiðslur innan þeirra fresta sem lögbundnir eru. Í þeim tilgangi er eðlilegt að gera ráð fyrir því að sjóðurinn haldi árlega æfingu með þátttöku Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands til þess að tryggja hnökralausa framkvæmd fari svo að greiðsluskylda hans verði virk. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að kveða nánar á um fyrirkomulag slíkrar gæðaprófunar. Þó er ljóst að í þessu ákvæði felst skylda sjóðsins fyrst og fremst í því að tryggja að til sé áætlun sem unnt er að grípa til verði greiðsluskylda sjóðsins virk þannig að sjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu. Ábyrgð sjóðsins að þessu leyti getur þó aldrei náð lengra en að þeim þáttum sem sjóðnum ber að tryggja í þessu sambandi og nær því ekki til þess að tryggja að þeir sem hafa iðgjaldsskyldu hafi sína verkferla, tækjabúnað og tölvukerfi í lagi.

Tekið er fram í 2. mgr. að séu einstök verkefni falin öðrum, t.d. ef ákveðnu fyrirtæki væri falið að sjá um útgreiðslur, þá skuli stjórn sjóðsins ganga úr skugga um að viðkomandi uppfylli framangreind skilyrði.

Um 10. gr.

Gerð er tillaga um gjörbreytingu á fjármögnun innstæðutryggingakerfisins. Samkvæmt gildandi lögum skulu fjármálafyrirtæki greiða til sjóðsins fjárhæð sem nemur 0,15% af innstæðum í viðkomandi fyrirtæki eins og þær voru að meðaltali árið áður. Eins og fjallað er um í almennum athugasemdum við frumvarpið leiddi þetta greiðslufyrirkomulag til þess að hætta var á að töluvert væri um tryggðar innstæður sem ekkert hafði verið greitt vegna inn í sjóðinn.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um verulega hækkun almenns iðgjalds í innstæðudeild tryggingarsjóðs, auk þess sem innlánsstofnunum verður gert að greiða breytilegt iðgjald eftir hlutdeild þeirra í tryggðum heildarinnstæðum og viðbótariðgjald sem reiknast út frá áhættustuðli hverrar innlánsstofnunar.

Í 2. mgr. er lagt til að almennt iðgjald skuli nema á ársgrundvelli sem svari 1% allra innstæðna sem njóta tryggingaverndar hjá viðkomandi innlánsstofnun en í gildandi lögum er hlutfallið 0,15% af tryggðum innstæðum. Um verulega hækkun iðgjalds er því að ræða. Álagningargrunnur almenna iðgjaldsins er því heildarfjárhæð allra innstæðna, eins og þær eru skilgreindar í 2. gr., að frádregnum þeim sem njóta ekki tryggingaverndar sjóðsins skv. 14. gr. frumvarpsins. Hið almenna iðgjald skv. 2. mgr. greiðist aðeins af þeim innstæðum

sem njóta verndar tryggingarkerfisins samkvæmt frumvarpinu. Til áréttingar er því ítrekað að ekki er gert ráð fyrir að greitt sé iðgjald af þeim innstæðum sem eru undanskildar tryggingavernd skv. 14. gr. frumvarpsins

Rökin á bak við breytilega iðgjaldið skv. 3. mgr. eru þau að því stærri hluti innstæðna sem eru í einni innlánsstofnun, þeim mun meiri er samþjöppun áhættu fyrir sjóðinn, og því veikari sem fjárhagsstaða viðkomandi innlánsstofnunar er, þeim mun meiri hætta er á því að viðkomandi innlánsstofnun fái ekki staðið undir skuldbindingum sínum. Hinum breytilegu þáttum iðgjaldsins er því ætlað að tryggja að iðgjald sé tengt hinni tryggðu áhættu í hverju einstök tilviki.

Auk almenns og breytilegs iðgjalds skv. 2. og 3. mgr. skulu innlánsstofnanir greiða breytilegt iðgjald í samræmi við áhættustuðul skv. 4. mgr. sem gefinn skal hverri einstakri innlánsstofnun þar sem vægi eiginfjáruppbyggingar og eiginfjárstyrks skal nema 35% af stuðlinum, vægi fjármögnunar- og rekstrarþátta 45% og vægi áhættudreifingar 20%. Fjármálaeftirlitið reiknar út áhættustuðul hverrar innlánsstofnunar og tilkynnir sjóðnum um breytingar á áhættustuðli þegar slíkar breytingar eru gerðar. Áhættustuðull skal lægst hafa gildið 0 en hæst gildið 1 og skal iðgjald skv. 2. mgr. margfaldað með stuðli viðkomandi innlánsstofnunar.

Rétt er að árétta að hin áhættuvegnu iðgjöld skv. 3. og 4. mgr. eru lögð á fjármálafyrirtæki óháð því hvort innstæður í viðkomandi innlánsstofnun séu undanþegnar vernd skv. 14. gr. Ástæða þessa er sú að áhætta tryggingakerfisins eykst með aukinni markaðshlutdeild og hærri áhættustuðli og því ekki óeðlilegt að leggja viðbótariðgjöld á þær innlánsstofnanir sem uppfylla skilyrði 3. og 4. mgr.

Til þess að unnt sé að innheimta ársfjórðungslegt iðgjald er í 8. mgr. gert ráð fyrir að innlánsstofnanir skuli hafa staðið skil á öllum nauðsynlegum upplýsingum eigi síðar en 30 dögum eftir lok hvers ársfjórðungs Hefur sjóðurinn síðan nokkra daga upp á að hlaupa til þess að láta fara fram útreikning á iðgjaldi hverrar innlánsstofnunar og skal hann tilkynna um álagninguna eigi síðar en sjö dögum fyrir gjalddaga. Stofnunin hefur svo tíma til mánaðamóta að standa skil á greiðslu iðgjaldsins.

Í 9. mgr. er fjallað um hvernig staðið skuli að álagningu iðgjalds þegar innlánsstofnun lætur undir höfuð leggjast að senda sjóðnum þær upplýsingar sem álagning skal byggjast á. Rétt er að vekja athygli á að frumvarpið gerir ráð fyrir að áætlað iðgjald verði ekki endurgreitt síðar jafnvel þótt álagning reynist of há.

Þá er í 10. mgr. að finna tillögu þess efnis að þegar heildareignir A-deildar sjóðsins hafa náð vissri öryggisstærð, sem lagt er til að nemi 4% af tryggðum heildarinnstæðum, sé stjórn sjóðsins heimilt að lækka iðgjöld, enda séu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands ekki andvíg slíkri lækkun.

Lagt er til í 11. mgr. að sjóðnum sé heimilt að taka við iðgjaldagreiðslum í þeirri mynt sem innstæða sem nýtur tryggingar er í. Í raun er aðeins um að ræða áréttingu á þeim skilningi sem lagður hefur verið í orðalag greinarinnar en það leiðir í raun af sjálfu sér að iðgjald skuli greitt í þeirri mynt sem innstæða er í. Þessi breyting tengist jafnframt orðalagi 12. gr. þar sem fram kemur að sjóðnum sé heimilt að endurgreiða andvirði innstæðu í íslenskum krónum.

Um 11. gr.

Í greininni eru lögð til verulega hert ákvæði um afleiðingar þess ef iðgjald er ekki greitt á gjalddaga. Eins og gert er ráð fyrir í 10. gr. eru gjalddagar iðgjalds fjórir á ári, þ.e. síðasti virki dagur febrúar, maí, ágúst og nóvember ár hvert.

Til þess að takmarka þá áhættu að safnast geti upp innstæður sem sjóðurinn tryggir án þess að greitt hafi verið iðgjald vegna þeirra er lagt til að í mjög skamman tíma, þ.e. aðeins fimm daga, geti innlánsstofnun dregið að greiða iðgjald og greiði þá jafnframt þungt álag. Hafi það innan þessa tímaramma enn ekki staðið skil á greiðslunni skal stjórn sjóðsins tilkynna Fjármálaeftirlitinu um vanskilin. Í 10. gr. a laga um fjármálafyrirtæki er Fjármálaeftirlitinu heimilað að takmarka tímabundið starfsemi fjármálafyrirtækja að hluta til eða öllu leyti. Það yrði, verði þetta frumvarp að lögum, ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hvort vanskil á iðgjaldi til sjóðsins séu tilefni starfsleyfissviptingar.

Í annan stað er gert ráð fyrir að settar verði hömlur á ráðstöfun fjármuna sem viðkomandi vanskilastofnun á, eða kann að eiga, á reikningi í Seðlabanka Íslands, þannig að innlán sem myndast hafa frá gjalddaga skuli fryst þar til full skil hafa verið gerð.

Um 12. gr.

Ákvæðið kveður á um hámarksfjárhæð bóta en greiðsla vegna tjóns innstæðueiganda getur að hámarki numið jafnvirði 100.000 evrum (EUR). Skilyrði fyrir greiðslu er að krafa hafi verið sannprófuð og viðurkennd. Í því felst sú krafa að fjármálafyrirtæki veiti tryggingarsjóði allar upplýsingar sem sjóðurinn telur nauðsynlegar til að meta rétt hvers innstæðueiganda og vörsluaðila. Jafnframt felur það í sér skyldu til að halda sérstaklega utan um innstæður sem eru undanskildar tryggingu sérstaklega eða birta þær aðskildar í uppgjörskerfum. Við greiðslu tryggingarfjárhæðar yfirtekur tryggingarsjóður kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi þrotabúi eða innlánsstofnun og nýtur krafan forgangs við gjaldþrotaskipti. Innstæðueigandi getur ekki krafið sjóðinn um frekari greiðslu, þótt hann hafi ekki fengið tjón sitt bætt að fullu, en hann getur hins vegar gert kröfu um það sem eftir stendur í þrotabúið. Reikna skal kröfu miðað við eign viðskiptamanns þann dag sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit um að innlánsstofnun teljist ekki fær um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu sem hann hefur krafið fyrirtækið um eða þann dag sem úrskurður er kveðinn upp um töku bús til slitameðferðar. Tekið er fram að miða skuli við þann dag sem fyrr kemur upp. Fram kemur í 1. mgr. að rétthafi í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar telst innstæðueigandi samkvæmt greininni. Þykir sanngjarnt að þeir sem hafa safnað séreignarlífeyrissparnaði samkvæmt lögum þar um og eiga hlutdeild í safnreikningum hjá innlánsstofnun sem eingöngu fjárfestir lífeyrissparnað í bundnum innlánum njóti verndar tryggingarsjóðs á sama hátt og þeir viðskiptavinir sem safnað hafa séreignarsparnaði á sambærilegan reikning á eigin nafni. Með tillögu frumvarpsins er tekinn af allur vafi um að form reikningsins eigi ekki að ráða úrslitum um tryggingavernd viðkomandi innstæðueiganda, svo framarlega sem í báðum tilvikum sé um að ræða söfnun á bundinn innlánsreikning samkvæmt fjárfestingarstefnu vörsluaðila.

Í 2. mgr. kemur fram að hlutaðeigandi innlánsstofnun eða þrotabúi þess er skylt að afhenda allar þær upplýsingar sem sjóðurinn telur nauðsynlegar til að meta rétt hvers innstæðueiganda og vörsluaðila, á þeim degi sem álit Fjármálaeftirlitsins er gefið út eða úrskurður um töku bús til slitameðferðar er kveðinn upp.

Í 3. mgr. segir að þegar innstæðueigandi er rétthafi í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar þá skiptist greiðsla tryggingarfjárhæðar á milli vörsluaðila og hans í sama hlutfalli og

hlutur hans í reikningi vörsluaðila af heildarinnstæðum hans hjá viðkomandi innlánsstofnun nemur. Vörsluaðili ráðstafar fénu samkvæmt skilagrein sjóðsins og greiðir til rétthafa í samræmi við skilmála samnings þeirra á milli.

Áréttað er í 4. mgr. að hafi viðskiptavinur af einhverjum ástæðum fengið eitthvað greitt upp í kröfur sínar frá viðkomandi innlánsstofnun skuli þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr sjóðnum. Þetta felur í sér að fjármálafyrirtæki þarf að hafa til reiðu upplýsingar um slík tilvik.

Tekið er fram í 7. mgr. að sjóðnum er heimilt að ákveða að endurgreiða andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár í íslenskum krónum óháð hvort það hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði tilskipunar um innstæðutryggingar.

Í 8. mgr. er mælt fyrir um að stjórn tryggingarsjóðs skuli úrskurða um ágreining um greiðsluskyldu og gæti þarna komið til greina hvers kyns ágreiningur um hvort innstæða sé undanþegin tryggingu, sbr. 14. gr., eða ágreiningur um upphæð kröfu samkvæmt þessari grein. Ákvörðunina má bera undir dómstóla. Falli ákvörðun stjórnar viðskiptavini í hag yrði honum greidd tryggingin þegar ákvörðun liggur fyrir.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um það hvernig fara skuli með réttindi innstæðueigenda ef innlánsreikningur er sameiginlegur. Þegar svo háttar til skal hlutur, þ.e. hlutfall hvers um sig, gilda við útreikning á greiðslu. Ef innstæða er sameiginleg án þess að vera hlutfallsskipt á milli aðila skal hver um sig eiga jafnan rétt. Litið er svo á að tryggingavernd sjóðsins nái til eignar hvers einstaklings í hverri innlánsstofnun, þ.e. ef sami maður á þrjá innlánsreikninga í A-banka nýtur hann tryggingaverndar vegna þeirra og eigi hann svo tvo innlánsreikninga í B-banka nýtur hann einnig fullrar tryggingaverndar vegna þeirra. Skýra má ákvæðið á þann veg að tryggingaverndin nái til einnar kennitölu hjá hverju fjármálafyrirtæki. Hámarkstryggingavernd getur hins vegar aldrei farið upp fyrir að jafnvirði 100.000 evra vegna innstæðna í hverri innlánsstofnun, óháð fjölda reikninga.

Um 14. gr.

Þrátt fyrir að tilskipun 94/19/EB heimili að töluverður fjöldi innstæðna sé undanþeginn því að njóta verndar tryggingakerfisins eru í gildandi lögum eingöngu innstæður þeirra fjármálafyrirtækja sem greiða til sjóðsins undanskildar, ásamt innstæðum nánar tilgreindra tengdra fyrirtækja og innstæður sem aflað hefur verið með peningaþvætti.

Í greininni er lagt til að fjölgað verði umtalsvert þeim innstæðum sem ekki njóti verndar. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að ekki er gert ráð fyrir að innstæður opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra, njóti verndar. Meðal fyrirtækja sem þannig lenda utan innstæðutryggingakerfisins eru Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Ríkisútvarpið. Af því leiðir að ekki er greitt almennt iðgjald skv. 2. mgr. 10. gr. vegna þessara innstæðna eða annarra sem ekki eru tryggðar.

Vert er að nefna að samkvæmt frumvarpinu eru innstæður sem ekki eru skráðar á nafn undanþegnar því að njóta verndar tryggingakerfisins. Í lögum um fjármálafyrirtæki er í 113. gr. gerð krafa um nafnskráningu reikningar. Þau lög eru frá árinu 2002 en ekki er hægt að útiloka að til séu á innlánsreikningum innstæður, t.d. frá því áður en kennitölur voru teknar upp, sem ekki eru skráðar á nafn. Þrátt fyrir kröfur um áreiðanleikakönnun viðskiptamanna í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti er rétt að vekja athygli á því að þau lög tóku gildi 2006.

Þær innstæður sem tilskipunin gerir ráð fyrir að megi undanskilja, en ekki er gerð tillaga um í frumvarpinu, eru innstæður vátryggingafélaga, innstæður lífeyris- og eftirlaunasjóða, innstæður þeirra sem hafa notið óeðlilegrar fyrirgreiðslu í formi vaxta eða annars fjárhagslegs ávinnings, innstæður í öðrum gjaldmiðli en gjaldmiðlum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og innstæður félaga sem eru af þeirri stærð að þeim er óheimilt að semja styttan ársreikning. Einnig er samkvæmt tilskipuninni heimilt að undanskilja innstæður framkvæmdastjóra og annarra lykilstjórnenda innlánsstofnunar og innstæðueigenda með svipaða stöðu í öðrum félögum í sömu samsteypu. Hið sama á við um innstæður maka, sambúðarmaka og ófjárráða barna og þriðja aðila sem kemur fram fyrir hönd slíkra lykilstjórnenda eða innstæðueigenda með svipaða stöðu í öðrum félögum í sömu samsteypu.

Tekið er fram að takmarkanir á tryggingavernd samkvæmt greininni raska ekki rétthæð innstæðna í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við slitameðferð innlánsstofnunar skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Um 15. gr.

Í frumvarpinu eru allir frestir styttir og er það í samræmi við þá áherslu sem lögð hefur verið á að innstæðueigendur fái tryggingarfjárhæð sína greidda sem fyrst og byggjast þessar breytingar á ákvæðum tilskipunar 2009/14/EB. Verði greiðsluskylda sjóðsins virk skal hann vera fær um að greiða innstæðueiganda þá upphæð sem hann á rétt á eigi síðar en 20 dögum eftir að álit Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir eða þegar úrskurður er kveðinn upp um töku bús til slitameðferðar. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framlengja þennan frest um 10 daga. Frestir þessir fela í sér að kröfur séu réttilega fram komnar ásamt nauðsynlegum gögnum. Þetta þýðir að almennur kröfulýsingarfrestur innstæðueiganda er í raun aðeins 20 dagar en það er mun styttri frestur til þess að lýsa kröfum en almennur kröfulýsingarfrestur. Því verður að ganga út frá því að öll gögn séu í raun það aðgengileg að í framkvæmd muni innstæðueigandi ekki þurfa að lýsa kröfu sinni með formlegum hætti. Ákvæði 3. mgr. er þó ætlað að koma í veg fyrir að nokkur krafa geti fallið á milli, með því að mæla fyrir um að tryggingarsjóði sé ekki heimilt að hafna kröfu um greiðslu úr sjóðnum með vísan til þess að frestir skv. 1. mgr. séu útrunnir. Þetta þýðir í framkvæmd að ef aðstæður hafa verið þær að tryggingarsjóður hefur greitt út innan frests en af einhverjum ástæðum hafi krafa fallið niður, þá sé mögulegt fyrir viðkomandi innstæðueiganda að lýsa kröfu á sjóðinn innan tveggja mánaða. Sjóðnum er heimilt að framlengja þennan frest þannig að hann geti að hámarki orðið jafnlangur og sá frestur sem veittur er til að lýsa kröfu í bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar.

Um 16. gr.

A-deild mun taka við þeim réttindum og skyldum sem núverandi innstæðudeild ber að öðru leyti en varðar uppgjör greiðslna og skuldbindinga sem fallið hafa á sjóðinn, m.a. vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. Eldri deildin (B-deild) mun starfa áfram með það fyrir augum að sinna þjónustu og greiðslum vegna umræddra skuldbindinga og starfa sem slík þangað til uppgjör vegna þeirra hefur farið fram. Einu eignir deildanna eru þau iðgjöld sem til þeirra hafa runnið en hins vegar eru aðrar rekstrarlegar eignir í eigu sjóðsins en ekki einstakra deilda.

Um 17. gr.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um þá vernd sem fjárfestar njóta samkvæmt lögunum. Verðbréfadeild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hefur starfað í rúman áratug

eða frá setningu gildandi laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta árið 1999. Frá því að lögin voru sett hafa umsvif með verðbréf aukist mjög og verðlag almennt hækkað. Verðbréfadeildin tryggir að verðbréf, hlutdeildarskírteini eða reiðufé sé tiltækt fyrir eigendur þeirra ef á reynir. Þannig tryggir verðbréfadeild glötuð verðbréf, hlutdeildarskírteini eða peninga. Það er því fyrst og fremst verið að tryggja gegn því að fjármunum, sem verðbréfafyrirtækjum hefur verið falið að ávaxta í vörslureikningum, sé stolið eða þeir glatist vegna vangár. Tvö viðurkennd tjónstilvik hafa komið upp frá stofnun deildarinnar og greiddi sjóðurinn út viðeigandi bætur vegna þeirra. Í öðru tilvikinu hafði skuldabréf týnst, en í hinu hafði vörslufé glatast. Erlendis virðist stærð tjóna af þessum toga mjög mismunandi en reynslan frá nágrannalöndum bendir til þess að ekki hafi reynt mjög á þessar deildir. Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt að halda fjármunum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins og því litlar líkur á því að viðskiptavinir þess tapi fjármunum komist fyrirtækið í þrot. Verðbréfadeild tryggir ekki markaðsverðmæti verðbréfasjóða þar sem markaðsverðmæti ræðst af verði undirliggjandi eigna. Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt að eiga aðild að tryggingakerfinu með því að greiða iðgjald til verðbréfadeildar tryggingarsjóðs frá því að þau hefja starfsemi. Fyrirtækjunum er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um viðskipti í tengslum við verðbréf og er um sams konar upplýsingaskyldu að ræða og áskilin er í 10. gr. að því er varðar innstæður.

Um 18. gr.

Í frumvarpinu er lögð til veruleg einföldun á álagningu iðgjalds sem rennur til verðbréfadeildar, svo og breyting á heildareign deildarinnar. Samkvæmt gildandi lögum er verðbréfadeildinni skylt að eiga að lágmarki 100 millj. kr. en í frumvarpinu er lagt til að fjárhæð þessi tvöfaldist.

Þá eru lagðar til breytingar á innheimtu iðgjalda til deildarinnar og felld brott ákvæði sem er að finna í gildandi lögum um ábyrgðaryfirlýsingu fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Samkvæmt frumvarpinu verður ársiðgjald fyrirtækis í verðbréfaþjónustu 800.000 kr. Skv. 2. mgr. bætist við þessa fjárhæð breytilegt iðgjald sem miðast við umfang verðbréfaviðskipta á næstliðnu ári. Vegna verðbréfaviðskipta sem nema 10 til 100 milljörðum kr. skal greiða 200.000 kr. til viðbótar og vegna verðbréfaviðskipta sem nema meira en 100 milljörðum kr. skal greiða 400.000 kr. til viðbótar. Hæst getur ársiðgjald því numið 1.200.000 kr. hjá fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

Í 3. mgr. er jafnframt að finna heimild til innheimtu viðbótariðgjalda dugi eign deildarinnar ekki til að standa undir greiðslu úr sjóðnum þegar greiðsluskylda hans verður virk. Viðbótariðgjald skv. 3. mgr. getur aldrei orðið hærra en nemur tvöföldu iðgjaldi skv. 2. mgr.

Í 4. mgr. er kveðið á um upplýsingaskyldu fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Fyrirtæki skulu veita sjóðnum allar nauðsynlegar upplýsingar svo að sjóðurinn geti reiknað út iðgjald viðkomandi. Umræddum upplýsingum skal skila fyrir 1. febrúar ár hvert.

Gjalddagi er 1. mars ár hvert. Talið er nægjanlegt að hafa einungis einn gjalddaga á ári. Þar kemur tvennt til. Það hafa ekki orðið mörg eða stór tjón sem krafist hafa inngrips verðbréfadeildar tryggingarsjóðs og hins vegar er árlegt iðgjald ekki það hátt að taki því að deila því niður á gjalddaga. Þessi dagsetning þykir hentug því að ársuppgjör fyrirtækjanna eiga að liggja fyrir á þessum tíma og útreikningar ættu því að ganga snurðulaust. Sérstaklega þykir rétt að mæla fyrir um sérstakar greiðslur nýrra verðbréfafyrirtækja sem hefja starfsemi á álagningarárinu. Þau skulu greiða iðgjald skv. 2. mgr. um leið og starfsemi þeirra hefst.

Þótt tæplega sé unnt að halda því fram að 800.000 kr. álagning sé verulega íþyngjandi fyrir fyrirtæki í raunverulegum rekstri má engu síður búast við því að aðilar sem stunda stopula starfsemi í verðbréfaþjónustu sjái sér hag í því að afsala sér starfsleyfi sínu.

Loks er kveðið á um að iðgjöld í verðbréfadeildina séu óendurkræf og að stjórn sjóðsins sé heimilt að lækka eða fella alveg niður iðgjöld til deildarinnar þegar eignir hennar nema tilskildu lágmarki.

Um 19. gr.

Þar sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eru tæplega jafnkerfislega næm og innlánsstofnanir eru lögð til þyngri ákvæði ef slík fyrirtæki lenda í vanskilum en þegar innlánsstofnanir lenda í þeim. Í tilviki innlánsstofnunar mundi starfsleyfissvipting að hluta eða öllu leyti fara eftir reglum 9. gr. laga um fjármálafyrirtæki og því ætti viðkomandi fyrirtæki rétt á hæfilegum fresti til úrbóta ef því er við komið. Í tilviki fyrirtækis í verðbréfaþjónustu, sem ekki getur staðið skil á iðgjaldi, er möguleikinn til að halda starfsleyfi þrengdur verulega.

Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um greiðslufyrirkomulag tryggingarfjárhæðar komi til þess að greiðsluskylda sjóðsins verði virk vegna fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Hámarksgreiðsla getur numið að jafnvirði 20.000 evra (EUR) og er það í samræmi við ákvæði tilskipunar um bótakerfi fyrir fjárfesta frá 3. mars 1997. Fjárfestir getur ekki krafið sjóðinn um frekari greiðslu, þótt hann hafi ekki fengið tjón sitt bætt að fullu. Þar sem skilyrði fyrir greiðslu er að krafa hafi verið sannprófuð og viðurkennd ber fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að veita tryggingarsjóði allar nauðsynlegar upplýsingar um verðbréf og reiðufé í eigu fjárfesta sem nýtur tryggingaverndar. Greiði sjóðurinn umrædda tryggingarfjárhæð yfirtekur hann kröfu fjárfestis á hendur hlutaðeigandi þrotabúi eða fyrirtæki og nýtur krafan forgangs við gjaldþrotaskipti.

Áréttað er að hafi viðskiptavinur af einhverjum ástæðum fengið greitt upp í kröfur sínar skuli þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr sjóðnum. Þetta felur í sér að fjármálafyrirtæki þarf að hafa til reiðu upplýsingar um slík tilvik. Reikna skal fjárhæð greiðslu miðað við eign fjárfestis þann dag sem álit Fjármálaeftirlitsins skv. 7. gr. liggur fyrir eða þann dag sem úrskurður um töku bús fyrirtækisins til slitameðferðar er kveðinn upp og skal miða við þann dag sem fyrr kemur upp.

Í 6. mgr. er tekið fram að sjóðnum er heimilt að ákveða að endurgreiða andvirði verðbréfa eða reiðufjár í íslenskum krónum óháð hvort það hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Að lokum er mælt fyrir um að stjórn tryggingarsjóðs skuli úrskurða um ágreining um greiðsluskyldu. Ákvörðunina má bera undir dómstóla. Falli ákvörðun stjórnar viðskiptavini í hag yrði honum greidd tryggingin þegar ákvörðun liggur fyrir.

Um 21. gr.

Í greininni er fjallað nánar um útreikning á greiðslu skv. 20. gr. Litið er svo á að tryggingavernd sjóðsins nái til eignar hvers einstaklings hjá hverju fyrirtæki í verðbréfaþjónustu. Leiðir þetta af tilskipun um tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Skýra má ákvæðið á þann veg að tryggingaverndin nái til einnar kennitölu hjá hverju fyrirtæki. Þegar fleiri aðilar hafa fjárfest saman skal hlutur, þ.e. hlutdeild hvers um sig, gilda við útreikning á greiðslu. Liggi ekki fyrir upplýsingar um hlutdeild hvers fjárfestis skal miðað við jafna skiptingu. Hámarkstrygginga-

vernd getur hins vegar aldrei farið upp fyrir að jafnvirði 20.000 evra vegna hverra viðskipta í tengslum við verðbréf.

Um 22. gr.

Ákvæðið kveður á um hvaða aðilar eru undanskildir tryggingu verðbréfa og reiðufjár samkvæmt frumvarpinu og byggist það á heimildum sem koma fram í tilskipun um tryggingakerfi fyrir fjárfesta frá 3. mars 1997. Í gildandi lögum er um tvö tilvik að ræða, annars vegar eru undanþegin tryggingu verðbréf og reiðufé í eigu fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, svo og móður- og dótturfyrirtækja þeirra, fyrir þeirra eigin reikning, og hins vegar verðbréf og reiðufé sem tengist málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti. Lagt er til að nýttar verði sambærilegar undanþágur og er að finna í 14. gr. frumvarpsins varðandi innstæður.

Þau verðbréf og reiðufé sem tilskipun ESB um bótakerfi fyrir fjárfesta gerir ráð fyrir að megi undanskilja, en ekki er gerð tillaga um í frumvarpinu, eru verðbréf og reiðufé í eigu vátryggingafélaga, lífeyris- og eftirlaunasjóða, verðbréf og reiðufé fjárfestis sem ber ábyrgð á eða hefur nýtt sér ákveðna málavexti sem varða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og hafa átt þátt í að rýra fjárhagsstöðu þess, verðbréf og reiðufé í eigu félaga sem eru af þeirri stærð að þeim er ekki heimilt að semja styttan efnahagsreikning, sbr. 2. mgr. 109. gr. laga um ársreikninga, og verðbréf og reiðufé framkvæmdastjóra og annarra lykilstjórnenda, og fjárfesta með svipaða stöðu í öðrum félögum í sömu samsteypu. Slíkt hið sama á við um verðbréf og reiðufé maka, sambúðarmaka og ófjárráða barna og þriðju aðila sem koma fram fyrir hönd slíkra lykilstjórnenda eða fjárfesta með svipaða stöðu í öðrum félögum í sömu samsteypu.

Um 23. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um fresti til greiðslu vegna tryggingar á verðbréfum og reiðufé fjárfestis. Ákvæðin eru byggð á tilskipun um tryggingakerfi fyrir fjárfesta sem eru mun rýmri en þeir stuttu frestir sem gilda um innstæður. Greiðslufrestur vegna viðskiptavinar fjármálafyrirtækis í tengslum við verðbréf eða reiðufé er þrír mánuðir eftir að lögmæti kröfu hefur verið staðfest og má framlengja hann um þrjá mánuði til viðbótar. Nú er hafin endurskoðun á tilskipun um bótakerfi fyrir fjárfesta og má hugsanlega gera ráð fyrir að frestir þeirrar tilskipunar verði einnig styttir til samræmis við tilskipun um innstæðutryggingar en of snemmt er þó að segja til um það. Frestir þessir fela í sér að kröfur séu réttilega fram komnar ásamt nauðsynlegum gögnum. Hugsað er fyrir tilvikum þess eðlis að tryggingarsjóður hafi greitt út innan frests en það hafi hins vegar láðst að halda uppi kröfu. Í slíkum tilvikum er mögulegt fyrir viðkomandi fjárfesti að lýsa kröfu innan fimm mánaða. Sjóðnum er heimilt að framlengja þennan frest þannig að hann geti mest orðið jafnlangur og sá frestur sem veittur er til að lýsa kröfu í bú hlutaðeigandi fyrirtækis.

Frestur sjóðsins til þess að inna greiðslu af hendi til fjárfestis eftir að lögmæti kröfu hans hefur verið staðreynt er þrír mánuðir. Fjármálaeftirlitinu er heimilt við sérstakar aðstæður að framlengja þennan frest um þrjá mánuði til viðbótar.

Um 24. gr.

Í V. kafla er að finna ákvæði um erlend útibú sem á við jafnt um innstæður og viðskipti í tengslum við verðbréf. Í ákvæðinu sem samsvarar 13. gr. gildandi laga er fjallað um heimild erlendra útibúa fjármálafyrirtækja til þess að eiga aðild að sjóðnum og þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 25. gr.

Tryggingarsjóður innstæðueiganda og fjárfesta lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og greiðir sjóðurinn eftirlitsgjald samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um auglýsingar fjármálafyrirtækja og skyldu þeirra til þess að hafa til reiðu á afgreiðslustöðvum sínum og vefsíðum upplýsingar um fjárhæð tryggingar, hvaða eignir njóta eða eru undanskildar tryggingavernd og hvert viðskiptamaður getur snúið sér neiti fyrirtæki honum um greiðslu.. Þessu ákvæði er fyrst og fremst ætlað að tryggja réttindi neytenda sem best. Upplýsingarnar skulu vera á tungumáli þess ríkis þar sem starfsstöðin er og skulu kynntar viðskiptamönnum sérstaklega við upphaf viðskipta. Reistar eru ákveðnar skorður við auglýsingum og er Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til þess að setja nánari reglur um upplýsingaskyldu innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Það gæti jafnvel t.d. falist í því að Fjármálaeftirlitið legði til staðlaðan texta til að nota í þessum tilvikum. Einnig gætu Samtök fjármálafyrirtækja staðið að gerð slíks texta sem fengi viðurkenningu eða staðfestingu Fjármálaeftirlitsins.

Um 27. gr.

Fjárfestingarstefna sjóðsins þarf að vera í stöðugri endurskoðun og því þykir ekki rétt að fastsetja með lögum hvaða fjárfestingarleiðir sjóðurinn skuli fara en rétt er að vekja athygli á að fjárfestingar skal miða við að sjóðurinn geti sem best sinnt hlutverki sínu.

Þeim sem sitja ársfund sjóðsins gefst tækifæri til þess að gera athugasemdir við fjárfestingarstefnu sjóðsins á fundinum.

Um 28. gr.

Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfsemi sjóðsins, svo sem um tilhögun greiðslna úr sjóðnum, í reglugerð.

Um 29. gr.

Í greininni er um að ræða tilvísun til tilskipana sem innleiddar eru með frumvarpinu verði það að lögum.

Um 30. gr.

Í ákvæðinu segir að lögin taki gildi 1. janúar 2011. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Eignir og skuldbindingar verðbréfadeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, samkvæmt lögum nr. 98/1999, tilheyra verðbréfadeild við gildistöku laga þessara.

Um 31. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á tilteknum ákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum. Ástæða þeirra er sú að sjóðnum er nauðsynlegt að fá upplýsingar frá þeim sem greiða til hans iðgjöld til þess að unnt sé að standa að innheimtu og útgreiðslu úr honum. Í greininni eru tilgreind þau úrræði sem unnt er að grípa til ef innlánsstofnanir eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu standa ekki að upplýsingagjöf í samræmi við lögin.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er kveðið á um hvernig fari um iðgjaldagreiðslur til deilda sjóðsins við gildistöku laganna. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í ákvæðinu er lagt til að Tryggingarsjóður sparisjóðanna verði leystur upp með þeim hætti að þeir fjármunir sem kunna að vera í honum við gildistöku laganna renni til sparisjóðanna í sömu hlutföllum og nemur hlutdeild þeirra í heildarinnstæðum sem þá verða í sparisjóðum. Tryggingarsjóður sparisjóðanna tryggir ekki innstæður hjá sparisjóðunum heldur er hann svokallaður öryggissjóður sem hefur annað hlutverk en að standa vörð um innstæður viðskiptamanna. Samkvæmt gildandi lögum er bönkum og sparisjóðum heimilt að setja á laggirnar slíka öryggissjóði og er þá sparisjóðum eða bönkum skylt að greiða til sjóðsins. Gildandi lög tiltaka sem hlutverk öryggissjóða að þeim sé m.a. heimilt að veita lán til þeirra sem eiga aðild að viðkomandi sjóði, yfirtaka eignir, ganga í ábyrgðir og bæta þeim tap eða kostnað sem þeir verða fyrir.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í ákvæðinu er fjallað um skilin á milli A- og B-deildar sjóðsins við gildistöku laganna. Kveðið er á um að ákvæði laga nr. 98/1999 skuli áfram gilda um B-deild sjóðsins vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laga þessara, að undanskildum 4.–8. gr., 14. gr., 16. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna, uns lokið er greiðslu skuldbindinga hennar vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laga þessara. Rétt er að vekja athygli á að 9. og 10. gr. gilda því áfram.

Þau ákvæði gildandi laga sem gert er ráð fyrir að leyst verði af hólmi með nýjum ákvæðum varða einkum stjórn sjóðsins og aðalfundi, greiðslur í sjóðinn og afturköllun á leyfi hans og önnur atriði sem tengjast umgjörð hans.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Tilgangur frumvarpsins er annars vegar að gera breytingar á fyrirkomulagi innstæðutrygginga vegna tilskipana ESB sem samþykktar voru á árinu 2009 og hins vegar vegna þeirra skuldbindinga sem lagst hafa á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta í tengslum við áföll á fjármálamörkuðum. Við undirbúning frumvarpsins lét efnahags- og viðskiptaráðuneytið vinna fyrir sig tryggingafræðilegt mat og tillögur vegna nýrrar deildar innstæðutrygginga í sjóðnum. Helstu nýmæli og breytingar sem frumvarpið felur í sér eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að hámarkstrygging vegna innstæðu verði að jafnvirði 100.000 evrum og er þá miðað við allar innstæður aðila í innlánsstofnun óháð fjölda reikninga. Í gildandi lögum er tilskilin lágmarkstrygging um 20.800 evrur en ekkert þak er á tryggingavernd.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að sjóðurinn starfi í þremur aðskildum deildum en ekki tveimur eins og nú er. Þannig verði stofnuð ný innstæðudeild, A-deild, sem taki við iðgjöldum frá innlánsstofnunum frá 1. janúar 2011 og þeim réttindum og skyldum sem núverandi innstæðudeild ber að öðru leyti en þeim er varða uppgjör greiðslna og skuldbindinga sem fallið hafa á sjóðinn, m.a. vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. Gert er ráð fyrir að B-deildin (gamla innstæðudeildin) starfi áfram samkvæmt tilteknum ákvæðum gildandi laga um innstæðutryggingar og verði lögð niður þegar greiðslu skuldbindinga hennar er lokið vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laganna. Mun hún starfa áfram með það fyrir augum að sinna þjónustu og greiðslum vegna umræddra skuldbindinga og starfa sem slík þangað til uppgjör vegna þeirra hefur farið fram.

Í þriðja lagi er lagt til að iðgjöld til A-deildar skuli skiptast í almennt iðgjald, iðgjald sem reiknast á grundvelli markaðshlutdeildar og iðgjald sem reiknað er á grundvelli áhættueinkunnar. Gert er ráð fyrir að almennt iðgjald verði 1% af innstæðum í stað 0,15% eins það er í núgildandi lögum. Þá er gert ráð fyrir að innlánsstofnun greiði einnig breytilegt iðgjald, sem reiknast á grundvelli markaðshlutdeildar, fyrir hvert prósentustig umfram 10% af heildarinnstæðum allra innlánsstofnana sem eru í vörslu viðkomandi innlánsstofnunar. Iðgjald þetta skal nema 0,016% á ársgrundvelli fyrir hvert prósentustig sem er umfram 10%. Gera má ráð fyrir að þetta gjald geti verið á bilinu 0,16%–0,32% fyrir viðskiptabankana þrjá sé miðað við að markaðshlutdeild hvers þeirra í innlánum sé um 20–30% en gjald þetta kemur til viðbótar grunniðgjaldi sem er reiknað út frá tryggðum innstæðum. Auk fyrrgreindra iðgjalda skal innlánsstofnun greiða breytilegt iðgjald í samræmi við áhættustuðul sem gefinn skal hverri einstakri innlánsstofnun þar sem vægi eiginfjáruppbyggingar og eiginfjárstyrks skal nema 35% af stuðlinum, vægi fjármögnunar- og rekstrarþátta 45% og vægi áhættudreifingar 20%. Fjármálaeftirlitið reiknar út áhættustuðul hverrar innlánsstofnunar á bilinu 0–1 og tilkynnir sjóðnum um breytingar á stuðlinum þegar slíkar breytingar eru gerðar. Breytilega iðgjaldið sem fjallað var um hér á undan er síðan margfaldað með áhættustuðli viðkomandi innlánsstofnunar. Taka má sem dæmi innlánsstofnun A sem er með 20% markaðshlutdeild í 1.000 milljarða kr. heildarinnlánum og Fjármálaeftirlitið hefur gefið stofnuninni áhættustuðulinn 0,5. Af heildarinnstæðum A má áætla að 75% njóti verndar tryggingakerfisins en 25% séu undanþegnar skv. 14. gr. frumvarpsins. Samkvæmt þessu yrði iðgjald þessarar tilteknu innlánsstofnunar um 2,5 milljarða kr. á ársgrundvelli.

Í fjórða lagi er lagt til að iðgjald til innstæðudeildar, A-deildar, verði greitt ársfjórðungslega en ekki einu sinni á ári eins og er í núgildandi lögum. Er þessi fjölgun á gjalddögum gerð til að minnka möguleikann á því að innlánssöfnun einstakra innlánsstofnana leiði til þess að innstæður séu á einhverjum tíma tryggðar af sjóðnum án þess þó að búið sé að greiða iðgjald. Eins og þessu er nú háttað er iðgjald reiknað þannig að það er greitt eftir á vegna nýliðins árs þar sem fundin er staða í upphafi og lok árs og tekið meðaltal. Skal svo sjóðurinn vera 1% af þessu meðaltali. Þetta felur í sér að þegar innstæður hækka mikið á skömmum tíma getur verið að ekkert iðgjald sé greitt af aukningunni fyrr en löngu síðar. Þannig er í raun áhættan tryggð án þess að greitt hafi verið iðgjald en hluti af Icesave-innstæðum Landsbankans var tryggður með þessum hætti.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að þegar heildareignir A-deildar sjóðsins hafa náð vissri öryggisstærð, sem lagt er til í frumvarpinu að nemi 4% af tryggðum innstæðum í heild, sé stjórn sjóðsins heimilt að lækka iðgjöld, enda séu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands ekki andvíg slíkri lækkun.

Í sjötta lagi er gert ráð fyrir að fjölgað verði umtalsvert þeim innstæðum sem ekki njóti verndar og er því m.a. ekki gert ráð fyrir því að innstæður opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra, njóti verndar.

Í sjöunda lagi er lagt til að heildareign verðbréfadeildar sjóðsins skuli að lágmarki nema 200 m.kr. og taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2010. Auk þess er gert ráð fyrir að iðgjald vegna verðbréfadeildar verði hækkað og að greitt verði sérstakt viðbótariðgjald sem tengt verði verðbréfaviðskiptum næstliðins árs.

Í áttunda lagi er gert ráð fyrir að Tryggingarsjóður sparisjóðanna verði leystur upp og eignir hans renni til sparisjóðanna í hlutfalli við heildarinnstæður í þeim en áætlað er að sú fjárhæð geti numið um 200 m.kr.

Í frumvarpinu er kveðið sérstaklega á um það að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta njóti ekki ríkisábyrgðar. Hins vegar má telja að þær kringumstæður geti skapast að lántaka sjóðsins verði erfiðleikum bundin án bakábyrgðar ríkissjóðs eða annarrar aðkomu hans að lántökunni.

Gert er ráð fyrir að Tryggingarsjóður verði sem fyrr rekinn sem sjálfseignarstofnun án sérstakra framlaga í fjárlögum og að iðgjöld sjóðsins skuli standa undir framtíðar- sjóðsmyndun hans og rekstrarkostnaði. Ekki verður séð að frumvarp þetta, verði það óbreytt að lögum, muni sem slíkt hafa í för með sér útgjöld eða auknar ábyrgðar- eða útgjaldaskuldbindingar fyrir ríkissjóð frá því sem verið hefur. Vert er að vekja athygli á því að eins og er ábyrgist ríkissjóður innstæður í fjármálastofnunum samkvæmt yfirlýsingu stjórnvalda.

269. Frumvarp til laga [238. mál]

um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja efnahags- og viðskiptaráðherra aðgang að upplýsingum sem honum eru nauðsynlegar til að gera úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja.

Ráðherra er heimilt að gera úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja til þess að stjórnvöld öðlist glögga yfirsýn yfir fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja hér á landi á nokkurra ára tímabili.

2. gr.
Upplýsingar og afhending þeirra.

Ráðherra er heimilt, vegna úttektar sinnar skv. 1. gr., að safna frá eftirtöldum lögaðilum gögnum sem innihalda upplýsingar um fjárhagslegar aðstæður einstaklinga, fjölskyldna og lögaðila sem hér greinir:

1. Frá Íbúðalánasjóði, fjármálafyrirtækjum, lífeyrissjóðum og Lánasjóði íslenskra námsmanna: Upplýsingar um fjárhæðir, innborganir, kjör, stöðu og tryggingar þeirra lána sem þessir aðilar hafa veitt einstaklingum og lögaðilum. Einnig upplýsingar um þau greiðsluúrræði sem lántakar hafa nýtt sér.

2. Frá ríkisskattstjóra og Hagstofu Íslands: Upplýsingar úr skattframtölum og vegna staðgreiðslu opinberra gjalda einstaklinga og lögaðila sem talið hafa fram til skatts hér á landi.
3. Frá Vinnumálastofnun: Upplýsingar um umsóknir og skráningar einstaklinga á atvinnuleysisskrá, um starfshlutfall hvers umsækjanda og um fjárhæðir og hlutfall greiddra atvinnuleysisbóta til hvers umsækjanda.
4. Frá Þjóðskrá: Fjölskyldunúmer einstaklinga með íslenskar kennitölur, auk upplýsinga um kyn þeirra, hvort þeir hafi íslenskt eða erlent ríkisfang og búsetu hér á landi. Einnig upplýsingar um fasteignamat og nauðungarsölur íbúðarhúsnæðis.
5. Frá Fjársýslu ríkisins: Upplýsingar um útgreiðslur barnabóta til framfærenda barna og um útgreiðslur vaxtabóta.
6. Frá sveitarfélögum og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga: Upplýsingar um greiddar húsaleigubætur, veitta fjárhagsaðstoð og aðrar bótagreiðslur til einstaklinga.
7. Frá Tryggingastofnun ríkisins: Upplýsingar um útgreiðslur bóta til einstaklinga.
8. Frá umboðsmanni skuldara: Upplýsingar um greiðsluaðlögun einstaklinga.
9. Frá Innheimtustofnun sveitarfélaga: Upplýsingar um meðlagsskuldir og innheimtu þeirra.

Fram til þess tíma er lög þessi falla úr gildi skulu framantaldir lögaðilar varðveita eintök, á því formi sem ráðherra tiltekur, af þeim upplýsingum sem safnað hefur verið samkvæmt grein þessari.

Þær upplýsingar sem safnað er samkvæmt grein þessari mega ekki innihalda önnur persónuauðkenni en kennitölur, fjölskyldunúmer, kyn, íslenskt eða erlent ríkisfang og búsetu hér á landi.

Söfnun upplýsinga samkvæmt grein þessari má eigi fara fram tíðar en ársfjórðungslega.

Þrátt fyrir ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og önnur ákvæði laga um þagnarskyldu er þeim lögaðilum sem ráðherra krefur um gögn samkvæmt lögum þessum skylt að veita umbeðnar upplýsingar á því formi sem ráðherra tiltekur án endurgjalds og innan þeirra tímamarka sem hann ákveður hverju sinni.

3. gr.

Samkeyrsla.

Hverju sinni sem ráðherra tekur á móti upplýsingum sem greinir í 2. gr. skal hann nýta kennitölur og eftir atvikum fjölskyldunúmer hinna skráðu til að samkeyra upplýsingarnar við áður mótteknar upplýsingar. Beita skal aðferðum sem Persónuvernd samþykkir til að skipta á kennitölum og fjölskyldunúmerum hinna skráðu og öðrum auðkennum sem hverfandi litlar líkur eru taldar á að utanaðkomandi geti varpað aftur yfir í hin upphaflegu persónuauðkenni. Þegar að samkeyrslu lokinni skal eyða þeim gögnum sem móttekin voru það sinnið.

Samkeyrsla móttekinna upplýsinga má einungis fara fram í afmörkuðu, aðgangsstýrðu rými og með tölvubúnaði sem er ekki nettengdur öðrum búnaði. Skal aðgangur bundinn við þá eina sem nauðsynlegir eru til að vinnsla skv. 1. mgr. geti farið fram.

4. gr.

Vinnsla samkeyrðra upplýsinga.

Óheimilt er að tengja hinar samkeyrðu upplýsingar við aðrar upplýsingar eða veita öðrum en þeim er ráðherra tilnefnir sem vinnsluaðila aðgang að þeim.

Ráðherra skal gera úttekt á þeim upplýsingum sem hafa verið samkeyrðar skv. 3. gr. í því skyni að varpa ljósi á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja og taka eingöngu saman úr þeim ópersónugreinanlegar upplýsingar til frekari kynningar skv. 5. gr.

5. gr.
Meðferð tölfræðilegra upplýsinga.

Ráðherra skal kynna niðurstöður úttektar sinnar í ríkisstjórn og tekur hún ákvörðun um hvernig bregðast skuli við niðurstöðunum. Niðurstöður skulu að því búnu gerðar aðgengilegar almenningi.

Ráðherra er óheimilt að veita persónugreinanlegar tölfræðilegar upplýsingar um fjárhagsstöðu heimila eða upplýsingar um fjárhagsstöðu einstakra lögaðila, aðrar en þær sem þegar eru almenningi aðgengilegar.

6. gr.
Öryggisráðstafanir og þagnarskylda.

Ráðherra skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir til að verja öryggi þeirra upplýsinga, einkum persónuupplýsinga, sem hann safnar vegna úttektarinnar.

Þagnarskylda skv. 18. gr. laga nr. 70/1996, sbr. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hvílir á ráðherra og öðrum er koma að úttektinni um þær upplýsingar sem leynt eiga að fara.

7. gr.
Eftirlit.

Persónuvernd hefur eftirlit með að úttekt sú sem lög þessi fjalla um sé framkvæmd í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

8. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi falla úr gildi 1. janúar 2014. Fyrir þann tíma skal þeirri úttekt sem lög þessi fjalla um vera lokið og öllum samkeyrðum gögnum eytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 138. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreitt og er það því endurflutt. Á frumvarpinu hafa verið gerðar nokkrar breytingar, m.a. í samræmi við þær athugasemdir sem bárust efnahags- og skattanefnd Alþingis þegar frumvarpið var þar til umfjöllunar. Eru breytingarnar raktar stuttlega síðar hér í almennum athugasemdum.

Efni frumvarpsins snertir þá skrárhaldara sem tilgreindir eru í 2. gr. frumvarpsins vegna þess tíma sem tekur að vinna úr upplýsingum sem ráðherra óskar eftir. Við gerð frumvarpsins var haft samráð við Persónuvernd um meðferð gagna.

Í kjölfar þeirrar fjármálakreppu sem reið yfir á árinu 2008 hefur fjárhagsstaða heimila og fyrirtækja versnað mikið. Afar brýnt er að stjórnvöld hafi völ á sem nýtilegustum upplýsingum um þessa stöðu hverju sinni svo að ákvarðanir stjórnvalda um aðgerðir á þessu sviði verði teknar með upplýstum hætti og hægt verði að leggja mat á aðgerðir og árangur þeirra. Enn fremur munu þessar upplýsingar gefa gleggri mynd af húsnæðismarkaðnum og nýtast vel við mótun fyrirhugaðrar heildstæðrar húsnæðisstefnu sem á að vera grundvöllur að því markmiði að tryggja landsmönnum fjölbreytta og örugga valkosti í húsnæðismálum. Þá hefur úttekt þessi verið valin sem tilraunaverkefni við beitingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlaga-

gerðar. Í þessu sambandi verða gögnin sérstaklega greind eftir kyni. Með því geta stjórnvöld og aðrir sem málið varðar nýtt sér upplýsingarnar til að uppfylla jafnréttismarkmið við stefnumótun.

Ekki er að finna heimild í gildandi lögum um miðlægan gagnagrunn um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja. Þykir því brýnt að ráðast í sérstaka lagasetningu til að ná fram markmiðum frumvarpsins. Geta má þess að á árinu 2009 ákvað Seðlabanki Íslands að safna upplýsingum í því skyni að meta áhrif fjármálakreppunnar á heimilin í landinu. Í því skyni veitti Persónuvernd bankanum leyfi til að safna frá fjármálafyrirtækjum, skattyfirvöldum og Vinnumálastofnun upplýsingum um fjármál og atvinnu einstaklinga og samkeyra þær upplýsingar til frekari vinnslu. Samhliða samkeyrslunni voru þau persónuauðkenni sem upplýsingarnar geymdu dulkóðuð með dulkóðunarlykli sem Persónuvernd geymdi. Leyfi Persónuverndar voru bundin því skilyrði að þeim lykli yrði eytt þegar rannsókninni lyki og fór sú eyðing fram í lok febrúar 2010. Á fundi ríkisstjórnarinnar 5. mars 2010 var kynnt tillaga efnahags- og viðskiptaráðherra um úttekt á fjárhagsstöðu heimila á grundvelli nýrra gagna. Frumvarpi þessu er ætlað að búa þeirri úttekt umgjörð ásamt úttekt á fyrirtækjum í landinu.

Breytingar á frumvarpinu frá fyrri framlagningu.

Eins og áður segir hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu frá því að það var lagt fram á 138. löggjafarþingi. Breytingarnar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi hefur gildissvið frumvarpsins verið víkkað út og nær nú bæði til heimila og fyrirtækja. Í öðru lagi hefur fleiri upplýsingum og skrárhöldurum verið bætt við í frumvarpinu. Þar má nefna Fasteignamat ríkisins, nú Þjóðskrá, vegna mats fasteigna og nauðungarsala, Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í stað Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna húsaleigubóta, umboðsmann skuldara vegna greiðsluaðlögunar og Innheimtustofnun sveitarfélaga vegna meðlagsgreiðslna, sbr. lög nr. 101/2010. Að auki er nú sérstaklega tilgreind söfnun allra greiðsluúrræða sem lántakendur hafa nýtt sér, svo og úr skattframtölum og staðgreiðsluupplýsingum frá ríkisskattstjóra. Í þriðja lagi er nú mælt fyrir um að skrárhöldurum verði gert að varðveita eintök af þeim upplýsingum sem verður safnað vegna úttektarinnar. Er það gert til að koma í veg fyrir óhagræði sem annars hlytist af því að skrárhaldarar þurfi að taka aftur saman upplýsingar sem nauðsynlegt reynist að kalla eftir á ný, svo sem vegna þess að villur eða mistök hafa komið upp í vinnslunni. Í fjórða lagi er nú mælt fyrir um að ráðherra tilnefni vinnsluaðila. Þar með er ekki útilokað að uppfylltum skilyrðum Persónuverndar um meðhöndlun gagna að aðrir aðilar, er málið varða, en starfsmenn ráðuneytisins geti fengið aðgangsstýringu að gagnasafninu, svo sem eins og Seðlabanki Íslands. Í fimmta lagi er lagt til að gildistími laganna verði til 1. janúar 2014 í stað 1. maí 2013. Hér er átt við að úrvinnslu gagna skuli vera lokið innan þess tímabils en heimilt er að birta niðurstöður eftir að lögin falla úr gildi. Til að taka fyrir allan misskilning um tímamörk birtinga þá er ráðherra heimilt að afla gagna ársfjórðungslega á framangreindu tímabili og getur kynnt niðurstöður hvenær sem er, eftir að búið er að vinna upplýsingar úr fyrstu samkeyrslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar veita efnahags- og viðskiptaráðherra heimild til að gera þá úttekt sem frumvarpið fjallar um, auk þess að lýsa tilgangi úttektarinnar og markmiði laganna.

Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar fjalla um þær upplýsingar sem ráðherra er heimilt að kalla eftir vegna úttektar sinnar.

Í 1. mgr. eru taldir upp þeir skrárhaldarar sem kalla má eftir upplýsingum frá og tilteknar þær upplýsingar sem leitað verður eftir frá hverjum fyrir sig:

Um 1. tölul. Með fjármálafyrirtækjum er átt við lögaðila sem falla undir gildissvið laga um fjármálafyrirtæki, nú lög nr. 161/2002, með áorðnum breytingum. Með lífeyrissjóðum er átt við lögaðila sem falla undir lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú lög nr. 129/1997, með áorðnum breytingum. Með stöðu er meðal annars átt við greiðslustöðu og vanskil. Með tryggingum er einkum átt við veðréttindi, svo sem í fasteignum og bifreiðum. Með lánum er átt við hvers kyns lán sem viðkomandi skrárhaldari hefur veitt einstaklingum eða lögaðilum, þ.m.t. lán til kaupa á húsnæði og ökutækjum. Með greiðsluúrræðum er átt við hvers kyns breytingar á skilmálum láns sem lántaki og lánveitandi verða ásáttir um að gera til að bregðast við fyrirsjáanlegum eða yfirstandandi greiðsluerfiðleikum lántaka, t.d. greiðslujöfnun, lenging lánstíma, frestun á greiðslum af höfuðstól, frysting greiðslna, lækkun höfuðstóls, endurútreikningur láns í annarri mynt og sértæk skuldaaðlögun. Þar sem eldri lög takmarka miðlun umræddra upplýsinga, sbr. t.d. ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, sbr. nú 58. gr. laga nr. 161/2002, með áorðnum breytingum, þá víkur ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins slíkum takmörkunum til hliðar.

Um 2. tölul. Með upplýsingum úr skattframtölum og vegna staðgreiðslu opinberra gjalda er átt við hvers kyns upplýsingar um einstaklinga og lögaðila hér á landi sem fengnar eru úr skattframtölum og gögnum sem borist hafa ríkisskattstjóra og Hagstofu Íslands og tengjast álagningu og greiðslu opinberra gjalda.

Um 4. tölul. Fjölskyldunúmerum er safnað frá Þjóðskrá í því skyni að geta borið saman fjárhag fjölskyldna. Því markmiði er náð með því að samkeyra mótteknar persónuupplýsingar undir fjölskyldunúmerum. Þá er safnað upplýsingum um kyn hinna skráðu til þess að úttektin geti varpað ljósi á með hvaða hætti fjármálakreppan kemur misjafnlega niður á fjárhagsstöðu karla og kvenna, sbr. til hliðsjónar nú g-lið 1. gr. og 16. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Að auki er safnað upplýsingum um búsetu hinna skráðu hér á landi í því skyni að gefa færi á að skoða hvort fjárhagslegar aðstæður þeirra sem búsettir eru tímabundið hér á landi gefi tilefni til sértækra aðgerða í þágu þeirra. Loks er safnað upplýsingum um fasteignamat íbúðarhúsnæðis og um nauðungarsölur sem farið hafa fram á slíku húsnæði, hvort tveggja í því skyni að varpa ljósi á verðmæti íbúðarhúsnæðis og umfang fullnustuaðgerða sem taka til slíks húsnæðis.

Um 5. tölul. Upplýsingar um greiddar barnabætur eru sóttar til Fjársýslu ríkisins þar sem henni er falið að ávísa bótunum til útborgunar, sbr. nú 6. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 555/2004 um greiðslu barnabóta, sbr. nú 8. mgr. A-liðar 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með áorðnum breytingum. Upplýsingar um greiddar vaxtabætur eru sóttar til Fjársýslu ríkisins í ljósi þess að stofnuninni er falið að annast féhirslu ríkisins og greiðsluþjónustu fyrir ríkissjóð, en ríkissjóði er falið að greiða vaxtabætur skv. 1. gr. reglugerðar um greiðslu vaxtabóta, nú nr. 990/2001, með áorðnum breytingum, sbr. nú A-lið 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með áorðnum breytingum.

Um 6. tölul. Upplýsingar um greiddar húsaleigubætur eru sóttar til sveitarfélaga þar sem þau annast greiðslu slíkra bóta, sbr. nú 2. mgr. 2. gr. laga nr. 138/1997, um húsaleigubætur. Upplýsingar um veitta fjárhagsaðstoð sveitarfélaga eru sóttar til þeirra þar sem þau annast

sjálf greiðslu slíkra bóta, sbr. nú VI. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með áorðnum breytingum. Gert er ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að sækja til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga upplýsingar um hverjar þær bætur til einstaklinga sem sveitarfélög kunna að annast útgreiðslu á á hverjum tíma.

Um 7. tölul. Með lögum um almannatryggingar, sbr. nú m.a. 16. og 31. gr. laga nr. 100/2007, með áorðnum breytingum, og lögum um félagslega aðstoð, sbr. nú 1. gr. laga nr. 99/2007, með áorðnum breytingum, er Tryggingastofnun ríkisins falið að greiða einstaklingum margvíslegar bætur, þar á meðal lífeyristryggingar almannatrygginga, þ.e. ellilífeyri, örorkulífeyri, aldurstengdar örorkuuppbætur, tekjutryggingar, örorkustyrki og barnalífeyri; slysatryggingar almannatrygginga, þ.e. sjúkrahjálp, dagpeninga, örorkubætur og dánarbætur; auk bóta félagslegrar aðstoðar, þ.e. mæðra- og feðralaun, barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmenna á aldrinum 18–20 ára, umönnunargreiðslur, makabætur, dánarbætur, endurhæfingarlífeyri, heimilisuppbót, frekari uppbætur, styrki vegna kaupa á bifreið, uppbætur vegna kaupa á bifreið, uppbætur vegna reksturs bifreiðar og endurgreiðslur umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf. Gert er ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að sækja til stofnunarinnar upplýsingar um þær bætur til einstaklinga sem hún annast útgreiðslu á á hverjum tíma.

Um 8. tölul. Eitt þeirra hlutverka sem umboðsmanni skuldara er falið með lögum nr. 100/2010, um umboðsmann skuldara, er að veita atbeina til tilrauna til samninga um greiðsluaðlögun. Er þeirri aðkomu nánar lýst í lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga. Gert er ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að sækja til umboðsmanns skuldara þær upplýsingar sem hann býr yfir um þá sem lagt hafa inn umsókn hjá embættinu um greiðsluaðlögun.

Um 9. tölul. Innheimtustofnun sveitarfélaga er með 3. gr. laga nr. 54/1971, með áorðnum breytingum, falið að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra samkvæmt lögum um almannatryggingar. Gert er ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að sækja til Innheimtustofnunar upplýsingar um þessa innheimtu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að skrárhaldarar skuli varðveita eintök af þeim upplýsingum sem safnað hefur verið frá þeim vegna úttektarinnar. Skulu þær varðveittar á því formi sem ráðherra mælir fyrir um. Með þessu móti er komið í veg fyrir óhagræði sem annars hlytist af því að skrárhaldarar þurfi að taka aftur saman upplýsingar sem nauðsynlegt reynist að kalla eftir á ný, svo sem vegna þess að villur eða mistök hafa komið upp í vinnslunni.

Samkvæmt 3. mgr. má safna kennitölum og fjölskyldunúmerum, ásamt upplýsingum um kyn, hvort þessir aðilar hafi íslenskt eða erlent ríkisfang og búsetu hinna skráðu hér á landi. Þetta er heimilað í því skyni að hægt verði að safna upplýsingum um einstaklinga frá þeim lögaðilum sem tilgreindir eru í 1. mgr. og samkeyra upplýsingarnar þannig að saman safnist upplýsingar um hvern einstakling og um hverja fjölskyldu. Í ákvæðinu er tekið fram að ekki sé heimilt að afla annarra persónuauðkenna, þ.e. upplýsinga sem einkum eru nýttar til auðkenningar einstaklinga, svo sem nöfn, símanúmer eða heimilisföng.

Tilgreindum lögaðilum ber að afhenda umbeðnar upplýsingar svo oft sem ráðherra óskar eftir þeim en með ákvæði 4. mgr. um hámarkstíðni eru sett takmörk við því óhagræði sem þessir aðilar mundu hafa af mjög tíðri upplýsingasöfnun.

Í 5. mgr. er ráðherra veitt heimild til að mæla nánar fyrir um afhendingu upplýsinga vegna úttektarinnar, svo sem hversu nákvæmar og sundurgreindar umbeðnar upplýsingar skuli vera, yfir hvaða tímabil þær skuli ná, hvernig kóðun einstakra tegunda upplýsinga skuli háttað, hvaða skrársnið skuli notað, á hvers konar gagnamiðlum skuli afhenda gögnin og hvernig

skuli haga frágangi hinna umbeðnu gagna að öðru leyti. Einnig er mælt fyrir um að aðilar afhendi upplýsingarnar án endurgjalds. Þá er kveðið á um að ákvæði laga um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til að afhenda umbeðnar upplýsingar.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar mæla fyrir um hvernig fara skuli með þær upplýsingar sem mótteknar eru frá skrárhöldurum. Þær upplýsingar má eingöngu vinna í þeim tilgangi að búa til úr þeim gagnasafn til frekari úrvinnslu í úttekt þeirri er frumvarpið fjallar um. Þetta gagnasafn er samkeyrt þannig að upplýsingar um hvern skráðan einstakling eða lögaðila, sem fengnar eru frá hinum tilgreindu skrárhöldurum, sýni í hinum samkeyrðu gögnum samantekna mynd af öllum þeim upplýsingum sem safnað hefur verið um hvern hinna skráðu. Með samkeyrslu undir fjölskyldunúmerum fæst þannig heildarmynd af fjárhagsstöðu hvers heimilis, þar á meðal um fjárhæð og samsetningu skulda heimilismanna, tekjur þeirra, áhrif atvinnuleysis o.s.frv. Þessi mynd verður svo sífellt skýrari þegar nýjar upplýsingar berast eftir hvern ársfjórðung og eru samkeyrðar við hið samkeyrða safn sem fyrir er af upplýsingum.

Þar sem það þjónar ekki tilgangi úttektar þeirrar sem frumvarpið fjallar um að varðveita móttekin gögn eftir að upplýsingar úr þeim hafa verið samkeyrðar er mælt fyrir um eyðingu þeirra þegar að lokinni samkeyrslu, þannig að einungis hinar samkeyrðu upplýsingar eru varðveittar, sbr. þó varðveisluskyldu skrárhaldara skv. 2. mgr. 2. gr. Af sömu ástæðu er boðið að einu persónuauðkennum hinna skráðu sem koma fyrir í gögnunum verði umbreytt eða varpað í önnur auðkenni með aðferðum sem geri ólíklegt að utanaðkomandi geti síðar meir nýtt þau til að afhjúpa hin eiginlegu persónuauðkenni. Persónuvernd er falið að mæla fyrir um útfærslu þessarar vinnslu og þeirra aðferða sem skuli beitt. Meðal aðferða af því tagi sem vísað er til í ákvæðinu má einkum nefna svonefnda sterka dulkóðun, þ.e. dulkóðun umræddra persónuauðkenna með þeim algrímum og dulkóðunarlyklum af þeirri lengd sem hverju sinni er almennt viðurkennt að valdi því að óraunhæft verði að afkóða hin dulkóðuðu auðkenni, svo sem vegna þess að slíkt mundi kalla á vinnslu sem alla jafna tæki mörg ár á tölvubúnaði sem teldist mjög öflugur.

Engin þörf er talin á að aðrir en þeir fulltrúar ráðherra, sem annast samkeyrslu móttekinna gagna og dulkóðun persónuauðkenna, hafi aðgang að hinum mótteknu gögnum eða umræddri samkeyrslu og dulkóðun. Því er mælt fyrir um þrönga aðgangsstýringu þessarar vinnslu.

Um 4. gr.

Það þjónar ekki tilgangi úttektar þeirrar sem frumvarpið boðar að ráðherra veiti öðrum, svo sem stofnunum eða fyrirtækjum, aðgang að hinum samkeyrðu upplýsingum. Þegar af þeirri ástæðu er lagt fyrirvaralaust bann við að hinar samkeyrðu upplýsingar verði með nokkru móti tengdar við aðrar upplýsingar. Aðgangur annarra takmarkast við leyfi ráðherra.

Hinar samkeyrðu upplýsingar innihalda engin persónuauðkenni, heldur einungis auðkenni í stað kennitalna og fjölskyldunúmera, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Samt sem áður munu hinar samkeyrðu upplýsingar ekki verða ópersónugreinanlegar. Þvert á móti munu þær innihalda mikið magn upplýsinga frá ýmsum skrárhöldurum sem valda því að flestir viðkomandi skrárhaldara munu með einföldum hætti geta afhjúpað hina skráðu. Jafnvel mætti nota upplýsingar sem birtar eru opinberlega, svo sem úr álagningarskrám, í sama tilgangi. Þannig liggja gild rök er lúta að upplýsingaöryggi, til viðbótar þeim er rakin eru hér að framan, til grundvallar banni við aðgangi annarra en þeirra sem ráðherra tilnefnir að hinum samkeyrðu upplýsingum.

Í 2. mgr. greinarinnar er hnykkt á þeim tilgangi sem ráðherra er heimilt að vinna með hinar samkeyrðu upplýsingar í. Þá er sérstaklega tekið fram að úr hinum samkeyrðu upplýsingum megi eingöngu taka saman ópersónugreinanlegar upplýsingar til frekari kynningar eða birtingar, en þar er einkum vísað til tölfræðilegra upplýsinga um hópa af viðeigandi lágmarksstærð, t.d. 100 einstaklinga, lögaðila eða fjölskyldunúmer.

Um 5. gr.

Hér að framan eru rakin sjónarmið um friðhelgi einkalífs og mikilvægi þess að takmarka vinnslu við tilgang þeirrar úttektar sem frumvarpið býður að skuli fara fram. Því til samræmis er í 5. gr. að finna tæmandi tilgreiningu á því með hvaða hætti skuli fara með afurðir úttektarinnar. Er ákvörðunarvald um hvernig bregðast skuli við niðurstöðunum falið ríkisstjórninni.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra sé óheimilt að veita persónugreinanlegar tölfræðilegar upplýsingar um fjárhagsstöðu heimilanna eða upplýsingar um fjárhagsstöðu einstakra lögaðila.

Um 6. gr.

Við sérhverja vinnslu persónuupplýsinga eru gerðar kröfur um víðtækar öryggisráðstafanir til þess að verja öryggi þeirra upplýsinga sem unnið er með. Þar á meðal má nefna ytri öryggisráðstafanir, tæknilegar öryggisráðstafanir og öryggisráðstafanir tengdar starfsmannamálum, svo sem um trúnaðarskyldur starfsmanna og verktaka sem að vinnslunni koma. Í ljósi umfangs þeirrar úttektar sem hér um ræðir og eðlis þeirra upplýsinga sem safnað er þykir rétt að ítreka þær almennu reglur sem gilda um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga og þagnarskyldu opinberra starfsmanna og ráðherra sem undanþegnir eru ákvæðum starfsmannalaga, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 7. gr.

Með lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nú lögum nr. 77/2000, með áorðnum breytingum, er Persónuvernd falið eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga. Þrátt fyrir að með frumvarpi þessu sé gert ráð fyrir að þeirri úttekt sem hér er fjallað um verði veitt sérstök lagastoð sem innihaldi fyrirmæli um með hvaða hætti skuli haga vinnslunni er hér hnykkt á að ákvæði laga um meðferð persónuupplýsinga og eftirlit Persónuverndar skuli ná til úttektarinnar. Stofnunin getur því t.d. mælt fyrir um hvernig þessi vinnsla skuli fara fram og gert úttektir á því að farið sé að reglum um meðferð persónuupplýsinga rétt eins og varðandi aðra vinnslu slíkra upplýsinga.

Um 8. gr.

Svo sem rakið er í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er því ætlað að sjá til þess að fram fari vinnsla persónuupplýsinga sem stjórnvöld telja mjög brýna í ljósi tímabundinna og óvenjulegra aðstæðna. Með frumvarpinu er því ekki ætlunin að koma á fót varanlegu gagnasafni með þeim upplýsingum sem ráðherra verður heimilt að safna samkvæmt ákvæðum þess. Því er mikilvægt að kveðið sé á um skilyrðislaus lok umræddrar vinnslu og eyðingu annarra gagna en þeirra sem innihalda niðurstöður úttektarinnar, þ.e. tölfræðilegra upplýsinga um hópa einstaklinga og lögaðila. Er gert ráð fyrir að söfnun upplýsinga geti staðið yfir ársfjórðungslega og að allri úrvinnslu verði lokið innan þriggja ára hið mesta.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja.

Með frumvarpinu er lagt til að á vegum efnahags- og viðskiptaráðherra fari fram víðtæk rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila yfir nokkurra ára tímabil. Er það gert í ljósi tímabundinna og óvenjulegra efnahagsaðstæðna heimilanna en nauðsynlegt er að afla stjórnvöldum betri yfirsýn yfir þær til þess að auðveldara verði að taka ákvarðanir um viðbrögð.

Markmið rannsóknarinnar er að greina greiðsluvanda heimilanna m.a. eftir tekjuhópum, aldurshópum, kyni og fjölskyldugerðum, og meta síðan áhrif af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til og hvort þörf sé á fleiri aðgerðum. Þannig er frumvarpinu ætlað að ná yfir þær upplýsingar sem ráðherra þarfnast hjá tilgreindum skráarhaldara til þess að framkvæma rannsóknina. Ekki er um varanlegt gagnasafn að ræða og upplýsingarnar verða ávallt ópersónugreinanlegar. Þá er gert ráð fyrir í frumvarpinu að söfnun upplýsinga geti staðið yfir í eitt til tvö ár og að allri úrvinnslu verði lokið innan þriggja ára hið mesta, þótt fyrstu niðurstöður liggi fyrir fyrr.

Gert er ráð fyrir að rannsóknin muni í heildina kosta allt að 50 m.kr. Þar af verði um 40 m.kr. vegna launakostnaðar en gert er ráð fyrir tveimur starfsmönnum við verkefnið. Annar kostnaður er vegna hug- og vélbúnaðar, aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar og viðhalds og þróunar gagnagrunns. Miðað er við að rannsóknin geti hafist fyrir lok þessa árs og að kostnaður ársins verði um 10 m.kr., einkum vegna stofnkostnaðar við vél- og hugbúnað, en hækki svo í 13,3 m.kr. á ársgrunni fram til loka árs 2013.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs kunni að aukast um allt að 50 m.kr. á næstu þremur árum samkvæmt áætlunum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Ekkert framlag er til verkefnisins í fjárlögum eða fjáraukalögum þessa árs en í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir 6 m.kr. framlagi sem ætlað var til að hefjast handa við það. Nú er ráðgert að reyna að hraða verkinu og ljúka við stærri hluta af því á næsta ári en þar sem mjög langt er liðið á yfirstandandi ár og eftir er að fjalla um frumvarpið í þinginu virðast þó varla horfur á að unnt verði að hefja verkið fyrr en í byrjun næsta árs. Nái frumvarp þetta að fram að ganga kann að þurfa að taka þessi mál til endurskoðunar við 2. umr. fjárlagafrumvarpsins með hliðsjón af því að þar er settur bindandi rammi fyrir heildarútgjöld ríkisins.

270. Fyrirspurn [239. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um fjölgun öryrkja.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Hver hefur fjölgun öryrkja verið hér á landi síðustu tíu ár og hverjar eru helstar ástæður fyrir fjölguninni?

271. Fyrirspurn [240. mál]

til fjármálaráðherra um aukin verkefni eftirlitsstofnana.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Með hvaða hætti telur ráðherra hægt að auka verkefni eftirlitsstofnana úti á landi?

272. Fyrirspurn [241. mál]

til fjármálaráðherra um sameiningu lífeyrissjóða.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Telur ráðherra tímabært og hagkvæmt að sameina alla lífeyrissjóði landsmanna í einn stóran sjóð?

273. Fyrirspurn [242. mál]

til fjármálaráðherra um áhrif fækkunar ríkisstarfsmanna á fjárhag sveitarfélaga.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hvaða áhrif hefur fækkun ríkisstarfsmanna haft á fjárhag sveitarfélaga og hver munu áhrifin verða á næstu árum?
2. Hvar gætir þessara áhrifa mest og hvar gætir þeirra minnst?
3. Hvar hefur ríkisstarfsmönnum fjölgað mest á síðustu tíu árum og hvar hefur þeim fækkað mest á samt tíma?

274. Fyrirspurn [243. mál]

til fjármálaráðherra um fjölda opinberra starfsmanna síðustu þrjú ár.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hver hefur þróun fjölda opinberra starfsmanna verið síðustu þrjú ár, flokkað eftir stofnunum ríkisins?

Skriflegt svar óskast.

275. Fyrirspurn [244. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um vanskil meðlagsgreiðslna.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

1. Hversu margir meðlagsgreiðendur eru hér á landi, skipt eftir kynjum?
2. Hver voru vanskil þessa hóps í árslok 2008, skipt eftir kynjum?
3. Hver voru vanskil þessa hóps í árslok 2009, skipt eftir kynjum?
4. Hver voru vanskil þessa hóps 30. júní 2010, skipt eftir kynjum?
5. Hefur greiðslustaða þessa þjóðfélagshóps verið athuguð sérstaklega eftir hrun fjármálakerfisins haustið 2008?

Skriflegt svar óskast.

276. Fyrirspurn [245. mál]

til heilbrigðisráðherra um ofþyngd barna.

Frá Ólöfu Nordal.

1. Hvernig hefur þyngd barna fram að 18 ára aldri þróast hérlendis undangengin 20 ár?
2. Sé merkjanleg breyting á þyngd barna á þessu tímabili, hvaða skýringar eru á því?
3. Hver hefur þróun þyngdar barna á Íslandi verið samanborið við önnur lönd innan OECD?
4. Hvað segja niðurstöður rannsókna um afleiðingar ofþyngdar barna á líðan þeirra?
5. Hvaða ráðleggingar gefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin til að vinna gegn ofþyngd barna?
6. Til hvaða úrræða hafa heilbrigðisyfirvöld gripið vegna ofþyngdar barna?

Skriflegt svar óskast.

277. Frumvarp til laga [246. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Á eftir 43. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er hljóða svo:

a. (44. gr.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. og 43. gr. laganna skal tala héraðsdómara frá 1. mars 2011 vera 48, en ekki skal skipa í embætti héraðsdómara, sem losna eftir 1. janúar 2013, fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr.

b. (45. gr.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. skal tala hæstaréttardómara frá 1. janúar 2011 vera 12, en ekki skal skipa í embætti hæstaréttardómara, sem losna eftir 1. janúar 2013, fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Er í því lagt til að dómurum við Hæstarétt Íslands verði fjölgað tímabundið um þrjá frá og með næstu áramótum og að dómurum við héraðsdóm verði tímabundið fjölgað um fimm frá 1. mars 2011. Er með þessum tillögum brugðist við því aukna álagi sem orðið hefur á síðustu tveimur árum á dómstóla landsins.

Í apríl 2010 beindi dómsmálaráðuneytið þeirri fyrirspurn til dómstólaráðs og Hæstaréttar Íslands hvort hugað hefði verið að því að gerð yrði reglubundin könnun á álagi á dómstólunum svo unnt yrði að meta hvernig best væri að takast á við aukinn málafjölda hjá dómstólunum. Höfðu margir bent á að styrkja þyrfti dómstólana enn frekar til að takast á við síaukinn fjölda mála. Í svari við þessari fyrirspurn kom fram bæði hjá Hæstarétti og dómstólaráði að reglulega væri fylgst með málafjölda og álagi bæði í Hæstarétti og héraðsdómstólunum. Enn fremur kom fram hjá Hæstarétti Íslands að til að bæta úr brýnum vanda og til að koma í veg fyrir að meðferð mála hjá Hæstarétti drægist úr hófi væri nauðsynlegt að fjölga tímabundið um þrjá dómara í Hæstarétti. Í framhaldinu var komið á samvinnu milli dómsmálaráðuneytisins, Hæstaréttar Íslands, dómstólaráðs, Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands þar sem unnið var að því að greina hvernig bregðast mætti, með heildstæðum hætti, við því mikla viðbótarálagi sem dómstólarnir stæðu nú frammi fyrir. Í þeirri vinnu kom m.a. fram að nauðsynlegt væri að fjölga dómurum við héraðsdómstólana um allt að 10 í áföngum.

Með lögum nr. 147/2009, sem gildi tóku í árslok 2009, var dómurum í héraði fjölgað tímabundið um fimm þ.e. er úr 38 í 43. Var þar gert ráð fyrir að eftir 1. janúar 2013 yrði ekki skipað í þær dómarastöður sem losnuðu þar til fjöldi dómara yrði aftur 38. Fram hefur komið hjá dómstólaráði að þessi fjölgun dómara muni hvergi nærri duga til að ráða við það gríðarlega álag sem fyrirsjáanlegt er að verði á héraðsdómstólunum á komandi árum. Fyrirsjáanlegt sé að ágreiningsmál frá slitastjórnum vegna krafna í þrotabú, einkum þrotabú fjármálafyrirtækja, muni verða mikil að umfangi og berast héraðsdómi hratt. Hafa héraðsdómi Reykjavík-

ur, frá 1. janúar 2010, borist 532 slík mál og er 500 þeirra ólokið. Munu mál af þessum toga koma fyrir héraðsdóm af fullum þunga á árinu 2011 og meðferð þeirra standa yfir fram eftir ári 2012. Mál þessi munu væntanlega koma fyrir Hæstarétt af fullum þunga frá og með árinu 2011 eða í byrjun árs 2012. Mál frá sérstökum saksóknara munu berast jafnar og yfir lengra tímabil. Sumarið 2010 hefur einungis eitt slíkt mál verið þingfest fyrir héraðsdómi. Ekkert stórt mál er komið og mun það fyrsta stóra væntanlega fyrst koma á árinu 2011. Gert er ráð fyrir að mál frá sérstökum saksóknara muni síðan dreifast yfir tímabil fram til ársins 2013 til 2014 og væntanlega koma til afgreiðslu í Hæstarétti í lok ársins 2011 eða í byrjun árs 2012. Því telur dómstólaráð að nauðsynlegt sé að fjölga enn frekar í hópi dómara og nauðsynlegt geti verið að auka fjölda þeirra um allt að 10 til viðbótar við þá 43 sem nú eru skipaðir. Það liggur þó ekki ljóst fyrir á þessu stigi hvenær þörf verði fyrir svo marga dómara en áfram verður fylgst náið með fjölgun mála og auknu álagi á héraðsdómstólana. Í frumvarpi þessu er því lagt til að frá og með 1. mars 2011 fjölgi dómurum í héraði um fimm þannig að þeir verði 48 talsins. Á sama hátt og áður er hér um tímabundna fjölgun að ræða og áfram gert ráð fyrir að eftir 1. janúar 2013 verði ekki skipað í þær dómarastöður sem losna. Fram hefur komið hjá dómstólaráði að búast megi við að mesta álagið verði hjá héraðsdómi Reykjavíkur og héraðsdómi Reykjaness. Má því búast við að hinir nýju dómarar muni koma til starfa hjá þessum tveimur dómstólum.

Dómarar í Hæstarétti eru nú níu. Lagt er til í frumvarpinu að frá og með næstu áramótum fjölgi þeim um þrjá og verði samtals 12. Á sama hátt og með dómara í héraði er um tímabundna fjölgun dómara að ræða þannig að eftir 1. janúar 2013 verði ekki skipað í þær dómarastöður sem losna þar til fjöldi hæstaréttardómara verði aftur níu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að dómurum við Hæstarétt verði fjölgað um þrjá frá og með 1. janúar 2011 og dómurum hjá héraðsdómstólum verði fjölgað um fimm frá og með 1. mars 2011. Dómarar verði því tólf hjá Hæstarétti og 48 hjá héraðsdómstólum að teknu tilliti til þeirra fimm dómara sem bætt var við hjá héraðsdómstólum til bráðabirgða með lögum nr. 147/2009. Í báðum tilfellum er gert ráð fyrir því að ekki verði ráðið í stöður sem losna frá og með 1. janúar 2013 þar til dómarar hjá Hæstarétti verða aftur orðnir 9 og 38 hjá héraðsdómstólum.

Áætlað er að launakostnaður vegna þriggja dómara í Hæstarétti sé 40 m.kr. á ári. Þá er og gert ráð fyrir að ráðnir verði til viðbótar tveir aðstoðarmenn dómara auk hálfs stöðugildis skrifstofumanns. Viðbótarlaunakostnaður aðstoðarmanna er áætlaður um 19 m.kr. og heildarlaunakostnaður vegna fjölgunar í Hæstarétti því 59 m.kr. á ársgrundvelli. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að starfstengdur kostnaður geti verið um 1,2 m.kr. og tímabundinn stofnkostnaður vegna aðstöðu um 3,6 m.kr. Samtals er því gert ráð fyrir að kostnaðarauki fyrir Hæstarétt á næsta ári verði tæpar 64 m.kr. en um 60 m.kr. á ársgrundvelli eftir það.

Áætlaður launakostnaður vegna fimm dómara við héraðsdómstóla er áætlaður um 56 m.kr. á ársgrundvelli. Gert ráð fyrir að fjölgun héraðsdómara taki gildi 1. mars nk. og þannig verði hækkun launakostnaðar á næsta ári um 42 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að aðstoðarmönnum dómara verði fjölgað um tvo og dómriturum um tvo frá sama tíma. Árlegur launakostnaður vegna þeirra er áætlaður um 22 m.kr. og því rétt rúmar 16 m.kr. á næsta ári. Gert er ráð fyrir því að dómurum muni fyrst og fremst fjölga hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og að núverandi húsnæði muni ekki rúma þessa fjölgun. Því er talið óhjákvæmilegt að leigja viðbótarhúsnæði, sem jafnframt hafi dómsali, og er áætlað að árlegur leigukostnaður og starfsaðstaða verði um 8,5 m.kr. Samtals er því áætlað að kostnaðarauki vegna fjölgunar dómara hjá héraðsdómstólum verði um 85,5 m.kr. á ári og um 64 m.kr. komi til vegna fjölgunarinnar á næsta ári.

Til að vega upp á móti þeim útgjaldaauka sem samþykkt frumvarpsins hefur í för með sér er ráðgert að dómsmálagjöld verði hækkuð a.m.k. til jafns við hann. Frumvarp vegna hækkunar gjaldanna er í undirbúningi og verður lagt fram fljótlega.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum er því gert ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs aukist á næsta ári um 128 m.kr. og að árlegur kostnaðarauki eftir það verði 145,5 m.kr. Erfitt getur verið að meta hvenær dregur úr þörf fyrir þessar fjárveitingar því allmörg ár getur tekið að fækka dómurum aftur í samræmi við ákvæði frumvarpsins eftir 1. janúar 2013 með því einu að ráða ekki í stöður sem losna. Gert er ráð fyrir að á móti verði innheimt hærri dómsmálagjöld í ríkissjóð þannig að afkoma hans verður óbreytt eftir sem áður. Ekki hefur hins vegar verið gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár né auknum tekjum til að mæta honum.

278. Frumvarp til laga [247. mál]

um breyting á lögum um landsdóm, nr. 3/1963, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómarar sem hafa byrjað meðferð máls skulu ljúka því þó að kjörtímabil þeirra sé á enda.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Rísi vafi um hvort dómari fullnægi framangreindum skilyrðum tekur forseti landsdóms fullnaðarákvörðun um hvort hann taki sæti í máli.

3. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef kveða þarf upp úrskurð um rannsóknaraðgerðir eða um atriði varðandi rekstur máls skal forseti dómsins kveðja til tvo aðra úr röðum hinna löglærðu dómara til að standa að því með sér.

4. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna hljóðar svo:

Nú telur saksóknari brýna þörf slíkra aðgerða, áður en landsdómur kemur saman, og skal ákvörðun um slíka beiðni tekin skv. 2. mgr. 8. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 4. og 5. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Á eftir orðinu „flytur“ í 8. málsl. 1. mgr. kemur: saksóknari sókn sína og.
c. 9. málsl. 1. mgr. fellur brott.

6. gr.

38. gr. laganna hljóðar svo:

Skýrslur ákærðu og vitna skulu hljóðritaðar. Um bókanir í þingbók fer eftir þeim reglum sem gilda um meðferð sakamála.

7. gr.

Í stað orðsins „Landsdómur“ í 2. málsl. 1. mgr. 49. gr. laganna kemur: Kjararáð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Byggist það á tillögum sem forseti landsdóms sendi ráðuneytinu með bréfi, dags. 21. október 2010. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum laganna um meðferð máls fyrir landsdómi svo að mál sem þar eru rekin gangi hnökralaust fyrir sig. Þá eru einnig lagðar til breytingar svo að unnt verði að nýta þá tækni sem nú er fyrir hendi við t.d. skýrslutökur fyrir dómi og önnur atriði eins og hver skuli ákveða þóknun dómenda en lög um landsdóm eru að grunni til frá árinu 1963 og hafa tekið litlum breytingum í áranna rás.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. gr. laganna er fjallað um fjölda dómara í landsdómi og hvernig þeir eru valdir. Er þar m.a. gert ráð fyrir því að átta dómendur af 15 séu kosnir af Alþingi til sex ára í senn. Alþingi kaus síðast aðalmenn í landsdóm árið 2005. Kjörtímabil þeirra rennur því út á næsta ári. Til þess að ekki verði rof á umboði dómenda meðan mál er þar til meðferðar er nauðsynlegt að taka fram í lögunum að dómarar sem hafa byrjað meðferð máls skuli ljúka því þó að kjörtímabil þeirra sé á enda. Fyrirmynd að ákvæði sem þessu er að finna í 48. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeildur, nr. 80/1938, þar sem fjallað er um dómara í Félagsdómi, en þar segir að dómarar sem hafa byrjað meðferð mála skuli ljúka því þótt kjörtímabil þeirra sé á enda.

Um 2. gr.

Í 3. gr. laganna er gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem þeir sem sitja í landsdómi þurfa að uppfylla. Ekki er hins vegar kveðið á um hver taki ákvörðun um hvort dómari uppfylli þau hæfisskilyrði sem talin eru í 3. gr. leiki á því vafi. Hér er því lagt til að forseti landsdóms taki

ákvörðun um hæfi dómara leiki á því vafi og jafnframt kveðið á um að ákvörðun hans sé endanleg.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt þykir að hafa ákvæði um það hvernig með skuli fara þegar kveða skal upp rannsóknarúrskurði eða úrskurði um önnur atriði er varða rekstur máls. Til að einfalda málsmeðferðina er lagt til að forseti dómsins auk tveggja annarra af hinum löglærðu dómurum kveði upp slíka úrskurði.

Um 4. gr.

Lagt er til að ákvarðanir um þær aðgerðir sem nánar er gerð grein fyrir í 1. mgr. 23. gr. laganna og framkvæma þarf áður en landsdómur kemur saman verði teknar af forseta dómsins ásamt tveimur úr röðum hinna löglærðu dómara á sama hátt og kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í 34. gr. laganna er gerð grein fyrir meðferð málsins fyrir dóminum. Eru í frumvarpi þessu lagðar til breytingar svo að málsmeðferðin verði í meira samræmi við aðalmeðferð sakamála samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Um 6. gr.

Í 38. gr. laganna er gerð grein fyrir því hvernig staðið skuli að bókun í dómabók. Tekur ákvæðið mið af þeim aðferðum sem viðhafðar voru á þeim tíma sem lögin voru samin. Þykir rétt að gera þá breytingu að unnt sé að nýta þá tækni sem nú er til staðar við upptöku á skýrslum ákærðu og vitna og jafnframt að bókanir í þingbók fari eftir þeim reglum sem í dag gilda um meðferð sakamála.

Um 7. gr.

Í 49. gr. laganna er m.a. kveðið á um hvernig þóknun til dómenda og dómritara skuli ákveðin. Í frumvarpinu er lagt til að þóknun verði ákveðin af kjararáði í stað þess að landsdómur sjálfur ákveði þóknunina. Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör m.a. dómara og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu og er því eðlilegast að fela þetta verkefni kjararáði.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku laganna og er lagt til að þau taki gildi þegar í stað. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um landsdóm, nr. 3/1963, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar er varða málsmeðferð og önnur atriði svo unnt verði að nýta þá tækni sem nú er til staðar svo mál sem rekin eru fyrir landsdómi gangi hnökralaust fyrir sig. Lagt er til að dómarar sem byrjað hafa málsmeðferð skuli ljúka því þó að kjörtímabil þeirra sé á enda. Er þetta lagt til svo ekki verði rof á umboði dómenda meðan mál er þar til meðferðar. Þá eru lagðar til breytingar á málsmeðferð fyrir dóminum svo hún verði meira í samræmi við aðalmeðferð sakamála sem og hvernig fara skuli að þegar kveða skal upp rannsóknarúrskurði eða önnur atriði er varða rekstur máls. Lagt er auk þess til að forseti landsdóms taki fullnaðarákvörðun um það hvort dómari taki sæti ríki vafi um hvort hann fullnægi skilyrðum laga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að unnt verði að nýta nútímatækni við töku skýrslna af ákærðu og vitnum og að þóknun dómenda og dómritara skuli ákveðin af kjararáði í stað þess að landsdómur ákveði sjálfur þóknunina.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

279. Fyrirspurn [248. mál]

til iðnaðarráðherra um markaðsátakið „Inspired by Iceland“.

Frá Guðmundi Steingrímssyni.

1. Hefur ráðuneytið, eða aðili á þess vegum, metið árangur átaksins „Inspired by Iceland“? Ef svo er, hver er hann?
2. Verður áframhald á átakinu?
3. Hvað telur ráðherra að vel hafi heppnast við átakið og hvað síður?

Skriflegt svar óskast.

280. Fyrirspurn [249. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um tækni- og raungreinamenntun.

Frá Guðmundi Steingrímssyni.

Hvernig sér ráðherra fyrir sér að hægt verði að efla tækni- og raungreinamenntun á Íslandi á allra næstu árum, með það að markmiði að mæta sívaxandi eftirspurn atvinnulífsins eftir slíku vinnuafli? Er til áætlun þessa efnis innan ráðuneytisins sem starfað er eftir?

Skriflegt svar óskast.

281. Fyrirspurn [250. mál]

til fjármálaráðherra um sölu Landsbankans á fyrirtækjum.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Á hvaða verði og kjörum selur Landsbankinn EJS, HugAx, Húsasmiðjuna, Icelandic Group, Plastprent, Skýrr, Teymi og Vodafone? Hvernig skiptist kaupverðið, hvert verður virði hlutafjár og skulda og hvaða skuldir verða yfirteknar? Svar óskast sundurliðað eftir fyrirtækjum.

Skriflegt svar óskast.

282. Tillaga til þingsályktunar [251. mál]

um metanframleiðslu.

Flm.: Arndís Soffía Sigurðardóttir, Ólafur Þór Gunnarsson, Lilja Mósesdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Þuríður Backman, Björn Valur Gíslason, Auður Lilja Erlingsdóttir, Skúli Helgason, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Margrét Tryggvadóttir, Guðmundur Steingrímsson, Oddný G. Harðardóttir, Magnús Orri Schram, Unnur Brá Konráðsdóttir, Birkir Jón Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir aukinni og markvissri metanframleiðslu í landinu og leita eftir samstarfi við sveitarfélög, einstaklinga og lögaðila í því skyni. Jafnframt hafi ríkisstjórnin forgöngu um að marka heildstæða stefnu um nýtingu metans og taki höndum saman við hagsmunaaðila um rannsóknir, fjármögnun og framvindu hagfelldra kosta við metanframleiðslu.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að ríkisstjórnin marki stefnu um nýtingu metaneldsneytis sem orkugjafa til stuðnings þeirri stefnumörkun sem Íslendingar hafa undirgengist í alþjóðasamfélaginu, sem er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af jarðefnauppruna og vernda lofthjúp jarðar og setja sér markmið um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Þá er lagt til að ríkisstjórnin taki höndum saman við hagsmunaaðila um fjármögnun til aukinnar metanframleiðslu og nýtingar þeirra tækifæra sem eru til metanvinnslu. Virk og markviss aðkoma ríkisins að málaflokknum getur skipt sköpum um aukna framleiðslu á þeirri endurnýjanlegu orkuauðlind sem hér um ræðir og stuðlað að aukinni notkun samgöngutækja og vélbúnaðar í iðnaði sem knúinn er metaneldsneyti.

Lagt er til að ríkisstjórnin beiti sér fyrir rannsóknum og fræðslu um metanframleiðslu í samstarfi við þá frumkvöðla sem þegar hafa hafið framleiðslu á metaneldsneyti þannig að sú þekking og reynsla sem þegar hefur áunnist nýtist sem best til að stórauka framleiðsluna í landinu í stórum og smáum framleiðslueiningum. Tillagan beinist að ríkisstjórninni í ljósi þess að aðkomu margra ráðuneyta er þörf til að fylgja markmiðum hennar eftir.

Aukin metanframleiðsla í landinu leggur grunn að orkuöryggi þjóðarinnar og sjálfbærni. Nýtingarmöguleiki á íslensku metani á þessari öld er augljós og aukin notkun metans fyrirsjáanleg í samgöngum og iðnaði. Framleiðsla í landinu sl. 10 ár hefur verið meiri en sem nemur eftirspurn. Síðastliðið ár hefur eftirspurn þó aukist mikið og ljóst er að núverandi framleiðslugeta verði fullnýtt innan fárra ára. Allt bendir til að á árinu 2011 muni notkun á metanökutækjaeldsneyti aukast en á árinu 2010 jókst hún um 35% frá árinu 2009. Notkun á metanökutækjum hefur stóraukist í heiminum og mikil aukning er þegar hafin á Íslandi.

Gjaldeyrissparnaður og aukin framleiðsla í landinu er forsenda hagsældar á Íslandi. Minni innflutningur umhverfisspillandi jarðefnaeldsneytis vegna aukinnar framleiðslu í landinu á umhverfisvænu og endurnýjanlegu eldsneyti eru eftirsóknarverð umskipti. Notkun íslensks metans í stað innflutts eldsneytis sparar gjaldeyri, bætir vöruskiptajöfnuð landsmanna og styrkir innlendan iðnað og viðskipti.

Metaneldsneyti er íslensk framleiðsla og afrakstur íslenskra starfa. Framleiðslan er möguleg víða um land og getur lagt grunn að fjölbreyttri og sjálfbærri atvinnusköpun í öllum byggðum landsins. Metanframleiðsla í sjávarútvegi og landbúnaði er jákvæð viðbót við atvinnugreinarnar og eykur verðmætasköpun þeirra. Eftirspurn eftir „grænni ferðaþjónustu“ eykst í takt við aukna umhverfisvitund almennings um allan heim sem gerir auknar kröfur í þeim efnum með hverju ári. Aukin metanframleiðsla vítt og breitt um landið skapar því dýrmæt tækifæri fyrir þjóðina til að mæta eftirspurn eftir valkosti til umhverfisvænna og öruggra samgangna. Með staðbundinni og sjálfbærri metanframleiðslu á landsbyggðinni fást möguleikar á að ferðast hringveginn á íslensku og endurnýjanlegu eldsneyti.

Metan er hægt að framleiða úr öllu lífrænu efni á yfirborði jarðar. Framleiðsluaðferðir á metani eru vel þekktar og þróaðar. Á Íslandi liggur beinast við að nýta fyrst allan lífrænan úrgang frá heimilum, landbúnaði, sjávarútvegi, matvælavinnslu og annarri atvinnustarfsemi. Jafnframt er horft til þess að nýta seyru líkt og gert er í Stokkhólmi og ómæld tækifæri liggja í ræktun lífmassa svo að eitthvað sé nefnt. Nýtingarmöguleikar á metaneldsneyti eru fjölmargir hvort sem er á láði eða legi og mikil aukning hefur orðið á heimsvísu í notkun samgöngutækja sem geta nýtt metaneldsneyti.

Fjölgun ökutækja, sem knúin eru metaneldsneyti að hluta, hefur árið 2010 að mestu leyti orðið með breytingum á bensínbílum sem þegar eru í umferð. Sú atvinnusköpun er sérlega

ánægjuleg enda skapar breytingin tækifæri til að viðhafa umhverfisvænstu samgöngur sem völ er á með notkun á núverandi bílaflota landsmanna.

Með innlendri framleiðslu á endurnýjanlegu og umhverfisvænu eldsneyti sem nýst getur í stað hefðbundins jarðefnaeldsneytis sýna stjórnvöld samfélagslega ábyrgð og hámarka umhverfislegan ávinning af notkun núverandi bílaflota í landinu. Draga má úr losun gróðurhúsalofttegunda af jarðefnauppruna frá samgöngum með akstri á íslensku metani. Enginn faglegur ágreiningur er um að frá bílhreyfli sem brennir íslensku metani á sér ekki stað losun gróðurhúsalofttegunda af jarðefnauppruna. Aukin notkun á íslensku metani í samgöngum þjóðarinnar samræmist því vel áformum og alþjóðlegum skuldbindingum stjórnvalda í loftslagsmálum sem lúta að því að draga úr hlýnunaráhrifum í lofthjúpi jarðar af mannavöldum.

Það er hlutverk stjórnvalda að hlúa að þeim tækifærum sem þjóðin á og að vísa veginn. Hér er um að ræða orkugjafa sem getur nýst þjóðinni með margvíslegum hætti. Þótt aðkoma stjórnvalda verði virkari hér eftir en hingað til við þróun frekari metanframleiðslu í landinu er með engu dregið úr möguleikum á aðkomu stjórnvalda að öðrum tæknilausnum sem einnig þykja hagfelldar. Með sama hætti er eðlilegt að stjórnvöld láti sig varða farsæla nýtingu þeirra í samræmi við heildrænan og hlutfallslegan ávinning þjóðarinnar. Flestum ber saman um að á þessari öld verða í boði fjölbreyttir tæknivalkostir til samgangna og að þeir muni henta ríkjum með mismunandi hætti eftir aðstæðum. Öllum ber saman um að við íslenskar aðstæður muni metaneldsneyti reynast einn þeirra kosta sem farsælt sé að nýta í stórauknum mæli miðað við framleiðslugetu þjóðarinnar í dag.

Á síðustu missirum hefur áhugi á frekari metanvæðingu í samgöngum og iðnaði aukist. Með víðtækum stuðningi þingmanna við að fela ríkisstjórninni að kortleggja kosti og leiðarval við aukna metanframleiðslu í landinu mundi þingið sýna samfélagslega ábyrgð í verki og getu til að bregðast við óskum frá þjóðinni um hagfelld heillaspor sem unnt er að stíga á komandi árum.

283. Svar [65. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um fjölda aðgerða á spítölum og heilbrigðisstofnunum með skurðstofur.

1. *Hver var fjöldi aðgerða á spítölum og heilbrigðisstofnunum á Suðurlandi, Suðurnesjum og Akranesi, á St. Jósefsspítala og Landspítala á árunum 2007, 2008, 2009 og fyrri hluta 2010 í:*
   a. *kvenlækningum,*
   b. *bæklunarlækningum,*
   c. *almennum skurðlækningum,*
   d. *háls-, nef- og eyrnalækningum,*
   e. *lýtalækningum?*

Ráðuneytið leitaði svara hjá viðkomandi stofnunum um fjölda þeirra aðgerða sem fyrirspurnin beinist að. Svör stofnananna koma fram í meðfylgjandi töflum. Ef svörum stofnana fylgdu skýringar birtast þær efnislega undir viðeigandi töflu.

LSH - Fjöldi aðgerða

Sérgrein	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Kvenlækningar	2.892	3.045	2.776	1.407
Bæklunarlækningar	2.404	2.530	2.610	1.314
Almennar skurðlækningar	2.216	2.177	2.277	1.184
Háls- nef og eyrnalækningar	1.341	1.375	1.219	577
Lýtalækningar	350	331	310	178
Samtals	9.203	9.458	9.192	4.660

Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Sérgrein	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Kvenlækningar	608	596	979	694
Bæklunarlækningar	365	298	337	178
Almennar skurðlækningar	1.151	1.115	957	475
Háls- nef og eyrnalækningar	361	358	388	207
Lýtalækningar	196	198	160	97
Samtals	2.681	2.565	2.821	1.651

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Sérgrein	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Kvenlækningar	249	278	296	170
Bæklunarlækningar		18	6	0
Almennar skurðlækningar	234	261	170	58
Háls- nef og eyrnalækningar	365	370	347	182
Lýtalækningar			3	12
samtals	848	927	822	422

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Sérgrein	2007*	2008*	2009*	6 mán. 2010
Kvenlækningar	308	314	293	
Bæklunarlækningar	0	0	0	
Almennar skurðlækningar	339	339	342	
Háls- nef og eyrnalækningar	210	311	131	
Lýtalækningar	80	104	88	
Samtals	937	1.068	854	

* Fjöldi aðgerða er í raun meiri en fram kemur í töflunni þar sem í upplýsingakerfi stofnunarinnar er miðað við fjölda sjúklinga sem fara í aðgerð en hluti þeirra fór í fleiri en eina aðgerð.

St. Jósefsspítali - Sólvangur

Sérgrein	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Kvenlækningar	1.211	1.298	1.109	656
Bæklunarlækningar	539	555	342	0
Almennar skurðlækningar	227	190	198	84
Háls- nef og eyrnalækningar	410	427	225	0
Lýtalækningar	253	259	170	85
Samtals	2.640	2.729	2.044	825

Samantekt allir

Sérgrein	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Kvenlækningar	5.268	5.531	5.453	2.927
Bæklunarlækningar	3.308	3.401	3.295	1.492
Almennar skurðlækningar	4.167	4.082	3.944	1.801
Háls- nef og eyrnalækningar	2.687	2.841	2.310	966
Lýtalækningar	879	892	731	372
Samtals	16.309	16.747	15.733	7.558

2. *Hversu mörg rúm eruá hverri framangreindra heilbrigðisstofnana og hvernig voru þau nýtt á tímabilinu, sundurliðað eftir árum?*

Ráðuneytið leitaði svara hjá þeim stofnunum sem fyrirspurnin beinist að um fjölda rúma sem þær hafa til ráðstöfunar. Svör stofnana koma fram í eftirfarandi töflum. Skýringar og athugasemdir hverrar stofnunar, ef einhverjar eru, koma fram fyrir neðan töflu um viðkomandi stofnun.

Landspítali	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Fjöldi rúma	794	749	682	634
Nýting % *	85%	85%	87%	89%

*Tekið er tillit til fækkunar rúma tímabundið á sumrin og á stórhátíðum og þeirra rúma sem ekki eru aðgengileg um helgar á fimm daga deildum. Fækkar töldum rýmum vegna þessa um 5%.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Fjöldi rúma	60	60	60	52
Nýting %	77%	76%	69%	74%

Heilbrigðisstofnun Suðurlands	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Fjöldi rúma	55	71	71	71
Nýting %	96%	81%	86%	83%

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Fjöldi rúma	23	23	23	21**
Nýting %	78%	81%	71%	0***

** Rúmum fækkar í 21 í samræmi við fjárveitingar HBR.
*** Tölur fyrir 2010 liggja ekki fyrir vegna vandamála tengdra uppsetningu nýs legudagakerfis. Tölur frá áramótum til 1. maí 2010 eru ónothæfar vegna breyttra og ósamanburðarhæfra aðstæðna.
Um fjórðungur rúma er nýttur fyrir skurðsjúklinga frá Landspítalanum.

St. Jósefsspítali - Sólvangur	2007	2008	2009	6 mán. 2010
Fjöldi rúma	21	21	21	21
Nýting %	73%	68%	53%	47%

Við útreikning nýtingar var tekið tillit til þess að handlækninga- og skurðdeild spítalans var fimm daga deild á árunum 2007 og 2008. Einnig var tekið tillit til lokana á stórhátíðum. Framan af viku eru almennt um tíu sjúkrarúm í notkun. Nýtingin eykst síðan eftir því sem líður á vikuna og á föstudagsmorgni eru flest rúm nýtt. Stjórnast þetta af aðgerðadagskrá skurðstofu.

284. Svar [168. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Arndísar Soffíu Sigurðardóttur um varnargarða og fyrirhleðslur á áhrifasvæði eldgossins í Eyjafjallajökli.

1. *Hversu miklum fjármunum hefur ríkið varið til viðhalds og uppbyggingar varnargarða og fyrirhleðslna eftir flóðin af völdum eldgossins í Eyjafjallajökli?*

Áætlaður heildarkostnaður Vegagerðarinnar vegna viðhalds og endurbyggingar varnargarða og fyrirhleðslna við Markarfljót og ár undir Eyjafjöllum, eftir flóðin af völdum eldgossins í Eyjafjallajökli, er um 100 millj. kr. Hluti varnargarðakerfisins við þessar ár er samvinnuverkefni Vegagerðarinnar og Landgræðslu ríkisins og hefur Landgræðslan einnig lagt út fyrir töluverðum kostnaði vegna þessa en Vegagerðin hefur ekki upplýsingar um þær upphæðir.

2. *Hvaða varnargörðum og fyrirhleðslum er áformað að halda við?*

Öllum varnargörðum og fyrirhleðslum er haldið við eftir þörfum en þeir varnargarðar sem urðu fyrir mestum skemmdum af völdum flóða í kjölfar eldgoss eru varnargarðar við Markarfljót, svo sem við Þórólfsfell, við gömlu Markarfljótsbrúna og Litlu-Dímon, auk garða við nýju Markarfljótsbrúna. Einnig hefur aukinn framburður valdið vandræðum við Krossá í Þórsmörk og er unnið að fyrirhleðslum þar til að sporna við frekara landbroti og skemmdum á vegum. Mikil uppbygging hefur einnig farið fram á varnargörðum við Svaðbælisá, auk þess sem stöðugt er unnið að uppmokstri á efni úr farvegi árinnar.

3. *Hvaða varnargarða og fyrirhleðslur er áformað að styrkja sérstaklega vegna flóðahættu?*

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um frekari styrkingu varnargarða en gerð hefur verið úttekt á þeim varnargörðum við Markarfljót þar sem tæpast stóð að vatn færi yfir garðana og gerð tillaga um hækkun og styrkingu þeirra, telji menn hættu á viðlíka flóði og varð í kjölfar eldgossins. Þessir garðar eru: leiðigarðar við brú á Hringvegi, nýr varnargarður austan Markarfljótsbrúar (við Kverkina), Dofri, Fauskagarður, Hallshólmagarður, Álagarður, Stóru-Dímonargarður, Litlu Dímonargarður neðan Litlu-Dímonar, Bakvörður austan Markarfljótsbrúar og flutningur á Merkurhólagarði.

4. *Hver er áætlaður heildarkostnaður við verkefnið?*

Áætlaður kostnaður Vegagerðarinnar við þessi verkefni er um 90 millj. kr. en gert er ráð fyrir hlutdeild frá Landgræðslu ríkisins upp á um 20 millj. kr.

5. *Hvenær er áformað að verkefninu ljúki?*

Nú er um það bil lokið við viðgerðir á skemmdum sem hlutust af völdum flóða en ekki hefur verið tekin ákvörðun um frekari framkvæmdir við styrkingu varnargarða.

285. Svar [167. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Arndísar Soffíu Sigurðardóttur um vegagerð á áhrifasvæði eldgosanna á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli.

1. *Hversu miklum fjármunum hefur ríkið þegar varið til vegagerðar vegna afleiðinga eldgosanna á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli?*

Kostnaður Vegagerðarinnar við endurbyggingu og lagfæringu vega vegna eldgosanna er fyrst og fremst fólginn í endurbyggingu Hringvegarins við Markarfljót og í minna mæli á Fljótshlíðarvegi, Þórsmerkurvegi og Raufarfellsvegi. Áætlaður heildarkostnaður við þessi verkefni er um 30 millj. kr. Auk þess hefur Vegagerðin veitt sveitarfélaginu Rangárþingi eystra styrk til endurbóta á vegslóða um Fimmvörðuháls. Kostnaður við önnur verkefni, svo sem vegna þátttöku í sáningum til að hefta öskufok á Skógar- og Sólheimasandi og öskuhreinsun af vegum o.fl., er um 15 millj. kr.

2. *Hvaða vegi er áformað að byggja upp eða lagfæra vegna beinna áhrifa eldgosanna og tengdra afleiðinga, svo sem aukinnar umferðar?*

Lagfæringum á vegum umhverfis Markarfljót er lokið en unnið er að áætlunum um hugsanlega hækkun Hringvegarins við Svaðbælisá ásamt endurbyggingu, færslu og hækkun brúarinnar og breytingum á farvegi árinnar.

3. *Hver er áætlaður heildarkostnaður við þau verkefni?*

Verkefnin eru ekki það langt komin í undirbúningi að kostnaður við þau hafi verið metinn en gera má ráð fyrir að hann geti numið á annað hundrað milljóna króna að teknu tilliti til breytinga á farvegum og varnargörðum.

4. *Hvenær er áformað að verkefnunum ljúki?*

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um tímasetningu þessara verkefna.

286. Fyrirspurn [252. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um bann við búrkum.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Telur ráðherra rétt að banna búrkur?

287. Fyrirspurn [253. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um kostnað við mannanafnanefnd.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

Hver hefur kostnaður af rekstri mannanafnanefndar verið árin 2005–2010, sundurliðað eftir árum og helstu kostnaðarliðum?

Skriflegt svar óskast.

288. Fyrirspurn [254. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um kærur vegna starfa lögreglu.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

1. Hversu margar kærur hafa borist sl. 5 ár frá almennum borgurum vegna starfa lögreglu? Á hvaða rökum hafa kærurnar verið reistar? Hver hafa viðbrögð ráðuneytisins verið?
2. Hversu margar af kærunum hafa verið dregnar til baka? Hversu margar hafa leitt til sakfellingar, sýknu eða verið vísað frá dómi?

Skriflegt svar óskast.

289. Svar [85. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um kostnað við flutning sjúklinga á milli heilbrigðisstofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver var kostnaður við flutning sjúklinga á milli heilbrigðisstofnana árin 2007, 2008 og 2009, sundurliðað eftir heilbrigðisumdæmum og heilbrigðisstofnunum?

Flutningar sjúklinga milli heilbrigðisstofnana eru með sjúkrabifreiðum og sjúkraflugvélum. Í undantekningartilvikum eru notaðar þyrlur. Starfsmenn, tæki og búnaður til sjúkraflutninga er notaður jöfnum höndum til þessara flutninga og annarra almennra sjúkraflutninga.

Fjölmargir aðilar koma að rekstri sjúkraflutninga. Má þar nefna:

1. heilbrigðisstofnanir og slökkvilið sveitarfélaga sem leggja til mannafla í sjúkraflutningsþjónustuna,

2. Rauða kross Íslands (RKÍ) sem rekur sjúkrabifreiðarnar,
3. flugfélög sem eiga og reka flugvélar sem notaðar eru til sjúkraflugs og
4. Landhelgisgæsluna sem rekur þyrlur sem sinna aðkallandi sjúkraflugi.

Heildarfjöldi flutninga milli stofnana á ári liggur fyrir í gögnum frá RKÍ (úr skrám Neyðarlínunnar ohf.) og hjá flugrekendum sjúkraflugvéla. Kostnaði við millistofnanaflutninga er hins vegar einungis að litlu leyti haldið aðgreindum frá kostnaði við almenna sjúkraflutninga í bókhaldi þeirra aðila sem koma að þessum rekstri. Í meðfylgjandi töflu er reynt að nálgast heildarkostnað við millistofnanaflutninga frá hverri stofnun með því að deila heildarkostnaði einstakra aðila hlutfallslega niður á stofnanirnar. Er þar byggt á heildarfjölda millistofnanaflutninga og einnig á greiðslum heilbrigðisstofnana til RKÍ vegna þessara flutninga.

Í meðfylgjandi töflu er gengið út frá skipulagi heilbrigðisstofnana eins og það er nú. Taflan sýnir kostnað ríkisins við flutningana, sem fenginn er með framangreindri nálgunaraðferð. Einstaklingar bera ekki beinan kostnað af flutningi milli stofnana. Tæpur þriðjungur kostnaðar við millistofnanaflutninga er vegna sjúkraflugs.

Heilbrigðisstofnanir í umdæmum, þaðan sem sjúklingar voru fluttir milli stofnana skv. uppl. frá RKÍ og flugrekendum	Kostnaður við flutning sjúklinga milli stofnana (í þús. króna) 2007	2008	2009
Heilbrigðisumdæmi Vesturlands			
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	28.341	33.575	39.588
Höfði, dvalarheimili, Akranesi	1.344	1.801	1.842
Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	1.566	1.548	2.508
Silfurtún, dvalarheimili, Búðardal	1.063	1.231	653
Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellsenda, Búðardal	1.649	1.379	4.486
Fellaskjól, dvalarheimili, Grundarfirði	1.006	2.504	520
Hjúkrunar- og dvalarheimið Barmahlíð, Reykhólum	299	296	435
Samtals Vesturland:	**35.268**	**42.334**	**50.031**
Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða			
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	3.524	5.767	6.002
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	21.444	29.022	14.757
Hlíf,íbúðir aldraðra, Ísafirði	583	0	0
Samtals Vestfirðir:	**25.550**	**34.789**	**20.759**
Heilbrigðisumdæmi Norðurlands			
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	3.112	4.740	6.629
Sæborg, dvalarheimili aldraðra, Skagaströnd	1.084	343	0
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	8.382	9.243	10.638
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	7.789	10.212	8.572
Hornbrekka, dvalarheimili, Ólafsfirði	493	760	521
Heilsugæslustöðin Dalvík	924	1.265	1.536
Dalbær, heimili aldraðra, Dalvík	2.722	2.840	2.226
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	86.153	111.332	113.245
Aukureyrarbær (öldrunarstofnanir og heilsugæsla)	3.711	5.048	4.894
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	11.321	14.064	13.441
Hvammur, heimili aldraðra, Húsavík	470	300	232
Samtals Norðurland:	**126.162**	**160.147**	**161.932**
Heilbrigðisumdæmi Austurlands			
Heilbrigðisstofnun Austurlands	40.733	43.032	42.219
Sundabúð, hjúkrunarheimili, Vopnafirði	238	1.816	2.564
Hulduhlíð, heimili aldraðra, Eskifjörður	3.602	1.528	6.346
Samtals Austurland:	**49.199**	**48.380**	**55.296**
Heilbrigðisumdæmi Suðurlands			
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	15.909	11.603	10.091
Hjúkr-/dvalarh Klausturhólum, Klaustri	4.383	4.333	4.992
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	37.161	41.527	37.264
Dvalarheimilið Hjallatúni, Vík	4.081	3.890	5.000
Kirkjuhvoll dvalarheimili, Hvolsvelli	2.320	4.571	5.861
Lundur dvalarheimili, Hellu	1.482	1.299	3.381
Dvalarheimili aldraðra Blesast, Selfoss	372	696	2.419
Kumbaravogur ehf, Stokkseyri	1.387	1.175	1.986
Sólvellir,heimili aldraðra, Eyrarbakki	158	588	1.122
Heilsustofnun NLFÍ, Hveragerði	1.424	1.933	2.677
Dvalarheimilið Ás, Hveragerði	2.294	2.462	7.656
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	17.371	20.859	17.424
Hraunbúðir,dvalarheim aldraðra, Vestmannaeyjum	106	0	269
Samtals Suðurland:	**88.447**	**94.937**	**100.142**
Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja			
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	28.968	34.102	35.737
Garðvangur dvalarheimili Garði	611	1.027	1.687
Víðihlíð dvalarheimili Grindavík	4.104	4.698	5.198
Hlévangur, Garði, Suðurnesjum	651	719	891
Samtals Suðurnes:	**34.335**	**40.546**	**43.512**
Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins			
Landspítali	265.507	288.054	346.407
St. Jósefsspítali. Sólvangur	5.513	7.185	4.470
Fell,dvalarheimili, Reykjavík	375	898	170
Droplaugarstaðir,hjúkr.heimili, Reykjavík	1.704	838	1.463
Eir,hjúkrunarheimili, Grafarvogi, Reykjavík	3.523	4.191	5.265
Hrafnista, dvalarheim. aldraðra, Reykjavík	5.775	4.939	4.560
Hrafnista, dvalarheim. aldraðra, Hafnarfirði	7.883	6.197	5.265
Holtsbúð,hjúkrunar-/dvalarheim, Garðabæ	664	958	1.429
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbær	29	389	408
Seljahlíð,heimili aldraðra, Reykjavík	1.068	689	579
Skógarbær,hjúkrunarheimili, Reykjavík	1.299	1.527	1.701
Sunnuhlíð,hjúkrunarheimili, Kópavogi	1.906	629	646
Víðines hjúkrunarheimili aldr, Reykjavík	895	629	579
Sjálfsbjargarheimilið, Reykjavík	491	838	987
Grund,elli- og hjúkrunarheimili	4.100	3.862	3.777
Reykjalundur,vinnuheimili SÍBS	1.056	792	817
Skjól,hjúkrunarheimili, Reykjavík	1.501	1.347	1.497
Öldungur hf, Sóltúni, Reykjavík	1.617	1.497	1.293
Vífilsstaðir,hjúkrunarheimili	722	1.168	1.939
Rjóðrið, Kópavogi	231	150	170
Samtals höfuðborgarsvæðið:	**305.860**	**326.774**	**383.423**
Heildarkostnaður við millistofnanaflutninga:	**664.821**	**747.908**	**815.095**

290. Svar [117. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um fjölda hjúkrunar- og dvalarrýma fyrir aldraða.

1. *Hvað verða mörg hjúkrunar- og dvalarrými fyrir aldraða lögð niður árin 2010 og 2011?*

Í upphafi árs 2010 var hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimilum fækkað um 22 og hjúkrunarrýmum á heilbrigðisstofnunum um 33. Þörf fyrir vistun er ákvörðuð samkvæmt reglugerð 1000/ 2008 um vistunarmat vegna hjúkrunarrýma. Við ákvörðun um fækkun rýma var stuðst við upplýsingar um fjölda einstaklinga með vistunarmat og fjölda vannýttra rýma á liðnum árum. Í fjárlagafrumvarpi 2011 er gert ráð fyrir að fækka um 47 hjúkrunarrými á hjúkrunarheimilum og um 34 vannýtt hjúkrunarrými á heilbrigðisstofnunum.

Dvalarrýmum var fækkað um 83 í ársbyrjun 2010 og í fjárlagafrumvarpi 2011 er gert ráð fyrir að fækka um 47 dvalarrými.

Alls þýðir þetta fækkun um 136 hjúkrunarrými og 130 dvalarrými á árunum 2010 og 2011.

2. *Hversu mörg rúm í einbýlum munu standa auð eftir fækkunina?*

Leitast er við að breyta tvíbýlum í einbýli þar sem mögulegt er. Það leiðir ekki til þess að einbýli standi auð. Sums staðar er einbýlum fækkað á svæðum þar sem framboð rýma er umfram reiknaða þörf. Uppgefinn fjöldi hjúkrunar- og dvalarrýma miðar við þá fjárveitingu sem veitt hefur verið til slíkra rýma fremur en þess húsnæðis sem kann að vera til staðar á hverjum stað. Upplýsingar um „auð“ rými í einbýli fyrir og eftir fækkun liggja því ekki fyrir.

3. *Hversu mörgum starfsmönnum hefur verið og verður sagt upp vegna fækkunar hjúkrunar- og dvalarrýma?*

Fækkun rýma hefur hingað til fyrst og fremst verið vegna vannýttra rýma og benda upplýsingar frá stofnunum til þess að hagræðingarkröfu hafi að mestu leyti verið mætt án uppsagna. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi er hins vegar ljóst að fyrirhuguð fækkun rýma á næsta ári mun að óbreyttu leiða til uppsagna. Áætlaður fjöldi stöðugilda sem tapast er á bilinu 0,6–0,9 fyrir hvert fullnýtt rými sem fækkað er um á hjúkrunarheimili og 0,3–0,5 á dvalarheimili. Miðað við fækkun um 81 hjúkrunarrými og 47 dvalarrými á næsta ári má búast við að störfum fækki um 45–70.

4. *Hvað er gert ráð fyrir mikilli fjölgun rýma samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu hjúkrunarrýma á árunum 2010–2016, sundurliðað eftir árum og hjúkrunarheimilum?*

Fyrir rúmu ári, 13. október 2009, samþykkti ríkisstjórnin að hefja byggingu hjúkrunarheimila samkvæmt svokallaðri leiguleið í samstarfi við níu sveitarfélög. Þessi samþykkt opnaði nýja leið til þess að fjármagna uppbyggingu hjúkrunarheimila þar sem heimamenn annast hönnun og byggingu húsnæðisins, fjármögnunin er tryggð með láni frá Íbúðalánasjóði en félags- og tryggingamálaráðuneytið, í gegnum Framkvæmdasjóð aldraðra, greiðir viðkomandi sveitarfélagi hlutdeild í húsaleigu sem ígildi stofnkostnaðar. Nú þegar hafa verið undirritaðir samningar við sex sveitarfélög um framkvæmdir samkvæmt leiguleiðinni og viðræður hafa átt sér stað við tvö af þeim þremur sveitarfélögum sem þá standa eftir.

Sveitarfélögin sem um ræðir eru Akureyri, Borgarbyggð, Fljótsdalshérað, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjanesbær og Seltjarnarnes.

Markmið áætlunarinnar er tvíþætt. Annars vegar að fækka fjölbýlum og bæta þannig aðstöðu einstaklinga á hjúkrunarheimilum og hins vegar að fjölga rýmum þar sem þess er þörf með nýjum rekstrarheimildum og tilfærslum á rýmum milli svæða. Á Akureyri, í Borgarbyggð og Hafnarfirði verður ekki um raunfjölgun hjúkrunarrýma að ræða. Stór hluti rekstrarheimilda fyrir hjúkrunarrými sem fyrirhugað er að byggja í Fljótsdalshéraði og í Garðabæ er þegar til staðar. Í Kópavogi, Mosfellsbæ, Reykjanesbæ og á Seltjarnarnesi er gert ráð fyrir að rekstrarheimildir fyrir hjúkrunarrýmin komi með tilfærslu rekstrarheimilda frá stöðum þar sem fjöldi rýma er umfram þörf og með fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra til ársins 2014, en eftir það úr ríkissjóði.

291. Svar [151. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur um opinber framfærsluviðmið.

1. *Hver eru opinber framfærsluviðmið, hvernig er framfærslugrunnurinn samansettur og hvenær var hann síðast uppfærður?*

Á Íslandi eru ekki til opinber framfærsluviðmið. Frá árinu 2008 var lífeyrisþegum Tryggingastofnunar ríkisins tryggð lágmarksfjárhæð til framfærslu. Grunnurinn að þeirri breytingu var lagður með lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Í 2. mgr. 9. gr. laganna er kveðið á um sérstaka uppbót til lífeyrisþega, svokallaða lágmarksframfærsluuppbót. Þannig er lífeyrisþegum Tryggingastofnunar ríkisins sem ekki ná tekjuviðmiðinu 180.000 kr. með samanlögðum tekjum sínum tryggð sú fjárhæð til framfærslu. Með þessari breytingu fóru lífeyrisgreiðslur almannatrygginga vel yfir fjárhæðir annarra bóta til framfærslu eins og sjá má hér á eftir.

Hvað fjárhagsaðstoð sveitarfélaga til framfærslu varðar þá gerðu ráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök félagsmálastjóra með sér samkomulag í desember 2007. Þar er mælt fyrir um að ráðuneytið skuli árlega uppfæra grunnfjárhæð vegna fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og birta viðmiðunarfjárhæðina í leiðbeiningum ráðuneytisins í desember ár hvert. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu er nú 125.540 kr. til einstaklinga, en sú upphæð verður uppfærð nú í desember.

2. *Stendur til að endurskoða grunninn og taka inn í hann fleiri neysluþarfir, svo sem eðlileg útgjöld er snúa að félags- og tómstundaiðkun barna og ungmenna til 18 ára aldurs?*

Þar sem opinber framfærslugrunnur er ekki til verður hann ekki endurskoðaður. Hjá ráðuneytinu er unnið að því að þróa hóflegt neysluviðmið fyrir íslensk heimili og í framhaldinu lágmarksframfærsluviðmið. Við vinnslu neysluviðmiðs er tekið tillit til áhrifa fjölskyldugerðar og fjölskyldustærðar á útgjöld. Þar með koma inn útgjöld sem snúa að þátttöku barna í félagslífi, svo sem tómstundaiðkun. Vert er að benda á að mörg sveitarfélög hafa í reglum sínum um fjárhagsaðstoð heimildagreiðslur sem kveða á um sérstakar greiðslur með hverju barni vegna tómstundaiðkunar og fleiri þátta. Á þetta við um Reykjavíkurborg og mörg önnur sveitarfélög. (Sjá skýrsluna *Þjónusta sveitarfélaga við börn og barnafjölskyldur* á vefsíðu

ráðuneytisins, http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/utgafa2010/29102010_Skyrsla_um_thjonustu_sveitarfelaga.pdf).

3. *Hver er upphæð opinberra framfærsluviðmiða einstaklings og til samanburðar, hver eru*
   a. *samningsbundin lágmarkslaun,*
   b. *elli- og örorkubætur almannatrygginga,*
   c. *fjárhagsaðstoð sveitarfélaga,*
   d. *skattleysismörk,*
   e. *atvinnuleysisbætur,*
   f. *framfærslulán Lánasjóðs íslenskra námasmanna?*

Eins og fram hefur komið eru ekki til opinber framfærsluviðmið hérlendis og því ekki gerlegt að bera þau saman við önnur laun eða bætur.

Hér á eftir eru upplýsingar um fjárhæðir lágmarkslauna, lægstu tryggingabóta Tryggingastofnunar ríkisins, framfærslu sveitarfélaga, framfærslulána Lánasjóðs, atvinnuleysisbóta og skattleysismarka.*

a. Samningsbundin lágmarkslaun	165.000 kr.
b. Lágmarkslífeyrir elli- og örorkubóta almannatrygginga	180.000 kr.
c. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga	126.000 kr.
d. Skattleysismörk	124.000 kr.
e. Atvinnuleysisbætur	150.000 kr.
f. Framfærslulán Lánasjóðs íslenskra námsmanna	121.000 kr.

*Allar fjárhæðir eru í krónum og námundaðar að næsta heila þúsundi. Allar tekjur eru skattskyldar nema námslán, enda um lán að ræða.

4. *Hvenær munu ný og endurskoðuð framfærsluviðmið taka gildi og verða þau samræmd innan stjórnkerfisins.*

Vinna á vegum ráðuneytisins að neysluviðmiði og framfærsluviðmiði er vel á veg komin. Stefnt er að því að þau taki gildi á fyrri hluta ársins 2011. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um samræmingu innan stjórnkerfisins.

292. Svar [142. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um heilsufarslegar afleiðingar af boðuðum niðurskurði á heilbrigðisstofnunum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar kunna að verða heilsufarslegar afleiðingar þeirrar tafar sem verður á því að sjúklingar komist undir læknishendur sem óhjákvæmilega fylgir boðuðum niðurskurði á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011?

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 er lögð mikil áhersla á að heilsugæsla verði áfram öflug og mönnun lækna óbreytt í heilsugæslu. Því er ekki ástæða til að ætla að tafir verði á því að sjúklingar komist undir læknishendur. Víða um landið hefur heilsugæslan getað nýtt sjúkra-

rými til innlagna. Fjölda þessara rýma verður að nokkru leyti betur jafnað milli heilbrigðisumdæma en þessi þáttur þjónustunnar verður áfram til staðar.

Bráðaþjónusta við landsmenn er nú þegar í föstum skorðum og ekki er ætlunin að hrófla við þeim. Alvarlegum slysum og veikindum sem krefjast sérhæfðrar þjónustu er að mestu leyti sinnt á tveimur helstu sjúkrahúsum landsins, Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri, og eru ekki fyrirhugaðar breytingar á því. Ekki er heldur gert ráð fyrir stórfelldum breytingum á þeirri almennu bráðaþjónustu sem sjúkrahús veita í öllum heilbrigðisumdæmum.

Að öllu samanlögðu er þess vænst að þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 hafi ekki áhrif á heilsufar landsmanna. Landlæknir hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustu og komi fram neikvæð áhrif niðurskurðarins á heilsu verður brugðist við því.

293. Fyrirspurn [255. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um eftirlit og bótasvik.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hvað hafa sparast háar upphæðir við að uppvíst hefur orðið um bótasvik hjá Vinnumálastofnun eftir að eftirlitsdeild hennar hóf störf, sundurgreint eftir helstu tegundum bótasvika?
2. Hvar er opinberum aðilum hér á landi heimilt að afla upplýsinga sem nýst gætu til að upplýsa bótasvik? Er t.d. heimilt í þessu skyni að fá upplýsingar frá opinberum stofnunum, bönkum, vinnuveitendum, heimili bótaþega og vinnustöðum?
3. Hvernig eru þessar eftirlitsheimildir frábrugðnar heimildum í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi?

Skriflegt svar óskast.

294. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hlutinn hefur enn fremur farið yfir þau erindi sem hafa borist nefndinni og gerir breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 5.403,5 m.kr. til lækkunar gjalda.

Meiri hlutinn gerir tillögur um hækkun tekna að fjárhæð 6.938 m.kr. á rekstrargrunni.

Nefndin mun á milli 2. og 3. umræðu kalla eftir frekari upplýsingum um einstaka málaflokka.

Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

Ríkissjóður varð fyrir gífurlegu tjóni í kjölfar falls bankanna haustið 2008. Þyngstu höggin á ríkissjóð af þessum sökum voru fall Seðlabanka Íslands upp á 170 milljarða kr., endurfjármögnun bankanna upp á 200 milljarða kr., skuldasöfnun vegna hallareksturs upp á 225 milljarða kr. auk lána til að byggja upp gjaldeyrisvarasjóð upp á 120 milljarða kr. Þessu til viðbótar varð ríkissjóður fyrir miklum tekjubresti auk þess sem vaxtakostnaður margfaldaðist vegna aukinna skulda. Því var ljóst að bregðast þurfti við þessum mikla vanda með afgerandi hætti, með aukinni tekjuöflun, samdrætti í útgjöldum og ekki síst með auknu aðhaldi í ríkisfjármálum. Segja má að aðhald og eftirfylgni með fjármálum ríkisins hafi verið í miklum lamasessi til margra ára. Þó svo að tekjur ríkissjóðs hafi jafnan verið meiri en áætlanir og fjárlög hvers árs gerðu ráð fyrir voru útgjöldin sömuleiðis langt umfram settan ramma á ári hverju.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna framkvæmda fjárlaga 2007 segir m.a. um þetta:

„Ríkisendurskoðun hefur á undanförnum tveimur áratugum bent ítrekað á ýmsa misbresti á framkvæmd fjárlaga. Virðingarleysi fyrir bindandi fyrirmælum fjárlaga hefur verið gagnrýnt sem og almennt agaleysi í rekstri fjölmargra stofnana.“

Og síðar í sömu skýrslu:

„Af þeim þrettán stofnunum sem sérstaklega var fjallað um í skýrslu um framkvæmd fjárlaga 2006 voru tólf enn með halla umfram 4% viðmiðið í árslok 2007. Ljóst er því að ekki hefur verið tekið á rekstrarvanda þeirra. Þetta er algjörlega ólíðandi. Ríkisendurskoðun telur að síendurtekin brot gegn fjárreiðulögum og reglugerð um framkvæmd fjárlaga og aðgerðaleysi ráðuneyta vegna þeirra sýni að ábyrgðin er ekki að öllu leyti hjá forstöðumönnum stofnana. Þá hvetur hún til þess að ákvæði um ábyrgð ráðuneyta á fjárreiðum ríkisstofnana verði gerð afdráttarlausari í gildandi lögum og reglum.

Umfang halla og uppsafnaðra fjárheimilda í árslok 2007 sýna að ekki hefur verið brugðist við síendurteknum ábendingum Ríkisendurskoðunar. Stofnunin getur eðli málsins samkvæmt ekki annað en komið sínu áliti á framfæri með þeim hætti sem hér er gert.“

Ríkisendurskoðun fer einnig hörðum orðum um agaleysi við framkvæmd fjárlaga ársins 2006 og er niðurstaða stofnunarinnar hvað það varðar í stuttu máli þessi eins og fram kemur í skýrslunni:

„Þegar öllu er á botninn hvolft felst vandamálið í agaleysi allra aðila, bæði forstöðumanna sem hlut eiga að máli og stjórnenda þeirra ráðuneyta sem forstöðumennirnir heyra undir.“

Framkvæmd fjárlaga hefur því að mati Ríkisendurskoðunar verið ámælisverð um langan tíma en eins og stofnunin bendir á þá „… er á ábyrgð Alþingis, ráðuneyta og forstöðumanna stofnana að sjá til þess að fjárlög séu virt“.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að almennt agaleysi hefur ríkt við stjórn ríkisfjármála og skortur á virku eftirliti með fjármálum ríkisins. Á sama tíma og útgjöld fóru verulega umfram fjárlög voru tekjur ríkissjóðs einnig verulega umfram áætlanir. Leiða má líkum að því að miklar umframtekjur hafi ýtt undir agaleysið sem virðist hafa einkennt þennan tíma varðandi útgjöldin og jafnvel verið skýrt eða afsakað með því.

Tafla yfir tekjur og útgjöld ríkissjóðs, samanburður á fjárlögum og fjáraukalögum:

	2010	2009	2008	2007	2006
Tekjur					
Fjárlög	461.881,30	402.498,70	473.439,50	376.413,70	334.639,20
Fjáraukalög/frumvarp	15.810,60*	14.787,10	-12.307,70	95.763,00	44.609,10
Hlutfall fjárauka	3,40%	3,70%	-2,60%	25,40%	13,30%
Gjöld					
Fjárlög	560.724,30	555.640,90	434.231,50	367.260,00	315.059,30
Fjáraukalög/frumvarp	-24.941,00*	12.979,10	33.146,60	22.113,90	19.577,40
Hlutfall fjárauka	-4,40%	2,30%	7,60%	6,00%	6,20%

** Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2010 og tillögur meiri hluta fjárlaganefndar við 2. umr.*

Eftirfylgni með fjárreiðum ríkisins og áætlanagerð hefur tekið miklum breytingum á síðustu tveimur árum og bera skýrslur Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga ársins 2009 og fyrstu átta mánuði ársins 2010 skýrt vitni um það. Töluvert færri stofnanir eru nú reknar umfram fjárheimildir en áður og útgjöld allra ráðuneyta utan heilbrigðisráðuneytis eru innan áætlana sem er veruleg breyting frá fyrri árum. Fjárlög gerðu ráð fyrir að heildargjöld A-hluta ríkissjóðs á tímabilinu janúar til ágúst 2010 yrðu 379 milljarðar kr. Raunin varð 354 milljarðar kr. eða 25 milljörðum kr. undir áætlun tímabilsins og er ljóst að gjöld ársins verða vel undir því sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Hér kemur margt til líkt og minni vaxtakostnaður en ráð var fyrir gert, minni útgjöld til almannatrygginga og sömuleiðis var atvinnuleysi minna en spáð hafði verið sem dró úr útgjöldum til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Bætt eftirfylgni og aukið aðhald með fjármálum ríkissjóðs hefur einnig skilað sér í bættri afkomu og vandaðri fjármálastjórn.

Líkt og fram kemur í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lántökur ríkissjóðs verði minni en fjárlög segja til um, eða sem nemur 90 milljörðum kr. Lántökur ársins verða því 370 milljarðar kr. í stað 460 milljarða kr. eins og fjárlög gera ráð fyrir. Alls er reiknað með að innlendar lántökur verði 230 milljarðar kr. og að erlendar lántökur jafngildi 140 milljörðum kr.

Þó svo að tekjur A-hluta ríkissjóðs hafi aukist nokkuð í kjölfar skattahækkana sem munu skila ríkissjóði umtalsverðum tekjum vantar enn töluvert upp á að þær nái tekjum áranna 2007 og 2008 eins og Ríkisendurskoðun bendir á í skýrslu sinni.

Í tekjuhlutanum vegur þyngst sala á eignum sem er umfram áætlun en þó svo að rekstrartekjur á sama tíma séu undir áætlunum er samt sem áður ljóst að þær aðgerðir sem gripið var til við tekjuöflun á árinu hafa skilað verulegum árangri fyrir ríkissjóð. Tekjur af eignasölu voru áætlaðar 400 m.kr. á tímabilinu en reyndust mun meiri eða rúmlega 19 milljarðar kr. Þar vegur þyngst hagnaður af annars vegar kaupum ríkissjóðs á krónueignum af Seðlabanka Lúxemborgar og hins vegar sölu á stærstum hluta þeirra til 26 innlendra lífeyrissjóða. Samtals námu tekjur ríkisins vegna þessara viðskipta um 17,5 milljörðum kr. Þá skilaði sala á sendiherrabústað í London 1,7 milljörðum kr. í ríkissjóð. Skatttekjur á tímabilinu voru 7% undir áætlun en skatttekjur af vörum og þjónustu voru 2% yfir áætlun.

Í heild var afkoma A-hluta ríkissjóðs á fyrstu átta mánuðum ársins neikvæð um 52 milljarða kr. en það er engu að síður 38 milljörðum kr. betri útkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir. Það er því augljóst að verulegur árangur hefur náðst umfram áætlanir jafnt á tekju- sem útgjaldahlið ríkisfjármálanna. Samkvæmt fjárlögum ársins er gert ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með tæplega 100 milljarða kr. halla á árinu. Eins og fram hefur komið verður afkoma

ársins mun betri vegna aukinna tekna, minni útgjalda og sölu eigna. Nú er gert ráð fyrir því að hallinn á ríkissjóði verði rétt um 58 milljarðar kr. Fagna ber þeim árangri sem náðst hefur en um leið er rétt að minna á að sá halli sem eftir stendur er gríðarlega mikill og þungbær og hefur hamlandi áhrif á íslenskt samfélag. Það hlýtur því að vera forgangsatriði að eyða þeim halla og snúa í afgang á sem skemmstum tíma í samræmi við áætlun um jöfnun í ríkisfjármálum.

Á fyrstu átta mánuðum ársins var rekstur 64 stofnana umfram áætlun tímabilsins. Ráðuneytin telja líkur á að einungis þrjár þessara stofnana verði reknar umfram áætlanir ársins í heild og gangi sú spá eftir, sem Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemdir við, má því ljóst vera að verulegur árangur hefur náðst við eftirfylgni með fjárreiðum ríkisins frá því sem áður var þegar 50–70 stofnanir fóru umfram fjárlög á ári hverju.

Þó svo að góður árangur hafi náðst í fjármálum ríkissjóðs á árinu þarf að gera betur. Enn fara stofnanir umfram heimildir í rekstri sínum og enn vantar upp á að rekstraráætlanir stofnana hafi verið samþykktar eða færðar inn í kerfið og gagnrýnir Ríkisendurskoðun þetta harðlega í skýrslu sinni um framkvæmd fjárlaga fyrstu átta mánuði ársins. Gera verður skilyrðislausa kröfu til ráðuneyta að stofnanir sem undir þau heyra séu reknar innan fjárheimilda. Taka þarf á uppsöfnuðum halla stofnana með afgerandi hætti, annaðhvort þannig að þær fái nægar fjárheimildir til rekstrar eða krefjast samdráttar í rekstri þeirra. Þó svo að flest ráðuneyti hafi styrkt verulega eftirlit sitt með framkvæmd fjárlaga þarf að gera enn betur á því sviði ef koma á í veg fyrir að þau sitji uppi með vanda á hverju ári. Nýleg dæmi sem upp hafa komið um afleiðingar slælegs eftirlits í einstökum málum vitna um nauðsyn þess að taka á slíkum málum af festu og efla eftirlit með umsýslu í meðferð opinbers fjár. Það hefur aldrei verið brýnna en einmitt nú, þegar horft er í hverja krónu við ákvörðun útgjalda, að taka fjármál ríkisins föstum tökum og fara vel með það fé sem ráðstafað er úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Viðhorf stjórnvalda og Alþingis gagnvart ríkisfjármálunum hefur breyst verulega til batnaðar að undanförnu. Æ fleiri gera sér nú grein fyrir mikilvægi þess að góð stjórn sé á fjármálum ríkisins og að vanda þurfi bæði áætlanagerð og eftirfylgni með útgjöldum. Sú ábyrgð hvílir á Alþingi að fylgja eftir fjárlögum hvers árs og sjá til þess að útgjöld ríkisins séu ávallt innan ramma fjárlaga.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 42,7 m.kr.

201 Alþingi.

1.06 Almennur rekstur. Gerð er tillaga um 5,3 m.kr. framlag til að ráða lögfræðing tímabundið frá 1. maí til áramóta til að vinna fyrir þingnefndir sem eru í mestum önnum með mál í kjölfar bankahrunsins. Kostnaður við laun, launatengd gjöld, aðstöðu o.fl. er áætlaður 5,3 m.kr.

1.07 Sérverkefni. Lögð er til 2 m.kr. fjárheimild handa nefnd um eflingu græna hagkerfisins. Í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 10. júní sl. var skipuð nefnd níu manna með fulltrúum þingflokka sem hefur það verkefni að kortleggja sóknarfæri íslensks atvinnulífs á sviði grænnar atvinnusköpunar. Gert er ráð fyrir að nefndin skili niðurstöðum fyrir 1. mars 2011.

6.01 Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 8 m.kr. framlag vegna kostnaðar við uppsetningu búnaðar til að sjónvarpa opnum nefndarfundum. Með þessum búnaði er hægt að senda út fundi með stuttum fyrirvara og með aðstoð starfsmanna Alþingis, sem jafnframt annast upptökur og útsendingar frá þingfundum, í stað þess að kaupa alla þjónustu við vinnu og tæknibúnað hverju sinni.

207 Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008.

1.01 Rannsóknarnefnd. Gerð er tillaga um 4,4 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við þýðingu á hluta af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið á ensku, en þýðingin var unnin af Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis. Kostnaður nemur um 8,5 m.kr. og fellur hluti hans á rannsóknarnefndina, 4,4 m.kr., og hluti fellur á utanríkisráðuneytið, 4,1 m.kr., og er jafnframt gerð tillaga um framlag til ráðuneytisins vegna þessa.

290 Stjórnlagaþing.

1.01 Stjórnlagaþing. Gerð er tillaga um 12 m.kr. framlag til kaupa á sérfræðiþjónustu fyrir stjórnlaganefnd. Nefndinni ber lögum samkvæmt að annast söfnun og úrvinnslu gagna og upplýsinga um stjórnarskrármálefni sem nýst geta stjórnlagaþingi og þarf að geta leitað til sérfræðinga í því skyni.

295 Saksóknari Alþingis.

1.01 Saksóknari Alþingis. Gerð er tillaga um 11 m.kr. framlag vegna kostnaðar við störf saksóknara Alþingis og málsrekstur fyrir landsdómi. Tillagan byggist á áætlun saksóknara Alþingis og í henni felast launagjöld fyrir fjóra starfsmenn, sérfræðiþjónusta, húsaleiga og annar rekstrarkostnaður og nær áætlunin í heild til miðs árs 2011.

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild mennta- og menningarmálaráðuneytis verði aukin um 23,9 m.kr.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.

1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Gerð er tillaga um 3,9 m.kr. framlag vegna kostnaðar af völdum nýrnaveiki í alifiskum árið 2010. Þetta er í samræmi við 16. gr. laga nr. 50/1986, um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, þar sem segir að kostnaður við rannsóknir í klak- og eldisstöð sem sett hefur verið í sölu- eða dreifingarbann vegna sjúkdóms, skuli greiddur úr ríkissjóði. Á árunum 2004–2006 komu upp nokkur nýrnaveikitilfelli í fiskeldisstöðvum. Af þeim sökum varð embætti dýralæknis fisksjúkdóma að setja þær stöðvar, reglum samkvæmt, í dreifingarbann. Í kjölfarið var gripið til umfangsmikilla rannsókna sem voru liðir í forvörnum og útrýmingu smitsins úr alifiskunum. Sambærileg mál komu upp árið 2005 og 2006 og 2008 og voru veittar aukafjárveitingar vegna þeirra í fjáraukalögum 2006, 2007 og 2009. Gera má ráð fyrir að dreifingarbanni ljúki næsta vor. Fjárveitingin verði flutt af safnlið fjármálaráðuneytisins sem ætlað er að bregðast við óvæntum útgjöldum, 09-989-1.90 Ófyrirséð útgjöld.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður.

6.59 Verkmenntaskólinn á Akureyri. Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til Akureyrarbæjar til greiðslu á kostnaði við viðbyggingu við Verkmenntaskólann á Akureyri sem nú er lokið. Akureyrarbær sá um viðbygginguna samkvæmt samningi við ríkið.

971 Ríkisútvarpið.

1.10 Ríkisútvarpið. Lagt er til að millifærðar verði 38 m.kr. af þessum lið yfir á 02-999-1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í frumvarpinu er lögð til 38 m.kr. hækkun á framlagi til RÚV ohf. til að tryggja að stafrænar hljóðvarps- og sjón-

varpsútsendingar RÚV verði aðgengilegar á gervihnetti. Ríkisstjórnin samþykkti í mars sl. að gerður yrði nýr samningur til eins árs við Telenor sem rennur út í mars 2011 þannig að útsendingar RÚV ohf. verði áfram aðgengilegar í gegnum gervihnött næstu 12 mánuði meðan nefnd skipuð fulltrúum fjögurra ráðuneyta vinnur að stefnumótun um stafræna sjónvarpsdreifingu. Upphæðin er endurskoðuð miðað við gengisþróun frá mars sl. Lagt er til að framlagið verði fært á ráðuneytið vegna þess að greiðslur fara þar í gegn.

979 Húsafriðunarnefnd.

6.10 Húsafriðunarsjóður. Herhúsfélagið á Siglufirði fékk framlag í fjárlögum fyrir árið 2010 til uppbyggingar á fasteigninni Norðurgötu 5 á Siglufirði. Horfið var frá uppbyggingu á því húsi. Lagt er til að félaginu verði þess í stað heimilað að nota styrkinn til uppbyggingar á Tjarnargötu 8, gömlu Gránufélagsversluninni, sem félagið fékk að gjöf frá sveitarfélaginu.

982 Listir, framlög.

1.90 Listir. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til stuðnings við IA-tónlistarhátíðina (Iceland Airwaves) sem haldin hefur verið í Reykjavík sl. 11 ár.

999 Ýmislegt.

1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis. Lagt er til að millifærðar verði 38 m.kr. af 02-971-1.10 Ríkisútvarpið yfir á þennan lið mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í frumvarpinu er lögð til 38 m.kr. hækkun á framlagi til RÚV ohf. til að tryggja að stafrænar hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingar RÚV verði aðgengilegar á gervihnetti. Ríkisstjórnin samþykkti í mars sl. að gerður yrði nýr samningur til eins árs við Telenor sem rennur út í mars 2011 þannig að útsendingar RÚV ohf. verði áfram aðgengilegar í gegnum gervihnött næstu 12 mánuði meðan nefnd skipuð fulltrúum fjögurra ráðuneyta vinnur að stefnumótun um stafræna sjónvarpsdreifingu. Upphæðin er endurskoðuð miðað við gengisþróun frá mars sl. Lagt er til að framlagið verði fært á ráðuneytið vegna þess að greiðslur fara þar í gegn.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði lækkuð um 11,9 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 4,1 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við þýðingu á hluta af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið á ensku, en þýðingin var unnin af Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis. Kostnaður nemur um 8,5 m.kr. og fellur hluti hans á utanríkisráðuneytið, 4,1 m.kr., og hluti fellur á rannsóknarnefndina, 4,4 m.kr., og er jafnframt gerð tillaga um framlag til nefndarinnar vegna þessa.

611 Útflutningsráð Íslands.

1.10 Útflutningsráð Íslands. Lögð er til 16 m.kr. lækkun á framlagi til Útflutningsráðs Íslands í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um innheimtu tekna af markaðsgjaldi sem lagt er á gjaldstofn tryggingagjalds.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 19,2 m.kr.

417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs.

1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs. Lagt er til að veitt verði 19,2 m.kr. framlag til liðarins. Í lögum nr. 22/2010, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, er m.a. gert ráð fyrir að fiskveiðiárin 2009/2010 og 2010/2011 hafi ráðherra til sérstakrar ráðstöfunar hvort ár um sig allt að 2.000 lestir af skötusel án þess að þeim verði úthlutað á grundvelli aflahlutdeilda í tegundinni heldur gegn greiðslu gjalds. Þá er gert ráð fyrir að þessi sömu fiskveiðiár hafi ráðherra einnig til ráðstöfunar allt að 200 lestir af óslægðum botnfiski á hvoru ári og gegn greiðslu verði heimilt að ráðstafa þessum aflaheimildum til skipa sem leyfi hafa til frístundaveiða. Í lögunum er gert ráð fyrir að á árunum 2010 og 2011 verði veitt framlag til rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs (AVS) sem svari til 40% af tekjunum og að Átak til atvinnusköpunar fái framlag sem svari til 60% af tekjunum. Í frumvarpinu voru samtals 55,5 m.kr. veittar til liðarins samkvæmt þessari skiptingu. Nú hefur verið ákveðið að úthluta 400 lestum af skötusel til viðbótar þeim 800 lestum sem forsendur frumvarpsins gerðu ráð fyrir. Áætlað er að viðbótartekjurnar vegna þessa verði samtals 48 m.kr. og þar af er gert ráð fyrir að AVS fái 19,2 m.kr. framlag samkvæmt fyrrgreindri skiptingu.

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dómsmála- og mannréttindaráðuneytis verði lækkuð um 35,3 m.kr.

309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008.

1.01 Sérstakur saksóknari. Lagt er til að fjárveiting til embættisins verði lækkuð um 37 m.kr. Rekstrarumfang og fjárheimildir embættis sérstaks saksóknara í málum sem tengjast bankahruninu voru endurmetnar sl. vor og þá samþykkt ný rekstraráætlun sem gerði ráð fyrir stóraukinni starfsemi embættisins. Nú hefur að nýju verið lagt mat á útgjöld vegna starfseminnar, enda hafa ýmsar forsendur breyst frá því í vor, m.a. hefur sérstakur ráðgjafi, Eva Joly, hætt störfum fyrr en ætlað var, auk þess sem útgjöld vegna hennar reyndust vera minni en ætlað var í fyrstu.

390 Ýmis löggæslu- og öryggismál.

1.10 Ýmis löggæslukostnaður. Lagt er til að veitt verði 1,5 m.kr. fjárveiting til liðarins. Á fundi ríkisstjórnarinnar sem haldinn var á Suðurnesjum þann 9. nóvember sl. var m.a. samþykkt að skoða vandlega kosti þess að flytja starfsemi Landhelgisgæslu Íslands á öryggissvæðið á Miðnesheiði á Suðurnesjum og að gerð verði hagkvæmnisathugun á þeim kosti.

601 Fasteignaskrá Íslands.

1.01 Fasteignaskrá Íslands. Lagt er til að 250,3 m.kr. verði færðar af þessum fjárlagalið til nýrrar stofnunar, 06-603 Þjóðskrá Íslands, sem tók til starfa þann 1. júlí sl. með sameiningu Fasteignaskrár Íslands og Þjóðskrár, sem áður var skrifstofa í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Í frumvarpinu var helmingur fjárveitinga sameinuðu stofnananna færður til Þjóðskrár Íslands og var þá miðað við að gömlu stofnanirnar yrðu gerðar upp hvor í sínu lagi fyrri helming ársins og í einu lagi í sameinaðri stofnun fyrir seinni helming ársins. Nú er hins vegar talið heppilegra að allar fjárveitingar hinna sameinuðu stofnana verði færðar til nýju stofnunarinnar og hún gerð upp í einu lagi í ríkisreikningi 2010.

603 Þjóðskrá Íslands.

1.01 Þjóðskrá Íslands. Lagt er til að 250,3 m.kr. verði færðar af fjárlagalið 06-601 Fasteignaskrá Íslands og 149,9 m.kr. af fjárlagalið 06-605 Þjóðskrá til nýrrar stofnunar, 06-603 Þjóðskrá Íslands, sem tók til starfa þann 1. júlí sl. með sameiningu Fasteignaskrár Íslands og Þjóðskrár, sem áður var skrifstofa í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Í frumvarpinu var helmingur fjárveitinga sameinuðu stofnananna færður til Þjóðskrár Íslands og var þá miðað við að gömlu stofnanirnar yrðu gerðar upp hvor í sínu lagi fyrri helming ársins og í einu lagi í sameinaðri stofnun fyrir seinni helming ársins. Nú er hins vegar talið heppilegra að allar fjárveitingar hinna sameinuðu stofnana verði færðar til nýju stofnunarinnar og hún gerð upp í einu lagi í ríkisreikningi 2010.

605 Þjóðskrá.

1.01 Þjóðskrá. Lagt er til að 149,9 m.kr. verði færðar af þessum fjárlagalið til nýrrar stofnunar, 06-603 Þjóðskrá Íslands, sem tók til starfa þann 1. júlí sl. með sameiningu Fasteignaskrár Íslands og Þjóðskrár, sem áður var skrifstofa í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Í frumvarpinu var helmingur fjárveitinga sameinuðu stofnananna færður til Þjóðskrár Íslands og var þá miðað við að gömlu stofnanirnar yrðu gerðar upp hvor í sínu lagi fyrri helming ársins og í einu lagi í sameinaðri stofnun fyrir seinni helming ársins. Nú er hins vegar talið heppilegra að allar fjárveitingar hinna sameinuðu stofnana verði færðar til nýju stofnunarinnar og hún gerð upp í einu lagi í ríkisreikningi 2010.

705 Kirkjumálasjóður.

1.10 Kirkjumálasjóður. Lagt er til að lögboðið framlag til Kirkjumálasjóðs vegna sóknargjalda verði lækkað um 0,8 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Einingarverð sóknargjalda var sett fast við 767 kr. fyrir hvern einstakling og breytist því ekki en breyting hefur orðið á milli trúfélaga á fjölda einstaklinga 16 ára og eldri.

735 Sóknargjöld.

1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar. Lagt er til að lögboðið framlag til safnaða þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði lækkað um 6,2 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Einingarverð sóknargjalda var sett fast við 767 kr. fyrir hvern einstakling og breytist því ekki en breyting hefur orðið á milli trúfélaga á fjölda einstaklinga 16 ára og eldri.

1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga. Lagt er til að lögboðið framlag til annarra trúfélaga en þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 8,4 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Einingarverð sóknargjalda var sett fast við 767 kr. fyrir hvern einstakling og breytist því ekki en breyting hefur orðið á milli trúfélaga á fjölda einstaklinga 16 ára og eldri.

736 Jöfnunarsjóður sókna.

1.10 Jöfnunarsjóður sókna. Lagt er til að lögboðið framlag til Jöfnunarsjóðs sókna vegna sóknargjalda verði lækkað um 1,2 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Einingarverð sóknargjalda var sett fast við 767 kr. fyrir hvern einstakling og breytist því ekki en breyting hefur orðið á milli trúfélaga á fjölda einstaklinga 16 ára og eldri.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félags- og tryggingamálaráðuneytis verði lækkuð um 2.844,6 m.kr.

505 Öldrunarstofnanir, almennt.

1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana. Lagt er til að 360 m.kr. fjárheimild verði flutt af safnlið öldrunarstofnana á nýjan lið fyrir rekstur á nýju öldrunarheimili, Mörk í Reykjavík, sem tók til starfa á miðju þessu ári. Afgangsheimildir Vífilsstaða og Víðiness, þar sem starfsemi var lögð niður frá sama tíma, og Hrafnistu í Reykjavík færast þannig af þessum lið til að fjármagna rekstur hjúkrunarrýma hjá hinni nýju stofnun.

1.83 Greiðslur frá vistmönnum. Gert er ráð fyrir að sértekjur sem færast á þennan lið vegna greiðslna frá vistmönnum fyrir dvöl á öldrunarstofnunum hækki um 557 m.kr. Í fjárlögum er þessi fjárhæð áætluð 373 m.kr. en á undanförnum árum hefur farist fyrir hjá þeim ráðuneytum sem hafa haft umsjón með málaflokknum að uppfæra áætlanir til samræmis við raunverulega þróun greiðslna frá vistmönnum. Á sama tíma hafa lífeyrissjóðsgreiðslur og fjármagnstekjur vistmanna farið hækkandi eftir því sem fjölgað hefur í hópi þeirra sem hafa betri lífeyrisrétt úr almennum lífeyrissjóðum en áður var. Þessi leiðrétting á áætlun fjárlaga hefur engin áhrif á útkomuna í þessum greiðslum vistmanna á árinu.

515 Framkvæmdasjóður aldraðra.

6.21 Stofnkostnaður og endurbætur. Gert er ráð fyrir að fjárheimild sjóðsins hækki um 107,3 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af gjaldi til sjóðsins og með hliðsjón af niðurstöðu skattálagningar ársins 2010. Við gerð fjárlaga fyrir árið 2010 var fjöldi gjaldenda áætlaður um 166 þúsund en samkvæmt álagningargögnum frá ríkisskattstjóra var fjöldinn um 180 þúsund. Vanáætlaðar tekjur sjóðsins eru því 107,3 m.kr. þegar tekið hefur verið tillit til innheimtuhlutfalls gjaldsins. Í fjárlögum fyrir árið 2010 nam fjárhæðin 1.368,1 m.kr. en er nú áætluð 1.475,4 m.kr.

Þá eru leiðrétt mistök sem urðu við gerð fjárlaga og mæltu fyrir um 0,1 m.kr. greiðslu liðarins í ríkissjóð.

518 Mörk, Reykjavík.

1.01 Hjúkrunarrými. Lagt er til að 360 m.kr. fjárheimild verði flutt af safnlið öldrunarstofnana á þennan lið fyrir rekstur á nýju öldrunarheimili, Mörk í Reykjavík, sem tók til starfa á miðju þessu ári.

519 Boðahlein, Kópavogi.

1.01 Hjúkrunarrými. Lagt er til að 295 m.kr. fjárheimild verði flutt af lið Hrafnistu í Reykjavík á nýjan lið fyrir rekstur á nýju öldrunarheimili, Boðahlein í Kópavogi, sem tók til starfa á miðju þessu ári.

521 Hrafnista, Reykjavík.

1.01 Hjúkrunarrými. Lagt er til að 295 m.kr. fjárheimild verði flutt af lið Hrafnistu í Reykjavík á nýjan lið fyrir rekstur á nýju öldrunarheimili, Boðahlein í Kópavogi, sem tók til starfa á miðju þessu ári.

825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1.31 Endurhæfingarlífeyrir. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 100 m.kr. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks á árinu 2010. Nú liggja fyrir raunútgjöld fyrir ellefu mánuði ársins, þ.e. jan.–nóv. Þær tölur gefa til kynna að útgjöld verði nokkru minni en gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

827 Lífeyristryggingar.

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 390 m.kr. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks á árinu 2010. Nú liggja fyrir raunútgjöld fyrir ellefu mánuði ársins, þ.e. jan.–nóv. Þær tölur gefa til kynna að útgjöld lífeyristryggingа verði nokkru minni en gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 160 m.kr. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks á árinu 2010. Nú liggja fyrir raunútgjöld fyrir ellefu mánuði ársins, þ.e. jan.–nóv. Þær tölur gefa til kynna að útgjöld lífeyristryggingа verði nokkru minni en gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

1.11 Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Lagt er til að fjárheimildin lækki um 12 m.kr. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks á árinu 2010. Nú liggja fyrir raunútgjöld fyrir ellefu mánuði ársins, þ.e. jan.–nóv. Þær tölur gefa til kynna að útgjöld verði nokkru minni en gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 1.240 m.kr. þar sem atvinnuleysi verður nokkru minna en eldri forsendur hafa gert ráð fyrir. Nú er áætlað að atvinnuleysi á árinu 2010 verði að jafnaði 8,1–8,2% en í frumvarpinu var miðað við 8,6% atvinnuleysi.

1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 268 m.kr. Við framlagningu frumvarpsins var lögð til 206 m.kr. viðbótarheimild til aðgerða fyrir námsmenn og atvinnuleitendur yfir sumarmánuðina. Ljóst er að kostnaður vegna þeirra aðgerða rúmast innan upphaflegrar fjárheimildar þessa viðfangsefnis og því er ekki þörf fyrir viðbótarfjárheimildina.

989 Fæðingarorlof.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Lögð er til 190 m.kr. lækkun liðarins með hliðsjón af endurskoðaðri spá um útgjöld á árinu. Í frumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir 75 m.kr. lækkun þannig að alls er reiknað með að útgjöld vegna fæðingarorlofs verði 265 m.kr. minni en áætlað var í fjárlögum 2010.

1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar. Lögð er til 35 m.kr. lækkun á fjárheimild liðarins. Í frumvarpinu var lögð til 75 m.kr. hækkun á heimild til greiðslu fæðingarorlofs foreldra utan vinnumarkaðar. Endurmat á útgjöldum ársins bendir til að sú fjárþörf hafi verið ofmetin um 35 m.kr.

08 Heilbrigðisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðisráðuneytis verði aukin um 1 m.kr.

305 Lýðheilsustöð.

1.90 Forvarnasjóður. Lögð er til 1 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild liðarins í ríkistekjum af áfengisgjaldi.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 1.110,8 m.kr.

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að millifærðar verði 16 m.kr. af þessum lið á liðinn 09-976 Lánaumsýsla ríkissjóðs vegna samnings við Seðlabanka Íslands

um lánaumsýslu fyrir ríkissjóð. Samþykkt var fjárveiting á fjárlögum ársins 2010 til þess að fjármagna kaup á sérfræðiþjónustu í tengslum við endurreisn efnahagslífsins. Gert var ráð fyrir að Seðlabanka Íslands yrði falin umsjón með ákveðinni skuldastýringu og umsýslu á kröfum ríkissjóðs. Fjárveitingin fór á aðalskrifstofu ráðuneytisins þar sem samningur lá ekki fyrir. Nú hafa fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands endurnýjað samning um umsýsluna og verður þá millifærð fjárheimild til að fjármagna viðbótina á þessu ári. Í samningnum er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði Seðlabankanum 98 m.kr. fyrir samninginn á árinu 2010. Gert er ráð fyrir viðbótarfjárveitingu fyrir árið 2011 í frumvarpi til fjárlaga.

262 Tollstjórinn.

1.01 Tollstjórinn og *6.01 Tæki og búnaður.* Lagt er til að millifærð verði fjárheimild að upphæð 85,1 m.kr. af rekstrarviðfangsefninu 09-262-1.01 yfir á stofnkostnaðarviðfangsefnið 09-262-6.01. Fjársýsla ríkisins hefur sett fram athugasemdir um fyrirkomulag bókunar útgjalda stofnunarinnar þar sem hún mælist til þess að viðkomandi gjöld séu færð á stofnkostnaðarviðfangsefni í stað rekstrarviðfangsefnis. Dæmi um þessi útgjöld eru bílakaup og endurnýjun tölvubúnaðar og annarra tækja.

391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða. Lögð er til 138,3 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um innheimtar tekjur af tryggingagjaldi.

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arði og söluhagnaði eigna lækki um 47 m.kr. á rekstrargrunni og verði þar með 3.160 m.kr. á árinu 2010. Gert er ráð fyrir því að greiðsla vegna fjármagnstekjuskatts hækki um 222 m.kr. og verði 3.300 m.kr. Fjármagnstekjuskatturinn færist einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins.

971 Ríkisábyrgðir.

6.01 Ríkisábyrgðir. Lagt er til að fjárheimild liðarins verði hækkuð um 1.050 m.kr. til að auka framlag til Ríkisábyrgðasjóðs vegna afborgana og vaxta af lánum sem voru með ábyrgð í lánasöfnum föllnu bankanna þriggja. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun hafa greiðslurnar verið vanáætlaðar sem því nemur í gildandi fjárlögum. Þegar ríkisviðskiptabankarnir þrír voru gerðir að hlutafélögum á sínum tíma hvíldu á þeim ýmsar skuldbindingar vegna skuldabréfa með ríkisábyrgð sem þá höfðu verið útgefin. Ríkið ber því enn ábyrgð á þeim skuldbindingum.

976 Lánaumsýsla ríkissjóðs.

1.01 Lánaumsýsla ríkissjóðs. Lagt er til að millifærðar verði á þennan lið 16 m.kr. af liðnum 09-101 Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa vegna samnings við Seðlabanka Íslands um lánaumsýslu fyrir ríkissjóð. Samþykkt var fjárveiting á fjárlögum ársins 2010 til þess að fjármagna kaup á sérfræðiþjónustu í tengslum við endurreisn efnahagslífsins. Gert var ráð fyrir að Seðlabanka Íslands yrði falin umsjón með ákveðinni skuldastýringu og umsýslu á kröfum ríkissjóðs. Fjárveitingin fór á aðalskrifstofu ráðuneytisins þar sem samningur lá ekki fyrir. Nú hafa fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands endurnýjað samning um umsýsluna og verður þá millifærð fjárheimild til að fjármagna viðbótina á þessu ári. Í samningnum er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði Seðlabankan-

um 98 m.kr. fyrir samninginn á árinu 2010. Gert er ráð fyrir viðbótarfjárveitingu fyrir árið 2011 í frumvarpi til fjárlaga.

985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll. Lagt er til að veittar verði 250 m.kr. til Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum þann 9. nóvember sl. að ráðast í framkvæmdir á fyrrum varnarsvæðum við Keflavíkurflugvöll til þess að efla atvinnu á Suðurnesjum og flýta áætlunum um einstök verkefni. Þau verkefni sem til stendur að hrinda í framkvæmd og undirbúningur er langt kominn með eru eftirfarandi: frumkvöðlasetrið Eldey, frumkvöðlasetrið Eldvörp, hreinsun mengunar við Stafnes og á Patterson-svæðinu, endurbætur á íþróttamannvirkjum, lagfæring á íþróttavöllum og opnum svæðum, uppbygging endurhæfingaraðstöðu fyrir heilsuferðamenn, breytingar á fyrrum skotfærageymslu í atvinnuhúsnæði, gerð kvikmyndavers. Einnig verði Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar falið að setja á stofn hersetusafn á gamla varnarsvæðinu í einu af fjölmörgum húsum félagsins. Safnið mundi kynna merkilega og umdeilda sögu bandarísks herliðs á Íslandi allt frá síðari heimsstyrjöld. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður umræddra framkvæmda geti numið um 1 milljarði kr. Til að auka nú þegar möguleika til frekari atvinnuuppbyggingar á þróunarsvæðinu og skapa um leið aukna atvinnu við verklegar framkvæmdir er lagt til að veittar verði aukalega um 250 m.kr. til Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar þannig að félagið geti hraðað þeim verkefnum sem ákvörðun hefur verið tekin um að ráðast í.

989 Ófyrirséð útgjöld.

1.90 Ófyrirséð útgjöld. Gerð er tillaga um að 3,9 m.kr. framlag vegna kostnaðar af völdum nýrnaveiki í alifiskum árið 2010 verði millifært af þessum lið á lið Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum, 02-202-1.01, eins og nánar er gerð grein fyrir þar.

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis verði lækkuð um 10 m.kr.

336 Hafnarframkvæmdir.

6.72 Landeyjahöfn. Lagt er til að framlag til liðarins verði lækkað um 10 m.kr. frá því sem fram kemur í frumvarpinu. Ástæðan er sú að í frumvarpinu er gert ráð fyrir 10 m.kr. framlagi úr ríkissjóði vegna kostnaðar sem hlotist hefur af eldgosinu í Eyjafjallajökli en jafnframt gert ráð fyrir að sama fjárhæð verði millifærð af liðnum 09-989 Ófyrirséð útgjöld hjá fjármálaráðuneytinu. Er því um að ræða framlag sem fyrir mistök var lagt til í tvígang vegna sama verkefnisins og er tillögu þessari því ætlað að leiðrétta það. Þess má geta að öll framlög vegna gossins í Eyjafjallajökli í frumvarpinu komu af lið ófyrirséðra útgjalda hjá fjármálaráðuneytinu.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 26,7 m.kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög.

1.19 Staðlaráð. Lögð er til 2,1 m.kr. lækkun á framlagi til Staðlaráðs í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um innheimtu tekna af tryggingagjaldi.

1.48 Átak til atvinnusköpunar. Lagt er til að veitt verði 28,8 m.kr. framlag til liðarins. Í lögum nr. 22/2010, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, er m.a. gert ráð fyrir að fiskveiðiárin 2009/2010 og 2010/2011 hafi ráðherra til sérstakrar ráðstöfunar hvort ár

um sig allt að 2.000 lestir af skötusel án þess að þeim verði úthlutað á grundvelli aflahlutdeilda í tegundinni heldur gegn greiðslu gjalds. Þá er gert ráð fyrir að þessi sömu fiskveiðiár hafi ráðherra einnig til ráðstöfunar allt að 200 lestir af óslægðum botnfiski á hvoru ári og gegn greiðslu sé heimilt að ráðstafa þessum aflaheimildum til skipa sem leyfi hafa til frístundaveiða. Í lögunum er gert ráð fyrir að á árunum 2010 og 2011 verði veitt framlag til rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs (AVS) sem svari til 40% af tekjunum og að Átak til atvinnusköpunar fái framlag sem svari til 60% af tekjunum. Í fjáraukalagafrumvarpinu var samtals 83,3 m.kr. framlag veitt til liðarins samkvæmt þessari skiptingu. Nú hefur verið ákveðið að úthluta 400 lestum af skötusel til viðbótar þeim 800 lestum sem forsendur fjáraukalagafrumvarpsins gerðu ráð fyrir. Áætlað er að viðbótartekjurnar vegna þessa verði samtals 48 m.kr. og þar af er gert ráð fyrir að Átak til atvinnusköpunar fái 28,8 m.kr. framlag samkvæmt fyrrgreindri skiptingu. Gert er ráð fyrir að AVS og Átak til atvinnusköpunar fái framlag eftir sömu skiptingu og við leigu á skötuselskvóta. Áætlað er að tekjurnar verði samtals 42,8 m.kr. á árinu 2010 og þar af fái AVS 17,1 m.kr. framlag. Samtals er því hér um 55,5 m.kr. framlag að ræða.

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild efnahags- og viðskiptaráðuneytis verði aukin um 10 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál. Lagt er til að 10 m.kr. tímabundið framlag verði veitt til verkefnis um athugun á skuldavanda heimilanna sem ríkisstjórnin samþykkti 5. mars 2010 að ráðuneytið hefði forgöngu um. Frumvarp um málið var lagt fram á sl. vorþingi en fékk ekki afgreiðslu þá og hefur verið lagt fram að nýju á yfirstandandi þingi. Megináhersla verður lögð á að afla nýrra gagna og meta stöðuna á grundvelli þeirra til að hægt verði að leysa bráðavanda á skuldastöðu heimilanna. Jafnframt verði þessi vinna skipulögð þannig að hægt verði að endurtaka ferlið með reglubundnum hætti, t.d. ársfjórðungslega næstu eitt til þrjú árin, á meðan talin er þörf á jafn ítarlegri eftirfylgni eins og nú er raunin. Gert er ráð fyrir að rannsóknin muni í heildina kosta allt að 50 m.kr. Þar af verði um 40 m.kr. vegna launakostnaðar en gert er ráð fyrir tveimur starfsmönnum. Annar kostnaður er vegna hug- og vélbúnaðar, aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar og viðhalds og þróunar gagnagrunns. Miðað er við að rannsóknin geti hafist fyrir lok þessa árs og að kostnaður ársins verði um 10 m.kr., einkum vegna stofnkostnaðar við vél- og hugbúnað.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjalda ríkissjóðs verði lækkuð um 3.736 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld gerir ráð fyrir 3,7 milljarða kr. lækkun vaxtagjalda frá frumvarpinu og er gert ráð fyrir að vaxtagjöld 2010 verði 70,3 milljarðar kr. Helstu breytingarnar eru að heldur betri vaxtakjör hafa fengist í útboðum vegna óverðtryggðra ríkisbréfa og ríkisvíxla heldur en áður var áætlað og lækka vaxtagjöld um 1,8 milljarða kr. vegna þessa. Þar sem nær öllum áformuðum útboðum ársins er nú lokið er hægt að áætla vaxtagjöldin með meiri nákvæmni en í fyrri áætlunum. Þá lækka áætlaðir vextir vegna endurfjármögnunar bankanna um 1,4 milljarða kr. en nú er ekki gert ráð fyrir vaxtagreiðslum vegna sparisjóðanna á þessu ári. Aðrar breyt-

ingar vaxtagjalda eru minni. Greiddir vextir eru áætlaðir 75,8 milljarðar kr. og lækka því um rúmar 900 m.kr. frá frumvarpinu. Þar munar mestu að kjör í útboðum ríkisvíxla hafa verið hagstæðari en áætlanir gerðu ráð fyrir og lækka greiðslur vegna þeirra um 1,3 milljarða kr. Greiðslur vaxta vegna endurfjármögnunar banka lækka um 0,8 milljarða kr. en á móti hækka greiðslur vaxta vegna gjaldeyrisforðalána um 1,8 milljarða kr. Aðrar breytingar eru minni.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 23. nóv. 2010.

Oddný G. Harðardóttir, form., frsm. | Björn Valur Gíslason. | Ólafur Þór Gunnarsson.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. | Þuríður Backman. | Skúli Helgason.

295. Breytingartillögur [76. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÓGunn, SII, ÞBack, SkH).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.06 Almennur rekstur	0,0	5,3	5,3
b. 1.07 Sérverkefni	0,0	2,0	2,0
c. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	8,0	8,0
2. Við **00-207 Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008**			
1.01 Rannsóknarnefnd	90,0	4,4	94,4
3. Við **00-290 Stjórnlagaþing**			
1.01 Stjórnlagaþing	115,2	12,0	127,2
4. Við bætist nýr fjárlagaliður: **00-295 Saksóknari Alþingis**			
a. 1.01 Saksóknari Alþingis	0,0	11,0	11,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*11,0*	*11,0*
5. Við **02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum**			
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	15,7	3,9	19,6
6. Við bætist nýr fjárlagaliður: **02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			
a. 6.59 Verkmenntaskólinn á Akureyri	0,0	15,0	15,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*15,0*	*15,0*

7. Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
1.10 Ríkisútvarpið	38,0	-38,0	0,0
8. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-982 Listir, framlög			
a. 1.90 Listir	0,0	5,0	5,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*5,0*	*5,0*
9. Við **02-999 Ýmislegt**			
a. 1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	88,5	38,0	126,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*38,0*	*38,0*
10. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
a. 1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	0,0	4,1	4,1
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*4,1*	*4,1*
11. Við **03-611 Útflutningsráð Íslands**			
a. 1.10 Útflutningsráð Íslands	16,0	-16,0	0,0
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*16,0*	*-16,0*	*0,0*
12. Við **04-417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs**			
1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	55,5	19,2	74,7
13. Við **06-309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008**			
1.01 Sérstakur saksóknari	470,0	-37,0	433,0
14. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál			
a. 1.10 Ýmis löggæslukostnaður	0,0	1,5	1,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1,5*	*1,5*
15. Við **06-601 Fasteignaskrá Íslands**			
a. 1.01 Fasteignaskrá Íslands	-370,3	-370,3	-740,6
b. Sértekjur	120,0	120,0	240,0
c. *Innheimt af ríkistekjum*	*-250,3*	*-250,3*	*-500,6*
16. Við **06-603 Þjóðskrá Íslands**			
a. 1.01 Þjóðskrá Íslands	520,4	520,4	1.040,8
b. Sértekjur	-120,1	-120,2	-240,3
c. *Greitt úr ríkissjóði*	92,2	92,2	184,4
d. *Innheimt af ríkistekjum*	*308,1*	*308,0*	*616,1*
17. Við **06-605 Þjóðskrá**			
a. 1.01 Þjóðskrá	-150,1	-150,1	-300,2
b. Sértekjur	0,1	0,2	0,3
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*-92,2*	*-92,2*	*-184,4*
d. *Innheimt af ríkistekjum*	*-57,8*	*-57,7*	*-115,5*
18. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-705 Kirkjumálasjóður			
a. 1.10 Kirkjumálasjóður	0,0	-0,8	-0,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*-0,8*	*-0,8*

19. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-735 Sóknargjöld			
a. 1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	0,0	-6,2	-6,2
b. 1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	0,0	8,4	8,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*2,2*	*2,2*
20. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-736 Jöfnunarsjóður sókna			
a. 1.10 Jöfnunarsjóður sókna	0,0	-1,2	-1,2
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*-1,2*	*-1,2*
21. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-505 Öldrunarstofnanir, almennt			
a. 1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	0,0	-360,0	-360,0
b. Sértekjur	0,0	-557,0	-557,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*-917,0*	*-917,0*
22. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-515 Framkvæmdasjóður aldraðra			
a. 6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	0,0	107,4	107,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*0,1*	*0,1*
c. *Innheimt af ríkistekjum*	*0,0*	*107,3*	*107,3*
23. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-518 Mörk, Reykjavík			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	360,0	360,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*360,0*	*360,0*
24. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-519 Boðahlein, Kópavogi			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	295,0	295,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*295,0*	*295,0*
25. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-521 Hrafnista, Reykjavík			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	-295,0	-295,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*-295,0*	*-295,0*
26. Við **07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**			
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	-235,0	-100,0	-335,0
27. **Við 07-827 Lífeyristryggingar**			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-1.460,0	-390,0	-1.850,0
b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	355,0	-160,0	195,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*-1.885,7*	*-519,3*	*-2.405,0*
c. *Innheimt af ríkistekjum*	*30,7*	*-30,7*	*0,0*
28. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna			
a. 1.11 Bætur til foreldra langveikra barna eða alvarlega fatlaðra barna	0,0	-12,0	-12,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*-12,0*	*-12,0*

29. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
a. 1.11 Atvinnuleysisbætur	-1.290,0	-1.240,0	-2.530,0
b. 1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	206,0	-268,0	-62
c. *Innheimt af ríkistekjum*	*-1.064,0*	*-1.508,0*	*-2.572,0*
30. Við **07-989 Fæðingarorlof**			
a. 1.11 Fæðingarorlofssjóður	-75,0	-190,0	-265,0
b. 1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	75,0	-35,0	40,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*75,0*	*-35,0*	*40,0*
d. *Innheimt af ríkistekjum*	*-75,0*	*-190,0*	*-265,0*
31. Við **08-305 Lýðheilsustöð**			
a. 1.90 Forvarnasjóður	-3,1	1,0	-2,1
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*-3,1*	*1,0*	*-2,1*
32. Við **09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	8,2	-16,0	-7,8
33. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
09-262 Tollstjórinn			
a. 1.01 Tollstjórinn	0,0	-85,1	-85,1
b. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	85,1	85,1
34. Við **09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**			
a. 1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.	138,3	-138,3	0,0
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*138,3*	*-138,3*	*0,0*
35. Við **09-721 Fjármagnstekjuskattur**			
a. 1.11 Fjármagnstekjuskattur	-1.440,0	-47,0	-1.487,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*-1.350,0*	*222,0*	*-1.128,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*-90,0*	*-269,0*	*-359,0*
36. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
09-971 Ríkisábyrgðir			
a. 6.01 Ríkisábyrgðir	0,0	1.050,0	1.050,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1.050,0*	*1.050,0*
37. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
09-976 Lánaumsýsla ríkissjóðs			
a. 1.01 Lánaumsýsla ríkissjóðs	0,0	16,0	16,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*16,0*	*16,0*
38. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll			
a. 1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll	0,0	250,0	250,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*250,0*	*250,0*
39. Við **09-989 Ófyrirséð útgjöld**			
a. 1.90 Ófyrirséð útgjöld	-1.922,3	-3,9	-1.926,2
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*-1.922,3*	*-3,9*	*-1.926,2*
40. Við **10-336 Hafnarframkvæmdir**			
a. 6.72 Landeyjahöfn	350,5	-10,0	340,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*350,5*	*-10,0*	*340,5*
41. Við **11-299 Iðja og iðnaður, framlög**			
a. 1.19 Staðlaráð	2,1	-2,1	0,0

b. 1.48 Átak til atvinnusköpunar	83,3	28,8	112,1
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*503,3*	*28,8*	*532,1*
d. *Innheimt af ríkistekjum*	*2,1*	*-2,1*	*0,0*

42. Við **12-190 Ýmis verkefni**

1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	102,7	10,0	112,7

43. Við **19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**

a. 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	-20.301,0	-3.736,0	-24.037,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*-13.663,0*	*-926,0*	*-14.589,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*-6.638,0*	*-2.810,0*	ál.

296. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÓGunn, SII, ÞBack, SkH).

Sundurliðun 1 (Tekjur A-hluta) orðist svo:

m.kr.

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	-5.100,0	-7.300,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	500,0	1.300,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**-4.600,0**	**-6.000,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	3.800,0	0,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	-1.280,0	-1.140,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	107,3	107,3
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	260,0	560,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**-912,7**	**-472,7**
	Skattar á tekjur og hagnað	**-1.712,7**	**-6.472,7**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	421,2	0,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	1.231,0	0,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**1.652,2**	**0,0**
	Tryggingagjöld	**1.652,2**	**0,0**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	80,8	0,0
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	145,6	0,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**226,4**	**0,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	320,0	-120,0
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	440,0	440,0
4.4.1	Stimpilgjöld	-490,0	-490,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	0,0	0,0
	Eignarskattar	**270,0**	**-170,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	2.200,0	2.600,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	320,0	130,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	250,0	250,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-200,0	-200,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	-220,0	-220,0
5.1.2.1.32	Kolefnisgjald	-130,0	-150,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	60,0	60,0
5.1.2.1.36	Sérstakur skattur af seldri raforku	0,0	-190,0
5.1.2.1.37	Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	20,0	5,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	-140,0	-140,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-99,2	-289,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	-120,0	-120,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	-75,0	-75,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	1.110,0	950,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**2.975,8**	**2.610,9**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	300,0	320,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	-40,0	-80,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	21,0	21,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	0,0	0,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	1.230,0	440,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	1.153,0	1.153,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**2.664,0**	**1.854,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**5.639,8**	**4.464,9**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	-420,0	-420,0
6.1.11	Iðnaðarmálagjald til sérverkefna á árinu 2010	420,0	420,0
6.1.15	Markaðsgjald	16,1	0,0
6.1.25	Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	320,0	320,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**336,1**	**320,0**
	Aðrir skattar	**336,1**	**320,0**
	Skatttekjur, samtals	**6.411,8**	**-1.857,8**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-208,0	-208,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.010,0	730,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-4.207,8	-3.211,3
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-4.797,8	-4.032,0
8.3.8.5	Aðrar eignatekjur, ótaldar annars staðar	184,0	184,0
	Aðrar eignatekjur	**-7.811,6**	**-6.329,3**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**-8.019,6**	**-6.537,3**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	-580,0	-430,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	-1.021,5	-1.021,5
9.1.3.35	Ýmislegt	-105,0	-105,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	44,0	44,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**-1.662,5**	**-1.512,5**
	Ýmsar tekjur	**-1.662,5**	**-1.512,5**
10	**Sektir**		
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	-160,0	-160,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**-9.842,1**	**-8.209,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	1.500,0	1.500,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa og verðbréfa	17.700,0	17.700,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**19.200,0**	**19.200,0**
	Sala eigna, samtals	**19.200,0**	**19.200,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	6,2	8,7
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	30,0	30,0
	Rekstrarframlög	**36,2**	**38,7**
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	5,0	5,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**41,2**	**43,7**
	Fjárframlög, samtals	**41,2**	**43,7**
	Heildartekjur samtals	**15.810,9**	**9.176,1**

297. Svar [21. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ólínu Þorvarðardóttur um skuldastöðu sjávarútvegsins og meðferð sjávarútvegsfyrirtækja hjá lánastofnunum.

1. *Hver er skuldastaða íslenskra útgerðarfyrirtækja hjá bönkunum annars vegar og Byggðastofnun hins vegar?*

Fjármálaeftirlitið safnaði upplýsingum um skuldastöðu íslenskra útgerðarfyrirtækja frá Byggðastofnun, Arion banka hf., NBI hf. og Íslandsbanka hf., en þessir lögaðilar eiga flest lán sem tilheyra íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum, bæði með veiði og vinnslu. Skuldir sjávarútvegsfyrirtækja við fyrrnefnda banka og Byggðastofnun nema samtals 403.908 millj. kr. Sú fjárhæð tekur mið af skuldum sjávarútvegsfyrirtækjanna en ekki bókfærðu virði fjármálafyrirtækjanna. Bókfært virði fjármálafyrirtækjanna er það virði sem þau telja lánið vera við núverandi aðstæður að frádregnum afföllum.

2. *Hve mikið hefur verið afskrifað af skuldum útgerðarinnar hjá bönkunum og hjá Byggðastofnun?*

Samkvæmt svari frá Fjármálaeftirlitinu nema afskriftir skulda hjá Arion banka hf., NBI hf., Íslandsbanka hf.og Byggðastofnun samtals 6.411 millj. kr.

3. *Eru til verklagsreglur í bönkunum og í Byggðastofnun um afskriftir á skuldum sjávarútvegsfyrirtækja og hverjar eru þær?*

Bankar hafa reglur um eftirgjöf skulda, óháð því í hvaða atvinnugrein viðskiptavinurinn starfar. Einnig má vekja athygli á því að aðilar að Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) hafa

gefið út sameiginlegar reglur um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Til viðbótar við sameiginlegar reglur SFF hafa bankarnir, hver fyrir sig, sett vinnureglur um endurskipulagningu fyrirtækja og birt úrræði fyrirtækja í endurskipulagningu á vefsíðum sínum. Sum úrræðanna kunna að fela í sér niðurfellingar á skuldum.

Í svari Byggðastofnunar við fyrirspurn Fjármálaeftirlitsins er vísað í 16. gr. reglugerðar fyrir Byggðastofnun nr. 347/2000 þar sem segir að stofnunin megi ekki gefa eftir veitt lán nema sérstakar ástæður mæli með. Byggðastofnun hefur auk þess sett sér reglur um skuldbreytingar og skilmálabreytingar.

4. *Hafa lán sjávarútvegsfyrirtækja verið fryst eftir bankahrunið hjá bönkunum og Byggðastofnun? Hvaða upphæðir er um að ræða og til hve langs tíma?*

Bæði Seðlabanki Íslands (SÍ) og Fjármálaeftirlitið (FME) hafa gert úttekt á frystingu lána hjá fjármálafyrirtækjum.

Úttekt SÍ var byggð á afriti af gagnagrunnum lánastofnana yfir lán til fyrirtækja þann 30. júní 2009. Í riti SÍ, Fjármálastöðugleiki 2009, bls 51, kemur fram að þá höfðu 21% útistandandi lána til fyrirtækja í sjávarútvegi verið fryst. Ekki kemur fram til hve langs tíma frystingin tekur og hefur SÍ ekki nýrri upplýsingar um frystingu lána.

Samkvæmt nýlegri úttekt FME eru fryst lán hjá Arion banka hf., NBI hf., Íslandsbanka hf.og Byggðastofnun samtals 137.080 millj. kr. Við yfirferð FME á upplýsingum frá fjármálafyrirtækjum kom í ljós að skilgreining þeirra á „frystum lánum“ er mismunandi og því ber að taka fjárhæðina með fyrirvara. Hins vegar virðist sem hluti af þeim lausnum sem þau hafa boðið viðskipavinum sínum sé frestun afborgana lána og virðist almenna reglan vera sú að ekki eru veittir frestir á vaxtagreiðslum nema þá að hluta.

5. *Sér ráðherra ástæðu til þess að fram fari opinber rannsókn á viðskiptaaðferðum og skuldafyrirgreiðslu sjávarútvegsfyrirtækja hjá íslenskum lánastofnunum?*

Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki skal Fjármálaeftirlitið setja reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir fjármálafyrirtækja og hafa eftirlit með starfsháttum fjármálafyrirtækja. Fjármálafyrirtækjum ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í því skyni skulu þau m.a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækisins í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vefsíðu fyrirtækisins og birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti sína.

Nefnd um sértæka skuldaaðlögun sem starfar skv. 4. gr. laga nr. 107/2009 ,um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, hefur skilað skýrslu um framkvæmd skuldaaðlögunar fyrirtækja. Nefndinni er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar. Markmið laganna er að jafnvægi komist á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindingar einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar. Lögin kveða á um leiðir og viðmið til að ná því markmiði. Niðurstaða nefndarinnar er í megindráttum sú að umgjörð sértækrar skuldaaðlögunar fyrirtækja sé ásættanleg þótt hægt hafi gengið að ljúka málum. Nefndin hefur ekki gert sérstakar athugasemdir við meðferð fjármálastofnana á skuldum sjávarútvegsfyrirtækja.

Ráðuneytið vinnur nú að því í samstarfi við fjármálafyrirtækin að bæta umgjörð um meðferð skuldamála fyrirtækja, m.a. í kjölfar tillagna nefndar um sértæka skuldaaðlögun. Verið er að móta ný viðmið sem flýta eiga skuldaaðlögun fyrirtækja og tryggja að hagkerfið nái vopnum sínum að nýju. Gert er ráð fyrir að meginreglan verði sú að heildarskuldsetning lítilla og meðalstórra fyrirtækja fari ekki fram úr eigna- eða rekstrarvirði þeirra, hvort sem er hærra. Verulegur árangur í skuldaaðlögun heimila og fyrirtækja á næstu mánuðum mun auka

hagvöxt til framtíðar með aukinni atvinnu og bættum kaupmætti. Þessu til viðbótar er unnið að því að styrkja nefnd um sértæka skuldaaaðlögun og auka aðgengi hennar að upplýsingum.

298. Frumvarp til laga [256. mál]

um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Við framkvæmd laganna skal tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þá skulu stjórnvöld tryggja heildarsamtökum fatlaðra og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðra.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Velferðarráðherra fer með yfirstjórn málefna fatlaðra samkvæmt lögum þessum. Ráðherra ber ábyrgð á opinberri stefnumótun í málefnum fatlaðra sem skal gerð í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Enn fremur hefur ráðherra eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal að þjónusta, starfsemi og rekstur sveitarfélaga og annarra aðila samkvæmt lögum þessum sé í samræmi við markmið laganna, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og að réttindi fatlaðra séu virt. Markmið eftirlitsins er jafnframt að safna og miðla upplýsingum til að tryggja samræmda þjónustu við fatlaða. Skal ráðherra gera tillögur til sveitarfélaga um úrbætur á þjónustu þar sem þess er þörf og stuðla að samræmingu hennar. Enn fremur skal ráðherra hafa umsjón með gerð þjónustu- og gæðaviðmiða í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um eftirlit skv. 2. mgr. í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, þar á meðal um framkvæmd eftirlitsins og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlaða, þar með talið gæðum þjónustunnar, sem og kostnaði vegna hennar samkvæmt lögum þessum nema annað sé tekið fram eða leiði af öðrum lögum. Enn fremur skulu sveitarfélögin hafa innra eftirlit með framkvæmd þjónustunnar, þar á meðal með framkvæmd samninga sem sveitarfélögin gera við rekstrar- eða þjónustuaðila um framkvæmd þjónustunnar, sbr. 6. gr. b.

Landinu skal skipt í þjónustusvæði þannig að á hverju þjónustusvæði séu að lágmarki 8.000 íbúar. Fámennari sveitarfélög skulu hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlaða skv. 1. mgr. og bera þau þá sameiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar sem og kostnaði vegna hennar nema annað sé tekið fram eða leiði af öðrum lögum. Sveitarfélögum er hafa samvinnu um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlaða á einu þjónustusvæði er heimilt að fela einu þeirra skipulag og fram-

kvæmd þjónustunnar og tekur það þá ákvarðanir um þjónustuna fyrir hönd annarra sveitarfélaga á svæðinu. Jafnframt er þeim heimilt að fela skipulag og framkvæmd þjónustunnar sérstökum lögaðila sem þau eiga aðild að, svo sem byggðasamlagi.

Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá íbúafjölda skv. 2. mgr. á grundvelli landfræðilegra aðstæðna, enda hafi viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög sýnt fram á getu til að veita þjónustu í samræmi við ákvæði laga þessara.

Náist ekki samkomulag milli sveitarfélaga um að mynda þjónustusvæði skv. 2. mgr. getur ráðherra, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, tekið ákvarðanir um stærð eða mörk þjónustusvæða og eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélag þar sem hinn fatlaði á lögheimili tekur ákvarðanir um þjónustu við hann samkvæmt lögum þessum nema annað sé tekið fram eða leiði af öðrum lögum. Sveitarfélag sem hefur samvinnu við önnur sveitarfélög um myndun þjónustusvæðis getur falið öðru sveitarfélagi eða sérstökum lögaðila að taka ákvarðanir um þjónustu við hinn fatlaða fyrir sína hönd.

Umsóknir um þjónustu á grundvelli laganna, þar á meðal um þjónustu á stofnunum skv. 1.–3. tölul. 2. mgr. 9. gr. og um húsnæðisúrræði skv. 1. mgr. 10. gr., skulu sendar viðkomandi sveitarfélagi, sbr. 1. mgr., eða þeim lögaðila sem annast framkvæmd þjónustunnar á hlutaðeigandi þjónustusvæði þegar það á við. Umsókn er gild þegar hinn fatlaði, forsjármaður hans eða lögráðamaður stendur að henni.

Sveitarfélög skulu starfrækja teymi fagfólks sem metur heildstætt þörf hins fatlaða fyrir þjónustu og hvernig koma megi til móts við óskir hans. Teymin skulu hafa samráð við hinn fatlaða við matið og skal það byggt á viðurkenndum matsaðferðum. Þegar óskir hins fatlaða lúta að þjónustu sem rekin er af öðrum en sveitarfélögum þarf að koma til samþykkis rekstraraðila áður en ákvarðanir eru teknar um að hlutaðeigandi þjónusta sé veitt hinum fatlaða. Enn fremur skal hafa samráð við hinn fatlaða og væntanlegt sambýlisfólk hans áður en tekin er ákvörðun um þjónustu á grundvelli 10. gr. laganna.

5. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Hinum fatlaða er heimilt að kæra stjórnvaldsákvarðanir um þjónustu sem teknar eru á grundvelli laga þessara til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, sbr. XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála fjallar um málsmeðferð, rétt til þjónustu og hvort þjónustan er í samræmi við lög þessi, reglugerðir eða reglur hlutaðeigandi sveitarfélags sem settar eru á grundvelli laganna.

Kærufrestur er fjórar vikur frá því að tilkynning barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið afhent póstþjónustu áður en fresturinn er liðinn.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Um málsmeðferð fer skv. XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og stjórnsýslulögum.

6. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Skipulag sérhvers þjónustusvæðis skal koma fram í sérstöku stofnskjali þar sem fram kemur m.a. hvaða sveitarfélag eða sveitarfélög standa að þjónustu við fatlaða á svæðinu, hvernig skipulagi á samvinnu sveitarfélaganna skuli háttað, svo sem hvert sveitarfélaganna annast skipulag og framkvæmd þjónustunnar eða hvort sérstökum lögaðila, svo sem byggðasamlagi, hafi verið falið að annast skipulag og framkvæmd þjónustunnar fyrir hönd sveitarfélaganna, gerð og inntak samninga og upplýsingar um þá rekstrar- eða þjónustuaðila sem samið hefur verið við um framkvæmd þjónustu á svæðinu. Einnig skal í stofnskjalinu koma fram hvernig innra eftirliti sveitarfélaga, þar á meðal með framkvæmd samninga skv. 6. gr. b, skuli háttað.

Sveitarfélög sem hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um að mynda eitt þjónustusvæði, sbr. 2. mgr. 4. gr., skulu jafnframt gera með sér samstarfssamning um skipulag, framkvæmd og fjármögnun þjónustu við fatlaða innan þjónustusvæðisins. Samningurinn öðlast ekki gildi fyrr en hann hefur fengið staðfestingu hlutaðeigandi sveitarstjórna sem standa að þjónustusvæðinu. Í samningnum skal koma fram að sveitarfélögin bera sameiginlega ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun þjónustunnar, þar á meðal gæðum hennar, og skal samningurinn kveða nánar á um form og skipulag þjónustunnar. Jafnframt skal koma fram hvernig stjórnsýslu málefna fatlaðra innan sveitarfélaganna skuli háttað, þar á meðal skal samningurinn fjalla um, þegar það á við, samkomulag sveitarfélaganna um hvert sveitarfélaganna annast skipulag og framkvæmd þjónustunnar eða hvort sérstakur lögaðili annast þjónustuna fyrir hönd þeirra.

Sveitarfélög skulu senda velferðarráðuneyti afrit af stofnskjali og upplýsa ráðuneytið um þær breytingar sem kunna síðar að verða gerðar á stofnskjalinu.

7. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 6. gr. a og 6. gr. b, svohljóðandi:

a. (6. gr. a.)

Sveitarfélagi eða sveitarfélögum sem standa saman að þjónustusvæði er heimilt að veita starfsleyfi til handa félagasamtökum, sjálfseignarstofnunum eða öðrum einkaaðilum sem vilja hefja eða taka við rekstri þjónustustofnunar skv. 9. gr. eða húsnæðisúrræði skv. 1. mgr. 10. gr. á þjónustusvæði þeirra.

Hafi leyfisveitandi skv. 1. mgr. falið einu sveitarfélagi eða sérstökum lögaðila, svo sem byggðasamlagi, að skipuleggja og veita þjónustu við fatlaða er honum heimilt að fela þeim leyfisveitinguna skv. 1. mgr.

Leyfisveitanda er heimilt að afturkalla starfsleyfi sem veitt hefur verið skv. 1. mgr. þegar rekstrar- eða þjónustuaðilinn hefur ekki sinnt kröfum um úrbætur innan tiltekinna tímamarka eða rekstrinum er verulega ábótavant að mati leyfisveitanda. Um afturköllun gilda ákvæði stjórnsýslulaga og meginreglur stjórnsýsluréttarins.

b. (6. gr. b.)

Þegar sveitarfélag eða sveitarfélög sem standa saman að þjónustusvæði veita starfsleyfi skv. 6. gr. a skal gerður samningur við þjónustu- eða rekstraraðilann þar sem mælt er ítarlega fyrir um skyldur beggja aðila og hvernig eftirliti skuli háttað. Enn fremur skal tekið fram í samningnum að stjórnsýslulög, sem og meginreglur stjórnsýsluréttar, gildi um þá stjórnsýslu sem þjónustu- eða rekstraraðili tekur að sér að annast á grundvelli samningsins.

Þjónustu- og rekstraraðili sem starfar á grundvelli samnings sem gerður hefur verið skv. 1. mgr. skal árlega skila viðsemjanda sínum ásamt velferðarráðuneyti og Ríkisendurskoðun ársreikningi undirrituðum af löggiltum endurskoðanda ásamt skýrslu um starfsemi liðins árs.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 4. tölul. 2. mgr. fellur brott.

b. 3. og 4. mgr. orðast svo:

Sveitarfélagi eða sveitarfélögum sem starfa saman á þjónustusvæði er heimilt að bæta við þjónustustofnunum, sameina þær eða fella niður starfsemi þeirra.

Félagasamtök, sjálfseignarstofnun eða annar einkaaðili sem vill hefja eða taka við rekstri þjónustustofnunar skal afla leyfis skv. 6. gr. a frá hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum sem standa saman að því þjónustusvæði þar sem stofnunin er staðsett.

9. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Fatlaðir skulu eiga kost á félagslegri þjónustu sem gerir þeim kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þeirra og óskir eftir því sem kostur er.

Sveitarfélag eða sveitarfélög sem standa saman að þjónustusvæði skulu tryggja að framboð á húsnæðisúrræðum skv. 1. mgr. sé til staðar jafnframt því að veita þjónustu skv. 1. mgr.

Félagasamtök, sjálfseignarstofnun eða annar einkaaðili sem vill starfrækja húsnæðisúrræði eða þjónustu skv. 1. mgr. skal afla leyfis skv. 6. gr. a frá hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum er standa saman að því þjónustusvæði þar sem húsnæðisúrræðið er staðsett.

Húsnæðisúrræði fatlaðra samkvæmt lögum þessum skulu vera í íbúðabyggð, sbr. skipulagslög. Jafnframt skulu húsnæðisúrræðin staðsett nærri almennri og opinberri þjónustu sé þess nokkur kostur.

Sveitarfélag gerir húsaleigusamning við hinn fatlaða sem býr í húsnæðisúrræði í samræmi við ákvæði húsaleigulaga og innheimtir húsaleigu á grundvelli þess samnings.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um húsnæðisúrræði samkvæmt ákvæði þessu í samráði við Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þar á meðal hvernig ákveða skuli fjárhæð húsaleigu í húsnæðisúrræðum og breytingar á þeirri fjárhæð, um rekstur heimilissjóða og greiðslur til þeirra og nánar um skipulag húsnæðisúrræða.

10. gr.

11. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

VII. kafli laganna, **Framkvæmd þjónustunnar**, og VIII. kafli, **Greiningar- og ráðgjafarstofa ríkisins**, falla brott.

12. gr.

Í stað orðanna „eða á sérhæfðum deildum, sbr. lög um leikskóla, nr. 48/1991“ í 19. gr. laganna kemur: sbr. lög um leikskóla.

13. gr.

20. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

Í stað 3. málsl. 21. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um framkvæmd þjónustunnar á grundvelli ákvæðis þessa. Sveitarstjórnum er jafnframt heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra.

15. gr.

Síðari málsliður 25. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 27. gr. laganna kemur ein ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um framkvæmd þjónustunnar á grundvelli ákvæðis þessa. Sveitarstjórnum er jafnframt heimilt að setja sér nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem skilyrði sem uppfylla þarf til að njóta aðstoðarinnar og viðmiðunarreglur um fjárhæð styrkja.

17. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Vinnumálastofnun annast framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða fyrir fatlaða samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir og greiðist kostnaður vegna vinnumarkaðsaðgerða úr ríkissjóði.

18. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kostnaður vegna sérstakrar liðveislu á vinnustað greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kostnaður vegna verndaðrar vinnu skv. 1. mgr. greiðist úr ríkissjóði.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ kemur: Vinnumálastofnun.
b. Í stað orðsins „samtök“ kemur: heildarsamtök.

21. gr.

Síðari málsliður 32. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

XIII. kafli laganna, **Húsnæðismál**, fellur brott.

23. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélög skulu sinna ferlimálum fatlaðra með skipulögðum hætti, m.a. með gerð áætlana um endurbætur á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana í samræmi við ákvæði mannvirkjalaga og skipulagslaga sem og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „almenningsfarartæki“ í 1. mgr. kemur: vegna fötlunar.
b. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Í stað „1.–4. tölul.“ í 2. mgr. kemur: 1.–3. tölul.
d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um rekstur ferðaþjónustu fatlaðra á grundvelli ákvæðis þessa. Sveitarstjórnum er jafnframt heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra. Þá er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir ferðaþjónustu fatlaðra samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórnir skulu setja.

25. gr.

Fyrri málsliður 36. gr. laganna fellur brott.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga á heimilum fatlaðra skv. 1. mgr. 10. gr. á sviði einkalífs og meðferðar fjármuna þeirra skal ráðherra skipa trúnaðarmenn fatlaðra að fengnum tillögum heildarsamtaka fatlaðra. Skilyrði er að trúnaðarmenn hafi þekkingu og reynslu af málefnum fatlaðra.

b. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Að lokinni könnun aðstoðar trúnaðarmaður hinn fatlaða við að kæra málið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála þegar það á við, sbr. 3. mgr. 5. gr. a, og metur hvort hann tilkynnir um málið til velferðarráðuneytis.
c. Í stað „3.–6. tölul.“ í 4. mgr. kemur: 1. mgr.
d. 2. málsl. 4. mgr. orðast svo: Að lokinni könnun aðstoðar trúnaðarmaður hinn fatlaða við að kæra málið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála þegar það á við, sbr. 3. mgr. 5. gr. a, og metur hvort hann tilkynnir um málið til velferðarráðuneytis.
e. Fyrri málsliður 5. mgr. fellur brott.
f. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Kostnaður vegna trúnaðarmanna fatlaðra greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um trúnaðarmenn fatlaðra, svo sem um fjölda þeirra.

27. gr.

XVI. kafli laganna, **Framkvæmdasjóður fatlaðra**, fellur brott.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Sveitarfélög skulu fjármagna þjónustu við fatlaða og annan rekstrarkostnað samkvæmt lögum þessum að því leyti sem annað er ekki tekið fram eða leiðir af öðrum lögum. Jafnframt skulu sveitarfélög standa að uppbyggingu á þjónustustofnunum fyrir fatlaða með framlögum til stofnkostnaðar eftir því sem nauðsyn krefur.

Sveitarfélög skulu árlega gera fjárhagsáætlanir um útgjöld til málefna fatlaðra í samræmi við þá þjónustu sem þeim ber að veita á grundvelli þessara laga.

Velferðarráðuneyti er heimilt að óska eftir því að sveitarfélög sendi ráðuneytinu fjárhagsáætlanir sínar skv. 2. mgr.

b. Fyrirsögn á undan greininni fellur brott.

29. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Tekjur, sem falla til vegna atvinnustarfsemi þjónustu- eða rekstraraðila sem nýtur framlaga frá sveitarfélögum eða úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, vegna framkvæmdar á þjónustu á grundvelli laga þessara skulu renna til greiðslu rekstrarkostnaðar starfseminnar. Opinber fjárframlög skulu taka mið af þessum tekjum og er umræddum aðilum skylt að veita allar þær bókhaldsupplýsingar sem þörf er á til þess að staðreyna megi tekjur og rekstrarkostnað.

30. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að ráða í störf hjá sveitarfélögum, þ.m.t. byggðasamlögum, ríki eða einkaaðilum sem unnin eru í þágu þjónustu við fatlaða, hvort sem þjónustan er veitt á heimili hins fatlaða, á öðrum heimilum eða stofnunum, þá sem hafa hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

Stjórnendur hjá sveitarfélögum, ríki eða einkaaðilum sem fara með þjónustu við fatlaða eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn umsækjandi um starf á þeirra vegum hefur hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga eða annarra ákvæða sömu laga að fengnu samþykki hans.

31. gr.

44.–53. gr. laganna ásamt fyrirsögn á undan 45. gr. falla brott.

32. gr.

55. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um framkvæmd þjónustu á grundvelli laga þessara. Sveitarstjórnum er jafnframt heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli laga þessara og leiðbeinandi reglna ráðherra. Reglur sveitarstjórna skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

33. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo:

Sérstöku samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka fatlaðra skal komið á um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Markmið verkefnisins er að prófa leiðir til að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð við fatlaða með markvissum og árangursríkum hætti. Miða skal við að þjónustan verði skipulögð á forsendum notandans og undir verkstjórn hans um leið og hún verði sem heildstæðust milli ólíkra þjónustukerfa.

Ráðherra skal skipa sjö manna verkefnisstjórn til að leiða samstarfsverkefnið um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið skulu tilnefna sinn fulltrúann hvor og Samband íslenskra sveitarfélaga þrjá. Ráðherra

skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn í verkefnisstjórn skulu vera jafnmargir aðalmönnum og skipaðir með sama hætti.

Hlutverk verkefnisstjórnar er að móta ramma um fyrirkomulag notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar við fatlaða. Í því skyni munu sveitarfélög í samráði við verkefnisstjórnina leitast við að bjóða fötluðum notendastýrða persónulega þjónustu til reynslu í tiltekinn tíma. Við mat á því hverjum eða hvaða hópi fatlaðra skuli boðin slík þjónusta skal gæta jafnræðis.

Sveitarfélögum er heimilt að verðmeta einstaka þjónustuþætti í gjaldskrá. Sveitarfélög skulu síðan gera notendasamninga um notendastýrða persónulega aðstoð við hvern notanda eða aðila sem kemur fram fyrir hönd þeirra þar sem fram kemur hvaða þjónustu hlutaðeigandi þarf á að halda í daglegu lífi og verðmat þjónustunnar. Sveitarfélögum er heimilt að ráðstafa þeim fjármunum sem svara til kostnaðar vegna þjónustu hvers notanda sem veitt er á grundvelli notendasamnings um notendastýrða persónulega þjónustu til notandans með þeim hætti sem ákveðið er í notendasamningnum.

Faglegt og fjárhagslegt mat á samstarfsverkefninu skal fara fram fyrir árslok 2014 en þá skal verkefninu formlega vera lokið. Enn fremur skal ráðherra eigi síðar en í árslok 2014 leggja fram frumvarp til laga þar sem lagt verður til að lögfest verði að persónuleg notendastýrð aðstoð verði eitt meginform þjónustu við fatlaða og skal efni frumvarpsins m.a. taka mið af reynslu af framkvæmd samstarfsverkefnisins.

34. gr.

Við lögin bætast átta ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (V.)

Þrátt fyrir 3. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 30. gr. skal kostnaður sem til fellur vegna sérstakrar liðveislu á vinnustað og verndaðrar vinnu á árinu 2011 skiptast milli ríkis og sveitarfélaga í samræmi við samkomulag þeirra á milli eins og fram kemur í 1. gr. samnings þeirra um yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

b. (VI.)

Velferðarráðherra skal skipa átta manna samráðsnefnd um málefni fatlaðra. Fjármálaráðherra, innanríkisráðherra, Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands skulu tilnefna einn fulltrúa hver og Samband íslenskra sveitarfélaga skal tilnefna þrjá fulltrúa. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður samráðsnefndarinnar. Skipun samráðsnefndarinnar skal gilda til 31. desember 2014.

Samráðsnefndin skal vera velferðarráðherra og sveitarfélögum til ráðgjafar um málefni fatlaðra, hafa umsjón með framkvæmd á yfirfærslu þjónustu við fatlaða, gera tillögur um breytingar á tilhögun yfirfærslunnar eftir því sem ástæða er til, stýra endurmati yfirfærslunnar og fjalla um vafamál og álitaefni sem upp kunna að koma. Ráðherra er heimilt að fela nefndinni frekari verkefni í tengslum við yfirfærslu þjónustunnar.

Sérdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skal greiða kostnað vegna starfa samráðsnefndarinnar.

c. (VII.)

Framkvæmdasjóður fatlaðra skal lagður niður 1. janúar 2011 en frá þeim tíma tekur fasteignasjóður innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, við réttindum og skyldum sjóðsins í tengslum við fasteignir

sem nýttar eru í þágu þjónustu við fatlaða við yfirfærsluna. Enn fremur er stjórnarnefnd um málefni fatlaðra lögð niður frá sama tíma.

d. (VIII.)
Svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra er hafa starfað á grundvelli 9. gr. laga nr. 59/1992 skulu lagðar niður 1. janúar 2011. Öll störf í yfirstjórn, umsýslu og ráðgjöf svæðisskrifstofanna eru lögð niður frá sama tíma. Um réttindi starfsmanna svæðisskrifstofanna gilda lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

e. (IX.)
Frá 1. janúar 2011 flytjast öll störf á þjónustustofnunum eða í tengslum við búsetuúrræði sem ríkið rekur á grundvelli 9. og 10. gr. laga nr. 59/1992 frá ríki til hlutaðeigandi sveitarfélaga sem taka við rekstri stofnana eða búsetuúrræða við tilfærslu þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga. Um réttindi og skyldur starfsmanna til starfa hjá hlutaðeigandi sveitarfélögum fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, samþykktum sveitarfélaga og laga nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eins og á við hverju sinni.

f. (X.)
Svæðisráð skv. 6. gr. laga nr. 59/1992 skulu lögð niður 1. janúar 2011.

g. (XI.)
Ráðherra skal leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk eigi síðar en í lok árs 2011 þar sem m.a. eru lögð til ákvæði um réttindagæslumenn fyrir fatlað fólk, persónulega talsmenn og nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk.

h. (XII.)
Lög þessi skal endurskoða í heild sinni fyrir árslok 2014, m.a. með hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra. Við þá endurskoðun skal taka mið af meginreglum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafi það ekki þegar verið gert.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.
Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórn Íslands og sveitarfélögin hafa gert með sér samkomulag um að fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á framkvæmd þjónustu við fatlað fólk flytjist frá ríki til sveitarfélaga en samkomulagið miðar að því að yfirfærslan eigi sér stað 1. janúar 2011. Frumvarp þetta er lagt fram í því skyni að samkomulagið komist í framkvæmd. Þær breytingar sem lagðar eru til á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum, miða nánast eingöngu að því að ná þeim markmiðum að framkvæmdin á opinberri þjónustu við fatlað fólk flytjist frá

ríki til sveitarfélaga. Því er efnisbreytingum haldið í lágmarki en eðli málsins samkvæmt eru lagðar til töluverðar breytingar á stjórnsýslu innan málaflokksins.

Flutningur málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga hefur lengi verið til umræðu. Árið 1996 samþykkti Alþingi breytingu á gildandi lögum um málefni fatlaðra þar sem lögfest var með ákvæði til bráðabirgða að fela félagsmálaráðherra að undirbúa yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga. Í kjölfarið skipaði ráðherra nefndir til þess að undirbúa málið. Afrakstur þeirrar vinnu voru m.a. ítarlegar upplýsingar um faglega stöðu þjónustu við fatlað fólk sem og tillögur að mati á kostnaði við þjónustuna og fjármögnun hennar á vegum sveitarfélaga. Þrátt fyrir vandaðan undirbúning tókst ekki samkomulag um yfirfærsluna milli ríkis og sveitarfélaga og var verkefnið lagt til hliðar á vordögum árið 2000.

Ákvörðun um að hefja að nýju vinnu við undirbúning að yfirfærslu þessarar þjónustu frá ríki til sveitarfélaga var tekin á samráðsfundi þessara aðila sem haldinn var 16. febrúar 2007. Frumkvæði að málinu kom frá fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þáverandi félagsmálaráðherra skipaði í apríl 2007 sérstaka verkefnisstjórn til þess að stýra vinnunni. Verkefnisstjórnin er skipuð fulltrúum þeirra ráðuneyta sem koma að málaflokknum ásamt fulltrúum sveitarfélaganna og heildarsamtaka fatlaðs fólks. Frá því að verkefnið hófst hafa nokkrar breytingar verið gerðar á skipan verkefnisstjórnarinnar, en þar sitja nú: Einar Njálsson, sérfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneyti, formaður, Gerður Aagot Árnadóttir, tilnefnd af Landssamtökunum Þroskahjálp, Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, tilnefnd af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Guðmundur Magnússon, tilnefndur af Öryrkjabandalagi Íslands, Hlynur Hreinsson, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, Lúðvík Geirsson, Sigrún Björk Jakobsdóttir og Stella K. Víðisdóttir, öll tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Einar Jón Ólafsson, tilnefndur af heilbrigðisráðuneytinu, og Þór G. Þórarinsson frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, skipaður án tilnefningar. Með verkefnisstjórn störfuðu fagnefndir eftir því sem talið var þurfa hverju sinni.

Ljóst er að gildandi lög um málefni fatlaðra eru að stofni til komin nokkuð til ára sinna. Það er því álit margra að rök séu til að endurskoða lögin í heild sinni. Ástæða þess að ekki var ráðist í heildarendurskoðun á lögunum samhliða yfirfærslu málaflokksins nú er sú að talið var mjög erfitt að ráðast í stórfelldar breytingar á innihaldi og framkvæmd þjónustunnar á sama tíma og leitast var við að ná með heildstæðum hætti yfir þau verkefni sem flytjast ættu til sveitarfélaga. Með frumvarpi þessu er því jafnframt lagt til í ákvæði til bráðabirgða að vinna við heildarendurskoðun á lögunum hefjist þegar árið 2011 en gert er ráð fyrir að endurskoðuninni ljúki fyrir árslok 2014. Meðal annars er lagt til að litið verði sérstaklega til efnis samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Jafnframt er lagt til að endurskoðunin verði gerð með hliðsjón af heildarendurskoðun á lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. ákvæði III til bráðabirgða við lögin um málefni fatlaðra. Engu síður er gert ráð fyrir að þegar hefjist undirbúningur að smíði frumvarps er fjallar nánar um réttindagæslu fatlaðs fólks og er miðað við að velferðarráðherra leggi fram frumvarp þess efnis á Alþingi eigi síðar en í árslok 2011, sbr. g-lið 34. gr. frumvarps þessa. Við smíði frumvarpsins verður haft samráð við heildarsamtök fatlaðs fólks en gert er ráð fyrir að réttindagæsla fatlaðs fólks verði áfram verkefni ríkisins. Rétt er að nefna að við gerð þessa frumvarps var ákveðið að notast áfram við orðin „málefni fatlaðra“ og „fatlaður“ þegar átt er við málefni fatlaðs fólks og fatlað fólk þar sem framangreind orð eru notuð í gildandi lögum. Er gert ráð fyrir að þessari orðnotkun verði breytt við endurskoðun laganna.

Ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga undirrituðu 13. mars 2009 viljayfirlýsingu um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Meginmarkmið tilfærsl-

unnar er að stuðla að samþættingu félagslegrar þjónustu við íbúa sveitarfélaganna og stuðla þannig að heildstæðari og um leið bættri þjónustu við einstaklingana sem þurfa á þjónustunni að halda í daglegu lífi. Þykja sveitarfélögin að mörgu leyti betur í stakk búin en ríkið til að laga félagslega þjónustu að þörfum notenda með hliðsjón af ólíkum aðstæðum fólks. Standa vonir til að félagsþjónusta sveitarfélaga eflist samhliða því að sveitarfélögin sinni skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk.

Gert er ráð fyrir að velferðarráðherra fari með yfirstjórn málefna fatlaðs fólks þegar nýtt velferðarráðuneyti tekur til starfa 1. janúar 2011, sbr. lög nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum, og beri ábyrgð á stefnumótun innan málaflokksins. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að stefnumótunin verði unnin í náinni samvinnu með sveitarfélögunum sem fara þá með framkvæmdina sem og fjármögnun þjónustunnar. Þá eru ekki lagðar til breytingar á aðkomu heildarsamtaka fatlaðs fólks að slíkri vinnu.

Ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga undirrituðu 6. júlí 2010 samkomulag um fjárhagsramma yfirfærslunnar. Markmið samkomulagsins er að færa ábyrgð á fjármögnun þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga og tryggja sveitarfélögum sanngjarnan fjárhagsramma í því skyni. Til að tryggja að sveitarfélögin séu í stakk búin að taka við þjónustu við fatlað fólk mun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, samhliða frumvarpi þessu. Þar er lagt til að útsvarshlutfall sveitarfélaga hækki um 1,2%, sem svarar til lækkunar á tekjuskattshlutfalli ríkisins. Enn fremur er gert ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga að ríkissjóður leggi til framlög sem ætlað er að nýta í þróun á notendastýrðri persónulegri aðstoð til að eyða biðlista eftir þjónustu við fatlað fólk sem og hugsanlegan viðbótarkostnað sem fellur til vegna tilfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga. Í frumvarpi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga er jafnframt gert ráð fyrir að sérstök deild við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði sett á laggirnar. Til sérdeildarinnar renna 80% af tekjuauka sveitarfélaga vegna breytinga á útsvarshlutfalli ásamt tekjum fasteignasjóðs innan Jöfnunarsjóðsins og eingreiðslu sem ákveðin er með fjárlögum vegna yfirfærslunnar. Hlutverk sérdeildarinnar er að tryggja að tekjuaukning einstakra sveitarfélaga endurspegli kostnaðarmun vegna mismunandi fjölda fatlaðra íbúa og ólíkra þjónustuþarfa þeirra. Þá er lagt til að stofnaður verði sérstakur fasteignasjóður innan Jöfnunarsjóðsins til þess að annast umsýslu fasteigna í eigu ríkisins sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk við yfirfærsluna. Sjóðnum er því ætlað taka við réttindum og skyldum Framkvæmdasjóðs fatlaðra að því er varðar umsýslu fasteigna en gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóðurinn verði lagður niður frá sama tíma, sbr. c-lið 34. gr. frumvarps þessa.

Verkefnisstjórnin hefur unnið skipulega að undirbúningi yfirfærslu málaflokksins og látið taka saman töluvert af talnaefni og öðrum gögnum um þjónustu við fatlað fólk. Gögnum var safnað kerfisbundið frá ýmsum aðilum, m.a. frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, svæðisskrifstofum í málefnum fatlaðra og sveitarfélögum sem samið hafa við ríkið um þjónustu við fatlað fólk. Verkefnisstjórnin hefur jafnframt haft aðgang að ítarlegum gögnum og skýrslum sem m.a. voru unnar á tímabilinu 1998–2000 vegna fyrri áætlana um yfirfærslu málaflokksins sem hafa m.a. nýst við að meta þróun þjónustunnar síðastliðin tíu ár. Þessi sjálfstæða gagnaöflun verkefnisstjórnarinnar er sá faglegi og fjárhagslegi grunnur sem er nauðsynlegur svo yfirfærslan geti orðið árangursrík. Samkomulagið milli ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk er sett fram með heildstæðum hætti þar sem byggt er á framangreindum grunni en jafnframt er að finna ítarefni tengt einstökum greinum samkomulagsins í tölusettum viðaukum við samkomulagið. Þar á meðal er fjallað um hvernig

réttur fatlaðs fólks til þjónustu er tryggður og skilgreint nýtt samstarfsverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð. Fjallað er um mat á biðlista og einnig ítarlega um innleiðingu á nýju þjónustumati sem er grundvöllur jöfnunarkerfis milli þjónustuveitenda. Einnig er fjallað um starfsmannamál, meðferð fasteigna og sérstakan stýrihóp sveitarfélaga, heildarsamtaka fatlaðs fólks og ríkisins sem mun hafa umsjón með framkvæmd tilfærslunnar, sbr. einnig b-lið 34. gr. frumvarps þessa. Enn fremur er fjallað um eftirlit með þjónustunni og faglegt og fjárhagslegt endurmat á árangri tilfærslunnar.

Helstu breytingar í frumvarpinu eru eftirfarandi:

a. Miðað verður við að notendur þjónustu við fatlað fólk sæki um hana hjá því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili en það sveitarfélag tekur ákvörðun um hvort veita eigi þjónustuna.
b. Lagt er til að landinu verði skipt upp í þjónustusvæði þannig að á hverju þjónustusvæði séu að lágmarki 8.000 íbúar, en mikilvægt er að hvert svæði hafi yfir að ráða fjölbreyttum þjónustuúrræðum og nauðsynlegri fagþekkingu í málaflokknum. Því er miðað við að sveitarfélög með færri en 8.000 íbúa komi á samvinnu sín á milli um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk. Í því sambandi er lögð áhersla á að sveitarfélögin beri sameiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar sem og fjármögnun hennar. Engu síður er gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að veita undanþágur frá skilyrðinu um íbúafjölda við mótun þjónustusvæða vegna landfræðilegrar legu einstakra sveitarfélaga.
c. Lagt er til að sveitarfélög sameinist um að starfrækja matsteymi, skipuð fagfólki, er hafa það hlutverk að meta með samræmdum hætti þjónustuþörf þeirra einstaklinga sem þurfa á þjónustu að halda og undirbyggja stjórnvaldsákvarðanir um þá þjónustu sem veitt er.
d. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að stjórnvaldsákvarðanir sveitarfélaga á grundvelli laganna verði unnt að kæra til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, sbr. XVII. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar með er unnt að kæra stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um málefni fatlaðra til sömu úrskurðarnefndarinnar sem kann að fela í sér ákveðið hagræði fyrir þá einstaklinga sem nýta sér þjónustu sveitarfélaganna á grundvelli laganna.
e. Samhliða því að sveitarfélögin taki yfir opinbera þjónustu við fatlað fólk frá ríkinu 1. janúar 2011 er lagt til að svæðisskrifstofur í málefnum fatlaðra, svæðisráð í málefnum fatlaðra, Framkvæmdasjóður fatlaðra og stjórnarnefnd um málefni fatlaðra verði lögð niður frá sama tíma. Velferðarráðuneytið mun taka að sér eftirlit með framkvæmd laganna fyrst um sinn en stefnt er að því að setja á laggirnar almenna eftirlitsstofnun sem hafi það hlutverk að sinna gæðaeftirliti með félagslegri þjónustu. Tilgangurinn er að hafa eftirlit með að þjónusta, starfsemi og rekstur sveitarfélaga og annarra aðila samkvæmt lögunum sé í samræmi við markmið laganna, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og að réttindi fatlaðs fólks séu virt. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra skipi trúnaðarmenn fatlaðs fólks sem ætlað er að hafa sambærilegt hlutverk og þeir hafa í gildandi kerfi. Hins vegar er lagt til að sveitarfélögin taki við því hlutverki svæðisskrifstofa að sjá um skipulag og framkvæmd þjónustunnar. Enn fremur taka sveitarfélög við rekstri þjónustustofnana og búsetuúrræða sem ríkið hefur áður rekið á grundvelli 9. og 10. gr. laganna þannig að starfsemin haldi áfram. Starfsfólki þjónustustofnana og búsetuúrræða bjóðast áfram sömu störfin. Þá er sveitarfélögunum gert að hafa innra eftirlit með framkvæmd þjónustunnar, þar á meðal með framkvæmd samninga sem þau gera við rekstrar- eða þjónustuaðila um framkvæmd þjónustu við fatlað fólk.

f. Lagt er til að samstarfsverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð verði hafið með það að markmiði að prófa leiðir til að taka upp slíka aðstoð við fatlað fólk á markvissan og árangursríkan hátt, sbr. 33. gr. frumvarps þessa. Notendastýrð persónuleg aðstoð snýst um að einstaklingar sem þurfa aðstoð í daglegu lífi sínu stjórni því sjálfir hvers konar stoðþjónustu þeir njóta, hvar og hvernig hún er veitt og af hverjum. Það er þó háð tilteknum fjárhags- og tímaramma sem byggist á mati á þjónustuþörf viðkomandi notanda. Sveitarfélögin hafa fullan hug á að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð og telja mikilvægt að unnið verði skipulega að því markmiði í samráði við hagsmunaaðila. Má líta á þessa tilhögun sem fyrsta skrefið í þá átt að innleiða notendastýrða persónulega aðstoð sem eitt meginform þjónustu við fatlað fólk í samræmi við þingsályktun um sama efni sem Alþingi samþykkti á 138. löggjafarþingi (þskj. 641 – 354. mál).
g. Gert er ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um bann við því að ráða fólk til starfa við þjónustu samkvæmt lögunum sem hlotið hefur refsidóma vegna brota á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Enn fremur þykir þýðingarmikið að heimilt verði að meta sérstaklega áhrif þess ef einstaklingur hefur brotið gegn öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga á hæfi hlutaðeigandi til að sinna þjónustustörfum í þágu fatlaðs fólks. Þá er gert ráð fyrir að nánar tilgreindir aðilar geti fengið upplýsingar úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur sem hefur sótt um starf á þeirra vegum hafi gerst sekur um brot á ákvæðum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, sem og annarra ákvæða laganna. Því er ekki lagt til að gerð verði krafa um að sakarvottorð verði lagt fram við hverja ráðningu í þjónustustörf í þágu fatlaðs fólks.
h. Lagt er til að á árinu 2014 skuli fara fram sameiginlegt endurmat ríkis og sveitarfélaga á faglegum og fjárhagslegum árangri tilfærslunnar og skal undirbúningur matsins hefjast þegar árið 2013. Aðilar skulu taka upp viðræður sín á milli leiði matið í ljós verulega röskun á forsendum yfirfærslunnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögð er til sú breyting að tekið verði skýrar fram en áður að tekið skuli mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir við framkvæmd laganna og er þar sérstaklega vísað til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þáverandi félagsmálaráðherra undirritaði samninginn fyrir hönd íslenskra stjórnvalda 30. mars 2007 og stendur yfir vinna að undirbúningi fyrir fullgildingu samningsins en jafnframt stefna stjórnvöld að því að leggja til við Alþingi að samningurinn verði lögfestur í heild sinni.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að málefni fatlaðs fólks falli undir málefnasvið velferðarráðuneytis eftir sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis sem tekur gildi 1. janúar 2011, sbr. lög nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum. Er lagt til að ráðherra beri áfram ábyrgð á opinberri stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks þrátt fyrir að framkvæmdin færist til sveitarfélaganna. Engu síður er talið mjög mikilvægt að slík stefnumótun sé gerð í náinni samvinnu við sveitarfélögin sem er ætlað að bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk sem og fjármögnun hennar, sbr. 3. gr. frumvarps þessa. Enn fremur er gert ráð fyrir að heildarsamtök fatlaðs fólks og aðildarfélög þeirra hafi eftir sem áður áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðs fólks, sbr. 1. gr. frumvarps þessa, en ekki eru lagðar til breytingar á lögunum að þessu leyti.

Lagt er til að velferðarráðherra fari með eftirlit með framkvæmd laganna í fyrstu en stefnt er að því síðar að fela sérstakri stofnun gæðaeftirlit með allri félagslegri þjónustu sem sveitarfélög veita í því skyni að tryggja gæði þjónustunnar. Er í því sambandi m.a. gert ráð fyrir að ráðherra hafi umsjón með gerð þjónustu- og gæðaviðmiða í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Tilgangur þessa er að hafa eftirlit með að þjónustan sé í samræmi við markmið laganna, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og að réttindi fatlaðs fólks séu virt. Gert er ráð fyrir að sérfræðingi í málefnum fatlaðs fólks í ráðuneytinu verði falið að annast eftirlitið. Mun sérfræðingurinn kalla eftir upplýsingum frá sveitarfélögunum og fylgja því eftir að þjónusta, starfsemi og rekstur sveitarfélaga og annarra aðila á grundvelli laganna sé í samræmi við markmið þeirra. Einnig mun sérfræðingurinn starfa með trúnaðarmönnum fatlaðs fólks eftir því sem við á hverju sinni. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin annist innra eftirlit með framkvæmd þjónustunnar en í því felst m.a. að sveitarfélögin hafi eftirlit með framkvæmd þeirra samninga sem þau gera við rekstrar- og þjónustuaðila um framkvæmd þjónustu við fatlað fólk skv. b-lið 7. gr. frumvarps þessa, sbr. 3. gr. þess. Í a-lið 7. gr. er gert ráð fyrir að sveitarfélögum verði gert heimilt að afturkalla starfsleyfi sem þau hafa áður veitt rekstrar- eða þjónustuaðila, hafi sá síðarnefndi ekki sinnt kröfum um úrbætur innan tiltekinna tímamarka eða rekstrinum sé verulega ábótavant að mati sveitarfélagsins.

Um 3. gr.

Ákvæðið er í samræmi við samning ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaga um yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Mælt er fyrir um að sveitarfélögin beri ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og kostnaði vegna þjónustu við fatlað fólk nema annað sé tekið fram eða leiðir af öðrum lögum. Í því sambandi má nefna að Vinnumálastofnun mun annast framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða sem fötluðu fólki stendur til boða á grundvelli laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, sbr. 17.–19. gr. frumvarps þessa, sbr. þó einnig a-lið 34. gr. þess. Þar á meðal er atvinna með stuðningi og verndaðir vinnustaðir sem verða því áfram á verksviði ríkisins og greiðist kostnaður vegna þeirra úr ríkissjóði. Þá verða eftirtalin verkefni áfram á verksviði ríkisins: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sbr. lög nr. 83/2003, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, sbr. lög nr. 160/2008, umönnunargreiðslur samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, greiðslur samkvæmt lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, styrkir vegna bifreiðakaupa sem forsjármenn fatlaðra barna eiga rétt á samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, og niðurfelling bifreiðagjalda samkvæmt lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, kostnaður vegna ferða fatlaðs fólks frá landsbyggðinni til Reykjavíkur þegar um er að ræða nauðsynlegar ferðir að tilhlutan lækna, svo sem til greiningar, eftirlits og endurhæfingar samkvæmt reglum þar um, og fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks sem starfrækt er á grundvelli samnings milli Fjölmenntar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Lagt er til að landinu verði skipt í þjónustusvæði þannig að á hverju þjónustusvæði séu að lágmarki 8.000 íbúar. Er því gert ráð fyrir að sveitarfélög með færri en 8.000 íbúa hafi samvinnu við önnur sveitarfélög um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk þar sem ekki var talið rekstrarlega hagkvæmt fyrir fámennari sveitarfélög að standa ein að þjónustunni þannig að gæði væru nægilega tryggð. Tilgangur þjónustusvæða er því að tryggja að þeir sem veita þjónustuna hafi faglega og fjárhagslega getu til að sinna verkefninu. Enn fremur standa vonir til að einstök þjónustusvæði geti stuðlað að almennri eflingu félagsþjónustu sveitarfélaga en mikilvægt er að þjónustusvæðin hafi yfir að ráða fjölbreyttum þjónustuúrræðum og nauðsynlegri sérþekkingu í málaflokknum til þess að geta sinnt verkefninu. Fag-

legur viðbúnaður þarf að vera til staðar svo að unnt sé að mæta þeim þjónustuþörfum sem fyrir hendi eru með tiltölulega skömmum fyrirvara, svo sem vegna fæðingar fatlaðs barns eða flutnings fatlaðs einstaklings á svæðið. Enn fremur er með þessu skipulagi leitast við að takmarka áhættu af sveiflum í fjölda og þjónustuþörfum fatlaðs fólks.

Áhersla er lögð á að þegar sveitarfélög hafa með sér samvinnu bera þau sameiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar sem og fjármögnun hennar. Þegar sveitarfélög mynda eitt þjónustusvæði er eðlilegt að þau geti ákveðið að fela einu sveitarfélagi ákvörðunarvaldið um veitingu þjónustu á grundvelli laganna fyrir hönd annarra sveitarfélaga á svæðinu. Sveitarfélagið sem væri falið ákvörðunarvaldið yrði þá leiðandi á því þjónustusvæði. Enn fremur er gert ráð fyrir að sveitarfélögum sem hafa samvinnu sín á milli um framkvæmd þjónustunnar á grundvelli laganna sé heimilt að fela skipulag og framkvæmd þjónustunnar sérstökum lögaðila sem þau eiga aðild að. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir að aðrar leiðir en þær sem nefndar eru verði farnar í samvinnu sveitarfélaga enda rúmist þær innan ramma gildandi sveitarstjórnarlaga. Hvaða leið sem farin verður bera sveitarfélögin eftir sem áður sameiginlega ábyrgð á framkvæmd þjónustunnar sem og fjármögnun hennar.

Ljóst er að í ákveðnum tilvikum er það erfiðleikum bundið að mynda þjónustusvæði með 8.000 eða fleiri íbúa í samræmi við 2. mgr. ákvæðis þessa í ljósi landfræðilegra aðstæðna. Í því sambandi má nefna níu sveitarfélög innan Fjórðungssambands Vestfirðinga, Sveitarfélagið Hornafjörð, Norðurþing og Vestmannaeyjabæ. Því er gert ráð fyrir að ráðherra velferðarmála sé heimilt að veita undanþágu frá skilyrðinu um íbúafjölda á þjónustusvæði á grundvelli landfræðilegra aðstæðna enda hafi viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög sýnt fram á getu til að veita þjónustu í samræmi við ákvæði laganna. Þá er gert ráð fyrir að til þess geti komið að sveitarfélög nái ekki samkomulagi sín á milli um myndun þjónustusvæðis og er lagt til að velferðarráðherra sé þá heimilt, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, að taka ákvarðanir um stærð eða mörk þjónustusvæða. Þær ákvarðanir yrðu bindandi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að lögheimili fatlaðra einstaklinga ráði því hvaða sveitarfélag skuli veita þeim þjónustu á grundvelli laganna. Þannig fellur það í hlut þess sveitarfélags þar sem fatlaður einstaklingur á lögheimili að taka ákvarðanir um rétt hlutaðeigandi til þjónustunnar sem og eftir atvikum um nánari útfærslu þjónustunnar. Er því skýrt til hvaða sveitarfélags sá sem þarf á þjónustu að halda á grundvelli laganna skuli leita og er gert ráð fyrir að hann sæki um þjónustuna þar. Enn fremur er gert ráð fyrir að sveitarfélög starfræki matsteymi þar sem í eiga sæti sérfræðingar sem hafa nauðsynlega fagþekkingu og starfa á vegum sveitarfélaganna eða eftir atvikum lögaðila, svo sem byggðasamlags, sem annast þjónustuna fyrir þeirra hönd. Er gert ráð fyrir að fleiri en eitt þjónustusvæði geti sameinast um slíkt matsteymi þannig að nauðsynleg fagþekking sé betur tryggð og ákveðin samræming sé í mati á þjónustuþörfum milli þjónustusvæða. Einnig geta sveitarfélögin komið sér saman um að sama matsteymið meti þörf einstaklinga fyrir félagslega þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélaga á grundvelli annarra laga, svo sem laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Er teymunum ætlað að meta heildstætt þörf þeirra sem þurfa á þjónustu sem veitt er á grundvelli laganna að halda og þá einnig hvernig koma megi til móts við óskir þeirra. Er gert ráð fyrir að teymin hafi samráð við einstaklingana við matið. Ástæða þykir til að taka fram í þessu sambandi að ákvarðanir sveitarfélaga um rétt einstaklinga til tiltekinnar þjónustu sem byggjast á slíku mati teljast til stjórnvaldsákvarðana í skilningi stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Hið sama gildir um ákvarðanir er varða synjun um tiltekna

þjónustu. Niðurstöður matsins verða því ekki taldar til stjórnvaldsákvarðana í skilningi stjórnsýslulaga en sveitarfélögum ber að taka ákvörðun á grundvelli þeirra. Láti sveitarfélag hjá líða að taka ákvörðun á grundvelli niðurstöðu matsteymis er hinum fatlaða heimilt að kæra þann drátt til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, sbr. 5. gr. frumvarps þessa. Þá má geta þess að stjórnsýslulögin taka ekki til þjónustustarfsemi á vegum hins opinbera en þar er m.a. annars átt við þjónustu við fatlað fólk. Sem dæmi má nefna að ákvörðun þess efnis að fatlaður einstaklingur skuli njóta frekari liðveislu telst vera stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga en hvernig þjónustan er nánar útfærð telst þjónustustarfsemi. Engu síður verður að líta til þess hvers eðlis ákvörðunin er en ekki eingöngu til þess hver tekur hana og hvers efnis hún er.

Um 5. gr.

Lagt er til að stjórnvaldsákvarðanir, þ.e. ákvarðanir um réttindi og skyldur fatlaðs fólks í tengslum við veitingu þjónustu sem teknar eru á grundvelli laganna, verði unnt að kæra til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Úrskurðarnefndin starfar á grundvelli XVII. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, og er eingöngu verið að leggja til að verksvið nefndarinnar verði breytt þannig að nefndinni beri jafnframt að úrskurða á grundvelli laga um málefni fatlaðra. Þar með er heimilt að kæra stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um málefni fatlaðra til sömu úrskurðarnefndarinnar sem getur falið í sér ákveðið hagræði fyrir þá einstaklinga sem þurfa að óska eftir þjónustu sveitarfélaganna sem veitt er á grundvelli hvorra tveggja laganna. Lagt er til að nefndin fjalli um málsmeðferð, rétt til þjónustu og hvort þjónustan er í samræmi við lög þessi, reglugerðir eða reglur hlutaðeigandi sveitarfélags sem settar eru á grundvelli laganna. Lagt er til að kærufrestur verði fjórar vikur sem er í samræmi við kærufrest sem veittur er á grundveli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Enn fremur er tekið fram að stjórnsýslukæra fresti ekki réttaráhrifum ákvarðana um þjónustu. Þetta er í samræmi við 29. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Miðað er við að úrskurðarnefndinni sé jafnframt heimilt á grundvelli 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar þar sem ástæður mæla með því. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að stuðla að betra réttaröryggi fyrir fatlað fólk þar sem þær kæruleiðir sem fyrir hendi hafa verið innan stjórnsýslunnar hafa þótt óskýrar. Hefur m.a. ríkt ákveðin óvissa um hvaða stjórnvaldsákvarðanir sem teknar hafa verið á grundvelli laganna hafi verið unnt að fá endurskoðaðar á æðra stjórnsýslustigi. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um 4. gr. frumvarps þessa.

Um 6. gr.

Miðað er við að skipulag sérhvers þjónustusvæðis skv. 3. gr. frumvarps þessa komi fram í sérstöku stofnskjali. Á það við hvort sem eitt sveitarfélag stendur að þjónustusvæði eða nokkur sveitarfélög. Ástæðan er sú að mikilvægt þykir að fram komi á einum stað hvernig skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk skuli háttað, þar á meðal gerð og inntak samninga sem í gildi eru innan svæðisins, sbr. 8. gr. frumvarps þessa, sem og hvort og þá hvaða rekstrar- og þjónustuaðilar eru starfandi á viðkomandi svæði. Enn fremur er gert ráð fyrir að fram komi hvernig innra eftirliti sveitarfélaga skv. 3. gr. frumvarps þessa skuli háttað. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin sendi velferðarráðuneyti afrit af stofnskjölum og upplýsi ráðuneytið jafnframt um þær breytingar sem kunna síðar að verða gerðar á skjalinu.

Þá er gert ráð fyrir að sveitarfélög sem sameinast um að mynda þjónustusvæði geri með sér samstarfssamning um skipulag, framkvæmd og fjármögnun þjónustu við fatlað fólk innan

þjónustusvæðisins. Í því skyni er unnt að hafa stofnskjalið skv. 1. mgr. sem fylgiskjal með slíkum samstarfssamningi svo að forðast megi endurtekningar eftir því sem við á hverju sinni. Miðað er við að slíkir samningar öðlist ekki gildi fyrr en þeir hafa fengið staðfestingu þeirra sveitarstjórna sem standa að þjónustusvæðinu í ljósi þess að sveitarstjórnir fara með stjórn sveitarfélaganna samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998. Í því felst að sveitarstjórnirnar fari með ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna þeirra, sbr. 9. gr. þeirra laga.

Um 7. gr.

Um a-lið (6. gr. a).

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 14. gr. laganna. Ekki eru lagðar til aðrar breytingar en þær að í stað félags- og tryggingamálaráðherra fellur það í hlut sveitarfélaganna að veita starfsleyfi til handa félagasamtökum, sjálfseignarstofnunum og eftir atvikum öðrum einkaaðilum sem vilja hefja eða taka við rekstri þjónustustofnana eða húsnæðisúrræða á grundvelli laganna. Er jafnframt lagt til að tekið verði fram að sveitarfélögum sé heimilt að afturkalla starfsleyfi sem veitt er á grundvelli ákvæðisins þegar rekstrar- eða þjónustuaðilinn hefur ekki sinnt þeim kröfum sem til hans eru gerðar varðandi úrbætur innan tiltekinna tímamarka eða rekstrinum er verulega ábótavant að mati fagaðila sveitarfélagsins. Að öðru leyti gilda stjórnsýslulög sem og óskráðar meginreglur stjórnsýsluréttarins um afturköllun stjórnvaldsákvarðana.

Um b-lið (6. gr. b).

Mikilvægt þykir að samhliða veitingu starfsleyfa skv. a-lið greinarinnar (6. gr. a) verði jafnframt gerðir samningar við þjónustu- og rekstraraðila þar sem mælt verði ítarlega fyrir um skyldur beggja aðila og hvernig eftirliti með framkvæmd samningsins skuli háttað. Enn fremur þykir mikilvægt að samningsaðilar komi sér saman um áætlaðan rekstrarkostnað og hvernig hann skuli metinn. Þá er gert ráð fyrir að þjónustu- og rekstraraðili, sem gerður hefur verið þjónustusamningur við á grundvelli ákvæðis þessa, skili til hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga, sem eru viðsemjendur þjónustu- og rekstraraðila, ásamt velferðarráðuneyti og Ríkisendurskoðun árlega ársreikningi undirrituðum af löggiltum endurskoðanda ásamt skýrslu um starfsemi liðins árs. Ákvæði 3. mgr. er efnislega samhljóða 53. gr. laganna.

Um 8. gr.

Lagðar eru til breytingar á 9. gr. laganna sem verða að teljast nauðsynlegar í ljósi þess að sveitarfélögin taka við framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á grundvelli laganna. Enn fremur er lagt til að ekki verði gert ráð fyrir að sérstök leikfangasöfn verði starfrækt enda heyra slík söfn sögunni til. Mun breytingin því ekki hafa áhrif á þá þjónustu sem veitt er á grundvelli laganna.

Um 9. gr.

Í ákvæði þessu eru lagðar til breytingar á 10. gr. laganna sem fjallar um búsetu fatlaðs fólks. Er þar gert ráð fyrir að fatlað fólk eigi kost á þjónustu og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þeirra og óskir eftir því sem kostur er. Í því sambandi er átt við að fatlað fólk eigi bæði rétt á tilteknum húsnæðisúrræðum sem í boði eru á vegum sveitarfélaganna sem og þeirri félagslegu þjónustu sem gerir þeim kleift að búa á eigin heimili. Enn fremur er sveitarfélögum gert að tryggja að framboð á húsnæðisúrræðum sé til staðar jafnframt því að veita þjónustuna. Þá er gert ráð fyrir að þeir sem óska eftir að starfrækja húsnæðisúrræði eða þjónustu skv. 1. mgr. ákvæðisins sæki um starfsleyfi til hlutaðeigandi sveitarfélags skv. a-lið 7. gr. frumvarps þessa, en því fylgir jafnframt að gera skuli samning skv. b-lið sömu greinar.

Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að einstök húsnæðisúrræði verði sérstaklega talin upp í lögunum eins og verið hefur í 10. gr. laganna. Í stað þess er gert ráð fyrir að húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk mótist í samræmi við þarfir notenda sem og aðstæður á þjónustusvæðinu. Enn fremur er lagt til að húsnæðisúrræði sem ætlað er fötluðu fólki sé nálægt almennri og opinberri þjónustu sé þess nokkur kostur. Tilgangur þessa er að tiltölulega auðvelt sé að nálgast t.d. búðarkjarna og þá opinberu þjónustu sem þarf að sækja. Þá er gert ráð fyrir að fatlað fólk sem nýtir sér þau húsnæðisúrræði sem í boði eru greiði mánaðarlega húsaleigu eins og verið hefur. Því þykir mikilvægt að tekið sé fram að sveitarfélögin geri húsaleigusamninga við fatlað fólk og innheimti húsaleigu á grundvelli slíkra samninga. Miðað er við að húsaleigusamningarnir séu í samræmi við ákvæði gildandi húsaleigulaga. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að kveða nánar á um framkvæmd ákvæðisins í reglugerð, þar á meðal hvernig ákveða skuli fjárhæð húsaleigu í húsnæðisúrræðum og breytingar á þeirri fjárhæð.

Um 10. og 11. gr.

Lagt er til að ákvæði 11. gr. laganna ásamt VII. kafla og VIII. kafla þeirra verði felld brott. Lagt er til í 2. mgr. 4. gr. frumvarps þessa að umsókn um þjónustu laganna, þar á meðal um þjónustu á stofnunum og húsnæðisúrræði, skuli sendar viðkomandi sveitarfélagi eða þeim lögaðila sem annast framkvæmd þjónustunnar á hlutaðeigandi þjónustusvæði en því ákvæði er m.a. ætlað að koma í stað 11. gr. laganna. Lagt er til að svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra verði lagðar niður í ljósi þess að sveitarfélögin taka við þjónustunni á grundvelli laganna og taka þar með við hlutverki svæðisskrifstofanna. Gert er ráð fyrir að 6. gr. og aliður 7. gr. frumvarps þessa komi í stað 13. og 14. gr. laganna og er vísað til athugasemda við þau ákvæði að því er þau atriði varða. Þá er lagt til að svæðisráðin verði lögð niður en ráðuneyti velferðarmála fari með eftirlit með framkvæmd sveitarfélaga á efni laganna skv. 2. gr. frumvarps þessa og er vísað til athugasemda við það ákvæði.

Um 12. gr.

Lagt er til að breyting verði gerð á orðalagi 19. gr. laganna til samræmis við orðalag laga nr. 90/2008, um leikskóla. Í lögum um leikskóla er ekki vikið að sérhæfðum deildum og ljóst að ekki er gert ráð fyrir slíkum deildum á leikskólum. Þess í stað er gert ráð fyrir rýmum fyrir sérfræðiþjónustu vegna barna með sérþarfir, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga um leikskóla.

Um 13. gr.

Í ljósi þess að engin leikfangasöfn eru starfrækt er lagt til að 20. gr. laganna falli brott.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnum verði gert heimilt að setja reglur um þjónustu stuðningsfjölskyldna á grundvelli ákvæðisins í stað ráðherra áður. Er þetta í samræmi við ákvæði 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins um að sveitarfélög beri ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk. Engu síður er gert ráð fyrir að velferðarráðherra sé heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur um framkvæmd þjónustunnar sem sveitarstjórnir taka þá mið af við smíði sinna reglna.

Um 15. gr.

Lagt er til að síðari málsliður 25. gr. laganna sem fjallar um hlutverk svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra falli brott, enda gerir frumvarp þetta ráð fyrir að svæðisskrifstofurnar verði lagðar niður og sveitarfélögin taki við hlutverki þeirra að þessu leyti.

Um 16. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 27. gr. laganna eru í samræmi við þá tilhögun að færa framkvæmd þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Þar af leiðandi er lagt til að 2. mgr. ákvæðisins verði felld brott en gert er ráð fyrir að sveitarfélögin taki ákvörðun um félagslega hæfingu og endurhæfingu, sbr. 4. gr. frumvarps þessa, í ljósi þess að lagt er til að svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra verði lagðar niður. Þá er jafnframt lagt til að sveitarstjórnir setji sér reglur um framkvæmd ákvæðisins en ekki ráðherra.

Um 17. gr.

Vinnumiðlun var flutt frá sveitarfélögum til ríkisins á árinu 1997, sbr. þágildandi lög nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, og hefur Vinnumálastofnun síðan annast framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða. Meðal þeirra vinnumarkaðsúrræða sem stofnuninni er ætlað að veita er atvinnutengd endurhæfing einstakra hópa en þar undir falla úrræði eins og atvinna með stuðningi og verndaðir vinnustaðir, sbr. f-lið 12. gr. laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir. Þess ber að geta að félags- og tryggingamálaráðherra mun skipa starfshóp til að fara yfir og skilgreina hvað telst vera atvinnutengd endurhæfing einstakra hópa í skilningi laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Í starfshópnum munu eiga sæti fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtökum fatlaðs fólks auk fulltrúa ráðuneytisins og Vinnumálastofnunar. Er áætlað að starfshópurinn skili skýrslu til ráðherra eigi síðar en í lok árs 2011. Í ljósi þessa er lagt til að vísað verði til gildandi laga um vinnumarkaðsaðgerðir í ákvæði þessu sem ætlað er að fjalla um vinnumarkaðsaðgerðir fyrir fatlað fólk, en Vinnumálastofnun annast framkvæmd þeirra laga. Er því áfram gert ráð fyrir að atvinnumál fatlaðs fólks verði verkefni ríkisins, sbr. þó a-lið 34. gr. frumvarps þessa þar sem gert er ráð fyrir að sveitarfélög annist þessa þjónustu á árinu 2011 samkvæmt nánara samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaga.

Um 18. gr.

Lagt er til að tekið verði fram að kostnaður vegna sérstakrar liðveislu á vinnustað skv. 29. gr. laganna verði greiddur úr ríkissjóði eins og verið hefur enda gert ráð fyrir að atvinnumál fatlaðs fólks verði áfram verkefni ríkisins, sbr. þó a-lið 34. gr. frumvarps þessa.

Um 19. gr.

Lagt er til að tekið verði fram að kostnaður vegna verndaðrar vinnu skv. 30. gr. laganna verði greiddur úr ríkissjóði eins og verið hefur enda gert ráð fyrir að atvinnumál fatlaðs fólks verði áfram verkefni ríkisins, sbr. þó a-lið 34. gr. frumvarps þessa.

Um 20. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, er Vinnumálastofnun ætlað að fylgjast með aðstæðum á innlendum vinnumarkaði sem og að gefa út skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um atvinnuleysi, atvinnuhorfur og mannaflaþörf innan tiltekinna starfsgreina. Enn fremur gefur stofnunin út aðrar skýrslur eða miðlar upplýsingum í sambandi við einstök atriði sem varða aðstæður á vinnumarkaði. Þykir því eðlilegra að Vinnumálastofnun hafi það hlutverk sem kveðið er á um í 32. gr. laganna að kanna stöðu fatlaðs fólks á vinnumarkaði í stað ráðuneytisins áður.

Um 21. gr.

Lagt er til að síðari málsliður 32. gr. laganna falli brott í ljósi þess að lagt er til að svæðisráðin verði lögð niður með frumvarpi þessu. Félags- og tryggingamálaráðherra stefnir að því að leggja fram frumvarp á yfirstandandi þingi sem ætlað er að innleiða efni Evróputilskipunar nr. 78/2000 sem hefur að geyma meginreglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi, þar á meðal um að hvers konar mismunun, hvort sem er bein eða óbein, á grundvelli trúar eða trúarskoðana, fötlunar/örorku, aldurs eða kynhneigðar, á vinnumarkaði verði óheimil. Í tilskipuninni er m.a. gert ráð fyrir að ákveðnu ferli verði komið á innan stjórnsýslunnar sem fatlað fólk getur nýtt sér telji það á sér brotið á vinnumarkaði.

Um 22. gr.

XIII. kafli laganna, Húsnæðismál, er felldur brott í ljósi þess að sveitarfélögin taka við öllum húsnæðisúrræðum á grundvelli laganna en gert er ráð fyrir að ákvæði 10. gr. laganna eigi við um öll þau húsnæðisúrræði sem í boði eru á vegum sveitarfélaganna.

Um 23. gr.

Ákvæði þetta felur ekki í sér efnislega breytingu á ferlimálum fatlaðs fólks. Ekki þykir ástæða til að taka sérstaklega fram að sveitarstjórnum sé heimilt að skipa samstarfsnefndir um ferlimál fatlaðs fólks í ljósi þess að sveitarfélögin fara með framkvæmd laganna. Verður að líta svo á að sveitarfélögum sé heimilt að skipa þær nefndir sem þau vilja að fjalli um þá þjónustu við fatlað fólk sem þeim er ætlað að veita á grundvelli laganna. Ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélög standi straum af kostnaði vegna aðgengis opinberra bygginga og þjónustustofnana sem eru í eigu ríkisins, sbr. einnig athugasemdir við 27. gr. frumvarps þessa.

Um 24. gr.

Lagt er til að skýrt verði í 35. gr. laganna að ferðaþjónusta fatlaðs fólks eigi eingöngu við um þá sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar sinnar. Ekki er um efnislega breytingu að ræða á framkvæmd þjónustunnar. Þá er lagt til að tekið verði fram að ráðherra sé heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Slíkar reglur eru eingöngu til leiðbeiningar fyrir sveitarfélögin við smíði þeirra reglna sem þeim er heimilt að setja um framkvæmd þjónustunnar. Enn fremur er gert ráð fyrir að sveitarfélögum verði gert heimilt að innheimta þjónustugjöld sem ætlað er að standa að hluta undir kostnaði við ferðaþjónustu sem veitt er hinum fatlaða á grundvelli ákvæðis þessa. Í ljósi þess að þjónustugjöld eru í eðli sínu íþyngjandi fyrir gjaldandann verða þjónustugjöld almennt ekki innheimt nema að fyrir þeim sé skýr lagaheimild frá löggjafanum. Á þetta sérstaklega við þegar um lögmælta þjónustustarfsemi er að ræða. Enn fremur skulu sveitarfélögin setja sér gjaldskrá áður en gjöld eru innheimt á grundvelli ákvæðis þessa.

Um 25. gr.

Í ljósi þess að lagt er til að svæðisráðin verði lögð niður er jafnframt lagt til að fyrri málsliður 36. gr. laganna falli brott. Engu síður er áfram gert ráð fyrir að starfsmenn sem sinna þjónustu við fatlað fólk og starfa á stofnunum fyrir fatlað fólk standi vörð um hagsmuni þess og gæti þess að réttindi þess séu virt.

Um 26. gr.

Lagt er til að áfram verði skipaðir trúnaðarmenn fatlaðs fólks sem ætlað er að treysta réttindi fatlaðs fólks á heimilum sem rekin eru á vegum sveitarfélaga eða einkaaðila á sviði

einkalífs og fer með fjármuni þeirra. Er því ekki gert ráð fyrir breyttu hlutverki trúnaðarmanna en gert er ráð fyrir að ráðherra skipi þá í stað svæðisráða að fengnum tillögum frá heildarsamtökum fatlaðra. Jafnframt er lagt til að þeir sem gegna störfum trúnaðarmanna hafi þekkingu og reynslu á málefnum fatlaðs fólks. Þá er gert ráð fyrir að trúnaðarmaður aðstoði hinn fatlaða við að kæra málið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála á grundvelli 5. gr. frumvarps þessa þegar það á við og jafnframt að hann meti hvort ástæða sé til að hann tilkynni um málið til velferðarráðuneytis. Áfram er gert ráð fyrir að kostnaður vegna trúnaðarmanna greiðist úr ríkissjóði.

Um 27. gr.

Gert er ráð fyrir að XVI. kafli laganna verði felldur brott í ljósi þess að lagt er til að Framkvæmdasjóður fatlaðra verði lagður niður, sbr. c-lið 34. gr. frumvarps þessa. Gert er ráð fyrir að sérstakur fasteignasjóður innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga taki við hlutverki Framkvæmdasjóðs fatlaðra að því er varðar umsýslu fasteigna sem eru nýttar í þágu þjónustu við fatlað fólk frá 1. janúar 2011 þegar yfirfærsla þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga mun eiga sér stað. Er nánar fjallað um hlutverk fasteignasjóðsins í frumvarpi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, sem lagt verður fram á þessu þingi. Er nánar vísað til athugasemda við það frumvarp. Að því er varðar það hlutverk Framkvæmdasjóðsins er kemur fram í 5. tölul. 40. gr. laganna um að heimilt sé að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga er gert ráð fyrir að opinberar stofnanir í eigu ríkisins sjái sjálfar um að tryggja aðgengi fatlaðs fólks að þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að veita. Jafnframt er miðað við að sveitarfélögin leggi til framlög til stofnkostnaðar við byggingar sem ætlað er að nýta í þágu þjónustu við fatlað fólk ef nauðsyn krefur en ekki verður um að ræða framlög af hálfu ríkisins eins og verið hefur af hálfu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Um 28. gr.

Sveitarfélögum er gert að fjármagna þjónustu við fatlað fólk sem veitt er á grundvelli laganna, sem og annan rekstrarkostnað sem til fellur á grundvelli laganna. Þá er miðað við að sveitarfélög standi að uppbyggingu á þjónustustofnunum fyrir fatlað fólk eftir því sem þörf krefur en skv. 8. gr. frumvarps þessa er sveitarfélögum heimilt að bæta við þjónustustofnunum, sameina þær eða fella niður starfsemi þeirra. Er því miðað við að sveitarfélögin leggi til framlög til stofnkostnaðar ef nauðsyn krefur en ekki verður um að ræða framlög af hálfu ríkisins eins og verið hefur í gegnum Framkvæmdasjóð fatlaðra enda lagt til með frumvarpi þessu að sjóðurinn verði lagður niður. Enn fremur er gert ráð fyrir að viðhaldskostnaður við fasteignir falli undir annan rekstrarkostnað sem til fellur. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta sem og athugasemda við 27. gr. frumvarpsins.

Talið er mikilvægt að tekið sé sérstaklega fram í lögum að sveitarfélög skuli gera árlega fjárhagsáætlanir um útgjöld til málefna fatlaðs fólks í samræmi við þá þjónustu sem þeim ber að veita á grundvelli laganna og einnig þá tekjustofna sem lög gera ráð fyrir að standi straum af þjónustunni. Ekki þykir ástæða til að sveitarfélögin sendi sjálfkrafa velferðarráðuneyti, sem eftirlitsaðila með framkvæmd laganna, fjárhagsáætlanir sínar en engu síður þykir mikilvægt að velferðarráðuneyti sé heimilt að kalla eftir slíkum áætlunum svo að unnt sé að meta t.d. það heildarfjármagn sem sveitarfélögin leggja til málefna fatlaðs fólks og þá einnig hvort nægilega vel sé staðið að málum á einstökum þjónustusvæðum.

Um 29. gr.

Ástæða þykir til að skýrt sé tekið fram að hafi þjónustu- eða rekstraraðili tekjur sem falla til vegna atvinnustarfsemi hans umfram framlög sem renna til starfseminnar frá sveitarfélögum eða úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna framkvæmdar á þjónustu við fatlað fólk á grundvelli laganna skulu tekjurnar renna til greiðslu rekstrarkostnaðar. Dæmi um slíkar tekjur getur verið söluhagnaður af handverki sem fatlað fólk hefur unnið og er selt á vegum atvinnustarfseminnar. Eðlilegt þykir að opinber fjárframlög taki mið af þeim tekjum og jafnframt að hlutaðeigandi þjónustu- og rekstraraðila sé gert að veita allar þær bókhaldsupplýsingar sem þörf er á svo að unnt sé að staðreyna tekjur og rekstrarkostnað.

Um 30. gr.

Ákvæðið felur í sér að unnt verði að grípa til ráðstafana í því skyni að vernda fatlað fólk gegn hættum sem kunna að stafa frá dæmdum kynferðisbrotamönnum. Rannsóknir sýna að nokkur hluti kynferðisbrotamanna er líklegur til að endurtaka brot sín. Þykir því mikilvægt að óheimilt verði að ráða til starfa í þágu þjónustu við fatlað fólk þá sem hafa hlotið refsidóm fyrir brot gegn ákvæðum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Enn fremur þykir þýðingarmikið að heimilt sé að meta sérstaklega áhrif þess á hæfi einstaklings til að sinna þjónustustörfum í þágu fatlaðs fólks hafi hlutaðeigandi brotið gegn öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga. Þar má nefna sem dæmi brot á ákvæðum XXVI. kafla laganna um auðgunarbrot. Í því skyni að ganga úr skugga um þetta er lagt til að nánar tilgreindir aðilar geti fengið upplýsingar úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur sem hefur sótt um starf á þeirra vegum hafi gerst sekur um brot á ákvæðum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga sem og annarra ákvæða laganna. Eingöngu er lagt til að þessir aðilar geti fengið þessar upplýsingar um tilgreindan einstakling að fengnu samþykki hans. Þannig er ekki gerð krafa um að sakavottorð verði alltaf lagt fram með umsókn um störf í þágu fatlaðs fólks en það gæti gert umsóknarferlið óþarflega flókið, en þó þannig að þeir sem ráða í störfin hafi aðgang að slíkum upplýsingum þegar tilefni gefst til.

Um 31. gr.

Ákvæði XVII. kafla laganna falla brott þar sem málefni fatlaðs fólks flytjast frá ríki til sveitarfélaga og á það einnig við um fjármögnun þjónustunnar. Ákvæði 28. og 29. gr. frumvarps þessa fjalla um fjármögnun þjónustunnar hjá sveitarfélögum og koma í stað ákvæða 41. og 42. gr. laganna en önnur ákvæði kaflans falla brott.

Um 32. gr.

Þýðingarmikið kann að vera fyrir sveitarstjórnir að geta sett sér reglur um einstaka þjónustuþætti sem fjallað er um í lögunum í því skyni m.a. að stuðla að aukinni skilvirkni í framkvæmd laganna, sem og til að tryggja jafnræði þeirra sem þjónustunnar njóta. Engu síður þykir mikilvægt að ráðherra hafi heimildir til að gefa út leiðbeinandi reglur um einstaka þjónustuþætti. Markmið slíkra leiðbeinandi reglna er einkum að tryggja samræmi í þjónustu við fatlað fólk milli þjónustusvæða og þar með á landsvísu. Slíkar reglur eru ekki formlega birtar í Stjórnartíðindum en verða aðgengilegar sveitarstjórnum sem og almenningi, t.d. á heimasíðu ráðuneytisins. Enn fremur þarf ráðuneytið að gæta þess að upplýsa sveitarfélögin um þær breytingar sem ráðherra kann að gera á leiðbeinandi reglum. Þessar reglur eru ekki bindandi fyrir sveitarfélögin heldur eingöngu til leiðbeiningar en mælst er til þess að sveitarstjórnir hafi hliðsjón af efni þeirra við setningu eigin reglna um framkvæmd þjónustu við fatlað fólk. Reglur sveitarstjórna skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 33. gr.

Notendastýrð persónuleg aðstoð snýst um að einstaklingar sem þurfa aðstoð í daglegu lífi sínu stjórni því sjálfir hvers konar stoðþjónustu þeir njóta, hvar og hvernig hún er veitt og af hverjum. Markmiðið er að fatlað fólk geti notið sjálfstæðis í lífi sínu til jafns við ófatlað fólk. Engu síður er það ávallt háð tilteknum fjárhags- og tímaramma sem veltur á mati um þjónustuþörf viðkomandi. Alþingi samþykkti á 138. löggjafarþingi þingsályktun um notendastýrða persónulega aðstoð (þskj. 641 – 354. mál) þar sem félags- og tryggingamálaráðherra var falið að koma á fót notendastýrðri persónulegri aðstoð við fatlað fólk. Var ráðherra gert að leggja fram tillögu að útfærslu á þjónustunni ásamt frumvarpi til nauðsynlegra lagabreytinga á haustþingi 2010. Enn fremur gerir samkomulag ríkisstjórnar Íslands og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga ráð fyrir að komið verði á laggirnar sérstöku samstarfsverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð, sbr. viðauka 9 við samkomulagið. Þar kemur m.a. fram að sveitarfélögin hafi fullan hug á að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð og telja þau mikilvægt að unnið verði skipulega að því markmiði í samráði við heildarsamtök fatlaðs fólks. Í samkomulaginu er m.a. lagt til að lögfest verði í ákvæði til bráðabirgða að sett verði á laggirnar sérstakt samstarfsverkefni um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar sem lýtur stjórn verkefnisstjórnar þar sem í eiga sæti fulltrúar ríkisins, sveitarfélaganna og notenda. Lagt er til að fulltrúar heildarsamtaka fatlaðs fólks verði fulltrúar notenda í verkefninu.

Má því segja að þetta sé fyrsta skrefið í þá átt að innleiða notendastýrða persónulega aðstoð sem eitt meginform þjónustu við fatlað fólk um leið og farið er eftir þeim tilmælum sem koma fram í viðauka 9 við fyrrgreint samkomulag um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Ljóst er að verkefnið er umfangsmikið og þótti því betra að leggja það upp með þeim hætti sem gert er í ákvæði þessu en gert er ráð fyrir að velferðarráðherra leggi fram frumvarp eigi síðar en í árslok 2014 þar sem framangreint markmið kemur fram.

Markmið verkefnisins er að prófa leiðir til að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð við fatlað fólk með markvissum og árangursríkum hætti. Mikilvægt er að sú þróun sé unnin í nánu samstarfi við notendurna sjálfa og er því við það miðað að náið samstarf verði við miðstöð á vegum fatlaðs fólks um notendastýrða persónulega aðstoð. Meðal annars er gert ráð fyrir að sveitarfélögin verðmeti einstaka þjónustuþætti í gjaldskrá. Er það lagt til í því skyni að unnt sé að auka gagnsæi verðmats þeirrar þjónustu sem í boði er. Þá er um að ræða gjaldskrá í þeim skilningi að notandinn greiðir fyrir þjónustuna samkvæmt henni en sveitarfélagið leggur notandanum það fé til á grundvelli notendasamnings þeirra á milli. Ekki þykir því nauðsynlegt að tilgreina nákvæmlega hvaða þjónustu sveitarfélögum er heimilt að setja fram í gjaldskrá þar sem ekki er um að ræða þjónustugjöld í hefðbundnum skilningi af því að notandinn þarf sjálfur að greiða gjöldin af framfærslufé sínu. Síðan er við það miðað að gerður verði sérstakur notendasamningur milli sveitarfélagsins og notandans eða aðila sem kemur fram fyrir hönd hans þar sem sú þjónusta sem hlutaðeigandi þarf á að halda í daglegu lífi er tilgreind og verðmetin. Þá er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa því fé sem svarar til kostnaðar vegna þeirrar þjónustu sem fram kemur í notendasamningi aðila til hlutaðeigandi með þeim hætti sem ákveðinn er í þjónustusamningnum.

Um 34. gr.

Um a-lið (V.).

Lagt er til að kostnaður sem til fellur vegna sérstakrar liðveislu á vinnustað skv. 29. gr. laganna og verndaðrar vinnu skv. 30. gr. laganna á árinu 2011 skiptist milli ríkis og sveitarfélaga í samræmi við nánara samkomulag þeirra á milli eins og fram kemur í samningi um

yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Þar kemur fram að sérstök liðveisla á vinnustað og vernduð vinna sé meðal þeirra þjónustuþátta sem sveitarfélögin taka við 1. janúar 2011. Engu síður gerir samkomulagið ráð fyrir að Hringsjá – náms og starfsendurhæfing, Tölvumiðstöð fatlaðs fólks, Múlalundur, Blindravinnustofan og Vinnustaðir Öryrkjabandalags Íslands verði á málefnasviði velferðarráðuneytis sem tekur við verkefnum félags- og tryggingamálaráðuneytis á sama tíma. Jafnframt er tekið fram að samningsaðilar muni vinna að framtíðarverkaskiptingu sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar á sviði atvinnumála fatlaðs fólks, en markmiðið er að atvinnumál fatlaðs fólks verði á málefnasviði Vinnumálastofnunar, sbr. lög nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir. Skal jafnframt fjalla um tilfærslu fjármagns vegna sérstakrar liðveiðslu og verndaðrar vinnu til Vinnumálastofnunar. Er því gert ráð fyrir að félags- og tryggingamálaráðherra skipi starfshóp vegna þessa verkefnis. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að vinnunni verði lokið eigi síðar en í árslok 2011 en að öðru leyti er vísað til athugasemda við 17. gr. frumvarps þessa.

Um b-lið (VI.).

Lagt er til að velferðarráðherra skipi sérstaka samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks sem ætlað er að vera ráðherra og sveitarfélögum til ráðgjafar um málefni fatlaðra. Einnig er lagt til að nefndin hafi umsjón með framkvæmd á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk ásamt því að gera tillögur um breytingar á tilhögun yfirfærslunnar, eftir því sem ástæða þykir til. Gert er ráð fyrir að nefndin starfi fram til þess að mati á yfirfærslu málaflokksins verður lokið eða til loka árs 2014.

Um c-lið (VII.).

Lagt er til að Framkvæmdasjóður fatlaðra verði lagður niður frá gildistöku laganna 1. janúar 2011 og gert ráð fyrir að fasteignasjóður innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga taki við réttindum og skyldum sjóðsins, sbr. frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Hið sama gildir um stjórnarnefnd um málefni fatlaðra. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda og athugasemda við 27. gr. frumvarps þessa.

Um d-lið (VIII.).

Gert er ráð fyrir að svæðisskrifstofur þær sem starfa á grundvelli 12. gr. laga nr. 59/1992 verði lagðar niður 1. janúar 2011 er sveitarfélögin verða veitendur þjónustu við fatlað fólk. Öll störf starfsmanna svæðisskrifstofanna í yfirstjórn, umsýslu og ráðgjöf verða þá lögð niður frá sama tíma. Þá munu sveitarfélögin leitast við að bjóða starfsmönnum svæðisskrifstofanna sem áður störfuðu við umsýslu og ráðgjöf störf. Um réttindi starfsmanna, svo sem rétt til uppsagna og biðlauna, gilda lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Um e-lið (IX.).

Gert er ráð fyrir að öll störf innan þjónustueininga sem ríkið rekur á grundvelli 9. og 10. gr. laga nr. 59/1992, hvort sem störfin eru stofnanabundin eða í tengslum við búsetuþjónustu, flytjist yfir til hlutaðeigandi sveitarfélaga sem taka við rekstri þjónustueininganna frá og með 1. janúar 2011. Sveitarfélög þar sem þessar þjónustueiningar eru staðsettar munu taka við rekstri þeirra og bjóða starfsmönnunum áframhaldandi störf við þjónustu. Munu starfsmennirnir þá verða starfsmenn sveitarfélaganna eða eftir atvikum þess lögaðila sem annast þjónustuna fyrir hönd sveitarfélagsins. Um réttindi og skyldur starfsmanna til starfa hjá hlutaðeigandi sveitarfélögum fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, samþykktum sveitarfélaga um starfsmannahald, og laga nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eins og á við hverju sinni.

Um f-lið (X.).

Lagt er til að svæðisráðin, sem starfa á grundvelli 6. gr. laga nr. 59/1992, verði lögð niður

1. janúar 2011 en miðað er við að velferðarráðuneyti muni taka við hlutverki þeirra eftir því sem við á.

Um g-lið (XI.).

Áhersla er lögð á mikilvægi þess að farið verði markvisst yfir réttindagæslumál fatlaðs fólks áður en lög um málefni fatlaðra verða endurskoðuð í heild sinni. Er því lagt til að velferðarráðherra verði falið að leggja fram frumvarp til sérlaga um réttindagæslu fatlaðs fólks fyrir árslok 2011. Þar yrðu m.a. lagðar til leiðir að nýju fyrirkomulagi um réttindagæslu fatlaðs fólks, þar á meðal um réttindagæslumenn og persónulega talsmenn fyrir fatlað fólk, og nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk.

Um h-lið (XII.).

Mikilvægt þykir að lögin verði endurskoðuð, enda gildandi lög nokkuð komin til ára sinna. Hins vegar þykir betra að bíða með endurskoðun laganna þangað til ákveðin reynsla er komin á þjónustu sveitarfélaganna við fatlað fólk sem og notendastýrða persónulega aðstoð við fatlað fólk með þeim hætti sem lagt er til með a-lið ákvæðis þessa áður en ráðist verður í heildarendurskoðun laganna. Því er lagt til að ráðist verði í heildarendurskoðun á lögunum innan fjögurra ára.

Um 35. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Hér eru til umfjöllunar breytingar á útgjöldum og tekjum ríkissjóðs vegna nokkurra lagafrumvarpa sem snúa að fyrirhugaðri yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Í því skyni að koma í framkvæmd þeirri stefnu sem mörkuð var með viljayfirlýsingu ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. mars 2009 er gert ráð fyrir að lögð verði fyrir haustþingið frumvörp til breytingar á gildandi lagaákvæðum sem taki til eftirfarandi laga: laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmann, og laga nr. 1/1007, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í þessari umsögn er fjallað heildstætt um fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð af fyrirhugum breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna allra þessara lagafrumvarpa en í umsögnum með einstökum öðrum frumvörpum sem málið varða eingöngu fjallað um þau atriði sem í þeim felast en að öðru leyti verður vísað til þessarar umfjöllunar um málið í heild.

Unnið hefur verið að yfirfærslunni frá því snemma árs 2007 en þá var tekin ákvörðun um að endurskoða verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og þá sérstaklega þjónustu við fatlaða, öldrunarmál og menntamál. Yfirfærsla á málefnum fatlaðra gæti því orðið fyrsta skrefið í veigamikilli uppstokkun á verkefnaskiptingu ríkisins og sveitarfélaga á næstu árum. Í kjölfarið var skipaður starfshópur sem unnið hefur að verkefninu og var ákveðið að byrja á yfirfærslu málaflokks fatlaðra. Nú liggur fyrir samkomulag ríkis og sveitarfélaga sem gerir

ráð fyrir að öll almenn þjónusta við fatlaða færist yfir til sveitarfélaga. Þjónustuþættir sem sveitarfélögin taka við eru sambýli, áfangastaðir, frekari liðveisla við íbúa í þjónustu- og íbúðakjörnum og í sjálfstæðri búsetu, hæfingarstöðvar og dagvistarstofnanir, verndaðir vinnustaðir og atvinna með stuðningi, heimili fyrir börn og skammtímavistanir. Starfsemi sem áfram verður á ábyrgð ríkisins er Hringsjá - náms- og starfsendurhæfing, Tölvumiðstöð fatlaðra, Múlalundur, Blindravinnustofan og vinnustaðir Öryrkjabandalags Íslands. Þá falla ekki heldur undir þessa verkefnayfirfærslu Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta og stofnanir tengdar vinnumarkaðsúrræðum. Auk þess er gert ráð fyrir að almenn hagsmunagæsla fatlaðra verði áfram á ábyrgð ríkisins. Flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaga varðar um 2.500 einstaklinga sem þurfa á þjónustu að halda vegna fötlunar sinnar.

Markmið tilfærslunnar eru skilgreind í heildarsamkomulaginu og eru þau m.a. að bæta þjónustu og laga hana að þörfum notenda með hliðsjón af ólíkum aðstæðum, stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga, draga úr skörun ábyrgðarsviða stjórnsýslustiga, tryggja góða nýtingu fjármuna og einfalda verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Mynduð verða þjónustusvæði um rekstur þjónustu við fatlaða og skulu þau hafa að lágmarki átta þúsund íbúa. Því verða þau sveitarfélög sem ekki ná þessari íbúatölu að sinna þjónustunni í samvinnu við önnur. Ráðherra getur hins vegar undir ákveðnum skilyrðum veitt undanþágur frá viðmiðinu um fjölda íbúa svæða. Stofnuð verður sérstök deild innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem tryggja á að tekjuaukning einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða endurspegli kostnaðarmun vegna ólíks fjölda fatlaðra íbúa og mismunandi þjónustuþarfa þeirra.

Gert er ráð fyrir að fasteignir sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur fjármagnað, áður af hlutdeild í erfðafjárskatti en undanfarin ár með beinum framlögum úr ríkissjóði, renni til sérstaks fasteignasjóðs í umsjón Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og að Framkvæmdasjóður fatlaðra verði lagður niður. Allar tekjur umfram gjöld munu renna til sérdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem úthlutar þeim til sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða. Samkvæmt fasteignamati er áætlað að heildarvirði þeirra eigna sem ríkissjóður lætur af hendi við yfirfærsluna verði um 3,7 milljarðar kr.

Við yfirfærsluna verða starfsmenn ríkisins sem starfa í þjónustueiningum í málaflokki fatlaðra starfsmenn sveitarfélaga. Um er að ræða um 1.500 starfsmenn í rúmlega 1.000 stöðugildum sem annast þjónustuna. Svæðisskrifstofur verða lagðar niður og munu sveitarfélög leitast við að bjóða starfsmönnum þeirra ný störf. Þá verður öllum starfsmönnum sem eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins gert kleift að halda henni óski þeir þess. Þá er gert ráð fyrir að sveitarfélög taki á sig skuldbindingar launagreiðenda vegna starfsmanna í B-deild og greiði sérstök iðgjöld til B-deildar LSR til að standa undir mismun á áföllnum skuldbindingum hvers árs og greiddum iðgjöldum.

Samhliða yfirfærslu á framkvæmd og ábyrgð á þjónustu við fatlaða taka sveitarfélögin yfir fjárhagslega ábyrgð málaflokksins. Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 6. júlí sl. um fjárhagsleg málefni yfirfærslunnar var samið um að útsvarshlutfall sveitarfélaga hækki um 1,2 prósentustig og að tekjuskattshlutfall ríkisins lækki á móti um samsvarandi hlutfall. Gert er ráð fyrir að til lengri tíma muni þessi hækkun útsvarshlutfallsins duga sveitarfélögunum til fjármögnunar þjónustunnar og hefur þá verið tekið tillit til ýmiss kostnaðar sem auka muni útgjöldin í fyrirsjáanlegri framtíð. Sökum veikrar stöðu skattstofnsins á næstu árum er gert ráð fyrir að sveitarfélögum verði tryggðar greiðslur á fjárlögum 2011–2013 í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem nemi mismun á skatttekjum og kostnaði vegna veittrar þjónustu og breytingarkostnaðar. Á síðustu árum hafa útgjöld til málefna fatlaðra oftast verið lægri en 1,2% af skattstofni þegar tekið hefur verið tillit til væntanlegs biðlista að undanskildu

árinu 2009 en þá fóru útgjöldin yfir þessi mörk og má rekja það til lækkunar skattstofnsins vegna efnahagssamdráttarins. Þá er í samkomulaginu sem gert var um fjárhagsrammann einnig kveðið á um greiðslur yfir sama tímabil til sveitarfélaganna vegna nýrra verkefna í þjónustu, styttingar biðlista og vegna ýmiss kostnaðar sem tengist yfirfærslunni. Faglegar og fjárhagslegar forsendur samkomulagsins og yfirfærslunnar verða svo teknar til endurskoðunar árið 2014.

Þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um málefni fatlaðra beinast fyrst og fremst að því að laga stjórnsýsluna að breyttri verkaskipan og framkvæmd yfirfærslunnar. Gert er ráð fyrir að aðrar efnislegar breytingar verði lagðar fram við heildarendurskoðun laganna sem ætlunin er að hefja strax á næsta ári. Skipta má breytingartillögum frumvarpsins í þrjá meginflokka.

Í fyrsta lagi eru breytingar sem lagðar eru til á stjórnsýsluhlutverki ríkisins vegna málaflokksins og varða það helst að tryggja hagsmunagæslu fyrir notendur þjónustunnar og möguleika þeirra til að kæra stjórnvaldsákvarðanir til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Lagt er til að þegar verði hafinn undirbúningur að smíði frumvarps er fjallar nánar um réttindagæslu fatlaðra. Þá er einnig kveðið á um niðurlagningu núverandi svæðisskrifstofa fatlaðra.

Gert er ráð fyrir að til lengri tíma litið sparist um þrjú stöðugildi á aðalskrifstofu félags- og tryggingamálaráðuneytisins við flutninginn þar sem fjöldi verkefna sem tengjast málaflokknum falla niður eða verða framvegis unnin af sveitarfélögunum. Um er að ræða verkefni sem m.a. snúa að eftirliti með rekstri stofnana, fjárlagavinnu, samningsgerð og almennum samskiptum við sjálfseignarfélög og stofnanir sem með ýmsu móti koma að þjónustu við fatlaða. Þá má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ráðgjafar í tengslum við málaflokkinn og yfirfærsluna muni lækka umtalsvert. Á móti þessum sparnaði í stjórnsýslunni er gert ráð fyrir að komi eitt nýtt stöðugildi vegna hagsmunagæslu en í frumvarpinu er lagt til að í fyrstu hafi velferðarráðuneytið eftirlit með framkvæmd laganna. Stefnt er að því síðar að fela sérstakri stofnun eftirlit með allri félagslegri þjónustu sem sveitarfélög veita. Starfsmanni ráðuneytisins er ætlað að kalla eftir upplýsingum frá sveitarfélögunum og fylgja því eftir að þjónusta og starfsemi sveitarfélaga og annarra aðila sé í samræmi við markmið þeirra. Eftirlitshlutverk ríkisins mun að öðru leyti verða svipað því sem verið hefur en á vegum þess eru nú starfandi nokkrir trúnaðarmenn sem jafngilda einu og hálfu stöðugildi. Jafnframt mun ráðherra skipa trúnaðarmenn fatlaðra sem ætlað er að hafa sambærilegt hlutverk og þeir hafa innan gildandi kerfis. Kostnaður vegna trúnaðarmanna er áætlaður um 12 m.kr. og er ekki gert ráð fyrir breytingu á kostnaði vegna þeirra. Ekki hefur verið lagt mat á fjölda kæra til úrskurðarnefndar um félagsþjónustu vegna stjórnvaldsaðgerða. Nefndinni berast nú um 40–50 kærur árlega og er kostnaður vegna hennar um 2,5 m.kr. á ári og er talið að aukinn kostnaður vegna þessa rúmist innan fjárheimilda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að öllum sex svæðisskrifstofum fatlaðra verði lokað og starfsmönnum þeirra sagt upp. Gera má ráð fyrir að nokkur hópur muni þiggja biðlaun eða nýta sér uppsagnarrétt sinn. Við þetta bætist kostnaður vegna starfsmanna sem starfa munu nokkra mánuði á næsta ári við frágang á gögnum og skjölum áður en kemur til uppsagnar og biðlauna. Því er áætlað að starfsmannakostnaður geti orðið 189 m.kr. á næsta ári auk leigukostnaðar og annars rekstrarkostnaðar sem áætlaður er 22 m.kr. Þessu til viðbótar er reiknað með um 90 m.kr. kostnaði vegna starfsmanna og rekstrar sem töluverð óvissa ríkir enn um og ekki mun skýrast fyrr en ljóst er hversu marga starfsmenn af svæðisskrifstofunum sveitarfélögin munu ráða til sín. Kostnaðarauki ríkissjóðs vegna niðurlagningar svæðisskrifstofanna er því áætlaður 210–300 m.kr. Að auki fellur til ýmis annar kostnaður sem m.a. er tilkominn

vegna eldra uppsafnaðs orlofs þeirra starfsmanna sem í málaflokknum starfa og uppgjörs lífeyrisgreiðslna en samtals er áætlað að þessi liður nemi um 50 m.kr.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar er varða sveitarfélögin, skyldur þeirra við þjónustunotendur og skipulag þeirrar þjónustu og búsetuúrræða sem þeim er ætlað að veita, t.d. myndun þjónustusvæða og lágmarksstærð þeirra. Einnig er kveðið á um myndun sameiginlegs matsteymis sem ætlað er að meta þjónustuþörf þeirra einstaklinga sem á aðstoð þurfa á að halda. Þá eru lagðar til ýmsar takmarkanir vegna ráðningar starfsfólks sem við þjónustuna munu starfa. Allur kostnaður sveitarfélaga vegna þessara verkefna á að fjármagnast af hækkun útsvarsteknanna og tilfærsluframlögunum frá ríkinu sem samkomulagið felur í sér.

Í þriðja lagi eru lögð til ýmis ákvæði er varða yfirfærsluna sjálfa og ný verkefni sem tengjast henni. Um er að ræða styttingu biðlista og tillögur að tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð en hún felur í sér að einstaklingar sem þurfa á aðstoð að halda í daglegu lífi sínu stjórni því sjálfir í auknum mæli hvers konar þjónustu þeir njóta og hvar og hvenær. Lagt er til að byrjað verði að veita slíka þjónustu með það að markmiði að hún verði í framtíðinni eitt meginform þjónustu við fatlaða. Einnig er lagt til að ríkissjóður greiði breytingarkostnað sveitarfélaganna á aðlögunartímabilinu 2011–1013. Þá er lagt til að sameiginlegt endurmat ríkis og sveitarfélaga skuli fara fram á faglegum og fjárhagslegum árangri yfirfærslunnar og undirbúningur skal hefjast árið 2013.

Gert er ráð fyrir að á næstu þremur árum verði varið um 300 m.kr. í tilraunaverkefnið um notendastýrða persónulega aðstoð. Í árslok 2014 muni svo liggja fyrir mat á árangri verkefnisins sem haft verði til hliðsjónar við ákvörðum um hvort slík þjónusta verði eitt meginform þjónustu við þá einstaklinga sem búa við fötlun. Þá er áformað að sveitarfélögin fái samtals um 600 m.kr. framlög úr ríkissjóði á árunum 2012 og 2013 vegna biðlista en samkvæmt fyrstu áætlunum frá árinu 2008 var gert ráð fyrir að kostnaður við að stytta biðlista gæti numið allt að 500 m.kr. á ári. Við ákvörðun á breytingum á útsvars- og tekjuskattshlutföllum var tekið tillit til þessa kostnaðar. Ekki liggja fyrir neinar verkáætlanir um hvernig biðlistum verði eytt en unnið er að ítarlegri könnun á fjölda og þjónustuþörf fatlaðra. Í því sambandi verður leitað eftir upplýsingum um biðlista sem nýttar verða til að meta kostnað vegna hans og í framhaldinu verður kostnaður vegna biðlista endurmetinn. Greiðslur ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna breytingarkostnaðar, sem samið var um í samkomulaginu frá 6. júlí sl., nema samtals 811 m.kr. á næstu þremur árum og þar af koma til greiðslu um 200 m.kr. á næsta ári. Framlög vegna breytingarkostnaðar skulu standa undir öllum kostnaði sveitarfélaga vegna yfirfærslunnar, m.a. útgjöldum vegna stýrihóps sem velferðarráðherra skipar og í eiga sæti fulltrúar ríkis, sveitarfélaga og notenda þjónustunnar. Auk þess skulu framlögin standa undir kostnaði vegna samræmds mats á þjónustuþörf á landsvísu og kostnaði vegna samhæfingar sem tengdist tilfærslunni.

Þá er í þessu frumvarpi til breytingar á lögum um fatlaða lagt til að vinna við heildarendurskoðun á lögunum hefjist árið 2011 og að henni verði lokið fyrir árslok 2014. Í endurskoðuninni skal taka tillit til efnis samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra. Ekkert mat hefur farið fram á því hvort og þá hversu mjög útgjöld til málaflokksins gætu aukist vegna samnings Sameinuðu þjóðanna og því engar forsendur til að leggja mat á slíkt hér. Verði fyrirsjáanlegt að fullnusta hans geti aukið útgjöldin umtalsvert verður það tekið til athugunar í endurskoðun forsendna yfirfærslunnar.

Gert er ráð fyrir að í frumvarpi sem lagt verði fram til breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna í tengslum við yfirfærsluna verði kveðið á um að þeir starfsmenn sem gerast starfsmenn sveitarfélaganna á grundvelli breytinga á lögum um fatlaða geti valið

um áframhaldandi aðild að SFR – Stéttarfélagi í almannaþjónustu eða starfsmannafélagi viðkomandi sveitarfélags. Starfsmenn sem falla undir lögin og hefja störf í þjónustu við fatlaða eftir yfirfærsluna hafa hins vegar ekki þetta val. Um er að ræða svokallað sólarlagsákvæði. Ekki er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins breytist vegna þessa. Ákvæðið skal koma til endurskoðunar samhliða fjárhagslegri endurskoðun forsendna yfirfærslunnar.

Þá er gert ráð fyrir að lagt verði fram frumvarp til breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þar sem gerðar verði tillögur um að þeir starfsmenn sem eru í störfum í þjónustu við fatlaða og halda þeim áfram og eiga aðild að B-deild LSR geti haldið aðild sinni að B-deild sjóðsins. Einnig verði lagt til að sveitarfélög taki á sig skuldbindingar launagreiðenda frá aðilaskiptum en ríkissjóður fram að þeim tíma. Er þetta gert til að skýra stöðu starfsmanna en jafnframt stöðu sveitarfélaga gagnvart lífeyrisiðgjöldum. Ríkissjóður mundi samkvæmt þessu greiða til sveitarfélaganna vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna sem eru í B-deild LSR fyrir árin 2011–2013. Áætlað hefur verið að þessar fjárhæðir geti numið um 15 m.kr. á ári eða samtals 45 m.kr.

Í tengslum við þessi áform er einnig gert ráð fyrir að fram komi tillögur um breytingar á lögum um tekjuskatt, tekjustofna sveitarfélaga og staðgreiðslu opinberra gjalda í samræmi við rammasamkomulagið frá 6. júlí 2010 í þá veru að tekjuskattshlutfallið lækki um 1,2 prósentustig á öllum skattþrepum og samsvarandi breyting verði gerð á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þá verði lagt til að efri mörk útsvars hækki úr 13,28% í 14,48% og neðri mörkin úr 11,24% í 12,44%. Auk þessa verði lagðar til breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga í þá veru að stofnuð verði sérdeild innan sjóðsins vegna málefna fatlaðra og að í hann renni 0,95 prósentustig af álagningarstofni útsvars og tekjur umfram útgjöld fasteignasjóðs sem stofnaður verður um fasteignir Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Hlutverk sérdeildarinnar er að tryggja að tekjuaukning einstakra sveitarfélaga endurspegli kostnaðarmun vegna ólíks fjölda fatlaðra íbúa og mismunandi þjónustuþarfa þeirra. Þá er gengið út frá því að söluandvirði þeirra eigna sem í sjóðnum eru og aðrar tilfallandi tekjur verði nýttar til jöfnunar vegna þjónustu við fatlaða. Kveðið verði á um að innanríkisráðherra setji sjóðnum nánari reglur um jöfnunaraðgerðir. Reiknað er með að Jöfnunarsjóðurinn þurfi að bæta við einu starfi vegna aukinna verkefna en sá kostnaður fellur ekki á ríkissjóð.

Samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins má gera ráð fyrir að tekjutap ríkissjóðs vegna breytinga á tekjuskattshlutfallinu nemi tæpum 10,2 milljörðum kr. Er það annars vegar vegna lækkunar tekjuskattshlutfallsins og hins vegar vegna útsvarsgreiðslu ríkissjóðs til sveitarfélaga en sveitarfélögum er lögum samkvæmt tryggt útsvar af tekjuskattsskyldum tekjum með því að ríkissjóður greiðir að hluta eða fullu útsvar þeirra sem hafa tekjur undir ákveðnum mörkum. Við útreikninginn er notast við nýja áætlun tekju- og skattaskrifstofu fjármálaráðuneytis um útsvarsstofn ársins 2011 en í samkomulaginu frá júlí 2010 lá hann ekki fyrir og því var miðað við eldri og óvissari áætlanir um útsvarsstofninn. Útsvarsstofninn er nú áætlaður hærri og verður sérstakt aukaframlag til að vega á móti veikri stöðu hans þar með nokkru lægra en áður var áætlað í samræmi við samkomulagið, eða um 370 m.kr. Á móti er gert ráð fyrir að niður falli bein framlög í fjárlögum til starfrækslu málaflokksins sem nema um 10 milljörðum kr. Þá falla til framangreind útgjöld vegna breytingarkostnaðar, notendastýrðrar aðstoðar, biðlauna og niðurlagningar svæðisskrifstofa, sérstakt aukaframlag til að vega á móti veikri stöðu útsvarstofnsins o.fl. sem samtals nema um 970 m.kr. á næsta ári en eru að mestu leyti tímabundnir útgjaldaliðir næstu eitt til þrjú árin. Er þannig gert ráð fyrir að nettóbreyting útgjalda verði tæplega 8.750 m.kr. á árinu 2011. Nánar er gerð grein fyrir helstu áhrifum á tekjur og útgjöld í töflu hér á eftir. Á tímabilinu 2012–2013 mun ríkissjóður þurfa að greiða um 610 m.kr. vegna breytinganna auk 860 m.kr. vegna nýrra verkefna.

Verði framangreindar lagabreytingar lögfestar og yfirfærsla á málaflokki fatlaðra til sveitarfélaga gengur eftir má þannig gera ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs muni verða um 1.404 m.kr. verri árið 2011 en með óbreyttu fyrirkomulagi. Ekki er gert ráð fyrir þessum breytingum tekna og gjalda í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi. Eru því horfur á að grípa þurfi til mótvægisráðstafana í ríkisfjármálum á öðrum málasviðum ef takast á að ná settum markmiðum í áætlun stjórnvalda um jöfnuð í ríkisfjármálum.

Áhrif yfirfærslu á ríkissjóð

Í m.kr.	**2011**
Útsvarsstofn skv. álagningarstofni *	846.000
Tekjur sveitarfélaga af 1,2% útsvarsstofni	10.152
Breyting tekna ríkissjóðs	**-10.152**
Niðurfelld framlög úr ríkissjóði til málaflokksins	-10.018
Breytingarkostnaður sveitarfélaga við yfirfærslu	201
Notendastýrð persónuleg aðstoð	51
Framlag vegna veikrar stöðu útsvarsstofnsins	371
Lækkun kostnaðar við yfirstjórn og stjórnsýslu	-19
Biðlaun og annar kostnaður við niðurlagningu svæðisskrifstofa	300
Útgreiddur eldri orlofsréttur og uppgjör lífeyrisréttinda	65
Breyting útgjalda ríkissjóðs	**-8.748**
Alls, nettó áhrif yfirfærslu	**-1.404**

* Miðað er útsvar samkvæmt álagningarskrá. Áætlun um útsvarsstofninn frá fjármálaráðuneytinu

299. Svar [118. mál]

forseta Alþingis við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um starfsmannaveltu á Alþingi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er fjöldi stöðugilda lögfræðinga hjá Alþingi sl. 10 ár samanborið við fjölda stöðugilda annarra sérfræðinga, sundurliðað eftir árum, menntun, sviðum og deildum?*
2. *Hver hefur starfsmannavelta lögfræðinga/nefndarritara Alþingis verið sl. 10 ár samanborið við starfsmannaveltu hjá öðrum sérfræðimenntuðum starfsmönnum?*

Af ýmsum ástæðum er erfitt að mæla starfsmannaveltu háskólamenntaðra starfsmanna, sem hér eftir verða nefndir sérfræðingar, hjá skrifstofu Alþingis. Heildarfjöldi sérfræðinga á öllum sviðum hefur vaxið á síðastliðnum árum og allmargir eru enn með stuttan starfsaldur hjá Alþingi. Mat á starfsmannaveltu væri auðveldara ef heildarfjöldi starfsmanna hefði verið stöðugur á viðmiðunarárunum og eins skipting þeirra á milli sviða.

Undanfarin tíu ár hafa verið ráðnir margir nýútskrifaðir sérfræðingar til starfa hjá Alþingi. Það er viss ávísun á hreyfingu á starfsmannahaldi þar sem meira er um barnsburðarleyfi hjá ungum sérfræðingum og skammtímaráðningum þeim tengdum. Þensla á almennum vinnu-

markaði ýtti jafnframt undir starfsmannaveltuna í vissum sérfræðistörfum hjá Alþingi og starfsreynsla þeirra þótti eftirsóknarverð á öðrum vettvangi.

Í eftirfarandi töflu má sjá samtölur um heildarfjölda lögfræðinga og annarra sérfræðinga hjá Alþingi á sl. 10 árum ásamt upplýsingum um hlutfall lögfræðinga af heildarfjölda sérfræðinga. Ef litið er yfir tímabilið má sjá að fjölgun hefur verið bæði í hópi sérfræðinga og lögfræðinga.

Heildarfjöldi sérfræðinga (háskólamenntaðra starfsmanna) á skrifstofu Alþingis 2000–2009.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Heildarfjöldi sérfræðinga	37	39	43	46	48	54	55	57	57	62
Heildarfjöldi lögfræðinga	5	6	6	7	6	8	8	9	8	10
Hlutfall lögfræðinga	13,5%	15,4%	14,0%	15,2%	12,5%	14,8%	14,5%	15,8%	14,0%	16,1%

Meðaltalsviðdvöl allra sérfræðinga í starfi frá upphafi til loka viðmiðunartímabilsins er 5,2 ár, miðað við að samfelldur starfstími geti mest orðið 10 ár. Skekkjan í þessum samanburði er að starfsmaður sem unnið hefur í 15 ár hjá stofnuninni og hættir árið 2001 fær einungis 1 ár í starfstíma samkvæmt fyrrnefndum stuðli. M.a. lækka nýráðnir sérfræðingar í nýjum störfum stuðulinn. Sem dæmi eru þrjú ný stöðugildi á nefndasviði til að efla þjónustu við stjórnarandstöðuna. Þrátt fyrir skekkju hefur stuðullinn samanburðargildi.

Meðaltalsstarfsaldur á nefndasviði er samkvæmt þessari samantekt eftirfarandi:

Skjaladeild á nefndasviði	8,5
Alþjóðadeild á nefndasviði	4,4
Nefndadeild á nefndasviði	4,0

Til viðmiðunar er sami stuðull hjá öðrum sviðum sem hér segir:

Upplýsinga- og útgáfusvið	6,3
Rekstrar- og þjónustusvið	6,2

Skrifstofa forseta	5,2
Nefndasvið (heild)	4,7
Tölvudeild	3,8
Fjármálaskrifstofa	3,6

Það vekur athygli í þessum samanburði að minnsta starfsmannaveltan er í skjaladeild á nefndasviði og á upplýsinga- og útgáfusviði. Á þessum sviðum starfa margir sérfræðingar sem eru menntaðir íslenskufræðingar og meðallífaldur þeirra er hærri en á öðrum sviðum. Þessi atriði skýra að hluta þann stöðugleika (minni starfsmannaveltu) sem aðgreinir sviðin frá samanburðarhópunum ásamt því að fjölgun stöðugilda hefur verið minni á þessum sviðum en ýmsum öðrum sviðum hjá skrifstofu Alþingis.

Fjórir nokkuð ólíkir hópar starfsmanna eru með stuðul undir 4,5 og má helst skýra meiri starfsmannaveltu í þeim með fyrrnefndum rökum, fjölgun starfa, ungir starfsmenn og eftirspurn eftir þeirra sérhæfingu. Ekki er þó hægt að draga marktækar samanburðarályktanir af þessum hópum sérfræðinga út frá tölunum þar sem miklar breytingar hafa orðið í samsetningu starfshópsins á viðmiðunartímanum.

300. Fyrirspurn [257. mál]

til fjármálaráðherra um verkefni á sviði kynningarmála.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

Hvaða verkefni á sviði kynningarmála hefur ríkisstjórnin, svo og einstök ráðuneyti, látið utanaðkomandi aðila vinna fyrir sig á árinu 2010? Hver er heildarkostnaðurinn við þá vinnu? Hvaða fyrirtæki hafa unnið þau verk og hverjar hafa verið greiðslur til hvers kynningarfyrirtækis fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

301. Fyrirspurn [258. mál]

til utanríkisráðherra um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.
2. Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?
3. Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?
4. Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

302. Fyrirspurn [259. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.

2. Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?
3. Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?
4. Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

303. Fyrirspurn [260. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.
2. Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?
3. Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?
4. Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

304. Fyrirspurn [261. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.
2. Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?
3. Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?

4. Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

305. Fyrirspurn [262. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.
2. Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?
3. Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?
4. Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

306. Fyrirspurn [263. mál]

til fjármálaráðherra um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.
2. Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?
3. Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?

4. Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

307. Fyrirspurn [264. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.
2. Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?
3. Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?
4. Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

308. Fyrirspurn [265. mál]

til iðnaðarráðherra um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.
2. Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?
3. Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?

4. Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

309. Fyrirspurn [266. mál]

til umhverfisráðherra um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.
2. Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?
3. Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?
4. Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

310. Fyrirspurn [267. mál]

til heilbrigðisráðherra um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.
2. Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?
3. Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?

4. Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

311. Fyrirspurn [268. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.
2. Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?
3. Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?
4. Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

312. Fyrirspurn [269. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um smitandi hóstapest í hestum.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hve mikill kostnaður hefur hlotist af smitandi hóstapest í hestum fyrir atvinnugreinina í heild, þ.e. hrossabændur, tamningamenn, hestamenn, þjónustuaðila o.s.frv.?
2. Hvert er tjón ferðaþjónustunnar vegna sömu veiki og afleiðinga hennar?
3. Hvað hefur verið gert til að takmarka tjónið?
4. Hvað er fyrirhugað að gera til að fyrirbyggja að eitthvað sambærilegt gerist aftur?

5. Liggur fyrir hver orsök veikinnar er?

Skriflegt svar óskast.

313. Fyrirspurn [270. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um dýpkunarframkvæmdir í Hornafjarðarhöfn.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Hefur ráðuneytið áform um að koma að lausn vandans við dýpkun innsiglingarinnar í Hornafjarðarhöfn og ef svo er, hvaða undirbúningsvinna hefur átt sér stað og hvaða úrlausn er ál.

314. Fyrirspurn [271. mál]

til umhverfisráðherra um eftirlit með loftgæðum.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Hvernig er háttað eftirliti með loftgæðum á helsta áhrifasvæði eldgossins í Eyjafjallajökli? Eru einhverjar breytingar fyrirhugaðar á eftirliti með loftgæðum í kjölfar reynslunnar af eldgosum í jöklinum?

315. Frumvarp til laga [272. mál]

um breytingu á lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Bjarni Benediktsson, Ólöf Nordal,
Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson,
Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Jón Gunnarsson,
Kristján Þór Júlíusson, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson,
Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1. gr.

86. gr. laganna orðast svo:

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal sá er kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að

segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

Tilnefni kjósandi engan til þess að veita honum aðstoð til þess að kjósa í kjörklefa, en er engu síður eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf, skal honum heimilt að fá aðstoð þess úr kjörstjórninni sem hann nefnir til þess að veita sér slíka aðstoð, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Slíka aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði breyting á núgildandi lögum um kosningar til Alþingis. Sambærilegt frumvarp var flutt á 132. og 133. löggjafarþingi og er nú efnislega endurflutt óbreytt.

Tilefni þess að frumvarpið er lagt fram nú eru kosningar til stjórnlagaþings sem boðað hefur verið til hinn 27. nóvember næstkomandi.

Í aðdraganda þeirra kosninga hafa komið fram athugasemdir um framkvæmd kosninganna þar sem því hefur verið haldið fram að fyrirkomulag þeirra sé ólögmætt þar sem það brjóti gegn mannréttindum þeirra einstaklinga sem ófærir eru um að neyta kosningarréttar síns með þeim hætti sem önnur ákvæði laganna kveða á um sakir sjónleysis eða annarrar fötlunar. Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um kosningar til Alþingis til þess að koma til móts við þær athugasemdir.

Ástæður þess að með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, en ekki á lögum um stjórnlagaþing, nr. 90/2010, er sú að í 11. gr. laga um stjórnlagaþing, þar sem mælt er fyrir um framkvæmd atkvæðagreiðslu á kjörfundi, er kveðið á um að um kjördeildir, kjörstaði og framkvæmd atkvæðagreiðslunnar skuli fara samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Samkvæmt ákvæði 86. gr. núgildandi laga um kosningar til Alþingis er þeim sem ekki er fær um að neyta kosningarréttar síns með þeim hætti sem önnur ákvæði laganna kveða á um sakir sjónleysis eða þess að hendur kjósenda eru ónothæfar tryggður réttur til þess að nefna sér til aðstoðar fulltrúa úr viðkomandi kjörstjórn til þess að aðstoða sig við að kjósa. Sá sem aðstoðina veitir er samkvæmt gildandi lögum bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem á milli hans og kjósandans fer þegar kosið er. Þá gerir núgildandi löggjöf ráð fyrir að um aðstoðina og ástæður hennar sé bókað í kjörbók ásamt því að það skilyrði er sett að sá sem aðstoðina hlýtur geti með ótvíræðum hætti greint frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt.

Með frumvarpi þessu er ekki lagt til að réttur samkvæmt núgildandi 86. gr. laganna verði skertur heldur verði meginregla ákvæðisins sú að þeim sem vegna sjónleysis eða vegna þess að hendur þeirra eru ónothæfar til þess að þeir geti án aðstoðar kosið á þann hátt sem ákvæði laganna kveða á um skuli heimilað að nefna hvern þann sem þeir kjósa að nefna til þess að

aðstoða sig við kosningar til Alþingis, svo sem maka, afkomendur eða aðra nákomna aðila, svo dæmi séu nefnd.

Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga er kjósendum úr þeim hópi sem hér um ræðir óheimilt að ráða því sjálfir hver aðstoðar þá við að neyta kosningarréttar síns. Gerir löggjöfin ráð fyrir því að þeir kjósendur sem um ræðir geti einungis nefnt til aðstoðar fulltrúa úr viðkomandi kjörstjórn.

Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir því að hafi kjósandi ekki uppi neinar sérstakar kröfur eða óskir um það hvaða aðili aðstoði sig við að neyta kosningarréttar síns sé honum engu síður tryggður sami réttur til aðstoðar og núgildandi ákvæði 86. gr. laga um kosningar til Alþingis mælir fyrir um. Felur frumvarpið því í sér aukin réttindi fyrir þá borgara sem ýmist vegna sjónleysis eða fötlunar er ókleift að neyta kosningarréttar síns án aðstoðar.

Kosningarréttur felur í sér einhver mikilvægustu einstaklingsbundnu og borgaralegu réttindi í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þá er það jafnframt viðurkennt að eðlilegt og sanngjarnt sé að stjórnmálaskoðanir borgaranna fari leynt. Með frumvarpi þessu telja flutningsmenn að þessi réttindi séu tryggð umfram það sem núgildandi löggjöf gerir.

Gert er ráð fyrir að verði frumvarp þetta að lögum öðlist þau þegar gildi svo tryggja megi frumvarpið taki gildi áður en gengið verður til kosninga til stjórnlagaþings.

316. Tillaga til þingsályktunar [273. mál]

um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.

Flm.: Árni Johnsen, Ragnheiður E. Árnadóttir, Jón Gunnarsson,
Vigdís Hauksdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af markmiðsgrein laga um grunnskóla þess efnis að starfshættir grunnskóla skuli m.a. mótast af kristinni arfleifð, að mikilvægt sé að opinberir skólar vandi til fræðslu um hinn kristna menningararf þjóðarinnar í þeim tilgangi að stuðlað verði að auknum skilningi á þeirri arfleifð. Þess verði gætt að mannréttindi minnihlutahópa hvað varðar trú og lífsviðhorf verði í heiðri höfð og leitast verði við að leysa ágreiningsmál sem upp kunna að koma með sátt þannig að sem flestir geti við unað.

Greinargerð.

Á undanförnum vikum hefur mikið verið rætt í fjölmiðlum, meðal skólastjórnenda, kennara og presta um tillögur sem varða samstarf kirkju og skóla og liggja fyrir mannréttindaráði Reykjavíkur. Tillögurnar eru óljósar, illa unnar og illa rökstuddar, auk þess sem þeim er ætlað að hindra ýmsa þætti í samstarfi skóla og kirkju sem tíðkast hafa um áratugaskeið. Nægir þar að nefna kirkjuferð skólabarna á aðventu og aðstoð presta þegar nemendur eða kennarar verða fyrir áfalli. Þá er ætlunin að taka fyrir að kirkjan fái að kynna barna- og unglingastarf sitt á vettvangi skólanna til jafns við önnur æskulýðsfélög. Ef kynning á hvers konar öðru æskulýðsstarfi, t.d. íþróttafélaga, er heimil, hvers vegna þá ekki kynning á kirkjulegu starfi? Hafa börn og foreldrar ekki rétt á að vita hvað er í boði fyrir börnin og velja sjálf úr? Verði tekið fyrir þessa kynningu er um að ræða ofríki undir merkjum trúfrelsis. Trúfrelsi er m.a. fólgið í því að hafa tækifæri til að velja. Barnasáttmálinn á t.d. að tryggja rétt barna til að velja.

Annað sem athygli vekur í þessum tillögum er að taka á fyrir dreifingu Gídeonfélaga á Nýja testamentinu til skólabarna en hana hafa þeir stundað í næstum 60 ár. Þetta er byggt á þeim rökum að skólinn eigi ekki að vera vettvangur fyrir dreifingu trúarrita. Í tillögunum segir m.a.: „dreifing á trúarlegu efni er ekki heimil í starfi barna á vegum Reykjavíkurborgar. Þar með er talin dreifing trúarrita svo sem Nýja testaments, Kóransins, auglýsingabæklinga og annars kynningarefnis.“ Með fullri virðingu fyrir Kóraninum, auglýsingabæklingum og öðru kynningarefni hlýtur Nýja testamentið að hafa algjöra sérstöðu hér á landi. Vissulega er Nýja testamentið trúarrit en jafnframt ein af meginstoðum og sterkustu áhrifavöldum á evrópska menningu, t.d. á sviði bókmennta, myndlistar, tónlistar o.s.frv. Íslensk menning og vestræn verður ekki skilin án þess. Þá er Nýja testamentið einnig hjálpargagn í kristinfræðikennslunni. Í ritinu *Toledo Guiding Principles on Teaching about Religions and Beliefs in Public Schools*, sem gefið var út af Office for Democratic institutions and Human Rights og Organization for Security and Co-operation in Europe er meðal annars hvatt til samstarfs menntastofnana og trúar- og lífsskoðanafélaga við gerð námskrár, námsefnis, kynningu á trúarbrögðum og notkunar á kynningarritum frá viðkomandi aðilum, að því gefnu að þau standist fræðilegt mat.

Kirkjan hefur löngu lýst því yfir að hún viðurkenni og virði ólík hlutverk skóla og kirkju, sem fræðslustofnunar annars vegar og trúboðs- og trúfræðslustofnunar hins vegar. Því hefur líka verið lýst yfir af kirkjunnar mönnum að í skólanum líti þeir á sig sem gesti sem koma til samstarfs á forsendum skólans. Margir þeirra skóla sem hafa samstarf við sóknarkirkjur kynna slíkt samstarf á heimasíðu sinni í þeim tilgangi að foreldrar geti brugðist við kjósi þeir að börn þeirra taki ekki þátt í því sem kirkja og skóli bjóða upp á í sameiningu. Það er því deginum ljósara að þessar tillögur sem liggja fyrir mannréttindaráði Reykjavíkur skilgreina trúfrelsishugtakið afar þröngt, jafnvel neikvætt.

Mikilvægt er að skóli í fjölmenningar- og fjölhyggjusamfélagi gæti að réttindum allra. Það er einnig mikilvægt að skólastarfið stuðli að umburðarlyndi og tillitssemi. Þess vegna er nauðsynlegt að mismunur sé sýnilegur, að hægt sé að temja nemendum virðingu fyrir einstaklingum sem hafa aðra lífsskoðun eða aðra siði en þeir sjálfir. Umburðarlyndi lærist ekki í tómarúmi. Það er skylda skólanna að leggja rækt við íslenskan menningar- og trúararf, en jafnframt er það skylda skólanna að taka tillit til nemenda sem tilheyra minni-hlutahópum. Kennurum og skólasstjórnendum er fyllilega treystandi til að sinna þessu hlutverki og hafa ekki þörf fyrir miðstýringu opinberra nefnda í því skyni.

317. Tillaga til þingsályktunar [274. mál]

um aukna fræðslu í skólum um skaðsemi áfengis.

Flm.: Árni Johnsen, Ólöf Nordal, Sigurður Ingi Jóhannsson,
Vigdís Hauksdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér fyrir því að aukin verði fræðsla um skaðsemi áfengis í grunn- og framhaldsskólum.

Greinargerð.

Rannsóknir benda til að undanfarin ár hafi dregið úr ölvunardrykkju ungmenna á grunnskólaaldri. Sömu þróunar gætir meðal framhaldsskólanemenda þó að samdráttur neyslu sé þar minni. Rannsóknir sýna einnig að fjöldi ungmenna sem neytir áfengis meira en tvöfaldast á þeim örfáum mánuðum frá því að grunnskóla lýkur og framhaldsskólanám hefst. Það er því brýnt að taka enn fastar á í áfengismálum íslenskra ungmenna. Fyrir því liggja gild rök.

Niðurstöður fjölmargra rannsókna sýna að unglingar sem byrja að neyta áfengis um eða fyrir fimmtán ára aldur eru í fjórum sinnum meiri hættu á að ánetjast alkóhóli eða öðrum vímuefnum og verða fyrir skaða en þeir sem byrja að drekka eftir tvítugt. Það er því mikilvægt að komið sé í veg fyrir að fólk undir tvítugu neyti áfengis.

Skaðsemi áfengisdrykkju fyrir tvítugt er fjölþætt. Því yngri sem unglingar eru þegar þeir byrja að neyta áfengis og því meira magn sem þeir drekka, þeim mun verri áhrif hefur áfengisneyslan á heila þeirra. Þroskatími heilans fram að tvítugu er afar mikilvægur enda verður heilinn ekki fullþroska fyrr en við tuttugu ára aldur. Auk framangreinds má benda á að önnur heilsutengd vandamál, vandamál tengd félagslegri hæfni og hegðunarvandamál hafa talist til fylgifiska slíkrar áfengisneyslu. Þá er rétt að benda á þau hliðrænu áhrif sem felast í skorti á dómgreind sem leiðir til glannaskapar, slysa vegna ölvunaraksturs, ofbeldis, misnotkunar og sjálfsvíga. Hætta á þunglyndi er mun meiri meðal unglinga sem neyta áfengis en þeirra sem ekki drekka. Slíkir unglingar kljást frekar við sjálfsvígshugsanir, eiga oftar í félagslegum vanda og árásargirni þeirra eykst í hlutfalli við drykkjuna.

Hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni liggja fyrir upplýsingar um að allt að fjórðungur dauðsfalla Evrópubúa á aldrinum 15–29 ára séu óbeinar afleiðingar áfengisneyslu, svo sem vegna umferðarslysa, eitrana, sjálfsvíga og morða.

318. Frumvarp til laga [275. mál]

um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Kristján Þór Júlíusson,
Ragnheiður E. Árnadóttir, Gunnar Bragi Sveinsson,
Unnur Brá Konráðsdóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 67. gr. laganna:

a. 2.–4. mgr. orðast svo:

Rétt til sjómannaafsláttar hafa þeir einstaklingar sem stunda sjómennsku og eru lögskráðir í skipsrúm að því tilskildu að laun þeirra fyrir sjómennsku nemi 30% af tekjuskattsstofni þeirra hið minnsta.

Sjómannaafsláttur sjómanna á fiskiskipum skal vera 14% af þeim hluta tekjuskattsstofns sem þeim hlotnast sem endurgjald fyrir sjómannsstörf, þó að hámarki 1.360.000 kr. á ári.

Sjómannaafsláttur annarra sjómanna en sjómanna á fiskiskipum, svo sem lögskráðra sjómanna sem starfa á varðskipi, rannsóknarskipi, sanddæluskipi, ferju eða farskipi sem er í förum milli landa eða er í strandsiglingum innan lands, skal vera 15% af tekjuskattsstofni að 4.100.000 kr. og 8% af næstu 7.200.000 kr., þó að hámarki samtals 863.000 kr. á ári.

b. 6. mgr. orðast svo:
Setja skal í reglugerð ákvæði um framkvæmd þessa stafliðar. Í henni skal m.a. kveða á um með hvaða hætti skuli ákvarða þann hluta tekjuskattsstofns sem kemur til útreiknings sjómannaafsláttar og hvaða gagna megi krefjast í því sambandi.
c. 7. mgr. fellur brott.

2. gr.

Ákvæði XXX til bráðabirgða fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildistöku a-liðar 24. gr. laga nr. 128/2009, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, sem samþykkt voru á Alþingi 21. desember 2009, felst að afnema skuli sjómannaafslátt í áföngum frá og með 1. janúar 2011. Skal afslátturinn að öllu leyti falla brott frá og með 1. janúar 2014, sbr. 2. mgr. téðs stafliðar framangreindra breytingalaga. Í frumvarpi þessu er lagt til að framangreind lagabreyting verði felld brott og sjómönnum tryggður áfram sjómannaafsláttur.

Með 1. gr. frumvarpsins er núgildandi B-lið 67. gr. laga nr. 90/2003 breytt með þeim hætti að eldri reglur um skilyrði sjómannaafsláttar eru færðar að færeyskri fyrirmynd um fiskimannafrádrátt. Reglur um sérstakan frádrátt skiptast á þrjá hópa, fiskimenn, sjómenn á kaup- og farþegaskipum og skipum tengdum olíuvinnslu og síðan sjómenn sem starfa um borð í skipum sem skráð eru á færeysku alþjóðaskipaskránni skv. 33. gr. færeysku skattalaganna, nr. 86/1983. Hér er B-lið 67. gr. laga nr. 90/2003 breytt til samræmis við færeysku reglurnar varðandi fiskimenn og aðra sjómenn.

Í Færeyjum er fiskimannafrádráttur 14% af skattskyldum tekjum vegna fiskveiðistarfa að hámarki 470.000 DKR, en hafi sjómenn hærri tekjur njóta þeir ekki sérstaks fiskimannafrádráttar skv. 17. tölul. 33. gr. færeysku skattalaganna, nr. 86/1983. Fiskimannafrádrátturinn getur því orðið hæstur 65.800 DKR á hverju almanaksári.

Sjómannaafsláttur annarra sjómanna en fiskimanna, svo sem lögskráðra sjómanna sem starfa á varðskipi, rannsóknarskipi, sanddæluskipi, ferju eða farskipi sem er í förum milli landa eða er í strandsiglingum innan lands, nemur 15% af reiknuðum tekjuskatti af fyrstu 200.000 DKR, en síðan 8% af reiknuðum tekjuskatti af þeim tekjum að 350.000 DKR eða að hámarki 42.000 DKR á ári.

Helstu ástæður þess að sjómönnum hefur verið veittur sérstakur afsláttur er að þeir sinna erfiðum störfum sem eru þjóðhagslega mikilvæg og þeir dvelja langtímum frá heimili sínu og fjölskyldu vegna vinnu sinnar. Sjómannaafslátturinn hefur verið hluti af samfélagssáttmála stjórnvalda við sjómenn í áratugi, sem núverandi ríkisstjórn afturkallaði einhliða án nokkurs samráðs eða viðræðna við sjómenn.

Upphaf sjómannaafsláttar má rekja til ársins 1954. Þá var með lögum nr. 41/1954, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, lögfestur svokallaður hlífðarfatafrádráttur og fæðisfrádráttur. Hlífðarfatafrádráttur náði til lögskráðra fiskimanna en þó ekki annarra í áhöfn togara. Rökin sem færð voru fyrir honum voru þau að hann væri vegna kostnaðar sjómanna af hlífðarfötum umfram aðra launþega. Fæðisfrádrátturinn tók aftur á móti einungis til þeirra sjómanna á fiskiskipum sem þurftu að sjá sér fyrir fæði sjálfir.

Með lögum nr. 37/1957, um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum, var

hlífðarfatafrádrátturinn aukinn þannig að hann tók til allra skipverja á togurum. Þá var tekinn upp sérstakur frádráttur sem náði til allra lögskráðra fiskimanna. Með lögum nr. 43/1967, um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, var hlífðarfatafrádráttur og sérstaki frádrátturinn látinn ná til allra lögskráðra sjómanna, þ.e. líka til annarra en fiskimanna.

Með lögum nr. 7/1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, var tekinn upp nýr fiskimannafrádráttur, 8% af launum, sem tók í upphafi einungis til sjómanna á fiskiskipum en var ári síðar, með lögum nr. 60/1973, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 7 23. mars 1972, um breyting á þeim lögum, jafnframt látinn taka til hlutaráðinna landmanna sem fengu með þeim lögum einnig hlífðarfatafrádráttinn og sérstaka frádráttinn. Hundraðshluti fiskimannafrádráttar hækkaði í 10% 1975 og síðan í 12% 1984.

Með lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, voru hlífðarfatafrádráttur og sérstakur frádráttur sameinaðir í einn sjómannafrádrátt sem þá tók til allra lögskráðra sjómanna og hlutaráðinna landmanna. Fæðisfrádráttur fyrir sjómenn á fiskiskipum, sem sáu sér sjálfir fyrir fæði, hélst óbreyttur. Fiskimannafrádráttur fyrir lögskráða sjómenn og hlutaráðna landmenn var með lögum nr. 9/1985, um aðgerðir til að bæta hag sjómanna og sjávarútvegs, einnig látinn taka til sjómannsstarfa um borð í skipum sem ekki voru fiskiskip. Með lögum nr. 49/1987, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, var þessum frádráttarliðum steypt saman og í stað þeirra kom einn sjómannaafsláttur.

Sjómannaafsláttur á tekjuárinu 2010 er 987 kr. á dag eða að hámarki 360.255 kr. á ári, miðað við fleiri en 245 daga á sjó. Sjómannaafslátturinn kemur á annan hátt til frádráttar annars staðar á Norðurlöndunum, þar er almennt miðað við að reikna afsláttinn af tekjuskattsstofni ársins eða reiknuðum tekjuskatti.

Í Svíþjóð er sjómannaafsláttur ákvarðaður samkvæmt lögum nr. 764/2007, sbr. lög nr. 282/1973. Afslátturinn er tvískiptur eða 35.000 SKR „i nærfart“ og 36.000 SKR „i fjærfart“, en afslátturinn reiknast af tekjuskattsstofni ársins. Sjómenn eiga jafnframt rétt á sérstakri skattalækkun sem nemur 9.000 SKR „i nærfart“ og 14.000 SKR „i fjærfart“. Ívilnunin dregst frá reiknuðum tekjuskatti.

Í Noregi hefur sjómannaafslátturinn nýlega verið hækkaður í 150.000 NKR fyrir bæði „kyst- og hav“. Tekjuskatturinn er 30% af skattskyldum tekjum, umfram 150.000 NKR. Tekjur sjómanna upp að 150.000 NKR eru skattfrjálsar.

Í Danmörku nær sjómannaafslátturinn til lögskráðra sjómanna. Þeir eiga rétt á 190 DKR frádrætti fyrir hvern byrjaðan dag á sjó í veiðiferðum sem standa yfir í a.m.k. 12 klst. Afslátturinn er að hámarki 41.800 DKR yfir almanaksárið og reiknast af tekjuskattsstofni ársins.

Sjómenn á Norðurlöndunum njóta því sjómannaafsláttar, en sama á við í öðrum fiskveiðiríkjum eins og Kanada og Nýja Sjálandi þar sem sjómenn eiga rétt á sérstökum skattafslætti. Fiskveiðiþjóð eins og Íslendingar á að tryggja sjómönnum sínum sambærileg kjör við þau sem tíðkast hjá þeim fiskveiðiþjóðum sem við berum okkur saman við.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra voru á árinu 2008 6.102 sjómenn sem fengu sjómannaafslátt, en sjómannaafslátturinn nam 1.105 millj. kr. vegna ársins 2008. Til samanburðar voru 3.875 aðilar sem greiddu dagpeninga að fjárhæð 8.747 millj. kr. vegna ársins 2008. Af þeim sem greiddu dagpeninga á árinu 2008 voru 138 opinberir aðilar sem greiddu samtals 1.531 millj. kr. Hér er um að ræða fjármuni sem ekki falla undir staðgreiðslu skatta og eru í raun skattfrjálsir. Opinberir starfsmenn njóta samkvæmt þessu mikilla fríðinda umfram aðrar starfsstéttir en að minnsta kosti 18% allra greiddra dagpeninga fara til opinberrar stjórnsýslu.

Það er því sanngjörn krafa að sjómenn njóti áfram þessara kjara sem þeir hafa haft í áratugi, en annað fæli í sér ójafnræði við aðrar starfsstéttir sem geta nýtt sér dagpeningagreiðslur í formi skattafsláttar.

Dagpeningar eftir atvinnugrein þess sem greiðir dagpeningana – 2008.

Upphæðir í millj. kr.

BÁLKUR	LÝSING	Fjöldi sem greiðir dagpeninga	Dagpeningar
H	FLUTNINGAR OG GEYMSLA	153	1.935
O	OPINBER STJÓRNSÝSLA OG VARNARMÁL; ALMANNATRYGGINGAR	138	1.531
G	HEILD- OG SMÁSÖLUVERSLUN, VIÐGERÐIR Á VÉLKNÚNUM ÖKUTÆKJUM	611	722
C	FRAMLEIÐSLA	364	694
M	SÉRFRÆÐILEG, VÍSINDALEG OG TÆKNILEG STARFSEMI	502	645
F	BYGGINGARSTARFSEMI OG MANNVIRKJAGERÐ	443	485
J	UPPLÝSINGAR OG FJARSKIPTI	268	447
K	FJÁRMÁLA- OG VÁTRYGGINGASTARFSEMI	175	430
Q	HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSÞJÓNUSTA	221	377
S	FÉLAGASAMTÖK OG ÖNNUR ÞJÓNUSTUSTARFSEMI	247	285
P	FRÆÐSLUSTARFSEMI	87	285
R	MENNINGAR-, ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARFSEMI	205	280
N	LEIGUSTARFSEMI OG ÝMIS SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA	118	226
D	RAFMAGNS-, GAS- OG HITAVEITUR	16	163
A	LANDBÚNAÐUR, SKÓGRÆKT OG FISKVEIÐAR	153	122
L	FASTEIGNAVIÐSKIPTI	81	52
I	REKSTUR GISTISTAÐA OG VEITINGAREKSTUR	63	40
E	VATNSVEITA, FRÁVEITA, MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS OG AFMENGUN	20	17
X	ÓTILGREIND STARFSEMI	6	
U	STARFSEMI STOFNANA OG SAMTAKA MEÐ ÚRLENDISRÉTT	1	
B	NÁMUGRÖFTUR OG VINNSLA HRÁEFNA ÚR JÖRÐU	3	
	Samtals	**3.875**	**8.747**

Upplýsingar eru fengnar frá ríkisskattstjóra.

319. Tillaga til þingsályktunar [276. mál]

um úttekt á öryggisbúnaði Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs.

Flm.: Árni Johnsen, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ásbjörn Óttarsson, Eygló Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að láta nú þegar gera úttekt á öryggisbúnaði Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs.

Greinargerð.

Ferjan Herjólfur er komin til ára sinna. Dráttur hefur orðið á byggingu nýs skips í hans stað. Ástæða er til að fara nú þegar yfir öryggisbúnað skipsins.

Valinkunnir áhugamenn og átaksmenn í öryggismálum sjómanna á Íslandsmiðum, Sigmund Jóhannsson, uppfinningamaður og teiknari, og Friðrik Ásmundsson, fyrrverandi skipstjóri og skólastjóri Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, hafa vakið athygli á því, fyrir hönd Félags áhugamanna í Vestmannaeyjum um öryggismál sjómanna, að alvarlegar brotalamir séu í öryggisbúnaði Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs. Herjólfur nálgast nú tvítugt en lífaldur slíkra skipa er að öllu jöfnu 15 ár. Sýnt er að Herjólfur verður nýttur einhvern tíma enn til siglinga á milli lands og Eyja. Landeyjahöfn er hönnuð eins og pylsubrauð, fyrir ákveðna gerð skips og djúpristu sem er mun grynnri en Herjólfs. Eins og á stendur er alltaf verið að reyna að troða bjúga í pylsubrauðið.

Það er brýn nauðsyn að tryggja á allan hátt öryggisbúnað skipsins og nýtingu hans á hagkvæmastan hátt. Eftirfarandi eru ábendingar þeirra félaga, Friðriks og Sigmunds, sem ekki telja ásættanlegt:

1. að 12 af 13 gúmmíbjörgunarbátum Herjólfs séu sjósettir með handaflinu einu saman,
2. að tveir aðalbjörgunarbátar skipsins séu sjósettir, einungis með eigin þyngdarafli,
3. að rýra gildi búnaðarins með því að skipta út öðrum léttbátnum, sem ætlaður er til bjargar „maður fyrir borð“ eða til að pikka upp farþega sem ekki hafa náð í björgunarbát, fyrir lítinn gúmmíbjörgunarbát og það eina björgunarbátnum á skipinu sem sjósettur er með krana þannig að ekki þarf handafls við,
4. að krani til sjósetningar annars léttbáts skipsins, er að hálfu leyti virkjaður með handafli,
5. að öllum farþegum sé stefnt úr kojum upp stiga í aðalsal skipsins og þaðan ásamt öðrum farþegum upp annan stiga upp á efsta dekk til að komast í bátana, þótt sex aðrar útgönguleiðir séu fyrir hendi,
6. að hluti farþega komist ekki í þá báta sem opnaðir eru við efsta dekk og eiga þá ekki annarra kosta völ en að príla niður kaðalstiga þaðan til að komast í einhvern af þeim 10 bátum sem ekki er annað aðgengi að og það án hjálpar frá léttbáti sem fjarlægður hefur verið frá öðru borði skipsins,
7. að báðar aðaldyr skipsins, sem eru vökvastýrðar, séu með handtjakk sem varaafl,
8. að opna þurfi þung lunningahlið á báðum síðum skipsins með handafli til að koma út björgunarbátum,
9. að geta ekki sjósett björgunarbát þegar ísing er,
10. að engin sjósetning björgunarbáta geti farið fram ef skipið leggst á hliðina eða því hvolfi,
11. að koma engum vörnum við þegar skipið hallar 30–40 gráður.

320. Tillaga til þingsályktunar [277. mál]

um uppstokkun réttarkerfisins og millidómstig.

Flm.: Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela dómsmála- og mannréttindaráðherra að undirbúa uppstokkun réttarkerfisins með samræmingu vinnureglna og undirbúningi millidómstigs sem annars dómstigs á milli héraðsdóms og Hæstaréttar. Við vinnuna verði haft samráð við Dómarafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands og háskólaprófessora með sérþekkingu á sviði réttarfars.

Greinargerð.

Mikið misræmi er á milli dóma á Íslandi og það hefur aukist á síðustu árum. Dæmi eru um að sama dag hafi fallið dómar í gagnstæðar áttir í sambærilegum dómsmálum. Oft og tíðum virðist sem dómar grundvallist á algjörum hugdettum dómara, bæði í um dóma héraðsdómi og í Hæstarétti. Með fjölgun dómara er mikil hætta á að misræmi aukist og er því mikilvægt að stokka kerfið upp, gera það heilsteyptara og auka trúverðugleika fremur en draga úr honum eins og nú virðist stefna í. Íslenska réttarkerfinu hefur stundum verið líkt við réttarkerfi bananalýðvelda. Þeir sem lengst ganga í slíkum samlíkingum halda því jafnvel fram að íslenska réttarkerfið sé fremur eins og þau sem einkenna bavíanalýðveldi.

Vandræðagangurinn í kringum landsdóm, sem var barn síns tíma og hefur dagað uppi sem tröllaklettur í réttarkerfi nútímans, er nægur grundvöllur ástæðna og raka til þess að gera þá bragarbót á réttarkerfinu sem framsækið þjóðfélag þarf á að halda. Hæstaréttardómarar voru fimm talsins til skamms tíma og síðan sex og stefnt er að fjölgun þeirra í níu. Fjölmargir lögmenn telja að fjölgun hæstaréttardómara sé ekki það sem við þörfnumst því fjölgun dómara auki misræmi milli dóma réttarins.

Miklu nær er að setja á fót millidómstig sem gæti fengið heitið Lögrétta, staðsett á milli héraðsdóms og Hæstaréttar. Millidómur mundi væntanlega taka til meðferðar mörg sakamál og úrskurða um gæsluvarðhald. Til greina kæmi að þar færi fram önnur umferð skýrslutöku á eftir héraðsdómi. Skýrslur eru aðeins í undantekningartilvikum teknar fyrir Hæstarétti. Það þýðir í reynd að ef Hæstarétti þykir dómur héraðsdóms ekki nægilega ígrundaður ógildir hann dóm héraðsdóms. Fyrir almenna borgara kemur slíkt þannig út að erfitt verður fyrir þá að skilja misræmið sem von er. Mörgum málum sem annars er vísað til Hæstaréttar yrði lokið í millidómi og réttarkerfið yrði liprara og mál gengju fljótar fyrir sig.

Ljóst verður að telja að millidómstig mundi létta mjög álaginu af Hæstarétti. Danir og margar fleiri Evrópuþjóðir eru með millidómstig, og skiptist dómskerfi þeirra í héraðsrétt, landsrétt og Hæstarétt. Reikna mætti með því að í millidómi sætu þrír dómarar að öllu jöfnu þannig að heildarfjöldinn þyrfti væntanlega vera alls fimm til sex dómarar.

321. Frumvarp til laga [278. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Flm.: Árni Johnsen, Bjarni Benediktsson, Björgvin G. Sigurðsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Ásbjörn Óttarsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Róbert Marshall, Jón Gunnarsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Eygló Harðardóttir, Vigdís Hauksdóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Birkir Jón Jónsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Helgi Hjörvar.

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Að meðtöldum skólum skv. 1. mgr. 4. gr. skulu skólar eða námsbrautir skóla á Ísafirði, Dalvík, Hornafirði, Vestmannaeyjum og Reykjavík annast menntun og þjálfun skipstjóra til ótakmarkaðra réttinda á önnur íslensk skip en farþega- og flutningaskip.

Skilyrði inntöku í skóla eða námsbrautir skv. 1. mgr. eru eftirfarandi:

a. að umsækjandi hafi staðist inntökupróf sem fara skal fram eigi síðar en tveimur vikum fyrir upphaf skólaárs,
b. að umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi eða sé ella 18 ára að aldri eða eldri,
c. að umsækjandi hafi áunnið sér a.m.k. 24 mánaða staðfestan siglingatíma eftir 15 ára aldur.

Markmið skóla eða námsbrauta skv. 1. mgr. er að útskrifa þá nemendur sem uppfylla skilyrði til inntöku sem skipstjóra með skipstjórnarréttindi innan lands á skip styttri en 45 metra á einu skólaári og sem skipstjóra með ótakmörkuð skipstjórnarréttindi á tveimur skólaárum.

Um námskrá, nám, námstilhögun, námsmat og námsstig til öflunar tiltekinna skírteina samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um framhaldsskóla og reglugerðum samkvæmt þeim.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1991 voru gerðar verulegar breytingar á reglum sem giltu um skipstjórnarnám á Íslandi. Höfðu þær breytingar í för með sér að hluti námsins var færður inn á framhaldsskólastigið. Frá því að þetta gerðist hafa orðið enn frekari breytingar á framangreindum reglum. Er svo komið að fyrirkomulag skipstjórnarprófa á Íslandi er útfært með það að markmiði að námið uppfylli kröfur alþjóðasamnings sem á frummálinu ber heitið International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Fishing Vessel Personnel, 1995.

Fyrir þær breytingar sem ráðist var í á árinu 1991, og voru undanfari fyrirkomulags námsins í dag, þurftu nýnemar að hafa lokið gagnfræðaprófi og stundað sjó í 24 mánuði eftir 15 ára aldur eða taka inntökupróf til að fá inngöngu í stýrimannaskóla. Stór hluti nemenda í skipstjórnarfræðum voru menn sem höfðu farið á sjóinn að loknu grunnskólanámi, stofnað heimili, komið sér þaki yfir höfuðið og síðan á aldrinum 25–35 ára ákveðið að afla sér skipstjórnarréttinda eftir umtalsverða reynslu á sjó. Stýrimannaskólarnir í Vestmannaeyjum og

á Dalvík lögðu upp laupana í kjölfar breytinganna árið 1991. Var það óbætanlegt tjón, ekki síst fyrir Vestmannaeyjar þar sem skipstjórnarfræðsla hafði verið starfrækt með hléum frá þarsíðustu öld og óslitið frá árinu 1957. Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum sóttu að jafnaði fjölmargir nemendur víðs vegar að af landsbyggðinni og þar gátu nemendur framfleytt sér og sínum á auðveldari máta en annars staðar vegna þeirra atvinnumöguleika sem fyrir lágu með námi í stærstu verstöð landsins.

Í dag er staðan sú að mjög lítil aðsókn er að jafnaði í skipstjórnarnám á Íslandi. Innritast aðeins um 10–12 nemendur á ári í slíkt nám og er það ekki nægilegur fjöldi nemenda til að anna eðlilegri endurnýjunarþörf íslenska skipaflotans. Telja verður að haldi slík þróun áfram geti það haft alvarleg áhrif á þá starfsemi sem aflar Íslandi hvað mestra gjaldeyristekna. Af þeim sökum verður vart hjá því komist að takmarka það tjón sem fyrirsjáanlegt er og opna leið fyrir sjóreynda menn til þess að fá metna þá reynslu sem þeir búa yfir og nýta hana til að afla sér skipstjórnarmenntunar á tiltölulega skömmum tíma. Þar sem alþjóðleg viðurkenning skipstjórnarréttinda hefur náð þeirri útbreiðslu sem raun er verður þó ekki hjá því komist að takmarka þau réttindi sem mögulegt verður að afla með þessu móti við stjórn skipa innan lands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjómönnum í öllum landshlutum verði boðið upp á að afla sér skipstjórnarréttinda og þeir þurfi að fara sem stystan veg í þeim tilgangi. Er hugsunin sú að með því móti sjái fleiri sér fært að hefja skipstjórnarnám. Þá er gert ráð fyrir því að inntökuskilyrði námsins taki mið af því að sem flestir sjóreyndir menn hafi tækifæri á að nýta þekkingu sína til réttindanáms. Eru markmið námsins útfærð í frumvarpinu en gert ráð fyrir því að öll frekari útfærsla þess fari fram af hendi fagaðila í kennslufræði og skipulagi skipstjórnarnáms með setningu reglugerða og námskráa. Þess má geta að þorri íslenskra skipstjóra hlaut skipstjórnarréttindi sín við álíka námsfyrirkomulag og frumvarpið stefnir að.

322. Tillaga til þingsályktunar [279. mál]

um vinnuhóp um vöruflutninga.

Flm.: Árni Johnsen, Birkir Jón Jónsson, Helgi Hjörvar, Jón Gunnarsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að skipa vinnuhóp til þess að gera ítarlega úttekt á vöruflutningum hérlendis, þar á meðal á hagkvæmni þess að auka vöruflutninga á sjó.

Greinargerð.

Brýnt er að gera nú þegar ítarlega úttekt á mögulegum úrbótum í vöruflutningum á Íslandi, bæði á sjó og landi. Álag á vegakerfi landsins hefur aukist mjög á undanförnum árum með umfangsmiklum vöruflutningum stórra flutningabíla. Að mörgu leyti eru íslensku þjóðvegirnir varla til þess gerðir að mæta slíkum flutningum auk þess sem flutningarnir krefjast mikillar varkárni af hálfu bílstjóra í tengslum við umferð venjulegra fólksbíla. Vöruflutningar á landi hafa reynst hagkvæmir fyrir þjónustu við landsbyggðina, en sjálfsagt er að kanna alla möguleika til hlítar. Kanna þarf hagkvæmnina út frá tíðni ferða, þörfinni, kostnaði

og öðrum þáttum. Einn vöruflutningabíll slítur vegakerfinu 20–30 þúsund sinnum meira en venjulegur fólksbíll þannig að margs er að gæta. Ekki slíta skipin hafinu en á móti kemur oft erfið barátta við náttúruöflin.

Mikilvægt er að gera úttekt á vöruflutningum í samvinnu við hagsmunaaðila í flutningum á sjó og landi, sveitarfélög, sérfræðinga og embættismenn, með það að markmiði að bjóða upp á hagkvæmustu kosti sem völ er á. Vöruflutningar á landi eiga vart samleið með venjulegum fólksbílum á fjölmörgum leiðum um vegakerfi landsins.

323. Tillaga til þingsályktunar [280. mál]

um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ.

Flm.: Árni Johnsen, Björgvin G. Sigurðsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að ganga til samninga við Reykjanesbæ um Skipasafn Íslands þar sem grunnur safnsins yrðu skipalíkön Gríms Karlssonar skipstjóra og módelsmiðs.

Greinargerð.

Við Íslendingar státum okkur oft af Snorra Sturlusyni og þætti hans í íslenskum fornbókmenntum og vekjum gjarnan athygli á því að hann hafi verið sagnamaður á heimsmælikvarða. Í sögu fiskiskipa Íslendinga eigum við okkar „Snorra Sturluson“ sem er Grímur Karlsson skipstjóri og módelsmiður í Njarðvíkum í Reykjanesbæ.

Fiskiskip eru stundum talin hafa anda, karma, þau séu háð örlögum og tilfinningu sem sjómenn bátsins leysa úr læðingi og leggja bátnum til. Skipalíkön Gríms bera í sér persónugerving reynslunnar og söguna hvernig Íslendingar komust til vits og ára, frá fátækt til velferðar, frá moldarkofum til best byggðu íbúðarhúsa jarðarinnar vegna sjósóknar við Ísland. Öll uppbygging Íslands á 20. öldinni er, meira og minna, í skjóli sjávarútvegsins sem gefur okkur 60% af þjóðartekjunum. Hver bátur á sína sögu, hver sjómaður. Hver bátur á Íslandsmiðum hefur verið hluti af gulli Íslendinga, gullmoli út af fyrir sig. Okkur ber heilög skylda til að rækta þessa sögu, fræða börn og unglinga, gesti og gangandi um hana og mikilvægi hennar, ekki síst í ljósi þess að Íslendingar eru eina sjálfstæða fiskveiðiþjóðin í allri Evrópu, eina þjóðin sem byggir sitt fyrst og fremst á sjávarútvegi.

Í Bátasafni Gríms Karlssonar í Duus-húsum í Reykjanesbæ eru nú á annað hundrað skipalíkön Gríms af íslenskum fiskibátum, en alls hefur Grímur smíðað á þriðja hundrað skipslíkön sem spanna öll tímabil fiskveiðisögu Íslands. Með útfærslu bátasafnsins og stækkun væri til að mynda hægt að sýna heilu bátshlutana, lúkar, vélarrými, brú, lest, borðsal, káetur, klefa, þilfar og fleira þannig að sýningargestir gætu upplifað stemninguna og aðstöðuna frá tíma til tíma. Ljósmyndir frá tímum fyrstu fiskiskipanna og til dagsins í dag þyrftu að vera ríkur þáttur í slíku safni. Bátasafn Gríms Karlssonar í Reykjanesbæ er einstakt í heiminum því ekki er vitað um neinn módelsmið sem hefur smíðað eins mörg skipalíkön, hvað þá fiskiskipaflota sem spannar útgerðarsögu heillar þjóðar.

Tíminn líður hratt og sagan má ekki fölna áður en búið er að koma henni í búning sem eftir stendur. Það er engin spurning að það yrði stórkostlegt fyrir sýningargesti að geta tekið

sér sæti í lúkar fiskibáts með kaffibolla og kleinur, andað að sér lykt vélarrýmisins eða heyrt sögur af sjómönnum í brúnni, skoðað tæki og tól sem lifandi hendur hafa unnið með við harðskeyttustu aðstæður á jörðinni. Hvar sem söfn eru byggð upp í heiminum með metnaði og tilfinningu, anda þess sem áhersla er lögð á, þá eru þau atvinnuskapandi um leið og þau eru fróðleg og skemmtileg og skilja eitthvað eftir sem skiptir máli. Þau stækka umhverfi sitt og gera það verðmætara.

324. Tillaga til þingsályktunar [281. mál]

um úttekt á áhrifum Schengen-samstarfsins.

Flm.: Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Guðlaugur Þór Þórðarson,
Gunnar Bragi Sveinsson, Jón Gunnarsson, Sigurður Ingi Jóhannsson,
Tryggvi Þór Herbertsson, Vigdís Hauksdóttir.

Alþingi ályktar að fela dóms- og mannréttindamálaráðherra að láta gera ítarlega úttekt á áhrifum Schengen-samstarfsins á íslenskt þjóðfélag. Í úttektinni fælist m.a. að kanna skyldur Íslendinga og réttindi, kostnað við samstarfið, mannafla og tekjur af því.

Greinargerð.

Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu hefur haft margvísleg áhrif á íslenskt samfélag, bæði jákvæð og neikvæð. Það fer ekki á milli mála að margir landsmenn óttast að neikvæðu áhrifin séu of mikil, opnunin óæskileg og kostnaðurinn mun meiri en tekjurnar. Minna má á að aðalkosturinn sem kynntur var af stjórnvöldum á sínum tíma í aðdraganda samstarfsins var sá að Íslendingar þyrftu ekki á vegabréfum að halda í ferðalögum milli Schengen-landa. Sá kostur vegur ekki þungt miðað við ýmislegt annað sem fylgir ferðamáta á Schengen-svæðum. Dómsmálaráðuneytið hefur af og til svarað spurningum alþingismanna um einhver atriði þess sem hér er rætt um, en mikilvægt er að vinnuhópur sem samanstæði af embættismönnum, talsmönnum í atvinnulífinu og verkalýðshreyfingunni legði hönd á plóginn til þess að kryfja þetta mál til mergjar. Embættismannaskýrsla er ekki nóg til þess að eyða öllum vafa.

325. Tillaga til þingsályktunar [282. mál]

um prest á Þingvöllum.

Flm.: Árni Johnsen, Gunnar Bragi Sveinsson, Ragnheiður E. Árnadóttir,
Unnur Brá Konráðsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmála- og mannréttindaráðherra að semja við þjóðkirkjuna um fasta þjónustu prests tengda Þingvöllum og Þingvallakirkju þannig að guðsþjónustur megi vera þar allar helgar ársins.

Greinargerð.

Til skamms tíma var fast prestsembætti á Þingvöllum en með aflagningu þess setti þjóðkirkjan og eins íslenska þjóðin ofan. Á Þingvöllum slær Íslandsklukkan og gamla litla kirkjan er tákn um auðmýkt, lítillæti og þakklæti íslensku þjóðarinnar fyrir kristnina, þann sið sem tekinn var upp á Alþingi á Þingvöllum árið 1000 og gerði Íslendinga að einni þjóð. Á rótum trúar, hefðar og siðar hefur íslenska þjóðin komist í gegnum þykkt og þunnt með ótrúlegu æðruleysi þótt á móti hafi blásið oft og tíðum. Það er engin spurning um það að samkomur þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga í Þingvallakirkju yrðu uppbót fyrir íslensku þjóðina og það er ekkert sem bendir til annars en að margir mundu kunna að meta þá þjónustu að messað væri í Þingvallakirkju um hverja helgi ársins. Til að mynda gæti það verið auðveld lausn á þessari ósk að fela prestum landsins að skiptast á að messa í Þingvallakirkju. Slíkt ætti að vera auðvelt fyrir okkar skeleggu prestastétt og metnaðarfull tilbreyting hvaðan sem menn koma að.

Skipulagðar samkomur í Þingvallakirkju sem fastur liður mundu stækka helgi Íslands og ekki síst helgi Þingvalla. Fyrir litla þjóð veiðimannasamfélags er mjög mikilvægt að ankerin séu á sínum stað hverju svo sem fram vindur að öðru leyti.

326. Tillaga til þingsályktunar [283. mál]

um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi.

Flm.: Árni Johnsen, Björgvin G. Sigurðsson, Jón Gunnarsson,
Ragnheiður E. Árnadóttir, Róbert Marshall, Sigmundur Ernir Rúnarsson,
Sigurður Ingi Jóhannsson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að hefjast nú þegar handa við uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi í Árborg.

Greinargerð.

Það er með ólíkindum að Náttúrugripasafn Íslands skuli ekki vera til á Íslandi, bæði vegna sérstæðs náttúrulífs og jarðfræði og hins að sívaxandi ferðamannastraumur til Íslands er ekki síst kominn til vegna sérstöðu náttúru landsins.

Árið 1889 var Náttúrufræðifélag Íslands stofnað í þeim eina tilgangi að koma á laggirnar Náttúrugripasafni Íslands. 121 ár er liðið síðan og markmiðinu hefur ekki enn þá verið náð. Það er ekki til sóma fyrir land og þjóð. Fyrir skömmu gerðust þau merku tíðindi að Náttúrufræðistofnun komst í nýtt húsnæði til frambúðar í Garðabæ. Þar hefur stofnunin aðstöðu í fullkomnu skrifstofu- og rannsóknarhúsnæði og með fullkomna aðstöðu til að geyma gripi við réttar aðstæður, hitastig, raka og tæknilegan búnað.

Enn liggur Náttúrugripasafnið óbætt hjá garði en Náttúrufræðistofnun Íslands á í geymslum sínum fjölda safngripa sem full ástæða er til að landsmenn allir og ekki síst nemendur og ferðamenn hafi aðgang að.

Náttúrugripasafn Íslands væri afar vel staðsett á Selfossi sem er í þjóðbraut fyrir mesta ferðamennastrauminn um Ísland og steinsnar frá höfuðborginni, eða aðeins um 30 mínútna akstursleið innan tíðar. Leiðin að flestum náttúruperlum Íslands liggur um Selfoss til Þingvalla, Gullfoss, Geysis, Heklu, Landmannalauga, Þórsmerkur, Vestmannaeyja, Eyjafjalla-

jökuls, Mýrdalsjökuls, Dyrhólaeyjar, Lómagnúps og Vatnajökuls svo nokkur dæmi séu nefnd og nánast öll jurtaflóra og fuglafána Íslands er á þessu svæði. Margar náttúruperlur eru síðan allt í kringum landið, en ferðamannastraumurinn er langmestur á Suðurlandi vegna fjölbreytninnar og ekki síst Gullfoss og Geysis.

Á Selfossi eru til staðar húsakostir sem mundu henta vel fyrir Náttúrugripasafn Íslands en gera má ráð fyrir að það þurfi 5000 fermetra húsnæði til þess að koma fyrir safngripum við hæfi.

Sem dæmi um mögulegan valkost er aðstaða í Hótel Selfossi, gamla hluta hótelsins þar sem er rými sem hentar með fyrirlestrarsölum, ráðstefnusal, geymslum og miklu rými fyrir sýningaraðstöðu. Það er ekki ólíklegt að gera megi mikið í þessum efnum og láta 121 árs gamlan draum rætast með hóflegum kostnaði og viðráðanlegum á Selfossi, því þar er ein höfuðstöðin í þjóðbraut ferðamanna og þar opnast víðasti faðmur landsins að næstu náttúruperlum, heiðum, völlum, fjöllum, hverum og jöklum.

Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands, hefur staðfest að staðsetning Náttúrugripasafns Íslands þurfi ekki að vera í neinu tengd staðsetningu stofnunarinnar sjálfrar þótt uppbygging Náttúrugripasafnsins sjálfs yrði að sjálfsögðu í fullri samtengingu og samráði við Náttúrufræðistofnun. Óskandi er að mennta- og menningarmálaráðherra skipi snarlega nefnd til þess að kanna lausn á þessu máli til árangurs.

327. Tillaga til þingsályktunar [284. mál]

um ljóðakennslu og skólasöng.

Flm.: Árni Johnsen, Ólína Þorvarðardóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Róbert Marshall, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Vigdís Hauksdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að vinna að því að auka hlut ljóðakennslu og skólasöngs í námskrá grunnskóla og framhaldsskóla.

Greinargerð.

Reynslan hefur sýnt að ljóðakennsla í skólum landsins hefur leitt til betri málnotkunar nemenda og styrkari tengingu þeirra við hrynjandi og myndræna möguleika íslenskrar tungu. Ljóðakennslan hefur reynst mörgum sem traustur lífsförunautur og styrkt málnotkun á áberandi hátt. Fátt er eins brothætt og orð og því skiptir höfuðmáli fyrir notkun íslenskrar tungu að ræktuð sé tilfinning fyrir myndauðgi tungunnar og fátt styrkir þann þátt betur en ljóðalestur, lestur Íslendingasagna og lestur vel skrifaðrar bókar. Styrkur ljóðanna í þessu efni er hins vegar nákvæmni þeirra og hnitmiðuð orðanotkun sem kallar á sjálfstæða hugsun og mat lesandans.

Skólasöngur er að mörgu leyti tengdur ljóðunum því að mörg ljóð, ekki síst eldri ljóð, eiga kjól sem heitir lag og ef vel tekst til spretta ljóð og lagið eins og eineggja tvíburar. Að auki er eðlilegt í almennum skólasöng að syngja hefðbundin fjöldasöngslög sem oft byggjast á söngtextum frekar en beinum ljóðum. Það fer ekkert á milli mála að samsöngur af öllu tagi er þroskandi og mikilvægur félagslegur þáttur og ekki skemmir að hann er að öllu jöfnu mjög

skemmtilegur þáttur hins daglega lífs bæði hversdags og á góðum stundum. Í öllum byggðum landsins og líkast til í öllum skólum er fólk sem getur á auðveldan hátt staðið fyrir fjöldasöng og virkjað þannig jákvæða hlið nemenda.

328. Tillaga til þingsályktunar [285. mál]

um stofnun íslenskrar handverksdeildar í Listaháskóla Íslands.

Flm.: Árni Johnsen, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Ásbjörn Óttarsson, Björgvin G. Sigurðsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Jón Gunnarsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að koma upp íslenskri handverksdeild í Listaháskóla Íslands.

Greinargerð.

Íslenskt handverk lærðra sem leikmanna stendur mjög hátt á heimsmælikvarða. Um allt land eru snjallir handverksmenn að verki í prjónlesi, útskurði, rennismíði, járnsmíði, mótun í leður og bein og listmálun svo að nokkuð sé nefnt. Reglulegar sýningar handverksmanna undirstrika að hér er um að ræða listamenn af Guðs náð og það hefur skort á að þessum verkmenntaþætti sé sinnt í íslenska skólakerfinu en hann er ýmist sjálfsprottinn eða líður fram mann fram af manni í hefðum, reynslu og verksviti.

Í grunnskólum og verkmenntaskólum er að sjálfsögðu unnið á vettvangi íslensks handverks, í smíðum, föndri, myndmennt og fleiri þáttum, en rík ástæða er til þess að leggja meiri rækt við þennan þátt íslensks þjóðlífs og leggja öflugri grunn að kennslu á þessum sviðum í íslenska skólakerfinu.

Auðvitað á íslensk handverkskunnátta að vera grein í Listaháskóla Íslands, ekki síst vegna þess að saman fer hugvit, verkvit, handverk og hönnun.

Gott dæmi um afar snjallan listamann í handverki er Sigga á Grund í Árnessýslu. Hún er í röð fremstu listamanna þjóðarinnar með útskurði sínum í tré, en listamenn á þessu sviði skipta hundruðum á Íslandi.

Þá er rík ástæða til þess að styðja sérstaklega við íslenska prjónlesið, sem að öllu jöfnu er unnið af konum í öllum byggðum landsins, handverk sem er stolt íslensks iðnaðar umfram margt annað.

Sýna þarf íslensku handverki virðingu og hvatningu með því að stofna til handverksdeildar á íslenskum grunni í Listaháskóla Íslands. Listaháskólinn ætti einnig að vera í fararbroddi við að útfæra handverksþáttinn fyrir og með öðrum skólum landsins. Ef Íslendingar leggja ekki rækt við sína eigin menningu er ranglega í leiðina lagt inn í framtíðina.

329. Tillaga til þingsályktunar [286. mál]

um aðgengi að hverasvæðinu við Geysi.

Flm.: Árni Johnsen, Björgvin G. Sigurðsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra og umhverfisráðherra að sjá nú þegar til þess að umbætur á aðgengi ferðamanna að hverasvæði Geysis verði bætt og göng fyrir fótgangandi gerð þar undir þjóðveginn frá bílastæðum.

Greinargerð.

Frá því að umhverfisráðuneytið tók við vörslu hverasvæðisins við Geysi í Haukadal af menntamálaráðuneytinu fyrir um það bil 20 árum, hefur þetta fjölsóttasta ferðamannasvæði landsins verið að drabbast niður jafnt og þétt. Meira að segja öryggismerkingar, hvað þá aðrar merkingar, á hverum eru orðnar máðar og ólæsilegar. Hellustígar þeir sem lagðir voru sem fyrsti hluti stígakerfis á svæðinu í tíð Geysisnefndar menntamálaráðuneytisins eru orðnir ruslaralegir á köflum og hættulegir.

Mörg hundruð þúsund ferðamenn heimsækja Geysi og Gullfoss ár hvert og eru engin náttúrufyrirbæri á landinu eins fjölsótt af ferðamönnum. Geysissvæðið er eitt alþekktasta hverasvæði í heimi og raunveruleg ímynd Íslands í heitu vatni og gufu. Það er með ólíkindum að íslensk stjórnvöld skuli ekki hafa metnað og döngun í sér til þess að hafa þessi mál í lagi á fjölsóttustu ferðamannastöðum. Langhæsta fjárhæð sem sett var í stígagerðina við Geysi á sínum tíma var 5 millj. kr.

Mikilvægt er að slíta í sundur umferð gangandi fólks frá bílastæðum þvert yfir þjóðveginn að Geysissvæðinu. Auðveldast er að gera það með undirgöngum sem Vegagerðin hefur reyndar kost á í frágangi þjóðvegarins þar sem sérstakt fjármagn er áætlað til þess að sinna sérstökum þáttum sem varða umferð ferðamanna.

Það er engin afsökun fyrir íslensk stjórnvöld og sleifarlag þeirra í málum svæðisins við Geysi að ekki er búið að ganga endanlega frá samningum um kaup ríkisins á hverasvæðinu, en samningar hafa verið tilbúnir um skeið.

Hótel Geysir hefur byggt upp glæsilega aðstöðu á heimsmælikvarða við Geysi fyrir gesti og gangandi með söfnum, veitingasölum og gistiaðstöðu, en verkþáttur ríkisins er til háborinnar skammar. Þessi tillaga er flutt í því skyni að freista þess að vinna bráðan bug á því ófremdarástandi og óöryggi sem er á hverasvæðinu við Geysi, móðurskip allra hvera í heiminum.

330. Tillaga til þingsályktunar [287. mál]

um fuglaskoðunarstöð í Garði.

Flm.: Árni Johnsen, Björgvin G. Sigurðsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að koma á fót fuglaskoðunarstöð í Garði í samráði og samstarfi við bæjaryfirvöld.

Greinargerð.

Fuglaskoðun er almennt áhugamál víða um land hjá fólki á öllum aldri. Óvíða er eins gott að skoða fugla við sjávarsíðuna eins og í Garðinum, bæði við flösina hjá Garðskagavita, Garðskagaflösina, skammt frá Byggðasafni Garðskaga og veitingastofunni Flösinni og ekki er síðri möguleikinn á fuglaskoðun við síkin við íþróttahúsið í Garði, Útskálasíki, Miðhúsasíki og Gerðasíki.

Þingsályktunartillaga þessi miðast við það að mennta- og menningarmálaráðherra kanni samráð og samstarf við sveitarfélagið Garð um aðstöðu fyrir fuglaskoðara í fuglaskoðunarstöð.

Fuglafánan á þessu svæði er mjög fjölbreytt og aðstæður þannig að nálægð fuglaskoðara er mjög mikil við vettvang fuglanna. Á þessu svæði hafa til dæmis verið settar upp myndavélar sem fylgjast með ferðum blesgæsarinnar á hefðbundnum ferðum hennar til norðurs og suðurs.

Það er rík ástæða til þess að hvetja fólk á öllum aldri til þess að njóta stórkostlegrar náttúru Íslands og þar er fuglaskoðun einn spennandi þátta. Stjórnvöld landsins og sveitarfélög geta á margan hátt haft samvinnu um slíkt starf og víða er aðstaða sem mætti laga að slíkri fuglaskoðunarstöð þar sem fyrir væru aðgengilegar upplýsingar um fugla og nálæga náttúru, uppstoppaðir fuglar, eggjasöfn og fleira. Allar kjöraðstæður eru innan seilingar í Garðinum og því er spennandi að gera þar metnaðarfulla fuglaskoðunarstöð í samstarfi við fuglaskoðara, Náttúrufræðistofnun Íslands og fleiri stofnanir sem kynnu að geta lagt til spennandi efni tengt sjó, landi og lofti.

331. Tillaga til þingsályktunar [288. mál]

um gerð lista- og náttúrugarðs fyrir blinda og aðra skynhefta.

Flm.: Árni Johnsen, Guðlaugur Þór Þórðarson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að hafa frumkvæði að því, í samstarfi við umhverfisráðuneyti og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, að láta gera í samráði þar um við áhugasöm sveitarfélög lista- og náttúrugarð fyrir blinda, Blindragarð, sem jafnframt væri spennandi fyrir alsjáandi og þá sem búa við hefta skynjun. Slíkur garður yrði einsdæmi í heiminum, en í honum yrði lögð áhersla á óendanlega útfærslu hugmynda sem byggðust meðal annars á orku, vatni, gróðri, vindi og höggmyndum.

Greinargerð.

Það gæti verið spennandi fyrir mörg smærri sveitarfélög að taka hugmynd um Blindragarð upp á sína arma í samstarfi við stjórnvöld landsins, en það bæjarfélag sem fyrst riði á vaðið hefði að sjálfsögðu verulegt forskot í framgangi málsins. Tvö atriði eru grundvallaratriði í málinu. Í fyrsta lagi yrði slíkur Blindragarður í anda lista og náttúru einsdæmi í heiminum og að sjálfsögðu ekki síður spennandi fyrir allan almenning. Í öðru lagi mundi slíkur garður kalla á fjölgun erlendra ferðamanna til Íslands, blindra og fylgdarmanna þeirra. Ræktun og framboð í þessum efnum hefur ekki áður verið útfært á fjölbreyttan hátt fyrir blinda borgara

jarðarinnar en auðvitað mundu þeir sækja þangað sem boðið væri upp á tómstundir og fróðleik sem hentaði þeim. Þetta yrði því hvort tveggja í senn, þroskandi verkefni og aukin ferðaþjónusta, sem mundi kalla á meiri þjónustu en gengur og gerist með almenna ferðamenn, meiri vinnu, meiri tekjur í ferðaþjónustu.

Þingsályktunartillaga þessi byggist meðal annars á hugmynd frá Kristjáni Vídalín skrúðgarðameistara. Hún byggist á gróðri, vatni, vindi og ljósi með tilliti til þess að margir hafa nokkra sjón þótt þeir kallist blindir. Kristján lagði hugmyndina fram sem lokaverkefni í Garðyrkjuskóla Íslands fyrir 30 árum. Enda þótt skólanum þætti hugmyndin góð þótti hún of umfangsmikil sem lokaverkefni. Kristján og Jón H. Björnsson heitinn, landslagsarkitekt, kenndur við Alaska, ræddu þessa hugmynd mikið og vildu leggja hana fram útfærða fyrir borgarráð, en málið dagaði uppi. Núna getur hugmyndin verið enn þá magnaðri með ótrúlegum tæknimöguleikum sem nútíminn býður upp á.

Óendanlegir möguleikar fylgja svona hugmynd í útfærslu en grunnhugmyndin er að byrja á afmörkuðum þáttum, fá tugi myndhöggvara í Evrópu og ef til vill víðar til þess að gera sérstakar höggmyndir sem sjónskertir gætu þreifað á og skynjað í heild. Höggmyndagarður fyrir blinda er ekkert smámál. Verkin mundu einnig höfða til alsjáandi.

Fyrstu skref mundu miða við einfaldar lausnir í að skynja vatnsrennsli, í læk, af steini, foss, gosbrunn, nota vindinn, gróður og svo framvegis með útsjónarsemi og frumlegheitum. Hugmynd Kristjáns Vídalíns skrúðgarðameistara að blindragarði byggist á vatnagarði, ísgarði, vetrargarði, blómagarði og ljósagarði. Hugmyndin byggist á því að vatni er sprautað með dælum í stórum og litlum bunum upp og niður og á ólík efni eins og járn, blikk, grjót og vatn. Það er látið mynda úða svo í ljósbrotið komi fram regnbogi. Ljós eru notuð til þess að lýsa upp vatn, flúðir, fossa og gosbrunna í öllum litum. Að leggja lófa þess sem er alsjáandi í lítinn læk er aflgjafi. Að gera það aðgengilegt fyrir blinda er Guðs gjöf. Við uppsetningu garðsins yrði að hafa í huga klakamyndun, grýlukerti, ísklumpa. Uppbygging garðsins á einnig að fanga snjó og skafrenning þannig að kynjamyndir geti myndast. Gangstígar þyrftu að vera upphitaðir.

Plöntuflóran verður að ná yfir flestallar plöntur sem við eigum í landinu í dag, jafnt innlendar sem erlendar, og þær merktar að minnsta kosti á íslensku og latínu. Fyrir blinda skal vera leiðakerfi fyrir blindrastafinn, þannig að stafurinn nemi ólík efni sem hann þreifar eftir og gefur þeim blinda til kynna hvar hann er staddur hverju sinni ásamt því að hann skynji vatnahljóðið. Hljóðupptökur skal hinn blindi geta spilað sér til stuðnings sem segja honum hvar hann er hverju sinni og hvað er hvað. Hann snertir ýmsar plöntur og tré, og finnur ilm þeirra, greinir hvað þær heita. Þannig fær hann tilfinningu fyrir náttúrunni og kemst nær þeim unaðsheimi sem honum er annars lokaður. Það er magnað ef unnt er að opna augu blinds fólks á þennan hátt þótt takmarkað sé.

332. Tillaga til þingsályktunar [289. mál]

um fornleifarannsóknir í Árnesi og við fossinn Búða, norðan Þjórsár.

Flm.: Árni Johnsen, Björgvin G. Sigurðsson, Eygló Harðardóttir,
Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að láta gera fornleifarannsóknir í Árnesi í Þjórsá og við Búða í Þjórsá en sagnir herma að þar hafi verið þingstaður til forna.

Greinargerð.

Árnessýsla dregur nafn sitt af Árnesi í Gnúpverjahreppi, en deilt er um hvort þar hafi verið þingstaðurinn Árnesþing eða hvort hann hafi verið við fossinn Búða, norðan Þjórsár. Það hefur þó komið mörgum undarlega fyrir sjónir að sýslan hafi verið nefnd eftir þessum óbyggða og hrjóstruga hólma sem Árnes er í dag. Fram til ársins 963 var þar vorþingstaður við Búða fyrir goðorðin þrjú í „Árnesþingsókn“. Eyjan Árnes er stærsta eyja í Þjórsá, nær 10 km^2 að stærð, en nafnið bendir til að fyrrum hafi eyjan verið landföst og að skýringa á því sé að leita í breytingum á rennsli árinnar. Í Þjórsá er eyjasamfélag og hólma. Á undirlendi Þjórsár er Hagaey ofarlega í Gnúpverjahreppi, fremur stór og að mestu gróin. Neðar er Minni-Núpshólmi, eða Viðey, vaxin birkiskógi og víði, þá Ölmóðsey grasi vaxin og síðan stærsta eyjan í Þjórsá, Árnes, sem sýslan er kennd við og almennt er talið að þar hafi verið þingstaður Árnesinga að fornu. Þrjár klettaborgir standa upp úr hrauninu á vestanverðri eynni, Þinghóll sem er stærstur, svo Gálgaklettur og fossinn Búði í efri kvísl Þjórsár. Benda öll þessi örnefni til þinghaldsins, en samt eru ýmsar efasemdir uppi. Í efri kvísl Þjórsár eru Miðhúsahólmi og Þrándarholtshólmi. Margir fleiri hólmar og eyjar eru í Þjórsá.

Þinghóll (dómhringur), 13 m í þvermál, er sýnilegur í Árnesi, en hann er óhefðbundinn og kann að hafa verið fjárgirðing. Engin merki hafa fundist um þingbúðir í Árnesi, en liðlega 3 km leið er á milli Árness og Búða. Við Búða eru sýnileg mannvirki sem líkjast mjög hefðbundnum þingbúðum og teiknaði Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur á sínum tíma upp um 30 búðir við Búða. Fleiri tóftir eru ógreinilegar og í ritgerð sinni um Árnesþingstað telur Ólafur Briem að þær séu alls 40 og flestar stórar, um 15 x 7 metrar. Enn sér fyrir fornum reiðslóðum á dældunum við Búða en enginn vegur er í námunda. Bæði austan og vestan við Búða eru jarðsögulega merkilegar melöldur sem nefndar eru Búðaröð og marka frambrún jökuls í kuldakasti sem nefnt er Búðaskeið. Þar sem Þjórsá sker melölduna heitir Búðaberg. Skammt þaðan hafa jökulöldurnar myndað tvær dældir, sléttar í botninn, en enginn veit hvor þeirra var sjálfur þingstaðurinn.

Full ástæða er til og löngu tímabært að gera ítarlegar rannsóknir með uppgreftri fornleifafræðinga bæði í Árnesi og við Búða. Með ólíkindum má telja að þessum sögustöðum tveimur hafi enginn sómi verið sýndur í tímans rás þrátt fyrir að sýnilegar fornar rústir séu á báðum stöðum. Það er ekki einleikið að láta það viðgangast lengur að gera ekki gangskör að uppgreftri og rannsóknum á þessum fornu sögustöðum sem Árnessýsla dregur nafn sitt af. Sýsla þessi hýsir einhver mestu hlunnindi og náttúruperlur landsins, Þingvelli, Gullfoss, Geysi og Skálholt, svo að eitthvað sé nefnt. Það er spennandi verkefni að sem fyrst að loknum fornleifarannsóknum verði mannvirki þau sem tengjast þingstað og búðum endurgerð. Það er skylda við sögu Íslands og ekki síst sögu Árnessýslu.

333. Tillaga til þingsályktunar [290. mál]

um málshöfðun og skaðabótakröfu á hendur breska ríkinu, Atlantshafsbandalaginu og Evrópusambandinu vegna beitingar hryðjuverkalaga.

Flm.: Árni Johnsen, Guðlaugur Þór Þórðarson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að höfða mál á hendur breska ríkinu vegna hryðjuverkalaganna sem beitt var gegn Íslendingum við bankahrunið og gegn Atlantshafsbandalaginu og Evrópusambandinu fyrir afskiptaleysi þeirra. Ríkisstjórnin krefjist skaðabóta að fjárhæð 11.000 milljarðar kr. vegna áhrifa af beitingu hryðjuverkalaganna fyrir sjálfstæði Íslands, virðingu, efnahag og ímynd þjóðarinnar á alþjóðavettvangi.

Greinargerð.

Nýlega hafa Bretar lýst því yfir að þeir muni aldrei aftur bregðast við með þeim hætti sem þeir gerðu með beitingu hryðjuverkalaganna gegn Íslandi á afar erfiðum og viðkvæmum tíma þar sem heimurinn hvolfdist yfir litla þjóð sem bar enga ábyrgð á efnahagshruni hins vestræna heims, hvorki Evrópu né Ameríku. Með þessu eru Bretar að viðurkenna formlega á sig skömmina, ævarandi skömm fyrir stórveldi gegn litlu sjálfstæðu ríki. Beiting hryðjuverkalaganna gegn Íslendingum er einsdæmi í samskiptum þjóðanna sem á margan hátt hafa verið og eru samherjar. Auk frystingar á eðlilegu fjármagnsstreymi til Íslands í gegnum banka á alþjóðavettvangi var gengið svo langt að skipa „bræðraþjóðum Íslendinga“, Norðurlandaþjóðunum, að hunsa allar óskir Íslendinga og taka þannig að sér eins konar handrukkarahlutverk fyrir Breta og Hollendinga vegna Icesave-innlánsreikninganna. Íslenskum athafnamönnum sem stunda rekstur og viðskipti í Evrópu, Ameríku, Asíu og víðar hefur verið settur stóllinn fyrir dyrnar af því að þeir eru Íslendingar að uppruna en tengjast í engu fjármálafíkn og ránum íslenskra bankamanna í einkarekstri. Ímynd Íslands hefur beðið mikinn hnekki og það er mikil vinna og kostnaðarsöm að vinna aftur upp stöðu Íslands. Lítil þjóð sem er beitt ofbeldi á alþjóðavettvangi á að láta heyra í sér, mótmæla og beita fyrir sig rökum og sanngirni. Það er lágmark.

Auðvitað áttu íslensk stjórnvöld að bregðast mjög ákveðið við þegar hryðjuverkalögunum var beitt gegn Íslandi og fléttunni um að Íslendingar sem þjóð bæru ábyrgð á einkarekstri umfram öll önnur Evrópuríki. Það var ekki gert og sýndi mikið geðleysi og metnaðarleysi af hálfu stjórnvalda. En skaðinn er ekki bættur og engin merki á lofti um það verði gert.

Þess vegna er einboðið að ríkisstjórn Íslands kæri Breta í hlutverki gerandans og Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið vegna afskiptaleysis þegar árás var gerð á samherja. Það er kjörorð bandalagsins að árás á eina Nató-þjóð sé árás á þær allar, einn fyrir alla, allir fyrir einn. Þetta gilti ekki um Ísland sem er fullgilt aðildarríki og þegar búið var að beygja til hlýðni bæði Norðurlandaþjóðirnar og Pólverja sem vildu sýna Íslendingum vinsemd og stuðning þá stóðu Íslendingar uppi með stuðning og traust einnar þjóðar á jörðinni, Færeyinga. Stuðningur Færeyinga er til lengri tíma litið mikilvægari fyrir Ísland en stuðningur allra stórþjóða heimsins, því afstaða Færeyinga byggist á vinarþeli, tryggð, hjálpsemi og virðingu. Þannig getur lítil þjóð staðið hnarreist í ölduföldum alþjóðasamfélagsins og drottnunarhyggjunnar.

Það er eðlilegt að ríkisstjórn Íslands krefjist skaðabóta af hálfu Breta vegna beitingar hryðjuverkalaganna og afleiðinga þeirra fyrir Ísland upp á 10.000 milljarða ísl. kr. og krefji Atlantshafsbandalagið um 500 milljarða ísl. kr. og Evrópusambandið um 500 milljarða ísl.

kr. vegna afskiptaleysis þeirra tveggja síðastnefndu gagnvart samherjum sínum. Þetta er lág krafa með tilliti til umfangs tjónsins.

334. Tillaga til þingsályktunar [291. mál]

um Íslandssögukennslu í framhaldsskólum.

Flm.: Árni Johnsen, Ólöf Nordal, Sigurður Ingi Jóhannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að endurskoða nú þegar námsskrár framhaldsskóla. Vægi Íslandssögu verði eflt til muna bæði hvað varðar námsefni og námstíma. Þær forsendur verði lagðar til grundvallar að afar mikilvægt sé að íslensk ungmenni alist upp við góða þekkingu á sögu þjóðar sinnar, hefðum og tilþrifum til lands og sjávar.

Greinargerð.

Íslendingar eiga undir högg að sækja í aukinni samkeppni á alþjóðavettvangi sem sjálfstæð þjóð og hvað varðar menningarlega, atvinnulega og markaðslega ímynd Íslands. Sögukennsla í framhaldsskólum var skorin niður við trog við gerð síðustu námsskrár og nánast þurrkuð út á sumum námsbrautum. Áföngum var slegið saman. Þannig er mannkynssaga og Íslandssaga frá upphafi fram til um 1800 kennd í einum sex eininga áfanga sem Íslands- og mannkynssaga. Ef bæta á söguþekkingu ungs fólks þarf að auka vægi sögukennslu á öllum námsbrautum. Fjölga þarf kjarnaáföngum í sögu, skipta sögunni meira niður en nú er gert og auka val. Einnig þarf að útbúa fjölbreyttara námsefni, heimildasöfn er henta skólum og myndefni úr sögunni er fellur vel að lengd kennslustunda. Mikill skortur er á slíku kennsluefni, sérstaklega um Ísland.

Þeim fer mjög fjölgandi dæmunum bæði í útvarpi og sjónvarpi og ekki síst á samskiptasíðum á netinu þar sem afhjúpast miklar gloppur í sögukunnáttu ungs fólks á Íslandi. Er þar um að ræða beina vanþekkingu á atriðum og þáttum sem ættu að eiga fastan bústað í brjósti hvers Íslendings.

335. Tillaga til þingsályktunar [292. mál]

um úttekt á aðgengi sjómanna að þjónustustarfsemi opinberra aðila og almennu menningar- og tómstundalífi.

Flm.: Árni Johnsen, Ólöf Nordal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Jón Gunnarsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ásbjörn Óttarsson, Eygló Harðardóttir, Vigdís Hauksdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Birkir Jón Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skipa nefnd þingmanna og hagsmunaaðila til þess að gera úttekt á aðgengi sjómanna að þjónustustarfsemi opinberra aðila og almennu menningar- og tómstundalífi. Nefndin geri tillögur að úrbótum eða ívilnunum til sjómanna í þeim tilgangi að bæta þeim upp þann missi eða skerðingu á gæðum er þeir verða fyrir vegna einangrunar frá lífinu í landi.

Greinargerð.

Öll starfsemi í landinu á sviði opinberrar þjónustu, menningar og tómstunda, miðast í raun við að landkrabbar hafi gagn af henni. Er það í raun með ólíkindum hve lítið tillit er tekið til takmarkaðra möguleika sjómanna til þess að nýta sér framangreinda starfsemi enda eru þeir eðli málsins samkvæmt fjarri vettvangi daglegs lífs í landi í þeim tilgangi einum að afla björg í bú fyrir landsmenn alla. Fiskveiðar við strendur Íslands skapa um 60% af tekjum þjóðarinnar og eru þær því ein helsta undirstaða velferðar- og menningarsamfélags okkar. Íslendingar eru eina sjálfstæða fiskveiðiþjóðin í Evrópu og eru fiskveiðar sú atvinnugrein sem skilar mestum tekjum fyrir þjóðarbúið. Sjómenn hafa verið mjög afskiptir við uppbyggingu þessa kerfis en nútímakröfur og tækni kalla á breytta hætti í þeim efnum. Í ríkari mæli verða sjómenn að sitja við sama borð og aðrir landsmenn hvað varðar aðgengi að þjónustu og menningu.

Eini virðingar- og þakklætisvotturinn sem ríkisstjórn Íslands hefur sýnt sjómönnum undanfarin missiri er afnám sjómannaafsláttar. Sjómannaafsláttur var þó lægstur hérlendis af öllum fiskveiðiþjóðum Evrópu og margfalt lægri en meðal sumra nágrannaþjóða okkar og á tekjuárinu 2010 nemur afslátturinn um 987 kr. á dag. Flestar aðrar stéttir á Íslandi eiga rétt á greiðslu dagpeninga ellegar skattaafsláttar vegna vinnu fjarri heimili.

Starfsvettvangur sjómanna verður líklega seint tengdur vegakerfinu á landi. Nútímatækni skapar sjómönnum marga möguleika til þess að geta í ríkari mæli notið lífsins gæða í landi, bæði beint og óbeint. Til þess að svo geti orðið þarf þó ugglaust að taka tillit til sjómanna til að mynda hvað varðar gervihnattatengingar og upptökur á efni leikhúsanna, tónleikum og öðru efni. Yrði slík myndvinnsla á sama tíma til þess að mikil sögu- og menningarleg verðmæti væru fest á filmu til varðveislu og skoðunar í söfnum þjóðarinnar. Mætti því segja að með því móti væru tvær flugur slegnar í einu höggi.

Fjöldi íslenskra sjómanna hleypur á þúsundum og eiga þeir jafn mikinn rétt og aðrir á því að vera ekki eins og utangarðsmenn þegar kemur að neyslu á menningu og þjónustu í þeirra eigin landi. Þessu þarf að breyta til betri vegar og það á að vera metnaður Íslendinga að búa allra þjóða best að sjómönnum sínum.

336. Tillaga til þingsályktunar [293. mál]

um samanburðarrannsókn á túlkun reglna EES-samningsins er varða viðskipti, samkeppni og styrkjakerfi í iðnaði, landbúnaði og öðrum atvinnugreinum.

Flm.: Árni Johnsen, Tryggvi Þór Herbertsson, Jón Gunnarsson, Ásbjörn Óttarsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Sigurður Ingi Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela efnahags- og viðskiptaráðherra að hlutast nú þegar til um gerð ítarlegrar samanburðarrannsóknar á túlkun íslenskra stjórnvalda og túlkun stjórnvalda annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu á matskenndum reglum EES-samningsins er varða viðskipti, samkeppni og styrkjakerfi í iðnaði, landbúnaði og öðrum atvinnugreinum. Lagt verði mat á hvort túlkun íslenskra stjórnvalda íþyngi eða hafi íþyngt einkaaðilum í meira mæli en gengur og gerist meðal stjórnvalda annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá verði einnig lagt mat á hvort íslenskir handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds nýti almennt eða hafi nýtt þær undanþágur frá reglum EES-samningsins sem landinu standa eða hafa staðið til boða í ljósi sérstöðu þess.

Ráðherra útbýti niðurstöðum rannsóknarinnar á Alþingi þá þegar er þær liggja fyrir.

Eins fljótt og verða má skal stjórnarráð Íslands tryggja að túlkun íslenskra stjórnvalda á reglum EES-samningsins samræmist því sem viðtekið telst meðal annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins með hagsmuni íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.

Greinargerð.

Reynslan hefur sýnt að íslenskir embættismenn hafa oft og tíðum túlkað regluverk EES-samningsins er varðar styrkjakerfi, samkeppni og fleiri þætti með mun strangari hætti en gerist í öðrum löndum sem eiga beina eða óbeina aðild að samningnum. Telja verður að Íslendingar hafi þannig sjálfir verið kaþólskari en páfinn í þessum efnum til mikils óhagræðis fyrir Ísland á margan hátt. Á þetta m.a. við hvað varðar reglur sem gilda um iðnað, flugrekstur, viðskipti og marga aðra þætti. Til að mynda hafa ýmis Evrópuríki styrkt hafnargerð og upptökumannvirki skipa verulega en túlkun íslenskra embættismanna er sú að slíkt sé stjórnvöldum með öllu óheimilt. Túlkun íslenskra embættismanna hefur m.a. haft í för með sér margfalda hækkun á rekstrarkostnaði lítilla flugvéla án nauðsynjar. Í mörgum tilvikum getur túlkun reglna miðast við aðstæður í hverju samningslandi fyrir sig. Fram hjá slíku hafa íslensk stjórnvöld í sumum tilvikum horft og má sem dæmi nefna reglugerðarákvæði sem gilda um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum, upptökumannvirki í höfnum landsins o.fl.

Mjög aðkallandi er að gera nú þegar úttekt á þessu og auglýsa eftir aðilum sem á hefur brunnið og vinna að því að afturkalla það sem úrskeiðis hefur farið.

Ekki gengur án skoðunar að innleiða og taka til notkunar reglur sem hafa hamlandi áhrif, eru kostnaðarsamar og geta ráðið úrslitum um möguleika ákveðinna greina til áframhaldandi starfa. Íslenska stjórnkerfið mun reyna að verja mistök sín í mörgum tilfellum, en þeim mun meiri áherslu þarf að leggja á að slíkt muni ekki líðast. Frekar en að eyðileggja rekstrarmöguleika ákveðinna fyrirtækja eða starfsemi verða embættismenn að brjóta odd af oflæti sínu og viðurkenna mistök, en sæta ella stjórnsýsluviðurlögum.

Margt er vandmeðfarið í EES-samstarfinu, til að mynda þættir er varða samskipti við ESA, Eftirlitsstofnun EFTA. ESA er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag. Ef upp koma

vafamál er það viðtekin venja hjá ESA að láta stofnunina njóta vafans en ekki aðila málsins. Er líkleg ástæðan þess sú að ef ESA yrði dæmd skaðabótaskyld þyrfti stofnunin að greiða skaðabætur af sínu eigin rekstrarfé og draga þá úr starfseminni eða segja upp fólki. ESA hefur ekki ávallt unnið í nafni réttlætis við túlkun EES-reglna. Réttlætið takmarkast við það fjármagn sem ESA telur ástæðu til að hætta hverju sinni þegar tekin er afstaða til deilumála.

337. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2010.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Á undanförnum tveimur áratugum hefur Ríkisendurskoðun gagnrýnt framkvæmd fjárlaga og bent á ýmsa misbresti í fjárlagagerðinni. Hefur stofnunin þannig ítrekað bent á að almennt agaleysi hafi verið í rekstri fjölmargra stofnana sem og að bindandi fyrirmæli fjárlaga hafi ekki verið virt. Hefur stofnunin því hvatt til þess að ábyrgð ráðuneyta á fjárreiðum ríkisstofnana verði gerð afdráttarlaus í gildandi lögum og reglum. Í skýrslu sinni fyrir fyrstu átta mánuði ársins 2010 gagnrýnir Ríkisendurskoðun harðlega að enn fari stofnanir umfram heimildir í rekstri sínum og að enn vanti upp á að rekstraráætlanir stofnana hafi verið samþykktar eða færðar inn í kerfið.

Annar meiri hluti tekur undir með Ríkisendurskoðun um að gera verði skýlausa kröfu til ráðuneyta að stofnanir sem undir þau heyra séu reknar innan fjárheimilda. Taka þurfi á uppsöfnuðum halla stofnana með afgerandi hætti annaðhvort með kröfu um samdrátt í rekstri þeirra eða þannig að þær fái nægar fjárheimildir. Nýleg dæmi sem komið hafa upp um afleiðingar slælegs eftirlits í einstökum málum eru til vitnisburðar um að efla þarf eftirlit með umsýslu opinbers fjár.

Ekki hefur verið tekið tillit til ábendinga Ríkisendurskoðunar um aukið eftirlit með þeim fjármunum sem Alþingi úthlutar og eftirfylgni með fjárreiðum ríkisins og áætlanagerð hefur ekki tekið miklum breytingum síðastliðin tvö ár. Engin lög hafa verið sett til að styrkja eftirlitið utan heimilda sem Ríkisendurskoðun fékk til að afla skýrslna fyrir fjárlaganefnd með lögum nr. 56/2009 og með þingsályktunartillögu frá 11. júní sama ár þar sem Ríkisendurskoðun er heimilt að veita fjárlaganefnd Alþingis aðgang að þeim gögnum sem hún aflar eða leggja fram skýrslu. 2. minni hluti bendir því á að langur vegur er frá því að Alþingi geti rækt eftirlitshlutverk sitt með skýrum hætti og þann þátt stjórnkerfisins verður að styrkja.

Annar minni hluti gagnrýnir að ríkisstjórnin virðist ekki fylgja langtímaáætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á árunum 2009–2013 sem Alþingi hefur samþykkt. Þar er kveðið á um með hvaða hætti ætlast er til að ríkisstjórnin og þingið vinni. Þar kemur m.a. fram: „Einstakir ráðherrar geri ekki samkomulög eða gefi yfirlýsingar sem feli í sér útgjaldaskuldbindingar af hálfu ríkisins nema gert hafi verið sérstaklega ráð fyrir því í fjárheimildum gildandi fjárlaga og fjármálaráðherra hafi fallist á skuldbindinguna.“ Rík samstaða hefur ríkt um það frá því að bankarnir féllu haustið 2008 að auka agann í ríkisfjármálum og auknar heimildir Ríkisendurskoðunar til gagnaöflunar sýna að okkur miðar í rétta átt. Því harmar 2. minni hluti að í fjáraukalagafrumvarpinu komi fram fjölmörg dæmi um að ráðherrar geri samkomulög eða gefi út yfirlýsingar sem fela í sér útgjaldaskuldbindingar án þess að gert hafi verið ráð fyrir þeim fjárheimildum fjárlaga.

Gjaldahlið.

Í fjárlögum var gert ráð fyrir að heildargjöld A-hluta ríkissjóðs á tímabilinu janúar til ágúst 2010 yrðu 379 milljarðar kr. Raunin varð 354 milljarðar kr. sem er 25 milljörðum kr. undir áætlun tímabilsins. Hið hagstæða frávik skýrist að verulegu leyti af lægri vaxtagjöldum en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í fjárlögum 2010 var gert ráð fyrir að vaxtagjöld næmu 94,3 milljörðum kr. en við aðra umræðu um fjáraukalagafrumvarpið er gert ráð fyrir að þau nemi 70,3 milljörðum kr. og hafa þau því lækkað um 24 milljarða. kr. Að mati 2. minni hluta er stór hluti af skýringunni ónákvæmni í áætlanagerð fjármálaráðuneytisins, m.a. í minni lántökum frá samstarfsþjóðum í efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en ráð var fyrir gert. Þá koma til uppkaup á erlendum skuldum ríkissjóðs fyrir gjalddaga sem ekki virðist hafa verið gert ráð fyrir í áætlunum. Auk þess hefur gengi íslensku krónunnar styrkst og við það lækka erlendar skuldir. Á móti þessum lækkunum koma aukin vaxtagjöld vegna skuldabréfs sem ríkissjóður gaf út í evrum við kaup á bréfum Avens B.V.

Við fall bankanna kom í ljós að ríkissjóður bar enn ábyrgð á skuldum sem einkabankarnir yfirtóku við einkavæðingu þeirra. Í fjáraukalagafrumvarpinu þarf að hækka fjárheimild Ríkisábyrgðasjóðs um ríflega 1 milljarð kr. vegna afborgana og vaxta lána sem voru með ábyrgð ríkisins í lánasöfnum föllnu bankanna þriggja. Því kemur það mjög á óvart að svo virðist sem milljarðar króna kunni að falla á ríkissjóð vegna þessa. 2. minni hluti telur mikilvægt að upplýst verði sem fyrst um fjárhæð þeirra heildarkrafna sem ríkissjóður mun yfirtaka vegna þessa en ríkissjóður hefur greitt af lánunum frá því að bankarnir féllu árið 2008. Mun 2. minni hluti fjalla nánar um þessi mál við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Þá bendir 2. minni hluti á að í frumvarpinu er óskað eftir 50 millj. kr. greiðsluheimild vegna eftirlaunaskuldbindinga fyrrverandi starfsmanna Landsbanka Íslands hf. Samkvæmt lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, ber ríkissjóður ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum Landsbanka Íslands gagnvart tilteknum fyrrverandi starfsmönnum bankans, bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og mökum þeirra, sem nutu eftirlaunaréttinda með beinum eftirlaunasamningum við bankann við hlutafélagavæðingu hans. Eftir fall Landsbanka Íslands lítur fjármálaráðuneytið svo á að eftirlaunakrafa einstakra aðila sem nutu áframhaldandi eftirlaunagreiðslna sé framseld ríkissjóði, sem mun lýsa kröfunni við slitameðferð Landsbanka Íslands hf. Er ljóst að hér er um verulegar skuldbindingar að ræða og að óvissa ríkir um uppgjör þeirra gagnvart þrotabúi bankans.

Í fjáraukalagafrumvarpinu er gert er ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs lækki um ríflega 2,5 milljarða kr. frá forsendum fjárlagafrumvarps vegna minna atvinnuleysis en spáð var. Útgjöld vegna lífeyristrygginga hafa reynst mun lægri en áætlað var og liggur skýringin m.a. í betri lífeyrisréttindum en gert var ráð fyrir. Einnig hafa fjármagnstekjur ellilífeyrisþega lækkað greiðslur samkvæmt reglum þar um. Loks má nefna að bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð hafa lækkað verulega.

Tekjuhlið.

Í fjárlögum 2010 var gert ráð fyrir 98,8 milljarða kr. halla á rekstri ríkissjóðs en við aðra umræðu um frumvarp til fjáraukalaga 2010 er hallinn kominn niður í 58,1 milljarð kr. og hefur því lækkað um 40,7 milljarða kr. Í fljótu bragði virðist hafa náðst mjög góður árangur í fjármálastjórn ríkisins. En þegar betur er að gáð skýrist allt of stór hluti árangursins af einskiptisaðgerðum. Má þar fyrst nefna Avens-snúninginn svokallaða en í honum felst samkomulag milli Seðlabankans og lífeyrissjóðanna um kaup á íbúðabréfum. Forsaga málsins er í stuttu máli sú að í maí sl. gerði ríkissjóður samkomulag við Seðlabankann í Lúxemborg

um kaup á þessum bréfum þar sem að baki voru aðallega íbúðabréf en einnig ríkisbréf og reiðufé. Greiddi ríkissjóður fyrir þessar eignir með skuldabréfi að fjárhæð 401,5 milljónir evra, jafngildi um 64 milljarða kr., auk 35 milljóna evra og 5 milljarða kr. í reiðufé. Með kaupunum tryggði ríkissjóður sér full yfirráð yfir eignum Avens B.V. sem var stærsti einstaki eigandi krónueigna utan Íslands en krónueignir félagsins námu um fjórðungi allra krónueigna erlendra aðila. Bókfærðar tekjur ríkissjóðs vegna samkomulagsins nema um 17,5 milljörðum kr. Í öðru lagi var ekki gert ráð fyrir sölu sendiherrabústaðar í London að fjárhæð 1,7 milljarðar kr. Alls skila þessar tvær aðgerðir 19,2 milljarða kr. tekjum til ríkissjóðs sem ekki var gert ráð fyrir í áætlunum fjárlaga. Í þessu sambandi gagnrýnir 2. minni hluti að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að keyptur verði sendiherrabústaður í London fyrir 835 milljónir kr. í stað þess sem seldur var og að til viðhalds hans verði varið milljónum króna. Telur 2. minni hluti að ekki eigi að kaupa nýjan bústað á meðan verið er að skera niður fjárframlög til grunnstoða samfélagsins.

Annar minni hluti lýsir yfir áhyggjum af því að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga og staðgreiðslu hafa lækkað um 5,1 milljarð kr. frá áætlunum fjárlaga. Minnkandi kaupmáttur getur valdið meiri samdrætti í efnahagslífinu en orðið er. Er í þessu sambandi lýst yfir áhyggjum af því hve mikið fjárfesting hefur minnkað eða um 19,3% frá forsendum fjárlaga.

Alþingi, 24. nóv. 2010.

Höskuldur Þórhallsson, frsm. Þór Saari.

338. Svar [116. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um sérfræðingahóp um vanda lántakenda vegna verðtryggingar.

1. *Hvað réð skipun hóps sérfræðinga sem Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, fól 27. október 2008 að skoða hvort og hvaða leiðir væru færar til að bregðast við vanda lántakenda vegna verðtryggingar, en í hópnum voru Gylfi Arnbjörnsson, hagfræðingur og formaður Alþýðusambands Íslands, sem var formaður hópsins, Þorkell Helgason stærðfræðingur, Vilborg Helga Júlíusdóttir hagfræðingur, Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur og Ragnar Önundarson viðskiptafræðingur, auk starfsmanns, sem var Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneytinu?*

Í kjölfar þeirra atburða sem áttu sér stað í byrjun október 2008 skipaði ráðherra starfshóp sem fékk það verkefni að fjalla um möguleg úrræði ríkisvaldsins til þess að auðvelda heimilunum í landinu að bregðast við versnandi ástandi efnahagsmála. Starfshópurinn var skipaður í samráði við formenn þingflokka ríkisstjórnarinnar og í honum sátu Guðbjartur Hannesson og Steinunn Valdís Óskarsdóttir fyrir hönd Samfylkingarinnar, Ólöf Nordal og Ármann Kr. Ólafsson fyrir hönd Sjálfstæðisflokks og Hrannar Björn Arnarson, þáverandi aðstoðarmaður ráðherra, sem jafnframt var formaður hópsins. Í minnisblaði ráðherra til ríkisstjórnar Íslands 21. október 2008 koma fram tillögur hópsins um húsnæðismál einstaklinga. Þar var m.a. lagt til að starfshópur yrði skipaður til að móta tillögur um hvernig bregðast ætti við vanda lántakenda vegna verðtryggingar. Í kjölfar þess var umræddur starfshópur skipaður.

2. *Hvernig var valið í hópinn?*
Við skipun nefndarmanna var litið til þess að velja þá einstaklinga sem töldust hafa besta menntun og reynslu sem nýst gætu í starfinu.

3. *Hefur hópurinn lokið störfum og ef svo er, hvenær?*
Hópurinn lauk störfum í nóvember 2008.

4. *Hefur hópurinn skilað niðurstöðum og ef svo er, hvar er þær að finna og hverjir voru helstu áherslupunktarnir um leiðir til að bæta úr vanda lántakenda vegna verðtryggingar?*
Starfshópurinn skilaði tillögum með minnisblaði til ráðherra 7. nóvember 2008 þar sem lagt var til að úrræði laga nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, yrðu endurvakin og þeim beitt, með nauðsynlegum breytingum til að mæta misgengi á tekjum einstaklinga og greiðslubyrði verðtryggðra fasteignaveðlána. Ráðherra lagði fram frumvarp þess efnis á Alþingi 17. nóvember 2008 og Alþingi samþykkti frumvarpið sem lög nr. 133/2008, um breytingu á lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, með síðari breytingum. Minnisblað starfshópsins er fylgiskjal með frumvarpinu sem varð að þeim lögum, þskj. 185 í 159. máli á 136. löggjafarþingi 2008–2009.

339. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2010.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Heildarafkoma ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu er til muna betri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Ástæða er til að leggja áherslu á að bætt afkoma skýrist nær eingöngu af óreglulegum liðum, þ.e. tekjum og gjaldalækkunum sem ekki var gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga ársins 2010. Helstu frávik stafa af lægri vaxtagjöldum að fjárhæð um 24 milljarðar kr. og sölu eigna um 19,2 milljarðar kr. Þar er annars vegar um að ræða einskiptis tekjur af sölu sendiherrabústaðar í London að fjárhæð 1,7 milljarðar kr. og tekjur af svokölluðu Avenssamkomulagi að fjárhæð 17,5 milljarðar kr. Ekki var gert ráð fyrir þessum tekjum í forsendum fjárlaga.

Komið er í ljós að forsendur fjárlaga varðandi hagvöxt á árinu 2010 voru óraunhæfar eins og 1. minni hluti hélt fram við fjárlagagerð ársins. Endurskoðuð þjóðhagspá um efnahagshorfur næsta árs kollvarpa forsendum um hagvöxt í fjárlagafrumvarpi 2011. Framangreind atriði ber að hafa í huga þegar tekist er á við það verkefni að ná markmiðum um heildarjöfnuð í ríkisfjármálum á árinu 2013.

Fjárheimildir 2010 á rekstrargrunni breytast samkvæmt frumvarpinu í samræmi við eftirfarandi töflu:

M.kr.

	Fjárlög	Frumvarp til 2. umræða um fjáraukalaga	fjáraukalög	Samtals
Tekjur	461.881,3	8.872,6	6.938,0	477.691,9
Gjöld	560.724,3	-19.537,5	-5.403,5	535.783,3
Samtals:	**-98.843,0**	**28.410,1**	**12.341,5**	**-58.091,4**

Fjárheimildir stofnana.

Mun færri stofnanir voru reknar umfram fjárheimildir á tímabilinu en á sama tímabili undanfarin ár og er það ánægjuleg breyting til batnaðar. Þó er töluverður fjöldi stofnana enn í verulegum vanda, ekki síst vegna uppsafnaðs halla fyrri ára. Ráðuneytin hafa tekið upp nýtt verklag við meðferð uppsafnaðs halla sem felst í því að gefa stofnunum lengri frest til að vinna á honum og hafa því samþykkt verulegan fjölda rekstraráætlana sem ekki rúmast innan fjárheimilda. Um er að ræða tíu stofnanir og rauði þráðurinn í skýringum ráðuneytanna á þessu háttalagi er sá að umræddar stofnanir og viðkomandi ráðuneyti telja ekki raunhæft að stofnanirnar geti unnið á uppsöfnuðum halla fyrri ára. 1. minni hluti áréttar að þetta verklag brýtur í bága við lög og reglur.

Í umræðum á Alþingi um fjáraukalög fyrir árið 2009 og fjárlagafrumvarp fyrir árið 2010 benti 1. minni hlutinn margoft á að verulegur fjöldi ríkisstofnana ætti við fjárhagsvanda að etja. Ekki var tekið tillit til þeirra ábendinga og fremur kosið að slá þeim vanda á frest og dylja þannig aukinn halla á fjárlögum ársins. Af þessum stofnunum glímdi Landspítalinn við mestan vanda þar sem uppsafnaður halli hans nam þá um 2,8 milljörðum kr. í árslok 2009. Heilbrigðisráðuneytið, með leyfi fjármálaráðuneytisins, lánaði Landspítalanum fyrir uppsöfnuðum halla með ákveðnum skilyrðum. 1. minni hluti bendir á að slíkar lánveitingar eru óheimilar þar sem fjárreiðulögum hefur ekki verið breytt í þessa veru.

Þá tíðkast ekki að stofnanir beri vaxtakostnað af halla sem ríkissjóður fjármagnar og skekkir það rekstur þeirra í samanburði við aðrar stofnanir. Stjórnvöld verða að huga betur að samhengi hlutanna við gerð fjárlaga fyrir næsta ár. Gleggsta dæmi á síðari árum um nauðsyn þess að breyta um verklag eru hinar vanhugsuðu tillögur í fjárlagafrumvarpi ársins 2011 varðandi niðurskurð í heilbrigðisstofnunum úti á landi sem mun skapa vanda hjá Landspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Óhjákvæmilega mun kostnaður þar aukast þegar sjúklingum fjölgar. Að óbreyttu mun því ekki hægt að sakast við þessar stofnanir að ári liðnu þegar bæta þarf þeim auknar komur sjúklinga á fjáraukalögum á næsta árs.

Í frumvarpinu er enn farin sú leið að auka útgjaldaheimildir nokkurra almennra fjárlagaliða ríkissjóðs umfram það sem gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Hluti þeirra breytinga sem meiri hluti nefndarinnar leggur til og fram koma í frumvarpinu benda því miður til að enn séu nokkur lausatök á fjármálastjórn ríkisins.

Þjóðhagsforsendur og skatttekjur.

Fyrsti minni hluti benti á við fjárlagagerð 2010 að þær efnahagsforsendur sem gengið var út frá væru afar veikar. Þannig var bent á að fyrirhugaðar skattahækkanir mundu draga kraft úr einstaklingum og fyrirtækjum sem aftur kæmi fram í minni eftirspurn og minni hagvexti. Því miður reyndust þessi varnaðarorð réttmæt. Hagvöxtur varð þannig minni en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Helstu frávik eru að fjárfesting hefur minnkað á milli ára um 14,5% en gert var ráð fyrir að hún ykist um 4,8%. Fjárfesting leggur grunninn að hagvexti framtíðarinnar og því er um alvarlega þróun að ræða. Jafnframt er samdráttur í kaupmætti áhyggju-

efni því öflugur kaupmáttur er ein af forsendum hagvaxtar. Samkvæmt frumvarpinu og breytingartillögum meiri hlutans aukast tekjur um 15,8 milljarða kr. Hefði eignasala ekki komið til hefðu tekjur dregist saman um 3,4 milljarða kr. Það sem einkum veldur áhyggjum og skýrir þennan samdrátt er að skattar á tekjur og hagnað einstaklinga lækka um 4,6 milljarða kr. frá forsendum fjárlaga þrátt fyrir minna atvinnuleysi en gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

Í ljósi nýrrar þjóðhagsspár um efnahagshorfur á þessu og næsta ári má ljóst vera að stjórnvöld hafi farið út á ystu nöf í fjárlögum ársins 2010 til að láta enda ná saman í ríkisfjármálum.

Helstu frávik gjalda.

Í A-hluta fjárlaga fjárlaga eru 438 fjárlagaliðir og hefur fjáraukalagafrumvarpið áhrif á 94 þeirra. Fyrir utan lækkun vaxtagjalda hækka útgjaldaheimildir ríkisins um 764 millj.kr. Við þetta bætast síðan breytingartillögur við frumvarpið. Er í þessu sambandi horft fram hjá lækkun vaxtagjalda. Einnig lækka fjárheimildir nokkurra liða félags- og tryggingamálaráðuneytisins verulega umfram áætlun fjárlaga.

Ríkisendurskoðun mun fjalla um launagjöld stofnana árið 2009 í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings sem væntanleg er á næstu vikum. Þess má þó geta að ljóst er að ráðuneytin hafa framfylgt tilmælum stjórnvalda um almenna launalækkun ríkisstarfsmanna með heildarlaun umfram 400 þús. kr. með afar mismunandi hætti.

Vaxtagjöld.

Vaxtagjöld verða um 24 milljörðum kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir og nemur frávikið um 25%. Ástæður þessarar lækkunar vaxtagjalda liggja að stærstum hluta í því að ríkissjóður tók minna að láni frá samstarfsþjóðum Aljóðagjaldeyrissjóðsins en gert var ráð fyrir. Enn fremur er um að ræða uppkaup erlendra skulda ríkissjóðs á markaði. Þá lækkar styrking krónunnar erlendar skuldir. Með ólíkindum er að áætlanir í þessa veru hafi ekki legið fyrir við afgreiðslu fjárlaga ársins 2010 og sú óvissa sem þetta frumvarp endurspeglar varðandi þennan lið fjárlaga dregur fram mikla veikleika í skuldastýringu og áætlanagerð ríkissjóðs.

Bótaflokkar.

Samkvæmt frumvarpinu og breytingartillögum meiri hlutans verða verulegar breytingar á tilfærslugjöldum undir liðunum „Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð“ og „lífeyristryggingar“. Samtals nema þær rúmum 6,2 milljörðum kr. á bótagreiðslum úr ríkissjóði. Útgjaldalækkunin nemur tæplega 4 milljörðum kr.

Lækkun bóta vegna laga um félagslega aðstoð nemur tæplega 1,5 milljörðum kr. Lífeyristryggingar lækka um ríflega 2 milljarða kr. Sértekjur vegna greiðslna frá vistmönnum fyrir dvöl á öldrunarstofnunum hækka um 557 millj. kr. en einungis var gert ráð fyrir 373 millj. kr. tekjum vegna þessa.

Þessar miklu og margvíslegu breytingartillögur vekja upp spurningar varðandi gæði þeirra ákvarðana sem teknar eru við fjárlagagerð og lúta að samspili bótaflokka, bótafjárhæða, skerðingarákvæða og aðstæðna bótaþega. Draga má í efa að þær forsendur sem liggja til grundvallar séu nægilega traustar og því hafi áhrif af skerðingum á bótum til elli- og örorkulífeyrisþega verið mun meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

Leggur 1. minni hluti sérstaka áherslu á að farið verði vel yfir þessi mál.

Atvinnuleysistryggingar.

Útgjöld vegna atvinnuleysistrygginga lækka um tæplega 2,6 milljarða kr. Samkvæmt lögum um tryggingargjald er ákveðnum hluta þess ætlað að standa undir greiðslu í Atvinnuleysistryggingasjóð. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir lækkun innheimtu gjaldsins þrátt fyrir lægri útgjöld sjóðsins. Að óbreyttu er því hér um viðbótarskattheimtu að ræða sem mun draga úr getu fyrirtækja til fjárfestinga og vinnur því gegn nauðsynlegum hagvexti.

Vaxtabætur.

Vaxtabætur aukast um 1,7 milljarða kr. Þessi veikleiki í forsendum fjárlaga er talinn skýrast aðallega af vanmati á áhrifum af því að skuldir heimilanna hafa farið vaxandi á sama tíma og tekjur þeirra hafa lækkað.

Í stað þess að stjórnvöld hafi tekist á við meginverkefni sitt, þ.e. að greiða úr skuldavanda heimilanna, hefur aðgerðaleysið aukið skuldavanda þeirra. Skattastefna ríkisstjórnarinnar hefur að auki skert ráðstöfunartekjur heimilanna og aukið vanda þeirra.

Sjúkratryggingar.

Heilbrigðisráðuneytinu var ljóst við fjárlagagerð haustið 2009 að sparnaður næðist ekki fram þar sem engin stefnumótun eða leiðsögn lá fyrir um það hvernig ætti að ná fram kröfu þess um 20% sparnað í málaflokknum. Ríkisendurskoðun hefur bent á að ráðuneytið brást algerlega hlutverki sínu að þessu leytinu til við gerð og framkvæmd fjárlaga og var það í fullkomnu samræmi við ítrekaðar ábendingar 1. minni hluta.

Um 6. grein.

Ríkissjóður keypti sendiherrabústað í London fyrir 913 millj. kr. samkvæmt yfirliti frá utanríkisráðuneytinu og er heimild í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2010 fyrir kaupunum. Í fjáraukalagafrumvarpinu er gerð tillaga að 835 millj. kr. stofnkostnaðarheimild og 35 millj. kr. viðhaldsheimild sem er 43 millj. kr. lægri fjárhæð en nemur kaupverðinu. Sú fjármögnun er óútskýrð.

Virðingarleysi framkvæmdarvaldsins gagnvart fjárreiðulögum og framkvæmd fjárlaga.

Fyrsti minni hluti ítrekar að enn og aftur tekur framkvæmdarvaldið sér vald og ákvarðar umfang þjónustu án samþykkis kjörinna handhafa fjárveitingavaldsins. Í þessu sambandi er ástæða til að nefna sérstaklega heilbrigðisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Forsætisráðherra virðir ekki lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Uppsafnaður halli þjóðgarðsins á Þingvöllum í ársbyrjun 2010 nam 8 millj. kr. og er gert ráð fyrir að hann aukist töluvert á árinu. Ástæðan er að forsætisráðuneytið hefur veitt þjóðgarðinum formlega heimild til framkvæmda upp á allt að 20 millj. kr. umfram fjárheimildir ársins. Framkvæmdafé á að draga af fjárveitingu ársins 2011. Þessi ákvörðun ráðuneytisins gengur þvert gegn lögum um fjárreiður ríkisins.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið sækir um 179,4 millj. kr. fjárheimild handa Fjármálaeftirlitinu. Hún skýrist einkum af fjölgun starfsfólks sem þegar hefur verið ráðið til starfa áður en heimildar var aflað. Enn fremur er í frumvarpinu gert ráð fyrir 20 millj. kr. vegna aukinna verkefna ráðuneytisins og fjölgunar starfsfólks en það hefur þegar verið ráðið. Þessar ráðstafanir efnahags- og viðskiptaráðuneytis brjóta gegn lögum um fjárreiður ríkisins.

Framkvæmdarvaldið hefur ekki lagaheimild til að ákvarða umfang opinberrar þjónustu umfram ákvörðun Alþingis.

Niðurlag.

Fram til ársins 2008 var ekki um eiginlega útgjaldastýringu að ræða hjá ríkissjóði. Miklu frekar er hægt að tala um afkomustýringu. Stofnunum leiðst að fara í rekstri sínum fram úr útgjaldaheimildum fjárlaga svo framarlega sem þær voru innan fjárheimilda þegar tillit hafði verið tekið til markaðra tekna og rekstrartekna. Þetta svigrúm var nýtt til að auka svigrúm viðkomandi stofnana. 1. minni hluti ítrekar fyrri ábendingar um nauðsyn þess að afnema tengingu fjárheimilda stofnana við markaðar tekjur og rekstrartekjur og efla þar með útgjaldastýringuna.

Ljóst er að fjárreiður ríkisins eru ekki í nægjanlega föstum skorðum. Markmið stjórnvalda ætti að vera að gera fjárlög þannig úr garði að ekki þurfi að koma til grundvallarleiðréttinga ár hvert með aukafjárlögum. Þá er mikilvægt að við fjárlagagerð sé samhengi hlutanna ljóst. 1. minni hluti leggur áherslu á að stjórnvöld móti langtímastefnu sem síðan verði fjármögnuð með eðlilegum hætti í fjárlögum ár hvert. Með þeim hætti munu forstöðumenn ríkisins geta tekist með raunhæfum hætti á við þau miklu vandamál sem fram undan eru.

Alþingi, 23. nóv. 2010.

Kristján Þór Júlíusson, frsm.	Ásbjörn Óttarsson.	Guðlaugur Þór Þórðarson.

340. Tillaga til þingsályktunar [294. mál]

um innlenda framleiðslu innrennslisvökva til notkunar í lækningaskyni.

Flm.: Ólafur Þór Gunnarsson, Þuríður Backman, Siv Friðleifsdóttir, Björn Valur Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Arndís Soffía Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að kanna hagkvæmni þess að hefja að nýju framleiðslu innrennslisvökva hér á landi í lækningaskyni.

Greinargerð.

Árið 2002 var hætt að framleiða innrennslisvökva hjá Lyfjaverslun Íslands. Fram til þess höfðu slíkir vökvar að mestu leyti verið framleiddir innan lands. Flóknari og sjaldgæfari lyfjasamsetningar voru hins vegar framleiddar erlendis og fluttar inn.

Í nóvember 2005 var birt skýrsla starfshóps á vegum Landspítala – háskólasjúkrahúss (sjá fskj.), „Álit starfshóps til undirbúnings framleiðslu innrennslislyfja á Landspítala – háskólasjúkrahúsi“. Í niðurstöðum hópsins kemur m.a. fram að innflutningur á vökvum vegna stofnana ríkisins hafi numið yfir 200.000 lítrum, þegar saman eru taldir innrennslisvökvar, skolvökvar og leysivökvar. Þá eru ótaldir yfir 100.000 lítrar skilunarvökva sem einnig eru fluttir inn. Í skýrslunni er einnig komið inn á þörfina á aukinni framleiðslu tiltekinna vökva (allt að milljón lítrum) vegna mögulegra áfalla.

Eðli málsins samkvæmt er birgðahald vegna vökva erfitt, að minnsta kosti þegar horft er til þess að notkunarþörfin getur aukist mjög hratt við sérstök áföll. Þá er þess einnig að geta að við náttúruhamfarir, eins og þær sem komu upp á Suðurlandi síðastliðið vor, getur hæglega komið upp sú staða að alls ekki sé hægt að bregðast hratt við aukinni vökvaþörf.

Í skýrslunni er einnig rætt um kostnað, en þær tölur sem þar eru eiga tæplega við í dag, enda gengisforsendur allt aðrar nú en þá.

Með framleiðslu á innrennslisvökvum innan lands sparaðist einnig töluverður gjaldeyrir auk þess sem verðmæt störf mundu skapast. Mat skýrsluhöfunda er að störfin gætu orðið allt að 16 en þjóðhagslegur ávinningur yrði meiri en sem því næmi, þ.e. verulegar upphæðir mundu sparast í gjaldeyri. Nokkur stofnkostnaður yrði, en árið 2005 var stofnkostnaður aðeins metinn um fjórfaldur kostnaður af árlegum innflutningi. Eins og áður sagði hafa breyttar gengisforsendur breytt þessum hlutföllum innlendri framleiðslu mjög í hag.

Á Íslandi hefur verið töluvert atvinnuleysi undanfarin ár og mikil þörf á störfum ekki síst í heilbrigðistengdum greinum. Sjúkrahúsin í nágrenni Reykjavíkur gætu hæglega tekið við þessu verkefni og styrkst þannig með fjölbreyttari verkefnum. Það er ekki hvað síst mikilvægt nú þegar séð er fram á fækkun starfa á heilbrigðisstofnunum.

Markmið tillögunnar er að heilbrigðisráðuneytið láti fara fram athugun á því hvernig þessi framleiðsla kæmi út í öryggislegu, efnahagslegu og heilsufarslegu tilliti.

Með tillögunni var fylgiskjal: Álit starfshóps til undirbúnings framleiðslu innrennslislyfja á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. (Nóvember 2005.)

341. Fyrirspurn [295. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um fjölda Íslendinga og vinnumarkaðinn.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað voru Íslendingar margir 1. nóvember 2010, hversu margir þeirra voru 67 ára og eldri og hversu margir 18 ára og yngri?
2. Hvað fluttu margir Íslendingar frá landinu frá 1. október 2008 til 1. nóvember 2010?
3. Hvað fluttu margir til landsins á sama tímabili og hversu margir þeirra voru:
   a. íslenskir ríkisborgarar,
   b. ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu,
   c. ríkisborgarar ríkja utan svæðisins?
4. Hvað voru 1. nóvember sl. skráðir margir:
   a. opinberir starfsmenn,
   b. starfsmenn á almenna vinnumarkaðnum,
   c. í námi í framhaldsskóla og háskóla,
   d. atvinnulausir,
   e. öryrkjar?

5. Hvað margir Íslendingar stunda vinnu erlendis þó að nánasta fjölskylda þeirra búi hér á landi?

Skriflegt svar óskast.

342. Fyrirspurn [296. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um Lögregluskóla ríkisins.

Frá Arndísi Soffíu Sigurðardóttur.

1. Hversu miklum fjármunum er áætlað að verja árið 2011 til grunnnámsdeildar Lögregluskóla ríkisins annars vegar og framhaldsdeildar hins vegar?
2. Hversu margir lögreglumenn sem luku námi árin 2008, 2009 og 2010 eru ekki starfandi í dag samkvæmt skipun, sbr. 4. mgr. 28. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996?
3. Hversu margir einstaklingar með almennt próf lögreglumanna eru á atvinnuleysisskrá?
4. Telur ráðherra að fresta eigi inntöku nýnema í Lögregluskóla ríkisins til ársins 2012 í ljósi efnahagsástandsins og niðurskurðar í almennri löggæslu?

Skriflegt svar óskast.

343. Fyrirspurn [297. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um frávísanir útlendinga.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

1. Hversu mörgum útlendingum hefur verið vísað frá landi við komu til Keflavíkurflugvallar frá árinu 2000, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margir þeirra báðu um hæli hérlendis?
3. Tíðkast að vísa útlendingum úr landi án þess að þeir fái tækifæri til að leggja inn hælisumsókn og án þess að mál þeirra sé tekið til efnislegrar skoðunar? Ef svo er, í hvaða tilfellum er það?

Skriflegt svar óskast.

344. Frumvarp til laga [298. mál]

um stjórn vatnamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa, votlendis og vistkerfa sem beint eru háð vatni til að stuðla að því að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem byggist á langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Til að ná fram markmiðum laga þessara skal vinna vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlun.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, sbr. viðauka I. Lögin taka einnig til vatnavistkerfa og vistkerfa votlendis sem eru beint háð vatni.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Árósavatn:* Vatn í nágrenni ármynna sem er að hluta til salt vegna nálægðar við strandsjó en verður fyrir verulegum áhrifum frá aðstreymi ferskvatns.
2. *Gott efnafræðilegt ástand:* Efnafræðilegt ástand yfirborðs- eða grunnvatnshlots sem uppfyllir umhverfismarkmið fyrir vatn.
3. *Forgangsefni:* Efni sem skapa umtalsverða hættu fyrir vatnsumhverfi eða út frá því og raðað er í forgangsröð, að því er varðar aðgerðir, á grundvelli þess hve mikla hættu þau skapa fyrir vatnsumhverfi eða út frá því.
4. *Magnstaða:* Mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur haft á grunnvatnshlot.
5. *Neysluvatn:* Vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess, sem er ætlað til manneldis.
6. *Strandsjór:* Yfirborðsvatn sem er landmegin við línu sem dregin er sjávarmegin einni sjómílu frá næsta punkti grunnlínu þeirrar sem landhelgi miðast við og teygir sig, þar sem við á, að ytri mörkum árósavatns.
7. *Vatn:* Grunnvatn og yfirborðsvatn.
8. *Grunnvatn:* Vatn í mettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.
9. *Yfirborðsvatn:* Kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, jöklar, árósavatn og strandsjór.
10. *Vatnasvið:* Aðrennslissvæði straumvatns, stöðuvatna, grunnvatnsstrauma eða vatnsbóla.
11. *Vatnasvæði:* Landsvæði með einu eða fleiri vatnasviðum.
12. *Vatnaumdæmi:* Vatnasvæði á Íslandi ásamt grunnvatni, árósavatni og strandsjó sem tengjast þeim og mynda stjórnsýslueiningu.

13. *Vatnsformfræðilegir eiginleikar:* Vatnsmagn og breytingar á vatnsrennsli og hæð vatnsborðs ásamt gerð og undirlagi botns og eðlisefnafræðilegum þáttum vatnshlots.
14. *Vatnshlot:* Eining af vatni, oft afmörkuð sem t.d. allt það vatn sem er að finna í einu stöðuvatni, á eða strandsjó.
15. *Mikið breytt vatnshlot:* Yfirborðsvatnshlot sem hefur verulega breytta eiginleika vegna breytinga af mannavöldum.
16. *Manngert vatnshlot:* Vatnshlot sem hefur orðið til vegna athafna mannsins.
17. *Vatnstökusvæði:* Landsvæði þar sem taka má nytjavatn með hagkvæmu móti og aðrennslissvæði vatnsbóla á því.
18. *Verndarsvæði:* Afmarkað svæði og einstök vistkerfi sem nauðsynlegt er talið að vernda til að ná fram markmiðum laga þessara.
19. *Vistfræðilegt ástand:* Ástand varðandi gerð og starfsemi vistkerfa sem tengjast yfirborðsvatnshloti.
20. *Vistmegin:* Ástand mikið breytts eða manngerðs vatnshlots.

II. KAFLI
Stjórnvöld vatnamála.

4. gr.
Yfirstjórn vatnaumdæmis.

Landið allt, ásamt árósum og strandsjó er eitt vatnaumdæmi.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra staðfestir vatnastjórnunaráætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun að fenginni tillögu vatnaráðs.

5. gr.
Vatnaráð.

Umhverfisráðherra skipar vatnaráð fyrir vatnaumdæmið og skal ráðið skipað fimm fulltrúum. Einn fulltrúi skal tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, einn af iðnaðarráðherra og tveir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umhverfisráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar sem skal vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Vatnaráð skal skipað til fimm ára í senn.

Vatnaráð skal funda eftir því sem ástæða þykir til. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum vatnaráðs.

6. gr.
Hlutverk vatnaráðs.

Hlutverk vatnaráðs er að:

a. hafa umsjón með gerð tillögu að vatnastjórnunaráætlun, vöktunaráætlun og aðgerðaáætlun,
b. gera tillögu til ráðherra um staðfestingu vatnastjórnunaráætlunar, vöktunaráætlunar og aðgerðaáætlunar og endurskoðun þeirra þegar við á, að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar,
c. veita umsagnir við reglugerðir sem settar eru á grundvelli laganna.

Umhverfisstofnun annast daglegan rekstur og umsýslu vatnaráðs og er ráðinu til ráðgjafar.

7. gr.

Hlutverk Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun annast stjórnsýslu á sviði vatnsverndar í samræmi við fyrirmæli laga þessara.

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að:

a. samræma vinnu við gerð vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlunar,
b. tryggja miðlun upplýsinga um vatnasvæðin í vatnaumdæminu,
c. setja umhverfismarkmið fyrir einstök vatnshlot í vatnaumdæminu,
d. sjá um að fram fari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar,
e. gera tillögur til vatnaráðs að vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlun í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög að höfðu samráði við ráðgjafarnefndir og vatnasvæðanefndir,
f. vinna stöðuskýrslu,
g. hafa umsjón með framkvæmd aðgerða- og vöktunaráætlunar í vatnaumdæminu,
h. annast kynningar- og umsagnarferli áætlana samkvæmt lögum þessum,
i. annast skýrslugjöf.

Umhverfisstofnun skal vinna að vatnastjórnunaráætlun og endurskoðun hennar með hliðsjón af áætlunum opinberra aðila, svo sem á sviði náttúruverndar, orkunýtingar, samgangna og skipulagsmála.

Umhverfisstofnun sendir samþykkta vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið til viðkomandi sveitarfélaga og þeirra stjórnvalda sem áætlunin varðar. Jafnframt skal stofnunin auglýsa opinberlega samþykkta vatnastjórnunaráætlun og hafa hana aðgengilega almenningi.

8. gr

Hlutverk sveitarfélaga og vatnasvæðanefnda.

Sveitarfélög skulu vera Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra. Sveitarfélög, í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, skulu innan marka netlaga framfylgja kröfum sem kveðið er á um í vöktunar- og aðgerðaáætlun í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna á sviði vatnsverndar.

Vatnaumdæminu skal skipt í vatnasvæði samkvæmt ákvörðun í reglugerð. Við ákvörðun um mörk vatnasvæða skal taka mið af jarðfræðilegum og vatnafræðilegum þáttum.

Á hverju vatnasvæði skal vera starfrækt vatnasvæðanefnd. Í nefndinni skulu a.m.k. vera fulltrúar frá sveitarfélögum viðkomandi vatnasvæðis, hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum og frá Umhverfisstofnun sem jafnframt skal stýra starfi nefndarinnar. Um setu þeirra og annarra fulltrúa í nefndinni, svo sem frá hlutaðeigandi fagstofnunum og hagsmunaaðilum fer samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

Hlutverk vatnasvæðanefndar er að samræma vinnu og afla upplýsinga á viðkomandi vatnasvæði vegna gerðar, stöðuskýrslu og vöktunar- og aðgerðaáætlunar, svo og vatnastjórnunaráætlunar fyrir vatnaumdæmið.

9. gr.

Hlutverk ráðgjafarnefnda.

Með Umhverfisstofnun skulu starfa tvær ráðgjafarnefndir á landsvísu, annars vegar ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og hins vegar ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila og frjálsra félagasamtaka á sviði náttúruverndar og umhverfismála. Umhverfisstofnun skal hafa náið samráð við ráðgjafarnefndir.

Í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skulu vera m.a. fulltrúar frá Orkustofnun, Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun, Veiðimálastofnun, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Siglingastofnun, Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Matvælastofnun, Brunamálastofnun, Vegagerðinni, náttúrustofum og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Hlutverk ráðgjafarnefnda er að vera vatnaráði og Umhverfisstofnun til ráðgjafar um atriði sem undir lög þessi heyra. Ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skulu leggja fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við gerð áætlana samkvæmt lögum þessum og upplýsingar um hvaða gögn liggja fyrir. Fulltrúar í ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila og frjálsra félagasamtaka skulu vera til ráðgjafar um þá hagsmuni sem samtök þeirra standa fyrir.

Ráðgjafarnefndir skulu hafa sér til aðstoðar starfsmann, sem Umhverfisstofnun leggur til, og skal hann hafa umsjón með starfi viðkomandi nefnda.

10. gr.

Hlutverk rannsóknastofnana.

Hlutverk eftirfarandi rannsóknastofnana vegna framkvæmdar laga þessara er sem hér segir:

a. Veðurstofa Íslands skal leggja til gagnagrunna, hafa umsjón með þeim og leggja til sérfræðiþekkingu um vatnshlot og eiginleika þeirra, meta magnstöðu grunnvatnshlota og leggja til gögn um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti þeirra.
b. Veiðimálastofnun skal hafa umsjón með gögnum og leggja þau til ásamt sérfræðiþekkingu er varðar lífríki ferskvatnshlota.
c. Hafrannsóknastofnunin skal hafa umsjón með gögnum og leggja þau til ásamt sérfræðiþekkingu um lífríki strandsjávar og um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti strandsjávar.
d. Náttúrufræðistofnun Íslands skal leggja til gögn um lífríki vatna og vistkerfa sem háð eru vatni og eru í umsjón stofnunarinnar.

Stofnanir samkvæmt þessari grein geta leitað til annarra rannsóknaraðila til að afla gagna eftir því sem við á.

Umhverfisstofnun skal gera samning við framangreindar stofnanir um einstök verk en getur jafnframt samið við aðra um að vinna einstök verk vegna framkvæmdar laga þessara.

III. KAFLI

Umhverfismarkmið.

11. gr.

Flokkun vatnshlota og umhverfismarkmið.

Umhverfismarkmið eru skilgreind eftir vatnagerðum og skulu vera samanburðarhæf. Ástand vatns er flokkað í mjög gott, gott, sæmilegt, slakt eða lélegt.

Gæði grunnvatns eru metin eftir magnstöðu og eðlisefnafræðilegum þáttum þess. Gæði yfirborðsvatns eru metin eftir vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum sem og eðlisefnafræðilegum þáttum.

12. gr.

Yfirborðsvatn og grunnvatn.

Vernda skal yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að gæði þeirra versni ekki. Styrkja og endurheimta skal gæði grunnvatnshlota með það að markmiði að þau séu að lágmarki með gott vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand. Þá skal tryggja jafnvægi milli vatnstöku og endurnýjunar grunnvatns þannig að magnstaða haldist góð.

13. gr.

Manngerð og mikið breytt vatnshlot.

Ástand manngerðs eða mikið breytts yfirborðsvatnshlots skal verndað þannig að það versni ekki og styrkja skal ástand þess með hliðsjón af því að vistmegin þess og efnafræðilegt ástand sé gott. Leitast skal við að ná sem bestu vistmegni.

Skilgreina má yfirborðsvatnshlot sem manngert eða mikið breytt ef nauðsynlegar úrbætur á vatnsformfræðilegum eiginleikum vatns, til þess að ná góðu vistfræðilegu ástandi, hafa umtalsverð skaðleg áhrif á umhverfið eða á eftirfarandi umsvif:

a. siglingar, þar með talið hafnaraðstöðu og afþreyingu,
b. starfsemi sem gerir ráð fyrir geymslu, flutningi og hjáveitu vatns, t.d. neysluvatnsbirgða, orkuvinnslu eða áveitna,
c. flóðavarnir, framræslu, eða
d. önnur umsvif manna sem eru sjálfbær og jafnmikilvæg og framangreind umsvif.

Ákvæði 2. mgr. á við þegar ekki verður bætt úr þeim áhrifum sem þar eru talin upp vegna þess að það er ekki tæknilega framkvæmanlegt eða vegna hlutfallslega of mikils kostnaðar við að gera það með öðrum og umhverfisvænni aðferðum. Taka skal fram í vatnastjórnunaráætlun ef skilyrði 2. mgr. eru fyrir hendi og röksemdir fyrir því.

14. gr.

Forgangsefni.

Framkvæma skal nauðsynlegar aðgerðir með það að markmiði að dregið verði smám saman úr mengun vegna forgangsefna í vatni og að losun hættulegra forgangsefna verði stöðvuð.

Raða skal efnum í forgangsröð að því er varðar aðgerðir í því skyni að geta staðist tímaáætlun á grundvelli þess hve mikla hættu þau skapa fyrir vatn og umhverfi þess eða út frá því. Röðunin skal greind með aðferð byggðri á áhættumati.

Vöktun og rannsókn forgangsefna skal framkvæmd af rannsóknastofum sem hafa vottun samkvæmt alþjóðastöðlum og eru faggiltar samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

15. gr.

Frestir.

Umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. skal ná eigi síðar en sex árum eftir að fyrsta vatnastjórnunaráætlunin hefur verið staðfest. Veita má frest til að ná umhverfismarkmiðunum tvisvar sinnum í allt að sex ár í senn, að því tilskildu að ástand raskaða vatnshlotsins versni ekki frekar og að a.m.k. eitt eftirtalinna tilvika sé fyrir hendi:

a. að ekki sé hægt að framkvæma úrbætur innan frestsins vegna tæknilegra ástæðna,
b. að það mundi verða óhóflega dýrt og ekki í samræmi við markmið ef ná þyrfti fram úrbótum innan frestsins, eða
c. að fyrir hendi séu slíkar náttúrulegar aðstæður að úrbætur á vatnshlotinu innan frestsins séu ekki framkvæmanlegar.

Frekari lenging frests umfram það sem leiðir af 1. mgr. verður því aðeins veitt að fyrir hendi séu slíkar náttúrulegar aðstæður að umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. verði ekki náð.

16. gr.

Vægari umhverfismarkmið.

Ákveða má vægari umhverfismarkmið ef vatnshlot er undir það miklu álagi að ógerlegt eða óhóflega dýrt er að uppfylla kröfur um umhverfismarkmið að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. að ekki sé hægt að ná betri umhverfislegum ávinningi án óhóflegs kostnaðar að teknu tilliti til umhverfislegra og þjóðhagfræðilegra þarfa sem slík starfsemi þjónar,
b. að tryggt sé besta mögulega ástand yfirborðsvatns og grunnvatns og að sem minnst möguleg breyting verði á góðu ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns þegar tekið er tillit til þeirra áhrifa sem fyrir hendi eru, og
c. að ástand vatnshlotsins versni ekki frekar.

17. gr.

Náttúrulegar orsakir og óviðráðanleg ytri atvik.

Ef vistfræðilegt ástand í vatnshlotinu spillist tímabundið vegna náttúrulegra orsaka eða óviðráðanlegra ytri atvika telst það ekki fara í bága við kröfur um umhverfismarkmið samkvæmt lögum þessum.

Grípa skal til þeirra ráðstafana sem raunhæft er að framkvæma til að koma í veg fyrir frekari rýrnun ástandsins og að skaði hljótist í öðru vatnshloti af atviki skv. 1. mgr.

18. gr.

Breyting vatnshlots.

Breyting á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki verði hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. er heimil þegar um er að ræða:

a. nýjar breytingar sem leiða til breytinga á vatnsgæðum, vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum eða eðlisrænum eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða á hæð grunnvatnshlots eða,
b. ný sjálfbær umsvif eða breytingar sem hafa í för með sér að yfirborðsvatnshlot fer úr mjög góðu ástandi í gott ástand.

Auk skilyrða sem fram koma í 1. mgr. þurfa eftirtalin skilyrði að vera uppfyllt:

a. gripið verði til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots,
b. ástæðurnar fyrir framkvæmdunum, umsvifunum eða breytingunum vega þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinningurinn fyrir heilsu og öryggi manna eða sjálfbæra þróun er meiri en ávinningur umhverfisins og samfélagsins af því að umhverfismarkmið náist, og
c. tilganginum með framkvæmdunum, umsvifunum eða breytingunum verður ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

IV. KAFLI
Áætlanir.

19. gr.

Vatnastjórnunaráætlun.

Umhverfisstofnun skal annast gerð tillögu að vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið í samræmi við viðauka II. Í vatnastjórnunaráætlun skulu m.a. koma fram:

a. almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins og flokkun vatnshlota,
b. lýsing á helsta álagi og áhrifum af starfsemi á ástand vatns í vatnaumdæminu,

c. skrá yfir vernduð svæði og öll vatnshlot fyrir neysluvatnstöku,
d. greinargerð um vöktun og niðurstöður hennar,
e. tilgreining umhverfismarkmiða fyrir vatnshlot í vatnaumdæminu og breytingu á vatnshloti,
f. skipting vatnaumdæmis í vatnasvæði,
g. samantekt á aðgerðaáætlun,
h. yfirlit um nánari aðgerðir fyrir einstök vatnasvæði og tegundir vatns, og
i. samantekt á samráði við almenning.

Áætlunina skal taka til endurskoðunar sjötta hvert ár.

Umhverfisstofnun er heimilt að gera nauðsynlegar leiðréttingar á vatnastjórnunaráætlun áður en til endurskoðunar áætlunarinnar kemur vegna nýrra upplýsinga. Stofnunin skal upplýsa um slíkar leiðréttingar á heimasíðu sinni.

20. gr.

Nánari rökstuðningur í vatnastjórnunaráætlun.

Í vatnastjórnunaráætlun skal gera grein fyrir ef:

a. ákveðið er að vatnshlot teljist vera manngert eða mikið breytt,
b. ákveðið er að lengja fresti um umhverfismarkmið,
c. ákveðin eru vægari umhverfismarkmið,
d. fram koma breytingar af náttúrulegum orsökum á vatnshloti, eða
e. áætlað er að hefja nýjar framkvæmdir, ný sjálfbær umsvif eða gera breytingar á vatnshlotum.

Ef ákveðið er að lengja fresti samkvæmt lögum þessum skal auk þess koma fram tímaáætlun um framkvæmd ráðstafana og tilgreina þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að ná umhverfismarkmiðum.

21. gr.

Aðgerðaáætlun.

Umhverfisstofnun skal annast gerð tillögu að aðgerðaáætlun fyrir vatnaumdæmið. Aðgerðaáætlun skal taka til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir vatnshlot í vatnaumdæminu. Aðgerðaáætlun skal byggð á greiningum og mati í samræmi við kröfur sem fram koma í vatnastjórnunaráætlun. Aðgerðaáætlun skal vera hluti af vatnastjórnunaráætlun.

Í aðgerðaáætlun skal telja upp þær ráðstafanir sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og enn fremur þær viðbótarráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að settum umhverfismarkmiðum verði náð.

Ákvarðanir um ráðstafanir sem fram koma í aðgerðaáætlun skulu teknar af þar til bærum stjórnvöldum eða leyfisveitendum á grundvelli viðkomandi löggjafar.

Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið skv. 11. gr. varðandi vatnshlot nást ekki skal leita skýringa á því og meta áhrif nýrra eða mögulegra ráðstafana og hvort til þeirra skuli gripið.

Aðgerðaáætlunin skal tekin til endurskoðunar sjötta hvert ár.

22. gr.

Vöktunaráætlun.

Umhverfisstofnun gerir áætlun um vöktun á ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns og vöktun svæða sem njóta verndar innan vatnaumdæmisins. Vöktunaráætlun skal veita heildarsýn

á ástand vatnshlota. Vöktunaráætlun skal endurskoða reglulega og eigi sjaldnar en á sex ára fresti.

Vöktunaráætlun skal taka til viðeigandi vistfræðilegra, vatnsformfræðilegra og eðlisefnafræðilegra gæðaþátta, svo og vöktunar á magnstöðu grunnvatns. Í áætlun skal jafnframt taka ákvörðun um tíðni og þéttleika vöktunarstaða. Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Hlutaðeigandi stofnarnir ríkis og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sjá um vöktun gæðaþátta samkvæmt ákvæði þessu ásamt vöktun á magnstöðu grunnvatns.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga er heimilt að gera samkomulag um annað fyrirkomulag vöktunar skv. 2. mgr. Þá er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast tiltekin verkefni við vöktun samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki.

23. gr.

Stöðuskýrsla.

Umhverfisstofnun skal annast gerð stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði í samvinnu við viðkomandi vatnasvæðanefnd. Stöðuskýrsla skal liggja fyrir árið 2013. Í stöðuskýrslu skal koma fram:

a. lýsing og gerð vatnshlota,
b. lýsing á helsta álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns, og
c. flokkun vatnshlota.

24. gr.

Neysluvatn.

Tilgreina skal í vatnastjórnunaráætlun öll vatnshlot fyrir neysluvatnstöku sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. vatnstaka er meiri en 10 rúmmetrar á dag að meðaltali eða vatnstaka sér meira en 50 einstaklingum fyrir neysluvatni og
b. vatnshlot er ætlað til neysluvatnstöku í framtíðinni.

Vatnshlot sem hefur verið skilgreint sem neysluvatnsforði ber að vernda gegn gæðarýrnun þannig að hægt sé að draga úr þörf á hreinsun neysluvatns.

25. gr.

Skrá yfir vernduð svæði.

Umhverfisstofnun heldur skrá yfir vernduð svæði. Í henni skal m.a. tilgreina vatnsverndarsvæði, vatnavistkerfi og vistkerfi votlendis sem beint eru háð vatni og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt lögum eða eru friðlýst vegna sérstöðu vatns á slíkum svæðum.

Skrá yfir vernduð svæði skal vera aðgengileg almenningi og uppfærð reglulega.

V. KAFLI

Kynning og réttaráhrif áætlana o.fl.

26. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Um aðgang að upplýsingum og gögnum sem liggja til grundvallar áætlunum samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, og upplýsingalögum, nr. 50/1996.

27. gr.

Opinber kynning.

Umhverfisstofnun skal sjá um að eftirfarandi sé kynnt opinberlega til athugasemda:

a. áfanga- og verkáætlun vegna vinnu við vatnastjórnunaráætlun, í síðasta lagi þremur árum áður en ný vatnastjórnunaráætlun gengur í gildi,
b. bráðabirgðayfirlit um mikilvæg atriði í vatnastjórnunaráætlun, í síðasta lagi tveimur árum áður en hún gengur í gildi, og
c. tillaga að vatnastjórnunaráætlun, í síðasta lagi einu ári áður en ný vatnaáætlun gengur í gildi.

Þegar endurskoðun vatnastjórnunaráætlunar felur í sér breytingar á henni skal um kynningu áætlunarinnar fara skv. c-lið 1. mgr.

Frestur til að gera athugasemdir skal að lágmarki vera sex mánuðir.

Kynning skv. 1. mgr. skal gerð með tryggilegum hætti og á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem vísað er til þess hvar hægt er að afla viðkomandi upplýsinga á aðgengilegum stað. Kynna skal vatnastjórnunaráætlun í samræmi við lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006, þegar við á.

28. gr.

Réttaráhrif vatnastjórnunaráætlunar.

Opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í vatnastjórnunaráætlun er varðar vatnsvernd.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlana sveitarfélaga skal, ef við á, samræma skipulagsáætlanir sveitarfélaga vatnastjórnunaráætlun, eigi síðar en innan fjögurra ára frá staðfestingu vatnastjórnunaráætlunar.

Við afgreiðslu umsókna um leyfi vegna nýtingar vatns og annarra leyfisveitinga vegna framkvæmda á grundvelli vatnalaga og laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í vatnastjórnunaráætlun er varðar vatnsvernd.

Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnastjórnunaráætlun nást ekki skal, ef unnt er, gera nýjar ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlots. Viðkomandi leyfisveitandi skal þá endurskoða útgefið leyfi, þegar við á, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.

29. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, að setja í reglugerð nánari ákvæði um eftirtalin atriði:

1. flokkun vatnshlota og eiginleika þeirra og álagsgreiningu fyrir yfirborðsvatnshlot og grunnvatnshlot,
2. tilgreiningu og röðun forgangsefna og hættulegra forgangsefna á lista, ráðstafanir vegna þeirra og matsaðferð og viðmið við röðun forgangsefna, svo og kröfur til vottunar og framkvæmd hennar,
3. frekari ákvæði um umhverfismarkmið og tímamörk um hvenær eigi að ná þeim,
4. efni og framkvæmd vöktunaráætlunar,
5. efni vatnastjórnunaráætlunar og efnahagslega greiningu vegna vatnsnotkunar,

6. efni og framkvæmd aðgerðaáætlana þar sem tilteknar eru þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, svo og viðmið um hvenær ekki sé heimilt að krefjast viðbótarráðstafana,
7. hlutverk og starfsemi vatnaráðs,
8. skiptingu vatnaumdæmisins í vatnasvæði, landfræðilega afmörkun vatnasvæða og samsetningu og hlutverk vatnasvæðanefnda,
9. hlutverk ráðgjafarnefnda, fulltrúa, fjölgun ráðgjafarnefnda og nánari skiptingu þeirra og skipan starfs nefndanna,
10. opinbera kynningu, samþykkt áætlana og þátttöku hagsmunaaðila í áætlunargerð.

30. gr.
Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnamálum, sem vísað er til í X. kafla í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 125/2007, frá 28. september 2007.

31. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

32. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög nr. 90/2002, um Umhverfisstofnun, með síðari breytingum*: Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að annast verkefni sem stofnuninni eru falin í lögum um stjórn vatnamála.
2. *Lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu*: Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
   a. Við bætist nýr málsliður svohljóðandi: Heimilt er að kveða á um að nýtingarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún mun að öðru leyti hafa í för með sér.
3. *Lög nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, með síðari breytingum:* Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún mun að öðru leyti hafa í för með sér.
4. *Raforkulög, nr. 65/2003:* Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breyt-

ingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún mun að öðru leyti hafa í för með sér.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Umhverfisráðherra skal staðfesta fyrstu vatnastjórnunaráætlunina skv. 19. gr. eigi síðar en 1. janúar 2018. Kynna skal áfanga- og verkáætlun vegna vinnu við gerð hennar í síðasta lagi 1. janúar 2015. Tillaga að fyrstu vatnastjórnunaráætluninni skal kynnt í síðasta lagi einu ári áður en hún er staðfest af ráðherra. Um kynningu og réttaráhrif fyrstu vatnastjórnunaráætlunarinnar fer að öðru leyti skv. 27. og 28. gr.

II.

Fyrsta aðgerðaáætlunin skv. 21. gr. skal liggja fyrir eigi síðar en 1. maí 2018 og koma til framkvæmda 2021.

III.

Fyrsta vöktunaráætlunin skv. 22. gr. skal liggja fyrir eigi síðar en 1. maí 2015 og koma til framkvæmda á sama tíma.

Viðauki I.

Yfirlitsmynd yfir landfræðilega afmörkun laganna, sbr. 2. gr.



Viðauki II.

Efni vatnastjórnunaráætlunar, sbr. 19. gr.

A. Í vatnastjórnunaráætlun skulu eftirtaldir þættir koma fram:

1. almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins og flokkun vatnshlota, sbr. 19. og 23. gr.; þar skal eftirfarandi koma fram:

1.1. þegar um er að ræða yfirborðsvatn:
- kort sem sýnir staðsetningu og mörk vatnshlotanna,
- kort sem sýnir vistsvæði og gerðir yfirborðsvatnshlota innan vatnasviðsins,
- tilgreining viðmiðunarskilyrða fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota,

1.2. þegar um er að ræða grunnvatn:
- kort sem sýnir staðsetningu og mörk grunnvatnshlotanna,

2. samantekt á umtalsverðu álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand yfirborðsvatns og grunnvatns, þ.m.t.:
- mat á mengun frá punktupptökum,
- mat á mengun frá dreifðum upptökum, þ.m.t. samantekt á landnýtingu,
- mat á álagi á magnstöðu vatns, þ.m.t. vatnstaka,
- greining á öðrum áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns,

3. tilgreining verndaðra svæða og kort yfir þau, sbr. 25. gr.,
4. kort yfir skrá um sýnatökustaði sem mynda samanburðarhæft kerfi ásamt korti sem sýnir niðurstöður vöktunaráætlana, sem framkvæmdar voru samkvæmt þessum ákvæðum, til þess að sýna ástand:
4.1. yfirborðsvatns (vistfræðilegt og efnafræðilegt),
4.2. grunnvatns (efnafræðilegt ástand og magnstöðu),
4.3. verndaðra svæða,
5. skrá yfir umhverfismarkmið sem komið er á skv. 11., 12., 13., 15. og 16. gr. fyrir yfirborðsvatn, grunnvatn og vernduð svæði, þ.m.t. einkum tilgreining á tilvikum, þar sem ákvæðum 11., 15., 16. 17. og 18. gr. hefur verið beitt, og tengdar upplýsingar sem krafist er samkvæmt þeim greinum,
6. samantekt á efnahagslegu greiningunni á vatnsnotkun, sbr. d-lið 7. gr.,
7. samantekt á áætlun um ráðstafanir, sem samþykktar eru skv. 21. gr., þ.m.t. leiðir sem fara skal til að ná markmiðum 11. gr.:
7.1. samantekt á nauðsynlegum ráðstöfunum til framkvæmdar á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim,
7.2. skýrsla um hagnýtar ráðstafanir sem gerðar eru til að beita meginreglunni um endurheimt kostnaðar vegna vatnsnotkunar,
7.3. samantekt á ráðstöfununum sem gerðar eru til að fullnægja kröfum 24. gr.,
7.4. samantekt á eftirliti með vatnstöku og vatnsmiðlun, þ.m.t. tilvísun til skráa og leyfisveitinga samkvæmt öðrum lögum,
7.5. samantekt á stjórnun, sem komið er á vegna sleppingar frá punktupptökum mengunar og annarri starfsemi sem hefur áhrif á ástand vatns í samræmi við ákvæði sem sett eru um varnir gegn mengun vatns,
7.6. tilgreining tilvika þar sem bein slepping í grunnvatn hefur verið leyfð í samræmi við ákvæði sem sett eru um varnir gegn mengun grunnvatns.,
7.7. samantekt á ráðstöfununum sem gerðar eru til að fullnægja kröfum 14. gr. um forgangsefni,
7.8. samantekt á ráðstöfununum sem gerðar eru til að koma í veg fyrir mengunarslys eða draga úr áhrifum þeirra,
7.9. samantekt á ráðstöfununum sem gerðar eru skv. 4. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 28. gr. að því er varðar vatnshlot þar sem talið er ólíklegt að markmiðin sem sett eru í 16. gr. náist,
7.10 upplýsingar um viðbótarráðstafanirnar sem taldar eru nauðsynlegar til að settum umhverfismarkmiðum verði náð,
7.11. upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar eru til að koma í veg fyrir mengun sjávar,
8. skrá yfir hvers konar ítarlegri áætlanir og vatnastjórnunaráætlun sem á við um tiltekin vatnasvið, geira, málefni eða gerðir vatns, auk samantektar á inntaki þeirra,
9. samantekt á ráðstöfunum, sem gerðar eru varðandi upplýsingar og samráð við almenning, árangurinn af þeim og breytingar sem gerðar eru á áætluninni í kjölfarið,
10. upplýsingar um gögn sem aflað er skv. 8., 9. 10. og 22. gr.

B. Í endurskoðaðri vatnastjórnunaráætlun skal vera, auk þess sem fram kemur í A-lið:
1. samantekt á hvers konar breytingum eða uppfærslum frá síðustu áætlun, þ.m.t. samantekt á endurskoðunum skv. 15., 16., 17. og 18. gr., eftir því sem við á,

2. mat á því hvernig miðar að ná umhverfismarkmiðum, þ.m.t. niðurstöður úr vöktun á fyrra áætlunartímabili í formi korts, auk skýringa á því ef umhverfismarkmið hafa ekki náðst,
3. samantekt og skýring, ef við á, á fyrirhuguðum ráðstöfunum sem hafa ekki verið framkvæmdar og fram koma í fyrri vatnastjórnunaráætlun,
4. samantekt á hvers konar viðbótarráðstöfunum til bráðabirgða sem samþykktar eru skv. 21. gr. eftir auglýsingu fyrri vatnastjórnunaráætlunarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

1. Markmið.

Markmið frumvarpsins er að kveða á um verndun vatns, hindra að vatnsgæði rýrni og bæta ástand vistkerfa vatna og votlendis og vistgerða sem beint eru háð vatni til að tryggja að vatn njóti heildstæðrar verndar. Frumvarpinu er ætlað að tryggja sjálfbæra nýtingu vatns sem byggist á langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Markmiðið endurspeglar mikilvægi vatnsauðlindarinnar og nauðsyn þess að vel sé gengið um hana. Frumvarpið miðar að því að tryggja langtímavernd vatnsauðlindarinnar með heildstæðum hætti og í því tilliti verði bæði horft til verndar og nýtingar auðlindarinnar.

2. Tilskipun 2000/60/EB um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnamálum.

Á undanförnum áratugum hafa þjóðir heims í æ ríkari mæli sett sér reglur til að tryggja vernd vatnsgæða og sjálfbæra nýtingu vatnsauðlindarinnar. Evrópusambandið samþykkti í þessu skyni rammalöggjöf, þ.e. tilskipun Evrópusambandsins um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnamálum, 2000/60/EB, sem hér eftir verður nefnd vatnatilskipunin, því víða hefur verið gengið nærri vatnsauðlindinni, bæði með beinni notkun og óbeinni, á þann hátt að spillt hefur verið fyrir annarri nýtingu eða óæskilegar breytingar orðið á vatnavistkerfum.

Hér á landi hafa á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, verið settar reglugerðir sem varða varnir gegn mengun vatns. Þær vísa í meginatriðum til samsvarandi tilskipana ESB um sama efni sem nú falla undir vatnatilskipunina. Hafa þannig fjölmargar tilskipanir ESB er varða mengun vatns verið teknar upp hér á landi með reglugerðum. Þar er m.a. kveðið á um að hindra eigi losun tiltekinna efna í vatn og draga úr losun annarra, að beita bestu fáanlegu tækni við starfsemi og að beita viðbótarráðstöfunum þegar ástæða er til. Vatnatilskipunin gengur lengra en að taka þröngt til áhrifa vegna mengunar heldur er nánast allt undir sem haft getur áhrif á ástand vatns og lífríki vatna.

Tilskipun Evrópusambandsins um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnamálum (2000/60/EB) var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 125/2007, frá 28. september 2007. Ákvörðunin var staðfest af Alþingi með þingsályktun 6. desember sama ár, sbr. þskj. 298, 268 mál, á 135. löggjafarþingi 2007–2008. Með frumvarpi þessu er lagt til að tilskipunin verði innleidd í íslenskan rétt.

Vatnatilskipunin tengir ýmsar tilskipanir ESB á sviði vatnamála, eins og t.d. tilskipun um fráveitur og skólp, undir eina rammalöggjöf. Tilskipunin gerir ráð fyrir samþættingu í stjórn vatnamála og að fjallað verði um málefni vatns heildstætt innan vatnasviða. Þannig tekur tilskipunin til verndar á vatni og vistkerfum í vötnum og vistkerfum sem tengjast vötnum, þ.m.t. til sjálfbærrar nýtingar á vatni með verndarsjónarmið að leiðarljósi. Vatnsgæði eru skilgreind með hliðsjón af líffræði, efnafræði og umgerð vatna (morphology).

Með tilskipuninni voru innleiddar nokkrar nýjungar við stjórn vatnamála í Evrópu. Ein nýjungin er að vatnastjórnun var tengd vatnasviðum í heild, sem landfræðilegum og vatnafræðilegum einingum. Önnur nýjungin tengist tímasettum markmiðum til verndar vatnavistkerfum. Þriðja nýjungin er að tryggja aðgang almennings að skipulagningu vatnamála og sú fjórða varðar samþættingu hagrænna tækja. Til viðbótar eru í tilskipuninni tilvísanir til þátta eins og þurrka, flóða og vatnsformfræðilegra þátta, þ.m.t. framkvæmda vegna vatnastjórnunar, auk tilvísunar til sjálfbærrar nýtingar vatns. Vatnsnotkun er skilgreind sem vatnsþjónusta, þ.e. vatnstaka, miðlun, geymsla, hreinsun eða dreifing, sem og söfnun og hreinsun skólps, auk starfsemi sem hefur umtalsverð áhrif á ástand vatns og talin er upp í III. viðauka við tilskipunina.

Meginmarkmið vatnatilskipunar er annars vegar að hindra að vatnsgæði rýrni meira en orðið er og hins vegar að reyna að bæta ástand vatna í þeim tilfellum þar sem það er mögulegt samfara nýtingu þeirra. Markmiðin eru í fyrsta lagi almenn verndarsjónarmið, þ.e. að vernda vatn, t.d. gegn mengun, að vernda vistkerfi í vatni og vistkerfi háð vötnum og tryggja sjálfbæra nýtingu vatns. Í öðru lagi er markmiðið að laga stjórnkerfi að því að taka heildstætt á vatnamálum og koma á aðgerðum til þess að bæta úr ástandi vatns, koma á samræmdu mats- og eftirlitskerfi og söfnun og miðlægri greiningu á miklu magni upplýsinga um ástand vatnsumhverfisins til að stjórnvöld hafi nauðsynlegar upplýsingar til þess að taka ákvörðun um skynsamlega, sjálfbæra stefnumörkun í vatnamálum. Í þriðja og síðasta lagi er markmiðið að koma á samráði við almenning sem byggist á gagnsæi og birtingu upplýsinga.

Í 1. mgr. 9. gr. vatnatilskipunarinnar er fjallað um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu. Þar segir að aðildarríkin skuli taka tillit til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, þ.m.t. umhverfis- eða auðlindatengds kostnaðar, með hliðsjón af efnahagslegu greiningunni sem gerð er í samræmi við III. viðauka, einkum í samræmi við mengunarbótaregluna. Þá segir í 2. mgr. 9. gr. að í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi, þ.e. vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið, eins og stjórnunaráætlun er nefnd í frumvarpinu, skuli aðildarríkin gefa upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir til framkvæmdar á 1. mgr., sem munu stuðla að því að umhverfismarkmið tilskipunarinnar náist, sem og hve mikið framlag kemur frá hinum ýmsu sviðum vatnsnotkunar til að mæta kostnaði vegna vatnsþjónustu. Í 4. mgr. 9. gr. segir svo að aðildarríkin teljist ekki brjóta í bága við tilskipunina ef þau ákveða, í samræmi við venjur, að beita ekki ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. og í því skyni viðeigandi ákvæðum 2. mgr. við tiltekna starfsemi er krefst vatnsnotkunar ef það stefnir ekki tilgangi og markmiðum tilskipunarinnar í hættu. Ef aðildarríkin beita ekki 2. málsl. 1. mgr. að fullu í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi skulu þau gera grein fyrir ástæðunum fyrir því.

Löggjöf sem hefur þýðingu hér á landi varðandi 9. gr. tilskipunarinnar eru einkum ákvæði laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004, og laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009. Í 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga segir m.a.: „Heimilt er að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatns geta notið og má gjaldið nema allt að 0,5 hundraðshlutum af fasteignamati. … Í gjaldskrá er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna. Enn fremur er heimilt að miða vatnsgjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli.“

Í 7. gr. sömu laga er fjallað um notkunargjald. Þar segir m.a. að þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa sé vatnsveitu heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald er miðast við notkun mælda í rúmmetrum. Endurgjald hafnarsjóðs til vatnsveitu vegna vatnssölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar skal miðast við mælda notkun í rúmmetrum samkvæmt gjaldskrá. Hafnarstjórn ákveður verð

fyrir hvern rúmmetra vatns sem seldur er til skipa og báta. Í 10. gr. laganna segir að stjórn vatnsveitu skuli semja gjaldskrá þar sem kveðið sé nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 5.–7. gr. laganna. Miða skuli við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

Samkvæmt 14. gr. laga um rekstur og uppbyggingu fráveitna er heimilt að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélags. Þar sem frárennsli er veitt frá atvinnustarfsemi eða vegna annars en venjulegra heimilisnota í fráveitukerfi sveitarfélags sé heimilt að innheimta gjald vegna losunar miðað við innrennsli vatns samkvæmt mæli. Sé vatn notað til framleiðslu þannig að því sé ekki veitt í fráveitukerfi skuli notandi mæla notkun þess. Sú notkun skuli dregin frá innmældu magni við útreikning á gjaldi. Verði mælingu ekki við komið skulu aðilar meta vatnsnotkun til frádráttar á innmældu vatnsmagni. Í 15. gr. segir svo að í gjaldskrá fráveitu skuli miða við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, viðtakarannsóknum og vöktun og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar. Heimilt sé að ákveða hámark og lágmark fráveitugjalds miðað við rúmmál húseigna. Enn fremur sé heimilt að miða fráveitugjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar eða notkunar fasteignar.

Af 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga og 15. gr. laga um rekstur og uppbyggingu fráveitna má ráða að gert er ráð fyrir því að rekstur og stofnkostnaður vatns- og fráveitna sé fjármagnaður með gjaldtöku. Þá skal bent á að skv. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, er sveitarstjórnum heimilt að setja stefnu um arðsemiskröfur stofnana og fyrirtækja í þeirra eigu.

Bæði í lögum vatnsveitur sveitarfélaga og lögum um rekstur og uppbyggingu fráveitna er heimilað að innheimta gjald samkvæmt mæli af atvinnurekendum. Slík ákvæði ættu bæði að draga úr sóun vatns og tryggja að þeir sem nota mikið vatn greiði fullt gjald fyrir þau not. Telja verður að framangreind lagaákvæði uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. vatnatilskipunarinnar og því er ekki lagt til að hún verði innleidd sérstaklega. Hins vegar er lagt til að III. viðauki tilskipunarinnar, sem fjallar um efnahagslega greiningu og vísað er til í 9. gr., sé innleiddur með setningu reglugerðar, sbr. 4. tölul. 29. gr. frumvarpsins. Þá er í d-lið 2. mgr. 7. gr. fjallað um að Umhverfisstofnun beri að sjá um að fram fari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar.

Nokkur kostnaður mun óhjákvæmilega fylgja því að tryggja langtímavernd vatnsauðlindarinnar og hindra frekari rýrnun vatnsgæða þannig að gæðum vatnsauðlindarinnar hraki ekki, eins og frumvarpi þessu er ætlað að gera verði það að lögum. Í umhverfisráðuneytinu er hafinn undirbúningur að frumvarpi sem ætlað er að taka til gjaldtöku á atvinnurekstur í samræmi við mengunarbótaregluna og nytjagreiðsluregluna. Í nytjagreiðslureglunni felst að þeir sem nýta auðlindir skuli standa undir nauðsynlegum eftirlitskostnaði sem tryggir að ekki sé gengið á viðkomandi auðlindar. Slík löggjöf hefur þegar verið sett í mörgum löndum Evrópu enda hefur OECD lagt áherslu á að ríki beiti nytjagreiðslureglunni. Undir starfsemi sem nýtir sér vatnsauðlindina með einum eða öðrum hætti hér á landi falla m.a. vatnsaflsvirkjanir, vatnsveitur, tiltekin landbúnaðarstarfsemi, fráveitur, mengandi atvinnurekstur og matvælaframleiðsla. Við þá vinnu sem fram undan er við gerð lagafrumvarps vegna framangreindrar gjaldtöku verður lögð rík áhersla á að skapa víðtæka sátt um gjaldtökuna. Gert er ráð fyrir að slík gjaldtaka geti í framtíðinni staðið undir stærstum hluta af framkvæmd vatnatilskipunarinnar hér á landi, enda verði lögð á það rík áhersla að ekki verði stofnað til óþarfa kostnaðar við framkvæmdina. Ljóst er að aðstæður hér á landi eru aðrar en í flestum þeim löndum

öðrum sem tilskipunin nær til og hún er miðuð við. Mun umhverfisráðuneytið gæta þess að framkvæmdin taki mið af því og verði í senn einföld og hagkvæm.

Varðandi umfjöllun um einstök ákvæði vatnatilskipunarinnar er að öðru leyti vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins þar sem vísað er til viðkomandi greina í vatnatilskipuninni.

Skipta má framkvæmd vatnatilskipunarinnar í fjóra hluta. Fyrsti hluti framkvæmdarinnar felst í lögfestingu tilskipunarinnar hér á landi sem frumvarpi þessu er ætlað að gera, annar hlutinn felst í söfnun og úrvinnslu upplýsinga og kortagerð (GIS). Þriðji hlutinn felst í gerð vatnastjórnunaráætlunar fyrir vatnaumdæmið og að lokum á fjórði hlutinn að fylgja eftir vatnastjórnunaráætlun með aðgerðaáætlun og byggja upp vöktun og eftirlitskerfi með vatni og vatnsgæðum.

3. Undirbúningur við innleiðingu vatnatilskipunarinnar hér á landi og sjónarmið við gerð frumvarpsins.

Á árinu 2001 skipaði umhverfisráðherra í samráði við iðnaðarráðhera starfshóp sem fengið var það hlutverk að fara yfir og meta kostnað við upplýsingaöflun vegna innleiðingar vatnatilskipunarinnar. Í starfshópnum áttu sæti, auk fulltrúa ráðuneytanna tveggja, fulltrúar frá Orkustofnun, Hafrannsóknastofnuninni, Veiðimálastofnun og landlæknisembættinu. Í samráði við umhverfisráðuneytið tóku verkefni starfshópsins nokkrum breytingum frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir. Auk þess að að gera kostnaðaráætlanir og áætlanir um tæknileg atriði sem varða innleiðingju tilskipunarinnar vann starfshópurinn að aðlögun tilskipunarinnar vegna upptöku hennar í EES-samninginn og var ráðgefandi aðili í þeim efnum. Starfshópurinn lauk störfum í mars 2007 og lagði m.a. til að þegar væri hafist handa við gagnasöfnun og skýrslugerð sem krafist er á fyrstu árum frá því að tilskipunin kemur inn í EES-samninginn og að tryggðar yrðu fjárveitingar til verkefnisins. Þá lagði hópurinn til að skipaður yrði starfshópur til að gera tillögur að frumvarpi til laga um stjórnskipulag á sviði vatnamála í samræmi við tilskipunina. Eins og áður hefur komið fram var ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að taka vatnatilskipunina upp í EES-samninginn tekin 28. september 2007 og var sú ákvörðun staðfest af Alþingi 6. desember sama ár.

Umhverfisráðuneytið fól Umhverfisstofnun að hefja undirbúning að innleiðingu vatnatilskipunarinnar árið 2008. Sama ár stofnaði Umhverfisstofnun stýrihóp til að samræma starf þeirra stofnana sem hafa veigamiklu hlutverki að gegna við framkvæmd þeirra verkefna sem vatnatilskipunin kallar á. Í stýrihópnum sitja forstjórar fimm ríkisstofnana sem hafa mestra hagsmuna að gæta vegna vatnatilskipunarinnar, þ.e. Veiðimálastofnunar, Veðurstofu Íslands, Orkustofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og Umhverfisstofnunar, en forstjóri hennar er formaður stýrihópsins. Stýrihópurinn kom á fót fimm vinnuhópum sem eru eftirfarandi: vinnuhópur 1 um skilgreiningu vatnshlota, vinnuhópur 2 um vistfræðilegt ástand vatnshlota, vinnuhópur 3 um álag á vatnshlot vegna mengunar, vinnuhópur 4 um manngerð og breytt vatnshlot og að síðustu vinnuhópur 5 um skýrslugjöf vegna gagnaskila í sameiginlegan gagnagrunn ESB (WISE). Alls hafa tólf opinberar stofnanir tekið þátt í starfi vinnuhópa auk Náttúrufræðistofu Kópavogs og Samorku. Vinnuhópunum er stýrt af fulltrúum Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands, Veiðimálastofnunar og Orkustofnunar. Á vegum Umhverfisstofnunar hefur verið haldin ráðstefna og nokkur málþing um framgang vinnu í vinnuhópunum í því skyni að afla gagna og upplýsinga sem þegar liggja fyrir hjá viðkomandi stofnunum um vatn og vatnavistfræði og kortleggja staðsetningu þeirra. Yfirmaður vistfræðideildar skosku umhverfisstofnunarinnar (SEPA) kom til landsins á vegum Umhverfisstofnunar og Veiðimálastofnunar og miðlaði af reynslu Skota af innleiðingu vatnatilskipunarinnar. Stýri-

hópurinn, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hefur haldið utan um það starf að samþætta vinnu þeirra fjölmörgu aðila sem koma að málefnum er varða vatn og að framkvæmd séu verkefni sem vatnatilskipunin kallar á. Umhverfisstofnun hefur opnað vefgátt um starf stýrihópsins og vinnuhópanna og er hægt að nálgast upplýsingar um vinnuhópana á slóðinni www.vatnatilskipun.is. Ætlunin er að niðurstaða vinnuhópanna verði kynnt á þessu vefsvæði, en þar verður að finna ýmsar upplýsingar um stöðu verkefna vinnuhópanna og efni um það starf sem þegar hefur verið unnið og þær skýrslur og þau gögn sem liggja fyrir.

Í febrúar 2009 skipaði þáverandi umhverfisráðherra, Kolbrún Halldórsdóttir, nefnd sem falið var að vinna frumvarp til innleiðingar á vatnatilskipun ESB. Í nefndinni áttu sæti Sigríður Auður Arnardóttir skrifstofustjóri, sem var formaður nefndarinnar, Ásta Einarsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Guðjón Bragason sviðsstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðjón Axel Guðjónsson skrifstofustjóri, tilnefndur af iðnaðarráðuneyti, Heiðrún Guðmundsdóttir sérfræðingur, tilnefnd af Umhverfisstofnun, Ásta Þorleifsdóttir, tilnefnd af frjálsum félagasamtökum, og Pétur Reimarsson forstöðumaður, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Starfsmaður nefndarinnar var Sigurbjörg Sæmundsdóttir, sérfræðingur í umhverfisráðuneytinu. Við vinnu sína hafði nefndin til hliðsjónar þá löggjöf sem sett hefur verið á Norðurlöndum til að innleiða vatnatilskipunina þar og var einkum horft til Noregs og Finnlands í því sambandi. Í III. kafla er gerð nánari grein fyrir þessari löggjöf. Áður en vinna við gerð lagafrumvarpsins hófst kynntu fulltrúar umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar í nefndinni sér hvernig staðið var að innleiðingu tilskipunarinnar í Noregi og hvernig framkvæmd löggjafarinnar hefur verið og funduðu í því skyni meðal annars með fulltrúum norska umhverfisráðuneytisins.

Í starfi nefndarinnar voru m.a. þau sjónarmið lögð til grundvallar að stjórn vatnamála væri skilvirk, gagnsæ og einföld og að hún mundi falla vel að núverandi stjórnkerfi vatnamála en tæki jafnframt mið af vatnafarslegum aðstæðum hér á landi, íbúafjölda og stærð landsins. Þá var lögð áhersla á að tryggja virka þátttöku hagsmunaaðila og almennings við gerð og endurskoðun áætlana samkvæmt frumvarpinu.

Þegar nefndin hafði mótað tillögu sína að frumvarpi til laga um stjórn vatnamála kynnti hún frumvarpið fulltrúum eftirfarandi aðila: Brunamálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landmælinga Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Veiðimálastofnunar, Veðurstofu Íslands og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi. Í kjölfarið bárust ráðuneytinu í janúar 2010 umsagnir m.a. frá stýrihóp Umhverfisstofnunar, þ.e. sameiginleg umsögn Umhverfisstofnunar, Veiðimálastofnunar, Veðurstofu Íslands, Orkustofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar. Þá bárust jafnframt umsagnir frá Brunamálastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi. Nefndin fór yfir framangreindar umsagnir og gerði breytingar á frumvarpinu á grundvelli sjónarmiða og athugasemda sem komu fram í þeim. Nefndin skilaði umhverfisráðherra svo tillögum sínum að frumvarpi til laga um stjórn vatnamála 18. febrúar 2010.

Frumvarpið var lagt fram á 138. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Umhverfisnefnd Alþingis sendi frumvarpið til umsagnar fjölmargra aðila. Farið var yfir þessar umsagnir af hálfu ráðuneytisins og gerðar nokkar breytingar á því á grundvelli sjónarmiða og athugasemda sem fram komu í umsögnum. Lutu þær breytingar einkum að því að útfæra nánar einstök atriði í frumvarpinu til nánari skýringa.

Í iðnaðarráðuneyti er unnið að endurskoðun vatnalaga. Í undirbúningi er frumvarp þar sem gengið er út frá því að ákvæði um inntak vatnsréttinda landeigenda verði óbreytt frá því sem kveðið er á um í vatnalögum frá 1923 en stjórnsýsluákvæði laganna verði endurskoðuð, m.a. með hliðsjón af vatnatilskipun Evrópusambandsins.

II. Stjórnsýsla vatnsverndar.

Innleiðing vatnatilskipunarinnar kallar á nýja sýn varðandi stjórn vatnamála sem tekur mið af heildstæðu skipulagi vatnamála. Eins og fram hefur komið gerir vatnatilskipunin ráð fyrir samþættingu í stjórn vatnamála og að fjallað verði um málefni vatns heildstætt. Þannig tekur tilskipunin til verndar á vatni og vistkerfum í vötnum og vistkerfum sem tengjast vötnum, þ.m.t. til sjálfbærrar nýtingar á vatni með verndarsjónarmið að leiðarljósi. Vatnatilskipunin er þannig samvinnuverkefni sem gengur þvert á stofnanir og stjórnvöld. Hún gerir þær kröfur að horft sé með heildstæðum hætti á málefni sem snerta vatn. Til að ná þessu markmiði þurfa stjórnvöld og hagsmunaaðilar að vinna þétt saman, miðla mikilvægri þekkingu og gögnum sem þau búa yfir með það að leiðarljósi að tryggja verndun vatns.

Stjórnsýsla vatnamála hér á landi er nú einkum í höndum umhverfisráðuneytisins, iðnaðarráðuneytisins, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og stofnana sem heyra undir þessi ráðuneyti. Þá fer forsætisráðuneytið með málefni þjóðlendna. Sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, sem samanstanda af 10 heilbrigðiseftirlitssvæðum, gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki varðandi framfylgd vatnsverndar. Þau sjá um flokkun vatns og skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn sem sett eru fram í svæðis- og aðalskipulagi sveitarfélaga. Sveitarfélögin ákveða einnig í skipulagi langtímastefnumörkun um landnotkun og taka ákvarðanir um einstakar framkvæmdir á grundvelli þess. Þau gefa út starfsleyfi til mengandi fyrirtækja þar sem m.a. eru sett skilyrði um losun efna í vatn. Þau hafa með höndum eftirlit með þessum framkvæmdum, sjá um vöktun vatns og eiga að grípa til aðgerða ef ástandi vatns hrakar.

Stjórnsýsla vatnamála er því í höndum margra aðila sem koma með einum eða öðrum hætti að ákvörðunum er snerta vatn. Þannig fer umhverfisráðuneytið með yfirstjórn mála er varða mengunarvarnir, náttúruvernd, varnir gegn landbroti, skipulag og vatnamælingar. Þær stofnanir sem hafa hlutverk á þessu sviði eru Umhverfisstofnun, Landgræðslan, Veðurstofa Íslands og Skipulagsstofnun. Iðnaðarráðuneytið fer með yfirumsjón raforkumála og veitir m.a. leyfi til virkjana fallvatna og vatnsmiðlunar í tengslum við það. Þá fer iðnaðarráðuneytið með málefni er tengjast auðlindum í jörðu. Orkustofnun annast stjórnsýslu vatnamála fyrir iðnaðarráðuneytið. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fer með yfirstjórn mála samkvæmt lax- og silungsveiðilögum, svo sem vegna mannvirkjagerðar í og við veiðivötn, Fiskistofa fer með stjórnsýslu vegna eldis nytjastofna sjávar og ferskvatnsfiska og Matvælastofnun með framfylgd stjórnsýslu er varðar neysluvatn og matvælaeftirlit. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur eftirlit með mengandi starfsemi í héraði, m.a mengun vatns, og ber að sjá um flokkun vatns. Heilbrigðiseftirlitin hafa því mikilvægu hlutverki að gegna varðandi gæði vatns.

Ekki er fyrir hendi heildstæð löggjöf um vatnsvernd hér á landi en ákvæði um verndun vatns og vatna má finna víða í löggjöfinni. Þannig er markmið laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að búa mönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Í reglugerðum um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999, og mengun grunnvatns, nr. 797/1999, sem settar eru á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, er að finna meginregluna um að vernda skuli vatn og þar kemur fram að mengun vatns sé óheimil og kveðið á um þær ráðstafanir sem grípa skuli til ef gæðum neysluvatns hrakar eða það spillist. Í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn segir að heilbrigðisnefnd skuli ákvarða vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból. Lög um matvæli, nr. 93/1995, taka til neysluvatns en neysluvatn telst til matvæla. Samkvæmt lögum nr. 85/2005, um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, er óheimilt að gera nokkuð það innan verndarsvæðisins sem getur spillt vatni eða mengað það, hvort sem er yfirborðsvatn eða

grunnvatn, og lög nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, taka til vatnsverndar á vatnasviði svæðisins og samkvæmt þeim skal forðast að valda spjöllum á vatnasviðinu sem raskað gætu vernd vatnsins og árinnar, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns. Lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, er ætlað að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda. Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða á þeirri löggjöf sem fjallar um vatn með einhverjum hætti.

III. Norræn löggjöf til innleiðingar á vatnatilskipun ESB.

Á Norðurlöndunum hafa á síðastliðnum árum verið sett lög eða reglugerðir til innleiðingar á vatnatilskipuninni. Í Danmörku voru sett lög nr. 1150 frá 2003 með lögum um umhverfismarkmið, m.a. fyrir vatn og alþjóðleg náttúruverndarsvæði, *lov om miljømål m.v. for vandforekomster og internationale naturbeskyttelsesområder (miljømålsloven)* en þeim var breytt með lögum nr. 570 frá 2005 þegar vatnaumdæmum þar í landi var fækkað úr 13 í 3 auk þess sem gert er ráð fyrir einu alþjóðlegu vatnaumdæmi við þýsku landamærin. Stjórnsýsla vatnamála í Danmörku er einkum hjá umhverfisráðuneyti en einnig hjá sveitarstjórnum. Umhverfisráðuneytið er vatnastjórnvald fyrir vatnaumdæmin en eftirlit er hjá sveitarfélögum. Það er í höndum umhverfisráðuneytisins að útbúa vatnastjórnunaráætlun fyrir hvert vatnaumdæmi. Umhverfisráðuneytið ábyrgist einnig vöktun svæða og vinnur aðgerðaáætlanir. Vatnastjórnunaráætlun og aðgerðaáætlun eru bindandi fyrir stjórnvöld við framkvæmd annarra laga eins og vatnalaga og vatnsveitulaganna dönsku.

Vegna innleiðingar vatnatilskipunarinnar í sænskan rétt voru gerðar breytingar á 5. kafla sænsku umhverfislaganna 1998:808 (*miljöbalken*) og sett sértök reglugerð nr. 2004:660 um gæðastjórnun vatnasvæða, *forvaltning av kvaliteten.* Umhverfisráðuneytið fer með framkvæmd þeirra laga. Svíþjóð er skipt upp í fimm vatnaumdæmi sem mynda stjórnsýslueiningar vatnamála og er ein lénsstjórn (länsstyrelse) í hverju vatnaumdæmi sem annast stjórnsýslu vatnamála. Sveitarfélög fara með eftirlit með starfsemi sem getur haft áhrif á umhverfi og heilsu.

Í Noregi hefur vatnatilskipunin verið innleidd með reglugerð nr. 2006:1446, reglugerð um fyrirkomulag varðandi stjórnun vatnamála, *forskrift om rammer for vannforvaltningen* sem tók gildi 1. janúar 2007 en henni var breytt 2009 og tóku breytingarnar gildi 1. janúar 2010. Reglugerðin er sett á grundvelli mengunarlöggjafarinnar (*foruresningsloven*), skipulags- og byggingarlaga (*Plan- og bygningsloven*) og vatnalaga (*vannressursloven*). Noregi er nú skipt upp í 16 vatnaumdæmi en þau voru 9 áður, þar sem 11 vatnaumdæmi hafa afrennsli í norska lögsögu og 5 alþjóðleg vatnaumdæmi sem hafa afrennsli til Svíþjóðar og Finnlands. Þessi 11 vatnaumdæmi mynda stjórnsýslueiningar vatnamála og er stjórnsýslan hjá stjórnvöldum þessara 11 vatnaumdæma. Vatnastjórnvöld er á vegum svæðissveitarstjórna (*fylkeskommuner*) en það er sambærilegt stjórnvald og lénsstjórnvald í Svíþjóð. Á vegum vatnastjórnvaldanna starfa 11 vatnaumdæmanefndir sem skipaðar eru fulltrúum svæðissveitarstjórnarinnar, annarra svæðissveitarfélaga, fylkismannsembætta, viðkomandi hagsmunaaðila og sveitarfélaga.

Vatnatilskipunin var innleidd í Finnlandi með lögum nr. 1299/2004, um stjórnun vatnsauðlindar, *Act on Water Resources Management*. Í Finnlandi eru 7 vatnaumdæmi, 5 á meginlandinu og 2 alþjóðleg svæði. Þá eru 13 stjórnvöld á svæðisstigi (*Regional Environmental Centres*) hvert með sameiginlega vinnunefnd sem skipuð er stjórnvöldum og hagsmuna-

aðilum. Þannig eru stjórnvöld vatnamála fleiri en vatnaumdæmin öfugt við það sem er annars staðar á Norðurlöndum.

IV. Helstu efnisatriði frumvarpsins.

Efni frumvarpsins er í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnamálum, 2000/60/EB. Frumvarpið er í fimm köflum og hefur að geyma 32 greinar, þrjú ákvæði til bráðabirgða ásamt tveimur viðaukum. Í I. viðauka er að finna yfirlitsmynd yfir landfræðilegt gildissvið frumvarpsins og í II. viðauka eru tilgreindir nánar þeir þættir sem koma eiga fram í vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Í fyrsta kafla eru ákvæði um markmið og gildissvið frumvarpsins og skilgreiningar. Annar kafli fjallar annars vegar um stjórnvöld vatnamála, þ.e hvaða stjórnvöld fara með stjórn vatnamála, sem lagt er til að verði vatnaráð, Umhverfisstofnun og sveitarfélög, og hins vegar um hlutverk þeirra við framfylgd ákvæða laganna, verði frumvarp þetta að lögum. Vatnasvæðanefndunum er ætlað að vera samstarfsvettvangur stjórnvalda og hagsmunaaðila og afla upplýsinga um viðkomandi svæði. Þá er í kaflanum gerð grein fyrir hlutverki rannsóknastofnana og samráðsaðila, þ.e. ráðgjafarnefnda. Gert er ráð fyrir að tvær ráðgjafarnefndir, ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og ráðgjafarnefnd tiltekinna hagsmunaaðila og frjálsra félagasamtaka, verði stjórnvöldum til ráðgjafar. Lagt er til að eitt vatnaumdæmi verði hér á landi og er gerð grein fyrir afmörkun vatnaumdæmis með vísan til viðauka I sem fylgir frumvarpinu. Í þriðja kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um þau umhverfismarkmið sem þarf að ná til að uppfylla kröfur um gæði vatns og í hvaða tilvikum hægt sé að víkja frá kröfum um umhverfismarkmið. Í fjórða kafla er gerð grein fyrir áætlunum, þ.e. vatnastjórnunaráætlun og aðgerða- og vöktunaráætlun til að ná fram heildstæðri vernd vatns, og hvernig þessum áætlunum er fylgt eftir og síðan gert ráð fyrir að unnin verði stöðuskýrsla til að sýna fram á núverandi ástand vatns. Í fimmta kafla eru svo ákvæði um hvernig kynna eigi vatnastjórnunaráætlunina til að ná fram sem víðtækustu samráði við gerð hennar og hvaða réttaráhrif hún hefur gagnvart gerð skipulags og við útgáfu leyfa.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að landið sé eitt vatnaumdæmi, eins og áður er getið, en það myndar stjórnsýslueiningu um þætti sem vinna þarf að vegna vatnsverndar. Ekki var talin þörf á að hafa vatnaumdæmin fleiri en eitt, m.a. vegna legu landsins, þ.e. vegna þess að Ísland er eyja og því ekki með vatnasvæði sem liggja að öðrum löndum, svo og vegna vatnafars hér á landi. Það eykur skilvirkni við stjórnun vatnsverndar og tryggir meiri yfirsýn og samræmdari vinnubrögð að hafa vatnaumdæmið eitt. Eins leiðir það til minni yfirbyggingar og þar með minni kostnaðar. Gert er ráð fyrir að vatnaráð sem skipað er fulltrúum ríkis og sveitarfélaga hafi yfirumsjón með starfi vatnaumdæmisins. Jafnframt er gert ráð fyrir því að vatnaumdæminu verði skipt í nokkur vatnasvæði, en fjöldi þeirra verði ákveðinn með reglugerð, og að vatnasvæðanefndir starfi á hverju vatnasvæði. Hlutverk vatnasvæðanefnda er að samræma vinnu við gerð viðeigandi skýrslna og áætlana fyrir viðkomandi svæði. Umhverfisstofnun er ætlað að annast stjórnsýslu í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Þannig ber henni að samræma vinnu við gerð þeirra áætlana í nánu samráði við viðkomandi sveitarfélög, vatnasvæðanefndir og ráðgjafarnefndir. Skilgreint er sérstaklega hlutverk Veðurstofu Íslands, Hafrannsóknastofnunarinnar og Veiðimálastofnunar vegna mikilvægis þessara stofnana varðandi öflun gagna og upplýsinga við framkvæmd frumvarpsins. Mikil áhersla er lögð á víðtækt samráð við ráðgjafarnefndir og að þær og vatnasvæðanefndir leggi fram nauðsynlegar upplýsingar og gögn vegna þess starfs sem framkvæma þarf á grundvelli frumvarpsins.

Frumvarpið mælir fyrir um að stjórnsýslan verði einföld, skilvirk, samhæfð og gagnsæ. Með vatnaráði, sem samanstendur af fulltrúum þeirra ráðuneyta sem fara með vatnamál hér á landi og fulltrúa sveitarfélaga sem fara með veigamikinn þátt í framkvæmd vatnsverndar, er reynt að tryggja framangreind sjónarmið. Umhverfisstofnun hefur síðan hlutverki að gegna við að afla nauðsynlegra upplýsinga og gagna, m.a. frá opinberum stofnunun, hagsmunaaðilum, sveitarfélögum og öðrum, og á grundvelli þeirra að vinna tillögur að vatnastjórnunaráætlun, aðgerða- og vöktunaráætlun sem eru stýritæki við framfylgd vatnsverndar. Forsenda þessarar vinnu er víðtækt samráð við ráðgjafarnefndir sem samanstanda af hagsmunaaðilum og opinberum stofnunum og eftirlitsaðilum á sviði vatnamála. Frumvarpið gerir ráð fyrir að samráðsaðilar hafi tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og þeim sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á efni vatnastjórnunaráætlunar.

V. Framkvæmd vatnsverndar.

Frumvarpið mælir fyrir um stjórnfyrirkomulag til að tryggja markmið frumvarpsins um langtímaverndun vatns, setur kröfur um umhverfismarkmið og kveður á um hvernig þeim verður náð. Frumvarpið kallar á að settar verði reglugerðir til að útfæra ýmsa þætti frumvarpsins, en í 29. gr. frumvarpsins eru tilgreindar þær reglugerðir sem heimilt er að setja á grundvelli frumvarpsins. Vatnatilskipuninni fylgja tíu viðaukar og varða þeir m.a. fyrirmæli um nánari útfærslu ákvæða tilskipunarinnar. Reglugerðir á grundvelli laganna munu taka upp efni ýmissa þessara viðauka, eins og II. viðauka um lýsingu á eiginleikum og gerð yfirborðsvatns og grunnvatns, ásamt álagsgreiningu á yfirborðsvatni og grunnvatni, V. viðauka um mat til flokkunar á ástandi og vöktun yfirborðsvatns og grunnvatns, um efni og framkvæmd aðgerðaáætlana, sbr. VI viðauka og um tilgreiningu og röðun forgangsefna, sbr. X. viðauka. Lagt er til að VII. viðauki tilskipunarinnar um efni vatnastjórnunaráætlunarinnar fylgi frumvarpinu, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Lögin, verði frumvarp þetta að lögum, eiga að koma til framkvæmda á nokkuð löngum tíma, eða frá gildistöku laganna til ársins 2024. Þannig er frumvarpinu eins og áður segir ætlað m.a. að skilgreina vatnaumdæmi og stjórnsýslufyrirkomulag til að ná fram markmiðum frumvarpsins. Árið 2013 á að skilgreina einkenni vatnaaumdæmisins, m.a. hvað varðar álag og áhrif á vatnsgæði, greiningu á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum, og gera skrá yfir vernduð svæði, og skal stöðuskýrsla vera tilbúin sama ár. Gera skal vöktunaráætlun á árinu 2015 og vakta ástand yfirborðsvatns, grunnvatns og verndaðra svæða. Leggja skal fram og kynna vatnastjórnunaráætlun 2015 og birta árið 2018. Hún skal endurskoðuð og uppfærð á sex ára fresti eftir það. Aðgerðaáætlanir sem byggðar eru á greiningum ástands og vöktunaráætlun á að leggja fram árið 2018 og eiga þær að vera komnar til framkvæmda árið 2021. Árið 2024 er svo afar mikilvægt tímamark því þá á að vera búið að ná fram umhverfismarkmiðum samkvæmt frumvarpinu og tryggja gæði vatns og vistkerfa sem háð eru vatninu. Umhverfismarkmiðin eru bindandi og byggjast á því að hægt sé að knýja þau fram.

Á grundvelli greiningar á eiginleikum og ástandi vatns og vistkerfa þess sem liggja þarf fyrir árið 2013 með stöðuskýrslu verður lagt mat á það hvort þörf sé á aðgerðum til úrbóta og ef svo er verða gerðar áætlanir um aðgerðir til þess að ná fram markmiðum frumvarpsins. Upplýsingar um framangreint verða settar fram í vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið. Ísland þarf að gera yfirlit yfir stöðu mála og sýna fram á að gripið verði til viðeigandi ráðstafana til að ná markmiðum frumvarpsins, sem er gott vistfræðilegt ástand vatns. Í kjölfar þess þarf að fylgjast með að ástandið versni ekki og beita til þess úttektum og eftirlitsrannsóknum og, ef þörf krefur, endurbæta eða semja nýjar áætlanir um ráðstafanir. Við skilgreiningar og mat á vatnsgæðum á að nota líffræðilega gæðaþætti, auk þeirra efnafræðilegu og

eðlisfræðilegu. Þetta þýðir að skilgreina þarf ástand vatns með tilliti til líffræðilegra gæðaþátta og taka upp eftirlit byggt á þessum þáttum þar sem þess er krafist. Tryggja þarf gagnaflæði og úrvinnslu gagna. Unnið er að því að setja upp gagnakerfi fyrir vatn, WISE (Water Information System for Europa), sem tekur við gögnum m.a. á grundvelli vatnatilskipunarinnar. Einnig er unnið að gerð tæknilegra skilyrða fyrir sýnatökur og greiningar.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum er fjallað um markmið frumvarpsins, gildissvið og skilgreiningar. Í 1. gr. koma fram markmið frumvarpsins og þau grundvallarsjónarmið sem það byggist á. Frumvarpinu er ætlað m.a. að vernda vatn og vistkerfi vatns, þ.e. stuðla að því að vatn njóti heildstæðrar verndar. Gildissviði frumvarpsins er lýst í 2. gr. þess, en það tekur til yfirborðsvatns, grunnvatns, árósavatns og strandsjávar. Þá er í 3. gr. að finna skilgreiningar á hugtökum og orðasamböndum.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er sett fram markmið frumvarpsins og þau grundvallarsjónarmið sem það byggist á. Frumvarpinu er ætlað að vernda vatn og vistkerfi vatns. Þá er því ætlað að koma í veg fyrir að vatnsgæðum hraki og bæta ástand vatnavistkerfa og vistkerfa sem háð eru vatni til að stuðla að því að vatn njóti heildstæðrar verndar. Vatnavistkerfi tekur til ferksvatnsvistkerfa, sjávarvistkerfa og ísaltra vatnavistkerfa. Þannig er andlag frumvarpsins vatnið sjálft og það lífríki sem í því finnst, það vistkerfi og votlendi sem háð er vatni með beinum hætti, en þar er um að ræða vistkerfi á landi sem háð er vatni. Markmið frumvarpsins nær ekki eingöngu til verndar vatns heldur einnig til sjálfbærrar nýtingar vatnsauðlindarinnar á grundvelli sjálfbærrar þróunar sem byggist á því að vatn sé verndað til langs tíma. Þetta felur í sér að vatnsauðlindin sé nýtt á skynsamlegan og hófsaman hátt og innan þeirra marka sem umhverfi, náttúra og vistkerfi þola til langs tíma litið. Jafnframt felst í þessu að við auðlindastjórnun sé gætt jafnvægis í efnahagslegri og samfélagslegri þróun og vernd náttúrunnar og að ákvarðanataka og áætlanagerð byggist á samspili þessara þriggja þátta og niðurstöðum vísindarannsókna. Greinin er byggð á 1. gr. vatnatilskipunarinnar, einkum a- og b-lið hennar.

Í 2. mgr. er gerð grein fyrir hvernig ná eigi fram markmiðum frumvarpsins, en það er gert með því að vinna þær áætlanir sem frumvarpið mælir fyrir um, þ.e. vatnastjórnunaráætlun og aðgerða- og vöktunaráætlun, sem nánar er svo lýst í fjórða kafla frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er skilgreint til hvaða svæðis frumvarpið nær en það er byggt á því að vatnatilskipunin nær til yfirborðsvatns, grunnvatns, árósavatns og strandsjávar en ytri mörk strandsjávar eru dregin með línu sem er sjávarmegin einni sjómílu frá næsta punkti grunnlínu þeirrar sem landhelgin er miðuð við og teygir sig, þar sem við á, að ytri mörkum árósavatns. Í viðauka I sem fylgir frumvarpinu er þetta svæði sýnt á korti. Frumvarpið nær því ekki eingöngu til yfirborðsvatns, grunnvatns og árósavatns á landi heldur jafnframt til sjávar að framangreindum mörkum. Greinin er byggð á 1. gr. vatnatilskipunarinnar og 7. tölul. 2. gr. varðandi afmörkun gildissviðs tilskipunarinnar til sjávar. Eins og fram kemur í athugasemdum með 1. gr. er andlag frumvarpsins vatn og það vistkerfi sem í því finnst, það vistkerfi og votlendi sem háð er vatni með beinum hætti, en þar er um að ræða vistkerfi á landi sem háð er vatni. Frumvarpið tekur því mið af vatni og lífríki þess. Alþjóðleg skilgreining á votlendi tekur m.a. til vatna og er hér tekið fram að frumvarpið taki til votlendis og vistkerfa sem háð eru vatni.

Ekki er til að dreifa sérstöku stjórnvaldi sem fer almennt með stjórnsýslu hafsvæðisins utan netlaga heldur er því verkefni skipt milli ýmissa aðila stjórnkerfisins, svo sem vegna efnistöku í sjó, losunar í hafið, sjókvíaeldis og lagningar sæstrengja.

Um 3. gr.

Í greininni eru hugtök og orðasambönd skilgreind. Helstu nýmæli eru eftirfarandi:

Gott efnafræðilegt ástand er notað yfir efnafræðilegt ástand yfirborðs- eða grunnvatnshlots sem uppfyllir umhverfismarkmið fyrir vatn, sbr. skilgreiningar í II. viðauka vatnatilskipunarinnar. Um er að ræða þætti sem eru notaðir til þess að flokka vatn eftir ástandi næringarefna í vatni. Þetta nær til fleiri þátta, svo sem náttúrulegs ástands næringarefna, jarðfræði, dýptar, meðalhita, sveiflna í hæð vatnsborðs og leiðni. Gert er ráð fyrir að framangreindur viðauki verði innleiddur í íslenskan rétt í reglugerð, sbr. heimild í 1. tölul. 29. gr. laganna, verði frumvarp þetta að lögum.

Forgangsefni eru efni sem skapa umtalsverða hættu fyrir vatnsumhverfi, svo sem efni sem valda visteiturhrifum í vatni og eiturhrifum á menn frá vatnsumhverfi. Um er að ræða ákveðin efni sem þarf að mæla og eru hættuleg umhverfinu, svo sem þungmálma, lífræn þrávirk efni og efni sem berast langar leiðir, m.a. með loft- og hafstraumum. Efnunum er raðað í forgangsröð að því er varðar aðgerðir á grundvelli þess hve mikla hættu þau skapa fyrir vatn og umhverfi þess eða út frá því. Röðunin er greind með matsaðferð byggðri á áhættu þar sem m.a. er tekið mið af eðlislægri hættu af viðkomandi efnum, eiturhrifum þeirra í vatni og á lífríki og menn og niðurstöðum úr vöktun. Forgangsefni eru tilgreind skv. 2. mgr. 16. gr. vatnatilskipunarinnar og talin upp í X. viðauka við tilskipunina. Meðal þessara efni eru „hættuleg forgangsefni“ og eru þau tilgreind í samræmi við 3. og 6. mgr. 16. gr. vatnatilskipunarinnar, sbr. og 1. og 8. gr. hennar. Gert er ráð fyrir að ákvörðun 2455/2001/EB um lista forgangsefna í X. viðauka vatnatilskipunarinnar og tilskipun 2008/105/EB um umhverfisgæðastaðla fyrir forgangsefni verði hluti af EES-samningnum fljótlega.

Strandsjór er yfirborðsvatn sem er landmegin við línu sem samkvæmt ákvæðum vatnatilskipunarinnar er dregin sjávarmegin, einni sjómílu frá næsta punkti grunnlínu þeirrar sem landhelgi miðast við, og teygir sig, þar sem við á, að ytri mörkum árósavatns. Af þeim sökum er strandsjórinn víðáttumikill hér við land.

Vatnshlot er eining af vatni, oft afmörkuð sem t.d. allt það vatn sem er að finna í einu stöðuvatni, á eða strandsjó. Orðið er m.a. skilgreint í íðorðabók orðanefndar byggingarverkfræðinga og *Orðmyndun*, Smáriti Íslenskrar málnefndar 3. Þar kemur fram að í grannmálum okkar hafi orð sem í almennu máli tákna „líkami“ einnig merkingu sem eðlisfræðilegt hugtak sem skilgreint er sem „afmörkuð heild af efni í storkuham, vökvaham, gasham eða rafham“. Íslenska nýyrðið hlot var sett fram fyrir u.þ.b. tuttugu árum. Um er að ræða orð sem nær yfir danska orðið *legeme*, enska orðið *body* og þýska orðið *Körper*. Þessi orð hafa merkingu í eðlisfræði sem er svo langt frá merkingu íslensku orðanna *líkami* og *hlutur* að ekki var talið eiga við að nota þau orð á sama hátt í íslensku íðorðakerfi. Dæmi: *et flydende legeme*, *a body of gas*, *ein Wasserkörper*. Fram kemur að þarna hafi vantað nýtt orð sem hefði aðra merkingu en *líkami* eða *hlutur*. Stungið var upp á orðinu *hlot* og að segja mætti til að mynda *vatnshlot* og *berghlot*. Orðið „vatnshlot“ hefur öðlast sess í vatnafræðum hér á landi og er hér notað sem eining um stjórnsýsluna í kringum vatn.

Vatnaumdæmi eru tvö eða fleiri samliggjandi vatnasvæði ásamt grunnvatni, árósavatni og strandsjó sem tengjast þeim og sem saman mynda stjórnsýslueiningu. Í frumvarpi þessu er gerð tillaga um að landið allt verði eitt vatnaumdæmi. Öll vatnasvæði á Íslandi, ásamt grunnvatni, árósavatni og strandsjó sem tengjast þeim, mynda þess vegna eina stjórnsýslueiningu.

Vatnasvæði er landsvæði með tveimur eða fleiri vatnasviðum. Þar sem vatnasvið eru mjög mörg og oft eðlislík eru þau sett saman í landfræðileg vatnasvæði á einstöku landsvæði eða landshluta. Sem dæmi um vatnasvæði geta verið öll vatnasvið á Vestfjörðum ásamt aðliggjandi strandsjó.

Vistfræðilegt ástand varðar gerð og starfsemi vistkerfa sem tengjast yfirborðsvatnshloti og er metið eftir líffræðilegum gæðaþáttum fyrir hvern flokk yfirborðsvatns.

Vistmegin er notað um ástand vistkerfis í mikið breyttu eða manngerðu vatnshloti til að meta gildi líffræðilegra gæðaþátta.

Að öðru leyti eru skilgreiningar í greininni í samræmi við skilgreiningar á hugtökum og orðasamböndum í öðrum lögum og reglugerðum eða ekki talin þarfnast frekari skýringar. Löggjöf þar sem hlutaðeigandi skilgreiningar er að finna er m.a. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðir settar samkvæmt þeim lögum. Hér má til að mynda nefna reglugerðir nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerð nr. 797/1999 um grunnvatn.

Um II. kafla.

Kaflinn hefur að geyma ákvæði um stjórnvöld vatnamála, þ.e. þá aðila sem fara með stjórn vatnamála, og hlutverk þeirra við framfylgd ákvæða frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að vatnaráð fari með stjórn vatnsverndar undir yfirstjórn umhverfisráðherra og að Umhverfisstofnun annist þá stjórnsýslu vatnamála sem frumvarpið mælir fyrir um. Þá er gerð grein fyrir hlutverki sveitarfélaga, vatnasvæðanefnda, opinberra stofnana og samráðsaðila, þ.e. ráðgjafarnefnda við framfylgd ákvæða frumvarpsins. Framangreint fyrirkomulag er í samræmi við vatnatilskipunina sem gerir ráð fyrir samþættingu í stjórn vatnamála og að fjallað sé um málefni vatns heildstætt innan vatnasviða. Breytingar á stjórnsýslu vatnamála sem frumvarp þetta mælir fyrir um miða að því að koma á heildstæðu skipulagi vatnamála. Í frumvarpinu er lagt til að Ísland verði eitt vatnaumdæmi sem er allt vatnasvið Íslands, árósar og strandsjór. Í 2. tölul. 3. gr. vatnatilskipunarinnar er kveðið á um að tryggja skuli viðeigandi stjórnsýslufyrirkomulag, þar á meðal að tilgreina viðeigandi lögbært yfirvald sem beitir ákvæðum tilskipunarinnar, og eru ákvæði þessa kafla byggð á þessu ákvæði.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að Ísland verði eitt vatnaumdæmi sem er allt vatnasvið Íslands, árósar og strandsjór. Í I. viðauka frumvarpsins er að finna yfirlitsmynd yfir landfræðilega afmörkun vatnaumdæmisins. Ákvæðið er byggt á 1. tölul. 3. gr. vatnatilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn samkvæmt frumvarpinu og hafi þannig yfirumsjón með framkvæmd þeirra verkefna sem frumvarpið mælir fyrir um. Umhverfisráðuneytið fer með ýmis mál er varða vatn og vatnsvernd. Meðal verkefna þess er náttúruvernd, þar á meðal vernd vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni, umhverfisvöktun, mengunarvarnir, skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum og gerð landnýtingaráætlana, rannsóknir á vatnafari landsins og fyrirhleðslur til varnar ágangi vatns, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands. Það er því ljóst að veigamiklir þættir vatnamála eru á verkefnasviði umhverfisráðuneytis. Lagt er til að ráðherra staðfesti vatnastjórnunaráætlun, vöktunaráætlun og aðgerðaáætlun að fenginni tillögu vatnaráðs, sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um skipun vatnaráðs fyrir vatnaumdæmið, en í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að Ísland skuli vera eitt vatnaumdæmi eins og áður segir. Vatnaráðið hefur mjög

þýðingarmiklu hlutverki að gegna samkvæmt frumvarpinu og í 6. gr. er fjallað um verkefni þess. Það er umhverfisráðherra sem skipar vatnaráð til fimm ára í senn. Hér er lagt til að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni tvo fulltrúa í vatnaráð, iðnaðarráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilnefni hvor um sig einn fulltrúa og að umhverfisráðherra skipi formann vatnaráðs án tilnefningar. Hér er því um að ræða stjórnvald sem skipað er fulltrúum bæði ríkis og sveitarfélaga. Þetta er í samræmi við það sjónarmið að eðlilegt sé að líta á framkvæmd þeirra verkefna sem frumvarpið mælir fyrir um sem sameiginlegt viðfangsefni ríkis og sveitarfélaga. Yfirstjórn vatnsverndar á landsvísu er í höndum umhverfisráðherra en vatnaráð er lægra sett stjórnvald sem heyrir undir yfirstjórn umhverfisráðherra. Ýmis umfangsmikil verkefni er varða stjórnsýslu vatnamála eru á forræði viðkomandi sveitarstjórna. Sveitarfélögin fara þannig með skipulagsvald, veitingu framkvæmdaleyfa og í gegnum heilbrigðisnefndir veitingu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi og annast eftirlit og framkvæmd vatnsverndar að miklu leyti. Stjórnsýsla vatnamála nú er á höndum margra aðila sem koma með einum eða öðrum hætti að ákvörðunum er snerta vatn. Því er lagt til að vatnaráð sé skipað fulltrúum þeirra ráðuneyta sem fara með stjórn vatnamála hér á landi og sveitarfélaga sem fara með veigamikinn þátt í framkvæmd vatnsverndar til að tryggja aðkomu allra þeirra aðila sem fara með stjórn og framkvæmd vatnsverndar. Í II. kafla almennra athugasemda er verkefnum ríkisins og sveitarfélaga á sviði stjórnsýslu vatnamála nánar lýst og er vísað til þeirrar umfjöllunar um þessi verkefni.

Um 6. gr.

Greinin kveður á um hlutverk vatnaráðs. Í 1. mgr. eru talin upp þau verkefni sem vatnaráð hefur með höndum. Meginverkefni vatnaráðs er að hafa umsjón með starfi Umhverfisstofnunar við gerð tillögu að vöktunaráætlun, aðgerðaáætlun og vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið og gera tillögu til umhverfisráðherra um staðfestingu þessara áætlana. Í umsjón vatnaráðs felst m.a. að taka efnislega afstöðu til tillagna Umhverfisstofnunar og gæta þess að framangreindar áætlanir hafi verið unnar í samræmi við ákvæði laganna verði frumvarp þetta að lögum. Í vatnaráði eru fulltrúar þeirra stjórnvalda sem fara með stjórn og framkvæmd vatnamála og því munu tillögur vatnaráðs til umhverfisráðherra endurspegla þeirra sjónarmið.

Í 2. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun annist daglegan rekstur og umsýslu vatnaráðs og sé ráðinu til ráðgjafar. Þannig er gert ráð fyrir að starfsaðstaða vatnaráðs verði hjá Umhverfisstofnun og að stofnunin leggi ráðinu til starfsmann til að hún geti sinnt starfi sínu.

Um 7. gr

Hér er lagt til að Umhverfisstofnun annist stjórnsýslu á sviði vatnsverndar í samræmi við fyrirmæli frumvarpsins. Þannig beri henni m.a. að samræma vinnu við gerð vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlunar í nánu samráði við viðkomandi sveitarfélög, ráðgjafarnefndir og vatnasvæðanefndir. Umhverfisstofnun hefur síðan hlutverki að gegna við að afla nauðsynlegra upplýsinga og gagna frá opinberum stofnunum, hagsmunaaðilum, sveitarfélögum og öðrum og er ætlað að vinna tillögur til vatnaráðs að vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlun sem eru stýritæki við framfylgd vatnsverndar. Þannig er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun vinni slíkar tillögur fyrir vatnaráð sem fer yfir efni þeirra eins og nánar er lýst í athugasemdum við 6. gr.

Undirbúningur að ýmsum verkefnum sem Umhverfisstofnun er ætlað að sinna er þegar hafin eins og gerð er grein fyrir í 4. tölul. í inngangi almennra athugasemda og því er þegar hafinn undirbúningur að framkvæmd efnisákvæða frumvarpsins, enda er stjórnvöldum gert

að vinna verkefni samkvæmt tilskipuninni í samræmi við tímaáætlun sem lýst er í V. kafla í almennum athugasemdum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun beri að hafa til hliðsjónar áætlanir opinberra aðila á landsvísu þegar hún vinnur tillögur sínar að vatnastjórnunaráætlun og endurskoðun hennar. Með því er leitast við að tryggja að horft sé heildstætt á þær áætlanir sem liggja fyrir við gerð vatnastjórnunaráætlunar.

Í 4. mgr. er lagt til að það sé hlutverk Umhverfisstofnunar að senda samþykkta vatnastjórnunaráætlun til þeirra stjórnvalda og sveitarfélaga sem áætlunin varðar og jafnframt að auglýsa hana opinberlega og hafa hana aðgengilega.

Um 8. gr

Í greininni er fjallað um hlutverk sveitarfélaga og vatnasvæðanefnda við framfylgd vatnsverndar. Eins og fram kom í almennum athugasemdum gegna sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga mikilvægu hlutverki við framfylgd vatnsverndar. Þau sjá m.a. um flokkun vatns, gefa út starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi þar sem m.a. eru sett skilyrði um losun efna í vatn og hafa með höndum eftirlit með þessum framkvæmdum. Jafnframt sjá þau um vöktun vatns og eiga að grípa til aðgerða ef ástand vatns versnar. Í 1. mgr. er kveðið á um að sveitarfélögum, í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, sé ætlað að framfylgja þeim kröfum sem kveðið er á um í vöktunar- og aðgerðaáætlun í samræmi við ákvæði laganna verði frumvarp þetta að lögum. Þá er í ákvæðinu áréttað að sveitarfélög skuli vera Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning hennar að tillögu að vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlunar eða endurskoðun þeirra. Þetta er í samræmi við e-lið 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins þar sem segir að Umhverfisstofnun eigi að vinna framangreindar áætlanir í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög.

Í 2. mgr. er kveðið á um skiptingu vatnaumdæmisins í vatnasvæði, en vatnasvæði er skilgreint í 3. gr. sem landsvæði með einu eða fleiri vatnasviðum. Því er lagt til að í reglugerð, sbr. 8. tölul. 29. gr. frumvarpsins, verði kveðið á um fjölda vatnasvæða og landfræðilega afmörkun þeirra. Mörk vatnasvæða eru ákvörðuð af vatnsformfræðilegri útbreiðslu vatns og ræðst af vatnafræðilegri afmörkun þannig að ekki er um hefðbundin stjórnsýslumörk að ræða. Vatnasvæðin geta þannig náð yfir fleiri en eitt sveitarfélag, t.d. ef Suðurland væri eitt vatnasvæði, eða yfir hluta af sveitarfélagi, t.d. hvað varðar Grímsey, eða farið saman við sveitarfélagsmörk, til að mynda hvað varðar Vestmannaeyjar. Við skiptingu vatnaumdæmis í vatnasvæði ber að hafa í huga íbúafjölda landsins, grunnatvinnugreinar hér á landi, samgöngur og þjónustustarfsemi, að stærð vatnasvæða sé hagkvæm og að skilvirk starfsemi sé tryggð.

Gert er ráð fyrir að sérstakar vatnasvæðanefndir, sbr. 3. mgr., verði starfræktar á hverju vatnasvæði til að annast framkvæmd tiltekinna verkefna á vatnasvæðinu. Í vatnasvæðanefndum verði fulltrúar frá sveitarfélögum viðkomandi vatnasvæðis og heilbrigðisnefndum svæðisins, svo og frá Umhverfisstofnun og skal sá fulltrúi jafnframt stýra starfi nefndarinnar. Í reglugerð sem sett verður á grundvelli laganna verður kveðið á um setu þeirra og annarra fulltrúa í nefndinni, svo sem frá hlutaðeigandi fagstofnunum og hagsmunaaðilum, sbr. 9. tölul. 29. gr.

Vatnasvæðanefndir starfa í umboði Umhverfisstofnunar og er þeim ætlað að samræma vinnu á viðkomandi vatnasvæði vegna gerðar vöktunar- og aðgerðaáætlunar svo og vatnastjórnunaráætlunar og stöðuskýrslu fyrir vatnaumdæmið, sbr. 4. mgr. Starf vatnasvæðanefnda hefur því mikla þýðingu fyrir það starf sem Umhverfisstofnun er ætlað að sinna skv. 7. gr.

frumvarpsins. Þannig er gert ráð fyrir mjög nánu samstarfi Umhverfisstofnunar við fagaðila og sveitarfélög á viðkomandi svæði við framfylgd ákvæða frumvarpsins.

Um 9. gr

Í greininni er lagt til að með Umhverfisstofnun verði starfandi tvær ráðgjafarnefndir, ráðgjafarnefnd fagstofnana, þ.e. þeirra sérfræðistofnana sem tilgreindar eru í 2. mgr., og eftirlitsaðila annars vegar og hins vegar ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila og frjálsra félagasamtaka á sviði náttúruverndar og umhverfismála, sbr. 1. mgr. Undir hagsmunaaðila falla t.d. Samtök atvinnulífsins, Samtök veiðiréttarhafa, veiðifélög, samtök útivistarfélaga, Bændasamtökin, samtök orkufyrirtækja, hafnarsambönd og fleiri. Frjáls félagasamtök á sviði náttúruverndar og umhverfismála eru t.d. Fuglaverndarfélag Íslands, Félag um verndun hálendisins, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, samtök útivistarfélaga og skógræktar- og landgræðslusamtök. Hjá slíkum félagasamtökum er viðamikil fagþekking á sérsviði þeirra sem mun gagnast við gerð stöðuskýrslna og áætlana.

Í 2. mgr. eru tilgreindar sérstaklega þær opinberu stofnanir sem skulu eiga fulltrúa í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila en um er að ræða allar ríkisstofnanir sem hafa hlutverk á sviði vatnamála á einn eða annan hátt, auk fulltrúa frá viðkomandi náttúrustofum og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Framangreindir aðilar eiga að leggja fram nauðsynleg gögn sem til eru, sbr. 3. mgr., og nýst geta við gerð stöðuskýrslu, vöktunaráætlunar, aðgerðaáætlunar og vatnastjórnunaráætlunar. Þessi gögn eru meðal annars kort og ýmsar rannsóknir á vatnafari, lífríki og vistkerfum landsins. Meginhlutverk ráðgjafarnefnda er að vera Umhverfisstofnun og vatnaráði til ráðgjafar en þær bera hins vegar ekki ábyrgð á framkvæmd vatnsverndar heldur er það verkefni viðkomandi stjórnvalda samkvæmt frumvarpinu.

Í 4. mgr. er lagt til að ráðgjafarnefndir hafi sér til aðstoðar starfsmann sem Umhverfisstofnun leggur til og hafi umsjón með starfi nefndanna. Ráðgjafarnefndir hafa mjög þýðingarmiklu hlutverki að gegna samkvæmt frumvarpinu og því þarf að tryggja fjármagn til þeirra þannig að þær hafi starfsaðstöðu og geti ráðið sér starfsmann sem heldur utan um starf nefndanna.

Um 10. gr

Í greininni eru tilgreindar þær rannsóknastofnanir sem hafa veigamiklu hlutverki að gegna við framkvæmd laganna, verði frumvarpið að lögum, þ.e. Veðurstofa Íslands, Veiðimálastofnun, Hafrannsóknastofnunin og Náttúrufræðistofnun Íslands. Gert er ráð fyrir að þessar stofnanir leggi m.a. til þau gögn sem liggja fyrir vegna lögbundins hlutverks þeirra eins og nánar er tilgreint í 1. mgr.

Aðrar rannsóknastofnanir, svo sem náttúrustofur sveitarfélaga og rannsóknastofur, hafa einnig veigamiklu hlutverki að gegna í náttúrurannsóknum. Hlutverk þeirra gagnvart lífríki vatna er hins vegar minna en þeirra stofnana sem tilgreindar eru í 1. mgr. Í 2. mgr. kemur fram að rannsóknastofnanir skv. 1. mgr. geti leitað til annarra rannsóknaraðila til að afla gagna, eftir því sem við á. Þetta geta t.d. verið vist- og vatnafræðileg gögn frá öðrum ríkisstofnunum, háskólum og einkareknum rannsóknastofum. Margar rannsóknastofnanir hafa tekið virkan þátt í undirbúningi að innleiðingu vatnatilskipunarinnar. Til að mynda hafa Náttúrufræðistofa Kópavogs og Lífræðistofnun Háskóla Íslands gegnt veigamiklu hlutverki.

Í 3. mgr. kemur fram að Umhverfisstofnun skuli gera samning við þær stofnanir sem taldar eru upp í greininni um einstök verk og geti jafnframt samið við aðra um að vinna einstök verk vegna framkvæmdar þessara laga. Þannig þarf Umhverfisstofnun að fá á sérstöku fjárlaganúmeri fjármuni til þeirra verka sem framkvæmd laganna kallar á. Stofnanir og aðrir

aðilar sem Umhverfisstofnun semur við um ákveðin verk samkvæmt þessari grein leggja því til sérfræðivinnu samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, m.a. vegna vinnu við stöðuskýrslu, samanburð á ástandi vatns við önnur lönd, aðgerða- og vöktunaráætlun og vatnastjórnunaráætlun.

Um III. og IV. kafla.

Í III. og IV. kafla frumvarps þessa er fjallað um umhverfismarkmið og áætlanir.

Vatnatilskipunin er rammatilskipun með alls 19 undirgerðum sem sumar hafa að efninu til verið hluti af íslenskri mengunarlöggjöf frá gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994. Helsti tilgangur vatnatilskipunarinnar er að koma í veg fyrir frekari hnignun vatns, vernda það og bæta ástand þess. Vatnatilskipunin á einnig að stuðla að langtímavernd vatnsauðlindarinnar á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Tilskipunin setur fram metnaðarfull umhverfismarkmið sem eru mjög mikilvæg fyrir umhverfið. Fjallað er um umhverfismarkmið í 4. gr. vatnatilskipunarinnar. Greinin fjallar þó ekki almennt um umhverfismarkmið sem slík heldur skírskotar til einstakra efnisatriða, sbr. 11. gr. tilskipunnarinnar, sbr. og 11.–14. gr. og 16. gr. þessa frumvarps. Eins og að framan greinir heyra margar tilskipanir sem þegar hafa verið teknar upp í í löggjöf hér á landi undir ramma vatnatilskipunarinnar.

Gert er ráð fyrir að unnin sé heildstæð vatnastjórnunaráætlun með tilheyrandi aðgerðaáætlun fyrir árið 2015 sem koma á til framkvæmda eigi síðar en árið 2018.

Árið 2021 á aðgerðaáætlun að vera komin til framkvæmda og þannig skal fyrir þann tíma ná að minnsta kosti góðu efnafræðilegu ástandi og góðu vistfræðilegu ástandi eða góðu vistmegni í vatnshlotunum. Með vistmegni er átt við ástand mikið breytts eða manngerðs vatnshlots. Sé búið að ná settum markmiðum mega umhverfismarkmið ekki versna. Gerðar eru vægari kröfur um vistfræðilegt ástand hvað varðar starfsemi sem er samfélagslega mikilvæg, svo sem virkjanir, hafnarmannvirki og vegagerð, og leiðir til manngerðs og mikið breytts vatnshlots. Þar sem það er ómögulegt eða óhóflega kostnaðarsamt að ná góðu vistmegni má veita lengri frest til að ná markmiðunum eða veita tímabundna heimild til að uppfylla vægari umhverfiskröfur. Hefja má umsvif jafnvel þótt það leiði til þess að umhverfismarkmið náist ekki eða ástandið versni en forsenda þess er að samfélagslegur ávinningur sé meiri en minni umhverfisgæði.

Vatnatilskipunin á einnig að vernda vatnaumhverfi gegn mengun af völdum umhverfisskaðlegra efna. Hún mælir fyrir um að dregið sé úr notkun svokallaðra forgangsefna í áföngum og að hætt verði notkun tiltekinna hættulegra forgangsefna fyrir árið 2030.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að umhverfismarkmið séu skilgreind eftir vatnagerðum. Þannig skal tryggja að unnt sé að bera saman flokkun vatnshlota við vatnagerðir annarra landa. Þá skal flokka ástand vatns í mjög gott, gott, sæmilegt, slakt eða lélegt. Ákvæði um umhverfismarkmið eru ekki nýmæli í löggjöf hér á landi. Flokkunin sem kveðið er á um í 2. málsl. 1. mgr. er í samræmi við ákvæði sem fram koma í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Í 8. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um skyldur sveitarstjórna til að flokka vatn í samræmi við 9. gr. sömu reglugerðar. Í þeirri grein er kveðið á um flokkun vatns og er sú flokkun sama og tilgreind er í vatnatilskipuninni. Umhverfismarkmiðin skulu unnin í samræmi við kröfur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og reglugerða settra samkvæmt þeim. Við ákvörðun um umhverfismarkmið þarf jafnframt að taka mið af kröfum um vatnsvernd og umhverfisgæði samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

Í 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um heimild til handa ráðherra að setja í reglugerð ákvæði um varnir gegn vatnsmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir mengandi efni og/eða gæðamarkmið fyrir grunnvatn og yfirborðsvatn. Jafnframt er kveðið á um heimild til að setja ákvæði um eftirlit, skráningu, tilkynningarskyldu og vöktun. Á grundvelli framangreindrar reglugerðarheimildar hafa verið settar reglugerðir nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Þessar reglugerðir hafa verið settar á grundvelli gerða sem heyra undir vatnatilskipunina og þannig verið innleiddar hér á landi.

Í 2. mgr. er fjallað um gæði grunnvatns sem meta skal eftir magnstöðu og eðlisefnafræðilegum eiginleikum þess. Í 1. málsl. málsgreinarinnar er kveðið á um að gæði yfirborðsvatns skuli metin eftir vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum og eðlisefnafræðilegum eiginleikum þess.

Í II. viðauka við vatnatilskipunina er lýsing á eiginleikum grunnvatns- og yfirborðsvatnshlota, þ.e. kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, jöklar, árósavatn, strandsjór og manngerð og mikið breytt vatnshlot. Viðaukinn fjallar einnig um vistsvæði og gerðir yfirborðsvatnshlota og um setningu sértækra viðmiðunarskilyrða fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota og grunnvatn, álagsgreiningu og mat á áhrifum á yfirborðsvatn. Í samræmi við kort A og B í XI. viðauka vatnatilskipunarinnar er Ísland á vistsvæði 19 fyrir ár og stöðuvötn og vistsvæði 1 fyrir árósavatn og strandsjó. Þá er í viðauka II lýsing á eiginleikum grunnvatns, yfirlit yfir áhrif sem starfsemi manna hefur á grunnvatn, yfirlit yfir áhrif breytinga á hæð grunnvatns og loks yfirlit yfir áhrif mengunar á gæði grunnvatns.

V. viðauki tilskipunarinnar fjallar um ástand yfirborðsvatns og grunnvatns. Lögbært stjórnvald, sem samkvæmt frumvarpinu er Umhverfisstofnun, á að vinna stöðuskýrslu í samvinnu við sveitarfélög og hlutaðeigandi hagsmunaaðila, svo sem fagstofnanir, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, náttúrustofur, atvinnulífið og frjáls félagasamtök. Í viðaukanum er jafnframt kveðið á um að fjalla eigi um gæðaþætti til flokkunar á vistfræðilegu ástandi, samræmdar skilgreiningar á flokkun á vistfræðilegu ástandi og vöktun á vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatns, svo og flokkun og framsetningu vistfræðilegs ástands grunn- og yfirborðsvatns. Varðandi grunnvatn á að fjalla um magnstöðu grunnvatns og flokkun á magnstöðu þess. Loks er í V. viðauka kveðið á um að tilgreina eigi efnafræðilegt ástand grunnvatns og vakta það.

Til að tryggja framkvæmd ákvæða þessarar greinar er í 3. og 4. tölul. 29. gr. frumvarpsins lagt til að sett verði heimild í reglugerð til að kveða á um umhverfismarkmið og tímamörk þess hvenær eigi að ná þeim og að sett verði ákvæði um efni og framkvæmd áætlana um vöktun.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um umhverfismarkmið fyrir yfirborðsvatn og grunnvatn. Lagt er til að vernda skuli yfirborðs- og grunnvatnshlot þannig að ástand þeirra versni ekki. Gerð er tillaga um að styrkja skuli og endurheimta gæði grunnvatnshlotsins með það að markmiði að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess sé að lágmarki gott. Loks er lagt til að tryggja skuli jafnvægi milli vatnstöku og endurnýjunar grunnvatns með hliðsjón af því að grunnvatnshlotið sé með góða magnstöðu. Magnstaða er mælikvarði á það hversu mikil áhrif bein eða óbein vatnstaka hefur á grunnvatnshlot. Sjálfbær nýting veitis (aquifer) gengur út á að ekki er tekið meira úr honum en kemur inn í hann með sjálfstreymi á náttúrulegan hátt. Veitir er

berglag eða lög undir yfirborði jarðar eða önnur jarðlög sem eru svo gropin eða gegndræp að umtalsvert grunnvatn getur runnið um þau eða þar getur farið fram grunnvatnstaka í sama mæli og nærir veitinn.

Ákvæði í þessari grein eru til innleiðingar á a- og b-lið í 1. mgr. 4. gr. vatnatilskipunarinnar sem nánar er fjallað um í V. viðauka sömu tilskipunar, sbr. umfjöllun um 11. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um umhverfismarkmið varðandi manngerð og mikið breytt vatnshlot.

Kveðið er á um í 1. mgr. að vernda skuli ástand manngerðs eða mikið breytts yfirborðsvatnshlots þannig að það versni ekki og styrkja skuli ástand þess með hliðsjón af því að vistmegin þess og efnafræðilegt ástand sé gott.

Miða skal við að umhverfismarkmið fyrir manngerð og mikið breytt vatnshlot séu sem líkust því ástandi sem er í sérhverjum flokki náttúrulegs yfirborðsvatns, þ.e. kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, jöklar, árósavatn og strandsjór sem líkist helst hinu mikið breytta eða manngerða vatnshloti sem um ræðir.

Vistmegin er hugtak sem notað er um ástand vistkerfis í mikið breyttu eða manngerðu vatnshloti til að meta gildi líffræðilegra gæðaþátta. Mjög góðu ástandi er ekki hægt að ná í vatnshlotum sem eru mikið breytt eða manngerð. Þess í stað geta þessi mikið breyttu eða manngerðu vatnshlot verið metin í líffræðilega gæðaþætti sem „besta vistmegin“, „gott vistmegin“ eða „sæmilegt vistmegin“, sbr. iii. lið a-liðar 1. tölul. og 3. tölul. 4. gr. og kafla 1.2.5 í V. viðauka í vatnatilskipuninni.

Í 2. mgr. er lagt til að yfirborðsvatnshlot megi flokka sem manngert eða mikið breytt ef þær úrbætur á vatnsformfræðilegum eiginleikum vatnshlots sem nauðsynlegar eru til að ná fram góðu vistfræðilegu ástandi hafa í för með sér veruleg neikvæð áhrif á umhverfið í heild eða tiltekin umsvif. Um er að ræða siglingar, þ.m.t. hafnaraðstöðu og afþreyingu, starfsemi sem gerir ráð fyrir geymslu, flutningi og hjáveitu vatns, t.d. neysluvatnsbirgða, orkuvinnslu eða áveitu, flóðavarnir, framræslu eða önnur sjálfbær umsvif manna. Ákvæðið er byggt á 3. tölul. 4. gr. vatnatilskipunarinnar þar sem kveðið er á um að aðildarríki geti tilgreint yfirborðsvatnshlot sem manngert eða mikið breytt ef tilteknar forsendur liggja fyrir. Þetta á við þegar ekki er gerlegt eða ef kostnaður er óhóflegur við að ná á sanngjarnan hátt markmiðum um ávinning af manngerðum eða breyttum eiginleikum vatnshlots með annarri aðgerð sem væri umtalsvert betri kostur með tilliti til umhverfissjónarmiða. Framangreinda tilgreiningu þarf að rökstyðja í vatnastjórnunaráætlun, sbr. ákvæði 20. gr. þessa frumvarps.

Gerð er tillaga í 3. mgr. um að ákvæði 2. mgr. eigi ekki við þegar ekki verður bætt úr þeim áhrifum sem þar eru talin upp vegna þess að það er ekki tæknilega framkvæmanlegt eða vegna hlutfallslega of mikils kostnaðar við að gera það með öðrum og umhverfisvænni aðferðum. Lagt er til að taka skuli fram í vatnastjórnunaráætlun ef skilyrði 2. mgr. eru fyrir hendi og þá röksemdir fyrir því.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um umhverfismarkmið varðandi forgangsefni og hættuleg forgangsefni. Forgangsefni eru efni sem skapa umtalsverða hættu fyrir vatnsumhverfi eða út frá því og raðað er í forgangsröð.

Í 1. mgr. er kveðið á um að framkvæma skuli nauðsynlegar aðgerðir með það að markmiði að dregið verði smám saman úr mengun vegna forgangsefna í vatni og að losun hættulegra forgangsefna verði stöðvuð.

Í 2. mgr. er lagt til að raða skuli efnum í forgangsröð. Efnunum er raðað í forgangsröð að því er varðar aðgerðir í því skyni að geta staðist tímaáætlun á grundvelli þess hve mikla hættu þau skapa fyrir vatnsumhverfi eða út frá því. Hættan er greind með einfaldri matsaðferð byggðri á áhættu sem grundvallast á vísindalegum meginreglum þar sem m.a. er tekið mið af eðlislægri hættu af viðkomandi efnum, vöktun á mengun, visteiturhrifum þeirra í vatni og eiturhrifum á menn í gegnum vatn og vísbendingum sem fengnar eru með vöktun á útbreiddri umhverfismengun og öðrum þáttum sem gefa til kynna að um útbreidda umhverfismengun geti verið að ræða, svo sem magni viðkomandi efnis, sem framleitt er eða notað, og notkunarmynstri þess.

Samkvæmt 2. tölul. 29. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilt að setja ákvæði í reglugerð um tilgreiningu og röðun forgangsefna og hættulegra forgangsefna á lista og ráðstafanir vegna þeirra. Setning reglugerðarinnar ásamt ákvæðum sem fram koma í þessari grein fæli í sér innleiðingu X. viðauka vatnatilskipunarinnar, sbr. ákvörðun 2455/2001/EB. Tilskipun 2008/105/EB um umhverfisgæðastaðla á sviði vatnastjórnunar breytir og fellir úr gildi tilskipanir 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE. Gerðin breytir einnig vatnatilskipuninni 2000/60/EB og fyllir þannig í X. viðauka hennar og tilgreinir þau forgangsefni sem um ræðir, sbr. 2. tölul. 16. gr. tilskipunarinnar. Gerðirnar verða fljótlega hluti af EES-samningnum.

Tilskipun 2008/105/EB ákvarðar umhverfisgæðastaðla í yfirborðsvatni fyrir efni á forgangslista og önnur mengunarefni sem tilgreind eru í 16. gr. vatnatilskipunarinnar í þeim tilgangi að ná góðri efnafræðilegri stöðu á yfirborðsvatni og í samræmi við ráðstafanir og markmið 4. gr. tilskipunarinnar.

Vatnatilskipunin setur stefnu gegn mengun vatns og kveður á um frekari sérhæfðar mælingar á mengun og umhverfisgæðastaðla. Skv. 8. og 16. gr. vatnatilskipunarinnar eiga aðildarríkin að taka upp nauðsynlegar mælingar í þeim tilgangi að draga úr mengun af völdum efna á forgangslista á árangursríkan hátt og minnka eða stöðva útblástur, losun og tjón vegna hættulegra efna á forgangslista. Aðildarríkin eiga að skipuleggja mælingar á styrk ákveðinna forgangsefna sem tilgreind eru í 8. gr. vatnatilskipunarinnar til að fá samfelldar mælingar á styrk þessara efna sem hafa tilhneigingu til að safnast upp í seti og lífríki.

Aðildarríkin mega setja umhverfisgæðamörk á landsvísu fyrir þessi hættulegu forgangsefni og efnasambönd þeirra í lífríki og í seti og nota til þess breytur úr umhverfinu. Aðildarríkin mega skilgreina þynningarsvæði við punktuppsprettur fyrir sömu efni þar sem eitt af viðkomandi efnum má fara yfir umhverfisgæðamörk ef þau fara ekki yfir viðkomandi mörk fyrir afganginn af efnunum í yfirborðsvatninu sem umhverfisgæðastaðlarnir ná yfir. Loks kveður tilskipun 2008/105/EB á um að aðildarríkin eigi að halda aðgengilega skrá fyrir hvert vatnasvæði, þ.m.t. kort ef við á, um upplýsingarnar um losun þessara tilteknu efna sem safnað er á grunni tilskipunar 2000/60/EB, reglugerðar (EB) nr. 166/2006 um gagnagrunn um losun og flutning mengunarefna og annarra forgangsefna sem fjallað er um á lista A í viðauka I með tilskipun 2008/105/EB. Grunnviðmiðunartíminn við mat á styrk mengunarefna á að vera eitt ár á tímabilinu 2008–2010.

Í 3. mgr. er lagt til að vöktun og rannsókn forgangsefna skuli framkvæmd af rannsóknastofum sem hafa vottun samkvæmt alþjóðastöðlum og eru faggiltar samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl. Allar aðferðir við greiningar sem notaðar eru í tengslum við efnavöktunaráætlanir sem framkvæmdar eru vegna vatnatilskipunarinnar eiga að vera í samræmi við staðalinn EN ISO/IEC-17025 eða sambærilegan staðal sem viðurkenndur er á alþjóðavísu. Rannsóknastofur eða verktakar á þeirra vegum eiga að hafa viðeigandi vottun samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Rannsóknastofur eða verktakar á þeirra vegum þurfa einnig

að sýna fram á að viðkomandi hafi tekið þátt í viðurkenndum æfingaprófunum. Nánari ákvæði og útfærslur verða settar í reglugerð, sbr. 29. gr., verði frumvarp þetta að lögum.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um fresti til að ná umhverfismarkmiðum. Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við 4. tölul. 4. gr. vatnatilskipunarinnar. Umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. frumvarpsins skal náð eigi síðar en sex árum eftir að fyrsta vatnastjórnunaráætlunin hefur verið staðfest, sbr. 1. mgr. Í 2. málsl. 1. mgr. er gerð tillaga um að framlengja megi fresti tvisvar sinnum um allt að sex ár í senn, að því tilskildu að ástand raskaða vatnshlotsins versni ekki frekar og að minnsta kosti eitt eftirtalinna tilvika sé fyrir hendi: að ekki sé hægt að framkvæma úrbætur innan frestsins vegna tæknilegra ástæðna eða að það mundi vera óhóflega dýrt og ekki í samræmi við markmið ef ná þyrfti fram úrbótum innan frestsins eða að fyrir hendi séu slíkar náttúrulegar aðstæður að úrbætur á vatnshlotinu innan frestsins séu ekki framkvæmanlegar.

Frekari lenging frests umfram það sem leiðir af 1. mgr. verður, samkvæmt því sem lagt er til í 2. mgr., því aðeins veitt að fyrir hendi séu slíkar náttúrulegar aðstæður að umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. verði ekki náð.

Um 16. gr.

Í greininni er fjallað um vægari umhverfismarkmið og byggjast ákvæðin á 5. tölul. 4. gr. vatnatilskipunarinnar. Ákveða má vægari umhverfismarkmið þegar vatnshlot er undir það miklum áhrifum af starfsemi manna að ógerlegt er eða óhóflega dýrt og ekki í samræmi við markmið, að uppfylla kröfur um umhverfismarkmið. Til þess að þetta sé heimilt þurfa að vera uppfyllt þau skilyrði sem tilgreind eru á a–c-lið ákvæðisins.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um afleiðingar af náttúrulegum orsökum eða óviðráðanlegum ytri atvikum fyrir vatnshlot í samræmi við ákvæði 6. tölul. 4. gr. vatnatilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er lagt til að ef vistfræðilegt ástand í vatnshlotinu spillist tímabundið vegna náttúrulegra orsaka eða óviðráðanlegra ytri atvika teljist það ekki brjóta í bága við kröfur um umhverfismarkmið samkvæmt lögunum, verði frumvarp þetta að lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að grípa skuli til þeirra ráðstafana sem raunhæft er að framkvæma til að koma í veg fyrir frekari rýrnun ástandsins og að skaði hljótist af í öðru vatnshloti af atviki skv. 1. mgr. Hugtakið „náttúrulegar orsakir“ vísar til atvika eins og t.d. flóða og þurrka. Flóð geta skolað mengandi efnum út í vatnaumhverfið og þurrkar raska búsvæðum. Hugtakið „óviðráðanleg ytri atvik“ vísar til atvika sem verða vegna mengunaróhappa, t.d. vegna olíuslysa, stórbruna og efnamengunar. Stórbruni, eins og átti sér stað í Þjóðgarðinum á Þingvöllum sumarið 2009 þar sem allt að 5000 tonn af slökkvivatni var notað hafði það í för með sér að mengandi slökkvivatn rann óhindrað í Þingvallavatn, er dæmi um slíkt. Það er viðurkennt að það getur tekið tíma að þær aðstæður skapist sem nauðsynlegar eru til að endurheimta gott vistfræðilegt ástand þannig að plöntur og dýr nemi aftur land. Jafnframt er það viðurkennt að af völdum mismunandi náttúrulegra landfræðilegra aðstæðna getur tekið tíma fyrir grunnvatnshlot að ná góðu efnafræðilegu ástandi. Hafa ber í huga að um getur verið að ræða aðgerðir sem gripið er til í neyð til að bjarga lífi og eignum á meðan á flóðum stendur, aðgerðir til að útvega almenningi neysluvatn á löngum þurrkatímabilum og að leyfa tímabundna mengun vegna vatnsmengunar af völdum flóða. Viðbrögð vegna atvika sem eiga sér náttúruleg orsök eru til undantekningar og ekki fyrirsjáanleg. Röskun sem af þessu hlýst getur haft

í för með sér varanlegar breytingar en oftar jafnar vistkerfið sig þegar frá líður. Loks geta loftslagsbreytingar haft áhrif á vistkerfið.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um breytingu vatnshlots, sbr. ákvæði 7. tölul. 4. gr. vatnatilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er gerð tillaga um að heimila megi breytingu á vatnshloti þegar tilteknar forsendur eru fyrir hendi þó að slíkt hafi í för með sér að ekki verði hægt að ná fram umhverfismarkmiðum sem 11. gr. frumvarpsins kveður á um. Þannig ætti þetta við ef ástæðan væri ný framkvæmd sem mundi leiða til breytinga á vatnsgæðum og á eðlisrænum eiginleikum yfirborðsvatnshlots, svo sem breyting á hæð grunnvatnshlots eða ný sjálfbær umsvif eða breytingar sem hefðu í för með sér að yfirborðsvatnshlotið færi úr mjög góðu ástandi í að vera gott ástand. Í a-lið 1. mgr. er um að ræða nýjar framkvæmdir sem hafa umtalsverð áhrif á þróun og gerð vatnshlotsins. Breytingin á við eðlisræna eiginleika vatnshlotsins sem þýðir breytingar á vatnsformfræðilegum eiginleikum þess. Áhrifin geta orðið beint vegna breytinganna eða vegna breytinga á vatnsgæðum vegna breytinga vatnshlotsins. Sem dæmi má nefna breytingar vegna vatnsaflsvirkjana, flóðavarna, vegagerðar eða gerðar siglingavega. Einnig er um að ræða gerð aðrennslisskurða fyrir vatnsaflsvirkjanir og miðlunarlón sem geta haft áhrif á súrefni og hitastig vatnsins sem aftur hefur áhrif á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins í miðlunarlóninu eða í ánni neðan virkjunar. Þetta vistfræðilega ástand getur verið frábrugðið ástandi í óbreyttu vatnshloti. Allar þessar framkvæmdir eru annaðhvort tilkynningarskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða eru háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt sömu lögum. Í b-lið 1. mgr. er um að ræða ný sjálfbær umsvif manna. Vatnatilskipunin skilgreinir þessi umsvif ekki, en m.a. getur verið um að ræða umsvif eða starfsemi sem er starfsleyfisskyld eða framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Skoða þarf saman almenn áhrif margra smárra umsvifa, t.d. margar litlar fiskeldisstöðvar í sama firði, þegar horft er til framkvæmda sem falla undir b-lið 1. mgr.

Tryggja þarf að skilyrðum mengunarbótareglunnar sé fullnægt, varúðarsjónarmiðum sé beitt o.s.frv., þannig að ferlið sem beitt er sé í anda „góðrar stjórnsýslu“ (good governance).

Jafnframt er kveðið á um í 2. mgr. að auk framangreindra skilyrða um breytingu á vatnshloti þurfi öll þau skilyrði sem talin eru upp í 2. mgr. að vera uppfyllt. Þau skilyrði eru í fyrsta lagi að gripið sé til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots. Í öðru lagi að ástæðurnar fyrir hinum nýju umsvifum eða breytingunum vegi þyngra vegna almannaheilla og ávinningurinn af breytingum fyrir heilsu og öryggi manna eða sjálfbærrar þróunar sé meiri en ávinningur umhverfisins og samfélagsins af því að umhverfismarkmið náist og loks í þriðja lagi að tilganginum með þessum nýju umsvifum verði ekki með góðu móti náð eftir öðrum leiðum sem eru verulega umhverfisvænni vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

Um 19. gr.

Í greininni er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli annast gerð tillögu að vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaaumdæmið Ísland. Greinin er byggð á 13. gr. og VII. viðauka vatnatilskipunarinnar. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun vinni vatnastjórnunaráætlun í samvinnu við sveitarfélög, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Þá er hlutverk vatnasvæðanefnda mikilvægt vegna vinnu við vatnastjórnunaráætlun en í þeim nefndum eru m.a. fulltrúar frá sveitarfélögum. Umhverfisráðherra skal staðfesta fyrstu vatnastjórnunaráætlunina samkvæmt frumvarpinu eigi síðar en 1. janúar 2018, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. Í VII. viðauka vatnatilskipunar-

innar er fjallað um vatnastjórnunaráætlanir fyrir vatnaumdæmi og tilteknir þeir þættir sem fjalla skuli um í henni. Í viðauka II með frumvarpinu eru tekin upp efnisatriði framangreinds viðauka en lagt er til að vinna skuli vatnastjórnunaráætlun í samræmi við hann.

Í 1. mgr. er kveðið nánar á um hvað skuli koma fram í vatnastjórnunaráætluninni. Í fyrsta lagi skal þar vera almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins og flokkun vatnshlota. Þegar um er að ræða yfirborðsvatn skal setja fram á korti staðsetningu vatnshlota, vistsvæði og gerðir yfirborðsvatnshlota innan vatnasviðsins. Einnig skal tilgreina skilyrði fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota. Þegar um er að ræða grunnvatn á að sýna á korti staðsetningu og mörk grunnvatnshlota. Í öðru lagi skal vera lýsing á umtalsverðu álagi og áhrifum af starfsemi á ástand yfirborðsvatns og grunnvatns í vatnaumdæminu. Meta á mengun frá punktupptökum, mengun frá dreifðum upptökum, þ.m.t. samantekt á landnýtingu, álag á magnstöðu grunnvatns, þ.m.t. vatnstöku, og einnig skal gera grein fyrir öðrum áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns. Í þriðja lagi er gerð tillaga um að vernduð svæði og öll vatnshlot fyrir neysluvatnstöku verði skráð. Þetta felur í sér að vernduð svæði verði tilgreind og kortlögð í samræmi við ákvæði 25. gr. frumvarpsins, svo og núverandi vatnshlot fyrir neysluvatnstöku og vatnshlot þar sem neysluvatnstaka er fyrirhuguð í framtíðinni. Í fjórða lagi skal áætlunin innihalda greinargerð um vöktun og niðurstöður vöktunar sem gera skal í samræmi við vöktunaráætlun. Í fimmta lagi skal tilgreina umhverfismarkmið fyrir vatnshlot á Íslandi. Halda skal skrá yfir þau markmið sem komið er á, samkvæmt ákvæðum 12. og 13. gr. frumvarpsins, fyrir vatn og vernduð svæði, þ.m.t. tilvik þar sem ákvæðum 15.–18. gr. er beitt, ásamt tengdum upplýsingum sem krafist er samkvæmt þeim greinum. Þá skal gera grein fyrir breytingum á vatnshloti, sbr. a- og b-lið 18. gr., sbr. A-hluta, 5. gr. II. viðauka. Í sjötta lagi skal fjalla um skiptingu vatnaumdæmis í vatnasvæði eins og þau hafa verið ákveðin með reglugerð. Vísast hér til athugasemda um 2. mgr. 8. gr. Í sjöunda og áttunda lagi skal gera samantekt á aðgerðaáætlun og yfirlit yfir nánari aðgerðir og að lokum skal gera samantekt á samráði við almenning. Virkt samráð við almenning, frjáls félagasamtök, atvinnulífið og aðra hagsmunaaðila er grunnur að því að vel takist til í stjórnun vatnamála hér á landi.

Í 2. mgr. er lagt til að vatnastjórnunaráætlun verði tekin til endurskoðunar sjötta hvert ár, sbr. 13. gr. og VII. viðauka vatnatilskipunarinnar. Þannig mun áætlunin verða endurskoðuð á sex ára fresti sem getur falið í sér breytingar á efni hennar.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir heimild Umhverfisstofnunar til að gera nauðsynlegar leiðréttingar á vatnastjórnunaráætluninni áður en liðin eru sex ár frá staðfestingu síðustu vatnastjórnunaráætlunar. Fram geta komið nýjar upplýsingar sem leiða til þess að lagfæra þurfi áætlunina. Í slíkum tilvikum ber Umhverfisstofnun að kynna slíkar breytingar á heimasíðu sinni.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um að í vatnastjórnunaráætlun skuli gera nánari grein fyrir og færa rök fyrir tilteknum ákvörðunum. Lagt er til að þetta eigi við í þeim tilvikum þegar ákveðið er að vatnshlot teljist vera manngert eða mikið breytt, ákveðið sé að lengja fresti um umhverfismarkmið, ákveðin séu vægari umhverfismarkmið þegar fram koma breytingar af náttúrulegum orsökum á vatnshloti eða ef áætlað er að hefja nýjar framkvæmdir, ný sjálfbær umsvif eða gera breytingar.

Í 2. mgr. er lagt til að ef ákveðið er að lengja fresti samkvæmt lögunum, verði frumvarp þetta að lögum, skuli auk þess koma fram tímaáætlun um framkvæmd ráðstafana og þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að ná umhverfismarkmiðum vera tilgreindar.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um aðgerðaáætlun og er byggð á 11. gr. og VI. viðauka vatnatilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er gerð tillaga um að Umhverfisstofnun annist gerð tillögu að aðgerðaáætlun fyrir vatnaumdæmið Ísland sem taki til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir vatnshlot í vatnaumdæminu. Kveðið er á um að áætlunin skuli byggð á greiningu og mati í samræmi við kröfur sem fram koma í vatnastjórnunaráætlun. Gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlun verði hluti af vatnastjórnunaráætlun.

Samkvæmt 2. mgr. á í aðgerðaáætlun að telja upp þær ráðstafanir sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og enn fremur þær viðbótarráðstafanir sem lagt er til að ráðist verði í til að settum umhverfismarkmiðum verði náð. Ákvarðanir um ráðstafanir sem fram koma í aðgerðaáætlun skulu, samkvæmt greininni, teknar af þar til bærum stjórnvöldum á grundvelli viðkomandi löggjafar, sbr. 3. mgr.

Í 4. mgr. er kveðið á um að ef niðurstaða vöktunar eða önnur gögn benda til þess að ekki verði hægt að ná fram umhverfismarkmiðum varðandi vatnshlot beri að leita skýringar á því og meta áhrif nýrra eða mögulegra ráðstafana og hvort til þeirra skuli gripið. Hér getur verið um að ræða mengun eða meira álag en ráð var fyrir gert frá starfsemi eða umsvifum eða manngert og mikið breytt vatnshlot og að frestir til að ná umhverfismarkmiðum náist ekki eða að vægari umhverfismarkmið verði ákveðin, sbr. 13., 15. og 16. gr. frumvarpsins, sbr. og 18. gr. Þessi ákvæði eru til innleiðingar á 5. tölul. 11. gr. vatnatilskipunarinnar. Rökstyðja skal tekna ákvörðun, sbr. ákvæði 20. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. er kveðið á um að aðgerðaáætlun skuli liggja fyrir í síðasta lagi árið 2018. Ef nauðsyn krefur skal áætlunin tekin til endurskoðunar og skal uppfæra hana sjötta hvert ár. Ráðstafanir skulu tiltækar í síðasta lagi þremur árum eftir að aðgerðaáætlun hefur verið samþykkt.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er gerð tillaga um að Umhverfisstofnun geri áætlun um vöktun á ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns og vöktun svæða sem njóta verndar innan vatnaumdæmisins og skal vöktunaráætlunin veita heildarsýn á ástand vatnshlota. Vöktunaráætlun skal liggja fyrir eigi síðar en árið 2015, sbr. ákvæði til bráðabirgða III. Gerð er tillaga um að vöktunaráætlun skuli endurskoða reglulega og eigi sjaldnar en á sex ára fresti.

Kveðið er á um í 2. mgr. að vöktunaráætlun skuli ná yfir viðeigandi vistfræðilega, vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega gæðaþætti og vöktun á magnstöðu grunnvatns. Þá skal í áætluninni ákveða tíðni og þéttleika vöktunarstaða. Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis sem veitt er á grundvelli reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lagt er til að hlutaðeigandi stofnarnir ríkis og sveitarfélaga sjái um vistfræðilega og vatnsformfræðilega, svo og eðlisefnafræðilega, vöktun gæðaþátta ásamt vöktun á magnstöðu grunnvatns.

Vöktun yfirborðsvatns skal vera í samræmi við kafla 1.3 í V. viðauka vatnatilskipunarinnar og byggð á flokkun varðandi gæðaþætti og samræmdar skilgreiningar á vistfræðilegu ástandi sem koma fram í köflum 1.1 og 1.2 í viðaukanum. Vöktun grunnvatns skal byggð á kafla 2.1 um magnstöðu grunnvatns og efnafræðilegt ástand þess, sbr. kafla. 2.3 í sama viðauka. Gert er tillaga um að V. viðauki tilskipunarinnar verði innleiddur hér á landi með reglugerð sem sett verður með stoð í 29. gr. laganna, verði frumvarp þetta að lögum. Gert er ráð

fyrir að ákvörðun 2005/646/EB um að koma á skrá fyrir staði sem mundu mynda net millikvörðunar (intercalibration network), í samræmi við vatnatilskipunina, og ákvörðun 2008/915/EB um að ákvarða, í samræmi við vatnatilskipunina, gildi á vöktunarkerfisflokkanir aðildarríkjanna sem leiddi af samræmingu vöktunarbreyta (intercalibration exercise) verði hluti af EES-samningnum fljótlega. Þessar ákvarðanir byggja á V. viðauka vatnatilskipunarinnar, kafla 1.4.1, sérstaklega vii. og ix. lið.

Ákvörðun 2005/646/EB um að koma á skrá sýnatökustaða til að mynda samanburðarkerfi (intercalibration network) til samræmis við ákvæði í vatnatilskipuninni byggist, eins og að framan greinir, á ákvæðum í V. viðauka tilskipunarinnar um samræmdar skilgreiningar á flokkun vistfræðilegs ástands, þ.e. mjög gott ástand, gott ástand og sæmilegt ástand. Ástand vatns, þar sem vísbendingar eru um stórvægilegar breytingar á gildum fyrir líffræðilega gæðaþætti viðkomandi gerðar yfirborðsvatnshlots og þar sem viðkomandi vistkerfi sýna veruleg frávik frá því sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði, skal flokkað sem slakt eða lélegt. Skilgreiningarnar eru byggðar á líffræðilegum, vatnsformfræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðaþáttum fyrir ár, stöðuvötn, árósavatn og standsjó og kallast millikvörðun. Ákvæði um millikvörðun er að finna í ákvörðun 2008/915/EB, eins og að framan greinir. Koma skal á vöktunarneti fyrir yfirborðsvatn í samræmi við kröfur 8. gr. tilskipunarinnar þannig að það gefi heildarsýn yfir vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand innan hvers vatnasviðs og geri kleift að flokka vatnshlotin í fimm flokka í samræmi við samræmdu skilgreininguna. Þetta kallar á að hér á landi þarf að velja vöktunarstaði og gæðaþætti sem gefa vísbendingar um alla líffræðilega, vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega gæðaþætti vatnshlotsins.

Framangreindar EB-ákvarðanir sem ekki eru enn orðnar hluti af EES-samningnum fjalla um annars vegar aðferð til að skrá sýnatökustaði sem mynda net í millikvörðun (intercalibration) í vöktunarkerfi landsins og hins vegar um millikvörðun í fimm flokka sem ná frá mjög góðu til lélegs vistfræðilegs ástands, eins og það er skilgreint í V. viðauka vatnatilskipunarinnar. Skilin milli mjög góðs ástands og góðs ástands og gildi skilanna milli góðs og sæmilegs ástands eru tilgreind með millikvörðun í EB-ákvörðuninni.

Hér á landi er hvorki búið að vinna umræddar skilgreiningar né meta vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota. Millikvörðun fyrir slíka flokkun hefur ekki farið fram. Annar hluti þessarar vinnu er nú hafinn í Working Group A „Ecological Status“ á vegum ESB. Vinnuhópar Umhverfisstofnunar, sem gerð er grein fyrir í kafla I. 4 í almennum athugasemdum við frumvarpið, um vistfræðilega flokkun og skilgreiningu vatnshlota, hafa greint umfang vinnu við vistfræðilega flokkun Íslands næstu tvö til þrjú árin og sett fram hvaða þætti á eftir að vinna. Sambærilegt vöktunarnet þarf að koma upp fyrir grunnvatn hvað varðar magnstöðu og eðlis- og efnafræðilega þætti þess.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga sé heimilt að gera samkomulag um annað fyrirkomulag vöktunar en fram kemur í 2. mgr. Slíkt fyrirkomulag getur stuðlað að aukinni hagkvæmni í framkvæmd og því líklegt að þeir sem eiga að sjá um vöktun nýti sér það í einhverjum tilvikum. Þá er lagt til að heimilt sé að fela faggiltum aðilum tiltekin verkefni við vöktun með samningi. Þau verkefni sem hér um ræðir eru einkum efnamælingar.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli annast gerð stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði í samvinnu við viðkomandi vatnasvæðanefnd og skal skýrslan liggja fyrir árið 2013. Í stöðuskýrslu skal koma fram lýsing á vatnshlotum og upplýsingar um gerð þeirra, um

flokkun vatns og lýsing á helsta álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns. Í samræmi við stöðuskýrslu þarf að vinna vöktunaráætlun í samræmi við 4. tölul. 29. gr. þessa frumvarps, sbr. V. viðauka vatnatilskipunarinnar sem byggist á vistfræðilegri greiningu á vistkerfum.

Um 24. gr.

Greinin fjallar um neysluvatn og er í 1. mgr. lagt til að tilgreina skuli í vatnastjórnunaráætlun öll vatnshlot sem notuð eru til neysluvatnstöku ef vatnstaka er meiri en 10 rúmmetrar á dag að meðaltali eða ef vatnstaka sér meira en 50 einstaklingum fyrir neysluvatni og ætlunin er að nýta vatnshlot til slíkrar vatnstöku í framtíðinni.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um að vatnshlot sem hefur verið skilgreint sem neysluvatnsforði beri að vernda gegn gæðarýrnun þannig að hægt sé að draga úr þörf á hreinsun neysluvatns.

Ákvæði greinarinnar eru sett fram til að innleiða 7. gr. vatnatilskipunarinnar.

Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn hefur það að markmiði að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint. Þar er að finna ákvæði um verndarsvæði vatnsbóla og kveðið á um að merkja skuli vatnsból inn á skipulagsuppdrætti í aðalskipulagi sveitarfélaga. Reglugerðin var m.a. sett til innleiðingar á tilskipun 98/83/EB um gæði neysluvatns og er ein af þeim EB-gerðum sem falla undir vatnatilskipunina.

Um 25. gr.

Greinin er byggð á 6. gr. vatnatilskipunarinnar. Í greininni er lagt til að Umhverfisstofnun haldi skrá yfir vernduð svæði þar sem m.a. skuli tilgreina vatnsverndarsvæði, vatnavistkerfi og vistkerfi votlendis sem beint eru háð vatni og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt lögum eða eru friðlýst vegna sérstöðu vatns á slíkum svæðum. Umrædd svæði geta t.d. verið grannsvæði vatnsbóla, búsvæði sem eru háð vatni, veiðivötn og veiðiár, náttúrulaugar og náttúrustrendur, ylstrendur, landbúnaðarsvæði og viðtakar skólps og annarrar mengunar. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar að mestu leyti og liggja fyrir hjá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Veðurstofu Íslands og Samorku.

Í markmiðsgrein frumvarpsins kemur fram að markmið laganna, verði frumvarp þetta að lögum, sé að vernda vatn og vistkerfis þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vistkerfa vatns og vistkerfa sem háð eru vatni til að tryggja að vatn njóti heildstæðrar verndar, jafnframt að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem er byggð á langtímavernd vatnsauðlindarinnar á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Lög á sviði náttúruverndar taka mið af þeim alþjóðasamningum sem Íslendingar eru aðilar að, þ.e. samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar-samþykkt), samningi um verndun villtra plantna og dýra og búvæða í Evrópu (Bernarsamningur), samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity) og alþjóðasamþykkt um fuglaverndun (Parísarsáttmáli). Á grundvelli náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, hafa ýmsar náttúruminjar verið friðlýstar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra og vistgerðir og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá. Þau lög sem í gildi eru og sett hafa verið til verndar tilteknum landsvæðum og vatni eru lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 97/2004, lög um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007, lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, nr. 85/2005, og lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995.

Um V. kafla.

Í kaflanum er fjallað um þau lagaákvæði sem fjalla um aðgang að upplýsingum og um hvernig kynna eigi vatnastjórnunaráætlunina en mjög skýrar kröfur eru um það í vatnatilskip-

uninni að hún sé kynnt allt frá áfanga- og verkáætlun til tillögu að vatnastjórnunaráætlun og skýr tímamörk eru sett um það hvenær kynning eigi að fara fram. Hér er um mjög rúma fresti að ræða sem ætti að tryggja meiri möguleika til að koma með athugasemdir við áætlunina. Þá er í kaflanum gerð grein fyrir hvaða þýðingu vatnastjórnunaráætlunin hefur fyrir áætlanagerð á landsvísu, gerð skipulags og við veitingu leyfa. Gert er ráð fyrir að opinberar áætlanir og leyfisveitingar vegna nýtingar vatns og leyfisveitingar vegna framkvæmda á grundvelli vatnalaga séu samþættar vatnastjórnunaráætluninni varðandi stefnumörkun um verndun vatns. Síðan er í kaflanum ákvæði um reglugerðir sem heimilt er að setja á grundvelli laganna, verði frumvarp þetta að lögum. Ljóst er að vinna þarf reglugerðir sem mæla fyrir um nánari framkvæmd laganna. Þá er í ákvæði til bráðabirgða I tillaga um hvernig unnið skuli að fyrstu vatnastjórnunaráætluninni og tímamörk í því sambandi.

Um 26. gr.

Í greininni er vísað til þeirra laga sem gilda um aðgang að upplýsingum og gögnum, þ.e. laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, og upplýsingalaga, nr. 50/1996. Rétt þykir að í frumvarpinu sé kveðið á um hvaða reglur gildi um aðgang að upplýsingum.

Um 27. gr.

Í greininni er kveðið á um kynningu vatnastjórnunaráætlunar. Í 1. mgr. er tilgreint nánar hvað beri að kynna, þ.e. áfanga- og verkáætlun, bráðabirgðayfirlit yfir mikilvæg atriði og að lokum tillögu að vatnastjórnunaráætluninni. Ákvæðið er byggt á a-, b- og c-lið 1. mgr. 14. gr. vatnatilskipunarinnar. Í henni er rík áhersla lögð á opinbera upplýsingagjöf og samráð við almenning sem á að tryggja gagnsæi við gerð vatnastjórnunaráætlunar og að öllum sjónarmiðum sé komið á framfæri.

Í 2. mgr. er fjallað um þegar gerðar eru breytingar á vatnastjórnunaráætlun við endurskoðun hennar og skal um kynningu áætlunarinnar fara skv. c-lið 1. mgr. Ekki er því gerð krafa um að kynningin fari fram eins og þegar um fyrstu vatnastjórnunaráætlunina er að ræða, sbr. a- og b-lið 1. mgr. Um frest til að gera athugasemdir og kynningu á hinni endurskoðuðu áætlun gilda 3. og 4. mgr.

Í 3. mgr. er kveðið á um frest til að koma að athugasemdum skv. 1. mgr. sem er sex mánuðir. Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 14. gr. vatnatilskipunarinnar. Í 4. mgr. er síðan nánar útfært með hvaða hætti kynningin eigi að fara fram. Þá er tekið fram að ef vatnastjórnunaráætlun fellur undir gildissvið laga um umhverfismat áætlana, sbr. lög nr. 105/2006, beri að kynna hana í samræmi við þá málsmeðferð sem fram kemur í þeim lögum. Um málsmeðferð vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdaáætlana fer að öðru leyti samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana.

Um 28. gr.

Í greininni er fjallað um hvaða þýðingu vatnastjórnunaráætlun hefur gagnvart áætlanagerð á landsvísu, gerð skipulags og við veitingu leyfa. Í 1. mgr. er kveðið á um að áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í gildandi vatnastjórnunaráætlun er varðar vatnsvernd. Hér er t.d. um að ræða skipulagsáætlanir, náttúruverndaráætlun og samgönguáætlun. Við gerð þessara áætlana ber því að horfa til þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í vatnastjórnunaráætlun varðandi vatnsvernd. Þannig er gert ráð fyrir að opinberar áætlanir séu samþættar varðandi verndun vatns en getur því aðeins átt við ef þessar áætlanir fjalla um þætti sem varða vatn með einum eða öðrum hætti.

Í 2. mgr. er kveðið nánar á um með hvaða hætti eigi að samræma skipulagsáætlanir sveitarfélaga, sbr. skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, við vatnastjórnunaráætlun. Lagt er til að ef þörf er á endurskoðun skipulagsáæltana vegna vatnastjórnunaráætlunar verði það gert við næstu endurskoðun eða breytingu viðkomandi skipulagsáætlunar en þó eigi síðar en innan fjögurra ára frá staðfestingu eða endurskoðun vatnastjórnunaráætlunarinnar.

Þá er lagt til í 3. mgr. að við afgreiðslu umsókna um leyfi vegna nýtingar vatns og annarra leyfisveitinga vegna framkvæmda á grundvelli vatnalaga og laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu skuli leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í vatnastjórnunaráætlun er varðar vatnsvernd. Með því er tryggt að þegar veitt eru leyfi fyrir þessum framkvæmdum þá séu þau til samræmis við vatnastjórnunaráætlunina.

Í 4. mgr. er svo lagt til að ef vöktun eða annað leiðir í ljós að umhverfismarkmið náist ekki skuli gera nýjar ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlotsins. Það á þó eingöngu við ef unnt er að bæta það. Þegar við á skal viðkomandi leyfisveitandi endurskoða það leyfi sem hann hefur gefið út, en þar er um að ræða leyfi sem tilgreind eru í 3. mgr. Endurskoðunin á að tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.

Um 29. gr.

Í greininni er gerð tillaga um að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um tiltekin atriði, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Um er að ræða atriði sem varða framkvæmd og útfærslu frumvarpsins ásamt viðmiðunarmörkum fyrir efni og umhverfi sem sett eru til að vernda og meta ástand vatns.

Í 1. tölul. er kveðið á um flokkun vatnshlota og eiginleika þeirra og álagsgreiningu fyrir yfirborðsvatnshlot og grunnvatnshlot. Gerð er tillaga um að setja þessa heimild til að innleiða ákvæði II. viðauka vatnatilskipunarinnar. Viðaukinn skiptist í tvo hluta. Annar hlutinn fjallar um yfirborðsvatn og hinn um grunnvatn. Í viðaukanum er lýsing á eiginleikum grunnvatns- og yfirborðsvatnshlota, en þar er átt við kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, jökla, árósavatn, strandsjó og manngerð og mikið breytt vatnshlot. Viðaukinn fjallar einnig um vistsvæði og gerðir yfirborðsvatnshlota og um setningu sértækra viðmiðunarskilyrða fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota og grunnvatns, álagsgreiningu og mat á áhrifum á yfirborðsvatn. Þá er í viðaukanum lýsing á eiginleikum grunnvatns, yfirlit yfir áhrif sem starfsemi manna hefur á grunnvatn, yfirlit yfir áhrif breytinga á hæð grunnvatns og loks yfirlit yfir áhrif mengunar á gæði grunnvatns. Gert er ráð fyrir að II. viðauki tilskipunarinnar verði að stærstum hluta settur í reglugerð sem sett yrði á grundvelli þessarar reglugerðarheimildar.

Lagt er til í 2. tölul. að í reglugerð verði tilgreind forgangsefni og hættuleg forgangsefni og þeim raðað á lista og tilgreindar ráðstafanir vegna þessara efna, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Hér er um að ræða innleiðingu á VIII. og X. viðauka vatnatilskipunarinnar, tilskipunar 2008/105/EB um setningu umhverfisgæðastaðla um forgangsefni og ákvörðunar 2455/2001/EB um setningu lista yfir forgangsefni á sviði vatnastjórnunar og í X. viðauka við vatnatilskipunina. Þá skal í reglugerð tilgreina matsaðferðir og viðmið við röðun forgangsefna. Við það mat skal tekið mið af eðlislægri hættu af viðkomandi efnum, visteiturhrifum þeirra í vatni, visteiturhrifum á lífríki og menn, svo og niðurstöðum vöktunar. Þá verður heimilt í reglugerð, verði frumvarp þetta að lögum, að setja kröfur til vottunar og framkvæmdar hennar, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Samkvæmt tilskipun 2009/90/EB um tæknilegar skilgreiningar á efnagreiningu og vöktun á vatni, sem er liður í framkvæmd á vatnatilskipuninni, þarf að setja ákvæði um að allar aðferðir við greiningu sem notaðar eru í tengslum við efnavöktunaráætlanir sem

framkvæmdar eru vegna vatnatilskipunarinnar séu í samræmi við staðalinn EN ISO/IEC-17025 eða sambærilegan alþjóðastaðal og að rannsóknastofur eða verktakar á vegum þeirra hafi viðeigandi vottun. Tilskipun 2009/90/EB kveður jafnframt á um skyldu rannsóknastofa, eða verktaka á þeirra vegum, til að sýna fram á að þær hafi tekið þátt í viðurkenndum æfingaprófunum og því þarf að setja ákvæði og nánari útfærslur á því í reglugerð.

Í III. kafla frumvarpsins er fjallað um umhverfismarkmið. Í 3. tölul. þessarar greinar er gerð tillaga um að ráðherra setji í reglugerð frekari ákvæði um umhverfismarkmið og tímamörk um hvenær eigi að ná þeim, svo og um vöktunaráætlun í 4. tölul. Þessi ákvæði þarf að setja til innleiðingar á V. viðauka tilskipunarinnar. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um 11., 12. og 13. gr. frumvarpsins.

Gerð er tillaga um í 5. tölul. að í reglugerð verði sett ákvæði um vatnastjórnunaráætlanir og er það gert til innleiðingar á VII. viðauka við tilskipunina, sbr. og 19. gr. frumvarpsins. VII. viðauki vatnatilskipunarinnar um stjórnunaráætlanir fyrir vatnaumdæmi kveður annars vegar á um hvaða þættir eiga að vera í vatnastjórnunaráætlun og hins vegar um fyrstu uppfærslu á áætluninni. Einnig er í 5. tölul. kveðið á um heimild til að setja ákvæði um efnahagslega greiningu vegna vatnsnotkunar, sbr. 9. gr. vatnatilskipunarinnar og III. viðauka hennar. Taka skal tillit til endurheimts kostnaðar vegna vatnsþjónustu, þ.m.t. umhverfis- eða auðlindatengds kostnaðar, með hliðsjón af efnahagslegri greiningu í samræmi við III. viðauka tilskipunarinnar, einkum í samræmi við mengunarbótaregluna.

Í 6. tölul. greinarinnar er gerð tillaga um að heimilt verði að setja í reglugerð ákvæði um efni og framkvæmd aðgerðaáætlana þar sem tilteknar eru þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, svo og viðmið um hvenær ekki sé heimilt að krefjast viðbótarráðstafana, sbr. ákvæði í VI. viðauka vatnatilskipunarinnar, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Ráðstafanir sem krafist er fara m.a. samkvæmt EB-gerðum sem hafa þegar verið innleiddar í löggjöf hér á landi, svo sem tilskipun um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið, 85/337/EBE með breytingu 97/11/EB, tilskipun 80/778/EBE um neysluvatn, tilskipun um seyru, tilskipun 91/271/EBE um hreinsun skólps frá þéttbýli, tilskipun 91/676/EBE um nítrat og tilskipun um samþættar mengunarvarnir.

Í 7. tölul. er gerð tillaga um að fjallað verði í reglugerð nánar um hlutverk og starfsemi vatnaráðs en í 6. gr. frumvarpsins er hlutverk vatnaráðs tilgreint.

Þá er í 8. tölul. greinarinnar ákvæði um skiptingu vatnaumdæmisins Íslands í einstök vatnasvæði og landfræðilega afmörkun einstakra vatnasvæða. Jafnframt er gerð tillaga um að í reglugerð verði kveðið á um samsetningu og hlutverk vatnasvæðanefnda, sbr. 3. og 4. mgr. 8. gr.

Í 9. tölul. er gerð tillaga um að heimilt verði að kveða í reglugerð á um hlutverk ráðgjafarnefnda, fulltrúa í nefndunum og fjölgun ráðgjafarnefnda og nánari skiptingu þeirra, ef talin er þörf að skipta starfi nefndanna frekar upp, og að lokum um skipan starfs í nefndunum. Reynslan kann að leiða í ljós að fjölga þurfi ráðgjafarnefndum en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þær séu tvær.

Loks er í 10. tölul. greinarinnar kveðið á um heimild til að kveða nánar á um opinbera kynningu, samþykkt áætlana og þátttöku hagsmunaaðila við áætlunargerð.

Um 30. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir því að frumvarpinu er ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnamálum. Frumvarpið er því byggt á ákvæðum tilskipunarinnar. Eins og fram hefur komið er vatnatilskipunin rammatilskipun og undir hana heyra fjölmargar EB-gerðir.

Þegar er búið að innleiða í íslenskan rétt margar þeirra gerða sem um ræðir og ákvæði sumra þeirra hafa að efninu til verið í íslenskri löggjöf allt frá upphafi árs 1994 með gildistöku EES-samningsins. Nokkrar þessara gerða munu verða hluti af EES-samningnum og hafa verið metnar af stjórnvöldum hér á landi. Helstu gerðir sem hér um ræðir eru tilskipun 2008/105/EB, ákvörðun 2455/2001/EB, ákvörðun 2008/915/EB og ákvörðun 2005/646/EB og hefur verið gerð grein fyrir þessum gerðum hér að framan.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 32. gr.

Í greininni er kveðið á um þær breytingar sem gera þarf á öðrum lögum verði frumvarp þetta að lögum.

Í 1. tölul. er lagt til að í lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002, verði kveðið á um það hlutverk og þar með þau verkefni sem stofnuninni eru falin á grundvelli frumvarps þessa. Með frumvarpinu er Umhverfisstofnun falið nýtt hlutverk á sviði vatnamála og er því nauðsynlegt að þeirra sé getið í því ákvæði laganna sem fjallar um hlutverk stofnunarinnar.

Í 2., 3. og 4. tölul. eru lagðar til breytingar á 17. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, 4. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, og 6. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, þannig að heimilað verði að mæla fyrir um endurskoðun leyfa og að endurskoða í sérstökum tilvikum skilyrði sem þau eru bundin. Rétt er að benda á að í 2. mgr. 6. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, er að finna heimild til að mæla í virkjunarleyfi fyrir um endurskoðun þess. Ákvæði frumvarpsins um endurskoðun miðast við sérstakar aðstæður og felur ekki í sér heimild til reglulegrar endurskoðunar, t.d. með ákveðnu millibili. Heimildin kann að eiga við þegar aðstæður hafa breyst verulega frá því að leyfi var veitt eða ný þekking varpar betra ljósi á áhrif framkvæmdar. Einnig kunna hagsmunir, bæði leyfishafa sjálfs og annarra sem nýta sömu auðlind, að geta réttlætt endurskoðun skilyrða, en undir þetta fellur m.a. niðurfelling skilyrða til hagsbóta fyrir leyfishafa. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og þá sérstaklega hvort hún muni hafa í för með sér tap fyrir hann og einnig til ávinnings og óhagræðis sem af henni mun leiða að öðru leyti. Þetta felur í sér að vega verður og meta kosti og galla áður en ákvörðun um endurskoðun skilyrða er tekin.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er gerð grein fyrir þeirri málsmeðferð og kynningu sem gilda á um fyrstu vatnastjórnunaráætlunina en gert er ráð fyrir að hún verði staðfest af umhverfisráðherra eigi síðar en 1. janúar 2018. Um kynningu og réttaráhrif fyrstu áætlunarinnar fer að öðru leyti skv. 27. og 28. gr. frumvarpsins. Sá frestur sem tilgreindur er í ákvæðinu er til samræmis við þá fresti sem settir eru í tilskipuninni að teknu tilliti til þeirra fresta sem Ísland fékk við upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn. Í b-lið 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 125/2007, frá 28. september 2007, kemur fram að frestir í tilgreindum ákvæðum tilskipunarinnar skuli lesnir þannig að þeir séu taldir frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, þ.e. frá 28. september 2007, en gildistaka ákvörðunar var 6. desember sama ár þegar ákvörðunin var staðfest af Alþingi sem þingsályktun. Ákveðið var á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar með stjórnskipulegum fyrirvara að tilskipunin skyldi verða hluti af EES-samningnum. Við afléttingu á honum 1. maí 2009 varð vatnatilskipunin hluti af EES-samningnum. Við þá dagsetningu miðast tímasetningar í frumvarpi þessu.

Um ákvæði til bráðabirgða II og III.

Í ákvæðunum er gerð grein fyrir hvenær fyrsta aðgerðaáætlunin eigi að liggja fyrir, sem er eigi síðar en 1. maí 2018, og er ætlunin að hún komi til framkvæmda árið 2021. Þá er gert ráð fyrir að fyrsta vöktunaráætlunin skuli liggja fyrir eigi síðan en 1. maí 2015 og koma til framkvæmda frá sama tíma. Þeir frestir sem tilgreindir eru í ákvæðinu eru til samræmis við þá fresti sem settir eru í tilskipuninni, að teknu tilliti til þeirra fresta sem Ísland fékk við upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn, sbr. umfjöllun um ákvæði til bráðabirgða I.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála.

Með frumvarpi þessu er lagt til að leiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnsmálum. Markmið þess er að kveða á um verndun vatns og vistkerfa þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa, votlendis og vistkerfa sem beint eru háð vatni til að stuðla að því að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem byggist á langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögunum er ætlað að koma til framkvæmda á nokkuð löngum tíma eða allt frá gildistöku þeirra til ársins 2024.

Vatnatilskipunin er rammatilskipun með alls 19 undirgerðum sem sumar hafa að efninu til verið hluti af íslenskri mengunarlöggjöf frá gildistöku EES-samningsins. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að innleiðing vatnatilskipunarinnar kalli á nýja sýn varðandi stjórn vatnamála því í henni sé gert ráð fyrir samþættingu í stjórn vatnamála og að fjallað verði um málefni vatns heildstætt. Tilskipunin sé þannig samvinnuverkefni sem gangi þvert á stofnanir og stjórnvöld. Ekki er til staðar heildstæð löggjöf um vatnsvernd hér á landi en ákvæði um verndun vatns og vatna má finna víða í löggjöfinni. Stjórnsýsla vatnamála hér á landi er nú einkum í höndum umhverfisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og stofnana sem heyra undir þessi ráðuneyti. Einnig gegna sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit þeirra mjög þýðingarmiklu hlutverki varðandi framfylgd vatnsverndar.

Samkvæmt frumvarpinu verður landið eitt vatnaumdæmi og skal vatnaráð, sem umhverfisráðherra skipar samkvæmt tilnefningu framangreindra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hafa yfirumsjón með því. Hlutverk ráðsins verður m.a. að móta stefnu um stjórn vatnamála og hafa yfirumsjón með starfi Umhverfisstofnunar við gerð tillagna að vatnastjórnunaráætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Umhverfisstofnun er ætlað að annast stjórnsýslu laganna. Henni ber að samræma vinnu við gerð fyrrnefndra áætlana og gera tillögur að þeim til vatnaráðs í samvinnu við sveitarfélög og að höfðu samráði við vatnasvæðanefndir og ráðgjafarnefndir, annast kynningar- og umsagnarferli þessara áætlana og eftirlit með framkvæmd þeirra, tryggja miðlun upplýsinga um vatnasvæði, setja umhverfismarkmið fyrir einstök vatnshlot, sjá um að fram fari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar, vinna stöðuskýrslu og annast aðra skýrslugjöf. Í frumvarpinu er hlutverk Veðurstofu Íslands, Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og Náttúrufræðistofnunar

Íslands við framkvæmd laganna sérstaklega skilgreint og skal Umhverfisstofnun gera samning við þessar stofnanir vegna þessa en getur jafnframt samið við aðra um einstök verk.

Ekki er annað vitað en að magn og gæði vatns á Íslandi séu með besta móti og ástand þess stöðugt. Má því ætla að ekki þurfi að ráðast í kostnaðarsamar aðgerðir til að bæta úr eða viðhalda því og að kostnaður við að uppfylla umhverfismarkmið frumvarpsins geti verið tiltölulega lágur hér á landi. Í því sambandi má benda á sérstaka yfirlýsingu, sem birt var með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn, þess efnis að samningsaðilum sé ljóst að ólíkar landfræðilegar aðstæður kalli á mismunandi aðgerðir til að ná umhverfismarkmiðum hennar og að stjórnvöld á hverjum stað geti því metið til hvaða aðgerða þurfi að grípa í því skyni. Einnig flutti fulltrúi Íslands yfirlýsingu á fundi nefndarinnar þegar tilskipunin var tekin upp í samninginn þar sem sérstaða Íslands var ítrekuð.

Umhverfisráðuneytið hefur sett fram áætlun þar sem reiknað er með að á þremur fyrstu árum eftir gildistöku laganna verið kostnaður við framkvæmd þeirra 129 m.kr. á ári en 98 m.kr. á ári eftir það. Samkvæmt frumvarpinu skal stöðuskýrsla liggja fyrir árið 2013 og skýrir gerð hennar hærri kostnað á fyrstu þremur árunum. Að öðru leyti gerir þessi áætlun ráð fyrir að kostnaður liggi aðallega í vöktun á ástandi vatns, rekstri og umsjón gagnagrunna, stjórnsýslu, skýrslu- og áætlanagerð ásamt kostnaði ráðgjafarnefnda, vatnasvæðanefnda og vatnaráðs.

Í gildandi fjárlögum eru til staðar 40 m.kr. fjárheimildir sem sérstaklega hafa verið veittar til að undirbúa innleiðingu á vatnatilskipuninni. Þar er í fyrsta lagi um að ræða 12 m.kr. fjárveitingu sem Orkustofnun fékk til undirbúningsins í fjárlögum 2006, í öðru lagi helmingur af 17 m.kr. fjárveitingu sem Veiðimálastofnun fékk í fjárlögum 2009 til að útbúa ástandslýsingu fyrir öll vatnasvæði landsins og sjá til þess að þau verði vöktuð ásamt því að sinna samstarfi við BioPol á Skagaströnd og Selasetrið á Hvammstanga, í þriðja lagi 15 m.kr. tímabundið framlag í fimm ár sem Umhverfisstofnun fékk í fjárlögum 2008 til innleiðingar tilskipunarinnar og í fjórða lagi 4,5 m.kr. af fjárheimild fjárlagaliðarins Ýmis verkefni hjá umhverfisráðuneyti. Fjármálaráðuneytið telur að til álita komi að allar þessar fjárveitingar verði vistaðar hjá Umhverfisstofnun. Í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013 er ekki reiknað með öðrum útgjöldum ríkissjóðs vegna innleiðingar á vatnatilskipuninni en felast í fyrrgreindum fjárveitingum.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að í umhverfisráðuneyti sé hafin vinna við að undirbúa frumvarp sem ætlað er að taka til gjaldtöku á atvinnurekstur sem nýtir vatnsauðlindina, í samræmi við mengunarbótaregluna og nytjagreiðsluregluna, og að gert sé ráð fyrir að slík gjaldtaka geti í framtíðinni staðið undir stærstum hluta af kostnaði við framkvæmd vatnatilskipunarinnar hér á landi. Ráðuneytið áætlar að slík gjaldtaka geti verið komin til framkvæmda í ársbyrjun 2013.

Fjármálaráðuneytið telur að fyrst um sinn megi að einhverju leyti mæta kostnaði með því að breyta forgangsröð verkefna og samhæfa og endurskipuleggja vinnu þeirra sem að framkvæmdinni koma í samræmi við hlutverk viðkomandi stofnana. Að öðru leyti má gera ráð fyrir að framkvæmd laganna, verði frumvarpið að lögum, auki útgjöld ríkissjóðs um 70 m.kr. á árunum 2011 og 2012, samtals 140 m.kr., en að frá og með árinu 2013 verði kostnaðurinn að mestu fjármagnaður með sérstakri gjaldtöku og beint ríkisframlag lækki þá samsvarandi.

Eins og áður sagði er ljóst að aðstæður hér á landi eru aðrar en í flestum öðrum löndum sem tilskipunin nær til og hún er miðuð við. Gert er ráð fyrir að framkvæmd laganna, verði frumvarpið að lögum, taki mið af því og verði í senn einföld og hagkvæm.

345. Frumvarp til laga [299. mál]

umhverfisábyrgð.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið, skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni komi í veg fyrir tjón eða bæti úr tjóni ef tjón hefur orðið og beri kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um umhverfistjón sem valdið er við atvinnustarfsemi sem fellur undir II. viðauka við lögin eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni af völdum slíkrar starfsemi. Rekstraraðili ber ábyrgð samkvæmt lögunum þótt tjón, eða yfirvofandi hætta á tjóni, verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi.

Lög þessi gilda auk þess um umhverfistjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum og yfirvofandi hættu á slíku tjóni sem rekja má til annarrar atvinnustarfsemi en þeirrar sem fellur undir II. viðauka við lögin og valdið er af ásetningi eða gáleysi.

Lög þessi gilda um rannsóknir og úrbætur vegna umhverfistjóns og rannsóknir og ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem er valdið í atvinnustarfsemi og kostnað sem af því leiðir.

Lög þessi gilda ekki um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni þegar liðin eru meira en 30 ár frá því að atburður sem orsakaði tjónið eða hættuna á tjóni varð.

3. gr.
Umhverfistjón.

Umhverfistjón sem fellur undir lög þessi er:

1. Tjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum, þ.e. tjón sem hefur veruleg skaðleg áhrif á varðveislu verndaðra tegunda eða náttúruverndarsvæða. Áhrifin skulu metin með hliðsjón af fyrra ástandi að teknu tilliti til viðmiðana skv. 7. gr. laganna. Afleiðingar aðgerða sem heimilaðar hafa verið eða heimilar eru samkvæmt gildandi lögum á sviði náttúruverndar teljast ekki umhverfistjón.
2. Tjón á vatni, þ.e. tjón sem hefur veruleg skaðleg áhrif á umhverfi og gæði vatns hvað varðar vistfræðilegt og gott efnafræðilegt ástand þess og/eða magnstöðu grunnvatns samkvæmt skilgreiningum í lögum um stjórn vatnamála og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum.

   Afleiðingar af nýrri starfsemi eða breytingar á vatnshlotum teljast ekki umhverfistjón þegar:

   a. ástæðuna fyrir því að ekki tókst að koma í veg fyrir að ástand yfirborðsvatnshlots eða grunnvatnshlots versnaði má rekja til nýrra breytinga, eða umsvifa, á eðlisfræðilegum eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða breytinga á stöðu/hæð grunnvatnshlots eða

b. ný sjálfbær umsvif eða breytingar hafa í för með sér að yfirborðsvatnshlot fer úr mjög góðu ástandi í að vera gott ástand.

Auk skilyrða a- og b-liðar 2. mgr. þurfa eftirtalin skilyrði að vera uppfyllt svo að ekki sé um að ræða umhverfistjón:

a. gripið verði til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots,
b. ástæðurnar fyrir framkvæmdunum, umsvifunum eða breytingunum vega þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinningurinn fyrir heilsu og öryggi manna eða sjálfbæra þróun er meiri en ávinningur umhverfisins og samfélagsins af því að umhverfismarkmið náist, og
c. tilganginum með framkvæmdunum, umsvifunum eða breytingunum verður ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

3. Tjón á landi, þ.e. hvers kyns mengun á landi, sem veldur umtalsverðri hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar manna vegna efna eða lífvera sem með beinum eða óbeinum hætti berast á yfirborð lands eða í jarðveg eða berggrunn.

4. gr.

Undantekningar er varða gildissvið.

Lögin gilda ekki um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni ef tjónið eða hættan á tjóni er af völdum:

a. dreifðrar mengunar þegar ekki er unnt að staðfesta tengsl milli tjóns og starfsemi ákveðins eða ákveðinna rekstraraðila,
b. vopnaðra átaka, hernaðarátaka, borgarastyrjaldar eða uppreisnar,
c. náttúruhamfara,
d. starfsemi þar sem megintilgangurinn er að þjóna landvörnum eða alþjóðaöryggi eða þar sem eina markmiðið er að vernda gegn náttúruhamförum eða
e. atburðar þar sem ábyrgð eða bætur vegna atburðarins falla undir gildissvið eftirtalinna samninga:
   1. samning frá 27. nóvember 1992 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar,
   2. samning frá 27. nóvember 1992 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.

Breytingar á þeim samningum sem eru nefndir í e-lið 1. mgr. gilda gagnvart lögum þessum þegar þær hafa verið innleiddar í íslenskan rétt.

Ákvæði III. kafla um fyrirmæli hafa ekki áhrif á valdheimildir og ráðstafanir stjórnvalda sem tilgreindar eru í IV. kafla laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

5. gr.

Takmörkun ábyrgðar.

Lögin takmarka ekki heimild þess sem ábyrgð ber vegna umhverfistjóns eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni til að takmarka tjón sitt skv. IX. kafla siglingalaga, nr. 34/1985.

6. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Atvinnustarfsemi:* Hvers kyns starfsemi sem stunduð er í tengslum við hagræna starfsemi, fyrirtæki eða félag, án tillits til þess hvort slík starfsemi er á vegum einkaaðila eða hins opinbera og hvort hún er rekin í hagnaðarskyni eða ekki.
2. *Endurheimt, þar með talin náttúruleg endurheimt:* Það ferli að koma náttúruauðlindum og/eða skertri þjónustu þeirra aftur í fyrra ástand.
3. *Fyrra ástand:* Ástand sem náttúruauðlindirnar og þjónusta þeirra voru í áður en tjón varð, metið á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga.
4. *Losun:* Beint eða óbeint útstreymi efna eða lífvera út í umhverfið af mannavöldum.
5. *Náttúruauðlindir:* Verndaðar tegundir og náttúruverndarsvæði, vatn og land.
6. *Þjónusta náttúruauðlindar:* Virkni eða eiginleikar náttúruauðlindar sem nýtast annarri náttúruauðlind eða almenningi.
7. *Ráðstafanir til úrbóta:* Hvers kyns aðgerðir eða röð aðgerða vegna tjóns á vatni eða vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum, þ.m.t. mildandi ráðstafanir eða bráðabirgðaráðstafanir, til að endurheimta fyrra ástand, lagfæra eða endurnýja náttúruauðlindir sem hafa orðið fyrir tjóni og/eða skertar nytjar þeirra eða bjóða sambærilega kosti eins og mælt er fyrir um í I. viðauka laganna. Einnig hvers kyns aðgerðir vegna tjóns á landi við að fjarlægja mengandi efni eða lífverur og endurheimta fyrra ástand eða jafngildar aðgerðir eins og mælt er fyrir um í I. viðauka laganna.
8. *Rekstraraðili:* Einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnustarfsemi.
9. *Tjón:* Mælanleg skaðleg breyting á náttúruauðlind eða mælanleg bein eða óbein skerðing á þjónustu náttúruauðlindar.
10. *Umhverfisverndarsamtök:* Samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði.
11. *Útivistarsamtök:* Samtök sem hafa útivist og umhverfisvernd að markmiði.
12. *Varnarráðstafanir:* Hvers kyns ráðstafanir sem eru gerðar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða lágmarka tjón, þegar atburður, aðgerð eða aðgerðaleysi hefur leitt til yfirvofandi hættu á umhverfistjóni.
13. *Vatn:* Yfirborðsvatn og grunnvatn.
14. *Verndaðar tegundir og náttúruverndarsvæði:*
    a. Tegundir villtra fugla og villtra spendýra sem eru friðaðar samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og tegundir vatnafiska sem njóta verndar samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.
    b. Lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem friðlýst eru samkvæmt lögum um náttúruvernd.
    c. Friðlýst svæði samkvæmt lögum um náttúruvernd, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti.
    d. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt sérstökum lögum vegna náttúru eða landslags.
15. *Yfirvofandi hætta:* Nægilega miklar líkur á því að umhverfistjón verði í náinni framtíð.
16. *Vistgerðir:* Staðir eða svæði með ákveðnum einkennum, t.d. hvað varðar gróður- og dýralíf, jarðveg og loftslag.
17. *Árósavatn.* Vatn í nágrenni ármynna sem er að hluta til salt vegna nálægðar við strandsjó en verður fyrir verulegum áhrifum af aðstreymi ferskvatns.
18. *Grunnvatn:* Vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.
19. *Grunnvatnshlot:* Afmarkað rúmmál grunnvatns.

20. *Magnstaða:* Mælikvarði á það hversu mikil bein og óbein áhrif vatnstaka hefur á grunnvatnshlot.
21. *Strandsjór:* Yfirborðsvatn sem er landmegin við línu sem dregin er sjávarmegin einni sjómílu frá næsta punkti grunnlínu þeirrar sem landhelgi miðast við og teygir sig, þar sem við á, að ytri mörkum árósavatns.
22. *Vatnshlot:* Eining af vatni, oft afmörkuð sem t.d. allt það vatn sem er að finna í einu stöðuvatni, á eða strandsjó.
23. *Yfirborðsvatn:* Kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar, straumvötn, stöðuvötn, jöklar, árósavatn og strandsjór.
24. *Yfirborðsvatnshlot:* Afmörkuð heild yfirborðsvatns af umtalsverðri stærð, svo sem stöðuvatn, miðlunarlón, vatnsfall, á eða síki, hluti af vatnsfalli, á eða síki, árósavatn eða strandsjávarkafli.

7. gr.

Viðmiðanir við mat á umhverfistjóni eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni.

Ákvörðun um hvort umhverfistjón hefur orðið eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni hefur skapast skal tekin með hliðsjón af ástandi áður en hin skaðlegu áhrif urðu, afþreyingargildi tegundar og svæðis og getu til náttúrulegrar endurnýjunar. Nota skal gögn um mælanlega þætti til að staðreyna hvort um sé að ræða verulegar skaðlegar breytingar á fyrra ástandi, m.a. gögn um:

a. fjölda einstaklinga, þéttleika þeirra eða útbreiðslusvæði,
b. það hlutverk sem viðkomandi einstaklingur eða hið skaðaða svæði gegnir gagnvart tegundinni eða varðveislu svæðisins og hversu sjaldgæf tegundin eða svæðið er,
c. getu tegundar til fjölgunar, lífvænleika hennar og getu til náttúrulegrar endurnýjunar,
d. getu tegundar, búsvæðis hennar eða vistgerðar, eftir að tjón hefur orðið, til þess að endurheimta á skömmum tíma ástand sem er jafngott eða betra en fyrra ástand.

Flokka skal umhverfistjón sem verulegt tjón ef sannað er að það hafi áhrif á heilsufar manna.

Eftirfarandi umhverfistjón skal ekki flokka sem verulegt tjón:

a. sveiflur sem eru minni en náttúrulegar sveiflur sem teljast eðlilegar fyrir viðkomandi tegund eða svæði,
b. sveiflur sem stafa af náttúrulegum orsökum eða íhlutunum í tengslum við venjubundna svæðastjórnun,
c. tjón á tegundum eða svæðum sem staðfest hefur verið að muni á skömmum tíma og án íhlutunar endurheimta fyrra ástand.

Ráðherra skal tilgreina í reglugerð þau svæði og tegundir sem falla undir b- og c-lið 14. tölul. 6. gr.

II. KAFLI
Athafnaskylda og tilkynningarskylda.

8. gr.

Umhverfistjón og yfirvofandi hætta á umhverfistjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða frekara tjón.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni, sem rekja má til starfsemi hans, og upplýsa um alla þætti sem

máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur í samræmi við I. viðauka vegna umhverfistjóns sem hefur orðið. Þegar um er að ræða atvinnurekstur sem er háður eftirliti heilbrigðisnefndar sveitarfélags skal Umhverfisstofnun tilkynna viðkomandi heilbrigðisnefnd um málið.

9. gr.

Aukning umhverfistjóns eða yfirvofandi hættu.

Rekstraraðili skal þegar í stað, þegar umhverfistjón sem rekja má til starfsemi hans eykst eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni eykst eða leiðir til umhverfistjóns, grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir eða takmarka enn frekari aukningu.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun ef þegar orðið umhverfistjón eykst eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni eykst eða leiðir til umhverfistjóns.

10. gr.

Tilkynningar rekstraraðila.

Tilkynningar rekstraraðila skv. 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. fela ekki í sér takmörkun á skyldu hans til að koma á virkan hátt í veg fyrir afleiðingar umhverfistjóns, þar á meðal aukningu umhverfistjóns, eða að koma í veg fyrir hættu á umhverfistjóni.

11. gr.

Ákvörðun stjórnvalds.

Umhverfisstofnun metur hvort orðið tjón eða tjón sem er yfirvofandi sé umhverfistjón eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni í skilningi laganna og hver beri ábyrgð á slíku tjóni eða hættu á tjóni. Við matið skal stofnunin eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Veðurstofu Íslands, Veiðimálastofnunar, Landgræðslu Íslands eða annarra sérfróðra aðila.

Ákvörðun um hvort tjón eða yfirvofandi hætta á tjóni telst vera umhverfistjón eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni í skilningi laganna skal tilkynnt rekstraraðila sem talinn er bera ábyrgð. Í þeirri tilkynningu skal koma fram:

a. hvort tjón eða yfirvofandi hætta á tjóni sé umhverfistjón eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni í skilningi laganna,
b. að tjón eða yfirvofandi hættu á tjóni megi rekja til atvinnustarfsemi rekstraraðila,
c. að rekstraraðili skuli innan ákveðins frests senda áætlun um ráðstafanir og úrbætur ef sú áætlun hefur ekki þegar borist, sbr. 2. mgr. 8. gr., vegna umhverfistjóns sem hefur orðið.

Berist tilkynning eða vitneskja um tjón eða yfirvofandi hættu á tjóni til annars eftirlitsaðila en Umhverfisstofnunar skal sá eftirlitsaðili tilkynna það Umhverfisstofnun án tafar ef grunur leikur á að um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni samkvæmt lögum þessum geti verið að ræða.

III. KAFLI
Fyrirmæli.

12. gr.

Fyrirmæli um upplýsingagjöf, rannsóknir o.fl.

Umhverfisstofnun er heimilt að gefa rekstraraðila sem ábyrgð ber samkvæmt lögunum fyrirmæli um að veita upplýsingar og framkvæma rannsóknir sem hafa þýðingu við mat á því hvernig unnt sé að bæta úr umhverfistjóni eða koma í veg fyrir að umhverfistjón verði.

Fyrirmæli skulu gefin að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd þegar viðkomandi atvinnurekstur er háður eftirliti heilbrigðisnefndar. Í heimild Umhverfisstofnunar felst m.a. að unnt er að gefa þeim rekstraraðila sem ber ábyrgð fyrirmæli um vöktun, sýnatöku, greiningar og mælingar efna og aðrar rannsóknir í þeim tilgangi að sýna fram á:

a. orsakir og áhrif umhverfistjóns eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni,
b. eðli og umfang umhverfistjóns,
c. breytingar á umfangi og eðli umhverfistjóns eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem tilkynnt er skv. 8. gr.

13. gr.

Fyrirmæli um varnarráðstafanir.

Umhverfisstofnun skal gefa rekstraraðila sem ábyrgð ber samkvæmt lögunum fyrirmæli um nauðsynlegar varnarráðstafanir vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni eða í þeim tilgangi að takmarka eða koma í veg fyrir frekara umhverfistjón. Fyrirmæli skulu gefin að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd þegar viðkomandi atvinnurekstur er háður eftirliti heilbrigðisnefndar.

Fyrirmæli skv. 1. mgr. geta, auk kröfu um nauðsynlegar varnarráðstafanir, falið í sér kröfu um ráðstafanir til að endurheimta fyrra ástand eða sambærilegar úrbætur í þeim mæli sem lög heimila.

14. gr.

Fyrirmæli um úrbætur.

Umhverfisstofnun skal gefa rekstraraðila sem ábyrgð ber samkvæmt lögunum, að fenginni áætlun hans skv. 2. mgr. 8. gr., fyrirmæli um úrbætur vegna umhverfistjóns á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum eða vatni í samræmi við I. viðauka.

Umhverfisstofnun skal gefa rekstraraðila sem ábyrgð ber samkvæmt lögunum, að fenginni áætlun hans skv. 2. mgr. 8. gr., fyrirmæli um að bæta úr umhverfistjóni á landi með því að eyða mengun og endurheimta fyrra ástand eða framkvæma jafngildar ráðstafanir í samræmi við I. viðauka.

Hafi Umhverfisstofnun ekki borist áætlun rekstraraðila skv. 2. mgr. 8. gr. innan hæfilegs tíma að mati stofnunarinnar getur hún engu síður gefið rekstraraðila fyrirmæli um úrbætur vegna umhverfistjóns samkvæmt þessari grein. Fyrirmæli Umhverfisstofnunar skulu gefin að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd þegar viðkomandi atvinnurekstur er háður eftirliti heilbrigðisnefndar.

15. gr.

Fleiri en eitt umhverfistjón.

Hafi orðið fleiri en eitt umhverfistjón sem ekki er unnt að bæta úr samtímis skv. 14. gr. ákveður Umhverfisstofnun úr hvaða umhverfistjóni skuli fyrst bætt, m.a. að teknu tilliti til eðlis umhverfistjóns, útbreiðslu þess og alvarleika, möguleika á náttúrulegri endurnýjun og hættu fyrir heilsufar manna.

16. gr.

Rekstraraðili hefur ekki umráð eignar.

Fyrirmæli skv. 12.–14. gr. er unnt að gefa óháð því hvort rekstraraðili sem ábyrgð ber samkvæmt lögunum hefur umráð eignar þar sem umhverfistjón verður eða yfirvofandi hætta er á umhverfistjóni.

Ef sá sem ábyrgð ber samkvæmt lögunum hefur ekki umráð eignar þar sem umhverfistjón verður eða yfirvofandi hætta er á umhverfistjóni getur Umhverfisstofnun gefið þeim sem umráðin hefur fyrirmæli um að þola að rannsóknir, varnarráðstafanir og úrbætur verði framkvæmdar af rekstraraðila sem ábyrgð ber á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni.

Þegar tjóni er valdið á eign þriðja manns við framkvæmd ráðstafana samkvæmt lögum þessum getur eigandi eða afnotahafi eignarinnar gert skaðabótakröfu á hendur ríkissjóði ef ekki næst samkomulag við tjónvald um bætur eða þegar tjónvaldur getur ekki greitt bótakröfuna.

Þegar ríkissjóður hefur greitt skaðabótakröfu skv. 3. mgr. öðlast ríkissjóður rétt tjónþola á hendur tjónvaldi.

17. gr.

Fleiri en einn aðili ábyrgur.

Ef fleiri en einn rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni er unnt að gefa þeim öllum fyrirmæli skv. 12.–14. gr. Fyrirmæli hvers rekstraraðila skulu ákveðin með hliðsjón af hlut viðkomandi í heildartjóni eða hættu á tjóni. Ef ekki er mögulegt að leggja mat á hlut hvers rekstraraðila í ábyrgð á tjóni eða hættu á tjóni skal Umhverfisstofnun leggja til grundvallar jafna skiptingu ábyrgðar. Fyrirmælum skal þó ekki beint til rekstraraðila sem á hverfandi hlutdeild í tjóni.

Ef rekstraraðilar sem fengið hafa fyrirmæli geta ekki náð samkomulagi um að verða sameiginlega við fyrirmælunum er unnt að gefa þeim sem talinn er hafa valdið mestum hluta tjóns eða mestri hættu á tjóni ný fyrirmæli um framkvæmd rannsókna eða um varnarráðstafanir eða úrbætur.

Ef Umhverfisstofnun hefur gefið fyrirmæli um jafna skiptingu ábyrgðar og þeir sem ábyrgð bera geta ekki náð samkomulagi um að verða sameiginlega við fyrirmælunum, er unnt að gefa þeim fyrirmæli sem ábyrgð ber og hefur umráð eignar sem umhverfistjón snertir. Í því tilviki að enginn þeirra sem ábyrgð ber hefur eða hefur haft umráð eignar er unnt að gefa fyrirmæli sérhverjum þeim sem ábyrgð ber.

Rekstraraðili, sem skylt er að framkvæma fyrirmæli skv. 2. eða 3. mgr., á endurkröfu um útgjöld sem hann innir af hendi hjá öðrum rekstraraðilum sem ábyrgð bera í réttu hlutfalli við ábyrgð þeirra.

18. gr.

Þinglýsing fyrirmæla.

Umhverfisstofnun lætur þinglýsa yfirlýsingu um boðuð eða gefin fyrirmæli á fasteign þar sem umhverfistjón hefur orðið á kostnað rekstraraðila sem ábyrgð ber samkvæmt lögunum.

Upplýsingum um boðuð eða gefin fyrirmæli skv. 2. mgr. 16. gr. skal ekki þinglýsa.

Ef boðuð eða gefin fyrirmæli eru felld úr gildi ber Umhverfisstofnun kostnað vegna aflýsingar.

Umhverfisstofnun lætur aflýsa þinglýstum yfirlýsingum um boðuð eða gefin fyrirmæli þegar ráðstafanir samkvæmt þeim hafa verið framkvæmdar að mati stofnunarinnar.

19. gr.

Frestur til ráðstafana.

Í fyrirmælum samkvæmt þessum kafla skal koma fram frestur rekstraraðila sem ábyrgð ber til aðgerða. Við sérstakar aðstæður, þegar ætla má að ráðstafanir þoli ekki bið, má ákveða að fyrirmælin skuli framkvæmd þegar í stað.

IV. KAFLI
Ábyrgð á greiðslu kostnaðar.

20. gr.

Greiðsla kostnaðar.

Rekstraraðili skal bera kostnað við rannsóknir, varnarráðstafanir og úrbætur sem framkvæma ber samkvæmt lögum þessum. Einnig skal hann bera kostnað stjórnvalda vegna aðgerða sem þeim er samkvæmt lögum falið að grípa til og falla undir lög þessi, m.a. vegna bráðamengunar eða mengunaróhapps. Geta stjórnvöld endurkrafið rekstraraðila um kostnað vegna slíkra aðgerða.

Rekstraraðili skal þó ekki bera kostnað af rannsóknum, varnarráðstöfunum og úrbótum ef hann getur sannað:

a. að tjóni hafi verið valdið af þriðja aðila þrátt fyrir að viðeigandi öryggisráðstafanir hafi verið gerðar eða
b. að tjón hafi orðið vegna þess að farið var eftir ófrávíkjanlegum fyrirmælum opinbers stjórnvalds, öðrum en fyrirmælum sem gefin eru vegna losunar eða annars atviks sem starfsemi rekstraraðilans sjálfs olli.

Rekstraraðili skal ekki bera kostnað af úrbótum ef hann getur sannað að tjón verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans og því hafi verið valdið við losun, eða annan atburð, sem var sérstaklega heimiluð og var í fullu samræmi við skilyrði leyfis sem veitt var samkvæmt gildandi lögum.

21. gr.

Fjárhagsleg trygging.

Rekstraraðili sem ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni skal setja fullnægjandi tryggingu fyrir efndum á þeim skyldum sem á honum hvíla samkvæmt lögunum. Tryggingin skal ná yfir útgjöld Umhverfisstofnunar vegna ráðstafana skv. 23. gr. og málsmeðferðar, sbr. 29. gr.

Umhverfisstofnun ákveður fjárhæð og önnur skilyrði tryggingarinnar hverju sinni.

Umhverfisráðherra setur reglur um setningu tryggingar, þar á meðal um skiptingu skyldu til að setja tryggingu, þegar fleiri en einn aðili ber ábyrgð á umhverfistjóni, um útreikning og eftirfarandi endurskoðun fjárhæðar tryggingar og um niðurfellingu hennar.

V. KAFLI
Stjórnvöld og eftirlit.

22. gr.

Stjórn og eftirlitsaðilar.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laganna. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd með samningi tiltekna þætti eftirlitsins sem undir stofnunina heyra.

23. gr.

Úrræði stjórnvalds á kostnað rekstraraðila.

Umhverfisstofnun getur látið framkvæma ráðstafanir sem fyrirmæli voru gefin um skv. III. kafla á kostnað rekstraraðila sem ábyrgð ber samkvæmt lögunum þegar frestur sem gefinn var til framkvæmda er útrunninn eða þegar framkvæmdir þola ekki bið.

24. gr.

Heimildir eftirlitsaðila.

Rekstraraðila er skylt að veita allar upplýsingar og hvers konar gögn sem nauðsynleg eru vegna eftirlits Umhverfisstofnunar með framkvæmd laganna.

Umhverfisstofnun skal eftir þörfum heimill aðgangur að lóðum, mannvirkjum og farartækjum í eigu rekstraraðila án dómsúrskurðar til að framkvæma eftirlit eða annast önnur verkefni samkvæmt lögunum. Þar með er talin heimild stofnunarinnar til töku sýna án endurgjalds, til myndatöku og til að ljósrita eða leggja hald á hvers konar gögn og aðra hluti án endurgjalds. Sömu heimildir hefur heilbrigðisnefnd samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, sbr. 22. gr. Við framkvæmd rannsókna og eftirlits skulu eigendur og starfsmenn rekstraraðila veita nauðsynlega aðstoð.

Umhverfisstofnun getur leitað aðstoðar lögreglu við nýtingu heimilda skv. 2. mgr. ef þörf krefur.

Sveitarstjórn og viðkomandi heilbrigðisnefnd skulu veita Umhverfisstofnun upplýsingar til notkunar við mat stofnunarinnar á aðstæðum innan sveitarfélagsins.

VI. KAFLI

Málsmeðferð.

25. gr.

Heimild til að óska aðgerða.

Þeir sem eiga málskotsrétt skv. 32. gr. geta óskað eftir að Umhverfisstofnun grípi til aðgerða skv. III. og V. kafla.

Beiðni um aðgerðir skv. 1. mgr. skal studd nauðsynlegum upplýsingum og gögnum. Beiðni umhverfisverndarsamtaka og útivistarsamtaka skulu fylgja samþykktir samtakanna.

26. gr.

Andmælaréttur.

Áður en tekin er ákvörðun skv. 25. gr. skal tilkynna viðkomandi rekstraraðila og eftir atvikum umráðamanni eignar, sbr. 2. mgr. 16. gr., skriflega um meðferð máls og kynna honum rétt hans til að koma að athugasemdum.

Heimilt er að falla frá tilkynningu skv. 1. mgr. þegar ætla má að ákvarðanir þoli ekki bið eða ef tilkynning er bersýnilega ónauðsynleg.

27. gr.

Athugasemdaréttur.

Áður en Umhverfisstofnun tekur ákvörðun skv. 14. gr. skal stofnunin kynna þeim sem eiga málskotsrétt skv. 32. gr. drög að ákvörðun og tilkynna um rétt þeirra til að gera athugasemdir við drögin innan fjögurra vikna. Stofnunin getur við sérstakar aðstæður vikið frá fresti skv. 1. málsl. Þegar um opinbera auglýsingu er að ræða, sbr. 2. mgr., miðast fresturinn þó ávallt við dagsetningu auglýsingar. Ef fresturinn rennur út á laugardegi eða helgidegi framlengist hann til næsta virka dags.

Tilkynning til þeirra sem eiga málskotsrétt skv. 2. og 3. tölul. 3. mgr. 32. gr., annarra en umráðamanns eignar, sbr. 2. mgr. 16. gr., skal gerð með opinberri auglýsingu í dagblaði sem er í almennri dreifingu.

28. gr.

Tilkynning ákvarðana.

Ákvarðanir samkvæmt lögunum skulu tilkynntar viðkomandi rekstraraðila sem mál beinist að skriflega og eftir atvikum umráðamanni eignar, sbr. 16. gr. Kæranlegar ákvarðanir skulu tilkynntar öðrum sem eiga málskotsrétt skv. 2. og 3. tölul. 3. mgr. 32. gr. með opinberri auglýsingu í blaði sem er í almennri dreifingu.

VII. KAFLI
Gjaldtaka.

29. gr.

Umhverfisstofnun skal innheimta, á grundvelli gjaldskrár sem ráðherra setur, gjald af rekstraraðila sem ábyrgð ber vegna kostnaðar stofnunarinnar við eftirlit, vöktun og málsmeðferð skv. II.–VI. kafla. Í þeim tilvikum sem heilbrigðisnefnd eru faldir tilteknir þættir eftirlits samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, sbr. 22. gr., skal heilbrigðisnefndin innheimta gjald af rekstraraðila vegna eftirlitsins á grundvelli sömu gjaldskrár og Umhverfisstofnun. Gjaldskráin skal m.a. taka til vinnuframlags og ferðakostnaðar auk útlagðs kostnaðar stofnunarinnar eða heilbrigðisnefndar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið má innheimta með fjárnámi.

Umhverfisráðherra getur sett reglur um hvernig greiðslu gjaldsins skuli háttað og um greiðslu vaxta ef dráttur verður á greiðslu.

VIII. KAFLI
Fyrning.

30. gr.

Krafa um endurgreiðslu kostnaðar Umhverfisstofnunar af ráðstöfunum skv. 1. mgr. 23. gr. og krafa um gjald skv. 1. mgr. 29. gr. fyrnist á fimm árum frá þeim degi þegar ráðstöfunum lauk eða frá því að rekstraraðili, eða þriðji aðili, sem ábyrgð ber hefur verið tilgreindur. Fresturinn skal miðaður við síðara tímamarkið.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um kröfu um endurgreiðslu útgjalda vegna ráðstafana sem framkvæmdar eru samkvæmt öðrum lögum þegar unnt hefði verið að gefa fyrirmæli um þær skv. III. kafla.

Kröfur skv. 1. og 2. mgr. fyrnast í síðasta lagi 30 árum eftir að losun eða annar atburður varð sem leiddi til umhverfistjóns eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni.

IX. KAFLI
Almennar skaðabótareglur.

31. gr.

Lögin takmarka ekki rétt stjórnvalda til skaðabóta samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar innan eða utan samninga eða samkvæmt reglum í öðrum lögum.

X. KAFLI
Málskot.
32. gr.

Heimilt er að kæra ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Kærufrestur er átta vikur frá tilkynningu um ákvörðun. Renni fresturinn út á laugardegi eða helgidegi framlengist hann til næsta virka dags. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur úrskurður á stjórnsýslustigi.

Um réttaráhrif kærðrar ákvörðunar fer eftir 29. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Málskotsrétt samkvæmt þessari grein eiga:

1. Rekstraraðili sem ákvörðun beinist að.
2. Aðrir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun.
3. Umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök með virka starfsemi sem tengist umhverfisvernd á Íslandi, enda séu þau opin fyrir almennri aðild, með 30 eða fleiri félagsmenn og það samrýmist tilgangi þeirra að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.

Kæru umhverfisverndarsamtaka og útivistarsamtaka skulu fylgja samþykktir samtakanna.

XI. KAFLI
Viðurlög.
33. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau varða fangelsi allt að fjórum árum. Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot eða ef það stafar af ófullnægjandi tækjabúnaði eða verkstjórn.

XII. KAFLI
Innleiðing.
34. gr.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB frá 21. apríl 2004, um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn og úrbætur vegna umhverfistjóns, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2009 sem birt var 19. mars 2009 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16/2009.

XIII. KAFLI
Gildistaka.
35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi gilda um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem verður eftir gildistöku laganna, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Lög þessi gilda ekki um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem verður eftir gildistöku laganna ef tjónið eða hættuna má rekja til starfsemi sem fram fór og var lokið fyrir þann dag.

Lög þessi gilda ekki um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni á friðlýstum tegundum lífvera og friðlýstum svæðum, sbr. b- og c-lið 14. tölul. 6. gr., sem verður eftir gildistöku laganna ef rekja má tjónið eða hættuna á tjóni til starfsemi sem fram fór áður en viðkomandi tegund eða svæði var friðlýst.

I. VIÐAUKI
Úrbætur vegna umhverfistjóns á vatni, vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum og landi.

Í þessum viðauka eru sameiginleg rammaákvæði sem fylgja ber með það að markmiði að velja heppilegustu ráðstafanirnar til að tryggja úrbætur vegna umhverfistjóns.

1. Úrbætur vegna umhverfistjóns, sem varða vatn, verndaðar tegundir eða náttúruverndarsvæði, felast í því að koma umhverfinu aftur í fyrra ástand sitt með því að gera á því frumúrbætur, fyllingarúrbætur eða jöfnunarúrbætur sem eru skilgreindar svo:
   a. „frumúrbætur“: ráðstafanir til úrbóta sem koma náttúruauðlindunum sem orðið hafa fyrir tjóni og/eða skertri þjónustu náttúruauðlindar aftur í fyrra ástand sitt eða í átt til þess,
   b. „fyllingarúrbætur“: ráðstafanir til úrbóta sem gripið er til í tengslum við náttúruauðlindir og/eða þjónustu náttúruauðlindar til að bæta það upp að frumúrbæturnar nægja ekki til að koma náttúruauðlindunum sem orðið hafa fyrir tjóni og/eða þjónustu þeirra að fullu í fyrra horf,
   c. „jöfnunarúrbætur“: aðgerðir til að bæta upp tímabundið tap á náttúrulegum auðlindum og/eða þjónustu náttúruauðlindar frá því að tjón verður og þar til árangur af frumúrbótum hefur náðst að fullu,
   d. „tímabundið tap“: tap sem er afleiðing þess að náttúruauðlindir eða þjónusta náttúruauðlindar, sem hefur orðið fyrir tjóni, geta ekki gegnt vistfræðilegu hlutverki sínu eða nýst fyrir aðrar náttúruauðlindir eða almenning fyrr en frum- eða fyllingarúrbætur eru að fullu komnar til framkvæmda; það felur ekki í sér fébætur til almennings.

   Ef ekki næst, með frumúrbótum, að koma umhverfinu aftur í fyrra ástand sitt skal grípa til fyllingarúrbóta. Auk þess skal gera jöfnunarúrbætur til að bæta upp tímabundið tap.

   Í úrbótum vegna umhverfistjóns, sem varða tjón á vatni, vernduðum tegundum eða náttúruverndarsvæðum, felst einnig að útrýma allri umtalsverðri hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar manna.

1.1. *Markmið með úrbótum.*

Tilgangurinn með frumúrbótum.

1.1.1. Tilgangurinn með frumúrbótum er að koma náttúruauðlindunum sem orðið hafa fyrir tjóni og/eða skertri þjónustu þeirra aftur í fyrra ástand eða í átt til þess.

Tilgangurinn með fyllingarúrbótum.

1.1.2. Ef ekki er unnt að koma náttúruauðlindunum sem orðið hafa fyrir tjóni og/eða þjónustu náttúruauðlinda í fyrra ástand sitt er gripið til fyllingarúrbóta. Tilgangurinn með fyllingarúrbótum er að sjá til þess að náttúruauðlindir og/eða þjónusta náttúruauðlindar, þ.m.t ef við á þær sem eru á öðrum stað, séu á svipuðu stigi og verið hefði ef svæðinu sem orðið hefur fyrir tjóni hefði verið komið aftur í fyrra ástand sitt. Ef unnt er og við á skal hinn staðurinn vera í landfræðilegum tengslum við staðinn, sem orðið hefur fyrir tjóni, með hliðsjón af hagsmunum þeirra íbúa sem málið varðar.

Tilgangurinn með jöfnunarúrbótum.

1.1.3. Gera skal jöfnunarúrbætur til að jafna upp tímabundið tap á náttúruauðlindum og þjónustu náttúruauðlindar meðan þess er beðið að þær jafni sig. Í þessum úrbótum felast frekari endurbætur á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum eða vatni,

annaðhvort á staðnum sem orðið hefur fyrir tjóni eða á öðrum stað. Þær fela ekki í sér fébætur til almennings.

1.2. *Ákvörðun um ráðstafanir til úrbóta.*

Ákvörðun ráðstafana til frumúrbóta.

1.2.1. Skoða skal þá kosti um aðgerðir sem standa til boða í því skyni að koma náttúruauðlindinni og þjónustu náttúruauðlindar beint í átt að fyrra ástandi sínu með flýtiferli eða með náttúrulegri endurheimt.

Ákvörðun ráðstafana til fyllingar- og jöfnunarúrbóta.

1.2.2. Þegar umfang ráðstafana til fyllingar- og jöfnunarúrbóta er ákvarðað skal fyrst skoða notkun aðferða þar sem fundin eru jafngildi með því að bera eina auðlind saman við aðra auðlind og þjónustu einnar náttúruauðlindar saman við þjónustu annarrar. Samkvæmt þessum aðferðum skal fyrst vega og meta aðgerðir sem gefa af sér náttúruauðlindir og/eða þjónustu sem eru af sömu tegund, gæðum og umfangi og þær sem urðu fyrir tjóni. Verði þessu ekki komið við skal sjá til þess að völ sé á öðrum náttúruauðlindum og/eða þjónustu þeirra í staðinn. Sem dæmi má nefna að ef gæði skerðast skal vega það upp með því að auka umfang ráðstafana til úrbóta.

1.2.3. Ef ekki er unnt að nota fyrsta kostinn, sem er jafngildisaðferðin þar sem ein auðlind er borin saman við aðra og þjónusta einnar við þjónustu annarrar, skal nota annars konar matsaðferðir í staðinn. Lögbært stjórnvald getur fyrirskipað hvaða aðferð skuli notuð til að ákvarða umfang nauðsynlegra ráðstafana til fyllingar- og jöfnunarúrbóta, t.d. fjárhagslegt mat. Ef unnt er að framkvæma mat á auðlindinni og/eða þjónustu hennar sem glataðist en ekki er unnt, innan eðlilegra tímamarka eða með eðlilegum kostnaði, að meta auðlindina og/eða þjónustuna, sem kemur í staðinn, getur stjórnvaldið valið ráðstafanir til úrbóta þar sem kostnaðurinn jafngildir áætluðu, fjárhagslegu virði náttúruauðlindarinnar og/eða þjónustunnar sem glataðist. Haga skal ráðstöfunum til fyllingar- og jöfnunarúrbóta þannig að þær gefi af sér frekari náttúruauðlindir og/eða þjónustu sem endurspeglar forgangsröð í tíma og tímasetningu þessara ráðstafana til úrbóta. Sem dæmi má nefna að því lengri tíma sem það tekur að ná fyrra ástandi því meira verður umfang þeirra ráðstafana til jöfnunarúrbóta sem verða gerðar (að öllu öðru jöfnu).

1.3. *Val á kostum til úrbóta.*

1.3.1. Meta skal eðlilega kosti til úrbóta með bestu fáanlegri tækni og á grundvelli eftirfarandi viðmiðana sem eru:

- áhrif hvers kostar á lýðheilsu og almannaöryggi,
- kostnaður af því að hrinda viðkomandi kosti í framkvæmd,
- líkurnar á að hver kostur fyrir sig skili árangri,
- að hve miklu leyti hver kostur muni koma í veg fyrir tjón í framtíðinni og að hve miklu leyti framkvæmd þessa kostar muni koma í veg fyrir frekara tjón,
- að hve miklu leyti hver kostur gagnast mismunandi þáttum náttúruauðlindarinnar og/eða þjónustu hennar,
- að hve miklu leyti hver kostur tekur mið af félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum sjónarmiðum sem skipta máli og öðrum þáttum sem skipta máli og eru einkennandi fyrir viðkomandi stað,
- hversu langur tími líður þar til úrbæturnar á umhverfistjóninu hafa skilað árangri,
- að hve miklu leyti hver kostur dugir til að koma svæðinu, þar sem umhverfistjónið varð, aftur í samt lag,
- landfræðileg tengsl við staðinn sem orðið hefur fyrir tjóni.

1.3.2. Við mat á mismunandi kostum til úrbóta, sem koma til greina, má velja ráðstafanir til frumúrbóta sem koma vatni, vernduðum tegundum eða náttúruverndarsvæðum, sem

hafa orðið fyrir tjóni, ekki að fullu í fyrra ástand sitt eða eru lengur en ella að ná fyrra ástandi. Einungis má taka slíka ákvörðun ef náttúruauðlindirnar og/eða þjónusta náttúruauðlindar, sem fara forgörðum á upprunalega staðnum vegna þessarar ákvörðunar, eru bættar upp með því að auka fyllingar- og jöfnunaraðgerðir þannig að til verði svipaðar náttúruauðlindir og/eða þjónusta og sú sem fór forgörðum. Þetta á t.d. við þegar unnt er að sjá fyrir jafngildum náttúruauðlindum og/eða þjónustu þeirra annars staðar með minni tilkostnaði. Þessar viðbótarráðstafanir til úrbóta skulu ákveðnar í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í lið 1.2.2.

1.3.3. Þrátt fyrir reglurnar sem settar eru fram í lið 1.3.2 og í samræmi við 14. gr. hefur lögbæra yfirvaldið rétt til að ákveða að ekki skuli gera frekari ráðstafanir til úrbóta ef:

a. þær ráðstafanir til úrbóta, sem hafa þegar verið gerðar, tryggja að ekki sé lengur fyrir hendi veruleg hætta á því að heilsufar manna, vatn eða verndaðar tegundir eða náttúruverndarsvæði verði fyrir skaðlegum áhrifum,

b. kostnaðurinn við þær ráðstafanir til úrbóta, sem gera þarf til að ná fyrra ástandi eða svipuðu ástandi, er óhóflegur miðað við ávinninginn af þeim fyrir umhverfið.

2. Úrbætur vegna umhverfistjóns á landi felst í því að gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lágmarki að fjarlægð verði þau mengandi efni eða lífverur sem um er að ræða, þeim verði haldið í skefjum, þau verði einangruð eða dregið verði úr þeim svo að mengaða landið, með tilliti til núverandi notkunar þess eða fyrirhugaðrar og samþykktrar notkunar þess á þeim tíma sem tjónið varð, skapi ekki lengur aðstæður sem geti haft skaðleg áhrif á heilsufar manna. Beita skal áhættumati þegar ákvarða skal hvort slík áhætta sé fyrir hendi og skal taka mið af eiginleikum og hlutverki jarðvegsins, tegund og styrk skaðlegu efnanna eða lífveranna, áhættunni sem þeim fylgir og hugsanlegri útbreiðslu þeirra. Notkun landsins skal ákvörðuð út frá reglum um landnotkun eða öðrum viðeigandi reglum sem í gildi voru þegar tjónið varð séu slíkar reglur um landnotkun til staðar.

2.1. Verði breyting á notkun landsins skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hvers kyns skaðleg áhrif á heilsufar manna.

2.2. Séu ekki til staðar reglur um landnotkun eða aðrar viðeigandi reglur skal notkun svæðisins ráðast af eðli svæðisins þar sem tjónið varð, að teknu tilliti til væntanlegrar þróunar þess.

2.3. Meta skal hvort velja skuli þann kost að láta náttúruna sjálfa sjá um ferli endurheimtar, þ.e. ekki verði um að ræða íhlutun mannsins hvað varðar endurheimt.

II. VIÐAUKI

Starfsemi sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

1. Starfsleyfisskyldur atvinnurekstur á grundvelli 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem gerð er krafa um samþættar mengunarvarnir, sbr. I. viðauka reglugerðar um starfsleyfi sem haft getur í för með sér mengun.
2. Losun efna í vatn (grunnvatn og yfirborðsvatn) sem er háð leyfi eða skráningu og leyfisskyld vatnstaka og vatnsmiðlun.
3. Framleiðsla, notkun, geymsla, vinnsla, urðun, losun í umhverfið og flutningur efna og efnablandna sem flokkast sem hættuleg efni, eiturefni, varnarefni eða sæfiefni, sbr. lög nr. 45/2008, um efni og efnablöndur, og lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.
4. Flutningar á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum og á sjó eða í lofti á hættulegum farmi eða mengandi farmi, sbr. umferðarlög, nr. 50/1987, og reglugerð um flutning á hættulegum farmi sem sett er á grundvelli þeirra laga, eða lög nr. 41/2003, um vaktstöð siglinga, og reglugerð um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa.
5. Starfsemi sem þarf leyfi til samkvæmt lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

6. Flutningur á úrgangi milli landa sem er háður leyfi eða bannaður, sbr. ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt um gerð frumvarpsins.

Frumvarp þetta er samið í þeim tilgangi að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna EES-samningsins. Markmið frumvarpsins er að innleiða tilskipun 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess sem hér verður eftir nefnd tilskipun um umhverfisábyrgð. Tilskipunin var tekin inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2009 5. febrúar 2009. Fyrirvari var gerður af Íslands hálfu hvað varðar vísanir í tilskipanir 79/409/EBE um verndun villtra fugla og 92/43/EBE um vernd vistgerða (natural habitat) og villtra plantna og dýra sem falla ekki undir EES-samninginn. Ráðuneytið fór vandlega yfir allar athugasemdir sem því bárust og voru gerðar breytingar á frumvarpinu m.a. vegna þeirra.

2. Tilskipun 2004/35/EB um umhverfisábyrgð.

Í aðfaraorðum tilskipunar um umhverfisábyrgð segir að í bandalaginu séu, eins og sakir standa, mörg menguð svæði og hafi það í för með sér umtalsverða heilbrigðisáhættu, auk þess sem dregið hafi verulega úr líffræðilegri fjölbreytni á síðustu áratugum. Verði ekki brugðist við geti það valdið því að mengun aukist og að enn frekar dragi úr líffræðilegri fjölbreytni í framtíðinni. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir og ráða bóta á umhverfistjóni, eftir því sem unnt sé, stuðli að framkvæmd markmiða og meginreglna umhverfisstefnu bandalagsins eins og þau eru sett fram í sáttmálanum. Taka beri tillit til staðhátta þegar ákveðið er hvernig ráða skuli bót á tjóni.

Markmið tilskipunarinnar er að setja ramma um ábyrgð vegna umhverfistjóns. Tilskipunin byggir á meginreglu umhverfisréttar um að mengunarvaldur skuli greiða (polluter pays principle). Rekstraraðila sem veldur umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni er því bæði skylt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirvofandi tjón og bæta úr tjóni ef tjón hefur orðið og greiða kostnað af þeim ráðstöfunum. Hugtakið umhverfistjón er skilgreint sem tjón á vernduðum tegundum og vistgerðum (natural habitat) og vatni og landi. Tilskipunin felur ekki í sér breytingar á skyldu stjórnvalda til að rannsaka, fyrirbyggja eða bæta úr tjóni á náttúru og umhverfi þegar þeirri skyldu er ekki sinnt af rekstraraðila.

Tilskipunin mælir fyrir um tvenns konar ábyrgðargrundvöll. Meginreglan er hlutlæg ábyrgð vegna umhverfistjóns og yfirvofandi hættu á umhverfistjóni á vernduðum tegundum og vistgerðum, vatni og landi sem orsakast af losun eða öðrum atburði sem rekja má til atvinnustarfsemi sem fellur undir III. viðauka tilskipunarinnar. Starfsemi sem fellur undir III. viðauka er aðallega mengandi starfsemi, svo sem rekstur verksmiðja sem falla undir svonefnda IPPC-tilskipun, meðhöndlun úrgangs, losun efna í vatn, framleiðsla og flutningur hættulegra og skaðlegra efna og flutningur úrgangs milli landa. Þá fellur undir viðaukann framleiðsla, meðferð og notkun á erfðabreyttum lífverum og vatnstaka og vatnsmiðlun. Auk hlutlægrar ábyrgðar tekur tilskipun um umhverfisábyrgð einnig til ábyrgðar á grundvelli sakarreglunnar vegna umhverfistjóns eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni á vernduðum tegundum og vistgerðum sem rekja má til annarrar atvinnustarfsemi en þeirrar sem fellur undir III. viðauka.

Umhverfistjón sem fellur undir tilskipunina er:

a. Tjón á vernduðum tegundum, búsvæðum tegunda og vistgerðum sem hefur veruleg skaðleg áhrif á það markmið að ná eða viðhalda góðri verndarstöðu þeirra. Lagt skal mat á mikilvægi skaðlegra áhrifa miðað við ástandið eins og það var áður en tjón varð og með hliðsjón af viðmiðum í I. viðauka tilskipunarinnar. Það telst þó ekki umhverfistjón

þegar tjón verður vegna athafna sem stjórnvald hefur veitt leyfi fyrir í samræmi við tilskipun 79/409/EBE um verndun villtra fugla eða tilskipun 92/43/EBE um vernd vistgerða og villtra plantna og dýra eða í þeim tilvikum sem tegundir eða svæði falla ekki undir lög bandalagsins, í samræmi við jafngild ákvæði landslaga um náttúruvernd.

b. Tjón á vatni, þ.e. hvers kyns tjón sem hefur veruleg skaðleg áhrif á umhverfi og gæði vatns hvað varðar vistfræðilegt og gott, efnafræðilegt ástand þess og/eða magnstöðu grunnvatns eins og skilgreint er í tilskipun 2000/60/EB (vatnatilskipuninni), að frátöldum skaðlegum áhrifum sem falla undir 7. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar.

c. Tjón á landi, þ.e. hvers kyns mengun lands sem hefur í för með sér verulega hættu á skaðlegum áhrifum á heilsu manna vegna tilkomu efna, efnablandna, lífvera eða örvera sem berast með beinum eða óbeinum hætti í eða á yfirborð lands eða undir yfirborð þess.

Umhverfistjón tekur til loftmengunar að því leyti sem hún veldur tjóni á vatni, landi eða vernduðum tegundum, búsvæðum og vistgerðum.

Tilskipunin nær ekki til einkaréttarlegra skaðabótakrafna vegna líkamstjóns, munatjóns eða almenns fjártjóns.

Samkvæmt tilskipuninni er undanþegið umhverfistjón eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni sem rekja má til mengunar af dreifðum orsökum þegar ekki reynist unnt að sanna orsakatengsl milli tjóns og ákveðins eða ákveðinna tjónvalda. Þá er undanþegið tjón sem rekja má til vopnaðra átaka, hernaðarátaka, borgarastyrjaldar eða uppreisnar og óvenjulegra, óhjákvæmilegra og óviðráðanlegra náttúruviðburða. Sama gildir þegar rekja má tjón til starfsemi sem hefur landvarnir eða alþjóðlegt öryggi að meginmarkmiði eða starfsemi þar sem eina markmiðið er að veita vernd gegn náttúruhamförum. Þá falla utan tilskipunarinnar umhverfistjón sem falla undir ákveðna samninga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sem tilgreindir eru í IV. viðauka tilskipunarinnar eða alþjóðasamning um einkaréttarlega ábyrgð á tjóni sem verður við flutning á hættulegum varningi eftir vegi, járnbraut og innri vatnaleiðum. Tilskipunin gildir ekki um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfsemi sem fellur undir stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu eða af völdum atburðar eða starfsemi þegar bótaábyrgð eða bætur falla undir gildissvið einhvers af alþjóðlegu samningunum sem tilgreindir eru í V. viðauka tilskipunarinnar. Samningarnir eru um einkaréttarlega ábyrgð á tjóni sem hlýst af meðhöndlun geislavirkra efna.

Tilskipunin hefur ekki áhrif á rétt rekstraraðila til að takmarka bótaábyrgð sína í samræmi við löggjöf viðkomandi aðildarríkis til framkvæmdar samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum (LLMC) frá 1976, þ.m.t. síðari breytingar á samningnum.

Samkvæmt tilskipuninni skal rekstraraðili þegar í stað grípa til nauðsynlegra fyrirbyggjandi ráðstafana ef umhverfistjón eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni verður eða eykst. Jafnframt skal honum skylt að gefa stjórnvaldi upplýsingar um allar aðstæður. Það leiðir af tilskipuninni að með fyrirbyggjandi ráðstöfunum er átt við ráðstafanir sem gerðar eru í þeim tilgangi að fyrirbyggja hættu eða lágmarka tjón. Tilskipunin kveður ekki á um í hverju fyrirbyggjandi ráðstafanir geti eða skuli felast. Ákvæði II. viðauka tilskipunarinnar gilda ekki um fyrirbyggjandi ráðstafanir heldur eingöngu um ráðstafanir til að bæta úr tjóni. Lögbært stjórnvald skal geta krafist upplýsinga og gert rekstraraðila skylt að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir og gefið fyrirmæli um hvaða ráðstafanir skuli gerðar. Þá skal stjórnvaldið sjálft geta látið framkvæma slíkar ráðstafanir á kostnað rekstraraðila.

Samkvæmt tilskipuninni skal rekstraraðili án tafar þegar umhverfistjón hefur orðið tilkynna það lögbæru stjórnvaldi og gera þegar í stað ráðstafanir til að varna frekara tjóni. Þá skal rekstraraðila skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta úr tjóni. Lögbært stjórnvald skal geta gefið fyrirmæli um hvaða úrbætur skuli framkvæma og gert rekstraraðila skylt að framfylgja þeim. Þá skal stjórnvaldið geta framkvæmt sjálft nauðsynlegar ráðstafanir á kostnað rekstraraðila.

Í tilskipuninni er kveðið á um að rekstraraðili skuli tilgreina í samræmi við ákvæði II. viðauka hugsanlegar úrbætur og leggja þær fram til samþykkis hjá lögbæru stjórnvaldi nema stjórnvaldið hafi þegar gripið til aðgerða. Stjórnvaldið skal ákveða hvaða úrbótum skuli hrundið í framkvæmd í samræmi við II. viðauka tilskipunarinnar og í samvinnu við viðkomandi rekstraraðila eftir því sem þörf krefur. Ákvæði II. viðauka setja sameiginlegan ramma um ráðstafanir sem eiga að tryggja að hagkvæmustu ráðstafanir séu valdar til að færa umhverfið í fyrra horf. Í viðaukanum eru annars vegar ákvæði um úrbætur vegna tjóns á vatnsumhverfi og vernduðum tegundum og vistgerðum og hins vegar ákvæði um úrbætur vegna tjóns á landi.

Meginreglan er að rekstraraðili skuli bera kostnað af varnaraðgerðum og úrbótum. Jafnframt skuli hann bera kostnað af málsmeðferð. Samkvæmt tilskipuninni skal atvinnurekandi þó ekki bera kostnað geti hann sýnt fram á að tjóni, eða yfirvofandi hættu á tjóni, hafi verið valdið af þriðja aðila og það orðið þótt viðeigandi öryggisráðstafanir hafi verið gerðar. Þá beri rekstraraðila ekki heldur að greiða kostnað ef hann geti sýnt fram á að tjónið/yfirvofandi hættan er afleiðing af því að ófrávíkjanlegum fyrirmælum stjórnvalds var fylgt. Það gildir þó ekki ef fyrirmælin voru gefin vegna losunar eða atviks sem starfsemi rekstraraðila sjálfs olli. Þá er í tilskipuninni kveðið á um undanþáguheimildir aðildarríkis. Annars vegar er heimild til að kveða á um undanþágu vegna tjóns sem valdið er við losun eða atvik sem var sérstaklega heimilað og var að öllu leyti í samræmi við leyfi sem var veitt samkvæmt gildandi landslögum og reglum til framkvæmdar lagaákvæðum sem bandalagið hefur samþykkt og tilgreind eru í III. viðauka. Hins vegar er heimild til að kveða á um undanþágu vegna losunar eða starfsemi sem rekstraraðili sýnir fram á að hafi ekki verið líkleg til að valda umhverfistjóni, miðað við vísinda- og tækniþekkingu á þeim tíma sem losunin átti sér stað eða starfsemin fór fram.

Tilskipunin fjallar ekki um skiptingu ábyrgðar ef fleiri en einn aðili veldur umhverfistjóni. Samkvæmt 9. gr. tilskipunarinnar er það á valdi aðildarríkja að setja reglur hvað það varðar.

Þá eru í tilskipuninni fyrirmæli um rétt aðila til að gera athugasemdir og setja fram beiðni til lögbærs stjórnvalds um aðgerðir og jafnframt um rétt aðila til þess að fá ákvarðanir lögbærs stjórnvalds endurskoðaðar af dómstól eða öðrum óháðum og óhlutdrægum opinberum aðila. Þeir sem eiga málsaðild skulu ekki eingöngu vera einstaklingar eða fyrirtæki sem umhverfistjón getur bitnað eða bitnar beinlínis á. Öll frjáls félagasamtök sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla öll skilyrði landsréttar skulu teljast hafa nægilegra hagsmuna að gæta.

Krafa stjórnvalds um endurgreiðslu útgjalda skal fyrnast á fimm árum frá þeim degi að aðgerðum lauk eða frá því að staðfest er hver beri ábyrgð á losun eða atburði sem olli umhverfistjóni eða framkallaði yfirvofandi hættu á umhverfistjóni.

Tilskipunin gildir ekki um tjón ef meira en 30 ár eru síðan losun, atburður eða atvik sem olli því átti sér stað. Ákvæði tilskipunarinnar hafa ekki afturvirk áhrif. Í tilskipuninni felast lágmarkskröfur. Aðildarríkjum er því heimilt að viðhalda eða kveða á um strangari reglur.

Í tilskipuninni er ekki mælt fyrir um vátryggingarskyldu rekstraraðila vegna ábyrgðar sem kynni að falla á hann. Í 14. gr. tilskipunarinnar segir að aðildarríki skuli gera ráðstafanir til að hvetja til þróunar samninga og markaða á sviði fjárhagslegra trygginga. Þá skuli framkvæmdastjórnin fyrir 30. apríl 2010 leggja fram skýrslu m.a. um aðgang að vátryggingum fyrir sanngjarnt verð og skilyrði þar að lútandi og um aðrar tegundir fjárhagslegra trygginga vegna starfsemi sem fellur undir III. viðauka. Í ljósi skýrslunnar og ítarlegs mats á áhrifum, m.a. með kostnaðar- og ábatagreiningu, skuli framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja fram tillögur að kerfi fyrir samræmda og lögboðna fjárhagslega tryggingu.

Í 13. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um samstarf aðildarríkja ef umhverfistjón hefur áhrif í fleiri en einu ríki.

3. Gildandi réttur.

Umhverfistjón.

Á Íslandi hafa ekki verið sett almenn lög um ábyrgð eða skaðabætur vegna umhverfistjóns. Í íslenskri náttúruverndar- og mengunarlöggjöf er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu umhverfistjón. Hins vegar er orðið mengun skilgreint svo í 5. mgr. 3. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. einnig 3. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit, að með því sé átt við þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun loft, láðs eða lagar. Mengun taki einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta. Sama skilgreining er í 1. tölul. 3. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar er einnig að finna sérstaka skilgreiningu á hugtakinu „bráðamengun“, þ.e. mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða. Í lögunum er ákvæði um hlutlæga ábyrgð vegna bráðamengunar en að öðru leyti gilda almennar bótareglur.

Í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda er hugtakið „mengunartjón“ skilgreint sem tjón eða skaði sem hlýst af mengun sjávar hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum sem hún er. Mengunartjón taki einnig til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum. Í reglugerð um tryggingar skipa og starfsemi í landi vegna bráðamengunar nr. 1078/2005 sem sett er á grundvelli laganna er víðtæk skilgreining „bótaskylds mengunartjóns“, þ.e. tjón eða skaði á mönnum, dýrum, lífríki, jarðvegi og efnislegum verðmætum vegna mengunar hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða, sem og kostnaður af ráðstöfunum til að takmarka slíkt tjón eða skaða.

Ábyrgð vegna umhverfistjóns.

Íslensk náttúruverndar- og mengunarlöggjöf er fyrst og fremst opinbers réttar eðlis. Þar eru einkum boð- og bannreglur sem ætlað er að koma í veg fyrir eða takmarka mengun og reglur um veitingu starfsleyfa, opinbert eftirlit og refsiviðurlög við brotum. Hvað varðar löggjöf á þessu sviði hafa áður verið nefnd lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Einnig má nefna lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, lög nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, vatnalög, nr. 20/2006, lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, lög nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, og lög nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Þá eru ýmis sérlög um náttúruvernd á einstökum svæðum, svo sem lög nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar, lög nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, og lög nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð.

Ekki hafa sett verið almenn lög um skaðabótaábyrgð vegna umhverfistjóns eins og gert hefur verið í flestum nálægum löndum. Verður því að telja að almennar reglur um ábyrgð á grundvelli sakar gildi þar sem sérákvæðum um hlutlæga ábyrgð sleppir. Í ýmsum lögum á þessu sviði má finna ákvæði um hlutlæga skaðabótaábyrgð og skulu þar fyrst nefnd lög nr. 32/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Skv. 1. mgr. 16. gr. þeirra laga er mengunarvaldur ábyrgur vegna bráðamengunar þótt tjón verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans, sé mengun af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í a-lið viðauka I. Hlutlæga ábyrgðin tekur til tjóns sem nemur allt að 1 milljón SDR. Einnig má nefna 28. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, og 1. mgr. 28. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Þá er í alþjóðasamningi frá 27. nóvember 1992 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar sem Ísland er aðili að, sbr. auglýsingu nr. 25/1998, mælt fyrir um

hlutlæga ábyrgð eiganda skips, svo sem nánar er kveðið á um í samningnum, sem flytur umbúðalausa olíu sem farm (tankskip) á mengunartjóni utan skipsins af völdum olíu sem lekið hefur eða verið losuð úr skipinu.

Samkvæmt tilskipun um umhverfisábyrgð er hlutlæg ábyrgð vegna umhverfistjóns af völdum atvinnustarfsemi sem fellur undir III. viðauka hennar. Að auki er kveðið á um ábyrgð á grundvelli sakar vegna tjóns á vernduðum tegundum og vistgerðum af völdum annarrar atvinnustarfsemi. Ábyrgð samkvæmt tilskipuninni felst í skyldu rekstraraðila til að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni og aðgerða til að takmarka og bæta úr slíku tjóni. Jafnframt felst ábyrgðin í skyldu rekstraraðila til að greiða kostnað sem af þessu hlýst. Reglur tilskipunarinnar eru opinbers réttar eðlis og taka ekki til skaðabótakrafna einstaklinga og lögaðila. Grundvöllur ábyrgðarinnar, þ.e. annars vegar hlutlæg ábyrgð og hins vegar ábyrgð á grundvelli sakar, byggist þó á sömu sjónarmiðum og byggt er á í skaðabótarétti. Ábyrgðin er hins vegar víðtækari að því leyti að almennar reglur skaðabótaréttarins um hvaða tjón skuli bætt og hverjir geti átt bótakröfu leiða gjarnan til þess að ekki stofnast skaðabótakrafa vegna eiginlegs umhverfistjóns.

Varnaraðgerðir og tilkynningarskylda.

Í íslenskri löggjöf eru ákvæði um skyldu til að koma í veg fyrir mengunartjón og takmarka slíkt tjón. Í ýmsum tilvikum er í þeim ákvæðum jafnframt kveðið á um skyldu til að tilkynna eftirlitsaðila samkvæmt viðkomandi lögum sem síðan skuli tilkynna það Umhverfisstofnun. Almennt er hins vegar ekki kveðið á um tilkynningarskyldu vegna yfirvofandi hættu á tjóni eins og gert er í tilskipun um umhverfisábyrgð.

Í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, er kveðið á um að ef hætta sé á mengun hafs og stranda skuli sá sem ber ábyrgð á menguninni gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir hana eða draga úr henni. Hann beri einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans eða aðgerðaleysi valda öðrum. Þá segir í 12. gr. laganna að eigendur skipa eða skipstjórnarmenn og eigendur eða rekstraraðilar vinnu- og borpalla á hafi úti og fyrirtækja í landi skuli tafarlaust tilkynna stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands um alla losun, varp og mengun sem lögin ná til innan mengunarlögsögu Íslands, sem og á strendur, nema um sé að ræða varp og losun sem sérstaklega er heimil samkvæmt lögunum. Landhelgisgæslan skuli framsenda tilkynningar svo fljótt sem auðið er til Umhverfisstofnunar.

Í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, er í 3. mgr. 5. gr. a kveðið á um að í starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli m.a. koma fram tilkynningarskylda leyfishafa um óhöpp og slys. Samkvæmt 2. mgr. 29. gr. laganna skal heilbrigðiseftirlit sveitarfélags tilkynna Umhverfisstofnun þegar í stað þegar upp koma bráð eða alvarleg mengunarslys eða önnur vá svipaðs eðlis. Almennt mun vera kveðið á um skyldu til að tilkynna tjón í útgefnum starfsleyfum.

Í 3. mgr. 22. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, segir að leyfishafi skuli sjá til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja tjón eða draga úr afleiðingum tjóns sem orðið hefur, þar á meðal ráðstafanir sem miða að því að færa umhverfið í sitt fyrra horf. Í lögunum er ekki kveðið á um tilkynningarskyldu til eftirlitsaðila.

Í 27. gr. laga um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, segir að ef erfðabreyttar lífverur sleppi út í umhverfið, sbr, 4. gr., skuli sá sem ábyrgð ber á starfseminni grípa til nauðsynlegra ráðstafana svo að koma megi í veg fyrir eða takmarka eins og kostur er tjón eða óþægindi sem af slysinu kunna að hljótast. Þá skuli sá sem ábyrgð ber á starfsemi tilkynna um slysið án tafar til Umhverfisstofnunar og eftirlitsaðila sem málið varðar. Í tilkynningu skuli koma fram upplýsingar um tildrög slyss, tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem sloppið hafa út í umhverfið, ásamt nauðsynlegum upplýsingum, svo að unnt sé að meta áhrif slyssins. Jafnframt skuli fylgja upplýsingar um til hvaða ráðstafana hafi verið gripið vegna slyssins.

Í 18. gr. sömu laga segir að komi fram nýjar upplýsingar um hættu sem fylgi sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera skuli tilkynna það án tafar. Jafnframt segir að ákvæðið gildi þótt leyfi hafi verið gefið út.

Fyrirmæli um úrbætur.

Á ýmsum stöðum í íslenskri löggjöf er gert ráð fyrir að stjórnvöld geti gefið fyrirmæli um framkvæmdir og úrbætur. Sem dæmi má nefna 22. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda þar sem segir m.a. að Umhverfisstofnun geti til að knýja á um úrbætur veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta. Þá má einnig í þessu sambandi nefna 32. gr. laga um erfðabreyttar lífverur og 27. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ekki eru í þessum lögum reglur um efni slíkra fyrirmæla eða leiðbeiningar um hvernig úrbætur skuli ákveðnar eins og kveðið er á um í II. viðauka tilskipunar um umhverfisábyrgð.

Sjálftökuúrræði stjórnvalda.

Á nokkrum stöðum í íslenskri löggjöf um mengunarvarnir og náttúruvernd eru ákvæði um heimild eftirlitsaðila til að láta framkvæma verk á kostnað einstaklings eða lögaðila ef úrbætur eru ekki framkvæmdar. Almennt er talið að sérstök lagaheimild sé skilyrði slíks sjálftökuúrræðis. Þá leikur vafi á því hvort unnt er að beita slíkum ákvæðum ef ekki er um að ræða saknæma háttsemi þess sem ábyrgð ber. Það ætti þó að vera unnt ef í viðkomandi lögum er mælt fyrir um hlutlæga ábyrgð.

Sem dæmi um sjálftökuúrræði stjórnvalds má nefna 1. mgr. 27. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, en samkvæmt ákvæðinu er heilbrigðisnefnd heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt. Skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi heilbrigðiseftirliti en innheimtist síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað má síðan innheimta með fjárnámi. Í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, segir að ef aðili vanræki að vinna verk sem Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld hafi fyrirskipað honum að framkvæma á grundvelli laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, innan tilskilins frests, sé stjórnvöldum heimilt að láta vinna verkið á kostnað umrædds aðila. Kostnaður vegna slíkra aðgerða greiðist til bráðabirgða úr ríkissjóði sem innheimtir hann síðar hjá umræddum aðila. Þá er Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd skv. 23. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða úr ríkissjóði en innheimtur síðar hjá hlutaðeigandi. Greiðsla kostnaðar er tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð, farartæki, skipi eða mannvirki.

Málskotsréttur.

Samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar gildir að ákvörðun lægra setts stjórnvalds er kæranleg til æðra stjórnvalds. Í ýmsum lögum eru ákvæði um málskotsrétt. Í 28. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda segir að rísi ágreiningur um framkvæmd laganna og reglugerða samkvæmt þeim sé heimilt að vísa honum til umhverfisráðherra. Þá segir í 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að rísi ágreiningur um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim eða heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga eða um ákvarðanir yfirvalda sé heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar. Þetta gildi þó ekki í þeim tilvikum þegar umhverfisráðherra fer með úrskurðarvald samkvæmt lögunum, sbr. 32. gr., eða þegar ágreiningur rís vegna ákvörðunar um útgáfu starfsleyfis samkvæmt ákvæðum 6. gr.

Samkvæmt íslenskri dómaframkvæmd gildir að sá sem höfðar dómsmál fyrir íslenskum dómstólum verði sjálfur að hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn máls. Frjáls félagasamtök svo

sem umhverfisverndarsamtök geta því almennt ekki lagt mál fyrir dómstóla. Svipuð sjónarmið gilda hvað varðar málskotsrétt innan stjórnsýslunnar nema kveðið sé sérstaklega á um málskotsrétt slíkra samtaka í lögum.

Finna má dæmi um málskotsrétt umhverfisverndarsamtaka í íslenskri umhverfislöggjöf. Dæmi um það eru 2. mgr. 74. gr. laga um náttúruvernd, 19. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð og 2. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem kveðið er á um málskotsrétt umhverfisverndarsamtaka og útivistarsamtaka án þess að þau þurfi að sýna fram á lögvarða hagsmuni.

4. Almennt um efni frumvarpsins.

Efni frumvarpsins inniheldur reglur opinbers réttar eðlis um athafnaskyldur rekstraraðila sem ábyrgð ber á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni sem er í samræmi við tilskipun um umhverfisábyrgð. Jafnframt er þar í samræmi við tilskipunina kveðið á um heimildir stjórnvalds til að gefa rekstraraðila fyrirmæli um rannsóknir og ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirvofandi umhverfistjón eða til bæta úr slíku tjón. Þá er í samræmi við greiðslureglu umhverfisréttarins og tilskipunina kveðið á um að rekstraraðili sem ábyrgð ber samkvæmt lögunum skuli greiða kostnað af ráðstöfunum til að koma í veg fyrir umhverfistjón eða bæta úr slíku tjóni og greiða auk þess gjald vegna málsmeðferðar stjórnvalds sem samkvæmt frumvarpinu er Umhverfisstofnun.

Frumvarpið er í 13 köflum ásamt tveimur viðaukum. Í I. viðauka eru rammaákvæði sem fylgja ber við að velja heppilegustu ráðstafanirnar til að tryggja úrbætur vegna umhverfistjóns. Í II. viðauka er tilgreind sú atvinnustarfsemi sem ber hlutlæga ábyrgð skv. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Efni viðaukanna er í samræmi við II. og III. viðauka tilskipunarinnar.

Í tilskipun um umhverfisábyrgð felast lágmarkskröfur. Aðildarríkjum er því heimilt að viðhalda eða kveða á um strangari reglur. Almennt eru gerðar sömu kröfur til rekstraraðila samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og mælt er fyrir um í tilskipuninni. Lagt er þó til í frumvarpinu hvað varðar umhverfistjón á landi að gerð sé krafa um ráðstafanir til að eyða mengun og endurheimta fyrra ástand lands eða framkvæma jafngildar ráðstafanir í samræmi við I. viðauka frumvarpsins sem byggist á II. viðauka tilskipunar um umhverfisábyrgð. Þykir það vera í samræmi við meginreglur umhverfisréttar og æskilega framkvæmd hér á landi. Þess skal getið að sama krafa var gerð við innleiðingu tilskipunarinnar í danskan rétt enda í samræmi við það sem áður hafði gilt samkvæmt dönskum lögum (jordforureningsloven). Umhverfistjón á landi er í skilningi frumvarpsins og tilskipunarinnar hvers kyns mengun sem veldur verulegri hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar manna. Skv. II. viðauka tilskipunarinnar skulu úrbætur vegna mengunar lands að lágmarki vera aðgerðir sem leiða til þess að mengun valdi ekki lengur hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar manna.

Í frumvarpinu er skilgreining á hugtakinu umhverfistjón, þ.e. umhverfistjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum, vatni og landi. Fyrirvari var gerður af Íslands hálfu hvað varðar a- og b-lið 3. mgr. 2. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð um skilgreiningu á vernduðum tegundum og vistgerðum með vísan í tilskipun 79/409/EBE um verndun villtra fugla og tilskipun 92/43/EBE um vernd vistgerða og villtra plantna og dýra en þær tilskipanir falla ekki undir EES-samninginn. Skv. c-lið 3. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar er gert ráð fyrir að aðrar tegundir eða svæði sem aðildarríki ákveður að sömu markmið gildi um falli undir skilgreininguna. Með hliðsjón af því er í skilgreiningu 14. tölul. 6. gr. frumvarpsins á „vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum“ vísað til íslenskrar löggjafar á sviði náttúruverndar. Í þeirri löggjöf er m.a. tekið tillit til alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að svo sem

samnings um verndun villtra dýra og plantna og lífsvæða í Evrópu og samnings um líffræðilega fjölbreytni.

Skv. b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð er umhverfistjón á vatni hvers kyns tjón sem hefur veruleg skaðleg áhrif á umhverfi og gæði vatns hvað varðar vistfræðilegt og gott efnafræðilegt ástand þess og/eða magnstöðu grunnvatns eins og það er skilgreint í tilskipun 2000/60/EB um aðgerðaramma EB um stefnu á sviði vatnamála sem nefnd hefur verið hér vatnatilskipunin og um undantekningar er vísað til 7. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar. Vatnatilskipunin hefur ekki enn verið innleidd í íslenskan rétt en fyrir liggur frumvarp til laga um stjórn vatnamála til innleiðingar á ákvæðum vatnatilskipunarinnar hér á landi og mun það verða lagt fram á 139. löggjafarþingi. Skilgreining umhverfistjóns á vatni í 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins er í samræmi við tilskipunina en þar er vitnað til laga um stjórn vatnamála sem ætlunin er að innleiða muni ákvæði vatnatilskipunarinnar. Skilgreining umhverfistjóns á landi í 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins er í samræmi við skilgreiningu í c-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð.

Frumvarpið mun fyrst og fremst hafa áhrif á þá atvinnustarfsemi og þar með þá rekstraraðila sem ábyrgð bera samkvæmt frumvarpinu. Gera má ráð fyrir ákveðnum fyrirbyggjandi áhrifum af frumvarpinu þar sem í ljósi þeirrar ábyrgðar sem lögð er á rekstraraðila má vænta að þeir geri að einhverju leyti ráðstafanir til að varna því að umhverfistjón verði af völdum starfsemi þeirra eða yfirvofandi hætta á slíku tjóni. Fyrst og fremst er um að ræða þá atvinnustarfsemi sem tilgreind er í II. viðauka frumvarpsins og rekstraraðila þeirrar starfsemi sem bera hlutlæga ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni sem valdið er við starfsemina. Á hinn bóginn er um að ræða aðra atvinnustarfsemi samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins á því hugtaki og viðkomandi rekstraraðila sem bera ábyrgð á grundvelli sakarreglunnar á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum. Áhrifin á umrædda atvinnustarfsemi og rekstraraðila koma þó ekki í ljós fyrr en á þeim tímapunkti sem umhverfistjón verður eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni skapast. Við slíkar aðstæður ber þeim rekstraraðila sem ábyrgð ber að grípa til athafna og er jafnframt kveðið á um heimildir stjórnvalds til að gefa rekstraraðila fyrirmæli um rannsóknir og ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirvofandi umhverfistjón eða til bæta úr slíku tjóni. Þá ber rekstraraðila að greiða kostnað af slíkum ráðstöfunum, greiða gjald vegna málsmeðferðarinnar og setja tryggingu fyrir efndum á þeim skyldum sem á honum hvíla samkvæmt frumvarpinu. Gera má ráð fyrir að slík trygging geti verið kostnaðarsöm í þeim tilvikum sem um er að ræða umfangsmikið tjón eða yfirvofandi hættu á tjóni. Hagsmunir almennings endurspeglast hins vegar í þeirri auknu umhverfisvernd sem frumvarpið hefur í för með sér, en gert er ráð fyrir að frumvarpið stuðli frekar að líffræðilegri fjölbreytni og því að dregið verði úr mengun og tjóni á umhverfinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið laganna er að setja ákvæði sem tryggja að sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni rannsaki, komi í veg fyrir eða bæti úr tjóni og beri allan kostnað við það í samræmi við þær kröfur sem leiðir af tilskipun 2004/35/EB um umhverfisábyrgð.

Um 2. gr.

Hvað varðar gildissvið laganna er lagt til í 1. og 2. mgr. að það verði hið sama og gildissvið tilskipunar um umhverfisábyrgð, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Annars

vegar skulu lögin skv. 1. mgr. gilda um umhverfistjón sem valdið er við atvinnustarfsemi sem fellur undir II. viðauka laganna á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar. Hins vegar skulu þau skv. 2. mgr. að auki gilda um umhverfistjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum sem rekja má til atvinnustarfsemi sem fellur ekki undir II. viðauka þegar tjóni er valdið af ásetningi eða gáleysi.

Um skilgreiningu á því hvað telst umhverfistjón er vísað til 3. gr. frumvarpsins og athugasemda við hana. Í III. viðauka við tilskipunina er tilgreind atvinnustarfsemi sem fellur undir a-lið 3. gr. hennar og er þar vitnað til ýmissa tilskipana Evrópusambandsins. Tilgreining á atvinnustarfsemi sem fellur undir 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins skv. II. viðauka frumvarpsins er í samræmi við tilskipunina.

Í 3. mgr. 2. gr. er tilgreint til hvaða aðgerða lögin skuli ná. Þar kemur fram að lögin skuli gilda um rannsóknir og úrbætur vegna umhverfistjóns og rannsóknir og fyrirbyggjandi ráðstafanir vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem valdið er í atvinnustarfsemi og kostnað sem af því leiðir, sbr. einnig 5.–8. gr. tilskipunarinnar. Um skilgreiningu hugtaksins „atvinnustarfsemi“ samkvæmt frumvarpinu er vísað til 1. tölul. 6. gr. og athugasemda við það ákvæði.

Samkvæmt 4. mgr. gilda ákvæði frumvarpsins ekki um umhverfistjón ef liðin eru 30 ára eða meira eftir að losun eða annar atburður sem orsakaði tjónið varð. Er það í samræmi við 17. gr. tilskipunarinnar.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er kveðið á um hvaða umhverfistjón falli undir lögin þ.e. tjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum, tjón á vatni og tjón á landi. Í meginatriðum er byggt á 1. mgr. 2. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð. Skv. 1. tölul. 3. gr. er umhverfistjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum tjón sem hefur veruleg skaðleg áhrif á varðveislu þeirra tegunda og svæða. Skilgreiningin er í samræmi við a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar að teknu tilliti til fyrirvara varðandi tilskipanir 79/409/EBE og 92/43/EBE sem ekki falla undir EES-samninginn. Um skilgreiningu á „vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum“ er vísað til 14. tölul. 6. gr. frumvarpsins og athugasemda við það ákvæði.

Það fer eftir einstaklingsbundnu mati hvort tjón hafi haft veruleg skaðleg áhrif. Við matið skal tekið tillit til viðmiðana skv. 7. gr. frumvarpsins. Með 7. gr. er verið að innleiða I. viðauka tilskipunarinnar en tilskipunin gildir hvað varðar umhverfistjón á vernduðum tegundum og svæðum. Sem dæmi um tjón sem getur haft í för með sér veruleg skaðleg áhrif má nefna:

- eyðileggingu á búsvæði eða fæðugrundvelli tegundar sem þar með ógnar getu hennar til að lifa af á viðkomandi stað,
- svo mikla röskun að tegund er fæld burt af svæði t.d. vegna mannvirkjagerðar og
- losun mengandi efna sem eyðileggja búsvæði tegundar.

Mat skv. I. viðauka tilskipunarinnar skal framkvæmt með hliðsjón af fyrra ástandi, þ.e. ástandinu áður en hin skaðlegu áhrif urðu. Við matið skal tekið tillit til afþreyingargildis tegundar og svæðis og getu til náttúrulegrar endurnýjunar. Nota skal gögn um mælanlega þætti til að staðreyna hvort um sé að ræða verulegar skaðlegar breytingar, sbr. skilgreiningu á hugtakinu tjón í 9. tölul. 6. gr. frumvarpsins. Þar getur t.d. verið um að ræða gögn um:

- fjölda einstaklinga, þéttleika þeirra eða útbreiðslusvæði,
- hvaða hlutverki viðkomandi einstaklingar eða skaðað svæði gegna gagnvart tegundinni eða varðveislu svæðisins og hversu sjaldgæf tegundin eða svæðið er,
- getu tegundar til fjölgunar, lífvænleika hennar og getu til náttúrulegrar endurnýjunar,
- getu tegundar, búsvæðis hennar eða vistgerðar, eftir að tjón hefur orðið, til þess að endurheimta á skömmum tíma ástand sem er jafngott eða betra en fyrra ástand.

Tekið er fram í I. viðauka tilskipunarinnar að flokka skuli tjón sem verulegt tjón ef sannað er að það hafi áhrif á heilsufar manna.

Samkvæmt viðaukanum þarf ekki að flokka sem verulegt tjón:

- sveiflur sem eru minni en náttúrulegar sveiflur sem teljast eðlilegar fyrir viðkomandi tegund eða svæði,
- sveiflur sem stafa af náttúrulegum orsökum eða íhlutunum í tengslum við venjubundna svæðastjórnun,
- tjón á tegundum eða svæðum sem staðfest hefur verið að muni á skömmum tíma og án íhlutunar endurheimta fyrra ástand.

Það leiðir af skilgreiningu hugtaksins „tjón“ í 9. tölul. 6. gr. að skaðleg breyting á landi, þ.e. ekki aðeins mengun heldur einnig svo dæmi sé tekið breyting á lögun lands eða landeyðingu, getur leitt til tjóns á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum ef breytingin hefur veruleg áhrif á varðveislu þeirra, t.d. sem vaxtarsvæði verndaðra tegunda plantna.

Í a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar kemur fram að til tjóns á vernduðum tegundum og vistgerðum teljist ekki skaðleg áhrif af völdum aðgerða rekstraraðila sem viðkomandi stjórnvald hefur heimilað í samræmi við ákvæði til framkvæmdar tilskipana 79/409/EBE og 92/43/EBE eða í þeim tilvikum að svæði eða tegundir falla ekki undir lög bandalagsins í samræmi við jafngild ákvæði landslaga um náttúruvernd. Tilskipanir sem vísað er til falla eins og áður er komið fram ekki undir EES-samninginn. Skv. 1. tölul. 3. gr. frumvarpsins er því kveðið á um að afleiðingar aðgerða sem heimilaðar hafa verið eða heimilar eru samkvæmt gildandi lögum á sviði náttúruverndar teljist ekki umhverfistjón. Með lögum á sviði náttúruverndar er einkum átt við lög um náttúrvernd, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, lög um lax- og silungsveiði og ýmis sérlög um náttúruvernd á einstökum svæðum.

Í 2. tölul. 3. gr. er kveðið á um hvað teljist umhverfistjón á vatni, þ.e. tjón sem hefur veruleg skaðleg áhrif á umhverfi og gæði vatns hvað varðar vistfræðilegt og gott efnafræðilegt ástand þess og/eða magnstöðu grunnvatns. Skv. b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð er um viðmið vísað til tilskipunar 2000/60/EB (vatnatilskipunarinnar) og um undantekningar er vísað til 7. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar. Í frumvarpinu er um viðmið vísað til skilgreininga í frumvarpi til laga um stjórn vatnamála og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim lögum sem innleiða munu ákvæði vatnatilskipunarinnar.

Samkvæmt 5. mgr. 2. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð er vatn allt vatn sem fellur undir vatnatilskipunina. Samkvæmt frumvarpinu tekur vatn í samræmi við það til yfirborðsvatns og grunnvatns, sem er í samræmi við frumvarp um stjórn vatnamála, sbr. einnig skilgreiningar 13., 18. og 23. tölul. 6. gr. frumvarpsins.

Umhverfistjón á vatni getur verið bein afleiðing af skaðlegum áhrifum á sjálft vatnshlotið en það getur einnig verið afleiðing af skaðlegum áhrifum á aðrar náttúruauðlindir (land eða verndaðar tegundir og náttúruverndarsvæði), sbr. skilgreiningu hugtaksins „tjón“ í 9. tölul. 6. gr. frumvarpsins. Sem dæmi má nefna að mengun á landi getur haft í för með sér umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni á vatni vegna niðurrennslis mengandi efna gegnum jarðveg og í grunnvatn.

Ástandið sem miða skal við þegar lagt er mat á hvort orðið hafi „tjón sem hafi veruleg skaðleg áhrif“ er raunverulegt ástand vatnshlots áður en tjón varð, þ.e. vistfræðilegt ástand, efnafræðilegt ástand og/eða magnstaða grunnvatns. Efnafræðilegt ástand vatnshlots er annaðhvort gott eða ekki gott og fer það eftir því hvort til staðar eru svokölluð forgangsefni sem eru efni sem skapa umtalsverða hættu fyrir vatnsumhverfi. Gott efnafræðilegt ástand er ástand vatnshlots sem uppfyllir umhverfismarkmið fyrir vatn. Vistfræðilegt ástand vatns er mælikvarði á svæðið sem búsvæði jurta og dýra. Það felur í sér líffræðilegar, eðlisfræðilegar og efnafræðilegar aðstæður á staðnum. Þar með talin er samsetning jurta- og dýralífs og

mengandi efni sem þar finnast. Mat á vistfræðilegu ástandi er oftast framkvæmt með líffræðilegum matsaðferðum.

Um viðmiðanir hvað varðar vistfræðilegt ástand, efnafræðilegt ástand eða magnstöðu vatns er í tilskipun um umhverfisábyrgð eins og fram er komið vísað til vatnatilskipunarinnar. Í viðaukum vatnatilskipunarinnar (V., IX. og X. viðauka) eru ákvæði um gæðaflokkun vatns sem gert er ráð fyrir að líta skuli til við mat á því hvort veruleg skaðleg áhrif hafi orðið.

Samkvæmt vatnatilskipuninni er ástand yfirborðsvatnshlots gott þegar bæði vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess er a.m.k. gott. Gott efnafræðilegt ástand yfirborðsvatns er ástand sem er krafist til að ná megi umhverfismarkmiðum fyrir yfirborðsvatn, þ.e. efnafræðilegt ástand þegar styrkur mengandi efna er ekki meiri en leyfilegt er samkvæmt umhverfisgæðakröfum.

Gott vistfræðilegt ástand er þegar stuðull fyrir líffræðilega gæðaþætti yfirborðsvatnshlots sýna litla röskun af mannavöldum og aðeins smávægileg frávik frá því sem almennt mætti búast við hefði vatnshlotinu ekki verið raskað. Styrkleiki mengandi efna er m.a. þáttur í skilgreiningunni. Ástand vatns er flokkað í mjög gott, gott, sæmilegt, slakt eða lélegt. Gæði grunnvatns eru metin eftir magnstöðu og eðlisefnafræðilegum þáttum. Gæði yfirborðsvatns eru metin eftir vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum og eðlisefnafræðilegum þáttum. Vistmegin segir til um ástand mikið breytts eða manngerðs vatnshlots.

Ástand yfirborðsvatns flokkast sem slakt þegar vísbendingar eru um stórvægilegar breytingar á gildum fyrir líffræðilega gæðaþætti yfirborðsvatnshlots og þegar viðkomandi vistkerfi sýna veruleg frávik frá því sem almennt mætti vænta við óröskuð skilyrði. Ástand yfirborðsvatns flokkast sem lélegt þegar vísbendingar eru um alvarlegar breytingar á gildum fyrir líffræðilega gæðaþætti yfirborðsvatnshlots og stórir hlutar vistkerfa, sem almennt mætti gera ráð fyrir við óröskuð skilyrði, eru ekki til staðar.

Almennt má gera ráð fyrir að mengandi efni sem leiða til lækkunar vistfræðilegs ástands yfirborðsvatns um einn gæðaflokk feli í sér að orðið hafi veruleg skaðleg áhrif og samkvæmt því umhverfistjón þar sem umhverfismarkmið fyrir vatn væru ekki uppfyllt. Ef ástand yfirborðsvatns lækkar um fleiri flokka en einn væri að sjálfsögðu talið að umhverfistjón hefði orðið. Einnig má almennt telja um umhverfistjón að ræða þegar skaðleg áhrif leiða til þess að krafa um gott efnafræðilegt ástand vatns er ekki lengur uppfyllt.

Ef vistfræðilegt ástand eða vistmegin vatnshlots er gott bæði fyrir og eftir skaðleg áhrif mundi aðalreglan vera sú að áhrifin teldust ekki verulega skaðleg þar sem umhverfismarkmið væru enn uppfyllt. Það kynnu þó að vera undantekningar frá þeirri aðalreglu og breyting innan gæðaflokks verða talin hafa veruleg áhrif t.d. þegar ástand yfirborðsvatns breytist úr því að vera talsvert umfram umhverfismarkmið í að markmiðum sé með naumindum náð. Þetta mundi þýða að óveruleg viðbótaráhrif mundu leiða til þess að ástandið félli niður um gæðaflokk. Aftur á móti má hugsa sér að í einhverjum tilvikum yrði breyting milli flokka ekki talin hafa haft veruleg áhrif. Sem dæmi má taka að það gæti verið vísbending um að ekki hafi hlotist af veruleg skaðleg áhrif þegar ástand yfirborðsvatns breytist úr því að vera neðst í flokknum „gott ástand“ í það að vera efst í flokknum sæmilegt ástand.

Umhverfistjón á strandsjó væri metið eftir sömu sjónarmiðum og að framan er lýst.

Jarðfræðilegar aðstæður geta leitt til þess að vatnsöflun valdi breytingum á gæðum grunnvatns þannig að erfitt verði fyrir vatnsveitu að uppfylla viðmiðunarmörk fyrir mengandi efni, svo sem arsen, nikkel og salt. Áhrif á grunnvatn, sem valda því að ekki er hægt að nota vatnið eða það þarfnast hreinsunar áður en hægt er að nota það sem drykkjarvatn, verður að telja veruleg skaðleg áhrif og þar með umhverfistjón. Við mat á því hvort um veruleg skaðleg áhrif er að ræða þarf að taka tillit til vatnsmagns sem mengunin hefur eða getur haft áhrif á.

Í 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um undantekningu en samkvæmt henni eru skaðleg áhrif, sem ella mundu teljast umhverfistjón á vatni, leyfð með þeim afleiðingum að

þau teljast ekki umhverfistjón í skilningi frumvarpsins ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Undantekningin er í samræmi við undantekningu b-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð en þar er vísað til 7. mgr. 4. gr. vatnatilskipunarinnar. Undantekningarákvæðið er efnislega í samræmi við 7. mgr. 4. gr. og ber að skýra í samræmi við það.

Samkvæmt undantekningarákvæðinu teljast afleiðingar af nýrri starfsemi eða breytingar á vatnshloti ekki umhverfistjón þegar ástæðu fyrir því að ekki tókst að koma í veg fyrir að ástand yfirborðsvatnshlots eða grunnvatnshlots versnaði má rekja til nýrra breytinga, eða umsvifa á, eðlisfræðilegum eiginleikum yfirborðvatnshlots eða breytinga á stöðu/hæð grunnvatnshlots. Sama gildir ef ný sjálfbær umsvif eða breytingar hafa í för með sér að yfirborðsvatnshlot fer úr mjög góðu ástandi í að vera gott ástand. Forsenda fyrir því að nefndar breytingar teljist ekki umhverfistjón er að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt: 1) gripið verði til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots, 2) ástæðurnar fyrir framkvæmdunum, umsvifunum eða breytingunum vegi þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinningurinn fyrir heilsu og öryggi manna eða sjálfbæra þróun sé meiri en ávinningur umhverfisins og samfélagsins af því að umhverfismarkmið náist og 3) tilganginum með framkvæmdunum, umsvifunum og breytingunum verði ekki með góðu móti náð eftir öðrum umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

Samkvæmt 3. tölul. 3. gr. er umhverfistjón á landi hvers kyns mengun á landi sem veldur verulegri hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar manna vegna efna eða lífvera sem með beinum eða óbeinum hætti berast á yfirborð lands, í jarðveg eða jarðgrunn. Með efni í þessu sambandi er einnig átt við efnasamband og falla örverur einnig undir hugtakið lífvera í 3. tölul. Tjón á landi af öðrum ástæðum, svo sem vegna jarðrasks eða jarðvegseyðingar, telst ekki „umhverfistjón á landi“ í skilningi frumvarpsins. Það leiðir hins vegar af skilgreiningu hugtaksins „tjón“ í 9. tölul. 6. gr. frumvarpsins að þótt annað tjón en mengun lands teljist ekki „umhverfistjón“ sem slíkt getur það tjón leitt til umhverfistjóns á vernduðum tegundum og náttúrverndarsvæðum eða vatni ef tjónið hefur veruleg skaðleg áhrif á þær náttúruauðlindir.

Skilyrði þess að um umhverfistjón á landi sé að ræða er að mengun á landi valdi verulegri hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar manna. Mat á því hvað teljist vera veruleg skaðleg áhrif á verndaðar tegundir og búsvæði þeirra og vistgerðir og vatn skal samkvæmt tilskipun um umhverfisábyrgð byggjast á sömu viðmiðum og í öðrum tilskipunum Evrópusambandsins eins og rakið er hér að framan. Hvað varðar „umhverfistjón á landi“ er ekki í tilskipunininni bent á samsvarandi viðmið í öðrum tilskipunum. Gera verður ráð fyrir að um umhverfistjón á landi sé að ræða ef sýnt er fram á að staðfest mengunarstig geti haft skaðleg áhrif á heilsufar manna.

Sem dæmi um hættu fyrir heilsufar manna má nefna hættu sem bundin er við snertingu svo sem við leik, garðvinnu o.fl., hættu sem leiðir af myndun skaðlegra lofttegunda í jörð og hættu sem tengist neyslu á ávöxtum eða grænmeti sem ræktað er á menguðu landi.

Um 4. gr.

Ákvæðið afmarkar nánar gildissvið laganna í samræmi við 4. gr. tilskipunarinnar eftir því sem við á. Það felur í sér að umhverfistjón eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni sem orsakast af ákveðnum losunum eða öðrum atburðum verður utan gildissviðs laganna. Undantekning gildir þannig um umhverfistjón og yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem orsakast af dreifðri megnun þegar ekki er unnt að staðreyna tengsl tjóns og aðgerða eða aðgerðarleysis einstakra mengunarvalda. Eðlilegt verður að telja að gildissvið frumvarpsins nái ekki til slíkra aðstæðna þar sem ekki er mögulegt að sanna orsakatengsl milli umhverfistjóns og aðgerða eða aðgerðaleysis einstakra mengunarvalda. Lögin skulu ekki heldur gilda um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem orsakast af vopnuðum átökum, hern-

aðarátökum, borgarastyrjöld eða uppreisnum. Sama gildir um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum náttúruhamfara. Telja verður að óviðráðanlegar aðstæður geti skapast þegar um er að ræða vopnuð átök, hernaðarátök, borgarastyrjöld og slíkt og að í slíkum tilvikum sé óraunhæft að ætla að unnt sé að gera tiltekna aðila ábyrga fyrir umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni. Hvað varðar tjón eða hættu á tjóni vegna náttúruhamfara er ljóst að í slíkum tilvikum er ekki unnt að draga einstaka aðila til ábyrgðar. Þá skulu ákvæði frumvarpsins ekki gilda um starfsemi þar sem megintilgangurinn er landvarnir eða alþjóðlegt öryggi eða eini tilgangur starfsemi er að vernda gegn náttúruhamförum. Vegna eðlis slíkra verndarhagsmuna verður ekki talið rétt að frumvarpið nái til þess sem veldur umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á tjóni við slíkar aðstæður.

Að lokum skulu ákvæði frumvarpsins ekki gilda um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni þegar ábyrgð eða bætur vegna losunar eða annars atburðar falla undir gildissvið samninga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar vegna olíumengunar sjávar sem tilgreindir eru í e-lið 1. mgr. Samningarnir leysa af hendi eldri samninga um sama efni sem upphaflega var veitt lagagildi hér á land með lögum nr. 14/1979, sbr. nú auglýsingu nr. 25/1998. Breytingar á þessum samningum skulu gilda gagnvart lögunum þegar þær hafa verið innleiddar í íslenskan rétt. Aðrir samningar sem getið er í 4. gr. tilskipunarinnar, sbr. einnig upptalningu í IV. og V. viðauka hennar, hafa ekki verið innleiddir í íslenskan rétt.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvæði III. kafla frumvarpsins um fyrirmæli hafi ekki áhrif á valdheimildir og ráðstafanir stjórnvalda sem tilgreindar eru í IV. kafla laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, lögum um brunavarnir og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni skulu lögin ekki takmarka heimild þess sem ábyrgð ber vegna umhverfistjóns eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni til að takmarka tjón sitt skv. IX. kafla siglingalaga, nr. 34/1985, þar sem fjallað er um ábyrgð útgerðarmanns og heimild hans til að takmarka hana. Greinin er í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð.

Um 6. gr.

Í 1.–15. tölul. greinarinnar eru skilgreiningar orða og hugtaka í meginatriðum í samræmi við 2. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð. Í 16. tölul. eru vistgerðir skilgreindar í samræmi við 14. tölul. 3. gr. náttúruverndarlaga. Skilgreiningar 17.–24. tölul. má rekja til vatnatilskipunarinnar en samkvæmt tilskipun um umhverfisábyrgð skulu hugtök sem stafa frá annarri Evrópulöggjöf skilgreind á sama hátt og í þeirri löggjöf þannig að unnt sé að nota sameiginlegar skýringar og tryggja samræmda notkun.

Um 1. tölul. Atvinnustarfsemi í skilningi frumvarpsins er í samræmi við skilgreiningu 7. mgr. 2. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð, þ.e. hvers kyns starfsemi sem stunduð er í tengslum við hagræna starfsemi, fyrirtæki eða félag, án tillits til þess hvort slík starfsemi er á vegum einkaaðila eða hins opinbera og hvort hún er rekin í hagnaðarskyni eða ekki.

Hagræn starfsemi (efnahagsumsvif) tekur til framleiðslu og dreifingar vara og þjónustu. Atvinnustarfsemi samkvæmt frumvarpinu tekur ekki til framkvæmda einstaklinga í einkalífi þeirra svo sem vegna heimilishalds eða tómstundaiðju. Hvað varðar starfsemi félagasamtaka þar sem tilgangurinn er t.d. tómstundir eða íþróttir útilokar tilgangurinn sem slíkur ekki að um sé að ræða atvinnustarfsemi. Slíkt verður að meta einstaklingsbundið, hvort skipulagning og framkvæmd starfseminnar er í þeim mæli að um sé að ræða eiginlega atvinnustarfsemi.

Atvinnustarfsemi opinberra aðila sem jafna má til atvinnustarfsemi einkaaðila fellur undir hugtakið. Hins vegar falla þar ekki undir aðgerðir opinbers aðila sem stjórnvalds. Það felur

t.d. í sér að starf hins opinbera við eftirlit og framkvæmd laga, starf lögreglu og dómstóla og skattheimta getur ekki talist atvinnustarfsemi í skilningi tilskipunarinnar og frumvarps þessa.

Um 2. tölul. Samkvæmt ákvæðinu fellur undir hugtakið „endurheimt“ það ferli að koma náttúrauðlindum og/eða skertri þjónustu þeirra aftur í fyrra ástand. Þar með talin er náttúruleg endurheimt, þ.e. endurheimt án afskipta mannsins. Ákvæðið er í samræmi við 15. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Um 3. tölul. Í skilningi frumvarpsins er fyrra ástand það ástand sem náttúruauðlindirnar og þjónusta þeirra voru í áður en tjón varð. Skilgreiningin felur í sér að mat á fyrra ástandi skal framkvæmt á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga um raunverulegt ástand auðlindarinnar áður en tjónið varð. Ákvæðið er í samræmi við 14. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Um 4. tölul. Skilgreining á hugtakinu „losun“ er í samræmi við 8. mgr. 2. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð.

Um 5. tölul. Náttúruauðlindir eru skilgreindar í samræmi við 12. mgr. 2. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð.

Um 6. tölul. Með þjónustu náttúruauðlindar er átt við virkni eða eiginleika náttúruauðlindar sem nýtast annarri náttúruauðlind eða almenningi. Sem dæmi má taka land sem vaxtarsvæði verndaðrar plöntutegundar og vatnasvæði sem búsvæði verndaðrar fugla- eða dýrategundar. Vísað er til athugasemda við 9. tölul. hvað varðar skilgreiningu tjónshugtaksins.

Með þjónustu til hagsbóta fyrir almenning er bæði átt við þjónustu sem tengist vatnsöflun, fiskveiðum í strandsjó og vötnum, berjatínslu o.fl. sem og þjónustu náttúruauðlindar fyrir fólk til heilsubótar og ánægju, t.d. við gönguferðir, fuglaskoðun á vatnasvæði eða böð í sjó eða vatni.

Um 7. tölul. Ráðstafanir til úrbóta eru annars vegar úrbætur vegna umhverfistjóns á vatni og vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum og hins vegar úrbætur vegna umhverfistjóns á landi, sbr. 11. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar og II. viðauka hennar.

Vegna umhverfistjóns á vatni og vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum skal gera hvers konar ráðstafanir, þ.m.t. mildandi ráðstafanir eða bráðabirgðaráðstafanir, til að endurheimta, lagfæra eða endurnýja náttúruauðlind sem orðið hefur fyrir tjóni og/eða skerta þjónustu hennar eða bjóða í staðinn kost sem er jafngildur skaðaðri auðlind og skertri þjónustu hennar eins og mælt er fyrir um í I. viðauka frumvarpsins sem byggist á II. viðauka tilskipunarinnar.

Gerð er tillaga um að úrbætur vegna umhverfistjóns á landi skuli felast í ráðstöfunum við að fjarlægja mengandi efni og endurheimta fyrra ástand landsins eða sambærilegar aðgerðir skv. I. viðauka frumvarpsins sem byggist á II. viðauka tilskipunar um umhverfisábyrgð. Skv. II. viðauka tilskipunarinnar skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lágmarki að mengandi efni skapi ekki lengur verulega hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar manna með hliðsjón af núverandi notkun eða fyrirhugaðri og samþykktri notkun á þeim tíma sem tjón varð. Tillagan er í samræmi við meginreglu umhverfisréttar um að eftir umhverfistjón skuli umhverfið fært til fyrra horfs.

Um 8. tölul. Rekstraraðili samkvæmt frumvarpinu er sá einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á atvinnustarfsemi sem fellur undir 1. eða 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 9. tölul. Í þessum tölulið er í samræmi við 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar skilgreint hugtakið „tjón“. Tjón er mælanleg skaðleg breyting á náttúrauðlind eða mælanleg bein eða óbein skerðing á þjónustu náttúruauðlindar. Að tjón skuli vera mælanlegt felur í sér að forsendan fyrir því að unnt sé að staðreyna að tjón hafi orðið er að hægt sé að sýna fram á ástand náttúruauðlindar og þjónustu hennar áður en tjón varð.

Umhverfistjón, eða yfirvofandi hætta á slíku tjóni, getur orðið með beinum eða óbeinum hætti. Í því felst krafa um orsakatengsl, þ.e. tengsl milli starfsemi og tjóns sem er forsenda fyrir ábyrgð rekstraraðila á tjóni. Að tjón sé bein eða óbein afleiðing losunar eða annars

atviks felur í sér að orsakatengsl verða ekki aðeins talin vera fyrir hendi þegar tjón er staðreynt í beinu framhaldi losunar/atviks heldur einnig þegar tjón breiðist út og kemur ekki í ljós fyrr en löngu síðar.

Það leiðir m.a. af skilgreiningu hugtaksins „tjóns“ að þótt annað tjón en mengun valdi ekki umhverfistjóni á landi í sjálfu sér getur slíkt tjón valdið umhverfistjóni ef það felur í sér eða leiðir til umhverfistjóns á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum eða vatni. Á sama hátt getur tjón á vatni, sem í sjálfu sér er ekki umhverfistjón á vatni, leitt til umhverfistjóns á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum og öfugt.

Um 10. og 11. tölul. Skilgreining á umhverfissamtökum og útivistarsamtökum er í samræmi við 2. mgr. 74. gr. laga um náttúruvernd, sbr. einnig 2. mgr. 19. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð og 2. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Um 12. tölul. Varnarráðstafanir í skilningi frumvarpsins eru hvers kyns ráðstafanir sem eru gerðar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða lágmarka tjón þegar atburður, aðgerð eða aðgerðaleysi hefur leitt til yfirvofandi hættu á umhverfistjóni. Varnarráðstafanir í skilningi frumvarpsins eru því ekki almennar mengunarvarnir fyrirtækja sem mælt er fyrir um í almennri löggjöf á sviði mengunarvarna eða náttúruverndar. Vísað er til 15. tölul. hvað varðar orðasambandið yfirvofandi hætta á umhverfistjóni. Ákvæði 12. tölul. er í samræmi við 10. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Um 13. tölul. Í 5. mgr. 2. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð er vatn skilgreint sem það vatn sem fellur undir vatnatilskipunina. Er vatn því skilgreint í frumvarpinu sem yfirborðsvatn og grunnvatn, sbr. skilgreiningar 18. og 24. tölul., sem samræmist frumvarpi til laga um stjórn vatnamála, en það frumvarp mun innleiða ákvæði vatnatilskipunarinnar.

Um 14. tölul. Gerð er tillaga um að undir „verndaðar tegundir og náttúruverndarsvæði“ skuli falla:

a. Tegundir villtra fugla og villtra spendýra sem friðaðar eru samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Núgildandi lög eru nr. 64/1994. Samkvæmt lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru öll villt dýr friðuð allt árið eða hluta af árinu nema annað sé þar sérstaklega tekið fram. Samkvæmt lögunum eru minkar ekki friðaðir og ekki rottur, húsamýs eða hagamýs inni í húsum. Fuglar eru almennt friðaðir en heimilt er að aflétta friðun af tilteknum tegundum á ákveðnum tíma árs eða allt árið, sbr. 17. gr. laga nr. 64/1994. Tekið skal þó fram að um er að ræða verndaða tegund samkvæmt frumvarpinu þó svo að friðun hennar sé aflétt tímabundið vegna veiða. Skv. 8. gr. reglugerðar nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum er aflétt friðun allt árið á svartbaki, sílamávi, silfurmávi og hrafni. Dæmi um tegundir sem heimilt er að veiða hluta úr ári samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar eru grágæs, heiðargæs, rjúpa, fýll, dílaskarfur, toppskarfur, helsingi, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, álka, langvía, teista og lundi. Alfriðaðir eru haförn, fálki, smyrill, snæugla og brandugla.

   Þá falla undir a-lið 14. tölul. tegundir fiska í ferskvatni sem njóta verndar samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði. Fiskur samkvæmt þeim lögum, sbr. 17. tölul. 3. gr., er lax (*Salmo salar*), silungur (urriði (*Salmo trutta*), bleikja (*Salvelinus alpinus*) og regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*)), áll (*Anguilla anguilla* og *Anguilla rostrata*) eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.

b. Samkvæmt b- og c-lið 14. tölul. er lagt til að undir skilgreininguna falli friðlýstar náttúruminjar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Skv. 50. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, skiptast friðlýstar náttúruminjar í a) þjóðgarða, b) friðlönd, c) náttúruvætti á landi og í hafi, d) friðlýstar lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi og e) fólkvanga.

   Undir b-lið 14. tölul. falla friðlýstar lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi. Með auglýsingu nr. 184/1978 er 31 plöntutegund friðlýst á grundvelli laga um náttúru-

vernd. Hvað varðar friðlýstar tegundir lífvera skal einnig nefnd friðlýsing kúluskíts, vaxtarforms grænþörungsins vatnaskúfs á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 53. gr. núgildandi laga um náttúruvernd, sbr. auglýsingu nr. 523/2006. Eitt búsvæði er friðlýst á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 53. gr. náttúruverndarlaga en það er búsvæði blesgæsar á Hvanneyri, sbr. auglýsingu nr. 364/2002.

Í Evrópu og víðar hefur á undanförnum áratugum verið unnið að flokkun lands í svonefndar vistgerðir sem eru landeiningar með svipaðan gróður og dýralíf. Vistgerðir eru skilgreindar í 14. tölul. 3. gr. laga um náttúruvernd sem staðir eða svæði með ákveðnum einkennum, t.d. hvað varðar gróður- og dýralíf, jarðveg og loftslag. Á Náttúrufræðistofnun Íslands hefur verið unnið að flokkun lands í vistgerðir frá árinu 1999. Í því skyni hefur gróður, svo og dýralíf og ýmsir umhverfisþættir, verið kannaður á sjö svæðum á miðhálendi Íslands. Á svæðunum hafa verið skilgreindar 24 vistgerðir og einkennum þeirra lýst. Í náttúruverndaráætlun 2009–2013 er gert ráð fyrir friðun tveggja vistgerða á hálendinu þ.e. rústamýravist og breiskjuhraunavist. Í áætluninni eru einnig tilgreindar lífverur og svæði sem talin er ástæða til að friðlýsa.

c. Undir c-lið 14. tölul. falla friðlýst svæði á grundvelli laga um náttúruvernd, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti, sbr. einnig a-lið 8. tölul. 3. gr. laganna. Á Íslandi er nú þrír þjóðgarðar. Aðeins einn þeirra er friðlýstur á grundvelli náttúruverndarlaga en það er þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, sbr. reglugerð nr. 568/2001. Friðlönd eru nú 38 talsins og fólkvangar eru 19.

Þrjú votlendissvæði hafa verið tilnefnd af Íslands hálfu sem Ramsarsvæði, þ.e. Þjórsárver, Grunnafjörður og Mývatn og Laxá. Tvö þessarra svæða eru friðlönd, þ.e. Þjórsárver og Grunnafjörður, en um Mývatn og Laxá gilda sérstök lög, þ.e. lög nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Tilnefning Ramsarsvæða er á grundvelli svonefnds Ramsarsamnings um votlendi frá 1971. Samingurinn er alþjóðasamningur sem gerður var í Ramsar í Íran 2. febrúar 1971 og öðlaðist gildi 21. desember 1975. Heiti samningsins er „Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi einkum fyrir fuglalíf“. Markmið hans er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Ísland gerðist aðili að Ramsarsamningnum 2. desember 1977 og öðlaðist hann gildi 2. apríl 1978.

d. Auk friðlýstra svæða falla undir skilgreiningu 14. tölul. afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt sérstökum lögum vegna náttúru eða landslags. Eins og áður hefur verið sagt eru á Íslandi þrír þjóðgarðar en aðeins einn þeirra friðlýstur á grundvelli náttúruverndarlaga en það er þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Um Vatnajökulsþjóðgarð gilda lög nr. 60/2007 en hann var friðlýstur með reglugerð nr. 608/2008. Inn í Vatnajökulsþjóðgarð runnu tveir þjóðgarðar sem friðlýstir voru áður samkvæmt náttúruverndarlögum, þ.e. Skaftafellsþjóðgarður og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum. Einnig varð friðland í Esjufjöllum hluti Vatnajökulsþjóðgarðs. Þriðji þjóðgarðurinn og sá elsti, Þingvellir, er friðlýstur sem helgistaður þjóðarinnar með lögum nr. 47/2004. Af öðrum lögum sem veita afmörkuðum svæðum vernd má nefna lög nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar, lög nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, og lög nr. 85/2005, um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Rétt er að taka fram að skilgreining frumvarpsins á hugtakinu náttúruverndarsvæði er nokkuð þrengri en í lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd. Í lögum nr. 44/1999 falla undir hugtakið í fyrsta lagi friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar, og náttúruvætti, í öðru lagi önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá og í þriðja lagi afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags. Teljast því svæði og náttúrumyndanir á náttúruminjaskrá ekki til náttúruverndarsvæða samkvæmt frumvarpinu sé ekki um friðlýst svæði eða

náttúrumyndanir að ræða eða ef þau njóta ekki verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Um 15. tölul. Yfirvofandi hætta er skilgreind í samræmi við 9. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Um 16. tölul. Skilgreining á vistgerðum er í samræmi við 14. tölul. 3. gr. náttúruverndarlaga.

Eins og fram er komið má rekja skilgreiningar skv. 17.–24. tölul. til frumvarps til laga um stjórn vatnamála og vatnatilskipunarinnar og teljast þær ekki þurfa frekari skýringa við.

Um 7. gr.

Í greininni koma fram þær viðmiðanir sem Umhverfisstofnun skal taka tillit til þegar stofnunin metur hvort orðið tjón eða yfirvofandi hætta á tjóni sé umhverfistjón eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni í skilningi frumvarpsins. Felur greinin í sér innleiðingu á I. viðauka tilskipunar um umhverfisábyrgð, en tilskipunin gildir hvað varðar umhverfistjón á vernduðum tegundum og svæðum. Þá skal ráðherra skv. 4. mgr. 7. gr. tilgreina í reglugerð svæði og tegundir sem falla undir b- og c-lið 14. tölul. 6. gr. Gera má ráð fyrir að friðlýstum svæðum og tegundum fjölgi á næstu árum til að stuðla að verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd. Í þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009–2013 er gert ráð fyrir friðlýsingu nýrra svæða og tegunda plantna og dýra.

Um 8. gr.

Greinin kveður á um aðgerðaskyldu rekstraraðila þegar skapast yfirvofandi hætta á umhverfistjóni eða umhverfistjón verður og tilkynningarskyldu hans í þeim tilvikum. Hafa ber þó í huga að stjórnvöld geta einnig haft skyldum að gegna í þessu sambandi, t.d. þegar bráðamengun eða mengunaróhapp verður. Þau stjórnvöld sem hér um ræðir eru m.a. heilbrigðisnefndir, slökkvilið eða Landhelgisgæslan, sbr. lög um brunavarnir, nr. 75/2000, lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Rekstraraðili skal jafnframt setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur í samræmi við I. viðauka vegna umhverfistjóns sem hefur orðið. Þá skal Umhverfisstofnun tilkynna um málið til hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar sé viðkomandi atvinnurekstur háður starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð er mælt fyrir um skyldu rekstraraðila til að grípa til nauðsynlegra varnarráðastafana án tafa þegar yfirvofandi hætta er á tjóni og í alið 1. mgr. 6. gr. hennar er kveðið á um skyldu rekstraraðila til að gera ráðstafanir til að takmarka eða koma í veg fyrir frekara tjón þegar tjón hefur orðið. Í 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar er síðan kveðið á um tilkynningarskyldu hans. Þá skulu rekstraraðilar tilgreina skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar, í samræmi við II. viðauka hennar, hugsanlegar ráðstafanir til úrbóta og leggja þær fram til samþykkis hjá lögbæru stjórnvaldi.

Um 9. gr.

Ákvæði greinarinnar má rekja til ákvæða tilskipunar um umhverfisábyrgð sem nefnd eru í athugasemdum við 8. gr. Með greininni er lögð áhersla á að skyldur hvíla áfram á rekstraraðila þannig að hann skuli grípa til frekari aðgerða ef breyting verður á yfirvofandi hættu á umhverfistjóni eða umhverfistjóni og tilkynna það Umhverfisstofnun.

Um 10. gr.

Í greininni er áréttað að tilkynningar rekstraraðila til Umhverfisstofnunar feli ekki í sér að rekstraraðila sé ekki áfram skylt að gera ráðstafanir til koma í veg fyrir eða takmarka frekara umhverfistjón eða aukningu á yfirvofandi hættu á umhverfistjóni. Jafnframt að þær

leysa hann ekki undan skyldu til að framkvæma úrbætur á grundvelli fyrirmæla skv. 14. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Samkvæmt greininni er það Umhverfisstofnun sem skal taka ákvörðun um hvort tjón eða yfirvofandi hætta á tjóni sé umhverfistjón eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni í skilningi laganna og hver beri ábyrgð á tjóni, sbr. 2. mgr. 11. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð. Skal Umhverfisstofnun tilkynna þeim sem talinn er bera ábyrgð þá ákvörðun. Við matið er Umhverfisstofnun á grundvelli rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, heimilt að leita álits eða umsagna viðeigandi aðila eða stofnana hverju sinni. Þykir hér hins vegar rétt að tilgreina í frumvarpinu helstu aðila sem gera má ráð fyrir að Umhverfisstofnun þurfi að leita til við mat á hvort um sé að ræða umhverfistjón eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni, þ.e. viðkomandi heilbrigðisnefnd, t.d. þegar um er að ræða atvinnurekstur sem er háður starfsleyfi heilbrigðisnefndar, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofu Íslands, Veiðimálastofnun og Landgræðslu Íslands.

Vera kann að í einhverjum tilvikum berist tilkynning um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu til annars eftirlitsaðila, svo sem heilbrigðisnefndar sveitarfélags. Eftirlitsaðili sem fær slíka tilkynningu eða vitneskju um hættu eða tjón sem kynni að vera yfirvofandi hætta á umhverfistjóni eða umhverfistjón í skilningi laga um umhverfisábyrgð skal án tafar tilkynna það Umhverfisstofnun sem tekur ákvörðun um hvort um umhverfistjón sé að ræða sem fara skuli með samkvæmt ákvæðum laganna.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli gefa rekstraraðila fyrirmæli um að gefa upplýsingar og framkvæma rannsóknir sem hafa þýðingu fyrir mat á því hvernig verði bætt úr afleiðingum umhverfistjóns eða komið í veg fyrir að umhverfistjón verði.

Það leiðir af ákvæðinu að hægt er að gefa rekstraraðila sem ábyrgð ber samkvæmt lögunum fyrirmæli um að framkvæma nánari rannsóknir o.fl. á eigin kostnað. Með því fást upplýsingar um umfang og eðli umhverfistjóns eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni og um ástand náttúruauðlinda. Þær upplýsingar nýtast þegar ákvarðanir eru teknar um hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir umhverfistjón eða til úrbóta þegar tjón hefur orðið, sbr. 13. og 14. gr. frumvarpsins. Í fyrirmælum um rannsóknir er unnt að gera kröfu um ákveðna sérfræðiþekkingu í þeim tilgangi að tryggja gæði rannsóknar eða tillögu um úrbætur. Hafi rekstraraðili ekki yfir þeirri sérfræðiþekkingu að ráða felst í slíkum fyrirmælum krafa um að hann afli utanaðkomandi þekkingar.

Um 13. gr.

Samkvæmt 1. mgr. getur Umhverfisstofnun gefið rekstraraðila sem ábyrgð ber fyrirmæli um að framkvæma á eigin kostnað nauðsynlegar varnarráðstafanir vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni eða aukningar umhverfistjóns. Varnarráðstafanir sem hægt er að gefa rekstraraðila fyrirmæli um samkvæmt ákvæðinu eru ráðstafanir sem telja má nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að yfirvofandi hætta leiði til umhverfistjóns eða að þegar orðið umhverfistjón aukist.

Ákvörðun um nauðsynlegar ráðastafanir yrði oft ekki tekin án undangenginna rannsókna á skaðlegum áhrifum á náttúruauðlind og hugsanlegum afleiðingum þeirra. Unnt er að gefa fyrirmæli um þær ráðstafanir á grundvelli 12. gr.

Fyrirmæli um varnarráðstafanir skv. 1. mgr. eru takmarkaðar við ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir umhverfistjón eða frekara umhverfistjón sem yfirvofandi hætta er á að verði. Varnarráðstafanir samkvæmt ákvæðinu geta í ýmsum tilvikum takmark-

ast við aðgerðir til að koma í veg fyrir að mengun sem þegar er orðin dreifist. Skv. 2. mgr. er heimilt þótt umhverfistjón í skilningi laganna hafi ekki orðið að gefa auk fyrirmæla um varnarráðstafanir fyrirmæli um úrbætur eftir því sem lög heimila. Sem dæmi um slíkar heimildir má nefna 22. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda og 32. gr. laga um erfðabreyttar lífverur. Skilyrði fyrirmæla um úrbætur skv. 14. gr. frumvarpsins eru að umhverfistjón hafi orðið í skilningi ákvæða frumvarpsins.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. mgr. felur í sér að Umhverfisstofnun skal gefa rekstraraðila fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að bæta úr umhverfistjóni á vatni eða vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum á eigin kostnað. Fyrirmæli Umhverfisstofnunar skulu ákveðin með hliðsjón af greinargerð og tillögum rekstraraðila um hvernig bæta skulu úr umhverfistjóni. Hvað varðar vinnslu þeirrar greinargerðar og tillögu um ráðstafanir er vísað til 7. gr. frumvarpsins.

Fyrirmæli Umhverfisstofnunar um ráðstafanir skulu vera í samræmi við I. viðauka frumvarpsins sem byggist á II. viðauka tilskipunar um umhverfisábyrgð. Það leiðir af ákvæðum I. viðauka að bæta skal úr umhverfistjóni á vatni og á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum með *frumúrbótum, fyllingarúrbótum og jöfnunarúrbótum* þannig að skaðaðri náttúruauðlind og skertri þjónustu hennar sé komið aftur í fyrra horf og almenningi bættur missirinn tímabilið frá því að umverfistjón varð þar til sköðuð náttúruauðlind og þjónusta hennar er komin í fyrra horf.

Tilgangurinn með svonefndum frumúrbótum er skv. I. viðauka að koma skaðaðri náttúruauðlind og skertri þjónustu hennar aftur í fyrra ástand. Eingöngu skal mæla fyrir um fyllingarúrbætur þegar frumúrbætur nægja ekki til að endurheimta að fullu fyrra ástand náttúruauðlindar og þjónustu hennar. Tilgangurinn með þeim úrbótum er að bjóða fram náttúruauðlind eða þjónustu náttúruauðlindar, eftir atvikum á öðrum stað, sem væri sambærilegt við það sem staðið hefði til boða ef svæði sem orðið hefur fyrir tjóni hefði komist aftur í sitt fyrra ástand. Þá er í viðaukanum gert ráð fyrir svonefndum jöfnunarúrbótum. Þær úrbætur skal ákvarða til að bæta samfélaginu tímabundinn missi náttúruauðlindar og þjónustu hennar tímabilið frá því að umhverfistjón varð og þar til fyrra ástand hefur verið endurheimt. Í jöfnunarúrbótum geta eins og í fyllingarúrbótum falist úrbætur á öðrum stað en þeim þar sem umhverfistjón varð. Sérstaklega er tekið fram að þær feli ekki í sér fébætur til almennings.

Ákvarðanir um fyllingarúrbætur og jöfnunarúrbætur skulu samkvæmt viðaukanum ef hægt er teknar með jafngildisaðferðum. Í þeim aðferðum felst að ein náttúruauðlind er borin saman við aðra auðlind og þjónusta einnar náttúruauðlindar við þjónustu annarrar. Fyrst skal vega og meta aðgerðir sem gefa af sér náttúruauðlindir eða þjónustu náttúruauðlinda sem eru af sömu tegund, gæðum og umfangi og þær sem urðu fyrir tjóni. Verði því ekki við komið skal bjóða fram aðrar náttúruauðlindir og/eða þjónustu náttúruauðlindar í staðinn. Sem dæmi er nefnt að sé dregið úr gæðum skuli vega það upp með því að auka umfang ráðstafana til úrbóta.

Ef ekki er unnt að nota jafngildisaðferðir skal beitt öðrum matsaðferðum við ákvarðanir um fyllingarúrbætur og jöfnunarúrbætur. Þegar þannig háttar getur Umhverfisstofnun ákveðið hvað aðferð skuli beitt við ákvörðun fyllingarúrbóta og jöfnunarúrbóta, t.d. að beitt skuli fjárhagslegu mati. Ef unnt er að meta auðlind og/eða þjónustu náttúruauðlindar sem glataðist en ekki er unnt, innan sanngjarnra tímamarka eða með sanngjörnum kostnaði, að meta auðlind eða þjónustu auðlindar sem koma skal í staðinn getur stjórnvald valið ráðstafanir til úrbóta þannig að kostnaður við þær jafngildir áætluðu, fjárhagslegu verðmæti auðlindarinnar og/eða þjónustu sem glataðist. Sem dæmi mætti nefna verðmæti veiðanlegs fisks eða trjáa sem skaðast. Ljóst er að fjárhagslegt mat náttúruauðlinda og þjónustu þeirra yrði í mörgum tilvikum mjög flókið.

Val á úrbótum. Skv. I. viðauka skal meta sanngjarnar ráðstafanir til úrbóta með bestu fáanlegri tækni og á grundvelli eftirfarandi viðmiðana:

- áhrifa ráðstöfunar á lýðheilsu og almannaöryggi,
- kostnaðar af því að hrinda ráðstöfun í framkvæmd,
- líka á því að ráðstöfun til úrbóta skili árangri,
- að hve miklu leyti ráðstöfun til úrbóta muni koma í veg fyrir tjón í framtíðinni og að hve miklu leyti ráðstöfun muni koma í veg fyrir frekara tjón,
- að hve miklu leyti ráðstöfun til úrbóta gagnast mismunandi þáttum náttúruauðlindar og/eða þjónustu hennar,
- að hve miklu leyti ráðstöfun til úrbóta tekur mið af félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum sjónarmiðum sem máli skipta og öðrum atriðum sem máli skipta og eru einkennandi fyrir viðkomandi stað,
- hversu langur tími líður þar til úrbæturnar hafa skilað árangri,
- að hve miklu leyti ráðstöfun til úrbóta dugir til að koma svæði þar sem umhverfistjón varð aftur í fyrra horf,
- landfræðilegra tengsla við skaðað svæði.

Umhverfisstofnun hefur samkvæmt viðaukanum rétt til að ákveða að ekki skuli gera frekari ráðstafanir til úrbóta ef:

a. þær ráðstafanir til úrbóta sem þegar hafa verið gerðar tryggja að ekki sé lengur veruleg hætta á því að heilsufar manna, vatn eða verndaðar tegundir eða náttúruverndarsvæði verði fyrir skaðlegum áhrifum,
b. kostnaður við þær ráðstafanir til úrbóta sem gera þarf til að ná fyrra ástandi eða svipuðu ástandi væri óhóflegur miðað við ávinninginn af þeim fyrir umhverfið.

Í 2. mgr. 14. gr. er lagt til að Umhverfisstofnun skuli gefa rekstraraðila sem ábyrgð ber fyrirmæli um að eyða mengun lands og endurheimta fyrra ástand lands eða framkvæma sambærilegar ráðstafanir í samræmi við I. viðauka frumvarpsins sem eins og áður sagði byggist á II. viðauka tilskipunar um umhverfisábyrgð. Tillagan um að mengun lands skuli eytt er í samræmi við meginreglur umhverfisréttar og það sem telja má æskilega framkvæmd. Skv. I. viðauka frumvarpsins felast úrbætur vegna umhverfistjóns á landi í því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lágmarki að þau mengandi efni eða lífverur sem um ræðir verði fjarlægð, þeim haldið í skefjum, þau verði einangruð eða dregið verði úr þeim svo að mengaða landið, með tilliti til núverandi notkunar þess eða fyrirhugaðrar og samþykktrar notkunar þess á þeim tíma sem tjónið varð, skapi ekki lengur áhættu sem geti haft skaðleg áhrif á heilsufar manna. Um nánara efni vísast til I. viðauka.

Í 3. mgr. 14. gr. er lagt til að Umhverfisstofnun skuli hafa samráð við viðkomandi heilbrigðisnefnd sveitarfélags í þeim tilvikum sem lög mæla fyrir um að viðkomandi atvinnurekstur sé háður eftirliti heilbrigðisnefndar, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig er lagt til að Umhverfisstofnun hafi heimild til að gefa fyrirmæli um úrbætur þrátt fyrir að áætlun rekstraraðila skv. 2. mgr. 8. gr. hafi ekki borist stofnuninni þar sem telja verður óeðlilegt að slík vanræksla rekstraraðila geti leitt til þess að ekki verði unnt að gefa fyrirmæli um úrbætur vegna umhverfistjóns. Er heimild Umhverfisstofnunar þó bundin við það að áætlunin hafi ekki borist innan hæfilegs tíma að mati stofnunarinnar.

Um 15. gr.

Greinin kveður á um að Umhverfisstofnun taki ákvörðun um úr hvaða umhverfistjóni skuli fyrst bætt ef orðið hafa fleiri en eitt umhverfistjón og aðstæður eru þær að ekki er unnt að bæta úr þeim öllum samtímis skv. 14. gr. Við ákvörðun skal m.a. tekið tillit til eðlis umhverfistjóns, útbreiðslu þess og alvarleika, möguleika á náttúrulegri endurnýjun og hættu fyrir heilsu manna. Efni greinarinnar byggist á 3. mgr. 7. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að fyrirmæli samkvæmt lögunum sé unnt að gefa óháð því hvort rekstraraðili hafi umráð eignar. Í 2. mgr. er kveðið á um heimild Umhverfisstofnunar til að gefa þeim sem hefur umráð eignar fyrirmæli um að rannsóknir, varnarráðstafanir og úrbætur séu framkvæmdar af þeim sem ábyrgð ber. Tilgangurinn með þessu ákvæði er að tryggja að eigandi eða afnotahafi eignar geti ekki komið í veg fyrir rannsóknir, varnaraðgerðir eða úrbætur með þeim afleiðingum að Umhverfisstofnun geti ekki gefið ábyrgum rekstraraðila fyrirmæli samkvæmt lögunum. Í flestum tilvikum má þó ætla að landeigandi væri fús til að stuðla að því að bætt yrði úr umhverfistjóni á landi hans eða komið í veg fyrir hættu á slíku tjóni.

Þegar gefin eru fyrirmæli um ráðstafanir skal tekið tillit til almennra stjórnsýslureglna, svo sem meðalhófsreglunnar. Í einhverjum tilvikun gæti kostnaður af ráðstöfunum farið eftir því hvenær ráðstafanir eru framkvæmdar sem eftir atvikum gæti leitt til þess að eðlilegt væri að gefa fyrirmæli um ráðstafanir á þeim tíma þegar kostnaðurinn væri lægstur.

Í 3. mgr. kemur fram að þegar tjóni er valdið á eign þriðja manns við framkvæmd ráðstafana samkvæmt lögunum geti eigandi eða notandi gert bótakröfu á hendur ríkissjóði ef ekki næst samkomulag um bætur eða tjónvaldur getur ekki greitt bætur. Þegar ríkissjóður hefur greitt skaðabætur öðlast hann rétt tjónþola gagnvart tjónvaldi.

Um 17. gr.

Í greininni er kveðið á um hvernig með skuli fara þegar fleiri rekstraraðilar en einn bera ábyrgð á umhverfistjóni. Í 9. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð er kveðið á um að tilskipunin hafi ekki áhrif á ákvæði landsreglna um kostnaðarskiptingu þegar margir aðilar valda tjóni.

Ákvæði greinarinnar eiga ekki við þegar unnt er að aðgreina hlut hvers og eins í umhverfistjóni eða yfirvofandi tjóni. Þá eru hverjum einstökum aðeins gefin fyrirmæli skv. 12.–14. gr. Ef unnt er að rekja ákveðið umhverfistjón til fleiri en eins rekstraraðila án þess að hlutur hvers þeirra verði nákvæmlega aðgreindur getur Umhverfisstofnun skv. 1. mgr. gefið þeim öllum fyrirmæli. Við mat á hlutfallslegri ábyrgð rekstraraðila á heildartjóni skal eftir því sem unnt er tekið tillit til eðlis, umfangs og varanleika skaðlegra áhrifa sem rekja má til viðkomandi rekstraraðila.

Jafnframt er lagt til að þegar ekki er hægt að meta hlut eins eða fleiri ábyrgra rekstraraðila skuli leggja jafna skiptingu ábyrgðar til grundvallar. Sem dæmi má nefna að ef þrír rekstraraðilar bera ábyrgð og fyrir liggur að helming tjóns megi rekja til starfsemi eins þeirra en ekki er nægur grundvöllur til að meta hlut hinna tveggja. Í því tilviki væri lagt til grundvallar að hvor um sig bæri ¼ hluta ábyrgðar.

Í 2. mgr. er lagt til að ef þeir sem fengið hafa fyrirmæli skv. 1. mgr. geta ekki náð samkomulagi um að verða sameiginlega við þeim sé unnt að gefa þeim sem talinn er hafa valdið mestum hluta tjóns eða hættu á tjóni fyrirmæli. Ef fyrir liggur ákvörðun um að rekstraraðilar beri jafnan hlut ábyrgðar á tjóni eða hættu á tjóni og þeir geta ekki náð samkomulagi má skv. 3. mgr. beina fyrirmælum að þeim sem hefur umráð eignar sem málið varðar, eða ef enginn hefur umráð hennar þeim sem síðast hafði umráð hennar. Hafi enginn þeirra sem ábyrgð ber haft umráð eignar eða eigna má tilkynna hverjum þeirra sem er fyrirmælin.

Það leiðir af ákvæðum greinarinnar að áður en fyrirmæli skv. 2. eða 3. mgr. eru gefin skal liggja fyrir ákvörðun um hlutfall ábyrgðar hvers rekstraraðila. Í ákvæði 4. mgr. er kveðið á um endurkröfurétt þess sem skylt er að verða við fyrirmælum skv. 2. og 3. mgr. á hendur öðrum aðilum sem bera ábyrgð á umhverfistjóni eða hættu á slíku tjóni. Ákvæðið skal tryggja að unnt sé að endurkrefja hvern þann sem ábyrgð ber í réttu hlutfalli við ábyrgð hans. Skilyrði endurkröfunnar eru að gefin hafi verið út eða unnt hefði verið að gefa út lögleg fyrirmæli skv. 1. mgr. til þess sem endurkrafa beinist að.

Um 18. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að þinglýst skuli yfirlýsingu um boðuð eða tilkynnt fyrirmæli á fasteignir þar sem orðið hefur umhverfistjón. Þinglýsingin skal vera á kostnað rekstraraðila sem ábyrgð ber. Rökin fyrir þinglýsingarskyldunni eru að kynna hugsanlegum kaupendum fasteigna að búast megi við að sá sem ábyrgð ber á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni þurfi að framkvæma þar rannsóknir eða varnarráðstafanir eða úrbætur. Haft er í huga að úrbætur vegna umhverfistjóns geta tekið langan tíma.

Samkvæmt 2. mgr. er lagt til að upplýsingum um fyrirmæli sem gefin eru afnotahafa eignar skv. 2. mgr. 16. gr. verði ekki þinglýst.

Eins og fram er komið er lagt til í 1. mgr. að upplýsingum um fyrirmæli sé þinglýst á kostnað þess sem ábyrgð ber. Skv. 3. mgr. skal Umhverfisstofnun þó bera kostnað vegna aflýsingar ef boðuð fyrirmæli eru felld úr gildi. Skv. 4. mgr. skal upplýsingum um þinglýst fyrirmæli aflýst þegar þau hafa verið uppfyllt að mati Umhverfisstofnunar.

Um 19. gr.

Í fyrirmælum skv. III. kafla frumvarpsins skal koma fram frestur aðila til að verða við fyrirmælunum. Heimilt er þó að ákveða við sérstakar aðstæður að fyrirmælin séu framkvæmd þegar í stað. Ákvæðið veitir Umhverfisstofnun möguleika á því að grípa strax inn í þegar það er talið nauðsynlegt. Það gæti t.d. átt við ef upp kemur alvarleg og yfirvofandi hætta fyrir heilsu manna eða þegar tafarlausar aðgerðir eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir umhverfistjón eða verulega aukningu tjóns.

Um 20. gr.

Í samræmi við 8. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð er í 1. mgr. kveðið á um þá meginreglu að rekstraraðili beri kostnað af rannsóknum, varnarráðstöfunum og úrbótum. Skv. 1. gr. frumvarpsins er markmið laganna m.a. að tryggja að sá sem ábyrgð ber á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni beri kostað af ráðstöfunum sem af því leiðir að koma í veg fyrir tjón og bæta úr tjóni. Er því lagt til að rekstraraðili beri kostnað stjórnvalda vegna aðgerða sem þeim er samkvæmt lögum falið að grípa til og falla undir lögin, m.a. vegna bráðamengunar eða mengunaróhapps. Geta stjórnvöld því endurkrafið rekstraraðila um kostnað vegna slíkra aðgerða.

Í samræmi við 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar skal rekstraraðili þó ekki bera kostnaðinn í tilvikum sem tilgreind eru í a- og b-lið 2. mgr., þ.e. þegar tjóni er valdið af þriðja aðila eða orsök tjóns er að farið var eftir ófrávíkjanlegum fyrirmælum opinbers stjórnvalds. Í 3. mgr. er síðan lagt til að nýtt verði heimild ríkja skv. a-lið 4. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar til að ákveða að rekstraraðili skuli ekki bera kostnað ef hann sannar að tjón verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi og að því hafi verið valdið við losun, eða annan atburð, sem var sérstaklega heimiluð og var í fullu samræmi við skilyrði leyfis sem gefið var út samkvæmt gildandi lögum. Hins vegar er ekki lagt til að nýtt verði undanþáguheimild b-liðar 4. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar um að rekstraraðili skuli ekki bera kostnað sýni hann fram á að ekki hafi mátt gera ráð fyrir að tjón hlytist af losun eða starfsemi miðað við vísinda- og tækniþekkingu sem aðgengileg var á þeim tíma sem losunin eða starfsemin átti sér stað. Talið er að eðlilegra sé að rekstraraðili beri þá áhættu.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu rekstraraðila til að setja tryggingu. Það leiðir af 2. mgr. 8. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð að viðkomandi stjórnvald, samkvæmt frumvarpinu

Umhverfisstofnun, skuli sjá til þess að sett sé trygging fyrir því að rekstraraðili sem ábyrgð ber uppfylli skyldur sínar samkvæmt tilskipuninni, þ.m.t. greiði kostnað stjórnvalds við málsmeðferð samkvæmt lögunum. Slík trygging getur verið í formi veðs í fasteign, bankaábyrgðar eða annarrar tryggingar sem talist getur fullnægjandi. Krafa um tryggingu undirstrikar greiðslureglu umhverfisréttarins.

Fjárhæð tryggingar skal vera nægjanlega há til ná yfir kostnað við að rannsaka, fyrirbyggja og bæta úr umhverfistjóni og einnig kostnað vegna málsmeðferðar. Tryggingin skal þannig nægja bæði fyrir kostnaði Umhverfisstofnunar vegna málsmeðferðar og ráðstafana sem stofnunin lætur framkvæma skv. 23. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. skal Umhverfisstofnun taka ákvörðun um skilyrði tryggingar hverju sinni. Ákvarðanir varða einkum fjárhæð tryggingar, frest til að setja tryggingu og mat á því hvort trygging er fullnægjandi. Einnig falla undir ákvæðið ákvarðanir stjórnvalds um leiðréttingar á fjárhæð tryggingar vegna framkomins betra og öruggara mats á heildarútgjöldum við að fyrirbyggja eða bæta úr umhverfistjóni og ákvarðanir um að fella niður tryggingu.

Samkvæmt 3. mgr. skal umhverfisráðherra setja nauðsynlegar reglur um setningu tryggingar, þar á meðal um skiptingu skyldu til að setja tryggingu, þegar fleiri en einn ber ábyrgð á umhverfistjóni, um útreikning og endurskoðun á fjárhæð tryggingar og eftirfarandi niðurfellingu hennar í áföngum.

Um 22. gr.

Í greininni er fjallað um yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og lagt til að hún verði í höndum umhverfisráðherra. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun sé sú stofnun sem fari með framkvæmd laganna. Jafnframt er gert er ráð fyrir að stofnuninni sé heimilt að fela tiltekna þætti eftirlitsins heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um sjálftökuúrræði Umhverfisstofnunar, þ.e. heimild stofnunarinnar til að láta framkvæma ráðstafanir sem fyrirmæli hafa verið gefin um á kostnað þess sem ábyrgð ber þegar frestur sem gefinn var er útrunninn. Sama gildir við neyðaraðstæður þegar ráðstafanir þola enga bið. Að ráðstafanir séu framkvæmdar á kostnað þess sem ábyrgð ber er í samræmi við greiðslureglu umhverfisréttarins sem tilskipun um umhverfisábyrgð byggist á, sbr. 1. og 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu rekstraraðila til að veita upplýsingar.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimildir Umhverfisstofnunar til aðgangs að lóðum, mannvirkjum og farartækjum rekstraraðila og aðgangs að gögnum og öðrum hlutum án endurgjalds til að framkvæma eftirlit og aðrar aðgerðir samkvæmt lögunum. Sama skal gilda um heilbrigðisnefnd samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun. Eigendur og starfsmenn skulu veita nauðsynlega aðstoð við framkvæmd eftirlits. Aðgangur að eignum felur í sér heimild til að framkvæma þar rannsóknir og önnur verkefni sem falla undir ákvæði frumvarpsins, þar á meðal að framkvæma ráðstafanir á kostnað rekstraraðila skv. 23. gr. Heimild til að afla upplýsinga og gagna nær til upplýsinga og gagna sem máli skipta og nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlits og aðrar aðgerðir sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Þegar leggja þarf hald á gögn eða hluti skal gefin fyrir þeim kvittun og þeim skilað aftur eins fljótt og hægt er.

Samkvæmt 3. mgr. má leita aðstoðar lögreglu við nýtingu heimilda skv. 2. mgr. Í 4. mgr. er kveðið á um skyldu sveitarfélags og heilbrigðisnefndar til að veita Umhverfisstofnun upp-

lýsingar sem þessir aðilar hafa um aðstæður innan sveitarfélagsins eða eftirlitssvæðis heilbrigðisnefndarinnar. Þar gæti t.d. verið um að ræða upplýsingar um aðstæður á svæði sem gæti tímabundið með tilteknum úrbótum komið í stað svæðis þar sem umhverfistjón varð.

Um 25. gr.

Það leiðir af 12. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð að þeir sem hafa málskotsrétt skv. 32. gr. frumvarpsins eiga að geta óskað eftir aðgerðum Umhverfisstofnunar skv. III. og V. kafla vegna umhverfistjóns eða yfirvofandi hættu á tjóni. Rökin fyrir þeim rétti eru að einstaklingar og fyrirtæki sem umhverfistjón snertir eða mundi snerta eiga að geta óskað eftir að viðkomandi stjórnvald geri ráðstafanir. Þar sem vernd umhverfis og náttúru felur gjarnan í sér víðtæka og óákveðna hagsmuni sem ekki verður nægjanlega gætt af einstaklingum skulu samtök sem hafa umhverfisvernd að markmiði einnig eiga þess kost að stuðla að virkri framkvæmd tilskipunarinnar og þar með vernd umhverfisins.

Um 26. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal rekstraraðila tilkynnt um meðferð máls og honum kynntur réttur hans til að koma að málinu. Hið sama skal tilkynnt þeim sem hefur umráð eignar ef hann er annar en rekstraraðili, sbr. 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að sleppa tilkynningu ef tafarlaus ákvörðun er nauðsynleg eða ef telja má hana bersýnilega ónauðsynlega. Í því efni má hugsa sér að rekstraraðili hafi þegar komið að málinu, hafi t.d. lagt fram tillögu um hvaða úrbætur sé unnt að framkvæma og hvaða útgjöld leiði af þeim. Umhverfisstofnun ætti að hafa nokkurt svigrúm til mats á því hvenær tilkynning er bersýnlega ónauðsynleg.

Um 27. gr.

Í greininni er kveðið á um að áður en Umhverfisstofnun tekur ákvörðun um úrbætur skv. 14. gr. skuli tilkynna þeim sem málskotsrétt eiga skv. 32. gr. drög að ákvörðun og kynna þeim rétt sinn til að gera athugasemdir. Með greininni er innleidd 4. mgr. 7. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð.

Þeir sem eiga málskotsrétt eiga rétt á að koma með athugasemdir við drögin innan fjögurra vikna. Þó er lagt til að heimilt sé að víkja frá fjögurra vikna frestinum í sérstökum tilvikum. Það þýðir að Umhverfisstofnun getur í málum þar sem þörf er á skjótum ákvörðunum ákveðið mjög stuttan frest. Tilkynning til annarra en rekstraraðila sem ákvörðun beinist að og eftir atvikum umráðamanni eignar skal gerð með opinberri auglýsingu. Fjögurra vikna fresturinn reiknast þá frá birtingu auglýsingar.

Um 28. gr.

Í greininni er kveðið á um að ákvarðanir samkvæmt lögunum skuli skriflega tilkynntar rekstraraðila sem mál beinist að og eftir atvikum umráðamanni eignar. Ákvarðanir sem eru kæranlegar skal auk þess tilkynna öðrum sem málskotsrétt eiga með opinberri auglýsingu.

Um 29. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli innheimta á grundvelli gjaldskrár gjald vegna kostnaðar stofnunarinnar við eftirlit, vöktun og málsmeðferð hjá rekstraraðila sem ábyrgð ber. Kröfuna um að rekstraraðili beri kostnað af málsmeðferð leiðir af tilskipun um umhverfisábyrgð sem byggist á greiðslureglu umhverfisréttar. Gjaldið má innheimta með fjárnámi. Sömu heimildir til gjaldtöku hefur heilbrigðisnefnd þegar henni hafa verið faldir tilteknir þættir eftirlits samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, sbr. 22. gr. Innheimtir heibrigðisnefnd gjald á grundvelli sömu gjaldskrár og Umhverfisstofnun.

Með kostnaði samkvæmt greininni er átt við kostnað sem fellur á Umhverfisstofnun sem er nauðsynlegur fyrir rétta og virka framkvæmd ákvæða frumvarpsins, t.d. kostnað við mat á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni og mögulegum ráðstöfunum, kostnað við upplýsingaöflun auk kostnaðar við vöktun og eftirlit, sbr. 16. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Gjaldskrá sem sett verður skal m.a. taka til vinnuframlags og ferðakostnaðar auk útlagðs kostnaðar Umhverfisstofnunar. Skv. 2. mgr. greinarinnar getur umhverfisráðherra einnig sett nánari reglur um hvernig greiðslu skuli háttað svo sem um gjalddaga og um greiðslu vaxta ef dráttur verður á greiðslu.

Um 30. gr.

Í samræmi við 10. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð er fyrningarfrestur fimm ár vegna kostnaðar Umhverfisstofnunar við ráðstafanir sem stofnunin sjálf framkvæmir eða lætur framkvæma. Fresturinn er reiknaður frá því að ráðstöfunum lauk eða frá því rekstraraðili sem ábyrgð ber hefur verið tilgreindur. Fresturinn miðast við síðara tímamarkið.

Í 2. mgr. er gerð tillaga um að fimm ára fyrningarfrestur gildi einnig um kostnað af ráðstöfunum samkvæmt öðrum lögum sem unnt hefði verið að gefa fyrirmæli um skv. III. kafla frumvarpsins. Sem dæmi má taka að þegar mengunarvaldur sinnir ekki fyrirmælum heilbrigðisefndar um úrbætur innan tiltekins frests væri nefndinni heimilt að láta framkvæma þær á kostnað hans skv. 27. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Við þá framkvæmd kynni að koma í ljós að meira tjón hefði hlotist af mengun en ætlað var í upphafi og um væri að ræða umhverfistjón í skilningi laga um umhverfisábyrgð. Fimm ára fyrningarreglan mundi þá gilda um kröfu um útlagðan kostnað vegna ráðstafana á vegum heilbrigðisnefndar á grundvelli laga nr. 7/1998.

Í ákvæði 3. mgr. er kveðið á um endanlegan fyrningarfrest. Þar segir að kröfur skv. 1. og 2. mgr. fyrnist í síðasta lagi þrjátíu árum eftir að losun eða annar atburður sem orsakaði tjónið eða yfirvofandi hættu á tjóni varð.

Um 31. gr.

Tillaga er gerð um að stjórnvöld geti krafið mengunarvald um bætur á grundvelli almennra regla skaðabótaréttar. Ákvæðið eykur þannig möguleika stjórnvalda til að fá endurgreidd útgjöld sem það hefur orðið fyrir.

Í ljósi ákvæða tilskipunarinnar um athafnaskyldur rekstraraðila og skyldu hans til greiðslu kostnaðar og reglna um fyrningu má ætla að stjórnvöld muni fyrst og fremst byggja endurkröfur sínar á ákvæðum laganna en ekki almennum reglum skaðabótaréttarins. Sérstaklega má ætla að svo verði þegar lög um umhverfisábyrgð veita stjórnvöldum ríkari endurkröfurétt en reglur skaðabótaréttarins sem oft yrði raunin.

Um 32. gr.

Samkvæmt 13. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð skulu aðilar geta skotið ákvörðunum til dómstóla eða annars óháðs og hlutlauss úrskurðaraðila sem sé til þess bær að fjalla um stjórnsýslulegt og efnislegt lögmæti þeirra. Í 32. gr. er kveðið á um málskotsrétt vegna

ákvarðana sem teknar eru á grundvelli laganna. Skv. 1. mgr. er heimilt að kæra þær ákvarðanir til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og er úrskurður nefndarinnar endanlegur úrskurður á stjórnsýslustigi. Skv. 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, eiga sæti í úrskurðarnefndinni þrír lögfræðingar sem uppfylla skulu starfsgengisskilyrði héraðsdómara, formaður tilnefndur af Hæstarétti, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Lagt er til í 1. mgr. 32. gr. að kærufrestur verði átta vikur frá tilkynningu ákvörðunar. Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 má kæra innan tveggja vikna ákvarðanir Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun. Hinn almenni kærufrestur skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, er þrír mánuðir frá tilkynningu stjórnvaldsákvörðunar, nema lög mæli á annan veg. Telja verður að kærufrestur samkvæmt frumvarpi þessu sé hæfilegur vegna eðlis þeirra mála sem hér um ræðir. Mikilvægt er að kærufrestur sé ekki of stuttur í ljósi hagsmuna þeirra sem kæruaðild hafa og mikilvægis þeirra mála sem um ræðir. Á hinn bóginn verður einnig að telja mikilvægt að unnt sé að framfylgja þeim ákvörðunum sem teknar verða á grundvelli laganna með skjótum hætti í ljósi þess að um er að ræða umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni og mæla þau rök með því að kærufresturinn sé ekki eins langur og mælt er fyrir um í 27. gr. stjórnsýslulaga.

Samkvæmt 2. mgr. fer um réttaráhrif kærðrar ákvörðunar eftir 29. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, en samkvæmt henni er meginreglan sú að stjórnsýslukæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Þó er æðra stjórnvaldi heimilt að fresta réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar meðan kæran er til meðferðar þar sem ástæður mæla með því.

Málskotsrétt skv. 3. mgr. eiga, auk rekstraraðila og annarra aðila sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun, umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök sem er í samræmi við 1. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt henni skulu samtök sem hafa umhverfisvernd að markmiði og uppfylla skilyrði landslaga ávallt teljast hafa hagsmuna að gæta. Lagt er til að það skilyrði sé einnig sett fyrir aðild slíkra samtaka að þau séu með virka starfsemi tengda umhverfisvernd á Íslandi til að komið sé í veg fyrir að samtök sem stofnuð eru til málamynda eigi málskotsrétt samkvæmt frumvarpinu, heldur hafi þau samtök eingöngu þann rétt sem hafi tengingu við þá verndarhagsmuni sem um er að ræða. Umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök eiga einnig málskotsrétt skv. 2. mgr. 74. gr. laga um náttúruvernd og 19. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð. Sömu aðilar og hafa málskotsrétt geta krafist aðgerða stjórnvalds, sbr. 24. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þá grein. Kæru umhverfisverndarsamtaka og útivistarsamtaka skulu fylgja samþykktir samtakanna.

Um 33. gr.

Hér er kveðið á um viðurlög vegna brota á ákvæðum frumvarpsins. Refsiramminn er í samræmi við nýlega umhverfisverndarlöggjöf, sbr. 23. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 35. gr.

Lagt er til að lögin taki þegar gildi.

Samkvæmt greininni eru lögin ekki afturvirk sem er í samræmi við tilskipunina. Þau skulu gilda um umhverfistjón sem verður eftir gildistöku laganna. Lögin gilda þó ekki um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem verður eftir gildistöku laganna þegar rekja má það til starfsemi sem fór fram og var lokið fyrir þann dag. Sérstakt ákvæði er um gildistöku hvað varðar umhverfistjón á friðlýstum náttúruminjum með tilliti til þess hvenær friðlýsing er gerð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um umhverfisábyrgð.

Markmið frumvarpsins er að tryggja að sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni komi í veg fyrir tjón og bæti úr tjóni ef tjón hefur orðið og beri kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir. Frumvarpinu er ætlað að leiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess.

Frumvarpið byggist á þeirri meginreglu umhverfisréttarins að mengunarvaldur skuli bæta tjón sem hann veldur á umhverfinu og gildir um umhverfistjón sem valdið er við tiltekna atvinnustarfsemi og einnig aðra atvinnustarfsemi ef tjón verður á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum. Það gildir einnig um rannsóknir og úrbætur vegna umhverfistjóns, rannsóknir og ráðstafanir til að koma í veg fyrir umhverfistjón vegna yfirvofandi hættu á tjóni og kostnað sem af því leiðir. Rekstraraðila sem ber ábyrgð á atvinnustarfsemi er skylt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirvofandi tjón og einnig að bæta úr tjóni ef tjón hefur orðið og greiða kostnað af þeim ráðstöfunum. Skal rekstraraðili bera kostnað við rannsóknir, varúðarráðstafanir og úrbætur sem framkvæma ber. Hann skal einnig bera kostnað sem stjórnvöld hafa orðið að leggja út fyrir vegna aðgerða sem þeim samkvæmt lögum er falið að grípa til og falla undir lög þessi, m.a. vegna bráðamengunar eða mengunaróhapps. Skal rekstraraðili setja fullnægjandi tryggingu fyrir efndum á þeim skyldum sem á honum hvíla samkvæmt lögunum.

Umhverfisstofnun er ætlað að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmd laganna en er heimilt að semja við heilbrigðisnefnd um tiltekna þætti eftirlitsins. Stofnuninni eru veittar skýrar heimildir til að gefa rekstraraðila fyrirmæli um að veita upplýsingar og framkvæma rannsóknir sem hafa þýðingu við mat á því hvernig unnt sé að bæta úr umhverfistjóni eða koma í veg fyrir slíkt tjón, fyrirmæli um varúðarráðstafanir til að takmarka eða koma í veg fyrir tjón og fyrirmæli um úrbætur vegna tjóns sem orðið hefur. Skal Umhverfisstofnun innheimta gjald af rekstraraðila vegna kostnaðar stofnunarinnar við eftirlit, vöktun og málsmeðferð samkvæmt lögunum þar sem m.a. er tekið tillti til vinnuframlags, ferðakostnaðar og annars útlagðs kostnaðar.

Þá er í frumvarpinu ákvæði þess efnis að þegar tjóni er valdið á eign þriðja aðila við framkvæmd ráðstafana samkvæmt lögunum getur eigandi eða afnotahafi eignarinnar gert skaðabótakröfu á hendur ríkissjóði ef ekki næst samkomulag við tjónvald um bætur eða þegar tjónvaldur getur ekki greitt bótakröfuna. Sambærilegt ákvæði er ekki í tilskipuninni og gengur frumvarpið því framar hvað þetta varðar en þar er tilskilið. Greiði ríkissjóður slíka bótakröfu öðlast hann rétt tjónþola á hendur tjónvaldi.

Eins og fram kemur hér að framan er við það miðað að allur útlagður kostnaður Umhverfisstofnunar og annarra stjórnvalda verði innheimtur af rekstraraðilum ef frá eru taldar bótakröfur þriðja aðila sem ríkissjóður greiðir og tekst ekki að endurheimta. Gera má þó ráð fyrir að einhver kostnaður verði hjá Umhverfisstofnun vegna umsjónar og eftirlits með framkvæmd laganna en reiknað er með að sá kostnaður verði óverulegur og rúmist innan gildandi fjárheimilda stofnunarinnar. Ekki eru forsendur til að meta hugsanlegar bótakröfur á hendur ríkissjóði vegna tjóns á eign þriðja aðila eða endurheimtur þeirra.

346. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Ástu S. Helgadóttur, umboðsmann skuldara, Söru Jasonardóttur, Pálma Rögnvaldsson, Jón Óskar Þórhallsson og Svanborgu Sigmarsdóttur frá umboðsmanni skuldara, Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Guðrúnu Ragnarsdóttur og Önnu Pálu Sverrisdóttur frá Lánasjóði íslenskra námsmanna og Gunnhildi Gunnarsdóttur frá Íbúðalánasjóði. Þá bárust umsagnir frá Félagi atvinnurekenda, Alþýðusambandi Íslands, Kolbrúnu Jónsdóttur, ríkisskattstjóra, Samtökum fjármálafyrirtækja, Neytendasamtökunum, umboðsmanni skuldara, embætti tollstjóra, Fjármálaeftirlitinu, Hagsmunasamtökum heimilanna, Lánasjóði íslenskra námsmanna og Persónuvernd. Við undirbúning frumvarpsins fékk nefndin að auki á sinn fund Sigurð Snævarr frá forsætisráðuneyti, Bryndísi Helgadóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Valgerði Rún Benediktsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Björn Þór Hermannsson frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og Áslaugu Árnadóttur lögfræðing sem einnig kom fyrir hönd félags- og tryggingamálaráðuneytis.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum sem hafa það að markmiði að sníða annmarka af greiðsluaðlögun og tryggja virkni og samræmda framkvæmd hennar.

Breytingar á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Þeim sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni að mikilvægt væri að tryggja námsmönnum sem sótt hefðu um greiðsluaðlögun og væru með lánsloforð hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna framfærslu þar til námslán væru greidd út í lok annar. Þar sem námslán eru ekki greidd út fyrr en námsárangri hefur verið skilað gera flestir námsmenn samning við viðskiptabanka sinn um framfærslulán þar til námslán eru greidd út. Þessi fyrirgreiðsla bankanna telst ekki hluti af námsláni og verður því hluti af þeim samningskröfum sem samið er um í samningi um greiðsluaðlögun. Endurgreiðsla lánasjóðsins í lok annar ráðstafast því ekki til greiðslu fyrirgreiðslunnar sem verður til þess að lánveitendur verða tregir til að veita fyrirgreiðslu til námsmanna. Leggur nefndin því til þá breytingu að sé umsækjandi um greiðsluaðlögun námsmaður og hafi fengið fyrirgreiðslu vegna framfærslu hjá viðskiptabanka á grundvelli námsláns frá Lánasjóði íslenskra námsmanna skuli slík fyrirgreiðsla hafa sömu stöðu við greiðsluaðlögun og lán Lánasjóðs íslenskra námsmanna enda umsamið að láninu skuli ráðstafa að fullu til uppgjörs á fyrirgreiðslu viðskiptabankans. Fái námsmaður ekki, vegna námsframvindu, lán frá lánasjóðnum eða einungis hluta lánsins er því ljóst að fyrirgreiðsla bankans eða sá hluti hennar sem ekki fæst greiddur með láni sjóðsins verður

samningskrafa í skilningi laganna. Sé samningur um greiðsluaðlögun kominn á telur nefndin mikilvægt að tryggja að unnt sé að endurskoða hann eftir ákvæðum 24. gr. laganna til að tryggja að slík samningskrafa falli undir samning um greiðsluaðlögun. Er því áréttað að slíkar aðstæður falla eftir atvikum undir 1. eða 2. mgr. 24. gr.

Í samræmi við athugasemdir Lánasjóðs íslenskra námsmanna leggur nefndin að auki til þá breytingu að til skulda vegna námslána teljist ekki almenn skuldabréf sem stofnað er til vegna vanskila, ofgreiðslu námslána eða markaðskjaralána. Endurgreiðsla þessara lána tekur ekki tillit til aðstæðna hverju sinni og því ekki unnt að nýta almenn úrræði lánasjóðsins um frystingu afborgana námslána meðan á greiðsluaðlögun stendur. Skuldir af þessu tagi teljast því almennar samningskröfur og falla undir greiðsluaðlögun.

Samkvæmt d-lið 12. gr. laganna er skuldara óheimilt að stofna til skuldbindinga sem gætu skaðað hagsmuni lánardrottna. Til að tryggt sé að námsmönnum sé heimilt að sækja um fyrirgreiðslu til banka vegna framfærslu er lögð til breyting á ákvæðinu sem heimilar undanþágu frá því sé skuldbinding nauðsynleg til að sjá skuldara og fjölskyldu hans farborða. Ákvæðið er ekki einskorðað við námsmenn en því er þó ætlað að hafa þröngt gildissvið. Undir það falla til að mynda skuldbindingar vegna húsnæðis og öflunar aðfanga sem eru nauðsynleg heilsu og velferð fjölskyldunnar.

Í 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 1. mgr. 11. gr. laganna sem ætlað er að tryggja að þegar frestun greiðslna hefst verði ekki unnt að ganga á ábyrgðarmann til greiðslu skulda eða ráðast í aðgerðir gegn honum til innheimtu þeirra. Bent hefur verið á að þar sem gerður er greinarmunur í nokkrum ákvæðum laganna á sjálfskuldarábyrgð og því að lána veð í eign sinni til tryggingar kröfu þurfi að tryggja sérstaklega stöðu lánsveðhafa svo að frestun greiðslna hafi jafnframt þau áhrif að óheimilt verði að ráðast í innheimtuaðgerðir til innheimtu skulda sem tryggðar eru með veði í fasteign þriðja aðila. Nefndin áréttar að skv. 2. gr. laga um ábyrgðarmenn, nr. 32/2009, felur hugtakið ábyrgðarmaður í sér hvorutveggja, þ.e. bæði að gangast persónulega í ábyrgð eða veðsetja tilgreinda eign sína til tryggingar efndum lántaka. Þeirri vernd sem lögfest er í f-lið 1. mgr. 11. gr. fyrir ábyrgðarmenn er því einnig ætlað að ná til lánsveðhafa og er því m.a. óheimilt að gera fjárnám í eignum lánsveðhafa eða fá þær seldar nauðungarsölu. Til að tryggja að frestun greiðslna nái markmiði sínu og auka skýrleika ákvæðisins leggur nefndin til að bætt verði við nýjum staflið um að óheimilt sé að ráðast í hvers konar aðgerðir til innheimtu krafna sem tryggðar eru með veði í fasteign þriðja aðila.

Nefndin ræddi nokkuð stöðu lögveða en slíkum veðum er oft áskilin tímabundin lögvernd. Sé innheimta ekki hafin innan þess tímafrests fellur lögveðið því niður. Frestun greiðslna hefur m.a. þau áhrif að óheimilt er að innheimta kröfur eða ganga að veði. Nefndin telur mikilvægt að tryggja að ef kröfur eru tryggðar með lögveði þegar frestun greiðslna hefst framlengist lögveðsrétturinn svo að unnt sé að tryggja greiðslu kröfunnar enda greiðast slíkar kröfur fyrstar veðkrafna samkvæmt lögunum. Jafnframt verði að tryggja að ekki sé unnt að misnota það skjól sem felst í frestun greiðslna til að láta tímabundna tryggingu lögveðs renna út. Mikilvægt er því að tryggja að framlengdur gildistími lögveðsins komi ekki til frádráttar lögbundnum gildistíma þess falli greiðsluaðlögunarumleitun niður, skuldari dragi umsókn sína til baka eða hann leiti ekki greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði hafi samningur ekki tekist um greiðsluaðlögun. Er því lagt til að sá tími sem frestun greiðslna er í gildi sé undanskilinn lögbundnum gildistíma eða fyrningarfresti lögveðsins.

Með lögum nr. 128/2010 var lögum um greiðsluaðlögun breytt þannig að tímabundin frestun greiðslna skv. 11. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga hefst þegar einstaklingur sækir um greiðsluaðlögun. Á sama tímapunkti virkjast skyldur skuldara skv. 12. gr. laganna. Ákvæði c-liðar 1. mgr. 12. gr. um að skuldara sé óheimilt að láta af hendi eða veðsetja eignir og verðmæti sem gagnast geta lánardrottnum sem greiðsla og ákvæði a-liðar 1. mgr. 11. gr.

um að kröfuhafa sé óheimilt að krefjast eða taka við greiðslu á kröfum sínum girða fyrir þann möguleika að skuldari selji eign sína, jafnvel þó um hagkvæma ráðstöfun sé að ræða, sem væri til þess fallin að auka líkurnar á því að skuldara takist í samræmi við markmið laganna að ná tökum á fjármálum sínum til frambúðar. Mikilvægt er að tryggja að skuldari geti selt eignir sínar við slíkar aðstæður, minnkað við sig ef svo ber undir, þ.e. keypt minni fasteign í stað stærri og dýrari eignar, og jafnframt tryggja að unnt sé að ráðstafa eign í samræmi við lög nr. 103/2010, um tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota.

Fyrir breytingu laganna um greiðsluaðlögun einstaklinga hófst frestun greiðslna ekki fyrr en umboðsmaður skuldara hafði samþykkt umsókn um greiðsluaðlögun og á sama tímapunkti var skuldara skipaður umsjónarmaður. Skv. 13. gr. laganna getur umsjónarmaður ákveðið að selja skuli þær eignir sem umsjónarmaður telur af sanngirni og með hliðsjón af greiðslugetu og fjölskylduaðstæðum að skuldari geti verið án. Leggur nefndin því til breytingu á bráðabirgðaákvæði laganna þess efnis að frá frestun greiðslna og fram að skipun umsjónarmanns sé umboðsmanni skuldara heimilt að veita samþykki til ráðstöfunar eigna skuldara. Slík heimild sé bundin þeim skilyrðum að hún verði talin til þess fallin að auðvelda skuldara að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu. Sala eigna skal eftir því sem við á vera í samræmi við 13. gr. laganna, eðlilegt verð skal koma fyrir eignir og sé hagnaður eftir greiðslu áhvílandi veðskulda skal hann varðveittur þannig að hann liggi fyrir óskertur við lok frestunar greiðslna. Þrátt fyrir ákvæði laganna um frestun greiðslna skal lánardrottni sem á áhvílandi veð í hinni seldu eign til tryggingar kröfu sinni heimilt að taka við greiðslu vegna sölunnar. Þá verði tryggt að hagnaður af sölu eigna sé varðveittur á vörslureikningi sem verði í umsjón umboðsmanns skuldara þar til samningur um greiðsluaðlögun kemst á enda mikilvægt að kröfuhöfum sé ekki mismunað og hagnaður komi til ráðstöfunar samkvæmt samningi um greiðsluaðlögun.

Breytingar á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., með síðari breytingum.

Í II. kafla frumvarpsins er lögð til breyting á 1. mgr. 63. gr. a sem er ætlað að tryggja samræmda meðferð krafna. Náist ekki samningur um greiðsluaðlögun verði því eins farið með kröfur í nauðasamningi til greiðsluaðlögunar leiti skuldari eftir honum. Til að samræmd meðferð krafna sé tryggð leggur nefndin til sambærilegar breytingar og greint er frá að framan vegna fyrirgreiðslu viðskiptabanka vegna framfærslu námsmanna sem og breytinga á kröfum vegna námslána.

Áður en lög um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, tóku gildi var fyrir hendi heimild í 63. gr. i gjaldþrotaskiptalaga til að ljúka gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar. Þessi heimild var felld brott þegar ný lög um greiðsluaðlögun tóku gildi enda heimild fyrir þrotamann í 149. gr. gjaldþrotaskiptalaga til að ljúka skiptum með nauðasamningi. Var sú heimild talin nægjanleg. Bent hefur verið á að heimildir fyrrum 63. gr. i og gildandi 149. gr. eru ekki alls kostar sambærilegar auk þess sem greiðsluaðlögun hefur nú tekið nokkrum breytingum. Er því lögð til breyting á lögum um gjaldþrotaskipti þar sem skýrt verði kveðið á um heimild til að ljúka gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar og eftir atvikum tímabundinni greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Til að gæta samræmis þykir rétt að við gerð frumvarpa verði tekið mið af ákvæðum V. kafla laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Breyting á lögum um umboðsmann skuldara.

Samhliða umfjöllun um frumvarp nefndarinnar ræddi hún rekstur umboðsmanns skuldara. Í 5. gr. laga nr. 100/2010, um umboðsmann skuldara, er kveðið á um að lánastofnanir, sbr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir skuli standa

straum af kostnaði við reksturinn með greiðslu sérstaks gjalds. Útfærslu gjaldtökunnar eru svo gerð nánari skil í greininni en nefndin fékk upplýsingar þess efnis að við útreikning álagningar gjalds hafi komið í ljós vankantar sem sníða þurfi af. Í 5. mgr. 5. gr. er kveðið á um að gjaldskyldir aðilar greiði gjaldið í hlutföllum við umfang útlánastarfsemi sinnar. Til að tryggja virkni og skýrleika ákvæðisins er lagt til að miðað skuli við upplýsingar um umfang útlánastarfsemi í lok næstliðins árs. Þessu til samræmis verði við gjaldtöku vegna ársins 2010 miðað við upplýsingar um umfang útlána í lok árs 2009. Þá verði jafnframt kveðið á um að gjaldskyldur aðili sé undanþeginn greiðslu á því ári sem hann hefur starfsemi en árið eftir greiði hann 500 þús. kr. gjald. Álagning slíks lágmarksgjalds er í samræmi við gjaldtöku vegna reksturs Fjármálaeftirlitsins, sbr. lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Jónína Rós Guðmundsdóttir og Ásmundur Einar Daðason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. nóv. 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, form., frsm. Ólafur Þór Gunnarsson. Pétur H. Blöndal.

Guðmundur Steingrímsson. Unnur Brá Konráðsdóttir. Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

347. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. 2. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „skulda vegna námslána“ í g-lið 1. mgr. kemur: krafna Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna námslána.
   b. Við g-lið 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Almenn skuldabréf sem stofnuð eru vegna vanskila, ofgreiðslu námslána eða markaðskjaralána teljast ekki kröfur vegna námslána.
   c. Á eftir g-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: krafna viðskiptabanka vegna tímabundinnar fyrirgreiðslu sem námsmanni er veitt vegna framfærslu á grundvelli væntanlegs láns frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, enda hafi samhliða verið samið um að láninu skuli ráðstafa að fullu til uppgjörs á fyrirgreiðslu viðskiptabankans. Ef umsækjandi fullnægir ekki skilyrðum lánasjóðsins um framvindu náms skal farið með fyrirgreiðslu viðskiptabanka, eða eftir atvikum þann hluta hennar sem ekki fæst

greiddur með láni frá sjóðnum, sem samningskröfu og tekur greiðsluaðlögun þá til kröfunnar.

2. 5. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Við f-lið 1. mgr. bætist: eða ráðast í hvers konar aðgerðir til innheimtu kröfu.
b. Á eftir f-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: ráðast í hvers konar aðgerðir til innheimtu krafna sem tryggðar eru með veði í fasteign þriðja aðila.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé krafa tryggð með lögveði þegar frestun greiðslna hefst skal sá tími sem frestun greiðslna er í gildi vera undanskilinn lögbundnum fyrningarfresti lögveðs.

3. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við d-lið 12. gr. laganna bætist: nema skuldbinding sem stofnað er til sé nauðsynleg til að sjá skuldara og fjölskyldu hans farborða.

4. Á eftir 9. gr. komi ný grein, svohljóðandi.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum, sbr. lög nr. 128/2010, bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Á meðan á frestun greiðslna stendur og áður en umsjónarmaður er skipaður í samræmi við 9. gr. skal umboðsmanni skuldara vera heimilt að veita samþykki til ráðstöfunar eigna skuldara. Ráðstöfun eigna skal ekki heimiluð nema hún verði talin til þess fallin að auðvelda skuldara að koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu. Sala eigna skal eftir því sem við á vera í samræmi við 13. gr., eðlilegt verð skal koma fyrir eignir og sé hagnaður eftir greiðslu áhvílandi veðskulda skal hann varðveittur þannig að hann liggi fyrir óskertur við lok frestunar greiðslna. Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. skal lánardrottnum sem njóta veðréttar í hinni seldu eign heimilt að taka við greiðslu á kröfum sínum.

Umboðsmaður skuldara skal tryggja að ráðstöfun eigna sé í samræmi við 8. mgr. og að hagnaður af sölu eigna sé varðveittur á sérstökum vörslureikningi umboðsmanns skuldara á meðan á frestun greiðslna stendur.

5. Við 10. gr.:

a. Við b-lið bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Almenn skuldabréf sem stofnuð eru vegna vanskila, ofgreiðslu námslána eða markaðskjaralána teljast ekki kröfur vegna námslána.
b. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: krafna viðskiptabanka vegna tímabundinnar fyrirgreiðslu sem námsmanni er veitt vegna framfærslu á grundvelli væntanlegs láns frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, enda hafi samhliða verið samið um að láninu skuli ráðstafa að fullu til uppgjörs á fyrirgreiðslu viðskiptabankans. Ef umsækjandi fullnægir ekki skilyrðum lánasjóðsins um framvindu náms skal farið með fyrirgreiðslu viðskiptabanka, eða eftir atvikum þann hluta hennar sem ekki fæst greiddur með láni frá sjóðnum, sem samningskröfu og tekur greiðsluaðlögun þá til kröfunnar.

6. Á eftir 10. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

63. gr. c laganna orðast svo:

Ljúka má gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar eftir ákvæðum XXI. kafla og eftir atvikum tímabundinni greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna samkvæmt lögum nr. 50/2009. Í stað þess að þrotamaður leggi frumvarp að nauðasamningi fyrir skiptastjóra og hann láti greiða atkvæði um það skal þrotamaðurinn þá leggja fyrir skiptastjóra greiðsluáætlun og hann síðan leita greiðsluaðlögunar á sama hátt og umsjónarmaður hefði ella gert samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga.

7. Við bætist nýr kafli, IV. kafli, **Breyting á lögum nr. 100/2010, um umboðsmann skuldara,** með tveimur nýjum greinum, 15. og 16. gr., svohljóðandi:
   a. (15. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
      a. 4. mgr. fellur brott.
      b. Í stað lokamálsliðar 5. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Miða skal við að gjaldskyldir aðilar greiði gjaldið í hlutföllum við umfang útlánastarfsemi sinnar í lok næstliðins árs. Gjaldskyldur aðili er undanþeginn greiðslu á því ári sem hann hefur starfsemi. Árið eftir að gjaldskyldur aðili hefur starfsemi skal miða álagningu við greiðslu á 500.000 kr.
   b. (16. gr.)
      Við 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögunum bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við gjaldtöku vegna ársins 2010 skal miða við upplýsingar um umfang útlána gjaldskyldra aðila í lok ársins 2009 og skal gjalddagi gjaldsins vera 31. desember 2010.
8. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, og fleiri lögum.

348. Svar [32. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um kynningarstarf vegna hvalveiða.

1. *Hvernig hefur verið háttað kynningu á málstað og sjónarmiðum stjórnvalda í hvalveiðimálum á árunum 1999–2009, sbr. þingsályktun á 123. löggjafarþingi (92. mál), hverjir hafa markhóparnir verið og hverjir hafa skipulagt kynningarstarfið og annast það?*

Kynning á málstað Íslands varðandi hvalveiðimál hefur farið fram bæði gagnvart stjórnvöldum og fjölmiðlum víða um heiminn í gegnum árin. Málið hefur verið tekið upp í viðræðum við stjórnvöld erlendra ríkja við ýmis tækifæri og ýmsir þættir afstöðu Íslands þannig kynntir, bæði fyrir stjórnmálamönnum og embættismönnum. Áhersla hefur verið lögð á Bandaríkin í þessu efni. Einnig hefur málstaður Íslands verið kynntur fyrir forráðamönnum ýmissa fyrirtækja sem stunda verslun við Ísland. Þetta hefur bæði verið gert á vettvangi þar sem hvalveiðimál hafa einungis verið eitt umræðuefni af mörgum og þar sem hvalveiðimál hafa verið aðalumræðuefnið.

Varðandi fjölmiðla hafa ráðherrar og ýmsir embættismenn í sjávarútvegsráðuneytinu og öðrum ráðuneytum kynnt hvalveiðimál, og málefni þeim tengd fyrir blaðamönnum víða að. Hefur málstað Íslands þannig verið komið á framfæri við almenning ýmissa landa, t.d. í gegnum dagblöð, netmiðla, útvarps- og sjónvarpsútsendingar. Þessir fjölmiðlar eru allt frá því að vera staðbundnir í ákveðnum borgum til þess að nást um allan heim, svo sem CNN, BBC World og BBC World Service.

Við kynningu á málstað Íslands hefur verið lögð áhersla á rétt Íslands til nýtingar á náttúruauðlindum sínum með sjálfbærum hætti. Upplýsingum um stöðu ólíkra hvalastofna hefur jafnframt verið komið á framfæri.

Skipulagning og framkvæmd kynningarstarfsins hefur undanfarið verið í höndum starfsmanna ráðuneytisins og hefur verið unnið í samvinnu við önnur ráðuneyti og stofnanir þess.

2. *Hversu miklir fjármunir hafa runnið til slíkrar kynningar af fjárlögum hvers árs á þessu tímabili, af ráðstöfunarfé ráðherra og úr einstökum sjóðum sem ráðherra ber ábyrgð á, og hvernig hefur þeim verið varið, flokkað eftir árum, svo sem til ráðgjafar- og almannatengslafyrirtækja heima og erlendis, samtaka sem berjast fyrir hvalveiðum, í auglýsingar (hvar?), til annars kynningarefnis (hvers?), ferða á ráðstefnur (hverjar?), annars ferðakostnaðar (hvers?) o.s.frv., bæði af fjárlagalið 05-190-1.33 og öðrum liðum ráðuneytisins?*

Eins og að framan greinir hafa stjórnvöld notað þau tækifæri sem gefast til að kynna málstað Íslands um sjálfbæra nýtingu sjávarlífvera, þ.m.t. hvala. Kynning á málstað Íslands um nýtingu á sjávarspendýrum telst til almennrar kynningar ráðuneytisins á verkefnum á verkefnasviði þess. Það er því ekki í bókhaldi ráðuneytisins haldið sérstaklega utan um kostnað við þær kynningar frekar en aðrar almennar kynningar. Á eftirfarandi töflu má sjá kostnað ráðuneytisins á árunum 2006–2010 vegna aðildargjalda í Alþjóðahvalveiðiráðinu og ferðakostnað vegna fundasóknar á fundi ráðsins, einnig kostnað vegna aðildargjalda og fundasóknar á fundi Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins, kostnað ráðuneytisins vegna kynningar sem fram fór um nokkurra ára bil í Bandaríkjunum á nýtingu Íslands á auðlindum hafsins – en þeirri kynningu var hætt í árslok 2008 – auk tveggja styrkja sem greiddir voru á árunum 2006 og 2007 til tveggja erlendra samtaka sem styðja stefnu Íslands á þessu sviði.

	2006	2007	2008	2009	2010 jan-sept
05-190-132					
High North Alliance * styrkur	1,0				
IWMC World Concervation Trust ** styrkur		1,0			
05-190-133 og 04-190-133 kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	**15,6**	**11,0**	**16,0**	**0**	**0**
Kynningarstarfsemi	14,2	11,0	16,0		
ferðakostnaður	0,9				
annar kostnaður	0,5				
05-190-151 og 04-190-152 Norður Atlanshafs-sjávarspendýraráðið, NAMMCO	**10,2**	**9,0**	**14,9**	**18,7**	**20,5**
aðildargjöld	9,4	8,5	13	17,6	19,7
ferðakostnaður	0,3	0,5	1,9	1,1	0,8
annar kostnaður	0,5				
05-190-154 og 04-190-154 Alþjóðahvalveiðiráðið	**9,7**	**8,5**	**10,2**	**12,1**	**13,9**
aðildargjöld	6,7	6,4	7,7	8,9	8,9
ferðakostnaður	2,9	2,1	2,5	3,2	5,0

349. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um mannvirki.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hafstein Pálsson, Steinunni Fjólu Sigurðardóttur og Hrafnhildi Ástu Þorvaldsdóttur frá umhverfisráðuneyti.

Nefndinni bárust umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga Norðurlands vestra, Skorradalshreppi, Vátryggingafélagi Íslands, Vinnueftirlitinu, Samtökum fjármálafyrirtækja, Bláskógabyggð, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Eyþingi, ríkislögreglustjóra, hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands, Meistarafélagi húsasmiða, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Iðnfræðingafélagi Íslands, sveitarfélaginu Skagafirði, Málarameistarafélaginu, sveitarfélaginu Ölfusi, Vegagerðinni, Orkustofnun, Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, Eggerti Haukssyni og Grétari J. Einarssyni, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Ísafjarðarbæ, Sandgerðisbæ, Akraneskaupstað, úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, Brunamálastofnun, Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Bændasamtökum Íslands, sveitarfélaginu Garði, Landsneti, Reykjavíkurborg, Félagi byggingarfulltrúa, Arkitektafélagi Íslands, Gunnari Pétursyni hdl., Friðriki Ólafssyni, Fornleifavernd ríkisins, Ferðamálastofu, Hafnarfjarðarbæ, Akureyrarbæ, Öryrkjabandalagi Íslands, Fasteignaskrá Íslands, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Mosfellsbæ, sveitarfélaginu Árborg, Skipulagsstofnun, Sjálfsbjörg, Landssambandi fatlaðra, Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Félagi raftækjaheildsala, Byggðastofnun, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum rafverktaka, Samorku, Félagi atvinnurekenda, skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings, Reykjanesbæ, Háskólanum á Akureyri, Fjallabyggð, hreppsnefnd Húnavatnshrepps, Alþýðusambandi Íslands, K. Huldu Guðmundsdóttur, Neytendastofu, Neytendasamtökunum, Sjóvá og Landmælingum Íslands.

Frumvarpinu er ásamt skipulagslögum, nr. 123/2010, sem samþykkt voru í september, ætlað að koma í stað núgildandi skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og var það lagt fram samhliða frumvarpi til skipulagslaga á 138. þingi. Þá var jafnframt lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir sem tengdist hinum tveimur. Sams konar frumvörp höfðu áður verið lögð fram á 133. og 135. þingi.

Skipulagslögin frá í september taka gildi 1. janúar 2011. Nefndina skorti tíma og svigrúm til að ljúka umfjöllun og afgreiða hin frumvörpin tvö til þingsins, en lög um mannvirki og breyting á lögum um brunavarnir þurfa að taka gildi sama dag og skipulagslögin. Þau voru endurflutt nánast óbreytt snemma haustþings og hafa eðli málsins samkvæmt verið rædd samhliða í umhverfisnefnd. Nefndin ákvað við umfjöllun sína um málið að nýta umsagnir sem bárust um málin á síðasta þingi en lét bera þeim sem þá sendu umsagnir boð um að framhaldsumsagnir með nýjum athugasemdum væru vel þegnar. Flestar umsagnanna sem nú bárust voru á sama veg og á síðasta þingi.

Í frumvarpinu eru lögð til ýmis nýmæli, til að mynda að greint verði milli skipulagsmála og byggingarmála eins og gert er ráð fyrir í skipulagslögunum, ábyrgð aðila verði skýrð, reglur verði settar um rannsóknir um tjón á mannvirkjum og að sett verði á fót ný stofnun sem hafi eftirlit með framkvæmd laganna auk ýmissa annarra verkefna, þar á meðal núverandi verkefna Brunamálastofnunar sem samhliða verði lögð niður. Meðal annarra breytinga sem lagðar eru til eru breytingar á stjórnsýslu sveitarfélaga þannig að ekki verði skylt að kjósa byggingarnefndir en verkefni þeirra færist almennt til byggingarfulltrúa sé slík nefnd ekki kjörin, breytingar á ákvæðum um úttektir þar sem m.a. er kveðið á um öryggis-

úttekt áður en mannvirki er tekið í notkun, breytingar á ákvæðum um eftirlit og þvingunarúrræði auk þess sem kveðið er á um faggildingu byggingarfulltrúa.

Nefndin fjallaði um málið á fundum sínum og leggur til nokkrar breytingar í sérstöku þingskjali. Þau atriði sem fengu mesta umfjöllun voru m.a. hin nýja stofnun sem fyrirhugað er að setja á fót, verkefni hennar, heimildir og staðsetning, staða byggingarnefnda og víðtækara hlutverk byggingarfulltrúa, löggilding og réttindi starfsstétta og rafrænt gagnasafn stofnunarinnar.

Nefndinni barst fjöldi ábendinga og athugasemda frá fagfélögum og stofnunum um atriði tengd ákvæðum um starfsréttindi og löggildingu einstakra fagstétta. Nefndin ákvað að hreyfa ekki við þessum ákvæðum frumvarpsins, en telur að eitt næstu skrefa í endurskoðunarstarfi á þessu sviði hljóti að vera að undirbúa lagabreytingar um þessi efni í samráði við fagstéttirnar og hvetur umhverfisráðherra til að hraða því verki sem verða má.

Hér verður gerð grein fyrir helstu breytingum sem nefndin leggur til.

Nefndin leggur til að hin nýja stofnun mannvirkjamála sé nefnd Mannvirkjastofnun en ekki Byggingarstofnun í samræmi við heiti laganna. Nokkurt ósamræmi er þó óhjákvæmilegt í hugtökum og heitum á þessu sviði enn sem komið er.

Í 2. gr. frumvarpsins er gildissvið væntanlegra laga afmarkað og er m.a. tekið fram að þau nái til frágangs lóða. Nefndin telur nauðsynlegt að einnig sé tekið fram að útlit lóða falli undir gildissvið laganna. Einnig leggur nefndin til þá breytingu á ákvæðinu að umferðarbrýr í þéttbýli verði innan gildissviðs laganna en ekki eingöngu göngubrýr. Er þetta lagt til í ljósi umfangs framkvæmda við slíkar brýr og áhrifa þeirra á ásýnd og lífsgæði.

Í 3. gr. frumvarpsins eru ýmis hugtök skýrð. Eru hugtökin oft og leggur nefndin fram tillögur til breytinga á nokkrum þeirra. Telur nefndin nauðsynlegt að hugtökin „aðgengi fyrir alla“ og „algild hönnun“ verði skilgreind á sama hátt og í nýju skipulagslögunum. Nefndin leggur til að sá sem samræmir hönnunargögn verði nefndur „hönnunarstjóri“, sbr. hugtakið „byggingarstjóri“, en ekki „samræmingaraðili“. Í greininni er hugtakið „túlkunarskjöl“ skilgreint. Í ljós kemur að hugtakið kemur hvergi annars staðar fram í frumvarpinu og er því óþarft að skilgreina það þar.

Fyrir nefndinni kom fram nokkur gagnrýni á fyrirhugað gagnasafn Byggingarstofnunar, sbr. 5. tölul. 5. gr. og 61. gr. frumvarpsins. Þá er í 4. mgr. 16. gr. lögð sú skylda á útgefanda byggingarleyfis að hann sjái til þess að gögn sem ákvarðanir eru byggðar á séu skráð í gagnasafnið. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að sveitarfélög hefðu þegar varið miklum fjármunum í að koma sér upp gagnasafni á hverjum stað vegna skipulagsmála þar sem upplýsingar væru skráðar. Nefndin áréttar að ekki er ætlunin að búa til ný verkefni á þessu sviði eða auka kostnað og skráningarskyldu sveitarfélaga heldur einungis að safna þeim upplýsingum sem verða skráðar hjá hinni nýju stofnun. Mannvirkjastofnun hefur enn fremur það hlutverk að miðla ýmsum upplýsingum til byggingarfulltrúa og er því mikilvægt að gögn séu skráð hjá stofnuninni. Þá hafa starfsmenn umhverfisráðuneytisins kynnt nefndinni hugmyndir um vinnu við gagnasafnið, og er stefnt að því að byggja það upp í skilgreindum áföngum að höfðu samráði við sveitarfélög og byggingarfulltrúa.

Nefndin leggur til að kröfur um menntun og reynslu forstjóra Mannvirkjastofnunar í 6. gr. frumvarpsins verði hliðstæð ákvæðum um forstjóra Skipulagsstofnunar í 6. gr. nýju skipulagslaganna. Nefndin leggur einnig til breytingar á 6. gr. og á 8. gr. þess efnis að starfsmönnum Mannvirkjastofnunar verði óheimilt að starfa við hönnun mannvirkja og að byggingarfulltrúa sé undantekningarlaust óheimilt að sinna starfi sem gæti komið til afgreiðslu í umdæmi hans. Nefndin bendir á að í 20. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sem eiga við starfsfólk nýju stofnunarinnar er að finna sambærilegt ákvæði.

Í 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins eru tiltekin mannvirki undanþegin byggingarleyfi, þ.e. fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta. Slíkum mannvirkjum tengjast oft önnur þjónustumannvirki og er rétt að taka af tvímæli um að vegna þeirra þarf byggingarleyfi.

Nefndin ræddi skipulagsmörk sveitarfélaga í tengslum við nýsett skipulagslög, nr. 123/2010. Skipulagslögsaga til hafsins miðast við sveitarfélagsmörk sem aftur miðast við netlög. Leggur nefndin til að 9. gr. frumvarps til mannvirkjalaga verði breytt í samræmi við skipulagslögin þannig að sé mannvirki á hafi eigi fjær ytri mörkum netlaga en eina sjómílu skuli Mannvirkjastofnun leita umsagnar næsta sveitarfélags, eins eða fleiri eftir atvikum, við umfjöllun um byggingarleyfisumsókn.

Við umfjöllun nefndarinnar um 9. gr. komu fram þau sjónarmið að skilgreining á því hvort breyting telst óveruleg sé óljós og matskennd. Nefndin bendir af því tilefni á hliðstætt ákvæði í 2. mgr. 43. gr. skipulagslaganna þar sem fram kemur að við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi telst óveruleg skuli taka mið af því að hve miklu leyti tillagan víkur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis. Jafnframt bendir nefndin á að heppilegt er að hugtakið sé skýrt nánar í reglugerð.

Nefndin ræddi gildistímann á ábyrgðartryggingum þeirra aðila sem ábyrgð bera við byggingu mannvirkja. Í 23. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu hönnuða til að hafa ábyrgðartryggingu en ekki áskilið að slík trygging skuli gilda í tiltekinn tíma frá verklokum. Telur nefndin mikilvægt að slíkar reglur verði settar en telur reglugerð henta betur til þess en lögin sjálf.

Fyrir nefndinni kom fram nokkur gagnrýni á ólíkar kröfur um starfsreynslu þeirra starfsstétta sem geta verið byggingarstjórar skv. 28. gr. Er meðal annars gerð krafa um tveggja ára starfsreynslu hjá meisturum en fimm ára hjá verkfræðingum og tæknifræðingum. Rétt er að taka fram að meistaraefni þarf að hafa starfað hjá meistara í þrjú ár eftir sveinspróf til að fá meistararéttindi og því er samanlögð starfsreynslukrafa sú sama í báðum tilvikum.

Í VII. kafla frumvarpsins um eftirlit með mannvirkjagerð er m.a. kveðið á um úttektir sem gera skal á mannvirkjum. Nefndinni voru kynnt sjónarmið um að mikilvægt væri að lögbinda fokheldisúttekt enda fæli fokheldisvottorð í sér skýra stöðu um lánshæfi byggingar, brunatryggingar væri fyrst krafist við fokheldisstig og álagning fasteignagjalda miðaðist við fokheldisstig. Nefndin telur óþarft að lögbinda fokheldisúttekt, enda á slík úttekt misvel við margvísleg mannvirki. Nefndin áréttar að lánveitingar og tryggingar bygginga heyra ekki undir mannvirkjamál, en bendir á að þótt ekki sé kveðið á um fokheldisúttekt í lögunum er ekkert því til fyrirstöðu að það sé gert í byggingarreglugerð þar sem þörf er talin á.

Fyrir nefndinni kom fram nokkur gagnrýni á 44. gr. frumvarpsins sem fjallar um opinbert markaðseftirlit. Var á það bent að Neytendastofa fer með markaðseftirlit og að eftirlit með byggingarvöru á markaði sé að öllu leyti hliðstætt því eftirliti. Var þeim sjónarmiðum hreyft fyrir nefndinni að það samræmdist ekki skilvirkni í stjórnsýslu að brjóta enn frekar upp markaðseftirlit og byggja upp sérhæfingu í nýrri stofnun sem þegar væri til staðar í annarri. Nefndin telur þessar athugasemdir réttmætar en bendir á að með lögum nr. 29/2009 var forræði rafmagnsöryggismála flutt frá viðskiptaráðherra til umhverfisráðherra og dagleg umsjón málaflokksins frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar, en ákveðið að skilja hluta markaðseftirlits með rafföngum eftir hjá Neytendastofu. Leggur nefndin til að lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, verði breytt á þann hátt að sá hluti markaðseftirlits raffanga sem er hjá Neytendastofu verði fluttur til nýrrar stofnunar, Mannvirkjastofnunar. Þar með yrðu öll rafmagnsöryggismál á einni hendi.

Nefndin leggur jafnframt til ýmsar aðrar smærri breytingar sem varða einkum lagatæknileg atriði og gerir jafnframt allmargar tillögur um málfarsbreytingar. Þá eru aðstæður sem nú eru uppi varla þær að brýn þörf teljist að ráða hinni nýju stofnun forstjóra fyrir gildistöku laganna og leggur nefndin því til að 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða falli brott.

Við umfjöllun nefndarinnar komu í ljós lagatæknilegir hnökrar á skipulagslögum, nr. 123/2010.

Nefndin leggur því til breytingar á ákvæðum skipulagslaga til lagfæringar og til að tryggja lagaskil. Að auki leggur nefndin til breytingar til að auðvelda smávægilegar breytingar á svæðisskipulagi miðhálendisins til samræmis við aðalskipulag sveitarfélaga frá gildistöku laganna til fyrstu þingsályktunar um landsskipulagsstefnu árið 2012.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Kristján Þór Júlíusson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. nóv. 2010.

Mörður Árnason, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.
Álfheiður Ingadóttir.	Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.	Ólafur Þór Gunnarsson.
Skúli Helgason.		Birgitta Jónsdóttir.

350. Breytingartillögur [78. mál]

við frv. til l. um mannvirki.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „Að vernda líf, heilsu fólks“ í a-lið komi: Að vernda líf og heilsu fólks.
   b. Í stað orðanna „stuðla að“ í e-lið komi: tryggja.
2. Við 2. gr.
   a. 2. og 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Lögin gilda um alla þætti mannvirkja, svo sem gerð burðarvirkja, lagnir, þ.m.t. neysluvatnslagnir, hitalagnir, fráveitulagnir, raflagnir, loftræsilagnir, gaslagnir og öryggiskerfi, fjarskiptabúnað, eldvarnir, þ.m.t. vatnsúðakerfi og önnur slökkvikerfi, og byggingarvörur, bæði á markaði og í mannvirkjum. Lögin gilda einnig um gróður á lóðum, frágang og útlit lóða, girðingar í þéttbýli, skilti, möstur, gáma og leik- og íþróttasvæði.
   b. Í stað orðsins „göngubrýr“ í 2. mgr. komi: umferðar- og göngubrýr.
3. Við 3. gr.
   a. Á eftir 1. tölul. komi tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
      2. *Aðgengi fyrir alla:* Með aðgengi fyrir alla er átt við að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun mannvirkja á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í eldsvoða. Jafnframt séu sjónarmið algildrar hönnunar höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.
      3. *Algild hönnun:* Hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Algild hönnun útilokar ekki hjálpartæki fyrir fatlaða sé þeirra þörf.
   b. 3. tölul. orðist svo: *Byggingarleyfi:* Skriflegt leyfi byggingarfulltrúa eða Mannvirkjastofnunar til að byggja hús eða önnur mannvirki, breyta þeim eða rífa, eða breyta notkun þeirra, útliti eða formi. Leyfið felur í sér samþykkt aðal- og séruppdrátta og framkvæmdaáforma, og heimild til að hefja framkvæmdir að uppfylltum skilyrðum, sbr. 13. gr.
   c. 4. tölul. orðist svo: *Byggingarlýsing:* Í byggingarlýsingu er gerð grein fyrir uppbyggingu mannvirkis, helstu byggingarefnum og áferð og því lýst hvort mannvirki er búið loftræsingu eða öryggiskerfum. Þar er einnig gerð grein fyrir því hvernig mannvirkið uppfyllir ákvæði laga, reglugerða og staðla. Í byggingarlýsingu er greinargerð um notkun eða starfsemi í mannvirkinu, aðgengi, áætlaðan fjölda starfsmanna og mestan fjölda fólks í salarkynnum eftir því sem við á.
   d. 5. tölul. orðist svo: *Byggingarvara:* Vara sem framleidd er með það fyrir augum að hún verði varanlegur hluti af einhvers konar mannvirki.
   e. 8. tölul. orðist svo: *Evrópskt tæknisamþykki:* Matsskjal um hæfi byggingarvöru til tiltekinna nota, byggt á viðeigandi grunnkröfum. Evrópskt tæknisamþykki tekur til krafna sem gerðar eru til vörunnar, til aðferða til að sannprófa og votta samræmi við

grunnkröfurnar og til upplýsinga um eiginleika vörunnar. Evrópusamtök um tæknisamþykki (EOTA) gefa út evrópskt tæknisamþykki.

f. Fyrri málsliður 10. tölul. orðist svo: Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga.

g. 11. tölul. orðist svo: *Markaðssetning byggingarvöru:* Hvers konar dreifing eða sala byggingarvöru.

h. Í stað orðsins „framkvæmir“ í 12. tölul. komi: annast.

i. 13. tölul. orðist svo: *Samhæfðir evrópskir staðlar:* Staðlar sem samdir hafa verið með hliðsjón af grunnkröfum og Staðlasamtök Evrópu (CEN) eða Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) hafa samþykkt í umboði Evrópusambandsins og EFTA.

j. 14. tölul. orðist svo: *Hönnunarstjóri:* Hönnuður aðaluppdrátta eða sá sem eigandi mannvirkis ræður til að bera ábyrgð á samræmingu hönnunargagna, sbr. 4. mgr. 23. gr.

k. Í stað orðsins „framkvæma“ í 22. tölul. komi: annast.

l. 23. tölul. falli brott.

4. Við 4. gr.

a. Í stað orðsins „Byggingarstofnun“ í 1. mgr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarfalli: Mannvirkjastofnun.

b. Í stað orðanna „framkvæmd eftirlits“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: eftirlit.

5. Við 5. gr.

a. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Mannvirkjastofnun skal árlega gefa út skýrslu um stöðu og þróun mannvirkjagerðar í landinu.

b. Í stað orðsins „kynningar“ í 6. tölul. 1. mgr. komi: kynningu.

c. 8. tölul. 1. mgr. orðist svo: að standa fyrir námskeiðum til réttinda fyrir hönnuði og byggingarstjóra og veita hönnuðum, iðnmeisturum og slökkviliðsmönnum löggildingu.

d. Í stað orðanna „á sviði mannvirkjamála og brunavarna“ í 12. tölul. 1. mgr. komi: á sviði brunavarna, mannvirkjamála og manngerðs umhverfis.

e. Í stað orðanna „framkvæmd eldvarnaeftirlits“ í 13. tölul. 1. mgr. komi: eldvarnaeftirlit; og í stað orðsins „kolvetnis“ komi: vetniskola.

f. Í stað orðsins „starf“ í 14. tölul. 1. mgr. komi: starfi.

g. Í stað orðanna „umsagnir um ágreiningsmál“ í 16. tölul. 1. mgr. komi: umsögn um álitamál.

h. 2. mgr. falli brott.

6. Við 6. gr.

a. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Forstjóri skal hafa háskólamenntun á sviði mannvirkjamála.

b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Starfsmönnum Mannvirkjastofnunar er óheimilt að starfa við hönnun mannvirkja.

7. Við 7. gr. 1. mgr. orðist svo:

Sveitarstjórn er heimilt með sérstakri samþykkt að kveða á um að í sveitarfélaginu starfi byggingarnefnd sem fjalli um byggingarleyfisumsókn áður en byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi og hafi að öðru leyti eftirlit með stjórnsýslu hans fyrir hönd sveitarstjórnar.

8. Við 8. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarfulltrúi sem sveitarstjórn ræður. Hann hefur eftirlit með mannvirkjagerð sem fellur undir 1. og 2. mgr. 9. gr. Sveitarfélög geta haft samstarf um byggingareftirlit og ráðið sameiginlegan byggingarfulltrúa.
   b. Orðin „nema með sérstöku samþykki sveitarstjórnar“ í 4. mgr. falli brott.
9. Við 9. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um byggingarleyfi vegna bygginga tengdra fráveitumannvirkjum og dreifi- og flutningskerfum hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta fer skv. 1. og 2. málsl.
   b. Við a-lið 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé mannvirki á hafi eigi fjær ytri mörkum netlaga en eina sjómílu skal leita umsagnar næsta sveitarfélags, eins eða fleiri eftir atvikum, við umfjöllun um byggingarleyfisumsókn.
   c. Fyrri málsliður 4. mgr. orðist svo: Leiki vafi á því hvort mannvirki er háð byggingarleyfi eða fellur undir 2. eða 3. mgr. skal leita niðurstöðu úrskurðarnefndar, sbr. 59. gr.
   d. Í stað orðanna „útlit og form þess“ í 5. mgr. komi: útlit þess og form.
10. Við 10. gr. Í stað orðsins „samræmingaraðili“ í 1. mgr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarfalli: hönnunarstjóri.
11. Við 12. gr.
   a. Í stað orðsins „framkvæmd“ í 2. mgr. komi: fara fram.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Prófun, skoðun og vottun skv. 1. og 2. mgr. skulu fara fram í samræmi við viðeigandi staðla og skulu þeir sem þetta annast hafa til þess viðurkenningu frá Mannvirkjastofnun. Heimilt er útgefanda byggingarleyfis að krefjast þess að faggiltur aðili annist þetta, sbr. lög um faggildingu o.fl., nr. 24/2006. Séu ekki til staðlaðar prófunarlýsingar skal prófandi leggja fram skriflega lýsingu um prófunina ásamt rökstuðningi fyrir réttmæti prófunaraðferðar.
12. Við 1. mgr. 13. gr.
   a. Við 3. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.
   b. Í stað orðanna „við framkvæmd hönnunar“ í 6. tölul. komi: vegna hönnunarinnar.
13. Við 14. gr.
   a. Í stað orðanna „ófullgerðar byggingarframkvæmdir“ í 3. mgr. komi: ófullgert mannvirki, byggingarefni og lóð.
   b. Orðið „aðilar“ í 4. mgr. falli brott.
14. Við 15. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Eigandi skal hafa virkt innra eftirlit með því að þeir sem hann ræður til að hanna, byggja og reka mannvirkið fari eftir ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Hönnunarstjóri annast innra eftirlit eiganda við hönnun mannvirkis, sbr. 4. mgr. 23. gr. Byggingarstjóri mannvirkis annast innra eftirlit eiganda frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram. Hönnunarstjóri og byggingarstjóri skulu gera eiganda grein fyrir tilhögun innra eftirlits samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð og samningi við eiganda.
   b. Í stað orðanna „Eftirtaldir aðilar“ í 4. mgr. komi: Þessir.

15. Við 16. gr.
    a. Í stað orðsins „skoðana“ í fyrri málslið 2. mgr. komi. skoðunar.
    b. Við 4. mgr. bætist: eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.
16. 17. gr. orðist svo, ásamt fyrirsögn:

Tilhögun eftirlits með mannvirkjum.

Eftirliti með mannvirkjum skal hagað í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Mannvirkjastofnun býr til á grundvelli ákvæða laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í skoðunarhandbókinni skulu m.a. vera ákvæði um úttektir, eftirlitsaðferðir, skoðunaráætlanir og viðkomandi eftirlitsstörf.

Komi upp ágreiningur um tæknileg atriði við túlkun skoðunarhandbókar skv. 1. mgr. og um tilhögun eftirlits á grundvelli hennar skal leita álits Mannvirkjastofnunar. Ef ágreiningur snýst um eftirlit Mannvirkjastofnunar skal leita álits ráðherra. Mannvirkjastofnun getur að eigin frumkvæði gefið út álit um tæknilegt eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð eða með mannvirkjagerð almennt. Álit Mannvirkjastofnunar og eftir atvikum ráðherra er bindandi fyrir alla aðila máls og sætir ekki endurskoðun úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Hafi skoðunarstofa farið yfir hönnunargögn eða annast úttekt takmarkast yfirferð útgefanda byggingarleyfis við framlagða skoðunarskýrslu. Sama gildir ef skoðunarstofa annast aðra þætti byggingareftirlits. Útgefandi byggingarleyfis, sem og Mannvirkjastofnun, getur þó tekið til athugunar að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingu hvort eftirlit skoðunarstofu samræmist lögum og skilyrðum í starfsleyfi hennar. Taki byggingarfulltrúi slíkt mál til athugunar skal hann tilkynna það Mannvirkjastofnun án tafar.

Byggingarfulltrúi getur ávallt ákveðið að leitað skuli umsagnar annarra eftirlitsaðila, svo sem slökkviliðs eða heilbrigðiseftirlits, við yfirferð uppdráttar, óháð því hvort byggingarfulltrúi eða skoðunarstofa annast eftirlitið.

Hafi hönnuðir, byggingarstjórar eða iðnmeistarar ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu á gæðastjórnunarkerfum sínum skal Mannvirkjastofnun gera úttekt á gerð og virkni þessara gæðastjórnunarkerfa. Mannvirkjastofnun er heimilt að fela faggiltri vottunarstofu að annast úttekt af þessu tagi. Uppfylli gæðastjórnunarkerfi ekki ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim skal gefa viðkomandi hönnuði, byggingarstjóra eða iðnmeistara kost á að bæta úr nema um alvarlegt brot sé að ræða. Um alvarleg og ítrekuð brot fer samkvæmt ákvæðum 57. gr.

17. Við 19. gr. Í stað orðanna „yfirfara hönnunargögn og framkvæma úttektir“ komi: fara yfir hönnunargögn og annast úttektir.
18. Við 20. gr.
    a. 1. og 2. mgr. orðist svo:

Sveitarstjórn og Mannvirkjastofnun er heimilt að ákveða að tiltekna þætti eftirlits þeirra með mannvirkjum annist skoðunarstofa sem hefur til þess starfsleyfi Mannvirkjastofnunar. Beiting réttar- og þvingunarúrræða samkvæmt lögum þessum skal þó ávallt vera í höndum leyfisveitanda. Sé hönnun mannvirkis sérstaklega vandasöm getur byggingarfulltrúi við meðferð byggingarleyfisumsóknar ákveðið að faggilt skoðunarstofa annist eftirlit með viðkomandi framkvæmd í heild eða að hluta.

Ákveði sveitarstjórn, byggingarfulltrúi eða Mannvirkjastofnun að skoðunarstofa annist eftirlit, sbr. 1. mgr., skal eigandi mannvirkisins ráða slíka skoðunarstofu til verksins og greiða kostnað við eftirlitið, enda hafi skoðunarstofan starfsleyfi skv. 3.

mgr. Byggingarfulltrúa og Mannvirkjastofnun er í slíkum tilvikum einungis heimilt að taka gjald sem nemur kostnaði við þá þætti eftirlitsins sem þau annast.

b. Í stað orðsins „skoðunarstofa“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: skoðunarstofu.

19. Við 21. gr.

a. Í stað orðanna „sem viðurkennd er af Byggingarstofnun“ í 1. og 2. málsl. a-liðar 1. mgr. komi: sem Mannvirkjastofnun viðurkennir.

b. Í stað orðanna „yfirferð hönnunargagna eða framkvæmd úttekta“ í 2. mgr. komi: yfirferð hönnunargagna eða úttekt.

20. Í stað orðsins „framkvæmd“ í fyrirsögn IV. kafla komi: tilhögun.

21. Við 23. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:

Hönnuðir sem hafa fengið löggildingu, sbr. 25. og 26. gr., skulu gera aðal- og séruppdrætti.

b. 3. mgr. orðist svo:

Hönnuður séruppdráttar ber ábyrgð á því að hönnun hans samræmist aðaluppdrætti.

c. 3. og 4. málsl. 4. mgr. orðist svo: Hönnunarstjóri skal árita séruppdrætti til staðfestingar á því að samræming hafi farið fram áður en leyfisveitandi samþykkir þá. Hönnunarstjóri skal áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um innra eftirlit við hönnunarstörf.

d. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um ábyrgðartryggingu hönnuðar.

22. 1. mgr. 24. gr. orðist svo:

Hönnuðir og hönnunarstjórar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi í samræmi við nánari fyrirmæli í reglugerð. Hönnuður skal í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis. Gæðastjórnunarkerfi hönnuðar skal a.m.k. fela í sér staðfestingu á hæfni hönnuðar og á endurmenntun hans, skráningu á ákvörðunum hans við einstakar framkvæmdir, gátlista um samræmi hönnunargagna við reglur og staðla, skrá um samþykkt hönnunargögn, þ.m.t. allar breytingar á hönnunargögnum sem gerðar eru á framkvæmdatíma og byggingaryfirvöld hafa samþykkt, skrá um samskipti og leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila og skrá um athugasemdir byggingarstjóra, hönnunarstjóra, eftirlitsaðila og byggingaryfirvalda vegna hönnunargagna. Gæðastjórnunarkerfi hönnunarstjóra skal að auki innihalda skrá um innra eftirlit hönnunarstjóra á hönnunarstigi og lýsingu á því.

23. Við 1. mgr. 25. gr.

a. Í stað orðsins „aðila“ í c-lið komi: fagmanni.

b. Síðari málsliður e-liðar orðist svo: Ráðherra setur ákvæði um stærðartakmörkun viðkomandi veitna í reglugerð.

24. Við 26. gr.

a. Í stað orðsins „aðila“ í c-lið 1. mgr. komi: fagmanni.

b. 2. mgr. orðist svo:

Ráðherra ákveður gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta próf skv. b-lið 1. mgr. Skal fjárhæðin taka mið af kostnaði við námskeið og prófhald. Mannvirkjastofnun er heimilt að fela öðrum að annast námskeið og próf fyrir hönd stofnunarinnar.

25. 3. mgr. 27. gr. orðist svo:
Byggingarstjóra er ekki heimilt að taka að sér ábyrgð á hönnun eða einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar sem hann stýrir. Sé um að ræða smærri byggingu til eigin nota, svo sem bílskúr eða viðbyggingu við íbúðarhús eða frístundahús, getur eigandi þó falið einum af iðnmeisturum eða hönnuðum mannvirkisins byggingarstjórn þess enda hafi viðkomandi starfsleyfi Mannvirkjastofnunar skv. 28. gr.
26. Við 28. gr.
a. Í stað orðanna „framkvæmd verks“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: verkinu.
b. Í stað „1.–3. tölul.“ í fyrri málslið 4. mgr. komi: 2.–3. tölul.
c. Í stað orðsins „aðili“ í 5. mgr. komi: maður.
27. Við 29. gr.
a. Í stað orðanna „framkvæmd verksins“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: verkinu.
b. 4. og 5. mgr. orðist svo:
Byggingarstjóri hefur yfirumsjón með því að aflað sé samþykktar leyfisveitanda við breytingum sem gerðar eru á hönnun eða gerð mannvirkis í byggingu og að ávallt sé unnið í samræmi við nýjustu útgáfu samþykktra hönnunargagna.
Byggingarstjóri skal hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Athugasemdir byggingarstjóra skulu skráðar á viðeigandi hátt í gæðastjórnunarkerfi hans og annarra hlutaðeigandi. Sé athugasemdum byggingarstjóra ekki sinnt eða um ítrekaða vanrækslu að ræða skal hann tilkynna það eiganda. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málsl.
c. 7. og 8. mgr. orðist svo:
Hljóti eigandi eða annar þriðji maður tjón af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi ber hann skaðabótaábyrgð á því samkvæmt almennum reglum. Byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.
Byggingarstjóri skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem gildir í a.m.k. fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Skaðabótaábyrgð byggingarstjóra fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda. Nánari ákvæði um ábyrgðartryggingu byggingarstjóra skulu koma fram í reglugerð.
28. 1. mgr. 30. gr. orðist svo:
Hætti byggingarstjóri umsjón með framkvæmdum áður en lokaúttekt fer fram skal hann tilkynna það á sannanlegan hátt til útgefanda byggingarleyfis. Fellur ábyrgð byggingarstjóra á verkinu niður vegna verkþátta sem ólokið er þegar leyfisveitandi tekur á móti slíkri tilkynningu. Eiganda er skylt að sjá til þess að framkvæmdir séu stöðvaðar þar til nýr byggingarstjóri hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu og útgefandi byggingarleyfis hefur staðfest að hann uppfylli skilyrði 27., 28. og 29. gr. Leyfisveitandi skal án

ástæðulauss dráttar frá móttöku tilkynningar samkvæmt þessu ákvæði gera úttekt á stöðu framkvæmda og skulu bæði fráfarandi byggingarstjóri, ef þess er kostur, og hinn nýi undirrita úttektina.

29. 31. gr. orðist svo:

Byggingarstjóri skal í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis, sbr. 28. gr. Gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra skal a.m.k. fela í sér staðfestingu á hæfni byggingarstjóra og á endurmenntun hans, skráningu á ákvörðunum hans við einstakar framkvæmdir, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir samskipti og leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila, skrá yfir athugasemdir við störf iðnmeistara, skrá yfir athugasemdir til hönnuða vegna hönnunargagna, skrá um innra eftirlit byggingarstjóra með framkvæmdinni og lýsingu á því, lýsingu á lokaúttekt og undirbúningi hennar þar sem m.a. er gengið frá skýrslu yfir allar úttektir, þ.m.t. öryggisúttekt, lýsingu á verki og samþykkt hönnunargögn.

30. Við 32. gr.

a. 1.–3. mgr. orðist svo:

Byggingarstjóri skal tilkynna útgefanda byggingarleyfis skriflega um þá húsasmíðameistara, múrarameistara, pípulagningameistara, rafvirkjameistara, blikksmíðameistara, stálvirkjameistara, málarameistara og veggfóðrarameistara sem tekið hafa að sér að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum framkvæmdar og nauðsynlegt er að komi að viðkomandi verki, og leggja fram undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 13. gr.. Skal slík staðfesting liggja fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út. Ekki þarf þó að tilkynna um málarameistara eða veggfóðrarameistara vegna byggingar íbúðarhúss, frístundahúss, bílskúrs, eða viðhalds og viðbyggingar slíkra mannvirkja, til eigin nota eiganda.

Iðnmeistari ber ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að þeir verkþættir sem hann tekur að sér séu í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti, verklýsingar og ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Skaðabótaábyrgð iðnmeistara fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda.

Þeir iðnmeistarar einir geta borið ábyrgð á einstökum verkþáttum við mannvirkjagerð sem hlotið hafa til þess löggildingu Mannvirkjastofnunar. Þeir iðnmeistarar geta hlotið slíka löggildingu sem hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla eða hafa a.m.k. sambærilega menntun á hlutaðeigandi sviði.

b. 6. mgr. orðist svo:

Iðnmeistarar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi sem feli a.m.k. í sér staðfestingu á hæfni iðnmeistara, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra og skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, auk skrár um innra eftirlit iðnmeistarans og lýsingu á því í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð.

31. 2. málsl. 2. mgr. 33. gr. orðist svo: Skal byggingarstjóri gera úttekt á þeim verkþáttum sem fráfarandi iðnmeistari hafði umsjón með og skulu bæði fráfarandi iðnmeistari, ef þess er kostur, og hinn nýi undirrita úttektina.

32. 34. gr. orðist svo:

Mannvirki skulu byggð þannig að þau uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Gerðar skulu áfangaúttektir á einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar þar sem eftirlitsaðili kannar hvort viðkomandi þáttur sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög þessi og reglugerðir sem settar hafa verið samkvæmt þeim.

Byggingarstjóri mannvirkis skal fyrir hönd eiganda þess sjá til þess að áfangaúttektir fari fram og tilkynnir eftirlitsaðila um þær. Byggingarstjóra er skylt að vera viðstaddur áfangaúttektir. Enn fremur skal iðnmeistari eða sá sem hann tilnefnir í sinn stað vera viðstaddur úttekt á þeim verkþáttum sem eru á hans ábyrgðarsviði nema um annað sé samið í samningi milli iðnmeistara og eiganda.

Geri eftirlitsaðili alvarlegar athugasemdir við úttekt verkþáttar skal byggingarstjóri sjá til þess að bætt sé úr og áfangaúttekt endurtekin.

Leggi eigandi mannvirkis fram skriflega greinargerð um innra eftirlit byggingarstjóra getur útgefandi byggingarleyfis heimilað byggingarstjóra að gera sjálfur einstakar áfangaúttektir.

33. 35. gr. orðist svo:

Þegar mannvirki er tekið í notkun skal gerð úttekt á öryggi þess og hollustuháttum. Óheimilt er að flytja inn í mannvirki eða taka það í notkun nema það uppfylli öryggis- og hollustukröfur laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, og útgefandi byggingarleyfis hafi gefið út vottorð um öryggisúttekt.

Byggingarstjóri skal fyrir hönd eiganda mannvirkis óska eftir öryggisúttekt áður en það er tekið í notkun. Viðstaddir slíka úttekt skulu auk eftirlitsaðila og byggingarstjóra vera fulltrúi slökkviliðs og þeir iðnmeistarar og hönnuðir sem þess óska eða byggingarstjóri hefur boðað. Hafi byggingarstjóri vanrækt að óska eftir öryggisúttekt áður en mannvirki er tekið í notkun skal útgefandi byggingarleyfis boða til slíkrar úttektar og skal hann tilkynna það Mannvirkjastofnun. Einnig getur eigandi mannvirkis ávallt óskað eftir öryggisúttekt.

34. 36. gr. orðist svo:

Innan þriggja ára frá því að mannvirki var tekið í notkun og öryggisúttekt fór fram skal gera lokaúttekt á mannvirkinu. Heimilt er að gera samtímis öryggis- og lokaúttekt.

Byggingarstjóri skal fyrir hönd eiganda mannvirkis óska eftir lokaúttekt. Viðstaddir slíka úttekt skulu auk eftirlitsaðila vera byggingarstjóri og fulltrúi slökkviliðs. Byggingarstjóri skal tilkynna iðnmeisturum og hönnuðum mannvirkisins um lokaúttektina og gefa þeim kost á að vera viðstaddir. Hafi byggingarstjóri vanrækt að óska eftir lokaúttekt innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr. skal útgefandi byggingarleyfis boða til slíkrar úttektar og skal hann tilkynna það Mannvirkjastofnun. Einnig getur eigandi mannvirkis óskað eftir að lokaúttekt sé gerð.

Við lokaúttekt skal gerð úttekt á því hvort mannvirkið uppfyllir ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim og hvort byggt hefur verið í samræmi við samþykkt hönnunargögn.

Sé mannvirki ekki fullgert við lokaúttekt, ef það uppfyllir ekki að öllu leyti ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim eða er ekki að öllu leyti í samræmi við samþykkt hönnunargögn, getur útgefandi byggingarleyfis gefið út vottorð um lokaúttektina með athugasemdum. Þáttum sem varða aðgengi skal þó ávallt hafa verið lokið við gerð lokaúttektar.

Komi í ljós við lokaúttekt að mannvirki uppfyllir ekki öryggis- eða hollustukröfur getur eftirlitsaðili fyrirskipað lokun mannvirkis og lagt fyrir eiganda þess að bæta úr og skal þá lokaúttektarvottorð ekki gefið út fyrr en það hefur verið gert.

35. Við 37. gr.
    a. 2. mgr. orðist svo:
        Uppdrættir sem útgefandi byggingarleyfis hefur samþykkt og áritað skulu ásamt útgefnu byggingarleyfi ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.
    b. Síðari málsliður 3. mgr. orðist svo: Án samþykkis eiganda eða umráðamanns er þó eigi heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús sem tekið hefur verið í notkun, nema að fengnum úrskurði dómara.
36. Við 38. gr.
    a. Í stað orðsins „aðili“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: sá.
    b. 2. mgr. orðist svo:
        Dreifandi telst hver sá í aðfangakeðjunni með starfsemi sem ekki hefur áhrif á öryggiseiginleika framleiðsluvöru.
    c. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Framleiðandi og dreifandi.*
37. Við 39. gr.
    a. 2. málsl. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Í því felst að varan hafi þá eiginleika að mannvirki sem á að fella hana inn í, setja saman við eða nota við geti ef það er rétt hannað og byggt fullnægt grunnkröfum sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi.
    b. C-liður 2. tölul. 1. mgr. orðist svo: innlends tækniákvæðis, sem uppfyllir grunnkröfur sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi og Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt, í þeim tilvikum þegar samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki eru ekki til.
    c. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Mat á því hvort byggingarvara uppfyllir kröfur 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal tilnefndur aðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við ákvæði 41. gr. annast áður en varan er markaðssett.
    d. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Markaðssetning byggingarvöru.*
38. Við 41. gr.
    a. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu ber ábyrgð á að samræmismat byggingarvöru fari fram og greiðir allan kostnað af matinu, sbr. 39. gr.
    b. Í stað orðanna „framkvæmd samræmismats byggingarvara“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: samræmismat byggingarvöru.
    c. Fyrri málsliður 3. mgr. orðist svo: Samræmisyfirlýsing framleiðanda eða samræmisvottorð veitir ábyrgðaraðila með staðfestu innan EES rétt til að setja CE-merkið á vöruna, sbr. 43. gr., áfestan merkimiða og umbúðir eða meðfylgjandi viðskiptaskjöl.
39. Við 42. gr.
    a. Í stað orðsins „byggingarvörum“ í síðari málslið 3. mgr. komi: byggingarvöru.
    b. Fyrri málsliður 4. mgr. orðist svo: Sé tilnefndur aðili ekki opinber stofnun eða ríkisfyrirtæki skal hann hafa ábyrgðartryggingu sem nær til skaðabótaábyrgðar gagnvart öllum þeim sem hann kann að valda tjóni með starfsemi sinni.
40. Við 43. gr.
    a. Í stað orðsins „byggingarvörur“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: byggingarvöru.
    b. C-liður 1. mgr. orðist svo: varan samræmist innlendu tækniákvæði sem uppfyllir grunnkröfur sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi og Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt, í þeim tilvikum þegar samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki eru ekki til.

c. 3. og 4. mgr. orðist svo:

Framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu ber ábyrgð á réttri notkun merkisins í samræmi við ákvæði laga þessara og á því að CE-merkið sé sett á vöruna, áfestan merkimiða, umbúðir eða meðfylgjandi viðskiptaskjöl.

Þegar byggingarvara lýtur einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um að festa skuli á hana CE-merki skal koma fram að gengið sé út frá því að viðkomandi vara sé í samræmi við ákvæði þeirra reglugerða.

41. 44. gr. orðist svo:

Mannvirkjastofnun hefur eftirlit með því að byggingarvara á markaði uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Stofnunin fylgist með byggingarvöru á markaði, aflar á skipulegan hátt upplýsinga um slíka vöru og tekur við ábendingum þess efnis frá byggingarfulltrúum, hönnuðum, byggingarstjórum, iðnmeisturum, neytendum og öðrum aðilum.

Mannvirkjastofnun getur falið faggiltri skoðunarstofu að annast markaðseftirlit eða faggiltri prófunarstofu að prófa og meta hvort byggingarvara uppfyllir ákvæði laga þessara. Um faggildinguna gilda ákvæði laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl. Beiting réttarúrræða skv. 46. gr. skal vera í höndum Mannvirkjastofnunar.

Mannvirkjastofnun getur haft samstarf við tollyfirvöld um markaðseftirlit með byggingarvöru við innflutning.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um markaðseftirlit með byggingarvöru.

42. 45. gr. orðist svo:

Mannvirkjastofnun eða eftir atvikum þeim sem hefur verið falið markaðseftirlit með byggingarvörum, sbr. 2. mgr. 44. gr., er heimilt að skoða byggingarvöru hjá ábyrgðaraðila og seljanda, taka sýnishorn af byggingarvöru til rannsókna og krefja þá um allar nauðsynlegar upplýsingar, svo sem aðgang að skrá yfir þá sem hafa vöruna á boðstólum, samræmisvottorð, samræmisyfirlýsingar, prófunarskýrslur og tæknilegar upplýsingar.

Framleiðandi eða dreifandi ber kostnað vegna þeirra sýnishorna sem tekin eru til rannsóknar skv. 1. mgr. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum. Sýnishorn vöru samkvæmt þessari grein er að jafnaði eitt eintak vöru eða lágmarksfjöldi sem nauðsynlegur er til rannsóknar.

Framleiðandi eða dreifandi ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal hann bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað. Framleiðandi eða dreifandi greiðir allan kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Framleiðanda eða dreifanda er heimilt að annast tilkynningu um þetta til almennings enda sé það gert með þeim hætti að eðlileg varnaðaráhrif náist.

Sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu byggingarvöru hér á landi skal halda skrá yfir allar vörur sem hann hefur á boðstólum og hafa tiltæk afrit af tæknigögnum vörunnar. Enn fremur skal hann að beiðni Mannvirkjastofnunar afhenda skrá með upplýsingum um birgja og þá sem bjóða fram vörur hans ef það er að mati stofnunarinnar nauðsynlegt í tengslum við rannsókn máls.

43. Við 46. gr.

a. Á eftir orðinu „krefjast“ í síðari málslið 2. mgr. komi: þess.

b. 3. mgr. orðist svo:

Ef í ljós kemur að vara sem lýst hefur verið yfir að samræmist ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim uppfyllir ekki viðeigandi tækniákvæði skal Mannvirkjastofnun innkalla þá vöru eða banna eða takmarka markaðssetningu hennar.

44. Við 47. gr. Í stað orðsins „dreifingaraðila“ komi: dreifanda.
45. 2. mgr. 49. gr. orðist svo:
Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að við byggingu þess og rekstur sé einungis notuð byggingarvara sem uppfyllir ákvæði laga þessara.
46. 2. málsl. 51. gr. orðist svo: Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á.
47. 2. málsl. 52. gr. orðist svo: Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á.
48. Við 53. gr. Í stað orðsins „veitir“ í 2. mgr. komi: veita.
49. Við 54. gr.
    a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Verði manntjón eða alvarleg hætta skapast vegna tjóns á mannvirki eða tjónið er til þess fallið að skapa hættu skal Mannvirkjastofnun rannsaka tjónið og orsakir þess, tilhögun byggingareftirlits og það hvernig að hönnun mannvirkis og byggingarframkvæmdum var staðið.
    b. Orðin „eftir atvikum“ í 1. málsl. 3. mgr. falli brott.
    c. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra setur nánari ákvæði um upplýsingagjöf samkvæmt þessari málsgrein í reglugerð.
50. Við 55. gr.
    a. Í stað orðanna „lokun mannvirkis“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: lokun mannvirkisins.
    b. Í stað orðanna „framkvæma slíkar aðgerðir“ í síðari málslið 2. mgr. komi: vinna slík verk.
    c. 3. mgr. falli brott.
    d. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
    Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða byggingarfulltrúa og Mannvirkjastofnun við þær aðgerðir er greinir í 1.–3. mgr.
    e. 5. mgr. orðist svo:
    Sveitarfélag eða ríkið eftir atvikum á endurkröfu á eiganda mannvirkis vegna kostnaðar sem það hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og lögveð fyrir kröfu sinni í hinu ófullgerða mannvirki, byggingarefni og lóð sem um ræðir.
51. Við 56. gr.
    a. 2. mgr. orðist svo:
    Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúa er heimilt að beita dagsektum allt að 500.000 kr. til að knýja menn til þeirra verka sem þau skulu hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, eða láta af ólögmætu atferli. Dagsektir sem byggingarfulltrúi leggur á renna í sveitarsjóð en í ríkissjóð ef Mannvirkjastofnun leggur þær á.
    b. 4. mgr. orðist svo:
    Dagsektir og kostnað skv. 2. og 3. mgr. má innheimta með fjárnámi og hefur sveitarfélag eða eftir atvikum ríkið lögveð fyrir kröfu sinni í hinu ófullgerða mannvirki, byggingarefni og lóð sem um ræðir.

52. 60. gr. orðist svo:

Ráðherra setur að tillögu Mannvirkjastofnunar og í samráði við hagsmunaaðila reglugerðir sem ná til alls landsins þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara. Við setningu reglugerða á grundvelli laga þessara skal haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði sem varða skyldur sveitarfélaga. Í reglugerð skulu vera ákvæði um eftirfarandi atriði, sbr. einnig önnur ákvæði laga þessara um setningu reglugerða:

1. Kröfur sem gera skal til hönnunar og mannvirkja um útlit, rýmisstærðir og samsvörun við næsta umhverfi, hagkvæmni og notagildi, aðgengi, öryggi, heilnæmi, tæknilegan frágang og viðhald, umgengni og öryggi á vinnustöðum auk krafna um gróður á lóðum, og frágang og útlit lóða, þ.m.t. girðingar. Einnig lágmarkskröfur sem einstakir hlutar mannvirkja og mismunandi tegundir þeirra skulu uppfylla, svo sem um undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftgæði, hljóðvist, birtu, lagnakerfi, hollustuhætti, brunavarnir og þess háttar. Jafnframt skal kveða á um kröfur til mannvirkja við verulegar breytingar á þeim eða breytingar á notkun mannvirkis. Í reglugerð er heimilt að vísa til staðla sem Staðlaráð Íslands hefur staðfest eða sett um tæknilega útfærslu eða annað sem snýr að mannvirkjum, eða til ákvæða og skuldbindinga sem fylgja aðild Íslands að alþjóðasamningum.
2. Hönnunargögn, byggingarlýsingar, skýrslur um innra og ytra eftirlit, greinargerðir og önnur gögn sem skila þarf vegna umsóknar um byggingarleyfi. Í reglugerð skal kveða á um kröfur til hönnunargagna mismunandi mannvirkja og mannvirkjahluta og skiptingu uppdrátta í aðal-, sér- og deiliuppdrætti. Einnig skulu vera ákvæði um hönnunargögn sem skila skal vegna virkjana og annarra sérhæfðra mannvirkja og til hvaða þátta eftirlit útgefanda byggingarleyfis skal taka.
3. Tilhögun innra eftirlits við byggingarframkvæmdir og þær kröfur sem gerðar eru til gæðakerfa hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að faggilt vottunarstofa skuli votta þessi gæðastjórnunarkerfi. Heimilt er að gera mismunandi kröfur til gæðakerfa samkvæmt lögum þessum eftir gerð mannvirkis.
4. Námskeiðshald og próf fyrir hönnuði skv. 26. gr. og lágmarksárangur til að standast það.
5. Nánari ákvæði um útgáfu starfsleyfis byggingarstjóra, flokkun starfsleyfa eftir gerð mannvirkja og námskeiðshald, auk ákvæða um starfshætti, ábyrgð og verksvið byggingarstjóra, sbr. 27.–31. gr.
6. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis til handa faggiltri skoðunarstofu, sbr. 20. gr., gildistíma starfsleyfis, starfsemi skoðunarstofu, hæfi skoðunarmanna, sbr. 21. gr., og hvaða þáttum byggingareftirlits skoðunarmönnum I –III er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða úttekt.
7. Úttektarskyldu, gerð áfangaúttekta, öryggisúttektar og lokaúttektar, þar sem m.a. er kveðið á um þau gögn sem leggja þarf fram vegna þeirra.
8. Staðsetningu, gerð og frágang skilta auk ákvæða um hvaða skilti skulu háð byggingarleyfi.
9. Skilyrði fyrir veitingu stöðuleyfa fyrir gáma, báta, torgsöluhús, stór samkomutjöld og þess háttar sem ætlað er að standa utan skipulagðra svæða fyrir slíka hluti í lengri

tíma en tvo mánuði. Í reglugerð skal kveðið á um atriði sem varða öryggi og hollustuhætti vegna þessara lausafjármuna og um heimildir byggingarfulltrúa til þess að krefjast þess að þeir séu fjarlægðir ef ekki eru uppfyllt ákvæði reglugerðarinnar.

10. Frágang leiksvæða, íþróttasvæða og annarra opinna svæða.
11. Nánari ákvæði um gagnasafn Mannvirkjastofnunar um mannvirki og mannvirkjagerð, hvað skal skrá þar og með hvaða hætti. Skoðunarhandbók skal vera hluti af gagnasafni Mannvirkjastofnunar og skal birt sem fylgiskjal við reglugerð. Í skoðunarhandbókinni skulu m.a. vera ákvæði um úttektir, eftirlitsaðferðir, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.
12. Nánari ákvæði um byggingareftirlit og verksvið byggingarfulltrúa og Mannvirkjastofnunar.
13. Nánari ákvæði um beitingu þvingunarúrræða skv. 55.–57. gr.

53. 2. mgr. 62. gr. orðist svo:

Ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um mannvirkjamál á varnar- og öryggissvæðum, sbr. þó ákvæði 1. mgr. 21. gr. laga nr. 34/2008. Mannvirkjastofnun gefur í umboði utanríkisráðherra út byggingar- og framkvæmdaleyfi og hefur eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum leyfisskyldum framkvæmdum á varnar- og öryggissvæðum. Gerður skal þjónustusamningur milli Mannvirkjastofnunar og utanríkisráðherra um byggingareftirlit stofnunarinnar samkvæmt þessari grein.

54. Við 63. gr.
    a. Í stað orðanna „er varða“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: sem varða.
    b. 2. mgr. orðist svo:

    Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstök atvinnugrein, stofnun eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekk að ástæðulausu.

55. 1. mgr. 64. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi nema 6. tölul. 65. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2012.

56. Við 65. gr. bætist þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:
    5. Við 1. mgr. 19. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í þeim tilvikum sem Mannvirkjastofnun getur út byggingarleyfi ber stofnunin ábyrgð á tilkynningum til Þjóðskrár Íslands samkvæmt þessari grein.
    6. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga:
        a. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
            1. 1. mgr. orðast svo:

            Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga samkvæmt lögum þessum skal vera í höndum Mannvirkjastofnunar.

            2. 3. mgr. fellur brott.
        b. Orðin „eða Neytendastofa, sé um að ræða rafföng sem ekki eru varanlega tengd mannvirkjum“ í 2. mgr. 9. gr. laganna falla brott.
        c. 2. málsl. 10. gr. laganna fellur brott.
        d. Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:
            1. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
            2. 5. mgr. fellur brott.
            3. 2. málsl. 6. mgr. fellur brott.

4. Í stað 8.–10. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Málskot skv. 7. mgr. frestar ekki framkvæmd ákvörðunar. Ákvarðanir Mannvirkjastofnunar verða ekki bornar undir dómstóla fyrr en úrskurður úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála liggur fyrir.

Nú vill aðili ekki una úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð úrskurðarnefndar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

e. Orðin „Neytendastofu“ og „eða Neytendastofa“ í 12. gr. falla brott.

f. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

1. Orðin „og Neytendastofu“ í 1. málsl. falla brott.
2. 5. tölul. orðast svo: Vegna yfireftirlits Brunamálastofnunar og eftirlits með rafföngum á markaði sem stofnunin lætur framkvæma skulu innflytjendur og innlendir framleiðendur greiða eftirlitsgjald af eftirlitsskyldum rafföngum sem má vera allt að 0,15% af tollverði innfluttrar vöru eða af sambærilegum gjaldstofni innlendrar vöru. Ráðherra setur í reglugerð yfirlit yfir tollflokka raffanga sem eru gjaldskyld. Undanþegin þessari gjaldtöku eru rafföng sem eru seld úr landi.
3. 7. tölul. orðast svo: Brunamálastofnun er heimilt að láta prófa rafföng innlendra framleiðenda sem sett eru á markað í fyrsta sinn. Framleiðendur greiða stofnuninni fyrir slíkar prófanir.
4. Orðin „og Neytendastofu“ í 1. málsl. 8. tölul. falla brott.

g. Orðin „eða Neytendastofu“ í 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna falla brott, og í stað orðanna „viðkomandi stofnun“ í sama málslið kemur: stofnunin.

7. Eftirfarandi breytingar verða á skipulagslögum, nr. 123/2010:

a. Í stað orðsins „Byggingarstofnunar“ í 6. tölul. 2. gr. laganna kemur: Mannvirkjastofnunar.
b. Í stað orðanna „og staðfestingu umhverfisráðherra“ í 4. mgr. 22. gr. laganna kemur: og umhverfisráðherra í þeim tilvikum þegar hann skal staðfesta svæðisskipulag.
c. Við 56. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
d. Við 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skipulagsstofnun er heimilt að gera breytingar á svæðisskipulagi miðhálendisins, til samræmis við tillögur að breytingu á aðalskipulagi, þegar breytingin felur ekki í sér nýja stefnumörkun um landnotkun.

57. Við ákvæði til bráðabirgða:

a. 1. tölul. falli brott.
b. Í stað orðsins „úttektir“ í 3. málsl. 3. tölul. komi: úttekt.
c. 6. tölul. orðist svo: Hafi þeir sem taldir eru upp í 25. gr. þegar við gildistöku laga þessara lokið hluta þess reynslutíma sem nauðsynlegur er samkvæmt núgildandi lögum til að öðlast löggildingu skulu þeir eiga kost á að ljúka honum eftir eldri reglum.
d. Orðið „aðilar“ í 1. málsl. 7. tölul. falli brott.
e. 9. tölul. orðist svo: Á meðan ekki eru til samhæfðir evrópskir staðlar og/eða evrópskt tæknisamþykki fyrir byggingarvöru er markaðssetning hennar heimil, þrátt fyrir ákvæði 39. gr., ef henni fylgir vottun eða umsögn um að hún uppfylli kröfur reglu-

gerða sem settar eru á grundvelli laga þessara, standist staðla og falli að verklagi og séríslenskum aðstæðum. Hliðsjón skal höfð af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um hlutverk framleiðanda og tilnefnds aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur. Ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um einstaka vöruflokka skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur. Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Mannvirkjastofnun eða aðrir þar til bærir aðilar sem umhverfisráðuneytið viðurkennir skulu gegna samsvarandi hlutverki og tilnefndur aðili vegna ákvæða þessa töluliðar. Þessir aðilar annast staðfestingu á samræmi og gefa út vottorð eða umsögn þar að lútandi.

f. Í stað orðsins „framkvæmt“ í 12. tölul. komi: fara fram.

58. Við viðauka. Í stað orðanna „Byggingarvörur skulu“ í 1. mgr. komi: Byggingarvara skal.

351. Nefndarálit [79. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hafstein Pálsson og Steinunni Fjólu Sigurðardóttur frá umhverfisráðuneyti.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Isavia, Reykjavíkurborg, ríkislögreglustjóra, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skorradalshreppi, K. Huldu Guðmundsdóttur, Akureyrarbæ, Reykjanesbæ, Samtökum fjármálafyrirtækja, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landsvirkjun, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Vinnueftirlitinu, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Vegagerðinni, Grindavíkurbæ, Ísafjarðarbæ, Brunavörnum Austur-Húnavatnssýslu, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, skipulags- og umhverfisnefnd Akraneskaupstaðar, Brunamálastofnun, Skógrækt ríkisins, Sigurði G. Sigurðssyni hrl., sveitarfélaginu Ölfusi, Landsneti, Félagi slökkviliðsstjóra á Íslandi, Mosfellsbæ, Fasteignaskrá Íslands, Ferðamálastofu, Öryrkjabandalagi Íslands, Hafnarfjarðarbæ, Grundarfjarðarbæ, Landssamtökum skógareigenda, Fornleifavernd ríkisins, Félagi byggingarfulltrúa, sveitarfélaginu Árborg, Skipulagsstofnun, Byggðastofnun, Félagi atvinnurekenda, úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Orkustofnun, skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings, Fjallabyggð, Húnavatnshreppi, Flugstoðum ohf., Keflavíkurflugvelli ohf. og Landmælingum Íslands.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um mannvirki og þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru einkum til samræmis við frumvarp til laga um mannvirki. Auk þess eru gerðar breytingar í ljósi þeirrar reynslu sem hlotist hefur af lögum um brunavarnir.

Þau atriði sem fengu mesta umfjöllun í nefndinni voru björgun á fastklemmdu fólki, stjórn slökkviliðsstjóra á vettvangi, eldvarnir í gróðurlendi og gildissvið brunavarnalaga, nr. 75/2000.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður um að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði falli

undir gildissvið laganna. Í 8. gr. er enn fremur kveðið á um að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum skuli vera eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliðs. Þá segir í 12. gr. að slökkviliðsstjóri skuli stjórna slökkvistarfi við eldsvoða og björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum. Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna fagnar ákvæðinu og bendir á að með því sé skotið skýrri lagastoð undir þau verkefni sem slökkvilið hafi almennt sinnt til þessa en er samkvæmt núgildandi lögum vistað hjá lögreglu, sbr. 4. mgr. 6. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, þar sem kveðið er á um að lögregla fari með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða. Sú hefð hefur þó komist á að slökkvilið sveitarfélaga hafa annast björgun, til að mynda þegar ná þarf fólki úr bílflaki eftir umferðarslys og við aðrar aðstæður sem krefjast skjótra viðbragða. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að margar björgunarsveitir hafi komið sér upp búnaði til rústabjörgunar og sambandið líti svo á að 2. gr. breyti ekki þeirri verkaskiptingu sem sé milli slökkviliða sveitarfélaganna annars vegar og björgunarsveita hins vegar. Í umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar kemur fram að mikill metnaður hafi verið lagður í uppbyggingu á rústabjörgunarsveit og telur félagið að það eigi ekki að vera hlutverk slökkviliðs að bjarga fastklemmdu fólki úr mannvirkjum. Skv. 4. gr. reglugerðar um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita, nr. 289/2003, eru björgunarsveitir hjálparlið lögreglu við leit og björgun á landi og við sérstök gæslustörf. 3. málsl. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kveður svo á um að lögreglan kalli til björgunarsveitir þegar þörf krefur. Það er álit nefndarinnar að nauðsynlegt sé að verkefni af þessum toga séu áfram vistuð hjá opinberum aðilum án þess að dregið sé úr því mikilvæga hlutverki sem björgunarsveitir hafa gegnt við björgunarstörf á fastklemmdu fólki. Nefndin bendir einnig á að björgun sem þessi er í raun tvenns konar. Annars vegar er um rústabjörgun að ræða, til að mynda í kjölfar náttúruhamfara, svo sem snjóflóða, jarðskjálfta og skriðufalla, þar sem björgunarsveitir hafa gegnt veigamiklu hlutverki. Hins vegar eru tilfallandi aðstæður, svo sem við umferðarslys, þegar beita þarf klippum til að komast að fólki en því verkefni hafa slökkvilið sinnt. Nefndin telur mikilvægt að greint sé hér á milli og að slökkvilið fái lagastoð fyrir þeim verkefnum sem þau hafa sinnt en björgunarsveitir sjái áfram um rústabjörgun undir yfirstjórn lögreglu eins og verið hefur og haldist ábyrgð á slíkum verkefnum því hjá lögreglu. Nefndin áréttar einnig að mikilvægt er að verkaskipting á slysa- og björgunarvettvangi sé skýr.

Við umfjöllun nefndarinnar komu upp álitamál um gildissvið laga um brunavarnir þegar um er að ræða eldvarnir á flugvöllum. Nefndin áréttar að í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, segir að lögin gildi um flugvallarslökkvilið. Engu síður hefur verið ágreiningur um túlkun á gildissviðsákvæði laganna. Í ljósi þess telur nefndin mikilvægt að árétta þann skilning að samgöngumannvirki, þ.m.t. flugvellir, falli undir gildissvið laganna og gerir nefndin tillögu að breytingu á 3. gr. frumvarpsins, í skilgreiningu „mannvirkis“, hvað það varðar. Í breytingartillögum nefndarinnar við 16. gr. eru einnig ákvæði um eftirlit slökkviliðsstjóra með mannvirkjum þar sem fram fer starfsemi sem af stafar sérstök slysahætta, svo sem á stærri flugvöllum.

Nefndin fjallaði um eldvarnir vegna hættu á gróður- eða skógareldum, m.a. í skipulagðri frístundabyggð. Nefndin tekur undir ábendingar um að nauðsynlegt sé að lögfesta ákvæði um þessi mikilvægu efni og hvetur umhverfisráðherra og væntanlega Mannvirkjastofnun að taka þetta til sérstakrar skoðunar. Gerir nefndin því ekki tillögu um sérstök ákvæði þar að lútandi enda ekki um að ræða heildarendurskoðun á lögunum.

Þegar frumvarpið var lagt fram á 135. þingi var þar ákvæði um slysatryggingu slökkviliðsmanna. Kvað það á um að slökkviliðsmenn og aðrir sem vinna að brunavörnum eftir

kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra skyldu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna eða vegna mengunaróhappa á landi. Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna gerir í umsögn sinni athugasemdir við að ákvæðið sé ekki í frumvarpinu nú þar sem dæmi séu um að slökkviliðsmenn í hlutastarfi slasist í æfingum eða útköllum og geti ekki snúið aftur í sitt aðalstarf. Telur nefndin að skoða þurfi slysatryggingamál slökkviliðsmanna ítarlega og leggur til að umhverfisráðherra ráðist í það nú þegar í samráði við samtök slökkviliðsmanna og sveitarfélögin.

Nefndin leggur jafnframt til nokkrar aðrar breytingar á frumvarpinu sem einkum varða lagatæknileg atriði, auk málfarslegra breytinga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Kristján Þór Júlíusson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. nóv. 2010.

Mörður Árnason, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.
Álfheiður Ingadóttir.	Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.	Ólafur Þór Gunnarsson.
Skúli Helgason.		Birgitta Jónsdóttir.

352. Breytingartillögur [79. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   1. gr. laganna orðast svo:
   Markmið laga þessara er að vernda líf og heilsu manna, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit, forvarnir og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.
2. Við 3. gr.
   a. B-liður orðist svo: Skilgreining hugtaksins *mannvirki* verður svohljóðandi: Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, samgöngumannvirki, þ.m.t. flugvellir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum

og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.

b. Við bætist tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:

c. Skilgreining hugtaksins *mengunaróhapp* verður svohljóðandi: Þegar bráðamengun verður og eiturefni eða önnur efni berast eða kunna að berast í umhverfið og tafarlaus úrræði eru nauðsynleg vegna hættu á tjóni á umhverfi, heilsu fólks eða eignum.

d. Við bætast fjórar nýjar skilgreiningar í réttri stafrófsröð, svohljóðandi:

Mengun: Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis, og hvers kyns óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Mengunartjón: Tjón eða skaði sem hlýst af mengun umhverfis, hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað á landi og af hvers konar völdum sem hún er. Mengunartjón tekur einnig til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón eða frekara tjón, og til skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.

Reykköfun: Athafnir slökkviliðs þegar loft undir þrýstingi er notað til öndunar við slökkvistarf í afmörkuðu rými eða þar sem mengunaróhapp hefur orðið.

Umhverfi: Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.

3. Við 4. gr. Í stað orðsins „Byggingarstofnun“ komi: Mannvirkjastofnun.

4. Við 6. gr.

a. Í stað orðsins „Byggingarstofnun“ komi: Mannvirkjastofnun.

b. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: Á eftir 2. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Að beiðni slökkviliðsstjóra getur Mannvirkjastofnun gert úttekt á brunavörnum mannvirkja í rekstri þar sem tilteknir starfsmenn eru þjálfaðir í brunavörnum og slökkvistarfi, sbr. 3. mgr. 24. gr.

5. Við 7. gr.

a. Í stað orðsins „Byggingarstofnun“ 1. og 3. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. komi: Mannvirkjastofnun.

b. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Skólinn skal hafa umsjón með menntun slökkviliðsmanna, bóklegri og verklegri, og fræðslu þeirra í starfi.

6. Við 8. gr.

a. 1. málsl. b-liðar orðist svo: Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur um tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og um vatnsöflun til slökkvistarfa.

b. Í stað orðsins „Byggingarstofnunar“ í 2. málsl. b-liðar komi: Mannvirkjastofnunar.

7. Við 9. gr.

a. Á eftir a-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Orðin „í notkun“ í b-lið falla brott.

b. C-liður orðist svo: E-liður 1. mgr. orðast svo: hafa eftirlit með því að eigendur og forráðamenn mannvirkis í rekstri sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt lögum og reglugerðum í samræmi við leiðbeiningar sem Mannvirkjastofnun gefur út. Ef ljóst þykir að hætta skapist af ástandi brunavarna og eigandi eða forráðamaður mannvirkis sinnir ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi eiganda eða forráðamanns er að ræða, skal kæra málið til lögreglu.

c. 2. og 3. málsl. d-liðar orðist svo: Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem fram koma þau rök sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjald skal ekki vera hærra en nemur kostnaði við úttektina.

8. Við 10. gr. Í stað orðsins „Byggingarstofnunar“ komi: Mannvirkjastofnunar.
9. Við 11. gr. Í stað orðsins „Byggingarstofnun“ komi: Mannvirkjastofnun.
10. Á eftir 11. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn ræður slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri ræður annað starfslið slökkviliðsins. Í forföllum slökkviliðsstjóra er varaslökkviliðsstjóri yfirmaður slökkviliðs.

11. Við 13. gr.
    a. Í stað orðsins „Byggingarstofnun“ í a-lið komi: Mannvirkjastofnun.
    b. Á eftir orðinu „læknisskoðun“ í b-lið komi: þrekpróf, þolpróf og aðra mælingu líkamsástands.
    c. Í stað orðsins „Byggingarstofnunar“ í c-lið komi: Mannvirkjastofnunar.
12. 14. gr. orðist svo:

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til myndatöku, á öllum þeim stöðum þar sem skoðunar eða eftirlits er þörf samkvæmt lögum þessum. Ekki er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús sem tekið hefur verið í notkun án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum úrskurði dómara.

13. Á eftir 14. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

2. og 3. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Þegar eldsvoða eða mengunaróhapp ber að höndum er hverjum manni skylt að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf eða aðgerðir vegna mengunaróhapps. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds eða mengunar. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma við störf sín þegar eldsvoða eða mengunaróhapp ber að höndum.

Fjártjón sem hlýst af ráðstöfunum vegna eldsvoða skv. 2. mgr. telst brunatjón og skal viðkomandi vátryggingafélag bæta það sé eign brunatryggð. Sveitarstjórn greiðir kostnað sem kann að koma til vegna nauðsynlegra aðgerða við framkvæmd slökkvistarfs og vátryggingafélag greiðir ekki. Sveitarstjórn greiðir einnig kostnað sem kann að koma til vegna nauðsynlegra aðgerða vegna mengunaróhapps í þeim tilvikum þegar sá sem veldur mengunaróhappi er ekki ábyrgur fyrir kostnaði við slíkar aðgerðir samkvæmt öðrum lögum.

14. 16. gr. orðist svo:

24. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Sérstök eldhætta eða hætta á mengun frá mannvirki eða lóð þess.

Skylt er að láta fara fram sérstaka brunahönnun á mannvirki og/eða lóð þegar um er að ræða nýtt mannvirki þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða. Brunahönnun skal lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar, sé hún til staðar, að öðrum kosti byggingarfulltrúa. Byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi skal leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt.

Sé um að ræða lóð eða mannvirki sem þegar er byggt og er í rekstri og þar sem af

fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða skal slökkviliðsstjóri gera úttekt á brunavörnum þess, gera kröfu um úrbætur ef ástæða er til og leggja hana fyrir eiganda eða forráðamann. Sé brunavörnum slíks mannvirkis og lóðar í veigamiklum atriðum ábótavant getur slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi gert kröfu um að gerð sé brunahönnun á mannvirkinu.

Slökkviliðsstjóri getur að höfðu samráði við sveitarstjórn lagt svo fyrir að í mannvirkjum eða á lóðum, sbr. 2. mgr., séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi. Vegna mannvirkja þar sem um er að ræða starfsemi sem af stafar sérstök slysahætta, svo sem á stærri flugvöllum, getur slökkviliðsstjóri krafist skýrslu um viðbragðsstyrk, þ.m.t. mannafla og búnað, frá þeim sem rekur mannvirkið eða eiganda þess. Sé viðbragðsstyrkur ófullnægjandi að mati slökkviliðsstjóra skal hann gera kröfu um úrbætur og grípa til aðgerða skv. VIII. kafla ef henni er ekki sinnt. Ráðstafanir skv. 1. og 2. málsl. skulu koma fram í brunavarnaáætlun. Eigandi mannvirkis greiðir kostnað af slíkum ráðstöfunum.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Brunamálastofnunar setja reglugerð um brunahönnun mannvirkja og lóða.

15. Við 17. gr. Í stað orðanna „Byggingarstofnun“ og „Byggingarstofnunar“ komi: Mannvirkjastofnun, og: Mannvirkjastofnunar.
16. Við 20. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Slökkviliðsstjóri getur ákveðið að gerðar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda eða forráðamanns mannvirkis.
17. Við 22. gr. Í stað orðsins „Byggingarstofnun“ komi: Mannvirkjastofnun.
18. 23. gr. orðist svo:

Á eftir 38. gr. laganna kemur ný grein, 38. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Þjónustuaðilar brunavarna.

Þeir sem bjóða þjónustu við viðhald, skoðun, áfyllingu og þrýstiprófun handslökkvitækja og reykköfunarbúnaðar skulu hafa starfsleyfi Mannvirkjastofnunar. Skilyrði til að öðlast slíkt starfsleyfi er að viðkomandi þjónustuaðili uppfylli kröfur reglugerðar sem ráðherra setur um húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað vegna starfseminnar og að þeir starfsmenn sem annast uppsetningu, viðhald og skoðun slíks búnaðar hafi lokið námi og staðist próf sem Mannvirkjastofnun heldur.

Þeir sem annast uppsetningu, viðhald og þjónustu brunaviðvörunarkerfa og slökkvikerfa, svo og þeir sem annast brunaþéttingar mannvirkja, skulu hafa starfsleyfi frá Mannvirkjastofnun og skulu viðkomandi starfsmenn hafa lokið námi sem Mannvirkjastofnun viðurkennir.

Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis skv. 1. og 2. mgr. er að sett hafi verið upp fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi vegna starfseminnar í samræmi við kröfur sem ákveðnar eru í reglugerð.

Mannvirkjastofnun getur svipt þjónustuaðila starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef þjónustuaðili hlítir ekki fyrirmælum Mannvirkjastofnunar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Ráðherra setur í reglugerð nánari kröfur um framkvæmd þessarar greinar, þ.m.t. um veitingu starfsleyfis fyrir starfsmenn þjónustuaðila og um nám þeirra og próf.

Mannvirkjastofnun er heimilt að innheimta gjald við útgáfu starfsleyfis samkvæmt þessari grein, og fyrir námskeiðshald. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem fram koma þau rök sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

353. Frumvarp til laga [300. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. A-liðar 7. gr. skal ekki skattleggja útgreiðslur vátryggingabóta vegna sjúkdómatrygginga sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hafi skattlagning átt sér stað vegna útgreiðslu sjúkdómatrygginga sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010 er ríkisskattstjóra heimil endurupptaka, sbr. 3. mgr. 101. gr. laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að bætur úr sjúkdómatryggingum sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010 verði ekki skattlagðar. Forsaga þessarar tillögu er sú að frá því að sala sjúkdómatrygginga hófst hér á landi um miðjan síðasta áratug síðustu aldar hefur af hálfu söluaðila slíkra trygginga verið farið með slíkar bætur sem skattfrjálsar væru.

Með úrskurði skattstjóra Reykjanesumdæmis, sem staðfestur var með úrskurði yfirskattanefndar nr. 93/2009 og dómi héraðsdóms Reykjavíkur í málinu E-10220/2009, var staðfest að bætur úr sjúkdómatryggingu væru skattskyldar. Þar sem misjafnt hefur verið hvort útgreiðslur bóta úr sjúkdómatryggingum hafa verið gefnar upp til skatts og skattyfirvöld þar af leiðandi ekki haft upplýsingar um bæturnar þykir rétt að taka af öll tvímæli þar um. Því er lagt til að útgreiðslur vátryggingabóta vegna sjúkdómatrygginga sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010 verði ekki skattlagðar. Tilgangurinn með því er að koma í veg fyrir það misræmi sem skapast hefur vegna þessa. Útgreiðslur vegna sjúkdómatrygginga sem keyptar eru eftir 1. desember 2010 verða eftir sem áður skattskyldar.

Að höfðu samráði við ríkisskattstjóra er honum veitt heimild, sbr. 3. mgr. 101. gr. laganna, til þess að fella niður skattlagningu á greiðslur þessar að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni viðkomandi hafi skattlagning átt sér stað vegna sjúkdómatrygginga sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010. Ákvæðið hefur þannig í för með sér afturvirkni til ívilnunar og er ætlað að veita heimild til að fella niður þá skattlagningu sem fram hefur farið á grundvelli fyrri skattframkvæmdar, þó með þeim tímatakmörkum sem 3. mgr. 101. gr. tekjuskattslaga afmarkar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar).

Með frumvarpi þessu er lagt til að bætur úr sjúkdómatryggingum sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010 verði undanskildar skattlagningu. Við sölu á slíkum tryggingum hafa tryggingafélögin litið svo á og haldið að sínum viðskiptavinum að um skattfrjálsar útgreiðslur bóta yrði að ræða. Nýlegur úrskurður yfirskattanefndar um ágreining í slíku máli, sem staðfestur hefur verið með dómi héraðsdóms, er á þá leið að bótagreiðslurnar eigi að vera skattskyldar.

Útgreiðslur bóta úr sjúkdómatryggingum hafa almennt ekki verið gefnar upp til skatts og skattyfirvöld þar af leiðandi ekki haft upplýsingar um umfang bótanna. Þeir sem þó hafa talið slíkar bætur fram sem skattskyldar tekjur eru örfáir og upphæðir óverulegar. Til framtíðar er erfitt að meta áhrifin á tekjur ríkissjóðs þar sem þessar bætur hafa almennt ekki verið tilgreindar sérstaklega á skattframtali og ekki liggja fyrir upplýsingar um seldar sjúkdómatryggingar eða áætlanir um hve hátt hlutfall þeirra gert er ráð fyrir að komi til útgreiðslu. Miðað við eðli tryggingarinnar verður þó að teljast ólíklegt að bótaþegar séu mjög margir árlega og áhrifin á tekjur ríkissjóðs verði því ekki mikil.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

354. Frumvarp til laga [301. mál]

um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þeir starfsmenn sem eru félagar í SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu og gerast starfsmenn sveitarfélaga 1. janúar 2011 á grundvelli breytinga á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, skulu eiga þess kost að vera áfram í sama stéttarfélagi sem fer þá með samningsumboð fyrir þeirra hönd við viðkomandi sveitarfélög.

Starfsmenn sem falla undir lög þessi og koma til starfa eftir 1. janúar 2011 skulu verða félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða í öðru því félagi sem hefur samkvæmt lögum þessum ótakmarkað samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn.

SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu skal hafa tilkynnt viðkomandi sveitarfélagi fyrir 15. janúar 2011 fyrir hvaða starfsmenn það fer með samningsumboð gagnvart viðkomandi sveitarfélagi á grundvelli þessara laga.

SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu skal því aðeins hafa samningsumboð gagnvart viðkomandi sveitarfélagi fyrir starfsmenn skv. 9. mgr. að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt skv. 11. mgr.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Tilhögun skv. 6. gr. skal endurskoða samhliða endurmati á fjárhagslegum forsendum samkvæmt samkomulagi milli félags- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

II. KAFLI
Breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeir starfsmenn ríkisins sem starfa í þjónustueiningum í málaflokki fatlaðs fólks og eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og eru í störfum sem flytjast til sveitarfélaga og halda þeim áfram skulu eiga rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum með óslitinni réttindaávinnslu meðan þeir gegna þar störfum.

Sveitarfélög taka á sig skuldbindingar launagreiðenda frá aðilaskiptum en ríkissjóður fram að þeim tíma. Til viðbótar iðgjaldi launagreiðenda skv. 23. gr. laganna munu launagreiðendur greiða sérstakt iðgjald til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til að standa undir mismun á áföllnum skuldbindingum hvers árs og greiddum iðgjöldum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga frá 13. mars 2009 um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga voru aðilar sammála um að vinna að tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga og var stefnt að því að tilfærslan færi fram árið 2011. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar annars vegar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og hins vegar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins vegna samkomulags félags- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, við Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. nóvember 2010, um flutning málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með 1. gr. þessa frumvarps er tekin upp sérregla um félagsaðild í takt við þá stefnu sem fylgt var við síðustu verkaskipti. Starfsmenn sem færast yfir til sveitarfélaga 1. janúar 2011 á grundvelli laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, geta samkvæmt því valið um hvort þeir verði áfram félagsmenn í SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu eða hvort

þeir skipti um félag og gerist félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða því félagi sem hefur lögum samkvæmt samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn. Gert er ráð fyrir að þeir starfsmenn sem kjósa að vera áfram félagsmenn í SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu myndi eins konar sveitarfélagastarfsmannadeild innan þess. Launakerfi sveitarfélaganna er frábrugðið því launakerfi sem tíðkast hjá ríkinu almennt. Vegna breytingar á rekstrarumhverfi almannaþjónustunnar gerir SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu ólíka kjarasamninga, t.d. samninga við ríki, sjálfseignarstofnanir og hlutafélög með aðkomu Samtaka atvinnulífsins. Í tilfelli sveitarfélaganna er SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu vel meðvitað um að þau hafa notað starfsmat við launasetningu starfsmanna sinna. Vegna þessa hefur SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu lýst sig reiðubúið til samráðs um að samræma launakerfi félagsmanna við launakerfi sveitarfélaganna.

Gengið er út frá því að öll ákvæði laganna gildi um þennan nýja viðsemjanda sveitarfélaganna eftir því sem við getur átt, þar á meðal ákvæði um takmörkun verkfallsréttar sveitarfélagastarfsmanna, tilkynningu vinnustöðvana, framkvæmd verkfalls o.s.frv. Í þessu felst því að einungis sveitarfélagastarfsmenn innan SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu eiga atkvæðisrétt um kjarasamning félagsins við viðkomandi sveitarfélag og eiga rétt á að taka ákvörðun um boðun verkfalls gagnvart viðkomandi sveitarfélagi.

Hvað varðar starfsmenn sem eru ráðnir eftir 1. janúar 2011 er gert ráð fyrir að þeir hafi ekki þetta val og verði því félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða því félagi sem hefur lögum samkvæmt ótakmarkað samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn. Með ótakmörkuðu samningsumboði er átt við þau félög sem til framtíðar litið fara með samningsumboð fyrir viðkomandi hóp. Þannig getur t.d. SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu ekki talist vera með samningsumboð til framtíðar þar sem samningsumboð þess nær einungis til þeirra sem voru í því við yfirfærsluna, heldur eru það viðkomandi bæjarstarfsmannafélög.

Um 2. gr.

Í ljósi þess að fyrirhugaðar eru frekari tilfærslur verkefna milli ríkis og sveitarfélaga er ljóst að breyta þarf fyrirkomulagi samningamála þannig að ekki komi upp álitaefni af því tagi í hvert skipti sem umræða um slíkar tilfærslur verkefna fer af stað. Vinna við undirbúning slíkra breytinga fór af stað en hefur legið niðri um skeið og er eðlilegt að settur verði aukinn kraftur í það starf með það m.a. að markmiði að einfalda tilfærslur verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Komist menn að sameiginlegri niðurstöðu sem leiði til breytinga á aðkomu stéttarfélaga að tilfærslu verkefna við aðstæður sem þessar er eðlilegt að sú tilhögun sem hér er byggt á, sem og tilhögun við fyrri tilfærslur verkefna milli aðila, verði endurskoðuð og er lagt til að það verði gert í tengslum við endurmat á fjárhagslegum forsendum samkomulagsins sem fara á fram árið 2014.

Um 3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða vegna samkomulags félags- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, við Samband íslenskra sveitarfélaga um flutning málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Samkvæmt samkomulaginu munu starfsmenn sem eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fá aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Þeir starfsmenn sem þess óska geta haldið aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með samþykki viðkomandi sveitarfélags. Starfsmenn sem eiga aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga munu eiga aðild að þeim lífeyrissjóði áfram í samræmi við lög nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Starfsmenn

sem aðild eiga að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins munu halda þeirri aðild og er nauðsynlegt að gera breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins svo að þeir fái haldið aðild sinni að B-deild sjóðsins.

Til að standa undir mismun á áföllnum skuldbindingum hvers árs og greiddum iðgjöldum munu launagreiðendur til viðbótar iðgjaldi launagreiðenda skv. 23. gr. laganna greiða sérstakt iðgjald til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Sveitarfélög munu taka á sig skuldbindingar launagreiðenda frá aðilaskiptum en ríkissjóður fram að þeim.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.

Í fyrsta lagi er lagt til að þeir starfsmenn sem eru félagar í SFR og gerast starfsmenn sveitarfélaga 1. janúar 2011 skuli eiga þess kost að vera áfram í sama stéttarfélagi sem fer þá með samningsumboð þeirra við sveitarfélögin. Starfsmenn sem koma til starfa í stofnunum fyrir fatlaða hjá sveitarfélögunum eftir þann tíma skulu vera félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi. Ekki er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins breytist vegna þessa.

Í öðru lagi er lagt til að þeir starfsmenn sem eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fái aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Þeir starfsmenn sem þess óska geta þó haldið aðild sinni að A-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með samþykki viðkomandi sveitarfélags. Starfsmenn sem eiga aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga halda þeirri aðild, svo og þeir starfsmenn sem eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Vegna starfsmann í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er lagt er til að sveitarfélög taki á sig skuldbindingar launagreiðenda frá aðilaskiptum en ríkissjóður fram að þeim tíma. Er þetta gert til að skýra stöðu starfsmanna en jafnframt stöðu sveitarfélaga gagnvart lífeyrisiðgjöldum. Ríkissjóður mun greiða til sveitarfélaganna vegna lífeyrisskuldbindinga B-deildarfólks fyrir árin 2011–2013. Áætlað hefur verið að þessar fjárhæðir geti numið um 15 m.kr. á ári eða samtals 45 m.kr.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 15 m.kr. árlega næstu þrjú árin vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna sem færast til sveitarfélaganna. Þetta frumvarp er eitt af nokkrum sem flutt eru vegna samkomulags um yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og er að öðru leyti vísað til umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um málefni fatlaðra sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi en þar er fjallað um kostnaðaráhrif þessara lagabreytinga á ríkissjóð í heild.

355. Frumvarp til fjáraukalaga [76. mál]

fyrir árið 2010.

(Eftir 2. umr., 29. nóv.)

Samhljóða þskj. 80 með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**6.411,8**	**-1.857,8**
Skattar á tekjur og hagnað	-1.712,7	-6.472,7
Tryggingagjöld	1.652,2	0,0
Eignarskattar	270,0	-170,0
Skattar á vörur og þjónustu	5.639,8	4.464,9
Aðrir skattar	562,5	320,0
Aðrar rekstrartekjur	**-9.842,1**	**-8.209,8**
Vaxtatekjur og eignatekjur	-8.019,6	-6.537,3
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	-1.822,5	-1.672,5
Sala eigna	**19.200,0**	**19.200,0**
Fjárframlög	**41,2**	**43,7**
Tekjur alls	**15.810,9**	**9.176,1**
Æðsta stjórn ríkisins	269,6	269,6
Forsætisráðuneyti	0,0	0,0
Mennta- og menningamálaráðuneyti	-414,3	-414,3
Utanríkisráðuneyti	1.202,4	1.202,4
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	612,1	612,1
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	461,0	461,0
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	-6.681,2	-6.681,2
Heilbrigðisráðuneyti	221,4	221,4
Fjármálaráðuneyti	1.169,4	1.335,8
Samgöngu- og sveitastjórnaráðuneyti	1.399,0	1.399,0
Iðnaðarráðuneyti	561,1	561,1
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	140,2	140,2
Umhverfisráðuneyti	155,3	155,3
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-24.037,0	-14.589,0
Samtals	**-24.941,0**	**-15.326,6**

Heildarjöfnuður	**40.751,9**	**24.502,7**
Frumjöfnuður	**24.734,5**	**16.451,0**

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2010:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	40.751,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-8.015,7
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-8.117,1
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-116,4
Handbært fé frá rekstri	**24.502,7**
Fjármunahreyfingar	
Veitt lán til Seðlabanka Íslands	31.600,0
Veitt önnur löng lán	-2.000,0
Afborganir veittra lána	75.500,0
Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup	-4.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	0,0
Fjármunahreyfingar samtals	**101.100,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**125.602,7**
Fjármögnun	
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	-80.000,0
Önnur löng lán	10.000,0
Afborganir lána	-100.000,0
Fjármögnun samtals	**-170.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-44.397,3**

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

Sundurliðun 1, **Tekjur A-hluta**, hljóðar svo:

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	-5.100,0	-7.300,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	500,0	1.300,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**-4.600,0**	**-6.000,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	3.800,0	0,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	-1.280,0	-1.140,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	107,3	107,3
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	260,0	560,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**-912,7**	**-472,7**
	Skattar á tekjur og hagnað	**-1.712,7**	**-6.472,7**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	421,2	0,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	1.231,0	0,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**1.652,2**	**0,0**
	Tryggingagjöld	**1.652,2**	**0,0**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	80,8	0,0
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	145,6	0,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**226,4**	**0,0**
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	320,0	-120,0

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	440,0	440,0
4.4.1	Stimpilgjöld	-490,0	-490,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	0,0	0,0
	Eignarskattar	**270,0**	**-170,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	2.200,0	2.600,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	320,0	130,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	250,0	250,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-200,0	-200,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	-220,0	-220,0
5.1.2.1.32	Kolefnisgjald	-130,0	-150,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	60,0	60,0
5.1.2.1.36	Sérstakur skattur af seldri raforku	0,0	-190,0
5.1.2.1.37	Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	20,0	5,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	-140,0	-140,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-99,2	-289,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	-120,0	-120,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	-75,0	-75,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	1.110,0	950,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**2.975,8**	**2.610,9**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	300,0	320,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	-40,0	-80,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	21,0	21,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	0,0	0,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	1.230,0	440,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	1.153,0	1.153,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**2.664,0**	**1.854,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**5.639,8**	**4.464,9**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	-420,0	-420,0
6.1.11	Iðnaðarmálagjald til sérverkefna á árinu 2010	420,0	420,0

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
6.1.15	Markaðsgjald	16,1	0,0
6.1.25	Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	320,0	320,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**336,1**	**320,0**
	Aðrir skattar	**336,1**	**320,0**
	Skatttekjur, samtals	**6.411,8**	**-1.857,8**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-208,0	-208,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.010,0	730,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-4.207,8	-3.211,3
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-4.797,8	-4.032,0
8.3.8.5	Aðrar eignatekjur, ótaldar annars staðar	184,0	184,0
	Aðrar eignatekjur	**-7.811,6**	**-6.329,3**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**-8.019,6**	**-6.537,3**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	-580,0	-430,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	-1.021,5	-1.021,5
9.1.3.35	Ýmislegt	-105,0	-105,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	44,0	44,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**-1.662,5**	**-1.512,5**
	Ýmsar tekjur	**-1.662,5**	**-1.512,5**
10	**Sektir**		
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	-160,0	-160,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**-9.842,1**	**-8.209,8**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	1.500,0	1.500,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa og verðbréfa	17.700,0	17.700,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**19.200,0**	**19.200,0**
	Sala eigna, samtals	**19.200,0**	**19.200,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	6,2	8,7
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	30,0	30,0
	Rekstrarframlög	**36,2**	**38,7**
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	5,0	5,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**41,2**	**43,7**
	Fjárframlög, samtals	**41,2**	**43,7**
	Heildartekjur samtals	**15.810,9**	**9.176,1**

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast, falla brott eða bætast við og hljóða svo:

	m.kr.
00-201 Alþingi	
Almennur rekstur:	
1.03 Fastanefndir	21,7
1.06 Almennur rekstur	5,3
1.07 Sérverkefni	2,0
Almennur rekstur samtals	29,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,0
Gjöld samtals	**37,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,0
00-207 Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008	
Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknarnefnd	94,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	94,4
00-290 Stjórnlagaþing	
Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnlagaþing	127,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,2
00-295 Saksóknari Alþingis	
Almennur rekstur:	
1.01 Saksóknari Alþingis	11,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,0

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 19,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,6

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.59 Verkmenntaskólinn á Akureyri 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.90 Listir 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

Liðurinn **02-971 Ríkisútvarpið** fellur brott.

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis 126,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -88,5

Gjöld umfram tekjur **38,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,0

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa 4,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,1

Liðurinn **03-611 Útflutningsráð Íslands** fellur brott.

04-417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs

Almennur rekstur:
1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs 74,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 74,7

06-309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008

Almennur rekstur:
1.01 Sérstakur saksóknari 433,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 433,0

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis löggæslukostnaður 1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5

06-601 Fasteignaskrá Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignaskrá Íslands . . . . . -740,6

Sértekjur:
Sértekjur 240,0

Gjöld umfram tekjur	**-500,6**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-500,6

06-603 Þjóðskrá Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskrá Íslands	1.040,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-240,3
Gjöld umfram tekjur	**800,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	184,4
Innheimt af ríkistekjum	616,1

06-605 Þjóðskrá

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskrá	-300,2
Sértekjur:	
Sértekjur	0,3
Gjöld umfram tekjur	**-299,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-184,4
Innheimt af ríkistekjum	-115,5

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	-0,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,8

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	-6,2
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	8,4
Almennur rekstur samtals	2,2
Gjöld samtals	2,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,2

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	-1,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,2

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:	
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	-360,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-557,0
Gjöld umfram tekjur	**-917,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-917,0

07-515 Framkvæmdasjóður aldraðra

Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	107,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,1
Innheimt af ríkistekjum	107,3

07-518 Mörk, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	360,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	360,0

07-519 Boðahlein, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	295,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	295,0

07-521 Hrafnista, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-295,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-295,0

07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra- og feðralaun	-20,0
1.15 Umönnunargreiðslur	230,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	-20,0
1.25 Dánarbætur	10,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	-335,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	30,0
1.41 Heimilisuppbót	-280,0
1.51 Frekari uppbætur	-275,0
1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega	-500,0
1.55 Bifreiðakostnaður	-310,0
Almennur rekstur samtals	-1.470,0
Gjöld samtals	**-1.470,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1.470,0

07-827 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:

1.11 Ellilífeyrir	-660,0
1.15 Örorkulífeyrir	-80,0
1.16 Aldurstengd örorkuuppbót	200,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-1.850,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	195,0
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	-60,0
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	-30,0
1.35 Barnalífeyrir	-120,0
Almennur rekstur samtals	-2.405,0
Gjöld samtals	**-2.405,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	-2.405,0

07-983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

Almennur rekstur:

1.11 Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	-12,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	-12,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:

1.11 Atvinnuleysisbætur	-2.530,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	20,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	-62,0
Almennur rekstur samtals	-2.572,0
Gjöld samtals	**-2.572,0**

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	-2.572,0

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:

1.11 Fæðingarorlofssjóður	-265,0

1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	40,0
Almennur rekstur samtals	-225,0
Gjöld samtals	**-225,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0
Innheimt af ríkistekjum	-265,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
1.90 Forvarnasjóður	-2,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-2,1

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-7,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-7,8

09-262 Tollstjórinn

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn	-85,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	85,1
Gjöld samtals	**0,0**

Liðurinn **09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða** fellur brott.

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	-1.487,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1.128,0
Viðskiptahreyfingar . . . . . -359,0

09-971 Ríkisábyrgðir

Stofnkostnaður:
6.01 Ríkisábyrgðir 1.050,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.050,0

09-976 Lánaumsýsla ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.01 Lánaumsýsla ríkissjóðs 16,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,0

09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:
1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll 250,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 250,0

09-989 Ófyrirséð útgjöld

Almennur rekstur:
1.90 Ófyrirséð útgjöld . . . . . -1.926,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1.926,2

10-336 Hafnarframkvæmdir

Stofnkostnaður:
6.72 Landeyjahöfn 340,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 340,5

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.48 Átak til atvinnusköpunar 112,1
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög
iðnaðarráðuneytis 420,0
Almennur rekstur samtals 532,1

Gjöld samtals **532,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 532,1

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.15 Fastanefndir 16,0
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál 112,7
Almennur rekstur samtals 128,7

Gjöld samtals **128,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 128,7

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs . . . . . -24.037,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -14.589,0
Viðskiptahreyfingar . . . . . -9.448,0

356. Frumvarp til laga [302. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar ráðuneyta, sbr. lög nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. ÞÁTTUR

Sameining félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í nýtt velferðarráðuneyti.

1. HLUTI

Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

I. KAFLI

Breyting á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, með síðari breytingum.

1. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 7. mgr. 20. gr., 37. gr., 1. mgr. 39. gr., 40. gr. og 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: ráðherra.

II. KAFLI

Breyting á lögum um orlof húsmæðra, nr. 53/1972.

2. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 9. gr. laganna kemur: Velferðarráðuneytið.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytinu“ í 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

III. KAFLI

Breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

3. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 7. gr., 2. mgr. 14. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 34. gr., 35. gr., 3. mgr. 36. gr., 38. gr., 40. gr., 43. gr., 44. gr., 47. gr., 2. mgr. 48. gr., 1.–3. mgr. 49. gr., 3. mgr. 51. gr., 3. og 5. mgr. 51. gr. a, 5. mgr. 56. gr., 4. mgr. 65. gr., 3. mgr. 65. gr. a, 4. mgr. 66. gr., 6. mgr. 66. gr. a, 2. mgr. 67. gr., 70. gr., 1., 2. og 4. mgr. 74. gr., 1. og 2. mgr. 76. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 77. gr., 4. mgr. 78. gr., 5. mgr. 79. gr., tvívegis í 6. mgr. 82. gr. og 2. mgr. 95. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 73. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.
c. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytis“ í 4. og 5. mgr. 87. gr. og 1. mgr. 98. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 98. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um orlof, nr. 30/1987.

4. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytinu“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: velferðarráðuneytinu.

b. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

V. KAFLI
Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með síðari breytingum.

5. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 5. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 32. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

VI. KAFLI
Breyting á lögum um Félagsmálaskóla alþýðu, nr. 60/1989.

6. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 6. mgr. 3. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytinu“ í 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
e. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 5. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

VII. KAFLI
Breyting á lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, nr. 129/1990.

7. gr.

C- og d-liður 3. gr. laganna verða einn stafliður, svohljóðandi: tveir fulltrúar tilnefndir af velferðarráðherra.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

8. gr.

a. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðuneyti“ í 3. gr. laganna kemur: velferðarráðuneyti.
b. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðuneyti“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
d. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í 1. mgr. 15. gr., 34. gr., 1., 5. og 6. mgr. 65. gr. og 66. gr. laganna kemur: ráðherra.

IX. KAFLI
Breyting á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

9. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 3. gr., 31. gr., 41. gr. og 44. gr. laganna kemur: velferðarráðuneytið.
c. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneyti“ í 1. mgr. 4. gr., 3. tölul. 2. mgr. 6. gr. og 53. gr. laganna kemur: velferðarráðuneyti.

d. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 2. mgr. 4. gr., 5. mgr. 6. gr., 3. og 4. mgr. 9. gr., 2. mgr. 10. gr., 2. og 3. mgr. 12. gr., 3. mgr. 13. gr., tvívegis í 14. gr., 15. gr., 3. mgr. 27. gr., 2. mgr. 51. gr., 55. gr., 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III og 1. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum kemur: ráðherra.
e. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytis“ í 1. tölul. 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 38. gr., 6. tölul. 40. gr., 44. gr. og 45. gr. laganna kemur: velferðarráðuneytis.

X. KAFLI
Breyting á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993.

10. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

XI. KAFLI
Breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum.

11. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 46. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 2. mgr. 46. gr., 2. mgr. 72. gr. og 2. mgr. 90. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytis“ í 9. mgr. 52. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

XII. KAFLI
Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

12. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 7. mgr. 7. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

XIII. KAFLI
Breyting á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

13. gr.

a. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í 4. mgr. 14. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.
b. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í 1., 6. og 7. mgr. 16. gr. a, 5. mgr. 17. gr., 2. mgr. 78. gr., 7. mgr. 80. gr. og 81. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 78. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XIV. KAFLI
Breyting á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum.

14. gr.

a. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðuneyti“ í 5. gr. laganna kemur: velferðarráðuneyti.
b. Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðherra“ í 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
c. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. 73. gr., þrívegis í 1.

mgr. 74. gr., 81. gr., 82. gr., 1. mgr. 84. gr., 8. mgr. 85. gr. og 3. mgr. 86. gr. laganna kemur: ráðherra.

d. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðuneytinu“ í 3. mgr. 80. gr. og 7. mgr. 85. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, nr. 51/1995, með síðari breytingum.

15. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, með síðari breytingum.

16. gr.

a. Í stað orðanna „félagsmála-, heilbrigðis-“ í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: velferðar-.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996.

17. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

18. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. mgr. 9. gr. og 21. gr. laganna kemur: Ráðherra.
d. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 20. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

19. gr.

a. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðuneytis“ í 2. gr., 1. mgr. 30. gr. og 6. mgr. 47. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
c. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr., tvívegis í 7. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., 1. og 2. mgr. 16. gr., 20. gr., 3. mgr. 23. gr., 24. gr., 28. gr., 29. gr., 4. mgr. 30. gr., 2. mgr. 33. gr., 1. og 2. mgr. 34. gr., 3. mgr. 35. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. og 3. mgr. 38. gr., 39. gr., 3. og 4. mgr. 42. gr., 1. mgr. og þrívegis í 2. mgr. 43. gr., 3. mgr. 45. gr., 4., 5. og 8. mgr. 47. gr., 49. gr., 50. gr., 3. og 4. mgr. 52. gr., 1. mgr. 55. gr., 1. mgr. 56. gr., 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV, 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða VIII og ákvæði til bráðabirgða IX í lögunum kemur: ráðherra.

d. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðuneytið“ í 3. og 4. mgr. 34. gr. og 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða VIII í lögunum kemur: ráðuneytið.
e. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðuneytinu“ í 3. mgr. 34. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

XX. KAFLI

Breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög, nr. 153/1998.

20. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytinu“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: velferðarráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

XXI. KAFLI

Breyting á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

21. gr.

a. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í 3. tölul. 2. gr., 1. tölul. 5. gr., 2. mgr. 11. gr., 12. gr., 4. mgr. 15. gr., 1. og 2. mgr. 16. gr. og 3. mgr. 23. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
   Velferðarráðherra fer með yfirstjórn öldrunarmála samkvæmt lögum þessum og með yfirstjórn heilbrigðisþjónustu við aldraða.
c. Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
d. 1. og 2. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi eldri borgara, einn af Öldrunarráði Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður.
e. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðuneytinu“ í 5. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
f. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
g. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðherra.
h. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðuneyti“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

XXII. KAFLI

Breyting á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.

22. gr.

a. Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í 2. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 11. gr., tvívegis í 7. mgr. og 12. mgr. 13. gr., 4. mgr. 15. gr. a, 1. og 3. mgr. 15. gr. b, tvívegis í 5. mgr. 18. gr., tvívegis í 5. mgr. 19. gr. og 35. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXIII. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

23. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytis“ í 8. mgr. 19. gr. laganna kemur: velferðarráðuneytis.

XXIV. KAFLI

Breyting á barnaverndarlögum, nr. 80/2002.

24. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: velferðarráðuneytið.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 2. og 4. mgr. og fyrirsögn 5. gr. og 1. mgr. 79. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1., 2. og 5. mgr. 6. gr., tvívegis í 1. mgr., 2. og 9. mgr. 7. gr., tvívegis í 4. mgr. 11. gr., 4. mgr. 20. gr., 6. mgr. 21. gr., 3. mgr. 66. gr., 4. mgr. 79. gr. og 5. mgr. 84. gr. laganna kemur: ráðherra.
d. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneyti“ í 4. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
e. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í 2. mgr. 79. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
f. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytis“ í 3. mgr. 79. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

XXV. KAFLI

Breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum.

25. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ 3. mgr. 5. gr., 3. mgr. 18. gr., 3. mgr. 20. gr. og tvívegis í 1. mgr. 35. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytis“ í 1. mgr. 34. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 4. mgr. 34. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XXVI. KAFLI

Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

26. gr.

Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr. 106. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

XXVII. KAFLI

Breyting á lögum um húsnæðissamvinnufélög, nr. 66/2003.

27. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytinu“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: velferðarráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 3., 4. og 6. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytinu“ í 5. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 29. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

XXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nr. 83/2003.

28. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 6. málsl. 5. gr., 3. mgr. 6. gr. og 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XXIX. KAFLI

Breyting á lögum um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, með síðari breytingum.

29. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 3. mgr. 16. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 22. gr. og 27. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXX. KAFLI

Breyting á lögum um starfsmannaleigur, nr. 139/2005.

30. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytis“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: velferðarráðuneytis.
b. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

XXXI. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006, með síðari breytingum.

31. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 8. mgr. 8. gr., tvívegis í 10. mgr. 11. gr., 3. mgr. 12. gr., 7. mgr. 14. gr., tvívegis í 3. mgr. 16. gr., 8. mgr. 19. gr., tvívegis í 4. mgr. 20. gr., tvívegis í 4. mgr. 21. gr., tvívegis í 2. mgr. 22. gr., 2. mgr. 30. gr. og 31. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXII. KAFLI

Breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, með síðari breytingum.

32. gr.

a. Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur. Velferðarráðherra.
b. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í 2. og 3. mgr. 5. gr., 1. mgr., þrívegis í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr. og 5. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr., 1. mgr., þrívegis í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr. og 5. mgr. 8. gr., 7. mgr. 9. gr., tvívegis í 1. mgr. og 6. mgr. 11. gr., 6. mgr. 14. gr., 10. mgr. 15. gr., 11. mgr. 19. gr., tvívegis í 3. mgr. 33. gr., tvívegis í 4. mgr. 36. gr., 4. mgr. 39. gr., 6. mgr. 42. gr., 2. mgr. 62. gr., 63. gr. og 64. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006.

33. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1.–3. og 5. mgr. 4. gr., 1., 2. og 5. mgr. 5. gr., 5. málsl. 1. mgr., 2., 3. og 5. mgr. 6. gr., 3. mgr. 12. gr. og 20. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. 1.–3. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Velferðarráðherra skipar sjö manna svæðisbundin vinnumarkaðsráð. Í hvert vinnumarkaðsráð skulu tveir ráðsmanna tilnefndir af samtökum launafólks á hverju svæði og tveir af samtökum atvinnurekenda. Jafnframt skal einn ráðsmanna tilnefndur af sveitarfélögum á hverju svæði, einn tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra og einn skipaður án tilnefningar.

XXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um ættleiðingarstyrki, nr. 152/2006.

34. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 4. gr., 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr. og 9. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXV. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45/2007.

35. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 8. mgr. 7. gr. og 19. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, með síðari breytingum.

36. gr.

Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðherra“ í 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

XXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

37. gr.

a. 2. gr. laganna orðast svo:

Velferðarráðherra fer með lífeyristryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar, sbr. 1. gr., og yfirstjórn Tryggingastofnunar.

Tryggingastofnun annast framkvæmd lífeyristrygginga samkvæmt lögum þessum. Sjúkratryggingastofnunin, sbr. lög um sjúkratryggingar, annast framkvæmd slysatrygginga samkvæmt lögum þessum.

b. Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðherra eða heilbrigðisráðherra eftir atvikum“ í 1. málsl. 70. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Orðið „hlutaðeigandi“ í 2. málsl. 70. gr. laganna fellur brott.

XXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008.

38. gr.

a. Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í 1., 10. og 11. mgr. 4. gr., 1. og 9. mgr. 5. gr., 8. gr., 1. og 2. mgr. 9. gr., 1. mgr., tvívegis í 2. mgr. og 4. mgr. 10. gr., tvívegis í 11. gr., 14. gr., 8. og 9. mgr. 18. gr. og í ákvæðum til bráðabirgða IV og V í lögunum kemur: ráðherra.

XXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, nr. 160/2008.

39. gr.

a. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.
b. 3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

   Ráðherra skipar stofnuninni sex manna samráðsnefnd samkvæmt tilnefningum Blindrafélagsins, Daufblindrafélags Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður samráðsnefndarinnar.

XL. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, nr. 40/2009.

40. gr.

a. Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 3. mgr. 8. gr., tvívegis í 8. mgr. 10. gr., 3. mgr. 11. gr., 3. mgr. 13. gr., tvívegis í 3. mgr. 15. gr., 2. mgr. 17. gr. og 18. gr. laganna kemur: ráðherra.

XLI. KAFLI

Breyting á lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, nr. 50/2009, með síðari breytingum.

41. gr.

Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

XLII. KAFLI

Breyting á lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010.

42. gr.

Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

XLIII. KAFLI

Breyting á lögum um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, nr. 42/2010.

43. gr.

a. Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðuneytið“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: Velferðarráðuneytið.
b. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðuneytis“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðuneytið“ í 3. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
d. Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

XLIV. KAFLI

Breyting á lögum um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010.

44. gr.

Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða II í lögunum kemur: velferðarráðherra.

XLV. KAFLI

Breyting á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010.

45. gr.

Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðherra“ í 1. mgr. 32. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

2. HLUTI

Heilbrigðisráðuneyti.

XLVI. KAFLI

Breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, með síðari breytingum.

46. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

XLVII. KAFLI

Breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974.

47. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

XLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975.

48. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

XLIX. KAFLI

Breyting á lögum um sálfræðinga, nr. 40/1976, með síðari breytingum.

49. gr.

a. Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

L. KAFLI

Breyting á lögum um sjúkraþjálfun, nr. 58/1976, með síðari breytingum.

50. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 13. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

LI. KAFLI

Breyting á lögum um iðjuþjálfun, nr. 75/1977, með síðari breytingum.

51. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 12. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

LII. KAFLI

Breyting á lögum um þroskaþjálfa, nr. 18/1978, með síðari breytingum.

52. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

LIII. KAFLI

Breyting á lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, með síðari breytingum.

53. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

LIV. KAFLI

Breyting á lögum um lífeindafræðinga, nr. 99/1980, með síðari breytingum.

54. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 4. mgr. 2. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

LV. KAFLI

Breyting á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, með síðari breytingum.

55. gr.

a. Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LVI. KAFLI

Breyting á lögum um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum.

56. gr.

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: velferðarráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LVII. KAFLI

Breyting á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.

57. gr.

a. Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

LVIII. KAFLI

Breyting á lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985, með síðari breytingum.

58. gr.

a. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

LIX. KAFLI

Breyting á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985, með síðari breytingum.

59. gr.

a. Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „heilbrigðisráðuneytisins“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: ráðherra.

LX. KAFLI

Breyting á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum.

60. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

LXI. KAFLI

Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

61. gr.

a. Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

LXII. KAFLI

Breyting á lögum um félagsráðgjöf, nr. 95/1990, með síðari breytingum.

62. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

LXIII. KAFLI

Breyting á lögum um ákvörðun dauða, nr. 15/1991.

63. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

LXIV. KAFLI

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

64. gr.

a. Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
d. Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 4. mgr. 47. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXV. KAFLI

Breyting á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum.

65. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 7. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

LXVI. KAFLI

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

66. gr.

a. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra í 2. mgr. 9. gr., 1. mgr. 12. gr., 3. mgr. 14. gr. og 2. og 3. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðherra.

LXVII. KAFLI

Breyting á lögræðislögum, nr. 71/1997.

67. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 5. mgr. 19. gr., 3. mgr. 25. gr., 3. mgr. 26. gr. og 4. mgr. 28. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.

LXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, með síðari breytingum.

68. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðisráðuneytið“ í 4. gr. laganna kemur: Velferðarráðuneytið.

LXIX. KAFLI

Breyting á lögum um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139/1998, með síðari breytingum.

69. gr.

a. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.
b. Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti“ í 7. tölul. 1. mgr. 5. gr. og 9. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið“ í 11. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
d. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

LXX. KAFLI

Breyting á lögum um starfsréttindi tannsmiða, nr. 109/2000.

70. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

LXXI. KAFLI

Breyting á lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, með síðari breytingum.

71. gr.

a. Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 17. gr. og 21. gr. laganna kemur: ráðherra.

LXXII. KAFLI

Breyting á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, með síðari breytingum.

72. gr.

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.
b. Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 7. og 10. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Orðin „félagsmálaráðherra og“ í 2. mgr. 12. gr. laganna falla brott.
d. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

LXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um geislavarnir, nr. 44/2002.

73. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

LXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003, með síðari breytingum.

74. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í h-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

LXXV. KAFLI

Breyting á lögum um Lýðheilsustöð, nr. 18/2003.

75. gr.

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.
b. Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 4. gr., 2. mgr. 5. gr. og 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005.

76. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið“ í 22. gr. laganna kemur: velferðarráðuneytið.

LXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum.

77. gr.

a. Í stað orðanna „Ráðherra heilbrigðismála“ í 2. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Orðin „sem tilnefndur er af félags- og tryggingamálaráðherra“ í 2. mgr. 16. gr. laganna falla brott.
c. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra.

LXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um landlækni, nr. 41/2007, með síðari breytingum.

78. gr.

a. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „heilbrigðisráðuneytið“ í 5. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

LXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um Heyrnar- og talmeinastöð, nr. 42/2007, með síðari breytingum.

79. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.

LXXX. KAFLI

Breyting á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008.

80. gr.

a. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „heilbrigðisráðuneytis“ í 5. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: velferðarráðuneytis.

LXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

81. gr.

a. Í stað orðsins „Heilbrigðisráðherra“ í 2. og 4. gr. laganna kemur: Velferðarráðherra.
b. Í stað orðsins „heilbrigðisráðuneytið“ í 2. mgr. 56. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

II. ÞÁTTUR

Sameining dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í nýtt innanríkisráðuneyti.

3. HLUTI

Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

LXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um landamerki o.fl., nr. 41/1919, með síðari breytingum.

82. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

LXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926, með síðari breytingum.

83. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 1. gr., 1. mgr. 5. gr., 1. og 2. mgr. 18. gr., 24. gr. og 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytinu“ í 1. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. 29. gr. laganna kemur: ráðherra.

LXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi, nr. 50/1928.

84. gr.

Í stað orðanna „Dóms- og kirkjumálaráðuneytið“ í 4. gr. laganna kemur: Innanríkisráðuneytið.

LXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um bókasöfn prestakalla, nr. 17/1931.

85. gr.

Í stað orðsins „kirkjumálaráðuneytið“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.

LXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um utanfararstyrk presta, nr. 18/1931.

86. gr.

Í stað orðanna „Dóms- og kirkjumálaráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðuneytið.

LXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74/1938, með síðari breytingum.

87. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXVIII. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

88. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. tölul. 4. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4., 6., 7. og 9. tölul. 6. gr., tvívegis í 62. gr., 65. gr., 97. gr. og 105. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „Dómsmálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 69. gr. g laganna kemur: Ráðuneytinu.

LXXXIX. KAFLI

Breyting á landskiptalögum, nr. 46/1941, með síðari breytingum.

89. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytisins.

XC. KAFLI

Breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, með síðari breytingum.

90. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytinu“ í 4. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 4. og 5. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.

XCI. KAFLI

Breyting á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum.

91. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

XCII. KAFLI

Breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum.

92. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 2. mgr. 2. gr. a og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytinu“ í 3. gr., 4. gr., 5. tölul. 9. gr. og C-lið 14. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
e. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
f. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 7. gr., 3. tölul. 9. gr., 1. mgr. 10. gr., 1. og 3. mgr. 12. gr., tvívegis í 1. mgr. 13. gr., 4. tölul. B-liðar 14. gr., 1. og 2. mgr. 15. gr. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra.
g. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneyti“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

XCIII. KAFLI

Breyting á lögum um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, nr. 18/1959, með síðari breytingum.

93. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í b-lið 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í d-lið 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

XCIV. KAFLI

Breyting á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7/1962, með síðari breytingum.

94. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 3. tölul. og a-lið 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytinu“ í 1. mgr. 9. gr., 14. gr. og 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 1. og 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
e. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 20. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

XCV. KAFLI

Breyting á erfðalögum, nr. 8/1962, með síðari breytingum.

95. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 3. mgr. 43. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 50. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 50. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
d. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 55. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XCVI. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum.

96. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 3. tölul. 3. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytis.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
d. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 3. mgr. 19. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XCVII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga, nr. 93/1962.

97. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

XCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um landsdóm, nr. 3/1963, með síðari breytingum.

98. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 43. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

XCIX. KAFLI

Breyting á lögum um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69/1963, með síðari breytingum.

99. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 14. gr., 16. gr., 1. mgr. 17. gr., tvívegis í 20. gr., 26. gr. og 27. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „Dómsmálaráðuneytið“ í 26. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

C. KAFLI

Breyting á lögum um hreppstjóra, nr. 32/1965, með síðari breytingum.

100. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. mgr. 7. gr. og 10. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CI. KAFLI

Breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, með síðari breytingum.

101. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.

CII. KAFLI

Breyting á lögum um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, með síðari breytingum.

102. gr.

a. Í stað orðsins „flugmálaráðherra“ í 3. tölul. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „flugmálaráðherra“ tvívegis í 16. gr. og 18. gr. laganna kemur: ráðherra.

CIII. KAFLI

Breyting á lögum um Kristnisjóð o.fl., nr. 35/1970.

103. gr.

Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytinu“ í 23. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytinu.

CIV. KAFLI

Breyting á lögum um getraunir, nr. 59/1972, með síðari breytingum.

104. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðuneytið“ í 5. gr. laganna kemur: Innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytinu“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytinu.

CV. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

105. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 11. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CVI. KAFLI

Breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum.

106. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í b- og d-lið 1. mgr., 2. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 1. gr. og 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CVII. KAFLI

Breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16/1973, með síðari breytingum.

107. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CVIII. KAFLI

Breyting á lögum um norræna vitnaskyldu, nr. 82/1976.

108. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 13. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CIX. KAFLI

Breyting á lögum um opinberar fjársafnanir, nr. 5/1977.

109. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 4. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 6. og 9. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CX. KAFLI

Breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum.

110. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
c. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 3. mgr. 9. gr. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: Ráðherra.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 10. gr., 2. mgr. 14. gr., tvívegis í 4. mgr. og 5. mgr. 52. gr., 53. gr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðuneytið.

CXI. KAFLI

Breyting á lögum um horfna menn, nr. 44/1981, með síðari breytingum.

111. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðuneytið“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: Innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneyti“ í 8. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneyti“ í 4. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CXII. KAFLI

Breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, með síðari breytingum.

112. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 1. og 2. mgr. 13. gr., tvívegis í 2. mgr. 14. gr., 1. og 6. mgr. 20. gr., 1. mgr. 21. gr., 5. mgr. 22. gr. og 4. mgr. 23. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneyti“ í 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
e. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytinu“ í 17. gr., 2. mgr. 19. gr., 3. og 6. mgr. 22. gr. og 2. og 5. mgr. 23. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
f. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneyti“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
g. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 27. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CXIII. KAFLI

Breyting á lögum um talnagetraunir, nr. 26/1986, með síðari breytingum.

113. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXIV. KAFLI

Breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum.

114. gr.

a. Í stað orðsins „kirkjumálaráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytinu“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „Kirkjumálaráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXV. KAFLI

Breyting á lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, með síðari breytingum.

115. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. og 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 4. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CXVI. KAFLI

Breyting á lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988, með síðari breytingum.

116. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytinu“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytinu.

CXVII. KAFLI

Breyting á lögum um lögbókandagerðir, nr. 86/1989.

117. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, með síðari breytingum.

118. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. 4. gr., 1. mgr. 15. gr., 18. gr. og 1. mgr. 33. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXIX. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, með síðari breytingum.

119. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. mgr. 3. gr., 4. gr. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CXX. KAFLI

Breyting á lögum vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, nr. 15/1990.

120. gr.

Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytinu“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytinu.

CXXI. KAFLI

Breyting á lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990.

121. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsl. 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXII. KAFLI

Breyting á lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

122. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. mgr. 3. gr., 2. mgr. 8. gr., 2. og 4. mgr. 9. gr., 132. gr. og 1. mgr. 149. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

123. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

124. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytisins.

CXXV. KAFLI

Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

125. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. 3. gr., 1. og 3. mgr. 4. gr., 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 65. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

126. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 15. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 19. gr. a, 4. mgr. 81. gr., tvívegis í 2. mgr., 3. mgr. og 4. mgr. 125. gr., 1. mgr. 126. gr., 2. mgr. 128. gr. og 1. mgr. 152. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXVII. KAFLI
Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum.

127. gr.

a. Í stað orðanna „Dóms- og kirkjumálaráðuneytið“ í 7. gr. laganna kemur: Innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytið“ í 8. gr., 2. og 3. mgr. 13. gr., 2. og 4. mgr. 17. gr., 1. mgr. 19. gr., 2. mgr. 22. gr., 3. mgr. 24. gr., 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 8. mgr. 42. gr., 2. mgr. 64. gr., 4. mgr. 85. gr., 2. mgr. 115. gr., 2. mgr. 124. gr. og 1. mgr. 133. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneyti“ í 12. gr., 3. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 122. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
d. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytisins“ í 3. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
e. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 3. mgr. 41. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
f. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðherra“ í 1. mgr. 86. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
g. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneyti“ í 2. mgr. 116. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
h. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytis“ í 1. mgr. 132. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CXXVIII. KAFLI
Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum.

128. gr.

a. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytið“ í 1. mgr. 7. gr., 32. gr., 1. mgr. 33. gr. og 1. mgr. 50. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðanna „Dóms- og kirkjumálaráðherra“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
c. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytisins“ í 2. mgr. 14. gr., 15. gr., 3. mgr. 16. gr., 46. gr. og 51. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „Dóms- og kirkjumálaráðherra“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: Ráðherra.
e. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytis“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
f. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneyti“ í 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
g. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytinu“ í 46. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytinu.

CXXIX. KAFLI

Breyting á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

129. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CXXX. KAFLI

Breyting á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993, með síðari breytingum.

130. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 6. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr., 3. mgr. 9. gr., 5. mgr. 22. gr., 2. mgr. 23. gr., 2. mgr. 24. gr., 1. mgr. 25. gr., 26. gr., 1. og 2. mgr. 27. gr., 3. mgr. 32. gr., 34. gr., 1. mgr. 35. gr., 1. og 3. mgr. 38. gr., 1. og 3. mgr. 39. gr., 1. og 2. mgr. 42. gr. og 1. mgr. 45. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytinu“ í 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 17. gr., 2. mgr. 19. gr., 4. mgr. 22. gr., 2. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. mgr. 20. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjumálasjóð, nr. 138/1993.

131. gr.

Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytinu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytinu.

CXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu, nr. 49/1994, með síðari breytingum.

132. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. og 3. mgr. 3. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. og 2. mgr. 7. gr., 11. gr. og 15. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um söfnunarkassa, nr. 73/1994.

133. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr., 2. mgr. 2. gr. og 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um alferðir, nr. 80/1994, með síðari breytingum.

134. gr.

Í stað orðanna „Dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 16. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

135. gr.

Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytis“ í a-lið 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytis.

CXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995.

136. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, með síðari breytingum.

137. gr.

Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 1. mgr. 27. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl., nr. 160/1995.

138. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðuneytið“ í 5. gr. og 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneyti“ í 2. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
e. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 22. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum.

139. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 9. gr., 4. mgr. 11. gr., 1. og 2. mgr. 13. gr., tvívegis í 3. mgr., tvívegis í 5. mgr. og 6. mgr. 14. gr., 16. gr., 17. gr., 2. mgr. 18. gr., 20. gr., 21. gr., 1. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 27. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CXL. KAFLI

Breyting á lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996.

140. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 2. gr., tvívegis í 3. gr. og 1. og 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CXLI. KAFLI

Breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

141. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í b-, c-, h-, i- og j-lið 1. mgr., 3. og 5. mgr. 5. gr., 3. mgr. og a-lið 4. mgr. 7. gr., 2. mgr. 9. gr., 3. mgr. 10. gr., 26. gr., 29. gr. a, 5. mgr. 32. gr., 2. mgr. 34. gr., 2. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 39. gr. og 40. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXLII. KAFLI

Breyting á lögum um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, nr. 23/1997, með síðari breytingum.

142. gr.

Í stað orðanna „Dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CXLIII. KAFLI

Breyting á lögum um helgidagafrið, nr. 32/1997.

143. gr.

Í stað orðanna „Dóms- og kirkjumálaráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CXLIV. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum.

144. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CXLV. KAFLI

Breyting á lögum um öryggisþjónustu, nr. 58/1997, með síðari breytingum.

145. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytis.

CXLVI. KAFLI

Breyting á lögræðislögum, nr. 71/1997, með síðari breytingum.

146. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í e-lið 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytis.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 6. mgr. 14. gr., 1. mgr. 21. gr., 1. og 3. mgr. 22. gr., 3. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 57. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneyti“ í 4. mgr. 16. gr., 3. mgr. 31. gr., 1. mgr. 40. gr., 1. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
e. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 2. og 3. mgr. 19. gr., 1. mgr. 21. gr., 1. mgr. og fyrirsögn 23. gr., 1. málsl. og fyrirsögn 24. gr. og c-lið 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

f. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytinu“ í fyrirsögn 22. gr., 1. mgr. 29. gr. og 6. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
g. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í b-lið 1. mgr. 26. gr., 1. og 2. mgr. 28. gr., 1. mgr. 29. gr., 6. mgr. 31. gr. og 3. mgr. 60. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
h. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 5. mgr. 27. gr., 2. mgr. 43. gr., 4. mgr. 60. gr., 2. mgr. 62. gr., 8. mgr. 63. gr., 6. mgr. 67. gr., 4. mgr. 69. gr., 3. mgr. 70. gr., 2. mgr. 82. gr., 83. gr. og 84. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXLVII. KAFLI

Breyting á lögum um samningsveð, nr. 75/1997.

147. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. mgr. 48. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CXLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum.

148. gr.

a. Í stað orðanna „Dóms- og kirkjumálaráðuneytið“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðanna „Dóms- og kirkjumálaráðuneytið“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „kirkjumálaráðherra“ í 4. mgr. 21. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
d. Í stað orðsins „kirkjumálaráðherra“ í 1. mgr. 52. gr. laganna kemur: ráðherra.
e. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytinu“ tvívegis í 2. mgr. 62. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CXLIX. KAFLI

Breyting á lögum um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, með síðari breytingum.

149. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í d-lið 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CL. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

150. gr.

a. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðuneytið“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðuneytið“ í 8. gr., 1. mgr. 42. gr. og 1. og 2. mgr. 46. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í f-lið 1. mgr. 68. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
e. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins“ í 3. mgr. 93. gr. og 3. mgr. 98. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytisins.

CLI. KAFLI

Breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

151. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðanna „dómsmálaráðherra “ í 1. mgr. 4. gr., 1.–3. mgr. 4. gr. a, 1. og 2. mgr. 8. gr., 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 11. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. tölul. 1. mgr. 14. gr., 1. og 4. mgr. 16. gr., 1. og 2. mgr. 19. gr., 1.–3. mgr. 20. gr., 1. mgr. 21. gr., 2. mgr. 23. gr., 3., 5. og 6. mgr. 28. gr., 2. mgr. 29. gr., 1. mgr. 30. gr., tvívegis í 1. mgr. 31. gr., 1. mgr. 38. gr. og 42. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytinu“ í 7. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CLII. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

152. gr.

2. mgr. 93. gr. laganna fellur brott.

CLIII. KAFLI

Breyting á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

153. gr.

a. Orðin „í samráði við dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 78. gr. laganna falla brott.
b. Í stað orðanna „samgöngu- og dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 78. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Orðin „dómsmála- og“ í 3. mgr. 78. gr. laganna falla brott.
d. Orðin „að höfðu samráði við dómsmálaráðherra“ í 4. mgr. 78. gr. laganna falla brott.

CLIV. KAFLI

Breyting á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

154. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 5. mgr. 5. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CLV. KAFLI

Breyting á lögum um lögmenn, nr. 77/1998, með síðari breytingum.

155. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. mgr. 3. gr., 4. og 5. mgr. 6. gr., 1., 2. og 4. mgr. 7. gr., 1. og 2. mgr. 8. gr., 2. og 4. mgr. 9. gr., 1. og 2. mgr. 10. gr., 3. og 4. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 15. gr., 1. og 2. mgr. 16. gr., 1. mgr. 17. gr., 3. mgr. 23. gr., 3. mgr. 24. gr., 2. og 3. mgr. 25. gr. og 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 6. mgr. 12. gr., 1. mgr. 14. gr. og 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CLVI. KAFLI

Breyting á lögum um vegabréf, nr. 136/1998, með síðari breytingum.

156. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. málsl. 11. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLVII. KAFLI

Breyting á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999.

157. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 18. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999.

158. gr.

a. Í stað orðanna „Dóms- og kirkjumálaráðuneytið“ í 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytinu“ í 1. og 3. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðherra“ í 4. mgr. 4. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
d. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytið“ í 1. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CLIX. KAFLI

Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum.

159. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 9. gr., 1. og 3. mgr. 17. gr., 2. mgr. 20. gr., 1. og 2. mgr. 28. gr., 2. mgr. 30. gr., 2. mgr. 33. gr., 1. og 3. mgr. 34. gr., 2. mgr. 35. gr., 40. gr. og 41. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „Dómsmálaráðuneytið“ í 4. mgr. 16. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytinu“ í 27. og 43. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CLX. KAFLI

Breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16/2000, með síðari breytingum.

160. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í c-lið 11. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 3. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CLXI. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, nr. 17/2000, með síðari breytingum.

161. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CLXII. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

162. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 3. og 4. mgr. 19. gr., 2. mgr. 20. gr., 25. gr., 1. og 2. mgr. 38. gr., 1. mgr. 46. gr., 3. mgr. 47. gr., 1. mgr. 50. gr., 1. mgr. 54. gr., 5. mgr. 58. gr., 1. og 2. mgr. 77. gr., f-lið 1. mgr. 91. gr., 1. mgr. 104. gr., 1. mgr. 111. gr., 112. gr., 1. mgr. 115. gr., 118. gr. og a-lið 123. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytinu“ tvívegis í 2. mgr. 38. gr., 3. mgr. 44. gr., 45. gr., 1. og 3. mgr. 104. gr., 112. gr. og 118. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 43. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CLXIII. KAFLI

Breyting á lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, með síðari breytingum.

163. gr.

Í stað orðanna „Dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 20. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CLXIV. KAFLI

Breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, með síðari breytingum.

164. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 15. gr. og 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CLXV. KAFLI

Breyting á lögum um dómtúlka og skjalaþýðendur, nr. 148/2000, með síðari breytingum.

165. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3.–5. mgr. 3. gr. og 1. og 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 7. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CLXVI. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

166. gr.

a. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytisins.
b. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðuneytis“ í 8. mgr. 19. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins“ í 32. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CLXVII. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, nr. 43/2001, með síðari breytingum.

167. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 10. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, með síðari breytingum.

168. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXIX. KAFLI

Breyting á lögum um erfðaefnisskrá lögreglu, nr. 88/2001.

169. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytinu“ í a-lið 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í c-lið 1. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CLXX. KAFLI

Breyting á lögum um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, nr. 141/2001, með síðari breytingum.

170. gr.

Í stað orðanna „Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Innanríkisráðuneytið.

CLXXI. KAFLI

Breyting á lögum um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002, með síðari breytingum.

171. gr.

Í stað orðanna „Dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CLXXII. KAFLI

Breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.

172. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. og 4. mgr. 3. gr., 1.–4. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 1., 3. og 7. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr., 1. og 3. mgr. 8. gr., 1. og 2. mgr. 10. gr., 10. gr. a, a-lið 1. mgr. 11. gr., 6. mgr. 12. gr. d, 7. mgr. 15. gr., 3. mgr. 17. gr., 4. mgr. 18. gr., 3. mgr. 20. gr., 2. og 3. mgr. 23. gr., 2. mgr. 26. gr., 1. og 6. mgr. 29. gr., 1. mgr. 33. gr., 3. mgr. 36. gr., 5. mgr. 37. gr., 38. gr., 5. mgr. 39. gr., 2. mgr. 40. gr., 4. mgr. 42. gr.,

6. og 7. mgr. 46. gr., 2. og 4. mgr. 48. gr., 1. og 6. mgr. 51. gr. a, 2. mgr. 52. gr., 2. mgr. 53. gr., 1. og 2. mgr. 54. gr., 2. mgr. 55. gr. og 58. gr. laganna kemur: ráðherra.

c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CLXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum.

173. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. mgr. 20. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CLXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, nr. 43/2003, með síðari breytingum.

174. gr.

a. Í stað orðanna „dómsmálaráðuneyti, samgönguráðuneyti“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneyti.

b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CLXXV. KAFLI

Breyting á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.

175. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Innanríkisráðuneytið.

b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

c. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. mgr. 33. gr., 4. mgr. 76. gr., 1. og 2. mgr. 78. gr., 79. gr. og 4. mgr. 81. gr. laganna kemur: ráðherra.

d. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 4. mgr. 52. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

e. Í stað orðsins „Dómsmálaráðuneytið“ í 5. mgr. 57. gr., 3. mgr. 60. gr. og 4. mgr. 69. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CLXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

176. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 3. tölul. A-liðar 30. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytisins.

CLXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, með síðari breytingum.

177. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 5. mgr. 4. gr. og 1. málsl. 6. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CLXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, með síðari breytingum.

178. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 3. gr., 5. gr., 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 6. gr. og 1. og 3. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Innanríkisráðuneytið.

CLXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um happdrætti, nr. 38/2005, með síðari breytingum.

179. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytis.
b. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneyti“ í 10. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CLXXX. KAFLI

Breyting á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005.

180. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneytisins“ í 6. mgr. 36. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 61. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 70. gr., 1. mgr. 74. gr., 1. mgr. 78. gr. og 1. mgr. 80. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, með síðari breytingum.

181. gr.

Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CLXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005, með síðari breytingum.

182. gr.

Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CLXXXIII. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

183. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 42. gr., 2. mgr. 151. gr., 153. gr. og 6. mgr. 185. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CLXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 52/2006.

184. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CLXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, nr. 53/2006.

185. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsl. 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

186. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 19. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CLXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006, með síðari breytingum.

187. gr.

Í stað orðanna „Dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CLXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, nr. 162/2006, með síðari breytingum.

188. gr.

a. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðuneytis“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytis.
b. Í stað orðanna „Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytis.

CLXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, nr. 56/2007, með síðari breytingum.

189. gr.

Í stað orðanna „Dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CXC. KAFLI

Breyting á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

190. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CXCI. KAFLI

Breyting á varnarmálalögum, nr. 34/2008, með síðari breytingum.

191. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti“ í 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: og tveimur af innanríkisráðherra.

CXCII. KAFLI

Breyting á lögum um samræmda neyðarsvörun, nr. 40/2008.

192. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 6. gr. og 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CXCIII. KAFLI

Breyting á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, með síðari breytingum.

193. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðanna „dómsmálaráðherra, samgönguráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
c. 2. og 3. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna verður einn töluliður, svohljóðandi: Ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytisins, ríkislögreglustjóri, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands, flugmálastjóri, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, siglingamálastjóri og vegamálastjóri.
d. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 5. gr., 6. gr., 2. mgr. 8. gr., 3. mgr. 9. gr., 2. og 4. mgr. 12. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 19. gr., 22. gr., 1. mgr. 25. gr., 1. mgr. 29. gr. og 1.–4. mgr. 34. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXCIV. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum.

194. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 19. gr., 1. mgr. 20. gr., 2. mgr. 21. gr., 1. mgr. 22. gr., tvívegis í 1. mgr. 26. gr., 2. mgr. 28. gr., 67. gr., 89. gr., 4. mgr. 93. gr., 2. og 4. mgr. 99. gr., 1. mgr. 148. gr., 1. mgr. 149. gr., 1. mgr. 150. gr., 1. mgr. 151. gr., 226. gr. og ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum kemur: ráðherra.

CXCV. KAFLI

Breyting á lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum.

195. gr.

a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. og 6. málsl. 1. mgr. 2. gr. og 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXCVI. KAFLI

Breyting á lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, nr. 142/2008.

196. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CXCVII. KAFLI

Breyting á lögum um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun), nr. 12/2010.

197. gr.

a. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðuneyti“ í d-lið 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneyti.
b. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðuneytið“ í 2. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CXCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 262007, nr. 47/2010.

198. gr.

Í stað orðanna „Dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CXCIX. KAFLI

Breyting á lögum um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands, nr. 77/2010.

199. gr.

Í stað orðanna „Dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CC. KAFLI

Breyting á lögum um stjórnlagaþing, nr. 90/2010, með síðari breytingum.

200. gr.

a. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 3. mgr. 5. gr. og 7. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 4. mgr. 5. gr., 2. mgr. 8. gr., 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
d. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 1. mgr. 15. gr. a laganna kemur: ráðherra.

CCI. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010.

201. gr.

a. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðuneytið“ í 4. mgr. 3. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 8. gr., 2. og 3. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðanna „Dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 5. mgr. 3. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
c. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

4. HLUTI

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

CCII. KAFLI

Breyting á lögum um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56/1932.

202. gr.

a. Í stað orðanna „atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðanna „Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CCIII. KAFLI

Breyting á lögum um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum, nr. 50/1961.

203. gr.

Í stað orðsins „Samgöngumálaráðuneytið“ í 6. gr. laganna kemur: Innanríkisráðuneytið.

CCIV. KAFLI

Breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

204. gr.

a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðuneytinu“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CCV. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, nr. 7/1975.

205. gr.

Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CCVI. KAFLI

Breyting á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

206. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. málsl. 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. 6. gr., 1. mgr. 9. gr., 1. og 3. mgr. 19. gr., 214. gr., tvívegis í 232. gr., tvívegis í 3. mgr. 238. gr. a og 243. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 151. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „Samgönguráðuneyti“ í 3. mgr. 227. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
e. Í stað orðsins „samgönguráðuneytinu“ í 2. mgr. 238. gr. a laganna kemur: ráðuneytinu.
f. Í stað orðsins „samgönguráðuneyti“ í 242. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CCVII. KAFLI

Breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985, með síðari breytingum.

207. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 2. og 5. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 74. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 6. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr., 2. mgr. 38. gr., 3. mgr. 41. gr., 56. gr., 3. mgr. 57. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 62. gr., 5. mgr. 64. gr., 69. gr., tvívegis í 1. mgr. 72. gr., 3. mgr. 77. gr. og 3. mgr. 85. gr. laganna kemur: ráðherra.
d. Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 2. mgr. 74. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
e. Í stað orðsins „samgönguráðuneytinu“ í 2. mgr. 77. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

208. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í h-lið 1. mgr. 1. gr. a laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCIX. KAFLI

Breyting á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

209. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. málsl. 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. málsl. 4. mgr. og 5. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCX. KAFLI

Breyting á lögum um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, nr. 45/1990.

210. gr.

a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXI. KAFLI

Breyting á lögum um Slysavarnaskóla sjómanna, nr. 33/1991.

211. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 5. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCXII. KAFLI

Breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum.

212. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 2. málsl. 5. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytisins.

CCXIII. KAFLI

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

213. gr.

a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 15. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 16. og 18. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 16. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXIV. KAFLI

Breyting á lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, nr. 53/1995, með síðari breytingum.

214. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXV. KAFLI

Breyting á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

215. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 2.–4. mgr. 3. gr., 3. mgr. 3. gr. a, 4. gr., 1. tölul. 1. mgr. 5. gr., 6. gr. og 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXVI. KAFLI

Breyting á lögum um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 14/1996.

216. gr.

Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CCXVII. KAFLI

Breyting á lögum um köfun, nr. 31/1996.

217. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

218. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.

CCXIX. KAFLI

Breyting á lögum um sjóvarnir, nr. 28/1997.

219. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðuneytis“ í 9. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXX. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum.

220. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXXI. KAFLI

Breyting á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

221. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 21. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.

CCXXII. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

222. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðuneytið“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3. mgr. 73. gr. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „Samgönguráðuneytið“ í 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: Ráðuneytið.

CCXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

223. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

224. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 6. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXXV. KAFLI

Breyting á lögum um vitamál, nr. 132/1999.

225. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytisins.

CCXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum.

226. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 6. gr., 8. gr. og 10. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum.

227. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 3. gr., 4. og 6. mgr. 5. gr., 1. og 3. mgr. 14. gr., 2. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000.

228. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 39. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, með síðari breytingum.

229. gr.

Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. gr., 1. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CCXXX. KAFLI

Breyting á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum.

230. gr.

a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 13. tölul. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 4. mgr. 7. gr., 13. gr. og 1. og 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 134/2001.

231. gr.

a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ tvívegis í 4. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr., 1. mgr. 8. gr., 3. mgr. 9. gr. og 13. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, með síðari breytingum.

232. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 6. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um póstþjónustu, nr. 19/2002, með síðari breytingum.

233. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 4. mgr. 6. gr., 3. mgr. 12. gr., 2. mgr. 18. gr., 5. mgr. 27. gr., 3. mgr. 28. gr., 29. gr., 2. mgr. 33. gr., 34. gr., 35. gr. og 54. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um skipamælingar, nr. 146/2002.

234. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

235. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í j-lið 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, með síðari breytingum.

236. gr.

a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 11. gr., 2. og 3. mgr. 16. gr., 24. gr., 3. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 32. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „samgönguráðuneyti“ í 3. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 32. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CCXXXVII. KAFLI

Breyting á hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum.

237. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 6. gr., 3. mgr. 18. gr., 3. mgr. 24. gr., 1. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, með síðari breytingum.

238. gr.

a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 2. gr., 5. tölul. 1. mgr. 3. gr., 10. mgr. 5. gr., 1. og 6. mgr. 13. gr., 12. mgr. 14. gr. og 16. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.

239. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3., 6. og 7. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 11. gr., 2. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 3. mgr. 18. gr., 3. mgr. 20. gr., 3. og 7. mgr. 22. gr., 1. og 2. mgr. 23. gr., 5. mgr. 32. gr., 3. mgr. 34. gr., 2. mgr. 35. gr., 4. mgr. 38. gr., 59. gr., 1. mgr. 63. gr., 3. mgr. 66. gr., 67. gr., 5. mgr. 68. gr., 70. gr., 1. og 2. mgr. 72. gr. og 75. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í a-lið 4. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXL. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, með síðari breytingum.

240. gr.

a. Orðin „undir yfirstjórn samgönguráðherra“ í 5. mgr. 4. gr. laganna falla brott.
b. Orðið „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

CCXLI. KAFLI

Breyting á lögum um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, með síðari breytingum.

241. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ tvívegis í 3. mgr. 3. gr., tvívegis í 4. gr., 3. mgr. 7. gr., 5. mgr. 8. gr., 3. mgr. 10. gr., 2. mgr. 23. gr. og 24. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLII. KAFLI

Breyting á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, með síðari breytingum.

242. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 5. mgr. 4. gr., 6. mgr. 5. gr., 1. mgr. 10. gr., 12. gr. og 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLIII. KAFLI

Breyting á lögum um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum.

243. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCXLIV. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa, nr. 24/2005.

244. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 15. gr. og 16. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLV. KAFLI

Breyting á lögum um fjarskiptasjóð, nr. 132/2005.

245. gr.

a. Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
c. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. og 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLVI. KAFLI

Breyting á lögum um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006.

246. gr.

a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 5. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „samgönguráðuneytis“ í 10. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXLVII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, nr. 102/2006.

247. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 3. gr., 1. og 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 150/2006, með síðari breytingum.

248. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum kemur: innanríkisráðherra.

CCXLIX. KAFLI

Breyting á lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum.

249. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCL. KAFLI

Breyting á lögum um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, nr. 176/2006.

250. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCLI. KAFLI

Breyting á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, með síðari breytingum.

251. gr.

a. Í stað orðanna „samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. Í stað orðanna „samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra“ í 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 3. mgr. 7. gr. a, d-lið 4. mgr. 8. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðanna „samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins“ í 17. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCLII. KAFLI

Breyting á lögum um íslenska alþjóðlega skipaskrá, nr. 38/2007.

252. gr.

Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

CCLIII. KAFLI

Breyting á vegalögum, nr. 80/2007.

253. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLIV. KAFLI

Breyting á lögum um samgönguáætlun, nr. 33/2008, með síðari breytingum.

254. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í c-lið 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ tvívegis í 6. mgr. 2. gr., 1. mgr. og tvívegis í 5. mgr. 3. gr. og tvívegis í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
d. Í stað orðsins „samgönguráðuneytið“ í 3. mgr. 3. gr. og tvívegis í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCLV. KAFLI

Breyting á lögum um Landeyjahöfn, nr. 66/2008.

255. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. og 1.–3. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLVI. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl., nr. 76/2008.

256. gr.

a. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 6. gr., 1. og 3. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLVII. KAFLI

Breyting á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008.

257. gr.

a. 3. máls. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Auk þess tilnefnir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa.
b. Orðin „að höfðu samráði við samgönguráðherra“ í 1. mgr. 34. gr. laganna falla brott.

CCLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar, nr. 153/2009.

258. gr.

Í stað orðanna „samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.

CCLIX. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir, nr. 97/2010.

259. gr.

a. Í stað orðanna „Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.
b. Í stað orðanna „samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. og 1. og 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLX. KAFLI

Gildistaka.

260. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum, nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum, samþykkti Alþingi sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í nýtt velferðarráðuneyti og sameiningu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis í nýtt innanríkisráðuneyti. Frumvarp þetta er bein afleiðing af framangreindum lögum.

Frumvarp þetta er samið í forsætisráðuneytinu með aðstoð skjaladeildar nefndasviðs Alþingis. Við vinnslu frumvarpsins var það sent til þeirra fagráðuneyta sem frumvarpið snertir, þ.e. félags- og tryggingamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Þá var einnig leitað álits nefndasviðs Alþingis á þeirri hugmyndafræði sem frumvarpið byggist á.

Í frumvarpinu er farin sú leið að tilgreina viðkomandi fagráðherra einu sinni í hverjum lögum en vísa svo til ráðherra. Ef vísað er til annarra ráðherra í viðkomandi lögum er fagheiti þeirra notað. Þannig á ekki að verða misskilningur þótt sá ráðherra sem fer með yfirstjórn viðkomandi málefnis sé einungis tilgreindur einu sinni með fagheiti.

Mjög mismunandi er hversu oft vísað er til þess fagráðherra sem fer með yfirstjórn viðkomandi málefnasviðs í lögum. Í sumum tilvikum er vísað margoft innan sömu greinar eða málsgreinar í fagheiti hans. Í öðrum tilvikum má sjá að ráðuneyti hafa í frumvarpsgerð sinni markað sér fyrrgreinda stefnu um að tilgreina fagheiti ráðherra einu sinni en vísa svo til hans sem ráðherra.

Við vinnslu frumvarpsins var eftirfarandi haft að leiðarljósi:

a. Ef skilgreiningar- eða yfirstjórnunarákvæði er í lögunum er fagheiti ráðherra eða ráðuneytis tilgreint þar en annars staðar vísað til ráðherra eða ráðuneytis. Ef fagheiti ráðherra er tilgreint í slíku ákvæði er alls staðar vísað til ráðuneytis en ekki fagráðuneytis, hvar sem það kemur fyrst fyrir í lögunum. Dæmi um þetta er í lögum, nr. 44/1998, um húsnæðismál, sbr. 19. gr. frumvarpsins.
b. Ef fagheiti ráðuneytis kemur fyrir í lögunum áður en fagheiti ráðherra er tilgreint og ekki er skilgreiningar- eða yfirstjórnunarákvæði í lögunum, er nafni ráðuneytis breytt í hið nýja fagheiti. Sem dæmi má nefna lög, nr. 53/1972, um orlof húsmæðra, þar sem einungis ráðuneytið er nefnt, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og lög nr. 30/1987, um orlof, þar sem fagráðuneyti er nefnt á undan ráðherra, sbr. 4. gr. frumvarpsins.
c. Ef ekki er um skilgreiningar- eða yfirstjórnunarákvæði að ræða og ráðherra er tilgreindur á undan ráðuneyti í lögunum er fagheiti viðkomandi ráðherra látið halda sér þar sem það kemur fyrst fram í lögunum. Annars staðar er þá vísað til ráðherra og ráðuneytis.
d. Ef um er að ræða löggjöf á málefnasviði annars ráðherra er ávallt vísað til annarra ráðherra eða ráðuneyta með fagheiti, sbr. t.d. lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í tvo þætti og skiptist hvor þáttur í tvo hluta sem síðan greinast í kafla. Í I. þætti frumvarpsins er að finna breytingar er varða nýtt velferðarráðuneyti. Fyrsti hluti þess þáttar hefur að geyma löggjöf sem heyrir til málefnasviðs félags- og tryggingamálaráðherra en í öðrum hluta þáttarins er fjallað um löggjöf á málefnasviði heilbrigðisráðherra. Í II. þætti frumvarpsins er að finna breytingar er varða nýtt innanríkisráðuneyti. Fyrsti hluti þess þáttar hefur að geyma löggjöf sem tilheyrir málefnasviði dómsmála- og mannréttindaráðherra en í öðrum hluta þess er fjallað um löggjöf á málefnasviði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Frumvarpið er svo kaflaskipt eftir þeim lögum sem breyta á. Er þessi skipting gerð til að auka á skýrleika frumvarpsins og auðvelda yfirferð þess. Í einhverjum tilvikum er sömu lögum breytt í tveimur greinum frumvarpsins. Helgast það af því að mismunandi ráðherrar eru tilgreindir í lögunum. Verður því að lesa þær greinar samhliða. Alla jafna eru þær greinar frumvarpsins skýrðar sérstaklega. Rétt er að taka fram að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu miðast við núgildandi lög en ekki frumvörp til breytinga á sömu lögum sem kunna að vera í meðferð Alþingis.

Í frumvarpinu felast ekki efnislegar breytingar á málefnasviðum viðkomandi ráðherra og breyta ekki þeim hlutverkum sem ráðherrum eru falin í þeim lögum sem með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á. Í einstaka tilvikum er þó þörf á að breyta orðalagi þar sem málefnasviði hefur fram til þessa verið skipt milli þeirra ráðuneyta sem nú sameinast, sbr. t.d. 21. gr. frumvarpsins. Eins hefur þurft að breyta ákvæðum þar sem viðkomandi fagráðherrar hafa átt hvorn sinn fulltrúa í nefndum sem skipaðar eru á grundvelli laga, sbr. t.d. 21. gr.

frumvarpsins, eða kveðið er á um samráð við ráðherra yfir málefnasviði sem fellur undir sameinað ráðuneyti.

Greinar frumvarpsins þarfnast almennt ekki skýringa enda er ekki ætlunin að breyta ákvæðum viðkomandi laga efnislega. Þó er rétt að gera grein fyrir einstaka greinum sérstaklega.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 9. gr.

Greinin felur í sér breytingar á ákvæðum laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Fyrirhugað er að málefni fatlaðs fólks flytjist frá ríki til sveitarfélaga nú um áramótin. Í þessari grein er ekki tekið tillit til þeirra breytinga sem kunna að verða gerðar á lögunum vegna þessarar tilfærslu verkefna, sbr. þskj. 298 – 256. mál, sem nú er til meðferðar á Alþingi. Við meðferð frumvarpsins verður að taka sérstakt tillit til þessa.

Um 19. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til breytinga á þessum lögum, sbr. þskj. 107 – 100. mál. Við yfirferð frumvarpsins er rétt að taka tillit til þeirra breytinga sem það frumvarp kveður á um hafi það áhrif á 19. gr. þessa frumvarps.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999. Í þessum lögum er dæmi um málaflokk sem hefur verið skipt milli tveggja ráðherra. Fram til þessa hafa öldrunarmál verið undir yfirstjórn félags- og tryggingamálaráðherra en heilbrigðisþjónusta við aldraða undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Verður því að gera efnisbreytingar á texta laganna til samræmis við fyrirhugaða sameiningu ráðuneytanna í velferðarráðuneyti.

Um 22., 32. og 40. gr.

Í greinunum eru lagðar til breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, og lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, nr. 40/2009. Í tilvitnuðum lögum er að finna sambærileg ákvæði er heimila félags- og tryggingamálaráðherra að breyta greiðslufjárhæðum til hlutaðeigandi, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, sbr. 7. mgr. 13. gr. laga, nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, 3. mgr. 33. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og 8. mgr. 10. gr. laga nr. 40/2009, um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar. Rétt er að ítreka að þótt fagheiti ráðherra sé hér tekið úr ákvæðunum er ekki ætlunin að breyta efnislegri merkingu þeirra enda eru aðrir ráðherra tilgreindir með fagheiti sínu.

Um 24. gr.

Í greininni er mælt fyrir um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002. Breytingarnar miðast við núgildandi lög. Fyrir þinginu liggur aftur á móti frumvarp félags- og tryggingamálaráðherra um breytingar á lögunum, sbr. þskj. 57 – 56. mál. Í gildistökuákvæði þess frumvarps segir að lögin skuli þegar öðlast gildi, sbr. 52. gr. frumvarpsins. Ekki er hægt að vita með vissu hvort þinglegri meðferð þess frumvarps lýkur og er því rétt að þær breytingar sem þetta frumvarp kveður á um taki mið af gildandi lögum. Við meðferð frumvarps til breytinga

á barnaverndarlögum verður því að taka sérstakt tillit til nýs heiti þess ráðherra og ráðuneytis sem fer með málefnasvið barnaverndar.

Um 33. gr.

Í greininni er mælt fyrir um breytingu á lögum, nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir. Í 6. gr. laganna er kveðið á um skipan sjö manna svæðisbundinna vinnumarkaðsráða. Samkvæmt greininni skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilnefna einn fulltrúa. Ekki er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra tilnefni fulltrúa. Með frumvarpinu er ákvæðinu breytt á þann hátt að einn fulltrúi verði skipaður án tilnefningar. Þá mun velferðarráðherra skipa formann og varaformann vinnumarkaðsráðs en nú er það hlutverk félagsmálaráðherra.

Um 37. gr.

Með ákvæðinu eru lagðar til breytingar á lögum, nr. 100/2007, um almannatryggingar. Samkvæmt núgildandi lögum fer félags- og tryggingamálaráðherra með lífeyristryggingar og yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins en heilbrigðisráðherra með slysa- og sjúkratryggingar. Með greininni eru gerðar orðalagsbreytingar þar sem velferðarráðherra mun frá 1. janúar fara með yfirstjórn allra þessara málaflokka. Í b-lið greinarinnar eru gerðar breytingar á 70. gr. laganna af sömu ástæðum.

Um 39. gr.

Með greininni eru gerðar breytingar á skipun samráðsnefndar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Samkvæmt núgildandi lögum skal heilbrigðisráðuneyti tilnefna einn fulltrúa og félags- og tryggingamálaráðherra skipa einn fulltrúa án tilnefningar sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar. Í greininni er lagt til að velferðarráðherra skipi nú tvo fulltrúa í nefndina án tilnefningar og að annar þeirra skuli gegna formennsku.

Um 56. gr.

Í greininni er mælt fyrir breytingum á lögum um sjúkraliða, nr. 58/1984. Ekki er um efnisbreytingu að ræða en samkvæmt ábendingu heilbrigðisráðuneytisins er lagt til að í stað „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis“ í 1. mgr. 2. gr. laganna komi: ráðherra.

Um 75. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð. Breytingarnar miðast við núgildandi lög. Fyrir þinginu liggur aftur á móti frumvarp heilbrigðisráðherra um brottfall þeirra laga, sbr. þskj. 207 – 190. mál. Í gildistökuákvæði þess frumvarps segir að lögin skuli öðlast gildi 1. janúar 2011, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Ekki er hægt að vita með vissu hvort þinglegri meðferð þess frumvarps lýkur og er því rétt að þær breytingar sem þetta frumvarp kveður á um taki mið af gildandi lögum.

Um 78. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum nr. 41/2007, um landlækni. Breytingarnar miðast við núgildandi lög. Fyrir þinginu liggur aftur á móti frumvarp heilbrigðisráðherra um breytingar á lögunum, sbr. þskj. 207 – 190. mál. Í gildistökuákvæði þess frumvarps segir að lögin skuli öðlast 1. janúar 2011, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Ekki er hægt að vita með vissu hvort þinglegri meðferð þess frumvarps lýkur og er því rétt að þær breytingar sem þetta frum-

varp kveður á um taki mið af gildandi lögum. Við meðferð frumvarps til breytinga á lögum um landlækni verður því að taka sérstakt tillit til nýs heiti ráðherra og ráðuneytis.

Um 88. gr.

Með ákvæðinu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Fyrir Alþingi liggur frumvarp dómsmála- og mannréttindaráðherra um breytingar á þeim lögum, sbr. þskj. 103 – 97. mál. Rétt er að taka tillit til þess hafi það áhrif á þær breytingar sem frumvarp þetta kveður á um.

Um 98. gr.

Með ákvæðinu eru lagðar til breytingar á lögum um landsdóm, nr. 3/1963. Fyrir Alþingi liggur frumvarp dómsmála- og mannréttindaráðherra um breytingar á þeim lögum, sbr. þskj. 278 – 247. mál. Rétt er að taka tillit til þess hafi það áhrif á þær breytingar sem frumvarp þetta kveður á um.

Um 123. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum, nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Fyrir Alþingi liggur frumvarp dómsmála- og mannréttindaráðherra um breytingar á þeim lögum, sbr. þskj. 116 – 108. mál. Rétt er að taka tillit til þess hafi það áhrif á þær breytingar sem frumvarp þetta kveður á um.

Um 146. gr.

Í greininni er mælt fyrir um breytingar á lögræðislögum, nr. 71/1997. Lögin heyra undir dómsmála- og mannréttindaráðherra. Til að auka skýrleika þykir þó rétt að vísa til fagheitis ráðuneytis þar sem heilbrigðisráðherra hefur einnig hlutverki að gegna samkvæmt lögunum.

Um 151. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar á lögum um dómstóla, nr. 15/1998. Fyrir Alþingi liggur frumvarp dómsmála- og mannréttindaráðherra um breytingar á þeim lögum, sbr. þskj. 277 – 246. mál. Rétt er að taka tillit til þess hafi það áhrif á þær breytingar sem frumvarp þetta kveður á um.

Um 152. og 222. gr.

Með greinunum eru lagðar til breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998. Samkvæmt lögunum er það samgönguráðuneytið sem fer með málefni sveitarfélaga. Í 222. gr. frumvarpsins er kveðið á um nafnbreytingu fagráðuneytis í innanríkisráðuneyti og er því ekki um efnisbreytingu að ræða. Í 152. gr. frumvarpsins er lagt til að 2. mgr. 93. gr. laganna falli brott. Í því ákvæði laganna er kveðið á um að ef sveitarfélög sem eru í umdæmi tveggja eða fleiri sýslumanna skuli samgönguráðuneytið leita umsagnar dómsmálaráðuneytisins áður en ákvörðun um sameiningu er tekin. Ljóst er að eftir 1. janúar hefur ákvæðið takmarkaða efnislega þýðingu enda um sama ráðuneyti að ræða. Er því lagt til að ákvæðið falli brott.

Um 153. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 78. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998. Um er að ræða ákvæði í lögum sem felur m.a. í sér skyldu ráðherra að leita samráðs dómsmálaráðherra. Eftir

1. janúar 2011 verður um sama ráðherra að ræða og því eðlilegt að gera breytingar á þessu ákvæði laganna.

Um 168. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingu á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001. Lagt er til að vísað sé til ráðherra í stað innanríkisráðherra þar sem lögin heyra nú undir innanríkisráðherra, sbr. 229. gr. frumvarpsins. Þar er einnig mælt fyrir um breytingu á sömu lögum en framkvæmd laganna heyrir undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Um 177. og 240. gr.

Í greinunum er mælt fyrir um breytingar á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Lögin heyra undir umhverfisráðherra. Í 1. mgr. 6. gr. laganna eru umhverfisráðherra veittar heimildir til reglugerðarsetningar að höfðu samráði við aðra fagráðherra. Í greininni er m.a. vísað til dómsmálaráðherra og samgönguráðherra. Breytingarnar sem lagðar eru til í þessum tveimur greinum fela í sér að í stað þessara ráðherra komi innanríkisráðherra.

Um 178. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum, nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Í 1. mgr. 6. gr. laganna má finna ákveðið yfirstjórnunarákvæði sem kveður á um að dómsmálaráðuneytið gefi út framangreind blöð. Í frumvarpsgreininni er því lagt til að einungis verði vísað í því ákvæði til fagheitis ráðuneytis og ekki verði vísað í fagheiti ráðherra.

Um 191. gr.

Með ákvæðinu eru lagðar til breytingar á varnarmálalögum, nr. 34/2008. Í b-lið greinarinnar er lagt til að í stað þess að dómsmála- og mannréttindaráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti tilnefni einn fulltrúa hvort í verkefnastjórn, sem ber ábyrgð á daglegum rekstri Varnarmálastofnunar og verkefnum samkvæmt lögunum, tilnefni innanríkisráðuneytið tvo fulltrúa.

Um 193. og 257. gr.

Með greinunum eru lagðar til breytingar á lögum, nr. 82/2008, um almannavarnir. Með breytingunum er gert ráð fyrir að fagheiti innanríkisráðherra verði tilgreint í 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna en um er að ræða eins konar yfirstjórnunarákvæði. Í c-lið greinarinnar eru sameinaðir 2. og 3. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna þar sem tilgreindir eru fulltrúar sem tilheyra málefnasviðum dómsmálaráðherra og samgönguráðherra. Lagt er til að í stað þessara töluliða komi einn töluliður sem tilgreini sömu fulltrúa sem munu vera á málefnasviði innanríkisráðherra. Í síðari greininni eru tekin út tilnefningar- og samráðsákvæði er varða samgönguráðherra.

Um 239. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingar á sömu lögum, sbr. þskj. 149 – 136. mál. Rétt er að árétta að í þessu frumvarpi er miðað við gildandi lög en ekki framangreint breytingafrumvarp.

Um 247. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum, nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands. Er um orðalagsbreytingar að ræða í samræmi við sameiningu ráðuneyta 1. janúar 2011. Rétt þykir, þar sem fjármálaráðherra fer með hlut ríkisins í félaginu skv. 2. gr. laganna, að taka af allan vafa að þegar vísað er til ráðherra í lögunum er átt við innanríkisráðherra.

Um 256. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um breytingar á lögum, nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða. Til skýrleika er rétt, þar sem fjármálaráðherra fer með hlut ríkisins í félaginu og framkvæmd laganna, að frátöldu hlutverki utanríkisráðherra, að taka af allan vafa að þegar vísað er til ráðherra í lögunum er átt við innanríkisráðherra.

Um 259. gr.

Í greininni er mælt fyrir um breytingar á lögum, nr. 97/2010, um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir. Í 4. mgr. 1. gr. laganna er fjármálaráðherra falið að fara með hlut ríkisins í félaginu. Rétt þykir að taka sérstaklega fram að þegar vísað er til ráðherra í lögunum er átt við innanríkisráðherra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna laga nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á heitum ráðherra og ráðuneyta í ýmsum lögum til samræmis við lög nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, sem mæla fyrir um stofnun innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis en brottfall dómsmála- og mannréttindaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.

357. Frumvarp til laga [303. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (reglugerðarheimild).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

68. gr. laganna orðast svo:

Í reglugerð, sem efnahags- og viðskiptaráðherra setur, skal kveðið á um gjöld samkvæmt lögum þessum og þóknun fyrir þá þjónustu sem Einkaleyfastofan veitir.

Gjöld, þar á meðal umsóknar- og árgjöld, skulu standa undir kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna einkaleyfa og við þjónustu sem veitt er, m.a. fyrir landsbundnar, evrópskar og alþjóðlegar umsóknir um einkaleyfi, könnun Einkaleyfastofunnar á form- og efnisskilyrðum umsókna, þjónustu vegna rannsókna einkaleyfisumsókna, útgáfu og framsendingu forgangsréttarskjala, útgáfu einkaleyfa og viðbótarvottorða, endurveitingu réttinda og endurupptöku, meðferð skv. 21. gr., birtingu í ELS-tíðindum, breytingar á einkaleyfaskrá og útskriftir úr skránni og önnur þjónustuverkefni.

Gjaldskrá þjónustugjalda skal m.a. taka mið af launum og launatengdum gjöldum, þjálfun og endurmenntun, aðkeyptri sérfræðiþjónustu, húsnæði, starfsaðstöðu, búnaði og tækjum og alþjóðlegri samvinnu.

Gjöld samkvæmt lögum þessum renna til Einkaleyfastofunnar og innheimtir hún gjöldin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, sem samið er í samráði við Einkaleyfastofuna, er lagt til að heimild ráðherra til að ákveða gjöld, sem taka mið af kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna einkaleyfamálefna og þeirrar þjónustu sem veitt er, verði gerð skýrari og færð betur til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru til innheimtu þjónustugjalda.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um heimildir Einkaleyfastofunnar til að innheimta gjöld með sérstakri gjaldskrárreglugerð, sem ráðherra setur, fyrir þá þjónustu sem stofnunin veitir aðilum sem sækja um skráningu einkaleyfis.

Þá er kveðið á um að gjöld samkvæmt gjaldskrá skuli standa undir rekstri Einkaleyfastofunnar vegna umsýslu með umsóknum og veitingar einkaleyfa. Nefnd eru dæmi um þau þjónustugjöld sem fallið geta til í tengslum við umsókn en undir önnur þjónustugjöld geta til að mynda fallið beiðnir um endurbirtingu umsóknar eða einkaleyfis, beiðni um takmörkun á verndarsviði, leit í einkaleyfaskrá, veiting afrita af aðgengilegum umsóknum eða veittum einkaleyfum o.fl.

Loks er tilgreint á hvaða kostnaðarliðum gjaldskrá skuli byggð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (reglugerðarheimild).

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á reglugerðarheimild 68 gr. laganna með það að markmiði að gera gjaldskrárheimild greinarinnar skýrari og ítarlegri þannig að sýnt sé skilmerkilega hvaða kostnaðarliði gjaldtakan eigi að fjármagna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

358. Framhaldsnefndarálit [76. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar eftir 2. umræðu og leitað m.a. skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi breytingar á fjárheimildum.

Meiri hlutinn gerir breytingartillögu við sundurliðun 2 sem nemur alls 23.741,4 m.kr. til hækkunar gjalda. Auk þess eru gerðar breytingar á 4. gr., heimildagrein.

Þá eru gerðar breytingar á tekjugrein í ljósi nýrra upplýsinga um innheimtar tekjur það sem af er þessu ári en gert er ráð fyrir 3 milljarða kr. hækkun á greiðslugrunni frá 2. umræðu um frumvarpið þar sem horfur eru á að innheimta á tekjuskatti lögaðila verði betri en áður var áætlað. Rekstraryfirlit í 1. gr. og viðeigandi liðir í 2. gr., sjóðstreymi ríkissjóðs, uppfærast í samræmi við framangreindar breytingar. Heildartekjur ársins 2010 verða 477.692,2 m.kr. og heildargjöld 559.524,7 m.kr. Tekjujöfnuður verður því neikvæður um 81.832,5 m.kr.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild mennta- og menningarmálaráðuneytis verði aukin um 1,4 m.kr.

357 Fjölbrautaskóli Suðurlands.

1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands. Gerð er tillaga um 1,4 m.kr. framlag vegna aukinnar þarfar fyrir þjónustu námsráðgjafa, kennara og kennslustjóra á árinu 2010 í kjölfar þess að fangelsið í Bitru var tekið í notkun sl. vor. Stór hluti fanga þar stundar nám, þar af allmargir fjarnám í Fjölbrautaskóla Suðurlands.

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dómsmála- og mannréttindaráðuneytis verði aukin um 15 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg. Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til Slysavarna-

félagsins Landsbjargar. Framlagið er til leiðréttingar á rekstrarstyrk sem félagið átti að fá samkvæmt samningi við dómsmálaráðuneytið.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 23.725 m.kr.

971 Ríkisábyrgðir.

6.01 Ríkisábyrgðir. Lagt er til að í frumvarpinu verði gert ráð fyrir 23,7 milljarða kr. fjárheimild vegna gjaldfærslu á ríkisábyrgðum á lánum sem ríkissjóður mun taka yfir vegna föllnu bankanna. Er það til viðbótar við liðlega 1 milljarðs kr. hækkun í þessum útgjöldum sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í frumvarpinu með tillögu við 2. umræðu. Ríkissjóður mun eftir sem áður gera kröfur í þrotabú bankanna um endurheimtur. Þar af eru 22,5 milljarðar kr. vegna gjaldfærslu á uppreiknuðum höfuðstól þessara ábyrgða sem gert er ráð fyrir að gera þurfi í ríkisreikning ársins 2010. Það felur jafnframt í sér að afborganir og uppgreiðslur á slíkum lánum munu þá ekki lengur fara í gegnum rekstrarreikning ríkissjóðs með framlögum til Ríkisábyrgðasjóðs heldur færast til skuldar í efnahagsreikningi ríkisins með sama hætti og aðrar skuldir sem hann verður að standa skil á. Verður því jafnframt lagt til að fjárheimild vegna þessara framlaga til Ríkisábyrgðasjóðs í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 verði felld niður við 2. umræðu þess frumvarps en sú fjárhæð nemur liðlega 3 milljörðum kr. Engar greiðslur úr ríkissjóði eiga sér þó stað í tengslum við þessa ráðstöfun heldur er eingöngu um að ræða gjaldfærslu í ríkisreikninginn. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að hækka þurfi fjárheimild liðarins um rúmlega 2,2 milljarða kr. þar sem framlög til Ríkisábyrgðasjóðs vegna afborgana og vaxta af þessum lánum hafa verið vanáætluð sem því nemur í gildandi fjárlögum.

Þegar ríkisviðskiptabankarnir voru gerðir að hlutafélögum á sínum tíma hvíldu á þeim ýmsar skuldbindingar vegna skuldabréfa með ríkisábyrgð sem þá höfðu verið útgefin. Ríkið ber því enn ábyrgð á þeim skuldbindingum. Hér er um að ræða Útvegsbanka Íslands sem Íslandsbanki yfirtók gegnum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og svo Landsbanka Íslands sem yfirtók skuldbindingar Lánasjóðs landbúnaðarins á sínum tíma. Nær öll lánin eru hjá Landsbankanum, 22,1 milljarður kr., og þar af er stærsti hlutinn vegna Lánasjóðs landbúnaðarins, 13,8 milljarðar kr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 29. nóv. 2010.

Oddný G. Harðardóttir, form., frsm.	Björn Valur Gíslason.	Ásmundur Einar Daðason.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Þuríður Backman.	Róbert Marshall.

359. Breytingartillögur [76. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÓGunn, SkH, ÞBack, BjörgvS).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands			
a. 1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands	0,0	1,4	1,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1,4*	*1,4*
2. **06-190 Ýmis verkefni**			
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	36,9	15,0	51,9
3. **09-971 Ríkisábyrgðir**			
a. 6.01 Ríkisábyrgðir	1.050,0	23.725,0	24.775,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.050,0*	*1.195,0*	*2.245,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*22.530,0*	*22.530,0*

360. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, RM).

Sundurliðun 1 (Tekjur A-hluta) orðist svo:

Sundurliðun 1

m.kr.

Tekjur A-hluta

I	Skatttekjur	Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	-5.100,0	-7.300,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	500,0	1.300,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**-4.600,0**	**-6.000,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	3.800,0	3.000,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	-1.280,0	-1.140,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	107,3	107,3
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	260,0	560,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**-912,7**	**-472,7**
	Skattar á tekjur og hagnað	**-1.712,7**	**-3.472,7**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	421,2	0,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	1.231,0	0,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**1.652,2**	**0,0**
	Tryggingagjöld	**1.652,2**	**0,0**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	80,8	0,0
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	145,6	0,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**226,4**	**0,0**

m.kr.

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	320,0	-120,0
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	440,0	440,0
4.4.1	Stimpilgjöld	-490,0	-490,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	0,0	0,0
	Eignarskattar	**270,0**	**-170,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	2.200,0	2.600,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	320,0	130,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	250,0	250,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-200,0	-200,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	-220,0	-220,0
5.1.2.1.32	Kolefnisgjald	-130,0	-150,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	60,0	60,0
5.1.2.1.36	Sérstakur skattur af seldri raforku	0,0	-190,0
5.1.2.1.37	Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	20,0	5,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	-140,0	-140,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-99,2	-289,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	-120,0	-120,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	-75,0	-75,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	1.110,0	950,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**2.975,8**	**2.610,9**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	300,0	320,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	-40,0	-80,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	21,0	21,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	0,0	0,0
5.2.2.25.1.25	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	1.230,0	440,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	1.153,0	1.153,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**2.664,0**	**1.854,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**5.639,8**	**4.464,9**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	-420,0	-420,0
6.1.11	Iðnaðarmálagjald til sérverkefna á árinu 2010	420,0	420,0
6.1.15	Markaðsgjald	16,1	0,0
6.1.25	Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	320,0	320,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**336,1**	**320,0**
	Aðrir skattar	**336,1**	**320,0**
	Skatttekjur, samtals	**6.411,8**	**1.142,2**

m.kr.

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-208,0	-208,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.010,0	730,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-4.207,8	-3.211,3
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-4.797,8	-4.032,0
8.3.8.5	Aðrar eignatekjur, ótaldar annars staðar	184,0	184,0
	Aðrar eignatekjur	**-7.811,6**	**-6.329,3**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**-8.019,6**	**-6.537,3**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	-580,0	-430,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	-1.021,5	-1.021,5
9.1.3.35	Ýmislegt	-105,0	-105,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	44,0	44,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**-1.662,5**	**-1.512,5**
	Ýmsar tekjur	**-1.662,5**	**-1.512,5**
10	**Sektir**		
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	-160,0	-160,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**-9.842,1**	**-8.209,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	1.500,0	1.500,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa og verðbréfa	17.700,0	17.700,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**19.200,0**	**19.200,0**
	Sala eigna, samtals	**19.200,0**	**19.200,0**

m.kr.

V	Fjárframlög	Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	6,2	8,7
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	30,0	30,0
	Rekstrarframlög	**36,2**	**38,7**
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	5,0	5,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**41,2**	**43,7**
	Fjárframlög, samtals	**41,2**	**43,7**
	Heildartekjur samtals	**15.810,9**	**12.176,1**

361. Breytingartillögur [76. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÁsmD, SER, ÞBack, RM).

1. Við 4. gr. Liður 2.20 orðist svo: Að selja fasteignina Borgarholtsbraut 51, Kópavogi, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2. Við 4. gr. Nýir liðir:
   6.28 Að leigja hentugt húsnæði fyrir umboðsmann skuldara.
   6.29 Að leigja viðbótarhúsnæði til þarfa Landspítala.
3. Við 4. gr. Nýir liðir:
   7.24 Að efla eiginfjárstöðu Íbúðalánasjóðs um allt að 33 milljarða kr. þannig að hún geti orðið allt að 5% af áhættugrunni sjóðsins við árslok 2010 og að sjóðnum verði þar með gert kleift að mæta afskriftaþörf vegna útistandandi lánveitinga og áhrifum af ráðstöfunum sem kunna að verða gerðar vegna skuldavanda heimilanna.
   7.25 Að semja við sveitarfélög um greiðslur og vaxtakjör vegna fjármagnstekjuskatts sem álagður er á árinu 2010 vegna tekjuársins 2009.
   7.26 Að heimila Landbúnaðarháskóla Íslands að stofna hlutafélag um búrekstur skólans og leggja til félagsins bústofn og lausafé sem stofnfé.

362. Frumvarp til laga [152. mál]

um breytingu á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, og fleiri lögum.

(Eftir 2. umr., 29. nóv.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda“ í a-lið 4. mgr. kemur: tímabundið búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda og hefur áður átt lögheimili og verið búsettur hér á landi í a.m.k. þrjú ár samfleytt.
b. Í stað orðanna „íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda“ í b-lið 4. mgr. kemur: einungis tímabundið búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda og hafi áður átt lögheimili og verið búsettur hér á landi í a.m.k. þrjú ár samfleytt.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skulda vegna námslána“ í g-lið 1. mgr. kemur: krafna Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna námslána.
b. Við g-lið 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Almenn skuldabréf sem stofnuð eru vegna vanskila, ofgreiðslu námslána eða markaðskjaralána teljast ekki kröfur vegna námslána.
c. Á eftir g-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: krafna viðskiptabanka vegna tímabundinnar fyrirgreiðslu sem námsmanni er veitt vegna framfærslu á grundvelli væntanlegs láns frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, enda hafi samhliða verið samið um að láninu skuli ráðstafa að fullu til uppgjörs á fyrirgreiðslu viðskiptabankans. Ef umsækjandi fullnægir ekki skilyrðum lánasjóðsins um framvindu náms skal farið með fyrirgreiðslu viðskiptabanka, eða eftir atvikum þann hluta hennar sem ekki fæst greiddur með láni frá sjóðnum, sem samningskröfu og tekur greiðsluaðlögun þá til kröfunnar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á e-lið 1. mgr. 6. gr. laganna:

a. Við fyrri málslið bætist: á síðustu þremur árum.
b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt er heimilt að samþykkja umsókn hafi einstaklingur fengið nauðasamning til greiðsluaðlögunar fyrir gildistöku laga þessara.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Hafi umboðsmaður skuldara samþykkt umsókn um greiðsluaðlögun þegar skuldari hefur gildan nauðasamning til greiðsluaðlögunar, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr., fellur nauða-

samningur sjálfkrafa úr gildi og skal umboðsmaður tilkynna kröfuhöfum og sýslumanni um ógildinguna.

b. Í stað orðsins „viku“ í 3. mgr. kemur: tveggja vikna.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Við f-lið 1. mgr. bætist: eða ráðast í hvers konar aðgerðir til innheimtu kröfu.
b. Á eftir f-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: ráðast í hvers konar aðgerðir til innheimtu krafna sem tryggðar eru með veði í fasteign þriðja aðila.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé krafa tryggð með lögveði þegar frestun greiðslna hefst skal sá tími sem frestun greiðslna er í gildi vera undanskilinn lögbundnum fyrningarfresti lögveðs.

6. gr.

Við d-lið 12. gr. laganna bætist: nema skuldbinding sem stofnað er til sé nauðsynleg til að sjá skuldara og fjölskyldu hans farborða.

7. gr.

Í stað orðsins „viku“ í 1. mgr. 15. gr., 2. mgr. 18. gr., 3. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: tveggja vikna.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þegar umboðsmaður skuldara hefur samþykkt umsókn skuldara um greiðsluaðlögun skal hann þá þegar óska eftir því að athugasemd um samþykki á umsókn skuldara um greiðsluaðlögun verði skráð í þinglýsingabækur, eftir því sem við á. Slík skráning ber ekki þinglýsingagjöld.

b. Í stað orðanna „skrá athugasemd“ í 4. mgr. kemur: umboðsmaður óska eftir skráningu athugasemdar.

9. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Þegar greiðsluaðlögunartímabili er lokið eða hafi skuldari dregið umsókn sína til baka í samræmi við 5. mgr. 7. gr. skal umboðsmaður skuldara óska eftir aflýsingu athugasemdar skv. 1. mgr. 28. gr.

10. gr.

34. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Reglugerð um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Félags- og tryggingamálaráðherra setur að fenginni umsögn umboðsmanns skuldara reglugerð um greiðsluaðlögun einstaklinga þar sem m.a. skal kveða á um starfsemi umsjónarmanna og samræmda framkvæmd greiðsluaðlögunar.

11. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum, sbr. lög nr. 128/2010, bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Á meðan á frestun greiðslna stendur og áður en umsjónarmaður er skipaður í samræmi við 9. gr. skal umboðsmanni skuldara vera heimilt að veita samþykki til ráðstöfunar eigna skuldara. Ráðstöfun eigna skal ekki heimiluð nema hún verði talin til þess fallin að auðvelda skuldara að koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu. Sala eigna skal eftir því sem við á vera í samræmi við 13. gr., eðlilegt verð skal koma fyrir eignir og sé hagnaður eftir greiðslu áhvílandi veðskulda skal hann varðveittur þannig að hann liggi fyrir óskertur við lok frestunar greiðslna. Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. skal lánardrottnum sem njóta veðréttar í hinni seldu eign heimilt að taka við greiðslu á kröfum sínum.

Umboðsmaður skuldara skal tryggja að ráðstöfun eigna sé í samræmi við 8. mgr. og að hagnaður af sölu eigna sé varðveittur á sérstökum vörslureikningi umboðsmanns skuldara á meðan á frestun greiðslna stendur.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., með síðari breytingum.

12. gr.

Við 1. mgr. 63. gr. a laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nauðasamningur til greiðsluaðlögunar tekur þó ekki til eftirfarandi krafna:

a. fésekta sem ákveðnar hafa verið með dómi eða af stjórnvaldi eða með sátt áður en umsókn um greiðsluaðlögun var tekin til greina, krafna um vangoldinn virðisaukaskatt, krafna um afdregna vangoldna staðgreiðslu opinberra gjalda og krafna um skaðabætur vegna tjóns sem samkvæmt dómi hefur verið valdið með refsiverðu athæfi,
b. krafna Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna námslána að öðru leyti en því að ákveða má við greiðsluaðlögun að afborganir af þeim og vextir falli niður á greiðsluaðlögunartíma. Almenn skuldabréf sem stofnuð eru vegna vanskila, ofgreiðslu námslána eða markaðskjaralána teljast ekki kröfur vegna námslána,
c. krafna viðskiptabanka vegna tímabundinnar fyrirgreiðslu sem námsmanni er veitt vegna framfærslu á grundvelli væntanlegs láns frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, enda hafi samhliða verið samið um að láninu skuli ráðstafa að fullu til uppgjörs á fyrirgreiðslu viðskiptabankans. Ef umsækjandi fullnægir ekki skilyrðum lánasjóðsins um framvindu náms skal farið með fyrirgreiðslu viðskiptabanka, eða eftir atvikum þann hluta hennar sem ekki fæst greiddur með láni frá sjóðnum, sem samningskröfu og tekur greiðsluaðlögun þá til kröfunnar,
d. uppsafnaðra skulda við opinbera aðila vegna meðlags og fer um uppsafnaða skuld samkvæmt ívilnunarúrræðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.

13. gr.

63. gr. c laganna orðast svo:

Ljúka má gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar eftir ákvæðum XXI. kafla og eftir atvikum tímabundinni greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna samkvæmt lögum nr. 50/2009. Í stað þess að þrotamaður leggi frumvarp að nauðasamningi fyrir skiptastjóra og hann láti greiða atkvæði um það skal þrotamaðurinn þá leggja fyrir skiptastjóra greiðsluáætlun og hann síðan leita greiðsluaðlögunar á sama hátt og umsjónarmaður hefði ella gert samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

14. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Einstaklingar sem hætt hafa atvinnurekstri geta jafnframt sótt um frest til greiðsluuppgjörs ef vanskilin tengjast atvinnurekstri þeirra.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 100/2010, um umboðsmann skuldara.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 4. mgr. fellur brott.
b. Í stað lokamálsliðar 5. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Miða skal við að gjaldskyldir aðilar greiði gjaldið í hlutföllum við umfang útlánastarfsemi sinnar í lok næstliðins árs. Gjaldskyldur aðili er undanþeginn greiðslu á því ári sem hann hefur starfsemi. Árið eftir að gjaldskyldur aðili hefur starfsemi skal miða álagningu við greiðslu á 500.000 kr.

16. gr.

Við 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögunum bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við gjaldtöku vegna ársins 2010 skal miða við upplýsingar um umfang útlána gjaldskyldra aðila í lok ársins 2009 og skal gjalddagi gjaldsins vera 31. desember 2010.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

363. Frumvarp til laga [304. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

Flm.: Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Íris Róbertsdóttir, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og aflaráðgefandi nefndar, sbr. 3. gr. a., ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 3. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra skal skipa aflaráðgefandi nefnd og leita til hennar um tillögur að heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Nefndin skal við tillögugerð sína m.a. byggja á reynslu og þekkingu sjómanna og þeim gögnum sem verða til við störf þeirra á vettvangi og leggja áherslu á nauðsyn þess að nýta fiskistofna með skynsamlega nýtingu að leiðarljósi og að samræmis sé gætt milli tegunda.

Í nefndinni sitja fimm fulltrúar og skulu eftirtaldir aðilar tilnefna einn fulltrúa hver: Félag skipstjórnarmanna, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda, Sjómannafélag Íslands og Sjómannasamband Íslands. Nefndin kýs sér formann úr eigin röðum.

3. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skal fyrir 31. desember 2010 stofna aflaráðgefandi nefnd samkvæmt tilnefningum, sbr. 3. gr. a. Nefndin skal gera tillögur að heildarafla á fiskveiðitímabilinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011. Þegar tillögur nefndarinnar liggja fyrir getur ráðherra gert breytingar á heildarafla sem veiða má á tímabilinu.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu (305. mál á 138. löggjafarþingi). Með frumvarpinu er lagt til að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt á þann hátt að þegar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákveður heildarafla hvers fiskveiðiárs skuli hann leita tillagna hjá aflaráðgefandi nefnd sem sé skipuð af hagsmunaaðilum. Er því lagt til að nefndin sé skipuð fimm fulltrúum þar sem Félag skipstjórnarmanna, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda, Sjómannafélag Íslands og Sjómannasamband Íslands tilnefna einn fulltrúa hver. Skulu tillögur nefndarinnar liggja fyrir á sama tíma og tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar en þó er gerð sú undantekning í ákvæði til bráðabirgða að nefndin geri jafnframt tillögu fyrir yfirstandi fiskveiðiár og skili þeim til ráðherra sem geti þá gert breytingar á fyrri ákvörðun um heildarafla.

Lagt er til að nefndinni verði gert að byggja tillögugerð sína m.a. á reynslu og þekkingu sjómanna og þeim gögnum sem verða til við störf þeirra á vettvangi tillögugerðar. Með þessu yrði tryggt að reynsla sjómanna og þekking þeirra nýtist við ákvörðun heildarafla. Nefndin getur þó jafnframt leitað í önnur gögn eða til þeirra aðila sem hún telur þörf á. Áhersla er lögð á að tillögur nefndarinnar miði að því nýta fiskistofna með skynsamlega nýtingu að leiðarljósi þannig að þeir verði hvorki ofnýttir né vannýttir. Þá verði kveðið á um að nefndin gæti að samræmi milli tegunda í tillögum sínum.

Gert er ráð fyrir að kostnaður af starfi aflaráðgjafarnefndar verði greiddur af þeim hagsmunaaðilum sem tilnefni fulltrúa í nefndina.

Á undanförnum árum hefur sterk umræða farið fram um ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar. Bent hefur verið á að ráðgjöfin endurspegli ekki álit þeirra sem starfa á vettvanginum allan ársins hring, sjómanna og skipstjórnarmanna. Aflaráðgefandi nefndinni er ætlað fyrir 1. maí ár hvert að senda sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tillögur sínar um heildarafla sem æskilegt er að komi til úthlutunar á komandi fiskveiðiári. Ráðgjöf nefndarinnar verður

byggð á reynslu og þekkingu sjómanna sem er þjóðinni ómetanleg og þeim gögnum sem verða til við störf þeirra á vettvangi. Sjómenn hafa mikla almenna þekkingu á lífríkinu í hafinu auk þess sem sjómenn hafa víðtæka reynslu og þekkingu á öllu því sem viðkemur veiðum, ástandi einstakra fiskistofna og veiðisvæða og skilyrðum í sjó. Þá hafa orðið gríðarlegar breytingar á undanförnum árum hvað varðar tækninýjungar um borð í skipum sem lúta að upplýsingum um ástand sjávar, skráningu afla og nýtingu svo fátt eitt sé nefnt. Öflugir gagnagrunnar hafa þannig orðið til sem auðvelda sjómönnum, skipstjórum og útgerðarstjórum að lesa í lífríkið. Áður fyrr varðveittust upplýsingarnar eingöngu í dagbókum sjómanna og minni þeirra. Með starfi nefndarinnar yrði til vettvangur fyrir úttekt úr reynslubanka sjómanna sem byggst hefur upp í áratugi, þekkingu þeirra á veiðum og aflabrögðum, ástandi einstakra fiskistofna og veiðisvæða, skilyrðum í sjónum og almennt um lífríkið í hafinu.

Tillögum og ráðgjöf aflaráðgefandi nefndarinnar er ætlað að styrkja ákvörðun ráðherra um ákvörðun á heildarafla. Nefndinni er ætlað að brúa þá gjá sem nú er milli veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og reynslu sjómanna af stærð einstakra fiskistofna, auk þess að bæta við þekkingu vísindamanna Hafrannsóknastofnunarinnar með samanburði við niðurstöður togararalls.

Samhliða tillögugerð til ráðherra er augljóst að miklum upplýsingum verður safnað sem geta nýst í gerð gagnagrunns um þá þekkingu og reynslu sem sjómenn afla sér í daglegri umgengni við fiskistofnana umhverfis landið auk þess að nýtast Hafrannsóknastofnunninni við sín störf. Gagnagrunn af þessu tagi mætti vinna áfram í samvinnu við háskólasamfélagið og mundi hann því ekki eingöngu nýtast til frekari tillögugerðar og gera nefndina færari um að meta þolmörk fiskistofnanna heldur einnig til framtíðar í vísindum, rannsóknum og kennslu.

364. Svar [160. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um viðbrögð við kveðju utanríkisráðherra Bandaríkjanna 17. júní sl.

1. *Hvernig brást ráðuneytið við kveðju þeirri sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Hillary Clinton, sendi Íslendingum 17. júní sl.?*

Það sem af er árinu 2010 hafa um 130 ríki fengið formlega kveðju á þjóðarhátíðardegi sínum. Ísland var í hópi 11 þjóða sem fengu slíka kveðju á myndskeiði frá utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Að þjóðlegum hætti var kærum þökkum komið formlega á framfæri til þess sem svo fallega ávarpaði Íslendinga á þjóðhátíðardegi þeirra.

2. *Hefur ríkisstjórnin og ráðuneytið látið reyna í verki á þann stuðning og vináttu Bandaríkjamanna sem fram kom í kveðjunni að Íslendingar gætu reitt sig á í þeim efnahagserfiðleikum sem steðjuðu að þjóðinni?*

Til þess hafa ekki sprottið sérstök tilefni eftir 17. júní enda var þá áður komið fram að Bandaríkin lögðu Íslandi lið við afgreiðslu máls þess fyrir AGS. Ætla má, að utanríkisráðherra Bandaríkjanna hafi m.a. verið að vísa til þeirrar staðreyndar með ofangreindu orðalagi í kveðju sinni til Íslendinga, en eins og fyrirspyrjanda er örugglega kunnugt um úr umræðum á Alþingi og úr fjölmiðlum hafði utanríkisráðuneytið m.a. sinnt hagsmunagæslu fyrir Íslands hönd með því að óska sérstaklega eftir stuðningi Bandaríkjanna í því mikilvæga máli.

3. *Hafa síðan aukist menningarleg og efnahagsleg tengsl landanna sem mikil áhersla er lögð á í yfirlýsingunni?*

Menningarleg og efnahagsleg tengsl Íslands og Bandaríkjanna hafa staðið traustum fótum allt frá því Bandaríkin urðu fyrsta ríkið til að viðurkenna fullveldi Íslands. Sérstakt vináttusamband hefur verið á milli ríkjanna síðan. Svo er enn, enda gleyma Íslendingar því vinarbragði seint. Um langt skeið hefur samstarf ríkjanna þó líklega ekki verið betra en í tíð núverandi ríkisstjórna í ríkjunum tveimur. Af sjálfu leiddi að í kjölfar bankahrunsins 2008 dró úr efnahagslegum tengslum Íslands við mörg ríki, og gilti það einnig um Bandaríkin. Þau tengsl eru þó aftur á uppleið í samræmi við þann jákvæða árangur sem ríkisstjórnin er að ná í viðureign við afleiðingar hrunsins. Gildir það einnig um Bandaríkin, en ekki eru greinanleg tengsl milli þess og tilefnis fyrirspurnar háttvirts þingmanns. Hvað varðar menningarleg tengsl má ætla að þau hafi eflst síðustu mánuði milli ríkjanna, m.a. á sviði samstarfs íslenskra og bandarískra fyrirtækja á sviði kvikmyndagerðar, en ætla má að einnig það sé óskylt tilefni fyrirspurnar háttvirts þingmanns.

4. *Hafi ráðherra ekki fylgt þessu boði um stuðning og vináttu eftir, nú fimm mánuðum seinna, stendur það þá til í nánustu framtíð?*

Jú, ríkisstjórn Íslands hefur þegar gert það sameiginlega, með því að forsætisráðherra hefur boðið forseta Bandaríkjanna í heimsókn til Íslands. Af Íslands hálfu er það yfirlýsing um einlæga vináttu og vilja til aukinna tengsla ríkjanna á öllum sviðum.

5. *Hefur það áhrif á viðbrögð við kveðjunni að leiðtogar Evrópusambandsins samþykktu á fundi 17. júní að hefja formlegar viðræður við Ísland um aðild að ESB, sama dag og Hillary Clinton sendi kveðjuna?*

Ráðuneytinu hefur ekki tekist að greina bein eða óbein tengsl á milli þeirra tveggja jákvæðu gerninga gagnvart Íslandi sem fram komu af hendi annars vegar leiðtoga Evrópusambandsins og hins vegar utanríkisráðherra Bandaríkjanna nefndan dag. Að yfirveguðu máli er ráðuneytið þeirrar skoðunar að þar sé um tvo óskylda atburði að ræða. Ráðuneytið fullvissar því háttvirtan þingmann um að hvorugur atburðurinn hafði áhrif á viðbrögð þess við hinum, en báðir vöktu sams konar viðbrögð: Gleði og ánægju fyrir Íslands hönd.

365. Svar [148. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um meðmælabréf vegna atvinnuumsókna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur ráðherra og/eða ráðuneytið skrifað mörg meðmælabréf vegna atvinnuumsókna fyrrum ráðherra á árunum 2000–2010? Fyrir hvern voru bréfin skrifuð, hvert voru þau send og hvenær?

Ráðherra hefur ritað tvö meðmælabréf vegna atvinnuumsókna fyrrum ráðherra á framangreindu tímabili. Fyrra bréfið var ritað 27. júlí 2009 til Jacques Diouf, framkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO), vegna umsóknar Árna M.

Mathiesen um starf aðstoðarframkvæmdastjóra hjá stofnuninni. Annað bréf var ritað 14. október 2009 til Marc Perrin de Brichambaut, framkvæmdastjóra Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), vegna umsóknar Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Ráðuneytið studdi umsókn hennar í starf sérstaks fulltrúa í baráttunni gegn mansali.

366. Framhaldsnefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar eftir 2. umræðu og hefur fengið á sinn fund Björn Þór Hermannsson frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og Áslaugu Árnadóttur lögfræðing, sem einnig kom fyrir hönd félags- og tryggingamálaráðuneytis, Valgerði Rún Benediktsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Ástu S. Helgadóttur, umboðsmann skuldara og Söru Jasonardóttur og Pálma Rögnvaldsson frá umboðsmanni skuldara.

Nefndin ræddi frumvarpið og stöðu greiðsluaðlögunar í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 274/2010 þar sem Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms Suðurlands um að kröfuréttur á hendur sjálfskuldarábyrgðarmönnum nyti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og að þau réttindi yrðu ekki skert án bóta með afturvirkri löggjöf. Staðfesti Hæstiréttur að 3. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, sbr. 12. gr. laganna, þar sem kveðið er á um með afturvirkum hæti að niðurfelling kröfu á hendur skuldara hafi sömu áhrif til niðurfellingar fyrir ábyrgðarmann, væri andstæð stjórnarskrá og yrði því ekki beitt um ábyrgð sjálfskuldarábyrgðarmanna á greiðslum samkvæmt skuldabréfi. Ábyrgðarmönnum bæri því að greiða umkrafða fjárhæð.

Nefndin bendir á að dómur Hæstaréttar hefur ekki bein áhrif á greiðsluaðlögun einstaklinga samkvæmt lögum nr. 101/2010 sem tóku gildi 1. ágúst 2010. Dómurinn hefur fyrst og fremst áhrif á nauðasamninga til greiðsluaðlögunar sem gerðir voru fyrir gildistöku þeirra laga og þar sem er í nauðasamningi kveðið á um niðurfellingu krafna sem tryggðar eru með sjálfskuldarábyrgð. Samkvæmt upplýsingum á vef dómstólaráðs höfðu 31. júlí 2010 546 slíkir nauðasamningar til greiðsluaðlögunar verið samþykktir en ekki liggur fyrir hversu hátt hlutfall þeirra verður fyrir áhrifum af dómi Hæstaréttar.

Eftir gildistöku laga nr. 101/2010 er ávallt reynt að ná fram samningi um greiðsluaðlögun og ekki kemur til nauðasamnings nema samningaleiðin sé reynd til þrautar. Ekkert er því til fyrirstöðu að í slíkum samningi sé samið við kröfuhafa hvernig fara skuli með ábyrgðir og leggur nefndin ríka áherslu á að umsjónarmenn um greiðsluaðlögun gæti að því að semja um slíkt við greiðsluaðlögunarumleitanir.

Nefndin telur mikilvægt að meðferð kröfuhafa á sjálfskuldarábyrgðum og ábyrgðarmönnum sé með samræmdum hætti og verði ekki til þess að fjölga þeim sem lenda í greiðsluerfiðleikum. Því beinir nefndin því til þeirra ráðuneyta sem fara með framkvæmd laga er varða skuldavanda heimilanna að leita eftir samkomulagi við helstu aðila, svo sem banka, sparisjóði, lífeyrissjóði og Íbúðalánasjóð, þar sem samið verði um samræmda meðferð sjálf-

skuldarábyrgða sem jafnframt tryggi að fleiri einstaklingar lendi ekki í greiðsluerfiðleikum. Nauðsynlegt er að tryggja virkni greiðsluaðlögunar og annarra skuldavandaúrræða sem og að kröfuhafar grípi ekki til aðgerða sem fjölgi þeim sem þurfa á slíkum úrræðum að halda.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Þórunn Sveinbjarnardóttir og Ásmundur Einar Daðason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. nóv. 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, form., frsm. Ólafur Þór Gunnarsson. Pétur H. Blöndal.

Jónína Rós Guðmundsdóttir. Guðmundur Steingrímssson. Unnur Brá Konráðsdóttir.

Lilja Rafney Magnúsdóttir

367. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2010.

Frá Oddnýju G. Harðardóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.11 Atvinnuleysisbætur	2.530,0	280,0	-2.250,0
Innheimt af ríkistekjum	*-2.572,0*	*280,0*	*-2.292,0*

368. Tillaga til þingsályktunar [305. mál]

um að veita sveitarfélögum heimild til að innheimta umhverfisgjöld.

Flm.: Ólafur Þór Gunnarsson, Arndís Soffía Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að meta hvort og hvernig hægt væri að gera sveitarfélögum kleift að innheimta umhverfisgjöld.

Greinargerð.

Víða um hinn vestræna heim hefur á undanförnum árum styrkst sú umræða að umhverfisvitund byrji í nærsamfélaginu. Slík samfélagsvitund sé nauðsynleg þar svo að hún megi verða að því afli sem fær samfélög til að breyta um stefnu í þessum mikilvæga málaflokki.

Margar leiðir hafa verið farnar erlendis til að auka vitund fólks á umhverfisþáttum. Þar má nefna flokkun sorps, takmarkanir á bílaumferð í miðborgum, bílastæðagjöld, mengunarskatta, gjöld sveitarfélaga á bílaeign og svo mætti lengi telja.

Á Íslandi er þessi hugsun fremur skammt á veg komin enn sem komið er. Sum sveitarfélög hafa tekið upp grófa flokkun sorps og í öðrum eru uppi áform um slíkt í mismiklum mæli. Gjaldtaka sveitarfélaga vegna bílaeignar þekkist hins vegar varla nema þá helst í formi bílastæðagjalda og óbeint í formi gatnagerðargjalda. Á hinn bóginn hefur sveitarfélögum ekki tekist að stemma stigu við einkabílanotkun og Ísland er meðal þeirra landa þar sem einkabílaeign er hvað mest á hvern íbúa. Almenningssamgöngur hafa að vissu leyti liðið fyrir þessa stefnu, sem og aðrir umhverfisvænni ferðamátar. Fyrir vikið eru nú á mjög mörgum íslenskum heimilum tveir eða fleiri bílar, sem aftur krefst mikils kostnaðar hjá sveitarfélögunum, bæði í gatnagerð, viðhaldi gatna, landnotkun og annarri mannvirkjagerð tengdri einkabílnum. Loft- og hávaðamengun af völdum bíla er einnig ærin.

Tilgangur tillögu þessarar er að skoðað verði hvort hægt sé að veita sveitarfélögum heimild til að innheimta umhverfisgjöld. Þar yrði sérstaklega litið til þátta eins og gjalda vegna bílaeignar, notkunar á efnum (orkugjöfum, hreinsiefnum, spilliefnum o.s.frv.) sem hafa skaðleg áhrif á nærsamfélagið og starfsemi sem hefur í för með sér umhverfisáhrif.

Sveitarfélögin bera ábyrgð á margvíslegri þjónustu við borgarana, sem oft tengist umhverfisþáttum og hönnun nærumhverfis. Landnotkun sem bílaeign krefst er til að mynda mun meiri eftir því sem bílar eru fleiri, án þess að í raun sé mögulegt fyrir sveitarfélögin, við núverandi aðstæður, að bregðast við með gjaldtöku fyrir raunverulega veitta þjónustu eða ívilnun. Með heimild til álagningar umhverfisgjalda væru möguleikar sveitarfélaga til að bæta umhverfið og styrkja gjaldstofna sína í því skyni auknir.

369. Tillaga til þingsályktunar [306. mál]

um undirbúning að stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Flm.: Ólafur Þór Gunnarsson, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Þuríður Backman, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Árni Þór Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmála- og mannréttindaráðherra í samvinnu við utanríkisráðherra að skipa starfshóp til að undirbúa stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna. Starfshópurinn skili tillögum sínum til ráðherra eigi síðar en 1. desember 2011.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á 138. löggjafarþingi en var ekki afgreidd. Hún er nú endurflutt lítið breytt.

Með tillögu þessari er lagt til að dómsmála- og mannréttindaráðherra í samvinnu við utanríkisráðherra verði falið að skipa starfshóp sem vinni að undirbúningi stofnunar björgunar-

skóla Sameinuðu þjóðanna. Lagt er til að starfshópurinn skili ráðherra tillögum sínum eigi síðar en 1. desember 2011.

Á Íslandi er fyrir mikil þekking á björgunarmálum, bæði hjá opinberum aðilum og félagasamtökum. Hér er náttúra og allar aðstæður þannig að óvíða í heiminum er slíkt að finna. Íslenskir björgunarmenn hafa reynslu af björgun úr sjávarháska, eru vanir að takast á við foráttuveður á landi, snjóflóð, jarðskjálfta, björgun af jökli, umfangsmiklar leitir á erfiðum landsvæðum o.s.frv. Þá hefur einnig skapast í landinu mikil þekking á viðbrögðum við eldgosum líkt og sýndi sig í tengslum við eldgosin í Eyjafjallajökli og flóðum tengdum þeim síðastliðið vor. Af þeim sökum virðast hér vera kjöraðstæður, fyrir ríki með veikar stoðir á þessu sviði, að læra af reynslu Íslendinga og öðlast þar með meiri færni við björgunarstörf.

Þá hafa íslenskar björgunarsveitir tekið þátt í verkefnum erlendis og farið í útköll til hamfarasvæða erlendis þar sem sérþekking þeirra hefur verið nýtt, m.a. við rústabjörgun eftir jarðskjálfta og flóð. Skemmst er að minnast framgöngu ICE-SAR sveitarinnar við björgunarstörf á Haítí fyrr á þessu ári sem vakið hefur athygli á alþjóðlegum vettvangi.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur frá árinu 1999 tekið þátt í samræmingarstarfi Sameinuðu þjóðanna og rekið alþjóðabjörgunarsveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar (ICE-SAR) sem var stofnuð með samkomulagi milli Landsbjargar, utanríkisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis. Hægt yrði að byggja á þeirri dýrmætu og viðamiklu þekkingu sem til er og á grundvelli þeirra sambanda sem nú þegar hefur verið stofnað til.

Hér á landi hafa nokkrar námsstofnanir innan Háskóla Sameinuðu þjóðanna verið starfræktar sem bjóða nemendum frá þróunarríkjum upp á nám á sviðum sem Íslendingar hafi náð miklum árangri í á undangengnum áratugum.

Háskóli Sameinuðu þjóðanna var stofnaður árið 1975 og hefur höfuðstöðvar sínar í Tókíó, enda þótt háskólastarfsemin sé dreifð á fjölda stofnana um heim allan. Markmið hennar er einkum að aðstoða svokölluð þróunarlönd á ólíkum sviðum.

Hér á landi hefur Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna starfað síðan 1979 innan Orkustofnunar. Á vefsíðu hans segir: „Markmið Jarðhitaskólans er að aðstoða þróunarlönd, þar sem nýtanlegur jarðhiti finnst, við að byggja upp og efla hóp sérfræðinga í jarðhitafræðum, sem geta unnið á hinum ýmsu sérsviðum í rannsóknum á jarðhita og nýtingu hans. Þetta er gert með því að bjóða upp á sérhæfða sex mánaða þjálfun. Þessi þjálfun er opin háskólamenntuðum einstaklingum sem hafa minnst ársreynslu í starfi við jarðhitarannsóknir í heimalandinu.“ Nýlega hefur námið verið útvíkkað með því að bjóða bestu nemendunum upp á framhaldsnám til meistaragráðu í jarðhitavísindum eða jarðhitaverkfræði. Allmargir nemendur eru þó þegar komnir með meistaragráðu og sumir doktorsgráðu áður en þeir koma til náms í Jarðhitaskólanum. Umrædd útvíkkun var gerð í samvinnu við Háskóla Íslands árið 2000. Á árinu 2009 komust 22 nemendur að við Jarðhitaskólann en undanfarin 30 ár hafa 402 lokið sex mánaða þjálfun en 26 lokið meistaragráðu. Nemendur hafa að miklu leyti komið frá Asíu og Afríku en einnig Suður-Ameríku og Mið- og Austur-Evrópu, hlutfall kvenna er til þessa 17%. Íslenska ríkið hefur kostað rekstur skólans að mestu leyti.

Þegar Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hóf hér göngu sína árið 1998 sóttu hann sex nemendur frá Afríku einni. Tólf árum síðar voru þar 19 manns við nám, konur og karlar, frá öllum heimshornum. Einnig styður skólinn nám 8–10 doktors- og mastersnema hér á landi. Á vefsíðu skólans segir: „Í náminu er lögð áhersla á hagnýta þekkingu og reynslu, og nemendur vinna náið með íslenskum leiðbeinendum í verkefnavinnu og starfskynningum sem taka rúman helming þeirra sex mánaða sem námið varir. Á hverju ári er boðið upp á sérnám á 3–4 brautum, en sérnámið tekur á bilinu 4–5 mánuði. Skólinn er að mestu leyti

fjármagnaður með hluta af framlagi Íslands til þróunarmála og með framlögum frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Að auki hafa nokkrir nemendur stundað nám með styrk frá öðrum aðilum. Skólinn hefur sérstaka stjórn og er samstarfsverkefni fjögurra stofnana undir forystu Hafrannsóknastofnunarinnar en forstjóri hennar er formaður stjórnar.“

Haustið 2009 hóf göngu sína Jafnréttisskólinn (Gender Equality Training Programme), sem er starfræktur á vegum Háskóla Íslands í samstarfi við utanríkisráðuneytið og í tengslum við Öndvegisklasa í jafnréttis- og margbreytileikarannsóknum. Skólinn er hugsaður sem liður í þróunarsamvinnu Íslands og er meginmarkmið hans að skipuleggja og bjóða upp á nám og þjálfun sem miðast við að auka getu stofnana og einstaklinga sem koma að uppbyggingu og framkvæmd jafnréttisstarfs í þróunarlöndum og á fyrrum átakasvæðum, auk þess að vera vettvangur fyrir yfirfærslu þekkingar og reynslu af jafnréttisstarfi á Íslandi. Jafnréttisskólinn mun í senn bjóða upp á námskeið og þjálfun hérlendis og erlendis. Takist verkefnið vel er ætlunin sú að þremur árum liðnum að sækja um að hann öðlist stöðu námsstofnunar innan Háskóla Sameinuðu þjóðanna, rétt eins og Jarðhitaskólinn og Sjávarútvegsskólinn.

Við nám í björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna mætti leggja áherslu á verklega og bóklega þætti, hvort heldur væri sem vettvangsvinnu, þátttöku í raunverulegum aðgerðum á vettvangi, fyrirlestrum og verkefnaskilum og áætlanagerð. Þá væri einnig hægt að gera ráð fyrir rannsóknar- og þróunarvinnu á sviði björgunarmála.

Fyrir um sjö árum birti fyrsti flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu blaðagrein undir nafninu „Björgunarskóli Sameinuðu Þjóðanna“ (sjá fylgiskjal). Þar var reifuð hugmyndin um slíkan skóla sem mætti t.d. reka í Keflavík og nýta þau mannvirki sem eru á Keflavíkurflugvelli eftir brottför Bandaríkjahers. Við undirbúning og skipulagningu slíks skóla væri rétt að sækjast eftir samvinnu við stofnanir eins og Landhelgisgæsluna, almannavarnahluta ríkislögreglustjóra, Veðurstofuna, sjúkrahúsin og háskólastofnanir auk Landsbjargar og sjómannasamtakanna. Síðast en ekki síst væri með stofnun björgunarskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi um að ræða uppbyggilegt framtak til þess að bæta ímynd lands og þjóðar á alþjóðavettvangi, og þarft framlag til alþjóðasamstarfs.

Atvinnuástand á Suðurnesjum hefur verið mikið til umræðu síðustu misseri og ljóst að þarf að grípa þar til aðgerða. Dómsmálaráðherra hefur nú viðrað hugmyndir um flutning Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja og samlegðaráhrif sem skapast af því fyrir skóla eins og þennan eru augljós. Með stofnun Björgunarskóla Sameinuðu Þjóðanna myndi fjölga störfum. Bæði yrði um að ræða störf tengd kennslu og umsýslu námsins, en einnig störf tengd rekstri tækjabúnaðar, t.d. báta og björgunarþyrla. Fyrir er á svæðinu mikil þekking á þessu sviðum og slíkur skóli yrði ein stoð undir atvinnulífið þar syðra. Hlutverk starfshópsins yrði m.a. að meta þau áhrif sem stofnun sem þessi gæti haft á atvinnulífið á svæðinu.

Með tillögunni var fylgiskjal: Björgunarskóli Sameinuðu þjóðanna. Ólafur Þór Gunnarsson. (Morgunblaðið, 28. október 2003.)

370. Framhaldsnefndarálit [76. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2010.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Á tímum yfirlýsinga um gagnsæi og breytt vinnubrögð hófst fundur í fjárlaganefnd Alþingis mánudaginn 29. nóvember 2010 kl. 19.25. Á dagskrá fundarins voru tillögur ríkisstjórnar að breytingum á fjáraukalagafrumvarpi ársins. Nefndin lauk störfum um 58 mínútum síðar og þá hafði eftirfarandi gerst: Til fundar við nefndina komu fulltrúar fjármálaráðuneytisins og kynntu tillögur ríkisstjórnarinnar að breytingum á frumvarpinu. Þar var m.a. að finna tvær tillögur samtals að fjárhæð um 55 milljarðar kr. Önnur laut að 22 milljarða kr. gjaldfærslu ríkisábyrgða og hin gerði ráð fyrir heimild allt að 33 milljörðum kr. til endurfjármögnunar Íbúðalánasjóðs.

Íbúðalánasjóður.

Engar tilraunir voru gerðar af hálfu nefndarinnar til að meta áhrif þessara fjárskuldbindinga á afkomu og stöðu ríkisins né heldur gerð tilraun til að leiða fram með hvaða hætti þessi fjárhæð yrði fjármögnuð. Af hálfu meiri hluta nefndarinnar var ekki talin ástæða til að fulltrúar félags- og tryggingamálaráðuneytisins og Íbúðalánasjóðs væru viðstaddir til að veita nefndinni upplýsingar og álit sitt.

Ríkisábyrgðir.

Í allri umræðu hefur ríkisstjórnin gefið í skyn að sífellt næðust betri tök á ríkisfjármálunum. Í fjáraukalögunum sem afgreidd voru til þriðju umræðu í gær var gefið í skyn að afkoma ríkissjóðs hefði batnað um u.þ.b. 40 milljarða kr. Sex klukkustundum síðar gerir ríkisstjórnin tillögu um 24,8 milljarða kr. gjaldfærslu á gömlum ríkisábyrgðum.

Sjálfstæði Alþingis.

Framanngreind vinnubrögð eru bæði forkastanleg og ótæk. Það er með hreinum ólíkindum að meiri hluti nefndarinnar skuldbindi ríkissjóð um tugi milljarða króna á örfáum mínútum án alls rökstuðnings og skýringa. Er borin von að hægt verði að ná tökum á ríkisfjármálunum með þeim agalausu og forkastanlegu vinnubrögðum sem meiri hluti fjárlaganefndar lætur bjóða sér. Þá eru þessu vinnubrögð ekki í takt við margítrekaðan vilja Alþingis og því síður í samræmi við ályktun sem 63 alþingismenn samþykktu samhljóða á grunni skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þar má finna eftirfarandi texta er snertir vinnubrögð Alþingis:

„Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er sett fram gagnrýni á störf og starfshætti Alþingis sem mikilvægt er að bregðast við. Meginniðurstöður þingmannanefndarinnar varðandi Alþingi eru þær að auka þurfi sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu, leggja beri meiri áherslu á eftirlitshlutverk þingsins og auka fagmennsku við undirbúning löggjafar.

Þingmannanefndin telur brýnt að Alþingi taki starfshætti sína til endurskoðunar, verji og styrki sjálfstæði sitt og marki skýr skil á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Alþingi á ekki vera verkfæri í höndum framkvæmdarvalds og oddvitaræðis.

[…]

Þingmannanefndin telur að styrkja beri eftirlitshlutverk þingsins, rétt þingmanna til upplýsinga, aðgengi að faglegri ráðgjöf og stöðu stjórnarandstöðunnar á Alþingi sem gegnir þar mikilvægu aðhaldshlutverki.

[…]

Þingmannanefndin telur að taka þurfi til endurskoðunar það verklag sem tíðkast hefur við framlagningu stjórnarfrumvarpa með það að markmiði að auka sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Í því samhengi leggur nefndin til að ríkisstjórn verði gert að leggja fram stjórnarfrumvörp með góðum fyrirvara þannig að þingmönnum gefist gott ráðrúm til að taka þau til faglegrar skoðunar, upplýstrar málefnalegrar umræðu og afgreiðslu.“

Alþingi, 30. nóv. 2010.

Kristján Þór Júlíusson, frsm. Ásbjörn Óttarsson. Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

371. Tillaga til þingsályktunar [307. mál]

um mótun framleiðslustefnu í lífrænum landbúnaði.

Flm.: Þuríður Backman, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Árni Þór Sigurðarson, Álfheiður Ingadóttir, Ólafur Þór Gunnarsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að móta framleiðslustefnu í lífrænum landbúnaði og beita sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sambærilegan þeim stuðningi sem veittur er á Norðurlöndum, þannig að ná megi því markmiði að lífrænt vottaðar vörur nemi 15% landbúnaðarframleiðslu árið 2020.

Greinargerð.

Tillaga áþekk þessari um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað var flutt á 125., 126.,128., 132. 133 og 135. löggjafarþingi en varð ekki útrædd.

Í þingsályktun um aðlögun að lífrænum landbúnaði, sem samþykkt var á Alþingi 4. júní 1998, skoraði Alþingi á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að unnt yrði að veita bændum stuðning við aðlögun búskapar að lífrænum búskaparháttum. Í 6. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, sem einnig voru samþykkt á Alþingi 4. júní 1998, er m.a. lýst því markmiði að stuðla beri að framþróun lífrænna búskaparhátta. Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gerðu samning 5. mars 1999 um verkefni samkvæmt búnaðarlögum og framlög ríkisins til þeirra. Í samningnum er Bændasamtökum Íslands heimilað með tilvísun í 6. gr. búnaðarlaga að veita stuðning til lífrænnar ræktunar árin 1999–2003, nánar tiltekið til endurræktunar lands. Stuðningur mætti vera að hámarki 25.000 kr. á ha lands og 250 kr. á fermetra í gróðurhúsi. Um eingreiðslur er að ræða. Farið var að veita slíkan stuðning árið 1999 og er hann enn veittur í allt að tvö ár í senn á seinni árum. Þótt þessar greiðslur stuðli að lífrænni ræktun og búskap eru þær ekki sambærilegar þeim stuðningi sem bændur sem laga búskap sinn að lífrænum landbúnaði njóta annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu.

Hér er greitt í tvö ár mest en þar eru greiddir styrkir um nokkurra ára skeið. Hér á landi er eðlilegt að reikna með 5–10 ára aðlögunartíma og væri æskilegt að miða greiðslurnar við það.

Búnaðarþing ályktaði um stuðning við lífrænan búskap árið 1999 og taldi að stefna bæri að því að stærri hluti landbúnaðarframleiðslunnar yrði vottaður lífrænn, m.a. vegna möguleika á útflutningi lífræns dilkakjöts. Svipaðar skoðanir komu fram í skýrslu nefndar um útflutning dilkakjöts sem landbúnaðarráðherra skipaði sumarið 1999. Íslensk stjórnvöld hafa á árum áður skipulagt tvö átaksverkefni til þess að kynna og styðja við lífræna framleiðslu. Er þar um að ræða ÁFORM frá 1995 og Lífræna miðstöð við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Hundruðum milljóna króna var varið til beggja átaksverkefna án þess þó að tilætluðum árangri, þ.e. aukinni lífrænni ræktun, hafi verið náð. Það er því álit flutningsmanna þessarar tillögu að ekki beri að efla slíka ræktun með sams konar átaki heldur að efla rannsóknir, kynningu og aðlögunarstuðning verulega og til lengri tíma litið.

Umhverfismengun og heilsufarsvandamál henni tengd eru sífellt að verða mönnum ljósari. Ýmis eiturefni og önnur efni sem notuð eru í iðnvæddum búskap eða stórbúskap eru meðal þeirra þátta sem þekktastir eru. Neytendur gera því æ ríkari kröfur um heilnæm matvæli, umhverfisvernd og sjálfbæra landbúnaðarstefnu. Ljóst er að markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur eykst stöðugt í iðnvæddum löndum. Í fyrstu var einkum um að ræða grænmeti, ávexti og kornmeti en á seinni árum búfjárafurðir á borð við mjólk, egg og kjöt af ýmsum gripum og þessu til viðbótar eykst krafa um umhverfisvænar og vottaðar neysluvörur af öllum toga. Þessi áhugi telst núorðið vart vera meiri erlendis en hér á landi. Aukinn innflutningur á lífrænt vottuðum matvælum, auk ýmissa vörutegunda sem flokkast undir heilsuvörur, ber vott um vitundarvakningu og breytt viðhorf íslenskra neytenda sem meðal annars stafar af aukinni fræðslu um áhrif eiturefna og vaxtahvata í landbúnaði og mikilvægi þess að forðast slík efni vegna skaðlegra umhverfisáhrifa á heilsu manna og dýra, umhverfis og náttúru. Í lífrænni ræktun eru slík efni sniðgengin. Þetta tvennt stuðlar að neyslu lífrænt ræktaðrar matvöru, þ.e. matvöru sem framleidd er með aðferðum sem uppfylla ströngustu kröfur um umhverfisvernd og er jafnframt líkleg til að stuðla að betri heilsu fólks.

Haldið hefur verið fram að engar markaðsforsendur séu fyrir því að auka hlut lífrænnar ræktunar á Íslandi. Staðreyndin er sú framleiðsla lífrænt vottaðra afurða hefur verið það hæg hér á landi að framboð á grænmeti hefur ekki svarað eftirspurn. Eftirspurn eftir lífrænt vottuðu grænmeti hefur verið mætt með auknum innflutningi og þó að nokkuð hafi dregið úr innflutningi á síðasta ári þá hefur hann, þrátt fyrir erfitt efnahagsástand, aftur aukist í ár og bendir allt til þess að hlutfall lífrænt vottaðra matvara, sérstaklega grænmetis, verði innan fárra ára svipað og er nú þegar í grannlöndunum. Allt útlit er fyrir að verð á innfluttu kjarnfóðri og áburði haldist áfram hátt sem óhjákvæmilega skilar sér í verðhækkun á afurðum af hefðbundinni ræktun. Ef þessi spá gengur eftir mun draga úr verðmun á vörum úr lífrænni ræktun og hefðbundinni. Aukinn innflutningur á lífrænum vottuðum vörum ætti því að vera íslenskum bændum hvatning til þess að skipta yfir í lífræna ræktun og svara þar með aukinni eftirspurn, ekki hvað síst í ljósi efnahagskreppunnar, hækkandi verðlags á innfluttu fóðri og tilbúnum áburði. Með hækkandi hitastigi hafa skapast skilyrði fyrir ræktun ýmissa tegunda sem fyrir fáum árum var talið óhugsandi að stunda hér á landi. Að einhverju leyti var um vantrú að ræða, sbr. kornrækt bænda og frumkvöðla í Vallanesi á Fljótsdalshéraði sem um árabil hafa stundað lífræna ræktun á byggi auk fjölbreyttra tegunda grænmetis. Eftirspurn eftir algengum korntegundum, svo sem byggi og hveiti og mjöli úr þessum korntegundum til manneldis fer einnig vaxandi hér á landi.

Fjölbreytt og aukin framleiðsla á lífrænt vottuðum snyrtivörum ber vott um vitundarvakningu um skaðsemi fjölda íblöndunarefna í snyrti- og húðvörum. Bændur í lífrænni framleiðslu gætu sótt inn á þennan markað með nýjar vörur eða ræktun til framleiðslu af þessum toga.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði 14. maí 2010 starfshóp til að meta stöðu og horfur í lífrænum landbúnaði og gera tillögur um stuðning við aðlögun að slíkum búskparháttum. Starfshópurinn skilaði áliti 28. september 2010 og lýsa flutningsmenn fullum stuðningi við tillögur hans, sjá fylgiskjal.

Með tillögunni var fylgiskjal: Staða og horfur í lífrænum landbúnaði og tillögur um stuðning við aðlögun að lífrænum búskap á Íslandi. Álit starfshóps skilað til hr. Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, 28. september 2010.

372. Tillaga til þingsályktunar [308. mál]

um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Flm.: Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Lilja Mósesdóttir, Höskuldur Þórhallsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Eygló Harðardóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Vigdís Hauksdóttir, Ásmundur Einar Daðason.

Alþingi ályktar að fela efnahags- og viðskiptaráðherra að láta vinna efnahagsáætlun sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Skilgreindar verði nauðsynlegar aðgerðir til að gera íslenskt hagkerfi óháð aðstoð sjóðsins og forðast frekari skuldsetningu ríkissjóðs, aðgerðaáætlun útbúin og henni fylgt eftir. Leitað verði liðsinnis færustu erlendra sérfræðinga á sviði hagvísinda við mótun og framkvæmd áætlunarinnar til að tryggja efnahagsstjórn landsins nauðsynlegan trúverðugleika.

Efnahagsáætlunin liggi fyrir 1. mars 2011 og komi þegar til framkvæmda.

Ráðherra kynni Alþingi efnahagsáætlunina við fyrsta tækifæri eftir að áætlunin liggur fyrir.

Greinargerð.

Ísland, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og umheimurinn.

Eftir hrun bankakerfisins haustið 2008 kom fátt annað til greina en að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um aðstoð þar sem stjórnvöld komu alls staðar að lokuðum dyrum.

Ísland var eitt af stofnríkjum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins árið 1945. Um 185 lönd eru nú aðilar að sjóðnum. Ísland var skuldlaust við sjóðinn fyrir hrun en hafði þó fengið lán frá honum í fjórgang, fyrst árið 1960 á árum Viðreisnarstjórnarinnar, þá 1967–1968 þegar síldin hvarf, 1974–1976 þegar verð á olíu hækkaði og loks árið 1982 vegna útflutningsbrests.

Yfirlýst hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er að auka samvinnu milli þjóða og tryggja

stöðugleika í fjármálakerfum heimsins. Honum ber að aðstoða þjóðir í fjármála- og gjaldeyriskreppu og lána ríkisstjórnum fé til að koma eðlilegum gjaldeyrisviðskiptum í gang.[1]

Skiptar skoðanir eru um það hvernig Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur tekist að rækja þetta hlutverk sitt. Hann hefur löngum þótt strangur húsbóndi sem ekki hefur tekið nægilegt tillit til sérstakra og staðbundinna aðstæðna. Sjóðurinn hefur þótt einsýnn í málefnum þróunar- og nýmarkaðslanda þar sem hann hefur lagt höfuðáherslu á gildi nýfrjálshyggjunnar frekar en að laga aðstoð sjóðsins að aðstæðum á hverjum stað.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar hér á landi síðan ákveðið var að fara í samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Forsendur hafa gjörbreyst og ljóst að ekki er hægt að treysta á hlut leysi sjóðsins eða að hann framfylgi yfirlýstum markmiðum sínum um að aðstoða þjóðir í fjármála- og gjaldeyriskreppu.[2]

Yfirlýsingar sjóðsins hafa vakið upp spurningar um hvort stefna sjóðsins hafi haft áhrif á aðgerðir og/eða aðgerðaleysi stjórnvalda varðandi söluna á HS Orku og hvort slík afskipti erlendra stofnana samræmist stjórnsýslulögum og stjórnarskrá.[3] Þá telja flutningsmenn mikilvægt að sjóðurinn fái ekki að hafa áframhaldandi áhrif á ríkissjóð. Til að auka tiltrú alþjóðasamfélagsins á íslensku efnahagslífi er nauðsynlegt að ljúka samstarfinu við AGS sem þekktur er sem lánveitandi vandræðalanda. Það er jafnframt með öllu óviðeigandi að sjóðurinn skipti sér af frumvarpagerð í ráðuneytum eins og fram hefur komið að hann hafi gert.[4] AGS hefur tafið fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu skulda heimila og lítilla og meðalstórra fyrirtækja með andstöðu sinni við almennar úrlausnir skuldavandans. Samdrátturinn hérlendis er auk þess meiri en AGS gerði ráð fyrir og því er ljóst að nauðsynlegt er að endurskoða og endurgera efnahagsálætlun án afskipta AGS án tafar.

---

[1] Sjá heimasíðu AGS: http://www.imf.org/external/about/ourwork.htm

[2] Sjá heimasíðu AGS: http://www.imf.org/external/about.htm

[3] Sjá bls. 6 í ábendingum Bjarkar Guðmundsdóttur, Jóns Þórissonar og Oddnýjar Eirar Ævarsdóttur til umboðsmanns Alþingis: http://www.orkuaudlindir.is/docs/Abending_til_Umbodsmanns_Althingis.pdf

[4] „Tillagan mætti mótstöðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem gerði þá kröfu að veðkröfuhafar ættu að fá að kjósa um efni nauðasamnings, eða að öðrum kosti ekki vera hluti af nauðasamningum í skilningi laganna. Hafa þær breytingar sem lutu að stöðu veðkrafna því verið felldar brott úr frumvarpinu." (Úr athugasemdum við frumvarp til laga um breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum, frá 138. þingi (þskj. 768 — 447. mál) Sjá: http://www.althingi.is/altext/138/s/0768.html.)

Sjá einnig ræðu Margrétar Tryggvadóttur frá almennum stjórnmálaumræðum 14. júní 2010 þar sem segir m.a.:

„Ríkisstjórnin hefur þó komið í gegn nokkrum úrræðum sem henta efnameira fólki, sem í mörgum tilfellum getur bjargað sér sjálft, og réttarúrbótum sem gera gjaldþrot hugguleg. Eitt þeirra er frumvarp um gjaldþrotaskipti sem varð að lögum í síðustu viku sem m.a. gerir fólki kleift að leigja og búa í allt að 12 mánuði í húsnæði sem það missir. Á fundi fyrrnefndrar samræmingarnefndar kom fram að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur ýmislegt við það að athuga að lántakendur fái svo mannúðlega meðferð og greindi aðstoðarmaður hæstv. dóms- og mannréttindamálaráðherra frá því að hún hefði verið kölluð á fund hjá fulltrúum sjóðsins og skömmuð fyrir að leggja fram svo óforskammað frumvarp.

Í greinargerð með öðru frumvarpi frá sama ráðherra, í máli 447, kemur einnig fram að sjóðurinn hafi gert miklar athugasemdir við upphafleg frumvarpsdrög. Ljóst er að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn stjórnar hér fleiru en látið er uppi og hendur stjórnvalda eru bundnar. Hafi einhver efast um að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sé með puttana í lagasetningu á Íslandi þarf sá hinn sami ekki að efast lengur." (http://www.althingi.is/altext/raeda/138/rad20100614T214540.html)

Hagstjórnartæki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Þrátt fyrir að nú sé meira en áratugur síðan efnahagskreppan í Asíu beindi athyglinni að meiri háttar mistökum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er sjóðurinn enn að gera svipuð mistök í mörgum löndum, sérstaklega í þróunarlöndunum. Á sama tíma og sjóðurinn styður fjárhagslega örvandi aðgerðir í ríkum löndum þvingar hann þróunarlöndin til þess að innleiða kreppudýpkandi hagstjórnaraðgerðir. Sú aðferðafræði hefur verið gagnrýnd á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem settu á fót sérfræðinganefnd undir forustu Joseph Stiglitz til að grafast fyrir um orsakir kreppunnar og áhrif hennar um heim allan. Nefndinni var einnig ætlað að koma með tillögur að aðgerðum til að koma í veg fyrir að álíka atburðir endurtækju sig og vísa á leiðir sem væru líklegri til að koma á efnahagslegum stöðugleika. Um þetta má lesa í skýrslu nefndarinnar, Report of the Commission of Experts of the President of the United Nations General Assembly on Reforms of the International Monetary and Financial System, sem má nálgast á vef SÞ.

Víða þar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur komið að málum hafa stjórnvöld, sem fyrr segir, verið neydd til að beita kreppudýpkandi aðgerðum og ljóst er að hið sama gildir um Ísland, þrátt fyrir yfirlýsingar ráðamanna um að Ísland fái sérmeðferð. Hagstjórnartækin sem íslensk stjórnvöld eru þvinguð af sjóðnum til að nota eru hátt vaxtastig, mikil skuldsetning vegna gjaldeyrisvarasjóðsins og of hraður niðurskurður. Nýleg könnun sem gerð var af miðstöð fyrir rannsóknir á efnahags- og stjórnmálum í Washington leiddi í ljós að af 41 landi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur haft afskipti af undanfarin ár hefur 31 verið þvingað til að beita kreppudýpkandi hagstjórnaraðgerðum: háu vaxtastigi, niðurskurði velferðarkerfisins og aðhaldssemi er varðar aukið peningamagn. Sjóðurinn er þekktur fyrir að leggja of mikla áherslu á að ná jafnvægi í ríkisfjármálum, sem m.a. hefur leitt til mun dýpri kreppu en annars hefði orðið. Dýpt kreppunnar skiptir miklu máli þar sem bæði fyrirtæki og einstaklingar verða fyrir miklum skaða vegna niðurskurðar og stöðnunar í efnahagslífi þjóðarinnar. Hægari niðurskurður mundi þýða minni samdrátt en á móti mun hann draga úr hagvexti þegar hagkerfið er farið að ná sér á nýjan leik.

Rannsóknir sýna að fjármálakreppa einkennist af mikilli eignatilfærslu frá þeim fátæku til þeirra ríku. Annað sem einkennir fjármálakreppu er aukinn ójöfnuður sem stafar m.a. af auknu atvinnuleysi og niðurskurði velferðarkerfisins. Markmið hagstjórnar á krepputímum á að vera að auka efnahagslega velferð og leiðirnar að því markmiði eru aðgerðir sem tryggja fulla atvinnu, hagvöxt og stöðugleika til lengri tíma. Efnahagsstefna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda mun ekki ná fram þessum markmiðum. Markmið hennar er aðeins að tryggja að fjármagnseigendur fái sæmilega ávöxtun á fé sitt á meðan það er lokað inni í hagkerfinu og að Seðlabankinn hafi bolmagn til að kaupa krónurnar af þessum fjármagnseigendum þegar hægt verður að afnema gjaldeyrishöftin án þess að krónan fari í frjálst fall.

Flutningsmenn telja einsýnt að með því að leggja á þjóðarbúið sívaxandi erlendar skuldir verður kreppan lengd um ófyrirsjáanlegan tíma og mikil hætta á að það velferðarkerfi sem við njótum í dag muni líða undir lok ef fer sem horfir.

Erlendar skuldir landsins eru nú þegar orðnar háskalega miklar og því hætta á að þjóðin þurfi að búa við þann hörmulega veruleika að stór hluti þjóðarframleiðslu muni aðeins renna til þess vonlausa verkefnis að greiða vexti af erlendum skuldum.

Flutningsmenn telja mikilvægt að ríkisstjórnin leiti allra leiða til að endurreisa efnahagslíf landsins án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og er þingsályktunartillaga þessi því lögð fram. Nú þegar hafa fjölmargir heimsþekktir og sérfróðir menn lagt fram tillögur og hug-

myndir um hvernig megi losa þjóðina úr fjötrum sjóðsins. Lagðar hafa verið fram tillögur um lánalínur í stað beinna lána og þá hafa sérfræðingar sem unnið hafa fyrir sjóðinn boðist til að vinna með ríkisstjórninni að áætlun um endurreisn Íslands og aðhald í fjármálum sem þætti jafntraust eða traustara meðal lánardrottna okkar en áætlun frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Flutningsmenn leggja því til að efnahags- og viðskiptaráðherra verði falið að láta vinna efnahagsáætlun sem tryggi velferð og félagslegan stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Mikilvægt er að efnahagsáætlunin liggi fyrir sem fyrst, eða fyrir 1. mars 2011, svo að unnt sé að hefja vinnu sem allra fyrst við að koma henni til framkvæmda.

Efnahags- og viðskiptaráðherra skal kynna Alþingi efnahagsáætlunina við fyrsta tækifæri og eigi síðar en 1. mars 2011.

373. Svar [213. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Arndísar Soffíu Sigurðardóttur um íslenska friðargæslu.

1. *Hversu margir íslenskir friðargæsluliðar starfa nú á erlendri grund?*
   Í nóvember 2010 hafa 12 sérfræðingar starfað á vegum íslensku friðargæslunnar erlendis.

2. *Hvaða verkefnum sinnir íslenska friðargæslan um þessar mundir?*
   Íslenska friðargæslan sinnir eftirfarandi verkefnum:

Afganistan.

Í Afganistan hefur Ísland verið þátttakandi í störfum alþjóðaliðsins (International Security Assistance Force, ISAF) frá 2003, ásamt öðrum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins (NATO) og fjölda annarra ríkja. Alþjóðaliðið starfar á grundvelli ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1510, sem veitir því umboð til að aðstoða afgönsk yfirvöld við að koma á öryggi í landinu, þannig að uppbyggingar- og mannúðarstarf geti farið fram með eðlilegum hætti. Íslenskir friðargæsluliðar starfa í aðalstöðvum ISAF í Kabúl að þróun og uppbyggingu í landinu, m.a. að jafnréttismálum í þróunardeild alþjóðaliðsins. Einnig starfa þeir að rekstrarmálum í bækistöð alþjóðaliðsins á Kabúlflugvelli og pólitískri stefnumótun á skrifstofu fulltrúa aðalframkvæmdastjóra NATO. Stöður eru eftirfarandi:

- skrifstofustjóri pólitískra mála á skrifstofu sérstaks fulltrúa aðalframkvæmdastjóra NATO,
- aðstoðardeildarstjóri þróunardeildar alþjóðaliðsins (ISAF) í Kabúl,
- jafnréttisfulltrúi í þróunardeild ISAF,
- staðgengill yfirmanns rekstrar- og skipulagsmála, stöð alþjóðaliðsins á Kabúlflugvelli.,
- staðgengill starfsmannastjóra, stöð alþjóðaliðsins á Kabúlflugvelli.

Afríka.

Íslenska friðargæslan hefur síðustu missiri sent fólk til starfa á átakasvæðum í Afríku, svo sem í Darfúr, Suður-Súdan og Líberíu. Íslenskir lögreglumenn hafa á árinu 2010 starfað við löggæsluverkefni Friðargæsludeildar Sameinuðu þjóðanna (DPKO) í Líberíu. Verkefnið

snýst um uppbyggingu og stuðning við staðarlögreglu, en að því starfa um 1.300 lögreglumenn frá hátt í 40 ríkjum. Starfandi eru:
– tveir lögregluþjónar í Líberíu.

Balkanskagi.
Á Balkanskaga hefur íslenska friðargæslan átt áralangt og gott samstarf við Þróunarsjóð Sameinuðu þjóðanna fyrir konur, UNIFEM. Framan af árinu 2010 störfuðu jafnréttissérfræðingar í Sarajevó og Belgrad að jafnréttisverkefnum, öryggi og átakavörnum innan vébanda UNIFEM. Nú er starfandi:
– jafnréttisfulltrúi hjá UNIFEM í Sarajevó.

Mið-Austurlönd.
Íslenskir friðargæsluliðar hafa um nokkurt skeið starfað í Mið-Austurlöndum innan vébanda ýmissa fjölþjóðastofnana. Aðallega hefur verið unnið að málum Palestínuaraba á herteknu svæðunum og palestínskra flóttamanna. Íslenskir sérfræðingar hafa starfað að mannúðaraðstoð og félagslegri aðstoð, stjórnun og stefnumótun og upplýsingagjöf. Helstu samstarfsaðilarnir hafa verið Palestínuflóttamannaaðstoðin (UNRWA), Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) og Samræmingarskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir mannúðaraðstoð (OCHA). Starfandi eru:
– sérfræðingur í mannúðaraðstoð og félagslegri aðstoð hjá UNRWA í Jerúsalem,
– starfsmannastjóri fyrir aðsenda starfsmenn hjá UNRWA í Amman.

Neyðaraðstoð.
Íslenska friðargæslan hefur lagt til starfsmenn í skammtíma-neyðaraðstoðaverkefni Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, samkvæmt viðbragðssamningi ráðuneytisins og stofnunarinnar. Fyrir hendi er viðbragðslisti fjölmiðlafólks samkvæmt samningnum, sem gerir mögulegt að kalla til starfsmenn með skömmum fyrirvara, þegar neyðarástand skapast. Starfandi eru:
– upplýsingafulltrúi hjá UNICEF í Jemen, m. a. vegna flóttamannavandans,
– upplýsingafulltrúi hjá UNICEF í Pakistan vegna flóðavandans.

3. *Hversu margir íslenskir friðargæsluliðar bera vopn við störf sín?*

Enginn íslenskur friðargæsluliði ber vopn við störf sín.

4. *Telur ráðherra efni til að draga frekar úr fjárframlögum til íslenskrar friðargæslu miðað við núverandi efnahagsaðstæður?*

Samtals er 54,8% niðurskurður á fjárframlögum til íslensku friðargæslunnar fyrirhugaður frá yfirstandandi ári samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2011. Mikilvægt er að Íslendingar haldi áfram að leggja af mörkum til alþjóðasamstarfs á sviði friðaruppbyggingar, friðargæslu, neyðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Ekki er æskilegt að skera meira niður til þessara málefna en gert hefur verið á síðustu tveimur árum og fyrirhugað er á árinu 2011.

374. Svar [178. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Björns Vals Gíslasonar um rekstur sendiráða.

1. *Hver hefur þróun í fjölda sendiráða og fastanefnda Íslands erlendis verið á árabilinu 1991–2010, í heild og á ráðherratíma hvers utanríkisráðherra á þessu tímabili? Hver hefur þróun í fjölda sendiherra verið á sama tímabili?*

Eftirfarandi eru tvær töflur sem sýna annars vegar þróun í fjölda sendiskrifstofa og hins vegar þróun í fjölda sendiherra á tímabilinu 1991 til loka árs 2010. Af þeim 30 sem bera titil sendiherra eru 26 á launaskrá, sbr. svar við 5. tölul.

Utanríkisráðherrar á tímabilinu 1991–2010:
Jón Baldvin Hannibalsson, 10. september 1989 – 23. apríl 1995.
Halldór Ásgrímsson, 23. apríl 1995 – 15. september 2004.
Davíð Oddsson, 15. september 2004 – 27. september 2005.
Geir H. Haarde, 27. september 2005 – 15. júní 2006.
Valgerður Sverrisdóttir, 15. júní 2006 – 24. maí 2007.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 24. maí 2007 – 1. febrúar 2009.
Össur Skarphéðinsson, frá 1. febrúar 2009.





2. *Hver hefur rekstrarkostnaður sendiráða og fastanefnda Íslands erlendis verið á sama tímabili og í ráðherratíð hvers ráðherra á verðlagi ársins 2010?*

Meðfylgjandi yfirlit sýnir rekstrarkostnað sendiskrifstofa samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum, á föstu verðlagi ársins 2010. Hafa þarf í huga að á undanförnum árum hafa fjárveitingar til sendiskrifstofa verið endurskoðaðar að teknu tilliti til gengisþróunar innan ársins, sem ekki er tekið tillit til í töflunni. Um 17,6% hækkun á framlaginu á milli áranna 2009 og 2010 skýrist fyrst og fremst af því að gengi krónunnar lækkaði um tæplega 34% frá októbergengi 2008 til októbergengis 2009, en fjárlagagengi vegna fjárlaga 2010 miðast við 1. september 2009 og var þá gengislækkunin að mestu komin til.

Sameiginlegur kostnaður sendiráðanna er meðtalinn en undanskilinn er stofnkostnaður og heimildir vegna viðhalds, tækja og búnaðar. Þess ber að geta að í framhaldi af gildistöku nýrra laga um fjárreiður ríkisins á árinu 1997 urðu miklar breytingar á framsetningu fjárlaga, m.a. hvað varðar flokkun og framsetningu tekna og gjalda.

	Rekstur sendiskrifstofa á föstu verðlagi m.v. október 2010	**Vísitala neysluverðs án húsnæðis**
1991	813,9	161
1992	820,4	164,9
1993	870,2	174,2
1994	936,0	174,4
1995	1.026,3	178,2
1996	1.171,8	182,1
1997	1.229,3	185,8
1998	1.463,2	186,4
1999	1.573,3	194,5
2000	1.812,6	200,3
2001	1.854,2	219,1
2002	2.335,9	221,4
2003	2.294,5	224,7

	Rekstur sendiskrifstofa á föstu verðlagi m.v. október 2010	Vísitala neysluverðs án húsnæðis
2004	2.156,3	230,5
2005	2.706,7	232
2006	2.327,3	245
2007	2.551,6	251,4
2008	2.096,1	303,4
2009	2.558,9	337,8
2010	3.009,5	347,7
Vísitölur miðast við október 2010		

3. *Hvert hefur verið hlutfall útgjalda til reksturs sendiráða og fastanefnda Íslands annars vegar og ráðuneytisins í heild hins vegar af heildarútgjöldum ríkissjóðs á hverju ári á sama tímabili?*

Í eftirfarandi yfirliti og töflu má sjá þróun útgjalda til reksturs sendiskrifstofa og ráðuneytis sem hlutfall af A-hluta ríkisútgjalda á fjárlögum og fjáraukalögum á tímabilinu 1991–2010. Sameiginlegur kostnaður sendiráðanna er meðtalinn í rekstrarkostnaði sendiskrifstofa en undanskilinn er stofnkostnaður og heimildir vegna viðhalds, tækja og búnaðar. Heildarfjárlög utanríkisráðuneytisins miðast við gjöld umfram tekjur. Í framhaldi af gildistöku nýrra laga um fjárreiður ríkisins á árinu 1997 urðu miklar breytingar á framsetningu fjárlaga, m.a. hvað varðar flokkun og framsetningu tekna og gjalda.



Útgjöld til reksturs sendiskrifstofa og utanríkisráðuneytisins í heild sem hlutfall af ríkisútgjöldum (A-hluta)		
	Rekstur sendiskrifstofa	Utanríkisráðuneytið
1991	0,35%	1,17%
1992	0,38%	1,81%
1993	0,42%	1,36%
1994	0,48%	1,38%

Útgjöld til reksturs sendiskrifstofa og utanríkisráðuneytisins í heild sem hlutfall af ríkisútgjöldum (A-hluta)		
	Rekstur sendiskrifstofa	**Utanríkisráðuneytið**
1995	0,47%	1,33%
1996	0,50%	1,53%
1997	0,52%	1,70%
1998	0,43%	1,81%
1999	0,46%	1,78%
2000	0,52%	2,47%
2001	0,50%	1,84%
2002	0,60%	2,14%
2003	0,54%	2,08%
2004	0,50%	2,02%
2005	0,57%	2,34%
2006	0,49%	2,60%
2007	0,47%	2,76%
2008	0,39%	1,93%
2009	0,44%	1,98%
2010	0,54%	2,12%

4. *Hver hefur þróun í starfsmannahaldi sendiráða og fastanefnda Íslands erlendis verið á sama tímabili?*

Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun fjölda útsendra starfsmanna utanríkisþjónustunnar á tímabilinu 1991–2010.



5. *Hvað eru margir sendiherrar á launaskrá ráðuneytisins, annars vegar í starfi í sendiráðum eða fastanefndum og hins vegar utan þeirra?*

26 sendiherrar eru á launaskrá ráðuneytisins. Þar af eru 19 við störf á sendiskrifstofum en sjö við störf á aðalskrifstofu ráðuneytisins í Reykjavík. Miðað er við að sendiherrar séu við störf erlendis í fimm ár á hverjum stað og séu almennt á tveimur stöðum áður en þeir hverfa til starfa í ráðuneytinu í um fimm ár. Samkvæmt þessu er eðlilegt að um einn þriðji sendiherra séu við störf í ráðuneytinu á hverjum tíma.

6. *Hve umfangsmikil er íslenska utanríkisþjónustan í samanburði við önnur ríki Norðurlanda, þegar litið er til fjölda útsendra starfsmanna og fjölda sendiskrifstofa?*

Eftirfarandi eru súlurit sem sýna annars vegar fjölda útsendra starfsmanna utanríkisráðuneyta Norðurlandanna árið 2010 og hins vegar fjölda sendiskrifstofa Norðurlandanna.





7. *Hvert er umfang fjárframlaga ríkisins til ráðuneytisins í samanburði við fjárframlög annarra norrænna ríkja til utanríkisráðuneyta sinna, sem hlutfall af ríkisútgjöldum?*

Eftirfarandi súlurit sýnir framlög til utanríkisráðuneyta Norðurlandanna sem hlutfall af ríkisútgjöldum. Þróunarmál eru meðtalin.



375. Tillaga til þingsályktunar [309. mál]

um samantekt á stöðu atvinnumála í sveitarfélögum landsins.

Flm.: Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að láta gera samantekt á stöðu atvinnulífs í sveitarfélögum landsins eftir efnahagshrunið. Þar verði lagt mat á stöðu hvers svæðis fyrir sig og styrkleikar og veikleikar sveitarfélaganna kortlagðir. Þessari vinnu verði lokið eigi síðar en 1. mars 2011. Niðurstöður verði síðan notaðar til að efla þau svæði sem verst hafa orðið úti og hafa veikar innri stoðir.

Greinargerð.

Fyrir liggur að efnahagshrunið hefur haft gríðarlega alvarlegar afleiðingar víða fyrir atvinnulíf og heimili landsins. Einnig eru mjög mörg sveitarfélög í gríðarlega erfiðri stöðu en miserfiðri þó.

Til að átta sig á raunverulegri stöðu þessara mála þarf að kortleggja stöðu sveitarfélaga landsins hvað varðar styrkleika og veikleika ásamt því að sérstaða hvers svæðis verði dregin fram. Mikilvægt er að hafa heildarsýn yfir það mismikla tjón sem byggðir landsins hafa orðið fyrir og þau fáu verkefni og það takmarkaða fjármagn verði nýtt sem best til að styrkja þau svæði sem verst standa. Sem betur fer hafa sumar atvinnugreinar sótt í sig veðrið. Má þar nefna sjávarútveginn, einnig hefur ferðaþjónustan notið góðs af lækkun krónunnar, eins má benda á gott gengi í áliðnaði. Þessar greinar hafa í raun haldið okkur á floti og skilað okkur

þangað sem við erum þó. Atvinnugreinar sem hafa orðið verst úti eru fjármálageirinn, byggingariðnaður og almenn verktakastarfsemi, eins hafa verslanir í sumum sveitarfélögum orðið illa úti. Mikil hætta er á því að þeir staðir á landsbyggðinni þar sem ríkisstofnanir eru með starfsstöðvar lendi undir hnífnum og þar með verður öll sú vinna sem unnið hefur verið í að færa störf frá ríkinu út á land að engu. Mjög áríðandi er að ríkið flýti aðgerðum og jafnvel endurskoði samgönguáætlun til að stýra aflinu að þeim svæðum sem ekki þola bið.

376. Tillaga til þingsályktunar [310. mál]

um staðgöngumæðrun.

Flm.: Ragnheiður E. Árnadóttir, Álfheiður Ingadóttir, Ásbjörn Óttarsson, Bjarni Benediktsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Bragi Sveinsson, Íris Róbertsdóttir, Jón Gunnarsson, Ólína Þorvarðardóttir, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Siv Friðleifsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Vigdís Hauksdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa starfshóp sem undirbúi frumvarp til laga sem heimili staðgöngumæðrun. Við vinnuna skuli m.a. lögð áhersla á að:

a. staðgöngumæðrun verði aðeins heimiluð í velgjörðarskyni,
b. sett verði ströng skilyrði fyrir staðgöngumæðrun í því augnamiði að tryggja sem best réttindi, skyldur og hagsmuni staðgöngumæðra og væntanlegra foreldra og réttindi og hag þeirra barna sem hugsanlega verða til með þessu úrræði,
c. verðandi staðgöngumæður og verðandi foreldrar verði skyldugir til að gera með sér bindandi samkomulag um staðgöngumæðrun.

Frumvarpið verði lagt fram eins fljótt og mögulegt er, þó ekki síðar en 31. mars 2011.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að heilbrigðisráðherra verði falið að skipa starfshóp sem undirbúi frumvarp sem heimili staðgöngumæðrun á Íslandi. Tiltekin eru ákveðin atriði sem vinnuhópurinn skal leggja áherslu á við vinnu sína og frumvarpsgerð. Þau lúta að siðferðilegum, læknisfræðilegum og lagalegum álitaefnum en eru þó ekki tæmandi talin enda ljóst að leita þarf til sérfræðinga við vinnuna og enn fremur skoða hvaða reglur gilda um staðgöngumæðrun erlendis. Fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, skipaði í janúar 2009 starfshóp til þess að fara yfir þau álitamál er tengjast staðgöngumæðrun. Starfshópurinn skilaði af sér áfangaskýrslu 5. febrúar sl. og í framhaldinu stóð heilbrigðisráðherra fyrir málþingi um staðgöngumæðrun. Flutningsmenn tillögunnar telja ljóst að nægar upplýsingar séu tiltækar til þess að undirbúa frumvarpssmíð.

Staðgöngumæðrun.

Hugtakið staðgöngumæðrun, eins og það er skilgreint í lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, felur í sér að tæknifrjóvgun er framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og að stað-

göngumóðirin hafi fallist á það fyrir meðgönguna að láta barnið af hendi strax eftir fæðingu til væntanlegrar ættleiðingar og uppeldis hjá þeim foreldrum sem tækju við barninu. Í umræðu um staðgöngumæðrun er annars vegar talað um hefðbundna staðgöngumæðrun (traditional or partial surrogacy) og hins vegar fulla staðgöngumæðrun (gestational surrogacy, full surrogacy). Hefðbundin staðgöngumæðrun er þegar staðgöngumóðir gengur með sitt eigið barn í þeim tilgangi að afhenda það erfðafræðilegum föður og konu hans eða sambúðaraðila. Full staðgöngumæðrun er hins vegar þegar hin þungaða kona hefur enga erfðafræðilega tengingu við barnið og það hefur verið getið með glasafrjóvgun. Staðgöngumæðrun sem úrræði fyrir barnlaus pör hefur verið stunduð frá örófi alda og þá sem hefðbundin staðgöngumæðrun. Einnig hefur líklega tíðkast áður fyrr að kona gefi barn sitt til barnlausra kvenna eða para, oft vegna fjölskyldutengsla. Nútímastaðgöngumæðrun var fyrst framkvæmd í Bandaríkjunum í kringum 1980 en þróun staðgöngumæðrunar er nátengd þróun glasafrjóvgunar.

Þörfin fyrir staðgöngumæðrun.

Þrátt fyrir gríðarlegar framfarir í læknavísindum með tæknisæðingum, glasafrjóvgunum og aðferðum til að vinna á frjósemisvandamálum hefur þörfin fyrir staðgöngumæðrun ekki horfið. Til er hópur kvenna/para sem ekki á neinn möguleika til að eignast eigið barn nema með aðstoð staðgöngumóður. Ástæður þess geta verið fjölmargar, svo sem meðfætt legleysi, krabbamein í legi og ófrjósemi í kjölfar krabbameinsmeðferðar, svo og skemmdir á legi eða legnám. Þá getur einnig verið að líkami konu þoli ekki meðgöngu og líf hennar yrði í hættu reyndi hún að ganga sjálf með barn.

Flestir þekkja þá gleði sem fylgir því að eignast barn og ljóst er að löngunin til þess að eignast barn er ein sú sterkasta sem maðurinn upplifir. Í litlu landi eins og Íslandi er hópur kvenna eða para sem þarf á aðstoð staðgöngumóður að halda ekki stór, en er þó til staðar. Í fyrrnefndri skýrslu vinnuhóps á vegum heilbrigðisráðuneytisins segir að líklega muni ekki fleiri en fimm pör eða einstaklingar hér á landi hafa þörf fyrir staðgöngumæðrun ár hvert. Hugsanlega gæti orðið um færri tilvik að ræða.

Helstu siðferðileg álitaefni.

Nokkur siðferðileg álitaefni vakna þegar rætt er um möguleikann á lögleiðingu staðgöngumæðrunar. Almennt eru menn neikvæðir gagnvart staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni út frá því sjónarmiði að verið sé að nota líkama konu í annarlegum tilgangi og einnig væri hægt að líta á slíka gjörð sem einhvers konar form af viðskiptum með börn. Staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni hefur verið líkt við vændi og hugsanlegt er að konur sem búa við fátækt og þröngar félagslegar aðstæður gerist staðgöngumæður vegna slæmra aðstæðna. Þessi álitamál eiga þó betur við um samfélög þar sem mikil fátækt er ríkjandi og heilbrigðisþjónusta og samfélagsform er með öðru sniði en í vestrænum löndum, t.d. á Indlandi.

Önnur sjónarmið gilda um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Þar er um að ræða eins konar góðverk og oft einhver tengsl milli verðandi móður og staðgöngumóður. Meiri líkur standa til þess að slík staðgöngumæðrun sé gerð af fúsum og frjálsum vilja allra sem koma þar að. Þó er þessi leið ekki gallalaus enda mögulegt að úrræðið leiði til óeðlilegs þrýstings á ættingja konu eða pars sem ekki getur eignast barn á náttúrulegan hátt.

Þá skipta hagsmunir og réttindi barnsins sem fæðist á þennan hátt máli. Tryggja þarf barninu rétt til þess að þekkja uppruna sinn og auk þess þarf að vera ljóst hvernig barninu muni reiða af missi það t.d. foreldra sína.

Þessi álitaefni eru ekki frábrugðin þeim sem uppi hafa verið í tengslum við umræðu um börn sem getin eru með bæði gjafaeggi og gjafasæði, en það er nú heimilt á Íslandi samkvæmt lögum nr. 55/2010 sem breyttu lögum, nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.

Staðgöngumæðrun heimiluð að skilyrðum uppfylltum.

Flutningsmenn leggja til í tillögu þessari að Alþingi heimili staðgöngumæðrun eingöngu í velgjörðarskyni. Hugtakið staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni felur í sér að ekki sé greitt fyrir aðstoðina sem veitt er. Þrátt fyrir það er eðlilegt að greitt sé fyrir sanngjarnan aukakostnað, svo sem lækniskostnað sem fellur á þungaða konu auk annars kostnaðar sem tengist meðgöngu, eða mögulegt vinnutap staðgöngumóður sem skerðir fjárhag hennar. Flutningsmenn tillögunnar telja rétt að heimila að verðandi foreldrar greiði útlagðan kostnað staðgöngumóður vegna læknisheimsókna og einnig annan sannanlegan kostnað sem hlýst af meðferð eða meðgöngunni.

Flutningsmenn leggja til að skilyrði fyrir staðgöngumæðrun verði ströng. Þau gætu t.d. verið að staðgöngumóðir megi ekki nota kynfrumur sínar við glasafrjóvgunina enda flæki það málið að staðgöngumóðir sé einnig líffræðileg móðir. Einnig er mögulegt að setja aldurstakmark fyrir staðgöngumóður og skilyrði um að kona hafi áður gengið með og fætt barn án vandkvæða eða inngripa í fæðingu. Tryggja þarf að kona gangist ekki undir þetta ferli nema vitandi og upplýst um hvað það geti mögulega haft í för með sér.

Þá þarf hún að þekkja þær tilfinningar sem bærast með þungaðri konu og hafa þroska til að takast á við það sem koma skal. Aldurstakmark staðgöngumóður þjónar einnig læknisfræðilegu hlutverki, þar sem frjósemi kvenna og hætta á vandkvæðum við meðgöngu og fæðingu eykst með hærri aldri.

Huga þarf vandlega að réttindum, skyldum og hagsmunum staðgöngumóðurinnar sem tekur að sér að ganga með og fæða barn fyrir annað par. Tryggja þarf foreldrum rétt til fæðingarorlofs og staðgöngumóður rétt til orlofs vegna fæðingarinnar. Réttindi verðandi foreldra þarf einnig að tryggja með samningi milli aðilanna, þ.m.t. að staðgöngumóðir geti ekki hætt við að afhenda barnið við fæðinguna. Á sama hátt þarf að tryggja að foreldrar geti ekki neitað að taka við barni eða börnum, svo sem vegna veikinda, þroska- eða sköpulagsfrávika hjá barninu eða ef um fjölbura er að ræða.

Í barnalögum, nr. 76/2003, er tiltekið í 5. gr. að móðir barns sem getið er með tæknifrjóvgun skuli teljast sú kona sem elur barnið. Þetta ákvæði getur ekki staðið samhliða heimild í lögum um tæknifrjóvgun til staðgöngumæðrunar enda þarf að tryggja það að móðir barns sem getið er með tæknifrjóvgun geti líka verið önnur en sú kona sem elur það. Benda má starfshópnum á þann möguleika að fæðingarvottorð barns skilgreini einfaldlega þrjá einstaklinga: staðgöngumóður, móður og föður.

Þá þarf að huga að öðrum skilyrðum til að tryggja rétt allra hlutaðeigandi, þ.e. staðgöngumóður, verðandi foreldra og barns, sem og að tryggja að ekki verði unnt að misnota úrræðið. Meðal álitaefna sem skoða þarf eru skilyrði fyrir því að staðgöngumóðir og/eða verðandi foreldrar séu íslenskir ríkisborgarar eða hafi búið á landinu í tiltekinn lágmarkstíma, t.d. fimm ár. Jafnframt þarf þó að skoða hvort heimila eigi undantekningar á þessu, t.d. ef um er að ræða skyldmenni eða nána vinkonu sem búsett er erlendis og vill gerast staðgöngumóðir fyrir íslenskan ættingja eða vin.

Lagaleg útfærsla.

Heilbrigðisráðherra lagði fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, þann 25. mars sl. Þar er einhleypum konum sem búa við skerta frjósemi heimilt að nota bæði gjafaegg og gjafasæði við glasafrjóvgun, og að sama gildi um gagnkynhneigð og samkynhneigð pör þar sem frjósemi beggja aðila er skert. Í frumvarpi þessu felst nýtt skref í átt að frjálsræði í frjósemismálum þar sem búið er að opna fyrir þann möguleika að koma fyrir í konu fósturvísi sem hefur engin erfðafræðileg tengsl við hana, þ.e. þá konu sem gengur með og fæðir barnið. Munurinn á þessu úrræði og staðgöngumæðrun er aðeins sá að sú kona sem gengur með og fæðir það barn sem varð til með glasafrjóvgun, og hún hefur engin erfðafræðileg tengsl við, lætur barnið af hendi við fæðingu. Sú sem elur barnið skal þá ekki teljast móðir þess í skilningi barnalaga, nr. 76/2003. Því telja flutningsmenn að þegar hafi verið tekið á þeim lagalegu og siðfræðilegu álitamálum sem tiltekin hafa verið, möguleikinn til þess að heimila staðgöngumæðrun sé fyrir hendi og að lagabreytingar sem þurfi að gera séu ekki verulegar enda hafi þegar farið fram nokkur umræða um þessa þróun. Því sé ekki mikið sem standi eftir svo að tryggja megi úrræði sem er mörgum pörum og einstaklingum mikilvægt.

377. Lög [152. mál]

um breytingu á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, og fleiri lögum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. nóvember 2010.)

Samhljóða þskj. 362.

378. Frumvarp til laga [311. mál]

um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Flm.: Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ólöf Nordal, Ásbjörn Óttarsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Íris Róbertsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

1. gr.

21. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

4. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum. Ekki er skylt að gefa embættismanni kost á að tjá sig um ástæður lausnar áður en hún tekur gildi.

3. gr.

Í stað orðanna „áminningu skv. 21. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: skriflega áminningu.

4. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, taka ekki til ákvarðana samkvæmt kafla þessum.

5. gr.

Í stað orðanna „13., 17. og 21. gr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 51. gr. laganna kemur: 13. og 17. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Breytingarnar miða að því að fella niður þá skyldu forstöðumanns að áminna starfsmann með formlegum hætti vegna brots á starfsskyldum hins síðarnefnda, eða þegar hann hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem leiðir af starfi hans. Frumvarp sama efnis var lagt fram af þáverandi fjármálaráðherra á 130. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu (307. mál á 130. löggjafarþingi).

Í almennum athugasemdum við það frumvarp sem varð að gildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins kemur fram að markmið með setningu þeirra hafi einkum verið þríþætt: Í fyrsta lagi að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði. Í öðru lagi að auka sjálfstæði forstöðumanna ríkisstofnana og möguleika þeirra til að taka ákvarðanir er varða stjórnun og starfsmannahald, sem og að gera auknar kröfur til þeirra og auka ábyrgð þeirra. Í þriðja lagi að fella brott ýmis úrelt ákvæði eldri laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (þskj. 650 á 120. löggjafarþingi).

Tilgangur þessa frumvarps er að stefna að auknum sveigjanleika í rekstrarumhverfi stofnana ríkisins, að ríkið hafi ávallt á að skipa hæfustu starfsmönnum sem kostur er á hverju sinni og að fjármunir séu nýttir á sem árangursríkastan hátt. Í ljósi þess að þrír af fjórum nefndarmönnum annars minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar, sem beitti sér mjög gegn framangreindu frumvarpi þáverandi fjármálaráðherra um sama efni á sínum tíma, sitja nú í ríkisstjórn er ekki líklegt að ríkisstjórnin beiti sér fyrir breytingum á þessu sviði. Er því óhjákvæmilegt, einnig eftir umræðu síðustu missira og ára um aukið aðhald í ríkisrekstri og ítrekaðar ábendingar Ríkisendurskoðunar um það sem betur má fara í starfsemi hinna ýmsu ríkisstofnana, að skerpa á ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ákvæði 21. gr. laganna um skriflega áminningu verði fellt brott. Í ákvæðinu er kveðið á um að forstöðumaður stofnunar skuli veita starfsmanni skriflega áminningu hafi hann brotið gegn starfsskyldum sínum eða ef hann uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru til hans. Ákvæðið vísar þannig til atvika sem starfsmanni verður beinlínis kennt um eða teljast sök hans, en einnig til atvika sem honum verður ekki kennt um. Ekki er í ákvæðinu gerður greinarmunur á því hvort starfsmann skortir getu eða vilja til þess að sinna starfi sínu. Skylt er samkvæmt lokamálslið ákvæðisins að veita starfsmanni kost á að tala máli sínu, ef það er unnt. Fyrirkomulag sem þetta er hamlandi og er hvorki sveigjanlegt né skilvirkt. Samkvæmt 14. gr. laganna eru gerðar ríkar kröfur til vammleysis ríkisstarfsmanna. Starfsmaður getur sýnt af sér slíka háttsemi að hún telst ekki samboðin starfi hans. Í slíkum tilfellum er mikilvægt að forstöðumaður hafi sveigjanleika og ráðrúm til að bregðast við slíkri háttsemi. Þá getur það vart talist rétt að gera það að ófrávíkjanlegu skilyrði að starfsmanni sé veitt áminning þegar í ljós kemur að hann veldur ekki því starfi sem um er að ræða án þess að hann eigi þar nokkra sök á. Undir slíkum kringumstæðum er nauðsynlegt að forstöðumaður hafi möguleika til þess að ráða annan starfsmann til þess að sinna starfinu. Í samræmi við þá stefnu að umhverfi ríkisstarfsmanna verði í takt við hinn almenna vinnumarkað er ekki talin sérstök nauðsyn á því að binda í lög með hvaða hætti yfirmaður eigi að taka á því þegar starfsmaður sinnir starfi sínu með ófullnægjandi hætti.

Um 2. gr.

Í 26. gr. laganna, sem fellur innan þess hluta laganna sem nær til embættismanna, er fjallað um lausn um stundarsakir. Mælt er fyrir um skilyrði lausnar um stundarsakir í 2. og 3. mgr. Í 2. mgr. er kveðið á um að rétt sé að veita embættismanni lausn um stundarsakir ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, sbr. meðal annars 38. gr., hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegnir. Í slíkum tilvikum er það skilyrði lausnar um stundarsakir að embættismaður hafi hlotið áminningu vegna sams konar háttsemi. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 4. mgr. 26. gr. verði breytt í þá veru að áminning verði ekki skilyrði lausnar um stundarsakir vegna atvika sem falla undir 2. mgr. Eðlilegt er að sá sem veitir lausn eigi sjálfstætt mat um það hvort atvik séu með þeim hætti að embættismaður hafi með háttsemi sinni vanrækt svo starfsskyldur sínar að hann teljist ekki lengur verður þess að gegna því. Með þessu er málsmeðferðin einfölduð og gerð skilvirkari. Rétt er að undirstrika að eftir sem áður er máli ávallt vísað til rannsóknar og meðferðar nefndar skv. 27. gr. og þannig skal leiða í ljóst hvort skilyrði lausnarinnar hafi verið til staðar. Að lokinni rannsókn nefndarinnar er tekin ákvörðun um það hvort embættismanni verði vikið úr embætti, sbr. 29. gr. Að þessu leyti verður réttarstaða embættismanns því óbreytt.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að gera breytingu á 38. gr. laganna enda er þar vísað til 21. gr. þeirra sem gerð er tillaga um að falli brott í 1. gr. frumvarpsins. 38. gr. fjallar um forstöðumenn stofnunar og er í þeim hluta laganna sem í eru sérstök ákvæði um embættismenn. Í 2. mgr. 38. gr. er mælt fyrir um að við ákveðnar ástæður geti ráðherra veitt forstöðumanni áminningu

skv. 21. gr. eða veitt honum lausn frá embætti skv. VI. kafla laganna hafi vanræksla hann verði ítrekuð eða stórfelld. Í grein þessari er lagt til að veitt skuli skrifleg áminning í stað áminningar skv. 21. gr. laganna.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 43. gr. laganna er kveðið á um að forstöðumaður hafi rétt til að segja starfsmanni upp störfum samkvæmt því sem fyrir sé mælt um í ráðningarsamningi. Í 44. gr. er fjallað um grundvöll uppsagnar og málsmeðferð. Er þar annars vegar greint á milli þess hvort starfsmaður hefur brotið starfsskyldur sínar eða hann hefur ekki valdið starfi sínu eins og nánar er lýst í 21. gr. og hins vegar annarra ástæðna sem leiða má af rekstri stofnunar, svo sem sparnaðar eða skipulagsbreytinga. Það skiptir máli að gera þennan greinarmun þar sem ólíkar málsmeðferðarreglur eiga við eftir því hver grundvöllur uppsagnar er. Eins og fram kemur í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins greinir 21. gr. ekki á milli þess hvort háttsemi starfsmannsins megi rekja til skorts á vilja hans eða getu til þess að sinna starfinu. Í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í nefndum skýringum og í almennum athugasemdum er lagt til að ákvæði 44. gr. falli brott. Af þessu leiðir að ekki verður gerður munur á mismunandi grundvelli uppsagnar að því er varðar rétt forstöðumanns til að binda enda á ráðningarsamband starfsmanns. Þannig fellur brott það skilyrði að undanfari uppsagnar, vegna atvika sem falla undir 21. gr., skuli ávallt vera skrifleg áminning vegna þess konar háttsemi eða framkomu. Af því leiðir enn fremur að uppsögn í slíkum tilfellum verður ekki kæranleg til ráðherra. Er það í samræmi við þá stefnumörkun að auka valdsvið og ábyrgð forstöðumanna á rekstri stofnana ríkisins. Lagt er til að í ákvæðinu verði tekin af öll tvímæli um að ákvarðanir um starfslok falli ekki undir ákvæði og málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga.

Um 5. og 6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

379. Tillaga til þingsályktunar [312. mál]

um lausn á bráðavanda hjálparstofnana.

Flm.: Vigdís Hauksdóttir, Höskuldur Þórhallsson,
Gunnar Bragi Sveinsson, Sigurður Ingi Jóhannsson.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin skuli í samvinnu við sveitarfélögin leysa tafarlaust þann bráðavanda sem hjálparstofnanir standa frammi fyrir.

Greinargerð.

Mikill vandi steðjar nú að mörgum íslenskum heimilum. Svo virðist sem vandinn verði sífellt stærri og umfangsmeiri. Áætlað er að um 1.200 einstaklingar þurfi að leita til hjálparstofnana í viku hverri til að afla sér daglegra nauðþurfta. Fer þessi hópur stækkandi og þessi staðreynd er ekki samboðin íslensku samfélagi. Ef ekkert verður að gert festast þessar fjölskyldur í fátækragildru til framtíðar.

Desember er þungur í skauti fyrir marga og nú verður að leggja allt kapp á að vernda þau börn sem um sárt eiga að binda vegna fjárhagsstöðu foreldra sinna. Íslendingar hafa talið sig standa framarlega hvað mannréttindi varðar. Það er niðurlægjandi að þurfa að bíða í biðröðum eftir matarúthlutunum. Framkvæmdarvaldið og sveitarfélög verða að forgangsraða í rekstri sínum. Nú verður að finna mannúðlega leið til að hjálpa þeim sem verst standa í þjóðfélaginu. Þessi réttur er tryggður í 76. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944. Í 3. mgr. 76. gr. kemur fram að börnum skuli tryggð sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Að auki er minnt á þá alþjóðasáttmála sem Ísland er aðili að og snúa að mannréttindum og vegur mannréttindasáttmáli Evrópu þar þyngst.

380. Frumvarp til laga [313. mál]

um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Innleystur gengishagnaður af hvers konar innlánsreikningum og kröfum í erlendri mynt á því ári sem innlausn á sér stað skal færður til tekna og miðast við mismun á kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris frá 1. janúar 2010 eða síðar og á úttektar- eða greiðsludegi. Heimilt er að jafna saman gengishagnaði og gengistapi hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins.

2. gr.

Við 8. mgr. 17. gr. laganna bætist: og sölu íbúðarhúsnæðis úr dánarbúi manns enda séu uppfyllt framangreind skilyrði um eignarhaldstíma og stærðarmörk.

3. gr.

3. tölul. 1. mgr. B-liðar 30. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

12. tölul. 31. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Á eftir orðunum „og/eða þeirra félaga sem“ í 1. málsl. 1. mgr. 52. gr. laganna kemur: við tóku eða.

6. gr.

Við 1. mgr. 59. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvörðun ríkisskattstjóra um synjun má skjóta til yfirskattanefndar eftir ákvæðum laga um yfirskattanefnd.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Í stað „24,1%“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 22,9%.
b. Í stað „27%“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 25,8%.
c. Í stað „33%“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 31,8%.
d. Í stað „27%“ tvívegis í 4. tölul. 1. mgr. kemur: 25,8%.
e. Í stað „1. tölul.“ í 6. tölul. 1. mgr. kemur: 1.–3. tölul.
f. Í stað „1. tölul.“ í 7. tölul. 1. mgr. kemur: 1.–3. tölul.

8. gr.

Á eftir 70. gr. laganna kemur ný grein, 70. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Tekjuskattur manna með takmarkaða skattskyldu
sem afla meiri hluta tekna sinna hér á landi.

Þeir menn sem búsettir eru í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og bera takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr., en fá sem nemur eigi minna en 75% heildartekna sinna á tekjuárinu frá Íslandi, eiga rétt á að vera skattlagðir líkt og þeir hefðu verið skattskyldir skv. 1. gr. allt tekjuárið, með þeim réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um opinber gjöld.

Sama rétt eiga þeir menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr., en hafa einungis verið heimilisfastir hér á landi hluta tekjuársins, hafi þeir dvalið í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, enda nemi tekjur þeirra frá Íslandi eigi minna en 75% heildartekna þeirra á tekjuárinu.

Heimilt er hjónum og einstaklingum í staðfestri samvist og óvígðri sambúð sem búsett eru í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum að telja fram í samræmi við ákvæði 62. gr. ef annað þeirra eða bæði eiga rétt til skattlagningar skv. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, enda nemi tekjur frá Íslandi eigi minna en 90% samanlagðra tekna þeirra á tekjuárinu og þau séu skráð saman til heimilis við lok tekjuárs.

Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar með reglugerð, m.a. um rétt maka, framtalsskil o.fl.

9. gr.

Á eftir orðunum „Þróunarsjóður sjávarútvegsins“ í 1. tölul. 5. mgr. 71. gr. laganna kemur: Fiskræktarsjóður.

10. gr.

Við 2. mgr. 94. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur í þágu rannsóknar máls leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimilum og öðrum stöðum sem 2. málsl. tekur ekki til.

11. gr.

Orðin „sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. 101. gr. laganna falla brott.

12. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 112. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga, sbr. þó 5. mgr.

13. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 128/2009, sem breytti 60. gr. laganna, er þeim aðilum sem atvinnurekstur stunda eða sjálfstæða starfsemi og selja þjónustu og fengið höfðu heimild ríkisskattstjóra til að miða tekjuuppgjör rekstrarins við innborganir vegna seldrar þjónustu, í stað þess að miða við unna og bókfærða þjónustu, í þeim tilvikum sem vinnuþáttur hinnar seldu þjónustu var almennt yfir 70% heimilt að færa til tekna á þremur árum uppsafnaða fjárhæð sem áður hafði verið frestað að færa til tekna, þ.e. á tekjuárunum 2010, 2011 og 2012.

b. (II.)

Þrátt fyrir 1.–4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXVI í lögunum skal þeim rekstraraðilum sem fá eftirgefnar skuldir vegna greiðsluerfiðleika á árunum 2010 og 2011 vera heimilt í skattskilum sínum að færa á milli tekjuáranna 2010 til og með 2014 þann hluta eftirgjafarinnar sem er umfram yfirfæranlegt rekstrartap og rekstrartap ársins, fyrningar og niðurfærslu. Skilyrði fyrir yfirfærslu skv. 1. málsl. er að skattaðili hafi fyrnt að fullu að teknu tilliti til 42. gr. allar fyrnanlegar eignir sínar og nýtt mögulegar hámarksniðurfærslur á viðskiptakröfum og vörubirgðum. Þá er skilyrði að arði sé ekki úthlutað vegna tekjuáranna 2010 til og með 2014 og skattaðili taki ekki þátt í samsköttun og sameiningu við aðra skattaðila eða sé skipt upp í fleiri félög.

Standi eftir í árslok 2014 eftirgjöf skulda sem hærri er en 500 millj. kr. er skattaðila heimilt að færa það sem umfram er til tekna með jöfnum fjárhæðum á tekjuárunum 2015 til og með 2019. Sé eftirgjöf lægri en 500 millj. kr. í lok árs 2014 færist hún ekki til tekna.

Eftirgefnar skuldir sem á einhvern hátt tengjast refsiverðri háttsemi skattaðila skal tekjufæra án nokkurs frádráttar.

Að öðru leyti gildir 5.–8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXVI.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað „24,1%“ í a-lið 1. mgr. kemur: 22,9%.
b. Í stað „27%“ í b-lið 1. mgr. kemur: 25,8%.
c. Í stað „33%“ í c-lið 1. mgr. kemur: 31,8%.

15. gr.

Við 3. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Afdráttur staðgreiðslu af þeim hluta sem telst vera laun skv. 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal fara fram á því greiðslutímabili þegar uppgjör á sér stað eða eigi síðar en í lok þess árs sem ákvörðun um úthlutun er tekin.

16. gr.

Við 2. mgr. 25. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur í þágu rannsóknar máls leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimilum og öðrum stöðum sem 2. málsl. tekur ekki til.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir tölunni „5.“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 6.
b. Á eftir orðunum „Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Íbúðalánasjóður.
c. Á eftir orðunum „Framleiðnisjóður landbúnaðarins“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Þróunarsjóður sjávarútvegsins, Fiskræktarsjóður.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 3. og 4. málsl. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Til vaxta telst enn fremur innleystur gengishagnaður á staðgreiðsluári skv. 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003. Sama á við um innleystan gengishagnað sem fellur til frá einu greiðslutímabili til annars innan staðgreiðsluársins.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ekki skal telja gengishagnað skv. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003 til stofns til staðgreiðslu.

19. gr.

1. málsl. 4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Afdráttur staðgreiðslu af arði skal fara fram þegar hlutafélag greiðir arðinn eða eigi síðar en í lok þess árs þegar ákvörðun um úthlutun er tekin.

20. gr.

Við 2. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur í þágu rannsóknar máls leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimilum og öðrum stöðum sem 2. málsl. tekur ekki til.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

21. gr.

C-liður 8. gr. laganna orðast svo: Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert:

1. er nemi 0,77% til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla,
2. er nemi 0,95% til jöfnunar vegna málefna fatlaðra.

Við skil á staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, skal jafnframt gera Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu útsvars, sundurliðað skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. þessa stafliðar.

22. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Til greiðslu jöfnunarframlaga vegna þjónustu við fatlaða, sbr. 13. gr. a.

23. gr.

Í stað orðanna „a-, b- og c-lið 8. gr.“ í a-lið 10. gr. laganna kemur: a- og b-lið og 1. tölul. 1. mgr. c-liðar 8. gr.

24. gr.

Í stað orðanna „Tekjum Jöfnunarsjóðs skv. c-lið 8. gr.“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: Tekjum Jöfnunarsjóðs vegna reksturs grunnskóla skv. 1. tölul. 1. mgr. c-liðar 8. gr.

25. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, svohljóðandi:

Stofnuð skal sérstök deild innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra. Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra skv. 2. tölul. 1. mgr. c-liðar 8. gr. skulu renna í sérdeildina auk framlaga af fjárlögum vegna þjónustu við fatlaða.

Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra skv. 2. tölul. 1. mgr. c-liðar 8. gr. að frádregnum kostnaði tengdum flutningi málaflokksins, að viðbættum beinum framlögum af fjárlögum, skal varið til jöfnunar vegna þjónustu við fatlaða með greiðslu framlaga til einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða. Framlögin skulu reiknuð á grundvelli fjölda einstaklinga og þjónustuþarfa þeirra í hverju sveitarfélagi og á hverju þjónustusvæði og skal kveðið nánar á um útreikning þeirra í reglugerð, sbr. 18. gr. Í reglugerðinni skal leitast við að tryggja að tekjuaukning einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða endurspegli kostnaðarmun vegna ólíks fjölda fatlaðra íbúa. Í reglugerðinni skal jafnframt kveðið á um ráðstöfun framlaga vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, biðlista eftir þjónustu og breytingarkostnaðar.

Stofnaður skal sérstakur fasteignasjóður innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem annast fasteignir sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Fasteignasjóðurinn fer með réttindi og skyldur er tengjast fasteignunum. Starfsemi fasteignasjóðsins skal miða að því að tryggja sem jafnasta aðstöðu sveitarfélaga vegna fasteigna sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða. Í því skyni er fasteignasjóðnum heimilt að leigja sveitarfélögum og rekstrar- eða þjónustuaðilum fasteignir til afnota fyrir þjónustu við fatlaða. Enn fremur er fasteignasjóðnum heimilt að selja sveitarfélögum, rekstrar- og þjónustuaðilum, rekstrarfélögum félagslegs húsnæðis eða íbúum fasteignir og semja um greiðslukjör. Þá er fasteignasjóðnum heimilt að selja fasteignir á frjálsum markaði hafi sveitarfélög ekki þörf fyrir að nýta þær. Söluandvirði fasteigna og aðrar tilfallandi tekjur fasteignasjóðsins umfram gjöld skulu renna til sérdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. 1. mgr., og skulu þær nýttar til jöfnunar vegna þjónustu við fatlaða. Á sama hátt ber sérdeildin ábyrgð á rekstrarhalla fasteignasjóðsins sé um slíkt að ræða. Ráðherra er heimilt með samþykki Sambands íslenskra sveitarfélaga að leggja fasteignasjóðinn niður og skal eignum hans ráðstafað til sérdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. 1. mgr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um starfsemi fasteignasjóðsins að fenginni umsögn velferðarráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, svo sem um nýtingu tekna fasteignasjóðsins til jöfnunar vegna þjónustu við

fatlaða, hvernig leigufjárhæðir skulu ákveðnar, um rekstrarform, stjórnun, leigu og sölu fasteigna og heimildir sveitarfélaga til þess að fela öðrum aðilum rekstur fasteignanna.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 23. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „13,28%“ kemur: 14,48%.
b. Í stað hlutfallstölunnar „11,24%“ kemur: 12,44%.

27. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (XI.)

Í fjárlögum skal tryggja sérstök framlög vegna tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

a. Framlög á árunum 2011, 2012 og 2013 til að vega upp á móti veikri stöðu útsvarsstofnsins.
b. Framlög á árunum 2011, 2012 og 2013 vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.
c. Framlög á árunum 2012 og 2013 vegna biðlista eftir þjónustu.
d. Framlög á árunum 2011, 2012 og 2013 vegna breytingarkostnaðar, tilfærslu, aðlögunar og útfærslu þjónustunnar.

b. (XII.)

Fram til ársins 2014 eru sveitarfélög bundin af því að 0,25 prósentustig af þeirri hækkun útsvars sem þeim er tryggð vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra renni beint til þjónustu við fatlaða innan viðkomandi þjónustusvæða.

c. (XIII.)

Á árinu 2011 skulu greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða taka mið af heimildarákvæði 6. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða hvað varðar sérstakt aðlögunartímabil þar sem beinar greiðslur til sveitarfélaga og þjónustusvæða byggjast að hluta til eða öllu leyti á framreiknuðum rekstrarkostnaði ársins 2010.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

28. gr.

Við 3. mgr. 38. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur í þágu rannsóknar máls leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimilum og öðrum stöðum sem 2. málsl. tekur ekki til.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lögaðilar og einstaklingar sem eru og hafa verið í atvinnurekstri og eru í vanskilum með virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald og þing- og sveitarsjóðsgjöld sem hafa gjaldfallið fyrir 1. janúar 2010 geta sótt um frest til greiðsluuppgjörs á þeim vanskilum til 1. júlí 2011.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Einstaklingar sem sótt hafa um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, geta sótt um greiðsluuppgjör samkvæmt lögum þessum vegna vangoldins virðisaukaskatts og afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda. Hafni umboðsmaður skuldara umsókn einstaklings um greiðsluaðlögun skal umsókn samkvæmt þessari málsgrein afgreidd í samræmi við 1. mgr.

30. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. október 2011“ í 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: 1. júlí 2012.

31. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Sérstök niðurfelling á tekjuskatti lögaðila sem gjaldfallið hefur fyrir 1. janúar 2010.

Hafi umsækjandi skv. 1. gr. fengið sértæka skuldaaðlögun samkvæmt lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, er tollstjóra heimilt að fallast á beiðni um niðurfellingu tekjuskatts að hluta, enda telji tollstjóri hagsmunum ríkissjóðs betur borgið með slíkri niðurfellingu. Umsækjanda ber að leggja fram þau gögn sem hin sértæka skuldaaðlögun byggist á ásamt öðrum þeim gögnum sem tollstjóri fer fram á.

Hafi umsækjandi skv. 1. gr. ekki fengið sértæka skuldaaðlögun samkvæmt lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, er tollstjóra heimilt að fallast á beiðni um niðurfellingu tekjuskatts að hluta, enda telji tollstjóri hagsmunum ríkissjóðs betur borgið með slíkri niðurfellingu. Umsækjanda ber að leggja fram þau gögn sem tollstjóri fer fram á.

Fallist tollstjóri á niðurfellingu tekjuskatts skv. 1. og 2. mgr. kemur slík niðurfelling til framkvæmdar þegar umsækjandi hefur uppfyllt öll önnur skilyrði laga þessara. Tollstjóri gefur út skuldabréf vegna þess hluta tekjuskatts sem ekki er felldur niður í samræmi við ákvæði 5. gr. Niðurfelling tekjuskatts kemur þó aldrei til greina ef skattkrafa er tilkomin vegna endurákvörðunar skattyfirvalda á tekjuskatti vegna skattsvika.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

32. gr.

Í stað orðanna „staðist próf í verðbréfaviðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um verðbréfaviðskipti“ í 4. mgr. 34. gr. laganna kemur: staðist próf í verðbréfaviðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

33. gr.

Í stað ártalsins „2009“ í 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 2010.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

34. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið þessara laga er að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja með því að veita þeim rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni.

35. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um fyrirtæki sem eru eigendur rannsóknar- eða þróunarverkefna sem staðfest hafa verið af Rannsóknamiðstöð Íslands skv. 5. gr. Háskólar og opinberar stofnanir teljast ekki fyrirtæki í skilningi laga þessara.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1., 2., 3., 4., 6., 10., 11. og 13. tölul. falla brott og breytist númeraröð annarra töluliða í samræmi við það.
b. 5. tölul. orðast svo: *Nýsköpunarfyrirtæki:* Lögaðilar skv. 1. og 3. tölul. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem stunda rannsóknir eða þróun samkvæmt lögum þessum.
c. 8. tölul. orðast svo: *Rannsóknar- og þróunarkostnaður:* Beinn kostnaður við verkefni sem hlotið hefur staðfestingu skv. 5. gr., svo sem vegna starfsmanna, tækja, húsnæðis, aðkeyptrar rannsóknar- og þróunarvinnu og annarra aðfanga sem eingöngu eru notuð við verkefnið.
d. 9. tölul. orðast svo: *Rannsóknir:* Skipulagðar rannsóknir eða mikilvægar athuganir sem eru til þess fallnar að stuðla að öflun nýrrar þekkingar og hæfni til þróunar á nýjum afurðum, ferlum eða þjónustu eða til að koma til leiðar umtalsverðum endurbótum á afurðum, ferlum eða þjónustu sem er til staðar. Þær ná yfir sköpun þátta í flóknum kerfum, sem nauðsynlegir eru fyrir rannsóknir, einkum almennar tæknifullgildingar, þó ekki á frumgerðum sem tilgreindar eru í 10. tölul.
e. 15. tölul. orðast svo: *Þróun:* Öflun, sameining, mótun og not fyrirliggjandi vísindalegrar, tæknilegrar, viðskiptalegrar eða annarrar viðeigandi þekkingar og færni í þeim tilgangi að vinna að áætlunum eða ráðstöfunum og hönnun fyrir nýjar, breyttar eða endurbættar afurðir, ferla eða þjónustu. Þetta kann einnig að fela í sér, til dæmis, aðra starfsemi sem hefur að markmiði hugmyndaskilgreiningar, áætlanir og skráningu nýrra afurða, ferla og þjónustu. Slík starfsemi kann að fela í sér gerð uppkasta, teikninga, áætlana og annarra skjala, enda séu þau ekki ætluð til notkunar í atvinnuskyni.
f. Við bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð, svohljóðandi:
   1. *Lítið fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og er með árlega veltu undir 2 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 2 milljónum evra, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.
   2. *Meðalstórt fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með á bilinu 50–250 starfsmenn og er með árlega veltu undir 50 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 43 milljónum evra, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.

3. *Stórt fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með fleiri en 250 starfsmenn, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.

37. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Umsókn um staðfestingu á rannsóknar- eða þróunarverkefni skal berast Rannís eigi síðar en 1. september ár hvert.

Umsókn skal afhent á því formi sem Rannís ákveður. Með umsókn skal fylgja greinargóð lýsing á verkefninu ásamt verk- og kostnaðaráætlun.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma tveir málsliðir, svohljóðandi: Rannís ákvarðar hvort verkefni hlýtur staðfestingu samkvæmt lögum þessum. Skilyrði þess að verkefni hljóti staðfestingu er að það teljist rannsóknar- eða þróunarverkefni samkvæmt lögum þessum og einnig.
b. 2. mgr. fellur brott.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Staðfesting verkefna.*

39. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ef nýsköpunarfyrirtæki kaupir rannsóknar- eða þróunarvinnu af ótengdu fyrirtæki, háskóla eða stofnun til nota í eigin staðfestu rannsóknar- eða þróunarverkefni hækkar hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti skv. 10. gr.

40. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Tvö eða fleiri ótengd nýsköpunarfyrirtæki geta staðið saman að verkefni og notið frádráttar skv. 10. gr. Í tilviki samstarfsverkefnis skulu upplýsingar um alla þátttakendur koma fram í umsókn skv. 4. gr. ásamt upplýsingum um áætlaða hlutdeild hvers og eins í rannsóknar- og þróunarkostnaði.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 1.–3. mgr. orðast svo:

Við mat Rannís á rannsóknar- og þróunarverkefnum má leita til ráðgefandi fagnefndar sem skipuð er þremur fulltrúum með reynslu af málefnum tengdum nýsköpun. Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Samtök atvinnulífsins tilnefna fulltrúa í fagnefndina.

Rannís skal innan tveggja mánaða frá móttöku umsóknar ákvarða hvort verkefni hlýtur staðfestingu skv. 5. gr. Tilkynna skal umsækjanda um þá ákvörðun.

Rannís skal tilkynna ríkisskattstjóra um þau rannsóknar- eða þróunarverkefni sem hlotið hafa staðfestingu skv. 5. gr. og eigendur þeirra. Samstarfsverkefni skulu aðgreind sérstaklega og upplýst um alla þátttakendur í þeim.

b. 4. mgr. fellur brott.

42. gr.

Orðin „og/eða 6.“ í 1. málsl. 9. gr. laganna falla brott.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefnum sem hlotið hafa staðfestingu skv. 5. gr. á rétt á sérstökum frádrætti frá álögðum tekjuskatti sem nemur 20 hundraðshlutum af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti hjá hverju fyrirtæki skal vera 100.000.000 kr. á rekstrarári. Ef um er að ræða aðkeypta rannsóknar- eða þróunarvinnu skv. 6. gr. skal hámark kostnaðar samtals vera 150.000.000 kr. Ef um er að ræða samstarfsverkefni skv. 7. gr. skal sama hámark gilda fyrir verkefnið í heild en frádrætti skipt hlutfallslega milli fyrirtækjanna sem taka þátt í samstarfsverkefninu.

b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kostnaður sem fellur til vegna umsóknar til Rannís myndar ekki frádráttarrétt hjá nýsköpunarfyrirtæki.

44. gr.

3. málsl. 11. gr. fellur brott.

45. gr.

12.–14. gr. laganna falla brott.

46. gr.

Í stað 2. mgr. 15. gr. koma fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Samanlagður styrkur frá opinberum aðilum að meðtöldum skattfrádrætti samkvæmt lögum þessum skal ekki fara yfir neðangreind hlutföll vegna sama rannsóknar- eða þrónuarverkefnis:

1. Þegar um lítil fyrirtæki er að ræða getur samanlagður kostnaður orðið hæstur 70% vegna rannsóknarverkefnis eða í tilviki samstarfsverkefnis 80%. Samanlagður kostnaður vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 45% eða í tilviki samstarfsverkefnis 60%.
2. Þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða getur samanlagður kostnaður orðið hæstur 60% vegna rannsóknarverkefnis eða í tilviki samstarfsverkefnis 75%. Samanlagður kostnaður vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 35% eða í tilviki samstarfsverkefnis 50%.
3. Þegar um stór fyrirtæki er að ræða getur samanlagður kostnaður orðið hæstur 50% vegna rannsóknarverkefnis eða í tilviki samstarfsverkefnis 65% enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki. Samanlagður kostnaður vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 25% eða í tilviki samstarfsverkefnis 40% enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki.

Skilyrði aukningar á styrkhæfi vegna sameiginlegra verkefna er að þau feli í reynd í sér samstarf milli a.m.k. tveggja óháðra fyrirtækja og eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1. ekkert eitt fyrirtæki fari með meira en 70% af hinum styrkhæfa kostnaði vegna samstarfsverkefnisins;

2. verkefnið verður að fela í sér samstarf í það minnsta eins lítils eða meðalstórs fyrirtækis eða vera milli landamæra, þ.e. rannsóknar- og þróunarstarfsemin verður að eiga sér stað innan í það minnsta tveggja EES-landa.

Aukning á styrkhæfi er einnig heimil ef verkefnið felur í reynd í sér samstarf milli fyrirtækis og rannsóknarstofnunar, sértaklega í sambandi við samræmingu stefnumörkunar á sviði rannsókna og þróunar, og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. rannsóknarstofnunin fer með í það minnsta 10% af hinum styrkhæfa kostnaði;
2. rannsóknarstofnunin hefur rétt til að birta niðurstöður rannsóknarverkefnisins að því marki sem þær eru tilkomnar vegna rannsókna sem stofnunin hefur hrint í framkvæmd.

Enn fremur er aukning heimil, fyrir rannsóknir eingöngu, ef niðurstöðum verkefnisins er dreift með almennum hætti á tækni- og vísindaráðstefnum eða með birtingu í vísinda- eða tækniritum eða í gegnum opin gagnasöfn (gagnagrunna þar sem hver sem er getur nálgast grunngögn úr rannsóknum), eða í gegnum ókeypis eða opinn hugbúnað.

Undirverktaka skv. 3. og 4. mgr. telst ekki samstarf í skilningi laga þessara.

IX. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

47. gr.

Við 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Af fólksbifreiðum leigðum út af bílaleigum, skráðum í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, sem innflytjandi nýtir hér á landi tímabundið í eigin þágu enda vari dvöl bifreiðarinnar hér á landi ekki lengur en 42 daga í hvert sinn en aldrei lengur en 183 daga á hverju 12 mánaða tímabili. Hver sá sem nýtir sér heimild til tímabundins innflutnings samkvæmt þessum lið getur aldrei nýtt heimildina lengur en 42 daga á ári hverju.

48. gr.

Við 3. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kostnaðarliðir og gjöld sem um ræðir í 2. mgr. skulu innifalin í tollverði, án tillits til þess hvort kostnaðarliðirnir og gjöldin séu raunverulega greidd eða ekki, enda sé unnt að ákvarða þau á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.

X. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

49. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frá og með 1. janúar 2011 er tollstjóra heimilt er að endurgreiða vörugjald af ökutækjum sem hefur verið breytt þannig að ökutækið nýtir metan í stað bensíns eða dísilolíu og hefur verið skráð sem slíkt hjá Umferðarstofu.

Fjárhæð endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. skal vera 20% af kostnaði við breytinguna samkvæmt reikningi breytingaverkstæðis en þó ekki hærri en 100.000 kr. Vörugjald skal því aðeins endurgreitt að ökutæki sé yngra en sex ára við breytingu, miðað við framleiðsluár, og útbúið að lágmarki 80 lítra metangeymi.

Eigandi ökutækis skal sækja um endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. til tollstjóra á eyðublaði sem tollstjóri útbýr. Með umsókninni skal fylgja staðfesting Umferðarstofu um að öku-

tæki hafi verið breytt til þess að nýta metan og að faggilt skoðunarstöð ökutækja hafi vottað breytinguna. Jafnframt skal fylgja með vottorð faggiltrar skoðunarstöðvar um að ökutæki sé útbúið að lágmarki 80 lítra metangeymi.

Ef ökutæki, sem hlotið hefur endurgreiðslu, getur ekki nýtt metan sem eldsneyti vegna þess að breytingarbúnaður eða einhver hluti hans hefur verið fjarlægður eða gerður óvirkur innan tveggja ára frá því að vörugjald var endurgreitt skal eigandi ökutækis tilkynna tollstjóra og Umferðarstofu um að búnaður hafi verið fjarlægður eða gerður óvirkur og greiða upp endurgreiðsluna að fullu. Skylda til að tilkynna tollstjóra og Umferðarstofu um að búnaður hafi fjarlægður eða færður til að nota á annað ökutæki hvílir á jafnframt á hverjum þeim sem annast slíkar breytingar fyrir einhvern annan.

Vanræki aðili að tilkynna tollstjóra innan mánaðar um að breytingarbúnaður hafi verið fjarlægður eða gerður óvirkur á einhvern hátt á því tímabili sem tilgreint er í 4. mgr. skal eigandi ökutækis greiða upp endurgreiðsluna ásamt 50% álagi.

Faggiltar skoðunarstofur ökutækja skulu kanna ástand og virkni metanbúnaðar við hverja reglubundna skoðun ökutækis.

Heimild til endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. gildir þangað til vörugjald hefur verið endurgreitt vegna breytinga á 1.000 ökutækjum. Eigendur ökutækja sem breytt hefur verið til þess að nýta metan í stað bensíns eða dísilolíu fyrir gildistöku þessa ákvæðis og hlotið hafa vottun frá faggiltri skoðunarstöð ökutækja samkvæmt reglum umferðarstofu geta jafnframt sótt um endurgreiðslu vörugjalda.

Um eftirlit og kæruheimildir skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum, eftir því sem við getur átt.

XI. KAFLI
Breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

50. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2010“ í ákvæðum til bráðabirgða II, III, V og VI í lögunum kemur: 31. desember 2011.

XII. KAFLI
Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991, með síðari breytingum.

51. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. C-liður 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Af stefnufjárhæð frá 30.000.000 kr. að 90.000.000 kr. . . . . 90.000 kr.
b. Á eftir c-lið 2. tölul. 1. mgr. koma tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
   d. Af stefnufjárhæð frá 90.000.000 kr. að 150.000.000 kr. . . . . 150.000 kr.
   e. Af stefnufjárhæð frá 150.000.000 kr. og fjárhæðum umfram það . . . . 250.000 kr.
c. C-liður 3. tölul. 2. mgr. orðast svo: Af áfrýjunarfjárhæð frá 30.000.000 kr. að 90.000.000 kr. . . . . 130.000 kr.
d. Á eftir c-lið 3. tölul. 2. mgr. koma tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
   d. Af áfrýjunarfjáhæð frá 90.000.000 kr. að 150.000.000 kr. . . . . 200.000 kr.
   e. Af áfrýjunarfjárhæð frá 150.000.00 kr. og fjárhæðum umfram það . . 300.000 kr.

52. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist: þar á meðal gjald fyrir þingfestingu máls skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. og gjald fyrir kæru til Hæstaréttar, sem ákveðið skal eftir ákvæðum 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. í stað gjalds skv. 1. tölul., enda sé í málinu deilt um hagsmuni sem afmarkaðir eru með tilgreindum fjárhæðum.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum.

53. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 3. málsl. 3. mgr. 15. gr. laganna kemur: 3.200 kr.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um veiðieftirlitsgjald, nr. 33/2000, með síðari breytingum.

54. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „17.500 kr.“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: 22.000 kr.

55. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.800 kr.“ í 3. gr. laganna kemur: 5.000 kr.

56. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „16.500“ í 1. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: 29.000 kr.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um yfirskattanefnd, nr. 30/1992, með síðari breytingum.

57. gr.

Við 18. gr. laganna bætist: í almennri póstsendingu eða rafrænt.

XVI. KAFLI

Gildistaka.

58. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:

1., 2., 5. og 6. gr., e- og f-liður 7. gr. og 10.–13., 17.–18., 29.–33., 50. og 51.–57. gr. öðlast þegar gildi.

3., 4. og 34.–46. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010.

A–d-liðir 7. gr. og 8.–9., 14.–15. og 19. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og koma til framkvæmda við álagningu 2012 og á staðgreiðsluárinu 2011 eftir því sem við á.

10., 16., 20. og 28. gr. öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra jafnt til mála sem rannsókn er þegar hafin í og þeirra sem verða tekin til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

21.–27. og 47.–49. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Tilefni lagasetningar.

Í frumvarpi því sem hér er kynnt er að finna tillögur að breytingum á mörgum lögum af margvíslegu tilefni. Hér skulu nefndar þær helstu. Í fyrsta lagi eru breytingar sem tengjast tilflutningi á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga eins og breytingar á lögum nr. 90/2003, um

tekjuskatt, og lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Í öðru lagi eru breytingar sem varða rýmkun á þeim skattalegu úrræðum sem fyrirtæki geta nýtt sér í dag. Þær breytingar varða annars vegar skattalega meðferð á eftirgjöf skulda (bráðabirgðaákvæði XXXVI í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt) og hins vegar heimild til greiðsluuppgjörs á gjaldföllnum skattskuldum frá fyrri árum (lög nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri) í því skyni að auðvelda fjármálastofnunum og öðrum kröfuhöfum fjárhagslega endurskipulagningu lífvænlegra atvinnufyrirtækja. Í þriðja lagi eru tillögur að breytingum á nýsamþykktum lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, til frekari eflingar þeirri starfsemi til hagsbóta fyrir íslenskt efnahagslíf auk frekari skilgreininga og niðurfellingar á hlutabréfaafslætti til handa einstaklingum og lögaðilum þar sem hann er ekki talinn standast reglur evrópska efnahagssamningsins um ríkisaðstoð. Í fjórða lagi er tillaga um framlengingu á gildandi bráðabirgðaákvæði VI í lögum nr. 129/ 1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem felur það í sér að vikmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða verði áfram 15% í stað 10%, eða út árið 2010. Um er að heimildarákvæði fyrir lífeyrissjóðina, sem ætti að nýtast þeim sem enn eru með verulega neikvæða stöðu eftir hrunið, jafnvel þrátt fyrir skerðingu réttinda sjóðfélaga á undanförnum tveimur árum. Í fimmta lagi eru lagðar til breytingar á heimildum skattrannsóknarstjóra í því skyni að einfalda og flýta fyrir málsmeðferð gagnvart þeim aðilum sem eru til rannsóknar. Að lokum eru í frumvarpinu ýmsar minni en þó mikilvægar breytingar, m.a. vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA, tilkomu nýrra umhverfisvænna orkugjafa eins og metans, framlengingar á niðurfellingu stimpilgjalds vegna skilmálabreytinga lána hjá fólki í greiðsluerfiðleikum, hækkunar gjalda sem Fiskistofa innheimtir o.fl. Hér á eftir er nánari umfjöllun um helstu breytingar frumvarpsins.

II. Meginefni frumvarpsins.

Tekjuskattur ríkisins og tekjustofnar sveitarfélaga.

Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma varðandi tilfærslu þjónustu við fatlaða, dags. 6. júlí 2010, er gert ráð fyrir því að útsvarshlutfall sveitarfélaga verði hækkað um 1,2% gegn samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkisins. Samkvæmt samkomulaginu færist fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á framkvæmd þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og miðar samkomulagið að því að yfirfærslan eigi sér stað 1. janúar 2011.

Flutningur málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga hefur lengi verið til umræðu. Með breytingu á gildandi lögum um málefni fatlaðra, árið 1996, samþykkti Alþingi að setja inn bráðabirgðaákvæði við lögin þar sem þáverandi félagsmálaráðherra var falið að undirbúa yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga. Í kjölfarið skipaði félagsmálaráðherra nefndir til þess að undirbúa málið en samkomulag tókst ekki um yfirfærsluna og var verkefnið lagt til hliðar á vordögum árið 2000.

Á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga 16. febrúar 2007 var að nýju ákveðið að hefja formlega viðræður um að sveitarfélög landsins tækju við verkefnum er vörðuðu málefni fatlaðra og aldraðra. Í framhaldi af þessari ákvörðun var 23. mars 2007 skipuð verkefnastjórn til þess að fjalla um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála. Var verkefnastjórninni jafnframt falið að stýra vinnu tveggja nefnda sem fjallað hafa um verkaskiptingu á sviði málefna fatlaðra annars vegar og hins vegar á sviði þjónustu við aldraða.

Hinn 13. mars 2009 var undirrituð viljayfirlýsing milli ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Meginmarkmið tilfærslu þjónustunnar er að stuðla að samþættingu félagslegrar þjónustu við íbúa sveitarfélaganna og stuðla þannig að

heildstæðari og um leið bættri þjónustu við einstaklinga sem þurfa á slíkri þjónustu að halda í daglegu lífi. Þykja sveitarfélögin að mörgu leyti betur í stakk búin en ríkið til að laga félagslega þjónustu að þörfum notenda með hliðsjón af ólíkum aðstæðum fólks. Í viðauka 2 við fyrrgreinda viljayfirlýsingu kemur fram að tekjustofnar sveitarfélaga verði hækkaðir til að standa straum af kostnaði við þau verkefni sem sveitarfélögin taka við og að endanlegar tillögur um fjármögnun verði unnar í tengslum við endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Jafnframt segir að beita eigi jöfnunaraðferðum til að tryggja að tekjuaukningin endurspegli kostnaðarmun vegna ólíks fjölda fatlaðra íbúa í sveitarfélögum og mismunandi þjónustuþarfa. Í viðaukanum er einnig kveðið á um það að mynda skuli þjónustusvæði um rekstur þjónustu og er miðað við að þau hafi að lágmarki átta þúsund íbúa. Í undantekningartilvikum er þó heimilt að víkja frá þessu.

Ríkisstjórn Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga undirrituðu 6. júlí 2010 samkomulag um fjárhagslegar forsendur fyrir flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Markmið samkomulagsins er að færa ábyrgð á fjármögnun þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga og tryggja sveitarfélögum sanngjarnan fjárhagsramma. Í samkomulaginu kemur fram að útsvarshlutfall sveitarfélaga verði hækkað um 1,2 prósentustig gegn samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkisins. Hækkun útsvarstekna hjá sveitarfélögunum er áætluð um 10 milljarðar kr. vegna þessarar breytingar á útsvarshlutfallinu. Tekjur ríkissjóðs lækka jafnmikið og er þá aukinn hlutur ríkissjóðs í greiðslu útsvars til sveitarfélaga meðtalinn.

Af fyrrgreindum 1,2 prósentustigum renna 0,95 prósentustig til sérdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en 0,25 prósentustig beint til sveitarfélaganna og eru þau bundin af því fram til ársins 2014 að ráðstafa þeim fjármunum til þjónustu við fatlaða innan viðkomandi þjónustusvæða. Auk þess verði framlög af fjárlögum á næstu árum m.a. vegna nýs fyrirkomulags þjónustu sem nefnist notendastýrð persónulega aðstoð og vegna biðlista eftir þjónustu. Skulu framlög af fjárlögum renna til sérstakrar deildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða. Sameiginlegt mat á faglegum og fjárhagslegum árangri yfirfærslunnar fer fram árið 2014, en samhliða endurmatinu er stefnt að því að útsvarshlutfall vegna þjónustu við fatlaða verði endurskoðað og að framlög af fjárlögum falli niður þannig að þjónustan verði alfarið fjármögnuð með útsvari. Fyrir árslok 2010 verður síðan undirritað frekara samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða, þar sem markmið og forsendur yfirfærslunnar eru skilgreind og einstakir efnisþættir útfærðir nánar, svo sem fasteignamál og jöfnunaraðgerðir.

IV. kafli frumvarpsins er liður í þeirri breytingu sem yfirfærsla á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga hefur í för með sér. Lýtur IV. kafli aðallega að breytingu á III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, en kaflinn fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ákvæði þessi eru samin í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og byggjast í fyrsta lagi á viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga frá 13. mars 2009, í öðru lagi á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um fjárhagslegar forsendur fyrir flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélaga er undirritað var 6. júlí 2010 og í þriðja lagi á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða.

Samhliða frumvarpi þessu mun félags- og tryggingamálaráðherra leggja fram lagafrumvarp til breytingar á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

Skattaleg meðferð á eftirgjöf skulda lögaðila.

Fyrr á þessu ári var samþykkt sem ákvæði til bráðabirgða XXXVI við lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, tiltekinn afsláttur af skattskyldu á eftirgjöf skulda umfram rekstrartöp hjá lögaðilum og þeim mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Í ákvæðinu fólst heimild til að tekjufæra einungis 50% af fengnum eftirstöðvum af eftirgjöf skulda vegna tekjuáranna 2009–2011 allt að samtals 50 millj. kr. og 75% af eftirgjöf umfram samtals 50 millj. kr. á framangreindu tímabili. Einnig er heimilt að fyrna eignir sérstaklega á móti eftirgjöfinni. Að lokum er heimilt að færa eftirgjöf skulda sem þannig er metin til tekna með jöfnum fjárhæðum í skattframtölum næstu þriggja ára.

Nokkur gagnrýni hefur komið fram á þetta úrræði í þá veru að það hamli í ákveðnum tilvikum fjárhagslegri endurskipulagningu lífvænlegra fyrirtækja vegna þeirrar tekjuskattsskuldbindingar sem myndast við eftirgjöfina. Í ljósi þess er í þessu frumvarpi lögð til breyting á þessu ákvæði í átt til frekari rýmkunar. Lagt er til að heimilt verði að færa á milli tekjuáranna 2010 til og með 2014 þann hluta eftirgjafarinnar sem er umfram yfirfæranlegt rekstrartap og möguleg rekstrartöp á tímabilinu, fyrningar og niðurfærslu miðað við rekstrarniðurstöðu þessara ára. Það er þó skilyrði að allar fyrnanlegar eignir hafi verið fyrndar að fullu að teknu tilliti til 42. gr. og mögulegar hámarksniðurfærslur á viðskiptakröfum og vörubirgðum hafi verið nýttar. Þá er einnig sett það skilyrði að arði sé ekki úthlutað vegna tekjuáranna 2010 –2014 og að ekki sé um að ræða samsköttun, sameiningu eða skiptingu á sama tímabili. Að loknu þessu fimm ára tímabili eða í árslok 2014 er heimilt að færa þann hluta eftirgjafarinnar sem er umfram 500 millj. kr. til tekna með jöfnum fjárhæðum á tekjuárunum 2015 til og með 2019, en sé eftirgjöf þannig metin 500 millj. kr. eða lægri fellur hún niður. Þannig verður til eins konar frítekjumark við 500 millj. kr. Það skal þó tekið fram að eftirgefnar skuldir sem á einhvern hátt tengjast refsiverðri háttsemi skattaðila skal tekjufæra án nokkurs frádráttar.

Greiðsluuppgjör á gjaldföllnum skattskuldum.

Síðastliðið vor samþykkti Alþingi lög um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri en úrræðunum sem í þeim fólust var ætlað að vera hvati fyrir aðila í atvinnurekstri til að koma vanskilum á opinber gjöld í skil. Lögin fela í sér einskiptis aðgerð þannig að umsækjandi fær heimild til að greiða eldri vanskil með útgáfu vaxtalauss skuldabréfs til fimm ára gegn því að opinber gjöld sem gjaldfalla á tímabilinu 1. janúar 2010 til 1. júlí 2011 séu í skilum. Þetta úrræði hefur mælst mjög vel fyrir og þegar hafa á fjórða hundrað aðilar sótt um greiðsluuppgjör. Þar af hafa verið greiddar um 500 millj. kr. til þess að uppfylla skilyrði laganna við umsókn og um 1.500 millj. kr. af ógreiddum opinberum gjöldum verða settar á skuldabréf til næstu fimm ára. Gildandi úrræði hvetur einnig til skila á skattframtölum og dregur þar með úr áætlunum.

Til að tryggja enn frekar aðkomu stjórnvalda til aðstoðar rekstraraðilum í skuldavanda og ná jafnframt til þeirra sem hættir eru rekstri vegna efnahagsástandsins er lagt til að þau skilyrði sem eru í gildandi lögum verði rýmkuð. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að tollstjóra verði veitt heimild til að fella niður hluta af tekjuskatti lögaðila sem fallið hefur í gjalddaga fyrir 1. janúar 2010 að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Með þessu móti verða til staðar frekari úrræði fyrir hina mismunandi hópa sem skulda opinber gjöld vegna atvinnureksturs en vilja koma hlutunum í skil.

Verði frumvarpið að lögum mun umsækjandi um greiðsluuppgjör, sem uppfyllir skilyrði laganna um frest til greiðsluuppgjörs, njóta eftirtalinna ívilnana gagnvart uppgjöri á kröfunni sem fer fram eftir 1. júlí 2011:

- Ekki eru lagðir dráttarvextir á hina ógreiddu skattkröfu sem varð til fyrir 1. janúar 2010 fram til 1. júlí 2011.
- Hin ógreidda skattkrafa er sett á skuldabréf til fimm ára með jöfnum mánaðarlegum afborgunum og fer fyrsta greiðsla fram 1. júlí 2012.
- Skuldabréfið er án vaxta en verðtryggt, miðað við vísitölu neysluverðs í júlí 2011.
- Tollstjóra verði heimilt að fella niður hluta af álögðum tekjuskatti lögaðila og einstaklinga í rekstri sem stafa frá tímabilum því fyrir 1. janúar 2010 en þetta er nýmæli. Heimildin er bundin við þá aðila sem enn eru í rekstri.

Heimild tollstjóra til að fella niður hluta af álögðum tekjuskatti er afar sérstök en hér er um tímabundna heimild að ræða sem ætlað er að koma til móts við þann vanda sem rekstraraðilar standa nú frammi fyrir. Eingöngu er átt við vangoldinn tekjuskatt sem gjaldfallinn var fyrir 1. janúar 2010 en heimildin á ekki við um önnur vangoldin gjöld eða skatta sem falla undir lög þessi. Heimildin á jafnt við um rekstraðila sem sótt hafa um sértæka greiðsluaðlögun til fjármálastofnana á grundvelli laga nr. 107/2009, og þeirra sem ekki hafa gert það. Sú krafa er gerð að umsækjanda sem fengið hefur sértæka skuldaaðlögun afgreidda sé skylt að leggja fram öll þau gögn er varða rekstur fyrirtækisins, þar á meðal þær forsendur er liggja að baki niðurfellingu krafna hjá fjármálastofnunum.

Tollstjóri ber að hafa hlutlæg viðmið í huga við mat á því hvort lögaðili sé í atvinnurekstri eður ei. Umsækjandi verður að vera með virkt virðisaukaskattsnúmer nema hann sé undanþeginn skilum á virðisaukaskatti og vera skráður á launagreiðendaskrá ríkisskattstjóra 1. júlí 2011. Jafnframt ber að hafa í huga þau sjónarmið við ákvörðun tollstjóra um niðurfellingu tekjuskatts að fyrst og fremst sé hagsmunum ríkissjóðs betur borgið með slíkri niðurfellingu. Hliðstætt úrræði er að finna í 4. mgr. 113. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að því undanskildu að ekki er gerð krafa um að umsækjandi sé skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og vörugjaldi til þess að tollstjóri gefi út skuldabréf skv. 5. gr. laganna. Hins vegar verður að gera þá kröfu að vangoldinn tekjuskattur sé ekki tilkominn vegna endurákvörðunar á grundvelli skattsvika umsækjanda. Við mat á því hvort hagsmunum ríkissjóðs sé betur borgið með niðurfellingu tekjuskatts að hluta ber að líta til þess hvort gripið hafi verið til nauðsynlegra ráðtafana til að tryggja rekstur fyrirtækisins ásamt því að meta lífvænleika þess til framtíðar.

Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki.

I. Aðdragandi.

Í almennum athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, kemur fram að með því sé kveðið á um tiltekið form ríkisaðstoðar við nýsköpunarfyrirtæki og því beri með vísan til 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að tilkynna eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um áformaða ríkisaðstoð. Í athugasemdunum kemur fram að samhliða framlagningu frumvarpsins á Alþingi var ætlunin að tilkynna ESA formlega um hið fyrirhugaða ríkisaðstoðarkerfi. Loks er áréttað að í samræmi við málsmeðferðarreglur ESA sé ekki unnt að hefja veitingu ríkisaðstoðarinnar fyrr en að fenginni staðfestingu stofnunarinnar á lögmæti ríkisaðstoðarinnar.

Lög nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, öðluðust gildi í ársbyrjun 2010 en ekki tókst að tilkynna ESA um frumvarpið áður en Alþingi samþykkti það og staðfesting

ESA lá því ekki fyrir þegar lögin tóku gildi. Þannig gafst ekki tækifæri til þess að bera efni frumvarpsins undir stofnunina áður en það varð að lögum.

ESA var tilkynnt með formlegum hætti um lögin í áföngum í júní og september 2010 og hefur stofnunin haft kerfið til skoðunar síðan þá.

Núgildandi lög fela annars vegar í sér beinan stuðning í formi skattfrádráttar hjá nýsköpunarfyrirtækjum og hins vegar óbeinan stuðning til nýsköpunarfyrirtækja í formi skattafsláttar til einstaklinga og lögaðila sem fjárfesta í hlutabréfum nýsköpunarfyrirtækja. Þessi úrræði eiga samkvæmt gildandi lögum að koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2011.

Eftirlitsstofnun EFTA sendi íslenskum stjórnvöldum upplýsingabeiðni í nóvember 2010 vegna núgildandi laga þar sem látnar eru í ljós ýmsar athugasemdir við það ríkisaðstoðarkerfi sem í þeim felst. Í kjölfarið hafa átt sér stað samskipti við stofnunina þar sem fram hefur komið að skattafsláttur til einstaklinga og lögaðila muni líklega standa í vegi fyrir því að kerfið verði samþykkt sem lögmæt ríkisaðstoð, en samþykki ESA er sem fyrr segir forsenda þess að heimilt sé að hrinda kerfinu í framkvæmd við álagningu 2011.

Athugasemdir ESA lúta í fyrsta lagi að því að stofnunin telur að ýmsum skilgreiningum laganna sé ábótavant og ekki standist ákvæði EES-samningsins að útiloka opinber hlutafélög og önnur hlutafélög í eigu opinberra aðila frá gildissviði laganna. Slíkt feli í sér ólögmæta mismunun gegn hlutafélögum í opinberri eigu.

Í öðru lagi liggur fyrir sú afstaða ESA að ívilnunin sem felst í skattafslætti til lögaðila sem fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum feli í sér sjálfstæða beina ríkisaðstoð til þessara lögaðila sem ólíklegt er að verði réttlætt á grundvelli undanþáguákvæða 61. gr. EES-samningsins.

Í þriðja lagi telur stofnunin að ekki sé unnt að setja þak á hinn óbeina stuðning til nýsköpunarfyrirtækja sem felst í því að nýsköpunarfyrirtæki verða álitlegri fjárfestingarkostur en önnur félög sökum skattafsláttarins. Af þeirri ástæðu verði líklega erfitt að staðfesta skattafslátt vegna hlutafjárkaupa í nýsköpunarfyrirtækjum þótt hann taki einungis til einstaklinga.

Stjórnvöld hafa átt í viðræðum við eftirlitsstofnun EFTA í því skyni að finna lausn á framangreindum atriðum. Ljóst er að ráða má bót á fyrstnefnda atriðinu, þ.e. að opinber fyrirtæki verði ekki útilokuð, með breytingu á lögunum. Sömuleiðis má endurbæta skilgreiningar og líta í því sambandi til leiðbeinandi reglna ESA, frá febrúar 2007, um ríkisaðstoð til rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefna (State aid for research and development and innovation). Erfitt er hins vegar að sjá að afslættir fyrir lögaðila sem fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum muni verða samþykktir. Þriðja atriðið, afslættir fyrir einstaklinga sem fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum, gæti fengist samþykkt en líkur eru á því að ESA verði að taka lögin í heild til ítarlegrar skoðunar, eða formlegrar rannsóknar, haldi íslenska ríkið fast við að sá þáttur komi til framkvæmda við álagningu árið 2011.

Verði málið sett í formlega rannsókn mun endanleg niðurstaða ekki liggja fyrir fyrr en 6–10 mánuðum síðar. Niðurstaða slíkrar rannsóknar gæti orðið neikvæð og fari svo yrði íslenskum stjórnvöldum skylt að endurkrefja veitta ríkisaðstoð.

Sú leið er fær að draga fyrrnefnda tilkynningu um ríkisaðstoð til baka og tilkynna nýtt kerfi til ESA sem einungis inniheldi frádrátt fyrir nýsköpunarfyrirtæki vegna skilgreindra nýsköpunarverkefna. Slíkt kerfi gæti mögulega komið til framkvæmda við álagningu ársins 2011 að fengnu samþykki ESA. Með vísan til þess að þannig fram sett ríkisaðstoðarkerfi væri mjög í anda þeirra leiðbeininga sem ESA hefur sett fram gæti samþykki ESA legið fyrir innan tiltölulega skamms tíma.

Rannís hefur nú þegar móttekið um 100 umsóknir frá nýsköpunarfyrirtækjum sem óska staðfestingar samkvæmt lögunum. Rannís hefur ekki getað afgreitt umsóknirnar vegna þess að samþykki ESA liggur ekki fyrir. Verði lögunum breytt til samræmis við kröfur ESA má reikna með því að unnt verði að afgreiða þessar umsóknir lítið breyttar.

II. Meginefni breytinganna.

Hér að framan er fjallað um aðdraganda þess að lagðar eru til breytingar á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Þau samskipti við eftirlitsstofnun EFTA sem þar er vísað til urðu til þess að talið er óumflýjanlegt að leggja til eftirtaldar breytingar á lögunum:

- að hlutabréfaafsláttur til handa einstaklingum og lögaðilum vegna fjárfestinga í hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum verði felldur brott þar sem hann samræmist ekki reglum um ríkisaðstoð í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,
- að nýsköpunarverkefni hljóti staðfestingu af Rannís samkvæmt lögunum í stað nýsköpunarfyrirtækja eins og nú er,
- að rannsóknir og þróun verði skilgreind með sama hætti og gert er í leiðbeinandi reglum ESA um ríkisstyrki vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar frá 7. febrúar 2007,
- að skýrlega sé kveðið á um það í lögunum hvaða hámarksreglur gilda um samanlagða opinbera styrki til verkefna á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar eins og áskilið er í sömu leiðbeiningarreglum ESA.

Til viðbótar við framangreint er lögð til sú breyting að lögin feli í sér frekari skattalegar ívilnanir en nú er til nýsköpunarfyrirtækja. Þær eru:

- að heimild til frádráttar frá álögðum tekjuskatti nýsköpunarfyrirtækja hækki úr 15% í 20%,
- að hámark á rannsóknar- og þróunarkostnaði til almennrar viðmiðunar á frádrætti hækki úr 50 millj. kr. í 100 millj. kr.,
- að hámark á rannsóknar- og þróunarkostnaði til viðmiðunar frádrætti hækki úr 75 millj. kr. í 150 millj. kr. þegar um aðkeypta rannsóknar- og þróunarþjónustu er að ræða frá ótengdu fyrirtæki, háskóla eða rannsóknastofnun,
- að fallið verði frá því að við ákvörðun á skattalegu tapi samkvæmt lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, skuli einungis líta til rekstrartaps viðkomandi nýsköpunarfyrirtækis frá og með því rekstrarári sem verkefni í eigu þess hlaut staðfestingu vegna skattfrádráttar.

Breytingar á lífeyrislögunum.

Í lok árs 2008 í kjölfar efnahagshrunsins var lögfest að tillögu efnahags- og skattanefndar bráðabirgðaákvæði þess efnis, sbr. lög nr. 171/2008, að vikmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða í ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 129/1997 verði 15% í stað 10%, fyrir árið 2008, sem er frávik frá almennu reglunni í 1. málsl. 2. mgr. 39. gr. laganna. Þetta frávik frá almennu reglunni var síðan framlengt fyrir árið 2009, sbr. lög nr. 130/2009. Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er lagt til að sama gildi um árið 2010, þ.e. vikmörk í ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 129/1997 verði áfram 15% í stað 10%. Hér er um að ræða heimildarákvæði sem stjórnir lífeyrissjóða geta nýtt sér en líkt og á síðasta ári er útlit fyrir að einhverjir sjóðir séu með neikvæða stöðu yfir 10%.

Í frumvarpinu er einnig að finna tillögu um að gerðar verði sömu kröfur til menntunar og kunnáttu þeirra sem fara með sjóðastýringu lífeyrissjóða og gerðar eru til sjóðstjóra verð-

bréfasjóðanna með breytingu á ákvæði 4. mgr. 34. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þ.e. að hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum.

Breytingar á heimildum skattrannsóknarsstjóra.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á heimildum skattrannsóknarstjóra í því skyni að einfalda og flýta fyrir málsmeðferð gagnvart þeim aðilum sem eru til rannsóknar. Í þeim felst m.a. að skattrannsóknarstjóri ríkisins geti leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á einkaheimilum eða á öðrum þeim stöðum sem heimildir skattalaga taka ekki til.

Samkvæmt gildandi lögum hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins heimild til leitar og haldlagningar gagna vegna rannsóknar án undangengins úrskurðar héraðsdóms á starfsstöðum og í birgðageymslum framtalsskyldra aðila. Eru þær heimildir í 2. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, 3. mgr. 38. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 2. mgr. 25. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Um þær rannsóknaraðgerðir gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Samkvæmt 7. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003 skal við rannsóknaraðgerðir hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins gætt að ákvæðum laga um meðferð sakamála eftir því sem við getur átt, einkum varðandi réttarstöðu grunaðra manna á rannsóknarstigi. Þótt leiða megi að því líkur að á grundvelli þessa ákvæðis hafi skattrannsóknarstjóri ríkisins nú þegar heimild til að fara með úrskurðarbeiðni fyrir héraðsdóm hefur myndast sú venjubundna framkvæmd að mál séu kærð til lögreglu sé talin þörf á leit á heimilum eða á öðrum stöðum en starfsstöðvum eða birgðageymslum framtalsskyldra aðila, til að mynda sökum þess að starfsstöð er í reynd á heimili eða rökstuddur grunur er um að gögn er varða ætluð brot sé þar að finna. Hefur lögregla þá farið fram með úrskurðarbeiðni fyrir héraðsdómi á grundvelli kæru frá skattrannsóknarstjóra ríkisins og lögregla í framhaldinu framkvæmt leit og haldlagningu í samráði við skattrannsóknarstjóra ríkisins. Í kjölfar leitar hefur málinu á ný verið vísað til skattrannsóknarstjóra ríkisins til áframhaldandi rannsóknar.

Með þessu fyrirkomulagi er máli í reynd vísað til opinberrar rannsóknar til þess eins að unnt sé að leita úrskurðar um leit og haldlagningu. Hefur þetta leitt til óhagræðis með því að máli er þá vísað til opinberrar rannsóknar á frumstigi og því fyrirliggjandi að máli þurfi að vísa á ný til áframhaldandi rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Hefur þetta leitt til óhagræðis með því að forræði rannsóknarinnar og aðgerðarinnar sjálfrar hefur þótt óljóst af hálfu þess sem hún beinist gegn auk þess sem þetta fyrirkomulag hefur leitt til lengri málsmeðferðartíma en ella.

Með því að tekin séu af tvímæli um það að skattrannsóknarstjóri ríkisins geti leitað eftir úrskurði héraðsdóms um leit og haldlagningu er gert ráð fyrir að meðferð máls verði skilvirkari, leiði til aukins hagræðis og einföldunar fyrir rannsóknaraðila jafnt og þá aðila sem aðgerðin beinist gegn.

Við framkvæmd húsleitar í kjölfar úrskurðar er gert ráð fyrir því að skattrannsóknarstjóri ríkisins geti leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd leitarinnar í samræmi við 5. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þá er gert ráð fyrir að gildandi heimildir skattrannsóknarstjóra ríkisins til leitar og haldlagningar gagna á starfsstöð og í birgðageymslum verði óbreyttar.

Gert er ráð fyrir því að umrædd ákvæði öðlist þegar gildi og taki jafnt til mála sem rannsókn er þegar hafin í og þeirra sem síðar verða tekin til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Ýmsar breytingar.

Þá inniheldur frumvarpið ýmsar minni breytingar sem rétt er að nefna.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að endurgreiða vörugjöld allt að 100.000 kr. vegna ökutækja sem ganga fyrir bensíni eða dísilolíu en breytt er til þess að ganga fyrir metani. Er þessari tillögu ætlað að flýta fyrir þeirri þróun að metan verði notað í daglegum samgöngum á Íslandi. Með því hraða fjölgun á notendum metans er vonast til þess að söluaðilar og framleiðendur metans sjái sér aukinn hag í því að fjölga áfyllingarstöðvum um allt land. Sú þróun gæti orðið til þess að þeir sem eru að endurnýja ökutæki sín sjái raunhæfan kost í því að kaupa sér ökutæki sem gengur fyrir metani í stað hefðbundins jarðefnaeldsneytis. Jafnframt er vonast til að tillagan verði til þess að fyrr en ella verði metani í auknu mæli safnað úr lífrænum úrgangi til nota á ökutæki með þeim jákvæða umhverfislega ávinningi sem af því hlýst. Reiknað er með að tillagan komi til með að kosta ríkissjóð 100 millj. kr. yfir tveggja ára tímabil.

Stimpilgjald. Í gildandi lögum er að finna tímabundnar undanþágur frá greiðslu stimpilgjalds þegar skilmálum fasteignaveðskuldabréfa er breytt eða ný veðskuldabréf eru gefin út til uppgreiðslu vanskila. Í frumvarpinu er lagt til að þessar undanþágur verði framlengdar um eitt ár, eða til ársloka 2011. Í báðum tilvikum er það skilyrði fyrir undanþágu stimpilgjalds samkvæmt frumvarpinu að sömu aðilar séu útgefendur að hinu nýja skjali (þ.e. skilmálabreytingu eða nýju veðskuldabréfi) og eru jafnframt kröfuhafi og skuldari samkvæmt viðkomandi fasteignaveðskuldabréfi sem hið nýja skjal nær til. Getur það jafnt náð til upphaflegra aðila að viðkomandi fasteignaveðskuldabréfi sem og aðila sem tekið hafa að fullu yfir skyldur upphaflegra aðila. Jafnframt er það skilyrði að hið nýja skjal sé gefið út vegna tiltekins áður útgefins fasteignaveðskuldabréfs og það vísi beint í það. Eins er um að ræða undanþága frá greiðslu stimpilgjalda við skilmálabreytingar bílalána. Þessi framlenging þykir nauðsynleg í ljósi þeirra greiðsluerfiðleika sem enn blasa við mörgum heimilum vegna hækkunar bíla- og fasteignalána sem rekja má til lækkunar krónu og verðbólguáhrifa.

Tekjufærsla á óinnleystum gengishagnaði. Samkvæmt gildandi lögum myndar óinnleystur gengishagnaður af innlánsreikningum skattskyldar tekjur hjá rétthafa. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að tekjufærsla gengishagnaðar á innlánsreikningum og kröfum í erlendri mynt eigi sér ekki stað fyrr en við úttekt af reikningum og þannig sé horfið frá því að telja áfallinn óinnleystan gengishagnað af innlánsreikningum til tekna.

Erfðafjárskattur af söluhagnaði íbúðarhúsnæðis. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að meðferð á söluhagnaði af íbúðarhúsnæði manns verði sú sama hvort sem salan fer fram út úr dánarbúi eða af erfingjum sjálfum.

Vaxtabætur. Samkvæmt gildandi lögum mynda gjaldfallin vaxtagjöld rétt til vaxtabóta óháð því hvort greiðsla hefur farið fram. Þetta hefur leitt til þess, m.a. í tilviki frystinga á afborgunum og vöxtum, að vextirnar hafa í einhverjum tilvikum myndað rétt til vaxtabóta. Þá hefur einnig ríkt ákveðið ósamræmi milli lánastofnana varðandi það hvort réttur til vaxtabóta myndist í slíkum tilvikum. Því er lagt til í þessu frumvarpi að til vaxtagjalda sem mynda stofn til vaxtabóta teljist einungis greiddir vextir og verðbætur á afborganir og vexti en ekki gjaldfallnir.

Skattlagning einstaklinga með búsetu erlendis. Í frumvarpinu er að finna tillögu þar sem gert er ráð fyrir að einstaklingar sem búsettir eru erlendis muni geta átt rétt til þess að verða skattlagðir með sama hætti og einstaklingar búsettir hér á landi, stafi meiri hluti tekna þeirra frá Íslandi. Samkvæmt túlkunum Evrópudómstólsins á reglum ESB-réttar um frjálsa för launþega, sem eiga sér hliðstæðu í EES-samningnum, getur það komið í hlut ríkis að veita einstaklingum í slíkri stöðu sama skattalega hagræði og veitt er aðilum með ótakmarkaða skattskyldu í ríkinu. Slíkir einstaklingar njóti yfirleitt ekki skattalegra ívilnana í búseturíki sínu af þeirri ástæðu að meiri hluti tekna þeirra er upprunninn og skattlagður erlendis.

Dreifing tekjufærslu skv. 60. gr. Ein af tillögum frumvarpsins lýtur að því að þeim sem frestuðu tekjufærslu skv. 60. gr. laganna eins og hún hljóðaði fyrir breytingu skv. 11. gr. laga nr. 128/2009 verði heimilað að færa til tekna á þremur árum þá fjárhæð sem tekjufærslu hafði áður verið frestað á, í stað þess að færa frestunarfjárhæðina til tekna í einu lagi í skattframtali 2011.

Dómsmálagjöld. Með lögum nr. 13/2009 var gerð sú breyting á ákvæðum laganna um aukatekjur ríkissjóðs að fjárhæð dómsmálagjalda var hækkuð auk þess sem gjöldin voru tengd við þá hagsmuni sem deilt er um í málunum og miðuð við stefnufjárhæð eða áfrýjunarfjárhæð í máli.

Í framhaldi af umræðu um að styrkja þurfi dómstólana til að takast á við síaukinn málafjölda var komið á samvinnu milli dómsmálaráðuneytisins, Hæstaréttar Íslands, dómstólaráðs, Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands þar sem unnið var að því að greina hvernig bregðast mætti, með heildstæðum hætti, við því mikla viðbótarálagi sem dómstólarnir stæðu nú frammi fyrir auk þess að leita leiða til að fjármagna þær úrbætur. Í þeirri umræðu sem fram fór í þessu samráði kom fram að í sumum málum er deilt um fjárhæðir af stærðargráðu sem ekki hafa áður sést í dómsmálum. Þykir því eðlilegt að fjölgað verði gjaldaþrepum við greiðslu dómsmálagjalda. Er hér því lagt til að bætt verði við tveimur nýjum gjaldaþrepum en hæsta gjaldaþrepið nú miðast við stefnufjárhæð eða áfýjunarfjárhæð frá 30 millj. kr. og yfir. Er hér lagt til að gjaldaþrepið verði 30 millj. kr. að 90 millj. kr. og svo tvö ný stig, þ.e. frá 90 millj. kr. að 150 millj. kr. og svo frá 150 millj. kr. og af fjárhæð umfram þá fjárhæð. Gera má ráð fyrir að um eitt þúsund mál er varða ágreining á grundvelli laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eigi eftir að berast dómstólum og meiri hluti þeirra geti fallið í efsta gjaldaþrepið. Þannig gætu dómsmálagjöldin vegna þessara mála orðið um 180 millj. kr. í stað 15 millj. kr. eins og núverandi lög kveða á um.

Gjöld innheimt af Fiskistofu. Lagt er til að gjöld sem Fiskistofa innheimtir á grundvelli laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og laga nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum, verði hækkuð. Þannig er gert ráð fyrir því að gjöldin sem innheimt eru við útgáfu leyfa til veiða í atvinnuskyni, vegna eftirlits um borð í fiskiskipum og flutnings á veiðiheimildum milli skipa verði hækkuð til samræmis við hækkanir sem orðið hafa undanfarin ár en gjöld þessi voru ákveðin á árunum 2000–2002 og hafa verið óbreytt frá þeim tíma. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að markaðar tekjur Fiskistofu hækki um 22,4 millj. kr.

Auk framangreindra ákvæða frumvarpsins eru í því nokkrar breytingar sem fyrst og fremst miða að bættri skattframkvæmd.

III. Samráð og mat á áhrifum frumvarpsins.

Við samningu frumvarpsins var haft samráð við dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, félags- og tryggingamálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, sjávarútvegs-

og landbúnaðarráðuneytið og iðnaðarráðuneytið um þá málaflokka frumvarpsins sem undir þau heyra. Að auki var haft samráð um einstaka hluta frumvarpsins við embætti ríkisskattstjóra, embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins, embætti ríkislögreglustjóra, Samband íslenskra sveitarfélaga, tollstjóra, Samtök atvinnulífsins og Samtök fjármálafyrirtækja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Komið hefur fram gagnrýni á núgildandi ákvæði og er því lögð til sú breyting á tekjufærslu gengishagnaðar á innlánsreikningum í erlendri mynt sem er í eigu einstaklinga utan atvinnurekstrar að hún eigi sér stað við úttekt af reikningum og þannig sé horfið frá því að telja áfallinn óinnleystan gengishagnað af innlánsreikningum til tekna. Jafnframt verði hið sama látið taka til hvers konar krafna í erlendri mynt.

Um 2. gr.

Skattskyldu manns lýkur við andlát og þá tekur við skattskylda dánarbús hans. Þetta hefur leitt til þess að sé íbúðarhúsnæði selt áður en dánarbúinu er slitið hafa um söluhagnað af þeirri sölu gilt sömu ákvæði og varðandi söluhagnað lögaðila en ekki þau ákvæði sem gilda um sölu manns á íbúðarhúsnæði. Þannig hefur skapast mismunur á skattlagningu í þessum efnum eftir því hvenær sala á íbúðarhúsnæðinu hefur farið fram. Hér er lögð til sú breyting að meðferð á söluhagnaði af íbúðarhúsnæði manns verði sú sama hvort sem salan fer fram út úr dánarbúi eða af erfingjum sjálfum.

Um 3. og 4. gr.

Lagt er til að ákvæði tekjuskattslaga um hlutabréfaafslátt til handa einstaklingum og lögaðilum vegna fjárfestingar í hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum verði felld brott þar sem þau eru ekki talin standast reglur Evrópska efnahagssamningsins um ríkisaðstoð. Vísað er til umfjöllunar í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Um 5. gr.

Borið hefur á þeim misskilningi að ákvæðið um skiptingu hlutafélaga eigi eingöngu við í þeim tilvikum að nýstofnuð félög taki við öllum eignum og skuldum en það var ekki tilgangurinn með þeirri breytingu sem gerð var á ákvæðinu með lögum nr. 128/2009. Hér er því lögð til orðalagsbreyting þessu til frekari skýringar.

Um 6. gr.

Fyrir þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 136/2009, er embætti skattstjóra og ríkisskattstjóra voru sameinuð í eitt skattumdæmi, voru beiðnir um annað rekstrarár afgreiddar af skattstjórum. Synjun á beiðni um annað reikningsár var síðan hægt að kæra til ríkisskattstjóra. Eftir að landið varð að einu skattumdæmi var þessi kæruleið ekki lengur fyrir hendi. Hér er því lagt til að synjun ríkisskattstjóra á beiðni skattaðila um annað reikningsár verði kæranleg til yfirskattanefndar samkvæmt lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Um 7. og 14. gr.

Í a–d-liðum 7. gr. og 14. gr. er að finna tillögur að breytingum til lækkunar á tekjuskattshlutfalli manna samhliða hækkun á heimiluðu hámarkshlutfalli útsvars um 1,2% skv. 26. gr.

frumvarpsins. Þessi breyting er tilkomin vegna verkefnatilflutnings á málefnum fatlaðra frá ríki yfir til sveitarfélaganna.

Þá er í e- og f-lið 7. gr. lögð til leiðrétting á tilvísunum.

Um 8. gr.

Ákvæðið lýtur að skattlagningu einstaklinga sem bera takmarkaða skattskyldu á Íslandi skv. 3. gr. laganna en fá meiri hluta tekna sinna frá Íslandi og einnig þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr. en dvelja erlendis hluta af tekjuárinu og eru samkvæmt núgildandi lögum skattlagðir í samræmi við hlutfall dvalartíma á landinu. Ákvæðinu er einungis ætlað að taka til þeirra sem nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar innan Evrópska efnahagssvæðisins, auk Færeyja og Sviss. Samkvæmt ákvæðinu geta þessir einstaklingar átt rétt á öllum þeim réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir samkvæmt lögum um tekjuskatt og öðrum lögum um opinber gjöld, enda sýni þeir fram á að skattskyldar tekjur þeirra erlendis nemi ekki meira en fjórðungi heildartekna þeirra á tekjuárinu. Jafnframt veitir ákvæðið heimild til samsköttunar hjóna í þeim tilvikum þegar í það minnsta níutíu hundraðshlutar samanlagðra tekna þeirra eru upprunnar frá Íslandi og sé annað hjónanna tekjulítið eða tekjulaust skapast með þessu réttur þess einstaklings til persónuafsláttar á Íslandi sem hitt hjónanna getur nýtt í samræmi við ákvæði laganna.

Með ákvæðinu munu einstaklingar sem búsettir eru erlendis geta átt rétt til þess að verða skattlagðir með sama hætti og einstaklingar búsettir hér á landi, stafi meiri hluti tekna þeirra frá Íslandi. Samkvæmt túlkunum Evrópudómstólsins á reglum ESB-réttar um frjálsa för launþega, sem eiga sér hliðstæðu í EES-samningnum, getur það komið í hlut ríkis að veita einstaklingum í slíkri stöðu sama skattalega hagræði og veitt er aðilum með ótakmarkaða skattskyldu í ríkinu. Slíkir einstaklingar njóti yfirleitt ekki skattalegra ívilnana í búsetríki sínu af þeirri ástæðu að meiri hluti tekna þeirra er upprunninn og skattlagður á erlendis.

Um 9. og 17. gr.

Í 9. gr. og c-lið 17. gr. er lagt til að Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Þróunarsjóði sjávarútvegsins og Fiskræktarsjóði verði bætt við upptalningu laganna um aðila sem undanþegnir eru skattskyldu af fjármagnstekjum. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Þróunarsjóður sjávarútvegsins eru þegar undanþegnir álagningu fjármagnstekna og þykir því eðlilegt að undanþiggja þá staðgreiðslu að sama skapi. Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og hliðstæður öðrum sjóðum sem undanþegnir eru skattskyldu fjármagnstekna.

Í a- og b-lið 17. gr. eru lagðar til leiðréttingar á tilvísunum innan laganna auk þess sem lagt er til að sú leiðrétting verði gerð á lögunum að Íbúðalánasjóður verði undanþeginn staðgreiðslu skatts á vaxtatekjur og fjármagnstekjur með sama hætti og gildir um hliðstæða sjóði sem undanþegnir eru skattskyldu fjármagnstekna en Íbúðalánasjóður er undanþeginn greiðslu fjármagnstekjuskatts samkvæmt tekjuskattslögum.

Um 10., 16., 20. og 28. gr.

Í greinunum eru tekin af tvímæli um það að skattrannsóknarstjóri ríkisins geti sjálfstætt í þágu rannsóknar máls leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna. Tekur heimildin til leitar á heimilum og í öðrum húsakynnum en þeim sem ákvæði 2. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, 3. mgr. 38. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 2. mgr. 25. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 94/1996,

um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, taka til. Um framkvæmd leitar og haldlagningu gagna fer að öðru leyti eftir lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Um 11. gr.

Ákvæðið fjallar um heimild ríkisskattstjóra til endurákvörðunar að beiðni skattaðila. Skal beiðnin byggjast á nýjum upplýsingum og gögnum sem ekki var unnt að koma að innan 30 daga frá dagsetningu auglýsingar ríkisskattstjóra um að álagningu sé lokið. Komið hefur í ljós að afmörkun þessi við kærufrest er of takmarkandi og því er lagt til að hún verði felld brott.

Um 12. gr.

Lagt er til að bætt verði við ákvæði um eindaga í 112. gr. laganna til að taka af öll tvímæli í þeim efnum.

Um 13. gr.

Með ákvæði til bráðabirgða I er lagt til að þeim sem frestuðu tekjufærslu skv. 60. gr. laganna, eins og hún hljóðaði fyrir breytingu skv. 11. gr. laga nr. 128/2009, verði heimilað að færa til tekna á þremur árum þá fjárhæð sem tekjufærslu hafði áður verið frestað á, í stað þess að færa frestunarfjárhæðina til tekna í einu lagi í skattframtali 2011.

Í ákvæði til bráðabirgða II er að finna tillögu að breytingu á ákvæði til bráðabirgða XXXVI í tekjuskattslögum en þar er um að ræða ákvæði um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda hjá lögaðilum og aðilum í sjálfstæðum atvinnurekstri. Lagt er til að heimilt verði að færa á milli tekjuáranna 2010 til og með 2014 þann hluta eftirgjafar sem er umfram yfirfæranlegt rekstrartap og rekstrartap ársins, fyrningar og niðurfærslu og getur skattaðili hagað frádrætti miðað við rekstrarniðurstöðu þessara ára. Það er þó skilyrði að allar fyrnanlegar eignir hafi verið fyrndar að fullu að teknu tilliti til 42. gr. og mögulegar hámarksniðurfærslur á viðskiptakröfum og vörubirgðum hafi verið nýttar. Þá er einnig sett það skilyrði að arði sé ekki úthlutað vegna tekjuáranna 2010–2014 og að ekki sé um ræða samsköttun, sameiningu eða skiptingu á sama tímabili. Að loknu þessu fimm ára tímabili eða í árslok 2014 færist sá hluti eftirgjafar sem eftir stendur, þó að hámarki 500 millj. kr., ekki til tekna. Það sem umfram er 500 milljónir króna er heimilt að færa til tekna með jöfnum fjárhæðum á tekjuárunum 2015 til og með 2019. Eftirgefnar skuldir sem á einhvern hátt tengjast refsiverðri háttsemi skattaðila skal tekjufæra án nokkurs frádráttar.

Um 15. og 19. gr.

Núgildandi ákvæði um afdrátt staðgreiðslu af arði hafa verið talin óskýr. Lagt er til að tekin verði af öll tvímæli um að meginreglan sé sú að skyldan til afdráttar skapist þegar arðurinn er greiddur. Fari greiðslan ekki fram á sama ári og ákvörðun um úthlutun er tekin skal þó miða við að afdráttur og skil staðgreiðslu fari fram innan þess árs sem ákvörðun er tekin. Er það í samræmi við það að þeir sem fá arði úthlutað ber að tekjufæra hann á því ári sem ákvörðun um úthlutun er tekin.

Um 18. gr.

Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til með 1. gr. frumvarpsins er hér lagt til að sú breyting verði gerð á tekjufærslu gengishagnaðar á innlánsreikningum í erlendri mynt að hún eigi sér stað við úttekt af reikningum og þannig horfið frá því að telja áfallinn óinn-

leystan gengishagnað af innlánsreikningum til tekna. Jafnframt verði hið sama látið taka til hvers konar krafna í erlendri mynt.

Um 21. gr.

Hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert vegna reksturs grunnskóla er óbreytt, þ.e. 0,77%.

Í greininni er lagt til að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái 0,95% af álagningarstofni útsvars ár hvert til jöfnunar vegna málefna fatlaðra. Nauðsynlegt er að auka tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með þessum hætti svo að hann geti staðið undir þeim skyldum og auknu kröfum sem til hans verða gerðar af hálfu sveitarfélaga eftir yfirfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.

Í greininni er lagt til að tekjur sjóðsins af útsvari séu sérgreindar á þann veg að tiltekið sé hvað hátt hlutfall skuli fara til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla annars vegar og hins vegar til jöfnunar vegna málefna fatlaðra. Með slíkri sérgreiningu verður skýrleikinn meiri og gagnsæi stjórnsýslunnar aukið.

Áfram er gert ráð fyrir því að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði gerð skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu útsvars þegar skil á staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga fara fram samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með síðari breytingum, en lagt er til að við skil á staðgreiðslunni verði fjármunirnir sundurliðaðir, þ.e. annars vegar vegna jöfnunar til reksturs grunnskóla og hins vegar til jöfnunar vegna málefna fatlaðra. Rökin eru þau sömu og í málsgreininni hér að framan, en auk þess er slík sérgreining til vinnuhagræðingar.

Um 22. gr.

Í 9. gr. laganna er talið upp í fjórum liðum hvernig tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skuli varið. Í ákvæðinu er lagt til að bætt verði við nýjum lið, e-lið, þar sem sérstaklega er tilgreint að tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skuli varið til jöfnunarframlaga vegna þjónustu við fatlaða en um nánari útfærslu er vísað til 13. gr. a laganna, sbr. 25. gr. frumvarpsins. Er ákvæðið í samræmi við d-lið 9. gr. laganna þar sem framlög til reksturs grunnskóla eru tilgreind sem sérstakur flokkur jöfnunarframlaga.

Um 23. gr.

Ekki er gert ráð fyrir beinni hlutdeild Sambands íslenskra sveitarfélaga í tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra, sbr. 2. tölul. 1. mgr. c-liðar 8. gr., sbr. 21. gr. frumvarpsins, sbr. þó skýringar við 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins.

Um 24. gr.

Lagt er til að 13. gr. laganna breytist til samræmis við hina nýju grein laganna, 13. gr. a, sbr. 25. gr. frumvarpsins, en í henni er vísað til þeirrar sérgreiningar sem kemur fram í 1. og 2. tölul. 1. mgr. c-liðar 8. gr., sbr. 21. gr. frumvarpsins, um tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga annars vegar vegna reksturs grunnskóla og hins vegar vegna þjónustu við fatlaða.

Um 25. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er lagt til að stofnuð verði sérstök deild innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða. Er það í samræmi við 11. lið í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma tilfærslu þjónustu við fatlaða er undirritað var 6. júlí 2010.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. 2. tölul. 1. mgr. c-liðar 8. gr. laganna, sbr. 21. gr. frumvarpsins, renna í sérdeildina auk tímabundinna framlaga af fjárlögum vegna þjónustu við fatlaða, sbr. nýtt ákvæði til bráðabirgða, XI, sbr. 27. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra skv. 2. tölul. 1. mgr. c-liðar 8. gr. að frádregnum kostnaði tengdum flutningi málaflokksins, að viðbættum beinum framlögum af fjárlögum, skuli varið til jöfnunar vegna þjónustu við fatlaða með greiðslu framlaga einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða. Framlögin skulu reiknuð á grundvelli fjölda einstaklinga og þjónustuþarfa þeirra í hverju sveitarfélagi og á hverju þjónustusvæði fyrir sig og skal nánar kveðið á um útreikning þeirra í reglugerð. Í reglugerðina skal setja ákvæði um úthlutun framlaga úr sérdeildinni. Skal leitast við að tryggja að tekjuaukning einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða endurspegli kostnaðarmun vegna ólíks fjölda fatlaðra íbúa og þjónustuþarfa þeirra. Heimilt er að ákveða sérstakt aðlögunartímabil þar sem framlög byggjast að hluta á framreiknuðum rekstrarkostnaði ársins 2010. Heimilt er að ákveða í reglugerð að verja tilteknum hluta tekna sérdeildarinnar til að veita sveitarfélögum aðstoð vegna stofnkostnaðar fasteigna. Þau sveitarfélög og þjónustusvæði sem mundu án slíkra framlaga bera hlutfallslega háan kostnað vegna fasteigna njóta að öllu jöfnu forgangs við úthlutun. Jafnframt skal setja sérstök ákvæði í reglugerðina um ráðstöfun framlaga vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, biðlista eftir þjónustu og breytingarkostnaðar. Þá er í 2. mgr. m.a. kveðið á um úthlutun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á fjármagni skv. 2. tölul. 1. mgr. c-liðar 8. gr. að frádregnum kostnaði tengdum flutningi málaflokksins til málefna fatlaðra. Til þess kostnaðar telst einkum kostnaður vegna umsýslu Jöfnunarsjóðs en þó einnig mögulegur umsýslukostnaður Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna málaflokksins á landsvísu. Gert er ráð fyrir að aðilar, þ.e. sjóðurinn og sambandið, geri sérstakt samkomulag um fjárhæð framlaga í þessu efni.

Í 3. mgr. ákvæðisins er lagt til það nýmæli að stofnaður verði sérstakur fasteignasjóður í umsjón Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Skulu allar fasteignir í eigu ríkisins sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða renna til sjóðsins. Hið sama gildir um önnur réttindi og skyldur ríkisins tengd fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða. Gert er ráð fyrir að fasteignasjóðurinn taki yfir allar eignir, réttindi og skyldur Framkvæmdasjóðs fatlaðra, en sá sjóður verður lagður niður í ákvæði til bráðabirgða VII í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum, sem lagt er fram á þessu þingi. Í sama ákvæði er einnig lagt til að fasteignasjóður í umsjón Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga taki við réttindum og skyldum Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Skal starfsemi fasteignasjóðsins miða að því að tryggja sem jafnasta aðstöðu sveitarfélaga vegna fasteignamála hvað þjónustu við fatlaða varðar. Tekjur fasteignasjóðsins umfram gjöld skulu renna til sérdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skulu nýttar til jöfnunar vegna þjónustu við fatlaða. Á sama hátt ber sérdeildin ábyrgð á rekstrarhalla fasteignasjóðsins, sé um slíkt að ræða. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um það að ráðherra sé heimilt með samþykki Sambands íslenskra sveitarfélaga að leggja fasteignasjóðinn niður og ráðstafa eignum hans til sérdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í 4. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að ráðherra setji að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð þar sem nánar er kveðið á um starfsemi fasteignasjóðsins. Í reglugerðinni skal m.a. fjallað um rekstrarform og stjórnun, leigu og sölu fasteigna og heimildir sveitarfélaga til þess að fela öðrum aðilum rekstur fasteignanna.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að efri og neðri viðmiðunarmörk útsvars í 23. gr. laganna breytist vegna verkefnatilflutningsins. Lagt er til að efri mörkin hækki úr 13,28% í 14,48% og neðri mörkin úr 11,24% í 12,44%. Að öðru leyti vísast til þess sem segir hér að framan um samkomulag ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma tilfærslu þjónustu við fatlaða er undirritað var 6. júlí 2010 þar sem kemur fram að útsvarshlutfall sveitarfélaga verði hækkað um 1,2 prósentustig gegn samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkisins.

Um 27. gr.

Í a-lið er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er varðar sérstök framlög ríkisins af fjárlögum vegna tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Er ákvæðið í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga sem undirritað var 6. júlí 2010. Í samkomulaginu eru tilgreindar fjárhæðir framlaganna sem eru mismunandi milli ára auk sundurliðaðs fjárhagsramma. Framlögin taka verðlagsbreytingum fjárlaga.

Af þeim 1,2 prósentustigum sem hlutdeild sveitarfélaganna eykst um í álagningarstofni útsvars renna 0,95 prósentustig til sérdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en 0,25 prósentustig beint til sveitarfélaganna. Í b-lið er lagt til að lögfest verið að sveitarfélögin nýti þá fjármuni sem af þessari hækkun hlýst til þjónustu við fatlaða innan viðkomandi þjónustusvæða þannig að tryggt sé að fjármunirnir séu ekki notaðir til annars. Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma tilfærslu þjónustu við fatlaða er undirritað var 6. júlí 2010 kemur fram að stefnt skuli að því að framlög af fjárlögum falli niður þannig að þjónustan verði alfarið fjármögnuð með útsvari frá og með árinu 2014. Á þeim grundvelli er lagt til að ákvæðið gildi til sama tíma.

Í c-lið er kveðið á um að greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2010 til sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða taki mið af heimildarákvæði 6. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða hvað varðar sérstakt aðlögunartímabil þar sem beinar greiðslur til sveitarfélaga og þjónustusvæða byggjast að hluta til eða að öllu leyti á framreiknuðum rekstrarkostnaði ársins 2010.

Um 29. gr.

Lagt er til að núgildandi úrræði um greiðsluuppgjör nái einnig til lögaðila og einstaklinga sem hafa verið í atvinnurekstri. Jafnframt er lagt til að einstaklingar sem sótt hafa um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara geti einnig sótt um greiðsluuppgjör vegna vangoldins virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda.

Um 30. gr.

Hér er lagt til að að afborganir af skuldabréfi því sem gefið verður út hefjist 1. júlí 2012 í stað 1. október 2011.

Um 31. gr.

Lagt er til að tollstjóri fái heimild til að fella niður að hluta ógreiddan tekjuskatt sem lagður er á fyrir 1. janúar 2010. Heimildin gerir ráð fyrir því að úrræðið, sem eingöngu á við um lögaðila sem enn eru í atvinnurekstri, eigi jafnt við um þá sem gert hafa samninga við kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu og þá sem ekki hafa farið þá leið. Áréttað er að tollstjóri geti kallað eftir öllum þeim upplýsingum og gögnum frá umsækjendum sem hann

telur nauðsynleg til þess að unnt sé að leggja mat á það hvort hagsmunum ríkissjóðs sé best borgið með niðurfellingu tekjuskatts að hluta.

Um 32. gr.

Í frumvarpi sem lagt var fram á 136. löggjafarþingi (2008–2009) til breytinga á lögum nr. 129/1997, 219. mál, þskj. 297, og varð að lögum nr. 171/2008 með gildistöku 1. janúar 2011, var lagt til að gert yrði að skilyrði að þeir sem sinntu eignastýringu verðbréfasafna lífeyrissjóða hefðu staðist próf í verðbréfaviðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Hið rétta er að standast þarf próf í verðbréfaviðskipum í samræmi við 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki, en þar er kveðið á um að starfsmenn fjármálafyrirtækis, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, skuli hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum. Undir framangreindan 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki falla öll viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti, þ.m.t. eignastýring og rekstur verðbréfasjóða. Hefur þessu ákvæði verið beitt með þeim hætti að Fjármálaeftirlitið hefur krafist þess að allir sjóðstjórar verðbréfasjóða hafi staðist prófið. Þar sem lífeyrissjóðir falla ekki undir lög um fjármálafyrirtæki, en samanlögð fjárhæð þeirra verðbréfasafna sem voru í sjóðastýringu lífeyrissjóðanna var í mörgum tilvikum mun hærri en hjá verðbréfasjóðum var þessi breyting lögð til. Ekki var talið óeðlilegt að gerðar væru sömu kröfur til menntunar og kunnáttu þeirra sem færu með sjóðastýringu lífeyrissjóða og gerðar eru til sjóðstjóra verðbréfasjóðanna. Með ákvæðinu er því gerð leiðrétting á ákvæði 4. mgr. 34. laga nr. 129/1997.

Um 33. gr.

Lagt er til að vikmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða í ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 129/1997 verði 15% áfram í stað 10%, eða út árið 2010, en í ákvæðinu kemur fram að mörkin geti numið allt að 15% sem er frávik frá almennu reglunni í 1. málsl. 2. mgr. 39. gr. laganna. Vísast hér til röksemda sem fram koma í áliti efnahags- og skattanefndar þegar umrætt bráðabirgðaákvæði var sett, sbr. lög nr. 171/2008. Hér er um að ræða heimildarákvæði sem stjórnir lífeyrissjóða geta nýtt sér en líkt og á síðasta ári er útlit fyrir að einhverjir sjóðir séu með neikvæða stöðu yfir 10%.

Um 34. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um markmið laganna. Breytingartillagan tekur mið af því að í frumvarpinu er lagt til að ákvæði um skattafslátt til einstaklinga og lögaðila, vegna hlutabréfakaupa, falli brott.

Um 35. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um gildissvið laganna. Breytingarnar sem lagðar eru til á ákvæðinu eru þær að gildissviðið verði takmarkað við fyrirtæki sem eru eigendur að staðfestum rannsóknar- eða þróunarverkefnum. Óbreytt er að háskólar og opinberar stofnanir geta ekki talist fyrirtæki í skilningi laganna en það sama á ekki við um félög í eigu hins opinbera. Leiðir þá breytingartillögu af leiðbeindandi reglum ESA um styrki til rannsókna og þróunar og nýsköpunar.

Um 36. gr.

Lagt er til að skilgreiningar á átta hugtökum verði felldar brott úr núgildandi lögum. Skilgreiningar á hugtökunum aukning hlutafjár, hlutabréfakaup, skattaðili, skattafsláttur og verkferlar falla brott vegna þess að lagt er til að ákvæði um skattafslátt vegna hlutabréfakaupa falli brott. Hugtökin framlag til nýsköpunar og nýsköpun falla brott vegna breytinga á ákvæðum laganna um skattfrádrátt nýsköpunarfyrirtækja og hugtakið opinbert hlutafélag fellur brott vegna þess að ekki er lagt til að þau félög verði lengur undanskilin gildissviði laganna.

Þær breytingar sem lagðar eru til á hugtökunum rannsóknar- og þróunarkostnaður, rannsóknir og þróun eru þær að skilgreiningum á þessum hugtökum er breytt til samræmis við leiðbeinandi reglur ESA um styrki til rannsókna og þróunar og nýsköpunar. Hugtökin rannsóknir og þróun eru þýðingar á þeim hugtökum úr umræddum leiðbeinandi reglum. Til nánari útskýringa á hugtakinu „þróun“ gildir samkvæmt reglunum að þróun nothæfra frumgerða og reynsluverkefna telst með þegar frumgerðin er lokagerð afurðarinnar og of dýrt er að framleiða eintak sem eingöngu á að nota til kynningar eða til að sýna fram á samræmi. Ef frumgerðin eða reynsluverkefnið er selt eða gefur á annan hátt af sér tekjur skulu þær dregnar frá styrkhæfum kostnaði.

Framleiðsla og prófanir á tilraunaeintökum, framleiðslu ferla og þjónustu eru einnig styrkhæf, að því gefnu að þau nýtist ekki í söluhæfar lokagerðir. Venjubundnar endurbætur á framleiðsluferlum eða aðferðum teljast ekki til þróunar. Sama gildir um endurbætur á þjónustu og starfsemi jafnvel þótt þær leiði til umbóta.

Loks er bætt við ákvæðið skilgreiningum á litlum, meðalstórum og stórum fyrirtækjum en þær eru nauðsynlegar vegna þeirra reglna sem gilda um samanlagt hámark á opinberum styrkjum til rannsóknar- og þróunarverkefna samkvæmt sömu leiðbeinandi reglum. Í skilgreiningum á litlum, meðalstórum og stórum fyrirtækjum er vísað til I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. samningsins um EES. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 er birt sem fylgiskjal við lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, sbr. 27. gr. þeirra laga. Í viðaukanum er að finna ítarlegri skilgreiningar á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, m.a. með tilliti til yfirráða og eignatengsla milli fyrirtækja. Til frekari skýringa má vísa til „notendaleiðbeininga fyrir SME“ sem framkvæmdasstjórn ESB gaf út árið 2006 til upplýsingar fyrir atvinnurekendur og aðgengilegar eru á íslensku á vef framkvæmdastjórnarinnar.

Um 37. gr.

Ein meginbreytingin sem lögð er til á reglum um skattfrádrátt til nýsköpunarfyrirtækja er sú að framvegis muni Rannís taka ákvörðun um staðfestingu einstakra nýsköpunarverkefna en ekki nýsköpunarfyrirtækja eins og kveðið er á um í núgildandi 2. mgr. 4. gr. laganna. Þær breytingar sem lagðar eru til á 4. gr. skýrast af þessu og einnig því að ákvæði um skattafslátt vegna hlutabréfakaupa falla brott.

Um 38. gr.

Þar breytingar sem lagðar eru til á 5. gr. laganna taka einnig mið af því að Rannís muni framvegis staðfesta rannsóknar- eða þróunarverkefni. Þá er einnig lagt til að sú sérregla sem felst í ákvæði 2. mgr. 5. gr. falli brott úr 5. gr. en verði tekin upp endurbætt í 6. gr. laganna. Reglan eins og hún er sett fram í 2. mgr. 5. gr. samræmist ekki leiðbeinandi reglum ESA að

öllu leyti enda er í ákvæðinu ekki tekið fram að kaupa þurfi þjónustuna af ótengdu fyrirtæki eins og reglurnar kveða á um.

Um 39. gr.

Lagt er til að núgildandi 6. gr. laganna falli brott enda fjallar það ákvæði um staðfestingu vegna hlutafjáraukningar. Þess í stað er lagt til að í 6. gr. verði tekið upp endurbætt ákvæði um viðbótarfrádráttarrétt vegna aðkeyptrar rannsóknar- eða þróunarvinnu. Samkvæmt nýja ákvæðinu verður að vera um rannsóknar- eða þróunarþjónustu að ræða í tilviki aðkeyptrar þjónustu og hún verður að vera keypt af ótengdu fyrirtæki, háskóla eða stofnun. Í þessu felst að þjónusta sem keypt er af dótturfyrirtæki eða fyrirtæki sem á annan hátt er tengt kaupanda gegnum eignarhald skapar ekki rétt til viðbótarfrádráttar. Um viðbótarfrádráttarréttinn er fjallað í 1. mgr. 10. gr. laganna.

Um 40. gr.

Sú breyting sem lögð er til á 7. gr. laganna felst í því að gert er að skilyrði að fyrirtæki sem eru aðilar að samstarfsverkefni verða að vera ótengd til að verkefni skapi rétt til frádráttar frá álögðum tekjuskatti þeirra.

41. gr.

Lagt er til að orðalagi 8. gr. sem fjallar um málsmeðferð verði breytt til samræmis við aðrar breytingartillögur á lögunum. Að auki er lagt til að ákvæði 1. mgr. 8. gr. verði gert skýrara. Þannig er lagt til að kveðið verði á um fjölda þeirra fulltrúa sem sitja í fagnefnd en lagt er til að þeir verði þrír. Þá er skýrt að hvaða leyti fagnefndin kemur að málsmeðferðinni þ.e. að hún geti verið ráðgefandi við mat á verkefnum. Loks er lagt til að fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Samtök atvinnulífsins tilnefni fulltrúana í fagnefndina.

Um 42. gr.

Breytingartillöguna leiðir af því að lagt er til að ákvæði um skattafslátt vegna hlutabréfakaupa falli brott.

Um 43. gr.

Þær breytingar sem eru lagðar til á 1. mgr. 10. gr. eru annars vegar orðalagsbreytingar til samræmis við aðrar breytingartillögur en hins vegar eru lagðar til verulegar hækkanir á skattfrádrætti til nýsköpunarfyrirtækja. Þannig er lagt til að sérstakur frádráttur frá álögðum tekjuskatti hækki úr 15% í 20%, einnig að almennt hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti hækki úr 50 millj. kr. í 100 millj. kr. Loks er hámark kostnaðar vegna aðkeyptrar rannsóknar- eða þróunarþjónustu hækkað úr 75 millj. kr. í 150 millj. kr.

Um 44. gr.

Lagt er til að fallið verði frá því að við ákvörðun á skattalegu tapi skuli einungis líta til rekstrartaps viðkomandi nýsköpunarfyrirtækis frá og með því rekstrarári sem staðfesting vegna skattfrádráttar nýsköpunarverkefnis var veitt. Að óbreyttu getur yfirfæranlegt tap svipt félag rétti til skattfrádráttar vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar en skilja má ákvæðið eins og það stendur núna svo að lögaðila verði einungis greiddur út frádrátturinn ef skattalegt tap er á árinu. Frádrátturinn verði ekki greiddur út vegna yfirfæranlegs taps sem félagið átti áður en það fékk staðfestingu vegna skattfrádráttar. Nái tillaga þessi fram að ganga má skilja

ákvæðið þannig að félag njóti alltaf frádráttarins hvort sem til skattgreiðslu kemur eða ekki, óháð því hvort skattalegt tap hafi verið á árinu eða skattleysi stafi af yfirfæranlegu tapi.

Um 45. gr.

Lagt er til að fellt verði brott ákvæði um opinberar styrkveitingar og útseldar rannsóknir þar sem í 46. gr. frumvarpsins er rakið með ítarlegum hætti hvaða takmarkanir gilda, samkvæmt leiðbeinandi reglum ESA um styrki vegna rannsóknar og þróunar og nýsköpunar, varðandi samanlagða styrki frá opinberum aðilum. Þá er lagt til að fellt verði brott ákvæði er kveður á um staðfestingu Rannís á nýsköpunarfyrirtækjum en ekki nýsköpunarverkefnum eins og breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu ganga út á. Að auki er lagt til að fellt verði brott ákvæði um skattafslátt til einstaklinga og lögaðila vegna hlutabréfakaupa.

Um 46. gr.

Lagðar eru til verulegar breytingar á ákvæðinu sem fela í sér að rakið er með ítarlegum hætti hvaða takmarkanir gilda, samkvæmt leiðbeinandi reglum ESA, um styrki vegna rannsókna og þróunar og nýsköpunar, varðandi samanlagða styrki frá opinberum aðilum. Mikilvægt er að undirstrika að þær hámarksreglur sem raktar eru í ákvæðinu gilda fyrir verkefni í heild allan þann tíma sem verkefnið stendur yfir en ekki fyrir almanaksárið eins skattfrádráttur samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Tafla sem sýnir styrkhæfi
(sbr. leiðbeiningarreglur ESA).

	Lítið fyrirtæki	Meðalstórt fyrirtæki	Stórt fyrirtæki
Grunnrannsóknir	100%	100%	100%
Rannsóknir	70%	60%	50%
Rannsóknir sem fela í sér: – samstarf milli fyrirtækja; fyrir stór fyrirtæki: milli landa eða í það minnsta eitt lítið eða meðalstórt fyrirtæki eða – samstarf fyrirtækis með rannsóknarstofnun; eða – dreifing niðurstaðna.	80%	75%	65 %
Þróun	45%	35%	25%
Þróun sem felur í sér: – samstarf milli fyrirtækja; fyrir stór fyrirtæki: milli landa eða í það minnsta eitt lítið eða meðalstórt fyrirtæki eða – samstarf fyrirtækis með rannsóknarstofnun.	60%	50%	40%

Um 47. gr.

Með greininni er lagt til að aðilum sem búsettir eru á Íslandi verði gert heimilt að leigja og flytja inn bílaleigubíla frá bílaleigum á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum og nota hér á landi tímabundið. Undanþágan er svo takmörkuð við það að hver einstök bifreið má ekki vera á landinu lengur en 42 daga í hvert sinn og hún má ekki vera á landinu lengur en 183 daga á hverju ári. Hver einstaklingur getur einungis nýtt sér þessa heimild í 42 daga á ári hverju. Er breytingin lögð til vegna athugasemda sem ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur gert við núverandi bann við tímabundnum tollfrjálsum innflutningi aðila, sem búsettir eru hérlendis, á ökutækjum. Nú þegar er aðilum sem ekki eru búsettir á Íslandi heimilt að flytja inn ökutæki tímabundið tollfrjálst en það verður að teljast hæpið að aðilar búsettir hér á landi muni nýta sér þessa heimild. Mögulegur ávinningur af því að leigja ökutæki erlendis frá tímabundið yrði tæpast meiri en sem nemur flutningskostnaði hingað til lands.

Um 48. gr.

Í úrskurði ríkistollanefndar í máli nr. 6/2009 frá 7. janúar 2010 var komist að þeirri niðurstöðu að tollstjóra skorti lagaheimild til þess að taka mið af vátryggingakostnaði við ákvörðun tollverðs þegar innflytjandi hefur ekki vátryggt vöru við innflutning og þannig ekki greitt slíkan kostnað. Ákvæði reglugerðar, nánar tiltekið 3. mgr. 52. gr. reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru, gangi lengra en gildandi lög og skorti þannig lagastoð. Í lögunum sé einungis gert ráð fyrir að slíkur kostnaður sé hluti tollverðs hafi hann raunverulega stofnast og þannig greiddur af innflytjanda eða að greiðsluskylda hvíli á innflytjanda vegna tilkomu slíks kostnaðar. Reglugerðarákvæðinu hefur verið fylgt í framkvæmd en þar segir að kostnaðarliðir og gjöld sem um ræðir í 2. mgr. 15. gr. gildandi tollalaga, þ.e. flutningskostnaður, gjöld fyrir fermingu, affermingu eða aðra meðferð vöru vegna flutnings til innflutningsstaðar og vátryggingarkostnaður í tengslum við flutning vöru til innflutningsstaðar, skulu innifalin í tollverði, án tillits til þess hvort kostnaðarliðirnir og gjöldin séu raunverulega greidd eða ekki, enda sé unnt að ákvarða þau á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða. Ljóst er að allir þessir kostnaðarliðir, sem innflytjandi hefur greitt eða ber að greiða, eru lagðir á viðskiptaverð við ákvörðun tollverðs samkvæmt skýrum fyrirmælum 2. mgr. 15. gr. gildandi laga. Samkvæmt fyrrnefndum úrskurði ríkistollanefndar skortir skýr fyrirmæli í lögum þannig að heimilt sé að ákvarða skattstofn út frá sams konar kostnaðarliðum þótt til þeirra hafi ekki verið stofnað eða í þeim tilfellum þegar slíkur kostnaður er ekki gefinn upp á tollskjölum. Er því lagt til að nýjum málslið verði bætt við 3. mgr. 5. gr. til að tryggja lögmæti þeirrar framkvæmdar sem viðhöfð hefur verið á síðustu árum. Áfram skuli einnig miðað við að þessir kostnaðarliðir verði áætlaðir á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.

Um 49. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er lagt til að tollstjóra verði falið að annast endurgreiðslur vegna ökutækja sem breytt er til þess að nota metan í stað bensíns eða dísilolíu. Umferðarstofa hefur þegar mótað reglur um metanbreytingar og skráningu slíkra breytinga í bifreiðaskrá. Lagt er til að sé þeim reglum framfylgt af hálfu breytingaverkstæða og skoðunarstöðva verði endurgreiðsla heimil. Lagt er til að fjárhæð endurgreiðslu skuli vera 20% af kostnaði við breytinguna samkvæmt reikningi breytingaverkstæðis en þó ekki hærri en 100.000 kr. Samkvæmt upplýsingum frá breytingaverkstæðum er kostnaður við breytingar frá 400.000 kr. til 800.000 kr. og er því talið ólíklegt að endurgreiðslur verið undir 100.000 kr. Lagt er til að endur-

greiðsla verði þó takmörkuð við ökutæki sem eru sex ára eða yngri við skráningu breytingarinnar og að ökutækið sé búið metangeymi sem sé að lágmarki 80 lítra. Sú stærð samsvarar orkuinnihaldi um 20 lítra af bensíni. Er þetta gert til þess að þeim fjármunum sem varið er til endurgreiðslunnar sé sem best varið. Ökutæki eigi þannig eftir nokkur ár af líftíma sínum og hafi möguleika á því að nota metan í lengri vegalengdir.

Í reglum Umferðarstofu um metanbreytingar er gert ráð fyrir að skoðunarstöðvar votti að breyting hafi átt sér stað og í framhaldi af því fái ökutæki skráða athugasemd í bifreiðaskrá um að því hafi verið breytt til þess að ganga á metani og er því í 3. mgr. lagt til að staðfesting á skráningu Umferðarstofu fylgi með umsókninni. Jafnframt er lagt til að skoðunarstofa votti að stærð metangeymis ökutækis sé að lágmarki 80 lítrar.

Í 4. og 5. mgr. er að finna ákvæði sem kveða á um viðurlög við því að metanbúnaður sé gerður óvirkur eða hann tekinn úr ökutæki.

Í 6. mgr. er lagt til að skoðunarstofur ökutækja skuli kanna ástand og virkni metanbúnaðar við hverja reglubundna skoðun ökutækis. Er þetta í samræmi við reglur umferðarstofu um metanbreytingar.

Í 7. mgr. er lagt til að vörugjald verði endurgreitt vegna breytinga á 1.000 ökutækjum. Takmarkað framboð er á breytingum og er því gert ráð fyrir að það taki um tvö ár að breyta 1.000 ökutækjum, nema aðilum fjölgi verulega á markaðnum. Þegar 1.000 ökutækjum hefur verið breytt kemur endurgreiðslan til með að falla niður. Í greininni er jafnframt lagt til að eigendur ökutækja sem þegar hefur verið breytt geti sótt um endurgreiðsluna. Hafi orðið eigendaskipti á ökutæki í millitíðinni er ekki gert ráð fyrir að eigandi ökutækisins á þeim tíma sem því var breytt hljóti endurgreiðsluna þar sem líklegt verður að teljast að breytingarkostnaður hafi endurspeglast í söluverði þess.

Að lokum er svo lagt til að ákvæði tollalaga, nr. 88/2005, um eftirlit og kæruheimildir gildi um endurgreiðslurnar eftir því sem við getur átt.

Um 50. gr.

Hér er lagt til að framlengdur verði gildistími bráðabirgðaákvæða sem heimila niðurfellingu stimpilgjalds af skilmálabreytingum fasteignaveðskuldabréfa og nýrra bréf sem gefin eru út af Íbúðalánasjóði til 1. júlí 2010, ásamt bílalánum einstaklinga. Samkvæmt gildandi bráðabirgðaákvæðum hefði heimildin runnið út í lok þessa árs.

Um 51. gr.

Lagt er til að við kaflann um dómsmálagjöld í lögum um aukatekjur ríkissjóðs bætist tvö stig bæði í héraði og Hæstarétti, þ.e. fyrir héraðsdómi af stefnufjárhæð frá 90 millj. kr. að 150 millj. kr. greiðist 150 þús. kr. og fyrir stefnufjárhæð frá 150 millj. kr. og umfram þá fjárhæð 250 þús. kr. og fyrir Hæstarétti frá 90 millj. kr. að 150. millj. kr. 200 þús. kr. og frá 150 millj. kr. og umfram það 250 þús. kr.

Um 52. gr.

Í málum er varða dómsmálagjöld vegna mála sem rekin eru fyrir dómstólum á grundvelli laga um skipti á dánarbúum o.fl. og laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er m.a. deilt um réttmæti krafna sem lýst er í þrotabú og oft er deilt um verulega fjárhagslega hagsmuni. Er því talið rétt að þegar þingfest er mál fyrir dómi á grundvelli framangreindra laga þar sem svo háttar til að deilt er um hagsmuni sem afmarkaðir eru með ákveðnum fjárhæðum taki þingfestingar-

gjald sem og kærugjald til Hæstaréttar mið af þessum hagsmunum á sama hátt og er almennt um einkamál.

Um 53. gr.

Gert er ráð fyrir að gjald sem greiða þarf fyrir hverja tilkynningu um flutning aflamarks sem framkvæmd er af Fiskistofu verði hækkað. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu skili um 16,5 millj. kr. en við þessa breytingu má áætla að tekjur verði um 19,2 millj. kr. eða hækkun um 2,7 millj. kr. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda.

Um 54. gr.

Gert er ráð að gjald sem greiða þarf fyrir veitingu veiðileyfis verði hækkað, sbr. 1. gr. laga nr. 33/2000. Samkvæmt frumvarp til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu skili um 15 millj. kr. en við þessa breytingu má áætla að tekjur verði um 22,2 millj. kr. eða hækkun um 7,2 millj. kr. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda.

Um 55. gr.

Gert er ráð að gjald sem greiða þarf fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar milli skipa verði hækkað. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er ekki áætlað sérstaklega vegna þessarra tekna. Við þessa breytingu má áætla að tekjur verði um 0,6 millj. kr. eða hækkun um 0,6 millj. kr. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda.

Um 56. gr.

Gert er ráð fyrir að gjald sem útgerðir skipa greiða fyrir hvern dag, eða hluta dags, sem eftirlitsmaður er um borð í skipi sem hefur leyfi Fiskistofu til að vinna afla um borð eða þegar eftirlitsmaður Fiskistofu er um borð í skipi á kostnað útgerðar samkvæmt sérstakri heimild í lögum verði hækkað. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu skili um 24,9 millj. kr. en við þessa breytingu má áætla að tekjur verði um 24,9 millj. kr. eða hækkun um 11,9 millj. kr. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda.

Um 57. gr.

Sú efnisbreyting sem lögð er til samkvæmt þessu ákvæði er að hverfa frá fortakslausri skyldu til að senda úrskurði yfirskattanefndar í ábyrgðarbréfi og þess í stað verði þeir að jafnaði sendir í almennum pósti eða rafrænt. Er þetta í takt við þær breytingar sem orðið hafa á því umhverfi og starfsháttum sem stjórnsýslan byggist á í dag þar sem rafræn samskipti verða æ algengari. Breyting þessi er einnig til samræmis við þær breytingar sem nýlega hafa verið gerðar á 5. mgr. 96. gr. og 1. mgr. 99. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Um 58. gr.

Ákvæðið fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á allmörgum lögum sem skipta má í nokkra efnishluta. Í fyrsta lagi eru breytingar á lögum um tekjuskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Í öðru lagi eru breytingar sem snúa að rýmkun á skattalegum úrræðum fyrir fyrirtæki, annars vegar vegna skattalegrar meðferðar á eftirgjöf skulda og hins vegar vegna heimildar til greiðsluuppgjörs á gjaldföllnum skattaskuldum frá fyrri árum. Í þriðja lagi eru breytingar á lögum um nýsköpunarfyrirtæki til frekari eflingar þeirri starfsemi, auk niðurfellingar hlutabréfaafsláttar. Í fjórða lagi er lagt til að framlengt verði bráðabirgðaákvæði um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem felur í sér að vikmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða verði áfram 15% í stað 10% út árið 2010. Í fimmta lagi eru breytingar á heimildum skattrannsóknarstjóra til að einfalda og hraða málsmeðferð gagnvart aðilum sem eru til rannsóknar. Að lokum eru lagðar til nokkrar breytingar sem eru tilkomnar vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), tilkomu umhverfisvænna orkugjafa og framlengingar á niðurfellingu stimpilgjalds vegna skilmálabreytinga lána hjá fólki í greiðsluerfiðleikum.

Í fyrsta hluta frumvarpsins eru gerðar breytingar á lögum um tekjuskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Lagt til að lögum um tekjuskatt verði breytt þannig að tekjuskattshlutfallið verði lækkað um 1,2% og á móti er lagt til að lögum um tekjustofna sveitarfélaga verði breytt þannig að heimilað hámarkshlutfall útsvars hækki um 1,2%. Með þessum breytingum er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lækki um 10,2 milljarða kr. og að tekjur sveitarfélaga vegna útsvarstekna hækki samsvarandi. Nokkrar aðrar breytingar eru auk þess gerðar á lögunum vegna yfirfærslunnar og er gerð ítarleg grein fyrir kostnaðaráhrifum þeirra í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpi til laga um málefni fatlaðra sem flutt er samhliða þessu frumvarpi. Því er að öðru leyti vísað til þeirrar umsagnar vegna heildarkostnaðaráhrifa vegna yfirfærslunnar.

Í öðrum hluta frumvarpsins eru lagðar til breytingar er snúa að rýmkun á skattalegum úrræðum fyrir fyrirtæki, annars vegar vegna skattalegrar meðferðar á eftirgjöf skulda og hins vegar vegna heimildar til greiðsluuppgjörs á gjaldföllunum skattaskuldum fyrri ára.

Í fyrsta lagi er til bráðbirgða lagt til að heimilt verði að færa á milli tekjuáranna 2010 til og með 2014 þann hluta eftirgjafar skulda sem er umfram yfirfæranlegt rekstrartap og rekstrartap ársins, fyrningar og niðurfærslu og getur skattaðili hagað frádrætti miðað við rekstrarniðurstöðu þessara ára. Skilyrði er að arði sé ekki úthlutað vegna tekjuáranna 2010–2014 og að ekki sé um ræða samsköttun, sameiningu eða skiptingu á sama tímabili. Að loknu þessu fimm ára tímabili eða í árslok 2014 færist sá hluti eftirgjafar sem eftir stendur, þó að hámarki 500 m.kr., ekki til tekna. Það sem umfram er 500 m.kr. er heimilt að færa til tekna með jöfnum fjárhæðum á tekjuárunum 2015 til og með 2019.

Í öðru lagi er lagt til að tollstjóra verði veitt heimild til að fella niður hluta af tekjuskatti lögaðila og einstaklinga í rekstri sem fallið hefur í gjalddaga fyrir 1. janúar 2010. Hér er um

frekari ívilnun að ræða frá lögum um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum en auk þess lagt til að umsækjandi um greiðsluuppgjör njóti ívilnana gagnvart uppgjöri á kröfunni sem fer fram eftir 1. júlí 2011 þannig að ekki eru lagðir dráttarvextir á hina ógreiddu skattkröfu sem varð til fyrir 1. janúar 2010 fram til 1. júlí 2011 og að ógreidd skattrafa er sett á skuldabréf til fimm ára með jöfnum mánaðarlegum afborgunum og fer fyrsta greiðsla fram 1. júlí 2012. Skuldabréfið verði án vaxta en verðtryggt, miðað við vísitölu neysluverðs í júlí 2011.

Í þriðja hluta frumvarpsins er lagt til að lögum um nýsköpunarfyrirtæki verði breytt í samræmi við athugasemdir frá ESA auk þess sem lagðar eru til frekari skattalegar ívilnanir en nú er. Hlutabréfaafsláttur til handa einstaklingum og lögaðilum er felldur brott þar sem hann er ekki talinn standast reglur evrópska efnahagssamningsins um ríkisaðstoð. Hámark rannsóknar- og þróunarkostnaðar til viðmiðunar frádrætti frá tekjuskatti er hækkað úr 50 m.kr. í 100 m.kr. og í þeim tilvikum þar sem um aðkeypta þjónustu frá viðurkenndum aðilum er að ræða hækki hámarkið úr 75 m.kr. í 150 m.kr. Þá er lagt til að fallið verði frá því að við ákvörðun á skattalegu tapi samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki skuli einungis líta til rekstrartaps viðkomandi nýsköpunarfyrirtækis frá og með því rekstrarári sem verkefni í eigu þess hlaut staðfestingu vegna skattfrádráttar. Þá er lagt til að í stað 15% hlutfalls frádráttar af rannsóknar- og þróunarkostnaði verði hlutfallið hækkað í 20%. Ekki hefur verið lagt sérstakt mat á hvaða áhrif þessar breytingar hafa á tekjur ríkissjóð, en gert er ráð fyrir að þau verði óveruleg.

Í fjórða hluta frumvarpsins er lagt til að vikmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða verði áfram 15% í stað 10% út árið 2010. Hér er um að ræða heimildarákvæði sem stjórnir lífeyrissjóða geta nýtt sér en líkt og á síðasta ári er útlit fyrir að einhverjir sjóðir séu með neikvæða stöðu yfir 10%. Jafnframt er lagt til að gerðar verði sömu kröfur til menntunar og kunnáttu þeirra sem fara með sjóðastýringu lífeyrissjóða og gerðar eru til sjóðstjóra verðbréfasjóðanna, þ.e. að hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum.

Í fimmta hluta frumvarpsins eru lagðar til breytingar á heimildum skattrannsóknarstjóra til að einfalda og hraða málsmeðferðum gagnvart aðilum sem eru til rannsóknar og felst meðal annars í því að skattrannsóknarstjóri ríkisins geti leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á einkaheimilum eða á öðrum þeim stöðum sem heimildir skattalaga taka ekki til. Gert ráð fyrir að með þessum breytingum verði meðferð máls skilvirkari og þær leiði til aukins hagræðis og einföldunar fyrir rannsóknaraðila jafnt sem þá aðila sem aðgerðin beinist gegn.

Auk þess sem að framan er talið er lagt til að nokkrar breytingar verði gerðar á ýmsum óskyldum lögum.

Í fyrsta lagi er lagt til að heimilt verði að endurgreiða vörugjöld allt að 100 þús. kr. vegna ökutækja sem ganga fyrir bensíni eða dísilolíu en breytt er til þess að ganga fyrir metani. Nokkuð erfitt er að meta hvaða kostnaðarauka þetta mun hafa í för með sér fyrir ríkissjóð en í áætlunum er miðað við að það geti orðið allt að 100 m.kr. á tveggja ára tímabili.

Í öðru lagi er lagt til að tímabundnar undanþágur frá greiðslu stimpilgjalds þegar skilmálum fasteignaveðskuldabréfum er breytt eða ný veðskuldabréf eru gefin út til uppgreiðslu vanskila verði framlengdar um eitt ár, eða til ársloka 2011.

Í þriðja lagi er lagt til tekjufærsla gengishagnaðar á innlánsreikningum í erlendri mynt eigi sér stað við úttekt af reikningi og þannig horfið frá því að áfallinn óinnleystur gengishagnaður teljist til tekna.

Í fjórða lagi er lagt til að meðferð á söluhagnaði af íbúðarhúsnæði verði sú sama hvort sem salan fer fram úr dánarbúi eða af erfingjum sjálfum.

Í fimmta lagi er lagt til að til vaxtagjalda sem mynda stofn til vaxtabóta teljist einungis greiddir vextir og verðbætur á afborganir og vexti en ekki gjaldfallnir.

Í sjötta lagi er lagt til að skattaleg meðferð einstaklinga sem starfa og hafa tekjur sínar hluta ársins á Íslandi og að hluta til á Evrópska efnahagssvæðinu, auk Færeyja og Sviss, verði samræmdar þannig að ef meiri hluti tekna verður til á Íslandi njóti þeir skattalegs hagræðis á hér á landi hvort sem þeir eru búsettir hérlendis eða erlendis.

Í áttunda lagi er til bráðabirgða lagt til að frestaðar tekjufærslur verði hægt að færa til tekna á næstu þremur árum í stað þess að frestfjárhæðin færist til tekna í einu lagi í skattframtali 2011 eins og núverandi lög gera ráð fyrir.

Í níunda lagi er lagt til að fjölgað verði gjaldaþrepum við greiðslu dómsmálagjalda og að bætt verði við tveimur nýjum gjaldaþrepum. Hæsta gjaldaþrepið í dag miðast við stefnufjárhæð eða áfýjunarfjárhæð frá 30 m.kr. og yfir. Er hér lagt til að gjaldaþrepið verði 30 m.kr. að 90 m.kr. og svo tvö ný stig þ.e. frá 90 m.kr. að 150 m.kr. og svo frá 150 m.kr. og af fjárhæð umfram þá fjárhæð. Áætlanir gera ráð fyrir að með þessum breytingum hækki dómsmálagjöld úr 15 m.kr. á ári í 180 m.kr. á ári og tekjuauki fyrir ríkissjóð verði um 165 m.kr. árlega sem gert er ráð fyrir að nýttar verði til að fjölga dómurum við Hæstarétt og héraðsdómstólana.

Í tíunda lagi er lagt til að gjöld sem innheimt eru í samræmi við lög um stjórn fiskveiða og lög um veiðieftirlitsgjald verði hækkuð. Þetta eru gjöld vegna útgáfu leyfa til veiða í atvinnuskyni, vegna eftirlits um borð í fiskiskipum og vegna flutnings á veiðiheimildum milli skipa. Þessar hækkanir eru tilkomnar til að mæta hækkunum á almennu verðlagi frá því að gjöldin voru síðast hækkuð og er gert ráð fyrir því að tekjuauki ríkisins vegna þessa verði tæpar 23 m.kr. á ári.

Samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins má gera ráð fyrir að tekjutap ríkissjóðs vegna breytinga á tekjuskattshlutfallinu nemi tæpum 10,2 milljörðum kr. Er það annars vegar vegna lækkunar tekjuskattshlutfallsins og hins vegar vegna útsvarsgreiðslu ríkissjóðs til sveitarfélaga en sveitarfélögum er lögum samkvæmt tryggt útsvar af tekjuskattsskyldum tekjum með því að ríkissjóður greiðir að hluta eða fullu útsvar þeirra sem hafa tekjur undir ákveðnum mörkum. Á móti er gert ráð fyrir að niður falli bein framlög í fjárlögum til starfrækslu málaflokksins sem nema um 10 milljörðum kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er reiknað með að vegna annarra breytinga en vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra komi ekki til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð nema hvað reiknað er með um 100 m.kr kostnaðarauka vegna endurgreiðslu á vörugjöldum.

381. Frumvarp til laga [314. mál]

um rannsókn á stöðu heimilanna.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Íris Róbertsdóttir, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að fyrir liggi reglulega upplýsingar um stöðu mismunandi tegunda heimila þannig að stjórnvöld geti markað stefnu til að standa vörð um hag heimilanna, sérstaklega þeirra sem höllum fæti standa.

2. gr.

Framkvæmd.

Hagstofa Íslands skal skilgreina hugtakið heimili.

Hagstofa Íslands skal ársfjórðungslega framkvæma rannsókn á stöðu allra heimila miðað við fyrsta dag ársfjórðungsins og setja upp rekstrar- og efnahagsreikning fyrir hinar ýmsu tegundir heimila. Niðurstöður skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok fyrsta mánaðar hvers ársfjórðungs og birtar almenningi. Enn fremur skal Hagstofan fylgjast með og gefa út þær breytingar sem koma fram hjá einstökum tegundum heimila á milli ársfjórðunga og flutning á milli tegunda.

Við rannsókn sína skal Hagstofan hafa náið samráð við Persónuvernd varðandi persónuupplýsingar og við Fjármálaeftirlitið varðandi bankaleynd.

Opinberir aðilar, fjármálastofnanir, lífeyrissjóðir, sjúkrasjóðir og háskólar sem búa yfir upplýsingum um tekjur heimila, lántökur, afborganir af lánum, leigu og annan kostnað vegna húsnæðis eða náms skulu að eigin frumkvæði miðla upplýsingum til Hagstofunnar á því formi og á þeim tíma sem Hagstofan tiltekur. Keyrsla hvers aðila er á hans kostnað en Hagstofan tekur við gögnum á starfsstöð viðkomandi og flytur á miðil í eigu Hagstofunnar undir eftirliti Persónuverndar.

Gögnum skal safnað á einn stað hjá Hagstofunni undir eftirliti Persónuverndar og þau dulrituð þar með þremur dulritunarlyklum. Skal hver útbúinn í tvíriti og skulu hagstofustjóri og staðgengill hans geyma eitt par, framkvæmdastjóri Persónuverndar og staðgengill hans geyma eitt par og framkvæmdastjóri Fjármálaeftirlitsins og staðgengill hans geyma eitt par.

Geyma skal dulritunarlyklana í 10 ár en gögnin í 4 ár hverju sinni.

Gæta skal fyllstu varúðar og leyndar á þeim gögnum sem safnað er saman.

Ef nauðsyn ber til skal undirbyggja niðurstöður rannsóknarinnar með skoðanakönnun.

Efnahags- og viðskiptaráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Refsingar.

Sá sem brýtur þann trúnað og leynd sem lög þessi áskilja skal sæta fangelsi allt að 10 árum.

4. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hagstofan skal undirbúa og framkvæma rannsókn skv. 2. gr. miðað við stöðuna 1. janúar 2011 og skal að því stefnt þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. að niðurstaða liggi fyrir eigi síðar en 15. febrúar 2011.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur verið um lausnir á vanda heimilanna sem varð til vegna forsendubrests í kjölfar hruns bankanna í október 2008. Hafa komið fram hugmyndir að lausnum sem hægt er að flokka annars vegar í almennar niðurfellingar á skuldum heimila, með eða án þaks, og sértækar aðgerðir sem veittar eru á grundvelli stöðu einstakra heimila. Jafnframt hafa komið fram hugmyndir að blanda slíkum leiðum saman eða bæta stöðuna í gegnum húsaleigubætur eða vaxtabætur. Það hefur einkennt þessar hugmyndir að ekki liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar um stöðu heimilanna, sérstaklega ekki þeirra sem eru í leiguhúsnæði. Kann jafnvel að vera erfiðleikum bundið að fá greinargóðar upplýsingar um síðastnefnda hópinn, sérstaklega þau heimili sem leigja en eiga ekki rétt til húsaleigubóta eða leigan ekki gefin upp. Þar sem þessar hugmyndir kosta sumar hverjar verulega fjármuni og staða ríkissjóðs er ekki sterk um þessar mundir, né heldur staða þeirra aðila sem helst er horft til að fjármagni þessar aðgerðir, svo sem Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóða, telja flutningsmenn frumvarpsins brýnt að aflað sé hratt og vel þeirra upplýsinga sem þörf er á til þess að hægt sé að átta sig að stöðu heimilanna og hvaða lausnir henti við að leysa bráðan vanda heimilanna. Allar þær upplýsingar sem þörf er á eru til hjá ýmsum stofnunum ríkisins og sveitarfélaga, lífeyris- og sjúkrasjóðum verkalýðsfélaga og fjármálastofnunum.

Nokkrir opinberir aðilar koma til greina til að framkvæma rannsókn samkvæmt frumvarpi þessu. Starfshópur Seðlabanka Íslands kannaði í ársbyrjun 2009 áhrif fjármálakreppu á efnahag heimila og skilaði hann bráðabirgðaniðurstöðu 11. mars 2009. Gegnum það starf hefur myndast mikil þekking og greining á vandamálinu sem og reynsla á því hvaðan gögn ættu að koma inn í dæmið þannig að Seðlabankinn gæti þess vegna valdið verkefninu. Hins vegar eru verkefni hans að öðru leyti mjög frábrugðin þessu verkefni. Þess vegna var horfið frá því að hann vinni slíka reglubundna rannsókn. Slík reglubundin rannsókn fellur hins vegar afar vel að starfi Hagstofu Íslands sem einmitt safnar alls konar gögnum reglulega. Þess vegna var afráðið að fela Hagstofu Íslands þessa rannsókn en að sjálfsögðu er þess að vænta að hún muni styðjist við reynslu framangreinds starfshóps Seðlabanka Íslands í byrjun.

Allar upplýsingar um stöðu heimilanna eru orðnar úreltar núna. Upplýsingar úr skattframtölum og könnun Seðlabanka Íslands miðuðust við árslok 2009 og eru því 11 mánaða gamlar. Dómar Hæstaréttar frá 16. júní og 16. september síðastliðnum breyttu stöðu þeirra heimila sem voru með gengistryggð bíla- og jafnvel íbúðalán mikið til hins betra. Fyrirhugaðar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í kjölfarið breyta stöðunni enn einu sinni. Langtímaatvinnuleysi og auknir skattar hafa gert stöðu heimila lakari. Til þess að átta sig á stöðu heimilanna og grípa til mjög örlagaríkra ráðstafana verða Alþingi og stjórnvöld að hafa vandaðar upplýsingar. Að því er stefnt með þessu frumvarpi.

Þær upplýsingar sem hér er gert ráð fyrir að verði keyrðar saman eru mjög viðkvæmar vegna bæði bankaleyndar og persónuverndar. Þurfa þeir aðilar sem þeirra mála eiga að gæta,

Persónuvernd og Fjármálaeftirlitið, að koma mjög náið að þessari rannsókn. Hér rekast á mikilvægir þjóðarhagsmunir að fá þessar upplýsingar hratt og vel þannig að hægt sé að binda enda á vandræði fjölmargra heimila og þeir hagsmunir einstaklinga að fjármálaupplýsingar þeirra fari ekki um víðan völl. Flutningsmenn treysta því að þessir andstæðu hagsmunir verði leystir á þeim stutta tíma sem ætlaður er til fyrstu rannsóknarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Þessi grein lýsir þeim aðferðum sem flutningsmenn sjá fyrir sér að gæti verið beitt til þess að meta stöðu hvers heimilis.

Nauðsynlegt er að skilgreina hvað er heimili en það er ekki einfalt. Nákvæmasta skilgreiningin er sú að heimili sé hópur einstaklinga sem notar sameiginlega ísskáp. Þannig mynda þrjár eldri systur með barnabarn einnar eitt sameiginlegt heimili en þrír stúdentar sem leigja saman fjögurra herbergja íbúð en eru með aðgreindan fjárhag og skiptan ísskáp mynda þrjú eins manns heimili. Þessi skilgreining er sennilega ekki framkvæmanleg við núverandi aðstæður. Þá mætti nota þá skilgreiningu að þeir einstaklingar sem búa saman í einni íbúð samkvæmt þjóðskrá myndi heimili. Þarna koma strax upp skekkjur því námsmenn utan af landi leigja oft íbúð eða herbergi í Reykjavík og reka í reynd sér heimili en eru með lögheimili hjá foreldrum sínum og teljast því til heimilis hjá þeim. Sama á stundum líka við um nemendur sem eiga foreldra í Reykjavík. Reyndar eru mörkin á milli slíkra heimila oft óljós til að byrja með. Nokkur hópur fólks mun ekki finnast í heimili (óstaðsettur í hús) og verður að gera ráð fyrir að sá hópur myndi eins manns heimili. Hluti gæti jafnvel verið fluttur til útlanda.

Það getur verið erfitt að finna hvaða heimili eru leigutakar. Húsaleigubætur eru aðeins greiddar til þeirra sem hafa þinglýstan leigusamning og leigja „íbúðarhúsnæði“ en með því er átt við íbúð með einu svefnherbergi ásamt sér eldhúsi eða eldunaraðstöðu og sér snyrtingu og baðaðstöðu. Þeir sem leigja herbergi, vanbúna íbúð, iðnaðarhúsnæði eða þegar leigan er ekki gefin upp til skatts eða tekjur heimilisins eru of háar, koma ekki fram á skrám sveitarfélaga yfir húsaleigubætur. Hugsanlega þarf að kanna stöðu leigjenda með skoðanakönnun eða kanna hvort íbúi er ekki eigandi íbúðar.

Við rannsóknina þarf að horfa til stöðu heimilisins til að standa við skuldbindingar vegna fjárfestingarlána, vegna kaupa á íbúðarhúsnæði og vegna fjárfestingar í menntun, þ.e. námslána. Einnig mun þurfa að skoða stærri neyslulán eins og bílalán, yfirdráttarlán og greiðslukortalán. Til þess að gæta samræmis væri eðlilegt að hjá heimilum sem eru leigutakar yrði litið á leigufjárhæðina eins og litið er á vexti og afborgun af íbúðalánum húseiganda sem kostnað vegna íbúðar.

Misbrestur hefur verið á því að litið sé á námslán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna sem ígildi tekna en lánið hefur sama hlutverk, þ.e. að framfæra fjölskyldu. Gæta þarf þess að allar tekju séu teknar með, t.d. barnalífeyrir Tryggingastofnunar, sem oft tapast í tölfræði vegna þess að hann er skattfrjáls.

Þeir aðilar sem gefa þyrftu upplýsingar eru m.a.:

- Ríkisskattstjóri, aðallega um tryggingagjald og staðgreiðslu. Hugsanlega þarf að miða við greiðslur einum til tveimur mánuðum fyrr, t.d. fyrir september 2010, þar sem greiðslurnar berast oft seint.
- Íbúðalánasjóður, bankar og fjármálafyrirtæki (t.d. Byggðastofnun) vegna lánveitinga sem standa á móti íbúða- og bílakaupum og greiðslna af slíkum lánum. Enn fremur upplýsingar um yfirdráttarlán, langtíma- og skammtímainnlán og hækkun eða lækkun á þeim ásamt vaxtatekjum og gjöldum.
- Lánasjóður íslenskra námsmanna vegna lána til framfærslu (tekjuígildi) og afborgana af þeim. Einnig háskólarnir vegna námsmanna sem taka til dæmis ekki lán frá lánasjóðnum.
- Tryggingastofnun, lífeyrissjóðir og sjúkrasjóðir vegna lífeyris- og bótagreiðslna annars vegar og iðgjaldagreiðslna, lánveitinga og greiðslna af lánum hins vegar. Stéttarfélög vegna félagsgjalda og ýmissa bóta.
- Vinnumálastofnun vegna upplýsinga um atvinnuleysi.
- Sveitarfélög vegna húsaleigubóta, félagslegra bóta, lánveitinga og greiðslna af þeim sem og vegna félagslegs húsnæðis.
- Innheimtustofnun sveitarfélaga vegna meðlaga, meðlagsskulda og greiðslna af þeim skuldum.
- Greiðslukortafyrirtæki vegna greiðslna af kreditkortum og raðgreiðslum.
- Sýslumenn vegna uppboða og nauðungarsamninga.
- Hagstofan vegna þjóðskrár og búsetu og Fasteignamat ríkisins vegna fasteigna.

Skipta þarf heimilum í rökræna hópa, t.d. leigutakar og íbúðareigendur, einstaklingar, pör og systkini eða vinir, með börn og án barna og hugsanlega fleiri atriði.

Gert er ráð fyrir að gögnin séu dulrituð með vönduðustu dulritunarlyklum sem völ er á. Með því að geyma gögnin í lengri tíma og taka nýja stöðu ársfjórðungslega fæst gott tæki til þess að fylgjast með þróun á stöðu heimila, hvaða heimili skipta um hóp (giftast, eignast barn eða skilja) og hvernig fjárhagsleg staða heimilis breytist (atvinnuleysi kemur eða fer). Gert er ráð fyrir þremur dulritunarlyklum samtímis til að bæta við gögnin og vinna upplýsingar úr þeim síðar. Hver þessara lykla er útbúinn í tveimur eintökum og þau geymd á mismunandi stað af tveimur persónum til að vera viðbúinn slysum eða veikindum viðkomandi lykilhafa.

Hugsanlega nást ekki upplýsingar um t.d. hverjir leigja. Þá kann að reynast nauðsynlegt að nálgast þær upplýsingar og staðfesta með skoðanakönnun.

Um 3. gr.

Þungar refsingar skýrast af alvarleika þess að gögn verði misnotuð. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 4. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

382. Fyrirspurn [315. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um ákvæði laga og reglugerða um hollustuhætti sem varða matvæli.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hver er skilgreining ráðherra á hugtökunum „heimasvæði“, „lítið magn“ og „eigin not“, en í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr.143/2009 (þskj. 17 á 138. löggjafarþingi) segir að samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004, um hollustuhætti sem varða matvæli, skuli ríki setja sér eigin reglur á tilteknum sviðum sem varða þetta?
2. Hvernig samfellu og skipulag þurfa fyrirtæki að búa við til að reglur Evrópusambandsins gildi um þau, sbr. 9. tölul. aðfaraorða reglugerðarinnar? Er ekki líklegt að einstakir viðburðir, svo sem kökubasarar og bændamarkaðir, þar sem matvæli eru framreidd og seld án nokkurrar samfellu eða skipulags séu undanskildir reglunum?
3. Hvernig reglur hyggst ráðherra setja varðandi:
   a. frumframleiðslu til eigin nota, svo sem um fisk, villibráð, heimaslátrun, berjatínslu og grænmeti,
   b. unnar afurðir úr frumframleiðslu til eigin nota,
   c. sölu framleiðenda á litlu magni af eigin framleiðslu beint til neytenda eða í litlar verslanir á heimasvæði sem selja beint til neytenda?
4. Hvað líður gerð reglugerðar og gjaldskrár skv. 25. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með tilliti til hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu og/eða hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu?
5. Hvað líður setningu reglugerðar um framkvæmd framsals á eftirliti, sbr. 22. gr. laga um matvæli?
6. Hefur slíkt framsal eftirlits átt sér stað og ef svo er, hver er þá fjöldi þeirra fyrirtækja sem hafa verið framseld og hvernig fyrirtæki eru það?

Skriflegt svar óskast.

383. Fyrirspurn [316. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um viðbótartryggingar vegna salmonellu í fuglakjöti og kampýlóbakter-sýkinga.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hvað líður vinnu við að hægt sé að krefjast viðbótartryggingar vegna salmonellu í fuglakjöti?
2. Hvað þarf til að hægt sé að krefjast sömu viðbótartryggingar vegna kampýlóbakter-sýkinga og hvernig hyggst ráðherra beita sér fyrir að það nái fram að ganga?

Skriflegt svar óskast.

384. Fyrirspurn [317. mál]

til utanríkisráðherra um Varnarmálastofnun.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

1. Hefur verkefnisstjórn sem var skipuð samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í varnarmálalögum, nr. 34/2008, sbr. lög nr. 98/2010, skilað tillögum til ráðherra? Ef svo er, hverjar eru tillögurnar og hvenær hyggst ráðherra kynna þær fyrir utanríkismálanefnd, sbr. fyrrnefnt bráðabirgðaákvæði?
2. Hvernig ætlar ráðherra, í ljósi þess knappa tíma sem eftir er til áramóta, að framkvæma varnarskuldbindingar þjóðarinnar frá og með 1. janúar nk.?
3. Hvernig verður eftirlit með íslenskri lofthelgi áfram tryggt, svokölluð loftrýmisgæsla?
4. Verður varnaræfingin Norðurvíkingur haldin á næsta ári í samræmi við fyrri áætlanir?
5. Hver er kostnaðurinn við að leggja Varnarmálastofnun niður og flytja verkefni hennar til annarra stofnana?

385. Fyrirspurn [318. mál]

til forsætisráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

386. Fyrirspurn [319. mál]

til utanríkisráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

387. Fyrirspurn [320. mál]

til fjármálaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

388. Fyrirspurn [321. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

389. Fyrirspurn [322. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

390. Fyrirspurn [323. mál]

til heilbrigðisráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

391. Fyrirspurn [324. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

392. Fyrirspurn [325. mál]

til iðnaðarráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

393. Fyrirspurn [326. mál]

til umhverfisráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

394. Fyrirspurn [327. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

395. Fyrirspurn [328. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

396. Fyrirspurn [329. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

397. Fyrirspurn [330. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um úthlutun byggðakvóta til Reykjanesbæjar.

Frá Róberti Marshall.

Hefur ráðherra kannað möguleika þess að úthluta sérstökum byggðakvóta til Reykjanesbæjar í ljósi sérlega bágs atvinnuástands í bænum?

Skriflegt svar óskast.

398. Fyrirspurn [331. mál]

til umhverfisráðherra um umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur framkvæmdaraðili Kárahnjúkavirkjunar uppfyllt þau 20 tölusettu skilyrði sem sett voru í úrskurði umhverfisráðherra 20. desember 2001 um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar og ef svo er, hvernig var þeim framfylgt?
2. Telur ráðherra að fullnægjandi bakgrunnsupplýsinga hafi verið aflað um ástand náttúrufars og lífríkis á áhrifasvæðum framkvæmdanna áður en þær hófust?
3. Komu upp tilvik eða aðstæður á framkvæmdatíma sem kölluðu á frekari rannsóknir en þær sem mat á umhverfisáhrifum byggðist á?
4. Hafa komið fram ábendingar um nauðsyn frekari rannsókna eða lengri vöktunartíma en fram kemur í skilyrðunum og ef svo er, hvaða ábendingar?
5. Hvernig hefur verið fylgst með náttúrufari og lífríki á áhrifasvæði Hálslóns og Kárahnjúkavirkjunar að framkvæmdum loknum?

6. Hafa leyfisskyld efni, eða efnasambönd sem geta haft skaðleg áhrif á lífríkið, verið notuð til þess að hefta fok af bökkum Hálslóns og/eða til þess að þétta aðrennslisgöng virkjunarinnar? Ef svo er, hvaða efni hafa verið notuð og hvernig var staðið að leyfisveitingum og vöktun vegna þeirra?
7. Telur ráðherra, að fenginni reynslu af þeim vatnsárum sem virkjunin hefur verið í rekstri, vera þörf á viðvarandi mótvægisaðgerðum og ef svo er, hverjar eru þær þá helstar?

Skriflegt svar óskast.

399. Fyrirspurn [332. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um réttindi fatlaðs fólks.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvenær má vænta þess að framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla verði kynnt?
2. Hvernig miðar endurskoðun laga og reglugerða með tilliti til innleiðingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks?
3. Hvenær hyggst ráðherra leggja fram frumvarp um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks?

Skriflegt svar óskast.

400. Frumvarp til laga [333. mál]

um breytingu á lögum um efni og efnablöndur og lögum um eiturefni og hættuleg efni.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, er orðast svo:

Flokkun efna og efnablandna og tilkynningar.

Áður en efni og efnablanda er sett á markað skulu framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi, með samvinnu sín á milli, flokka efni og efnablöndu með tilliti til hættu fyrir umhverfi og heilsu, svo og eðlisrænnar hættu.

Framleiðandi eða innflytjandi skal tilkynna hættuflokkun efnis eða einstakra innihaldsefna í efnablöndu til Efnastofnunar Evrópu innan 30 daga frá markaðssetningu.

Framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi skulu framkvæma mat til grundvallar hættuflokkun efnis eða efnablöndu. Slíkt mat skal framkvæmt á grundvelli fyrirliggjandi og aðgengilegra gagna um viðkomandi efni. Ef þörf er á skulu framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi afla nauðsynlegra gagna í samræmi við prófunaraðferðir sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur.

Framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi skal á grundvelli nýrra upplýsinga eða endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum breyta áðurgerðri flokkun sé þess þörf.

Birgi er skylt að varðveita og hafa til reiðu gögn sem tengjast flokkun og merkingu samkvæmt lögum þessum í a.m.k. 10 ár eftir að hann afhenti efnið eða efnablönduna síðast.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hættuflokkun efna og efnablandna og mat til grundvallar hættuflokkun.

2. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, er orðast svo:

Merkingar og umbúðir.

Birgir skal tryggja að efni og efnablöndur sem tilbúnar eru til notkunar séu merktar í samræmi við hættuflokkun þeirra. Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis, magni efnis og efnablöndu, hættusetningum, varnaðarsetningum, viðvörunarorðum og hættumerkjum. Texti merkinganna skal vera á íslensku nema kveðið sé á um annað í reglugerð sem ráðherra setur.

Birgir skal tryggja að umbúðir efna og efnablandna séu traustar, ólekar og nægilega öruggar til að geta varðveitt innihaldið án þess að skemmdir verði á umbúðum eða innihaldi þeirra við eðlilega meðhöndlun. Jafnframt skal hann tryggja að umbúðir efna og efnablandna, sem ætlaðar eru til dreifingar á almennum markaði, séu hvorki þannig að formi né útliti að þær veki forvitni og athygli barna eða svo að villast megi á þeim og umbúðum undir matvæli, fóður, lyf eða snyrtivörur.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um merkingar, m.a. um tungumál, stærð og gerð umbúða og upplýsingar á merkimiða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 7. gr. laganna:

a. A-liður orðast svo: Efnið hefur verið flokkað í samræmi við 5. gr. a og samkvæmt þeirri flokkun veldur það eðlisrænni hættu, heilbrigðishættu eða umhverfishættu.
b. B-liður orðast svo: Efnið er þrávirkt, safnast fyrir í lífverum og er eitrað samkvæmt nánari viðmiðum sem sett eru í reglugerð.

4. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, er orðast svo:

Auglýsingar.

Í öllum auglýsingum um efni, hvort sem um er að ræða beinar eða óbeinar auglýsingar, skulu koma fram upplýsingar um hættuflokkun þeirra. Sömu upplýsingar skulu fylgja efnablöndum sem eru flokkaðar sem hættulegar eða innihalda hættuleg efni.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. a og 6. gr. a skulu ákvæði er varða flokkun, merkingu og umbúðir efnablandna ekki taka gildi fyrr en 1. júní 2015.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

6. gr.

1. og 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Eiturefni er hættulegt efni sem í litlu magni veldur dauða, bráðum eða langvarandi skaða á heilsu við innöndun og inntöku eða í snertingu við húð.

Hættulegt efni er efni sem getur valdið dauða, bráðum eða langvarandi skaða á heilsu við innöndun og inntöku eða í snertingu við húð, er eldnærandi, eld- eða sprengifimt eða getur valdið tjóni á umhverfi.

7. gr.

2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 12. gr., 13. gr. og 20. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Tilvísunin „sbr. 13. gr.“ í 2. mgr. 18. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Fram til 1. júní 2015 skal eftirfarandi gilda um flokkun efna og efnablandna og merkingu og umbúðir efnablandna:

a. Framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili eiturefna og hættulegra efna auk efnavara eða efnablandna sem innihalda slík efni skal afla upplýsinga um áhrif þeirra. Á grundvelli þeirra upplýsinga skal hann síðan til 1. júní 2015 tilgreina flokkun og merkja viðkomandi efni, efnablöndu og vöru samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.
b. Efnablöndur skal láta úti og selja í sterkum og velluktum ílátum. Ílátin skulu vera þannig útlits eða svo greinilega auðkennd að ekki verði villst á þeim og ílátum sem eru notuð undir lyf, matvæli og aðrar neysluvörur, fóðurvörur, fegrunar- eða snyrtiefni eða önnur efni. Ílátin skulu vera greinilega merkt. Á ílátum skal geta innihalds og á ílátum og ystu umbúðum um eiturefni skulu vera eiturmerki. Á ílátunum skulu enn fremur vera varnaðarorð á íslensku. Skulu merkingar vera hliðstæðar því sem tíðkast í nálægum löndum, svo sem kostur er.
c. Efnablöndur skal varðveita í umbúðum seljenda eða öðrum umbúðum jafntryggum.
d. Heimilt er að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar að kveða á um mat á eiturhrifum og notagildi varnings er hefur tiltekin lífræn leysiefni að geyma og flokkast sem hættuleg efni. Skal þá hlíta nánari ákvæðum um sölu og notkun varningsins eða banni við notkun hans í samræmi við reglugerðir um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna, sbr. 18. gr.

III. KAFLI
Innleiðing og gildistaka.
10. gr.
Innleiðing á reglugerð.

Lög þessi fela í sér innleiðingu ákvæða í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

11. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Reglugerðir settar samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við ákvæði þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Evrópuþingið og ráðið samþykktu í desember 2008 reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem breytir og kemur í stað tilskipana 67/548/EBE og 1999/45/EB, og breytir reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sem mun verða hluti af EES-samningnum. Til að tryggja að íslenskt atvinnulíf standi jafnfætis samkeppnisaðilum á Evrópska efnahagssvæðinu er lögð áhersla á að reglurnar taki gildi hér á landi á sama tíma og annars staðar í Evrópu. Til þess að innleiða ákvæði reglugerðarinnar er nauðsynlegt að treysta þá lagastoð sem fyrir er, annars vegar með breytingum á lögum um efni og efnablöndur, nr. 45/2008, og hins vegar með breytingum á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988. Í kjölfar setningar laganna, verði frumvarp þetta að lögum, mun gerðin verða innleidd með tilvísunaraðferð hér á landi. Frumvarp þetta er samið að höfðu samráði við Umhverfisstofnun. Stofnunin hefur kynnt Samtökum iðnaðarins þau áform að umrædd gerð verði hluti af EES-samninginn og á fræðslufundum kynnt iðnaðinum efni gerðarinnar sem og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Með innleiðingu á reglugerðinni er verið að taka upp samræmda flokkun og merkingu hættulegra efna á heimsvísu, innleiða ný varnaðarmerki auk nýrra hættuflokka og hættu- og varnaðarsetninga. Með reglugerðinni er núgildandi flokkunar- og merkingarkerfi Evrópusambandsins fyrir efni og efnablöndur aðlagað að hinu svonefnda GHS-kerfi Sameinuðu þjóðanna (Globally Harmonised System of Classification and Labelling of Chemicals), sem leggja á grunn að hnattrænni samræmingu á flokkun og merkingu efna og efnavara. Þá styður reglugerðin jafnframt við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni, svokallaða REACH-reglugerð, sem innleidd var með lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur.

Reglugerðin gildir um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna með það að markmiði að vernda heilsu og umhverfi. Ábyrgð á flokkun efna og efnablandna er að mestu leyti færð yfir á iðnaðinn. Samræmdri flokkun er viðhaldið fyrir efni sem geta valdið krabbameini, stökkbreytingum, eru skaðleg æxlun eða valda ofnæmi í öndunarfærum auk virkra efna í varnar- og sæfiefnum. Meta verður í hverju tilfelli fyrir sig hvort ástæða sé til samræmdrar flokkunar á öðrum efnum.

Ný varnaðarmerki sem kynna þarf fyrir notendum efna og efnavara taka við af þeim varnaðarmerkjum sem hafa verið í notkun.

Þá felur nýja flokkunin í sér nýja hættuflokka sem verða töluvert frábrugðnir því sem nú þekkist auk þess að stigskipting verður innan hvers hættuflokks sem er aðeins í litlum mæli nú. Merkingin verður í formi hættutákns og staðlaðra setninga hliðstætt því sem nú þekkist. Endurmerkja þarf alla merkingarskylda efnavöru á markaði hér á landi fyrir 1. júní 2015.

Þá skal hvert ríki setja á laggirnar rafrænt þjónustuborð með hliðstæðum hætti og gert var í tengslum við framangreinda REACH-reglugerð.

Reglugerðin mun hafa áhrif á störf fjölda fyrirtækja á markaði og er mikilvægt að þau fyrirtæki séu vel upplýst, til að það skaði ekki samkeppnisaðstöðu þeirra á Evrópumarkaði. Öll efni og efnablöndur sem flokkast sem hættuleg efni og eru seld á markaði þarf að merkja samkvæmt nýju reglunum á komandi árum, hrein efni eigi síðar en 1. desember 2010, efni og efnablöndur eigi síðar en 1. júní 2015. Verði reglugerðin innleidd seinna hér á landi en annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu mun það hafa neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir íslenskan iðnað, m.a. hvað varðar samkeppnisstöðu.

Ljóst er að mikið kynningarstarf þarf að fara fram fyrir þá sem eru að markaðssetja efni og efnablöndur en það eru framleiðendur, innflytjendur, útflytjendur, dreifendur og eftirnotendur. Þá er mikilvægt að fram fari markviss kynning meðal almennra neytenda sem kaupa og nota efnavörur um þýðingu nýrra reglna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að áður en efni og efnablöndur eru sett á markað skuli framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi flokka efni og efnablöndur með tilliti til hættu sem af þeim stafar. Þetta þýðir að á hverjum og einum þessara aðila hvílir sú skylda að tryggja að búið sé að flokka efnið eða efnablönduna á viðeigandi hátt áður en hún er sett á markað. Þannig ber hver og einn í aðfangakeðjunni ábyrgð, óháð öðrum, um að uppfylla þessi skilyrði. Þegar eftirnotandi uppfyllir skyldur sína varðandi flokkun skal honum heimilt að nota þá flokkun efnis eða efnablöndu sem aðili í aðfangakeðjunni hefur gert að því tilskildu að hann breyti ekki samsetningu efnisins eða blöndunnar. Sé efni og efnablanda framleidd hér á landi ber framleiðanda hennar enn fremur að tryggja að efni og efnablanda séu flokkuð á viðeigandi hátt. Þá er rétt að benda á að ef vara er flutt inn frá EES-svæðinu þá hefur efni eða efnablanda að öllum líkindum verið flokkuð samkvæmt ákvæðum laganna, verði frumvarp þetta að lögum. Þrátt fyrir þetta þarf innflytjandi og eftirnotandi að ganga úr skugga um að svo sé og flokka vöruna hafi það ekki verið gert. Annað á við ef um er að ræða efni og efnablöndu sem flutt er inn frá ríki utan EES-svæðisins. Þá má ætla efni eða efnablanda hafi ekki verið flokkuð í samræmi við ákvæði laganna, verði frumvarp þetta að lögum, og því verða innflytjandi og eftirnotandi að sjá um að flokka þau á viðeigandi hátt. Þá er jafnframt í 1. mgr. kveðið á um skyldu framangreindra aðila til að hafa samvinnu sín á milli um flokkun efna og efnablandna sem á að koma í veg fyrir tvíverknað og tryggja hagkvæmni og samræmingu við flokkunina. Samvinnan felur m.a. í sér að hverjum og einum ber að afhenda öðrum í aðfangakeðjunni nauðsynlegar upplýsingar og gögn svo að þeir geti uppfyllt skyldur sínar um flokkun. Ákvæði þetta er byggt á 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Rétt er að benda á að framleiðandi eða innflytjandi hefur frest til 3. janúar 2011 til að tilkynna hættuflokkun efnis eða einstakra innihaldsefna í efnablöndu til Efnastofnunar Evrópu.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að framleiðandi eða innflytjandi skuli tilkynna hættuflokkun efnis eða einstakra innihaldsefna í efnablöndu til Efnastofnunar Evrópu innan 30 daga frá markaðssetningu svo að birta megi flokkun efnisins í sérstakri flokkunar- og

merkingaskrá á vegum Efnastofnunar Evrópu. Ákvæði þetta er byggt á 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

Í 3. mgr. er kveðið á um að framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi skuli framkvæma mat til grundvallar hættuflokkun efnis eða efnablöndu. Samkvæmt þessu hvílir skyldan til að framkvæma matið á hverjum og einum í aðfangakeðjunni með sama hætti og í 1. mgr. greinarinnar og ber því hver og einn ábyrgð á að hættuflokkun sé framkvæmd. Ákvæðið er byggt á 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

Þá er í 4. mgr. kveðið á um að sömu aðilar skuli breyta hættuflokkun efnis eða efnablöndu gerist þess þörf á grundvelli nýrra upplýsinga eða endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum. Ákvæðið er byggt á 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

Samkvæmt 5. mgr. verður birgi skylt að varðveita og hafa til reiðu gögn sem tengjast flokkun og merkingu samkvæmt lögunum í a.m.k. 10 ár eftir að hann afhenti efni eða efnablöndu síðast. Ákvæði þetta er byggt á ákvæði 49. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

Loks er í 6. mgr. kveðið á um heimild til handa ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um hættuflokkun efna og efnablandna sem og mat til grundvallar hættuflokkun.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um merkingar og umbúðir efna og efnablandna. Mikilvægt er að á umbúðum þessara vara séu viðeigandi merkingar sem gefa til kynna skaðleg áhrif þeirra. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja að merkingin máist ekki af umbúðunum og að umbúðir séu þess eðlis að geymsla og meðhöndlun innihaldsins verði með öruggum hætti. Ábyrgðin á því að efni og efnablöndur hafi réttar merkingar og traustar umbúðir hvílir því á herðum þess sem jafnframt er ábyrgur fyrir markaðssetningu, þ.e. birgis. Þannig tekur viðtakandi efnis eða efnablöndu við ábyrgðinni á merkingu við viðtöku ef ætlunin er að dreifa efninu eða efnablöndunni áfram. Um þetta fjalla 1. og 2. mgr. greinarinnar.

Mikilvægt er að hafa í huga að efni og efnablöndur innihalda m.a. eiturefni og hættuleg efni sem oft eru verulega skaðleg heilsu og umhverfi. Því er nauðsynlegt að merkingar á efnum og efnablöndum miðli upplýsingum til neytenda um þá hættu sem er samfara notkun þessara vara og að tryggt sé að neytendur skilji þær merkingar sem notaðar eru. Því er greininni gerð tillaga um að viðeigandi merkingar skuli vera á umbúðum efna og efnablandna til að gefa til kynna skaðleg áhrif þeirra. Gerð er tillaga um að umbúðir skuli merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis, magni efnis og efnablöndu, hættusetningum, varnaðarsetningum, viðvörunarorðum og hættumerkjum. Jafnframt er lagt til að texti merkinganna skuli vera á íslensku nema kveðið sé á um annað í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. ákvæði 3. mgr. Ljóst er að krafa um merkingu á íslensku mun eiga við um eiturefni og hættuleg efni. Hættuleg efni eru, samkvæmt skilgreiningu í frumvarpinu, efni sem geta valdið dauða, bráðum eða langvarandi skaða á heilsu við innöndun og inntöku eða í snertingu við húð, eru eldnærandi, eld- eða sprengifim eða geta valdið tjóni á umhverfi. Jafnframt er í greininni gerð tillaga um að tryggt sé að merkingin máist ekki af umbúðunum og að umbúðir séu þess eðlis að geymsla og meðhöndlun innihaldsins verði með öruggum hætti.

Rétt og skiljanleg merking efnavara og skýr öryggisblöð eru mikið öryggismál. Því þarf að tryggja að framkvæmd merkinga sé góð, þannig að merkingar miðli upplýsingum til neytenda um hættuna sem er samfara notkun vörunnar. Ljóst er að íslenskur markaður er smár og vöruúrval mikið. Þannig er fjöldi efnavara hér á landi sambærilegur við það sem gerist í nágrannalöndum okkar þó svo að magnið sé að öllu jöfnu mun minna. Þetta hefur í för með sé að innflytjendur eiga væntanlega ekki auðvelt með að fá birgja sína erlendis til að merkja

á íslensku, nema um stórinnflytjendur sé að ræða. Almennt þurfa því innflytjendur að sjá um þetta sjálfir með því að láta þýða merkimiða og líma þá á umbúðir. Þar sem um mjög hættulega vöru getur verið að ræða er lagt til, eins og að framan greinir, að meginreglan verði sú að texti merkinga skuli vera á íslensku. Nýti ráðherra sér heimild til að kveða á um annað í reglugerð er gert ráð fyrir að merkingar verði þá á ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Hins vegar er ljóst að þetta verða undantekningartilvik, til að mynda gæti þetta átt við þar sem almenn, víðtæk þekking og reynsla er fyrir hendi á notkun vörunnar eða þegar sérfræðingar nota efnið vinnu sinnar vegna. Mikilvægt er að efni og efnavörur séu rétt merktar og því þurfa eftirlitsaðilar að veita birgjum leiðbeiningar þar um og hafa virkt eftirlit með merkingum.

Ákvæði 2. gr. eru byggð á 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Þar er m.a. kveðið á um að merkimiði skulu vera á opinberu tungumáli þess aðildarríkis þar sem efnið eða efnablandan er sett á markað nema hlutaðeigandi aðildarríki kveði á um annað. Jafnframt kemur fram í reglugerðinni að birgjar megi nota fleiri tungumál á merkimiðum sínum en þau sem aðildarríkið fer fram á, að því tilskildu að sömu upplýsingar komi fram á öllum þeim tungumálum sem notuð eru.

Til að auka öryggi enn frekar er kveðið á um það í greininni að birgir skuli enn fremur tryggja að umbúðir efna og efnablandna, sem ætlaðar eru til dreifingar á almennum markaði, hafi hvorki þannig form né útlit að þær veki forvitni og athygli barna eða svo að villast megi á þeim og umbúðum undir matvæli, fóður, lyf eða snyrtivörur. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði 2. tölul. 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að sú breyting verði gerð á a-lið 1. mgr. 7. gr. að í stað þess að vísa til þess að efni sé skilgreint sem hættulegt eða eitrað samkvæmt lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, eins og verið hefur, þá verði vísað til þess að efni hafi verið flokkað í samræmi við 5. gr. a, sbr. 1. gr. þessara laga, og að samkvæmt þeirri flokkun valdi það eðlisrænni hættu, heilbrigðishættu eða umhverfishættu. Þetta er gert í ljósi þess að með reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er ekki lengur gerður greinarmunur á eiturefnum og hættulegum efnum með sama hætti og áður hefur verið gert. Þannig verður héðan í frá gert ráð fyrir að efni verði flokkuð eftir hættueiginleikum og mögulegum áhrifum þeirra. Þar af leiðandi er eðlilegt að vísa til 1. gr. laganna, sbr. 5. gr. a, um flokkun efna og efnablandna varðandi það með hvaða efnum öryggisblöð skulu fylgja.

Í b-lið greinarinnar er lögð til sú breyting að „og“ komi í stað „eða“. Ákvæðið sem um ræðir er byggt á 31. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir á efnum (REACH) en samkvæmt þeirri grein er gerð krafa um að öryggisblað fylgi við afhendingu efnis sé það þrávirkt, safnist fyrir í lífverum og sé eitrað. Þetta þýðir að allir þessir þættir þurfa að vera til staðar svo gerð sé krafa um að öryggisblað fylgi við afhendingu, skv. b-lið greinarinnar.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að í öllum auglýsingum fyrir efni og efnablöndur sem geta verið skaðlegar, hvort sem um er að ræða beinar eða óbeinar auglýsingar, skuli koma fram upplýsingar um hættuflokkun til að neytendum sé ljóst að vara geti verið varasöm og hvaða skaðlegu eiginleikar notkun hennar getur haft í för með sér. Ákvæði greinarinnar eru byggð á 1. og 2. tölul. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

Um 5. gr.

Í bráðabirgðaákvæði er lagt til að ákvæði 5. gr. a og 6. gr. a er varða flokkun, merkingu og umbúðir efnablandna skuli ekki taka gildi fyrr en 1. júní 2015. Er þetta í samræmi við 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Þetta þýðir að þar til 15. júní 2015 gilda áfram þær reglur sem verið hafa í gildi um flokkun, merkingu og umbúðir efnablandna, sbr. reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að efnablöndur verði fyrir þann tíma flokkaðar, merktar og settar í umbúðir í samræmi við ákvæði þessa frumvarps og gilda þá alfarið hinar nýju reglur.

Um 6. gr.

Í greininni eru lagðar til nýjar skilgreiningar á hugtökunum eiturefni og hættuleg efni vegna niðurfellingar á þeim lista sem fram að þessu hefur verið vísað til þar sem slík efni eru tiltekin sérstaklega. Þetta er gert til að setja almennt viðmið um hvaða eiginleikar geri efni hættulegt. Þá er þörf á að aðgreina eiturefni áfram frá öðrum hættulegum efnum svo að áfram megi viðhalda strangari skilyrðum um framleiðslu, innflutning, viðskipti og notkun eiturefna en eiga við um önnur hættuleg efni. Áfram verður hægt að greina eiturefni frá öðrum hættulegum efnum í opinberum listum yfir hættuleg efni. Í samræmi við þetta er gerð tillaga um að eiturefni séu í lögum þessum skilgreind sem efni sem í litlu magni valda dauða, bráðum eða langvarandi skaða á heilsu við innöndun og inntöku eða í snertingu við húð. Þá verða hættuleg efni skilgreind sem efni sem geta valdið dauða, bráðum eða langvarandi skaða á heilsu við innöndun og inntöku eða í snertingu við húð, eru eldnærandi, eld- eða sprengifim eða geta valdið tjóni á umhverfi.

Um 7. gr.

Niðurfelling nokkurra ákvæða í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, er nauðsynleg þar sem fjallað verður um þessi atriði í lögum um efni og efnablöndur, verði frumvarp þetta að lögum. Í samræmi við þetta er lagt til að 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 12. gr. og 13. gr. og 20. gr. laganna falli brott.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í greininni eru lagt til nýtt ákvæði til bráðabirgða varðandi flokkun efna og efnablandna og merkingu og umbúðir efnablandna.

Í a-lið er lagt til ákvæði sem tryggi áframhaldandi lagastoð reglugerðar nr. 236/1990 sem gildir um efnablöndur til 1. júní 2015. Sambærilegt ákvæði var að finna áður í 20. gr. sem lagt er til að nú falli brott, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Þá má jafnframt benda á að til nokkurs tíma hefur verið talið að skorti á skýra lagastoð fyrir ábyrgð atvinnulífsins til flokkunar og merkingar, þó svo að reglugerðin hafi kveðið á um þá ábyrgð. Með setningu þessa bráðabirgðaákvæðis verður lagastoð fyrir ákvæðum reglugerðar nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni skýr hvað varðar skyldu til flokkunar og merkingar efnablandna, þar til reglugerðin fellur endanlega úr gildi 1. júní 2015.

Í b–d-liðum eru lögð til ákvæði sem eru efnislega samhljóða 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 12. gr. og 13. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni. Þetta er til komið þar sem framangreindar greinar falla brott verði frumvarp þetta að lögum, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Er þetta nauðsynlegt í ljósi þess að ákvæði er varða skyldu til flokkunar, merkingar og umbúða efnablandna taka ekki gildi fyrr en 1. júní 2015. Er því áframhaldandi lagastoð fyrir eldri reglum er varða skyldu vegna efnablandna nauðsynleg þar til þær nýrri taka við.

Um 10. gr.

Hér er gerð grein fyrir því að frumvarpinu er ætlað að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að lögin öðlist þegar gildi. Þá er jafnframt hnykkt á því að þær reglugerðir sem settar hafa verið samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, haldi gildi sínu brjóti þær ekki gegn ákvæðum þessara laga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur, og lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Frumvarpinu er ætlað að leiða í íslenskan rétt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1272/2008, um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Með reglugerðinni er núgildandi flokkunar- og merkingakerfi Evrópusambandsins fyrir efni og efnablöndur aðlagað að svonefndu GHS-kerfi Sameinuðu þjóðanna sem ætlað er að leggja grunn að hnattrænni samræmingu fyrir flokkun og merkingu efna og efnavara. Ábyrgð á flokkun efna er að mestu færð til atvinnulífsins, svo sem framleiðenda, innflytjenda og birgja. Má því gera ráð fyrir að kostnaður af lögfestingu frumvarpsins og innleiðingu reglugerðarinnar komi einkum fram tímabundið hjá þessum aðilum. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laganna og gera má ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins kunni að leiða til einhverrar aukningar í leiðbeiningar- og kynningarstarfi stofnunarinnar fyrst um sinn sem ekki hefur þó verið lagt mat á að svo stöddu. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að kostnaði sem af því kann að leiða verði mætt innan fjárhagsramma stofnunarinnar í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi.

401. Frumvarp til laga]334. mál]

um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, að samþykkja eftirfarandi áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2011–2014:

A. Stjórnsýslan.

1. Ráðherranefnd um jafnrétti kynja.

Ráðherranefnd um jafnrétti kynja starfi í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 15. september 2009 í því skyni að samþætta kynja- og jafnréttismál inn í stefnumörkun og aðgerðir ríkisstjórnarinnar, samhæfa starf hennar og fylgja eftir framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Tímaáætlun: Viðvarandi.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda ráðuneytanna.

Ábyrgð: Forsætisráðherra, velferðarráðherra, fjármálaráðherra og innanríkisráðherra.

2. Framkvæmdasjóður jafnréttismála.

Varið verði 30 millj. kr. samtals af fjárlögum tímabundið til þriggja ára, 2012–2014, 10 millj. kr. árlega, til jafnréttisverkefna á vegum ráðuneyta til að nýta niðurstöður, reynslu og þekkingu eða innleiða tillögur sem telja má til afraksturs af verkefnum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar. Ráðherranefnd um jafnrétti kynja úthlutar þessu fé. Viðmið við úthlutun verði kynnt ráðuneytum fyrir árslok 2011.

Tímaáætlun: 2012–2014.

Kostnaðaráætlun: 30 millj. kr.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti, velferðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti og innanríkisráðuneyti.

3. Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna móti heildstæða áætlun til fjögurra ára um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða inn í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og opinberra stofnana. Í henni felist m.a.:

1. Stofnun stýrihóps með þátttöku æðstu stjórnenda í ráðuneytum.
2. Sérstakir fundir ráðherra, æðstu embættismanna og sérfræðinga á sviði jafnréttismála um stefnu, áherslur og aðferðir á sviði jafnréttismála.
3. Fræðsla fyrir starfsfólk ráðuneyta og stofnana um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.
4. Árlegar tillögur um a.m.k. tvö verkefni á málefnasviði hvers ráðuneytis sem tilraunaverkefni og skal þeim lokið í lok hvers árs.
5. Mælitölur eða lykiltölur á öllum helstu sviðum í starfsemi ráðuneyta og stofnana verði greindar til að jafnan séu fyrir hendi upplýsingar greindar eftir kynjum til stuðnings stefnumörkun og ákvörðunum. Greint verði á hvaða sviðum reglulegri upplýsingaöflun er ábótavant og úrbætur gerðar.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: 2,5 millj. kr.
Ábyrgð: Forsætisráðuneyti og velferðarráðuneyti.

4. Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna vinni að kynjasamþættingu á málefnasviði hlutaðeigandi ráðuneytis. Enn fremur fjalli jafnréttisfulltrúar um jafnréttisstarf og hafi eftirlit með jafnréttisstarfi á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess. Þar á meðal komi þeir að gerð og endurskoðun jafnréttisáætlana ráðuneyta og gæti þess að allar skýrslur og rannsóknir sem gerðar eru á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis eða stofnana þess séu kyngreindar.

Jafnréttisfulltrúar afli sér þekkingar á sviði jafnréttismála og starfi eftir samþykktri starfs- og fræðsluáætlun. Við framkvæmd fræðsluáætlunar verði höfð samvinna við námsbraut í kynjafræðum við Háskóla Íslands. Sérfræðingur Stjórnarráðsins í jafnrétti kynja og Jafnréttisstofa gegni ráðgjafarhlutverki fyrir jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.

Tímaáætlun: 2011–2014.
Kostnaðaráætlun: 700.000 kr. vegna fræðslu fyrir jafnréttisfulltrúa.
Ábyrgð: Forsætisráðuneyti í samvinnu við önnur ráðuneyti.

5. Kynjuð fjárlagagerð.

Kynjuð fjárlagagerð verði innleidd í áföngum á árunum 2011–2014. Í því skyni verði efnt til tilraunaverkefna í ráðuneytum og stofnunum sem hafi að markmiði að þróa verkferla og aðferðir við undirbúning kynjaðra fjárlaga. Útgáfu handbókar um kynjaða fjárlagagerð verði fylgt eftir með markvissri fræðslu. Verkefnisstjórn um kynjaða fjárlagagerð mun stýra verkefninu.

Tímaáætlun: 2011–2014.
Kostnaðaráætlun: 5,2 millj. kr.
Ábyrgð: Fjármálaráðuneyti.

6. Siðareglur.

Siðareglum fyrir ráðherra og ríkisstarfsmenn, þar sem m. a. er gert ráð fyrir ákvæðum um bann við kaupum á kynlífsþjónustu, verði fylgt eftir með kynningu og fræðslu fyrir starfsfólk ráðuneyta og stofnana.

Tímaáætlun: Viðvarandi.
Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda forsætisráðuneytis og fjármálaráðuneytis.
Ábyrgð: Forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti í samvinnu við önnur ráðuneyti.

7. Hlutur kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum stjórnvalda.

Ráðuneytin stefni að því að ná 40:60 markmiðinu við skipun í nefndir, ráð og stjórnir og viðhalda því, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisstofa hafi a.m.k. einu sinni á ári eftirlit með fjölda kvenna og karla í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytanna og birti upplýsingar um hlut kynjanna a.m.k. árlega á vef Jafnréttisstofu, sundurgreindar eftir ráðuneytum.

Tímaáætlun: Viðvarandi.
Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda ráðuneytanna.
Ábyrgð: Öll ráðuneyti.

8. Jafnréttisáætlanir Stjórnarráðsins, ráðuneyta og stofnana.

Ný jafnréttisáætlun fyrir Stjórnarráðið verði samþykkt og jafnréttisáætlanir einstakra ráðuneyta endurskoðaðar með hliðsjón af henni. Átak verði gert í því að tryggja að allar stofnanir ríkisins starfi eftir jafnréttisáætlunum með sundurliðuðum markmiðum og aðgerðum í samræmi við 2. mgr. 18. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Tímaáætlun: Árslok 2011.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda ráðuneyta.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti í samvinnu við önnur ráðuneyti.

9. Jafnréttissjóður.

Rannsóknir og verkefni sem unnin hafa verið með styrk úr Jafnréttissjóði verði gerð aðgengileg á vefsvæði Stjórnarráðsins í þeim tilgangi að þau nýtist sem best til aðgerða í þágu jafnréttis kynjanna. Úthlutanir úr Jafnréttissjóði hefjist að nýju á árinu 2012.

Tímaáætlun: 2012–2014.

Kostnaðaráætlun: 10 millj. kr. á ári.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti.

B. Vinnumarkaður – kynbundinn launamunur.

10. Framkvæmdaáætlun gegn kynbundnum launamun.

Gerð verði heildstæð framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir gegn kynbundnum launamun sem m.a. feli í sér eftirfarandi:

1. Skipuð verði framkvæmdanefnd um launajafnrétti kynjanna sem hafi með höndum yfirumsjón og samhæfingu aðgerða í því skyni að draga úr kynbundnum launamun.
2. Lokið verði við gerð jafnréttisstaðals á tímabilinu og honum fylgt eftir með markvissri fræðslu um innleiðingu hans.
3. Launaumsjónarkerfi ríkisins verði endurbætt tæknilega þannig að unnt verði að gera marktækar og reglulegar úttektir á launum karla og kvenna í ráðuneytum og stofnunum ríkisins.
4. Fram fari athugun á árangri starfsmats sveitarfélaga við að draga úr launamun kynja og við endurmat hefðbundinna kvennastarfa og metinn ávinningur ríkisins af því að innleiða starfsmat.
5. Efnt verði til samstarfs við samtök aðila vinnumarkaðarins um innleiðingu Vegvísis um launajafnrétti.
6. Gefinn verði út bæklingur til leiðbeiningar um túlkun ákvæðis laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf, m.a. með hliðsjón af Evrópurétti.
7. Gefinn verði út gátlisti fyrir forstöðumenn stofnana um viðmið varðandi endurskoðun á launum þannig að markmiðum um launajafnrétti verði náð.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: 6,4 millj. kr. (þar af 3,4 millj. kr. vegna jafnlaunastaðals).

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

11. Kynbundinn launamunur á landsbyggðinni.

Byggðastofnun, sem heyrir undir iðnaðarráðuneyti, greini orsakir launamunar kynjanna eftir landsvæðum með það að markmiði að móta tillögu að aðgerðaáætlun til að útrýma launamun kynjanna. Verkefnið er m.a. afrakstur vinnu að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við endurskoðun byggðaáætlunar fyrir árin 2010–2013. Í tillögu að nýrri byggða-

áætlun, sem lögð hefur verið fram á Alþingi, er kveðið á um að jafnrétti og þátttaka beggja kynja í atvinnulífi og samfélagsmótun sé sérstakt viðfangsefni sem líta þurfi til. Árangursmat á verkefninu verði gert á miðju tímabili áætlunarinnar. Verkefnið er unnið af Byggðastofnun í samstarfi við Jafnréttisstofu, Hagstofu Íslands, háskóla og rannsóknastofnanir.

Tímaáætlun: 2011–2013.

Kostnaðaráætlun: 2 millj. kr.

Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti.

12. Úttekt á launamun kynja í sjávarútvegi og landbúnaði og aðstöðu til náms í greinunum.

Gerð verði úttekt á annars vegar launum karla og kvenna í landbúnaði og sjávarútvegi og hins vegar stöðu karla og kvenna til náms í greinunum sem og námsframboði á framhaldsskóla- og háskólastigi.

Tímaáætlun: Lokið 2014.

Kostnaðaráætlun: 5 millj. kr.

Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

13. Fæðingarorlof feðra.

Gerð verði könnun á töku feðra á fæðingarorlofi og áhrifum þess á verkaskiptingu ungra foreldra á heimilum og atvinnuþátttöku kvenna og karla. Sérstaklega verði könnuð áhrif niðurskurðar á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði á töku feðra á fæðingarorlofi. Verkefnið verði unnið í samvinnu við Jafnréttisstofu.

Tímaáætlun: 2010–2012.

Kostnaðaráætlun: 4 millj. kr.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.

14. Nefnd um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Nefnd skipuð í samræmi við áherslur jafnréttisráðs árið 2010 kanni leiðir sem ætlað er að auðvelda virkum þátttakendum á vinnumarkaði að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Nefndin afli upplýsinga um það hvernig virkum þátttakendum á innlendum vinnumarkaði finnst þeim takast að samhæfa fjölskyldu- og atvinnulíf og leggi til við velferðarráðherra hvernig unnt sé að auðvelda fólki að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Tímaáætlun: Skýrsluskil í janúar 2012.

Kostnaður: Rúmast innan fjárheimilda velferðarráðuneytis og jafnréttisráðs.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.

15. Aðgengi kvenna að fjármagni til stofnunar fyrirtækja.

Sjóðir sem heyra undir stofnanir iðnaðarráðuneytis, þ.e. Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Byggðastofnun, Orkusjóður og Tækniþróunarsjóður, haldi kerfisbundið til haga upplýsingum um kynjaskiptingu styrkþega fyrir árið 2011 þannig að unnt verði á árinu 2012 að leggja mat á hvernig starfsemi sjóðanna nýtist hvoru kyni fyrir sig og endurskoði úthlutunarreglur komi í ljós að halli á annað kynið meðal styrkþega.

Tímaáætlun: 2011–2012.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda sjóðanna.

Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti.

16. Lánatryggingasjóður kvenna.

Starfsemi Lánatryggingasjóðs kvenna sem starfaði á árunum 1998–2003 á vegum fé-

lagsmálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og Reykjavíkurborgar verði endurvakin. Markmið sjóðsins verði að styðja við nýsköpun í atvinnurekstri kvenna með því að veita ábyrgðir á lánum. Verkefnið verði unnið í samstarfi við fjármálastofnanir og aðila sem veita ráðgjöf og handleiðslu við framkvæmd verkefna, en fé til starfseminnar sé fyrir hendi í sjóði.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: 60 millj. kr.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

17. Úttekt á túlkun jafnréttislaga í álitum kærunefndar jafnréttismála.

Lögfræðileg úttekt á málum sem kærð hafa verið til kærunefndar jafnréttismála verði gerð og þróun á túlkun jafnréttislaga hjá kærunefnd jafnréttismála verði skoðuð.

Tímaáætlun: 2011.

Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.

C. Kyn og völd.

18. Starfsumhverfi og starfskjör í sveitarstjórnum.

Starfshópur verði skipaður til að kanna starfsumhverfi og starfskjör kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum með tilliti til kynjasjónarmiða og áhrifa þeirra á þátttöku kvenna í sveitarstjórnarstarfi. Í starfi hópsins verði m.a. unnið í samræmi við tillögur starfshóps um aðgerðir til að jafna betur stöðu kynja í sveitarstjórnum, sbr. greinargerð frá október 2009. Verkefnið verði unnið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímaáætlun 2011–2012.

Kostnaðaráætlun: 300.000 kr.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti.

19. Gagnagrunnur um jafnrétti kynjanna í sveitarstjórnum.

Gagnagrunnur Jafnréttisstofu sem hún vann innan vébanda Evrópuverkefnisins Jafnréttisvogin (e. Tea for two) verði uppfærður og honum viðhaldið þannig að hann gefi á hverjum tíma upplýsingar um skilgreinda þætti er varða jafnrétti kynjanna innan sveitarstjórna, svo sem kynjahlutfall innan sveitarstjórna, í nefndum og ráðum, skiptingu íbúa, þjónustuþætti o.fl.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaður: 700.000 kr.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti.

20. Hlutur kvenna í stjórnum fyrirtækja og stofnana.

Efnt verði til fræðslu um ábyrgð og skyldur stjórnenda og stjórnarmanna í fyrirtækjum. Markmiðið verði að auka hæfni þessara aðila til að gegna stöðum sínum með áherslu á að ná til kvenna. Komið verði upp gagnagrunni með upplýsingum um þá sem hlotið hafa slíka fræðslu til að gera stjórnendum og stjórnarmönnum kleift að mynda með sér tengsl og auðvelda fyrirtækjum að finna hæfa stjórnendur og stjórnarmenn.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda efnahags- og viðskiptaráðuneytis.

Ábyrgð: Efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

D. Kynbundið ofbeldi.

21. Ný aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi.

Unnið verði að gerð nýrrar aðgerðaáætlunar stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi fyrir tímabilið 2011–2015. Í nýrri aðgerðaáætlun verði tekið mið af rannsóknum úr gildandi aðgerðaáætlun frá 2006 auk rannsóknar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þá verði sérstök áhersla lögð á að skoða samhengi kynbundinna ofbeldisbrota, saksóknar vegna þeirra og meðferðar í dómskerfinu. Auk þessa verði mótuð afstaða til meðferðar nýs sáttmála Evrópuráðsins í málaflokknum og verkefni endurskilgreind með hliðsjón af honum. Skipuð verði nefnd til að vinna að framangreindri áætlun um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi.

Tímaáætlun: 2011.

Kostnaðaráætlun: 600.000 kr. við gerð áætlunar.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti og innanríkisráðuneyti.

22. Úrræði vegna heimilisofbeldis.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um nálgunarbann verði lagt fram á Alþingi til þess að leiða í lög heimild fyrir þar til bæra aðila innan réttarvörslukerfisins til að fyrirskipa að einstaklingur, sem beitir heimilismenn sína ofbeldi, yfirgefi heimilið. Svonefnd „austurrísk leið“ liggi til grundvallar þeirri vinnu.

Tímaáætlun: 2011.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti.

23. Karlar til ábyrgðar.

Meðferðarúrræðið *Karlar til ábyrgðar* verði eflt og boðið upp á þjónustu víðar um land. Brugðist verði við væntanlegri heimild til að fjarlægja ofbeldismann af heimili með því að bjóða upp á meðferð til að losna úr vítahring ofbeldis. Kannað verði hvort rétt sé að heimila að menn verði dæmdir til meðferðar.

Tímaáætlun: 2010–2014.

Kostnaðaráætlun: 12,7 millj. kr.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.

24. Forvarnir gegn vændi.

Fræðsluherferð sem beinist að mögulegum kaupendum vændis verði hleypt af stokkunum, meðal annars með áherslu á unga karlmenn til að koma í veg fyrir að þeir gerist kaupendur á kynlífsmarkaði.

Tímaáætlun: 2011.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti.

E. Menntir og jafnrétti.

25. Kynungabók.

Handbók fyrir ungt fólk með upplýsingum um kynferði og jafnrétti sem gefin var út á árinu 2010 verði fylgt markvisst eftir með kynningum, m.a. í tengslum við innleiðingu nýrra námskráa og námsefnisgerð. Upplýsingar verði endurnýjaðar og gefnar út aftur á tímabilinu.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

26. Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum.

Verkefninu *Jafnrétti í skólum* verði framhaldið til þess að hugmyndir og verkefni sem unnin voru nýtist fleiri skólum og sveitarfélögum en verkefnið felur í sér jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum. Verkefnið var unnið í grunnskóla og leikskóla í fimm sveitarfélögum, samtals í tíu skólum, og eru upplýsingar um það á vefnum jafnrettiiskolum.is.

Tímaáætlun: 2011–2013.

Kostnaðaráætlun: 1,1 millj. kr.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

27. Jafnrétti í framhaldsskólum.

Áföngum í kynja- og jafnréttisfræðum verði komið inn í framhaldsskóla. Reynslu verði miðlað milli skóla með kynningum, fundum og samstarfi. Árin 2013 og 2014 verði veitt jafnréttisverðlaun til þeirra þátttakenda sem sýnt hafa mestan árangur.

Tímaáætlun: 2011–2013.

Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

28. Félagslíf í framhaldsskólum.

Hvatt verði til þess að piltar og stúlkur taki að jöfnu þátt í félagslífi og öðru starfi í framhaldsskólum. Athugað verði hvort kynjakvóti sé leið að því marki að stúlkur taki jafnan þátt í starfinu og piltar. Birtingarmyndir framhaldsskólans í ríkisfjölmiðlum (RÚV) verði skoðaðar sérstaklega.

Tímaáætlun: 2011–2013.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

29. Starfsgreinar.

Með samstilltu átaki starfsgreinaráða, skóla og atvinnufyrirtækja verði opnaður aðgangur „hins kynsins“ að starfsgreinum sem teljast annaðhvort kvennagreinar eða karlagreinar samkvæmt hefð. Þannig verði leitast við að mæta kröfum um að nemendur hafi jöfn tækifæri til að velja sér nám og störf óháð kyni.

Tímaáætlun: 2011–2013.

Kostnaðaráætlun: 200.000 kr.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

30. Kennaramenntun.

Inntak kennaramenntunar verði endurskoðað og háskólar hvattir til að innleiða námskeið í kynjafræði fyrir alla nemendur. Starfshópur sem vinnur að endurskoðun kennaramenntunar og reglugerð taki mið af þessum markmiðum.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárveitingar til endurskoðunar kennaramenntunar.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

31. Konur og kvikmyndagerð.

Konur verði hvattar til að sækja um styrki úr kvikmyndasjóði til handritagerðar og framleiðslu kvikmynda, heimildarmynda og sjónvarpsþátta. Viðfangsefni með kvenlægum gildum hljóti ekki síður styrki en þau sem hafa karllæg viðmið. Í skólum verði stúlkur frá unga aldri

hvattar til að skapa og miðla sínu sjónarhorni með kvikmyndasköpun. Stuttmyndagerð stúlkna verði átaksverkefni.

Tímaáætlun: 2010–2013.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

F. Karlar og jafnrétti.

32. Karlar um borð.

Skipaður verði starfshópur sem geri tillögur um hvernig auka megi þátttöku karla í umræðum um jafnrétti kynja og auka aðild karla að jafnréttisstarfi. Greining á stöðu karla í samfélaginu og möguleikum þeirra til virkrar þátttöku á nýjum og breyttum forsendum verði gerð. Starfshópurinn leiti samstarfs um verkefni sem stuðla að því að slík greining fari fram. Markmiðið sé að fá fram tillögur um m.a. hvernig megi auka náms- og starfsval karla sem og annað hlutverkaval þeirra, vinna gegn staðalímyndum kynjanna og auka þátttöku í verkefnum fjölskyldunnar. Hugað verði að neikvæðum þáttum, svo sem áhættuhegðun, ofbeldi og sjálfsvígum. Starfshópurinn hafi sér til fulltingis stærri ráðgjafahóp karla sem endurspegli breiðan bakgrunn með tilliti til aldurs og reynslu.

Tímaáætlun: 2011–2012.

Kostnaðaráætlun: 1 millj. kr.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.

G. Alþjóðastarf.

33. Eftirfylgni við aðgerðaáætlun um framkvæmd ályktunar öryggisráðsins nr. 1325 og tengdar ályktanir um konur, frið og öryggi á alþjóðavettvangi.

Áherslur og eftirfylgni Íslands hjá alþjóðastofnunum á grundvelli áætlunar Íslands um framkvæmd öryggisráðsályktunar 1325 um konur, frið og öryggi og annarra ályktana sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt með skírskotun til ályktunar 1325 (nr. 1820, 1888 og 1889) verði efldar til að undirstrika mikilvægi kvenna í friðarumleitunum og uppbyggingu. Áætlunin verði jafnframt endurskoðuð.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: 2,5 millj. kr.

Ábyrgð: Utanríkisráðuneyti.

34. Verkefni um Jafnréttisskóla.

Starf Jafnréttisskóla á vegum Háskóla Íslands verði stutt sem liður í uppbyggingu þekkingarsamfélags á Íslandi á sviði jafnréttismála. Markmið verkefnisins sé að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna með styttri námskeiðum fyrir sérfræðinga frá þróunarríkjum, átakasvæðum og samfélögum þar sem nýlega hefur komist á friður að átökum loknum. Unnið verði markvisst að því að Jafnréttisskólinn verði hluti af tengslaneti Sameinuðu þjóðanna. Markhópurinn sé starfsmenn stjórnsýslu og félagasamtaka sem starfa að jafnréttismálum í framangreindum ríkjum og svæðum. Utanríkisráðuneytið kosti verkefnið samkvæmt árlegri fjárhagsáætlun og samþykktum fjárlögum.

Tímaáætlun: 2010–2014.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

Ábyrgð: Háskóli Íslands og utanríkisráðuneyti.

35. Kyn og loftslag.

Umhverfisráðuneyti og utanríkisráðuneyti haldi áfram kynjasjónarmiðum á lofti í samningaviðræðum um loftslagsmál. Ráðuneytin eigi samstarf um að kynna mikilvægi kynjasjónarmiða hvað varðar loftslagsmálin innan lands, svo sem með málþingum. Rannsóknir á kynjaþætti loftslagsmála verði efldar og áhersla lögð á kynjasjónarmið og loftslagsmál, ekki síst í fræðslu hvað málaflokkinn varðar í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

Tímaáætlun: 2010–2012.

Kostnaðaráætlun: 1,4 millj. kr.

Ábyrgð: Umhverfisráðuneyti og utanríkisráðuneyti.

36. Könnun á áhrifum mismunandi hegðunar kynjanna á loftslag á Íslandi.

Gerð verði könnun á þeim þáttum í hegðun kynjanna hér á landi sem ýmist auka eða minnka losun gróðurhúsalofttegunda, svo sem með akstri einkabíla, notkun á almenningssamgöngum, orkunotkun, flokkun sorps, kaupum á umhverfisvænum vörum, kjötneyslu og öðru. Metið verði hversu mikil áhrif hvort kyn um sig hefur og til hvaða aðgerða þurfi að grípa. Markmiðið sé að vekja fólk til vitundar um áhrif einstaklinganna á umhverfi sitt.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaður: 1 millj. kr.

Ábyrgð: Umhverfisráðuneyti.

H. Eftirfylgni og endurskoðun.

37. Eftirfylgni.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta annist eftirfylgni með framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum á vettvangi sinna ráðuneyta í samstarfi við Jafnréttisstofu og sérfræðing Stjórnarráðsins í jafnrétti kynja. Framvinduskýrsla fylgi árlegri greinargerð jafnréttisfulltrúa til Jafnréttisstofu. Skýrsla um stöðu verkefna samkvæmt framkvæmdaáætluninni verði lögð fyrir ráðherranefnd um jafnrétti kynja og jafnréttisþing.

Tímaáætlun: 2010–2014.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti, öll ráðuneyti.

38. Árangursmat.

Áætlunin verði árangursmetin og eftir atvikum endurskoðuð að tveimur árum liðnum frá samþykkt hennar.

Tímaáætlun: 2012.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Félags- og tryggingamálaráðherra hefur lagt fram fimmtu framkvæmdaáætlun íslenskra ríkisstjórna til að ná fram jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á Íslandi. Fyrsta áætlunin var lögð fram í samræmi við ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á árinu 1985. Lögin voru samþykkt við lok kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna 1976–1985 og byggðust m.a. á samþykktum kvennaráðstefna Sameinuðu þjóðanna. Framkvæmdaáætlunum er ætlað það hlutverk að skilgreina stefnu stjórnvalda á hverjum tíma og lýsa verkefnum sem ýmist varpa ljósi á stöðu kynjanna eða fela í sér beinar aðgerðir í þágu kynjajafnréttis.

Þessi áætlun er með öðru sniði en verið hefur. Í stað þess að telja upp verkefni eftir hverju ráðuneyti er áætluninni skipt í kafla eftir áherslusviðum ríkisstjórnarinnar á sviði jafnréttismála. Eru kaflarnir átta og bera eftirfarandi heiti: A. Stjórnsýslan, B. Vinnumarkaður – kynbundinn launamunur, C. Kyn og völd, D. Kynbundið ofbeldi, E. Menntir og jafnrétti, F. Karlar og jafnrétti, G. Alþjóðastarf og H. Eftirfylgni og endurskoðun. Gerð er grein fyrir verkefnunum sem eru samtals 38. Með þessu fyrirkomulagi er stefnt að því að áherslur og forgangsröðun stjórnvalda á sviði jafnréttismála birtist með skýrari hætti í framkvæmdaáætluninni. Einnig er lagður grunnur að því að efla eftirfylgni með áætluninni og aðgang að sérfræðiráðgjöf við framkvæmd einstakra verkefna.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. maí 2009 var mörkuð sú stefna að styrkja skyldi stöðu jafnréttismála í stjórnkerfinu með því m.a. að setja á fót ráðherranefnd um jafnrétti kynja og marka henni hlutverk við að leiða og samhæfa jafnréttisstarf stjórnvalda. Í ráðherranefndinni eiga forsætisráðherra, félags- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra sæti, auk þess sem dómsmála- og mannréttindaráðherra á sæti í nefndinni hvað varðar málaflokkana mansal og kynbundið ofbeldi. Ráðherranefndin mun gegna virku hlutverki við að fylgja framkvæmdaáætluninni eftir.

Á undanförnum árum hafa verið stigin stór skref í átt til jafnrar stöðu kynjanna á Íslandi. Þar má nefna verulega fjölgun kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnum landsins. Einnig er forsætisráðherra kona. Lagabreytingar hafa verið samþykktar sem ætlað er að tryggja áhrif kvenna í stjórnum fyrirtækja og í atvinnulífi og styrkja baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi, vændi og mansali.

Alþjóðaefnahagsráðið (*World Economic Forum*) birtir árlega niðurstöður mælinga á muninum á stöðu karla og kvenna í flestum ríkjum heims, enda telur ráðið stöðu jafnréttismála gefa sterka vísbendingu um samkeppnishæfni þjóða. Norðurlöndin hafa jafnan raðað sér í flest efstu sætin. Í nýjustu skýrslu ráðsins fyrir árið 2010 var Ísland í efsta sæti annað árið í röð, en hafði áður verið í því fjórða. Bættan árangur má nær alfarið rekja til landvinninga kvenna í stjórnmálalífi. Athygli vekur að í mælingum ráðsins á kynjamun á vinnumarkaði sýnir Ísland hvað slakasta stöðu kvenna miðað við önnur svið samfélagsins.

Margt er óunnið á sviði jafnréttismála og er þessari framkvæmdaáætlun ætlað að ná utan um brýnustu verkefni ríkisstjórnarinnar á sviði kynjajafnréttis enda þótt ekki sé um að ræða tæmandi talningu á verkefnum sem eru brýn á þessu sviði. Þar er fyrst að nefna átak í að samþætta kynjasjónarmið inn í alla ákvarðanatöku og stefnumótun stjórnkerfisins í samræmi við markmið laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar á meðal er lögð áhersla á kynjaða hagstjórn sem felst í því að kynjasamþættingu er beitt í öllu fjárlagaferlinu. Mikilvægt er að gera samþættingu að viðteknum vinnubrögðum í stjórnsýslunni í því skyni að unnt verði að ná markmiðinu um jafnrétti kynjanna. Gert er ráð fyrir að sérhvert ráðuneyti leggi til árlega tvö verkefni í sameiginlega áætlun og skal þeim lokið á því ári. Er því gert ráð fyrir að ráðuneytin haldi árvekni sinni á gildistíma áætlunarinnar enda krafist nánari útfærslu verkefna á þeim tíma. Jafnréttisfulltrúarnir gegna þýðingarmiklu hlutverki við framkvæmd slíkra verkefna en samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er þeim ætlað að vinna að kynjasamþættingu á málefnasviði ráðuneytanna. Jafnframt er gert ráð fyrir að mælitölur eða lykiltölur á öllum helstu sviðum í starfsemi ráðuneytanna verði greindar eftir kyni til stuðnings stefnumörkun og ákvörðunum.

Enn hallar nokkuð á konur á íslenskum vinnumarkaði eins og fram kemur meðal annars í skýrslu Alþjóðaefnahagsráðsins yfir stöðu jafnréttismála á Íslandi árið 2010. Á þetta einkum við um launamun kynjanna sem og hlut kvenna í stjórnunar- og áhrifastöðum í atvinnulífinu. Kynbundinn launamunur mælist enn verulegur á innlendum vinnumarkaði. Í úrtakskönnun

Félagsvísindastofnunar frá árinu 2008 mældist kynbundinn launamunur á heildarlaunum 16,3%. Í þeirri könnun kom jafnframt fram að kynbundinn launamunur á landsbyggðinni mældist 27,5% og í einkageiranum 18,3%. Í sömu könnun kom ekki fram marktækur kynbundinn launamunur í opinbera geiranum hjá fólki með grunnskólapróf og fólki með háskólamenntun, en hins vegar mældist launamunur 22,1% hjá fólki með framhaldsskólamenntun. Framangreindar tölur vísa til þess hversu laun kvenna eru lægri en karla að teknu tilliti til vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, starfsgreina, ábyrgðar í starfi og þess hvort fólk er sjálfstætt starfandi eða launafólk. Niðurstöður kannana á launamun kynja eru mjög misvísandi. Stafar það annars vegar af því að gagnasöfn innihalda mismunandi fjölda og tegundir breyta og hins vegar af því að ekki er samstaða um það meðal rannsakenda hvaða breytur teljast málefnalegar og hverjar ekki. Hagstofa Íslands birti til dæmis á árinu 2010 niðurstöður könnunar á launamun kynjanna á tímabilinu 2000–2007, sem unnin var í samvinnu við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Niðurstöðurnar byggjast á tæplega 185 þúsund athugunum á launum einstaklinga sem störfuðu á almennum vinnumarkaði, einkum þó á höfuðborgarsvæðinu. Þær sýndu 7,3% óútskýrðan launamun fyrir sömu ár en þá hafði verið tekið tillit til mun fleiri þátta til skýringa á launamun kynjanna, svo sem örorku, hjúskaparstöðu o.fl.

Ríkisstjórn Íslands leggur áherslu á að komið verði í veg fyrir kynbundinn launamun á íslenskum vinnumarkaði. Mikilvægt er því að finna leiðir til að aðstoða þá sem taka ákvarðanir um laun starfsmanna innan fyrirtækja við að nota sömu viðmið við að ákvarða laun kvenna og karla svo koma megi í veg fyrir launamun kynjanna. Í því sambandi er meðal annars unnið að gerð jafnlaunastaðals fyrir vinnumarkaðinn í heild í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 og bókun við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá febrúar 2008. Enn fremur er þýðingarmikið að efnt verði til aðgerða til að endurmeta umönnunarstörf sem einkum er sinnt af konum. Er það ekki síður liður í að tryggja samfellu í þjónustunni og auka gæði hennar.

Ein alvarlegasta afleiðing yfirstandandi efnahagsþrenginga er atvinnuleysið sem í október 2010 var 7,5% á landinu öllu. Atvinnuleysi meðal kvenna mældist þá 7,2% en meðal karla 7,8%. Atvinnuleysi jókst hraðar meðal karla en kvenna á síðustu mánuðum 2008 en á árinu 2010 hefur dregið saman með atvinnuleysi kynjanna. Brýnt er að skipulag virkra vinnumarkaðsaðgerða taki mið af þörfum og áhugasviði karla og kvenna. Jafnframt þarf að nýta tækifærin sem leynast við þessar aðstæður til að brjóta upp hefðir í því skyni að sporna við kynbundnu starfsvali. Enn fremur þurfa áætlanir sem miða að fjölgun starfa og nýsköpunar í atvinnulífinu að taka mið af menntun og þörfum beggja kynja. Þarf sérstaklega að huga að þessum þáttum við gerð áætlunarinnar um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.

Eitt af markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Vinnudagur karla og kvenna í fullu starfi er enn nokkuð langur samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Eins og kemur fram í skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra á árinu 2009 um stöðu og þróun í jafnréttismálum dró lítils háttar úr fjölda vinnustunda bæði karla og kvenna árin 2006 og 2007. Karlar störfuðu að meðaltali 46,9 klukkustundir á viku árið 2007 en meðalvinnutími kvenna í fullu starfi var 42,1 stund. Þessi þróun hefur haldið áfram og árið 2009 var meðalvinnutími karla í fullu starfi 46,5 stundir á viku en kvenna 41,6 stundir. Fylgjast þarf náið með tækifærum karla og kvenna til að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf, ekki einungis þeirra sem eru með ung börn heldur einnig þeirra sem þurfa að annast sjúka og aldraða nákomna ættingja.

Ríkisstjórnin leggur jafnframt áherslu á að komið verði í veg fyrir kynbundið ofbeldi. Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er Jafnréttisstofu falið að vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi og er það mikilvægur liður í að efla jafnrétti meðal kvenna og karla. Í gildi er aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis frá árinu 2006. Á grundvelli þeirrar áætlunar fól félags- og tryggingamálaráðuneytið meðal annars Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands að annast gerð rannsóknar á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum. Markmið rannsóknarinnar var að rannsaka umfang og eðli kynbundins ofbeldis hér á landi í þeim tilgangi að kanna hversu útbreitt það er og til hvaða aðgerða sé rétt að grípa. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa sýnt að tíðni ofbeldis mælist mjög svipuð hér á landi og í öðrum löndum. Um það bil fjórða hver kona verður á ævi sinni fyrir kynbundnu ofbeldi af hálfu kærasta, sambýlismanns/maka eða fyrrverandi sambýlismanns/maka. Kynbundið ofbeldi vegur að grundvallarmannréttindum og mannhelgi og meðan það er við lýði verður jafnrétti kynjanna ekki náð.

Mikilvægt er því að stjórnvöld setji sér nýja áætlun með aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi svo að unnt sé að vinna markvisst gegn kynbundnu ofbeldi enda hefur sýnt sig að slíkar áætlanir gera aðgerðir stjórnvalda markvissari. Á gildistíma gildandi aðgerðaáætlunar hafa meðal annars verið gefin út fræðslurit um ofbeldi í nánum samböndum sem einkum eru ætluð ljósmæðrum, lögreglumönnum, starfsfólki innan félagsþjónustunnar og í heilbrigðisþjónustu.

Sérstök áhersla er á menntir og kynin í þessari framkvæmdaáætlun. Lengi býr að fyrstu gerð og er því mikilvægt að hefja markvissa jafnréttisfræðslu þegar við upphaf skólagöngu. Upplýsingar frá Hagstofu Íslands benda til að íslenskur vinnumarkaður sé enn mjög kynskiptur, bæði hvað varðar hlutfall kynjanna innan ólíkra starfsgreina og að því er varðar hlutfall kynjanna í stjórnunarstöðum. Staðalmyndir um hefðbundin störf karla og kvenna hafa áhrif á starfsval ungs fólks. Þess vegna er mikilvægt að halda áfram því starfi sem þegar hefur verið ráðist í við að gefa ungu fólki aukin tækifæri til að taka eigin ákvarðanir varðandi framtíð sína, þar á meðal val á námi og starfi í samræmi við áhugasvið sitt. Rannsóknir á brottfalli úr íslenskum framhaldsskólum (2003, 2010) benda til að ungir karlar hafi minni menntun en jafnöldrur þeirra sem getur takmarkað atvinnumöguleika þeirra til lengri tíma litið. Þarf að finna orsök þessarar þróunar og finna leiðir til að hvetja unga menn til að mennta sig.

Enn fremur ber að nefna alþjóðlegar skyldur Íslendinga. Stjórnvöldum ber að styðja jafnréttisbaráttu fátækra þjóða, ekki síst þeirra sem eru á ófriðarsvæðum. Jafnréttisskólinn, sem starfræktur er í Háskóla Íslands, er dæmi um verkefni sem nýtist nemendum sem koma frá fjarlægum löndum og veitir þeim sem koma að námi og kennslu tækifæri til að auka skilning sinn og þekkingu. Íslendingar styðja jafnréttisbaráttu fátækra þjóða þó aðallega með því að vera framsækin þjóð og til fyrirmyndar í hvívetna, standa vörð um mannréttindi og stuðla að friði og framþróun í heiminum.

Athugasemdir við einstaka kafla þingsályktunartillögunnar.

Um A. Stjórnsýslan.

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla ber stjórnvöldum að setja upp kynjagleraugun og samþætta kynjasjónarmið inn í alla stefnumörkun, áætlanagerð og ákvarðanatöku. Samþætting felur í sér að spyrja hvernig ákvarðanir og áætlanir snerti hvort kyn um sig, hverjir njóti gæða samfélagsins, hvernig og hvers vegna. Við það endurmat og uppbyggingu sem framundan er á íslensku stjórnkerfi er afar brýnt að bæði kynin komi að málum og að tækifærið verði notað til að jafna hlut kynjanna.

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða, sbr. 15. gr. laganna. Eftir að ákvæði þetta var samþykkt árið 2008 hefur hlutur kvenna í stjórnum og ráðum sem skipuð eru af stjórnvöldum aukist verulega. Þrjú ráðuneytanna höfðu náð 40:60 markmiðinu við skipun í nefndir, ráð og stjórnir árið 2007 en hlutur kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum innan Stjórnarráðsins var 36% sama ár. Á árinu 2009 höfðu sjö ráðuneyti af tólf náð þessu markmiði en hlutur kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum innan Stjórnarráðsins í heild var 39,6%. Ljóst er að gera þarf enn betur innan Stjórnarráðsins svo að fleiri ráðuneyti nái 40:60 markmiðinu við skipun í nefndir, ráð og stjórnir.

Enn fremur er brýnt að öll ráðuneyti endurskoði gildandi jafnréttisáætlanir sínar í því skyni að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum karla og kvenna á málefnasviðum þeirra. Fellur það í hlut ráðherranefndar um jafnrétti kynjanna að fylgja eftir að úrbætur nái fram að ganga innan stjórnkerfisins. Markmiðið er jafnframt að styrkja stöðu jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna í samræmi við 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Mikilvægt er að ráðuneytin tileinki sér samþættingu í stjórnsýslunni svo að unnt verði að ná markmiðinu um jafnrétti kynjanna. Í þessu sambandi er minnt á að samþætting er ekki markmið í sjálfri sér heldur er samþætting aðferðin sem getur gert stjórnvöldum kleift að ná markmiðinu um jafnrétti. Sem dæmi um verkefni þar sem kynjasamþættingu er beitt er að unnið verði gegn kynbundnu starfsvali karla og kvenna við vinnumiðlun og skipulag virkra vinnumarkaðsúrræða og tryggt að öll störf standi jafnt konum sem körlum til boða. Enn fremur að gætt verði jafnræðis kynjanna við sértækar aðgerðir stjórnvalda sem ætlað er að stuðla að fjölgun starfa og nýsköpun. Á sviði menntamála verði gert átak í jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum.

Enn fremur er lögð áhersla á kynjaða hagstjórn sem felur í sér að kynjasamþættingu er beitt í öllu fjárlagaferlinu. Mat fer fram á áhrifum fjárlaga á kynin en markmiðið er að endurskipuleggja bæði tekju- og gjaldahlið fjárlaga á grundvelli jafnréttissjónarmiða. Aðferðin byggist á þeirri forsendu að ákvarðanir í fjármálum hins opinbera eru ekki hlutlausar gagnvart kynjunum og þarf því að fara fram greining á hvaða áhrif einstakir tekju- og útgjaldaliðir hafa á kynin. Tilgangurinn er að auka jafnrétti og tryggja að borgararnir njóti gæða samfélagsins óháð kyni. Fjármálaráðuneytið hefur gefið út handbók um kynjaða fjárlagagerð sem sérfræðingar innan Stjórnarráðsins geta nýtt sér við framkvæmd verkefnisins um kynjaða fjárlagagerð í þessari aðgerðaáætlun.

Um B. Vinnumarkaður – kynbundinn launamunur.

Grípa þarf til raunhæfra aðgerða til að draga úr kynbundnum launamun og er þess vegna lagt til að gerð verði heildstæð framkvæmdaáætlun um aðgerðir gegn kynbundnum launamun. Þýðingarmikið er að þróaðar verði nokkrar aðferðir til að aðstoða þá sem taka ákvarðanir um laun á íslenskum vinnumarkaði við að nota sömu viðmið við að ákvarða laun kvenna og karla. Enn fremur er mikilvægt að eftirfylgni sé viðhöfð með gerð kannana svo að unnt sé að kanna hvort viðunandi árangur náist.

Eitt af markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er að gera konum og körlum kleift að samhæfa fjölskyldu- og atvinnulíf. Þykir þetta sérstaklega mikilvægt til að konur geti tekið þátt á vinnumarkaði til jafns við karla og að karlar geti notið samvista við börn sín jafnt og konur. Er því lögð áhersla á samræmingu atvinnu- og fjölskyldulífs í þessari framkvæmdaáætlun enda verður það að teljast eitt af lykilatriðum þess að jafna aðstöðumun kynjanna í samfélaginu. Í því sambandi þarf jafnframt að standa vörð um ávinninga varðandi aukin áhrif kvenna í íslensku atvinnulífi.

Um C. Kyn og völd.

Hlutur kvenna á Alþingi hefur aukist á síðustu árum. Eftir alþingiskosningarnar 2009 var hlutur kvenna 43% en til samanburðar var hlutur kvenna eftir alþingiskosningarnar 2007 31,7%. Enn fremur hefur hlutur kvenna í sveitarstjórnum á Íslandi aukist smám saman síðastliðna hálfa öld. Í sveitarstjórnarkosningum 29. maí 2010 hlutu 512 einstaklingar kosningu, 308 karlar og 204 konur. Konur eru í dag 40% allra fulltrúa í íslenskum sveitarstjórnum og eru þær í meiri hluta í 16 sveitarstjórnum. Eftir kosningarnar árið 2006 voru konur 36% kjörinna fulltrúa og í meiri hluta í 11 sveitarstjórnum. Sveitarstjórnarstigið verður æ mikilvægara enda annast það flest það sem tengist daglegu lífi fólks. Það er mikilvægt að halda í þekkingu, reynslu og samfellu í starfi sveitarstjórnanna þótt endurnýjun verði að sjálfsögðu að eiga sér stað. Þykir því mikilvægt að gera úttekt á aðstöðu sveitarstjórnarmanna og starfskjörum þeirra.

Fáar konur eiga sæti í stjórnum íslenskra fyrirtækja. Í úttekt CreditInfo frá árinu 2010 kemur fram að fyrirtækjum á almennum vinnumarkaði með bæði konur og karla í stjórn fækkaði um 16 frá maí 2009 til maí 2010. Hlutfall fyrirtækja með bæði kynin í stjórn lækkaði því úr 15% í 14% milli ára. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar voru konur 23% stjórnarmanna og stjórnarformanna í fyrirtækjum árið 2009 og 19% framkvæmdastjóra og hafði hlutfallið ekkert breyst frá því árið áður. Hlutfall stjórnarformanna jókst um 1% milli ára, úr 22% í 23%. Ljóst er að litlar framfarir hafa orðið á síðustu árum á þessu sviði sem varð til þess að Alþingi samþykkti breytingar á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum, og lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, í því skyni að jafna hlut kvenna og karla í áhrifastöðum í hlutafélögum og einkahlutafélögum með auknu gagnsæi og greiðari aðgangi að upplýsingum. Í lögunum segir að í stjórnum einkahlutafélaga og hlutafélaga skuli sitja sem næst jafnmargar konur og karlar. Í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutfall kynja í stjórn og jafnframt að í félögum þar sem starfa að jafnaði fleiri en 25 starfsmenn á ársgrundvelli skuli einnig sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félaganna. Er að því stefnt að hlutur kvenna í stjórnum fyrirtækja verði ekki minni en 40% í lok árs 2013. Ef árangur á að nást verður að auka fræðslu og stuðning við fyrirtækin og efla gagnagrunn um konur sem gefa kost á sér til stjórnunarstarfa.

Um D. Kynbundið ofbeldi.

Gildandi aðgerðaáætlun stjórnvalda vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis rennur út í lok árs 2011. Brýnt er að móta nýja aðgerðaáætlun enda hefur reynslan og aukin þekking beint sjónum að því hvar aðgerða er þörf. Munu niðurstöður rannsóknar félags- og tryggingamálaráðuneytis á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum verða meðal annars nýttar við gerð nýrrar aðgerðaáætlunar um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi en þegar er hafinn undirbúningur að þeirri áætlun í nefnd sem starfar á vegum félags- og tryggingamálaráðherra. Enn fremur er gert ráð fyrir að í nýrri áætlun verði sjónum ekki síst beint að réttarkerfinu og ofbeldismönnum og aðstoð við þá. Kannað verði hvort rétt sé að tengja saman aðgerðir gegn ofbeldi í nánum samböndum, kynferðisofbeldi, þar á meðal gegn börnum, og aðgerðir gegn mansali og vændi. Þá er brýnt að efla meðferðarúrræði bæði fyrir unga gerendur og karla almennt sem beita konur og börn ofbeldi.

Um E. Menntir og jafnrétti.

Hugmyndir um jafnrétti kynja mótast á unga aldri og eru áhrifavaldar margir. Skólinn er stofnun sem getur veitt börnum og unglingum aðstoð við greiningu á valdakerfum og viðteknum hugmyndum samfélagsins. Með áherslu á samfélag jafnaðar, jafnréttis og réttlætis í menntamálum er stefnt að því að inntak kennslu, kennsluhættir og námsumhverfi stuðli að markmiðum jafnréttismenntunar. Jafnréttisráðgjafi í mennta- og menningarmálaráðuneyti veitir upplýsingar, aðstoð og eftirfylgni. Áhersla verður lögð á verkefni sem veita öllum jöfn tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína í námi, listsköpun, íþróttum og öðrum áhugamálum. Jafnframt er stefnt að því að skapa rannsóknaumhverfi sem fellur jafnt að kvenlægu og karllægu gildismati. Íslendingar sækja íþrótta- og menningarviðburði vel og nota gjarnan frítíma sinn til listrænnar sköpunar og vinnu við menningarstarfsemi. Munur er hins vegar á menningarneyslu kynja og verður leitast við að stuðla að jöfnum tækifærum fyrir konur og karla.

Lagt er til að framhald verði á verkefninu *Jafnrétti í skólum* þar sem meginmarkmiðið var að efla jafnréttisfræðslu þegar á fyrstu skólastigunum og samþætta kynjasjónarmið í kennslu. Verkefnið var unnið í grunnskóla og leikskóla í fimm sveitarfélögum en markmiðið er að hugmyndir og verkefni sem unnin voru nýtist fleiri skólum og sveitarfélögum. Við framkvæmd þessa verkefnis kom í ljós að efla þarf kynjafræðilegan þekkingargrunn kennara og auka þekkingu þeirra á jafnréttismálum. Er því lagt til að inntak kennaramenntunar verði endurskoðað og háskólar hvattir til að innleiða námskeið í kynjafræðum fyrir alla nemendur. Er það einkum gert í ljósi þess að forsenda markvissrar jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum er vel menntaðir kennarar á því sviði.

Um F. Karlar og jafnrétti.

Á kynskiptum vinnumarkaði njóta karlar hags af kyngerð samfélagsins þegar kemur að launum og áhrifum. Rannsóknir sýna hins vegar að atvinnuþátttaka beggja kynja er grundvöllur jafnréttis og hagsældar samfélaga. Til að auka jafnrétti þarf því að tryggja möguleika fyrir bæði karla og konur til þátttöku á vinnumarkaði, í uppeldi og fjölskyldulífi. Jafnrétti snýst bæði um karla og konur. Rótgrónar staðalmyndir um starfsval, fyrirvinnur, tómstundir, hlutverk innan fjölskyldu og vinnumenningu skerða lífsgæði margra karla. Er því ekki síður mikilvægt að þeir taki þátt í jafnréttisumræðunni til jafns við konur. Þess vegna er mikilvægt að auka hlut karla í umræðu um jafnréttismál, skoða þátt karla við að breyta staðalímyndum og skoða og skilja áhrif kyngerðar á hlutverk karla, bæði á heimili og í atvinnu.

Árið 1991 skipaði Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félagsmálaráðherra, nefnd um stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari fjölskylduábyrgð og verkaskiptingu. Seinna skipaði jafnréttisráð „karlanefnd Jafnréttisráðs“ og vakti vinna nefndarinnar jákvæða athygli á jafnréttismálum. Því er lagt til að skipaður verði karlahópur til að leggja á ráðin um hvernig megi auka hlut karla í umræðu um jafnréttismál og stuðla að samstarfi um rannsóknir á sviði karla og jafnréttis.

Um G. Alþjóðastarf.

Barátta fyrir jafnrétti kynjanna skipar veigamikinn sess í mannréttindastarfi Íslands á alþjóðavettvangi. Þrátt fyrir að ákveðinn árangur hafi náðst á undanförnum árum hvað varðar alþjóðasamþykktir um framgang kvenna og jafnrétti kynjanna eru réttindi kvenna brotin víðs vegar um heim. Aukið jafnrétti er forsenda fyrir betri, öruggari og réttlátari heimi. Þannig er jafnrétti kynjanna ekki einungis eitt af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna heldur einnig forsenda þess að önnur markmið nái fram að ganga.

Íslensk stjórnvöld eru á alþjóðavettvangi málsvarar bættrar stöðu kvenna og aukins jafnréttis kynjanna. Hafa íslensk stjórnvöld einkum horft til valdeflingar kvenna, t.d. með því að stuðla að aukinni þátttöku kvenna í allri ákvarðanatöku. Einkum hefur verið litið til aðkomu kvenna að friðarviðræðum, uppbyggingarstarfi að átökum loknum og öðrum friðarferlum, sem og að konur séu virkir þátttakendur í ákvarðanatöku á sviði loftslagsmála og viðbrögðum við loftslagsbreytingum.

Breytingar á loftslagi jarðar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum eru ein stærsta vá sem mannkynið stendur frammi fyrir. Umfangsmiklar alþjóðlegar samningaviðræður fara nú fram í því skyni að herða skuldbindingar um losun og efla aðgerðir til aðlögunar að loftslagsbreytingum. Íslensk stjórnvöld hafa í málflutningi sínum lagt áherslu á jafnréttissjónarmið og virka þátttöku kvenna við ákvarðanatöku og aðgerðir í loftslagsmálum.

Um H. Eftirfylgni og endurskoðun.

Það er mat stjórnvalda að eftirfylgni og sérfræðiaðstoð við framkvæmd verkefna sé mikilvæg forsenda fyrir góðum árangri. Það styrkir mikilvægi þessa lögbundna stjórntækis sem framkvæmdaáætluninni er ætlað að vera og leiðir til þess að hún nýtur meiri virðingar og verður markvissari í alla staði. Samhliða því að starf jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna verður eflt er þeim markað verulegt hlutverk við að sinna eftirfylgni með framkvæmdaáætluninni á vettvangi ráðuneyta sinna auk þess sem samstarfi og samráði þeirra á milli er ætlað að vera þeim stuðningur í því hlutverki. Í því sambandi mun sérfræðingur Stjórnarráðsins í jafnrétti kynja, sem staðsettur er innan forsætisráðuneytis, gegna miðlægu hlutverki við að veita faglega ráðgjöf og stuðning, auk Jafnréttisstofu. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherranefnd um jafnrétti kynja beiti virku aðhaldi við framkvæmd verkefna með því að kalla reglulega eftir upplýsingum um framgang þeirra. Þá eru bundnar vonir við að Jafnréttisþing, sem lögum samkvæmt ber að halda á tveggja ára fresti, veiti stjórnvöldum öflugt aðhald við framkvæmd áætlunarinnar.

Fylgiskjal.

Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála.

Formáli.

Félags- og tryggingamálaráðherra skal samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, nr. 10/2008, sem samþykkt voru á Alþingi 26. febrúar 2008, boða til jafnréttisþings á tveggja ára fresti. Við undirbúning þess nýtur ráðherra aðstoðar Jafnréttisráðs. Hlutverk þess samkvæmt lögunum er þríþætt. Í fyrsta lagi skal ráðherra leggja fyrir þingið skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála á helstu sviðum samfélagsins ásamt mati á árangri verkefna í gildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Þetta er sú skýrsla sem hér liggur fyrir í þessu riti. Í öðru lagi skal kynna á þinginu drög að nýrri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og leita eftir ábendingum og tillögum áður en hún er lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu. Í þriðja lagi skal þingið vera vettvangur samræðu milli almennings, fulltrúa stofnana og fyrirtækja, aðila vinnumarkaðar, frjálsra félagasamtaka sem láta sig jafnréttismál varða og alþingismanna um helstu málefni jafnréttisbaráttunnar í því skyni að marka stefnuna til framtíðareða nánustu framtíðar og greina brýn úrlausnarefni hennar. Í lögunum er Jafnréttisráði jafnframt falið að taka saman umræður þingsins fyrir ráðherra.

Stefnt er að því að rit eins og hér liggur fyrir verði gefið út í tengslum við jafnréttisþing hverju sinni. Auk skýrslu ráðherra um stöðuna í jafnréttismálum inniheldur það mikið talnaefni sem Jafnréttisstofa hefur tekið saman í þeim tilgangi að fyrir hendi séu á einum stað tölulegar upplýsingar um þróun jafnréttis karla og kvenna á helstu sviðum samfélagsins. Með reglulegri útgáfu á slíku talnaefni gefst öllum sem áhuga hafa kostur á að fylgjast auðveldlega með stöðu kvenna og karla og þróuninni í jafnréttismálum í samfélaginu.

I. Inngangur

Síðla vetrar 2008 öðlaðist gildi hér á landi ný heildarlöggjöf á sviði jafnréttismála sem byggðist í meginatriðum á tillögum þverpólitískrar nefndar undir forystu Guðrúnar Erlendsdóttur, fyrrverandi hæstaréttardómara, en fulltrúar alla þingflokka sem áttu sæti á Alþingi á kjörtímabilinu 2003–2007 áttu sæti í nefndinni. Skýrsla þessi um stöðu og þróun jafnréttismála er lögð fyrir fyrsta jafnréttisþingið sem haldið er á grundvelli hinnar nýju löggjafar, sbr. lög nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þingið verður haldið 16. janúar 2009. Eldri lög gerðu ráð fyrir að félagsmálaráðherra legði slíka skýrslu fyrir Alþingi og var það síðast gert 1. mars 2007. Skýrslunni er ætlað að gefa yfirlit yfir stöðu verkefna í gildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en jafnframt er gert ráð fyrir að í skýrslunni komi fram upplýsingar um stöðu kynjanna á helstu sviðum samfélagsins, svo sem á vinnumarkaði, þar á meðal um þróun kynbundins launamunar, atvinnuþátttöku kvenna og karla, þátttöku kvenna og karla í stjórnmálum og kynjahlutfallið í opinberum nefndum, ráðum og stjórnum. Auk þessa er gert ráð fyrir umfjöllun um þá þróun sem orðið hefur á einstökum sviðum frá fyrri skýrslu.

Þróun jafnréttismála.

Annar hluti skýrslu þessarar fjallar um stöðu og þróun jafnréttismála hér á landi frá þeim tíma er síðasta skýrsla tók til eða frá árinu 2006 fram til ársloka 2008. Tilgangur þessa er að gefa yfirlit yfir stöðu mála að því er varðar jafnrétti kynjanna á helstu sviðum samfélagsins svo unnt sé að staldra við og líta yfir farinn veg í því skyni að meta hvar skórinn kreppir helst og hvort taka þurfi upp nýjar aðferðir sem tryggja frekari árangur. Við gerð skýrslunnar var stuðst við nýjustu tölulegu upplýsingarnar sem aðgengilegar voru en eðli málsins samkvæmt lágu ekki alltaf fyrir tölur vegna ársins 2008 þegar við lok þess. Skýrslunni er ekki ætlað að gefa tæmandi upplýsingar um stöðu jafnréttismála hér á landi en engu síður gefa ágæta yfirsýn og endurspegla helstu þætti jafnréttisbaráttunnar undanfarna áratugi. Þar hafa fjölmargir aðilar gegnt lykilhlutverki og aðilar vinnumarkaðarins, hagsmunaaðilar og frjáls félagasamtök innan lands og erlendis lagt mikið af mörkum og haft áhrif á þau skref sem stjórnvöld hafa stigið.

Framkvæmd á fyrri áætlun.

Þriðji hluti skýrslunnar fjallar um verkefni sem er að finna í þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2004–2008. Í ljósi þess að félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, lagði fram á Alþingi frumvarp til nýrra heildarlaga um jafnrétti kynjanna í október 2007 þar sem boðaðar voru nýjar leiðir við undirbúning þingsályktunartillögu að framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum þótti eðlilegt að bíða meðferðar þingsins á frumvarpinu áður en hafist yrði handa við smíði nýrrar tillögu. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir því nýmæli að við smíði framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum yrði höfð hliðsjón af umræðum jafnréttisþings sem aftur er ætlað að vera mikilvægur samræðuvettvangur þeirra sem láta sig jafnréttismál varða en ekki eingöngu fulltrúa stjórnvalda. Lögin voru samþykkt með þessum tillögum ráðherra í lok febrúar 2008. Jafnréttisþing var ákveðið í nóvember sama ár en vegna þrenginga á fjármálamarkaði á þeim tíma þótti óhjákvæmilegt að þinginu yrði frestað fram í janúar 2009. Ástæðan var einkum sú að þingið var ekki talið geta náð markmiðum sínum í því óvissuástandi sem ríkti í efnahagsmálum þjóðarinnar á þessum tíma í kjölfar hruns bankanna þar sem fjölmargir þeirra sem ráðuneytið vildi virkja til þátttöku á þinginu voru bundnir við að ráða fram úr aðkallandi úrlausnarefnum sem tengdust þeim sérstöku aðstæðum sem þá ríktu á fjármálamarkaði. Enn fremur þótti mikilvægt að umræðan á jafnréttisþingi gæti endurspeglað þær aðstæður sem fyrir hendi eru í samfélaginu á hverjum tíma og þótti því lengri tími til undirbúnings þingsins nauðsynlegur enda höfðu aðstæður gjörbreyst á mjög skömmum tíma. Því er eðlilega nokkur tími liðinn frá því að vinnu við mörg verkefnanna í eldri þingsályktun fyrir árin 2004–2008 lauk en engu síður var ákveðið að halda lýsingu á framkvæmd þeirra inni í skýrslu þessari til að gefa heildstæða sýn yfir framkvæmdina á þeirri þingsályktun.

Breytt vinnubrögð.

Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, hefur lengi verið talsmaður þess að leitað verði nýrra leiða við framsetningu verkefna sem og val á aðgerðum í framkvæmdaáætlun stjórnvalda svo hún verði raunverulegt tæki sem leiði til árangurs í jafnréttismálum og færi okkur fram á veginn í átt að jafnrétti kynjanna. Félags- og tryggingamálaráðuneyti og Jafnréttisstofa hafa þegar hafið undirbúning að nýrri framkvæmdaáætlun þar sem lagðar verða til aðgerðir sem eru til þess fallnar að ná fram markmiðum nýrra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Frumdrög verða lögð fram á jafnréttisþingi sem grundvöllur umræðna um hugmyndir að aðgerðum sem vænlegar eru til árangurs á þessu sviði. Þá verður

jafnframt lögð áhersla á að sett verði fram mælanleg markmið fyrir hverja aðgerð svo unnt verði að meta árangur þeirra, eftir atvikum, við lok aðgerða eða lok gildistíma áætlunar. Slíkt mat hefur ekki farið fram á eldri jafnréttisáætlunum enda oft óljóst hvaða árangri verkefnin áttu raunverulega að skila.

Mikilvæg skref í jafnréttismálum.

Fyrir liggur að margt hefur áunnist á undanförnum árum og áratugum á sviði jafnréttismála í íslensku samfélagi og má þar nefna umtalsverða hlutfallslega aukningu kvenna sem afla sér framhaldsmenntunar. Mikil þátttaka kvenna á vinnumarkaði hér á landi hefur vakið athygli í alþjóðlegum samanburði og samkvæmt upplýsingum sem fram koma í skýrslu þessari er hlutfallsleg atvinnuþátttaka ungra kvenna og karla nokkuð jöfn. Enn fremur er vert að geta þess að hlutur háskólamenntaðra kvenna á vinnumarkaði hefur haldið áfram að aukast samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands; árið 2002 voru þær 47,1% af starfandi háskólamenntuðu vinnuafli en 50,1% árið 2007 eftir að hafa farið í 52,1% árið 2006. Þá hafa lagaákvæði um þriggja mánaða fæðingarorlof feðra vakið athygli annarra þjóða. Eins og fram kemur í skýrslunni óskaði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eftir því að félags- og tryggingamálaráðuneytið skipulegði fund sérfræðinga frá fjórtán aðildarríkjum Evrópusambandsins þar sem þeir kynntu sér fyrirkomulag og framkvæmd fæðingarorlofs hér á landi. Fundurinn var liður í undirbúningi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við gerð nýrrar stefnumótunar í fjölskyldumálum. Sérstakur jafnréttissjóður á vegum stjórnvalda, sem eingöngu veitir fjármunum til rannsókna á sviði jafnréttismála, hefur verið settur á fót og er það í fyrsta sinn sem fjármunum er veitt í rannsóknir á sviði jafnréttismála með markvissum hætti ár hvert. Mikilvægt er að stjórnvöld geti á hverjum tíma metið áhrif mismunandi aðgerða og tækja sem notuð eru í jafnréttisbaráttunni og hafa rannsóknir sem jafnréttissjóðurinn hefur styrkt aukið þekkingu á þessu sviði. Stjórnmálaþátttaka kvenna þokast nær 40:60 markmiðinu. Eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2006 var hlutur kvenna í sveitarstjórnum tæp 36% en framangreindu markmiði var náð á höfuðborgarsvæðinu þar sem hlutur kvenna er 40% fulltrúa. Við árslok 2008 sátu konur í 37% þingsæta en eingöngu 20 konur náðu kjöri við síðustu alþingiskosningar 2007 sem nam 31,7% þingmanna. Virðist tilhneiging til að konum fjölgi á Alþingi þegar líður á kjörtímabilin er varamenn taka sæti aðalmanna. Þrjú ráðuneytanna höfðu náð 40:60 markmiðinu við skipun í nefndir, ráð og stjórnir árið 2007 en það voru félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisog tryggingamálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið. Hlutur kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum innan Stjórnarráðsins jókst um 4% milli áranna 2005 og 2007 eða úr 32% í 36% sem verður að teljast skref í rétta átt. Þá var kynjahlutfallið meðal fréttastjóra dagblaða jafnt árið 2006 samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands eða þrjár konur og þrír karlar. Er það einkum ánægjuleg þróun í ljósi þess að árið 2003 var engin kona starfandi sem fréttastjóri dagblaðs en ein kona bættist í hóp þeirra árið 2004.

Ný löggjöf.

Væntingar standa til þess að þær breytingar sem gerðar voru frá eldri lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og tóku gildi 18. mars 2008 séu til þess fallnar að styrkja stöðu jafnréttismála og muni með markvissari hætti stuðla að auknu jafnrétti kvenna og karla. Meðal þeirra breytinga sem gerðar voru með nýjum lögunum var að eftirlitshlutverk Jafnréttisstofu var gert skýrara þar sem stofnuninni voru fengnar frekari heimildir til öflunar gagna hjá fyrirtækjum og stofnunum. Enn fremur var Jafnréttisstofu gert heimilt að fylgja eftir úrskurðum kærunefndar jafnréttismála að ósk kæranda en ákvarðanir nefndarinnar eru í fyrsta skipti í formi bindandi úrskurða. Þá var Jafnréttisstofu falið sérstakt eftirlitshlutverk

með gerð jafnréttisáætlana hjá fyrirtækjum með fleiri en 25 starfsmenn og er jafnframt ætlað að meta hvort efni þeirra sé viðunandi. Jafnframt hefur nú í kjölfar gildistöku nýrra jafnréttislaga í fyrsta sinn verið ákveðið að jafnréttisfulltrúar starfi í fullu starfi í fleiri en einu ráðuneyti innan Stjórnarráðs Íslands og fái þannig tækifæri til þess að vinna að og fylgja áformum stjórnvalda á sviði jafnréttismála eftir með markvissari hætti en áður.

Hlustum á raddir beggja kynja.

Atvinnuþátttaka kvenna og karla hefur eins og fyrr segir verið mikil á íslenskum vinnumarkaði og hlutfallslegt atvinnuleysi í lágmarki hjá báðum kynjum hin síðustu ár. Atvinnuleysi jókst hins vegar hratt á síðustu mánuðum ársins 2008 í kjölfar þrenginga á fjármálamarkaði í október síðastliðnum. Sú þróun kemur til með að hafa töluverð áhrif á innviði íslensks samfélags og þá ekki síst á fólkið sjálft í náinni framtíð. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að missa ekki sjónar á mikilvægi þess að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum karla og kvenna þannig að allir fái notið eigin atorku og eigi jafna möguleika á að þroska hæfileika sína óháð kyni. Við uppbyggingu samfélagsins er því þýðingarmikið að bæði konur og karlar fái þar hlutverk og hlustað verði á raddir beggja kynja svo þær endurspeglist í lífi okkar frá degi til dags.

Aðgerðir gegn kynbundnum launamun.

Kynbundinn launamunur hefur verið viðvarandi vandamál á íslenskum vinnumarkaði og hafa kannanir sýnt að lítið þokist í þeim efnum þrátt fyrir ákvæði jafnréttislaga og margvíslegar aðgerðir stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og félagasamtaka. Sú staðreynd verður að teljast óásættanleg í þróuðu nútímasamfélagi þar sem bæði kynin afla sér hliðstæðrar menntunar og almennt er viðurkennt að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði leiði til hagsældar og sé lykillinn að samkeppnishæfni íslensks vinnumarkaðar. Því hefur verið haldið fram að kynbundinn launamunur dafni vel í skjóli svonefndrar samningsbundinnar launaleyndar. Með nýjum jafnréttislögum er launafólki hins vegar tryggður sá réttur að vera ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum kjósi það svo. Þá hafa verið starfandi þrír starfshópar á vegum stjórnvalda, í samvinnu við samtök aðila á vinnumarkaði, í því skyni að fylgja eftir þeim hluta stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá maí 2007 er varðar launajafnrétti kynjanna og koma með tillögur að leiðum sem vænlegar eru til árangurs við að koma í veg fyrir kynbundinn launamun. Hóparnir hafa þegar aflað ítarlegra gagna og ráðgjafarhópur félags- og tryggingamálaráðherra hefur látið vinna nýja ítarlega rannsókn um stöðu mála sem gerð er grein fyrir í skýrslu þessari og verður hún kynnt á jafnréttisþinginu. Starfshópur um framkvæmd jafnlaunastefnu á almennum vinnumarkaði hefur lagt megináherslu á að kanna hvernig laun eru ákveðin og telur áhrifaríkast að breyta vinnuaðferðum við launamyndun og launaþróun innan fyrirtækja. Bent er á þrjár leiðir í þessu skyni sem eru starfsmat, launavottun og vegvísir um launasetningu sem kynntur er í skýrslu hópsins til ráðherra í október 2008. Skýrslan hefur þegar verið birt og verður kynnt nánar á jafnréttisþingi. Vegvísi um launasetningu var unninn í samvinnu við Starfsmannastjóraklúbbinn hér á landi. Þegar er hafin vinna við gerð fyrsta launajafnréttisstaðals hér á land, en félags- og tryggingamálaráðherra, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa farið þess á leit við Staðlaráð Íslands að það hafi umsjón með gerð staðals sem notaður verði til að sannreyna hvort launa- og starfsmannastefna stofnana og fyrirtækja samræmist stefnu um launajafnrétti kynjanna og jafnrétti við ráðningar og uppsagnir. Atvinnurekendur sem uppfylla skilyrði staðalsins geta síðan fengið formlega vottun fyrir því að launa- og starfsmannastefna þeirra samræmist lögum um jafnrétti kynjanna. Miðað er við að vinna við gerð hins nýja launajafnréttisstaðals

ljúki á árinu 2009. Starfsmati hefur verið beitt við launasetningu hjá nokkrum sveitarfélögum hér á landi í allmörg ár. Helsti kostur þess er að það er viðurkennd leið til að ákvarða sömu grunnlaun fyrir ólík störf sem metin eru sambærileg eða jafnverðmæt. Ofan á starfsmat er unnt að byggja mat á einstaklingsbundinni hæfni, frammistöðu eða árangri sem ræður þá einstaklingsbundnum viðbótarlaunum. Niðurstaða jafnlaunahópsins er sú að starfsmat, vottunarleiðin og notkun vegvísis séu náskyldar aðferðir sem útiloki ekki hver aðra. Eðlilegast sé að fyrirtæki velji þá leið sem þau telja best henta aðstæðum sínum til að stuðla að launajafnrétti kynja. Þá leggur hópurinn ríka áherslu á að launamyndunin sé skoðuð reglulega innan hvers fyrirtækis og því þurfi regluleg jafnlaunaúttekt innan hvers fyrirtækis að vera jafnsjálfsögð og vöktun annarra lykiltalna í rekstri þess. Þá efndi starfshópur um sambærileg málefni tengd opinberum vinnumarkaði í desember síðastliðnum til könnunar meðal forstöðumanna ríkisstofnana um ýmislegt sem lýtur að stjórnun starfsmannamála, jafnrétti og launamun enda ljóst að forstöðumenn munu gegna lykilhlutverki í öllum beinum aðgerðum til að draga úr launamun kynjanna hjá hinu opinbera. Þátttaka í könnuninni var góð, eða 65%, og verða niðurstöðurnar hafðar til hliðsjónar við mótun tillagna til úrræða en næsta verkefni starfshópsins er einmitt að leggja fram tillögur um leiðir til að minnka launamun kynjanna hjá hinu opinbera. Nánar verður gerð grein fyrir vinnu hópsins á jafnréttisþinginu.

Kynbundið ofbeldi og mansal.

Kynbundið ofbeldi þykir smánarblettur á vestrænum samfélögum og í nýjum jafnréttislögum er nú í fyrsta sinn kveðið á um að Jafnréttisstofa vinni að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi og er það mikilvægur liður í því að efla jafnrétti meðal kvenna og karla. Félags- og tryggingamálaráðuneytið fól Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands að gera rannsókn í tengslum við ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum á grundvelli aðgerðaáætlunar stjórnvalda vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis. Rannsóknin stendur enn yfir en fyrstu hlutar hennar hófust haustið 2008. Markmið hennar er að kanna hversu útbreitt kynbundið ofbeldi er hér á landi og til hvaða aðgerða sé rétt að grípa. Rannsóknin skiptist í sex rannsóknarverkefni en við gerð hennar er höfð hliðsjón af alþjóðlegri rannsókn sem Sameinuðu þjóðirnar áttu frumkvæði að. Ráðgert er að niðurstöður úr tveimur rannsóknarverkefnum liggi þegar fyrir vorið 2009 en áætlað er að rannsókninni verði að fullu lokið árið 2011. Í árslok 2008 komu út fræðslurit um ofbeldi í nánum samböndum sem Ingólfur V. Gíslason, lektor við Háskóla Íslands, tók saman en ritin eru einkum ætluð ljósmæðrum, lögreglumönnum, starfsfólki innan félagsþjónustunnar sem og í heilbrigðisþjónustu. Markmiðið er að efla fræðslu og þekkingu þessara fagstétta sem sinna og vinna með konum sem hafa verið beittar ofbeldi af hálfu nákominna aðila. Verkefni þetta er jafnframt liður í aðgerðaáætlun stjórnvalda vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis. Þá hefur Alþingi samþykkt frekari lagabreytingar sem ætlað er að gera úrræði virkari að því er varðar kynbundið ofbeldi.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti tillögu félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra í desember 2007 um að stjórnvöld setji sér sérstaka aðgerðaáætlun gegn mansali svo koma megi betra skipulagi á þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir mansal hér á landi. Félags- og tryggingamálaráðherra skipaði starfshóp í janúar 2008 til að vinna að gerð slíkrar aðgerðaáætlunar sem yrði þá fyrst sinnar tegundar hér á landi. Samráðshópurinn er enn að störfum en áætlað er að ráðherra kynni nýja aðgerðaáætlun í febrúar 2009.

Áfram verk að vinna.

Tölulegar upplýsingar gefa til kynna að enn sé langt í land svo jöfnum áhrifum kvenna og karla verði náð á öllum sviðum í íslensku samfélagi. Verður þó að líta til þess að víðast hvar hafa verið stigin skref í framfaraátt þótt finna megi dæmi um hið gagnstæða eða stöðnun sem leita verður skýringa á og bregðast við. Mikilvægt er að móta og virkja aðgerðir sem hraða þeirri jákvæðu þróun sem hefur átt sér stað undanfarna áratugi þar sem hverju stigi í átt til jafnréttis kynjanna hefur verið fagnað. Þannig er mikilvægt að nýjum jafnréttislögum verði markvisst fylgt eftir og að ný framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum verði einfaldari og endurspegli forgangsröð sem byggist á stöðu mála hverju sinni. Jafnréttisstofa hefur verið efld með nýjum jafnréttislögum og starf jafnréttisfulltrúa innan Stjórnarráðsins einnig. Stjórnvöldum hefur þannig verið gert betur kleift að fylgja eftir markmiðum sem sett hafa verið. Persónur og leikendur í samfélagi okkar gegna hér afar mikilvægu hlutverki sem þeim ber að sinna af árvekni og alúð. Á það við á öllum sviðum samfélagsins og meðal beggja kynja; í uppeldi og fjölskyldulífi, á vinnumarkaði og síðast en ekki síst á vettvangi stjórnmálanna og hjá ríki og sveitarfélögum þar sem grunnur er lagður að samfélagslegri þátttöku og leiðum kvenna og karla til þess að hafa áhrif á eigið líf. Við megum ekki sofna á verðinum. Samfélagið í heild hefur hér verk að vinna frá degi til dags, ár frá ári.

II. Staða og þróun jafnréttismála.

A. Ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

i. Almennt.

Þann 26. febrúar 2008 voru samþykkt á Alþingi ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, sem leysa af hólmi eldri lög um sama efni. Í nýju lögunum er kveðið á um ýmis nýmæli auk þess sem einstaka ákvæði eldri laga eru skýrð nánar.

ii. Jafnréttisstofa.

Með ákvæðum nýju laganna voru gerðar ákveðnar breytingar á verkefnum Jafnréttisstofu. Ein þeirra lýtur að eftirlitshlutverki Jafnréttisstofu en hafi Jafnréttisstofa rökstuddan grun um brot gegn ákvæðum laganna hefur hún heimild til að óska eftir upplýsingum frá viðkomandi fyrirtæki eða stofnun í því skyni að upplýsa um málsatvik og er þeim aðilum skylt að láta Jafnréttisstofu í té upplýsingar og gögn sem Jafnréttisstofa telur nauðsynleg í því skyni að upplýsa um málsatvik. Verði viðkomandi aðilar ekki við beiðni Jafnréttisstofu innan hæfilegs frests hefur stofan heimild til að leggja á viðkomandi aðila dagsektir þar til upplýsingarnar og gögnin hafa verið látin í té. Fái Jafnréttisstofa staðfestan grun sinn um brot skal hún óska eftir því að kærunefnd jafnréttismála taki málið til meðferðar.

Samkvæmt lögunum er það jafnframt eitt af verkefnum Jafnréttisstofu að hafa eftirlit með að fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn geri jafnréttisáætlanir eða samþætti jafnréttissjónarmið inn í starfsmannastefnu sína. Enn fremur er Jafnréttisstofu ætlað að meta hvort efni þeirra sé viðunandi en Jafnréttisstofa hefur heimild til að kalla eftir skýrslum um framgang mála frá umræddum fyrirtækjum og stofnunum. Láti fyrirtæki eða stofnun hjá líða að afhenda afrit af áætlunum sínum eða gefa skýrslu um framgang mála þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því hefur Jafnréttisstofa heimild til að leggja dagsektir á viðkomandi aðila þar til úr hefur verið bætt.

Þá kveða lögin á um heimild Jafnréttisstofu til að fylgja úrskurðum kærunefndar jafnréttismála eftir að ósk kæranda. Fari kærði hvorki að úrskurði kærunefndar jafnréttismála né

fyrirmælum Jafnréttisstofu er stofunni heimilt að leggja dagsektir á kærða þar til hann hefur gripið til viðunandi úrbóta.

Enn fremur er það verkefni Jafnréttisstofu að leita sátta í ágreiningsmálum sem stofunni berast og varða ákvæði laganna. Er kærunefnd jafnréttismála meðal annars heimilt að höfðu samráði við málshefjanda að senda mál til sáttameðferðar hjá Jafnréttisstofu. Í frumvarpi því er varð að lögunum kemur fram að rétt þyki að leggja til slíka málsmeðferð enda megi gera ráð fyrir að í einhverjum tilvikum geti það leitt til skjótari niðurstöðu án þess að rýra rétt kæranda.

Rétt er að vekja athygli á tveimur nýjum verkefnum sem bættust við verkefni Jafnréttisstofu við gildistöku nýju laganna. Í lögunum er sérstaklega kveðið á um að Jafnréttisstofa skuli vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum. Enn fremur er það eitt af verkefnum Jafnréttisstofu samkvæmt lögunum að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla.

iii. Kærunefnd jafnréttismála.

Kærunefnd jafnréttismála starfar á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt nýju lögunum skal félags- og tryggingamálaráðherra skipa þrjá fulltrúa í nefndina til þriggja ára í senn að undangenginni tilnefningu Hæstaréttar. Skulu fulltrúarnir allir vera lögfræðingar og að minnsta kosti einn þeirra hafa sérþekkingu á jafnréttismálum. Að auki skulu formaður og varaformaður uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara.

Verkefni kærunefndar jafnréttismála er áfram að taka erindi sem henni berast til meðferðar en einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök, í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna sinna sem telja að ákvæði laganna hafi verði brotin á sér, geta leitað atbeina kærunefndarinnar. Með nýju lögunum var gerð sú breyting að kærunefnd jafnréttismála skal kveða upp skriflega úrskurði, í stað álita áður, um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin í viðkomandi tilvikum. Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi fyrir málsaðila. Fram kemur í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögunum að með þeirri tilhögun sé verið að leitast við að veita niðurstöðum nefndarinnar meira vægi en áður auk þess sem framkvæmd þessara mála sé með þessu færð nær því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Þá eru niðurstöður nefndarinnar ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds.

Við gildistöku nýju laganna tóku enn fremur gildi ýmis nýmæli að því er varðar málsmeðferð fyrir kærunefnd jafnréttismála. Þannig var almennur kærufrestur styttur úr tólf mánuðum niður í sex mánuði auk þess sem kveðið er skýrt á um að nefndin skuli kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur. Einnig eru ákvæði í lögunum um að nefndin geti ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar með nánar tilgreindum skilyrðum og geti einnig ákveðið að sá sem kæra beinist gegn greiði kæranda kostnað við að hafa kæruna uppi enda sé niðurstaða nefndarinnar kæranda í hag. Enn fremur er kveðið á um það nýmæli að nefndin geti úrskurðað að kærandi skuli greiða gagnaðila málskostnað sé kæra bersýnilega tilefnislaus að mati nefndarinnar. Þá er kveðið á um að sé úrskurður kærunefndar kæranda í hag en gagnaðili vill ekki una úrskurðinum og höfðar mál til ógildingar honum fyrir dómstólum skuli kærandi fá greiddan málskostnað úr ríkissjóði bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

iv. Jafnréttisráð.

Í nýju lögunum er jafnframt kveðið á um nýtt fyrirkomulag við skipan fulltrúa í Jafnréttisráð en mikilvægt þykir að fulltrúar ráðsins endurspegli þekkingu á mörgum sviðum

jafnréttismála. Þannig skipar félags- og tryggingamálaráðherra formann án tilnefningar auk þess að skipa tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum launafólks, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum atvinnurekenda, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af Femínistafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands, einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum, einn fulltrúa sem tilnefndur er af Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, einn fulltrúa sem tilnefndur er af Félagi um foreldrajafnrétti og einn fulltrúa sem tilnefndur er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Skulu varamenn skipaðir á sama hátt.

Enn fremur kveða lögin á um að Jafnréttisráð skuli starfa í nánari tengslum við Jafnréttisstofu en verið hafði fyrir gildistöku laganna. Er ráðinu meðal annars falið að vera félags- og tryggingamálaráðherra og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna en sérstök áhersla skuli lögð á að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Þá fellur það í hlut Jafnréttisráðs að undirbúa jafnréttisþing.

v. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna og jafnréttisráðgjafi menntamálaráðuneytis.

Í lögunum er kveðið á um að innan sérhvers ráðuneytis skuli starfa sérstakur jafnréttisfulltrúi sem hafi sérþekkingu á jafnréttismálum en ljóst þótti að styrkja þurfti stöðu þessara fulltrúa. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að nýju lögunum kemur meðal annars fram að með sérþekkingu sé átt við að jafnréttisfulltrúar hafi aflað sér þekkingar á sviði jafnréttismála, til dæmis með endurmenntun eða þátttöku í námskeiðum sem haldin eru á vegum Jafnréttisstofu eða annarra fagaðila.

Samkvæmt lögunum er hlutverk jafnréttisfulltrúanna að hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess, þar á meðal skulu þeir vinna að kynjasamþættingu á málefnasviði ráðuneytanna.

Þá kveða lögin á um að sérstakur jafnréttisráðgjafi skuli starfa innan menntamálaráðuneytisins og skal hann fylgja eftir ákvæðum 23. gr. laganna sem lúta að menntun og skólastarfi.

vi. Jafnréttisþing.

Nýju lögin kveða á um að félags- og tryggingamálaráðherra skuli boða til sérstaks jafnréttisþings innan árs frá alþingiskosningum og aftur að tveimur árum liðnum. Þinginu er ætlað að vera vettvangur þeirra sem fjalla um jafnréttismál en markmiðið með slíku þinghaldi er að hvetja til virkari umræðu um jafnréttismál meðal almennings á sem flestum sviðum samfélagsins. Kveðið er á um að félags- og tryggingamálaráðherra skuli leggja fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála við upphaf jafnréttisþings. Jafnréttisþingið skal vera öllum opið en Jafnréttisráð skal boða sérstaklega til þingsins alþingismenn, fulltrúa stofnana og sveitarfélaga, þar á meðal jafnréttisfulltrúa, sem og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem hafa jafnréttismál á stefnuskrá sinni.

vii. Kynjasamþætting tryggð.

Samþætting jafnréttis- og kynjasjónarmiða hefur verið talið eitt af lykilatriðum þess að tryggja megi jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi auk þess sem fram hefur komið í þingsályktunum um áætlanir í jafnréttismálum að það sé markmið stjórnvalda að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið inn í daglegt starf allra ráðuneyta. Með hliðsjón af þessu markmiði stjórnvalda er í nýju lögunum kveðið á um að gæta skuli kynjasamþættingar við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa

á málefnasviði þeirra. Hið sama skuli gilda um alla ákvarðanatöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt.

viii. Launafólki tryggður réttur til að skýra frá launakjörum sínum.

Síðast en ekki síst taka lögin af öll tvímæli um að hverjum manni er heimilt að skýra frá launum sínum kjósi hann svo og er þetta ákvæði nýju laganna í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí 2007.

B. Atvinnumál kvenna og karla.

i. Atvinnuþátttaka á íslenskum vinnumarkaði.

Atvinnuþátttaka kvenna og karla var áfram mikil á íslenskum vinnumarkaði árin 2006 og 2007 þar sem 78,5% kvenna voru virkir þátttakendur á vinnumarkaði að meðaltali og 87,5% karla samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Karlar héldu áfram að vera fleiri en konur á íslenskum vinnumarkaði árin 2006 og 2007 eða rúm 54% samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. Samtals voru 169.500 starfandi á íslenskum vinnumarkaði árið 2006, þar af 92.000 karlar og 77.500 konur, en á milli ára fjölgaði störfum um 7.800 þannig að samtals voru 177.300 starfandi árið 2007, þar af 96.600 karlar og 80.700 konur. Körlum fjölgaði því aðeins meira en konum á vinnumarkaði milli ára eða 5% á móti 4,1%.

Eins og sjá má á töflu 3 er atvinnuþátttaka misjöfn milli einstakra aldurshópa á vinnumarkaði. Hlutfallsleg atvinnuþátttaka er mest meðal fólks á aldrinum 25–54 ára en hún jókst aðallega í hópi ungs fólks á aldrinum 16–24 ára á árunum 2006 og 2007 og þá meira meðal ungra karla en kvenna. Hlutfallsleg atvinnuþátttaka ungra kvenna og karla á aldrinum 16–24 ára er því orðin nokkuð jöfn eða um 80%. Einnig jókst hlutfallsleg atvinnuþátttaka kvenna sem eru 55 ára og eldri um 2,5% en svo virðist sem dregið hafi úr atvinnuþátttöku karla á sama aldri.

Tafla 3. Hlutfallsleg atvinnuþátttaka kvenna og karla eftir aldri.

Aldur	16–24	25–54	55–74	Alls
Karlar				
2002	72,7	96,6	73,6	88,2
2003	75,6	94,8	70,2	85,9
2004	71,2	94,2	71,1	85,0
2005	75,2	94,3	72,9	86,0
2006	77,4	95,6	73,7	87,5
2007	80,0	95,3	72,2	87,5
Konur				
2002	69,2	88,3	58,6	78,9
2003	73,8	88,1	56,8	78,2
2004	72,5	85,3	55,5	76,3
2005	79,2	85,1	57,7	77,8
2006	81,4	85,6	57,8	78,4
2007	80,1	85,4	60,2	78,6

Heimild: Hagstofa Íslands.

Atvinnuleysi bæði meðal kvenna og karla hélt áfram að dragast saman á innlendum vinnumarkaði á árunum 2006 og 2007 en á milli áranna minnkaði atvinnuleysi um 19% að meðaltali á landinu samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar. Árið 2007 minnkaði hlutfallslegt atvinnuleysi um 17% meðal karla og um 21% meðal kvenna. Meðalatvinnuleysi kvenna mældist að meðaltali 1,8% á mánuði árið 2006 og 1,4% að meðaltali árið 2007. Á sama tíma mældist meðalatvinnuleysi karla 0,9% árið 2006 og 0,8% árið 2007. Atvinnuleysi tók lítillega að aukast þegar leið á árið 2008 en í september 2008 mældist skráð atvinnuleysi 1,3% að meðaltali; 1,6% meðal kvenna og 1,1% meðal karla. Samhliða þrengingum á fjár-

málamarkaði í október 2008 jókst atvinnuleysi mjög hratt og mældist 3,3% í nóvember 2008. Meðalatvinnuleysi jókst hraðar hjá körlum en konum og reyndist vera 3,4% meðal karla í nóvember 2008 en 3,2% hjá konum. Dregið hefur því verulega saman með atvinnuleysi karla og kvenna og mældist atvinnuleysi hærra hjá körlum en konum í nóvember 2008 í fyrsta skipti síðan í febrúar og mars 1986 þegar atvinnuleysi var lítið eitt hærra meðal karla. Atvinnuleysi hefur annars alltaf verið hærra meðal kvenna en karla frá árinu 1980. Áætlað er að atvinnuleysi árið 2008 mælist 1,7% að meðaltali, 1,9% meðal kvenna og 1,5% meðal karla.

Mjög lítill munur var á atvinnuleysi meðal karla á höfuðborgarsvæðinu og þeirra sem störfuðu á landsbyggðinni árið 2007 eða 0,1% en munurinn var mun meiri meðal kvenna. Atvinnuleysi kvenna á landsbyggðinni mældist 2,0% að meðaltali árið 2007 en 1,0% meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma. Í nóvember 2008 hafði hlutfallslegt atvinnuleysi aukist mest meðal karla á höfuðborgarsvæðinu og mældist 3,6% að meðaltali en 3,0% karla á landsbyggðinni voru án atvinnu á sama tíma. Konur á landsbyggðinni voru hlutfallslega fleiri án atvinnu en konur á höfuðborgarsvæðinu eða 3,7% á móti 2,9% í nóvember 2008.

Fólki án atvinnu fækkaði í öllum landshlutum árið 2007 nema á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi jókst um 22% og á Vesturlandi um 7,5%. Atvinnuleysi mældist hæst á Suðurnesjum eða 2,5% árið 2007 en meðalatvinnuleysi mældist mun hærra meðal kvenna á Suðurnesjum en karla eða 3,8% á móti 1,5%. Hlutfallsleg fækkun fólks án atvinnu varð mest á Norðurlandi vestra eða um 48% en þar mældist meðalatvinnuleysi lægst á landinu árið 2007 eða 0,5%; 0,3% meðal karla og 0,8% meðal kvenna. Atvinnuleysið hélt áfram að vera mest á Suðurnesjum árið 2008 og mældist 7,2% í nóvember 2008. Þar voru jafnframt hlutfallslega flestar konur án atvinnu eða 8,6% en 6,2% karla voru atvinnulausir á svæðinu. Á sama tíma mældist atvinnuleysið minnst á Vestfjörðum eða 0,6%; 0,8% meðal kvenna og 0,4% meðal karla.

Lítilsháttar dró úr fjölda vinnustunda bæði karla og kvenna árin 2006 og 2007 samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Meðalvinnuvika þátttakenda á innlendum vinnumarkaði á aldrinum 16–74 ára var 42,2 klukkustundir á viku árið 2005 en var 41,9 stundir árið 2007. Karlar störfuðu að meðaltali 46,9 klukkustundir á viku árið 2007 en höfðu starfað 47,5 stundir á viku árinu áður. Til samanburðar störfuðu konur 35,6 stundir að meðaltali á viku árið 2007 en 36 klukkustundir á viku árinu áður. Þegar eingöngu er litið til meðalfjölda vinnustunda þeirra sem starfa í fullu starfi er munur á fjölda vinnustunda karla og kvenna minni. Meðalfjöldi vinnustunda árið 2007 var 46,8 klukkustundir á viku en var til samanburðar 47,3 stundir árið 2005. Meðalvinnutími karla í fullu starfi árið 2007 var 46,9 stundir á viku og 42,1 stund meðal kvenna.

Enn eru konur í miklum meiri hluta þeirra sem eru í hlutastörfum en þeir sem teljast gegna hlutastörfum starfa að jafnaði minna en 35 klukkustundir á viku. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru 39.900 starfandi í hlutastarfi árið 2007 en þar af voru 30.500 konur á móti 9.500 körlum. Þeim sem störfuðu í hlutastörfum fjölgaði milli ára og þá aðallega konum en samtals voru 38.300 starfandi í hlutastörfum árið 2006, þar af 29.100 konur og 9.200 karlar. Þegar aldursdreifing þeirra sem gegna hlutastörfum er skoðuð kemur fram að meiri hluti kvenna sem er í hlutastörfum er á aldrinum 25–54 ára eða 16.700 árið 2007 og er þar ekki mikil breyting milli ára. Konum sem eru í hlutastarfi fjölgaði mest í aldurshópnum 16–24 ára milli áranna 2006 og 2007 eða um 800 konur (12%). Samtals voru 7.600 konur í hlutastörfum í aldurshópnum 16–24 ára árið 2007 og 6.200 á aldrinum 55–74 ára. Flestir karlar í hlutastörfum eru á aldrinum 16–24 ára eða 4.500. Til samanburðar voru 3.100 karlar á aldrinum 25–54 ára og 1.900 karlar á aldrinum 55–74 ára í hlutastörfum árið 2007. Svo

virðist sem að þessar tölulegu upplýsingar bendi til að fjölskylduábyrgð kvenna hafi töluverð áhrif á stöðu þeirra á vinnumarkaði enda þótt varlega beri að draga slíkar ályktanir út frá tölfræðinni einni saman.

ii. Samhæfing fjölskyldu- og atvinnulífs.

Samhliða mikilli atvinnuþátttöku kvenna á íslenskum vinnumarkaði hefur skapast vettvangur umræðu um jafna verkaskiptingu kynjanna á heimilum og hafa margir jafnvel talið slíka verkaskiptingu forsendu þess að konur geti tekið þátt á vinnumarkaði til jafns við karla. Þrátt fyrir að meiri hluti kvenna á Íslandi taki virkan þátt á vinnumarkaði sýna rannsóknir að svo virðist sem konur beri í flestum tilvikum meiri fjölskylduábyrgð en karlar.

Í niðurstöðum nýrrar könnunar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði og birtar voru í október 2008 kemur meðal annars fram að 46% þeirra kvenna sem svöruðu könnuninni töldu sig bera meiri ábyrgð en maki þeirra á heimilisstörfum á móti 5% þeirra karla sem svöruðu könnuninni, sbr. töflu 4 sem fengin er úr fyrrnefndri skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Tafla 4. Berð þú meiri, minni eða jafn mikla ábyrgð á heimilisstörfum og maki þinn?

	Karlar		Konur		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ég ber meiri ábyrgð	18	5,1	146	45,6	164	24,4
Ég ber jafn mikla ábyrgð og maki	204	57,8	172	53,8	376	55,9
Maki ber meiri ábyrgð	131	37,1	2	0,6	133	19,8
Alls	353	100%	320	100%	673	100%

Heimild: *Kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði*, skýrsla Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, september 2008.

Niðurstöður sömu könnunar sýndu enn fremur að 70% þeirra kvenna sem svöruðu könnuninni töldu sig oftast hafa verið ábyrgar fyrir umönnun og eftirliti með barni/börnum síðustu sex mánuðina áður en könnunin var gerð á móti 7% þeirra karla sem svöruðu könnuninni, sbr. töflu 5 sem einnig er fengin úr fyrrnefndri skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Tafla 5. Hver á heimilinu var oftast ábyrgur fyrir umönnun og eftirliti með barni/börnum á síðastliðnum sex mánuðum?

	Karlar		Konur		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ég er oftast ábyrg(ur)	16	7,4	129	70,1	145	36,2
Báðir aðilar jafn mikið	67	30,9	49	26,6	116	28,9
Maki er oftast ábyrgur	134	61,8	6	3,3	140	34,9
Alls	217	100%	184	100%	401	100%

Heimild: *Kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði*, skýrsla Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, september 2008.

Athygli vekur hversu sammála bæði kynin eru hvað varðar fjölskylduábyrgð þeirra sem það sem gefur til kynna að lítið hafi þokast í þá átt að jafna stöðu kynjanna innan veggja heimilisins. Mikilvægt er að fólk sé meðvitað um þessi viðhorf sem koma fram í niðurstöðunum. Verður það að teljast mikilvæg forsenda þess að breytingar verði á verkaskiptingu inni á heimilum enda ljóst að þátttaka beggja kynja á vinnumarkaði hefur verulega efnahagslega þýðingu fyrir fjölskyldurnar í landinu sem og samfélagið allt.

Enn fremur kemur fram í ritinu *Fæðingar- og foreldraorlof á Íslandi*, þróun eftir lagasetninguna árið 2000 eftir Ingólf V. Gíslason, lektor við Háskóla Íslands, að rannsóknir sýna að mæður breyti vinnutíma sínum í kjölfar barneigna sem hefur þau áhrif að þær vinna færri

vinnustundir en feðurnir auka við sig launavinnu. Vitnar hann sérstaklega í rannsókn Gyðu Margrétar Pétursdóttur frá árinu 2004 sem nefnist *„Ég er tilbúin að gefa svo mikið." Sjálfræði, karllæg viðmið og mótsagnir í lífi útivinnandi mæðra og orðræðum um ólíkt eðli, getu og hlutverk* og rannsókn Helgu Gottfreðsdóttur frá árinu 2005 sem fjallað var um í greininni *Prospective first-time fathers and their views on fatherhood in the context of the new policy on parental leave in Iceland* og birtist í *Birth Issues*. Rannsóknir á töku fæðingarorlofs meðal foreldra benda til að hin hefðbundna verkaskipting kynjanna sé mjög sterk. Meðal þess sem fram kom í niðurstöðum Evrópuverkefnisins *Culture, Custom and Caring* var að þeir foreldrar sem tóku þátt í rannsókninni voru á margan hátt mjög hefðbundnir í hlutverkaskiptingu sinni. Móðurhlutverkið var það hlutverk sem gekk fyrir stöðu kvennanna á vinnumarkaði en karlarnir voru í hlutverki fyrirvinnunnar enda þótt þeir sinntu allir föðurhlutverkinu. Ingólfur V. Gíslason hefur bent á það í skrifum sínum um feðraorlof að þrátt fyrir hefðbundin hlutverk kynjanna sé ljóst að breytingar standi yfir. Hins vegar megi gera ráð fyrir að slíkt taki tíma. Það feli til dæmis í sér þá breytingu að feður fari tímabundið af vinnumarkaði og taki fæðingarorlof til að annast börn sín. Fleiri karlar fái tímabundið reynslu í því að vera í aðalhlutverki við að annast barn sitt en á sama tíma átti fleiri konur sig á að þær geti gefið eftir í hlutverkum sínum sem verkstjórar heimilanna. Allt hefur þetta að einhverju leyti áhrif á viðhorf og hegðun bæði hjá konum og körlum. Þá hafa niðurstöður rannsókna um fæðingarorlof gefið til kynna að karlar upplifi töku fæðingarorlofs ekki sem ógn við karlmennsku sína og þegar á heildina er litið hafi þeir fengið jákvæð viðbrögð frá umhverfinu. Hins vegar hafi konur sem hafa ekki fullnýtt sameiginlega rétt foreldra til fæðingarorlofs fengið gagnrýni þess efnis að slíkt geri ekki góð móðir en karlarnir fengið hrós fyrir að taka meira fæðingarorlof en þá þrjá mánuði sem þeim væru ætlaðir.

Í nýlegri skýrslu starfshóps sem félags- og tryggingamálaráðherra skipaði og hafði meðal annars það hlutverk að eyða óútskýrðum launamun kynjanna á almennum vinnumarkaði kemur fram að fátt skipti jafn miklu máli til að jafna möguleika foreldra til þátttöku á vinnumarkaði en traust dagvistun. Í skýrslunni er tekið fram að sagan sýni að þegar úrræði skorti í dagvistarmálum séu meiri líkur á að mæður en feður dragi úr þátttöku á vinnumarkaði. Það sé því afar mikilvægt jafnréttismál að tryggja foreldrum möguleika á öruggri dagvistun fyrir börn sín á aldrinum 9–18 mánaða eða að loknu fæðingarorlofi sem og örugga og góða vistun fyrir börn á grunnskólaaldri að loknum hefðbundnum skóladegi.

Íslenska löggjöfin um fæðingar- og foreldraorlof hefur oft og víða hlotið lof og hafa ráðamenn annarra ríkja sýnt henni mikinn áhuga. Til marks um þann áhuga var haldinn hér á landi í október 2008 sérfræðingafundur á vegum Evrópusambandsins um fyrirkomulag og framkvæmd fæðingarorlofsins á Íslandi. Rúmlega 40 sérfræðingar frá fjórtán Evrópuríkjum sóttu fundinn sem var liður í undirbúningi Evrópusambandsins að nýrri stefnumótun í fjölskyldumálum. Íslenskir fræðimenn sem og fulltrúar aðila vinnumarkaðarins fjölluðu á fundinum um ýmsar hliðar fæðingarorlofsins, þar á meðal helstu rannsóknir sem hafa verið gerðar á framkvæmd og fyrirkomulagi þess. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gaf út bókina *Equal Rights to Earn and Care* fyrir fundinn í samvinnu við félags- og tryggingamálaráðuneytið en þar er fjallað um helstu rannsóknir sem hafa verið gerðar á íslenska fæðingarorlofskerfinu. Ritstjórar bókarinnar voru Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. Í pallborðsumræðum var enn fremur leitað eftir viðhorfi feðra sem tekið hafa fæðingarorlof og afstöðu atvinnurekenda. Þar fjölluðu feður um þau áhrif sem fæðingarorlofið hafði haft á þá, samband þeirra við börn sín og viðhorf bæði vinnustaðarins og samfélagsins til feðra sem taka feðraorlof. Þar var samdóma niðurstaða feðranna að reynsla þeirra af fæðingarorlofinu væri mjög jákvæð.

Löggjöfinni um fæðingar- og foreldraorlof var síðast breytt vorið 2008, sbr. lög nr. 74/2008, um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Ein helsta breytingin laut að breytingum á viðmiðunartímabilinu sem útreikningar á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði miðast við. Við útreikninga á greiðslum til foreldra sem teljast launamenn skal samkvæmt lögunum miða við tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur í stað síðustu tveggja tekjuára líkt og miðað hafði verið við fyrir breytinguna. Þegar foreldri telst sjálfstætt starfandi einstaklingur samkvæmt sömu lögum skal miða við tekjuárið á undan fæðingarári barns eða því ári er barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Viðmiðunartímabilið var þar með stytt úr 24 mánuðum í tólf mánaða tímabil. Þegar foreldri hefur ekki verið á vinnumarkaði á öllu viðmiðunartímabilinu var áfram gert ráð fyrir að eingöngu væri miðað við meðalheildarlaun foreldris fyrir það tímabil sem það telst hafa verið á innlendum vinnumarkaði í skilningi laganna. Þar með teljast tilteknar tímabundnar aðstæður sem hafa þótt jafnast á við þátttöku á vinnumarkaði, svo sem þegar foreldri er í orlofi eða námsleyfi, fæðingarorlofi, tímabundið án atvinnu eða hefur fengið tekjutengdar greiðslur samkvæmt III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Er þá jafnframt tekið tillit til þeirra greiðslna er koma til vegna slíkra aðstæðna auk hvers konar launa eða annarra þóknana samkvæmt lögum um tryggingagjald. Enn fremur fól lagabreytingin í sér að báðum foreldrum var gert heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Jafnframt voru heimildir til yfirfærslu réttinda til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks rýmkaðar þegar annað foreldrið er ófært, vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar, um að nýta sér rétt sinn til töku fæðingarorlofs. Þá var forsjárlausum foreldrum veittur réttur til fæðingarstyrks í fyrsta skipti liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks stendur yfir.

Tölfræðilegar upplýsingar frá Fæðingarorlofssjóði benda til að meiri hluti feðra taki fæðingarorlof en 88,6% feðra nýttu sér rétt sinn til fæðingarorlofs í að meðaltali 99 daga árið 2006. Árið 2007 nýttu 88% feðra sér rétt sinn til fæðingarorlofs í að meðaltali 98 daga. Hefur hlutfall feðra og dagafjöldi haldist nokkuð jafn frá árinu 2003 þegar fæðingarorlof feðra kom að fullu til framkvæmda. Árið 2006 nýttu 19,7% feðra einnig hluta sameiginlegs réttar foreldra til fæðingarorlofs en um 90,3% mæðranna.

Í framangreindri skýrslu starfshóps sem félags- og tryggingamálaráðherra skipaði og hafði meðal annars það hlutverk að eyða óútskýrðum launamun kynjanna á almennum vinnumarkaði er meðal annars fjallað lítillega um félagslega umgjörð vinnumarkaðarins. Þar kemur meðal annars fram að sveigjanlegur vinnutími hefur verið talinn þýðingarmikill í því skyni að stuðla að betra jafnvægi milli atvinnu- og einkalífs fólks. Fjölskylduvæn vinnumenning skiptir flesta starfsmenn máli einhvern tímann á starfsævinni sama hvaða störfum þeir gegna. Ljóst er að þegar vel tekst til hvað varðar jafnvægi milli atvinnu- og einkalífs skilar það sér margfalt til baka í auknum lífsgæðum fólks sem aftur á móti auka líkur á ánægju og meiri afköstum í starfi.

iii. Kynbundinn launamunur.

Eitt helsta baráttumálið þegar kemur að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði er að eyða kynbundnum launamun sem lengi hefur viðgengist hér á landi. Niðurstöður rannsókna benda til að lítið hafi þokast í að uppræta þennan launamun síðustu árin og virðist því vera um ákveðna stöðnun að ræða að þessu leyti.

Árið 2007 tók Jafnréttisstofa í samstarfi við félagsmálaráðuneyti þátt í sérstöku verkefni sem Evrópuár jafnra tækifæra 2007 styrkti. Markmið verkefnisins var tvíþætt. Annars vegar var því ætlað að bæta þá þekkingu sem til er um kynbundinn launamun og hins vegar að auka umræðuna um kynbundinn launamun með áherslu á umfjöllun um aðferðir til að takast á við hann. Á haustmánuðum 2007 stóð Jafnréttisstofa í samstarfi við félagsmálaráðuneyti því fyrir tveimur málstofum, í Reykjavík og á Akureyri, um kynbundinn launamun sem meðal annars var ætlað að veita tækifæri til að vekja umræður um ólíkar aðferðir sem notaðar hafa verið í því skyni að vinna bug á þeim vanda sem kynbundinn launamunur er. Málstofurnar voru haldnar undir yfirskriftinni *Kynbundinn launamunur – Aðferðir til úrbóta* en þar kynnti Ingólfur V. Gíslason, þáverandi sviðsstjóri rannsóknasviðs Jafnréttisstofu, bráðabirgðaniðurstöður rannsóknar Jafnréttisstofu á kynbundnum launamun sem jafnframt var hluti áðurnefnds verkefnis. Í rannsókninni var unnið úr gögnum frá Hagstofu Íslands um atvinnutekjur þjóðarinnar þar sem meðal annars voru skoðaðar atvinnutekjur og heildartekjur kynjanna, eftir hjúskaparstöðu, aldri og búsetu.

Niðurstöður úr rannsókninni sem Jafnréttisstofa vann sýndu meðal annars að konur hefðu á landsvísu nærri 81% af atvinnutekjum karla þegar tekið hefur verið tillit til vinnutíma og hafði hlutfallið hækkað úr tæpum 74% frá árinu 1991. Ef miðað er við þróunina síðan 2001 þá ættu atvinnutekjur kynjanna að verða jafnar árið 2071. Mestur var munurinn á atvinnutekjum kynjanna í Vestmannaeyjum, en minnstur á þeim svæðum í Reykjavík sem hafa póstnúmerin 101 og 105.

Ríkisstjórn Íslands sem tók við eftir alþingiskosningar í maí 2007 fjallaði sérstaklega um launajafnrétti í stefnuyfirlýsingu sinni frá 23. maí sama ár. Þar var mælt fyrir um að gerð yrði áætlun um að minnka óútskýrðan kynbundinn launamun hjá ríkinu um helming fyrir lok kjörtímabilsins. Enn fremur kom fram vilji ríkisstjórnarinnar til að koma á samvinnu aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera um að leita leiða til að eyða þessum launamun á almennum vinnumarkaði. Þá var tekið fram að tryggja ætti rétt launafólks til að skýra frá launakjörum sínum ef það svo kýs. Hið síðastnefnda var tryggt með nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, sem samþykkt voru frá Alþingi 26. febrúar 2008.

Í samræmi við fyrrnefnda stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar ákváðu félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra í september 2007 að skipa þrjá starfshópa til að fylgja eftir markmiðum er fram koma í stefnuyfirlýsingunni á sviði jafnréttismála og vikið var að hér að framan. Félagsmálaráðherra skipaði tvo hópanna. Öðrum þeirra var ætlað að leita leiða til að eyða óútskýrðum launamun kynjanna á almennum vinnumarkaði sem og að jafna stöðu kvenna og karla í nefndum og við stjórnun stofnana og fyrirtækja. Hinum hópnum var falið að vera ráðherra til ráðgjafar um framvindu mála á þessu sviði og vinna eða láta vinna mat á raunverulegum árangri aðgerða. Fjármálaráðherra skipaði síðan þriðja starfshópinn til að fjalla um sambærileg málefni tengd opinberum vinnumarkaði. Meginverkefni þess starfshóps var að setja fram áætlun um hvernig mætti minnka óútskýrðan launamun kynjanna á opinberum vinnumarkaði með það að markmiði að hann minnki um helming á kjörtímabilinu sem og að endurmeta kjör kvenna hjá hinu opinbera, einkum þeirra stétta þar sem konur eru í miklum meiri hluta. Formenn þessara þriggja hópa mynda jafnframt samráðsvettvang sem samhæfir starf hópanna og fer yfir tillögur þeirra.

Á fyrri hluta árs 2008 fól félags- og tryggingamálaráðuneytið Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera launakönnun sem skyldi ná til vinnumarkaðarins í heild. Frumkvæðið að gerð slíkrar könnunar kom frá ráðgjafahópi félags- og tryggingamálaráðherra um launamun kynjanna sem er einn þriggja framangreindra starfshópa. Taldi ráðgjafahópurinn nauðsynlegt að gera launakönnun sem endurspeglaði vinnumarkaðinn í heild, en flestar kann-

anir sem gerðar hafa verið á kynbundnum launamun hafa eingöngu náð til félagsmanna einstakra stéttarfélaga eða starfsmanna tiltekinna atvinnurekenda. Tilgangur könnunarinnar skyldi jafnframt vera að mynda viðmiðunargrundvöll fyrir síðari launakannanir svo unnt yrði að meta árangur aðgerða ríkisstjórnarinnar og þróun hins kynbundna launamunar.

Niðurstöður fyrrnefndrar könnunar voru gerðar opinberar í október 2008 en könnunin er sú fyrsta hér á landi sem endurspeglar vinnumarkaðinn í heild sinni. Könnunin var þannig gerð að bréf var sent til 2.000 manna úrtaks úr Þjóðskrá meðal fólks á aldrinum 18–67 ára. Gögnum var síðan safnað í gegnum síma á tímabilinu mars til maí vorið 2008 þar sem svarendur greindu frá launum sínum í febrúarmánuði 2008. Svörun var 63% og endurspegluðu svarendur vel vinnumarkaðinn í heild sinni.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að sé miðað við heildarlaun mældist kynbundinn launamunur 16,3% á vinnumarkaðnum í heild. Munurinn er meiri meðal fólks sem starfar á almennum vinnumarkaði og enn meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Hjá hinu opinbera, þ.e. ríki og sveitarfélögum, mældist ekki marktækur kynbundinn launamunur meðal starfsmanna með grunnskólamenntun og með háskólamenntun, en hjá þeim sem falla í flokkinn framhaldsskólamenntaðir mældist hann umtalsverður.

Samkvæmt könnuninni eru konur almennt með 16,3% lægri heildarlaun en karlar að teknu tilliti til vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugreinar, ábyrgðar í starfi o.fl. og 16,4% lægri grunnlaun. Þessi kynbundni launamunur lítur misjafnlega út eftir því hvort opinberi markaðurinn eða einkamarkaðurinn er skoðaður annars vegar og höfuðborgarsvæðið eða landsbyggðin hins vegar. Á opinbera markaðnum mælist hann einungis meðal þeirra sem flokkast sem framhaldsskólamenntaðir, en þar eru konur með 22,1% lægri laun en karlar. Sé litið til einkamarkaðarins eru konur með 18,3% lægri heildarlaun en karlar og 18,9% lægri grunnlaun.

Hinn kynbundni launamunur dreifist ekki jafnt yfir landið og er munurinn meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu eru konur með 9,3% lægri heildarlaun en karlar og 12,8% lægri grunnlaun. Á landsbyggðinni eru konur með 27,5% lægri heildarlaun en karlar og 22,8% lægri grunnlaun. Vegna smæðar úrtaksins var ekki unnt að greina í sundur launamun kynjanna innan opinbera markaðarins eftir því hvort litið var til höfuðborgarsvæðisins eða landsbyggðarinnar. Tölurnar segja til um hversu hlutfallslega lægri laun kvenna eru en karla þegar þættir eins og vinnutími, menntun, starf, aldur, atvinnugrein og ábyrgð í starfi eru jafnir. Þá var einnig tekið tillit til þess hvort einstaklingurinn er sjálfstætt starfandi eða launamaður.

Niðurstöður þessarar könnunar benda til að baráttan fyrir launajafnrétti kynjanna hafi skilað árangri sé litið til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem eru grunnskólamenntaðir eða háskólamenntaðir. Sambærilegur árangur hefur ekki náðst meðal framhaldsskólamenntaðra. Þá virðist launamunur kynjanna vera meiri á einkamarkaðnum og vandinn sýnu mestur á landsbyggðinni.

Starfshópur sá er félagsmálaráðherra skipaði í því skyni að leita leiða til að eyða óútskýrðum launamun kynjanna á almennum vinnumarkaði sem og að jafna stöðu kvenna og karla í nefndum og við stjórnun stofnana og fyrirtækja og áður hefur verið vikið að skilaði ráðherra skýrslu í október 2008. Einn þeirra viðauka sem fylgdu með skýrslunni *er Vegvísir um jafnlaunaúttektir í fyrirtækjum og stofnunum* en í skýrslunni kemur meðal annars fram að vegvísirinn sé nokkurs konar handbók sem byggist á hugmyndum mannauðsstjóra nokkurra stærstu fyrirtækja landsins sem vinna saman í svokölluðum Starfsmannastjóraklúbbi. Fram kemur að fyrrnefndir mannauðsstjórar telja að fara megi einfaldar en árangursríkar leiðir til að auka jafnrétti í launamálum og sneiða hjá þeim umfangsmikla formbúningi sem fylgir

öðrum leiðum. Enn fremur kemur fram að mannauðsstjórarnir telja að unnt sé að ná góðum árangri með því að tryggja þátttöku æðstu stjórnenda hvers fyrirtækis í viðleitni við að koma á launajafnrétti án þess að eyða miklu fé eða fyrirhöfn í starfsmatskerfi eða staðlagerð. Þá kemur fram í skýrslu starfshópsins að hópurinn telur að vegvísirinn muni nýtast vel við þá vinnu við gerð staðals sem hafin er á vegum félags- og tryggingamálaráðherra, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og síðar verður vikið að.

Vert er að geta þess sérstaklega að með fyrrnefndum viðauka við skýrslu áðurnefnds starfshóps fylgdi listi yfir tæplega fimmtíu fyrirtæki sem höfðu kynnt sér vegvísinn og lýst sig reiðubúin til þess að fara þegar í stað að vinna samkvæmt honum. Fram kemur í skýrslu starfshópsins að þegar skýrslan var afhent ráðherra í október 2008 störfuðu hjá þessum fyrirtækjum um fimmtán þúsund manns.

Starfshópurinn taldi einkum þrjár leiðir færar til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun, þ.e. starfsmatsleið, vottunarleið og vegvísisleið, en að mati hópsins eru þessar leiðir náskyldar og hver þeirra útilokar alls ekki aðra. Telur hópurinn eðlilegast að hvert fyrirtæki velji þá leið sem talin er henta best til að stuðla að launajafnrétti kynjanna innan sinna vébanda. Þá leggur starfshópurinn mikla áherslu á að launamyndun sé reglulega til skoðunar innan fyrirtækja og að æðstu stjórnendur þeirra geri sér grein fyrir að þeir hafi veigamiklu hlutverki að gegna í því skyni að eyða kynbundnum launamun. Að mati hópsins á regluleg athugun á upplýsingum um launamyndun að vera sjálfsögð og stöðug líkt og vöktun annarra lykiltalna í rekstri fyrirtækja. Til þess að koma á jafnrétti þurfi að koma til hugarfarsbreytingar enda ljóst að kynbundinn launamunur styðst við gamalgrónar venjur og hegðunarmynstur sem eigi sér djúpar rætur í samfélagsgerðinni. Sökum þessa þurfi að ástunda jafnrétti kynjanna í öllu uppeldis- og skólastarfi frá upphafi skólagöngu í leikskóla til háskóla.

Starfshópur sá er fjármálaráðherra skipaði í því skyni að fjalla um kynbundinn launamun hjá hinu opinbera hefur lagt áherslu á að afla gagna en einnig hefur hópurinn fengið til sín fjölda gesta með sérþekkingu á jafnréttismálum auk sérfræðinga um framkvæmd og úrvinnslu launakannana. Í desember 2008 efndi starfshópurinn til könnunar meðal forstöðumanna ríkisstofnana um ýmislegt sem lýtur að stjórnun starfsmannamála, jafnrétti og launamun kynjanna enda ljóst að forstöðumenn ríkisstofnana munu gegna lykilhlutverki í öllum beinum aðgerðum til að draga úr launamun kynjanna hjá hinu opinbera. Þátttaka í könnuninni var góð eða 65%. Niðurstöður könnunarinnar liggja enn ekki fyrir en þær verða hafðar til hliðsjónar við mótun tillagna starfshópsins um leiðir til að draga úr launamun kynjanna hjá hinu opinbera.

Þegar frumvarp til nýrra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var til umræðu á Alþingi á 135. löggjafarþingi fjallaði félags- og tryggingamálanefnd þingsins ítarlega um þann möguleika að koma á vottunarkerfi vegna framkvæmdar ákvæða jafnréttislaga og jafnlaunastefnu hjá þeim aðilum er lögin um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er ætlað að ná til. Í kjölfar umfjöllunar nefndarinnar lagði nefndin til að sett yrði við lögin ákvæði til bráðabirgða sem legði þá skyldu á félagsog tryggingamálaráðherra að sjá til þess í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins að þróað yrði sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir. Var miðað við að þeirri vinnu yrði lokið fyrir 1. janúar 2010. Var fyrrnefnd tillaga nefndarinnar samþykkt í meðförum þingsins. Í áliti nefndarinnar um frumvarpið var tekið fram að nefndin ætlaði að fylgja því eftir að nauðsynlegar lagabreytingar yrðu gerðar til að innleiða vottunarkerfið en ljóst væri að þróun slíks kerfis kostaði tíma og fjármuni.

Þá var gerð sérstök bókun við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar 2008 þar sem áhersla var lögð á samvinnu samtaka aðila vinnumarkaðarins í jafnréttismálum

á samningstímanum. Í þeirri bókun var meðal annars miðað við að vinna „við að þróa ferli vegna vottunar á framkvæmd jafnréttisstefnu fyrirtækja hefjist nú þegar og skal stefnt að því að það verði tilbúið fyrir árslok 2009“.

Haustið 2008 hófust viðræður milli fulltrúa félags- og tryggingamálaráðuneytis, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um framkvæmd bráðabirgðaákvæðis laganna og bókunarinnar við kjarasamninganna sem getið er hér að framan. Niðurstaða þeirra viðræðna var að fela Staðlaráði Íslands umsjón með gerð staðals og undirrituðu félags- og tryggingamálaráðherra, forseti Alþýðusambands Íslands og aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins viljayfirlýsingu þess efnis 24. október 2008. Í viljayfirlýsingunni kom meðal annars fram að Staðlaráði Íslands yrði falin umsjón með gerð staðals sem notaður yrði til að sannreyna hvort launa- og starfsmannastefna stofnana og fyrirtækja samræmist stefnu um launajafnrétti kynja og jafnrétti við ráðningar og uppsagnir.

Stjórn Staðlaráðs hefur skipað sérstaka tækninefnd sem stýrir verkefninu og hefur hagsmunaaðilum verið boðið sæti í nefndinni. Tækninefndin hefur þegar hafið störf og er Hildur Jónsdóttir, jafnréttisfulltrúi félags- og tryggingamálaráðuneytis, formaður nefndarinnar. Stefnt er að því að vinnu við gerð staðalsins ljúki á árinu 2009.

Á grundvelli samstarfssamnings Hagstofu Íslands, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um rannsókn á launamun kvenna og karla, sem gerður var í framhaldi af bókuninni við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá febrúar 2008 og getið er hér að framan, hefur Hagstofa Íslands unnið að framkvæmd þríþætts rannsóknarverkefnis þar sem dregnar eru saman helstu aðferðir og skýringabreytur sem fræðikenningar um launamun hafa sett fram til þessa, fjallað er um kosti og galla þeirra gagna sem Hagstofa Íslands hefur tiltæk til að reikna launamun karla og kvenna, auk þess sem ætlunin er að setja fram tillögur að grundvelli útreiknings á launamun karla og kvenna. Áætlað er að vinnunni ljúki með gerð skýrslu í febrúar 2009. Í framhaldinu verða teknar ákvarðanir um frekari útgáfu hagtalna á grundvelli niðurstaðna rannsóknarinnar.

iv. Kynbundið starfsval.

Íslenskur vinnumarkaður er enn mjög kynskiptur, bæði hvað varðar hlutfall kynjanna innan ólíkra starfsgreina og að því er varðar hlutfall kynjanna í stjórnunarstöðum. Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna á innlendum vinnumarkaði hefur aukist frá árinu 2002. Hlutur háskólamenntaðra var 17,5% alls vinnuafls árið 2002 en var 26,3% árið 2007. Hlutur háskólamenntaðra kvenna hefur haldið áfram að aukast en árið 2002 voru þær 47,1% af starfandi háskólamenntuðu vinnuafli en árið 2006 voru þær 52,1%. Heldur dró saman með kynjunum árið 2007 en þá var hlutur háskólamenntaðra kvenna 50,7%. Þá hefur hlutur kvenna meðal starfsfólks með grunnmenntun minnkað en árið 2005 var hlutur kvenna með grunnmenntun 51% vinnuafls með grunnmenntun en var 47,4% árið 2007. Til samanburðar var hlutur kvenna með grunnmenntun 54,4% vinnuafls með grunnmenntun á íslenskum vinnumarkaði árið 2002.

Eins og sjá má á töflu 6 urðu ekki miklar breytingar á hlutfalli kynjanna innan einstakra starfsgreina árin 2005–2007. Bæði konum og körlum fjölgaði í hópi stjórnenda og embættismanna á þessu tímabili en þó voru karlar enn í miklum meiri hluta eða rúm 70% árið 2007. Konum fjölgaði einnig meðal sérmenntaðs starfsfólks úr 14.600 árið 2005 í 17.100 árið 2007 eða úr 56,8% í 60,9% þeirra sem teljast til sérmenntaðs starfsfólks. Þá fjölgaði körlum er starfa við þjónustu og verslun úr 11.000 í 14.000 á sama tímabili. Meiri hluti þeirra sem starfa við þjónustu og verslun er þó konur eða 61,9% á móti 38,9% karla.

Tafla 6. Starfsgreinar skipt eftir kyni 2005–2007 (%)

	2005	2006	2007
Stjórnendur og embættismenn	**7,5**	**8,6**	**9,3**
Karlar	10,3	11,1	12,0
Konur	4,3	5,5	6,1
Sérfræðingar	**17,4**	**17,5**	**17,6**
Karlar	15,4	15,5	15,8
Konur	19,6	19,9	19,7
Sérmenntað starfsfólk	**15,9**	**15,4**	**15,8**
Karlar	12,9	11,1	11,4
Konur	19,3	20,4	21,2
Skrifstofufólk	**7,7**	**7,4**	**6,9**
Karlar	2,2	2,6	1,9
Konur	13,9	13,1	12,8
Þjónustu- og verslunarfólk	**20,0**	**19,8**	**20,7**
Karlar	12,8	13,4	14,5
Konur	28,1	27,4	28,1
Bændur og sjómenn	**5,0**	**4,8**	**4,1**
Karlar	7,3	7,1	6,1
Konur	2,4	2,1	1,6
Sérhæft iðnaðarstarfsfólk	**13,0**	**13,2**	**12,1**
Karlar	21,6	21,6	20,0
Konur	3,2	3,2	2,7
Véla- og vélagæslufólk	**5,9**	**5,7**	**5,6**
Karlar	10,2	9,8	9,8
Konur	1,0	0,9	0,7
Ósérhæft starfsfólk	**7,7**	**7,6**	**7,9**
Karlar	7,3	7,6	8,7
Konur	8,1	7,5	7,0

Heimild: Hagstofa Íslands.

Þá voru konur enn fámennar í hópi bænda og sjómanna í lok árs 2007 og hafði þeim þá fækkað milli áranna 2005 og 2007 úr 22% í 18%. Samgönguráðuneytið lét gera úttekt á störfum kvenna á skipum í íslenskri útgerð. Markmiðið var að kanna fjölda þeirra kvenna sem sækja sjóinn á Íslandi, starfsaðstæður þeirra og upplifun þeirra af starfinu. Niðurstöður úttektarinnar sýndu að konur eru í miklum minni hluta sjómanna en þær dreifast nokkuð jafnt á allar gerðir skipa enda þótt þær séu fjölmennastar á fiskiskipum. Ástæðu þessa var talið að mætti rekja til menningarbundinna þátta sem tengjast kynskiptum vinnumarkaði og takmörkuðum vilja fólks til að haga sér í ósamræmi við ímynd karlmennsku og kvenleika. Með þessari kynbundnu hugmyndafræði er ýtt undir þá trú að sjómennska teljist ekki hentugur starfsvettvangur fyrir konur. Aðrir þættir, svo sem fjölskylduábyrgð kvenna, eru einnig taldir hafa áhrif sem og minnkandi framboð á störfum á sjó. Reynsla kvenna af störfum á sjó er afar misjöfn en algengara virðist þó að hún sé jákvæð en neikvæð. Aukin þátttaka kvenna í fiskveiðum hefur venjulega átt sér stað þegar þörf er á vinnuafli og tengist uppgangi í atvinnugreininni. Endurnýjun vinnuafls innan sjómannastéttarinnar hefur verið lítil á undanförnum árum og er stéttin því að eldast. Ungar konur og ungir menn sækja því ekki í miklum mæli inn í greinina auk þess sem konur virðast síður hvattar til þess að leggja fyrir sig sjómennsku en karlar.

Einnig hefur orðið nokkur breyting í hópi ósérhæfðs starfsfólks samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Árið 2005 voru 48,8% ósérhæfðs starfsfólk konur en hlutfall þeirra minnkaði á tímabilinu og var orðið 40% árið 2007. Í því skyni að gefa ungu fólki aukin tækifæri til að taka eigin ákvarðanir varðandi framtíð sína, þar á meðal val á námi og starfi í samræmi við áhugasvið sitt, hafa félags- og tryggingamálaráðuneytið, Jafnréttisstofa og fimm sveitarfélög gert með sér samstarfssamning um þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum.* Sveitarfélögin fimm eru Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður,

Mosfellsbær og Akureyrarkaupstaður en hvert þeirra hefur tilnefnt einn leikskóla og einn grunnskóla til þátttöku í verkefninu. Meginmarkmið verkefnisins eru meðal annars að efla jafnréttisfræðslu og gera hana markvissari þegar við upphaf skólagöngu og að samþætta kynjasjónarmið í kennslu. Enn fremur er verkefninu ætlað að stuðla að aukinni samvinnu milli einstakra sveitarfélaga sem og innan þeirra um jafnréttismál almennt og á sviði skólamála. Verkefnið á sérstaka heimasíðu (http://www.jafnrettiiskolum. is) þar sem er að finna upplýsingar um jafnréttisfræðslu auk upplýsinga um verkefni sem unnt er að nota í skólastarfi. Þá er gert ráð fyrir að unnt verði að fylgjast með framgangi tilraunaverkefnanna sem fram fara í skólunum, læra af þeim og koma með ábendingar. Áætlað er að skólarnir vinni og útfæri tilraunaverkefnin á yfirstandandi skólaári 2008–2009 en ráðgert er að þróunarverkefninu ljúki vorið 2009. Þegar hefur komið í ljós við framkvæmd verkefnisins að efla þarf kynjafræðilegan þekkingargrunn kennara og auka þekkingu þeirra á jafnréttismálum. Jafnréttisstofa hefur vakið athygli háskólanna í landinu á mikilvægi kynjafræði í menntun kennara en forsenda markvissrar jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum er vel menntaðir kennarar. Í því sambandi er vert að taka fram að Menntasvið Reykjavíkurborgar býður grunnskólakennurum í Reykjavík upp á jafnréttisnám í vetur (2008–2009) í samstarfi við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

v. Staða kvenna og karla innan opinberrar stjórnsýslu.

Árið 2007 störfuðu 9.000 einstaklingar við opinbera stjórnsýslu samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands og nam það 5,1% af heildarfjölda starfandi á innlendum vinnumarkaði. Meðal þeirra sem störfuðu við opinbera stjórnsýslu árið 2007 var skiptingin jöfn meðal kynjanna eða 4.500 karlar og jafn margar konur. Þeim sem starfa við opinbera stjórnsýslu hefur því fjölgað um 1.600 frá árinu 2005 eða um 23%. Körlum hefur þar fjölgað lítils háttar meira en konum eða 27% á móti 20%. Er það viðsnúningur frá því sem áður var þar sem konum sem starfa við opinbera stjórnsýslu hafði fjölgað meira en körlum frá árinu 2002 til ársins 2005.

Lítil breyting hefur orðið á skipan kvenna og karla í einstök embætti hjá hinu opinbera en fleiri karlar en konur gegna embættum innan opinberrar stjórnsýslu. Tvær konur bættust í hóp ráðuneytisstjóra frá því að síðasta skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu og þróun í jafnréttismálum var gerð í ársbyrjun 2007 þannig að fjórar konur gegndu því embætti í lok árs 2008 eða 33%. Samtals eru starfandi tólf ráðuneytisstjórar. Árið 2007 voru 27% skrifstofustjóra hjá ráðuneytum konur og 73% karlar samkvæmt upplýsingum Jafnréttisstofu en til skrifstofustjóra teljast sendiherrar, skrifstofustjórar og sendifulltrúar sem stjórna skrifstofum. Er það lítil breyting frá árinu 2006 þegar 26,3% skrifstofustjóra voru konur. Samkvæmt sömu upplýsingum eru 56% sérfræðinga innan Stjórnarráðsins konur og 44% karlar en 32% deildarstjóra eru konur á móti 68% karla. Meðal deildarstjóra eru jafnframt sendifulltrúar og sendiráðunautar innan utanríkisþjónustunnar.

Utanríkisráðuneytið hefur sérstaklega hugað að ráðningu kvenna frá árinu 1998 eins og fram kom í síðustu skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála. Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu hefur konum sem gegna embættum sendiherra fjölgað um tvær frá árinu 2006 þegar sex konur voru starfandi sem sendiherrar en í árslok 2008 voru átta konur sendiherrar eða 20% sendiherra. Í árslok 2007 voru fimm konur starfandi sem sendiherrar eða 13,5%. Sendiherrar voru 39 talsins árið 2006, 37 árið 2007 og 40 árið 2008. Milli áranna 2007 og 2008 bættist enginn karl í hóp sendiherra en þeir voru 32 talsins í árslok 2008 eða 80% sendiherra. Þegar litið er til annarra starfa innan utanríkisþjónustunnar fækkaði bæði konum og körlum í hópi sendifulltrúa en 24 sendifulltrúar voru starfandi í árslok

2007, þar af þrjár konur eða 12,5%, og 21 sendifulltrúi í árslok 2008, þar af tvær konur eða 9,5%. Kynjahlutfallið er mun jafnara meðal þeirra sem gegna störfum sendiráðunauta og sendiráðsritara. Fleiri konur en karlar gegna stöðu sendiráðsritara eða 52% í árslok 2008 enda þótt körlum hafi fjölgað um fjóra á móti þremur konum árið 2008. Konur voru 47% sendiráðunauta í árslok 2008.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands sem byggjast á lista yfir ríkisstofnanir og forstöðumenn þeirra sem birtur er á vef fjármálaráðuneytis voru 162 karlar forstöðumenn ríkisstofnana í janúar 2007 eða 77%. Konum hefur ekki fjölgað í hópi forstöðumanna ríkisstofnana enda þótt hlutfall þeirra hafi aukist um 2% á árunum 2004–2007 úr 21% í 23%. Bæði í apríl 2004 og janúar 2007 gegndu 48 konur embættum forstöðumanna ríkisstofnana.

Samtals voru 24 sýslumenn starfandi samkvæmt vef sýslumanna í byrjun janúar 2009 en þar af voru sex konur eða 25% sýslumanna. Hefur konum fjölgað um eina frá árinu 2006 er fimm konur gegndu embætti sýslumanna. Í febrúar 2007 voru 839 lögreglumenn að störfum, þar af 737 karlar eða 88% og 102 konur eða 12%. Lögreglukonum hefur því haldið áfram að fjölga frá árinu 2005 þegar þær voru 10% lögreglumanna en árið 1996 voru konur 4% lögreglumanna. Engin kona gegndi embætti yfirlögregluþjóns í febrúar 2007 en 24 karlar voru yfirlögregluþjónar. Ein kona var aðstoðaryfirlögregluþjónn en 26 karlar. Enn fremur var ein konar aðalvarðstjóri af samtals 46 aðalvarðstjórum eða 2% og sex konur gegndu stöðu varðstjóra eða 4,2%. Í árslok 2008 voru fimmtán lögreglustjórar við störf en þar af voru þrjár konur eða 20%.

vi. Staða kvenna og karla hjá dómstólum.

Samkvæmt upplýsingum frá dómstólaráði störfuðu samtals 38 héraðsdómarar við átta héraðsdómstóla árið 2008. Er þá átt við héraðsdómara sem hafa verið skipaðir í embætti. Árið 2008 voru tólf konur héraðsdómarar eða 32% dómara. Einn dómstjóri starfar við hvern héraðsdómstól og voru þeir allir karlar í árslok 2008. Til samanburðar voru 38% dómstjóra konur árið 2004. Þegar litið er til skiptingar kynja dómaranna eftir landshlutum þá er ein kona starfandi við dómstól á landsbyggðinni en samtals ellefu konur starfa við Héraðsdóm Reykjavíkur og Héraðsdóm Reykjaness. Ellefu aðstoðarmenn héraðsdómara voru starfandi við árslok 2008, þ.e. sjö konur og fjórir karlar. Engar breytingar urðu á kynjahlutföllum meðal hæstaréttardómara við Hæstarétt Íslands frá gerð síðustu skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála. Þar starfa níu dómarar, þ.e. tvær konur og sjö karlar. Skipað var í eina stöðu hæstaréttardómara árið 2007 og var karl skipaður. Fjórir aðstoðarmenn hæstaréttardómara eru starfandi og eru þeir allir konur. Skrifstofustjóri Hæstaréttar er karl.

vii. Konur í atvinnurekstri.

1. Konur í forystu fyrirtækja.

Hlutur kvenna á íslenskum vinnumarkaði var tæplega 46% árið 2007 samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Þegar skipan í áhrifastöður er skoðuð kemur fram að 19% framkvæmdastjóra fyrirtækja á innlendum vinnumarkaði voru konur árið 2007. Eins og sjá má á töflu 7 hafði hlutfall kvenna meðal framkvæmdastjóra því lítið breyst frá árinu 2005 þegar 18% framkvæmdastjóra voru konur. Konum fjölgaði um 222 í hópi framkvæmdastjóra á þessu tímabili en á sama tíma fjölgaði körlum um 657 í sama hópi. Þegar eingöngu er litið til nýskráðra fyrirtækja þá voru konur um 23% framkvæmdastjóra árið 2007 en þær voru 22% árið 2005.

Tafla 7. Hlutfall kynjanna meðal framkvæmdastjóra, stjórnarformanna og stjórnarmanna fyrirtækja á árunum 2005–2007.

	2005		2006		2007	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Framkvæmdastjórar	82	18	82	18	81	19
Stjórnarformenn	78	22	78	22	78	22
Stjórnarmenn	78	22	78	22	78	22

Heimild: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands hefur tekið saman kyngreindar upplýsingar um framkvæmdastjóra eftir atvinnugreinum. Hlutfallslega flestar konur störfuðu sem framkvæmdastjórar fyrirtækja er starfa við samfélagsþjónustu, félagastarfsemi, menningarstarfsemi og fleira eða 44% árið 2007. Enn fremur var 40% framkvæmdastjóra fyrirtækja sem sinna fræðslustarfsemi konur og 34% framkvæmdastjóra fyrirtækja innan heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þegar litið er til fjöldatalna fyrir árið 2007 voru flestar konur framkvæmdastjórar í fyrirtækjum tengdum verslun og ýmiss konar viðgerðarþjónustu eða 485 konur sem svara til 24% framkvæmdastjóra í þeirri atvinnugrein. Í fyrirtækjum er starfa við fasteignaviðskipti, leigustarfsemi eða veita ýmsa sérhæfða þjónustu störfuðu 478 konur sem framkvæmdastjórar eða 19% framkvæmdastjóra í þeirri atvinnugrein árið 2007. Konur eru fámennar meðal framkvæmdastjóra fjölmennu fyrirtækjanna. Samtals störfuðu fimmtán konur sem framkvæmdastjórar í fyrirtækjum með 100 eða fleiri starfsmenn árið 2007 á móti 150 körlum. Konur voru því 9% framkvæmdastjóra í þessum fyrirtækjum árið 2007. Til samanburðar voru fimm konur framkvæmdastjórar fyrirtækja með 100 eða fleiri starfsmenn árið 1999 eða 3,4%, átta konur árið 2002 eða 5,4% og fjórtán konur árið 2005 eða 8,9%.

Konur gegndu störfum 22% stjórnarformanna í fyrirtækjum á innlendum vinnumarkaði árið 2007 sem og 22% stjórnarmanna samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Konur voru hlutfallslegar flestar sem stjórnarformenn í sömu atvinnugreinum og þær voru hlutfallslega flestar sem framkvæmdastjórar. Stjórnarformenn fyrirtækja er störfuðu við samfélagsþjónustu, félagastarfsemi, menningarstarfsemi og fleira voru 38% konur og 62% karlar árið 2007. Einnig voru 37% stjórnarformenn fyrirtækja í fræðslustarfsemi konur sem og 32% stjórnarformanna í fyrirtækjum er sinna heilbrigðis- og félagsþjónustu. Sama á við þegar litið er til fjöldatalna. Flestar konur voru stjórnarformenn í fyrirtækjum á sviði verslunar og ýmiss konar viðgerðarþjónustu eða 680 konur sem svara til 29% stjórnarformanna fyrirtækja í þessari atvinnugrein. Þá voru 553 konur stjórnarformenn í fyrirtækjum er starfa við fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og veita ýmsa sérhæfða þjónustu eða 19% stjórnarformanna. Þá voru konurnar fæstar í hópi stjórnarformanna fyrirtækja með 100 eða fleiri starfsmenn eða fimmtán konur árið 2007 sem svara til 9,6% stjórnarformanna. Til samanburðar voru sex konur stjórnarformenn í fyrirtækjum með 100 eða fleiri starfsmenn árið 1999 eða 5%, þrjár konur árið 2002 eða 2,6% og níu konur árið 2005 eða 6,8%. Konum hefur því fjölgað í hópi framkvæmdastjóra og stjórnarformanna í fyrirtækjum á innlendum vinnumarkaði frá árinu 1999 enda þótt konur séu enn í miklum minni hluta samanborið við fjölda karla í þessum störfum.

Konum fjölgaði ekki hlutfallslega í stjórnum fyrirtækja á árunum 2005–2007 og voru þær 22% stjórnarmanna bæði árið 2005 og 2007. Þeim hefur þó fjölgað á tímabilinu um tæplega 400; árið 2007 áttu 4.898 konur sæti í stjórnum fyrirtækja en árið 2005 sátu 4.517 konur í stjórnum fyrirtækja. Körlum fjölgaði einnig á tímabilinu um tæplega 1.100; 16.874 stjórnarmenn voru karlar árið 2007 en höfðu verið 15.777 árið 2005. Hlutfall kvenna í stjórnum fyrir-

tækja með 100 starfsmenn eða fleiri hækkaði lítillega á tímabilinu úr 10% árið 2005 í 11,5% árið 2007. Árið 2005 áttu 52 konur sæti í stjórnum þessara fyrirtækja en 65 konur árið 2007.

Þegar litið er til stjórna félaga í úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands í janúar 2007 sátu 80 karlar og þrjár konur í stjórnum þeirra þannig að 96% stjórnarmanna voru karlar og 4% konur. Samtals var um að ræða fimmtán félög samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands en engar konur sátu í stjórnum tólf þeirra.

Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst hefur tekið saman upplýsingar um jafnrétti í 100 stærstu fyrirtækjum landsins miðað við ársveltu þeirra í samvinnu við iðnaðarráðuneytið, viðskiptaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnurekstri, Jafnréttisstofu og Jafnréttisráð. Upplýsingarnar hafa verið birtar undir verkefninu jafnréttiskennitalan fyrir árin 2005, 2007 og 2008. Tilgangur verkefnisins er einkum að kanna hlutfall karla og kvenna í stjórnum og meðal æðstu stjórnenda þessara fyrirtækja. Könnunin frá árinu 2007 var framkvæmd vorið 2007 og var farið eftir stöðu fyrirtækjanna á þeim tímapunkti. Upplýsinganna var aflað hjá Lánstrausti og miðað við nýjustu tölur um ársveltu fyrirtækjanna. Sökum þess að miðað er við ársveltu fyrirtækjanna var hluti fyrirtækjanna í úrtakinu eignarhaldsfélög með mjög fáa starfsmenn. Fyrirtæki sem voru að öllu leyti í eigu erlendra aðila voru tekin út úr úrtakinu sem og þau sem höfðu enga starfsemi hér á landi ásamt opinberum fyrirtækjum. Niðurstöðurnar sýndu að konur skipuðu 8% stjórnarsæta hjá þessum fyrirtækjum eða 32 af 408 sætum. Árið 2005 var hlutfall þeirra 12%. Engin kona sat í stjórn í 71% fyrirtækjanna. Tólf fyrirtækjanna voru með konur í þriðjungi eða hærra hlutfalli stjórnarsæta. Í þremur fyrirtækjanna voru konur stjórnarformenn en árið 2005 voru fimm af 100 stærstu fyrirtækjunum með konu sem stjórnarformann. Þá voru konur 14% meðal æðstu stjórnenda fyrirtækjanna eða 46 konur af 328 forstjórum og framkvæmdastjórum. Hlutfall kvenna meðal æðstu stjórnenda fyrirtækja var 10% árið 2005.

Framkvæmd könnunarinnar fyrir jafnréttiskennitöluna árið 2008 var mjög svipuð og sú könnun sem gerð var fyrir árið 2007. Miðað var við stöðu fyrirtækjanna vorið 2008 þegar könnunin var gerð. Auk þeirra fyrirtækja sem tekin voru út úr úrtakinu 2007 voru í könnuninni árið 2008 einnig tekin út fyrirtæki með færri en tíu starfsmenn auk þess sem könnunin náði til 120 stærstu fyrirtækjanna miðað við ársveltu í stað 100 áður. Árið 2008 skipuðu konur 13% stjórnarsæta í 120 stærstu fyrirtækjum landsins eða 61 af 467 stjórnarsætum. Þegar þessar tölur eru bornar saman við jafnréttiskennitöluna fyrir árið 2007 þarf að hafa í huga að 20 fleiri fyrirtæki voru með í könnunni árið 2008. Þrettán fyrirtækjanna voru með konur í sæti stjórnarformanns sem er töluverð fjölgun frá árinu áður. Í 29 fyrirtækjum var þriðjungur eða hærra hlutfall stjórnarmanna konur en 58% fyrirtækjanna höfðu engar konu í stjórn. Enn fremur var kona æðsti stjórnandi fyrirtækjanna í 8% fyrirtækjanna en konur voru 19% meðal æðstu yfirmanna fyrirtækjanna eða 72 konur af 378 yfirmönnum.

Hagstofa Íslands hefur jafnframt tekið saman upplýsingar um stjórnir stærstu lífeyrissjóðanna árin 2004–2006. Á tímabilinu fjölgaði konum í stjórnum lífeyrissjóðanna um þrettán og var samtals 31 kona árið 2006. Þessi fjölgun hafði þau áhrif að hlutfall þeirra fór úr 14% stjórnarmanna í 27%. Körlum fækkaði á sama tímabili um 29 og voru samtals 85 karlar í stjórnum stærstu lífeyrissjóðanna árið 2006 eða sem nemur 73% stjórnarmanna.

Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að efla hlut kvenna í atvinnurekstri. Viðskiptaráðuneytið hefur meðal annars staðið fyrir námsstefnum, annars vegar í janúar 2007 undir yfirskriftinni *Virkjum kraft kvenna* og hins vegar *Virkum fjármagn kvenna* í mars 2008. Síðari námsstefnunni var ætlað að höfða til kvenna sem fjárfesta en báðar námsstefnurnar voru vel sóttar. Í janúar 2008 birtist auglýsing í helstu dagblöðum landsins þar sem yfir hundrað konur lýstu sig reiðubúnar til stjórnarsetu í stærstu fyrirtækjum landsins. Félag kvenna í atvinnurekstri

og *LeiðtogaAuður,* félag kvenna í stjórnendastöðum stærstu fyrirtækja landsins, stóðu á bak við auglýsinguna í þeim tilgangi að hvetja fyrirtæki til að tilnefna konur jafnt sem karla í stjórnir. Listi yfir félagskonur í *LeiðtogaAuði* er að finna á heimasíðu félagsins þar sem einnig er að finna ferilskrá þeirra (http:// www.leidtogaaudur.is). *LeiðtogaAuður* varð til í tengslum við verkefnið *Auður í krafti kvenna* sem stóð yfir á tímabilinu 2000–2003 og var ætlað að auka þátttöku kvenna í atvinnusköpun. Þá hefur Impra sem starfar innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands staðið áfram fyrir námskeiðinu *Brautargengi* sem sérstaklega er ætlað konum með nýjar viðskiptahugmyndir og konum í atvinnurekstri. Námskeiðið hefur verið haldið frá árinu 1996 við góðar undirtektir kvenna.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur veitt styrki til kvenna sem hafa góðar viðskiptahugmyndir frá árinu 1991. Markmið verkefnisins er að styrkja stöðu kvenna á vinnumarkaði með því að auka aðgengi þeirra að fjármagni og efla atvinnusköpun þeirra. Árlega hefur 15–25 milljónum króna verið úthlutað í fjölbreytt verkefni en árin 2007 og 2008 var ráðstöfunarfé sjóðsins aukið. Voru því um 50 milljónir króna til ráðstöfunar árið 2008. Vinnumálastofnun hefur annast framkvæmd verkefnisins og er starfsstöð starfsmannsins sem sinnir verkefninu á Sauðárkróki. Hlutverk hans er meðal annars að annast ráðgjöf og sinna eftirfylgni við styrkþega. Árið 2006 fengu 43 konur styrki, 60 konur árið 2007 og 56 konur árið 2008. Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna á vefsíðu þess (http://www.atvinnumalkvenna.is).

2. Úttekt á opinberum stuðningi við konur í atvinnurekstri.

Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands var falið að vinna úttekt fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið á því hvort samþættingarsjónarmið hafi verið lögð til grundvallar við töku ákvarðana um styrki, lán og fjárfestingar og hvaða árangur hefur orðið af verkefnum undanfarinna ára sem hafa haft það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri á vegum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Impru sem starfar innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Rannsóknastofan skilaði skýrslu um verkefnið á haustmánuðum 2007 en úttektin tók til áranna 1999–2005.

Í skýrslunni kom meðal annars fram að á fyrstu tveimur starfsárum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins höfðu um 15% umsókna sem bárust sjóðnum komið frá konum en sjóðurinn tók til starfa 1. janúar 1998. Haustið 1999 samþykkti stjórn sjóðsins að taka þátt í verkefninu *Auður í krafti kvenna* sem ætlað var sérstaklega að efla atvinnusköpun kvenna. Þegar verkefninu lauk árið 2003 höfðu 1.480 konur tekið þátt í þeim sex þáttum sem *Auður í krafti kvenna* bauð upp á. Þátttaka sjóðsins í verkefninu *Auður í krafti kvenna* þykir sýna ákveðinn skilning á mikilvægi þess að virkja konur í atvinnusköpun en þrátt fyrir það fengu mun fleiri karlar en konur styrki frá sjóðnum á tímabilinu 1999– 2005. Í skýrslunni kemur fram að karlar voru stjórnendur í meiri hluta þeirra fyrirtækja sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjárfesti í á tímabilinu 1999–2005. Færri konur en karlar hafa sótt um styrki úr sjóðnum en þeim konum sem hafa sótt um hefur í nánast öllum tilvikum verið synjað þar sem verkefni þeirra hafa ekki þótt standast kröfur sjóðsins. Synjanir sjóðsins voru allar rökstuddar með sama hætti þar sem fram kom að sjóðurinn tæki eingöngu þátt í verkefnum sem ekki væru í samkeppni við önnur verkefni eða fyrirtæki. Enn fremur er tekið fram í skýrslunni að upplýsingar um styrki eru ekki kyngreindar í ársskýrslum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og reyndist erfitt að afla upplýsinga um kynjaskiptingu styrkþega. Þyrfti því að bæta gagnabanka sjóðsins varðandi kyngreindar upplýsingar um umsækjendur og verða þau mál tekin til endurskoðunar.

Þá var það niðurstaða úttektarinnar að mikilvægt væri að auka aðgerðir til stuðnings konum í atvinnurekstri en þar á meðal væri brýnt að efla námskeiðið *Brautargengi* hjá Impru þannig að það yrði aðgengilegt konum óháð búsetu. Kemur fram að reynsla kvennanna af námskeiðinu hefði verið mjög góð en í símakönnun sem gerð var árið 2005 meðal kvenna sem sótt höfðu námskeiðið á tímabilinu 1996–2005 töldu 90% þeirra að námskeiðið hefði verið þeim sá drifkraftur sem þær höfðu vænst fyrirfram af því. Enn fremur kemur fram að uppbygging tengslanets kvenna og áframhaldandi vinna með þeim sem hefðu sótt námskeiðið væri mikilvæg.

C. Stjórnmálaþátttaka kvenna og karla.

i. Alþingi.

Alþingiskosningar voru haldnar vorið 2007 en þá náðu 20 konur kjöri sem nam 31,7% þingmanna og 43 karlar eða 68,3%. Þarna var tekið lítið framfaraskref frá kosningunum árið 2003 þegar hlutur kvenna fór niður í 30% eftir að hlutur kvenna á Alþingi varð 35% eftir alþingiskosningarnar 1999. Hins vegar verður einnig að líta til þess að þegar þing kom saman haustið fyrir þingkosningarnar 2007 áttu 23 konur sæti á Alþingi, sem nam 37% þingsæta. Athyglisvert er jafnframt að í lok desember 2008 var staðan aftur orðin sú sama og hún var haustið 2006 er konur sátu í 37% þingsæta.

Þegar litið er til kjörinna þingmanna eftir kjördæmum eftir alþingiskosningarnar 2007 sést að flestar konurnar komu úr Suðvesturkjördæmi eða samtals sex konur samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Úr því kjördæmi komu reyndar jafnmargar konur og karlar. Engin kona náði kjöri í Norðvesturkjördæmi en þaðan náðu níu þingmenn kjöri. Þá náði ein kona kjöri í Suðurkjördæmi eða 10% þingmanna úr því kjördæmi. Í öðrum kjördæmum var kynjaskipting þingmanna jafnari en af þeim var hlutur kvenna lægstur 36,4% í Reykjavíkurkjördæmi norður. Þegar kyn þingmanna sem sátu á Alþingi í lok árs 2008 er skoðað eftir kjördæmum kemur í ljós að konum fjölgaði í Suðurkjördæmi og Norðvesturkjördæmi en kynjahlutfallið í öðrum kjördæmum hélst óbreytt. Þannig hafði konum í Suðurkjördæmi fjölgað um tvær og voru því 30% þingmanna úr því kjördæmi. Ein kona bættist við hóp þingmanna Norðvesturkjördæmis en engin kona hafði náð þar kjöri eins og áður sagði.

Kona gegndi fyrst ráðherraembætti hér á landi árið 1983 en árið 1999 gegndu í fyrsta skipti fleiri en ein kona ráðherraembætti á sama tíma er þrjár konur gegndu ráðherraembætti. Við myndun nýrrar ríkisstjórnar eftir kosningarnar árið 2007 gegndu fjórar konur ráðherraembætti af tólf ráðherrum eða um þriðjungur ráðherra og var það sami fjöldi kvenna og gegnt hafði ráðherraembætti í fráfarandi ríkisstjórn. Þriðjungur formanna fastanefnda Alþingis er konur þar sem konur gegna formennsku í fjórum fastanefndum af tólf auk þess sem tvær konur gegna varaformennsku. Hlutfall þingkvenna er hæst í iðnaðarnefnd en þar sitja sex konur á móti þremur körlum eða 66,7% nefndarmanna. Einnig sitja fleiri konur en karlar í heilbrigðisnefnd og umhverfisnefnd en þar eru 55,6% nefndarmanna konur. Bæði í menntamálanefnd og samgöngunefnd eru konur 44,4% nefndarmanna og 38,9% í utanríkismálanefnd. Í fimm nefndum þingsins sitja einungis tvær konur á móti sjö körlum þannig að konur eru 22% nefndarmanna í hverri nefnd. Þetta eru allsherjarnefnd, efnahags- og skattanefnd, félags- og tryggingamálanefnd, sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og viðskiptanefnd.

Enn er langt í land með að jöfnu hlutfalli kynjanna verði náð meðal kjörinna þingmanna Alþingis. Ljóst er að þeir stjórnmálaflokkar sem bjóða fulltrúa sína fram til að gegna þingmennsku bera hér mikla ábyrgð. Þegar framboðslistar fyrir alþingiskosningar eru settir saman verður að tryggja eins og kostur er að konur jafnt sem karlar eigi jafna möguleika á að ná kjöri. Enn fremur er ljóst að þegar kemur að skiptingu verkefna innan Alþingis, svo sem setu

í fastanefndum þingsins, bera þeir flokkar sem sæti eiga á Alþingi ábyrgð á því að til þessara starfa veljist hæfir einstaklingar af báðum kynjum meðal kjörinna fulltrúa. Þá bera þeir stjórnmálaflokkar sem mynda ríkisstjórn hverju sinni sjálfir ábyrgð á því hverjir veljast í embætti ráðherra og er það því í höndum þeirra að auka hlut kvenna frá því sem nú er þegar kemur að vali á hæfum einstaklingum til að gegna ráðherraembætti.

ii. Sveitarstjórnir.

Eftir sveitarstjórnarkosningarnar vorið 2006 var hlutur kvenna í sveitarstjórnum 35,9% sem var 4,8% aukning frá kosningunum 2002. Samtals náðu 189 konur kjöri til setu í sveitarstjórnum árið 2006 á móti 340 körlum. Hlutfall kvenna var hæst á höfuðborgarsvæðinu þar sem konur voru 40% fulltrúa en ef miðað er við 40:60 markmiðið telst jafnrétti hafa verið náð þar. Kynjaskipting sveitarstjórnarmanna var jafnari yfir landið eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2006 en var áður, þótt það hafi ekki átt við alla landshluta. Í fimm sveitarfélögum var hins vegar engin kona kjörin fulltrúi í sveitarstjórn. Eftir kosningarnar voru konur í meiri hluta í ellefu sveitarfélögum í stað tíu áður.

Í september 2008 voru konur 28% starfandi bæjarstjóra, sveitarstjóra og oddvita hér á landi á móti 72% karla.

Jafnréttisvogin er verkefni sem Jafnréttisstofa hefur unnið og snýr að mati jafnréttis kynjanna innan sveitarfélaga. Jafnréttisvogin var unnin í tengslum við Evrópuverkefni sem bar heitið *Tea for Two.* Verkefnisstjórnun var í höndum Jafnréttisstofu en ráðgjöf, vinna við rannsóknir og gagnavinnsla í höndum sérfræðinga Rannsókna- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri. Stýrihópur þátttökulanda þessa verkefnis kom saman á fjórum fundum til þess að ákveða hvaða þættir væru best til þess fallnir að meta jafnrétti kynjanna innan sveitarfélaga. Afrakstur þeirrar vinnu er safn 21 mælikvarða sem löndin söfnuðu gögnum um. Úrvinnsla miðaði að því að veita sveitarfélögum einkunn fyrir stöðu þeirra í jafnréttismálum.

Eitt markmiða Jafnréttisvogarinnar fólst í að gera niðurstöður mælinga kunnar á heimasíðu verkefnisins (http://www.tft.gender.is) en niðurstöðurnar byggjast á gögnum um stöðu í sveitarfélögum eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2006 og var þeim safnað saman haustið 2007. Þar geta sveitarfélög, með hjálp myndrænnar framsetningar á niðurstöðum, metið árangur sinn í jafnréttismálum. Niðurstöður úr Jafnréttisvoginni vöktu nokkra athygli. Bestur árangur í jafnréttismálum náðist hjá sveitarfélögunum Akureyrarkaupstað, Húnaþingi vestra og Stykkishólmsbæ.

Á mynd 1 má sjá kynjaskiptingu í sveitarstjórnum eins og hún var haustið 2007 en þá voru konur um 36% sveitarstjórnarmanna. Í nokkrum tilvikum voru engar konur í sveitarstjórn og í sumum eru konur allt að 60%. Á grundvelli þess mælitækis sem hannað var í tengslum við Evrópuverkefnið *Tea for Two* fengu sveitarfélög hærri einkunn eftir því sem þau voru nær jafnri kynjaskiptingu í sveitarstjórnum. Meðaleinkunn sveitarfélaga var 6,7 stig og staðalfrávik 2,6 stig.



Mynd 1: Hlutur kvenna í sveitarstjórnum samkvæmt niðurstöðum úr Jafnréttisvoginni, Evrópuverkefninu *Tea for Two.*

Jafnréttisvoginni er ætlað að vera verkfæri til árangursmælinga sem nú hefur verið prófað einu sinni og verður þróað áfram í samstarfi við sveitarfélögin. Áætlað er að nota valda mælivísa verkefnisins til að birta árlega niðurstöður um stöðu jafnréttismála hjá sveitarfélögum.

Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum var kynntur á landsfundi jafnréttisnefnda sveitarfélaga sem fram fór í september 2008 í Mosfellsbæ. Þegar hafa Akureyrarkaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður og Mosfellsbær undirritað samninginn og með því skuldbundið sig til þess að virða grundvallarregluna um jafnrétti kvenna og karla og innleiða þær skuldbindingar sem felast í því. Þessi samningur getur reynst gagnlegt verkfæri til að vinna að jafnréttismálum innan sveitarfélaga en hann felur í sér ýmis nýmæli fyrir íslensk sveitarfélög. Með því að undirrita hann eru sveitarfélög orðin hluti af evrópsku tengslaneti og geta notið góðs af reynslu annarra evrópskra sveitarfélaga í jafnréttismálum. Samningurinn hefur náð mikilli útbreiðslu meðal sveitarfélaga í Evrópu og yfir 820 sveitarfélög og héruð hafa undirritað hann.

D. Aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi.

i. Samráðsnefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum.

Félagsmálaráðherra endurskipaði samráðsnefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum árið 2007 og er skipunartími nefndarinnar frá 26. nóvember 2007 til 31. desember 2010. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti, Jafnréttisstofu og Sambandi íslenskra

sveitarfélaga. Helsta verkefni nefndarinnar er að fylgja aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis eftir í framkvæmd.

ii. Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis. 1. Almennt.

Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis var samþykkt í ríkisstjórn Íslands í september 2006 og náði upphaflega bæði til kvenna og barna. Meginmarkmið aðgerðaáætlunarinnar er að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist að konum og börnum sem og að bæta aðbúnað þeirra er orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi hvað það varðar. Haustið 2007 voru málefni barna hins vegar færð til nefndar um aðgerðaáætlun í málefnum barna.

Þegar er hafin vinna við mörg verkefnanna í þeim hluta sem snýr að ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist gegn konum og fer hér á eftir yfirlit yfir stöðu einstakra verkefna. Ekki hefur verið hafin vinna við öll verkefnin enda gildistími áætlunarinnar til ársloka 2011.

2. Útgáfa fræðslurita fyrir fagstéttir um ofbeldi í nánum samböndum.

Útgáfa fræðslurita fyrir fagstéttir, þ.e. ljósmæður, löggæslumenn og starfsfólk í félagsþjónustu sem og heilbrigðisþjónustu, auk almenns hluta um ofbeldi í nánum samböndum er ein af þeim aðgerðum sem tilgreindar eru í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis. Markmiðið með útgáfu þessara rita er að efla fræðslu og þekkingu ýmissa fagstétta sem sinna og vinna með konum sem hafa verið beittar ofbeldi af hálfu nákominna aðila. Ingólfur V. Gíslason, lektor við Háskóla Íslands, vann efni ritanna sem komu út í desember 2008 en sérstakur útgáfufundur var haldinn í Iðnó 6. janúar 2009. Jafnréttisstofa hélt jafnframt annan kynningarfund í tilefni af útgáfu ritanna daginn eftir á Akureyri. Í ritunum er fjallað um einkenni ofbeldis í nánum samböndum, þróun þess og vísbendingar um að kona búi við ofbeldi. Þá er fjallað um stöðuna á Íslandi, einkenni karla sem beita ofbeldi, einkenni barna sem búa á heimilum þar sem ofbeldi er beitt og loks hvaða aðilar geti aðstoðað konur sem búa við eða hafa búið við ofbeldi.

3. Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur falið Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands að annast gerð rannsóknar á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum, en undirbúningur rannsóknarinnar fer fram í ráðuneytinu með sérfræðiráðgjöf Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotafræðings. Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka umfang og eðli kynbundins ofbeldis hér á landi í þeim tilgangi að kanna hversu útbreitt það er og til hvaða aðgerða sé rétt að grípa. Við gerð rannsóknarinnar er höfð hliðsjón af alþjóðlegri rannsókn sem Sameinuðu þjóðirnar áttu frumkvæði að. Rannsóknir hafa bent til að ákveðnir hópar kvenna eigi frekar á hættu að vera þolendur kynbundins ofbeldis. Er því gert ráð fyrir að ákveðnir hópar kvenna verði sérstaklega til athugunar í þessari nýju rannsókn, þ.e. erlendar konur, konur með fötlun, konur með alvarlegar geðraskanir og eldri konur.

Rannsóknin skiptist í sex rannsóknarverkefni. Fyrsta verkefnið felur í sér símakönnun sem byggist á 3.000 kvenna slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Aldur kvenna í úrtakinu er 18– 80 ára en efri aldursmörkin voru ákveðin með hliðsjón af mikilvægi þess að ná til eldri kvenna. Annar hluti rannsóknarinnar felur í sér könnun innan félagsþjónustu sveitarfélaga, þar á meðal þáttum er lúta að barnavernd. Þessi hluti byggist á viðtölum við starfsmenn í níu sveitarfélögum sem voru valin með tilliti til þess að ná sem fjölbreyttastri gerð sveitarfélaga eftir

stærð, staðsetningu á landinu, atvinnuástandi og fleira. Þá er gert ráð fyrir að gögn hjá Barnavernd Reykjavíkur og Barnaverndarstofu verði skoðuð. Þriðja rannsóknarverkefnið lýtur að leik- og grunnskólum en gert er ráð fyrir að tíu skólar verði valdir til þátttöku, bæði á höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni. Undirbúningur er þegar hafinn. Aðrir hlutar rannsóknarinnar lúta að þáttum er snúa að heilbrigðisþjónustu, lögreglu og frjálsum félagasamtökum sem koma að ofbeldismálum í nánum samböndum, svo sem Stígamótum og Samtökum um kvennaathvarf. Stefnt er að því að niðurstöður í fyrstu tveimur rannsóknarverkefnunum liggi fyrir vorið 2009 en bæði verkefnin hófust haustið 2008. Þá er áætlað að öll rannsóknarverkefnin verði komin af stað árið 2009 en aðgerðaáætlunin gerir ráð fyrir að verkefninu ljúki í heild árið 2011.

4. Verklagsreglur um rannsókn kynferðisbrota.

Í aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis er mælt fyrir um gerð verklagsreglna fyrir lögreglu sem ætlað er að auka enn frekar á skilvirkni og vönduð vinnubrögð við rannsókn mála vegna kynferðisbrota. Ríkissaksóknari hafði áður sett ítarlegar verklagsreglur um rannsókn kynferðisbrotamála í apríl 2002. Reglur þessar voru endurskoðaðar og gefnar út að nýju í maí 2007.

5. Réttargæslumenn.

Eitt af verkefnunum í fyrrnefndri aðgerðaáætlun var að lögum yrði breytt á þann veg að þolendur heimilisofbeldis ættu rétt á réttargæslumönnum á sama hátt og þolendur kynferðisbrota. Ný lög nr. 88/2008, um meðferð sakamála, hafa verið samþykkt frá Alþingi og er þeim ætlað að leysa eldri lög nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, af hólmi. Við endurskoðun laganna var ákvæðinu um tilnefningu réttargæslumanna breytt á þann veg að við bættist að lögreglu er endranær skylt, að ósk brotaþola, að tilnefna honum réttargæslumann þegar rannsókn beinist að broti á ákvæðum almennra hegningarlaga er varða manndráp og líkamsmeiðingar, sbr. XXIII. kafla laganna, eða brot gegn frjálsræði manna, sbr. XXIV. kafla laganna, í tilvikum er sá sem braut gegn brotaþola er honum nákominn, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Hin nýju lög um meðferð sakamála tóku gildi 1. janúar 2009.

6. Nálgunarbann.

Reglur um nálgunarbann hafa verið endurskoðaðar og frumvarp samþykkt á Alþingi sem lög nr. 122/2008, um nálgunarbann. Áður var að finna reglur um nálgunarbann í lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, en í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum um nálgunarbann kemur fram að nálgunarbann þykir ekki eiga það sameiginlega einkenni þvingunarúrræða að tengjast rannsókn eða meðferð sakamáls í tilefni af tilteknu broti og þykir því eðlilegra að reglum um þetta efni verði komið fyrir í sérstökum lögum.

Eitt af verkefnunum í aðgerðaáætluninni gerði ráð fyrir að ákvæði um nálgunarbann yrði skoðað með það í huga, hvort heimila ætti lögreglu að ákvarða um nálgunarbann þegar í stað þegar um heimilisofbeldi væri að ræða. Ákvörðun lögreglu yrði síðan kæranleg til héraðsdóms. Við endurskoðun á reglum um nálgunarbann þótti sú leið ekki fær en ákveðið var að það yrði áfram í höndum dómara að ákvarða um nálgunarbann að kröfu lögreglu. Í umfjöllun allsherjarnefndar Alþingis um frumvarp það sem varð að lögunum var fjallað um hvort rétt sé að heimild til að úrskurða mann í nálgunarbann sé á hendi lögreglu eða handhafa ákæruvalds frekar en dómara. Í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar segir meðal annars að allsherjarnefnd hafi talið að vandlega athuguðu máli „ekki rétt að fara þá leið að svo búnu og

álítur að fyrst þurfi að fara fram ítarleg skoðun á kostum þess og göllum að ráðast í flutning á forræði í nálgunarbannsmálum frá dómstólum til lögreglu“. Var jafnframt lagt til að reglur um nálgunarbann á Norðurlöndunum yrðu skoðaðar og farið yfir framkvæmd nálgunarbannsúrræðisins hér á landi til þessa, bæði framkvæmd lögreglu og dómaframkvæmdir. Þá lagði meiri hluti allsherjarnefndar áherslu á að úrræðið yrði virkara en verið hefði og lagði til mælikvarða um þau atriði sem dómara ber að líta til við mat á því hvort skilyrði séu uppfyllt til nálgunarbanns. Hin nýju lög tóku gildi 1. janúar 2009 og er því engin reynsla komin á framkvæmd þeirra.

iii. Verkefnið Karlar til ábyrgðar.

Verkefnið Karlar til ábyrgðar var endurvakið í maí 2006. Um er að ræða sérhæft meðferðartilboð fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum hér á landi. Reynslan af slíku meðferðarstarfi er góð bæði hérlendis og erlendis.

Sálfræðingar annast meðferðarstarfið en markmið verkefnisins er að veita körlum sem beitt hafa heimilisofbeldi meðferð og aðstoð séu þeir reiðubúnir að leita sér hjálpar. Áhersla er lögð á að gerendur komi sjálfviljugir í meðferð og axli sjálfir ábyrgð á ofbeldinu. Meðferðin byggist á einstaklingsviðtölum og getur staðið frá sex mánuðum til tveggja ára.

Samhliða meðferðarstarfinu er starfandi sérstök verkefnisstjórn um verkefnið með þátttöku Jafnréttisstofu, heilbrigðisráðuneytis og Samtaka um kvennaathvarf en fulltrúi Jafnréttisstofu er verkefnisstjóri. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er meðal annars að skilgreina þróun verkefnisins til framtíðar í samráði við meðferðaraðila, fylgjast með daglegri starfsemi og standa fyrir mati á árangri verkefnisins.

Verkefnið *Karlar til ábyrgðar* og Samtök um kvennaathvarf hafa tekið upp samtarf sem felst í því að mökum þeirra kvenna er leita til athvarfsins er boðin aðstoð á vegum verkefnisins. Enn fremur hefur verið komið á samstarfi við Barnaverndarstofu um að bjóða börnum þeirra karla sem leita sér ráðgjafar á vegum verkefnisins sérstaka aðstoð.

iv. Mansal.

Dómsmálaráðherra skipaði í nóvember 2004 starfshóp sem átti að kynna sér reynslu af mismunandi löggjöf um vændi, klámiðnað og mansal í Evrópu. Sérstaklega var þess farið á leit að hópurinn kynnti sér reynsluna af þeirri löggjöf Svíþjóðar sem gerir kaup á vændi refsiverða og legði mat á kosti þeirrar löggjafar og galla. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum til ráðherra og kom skýrsla hópsins út í febrúar 2006.

Í kjölfarið lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum í apríl 2006 en frumvarpið hafði nokkru áður verið birt á heimasíðu dómsmálaráðuneytis. Frumvarpið dagaði uppi en dómsmálaráðherra lagði það fram að nýju á Alþingi veturinn 2006–2007. Frumvarpið varð að lögum 27. mars 2007, sbr. lög nr. 61/2007 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (kynferðisbrot).

Með lögunum var ákvæði um refsinæmi þess að stunda vændi sér til framfærslu afnumið. Afnámið byggist á því sjónarmiði að vændi tengist alltaf neyð og því sé nær að veita seljanda félagslega, læknisfræðilega og fjárhagslega aðstoð í stað þess að refsa honum. Markmiðið er að hjálpa einstaklingum sem hafa mátt þola erfiðar aðstæður í stað þess að refsa þeim. Þeir þurfi þá ekki lengur að óttast málshöfðun ef þeir ákveða að kæra ofbeldisverk sem að þeim hafa beinst, þeir verði líklegri til að bera vitni í málum gegn vændismiðlurum og viljugri til að leita sér aðstoðar bæði hjá félagsþjónustu og í heilbrigðiskerfinu.

Enn fremur var með lögum nr. 61/2007 lögfest nýtt ákvæði um refsinæmi þess að bjóða fram, miðla fram, miðla eða óska eftir kynmökum við annan mann gegn greiðslu sé það gert með opinberri auglýsingu. Tilgangurinn með þessu ákvæði er að sporna gegn því að vændi verði sýnilegra í kjölfar afnáms ákvæðis um refsinæmi þess að stunda vændi sér til framfærslu. Ákvæði almennra hegningarlaga um brot gegn blygðunarsemi gæti þjónað sama tilgangi þegar um er að ræða götuvændi.

Í hegningarlögunum er fjallað um refsiábyrgð þeirra sem hagnýta sér vændi annarra með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi er refsivert samkvæmt lögunum að hafa atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra. Í öðru lagi er refsivert að ginna, hvetja eða aðstoða barn yngra en 18 ára til vændis. Í þriðja lagi er refsivert að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann stundi vændi sér til viðurværis. Þá er í fjórða lagi refsivert að stuðla að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða hafi tekjur af vændi annarra, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru.

Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 61/2007 eru rakin ýmis rök sem færð hafa verið með og á móti því að lögfesta refsiákvæði um vændiskaup. Í frumvarpinu segir að lagabreytingar verði að taka mið af þjóðfélagsviðhorfum og aðstæðum hverju sinni. Nauðsynlegt sé að frekari rannsóknir fari fram á vændi á Íslandi, umfangi þess og eðli og hvernig best sé að taka á því, áður en lagðar eru til lagabreytingar í ætt við þá sem gerð var í Svíþjóð þar sem lögfest var ákvæði um refsinæmi þess að kaupa kynlífsþjónustu. Þá sé það einnig verðugt rannsóknarefni hvað ræður því að vændi er svo lítt til meðferðar í réttarvörslukerfinu, ekki síst í ljósi þess að vitað er að það er stundað hér á landi að einhverju leyti. Það séu líka til önnur úrræði og væntanlega mun áhrifaríkari til að draga úr vændi en að refsa kaupendum þess. Refsing hafi í sjálfu sér aldrei verið heppileg leið til að leysa félagslegan vanda og séu aðrar leiðir færar eigi frekar að velja þær. Finna þurfi orsök vandans og reyna að koma í veg fyrir að fólk leiðist út í vændi. Börn og unglingar sem sæta kynferðislegu ofbeldi, vanrækslu eða annarri misbeitingu séu áhættuhópur sem reynslan sýni að geti orðið þolendur vændis, bæði sem seljendur og kaupendur. Markaðsvæðing kynlífs auki líkur á að slíkir áhættuhópar byrji að stunda vændi. Því þurfi að leggja áherslu á forvarnir, reyna að vernda þessi börn og unglinga, taka á starfsemi nektardansstaða og næturklúbba og vinna gegn þeim viðhorfum til kynlífs sem þeir standi fyrir. Ekki sé ólíklegt að með jákvæðri og heilbrigðri fræðslu og upplýsingum um kynlíf megi breyta viðhorfum í þjóðfélaginu og draga úr eftirspurn eftir vændi. Með vísan til framangreinds var því ekki lagt til í frumvarpinu að lögð yrði refsing við kaupum á vændi.

Þá samþykkti Alþingi tillögu dómsmálaráðherra um breytingar á lögreglulögum, sbr. lög nr. 46/2006, um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, þar sem sett var á laggirnar sérstök greiningardeild innan embættis ríkislögreglustjóra. Markmiðið var að greiningardeildin geti meðal annars greint skipulagða glæpastarfsemi, safnað á einn stað upplýsingum og lagt mat á hættu sem tengist til dæmis mansali, skipulögðu vændi og annarri skipulagðri og alþjóðlegri glæpastarfsemi.

Í desember 2007 ákváðu félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra að félagsmálaráðherra tæki að sér að halda utan um mansalsmálefni í samráði við dómsmálaráðherra í ljósi þess að mörg þeirra verkefna sem vinna þarf að í tengslum við málaflokkinn lúta aðallega að málefnasviði félags- og tryggingamálaráðuneytis eftir að unnið hefur verið að refsilagabreytingum undir forystu dómsmálaráðherra. Ríkisstjórn Íslands samþykkti jafnframt á sama tíma tillögu félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra þess efnis að stjórnvöld setji sér sérstaka aðgerðaáætlun gegn mansali svo koma megi betra skipulagi á þær aðgerðir sem nauðsynlegar

eru til þess að koma í veg fyrir mansal hér á landi. Félags- og tryggingamálaráðherra skipaði í janúar 2008 samráðshóp til að vinna að gerð slíkrar áætlunar en þar eiga sæti fulltrúar félags- og tryggingamálaráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra, heilbrigðisráðherra, Jafnréttisstofu, Rauða kross Íslands, Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka um kvennaathvarf og Stígamóta. Slík aðgerðaáætlun yrði fyrsta sinnar tegundar hér á landi en meðal annars er talið þýðingarmikið að umfang mansals verði nánar rannsakað og lagðar til aðgerðir sem miða að forvörnum og fræðslu um þetta efni meðal almennings. Enn fremur er þýðingarmikið að þar sé að finna aðgerðir sem ætlað er að tryggja aðstoð við þolendur og vernd þeirra sem og aðgerðir sem miða að því að gerendur verði sóttir til saka. Samráðshópurinn er enn að störfum en hann hefur lagt í umfangsmikla vinnu sem talin var óhjákvæmileg til að ná heildarsýn yfir verkefnið svo unnt væri að leggja fram tillögur um alla þræði þess. Tillögur að aðgerðaáætlun eru væntanlegar í febrúar 2009.

Fulltrúar dómsmálaráðuneytisins hafa tekið þátt í starfi norræns starfshóps sem fjallar um mansal (*Nordic-Baltic Task Force Against Trafficking in Human Beings)* en fulltrúi félags- og tryggingamálaráðuneytis tók við því starfi þegar málaflokkurinn fluttist yfir til þess ráðuneytis í árslok 2007. Starfshópurinn hittist nokkrum sinnum yfir árið og er ætlað að stuðla að nánu samstarfi Norðurlandanna á þessu sviði. Upphaf þeirrar samvinnu má rekja til þess að árið 2002 ákváðu utanríkisráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna að skipa starfshóp sem vinna skyldi gegn mansali. Var megintilgangurinn að upplýsa almenning um mansal og vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn því. Skipunartími hópsins rann út 2006 en þá var skipaður nýr hópur, CBSS (*Council of the Baltic Sea States Task Force against Trafficking in Human Beings*), sem vinna skal áfram að framangreindum markmiðum en auk Íslands og fyrrnefndra ríkja skipa hópinn fulltrúar frá Þýskalandi, Rússlandi og Póllandi auk fulltrúa frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Fulltrúar ráðuneytanna hafa einnig sótt fundi í norrænum samráðshópi sem nefnist *Nordisk samrådsgruppe på höyt nivå for flyktningspörsmål (NSHF)* en þar er jafnframt fjallað um þær leiðir sem mögulegar eru til að vinna gegn mansali.

v. Breytingar á almennum hegningarlögum í tengslum við kynbundið ofbeldi.

1. Heimilisofbeldi.

Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, var lagt fram á Alþingi á 132. löggjafarþingi veturinn 2005–2006 og laut efni þess að breytingum á ákvæðum sem varða heimilisofbeldi. Frumvarpið var liður í aðgerðum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins gegn heimilisofbeldi og var það samþykkt á Alþingi 11. apríl 2006, sbr. lög nr. 27/2006, um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (heimilisofbeldi). Dómsmálaráðherra ákvað að leggja meiri þunga á aðgerðir gegn heimilisofbeldi í því skyni að bregðast við ábendingum sem honum höfðu borist um þessi mál sem og vegna þeirrar umræðu sem skapast hafði um þessi málefni. Þá höfðu borist tilmæli frá frjálsum félagasamtökum til stjórnvalda um gerð heildstæðrar aðgerðaáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi.

Markmiðið með þeim breytingum sem lögin fela í sér var að gera lagaleg úrræði virkari að því er varðar heimilisofbeldi. Nauðsynlegt þótti að íslensk refsilöggjöf endurspeglaði með skýrari hætti það mat löggjafans að brot framin í samskiptum nákominna hafa sérstöðu. Í frumvarpinu sem varð að lögunum var lagt til að heimilt yrði að þyngja refsingu þegar náin tengsl geranda og brotaþola þykja hafa aukið á grófleika verknaðar. Enn fremur var lagt til að sett yrði nýtt ákvæði í almenn hegningarlög, 233. gr. b, sem kæmi í stað 1. mgr. 191. gr. laganna, þar sem gert var ráð fyrir allt að tveggja ára fangelsi ef einstaklingur móðgar eða

smánar maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan aðila sem er nákominn geranda og verknaðurinn talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar. Með þessu var ætlunin að útfæra með skýrari hætti þá refsivernd sem þegar leiddi af 1. mgr. 191. gr. laganna. Það var einnig markmið hins nýja ákvæðis að vernda einstaklinga betur gegn afbrotum nákominna í skjóli hjónabands og fjölskyldu og gera refsivernd gegn stórfelldum ærumeiðingum þannig úr garði að raunhæfara væri að ná þeim réttarfarslegu og réttarpólitísku markmiðum sem eðlilegt væri að leggja til grundvallar í þessu sambandi. Loks var lagt til að brot gegn ákvæði 233. gr. b sæti opinberri ákæru.

Með lögum nr. 61/2007, um breyting á almennum hegningarlögum, með síðari breytingum, (kynferðisbrot), var fellt brott ákvæði 205. gr. laganna um niðurfellingu refsingar fyrir tiltekin kynferðisbrot ef aðilar sem mökin hafa gerst á milli halda áfram sambúð, taka upp óvígða sambúð eða ganga í hjónaband. Ekki er að sjá að þessu ákvæði hafi nokkurn tíma verið beitt hér í framkvæmd enda þykir ákvæðið endurspegla úrelt viðhorf til kvenna. Enn fremur var ekki talin ástæða til að löggjafinn stuðli að því að viðhalda hjónaböndum þar sem annar aðilinn beitir hinn ofbeldi. Þykir brottfall ákvæðisins jafnframt í betra samræmi við framangreindar breytingar sem þegar höfðu verið gerðar á ákvæðum almennra hegningarlaga með lögum nr. 27/2006 þar sem glögglega kemur fram það mat að litið sé eftir atvikum alvarlegar á brot sem framin eru gegn nákomnum í skjóli hjónabands eða fjölskyldu. Í verklagsreglum ríkislögreglustjóra um skráningu og meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu, sem tóku gildi 20. október 2005, eru skilgreindir brotaflokkar sem falla undir reglurnar og er einn þeirra kynferðisbrot. Það er því ljóst að refsibrottfall fyrir kynferðisbrot sem beinist að maka gengur þvert á þau sjónarmið sem nú eru óðum að hljóta meiri hljómgrunn í löggjöf og réttarframkvæmd.

2. Kynferðislegt ofbeldi.

Lög nr. 61/2007 kveða eins og áður segir á um breytingar á ákvæðum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Breytingar voru meðal annars gerðar á ákvæðum 194.–199. gr. laganna um nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks, sbr. einnig 205. gr., og ákvæðum 200.–202. gr. laganna um kynferðisbrot gegn börnum, sbr. einnig 204. gr.

Ástæða fyrir endurskoðun á þessum ákvæðum var meðal annars sú umræða sem orðið hafði um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og kynbundið ofbeldi. Vaxandi gagnrýni hafði komið fram á sum þessara ákvæða en þau þóttu ekki veita þolendum brotanna næga réttarvernd, auk þess sem sumir töldu að hugsanlega leyndust þar enn gömul og úrelt viðhorf í afstöðu til kvenna. Þá þóttu refsiákvarðanir dómstóla vegna brota gegn ákvæðunum of vægar.

Við samningu frumvarpsins er varð að lögunum var í fyrsta lagi byggt á rannsóknum, bæði á löggjöfinni sjálfri og framkvæmd hennar. Í öðru lagi var byggt á könnun sem gerð var á löggjöf um kynferðisbrot í öðrum löndum. Þá var í þriðja lagi byggt á upplýsingum sem fram koma í ýmsum félagsfræðilegum og afbrotafræðilegum rannsóknum og gögnum auk þess sem reynsla ýmissa aðila sem starfað hafa með þolendum brotanna var höfð til hliðsjónar.

Enn fremur var leitast við að þær breytingar sem lagðar voru til á ákvæðunum féllu vel að því reglukerfi sem fyrir var í hegningarlögunum. Lögð var áhersla á það að breytingartillögurnar væru byggðar á traustum réttarfarslegum grunni og tekið yrði mið af alþjóðlegri þróun á þessu sviði auk íslenskrar lagahefðar. Einnig var haft að leiðarljósi að auka réttarvernd kvenna og barna, gera ákvæðin nútímalegri og á það lögð áhersla að tryggja svo sem framast væri unnt með löggjöf að friðhelgi, sjálfsákvörðunarréttur, kynfrelsi og athafnafrelsi hvers einstaklings yrði virt.

Meðal nýmæla laganna er að hugtakið nauðgun var rýmkað þannig að samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga telst nú til nauðgunar önnur kynferðisnauðung og misnotkun á bágu andlegu ástandi og því að þolandi getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Breytingin veldur því að umrædd brot varða nú mun þyngri refsingu en áður eða fangelsi frá einu ári og allt að sextán árum, í stað fangelsis allt að sex árum. Enn fremur eru tilgreindar refsiþyngingarástæður í nauðgunarmálum. Í fyrsta lagi skal virða það til refsiþyngingar þegar þolandi er barn yngra en átján ára, í öðru lagi ef ofbeldi geranda er stórfellt og í þriðja lagi ef brot er framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt.

Enn fremur var lögfest ítrekunarheimild vegna kynferðisbrota sem hefur þau áhrif að ítrekunartengsl verða milli allra kynferðisbrota sama geranda. Þannig getur sakfellingardómur fyrir slíkt brot haft áhrif við ákvörðun refsingar fyrir síðar framið kynferðisbrot sama einstaklings. Í ítrekunarheimildinni felst að hafi sá sem sæta skal refsingu fyrir eitthvert kynferðisbrot samkvæmt lögunum verið dæmdur sekur um slíkt brot áður má hækka refsingu hans um allt að helming.

Kynferðislegur lágmarksaldur var hækkaður í fimmtán ár úr fjórtán árum jafnframt því sem refsing fyrir samræði og önnur kynferðismök við barn yngra en fimmtán ára var þyngd þannig að refsimörkin eru hin sömu og fyrir nauðgun, þ.e. fangelsi frá einu ári og allt að sextán árum. Með því er lögð áhersla á hve alvarleg þessi brot eru þegar þau beinast gegn börnum og teljast þá nauðgun og kynmök við börn yngri en fimmtán ára alvarlegustu kynferðisbrotin í stað nauðgunar einnar áður. Þó er heimild til refsilækkunar eða refsibrottfalls þegar sá sem gerist sekur um samræði eða önnur kynferðismök gagnvart barni yngra en fimmtán ára er sjálfur á svipuðum aldri eða þroskastigi og barnið. Þá var samþykkt að sök vegna brota gegn 194. gr. (nauðgun), 1. mgr. 200. gr. (samræði eða önnur kynmök við barn sitt eða annan niðja) og 1. mgr. 201. gr. (samræði eða önnur kynmök við barn yngra en átján sem hinn brotlegi hefur tiltekin tengsl við) fyrnist ekki þegar brot er framið gegn barni undir átján ára aldri. Varðandi önnur kynferðisbrot var sú breyting samþykkt að upphaf fyrningarfrests brotanna miðast við átján ára aldur brotaþola en ekki fjórtán ár eins og var áður.

vi. Kvennaathvarfið.

Samtök um kvennaathvarf hafa rekið kvennaathvarf frá árinu 1982 í Reykjavík en markmið þess er að veita konum og börnum þeirra athvarf þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra heimilismanna. Athvarfið er einnig fyrir konur sem hafa orðið fyrir nauðgun. Kvennaathvarfið veitir einnig ráðgjöf og upplýsingar auk þess að stuðla að opinberri umræðu um þann vanda sem heimilisofbeldi er. Tafla 8 sýnir fjölda heimsókna í athvarfið á tímabilinu 2000–2007.

Tafla 8. Komur í Kvennaathvarfið 2000–2007.

Ár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Heildarfjöldi heimsókna	347	503	435	388	531	557	712	469
Viðtöl	252	406	380	315	443	465	613	368
Fjöldi kvenna í dvöl	95	97	55	73	88	92	99	101
Fjöldi barna	61	74	41	59	55	76	57	68
Símtöl í neyðarsíma	1.635	1.880	1.614	1.402	1.612	1.855	–	1.710

Heimild: Ársskýrslur Samtaka um kvennaathvarf.

Komum til Kvennaathvarfsins fjölgaði árið 2006 en þá voru skráðar 712 komur sem var mikil aukning frá árinu áður en þá voru skráðar komur 557. Fækkun varð í skráðum komum

til athvarfsins 2007 en þá voru skráðar 469 komur í Kvennaathvarfið og 368 í viðtöl. Margar konur koma oftar en einu sinni, einkum þær sem koma í viðtöl en í heildina leituðu 288 konur til athvarfsins árið 2007. Þó tölur um skráðar heimsóknir hafi lækkað milli áranna 2006 og 2007 hefur konum sem dvelja í athvarfinu fjölgað með ári hverju. Enn fremur er meðaldvalartími hverrar konu einnig að lengjast eða frá 14 dögum árið 2006 í 16 daga á árinu 2007. Börnum sem dvöldust í athvarfinu fjölgaði milli ára en árið 2007 dvöldu 68 börn með mæðrum sínum í athvarfinu en árið áður voru þau 57. Hins vegar styttist meðaldvalartími hvers barn um sex daga milli ára og var meðaldvalartími 14 dagar árið 2007 en árið 2006 var hann 20 dagar. Að meðaltali voru fjórar konur og þrjú börn í athvarfinu á dag árið 2007 sem eru sambærilegt og árið 2005.

Kvennaathvarfið býður jafnframt upp á viðtalsþjónustu og árið 2007 voru tekin 368 viðtöl við 187 konur en að meðaltali kom hver kona í viðtal tvisvar sinnum. Viðtalsþjónusta Kvennaathvarfsins hefur fest sig í sessi, en í stuðningsviðtöl leita konur sem búa við ofbeldi sem og konur sem eru að vinna úr afleiðingum þess að hafa áður verið beittar ofbeldi.

Sá fjöldi kvenna sem leitar til Kvennaathvarfsins segir ekki til um umfang kynbundins ofbeldis hér á landi heldur frekar hvort konur viti af því úrræði sem athvarfið er og hvort þær séu reiðubúnar til að nýta sér það. Rannsóknir benda til þess að umfang ofbeldisins sé mun meira en fram kemur í tölfræði Kvennaathvarfsins og því er það talið jákvætt að fleiri leiti aðstoðar en færri. Sú fjölgun stuðningsviðtala sem orðið hefur síðustu ár bendir líka til þess að konur leiti fyrr stuðnings Kvennaathvarfsins en áður, þ.e. að konur leiti sér aðstoðar áður en aðstæður þeirra eru orðnar með þeim hætti að þær neyðist til að yfirgefa heimili sitt. Vonandi er aukning komufjölda líka vísbending um að konur hiki síður við að leita sér aðstoðar hjá Kvennaathvarfinu ef þær þurfa á slíkri aðstoð að halda. Auk þess að bjóða upp á stuðningsviðtöl, símaþjónustu og dvöl hefur Kvennaathvarfið boðið upp á sjálfshjálparhópa frá árinu 2004. Fyrsti hópurinn fór af stað á haustdögum 2004 og skipuðu hann átta konur ásamt leiðbeinanda og aðstoðarleiðbeinanda úr hópi starfskvenna Kvennaathvarfsins. Árið 2005 voru starfræktir tveir hópar, í báða hópana voru skráðar sjö konur auk leiðbeinanda.

Þegar konur koma í Kvennaathvarfið ýmist til dvalar eða í viðtöl eru þær spurðar um ástæður þess að þær leita til athvarfsins. Flestar nefna fleiri en eina ástæðu en þegar líkamlegt ofbeldi er nefnt sem ástæða er andlegt ofbeldi yfirleitt einnig nefnt. Í flestum tilvikum eru konurnar sem snúa sér til athvarfsins einnig að leita eftir stuðningi til að komast í gegnum erfitt tímabil í lífinu. Mjög algengt er að konur leiti til Kvennaathvarfsins vegna andlegs ofbeldis sem verður að telja ekki síður alvarlegt ofbeldi en hið líkamlega. Andlegt ofbeldi getur birst í ógnandi framkomu, fjárhagslegri stjórnun, einangrun og niðurlægingu. Fleiri konur gefa upp andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi sem ástæðu fyrir komu en áður og sömuleiðis koma fleiri út af ofsóknum og hótunum en áður. Þetta vekur nokkrar áhyggjur af því að ofbeldi sé að verða grófara, en gæti líka átt rætur að rekja til aukinnar þekkingar á kynbundnu ofbeldi og hvernig það birtist.

vii. Stígamót.

Stígamót voru stofnuð 1990 og er sagt á heimasíðu samtakanna að þau séu óformleg grasrótarsamtök og starfshættir allir markist af því. Jafnt konur sem karlar sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi eða þekkja til einstaklinga sem hafa verið beittir gam álaráðun eytið kynferðislegu ofbeldi geta leitað til Stígamóta. Veitt eru einstaklingsviðtöl og einnig eru starfandi sjálfshjálparhópar. Samtals hafa 4.776 einstaklingar leitað til Stígamóta frá upphafi; 496 árið 2003, en þar af voru 251 sem leitaði til samtakanna í fyrsta skipti. Árið 2004 leituðu 429 einstaklingar til Stígamóta, þar af voru 228 einstaklingar að leita sér hjálpar í fyrsta

skipti. Árið 2005 leituðu 249 einstaklingar af þeim 543 sem komu til Stígamóta það ár sér hjálpar í fyrsta skipti. Árið 2007 leituðu 527 einstaklingar aðstoðar hjá Stígamótum en þar af voru 277 að leitar sér hjálpar í fyrsta skipti. Það kemur fram í tölum frá Stígamótum að sífelld aukning er á fjölda þeirra einstaklinga sem leita til samtakanna. Tafla 9 sýnir skiptingu einstaklinga eftir kyni en miðað er við fjölda fyrstu heimsókna hvert ár.

Tafla 9. Skipting einstaklinga eftir kyni sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti.

	2003		2004		2005		2006		2007	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Konur	224	89,2%	209	91,7%	223	89,6%	240	90%	251	90,6%
Karlar	27	10,8%	19	8,3%	26	10,4%	26	10%	26	9,4%

Heimild: Árskýrslur Stígamóta.

Margar ástæður liggja að baki því að einstaklingar leita til Stígamóta, svo sem afleiðingar nauðgunar, vændis, sifjaspells sem og kynferðislegrar áreitni. Samtals höfðu 150 einstaklingar samband við Stígamót árið 2005 vegna sifjaspella. Níu einstaklingar höfðu samband við Stígamót vegna vændis og sextán vegna kynferðislegrar áreitni. Árið 2007 höfðu 157 einstaklingar samband við Stígamót vegna sifjaspells, 115 einstaklingar höfðu samband vegna nauðgunar, 59 einstaklingar vegna kynferðislegrar áreitni, ellefu vegna kláms og tólf einstaklingar höfðu samband vegna vændis. Vegna gruns um nauðgun og sifjaspell höfðu samanlagt tólf einstaklingar samband. Ef litið er til aldursdreifingar einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2007 kemur fram að í 45,8% tilfella er um einstaklinga á aldrinum 19–29 ára að ræða. Þá kemur fram í ársskýrslu Stígamóta frá árinu 2007 að samkvæmt Þjóðskrá hafa konur á Íslandi verið 153.888 það ár og af þeim leituðu 4.517 konur til Stígamóta eða 2,94% allra kvenna á Íslandi það ár.

viii. Starfsemi Neyðarmóttöku á Landspítala.

Neyðarmóttaka fyrir þá sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi er starfrækt á slysa- og bráðadeild Landspítalans í Fossvogi. Þar er veitt þjónusta hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og lækna. Enn fremur er starfandi teymi lögfræðinga sem veitir þolendum kynferðislegs ofbeldis lögfræðiaðstoð og aðstoðar þá í samskiptum við lögreglu og dómara. Samtals leituðu 145 einstaklingar til Neyðarmóttökunnar árið 2006, 136 einstaklingar árið 2007 og 118 einstaklingar árið 2008. Mynd 2 sýnir frekari greiningu á þeim málum er Neyðarmóttakan hefur sinnt. Þar kemur meðal annars fram að innan við helmingur mála er kærður til lögreglu. Einnig virðist hafa færst í vöxt að gerendur í einu og sama nauðgunarmálinu séu fleiri en einn.

Mynd 2. Komur á Neyðarmóttöku vegna nauðgunar á tímabilinu 1999–2007.



Samtals hafa 1.563 einstaklingar leitað til Neyðarmóttökunnar frá opnun hennar árið 1993 fram til ársins 2007. Eins og sjá má á mynd 3 er fjölmennasti hópurinn á aldrinum 19–25 ára eða 482 einstaklingar.

Mynd 3. Komur á Neyðarmóttöku vegna nauðgunar 1993–2007, aldursdreifing.



Eins og sjá má á mynd 4 eru konur í miklum meiri hluta þeirra sem leita til Neyðarmóttökunnar.

Mynd 4. Kynjahlutfall þeirra sem leita til Neyðarmóttöku vegna nauðgunar 1993–2008.



ix. Fjöldi mála vegna brota á ákvæðum 194.–199. gr. almennra hegningarlaga.

Árið 2007 voru 148 mál skráð í málaskrá lögreglu vegna brota gegn ákvæðum 194.– 199. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Flestar þessara tilkynninga voru vegna brota gegn ákvæðum 194. gr. almennra hegningarlaga um nauðgun. Hafa ber í huga að einungis lítill hluti kynferðisbrota er tilkynntur til lögreglu. Rétt er að taka fram að í málaskrá lögreglu eru færðar upplýsingar um tilkynnt brot og mál þar sem grunur leikur á að brot hafi verið framið. Mál þar sem lögð er fram kæra eru ekki skráð sérstaklega. Málaskráin geymir einnig tölur um mál sem eru óupplýst, til dæmis vegna þess að gerandi hefur ekki fundist.

Samtals barst 71 mál til embættis ríkissaksóknara árið 2007 en af þeim leiddu 19 til ákæru. Tvö mál voru endursend til meðferðar hjá lögreglu en 50 voru felld niður. Af þeim 19 málum sem leiddu til ákæru var sakfellt í 17 þeirra. Tólf málum var áfrýjað til Hæstaréttar og hefur verið sakfellt í fimm þeirra. Sjö mál bíða enn dóms.

E. Heilbrigðismál.

i. Barneignir á Íslandi.

Tíðni barneigna eða frjósemi er mæld út frá meðalfjölda barna á hverja konu. Samkvæmt heimildum Hagstofu Íslands var fæðingartíðni íslenskra kvenna árið 1960 rúmlega fjögur börn en um miðjan níunda áratug síðustu aldar var fæðingartíðni komin niður í tæplega tvö börn á ævi hverrar konu. Þrátt fyrir þessa þróun hefur barneignum fjölgað hér á landi síðustu ár. Árið 2003 áttu konur tvö börn og hélst sú fæðingartíðni stöðug fram til ársins 2005 en árið 2006 var fæðingartíðni 2,08 börn á hverja konu og árið 2007 var fæðingartíðnin 2,1 barn á hverja konu. Árið 2006 var sambærilegt hlutfall annars staðar á Norðurlöndunum 1,83–1,9

börn á ævi hverrar konu. Ef borin er saman fæðingartíðni innan Evrópusambandslandanna og EFTA-ríkjanna þá er fæðingartíðnin ein sú hæsta hérlendis samkvæmt upplýsingum frá *Eurostat*. Talið er að ein af ástæðum þess að frjósemi hérlendis er eins há og raun ber vitni megi að hluta til rekja til laganna um fæðingar- og foreldraorlof sem samþykkt voru á Alþingi árið 2000 en ætla má að lögin hafi bætt fjárhagslega stöðu margra foreldra í fæðingarorlofi.

Fæðingartíðni hefur lækkað hér á landi í öllum aldurshópum kvenna á barnsburðaraldri en hlutfallslega mest hjá þeim yngstu og elstu samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Meðalaldur mæðra hefur hækkað úr 27 árum á tímabilinu 1961–1965 í 29,4 ár á árunum 2001–2007. Enn fremur hefur meðalaldur kvenna sem fæða sitt fyrsta barn hækkað úr 21,7 árum í 26,6 ár árið 2007. Fyrstu tölur um meðalaldur feðra eru frá tímabilinu 1981–1985 en þá var meðalaldurinn 28,8 ár en hefur nú hækkað í 32,2 ár. Einnig hefur meðalaldur feðra við fæðingu fyrsta barns hækkað á tímabilinu úr 25,1 ári í 29,4 ár.

ii. Fóstureyðingar.

Fóstureyðingar voru almennt leyfðar á Íslandi árið 1975 en fyrir þann tíma höfðu fóstureyðingar einungis verið framkvæmdar í ákveðnum tilvikum, til dæmis ef lífi móður var ógnað. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru framkvæmdar 613 fóstureyðingar árið 1982, 987 árið 2000, 900 árið 2002 og 889 árið 2004. Í aldurshópnum 15–34 ára voru 725 konur sem gengust undir fóstureyðingu árið 2004 eða 82% þeirra sem gengust undir fóstureyðingu á árinu. Ef litið er til ársins 2006 kemur í ljós að alls voru framkvæmdar 904 fóstureyðingar á árinu en líkt og árið 2004 voru fóstureyðingar algengastar meðal kvenna í aldurshópnum 15–34 ára, eða 758 konur sem nemur tæpum 84% þeirra sem gengust undir fóstureyðingu á árinu. Í aldurshópnum 15 ára og yngri hafa tíu eða færri fóstureyðingar verið framkvæmdar á ári síðan árið 1999. Árið 2005 voru tvær fóstureyðingar framkvæmdar í aldurshópnum 15 ára og yngri en árið 2006 voru framkvæmdar tíu fóstureyðingar í þessum aldurshópi kvenna.

iii. Lífsvenjur og heilsa.

Lífsvenjur fólks, svo sem matarræði, hreyfing, reykingar og neysla áfengis, hafa áhrif á heilsufar fólks. Matarvenjur kynjanna er ólíkar og endurspeglast meðal annars í tölum um fólk yfir kjörþyngd. Í manneldiskönnun frá árunum 1990 og 2002 kemur fram að hlutfall kvenna yfir kjörþyngd hækkaði úr 34% í 39% en karla úr 39% í 57%. Samkvæmt tölum Hagstofu hafa reykingar minnkað undanfarin ár og hefur munur milli reykinga karla og kvenna einnig minnkað. Árið 1987 reykti 31% kvenna á móti 36% karla en árið 2007 reyktu 18,2% kvenna og 20,7% karla. Reykingar virðast því vera á undanhaldi hjá þjóðinni.

Þegar skoðaðar eru tölur frá Hagstofu Íslands yfir skráð tilfelli kynsjúkdóma árið 2007 kemur fram að konur eru í meiri hluta þegar kemur að skráðum tilfellum með klamydíu árið 2007 eða 59,5%, karlar eru skráðir í 37% tilfella en 3,5 % tilfella eru ókyngreind. Hins vegar eru karlar í meiri hluta þeirra sem greindust með kynsjúkdóminn lekanda árið 2007 eða 71% á móti fimm konum eða 24% en eitt tilfelli var ókyngreint sem svarar til 5%.

Í febrúar 2006 var könnunin *Heilsa og lífskjör skólanema* lögð fyrir hér á landi á vegum Lýðheilsustöðvar en könnunin var alþjóðleg og tóku 40 lönd þátt í henni. Könnunin er gerð á fjögurra ára fresti og hefur hún verið framkvæmd síðan 1983, en Ísland tók þátt í fyrsta sinn árið 2006. Niðurstöður könnunarinnar sýna að rétt yfir 30% nemenda af báðum kynjum í sjötta bekk grunnskóla töldu sig þurfa að léttast þegar spurt var hvort þeir teldu þyngd sína í lagi eða hvort þeir þyrftu að léttast eða þyngjast. Þá töldu 9% drengja sig þurfa að þyngjast og 7% stúlkna áleit hið sama. Hlutföllin breytast hins vegar þegar sama spurning er borin upp

fyrir nemendur í áttunda bekk grunnskóla þar sem 32% drengja töldu sig þurfa að léttast en 14% þeirra töldu sig þurfa að þyngjast. Þegar litið er á stúlkur kemur fram að 51% þeirra taldi sig þurfa að léttast og 8% töldu sig þurfa að þyngjast. Þegar sama spurning var borin upp í tíunda bekk grunnskóla kemur fram að 26% drengja töldu sig þurfa að léttast og 19% töldu sig þurfa að þyngjast. Hjá stúlkum kemur fram að 57% þeirra töldu sig þurfa að léttast en 6% töldu sig þurfa að þyngjast. Um 61% nemenda í sjötta bekk var hins vegar ánægt með þyngd sína og um 53% nemenda í áttunda bekk og 46% í tíunda bekk. Líkamsmynd stúlkna virðist því versna með aldrinum og voru hlutfallslega fleiri stúlkur sem töldu sig þurfa að léttast eftir því sem þær urðu eldri.

Í könnuninni var jafnframt spurt um daglega hreyfingu utan skólatíma. Niðurstöðurnar benda til að stúlkur hreyfi sig minna en drengir í efri bekkjum grunnskóla. Í sjötta bekk svöruðu 30% drengja á þá leið að þeir hreyfðu sig daglega utan skólatíma en 22% stúlkna. Í áttunda bekk hreyfðu 24% drengja sig daglega en 13% stúlkna og í tíunda bekk hreyfðu 19% drengja sig daglega en 10% stúlkna.

Enn fremur voru nemendur spurðir um líðan sína í skólanum. Kom þá fram að 74% drengja í sjötta bekk leið vel í skólanum og 81% stúlkna. Í áttunda bekk leið 74% drengja vel í skólanum en 80% stúlkna og í tíunda bekk leið 77% drengja vel í skólanum en 78% stúlkna. Niðurstöðurnar sýna að ekki er mikil breyting milli ára á líðan nemenda í skólum enda þótt hlutfallslega fleiri drengjum sem og stúlkum líður vel í skólanum í tíunda bekk.

Nokkur munur er milli drengja og stúlkna þegar kemur að tölvuleikjanotkun en minni munur er milli kynjanna í tengslum við áhorf á sjónvarp og notkun tölva til annarra nota en tölvuleikja. Þannig sögðust 16% drengja horfa á sjónvarpið í fjórar klukkustundir eða meira á dag en 11% stúlkna. Þá sögðust 16% drengja spila tölvuleiki í meira en fjórar klukkustundir á dag en einungis 2% stúlkna. Þegar kemur að annarri notkun á tölvu en til tölvuleikja, svo sem notkun Netsins, spjallrása og tölvupósta, kemur fram að 15% drengja sögðust eyða meira en fjórum klukkustundum á dag fyrir framan tölvuna í fyrrgreindum tilgangi en 11% stúlkna. Þegar litið er yfir heildina þá eyða 58% drengja og 43% stúlkna fjórum tímum eða meira á dag fyrir framan sjónvarps- eða tölvuskjá.

Þegar unglingarnir voru spurðir hvenær þeir hefðu fyrst haft samfarir kemur í ljós að hlutfall þeirra sem sögðust hafa haft samfarir eykst úr 6–7% við 13 ára aldur í 16–20% við 14 ára aldur og 28–36% við 15 ára aldur. Hlutfall þeirra sem hafa haft samfarir fimmfaldast því á tveimur árum. Þá höfðu 36% stúlkna haft samfarir þegar þær voru 15 ára og eldri en 28% drengja.

Lýðheilsustöð hefur einnig unnið könnun á mati á eigin heilsu þar sem kynin eru borin saman. Samkvæmt óbirtum niðurstöðum úr könnuninni *Heilsa og líðan Íslendinga 2007* kemur meðal annars fram að konur eru líklegri en karlar til að segja að þungar áhyggjur, kvíði og depurð hafi truflað daglegt líf þeirra síðustu tólf mánuði.

Tafla 10. Hefur eitthvað eftirfarandi í ástandi þínu truflað daglegt líf þitt á síðustu tólf mánuðum?

	Karlar	Konur
Þungar áhyggjur	21%	28%
Kvíði	23%	31%
Depurð	18%	26%

Heimild: Lýðheilsustöð, óbirtar niðurstöður.

Samkvæmt könnuninni er að meðaltali lítill munur á holdafari karla og kvenna. Meðaltal líkamsþyngdarstuðuls, (*BMI*) var 26,4 hjá konum og 26,9 hjá körlum, en konur voru almennt

ósáttari við eigin líkamsþyngd en karlar. Um helmingur kvennanna var frekar eða mjög ósáttur við eigin líkamsþyngd og rúmlega þriðjungur karla eða 35%. Tæplega helmingur kvenna eða 46% og 37,8% karla töldu sig þurfa að léttast um sex kíló eða meira. Í könnuninni kom í ljós að um 30% kvenna og 20% karla töldu eigið heilsufar eða skerta athafnagetu há sér nokkuð eða mjög við að ganga upp nokkrar hæðir í húsi. Karlar eru líklegri en konur til að meta eigið líkamlegt þol (úthald) meira en hjá jafnöldrum af sama kyni. Þannig töldu 36% karla úthald sitt meira en jafnaldra sinna á móti 25% kvenna.

F. Forsjá barna við skilnað foreldra.

Árið 2006 samþykkti Alþingi breytingar á barnalögum, nr. 76/2003, með lögum nr. 69/2006, um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar, þess efnis að við skilnað og slit sambúðar sem skráð hefði verið í Þjóðskrá skyldi forsjá foreldra verða sameiginleg nema foreldrar semji svo um að forsjáin skuli vera í höndum annars hvors þeirra. Fyrir breytinguna var meginreglan sú að forsjá barna skyldi skipuð við fyrrnefndar aðstæður. Foreldrar gátu þó samið svo um að forsjá barns þeirra yrði sameiginleg eða í höndum annars hvors þeirra.

Í nefndaráliti allsherjarnefndar Alþingis sem fjallaði um frumvarpið til laganna kom meðal annars fram að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barna sinna í hjúskap og sambúð og beri því ríkar skyldur gagnvart þeim. Í frumvarpinu væri lögð áhersla á það sjónarmið að við skilnað eða slit skráðrar sambúðar beri foreldrar enn sameiginlega ábyrgð á börnum sínum og að börnin eigi rétt á umönnun foreldranna eftir sem áður. Þá gildi það meginsjónarmið í barnarétti að við úrlausn allra mála sem varða börn skuli hagsmunir þeirra vera í fyrirrúmi. Enn fremur kemur fram í fyrrnefndu nefndaráliti að möguleikinn á sameiginlegri forsjá hafi verið tekinn upp í barnalög árið 1992 með þeim rökum að sameiginleg forsjá gæti stuðlað að friðsamlegri skilnaði en ella og verið til þess fallin að stuðla að betri samskiptum barns við báða foreldra þrátt fyrir sambandsslit þeirra. Grundvöllur sameiginlegrar forsjár hafi þó verið sátt milli foreldra um slíka skipan mála.

Þá kemur fram að allsherjarnefnd telji að sameiginleg forsjá sé eðlilegt framhald þeirrar stefnu sem komi meðal annars fram í lögum um fæðingar- og foreldraorlof þess efnis að umönnun barna sé samvinnuverkefni foreldra og að þeir beri saman þær ríku skyldur og þá ábyrgð sem þeirri umönnun fylgir. Jafnframt kemur fram í áliti allsherjarnefndar að sams konar meginregla um sameiginlega forsjá við sambandsslit foreldra gildi annars staðar á Norðurlöndunum þar sem foreldrar í hjúskap fari sameiginlega með forsjá barns síns meðan hjúskapur varir og einnig eftir skilnað nema annað sé ákveðið. Þannig sé forsjá sameiginleg eftir skilnað nema foreldrar aðhafist sérstaklega í því skyni að fá henni breytt.

Þegar tölulegar upplýsingar um sameiginlega forsjá við lögskilnað foreldra frá Hagstofu Íslands eru skoðaðar virðist sem ekki hafi orðið miklar breytingar á fjölda tilvika þar sem um sameiginlega forsjá var að ræða eftir skilnað foreldra í kjölfar lagabreytinganna frá árinu 2006. Þannig var um sameiginlega forsjá að ræða í 60,7% tilvika árið 2004 og 72,8% tilvika árið 2005. Fyrrnefnd lög tóku gildi 13. júní 2006 en sameiginleg forsjá var í 72,8% tilvika árið 2006. Þá var um sameiginlega forsjá að ræða í 75,8% tilvika árið 2007.

Með fyrrnefndum lögum nr. 69/2006 var barnalögum enn fremur breytt hvað varðar þvingunarúrræði þegar umgengni er tálmuð. Lutu breytingarnar að því að gera stjórnvöldum kleift að ákveða að umgengni sem er tálmuð af forsjárforeldri skuli þvinguð fram þrátt fyrir að umgengnismáli hafi verið skotið til dómsmálaráðuneytis til endurskoðunar eða dómi héraðsdóms áfrýjað til Hæstaréttar en slíkt hafði ekki verið unnt fram að því. Í fyrrnefndu áliti allsherjarnefndar kemur fram að nefndin fagni sérstaklega þessum breytingum og telji að þegar litið sé til hagsmuna barns og réttar þess til umgengni við báða foreldra sína sé mikil-

vægt að unnt sé að úrskurða um umgengni fljótt og örugglega þar sem málsmeðferðartími umgengnismála geti verið langur. Þá er þess getið að breytingin sé í samræmi við það meginsjónarmið að það séu hagsmunir barnsins sem eigi að vera í fyrirrúmi við úrlausn mála þrátt fyrir sambandsslit foreldra.

Ætla má að þessar breytingar sem þarna voru gerðar á barnalögum hvað varðar þvingunarúrræði þegar umgengni er tálmuð hafi bætt réttarstöðu forsjárlausra feðra þar sem tölur sýna að í þeim tilvikum þar sem foreldrar hafa ekki sameiginlega forsjá hefur forsjáin í miklum meiri hluta komið í hlut mæðra. Þannig fengu 648 mæður forsjá barns/barna við lögskilnað á árunum 2004–2007 á móti 60 feðrum.

G. Menntamál, fjölmiðlar og rannsóknir í kynjafræðum.

i. Menntamál.

Tölur um fjölda barna í leikskólum eftir aldri hafa verið teknar saman frá árinu 1981 og á þeim tíma hefur mikil breyting átt sér stað. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru 9% barna á aldrinum 0–2 ára á leikskólum árið 1981 en 39% árið 2004. Í aldurshópnum 3–5 ára hefur hlutfallið aukist úr 52% í 94% árið 2006. Miklar breytingar hafa því orðið í dagvistarmálum á Íslandi á þessu tímabili. Gott framboð dagvistarúrræða fyrir foreldra er eitt af lykilatriðum þegar kemur að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og fjárhagslegu sjálfstæði.

Kynjaskipting nemenda í framhaldsskólum hefur verið svo til jöfn frá árinu 1975. Samkvæmt heimildum Hagstofu fyrir árið 1975 var 51% nemenda karlar en 49% konur, árið 2004 var hlutfallið hins vegar öfugt. Skólaárið 2003–2004 voru 63% nýstúdenta konur. Ef litið er á brottfall framhaldsskólanema þá kemur fram að 20% karla falla frá framhaldskólanámi en 18,5% kvenna.

Á háskólastigi hafa einnig átt sér stað verulegar breytingar á síðustu áratugum samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Hlutfall kvenna sem fara í háskólanám hefur aukist töluvert eða úr 48% nemenda árið 1975 í 63% árið 2004. Hlutur kvenna í hópi brautskráðra á háskólastigi var 24% árið 1975 en var komið í 50% árið 1985. Skólaárið 1995–1996 voru konur komnar í meiri hluta brautskráðra, eða 59%, og skólaárið 2003– 2004 voru þær 64%. Á skólaárinu 2006–2007 kemur fram að af útskrifuðum nemendum með fyrstu prófgráðu voru konur í töluverðum meiri hluta eða 67% og karlar 33%. Ef litið er til framhaldsnáms í háskólum á árinu 2006–2007 kemur fram að alls luku 377 konur meistaraprófi eða sem svarar 61% af heildarfjölda útskrifaðra. Þegar litið er til einstaklinga sem útskrifuðust með doktorspróf skólaárið 2006–2007 kemur fram að alls útskrifuðust tíu einstaklingar með doktorsgráðu samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands, sex konur og fjórir karlar.

ii Konur í vísindum.

Menntamálaráðuneytið skipaði landsnefnd um konur og vísindi á haustmánuðum 2004 til fjögurra ára. Landsnefndin hefur það hlutverk að fylgja eftir störfum nefndar á vegum Evrópusambandsins um konur í vísindum (*Helsinki Group on Women and Science*) sem hefur það markmið að vinna að aukinni þátttöku kvenna í vísindum í Evrópusambandslöndunum og vera til ráðgjafar um stöðu kvenna í rannsókna- og vísindastarfi. Nefndarstarfið hefur meðal annars falið í sér söfnun nýrra tölfræðilegra upplýsinga um þátttöku kvenna í vísindastörfum á Íslandi, sambærilegra við þær sem fyrri landsnefnd safnaði og birt var í skýrslunni *Konur í vísindum á Íslandi* sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2002, ásamt því að leggja mat á þróun mála á tímabilinu. Landsnefndin hefur unnið drög að skýrslu til ráðuneytisins þar sem greindar eru niðurstöður þeirra tölfræðilegra gagna sem safnað hefur verið ásamt tillögum um aðgerðir til aukinnar þátttöku kvenna í vísindum, hvað varðar námsval og

framgang í starfi. Skipunartími landsnefndarinnar er útrunnin en ráðuneytið stefnir að því að endurskipað verði í nefndina.

iii. Kynin í fjölmiðlum.

Fleiri karlar en konur eru félagar annars vegar í Blaðamannafélagi Íslands og hins vegar í Félagi fréttamanna. Konum hefur þó fjölgað í báðum þessum félögum frá árinu 2001. Í Blaðamannafélagi Íslands voru 157 konur árið 2001 eða 34,6% félagsmanna en árið 2007 voru þær 215 eða 35,9%. Körlum fjölgaði einnig sem félagsmönnum í Blaðamannafélagi Íslands á þessu tímabili úr 297 í 384. Árið 2001 voru 15 konur félagar í Félagi fréttamanna eða 25,4% félagsmanna en árið 2007 voru þær orðnar 27 eða 36%. Körlum fjölgaði einungis um fjóra á móti tólf konum á þessu tímabili í Félagi fréttamanna.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands kemur fram að nokkuð hallar á hlut kvenna í stöðum ritstjóra, ritstjórnarfulltrúa og fréttastjóra dagblaða á árunum 2003–2006. Eins og sjá má á töflu 11 voru á tímabilinu engar konur starfandi sem ritstjórar dagblaðanna. Á árunum 2003 og 2004 gegndi engin kona stöðu fréttastjóra hjá dagblöðunum en á árinu 2006 voru jafn margar konur og karlar fréttastjórar.

Tafla 11. Kynjahlutföll meðal ritstjóra og fréttastjóra.

	Ritstjórar		Aðstoðarritstjórar/ritstjórnarfulltrúar		Fréttastjórar	
Ár	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar
2003	0	4	1	3	0	4
2004	0	4	1	4	0	4
2005	0	5	1	4	1	3
2006	0	4	2	4	3	3

Heimild: Hagstofa Íslands.

Ef litið er til upplýsinga Hagstofu Íslands varðandi stjórnendur Ríkisútvarpsins kemur fram að árið 2006 gegndu fjórar konur stjórnendastöðu hjá Ríkisútvarpinu en fimm karlar. Þá ber þess að geta að í 3. gr. samnings um útvarpsþjónustu milli menntamálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins ohf. frá því 23. mars 2007 er kveðið á um að Ríkisútvarpið skuli gæta jafnræðis milli kynja í fréttaumfjöllun, almennu dagskrárefni og í umfjöllun um íþróttir og íþróttaviðburði eftir því sem kostur er.

iv. Rannsóknir.

1. Hagskýrslugerð hjá Hagstofu Íslands.

Samkvæmt 16. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, skal í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum greint milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því. Í starfi Hagstofu Íslands er þess ávallt gætt að farið sé eftir ákvæði þessu þannig að greint sé milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu niðurstaðna, þegar því verður við komið, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Einnig hefur Hagstofan gefið út Hagtíðindi sérstaklega með tölum um karla og konur.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið gaf út á árunum 2007 og 2008 í samvinnu við Jafnréttisstofu og Hagstofu Íslands upplýsingabækling undir heitinu Konur og karlar á Íslandi. Í bæklingnum er samantekt á helstu tölum um hlutfall kynjanna í ýmsum málaflokkum, svo sem upplýsingar um mannfjölda, fjölskyldugerð, töku fæðingarorlofs og stöðu kynjanna á vinnumarkaði sem og í menntakerfinu. Bæklingurinn var einnig gefinn út á ensku.

2. Jafnréttissjóður.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 21. október 2005 tillögu forsætisráðherra um að komið yrði á fót sérstökum rannsóknasjóði, jafnréttissjóði, í tilefni af kvennafrídeginum 24. október 2005. Tilgangur sjóðsins er að efla kynjarannsóknir og tryggja að hér á landi verði unnar vandaðar rannsóknir á þessu sviði. Slíkar rannsóknir eru til þess fallnar að stuðla að bættri stöðu kvenna og karla og framgangi jafnréttis. Styrkir jafnréttissjóðs eru að meginstefnu veittir til rannsókna á stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði en einnig á öðrum sviðum samfélagsins samkvæmt nánari fyrirmælum í reglum um úthlutun styrkja jafnréttissjóðs og starfsreglum stjórnar sjóðsins. Ríkissjóður leggur sjóðnum til 10 milljónir króna fyrir hvert starfsár samkvæmt sérstökum lið á fjárlögum. Þann 30. júní 2006 skipaði forsætisráðherra stjórn jafnréttissjóðs til fjögurra ára samkvæmt tilnefningum félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra. Úthlutað er úr sjóðnum ár hvert þann 24. október, og við það tilefni eru haldnar ráðstefnur þar sem rannsakendur sem hlutu styrki árið áður halda erindi um verkefni sín.

Árið 2006 var úthlutað í fyrsta sinn úr sjóðnum en þá bárust nítján umsóknir og var fimm verkefnum veittur styrkur. Þau sem fengu styrk voru eftirfarandi:

- Haukur Freyr Gylfason fyrir verkefnið *Félagsleg áhrif launavæntingar kynjanna*. Í verkefninu var leitast við að svara spurningum eins og hvort karlar og konur geri mismunandi kröfur um laun fyrir sömu störf. Lagt var upp með að annars vegar kynjabundinn munur á væntingum til launa fyrir ákveðið starf yrði skoðaður og hins vegar áhrif félagslegs samanburðar á launakröfum kynjanna.
- Agnes Sigtryggsdóttir fyrir verkefni *Kynbundið starfsval og gildi – samband launa, viðurkenningar og verðleiki.* Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvað orsakar kynjamisræmið á vinnumarkaðnum. Samantekt var gerð á stöðu kynjanna sem og laun og kjör skoðuð út frá kenningum um sambærileg gildi. Leitast var við að greina hvernig kynbundið gildismat og viðurkenningarmynstur mótar afstöðu til starfa út frá hugmyndum um kynbundna hlutverkaskiptingu og hvernig framlag kynjanna sé metið að verðleikum.
- Auður Arna Arnardóttir fyrir verkefnið *Reynsla af fæðingarorlofi og samspili vinnu og einkalífs frá sjónarhóli feðra og maka þeirra.* Í verkefninu átti að kanna hvort lögin um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, væru að ná markmiði sínu þannig að körlum og konum sé gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Könnuð voru ýmis atriði tengd feðraorlofi íslenskra karlmanna með það fyrir augum að bæta þekkingu, upplifun og reynslu fjölskyldna af feðraorlofinu.
- Þorlákur Karlsson fyrir verkefnið *Óútskýrður launamunur kynjanna.* Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna viðhorf fólks til „sanngjarnra“ launa. Kannað var viðhorf stjórnenda og starfsmanna til þess sem teljast megi sanngjörn laun og athuga hversu kynbundið viðhorfið sé. Enn fremur voru lagðar starfslýsingar fyrir fólk þar sem það var beðið að meta hversu há laun væri sanngjarnt að greiða fyrir eða biðja um fyrir viðkomandi störf. Þátttakendum var skipt í tvo hópa og eini munurinn á starfslýsingunni var kynferði.
- Guðný Björk Eydal fyrir verkefnið *Umönnun og atvinnuþátttaka foreldra barna þriggja ára og yngri – hvaða áhrif hafa lög um fæðingar- og foreldraorlof haft?* Í verkefninu var ætlunin að meta áhrif hinna nýju laga um fæðingar- og foreldraorlof með því að bera saman hvernig foreldrar ungra barna hafi hagað atvinnuþátttöku og umönnun barna annars vegar áður en lögin tóku gildi og hins vegar eftir að þau tóku að fullu gildi árið 2003. Með þessu var verið að afla þekkingar á því hvernig íslenskir foreldrar höguðu

atvinnuþátttöku og deildu með sér ábyrgð á umönnun barna sinna eftir gildistöku laganna.

Árið 2007 var úthlutað í annað sinn úr sjóðnum en þá bárust þrettán umsóknir og var fimm verkefnum veittur styrkur. Eftirfarandi verkefni fengu styrk:

– Indriði H. Indriðason fyrir verkefnið *Fjöldi kvenna á þingi – framboð eða eftirspurn.* Rannsóknin fól í sér að skýra árangur kvenna í prófkjörum stjórnmálaflokkanna að teknu tilliti til reynslu, flokkastarfs, aldurs, menntunar, fjölda kvenna og karla í framboði auk annarra hugsanlegra breyta. Markmið rannsóknarinnar var að leggja mat á þær skýringar sem liggja til grundvallar ástæðum þess hvað valdi litlum hlut kvenna á Alþingi.
– Þorgerður H. Þorvaldsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir fyrir verkefnið *Jafnréttisumræða á tímamótum – kyn og margbreytileiki.* Markmið rannsóknarinnar var að fá heildstæða þekkingu á íslenskri jafnréttisumræðu. Skoðað var hvernig femínískar kenningar um samspil mismununarbreyta geti nýst til þess að sætta ólíkar áherslur í jafnréttisstarfi. Markmiðið var að þróa jafnréttishugtak þar sem margbreytileikinn skyldi hafður að leiðarljósi án þess að áherslan á kynjajafnrétti væri gefin upp á bátinn.
– Stefán Ólafsson fyrir verkefnið *Vinna foreldra á heimili og vinnumarkaði – alþjóðlegur samanburður.* Meta átti í rannsókninni heildarvinnuframlag foreldra, samanlagt á vinnumarkaði og við heimilisstörf, hvernig vinnuframlagið skiptist milli kynjanna og hvernig það væri háð fjölda barna á heimilinu. Með þessu fengist heilstæð mynd af vinnumagni fjölskyldna, karla og kvenna aðskilið og sameiginlega.
– Helgi Tómasson fyrir verkefnið *Mat á tölfræðilíkönum með vinnumarkaðskönnunum – þýðing ómældra breyta.* Markmið rannsóknarinnar var að safna með rafrænum hætti gögnum um laun, vinnutíma, starf, kyn, aldur og ýmsar fleiri breytur. Þetta var gert til að unnt væri að álykta um þýðingu þessara breyta fyrir launamyndun þar sem nauðsynlegt væri að raunhæft tölfræðilegt líkan sé metið. Svo unnt sé að meta þýðingu ómældra breyta er nauðsynlegt að fyrir hendi séu endurteknar mælingar á sama einstaklingi á mörgum tímabilum.
– Vífill Karlsson og Gylfi Magnússon fyrir verkefnið *Staðbundið samfélagslegt mikilvægi jafnrar kynjaskiptingar.* Markmið verkefnisins var að skoða samband milli kynjahalla og húsnæðisverðs og hvort þetta samband endurspegli félagslegt mikilvægi kvenna. Þar sem eftirspurn neytenda mótast af forgangsröðun þeirra í heimi takmarkaðra gæða, endurspeglar landfræðilegur breytileiki fasteignaverðs virði staðsetningar til búsetu.

Árið 2008 var í þriðja sinn úthlutað úr jafnréttissjóðnum en alls bárust tíu umsóknir og var fimm verkefnum veittur styrkur. Eftirfarandi verkefni fengu styrk:

– Kári Kristinsson fyrir verkefnið *Ýgi og launamunur: Áhrif persónuleikaþáttarins ýgi á launamun karla og kvenna.* Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort ýgi hafi áhrif á launamun og þær kröfur sem einstaklingar gera meðal annars í launasamtölum. Ýgi er einn þeirra fáu persónuleikaþátta sem greinir kynin að. Kannað verður hvort ýgi hafi áhrif á launakröfur og væntingar þátttakenda. Tilgangur með rannsókninni er að varpa frekara ljósi á óútskýrðan launamun kynjanna.
– Erla Dóris Halldórsdóttir fyrir verkefnið *Ljósfeður, læknar og kyngervi í íslensku heilbrigðiskerfi á árunum 1760–1933.* Markmið verkefnisins er að útskýra samfélagslegt hlutverk þeirra karla á Íslandi sem tóku á móti börnum hér á landi. Skoðuð verður aðkoma karla að barnsfæðingum á tímabilinu 1760–1933 en samkvæmt fornri hefð, hér á landi og erlendis, þá var stétt ljósmæðra eingöngu skipuð konum en læknar eingöngu karlar. Hins vegar sker Ísland sig úr að því leyti að karlmaður tók ljósmæðrapróf árið 1776.

– Gyða Margrét Pétursdóttir fyrir verkefnið *Vinnumenning, kynjatengsl og fjölskylduábyrgð.* Rannsóknin beinir sjónum að þeim öflum sem hafa áhrif á þau úrræði sem eru á vinnumarkaði til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Verkefnið felst í umfangsmikilli rannsókn á vinnumenningu, kynjatengslum og fjölskylduábyrgð. Sjónum er beint að fjölskyldu- og jafnréttisstefnu fyrirtækja í ljósi breytinga á vinnumarkaði.
– Anna Guðrún Edvardsdóttir fyrir verkefnið *Háskólamenntun og byggðaþróun.* Tilgangur rannsóknarinnar er að auka þekkingu á þróun háskólanáms og skoða tengsl háskólamenntunar og byggðaþróunar. Reynt verður að kortleggja þá þætti sem hafa haft áhrif á orðræðuna, þ.e. á menntunarlega, samfélagslega og pólitíska orðræðu, og hvaða þættir hafa haft áhrif á byggðaþróun. Þáttur kvenna og staða þeirra er sérstaklega skoðuð í þessu samhengi.
– Ásta Dís Óladóttir fyrir verkefnið *Kynjahlutfall í stjórnum og æðstu stjórnendastöðum.* Markmið rannsóknarinnar er að fá skýra mynd af þeirri fylgni sem kann að vera milli afkomu fyrirtækja og kynjahlutfalla meðal stjórnarmanna og æðstu stjórnenda. Könnuð verður fylgni milli kynjahlutfalla og arðsemi eigin fjár annars vegar og kynjahlutfalla og aukningar rekstrarhagnaðar hins vegar.

H. Erlent samstarf á sviði jafnréttismála.

i. Sameinuðu þjóðirnar.

1. Kvennanefndin.

Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (*Commission on the Status of Women*) var sett á fót árið 1946 sem ein af undirnefndum efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Nefndinni var fengið það verkefni að útbúa tilmæli og skýrslur til efnahagsog félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna um eflingu borgaralegra, stjórnmálalegra, efnahagslegra og félagslegra réttinda kvenna. Meginmarkmið nefndarinnar hefur verið að jafna rétt kynjanna. Eftir fjórðu kvennaráðstefnuna sem haldin var í Peking árið 1995 veitti allsherjarþingið nefndinni umboð til að takast á hendur eftirfylgni við yfirlýsingu og framkvæmdaáætlun Peking-ráðstefnunnar. Viðamikil endurskoðun fór fram í tengslum við fimm ára afmæli Peking-ráðstefnunnar á 23. aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 2000 þar sem samþykkt voru frekari markmið hvað varðar jafnrétti kynjanna.

Ísland var kosið í fyrsta skipti í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna vorið 2004 og tók formlega sæti í nefndinni árið 2005. Með 52. fundi kvennanefndarinnar árið 2008 lauk því fjögurra ára setu Íslands í nefndinni. Fulltrúar 45 ríkja sitja í nefndinni sem kosnir eru eftir ákveðnu skipulagi þar sem landfræðilegrar dreifingar er gætt en hvert kjörtímabil stendur yfir fjögur ár. Norðurlöndin hafa gert með sér óformlegt samkomulag um að eitt þeirra eigi ávallt sæti í nefndinni og var það Svíþjóð sem tók við keflinu af Íslandi. Seta Íslands í nefndinni var samstarfsverkefni félags- og tryggingamálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins. Áhersla er lögð á samstarf við frjáls félagasamtök, þ.e. UNIFEM, Kvenréttindafélag Íslands og Stígamót, en fulltrúar þeirra hafa átt sæti í sendinefnd Íslands á fundum kvennanefndarinnar og innt af hendi mikilvægt framlag til starfsins. Staða jafnréttismála á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum hefur vakið athygli og hlotið jákvæða umfjöllun innan nefndarinnar. Finna má upplýsingar um störf nefndarinnar og niðurstöður á heimasíðu hennar (*http://www.un.org/womenwatch/daw/csw*).

Meginumfjöllunarefni 50. fundar kvennanefndarinnar árið 2006 var tvíþætt. Annars vegar konur og þróunarsamvinna (*Enhanced participation of women in development: an enabling environment for achieving gender equality and the advancement of women, taking into account, inter alia, the fields of education, health and work*) og hins vegar leiðir til að jafna

þátttöku kvenna og karla í ákvarðanatöku *(Equal participation of women and men in decision-making processes at all levels*). Einnig var sérstaklega fjallað um hvernig bæta mætti starfshætti og framtíðarskipulag funda nefndarinnar *(Future Organization and Working Methods of the Commission on the Status of Women*) í því skyni að gera störf hennar skilvirkari. Fjölmargar áhugaverðar málstofur voru haldnar samhliða fundi kvennanefndarinnar. Má þar sérstaklega nefna norrænu málstofuna *Nordic Women in Politics*, en allir norrænu ráðherrarnir sem fara með jafnréttismál tóku þátt í málstofunni.

Á 51. fundi kvennanefndarinnar árið 2007 var mismunun og ofbeldi gegn stúlkubarninu sérstaklega til umræðu en einnig átti sér stað almenn umræða um stöðu jafnréttismála. Til grundvallar umræðunni var ný skýrsla aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna (*E/CN.6/2007/2*) auk sérstakrar skýrslu sérfræðingahóps Sameinuðu þjóðanna um stúlkubarnið (*EGM/Girl Child 2006*/report). Mikið vantar upp á að mörg aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna hafi í reynd innleitt ákvæði samninga sem ætlað er að vernda réttindi barna og margs háttar ofbeldi gagnvart stúlkubörnum er víða landlægt. Í framangreindum skýrslum er meðal annars vísað til þess hve „ósýnilegt“ stúlkubarnið er þegar fjallað er um ofbeldi gegn börnum og skýrslugjöf ríkja þar að lútandi. Skaðlegar hefðir eins og umskurður stúlkubarna séu ennþá alvarlegt vandamál sem ekki hefur tekist að vinna bug á. Konur og stúlkubörn eru í miklum meiri hluta fórnarlamba mansals og kynlífsþrælkunar sem fer mjög vaxandi að mati Sameinuðu þjóðanna og er hluti alþjóðlegrar glæpastarfsemi.

Íslensk stjórnvöld og frjáls félagasamtök stóðu fyrir íslenskum hliðarviðburði í aðalbyggingu Sameinuðu þjóðanna í tengslum við fund kvennanefndarinnar þar sem fjallað var um þær leiðir sem farnar hafa verið á Íslandi í því skyni að ná fram jafnrétti kynjanna. Einnig var haldinn sérstakur norrænn hliðarviðburður þar sem fjallað var um feðraorlof á Íslandi, í Noregi og Danmörku, undir titlinum *The Nordic Father: Role Model for a Caring Male?*

Meginþema 52. fundar kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna var fjármögnun jafnréttisbaráttunnar og valdefling kvenna. Í ályktun fundarins var lögð áhersla á að ríki og stofnanir Sameinuðu þjóðanna tryggi að fjármunum verði veitt til jafnréttisbaráttunnar. Hvatt var til þess að áætlanir verði gerðar um að útrýma fátækt með fullri þátttöku kvenna og að kynjasjónarmið verði tekin með í mótun stefnu í efnahagsmálum sem og öðrum áætlunum stjórnvalda, meðal annars á vettvangi umhverfismála í tengslum við loftslagsbreytingar. Var einnig hvatt til þess að upplýsingum um jafnrétti kynjanna verði safnað og þær greindar. Enn fremur var áhersla lögð á að þróunarsamvinna beinist að því að efla stöðu kvenna og stúlkna sem og að alþjóðlegar fjármálastofnanir taki tillit til kynjasjónarmiða í lánveitingum og þátttöku í verkefnum. Þá voru ríki hvött til að meta landslög út frá jafnrétti kynjanna, tryggja að mismunun kvenna í atvinnulífinu verði upprætt, marka sér stefnu um eflingu kvenna í frumkvöðlastarfi og gera nauðsynlegar breytingar til að konur hafi jafnan aðgang og karlar að efnahagslegum verðmætum, til dæmis landareignum. Síðast en ekki síst voru ríki hvött til að efla menntun, heilbrigði og félagslega þjónustu við konur og mikilvægi þess að konur taki fullan þátt í friðarferlum undirstrikað.

Í tengslum við fundinn stóðu Norðurlöndin og Norræna ráðherranefndin sameiginlega fyrir málstofu þar sem fjallað var um aðgerðir til að berjast gegn ofbeldi gegn konum, sérstaklega heiðursmorðum, og ráðstafanir til að berjast gegn mansali. Þá efndu Stígamót, Kvenréttindafélag Íslands og Alþjóðahús einnig til málstofu undir heitinu *Growth, Power and Fun.* Þar var fjallað um möguleika kvenna til að eflast sem persónur þrátt fyrir áföll og mótlæti, eins og kynferðislegt ofbeldi, og þann kraft sem býr í konum sem eru innflytjendur á Íslandi. Einnig var fjallað um gjörning sem fram fór á Ísafirði sem sýnir fegurðarsamkeppni í nýju ljósi og hvetur fólk til umhugsunar um staðlaðar fegurðarímyndir. Jafnframt var sýndur hluti

úr heimildamyndinni *Óbeisluð fegurð* þar sem fjallað er um fegurðarsamkeppnina. Vakti myndin verðskuldaða athygli. Báðar málstofurnar voru mjög vel sóttar.

2. Samningurinn um afnám allrar mismununar gegn konum.

Íslensk stjórnvöld skiluðu sjöttu skýrslu um framkvæmd samningsins um afnám allrar mismununar gegn konum árið 2007 og höfðu áður skilað fimmtu skýrslu árið 2003. Sérfræðinganefndin sem starfar á grundvelli samningsins tók síðan fyrir efni fimmtu og sjöttu skýrslu íslenskra stjórnvalda á fundi sínum sem haldinn var í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í júlí 2008. Fulltrúar félags- og tryggingamálaráðuneytis og Jafnréttisstofu sóttu fund nefndarinnar í því skyni að eiga viðræður við hana og svara spurningum um framkvæmd samningsins hér á landi. Niðurstöður nefndarinnar um framkvæmd íslenskra stjórnvalda er að finna á heimasíðu nefndarinnar (http://www2.ohchr.org/english/bodies/cedaw/cedaws41.htm). Nefndin fagnaði meðal annars nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis. Í niðurstöðum sínum gagnrýndi nefndin sem fyrr vægar refsingar fyrir kynbundið ofbeldi, sér í lagi nauðganir, og lagði til að stjórnvöld bæti rannsóknir, gagnasöfnun og greiningu á tíðni, orsökum og afleiðingum kynbundins ofbeldis. Jafnframt gagnrýndi nefndin skipulag mála í tengslum við mansalsmálefni og vændi, þar á meðal að engar þolenda- eða vitnaáætlanir væru til staðar hér á landi fyrir fórnarlömb mansals. Í niðurstöðum sínum óskar nefndin sérstaklega eftir að fylgjast með hvernig stjórnvöld bregðast við tilmælum hennar að því er varðar mansal og vændi. Þá gagnrýndi nefndin lágt hlutfall kvenna í stöðum prófessora og stjórnenda hjá fyrirtækjum auk kynbundins launamunar á íslenskum vinnumarkaði. Nefndin hefur boðið íslenskum stjórnvöldum að skila sjöundu og áttundu skýrslu um framkvæmd samningsins hér á landi í sameiginlegri skýrslu árið 2014.

ii. Samstarf á vettvangi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og Evrópuráðsins.

1. Almennt.

Á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið starfar nefnd sem fylgist með stöðu jafnréttismála innan Evrópusambandsins. Ísland fer nú með formennsku í nefndinni sem hittist að jafnaði tvisvar á ári. Nefndin fer yfir nýjar gerðir Evrópusambandsins sem og þær sem eru í undirbúningi auk þess að kynna sér viðburði og umræður á sviði jafnréttismála á vettvangi Evrópusambandsins. Nýlega var samþykkt að víkka út starfssvið nefndarinnar þannig að hún mun hér eftir fylgjast með gerðum og starfi sem snýr að öðrum tegundum mismununar en kynjamisrétti, til dæmis vegna uppruna, kynhneigðar, fötlunar og fleira.

Ísland á áheyrnarfulltrúa í ráðgjafanefnd Evrópusambandsins um jafnréttismál (*Advisory Committee on Gender Equality*). Sú nefnd fær tillögur að gerðum til umsagnar auk þess að taka þátt í mótun jafnréttisstefnu Evrópusambandsins og veita því aðhald. Endurskoðun á jafnréttisstefnunni (*A Roadmap for Equality between Women and Men*) er fyrirhuguð en gildandi stefna nær til ársins 2010. Megináherslur í gildandi áætlun eru sex: Efnahagslegt jafnrétti, samræming atvinnu- og fjölskyldulífs, aðgerðir til að tryggja jafna þátttöku kynjanna við ákvarðanatöku, kveða niður kynbundið ofbeldi og mansal, breyta staðalímyndum kynjanna og að ýta undir kynjajafnrétti utan Evrópusambandsins. Í byrjun árs 2009 tekur ný stofnun til starfa, Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins, sem staðsett verður í Vilnius í Litháen.

Ísland á fulltrúa í jafnréttisnefnd Evrópuráðsins. Á vettvangi hennar hefur sjónum einkum verið beint að baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Árið 2008 lauk mikilli herferð gegn ofbeldi í nánum samböndum og var gerð viðamikil könnun í aðildarríkjum ráðsins. Í ljós kom

að Íslendingar eiga langt í land á ýmsum sviðum, sérstaklega hvað varðar aðstoð og vernd fyrir þolendur kynbundins ofbeldis.

2. Progress.
Progress er jafnréttis- og vinnumálaáætlun Evrópusambandsins sem tók gildi árið 2007 og stendur til ársins 2013. Fjórar af fyrrum áætlunum sambandsins voru sameinaðar í eina en í þessari áætlun er sjónum einkum beint að vinnumálum, jafnrétti kynjanna, félagsvernd, samfélagi án aðgreiningar og vinnuvernd. Í öllum verkefnum sem njóta styrkja á vegum *Progress* skal taka mið af samþættingu kynjasjónarmiða. Árið 2008 voru styrkir veittir í verkefni á vegum *Progress* fyrir 91,5 milljónir evra; þar af var 10,9 milljónum evra veitt sérstaklega í verkefni á sviði jafnréttismála. Þátttakendur frá Íslandi hafa sótt um þrjú verkefni til *Progress* frá árinu 2007 og var veittur styrkur í öllum tilvikum. Tvö þessara verkefna eru á sviði jafnréttismála og annast Jafnréttisstofa framkvæmd þeirra. Þriðja verkefnið fjallar almennt um mismunun og er það verkefni í umsjón Mannréttindaskrifstofu Íslands í samstarfi við félags- og tryggingamálaráðuneytið, Alþjóðahús, Samráðsvettvang trúarbragða, Kvenréttindafélagið, Fjölmenningarsetrið, Þroskahjálp Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Samtökin ‘78. Sem dæmi um verkefni sem styrkt var af *Progress* má nefna að haldinn var tveggja daga fundur með sérfræðingum frá fjórtán Evrópulöndum hérlendis um framkvæmd og fyrirkomulag fæðingarorlofsins á Íslandi en nánar er fjallað um þann fund í kaflanum *Samhæfing fjölskyldu- og atvinnulífs* í þessum hluta skýrslunnar.

3. Daphne III.
Daphne-áætlunin er meðal þeirra Evrópusambandsáætlana sem Ísland tekur þátt í. Hlutverk áætlunarinnar er að styðja við verkefni sem vinna gegn ofbeldi gegn konum, börnum og ungmennum. Meginmarkmiðið er að hvetja til og koma á fót skammtímaog langtímaverkefnum sem ætlað er að vernda þessa hópa fyrir hvers kyns ofbeldi, efla stuðning við þolendur ofbeldis og stuðla að bættu líkamlegu og andlegu heilbrigði. Árið 2008 var meðal annars lögð áhersla á verkefni gegn mansali og kynferðislegri misnotkun, ofbeldi sem tengist ákveðnum hefðum og má þar nefna umskurð kvenna og heiðursmorð, sem og verkefni gegn ofbeldi á konum og börnum innan heimilis og í skólum. Árin 1997–2006 hefur Daphne-áætlunin styrkt yfir 470 verkefni víðs vegar um Evrópu. Á tímabilinu 1997–2004 tók Ísland þátt í átta verkefnum. Má þar nefna samstarfsverkefnið *Child Pornography – Internet Hotline Providers in Europe* sem Barnaheill tók þátt í ásamt þátttakendum frá ellefu öðrum löndum og samstarfsverkefnið *Minority Women Victimised by Repeat Perpetrators* sem Stígamót tók þátt í ásamt þátttakendum frá fimm öðrum löndum.

iii. Norðurlandasamstarf á sviði jafnréttismála.
Jafnréttisráðherrar Norðurlandanna hafa starfað saman frá árinu 1974 um sameiginleg hagsmunamál á sínu sviði. Þeirri meginreglu er fylgt í norrænu samstarfi að miða við norrænt notagildi. Norrænu jafnréttisstarfi er stjórnað í samvinnu ráðherranefndarinnar fyrir jafnrétti (*MR-JÄM*) og embættismannanefndarinnar fyrir jafnrétti (*ÄK-JÄM*). Samstarfið í jafnréttismálum fylgir sérstakri samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2006–2010 sem ber yfirskriftina *Með áherslu á kyn er stefnt að jafnréttissamfélagi.* Samkvæmt samstarfsáætluninni eru tvö meginsvið í fyrirrúmi, þ.e. *kyn og völd* og *kyn og æska.* Auk þess verður lögð áhersla á að fjalla um menningu og miðlun út frá sjónarhorni kynferðis. Norræna stofnunin fyrir kvenna- og kynjarannsóknir (*NIKK*) sem fjármögnuð er af ráðstöfunarfé embættismannanefndarinnar hrindir

í framkvæmd, styður og samhæfir kvenna-, karla- og kynjarannsóknir á Norðurlöndum og utan þeirra auk þess sem hún tekur þátt í að mynda norrænan grundvöll fyrir kynjarannsóknir.

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við nágrannalöndin innan Evrópusambandsins, Eistland, Lettland og Litháen, byggist á samstarfsáætlun Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um jafnréttismál sem var samþykkt af jafnréttisráðherrum landanna árið 1998 og var tíu ára afmæli samkomulagsins fagnað á sameiginlegum ráðherrafundi ríkjanna átta í Eistlandi í maí 2008. Ákveðið var að halda samstarfinu áfram og er mansal eitt af meginþemum þess. Markmið jafnréttissamstarfsins við baltnesku löndin er að vinna áfram að samþættingu jafnréttis innan pólitískrar ákvarðanatöku á staðbundnum, svæðisbundnum og þjóðlegum vettvangi og miðla upplýsingum um árangursríkar aðferðir.

Á vegum norræna samstarfsins hefur verið unnið að fjölmörgum viðfangsefnum með rannsóknum, ráðstefnum og útgáfu skýrslna. Árið 2006 var meginviðfangsefnið rannsóknarverkefni um klámvæðinguna. Einnig lauk sama ár rannsóknarverkefni um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð á Norðurlöndum (*Integrering av ett könsperspektiv i nordiska statsbudgetar*) með lokaráðstefnu og skýrslu. Markmiðið með verkefninu var að gera áætlanir og kynna aðferðir sem nota má til að tryggja að jafnréttissjónarmið verði höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð á Norðurlöndum, en slík sjónarmið eru talin mikilvæg tæki sem stuðla að þróun í átt til aukins jafnréttis. Lokaráðstefnan var haldin í Helsinki í október 2006 og var lögð þar fram skýrslan *Integrering av ett köns- och jämställdhetsperspektive i de nordiska statsbudgeterna (TemaNord 2006:531*).

Vændi á Norðurlöndunum var meginrannsóknarverkefni ársins 2007. Markmiðið var að fá upplýsingar um umfang vændis og mansals til kynlífsþjónustu út frá jafnréttissjónarmiðinu. Einnig að kortleggja viðhorf karla og kvenna til kaupa á kynlífsþjónustu. Rannsóknarverkefninu var ætlað að afla upplýsinga og þekkingar til að efla möguleika á að grípa til norrænna aðgerða til að sporna við vændi og mansali. Verkefninu lauk með viðamikilli ráðstefnu þar sem niðurstöður voru kynntar. Það sama ár lauk verkefninu Karlar og jafnrétti með ráðstefnu. Þá hófst samanburðarrannsókn á stöðu kynjanna varðandi þátttöku í stjórnmálum og stjórnum fyrirtækja og stofnana.

I. Kærunefnd jafnréttismála.

Fjöldi erinda sem kærunefnd jafnréttismála berst á ári hverju hefur verið á bilinu tíu til tuttugu á undanförnum sjö árum að undanskildu árinu 2008 en þá bárust nefndinni átta erindi. Í fæstum tilvikum hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þannig bárust nefndinni ellefu erindi árið 2002 en í þremur þeirra var talið að brotið hefði verði gegn ákvæðum laganna. Einu erindi var þó vísað frá nefndinni en í sjö tilvikum komst nefndin að því að ekki hefði verið um brot gegn ákvæðum laganna að ræða.

Sömuleiðis var talið í þremur tilvikum af þeim sextán erindum sem bárust nefndinni árið 2003 að brotið hefði verið gegn ákvæðum laganna. Það ár var tveimur erindum vísað frá nefndinni auk þess sem tvö erindi voru dregin til baka en í níu tilvikum taldi nefndin að ekki væri um brot að ræða.

Árið 2004 bárust nefndinni fimmtán erindi og var talið að um brot gegn ákvæðum laganna væri að ræða í fjórum tilvikum. Tveimur málum var hins vegar vísað frá nefndinni sama ár auk þess sem eitt erindi var framsent til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála. Í átta tilvikum komst nefndin hins vegar að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið um brot að ræða.

Tíu erindi bárust nefndinni árið 2005 og taldi nefndin að í einu þeirra hefði verði brotið gegn ákvæðum jafnréttislaga. Tveimur erindum var vísað frá nefndinni og í sjö tilvikum var ekki talið að um brot væri að ræða. Einn nefndarmanna skilaði þó séráliti og taldi að um brot hefði verið að ræða í einu tilviki þar sem nefndin hafði komist að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verði brotið gegn ákvæðum laganna.

Árið 2006 bárust ellefu erindi til nefndarinnar og í þremur tilvikum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að um brot hefði verið að ræða en í átta tilvikum var ekki talið að um slíkt hefði verið að ræða.

Sömuleiðis bárust nefndinni ellefu erindi árið 2007. Í einu tilviki taldi nefndin að um brot hefði verið að ræða, eitt erindið var afturkallað, eitt erindið var framsent til annars stjórnvalds og einu erindi var vísað frá nefndinni. Í sjö tilvikum taldi nefndin því að ekki hefði verið um brot að ræða.

Árið 2008 bárust alls átta erindi til nefndarinnar. Í einu tilviki taldi nefndin að um brot hefði verið að ræða, tveimur erindum var vísað frá nefndinni, eitt erindið var framsent til annars stjórnvalds en í þremur tilvikum var ekki talið að um brot hefði verið að ræða. Þá hefur nefndin ekki lokið meðferð sinni á einu erindi sem barst nefndinni í lok árs 2008.

J. Dómar Hæstaréttar í jafnréttismálum.

Á tímabilinu 1. febrúar 2005 til 1. september 2008 féll einungis einn dómur í Hæstarétti í máli er varðaði ætlað brot á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Málið var númer 195/2006 og var höfðað til greiðslu skaðabóta vegna skipunar í embætti sendiráðsprests í London. Embættið var samstarfsverkefni X, Y og Z og var auglýst laust til umsóknar í júní árið 2003. X, sem hafði það hlutverk að skipa í embættið, ákvað að koma á fót sérstakri hæfisnefnd í tengslum við val á umsækjendum um embættið þar sem fulltrúar fyrrnefndra aðila áttu sæti. Fram kemur í dómi Hæstaréttar að ákveðið hafi verið að kröfu Z að álit nefndarinnar yrði bindandi. Að mati Hæstaréttar var ekkert því til fyrirstöðu að X hefði í samráði við þá sem áttu fulltrúa í hæfisnefndinni ákveðið að niðurstaða nefndarinnar yrði bindandi enda hélt hann formlegu skipunarvaldi sínu og bar áfram ábyrgð á því að skipun í embættið væri lögmæt.

Tveir umsækjendur voru um embættið, karlmaður (M), sem var tengdasonur X, og kona (K). M var skipaður í embættið og í framhaldi höfðaði K mál.

Skipunin í umrætt embætti var í samræmi við niðurstöðu fyrrnefndrar hæfisnefndar sem mælt hafði með því að M yrði skipaður til að gegna embættinu. Í dómi Hæstaréttar kemur meðal annars fram að við mat sitt á umsækjendum hafi nefndinni borið að byggja á öllum málefnalegum sjónarmiðum og væru þau skýrlega rakin í 17. gr. starfsreglna um presta. Fram kemur að af gögnum málsins verði hins vegar ráðið að nefndin hafi lagt starfsreynslu umsækjenda að jöfnu þrátt fyrir fimm ára lengri reynslu K af prestsstarfi. Telur Hæstiréttur að nefndinni hafi borið að líta til þessa munar á umsækjendum við mat á starfsreynslu þeirra og að mat nefndarinnar sé því að þessu leyti ekki málefnalegt. Hæstiréttur telur jafnframt að þau rök nefndarinnar að óvenju mikið og stöðugt starfsálag M geri það að verkum að meta skuli starfsreynslu umsækjenda sambærilega, þrátt fyrir að K hafi lengri starfsferil að baki, engu breyta í þessum efnum enda verði ekki séð að sambærilegt mat hafi farið fram á starfsálagi K. Þá kemur fram í dómi Hæstaréttar að K hafi haft meiri framhaldsmenntun en M þótt sú menntun hafi ekki verið á því sviði sem sérstaklega hafi verið tilgreint í auglýsingu um embættið. Fram kemur að Hæstarétti virðist sem framhaldsmenntun M á umræddu sviði hafi raunar ráðið úrslitum um niðurstöðu nefndarinnar. Telur Hæstiréttur það hins vegar ekki réttmætt að gefa því sjónarmiði jafnríkt vægi og gert hafi verið enda hafi einungis komið fram

í auglýsingu um umrætt embætti að framhaldsmenntun væri æskileg og þá helst á umræddu sviði. Að mati Hæstaréttar verði því ekki talið að nefndin hafi gætt málefnalegra sjónarmiða við mat á umsækjendum að þessu leyti.

Að þessu virtu kemst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að K hafi sýnt fram á að starfsreynsla hennar og menntun nýtist henni þannig að hún hafi verið jafnhæf eða hæfari en M til að gegna umræddu embætti. Þá kemur fram í dómi Hæstaréttar að samkvæmt 1. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, sé það markmið laganna að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Markmið III. kafla laganna væri að stemma stigu við mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði en erfitt geti verið að sanna að um slíka mismunun sé að ræða. Lögin yrðu að þessu leyti þýðingarlítil nema meginreglur kaflans yrðu skýrðar á þann veg að konu skuli veita starf ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin og karlmaður sem við hana keppir um ráðningu í starf hvað varðar menntun og annað sem máli skiptir, þegar á starfssviðinu eru fáar konur en fram kemur að engin kona gegndi prestsstarfi erlendis. Það hafi því verið X að sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar þeirri ákvörðun að skipa M í umrætt embætti. Það hafi X hins vegar ekki gert að mati Hæstaréttar og því verði talið að við skipun í embættið hafi verið brotið gegn 1. mgr. 24. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

III. Áætlun ríkisstjórnarinnarí jafnréttismálum 2004–2008.

A. Verkefni ríkisstjórnarinnar.

1. Jöfnun á kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnum.

Meginhugmynd verkefnisins er að ná fram sem jöfnustu hlutfalli karla og kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera. Því jafnari sem hlutföll karla og kvenna eru því meiri líkur eru á því að ákvarðanir endurspegli bæði hagsmuni kvenna og karla við stefnumótun. Þess vegna er mikilvægt að ganga úr skugga um hvort hæfileikar og menntun beggja kynjanna nýtist þegar stefna er mótuð og ákvarðanir teknar. Þetta á einnig við þegar stjórnvöld setja fram stefnumótandi pólitísk markmið. Þar sem kynjahlutföll eru mjög mismunandi í ráðuneytunum skal bæði fylgst með heildartölum og skipan í nefndir, ráð og stjórnir. Með því má sjá hvort raunverulegar breytingar verði í framkvæmd. Til þess að ná fram jöfnuði er gert ráð fyrir að hvert ráðuneyti taki upp eftirfarandi verklag:

- Þegar óskað er eftir tilnefningu frá aðilum utan ráðuneytanna verði farið fram á að fyrir hvern fulltrúa verði tveir einstaklingar tilnefndir, karl og kona.
- Þegar skipað er í nefndir, ráð og stjórnir án tilnefninga verði þegar í stað tekin upp sú regla að kynjahlutfall sé sem jafnast innan hvers hóps.
- Til að ná fram jöfnuði innan hvers ráðuneytis verði haft í huga við skipun í einstakar nefndir, ráð og stjórnir að þar sé annað kynið í meiri hluta til að rétta af ójafnvægi innan annarra nefnda.

Markmið verkefnisins er að jafna hlut kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera þannig að kynjahlutföll séu aldrei meira en 60:40 öðru kyninu í hag. Frá gildistöku þingsályktunarinnar skipi öll ráðuneyti jafnan hlut kvenna og karla. Hlutföll við lok gildistíma eiga að vera innan marka 60:40. Þau ráðuneyti sem þegar hafa náð þessu hlutfalli skulu gæta þess að halda því áfram.

Árangur ráðuneytanna hefur verið mjög breytilegur þegar kemur að jöfnun kynjahlutfalla í nefndum, ráðum og stjórnum. Eins og fram kom í síðustu skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála höfðu forsætisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og umhverfisráðuneyti samið stöðluð bréf eða mótað sér starfsreglur sem beitt er þegar ráðuneytin óska eftir tilnefningum í nefndir, ráð og stjórnir. Við endurskoðun laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var ákvæði laganna um að tryggja skuli sem jafnast hlutfall kynjanna í opinberum nefndum, ráðum og stjórnum styrkt þar sem tekið er fram að hlutfall hvors kyns skuli ekki vera minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Á þetta bæði við um aðal- og varamenn. Svo þessu markmiði yrði náð var jafnframt talið mikilvægt að taka sérstaklega fram í lögunum að tilnefningaraðilar tilnefni ávallt bæði karl og konu þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Jafnréttisstofa hefur tekið saman upplýsingar um skipan í nefndir, ráð og stjórnir innan Stjórnarráðsins á síðastliðnum árum. Vakin er athygli á að breytingar voru gerðar á skipan ráðuneyta innan Stjórnarráðsins á árinu 2007 sem komu til framkvæmda þegar á því ári og í upphafi árs 2008.

Tafla 1. Heildartölur: Nefndir, ráð og stjórnir 2006 og 2007.

	2006					2007				
Ráðuneyti	Konur	Karlar	Heild	Hlutfall kvk.	Hlutfall kk.	Konur	Karlar	Heild	Hlutfall kvk.	Hlutfall kk.
Forsætisráðuneyti	67	180	247	27%	73%	70	155	225	31%	69%
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	38	100	138	28%	72%	40	95	135	30%	70%
Félagsmálaráðuneyti	194	251	445	44%	56%	184	225	409	45%	55%
Fjármálaráðuneyti	34	101	135	25%	75%	40	103	143	28%	72%
Hagstofa	0	3	3	0%	100%	0	3	3	0%	100%
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	211	269	480	44%	56%	266	385	651	41%	59%
Iðnaðarráðuneyti*	73	271	344	21%	79%	70	163	233	30%	70%
Menntamálaráðuneyti	466	685	1151	40%	60%	440	646	1086	41%	59%
Samgönguráðuneyti	35	178	213	16%	84%	44	177	221	20%	80%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti**	30/36	86/178	116/214	26%/17%	74%/83%	24	60	84	29%	71%
Umhverfisráðuneyti	77	160	237	32%	68%	84	172	256	33%	67%
Utanríkisráðuneyti	2	5	7	29%	71%	3	10	13	23%	77%
Viðskiptaráðuneyti*	(73)	(271)	(344)	(21%)	(79%)	56	115	171	33%	67%
Samtals	**1263**	**2467**	**3730**	**34%**	**66%**	**1321**	**2309**	**3630**	**36%**	**64%**

* Iðnaðarráðuneyti og viðskiptaráðuneyti voru eitt ráðuneyti árið 2006 og því eru sömu tölur fyrir ráðuneytin árið 2006 en ekki í samtölunni.

** Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti voru sameinuð á árinu 2007.

Hlutur kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum innan Stjórnarráðsins jókst um 4% milli áranna 2005 og 2007 eða úr 32% í 36% sem verður að teljast skref í rétta átt enda þótt markmiðum laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla um að hlutfall hvors kyns sé ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða hafi ekki enn verið náð. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið náði 40:60 markmiðinu árið 2004 en félagsmálaráðuneytið náði þessu takmarki árið 2005 þegar hlutfall kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum þess varð 43%. Ári síðar sigldi menntamálaráðuneytið í kjölfarið og náði settu markmiði. Þessi þrjú ráðuneytið hafa síðan haldið hlutfalli kvenna yfir 40% en hlutur kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum félagsmálaráðuneytis var 45% árið 2007. Öll ráðuneytin nema tvö, utanríkisráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, bættu hlut kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum milli áranna 2006 og 2007. Eftirtektarverð er breytingin hjá iðnaðarráðuneyti og viðskiptaráðuneyti milli ára. Þegar ráðuneytin voru eitt ráðuneyti á árinu 2006 áttu konur einungis 21% sæta í nefndum, ráðum og stjórnum á þess vegum. Hlutur kvenna jókst verulega eftir að ráðuneytin voru aðskilin árið 2007 en þá varð hlutur kvenna 33% í nefndum, ráðum og stjórnum viðskiptaráðuneytis og 30% hjá iðnaðarráðuneyti. Breytingin er einkum markverð í ljósi þeirrar reynslu að breyting á hlutfalli kynjanna milli ára hjá ráðuneytunum hefur verið um 1%. Þá ber að hafa í huga að ýmis nefndastörf fylgja ákveðnum stöðum opinberrar stjórnsýslu eða embættum og taka þeir einstaklingar sem þeim gegna sæti í tilteknum nefndum. Þetta hefur áhrif á kynjaskiptingu í nefndum, ráðum og stjórnum þar sem fleiri karlar en konur gegna þessum embættum. Einnig verður að líta til þess hversu margar skipanir liggja að baki tölunum en það er breytilegt eftir ráðuneytum. Á það einkum við um Hagstofu Íslands og utanríkisráðuneytið sem hafa óneitanlega sérstöðu að þessu leyti í samanburði við hin ráðuneytin.

Tafla 2. Nefndir, ráð og stjórnir skipuð árin 2006 og 2007.

	2006					2007				
Ráðuneyti	Konur	Karlar	Heild	Hlutfall 1 kvk.	Hlutfall 1 kk.	Konur	Karlar	Heild	Hlutfall 1 kvk.	Hlutfall 1 kk.
Forsætisráðuneyti	18	49	67	27%	73%	22	43	65	34%	66%
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	19	24	43	44%	56%	16	27	43	37%	63%
Félagsmálaráðuneyti	46	41	87	53%	47%	43	82	125	34%	66%
Fjármálaráðuneyti	14	17	31	45%	55%	8	11	19	42%	58%
Hagstofa	0	0	0	0%	0%	0	0	0	0%	0%
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	47	35	82	57%	43%	82	98	180	46%	54%
Iðnaðarráðuneyti*	29	103	132	22%	78%	48	82	130	37%	63%
Menntamálaráðuneyti	141	186	327	43%	57%	98	153	251	39%	61%
Samgönguráðuneyti	7	34	41	17%	83%	27	79	106	25%	75%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti**	1/16	7/29	8/45	13%/ 36%	87%/ 64%	3	9	12	25%	75%
Umhverfisráðuneyti	16	28	44	36%	64%	59	97	156	38%	62%
Utanríkisráðuneyti	1	2	3	33%	67%	0	1	1	0%	100%
Viðskiptaráðuneyti*	(29)	(103)	(132)	(22%)	(78%)	33	106	139	24%	76%
Samtals	**355**	**555**	**910**	**39%**	**61%**	**439**	**788**	**1227**	**36%**	**64%**

* Iðnaðarráðuneyti og viðskiptaráðuneyti voru eitt ráðuneyti árið 2006.

** Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti voru sameinuð á árinu 2007.

Fimm ráðuneytanna náðu því markmiði að meira en 40% fulltrúa sem voru skipaðir í nefndir, ráð og stjórnir árið 2006 voru konur en það eru dóms- og kirkjumálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið. Þess ber að geta að á árinu 2006 gerðist það í fyrsta skipti að félagsmálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti skipuðu fleiri konur en karla í nefndir, ráð og stjórnir á vegum þeirra. Þegar litið er á heildarskipun í nefndir, ráð og stjórnir innan Stjórnarráðsins kemur í ljós að 39% fulltrúa sem voru skipaðir árið 2006 voru konur og því mjög nálægt því að ná markmiðinu um 40:60 skiptingu. Heldur dró úr hlut kvenna við skipanir í nefndir, ráð og stjórnir á árinu 2007 er 36% nýskipaðra fulltrúa voru konur. Einungis heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skipaði konur í meira en 40% tilfella á árinu 2007. Þessi breyting gefur til kynna að ávallt er mikilvægt að hafa kynjasjónarmiðin að leiðarljósi við nýskipanir enda þótt að árangur hafi áður náðst við að jafna kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnum.

Þegar litið er til árangurs einstakra ráðuneyta verður að telja þýðingarmikið að ráðuneyti undirstriki mikilvægi jafnréttis kynjanna þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir, stjórnir og ráð innan opinberrar stjórnsýslu og að tilnefningaraðilar tilnefni bæði karl og konu til setu í hlutaðeigandi nefnd, stjórn eða ráði. Er þá ekki síður mikilvægt að tilnefningaraðilar fari að lögum að þessu leyti sem aftur veitir skipunaraðila svigrúm til að gæta að jöfnu kynjahlutfalli við skipunina. Þá skiptir jafnframt máli að skipunaraðili sé meðvitaður um kynjaskiptingu meðal þeirra sem sitja í forsvari fyrir einstakar nefndir, ráð og stjórnir er starfa á vegum hans.

Upplýsingaöflun um hlut kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytanna er hluti af árlegri greinargerð jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna til Jafnréttisstofu samkvæmt starfsreglum þeirra. Upplýsingarnar eru greindar í lögbundnar nefndir og ráðherraskipaðar nefndir auk þess sem heildartölur eru skoðaðar ásamt skipunum á hverju ári fyrir sig.

2. Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.

Meginhugmynd verkefnisins er að skilgreina nánar hlutverk jafnréttisfulltrúa innan Stjórnarráðsins. Í hverju ráðuneyti er nú starfandi jafnréttisfulltrúi sem gegnir skyldum sem eru ákvarðaðar af ráðuneytisstjóra eða jafnréttisáætlun viðkomandi ráðuneytis. Þessir fulltrúar mynda einnig með sér starfshóp sem hittist einu sinni í mánuði og eru tengiliðir Jafnréttisstofu við hvert ráðuneyti. Starfssvið þeirra er því víðtækt og er nauðsynlegt að skýrari reglur verði settar um störf jafnréttisfulltrúanna. Markmið verkefnisins er að hlutverk jafnréttisfulltrúa verði skilgreint eins í öllum ráðuneytum, en verði ekki háð huglægu mati yfirstjórnar. Markmið verkefnisins er að setja reglur sem kveða á um réttindi og skyldur jafnréttisfulltrúa og kjör þeirra.

Starfsreglur jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna voru samþykktar á fundi ráðuneytisstjóra 3. nóvember 2005 og er jafnréttisfulltrúum í öllum ráðuneytum ætlað að starfa eftir þeim. Starfsreglurnar eru birtar í starfsmannahandbók Stjórnarráðsins og eru því aðgengilegar öllum starfsmönnum Stjórnarráðsins. Starfsmannahandbókin hefur verið tekin til endurskoðunar og verða starfsreglur jafnréttisfulltrúa skoðaðar í tengslum við þá vinnu og þá nýju ábyrgð sem ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla felur þeim.

3. Fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneytanna.

Meginhugmynd verkefnisins er í fyrsta lagi að haldnir verði fræðslu- og umræðufundir um jafnréttismál fyrir starfsmenn ráðuneyta og stofnana þeirra og pólitískt kjörna fulltrúa framkvæmdarvaldsins. Í öðru lagi að reglulega verði haldin námskeið um jafnréttismál fyrir starfsmenn í ráðuneytum, stjórnendur og tengiliði stofnana. Í þriðja lagi að hvetja jafnréttisfulltrúa, jafnréttisnefndir og stjórnendur til að sækja námskeið og ráðstefnur um jafnréttismál.

Markmið verkefnisins er að gera fræðslu um jafnréttismál hluta af starfi ráðuneytanna og stofnana þeirra þannig að starfsmenn verði meðvitaðir um mikilvægi málaflokksins. Námskeið skulu haldin út gildistíma áætlunarinnar, en æskilegt er að flestir hafi lokið námskeiði fyrir endurskoðun áætlunarinnar.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur yfirumsjón með þessu verkefni samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar. Það er jafnframt hluti af verkefninu *Yfirumsjón með samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða* og er því vísað til umfjöllunar undir því verkefni.

4. Jafnréttisáætlanir og nefndir ráðuneytanna.

Jafnréttisáætlanir eru nauðsynleg tæki fyrir ráðuneytin til að tryggja framgang jafnréttismála. Með setningu áætlunarinnar er skjalfest að ráðuneytið ætli sér að sinna þessum málaflokki. Starfsmönnum og stjórnendum er þá gert kleift að kynna sér innihald hennar. Það setur einnig fordæmi fyrir atvinnulífið að í öllum ráðuneytum sé slík áætlun til staðar því samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, er öllum fyrirtækjum og stofnunum með fleiri en 25 starfsmenn skylt að setja sér jafnréttisáætlun.

Þá er nauðsynlegt að jafnréttisnefnd sé skipuð innan hvers ráðuneytis en hlutverk hennar er að tryggja að órofið samhengi sé á milli jafnréttismála innan ráðuneytisins. Jafnréttisnefnd er bakhjarl fyrir jafnréttisfulltrúann og er hlutverk hennar m.a. að veita honum aðhald og aðstoð við þróun og endurskoðun áætlunar. Hvert ráðuneyti ber ábyrgð á því að stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn setji sér jafnréttisáætlanir. Til að tryggja áhrif nefndarinnar er mikilvægt að í henni sitji fulltrúar yfirstjórnar, t.d. starfsmanna- eða rekstrarstjóri eða aðstoðarmaður ráðherra, auk jafnréttisfulltrúa og fulltrúa almennra starfsmanna.

Hlutverk jafnréttisnefndar er m.a. að fylgjast með stöðu jafnréttismála á hverjum tíma og gera viðvart ef eitthvað má betur fara á því sviði. Nefndin skal funda reglulega, hið minnsta

árlega, með yfirstjórn ráðuneytisins og gera tillögur um úrbætur og framfarir eftir því sem tilefni gefast. Þá skal nefndin einnig endurskoða árlega jafnréttisáætlun ráðuneytisins.

Markmið verkefnisins er að gera jafnréttisstarf sýnilegra og markvissara í ráðuneytunum og að öll ráðuneyti setji sér jafnréttisáætlanir fyrir endurskoðun áætlunarinnar og skipi jafnréttisnefnd sem sé jafnréttisfulltrúa til halds og trausts. Þau ráðuneyti sem þegar hafa sett sér jafnréttisáætlun tryggja að markmiðum hennar sé framfylgt.

Í sérhverju ráðuneyti starfar jafnréttisfulltrúi eftir starfsreglum jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna sem samþykktar voru 3. nóvember 2005. Skipuð hefur verið jafnréttisnefnd í flestum ráðuneytum. Jafnréttisstofa hefur eftirlit með þessu verkefni og eru upplýsingar um stöðu mála hluti af árlegri greinargerð jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna til Jafnréttisstofu.

Öll ráðuneytin hafa sett sér jafnréttisáætlun nema forsætisráðuneytið sem starfar eftir jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins. Endurskoðun stendur yfir á jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins sem og áætlunum einstakra ráðuneyta, meðal annars með hliðsjón af nýju lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Félags- og tryggingamálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið hafa lokið þeirri endurskoðun og samþykkt nýja jafnréttisáætlun.

5. Skipun tengiliða jafnréttismála í öllum stofnunum ráðuneyta.

Jafnréttismál skipta ekki einungis máli í ráðuneytunum heldur einnig í stofnunum þeirra. Það er því nauðsynlegt að jafnréttisfulltrúar myndi tengsl við stofnanir og að tengiliður starfi í hverri stofnun sem er ábyrgur fyrir því að miðla upplýsingum um jafnréttismál til starfsmanna og stjórnenda stofnunarinnar. Í þeim stofnunum þar sem tengiliðir hafa verið tilnefndir er mikilvægt að fylgjast með því að sá starfsmaður sinni skyldum sínum varðandi þennan málaflokk. Af þeim sökum er nauðsynlegt að bjóða upp á fræðslu og gera upplýsingar aðgengilegar fyrir þessa aðila.

Fyrir minni stofnanir er nóg að tilnefna tengiliði, en stærri stofnanir þurfa að tilnefna sérstakan jafnréttisfulltrúa og setja sér eigin jafnréttisáætlun sem jafnréttisfulltrúar hafa eftirlit með að sé framfylgt.

Markmið verkefnisins er að tilnefna tengiliði sem sinna jafnréttismálum í öllum stofnunum ráðuneyta fyrir lok tímabilsins.

Jafnréttisfulltrúar eru starfandi í öllum ráðuneytum en samkvæmt 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er þeim ætlað að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess. Í athugasemdum í frumvarpi því er varð að lögunum kemur fram að jafnréttisfulltrúarnir geti einnig verið stofnunum er starfa á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis til ráðgjafar í jafnréttismálum. Það fellur því í hlut hvers jafnréttisfulltrúa að skipuleggja jafnréttisstarf á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og hafa samráð við hlutaðeigandi stofnanir um þau mál. Jafnréttisfulltrúi sendir síðan árlega Jafnréttisstofu greinargerð um stöðu og þróun jafnréttismála á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess.

6. Jafnréttissjónarmið tryggð við stöðuveitingar.

Nauðsynlegt er að litið sé til jafnréttissjónarmiða við stöðuveitingar á vegum hins opinbera og verður það að vera sýnilegt þeim sem sækja um viðkomandi störf. Í atvinnuauglýsingum þarf því að koma fram að jafnréttissjónarmið séu höfð í huga við ráðningar. Þegar um er að ræða starfsstétt eða vettvang þar sem annað kynið er í miklum meiri hluta er sjálfsagt að taka fram að „karlar jafnt sem konur“ séu hvattir til að sækja um og tilgreina það kyn framar sem er í minni hluta. Annars er mælt með orðalaginu „að við stöðuveitingar séu jafnréttissjónarmið höfð í huga“.

Markmið verkefnisins er að jafna hlut kynjanna í starfsstéttum og á vinnustöðum og gera jafnréttissjónarmið ráðuneytanna opinber og gegnsæ einstaklingum sem eru í starfsleit.

Áfram hefur verið leitast við að hvetja jafnt konur og karla til að sækja um lausar stöður sem auglýstar eru innan Stjórnarráðsins. Nánar er fjallað um stöðu kvenna og karla hjá hinu opinbera í sérstökum kafla í II. hluta skýrslu þessarar.

7. Staða kvenna í ráðuneytunum og stofnunum þeirra.

Leitast skal við að hlutfall karla og kvenna í stjórnunarstöðum sé sem jafnast innan hvers ráðuneytis og innan þeirra stofnana er starfa á verksviði þeirra. Til að markmiðinu sé náð skal fara fram könnun á því hvert hlutfall kvenna og karla í stjórnunarstöðum er í hverju ráðuneyti og í stofnunum þess. Í kjölfar þeirrar könnunar munu verða sett raunhæf markmið í samræmi við niðurstöðu hennar.

Markmið verkefnisins er eins og áður segir að hlutfall karla og kvenna sé sem jafnast í yfirmannastöðum innan hvers ráðuneytis og stofnunum þeirra.

Sérstakur kafli í II. hluta skýrslu þessarar fjallar um stöðu kvenna og karla innan opinberrar stjórnsýslu.

B. Verkefni einstakra ráðuneyta.

i. Forsætisráðuneyti.

8. Útgáfa gátlista til jafnréttismats á lagafrumvörpum og við opinbera stefnumótun.

Gátlisti er nytsamlegt tæki fyrir Alþingi, ráðuneyti, sveitarstjórnir, stofnanir, fyrirtæki og nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga til að tryggja að jafnréttissjónarmiða verði gætt við stefnumótunarvinnu en tæki til að auka jafnrétti eiga að vera aðgengileg stjórnendum á öllum sviðum samfélagsins. Gátlisti af þessu tagi var eitt af þeim tækjum sem nefnd um hlut kvenna í opinberri stefnumótun lagði til.

Markmið verkefnisins er að finna leið til að spurningum er varða jafnrétti kynjanna verði svarað áður en lagt er út í stefnumótunarvinnu, til að mynda með notkun gátlista.

Í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna fyrir árin 1998–2001 skipaði forsætisráðherra í nóvember 2000 nefnd til þess að fjalla um jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun. Í skýrslu nefndarinnar er meðal annars að finna tillögu að jafnréttisgátlista sem lagður var til grundvallar í samvinnu forsætisráðuneytis og Jafnréttisstofu við nánari útfærslu verkefnisins. Ákveðið var að stytta listann og færa efnið í samfelldara mál. Gátlistinn hefur að geyma fjóra meginþætti sem fela í sér spurningar ásamt skýringum. Þegar sá er vinnur að stefnumótun í hvaða formi sem er hefur farið yfir listann er gert ráð fyrir að fengist hafi nokkuð skýr mynd af stöðu jafnréttismála í þeim málaflokki sem væntanleg stefnumótun tekur til. Auk gátlistans hefur verið sett upp sjálfsmat á rafrænu formi til frekari stuðnings fyrir þá sem koma að vinnu við stefnumótun í samræmi við kynja- og jafnréttissjónarmið.

Jafnréttisgátlistinn hefur jafnframt verið gefinn út í formi bæklings. Á bakhlið hans er enn fremur vísað til frekari upplýsinga um jafnréttismál á rafrænu formi og má jafnframt nálgast bæklinginn á vefsíðu ráðuneytisins. Gátlistanum var sérstaklega dreift til ráðuneytanna, Alþingis, stofnana og sveitarfélaga.

ii. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

9. Mansal.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið mun áfram leggja áherslu á aðgerðir til að koma í veg fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Ráðuneytið mun í þessu skyni framkvæma, stuðla að og taka þátt í eftirfarandi:

– Ráðstefnu um mansal og aðgerðum gegn því.
– Alþjóðlegu samstarfi um aðgerðir gegn mansali.
– Fullgildingu Palermó-samningsins, samnings Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn verslun með fólk, einkum konur og börn.
– Aðgerðaáætlun til að koma í veg fyrir mansal.

Markmið verkefnisins er að koma í veg fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn.

Í nóvember 2004 var skipaður starfshópur sem átti að kynna sér reynslu af mismunandi löggjöf um vændi, klámiðnað og mansal í Evrópu. Sérstaklega var þess farið á leit að hópurinn kynnti sér reynsluna af þeirri löggjöf Svíþjóðar sem gerir kaup á vændi refsiverða og meti kosti og galla þeirrar löggjafar. Í hópnum áttu sæti Ragna Árnadóttir, formaður hópsins og skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Kolbrún Halldórsdóttir, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, Ágúst Ólafur Ágústsson, Samfylkingunni, Gunnar Örn Örlygsson, Frjálslynda flokknum, Jónína Bjartmarz, Framsóknarflokknum, og Ásta Möller, Sjálfstæðisflokknum. Starfshópurinn hefur skilað niðurstöðum en skýrsla hans kom út í febrúar 2006 og er unnt að nálgast hana rafrænt á heimasíðu ráðuneytisins (http://domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/DKM_vaendi_feb2006.pdf).

Fulltrúar dómsmálaráðuneytisins hafa tekið þátt í starfi norræns starfshóps sem fjallar um mansal (*Nordic-Baltic Task Force Against Trafficking in Human Beings*). Starfshópurinn hittist nokkrum sinnum yfir árið og er ætlað að stuðla að nánu samstarfi Norðurlandanna á þessu sviði. Upphaf þeirrar samvinnu má rekja til þess að árið 2002 ákváðu utanríkisráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna að skipa starfshóp sem vinna skyldi gegn mansali. Var megintilgangurinn að upplýsa almenning um mansal og vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn því. Skipunartími hópsins rann út 2006 en þá var skipaður nýr hópur, *CBSS (Council of the Baltic Sea States Task Force against Trafficking in Human Beings)*, sem vann áfram að framangreindum markmiðum en auk Íslands og fyrrnefndra ríkja skipa hópinn fulltrúar frá Þýskalandi, Rússlandi og Póllandi auk fulltrúa frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Félags- og tryggingamálaráðuneytið sinnir nú þessu verkefni af Íslands hálfu en málaflokkurinn var færður frá dómsmálaráðuneytinu til félags- og tryggingamálaráðuneytis í lok árs 2007.

Fulltrúar ráðuneytisins sóttu einnig fundi í norrænum samráðshópi sem nefnist *Nordisk samrådsgruppe på höyt nivå for flyktningspörsmål* (NSHF) en þar er jafnframt fjallað um þær leiðir sem mögulegar eru til að vinna gegn mansali.

Í október 2006 lagði dóms- og kirkjumálaráðherra fram frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Í drögum að frumvarpi, sem samið var af Ragnheiði Bragadóttur, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, var lagt til að gerðar yrðu breytingar á tilteknum ákvæðum í svonefndum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Endurskoðunin tók nánar tiltekið til nauðgunar og annarra brota gegn kynfrelsi fólks og kynferðisbrota gegn börnum sem og vændis. Þá var lagt til að breytingar yrðu gerðar á upphafi fyrningarfrests, að lögfest yrði almennt ákvæði um refsiábyrgð vegna kynferðislegrar áreitni og að lögfest yrði ákvæði um refsinæmi þess að bjóða fram, miðla eða óska eftir kynmökum við annan mann í opinberum auglýsingum. Frumvarpið var samþykkt

á Alþingi 17. mars 2007. Nánar er fjallað um efni laganna og mansalsmálefni í II. hluta þessarar skýrslu.

10. Vernd vitna og þolenda afbrota.

Dómsmálaráðuneytið mun áfram vinna að vitnavernd og bættri réttarstöðu þolenda afbrota. Hluti af því starfi snýr að vernd kvenna sem verða fyrir ofbeldi eða hótunum frá maka eða fyrrverandi maka. Ráðuneytið mun í þessu skyni framkvæma, stuðla að og taka þátt í eftirfarandi:

– Norrænu samstarfi um vitnavernd.
– Nefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum.

Markmið verkefnisins er að styrkja vitnavernd og bæta réttarstöðu þolenda afbrota, einkum kvenna og barna.

Fulltrúi dómsmálaráðuneytisins hefur tekið þátt í starfi nefndar um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum. Nefndin vann að gerð aðgerðaáætlunar gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 26. september 2006. Meðal verkefna sem falla undir verksvið dómsmálaráðuneytisins í aðgerðaáætluninni er að fara sérstaklega yfir ákvæði um nálgunarbann í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með það í huga hvort heimila eigi lögreglu að ákvarða um nálgunarbann þegar í stað þegar um heimilisofbeldi er að ræða enda ljóst að um bráðatilvik er jafnan að ræða. Ákvörðun lögreglu yrði síðan kæranleg til héraðsdóms. Jafnframt er gert ráð fyrir að reynsla sem þegar hefur fengist af þeim réttarúrræðum sem lögfest hafa verið á síðastliðnum árum, svo sem nálgunarbann og vitnavernd, verði metin kerfisbundið. Nánar er fjallað um framkvæmd aðgerðaáætlunar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis undir sérkafla í II. hluta þessarar skýrslu.

Enn fremur er vert að geta þess að fulltrúi dómsmálaráðuneytisins sótti norræna ráðstefnu í Svíþjóð um stöðu vitna og hélt þar erindi. Fulltrúi ráðuneytisins sótti einnig PC-PW fund sérfræðinganefndar Evrópuráðsins *The Committee of Experts on the Protection of Witness and Collaborations of Justice.*

11. Aðbúnaður kvenna innan lögreglunnar.

Frá árinu 1996 hefur markvisst verið unnið að því að fjölga konum innan lögreglunnar. Þá hefur einnig verið unnið að því að hvetja konur jafnt sem karla til að sækja um lausar yfirmannastöður innan lögreglunnar. Huga þarf betur að stöðu kvenna innan lögreglunnar, þ.e. hvort nægilega vel sé að þeim búið, svo sem varðandi aðstöðu og ytri umbúnað. Til að ná þessu markmiði verður efnt til fundar með fulltrúum lögreglukvenna og yfirstjórn lögreglunnar. Markmiðið er að huga sérstaklega að aðbúnaði kvenna innan lögreglunnar og gera úrbætur ef þurfa þykir.

Vinna að þessu verkefni hófst árið 2005 þó áður hafi verið fylgst með stöðu mála í Lögregluskólanum og hjá stjórnendum skólans. Unnið hefur verið að því að auka hlutfall kvenna innan lögreglunnar með markvissum hætti í Lögregluskólanum. Hefur hlutfall kvenna af fjölda brautskráðra nemenda verið um 20% undanfarin ár en árið 2007 voru konur 23% nema í grunnnámi skólans. Enn fremur hafa konur innan lögreglunnar sótt í sig veðrið í stjórnunarnámi Lögregluskólans. Á árinu 2007 var samþykkt jafnréttisáætlun skólans en hana á að endurskoða árlega. Þá stofnuðu lögreglukonur Kríurnar, hagsmunafélag íslenskra lögreglukvenna, árið 1994.

Þessu til viðbótar má benda á að í maí 2007 skipaði ríkislögreglustjóri starfshóp innan embættisins til að gera tillögur að jafnréttisáætlun. Undir lok sama árs skilaði starfshópurinn skýrslu þar sem lagt er til að embætti ríkislögreglustjóra fari með ábyrgð á framgangi

jafnréttismála innan lögreglunnar á landinu öllu og að hann skipi einnig jafnréttisfulltrúa sem fari með framkvæmd starfans.

iii. Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

12. Yfirstjórn samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða.

Markmið verkefnisins er að eitt ráðuneyti fari með yfirstjórn samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða innan Stjórnarráðsins eftir því sem kostur er. Félagsmálaráðuneytinu var falið þetta hlutverk með gildandi áætlun í jafnréttismálum. Ráðuneytinu er m.a. ætlað að stuðla að fræðslu innan Stjórnarráðsins um jafnréttismál sem og að hvetja yfirstjórnir ráðuneytanna til að gæta að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við alla opinbera stefnumótun. Jafnréttisfulltrúar eru tengiliðir milli ráðuneytanna í þessu verkefni.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið í samstarfi við Jafnréttisstofu hefur haldið kynningarfund um jafnréttismál fyrir starfsmenn ráðuneytisins. Einnig hefur ráðuneytið haldið sérstakan fund með forstöðumönnum stofnana er starfa á málefnasviði þess. Á fundunum var fjallað um íslensku jafnréttislöggjöfina og hugmyndafræði að baki henni ásamt aðferðum við samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða. Jafnframt hafa verið haldnir fræðslufundir með forstöðumönnum stofnana er starfa á verksviði annarra ráðuneyta þar sem jafnréttismál hafa verið á dagskrá. Hafa starfsmenn Jafnréttisstofu annast jafnréttisfræðsluna á fyrrnefndum fundum.

Tveggja daga námskeið um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða var haldið fyrir jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna árið 2004 í samstarfi við Reykjavíkurborg. Aðalfyrirlesari þess var dr. Heidemarie Wünsche-Piétzka sem er doktor í alþjóðalögfræði og starfar sem ráðgjafi um framkvæmd og innleiðingu samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða innan Evrópusambandsins.

Enn fremur var haldinn sérstakur fræðslufundur um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í félagsmálaráðuneytinu vorið 2005. Ráðuneytisstjórar ráðuneytanna sem og aðrir úr yfirstjórn þeirra voru boðaðir en dr. Heidemarie Wünsche-Piétzka hélt þar einnig erindi.

Í upphafi áranna 2006, 2007 og 2008 héldu Jafnréttisstofa og jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna vinnu- og fræðslufundi á Akureyri. Á þeim fundum var lagður grunnur að samstarfi ársins ásamt því að jafnréttisfulltrúar fengu fræðslu um starfsemi Jafnréttisstofu og kynningu á verkefnum og rannsóknum sem unnið var að á hverjum tíma. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna hafa jafnframt sótt ýmis námskeið og fyrirlestra um jafnréttismál, bæði hér á landi og erlendis.

Haustið 2007 hélt Jafnréttisstofa námskeiðið *Jafnrétti í framkvæmd* fyrir jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna ásamt öðru starfsfólki sem vinnur að jafnréttismálum. Á námskeiðinu var fjallað um stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnréttislöggjöfina og fjölskylduvæna vinnumenningu. Markmið námskeiðsins var að auka þekkingu um jafnréttismál og aðferðir við að koma á jafnrétti, ásamt því að auðvelda vinnu við endurskoðun jafnréttisáætlana ráðuneytanna og framkvæmd þeirra. Námskeiðið var vel sótt.

Jafnréttisstofa stýrir verkefninu *Side by side – samstíga,* en það er verkefni sem ætlað er að efla kynjajafnrétti með samþættingu kynjasjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku hjá ríkinu. Jafnréttisstofa hlaut styrk úr *Progress-áætlun* Evrópusambandsins til að vinna þetta verkefni. Í maí 2008 var haldið þriggja daga námskeið fyrir starfsfólk Jafnréttisstofu, jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna og fleiri um samþættingaraðferðina. Fyrirlesari var sænski sérfræðingurinn Ann Boman. Í framhaldi af námskeiðinu hafa nokkur ráðuneyti unnið sérstök samþættingarverkefni sem ætlað er að verða grunnur að handbók um samþættingu. Framhald verður á verkefninu árið 2009.

13. Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.

Samstarfshópur þriggja ráðuneyta mun kynna sér starf sambærilegra nefnda annars staðar á Norðurlöndunum. Í framhaldi af því verður unnið að tilraunaverkefni þar sem gefnar verða jafnréttisumsagnir um nokkur stjórnarfrumvörp úr þremur ráðuneytum. Markmiðið er að koma á reglubundnu mati á stjórnarfrumvörpum með tilliti til jafnréttis kynjanna. Til þess verði notaður gátlisti sem hópurinn mun búa til.

Samstarfshópur þriggja ráðuneyta var skipaður en verkefnið þótti skarast nokkuð við verkefni forsætisráðuneytis um útgáfu gátlista til jafnréttismats á lagafrumvörpum og opinberri stefnumótun. Það var því ákveðið að bíða eftir útgáfu gátlistans. Við endurmat á verkefninu þótti ekki ástæða til að halda því áfram heldur hvetja ráðuneytin til að nýta sér jafnréttisgátlistann við gerð frumvarpa og aðra opinbera stefnumótun.

Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, kemur fram að það geti „falist í starfi jafnréttisfulltrúa að meta efni frumvarpa með tilliti til jafnréttissjónarmiða. Samkvæmt reglum ríkisstjórnarinnar um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa skal fylgja frumvörpum almennt mat á áhrifum þar sem meðal annars séu metin, eftir því sem tilefni er til, áhrif þeirra á tiltekna mikilvæga almannahagsmuni. Ljóst er að þar undir falla áhrif á jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Við þetta mat getur jafnréttisfulltrúinn jafnframt haft jafnréttisgátlista forsætisráðuneytis sér til leiðbeiningar“. Er því litið svo á það sem verkefni jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna að meta efni frumvarpa með tilliti til jafnréttissjónarmiða eða að minnsta kosti sjá til þess að það sé gert.

14. Nefndir og ráð í sveitarfélögum.

Skoðað verður hlutfall kynjanna í sveitarstjórnum og byggðaráðum sem og öðrum nefndum og ráðum sveitarfélaga. Þá verði einnig kannað hvernig hlutfall kynjanna skiptist í nefndum miðað við eðli nefndanna. Markmið verkefnisins er að komast að því hvernig skipting kynjanna er í nefndum sveitarfélaga. Ef skiptingin er meiri en 60:40 verði leitað leiða til að jafna hlut kynjanna í nefndum sveitarfélaganna.

Félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofa óskuðu eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um hlutfall kynjanna í sveitarstjórnum, nefndum, ráðum og öðrum stjórnum á þeirra vegum vorið 2006. Niðurstaðan úr þeirri könnun var að við lok kjörtímabilsins 2002–2006 voru 62% þeirra er sitja í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélaganna karlar og 38% konur. Gefinn var út bæklingur til nýkjörinna sveitarstjórnarmanna vorið 2006 þar sem vakin var athygli á jafnréttismálum, þar á meðal að lykilatriði til að ná jöfnum hlut kvenna og karla í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélagsins væri að tilnefna bæði karla og konur til starfans. Þá var haldinn kynningarfundur og námskeið með fulltrúum í jafnréttisnefndum sveitarfélaganna í september 2006. Þar var sérstaklega fjallað um jafnréttislögin og mikilvægi þess að skipa bæði karla og konur í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélaganna.

Jafnréttisstofa hlaut styrk frá Evrópusambandinu til þess að leiða verkefni um jafnrétti í sveitarfélögum sem meðal annars felur í sér gerð svokallaðrar *Jafnréttisvogar.* Verkefnið hlaut nafnið *Tea for Two, illustrating equality* og var það unnið með samstarfsaðilum í Noregi, Finnlandi, Grikklandi og Búlgaríu. Þar eru sérstaklega skoðaðar skipanir í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélaganna. Slík úttekt er ein af þeim leiðum sem unnt er að nota þegar meta á jafnrétti hjá sveitarfélögunum. Niðurstöður Jafnréttisvogarinnar liggja fyrir og eru þær aðgengilegar á heimasíðu verkefnisins (http://www.tft.gender.is/). Hluti af verkefninu var hönnun mælitækis á jafnrétti og myndræn framsetning niðurstaðna en áætlað er að nýta það tæki áfram þó Evrópusamstarfinu sé formlega lokið. Nánar er fjallað um niður-

stöður könnunarinnar í kaflanum um stjórnmálaþátttöku kvenna og karla í II. hluta þessarar skýrslu.

15. Áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof á jafnrétti kynjanna.

Meginhugmynd verkefnisins er að rannsaka hvaða áhrif lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, hafa haft á jafnrétti kynjanna. Er gert ráð fyrir að niðurstöður rannsóknarinnar liggi fyrir eigi síðar en árið 2007. Fyrir liggur að 90% feðra taka nú að meðaltali 97 daga fæðingarorlof sem er einstakt í alþjóðlegum samanburði. Í ljósi þess er afar mikilvægt að rannsaka ítarlega áhrif þessara breyttu aðstæðna.

Ákveðið var að vinna þetta verkefni samhliða verkefninu *Fæðingarorlof og atvinnulíf* eins og tekið er fram í nefndaráliti félagsmálanefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára frá 130. löggjafarþingi.

Undirbúningur verkefnisins hófst árið 2005 en um var að ræða margþætta rannsókn sem nokkrir aðilar komu að. Meðal þess sem var kannað var reynsla foreldra af hinu nýja fæðingarorlofskerfi sem og stöðu foreldra þegar þeir snúa aftur til vinnu að loknu fæðingar- og foreldraorlofi. Jafnréttisstofa hélt utan um verkefnið og voru niðurstöður þess birtar í skýrslunni *Fæðingar- og fjölskylduorlof. Reynslan af lagasetningunni árið 2000* sem kom út árið 2007. Skýrslan hefur einnig verið gefin út á ensku og nefnist Parental Leave in Iceland. Bringing the Fathers in. Báðar útgáfurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Jafnréttisstofu (http://www.jafnretti.is).

Enn fremur hefur verið borin saman ólík löggjöf Norðurlandanna um fæðingarorlof og nýting þess en niðurstöður þeirrar úttektar voru gefnar út í skýrslu sem ber heitið *Þróun löggjafar um fæðingarorlof á Norðurlöndum og reynsla þjóðanna.* Skýrslan er aðgengileg á íslensku, sænsku og ensku á heimasíðu Jafnréttisstofu (http://www.jafnretti.is).

Á gildistíma þessarar áætlunar hefur Jafnréttisstofa tekið þátt í nokkrum Evrópuverkefnum sem tengjast á einhvern hátt fæðingar- og foreldraorlofi eða samhæfingu fjölskyldu- og einkalífs. Þessi verkefni eru *Modern Men in Enlarged Europe* I og II ásamt *FOCUS,* Fostering Caring Masculinities. Markmið Modern Men verkefnisins var að breyta kynjaímyndum með því að hvetja karla til þess að taka upp ný og nútímaleg hlutverk. Markmið *FOCUS* verkefnisins var að rannsaka og fjölga tækifærum karla til að samhæfa einka- og atvinnulíf í þeim tilgangi að styrkja og ýta undir vilja þeirra til að taka að sér umönnunarhlutverk. Nánari upplýsingar um þessi verkefni eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Jafnréttisstofu (http://www.jafnretti.is).

16. Fæðingarorlof og atvinnulíf.

Meginmarkmið verkefnisins er að kanna hvert viðhorf foreldra er til töku fæðingarorlofs sem og hvaða forsendur liggi til grundvallar töku fæðingarorlofs hjá konum og körlum. Enn fremur er markmiðið að skoða hvernig vinnumarkaðurinn bregst við þegar foreldrar hyggjast taka fæðingarorlof. Gert er ráð fyrir að skipuð verði nefnd fjögurra fulltrúa sem ljúki störfum með skilum á skýrslu til félagsmálaráðherra ásamt áliti sínu.

Markmiðið er að fá raunhæfa niðurstöðu um það hvort og þá hvernig lögin um fæðingar- og foreldraorlof hafi haft áhrif á samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Félagsmálaráðuneytið átti aðild að könnun Bryndísar Jónsdóttur og Capacent Gallup frá árinu 2006 sem birtist í skýrslunni *Upplifun foreldra á fæðingarorlofi.*

Ákveðið var að vinna þetta verkefni samhliða verkefninu *Áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof á jafnrétti kynjanna* til að fá heildarmynd af stöðu mála og er því vísað til umfjöllunar um það verkefni.

17. Jafnrétti í vinnumiðlun.

Kannað verði hvort úrræði svæðisvinnumiðlana nýtist körlum og konum jafn vel. Jafnframt verði kannað hvort um kynbundna vinnumiðlun og ráðgjöf sé að ræða og ef svo er verði leitað leiða til að brjóta niður það kynbundna val.

Markmið verkefnisins er að koma í veg fyrir kynbundnar hindranir í vinnumiðlun og stuðla að því að konum og körlum bjóðist í jöfnum mæli störf á svæðisvinnumiðlunum.

Verkefnið er hluti af tilraunaverkefni félags- og tryggingamálaráðuneytisins á sviði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða. Verkefnið felur í sér að kannað verði hvort vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofnunar nýtist körlum og konum jafn vel og hvort um sé að ræða kynbundna vinnumiðlun og ráðgjöf. Verkefnið felur því meðal annars í sér að þjónusta við atvinnuleitendur hjá Vinnumálastofnun verður kyngreind. Ef niðurstaðan verður sú að þjónustan sé kynbundin verður leitað leiða til að koma í veg fyrir það. Þar með verður stuðlað að því að konum og körlum bjóðist í jöfnum mæli störf fyrir milligöngu stofnunarinnar og að jafnréttissjónarmiða verði betur gætt við skipulag vinnumarkaðsaðgerða. Verkefnið er enn í vinnslu hjá Vinnumálastofnun.

18. Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti.

Félagsmálaráðuneytið standi að gerð framkvæmdaáætlunar til að ná fram fullu launajafnrétti kynjanna í samstarfi við heildarsamtök starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Við gerð áætlunarinnar verði tekið tillit til 14. og 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, og niðurstaðna rannsókna sem unnið hefur verið að á þessu sviði. Enn fremur er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra hefji viðræður við aðila vinnumarkaðarins um að sambærilegar áætlanir verði gerðar sem taki til almenna vinnumarkaðarins. Markmið verkefnisins er að takast á við launamun kynjanna á markvissan hátt.

Ríkisstjórn Íslands sem tók við eftir alþingiskosningar í maí 2007 fjallaði sérstaklega um launajafnrétti í stefnuyfirlýsingu sinni frá 23. maí sama ár. Í samræmi við stefnuyfirlýsinguna ákváðu félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra í september 2007 að skipa þrjá starfshópa til að fylgja eftir markmiðum er fram koma í stefnuyfirlýsingunni á sviði jafnréttismála og vikið var að hér að framan. Félagsmálaráðherra skipaði tvo hópanna. Öðrum þeirra var ætlað að leita leiða til að eyða óútskýrðum launamun kynjanna á almennum vinnumarkaði sem og að jafna stöðu kvenna og karla í nefndum og við stjórnun stofnana og fyrirtækja. Hinum hópnum var falið að vera ráðherra til ráðgjafar um framvindu mála á þessu sviði og vinna eða láta vinna mat á raunverulegum árangri aðgerða. Fjármálaráðherra skipaði þriðja starfshópinn til að fjalla um sambærileg málefni tengdum opinberum vinnumarkaði. Meginverkefni þess starfshóps var að setja fram áætlun um hvernig mætti minnka óútskýrðan launamun kynjanna á opinberum vinnumarkaði með það að markmiði að hann minnki um helming á kjörtímabilinu sem og að endurmeta kjör kvenna hjá hinu opinbera, einkum þeirra stétta þar sem konur eru í miklum meiri hluta. Nánar er fjallað um verkefni þessara nefnda undir kaflanum um kynbundinn launamun í II. hluta þessarar skýrslu.

19. Karlar til ábyrgðar.

Verkefni þetta er framhald verkefnis í fyrri framkvæmdaáætlun. Mikilvægt er að þróaðar verði aðferðir til að aðstoða karla sem vilja hætta að beita konur ofbeldi. Markmið verkefnisins er að boðið verði upp á meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Félagsmálaráðherra setti verkefnið *Karlar til ábyrgðar* aftur á laggirnar á fyrri hluta árs 2006. Markmið verkefnisins er að veita körlum, sem beitt hafa heimilisofbeldi, meðferð og aðstoð séu þeir reiðubúnir að leita sér hjálpar vegna beitingu ofbeldis. Verkefnið felur í sér

einstaklings- og hópmeðferð fyrir karla sem beita maka sína ofbeldi sem og stuðning við maka þeirra karla sem leita sér aðstoðar. Fagleg ábyrgð verkefnisins er í höndum Andrésar Ragnarssonar og Einars Gylfa Jónssonar, sálfræðinga. Gert er ráð fyrir sérstakri verkefnisstjórn með þátttöku Jafnréttisstofu, heilbrigðisráðuneytisins og Samtaka um kvennaathvarf en fulltrúi Jafnréttisstofu er verkefnisstjóri. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er meðal annars að skilgreina þróun verkefnisins til framtíðar í samráði við meðferðaraðila, fylgjast með daglegri starfsemi og standa fyrir mati á árangri verkefnisins. Um 50 karlmenn hafa nýtt sér þjónustu sálfræðinganna frá 2006.

20. Starfs-, sí- og endurmenntun.

Meginhugmynd verkefnisins er að efla starfs-, sí- og endurmenntun á vinnumarkaði ekki síst ófaglærðra kvenna svo þær verði hæfari til að takast á við verkefni í ört vaxandi tækniþróun á vinnumarkaði. Hér er átt við námskeið á vegum stéttarfélaganna og háskólanna. Athuga þarf hverjir nýta sér þessi tækifæri og jafnframt hverjir gera það ekki og hvers vegna. Markmið verkefnisins er að tryggja að kynin geti bæði nýtt sér möguleika starfs-, sí- og endurmenntunar.

Verkefni þetta var fært til menntamálaráðuneytis þar sem starfs- og endurmenntun heyrir aðallega undir málefnasvið þess ráðuneytis. Mikil þróun hefur átt sér stað á undanförnum árum á sviði starfs-, sí- og endurmenntunar á vinnumarkaði. Mikið framboð er á starfstengdu námi sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur viðurkennt og öðrum námskeiðum á vegum fræðslustofnana atvinnulífsins og Símenntunarmiðstöðva sem eru staðsettar víðs vegar um landið. Þá lagði menntamálaráðherra fram frumvarp um framhaldsfræðslu á Alþingi í desember 2008. Frumvarpinu er ætlað að styrkja lagalegan grundvöll þeirrar margháttuðu og umfangsmiklu framhaldsfræðslu sem fram fer í landinu, jafnframt því sem lagður er grunnur að frekari eflingu þeirrar starfsemi.

21. Kynbundinn launamunur.

Meginhugmynd verkefnisins er að meta hugsanlegar aðferðir og leiðir til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun. Nefnd verður skipuð sem metur aðferðir til að mæla kynbundinn launamun og lýkur störfum hennar með skýrslu til félagsmálaráðherra. Markmið verkefnisins er að finna þá aðferð sem er líklegust til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun.

Árið 2006 stóðu félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofa fyrir verkefninu Mælistikur á launajafnrétti í samvinnu við stjórnvöld á hinum Norðurlöndunum. Meginmarkmið verkefnisins var að auka þekkingu og skilning á launamuni kynjanna á Norðurlöndunum. Verkefnið var unnið hér á landi undir forystu Lilju Mósesdóttur. Aðrir höfundar skýrslu verkefnisins voru Andrea G. Dofradóttir, Þorgerður Einarsdóttir, Kristjana Stella Blöndal, Einar Mar Þórðarson og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir. Lokaskýrsla verkefnisins er aðgengileg á heimasíðu Jafnréttisstofu (http://www.jafnretti.is).

22. Launamyndun og kynbundinn launamunur.

Gert var ráð fyrir að könnun sem gerð var árið 1994 um þætti sem hafa áhrif á laun og starfsframa kvenna og karla yrði endurtekin í þeim tilgangi að kanna hvort sömu þættir hefðu áhrif á laun og starfsframa hjá konum og körlum rúmum áratug síðar.

Var m.a. gert ráð fyrir að skoða hugsanleg áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000.

Félagsmálaráðuneytið lét gera rannsókn sem fól í sér endurtekningu á rannsókninni sem gerð var árið 1995 um þætti sem hafa áhrif á laun og starfsframa kvenna og karla. Áhersla

var lögð á að rannsóknin yrði framkvæmd á sem líkastan hátt og rannsóknin frá árinu 1995 til að tryggja sem bestan samanburð. Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar haustið 2006 og eru þær aðgengilegar á heimasíðu ráðuneytisins http://www.felagsmalaraduneyti.is). Niðurstaðan varð sú að þegar tekið hefur verið tillit til starfsstéttar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma var óútskýrður munur á launum karla og kvenna árið 2006 15,7%, þ.e. konur voru með 15,7% lægri laun en karlar, en var 16% árið 1994. Þessi munur telst ekki marktækur sem bendir til þess að nauðsynlegt sé að grípa til sértækra aðgerða eigi árangur að nást.

iv. Fjármálaráðuneyti.

23. Úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun kvenna og karla.

Af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur að undanförnu verið unnið markvisst að því að launagögn í nýjum fjárhags- og mannauðskerfum sem ríkið er að innleiða standist þær kröfur sem gera verður til þess að unnt sé að meta kynbundinn launamun. Hefur sú vinna legið niðri um nokkurt skeið þar sem undirbúningur og innleiðing kerfanna hefur tekið lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir. Áætlað var að ljúka frágangi launagagna á ofangreindum forsendum árið 2004 svo hægt yrði að framkvæma úttekt á árinu 2005. Í kjölfarið er lagt til að fylgst verði reglulega með þróun kynbundins launamunar.

Markmið verkefnisins er að hægt sé að meta kynbundinn launamun með launagögnum úr upplýsingakerfum ríkisins og að gerð verði úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun karla og kvenna. Þar á einnig að skoða frekari þóknanir í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

Af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur verið unnið að því að nýta tæknilega möguleika í mannauðskerfi ríkisins og skráningar í því, svo sem með starfaflokkunarkerfinu ÍSTARF, til að fylgjast með þróun á kynbundnum launamun með reglubundnum hætti. Ráðuneytið hefur þess utan komið að tveimur rannsóknum á óútskýrðum kynbundnum launamun hjá ríkisstarfsmönnum í samstarfi við stéttarfélög og bandalög þeirra. Annarri rannsókninni, sem var unnin með SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu, lauk árið 2008. Hún tók til allra stofnana þar sem félagsmenn SFR starfa og fólst í innri könnun samstarfsnefnda SFR og stofnana á launasetningu karla og kvenna. Nálægt 80% ríkisstofnana tóku þátt í þeirri könnun sem náði til um 5.000 félagsmanna SFR hjá ríkinu. Önnur rannsókn í samstarfi við Bandalag háskólamanna sem hefur það að markmiði að meta áhrif dreifstýrðs launakerfis, sem tekið var upp árið 1997, á óútskýrðan launamun kvenna og karla er enn í gangi.

Ríkisstjórn Íslands sem tók við eftir alþingiskosningar í maí 2007 fjallaði sérstaklega um launajafnrétti í stefnuyfirlýsingu sinni frá 23. maí sama ár. Í samræmi við stefnuyfirlýsinguna ákváðu félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra í september 2007 að skipa þrjá starfshópa til að fylgja eftir markmiðum er fram koma í stefnuyfirlýsingunni á sviði jafnréttismála og vikið var að hér að framan. Félagsmálaráðherra skipaði tvo hópanna. Öðrum þeirra var ætlað að leita leiða til að eyða óútskýrðum launamun kynjanna á almennum vinnumarkaði sem og að jafna stöðu kvenna og karla í nefndum og við stjórnun stofnana og fyrirtækja. Hinum hópnum var falið að vera ráðherra til ráðgjafar um framvindu mála á þessu sviði og vinna eða láta vinna mat á raunverulegum árangri aðgerða. Fjármálaráðherra skipaði þriðja starfshópinn til að fjalla um sambærileg málefni tengdum opinberum vinnumarkaði. Meginverkefni þess starfshóps var að setja fram áætlun um hvernig mætti minnka óútskýrðan launamun kynjanna á opinberum vinnumarkaði með það að markmiði að hann minnki um helming á kjörtímabilinu sem og að endurmeta kjör kvenna hjá hinu opinbera, einkum þeirra stétta þar sem konur eru í miklum meiri hluta. Nánar er fjallað um verkefni þessara nefnda undir kaflanum um kynbundinn launamun í II. hluta þessarar skýrslu.

24. Úttekt á almannatryggingakerfinu.

Sem liður í norrænu verkefni um samþættingu jafnréttis- og fjárlagagerðar sem fjármálaráðuneytið er aðili að er áætlað að gera úttekt á því hvernig fjármunum og öðrum úrræðum á sviði almannatryggingakerfisins er skipt með tilliti til kynjanna. Hugmyndin er að skoða hvernig fjárveitingar einstakra bótaflokka skiptast milli kynjanna, en einnig hvort þættir í bótakerfinu sjálfu eða rétturinn til greiðslu bóta sé hliðhollur öðru kyninu fremur en hinu.

Markmið verkefnisins er að kanna hvort kynin hafi sama aðgang að úrræðum í almannatryggingakerfinu.

Vinnu við þetta verkefni í norræna samstarfshópnum lauk á árinu 2006. Í hópnum var einn fulltrúi frá fjármálaráðuneyti hvers lands og einn fulltrúi sem starfar að jafnréttismálum í hverju Norðurlandanna. Starfshópurinn setti fram þá tillögu að unnið yrði að samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis í hverju landi fyrir sig með tilraunaverkefni, en auk þess yrði ráðinn verkefnastjóri sem hefði yfirumsjón með fræðslu ásamt því að halda utan um verkefnið. Með íslenska verkefninu var gerð athugun á sviði almannatryggingakerfisins. Stýrihópur var skipaður sem stjórnaði verkefninu en í honum áttu sæti fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu, Jafnréttisstofu og Tryggingastofnun ríkisins, en fulltrúi Jafnréttisstofu stjórnaði verkefninu. Verkefninu lauk með ráðstefnu í Helsinki í nóvember árið 2006. Fyrir liggur skýrsla verkefnastjóra norræna hópsins og einnig samantekt á verkefnum einstakra landa. Samantekt á íslenska verkefninu má finna á vef Norrænu ráðherranefndarinnar (http://www.norden.org/pub/sk/index.asp?subject=Ligestil).

v. Hagstofa Íslands.

25. Konur og karlar í atvinnurekstri.

Unnið verður að þróun aðferða við að meta þátttöku kvenna og karla í atvinnurekstri á grundvelli fyrirtækjaskrár til hagskýrslugerðar sem er í undirbúningi hjá Hagstofu Íslands, auk annarra gagnasafna sem Hagstofan hefur aðgang að. Markmið verkefnisins er að í framtíðinni verði hægt að gera reglubundnar mælingar sem veita margþættar upplýsingar um hlut kvenna og karla í atvinnurekstri.

Árið 2005 gaf Hagstofa Íslands út Konur í forystu fyrirtækja 1999–2004 í ritröð Hagtíðinda (90. árg. 49. tbl.). Í heftinu koma meðal annars fram tölulegar upplýsingar um framkvæmdastjóra, stjórnarmenn og stjórnarformenn fyrirtækja eftir kyni, stærð fyrirtækja og atvinnugreinum. Þá er aldursskipting framkvæmdastjóra greind eftir kyni auk þess sem þar er sýndur samanburður á skiptingu framkvæmdastjóra og stjórnarformanna eftir því hvort fyrirtæki voru stofnuð 1998 og fyrr eða 1999–2004. Með vinnslu og birtingu þessa efnis hefur verið lagður grunnur að mótun upplýsinga um konur og karla í atvinnurekstri, í anda samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða. Ætlunin er að uppfæra framangreint talnaefni reglulega og skoða möguleika á greiningu fleiri þátta um þessi mál en samfelldar upplýsingar liggja fyrir varðandi árin 1999–2007.

Hagstofan hefur kannað laun kvenna og karla eftir atvinnugreinum, starfsstéttum og starfsgreinum á almennum vinnumarkaði. Endurskoðun hagtalna lauk formlega um áramótin 2007/2008 með útgáfu Hagtíðinda og eru tölur uppfærðar reglulega.

Á grundvelli samstarfssamnings Hagstofu Íslands, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um rannsókn á launamun kvenna og karla, sem gerður var í framhaldi af bókun með kjarasamningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 17. febrúar 2008, hefur Hagstofan unnið að framkvæmd þríþætts rannsóknarverkefnis, þar sem dregnar eru saman helstu aðferðir og skýringabreytur sem fræðikenningar um launamun hafa sett fram til þessa, fjallað er um kosti og galla þeirra gagna sem Hagstofan hefur tiltæk til að reikna

launamun karla og kvenna, auk þess sem ætlunin er að setja fram tillögur að grundvelli útreiknings á launamun karla og kvenna. Áætlað er að vinnunni ljúki með gerð skýrslu í febrúar 2009. Í framhaldinu verða teknar ákvarðanir um frekari útgáfu hagtalna á grundvelli niðurstaðna rannsóknarinnar.

vi. Heilbrigðisráðuneyti.

26. Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna.

Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna starfi áfram á vegum ráðuneytisins. Verkefnisstjórnin forgangsraðar verkefnum og gerir tillögur um aðgerðir til að ná markmiðum hennar.

Markmið verkefnisins er að þjónusta heilbrigðiskerfisins taki í auknum mæli mið af ólíkum og mismunandi aðstæðum kynjanna.

Í júní 2004 stóð verkefnisstjórn um heilsufar kvenna fyrir málþingi undir yfirskriftinni: *Reykingar – Konur og karlar: Þarf kynbundna nálgun á forvörnum og reykleysismeðferð?* Á málþinginu var meðal annars fjallað um umfang sjúkdómabyrði vegna reykinga, samfélagslegan kostnað, umfang tóbaksnotkunar, þátt ímyndar í reykingum kvenna, reykingar kvenna um og eftir barnsburð, aðferðir til að sporna við reykingum, tóbaksvarnastarf á Íslandi síðustu ár og reykleysismeðferð. Efni frá málþinginu er aðgengilegt á heimasíðu ráðuneytisins (http://www.heilbrigdisraduneyti.is/frettir/undirflokkur/nr/1646).

Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna hefur sérstaklega kannað heimilisofbeldi gegn konum og kynbundið ofbeldi með viðræðum við fagfólk sem kemur að þessum málum á einhvern hátt. Ofbeldi gegn konum er eitt af stærstu heilbrigðisvandamálum heims að mati Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem hefur um margra ára skeið vakið athygli á þessu og hvatt til aðgerða. Talið er að um þriðjungur kvenna sæti einhvers konar ofbeldi á lífsleiðinni. Rannsóknir hafa sýnt að algengasta mynd ofbeldis er heimilisofbeldi þar sem gerandinn er yfirleitt eiginmaður, sambýlismaður eða ættingi konunnar sem fyrir ofbeldinu verður. Vegna skorts á fullnægjandi greiningu og skráningu ofbeldis gagnvart konum hérlendis er lítið vitað um umfang vandans. Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna hefur í störfum sínum hvatt til þess að ráðin verði bót á því. Skipunartími verkefnisstjórnarinnar er runninn út og er málið til skoðunar í heilbrigðisráðuneytinu.

27. Áhrif klámvæðingar á ungt fólk.

Markmið verkefnisins er að sporna gegn áhrifum klámvæðingar á ungt fólk með rannsókn á þeim áhrifum og endurskilgreiningu á kynfræðslu í skólum. Með þessu verði stuðlað að kynheilbrigði ungs fólks.

Starfshópur var settur á laggirnar í tengslum við verkefnið hjá landlæknisembættinu. Í framhaldi af því var ráðinn starfsmaður í hlutastöðu hjá Lýðheilsustöð til að kynna sér rannsóknir á þessu sviði. Verkefnið stendur enn yfir. Lýðheilsustöð hefur meðal annars annast útgáfu bæklinga um kynlíf unglinga sem ætlaður er fyrir unglingana sjálfa og foreldra þeirra.

28. Heilsufarskönnun.

Ráðist verði í gerð heilsufarskannana til að afla á staðlaðan og reglubundinn hátt upplýsinga um lífshætti, líðan og heilsufar og greina ólíkar þarfir kynjanna fyrir heilbrigðisþjónustu. Kannanirnar verði hluti af evrópsku heilsufarskönnuninni sem þekkist undir heitinu Eurohis-könnun en það gerir mögulegan samanburð við aðrar Evrópuþjóðir. Jafnframt að stefnt sé að því að ná fram þeim langtímamarkmiðum í heilbrigðismálum sem fram koma í heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Auk þess er markmiðið að framfylgja stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði fyrir alla.

Hjá Lýðheilsustöð hefur verið unnin könnun á mati á eigin heilsu þar sem kynin eru borin saman. Vinnsla gagna stendur yfir hjá Lýðheilsustofnun en fjallað er lítillega um niðurstöður hennar undir kaflanum *Lífsvenjur og heilsa* í II. hluta skýrslunnar.

29. Notkun kvenna og karla á heilsugæslunni.

Safnað verði upplýsingum um notkun kvenna og karla á heilsugæslunni og hvaða úrlausnir þau fá þar. Kannað verði hvort konur og karlar sækist eftir og fái ólíka þjónustu og hvort úrlausnir séu háðar því hvort kynið á í hlut.

Í gagnagrunni um samskipti almennings við heilsugæslu eru til upplýsingar um kynja- og aldursskiptingu þeirra sem leita til heilsugæslu. Engin úrvinnsla hefur farið fram á þessum gögnum.

30. Mat á árangri og gæðum heilbrigðisþjónustunnar.

Lagt verði mat á gæði og árangur heilbrigðisþjónustunnar á reglubundinn hátt. Tilgangurinn er að meta þörf fyrir hugsanlegar breytingar á áherslum í heilbrigðisþjónustu. Þrjú svið eru einkum nefnd vegna heilsu kvenna, forvarnir og meðferðarúrræði vegna reykinga, áfengis- og vímuefnameðferð kvenna og skimun vegna brjóstakrabbameins.

Reglulega eru gerðar þjónustu- og gæðakannanir fyrir heilbrigðisþjónustuna. Meðal annars hefur Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gert slíka könnun í samvinnu við landlæknisembættið og Lýðheilsustöð.

31. Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.

Áfram verði unnið að því að koma á sérstakri feðrafræðslu sem hluta af þeim undirbúningi sem verðandi foreldrum er boðið upp á. Jafnframt verði áframhaldandi átak til að tryggja að starfsfólk heilbrigðistofnana sé meðvitað um mikilvægi þess að feður séu virkir þátttakendur við meðgöngu, fæðingu og umönnun barna.

Meginmarkmið verkefnisins er aukinn þáttur feðra í meðgöngu, fæðingu og umönnun barna.

Feðrafræðsla hefur fylgt fæðingafræðslunámskeiðum Miðstöðvar mæðraverndar í mörg ár. Við endurskipulagningu á fyrirkomulagi mæðraverndar árið 2006 var fyrirkomulag feðrafræðslunnar einnig endurskoðað. Frá hausti 2007 hefur feðrafræðsla staðið öllum verðandi feðrum til boða og að auki eru feður þeirra, verðandi afar, einnig velkomnir með sonum sínum. Fræðslan er haldin einu sinni í mánuði og er fjallað um föðurhlutverkið, fjölskylduna og uppeldi barna. Þessi fræðsla er eingöngu fyrir karla.

Til að byrja með mættu örfáir karlar, en þegar leið á jókst aðsóknin og eru nú að jafnaði 25–35 karlar sem mæta í hvert skipti. Þetta hefur mælst vel fyrir og það er almenn ánægja með þessa fræðslu. Tveir karlmenn sinna fræðslunni, annar er sálfræðingur og hinn er sjúkrahúsprestur.

32. Áhættuhegðun karla.

Mun fleiri karlar slasast, svipta sig lífi og misnota fíkniefni en konur. Hér er um að ræða mikið heilbrigðisvandamál og mikilvægt að leita orsaka þess. Ráðuneytið mun í samstarfi við landlæknisembættið halda áfram að kanna þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem veldur slysum, sjálfsvígum og fíkniefnamisnotkun.

Meginmarkmið verkefnisins er að draga úr sjálfsvígum, slysum og misnotkun fíkniefna og jafnframt að koma í veg fyrir vangreind þunglyndis- og sjálfsvígsatferli.

Slysaskrá Íslands sem komið var á fót árið 2002 er mikilvægt tæki sem nýtist við að greina áhættuhegðun karla, en skráning er kynbundin og sýnir margvíslegar breytur sem eru gagnlegar við skoðun þessara mála. Karlar og drengir eru mun fleiri en konur og stúlkur meðal þeirra sem slasast, svipta sig lífi og misnota vímuefni. Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð hafa unnið töluvert starf á þessu sviði og má nefna eftirfarandi verkefni:

- *Geðrækt* er samvinnuverkefni Geðhjálpar, Lýðheilsustöðvar og geðdeildar Landspítala. Geðrækt er víðtækt verkefni sem var áður hjá landlæknisembættinu en var flutt til Lýðheilsustöðvar. Verkefnið snýr meðal annars að uppbyggingu á geðheilsu og forvörnum.
- Á vegum landlæknisembættisins er unnið að verkefni um forvarnir gegn sjálfsvígum og nefnist það *Þjóð gegn þunglyndi* og beinist það gegn þunglyndi og sjálfsvígum.
- Samstarf hefur verið við bandaríska vísindamenn um rannsókn vegna viðtala við aðstandendur þeirra sem framið hafa sjálfsvíg og áhættuþættir sjálfsvíga verið kannaðir. Unnið hefur verið að þessu verkefni en ekki hefur tekist að afla nauðsynlegra styrkja og hefur því framgangur þess ekki verið eins og stefnt var að í upphafi.

Auk framangreinds hefur landlæknisembættið verið með samvinnuverkefni um þróun geðheilbrigðisþjónustu í samfélaginu almennt.

33. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.

Í herferðum er varða varnir gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu verði unnið eftir þeim sjónarmiðum að forsendur neyslu kvenna og stúlkna annars vegar og karla og pilta hins vegar kunni að vera ólíkar. Gerðar verði tilraunir í þá veru að beina áróðri og fræðslu sérstaklega til ungra stúlkna með það að markmiði að koma í veg fyrir aukna áfengis- og tóbaksneyslu þeirra.

Nokkur verkefni ber að nefna hér:

- Verkefnið *Ábyrgð öllum í hag* – þar er tekið fram að dyraverðir skulu vera af báðum kynjum.
- Gefinn var út sérstakur bæklingur fyrir ungt fólk: *Hvað veist þú um áfengi*. Þar er talað um ólík áhrif áfengis á karla og konur.
- *Áfengi, vímuefni og meðganga* – bæklingur gefinn út 2005 (þýddur á nokkur tungumál).
- Á fengisauglýsingar – um áfengisdrykkju á meðgöngu.
- Staðreyndir um vímuefni – meðal annars er fjallað um áhættu á meðgöngu.
- *Hollráð heilsunnar* – pistill um tengsl brjóstakrabbameins og áfengis.
- *Reykingar og meðganga – bæklingur.*
- *Konur og reykingar – bæklingur.*
- *Hjartavernd* – gefinn út bæklingur um konur og hjartavernd.
- Spjöld sem sýna staðreyndir um afleiðingar tóbaksneyslu á stúlkur og stráka.
- Pistlar á heimasíðu um konur og reykingar, reykingar á meðgöngu og fleira.
- Unnið er að auglýsingu þar sem fólk er hvatt til að hætta að reykja saman (bæði kyn) vegna áforma um að eignast barn.
- 6H-heilsunnar skólafræðsla – tekin fyrir áhrif á bæði kyn.

34. Jafnrétti og lýðheilsa.

Stefnt verði að því að Lýðheilsustöð verði efld á sviði jafnréttismála sem snerta lýðheilsu. Lýðheilsustöð geti þannig sinnt forvörnum á sviði jafnréttismála með það að markmiði að koma í veg fyrir kynbundinn heilsufarsvanda meðal þjóðarinnar, t.d. með kynjamiðuðu áróðurs- og fræðslustarfi. Þá gæti Lýðheilsustöð framkvæmt rannsóknir á sviði jafnréttis og heilsufars til að ná fram skýrari mynd af því í hverju kynbundinn heilsufarsmunur liggur.

Meginmarkmið verkefnisins er að vinna gegn kynbundinni mismunun sem aftur veldur kynbundnum heilsufarsvanda meðal þjóðarinnar.

Hjá Lýðheilsustöð er í undirbúningi viðamikil landskönnun á heilsu og líðan Íslendinga. Niðurstöður þessarar könnunar verða kyngreindar. Stefnt er að því að þessi könnun verði gerð reglulega en að undirbúningi hennar kemur fjöldi fræðimanna og sérfræðinga. Þá liggja fyrir niðurstöður í könnun sem Lýðheilsustöð vann um heilsu og lífskjör skólanema og eru niðurstöðurnar kyngreindar. Nánar er fjallað um niðurstöðurnar í kaflanum *Lífsvenjur og heilsa* í II. hluta þessarar skýrslu. Lýðheilsustöð stendur nú einnig fyrir rannsókn á munnheilsu Íslendinga. Fyrsta áfanga af fimm er lokið og er niðurstaðna að vænta fljótlega. Gögnin verða meðal annars skoðuð út frá kynjunum.

Lýðheilsustöð aflar einnig gagna um neyslu Íslendinga á áfengi og tóbaki. Gögnin eru kyngreinanleg í flestum tilfellum. *ESPAD* er reglubundin rannsókn sem gerð er á neyslu áfengis- og vímuefna meðal nemenda í tíunda bekk og eru gögnin kyngreind. Verið er að skoða möguleika þess að gera könnun á viðhorfum ungs fólks til áhættuhegðunar og heilsusamlegra lífshátta. Þá er reglulega gerð framhaldsskólarannsókn á vegum Lýðheilsustöðvar í samstarfi við fyrirtækið Rannsóknir og greiningu og eru þau gögn kyngreind.

Lýðheilsustöð hefur unnið fræðslu- og átaksverkefni fyrir konur. Meðal verkefna sem má nefna eru bæklingarnir *Mataræði á meðgöngu*, *Tóbaksnotkun á meðgöngu, Næring og lífshættir kvenna á barneignaaldri* og *Heilbrigt kynlíf*. Í undirbúningi er einnig átaksverkefni sem varðar munntóbaksneyslu og beinist það að ungum körlum. Einnig má nefna hér bæklinga fyrir barnshafandi konur: *Fólat, fyrir konur sem geta orðið barnshafandi* (2007), *Matur og meðganga*, *Áfengi, vímuefni og meðganga* og *Reykingar og meðganga – upplýsingabæklingar* en sá síðastnefndi hefur verði þýddur á sjö tungumál og notaður í mæðravernd við fræðslu.

Kyn er bakgrunnsbreyta í öllum rannsóknum Lýðheilsustöðvar, hvort sem um er að ræða rannsóknir á ungu fólki eða fullorðnu. Sú breyta er ávallt notuð til að skoða hvort um kynjamun sé að ræða þáttum rannsóknarinnar og sjá þannig hvort sérstakra aðgerða sé þörf fyrir annað hvort kynið.

vii. Iðnaðarráðuneyti og viðskiptaráðuneyti.

35. Konur og stjórnun fyrirtækja.

Konur hasla sér völl í atvinnulífinu í síauknum mæli. Meiri hluti nýrra háskólamenntaðra sérfræðinga eru konur. Konur hafa hins vegar, enn sem komið er, verið í miklum minni hluta í yfirstjórnum íslenskra fyrirtækja. Þrátt fyrir að margt bendi til að það muni breytast með aukinni þátttöku vel menntaðra kvenna í atvinnulífinu eru samt sem áður hindranir í vegi fyrir því að konur veljist til forystu í stórum fyrirtækjum.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hyggst stuðla að umræðu um þessi mál og hvetja til breytinga. Haustið 2004 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd sem ætlað var að gera tillögur um aukin tækifæri kvenna í stjórnum fyrirtækja. Í nefndinni sátu fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, Félags kvenna í atvinnurekstri og Samtaka atvinnulífsins. Formaður var framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. Verkefni nefndarinnar var að móta tillögur um það hvernig fjölga mætti konum í forystu íslenskra fyrirtækja og hvort ástæða væri til að beita stjórnvaldsaðgerðum í því skyni. Nefndin skyldi m.a. kanna hvort önnur lönd hefðu gripið til ráðstafana í þessu skyni og bera saman stöðu kvenna í atvinnulífinu hér á landi og í nágrannaríkjunum.

Markmið verkefnisins var að stuðla að fjölgun kvenna í forystu íslenskra fyrirtækja.

Nefnd um aukin tækifæri kvenna í stjórnun fyrirtækja lauk störfum haustið 2005 og skilaði skýrslu þar sem settar eru fram hugmyndir í sex liðum um hvernig auka megi hlut kvenna í stjórnunarstöðum. Þessar hugmyndir eru eftirfarandi:

a) Efla umræðu og þekkingu.
b) Birta reglulega upplýsingar um fjölda kvenna í stjórnum fyrirtækja.
c) Konur efli tengsl sín.
d) Leitarskilyrði í stjórnir verði víkkuð og leitað víðar.
e) Fyrirtæki setji konur á dagskrá.
f) Karlar í áhrifastöðum geri málið að sínu.

Kostnaður ráðuneytisins við nefndarstarfið og skýrslugerðina var um 2,5 milljónir króna.

Í samstarfi við Háskólann á Bifröst, ásamt Samtökum atvinnulífsins, Jafnréttisstofu, Jafnréttisráði og Félagi kvenna í atvinnurekstri, var þróað verkefni um mat á stöðu jafnréttis í 100 stærstu fyrirtækjum landsins og árlega birtingu svokallaðrar jafnréttiskennitölu. Þessar kennitölur voru birtar í fyrsta skiptið 2006 en hafa nú komið út fyrir árið 2007 og 2008. Lokaráðstefna um verkefnið var haldin hinn 19. september 2008. Skýrslur um kennitölur allra áranna má finna á rafrænu formi á heimasíðu Háskólans á Bifröst og nánar er fjallað um verkefnið undir kaflanum *Konur í atvinnurekstri* í II. hluta þessarar skýrslu.

Þá stóð ráðuneytið að námsstefnunni *Virkjum kraft kvenna* ásamt Samtökum atvinnulífsins og Félagi kvenna í atvinnurekstri. Námsstefnan var haldin 11. janúar 2007 og sóttu hana um 400 konur. Fluttir voru fyrirlestrar meðal annars um konur sem stjórnendur og skyldur og ábyrgð stjórnarmanna í hlutafélögum. Þá voru nokkrir aðilar fengnir til að ræða um konur sem stjórnendur og val í stjórnir.

Í framhaldi af þessu verkefni var ákveðið að halda aðra námsstefnu, svipaðs eðlis, en höfða nú til kvenna sem fjárfesta. Námsstefnan var haldin 28. mars 2008 og hét *Virkjum fjármagn kvenna.* Karin Forseke var fengin til að flytja aðalfyrirlesturinn en hún er fyrsta kona heims til að stýra fjárfestingabanka. Sömu aðilar stóðu að námsstefnunni og var hún haldin fyrir fullu húsi á Hilton Reykjavik Nordica.

36. Stuðningur við konur í atvinnurekstri.

Meginhugmynd verkefnisins er að vinna úttekt á því hvaða árangur hefur orðið af verkefnum undanfarinna ára sem hafa haft það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri. Sérstaklega skal skoða stöðu kvenna gagnvart stuðningskerfi atvinnulífsins hvað varðar styrki, lánsfé og hlutabréf.

Markmið verkefnisins er að afla upplýsinga sem geta orðið grundvöllur að frekari aðferðum til að efla þátt kvenna í atvinnurekstri.

Í framhaldi af Evrópuverkefninu *Konur og eignarhald í viðskiptum og landbúnaði* fól ráðuneytið Byggðastofnun að vinna úttekt á því hvaða árangur hefur orðið undanfarin ár af verkefnum sem hafa haft það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri. Afrakstur þeirrar vinnu var skýrslan *Konur og stoðkerfi atvinnulífsins* sem kom út í nóvember 2005.

Í júní 2005 fór þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, fyrir viðskiptasendinefnd kvenna til Mexíkós. Þar ávarpaði hún ráðstefnuna *Global Summit of Women,* sem fjallaði um hvernig auka mætti efnahagsleg áhrif kvenna. Ráðstefnuna sóttu um 1.000 konur hvaðanæva að úr heiminum, þar á meðal 42 ráðherrar. Ráðherrann fjallaði í ávarpi sínu um hvernig stuðla mætti að því að þátttaka kvenna í atvinnurekstri ykist.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hafði um nokkurn tíma styrkt ellefu vikna viðskiptanámskeið, Máttur kvenna, á vegum Háskólans á Bifröst og héldu ráðuneytin því áfram eftir að

skipan þeirra var breytt árið 2007. Námskeiðið er ætlað konum víðs vegar af landinu en unnt er að sækja það í fjarnámi og hefur það nýst konum í dreifbýli vel. Auk þessa hafa ráðuneytin, saman og hvort í sínu lagi, komið að ýmsum tilfallandi verkefnum sem lúta að því að styrkja konur í íslensku atvinnulífi með fjárframlögum.

37. Konur í atvinnurekstri.

Verkefnið lýtur að hvatningu til kvenna til að hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd og stuðningi við konur í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Verkefnin eru nokkur, sum þeirra eru viðvarandi og byggð á góðri reynslu.

- Þjónusta við konur í atvinnurekstri hjá Impru. Lögð er sérstök áhersla á að veita konum ráðgjöf sem eru að vinna að ákveðinni viðskiptahugmynd og hyggjast fara út í eigin rekstur.
- Brautargengi. Brautargengi eru námskeið á vegum Iðntæknistofnunar og eru þau ætluð konum sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd. Þar eru kennd grundvallaratriði við stofnun og rekstur fyrirtækja.
- Félag kvenna í atvinnurekstri. Félagið var stofnað árið 1999 og er meginmarkmið félagsins að gera konur í atvinnurekstri sýnilegri og um leið að mynda tengslanet fyrir þær.
- Lánatryggingasjóður kvenna. Sjóðurinn er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbanka Íslands og saman veita þeir tryggingar fyrir lánum.
- Atvinnurekstur kvenna á landsbyggðinni. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun fela Byggðastofnun að skoða stöðu kvenna í atvinnurekstri á landsbyggðinni.

Markmið verkefnisins er að hvetja konur til að hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd og styðja konur í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Öll þessi verkefni sem unnin eru hjá Impru eða Nýsköpunarmiðstöð Íslands (áður Iðntæknistofnun) eru enn við lýði en endurskoðun á starfsemi Lánatryggingasjóðs kvenna stendur yfir.

Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands var falið að vinna úttekt á því hvort samþættingarsjónarmið hafi verið lögð til grundvallar við töku ákvarðana um styrki, lán og fjárfestingar og hvaða árangur hefði orðið af verkefnum undanfarinna ára sem hafa haft það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri á vegum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Impru sem starfar nú innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Skýrslunni var skilað á haustmánuðum 2007 en úttektin tók til áranna 1999–2005. Þar kemur meðal annars fram að færri konur en karlar sóttu um styrki úr Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins en þær konur sem hafa sótt um hafa í nánast öllum tilvikum fengið synjun þar sem verkefni þeirra þykja ekki standast kröfur sjóðsins. Synjanir sjóðsins voru allar rökstuddar með sama hætti þar sem fram kom að sjóðurinn tæki eingöngu þátt í verkefnum sem ekki voru í samkeppni við önnur verkefni eða fyrirtæki. Enn fremur er tekið fram í skýrslunni að upplýsingar um styrki eru ekki kyngreindar í ársskýrslum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og reyndist erfitt að afla upplýsinga um kynjaskiptingu styrkþega. Þyrfti því að bæta gagnabanka sjóðsins varðandi kyngreindar upplýsingar um umsækjendur og verða þau mál tekin til endurskoðunar. Þá var það niðurstaða verkefnisins að mikilvægt væri að auka aðgerðir fyrir konur í atvinnurekstri en þar á meðal væri brýnt að efla námskeiðið *Brautargengi* hjá Impru þannig að það yrði aðgengilegt konum óháð búsetu.

Að því er varðar atvinnurekstur kvenna á landsbyggðinni áttu iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti fulltrúa í tengslanetsstarfshópi á vegum Evrópusambandsins um atvinnurekstur kvenna (*WES*) sem sótti fundi í Brussel vegna þessa. Fyrir tilstilli tengslanetsins gerðist ráðuneytið

aðili að verkefni fimm landa sem varðaði eignarhald og stöðu kvenna í atvinnurekstri og landbúnaði. Sérstök skýrsla var unnin og var hún framlag Íslands til Evrópuverkefnisins *Konur og eignarhald í viðskiptum og landbúnaði* sem unnið var innan rammaáætlunar Evrópusambandsins um jafnrétti kynjanna. Verkefninu var ýtt úr vör að frumkvæði Noregs með þátttöku Grikklands, Lettlands og Svíþjóðar, auk Íslands. Skýrslan kom út snemma árs 2005.

viii. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.
38. Lifandi landbúnaður – gullið heima.

Meginhugmynd verkefnisins er að byggja upp grasrótarhreyfingu sem hafi það að markmiði að fræða og styðja konur í bændastétt og hvetja þær til að koma á framfæri hugmyndum sínum til eflingar atvinnu í sveitum. Markmið verkefnisins er að styrkja konur í dreifbýli til sjálfstæðrar atvinnuþátttöku.

Konur í bændastétt hafa stofnað með sér eins konar grasrótarhreyfingu sem nefnist *Lifandi landbúnaður.* Þær hafa komið sér upp öflugu tengslaneti í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og landbúnaðarráðuneytið sem gerir þeim betur fært að hafa samskipti sín á milli ásamt því að stunda fjarnám sem Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hefur skipulagt og sniðið eftir þörfum og ábendingum.

39. Eignaréttarleg staða kvenna í landbúnaði.

Meginhugmynd verkefnisins er að athuga eignaréttarlega stöðu kvenna í landbúnaði. Tilgangurinn er einkum sá að kanna hvort þörf sé á aðgerðum til að jafna hlut karla og kvenna í þessu tilliti.

Ákveðið var að koma fyrst upp öflugu tengslaneti milli kvenna í bændastétt til að auðvelda framkvæmd verkefnisins. Jafnréttisnefnd Bændasamtaka Íslands mun annast gerð skoðanakönnunar meðal kvenna í bændastétt. Við gerð skoðanakönnunar verður unnt að nýta tengslakerfið sem skapast hefur með verkefninu *Lifandi landbúnaði – gullið heima.* Vinna að undirbúningi rannsóknarinnar er hafin. Litið verður til niðurstaðna könnunarinnar við mat á því hvort sérstakra aðgerða er þörf í þessu tilliti.

ix. Menntamálaráðuneyti.
40. Konur í vísindum.

Menntamálaráðuneyti leitaði eftir samstarfi við aðra aðila um skipan starfshóps (tölfræði- og greiningarhóps) til að afla tölfræðilegra upplýsinga um þátt kvenna í rannsóknum. Ráðuneytið gaf út skýrsluna Konur í vísindum á Íslandi í mars 2002 þar sem teknar voru saman tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kvenna í vísindum á Íslandi með áherslu á konur starfandi hjá hinu opinbera. Áformað er að fylgja þeirri skýrslu eftir en bæta við og bera saman upplýsingar um stöðu kvenna í rannsóknum hjá fyrirtækjum. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að rætt verði um með hvaða hætti æskilegt er að auka umræðu og tryggja virka þátttöku kvenna í vísindastarfi í samræmi við vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs frá desember 2003.

Markmið verkefnisins er að tryggja virka þátttöku kvenna í vísindum.

Menntamálaráðuneyti skipaði landsnefnd um konur og vísindi á haustmánuðum 2004 til fjögurra ára. Landsnefndin hefur það hlutverk að fylgja eftir störfum nefndar á vegum Evrópusambandsins um konur í vísindum (*Helsinki Group on Women and Science*) sem hefur það markmið að vinna að aukinni þátttöku kvenna í vísindum í Evrópusambandslöndunum og vera til ráðgjafar um stöðu kvenna í rannsókna- og vísindastarfi. Nefndarstarfið hefur

meðal annars falið í sér söfnun nýrra tölfræðilegra upplýsinga um þátttöku kvenna í vísindastörfum á Íslandi, sambærilegra við þær sem fyrri landsnefnd safnaði og birtar voru í skýrslunni *Konur í vísindum á Íslandi* sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2002, ásamt því að leggja mat á þróun mála á tímabilinu. Landsnefndin hefur unnið drög að skýrslu til ráðuneytisins þar sem greindar eru niðurstöður þeirra tölfræðilegra gagna sem safnað hefur verið ásamt tillögum um aðgerðir til aukinnar þátttöku kvenna í vísindum, hvað varðar námsval og framgang í starfi. Skipunartími landsnefndarinnar er útrunnin en ráðuneytið stefnir að því að endurskipað verði í nefndina.

41. Jafnrétti og listir.

Meginhugmynd verkefnisins er að gera úttekt á stöðu kynjajafnréttis á lista- og menningarsviði. Sérstaklega skal skoða stöðu kvenna gagnvart stuðningskerfi lista- og menningarlífs hvað varðar m.a. styrki og listamannalaun.

Markmið verkefnisins er að athuga hvort þörf sé einhverra aðgerða til að jafna hlut karla og kvenna á þessu sviði.

Ráðuneytið hefur styrkt nokkra atburði sem tengjast þessu efni. Bókmenntahátíð sem hópur kvenna innan Rithöfundasambands Íslands efndi til var styrkt. Hátíðin var nefnd *Góugleði* en þar var vakin athygli á ritverkum íslenskra kvenna og veitt sérstök bókmenntaverðlaun. Meðal annars var efnt til málþings um stöðu íslenskra kvenna á ritvellinum. Alþjóðleg ráðstefna undir yfirskriftinni *A Place for Prostitution? Gender Equality and Respect in Modern Societies* var styrkt en Kvenréttindafélag Íslands hélt hana. Umfjöllunarefni var hvernig vændi, virðing kvenna og jafnrétti geti átt samleið í nútímaþjóðfélagi.

42. Fræðsla um jafnréttismál í kennaranámi.

Menntamálaráðuneytið mun kalla eftir upplýsingum frá háskólum sem mennta kennara um hvernig stuðlað er að kennslu í jafnrétti. Markmið verkefnisins er að kanna hvort þeir einstaklingar sem búa sig undir kennslu og uppeldisstarf fái fræðslu í jafnréttismálum eins og kveðið er á um í 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

Menntamálaráðuneytið leitaði formlega eftir upplýsingum árið 2004 hjá Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri um hvernig fræðslu einstaklinga, sem búa sig undir kennslu og uppeldisstarf sé háttað í jafnréttismálum. Svör háskólanna hafa ekki verið dregin saman í eina niðurstöðu en það er mat ráðuneytisins á grundvelli þessara svara að fræðslu um jafnrétti í kennaranámi sé fyrir komið á fullnægjandi hátt hjá háskólunum.

43. Jafnréttiskennsla í skólum.

Menntamálaráðuneyti mun áfram leggja áherslu á að skólar vinni ötullega að því að fræða nemendur um jafnrétti kynjanna. Í aðalnámskrá framhaldsskóla frá janúar 2004 er lögð rík áhersla á jafnréttismál. Þar segir á bls. 5: „Skólum ber að gæta jafnréttis nemenda til náms og bjóða þeim nám og kennslu við hæfi. Mikilvægt er að bæði piltum og stúlkum séu kynnt störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karlaeða kvennastörf. Skólum ber einnig að gefa nemendum tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Þau þurfa að höfða jafnt til pilta og stúlkna án tillits til uppruna, í dreifbýli eða þéttbýli, fatlaðra sem ófatlaðra.“

Markmið með verkefninu er að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna við námsval og vinna gegn því að nemendur festist í farvegi hefðbundinna verkaskiptingar kynjanna, sbr. 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

Ákvæði um jafnrétti er að finna í aðalnámskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, bæði í almennum hlutum og í hverri námskrá fyrir sig. Auk almennra ákvæða um jafnrétti til náms og viðeigandi námstækifæra fyrir alla er að finna ákvæði um að kennsluaðferðir megi ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna litarhætti, fötlun, trúarbrögðum og félagslegri stöðu. Einnig er í aðalnámskrá grunnskóla að finna í fyrsta sinn sérstakan kafla um velferð nemenda.

Almenn markmið eru að:

– jafnrétti sé haft að leiðarljósi í námi og kennslu í leik- grunn- og framhaldsskólum,
– að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna við námsval,
– vinna gegn því að nemendur festist í farvegi hefðbundinna verkaskiptingar kynjanna.

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að skólar vinni ötullega að því að fræða nemendur um jafnrétti kynjanna. Í jafnréttisstefnu ráðuneytisins sem lögð var til grundvallar við endurskoðun aðalnámskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla 1999 kemur fram að jafnrétti til náms er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefnin skulu höfða jafnt til drengja og stúlkna, nemenda í dreifbýli sem þéttbýli og fatlaðra sem ófatlaðra. Mikilvægt er að bæði piltum og stúlkum séu kynnt störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að skólar búi bæði kynin undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og í samfélaginu. Eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og skólayfirvalda í þessu sambandi er að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ.e. að veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins.

Fræðsla um jafnrétti er samofin markmiðum í aðalnámskrá leik- grunn- og framhaldsskóla frá 1999 bæði í almennum hluta þeirra og í hverri námskrá fyrir sig þó sérstök áhersla sé á jafnréttismiðuð markmið í námskrá í lífsleikni á öllum skólastigum. Í námskrá í lífsleikni er meðal annars að finna markmið sem beint og óbeint stuðla að því að styrkja einstaklinginn, að hann öðlist samfélagslega yfirsýn, að hann geti gert raunhæfar áætlanir um náms- og starfsleiðir sem standa honum til boða að loknu grunnskólanámi, að hann öðlist áræði til þess að móta eigin lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt og setji sér markmið sem lúta að framtíðinni.

Auk almennra ákvæða um jafnrétti til náms og skóla án aðgreiningar er að finna ákvæði um að kennsluaðferðir megi ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum og félagslegri stöðu. Markmiðið er ekki að kenna öllum hið sama heldur að nemendur öðlist trausta undirstöðu á þeim námssviðum sem þeir velja. Í þessu skyni verður nemendum til dæmis gefinn kostur á ólíkum námsáherslum í efstu bekkjum grunnskólans.

Dæmi um verkefni sem varða lýðræði og jafnrétti í skólum sem menntamálaráðuneytið hefur beitt sér fyrir og tekið þátt í er Olweusarverkefnið gegn einelti og andfélagslegu atferli í grunnskólum. Þar er að finna dæmi um markviss vinnubrögð sem byggja á fagmennsku og áratugalöngum rannsóknum og miðast við að skólar taki á heildrænan hátt upp skipulagt kerfi til að takast á við og fyrirbyggja einelti. Annað dæmi er um þátttöku í verkefni Evrópuráðsins um borgaravitund og mannréttindi í skólum. Markmiðið er að benda á mikilvægi þess að fjalla um borgaravitund og virka þátttöku í lýðræðissamfélagi í skólastarfi og öðru starfi með börnum og ungmennum. Markmið verkefnisins er meðal annars að stuðla að gagnkvæmum skilningi á milli menningarheima, samstöðu, jafnrétti og jákvæðum samskiptum þjóða á meðal.

44. Styrkir til jafnréttisfræðslu úr þróunarsjóðum leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Við úthlutun styrkja úr þróunarsjóðum leik-, grunn- og framhaldsskóla mun ráðuneytið auglýsa einu sinni á tímabilinu sérstaklega eftir verkefnum á sviði jafnréttisfræðslu og aðgerðum til að jafna stöðu drengja og stúlkna í skólum.

Markmið með verkefninu er að leik-, grunn- og framhaldsskólum verði gert kleift að efla tilraunir og nýbreytni í skipulagi náms, kennsluháttum, kennslu, námsgögnum, námsmati og mati á skólastarfi. Markmiðið er að hvetja stofnanir til að nýta sér styrkina til að sinna jafnréttismálum.

Í auglýsingu sem birtist 30. janúar 2005 þar sem auglýst var eftir umsóknum um styrki vegna þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu var sérstaklega auglýst eftir verkefnum sem miða að því að framfylgja áætlunum um jafna stöðu kynjanna í námi. Í auglýsingum fyrir þróunarsjóð leikskóla 2006 og þróunarsjóð grunnskóla 2006 var sérstök áhersla lögð á umsóknir er snerta jafnréttisfræðslu í skólastarfi og lýðræði með sérstaka áherslu á jafnrétti. Í auglýsingu fyrir þróunarsjóð framhaldsskóla fyrir 2004–2005 var sérstök áhersla lögð á umsóknir er snerta jafna stöðu kynjanna í námi. Viðtökur umsækjenda voru mjög dræmar þar sem aðeins ein umsókn af 70 sem bárust var með áherslu á jafnréttisfræðslu.

Auglýst var eftir umsóknum sem snúast um jafnréttisfræðslu í grunnskólum í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla í þróunarsjóð grunnskóla með auglýsingu dagsettri 19. janúar 2007. Einkum var leitað eftir þróun á aðferðum við kennslu sem geta nýst öðrum skólum. Árið 2008 var auglýst í þróunarsjóði grunnskóla eftir verkefnum sem tengjast jafnréttismálum og hlutu alls sex verkefni styrk í flokknum *Skapandi hugsun, samstarf, jafnrétti og lýðræði í skólum.*

45. Jafnrétti kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar.

Menntamálaráðuneyti mun kalla eftir upplýsingum frá heildarsamtökum íþróttahreyfingarinnar og félagsmiðstöðva um hvort kynjajafnréttis sé gætt í íþrótta- og tómstundastarfi. Einnig verði skoðað hvernig fjölmiðlar fjalla um íþróttir karla annars vegar og íþróttir kvenna hins vegar.

Meginmarkmið verkefnisins er að 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, sé framfylgt og leitað leiða til úrbóta ef þurfa þykir. Koma með ábendingar um leiðir til úrbóta hvað varðar íþróttaumfjöllun kynjanna í fjölmiðlum þar sem könnun frá árinu 2001 sýnir að hlutur kvenna í íþróttaþáttum var einungis 7,7%.

Árið 2005 styrkti menntamálaráðuneytið Jafnréttisstofu vegna rannsóknar á staðalmyndum kynjanna í íþróttum og íþróttafréttum. Rannsóknin var hluti af Evrópuverkefni undir stjórn Jafnréttisstofu en það hlaut *nafnið Íþróttir, fjölmiðlar og staðalmyndir – konur og karlar í íþróttum og fjölmiðlum (Sports, Media and Stereotypes – women and men in sports and media).* Þátttökulönd í rannsókninni auk Íslands voru Austurríki, Ítalía, Litháen og Noregur. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig fjallað er um íþróttir kvenna og karla í íþróttafréttum í Evrópu og kalla fram breytingar í staðalmyndum kynjanna á þessu sviði. Niðurstöður voru kynntar á ráðstefnu 20. janúar 2006 þar sem fulltrúar frá öllum þátttökulöndum voru með fyrirlestra tengda viðfangsefninu.

Niðurstöður sýna að umfjöllun um konur og íþróttir er stórlega ábótavant. Í rannsókn á umfjöllun tveggja dagblaða árið 2006 kemur fram að 87,14% íþróttaumfjöllun var um karla og 9,7% um konur. Jafnframt er umfjöllun um kvennaíþróttir á þann veg að það virðist sem íþróttaiðkun kvenna sé ekki tekin jafn alvarlega og karla. Afar fáar konur vinna við íþróttafréttamennsku. Ísland kemur ögn betur út en samanburðarlöndin en þó er engan veginn svo

að ásættanlegt sé. Frekari upplýsingar er að finna í lokaskýrslu rannsóknarinnar á vef Jafnréttisstofu (http://www.jafnretti.is).

Á sama tíma var stuðlað að jafnrétti kynja innan íþróttahreyfingarinnar, meðal annars með áherslu á styrki til umsókna sem varða jafnan hlut kynja í íþróttum og veittur var styrkur úr Íþróttasjóði til að efla kvennakörfuknattleik ungra stúlkna. Mörg félög og sambönd innan íþróttahreyfingarinnar hafa samþykkt eða eru að vinna að gerð jafnréttisáætlunar. Stofnaður hefur verið sérstakur sjóður hjá Íþróttasambandi Íslands sem styður afrekskonur í íþróttum. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ er nafnbót sem íþróttafélög eða deildir geta sótt um og þurfa þá að uppfylla ákveðna gæðastaðla sem byggjast meðal annars á að móta sér stefnu í jafnréttismálum. Alls hlutu 18 íþróttafélög og deildir nafnbótina fyrirmyndarfélag ÍSÍ árið 2008.

46. Konur og fjölmiðlar.

Þátttaka kvenna í fjölmiðlum verði könnuð og borin saman við niðurstöður nefndar um konur og fjölmiðla sem út kom í skýrslu í febrúar árið 2001. Í framhaldi verði unnið með tillögur nefndarinnar um úrbætur til að fjölga konum í fjölmiðlum ef þurfa þykir. Markmið verkefnisins er að auka hlut kvenna í fjölmiðlun.

Rannsókn um þátttöku kvenna í fjölmiðlum var gerð árið 2005 í samvinnu við nema í félags- og fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands en hún fjallar um konur og karla í fréttum, auglýsingum og sjónvarpsþáttum. Menntamálaráðuneytið stóð alfarið að gerð og kostnaði við rannsóknina sem gerð var með sama hætti og hliðstæðar kannanir á hlut kynjanna í sjónvarpi frá árunum 1999 og 2000 og gerðar voru á vegum nefndar um konur og fjölmiðla. Á málþingi sem menntamálaráðuneytið og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræði við Háskóla Íslands héldu um miðjan desember 2005 voru niðurstöðurnar kynntar og voru þar flutt nokkur ávörp auk þess sem forsvarsmenn fjölmiðla sátu fyrir svörum í pallborði. Í ávarpi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra kom fram að samanburður á niðurstöðum rannsóknanna bendir til þess að lítið sem ekkert hafi breyst á árunum 1999–2005. Hlutfall karla í fréttum, fréttatengdum þáttum og sjónvarpsþáttum er mun hærra en hlutfall kvenna í öllum þessum flokkum. Að meðaltali eru konur um og undir 30% í öllu útsendu efni á kjörtíma í sjónvarpi, þ.e. fréttum, auglýsingum og sjónvarpsþáttum. Málþingið og niðurstöður rannsóknanna fengu mikla athygli og umfjöllun í fjölmiðlum og mæting á málþingið var mjög góð.

x. Samgönguráðuneyti.

47. Störf kvenna á skipum.

Meginhugmynd verkefnisins er að gerð verði úttekt á störfum kvenna á skipum íslenskra útgerða. Þar verði m.a. kannað hlutfall kvenna á skipum og lagt mat á vinnuaðstæður þeirra um borð. Í framhaldinu leggur ráðuneytið fram tillögur um úrbætur. Markmið verkefnisins er að auka hlut kvenna á skipum íslenskra útgerða ásamt því að tryggja vinnuaðstæður þeirra.

Verkefnið var unnið í samstarfi við Háskóla Íslands. Helstu niðurstöðurnar voru þær að konur eru í miklum minni hluta sjómanna en þær eru sjaldnast yfir 10% þeirra. Ástæðu þess að konur sækja ekki sjóinn í meira mæli en þær gera er einna helst að finna í menningarbundnum þáttum, þ.e. í skiptingu vinnunnar í karla- og kvennastörf og takmörkuðum vilja fólks til að haga sér í ósamræmi við ríkjandi ímyndir karlmennsku og kvenleika. Með þessari kynbundnu hugmyndafræði er ýtt undir þá trú að sjómennska sé ekki hentugur starfsvettvangur fyrir konur. Aðrir þættir, svo sem ábyrgð kvenna á heimili og börnum, koma þó einnig í veg fyrir þátttöku þeirra í sjómennsku, sem og minnkandi framboð á störfum á sjó.

Afar erfitt er að ætla sér að bæta stöðu kvenna sem stunda sjómennsku með öðrum hætti en þeim að bæta stöðu sjómanna sem heildar og taka konur inn í myndina. Til þess að konur jafnt og karlmenn hafi áhuga á að stunda sjóinn þarf að vera eftirspurn eftir vinnuafli á sjó, atvinnutækifærin þurfa að vera eftirsóknarverð og launin þurfa að vera nógu góð til að fólk sé reiðubúið til þess að eyða löngum stundum úti á rúmsjó. Störf sjómanna hafa ekki þótt eins eftirsóknarverð á síðustu árum og þau voru í eina tíð. Þau þarf að gera eftirsóknarverðari. Eins mætti vekja athygli á þeirri staðreynd að konur stunda sjóinn og hafa ávallt gert. Hafi konur einhverjar fyrirmyndir eykst ef til vill áhugi þeirra á þessum starfsvettvangi. Skýrslu um þetta verkefni má nálgast á vefsíðu ráðuneytisins (http://www.samgonguraduneyti.is/malaflokkar/sigloghafn/ efni/nr/1435).

xi. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

48. Úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi.

Skipuð verði nefnd í byrjun ársins 2005 til að gera úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi. Tilgangur verkefnisins er að kanna við hvers konar störf konur í stórum sjávarútvegsfyrirtækjum eru, en ekki hefur borið mikið á þeim í forystu í greininni.

Markmið verkefnisins er að komast að því hvað veldur lítilli þátttöku kvenna í forystu í sjávarútvegi og skoða hvernig hægt er að laða þær til þátttöku.

Á fyrri hluta ársins 2005 skipaði ráðherra nefnd til að gera úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum á landinu. Nefndin lauk störfum haustið 2006 og hefur skilað skýrslu til ráðherra.

49. Úttekt á störfum kvenna í minni sjávarútvegsfyrirtækjum (fjölskyldufyrirtækjum) á Íslandi.

Meginhugmynd verkefnisins er að kanna við hvers konar störf konur í minni sjávarútvegsfyrirtækjum og fjölskyldufyrirtækjum í sjávarútvegi á Íslandi eru og hvort munur sé á eðli starfa þeirra þar og í hinum stærri fyrirtækjum. Niðurstöður könnunarinnar munu gagnast greininni vel og vonandi leiða til frekari þátttöku kvenna.

Meginmarkmið verkefnisins er að afla gagna til að bera saman eðli starfa kvenna í minni fyrirtækjum og hinum stærri á sviði sjávarútvegs á Íslandi.

Nefndin hefur ekki verið skipuð en beðið átekta vegna nefndarinnar um störf kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi. Framkvæmd verkefnisins verður ákveðin með tilliti til niðurstöðu nefndarinnar.

xii. Umhverfisráðuneytið.

50. Konur og Staðardagskrá 21.

Meginhugmynd verkefnisins er að auka hlut og áhrif kvenna í ákvarðanatöku við eflingu sjálfbærrar þróunar í héraði á Íslandi, á grundvelli Staðardagskrár 21, þar sem ríki og sveitarfélög vinna saman. Markmið verkefnisins er að samþætta jafnréttissjónarmið inn í vinnu Staðardagskrár 21 á Íslandi.

Í samstarfi við Staðardagskrá 21 og Jafnréttisstofu var ákveðið að gefa út fræðslubækling um jafnrétti og sjálfbæra þróun. Hann hlaut nafnið Sterkari saman. Í bæklingnum er bent á mikilvægi þess að konur jafnt sem karlar séu virkir þátttakendur í mótun samfélagsins og leggi sitt af mörkum við að leysa úr þeim fjölmörgu viðfangsefnum sem blasa við bæði hér á landi og á heimsvísu, ef takast á að beina efnahagsþróun á sjálfbærari brautir en verið hefur undanfarna áratugi.

Markmiðið með útgáfu bæklingsins var að vekja athygli á mikilvægi þess að bæði kynin beiti sér þegar kemur að ákvarðanatöku um sameiginlegar auðlindir. Tilefnið var meðal annars sveitarstjórnarkosningarnar þótt efni bæklingsins sé í raun óbundið tíma. Umhverfisráðuneytið fjármagnaði útgáfu bæklingsins en umsjón með útgáfunni var í höndum Landsskrifstofu Staðardagskrár 21 á Íslandi. Bæklingurinn er aðgengilegur á rafrænu formi á vefsíðu umhverfisráðuneytisins (http://www.umhverfisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/792) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (http://www.samband.is/dagskra21/news.asp?id=370&news_ID=925&type=on).

xiii. Utanríkisráðuneyti.

51. Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.

Meginhugmynd verkefnisins er að leggja fram tillögur um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í alþjóðlegu samstarfi. Markmið þess er að fram komi hvernig utanríkisráðherra fyrir hönd íslenskra stjórnvalda geti, betur en nú, unnið að framgangi réttindamála kvenna og barna samkvæmt þeim alþjóðasamþykktum sem Ísland er aðili að.

Jafnrétti og samvinna í alþjóðastjórnmálum.

Utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur tekið virkan þátt í alþjóðasamstarfi kvenleiðtoga frá því að hún tók við embætti. Að frumkvæði ráðherra mun Ísland taka að sér að halda úti heimasíðu kvenleiðtoganna. Tilgangurinn er að styrkja tengslanet þeirra og gera samstarfið markvissara, meðal annars með því að tryggja betri eftirfylgni.

Utanríkisráðherra hefur beitt sér fyrir aukinni áherslu á framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325/2000 á alþjóðavettvangi. Hún er heiðursfélagi í alþjóðlegu friðarráði ísraelskra og palestínskra kvenna og hefur talað þeirra máli á alþjóðavettvangi, sérstaklega við þá sem koma að friðarviðræðunum fyrir botni Miðjarðarhafs, og lagt áherslu á mikilvægi þátttöku kvenna í friðarferlinu.

Utanríkisráðuneytið og Háskóli Íslands skrifuðu undir viljayfirlýsingu 19. júní 2008 um samstarf á sviði jafnréttismála. Samstarfið felur í sér stofnun jafnréttisseturs og jafnréttisskóla við Háskóla Íslands með stuðningi ráðuneytisins. Jafnréttissetrið og jafnréttisskólinn voru formlega sett á fót í desember 2008 og var haldin alþjóðleg ráðstefna um ályktun öryggisráðsins nr. 1325 með sérstakri áherslu á aðgang kvenna að friðarferlum. Ráðstefnan er samvinnuverkefni utanríkisráðuneytisins og Háskóla Íslands.

Samþætting jafnréttis- og kynjasjónarmiða í starfi Íslensku friðargæslunnar.

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að stefnubreytingu í tengslum við starfsemi Íslensku friðargæslunnar. Hefur það falið í sér aukna áherslu á þátttöku kvenna í störfum friðargæslunnar og aukin áhrif kvenna og aðkomu að ákvarðanatöku á alþjóðavettvangi. Eftir endurskoðun sem átti sér stað og áherslubreytingar var haldið áfram að þróa og efla þá hugmyndafræði sem felst meðal annars í innleiðingu og eftirfylgni ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 frá árinu 2000. Það felur meðal annars í sér þjálfun og fræðslu friðargæsluliða sem fara á vettvang.

Áætlun íslenskra stjórnvalda um framkvæmd ályktunarinnar var unnin í samráði við félagasamtök og með innra samráði í utanríkisráðuneytinu veturinn 2007–2008. Var hún gefin út 8. mars 2008 og hefur sérstakt teymi verið sett á fót til að fylgja eftir áhersluatriðum hennar.

Meðal þess sem aðgerðaáætlunin felur í sér er sérstök áhersla á verkefni sem nýtast konum, aðkoma kvenna að friðarferlum og ákvarðanatöku, þjálfun og fræðsla friðargæsluliða og starfsmanna ráðuneytisins um ályktunina og innleiðingu hennar. Ráðstefna var haldin í desember 2008 um aðkomu kvenna að friðarviðræðum og stutt við stofnun jafnréttisseturs í tengslum við Háskóla Íslands sem meðal annars mun hafa það að markmiði að fræða og þjálfa konur á sviði jafnréttismála. Þessari þjálfun og verkefni er ætlað að verða í framtíðinni hluti af þjálfunarverkefni Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Á árinu 2007 störfuðu yfir 60 manns hjá Íslensku friðargæslunni í skemmri og lengri verkefnum. Sé horft til tímalengdar að störfum og kynjaskiptingar má sjá að þátttaka kvenna í friðargæsluverkefnum var um 45% á síðari helmingi ársins og hafði aukist jafnt og þétt það ár.

Í ársbyrjun 2008 tók íslensk kona við stjórn skrifstofu Evrópuráðsins í Kosovo. Sú staða er hluti af framlagi Íslensku friðargæslunnar og er ein hæsta staða sem kona hefur gegnt í friðargæsluverkefni.

Verkefni sem Íslenska friðargæslan kostaði í tengslum við starf þróunarfulltrúa í Ghor-héraði í Afganistan sneru að uppbyggingu vatnsaflsvirkjana, réttaraðstoð við sakborninga og lögfræðiaðstoð til kvennamálaráðuneytisins. Í undirbúningi var einnig þjálfunarverkefni fyrir starfsmenn stjórnvalda sem fara með málefni munaðarlausra barna og aðstoðarfólks sem starfar á slíkum heimilum.

Aukin var þátttaka í langtímakosningaeftirliti Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE), sem styður við uppbyggingu lýðræðis og mannréttinda í löndum sem eru ný lýðræðisríki innan Evrópu. Gætt er vel að jöfnum hlutföllum kynjanna þegar valið er fólk í störf við kosningaeftirlit, bæði til skamms og langs tíma.

Frekari upplýsingar um starf friðargæslunnar árið 2007 er að finna í ársskýrslu Íslensku friðargæslunnar (http://www.utanrikisraduneyti.is/utanrikismal/fridargaesla/ utgefid-efni/).

Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Þróunarsamvinnustofnun Íslands setti sér árið 2004 afar metnaðarfulla stefnu í jafnréttismálum. Markmið stefnunnar er meðal annars að stuðla að kynjajafnrétti í samstarfslöndum Þróunarsamvinnustofnunar með því að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í verkefnum stofnunarinnar og stuðla að sjálfseflingu kvenna. Fjölmörg verkefni sem stuðla beint að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða hafa verið unnin og eru í gangi á vegum Þróunarsamvinnustofnunar. Þau verkefni þar sem sérstaklega hefur verið unnið með málefni kvenna hafa einkum verið á sviði fullorðinsfræðslu og heilbrigðismála ásamt stuðningi við félags- og kvennamálaráðuneyti. Þá er stuðningur veittur til eflingar baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi, auk þess sem stutt hefur verið við frumkvöðlastarfsemi og rekstur smáfyrirtækja. Verkefni á öðrum sviðum, eins og menntamál og vatns- og fráveituverkefni, hafa einnig beina tilvísun í eflingu kvenna og stúlkna því á þær hallar oft í samstarfslöndum Þróunarsamvinnustofnunar og bæta verkefnin því mest lífsgæði þeirra. Þá hafa frjáls félagasamtök í samstarfslöndunum, sem vinna meðal annars að því að berjast fyrir réttindum kvenna, verið studd fjárhagslega.

52. Jafnréttisstarf fulltrúa á vegum UNIFEM í löndum þar sem alþjóðlegt uppbyggingarstarf á sér stað.

Utanríkisráðuneytið greiðir kostnað við starf eins fulltrúa. Um skeið hefur ráðuneytið kostað einn fulltrúa frá UNIFEM til að sinna jafnréttisstarfi í Kosovo. Starfið hefur falist í

því að veita lagalega aðstoð í kynjavæðingu löggjafar. Einnig að veita aðstoð við myndun félagasamtaka sem hafa það markmið að vinna að faglegum álitsgerðum á löggjöf og framkvæmd löggjafar. Þá hefur og verið lögð rík áhersla á þjálfun og fræðslu í jafnréttismálum í Kosovo, t.d. fyrir sveitarstjórnir. Markmið verkefnisins er að koma jafnréttissjónarmiðum inn í stjórnkerfi viðkomandi ríkja.

Þessu verkefni lauk í byrjun ársins 2006 og hafði þá íslenskur friðargæsluliði starfað á vegum UNIFEM í Kosovo frá árinu 2000. Þar sem mikil ánægja hefur verið með verkefnið, bæði í Kosovo, hjá UNIFEM og þeim sem hafa starfað á vegum Íslands undir merkjum UNIFEM í Kosovo, var ákveðið að halda áfram að styrkja starf UNIFEM á Balkanskaganum. Utanríkisráðuneytið styrkti starf þriggja fulltrúa hjá UNIFEM til ársins 2008.

Árið 2007 voru tveir friðargæsluliðar starfandi á Balkanskaga og verður svo áfram í Serbíu og Bosníu-Hersegóvínu. UNIFEM-verkefnið á Balkanskaga snýst um konur, lýðræði og mannréttindi. Verkefnið felur í sér uppbyggingu og aðstoð varðandi mótun löggjafar með tilliti til jafnréttis kynjanna, auk þess að fræða og þjálfa aðila á sviði jafnréttismála, til dæmis hjá sveitarstjórnum. Markmið verkefnisins er, eins og í verkefninu í Kosovo, að koma jafnréttissjónarmiðum inn í stjórnkerfi viðkomandi ríkja.

Í mars 2007 gerði utanríkisráðuneytið samstarfssamning við landsnefnd UNIFEM sem gilda mun í þrjú ár, 2007–2009. Landsnefndin styður og styrkir starfsemi UNIFEM í baráttunni fyrir jafnrétti og bættri stöðu kvenna víða um heim, sérstaklega á sviði þróunarsamvinnu. Markmiðið með samningnum er meðal annars að efla kynningu á hlutverki og starfsemi UNIFEM, stuðla að samþættingu jafnréttissjónarmiða í verkefnum á vegum íslenskra stjórnvalda og auka almennt samráð og samvinnu íslenskra stjórnvalda við UNIFEM. Rammasamningurinn gerir ráð fyrir fimm milljón króna fjárframlagi á ári frá utanríkisráðuneytinu til landsnefndar UNIFEM.

Í maí 2007 veitti utanríkisráðuneytið verkefni á vegum UNIFEM á Balkanskaga, sem kallast *Advancing Women's Rights for Democratic Governance and Peace in South East Europe,* 200.000 bandaríkjadala styrk. Er þetta þriðja árið í röð sem íslensk stjórnvöld leggja fé til stuðnings jafnréttisbaráttu og til að auka réttindi kvenna á Balkanskaga, en íslenskir sérfræðingar hafa starfað að verkefninu undanfarin fimm ár með því að leggja jafnréttisráðgjafa til áætlunarinnar eins og áður hefur komið fram.

Framlög til UNIFEM hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár og námu árið 2008 87,5 milljónum króna. Um er að ræða bæði föst framlög og stuðning við einstök verkefni. Íslensk stjórnvöld hafa um árabil lagt fé í styrktarsjóð gegn kynbundnu ofbeldi sem er vistaður hjá UNIFEM. Sjóðurinn var settur á stofn í kjölfar kvennaráðstefnunnar í Peking árið 1995 og er markmið hans að vekja athygli á og útrýma ofbeldi gegn konum. Íslenskur sérfræðingur kostaður af utanríkisráðuneytinu mun starfa hjá sjóðnum frá hausti 2008 en hann starfaði áður á svæðisskrifstofu UNIFEM á Barbados.

Stjórnvöld styðja einnig við verkefni UNIFEM í Afganistan, en markmið starfsemi stofnunarinnar er að auka tækifæri og val afganskra kvenna með því að byggja upp samfélag þar sem konur hafa jafnan rétt til þróunar og mannréttinda. Starfsemin er aðallega innan kvennamálaráðuneytis Afganistan og felst í þjálfun, rannsóknum og stefnumótun og stofnun kvennamiðstöðva á landsbyggðinni.

Eins og fram hefur komið hafa íslenskir sérfræðingar starfað á vegum UNIFEM í löndum á Balkanskaga og hafa stjórnvöld jafnframt stutt verkefni UNIFEM á svæðinu. Markmið verkefnisins er að efla vitund og skuldbindingar hins opinbera á sviðið kvenréttinda, sem og að aðstoða borgaralegt samfélag við að vinna að baráttumálum kvenna á grundvelli samþykkta Sameinuðu þjóðanna.

Loks hafa stjórnvöld frá og með þessu ári stutt verkefni UNIFEM í Palestínu sem hluta af aðgerðaáætlun í málefnum Miðausturlanda. Verkefnin felast aðallega í stuðningi við efnahagslegt sjálfstæði kvenna og valdeflingu, að auka þátttöku kvenna í ákvarðanatöku á sem flestum stigum samfélagsins og að tryggja sem víðtækust réttindi kvenna, meðal annars frelsi frá hvers kyns ofbeldi.

Ráðuneytið setti haustið 2006 af stað verkefni sem miðar að því að veita ungum íslenskum sérfræðingum tækifæri á að starfa tímabundið hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna á vettvangi. Frá því að verkefnið hófst hafa alls níu sérfræðingar starfað hjá þremur stofnunum Sameinuðu þjóðanna, þ.e. UNDP, UNICEF og UNIFEM. Þar af eru nú þrír starfandi hjá UNIFEM, tveir í New York og einn í Líberíu.

Stuðningur við starfsemi mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) hefur einnig aukist á undanförnum árum. Sjóðurinn hefur það að markmiði að auka þekkingu og hæfni þróunarríkja til að fást við vandamál fólksfjölgunar og móta og framfylgja stefnu á sviði mannfjöldamála. Á þessu ári nema framlög til sjóðsins 25,2 milljónum króna sem skiptist jafnt á milli fastra framlaga og til sjóðs sem vinnur að baráttunni gegn fistli, sem er alvarlegt vandamál í mörgum þróunarríkjum. Fistill er op sem myndast til dæmis milli þvagrásar og legganga eða á milli legganga og endaþarms, oft í kjölfar langra og erfiðra fæðinga hjá ungum stúlkum sem eru ekki líkamlega tilbúnar til að eignast börn. Vegna óþefs sem þessu fylgir eru þær yfirleitt útskúfaðar í samfélaginu.

Loks hafa stjórnvöld styrkt jafnréttisáætlun Alþjóðabankans (*Gender Action Plan*), sem sett var af stað haustið 2006. Markmið áætlunarinnar er meðal annars að auka efnahagslegan styrk kvenna og þar með almennan efnahagsvöxt í þróunarríkum. Auk þess er unnið að framgangi þriðja þúsaldarmarkmiðsins um kynjajafnrétti og aukin áhrif kvenna. Stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að setja sem nemur 900.000 bandaríkjadölum í sjóðinn á þremur árum. Ráðuneytið mun auk þess standa straum af kostnaði við þátttöku íslensks sérfræðings í jafnréttismálum í vinnuhópi áætlunarinnar.

Jafnrétti kynjanna í tölum

Íbúar og fjölskyldur



Mynd 1: Mannfjöldi, greindur eftir kyni og aldri
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 2: Fjölskyldur árið 2006
Heimild: Hagstofa Íslands

Áhrifastöður



Mynd 3: Hlutfall kynja meðal stjórnarformanna 100 stærstu fyrirtækja á Íslandi 2005 og 2007
Heimild: Háskólinn á Bifröst, Jafnréttiskennitalan



Mynd 4: Hlutfall kynja í stjórnum 100 stærstu fyrirtækja á Íslandi 2005 og 2007
Heimild: Háskólinn á Bifröst, Jafnréttiskennitalan



Mynd 5: Hlutfall kynja meðal æðstu stjórnenda 100 stærstu fyrirtækja á Íslandi 2005 og 2007

Heimild: Háskólinn á Bifröst, Jafnréttiskennitalan



Mynd 6: Hlutfall fyrirtækja með 25 starfsmenn og fleiri sem hafa jafnréttisáætlun 2008

Heimild: RHA, úrtakskönnun unnin fyrir Vinnumálastofnun



Mynd 7: Hlutfall kynja í áhrifastöðum árið 2007

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 8: Hlutfall kynja í nefndum og ráðum ráðuneyta árið 2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 9: Fjöldi kynja í æðstu stöðum ráðuneyta árið 2008
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 10: Sendierindrekar í utanríkisþjónustunni 2004, 2005 og 2006
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 11: Hlutfall kynja í bankaráði Seðlabanka Íslands 1991-2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 12: Þjónandi prestar í þjóðkirkjunni 2004 og 2006
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 13: Hlutfall kynja í kirkjuráði 2004 og 2006
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 14: Hlutfall kynja á kirkjuþingi 2004 og 2006
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 15: Hlutfall kynja: Biskupar og vígslubiskupar 2004 og 2006
Heimild: Biskupsstofa

Alþingi

Árið 1915 fengu konur kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis og fyrsta konan tók sæti á Alþingi árið 1922. Fram til ársins 1970 sátu þar stundum ein eða tvær konur og stundum engin. Árið 1978 var hlutfall kvenna á þingi 5%, en árið 1983 jókst hlutur kvenna töluvert, m.a. með tilkomu Kvennalistans. Árið 1991 var hlutfall kvenna á Alþingi 24%, árið 1999 komst hlutfallið upp í 25% og við alþingiskosningarnar árið 1999 varð hlutur kvenna 35%. Árið 2008 var hlutfall kvenna á þingi 33%.



Mynd 16: Þingmenn kosnir í alþingiskosningum eftir kyni 1900-2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 17: Frambjóðendur í alþingiskosningum eftir kyni 2003 og 2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 18: Hlutfall kynja: Fastanefndir alþingis 2003-2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 19: Hlutfall dómara í hæstarétti og héraðsdómi eftir kyni 1999-2006
Heimild: Hagstofa Íslands

Sveitarstjórnir

Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum á Íslandi hefur aukist hægt og bítandi síðastliðna hálfa öld og eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar eru konur rúmur þriðjungur sveitarstjórnarmanna. Á sama tíma hefur sveitarfélögum í landinu fækkað verulega og þau stækkað.



Mynd 20: Hlutfall kynja í sveitarstjórnum 1982-2006
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 21: Hlutfall kynja meðal bæjarstjóra og bæjarfulltrúa 1. september 2008
Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Menntamál



Mynd 22: Fjöldi Íslendinga í háskólanámi á Íslandi og erlendis eftir kyni 1980-2006
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 23: Brautskráningar á háskólastigi eftir kyni 2005/2006
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 24: Fjöldi nemenda í grunnskólum eftir kyni 2000-2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 25: Skráðir nemendur í skólum á framhaldsskólastigi eftir kyni 2001-2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 26: Brautskráðir nemendur úr framhaldsskólum eftir kyni 2001-2007



Mynd 27: Starfsfólk í leikskólum eftir kyni 2000-2007

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 28: Starfsfólk við kennslu í grunnskóla eftir kyni 2000-2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 29: Starfsfólk við kennslu í framhaldsskólum og sérskólum eftir kyni 2000-2008
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 30: Starfsfólk við kennslu eftir kyni: Prófessorar 2001-2008
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 31: Starfsfólk við kennslu eftir kyni: Dósentar 2001-2008
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 32: Starfsfólk við kennslu eftir kyni: Lektorar 2000-2008
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 33: Starfsfólk í háskólum eftir kyni 2001-2008
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 34: Hlutföll skólastjórnenda eftir kyni árið 2007
Heimild: Hagstofa Íslands

Heilbrigðismál



Mynd 35: Meðalfjöldi barna á hverja konu 1998-2007

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 36: Lífslíkur við fæðingu 1971-2007

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 37: Fjöldi fóstureyðinga á 1000 konur 15-44 ára: Fimm ára meðaltöl 1961-2006

Heimild: Landlæknisembættið 2008



Mynd 38: Fóstureyðingar, sem hlutfall af heild allra aldursflokka, hjá 19 ára og yngri 1998-2006

Heimild: Landlæknisembættið 2008



Mynd 39: Sala á neyðargetnaðarvörnum 1998 til 2006
Heimild: Lyfjastofnun 2007



Mynd 40: Ófrjósemisaðgerðir á 1000 íbúa
Heimild: Landlæknisembættið



Mynd 41: Krabbamein: Árlegur meðalfjöldi nýrra tilfella 2002-2006
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 42: Örorkulífeyris- og örorkustyrkþegar eftir sjúkdómaflokkum árið 2003
Heimild: Hagstofa Íslands

Kynbundið ofbeldi

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er eitt af hlutverkum Jafnréttisstofu að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Lögin skilgreina kynbundið ofbeldi sem ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolenda. Einnig teljast hótanir um slíkt ofbeldi, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis á grundvelli kynferðis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi, til kynbundins ofbeldis.



Mynd 43: Hlutfall einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 44: Komur í Kvennaathvarfið 1999-2007
Heimild: Hagstofa Íslands

Vinnumarkaður

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 leggja vinnuveitendum ýmsar skyldur á herðar og tryggja réttindi starfsmanna á margvíslegan hátt. Konur og karlar eiga að fá sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og óheimilt er að mismuna starfsmönnum eftir kyni.



Mynd 45: Atvinnuþátttaka eftir aldri og kyni árið 2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 46: Atvinnuleysi 2000-2006
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 47: Atvinnuþátttaka eftir kyni 1991-2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 48: Meðalatvinnutekjur í aðalstarfi eftir kyni 1998-2005
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 49: Meðalmánaðarlaun fullvinnandi eftir starfsstétt og kyni 2006
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 50: Atvinnutekjur kvenna sem hlutfall af tekjum karla 1980-2006
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 51: Meðallaun karla og kvenna eftir starfi árið 2008

Heimild: Könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands 2008



Mynd 52: Meðalgrunnlaun karla og kvenna eftir menntun árið 2008

Heimild: Könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands 2008



Mynd 53: Heildartímakaup karla og kvenna eftir starfi árið 2008
Heimild: Könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands 2008



Mynd 54: Foreldrar í launuðu fæðingarorlofi árið 2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 55: Hlutföll kynja í samtökum stéttarfélaga árið 2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 56: Hlutföll kynja í stjórnum stéttarfélaga árið 2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 57: Hlutfall kynja í Félagi fréttmanna á fimm ára millibili frá 1985 og árið 2007
Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 58: Hlutfall kynja í Blaðamannafélagi Íslands á fimm ára millibili frá 1985 og árið 2007
Heimild: Hagstofa Íslands

402. Frumvarp til laga [335. mál]

um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, með síðari breytingum.

Flm.: Gunnar Bragi Sveinsson, Birkir Jón Jónsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Guðmundur Steingrímsson, Vigdís Hauksdóttir, Höskuldur Þórhallsson.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Styrk eða uppbót samkvæmt ákvæði þessu er heimilt að greiða öðrum en bótaþega, svo sem foreldrum eða nánum ættingjum, þrátt fyrir að viðkomandi hafi ekki sama heimili og bótaþegi. Er þá skilyrði að nægilega hafi verið sýnt fram á nauðsyn styrks eða uppbótar og að staðfesting þess efnis fáist frá heimilislækni bótaþega og félagsmálastjóra viðkomandi sveitarfélags.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um félagslega aðstoð, nánar tiltekið breytingar á ákvæði sem varðar félagslega aðstoð í tengslum við bifreiðakostnað. Í 10. gr. laganna er fjallað um bifreiðakostnað og gildir reglugerð nr. 170/2009 til fyllingar lögunum.

Í ákvæðinu kemur fram að heimilt sé að greiða bótaþega uppbót vegna kaupa á bifreið, styrk til reksturs bifreiðar eða styrk til þess að afla bifreiðar. Skilyrði laganna fyrir þessum styrkveitingum eru þau að bifreið sé nauðsynleg vegna hreyfihömlunar bótaþega. Styrkurinn til bifreiðakaupa er sérstaklega bundinn við tilfelli þegar bifreið er nauðsynleg vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða líkamshluta vantar. Í áðurnefndri reglugerð hefur ráðherra síðan sett frekari skýringar og skilyrði fyrir greiðslu styrkja og uppbótar.

Í reglugerðinni kemur fram að í báðum tilfellum, þ.e. við veitingu uppbótar og styrkgreiðslu, er skilyrði fyrir úthlutun að hinn hreyfihamlaði hafi sjálfur ökuréttindi eða annar heimilismaður. Það hefur þó sýnt sig að svo getur staðið á að hinn hreyfihamlaði eigi ekki eða geti ekki átt sama heimili og foreldrar eða aðrir nánir ættingjar hans sem aka honum í bifreið sinni. Dæmi um slíkt er búseta bótaþega á sambýli þegar foreldrar eða nánir ættingjar viðkomandi aðila búa á eigin heimili en nýta samt bifreið sína til þjónustu og umönnunar við hinn hreyfihamlaða.

Ekki getur talist eðlilegt að takmarka veitingu bifreiðastyrkja með þessum hætti enda ljóst að mikilvægt er fyrir bótaþega að geta notið aðstoðar foreldra eða náinna ættingja sinna og aukið lífsgæði sín, m.a. með bílferðum. Gerir frumvarp þetta því ráð fyrir að heimilt sé að greiða öðrum en bótaþega eða heimilismanni hans styrkinn ef nægilega er sýnt fram á nauðsyn styrksins og staðfesting þess efnis fengin frá heimilislækni og félagsmálastjóra viðkomandi sveitarfélags. Með því að tilgreina tvo óháða og óskylda fagaðila til að staðfesta mikilvægi styrksins er lögð áhersla á að fagleg sjónarmið ráði. Í texta greinarinnar er í dæmaskyni talað um foreldra eða nána ættingja en meta þarf hvert tilvik fyrir sig og endanlegt mat liggur hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Verði frumvarp þetta að lögum er ljóst að einnig þarf að breyta reglugerð um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða, nr. 170/2009.

403. Frumvarp til laga [336. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2011“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: 1. janúar 2012.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fresta framkvæmd ákvæðis um að leggja úrvinnslugjald á einnota drykkjarvöruumbúðir, í stað núverandi skilagjalds og umsýsluþóknunar á einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli, stáli, gleri og plastefnum, til 1. janúar 2012, þannig að starfsemi Endurvinnslunnar hf., sbr. lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, verði óbreytt til ársins 2012.

Umhverfisráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs. Með frumvarpinu er lagt til að sett verði framleiðendaábyrgð á drykkjarvöruumbúðir úr áli, stáli, gleri og plastefnum, í stað núverandi skilagjalds og umsýsluþóknunar á einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli, stáli, gleri og plastefnum. Á sama tíma falla lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, úr gildi. Sökum tímaskorts næst ekki að afgreiða frumvarp ráðherra fyrir áætlaðan gildistökutíma laganna 1. janúar 2011. Af þeim ástæðum er lagt til að gildistími ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 162/2002 verði framlengdur til þess að starfsemi Endurvinnslunnar hf. geti haldið áfram óbreytt þar til frumvarpið fær afgreiðslu.

404. Svar [166. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Arndísar Soffíu Sigurðardóttur um endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna útgjalda af völdum eldgossins í Eyjafjallajökli.

1. *Hversu mikla fjármuni hefur ríkið þegar endurgreitt sveitarfélögum vegna útgjalda þeirra af völdum eldgossins í Eyjafjallajökli?*

Styrkur að fjárhæð 1.020.000 kr. hefur verið greiddur til sveitarfélaganna vegna útgjalda þeirra í húsaleigukostnaði en íbúum á öskusvæðum hefur gefist kostur á að búa tímabundið í leiguhúsnæði fjarri heimili sínum. Þá eru ótaldar greiðslur frá Viðlagatryggingu og Bjargráðasjóði.

2. *Hvaða þættir í útgjöldum sveitarfélaganna njóta endurgreiðslu?*

Húsaleigukostnaður vegna tímabundins flutnings ábúenda er styrktur. Frekari ákvarðanir um styrkveitingu eða endurgreiðslu hafa ekki verið teknar af ríkisstjórninni.

Þá kunna sveitarfélög að eiga rétt til einhverra endurgreiðslna/bóta á grundvelli laga um Viðlagatryggingu Íslands og laga um Bjargráðasjóð.

3. *Hefur verið tekin ákvörðun um að endurgreiða sveitarfélögunum útgjöld vegna eldgossins sem ekki er hægt að sjá fyrir núna en kunna að koma til síðar?*

Nei, engin slík ákvörðun hefur verið tekin af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Þess má geta að ríkisstjórnin hefur fram til þessa lagt til 800,7 millj. kr. til að mæta útgjöldum vegna viðbragða í kjölfar eldgossins á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli. Samráðshópur fimm ráðuneytisstjóra sem fjallar um viðbrögð, neyðaraðgerðir og kostnað í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi er enn að störfum og mun halda áfram að vinna að verkefnum sínum í samvinnu við alla þá fjölmörgu aðila sem að málinu hafa komið, svo sem ráðuneytin, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og þjónustumiðstöðina á gossvæðinu, sveitarfélög, hagsmunaaðila og stofnanir.

405. Svar [244. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar um vanskil meðlagsgreiðslna.

1. *Hversu margir meðlagsgreiðendur eru hér á landi, skipt eftir kynjum?*

Karlkyns meðlagsgreiðendur eru 11.060. Kvenkyns meðlagsgreiðendur eru 558.

2. *Hver voru vanskil þessa hóps í árslok 2008, skipt eftir kynjum?*

Karlkyns meðlagsgreiðendur voru 11.221 í árslok 2008 og skulduðu 17.021.928.556 kr.
Kvenkyns meðlagsgreiðendur voru 519 í árslok 2008 og skulduðu 447.098.382 kr.

3. *Hver voru vanskil þessa hóps í árslok 2009, skipt eftir kynjum?*

Karlkyns meðlagsgreiðendur voru 11.210 í árslok 2009 og skulduðu 18.243.524.251 kr.
Kvenkyns meðlagsgreiðendur voru 547 í árslok 2009 og skulduðu 501.675.540 kr.

4. *Hver voru vanskil þessa hóps 30. júní 2010, skipt eftir kynjum?*

Ekki eru tiltækar tölfræðiupplýsingar frá miðju þessu ári. Hins vegar er staðan þannig nú í nóvember 2010 að karlkyns meðlagsgreiðendur eru 11.060 og skulda þeir 20.080.626.063 kr.

Kvenkyns meðlagsgreiðendur eru 558 og skulda þær 575.284.395 kr.

Til frádráttar þessum fjárhæðum eiga svo eftir að koma innheimtur á móti reiknuðum meðlögum frá 15. nóvember 2010 til loka mánaðarins, u.þ.b. 75–100.000.000 kr.

5. *Hefur greiðslustaða þessa þjóðfélagshóps verið athuguð sérstaklega eftir hrun fjármálakerfisins haustið 2008?*

Greiðslustaða þessa þjóðfélagshóps hefur ekki verið athuguð sérstaklega umfram ítarlegar tölfræðiupplýsingar sem unnar eru í upphafi hvers árs fyrir árið á undan og eru tiltækar allt frá árinu 2002. Allar tölfræðiupplýsingar síðustu tveggja ára eru aðgengilegar á heimasíðu Innheimtustofnunar sveitarfélaga, *www.medlag.is*. Sem dæmi má geta þess að meðaltalsskuld hvers karlkyns meðlagsgreiðanda tímabilið 2006–2009 var á ári sem hér segir:

– árið 2006 1.267.093 kr.
– árið 2007 1.427.738 kr.
– árið 2008 1.516.971 kr.
– árið 2009 1.627.433 kr.

Meðaltalsskuld hvers kvenkyns meðlagsgreiðanda 2006–2009 var sem hér segir:

– árið 2006 715.389 kr.
– árið 2007 784.223 kr.
– árið 2008 861.461 kr.
– árið 2009 917.140 kr.

Þessar skuldir bera keim af þeirri staðreynd að almennt eru kröfur Innheimtustofnunar sveitarfélaga ekki afskrifaðar nema við andlát, reynist dánarbú greiðenda eignalaust, eða afskrifaðar að hluta eða öllu leyti að loknu samningsferli meðlagsgreiðanda sem staðið hefur í það minnsta þrjú ár samfellt, sbr. reglugerð nr. 491/1996, um innheimtu og skil á meðlögum o.fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Nánari tölfræðiupplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum:

1. Karlkyns meðlagsgreiðendur eftir fæðingarári 2006–2009.
2. Karlkyns meðlagsgreiðendur eftir fjölda barna sem greitt er með 2006–2009.
3. Kvenkyns meðlagsgreiðendur eftir fæðingarári og fjölda barna 2006–2009.
4. Karlkyns meðlagsgreiðendur eftir fæðingarári miðað við 22. nóvember 2010.
5. Kvenkyns meðlagsgreiðendur eftir fæðingarári miðað við 22. nóvember 2010.

Karlkyns meðlagsgreiðendur eftir fæðingarári

		2009			2008			2007			2006		
Fæðingarár	Aukning	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal
Fár 1922					1	1.839.365	1.839.365	1	1.665.409	1.665.409	1	1.466.093	1.466.093
Fár 1923	0	1	472.815	472.815	1	426.627	426.627	1	412.709	412.709	1	391.287	391.287
Fár 1926	0	2	1.537.770	768.885	2	1.418.706	709.353	2	1.282.283	641.142	2	1.124.202	562.101
Fár 1927	0	2	3.216.054	1.608.027	2	3.199.386	1.599.693	2	3.094.090	1.547.045	2	2.932.014	1.466.007
Fár 1929	0	2	354.578	177.289	2	352.782	176.391	3	582.108	194.036	3	536.396	178.799
Fár 1930	0	1	711.661	711.661	1	707.983	707.983	1	684.770	684.770	1	649.039	649.039
Fár 1931					1	737.152	737.152	1	712.981	712.981	1	675.772	675.772
Fár 1932	0	1	11.590.929	11.590.929	1	11.530.694	11.530.694	2	12.113.198	6.056.599	2	11.360.747	5.680.374
Fár 1933	-2	3	3.102.574	1.034.191	5	4.518.018	903.604	5	7.600.464	1.520.093	5	8.246.295	1.649.259
Fár 1934	0	2	2.433.170	1.216.585	2	2.415.136	1.207.568	2	2.320.060	1.160.030	2	2.155.857	1.077.929
Fár 1935	0	3	2.135.884	711.961	3	2.181.978	727.326	3	2.225.160	741.720	3	3.388.910	1.129.637
Fár 1936	0	7	6.800.810	971.544	7	6.765.625	966.518	8	6.695.905	836.988	8	6.346.115	793.264
Fár 1937	0	10	21.404.260	2.140.426	10	21.346.196	2.134.620	10	20.596.095	2.059.610	10	19.486.921	1.948.692
Fár 1938	-1	7	8.868.016	1.266.859	8	8.797.319	1.099.665	10	9.354.327	935.433	11	9.815.096	892.281
Fár 1939	-1	9	22.991.638	2.554.626	10	21.700.097	2.170.010	10	21.338.948	2.133.895	14	20.313.578	1.450.970
Fár 1940	-3	7	9.777.739	1.396.820	10	9.651.943	965.194	12	20.019.314	1.668.276	15	20.305.904	1.353.727
Fár 1941	-1	22	45.154.181	2.052.463	23	44.960.689	1.954.813	27	49.384.673	1.829.062	31	56.209.919	1.813.223
Fár 1942	-3	28	73.553.629	2.626.915	31	71.246.996	2.298.290	34	67.454.708	1.983.962	34	61.884.333	1.820.127
Fár 1943	-1	22	51.869.077	2.357.685	23	50.451.342	2.193.537	27	50.347.413	1.864.719	33	48.494.643	1.469.535
Fár 1944	-1	26	78.992.081	3.038.157	27	80.996.649	2.999.876	30	82.842.022	2.761.401	35	79.986.353	2.285.324
Fár 1945	-1	30	92.683.632	3.089.454	31	91.648.881	2.956.416	37	91.908.094	2.484.003	44	90.797.887	2.063.588
Fár 1946	-8	38	86.462.935	2.275.340	46	88.873.669	1.932.036	51	93.420.113	1.831.767	57	88.980.308	1.561.058
Fár 1947	-6	61	133.054.779	2.181.226	67	140.699.889	2.099.998	74	141.230.091	1.908.515	86	143.912.177	1.673.397
Fár 1948	-12	60	137.893.078	2.298.218	72	159.509.666	2.215.412	82	157.750.330	1.923.785	89	159.249.271	1.789.318
Fár 1949	-10	91	276.651.423	3.040.126	101	278.316.393	2.755.608	109	289.975.785	2.660.328	121	277.923.546	2.296.889
Fár 1950	-13	109	263.541.409	2.417.811	122	282.878.946	2.318.680	128	290.978.000	2.273.266	143	291.039.357	2.035.240
Fár 1951	-8	116	299.926.165	2.585.570	124	307.966.284	2.483.599	137	310.159.319	2.263.937	149	298.309.683	2.002.078
Fár 1952	-11	129	299.116.480	2.318.732	140	297.899.464	2.127.853	151	293.282.408	1.942.268	169	277.723.017	1.643.331
Fár 1953	-19	145	344.027.985	2.372.607	164	361.334.509	2.203.259	178	357.713.776	2.009.628	196	339.852.324	1.733.940
Fár 1954	-28	159	401.545.017	2.525.440	187	435.732.558	2.330.121	208	439.660.079	2.113.750	221	424.616.307	1.921.341
Fár 1955	-7	188	545.331.729	2.900.701	195	543.067.510	2.784.962	204	529.207.404	2.594.154	235	509.566.243	2.168:367
Fár 1956	-23	215	583.994.199	2.716.252	238	585.564.666	2.460.356	266	607.480.967	2.283.763	285	585.558.909	2.054.593
Fár 1957	-14	251	687.846.504	2.740.424	265	664.317.981	2.506.860	286	663.741.774	2.320.775	303	627.044.963	2.069.455
Fár 1958	-26	267	571.011.072	2.138.618	293	569.380.167	1.943.277	310	577.296.708	1.862.247	332	548.506.626	1.652.128
Fár 1959	-22	298	732.069.383	2.456.609	320	716.533.053	2.239.166	349	705.130.370	2.020.431	379	667.842.710	1.762.118

Karlkyns meðlagsgreiðendur eftir fæðingarári

		2009			2008			2007			2006		
Fæðingarár	Frávik	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal
Fár 1960	-22	333	873.030.678	2.621.714	355	829.069.496	2.335.407	371	810.084.696	2.183.517	382	749.523.201	1.962.103
Fár 1961	-20	318	777.589.856	2.445.251	338	762.389.369	2.255.590	365	736.140.575	2.016.823	375	689.229.889	1.837.946
Fár 1962	-22	336	879.680.333	2.618.096	358	845.161.162	2.360.785	394	802.250.067	2.036.168	406	738.560.492	1.819.115
Fár 1963	-22	394	893.984.677	2.268.997	416	866.732.468	2.083.492	425	817.116.812	1.922.628	445	743.807.258	1.671.477
Fár 1964	-11	400	869.424.750	2.173.562	411	829.223.098	2.017.574	418	792.759.254	1.896.553	438	713.940.902	1.630.002
Fár 1965	-12	437	896.428.171	2.051.323	449	832.778.718	1.854.741	454	762.800.006	1.680.176	485	671.937.044	1.385.437
Fár 1966	-4	463	881.912.198	1.904.778	467	814.849.182	1.744.859	489	753.879.702	1.541.676	510	638.930.183	1.252.804
Fár 1967	-9	407	680.380.191	1.671.696	416	615.777.908	1.480.235	427	593.304.671	1.389.472	428	524.092.398	1.224.515
Fár 1968	-2	433	664.102.228	1.533.723	435	602.427.929	1.384.892	434	547.965.493	1.262.593	452	476.151.311	1.053.432
Fár 1969	-10	425	708.979.704	1.668.188	435	634.654.331	1.458.975	455	571.523.534	1.256.096	470	495.777.206	1.054.845
Fár 1970	2	399	562.111.386	1.408.800	397	495.442.845	1.247.967	384	439.282.145	1.143.964	391	365.713.243	935.328
Fár 1971	3	423	508.611.170	1.202.390	420	437.844.343	1.042.487	419	408.968.982	976.060	414	338.896.165	818.590
Fár 1972	7	483	680.052.246	1.407.976	476	572.077.884	1.201.844	462	486.512.219	1.053.057	460	382.817.539	832.212
Fár 1973	0	464	517.653.436	1.115.632	464	441.563.447	951.645	456	393.247.577	862.385	445	313.931.853	705.465
Fár 1974	23	394	342.754.486	869.935	371	276.087.530	744.171	354	240.444.394	679.221	342	185.609.933	542.719
Fár 1975	17	351	318.008.625	906.007	334	258.698.627	774.547	318	227.004.117	713.849	301	177.661.557	590.238
Fár 1976	29	362	292.839.209	808.948	333	237.290.619	712.584	318	199.161.843	626.295	303	150.163.437	495.589
Fár 1977	15	293	275.597.206	940.605	278	214.503.089	771.594	259	176.433.546	681.211	252	135.189.445	536.466
Fár 1978	16	294	204.291.825	694.870	278	156.873.792	564.294	267	123.720.623	463.373	236	90.630.271	384.027
Fár 1979	22	289	150.967.557	522.379	267	114.103.009	427.352	241	93.929.133	389.747	223	68.512.863	307.233
Fár 1980	24	284	157.381.594	554.161	260	115.248.164	443.262	240	94.108.456	392.119	212	68.909.384	325.044
Fár 1981	19	217	101.268.930	466.677	198	71.429.546	360.755	174	51.132.582	293.865	150	34.591.433	230.610
Fár 1982	30	180	70.035.431	389.086	150	49.433.067	329.554	127	37.600.426	296.066	111	26.642.278	240.021
Fár 1983	14	146	60.845.137	416.748	132	42.477.355	321.798	110	29.334.130	266.674	92	18.091.882	196.651
Fár 1984	28	104	26.151.424	251.456	76	13.734.645	180.719	63	9.641.166	153.034	41	5.697.791	138.971
Fár 1985	10	70	13.454.921	192.213	60	5.845.147	97.419	39	2.633.463	67.525	22	1.466.331	66.651
Fár 1986	25	75	13.877.826	185.038	50	6.986.162	139.723	33	4.516.849	136.874	20	2.704.893	135.245
Fár 1987	24	55	11.980.240	217.823	31	6.472.878	208.803	22	4.005.998	182.091	9	1.750.119	194.458
Fár 1988	11	33	4.908.958	148.756	22	2.536.309	115.287	7	740.957	105.851	2	298.612	149.306
Fár 1989	14	21	2.864.512	136.405	7	538.754	76.965	4	216.530	54.133	1	0	0
Fár 1990	9	11	2.079.554	189.050	2	709.364	354.682	1	463.432	463.432	1	159.658	159.658
Fár 1991	3	3	88.165	29.388									
Fár 1992	1	1	64.971	64.971									
Samtals	-11	**11.210**	**18.243.524.251**	**1.627.433**	**11.221**	**17.021.928.556**	**1.516.971**	**11.291**	**16.120.585.233**	**1.427.738**	**11.442**	**14.498.081.373**	**1.267.093**
Br.milli ára		**-11**	**1.221.595.695**		**-70**	**901.343.323**		**-151**	**1.622.503.860**		**11.442**	**14.498.081.373**	

Skuldarar sem fæddir eru frá 1938-1969 fer fækkandi, flestir fæddir 1954 (28). Flestir skuldarar eru fæddir 1972 (483) en þeir sem fæddir eru 1965 eru með hæstu samtals skuld.

Karlkyns meðlagsgreiðendur eftir fjölda barna sem greitt er með

	2009	Fj. karla	Fj. barna	2008	Fj. karla	Fj. barna	2007	Fj. karla	Fj. barna	2006	Fj. karla	Fj. barna
Fjöldi með 1 barni		6.069	6.069		6.079	6.079		6.131	6.131		6.182	6.182
Fjöldi með 2 börn		3.082	6.164		3.073	6.146		3.094	6.188		3.195	6.390
Fjöldi með 3 börn		1.305	3.915		1.302	3.906		1.303	3.909		1.315	3.945
Fjöldi með 4 börn		433	1.732		429	1.716		433	1.732		426	1.704
Fjöldi með 5 börn		139	695		144	720		136	680		136	680
Fjöldi með 6 börn		65	390		65	390		66	396		66	396
Samtals fjöldi barna		**11.093**	**18.965**		**11.092**	**18.957**		**11.163**	**19.036**		**11.320**	**19.297**

Kvenkyns meðlagsgreiðendur eftir fæðingarári

	2009			2008			2007			2006		
Fæðingarár	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal
Fár 1937	1	677.303	677.303	1	673.809	673.809	1	651.728	651.728	1	617.739	617.739
Fár 1943	1	717.182	717.182	1	713.479	713.479	2	679.635	339.818	1	654.079	654.079
Fár 1947	2	283.550	141.775	2	321.063	160.532	2	312.548	156.274	3	1.030.920	343.640
Fár 1948	1	168.344	168.344	1	167.497	167.497	1	162.136	162.136	1	153.883	153.883
Fár 1949	3	2.045.755	681.918	3	2.034.158	678.053	4	4.987.080	1.246.770	4	8.496.161	**2.124.040**
Fár 1950	2	1.136.556	568.278	2	1.197.776	598.888	2	1.221.235	610.618	4	1.716.635	429.159
Fár 1951	1	0	0	2	986.577	493.289	2	842.809	421.405	4	814.851	203.713
Fár 1952	2	2.427.096	1.213.548	2	2.478.442	1.239.221	2	2.921.848	1.460.924	2	2.902.747	1.451.374
Fár 1953	2	2.542.210	1.271.105	2	2.954.362	1.477.181	3	3.047.910	1.015.970	4	3.200.697	800.174
Fár 1954	4	4.231.722	1.057.931	6	4.278.806	713.134	6	4.395.203	732.534	9	4.052.772	450.308
Fár 1955	6	2.664.608	444.101	7	3.166.134	452.305	8	5.386.801	673.350	9	6.448.854	716.539
Fár 1956	6	5.283.160	880.527	6	4.669.080	778.180	7	5.388.493	769.785	7	5.771.553	824.508
Fár 1957	6	2.814.383	469.064	8	2.749.233	343.654	8	2.521.346	315.168	6	1.997.525	332.921
Fár 1958	13	15.194.139	1.168.780	12	14.275.001	1.189.583	14	12.860.789	918.628	15	11.346.636	756.442
Fár 1959	9	9.922.950	1.102.550	8	9.657.690	1.207.211	10	8.982.196	898.220	13	8.439.854	649.220
Fár 1960	15	8.094.177	539.612	14	7.628.071	544.862	14	7.058.308	504.165	15	6.474.516	431.634
Fár 1961	16	10.341.480	646.343	17	10.834.065	637.298	16	10.681.411	667.588	18	12.028.886	668.271
Fár 1962	19	16.942.008	891.685	19	15.325.249	806.592	19	14.021.710	737.985	17	12.332.445	725.438
Fár 1963	18	26.624.862	1.479.159	19	22.235.656	1.170.298	19	18.036.931	949.312	25	15.251.911	610.076
Fár 1964	20	30.226.935	1.511.347	21	27.196.175	1.295.056	24	27.038.368	1.126.599	26	22.707.543	873.367
Fár 1965	25	26.161.982	1.046.479	25	25.453.495	1.018.140	23	23.113.152	1.004.920	22	20.660.687	939.122
Fár 1966	23	34.429.760	1.496.946	26	32.151.550	1.236.598	25	29.934.103	1.197.364	26	28.219.249	1.085.356
Fár 1967	29	15.463.921	533.239	29	13.443.337	463.563	32	12.651.802	395.369	**30**	9.476.362	315.879
Fár 1968	20	23.003.977	1.150.199	18	20.039.108	1.113.284	20	18.577.725	928.886	18	14.899.591	827.755
Fár 1969	34	**59.653.754**	**1.754.522**	31	**58.456.987**	**1.885.709**	32	**52.635.043**	**1.644.845**	29	**42.215.949**	1.455.722
Fár 1970	17	9.401.165	553.010	13	8.009.410	616.108	12	6.552.751	546.063	14	7.342.244	524.446
Fár 1971	**35**	19.679.112	562.260	**34**	16.535.353	486.334	**36**	13.515.144	375.421	**29**	11.377.629	392.332
Fár 1972	20	25.116.267	1.255.813	18	20.570.791	1.142.822	23	22.080.229	960.010	20	18.574.614	928.731
Fár 1973	29	17.563.424	605.635	23	16.008.340	696.015	25	15.604.392	624.176	22	15.361.143	698.234

Kvenkyns meðlagsgreiðendur eftir fæðingarári

	2009			2008			2007			2006		
Fæðingarár	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal	Fjöldi	Meðlagsskuld	Meðaltal
Fár 1974	19	23.876.267	1.256.646	19	19.882.864	1.046.467	15	15.975.319	1.065.021	16	12.608.124	788.008
Fár 1975	20	13.299.513	664.976	19	10.717.308	564.069	15	8.910.841	594.056	15	7.136.064	475.738
Fár 1976	17	13.167.423	774.554	17	10.114.429	594.966	14	8.673.965	619.569	14	9.304.315	664.594
Fár 1977	17	15.323.678	901.393	13	11.797.363	907.489	9	8.824.426	980.492	9	6.189.684	687.743
Fár 1978	12	18.585.726	1.548.811	14	16.413.263	1.172.376	14	13.353.968	953.855	14	9.859.306	704.236
Fár 1979	18	10.677.436	593.191	15	9.761.042	650.736	14	8.962.287	640.163	9	6.920.894	768.988
Fár 1980	19	11.606.530	610.870	18	8.830.094	490.561	19	7.774.294	409.173	17	6.461.067	380.063
Fár 1981	8	4.856.724	607.091	7	3.881.949	554.564	8	3.178.116	397.265	6	2.420.538	403.423
Fár 1982	9	5.137.718	570.858	5	3.902.627	780.525	6	3.975.565	662.594	4	2.776.362	694.091
Fár 1983	9	6.604.780	733.864	7	4.619.839	659.977	7	3.966.652	566.665	4	3.198.664	799.666
Fár 1984	4	1.677.673	419.418	4	969.300	242.325	5	458.486	91.697	2	253.526	126.763
Fár 1985	5	2.461.030	492.206	5	1.563.050	312.610	3	881.583	293.861			
Fár 1986	4	495.892	123.973	1	133.563	133.563	1	29.876	29.876	2	290.581	145.291
Fár 1987	1	114.906	114.906	1	19.760	19.760						
Fár 1988	2	531.384	265.692	2	189.023	94.512	1	85.570	85.570			
Fár 1989	3	161.317	53.772	1	13.174	13.174	1	19.000	19.000			
Fár 1990	1	285.761	285.761	1	79.040	79.040						
Samtals	**547**	**501.675.540**	**917.140**	**519**	**447.098.382**	**861.461**	**524**	**410.932.774**	**784.223**	**506**	**361.986.800**	**715.389**
Br. milli ára	**28**	**54.577.158**		**-5**	**36.165.608**		**18**	**48.945.974**		**506**	**361.986.800**	

	2009	Fj. Kvenna	Fj. barna	2008	Fj. Kvenna	Fj. barna	2007	Fj. Kvenna	Fj. barna	2006	Fj. Kvenna	Fj. barna
Fjöldi með 1 barn		355	355		339	339		343	343		332	332
Fjöldi með 2 börn		140	280		132	264		137	274		130	260
Fjöldi með 3 börn		38	114		33	99		30	90		27	81
Fjöldi með 4 börn		9	36		8	32		7	28		6	24
Fjöldi með 5 börn		2	10		2	10		2	10		2	10
Samtals fjöldi barna		**544**	**795**		**514**	**744**		**519**	**745**		**497**	**707**

Fjöldi kvenkynsskuldara sem fæddar eru árið 1960 og fyrr hafa **fækkað** um 3 á milli áranna 2009 og 2008 en fækkaði um 9 á milli áranna 2008 og 2007
Fjöldi kvenkynsskuldara sem fæddar eru árið 1961 til 1990 hafa **fjölgað** um 31 á milli áranna 2009 og 2008 en fjölgaði um 4 á milli áranna 2008 og 2007

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITAFÉLAGA KARLKYNS MEÐLAGSGREIÐENDUR EFTIR FÆÐINGARÁRI 22.11.10

	SAMTALS	MEÐLAGSSKULD	FJ. MEÐ 1 BARNI	FJ. MEÐ 2 BÖRNUM	FJ. MEÐ 3 BÖRNUM	FJ. MEÐ 4 BÖRNUM	FJ. MEÐ 5 BÖRNUM	FLEIRI EN 5
1901	1	62.814						
1902	1	66.105						
1923	1	503.360	1					
1926	2	1.625.881	1	1				
1927	2	3.447.122	1	1				
1929	2	379.414	1		1			
1930	1	762.590	1					
1932	1	12.425.953						1
1933	2	665.251	1					
1934	2	2.554.006	1	1				
1935	2	326.719		1	1			
1936	7	7.144.001	4	1			2	
1937	9	22.741.516	2	2	2	2		1
1938	7	9.411.661	3	3		1		
1939	9	23.841.499	3	5	1			
1940	7	10.442.543	1	5	1			
1941	21	46.707.592	6	9	3	1		1
1942	28	79.082.364	9	13	4	2		
1943	22	54.881.980	9	7	4			2
1944	25	83.069.930	11	7	2	3		2
1945	29	95.507.391	9	12	3	1	1	2
1946	35	86.684.318	10	13	2	6	3	
1947	58	137.550.740	28	15	5	7	1	1
1948	49	138.940.514	20	16	8	1	2	1
1949	85	288.494.382	31	18	19	7	3	4
1950	98	265.002.086	40	27	17	6	2	4
1951	105	313.644.890	39	29	20	5	5	2
1952	116	316.595.794	50	31	19	4	9	
1953	134	359.348.109	54	41	20	14	3	1
1954	153	411.910.890	74	40	24	12	1	1
1955	175	569.771.178	80	48	25	9	7	4
1956	190	611.813.410	83	53	22	14	9	4
1957	233	725.914.042	103	61	41	21		2
1958	240	599.541.442	115	64	33	19	5	1
1959	281	776.955.497	122	87	41	18	2	4
1960	313	917.120.276	137	91	50	19	9	3
1961	299	838.979.922	130	90	49	11	9	4
1962	323	941.909.261	140	106	44	17	9	5
1963	377	972.266.568	176	104	53	26	9	3
1964	383	931.796.269	179	112	65	13	5	1
1965	433	977.853.223	196	144	59	14	8	2
1966	435	982.918.165	204	133	65	16	12	

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITAFÉLAGA KARLKYNS MEÐLAGSGREIÐENDUR EFTIR FÆÐINGARÁRI 22.11.10

	SAMTALS	MEÐLAGSSKULD	FJ. MEÐ 1 BARNI	FJ. MEÐ 2 BÖRNUM	FJ. MEÐ 3 BÖRNUM	FJ. MEÐ 4 BÖRNUM	FJ. MEÐ 5 BÖRNUM	FLEIRI EN 5
1967	388	748.078.473	171	128	67	17	1	1
1968	400	746.365.951	199	116	60	17	3	
1969	417	789.830.344	188	147	55	16	4	3
1970	379	638.082.568	179	114	59	19	3	3
1971	425	580.769.609	241	123	46	12	1	
1972	483	785.673.370	245	140	71	15	6	1
1973	473	604.479.907	253	152	53	12	2	1
1974	397	410.458.449	230	118	37	8	2	1
1975	363	377.226.995	219	101	35	7	1	
1976	369	350.837.990	233	97	29	9		1
1977	307	340.467.104	187	80	29	8	2	1
1978	312	256.650.045	228	61	20	2	1	
1979	291	194.040.773	198	73	18	1	1	
1980	296	199.590.770	214	54	24	3	1	
1981	230	134.943.438	165	51	10	3	1	
1982	192	96.375.317	150	34	7	1		
1983	159	79.023.031	128	26	3	2		
1984	122	40.415.470	102	17	3			
1985	94	24.314.175	78	14	1			
1986	84	22.855.912	79	4	1			
1987	70	20.500.847	62	8				
1988	52	8.549.013	51	1				
1989	28	5.372.314	27					
1990	20	3.928.750	20					
1991	7	1.111.492	6	1				
1992	4	182.160	4					
1993	2	98.966	2					
SAMT.	11.060	20.080.626.063	5.934	3.051	1.331	421	145	68

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITAFÉLAGA KVENKYNS MEÐLAGSGREIÐENDUR EFTIR FÆÐINGARÁRI 22.11.10

	SAMTALS	MEÐLAGSSKULD	FJ. MEÐ 1 BARNI	FJ. MEÐ 2 BÖRNUM	FJ. MEÐ 3 BÖRNUM	FJ. MEÐ 4 BÖRNUM	FJ. MEÐ 5 BÖRNUM	FLEIRI EN 5
1937	1	725.757	1					
1943	1	768.510	1					
1947	1	283.033		1				
1948	1	180.116	1					
1949	1	1.684.474		1				
1950	2	986.012	1	1				
1952	2	2.491.989		2				
1953	2	2.978.161	1	1				
1954	4	4.568.345	2	1	1			
1955	4	2.413.586	3	1				
1956	6	5.307.194	4	2				
1957	3	2.814.991	1	2				
1958	14	16.228.584	8	3	2			
1959	9	10.184.300	6	2	1			
1960	8	9.009.842	5	3				
1961	16	11.185.372	12	3	1			
1962	18	19.176.016	13	4	1			
1963	16	28.222.552	9	4	1		1	
1964	18	32.034.644	10	6	2			
1965	26	28.690.730	16	9	1			
1966	24	36.379.516	14	8	2			
1967	27	18.048.551	18	8	1			
1968	20	25.668.223	13	6	1			
1969	37	66.741.083	23	7	2	4	1	
1970	16	11.411.083	6	5	3			
1971	35	22.787.040	24	5	5	1		
1972	19	28.968.902	11	4	3	1		
1973	28	22.020.754	15	7	3	2		
1974	18	27.892.114	10	6	2			
1975	22	15.858.622	17	4	1			
1976	19	16.131.424	12	5	2			
1977	19	20.939.869	11	6	1	1		
1978	17	22.819.822	10	5	2			
1979	17	11.319.510	10	5	1	1		
1980	21	15.004.187	18	2	1			
1981	12	8.048.676	7	5				
1982	10	6.910.004	5	4	1			
1983	11	9.100.749	6	4	1			
1984	7	2.158.522	6	1				
1985	9	4.043.724	7	2				
1986	6	875.409	5	1				
1987	1	144.621	1					

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITAFÉLAGA KVENKYNS MEÐLAGSGREIÐENDUR EFTIR FÆÐINGARÁRI 22.11.10

	SAMTALS	MEÐLAGSSKULD	FJ. MEÐ 1 BARNI	FJ. MEÐ 2 BÖRNUM	FJ. MEÐ 3 BÖRNUM	FJ. MEÐ 4 BÖRNUM	FJ. MEÐ 5 BÖRNUM	FLEIRI EN 5
1988	2	963.396	2					
1989	7	794.004	6	1				
1990	1	320.382	1					
SAMT.	558	575.284.395	352	147	42	10	2	

406. Breytingartillaga [88. mál]

við till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Í stað orðanna „Atkvæðagreiðslan fari fram samhliða kosningu til stjórnlagaþings 27. nóvember 2010“ í tillögugreininni komi: Þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram ekki seinna en 28. maí 2011.

407. Svar [180. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um kaup lífeyrissjóða á íbúðabréfum 30. maí sl.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða 26 íslensku lífeyrissjóðir keyptu 30. maí sl. þau íbúðabréf sem ríkissjóður hafði eignast vegna samkomulags Seðlabankans við Seðlabankann í Lúxemborg um kaup á skuldabréfum Avens B.V. sem voru í eigu Landsbankans í Lúxemborg?*
2. *Hvaða íslensku lífeyrissjóðir tóku ekki þátt í kaupunum?*
3. *Stofnuðu lífeyrissjóðirnir félag um kaupin eða sá hver lífeyrissjóður um kaupin fyrir sig?*
4. *Hvert var hlutfall hvers lífeyrissjóðs fyrir sig af 87,6 milljarða kr. kaupum þeirra?*

Svar við 1. og 4. tölul.:

Sjóður	Hlutfall í viðskiptum
LSR og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	21,80%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	18,80%
Gildi – lífeyrissjóður	14,36%
Stapi – lífeyrissjóður	6,05%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	6,24%
Almenni lífeyrissjóðurinn	5,37%
Stafir – lífeyrissjóður	4,83%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	4,50%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3,42%
Festa – lífeyrissjóður	3,09%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	2,05%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	1,71%

Sjóður	Hlutfall í viðskiptum
Íslenski lífeyrissjóðurinn	1,17%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	1,78%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	1,71%
Lífeyrissjóður bænda	1,18%
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	0,25%
Eftirlaunasjóður FÍA	0,66%
Kjölur – lífeyrissjóður	0,31%
Lífeyrissjóður Rangæinga	0,17%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	0,12%
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogskaupstaðar	0,17%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	0,11%
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	0,11%
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	0,04%
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	0,00%
	100,00%

Svar við 2. tölul.:
Þessir lífeyrissjóðir voru ekki með:
- Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands (hefur nú sameinast Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda).
- Eftirlaunasjóður starfsmanna Glitnis (hefur nú sameinast Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda).
- Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands.
- Lífeyrissjóður bankamanna.
- Lífeyrissjóðurinn Skjöldur (hefur nú sameinast Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda).
- Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar.
- Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar.
- Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar.
- Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar.

Svar við 3. tölul.:
Hver lífeyrissjóður sér um kaupin fyrir sig.

408. Tillaga til þingsályktunar [337. mál]

um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, að höfðu samráði við Alþingi, að fylgja eftirfarandi meginstefnu í málefnum norðurslóða sem miðar að því að tryggja hagsmuni Íslands með tilliti til áhrifa loftslagsbreytinga, umhverfis- og auðlindamála, siglinga og samfélagsþróunar auk þess að efla tengsl og samstarf við önnur ríki og hagsmunaaðila um málefni svæðisins.

Stefnan um norðurslóðir feli í sér eftirfarandi meginþætti:

1. Að tryggja stöðu Íslands sem strandríkis innan norðurskautssvæðisins hvað varðar áhrif á þróun og alþjóðlegar ákvarðanir um málefni svæðisins á grundvelli lagalegra, efnahagslegra, vistfræðilegra og landfræðilegra raka. Í því efni verði m.a. byggt á þeirri staðreynd að þar sem norðurhluti efnahagslögsögu Íslands er innan norðurskautssvæðisins og nær til Grænlandshafs við Norður-Íshafið á Ísland bæði land og rétt til hafsvæða norðan heimskautsbaugs. Samhliða skal ríkisstjórnin hafa forgöngu um að þróa í samvinnu við viðeigandi stofnanir þau rök sem styðja þetta markmið.
2. Að efla skilning á því að norðurslóðir ná bæði yfir norðurskautið og þann hluta af Norður-Atlantshafssvæðinu sem er nátengdur því. Ekki ber að einblína á þrönga landfræðilega skilgreiningu heldur líta á norðurslóðir sem víðtækt svæði í vistfræðilegum, efnahagslegum, pólitískum og öryggistengdum skilningi.
3. Að efla og styrkja Norðurskautsráðið sem mikilvægasta samráðsvettvanginn um málefni norðurslóða og vinna að því að alþjóðlegar ákvarðanir um málefni norðurslóða séu teknar þar.
4. Að byggja á hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna við úrlausn álitaefna sem upp kunna að koma í tengslum við norðurslóðir. Hafréttarsamningurinn myndar lagalegan ramma um málefni hafsins og hefur m.a. að geyma ákvæði um siglingar, fiskveiðar, nýtingu olíu, gass og annarra auðlinda landgrunnsins, afmörkun hafsvæða, varnir gegn mengun hafsins, hafrannsóknir og lausn deilumála sem gilda um öll hafsvæði, m.a. á norðurslóðum.
5. Að styrkja og auka samstarf við Færeyjar og Grænland með það fyrir augum að efla hag og pólitískt vægi landanna þriggja.
6. Að styðja réttindi frumbyggja á norðurslóðum í nánu samstarfi við samtök þeirra og styðja beina aðild þeirra að ákvörðunum um málefni svæðisins.
7. Að byggja á samningum og stuðla að samstarfi við önnur ríki og hagsmunaaðila um málefni er varða hagsmuni Íslands á norðurslóðum.
8. Að gæta öryggishagsmuna í víðu samhengi á norðurslóðum á borgaralegum forsendum og vinna gegn hvers konar hervæðingu norðurslóða. Efla ber samstarf við önnur ríki um verndun lífríkis, rannsóknir, viðbúnað til eftirlits, leitar, björgunar og mengunarvarna á norðurslóðum, m.a. til að verja hagsmuni Íslands á sviði umhverfisverndar, samfélagsvelferðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar.
9. Að byggja upp viðskiptasamstarf ríkja á norðurslóðum og búa þannig í haginn að Íslendingar geti keppt um þau atvinnutækifæri sem verða til í kjölfar aukinna efnahagsumsvifa á norðurslóðum.
10. Að leggja rækt við að auka þekkingu Íslendinga á málefnum norðurslóða og að kynna Ísland erlendis sem vettvang fyrir fundi, ráðstefnur og umræður um norðurslóðir. Vinna ber að því að á Íslandi verði komið á fót miðstöðvum, rannsóknarsetrum og menntastofnunum um norðurslóðir í samstarfi við önnur ríki og alþjóðastofnanir.
11. Að auka innlent samráð og samstarf um málefni norðurslóða til að tryggja aukna þekkingu á vægi norðurslóða, lýðræðislega umræðu og samstöðu um framkvæmd norðurslóðastefnu stjórnvalda.

Alþingi felur utanríkisráðherra framkvæmd og þróun stefnunnar í samstarfi við önnur hlutaðeigandi ráðuneyti og jafnframt að hafa samráð við utanríkismálanefnd og umhverfisnefnd Alþingis um útfærslu stefnunnar eftir því sem aðstæður krefjast.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Mikilvægi norðurslóða í alþjóðamálum hefur aukist verulega á síðustu árum vegna umræðu um loftslagsbreytingar, náttúruauðlindir, landgrunnskröfur, samfélagsbreytingar og nýjar skipaleiðir. Enda þótt umfjöllun í alþjóðlegum fjölmiðlum hafi snúist mikið um hugsanleg framtíðarátök á norðurskautssvæðinu um aðgang að olíu og gasi (svokallað „kapphlaup um Norðurpólinn“) hefur hún einnig beint sjónum að ýmsum álitamálum sem norðurskautsríkin, alþjóðastofnanir og aðrir hagsmunaaðilar standa nú frammi fyrir. Talið er að um 13% af ófundnum olíulindum og 30% af gaslindum sé að finna á norðurskautinu, þótt taka beri slíkum tölum með varfærni vegna þess að þær eru reistar á líkum. Vistkerfi norðurslóða er viðkvæmt og auðlindanýting háð ýmsum pólitískum, efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum skilyrðum. Enn er eftir að skera úr um landgrunnskröfur norðurskautsríkja og mun í því sambandi reyna á alþjóðalög, ekki síst hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna. Þó að fátt bendi til þess að norðurslóðir verði að átakasvæði í náinni framtíð er ekki unnt að útiloka að landgrunnsdeilur spilli fyrir samskiptum norðurskautsríkja. Ljóst er að auðlindanýting og umhverfisbreytingar á norðurslóðum munu hafa mikil áhrif á efnahagslegar og félagslegar aðstæður þeirra sem búa á svæðinu. Loks hefur því verið spáð að heimsviðskipti kunni að taka breytingum með opnun nýrra skipaleiða vegna bráðnunar íss á norðurslóðum og með tengingu Norður-Atlantshafsins, Norður-Íshafsins og Kyrrahafsins.

Sem norðurskautsríki og stofnaðili að Norðurskautsráðinu á Ísland mikilla hagsmuna að gæta á norðurslóðum. Lega landsins og aðgangur að náttúrauðlindum á svæðinu hefur frá upphafi mótað hagsmuni þjóðarinnar. Því skiptir miklu máli að þverpólitísk sátt verði um mörkun norðurslóðastefnu sem miði að því að Íslandi verði skipað í hóp þeirra ríkja sem mest hafa áhrif á framtíðarþróun á svæðinu, að staðinn verði vörður um efnahagslega, umhverfis- og öryggistengda hagsmuni í norðri og unnið að nánari samvinnu við önnur ríki, alþjóðasamtök, sjálfstjórnarsvæði og hagsmunaaðila.

Norðurskautsríkin átta, Bandaríkin, Kanada, Rússland, Noregur, Danmörk fyrir hönd Grænlands, Ísland, Finnland og Svíþjóð, láta svæðið sig mestu varða og vinna saman í Norðurskautsráðinu, helsta stofnanavettvanginum í málefnum norðurslóða. Önnur ríki og bandalög á borð við Kína, Japan og Evrópusambandið hafa þó einnig viljað hafa áhrif á þróun mála, m.a. vegna ýmissa þverþjóðlegra þátta eins og loftslagsbreytinga, hugsanlegrar orkunýtingar og opnunar nýrra skipaleiða. Þá er NATO á ný farið að veita norðurslóðum aukna athygli, þótt bandalagið hafi ekki hernaðarviðveru í huga. Áhugi á svæðinu er því ekki aðeins bundinn við norðurskautsríkin heldur einnig önnur ríki og stofnanir sem telja sig þar eiga beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta.

Öll norðurskautsríkin styðja hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna og hafa heitið því að virða hann. Ekki er þó útilokað að upp komi ágreiningsmál á sviði hafréttar, t.d. um afmörkun landgrunnsins. Í því sambandi má nefna nokkur óútkljáð ágreiningsmál: (1) Bandaríkjamenn og Kanadamenn deila um norðvesturleiðina og svæði í Beaufort-hafi sem talið er að hafi að geyma miklar olíulindir. Bandaríkjamenn líta svo á að norðvesturleiðin sé á alþjóðlegu sundi en Kanadamenn telja að hún sé kanadískt innsævi. (2) Danir og Kanadamenn annars vegar og Rússar hins vegar eru ósammála um lögsögu yfir Lomonosov-hryggnum í Norður-Íshafi. (3) Flest ríki hafna því að Norðmenn geti tekið sér 200 mílna efnahagslögsögu á grundvelli skilyrts fullveldis yfir Svalbarða og hafa neitað að viðurkenna „fiskverndarsvæði“ þeirra umhverfis eyjuna. (4) Kanadamenn og Danir deila um Hans-eyju sem skilur Ellesmere-eyju frá Norður-Grænlandi og tengir Baffin-flóa við Lincoln-haf.

Þótt deiluaðilar hafi lýst yfir skýrum vilja til að leysa ágreiningsmál sín með friðsamlegum hætti gætu þau aukið spennu á svæðinu. Fimm strandríki á norðurslóðum, þ.e. Banda-

ríkin, Kanada, Rússland, Noregur og Danmörk fyrir hönd Grænlands, hafa gert tilraun til þess að koma á samráðsvettvangi í málefnum norðurslóða án þátttöku Íslands, Finnlands og Svíþjóðar eða fulltrúa frumbyggja. Fullyrða má að þróist samráð ríkjanna fimm yfir í formlegan samstarfsvettvang um málefni svæðisins muni það riðla samstöðu norðurskautsríkjanna átta og veikja Norðurskautsráðið til muna.

Framangreind atriði, þ.e. aukið vægi norðurslóða í alþjóðamálum, auðlindanýting, vistfræðisjónarmið, fullveldisréttindi, alþjóðalög, deilur um landgrunnsréttindi, öryggismál og málefni íbúa á norðurslóðum, kalla á sérstök viðbrögð Alþingis og ríkisstjórnar. Við mörkun stefnu Íslands í málefnum norðurslóða skal taka mið af eftirfarandi þáttum:

1. Landfræðilega er Ísland við norðurheimskautsbaug og því innan norðurskautsins. Íslendingar reiða sig öðrum þjóðum fremur á viðkvæm náttúrugæði norðurslóða, svo sem við fiskveiðar, ferðaþjónustu og orkuvinnslu. Því skiptir miklu máli að Ísland tryggi stöðu sína sem strandríki meðal annarra strandríkja á norðurslóðum (þ.e. Kanada, Rússland, Bandaríkin, Noregur og Danmörk fyrir hönd Grænlands). Leggja ber áherslu á að þróa lagaleg, vistfræðileg, efnahagsleg og landfræðileg rök fyrir aðkomu Íslands að alþjóðlegri ákvarðanatöku um málefni norðurslóða. Í því efni skal byggt á þeirri staðreynd að efnahagslögsagan er innan norðurskautsins í norðri og nær til Grænlandshafs við Norður-Íshafið. Íslendingar njóta landgrunnsréttinda á sameiginlega nýtingarsvæðinu milli Íslands og Jan Mayen samkvæmt samkomulaginu við Noreg um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen frá árinu 1981. Ísland gerir tilkall til landgrunnsréttinda utan 200 mílna í suðurhluta Síldarsmugunnar, en samið var við Noreg og Danmörku fyrir hönd Færeyja árið 2006 um afmörkun svæðisins í grundvallaratriðum. Enn fremur nýtur Ísland á grundvelli jafnræðisreglu Svalbarðasamningsins réttar til auðlindanýtingar á hafsvæðunum í kringum Svalbarða. Sá réttur nær bæði til fiskveiða innan 200 sjómílna lögsögu Svalbarða og nýtingar auðlinda landgrunns Svalbarða. Tryggja þarf lagalega stöðu Íslands í norðri og útfæra hana nánar svo að Íslendingar sitji við sama borð og önnur strandríki á svæðinu. Samhliða skal ríkisstjórnin hafa forgöngu um að þróa í samvinnu við viðeigandi stofnanir þau rök sem styðja þetta markmið.
2. Efla ber skilning á því að norðurslóðir nái bæði yfir norðurskautið og þann hluta Norður-Atlantshafssvæðisins sem tengist því nánum böndum. Þannig á að líta á norðurslóðir sem eitt víðfeðmt svæði í vistfræðilegum, pólitískum, efnahagslegum og öryggistengdum skilningi en ekki í þröngum landfræðilegum skilningi þar sem miðað er við norðurheimskautsbaug, trjálínu eða 10 gráðu hita í júlí. Slík skilgreining á hagsmunum Íslands tekur til samskipta við önnur ríki, á vettvangi Norðurlandasamstarfs, varnarsamstarfs við Bandaríkin, grannríkjasamstarfs við Noreg, Danmörku og Kanada í varnar- og öryggismálum, samstarfs við norðurskautsríkin sjö í Norðurskautsráðinu, tengslin við Evrópusambandið með þátttöku í hinni svonefndu Norðlægu vídd (samstarfsvettvangi Rússlands, ESB, Íslands og Noregs) og samstarfsins við Rússland í Norðurskautsráðinu, Barentssamstarfinu og innan Norðlægu víddarinnar.
3. Auka þarf vægi Norðurskautsráðsins sem mikilvægasta vettvangs alþjóðlegrar samvinnu um málefni norðurslóða. Auk norðurskautsríkjanna átta og fastafulltrúa sex alþjóðasamtaka frumbyggja eiga hátt á annan tug samtaka áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu og sex ríki: Bretland, Frakkland, Holland, Þýskaland, Pólland og Spánn. Þá hafa Kína, Japan, Suður-Kórea og Ítalía ásamt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sótt um fasta áheyrnaraðild að ráðinu. Þetta sýnir aukinn alþjóðlegan áhuga á svæðinu. Frá því að ráðið var stofnað árið 1996 hefur það þjónað því hlutverki að efla samstarf norðurskautsríkjanna, einkum á sviði umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar. Umræðan um

auðlindanýtingu á norðurslóðum og loftslagsbreytingar er líkleg til að leiða til þess að Norðurskautsráðið fái aukið pólitískt vægi. Ráðið fjallar um málefni er varða umhverfi og samfélög á svæðinu, svo sem viðbrögð við umhverfisógnum, siglingar, björgunarmál, menningarsamstarf, heilsufar, viðkomu dýra- og plöntutegunda. Ísland er meðal þeirra ríkja sem hafa viljað að ráðið fái vægi í ákvarðanatöku um málefni svæðisins þar sem þess er þörf. Samningur um leit og björgun á norðurskautssvæðinu, sem unnið er að á vettvangi Norðurskautsráðsins, er gott dæmi um slíkt. Samningurinn verður fyrsti bindandi alþjóðasamningurinn sem samið er um innan ráðsins með fullri aðild allra norðurskautsríkjanna átta og nær yfir allt norðurskautssvæðið. Hægt verður að byggja á honum sem fordæmi til að vinna að gerð frekari samninga á öðrum sviðum.

Mikilvægt er að koma í veg fyrir að einstök ríki taki sig saman um að útiloka önnur frá mikilvægum ákvörðunum og vinna þar með gegn Norðurskautsráðinu og öðrum norðurskautsríkjum, þar á meðal Íslandi. Hér ber hæst tvo fundi fimm norðurskautsríkja, Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands, Noregs og Danmerkur fyrir hönd Grænlands, í Ilulissat á Grænlandi árið 2008 og í Chelsea í Kanada árið 2010. Fulltrúum annarra norðurskautsríkja, þ.e. Íslands, Finnlands og Svíþjóðar og frumbyggja á svæðinu, var ekki boðið á þessa fundi. Íslensk stjórnvöld hafa opinberlega og í viðræðum við ríkin fimm harðlega mótmælt tilraunum þeirra til að taka sér ákvörðunarvald á svæðinu. Þótt því sé neitað að hér sé um að ræða vísi að samráðsvettvangi um málefni norðurslóða er ljóst að vilji er hjá sumum þessara ríkja til að þróa samstarf í þá átt. Koma þarf í veg fyrir frekari aðgerðir sem gætu grafið undan Norðurskautsráðinu og hagsmunum Íslands á norðurslóðum.

4. Tryggja verður að hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna verði lagður til grundvallar þegar skera á úr um hugsanlegar deilur varðandi lögsögu og réttindi á norðurslóðum. Hann myndar lagalegan ramma utan um málefni hafsins og hefur m.a. að geyma ákvæði um siglingar, fiskveiðar, nýtingu olíu, gass og annarra auðlinda landgrunnsins, afmörkun hafsvæða, varnir gegn mengun hafsins, hafrannsóknir og lausn deilumála. Landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur það hlutverk að yfirfara greinargerðir strandríkja um ytri mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna og gera tillögur um þau mörk. Ef strandríki ákvarðar ytri mörkin á grundvelli tillagna nefndarinnar teljast þau endanleg og bindandi. Noregur er eina strandríkið sem hefur ákvarðað ytri mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna á norðurskautinu á grundvelli tillagna landgrunnsnefndarinnar. Rússland skilaði greinargerð um Lomonosov-hrygginn árið 2001 en landgrunnsnefndin hafnaði henni á þeim grundvelli að frekari rökstuðnings og gagna þyrfti við. Kanada og Danmörk fyrir hönd Grænlands munu skila greinargerðum um landgrunn sitt á næstu árum, en Bandaríkin geta ekki lagt fram greinargerð fyrr en þau hafa fullgilt hafréttarsamninginn. Einstök norðurskautsríki, eins og Rússland, Kanada og Bandaríkin, hafa ekki útilokað einhliða aðgerðir til að standa vörð um fullveldishagsmuni sína. Í yfirlýsingu strandríkjanna fimm sem gefin var út í tengslum við Ilulissat-fundinn árið 2008 skuldbundu þau sig þó til að fara í einu og öllu eftir alþjóðalögum þegar kemur að því að afmarka landgrunnið utan 200 sjómílna. Forsenda fyrir stöðugleika og samvinnu á norðurslóðum er að staðið verði við þau fyrirheit.
5. Efla þarf samvinnu við Grænlendinga og Færeyinga í málefnum norðurslóða á sviði viðskipta, orkumála, auðlindanýtingar, umhverfis- og ferðamála. Aukin samvinna vestnorrænu landanna mun styrkja alþjóðlega, efnahagslega, og öryggispólitíska stöðu þeirra allra. Ísland kann t.d. að gegna þjónustuhlutverki í tengslum við væntanleg vinnslusvæði á og við Norðaustur-Grænland, en líkur eru taldar á að þar séu miklar olíulindir. Auk

þess hafa verðmæt jarðefni fundist á Grænlandi og er námuvinnsla á þeim í undirbúningi. Íslendingar þurfa ekki síður að beita sér fyrir því að strangar umhverfiskröfur verði gerðar til olíu- og gasvinnslu á þessu svæði til að tryggja að lífríki sjávar verði fyrir sem minnstri röskun. Samskipti Íslands og Grænlands hafa eflst á síðustu árum með auknu pólitísku samráði og vaxandi viðskiptum. Þá hefur flugþjónusta milli Grænlands og Íslands aukist, íslensk verktakafyrirtæki tekið að sér verkefni á Grænlandi og samstarf í heilbrigðismálum gengið vel.

Samskipti Íslands og Færeyja hafa verið náin á flestum sviðum, einkum á sviði menningar og viðskipta. Á undanförnum þremur árum hafa orðið tímamót í samskiptunum með gildistöku Høyvíkursamningsins svonefnda um fríverslun, en hann er víðtækasti viðskiptasamningur sem Ísland hefur gert. Hann tekur til vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga og fjárfestinga, samkeppni, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa. Í gildi er einnig sérstakur fiskveiðisamningur sem tekur til fiskveiðiheimilda innan lögsögu þjóðanna. Þá hefur samstarf í heilbrigðismálum og menntamálum verið aukið.

6. Sem smáþjóð og málsvarar mannréttinda eiga Íslendingar að styðja réttindi frumbyggja á norðurslóðum og stuðla að því að þeir komi að ákvörðunartöku í öllum þeim málum sem snerta samfélög þeirra hvort sem um er að ræða pólitíska, félagslega, menningarlega, efnahagslega eða umhverfislega hagsmuni. Reynslan sýnir að stórveldi hafa ákveðna tilhneigingu til að horfa fram hjá málefnum frumbyggja og gera þau léttvæg. Vinna þarf gegn slíkum viðhorfum í samvinnu við samtök frumbyggja á vettvangi norðurslóðasamvinnu og öðru alþjóðasamstarfi þar sem málefni frumbyggja eru til umræðu. Talið er að frumbyggjar séu a.m.k. 375 þúsund talsins og skiptast þeir í um fjörutíu þjóðflokka sem tala mismunandi tungumál. Þótt sex helstu heildarsamtök þeirra eigi aðild að Norðurskautsráðinu voru þeir útilokaðir frá þátttöku í fundum strandríkjanna fimm í Ilulissat á Grænlandi og Chelsea Kanada. Tryggja þarf að frumbyggjum takist að viðhalda og leggja rækt við menningarlega sérstöðu sína, styrkja innviði eigin samfélaga og vinna að bættum lífskjörum sínum.
7. Byggja þarf á og þróa samstarf og samninga við ríki, hagsmunaaðila og alþjóðastofnanir, jafnt á norðurslóðum sem utan þeirra, um málefni er varða hagsmuni Íslands á svæðinu. Í málefnum hafsins þarf að byggja á úthafsveiðisamningi Sameinuðu þjóðanna og samningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um siglingar og mengunarvarnir. Með úthafsveiðisamningnum var settur rammi um samstarf strandríkja og úthafsveiðiríkja á vettvangi svæðisbundinna stjórnunarstofnana um verndun og veiðar á deilistofnum og fiskstofnum sem flakka milli hafsvæða. Mikilvægt er að Ísland eigi aðild að samstarfi um fiskveiðistjórn á norðurskautssvæðinu. Innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar hafa verið settar fram leiðbeinandi reglur um gerð og öryggisbúnað skipa sem sigla um hafíssvæði og er vilji til að gera reglurnar lagalega bindandi. Bregðast þarf við loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á vettvangi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og með samstarfi um aðgerðir er draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Þá er mikilvægt að kynna öðrum ríkjum, alþjóðastofnunum og hagsmunaaðilum sjónarmið Íslands í málefnum svæðisins.
8. Efla þarf almennt öryggi á norðurslóðum og koma í veg fyrir hervæðingu þeirra. Styrkja þarf samstarf og hlutast til um gerð tvíhliða samninga við einstök norðurskautsríki, eins og gert hefur verið við Dani, Norðmenn og Kanadamenn í öryggismálum um afmörkuð málefni. Vilji er meðal allra norðurskautsríkja til að auka slíka samvinnu. Sameiginlegir öryggishagsmunir felast í eftirliti og viðbragðsgetu vegna áhættuþátta, ekki síst þeirra

sem tengjast umhverfisslysum, sjóslysum og skipaumferð í tengslum við olíuvinnslu og aðra auðlindanýtingu. Stefna þarf að því að næsta kynslóð tvíhliða samninga af þessu tagi taki í ríkari mæli til sameiginlegra mengunarvarna, en gera má ráð fyrir aukinni umferð flutningaskipa við Ísland á næstu áratugum.

Aukið vægi svæðisins á alþjóðavísu hefur komið fram í auknum viðbúnaði norðurskautsríkja til að standa vörð um fullveldishagsmuni án þess þó að það hafi leitt til hernaðaruppbyggingar. Flest norðurskautsríki hafa kosið að efla borgaralegan viðbúnað og eftirlit á svæðinu, svo sem með uppbyggingu björgunarliðs, strandgæslu og lögreglu. Í tengslum við NATO-ráðstefnu um málefni norðurslóða, sem haldin var á Íslandi í janúar 2009, var gefin út yfirlýsing þar sem fram kom vilji bandalagsins til vöktunar og upplýsingaöflunar sem og til að efla viðbragðsgetu á sviði björgunar og mengunarvarna á sjó. Tekið var fram að markmiðið væri ekki að stuðla að hervæðingu norðurslóða heldur tryggja þann stöðugleika sem þar hefur verið frá lokum kalda stríðsins í góðri samvinnu við Rússland og jafnvel fleiri ríki sem standa fyrir utan bandalagið eins og Finnland og Svíþjóð.

Í Stoltenberg-skýrslunni, sem fjallar um norrænt samstarf á sviði utanríkis- og öryggismála, koma fram margar hugmyndir er tengjast sameiginlegum hagsmunum Norðurlandanna á norðurslóðum, svo sem um samnorræna hafgæslu og vöktunarkerfi sem hægt væri að útfæra nánar til að efla viðbúnað og eftirlit á norðurslóðum.

9. Mikilvægt er að Íslendingar geti nýtt atvinnumöguleika sem skapast með breytingum á norðurslóðum. Íslenskt atvinnulíf og stofnanir búa yfir þekkingu, tækni og reynslu sem fellur vel að samfélags- og umhverfisaðstæðum á svæðinu. Íslendingar standa frammi fyrir ýmsum tækifærum og áskorunum í tengslum við auðlindanýtingu, vöruflutninga, rannsóknir og eftirlit á norðurslóðum, svo sem í tengslum við Austur-Grænland eða vegna olíunýtingar á Drekasvæðinu. Leggja ber áherslu á hlutverk Íslands í auknum innbyrðis samskiptum og efnahagstengslum norðlægra byggðarlaga. Í því sambandi má t.d. nefna hugmyndina um að stofna viðskiptaráð norðurslóða til að efla viðskiptasamstarf norðlægra fyrirtækja og atvinnugreina. Slíkt samráð getur einnig orðið vettvangur fyrir umræður og aðgerðir er miða að aukinni samfélagslegri og umhverfislegri ábyrgð fyrirtækja á framtíðarþróun svæðisins. Loks þarf að nýta þá möguleika sem felast í vistvænni og menningartengdri ferðaþjónustu á norðurslóðum.

10. Leggja ber áherslu á almenna fræðslu um norðurslóðir og rannsóknir á þeim í sem víðustum skilningi eins og á sviði loftslagsbreytinga, jöklarannsókna, sjávarlífffræði, alþjóðastjórnmála og -laga, öryggismála, olíu- og gasvinnslu, sögu og menningar, efnahags- og félagsþróunar, jafnréttismála, heilbrigðismála og norðurskautssiglinga. Sérstaklega þarf að efla þátttöku íslenskra fræðimanna og stofnana í alþjóðlegu samstarfi um norðurslóðavísindi, svo sem innan Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar og í starfi vinnuhópa Norðurskautsráðsins. Unnið skal að því að koma á fót og efla rannsóknasetur og menntastofnanir um norðurslóðir á Íslandi í samstarfi við önnur ríki, ríkjasambönd og annan samvinnuvettvang þjóða. Hvetja skal alþjóðastofnanir á borð við Evrópusambandið til að styrkja rannsóknir á þessu sviði á Íslandi, t.d. með stofnun miðstöðvar í málefnum norðurslóða. Unnið er að uppbyggingu alþjóðlegrar norðurslóðamiðstöðvar í tengslum við Háskólann á Akureyri. Háskólar á norðurslóðum hafa sameinast um stofnun Háskóla norðursins (e. University of the Arctic) með þátttöku íslenskra háskólastofnana, en hann starfar í nánu samstarfi við Norðurskautsráðið. Styðja þarf alþjóðlegt norðurslóðasamstarf og rannsóknir við íslenska háskóla og aðrar mennta- og

rannsóknastofnanir á Íslandi. Kynna skal Ísland erlendis sem vettvang fyrir alþjóðlega fundi, ráðstefnur og umræður um norðurslóðir.

11. Auka þarf innlent samráð og samvinnu um málefni norðurslóða með þátttöku ráðuneytanna og undirstofnana þeirra, háskólasamfélagsins, sveitarfélaga, atvinnulífsins og félagasamtaka til að tryggja aukna þekkingu á vægi svæðisins, lýðræðislega umræðu og samstöðu um framkvæmd norðurslóðastefnu stjórnvalda.

Samantekt um norðurslóðir sem unnin var af dr. Val Ingimundarsyni, prófessor við Háskóla Íslands, að beiðni utanríkisráðuneytisins er prentuð sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Fylgiskjal.

Samantekt um norðurslóðir.

(Unnið af dr. Val Ingimundarsyni, prófessor
við Háskóla Íslands, að beiðni utanríkisráðuneytis.)

Vegna krafna til landgrunns og auðlinda á norðurslóðum hafa bæði einstök ríki og alþjóðastofnanir markað sér afstöðu með stefnumótandi yfirlýsingum, skýrslum og aðgerðum í málefnum svæðisins.

Kanada

Kanadastjórn, sem kynnti stefnu sína um norðurskautið árið 2006 undir heitinu *Fullveldi kanadíska norðurskautsins,* hefur lagt mikið upp úr fullveldiskröfum sínum. Kanadamenn tóku það t.d. óstinnt upp þegar Rússar komu fyrir fána á hafsbotni norðurskautsins árið 2007 og hafa mótmælt kröftuglega æfingaflugi rússneskra sprengjuflugvéla í grennd við Kanada. Árið 2007 ákváðu Kanadamenn að efla landamæragæslu á norðurskautssvæðum Kanada með meiri hernaðarviðveru og hefja smíði sex ísbrjóta. Kanadamenn hafa lengi átt í deilum við Bandaríkjamenn út af norðvesturleiðinni og vegna afmörkunar lögsögu beggja ríkja í Beaufort-hafi. Kanadamenn líta á norðvesturleiðina sem kanadískt innhaf, en Bandaríkjamenn sem alþjóðlegt hafsvæði. Þessi deila hefur þó ekki valdið spennu í samskiptum þjóðanna. Árið 2009 var norðurslóðastefna Kanadastjórnar endurbætt. Hún er ekki eins og afdráttarlaus varðandi fullveldiskröfur og áður, auk þess sem orðfærið er mildara. Bandaríkjamenn hafa fagnað þessum áherslubreytingum. Kanadamenn hyggjast senda inn landgrunnskröfur sínar vegna norðurslóða til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna árið 2013. Kanadísk stjórnvöld leggja áherslu á samvinnu við Bandaríkjamenn og vilja að þeir sýni norðurskautinu meiri áhuga á alþjóðavettvangi. Kanadamenn áttu frumkvæði að stofnun Norðurskautsráðsins árið 1996 þegar strategískt vægi norðurslóða var mun minna. Þeir vilja hins vegar halda við fimm ríkja ferli strandríkjanna, eins og Chelsea-fundurinn í mars 2010 sýnir.

Rússland

Rússar leggja mikla áherslu á norðurskautið í utanríkis-, auðlinda- og hermálum. Þeir telja að norðausturleiðin sé rússneskt innhaf en ekki alþjóðlegt hafsvæði. Mörg ríki vefengja þennan skilning og telja að reglur Hafréttarsáttmálans um óhindraða för skipa á alþjóðlegum siglingaleiðum skuli gilda. Nú þegar má rekja 20% af auðlindanýtingu Rússa til norðurslóða.

Rússar vilja almennt ekki hleypa öðrum ríkjum að ákvörðunum um málefni svæðisins en þeim sem þar eru fyrir, þ.e. ríkjunum átta í Norðurskautsráðinu. Niðurstöðu strandríkjanna fimm á Ilulissat-ráðstefnunni var í fullu samræmi við þá stefnu. Þeir eru mótfallnir því að NATO og Evrópusambandið skipti sér af norðurskautsmálum og telja að markmið slíkra stofnana og félagasamtaka (NGOs) sé að seilast í auðlindir á norðurslóðum og koma að ákvörðunartöku um stjórnun svæðisins. Leysa eigi mál sem snerta svæðið á grundvelli Hafréttarsáttmálans og Ilulissat-yfirlýsingarinnar og á vettvangi Norðurskautsráðsins. Samkvæmt norðurslóðastefnu Rússa, sem var gerð opinber árið 2009, er því spáð að norðurskautið verði lykilsvæði fyrir efnahagsvöxt Rússlands frá árinu 2020. Þeir hafa reyndar dregið í land eftir að efnahagskreppan skall á og telja það nú munu taka lengri tíma. Það dregur þó engan veginn úr mikilvægi norðurskautsins í þeirra augum, enda hafa Rússar lengi unnið að landgrunnskröfum á svæðinu. Árið 2001 gerðu þeir tilkall til stórs hluta hafsbotnsins á norðurskautinu með þeim rökum að hann væri framhald Lomonosov-hryggsins. Landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna féllst ekki á þá túlkun og beindi þeim tilmælum til Rússa að þeir rökstyddu kröfur sínar betur. Rússar eiga eftir að senda inn nýjar tillögur að landgrunnsréttindum til nefndarinnar og hyggjast gera það á næsta ári. Í þjóðaröryggisstefnu Rússa segir enn fremur að þeir hyggist koma upp varanlegum herstöðvum og strandgæslukerfi á norðurslóðum. Samhliða hefur verið unnið að lagasetningu um siglingar á norðaustursiglingaleiðinni milli Kyrrahafs og Norður-Atlantshafs. Markmiðið er að ákveða ytri mörk siglingaleiðarinnar og setja skilyrði um búnað skipa og umhverfisvernd og festa heimildir til að stjórna umferð erlendra her- og vöruflutningaskipa. Orðræða rússneskra stjórnvalda í málefnum norðurslóða einkennist af nauðsyn á að vernda fullveldi. Það má setja í beint samhengi við viðleitni þeirra til að draga upp þá mynd, ekki síst innanlands, að Rússland sé á uppleið eftir tímabil niðurlægingar sem sigldi í kjölfar hruns Sovétríkjanna. Málflutningur stjórnvalda er mjög táknrænn í pólitískum skilningi, sbr. sú ákvörðun að koma fyrir fána á botni norðurskautsins árið 2007. Þrátt fyrir herskátt orðfæri og aukinn viðbúnað hafa Rússar fram að þessu fylgt alþjóðalögum á norðurslóðum og ekkert bendir til annars en þeir ætli að virða Hafréttarsáttmálann.

Bandaríkin

Eitt síðasta embættisverk George Bush á forsetastóli var að gefa út forsetatilskipun (Presidential Directive) um norðurslóðir í janúar 2009, þar sem mikið er lagt upp úr marghliða samvinnu (multilateralism) og Hafréttarsáttmálanum. Obama-stjórnin hefur fylgt sömu stefnu, en það er til marks um aukinn áhuga Bandaríkjamanna að þeir hafa staðið fyrir alþjóðaráðstefnum um norðurslóðir og látið sig svæðið varða. Bandaríkjamenn líta þó svo á að önnur aðkallandi alþjóðamál skipti meira máli en norðurslóðir (sbr. Afganistan, Írak og Íran) og ætla að bregðast við áhrifum loftslagsbreytinga þegar „rétti tíminn er kominn“ og styðjast við niðurstöður vísindamanna. Gera þeir ráð fyrir því að opnun siglingaleiða verði á dagskrá eftir 20–30 ár, þótt þeir viðurkenni að það geti breyst. Þeir telja að það svari ekki kostnaði eins og sakir standa nú að stunda „fullveldisgæslu“ á norðurslóðum. Veikleikinn í stefnu Bandaríkjastjórnar er að hún styður Hafréttarsáttmálann, sem hún undirritaði á sínum tíma, en öldungadeild Bandaríkjaþings hefur ekki enn staðfest hann vegna andstöðu nokkurra þingmanna. Bandaríkjamenn geta því ekki enn gert formlegt tilkall til náttúruauðlinda á norðurskautinu (Alaska). Barack Obama, Bandaríkjaforseti, vill eins og forveri hans að öldungadeildin samþykki Hafréttarsáttmálann og traustur meirihluti virðist vera fyrir honum þar. Málið hefur hins vegar ekki enn verið tekið á dagskrá. Bandaríkjastjórn telur að lagarammi Hafréttarsáttmálans eigi að duga til að útkljá mál sem tengjast norðurslóðum. Litlar

líkur séu á hernaðarátökum á svæðinu. Það breytir því ekki að Bandaríkjastjórn hefur ekki útilokað einhliða aðgerðir (unilateralism) til að standa vörð um hagsmuni sína þótt hún geri lítið úr þeim kosti og leggi áherslu á samvinnu norðurskautsríkjanna átta og Ilulissat-yfirlýsingar fimm strandríkja.

Noregur

Norðmenn leggja mikla áherslu á norðurslóðir eins og „hánorðursstefna“ (Nordområdestrategi) þeirra frá árinu 2006 ber vitni um. Hún gengur einkum út á loftslagsbreytingar, auðlindanýtingu og samskipti við Rússland. Norðmenn hafa aukið hernaðarveru í Norður-Noregi, en vilja koma í veg fyrir hervæðingu norðurslóða. Noregur á mikilla hagsmuna að gæta vegna Svalbarða, náttúruauðlinda í Barentshafi og nágrannatengsla við Rússland. Þeir gera sér grein fyrir því að flest ríki sem hafa látið sig svæðið varða viðurkenna ekki fiskverndarsvæði þeirra kringum Svalbarða eða 200 mílna efnahagslögsögu á grundvelli Svalbarðasamningsins. Norðmenn hafa þó ekki slegið af kröfum sínum og telja sig hafa réttindi til olíu- og gasvinnslu í framtíðinni. Þeir eiga í deilum við Rússa vegna Svalbarða, en gerðu fyrr á þessu ári tímamótasamning við þá um lausn langvinnrar deilu um afmörkun landgrunnssvæðis í Barentshafi, og vinna með þeim á mörgum öðrum sviðum.

Danmörk – Grænland

Danska ríkisstjórnin kynnti norðurskautsstefnu sína árið 2008 sem enn á eftir að fullmóta. Stefnan tekur mið af hagsmunum Grænlands og stöðu landsins innan danska ríkisins. Danir/Grænlendingar hafa lagt áherslu á að alþjóðalögum verið fylgt í tengslum við landgrunnskröfur á norðurskautinu. Þeir hafa þó horfið frá því að líta á norðurslóðir fyrst og fremst sem umhverfismál, en ekki öryggismál. Í þeim anda huga þeir nú meir að strategísku vægi svæðisins og hafa áform um að stofna sérstaka norðurslóðadeild sem á að fara með eftirlit við strendur Grænlands. Í raun má líta á þetta sem svar Dana við auknum viðbúnaði Rússa, Kanadamanna og Norðmanna. Þeir munu setja fram landgrunns- og auðlindakröfur fyrir hönd Grænlendinga. Í ljósi þess hve Grænlendingar eru fjárhagslega háðir Dönum má gera ráð fyrir því að þeir lýsi ekki yfir sjálfstæði fyrr en þeir eru orðnir fullfærir um að standa á eigin fótum. Forsenda þess virðist að auðlindir Grænlendinga á norðurslóðum verði nýttar, en núverandi landsstjórn hefur sinnt því af miklum áhuga. Þess ber einnig að geta að Færeyingar hafa undanfarið sýnt málefnum norðurslóða vaxandi áhuga, ekki síst vegna þeirra möguleika sem gætu fylgt vaxandi skipaumferð opnist nýjar flutningaleiðir um norðurskautið.

Svíþjóð

Svíar vinna nú að stefnu í málefnum norðurslóða. Þeir hafa einkum litið á svæðið í tengslum við umhverfismál, loftslagsmál og vistfræði, en hafa á síðustu árum gert sér vaxandi grein fyrir öryggispólitísku vægi þess. Svíar lýstu yfir andstöðu við fundi strandríkjanna fimm. Svíar virðast fylgjandi opnun svæðisins með samvinnu við fleiri Evrópuríki og Asíuríki, en samt sem áður innan ramma laga og reglna, þar sem sérstaða norðurskautsríkjanna er viðurkennd. Svíar hafa ekkert beitt sér mikið í umræðum um stjórnun norðurskautsins. Vegna landfræðistöðu sinnar hafa Svíar látið sig Eystrasaltið meira varða en norðurslóðir. En það kann að breytast á næstu árum.

Finnland

Áhugi Finna á norðurslóðum fer vaxandi. Áður höfðu þeir beitt sér fyrir Norðurvíddinni innan Evrópusambandsins sem tengist norðurskautsmálum. Norðurslóðastefna Finna var gerð

opinber fyrr á árinu. Þar er lögð áhersla á öryggis-, umhverfis- og efnahagsmál auk réttinda frumbyggja og mælst til þess að samstarf á norðurslóðum taki mið af samráði Barents-hafsríkja. Einnig kemur fram skýr stuðningur við aðkomu Evrópusambandsins að norðurslóðum. Finnar voru á móti Ilulissat-fundinum á grundvelli þess að verið væri að útiloka önnur Norðurskautsríki og hafa viljað skilgreina norðurslóðir vítt.

Frumbyggjar og aðrir íbúar á norðurslóðum

Stefna norðurslóðaríkja gagnvart frumbyggjum norðursins hefur breyst mikið á undanförnum árum, en þeir hafa löngum mátt sæta kynþáttafordómum. Krafan um aðkomu frumbyggja að ákvörðunartöku á svæðinu og um varðveislu menningarlegrar sérstöðu þeirra er orðin æ háværari. Talsmenn frumbyggjasamtaka hafa lagt áherslu á að vera þátttakendur í pólitískum ákvörðunum og tóku því illa þegar þeim var ekki boðið á fund strandríkjanna fimm í Ilulissat og Chelsea. Sú staðreynd að Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, tók undir kröfu þeirra sýnir að stórveldin eru farin að líta svo á íbúar á norðurslóðum verði að sitja við sama borð og önnur norðurskautsríki í málefnum sem varða samfélög þeirra. Samkvæmt opinberum tölum búa hátt í tíu milljónir íbúa á norðurslóðum, þar af tæplega 400 þúsund frumbyggjar. Þau sex frumbyggjasamtök, sem eiga aðild að Norðurskautsráðinu, telja hins vegar að þeir séu mun fleiri eða um ein og hálf milljón. Mikill menningarmunur stafar ekki síst af mismunandi uppruna íbúanna sem eru á þremur meginlöndum og einangrun margra samfélaga. Við þetta bætast fjölmennir hópar aðflutts fólks af ýmsu þjóðerni. Þrátt fyrir aukinn skilning á mikilvægi menningarlegs fjölbreytileika og opinberan stuðning við menningu frumbyggjasamfélaga eiga þau flest undir högg að sækja.

Evrópusambandið

Evrópusambandið hefur fengið meiri áhuga á norðurslóðum í samræmi við vaxandi strategískt mikilvægi svæðisins. ESB er að vinna að norðurslóðastefnu, en helstu þættir hennar hafa komið fram á síðustu tveimur árum. Framkvæmdastjórn ESB hefur sótt um fasta áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu (ásamt Kína, Japan Kóreu og Ítalíu), en Kanadamenn hafa enn sem komið er staðið í vegi fyrir því. Framkvæmdastjórnin gaf út „norðurslóðayfirlýsingu“ í nóvember 2008, þar sem meginmarkmið ESB í málefnum norðurslóða koma fram. Þar er lögð áhersla á að vinna skuli að alþjóðlegri stjórnun norðurskautsins og að auðlindir þess verði nýttar á grundvelli sjálfbærni og jafnræðis. ESB telur að sambandið hafi „viðbótargildi“ (added value) sem áheyrnaraðili að Norðurskautsráðinu og virkur þátttakandi í störfum þess. Evrópusambandið hefur ekki beitt þrýstingi til að hafa áhrif á málefni norðurslóða; skilningur er á því innan ESB að þar sé fyrir ríkjahópur sem hefur sérstöðu. Aðeins þrjú ríki ESB teljast norðurslóðaríki, þ.e. Danmörk, Finnland og Svíþjóð, en á það ber þó að líta að Grænland telst ekki til ESB svo að hlutverk Danmerkur er verulega skilyrt. Þannig telst ekkert ESB-ríki strandríki á norðurslóðum. Greina má varfærni í nálgun ESB gagnvart málefnum norðurskautsins. Það hefur lagt áherslu á loftslagsbreytingar, umhverfisvernd og siglingavernd, sjálfbæra nýtingu og hagsmuni frumbyggja og annarra íbúa á norðurslóðum. ESB hefur lagt áherslu á frelsi á úthöfunum eins og Bandaríkjamenn og vakið athygli á nauðsyn þess að marka samræmda siglingastefnu (Integrated Maritime Policy). Hefur framkvæmdastjórnin vísað í Norðurvíddina og hlutverk Rússlands, Noregs og Íslands í að koma slíkri stefnu í framkvæmd. Áhugi ESB á siglingum á norðurslóðum má m.a. rekja til þess að 90% af innflutningi til ESB-ríkja er sjóleiðis og 40% af útflutningi. Evrópuþingið samþykkti umdeilda tillögu árið 2008 um nauðsyn þess að gera alþjóðlegan Norðurskautssáttmála með Suðurskautssáttmálann frá árinu 1959 sem fyrirmynd. Þessi hugmynd er í andstöðu við

Ilulissat-yfirlýsinguna. Auk þess lögðu þingmenn á Evrópuþinginu fram tillögu vorið 2009 um að bannað yrði að nýta svæði á norðurskautinu næstu 50 árin og að ESB ætti að gera Rússum það skýrt að það viðurkenndi ekki yfirráð þeirra yfir Norðausturleiðinni. Vegna þess hve þessar tillögur voru umdeildar var því frestað að greiða atkvæði um þær. Evrópuþingið hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart ESB. Í yfirlýsingu framkvæmdastjórnar ESB er sérstökum alþjóðasamningi um norðurskautið hafnað. Þess í stað er lagt til að þróuð verði fjölþjóðleg yfirstjórn svæðisins sem hafi Hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna til grundvallar við úrlausn ágreiningsmála á norðurskautinu. Framkvæmdastjórnin er í forystuhlutverki og ráðherraráðið mun að öllum líkindum halda sig við þá stefnu sem hún markar í ákvörðunum sínum. Í yfirlýsingu framkvæmdastjórnarinnar er einnig rætt um nauðsyn þess að allir aðilar Norðurskautsráðsins eigi jöfn pólitísk réttindi og er þar sennilega verið að vísa til þess að Svíum og Finnum var ekki boðið til Ilulissat-fundarins. Vísanir ESB-yfirlýsingarinnar til selveiða og hvalveiða hafa mætt andstöðu, ekki síst meðal frumbyggja. Bann ESB við innflutningi selaafurða hafa mælst mjög illa fyrir meðal frumbyggja. Þótt þeir séu undanþegnir banninu telja þeir það muni eyðileggja markaði þeirra og veikja efnahagslega afkomu þeirra. Kanadastjórn hefur tekið undir sjónarmið frumbyggja.

Atlantshafsbandalagið

Á NATO-ráðstefnunni á Íslandi í janúar 2009 beindi bandalagið sjónum að norðurslóðum í fyrsta sinn frá lokum kalda stríðsins. Í yfirlýsingu framkvæmdastjóra NATO, sem ekki er bindandi, kemur fram að bandalagið vilji leggja sitt fram til aukinnar vöktunar og upplýsingaöflunar sem og viðbragðsgetu á sviði björgunar og mengunarvarna á sjó. Markmiðið er að tryggja stöðugleika, en ekki að stuðla að endurhervæðingu. Áherslan er á að halda spennu í lágmarki með samvinnu þeirra aðila sem eiga hagsmuna að gæta, ekki síst NATO-ríkja og Rússa. Gefið er í skyn að það yrði jafnvel gert í samvinnu við Rússa, Finnland og Svíþjóð eða þau ríki sem standa fyrir utan bandalagið. Skiptar skoðanir eru innan NATO á því hvort bandalagið eigi að sinna norðurslóðum. Kanadamenn er því t.d. mjög andsnúnir. Þá hefur verið bent á að fimm ríki af norðurskautsríkjunum átta séu NATO-ríki og fjögur af þeim fimm strandríkjum sem gert hafa landgrunnskröfur í Norður-Íshafi. Norðmenn hafa hins vegar með stuðningi nokkurra ríkja hvatt NATO til að „sýna fánann“ að nýju á þessu svæði. Þeir leggja þó áherslu á að þeir vilja ekki hernaðaruppbyggingu, heldur frekar almenna vöktun og eftirlit.

409. Fyrirspurn [338. mál]

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um útgáfu kynningarblaðs vegna kosninga til stjórnlagaþings.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

1. Var útgáfa kynningarblaðs vegna kosninga til stjórnlagaþings 27. nóvember 2010 sem prentað var í 130.000 eintökum og dreift inn á hvert heimili landsins boðin út, þ.m.t. umsjón, hönnun, prentun og dreifing? Ef útgáfan var ekki boðin út, hvað réð þeirri ákvörðun?

2. Hvaða fyrirtæki unnu að útgáfu kynningarblaðsins? Hver var heildarkostnaðurinn við útgáfuna og hvað kostuðu einstakir verkþættir, umsjón með útgáfunni, hönnun blaðsins, prentun þess og dreifing?

Skriflegt svar óskast.

410. Svar [111. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ólínu Þorvarðardóttur um áhrif veiðarfæra á lífríki sjávar o.fl.

1. *Hafa verið gerðar sérstakar rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar, þ.e. áhrifum:*
   a. *dragnótar,*
   b. *botnvörpu,*
   c. *flotvörpu?*

Rannsóknir hafa verið gerðar hér við land sem beinast að veiðiálagi veiðarfæra. Þá hafa rannsóknir verið gerðar víða erlendis á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar og er hægt í einhverjum tilvikum að draga af þeim ályktanir og heimfæra á íslenskar aðstæður sem snúa að áhrifum dragnótar á lífríkið.

a. Dragnót.

Fjórar athuganir eða samantektir um áhrifum dragnótar á lífríkið hafa verið gerðar hér við land:

- Árni Friðriksson 1934. Nokkrar athugasemdir við togstreituna um dragnótina. Ægir 27: 114–117.
- Guðni Þorsteinsson 1990. Athugun á atferli fisks við dragnótaveiðar. Sjávarfréttir 18 (1): 52–61.
- Hrafnkell Eiríksson 2008. Dragnót og dragnótaveiðar við Ísland. Hafrannsóknastofnunin. Fjölrit 140, 19 bls.
- Guðrún G. Þórarinsdóttir o.fl. 2010. Áhrif dragnótaveiða á lífríki botns í innanverðum Skagafirði. The impact of a fly-dragging fishery on the bottom community in Skagafjördur. Hafrannsóknir 151. Reykjavík 2010. 19 bls.

Erlendar rannsóknir á dragnót hafa verið nokkrar og er yfirlit með stuttum úrdráttum að finna í nýútkominni skýrslu vinnuhóps um veiðarfæri og atferli fiska á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) með þátttöku sérfræðings Hafrannsóknastofnunarinnar:

- ICES WGFTFB Report 2010. SCICOM, ICES CM 2010/SSGESST:14. Sjá kafla 14 og þá sérstaklega 14.5.2 Enviromental Impact.

b. Botnvarpa.

Á botnvörpu hafa einnig verið gerðar nokkrar íslenskar athuganir og er þar helst að nefna:

- Stefán Áki Ragnarsson & Lindegarth, M. 2009. Testing hypotheses about temporary and persistent effects of otter trawling on infauna: changes in diversity rather than abundance. Ecology Progress Series 385: 51–64.

– Stefán Áki Ragnarsson & Sigmar A. Steingrímsson 2001. Áhrif veiða með botnvörpu á botndýr. Morgunblaðið, Úr verinu, 6. september 2001.
– Stefán Áki Ragnarsson & Steingrímsson, Sigmar A. 2003. Spatial distribution of otter trawl effort in Icelandic waters: Comparison of measures of effort and implications for benthic community effects of trawling activities. ICES Journal of Marine Science 60: 1200–121.

Fjölmargar erlendar rannsóknir á áhrifum botnvörpu á lífríki hafa verið gerðar og beinast að mismunandi þáttum. Í því sambandi skal bent á nýlegt rit „Seas at risk“, sem inniheldur upplýsingar um málefnið:

– J. Gascoigne, E. Willsteed. 2009. Moving towards low impact fisheries in Europe, Policy Hurdles & Actions. Seas at risk. [nov.2010] http://www.seas-at-risk.org/news_n2.php?page=318

c. Flotvarpa.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á flotvörpu hér á landi hafa beinst að veiðum á kolmunna og loðnu:

– Haraldur Arnar Einarsson, Einar Hreinsson and Sigurður Þór Jónsson. 2007. Direct observations of large mesh capelin trawls; evalutation of mesh escapements and gear efficiency. ICES ASC CM 2007/Q:12.
– Haraldur Arnar Einarsson. Meðaflaskilja í flotvörpur. Hafrannsóknastofnun, október 2009. (Skýrsla til AVS).

Nokkur fjöldi erlendra rannsókna á flotvörpum hafa einnig verið gerðar en þó alls ekki í sama mæli og á botnvörpum. Hafrannsóknastofnunin í Noregi vinnur að rannsókn þar sem markmiðið er að veiða bolfisk með flotvörpu, m.a. vegna þess að veiðarfærið snertir ekki botn við veiðar:

– http://www.imr.no/nyhetsarkiv/2010/november/ny_teknologi_skal_gjore_torsketraling_stuereint/nb-no
– ICES WGFTFB Report 2006, ICES FTC, ICES CM 2006/FTC:06. Sjá kafla 9.

2. *Hvað er vitað um áhrif þessara veiðarfæra á:*
   a. *sjávargróður og sjávarbotn,*
   b. *ástand fiskjar, einkum smugufiskjar, þ.e. fiskjar sem sleppur úr veiðarfærum?*

a. Áhrif á sjávargróður og sjávarbotn.

Dragnót er létt veiðarfæri í sjó og aðeins hægt að nota á tiltölulega sléttum botni. Veiðarfærinu er venjulega kastað á sand-, leir- eða malarbotn á grunnu vatni (= 100 m). Á því dýpi gætir uppróts sets af völdum veðurs, sem haft getur áhrif niður á allt að 100 m dýpi í miklum stormum. Botndýralíf á grunnsævi er því aðlagað að slíku raski. Á áðurnefndum botngerðum er lítið um stórvaxin áföst dýr enda þola þau illa þann óstöðuleika sem gjarnan er á slíkum botni. Flest botndýr sem þarna þrífast finnast í setinu og geta þau auðveldlega rótast upp þegar dragnótin er dregin yfir botn, líkt og gerist við upprót sets af völdum veðurs.

Áhrif botnvörpu er háð botnlagi og þeim búsvæðum/dýrum sem eru á togslóðinni. Botnvarpan er notuð á mismunandi botnlagi á öllum hafsvæðum við Ísland. Innfjarða hefur hún löngum verið notuð við rækjuveiðar. Þá eru humarveiðar stundaðar með humarvörpu að ótöldum bolfiskveiðum. Hlerarnir sem eru dregnir á botni hafa áhrif á botndýralíf en flatarmál röskunar af þeirra völdum er lítið í samanburði við flatarmál fótreipis/steinastikla. Á botni þar sem mjög mikið er af viðkvæmum tegundum getur botnvarpan haft langvarandi

áhrif á botndýralíf. Viðkvæm búsvæði finnast í meira mæli á miklu dýpi og gjarnan þar sem hart undirlag er. Á grunnsævi þar sem botndýralíf er aðlagað að uppróti vegna veðurs hefur botnvarpan minni áhrif. Það hefur m.a. verið kannað hér á landi á 30 m dýpi (sjá b-lið hér að framan). Með auknu dýpi þar sem viðkvæmari tegundir er að finna, geta áhrifin á hinn bóginn verið umtalsverð, t.d. þar sem svampar og kórallar eru. Unnið er að kortlagningu búsvæða kóralla með það að markmiði að meta umfang og ástand þeirra svæða. Þessar rannsóknir hafa leitt til friðunar slíkra búsvæða fyrir veiðum. Auka þyrfti kortlagningu annarra svæða. Togveiðar á svæðum þar sem botnlæg egg fiska eru (t.d. egg steinbíts) geta hugsanlega valdið hnjaski og þar með haft áhrif á viðkomu stofnsins.

Flotvarpa hefur í eðli sínu engin áhrif á botndýralíf og því síður á sjávargróður.

Í fyrirspurninni er ekki minnst á önnur veiðarfæri notuð hér á landi. Þess ber þó að geta að öll veiðafæri sem notuð eru á botni hafa einhver áhrif. Sýnt hefur verið fram á skaðsemi á lífríki botns vegna neta, gildra og línu sem lagðar eru á botn. Umfang áhrifa þessara staðbundu veiðarfæra fer að sjálfsögðu eftir hversu mikið þau eru notuð og hvar.

b. Ástand fisks sem sleppur.

Hlutur þess fisks sem sleppur frá veiðarfærum drepst óhjákvæmilega. Þetta á jafnt við um veiðar með vörpum og krókum. Lífslíkur fiska sem sleppa frá veiðarfærum hafa verið nokkuð rannsakaðar, en enn er ýmsu ósvarað þar að lútandi. Munur er milli fisktegunda og stærðar þeirra hvað þær þola af hnjaski vegna veiðarfæra. Það er hins vegar ekki möskvasmugið sjálft sem veldur mestum afföllum, heldur getur streita og þreyta vegna ferðarinnar gegnum vörpuna einnig haft mjög mikil áhrif. Tegundir eins og þorskur og ufsi þola þetta vel, en tegundir eins og ýsa, lýsa og síld eru viðkvæmari og eru það fyrst og fremst ungviði þessara tegunda sem eru viðkvæmust fyrir afföllum. Þættir svo sem hitastig sjávar, ástand fisks og toghraði eru líklegir áhrifaþættir. Ef heimfærðar eru niðurstöður erlendra rannsókna yfir á aðstæður hér við land má reikna með um og yfir 15% afföllum af ýsu, 20 sm og smærri, sem sleppur út í drætti við fjögurra hnúta togferð. Afföllin minnka síðan með fisklengd og eru nær engin við 30 sm lengd.

Hluti fisks fer undir botnvörpu, en að hve miklu leyti sá fiskur skaddast og/eða deyr er órannsakað. Rannsóknir hafa sýnt að hluti fisks sem sleppur við botnvörpuveiðar gerir það við botn en 20–40% sleppa í hífingu eða við yfirborð. Leiða má líkur að því að fiskur sem sleppur í hífingu og við yfirborð hafi minni lífslíkur en sá sem sleppur við botn.

Hér við land hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir á lífslíkum rækju og fisks eftir snertingu við veiðarfæri. Hlutfall eftirlifandi rækju eftir smug úr rækjuvörpu var yfirleitt hátt. Þá var gerð rannsókn á lífslíkum þorska eftir brottkast frá handfæraveiðum og síðar svipuð rannsókn þar sem línufiskur var einnig rannsakaður. Í báðum þessum tilfellum kom í ljós að hátt hlutfall fisks drapst eftir veiðar á krók.

Almennt er talið að lífslíkur fiska eftir möskvasmug séu meiri úr dragnót en botnvörpu, enda styttra veiðiferli og dregið hægar. Eftirfarandi rannsóknir voru gerðar á lífslíkum fisks og rækju eftir veiði á krók og í rækjuvörpu:

– Guðni Þorsteinsson. 1995. Survival of shrimp and small fish in the inshore shrimp fishery in Iceland. ICES Study Group on Unacconted Fishing Mortality in Fisheries, Aberteen, april 1995.
– Guðni Þorsteinsson. 1996. Overlevelse av reker som kastes ut i trålfiske nord for Island. Bidødelighet i nordiske trålfiskerier. Volum I: Feltforsøk. Nord 1996:16. p 105–110.

– Ólafur K. Pálsson, Haraldur A. Einarsson, Höskuldur Björnsson 2002: Lífslíkur smáþorsks sem veiðist á handfæri. Ægir, 95(1):35–37.
– Palsson, Olafur K., Einarsson, H. A. and Bjornsson, H. 2003. Survival experiments of undersized cod in a hand-line fishery at Iceland. Fish. Res., 61 (2003) 73–86.

3. *Liggja fyrir upplýsingar, og þá hverjar, um:*
   a. *hlutfall smugufiskjar við flotvörpuveiðar,*
   b. *afdrif fiskjar sem smýgur úr flotvörpu,*
   c. *áhrif flotvörpu á þær fiskitorfur sem veiðarfærin fara í gegnum?*

a. Hlutfall smugufisks.

Þessi spurning er í eðli sínu svipuð og b-liður 2. tölul. fyrirspurnarinnar nema hvað hún beinist að flotvörpu eingöngu, því er flotvarpa ekki nefnd í svari við 2. tölul. heldur aðeins hér. Fremstu möskvar flotvörpu eru gjarnan nokkrir tugir metrar að stærð. Ljóst er að fiskur getur auðveldlega smogið slíka möskva, jafnvel án þess að verða þeirra var.

Rannsókn var gerð á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar árið 2007 sem beindist að því að meta hve mikið af loðnu sleppur frá flotvörpu við loðnuveiðar (sjá svar við c-lið 1. tölul.). Lítill hluti þeirrar loðnu sem vart var við á bergmálsmælum skilaði sér sem afli. Það eru hins vegar hreinar getgátur hve mikið af loðnu slapp fyrir framan vörpuna og hve mikið í gegnum möskva hennar. Líklegt má teljast að loðna, sem og aðrar fisktegundir fari að einhverju leyti gegnum möskva vörpunnar. Breytileiki milli tegunda er trúlega nokkur og er einnig háður aðstæðum og gerð veiðarfæris í notkun.

b. Afdrif fiska sem smjúga úr flotvörpu.

Um afdrif þeirra fiska sem sleppa frá flotvörpu er lítið vitað enda erfitt viðfangsefni til rannsókna. Þó er þekkt frá rannsóknum úr Eystrasalti að smásíld er viðkvæm fyrir smugi/ferð gegnum vörpu (sbr. svar við b-lið 2. tölul.).

c. Áhrif flotvörpu á fiskitorfur.

Áhrif flotvörpu á þær fiskitorfur sem veiðarfærin fara í gegnum hafa ekki verið sérstaklega rannsökuð.

4. *Hversu hátt hlutfall meðafla (bolfisks og seiða) sem kemur í flotvörpu fer í bræðslu og um hve mikið magn er að ræða í tonnum talið?*

Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu veiddu uppsjávarveiðiskip alls 399.691 tonn í flotvörpu á fiskveiðiárinu 2009/2010. Þar af voru 0,11% eða 435 tonn meðafli, þ.e. ekki þær tegundir sem sótt var í við veiðarnar.

Ekki er hægt að rekja í opinberum tölum hvernig þessum meðafla er ráðstafað, þ.e. hversu mikið af honum fer til bræðslu.

5. *Hefur ráðuneytið brugðist við, eða hefur í hyggju að bregðast við, vísbendingum sem fram hafa komið um áhrif veiðarfæra á lífríki sjávar?*

Ráðuneytið hefur í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar unnið að friðunaraðgerðum á grunnslóð fyrir dregnum veiðarfærum. Vakin skal athygli á að í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru togveiðar almennt bannaðar, þ.e. „Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi Íslands nema á þeim veiðisvæðum og veiðitímum sem tilgreind eru ...“ Almennt eru veiðar með fyrrgreindum veiðarfærum ekki leyfðar innan flóa og fjarða, þó að undanþáguheimildir hafi verið veittar fyrir veiðar með dragnót. Í fjölritum Hafrannsóknarstofnunnar númer 140 eftir Hrafnkel Eiríksson,

„Dragnót og dragnótaveiðar við Ísland. The Danish seine fisheries in Iceland.“ segir á bls. 18:

„Næsta öruggt má telja að skynsamlegt væri að loka tilteknum uppeldissvæðum fiskistofna fyrir dragnótaveiðum eins og gert er fyrir veiðum með botnvörpu af ýmsum ástæðum, mest vegna hás hlutfalls af smáfiski. Á þessu stigi málsins býr Hafrannsóknastofnunin hins vegar ekki yfir þeim upplýsingum og gögnum sem nauðsynlegar eru fyrir tillögur af því tagi. Fyrsta skrefið gæti þó verið að takmarka dragnótaveiðar á innanverðum fjörðum þar sem eru líklegar uppeldisstöðvar fyrir bæði flatfisk og bolfisktegundir.“ (*http://www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolrit-140.pdf*)

Á þessu ári gaf ráðuneytið út nýja reglugerð um bann við dragnótaveiðum í sjö fjörðum. Þeir eru Önundarfjörður, Hrútafjörður, Miðfjörður, Húnafjörður, Skagafjörður, Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður. Lokunin tekur einkum til svæða innan fjarða. Ráðuneytið telur að leggja beri áherslu á að dragnótaveiðar fari ekki fram í innfjörðum.

Í lögsögu Íslands eru stór svæði afmörkuð þar sem takmarkanir eru á notkun veiðarfæra, sbr. eftirfarandi uppdrátt. Á stórum svæðum eru togveiðar ekki leyfðar, á öðrum svæðum eru togveiðar eingöngu leyfðar með meðafla- eða smáfiskaskiljum. Einnig eru afmörkuð svæði þar sem eingöngu eru leyfðar línu- og netaveiðar. Við Suðurland hafa kóralsvæði verið friðuð fyrir veiðum.

Fyrirhugað er að ráðuneytið vinni frekari tillögur að takmörkun dragnótaveiða á næstunni.

6. *Er meðafli sem hafnar í bræðslu reiknaður með aflaheimildum viðkomandi veiðiskipa eða er hann dreginn frá kvóta þeirra?*

Af þeim 435 tonna meðafla sem vísað er til í svari við 4. tölul. fyrirspurnarinnar voru 119 tonn, eða 0,03%, heildarafla uppsjávarveiðiskipa í flotvörpu aðrar kvótabundnar tegundir, sem dragast frá aflaheimildum viðkomandi skipa.

7. *Eru í gildi sérstök lög um flotvörpuveiðar innan lögsögu ESB-ríkja, Chile og Bandaríkjanna?*
8. *Samræmast flotvörpuveiðar löggjöf og viðurkenndum veiðiaðferðum erlendra ríkja?*

Lögsögu ESB er skipt eftir hafsvæðum, þ.m.t. Eystrasalti, Norðursjó, ýmsum undirsvæðum í Atlantshafi, og strandsvæðum landa. Á hinum ýmsu undirsvæðum gilda mismunandi reglur um veiðar, þar með um notkun veiðarfæra, veiðiskilja og skipagerða og á mismunandi tímum. Við veiðar á ýmsum uppsjávarfiski er flotvarpa leyfð. Nánari upplýsingar er að finna á vef ESB um fiskveiðar: *http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:1998:125:0001:0036:EN:PDF*.

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um flotvörpuveiðar í lögsögu Síle eða Bandaríkjanna. Hins vegar mun flotvarpa vera notuð við veiðar á ýmsum stofnum uppsjávarfiska í ESB og vísast þar til framangreindrar vefslóðar ESB um fiskveiðimál. Í lögsögu Noregs eru flotvörpuveiðar ekki leyfðar við botnfiskveiðar norðan 62. gráðu norðlægrar breiddar. Hins vegar munu nú standa yfir í Noregi tilraunaveiðar með flotvörpu, með það að markmiði að kanna hvort leyfa eigi flotvörpuveiðar á vissum svæðum og/eða ákveðnum fisktegundum norðan 62. gráðu.

Þó að ráðuneytið hafi ekki tiltækar nákvæmar upplýsingar um lagaramma einstakra þjóða varðandi flotvörpuveiðar má benda á að fjölmargar erlendar þjóðir sem stunda veiðar á úthafskarfa í NA-Atlantshafi, þ.m.t. Norðmenn, Rússar og ESB-þjóðir, nota flotvörpu við þær veiðar.

Ráðuneytið mun leitast við að afla frekari upplýsinga um flotvörpuveiðar annarra þjóða, en taka mun nokkurn tíma að formleg svör erlendra stjórnvalda um það efni berist.



411. Svar [243. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um fjölda opinberra starfsmanna síðustu þrjú ár.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur þróun fjölda opinberra starfsmanna verið síðustu þrjú ár, flokkað eftir stofnunum ríkisins?

Samkvæmt launavinnslukerfi ríkisins voru stöðugildi í dagvinnu 18.394 í október 2008 hjá stofnunum ríkisins. Miðað við sama mánuð árið 2010 var fjöldi stöðugilda í dagvinnu 17.239. Fækkunin nemur 1.156 stöðugildum eða 6,3%.

Á tímabilinu hafa orðið nokkrar skipulagsbreytingar, stofnanir sameinast eða verkefni falin opinberum hlutafélögum. Þá bættist ein ríkisstofnun við launavinnslukerfi ríkisins. Sé tillit tekið til þessa hefur stöðugildum í dagvinnu fækkað úr 18.048 í 17.160, það er um 888 stöðugildi eða 4,9%.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda stöðugilda í dagvinnu og þróun fjölda þeirra, skipt eftir stofnunum ríkisins. Til að gefa gleggri mynd af þróuninni er miðað við skipulag stofnana og ráðuneyta eins og það var í október 2010.

Ráðuneyti og stofnun	Fjöldi stöðugilda í dagvinnu			Hlutfallsleg breyting milli ára (%)			Fækkun/fjölgun stöðugilda milli ára		
Fjöldi stöðugilda í dagvinnu (október ár hvert).	2008	2009	2010	2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið	2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið
Æðsta yfirstjórn									
00101 – Embætti forseta Íslands	8,0	8,1	9,0	2%	11%	13%	+0,1	+0,9	+1,0
00201 – Alþingi	197,0	198,6	187,2	1%	-6%	-5%	+1,6	-11,5	-9,9
00207 – Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008		16,9							
00290 – Stjórnlagaþing			3,0						
00301 – Ríkisstjórn	24,0	24,9	27,6	4%	11%	15%	+0,9	+2,7	+3,6
00401 – Hæstiréttur	18,8	17,8	19,3	-5%	8%	3%	-1,0	+1,5	+0,5
00610 – Umboðsmaður Alþingis	12,0	10,7	9,0	-11%	-15%	-25%	-1,3	-1,7	-3,0
00620 – Ríkisendurskoðun	46,9	46,9	43,6	0%	-7%	-7%	-0,0	-3,3	-3,3
Æðsta yfirstjórn samtals	**306,7**	**323,9**	**298,6**	**6%**	**-8%**	**-3%**	**+17,2**	**-25,2**	**-8,0**
Forsætisráðuneyti									
01101 – Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	40,2	38,1	35,4	-5%	-7%	-12%	-2,1	-2,6	-4,7
01241 – Umboðsmaður barna	3,7	4,1	3,9	10%	-7%	3%	+0,4	-0,3	+0,1
01271 – Ríkislögmaður	5,5	5,5	6,0	0%	9%	9%	-	+0,5	+0,5
01902 – Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	5,1	3,8	6,0	-26%	58%	17%	-1,3	+2,2	+0,9
Forsætisráðuneyti samtals	**54,5**	**51,5**	**51,3**	**-6%**	**0%**	**-6%**	**-3,0**	**-0,2**	**-3,2**
Mennta- og menningarmálaráðuneyti									
02101 – Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	89,8	86,5	83,4	-4%	-4%	-7%	-3,3	-3,1	-6,4
02201 – Háskóli Íslands*	**1.239,3**	**1.252,6**	**1.222,0**	**1%**	**-2%**	**-1%**	**+13,3**	**-30,6**	**-17,3**
02201 – Háskóli Íslands	*1.019,2*								
02215 – Kennaraháskóli Íslands	*220,1*								
02202 – Tilraunastöð Háskólans að Keldum	50,0	47,0	47,4	-6%	1%	-5%	-3,0	+0,4	-2,6
02203 – Raunvísindastofnun Háskólans	117,7	117,4	118,0	0%	0%	0%	-0,2	+0,6	+0,3

Ráðuneyti og stofnun Fjöldi stöðugilda í dagvinnu (október ár hvert).	Fjöldi stöðugilda í dagvinnu 2008	2009	2010	Hlutfallsleg breyting milli ára (%) 2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið	Fækkun/fjölgun stöðugilda milli ára 2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið
02209 – Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	44,6	39,5	39,4	-11%	0%	-12%	-5,1	-0,1	-5,2
02210 – Háskólinn á Akureyri	192,7	182,9	159,7	-5%	-13%	-17%	-9,9	-23,2	-33,0
02216 – Landbúnaðarháskóli Íslands	127,8	116,3	106,9	-9%	-8%	-16%	-11,5	-9,4	-20,9
02217 – Hólaskóli – Háskólinn á Hólum	56,5	51,7	44,6	-9%	-14%	-21%	-4,9	-7,1	-11,9
02223 – Námsmatsstofnun	17,2	14,8	16,4	-14%	11%	-5%	-2,4	+1,6	-0,8
02231 – Rannsóknamiðstöð Íslands	15,8	19,5	21,6	23%	10%	36%	+3,7	+2,0	+5,7
02301 – Menntaskólinn í Reykjavík	70,2	73,5	75,7	5%	3%	8%	+3,2	+2,3	+5,5
02302 – Menntaskólinn á Akureyri	69,5	67,4	67,4	-3%	0%	-3%	-2,1	-	-2,0
02303 – Menntaskólinn að Laugarvatni	19,5	17,9	18,7	-8%	5%	-4%	-1,6	+0,8	-0,8
02304 – Menntaskólinn við Hamrahlíð	104,1	101,2	104,5	-3%	3%	0%	-2,9	+3,3	+0,5
02305 – Menntaskólinn við Sund	60,4	56,8	57,0	-6%	0%	-6%	-3,6	+0,2	-3,5
02306 – Menntaskólinn á Ísafirði	33,9	29,3	29,0	-13%	-1%	-14%	-4,6	-0,2	-4,8
02307 – Menntaskólinn á Egilsstöðum	44,4	38,8	37,8	-13%	-2%	-15%	-5,7	-0,9	-6,6
02308 – Menntaskólinn í Kópavogi	110,2	110,9	112,9	1%	2%	2%	+0,7	+1,9	+2,6
02309 – Kvennaskólinn í Reykjavík	51,1	48,2	51,1	-6%	6%	0%	-2,8	+2,9	+0,1
02350 – Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	124,3	123,6	122,7	-1%	-1%	-1%	-0,7	-0,9	-1,6
02351 – Fjölbrautaskólinn Ármúla	103,0	104,0	106,1	1%	2%	3%	+1,0	+2,0	+3,0
02352 – Flensborgarskóli	84,8	88,9	95,2	5%	7%	12%	+4,1	+6,4	+10,5
02353 – Fjölbrautaskóli Suðurnesja	84,5	85,0	85,5	1%	1%	1%	+0,5	+0,4	+1,0
02354 – Fjölbrautaskóli Vesturlands	68,6	64,7	61,4	-6%	-5%	-10%	-3,9	-3,3	-7,2
02355 – Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	29,5	29,0	29,4	-2%	1%	-1%	-0,5	+0,4	-0,2
02356 – Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	46,3	44,7	44,3	-3%	-1%	-4%	-1,6	-0,4	-2,0
02357 – Fjölbrautaskóli Suðurlands	93,6	96,3	96,5	3%	0%	3%	+2,7	+0,3	+3,0
02358 – Verkmenntaskóli Austurlands	28,3	30,0	29,0	6%	-3%	2%	+1,7	-1,0	+0,7
02359 – Verkmenntaskólinn á Akureyri	125,8	131,5	135,5	5%	3%	8%	+5,7	+4,0	+9,7
02360 – Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	62,0	66,4	69,2	7%	4%	11%	+4,4	+2,7	+7,1
02361 – Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	16,1	21,9	17,9	36%	-18%	11%	+5,8	-4,0	+1,8
02362 – Framhaldsskólinn á Húsavík	18,8	19,1	17,1	2%	-10%	-9%	+0,3	-2,0	-1,7
02363 – Framhaldsskólinn á Laugum	21,0	22,2	22,2	6%	0%	6%	+1,2	-0,0	+1,2
02365 – Borgarholtsskóli	108,1	110,8	107,3	2%	-3%	-1%	+2,6	-3,5	-0,8
02367 – Fjölbrautaskóli Snæfellinga	24,2	28,3	27,8	17%	-2%	14%	+4,0	-0,5	+3,5
02370 – Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ		10,6	14,8		40%			+4,2	
02372 – Menntaskólinn á Tröllaskaga			7,8						
02430 – Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	16,4	18,9	25,5	15%	35%	55%	+2,5	+6,5	+9,1
02516 – Iðnskólinn í Hafnarfirði	61,9	66,3	68,4	7%	3%	10%	+4,4	+2,1	+6,5

Ráðuneyti og stofnun Fjöldi stöðugilda í dagvinnu (október ár hvert).	Fjöldi stöðugilda í dagvinnu 2008	2009	2010	Hlutfallsleg breyting milli ára (%) 2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið	Fækkun/fjölgun stöðugilda milli ára 2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið
02725 – Námsgagnastofnun	23,4	22,1	23,2	-5%	5%	-1%	-1,3	+1,1	-0,2
02872 – Lánasjóður íslenskra námsmanna	25,7	27,1	25,9	6%	-5%	1%	+1,5	-1,2	+0,2
02901 – Fornleifavernd ríkisins	10,2	11,1	11,7	9%	5%	15%	+0,9	+0,6	+1,5
02902 – Þjóðminjasafn Íslands	39,2	33,8	35,3	-14%	4%	-10%	-5,4	+1,5	-3,9
02903 – Þjóðskjalasafn Íslands	33,4	37,4	30,2	12%	-19%	-10%	+3,9	-7,2	-3,2
02904 – Þjóðmenningarhúsið	6,6	6,8	6,1	4%	-10%	-7%	+0,2	-0,7	-0,5
02905 – Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	83,0	78,9	80,3	-5%	2%	-3%	-4,2	+1,5	-2,7
02906 – Listasafn Einars Jónssonar	1,0	1,0	1,5	0%	49%	49%	-	+0,5	+0,5
02907 – Listasafn Íslands	15,4	16,7	16,2	9%	-3%	5%	+1,3	-0,5	+0,8
02908 – Kvikmyndasafn Íslands	5,6	5,6	6,3	0%	13%	13%	-	+0,7	+0,7
02909 – Blindrabókasafn Íslands	14,8	9,8	6,8	-34%	-31%	-54%	-5,0	-3,0	-8,0
02911 – Náttúruminjasafn Íslands	2,0	2,0	3,0	0%	50%	50%	-	+1,0	+1,0
02913 – Gljúfrasteinn – Hús skáldsins	2,8	2,8	2,6	2%	-7%	-6%	-	-0,2	-0,2
02972 – Íslenski dansflokkurinn	16,0	15,8	17,1	-2%	8%	7%	-0,3	+1,3	+1,1
02973 – Þjóðleikhúsið	106,9	101,1	100,3	-5%	-1%	-6%	-5,8	-0,7	-6,6
02974 – Sinfóníuhljómsveit Íslands	103,6	99,4	98,1	-4%	-1%	-5%	-4,3	-1,3	-5,5
02979 – Húsafriðunarnefnd	4,7	2,8	3,1	-40%	11%	-34%	-1,9	+0,3	-1,6
02981 – Kvikmyndamiðstöð Íslands	4,8	6,0	5,0	25%	-17%	4%	+1,2	-1,0	+0,2
Mennta- og menningarmálaráðuneyti samtals	**4.130,8**	**4.114,3**	**4.069,6**	**0%**	**-1%**	**-1%**	**-16,5**	**-44,7**	**-61,2**
Utanríkisráðuneyti									
03101 – Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	120,2	113,9	111,8	-5%	-2%	-7%	-6,4	-2,1	-8,5
03111 – Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	24,8	25,0	36,6	1%	46%	48%	+0,3	+11,6	+11,9
03214 – Varnarmálastofnun	54,6	56,2	51,4	3%	-9%	-6%	+1,7	-4,8	-3,1
03300 – Sendiráð Íslands	71,0	61,8	61,0	-13%	-1%	-14%	-9,2	-0,8	-10,0
03390 – Þróunarsamvinnustofnun Íslands	12,1	18,0	23,0	49%	28%	90%	+5,9	+5,0	+10,9
Utanríkisráðuneyti samtals	**282,7**	**274,9**	**283,8**	**-3%**	**3%**	**0%**	**-7,8**	**+8,9**	**+1,2**
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti									
04101 – Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	43,4	40,4	42,0	-7%	4%	-3%	-3,0	+1,6	-1,4
04215 – Fiskistofa	78,8	75,9	74,4	-4%	-2%	-6%	-2,9	-1,6	-4,4
04217 – Verðlagsstofa skiptaverðs	2,5	2,4	0,5	-4%	-79%	-80%	-0,1	-1,9	-2,0
04234 – Matvælastofnun	95,6	90,9	93,0	-5%	2%	-3%	-4,7	+2,1	-2,6
04331 – Héraðs- og Austurlandsskógar	3,8	4,2	3,8	12%	-10%	0%	+0,4	-0,4	-
04332 – Suðurlandsskógar	6,1	5,5	5,1	-9%	-7%	-15%	-0,6	-0,4	-0,9
04334 – Vesturlandsskógar	3,0	2,0	2,0	-33%	0%	-33%	-1,0	-	-1,0
04335 – Skjólskógar á Vestfjörðum	2,8	2,8	2,8	0%	0%	0%	-	-	-
04336 – Norðurlandsskógar	3,0	3,0	3,5	0%	17%	17%	-	+0,5	+0,5
04401 – Hafrannsóknastofnunin	153,1	152,0	148,7	-1%	-2%	-3%	-1,1	-3,3	-4,4
04405 – Veiðimálastofnun	19,7	19,2	18,4	-2%	-4%	-7%	-0,5	-0,8	-1,3
04421 – Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	2,5	2,5	2,0	0%	-20%	-20%	-	-0,5	-0,5
04423 – Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	8,5	8,0	8,0	-6%	0%	-6%	-0,5	-	-0,5
04487 – Hagþjónusta landbúnaðarins	2,9	2,9	2,9	0%	0%	0%	-	-	-

Ráðuneyti og stofnun Fjöldi stöðugilda í dagvinnu (október ár hvert).	Fjöldi stöðugilda í dagvinnu 2008	2009	2010	Hlutfallsleg breyting milli ára (%) 2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið	Fækkun/fjölgun stöðugilda milli ára 2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti samtals	**425,7**	**411,7**	**407,1**	**-3%**	**-1%**	**-4%**	**-13,9**	**-4,7**	**-18,6**
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti									
06101 – Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa	39,7	38,0	39,3	-4%	3%	-1%	-1,7	+1,3	-0,4
06210 – Héraðsdómstólar	86,0	83,7	95,9	-3%	15%	11%	-2,4	+12,2	+9,8
06251 – Persónuvernd	8,1	5,3	6,6	-35%	24%	-19%	-2,8	+1,3	-1,6
06301 – Ríkissaksóknari	12,7	11,9	12,3	-7%	3%	-4%	-0,8	+0,4	-0,5
06303 – Ríkislögreglustjóri	124,6	119,9	114,5	-4%	-5%	-8%	-4,7	-5,4	-10,1
06305 – Lögregluskóli ríkisins*	43,7	47,8	10,3	9%	-78%	-76%	+4,1	-37,5	-33,4
06309 – Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008		12,9	49,1		282%			+36,2	
06310 – Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	389,6	371,5	375,7	-5%	1%	-4%	-18,2	+4,2	-14,0
06312 – Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	220,5	96,5	90,8	-56%	-6%	-59%	-124,0	-5,7	-129,7
06395 – Landhelgisgæsla Íslands	161,9	142,5	153,8	-12%	8%	-5%	-19,4	+11,3	-8,1
06398 – Útlendingastofnun	25,2	18,9	19,9	-25%	5%	-21%	-6,2	+0,9	-5,3
06411 – Sýslumaðurinn í Reykjavík	51,9	49,0	45,4	-6%	-7%	-13%	-3,0	-3,5	-6,5
06412 – Sýslumaðurinn á Akranesi	21,5	19,8	20,2	-8%	2%	-6%	-1,6	+0,4	-1,3
06413 – Sýslumaðurinn í Borgarnesi	17,9	18,6	16,2	4%	-13%	-9%	+0,8	-2,4	-1,6
06414 – Sýslumaður Snæfellinga	19,0	18,7	18,6	-2%	0%	-2%	-0,3	-0,1	-0,4
06415 – Sýslumaðurinn í Búðardal	3,3	3,3	2,8	0%	-15%	-15%	-	-0,5	-0,5
06416 – Sýslumaðurinn á Patreksfirði	6,5	5,0	4,0	-23%	-20%	-38%	-1,5	-1,0	-2,5
06417 – Sýslumaðurinn í Bolungarvík	3,6	5,4	4,9	50%	-10%	35%	+1,8	-0,5	+1,3
06418 – Sýslumaðurinn á Ísafirði	37,9	38,1	31,0	0%	-19%	-18%	+0,2	-7,1	-7,0
06419 – Sýslumaðurinn á Hólmavík	3,5	3,5	3,5	0%	0%	0%	-	-	-
06420 – Sýslumaðurinn á Blönduósi	24,8	26,6	26,1	7%	-2%	5%	+1,8	-0,5	+1,3
06421 – Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	18,0	17,0	16,0	-6%	-6%	-11%	-1,0	-1,0	-2,0
06422 – Sýslumaðurinn á Siglufirði	6,9	6,0	6,0	-12%	0%	-12%	-0,9	-	-0,9
06424 – Sýslumaðurinn á Akureyri	64,6	57,9	53,8	-10%	-7%	-17%	-6,7	-4,1	-10,7
06425 – Sýslumaðurinn á Húsavík	17,0	17,0	16,2	0%	-5%	-5%	-	-0,8	-0,8
06426 – Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	21,2	20,8	17,4	-2%	-16%	-18%	-0,3	-3,4	-3,8
06428 – Sýslumaðurinn á Eskifirði	28,0	22,1	21,1	-21%	-4%	-25%	-5,9	-0,9	-6,9
06429 – Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	5,5	5,5	4,5	0%	-18%	-18%	-	-1,0	-1,0
06430 – Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	4,8	5,5	6,0	15%	9%	25%	+0,7	+0,5	+1,2
06431 – Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	18,0	15,5	16,5	-14%	6%	-8%	-2,5	+1,0	-1,5
06432 – Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	21,9	18,6	19,2	-15%	3%	-12%	-3,4	+0,6	-2,7
06433 – Sýslumaðurinn á Selfossi	49,8	46,5	43,3	-6%	-7%	-13%	-3,2	-3,2	-6,5
06434 – Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	23,2	24,7	20,8	6%	-16%	-10%	+1,5	-3,8	-2,4
06436 – Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	27,9	27,9	26,3	0%	-6%	-6%	+0,1	-1,6	-1,5

Ráðuneyti og stofnun Fjöldi stöðugilda í dagvinnu (október ár hvert).	Fjöldi stöðugilda í dagvinnu 2008	2009	2010	Hlutfallsleg breyting milli ára (%) 2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið	Fækkun/fjölgun stöðugilda milli ára 2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið
06437 – Sýslumaðurinn í Kópavogi	25,8	28,0	24,8	9%	-11%	-4%	+2,2	-3,2	-1,0
06501 – Fangelsismálastofnun ríkisins	123,1	112,9	117,8	-8%	4%	-4%	-10,2	+4,9	-5,3
06603 – Þjóðskrá Íslands*	**93,3**	**82,0**	**87,6**	**-12%**	**7%**	**-6%**	**-11,3**	**+5,7**	**-5,6**
06106 – Þjóðskrá	*35,6*	*31,5*							
09402 – Fasteignamat ríkisins	*57,7*	*50,4*							
06701 – Þjóðkirkjan	165,0	165,6	160,6	0%	-3%	-3%	+0,6	-5,0	-4,4
06801 – Neytendastofa	22,6	17,5	17,5	-22%	0%	-22%	-5,1	-	-5,0
06805 – Talsmaður neytenda	1,0	1,0	1,0	0%	0%	0%	-	-	-
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti samtals	**2.039,2**	**1.828,8**	**1.817,1**	**-10%**	**-1%**	**-11%**	**-210,4**	**-11,6**	**-222,1**
Félags- og tryggingamálaráðuneyti									
07101 – Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	39,4	38,6	42,2	-2%	9%	7%	-0,7	+3,5	+2,8
07302 – Ríkissáttasemjari	4,8	2,0	2,0	-59%	0%	-59%	-2,8	-	-2,8
07313 – Jafnréttisstofa	6,8	7,5	6,3	10%	-16%	-7%	+0,7	-1,2	-0,5
07331 – Vinnueftirlit ríkisins	70,8	68,8	64,1	-3%	-7%	-9%	-2,0	-4,7	-6,7
07341 – Umboðsmaður skuldara*	9,5	25,6	43,3	170%	69%	357%	+16,1	+17,7	+33,8
07400 – Barnaverndarstofa	41,2	44,7	67,5	8%	51%	64%	+3,5	+22,8	+26,3
07701 – Málefni fatlaðra, Reykjavík	421,8	404,5	351,8	-4%	-13%	-17%	-17,3	-52,6	-70,0
07702 – Málefni fatlaðra, Reykjanesi	305,5	304,4	306,3	0%	1%	0%	-1,1	+1,9	+0,8
07703 – Málefni fatlaðra, Vesturlandi	56,8	55,3	59,3	-3%	7%	4%	-1,5	+3,9	+2,5
07704 – Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	36,2	37,1	36,8	2%	-1%	2%	+0,9	-0,3	+0,6
07707 – Málefni fatlaðra, Austurlandi	42,8	39,4	44,5	-8%	13%	4%	-3,4	+5,1	+1,7
07708 – Málefni fatlaðra, Suðurlandi	67,0	65,5	66,7	-2%	2%	0%	-1,5	+1,2	-0,3
07750 – Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	51,8	52,0	49,3	0%	-5%	-5%	+0,2	-2,7	-2,5
07755 – Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta*	**12,0**	**26,2**	**24,8**	**(118%)**	**-5%**	**(107%)**	**(+14,2)**	**-1,4**	**(+12,8)**
08326 – Sjónstöð Íslands	*12,0*								
07821 – Tryggingastofnun ríkisins	123,5	106,9	106,6	-13%	0%	-14%	-16,6	-0,2	-16,8
07980 – Vinnumálastofnun	106,1	126,2	147,5	19%	17%	39%	+20,1	+21,2	+41,3
47201 – Íbúðalánasjóður	63,5	63,5	69,5	0%	10%	10%	-	+6,0	+6,0
Félags- og tryggingamálaráðuneyti samtals	**1.459,5**	**1.468,1**	**1.488,4**	**1%**	**1%**	**2%**	**+8,7**	**+20,3**	**+29,0**
Heilbrigðisráðuneyti									
08101 – Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	58,4	52,3	55,8	-10%	7%	-4%	-6,1	+3,5	-2,6
08202 – Sjúkratryggingar Íslands	83,6	90,9	99,1	9%	9%	19%	+7,3	+8,2	+15,5
08301 – Landlæknir	31,5	30,4	31,4	-3%	3%	0%	-1,0	+1,0	-0,0
08305 – Lýðheilsustöð	23,3	19,6	23,5	-16%	20%	1%	-3,6	+3,8	+0,2
08324 – Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	19,0	17,5	16,2	-8%	-7%	-15%	-1,5	-1,3	-2,8
08327 – Geislavarnir ríkisins	8,7	9,0	9,0	3%	1%	3%	+0,2	+0,1	+0,3
08358 – Sjúkrahúsið á Akureyri	484,5	445,2	440,2	-8%	-1%	-9%	-39,3	-5,0	-44,3
08373 – Landspítali*	3.916,3	3.834,9	3.608,4	-2%	-6%	-8%	-81,4	-226,5	-307,9
08397 – Lyfjastofnun	37,3	41,6	41,8	11%	0%	12%	+4,3	+0,1	+4,4
08506 – Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	573,4	468,5	452,0	-18%	-4%	-21%	-104,9	-16,5	-121,4

Ráðuneyti og stofnun Fjöldi stöðugilda í dagvinnu (október ár hvert).	Fjöldi stöðugilda í dagvinnu 2008	2009	2010	Hlutfallsleg breyting milli ára (%) 2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið	Fækkun/fjölgun stöðugilda milli ára 2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið
08716 – Heilbrigðisstofnun Vesturlands*	**307,2**	**289,0**	**282,9**	**-6%**	**-2%**	**-8%**	**-18,3**	**-6,1**	**-24,3**
08522 – Heilsugæslustöðin Borgarnesi	*14,3*	*12,7*							
08524 – Heilsugæslustöðin Ólafsvík	*7,2*	*6,5*							
08525 – Heilsugæslustöðin Grundarfirði	*7,2*	*5,2*							
08526 – Heilsugæslustöðin Búðardal	*5,1*	*5,8*							
08711 – Heilbrigðisstofnunin Akranesi	*169,0*	*159,9*							
08715 – St. Franciskusspítali, Stykkishólmi	*45,2*	*45,2*							
08735 – Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	*19,1*	*19,8*							
08741 – Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	*40,2*	*34,0*							
08552 – Heilsugæslustöðin Dalvík	10,3	6,8	9,6	-34%	42%	-6%	-3,5	+2,8	-0,6
08721 – Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	29,9	29,3	27,0	-2%	-8%	-9%	-0,6	-2,2	-2,8
08726 – Heilbrigðisstofnun Vestfjarða*	**121,2**	**123,1**	**122,4**	**2%**	**-1%**	**1%**	**+1,9**	**-0,7**	**+1,2**
08725 – Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	*100,2*								
08731 – Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	*20,9*								
08745 – Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	57,0	53,9	50,1	-5%	-7%	-12%	-3,1	-3,7	-6,9
08751 – Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	111,5	106,8	98,1	-4%	-8%	-12%	-4,6	-8,8	-13,4
08756 – Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð*	**50,7**	**47,9**	**53,5**	**-6%**	**12%**	**5%**	**-2,9**	**+5,6**	**+2,8**
08755 – Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	*50,7*	*47,9*							
08761 – Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	102,2	99,6	100,8	-3%	1%	-1%	-2,6	+1,2	-1,5
08777 – Heilbrigðisstofnun Austurlands	256,2	248,2	243,7	-3%	-2%	-5%	-8,0	-4,5	-12,5
08781 – Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	77,2	68,4	70,2	-11%	3%	-9%	-8,8	+1,9	-6,9
08787 – Heilbrigðisstofnun Suðurlands	241,4	236,1	224,0	-2%	-5%	-7%	-5,3	-12,1	-17,4
08791 – Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	212,1	211,3	202,2	0%	-4%	-5%	-0,8	-9,1	-9,9
08795 – St. Jósefsspítali, Sólvangur	175,6	173,2	173,2	-1%	0%	-1%	-2,4	+0,1	-2,4
Heilbrigðisráðuneyti samtals	**6.943,2**	**6.703,3**	**6.435,1**	**-3%**	**-4%**	**-7%**	**-239,9**	**-268,2**	**-508,2**
Fjármálaráðuneyti									
09101 – Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	76,7	80,0	73,3	4%	-8%	-4%	+3,3	-6,7	-3,4
09103 – Fjársýsla ríkisins	68,9	67,4	64,9	-2%	-4%	-6%	-1,5	-2,6	-4,1
09210 – Ríkisskattstjóri*	**272,7**	**257,8**	**253,9**	**-5%**	**-2%**	**-7%**	**-14,9**	**-3,9**	**-18,8**
09201 – Ríkisskattstjóri	*89,4*	*88,3*		*-1%*			*-1,1*		
09202 – Skattstofan í Reykjavík	*63,6*	*55,8*		*-12%*			*-7,8*		
09203 – Skattstofa Vesturlands	*13,0*	*11,3*		*-13%*			*-1,8*		
09204 – Skattstofa Vestfjarða	*7,0*	*6,0*		*-14%*			*-1,0*		
09205 – Skattstofa Norðurlands vestra	*6,5*	*6,5*		*0%*			-		
09206 – Skattstofa Norðurlands eystra	*21,4*	*20,4*		*-5%*			*-1,0*		

Ráðuneyti og stofnun Fjöldi stöðugilda í dagvinnu (október ár hvert).	Fjöldi stöðugilda í dagvinnu 2008	2009	2010	Hlutfallsleg breyting milli ára (%) 2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið	Fækkun/fjölgun stöðugilda milli ára 2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið
09207 – Skattstofa Austurlands	*10,0*	*9,0*		*-10%*			*-1,0*		
09208 – Skattstofa Suðurlands	*13,7*	*14,0*		*2%*			*+0,3*		
09209 – Skattstofa Vestmannaeyja	*3,8*	*3,8*		*0%*			-		
09211 – Skattstofa Reykjaness	*44,4*	*42,7*		*-4%*			*-1,6*		
09214 – Yfirskattanefnd	9,2	9,5	10,5	3%	10%	14%	+0,3	+1,0	+1,3
09215 – Skattrannsóknarstjóri ríkisins	21,2	21,3	27,5	1%	29%	30%	+0,1	+6,2	+6,3
09262 – Tollstjórinn*	170,2	214,2	202,9	26%	-5%	19%	+44,0	-11,3	+32,7
09901 – Framkvæmdasýsla ríkisins	22,4	23,6	21,8	5%	-8%	-3%	+1,2	-1,8	-0,6
09905 – Ríkiskaup	21,2	21,0	19,8	-1%	-6%	-7%	-0,2	-1,2	-1,4
09977 – Bankasýsla ríkisins			4,0						
09984 – Fasteignir ríkissjóðs	9,9	10,0	10,9	1%	9%	10%	+0,1	+0,9	+1,0
29101 – ÁTVR	244,6	228,8	212,8	-6%	-7%	-13%	-15,8	-16,0	-31,8
Fjármálaráðuneyti samtals	**917,1**	**933,6**	**902,3**	**2%**	**-3%**	**-2%**	**+16,5**	**-31,3**	**-14,8**
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti									
10101 – Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	34,7	34,5	33,8	0%	-2%	-3%	-0,2	-0,7	-0,9
10211 – Rekstur Vegagerðarinnar	314,5	312,1	307,6	-1%	-1%	-2%	-2,4	-4,5	-6,9
10251 – Umferðarstofa	55,4	52,7	47,9	-5%	-9%	-13%	-2,7	-4,8	-7,4
10281 – Rannsóknanefnd umferðarslysa	2,4	2,4	2,4	0%	0%	0%	-	-	-
10335 – Siglingastofnun Íslands	79,9	76,6	69,9	-4%	-9%	-12%	-3,3	-6,7	-10,0
10381 – Rannsóknanefnd sjóslysa	2,0	2,0	2,0	0%	0%	0%	-	-	-
10471 – Flugmálastjórn Íslands	31,8	30,8	32,1	-3%	4%	1%	-1,0	+1,3	+0,4
10475 – Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta*	223,7								
10481 – Rannsóknanefnd flugslysa	2,4	2,4	3,5	0%	47%	47%	-	+1,1	+1,1
10512 – Póst- og fjarskiptastofnunin	24,0	22,7	22,0	-5%	-3%	-8%	-1,3	-0,7	-2,0
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti samtals	**770,7**	**536,2**	**521,3**	**-30%**	**-3%**	**-32%**	**-234,5**	**-14,9**	**-249,4**
Iðnaðarráðuneyti									
11101 – Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	20,7	20,4	18,9	-2%	-7%	-9%	-0,3	-1,5	-1,9
11205 – Nýsköpunarmiðstöð Íslands	87,4	93,2	90,4	7%	-3%	3%	+5,8	-2,8	+3,0
11301 – Orkustofnun (án vatnamælingsviðs árið 2008)	35,2	34,5	34,9	-2%	1%	-1%	-0,7	+0,4	-0,3
11501 – Ferðamálastofa	13,3	14,8	13,9	11%	-6%	5%	+1,5	-0,9	+0,7
31301 – Íslenskar orkurannsóknir	84,8	78,7	76,4	-7%	-3%	-10%	-6,1	-2,3	-8,4
Iðnaðarráðuneyti samtals	**241,4**	**241,6**	**234,6**	**0%**	**-3%**	**-3%**	**+0,2**	**-7,0**	**-6,8**
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti									
12101 – Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	19,8	21,2	21,1	7%	0%	7%	+1,4	-0,0	+1,4
12402 – Fjármálaeftirlitið	73,4	71,6	87,6	-2%	22%	19%	-1,8	+16,0	+14,2
12411 – Samkeppniseftirlitið	22,5	19,4	23,0	-14%	19%	2%	-3,1	+3,6	+0,5
12431 – Einkaleyfastofan	27,4	25,3	22,1	-7%	-13%	-19%	-2,1	-3,3	-5,3
12501 – Hagstofa Íslands	83,9	81,1	77,9	-3%	-4%	-7%	-2,9	-3,2	-6,0
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti samtals	**227,0**	**218,5**	**231,7**	**-4%**	**6%**	**2%**	**-8,5**	**+13,2**	**+4,7**
Umhverfisráðuneyti									
14101 – Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	35,9	34,8	35,7	-3%	3%	-1%	-1,1	+0,9	-0,2

Ráðuneyti og stofnun Fjöldi stöðugilda í dagvinnu (október ár hvert).	Fjöldi stöðugilda í dagvinnu 2008	2009	2010	Hlutfallsleg breyting milli ára (%) 2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið	Fækkun/fjölgun stöðugilda milli ára 2008–2009	2009–2010	Allt tímabilið
14202 – Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	1,5	2,5	4,5	70%	77%	200%	+1,0	+2,0	+3,0
14211 – Umhverfisstofnun	59,9	71,5	72,0	19%	1%	20%	+11,6	+0,5	+12,1
14212 – Vatnajökulsþjóðgarður	8,6	9,8	11,6	15%	18%	35%	+1,3	+1,8	+3,0
14231 – Landgræðsla ríkisins	57,2	53,5	58,6	-6%	9%	3%	-3,6	+5,1	+1,5
14241 – Skógrækt ríkisins	48,7	52,4	60,5	8%	15%	24%	+3,7	+8,1	+11,7
14287 – Úrvinnslusjóður	5,0	4,8	5,0	-4%	4%	0%	-0,2	+0,2	-
14301 – Skipulagsstofnun	20,6	20,4	18,6	-1%	-9%	-10%	-0,2	-1,8	-2,0
14310 – Landmælingar Íslands	25,4	24,6	25,6	-3%	4%	1%	-0,8	+1,0	+0,2
14321 – Brunamálastofnun ríkisins	11,0	16,7	15,1	52%	-9%	38%	+5,7	-1,6	+4,1
14401 – Náttúrufræðistofnun Íslands	44,6	41,8	44,1	-6%	6%	-1%	-2,8	+2,3	-0,5
14407 – Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	3,5	4,4	5,2	28%	17%	49%	+1,0	+0,8	+1,7
14412 – Veðurstofa Íslands	**137,1**	**139,6**	**141,2**	**2%**	**1%**	**3%**	**+2,5**	**+1,6**	**+4,1**
14410 – Veðurstofa Íslands	*111,8*								
11301 – Orkustofnun, vatnamælingasvið	*25,3*								
Umhverfisráðuneyti samtals	**596,0**	**476,9**	**497,7**	**-20%**	**4%**	**-16%**	**-119,1**	**+20,8**	**-98,3**
Samtals	**18.394,3**	**17.583,4**	**17.238,7**	**-4,4%**	**-2,0%**	**-6,3%**	**-811,0**	**-344,7**	**-1.155,7**

Eftirfarandi skipulagsbreytingar urðu á tímabilinu:

- Árið 2009 fluttust verkefni flugvalla og flugleiðsöguþjónustu til Flugstoða ohf.
- Árið 2009 sameinaðist starfsemi Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar í nýrri stofnun.
- Árið 2009 sameinuðust Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands.
- Árið 2009 tók Heilbrigðisstofnun Vestfjarða til starfa með sameiningu heilbrigðisstofnana í Ísafjarðarbæ og Bolungarvík.
- Árið 2009 tók Landspítali við rekstri réttargeðdeildarinnar að Sogni.
- Árið 2009 tók Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta til starfa, með sameiningu Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra (Sjónstöðvar Íslands) og hluta starfsmanna Blindrabókasafns.
- Árið 2009 tóku gildi lög um breytingu á tollalögum og landið varð eitt tollaumdæmi. Við breytinguna tók embætti tollstjórans í Reykjavík við öllum tollvörðum sem voru starfandi hjá öðrum tollembættum í landinu.
- Árið 2010 sameinaðist landið í eitt skattumdæmi en í því fólst sameining embættis ríkisskattstjóra og níu sjálfstæðra skattstofa undir stjórn ríkisskattstjóra.
- Árið 2010 sameinuðust Fasteignaskrá Íslands og Þjóðskrá í nýja stofnun, Þjóðskrá Íslands.
- Árið 2010 tók embætti umboðsmanns skuldara til starfa. Embættið er byggt á grunni Ráðgjafastofu um fjármála heimilanna, sem var ekki ríkisstofnun. Þrátt fyrir það eru starfsmenn hennar eru sýndir sem starfsmenn umboðsmanns árin 2008 og 2009 í yfirlitinu.
- Árið 2010 tók Heilbrigðisstofnun Vesturlands til starfa með sameiningu sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi, heilbrigðisstofnana Hólmavík, Hvammstanga og St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi og heilsugæslustöðvanna Borgarnesi, Búðardal, Grundarfirði, Ólafsvík og Stykkishólmi.

– Árið 2010 tók Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð til starfa með sameiningu heilbrigðisstofnunar á Siglufirði og heilsugæslu Ólafsfjarðar.
– Breyting á fjölda stöðugilda innan Lögregluskóla ríkisins milli 2009 og 2010 er vegna fækkunar lögreglunema.

412. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2010.

Frá Oddnýju G. Harðardóttur.

Við 3. gr. Í stað orðanna „allt að 370.000 m.kr.“ í 1. tölul. komi: allt að 403.000 m.kr.

413. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hóf störf 8. október sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana. Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 33 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila, m.a. fulltrúa ráðuneyta og Ríkisendurskoðunar.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Nefndin óskaði bréflega eftir álitum fastanefnda þingsins um þá þætti frumvarpsins sem varða málefnasvið hverrar um sig. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu nema samtals 13.299,3 millj. kr. til lækkunar á sundurliðun 2, þ.e. fjármálum ríkisaðila í A-hluta.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 466,4 milljarðar kr. sem er 11 milljarða kr. lækkun frá frumvarpinu. Heildarjöfnuður verður neikvæður sem nemur 34,1 milljarði kr. sem er 2,3 milljarða kr. minni halli en í frumvarpi.

Nokkur mál bíða 3. umræðu en þau eru C-hluti, þ.e. 4. gr., og 5. gr. Auk þess bíða nokkur mál í A-hluta 3. umræðu. Má þar nefnda málefni er varða Sjúkrahús Vestmannaeyja, Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands og Isavia.

Hér á eftir fara skýringar á breytingartillögum meiri hlutans við sundurliðun 2.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

00-201 Alþingi **42,0**
1.01 Alþingiskostnaður
Utan ramma/Ný verkefni
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um að hagræðingarkrafa á Alþingi verði lækkuð um 71 m.kr. og verði þannig 60,5 m.kr. í stað 131,5 m.kr. Framlag færist á nokkra liði, ýmist til hækkunar eða lækkunar, en framlag til alþingiskostnaðar hækkar um 42 m.kr.

00-201 Alþingi **-3,0**
1.03 Fastanefndir
Utan ramma/Ný verkefni
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um að hagræðingarkrafa á Alþingi verði lækkuð um 71 m.kr. og verði þannig 60,5 m.kr. í stað 131,5 m.kr. Framlag færist á nokkra liði, ýmist til hækkunar eða lækkunar, en framlag til fastanefnda lækkar um 3 m.kr.

00-201 Alþingi **17,0**
1.04 Alþjóðasamstarf
Utan ramma/Ný verkefni
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um að hagræðingarkrafa á Alþingi verði lækkuð um 71 m.kr. og verði þannig 60,5 m.kr. í stað 131,5 m.kr. Framlag færist á nokkra liði, ýmist til hækkunar eða lækkunar, en framlag til fastanefnda hækkar um 17 m.kr.

00-201 Alþingi **20,0**
1.06 Almennur rekstur
Utan ramma/Ný verkefni
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um að hagræðingarkrafa á Alþingi verði lækkuð um 71 m.kr. og verði þannig 60,5 m.kr. í stað 131,5 m.kr. Framlag færist á nokkra liði, ýmist til hækkunar eða lækkunar, en framlag til almenns reksturs hækkar um 20 m.kr.

00-201 Alþingi **-9,0**
1.07 Sérverkefni
Utan ramma/Ný verkefni
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um að hagræðingarkrafa á Alþingi verði lækkuð um 71 m.kr. og verði þannig 60,5 m.kr. í stað 131,5 m.kr. Framlag færist á nokkra liði, ýmist til hækkunar eða lækkunar, en framlag til sérverkefna lækkar um 9 m.kr.

00-201 Alþingi **40,0**
1.07 Sérverkefni
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 40 m.kr. tímabundið framlag til hlutlausrar upplýsingaveitu um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu sem starfa mun í samræmi við reglur sem forsætisnefnd þingsins setur samkvæmt tillögum utanríkismálanefndar. Af þessari fjárhæð eru 20 m.kr. millifærðar af fjárheimild sem ætluð er til varnarmála á nýjum lið hjá utanríkisráðuneytinu, 03-213-1.01.

00-201 Alþingi **3,1**
1.07 Sérverkefni
Utan ramma/Ný verkefni
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 3,1 m.kr. tímabundið framlag til nefndar um eflingu græns hagkerfis. Í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 10. júní sl. var skipuð nefnd níu fulltrúa þingflokka sem hefur það verkefni að kortleggja sóknarfæri íslensks atvinnulífs á sviði grænnar atvinnusköpunar. Gert er ráð fyrir að hún skili niðurstöðum fyrir 1. mars 2011.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

00-290 Stjórnlagaþing **36,5**

1.01 Stjórnlagaþing
Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 36,5 m.kr. hækkun á tímabundnu framlagi til reksturs stjórnlagaþings. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 200 m.kr. framlagi sem byggist á gróflegu mati fjármálaráðuneytisins frá því í sumar og í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gert sé ráð fyrir að undirbúningsnefnd stjórnlagaþings vinni nákvæmari kostnaðaráætlun. Samkvæmt áætlun nefndarinnar er gert ráð fyrir að kostnaður við stofnun og rekstur stjórnlagaþings, sem stæði í tvo mánuði, verði 260 m.kr. Af þeirri fjárhæð er áætlað að 23,5 m.kr. falli til á árinu 2010 og er sú fjárhæð meðtalin í 115,2 m.kr. framlagi vegna þjóðfundar og undirbúnings fyrir stjórnlagaþing sem sótt er um í frumvarpi til fjáraukalaga 2010. Því vantar 36,5 m.kr. til að nægilegir fjármunir verði til reksturs þingsins á árinu 2011 miðað við kostnaðaráætlun undirbúningsnefndarinnar.

00-295 Saksóknari Alþingis **24,4**

1.01 Saksóknari Alþingis
Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 24,4 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við störf saksóknara Alþingis og málsreksturs fyrir landsdómi. Tillagan byggist á áætlun saksóknara Alþingis og í henni felast launagjöld fyrir fjóra starfsmenn, sérfræðiþjónusta, húsaleiga, svo og annar rekstrarkostnaður og nær áætlunin til miðs árs 2011.

00-401 Hæstiréttur **40,0**

1.01 Hæstiréttur
Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 40 m.kr. fjárveitingu til að standa undir launum þriggja dómara til viðbótar í Hæstarétti. Í frumvarpi um breytingu á lögum um dómstóla er lagt til að hæstaréttardómarar verði 12 frá 1. janúar 2011 en að ekki skuli skipað í embætti hæstaréttardómara, sem losna eftir 1. janúar 2013, fyrr en þess gerist þörf til að ná fyrri fjölda. Þótt hér sé í raun um tímabundið framlag að ræða er erfitt að meta hvenær dregur úr þörf fyrir þessa fjárveitingu því allmörg ár getur tekið að fækka dómurum aftur í samræmi við ákvæði frumvarpsins eftir 1. janúar 2013 með því einu að ráða ekki í stöður sem losna.

00-620 Ríkisendurskoðun **5,0**

1.01 Ríkisendurskoðun
Utan ramma/Ný verkefni
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi Ríkisendurskoðunar.

Samtals æðsta stjórn ríkisins 216,0

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa **10,0**

1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna tilflutnings verkefna. Ákveðið hefur verið að Þjóðskrá Íslands taki yfir rekstrarverkefni sem til þessa hefur verið sinnt undir merkjum upplýsinga- og þjónustuveitunnar island.is, að frátöldum þeim verkefnum sem tengjast starfssviði forsætisráðuneytis með beinum hætti og flutt verða undir aðalskrifstofu ráðuneytisins. Þar er m.a. um að ræða verkefni sem snerta endurreisn íslensks efnahagslífs, sóknaráætlun 20/20 og vef um Jón Sigurðsson. Einnig verkefni sem snúa að úrvinnslu upplýsinga, efnisskrifum og svörum fyrirspurna fyrir ráðuneytið.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta **-40,0**

1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera

Niðurfellt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 40 m.kr. fjárveiting sem gert er ráð fyrir á þessu viðfangsefni í fjárlagafrumvarpinu falli brott. Á móti verði 30 m.kr. veittar til Þjóðskrár Íslands og 10 m.kr. til aðalskrifstofu ráðuneytisins. Fyrirhugað er að Þjóðskrá Íslands taki yfir rekstrarverkefni sem til þessa hafa verið undir merkjum upplýsinga- og þjónustuveitunnar island.is, önnur en þau sem tengjast starfssviði forsætisráðuneytis með beinum hætti.

Samtals forsætisráðuneyti -30,0

02-201 Háskóli Íslands **140,0**

1.01 Háskóli Íslands

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að dregið verði úr aðhaldskröfu sem nemur 140 m.kr. Tillagan er gerð í tilefni af endurskoðun á útgjaldasvigrúmi ríkissjóðs. Fjárhæðin svarar til greiðslu fyrir kennslu 200 ársnema, 100 í reikniflokki 5, raunvísindum, og 100 í reikniflokki 1, félags- og hugvísindum. Nemendur við Háskóla Íslands eru umtalsvert fleiri en gert er ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Ljóst er að skólinn á erfitt með að mæta aðhaldsmarkmiðum ársins 2011 á sama tíma og nemendum fjölgar við skólann.

02-201 Háskóli Íslands **1,0**

1.01 Háskóli Íslands

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Lagt er til að Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands verði veitt 1 m.kr. tímabundið framlag til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu.

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum **1,7**

1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 1,7 m.kr. tímabundið framlag til Guðbrandsstofnunar að Hólum í Hjaltadal.

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora **-5,7**

1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 5,7 m.kr. millifærsla á framlagi til leiðréttingar á fjárveitingu til launatengdra gjalda. Fjárveiting á fjárlagaviðfangi 02-234-1.12 Launatengd gjöld er orðin hlutfallslega of lág, þ.e. ekki nema 18,3% af fjárveitingu á 02-234-1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora. Skekkjan skýrist af því að við verðlagsuppfærslu fjárlaga 2010 voru launabætur vegna hækkunar á tryggingagjaldi að mestu leyti bókaðar á 02-234-1.11 Ritlaunasjóð prófessora, í stað þess að vera allar færðar á 02-234-1.11 Launatengd gjöld. Ef rétt hefði verið að þessu staðið næmu launatengd gjöld tæpum 22% af fjárveitingunni í sjóðinn.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora **5,7**

1.12 Launatengd gjöld

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 5,7 m.kr. millifærsla á framlagi til leiðréttingar á fjarveitingu til launatengdra gjalda. Fjárveiting á fjárlagaviðfangi 02-234-1.12 Launatengd gjöld er orðin hlutfallslega of lág, þ.e. ekki nema 18,3% af fjárveitingu á 02-234-1.11 Ritlauna- og rannsóknarsjóður prófessora. Skekkjan skýrist af því að við verðlagsuppfærslu fjárlaga 2010 voru launabætur vegna hækkunar á tryggingagjaldi að mestu leyti bókaðar á 02-234-1.11 Ritlaunasjóð prófessora, í stað þess að vera allar færðar á 02-234-1.11 Launatengd gjöld. Ef rétt hefði verið að þessu staðið næmu launatengd gjöld tæpum 22% af fjárveitingunni í sjóðinn.

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi **30,0**

1.15 Nýsköpunarsjóður

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. tímabundið framlag til að efla sjóðinn en þannig má tryggja fleiri háskólanemum styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna sem líkleg þykja til að stuðla að nýsköpun og auknum tengslum háskóla, stofnana og fyrirtækja.

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi **9,0**

1.32 Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 9 m.kr. tímabundið framlag til reksturs sjávarrannsóknamiðstöðvarinnar í Vestmannaeyjum.

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi **12,0**

1.34 Háskólasetur Vestfjarða

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 12 m.kr. framlag til að draga úr aðhaldskröfu á Háskólasetur Vestfjarða. Tillagan er gerð í tilefni af endurskoðun á útgjaldasvigrúmi ríkissjóðs. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 var gert ráð fyrir samtals 24,3 m.kr. lækkun á framlagi ríkisins til háskólasetursins. Þar af er gert ráð fyrir 5,1 m.kr. lækkun á fjárlagaviðfangi undir mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna almennrar hagræðingarkröfu og 19,2 m.kr. lækkun á fjárlagalið iðnaðarráðuneytis vegna niðurfellingar á framlagi. Iðnaðarráðuneytið ákvað að framlengja ekki samning við Háskólasetur Vestfjarða sem rennur út um næstu áramót. Samningurinn gerði ráð fyrir 19,2 m.kr. árlegu framlagi.

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi **1,0**

1.73 Reykjavíkurakademían

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að dregið verði úr aðhaldskröfu á sem nemur 1 m.kr. Tillagan er gerð í tilefni af endurskoðun á útgjaldasvigrúmi ríkissjóðs. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 var gert ráð fyrir samtals 3,5 m.kr. lækkun á framlagi ríkisins til Reykjavíkurakademíunnar. Þar af var 1,5 m.kr. lækkun á fjárlagaviðfangi undir mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna almennrar aðhaldskröfu og 2 m.kr. lækkun á fjárlagalið iðnaðarráðuneytis vegna niðurfellingar á framlagi. Iðnaðarráðuneytið ákvað að framlengja ekki samning við Reykjavíkurakademíuna sem rennur út um næstu áramót. Samningurinn gerði ráð fyrir 2 m.kr. árlegu framlagi.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður **-15,0**
6.63 Framhaldsskólinn á Laugum

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til millifærsla á 15 m.kr. af liðnum 02-318-6.63 á liðinn 02-318-6.90 vegna Framhaldsskólans á Laugum. Framkvæmdum við lóð skólans er lokið. Fjárveiting er flutt á safnlið til að mæta útgjöldum við nauðsynlegar endurbætur á öðru skólahúsnæði.

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður **-33,0**
6.72 Menntaskólinn á Tröllaskaga

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til millifærsla á 33 m.kr. af liðnum 02-318-6.72 á liðinn 02-318-6.90 vegna Menntaskólans á Tröllaskaga. Fallið hefur verið frá því að byggja nýtt húsnæði fyrir skólann og húsnæði tekið á leigu í staðinn. Fjárveiting sem ætluð var til framkvæmdanna er flutt á safnlið til að mæta útgjöldum við nauðsynlegar endurbætur á öðru skólahúsnæði.

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður **15,0**
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til millifærsla á 15 m.kr. af liðnum 02-318-6.63 á liðinn 02-318-6.90 vegna Framhaldsskólans á Laugum. Framkvæmdum við lóð skólans er lokið. Fjárveiting er flutt á safnlið til að mæta útgjöldum við nauðsynlegar endurbætur á öðru skólahúsnæði.

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður **33,0**
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til millifærsla á 33 m.kr. af liðnum 02-318-6.72 á liðinn 02-318-6.90 vegna Menntaskólans á Tröllaskaga. Fallið hefur verið frá því að byggja nýtt húsnæði fyrir skólann og húsnæði tekið á leigu í staðinn. Fjárveiting sem ætluð var til framkvæmdanna er flutt á safnlið til að mæta útgjöldum við nauðsynlegar endurbætur á öðru skólahúsnæði.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **8,0**
1.16 Nýjungar í skólastarfi

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 8 m.kr. framlag til að Fiskitækniskóla Íslands verði tryggt eitt stöðugildi. Þetta er í samræmi við ákvörðun sem samþykkt var á ríkisstjórnarfundi í Reykjanesbæ 9. nóvember 2010. Nánari útfærsla verður unnin við gerð samkomulags um verkefnið.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **16,0**
1.16 Nýjungar í skólastarfi

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 16 m.kr. framlag til tveggja ára, m.a. til að tryggja samstarf menntastofnana á Suðurnesjum. Þetta er í samræmi við ákvörðun sem samþykkt var á ríkisstjórnarfundi í Reykjanesbæ 9. nóvember 2010. Rekstrargrundvöllur menntastofnana á Suðurnesjum verði tryggður og samstarf þeirra styrkt með sérstakri fjárveitingu sem svari til greiðslu launa tveggja sérfræðinga í fullu starfi í tvö ár sem fái það verkefni að þróa nýtt og fjölbreyttara námsframboð og efla ráðgjöf og hvatningu til þeirra sem minnsta menntun hafa eða eru án atvinnu. Nánari útfærsla verður unnin við gerð samkomulags um verkefnið.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **204,8**
1.20 Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fallið verði frá aðhaldskröfu sem nemur 204,8 m.kr. Tillagan er gerð í tilefni af endurskoðun á útgjaldasvigrúmi ríkissjóðs.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **0,9**
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. hækkun á framlagi til Myndlistaskólans á Akureyri.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **10,2**
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag hækki um 10,2 m.kr. til samræmis við ákvæði í samningum milli ráðuneytisins og skólans. Á móti lækkar framlag á liðnum 02-319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt, um sömu fjárhæð. Í núgildandi samningi milli ráðuneytisins og skólans er gert ráð fyrir sérstöku framlagi vegna undirbúningsnáms fyrir nám í myndlist á háskólastigi auk framlags vegna náms fyrir almenning í myndlist og hönnun.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **8,0**
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 8 m.kr. hækkun á framlagi til Myndlistarskólans í Reykjavík vegna breytinga á samningi skólans við framhaldsskóla.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **0,3**
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gerð er tillaga um 0,3 m.kr. til hækkunar á framlagi til Myndlistarskólans í Kópavogi.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **0,0**
1.90 Framhaldsskólar, óskipt
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um breytingar á fjárheimildum 23 framhaldsskóla vegna breytinga á húsnæðisframlagi til þeirra sem eru ýmist til hækkunar eða lækkunar en nettóheildarbreytingin er þó engin. Breytingarnar eru gerðar í kjölfar samkomulags við Fasteignir ríkissjóðs um húsaleigu árið 2011og viðmið um fermetrafjölda sem húsaleiga er greidd af. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu þess.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **5,7**
1.90 Framhaldsskólar, óskipt
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til millifærsla á 5,7 m.kr. af liðnum 02-368-1.01 á liðinn 02-319-1.90 vegna leiðréttingar á fjárheimild Menntaskóla Borgarfjarðar. Lækkunin er tilkomin vegna ofgreidds framlags til húsnæðis skólans.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **-10,2**
1.90 Framhaldsskólar, óskipt
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag lækki um 10,2 m.kr. Um er að ræða breyttan forgang í ramma. Á móti hækkar framlag á liðnum 02-319-1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík um sömu fjárhæð til samræmis við ákvæði í samningum milli ráðuneytisins og skólans.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **10,0**

1.90 Framhaldsskólar, óskipt

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til millifærsla á 10 m.kr. af liðnum 02-363-1.01 á liðinn 02-319-1.90 vegna leiðréttingar á fjárheimild til Framhaldsskólans á Laugum. Lækkun fjárheimildar um 10 m.kr. vegna framlags til framhaldsdeildarverkefnis á Þórshöfn var fyrir mistök gerð tvisvar, fyrst árið 2010 og aftur árið 2011. Ráðuneytið hefur hagrætt sérstaklega vegna þessa og gerir því ráð fyrir að nota fjármagnið í annað.

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands **4,2**

1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 4,2 m.kr. framlag vegna aukinnar þarfar fyrir þjónustu námsráðgjafa, kennara og kennslustjóra í kjölfar þess að fangelsið í Bitru var tekið í notkun sl. vor.

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands **2,3**

1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 2,3 m.kr. hækkun á framlagi til starfs náms- og starfsráðgjafa í fangelsum á Íslandi svo að starfshlutfall verði 100% eins og upphaflega var gert ráð fyrir en nú er það 70%.

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum **-10,0**

1.01 Framhaldsskólinn á Laugum

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til millifærsla á 10 m.kr. af liðnum 02-363-1.01 á liðinn 02-319-1.90 vegna leiðréttingar á fjárheimild til Framhaldsskólans á Laugum. Lækkun fjárheimildar um 10 m.kr. vegna framlags til framhaldsdeildarverkefnis á Þórshöfn var fyrir mistök gerð tvisvar, fyrst árið 2010 og aftur árið 2011. Ráðuneytið hefur hagrætt sérstaklega vegna þessa og gerir því ráð fyrir að nota fjármagnið í annað.

02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar **-5,7**

1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til millifærsla á 5,7 m.kr. af liðnum 02-368-1.01 á liðinn 02-319-1.90 vegna leiðréttingar á fjárheimild til Menntaskóla Borgarfjarðar. Lækkunin er tilkomin vegna ofgreidds framlags til húsnæðis skólans.

02-451 Framhaldsfræðsla **28,2**

1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 28,2 m.kr. verði millifærðar af liðnum 02-451-1.12 Fræðslusjóði á liðinn 02-451-1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Annars vegar er um að ræða 10,6 m.kr. hlut FA í 90 m.kr. fjárveitingu sem veitt var í tveimur hlutum á árinu 2010, annars vegar vegna aðildar starfsmanna ríkis og sveitarfélaga að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og hins vegar 17,6 m.kr. vegna umsýsluþóknunar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur umsýslu með Fræðslusjóði.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

02-451 Framhaldsfræðsla **-28,2**
1.12 Fræðslusjóður
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 28,2 m.kr. verði millifærðar af liðnum 02-451-1.12 Fræðslusjóði, á liðinn 02-451-1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Annars vegar er um að ræða 10,6 m.kr. hlut FA í 90 m.kr. fjárveitingu sem veitt var í tveimur hlutum á árinu 2010, annars vegar vegna aðildar starfsmanna ríkis og sveitarfélaga að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og hins vegar 17,6 m.kr. vegna umsýsluþóknunar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur umsýslu með Fræðslusjóði.

02-451 Framhaldsfræðsla **12,0**
1.26 Þekkingarnet Austurlands
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 12 m.kr. framlag til að draga úr aðhaldskröfu. Tillagan er gerð í tilefni af endurskoðun á útgjaldasvigrúmi ríkissjóðs. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 var gert ráð fyrir samtals 21,3 m.kr. lækkun á framlagi ríkisins til starfseminnar. Þar af er gert ráð fyrir 2,1 m.kr. lækkun á fjárlagaviðfangi undir mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna almennrar hagræðingarkröfu og 19,2 m.kr. lækkun á fjárlagalið iðnaðarráðuneytis vegna niðurfellingar á framlagi. Iðnaðarráðuneytið ákvað að framlengja ekki samning við Þekkingarnet Austurlands sem rennur út um áramót. Samningurinn gerði ráð fyrir 19,2 m.kr. árlegu framlagi.

02-720 Grunnskólar, almennt **9,0**
1.31 Sérstök fræðsluverkefni
Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 9 m.kr. tímabundið framlag til tveggja ára til aðgerða gegn einelti í skólum og á vinnustöðum. Tillagan er gerð í tilefni af endurskoðun á útgjaldasvigrúmi ríkissjóðs. Á ríkisstjórnarfundi 25. júní sl. var samþykkt að veita 9 m.kr. af safnlið ríkisstjórnarinnar til aðgerða gegn einelti í skólum og á vinnustöðum. Um er að ræða samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta, mennta- og menningarmálaráðuneytis, félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Í minnisblaði til ríkisstjórnarinnar frá ráðuneytunum kemur fram að tryggja þurfi fjármagn til næstu þriggja ára eða alls 27 m.kr.

02-884 Jöfnun á námskostnaði **45,9**
1.01 Jöfnun á námskostnaði
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 45,9 m.kr. verði millifærðar af fjárlagaliðnum 02-884-1.10 Skólaakstur á liðinn 02-884-1.01 Jöfnun á námskostnaði. Eftir leiðréttinguna endurspegla fjárframlög á viðfangi 02-884-1.01 þá fjárveitingu sem er til skiptanna til dvalar- og aksturs styrkja til samræmis við lög nr. 79/2003, um námsstyrki. Sú fjárveiting sem eftir stendur á viðfangi 02-884-1.10 verður til ráðstöfunar til niðurgreiðslu á skólaakstri á landsbyggðinni.

02-884 Jöfnun á námskostnaði **-45,9**
1.10 Skólaakstur
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 45,9 m.kr. verði millifærðar af fjárlagalið 02-884-1.10 skólaakstur á 02-884-1.01 Jöfnun á námskostnaði. Eftir leiðréttinguna endurspegla fjárframlög á viðfangi 02-884-1.01 þá fjárveitingu sem er til skiptana til dvalar- og aksturs styrkja til samræmis við lög nr. 79/2003, um námsstyrki. Sú fjárveiting sem eftir stendur á viðfangi 02-884-1.110 verður til ráðstöfunar til niðurgreiðslu á skólaakstri á landsbyggðinni.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands **13,5**
1.11 Héraðsskjalasöfn
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gerð er tillaga um 13,5 m.kr. tímabundið framlag sem skiptist á þrjú skjalasöfn: Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og Héraðsskjalasafn Árnesinga. Framlagið er ætlað til að skrá og skanna ljósmyndasöfn sem til staðar eru í umdæmum þessara safna með það að markmiði að gera þann menningararf sem liggur í ljósmyndum aðgengilegan á netinu. Þannig gætu íbúar þeirra landshluta sem söfnin þjóna, sem og aðrir áhugasamir, í framtíðinni nálgast efnið frá heimilum sínum eða vinnustöðum.

02-913 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins **2,5**
1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 2,5 m.kr. af viðhaldslið Gljúfrasteins - Húss Skáldsins 02-913-5.21 á rekstrarlið, 02-913-1.01 og að viðfangið 02-913-5.21 verði fellt niður. Þessi tillaga er lögð fram til að samræma framsetningu framlaga til menningarstofnana.

02-913 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins **-2,5**
5.21 Viðhald
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 2,5 m.kr. af viðhaldslið Gljúfrasteins - Húss skáldsins 02-913 5.21 á rekstrarlið 02-913 1.01 og að viðfangið 02-913 5.21 verði fellt niður. Þessi tillaga er lögð fram til að samræma framsetningu framlag til menningarstofnana.

02-919 Söfn, ýmis framlög **1,5**
1.10 Listasafn ASÍ
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag til Listasafns ASÍ.

02-919 Söfn, ýmis framlög **10,0**
1.16 Lækningaminjasafn Íslands
Samningsbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag til Lækningaminjasafns Íslands. Tillagan er gerð í tilefni af endurskoðun á útgjaldasvigrúmi ríkissjóðs. Samkvæmt samningi sem ráðuneytið gerði á að greiða árlega 9,3 m.kr. miðað við verðlag fjárlaga 2007. Miðað við breytingar á verðlagi er það orðið yfir 12 m.kr. en gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag þar sem gert er ráð fyrir aðhaldskröfu eins og gerð hefur verið til sambærilegra samninga á árunum 2009 og 2010.

02-919 Söfn, ýmis framlög **0,7**
1.17 Leikminjasafn Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 0,7 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs Leikminjasafns Íslands.

02-919 Söfn, ýmis framlög **-2,5**
1.90 Söfn, ýmis framlög
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. lækkun á safnliðnum.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

02-919 Söfn, ýmis framlög **3,6**
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 3,6 m.kr. hækkun á safnliðnum.

02-961 Fjölmiðlanefnd **0,0**
1.01 Fjölmiðlanefnd
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að heiti fjárlagaliðarins breytist og verði Fjölmiðlanefnd í stað Fjölmiðlastofa í samræmi við stjórnarfrumvarp um fjölmiðlalög sem lagt hefur verið fram á haustþinginu.

02-961 Fjölmiðlanefnd **-10,0**
1.01 Fjölmiðlanefnd
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til fjölmiðlanefndar verði lækkað um 10 m.kr. í samræmi við kostnaðarmat frumvarps til fjölmiðlaga sem lagt hefur verið fram á haustþinginu. Þar er m.a. ekki gert ráð fyrir starfsemi allt árið 2011og þess vegna er lögð til lækkun á framlaginu.

02-961 Fjölmiðlanefnd **-1,5**
1.01 Fjölmiðlanefnd
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að tímabundið stofnkostnaðarframlag til fjölmiðlanefndar verði lækkað um 1,5 m.kr. í samræmi við kostnaðarmat frumvarps til fjölmiðlalaga sem lagt hefur verið fram á haustþinginu. Stofnkostnaðarframlag verður því 2 m.kr.

02-971 Ríkisútvarpið **20,0**
1.10 Ríkisútvarpið
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til að styrkja svæðisstöðvar Ríkisútvarpsins.

02-979 Húsafriðunarnefnd **-6,0**
1.01 Húsafriðunarnefnd
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 6 m.kr. af rekstrarlið húsafriðunarnefndar, 02-979-1.01, yfir á lið Húsafriðunarsjóðs, 02-979-6.10, vegna leiðréttingar í samræmi við bókhald.

Í frumvarpi til fjárlaga 2011 var framangreind millifærsla gerð í samráði við stofnunina og Fjársýslu ríkisins en nú hefur komið í ljós að ekki þurfti að gera leiðréttinguna og þess vegna er nú lögð til bakfærsla á henni.

02-979 Húsafriðunarnefnd **2,2**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Faktorshúsið á Djúpavogi.
Gerð er tillaga um 2,2 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,7**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gamla rafstöðvarhúsið á Bíldudal.
Gerð er tillaga um 0,7 m.kr. tímabundið framlag.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,9**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Hafnarstræti 86A, Akureyri.
Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,9**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Hafnarstræti 98, Akureyri.
Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,7**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Kaupfélagshúsið, elsta íbúðarhúsið á Höfn í Hornafirði.
Gerð er tillaga um 1,7 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,7**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Kaupvangur, Vopnafirði.
Gerð er tillaga um 0,7 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,9**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Kirkjuhvoll, Reykjavík.
Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,7**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Ólafsdalur í Dölum.
Gerð er tillaga um 1,7 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,9**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Pakkhúsið á Patreksfirði.
Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,7**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Pakkhúsið í Ólafsvík.
Gerð er tillaga um 0,7 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,7**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Duus-hús í Reykjanesbæ.
Gerð er tillaga um 1,7 m.kr. tímabundið framlag.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,9**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gamli skólinn á Seyðisfirði.
Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Sjóræningjar ehf. á Patreksfirði.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,9**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Vatneyrarbúð á Patreksfirði.
Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,9**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Stafholtskirkja í Borgarfirði.
Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,9**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Þverárkirkja í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu.
Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,7**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Garðahús á Akranesi.
Gerð er tillaga um 0,7 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,7**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Sandahús á Akranesi.
Gerð er tillaga um 0,7 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,3**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Hlíðarhús á Siglufirði.
Gerð er tillaga um 0,3 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,9**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Bryggjuhús á Wathnes-torfunni á Seyðisfirði.
Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. tímabundið framlag.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

02-979 Húsafriðunarnefnd **2,9**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Kvennaskólinn á Blönduósi.
Gerð er tillaga um 2,9 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,9**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Prestsbústaðurinn í Sauðlauksdal.
Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,9**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gamla ríkið og Gamli spítalinn á Seyðisfirði.
Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,7**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Hótel Framtíð á Djúpavogi.
Gerð er tillaga um 0,7 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **6,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 6 m.kr. á fjárlagalið 02-979-6.10 Húsafriðunarsjóður af liðnum 02-979-1.01 Húsafriðunarnefnd, Almennur rekstur vegna leiðréttingar í samræmi við bókhald.

Í frumvarpinu var framangreind millifærsla gerð í samráði við stofnunina og Fjársýslu ríkisins en nú hefur komið í ljós að ekki þurfti að gera leiðréttinguna og þess vegna er nú lögð til bakfærsla á henni.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Tjarnargata 8, Siglufirði, Gamla Gránufélagsverlsunin, Herhúsfélagið.
Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,7**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gamla prestssetrið að Útskálum.
Gerð er tillaga um 0,7 m.kr. tímabundið framlag.

02-980 Listskreytingasjóður **0,8**
6.01 Listskreytingasjóður
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 0,8 m.kr. framlag verði millifært af liðnum 02-999-1.98 á liðinn 02-980 Listskreytingasjóður.

Í frumvarpinu er lagt til að dregið verði tímabundið úr framlögum í sjóðinn og að eftir standi 0,7 m.kr. til að greiða fyrir eftirlit með verkefnum sem unnið er að. Nú hefur komið í ljós að eftirlitið mun verða meira en gert var ráð fyrir og mun kosta 1,5 m.kr. og þess vegna er fyrrgreind millifærsla lögð til.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands **2,0**
1.10 Kvikmyndasjóðir
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 2 m.kr. af liðnum 02-999-1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis, á liðinn 02-981-1.10 Kvikmyndasjóðir, vegna MEDIA. Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur séð um að greiða MEDIA fyrir ráðuneytið og vegna hækkunar er lagt til að framlag til MEDIA hækki um 2 m.kr. og verði 6 m.kr. í stað 4 m.kr.

02-982 Listir, framlög **4,0**
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til Bandalags sjálfstæðra leikhúsa.

02-982 Listir, framlög **6,3**
1.27 Tónlist fyrir alla
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 6,3 m.kr. framlag til verkefnisins Tónlist fyrir alla sem fellt var niður í frumvarpinu.

02-982 Listir, framlög **16,4**
1.90 Listir
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 16,4 m.kr. hækkun á safnliðnum.

02-983 Ýmis fræðistörf **0,3**
1.11 Styrkir til útgáfumála
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 0,3 m.kr. hækkun á safnliðnum.

02-983 Ýmis fræðistörf **2,5**
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til Hins íslenska bókmenntafélags til ritunar Sögu Íslands.

02-983 Ýmis fræðistörf **2,0**
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til reksturs Hins íslenska bókmenntafélags.

02-983 Ýmis fræðistörf **1,0**
1.52 Skriðuklaustur
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 1 m.kr. framlag til Skriðuklaustursrannsókna.

02-988 Æskulýðsmál **3,1**
1.90 Æskulýðsmál
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 3,1 m.kr. hækkun á safnliðnum.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

02-999 Ýmislegt **4,0**
1.90 Ýmis framlög
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 4 m.kr. hækkun á safnliðnum.

02-999 Ýmislegt **42,2**
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að dregið verði úr aðhaldskröfu sem nemur 42,2 m.kr. Tillagan er gerð í tilefni af endurskoðun á útgjaldasvigrúmi ríkissjóðs. Með þessu má gera ráð fyrir að ráðuneytið geti leyst mál eftirfarandi verkefna þó ekki sé hægt að segja til um hversu háa fjárhæð hvert verkefni fái. Verkefnin eru: Riff, Alþjóðleg kvikmyndahátíð, Barnamenningarhátíð, LÓKAL-leiklistarhátíð, Leiklistarsamband Íslands, SÍM, Samband íslenskra myndlistarmanna, skrifstofa atvinnuleikhópa, ÚTÓN, Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, og Afrekssjóður ÍSÍ.

02-999 Ýmislegt **-0,8**
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 0,8 m.kr. framlag verði millifært af liðnum 02-999-1.98 á liðinn 02-980 Listskreytingasjóður.

Í frumvarpi til fjárlaga er lagt til að dregið verði tímabundið úr framlögum í sjóðinn að eftir standi 0,7 m.kr. til að greiða fyrir eftirlit með verkefnum sem unnið er að. Nú hefur komið í ljós að eftirlitið mun verða meira en gert var ráð fyrir og mun kosta 1,5 m.kr. og þess vegna er fyrrgreind millifærsla lögð til.

02-999 Ýmislegt **-2,0**
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 2 m.kr. af liðnum 02-999-1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis, á liðinn 02-981-1.10 Kvikmyndasjóðir, vegna MEDIA. Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur séð um að greiða MEDIA fyrir ráðuneytið og vegna hækkunar er lagt til að framlag til MEDIA hækki um 2 m.kr. og verði 6 m.kr. í stað 4 m.kr.

02-999 Ýmislegt **41,9**
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 41,9 m.kr. hækkun á safnliðnum.

Samtals mennta- og menningarmálaráðuneyti 646,0

03-213 Varnarmál **-20,0**
1.01 Varnarmál
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um að 20 m.kr. verði millifærðar af þessum lið á lið Alþingis, 00-201-1.07 og er framlagið ætlað hlutlausri upplýsingaveitu um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu sem starfa mun í samræmi við reglur sem forsætisnefnd þingsins setur samkvæmt tillögum utanríkismálanefndar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

03-213 Varnarmál **859,0**
1.01 Varnarmál
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 859 m.kr. fjárheimild Varnarmálastofnunar verði millifærð af fjárlagaliðnum 03-214-1.01. Samkvæmt lögum um varnarmál verður Varnarmálastofnun lögð niður frá og með 1. janúar 2011 og skulu verkefni hennar færð til annarra stofnana. Ekki liggur fyrir hvernig fjárheimildum Varnarmálastofnunar verður skipt upp og því eru þær til að byrja með fluttar yfir á lið 03-213 Varnarmál þar til endanlegar tillögur um skiptingu fjárheimilda hafa verið lagðar fram af verkefnastjórn sem skipuð var sérstaklega til að hafa umsjón með daglegum rekstri og útvistun verkefna.

03-213 Varnarmál **30,0**
6.01 Tæki og búnaður
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 30 m.kr. fjárheimild Varnarmálastofnunar verði millifærð af fjárlagaliðnum 03-213-6.01. Samkvæmt lögum um varnarmál verður Varnarmálastofnun lögð niður frá og með 1. janúar 2011 og skulu verkefni hennar færðar til annarra stofnana. Ekki liggur fyrir hvernig fjárheimildum Varnarmálastofnunar verður skipt upp og því eru þær til að byrja með fluttar yfir á lið 03-213 Varnarmál, þar til endanlegar tillögur um skiptingu fjárheimilda hafa verið lagðar fram af verkefnastjórn sem skipuð var sérstaklega til að hafa umsjón með daglegum rekstri og útvistun verkefna.

03-214 Varnarmálastofnun **-859,0**
1.01 Varnarmálastofnun
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 859 m.kr. fjárheimild Varnarmálastofnunar verði millifærð á fjárlagaliðinn 03-213-1.01. Samkvæmt lögum um varnarmál verður Varnarmálastofnun lögð niður frá og með 1. janúar 2011 og skulu verkefni hennar færð til annarra stofnana. Ekki liggur fyrir hvernig fjárheimildum Varnarmálastofnunar verður skipt upp og því eru þær til að byrja með fluttar yfir á lið 03-213 Varnarmál þar til endanlegar tillögur um skiptingu fjárheimilda hafa verið lagðar fram af verkefnastjórn sem skipuð var sérstaklega til að hafa umsjón með daglegum rekstri og útvistun verkefna.

03-214 Varnarmálastofnun **-30,0**
6.01 Tæki og búnaður
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 30 m.kr. fjárheimild Varnarmálastofnunar verði millifærð á fjárlagaliðinn 03-213-6.01. Lagt er til að 859 m.kr. fjárheimild Varnarmálastofnunar verði millifærð á fjárlagaliðinn 03-213-1.01. Samkvæmt lögum um varnarmál verður Varnarmálastofnun lögð niður frá og með 1. janúar 2011 og skulu verkefni hennar færðar til annarra stofnana. Ekki liggur fyrir hvernig fjárheimildum Varnarmálastofnunar verður skipt upp og því eru þær til að byrja með fluttar yfir á lið 03-213 Varnarmál, þar til endanlegar tillögur um skiptingu fjárheimilda hafa verð lagðar fram af verkefnastjórn sem skipuð var sérstaklega til að hafa umsjón með daglegum rekstri og útvistun verkefna.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi **60,0**

1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 60 m.kr. tímabundið framlag til tveggja ára vegna verkefna á sviði loftslagsmála til aðstoðar þróunarlöndum á árunum 2011-2012, í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 9. nóvember 2010. Meðal iðnríkja er breið samstaða um að stórauka þurfi fjármögnun til aðgerða til að draga úr loftslagsbreytingum og aðstoða fátækustu þróunarríkin við að takast á við afleiðingar þeirra. Miðað við höfðatölu og þjóðarframleiðslu ætti framlag Íslands miðað við samþykkt Kaupmannahafnarsamkomulagsins að nema 250-300 m.kr. árlega. Í ljósi stöðu ríkisfjármála er lagt til að framlagið nemi 500.000 USD eða um 60 m.kr. á árunum 2011 og 2012.

03-611 Íslandsstofa **-12,8**

1.10 Íslandsstofa

Fjármagnað með ríkistekjum
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild til liðarins lækki um 12,8 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur af markaðsgjaldi.

Samtals utanríkisráðuneyti 27,2

04-215 Fiskistofa **0,0**

1.01 Fiskistofa

Fjármagnað með ríkistekjum
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir 22,4 m.kr. lækkun á greiðslu úr ríkissjóði í samræmi við samsvarandi hækkun ríkistekna Fiskistofu. Er hækkunin komin til vegna hækkunar á ýmsum gjöldum stofnunarinnar til samræmis við verðlagshækkanir en þau hafa ekki verið hækkuð allt frá árunum 1999-2002. Gjöldin sem hér um ræðir eru gjöld vegna leyfa til veiða í atvinnuskyni, vegna tilkynninga til Fiskistofu um flutning aflamarks, vegna flutnings aflahlutdeildar og vegna eftirlits um borð í fiskiskipum.

04-234 Matvælastofnun **-6,0**

1.01 Matvælastofnun

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 6 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins en um er að ræða leiðréttingu á 10 m.kr. millifærslu frá Bændasamtökum Íslands til Matvælastofnunar sem gerð var í frumvarpinu vegna yfirfærslu forðagæsluverkefna. Sú millifærsla var of há og færast því 6 m.kr. aftur til Bændasamtaka Íslands í samræmi við forsendur nýgerðs búnaðarlagasamnings.

04-234 Matvælastofnun **1,5**

1.01 Matvælastofnun

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 1,5 m.kr. framlag vegna væntanlegrar reglugerðar um merkingar og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og erfðabreytts fóðurs. Gert er ráð fyrir að matvæla- og fóðurfyrirtækjum beri að sýna fram á að tiltekin matvara eða fóður innihaldi ekki erfðabreyttar lífverur nema varan sé merkt sem slík. Í flestum tilvikum væri um að ræða matvöru og fóður framleitt í löndum utan ESB. Í reglugerðinni mun verða gert ráð fyrir að Matvælastofnun greiði hluta kostnaðar við rannsóknir og greiningu sýna. Er það talið sanngjarnt á meðan verið er að stíga fyrstu skref á þessum vegi. Áætlaður kostnaður Matvælastofnunar er 1,5 m.kr. á árinu 2011, 2,5 m.kr. á árinu 2012 og 2,5 m.kr. á árinu 2013.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

04-401 Hafrannsóknastofnunin **20,2**

1.01 Hafrannsóknastofnunin

Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að launagrunnur Hafrannsóknastofnunarinnar verði hækkaður um 20,2 m.kr. vegna nýs kjarasamnings við sjómenn sem tók gildi 1. ágúst 2010. Samningurinn gildir til 31. janúar 2011 og tekur til Félags skipstjórnarmanna, VM, Félags vélstjóra og málmtæknimanna, og Sjómannafélags Íslands.

04-811 Bændasamtök Íslands **6,0**

1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 6 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins en um er að ræða leiðréttingu á 10 m.kr. mililfærslu frá Bændasamtökum Íslands til Matvælastofnunar sem gerð var í frumvarpinu vegna yfirfærslu forðagæsluverkefna. Sú millifærsla var of há og færast því 6 m.kr. aftur til Bændasamtaka Íslands í samræmi við forsendur nýgerðs búnaðarlagasamnings.

04-811 Bændasamtök Íslands **8,3**

1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 8,3 m.kr. framlag verði millifært til liðarins af fjárlagalið 04-811-1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni í samræmi við forsendur nýs búnaðarlagasamnings frá þessu ári.

04-811 Bændasamtök Íslands **-8,3**

1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 8,3 m.kr. framlag verði millifært af liðnum á fjárlagalið 04-811-1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt, í samræmi við forsendur nýs búnaðarlagasamnings frá þessu ári.

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins **0,0**

1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að velta sjóðsins lækki um 59 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um sértekjur hans á næsta ári.

Samtals sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti 21,7

06-190 Ýmis verkefni **-33,6**

1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Í tengslum við endurskoðun framsetningar vegna sameiningar ráðuneyta er lagt til að 33,6 m.kr. fjárheimild viðfangsins sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu flytjist á viðfangið 06-390-1.40 Tilkynningaskylda íslenskra skipa í málaflokknum löggæslustofnanir og öryggismál.

06-190 Ýmis verkefni **-106,8**

1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Í tengslum við endurskoðun framsetningar vegna sameiningar ráðuneyta er lagt til að 106,8 m.kr. fjárheimild sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu á þessu viðfangi flytjist á viðfangið 06-390-1.41 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum, í málaflokknum löggæslustofnanir og öryggismál.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

06-190 Ýmis verkefni **15,0**

1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Framlagið er til leiðréttingar á rekstrarstyrk sem félagið átti að fá samkvæmt samningi við dómsmálaráðuneytið.

06-190 Ýmis verkefni **3,5**

1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag til varðveislu varðskipsins Óðins.

06-201 Hæstiréttur **23,8**

1.01 Hæstiréttur

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 23,8 m.kr. fjárheimild vegna fjölgunar starfsfólks Hæstaréttar. Um er að ræða fjölgun aðstoðarmanna dómara um tvo, auk þess sem áformað er að bæta við hálfu stöðugildi skrifstofumanns. Þetta er gert samhliða fjölgun dómara við Hæstarétt um þrjá en fjárveiting vegna þeirra er færð á fjárlagalið 00-401. Gert er ráð fyrir því að á móti hækkunum hjá Hæstarétti og héraðsdómstólum komi hækkun á dómsmálagjöldum, en tekjur vegna þeirra renna í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkisins.

06-210 Héraðsdómstólar **64,4**

1.01 Héraðsdómstólar

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild verði aukin um 64,4 m.kr. vegna fjölgunar dómara. Samkvæmt frumvarpi dómsmála- og mannréttindaráðherra sem lagt hefur verið fram á Alþingi er gert ráð fyrir að héraðsdómurum verði fjölgað um fimm frá 1. mars nk. Þá er gert ráð fyrir að aðstoðarmönnum dómara verði fjölgað um tvo og dómriturum um tvo frá sama tíma. Hér er því lagt til að fjárheimildin verði aukin vegna launakostnaðar, auk þess sem gert er ráð fyrir að leigja þurfi viðbótarhúsnæði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur til að mæta auknu álagi við réttinn.

06-295 Landsdómur **113,4**

1.01 Landsdómur

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til veitt verði 113,4 m.kr. fjárheimild vegna þingsályktunartillögu Alþingis um að kalla saman landsdóm. Dómurinn byggist á lögum nr. 3/1963 og nú liggur fyrir kostnaðaráætlun vegna væntanlegs málsrekstur. Útgjöldin eru háð mikilli óvissu um lengd málsmeðferðarinnar. Í fyrirliggjandi áætlun er miðað við starfsemi í sex mánuði, þar af fjóra mánuði í sjálfa málsmeðferðina.

06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu **58,0**

1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpinu. Hjá embættinu á höfuðborgarsvæðinu er um að ræða 58 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum **6,3**

1.01 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpinu. Hjá embættinu á Suðurnesjum er um að ræða 6,3 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál **10,3**
1.16 Efling almennrar löggæslu
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpinu. Á safnlið ráðuneytisins er lagt til að 10,3 m.kr. komi til hækkunar á fjárheimildum sem verður dreift á stofnanir í tengslum við yfirferð og samþykkt rekstraráætlana.

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál **8,7**
1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði
Utan ramma/Ný verkefni
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gerð er tillaga um 8,7 m.kr. hækkun á framlagi til Rannsóknamiðstöðvar HÍ í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi.

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál **33,6**
1.40 Tilkynningaskylda íslenskra skipa
Millifærð
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Í tengslum við endurskoðun framsetningar vegna sameiningar ráðuneyta er lagt til að 33,6 m.kr. fjárheimild sem nú er á viðfangi 06-190-1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa, verði flutt hingað.

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál **106,8**
1.41 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum
Millifærð
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Í tengslum við endurskoðun framsetningar vegna sameiningar ráðuneyta er lagt til að hingað flytjist 106,8 m.kr. fjárheimild sem er í fjárlagafrumvarpinu á viðfangi 06-190-1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg.

06-395 Landhelgisgæsla Íslands **35,5**
1.90 Landhelgisgæsla Íslands
Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að launagrunnur Landhelgisgæslunnar verði hækkaður um 35,5 m.kr. vegna nýs kjarasamnings við sjómenn sem tók gildi 1. ágúst 2010. Samningurinn gildir til 31. janúar 2011 og tekur til Félags skipstjórnarmanna, VM, Félags vélstjóra og málmtæknimanna, Sjómannafélags Íslands og bryta hjá LHG.

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi **1,0**
1.20 Löggæsla
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpinu. Hjá embættinu á Akranesi er um að ræða 1 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi **2,5**
1.20 Löggæsla
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpinu. Hjá embættinu í Borgarnesi er um að ræða 2,5 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

06-414 Sýslumaður Snæfellinga **1,0**
1.20 Löggæsla
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpinu. Hjá embættinu á Snæfellsnesi er um að ræða 1 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði **2,0**
1.20 Löggæsla
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpi til fjárlaga. Hjá embættinu á Ísafirði er um að ræða 2 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi **-6,5**
1.01 Yfirstjórn
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 6,5 m.kr. millifærist af þessum lið embættisins yfir á lið innheimtumiðstöðvar vegna aukinna verkefna þeirrar einingar á komandi árum. Starfsemi innheimtumiðstöðvarinnar er á landsvísu og blandast starfsemi lögreglunnar á Blönduósi afar lítið en samskiptin jafnast út á öll lögregluembætti landsins eftir verkefnum.

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi **8,5**
1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 8,5 m.kr. millifærist á þennan lið af yfirstjórn og löggæslu embættisins vegna aukinna verkefna innheimtumiðstöðvarinnar á komandi árum. Starfsemi innheimtumiðstöðvarinnar er á landsvísu og blandast starfsemi lögreglunnar á Blönduósi afar lítið en samskiptin jafnast út á öll lögregluembætti landsins eftir verkefnum.

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi **-2,0**
1.20 Löggæsla
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 2 m.kr. millifærist af þessum lið embættisins yfir á lið innheimtumiðstöðvar vegna aukinna verkefna þeirrar einingar á komandi árum. Starfsemi innheimtumiðstöðvarinnar er á landsvísu og blandast starfsemi lögreglunnar á Blönduósi afar lítið en samskiptin jafnast út á öll lögregluembætti landsins eftir verkefnum.

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi **0,9**
1.20 Löggæsla
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpi til fjárlaga. Hjá embættinu á Blönduósi er um að ræða 0,9 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki **2,0**
1.20 Löggæsla
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpinu. Hjá embættinu á Sauðárkróki er um að ræða 2 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri **5,0**
1.20 Löggæsla
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpinu. Hjá embættinu á Akureyri er um að ræða 5 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík **1,0**

1.20 Löggæsla

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpinu. Hjá embættinu á Húsavík er um að ræða 1 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði **1,5**

1.20 Löggæsla

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpinu. Hjá embættinu á Seyðisfirði er um að ræða 1,5 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði **1,0**

1.20 Löggæsla

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpinu. Hjá embættinu á Eskifirði er um að ræða 1 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli **0,5**

1.20 Löggæsla

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpinu. Hjá embættinu á Hvolsvelli er um að ræða 0,5 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum **1,0**

1.20 Löggæsla

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpinu. Hjá embættinu í Vestmannaeyjum er um að ræða 1 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi **6,0**

1.20 Löggæsla

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að hagræðingarkrafa vegna löggæslu lækki frá því sem ákveðið var í frumvarpinu. Hjá embættinu á Selfossi er um að ræða 6 m.kr. sem er hlutdeild embættisins í 100 m.kr. fjárveitingu sem ætlað er að draga úr þeim niðurskurði sem ella yrði hjá einstökum lögregluembættum.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ **5,0**

1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 5 m.kr. verði veittar til embættisins vegna tilflutnings verkefna varðandi stefnubirtingar. Að undanförnu hefur orðið veruleg fjölgun mála þar sem annars vegar þarf að birta stefnur og önnur réttarskjöl í útlöndum vegna dómsmála hér á landi og hins vegar að birta stefnur vegna dómsmála í útlöndum. Það er reynsla utanríkisráðuneytisins að fjöldi beiðna íslenskra aðila til utanríkisráðuneytisins um birtingar í útlöndum hafi margfaldast á síðustu tveimur árum.

Haag-samningur um birtingar á stefnum o.fl. einfalda meðferð slíkra mála þar sem gert er ráð fyrir beinum samskiptum svokallaðra miðlægra stjórnvalda aðildarríkjanna, í stað milligöngu og birtinga eftir diplómatískum leiðum gegnum utanríkisþjónustuna sem tíðkast hefur til þessa. Í frumvarpi dómsmála- og mannréttindaráðherra til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, sem flutt var vegna fullgildingar Haag-samninganna og varð að lögum nr. 53/2008, kom fram að af Íslands hálfu liggi beint við að dómsmála- og mannréttindaráðuneytið fari með hlutverk miðlægs stjórnvalds, en því er heimilt að fela það öðru stjórnvaldi, svo sem sýslumannsembættinu í Reykjanesbæ, eins og hér er lagt til.

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins **15,0**

1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja meðferðarúrræði á Litla-Hrauni.

06-603 Þjóðskrá Íslands **10,0**

1.01 Þjóðskrá Íslands

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til uppsetningar á vef vegna þjónustutilskipunar Evrópusambandsins, Point of Single Contact, en það er sjálfstætt verkefni sem þróað hefur verið til undirbúnings fyrir innleiðingu á þjónustutilskipun ESB.

06-603 Þjóðskrá Íslands **30,0**

1.01 Þjóðskrá Íslands

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 30 m.kr. fjárveitingu vegna tilflutnings verkefna. Ákveðið hefur verið að Þjóðskrá Íslands taki yfir rekstrarverkefni sem til þessa hefur verið sinnt undir merkjum upplýsinga- og þjónustuveitunnar island.is á lið 01-996 hjá forsætisráðuneyti. Þar er m.a. að finna upplýsingar, aðgang að rafrænni þjónustu, eyðublöð, miðlæga auðkenningu, rafræn skjalaskil og rafrænt þjónustulag sem er m.a. notað til að auðvelda gagnasamskipti milli opinberra stofnana. Einnig hefur verið þróuð frumútgáfa af síðum á island.is með einstaklingsmiðuðum aðgangi að lykilskrám í eigu opinberra aðila og aðgangi að opinberri þjónustu. Þá hefur verið settur upp vefur vegna þjónustutilskipunar Evrópusambandsins, Point of Single Contact, en það er sjálfstætt verkefni sem þróað hefur verið til undirbúnings fyrir innleiðingu á þjónustutilskipun ESB.

Samtals dómsmála- og mannréttindaráðuneyti 424,3

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

07-101 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa **-19,0**

1.01 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild aðalskrifstofu verði lækkuð um samtals 19 m.kr. vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga. Með yfirfærslunni mun stór hluti af stjórnsýsluverkefnum ráðuneytisins einnig færast yfir eða falla niður. Áætlað er að til lengri tíma sparist um þrjú stöðugildi hjá ráðuneytinu við flutninginn þar sem fjöldi verkefna tengd málaflokknum falla niður eða verða framvegis unnin af sveitarfélögunum. Verkefnin tengjast m.a. eftirliti með rekstri stofnana, fjárlagavinnu, samningsgerð og almennum samskiptum við sjálfseignarfélög og stofnanir sem með ýmsu móti koma að þjónustu við fatlaða. Á móti þessum sparnaði í stjórnsýslunni kemur eitt nýtt stöðugildi vegna hagsmunagæslu.

07-101 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa **10,0**

1.01 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að varið verði 10 m.kr. til að ráða starfsmann sem annist samstarf og samráð við sveitarfélög á Suðurnesjum um sértæk mál er varða íbúa svæðisins. Sérstakri verkefnisstjórn sem skipuð verður fulltrúum sveitarfélaga og þriggja stofnana félags- og tryggingamálaráðuneytis auk Velferðarvaktarinnar verður falið að annast umsjón verkefnisins fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og félags-og tryggingamálaráðherra. Ríkisstjórnin samþykkti tillögu þessa efnis á fundi sínum á Suðurnesjum þann 9. nóvember 2010.

07-190 Ýmis verkefni **10,0**

1.90 Ýmislegt

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Fagráðuneyti

Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. til að gera heildstæða rannsókn á aðstæðum fólks á Suðurnesjum sem er að missa íbúðarhúsnæði sitt eða hafa nú þegar misst það á nauðungarsölu. Atvinnuleysi er hæst þar og nauðungasölur hlutfallslega flestar. Markmið rannsóknarinnar er m.a. að greina áhættuþætti sem líklegir eru til að hafa áhrif á að fjölskyldur missa heimili sín við nauðungarsölu. Rannsóknin verður unnin í samráði við sýslumanninn í Keflavík.

07-341 Umboðsmaður skuldara **100,0**

1.01 Umboðsmaður skuldara

Fjármagnað með ríkistekjum
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild umboðsmanns skuldara hækki um 100 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Mikið álag hefur verið á starfseminni frá haustmánuðum og hafa að jafnaði borist 70-80 mál í hverri viku. Alls eru um 1.000 mál í vinnslu hjá embættinu. Í fyrri áætlunum var gert ráð fyrir að starfsmenn embættisins yrðu 50 talsins á árinu 2011. Þegar er búið að ráða 67 starfsmenn og er unnið að ráðningu tveggja til viðbótar sem staðsettir verða í Reykjanesbæ samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Að auki hefur verið leitað til sjálfstætt starfandi lögmanna um vinnu við úrlausn mála. Öll útgjöld stofnunarinnar eru fjármögnuð með sérstöku gjaldi á lánastofnanir og er því gert ráð fyrir að það hækki jafn mikið.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt **-475,0**

1.01 Hjúkrunarheimili, almennt

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að sértekjur á þessum lið hækki um 475 m.kr. Annars vegar er vegna aðstæðna í ríkisfjármálum lagt til að 400 m.kr. af fjárheimild Framkvæmdasjóðs aldraðra verði varið til reksturs á árinu 2011 og koma þau framlög frá sjóðnum fram sem sértekjur hjá öldrunarstofnunum. Tillagan er liður í heildarendurskoðun á áformum um aðhaldsmarkmið í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu. Hins vegar er lagt til að sértekjur hækki um 75 m.kr. vegna þátttöku Framkvæmdasjóðs aldraðra í viðhaldi á fasteignum öldrunarstofnana. Fjárveiting á viðfangsefninu 07-515-5.21 Viðhald fasteigna öldrunarstofnana er 270 m.kr. en aðeins 195 m.kr. hafa verið settar fram í fjárlagafrumvarpinu sem sértekjur til öldrunarstofnana. Með þessu verður það misræmi leiðrétt. Skipting sérteknanna á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti III með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar og munu breytingarnar koma fram á viðkomandi fjárlagaliðum í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu þess.

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt **-890,8**

1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 890,8 m.kr. á nýtt hjúkrunarheimili við Mörk, Suðurlandsbraut. Heimilið tók til starfa í ágúst 2010 og eru þar reiknuð 110 rými.

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt **0,0**

1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að útgjaldaheimild og sértekjur hækki um 225 m.kr. Vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs er lagt til að nýta hluta af fjárheimild Framkvæmdasjóðs aldraðra til reksturs í stað framkvæmda á árinu 2011. Með tillögunni er ætlunin að fjölga hjúkrunarrýmum um 30 en þar af eru 10 rými sem tilheyra Hvammi á Húsavík og 20 rými sem tilheyra Reykjanesbæ en til að byrja með mun Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sjá um rekstur þeirra.

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt **-356,4**

1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 356,4 m.kr. á nýtt hjúkrunarheimili, Boðaþing, Kópavogi. Heimilið tók til starfa í maí 2010. Alls eru reiknuð 44 rými.

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt **-557,0**

1.83 Greiðslur frá vistmönnum

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að sértekjur sem færast á þennan lið vegna greiðslna frá vistmönnum fyrir dvöl á öldrunarstofnunum hækki um 557 m.kr. Í gildandi fjárlögum og í fjárlagafrumvarpinu er þessi fjárhæð áætluð 373 m.kr. en á undanförnum árum hefur farist fyrir hjá þeim ráðuneytum sem hafa haft umsjón með málaflokknum að uppfæra áætlanir til samræmis við raunverulega þróun greiðslna frá vistmönnum. Á sama tíma hafa lífeyrissjóðsgreiðslur og fjármagnstekjur vistmanna farið hækkandi eftir því sem fjölgað hefur í hópi þeirra sem hafa betri lífeyrisrétt úr almennum lífeyrissjóðum en áður var. Þessi leiðrétting á áætlun fjárlaga hefur engin áhrif á útkomuna í þessum greiðslum vistmanna á árinu.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt **-55,5**

6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík

Niðurfellt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að tímabundið framlag að fjárhæð 55,5 m.kr. sem veitt var til byggingar hjúkrunarheimilis við Suðurlandsbraut falli niður þar sem framkvæmdum er lokið.

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt **-61,0**

6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt

Niðurfellt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að tímabundið framlag að fjárhæð 61 m.kr. sem veitt var til byggingar hjúkrunarheimilis í Kópavogi falli niður þar sem framkvæmdum er lokið. Framlagið var fyrir misgáning flutt af viðfangsefni framkvæmdarinnar undir þessum lið á viðfangsefni fyrir óskipta fjárheimild til framkvæmda.

07-515 Framkvæmdasjóður aldraðra **400,0**

1.01 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 400 m.kr. verði varið á árinu 2011 til reksturs hjúkrunarheimila. Í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 13. október 2009 um samstarf við níu sveitarfélög um byggingu hjúkrunarheimila samkvæmt svokallaðri leiguleið hafa ekki verið teknar nýjar ákvarðanir um byggingu hjúkrunarheimila með framlögum á fjárlögum og úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs er talið réttmætt að nýta hluta af fjárheimild sjóðsins til reksturs á árinu 2011 og er tillagan liður í heildarendurskoðun á áformum um aðhaldsmarkmið í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu.

07-515 Framkvæmdasjóður aldraðra **225,0**

1.01 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 225 m.kr. verði varið á árinu 2011 til reksturs hjúkrunarheimila. Í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 13. október 2009 um samstarf við níu sveitarfélög um byggingu hjúkrunarheimila samkvæmt svokallaðri leiguleið hafa ekki verið teknar nýjar ákvarðanir um byggingu hjúkrunarheimila með framlögum á fjárlögum og úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs er talið réttmætt að nýta hluta af fjárheimild sjóðsins til reksturs á árinu 2011 og er með tillögunni ætlunin að fjölga hjúkrunarrýmum um 30, þ.e. 10 rými sem tilheyra Hvammi Húsavík og 20 rými sem tilheyra Reykjanesbæ en til að byrja með mun Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sjá um rekstur þeirra.

07-515 Framkvæmdasjóður aldraðra **0,0**

5.21 Viðhald fasteigna öldrunarstofnana

Fjármagnað með ríkistekjum
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Fjármögnunarliðurinn "Greitt úr ríkissjóði" hækkar um 0,5 m.kr. til að lagfæra mistök sem urðu við vinnslu fjárlagafrumvarpsins og leiddu til þess að þar er mælt fyrir um 0,5 m.kr. greiðslu af liðnum í ríkissjóð. Tillagan hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

07-515 Framkvæmdasjóður aldraðra **-400,0**

6.21 Stofnkostnaður og endurbætur

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 400 m.kr. verði varið á árinu 2011 til reksturs hjúkrunarheimila. Í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 13. október 2009 um samstarf við níu sveitarfélög um byggingu hjúkrunarheimila samkvæmt svokallaðri leiguleið hafa ekki verið teknar nýjar ákvarðanir um byggingu hjúkrunarheimila með framlögum á fjárlögum og úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs er talið réttmætt að nýta hluta af fjárheimild sjóðsins til reksturs á árinu 2011 og er tillagan liður í heildarendurskoðun á áformum um aðhaldsmarkmið í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu.

07-515 Framkvæmdasjóður aldraðra **-225,0**

6.21 Stofnkostnaður og endurbætur

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 225 m.kr. verði varið á árinu 2011 til reksturs hjúkrunarheimila. Í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 13. október 2009 um samstarf við níu sveitarfélög um byggingu hjúkrunarheimila samkvæmt svokallaðri leiguleið hafa ekki verið teknar nýjar ákvarðanir um byggingu hjúkrunarheimila með framlögum á fjárlögum og úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs er talið réttmætt að nýta hluta af fjárheimild sjóðsins til reksturs á árinu 2011 og er með tillögunni ætlunin að fjölga hjúkrunarrýmum um 30, þ.e. 10 rými sem tilheyra Hvammi Húsavík og 20 rými sem tilheyra Reykjanesbæ en til að byrja með mun Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sjá um rekstur þeirra.

07-518 Mörk, Reykjavík **890,8**

1.01 Hjúkrunarrými

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 890,8 m.kr. á nýtt hjúkrunarheimili við Mörk, Suðurlandsbraut. Heimilið tók til starfa í ágúst 2010 og eru þar reiknuð 110 rými.

07-519 Hrafnista, Kópavogi **356,4**

1.01 Hjúkrunarrými

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 356,4 m.kr. á nýtt hjúkrunarheimili, Boðaþing, Kópavogi. Heimilið tók til starfa í maí 2010. Alls eru reiknuð 44 rými.

07-700 Málefni fatlaðra **300,0**

1.05 Niðurlagning svæðisskrifstofa málefna fatlaðra

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 300 m.kr. fjárveitingu vegna niðurlagningar á öllum sex svæðisskrifstofum málefna fatlaðra. Með yfirfærslu á málaflokknum til sveitarfélaga frá 1. janúar 2011 verður öllum svæðisskrifstofum lokað og starfsmönnum þeirra sagt upp. Gera má ráð fyrir að nokkur hópur muni þiggja biðlaun eða nýta sér uppsagnarrétt sinn. Við þetta bætist kostnaður vegna starfsmanna sem starfa munu nokkra mánuði á næsta ári við frágang á gögnum og skjölum áður en kemur til uppsagnar og biðlauna. Því er áætlað nú að starfsmannakostnaður verði allt að 230 m.kr. og leiga og annar rekstrarkostnaður er áætlaður er allt að 70 m.kr.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

07-700 Málefni fatlaðra **-10.018,5**

1.90 Ýmis verkefni

Niðurfellt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildir samtals að fjárhæð 10.018,5 m.kr. verði felldar niður vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Frá 1. janúar 2011 munu sveitarfélög taka yfir alla almenna þjónustu við fatlaða einstaklinga. Unnið hefur verið að yfirfærslunni frá því snemma árs 2007 en þá var tekin ákvörðun um að endurskoða verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og þá sérstaklega þjónustu við fatlaða, öldrunarmál og menntamál. Nú liggur fyrir samkomulag ríkis og sveitarfélaga sem gerir ráð fyrir að öll almenn þjónusta við fatlaða færist yfir til sveitarfélaga. Undanskildar eru Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta og stofnanir tengdar vinnumarkaðsúrræðum. Auk þess mun almenn hagsmunagæsla fatlaðra verða áfram á ábyrgð ríkisins. Markmið tilfærslunnar eru m.a. að bæta þjónustu og laga hana að þörfum notenda með hliðsjón af ólíkum aðstæðum, stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga, draga úr skörun ábyrgðarsviða stjórnsýslustiga, tryggja góða nýtingu fjármuna og einfalda verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Mynduð verða þjónustusvæði um rekstur þjónustu við fatlaða og skulu þau hafa að lágmarki átta þúsund íbúa. Því verða þau sveitarfélög sem ekki ná þessari íbúatölu að sinna þjónustunni í samvinnu við önnur. Ráðherra getur hins vegar undir ákveðnum skilyrðum veitt undanþágur frá viðmiðinu um fjölda íbúa svæða. Stofnuð verður sérstök deild innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem tryggja á að tekjuaukning einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða endurspegli kostnaðarmun vegna ólíks fjölda fatlaðra íbúa og mismunandi þjónustuþarfa þeirra.

Gert er ráð fyrir að fasteignir Framkvæmdasjóðs fatlaðra renni til sérstaks fasteignasjóðs í umsjón Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en við stofnsetningu fasteignasjóðsins skal Framkvæmdasjóður fatlaðra lagður niður. Samkvæmt fasteignamati er áætlað heildarvirði þeirra eigna sem ríkissjóður lætur af hendi við yfirfærsluna um 3,7 mia.kr.

Við yfirfærsluna verða sveðisskrifstofur lagðar niður. Samhliða yfirfærslu á framkvæmd og ábyrgð á þjónustu við fatlaða taka sveitarfélögin yfir fjárhagslega ábyrgð málaflokksins. Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 6. júlí sl. um fjárhagsleg málefni yfirfærslunnar var samið um að útsvarshlutfall sveitarfélaga hækki um 1,2 prósentustig og að tekjuskattshlutfall ríkisins lækki á móti um samsvarandi hlutfall. Gert er ráð fyrir að til lengri tíma muni þessi hækkun útsvarshlutfallsins duga sveitarfélögunum til fjármögnunar þjónustunnar og hefur þá verið tekið tillit til ýmiss kostnaðar sem auka mun útgjöldin í fyrirsjáanlegri framtíð. Þá er í samkomulaginu um fjárhagsrammann einnig kveðið á um greiðslur yfir sama tímabil til sveitarfélaganna vegna veikrar stöðu útsvarsstofnsins um þessar mundir, nýrra verkefna í þjónustu, eyðingar biðlista og vegna ýmiss kostnaðar sem tengist yfirfærslunni. Að samanlögðu nema þessi sérstöku, tímabundnu aukaframlög um 623 m.kr. á næsta ári og eru nánari skýringar á þeim að finna í greinargerð með tillögum sem fluttar eru undir lið Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Skipting niðurfelldra fjárveitinga á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti IV með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárlagaliðum í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu þess.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

07-827 Lífeyristryggingar **0,0**
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega
Fjármagnað með ríkistekjum
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði til að fjármagna lífeyristryggingar hækki um 592,3 m.kr. til þess að vega upp á móti lækkun tekna af tryggingagjaldi sem varið verður til þessara verkefna á næsta ári.

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður **-2.900,0**
1.11 Atvinnuleysisbætur
Hagrænt eða kerfislægt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildir Atvinnuleysistryggingasjóðs verði lækkaðar um 2.900 m.kr. vegna nýrrar spár um atvinnuleysi. Í frumvarpinu var miðað við 8,3% atvinnuleysi en nú er reiknað með að atvinnuleysið nemi 7,3% á næsta ári í samræmi við nýja þjóðhagsspá Hagstofunnar sem birt var 23. nóvember sl.

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður **640,0**
1.11 Atvinnuleysisbætur
Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild sjóðsins verði hækkuð um 640 m.kr. vegna lengingar á rétti til greiðslu atvinnuleysisbóta um eitt ár. Samkvæmt gildandi lögum geta atvinnlausir fengið bætur í allt að þrjú ár en með frumvarpi til breytingar á lögunum er lagt til að það verði lengt tímabundið í fjögur ár. Miðað er við að breytingin taki gildi fyrir þá sem urðu atvinnulausir frá og með 1. maí 2008. Áætlað er að tæplega 2.000 manns muni á næsta ári hafa þegið atvinnuleysisbætur í þrjú ár.

07-989 Fæðingarorlof **1.000,0**
1.11 Fæðingarorlofssjóður
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 1.000 m.kr. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að útfæra lagabreytingar til að draga úr útgjöldum sjóðsins sem því nemur. Þeim breytingum hefur verið frestað að svo stöddu þar sem vonir standa til að útgjöld sjóðsins geti farið lækkandi þótt áætlun um útgjaldahorfur sjóðsins í frumvarpinu sé látin haldast óbreytt. Áætlun um útgjöld sjóðsins verður endurmetin næsta vor og ef ekki eru horfur á að þau verði um 1 mia.kr. undir áætlun frumvarpsins verða gerðar breytingar á kerfinu til þess að stuðla að því og fjárheimild þá lækkuð aftur til samræmis við það.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi **1,0**
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs Geysis, vinnumiðlunar fyrir geðfatlaða.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi **2,7**
1.35 Félag heyrnarlausra
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 2,7 m.kr. hækkun á framlagi til Félags heyrnarlausra.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi **10,0**
1.41 Stígamót
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag til Stígamóta til að koma á fót athvarfi fyrir konur á leið úr vændi og mansali.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi **2,5**
1.90 Ýmis framlög
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. hækkun á safnliðnum.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi **4,0**
1.98 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 4 m.kr. hækkun á safnliðnum.

Samtals félags- og tryggingamálaráðuneyti -12.005,8

08-206 Sjúkratryggingar **0,0**
1.16 Lyf með S-merkingu
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 148 m.kr. sem skráðar voru sem tilfærslur í fjárlagafrumvarpinu verði skráðar sem önnur gjöld til samræmis við aðrar fjárheimildir S-merktra lyfja. Með þessu móti verða allar fjárheimildir S-merktra lyfja skráðar sem önnur gjöld, en gjöld vegna S-merktra lyfja hafa í bókhaldi ríkisins verið flokkuð sem rekstrargjöld en ekki tilfærslur.

08-206 Sjúkratryggingar **100,0**
1.16 Lyf með S-merkingu
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárveiting hækki um 100 m.kr. vegna upptöku nýrra S-merktra lyfja og meðferðar þriggja einstaklinga sem greinst hafa með Fabry-sjúkdóminn. Frá árinu 2008 hefur ekkert nýtt S-merkt lyf verið tekið í notkun hér á landi. Mikill þrýstingur hefur því skapast á að taka upp ný lyf sem notkun er hafin á í ýmsum nágrannalöndum okkar. Í áætlun Landspítala fyrir árið 2011 er lagt til að tekin verði í notkun nokkur ný lyf, aðallega krabbameinslyf, og nemi kostnaður 88 m.kr. á árinu 2011 ef notkun allra þeirra lyfja væri heimiluð. Þessi lyf eru öll í notkun á Norðurlöndunum, en hafa ekki öll hlotið samþykki NICE á Bretlandi, en sú stofnun samþykkir lyf til greiðsluþátttöku fyrir breska heilbrigðiskerfið. Þá er búið að greina þrjá einstaklinga hér á landi með Fabry-sjúkdóminn og er kostnaður við meðferð hvers einstaklings áætluð um 60 m.kr. á ári. Til að skapa svigrúm til að takast á við hluta þessarar uppsöfnuðu þarfar er lagt til að framlög til S-merktra lyfja verði hækkað um 100 m.kr. á árinu 2011.

08-305 Lýðheilsustöð **-3,0**
1.90 Forvarnasjóður
Fjármagnað með ríkistekjum
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir lækkun tekna af áfengisgjaldi og að hlutur Forvarnasjóðs í tekjum af gjaldinu verði 3 m.kr. lægri en reiknað var með í fjárlagafrumvarpinu. Fjárveiting til sjóðsins lækkar um sömu upphæð.

08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri **4,0**
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi

Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til sjúkrahússins vegna læknanema.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-379 Sjúkrahús, óskipt **-35,0**

1.01 Óskipt framlag til rekstur sjúkrahúsa

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 35 m.kr. lækkun á framlagi á safnlið til að mæta endurskoðun á hagræðingarkröfu á heilbrigðisstofnanir.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi **3,0**

1.90 Ýmis framlög

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 3 m.kr. hækkun á safnliðnum.

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu **10,7**

1.01 Hjúkrunarrými

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 10,7 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta leiðréttum og samræmdum daggjaldataxta á hjúkrunarsviði í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands **-61,0**

1.10 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 61 m.kr. lækkun á fjárveitingu til félagsins sem er til viðbótar við 39 m.kr. lækkun sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Samtals er því lögð til 100 m.kr. lækkun á fjárheimildum til NFLÍ eða um 18% frá gildandi fjárlögum.Tillagan er hluti af endurskoðun aðhaldsmarkmiða og verkefna innan ráðuneytisins.

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt **-5,0**

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 5 m.kr. millifærsla af safnlið heilsugæslustöðva til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til að efla einingu geðheilsu/eftirfylgdar innan heilsugæslunnar.

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt **-11,0**

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 11 m.kr. lækkun á framlagi til stöðugilda í kennslu í hjúkrun til mæta endurskoðun á hagræðingarkröfu á heilbrigðisstofnanir.

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt **-35,0**

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 35 m.kr. lækkun á safnlið til að mæta endurskoðun á hagræðingarkröfu á heilbrigðisstofnanir.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt **-3,6**

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 3,6 m.kr. af safnlið yfir á Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu til að mæta kostnaði vegna sáraumbúða. Heildarkostnaður Heimaþjónustu Reykjavíkur vegna sáraumbúða á árinu 2010 er áætlaður 6,6 m.kr. Á fjárlagalið Miðstöðvar heimahjúkrunar er þegar gert ráð fyrir 3,0 m.kr. til að standa straum af þessum kostnaði og brúar þessi millifærsla það sem upp á vantar til að mæta árlegum kostnaði vegna sáraumbúða.

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt **-0,3**

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 300 þús. kr. millifærsla af safnlið heilsugæslustöðva til Heilsugæslustöðvarinnar Lágmúla til að standa undir kostnaði við læknisfræðilegar rannsóknir í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu.

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt **-96,4**

1.12 Heimahjúkrun

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 96,4 m.kr. lækkun á framlagi til heimahjúkrunar til að mæta endurskoðun á hagræðingarkröfu á heilbrigðisstofnanir.

08-501 Sjúkraflutningar **-17,0**

1.11 Sjúkraflutningar

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 17,0 m.kr. lækkun á framlagi til sjúkraflutninga. Í kjölfar endurskoðunar á samdrætti í útgjöldum heilbrigðisstofnana þar sem dregið er úr hagræðingarkröfu á sjúkrasvið þeirra er ekki reiknað með aukningu í sjúkraflutningum.

08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu **5,0**

1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 5 m.kr. millifærsla af safnlið heilsugæslustöðva til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til að efla einingu geðheilsu/eftirfylgdar innan heilsugæslunnar.

08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu **-18,0**

1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 18 m.kr. lækkun á framlagi til hjúkrunar í framhaldsskólum til að mæta endurskoðun á hagræðingarkröfu á heilbrigðisstofnanir.

08-508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu **3,6**

1.01 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 3,6 m.kr. af safnlið yfir á Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu til að mæta kostnaði vegna sáraumbúða. Heildarkostnaður Heimaþjónustu Reykjavíkur vegna sáraumbúða á árinu 2010 er áætlaður 6,6 m.kr. Á fjárlagalið Miðstöðvar heimahjúkrunar er þegar gert ráð fyrir 3,0 m.kr. til að standa straum af þessum kostnaði og brúar þessi millifærsla það sem upp á vantar til að mæta árlegum kostnaði vegna sáraumbúða.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík **0,3**

1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 300 þús. kr. millifærsla af safnlið heilsugæslustöðva til Heilsugæslustöðvarinnar Lágmúla til að standa undir kostnaði við læknisfræðilegar rannsóknir í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu.

08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu **-3,0**

1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 3 m.kr. lækkun á framlagi til hjúkrunar í framhaldsskólum til að mæta endurskoðun á hagræðingarkröfu á heilbrigðisstofnanir.

08-700 Heilbrigðisstofnanir **-37,4**

1.01 Almennur rekstur

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 37,4 m.kr. millifærsla yfir á liðinn 08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasviði stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpi í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana.

08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands **-30,0**

1.01 Heilsugæslusvið

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 30 m.kr. lækkun á framlagi til sjúkraflutninga. Í kjölfar endurskoðunar á samdrætti í útgjöldum heilbrigðisstofnana þar sem dregið er úr hagræðingarkröfu á sjúkrasvið þeirra er ekki reiknað með aukningu í sjúkraflutningum.

08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands **30,0**

1.01 Heilsugæslusvið

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 30 m.kr. hækkun á heilsugæslusviði stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu vegna uppfærslu reiknilíkans fyrir heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana.

08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands **15,0**

1.01 Heilsugæslusvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 15 m.kr. hækkun á heilsugæslusviði stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu vegna uppfærslu reiknilíkans fyrir heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands **-143,5**

1.11 Sjúkrasvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 143,5 m.kr. lækkun á framlagi til að mæta hærri hagræðingarkröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Á Heilbrigðisstofnun Vesturlands í heild, að meðtöldum öðrum viðfangsefnum sem falla undir þennan fjárlagalið, hækkar hagræðingarkrafan um samtals 106,5 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana. 3/12 hlutum kröfunnar, 55,3 m.kr., verður frestað og því nemur hækkun hagræðingarkröfu ársins 2011 51,2 m.kr.

08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands **77,3**

1.21 Hjúkrunarrými

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 77,3 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta leiðréttum og samræmdum daggjaldataxta á hjúkrunarsviði í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði **0,4**

1.01 Heilsugæslusvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 0,4 m.kr. hækkun á heilsugæslusviði stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði **15,1**

1.11 Sjúkrasvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 15,1 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingarkröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu, í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Á Heilbrigðisstofnuninni Patreksfirði í heild, að meðtöldum öðrum viðfangsefnum sem falla undir þennan fjárlagalið, lækkar hagræðingarkrafan um samtals 16,4 m.kr. Þar af eru 13,4 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana og 3,0 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar.

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði **0,9**

1.21 Hjúkrunarrými

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 0,9 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta leiðréttum og samræmdum daggjaldataxta á hjúkrunarsviði í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða **-8,5**

1.01 Heilsugæslusvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 8,5 m.kr. lækkun á heilsugæslusviði stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu, í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða **124,9**

1.11 Sjúkrasvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 124,9 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu, í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í heild, að meðtöldum öðrum viðfangsefnum sem falla undir þennan fjárlagalið, lækkar hagræðingarkrafan fyrir stofnunina í heild um samtals 153,8 m.kr. Þar af eru 138,4 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana og 15,4 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar.

08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða **37,4**

1.21 Hjúkrunarrými

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 37,4 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta leiðréttum og samræmdum daggjaldataxta á hjúkrunarsviði í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi **4,9**

1.01 Heilsugæslusvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 4,9 m.kr. hækkun á heilsugæslusviði stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu, í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi **8,8**

1.11 Sjúkrasvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 8,8 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu, í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi í heild, að meðtöldum öðrum viðfangsefnum sem falla undir þennan fjárlagalið, lækkar hagræðingarkrafan um samtals 33,3 m.kr. Þar af eru 26,7 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana og 6,6 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar.

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi **19,6**

1.21 Hjúkrunarrými

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 19,6 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta leiðréttum og samræmdum daggjaldataxta á hjúkrunarsviði í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki **-4,1**

1.01 Heilsugæslusvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 4,1 m.kr. lækkun á heilsugæslusviði stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpi vegna uppfærslu reiknilíkans fyrir heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana.

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki **8,8**

1.01 Heilsugæslusvið

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 8,8 m.kr. hækkun á heilsugæslusviði stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpi vegna uppfærslu reiknilíkans fyrir heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki **-8,8**

1.01 Heilsugæslusvið

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 8,8 m.kr. lækkun á framlagi til sjúkraflutninga. Þar af eru 8,5 m.kr. vegna endurskoðunar framlags og 0,3 m.kr. vegna verðbóta. Í kjölfar endurskoðunar á samdrætti í útgjöldum heilbrigðisstofnana þar sem dregið er úr hagræðingarkröfu á sjúkrasvið þeirra er ekki reiknað með aukningu í sjúkraflutningum.

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki **37,4**

1.11 Sjúkrasvið

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 37,4 m.kr. millifærsla af safnlið 08-700 til að mæta lækkun á hagræðingarkröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar á að veita. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki **114,5**

1.11 Sjúkrasvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 114,5 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu, í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki í heild, að meðtöldum öðrum viðfangsefnum sem falla undir þennan fjárlagalið, lækkar hagræðingarkrafan um samtals 152,1 m.kr. Þar af er 46,1 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, 51,6 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar og 54,4 m.kr. til að koma í veg fyrir að stofnunin mæti meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki **4,3**

1.21 Hjúkrunarrými

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 4,3 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta leiðréttum og samræmdum daggjaldataxta á hjúkrunarsviði í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð **7,0**

1.01 Heilsugæslusvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 7 m.kr. hækkun á heilsugæslusviði stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð **15,8**

1.11 Sjúkrasvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 15,8 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Á Heilbrigðisstofnuninni Fjallabyggð í heild, að meðtöldum öðrum viðfangsefnum sem falla undir þennan fjárlagalið, lækkar hagræðingarkrafan um samtals 37,9 m.kr. Þar af eru 23,3 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana og 14,6 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð **15,1**

1.21 Hjúkrunarrými

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 15,1 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta leiðréttum og samræmdum daggjaldataxta á hjúkrunarsviði í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga **-8,5**

1.01 Heilsugæslusvið

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 8,5 m.kr. lækkun á framlagi til sjúkraflutninga. Í kjölfar endurskoðunar á samdrætti í útgjöldum heilbrigðisstofnana þar sem dregið er úr hagræðingarkröfu á sjúkrasvið þeirra er ekki reiknað með aukningu í sjúkraflutningum.

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga **22,8**

1.01 Heilsugæslusvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 22,8 m.kr. hækkun á framlagi til heilsugæslusviðs stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu vegna uppfærslu reiknilíkans fyrir heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana.

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga **8,5**

1.01 Heilsugæslusvið

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 8,5 m.kr. hækkun á framlagi til heilsugæslusviðs stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu vegna uppfærslu reiknilíkans fyrir heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana.

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga **49,9**

1.11 Sjúkrasvið

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 49,9 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga **175,0**

1.11 Sjúkrasvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 175,0 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpi og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga í heild, að meðtöldum öðrum viðfangsefnum sem falla undir þennan fjárlagalið, lækkar hagræðingarkrafan um samtals 266,9 m.kr. Þar af eru 144,0 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, 58,9 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar og 64 m.kr. til að koma í veg fyrir að stofnunin mæti meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum.

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga **19,2**

1.21 Hjúkrunarrými

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 19,2 m.kr. hækkun framlags til að mæta leiðréttum og samræmdum daggjaldataxta á hjúkrunarsviði í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands **64,0**

1.01 Heilsugæslusvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 64 m.kr. hækkun á heilsugæslusviði stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands **54,5**

1.11 Sjúkrasvið

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 54,5 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands **189,0**

1.11 Sjúkrasvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 189,0 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Á Heilbrigðisstofnun Austurlands í heild, að meðtöldum öðrum viðfangsefnum sem falla undir þennan fjárlagalið, lækkar hagræðingarkrafan um samtals 344,8 m.kr. Þar af eru 302,7 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana og 42,1 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum **-8,5**

1.01 Heilsugæslusvið

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 8,5 m.kr. lækkun á framlagi til sjúkraflutninga. Í kjölfar endurskoðunar á samdrætti í útgjöldum heilbrigðisstofnana þar sem dregið er úr hagræðingarkröfu á sjúkrasvið þeirra er ekki reiknað með aukningu í sjúkraflutningum.

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum **8,5**

1.01 Heilsugæslusvið

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 8,5 m.kr. hækkun á heilsugæslusviði stofnunarinnar frá frumvarpinu vegna uppfærslu reiknilíkans fyrir heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana.

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum **-29,4**

1.01 Heilsugæslusvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 29,4 m.kr. lækkun á heilsugæslusviði stofnunarinnar frá frumvarpinu vegna uppfærslu reiknilíkans fyrir heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana.

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum **107,2**

1.11 Sjúkrasvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 107,2 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá frumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Á Heilbrigðisstofnuninni Vestmannaeyjum í heild, að meðtöldum öðrum viðfangsefnum sem falla undir þennan fjárlagalið, lækkar hagræðingarkrafan um samtals 84,2 m.kr. Þar af eru 53,5 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, 28 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar og 2,7 m.kr. til að koma í veg fyrir að stofnunin mæti meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum **6,4**

1.21 Hjúkrunarrými

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 6,4 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta leiðréttum og samræmdum daggjaldataxta á hjúkrunarsviði, í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpi og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands **-17,0**

1.01 Heilsugæslusvið

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 17 m.kr. lækkun á framlagi til sjúkraflutninga. Í kjölfar endurskoðunar á samdrætti í útgjöldum heilbrigðisstofnana þar sem dregið er úr hagræðingarkröfu á sjúkrasvið þeirra er ekki reiknað með aukningu í sjúkraflutningum.

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands **-8,5**

1.01 Heilsugæslusvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 8,5 m.kr. lækkun á heilsugæslusviði stofnunarinnar frá frumvarpinu vegna uppfærslu reiknilíkans fyrir heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana.

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands **17,0**

1.01 Heilsugæslusvið

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 17 m.kr. hækkun á heilsugæslusviði stofnunarinnar frá frumvarpinu vegna uppfærslu reiknilíkans fyrir heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana.

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands **115,1**

1.11 Sjúkrasvið

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 115,1 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá frumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands **127,5**

1.11 Sjúkrasvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 127,5 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá frumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í heild, að meðtöldum öðrum viðfangsefnum sem falla undir þennan fjárlagalið, lækkar hagræðingarkrafan um samtals 229,1 m.kr. Þar af eru 190,7 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana og 38,4 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar.

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands **-5,0**

1.21 Hjúkrunarrými

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 5,0 m.kr. lækkun á framlagi til að mæta leiðréttum og samræmdum daggjaldataxta á hjúkrunarsviði í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpi nuog fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja **69,2**

1.01 Heilsugæslusvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 69,2 m.kr. hækkun á heilsugæslusviði stofnunarinnar frá frumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja **56,9**

1.11 Sjúkrasvið

Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 56,9 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá frumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja **198,0**

1.11 Sjúkrasvið

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 198,0 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá frumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðuninni er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar er veitt. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í heild, að meðtöldum öðrum viðfangsefnum sem falla undir þennan fjárlagalið, lækkar hagræðingarkrafan um samtals 270,6 m.kr. Þar af eru 221,4 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana og 49,2 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja **-53,5**

1.21 Hjúkrunarrými

Hagræðing starfsemi

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lögð er til 53,5 m.kr. lækkun á framlagi til hjúkrunarsviðs í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að opna 10 viðbótarhjúkrunarrými á stofnuninni til að mæta brýnni þörf fyrir slíkt úrræði. Fallið hefur verið frá því og í staðinn er stefnt að opnun 20 rýma sem rekin verða af sveitarfélaginu eða aðila á þess vegum. Í stað þessa er gerð tillaga um að hækka framlag á heilsugæslusviði stofnunarinnar um tæpar 60 m.kr. til að mæta erfiðu atvinnuástandi á Suðurnesjum.

Markmiðið með endurskoðun á framlagi til heilbrigðisstofnana er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar á að veita. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd. Horft er til sérstakra aðstæðna hjá fimm stofnunum, en þær eru Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Vesturlands, Patreksfjarðar, Blönduóss og Suðausturlands, vegna atvinnuástands, hlutverks, einangrunar og rekstrarumfangs.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanirnar lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur **128,0**

1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur

Hagræðing starfsemi

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lögð er til 128 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasvið stofnunarinnar frá frumvarpinu í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrasviða þeirra. Markmiðið með endurskoðun á framlagi til heilbrigðisstofnana er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar á að veita. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd. Horft er til sérstakra aðstæðna hjá fimm stofnunum, en þær eru Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Vesturlands, Patreksfjarðar, Blönduóss og Suðausturlands, vegna atvinnuástands, hlutverks, einangrunar og rekstrarumfangs.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanirnar lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Á St. Jósefsspítala, Sólvangi, í heild, að meðtöldum öðrum viðfangsefnum sem falla undir þennan fjárlagalið, lækkar hagræðingarkrafan um 137 m.kr. Þar af eru 50,9 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana og 86,1 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur **9,0**

1.21 Hjúkrunarrými

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 9 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta leiðréttum og samræmdum daggjaldataxta á Sólvangi í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana. Markmiðið með endurskoðun á framlagi til heilbrigðisstofnana er að áætla kostnað við rekstur sjúkrarýma með hliðsjón af þjónustunni sem þar á að veita. Þá er heilsugæslulíkan uppfært og stillt af og greiðsla fyrir hjúkrunarrými samræmd. Horft er til sérstakra aðstæðna hjá fimm stofnunum, en þær eru Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Vesturlands, Patreksfjarðar, Blönduóss og Suðausturlands, vegna atvinnuástands, hlutverks, einangrunar og rekstrarumfangs.

Þessi aðferð leiðir til þess að hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanirnar lækkar um samtals 1.118,5 m.kr. frá frumvarpinu og fer úr 3.022,7 m.kr. í 1.904,2 m.kr. Það er ljóst að vegna endurskoðunarinnar verður ekki mögulegt að ná fram áhrifum aðgerðanna fyrr en liðið er á árið 2011. Af þeim sökum er lagt til að 3/12 hlutum kröfunnar, eða 453,4 m.kr., verði frestað fram á árið 2012. Þá er einnig lagt til að engin stofnun standi frammi fyrir meiri samdrætti en sem nemur 12% frá gildandi fjárlögum, en það þýðir frestun að fjárhæð 119 m.kr. til viðbótar.

Samtals heilbrigðisráðuneyti 1.504,0

09-262 Tollstjórinn **-40,0**

1.01 Tollstjórinn

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærð verði fjárheimild að upphæð 40 m.kr. af rekstrarliðnum 09-262-1.01 á stofnkostnaðarliðinn 09-262-6.01. Fjársýsla ríkisins hefur gert athugasemdir við fyrirkomulag bókunar útgjalda stofnunarinnar þar sem hún mælist til þess að viðkomandi gjöld séu færð á stofnkostnaðarlið í stað rekstrarliðs. Dæmi um útgjöld eru bílakaup, endurnýjun tölvubúnaðar og annarra tækja.

09-262 Tollstjórinn **40,0**

6.01 Tæki og búnaður

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærð verði fjárheimild að upphæð 40 m.kr. af rekstrarliðnum 09-262-1.01 á stofnkostnaðarliðinn 09-262-6.01. Fjársýsla ríkisins hefur gert athugasemdir við fyrirkomulag bókunar útgjalda stofnunarinnar þar sem hún mælist til þess að viðkomandi gjöld séu færð á stofnkostnaðarlið í stað rekstrarliðs. Dæmi um útgjöld eru bílakaup, endurnýjun tölvubúnaðar og annarra tækja.

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða **-17,2**

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Fjármagnað með ríkistekjum
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild á liðnum lækki um 17,2 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi.

09-721 Fjármagnstekjuskattur **-400,0**

1.11 Fjármagnstekjuskattur

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna lækki um 400 m.kr. og verði 2.200 m.kr. Gert er ráð fyrir því að greiðsla vegna fjármagnstekjuskatts lækki um 300 m.kr. og verði 2.100 m.kr. Fjármagnstekjuskatturinn færist einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

09-971 Ríkisábyrgðir **-3.072,0**

6.01 Ríkisábyrgðir
Niðurfellt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að fjárheimild þessa liðar, 3.072 m.kr., falli niður. Lögð hefur verið fram tillaga fyrir 3. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 2010 um að uppreiknaður höfuðstóll skulda með ríkisábyrgð sem fallið geta á ríkissjóð vegna innleystra ábyrgða föllnu bankanna þriggja frá og með 31.12.2010 verði tekinn yfir af ríkissjóði og gjaldfærður á árinu 2010. Ríkissjóður mun eftir sem áður gera kröfur í þrotabú bankanna um endurheimtur. Það felur jafnframt í sér að afborganir og uppgreiðslur á slíkum lánum munu þá ekki lengur fara í gegnum rekstrarreikning ríkissjóðs með framlögum til Ríkisábyrgðasjóðs heldur færast til skuldar í efnahagsreikningi ríkisins með sama hætti og aðrar skuldir sem hann verður að standa skil á.

Þegar ríkisviðskiptabankarnir voru gerðir að hlutafélögum á sínum tíma hvíldu á þeim ýmsar skuldbindingar vegna skuldabréfa með ríkisábyrgð sem þá höfðu verið útgefin. Ríkið ber því enn ábyrgð á þeim skuldbindingum. Hér er um að ræða Útvegsbanka Íslands sem Íslandsbanki yfirtók gegnum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og svo Landsbanka Íslands sem yfirtók skuldbindingar Lánasjóðs landbúnaðarins á sínum tíma. Nær öll lánin eru hjá Landsbankanum, eða 22,1 mia.kr., og þar af er stærsti hlutinn vegna Lánasjóðs landbúnaðarins, eða 13,8 mia.kr. Uppreiknuð staða þessara lána miðað við næstu áramót er rúmir 22,5 mia.kr. Þessi ráðstöfun hefur ekki áhrif á ábyrgð Ríkisábyrgðasjóðs, sbr. lög nr. 22/1997, um ríkisábyrgðir, gagnvart þessum lánum.

09-977 Bankasýsla ríkisins **16,0**

1.01 Bankasýsla ríkisins
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði tímabundið í tvö ár 16 m.kr. af safnlið fjármálaráðuneytisins sem ætlað er að mæta ýmsum ófyrirséðum kostnaði á Bankasýslu ríkisins. Í rekstraráætlun stofnunarinnar er gert ráð fyrir þessari fjárþörf til þess að halda úti starfsemi stofnunarinnar á árinu 2011. Líklegt verður að teljast að starfsemi stofnunarinnar aukist í framhaldi af uppgjöri á nokkrum sparisjóðum sem nú stendur yfir. Ef stofnunin á að geta tekið að sér slík aukin verkefni er óraunhæft að það verði unnt nema með því að fjölga starfsfólki hjá stofnuninni. Stofnuninni er ætlað að starfa í fimm ár og má gera ráð fyrir að verkefni hennar verði einna umfangsmest á næstu tveimur árum.

09-984 Fasteignir ríkissjóðs **-117,7**

1.11 Rekstur fasteigna
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að leigutekjur stofnunarinnar lækki um 48,8 m.kr. á milli ára og að rekstur fasteigna lækki um rúmar 166,5 m.kr. vegna áætlunar um lækkun fasteignagjalda og þannig lækki rekstrargjöld umfram sértekjur um tæpar 118 m.kr. Það veitir Fasteignum ríkissjóðs svigrúm til að ráðstafa meira fé í viðhald bygginga í eigu ríkisins sem því nemur eins og lagt er til í annarri tillögu undir viðfangsefninu 09-984-5.21.

09-984 Fasteignir ríkissjóðs **117,7**

5.21 Viðhald fasteigna
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að leigutekjur stofnunarinnar lækki um 48,8 m.kr. á milli ára og að rekstur fasteigna lækki um rúmar 166,5 m.kr. vegna áætlunar um lækkun fasteignagjalda og þannig lækki rekstrargjöld umfram sértekjur um tæpar 118 m.kr. Það veitir Fasteignum ríkissjóðs svigrúm til að ráðstafa meira fé í viðhald bygginga í eigu ríkisins sem því nemur eins og lagt er til í annarri tillögur undir viðfangsefninu 09-984-1.11.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

09-989 Ófyrirséð útgjöld **333,7**
1.90 Ófyrirséð útgjöld
Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að fjárheimildir stofnana hækki samtals um 333,7 m.kr. vegna nýgerðs kjarasamnings við Sjúkraliðafélag Íslands sem tók gildi 14. október sl. Gert verður ráð fyrir sambærilegum breytingum á fjárheimildum viðkomandi stofnana vegna ársins 2010 með millifærslu af liðnum Ófyrirséð útgjöld í fjárheimildabókhaldi. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar og verði breytingarnar samþykktar munu þær koma fram í viðkomandi fjárveitingum í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu þess.

09-989 Ófyrirséð útgjöld **-1.083,6**
1.90 Ófyrirséð útgjöld
Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir 3,5% hækkun á almennu verðlagi og var þá miðað við forsendu þjóðhagsspár Hagstofu Íslands frá 15. júní sl. um breytingar á vísitölu neysluverðs. Sú spá hefur verið endurmetin í nýrri þjóðhagsspá stofnunarinnar sem birt var 23. nóvember sl. og er nú spáð að verðbólgan verði 2,3%. Verðlagsforsendur frumvarpsins hafa verið endurreiknaðar með tilliti til þessarar breytingar og hefur það í för með sér nokkra lækkun á fjárheimildum. Samhliða þessu eru gengisforsendur frumvarpsins endurreiknaðar og er nú miðað við gengi Seðlabanka Íslands 15 nóvember sl. en í frumvarpinu var miðað við gengisskráningu 1. september. Styrking íslensku krónunnar er 1,43% á þessu tímabili. Miðað við þennan endurútreikning eru fjárheimildir lækkaðar um 1.089,9 m.kr. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu þess.

09-999 Ýmislegt **-16,0**
1.90 Ýmis verkefni
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði tímabundið í tvö ár 16 m.kr. af safnlið fjármálaráðuneytisins sem ætlað er að mæta ýmsum ófyrirséðum kostnaði á Bankasýslu ríkisins. Í rekstraráætlun stofnunarinnar er gert ráð fyrir þessari fjárþörf til þess að halda úti starfsemi stofnunarinnar á árinu 2011. Líklegt verður að teljast að starfsemi stofnunarinnar aukist í framhaldi af uppgjöri á nokkrum sparisjóðum sem nú stendur yfir. Ef stofnunin á að geta tekið að sér slík aukin verkefni er óraunhæft að það verði unnt nema með því að fjölga starfsfólki hjá stofnuninni. Stofnuninni er ætlað að starfa í fimm ár og má gera ráð fyrir að verkefni hennar verði einna umfangsmest á næstu tveimur árum.

Samtals fjármálaráðuneyti -4.239,1

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

10-211 Vegagerðin **3.122,0**

1.07 Þjónusta

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildir Vegagerðarinnar verði settar fram á einum fjárlagalið. Vegagerðin er ein stofnun og fjárhagslega eitt ábyrgðarsvið og eðlilegt að fjárheimildir hennar séu þannig fram settar í fjárlögum og í ríkisreikningi. Breyting sú sem gerð var á framsetningu fjárveitinga hjá Vegagerðinni í fjárlögum 2004 með því að skipta fjárheimildum stofnunarinnar á tvo liði miðaði að því að aðskilja rekstrarþátt stofnunarinnar frá framkvæmdaþætti hennar. Sú breyting þykir ekki hafa haft þá kosti í för með sér sem ætlað var en hefur aftur á móti hækkað flækjustig í reikningshaldi stofnunarinnar og þanið út rekstrarumfang hennar í gegnum kaup og sölu á þjónustu milli fjárlagaliða stofnunarinnar.

10-211 Vegagerðin **936,0**

1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildir Vegagerðarinnar verði settar fram á einum fjárlagalið. Vegagerðin er ein stofnun og fjárhagslega eitt ábyrgðarsvið og eðlilegt að fjárheimildir hennar séu þannig fram settar í fjárlögum og í ríkisreikningi. Breyting sú sem gerð var á framsetningu fjárveitinga hjá Vegagerðinni í fjárlögum 2004 með því að skipta fjárheimildum stofnunarinnar á tvo liði miðaði að því að aðskilja rekstrarþátt stofnunarinnar frá framkvæmdaþætti hennar. Sú breyting þykir ekki hafa haft þá kosti í för með sér sem ætlað var en hefur aftur á móti hækkað flækjustig í reikningshaldi stofnunarinnar og þanið út rekstrarumfang hennar í gegnum kaup og sölu á þjónustu milli fjárlagaliða stofnunarinnar.

10-211 Vegagerðin **114,4**

1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 114,4 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins vegna breytinga á uppbyggingu styrkja til almenningssamgangna en í annarri tillögu er gert ráð fyrir 94,5 m.kr. lækkun á framlögum á liðnum Styrkir til innanlandsflugs. Unnið hefur verið að því á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að móta stefnu í almenningssamgöngum í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem segir að vinna skuli áætlun um sjálfbærar samgöngur í samvinnu við sveitarfélögin, með það að markmiði að draga úr þörf fyrir einkabílinn. Tillaga þessi er hluti af þeirri vinnu og byggð á niðurstöðum starfshóps um málið.

10-211 Vegagerðin **284,0**

1.13 Styrkir til innanlandsflugs

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildir Vegagerðarinnar verði settar fram á einum fjárlagalið. Vegagerðin er ein stofnun og fjárhagslega eitt ábyrgðarsvið og eðlilegt að fjárheimildir hennar séu þannig fram settar í fjárlögum og í ríkisreikningi. Breyting sú sem gerð var á framsetningu fjárveitinga hjá Vegagerðinni í fjárlögum 2004 með því að skipta fjárheimildum stofnunarinnar á tvo liði miðaði að því að aðskilja rekstrarþátt stofnunarinnar frá framkvæmdaþætti hennar. Sú breyting þykir ekki hafa haft þá kosti í för með sér sem ætlað var en hefur aftur á móti hækkað flækjustig í reikningshaldi stofnunarinnar og þanið út rekstrarumfang hennar í gegnum kaup og sölu á þjónustu milli fjárlagaliða stofnunarinnar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

10-211 Vegagerðin **-94,5**
1.13 Styrkir til innanlandsflugs
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 94,5 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins vegna breytinga á uppbyggingu styrkja til almenningssamgangna en í annarri tillögu er gert ráð fyrir 114,4 m.kr. hækkun á framlögum til Styrkja til ferja og sérleyfishafa. Unnið hefur verið að því á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að móta stefnu í almenningssamgöngum í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem segir að vinna skuli áætlun um sjálfbærar samgöngur í samvinnu við sveitarfélögin, með það að markmiði að draga úr þörf fyrir einkabílinn. Tillaga þessi er hluti af þeirri vinnu og byggð á niðurstöðum starfshóps um málið.

10-211 Vegagerðin **128,0**
1.21 Rannsóknir
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildir Vegagerðarinnar verði settar fram á einum fjárlagalið. Vegagerðin er ein stofnun og fjárhagslega eitt ábyrgðarsvið og eðlilegt að fjárheimildir hennar séu þannig fram settar í fjárlögum og í ríkisreikningi. Breyting sú sem gerð var á framsetningu fjárveitinga hjá Vegagerðinni í fjárlögum 2004 með því að skipta fjárheimildum stofnunarinnar á tvo liði miðaði að því að aðskilja rekstrarþátt stofnunarinnar frá framkvæmdaþætti hennar. Sú breyting þykir ekki hafa haft þá kosti í för með sér sem ætlað var en hefur aftur á móti hækkað flækjustig í reikningshaldi stofnunarinnar og þanið út rekstrarumfang hennar í gegnum kaup og sölu á þjónustu milli fjárlagaliða stofnunarinnar.

10-211 Vegagerðin **4.679,0**
5.10 Viðhald
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildir Vegagerðarinnar verði settar fram á einum fjárlagalið. Vegagerðin er ein stofnun og fjárhagslega eitt ábyrgðarsvið og eðlilegt að fjárheimildir hennar séu þannig fram settar í fjárlögum og í ríkisreikningi. Breyting sú sem gerð var á framsetningu fjárveitinga hjá Vegagerðinni í fjárlögum 2004 með því að skipta fjárheimildum stofnunarinnar á tvo liði miðaði að því að aðskilja rekstrarþátt stofnunarinnar frá framkvæmdaþætti hennar. Sú breyting þykir ekki hafa haft þá kosti í för með sér sem ætlað var en hefur aftur á móti hækkað flækjustig í reikningshaldi stofnunarinnar og þanið út rekstrarumfang hennar í gegnum kaup og sölu á þjónustu milli fjárlagaliða stofnunarinnar.

10-211 Vegagerðin **5.976,0**
6.10 Nýframkvæmdir
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildir Vegagerðarinnar verði settar fram á einum fjárlagalið. Vegagerðin er ein stofnun og fjárhagslega eitt ábyrgðarsvið og eðlilegt að fjárheimildir hennar séu þannig fram settar í fjárlögum og í ríkisreikningi. Breyting sú sem gerð var á framsetningu fjárveitinga hjá Vegagerðinni í fjárlögum 2004 með því að skipta fjárheimildum stofnunarinnar á tvo liði miðaði að því að aðskilja rekstrarþátt stofnunarinnar frá framkvæmdaþætti hennar. Sú breyting þykir ekki hafa haft þá kosti í för með sér sem ætlað var en hefur aftur á móti hækkað flækjustig í reikningshaldi stofnunarinnar og þanið út rekstrarumfang hennar í gegnum kaup og sölu á þjónustu milli fjárlagaliða stofnunarinnar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

10-212 Samgönguverkefni **-3.122,0**

1.07 Þjónusta

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildir Vegagerðarinnar verði settar fram á einum fjárlagalið. Vegagerðin er ein stofnun og fjárhagslega eitt ábyrgðarsvið og eðlilegt að fjárheimildir hennar séu þannig fram settar í fjárlögum og í ríkisreikningi. Breyting sú sem gerð var á framsetningu fjárveitinga hjá Vegagerðinni í fjárlögum 2004 með því að skipta fjárheimildum stofnunarinnar á tvo liði miðaði að því að aðskilja rekstrarþátt stofnunarinnar frá framkvæmdaþætti hennar. Sú breyting þykir ekki hafa haft þá kosti í för með sér sem ætlað var en hefur aftur á móti hækkað flækjustig í reikningshaldi stofnunarinnar og þanið út rekstrarumfang hennar í gegnum kaup og sölu á þjónustu milli fjárlagaliða stofnunarinnar.

10-212 Samgönguverkefni **-936,0**

1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildir Vegagerðarinnar verði settar fram á einum fjárlagalið. Vegagerðin er ein stofnun og fjárhagslega eitt ábyrgðarsvið og eðlilegt að fjárheimildir hennar séu þannig fram settar í fjárlögum og í ríkisreikningi. Breyting sú sem gerð var á framsetningu fjárveitinga hjá Vegagerðinni í fjárlögum 2004 með því að skipta fjárheimildum stofnunarinnar á tvo liði miðaði að því að aðskilja rekstrarþátt stofnunarinnar frá framkvæmdaþætti hennar. Sú breyting þykir ekki hafa haft þá kosti í för með sér sem ætlað var en hefur aftur á móti hækkað flækjustig í reikningshaldi stofnunarinnar og þanið út rekstrarumfang hennar í gegnum kaup og sölu á þjónustu milli fjárlagaliða stofnunarinnar.

10-212 Samgönguverkefni **-284,0**

1.13 Styrkir til innanlandsflugs

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildir Vegagerðarinnar verði settar fram á einum fjárlagalið. Vegagerðin er ein stofnun og fjárhagslega eitt ábyrgðarsvið og eðlilegt að fjárheimildir hennar séu þannig fram settar í fjárlögum og í ríkisreikningi. Breyting sú sem gerð var á framsetningu fjárveitinga hjá Vegagerðinni í fjárlögum 2004 með því að skipta fjárheimildum stofnunarinnar á tvo liði miðaði að því að aðskilja rekstrarþátt stofnunarinnar frá framkvæmdaþætti hennar. Sú breyting þykir ekki hafa haft þá kosti í för með sér sem ætlað var en hefur aftur á móti hækkað flækjustig í reikningshaldi stofnunarinnar og þanið út rekstrarumfang hennar í gegnum kaup og sölu á þjónustu milli fjárlagaliða stofnunarinnar.

10-212 Samgönguverkefni **-128,0**

1.21 Rannsóknir

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildir Vegagerðarinnar verði settar fram á einum fjárlagalið. Vegagerðin er ein stofnun og fjárhagslega eitt ábyrgðarsvið og eðlilegt að fjárheimildir hennar séu þannig fram settar í fjárlögum og í ríkisreikningi. Breyting sú sem gerð var á framsetningu fjárveitinga hjá Vegagerðinni í fjárlögum 2004 með því að skipta fjárheimildum stofnunarinnar á tvo liði miðaði að því að aðskilja rekstrarþátt stofnunarinnar frá framkvæmdaþætti hennar. Sú breyting þykir ekki hafa haft þá kosti í för með sér sem ætlað var en hefur aftur á móti hækkað flækjustig í reikningshaldi stofnunarinnar og þanið út rekstrarumfang hennar í gegnum kaup og sölu á þjónustu milli fjárlagaliða stofnunarinnar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

10-212 Samgönguverkefni **-4.679,0**
5.10 Viðhald
Millifærð
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildir Vegagerðarinnar verði settar fram á einum fjárlagalið. Vegagerðin er ein stofnun og fjárhagslega eitt ábyrgðarsvið og eðlilegt að fjárheimildir hennar séu þannig fram settar í fjárlögum og í ríkisreikningi. Breyting sú sem gerð var á framsetningu fjárveitinga hjá Vegagerðinni í fjárlögum 2004 með því að skipta fjárheimildum stofnunarinnar á tvo liði miðaði að því að aðskilja rekstrarþátt stofnunarinnar frá framkvæmdaþætti hennar. Sú breyting þykir ekki hafa haft þá kosti í för með sér sem ætlað var en hefur aftur á móti hækkað flækjustig í reikningshaldi stofnunarinnar og þanið út rekstrarumfang hennar í gegnum kaup og sölu á þjónustu milli fjárlagaliða stofnunarinnar.

10-212 Samgönguverkefni **-5.976,0**
6.10 Framkvæmdir
Millifærð
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimildir Vegagerðarinnar verði settar fram á einum fjárlagalið. Vegagerðin er ein stofnun og fjárhagslega eitt ábyrgðarsvið og eðlilegt að fjárheimildir hennar séu þannig fram settar í fjárlögum og í ríkisreikningi. Breyting sú sem gerð var á framsetningu fjárveitinga hjá Vegagerðinni í fjárlögum 2004 með því að skipta fjárheimildum stofnunarinnar á tvo liði miðaði að því að aðskilja rekstrarþátt stofnunarinnar frá framkvæmdaþætti hennar. Sú breyting þykir ekki hafa haft þá kosti í för með sér sem ætlað var en hefur aftur á móti hækkað flækjustig í reikningshaldi stofnunarinnar og þanið út rekstrarumfang hennar í gegnum kaup og sölu á þjónustu milli fjárlagaliða stofnunarinnar.

10-335 Siglingastofnun Íslands **7,8**
1.01 Almennur rekstur
Fjármagnað með ríkistekjum
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að útgjaldaheimild Siglingastofnunar verði hækkuð um 7,8 m.kr. Í 6. gr. laga um lögskráningu sjómanna, sem tóku gildi 1. nóvember á þessu ári, er að finna tvær nýjar gjaldtökuheimildir, annars vegar fyrir aðgang að lögskráningarkerfinu og hins vegar fyrir þau störf sem innt verða af hendi við framkvæmd lögskráningarinnar samkvæmt lögunum. Gert er ráð fyrir að gjöldin, sem teljast vera lögþvingaðar ríkistekjur, renni annars vegar beint til reksturs Siglingastofnunar vegna aðgangs að lögskráningarkerfinu og hins vegar til þess aðila sem falið verði með reglugerð að annast framkvæmd lögskráningar samkvæmt eldra fyrirkomulagi skráningarinnar. Tilgangur laganna var m.a. að einfalda lögskráninguna og gera þeim sem lögskrá það kleift að annast það sjálfir með netaðgangi að gagnagrunni. Hins vegar var vitað að eftir sem áður mundi einhver hluti útgerða óska eftir að lögskrá eftir eldra fyrirkomulaginu sem nú er gert ráð fyrir að Siglingastofnun sjái um framkvæmd á. Gert er ráð fyrir að tekjur af þeirri gjaldheimtu verði 7,8 m.kr. á árinu 2011.

10-335 Siglingastofnun Íslands **0,0**
1.41 Rekstur Landeyjahafnar
Samningsbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 9 m.kr. fjárheimild til þessa nýja fjárlagaliðar en gert er ráð fyrir að Landeyjahöfn verði að öllu leyti fjármögnuð með sértekjum. Siglingastofnun hefur með vísan til laga um Landeyjahöfn gert samninga við rekstraraðila Herjólfs um afnot hafnarinnar og mannvirkja á hafnarsvæðinu vegna siglinga Herjólfs frá höfninni til Vestmannaeyja. Gjald fyrir afnotin eru um 9 m.kr. og verður því varið til að standa undir kostnaði við viðhald og rekstur mannvirkjanna.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta **-300,0**

1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 300 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins vegna aðhaldsaðgerða. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að hækkun gjalda á áfengi og tóbak mundi skila um 1.000 m.kr. í tekjur en nú er gert ráð fyrir að sú hækkun verði minni en áformað var og að tekjuaukinn verði 700 m.kr. lægri eða samtals um 300 m.kr. Í ljósi þessa er gert ráð fyrir 300 m.kr. lækkun á framlagi til starfsemi ISAVIA ohf. en gera má ráð fyrir að þessu verði mætt að einhverju marki með hækkun þjónustugjalda félagsins og verðlagningar í vörusölu.

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin **-2,5**

1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag vegna fjölmiðlafrumvarps lækki um 2,5 m.kr. eða um helming. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir 5 m.kr. framlagi vegna frumvarps til fjölmiðlalaga sem m.a. hefur að geyma verkefni og skyldur sem snúa að Póst- og fjarskiptastofnun. Nú er gert ráð fyrir því að breytingar og starfsemi sem frumvarpið felur í sér muni ekki koma fram fyrr en á síðari hluta árs 2011. Því er lagt til að framlagið verði lækkað um helming.

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga **-107,0**

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 107 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög í sjóðinn af skatttekjum og útsvarsstofni árið 2011. Spáin miðast við að innheimtar skatttekjur verði 413.755 m.kr. árið 2011 og að útsvarsstofn ársins 2010 verði 825.915 m.kr.

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga **700,0**

1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 700 m.kr. hækkun á framlagi til sjóðsins og er því aukaframlagi ætlað að skapa svigrúm til að koma til móts við þau sveitarfélög sem eru í miklum fjárhagserfiðleikum.

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga **600,0**

1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að 600 m.kr. hækkun verði á útgjöldum vegna húsaleigubóta sveitarfélaga sem færast á þennan lið ef samkomulag um breytingar á bótakerfinu sem gert var 7. apríl 2008 verður framlengt óbreytt. Viðbótarkostnaður við kerfið vegna samkomulagsins væri þar með orðinn 1.528 m.kr. á árinu 2011 en hann var upphaflega áætlaður 432 m.kr. Samkomulagið rann út 31. mars 2010 og þurfa ríkið og sveitarfélögin að semja sín í milli um fyrirkomulag bótakerfisins og fjármögnun á því. Í fjárlögum 2010 er framlag vegna verkefnisins áætlað það sama og veitt var til þess í fjárlögum og fjáraukalögum 2009, eða 928 m.kr. Í fjáraukalagafrumvarpi 2010 er til viðbótar þessu gert ráð fyrir 556 m.kr. framlagi. Áætlanir sveitarfélaga vegna húsaleigubóta ársins 2011 gera hins vegar ráð fyrir að útgjöldin fari vaxandi frá fyrra ári. Sé tekið mið af þeim áætlunum og mati samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis á því hvernig meta eigi 60% hlutdeild ríkisins í kostnaðinum má reikna með að kostnaður ríkissjóðs vegna fyrrgreinds samkomulags verði um 600 m.kr. hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum 2010.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga **51,0**

1.12 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, málefni fatlaðra

Samningsbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 51 m.kr. fjárheimild vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar við fatlaða á vegum sveitarfélaga sem fyrirhugað er að hefja á næsta ári. Notendastýrð þjónusta snýst um að einstaklingar sem þurfa varanlega aðstoð og stjórni því að jafnaði sjálfir hvers konar stoðþjónustu þeir njóta, hvar og hvenær. Markmiðið er að fatlaðir geti notið sjálfstæðis í lífi sínu til jafns á við ófatlaða. Tillagan byggist á samkomulagi um yfirfærslu á þjónustu við fatlaða frá 23. nóvember 2010 sem fjármálaráðherra, félags- og tryggingamálaráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerðu við Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaganna. Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að árið 2012 verði framlagið hækkað í 100 m.kr. og árið 2013 verði það 150 m.kr. Fjárhæðir eru á verðlagi fjárlaga 2010 og taka verðlagsbreytingum samkvæmt forsendum fjárlaga, þar af eru 85% vegna launa og 15% vegna annarra rekstrarþátta.

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga **201,0**

1.12 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, málefni fatlaðra

Samningsbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 201 m.kr. fjárheimild vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Um er að ræða greiðslur ríkissjóðs til sveitarfélaga, m.a. vegna aðlögunar og útfærslu þjónustunnar. Samkvæmt samkomulagi um yfirfærsluna er gert ráð fyrir að árið 2012 verði framlagið hækkað í 395 m.kr. og árið 2013 verði það 215 m.kr. Fjárhæðir eru á verðlagi fjárlaga 2010 og taka verðlagsbreytingum samkvæmt forsendum fjárlaga, þar af eru 85% vegna launa og 15% vegna annarra rekstrarþátta.

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga **371,0**

1.12 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, málefni fatlaðra

Samningsbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 371 m.kr. fjárheimild vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Um er að ræða greiðslur á árunum 2011-2013 sem ætlað er að vega upp á móti veikri stöðu útsvarsstofnsins á þessum tíma. Fjárheimildin tekur mið af áætlunum um útsvarsstofninn sem er áætlaður um 846 mia.kr. árið 2011. Í samkomulagi um yfirfærsluna kemur fram að gert sé ráð fyrir framlögum á fjárlögum til sérdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árunum 2011-2013 vegna veikrar stöðu útsvarsstofnsins en samkvæmt samkomulaginu er útsvarshlutfall sveitarfélaga hækkað um 1,2% í tengslum við yfirfærsluna og hlutfall ríkisins er lækkað um sama hlutfall á móti. Umsamin hækkun er mun meiri en það hlutfall útsvarsstofnsins sem árlega var veitt til málaflokksins fram að efnahagshruni. Við samningsgerð var hins vegar tekið tillit kostnaðar sem skapast getur vegna nýrra verkefna og breyttra áherslna sem fyrirsjáanlegar eru varðandi þjónustu við fatlaða á næstu árum. Gert er ráð fyrir að útsvarshækkunin muni duga til að mæta kostnaði sveitarfélaga við þjónustu við fatlaða og framlög af fjárlögum falli niður þegar útsvarsstofninn hefur aftur náð sér eftir efnahagshrunið.

Samtals samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti 1.541,2

11-299 Iðja og iðnaður, framlög **-1,3**

1.19 Staðlaráð

Fjármagnað með ríkistekjum
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild á liðnum lækki um 1,3 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

11-501 Ferðamálastofa **55,7**

1.01 Ferðamálastofa

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 55,7 m.kr. verði millifærðar á þennan lið af 11-501-1.13 Markaðs- og kynningarmál erlendis. Íslandsstofa var stofnuð með lögum nr. 38/2010 en markmið laganna er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða að erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins. Í lögunum er m.a. gert ráð fyrir að tekjur Íslandsstofu skuli vera framlög í fjárlögum og þjónustusamningar við stofnanir og samtök. Gert er ráð fyrir að fjárveitingum til markaðs- og kynningarstarfs ferðamála erlendis, sem eru á fjárlagalið ráðuneytis ferðamála, verði ráðstafað til Íslandsstofu með þjónustusamningum þar um. Íslandsstofa hefur tekið við verkefnum af Ferðamálastofu sem viðkoma markaðs- og kynningarmálum erlendis og er því gerð tillaga um að flytja fjárheimild vegna fastra verkefna Ferðamálastofu yfir á 11-501-1.01. Framvegis mun fjárheimild á lið 11-501-1.13 verða ráðstafað óskiptri til Íslandsstofu í samræmi við samning þar um.

11-501 Ferðamálastofa **0,0**

1.13 Markaðs- og kynningarmál erlendis

Hagrænt eða kerfislægt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til breytt tegundaskipting á fjárheimild liðarins. Þar sem gert er ráð fyrir að fjárheimildinni verði framvegis ráðstafað til Íslandsstofu með samningi er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins falli að öllu leyti undir önnur gjöld í stað tilfærslna áður.

11-501 Ferðamálastofa **-55,7**

1.13 Markaðs- og kynningarmál erlendis

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 55,7 m.kr. verði millifærðar af liðnum á 11-501-1.01 Ferðamálastofa. Íslandsstofa var stofnuð með lögum nr. 38/2010 en markmið laganna er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða að erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins. Í lögunum er m.a. gert ráð fyrir að tekjur Íslandsstofu skuli vera framlög í fjárlögum og þjónustusamningar við stofnanir og samtök. Gert er ráð fyrir að fjárveitingum til markaðs- og kynningarstarfs ferðamála erlendis, sem eru á fjárlagalið ráðuneytis ferðamála, verði ráðstafað til Íslandsstofu með þjónustusamningum þar um. Íslandsstofa hefur tekið við verkefnum af Ferðamálastofu sem viðkoma markaðs- og kynningarmálum erlendis og er því gerð tillaga um að flytja fjárheimild vegna fastra verkefna Ferðamálastofu yfir á 11-501-1.01. Framvegis mun fjárheimild á lið 11-501-1.13 verða ráðstafað óskiptri til Íslandsstofu í samræmi við samning þar um.

11-599 Ýmis ferðamál **22,8**

1.90 Ýmis ferðamál

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 22,8 m.kr. framlag á liðnum til ferðamála.

Samtals iðnaðarráðuneyti 21,5

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa **15,0**

1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Fagráðuneyti

Lagt er til að veitt verði tímabundið 15 m.kr. framlag til þess að standa straum af kostnaði vegna aðkeyptrar þjónustu erlends sérfræðings. Vegna samstarfsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þarf að kaupa aðstoð og ráðgjöf erlends sérfræðings til þess að meta framkvæmd þeirra tillagna sem gerðar hafa verið um breytingar á umgjörð eftirlits á fjármálamarkaði og eftirfylgni við Basel-grunnviðmiðin. Sérfræðingurinn skal einnig gera áætlun um hvernig vinna megi gegn þeim veikleikum sem tilgreindir verða í matinu. Stefnt er að því að matið verði unnið og birt fyrir lok mars 2011.

12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa **10,0**

1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag vegna nýrrar stöðu lögfræðings á skrifstofu efnahagsmála. Verkefni skrifstofunnar á sviði lögfræði hafa verið mjög umfangsmikil frá því að efnahagsmál komu til ráðuneytisins. Aðkeyptur lögfræðikostnaður efnahagsskrifstofu, t.d. vegna gengismálafrumvarpsins, hefur verið töluverður. Fyrirhuguð er endurskoðun á lögum um Seðlabanka og er brýnt að efnahagsskrifstofan sé með sérhæfðan lögfræðing í sínum málaflokki til þess að sinna lögfræðilegum álitamálum á sviði efnahagsmála. Lögfræðingurinn mun einnig aðstoða nefnd um fjármálastöðugleika en verkefni hennar hafa verið umfangsmikil að undanförnu.

12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa **4,6**

1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 4,6 m.kr framlag til að standa undir kostnaði sem nemur 40% stöðugildi og ferðakostnaði starfsmanns vegna vinnu við innleiðingu þjónustutilskipunar Evrópusambandsins hér á landi. Gert er ráð fyrir að starfsmaðurinn sinni einnig upplýsingaskyldu vegna þjónustutilskipunarinnar sem talin er verða töluverð. Ljóst er að tilskipunin er mjög viðamikil og mun innleiðingin hafa þónokkurn kostnað í för með sér, m.a. vegna þýðingar á eyðublöðum, uppsetningar upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar og krafna tilskipunarinnar um rafræna afgreiðslu umsókna. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar var veitt 7,7 m.kr. framlag í fjáraukalögum 2008 til þess að undirbúa verkið.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

12-190 Ýmis verkefni **20,0**
1.15 Fastanefndir
Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. framlag til liðarins. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu er gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar úrskurðarnefnd sem geti úrskurðað um ágreining um niðurfærslu skulda fyrirtækis við sértæka skuldaaðlögun en reiknað er með að þrír einstaklingar skipi nefndina. Lagt er til að þeim aðila sem skýtur máli til úrskurðarnefndarinnar verði gert að greiða sérstakt gjald, málskotsgjald, sem renni í ríkissjóð. Er gjaldinu ætlað að taka mið af kostnaði við úrskurðarnefndina, svo sem vegna þóknunar nefndarmanna, reksturs mála fyrir nefndinni, starfsaðstöðu, sérfræðiaðstoðar og gagnaöflunar, en gert er ráð fyrir að um 100 mál fari til nefndarinnar á ári. Áætlað er að kostnaður við störf nefndarinnar verði samtals 20 m.kr. en eins og fyrr segir er tekjum af málskotsgjaldinu ætlað að standa undir þeim kostnaði. Skiptist kostnaðurinn þannig að reiknað er með 10 m.kr. launakostnaði þriggja nefndarmanna, 7 m.kr. tímabundnum kostnaði vegna starfsmanns nefndarinnar og 3 m.kr. kostnaði vegna starfsaðstöðu og aðfanga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kostnaður við rekstur úrskurðarnefndar skuli greiðast úr ríkissjóði en jafnframt að lánastofnanir skuli endurgreiða ríkissjóði þann kostnað eftir reglum sem efnahags- og viðskiptaráðherra setur.

12-190 Ýmis verkefni **41,0**
1.15 Fastanefndir
Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 41 m.kr. framlag til þess að fjármagna eftirlitsnefnd um skuldaaðlögun. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu er lögð til breyting á 4. gr. laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Er þar gert ráð fyrir að efnahags- og viðskiptaráðherra verði heimilt að skipa eftirlitsnefndinni, sem tilgreind er í 4. gr. laganna, starfsmenn sem starfa á ábyrgð og undir handleiðslu nefndarinnar. Áætlað er að kostnaður við störf þessarar nefndar verði samtals 45 m.kr. á árinu 2011 en í fjárlagafrumvarpi fyrir það ár er gert ráð fyrir 4 m.kr. framlagi til nefndarinnar. Skiptist kostnaðurinn þannig að reiknað er með 10 m.kr. launakostnaði vegna þriggja nefndarmanna, 30 m.kr. kostnaði vegna þriggja endurskoðenda og 3 m.kr. kostnaði við hálft stöðugildi sérfræðings. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður vegna starfsaðstöðu og aðfanga verði um 2 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kostnaður við rekstur eftirlitsnefndar skuli greiðast úr ríkissjóði en jafnframt að lánastofnanir skuli endurgreiða ríkissjóði þann kostnað eftir reglum sem efnahags- og viðskiptaráðherra setur.

12-190 Ýmis verkefni **7,3**
1.42 Athugun á skuldavanda heimilanna
Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 7,3 m kr. tímabundið framlag verði veitt til verkefnisins Athugun á skuldavanda heimilanna sem ríkisstjórnin samþykkti 5. mars 2010 að ráðuneytið hefði forgöngu um. Gert er ráð fyrir að rannsóknin muni í heildina kosta allt að 50 m.kr. fram til loka árs 2013. Þar af verði um 40 m.kr. vegna launakostnaðar en gert er ráð fyrir tveimur starfsmönnum vegna verkefnisins. Annar kostnaður er vegna hug- og vélbúnaðar, aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar og viðhalds og þróunar gagnagrunns. Miðað er við að rannsóknin geti hafist fyrir lok þessa árs og að kostnaður ársins 2010 verði um 10 m.kr., einkum vegna stofnkostnaðar við vél- og hugbúnað, en hækki svo í 13,3 m.kr. á ársgrunni fram til loka árs 2013. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir 6 m.kr. framlagi sem ætlað var til að hefjast handa við verkefnið en samkvæmt því er þörf á 7,3 m.kr. framlagi svo að heildarframlagið verði 13,3 m.kr. á árinu 2011.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

12-431 Einkaleyfastofan **11,0**

1.01 Einkaleyfastofan

Fjármagnað með ríkistekjum
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 11 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins í samræmi við endurskoðaða tekjuáætlun stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna vörumerkja hækki um sömu upphæð vegna hækkunar gjalda.

Samtals efnahags- og viðskiptaráðuneyti 108,9

14-190 Ýmis verkefni **-4,8**

1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 4,8 m.kr. fjárheimild verði flutt af fjárlagalið 14-190-1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið yfir á fjárlagalið 14-301-1.01 Skipulagstofnun þar sem verkefni nefndarinnar flytjast til Skipulagsstofnunar samhliða gildistöku nýrra skipulagslaga 1. janúar 2011.

14-190 Ýmis verkefni **1,2**

1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 1,2 m.kr. framlag til reksturs skrifstofunnar til að uppfylla samning Íslands gagnvart aðildarríkum Norðurskautsráðsins og í samræmi við framlag annarra aðildarþjóða.

14-190 Ýmis verkefni **-0,2**

1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 0,2 m.kr. af 14-190-1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME, yfir á 14-190-1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF, til að samræma fjárframlög skrifstofanna.

14-190 Ýmis verkefni **1,2**

1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 1,2 m.kr. framlag til reksturs skrifstofunnar til að uppfylla samning Íslands gagnvart aðildarríkum Norðurskautsráðsins og í samræmi við framlag annarra aðildarþjóða.

14-190 Ýmis verkefni **0,2**

1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 0,2 m.kr. af 14-190-1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME, yfir á 14-190-1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF, til að samræma fjárframlög skrifstofanna.

14-190 Ýmis verkefni **8,0**

1.90 Ýmis verkefni

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 8 m.kr. hækkun á safnliðnum.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

14-190 Ýmis verkefni **3,0**

1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag í fimm ár til vöktunar og skiplagðra viðbragða við uppblæstri og gróðureyðingu við Skaftá. Gróður- og landeyðing með farvegum Skaftár eru alvarleg umhverfisvandamál annars vegar vegna mikils aurburðar í sumarrennsli og hins vegar vegna Skaftárhlaupa. Breytingar af mannavöldum hafa enn aukið á þennan vanda í byggð. Talið er mögulegt að draga úr skaðlegum áhrifum aurburðar næstu áratugina með því að veita ánni í Langasjó sem minnka mundi aurburð í farvegum árinnar bæði í hlaupum og við venjulegar kringumstæður en um það eru þó skiptar skoðanir. Þar sem fyrirsjáanlegt er að Langisjór verði ein af náttúruperlum Vatnajökulsþjóðgarðs getur þó þurft að takast á við vatnsstýringu og aurburðarvandamál með öðrum hætti. Fyrir liggur viljayfirlýsing Skaftárhrepps um að vinna að þessu verkefni með þjóðgarðinum.

14-211 Umhverfisstofnun **10,0**

5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar í þjóðgarðinum Snæfellsjökli, einkum í þeim tilgangi að bæta aðgengi fatlaðra, lagfæra göngustíga, framleiða og setja upp fræðsluskilti og bæta aðstöðu ferðamanna á annan hátt.

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður **25,0**

1.01 Vatnajökulsþjóðgarður

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Fagráðuneyti

Lagt er til að framlag til framkvæmda í þjóðgarðinum verði lækkað um 25 m.kr. og rekstrarframlag hækkað jafnmikið á móti. Tillagan er gerð samhliða annarri tillögu um 15 m.kr. aukið rekstrarframlag og saman er þeim ætlað að byggja upp og efla þjónustu í þjóðgarðinum. Gera má ráð fyrir að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða muni að einhverju leyti geta fjármagnað viðhaldsverkefni og ýmis stofnkostnaðarverkefni í þjóðgarðinum en áformað er að frumvarp um sjóðinn verði lagt fram á Alþingi á þessu haustþingi.

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður **15,0**

1.01 Vatnajökulsþjóðgarður

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Fagráðuneyti

Gerð er tillaga um 15 m.kr. fjárveitingu til að halda áfram uppbyggingu á starfseminni í Vatnajökulsþjóðgarði í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun garðsins. Aukin aðsókn að þjóðgarðinum kallar á aukna þjónustu, svo sem landvörslu, og einnig hafa atvinnurekendur í nágrenni þjóðgarðsins kallað eftir lengri þjónustutíma í garðinum til að lengja virkan ferðamannatíma á hverju ári. Tillaga þessi er gerð samhliða annarri tillögu um að flytja 25 m.kr. af framkvæmdafé yfir til rekstrarverkefna og verður hækkun rekstrarframlaga þá samtals 40 m.kr. Hækkunin er ætluð til þess að lengja opnunartíma gestastofunnar á Skriðuklaustri, hafa gestastofuna í Skaftafelli opna allt árið og ráða í starf verslunarstjóra sem sinna mun innkaupum o.fl. því tengdu fyrir allar gestastofurnar, efla landvörslu á norðurhluta vestursvæðisins, m.a. á svæðinu í og við Vonarskarð, og á hálendi þjóðgarðsins, bæði á norður- og austursvæði, og styrkja yfirstjórn og fjármálastjórn garðsins sem nemur hálfu starfi og gera fyrsta hluta af myndbandakynningarefni fyrir þjóðgarðinn. Að lokum er áætlað að reka fjórar upplýsingamiðstöðvar í samvinnu við aðila á héraði.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður **-25,0**

6.41 Framkvæmdir

Millifærð
Samþykkt af ríkisstjórn
Fagráðuneyti

Lagt er til að framlag til framkvæmda í þjóðgarðinum verði lækkað um 25 m.kr. og rekstrarframlag hækkað jafnmikið á móti. Tillagan er gerð samhliða annarri tillögu um 15 m.kr. aukið rekstrarframlag og saman er þeim ætlað að byggja upp og efla þjónustu í þjóðgarðinum. Gera má ráð fyrir að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða muni að einhverju leyti geta fjármagnað viðhaldsverkefni og ýmis stofnkostnaðarverkefni í þjóðgarðinum en áformað er að frumvarp um sjóðinn verði lagt fram á Alþingi á þessu haustþingi.

14-289 Endurvinnslan hf. **-600,0**

1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun

Fjármagnað með ríkistekjum
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 600 m.kr. lækkun á fjárheimild á liðnum. Ríkistekjur af skilagjaldi og umsýsluþóknun lækka jafnmikið og tillagan hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Í stjórnarfrumvarpi um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs sem nú liggur fyrir Alþingi er lagt til að á miðju ári 2011 verði tekin upp framleiðendaábyrgð á einnota drykkjarvöruumbúðum úr áli, stáli, gleri og plastefnum. Fjáröflun til að standa undir kostnaði við endurvinnslu þessara umbúða verður þá utan ríkisstarfseminnar. Áætlað er að þessi breyting leiði til 720 m.kr. lækkunar á tekjum frá því sem þær eru í fjárlagafrumvarpinu. Á móti kemur að skilagjald og umsýsluþóknun í flestum umbúðaflokkum hækkuðu um rúm 16% frá 1. nóvember sl. og er sú breyting talin hækka tekjur til liðarins um 120 m.kr. á hálfu ári.

14-301 Skipulagsstofnun **4,8**

1.01 Skipulagsstofnun

Millifærð
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 4,8 m.kr. fjárheimild verði flutt af fjárlagalið 14-190-1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið yfir á fjárlagalið 14-301-1.01 Skipulagstofnun þar sem verkefni nefndarinnar flytjast til Skipulagsstofnunar samhliða gildistöku nýrra skipulagslaga 1. janúar 2011.

14-320 Byggingarstofnun **0,0**

1.01 Mannvirkjastofnun

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um breytt heiti liðarins sem verður Mannvirkjastofnun í stað Byggingarstofnun.

14-381 Ofanflóðasjóður **350,0**

6.60 Ofanflóðasjóður

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 350 m.kr. framlag til að hefja framkvæmdir við varnargarða vegna snjóflóðahættu á Ísafirði og í Neskaupstað. Undirbúningur framkvæmda á þessum stöðum var langt á veg kominn í fyrra en vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs var framkvæmdum þá frestað. Áætlaður verktími án lokafrágangs er tvö ár á Ísafirði en fjögur ár í Neskaupstað.

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands **8,5**

1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 8,5 m.kr. fjárveiting vegna aukins kostnaðar við flutning í nýtt húsnæði og er hækkunin af tvennum toga, annars vegar 3,5 m.kr. vegna kostnaðar við mötuneyti í samræmi við ákvæði kjarasamninga og hins vegar 5 m.kr. vegna aukins hita- og ræstingarkostnaðar í hinu nýja húsnæði í Urriðaholti.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

14-403 Náttúrustofur **6,4**
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á vegum Náttúrustofu Austurlands.

14-403 Náttúrustofur **6,4**
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á vegum Náttúrustofu Suðurlands.

14-403 Náttúrustofur **6,4**
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á vegum Náttúrustofu Vestfjarða.

14-403 Náttúrustofur **6,4**
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á vegum Náttúrustofu Vesturlands.

14-403 Náttúrustofur **6,4**
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á vegum Náttúrustofu Norðurlands vestra.

14-403 Náttúrustofur **6,4**
1.15 Náttúrustofa Sandgerði
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á vegum Náttúrustofu Reykjaness.

14-403 Náttúrustofur **6,4**
1.16 Náttúrustofa Húsavík
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á vegum Náttúrustofu Norðausturlands.

14-403 Náttúrustofur **9,1**
1.16 Náttúrustofa Húsavík
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 9,1 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs Náttúrustofu Norðausturlands á Húsavík. Annars vegar er um að ræða 0,3 m.kr. hækkun á grunnframlagi þannig að það verði samræmi við aðrar náttúrustofur og hins vegar 8,8 m.kr. framlag til verkefnis við vöktun fuglalífs í Þingeyjarsýslum sem fallið hafði út. Verkefnið var hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2.

14-412 Veðurstofa Íslands **21,0**

1.01 Almennur rekstur

Breyttar forsendur

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 21 m.kr. fjárveitingu til áframhaldandi verkefna vegna loftslagsmála. Fjárveitingin er grundvöllur þess að Veðurstofan geti verið aðili að og sótt um fjárveitingar m.a. til norrænna sjóða og til Evrópusambandsins. Fyrirsjáanleg verkefni á næstu árum eru nokkur stærri verkefni sem unnt væri að sækja um í samvinnu við önnur lönd þar sem hlutur Íslands yrði allt að 90-100 m.kr. á ári sem rynnu til stofnunarinnar, Háskóla Íslands og annarra opinberra stofnana.

Samtals umhverfisráðuneyti -128,2

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs **-1.407,0**

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Hagrænt eða kerfislægt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Í frumvarpi til fjárlaga voru vaxtagjöld áætluð 75.061 m.kr. en þau eru nú áætluð 73.654 m.kr. Mismunurinn er 1.407 m.kr. til lækkunar. Meginskýringin er sú að áætlaðir vextir ársins 2011 lækka frá fyrri áætlun og gengi krónunnar styrkist en á móti koma vextir af lánum sem ríkissjóður tekur yfir frá Ríkisábyrgðasjóði frá og með árslokum 2010 og áformuðum hærri erlendum vöxtum.

Greiddir vextir voru áætlaðir 75.341 m.kr. en nú 71.422 m.kr. Mismunur er 3.919 m.kr. til lækkunar. Þar af eru 2,9 mia.kr. vegna lægri nafnvaxta tveggja nýrra ríkisbréfaflokka sem gefnir voru út á síðari hluta árs 2010. Að öðru leyti er skýringa að leita í framangreindum þáttum.

Samtals vaxtagjöld ríkissjóðs -1.407,0

Samtals öll ráðuneyti -13.299,3

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 6. des. 2010.

Oddný G. Harðardóttir, form., frsm.	Björn Valur Gíslason.	Árni Þór Sigurðsson.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Þuríður Backman.	Björgvin G. Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2011, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Elínu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Marinó Melsted, Björn Ragnar Björnsson og Eliisa Kaloinen frá Hagstofu Íslands, Markús Möller, Gunnar Gunnarsson og Þórarin G. Pétursson frá Seðlabanka Íslands og Tómas Brynjólfsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði neikvæð um 36,430 milljarða kr., heildartekjur verði 477,370 milljarðar kr. og að skatttekjur nemi þar af um 445,544 milljörðum kr. Í endurskoðaðri áætlun ársins 2010 er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs í ár verði neikvæð um 74,537 milljarða kr., heildartekjur verði 470,754 milljarðar kr. og skatttekjur 414,822 milljarðar kr.

Í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 15. júní 2010 sem liggur fjárlagafrumvarpinu til grundvallar er reiknað með að hagvöxtur á árinu 2011 verði 3,2%. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir að endurmat á tekjuáætlun og endanleg afgreiðsla frumvarpsins fari fram að lokinni endurskoðun þjóðhagsspár. Endurskoðun þjóðhagsspár var birt 23. nóvember sl. og er þar gert ráð fyrir að hagvöxtur á næsta ári verði 1,3% minni en áður var talið, eða 1,9%. Er þetta nálægt mati Seðlabankans í nýjustu útgáfu Peningamála sem gerir ráð fyrir 2,1% hagvexti.

Markmið fjárlagafrumvarpsins tekur mið af stefnu ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í rekstrarafkomu ríkisins eigi síðar en árið 2013. Farin hefur verið blönduð leið tekjuöflunar og samdráttar í útgjöldum en á þessu þriðja ári áætlunarinnar verður þungi aðgerðanna að mestu á útgjaldahlið frumvarpsins. Ráðstafanir til aukinnar tekjuöflunar eiga samkvæmt fjárlagafrumvarpinu að nema 11 milljörðum kr. og 33 milljörðum kr. til samdráttar í útgjöldum. Í frumvarpi fjármálaráðherra um ráðstafanir í ríkisfjármálum (þskj. 217, 200. mál) gefur að líta yfirlit um sérstakar tekjuöflunaraðgerðir árið 2011 og hvernig þau tekjuáform skiptast á milli einstakra tekjustofna. Er reiknað með að tekjurnar verði 10,3 milljarðar kr. Engar almennar breytingar eru þar fyrirhugaðar á helstu tekjuskattstofnum ríkissjóðs, svo sem tekjuskatti einstaklinga, virðisaukaskatti eða tryggingagjaldi, heldur segir að fremur sé horft til skatta á fjármagn og eignir með það að leiðarljósi að hafa sem minnst áhrif á ráðstöfunartekjur þeirra sem minna mega sín.

Fram kom á fundum nefndarinnar að endurskoðuð hagvaxtarspá Hagstofunnar skýrist aðallega af frestun framkvæmda við stóriðju í Helguvík. Að öðru leyti væru ekki veigamikil frávik frá fyrri spá. Gert er ráð fyrir að einkaneysla vaxi um 2,6% í stað 3,4%, samdráttur samneyslunnar verði um 4,3% í stað 3,8%, að atvinnuleysi verði um 7,3% í stað 8,3% og að verðbólga verði um 2,3% í stað 3,5%. Miklum afgangi á vöru- og þjónustuviðskiptum er áfram spáð en óvissu gætir varðandi ýmsa þætti eins og uppbyggingu stóriðju, alþjóðlega efnahagsþróun, úrlausn á skuldavanda heimila og fyrirtækja og kjarasamninga.

Efnahags- og skattanefnd ræddi áhrif uppfærslu þjóðhagsspár á helstu liði skatttekna ríkissjóðs og óskaði eftir minnisblaði frá fjármálaráðuneyti þar að lútandi. Þar kemur fram að allir helstu liðir innlendrar eftirspurnar muni leggja minna til hagvaxtar en í fyrri spá. Forsendur

tekjuáætlunar eru því verri en áður en á móti vegur að kaupmáttur ráðstöfunartekna helst nánast óbreyttur vegna minna atvinnuleysis og lægri verðbólgu. Fram kemur að neikvæð áhrif dekkri þjóðhagshorfa fyrir næsta ár á skatttekjur ríkissjóðs séu metin um 6 milljarðar kr. og eru áhrif á helstu liði útlistuð í minnisblaðinu sem fylgir áliti þessu. Í töflu sem einnig fylgir álitinu og kemur frá fjármálaráðuneytinu kemur fram að breyttar tekjuhorfur við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins verði samtals neikvæðar um 11 milljarða kr. á rekstrargrunni en 12,3 milljarða kr. á greiðslugrunni.

Meiri hluti efnahags- og skattanefndar gerir þann fyrirvara að enn séu óafgreiddar lagabreytingar í tengslum við tekjuöflunaraðgerðir næsta árs sem haft getur áhrif á niðurstöðu tekjuáætlunarinnar. Einnig hefur verið bent á að óvissuþættir um framgang áætlunarinnar lúti að aukningu einkaneyslu og efnahagsþróun í helstu viðskiptalöndum okkar.

Alþingi, 2. des. 2010.

Helgi Hjörvar, form.,
Álfheiður Ingadóttir,
Magnús Orri Schram,
Lilja Rafney Magnúsdóttir,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Fskj. 1.

Breyttar tekjuhorfur við 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2011 (m.kr.)	**Rekstrargr.**	**Greiðslugr.**
Arðgreiðslur	1.000	1.000
Endurskoðun á tekjugrunni 2010	6.400	3.100
Áhrif af lakari efnahagshorfum á skatttekjur	-6.200	-6.000
Tekjuöflunaráform sem ganga ekki eftir	-1.000	-1.000
Lækkun tekjuskatts v. yfirfærslu á málefnum fatlaðra	-10.200	-9.400
Endurmat vaxtatekna	-900	-1.100
Samtals breyttar tekjuhorfur	**-11.000**	**-13.400**
þar af frumtekjur	**-10.000**	**-12.300**

Fskj. 2.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2011.
Áhrif uppfærslu þjóðhagsspár 23. nóvember 2010.
(Minnisblað frá fjármálaráðuneytinu.)

Í þessu minnisblaði er lagt út frá samanburði á þjóðhagsspám Hagstofunnar frá 15. júní og 23. nóv. sl. og þeim breytingum sem þessi uppfærsla ein og sér veldur á áætlun um skatttekjur ríkissjóðs. Breytingar á tekjuáætlun sem eiga sér aðrar orsakir eru því ekki meðtaldar í þeim tölum sem hér koma fram.

Vaxtatekjuáætlun ríkissjóðs verður einnig fyrir áhrifum af uppfærslunni en hún er hér aðgreind frá skatttekjuáætlun. Aðrar tekjur en skatttekjur og vaxtatekjur verða fyrir minniháttar áhrifum sem ekki er gerð grein fyrir hér.

Vísað er til þjóðhagsspár Hagstofu Íslands sem birt var á vef Hagstofunnar 23. nóvember og kynnt á fundi efnahags- og skattanefndar 26. nóvember sl. Tekið skal fram að misjafnt er eftir hinum ýmsu tegundum skatta og gjalda hvaða liðir þjóðhagsspár eru lagðir til grundvallar áætlunum, og á hvern hátt. Fjármálaráðuneytið hefur farið yfir þjóðhagsspána og helstu óvissuþætti hennar með sérfræðingum Hagstofu með hliðsjón af efnahagsþróuninni og tekjuþróun ríkissjóðs á yfirstandandi ári, og því hvernig breytur spárinnar nýtast við að áætla þróun helstu skattstofna ríkissjóðs.

Helstu þættir þjóðhagsspár Hagstofunnar 23. nóv. 2010 og samanburður við fyrri spá.

Þjóðhagsyfirlit	**júní**	**nóv.**
Einkaneysla	3,4	2,6
Samneysla	-3,8	-4,3
Fjármunamyndun	25,2	14,9
Atvinnuvegir	44,9	23,5
Íbúðarhúsnæði	9,1	20,8
Starfsemi hins opinbera	-23,5	-18,9
Þjóðarútgjöld	4,0	2,4
Útflutningur alls	1,8	1,0
Innflutningur alls	3,2	2,0
Verg landsframleiðsla	3,2	1,9
Minnisatriði		
Vísitala neysluverðs	3,5	2,3
Gengisvísitala	-0,6	-2,1
Atvinnuleysi (% af vinnuafli)	8,3	7,3
Launavísitala	5,2	4,4
Stýrivextir	7,6	5,4
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	3,7	3,6
Mannfjöldi á vinnufærum aldri	-0,7	-0,5
Unnin ársverk	0,8	0,8
VLF á nafnvirði (ma.kr.)	1.720	1.629

Hagvaxtarhorfur eru nú lakari en í júní eða 1,9% í stað 3,2%. Allir helstu liðir innlendrar eftirspurnar leggja minna til hagvaxtar en í fyrri spá; einkaneysla og fjármunamyndun vaxa minna og samneysla dregst meira saman (sjá töflu). Tveir veigaminni undirliðir fjármunamyndunarinnar (í íbúðarhúsnæði og hins opinbera), leggja þó meira til en áður, svo og fjárfesting atvinnuvega í öðru en stóriðju. Fjármunamyndun atvinnuvega í heild verður hins vegar verulega minni en í fyrri spá vegna frestunar stóriðjuframkvæmda. Á vinnumarkaði verður atvinnuleysi minna og eftirspurn eftir vinnuafli meiri en í fyrri spá. Nafnlaun og ráðstöfunartekjur hækka minna en í júníspánni en verðbólga verður einnig minni og kaupmáttur ráðstöfunartekna nánast óbreyttur. Forsendur tekjuáætlunar eru því verri en áður en þó ekki verulega í þeim tilvikum þar sem kaupmáttur ráðstöfunartekna er talinn ráða miklu, svo sem

um ýmis vörugjöld á vörur til heimilageirans. Lækkun tekjuáætlunar á nafnvirði verður ekki alfarið rakin til veikari skattstofna, þar sem almennt verðlag og nafnlaunastig verður lægra á næsta ári en í fyrri spá. Nafnvirði tekna af hinum ýmsu sköttum verður því minna, og á það við um alla stærstu skattana, þ.á m. virðisaukaskattinn. Krónutölugjöldin svokölluðu, svo sem gjöld á bensín og olíu, áfengi og tóbak, eru hins vegar ósnortnari af verðlagsþróuninni, en þau nema ríflega 10% af skatttekjunum.

Áhrif uppfærslu þjóðhagsspárinnar á helstu einstaka liði skatttekna ríkissjóðs eru þau að tekjuskattur einstaklinga lækkar um 1,5 ma.kr. og tryggingagjöld samtals um 1,0 ma.kr., en nú er reiknað með 2,9% nafnvirðishækkun heildarlaunastofnsins milli áranna 2010 og 2011 í stað 4,4% áður. Tekjuskattur lögaðila á árinu 2011 miðast við hagnað ársins 2010 og uppfærslan hefur því óveruleg áhrif á hann. Neikvæð áhrif á tekjur af virðisaukaskatti eru 2,1 ma.kr.

Áhrif uppfærslu þjóðhagsspár 23. nóvember á skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2011

M.kr.	Rekstrargr.	Greiðslugr.
I Skatttekjur alls	-6.160	-5.970
Skattar á tekjur og hagnað	-1.790	-1.740
Tryggingagjöld	-1.000	-960
Eignarskattar	-20	-20
Skattar á vörur og þjónustu	-3.310	-3.210
Aðrir skattar	-40	-40

Alls eru neikvæð áhrif dekkri þjóðhagshorfa fyrir næsta ár á skatttekjur ríkissjóðs um 6 ma.kr. Þá eru ótalin áhrifin á vaxtatekjuáætlun ríkissjóðs. Hagstofan hefur lækkað spá sína um stýrivexti á árinu 2011 verulega síðan í júní og hefur það bein áhrif á áætlun um vaxtatekjur af banka-reikningum ríkissjóðs, sem er nú lækkuð um nálægt 1,5 ma.kr.

Fylgiskjal II.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2011, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Forsendur fjárlaga.

Þjóðhagslegar forsendur fjárlaga hafa breyst mikið frá þjóðhagsspá sem birt var í júní síðastliðinn. Þannig er nú gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,9% á næsta ári í stað 3,2%. Í endurskoðaðri þjóðhagsspá kemur fram að fjárfesting mun dragast saman um allt að 10,3 prósentustig frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Stafar þessi samdráttur fyrst og fremst

af því að ekki er nú lengur gert ráð fyrir framkvæmdum í Helguvík árið 2011. Innlend eftirspurn mun dragast saman um 1,6 prósentustig og útflutningur um 0,8 prósentustig frá fyrri spá, sjá töflu. Drifkraftar hagvaxtar virðast því verða afar veikir á næsta ári og lítið má út af bregða til að allt fari á verri veg. Fjárlagafrumvarpið virðist því hvíla á hnífsegg.

	Endurskoðuð þjóðhagsspá (nóvember)	Forsendur fjárlaga (júní)	Breyting
Hagvöxtur	1,9%	3,2%	-1,3%
Fjárfesting	14,9%	25,2%	-10,3%
Einkaneysla	2,6%	3,4%	-0,8%
Samneysla	-4,3%	-3,8%	-0,5%
Útflutningur	1,0%	1,8%	-0,8%
Innflutningur	2,0%	3,2%	-1,2%
Innlend eftirspurn	2,4%	4,0%	-1,6%
Kaupmáttur	3,6%	3,7%	-0,1%
Verðbólga	2,3%	3,5%	-1,2%
Launavísitala	4,4%	5,2%	-0,8%
Atvinnuleysi	7,3%	8,3%	-1,0%

Heimild: Hagstofa Íslands

Athygli vekur að þrátt fyrir að þjóðhagsforsendur séu nú mun verri en í júní er því spáð að atvinnuleysi muni dragast saman um 1 prósentustig. Þetta gerist þrátt fyrir að fjárfesting verði mun minni en gert var ráð fyrir í spánni í júní. Enn meiri athygli vekur að gert er ráð fyrir að kaupmáttur breytist óverulega og er það vegna hagstæðari verðlagsforsendna. Þannig var gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga að meðalverðbólga yrði 3,5% á næsta ári en nú er gert ráð fyrir 2,3% verðbólgu. Það er mat 1. minni hluta að þessi spá gangi tæpast upp. Verri þjóðhagsforsendur ættu að öllu jöfnu að leiða til meiri samdráttar í eftirspurn en hér er gert ráð fyrir.

Áhrif verri þjóðhagsforsendna á fjárlagafrumvarp.

Lakari þróun efnahagsstarfseminnar en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu hefur mikil áhrif á ríkissjóð. Þannig er það mat Samtaka atvinnulífsins að breyttar þjóðhagsforsendur leiði til 6,1 milljarðs kr. verri afkomu ríkissjóðs en ella, sjá töflu.

	Fjárlagafrumvarp	Endurskoðuð áætlun
VLF, fjárlagafrumvarp (milljarðar kr.)	1.720	1.696
Magnbreytingar milli ára (%)	3,2%	1,9%
Verðbreytingar milli ára (%)	3,8%	3,8%
Lækkun landsframleiðslu (milljarðar kr.)		23,4
Hlutfall skatttekna í VLF (%)		26%
Lækkun skatttekna (milljarðar kr.)		6,1

Heimild: Samtök atvinnulífsins

OECD er svartsýnna á hagvöxt en Hagstofa Íslands og hljóðar hagvaxtarspá stofnunarinnar fyrir næsta ár upp á 1,5% sem er um 0,4 prósentustigum lægra en endurskoðuð spá Hagstofu Íslands. Vegna þessa metur OECD það svo að tekjur ríkissjóðs séu ofmetnar um 15 milljarða kr. á næsta ári. Þá spáir Evrópusambandið að hagvöxtur verði einungis um 0,7% á næsta ári. Ef sú spá rætist er ljós að ástand ríkisfjármála yrði mun verra en hér er gert ráð fyrir. Miðað við sömu forsendur og áður yrðu skatttekjur ríkissjóðs allt að 27 milljörðum kr. lægri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi.

Minni hagvöxtur mun setja tekjuáætlun úr skorðum og þar með tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins. Ljóst er að bregðast verður við verri horfum ef halda á áætlun um viðsnúning í ríkisfjármálum. Það verður að gera með því að leggja áherslu á breikkun skattstofna. Auknar skattaálögur eða enn frekari niðurskurður munu festa efnahagslífið enn frekar í þeim vítahring sem það er fast í núna. Því varar 1. minni hluti við því að gripið verði til vanhugsaðra ráðstafana og bíður um leið fram krafta sína við að ná tökum á ástandinu. Einnig er lífsnauðsynlegt að leggja áherslu á að viðhalda framleiðslugetu hagkerfisins. Rétt er að taka fram að ekki er fjallað hér um áhrif minni hagvaxtar á útgjaldahlið frumvarpsins.

Langtímaáhrif minni framleiðslugetu.

Langtímaáhrif af minnkandi framleiðslugetu íslenska hagkerfisins virðast vera vanmetin. Undanfarin tvö ár hafa um 22.500 störf tapast á vinnumarkaði. Um 13.000 einstaklingar er nú atvinnulausir. Hver atvinnulaus leiðir til um 3 milljóna kr. verri afkomu ríkissjóðs vegna bótagreiðslna og minni skatttekna. Heildaráhrif á ríkissjóð vegna atvinnulausra gætu því verið allt að 39 milljarðar kr. Um 9.500 einstaklingar hafa horfið af vinnumarkaði: þeir hafa sest í helgan stein, farið á örorkubætur, flutt búferlum úr landi eða farið í skóla. Áhrif af flutningi fólks eru enn alvarlegri fyrir afkomu ríkissjóðs en vegna atvinnulausra. Ríkissjóður verður ekki eingöngu af beinum skatttekjum heldur einnig óbeinum. Þá er rétt að benda á að langtímaáhrif af því að fólk fari í skóla eru jákvæð. Minni fjárfesting og minnkandi vinnumarkaður hefur óhjákvæmilega í för með sér minni framleiðslugetu íslenska hagkerfisins til lengri tíma. Því er líklegt að óbreyttu að langtímahagvöxtur verði minni en ef hægt hefði verði að viðhalda framleiðslugetu hagkerfisins og þar með verði grunnur ríkisrekstrar mun veikari enn menn hafa hingað til viljað viðurkenna. Jafnframt er hér komin skýring á því af hverju atvinnuleysi hefur ekki orðið jafnmikið á Íslandi og spáð var haustið 2008. Fólk hefur í miklum mæli horfið af vinnumarkaði. Þetta er ógnvænleg þróun að mati 1. minni hluta og full ástæða til að leita allra ráða til að snúa þessari þróun við. Þá ber að geta þess, þótt möguleikinn sé e.t.v. langsóttur, að ef framleiðslugetan minnkar mikið er hætta á að strax komi til framleiðsluspennu ef hagvöxtur tekur við sér af krafti með tilsvarandi háum vöxtum sem enn slær á möguleikann til að vinna upp tapaðan hagvöxt.

Aðferðafræði ríkistjórnarinnar.

Í athugasemdum við tekjuöflunarfrumvarp fjármálaráðherra, frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 200. mál, segir svo:

„Frá haustinu 2008 hefur meginverkefni ríkisstjórnarinnar verið að laga rekstur ríkisins að gjörbreyttum efnahagslegum veruleika með það að markmiði að endurreisa íslenskt efnahagslíf í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Í skýrslu fjármálaráðherra sem lögð var fyrir Alþingi í júní 2009 var þetta verkefni útfært nánar sem áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á árunum 2009–2013. Þar kemur skýrt fram að aðgerðir ríkisstjórnarinnar muni fela í sér hvort tveggja niðurskurð ríkisútgjalda og hækkun á tekjum ríkissjóðs. Sú blandaða leið niðurskurðar og tekjuöflunar sem ríkisstjórnin hefur haft að leiðarljósi til að ná jöfnuði í

ríkisfjármálum er þó í stöðugri endurskoðun og tekur mið af þeim árangri sem hvor leið skilar. Þannig er reynt að lágmarka það tjón sem niðurskurður á samneyslu veldur hagkerfinu og einnig þau neikvæðu áhrif er tekjuöflunaraðgerðir kunna að hafa.“

Hér virðist ríkisstjórnin einblína á og sjá aðeins tvær leiðir til þess að laga stöðu ríkissjóðs – með skattahækkun og niðurskurði. Ríkisstjórnin hefur einnig heimilað útgreiðslu séreignarsparnaðar sem gefur nokkrar tekjur en skaðar eignastöðu heimila til framtíðar. Ríkisstjórnin virðist alfarið hafna þeirri leið að stækka skattstofna með því að örva efnahagsstarfsemina með lækkun skatta og einföldun á starfsumhverfis fyrirtækja. Þá gæti ríkisstjórnin farið út í arðbærar framkvæmdir á sviði orkumála sem skapa atvinnu og laða að erlenda fjárfestingu. Þá hefur verið bent á að aukning fiskveiðikvóta innan aflamarks mundi leiða til aukinna umsvifa.

Stefnu ríkisstjórnarinnar, sem birtist í fjárlögum fyrir árið 2010, er haldið áfram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011. Stefnan felst fyrst og fremst í að hækka skatta enn frekar og þyngja enn byrðarnar á heimili og fyrirtæki. 1. minni hluti varaði fyrir ári síðan við þessari stefnu þar sem ekki er skynsamlegt að gera tilraunir með að skattleggja þjóðina út úr kreppu. Skattstofnar gefa eftir og einkaneysla dregst saman sem og fjárfesting við aukna skattlagningu. Í kjölfarið minnkar þjóðarframleiðsla og þar með versnar hagur heimilanna. Hagtölur hafa leitt í ljós að þessar viðvaranir 1. minni hluta voru á rökum reistar. Þannig sýnir endurskoðuð þjóðhagsspá Hagstofunnar samdrátt í landsframleiðslu á yfirstandandi ári og veikan vöxt á því næsta. Spár um mikinn samdrátt í fjárfestingu eru uggvænlegar en fjárfesting hefur bein áhrif á atvinnustig bæði í bráð og lengd. Samdráttur í fjárfestingu leiðir til stöðnunar og vítahrings brottflutnings, veikari skattstofna, halla ríkissjóðs og enn hærri skatta og niðurskurðar. Fjárlaganefnd verður að skoða nákvæmlega þau teikn sem blasa við og skoða hvort ekki sé skynsamlegt að hvika frá þessari helstefnu og einbeita sér frekar að því að endurheimta skattstofna. Nauðsynlegur niðurskurður ríkisútgjalda, sem óhjákvæmilega bitnar á störfum opinberra starfsmanna, leiðir til aukins atvinnuleysis þar sem einkamarkaðurinn getur ekki tekið við atvinnulausum opinberum starfsmönnum.

Niðurstaða.

Ný þjóðhagsspá Hagstofunnar um hagvöxt setur allar áætlanir ríkisstjórnarinnar um tekjuhlið fjárlaga úr skorðum. Líkur eru til þess að skattstofnar bregðist kröftugar við álögum en ríkisstjórnin gerði og gerir ráð fyrir og meira í samræmi við þau varnaðarorð sem undirritaðir létu falla fyrir ári síðan. Það ætti að vera enn ein ástæða fjárlaganefndar til að endurskoða þá stefnu sem mörkuð er með fjárlögum.

Alþingi, 2. des. 2010.

Pétur H. Blöndal,
Tryggvi Þór Herbertsson.

Fylgiskjal III.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2011, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Tekjuhlið fjárlagafrumvarps ársins 2010 stenst því miður ekki miðað við þær forsendur sem frumvarpið fól í sér við framlagningu þess. Hagstofa Íslands, OECD, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa öll bent á verri efnahagshorfur á árinu 2011 sem helgast af rangri stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Hagstofan hefur lækkað spá sína um hagvöxt á næsta ári úr 3,2% í 1,9%. Slíkur samdráttur mun þýða hátt í 20 milljarða minni umsvif í efnahagskerfinu. Um helmingur þessarar upphæðar hefði átt að renna í formi tekna til ríkis og sveitarfélaga. Efnahags- og skattanefnd hefur langt í frá lokið sinni yfirferð yfir tekjuforsendur fjárlagaársins enda er umræðu um fyrri bandorm ríkisstjórnarinnar ekki lokið (þskj. 217, 200. mál) og seinni bandormurinn hefur ekki verið ræddur við 1. umræðu í þinginu. Þetta vinnufyrirkomulag er gagnrýnisvert – enda á efnahags- og skattanefnd að gegna veigamiklu hlutverki við ákvörðun fjárlaga ársins 2011.

Í nýlegri spá framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er athygli vakin á því að landsframleiðslan hafi dregist saman um 6,8% á árinu 2009 og að hún muni dragast saman um 3,5% á þessu ári. Ekki séu uppi skýr teikn um hvort efnahagsbatinn sé hafinn en í opinberri umræðu hefur því verið haldið fram að viðsnúningur hafi orðið á öðrum helmingi þessa árs. Sérstökum áhyggjum valdi mikil skuldsetning einkageirans sem komið hefur fram í miklum samdrætti einkaneyslu, fjárfestingu og atvinnuleysi. Vegna umfangs skuldavandans og flækjustigs við úrlausn hans búist framkvæmdastjórnin við því að efnahagsbatinn verði mun hægari en Hagstofan gerir ráð fyrir. Því má svo við bæta að síbreytilegt skattaumhverfi með hækkandi sköttum hefur að mati framkvæmdastjórnarinnar haft verulega neikvæð áhrif á fjárfestingu sem mikil þörf er á við núverandi aðstæður.

Eftir yfirferð með nokkrum hagsmunaaðilum hefur komið í ljós að niðurskurður og skattahækkanir eru mun meiri en upphafleg kynning ríkisstjórnarinnar gaf í skyn. Áætlaðar skattahækkanir með fyrri bandormi gera ráð fyrir 10,3 milljörðum í auknar skatttekjur, þar af er gert ráð fyrir að skattlagning af úttekt séreignarlífeyrissparnaðar muni skila ríkissjóði 3 milljörðum króna aukalega vegna rýmri heimilda almennings til útgreiðslu séreignarsparnaðar. Sá rökstuðningur ríkisstjórnarinnar um að ekki megi skattleggja inngreiðslur af séreignarsparnaði, sem þýði í raun „lántöku inn í framtíðina“, fellur með þessari aðgerð þar sem almenningur er í dag að greiða fyrir áætlaðan tíma skatta af sínum sparnaði. Rétt er að benda á að hér er ekkert um neitt sérstakt góðverk ríkisstjórnarinnar að ræða þar sem almenningur gengur nú hratt á sinn sparnað. Því miður hafa mörg heimili nú þegar klárað allan sinn séreignarsparnað til að ná endum saman. Hver verður staða þeirra heimila á næsta ári?

Ofan á þessar skattahækkanir verða bótaflokkar almannatryggingakerfisins ekki uppfærðir í samræmi við verðlag. Einnig verða barna-, vaxta- og húsaleigubætur skertar. Auk þess verða skattleysismörkin ekki uppfærð skv. samkomulagi sem ríkisstjórnin gerði við launafólk og spara það útgjöld ríkissjóðs um 8 milljarða króna. Þessi frysting veldur því að lágtekjufólk mun verða fyrir enn frekari kjaraskerðingu en ella. Þessi niðurskurður ásamt skattahækkun-

um vegur á milli 24–25 milljörðum kr. Að auki hækka skuldir heimilanna með gjalda- og skattahækkunum um 2,4 milljarða kr. Helmingur heimila hefur átt erfitt með að ná endum saman sl. 12 mánuði skv. könnun Hagstofunnar. Hver verður staða heimilanna á árinu 2011 ef enn á að hækka skatta, gjöld og skerða bætur um leið?

Stórfelldar skattahækkanir og blóðugur niðurskurður er ekki leiðin út úr kreppunni. Ríkisstjórnin heldur enn áfram á þeirri leið án þess að huga að því að breikka skattstofna. Ef fram heldur sem horfir mun kreppan dýpka til muna og stefnubreytingar er þörf. T.d. hefur ríkisstjórn Írlands gefið út að á næsta ári verður að taka erfiðar ákvarðanir í efnahagsmálum, þó kemur ekki til greina að hækka skatta á atvinnulífið. Í því atvinnuleysi sem ríkir í dag er ekki hægt að auka álögur á íslenskt atvinnulíf. Rúmlega 13.000 Íslendingar eru án atvinnu auk þess sem 10 Íslendingar flytja úr landi á hverjum degi. Frá hruni hafa 22.000 störf glatast í íslensku samfélagi. Meðfylgjandi álitinu er minnisblað frá Samtökum atvinnulífsins sem sýnir í raun hvað stjórnvöld áætluðu að hærri skattar myndu skila sér í auknum tekjum ríkissjóðs – en í raun hafa áætlaðar tekjur ekki skilað sér.

Í þessu ljósi er nauðsynlegt að skoða eftirtalda þætti til að auka tekjur ríkis, sveitarfélaga ásamt því að fjölga störfum í samfélaginu:

– Að inngreiðslur séreignarlífeyrissjóða verði skattlagðar.
– Að auka fiskveiðiheimildir.
– Að örva erlenda fjárfestingu í stað andúðar.
– Nýta orkuauðlindirnar til atvinnusköpunar.
– Að efla innlenda matvælaframleiðslu.

Með hærri sköttum og gjöldum munu lán heimilanna hækka enn frekar. Skuldavandi heimilanna er orðinn að alvarlegum greiðsluvanda sem hamlar innlendri eftirspurn. Það mun leiða til minni hagvaxtar og tekna ríkissjóðs og sveitarfélaga. Þannig hefur skuldavandi heimilanna þau áhrif á kreppuna að hún dýpkar og lengist til mun en ella þyrfti. Lækkun vaxtabóta, barnabóta, húsaleigubóta ásamt bóta í almannatryggingakerfinu mun leiða til enn minni eftirspurnar í hagkerfinu og enn meiri vanda þeirra heimila sem hvað lakast standa í dag.

Það sem sérstaka athygli vekur eru ólíkar forsendur um tekjuþróun næsta árs. Í tekjuhlið kemur fram að gert er ráð fyrir hækkun launa um rúm 5% sem eykur tekjur ríkissjóðs verulega. Í útgjöldum er hins vegar gert ráð fyrir að launhækkanir opinberra starfsmanna verði engar. Hér er um að ræða ótrúverðuga spá og sýnir enn og aftur fram á óraunsæi í áætlanagerð ríkisstjórnarinnar.

Neðanjarðarkerfið blómstrar um þessar mundir. Með hækkandi sköttum og frekari tekjutengingum eykst enn frekar hvatinn til að stunda svarta vinnu, slíkt færist verulega í aukana sem færir ríkissjóði engar tekjur. Enn á að hækka álögur á áfengi og tóbak sem hefur nú þegar sýnt að leiði til minni eftirspurnar eftir þeirri vöru á ÁTVR. Meira smygl og umfangsmikil bruggframleiðsla veldur því að umsvif ÁTVR minnka verulega og tekjur ríkissjóðs samsvarandi. Í framhaldinu þarf væntanlega að fækka útsölustöðum ÁTVR. Hér er um glórulausa stefnu að ræða sem mun verða ríkulegur áburður á neðanjarðarhagkerfið og vafalaust leiða til aukinnar notkunnar á ólöglegum vímuefnagjöfum sem nú þegar eru orðnir ódýrari í innkaupum. Fram hefur komið að afskipti lögreglunnar af landaframleiðslu hafi nær fjórfaldast í ár miðað við árið 2009. Þetta er skýr vísbending þess að stefna stjórnvalda er glórulaus.

Búið er að hækka skatta á almenning án þess að gripið sé til aðgerða til að leiðrétta skuldir þeirra. Stökkbreyttar skuldir er ekki sök hins venjulega Íslendings – þvert á móti. Þeir aðilar sem buðu almenningi erlend lán, stóru bankarnir þrír, tóku á sama tíma stöðu gegn íslensku

krónunni um leið og gengistryggðu lánin voru veitt. Er réttlætið það að heimilin verði að greiða allan þann reikning?

Síðan er vandséð hvernig hægt er að skila inn umsögn um tekjuhliðina í ljósi þess að seinni bandormurinn er ekki kominn fram. Ekki er heldur búið að klára umfjöllun um bandorm hinn fyrri.

Alþingi, 2. des. 2010.

Birkir Jón Jónsson.

Fskj.

Samtök atvinnulífsins:

Áætlun um skatttekjur ríkissjóðs árið 2010 samkvæmt fjárlögum 2010 og fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011.
(19. nóvember 2010.)

Milljarðar kr.	Fjárlög 2010			Fjárlagafrumvarp 2011			
	Áætlun 2009	Fjárlög 2010	Mismunur Aukning	Reikn. 2009	Áætlun 2010	Mismunur Aukning	Ofmat
Skattar á einstaklinga	103,50	123,80	20,30	109,95	117,00	7,05	13,25
Skattar á lögaðila	20,80	17,70	-3,10	31,11	17,70	-13,41	10,31
Tryggingagjald	40,75	60,68	19,93	44,76	62,33	17,58	2,36
Eignarskattar	4,84	8,13	3,30	5,32	8,22	2,90	0,40
Virðisaukaskattur	119,60	124,70	5,10	121,25	126,90	5,65	-0,55
Aðrir skattar	69,07	79,61	10,54	72,72	82,67	9,95	0,59
Samtals	358,55	414,62	56,07	385,11	414,82	29,72	26,35

Fylgiskjal IV.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2011, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 3. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

3. minni hluti hefur farið vandlega yfir tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins og þær þjóðhagsforsendur sem liggja henni til grundvallar.

Hvað varðar áhrif skattbreytingana á efnahagslífið alment og þjóðarhag telur 3. minni hluti að sá rökstuðningur gangi ekki upp við þær aðstæður sem uppi eru í íslenskum efnahagsmálum. Rökstuðningurinn byggist á keynesískum kenningum hagfræðinnar þar sem

gengið er út frá því að ríkisútgjöld sem fjármögnuð eru með skattheimtu hafi örvandi áhrif á hagkerfið í niðursveiflu (samdrætti) og talið er til miskilnings að aukin skattheimta dragi úr eftirspurn í hagkerfinu. Einnig er því haldið fram að aukning á útgjöldum ríkissjóðs muni auka eftirspurn í hagkerfinu meira en sem nemur samdrætti einkaneyslu vegna samsvarandi skattheimtu. Rök þessi eru góð og gild við ákveðnar aðstæður og hafa reynst vel gegnum tíðina sem sveiflujafnandi og kreppuminnkandi aðgerðir og kenningin sem slík gengur upp í reynd þótt ýmislegt beri að varast við notkun aðferðanna, sérstaklega hvað varðar þá freistingu að ofgera notkun þeirra og varanleika.

Undir þeim kringumstæðum sem íslenskt efnahagslíf býr við er þess hins vegar ekki að vænta að um verði að ræða samsvarandi eða meiri aukningu eftirspurnar en sem nemur skattheimtunni vegna bágrar skuldastöðu ríkissjóðs og takmarkaðs svigrúms til útgjalda. Stór hluti ríkisútgjalda fer í að greiða vexti af lánum og allar auknar tekjur sem falla til vegna hærri skatta fara beint í þann útgjaldalið. Einnig er á sama tíma um að ræða umtalsverðan niðurskurð í ríkisútgjöldum með tilheyrandi samdrætti og uppsögnum starfsfólks í stórum stíl, þannig að í raun er æpandi þversögn í beitingu þessara aðferða sem í rökstuðningi frumvarpsins eru sagðar auka eftirspurn.

Því er hætt við að þessar skattahækkanir muni einfaldlega leiða til enn frekari samdráttar en þegar hefur orðið þar sem þær þýða að ráðstöfunartekjur heimila munu skerðast. Í þessu sambandi er vert að benda á að ef hugmyndin er að auka eftirspurn og einkaneyslu, þá er myndarleg niðurfærsla á verðtryggðum höfuðstól íbúðalána heimila líklegri til að leiða til þeirrar auknu eftirspurnar sem frumvarpið vill ná fram og hafa góð sálræn áhrif á heimilin þar sem bjartsýni þeirra á framtíðina eykst. Aukin skattheimta í dag hefur hins vegar þveröfug áhrif hvað þetta varðar.

Um það er ekki deilt að staða ríkissjóðs er mjög slæm og einhvern veginn þarf að reyna að brúa þann gríðarlega halla sem blasir við. Ríkisstjórnin hefur valið svokallaða blandaða leið þar sem útgjöld eru skorin niður og skattar hækkaðir á almenning og fyrirtæki, leið sem 3. minni hluti telur við þessar aðstæður bæði óheppilega og í raun óþarfa.

Ljóst er að tekjuskattstofnar ríkissjóðs hafa rýrnað mjög og sumir allt að því horfið. Almennar launatekjur og tryggingagjaldið eru stöðugir og tiltölulega auðinnheimtir skattstofnar og því freistandi að fara þá leið í leit að tekjum fyrir ríkissjóð. Í því efnahagsástandi sem við búum við nú eru þessir skattstofnar hins vegar viðkvæmir og geta auðveldlega rýrnað að upphæð og fjölda greiðenda ef brottflutningur frá landinu heldur áfram.

Auknir skattar á heimilin eru erfið viðbót við þær hremmingar sem þegar hafa dunið á þeim og að sama skapi er tryggingagjaldið í raun gjald fyrir að hafa fólk í vinnu sem getur takmarkað enn frekar vilja fyrirtækja til mannaráðninga. Því telur 3. minni hluti brýnt að leita annarra leiða til að rétta við hag ríkissjóðs en þeirra sem fyrirhugaðar eru í fyrirliggjandi frumvarpi. 3. minni hluti leggur því til að í stað þeirra tekjuskattshækkana og niðurskurðar útgjalda til heilbrigðis-, velferðar- og menntamála sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi og frumvörpum um tekjuöflun ríkisins skuli leitast við að afla ríkissjóði tekna sem hér segir:

Í fyrsta lagi er lagt til að tekið verði upp auðlindagjald á raforkusölu til stóriðju í stað sérstaks skatts af allri seldri raforku. Gjald þetta verði 1 kr. á kílóvattstund af seldri raforku. Miðað við tölur Orkustofnunar um raforkusölu til stóriðju gæti þetta gjald skilað tekjum upp á u.þ.b. 12,4 milljarða kr. á ári. Þar sem raforkusala til Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga er meitluð í stein hvað verðbreytingar varðar verði leitast við útfæra auðlindagjaldið sem hlutfall af útflutningsverðmæti verksmiðjunnar þannig að það nemi samsvarandi upphæð

og 1 kr. á selda kílóvattstund. Lagt er til að dregið verði úr fyrirhugaðri hækkun skatta og niðurskurði útgjalda til samræmis við þetta.

Í öðru lagi er lagt til að tekið verði upp auðlindagjald á úthlutaðar aflaheimildir til fiskveiða. Gjald þetta verði að meðaltali 50 kr. á úthlutað kíló. Miðað við úthlutaðar aflaheimildir ársins 2009/2010 (366.627 tonn) gæti gjaldið skilað tekjum upp á u.þ.b. 18,3 milljarða kr. á ári. Lagt er til á móti að fyrirhuguð hækkun skatta falli niður og að því sem eftir stendur af tekjunum verði varið til styrkingar heilbrigðis-, velferðar- og menntamála.

Slík skattheimta sem að ofan greinir er hlutlaus fyrir heimilin og leggst á þær greinar atvinnulífsins sem standa best allra í dag vegna hruns á gengi krónunnar. Hér er einnig um að ræða réttláta skattlagningu í þeim skilningi að þessar atvinnugreinar nota auðlindir landsins án endurgjalds, auðlindir sem eru sameign allrar þjóðarinnar. Auk þess er miklu auðveldara að innheimta auðlindagjald með þessum hætti heldur en með einhverjum hugmyndum um tekjuskatt eða veiðileyfagjald sem hlutfall af hagnaði.

Þá eru breytingar sem fyrirhugaðar eru á vörugjöldum bifreiða með tengingu við kolefnislosun óraunhæfar og órökréttar þar sem gert er ráð fyrir 29 undanþáguflokkum þar sem þeir sem keyra mest sem og þeir sem menga mest eru með undanþágur. Hér er fjárálaráðherra búin að gefast algerlega upp fyrir sérhagsmunahópum og þessar breytignar eru til þess eins fallnar að stærri hluti þessarar tilteknu skattheimtu lendir á venjulegum almenningi sem þarf að keyra daglega til vinnu sinnar en atvinnutæki, flutningabílar sem menga gríðarlega og erlendir ferðamenn á bílaleigubílum verða undanskildir, auk fjölamrgra annarr

3. minni hluti vill að lokum lýsa undrun sinni á þeim vinnubrögðum sem viðgengist hafa við gerð fjárlaga, hvort sem um er að ræða efnahags- og skattanefnd eða fjárlaganefnd. Viðamiklar breytingar á viðkvæmum tímum eru mjög varasamar og ber ekki að afgreiða með þeim hætti sem gert er. Þótt erfitt geti verið að bæta úr því sem komið er mundu tillögur 3. minni hluta um nýja skattstofna gefa öllum hlutaðeigandi nægilegt svigrúm til að undirbúa betur breytingar á tekjuskattskerfinu og virka mun jákvæðar á almenning og fyrirtæki í landinu heldur en þær fyrirhuguðu skattahækkanir sem frumvörpin gera ráð fyrir.

Alþingi, 2. des. 2010.

Þór Saari.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (00 Æðsta stjórn ríkisins, 01 Forsætisráðuneyti og 06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þá hluta frumvarps til fjárlaga sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010. Á fund nefndarinnar komu Karl M. Kristjánsson frá skrifstofu Alþingis, Óðinn

Helgi Jónsson og Eydís Eyjólfsdóttir frá forsætisráðuneyti og Jón Magnússon frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

Æðsta stjórn ríkisins.

Nefndin fjallaði um æðstu stjórn ríkisins, Alþingi, stofnanir þess og dómstólana.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 2.107 m.kr. framlögum til Alþingis sem er 6,7% lækkun frá fjárlögum þessa árs og jafngildir 171,5 m.kr. lækkun að raungildi. Nefndin bendir á að á síðustu tveimur árum hafi verið dregið verulega úr starfsemi Alþingis og fjárveitingar til þingsins hefðu lækkað um 315 m.kr. eða 15% að raungildi árin 2009 og 2010, þrátt fyrir meira álag á þingið og starfslið þess en nokkru sinni áður. Alþingi gekk því á undan með góðu fordæmi í niðurskurði útgjalda sem fólu á þessum tveimur árum í sér að laun þingmanna voru lækkuð, dregið verulega úr kostnaði við alþjóðasamstarf þingmanna, kostnaðargreiðslur til þingmanna voru lækkaðar, móttökum erlendra gesta frestað og heimsóknir og risna á vegum forseta stórminnkuð og útgjöld skrifstofunnar lækkuð sem og laun starfsmanna. Meiri hlutinn telur að ekki sé unnt að ganga svo langt í niðurskurði eins og lagt er til í fjárlagafrumvarpinu ef Alþingi á að geta sinnt margþættu hlutverki sínu með sóma. Þá bendir meiri hlutinn á að það sé ekkert sem bendi til þess að það aukna álag sem verið hefur síðustu ár muni minnka á næstu árum. Fyrir nefndinni kom fram að innan forsætisnefndar sé fullur vilji til að Alþingi leggi sitt af mörkum áfram til hagræðingar og sparnaðar og hefur forsætisnefnd því lagt til í tillögum til fjárlaganefndar að framlög til Alþingis verði lækkuð um 60 m.kr. til viðbótar við niðurskurð fyrri ára og telur meiri hlutinn þær tillögur raunhæfari en þær sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Nefndin fjallaði einnig um þær aukafjárveitingar sem lagðar eru til frumvarpi til fjáraukalaga vegna kostnaðar Alþingis við gerð skýrslu lögfræðistofunnar Mishcon de Reya um Icesave-málið, vegna kostnaðar við útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og vegna kostnaðar við undirbúning stjórnlagaþings, þjóðfund og kosningar til stjórnlagaþings sem er á fjárheimild dómsmála- og mannréttindaráðuneytis.

Þá fjallaði nefndin um raunlækkun til stofnana Alþingis, þ.e. umboðsmanns Alþingis sem er 8,4% og til Ríkisendurskoðunar sem er 8,4% frá fjárlögum ársins 2010. Meiri hlutinn telur mikilvægt að þessar stofnanir sem gegna grundvallarhlutverki í að veita stjórnvöldum aðhald með vönduðu eftirliti fái nauðsynlega fjármuni til þess að rækja það hlutverk sitt.

Meiri hlutinn styður endurskoðun á skipulagi dómstóla sem legið hefur fyrir í nokkur ár og tekur einnig undir þörfina á því að dómurum verði fjölgað til að mæta aukningu dómsmála sérstaklega í tengslum við bankahrunið haustið 2008 en fyrir liggur að eitt af þingmálum ríkisstjórnarinnar á komandi vetri er frumvarp sem felur í sér tillögu um fjölgun héraðs- og hæstaréttardómara. Fyrir nefndinni kom fram að verið er að vinna að því í dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og forsætisráðuneyti að meta hve mikil þörf er á fjölgun dómara og aðstoðarmanna dómara. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir þeirri fjölgun eða frumvarpi til fjáraukalaga en fyrir nefndinni kom fram að verið er að vinna að tillögum sem munu koma til meðferðar fjárlaganefndar. Þá er einnig gert ráð fyrir því að fram komi breytingartillögur við frumvarp til fjáraukalaga vegna kostnaðar við störf saksóknara Alþingis.

Forsætisráðuneyti.

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2011 eru áætluð 936 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 32 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 904 m.kr. Niðurskurður hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins er 7,6%.

Fyrir nefndinni kom fram að verið er að ljúka vinnslu þeirra mála sem óbyggðanefnd var með til meðferðar þegar bankahrunið varð og ákveðið var að fresta því að taka ný mál til meðferðar. Starfsmenn nefndarinnar hafa verið færðir í önnur verkefni innan stjórnarráðsins til þess að halda í sérhæfða þekkingu þeirra.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

Heildargjöld dómsmála- og mannréttindaráðuneytis árið 2011 eru áætluð 25.185 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.678 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 19.564 m.kr. og lækka um 302 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs.

Á fundum nefndarinnar gerði fulltrúi ráðuneytisins grein fyrir því hvernig ráðuneytið hygðist mæta hagræðingarkröfum frumvarpsins en heildarlækkunin á ráðuneytið nemur 7,3% af fjárlögum ársins í ár. Almenn markmið frumvarpsins miðast við 9% hjá stjórnsýslustofnunum og 5% í löggæslu og eru útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem geta því falið í sér mismiklar skerðingar. Þannig er skorið niður um 3,6% hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins, 8,1% hjá héraðsdómstólunum, 4,5% hjá Hæstarétti, 8% hjá Landhelgisgæslunni og 5% hjá lögreglunni.

Nefndin hefur í álitum sínum til fjárlaganefndar jafnan lagt áherslu á að við þann niðurskurð sem nauðsynlegur er í ríkisútgjöldum sé mikilvægt að standa vörð um grunnþjónustuna í landinu, þ.e. dómstóla, löggæslu og fangelsismál sem eru grundvallarstoðir réttarríkisins. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir tímabundinni aukningu útgjalda til embættis sérstaks saksóknara, þ.e. úr 317 m.kr. á þessu fjárlagaári í 1.178 m.kr. á því næsta til þess að ljúka í árslok 2014 öllum rannsóknum og saksókn mála sem tengjast bankahruninu. Telur meiri hlutinn það mikilvægan hluta þess uppgjörs er fram þarf að fara vegna bankahrunsins og er því sammála þeirri áherslu að ljúka rannsókn mála er tengjast bankahruninu sem fyrst.

Fyrir nefndinni kom fram að verið er að huga að endurskoðun gjaldtöku við þingfestingu mála og að gjaldtaka verði í meiri tengslum við þá fjárhagslegu hagsmuni sem eru í húfi við viðkomandi mál til þess að mæta þeim útgjaldaauka er hlýst af þeirri fjölgun mála sem ljóst er að munu koma til kasta dómstóla á næstu missirum. Þá kom fram að verið er að leggja mat á þörf á fjölgun dómara og aðstoðarmanna dómara.

Síðustu ár hafa verið gerðar breytingar á skipulagi lögreglunnar sem og unnar tillögur að fleiri breytingum ásamt því að mikið hefur verið hagrætt í rekstri hennar. Meiri hlutinn telur því eðlilegt að niðurskurður hjá lögreglunni sé minni en hjá öðrum stofnunum. Meiri hlutinn telur þó mikilvægt að skoðað áfram hvort unnt sé að styrkja starfsemi lögreglunnar og þar með þjónustuna við borgarana og að við þá vinnu verði m.a. litið til skýrslu sem unnin var fyrir ráðherra um skilgreiningu á grunnþjónustu lögreglunnar.

Nefndin fjallaði nokkuð um rekstur Landhelgisgæslunnar og kom fram að þrátt fyrir að mikill niðurskurður hefði átt sér stað og reksturinn hefði verið þungur væri staðan ágæt þar sem gæslunni hefur gengið mjög vel að afla tekna erlendis frá vegna sérverkefna sem gæslan hefði tekið að sér, m.a. fyrir Landamærastofnun Evrópu og eru það sértekjur upp á 7–800 m.kr. í ár sem mynda nálægt 300 m.kr. rekstrarafgang sem mun nýtast á næsta ári. Kom fram að það hefði m.a. gert gæslunni kleift að halda starfsfólki í þjálfun og komið í veg fyrir uppsagnir. Þá voru einnig hugmyndir um að nýta tekjuaukann til leigu á þyrlu svo að gæslan geti tekið að sér fleiri sérverkefni.

Nefndin ræddi þær breytingar sem hafa orðið á liðnum Opinber réttaraðstoð en sá liður hefur að mestu færst til félags- og tryggingamálaráðuneytis með málum er varða greiðsluaðlögun sem hafa færst til nýs embættis umboðsmanns skuldara.

Framsetning frumvarpsins er ekki í samræmi við þá lagabreytingu er gerð var í september sl. á lögum um Stjórnarráð Íslands og kveður á um sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis við samgönguráðuneyti í nýtt innanríkisráðuneyti um næstu áramót. Nefndin fjallaði ekki sérstaklega um þá sameiningu við meðferð fjárlaganna en fyrir liggur að verið er að vinna að undirbúningi þeirra breytinga hjá viðkomandi ráðuneytum auk þess sem gert er ráð fyrir því að í meðförum Alþingis verði lagðar til breytingar á frumvarpinu til samræmis við hana. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að stofnanaumhverfi viðkomandi ráðuneyta verði endurskoðað við sameininguna með áherslu á að efla þjónustuna við borgarana, auka skilvirkni og betri nýtingu fjármuna.

Arndís Soffía Sigurðardóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 19. nóv. 2010.

Róbert Marshall. form.,
Arndís Soffía Sigurðardóttir, með fyrirvara,
Auður Lilja Einarsdóttir,
Valgerður Bjarnadóttir,
Þráinn Bertelsson.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar og gert tillögu að skiptingu á einstökum safnliðum, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010. Nefndin fékk á sinn fund Gísla Þór Magnússon, Auði B. Árnadóttur, Mörtu Guðrúnu Skúladóttur og Jenný Báru Jensdóttur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Kristínu Ingólfsdóttur frá Háskóla Íslands, Ara Kristin Jónsson frá Háskólanum í Reykjavík, Magnús Árna Magnússon frá Háskólanum á Bifröst, Stefán B. Sigurðsson frá Háskólanum á Akureyri, Ágúst Sigurðarson frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Skúla Skúlason frá Háskólanum á Hólum, Hjálmar H. Ragnarsson frá Listaháskóla Íslands, Yngva Pétursson frá Menntaskólanum í Reykjavík, Má Vilhjálmsson og Hjördísi Þorgeirsdóttur frá Menntaskólanum við Sund, Gísla Ragnarsson frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Örlyg Karlsson frá Fjölbrautaskóla Suðurlands og Hörð Ó Helgasson frá Fjölbrautaskóla Vesturlands, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Ragnar Bragasson, Björn Th. Árnason, Karen Maríu Jónsdóttur og Jón Rafnsson frá Bandalagi íslenskra listamanna og Stefaníu G. Kristinsdóttur og Þorvaldur Jóhannsson frá Þekkingarneti Austurlands.

Heildarútgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytisins árið 2011 eru áætluð 63.846,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 7.351,7 m.kr., sem nema 11,5% af

heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 56.495 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 54.894,1 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.600,9 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Útgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytisins dragast saman um 3.899,9 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2010 en þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 3.868,3 m.kr. á milli ára eða sem svarar til 6,4%. Eins og fram kemur í frumvarpinu má skipta breytingum á útgjöldum í fjóra þætti. Í fyrsta lagi eru gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 3.627,5 m.kr. í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi koma til nokkrar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem nema 349,3 m.kr. Í þriðja lagi falla niður tímabundin framlög til ýmissa verkefna að fjárhæð 621,7 m.kr. Að lokum bætast við verðlagsbreytingar ársins 2011, sem áætlaðar eru til hækkunar 486,3 m.kr. og til lækkunar, vegna gengisáhrifa, 454,7 m.kr. eða nettóhækkun sem nemur 31,6 m.kr. Rekstrargjöld mennta- og menningaráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 38.965,3 m.kr. og lækka þau frá gildandi fjárlögum um 1.906,9 m.kr eða 7,2% af rekstrarveltu að raungildi.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að nefndinni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um ýmis verkefni. Nefndin vekur athygli á að með hliðsjón af yfirvofandi niðurskurði er mikilvægt að standa vörð um starfsemi þekkingarsetra um land allt og hvetur til þess að samræmd stefna verði mörkuð um framlög til rekstrar þeirra. Nefndin bendir sérstaklega á að mikilvægt sé að treysta rekstrargrundvöll þeirra þekkingarsetra þar sem samningur við stjórnvöld rennur út um áramót en hefur ekki verið endurnýjaður.

Heildarfjárveiting til háskóla og rannsókna lækkar um 1.539 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar verðlagsbreytingar sem nema 182,2 m.kr. Samkvæmt frumvarpinu eru fjárframlög til háskóla og háskólastofnana lækkuð á bilinu 5% til 9% en fjárlög í samkeppnissjóði á sviði rannsókna eru lækkuð minna, eða um 4%. Áform eru uppi um að auka samstarf og samnýtingu opinberu háskólanna og mynda svokallað samstarfsnet þeirra en aðrir háskólar eru einnig hvattir til að auka samstarf sín á milli. Menntamálanefnd styður viðleitni til samstarfs og sameiningar háskóla á Íslandi með það fyrir augum að bæta nýtingu opinbers fjár til háskólastigsins, auka sérhæfingu og verkaskiptingu háskólanna og efla háskólasamfélagið á Íslandi til framtíðar. Hins vegar lýsir nefndin yfir áhyggjum af niðurskurði fjárveitinga til háskóla, rannsóknarsjóða og rannsóknarstarfsemi sem eru grundvöllur nýsköpunar og forsenda endurreisnar hagkerfisins. Nefndin telur einnig brýnt að huga sérstaklega að eflingu verk- og raungreinamenntunar í landinu þar sem skortur er á vinnuafli með slíka menntun til starfa í helstu vaxtargreinum atvinnulífsins, ekki síst hugverkaiðnaðinum. Þrátt fyrir almennan niðurskurð á fjárlögum ársins 2011, vill nefndin leggja áherslu á að brýnt er að forgangsraða í þágu þeirra greina sem veitt geta samfélaginu viðspyrnu til nýrrar atvinnusóknar. Nefndin leggur jafnframt til að hugað verði að því að fjölga störfum í menningargeiranum með samstarfi stofnana, frjálsra félagasamtaka og einkaaðila við Atvinnuleysistryggingarsjóð þess efnis að aðilar sem ráða til sín starfsfólk af atvinnuleysisskrá fái endurgreiddan hluta af tryggingargjaldi, sem stendur undir fjármögnun sjóðsins.

Heildarfjárveiting til framhaldsskóla lækkar um 1.197,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og lækka framlögin að jafnaði um 5,8% frá fjárlögum 2010. Við útfærslu hagræðingar á framhaldsskólastigi var reynt að hlífa rekstri framhaldsskóla í því skyni að tryggja sérstaklega nemendum á fræðsluskyldualdri og nemendum á starfsbrautum inngöngu í framhaldsskóla. Þess í stað var gengið á safnlið málaflokksins

með því t.d. að draga verulega úr framlagi til námsefnisgerðar og fella niður framlag til sjálfsmatskerfis í framhaldskóla. Nefndin hefur fjallað ítarlega um stöðu framhaldsskóla og ljóst er að niðurskurður undanfarinna ára hefur tekið sinn toll. Einnig telur nefndin að endurskoða þurfi þá miklu hækkun sem orðið hefur á leigusamningum við Fasteignir ríkissjóðs hjá þeim framhaldsskólum sem eru í húsnæði á vegum ríkisins en þessi hækkun eykur verulega á vanda framhaldsskólanna og skerðir enn það hlutfall fjárveitinga þeirra sem rennur til kennslu. Það er álit nefndarinnar að leita verði allra leiða til að draga úr niðurskurði á framlögum til framhaldsskóla, þar sem vandséð er að hægt verði að verja grunnþjónustu þeirra miðað við óbreyttar forsendur fjárlagafrumvarpsins.

Heildarfjárveiting til Lánsjóðs íslenskra námsmanna lækkar um 713 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Þessi lækkun skýrist af því að lánþegar á Íslandi reyndust vera 10% færri en áætlað hafði verið við gerð fjárlaga yfirstandandi árs.

Heildarfjárveiting til málefnaflokka á sviði menningar, lista, íþrótta og æskulýðsmála lækkar um 632,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og lækka framlögin að jafnaði um 9% frá fjárlögum 2010. Leitast var við að draga úr framlögum til styrkja og verkefna sem eru ekki lögbundin fremur en að skerða lögbundna starfsemi og grunnstarfsemi stofnana sem ríkið rekur. Menntamálanefnd leggur sérstaka áherslu á að framlög til Kvikmyndasjóðs Íslands verði endurskoðuð til hækkunar þar sem sjóðurinn varð fyrir mun meiri niðurskurði en flestar stofnanir menningargeirans í fjárlögum ársins 2010. Sjóðurinn er lífæð kvikmyndagerðar í landinu en styrkir úr sjóðnum eru jafnframt forsenda þess að íslenskir kvikmyndagerðarmenn geti sótt viðbótarfjármagn til útlanda. Athuganir kvikmyndaframleiðanda hafa leitt í ljós að hver króna sem veitt er til kvikmyndagerðar á Íslandi laðar til sín nærri tvöfalt meira fjármagn í formi erlendra styrkja með tilheyrandi veltuáhrifum fyrir hagkerfið, að ógleymdu mikilvægi íslenskra kvikmynda sem sýndar eru á erlendum vettvangi fyrir ímynd lands og þjóðar og aukinn ferðamannastraum til landsins.

Menntamálanefnd vekur sérstaka athygli á því að framlög til verkefnisins Tónlist fyrir alla á lið 02-982-1.27 hafa verið felld niður. Nefndin vill eindregið hvetja til þess að sú ákvörðun verði endurskoðuð þar sem verkefnið hefur um árabil boðið grunnskólanemum upp á fjölbreytta tónlist í flutningi atvinnutónlistarfólks úr mismunandi greinum og á síðastliðnu ári nutu 10.000 þúsundir nemendur ríflega 100 tónleika víða um land. Nefndin vill árétta að mikilvægt er að styðja við bakið á kynningarmiðstöðvum listgreina og birtist það m.a. í tillögum nefndarinnar varðandi ráðstöfun fjármagns af safnliðum til kynningarmiðstöðva sviðslista, hönnunargreina og tónlistar.

Nefndin leggur til að unnin verði fagleg úttekt á starfi æskulýðssamtaka á landinu er feli í sér yfirlit um ráðstöfun opinbers fjár til málaflokksins og mat á þeim árangri sem fjárveitingarnar hafa skilað ungu fólki á Íslandi. Nauðsynlegt sé að þeir fjármunir sem varið er til þessa málaflokks nýtist æsku landsins sem best.

Nefndinni bárust 138 umsóknir um fjárveitingar af safnliðum og komu 49 umsækjendur á fund nefndarinnar. Nefndin áréttar það sem komið hefur fram í álitum menntamálanefndar um fjárlög síðustu ára að nauðsynlegt er að fyrirkomulag við úthlutun fjárveitinga af safnliðum verði tekið til gagngerrar endurskoðunar. Tryggt verði að úthlutun fjármuna verði byggð á faglegum forsendum, gagnsæi, svæðisbundnum þörfum og virku eftirliti með nýtingu fjármuna.

Nefndin leggur til að 39 umsækjendur fái styrk. Mikill niðurskurður er á framlögum til safnliða, sem nemur um 42% milli ára, og er ljóst að ekki er hægt að verða við nema litlum

hluta beiðna. Má þar til dæmis nefna safnlið 02-982-1.90, Listir framlög, þar sem einungis 11,6 m.kr. eru til ráðstöfunar en umsóknir nema 154,7 m.kr. Við mat á umsóknum lagði nefndin sérstaka áherslu á að styrkja verkefni sem stuðla að menntun og menningariðkun barna og unglinga og nýsköpun, eru ætluð almenningi, skapa atvinnutækifæri eða ýta undir verðmætasköpun. Einnig lagði nefndin áherslu á hve mikilvægt framlagið er fyrir framgang verkefnisins og hvort framlagið sé forsenda fyrir öðrum styrkjum. Nefndin vísar nokkrum umsóknum til frekari umfjöllunar og afgreiðslu í fjárlaganefnd. Þar ber fyrst að telja umsókn Leikfélags Reykjavíkur þar sem óskað er eftir margföldu ráðstöfunarfé nefndarinnar á sviði lista. Augljóst er að nefndin er ekki í fær um til að veita styrki af þeirri stærðargráðu og vísar umsókninni til afgreiðslu fjárlaganefndar. Nefndin vísar jafnframt til fjárlaganefndar umsókn Handverks og hönnunar sem sækir um 20 millj.kr. framlag af fjárlagaliðnum: Ýmis framlög þar sem 47,5 millj.kr. eru til ráðstöfunar. Þá vísar nefndin umsókn Iceland Airwaves til fjárlaganefndar með þeirri ábendingu að hún verði metin með hliðstæðum hætti og alþjóðlegar hátíðir á vegum annarra listgreina, svo sem Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RIFF og Bókmenntahátíð í Reykjavík, þar sem lögð er áhersla á að kynna verk íslenskra listamanna ásamt úrvali erlendra listamanna, fyrir innlendum og erlendum gestum.

Nefndin leggur áherslu á að móta þurfi stefnu um það á hvaða forsendum skuli meta umsóknir um rekstrarstyrki til félagasamtaka og annarra einkaaðila á sviði menningar, lista, æskulýðs- og íþróttamála. Nefndin telur að alla jafna eigi að leggja áherslu á verkefnastyrki fremur en styrki til almenns rekstrar. Hins vegar telur nefndin að þegar tilefni þykir vera til að veita rekstrarstyrki eigi að útfæra þá í sérstökum þjónustusamningum til nokkurra ára, þar sem réttindi og skyldur aðila eru útlistaðar. Slíkt fyrirkomulag hefur í för með sér aukið aðhald fyrir báða aðila og veitir viðkomandi styrkþegum svigrúm til að skipuleggja starfsemi sína lengra fram í tímann.

Tillögur nefndarinnar um skiptingu safnliða koma fram í sérstöku fylgiskjali.

Alþingi, 22. nóv. 2010.

Skúli Helgasson,
Lilja Mósesdóttir,
Þráinn Bertelsson,
Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Oddný Harðardóttir, með fyrirvara,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Fyrsti minni hluti tekur að mestu leyti undir álit meiri hlutans. Hann getur þó ekki fellt sig við þau vinnubrögð sem viðhöfð eru við gerð fjárlaga og þá einkum úthlutun á svokölluðum safnliðum sem hafa í gegnum árin ekki byggst á faglegum forsendum, verið tilviljunarkennd og jafnvel stjórnast af sérhagsmunagæslu.

Fyrsti minni hluti leggur til að fyrirkomulag við úthlutun fjármuna af safnliðum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið verði endurskoðað og gerðar á því róttækar breytingar hið fyrsta svo að fagleg sjónarmið ráði för. Lagt er til að fjármunir á safnliðum 02-919-1.90, 02-919-1.98, 02-919-6.90, 02-919-6.45, 02-982-1.90, 02-983-1.11 og 02-999-1.90 verði færðir í fjárlagaliði sjóða sem hafa það lögbundna hlutverk að styrkja lista- og menningarstarfsemi. Sjóðunum ber að meta umsóknir á faglegum forsendum og meta allar umsóknir á sama kvarða. Auk þess hafa sjóðirnir ákveðið eftirlitshlutverk og eiga að ganga eftir því að fjármununum sé varið í þau verkefni sem þeim er úthlutað til en eftirlit af hálfu menntamálanefnar hefur ekki verið fyrir hendi. Bókmenntasjóður styrkir til að mynda ekki útgáfu bóka sem koma ekki út.

Sjóðirnir sem um ræðir eru bókmenntasjóður, safnasjóður, húsafriðunarsjóður, tónlistarsjóður, barnamenningarsjóður, fornleifasjóður og Kvikmyndasjóður en einnig má nefna starfsemi atvinnuleikhópa. Eins hafa verið gerðir menningarsamningar við sveitarfélög á landsbyggðinni og mætti nota þessa fjármuni til að efla þá.

Í svari við fyrirspurn til mennta- og menningarmálaráðherra sem undirrituð lagði fram um útgáfuverkefni sem fjárlaganefnd hefur styrkt (þskj: 1118, 389. mál á 138. löggjafarþingi) kemur fram að óheyrilegum fjármunum hefur verið varið til ýmissa útgáfuverkefna sem aldrei hafa litið dagsins ljós og eftirlit og eftirfylgni með verkefnunum hefur verið í mýflugumynd.

Alþingi, 18. nóv. 2010.

Margrét Tryggvadóttir.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti).

Frá 2. minni hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar. Voru að venju einnig ræddar tillögur að skiptingu á einstökum safnliðum, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010.

Á fund nefndarinnar komu Gísli Þór Magnússon, Auður B. Árnadóttir, Marta Guðrún Skúladóttir og Jenný Bára Jensdóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Kristín Ingólfsdóttir frá Háskóla Íslands, Ari Kristinn Jónsson frá Háskólanum í Reykjavík, Magnús Árni Magnússon frá Háskólanum á Bifröst, Stefán B. Sigurðsson frá Háskólanum á Akureyri, Ágúst Sigurðarson frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Skúli Skúlason frá Háskólanum á Hólum, Hjálmar H. Ragnarsson frá Listaháskóla Íslands, Yngvi Pétursson frá Menntaskólanum í Reykjavík, Már Vilhjálmsson og Hjördís Þorgeirsdóttir frá Menntaskólanum við Sund, Gísli Ragnarsson frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Örlygur Karlsson frá Fjölbrautaskóla Suðurlands, Hörður Ó. Helgasson frá Fjölbrautarskóla Vesturlands, Kolbrún Halldórsdóttur, Ragnar Bragason, Björn Th. Árnason, Karen María Jónsdóttir og Jón Rafnsson frá Bandalagi íslenskra listamanna og Stefanía G. Kristinsdóttir og Þorvaldur Jóhannsson frá Þekkingarneti Austurlands.

Heildarútgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytisins árið 2011 eru áætluð 63.846,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 7.351,7 m.kr., sem nema 11,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 56.495 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 54.894,1 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.600,9 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Útgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytisins dragast saman um 3.899,9 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2010 en þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 3.868,3 m.kr. á milli ára eða sem svarar til 6,4% lækkunar. Rekstrargjöld mennta- og menningamálaráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 38.965,3 m.kr. og lækka um 1.906,9 m.kr. eða 7,2% af rekstrarveltu að raungildi.

Heildarfjárveiting til háskóla og rannsóknarstarfsemi lækkar um 1.539 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar verðlagsbreytingar sem nema 182,2 m.kr. Samkvæmt frumvarpinu eru fjárframlög til reksturs háskóla og háskólastofnana lækkuð um 5% til 9% en fjárlög í samkeppnissjóði á sviði rannsókna eru lækkuð minna, eða um 4%. Í máli gesta kom fram að þegar hefði verið gripið til sársaukafullra aðgerða hjá háskólunum vegna skertra fjárframlaga, námsbrautum lokað og álag aukist mjög á starfsfólk. Frekari niðurskurður mundi leiða til uppsagna starfsfólks.

2. minni hluti lýsir yfir miklum áhyggjum af niðurskurði fjárveitinga til háskóla, rannsóknarsjóða og rannsóknarstarfsemi sem eru grundvöllur nýsköpunar og forsenda endurreisnar hagkerfisins. Í umræðum á Alþingi hefur komið fram skýr vilji þingmanna til sameiningar háskóla á Íslandi með það fyrir augum að bæta nýtingu opinberra fjárveitinga til háskólastigsins, finna nýjar leiðir til vaxtar og þróunar og efla tengsl menntunar og nýsköpunar. Mætti þá skoða sameiningu ríkisháskólanna og einkareknu háskólanna í samræmi við tillögur

erlendrar sérfræðinganefndar eða sameiningu háskólanna á landsbyggðinni og háskólanna á höfuðborgarsvæðinu og fækka þeim þannig í tvo til fjóra. Setja þarf á stofn miðlæga stjórnsýslumiðstöð sem gæti þjónað háskólunum á hagkvæman máta. Einnig þarf að starfrækja einn rannsóknarnámsskóla til að brúa bilið á milli háskólanna og gera opinberum rannsóknastofnunum og atvinnulífinu auðveldara að þróa sameiginleg rannsóknarverkefni eða kennslu- og rannsóknarstöður. Nauðsynlegt er að efla tengsl opinberra rannsóknastofnana við háskólana. Framangreindar skipulagsbreytingar ættu að hafa aukna hagkvæmni sem meginmarkmið til að bæta menntun og rannsóknir í skólunum.

2. minni hluti bendir á að erlenda sérfræðinganefndin taldi sérstaklega þrjú fræðasvið lofa góðu hvað varðar vöxt og sköpun nýrra starfa: jarðvísindi, lífvísindi og skapandi greinar/upplýsingatækni. Þau skilaboð sem felast í breyttu reiknilíkani menntamálaráðuneytisins, þar sem hugsanlega þarf að skerða framlag til verk- og raungreina, eru því illskiljanleg.

2. minni hluti bendir á mikilvægi háskóla- og þekkingarsetra hringinn í kringum landið og hvetur til aukins samstarfs á milli þeirra og fræðslu- og símenntunarmiðstöðva til að styðja við menntun og atvinnuuppbyggingu í viðkomandi byggðarlögum.

Heildarfjárveiting til framhaldsskóla lækkar um 1.197,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og lækka framlögin að jafnaði um 5,8% frá fjárlögum 2010. 2. minni hluti telur að erfitt verði að viðhalda framboði og gæðum menntunar í framhaldsskólum nema ákveðnari skref verði tekin í þá átt að stytta nám til stúdentsprófs og endurskipuleggja starf skólanna. Slíkt verður að gerast í samráði við sveitarfélögin, sem fara með málefni grunnskólanna, og stéttarfélög kennara en kjarasamningar kennara stýra mjög miklu um skólastarf.

Heildarfjárveiting til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækkar um 713 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Þessi lækkun skýrist af því að lánþegar á Íslandi reyndust vera 10% færri en áætlað hafði verið við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. 2. minni hluti bendir á að nauðsynlegt er að framfærslugrunnur LÍN verði samræmdur opinberum neysluviðmiðum sem til stendur að kynna nú í desember.

Heildarfjárveiting til málefnaflokka á sviði menningar, lista, íþrótta og æskulýðsmála lækkar um 632,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og lækka framlögin þannig að jafnaði um 9% frá fjárlögum 2010. Er leitast við að draga úr framlögum til styrkja og verkefna sem eru ekki lögbundin fremur en að skerða lögbundna starfsemi og grunnstarfsemi stofnana sem ríkið rekur. 2. minni hluti tekur undir áskorun meiri hluta menntamálanefndar um að framlög til Kvikmyndasjóðs Íslands verði endurskoðuð til hækkunar. Fyrir þinginu þingsályktunartillaga (þskj. 104 – 98. mál) um eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar þar sem lagt var til að mennta- og menningarmálaráðherra endurnýjaði samkomulag um eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar. Málið hefur enn ekki hlotið hlaut afgreiðslu.

Við afgreiðslu safnliða skipti nefndin sér í hópa og tók viðtöl við aðila sem sótt höfðu um fjárveitingu af fjárlagalið 02-984-1.90. Enn og aftur var rætt um að endurskoða þyrfti vinnubrögð við afgreiðslu safnliða og breyta þeim. 2. minni hluti telur að sérfræðingar og/eða sjóðir ættu að vera fastanefndum Alþingis til ráðgjafar og aðstoða við afgreiðslu umsóknanna út frá áherslum sem fastanefndir ákveða. Þannig yrði betur tryggt að úthlutun fjármuna væri byggð á faglegum forsendum, gætt væri gegnsæis, hlúð að svæðisbundnum þörfum og virkt eftirlit með nýtingu fjármuna viðhaft.

Við úthlutun var fjölda og upphæðum umsókna skipt niður á kjördæmi og skoðað sérstaklega hvort viðtöl skiptu máli við úthlutun styrkja. Um 80% þeirra sem fengu úthlutað höfðu

komið í viðtöl. 2. minni hluti lagði einnig áherslu á að úthlutun endurspeglaði fjölda umsókna frá hverju kjördæmi og íbúafjölda hvers svæðis auk svæðisbundinna þarfa.

2. minni hluti gerir ekki athugasemdir við tillögur meiri hluta nefndarinnar um skiptingu safnliða en ítrekar mikilvægi þess að núverandi fyrirkomulag verði endurskoðað fyrir vorið 2011.

Alþingi, 23. nóv. 2010.

Eygló Harðardóttir.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 21. október sl. Nefndin fékk á sinn fund Einar Gunnarsson og Pétur Ásgeirsson frá utanríkisráðuneyti. Nefndinni barst einnig minnisblað frá utanríkisráðuneytinu um þróun útgjalda ráðuneytisins frá haustinu 2008 og enn fremur greinargerð frá Þróunarsamvinnustofnun Íslands.
Í minnisblaði utanríkisráðuneytisins kemur m.a. fram hvernig brugðist hefur verið við niðurskurði síðustu ára með fækkun útsendra starfsmanna og lokun sendiskrifstofa. Frá árinu 2008 hefur útsendum starfsmönnum fækkað úr 62 í 54 og þremur sendiskrifstofum hefur verið lokað. Meiri hluti nefndarinnar telur óhjákvæmilegt við núverandi aðstæður að draga saman seglin í utanríkisþjónustunni en leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess fyrir Ísland að halda góðum tengslum við samstarfsþjóðir á alþjóðavettvangi, ekki síst á erfiðleikatímum eins og þeim sem nú ganga yfir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fjárveiting til utanríkisráðuneytis árið 2011 nemi um 10.933 m.kr. á rekstrargrunni sem samsvarar um 8% lækkun frá fjárlögum 2010. Í frumvarpinu segir að útgjaldabreytingum milli ára megi skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 800 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema 656,7 m.kr. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 144 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 512,7 m.kr. Loks bætast við verðlags- og gengisbreytingar ársins 2011, sem eru áætlaðar 665,3 m.kr. til lækkunar, þannig að heildargjöldin verða um 10.933 m.kr.

Gert er ráð fyrir að framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) nemi um 1.235. m.kr. á næsta ári og nemur lækkunin um 10,5% frá fjárlögum 2010 samkvæmt frumvarpinu. Að sama skapi er gert ráð fyrir að framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi nemi um 1.269 m.kr. sem er um 18,5% lækkun frá fyrra ári. Frá árinu 2008–2011 mun lækk-

un fjárveitinga til ÞSSÍ nema um 34%. Hafa ber í huga að allar skuldbindingar stofnunarinnar eru í bandaríkjadölum en ef litið er á þetta sama tímabil út frá gengi bandaríkjadals nemur lækkun fjárveitinga um 52%. Meiri hlutinn ítrekar það álit nefndarinnar sem fram hefur komið við vinnslu fjárlaga fyrir árin 2009 og 2010 að þrátt fyrir óhjákvæmilegan niðurskurð nú skuli leggja áherslu á að til frambúðar verði áfram unnið að því markmiði stjórnvalda að framlög til þróunarmála verði 0,35% af vergri landsframleiðslu. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað sér er gert ráð fyrir að framlag Íslands til þróunarmála lækki í um 0,2% af vergri landsframleiðslu á næsta ári. Meiri hlutinn telur að hér sé komið að sársaukamörkum og að ekki verði gengið lengra í niðurskurði til þróunarmála.

Allnokkur aukning er á framlögum til alþjóðastofnana, sem m.a. helgast af gengisþróun og aukningu aðildargjalda. Sérstaklega er vakin athygli á aukningu útgjalda vegna hlutdeildar Íslands í NATO, einkum vegna nýrra höfuðstöðva bandalagsins, og telur meiri hlutinn rétt að stjórnvöld leiti leiða til að minnka þann kostnað í ljósi efnahagsaðstæðna hér á landi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 889 m.kr. fjárveitingu til Varnarmálastofnunar og nemur það 8,2% lækkun frá fjárlögum ársins 2010. Meiri hluti nefndarinnar telur að í ljósi þess að stofnunin verður lögð niður um næstu áramót samkvæmt lögum nr. 98/2010 beri að auðkenna þennan lið frumvarpsins varnarmálum en ekki Varnarmálastofnun. Meiri hlutinn telur að í ljósi fyrirheita um hagræðingu við niðurlagningu Varnarmálastofnunar séu það vonbrigði að ekki hafi náðst fram meiri sparnaður í málaflokknum og telur að ganga megi lengra í þeim efnum en frumvarpið gerir ráð fyrir. Meiri hlutinn minnir á að við flutning þeirra verkefna Varnarmálastofnunar sem áfram verður sinnt, t.d. til Landhelgisgæslu Íslands, lögreglunnar og Flugstoða, beri einkum að hafa fjárhagslegan ávinning að leiðarljósi. Því þarf að meta hvað einstakir valkostir í kjölfar niðurlagningar Varnarmálastofnunar skila mikilli hagræðingu áður en endanleg ákvörðun er tekin um framtíðarvistun verkefna. Meiri hlutinn leggur til að framlag til varnarmála í frumvarpinu verði lækkað um a.m.k. 65 m.kr. eða sem nemur upphæð viðbótarframlags vegna upplýsingamála í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu sem nefndin gerir tillögu um, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 150 m.kr. fjárveitingu í tengslum við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Það er lækkun um 100 m.kr. miðað við fjárlög yfirstandandi árs. Nefndinni hefur borist afrit af bréfi utanríkisráðuneytisins til fjárlaganefndar frá 13. október sl. þar sem fjallað er um fjárframlög til frjálsra félagasamtaka vegna upplýsingagjafar um Evrópusambandið. Áréttað skal að í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar um umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu var lögð sérstök áhersla á mikilvægi upplýsingamiðlunar í samningaferlinu og að séð yrði til þess að fjármunir verði til ráðstöfunar þannig að félagasamtök sem málið varðar geti með beinum hætti tekið þátt í opinberri umræðu og miðlað upplýsingum um málið. Sérstakur upplýsingahópur skipaður fjórum nefndarmönnum úr utanríkismálanefnd hefur um nokkurt skeið unnið að því að móta tillögu um útfærslu á styrkveitingum til slíkra aðila. Tillaga hópsins er til umfjöllunar í nefndinni og á grundvelli hennar leggur meiri hlutinn til að 65 m.kr. framlagi verði varið til upplýsingamála í fjárlögum 2011 og að framlög til varnarmála verði lækkuð að sama skapi. Þessi tillaga er þó gerð

með fyrirvara um að endanleg ákvörðun nefndarinnar um fyrirkomulag upplýsingamála verði í þessa veru.

Alþingi, 17. nóv. 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form.,
Valgerður Bjarnadóttir, varaform.,
Helgi Hjörvar,
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,
Birgitta Jónsdóttir,
Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti).

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010.

Markmið við gerð fjárlagafrumvarpsins um samdrátt í rekstrarútgjöldum 2011 voru að ná fram 9% lækkun á veltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá framhaldsskólum, heilbrigðisstofnunum, stofnunum fyrir fatlaða og lögregluembættum.

Nefndin fékk á sinn fund Arndísi Á. Steinþórsdóttur frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Svein Margeirsson og Kristin Kolbeinsson frá Matís ohf., Karítas Margréti Jónsdóttur og Eyþór Björnsson frá Fiskistofu, Ólaf K. Ólafs og Skúla Bjarnason frá Lífeyrissjóði bænda, Kjartan Ólafsson og Jón G. Guðbjörnsson frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Jóhann Sigurjónsson og Vigni Thoroddsen frá Hafrannsóknastofnuninni og Jón Gíslason og Stefán Guðmundsson frá Matvælastofnun auk þess sem nokkur fjöldi gesta kom til fundar við nefndina vegna umsókna um fjárveitingu af safnliðum.

Fram kom á fundi nefndarinnar að heildarútgjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis árið 2011 eru áætluð 20.380 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.742,3 m.kr. en þær nema 8,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 18.637,7 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 15.968,2 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.669,5 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.830,5 m.kr. og lækka því um 591,1 m.kr. milli ára. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 349,1 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Við þessa hagræðingu hefur ýmsu verið forgangsraðað þannig að ekki er um flatan niðurskurð að ræða. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 337,9 m.kr. og verða 14.662,8 m.kr. Loks er gert ráð fyrir að skuldbindandi samningar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur gert nemi um 10.634,0

m.kr. á yfirstandandi ári, samtals munu samningarnir því nema um 53,9% af heildarútgjöldum ráðuneytisins á árinu 2011.

Samkvæmt fjárlögum ársins 2010 fékk Lífeyrissjóður bænda framlög úr ríkissjóði samtals að fjárhæð 178 m.kr. Hefur sjóðurinn tekið við slíkum framlögum í árafjöld. Ekki er að sjá að sjóðnum sé ætlað framlag úr ríkissjóði á árinu 2011. Kemur þannig fram í athugasemdum við greinargerð frumvarpsins að gert sé ráð fyrir því að framlög til sjóðsins falli niður og að slík framlög hafi hingað til verið veitt án laga- eða samningsskyldu. Á fundi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum sjóðsins að framlög ríkissjóðs hafi staðið undir 8% lögbundnu framlagi launagreiðenda í sjóðinn. Þar sem slíkt framlag félli niður væri sjóðurinn tilneyddur til þess að innheimta 8% framlag launagreiðenda af bændum sjálfum og að bændum hafi þegar verið tilkynnt um að svo mundi málum verða háttað. Þá kom einnig fram að framlagið í sjóðinn hafi oft verið notað sem óformlegt gagngjald í við gerð búvörusamninga á milli ríkisstjórna og samtaka bænda. Telur sjóðurinn því að í frumvarpinu felist í raun að einhliða sé horfið frá samningsskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Meiri hlutinn bendir á að fjárstjórnarvaldið er í höndum Alþingis og hafa dómstólar staðfest að samningar stjórnvalda sem fela í sér eigna- eða fjárstjórn eru, hvað gildi varðar, í raun gerðir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Þó telur meiri hlutinn rétt að nefna sérstaklega það sjónarmið sem fram kom hjá fulltrúum sjóðsins að bændur verði fyrir tekjuskerðingu sem nemur þeirri fjárhæð sem þeir þurfa nú að hefja að greiða í sjóðinn á grundvelli lagaskyldu. Þá telur meiri hlutinn verulega hættu á að tekjuskerðingin leiti út í almennt verðlag búvara sem hafi svo aftur áhrif á kjör heimila, beint í gegnum vöruverð og óbeint í gegnum verðbólgu og verðbætur. Loks vekur meiri hlutinn sérstaka athygli á því að fulltrúar sjóðsins telja hann fjárhagslega sterkan og að fall íslensku bankanna hafi komið minna við hann en marga aðra íslenska lífeyrissjóði. Af þeim sökum hafi sjóðurinn ekki þurft að skerða réttindi sjóðsfélaga.

Framlög til Hafrannsóknastofnunarinnar lækka frá síðasta fjárlagaári um 123 m.kr. að raungildi samkvæmt frumvarpinu. Á fundi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum stofnunarinnar að mögulega yrði fyrirhuguðum niðurskurði fjárframlaga mætt með því að færa verkefni rannsóknarskipsins Bjarna Sæmundssonar yfir á önnur rannsóknarskip og leggja Bjarna Sæmundssyni. Þetta mundi hafa í för með sér færri úthaldsdaga og þar með minni rannsóknir á uppsjávarfiski auk þess sem þátttöku í bergmálsmælingum á karfa í Grænlandshafi yrði hætt. Gert væri ráð fyrir að fækka í áhöfnum rannsóknarskipa um 10–12 manns auk þess sem laun annarra starfsmanna, er tengjast úthaldi skipa, munu lækka. Þá muni haustrall stofnunarinnar falla niður.

Fjárveiting til Fiskistofu nemur 721,7 m.kr. samkvæmt frumvarpinu og lækkar að raungildi um 65,7 m.kr. frá fjárlögum 2010. Á fundi nefndarinnar kom fram að lækkuninni verði mætt með því að draga úr launakostnaði, m.a. með lækkun launa, og kostnaði við kaup á rekstrarfjármunum. Töldu fulltrúar Fiskistofu að stofnunin væri komin að þolmörkum hvað varðar fjölda starfsmanna í ljósi þeirra verkefna sem henni er skylt að inna af hendi, ekki væri ráðið í störf sem losnuðu og því væri verkefnum þeirra starfsmanna sem láta af störfum ráðstafað til annarra starfsmanna. Bentu fulltrúar stofnunarinnar á að þeir eygðu möguleika á að auka sértekjur stofnunarinnar með því að hækka gjöld fyrir útgáfu almennra veiðileyfa sem ekki hafa hækkað frá 1999 og því ekki fylgt breytingum á almennu verðlagi. Þá kom fram að niðurskurður stofnunarinnar mundi ekki koma niður á fjölda starfa á vegum hennar á landsbyggðinni.

Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir að fjárveiting til Framleiðnisjóðs bænda muni lækka um 133 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 2010. Á fundi nefndarinnar kom fram að sjóðurinn hyggist mæta þessum mikla niðurskurði fjárframlaga með því að draga úr fram-

lögum sínum til rannsóknartengdra verkefna og einbeita sér að nýsköpun í dreifbýli. Var á það bent að rannsóknartengd verkefni væru á málefnasviði menntamálaráðuneytis og því eðlilegt að framlög til slíkra verkefna færðust þangað. Töldu fulltrúar sjóðsins sig ekki hafa fengið upplýsingar um það frá stjórnvöldum hvort til stæði að leggja sjóðinn niður en færi svo að ekki yrði veitt fjármagn til hans næstu ár mundi starfsemi hans verða sjálfhætt. Í frumvarpinu kemur einnig fram að sértekjur sjóðsins muni á næsta ári nema 35,6 m.kr. Á fundi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum sjóðsins að þeim væri ekki kunnugt um hvað þarna byggi að baki. Töldu þeir að um arf frá fyrri tíð væri að ræða þegar til sjóðsins runnu svokölluð fóðurbætisgjöld en lagalegur grundvöllur slíkra gjalda væri ekki lengur til staðar og svo hefði verið um nokkra hríð. Vill meiri hlutinn benda á að gera verður breytingar á frumvarpinu hvað þetta varðar.

Hvað varðar niðurskurð fjárveitinga til stofnana samkvæmt frumvarpinu vill meiri hlutinn árétta sérstaklega gífurlega mikilvægt hlutverk Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir framtíð Íslendinga sem fiskveiðiþjóðar sem stundi sjálfbærar veiðar. Í máli fulltrúa stofnunarinnar kom fram að stofnunin hefði í raun verið í ákveðinni vörn hvað fjárveitingar varðar öll síðustu ár þar sem verkefni stofnunarinnar hefðu aukist hratt en fjárveitingar ekki fylgt. Þá bentu þeir á að stöðug hækkun olíuverðs hefði haft veruleg kostnaðaraukandi áhrif og íþyngt allri starfsemi. Telur meiri hlutinn rétt að vekja athygli á framangreindu og bendir sérstaklega á viðamikið hlutverk stofnunarinnar sem m.a. kemur fram í 17. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum. Telur meiri hlutinn að rétt sé að hafa sérstaklega í huga það vægi sem rannsóknir stofnunarinnar hafa við ákvarðanatöku um heildarafla sjávarafla en ekki síður þann grundvöll sem slíkar rannsóknir veita kröfum Íslendinga á alþjóðavettvangi, t.d. hvað varðar veiðar á makríl í fiskveiðilandhelginni. Hvetur meiri hlutinn til þess að við niðurskurð fjárveitinga til Hafrannsóknastofnunarinnar verði tekið tillit til mikilvægs hlutverks stofnunarinnar fyrir rannsóknir á ástandi fiskstofna sem leggja grunn að veiðiráðgjöf stofnunarinnar til stjórnvalda.

Nefndin tók fyrir skiptingu safnliðar 04-190-1.90, Ýmis verkefni, samkvæmt beiðni fjárlaganefndar. Nefndinni bárust margar umsóknir og tók nefndin á móti nokkrum fjölda gesta í tengslum við safnliðina. Tillögur nefndarinnar um skiptingu safnliðar 04-190-1.90 eru í meðfylgjandi fylgiskjali og leggur nefndin til að safnlið 04-190-1.90 verði skipt samkvæmt sundurliðuninni sem þar er tilgreind. Nefndin ræddi mikilvægi þess að fé sé varið í verkefni sem ekki eru fjárfrek en eru líkleg til atvinnusköpunar og hafði nefndin þau sjónarmið að leiðarljósi við úthlutun. Þá taldi nefndin sér rétt og skylt að líta til þess að ætlunin virðist sú að nokkrum verkefnum verði veitt fé samkvæmt öðrum liðum frumvarpsins. Þannig kom fram í athugasemdum við frumvarpið að ætlunin væri að Beint frá býli, félagi heimavinnsluaðila, yrði úthlutað 6 m.kr. af liðnum 04-190-1.98, ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Þá er ætlunin að veita Vör, sjávarrannsóknarsetri í Ólafsvík 23,2 m.kr. og Sjávarlíftæknisetrinu BioPol ehf. 25 m.kr. af sama lið. Auk þessa er gert ráð fyrir að framlög til Veiðimálastofnunar verði 99,9 m.kr. samkvæmt lið 04-405. Nefndin vekur athygli á því að hún telur að verkefnin Austfirskar krásir og Blóm í bæ 2011 falli undir gildissvið svokallaðra menningarsamninga, samninga um samstarf menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra, Vestfjörðum, Suðurlandi og Suðurnesjum um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu. Því ættu umsóknir um fjárveitingar til verkefnanna betur heima hjá menningarráðum Suðurlands og Austurlands. Kýs nefndin að taka það sérstaklega fram að hún telur stöðu Kattavinafélags Íslands það sérstaka að ekki verði hjá því komist að veita fé til félagsins. Félagið á sér langa sögu og ber saga þess vott fórnfýsi og ósérplægni hvað aðbúnað og aðstæður katta varðar.

Félagið hefur aldrei notið opinberra styrkja og hafa tekjur og sjálfstæð fjárframlög til félagsins farið minnkandi upp á síðkastið. Af framangreindum sökum sér félagið fram á lokun athvarfs fyrir ketti. Að lokum bendir nefndin á að hún telur að vistfræðirannsóknir á háhitasvæðum á vegum Veiðimálastofnunar eigi undir málefnasvið umhverfisráðuneytisins.

Það er ljóst að á komandi missirum verður ekki dregið úr þeim niðurskurði sem frumvarpið gerir ráð fyrir og verður mörgum greinum erfiður. Meiri hlutinn ítrekar því mikilvægi þess að við niðurskurðinn sé lögð áhersla á að halda inni verkefnum sem eru mikilvægt framhald á þegar höfnum verkefnum, stuðla að nýsköpun og teljast atvinnuskapandi.

Björn Valur Gíslason skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 15. nóv. 2010.

Róbert Marshall, form.,
Björn Valur Gíslason, með fyrirvara,
Helgi Hjörvar,
Arndís Soffía Sigurðardóttir,
Ólína Þorvarðardóttir.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti).

Frá minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Sérstaða sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins við fjárlagagerð felst í því að tveir þættir eru ráðandi í útgjöldum þess. Annars vegar búvörusamningarnir og hins vegar umfangsmikil rannsóknar og þróunarstarfsemi. Sú ákvörðun var lögð til grundvallar við fjárlagagerðina að ekki yrði hróflað við búvörusamningunum. Útgjöld vegna þeirra nema um 53% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Þá hefur almennt verið lögð áhersla á að verja rannsóknar- og þróunarstarfsemi við fjárlagagerðina þótt frá því sé vikið í ráðuneytinu að þessu sinni.

Ákvörðun Alþingis um að sækja um aðild að ESB hefur veruleg áhrif á starfsemi ráðuneytisins. Ljóst er að málefni á sviði ráðuneytisins verða mjög til umfjöllunar í þeirri vinnu sem nú er hafin. Fjöldi fólks í ráðuneytinu og undirstofnunum þess verður upptekið við undirbúningsstörf. Ekki er gert ráð fyrir fjármunum til þessa verkefnis. Fram hefur komið í umfjöllun nefndarinnar að þess í stað sé vinnan unnin að nokkru utan hefðbundins vinnutíma, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Augljóslega mun þetta vinnuálag hafa í för með sér margvíslegan kostnað og öðrum verkefnum verður ekki sinnt á meðan.

Matís hefur á undanförnum árum aukið umsvif sín. Þannig hefur velta fyrirtækisins aukist úr 800 millj. kr. árið 2007 í 1.200 millj. kr. á þessu ári. Framlög ríkisins jukust á þessum tíma um 60 millj. kr., sem segja okkur að fyrirtækinu hefur tekist að afla sér mjög umtalsverðs

viðbótarfjár frá öðrum aðilum. Þetta er umtalsvert meira en hjá ýmsum sambærilegum stofnunum og fyrirtækjum.

Ljóst er að Fiskistofa mun taka á sig skerðingu eins og aðrar stofnanir. Nauðsynlegt er að benda þó á að stofnunin getur að nokkru bætt sér tekjumissinn með auknum sértekjum sem þeir er þjónustunnar njóta, einkum útgerðirnar, munu þurfa að greiða. Þegar hafa verið kynnt áform í þessa veru.

Varðandi Hafrannsóknastofnunina gerir frumvarpið ráð fyrir niðurskurði. Að óbreyttu er þá gert ráð fyrir að Bjarna Sæmundssyni verði lagt og dregið úr rannsóknum á uppsjávarfiski. Í þessu sambandi vekur minni hlutinn athygli á nauðsyn rannsókna sem fram fara í samstarfi við aðrar þjóðir, enda ljóst að þar er um að ræða mikla og beina þjóðarhagsmuni. Á þessu ári naut stofnunin talsverðra tekna af úthaldi skipanna utan kjarnastarfseminnar. Á þessu stigi er allt útlit fyrir að þetta breytist á næsta ári. Mikilvægt er að vekja athygli á að Hafrannsóknastofnunin hefur fengið verulegt fjármagn úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins á undanförnum árum. Ekki er ástæða til annars en að ætla að á því verði framhald. Þær upphæðir sem fást úr sjóðnum munu ráða úrslitum um rekstur stofnunarinnar.

Hvað Matvælastofnun snertir er nauðsynlegt að vekja athygli á auknum kostnaði vegna nýrrar matvælalöggjafar. Fulltrúar stofnunarinnar sem fyrir nefndina komu telja þó að stofnunin muni halda rekstrarumfangi sínu óbreyttu og þurfi ekki að ráðast í teljandi aðhaldsaðgerðir.

Mjög skýr stefna kemur fram í fjárlagafrumvarpinu varðandi Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Í raun boðar frumvarpið að sjóðurinn verði lagður niður. Fjárveitingar til sjóðsins verða skornar niður um tæp 90% eða um 133 millj. kr. og verða aðeins 15 millj. kr. Sjóðurinn býr svo vel að eiga peningalegar eignir sem nema um 100 millj. kr., sem ætlunin er að ráðstafa á þessu ári. Jafnframt verður gripið til aðhaldsaðgerða. Ekki verður ráðinn framkvæmdastjóri í stað núverandi framkvæmdastjóra sem lætur senn af störfum. Stjórn sjóðsins hyggst ráðstafa fjármunum sjóðsins á þessu ári til verkefna sem bændur standa fyrir, en framlög til rannsókna og þróunarverkefna á vegum háskólanna verða felld niður strax á næsta ári. Þetta mun því hafa áhrif strax á rannsóknarfé landbúnaðarháskólanna. Alvarlegast er þó að með þessari stefnumörkun er í raun horfið frá því að starfrækja sérstakan rannsóknarsjóð fyrir landbúnaðinn án þess að greinin eigi með skilgreindum hætti sérstakan aðgang að annarri fjármögnun til rannsókna- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar. Þessi stefnumörkun verður enn illskiljanlegri í ljósi þess að ekki verða neinir aðrir rannsókna- og þróunarsjóðir fyrir sambærilegri skerðingu. Ljóst virðist því að þessari stefnumörkun er einvörðungu beint gegn landbúnaðinum.

Alvarlegasta niðurstaðan í fjárlagafrumvarpinu snertir Lífeyrissjóð bænda. Þar er stefnumótunin mjög skýr og afdráttarlaus og segja má að hnykkt sé á þeirri stefnu sem glitti í með fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Framlög ríkisins til lífeyrissjóðsins voru í fyrra skorin niður um 147 millj. kr. og síðan núna um 178 millj. kr. Alls er þetta niðurskurður á tveimur árum um 325 millj. kr. og er með honum fallið frá því að ríkið greiði mótframlag vegna inngreiðslna í Lífeyrissjóð bænda. Mikilvægt er að rifja upp að fjárframlög ríkisins inn í lífeyrissjóðinn eiga sér þá forsögu að þeim var ætlað að koma í stað tiltekinna hækkana á búvörum sem ella hefðu orðið. Nú er hins vegar horfið einhliða frá þessum framlögum. Þetta leiðir til þess að bændur þurfa að taka á sig 8,7% kjaraskerðingu umfram aðrar stéttir komi til þess að þessum greiðslum verði hætt. Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á Lífeyrissjóð bænda, heldur mun koma fram í lækkandi ráðstöfunartekjum bænda þar sem þeir þurfa að reiða fram þetta mótframlag sem greitt hefur verið úr ríkissjóði fram til þessa. Annars vegar er um að ræða

8% skerðingu vegna greiðslu mótframlags og hins vegar kemur til viðbótar 0,7% þynging við útreikning tryggingagjaldsins.

Þetta er mikið áhyggjuefni. Afar hæpið er að bændur geti bætt sér þetta upp með hærra afurðaverði. Samkeppni er hörð á mörkuðum og þess má geta að dilkakjötsverð til bænda hækkaði lítið sem ekkert nú í haust. Ákvörðun um að fella niður framlög til lífeyrissjóðsins munu því koma beint niður á kjörum bændastéttarinnar.

Alþingi, 19. nóvember 2010.

Einar K. Guðfinnsson,
Jón Gunnarsson,
Sigurður Ingi Jóhannsson.

Fskj.

Bréf frá Lífeyrissjóði bænda til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.
(12. nóvember 2010.)

Fjárlög 2011: Fyrirhuguð skerðing á mótframlögum til LSB

Á fundi stjórnenda Lífeyrissjóðs bænda (LSB) með sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis 10. nóvember 2010 voru rædd framlög ríkisins til LSB vegna mótframlags bænda. Í fjárlögum 2011 er fyrirhugað að ríkissjóður hætti mótframlagsgreiðslum til LSB. Skerðing yrði þá 100% frá fjárlögum 2010, lækki um 178 millj. kr. en í fjárlögum 2010 var framlag ríkisins skert um 45%, úr 325 í 178 millj. kr.

Nefndin óskaði eftir að lífeyrissjóðurinn gerði grein fyrir áhrifum þess á kjör bænda og á LSB ef ríkið hættir að greiða mótframlag til lífeyrissjóðsins.

8,7% kjaraskerðing fyrir bændur

Áhrifin koma fram sem bein kjaraskerðing fyrir bændur en hefur ekkert með lífeyrisréttindi að gera þar sem skylduaðild allra að lífeyrissjóði og 8% vinnuveitanda-framlag er lögbundið og skiptir þá engu hvort menn starfa sjálfstætt eða hver greiðir mótframlagið. Falli greiðslan úr ríkissjóði niður þurfa bændur einfaldlega sjálfir að greiða 8% hlutann eins og aðrir sjálfstæðir atvinnurekendur.

Til viðbótar 8% kjaraskerðingu hjá bændum kemur 0,7% kjaraskerðing við greiðslu tryggingagjaldsins. Það skýrist af því að stofn til tryggingagjalds hækkar, verður launa-fjárhæð að viðbættu mótframlaginu. Þegar mótframlagsgreiðslan kemur úr ríkissjóði er tryggingagjaldsstofn aðeins sjálf launafjárhæðin en þegar ríkissjóður hættir greiðslu mótframlagsins bætist mótframlagið (8%) við þann stofn sem tryggingagjald er reiknað af.

Það þýðir að tryggingagjaldið (8,65%) verður 9.342 kr. í stað 8.650 kr. fyrir td. laun að fjárhæð 100.000 kr., hækkar um 0,7%. Bændur munu því þurfa að taka á sig samtals 8,7% kjaraskerðingu umfram aðrar stéttir hætti ríkissjóður greiðslu mótframlagsins.

Ríkissjóður hefur allt frá stofnun LSB 1971 greitt mótframlag bænda til sjóðsins. Athygli er vakin á að þessi greiðsla úr ríkissjóði hefur ekki verið nein ölmusa til bænda því á móti framlagi ríkisins hafa komið fram eftirgjöf og margvíslegar tilslakanir af hálfu bænda.

Skerðing mótframlagsgreiðslna er því hreint kjaramál fyrir bændur og mun valda þeim verulegum erfiðleikum þar sem erfitt verður fyrir þá að mæta þeirri skerðingu með hækkun afurðaverðs eins og ástatt er.

Engar skerðingar hjá Lífeyrissjóði bænda

Lífeyrissjóður bænda (LSB) er í hópi þeirra lífeyrissjóða sem komið hafa hvað best út úr hruninu. Sjóðurinn hefur ekki þurft að skerða réttindi öndvert við ýmsa aðra sjóði sem hafa þurft að beita skerðingum, sumir hverjir oftar en einu sinni. LSB hefur nú til margra ára fylgt varfærinni stefnu í ávöxtun fjármuna sjóðfélaga og er nú að uppskera umbun þeirrar búmennsku. Stjórnendur sjóðsins voru aldrei slegnir blindu þeirrar gróðafíknar sem heltók samfélagið. Horfur eru á að yfirstandandi ár komi einnig vel út og að sjóðurinn skili jákvæðri raunávöxtun. Um framtíðina er hins vegar erfitt að spá og veltur á miklu að áfram verði unnt að ávaxta fjármuni með ásættanlegri ávöxtun og lágmarksáhættu.

Réttindi sjóðfélaga

Réttindi sjóðfélaga hjá LSB eru fyllilega sambærileg á við réttindi sjóðfélaga í öðrum sjóðum með samsvarandi réttindaávinnslu. Hins vegar endurspegla lágar lífeyrisgreiðslur fyrst og fremst þá staðreynd að bændur eru láglaunastétt. Það er áhyggjuefni sem stjórnvöld mættu gjarnan deila með sjóðfélögum.

Að lokum

Lífeyrissjóður bænda stendur traustum fótum, er vel rekinn og er með varfærna fjárfestingarstefnu. LSB veitir sambærileg réttindi og aðrir sjóðir, en hjá honum er mikil sérþekking á högum bænda. Sjóðurinn hefur í vaxandi mæli farið út í lánveitingar til bænda. Vissulega mætti sjóðurinn vera öflugri, eins og hann sjálfsagt væri ef kjör bænda væru betri. Það er staðreynd að sjóðurinn er ekki sá litli vanmáttugi sjóður sem lenska hefur verið að tala niður. Um er að ræða meðalstóran lífeyrissjóð með tæplega 3000 greiðandi sjóðfélaga og með eignir upp á 23 milljarða króna og hefur hann blessunarlega ekki þurft að grípa til skerðinga eins og svo margir aðrir sjóðir í kjölfar bankahrunsins.

Það er metnaðarmál fyrir grundvallarstétt eins og bændur að hafa sinn eigin lífeyrissjóð. Mótframlagsgreiðsla frá ríkinu hefur styrkt LSB og um leið haft mikið að segja um kjör bænda. Afnám mótframlagsgreiðslna frá ríki skerðir ekki réttindi sjóðfélaga í LSB en leiðir eitt og sér til 8,7% kjaraskerðingar hjá bændum umfram aðrar stéttir. Það er því mikilvægt að stjórnvöld hafi þetta í huga þegar tekin er ákvörðun um skerðingar ríkisins á mótframlagsgreiðslum bænda til LSB í fjárlögum 2011.

Stjórnendur LSB eru boðnir og búnir til að veita frekari upplýsingar.

Reykjavík, 12. nóvember 2010.

Ólafur K. Ólafs
Framkvæmdastjóri
Lífeyrissjóðs bænda
olafur@lsb.is s. 8930354

Fjárlög 2011: Fyrirhuguð skerðing á mótframlögum til LSB

Fylgiskjöl með bréfi til Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis:

1. **Bændablaðið 17/12 2009**: *„Framlög til lífeyrissjóðs bænda lækkuð um 45% samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2010 - Árás á kjör bænda".*
2. **Bréf LSB til bænda 30/4 2010:** *„Væntanleg innheimta mótframlags".*
3. **Bréf til ríkisstjórnar 30/4 2010:** *„Innheimta mótframlags frá bændum að óbreyttum fjárlögum".*
4. **Bændablaðið 13/5 2010**, viðtal við Ólaf K. Ólafs framkvæmdastjóra LSB: *„Hefja þarf innheimtu mótframlags iðgjalda 1. júlí næstkomandi að óbreyttu".*
5. **Bændablaðið 8/7 2010**, viðtal við Skúla Bjarnason stjórnarformann LSB: *„Kjör bænda rýrð um 8% miðað við aðrar stéttir".*
6. **Bréf BÍ og LSB til fjármálaráðherra 8/7 2010**.
7. **Bændablaðið 21/10 2010**, Einar K. Guðfinnsson alþingismaður: *„Lífeyrisgreiðslur til bænda verða skertar".*
8. **Bændablaðið 4/11 2010**, Skúli Bjarnason og Ólafur K. Ólafs Lífeyrissjóði bænda: *„Rangfærslur um áhrif skerðinga á mótframlagi úr ríkissjóði: Engar skerðingar hjá Lífeyrissjóði bænda".*

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Félags- og tryggingamálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar, dagsett 21. október 2010.

Nefndin fékk á sinn fund Sturlaug Tómasson, Einar Njálsson og Hermann Bjarnason frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og Ástu H. Bragadóttur, Sigurð Erlingsson og Sigurð Geirsson frá Íbúðalánasjóði.

Heildarútgjöld félags- og tryggingamálaráðuneytis og stofnana þess árið 2011 eru áætluð um 123.458 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.982 m.kr. en þær nema 1,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Að teknu tilliti til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöld ráðuneytisins um 7.352 m.kr. milli ára eða sem svarar til 6%.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 25.574 m.kr. og lækka um 722 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Ríkisstjórnin setti markmið um 5% samdrátt hjá velferðarstofnunum og nemur lækkun hjá félags- og tryggingamálaráðuneyti 5,4% af rekstrarveltu að raungildi en forgangsraðað var eftir stofnunum og verkefnum til að ná lækkuninni fram.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 6.408 m.kr. og verða 93.341 m.kr. en eru 99.749 m.kr. í fjárlögum ársins 2010. Ekki er áformað að lækka viðmiðunarfjárhæðir bóta almannatrygginga og atvinnuleysisbóta en velta þessara liða svarar til um 20% af heildarveltu ríkissjóðs að frádregnum vaxtagjöldum. Almennir tilfærslustyrkir til félagasamtaka og úthlutunarliða lækka um samtals 2.298 m.kr., þar af 98 m.kr. hjá ráðuneytinu en 2.200 m.kr. á þremur stórum tilfærsluliðum. Þar af er 700 m.kr. lækkun á útgjöldum almannatrygginga, 500 m.kr. lækkun á útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs og 1.000 m.kr. lækkun á útgjöldum Fæðingarorlofssjóðs. Jafnframt lækka tilfærslugjöld um 3.996 m.kr. vegna endurmats á áætluðum útgjaldaskuldbindingum. Þar af lækka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 2.100 m.kr. í samræmi við spár um minna atvinnuleysi á næsta ári og útjgöld almannatrygginga lækka um 3.000 m.kr. en þar er tekið mið af þróun útgjalda þessa árs. Til hækkunar á almannatryggingum kemur áætluð 1.000 m.kr. útgjaldaaukning vegna skerðingar almennra lífeyrissjóða á greiðslum til lífeyrisþega.

Í framsetningu frumvarps til fjárlaga 2011 er ekki gert ráð fyrir sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í nýtt velferðarráðuneyti sem samkvæmt lögum nr. 121/2010 tekur til starfa 1. janúar 2011. Í frumvarpinu kemur þó fram að tillögur um þær breytingar muni koma fram við 2. umræðu frumvarpsins.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að málefnasviði hennar og áréttar nefndin mikilvægi þess að velferðarkerfið sé sem skilvirkast og að í útgjaldasamdrætti séu þeir varðir sem minnst hafa og eru í mestri þörf fyrir velferðarþjónustu. Nefndin telur rétt að leitað verði leiða til að gera stjórnsýsluna skilvirkari og telur sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í nýtt vel-

ferðarráðuneyti vera til þess fallna að skapa svigrúm til endurmats og hagræðingar. Þá þurfi að horfa heildstætt á störf stofnana og skoða sameiningar þeirra. Jafnframt sé rétt að skoða færslu verkefna til sveitarfélaga sem skapar möguleika á samnýtingu þjónustuþátta og aukinnar hagræðingar auk þess sem mikilvægt er að tryggja nærþjónustu eins og unnt er. Yfirfærsla þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga bíður upp á möguleika til hagræðingar af þessu tagi auk þess sem þjónustan er færð nær notendum hennar. Nefndin hefur kynnt sér stöðu yfirfærslunnar. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga liggur fyrir og hefur nefndinni verið tjáð að von sé á frumvarpi þar sem kveðið verði á um nauðsynlegar lagabreytingar vegna yfirfærslunnar. Þá segir í fjárlagafrumvarpi að samþykki Alþingi frumvarp um yfirfærslu málaflokksins verði lagðar til nauðsynlegar breytingar við fjárlagafrumvarpið við 2. umræðu þess.

Nefndin hefur kynnt sér þær tillögur um niðurskurð í útgjöldum sem liggja fyrir er varða hlut félags- og tryggingamálaráðuneytis í fjárlagafrumvarpinu og telur aðhaldsaðgerðir frumvarpsins til samræmis við þann ramma sem mótaður hefur verið. Nefndin telur þó að frekari skerðingar í tilfærslukerfum séu varhugaverðar við þær aðstæður sem enn eru uppi og bendir á að útfærslur einstakra atriða liggja ekki ljósar fyrir. Nefndin vekur sérstaka athygli fjárlaganefndar á lækkun útgjalda til fæðingarorlofssjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs sem og lækkun til almannatryggingakerfisins. Nefndin varar við niðurskurði í þessum tilfærslukerfum þó hún útiloki ekki að til hans þurfi að koma. Varðandi lækkun greiðslna í tryggingakerfinu telur nefndin að mikilvægt sé að fullreyna samninga við lífeyrissjóðina til að útgjaldalækkun til almannatryggingakerfis þurfi ekki að koma til. Nefndin telur útilokað að skerða grunnfjárhæðir atvinnuleysisbóta og telur að forðast eigi skerðingar á tekjutengdu bótunum í lengstu lög. Enn er beðið eftir nýrri þjóðhagsspá en líkur eru á að atvinnuleysi samkvæmt henni verði minna en gert er ráð fyrir í forsendum fjárlaga og að ekki þurfi að koma til skerðinga. Hvað varðar áætlaða 1.000 m.kr. lækkun útgjalda í fæðingarorlofssjóð áréttar nefndin að hún mun ekki styðja frekari skerðingar á fæðingarorlofi fyrr en búið er að meta þau áhrif sem fyrri skerðingar höfðu á töku fæðingarorlofs. Bendir nefndin í þessu sambandi á að 4. mars sl. samþykkti Alþingi beiðni um skýrslu frá félags- og tryggingamálaráðherra um fæðingar- og foreldraorlof þar sem m.a. skyldi tiltaka áhrif skerðinga hámarksgreiðslna fæðingarorlofs á orlofstöku, m.a. með tilliti til lengdar orlofs, kyns foreldris og tekna foreldris, þskj. 727, 411. mál á 138. löggjafarþingi. Nefndin sendi nýlega félags- og tryggingamálaráðherra bréf þar sem hún gerði grein fyrir þeirri afstöðu sinni að áður en farið yrði í umræðu um frekari skerðingar á fæðingarorlofi þyrfti framangreind skýrsla að liggja fyrir svo að unnt yrði að greina áhrif skerðinga á fæðingarorlofið og meta hugsanleg áhrif frekari skerðinga. Þá áréttar nefndin þá afstöðu sem fram kom í nefndaráliti meiri hluta á þskj. 441, 274. mál á 138. löggjafarþingi. Þar segir „Meiri hlutinn áréttar að haldi svo fram sem horfir þarf að taka fjármögnun fæðingarorlofskerfisins alls til gagngerrar endurskoðunar. Því kerfi sem lagt var upp með við gildistöku laganna árið 2000 var ekki tryggt nægt fjármagn og nauðsynlegt er að tryggja kerfinu fjármagn jafnt í góðæri sem kreppu. … Meiri hlutinn áréttar að setja þurfi skýrar reglur um fjármögnun fæðingarorlofs og tryggja hana hvernig sem árar í efnahag þjóðarinnar. Mikilvægt er að standa vörð um fæðingarorlofskerfið og þá sátt sem um það ríkir enda náðist mikilvægur áfangi í jafnréttisbaráttu þegar kerfinu var komið á.“

Fjárbeiðnir, sem sendar voru til umsagnar félags- og tryggingamálanefndar vegna safnliðarins 07-999-1.90, voru samtals 51 og leggur nefndin til að 30 umsækjendur fá styrk, samtals 90,5 m.kr. Hefur nefndin horft til þess að veita aðkallandi verkefnum styrk og haft þau sjónarmið að leiðarljósi að tryggja dreifingu fjármuna í þá málaflokka sem heyra undir nefndina og leggja sérstaka áherslu á viðkvæma hópa, svo sem börn, ungmenni og hjálpar-

samtök. Nefndin gerir almennt ekki tillögu um styrk til nýrra verkefna nema sérstök sjónarmið liggi að baki. Nefndin telur nauðsynlegt að fyrirkomulag við úthlutun fjárveitinga af safnliðum verði tekið til gagngerrar endurskoðunar. Telur nefndin eðlilegt að fjármunum renni í sjóð eða sjóði sem vistaðir eru hjá ráðuneytum þar sem fari fram faglegt mat á umsóknum, gerðir samningar um verkefni og úthlutun fjármuna vegna þeirra og eftirlit haft með þeim fjármunum sem greiddir eru úr sjóðunum. Nokkuð misræmi hefur verið á því hvort gerðir hafa verið samningar vegna þeirra verkefna sem fá úthlutað af safnliðum auk þess sem eftirliti með verkefnum og úthlutuðu fé er með mjög misjöfnum hætti hjá ráðuneytum. Nefndin telur mikilvægt að samræma vinnubrögð og koma úthlutun fjármuna í samræmt horf þar sem tryggt er að fram fari mat út frá faglegum forsendum með tilliti til svæðisbundinna þarfa og jafnræði aðila og málaflokka. Slíkt verklag mun að mati nefndarinnar einnig auðvelda eftirlit með nýtingu fjármuna.

Samfés sækir um styrk til nefndarinnar og telur nefndin eðlilegt að sveitarfélög styrki samtökin auk þess sem umsókn þeirra heyri fremur undir mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Múlalundur og Sjálfsbjörg sækja um styrk vegna viðgerða og viðhalds á húsnæði. Nefndin áréttar að safnliður 07-999-1.90 er ekki ætlaður til stofnkostnaðar og telur verkefnin heyra undir lið 07-795-5.21, Framkvæmdarsjóður fatlaðra, viðhald fasteigna.

Nefndin áréttar jafnframt þá skoðun sína sem fram hefur komið í fyrri álitum nefndarinnar um fjárlagafrumvarp að verkefni tengd starfsendurhæfingu eigi heima undir sérstökum lið ráðuneytisins, 07-988-1.10. Stýring á ráðstöfun fjármuna í verkefni af þessu tagi eigi að vera hjá ráðuneyti þar sem fram fer faglegt mat á verkefnum og jafnræðis er gætt um dreifingu eftir landshlutum og verkefnum auk þess sem fylgt er stefnumörkun stjórnvalda og þeirri hugmyndafræði sem mótuð er í ráðuneytinu.

Táknsmiðjan hefur ekki skilað ársreikningi fyrir árið 2009 en nefndin fékk upplýsingar um að von væri á honum að viku liðinni. Gerð er tillaga að úthlutun styrks en nefndin áréttar jafnframt að það sé gert með fyrirvara um skil á ársreikningi til fjárlaganefndar.

Hagsmunasamtök heimilanna sækja um styrk en nefndin gerir ekki tillögu að styrkveitingu enda telur hún umsókn þeirra ekki samræmast þeim áherslum sem hafðar eru að leiðarljósi við skiptingu fjármuna. Nefndin áréttar þó að samtökin hafa beitt sér mjög í samfélagsumræðu, tekið virkan þátt í starfi með stjórnvöldum og veitt góðar ábendingar. Nefndin vísar erindi samtakanna því til fjárlaganefndar.

Tillögur nefndarinnar um skiptingu safnliðarins koma fram í sérstöku fylgiskjali.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Pétur H. Blöndal, Ásmundur Einar Daðason og Unnur Brá Konráðsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu álitsins.

Alþingi, 16. nóvember.

Ólafur Þór Gunnarsson,
Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Guðmundur Steingrímsson,
Auður Lilja Erlingsdóttir,
Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (08 Heilbrigðisráðuneyti).

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem snýr að málefnasviði hennar og gert tillögu að skiptingu á einstökum safnliðum, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010.

Á fund nefndarinnar komu Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra, Sveinn Magnússon, Anna Sigrún Baldursdóttir, Hrönn Ottósdóttir, Dagný Brynjólfsdóttir og Guðríður Þorsteinsdóttir frá heilbrigðisráðuneytinu, Björn Zoëga og Anna Lilja Gunnarsdóttir frá Landspítala, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Elís Reynarsson, Þórunn Benediktsdóttir og Sigurður Þór Sigurðarson frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Lúðvík Ólafsson og Svanhvít Jakobsdóttir frá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Magnús Skúlason, Óskar Reykdalsson, Esther Óskarsdóttir og Anna María Snorradóttir frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Jón Helgi Björnsson frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Steingrímur Ari Arason frá Sjúkratryggingum Íslands, Elsa Friðfinnsdóttir frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Birna Jónsdóttir og Sólveig Jóhannsdóttir frá Læknafélagi Íslands. Einnig átti nefndin símafundi með Vigni Sveinssyni, Sigurði E. Sigurðssyni og Ólínu Torfadóttur frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, Konráð Baldvinssyni frá Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar og Einari Rafni Haraldssyni frá Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Heildarútgjöld heilbrigðisráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 103.098 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.487 m.kr. en þær nema 5,3% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 97.611 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 96.977 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 634 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á því að framsetning á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu hefur verið löguð að flutningi á verkefnum á milli þeirra sem gerð var í fjárlögum yfirstandandi árs m.a. í tengslum við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem fluttust frá ráðuneyti í ár en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tók við verkefnum. Útgjöld heilbrigðisráðuneytis vegna þessa lækka um 10.344 m.kr. á árinu 2009 frá því sem fram kemur í ríkisreikningi 2009 vegna verkefna sem flutt hafa verið til annarra ráðuneyta. Er þetta gert til að gefa betri mynd af þróun útgjalda milli ára í viðkomandi ráðuneytum. Í frumvarpinu dragast útgjöld ráðuneytisins saman um 3.818 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2010, en að teknu tilliti til áhrifa almennra verðlags- og gengisbreytinga lækka útgjöldin um 4.762 m.kr. milli ára eða sem svarar til 4,7%. Útgjaldabreytingunum má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 4.785 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett með áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema 1.173 m.kr. Þar af eru 9 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður og nema 206 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga

á útgjaldaskuldbindingum er því alls 967 m.kr. Loks bætast við verðlagsbreytingar ársins 2011, sem áætlað er að lækki útgjöld um 944 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 97.611 m.kr.

Fjárveitingar til verkefna ráðuneytisins markast af því að gert er ráð fyrir umtalsverðum aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Hagræðingarkrafa heilbrigðisstofnana og starfsemi sem telst til heilbrigðisþjónustu er þó þriðja árið í röð nálægt helmingi lægri en hjá almennum stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum. Einnig hefur ríkisstjórnin ákveðið að aðhaldsmarkmið í sjúkratryggingum verði mun lægra en í öðrum málaflokkum eða 3%. Engu síður kalla sparnaðaráformin á árinu 2011 á umtalsverðar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Aðhaldsráðstafanir nema samtals um 4,7% af heildarveltu ráðuneytisins. Ráðuneytið ráðgerir að ná þessu fram með margvíslegum aðhaldsaðgerðum sem ná til allrar starfsemi ráðuneytisins og með forgangsröðun verkefna, en ætlunin er að efla grunnþjónustu einkum á sviði heilsugæslunnar, m.a. með því að efla sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni, efla sjúkraflutninga og auka framlag til heimahjúkrunar þar sem hjúkrunarrýmum er fækkað og ráðgert er að draga úr starfsemi sjúkrasviða heilbrigðisstofnana.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 73.067 m.kr. og lækka um 3.891 m.kr. frá fjárlögum þessa árs þegar undan er skilin 1.199 m.kr. millifærsla fjárheimildar vegna S-merktra lyfja af tilfærslugjöldum yfir á önnur rekstrargjöld til leiðréttingar á rangri framsetningu í fjárlögum 2010. Rekstrarfjárveitingar tiltekinna stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 3.888 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Lækkun rekstrarveltu hjá ráðuneytinu nemur 5,1% að raungildi, en ríkisstjórnin setti markmið um 5% samdrátt í rekstrarveltu hjá velferðarstofnunum. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Hins vegar er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 121 m.kr. Þar munar mest um 89 m.kr. framlag til sjúkraflutninga. Á móti fellur niður fjárveiting sem veitt var til tímabundinna verkefna að fjárhæð 123 m.kr. Loks hækka fjárveitingar til rekstrar um 701 m.kr. vegna verðlagsbreytinga. Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 708 m.kr. og verða 23.696 m.kr. en eru 24.404 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Þar vegur þyngst 400 m.kr. lækkun á framlagi til almennra lyfja, 289 m.kr. lækkun á framlagi til hjálpartækja og 100 m.kr. lækkun á sérfræðilækniskostnaði. Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 849 m.kr. og er það 163 m.kr. lækkun milli ára. Framlög lækka um 101 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 10% lækkun. Þar vegur þyngst 25 m.kr. lækkun á framlagi til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og 25 m.kr. lækkun hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að málefnasviði nefndarinnar og kynnt sér samdráttartillögur heilbrigðisráðuneytisins. Flatur niðurskurður á allar heilbrigðisstofnanir hefði gengið of nærri þeim stofnunum sem tóku á sig mikla skerðingu 2009 og 2010. Meiri hlutinn tekur undir þá forgangsröðun sem fram kemur í frumvarpinu að standa annars vegar vörð um grunnþjónustuna, þ.e. heilsugæsluna og hins vegar sérhæfða sjúkrahúsþjónustu. Meiri hlutinn hefur efasemdir um að sú aukning á fjárframlagi til sjúkraflutninga sem boðuð er í frumvarpinu muni nægja til að mæta aukinni þörf vegna aðhaldsaðgerða. Frumvarpið leggur til ákveðnar skipulagsbreytingar sem gera annars vegar ráð fyrir eflingu heilsugæslunnar eins og mögulegt er en hins vegar er dregið saman á sjúkrasviðum flestra sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana. Meiri hlutinn telur þó að samráð og frekari greiningar á stöðunni um allt land hefðu gert grunninn undir

þá hugmyndafræði sem birtist í frumvarpinu traustari. Forsendur frumvarpsins byggjast á því að metin var þörf fyrir fjölda sjúkrarýma á hverri stofnun miðað við landsmeðallag og fjárframlög metin samkvæmt þeirri greiningu. Framlag á hvert sjúkrarými var samræmt og lækkað sem hefur mikil áhrif á heildarfjárveitingu til hverrar heilbrigðisstofnunar. Enn fremur er hjúkrunarrýmum fækkað og meiri áhersla lögð á heimahjúkrun. Á þeim stofnunum sem gert er að fækka hjúkrunarrýmum ber að gæta þess að sú áhersla skili sér í auknum framlögum til heimahjúkrunar á starfsvæði viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Meiri hlutinn áréttar að félagsþjónusta sveitarfélaga er mislangt á veg komin. Landfræðilegar, félagslegar og lýðfræðilegar aðstæður sveitarfélaga eru misjafnar og taka þarf tillit til þess þegar farið er í grundvallarbreytingar eins og þær sem frumvarpið leggur upp með. Uppbygging félagsþjónustu sveitarfélaga verður að fara saman við breyttar áherslur í heilbrigðisþjónustu og gefa verður sveitarfélögum svigrúm til að auka og þróa heimaþjónustu samhliða áætlaðri fækkun hjúkrunarrýma vegna aðhaldsaðgerða eða skipulagsbreytinga. Til þess að draga megi úr útgjöldum til heilbrigðisþjónustu er mikilvægt að beina þjónustu á rétt þjónustustig. Fyrsta stigs þjónusta: heilsugæsla, svæðissjúkrahús, hjúkrunarheimili, hjúkrunarrými stofnana og heimahjúkrun. Annars stigs þjónusta: umdæmissjúkrahús, sérfræðingar og endurhæfingarstofnanir. Þriðja stigs þjónusta: háskóla- og kennslusjúkrahús. Öll þjónustustigin eru mikilvæg og vanti einn hlekkinn þá eykst álag á öðrum og oftast á dýrari þjónustu. Því er mikilvægt að þrátt fyrir fækkun sjúkra- og hjúkrunarrýma þá verði þess gætt að halda samþættingu og þeirri hagræðingu sem í henni er fólgin.

Við umfjöllun nefndarinnar og í viðtölum við heilbrigðisráðuneytið sem og forsvarsmenn heilbrigðisstofnana kom fram að nauðsynlegt sé að farið verði í gagngerar skipulagsbreytingar og stefnumörkun um heildstæða framtíðarskipan heilbrigðisþjónustu á landinu öllu. Með slíku endurmati er mögulegt að draga markvisst úr útgjöldum málaflokksins og halda jafnframt uppi gæðum þjónustunnar og öryggi sjúklinga. Það er skoðun meiri hlutans að mikilvægt sé að hafa staðgóða þekkingu á starfsemi hverrar stofnunar fyrir sig, skilgreina hlutverk þeirra og hvað felist í því hlutverki. Óhjákvæmilegt er að flokka sjúkra- og hjúkrunarrými réttilega svo að niðurskurður eða aðhaldsaðgerðir lendi á réttum rekstrarlið og falli að forgangsröðun í frumvarpinu. Komið hefur í ljós að heilbrigðisstofnanir hafa fært fjármagn á milli þjónustusviða innan stofnana eftir því hver þörfin hefur verið hverju sinni og getur því niðurskurður á sjúkra- og hjúkrunarsviðum haft áhrif á aðra starfsemi stofnunarinnar, svo sem heilsugæslu og öldrunarþjónustu. Telur meiri hlutinn að í þeirri vinnu sem fram undan er sé mikilvægt að heilbrigðisstofnanir og stjórnvöld vinni saman að leiðum til að bregðast við niðurskurðarkröfum. Í viðtölum nefndarinnar við forsvarsmenn sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana kom fram sú skoðun að samráð yfirvalda við stofnanirnar hefði ekki verið nóg við undirbúning þeirra niðurskurðarkrafna sem fram koma í frumvarpinu. Meiri hlutinn telur brýnt að við endurmat og gagngerar skipulagsbreytingar á heilbrigðisþjónustu í landinu sé nauðsynlegt að meiri samvinna sé höfð við þær heilbrigðisstofnanir þar sem miklar breytingar eru fyrirhugaðar. Þar að auki telur meiri hlutinn ekki ráðlegt að ráðist verði í fyrirhugaðar breytingar á þeim hraða sem frumvarpið gerir ráð fyrir heldur verði farið í þá vinnu í aukinni samvinnu við þær stofnanir og sveitarfélög sem í hlut eiga. Meiri hlutinn minnir á fyrirhugaða sameiningu heilbrigðisráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytis í velferðarráðuneyti. Telur meiri hlutinn að við þá sameiningu gefist frekar tækifæri til endurskipulagningar og samþættingar í velferðarþjónustu.

Mjög hörð mótmæli hafa orðið víða um land vegna fyrirhugaðs niðurskurðar í heilbrigðisþjónustu. Hafa mótmælin beinst að byggðasjónarmiðum, atvinnuöryggi, skerðingu á þjónustu, áhyggjum af öryggi, auknum ferðakostnaði, tilflutningi og fækkun starfa. Meiri hlutinn

ítrekar þá skoðun sína að ýmsu má breyta í heilbrigðisþjónustu á landinu en nauðsynlegt er að hægar sé farið í þær breytingar og nánara samstarf sé haft við stjórnendur sjúkrahúsa og aðrar heilbrigðisstofnanir, starfsfólk og notendur. Meiri hlutinn leggur ríka áherslu á að ekki sé gengið svo hart fram við niðurskurð að rekstrargrundvelli að fótum sé kippt undan þjónustueiningum.

Nefndin ræddi uppbyggingu heilsugæslunnar hér á landi en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hún verði styrkt á landsvísu. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að átak verði gert í eflingu heilsugæslunnar. Á fundum nefndarinnar kom fram að skortur á sérfræðimenntuðum heilsugæslulæknum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, leiðir til þess að fólk leitar oftar en ekki beint til sérfræðinga utan heilsugæslunnar. Til að hægt sé að tryggja að sjúklingar leiti á eðlilegt þjónustustig, t.d. með eins konar tilvísunarkerfi, þarf að fara í sérstakt átak til að laða lækna í sérnám í heimilislækningum og gera ráð fyrir einhverjum kostnaði því tengdu á fjárlögum ef ekki á að koma til varanlegs læknaskorts um allt land innan fárra ára. Aldurssamsetning innan greinarinnar gerir slíkt átak enn mikilvægara en ella.

Meiri hlutinn telur að þrátt fyrir þá niðurskurðarkröfu sem heilbrigðisþjónustan í landinu stendur frammi fyrir sé nauðsynlegt að standa vörð um velferðarþjónustuna í þeim efnahagsþrengingum sem blasa við í náinni framtíð. Þrátt fyrir þær miklu skipulagsbreytingar sem fyrirhugaðar eru á heilbrigðisþjónustu í landinu er nauðsynlegt að gera stofnunum á landsbyggðinni mögulegt að bjóða sérfræðiþjónustu í samræmi við þarfir íbúa í hverju heilsugæsluumdæmi eða þjónustusvæði. Koma þarf á skipulagðri nærþjónustu sérfræðinga með því til dæmis að binda ákveðinn einingafjölda við skilgreindar stofnanir.

Í viðtölum nefndarinnar við forstöðumenn heilbrigðisstofnana og fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins kom fram að huga þyrfti að frekari sameiningum stofnana bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að ráðist verði í þá vinnu og að það verði gert í samráði við viðkomandi stofnanir ef rekstrarforsendur eru fyrir hendi. Sameiningar stofnana auka og styrkja þjónustu við íbúana, auka öryggi og nýta betur þekkingu fagfólks um leið og þær skapa sterkari rekstrareiningar. Er það skilningur meiri hlutans að sameining heilbrigðisstofnana geti jafnframt skapað sóknarfæri fyrir viðkomandi stofnun. Þar sem hvorki er rekstrarleg hagræðing né faglegur ávinningur af sameiningu ber að stuðla að auknu svæðisbundnu samstarfi stofnana. Í viðtölum nefndarinnar við fagfélög lækna og hjúkrunarfræðinga kom fram að forgangsröðun frumvarpsins sé í samræmi við þá þróun sem heilbrigðisþjónustan hefur tekið og stefnt er að í lögum nr. 40/2007. Fagfólkið telur hins vegar augljóst að vinnubrögð við undirbúning frumvarpsins hefðu mátt vera faglegri og breytingarnar markvissari. Ekki hafi verið farið í þarfagreiningu og skilgreint hvaða þjónusta sé nauðsynleg á hverjum stað og hvað felist í hugtökum eins og grunnþjónusta, umdæmissjúkrahús, heilsugæslusjúkrahús og fleira. Áréttar meiri hlutinn enn og aftur að nauðsynlegt sé að við aðdraganda og undirbúning að skipulagsbreytingum í heilbrigðiskerfinu séu fagleg vinnubrögð höfð í heiðri, sérstaklega með tilliti til þess hve viðkvæm þjónusta á í hlut. Sparnaðarkrafa ráðuneytisins kemur þungt niður á mörgum heilbrigðisstofnunum en eins og fram hefur komið þarf að fara í vandaða stefnumótunarvinnu og frekari útfærslu á lögum um heilbrigðisþjónustu þar sem hugtök eru skýrð, byggt er á þarfagreiningu og tekið er tillit til sérstöðu hvers landssvæðis eins og hægt er um leið og hagræðis er gætt.

Sjúkratryggingastofnun Íslands er ætlað veigamikið hlutverk í lögum. Áætlun stofnunarinnar um útgjöld sjúkratrygginga árið 2011 er nokkuð hærri en kemur fram í fyrirliggjandi frumvarpi. Meiri hlutinn telur ljóst að stofnunin geti gegnt mikilvægu hlutverki við að ná fram aukinni hagræðingu innan heilbrigðisþjónustunnar. Þetta á meðal annars við um samninga við heilbrigðisstarfsmenn um kaup á þjónustu, í lyfjamálum, og í vinnu stofnunarinnar

á þarfagreiningu á þessum þjónustuliðum. Fram kom í máli forstjóra stofnunarinnar að ein áhrifaríkasta leiðin til að ná fram sparnaði í heilbrigðisþjónustunni væri að koma sem fyrst á rafrænni sjúkraskrá. Meiri hlutinn hvetur til þess að unnið verði markvisst að því að innleiða rafræna sjúkraskrá á öllum heilbrigðisstofnunum og í sérfræðigreinum.

Í frumvarpinu kemur fram að unnið er áfram að áformum um aðhaldsaðgerðir og við nánari útfærslu kunni að reynast ástæða til að gera einhverjar tilfærslur eða breytingar í fjárheimildum sem yrðu lagðar fram við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins. Telur meiri hlutinn að í ljósi alls ofangreinds verði að leita allra leiða til að auka fjárframlög til málaflokksins á fjárlögum 2011.

Í umræðu hefur verið að breyta skuli undirbúningi og gerð fjárlaga. Meiri hlutinn áréttar að við þá endurskoðun verði afgreiðslu safnliða breytt. Telur meiri hlutinn að í stað safnliða sé æskilegt að styrkja til þess bært sjóðakerfi til að taka við núverandi safnliðum. Við afgreiðslu fjárlaga verði tryggt að sjóðirnir geti staðið undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna, ef ekki., leitar afgreiðsla styrkbeiðna aftur í sama farið. Úthlutun úr viðkomandi sjóðum ætti að fara eftir faglegu mati.

Nefndinni hafa borist þrjátíu og átta umsóknir um fjárveitingu af safnlið 08-399-1.90, Ýmis verkefni, og komu þrettán aðilar á fund nefndarinnar. Meiri hlutinn gerir að tillögu sinni að tuttugu og sjö verkefni fái styrk. Við skiptingu styrkja var lögð áhersla á að fjármagn færi til þeirra sem standa fyrir öflugu fræðslu- og kynningarstarfi ekki síst fyrir börn og ungmenni, almannafræðslu og fræðslu fyrir aðstandendur. Gerir meiri hlutinn tillögu að endurhæfingarhúsið Hver fái aukið framlag til reksturs og að Akraneskaupstaður fái einnig styrk vegna reksturs hússins en áréttar jafnframt að nauðsynlegt sé að samningur ráðuneytisins við húsið sé endurnýjaður, en núverandi samningur rennur út í apríl 2011. Leggur meiri hlutinn til að Blóðgjafafélag Íslands verði styrkt og áréttar að styrkurinn renni til átaksverkefnis á meðal ungra blóðgjafa. Meiri hlutinn eykur framlag til félags aðstandenda Alzheimerssjúklinga, en félagið ætlar að ráðast í mikið fræðslustarf vegna barna yngri heilabilaðra sjúklinga og m.a. ráða fræðslufulltrúa til að sinna því starfi. Sömuleiðis eykur meiri hlutinn framlag til Gigtarfélags Íslands en þörfin á ráðgjöf þess hefur aukist þar sem meðferð gigtarsjúklinga er í meira og meira mæli að færast út af legudeildum og inn á göngudeildir og í bæjarþjónustu.

Meiri hlutinn gerir að tillögu sinni að framlag til HIV-Ísland, alnæmissamtakanna á Íslandi, verði aukið þar sem félagið hefur hug á að ráðast í mikið átak vegna þess að nýsmituðum einstaklingum hefur fjölgað mikið hér á landi. Einnig leggur meiri hlutinn til að Hugarafl, félag notenda geðheilbrigðiþjónustu, verði styrkt með framlagi. Félagið er í miklu fræðslusamstarfi við skóla og stefnir á að efla starf félagsins á landsbyggðinni. Meiri hlutinn leggur jafnframt til að tvö félög sem sinna jafningjafræðslu verði styrkt með auknu framlagi, Kraftur stuðningsfélag og Parkinsonsamtökin á Íslandi. Einnig telur meiri hlutinn mikilvægt að hækka framlag til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra vegna sumar- og helgardvala í Reykjadal og gerir tillögu þar að lútandi.

Meiri hlutinn gerir tillögu að styrk til PKU-félagsins á Íslandi en áréttar að styrkurinn sé ætlaður í útgáfu matreiðslubókar, námskeiðshalds og þýðingu á barnabók. Er það skilningur meiri hlutans að þörf félagsins fyrir framlag úr fjárlögum muni minnka í framtíðinni þegar útgáfu bókanna er lokið. Samtök psoriasis- og exemsjúklinga fá einnig aukið framlag í tillögu meiri hlutans þar sem félagsmenn samtakanna eru margir og félagið stefnir á þýðingu og útgáfu fræðsluefnis.

Meiri hlutinn lýsir yfir stuðningi við umsókn Þrautar ehf., miðstöð vefjagigtar og tengdra sjúkdóma, en vísar henni til fjárlaganefndar til sérstakrar skoðunar. Telur meiri hlutinn að

verkefnið sé einstaklega vandað og þörfin brýn. Í ljósi þess að styrkbeiðnin er hærri en ráðstöfunarfé nefndarinnar telur meiri hlutinn að eðlilegt sé að vísa umsókninni til fjárlaganefndar. Jafnframt áréttar meiri hlutinn að í ljósi umræddra breytinga við afgreiðslu safnliða sé mikilvægt að verkefni komist á varanlegan fjárlagalið eða um þau sé gerður sérstakur samningur.

Tillögur meiri hlutans um skiptingu safnliðarins koma fram í sérstöku fylgiskjali.

Alþingi, 18. nóvember 2010.

Þuríður Backman, með fyrirvara,
Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Helgi Hjörvar,
Ólafur Þór Gunnarsson,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Fylgiskjal XIV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (08 Heilbrigðisráðuneyti).

Frá 1. minni hluta heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um heilbrigðismálakafla fjárlagafrumvarpsins og var að venju einnig beðin um tillögu að skiptingu á einstökum safnliðum.

Á fund nefndarinnar komu Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra, Sveinn Magnússon, Anna Sigrún Baldursdóttir, Hrönn Ottósdóttir, Dagný Brynjólfsdóttir og Guðríður Þorsteinsdóttir frá heilbrigðisráðuneytinu, Björn Zoëga og Anna Lilja Gunnarsdóttir frá Landspítala, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Elís Reynarsson, Þórunn Benediktsdóttir og Sigurður Þór Sigurðarson frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Lúðvík Ólafsson og Svanhvít Jakobsdóttir frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Magnús Skúlason, Óskar Reykdalsson, Esther Óskarsdóttir og Anna María Snorradóttir frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Jón Helgi Björnsson frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Steingrímur Ari Arason frá Sjúkratryggingum Íslands, Elsa Friðfinnsdóttir frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Birna Jónsdóttir og Sólveig Jóhannsdóttir frá Læknafélagi Íslands. Einnig átti nefndin símafundi með Vigni Sveinssyni, Sigurði E. Sigurðssyni og Ólínu Torfadóttur frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, Konráð Baldvinssyni frá Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar og Einari Rafni Haraldssyni frá Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Heildargjöld ráðuneytisins árið 2011 eru áætluð um 103.098 m.kr. á rekstrargrunni. Í frumvarpinu dragast útgjöld ráðuneytisins saman um 3.818 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga árið 2010, en að teknu tilliti til áhrifa almennra verðlags- og gengisbreytinga lækka útgjöldin um 4.762 m.kr. milli ára eða sem svarar til 4,7%. Sparnaðaráformin á árinu 2011 kalla á umtalsverðar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Samkvæmt frumvarpinu er sagt að leggja skuli áherslu á að efla grunnþjónustu einkum á sviði heilsugæslunnar, m.a. með því

að efla sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni, efla sjúkraflutninga og auka framlag til heimahjúkrunar þar sem hjúkrunarrýmum er fækkað. Sagt er að heilsugæslan verði sett í öndvegi sem fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu. Á móti auknu framlagi til heilsugæslu, sjúkraflutninga og heimahjúkrunar er ráðgert að draga úr starfsemi sjúkrasviða heilbrigðisstofnana og einnig draga úr þjónustustigi á sjúkrasviðum þeirra. Gert er ráð fyrir að starfsemi þessara stofnana verði breytt í eins konar heilsugæslusjúkrahús sem veiti almenna heilbrigðisþjónustu. Ekki er samt búið að skilgreina hvaða lagt er til grundvallar hugtakinu heilsugæslusjúkrahús.

Í máli gesta kom fram hörð gagnrýni á hvernig undirbúningi fyrir fjárlagagerðina hafi verið háttað. Samráð við sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir hafi skort og ekki hafi farið fram þarfagreining á því hvaða þjónustu eigi að veita og hver skuli veita hana. 1. minni hluti tekur heilshugar undir þessa gagnrýni og telur að ekki sé forsvaranlegt að ganga eins hart og hratt fram í hagræðingu heilbrigðisstofnana og frumvarpið gerir ráð fyrir. Tryggja þarf áframhaldandi grunnþjónustu um allt land og að stærstu sjúkrahúsin, Landspítalinn og FSA, geti áfram sinnt sérhæfðustu þjónustunni á framsækinn hátt. 1. minni hluti telur að með samráði og betri undirbúningi megi ná fram talsverðri hagræðingu í heilbrigðisþjónustunni ásamt því að viðhalda og styrkja faglega þjónustu. Einnig telur 1. minni hluti að undirbúa þurfi frekari sameiningu heilbrigðisstofnana, bæði á landsbyggðinni og á Suðvesturhorninu til að treysta rekstrargrundvöll og bæta faglega þjónustu. 1. minni hluti telur sóknarfæri felast í frekari sameiningu stofnana.

Nefndin fjallaði um þau áform að fækka heilsugæslustöðum á höfuðborgarsvæðinu með því að stækka þær og gera öflugri, en sýnt hefur verið fram á að stærri heilsugæslustöðvar eru hagkvæmari einingar í rekstri auk þess sem auðveldara er að manna slíkar einingar og halda uppi öflugri þjónustu og heilsuvernd. Telur 1. minni hluti að slíkar aðgerðir mundu efla heilsugæsluna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að efla heilsugæsluna, en draga úr þjónustustigi á sjúkrasviðum heilbrigðisstofnana og einnig úr umfangi á hjúkrunarsviðum þeirra. Við undirbúning frumvarpsins var metin þörf fyrir fjölda sjúkrarýma á þjónustusvæðum stofnananna þar sem miðað er við fjölda íbúa og nýtingu rýma. Á grundvelli þeirrar vinnu er lagt til að sjúkrarýmum verði fækkað um samtals 91, fari úr 362 niður í 235. Einnig er einingaverð sem notað er við útreikning á greiðslum fyrir hvert sjúkrarými samræmt. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir því að hjúkrunarrýmum verði fækkað um 34 og þau fari úr 458 í 424. Eru þær tölur reiknaðar út frá mati ráðuneytisins á þörf fyrir fjölda rýma eftir svæðum og reynslutölur um nýtingu rýma hjá viðkomandi stofnun. Telur 1. minni hluti að leiðrétta þurfi þessar tölur út frá staðbundnum þáttum, sérlega þar sem um mikið dreifbýli er að ræða. Einnig er ljóst að í nokkrum tilfellum hafa forstöðumenn heilbrigðisstofnana fært fjármuni af einu sviði yfir á annað og geta því tillögur ráðuneytisins komið niður á þjónustunni þar sem síst skyldi. Þannig hefur til að mynda fjármagn flætt á milli sjúkrasviðs, hjúkrunarsviðs og heilsugæslu til að hægt væri að reka öflugri heilsugæslu. Niðurskurður á sjúkrasviði kemur þannig út í raun að heilsugæslan skerðist, þvert á forsendur fjárlagafrumvarpsins. Telur 1. minni hluti mikilvægt að fjárveitingar séu nýttar í það sem til er ætlast. Ef það er ekki gert ættu heilbrigðisstofnanirnar að skila fjármagninu og fá það síðan aftur endurúthlutað á réttum forsendum. Mikilvægt er að gagnsæi ríki við nýtingu fjármagns heilbrigðisstofnana.

Í forsendum fjárlagafrumvarpsins kemur fram að ætlunin sé að auka heimaþjónustu á móti því að sjúkra- og hjúkrunarrýmum verði fækkað. Í viðtölum við gesti nefndarinnar kom fram að heimahjúkrun ríkisins og félagsleg heimaþjónusta sveitarfélaga sé mjög mislangt á veg komin eftir landshlutum. Er það skoðun 1. minni hluta að bæði þurfi að auka heimahjúkrun-

ina sem ríkið fjármagnar og félagsþjónustuna sem sveitarfélögin fjármagna. Fagnar 1. minni hluti áætlunum um eflingu heimahjúkrunar. Samkvæmt svari félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn frá 16. júní 2010 eru hjúkrunarrými á aldraða hér á landi fleiri en annars staðar á Norðurlöndunum fyrir utan Svíþjóð.

Hér eru rýmin 2.529, en samkvæmt tölum frá Hagstofunni frá árinu 2007 gerir það 8,2 rými á 1.000 íbúa og 70,1 rými á 1.000 íbúa 65 ára og eldri. Samkvæmt sama svari er meðallegutími í hjúkrunarrými 3,32 ár hér á landi en einungis 2 ár á Norðurlöndunum. Þessar tölur benda til þess að aldraðir einstaklingar fari of snemma á öldrunarheimili hér á landi og dvelji þar lengur en í nágrannalöndunum, líklega vegna þess að ekki er boðið upp á nauðsynlega heimahjúkrun frá ríki og félagslega heimaþjónustu sveitarfélaga. Samkvæmt upplýsingum frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu er einungis í fáum sveitarfélögum unnt að fá heimahjúkrun eða félagslega heimaþjónustu á kvöldin, um nætur eða um helgar og einnig er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum hvaða þjónusta er veitt. Telur 1. minni hluti að aukin áhersla á heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu hafi í för með sér fjárhagslega hagkvæmni fyrir íslenska ríkið þar sem kostnaður við vikudvöl í hjúkrunarrými er sambærilegur við 25–26 heimsóknir heimahjúkrunar fyrir sama tímabil og er þá miðað við að hver heimsókn reiknist 30 mínútur. Enn fleiri heimsóknir væru mögulegar ef félagsleg heimaþjónusta sveitarfélaga væri nýtt að hluta til í stað heimahjúkrunar.

Nefndin ræddi um skipulagsbreytingar sem gætu sparað fjármagn án þess að skerða þjónustu. Er það skilningur 1. minni hluta að huga þurfi að kerfisbreytingu til að nýta almannafé betur og að rétt sé að koma á tilvísanakerfi, t.d. valfrjálsu tilvísanakerfi að danskri fyrirmynd. Í Danmörku getur sjúklingur valið um tvær leiðir. Annars vegar getur hann farið til heilsugæslunnar til að fá úrbót meina sinna og eftir atvikum fengið tilvísun til sérfræðings ef á þarf að halda. Þessi leið ætti að vera ódýr kostur. Hins vegar gæti hann valið að fara hina leiðina, þ.e. farið beint til sérfræðilæknis en þá mundi hann ekki njóta niðurgreiðslu frá ríkinu eins og í dag heldur borga reikninginn upp í topp sjálfur. Með þessum hætti væri þjónustuflæði milli þjónustustiga eðlilegra og hagkvæmara en í dag, þ.e. fyrsti viðkomustaður yrði oftast heilsugæslan. 98% Dana velja að fara fyrst til heilsugæslunnar. Líklegt er að það tæki nokkur ár að koma framangreindri skipulagsbreytingu á þar sem styrkja þarf afl heilsugæslunnar til að taka við auknum fjölda sjúklinga. Líklega þarf að fjölga heimilislæknum um 20–30 vegna þessa á næstu árum. 1. minni hluti saknar þess að ekki skuli hafa verið lagt til hliðar fjármagn í fjárlagafrumvarpinu til að undirbúa slíka skipulagsbreytingu af krafti. Er þetta eftirtektarvert í ljósi þess að talsmenn flestra flokka á Alþingi hafa lýst vilja til að endurskipuleggja sérfræðiþjónustuna til að nýta fjármagn betur en gert er nú.

1. minni hluti bendir á að þar sem skorið verður niður fjármagn til heilbrigðismála á næstu árum þarf sérstaklega að gæta að og vakta hvort niðurskurðurinn auki opinber útgjöld annars staðar, svo sem í formi örorkubóta, atvinnuleysisbóta eða félagslegra útgjalda sveitarfélaga.

Við afgreiðslu safnliða skipti nefndin sér niður í hópa og tók viðtöl við aðila sem sótt höfðu um fjárveitingu af safnlið 08-399-1.90, Ýmis verkefni. Var rætt að endurskoða þyrfti vinnubrögð við afgreiðslu safnliða og þeim breytt. Er sú umræða ekki ný af nálinni og telur 1. minni hluti að í stað þess að alþingismenn velti fyrir sér hvort og þá hvaða félagasamtök og verkefni eigi að styrkja af safnliðum eigi sjóðir eða ráðuneytin að afgreiða slík mál. Fagnefndir ættu frekar að gefa sjóðunum eða ráðuneytum tilmæli um helstu áherslur við úthlutunina en ættu ekki sjálfar að úthluta fé til einstakra verkefna og félaga. Núverandi úthlutun er ómarkviss. Einnig telur 1. minni hluti að ekki hefði átt að hækka safnliði í ljósi efnahags-

kreppunnar sem nú ríkir, heldur lækka. Nefndin hafði 43,7 milljónir til úthlutunar samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2011. Á tímabilinu 2004–2010 var úthlutunin eftirfarandi:

2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Frv. 2011
22.800	32.700	34.100	44.000	77.000	50.000	38.000	43.700

1. minni hluti telur að breyta eigi vinnubrögðum við úthlutun safnliða í grundvallaratriðum þar sem um töluverða fjármuni er að ræða en árin 2004–2010 hafði nefndin samtals 348,3 m.kr til úthlutunar.

Alþingi, 19. nóv. 2010.

Siv Friðleifsdóttir.

Fylgiskjöl með álitinu:

1. Minnisblað frá heilbrigðisráðuneytinu.
2. Svar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um störf á heilbrigðisstofnunum. Þskj. 138. í 51. máli á 139. löggjafarþingi.
3. Yfirlit heilbrigðisráðuneytis yfir áætlaða fækkun starfa á heilbrigðisstofnunum.
4. Svar félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um hjúkrunarrými, heimahjúkrun og heimaþjónustu. Þskj. 1406 í 541. máli á 138. löggjafarþingi.
5. Minnisblöð frá ýmsum heilbrigðisstofnunum.

Fylgiskjal XV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (08 Heilbrigðisráðuneyti).

Frá 2. minni hluta heilbrigðisnefndar.

Frumvarp þetta er mikill áfellisdómur yfir núverandi ríkisstjórn. Fram hefur komið í umfjöllun heilbrigðisnefndar að frumvarpið er ekki framkvæmanlegt á ýmsum stöðum á landinu. Ekki var haft samráð við stofnanir. Er því ekki ljóst hvernig á að framkvæma niðurskurðinn á einstökum svæðum eða hvernig á að sinna þeirri þjónustu sem óhjákvæmilega mun flytjast á milli stofnana.

Ráðherra hefur boðað til breytinga á frumvarpinu en nefndin hefur ekki fengið þær til umfjöllunar. Það er því mjög erfitt að gefa umsögn um þessi fjárlög þar sem ekki er vitað hvernig á að framkvæma þau eða hvaða breytingar eru í farvatninu.

Það er algerlega óskiljanlegt af hverju við stöndum í þessum sporum nú. Öllum var ljóst haustið 2008 að minni fjármunir yrðu til að heilbrigðismála 2009–2012. Þáverandi ríkisstjórn

brást strax við og samþykkti að fara í skipulagsbreytingar á heilbrigðisþjónustunni um allt land.

Það er ekki úr vegi að rifja þetta upp nú. Markmiðið með breytingunum, sem voru eðlilegt framhald af heilbrigðislögum, nr. 40/2007, var betri nýting fjármuna í heilbrigðisþjónustunni. Miklar breytingar voru fyrirhugaðar á skipulagi og stjórnun en grunnþættir þjónustunnar voru varðir. Markmiðin voru að:

– viðhalda eða auka þjónustu,
– tryggja öryggi sjúklinga,
– tryggja gæði þjónustu,
– tryggja magn þjónustu.

Gert var ráð fyrir að sameina heilbrigðisumdæmin eins og lagt var upp með í heilbrigðislögunum í samræmi við heilbrigðisumdæmin. Einnig var lagt upp með að sameina skurðstofur á stórhöfuðborgarsvæðinu.



Breytingar sem fyrirhugaðar voru á landsbyggðinni.

Helstu aðgerðir:

– Yfirsýn varðandi starfsemi í einstökum heilbrigðissvæðum yrði aukin með samræmdri stýringu.
– Aukið vald fært frá ráðuneyti út í umdæmin.
– Innkaup, starfsmannamál, kynningarmál, tæknimál, fjármál og gæðamál samræmd og rafræn samskipti aukin.
– Fagleg og rekstrarleg yfirstjórn einfölduð.
– Rannsóknarstofum fækkað.
– Vaktsvæði heilsugæslu sameinuð til að draga úr álagi á fagfólk og ná fram sparnaði.

- Rekstur sjúkraflutninga endurskoðaður.
- Leitast við að fækka sjúkradeildum til að draga úr vaktakostnaði og bindingu starfsfólks.
- Sérfræðiþekking samnýtt enn frekar.
- Nánari útfærsla yrði í höndum vinnuhópa fagfólks sem þá voru að störfum.

Breytingar sem fyrirhugaðar voru á Suðvesturlandi.
Helstu aðgerðir:
- Heilsugæslan enn frekar kynnt sem fyrsti viðkomustaður sjúklinga.
- Bráða- og slysamóttaka á HSS, HSU og SHA efld til að draga úr þörf á þjónustu slysa- og bráðamóttöku LSH og tvíverknaði.
- Verkefni sem kalla á minni sérhæfingu færð út af LSH.
- Komið á auknu samstarfi á sviði innkaupa og samnýtingu upplýsingatækni.
- LSH tæki yfir rekstur skurðdeildar á Selfossi.
- Vaktþjónusta á skurðdeildum í Keflavík og á Selfossi lögð af.
- Verktökum á St. Jósefsspítala boðið að færa starfsemi sína í nýjar skurðstofur í Keflavík.
- Göngudeild meltingasjúkdóma og lyflækningar St. Jósefsspítala færðar í samstarfi við LSH.
- Meltingasjúkdómadeild færð í breytt húsnæði LSH og tæki við þróun LSH á því sviði.
- St. Jósefsspítali sérhæfður í öldrunarlækningum með áherslu á hvíldarinnlagnir.
- Nánari útfærsla yrði í höndum vinnuhópa fagfólks sem þá voru að störfum.

Verkefnisstjórnir skipuðu:
- Hanna Katrín Friðriksson, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra,
- Sveinn Magnússon, yfirlæknir HBR,
- Hallgrímur Guðmundsson, framkvæmdastjóri stefnumótunarsviðs HBR,
- Ragnar Þ. Guðgeirsson, ráðgjafi hjá HBR,

Í einstökum verkefnum:
- Árni Sverrisson, forstjóri St. Jósefsspítala,
- Halldór Jónsson, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri,
- Guðjón Brjánsson, forstjóri SHA,
- Magnús Skúlason, forstjóri HSU,
- Þröstur Óskarsson, forstjóri HSV.

Vinnuhópur um skurðstofur.
- Ragnar Þ. Guðgeirsson, ráðgjafi hjá HBR, hópstjóri,
- Ragnhildur Jóhannsdóttir, deildarstjóri hjúkrunar á skurðdeild STJÓ,
- Sveinn Geir Einarsson, sveefingarlæknir á STJÓ,
- Oddur Fjalldal, sviðsstjóri hjá LSH,
- Sigríður Snæbjörnsdóttir, forstjóri HSS,
- Elís Reynarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs HSS,
- Árni Sverrisson, forstjóri STJÓ sem á sæti í verkefnisstjórn, sat einnig fundi hópsins.

Vinnuhópur um flutning meltinga- og lyflækningadeildar St. Jósefsspítala.
- Björn Zoëga, lækningaforstjóri LSH, hópstjóri,
- Ásgeir Theodórs, lækningaforstjóri St. Jósefsspítala – Sólvangs,
- Kristín Ólafsdóttir, deildarstjóri hjúkrunar hjá St. Jósefsspítala – Sólvangi,
- Guðmundur Þorgeirsson, sviðsstjóri LSH,
- Vigdís Hallgrímsdóttir, HBR,
- Gunnar Magnússon, fulltrúi úr LSH-nefnd, sat einnig fundi með hópnum.

Vinnuhópur um öldrunarlækningar í Hafnarfirði.
- Margrét Björnsdóttir, HBR, hópstjóri,
- Gunnar Valtýsson, yfirlæknir á Sólvangi,
- Gunnar Rafn Sveinbjörnsson, Hafnarfjarðarbæ,
- Birna G. Flygenring, hjúkrunarforstjóri St. Jósefsspítala – Sólvangs,
- Ólafur Þór Gunnarsson, yfirlæknir LSH,
- Helgi Freyr Kristinsson, fjármálastjóri St. Jósefsspítala – Sólvangs,
- Dagný Brynjólfsdóttir, HBR.

Vinnuhópur um fæðingarþjónustu á Suðurlandi og Suðurnesjum.
- Guðrún Sigurjónsdóttir, HBR, hópstjóri,
- Sigríður Snæbjörnsdóttir, forstjóri HSS,
- Anna María Snorradóttir, HSU,
- Rannveig Rúnarsdóttir, sviðstjóri LSH,
- Hildur Harðardóttir, LSH.

Stuðningshópur ráðuneytisins.
- Guðríður Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri HBR,
- Hrönn Ottósdóttir, sviðsstjóri fjármála og rekstrar HBR,
- Sveinn Magnússon, yfirlæknir HRB.

Norðurland.
Vinnuhópur um heilsugæslu.
- Jón Helgi Björnsson, forstjóri HSÞ, formaður,
- Hafsteinn Sæmundsson, forstjóri HS,
- Bjarni Jónasson, starfsmannastjóri FSA,
- Anna Gilsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Siglufirði,
- Unnsteinn Júlíusson, heilsugæslulæknir Húsavík (HSÞ),
- Sveinfríður Sigurpálsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Blönduósi,
- Örn Ragnarsson, yfirlæknir HS,
- Ásgeir Bjarnason, læknir Ólafsfirði,
- Guðmundur Pálsson, læknir Dalvík.

Vinnuhópur um skipulag sérhæfðrar þjónustu og hjúkrunardeilda.
- Þorvaldur Ingvarsson, framkvæmdastjóri lækninga á FSA, formaður,
- Ólína Torfadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á FSA,
- Herdís Klausen, framkvæmdastjóri hjúkrunar HSS,
- Óskar Jónsson, yfirlæknir HSS,
- Ásgeir Böðvarsson, framkvæmdastjóri lækninga HSÞ,

- Áslaug Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Húsavík,
- Andrés Magnússon, yfirlæknir Siglufirði,
- Anna Gilsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar Siglufirði,
- Sveinfríður Sigurpálsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Blönduósi,
- Héðinn Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga á Blönduósi.

Vinnuhópur um sjúkraflutninga.
- Hildigunnur Svavarsdóttir, formaður,
- Björn Gunnarsson,
- Konráð Karl Baldvinsson,
- Sigurður Halldórsson,
- Sveinbjörn Dúason,
- Vernharð Guðnason.

Vinnuhópur um rannsóknir og myndgreiningu.
- Ólöf Sigurðardóttir, yfirlæknir rannsóknadeildar FSA, formaður,
- Hallgrímur Hreiðarsson, læknir á Húsavík,
- Elvar Örn Birgisson, yfirgeislafræðingur á FSA,
- Orri Einarsson, yfirlæknir myndgreiningardeildar FSA,
- Þorsteinn Þorsteinsson, læknir HSS,
- Valþór Stefánsson, læknir,
- Andrés Magnússon yfirlæknir Siglufirði,
- Héðinn Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga á Blönduósi.

Vinnuhópur um stoðdeildarþjónustu.
- Vignir Sveinsson, framkvæmdastjóri fjármála og reksturs á FSA, formaður,
- Konráð Karl Baldvinsson, forstjóri á Siglufirði,
- Hafsteinn Sæmundsson, forstjóri HSS,
- Sigurður E. Sigurðsson, yfirlæknir á FSA,
- Valbjörn Steingrímsson, forstjóri á Blönduósi,
- Regína Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála á HÞ,
- Bjarni Jónasson, starfsmannastjóri FSA .

Suðurland.
Vinnuhópur um heilsugæslu.
- Óskar Reykdalsson, Hsu,
- Eydís Ósk Sigurðardóttir, HSV,
- Ester Þorvaldsdóttir, HSSA.

Vinnuhópur um sérhæfða starfsemi sjúkradeilda.
- Anna María Snorradóttir, Hsu,
- Ásgerður K. Gylfadóttir, HSSA,
- Hjörtur Kristjánsson, HSV.

Vinnuhópur um sjúkraflutningar, röntgen, rannsóknir og stoðdeildir.
- Magnús Skúlason, Hsu,
- Esther Óskarsdóttir, Hsu,
- Gunnar K. Gunnarsson, HSV,
- Guðrún Júlía Jónsdóttir, HSSA.

Vesturland.
Vinnuhópur um sjúkraflutninga.
- Linda Kristjánsdóttir, læknir, hópstjóri,
- Gísli Björnsson, deildarstjóri sjúkraflutninga hjá SHA, Akranesi,
- Eyþór Garðarsson, sjúkraflutningamaður, Grundafirði,
- Gunnar S. Jónsson, sjúkraflutningamaður, Hólmavík.

Vinnuhópur um rannsóknir og myndgreiningu.
- Gróa Þorsteinsdóttir geislafræðingur, deildarstjóri myndgreiningardeildar SHA,
- Erla Bragadóttir lífeindafræðingur, Heilsugæslustöð Ólafsvíkur,
- Eyjólfur Harðarson lífeindarfæðingur, deildarstjóri rannsóknarstofu SHA,
- Hafdís Bjarnadóttir yfirlífeindafræðingur, deildarstjóri rannsóknarstofu St. Franciskuspítala.

Vinnuhópur um heilsugæslu.
- Rósa Marinósdóttir, hjúkrunarfræðingur Heilsugæslustöðinni Borgarnesi,
- Reynir Þorsteinsson, læknir Heilsugæslustöðinni Akranesi,
- Fanný Berit Sveinbjörnsdóttir, hjúkrunarfræðingur/ljósmóðir Heilsugæslustöðinni Ólafsvík,
- Þórður Ingólfsson, Heilsugæslustöðinni Búðardal,
- Guðmundur Sigurðsson, Heilbrigðisstofnuninni Hólmavík,Ágúst Oddson, Heilbrigðsstofnuninni Hvammstanga.

Vinnuhópur um sérhæfða þjónustu, sjúkra- og hjúkrunardeilda.
- Björn Gunnarsson, yfirlæknir á Akranesi,
- Helga Hreiðarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Hvammstanga,
- Jóhanna F. Jóhannesdóttir, verkefnastjóri á Akranesi,
- Jósep Ó. Blöndal, yfirlæknir í Stykkishólmi.

Hópavinna á Vestfjörðum var ekki komin í gang en gert var ráð fyrir að hún yrði í höndum framkvæmdastjórnar auk fulltrúa frá Patreksfirði og Bolungarvík.

Hóparnir leystir upp og ekkert kom í staðinn.

Þáverandi heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónasson leysti upp þessa hópa og skipaði ekki aðra í staðinn. Reyndar hafa engir komið í stað þessara hópa frá því að ný ríkisstjórn tók við og ekkert samráð verið haft við þær stofnanir sem að eiga að sinna heilbrigðisþjónustu. Ekki hafa heldur fundist þau fagfélög eða sérfræðingar sem komið hafa að undirbúningi fjárlaga eða skipulagsbreytinga á heilbrigðisþjónustunni.

Fjárlögin fyrir yfirstandandi ár einkenndust af flötum niðurskurði. Í áliti 1. minni hluta heilbrigðisnefndar um fjárlagafrumvarpið í fyrra er þessu ágætlega lýst en þar segir (fskj. XV með þskj. 383 á 138. löggjafarþingi):

„Fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins kynntu hugmyndir um svæðisbundna sameiningu heilbrigðisstofnana og aukin samstarfsverkefni heilbrigðisstofnana. Kynnt var vinnuskjal um verkefnið „Frá orðum til athafna – Radíusverkefnið“ […] sem Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítala, vann ásamt sérfræðingum um skipulag heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, samstarf og verkaskiptingu milli Landspítala, St. Jósefsspítala, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Heilbrigðisstofnunarinnar á Akranesi sem verður, ásamt sjö öðrum heilbrigðisstofnunum, hluti af Heilbrigðisstofnun Vesturlands 1. janúar 2010. Skýrslan hefur legið fyrir um skeið en heilbrigðisráðherra hefur ekki enn tekið pólitíska afstöðu um hvort fara eigi að tillögunum sem þar voru settar fram. Forstöðumenn viðkomandi stofnana gagnrýndu seinaganginn og ákvarðanafælnina með réttu því niðurstaðan kemur til með að hafa mikil áhrif á rekstraráætlanir stofnana þeirra. Því er svo komið að mikil óvissa ríkir um hvernig svokölluð kragasjúkrahús eigi að mæta niðurskurðarkröfunni sem nú er gerð. Pólitísk ákvarðanafælni virðist hafa einkennt störf heilbrigðisráðherra í sumar og haust í aðdraganda fjárlagagerðarinnar eins og glöggt má sjá í viðtali í Fréttablaðinu 1. október er þáverandi heilbrigðisráðherra, Ögmundur Jónasson, hljóp úr ríkisstjórninni. Svo segir í Fréttablaðinu: „Ögmundur segist skilja heilbrigðisráðuneytið eftir í góðum höndum þess starfsfólks sem þar vinnur, sem og í heilbrigðisgeiranum. Spurður út í þá stefnumörkun sem hann skilur eftir sig segir hann hana aðallega lúta að vinnubrögðum.“ Og síðar er haft eftir ráðherranum: „Stefnumótunin í þessu ráðuneyti og stofnunum þess er að verulegu leyti óháð ríkisstjórnum og ráðherrum. Hún snýr að framtíðarskipan heilbrigðismála í landinu. Ég hef hins vegar getað komið að málum sem lúta að vinnubrögðum og áherslum.“ Hér heldur ráðherrann því fram að stefnumörkunin sé óháð ráðherranum. Þessi fullyrðing stenst enga skoðun og er kolröng. Hins vegar sýnir þessi fáheyrða yfirlýsing að skort hefur pólitískt þrek til að taka ákvarðanir um forgangsröðun í málaflokknum í aðdraganda fjárlagagerðarinnar. Í kjölfarið gagnrýndi Hulda Gunnlaugsdóttir harkalega í fjölmiðlum áform um flatan niðurskurð í heilbrigðisþjónustunni og sagði í Morgunblaðinu: „Það liggur því fyrir aðgerðaáætlun með sparnaðartölum sem hægt er að vinna eftir og draga þannig úr þeirri þjónustuskerðingu sem ella þyrfti að ráðast í. En ef farið verður í flatan niðurskurð án þess að ráðast í þær hagræðingaraðgerðir sem við höfum lagt til þá er það hættulegt …“ Um flatan niðurskurð sagði hún: „Það er auðveldasta leiðin en þá er ekki tekið á vandanum. Það þarf að gera stærri breytingar á þjónustu spítalanna og auðvitað er Landspítalinn þar ekki undanskilinn. En ef ráðist er í uppsagnir á 450–500 manns á Landspítalanum þá hefur það áhrif á öryggisnetið.““

Starfsfólki hefur fækkað um 627 á Landspítalanum og launakostnaður hefur lækkað um 1100 m.kr. Markmiðið með núverandi frumvarpi er að hverfa frá flötum niðurskurði og hlífa Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og heilsugæslunni.

Fjárlagatillögurnar hafa hins vegar ekki verið unnar með þeim aðilum sem að eiga að framkvæma þær og kom fram í nefndinni bæði frá fulltrúum ráðherra og stofnunum að þær væru ekki framkvæmanlegar.

Alþingi er mikill vandi á höndum. Ríkisstjórnin hefur ekki undirbúið fjárlagafrumvarpið hvað þetta varðar og sameining stærstu ráðuneytanna auðveldar ekki þetta erfiða verkefni.

Það er fullkomlega útilokað að koma á breytingum í heilbrigðisþjónustunni án samráðs við þá sem starfa við hana.

Sjúkratryggingar.

Í áliti 2. minni hluta heilbrigðisnefndar síðan í fyrra um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2010 segir (fskj. XVI með þskj. 383 á 138. löggjafarþingi):

„Annar minni hluti bendir á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlög til sjúkratryggginga lækki um 20%. Ljóst er að hér er um mikla lækkun að ræða en hvorki hefur verið kynnt fyrir nefndinni né rætt innan hennar hvernig ætlað er að ná fram fyrirhuguðum sparnaði.“

Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að hallinn á Sjúkratryggingum verður 1.800 m.kr. á þessu ári. Hann hefði verið 2.800 m.kr. ef ekki hefði komið til gengishagnaður upp á 1000 m.kr.

Ráðherra og ríkisstjórn útfærði aldrei hvernig ætti að ná fram þessum sparnaði. Ráðherra hótaði hins vegar að vísa úr starfi forstjóra stofnunarinnar fyrir nákvæmni og dugnað, mun það vera einsdæmi í Íslandssögunni. Þegar það gekk ekki eftir vék hún stjórn stofnunarinnar frá. Eftir stendur að sama sparnaðarkrafa er fyrir næstu fjárlög, það er að segja krafan hljóðar upp á 3.134 m.kr. Það eru fjórar leiðir til að mætu þessari sparnaðarkröfu.

1. Minnka þá þjónustu sem að sjúkratryggingar greiða fyrir.
2. Auka kostnaðarþátttöku.
3. Ná niður kostnaði.
4. Auka framleiðni.

Ríkisendurskoðandi hefur bent á hið augljósa að ráðherra er sá sem verður að móta stefnu um það hvernig þessum sparnaði verður náð. Ekkert hefur verið upplýst um það í nefndinni hvernig það verður gert.

Fyrir liggur frumvarp frá heilbrigðisráðherra um sjúkratryggingar. Í athugasemdum með frumvarpinu segir: „Nú er ljóst að enn vantar talsvert upp á að Sjúkratryggingar Íslands verði í stakk búnar að semja við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins, svo og sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili. Í kjölfar efnahagshrunsins hefur orðið ákveðinn forsendubrestur að því er varðar hugmyndafræði þá sem liggur að baki lögum um sjúkratryggingar. Stofnunin hefur ekki fengið þær fjárveitingar sem nauðsynlegar eru til að hún geti sinnt að fullu því hlutverki sem henni er ætlað samkvæmt IV. kafla laga um sjúkratryggingar og ekki er fyrirsjáanlegt að breyting geti orðið þar á á næstu missirum. Nauðsynlegt þykir því að fresta enn um sinn gildistöku ákvæða um samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili. Af því leiðir að framlengja þarf heimild ákvæðis til bráðabirgða IV til ákvörðunar á daggjöldum vegna hjúkrunarrýma með reglugerð. Lagt er til að gildistöku verði frestað um þrjú ár. Fyrirhugað er á því tímabili að taka lög um sjúkratryggingar til endurskoðunar með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem orðið hafa frá því lögin tóku gildi.“ Hér er um að ræða grundvallarmisskilning og mátti skilja ráðherrann þannig í umræðu um málið að við hefðum ekki lengur „efni“ á að láta Sjúkratryggingar semja um þessa þjónustu. Formaður félags hjúkrunarfræðinga benti nefndinni á að aldrei hefði verið meiri þörf en nú að semja um þessa þjónustu og gæti það bæði leitt til sparnaðar og betri þjónustu.

Skýringar á frestuninni er rakin í minnisblaði forstjóra Sjúkratrygginga en þar segir:

„Sá forsendubrestur sem vitnað er til í athugasemdum með frumvarpinu til skýringar á frestun umræddrar samningsgerðar á vegum SÍ má fyrst og fremst rekja til þess að stofnunin hefur ekki fengið nauðsynlegar fjárveitingar til að sinna verkefninu. Það hefur á hinn bóginn ekki með aukinn kostnað fyrir ríkið að gera heldur það að heilbrigðisráðuneytið hefur ekki fylgt eftir tilflutningi starfa og fjárveitinga til SÍ eins og til stóð þegar lögin um sjúkratryggingar voru samþykkt. Í því sambandi má nefna:

– Ekki er enn lokið við áformaða fjárhagslega uppskiptingu milli TR og SÍ í samræmi við niðurstöðu ráðgjafanna sem unnu að aðskilnaðnum fyrir forsætisráðuneytið. (Kostnaðargreining TR, dags. 6. maí 2008, lögð fyrir heilbrigðisnefnd Alþingis í aðdraganda laga nr. 112/2008).

– Ekki hefur enn orðið af tilflutningi 5–6 starfsmanna frá aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytisins til stofnunarinnar vegna samningamálanna, sbr. til dæmis umsögn fjármálaráðuneytis um frumvarp til laga um sjúkratryggingar. (Þskj. 955, 613. mál).
– Ekki hefur enn orðið af tilflutningi starfsmanna frá heilsugæslunni og Landspítalanum sem sinnt hafa samningsgerð og öðrum verkefnum sem SÍ var ætlað að sinna, sbr. til dæmis ákvæði I til bráðabirgða í lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingarnar. „

Lyf.

Mikilvægt er að halda áfram að lækka lyfjakostnað á Íslandi án þess að draga úr faglegum kröfum. Fram hefur komið í umfjöllun nefndarinnar að hægt er að ná auknum árangri með því að efla Sjúkratryggingar á því sviði.

Kostnaðargreining.

Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að nær öll vinna við kostnaðargreiningu í heilbrigðisþjónustunni hefur legið niðri ef undan er skilin vinna á Landspítalanum. Það nýtist spítalanum fyrst og fremst í eigin rekstri.

Öllum er ljóst að það verður að taka erfiðar ákvarðanir í heilbrigðismálum næstu misserin. Þær þjóðir sem við berum okkur saman við nýta kostnaðargreiningu til að nýta takmarkaða fjármuni sem best. Ef ríkisstjórn Íslands ætlar að nota aðrar aðferðir er brýnt að það verði upplýst hvaða aðferðir er um að ræða.

Þjónustusamningar.

Til að tryggja gæði og nýta fjármuni sem best er mikilvægt að fjölga þjónustusamningum við þá aðila sem veita heilbrigðisþjónustu. Þjónustusamningar krefjast þess að þjónustan sé skilgreind með tilliti til hagsmuna sjúkratryggðra og kosnaðargreind.

Mikilvægt er auka framleiðnitengdar greiðslur til stofnana. Það er sérstaklega áríðandi til að minnka líkur á biðlistum. Forystumenn Landspítala hafa lýst sig áhugasama um að hrinda þessu í framkvæmd.

Málefni aldraða.

Stefnt er að flutningi málaflokksins málefni aldraða til sveitrafélaga. Brýnt er að skilgreina hvað fellur undir málaflokkinn.

Stjórnsýslustofnanir.

Gert er ráð fyrir að sameina stjórnsýslustofnanir í tengslum við fjárlagafrumvarpið. Það er skemmst frá því að segja að undirbúningur þess máls er í skötulíki. Engin fjárhagsleg úttekt var gerð á fyrirhugaðri sameiningu og ekki hefur verið svarað spurningum um hvers vegna Lyfjastofnun og Lyfjafgreiðslunefnd eru ekki með í fyrirhugaðri sameiningu, eins og lagt var upp með í byrjun árs 2009. Þar eru miklir möguleikar á hagræðingu.

Fyrri hugmyndir miðuðu að því að setja landlæknisembættið, Lyfjastofnun, Lýðheilsustofnun og lyfjagreiðslunefnd í tvær stofnanir. Önnur hefði með höndum eftirlitshlutverk en hin forvarnarhlutverk.

Bæði hlutverkin eru innan þessara stofnana núna og mikilvægt að skerpa áherslurnar á hvoru sviði fyrir sig.

Heilsustefnan.

Heilbrigðismál eru langtímamál og það er mjög mikilvægt að skipuleggja þjónustuna til langs tíma. Þess vegna var samin heilsustefna í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Hún hafði það að markmiði að efla forvarnir, sérstaklega hjá börnum og ungmennum. Áhersluþættirnir voru: heilsuefling, hreyfing, næring og geðvernd.

Tilgreindur var fjöldi aðgerða og mælanlega markmið. Fjöldi aðila kom að þessari stefnumótun sem kynnt var 19. nóvember 2008.

Ögmundur Jónasson stakk stefnunni ofan í skúffu og hefur henni ekkert verið fylgt eftir ef undan er skilið bann við transfitusýrum. Það mál hefur þó fyrst og fremst með að gera frumkvæði Sifjar Friðleifsdóttur frekar en áhuga núverandi ríkisstjórnar á forvarnarmálum. Hvatt er til að heilsustefnunni verði komið í framkvæmd.

Rafræn sjúkraskrá.

Á árinu 2008 samþykkti Alþingi lagaramma sem ruddi úr vegi öllum hindrunum fyrir rafrænni sjúkraskrá. Hópur undir forystu Þorvaldar Ingvarssonar, lækningaforstjóra á Sjúkrahúsinu á Akureyri, hafði unnið framkvæmdaráætlun um uppbyggingu skrárinnar. Mikilvægt er að fara yfir það mál núna og kanna hvar það er statt. Rafræn sjúkraskrá eykur öryggi sjúklinga og minnkar kostnað. Ein af forsendum fyrir kerfinu er færri og öflugri stofnanir.

Endurgreiðslukerfi sjúklinga.

Hópur undir forystu Péturs Blöndals og Ástu R. Jóhannesdóttur var langt kominn með breytt endurgreiðslukerfi fyrir sjúklinga. Markmiðið var að lækka greiðslubyrði langveikra og aðstandenda þeirra en færa greiðslubyrðina þess í stað til þeirra sem minna þurfa á þjónustunni að halda. Nýtt fyrirkomulag hefur líka þann kost að það eykur fjárhagslegt hagræði í þjónustunni.

Ögmundur Jónasson stöðvaði þá vinnu en Álfheiður Ingadóttir hóf aftur starf í tengslum við lyfjakostnað. Mikilvægt er að klára þá vinnu sem fyrst og innleiða nýtt fyrirkomulag.

Fjárhagsmódel fyrir heilbrigðisstofnanir.

Eitt af deilumálum innan heilbrigðisþjónustunnar hefur verið fjárframlög til stofnana. Ein af ástæðunum er að fjárhagsmódelið sem notað er til að skipta fjármunum á milli stofnana er barn síns tíma. Mikilvægt er að fjárframlög byggi á skýrum og samhæfðum reglum. Grunnur að nýju módeli er til staðar í ráðuneytinu. Það er einfaldara og gagnsærra og byggt upp á skýrari forsendum. Ljúka þarf þessari vinnu.

Sameining ráðuneytanna.

Enginn vafi er á að það var mjög óskynsamlegt að sameina tvö stærstu ráðuneytin. Heilbrigðismálin eru yfirgripsmikill málaflokkur sem verður að sinna. Það hefur ekki verið gert eins og öllum er ljóst sem kynnt sér hafa heilbrigðiskafla fjárlaga. Stefnumótun er nauðsynleg og hún verður ekki framkvæmd án samráðs og samvinnu við það fólk sem starfar við þjónustuna. Allar fullyrðingar um samstarf á milli stofnana innan heilbrigðis- og félagsþjónustunnar hafa reynst innantómar.

Samningar við sveitarfélög.

Stærri sveitarfélög eru vel í stakk búin til að taka að sér fleiri verkefni. Reykjavíkurborg hefur tekið að sér heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu. Akureyri og Höfn í Hornafirði hafa á sinni könnu heimahjúkrun, heilsugæslu og hjúkrunarheimili. Mörg önnur sveitarfélög hafa

lýst yfir áhuga á að koma að slíkum verkefnum og er það skoðun 2. minni hluta að ekkert komi í veg fyrir það ef samningar eru vel skilgreindir.

Heilsugæslan.

Ekkert er ofsagt um mikilvægi heilsugæslunnar sem fyrsta viðkomustaðar sjúklinga. Mikilvægt er að vinna skipulega að stefnumótun á því sviði. Er hér bent á skýrslu vinnuhóps undir forystu Guðjóns Magnússonar frá desember 2008. Þar komu að málum ekki eingöngu fagfólk í heilbrigðisgeiranum heldur einnig forystumenn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Áherslur þessara aðila voru mjög svipaðar. Ekki hefur enn verið tekin afstaða til þeirrar vinnu hjá ráðherrum vinstri stjórnarinnar.

Heilsusvæði.

Áherslur ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var að undirbúa eitt norrænt heilsusvæði. Það hefði þýtt möguleika á að fólk leitaði sér lækninga á milli Norðurlandanna. Var þetta eitt af áherslumálum Íslands sem forystulands í Norðurlandaráði 2009. Einnig var hafið samstarf á milli Íslands og Svíþjóðar á sviði lyfjamála. Þessu hefur ekki verið fylgt eftir og að auki bannaði Ögmundur Jónasson, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, útleigu á skurðstofum til að þjónusta erlenda sjúklinga. Mikilvægt er að Íslendingar nýti sér þá möguleika sem eru fyrir hendi á sviði ferðatengdrar heilbrigðisþjónustu. Hér er til staðar mannauður og aðstaða.

Misrétti í heilbrigðisþjónustu.

Formaður félags íslenskra hjúkrunarfræðinga benti á að hættan á misrétti í heilbrigðisþjónustunni hefði aldrei verið meiri. Þetta er rétt hjá formanninum. Það hefur aldrei verið meiri hætta á tvöföldu heilbrigðiskerfi en núna. Hættan á tvöföldu heilbrigðiskerfi skapast þegar að framboð er ekki nægjanlegt. Við þær aðstæður skapast svigrúm fyrir aðila að vera utan kerfis og við þessu verður að bregðast.

Alþingi, 30. nóv. 2010.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Fskj. 1

Minnisblað frá heilbrigðisráðuneytinu um skipulagsbreytingar í heilbrigðiskerfinu.
(27. janúar 2009.)

Þann 7. janúar sl.voru kynntar umfangsmiklar breytingar á skipulagningu heilbrigðisþjónustunar innan heilbrigðisumdæma og tilflutningur verkefna milli stofnana í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og Landsspítala háskólasjúkrahúss. Hér á eftir er rakin í stórum dráttum staðan í einstökum verkefnum sem tengjast þessari vinnu.

Kragasjúkrahús og LSH

Sett var fram markmið að ná 750 milljónum kr. hagræðingu á ári. Fjórir hópar hafa verið að störfum frá 7. janúar og liggja niðurstöður þeirra fyrir en í nokkrum tilvikum þarf að taka afstöðu um valkosti.

Skurðstofuhópur

Lokið er við að greina kostnað miðað við DRG aðferð og kom í ljós að kostnaður er lítillega lægri þar en ef þær aðgerðir hefðu verið framkvæmdar á LSH. Þó er viðurkennt að grunnkostnaður LSH er mun hærri vegna vakta, gjörgæslu og reksturs blóðbanka, svo dæmi sé tekið. Almennt mætti gera kröfu um að St. Jósefsspítali ætti að vera með um 25% lægri gjaldskrá en LSH.

Lagt hefur verið til að sérstök rekstrareining undir stjórn fagfólks á St. Jósefsspítala taki að sér þann hluta skurðaðgerða sem felst í kvenlækningum, bæklunarlækningum og lýtalækningum. Forsenda þess er að starfsemin færist í aðstöðu HSS sem er talin fyrsta flokks. Samhliða er gert ráð fyrir að skurðstarfsemi sem nú er á Suðurnesjum færist einnig inn í þennan rekstur.

Almennar skurðlækningar, háls- nef- og eyrnaaðgerðir, augnlækningar og tannlækningar færast tímabundið inn á LSH á grundvelli jaðarkostnaðar eða verði boðnar út fyrir milligöngu Sjúkratrygginga Íslands.

Útreikningar sýna mögulega hagræðingu með þessu að fjárhæð um 160 milljónir kr. En stofnkostnaður á fyrsta ári á Suðurnesjum er metinn um 40 milljónir kr. en Reykjanesbær hefur boðist til að standa straum af þeim kostnaði, náist sátt um aðkomu sveitarfélagsins að þessu verkefni.

Stefnt er að því að LSH yfirtaki rekstur skurðstofu HSU að öllu leyti sem leiði af sér jaðarkostnað LSH en að hægt verði að spara um 60 mkr. á ári.

Hópur um fæðingaþjónustu

Lagt var upp með að loka vöktum skurðstofu á Selfossi og í Keflavík. Kostnaður sem áætlað var að spara nam um 65 mkr. Niðurstaða hópsins er að líklega þurfi að bæta við stöðugildafjölda LSH til að taka við aukinni starfsemi. Einnig er það tillaga hópsins að koma á bakvöktum ljósmæðra á Selfossi og í Keflavík til reynslu í 6 mánuði. Kostnaðarauki af þessu er um 30 mkr. á ári og því næst ekki nema helmingur þess sparnaðar sem stefnt var að.

Hópur um göngudeild meltingasjúkdóma og lyflækningar

Þessi hópur hefur lagt upp með tvo valkosti í húsnæði en ef hagkvæmari kosturinn er valinn er stofnkostnaður áætlaður um 20-30 milljónir kr. en sá dýrari er metinn á um 100 millj. kr. Hins vegar er enn stefnt að því að með því að greiða LSH aðeins jaðarkostnað af þeim viðbótarverkefnum sem færast til LSH sé mögulegt að spara á ársgrundvelli um 200 mkr.

Öldrunarlækningar í Hafnarfirði

Fjórði hópurinn hefur unnið að því að skoða mögulega endurskipulagningu á starfsemi í húsnæði St.Jósefsspítala. Ekki er gert ráð fyrir áframhaldandi notkun göngudeildarhúss en til að koma til móts við óskir Hafnfirðinga um möguleika á lyfjadeildarinnlögnum í Hafnarfirði er hægt að halda áfram þeirri þjónustu sem falist hefur í innlögnum sjúklinga sem koma frá LSH og frá heilsugæslu. Miðað við að allt að 17 rúm verði áfram í þeirri þjónstu er haldið áfram um 80 mkr. af fyrri fjárveitingum St. Jósefsspítala. Að öðru leyti er miðað við að ný þjónusta komi í húsið með fjármögnun henni fylgir. Um er að ræða hvíldarinnlagnir og dagdeildarrými með endurhæfingu. Hér næst því 95 mkr. sparnaður af þeim 175 mkr. sem að var stefnt. Gert er ráð fyrir að stofnkostnaður vegna þessa á fyrsta ári geti numið 100-120 milljónum kr.

Aðrir liðir

Með endurskipulagningu þessari er gert ráð fyrir að rannsóknarstofa sem verið hefur á heilsugæslunni leggist af en lágmarks rannsóknaraðstöðu viðhaldið í St. Jósefsspítala. Með þessu móti er talið líklegt að markmið um hagræðingu í röntgen og rannsóknum sem að var stefnt náist að mestu leyti. Hagræðing í lækkun húsnæðiskostnaðar, röntgen og rannsókna ætti því að verða um 55 mkr.

Samkvæmt þessum niðurstöðum ætti því að nást fram um 600 milljóna kr. sparnaður í rekstri af upphaflegu markmiði um sparnað að fjárhæð 750 mkr.

Í heild getur stofnkostnaður á móti numið 170-260 milljónum króna en þá ber á það að líta að Reykjanesbær hefur lýst sig reiðubúinn í að taka þátt í þeim kostnaði.

Norðurland

Markmið var 300 mkr. í árlegan sparnað

Fimm hópar hafa skilað niðurstöðum sínum. Mest af þeirri vinnu felst í samantekt á staðreyndum um starfsemina og að einhverju leyti umræðum um möguleika til breytinga.

Sérhæfð þjónusta. Á Norðurlandi er sérhæfð þjónusta einkum á Sauðárkróki, Húsavík og Akureyri. Sjúkrarými eru einnig á Blönduósi og Siglufirði. Á Húsavík og Sauðárkróki eru lyflækningar kjarninn í starfseminni auk hjúkrunarrýma. Hópurinn telur að hægt sé að auka áherslu á endurhæfingu á Sauðárkróki og Húsavík og talið er að tækifæri gefist til að stytta legutíma í sjúkrarýmum á Blönduósi og Siglufirði en fá þannig fleiri rými til endurhæfingar. Hópurinn lagði áherslu á aukna þjónustu farandlækna á kjörnum á vestur- og austur svæði (Sauðárkróki og Húsavík). Lagt til að færa hjúkrun frá Skagaströnd á Blönduós. Æskilegt er talið að gera heilsuhagfræðilega könnun á hagkvæmni þess að halda úti skurðstarfsemi á Húsavík og Sauðárkróki.

Heilsugæsluhópur var frekar neikvæður í afstöðu sinni. Á heilsugæslu sameinaðar stofnunar eru 13 stöðugildi lækna, 14 stöðugildi hjúkrunarfræðinga, 5 stöðugildi ljósmæðra og 17 stöður annarra starfsmanna. Reknar eru 8 gæsluvaktir eitt og þrjár gæsluvaktir tvö.

Ekki er um bakvaktir hjúkrunarfræðinga að ræða en á tveimur stöðum er þjónusta í heimahjúkrun utan hefðbundins vinnutíma.

Alls eru minni sjúkrahúsin með 53 sjúkrarými og 116 hjúkrunarrými. (Blönduós, Sauðárkrókur, Siglufjörður og Húsavík).

Helstu tækifæri í sameiningu vaktsvæða, auka áherslu á heimahjúkrun og samnýting sérfræðinga.

Rannsóknir og röntgen. Hópurinn kom með margvíslegar ábendingar um tækifæri sem geta falist í bættri þjónustu við skjólstæðinga. Varðandi hagræðingu er helst rætt um sameiginleg innkaup, tækniþjónustu og samnýtingu lífeindafræðinga. Lögð áhersla á að tryggja rafræna röntgentækni en ástand búnaðar er mjög mismunandi.

Stoðdeildir eru mannaðar með um 146 stöðugildi. Fjölmennustu einingar eru eldhús og mötuneyti 41,3 stöðugildi, 41 stöðugildi við læknaritun, 37,6 stöðugildi á skrifstofu og 18,7 við tækni- og húsrekstur. Stjórnenda í nýju skipulagi bíður það verkefni að endurskipuleggja þennan rekstur.

Vesturland

Markmið um sparnað 150 mkr.

Verkefnisstjórn hefur unnið að þróun á skipulagi undir forystu tilvonandi setts forstjóra. Áherslur verða tvíþættar í því skipulagi, annars vegar sérhæfð sjúkrasvið á Akranesi og í Stykkishólmi og hins vegar heilsugæsla með hjúkrunar- og bráðarýmum. Hugmyndin er að innan framkvæmdastjórnar verði fulltrúar beggja þessara sviða og helstu lykilsvæða í starfseminni. Stefnt er að verulegum sparnaði í yfirstjórn og stoðdeildum.

Heilsugæsla í sameinaðri stofnun getur falið í sér möguleika á meiri samvinnu vegna vakta. Þannig eru möguleikar á norðanverðu Snæfellsnesi og einnig milli Hólmavíkur og Búðardals með bættum samgöngum. Þá er talið mögulegt að nýta í meira mæli sérhæfða þjónustu út á stöðvunum í samstarfi við Akranes, s.s. ljósmæður, sérfræðilækna, iðju- og sjúkraþjálfun. Miklar vonir eru bundnar við að rafræn samskipti og samræmdar tæknilausnir eigi eftir að skila auknum árangri og reynsla í öðrum sameiningum styður þær væntingar.

Sjúkraflutningar á stærra starfssvæði fela í sér ýmsa möguleika. Þannig má mögulega sameina þjónustusvæði Akraness og Borgarness annars vegar og á norðanverðu Snæfellsnesi hins vegar og endurskoða fjölda og staðsetningu sjúkrabíla samhliða. Mikilvægt er talið að tvímenna í alla sjúkrabíla en það þýðir að bæta þarf við tveimur bakvöktum.

Sérhæfðar sjúkradeildir eru starfandi á Akranesi og í Stykkishólmi. Mikilvægt er talið að viðhalda þeirri starfsemi sem er í Stykkishólmi en nýta stuðning frá Akranesi í þeim þáttum sem nýst geta. Það er ljóst að samvinna SHA við LSH í tæknmálum og á fleiri sviðum geta nýst Stykkishólmi vel. Einnig er bent á það að bæta megi þjónustu á sviði geð- og sálfræðiþjónustu í umdæminu.

Rannsóknir og röntgen þarf að endurskoða og þar sem samgöngur eru greiðar má mögulega samnýta tæknibúnað. Á Ólafsvík hefur verið komið upp rannsóknarstofu og önnur er á Stykkishólmi. Óljóst er hvort þörf er fyrir þessa þjónustu á báðum stöðum en þar að auki er líklegt að nægilegt sé fyrir starfsvæðið að hafa rannsóknarvakt á einum stað. Stefnt er að því að koma á digital-röntgen á næstu tveimur árum innan um 40 km. radíus frá hverjum stað.

Suðurland

Markmið um 50 mkr. sparnað.

Heilsugæsluhópur sá fram á ýmsa möguleika til að bæta þjónustu og má þar nefna sameiginlega sjúkraskrá, samræmingu við afleysingar, hagræðingu í innkaupum og aukið samstarf í rannsóknum og þjónsutu vegna myndgreiningarbúnaðar.

Sjúkradeildahópur fór yfir mögulegt samstarf Vestmannaeyja, Selfoss og Hafnar. Vegna fjarlægða og samgangna er ólíklegt að mikil samlegð verði á þessu sviði. Hins vegar er verið að breyta áherslum á Selfossi í tengslum við samstarf Kragasjúkrahúsa og auka þátt lyflækninga og endurhæfingar. Sama má skoða varðandi Vestmannaeyjar en sú vinna er alfarið eftir.

Stoðdeildir voru skoðaðar sérstaklega og með sameiningu yfirstjórnar, bókhalds, innkaupa og fleiri þátta HSU og HSV er lagt upp með að ná fram 20 mkr. hagræðingu í rekstri.

Ótalin er möguleg hagræðing með áherslubreytingum varðandi þjónustu í Vestmannaeyjum. Hins vegar er ólíklegt að breytingar náist þar nema með breyttum áherslum varðandi sjúkraflutninga og samstarfi við LSH.

Vestfirðir

Nokkuð dróst að setja vinnu við endurskipulagningu á Vestfjörðum í gang. Búið var að ákveða sameiningu Ísafjarðar og Bolungavíkur en nú bætist Patreksfjörður við. Stefnt er að því að einn fulltrúi frá Patreksfirði og annar frá Bolungavík bætist við framkvæmdastjórn og eigi þar sæti með forstjóra, framkvæmdastjóra lækninga og framkvæmdastjóra hjúkrunar.

Á Vestfjörðum er ekki líklegt að hægt verði að ná fram beinni hagræðingu í faglegu starfi nema að því leyti sem snýr að mögulegum afleysingum og sameiginlegri sjúkraskrá ef frá er talið samstaf milli Bolungavíkur og Ísafjarðar sem verið hefur. Torfærir fjallvegir valda því að fagleg samvinna verður erfið en hægt er að sameina þá þætti sem byggja á rafrænum samskiptum svo sem varðandi innkaup, bókhald og fjármál. Lagt er upp með 25 mkr. sparnað sem markmið.

Fskj. 2.

Stofnanir í rekstri á árinu 2003 og 2009.

Raðað eftir hlutfallslegum frávikum.

KD	L/H		Fjárlög 2009	Ríkisreikn 2009	Fjárlög 2008	Ríkisreikn 2008
SV	H	St. Jósefsspítali, Sólvangur	1.469.500	1.512.966	1.363.500	1.637.454
NA	L	Heilbrigðisstofnun Austurlands	2.112.600	2.281.039	1.761.900	2.260.152
S	L	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.824.400	1.899.459	1.609.800	1.884.786
RVK	H	Múlabær, Reykjavík	78.600	72.693	59.900	69.057
NA	L	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	126.800	137.120	118.200	135.438
NA	L	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	1.013.100	1.013.639	907.100	1.008.694
RVK	H	Fríðuhús, Reykjavík	39.100	39.660	32.000	36.595
SV	H	Sunnuhlíð, Kópavogi	557.600	560.117	504.200	566.194
S	L	Hjallatún, Vík	103.300	102.834	86.200	105.438
RVK	H	Hlíðarbær, Reykjavík	52.600	51.329	42.500	47.205
RVK	H	Landspítali	35.553.800	38.975.695	35.565.500	40.626.114
S	L	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	702.500	725.513	640.300	746.316
RVK	H	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	656.600	667.700	602.200	661.000
NA	L	Sjúkrahúsið á Akureyri	4.497.500	4.725.093	4.264.000	4.766.926
NV	L	Höfði, Akranesi	457.300	457.765	402.400	463.033
S	L	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	228.300	215.972	214.100	224.425
S	L	Garðvangur, Garði	290.400	288.695	257.200	285.094
NV	L	Barmahlíð, Reykhólum	104.700	108.170	90.500	99.757
RVK	H	Hjúkrunarheimilið Eir	1.336.700	1.380.511	1.193.600	1.357.164
RVK	H	Sóltún, Reykjavík	993.000	1.025.226	894.500	1.008.081
RVK	H	Lindargata, Reykjavík	47.300	46.568	39.500	42.388
RVK	H	Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	95.200	87.173	92.100	111.652
RVK	H	Hjúkrunarheimilið Skógarbæ	621.500	640.956	563.200	616.950
RVK	H	Hjúkrunarheimilið Skjól	786.300	791.087	702.400	797.745
NV	L	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	280.800	274.062	225.800	241.190
SV	H	Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.352.900	1.387.000	1.236.900	1.349.100
RVK	H	Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	577.100	596.586	549.400	625.571
NA	L	Dalbær, Dalvík	247.100	252.714	212.900	237.194
NV	L	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	278.600	283.010	241.700	268.858
NA	L	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	164.400	156.807	140.900	149.050
SV	H	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	108.400	111.100	98.800	105.500
SV	H	Holtsbúð, Garðabæ	319.700	315.530	276.100	301.325
S	L	Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	555.100	562.800	500.400	525.500
SV	H	Hrafnista, Hafnarfirði	1.379.400	1.377.641	1.253.300	1.365.124
RVK	H	Sjálfsbjörg, hjúkrunar-og endurhæfingarstofnun	457.400	465.900	407.600	434.900
SV	H	Vistheimilið Bjarg	55.100	55.800	49.200	51.600
NA	L	Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	478.800	483.800	438.200	470.400
S	L	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	266.200	253.217	238.300	246.158
NA	L	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	182.600	181.638	168.800	163.104
RVK	H	Grund, Reykjavík	1.470.300	1.428.977	1.321.900	1.381.484
SV	H	Hlaðgerðarkot	85.800	86.300	78.300	79.700
NV	L	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	102.400	100.156	87.800	90.762
S	L	Samningur við Svf. Hornafjörð um öldrunarþjónustu	209.000	205.220	215.800	241.255
NA	L	Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	1.369.300	1.312.337	1.286.600	1.262.928
RVK	H	Heilsugæslustöðin Lágmúla	156.300	162.900	142.500	147.500
S	L	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	681.200	620.190	582.200	557.355
RVK	H	Seljahlíð, Reykjavík	153.700	158.872	183.700	178.813
S	L	Kumbaravogur, Stokkseyri	317.700	267.750	295.500	295.196
RVK	H	Hrafnista, Reykjavík	1.904.000	1.679.676	1.865.400	1.761.274
S	L	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	131.700	89.771	123.300	110.954
NV	L	Fellsendi, Búðardal	190.800	185.220	170.900	175.789
NV	L	Jaðar, Ólafsvík	88.500	68.735	72.800	67.267
RVK	H	Læknavaktin	284.800	279.200	246.400	254.000
NV	L	Fellaskjól, Grundarfirði	82.600	64.804	79.600	73.043
NA	L	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	103.100	79.473	96.800	92.289
RVK	H	Vesturhlíð, Reykjavík	15.000	4.993	13.000	6.956

Framhald	**Fjárlög 2007**	**Ríkisreikn 2007**	**Fjárlög 2006**	**Ríkisreikn 2006**	**Fjárlög 2005**	**Ríkisreikn 2005**
St. Jósefsspítali, Sólvangur	1.120.200	1.444.646	666.400	1.271.146	609.200	715.720
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1.661.800	1.995.408	1.481.400	1.695.838	1.388.800	1.603.218
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.367.800	1.546.298	1.225.700	1.384.823	1.128.500	1.270.600
Múlabær, Reykjavík	58.000	66.225	52.600	62.979	49.900	59.596
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	105.400	122.697	92.800	119.271	90.500	96.605
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	832.300	942.133	751.000	850.407	710.000	807.442
Fríðuhús, Reykjavík	31.000	34.121	28.100	31.690	26.700	29.775
Sunnuhlíð, Kópavogi	470.400	511.642	401.600	463.540	381.300	409.760
Hjallatún, Vík	86.300	87.018	69.800	80.333	66.400	68.939
Hlíðarbær, Reykjavík	41.100	45.691	37.300	41.928	35.400	39.995
Landspítali	32.939.900	35.899.856	29.767.200	32.255.858	27.749.000	29.100.434
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	618.500	653.105	558.100	591.640	516.100	547.900
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	576.200	657.248	507.300	516.976	471.300	509.400
Sjúkrahúsið á Akureyri	3.836.800	4.328.292	3.549.900	3.873.630	3.315.000	3.467.800
Höfði, Akranesi	370.300	386.578	306.300	351.598	294.500	327.224
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	182.700	201.624	150.900	185.780	142.500	148.719
Garðvangur, Garði	245.400	264.205	224.600	259.214	210.700	216.611
Barmahlíð, Reykhólum	79.800	86.630	69.700	75.855	67.000	68.616
Hjúkrunarheimilið Eir	1.131.700	1.208.103	979.800	1.053.345	925.400	937.216
Sóltún, Reykjavík	819.700	909.830	783.900	924.853	734.800	709.414
Lindargata, Reykjavík	38.300	40.378	34.700	37.863	32.900	35.655
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	74.600	77.924	67.600	72.721	64.200	67.862
Hjúkrunarheimilið Skógarbæ	549.400	570.840	465.800	507.789	442.300	461.825
Hjúkrunarheimilið Skjól	688.600	729.999	591.200	633.966	537.700	563.720
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	199.300	209.389	175.300	200.854	170.700	175.710
Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.196.500	1.262.479	1.079.800	1.108.600	971.400	1.034.400
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	536.600	584.913	452.600	464.591	432.400	374.728
Dalbær, Dalvík	208.800	223.058	182.800	192.678	172.900	170.654
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	226.700	229.821	203.100	211.165	191.300	195.314
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	121.900	129.566	104.700	128.481	99.500	101.246
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	95.400	96.300	86.800	88.900	81.000	82.600
Holtsbúð, Garðabæ	251.700	255.211	213.200	225.741	201.300	199.174
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	473.000	476.969	420.500	426.700	397.800	408.700
Hrafnista, Hafnarfirði	1.170.000	1.187.676	997.000	1.080.634	933.400	942.428
Sjálfsbjörg, hjúkrunar-og endurhæfingarstofnun	403.200	395.800	375.100	372.600	355.200	352.300
Vistheimilið Bjarg	47.600	47.800	42.200	43.400	40.100	40.600
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	450.400	444.600	424.900	413.308	401.700	381.200
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	235.200	230.897	190.900	212.047	178.300	167.939
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	150.700	151.771	133.000	141.277	125.800	123.067
Grund, Reykjavík	1.305.300	1.281.651	1.119.900	1.121.258	1.051.100	1.041.121
Hlaðgerðarkot	75.800	75.800	69.900	69.900	65.600	66.900
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	86.400	87.899	74.200	76.501	68.300	67.314
Samningur við Svf. Hornafjörð um öldrunarþjónustu	255.300	215.679	220.800	221.642	212.700	206.848
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	1.226.600	1.184.132	963.100	948.692	883.100	836.439
Heilsugæslustöðin Lágmúla	148.900	141.483	140.700	126.542	132.700	118.300
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	532.600	506.619	465.700	481.524	441.400	434.193
Seljahlíð, Reykjavík	207.500	180.606	178.400	197.346	167.700	162.931
Kumbaravogur, Stokkseyri	300.600	266.729	264.100	254.336	254.500	229.017
Hrafnista, Reykjavík	1.830.500	1.649.151	1.593.000	1.539.877	1.537.400	1.388.767
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	112.300	103.490	98.000	105.012	91.500	87.862
Fellsendi, Búðardal	155.300	114.828	138.900	96.349	96.900	79.921
Jaðar, Ólafsvík	74.500	64.599	66.100	57.699	52.500	52.642
Læknavaktin	296.100	247.600	282.200	239.100	267.700	211.100
Fellaskjól, Grundarfirði	77.400	66.392	65.900	52.037	64.500	43.952
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	96.900	83.437	87.200	71.412	83.200	43.272
Vesturhlíð, Reykjavík	12.600	6.780	11.400	6.436	10.800	5.962

Framhald	**Fjárlög 2004**	**Ríkisreikn 2004**	**Fjárlög 2003**	**Ríkisreikn 2003**
St. Jósefsspítali, Sólvangur	588.400	679.653	566.700	636.270
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1.236.900	1.420.211	1.140.900	1.376.645
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.046.800	1.250.679	949.600	1.107.960
Múlabær, Reykjavík	46.800	56.788	45.500	52.545
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	82.700	85.858	55.900	56.177
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	669.100	763.958	615.900	736.613
Fríðuhús, Reykjavík	25.000	28.361	24.300	26.779
Sunnuhlíð, Kópavogi	356.000	402.895	336.600	381.309
Hjallatún, Vík	62.900	70.946	44.800	53.099
Hlíðarbær, Reykjavík	33.200	38.159	32.300	35.890
Landspítali	26.255.900	27.902.626	25.358.700	27.636.839
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	491.200	527.959	460.500	527.307
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	453.500	482.200	399.600	468.912
Sjúkrahúsið á Akureyri	3.142.400	3.230.191	2.864.000	3.102.273
Höfði, Akranesi	275.600	283.718	183.600	198.385
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	137.400	146.212	99.500	120.016
Garðvangur, Garði	197.800	210.834	187.400	209.442
Barmahlíð, Reykhólum	61.600	63.552	51.400	57.196
Hjúkrunarheimilið Eir	833.100	879.735	586.700	620.312
Sóltún, Reykjavík	706.500	709.955	679.000	675.713
Lindargata, Reykjavík	30.900	33.759	30.000	31.402
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	60.300	65.068	58.600	59.051
Hjúkrunarheimilið Skógarbæ	417.800	426.802	387.800	413.968
Hjúkrunarheimilið Skjól	502.600	534.643	503.500	497.428
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	157.900	168.441	84.300	91.834
Reykjalundur, Mosfellsbæ	903.800	936.700	868.500	922.100
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	333.100	355.335	307.700	343.368
Dalbær, Dalvík	159.700	160.909	107.000	113.771
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	185.100	192.287	173.200	188.310
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	95.500	94.534	75.400	79.457
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	72.300	84.700	69.800	69.900
Holtsbúð, Garðabæ	187.400	181.472	122.600	160.329
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	390.700	432.400	369.800	405.200
Hrafnista, Hafnarfirði	872.400	895.154	672.400	704.249
Sjálfsbjörg, hjúkrunar-og endurhæfingarstofnun	316.900	310.400	300.400	338.200
Vistheimilið Bjarg	37.700	38.300	36.600	36.600
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	374.100	365.400	310.200	361.102
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	155.800	157.555	110.600	117.413
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	117.600	119.974	88.900	93.145
Grund, Reykjavík	1.007.500	996.094	780.500	858.013
Hlaðgerðarkot	63.600	63.600	61.800	61.800
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	63.300	60.187	41.200	41.183
Samningur við Svf. Hornafjörð um öldrunarþjónustu	199.600	213.227	161.700	169.081
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	679.200	748.043	494.900	518.347
Heilsugæslustöðin Lágmúla	122.800	114.400	107.300	112.360
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	410.800	416.210	261.700	260.285
Seljahlíð, Reykjavík	186.900	161.175	128.800	127.192
Kumbaravogur, Stokkseyri	238.900	216.953	174.900	183.257
Hrafnista, Reykjavík	1.312.300	1.156.026	820.400	859.429
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	85.000	85.222	68.400	73.309
Fellsendi, Búðardal	75.800	75.883	55.900	72.595
Jaðar, Ólafsvík	49.800	45.807	20.800	26.019
Læknavaktin	258.100	209.700	196.600	195.240
Fellaskjól, Grundarfirði	56.700	40.661	40.200	28.659
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	71.000	35.104	30.600	36.369
Vesturhlíð, Reykjavík	10.200	6.565	9.900	9.588

Framhald	**Ríkisreikn 2003–2009**	**Fjárlög 2003–2009**	**Frávik í fjárh.**	**Frávik %**
St. Jósefsspítali, Sólvangur	7.897.855	6.383.900	1.513.955	23,7%
Heilbrigðisstofnun Austurlands	12.632.511	10.784.300	1.848.211	17,1%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	10.344.605	9.152.600	1.192.005	13,0%
Múlabær, Reykjavík	439.883	391.300	48.583	12,4%
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	753.166	672.300	80.866	12,0%
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	6.122.886	5.498.500	624.386	11,4%
Fríðuhús, Reykjavík	226.981	206.200	20.781	10,1%
Sunnuhlíð, Kópavogi	3.295.457	3.007.700	287.757	9,6%
Hjallatún, Vík	568.607	519.700	48.907	9,4%
Hlíðarbær, Reykjavík	300.197	274.400	25.797	9,4%
Landspítali	232.397.422	213.190.000	19.207.422	9,0%
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	4.319.740	3.987.200	332.540	8,3%
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	3.963.436	3.666.700	296.736	8,1%
Sjúkrahúsið á Akureyri	27.494.205	25.469.600	2.024.605	7,9%
Höfði, Akranesi	2.468.301	2.290.000	178.301	7,8%
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	1.242.748	1.155.400	87.348	7,6%
Garðvangur, Garði	1.734.095	1.613.500	120.595	7,5%
Barmahlíð, Reykhólum	559.776	524.700	35.076	6,7%
Hjúkrunarheimilið Eir	7.436.386	6.987.000	449.386	6,4%
Sóltún, Reykjavík	5.963.072	5.611.400	351.672	6,3%
Lindargata, Reykjavík	268.013	253.600	14.413	5,7%
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	541.451	512.600	28.851	5,6%
Hjúkrunarheimilið Skógarbæ	3.639.130	3.447.800	191.330	5,5%
Hjúkrunarheimilið Skjól	4.548.588	4.312.300	236.288	5,5%
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	1.361.480	1.294.100	67.380	5,2%
Reykjalundur, Mosfellsbæ	8.000.379	7.609.800	390.579	5,1%
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	3.345.092	3.188.900	156.192	4,9%
Dalbær, Dalvík	1.350.978	1.291.200	59.778	4,6%
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	1.568.765	1.499.700	69.065	4,6%
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	839.141	802.300	36.841	4,6%
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	639.000	612.500	26.500	4,3%
Holtsbúð, Garðabæ	1.638.782	1.572.000	66.782	4,2%
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	3.238.269	3.107.300	130.969	4,2%
Hrafnista, Hafnarfirði	7.552.906	7.277.900	275.006	3,8%
Sjálfsbjörg, hjúkrunar-og endurhæfingarstofnun	2.670.100	2.615.800	54.300	2,1%
Vistheimilið Bjarg	314.100	308.500	5.600	1,8%
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	2.919.810	2.878.300	41.510	1,4%
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	1.385.226	1.375.300	9.926	0,7%
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	973.976	967.400	6.576	0,7%
Grund, Reykjavík	8.108.598	8.056.500	52.098	0,6%
Hlaðgerðarkot	504.000	500.800	3.200	0,6%
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	524.002	523.600	402	0,1%
Samningur við Svf. Hornafjörð um öldrunarþjónustu	1.472.952	1.474.900	-1.948	-0,1%
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	6.810.918	6.902.800	-91.882	-1,3%
Heilsugæslustöðin Lágmúla	923.485	951.200	-27.715	-2,9%
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	3.276.376	3.375.600	-99.224	-2,9%
Seljahlíð, Reykjavík	1.166.935	1.206.700	-39.765	-3,3%
Kumbaravogur, Stokkseyri	1.713.238	1.846.200	-132.962	-7,2%
Hrafnista, Reykjavík	10.034.200	10.863.000	-828.800	-7,6%
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	655.620	710.200	-54.580	-7,7%
Fellsendi, Búðardal	800.585	884.500	-83.915	-9,5%
Jaðar, Ólafsvík	382.768	425.000	-42.232	-9,9%
Læknavaktin	1.635.940	1.831.900	-195.960	-10,7%
Fellaskjól, Grundarfirði	369.548	466.900	-97.352	-20,9%
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	441.356	568.800	-127.444	-22,4%
Vesturhlíð, Reykjavík	47.280	82.900	-35.620	-43,0%
	415.824.316	**386.985.200**	**28.839.116**	**7,5%**

Stofnanir í rekstri á árinu 2003 og 2009.

Höfuðborgarsvæði og landsbyggð, raðað eftir hlutföllum.

KD	L/H		Fjárlög 2009	Ríkisreikn 2009	Fjárlög 2008	Ríkisreikn 2008
Höfuðborgarsvæðið						
SV	H	St. Jósefsspítali, Sólvangur	1.469.500	1.512.966	1.363.500	1.637.454
RVK	H	Múlabær, Reykjavík	78.600	72.693	59.900	69.057
RVK	H	Fríðuhús, Reykjavík	39.100	39.660	32.000	36.595
SV	H	Sunnuhlíð, Kópavogi	557.600	560.117	504.200	566.194
RVK	H		52.600	51.329	42.500	47.205
RVK	H	Landspítali	35.553.800	38.975.695	35.565.500	40.626.114
RVK	H	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	656.600	667.700	602.200	661.000
RVK	H	Hjúkrunarheimilið Eir	1.336.700	1.380.511	1.193.600	1.357.164
RVK	H	Sóltún, Reykjavík	993.000	1.025.226	894.500	1.008.081
RVK	H	Lindargata, Reykjavík	47.300	46.568	39.500	42.388
RVK	H	Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	95.200	87.173	92.100	111.652
RVK	H	Hjúkrunarheimilið Skógarbæ	621.500	640.956	563.200	616.950
RVK	H	Hjúkrunarheimilið Skjól	786.300	791.087	702.400	797.745
SV	H	Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.352.900	1.387.000	1.236.900	1.349.100
RVK	H	Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	577.100	596.586	549.400	625.571
SV	H	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	108.400	111.100	98.800	105.500
SV	H	Holtsbúð, Garðabæ	319.700	315.530	276.100	301.325
SV	H	Hrafnista, Hafnarfirði	1.379.400	1.377.641	1.253.300	1.365.124
RVK	H	Sjálfsbjörg, hjúkrunar-og endurhæfingarstofnun	457.400	465.900	407.600	434.900
SV	H	Vistheimilið Bjarg	55.100	55.800	49.200	51.600
RVK	H	Grund, Reykjavík	1.470.300	1.428.977	1.321.900	1.381.484
SV	H	Hlaðgerðarkot	85.800	86.300	78.300	79.700
RVK	H	Heilsugæslustöðin Lágmúla	156.300	162.900	142.500	147.500
RVK	H	Seljahlíð, Reykjavík	153.700	158.872	183.700	178.813
RVK	H	Hrafnista, Reykjavík	1.904.000	1.679.676	1.865.400	1.761.274
RVK	H	Læknavaktin	284.800	279.200	246.400	254.000
RVK	H	Vesturhlíð, Reykjavík	15.000	4.993	13.000	6.956
Landsbyggðin						
NA	L	Heilbrigðisstofnun Austurlands	2.112.600	2.281.039	1.761.900	2.260.152
S	L	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.824.400	1.899.459	1.609.800	1.884.786
NA	L	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	126.800	137.120	118.200	135.438
NA	L	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	1.013.100	1.013.639	907.100	1.008.694
S	L	Hjallatún, Vík	103.300	102.834	86.200	105.438
S	L	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	702.500	725.513	640.300	746.316
NA	L	Sjúkrahúsið á Akureyri	4.497.500	4.725.093	4.264.000	4.766.926
NV	L	Höfði, Akranesi	457.300	457.765	402.400	463.033
S	L	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	228.300	215.972	214.100	224.425
S	L	Garðvangur, Garði	290.400	288.695	257.200	285.094
NV	L	Barmahlíð, Reykhólum	104.700	108.170	90.500	99.757
NV	L	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	280.800	274.062	225.800	241.190
NA	L	Dalbær, Dalvík	247.100	252.714	212.900	237.194
NV	L	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	278.600	283.010	241.700	268.858
NA	L	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	164.400	156.807	140.900	149.050
S	L	Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	555.100	562.800	500.400	525.500
NA	L	Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	478.800	483.800	438.200	470.400
S	L	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	266.200	253.217	238.300	246.158
NA	L	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	182.600	181.638	168.800	163.104
NV	L	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	102.400	100.156	87.800	90.762
S	L	Samningur við Svf. Hornafjörð um öldrunarþjónustu	209.000	205.220	215.800	241.255
NA	L	Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	1.369.300	1.312.337	1.286.600	1.262.928
S	L	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	681.200	620.190	582.200	557.355
S	L	Kumbaravogur, Stokkseyri	317.700	267.750	295.500	295.196
S	L	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	131.700	89.771	123.300	110.954
NV	L	Fellsendi, Búðardal	190.800	185.220	170.900	175.789
NV	L	Jaðar, Ólafsvík	88.500	68.735	72.800	67.267
NV	L	Fellaskjól, Grundarfirði	82.600	64.804	79.600	73.043
NA	L	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	103.100	79.473	96.800	92.289

Framhald	Fjárlög 2007	Ríkisreikn 2007	Fjárlög 2006	Ríkisreikn 2006	Fjárlög 2005	Ríkisreikn 2005
Höfuðborgarsvæðið:						
St. Jósefsspítali, Sólvangur	1.120.200	1.444.646	666.400	1.271.146	609.200	715.720
Múlabær, Reykjavík	58.000	66.225	52.600	62.979	49.900	59.596
Fríðuhús, Reykjavík	31.000	34.121	28.100	31.690	26.700	29.775
Sunnuhlíð, Kópavogi	470.400	511.642	401.600	463.540	381.300	409.760
	41.100	45.691	37.300	41.928	35.400	39.995
Landspítali	32.939.900	35.899.856	29.767.200	32.255.858	27.749.000	29.100.434
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	576.200	657.248	507.300	516.976	471.300	509.400
Hjúkrunarheimilið Eir	1.131.700	1.208.103	979.800	1.053.345	925.400	937.216
Sóltún, Reykjavík	819.700	909.830	783.900	924.853	734.800	709.414
Lindargata, Reykjavík	38.300	40.378	34.700	37.863	32.900	35.655
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	74.600	77.924	67.600	72.721	64.200	67.862
Hjúkrunarheimilið Skógarbæ	549.400	570.840	465.800	507.789	442.300	461.825
Hjúkrunarheimilið Skjól	688.600	729.999	591.200	633.966	537.700	563.720
Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.196.500	1.262.479	1.079.800	1.108.600	971.400	1.034.400
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	536.600	584.913	452.600	464.591	432.400	374.728
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	95.400	96.300	86.800	88.900	81.000	82.600
Holtsbúð, Garðabæ	251.700	255.211	213.200	225.741	201.300	199.174
Hrafnista, Hafnarfirði	1.170.000	1.187.676	997.000	1.080.634	933.400	942.428
Sjálfsbjörg, hjúkrunar-og endurhæfingarstofnun	403.200	395.800	375.100	372.600	355.200	352.300
Vistheimilið Bjarg	47.600	47.800	42.200	43.400	40.100	40.600
Grund, Reykjavík	1.305.300	1.281.651	1.119.900	1.121.258	1.051.100	1.041.121
Hlaðgerðarkot	75.800	75.800	69.900	69.900	65.600	66.900
Heilsugæslustöðin Lágmúla	148.900	141.483	140.700	126.542	132.700	118.300
Seljahlíð, Reykjavík	207.500	180.606	178.400	197.346	167.700	162.931
Hrafnista, Reykjavík	1.830.500	1.649.151	1.593.000	1.539.877	1.537.400	1.388.767
Læknavaktin	296.100	247.600	282.200	239.100	267.700	211.100
Vesturhlíð, Reykjavík	12.600	6.780	11.400	6.436	10.800	5.962
Landsbyggðin:						
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1.661.800	1.995.408	1.481.400	1.695.838	1.388.800	1.603.218
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.367.800	1.546.298	1.225.700	1.384.823	1.128.500	1.270.600
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	105.400	122.697	92.800	119.271	90.500	96.605
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	832.300	942.133	751.000	850.407	710.000	807.442
Hjallatún, Vík	86.300	87.018	69.800	80.333	66.400	68.939
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	618.500	653.105	558.100	591.640	516.100	547.900
Sjúkrahúsið á Akureyri	3.836.800	4.328.292	3.549.900	3.873.630	3.315.000	3.467.800
Höfði, Akranesi	370.300	386.578	306.300	351.598	294.500	327.224
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	182.700	201.624	150.900	185.780	142.500	148.719
Garðvangur, Garði	245.400	264.205	224.600	259.214	210.700	216.611
Barmahlíð, Reykhólum	79.800	86.630	69.700	75.855	67.000	68.616
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	199.300	209.389	175.300	200.854	170.700	175.710
Dalbær, Dalvík	208.800	223.058	182.800	192.678	172.900	170.654
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	226.700	229.821	203.100	211.165	191.300	195.314
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	121.900	129.566	104.700	128.481	99.500	101.246
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	473.000	476.969	420.500	426.700	397.800	408.700
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	450.400	444.600	424.900	413.308	401.700	381.200
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	235.200	230.897	190.900	212.047	178.300	167.939
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	150.700	151.771	133.000	141.277	125.800	123.067
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	86.400	87.899	74.200	76.501	68.300	67.314
Samningur við Svf. Hornafjörð um öldrunarþjónustu	255.300	215.679	220.800	221.642	212.700	206.848
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	1.226.600	1.184.132	963.100	948.692	883.100	836.439
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	532.600	506.619	465.700	481.524	441.400	434.193
Kumbaravogur, Stokkseyri	300.600	266.729	264.100	254.336	254.500	229.017
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	112.300	103.490	98.000	105.012	91.500	87.862
Fellsendi, Búðardal	155.300	114.828	138.900	96.349	96.900	79.921
Jaðar, Ólafsvík	74.500	64.599	66.100	57.699	52.500	52.642
Fellaskjól, Grundarfirði	77.400	66.392	65.900	52.037	64.500	43.952
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	96.900	83.437	87.200	71.412	83.200	43.272

Framhald	**Fjárlög 2004**	**Ríkisreikn 2004**	**Fjárlög 2003**	**Ríkisreikn 2003**
Höfuðborgarsvæðið:				
St. Jósefsspítali, Sólvangur	588.400	679.653	566.700	636.270
Múlabær, Reykjavík	46.800	56.788	45.500	52.545
Fríðuhús, Reykjavík	25.000	28.361	24.300	26.779
Sunnuhlíð, Kópavogi	356.000	402.895	336.600	381.309
	33.200	38.159	32.300	35.890
Landspítali	26.255.900	27.902.626	25.358.700	27.636.839
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	453.500	482.200	399.600	468.912
Hjúkrunarheimilið Eir	833.100	879.735	586.700	620.312
Sóltún, Reykjavík	706.500	709.955	679.000	675.713
Lindargata, Reykjavík	30.900	33.759	30.000	31.402
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	60.300	65.068	58.600	59.051
Hjúkrunarheimilið Skógarbæ	417.800	426.802	387.800	413.968
Hjúkrunarheimilið Skjól	502.600	534.643	503.500	497.428
Reykjalundur, Mosfellsbæ	903.800	936.700	868.500	922.100
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	333.100	355.335	307.700	343.368
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	72.300	84.700	69.800	69.900
Holtsbúð, Garðabæ	187.400	181.472	122.600	160.329
Hrafnista, Hafnarfirði	872.400	895.154	672.400	704.249
Sjálfsbjörg, hjúkrunar-og endurhæfingarstofnun	316.900	310.400	300.400	338.200
Vistheimilið Bjarg	37.700	38.300	36.600	36.600
Grund, Reykjavík	1.007.500	996.094	780.500	858.013
Hlaðgerðarkot	63.600	63.600	61.800	61.800
Heilsugæslustöðin Lágmúla	122.800	114.400	107.300	112.360
Seljahlíð, Reykjavík	186.900	161.175	128.800	127.192
Hrafnista, Reykjavík	1.312.300	1.156.026	820.400	859.429
Læknavaktin	258.100	209.700	196.600	195.240
Vesturhlíð, Reykjavík	10.200	6.565	9.900	9.588
Landsbyggðin:				
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1.236.900	1.420.211	1.140.900	1.376.645
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.046.800	1.250.679	949.600	1.107.960
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	82.700	85.858	55.900	56.177
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	669.100	763.958	615.900	736.613
Hjallatún, Vík	62.900	70.946	44.800	53.099
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	491.200	527.959	460.500	527.307
Sjúkrahúsið á Akureyri	3.142.400	3.230.191	2.864.000	3.102.273
Höfði, Akranesi	275.600	283.718	183.600	198.385
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	137.400	146.212	99.500	120.016
Garðvangur, Garði	197.800	210.834	187.400	209.442
Barmahlíð, Reykhólum	61.600	63.552	51.400	57.196
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	157.900	168.441	84.300	91.834
Dalbær, Dalvík	159.700	160.909	107.000	113.771
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	185.100	192.287	173.200	188.310
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	95.500	94.534	75.400	79.457
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	390.700	432.400	369.800	405.200
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	374.100	365.400	310.200	361.102
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	155.800	157.555	110.600	117.413
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	117.600	119.974	88.900	93.145
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	63.300	60.187	41.200	41.183
Samningur við Svf. Hornafjörð um öldrunarþjónustu	199.600	213.227	161.700	169.081
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	679.200	748.043	494.900	518.347
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	410.800	416.210	261.700	260.285
Kumbaravogur, Stokkseyri	238.900	216.953	174.900	183.257
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	85.000	85.222	68.400	73.309
Fellsendi, Búðardal	75.800	75.883	55.900	72.595
Jaðar, Ólafsvík	49.800	45.807	20.800	26.019
Fellaskjól, Grundarfirði	56.700	40.661	40.200	28.659
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	71.000	35.104	30.600	36.369

Framhald	**Ríkisreikn 2003–2009**	**Fjárlög 2003–2009**	**Frávik í fjárh.**	**Frávik %**
St. Jósefsspítali, Sólvangur	7.897.855	6.383.900	1.513.955	23,7%
Múlabær, Reykjavík	439.883	391.300	48.583	12,4%
Fríðuhús, Reykjavík	226.981	206.200	20.781	10,1%
Sunnuhlíð, Kópavogi	3.295.457	3.007.700	287.757	9,6%
	300.197	274.400	25.797	9,4%
Landspítali	232.397.422	213.190.000	19.207.422	9,0%
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	3.963.436	3.666.700	296.736	8,1%
Hjúkrunarheimilið Eir	7.436.386	6.987.000	449.386	6,4%
Sóltún, Reykjavík	5.963.072	5.611.400	351.672	6,3%
Lindargata, Reykjavík	268.013	253.600	14.413	5,7%
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	541.451	512.600	28.851	5,6%
Hjúkrunarheimilið Skógarbæ	3.639.130	3.447.800	191.330	5,5%
Hjúkrunarheimilið Skjól	4.548.588	4.312.300	236.288	5,5%
Reykjalundur, Mosfellsbæ	8.000.379	7.609.800	390.579	5,1%
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	3.345.092	3.188.900	156.192	4,9%
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	639.000	612.500	26.500	4,3%
Holtsbúð, Garðabæ	1.638.782	1.572.000	66.782	4,2%
Hrafnista, Hafnarfirði	7.552.906	7.277.900	275.006	3,8%
Sjálfsbjörg, hjúkrunar-og endurhæfingarstofnun	2.670.100	2.615.800	54.300	2,1%
Vistheimilið Bjarg	314.100	308.500	5.600	1,8%
Grund, Reykjavík	8.108.598	8.056.500	52.098	0,6%
Hlaðgerðarkot	504.000	500.800	3.200	0,6%
Heilsugæslustöðin Lágmúla	923.485	951.200	-27.715	-2,9%
Seljahlíð, Reykjavík	1.166.935	1.206.700	-39.765	-3,3%
Hrafnista, Reykjavík	10.034.200	10.863.000	-828.800	-7,6%
Læknavaktin	1.635.940	1.831.900	-195.960	-10,7%
Vesturhlíð, Reykjavík	47.280	82.900	-35.620	-43,0%
Höfuðborgarsvæðið samtals	**317.498.668**	**294.923.300**	**22.575.368**	**7,7%**
Heilbrigðisstofnun Austurlands	12.632.511	10.784.300	1.848.211	17,1%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	10.344.605	9.152.600	1.192.005	13,0%
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	753.166	672.300	80.866	12,0%
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	6.122.886	5.498.500	624.386	11,4%
Hjallatún, Vík	568.607	519.700	48.907	9,4%
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	4.319.740	3.987.200	332.540	8,3%
Sjúkrahúsið á Akureyri	27.494.205	25.469.600	2.024.605	7,9%
Höfði, Akranesi	2.468.301	2.290.000	178.301	7,8%
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	1.242.748	1.155.400	87.348	7,6%
Garðvangur, Garði	1.734.095	1.613.500	120.595	7,5%
Barmahlíð, Reykhólum	559.776	524.700	35.076	6,7%
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	1.361.480	1.294.100	67.380	5,2%
Dalbær, Dalvík	1.350.978	1.291.200	59.778	4,6%
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	1.568.765	1.499.700	69.065	4,6%
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	839.141	802.300	36.841	4,6%
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	3.238.269	3.107.300	130.969	4,2%
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	2.919.810	2.878.300	41.510	1,4%
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	1.385.226	1.375.300	9.926	0,7%
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	973.976	967.400	6.576	0,7%
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	524.002	523.600	402	0,1%
Samningur við Svf. Hornafjörð um öldrunarþjónustu	1.472.952	1.474.900	-1.948	-0,1%
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	6.810.918	6.902.800	-91.882	-1,3%
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	3.276.376	3.375.600	-99.224	-2,9%
Kumbaravogur, Stokkseyri	1.713.238	1.846.200	-132.962	-7,2%
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	655.620	710.200	-54.580	-7,7%
Fellsendi, Búðardal	800.585	884.500	-83.915	-9,5%
Jaðar, Ólafsvík	382.768	425.000	-42.232	-9,9%
Fellaskjól, Grundarfirði	369.548	466.900	-97.352	-20,9%
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	441.356	568.800	-127.444	-22,4%
Landsbyggðin samtals	**98.325.648**	**92.061.900**	**6.263.748**	**6,8%**
	415.824.316	**386.985.200**	**28.839.116**	**7,5%**

Fylgiskjal XVI.

Álit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2011 (10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar, dags. 21. október 2010. Nefndin fékk á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Ingilín Kristmannsdóttur og Hermann Sæmundsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Gerðu gestirnir grein fyrir þeim liðum fjárlagafrumvarpsins sem snúa að ráðuneytinu.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá vormánuðum 2009 er m.a. sett fram sú stefna er varðar ríkisfjármálin að jöfnuði verði náð í rekstrarafkomu ríkisins eigi síðar en árið 2013. Er sú stefna sett fram í skugga mikils verðfalls og eyðingar peningalegra verðmæta og löskunar efnahagslífs þjóðarinnar sem átti rætur sínar að rekja til falls íslensku bankanna haustið 2008. Í því skyni að takmarka tjón ríkissjóðs og draga úr áhrifum bankahrunsins á komandi kynslóðir er þannig stefnt að því að stöðva hallarekstur og skuldasöfnun ríkisins svo ríkisstarfsemin verði aftur sjálfbær. Er það mat höfunda frumvarpsins að gangi ríkisfjármálastefnan upp verði að fáeinum árum liðnum unnt að verja rekstrarafgangi ríkisins til þess að grynnka á skuldum ríkissjóðs. Í takt við framangreint voru við gerð fjárlagafrumvarpsins sett ákveðin markmið um samdrátt í rekstrarútgjöldum ríkissjóðs árið 2011. Fela téð markmið nánar tiltekið í sér að ná fram 9% lækkun á veltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% lækkun á veltu hjá háskólum og 5% hjá framhaldsskólum, heilbrigðisstofnunum, stofnunum fyrir fatlaða og lögregluembættum.

Nefndin vekur athygli á því að þeir málaflokkar sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið urðu fyrir miklum niðurskurði á yfirstandandi ári og eru áfram þeir málaflokkar sem verða fyrir einna mestum niðurskurði. Því er nauðsynlegt að vanda vel til verka og tryggja eins og framast er unnt að þjónusta skerðist sem minnst. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs liggur fyrir að hann hefur ekki bolmagn til að standa undir áframhaldandi uppbyggingu í samgöngumálum og því er óhjákvæmilegt að hægja verulega á nýframkvæmdum. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að fjármagn verði áfram veitt til að viðhalda samgöngumannvirkjum. Telur nefndin sérstaklega mikilvægt að við útfærslu stjórnsýsluverkefna á málefnasviði ráðuneytisins verði horfa til öryggis íbúa og aðgengis þeirra að nauðsynlegri grunnþjónustu. Þá vill nefndin árétta það sjónarmið að gætt sé jafnræðis við niðurskurð á rekstrarfé stofnana.

Fram kom á fundi nefndarinnar að heildarútgjöld samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins árið 2011 eru áætluð 40.586,2 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 6.844,4 m.kr. en þær nema 16,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 33.741,8 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 16.725,7 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 16.941,7 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 75 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs. Í frumvarpinu dragast útgjöld samgöngu- og sveitarstjónarráðuneytisins saman um 6.603,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2010.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 7.262,7 m.kr. og lækka því um 572,4 m.kr. Í frumvarpsumfjöllun kemur fram að rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið séu lækkaðar vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Fram kemur að lækkunin hjá ráðuneytinu nemi 9% af rekstrarveltu að raungildi og þrátt fyrir að markmiðið hafi verið sett miðað við veltu þá sé það útfært eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1.717,6 m.kr. og verða 14.734,7 m.kr. en eru 16.452,3 m.kr. í fjárlögum síðasta árs. Gert er ráð fyrir að viðhalds- og stofnkostnaður verði 11.744,4 m.kr. og er það 3.823,3 m.kr. lækkun milli ára til þess að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum en sett var markmið um 10% lækkun. Þar vegur þyngst 3 ma.kr. lækkun á framlagi til vegaframkvæmda. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í viðhalds- og stofnkostnaði sem samtals nema 5,8 m.kr. Nefndin áréttar þá áherslu sem hún lagði á síðasta ári á mikilvægi þess að við skipulag þjónustu í ljósi niðurskurðar, svo sem við snjómokstur, verði leitast við að tryggja greiðar og öruggar samgöngur. Skuldbindandi samningar sem ráðuneytið hefur gert nema um 4.474,3 m.kr. á yfirstandandi ári. Samtals munu samningarnir því nema um 10,3% af heildarútgjöldum ráðuneytisins á næsta ári.

Samkvæmt lögum nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, verða samgönguneyti og dóms- og mannréttindamálaráðuneyti sameinuð í eitt ráðuneyti, innanríkisráðuneyti, frá og með 1. janúar 2011. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2011 tekur ekki mið af þeirri breytingu og því þarf að flytja breytingartillögu við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins til að sameina framangreinda fjárlagaliði.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir framangreindu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands er gert ráð fyrir að fækkun starfsmanna vegna sameiningar ráðuneyta geti orðið nálægt 10% af núverandi starfsmannafjölda allra ráðuneyta stjórnarráðsins. Er áætlað að við það lækki launakostnað um 160 m.kr. á ári. Nefndin leggur áherslu á að allra leiða verði leitað til að tryggja að kostnaðarauki hljótist ekki af breytingunum og að niðurstaðan verði skilvirkari og hagkvæmari stjórnsýsla fyrir almenning og ríkissjóð.

Meiri hlutinn bendir á að samkvæmt frumvarpinu er ráðgert að framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lækki um sem nemur um 1.906 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist fyrst og fremst af áformum stjórnvalda um lækkun ríkisútgjalda. Kemur téð lækkun að stærstum hluta fram sem lækkun á sérstökum viðbótarframlögum til sjóðsins. Þess má geta að samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2010 var gert ráð fyrir að framlög til Jöfnunarsjóðsins næmu 11.653 m.kr. en við afgreiðslu málsins á Alþingis var sú tala fjárhæð hækkuð í 13.645 m.kr. í þeim tilgangi að mæta hækkun launakostnaðar sveitarfélaga og hliðaráhrifum skattkerfisbreytinga. Kom stærstur hluti hækkunarinnar fram í aukningu á sérstökum viðbótarframlögum til sjóðsins. Mat nefndarinnar er að eðli viðbótarframlaganna sé slíkt að koma verði til móts við óskir sveitarfélaga um að draga úr lækkun þeirra. Nú rúmum tveimur árum frá falli íslensku bankanna hefur fjárhagsstaða sveitarfélaganna síst af öllu batnað og er það verulegt efni til áhyggna að mati nefndarinnar. Telur nefndin að þeim markmiðum sjóðsins, að bæta sveitarfélögum upp lágar tekjur í samanburði við sambærileg sveitarfélög og jafna aðstöðu sveitarfélaga vegna mismikilla verkefna, verði vart náð nema auknum framlögum verði ráðstafað til þeirra sveitarfélaga sem búa við hvað veikasta fjárhagslega stöðu, þ.e. sé von til þess að framlagið verði til þess að koma þeim á réttan kjöl. Má benda á í þessu sambandi að aukin fjárhagsleg umsvif margra sveitarfélaga á meðan góðæri ríkti leiddu ekki endilega til aukinnar og betri þjónustu fyrir íbúa heldur var framtíðartekjum ráðstafað til uppbyggingar sem ekki er fyrirsjáanlegt að skili tekjuaukningu í náinni framtíð. Nefndin telur

engu að síður sérstakt tilefni til þess að fagna þeim merka árangri sem náðst hefur varðandi tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma tilfærslu þjónustu við fatlaða var undirritað hinn 6. júlí sl. og er fjárhagslegur grundvöllur þeirra verkefna því væntanlega tryggður.

Í kjölfar falls íslensku bankanna versnaði afkoma ríkissjóðs m.a. í ljósi útgjaldaaukningar vegna húsaleigubóta. Á árinu 2010 hækkuðu tilfærsluframlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um rúmar 640 m.kr. vegna stigvaxandi útgjalda við húsaleigubætur sveitarfélaga. Samkvæmt því sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er gert ráð fyrir því að ríkið taki áfram þátt í að fjármagna slíkar bætur. Þá kemur fram að horfur séu á að kostnaður í tengslum við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá apríl 2008 aukist um 556 m.kr en á er móti nefnt að gert sé ráð fyrir því að gripið verði til aðhaldsráðstafana sem leiði til þess að framlagið geti verið óbreytt frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2010. Alþingi hefur komið því til leiðar að tekjur einstaklinga við útgreiðslur úr séreignarsjóðum skerða ekki húsaleigubætur. Er það hluti af aðgerðum hennar til að koma á betra jafnvægi á skulda- og eignastöðu, greiðslugetu og fjárskuldbindingu einstaklinga. Verulegar breytingar hafa orðið á hlutverki sveitarfélaga á sviði húsnæðismála undanfarna tvo áratugi. Þróunin hefur aðallega verið í þá átt að fækka félagslegum íbúðum í eigu sveitarfélaga en í staðinn hefur einstaklingsbundinn stuðningur í húsnæðismálum færst yfir í húsaleigubætur. Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hafa heildarútgjöld vegna húsaleigubóta hækkað verulega frá upphafi. Árið 1995 námu þau 0,2 ma.kr. á verðlagi þess árs. Árið 2007 námu þau 1,5 ma.kr. en 2,2 ma.kr. árið 2008. Útgjöldin hafa áfram hækkað og árið 2010 er gert ráð fyrir að þau verði 4,4 ma.kr. Markmið húsaleigubótakerfisins er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum. Því er ljóst að húsaleigubótum er ætlað að nýtast þeim best sem lægst hafa launin og lökust kjörin. Sé litið m.a. til spáa fagaðila hvað varðar kaupmátt ráðstöfunartekna og stig atvinnuleysis er ekkert sem bendir til annars en að tekjulágt fólk muni áfram þurfa á leiguhúsnæði að halda eins og verið hefur. Af framangreindum sökum telur nefndin að ekki verði hjá því komist að auka framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá því sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu.

Nefndin bendir á að samkvæmt þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar 2010 til 2011 er áætlað að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra leggi á 139. löggjafarþingi fram frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum. Meðal þeirra meginsjónarmiða sem lágu til grundvallar endurskoðun laganna eru að sveitarfélögin þurfi að eflast frekar og öðlast þá stöðu að geta staðið faglega og rekstrarlega á eigin fótum. Er í því skyni m.a. áætlað að leggja til breytingar á reglum um fjármál sveitarfélaga og eftirliti með því. Væntir nefndin þess að í slíku frumvarpi felist að stjórnvöldum verði falið að koma að koma að úrlausn þeirra álitamála er upp kunna að koma varðandi fjárhag sveitarfélaga.

Það er ljóst að á komandi missirum verður enn frekari niðurskurður sem verður mörgum erfiður. Nefndin ítrekar því að lokum mikilvægi þess að við niðurskurð verði lögð áhersla á að styrkja og efla grunnþjónustu við íbúa landsins ásamt þeim þáttum sem líklegir eru til að tryggja öryggi, skapa atvinnu, spara gjaldeyri og auka gjaldeyristekjur.

Björn Valur Gíslason, Ásbjörn Óttarsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson skrifa undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 15. nóvember 2010.

Björn Valur Gíslason, form., með fyrirvara,
Róbert Marshall,
Guðmundur Steingrímsson,
Lilja Rafney Magnúsdóttir,
Ásbjörn Óttarsson, með fyrirvara,
Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Sigmundur Ernir Rúnarsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal XVII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010. Nefndin hefur fengið á sinn fund Ingu Ósk Jónsdóttur og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti.

Heildarútgjöld iðnaðarráðuneytisins árið 2011 eru áætluð 5.501,8 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 773,1 m.kr. sem nema 14% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.728,7 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.672,5 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 56,2 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Útgjöld iðnaðarráðuneytisins dragast saman um 1.145,5 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2010. Eins og fram kemur í frumvarpinu má segja að breytingum á útgjöldum megi skipta í þrennt. Í fyrsta lagi eru gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 454 m.kr. í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi falla til nokkrar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem nema 43,5 m.kr. Í þriðja lagi falla niður ýmis tímabundin framlög að fjárhæð 644 m.kr.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að nefndinni. Gert er ráð fyrir því að fjárheimild liðanna 11-299-1.50 Nýsköpun og markaðsmál og 11-599-1.90 falli niður vegna hagræðingar í ríkisútgjöldum. Gert er ráð fyrir því að samkeppnissjóðir á vegum iðnaðarráðuneytisins verði hinn faglegi vettvangur fyrir styrkúthlutanir sem þessar. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 eru framlög til allra safnliða lækkuð um 34,5%. Meiri hlutinn vill vekja sérstaka athygli á því að Iðnaðarráðuneytið er eina ráðuneytið sem gerir tillögu um niðurfellingu safnliða þar sem skoðun ráðuneytisins á styrkúthlutunum frá ýmsum sjóðum á vegum ráðuneytisins leiddi í ljós að verkefni sem fengu úthlutanir af safnliðum voru í flestum tilfellum einnig að fá úthlutanir

úr samkeppnissjóðum. Iðnaðarráðuneytinu var gert að skera niður um 454 m..kr. á fjárlögum ársins 2011. Með því að fella niður safnliði með fjárheimildum upp á 79,5 m.kr. var ætlun ráðuneytisins að verja samkeppnissjóðina fyrir niðurskurði. Þessir samkeppnissjóðir eru tækniþróunarsjóður, átak til nýsköpunar, vaxtarsamningar, menningarsamningar og Impra – frumkvöðlastuðningur. Meiri hlutinn vill árétta að með þessari ákvörðun ráðuneytisins er skref stigið í átt til þess að færa styrkúthlutanir frá ráðuneytinu alfarið í vaxtar- og menningarsamninga. Tryggja þarf að úthlutun fjármuna verði byggð á faglegum forsendum, gagnsæi, svæðisbundnum þörfum og virku eftirliti með nýtingu fjármuna.

Iðnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um ýmis verkefni sem áætlað er að nemi samtals 392,5 m.kr. árið 2011. Ekki er gert ráð fyrir því að samningar um Háskólasetur Vestfjarða og Fræðslunet Austurlands, sem renna út á þessu ári, verða endurnýjaðir. Meiri hluti nefndarinnar vill benda á að fjármagn úr byggðaáætlun á fimm ára tímabili, árin 2006–2010, var nýtt til að hjálpa fyrrgreindum þekkingarsetrum við að stíga sín fyrstu skref. Fyrrgreind áætlun hafi verið í samræmi við eina af tuttugu og þremur aðgerðum sem ráðist var í að hrinda í framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 samkvæmt ályktun Alþingis frá 3. júní 2006. Þingsályktunin stefndi m.a. að því að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og bæta samkeppnisstöðu landsins með það að meginmarkmiði m.a. að styrkja menntunarlegt jafnræði með stóreflingu menntunar á landsbyggðinni. Var áskilið að téðu markmiði áætlunarinnar skyldi náð að stórum hluta í gegnum uppbyggingu háskóla- og þekkingarsetra. Frá upphafi var gert ráð fyrir því að fyrrgreindar stofnanir nýttu þennan fimm ára samningstíma til að tryggja framtíðarfjármögnun fyrir starfsemina en að þeim tíma loknum yrði fjárveitingum hætt. Meiri hlutinn bendir á að iðnaðarráðuneytið gerði einungis tímabundna samninga við fyrrgreind þekkingarnet en ekki önnur sem starfrækt eru víða um land. Mennta- og menningarmálaráðuneytið var jafnframt aðili að þessum samningum og njóta þessar stofnanir framlaga samkvæmt sérstökum liðum fjárlaga undir því ráðuneyti eða um 104 m.kr. á fjárlögum ársins 2011. Meiri hlutinn vekur athygli á því með hliðsjón af yfirvofandi niðurskurði að mikilvægt er að standa vörð um starfsemi þekkingarsetra um land allt og hvetur til þess að samræmd stefna verði mörkuð um framlög til rekstrar þeirra. Meiri hlutinn beinir því til iðnaðarráðuneytisins að mikilvægt er að tryggja rekstrargrundvöll fyrrgreindra þekkingarsetra þar sem samningur sem gerður var við ráðuneytið rennur út um áramót en hefur ekki verið endurnýjaður. Í því sambandi áréttar meiri hlutinn að sé um að ræða verkefni sem tengjast nýsköpun og þróun þá geti Þekkingarnet Austurlands og Háskólasetur Vestfjarða sótt um fjármagn til þeirra úr viðeigandi samkeppnissjóðum en fyrrgreindar stofnanir fengu samtals 10,5 m.kr. úthlutað af vaxtarsamningum á árinu 2009.

Gert er ráð fyrir 81,7 m.kr. raunlækkun á fjárveitingum til Byggðastofnunar og skýrist sú lækkun af sparnaðaráætlunum stjórnvalda. Þá kemur fram að gert sé ráð fyrir 10,1 m.kr. lækkun á fjárveitingum til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni af þessum sökum. Þar sem hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni leggur meiri hlutinn áherslu á að þrátt fyrir almennan niðurskurð á fjárlögum ársins 2001 er brýnt að forgangsraða í þágu þeirra greina sem veitt geta samfélaginu viðspyrnu til nýrrar atvinnusóknar. Meiri hlutinn áréttar að nauðsynlegt er að fara vel yfir lánveitingar Byggðastofnunar í heild sinni sem og fjárstýringu hjá stofnuninni með það fyrir augum hvernig stofnunin geti sem best mætt áhættu vegna gengis, vaxta og fjármögnunar. Einnig vill meiri hlutinn benda á að rétt sé að taka til endurskoðunar þá löggjöf sem nú gildir um starfsemi Byggðastofnunar. Heildarfjárveiting til orkumála lækkar um 559 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Gert er ráð fyrir því að draga úr útgjöldum málaflokksins

sem nemur 232,2 m.kr. til að mæta markmiðum um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins. Fjárveiting á fjárlagalið 11-373 Niðurgreiðslur á húshitun, er 974 m.kr. ef halda á algjörlega óbreyttum niðurgreiðslum til raf- og olíuhitunar og er það 188,5 m.kr. lækkun frá síðustu fjárlögum eða 13,8%. Fjárveitingin skiptist á fimm verkefnaliði en í lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, er nánar mælt fyrir um úthlutun þessa fjár. Byggist lækkunin á aðhaldsaðgerðum sem ráðist verði í þar sem horft verði til sjónarmiða um bætta orkunýtni og orkusparnað, einföldun og forgangsröðun sem grundvallist á að hitun íbúðarhúsnæðis gangi fyrir. Iðnaðarráðuneytið á í viðræðum við sveitarfélög á köldum svæðum um að útfæra blandaða leið sem felur í sér lækkun á öllum verkefnaliðum. Hún byggist á því sjónarmiði að stuðla að bættri orkunýtni og orkusparnaði og eiga framlög til hitunar íbúðarhúsnæðis þar sem um er að ræða fasta búsetu að njóta forgangs. Meiri hlutinn tekur undir þessar viðræður ráðuneytisins og áréttar mikilvægi jöfnunar lífsskilyrða á Íslandi og ítrekar að mikilvægt sé að ráðuneytið leiti allra leiða til þess að mæta þeim aðilum sem búa við hvað mesta skerðingu varðandi niðurgreiðslur á húshitun.

Alþingi, 22. nóv. 2010.

Kristján Möller, form.,
Lilja Rafney Magnúsdóttir,
Lilja Mósesdóttir,
Sigmundur Ernir Rúnarsson, með fyrirvara,
Magnús Orri Schram,
Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal XVIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010. Nefndin hefur fengið á sinn fund Ingu Ósk Jónsdóttur og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti.

Heildarútgjöld iðnaðarráðuneytisins árið 2011 eru áætluð 5.501,8 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 773,1 m.kr. sem nema 14% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.728,7 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.672,5 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 56,2 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Útgjöld iðnaðarráðuneytisins dragast saman um 1.138,4 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2010.

Eins og fram kemur í frumvarpinu má segja að breytingum á útgjöldum megi skipta í þrennt. Í fyrsta lagi eru gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 346,9 m.kr. í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi falla til

nokkrar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem nema 43,5 m.kr. Í þriðja lagi falla niður ýmis tímabundin framlög að fjárhæð 791,5 m.kr.

Sparnaður frá fjárlögum 2010 nemur rúmum 1.138 m.kr. Þar munar mest um að samningsbundnum verkefnum er lokið. Þannig verður ekki lengur innheimt iðnaðarmálagjald (420 m.kr.), framlögum til djúpborunarverkefnisins við Leirhnjúk er lokið (162 m.kr.), framlög vegna Veðurstofu eru færð yfir til Umhverfisráðuneytis (98,6 m.kr.), framlögum vegna landgrunnsverkefni SÞ er lokið (57 m.kr.), samningum vegna háskólaseturs á Vestfjörðum og Fræðslunets Austfjarða er lokið (35,8 m.kr.), Norrænu verkefni er lokið (3 m.kr.) og samningi um framlög til markaðsstarfs og gestastofa er lokið (15,1 m.kr.).

Raunsparnaður vegna hagræðingar í ríkisrekstri er rétt tæpar 350 millj.kr. sem er um 5,9% sparnaður frá fjárlögum 2010 en ekki 19% eins og gefið er til kynna í fjárlagafrumvarpinu, sjá töflu.

Þrátt fyrir að flestir skilji nauðsyn þess að spara í ríkisrekstri er mikilvægt að það sé gert á þann hátt að ekki sé skemmt það sem vel hefur verið gert eða að niðurskurður bitni ekki á ósanngjarnan hátt á landsmönnum. Þannig er nauðsynlegt að fært verði til á milli viðfangsefna innan liðarins 11-373-1.98 Niðurgreiðslur á húshitun, þannig að ekki komi til þess að húshitunarkostnaður heimila á köldum svæðum hækki eða hækki framlögin ella. Þá er einnig mikilvægt að áfram verði stutt við nýveituframkvæmdir og að styrkir sem veittir eru vegna stofnunar nýrra hitaveitna á grundvelli laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðs verði hækkaðir. Samkvæmt núgildandi lögum nemur fjárhæð styrksins allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum á rafmagni en ákjósanlegt væri að hækka hann svo hann nemi 12 ára áætluðum niðurgreiðslum.

Nauðsynlegt er að ekki komi til þess að framlögum til Háskólaseturs á Vestfjörðum og Fræðslunets Austfjarða verði hætt. Verkefnin hafa sýnt og sannað að árangur fyrir atvinnu og atvinnulíf í fjórðungunum hefur verið mikill síðan samningurinn gekk í gildi og líklegt er að það mundi fljótlega leiða til meiri kostnaðar fyrir ríkið að draga sig út úr verkefnunum. Því er hér lagt til að framlögum til Háskólaseturs á Vestfjörðum og Fræðslunets Austfjarða verði ekki hætt.

Samkvæmt ráðuneytisstjóra iðnaðarráðuneytisins er talið að um 1.000 milljónir vanti inn í Byggðastofnun til að standast lögbundið lágmark um eigið fé. Þessu er ekki gerð grein fyrir í fjárlögum. Þannig þarf að bæta stofnuninni um 300 milljónir vegna afskrifta útlána og aðrar 700 milljónir vegna afskrifta sem ráðast þurfti í síðasta sumar vegna ákvörðunar sjávarútvegsráðherra Jóns Bjarnasonar um að gefa rækjuveiðar frjálsar – aðgerð sem orkar tvímælis hvort að standis lög. Mikilvægt er að útgjöld sem þegar er vitað að ríkissjóður standi frammi fyrir séu á fjárlögum. Það er í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, marg ítrekaðar ábendingar Ríkisendurskoðunar, góða starfshætti og gagnsægi.

Að teknu tillits til nauðsynlegs framlags til Byggðastofnunar (1.000 milljónir) og tillögu um að ekki verði skorin niður framlög til Fræðslunets Austurlands og Háskólaseturs á Vestfjörðum (35,8 milljónir) aukast raunútgjöld Iðnaðarráðuneytisins (að teknu tilliti til verkefna sem er lokið) um 688,9 í stað þess að raunsparnaður verði 346,9 milljónir króna eins og stefnt er að í fjárlagafrumvarpinu.

Alþingi, 17. nóvember 2010.

Tryggvi Þór Herbertsson,
Jón Gunnarsson.

Fylgiskjal XIX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010. Nefndin hefur fengið á sinn fund Ingu Ósk Jónsdóttur og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti.

Heildarútgjöld iðnaðarráðuneytisins árið 2011 eru áætluð 5.501,8 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 773,1 m.kr. sem nema 14% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.728,7 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.672,5 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 56,2 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að nefndinni. 2. minni hluti iðnaðarnefndar getur ekki tekið undir álit meiri hlutans og telur að lækkun fjármuna til Háskólaseturs Vestfjarða og Fræðslunets Austurlands hafi neikvæð áhrif á verkefnin og svæðin í heild nema menntamálaráðuneytið bæti upp það sem iðnaðarráðuneytið tekur út í frumvarpi þessu. Jafnvel má fullyrða að grundvelli þessara verkefna sé stefnt í hættu. Svo virðist sem ráðuneyti menntamála og iðnaðaráðuneyti hafi ekki sameiginlega sýn með þessi verkefni.

Annar minni hluti telur að fyrirhuguð lækkun á framlagi til niðurgreiðslu húshitunar geti m.a. haft þær afleiðingar að það dregst að hitaveituvæða þau svæði sem eftir eru og þar sem hagkvæmt er að gera slíkt. Það er óhagkvæmt fyrir alla aðila því hitaveita er miklu hagkvæmari til lengri tíma og sparar þannig öllum fjármuni. Þá er augljóst að verði minna niðurgreitt af orkunotkun þýðir það kjaraskerðingu fyrir þau heimili og fyrirtæki sem njóta niðurgreiðslu. Með þessu er aukið á mismun í samfélaginu milli heitra svæða og kaldra sem nógur er fyrir.

Þá gagnrýnir 2. minni hluti þá ráðstöfun að fella niður fjárheimild liðanna 11-299-1.50 og 11-599-1.90. Svo og virðist sem iðnaðarráðuneytið sé eina ráðuneytið sem grípur til slíkra aðgerða og nær með því stórum hluta niðurskurðar ráðuneytisins. Þær 79,5 m.kr. sem teknar eru af safnliðum virðast ekki hækka aðra sambærilega liði s.s. sjóði sem veita fé í hin ýmsu verkefni. Þetta er mjög sérstakt í ljósi þess að önnur ráðuneyti fara ekki þessa leið, mörg þörf verkefni hafa fengið fjármögnun í gegnum iðnaðarnefnd og ljóst að samræming er engin milli ráðuneyta og nefnda varðandi þessi mál.

Á árinu 2010 var varið 400 m.kr. í markaðssetningu Íslands vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Meðal þess sem ráðist var í er verkefnið „Inspired by Iceland“. Fullyrða má að Eyjafjallajökull hafi athygli á Íslandi og tekist hafi að snúa vörn í sókn með því að nýta athyglina. Mikil tækifæri eru í því að halda áfram á sömu braut og nýta meðbyrinn. Stjórnvöld virðast hins vegar ekki ætla að nýta hann þar sem 400 m.kr. framlagið er skorið af ásamt 100 m.kr. til viðbótar. 2. minni hluta þykir það afar undarleg ráðstöfun þegar tækifæri er að fylgja eftir athyglinni sem landið hefur fengið og tryggja þannig auknar gjaldeyrisstekjur af ferðamönnum.

Byggðastofnun hefur fengið aukningu á eigin fé vegna þess taps sem stofnunin hefur orðið fyrir enda ríkisstofnun sem vinnur samkvæmt. lögum og stefnu ríkisvaldsins. Ef um hlutafélag væri að ræða hefði þurft að auka hlutafé eða fara í þrot. Rekstur Byggðastofnunar er skorinn niður um 81 m.kr. og vísað til taps á rekstri lánasviðs stofnunarinnar sem gert er að standa undir þeim rekstri. Byggðastofnun er í eðli sínu áhættulánastofnun og ekki óeðlilegt að áhætta af verkefnum sé meiri en hjá öðrum enda spila önnur atriði inn í lánamatið svo sem byggðasjónarmið, atvinnusjónarmið o.fl. Stofnunin hefur trúlega um tvo kosti að velja til að mæta þessum niðurskurði, annars vegar að minnka umsvif með fækkun starfsfólks eða hins vegar að hækka vexti til að standa undir rekstrinum. Hvorugt er í raun gott þar sem full þörf er á öflugu lánasviði og fjármunum á kjörum sem gagnast þeim sem stofnunin á að þjóna. Mikilvægt er að ríkisvaldið sé á hverjum tíma með skýra stefnu í byggðamálum en slíkt skortir algjörlega. Líkt og aðrar lánastofnanir hefur Byggðastofnun þurft að afskrifa töluvert af útlánum og nemur afskrift stofnunarinnar um 300 m.kr. Þá hefur komið fram að vegna ákvörðunar landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra um að gefa rækjuveiðar frjálsar þarf stofnunin að afskrifa um 700 m.kr. Ákvörðunin ber vott um skort á yfirsýn og mati á afleiðingum stjórnvaldsákvarðana. Fram hefur komið að leggja þarf stofnuninni til aukið eigið fé sem nemur um milljarði króna. Ekki virðist gert ráð fyrir þeim fjármunum í frumvarpinu og er það ámælisvert.

Alþingi, 19. nóvember 2010.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Fylgiskjal XX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti).

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Viðskiptanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 19. október 2009. Eftirtaldir gestir komu á fund nefndarinnar: Helga Óskarsdóttir og Þóra Hjaltested frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Borghildur Erlingsdóttir frá Einkaleyfastofu, Gunnar Þ. Andersen, Ragnar Hafliðason og Þorsteinn Marinósson frá Fjármálaeftirliti og Páll Gunnar Pálsson og Rögnvaldur J. Sæmundsson frá Samkeppniseftirliti.

Heildargjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 3.296,8 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 92,5 m.kr. sem nema 2,8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.204,3 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.280,5 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.923,8 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Samkvæmt frumvarpinu aukast útgjöld ráðuneytisins um 135,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2010 en með tilliti til áhrifa almennra verðlags- og gengisbreytinga hækka útgjöldin 146,5 m.kr. milli ára, þ.e. 4,8%. Breytingum útgjalda má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er um

að ræða ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 228 m.kr. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 sem nema 365,4 m.kr. Í þriðja lagi falla niður ýmis tímabundin framlög að fjárhæð 2 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frátöldum sértekjum eru áætluð 2.735 m.kr. og hækka um 240.3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Fjárveitingar til reksturs flestra stofnana lækka um alls 224 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Hins vegar er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 455 m.kr. og munar þar helst um 397,4 m.kr. hækkun framlaga til Fjármálaeftirlitsins. Nokkur framlög til tímabundinna verkefna að fjárhæð 2 m.kr. falla niður. Verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar nemur um 10,9 m.kr.

Á vegum ráðuneytisins er unnið að tveimur tilraunaverkefnum í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Um er að ræða annars vegar verkefni sem lýtur að styrkúthlutun af ráðstöfunarfé ráðherra og hins vegar verkefni sem verður unnið í tengslum við rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila.

Einkaleyfastofa og Fjármálaeftirlit eru tvær af fjórum stofnunum sem heyra undir ráðuneytið. Þær fjármagna starfsemi sína með sérstöku gjaldi sem þær innheimta. Einkaleyfastofan innheimtir þjónustugjöld sem standa undir rekstri hennar. Innheimtum tekjum er varið til að sinna þeirri þjónustu sem er greitt fyrir og hefur því ekki þurft beint framlag úr ríkissjóði vegna stofnunarinnar. Undantekning frá þessu er faggildingarsvið en ríkisframlag hefur verið nauðsynlegt til reksturs þess. Fjármálaeftirlitið innheimtir svonefnt eftirlitsgjald sem leggst á eftirlitsskylda og gjaldskylda aðila, sbr. 1. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Skv. 2. mgr. sömu greinar skal gjaldið renna beint til reksturs eftirlitsins. Meiri hlutinn bendir á að e.t.v. væri nauðsynlegt að aðgreina slíkar stofnanir sérstaklega í fjárlagafrumvarpinu og færa til bókar bæði væntanlegan kostnað og innheimtar tekjur.

Bent skal á að til stendur að fjölga stöðugildum hjá Samkeppniseftirlitinu um tvö til þrjú til að standa straum af kostnaði vegna aukinna rannsóknarverkefna stofnunarinnar en tillagan byggist á frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, sem hefur það að markmiði að veita aukið aðhald á samkeppnismörkuðum.

Hjá Hagstofunni mun stöðugildum fækka um fimm til sex. Raunlækkun til Hagstofunnar frá fjárlögum þessa árs nemur 64 m.kr. sem skýrist af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum.

Í athugasemdum við frumvarpið er (á bls. 413) kveðið á um að fjárveiting til Einkaleyfastofu hækki um 26,8 m.kr. Hið rétta er að fjárveitingin lækkar samkvæmt frumvarpinu um sömu fjárhæð.

Þá er (á bls. 410) getið um helstu breytingar á málaflokkum og stofnunum sem heyra undir samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti. Þar hlýtur að vera átt við efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Eygló Harðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. nóvember 2010.

Lilja Mósesdóttir, form.,
Magnús Orri Schram,
Skúli Helgason,
Arndís Soffía Sigurðardóttir,
Valgerður Bjarnadóttir,
Margrét Tryggvadóttir.

Fylgiskjal XXI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til umhverfisnefndar dagsett 21. október 2010.

Á fund nefndarinnar kom Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir frá umhverfisráðuneyti.

Heildarútgjöld umhverfisráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 8.945 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.006 m.kr. en þær nema 22% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Útgjöld ráðuneytisins dragast saman samkvæmt frumvarpinu um 101,5 m.kr. Útgjaldabreytingunni milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 416 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema 586,3 m.kr. Þar af eru 148 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs og 142,5 m.kr. millifærð fjárheimild frá iðnaðarráðuneytinu sem veldur þá jafn mikilli lækkun þar. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður en þau nema 271,8 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 314,5 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkanir ársins 2011, sem eru áætlaðar 38,9 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 6.939 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.553,6 m.kr. og hækka um 362,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 261 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 774,5 m.kr. Þar munar mest um 310 m.kr. vegna aukinnar veltu Úrvinnslusjóðs og 100 m.kr. hækkun á framlagi vegna nýrrar Byggingarstofnunar, samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki, auk þess sem 142,5 m.kr. fjárheimildir eru fluttar til umhverfisráðuneytis frá öðrum ráðuneytum vegna tilflutnings á verkefnum. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 188 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 37 m.kr. Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 230,1 m.kr. og verða 2.059,2 m.kr. en eru 2.289,3 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Vegur þar þyngst 170 m.kr. lækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf. og 47 m.kr. hækkun á framlagi til skipulagsmála sveitarfélaga. Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 326,2 m.kr. og er það 195 m.kr. lækkun milli ára. Munar þar mest um framlög til framkvæmda í Vatnajökulsþjóðgarði um 55 m.kr. og framlög til Ofanflóðasjóðs um 53 m.kr.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að málefnasviði nefndarinnar og kynnt sér samdráttartillögur umhverfisráðuneytisins. Meiri hlutinn telur sýnt að ráðuneytið hefur mætt þeim samdráttarmarkmiðum sem gerð var krafa um með því að skera niður útgjöld til einstakra liða. Skerðingin er þó mismikil eftir

einstökum stofnunum og verkefnum enda var hún útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins.

Meiri hlutinn áréttar einnig nauðsyn þess í efnahagsþrengingum að ekki sé gengið of nærri stofnunum og verkefnum og að reynt sé til þrautar að forðast fækkun starfa. Meiri hlutinn telur einnig nauðsynlegt að ráðuneyti og ríkisstjórn beiti sér fyrir því að bæta rekstrarskilyrði frjálsra félagasamtaka sem starfa við umhverfismál á Íslandi. Meiri hlutinn leggur einnig áherslu á að endurskoða þurfi fyrirkomulag við úthlutun fjárveitinga af safnliðum í fjárlagafrumvarpinu. Mögulegt væri að stofna umhverfisverndarsjóð með faglegri stjórn sem gerði tillögur til fjárveitingavaldsins um úthlutun fjár á grundvelli umsókna frá frjálsum félagasamtökum, opinberum aðilum og einkaaðilum. Slík ráðstöfun yrði til þess fallin að stuðla að faglegra og fræðilegra mati á verkefnum sem ráðstafað yrði til. Meiri hlutinn telur hins vegar að nauðsynlegt væri að tryggja að ákvarðanir um skiptingu fjármuna á milli sjóða og mótun reglna um úthlutanir yrði áfram á valdi þingsins þar sem fjárveitingavald er á höndum þess.

Nefndinni hafa borist þrjátíu og tvær umsóknir um fjárveitingu af safnlið 14-190-1.90, Ýmis verkefni, og komu níu aðilar á fund nefndarinnar. Meiri hlutinn gerir að tillögu sinni að tuttugu umsóknir fái styrk. Við skiptingu styrkja var lögð áhersla á að fjármagn færi til þeirra sem standa fyrir fræðsluverkefnum ekki síst gagnvart börnum og ungmennum, atvinnusköpun, almannafræðslu og nýsköpun á sviði umhverfisverndar. Auk þess telur meiri hlutinn mikilvægt að styrkja Náttúrufræðistofu Kópavogs, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands og áframhaldandi uppbyggingu náttúruseturs á Húsabakka í Svarfaðardal. Meiri hlutinn áréttar að sótt hafi verið um til margra mikilvægra verkefna en ekki sé svigrúm til að veita öllum styrk en samkvæmt tillögum hans er auk þess víða skorið niður frá fyrri árum. Gerð er tillaga að framlagi til Gróðurs fyrir fólk í landnámi Ingólfs vegna uppgræðslu með áherslu á nýtingu lífrænna úrgangsefna og hækkun á framlagi til verkefnis samtakanna Skólar á grænni grein í ljósi þess hversu mikið verkefnið hefur vaxið og þeirra vinsælda sem það nýtur. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að styrkja verkefnið, sem eflir umhverfisfræðslu og styrkir stöðu umhverfismenntar og menntunar til sjálfbærrar þróunar á Íslandi til framtíðar. Þátttakendur í verkefninu eru neytendur framtíðarinnar og mikilvægt að umhverfisfræðsla gegni lykilhlutverki í menntun þeirra.

Einnig gerir meiri hlutinn tillögu að áframhaldandi framlagi til tveggja verkefna við gerð hættumats og viðbragðsáætlana vegna gróðurelda, annars vegar í Skorradal og hins vegar Hafnarfirði. Telur meiri hlutinn rétt að benda á að verkefnið í Skorradal gæti nýst öllum sveitarfélögum á landinu. Hins vegar, í ljósi umræðu um breytingar á fyrirkomulagi við úthlutun fjárveitinga af safnliðum, er mikilvægt að finna verkefninu annan stað í framtíðinni til að tryggja framgang þess. Þá gerir meiri hlutinn tillögu að framlagi til þriggja aðila á Eyjafjarðarsvæðinu vegna verkefna til að hefta útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils. Er sú tillaga í samræmi við stefnu stjórnvalda um að setja útbreiðslu tegundanna strangar skorður til þess að takmarka neikvæð áhrif þeirra á íslenska náttúru, en jafnframt að nýta kosti alaskalúpínu á völdum svæðum til landgræðslu og ræktunar.

Meiri hlutinn telur rétt að ítreka þau sjónarmið sem komið hafa fram í álitum umhverfisnefndar vegna frumvarpa til fjárlaga fyrir árið 2010, 2009 og 2008 að rétt sé að íhuga vandlega hvort ekki sé ástæða til að Náttúrufræðistofa Kópavogs fái lögformlega stöðu og verði látin heyra undir lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

Meiri hlutinn lýsir yfir stuðningi við umsókn framkvæmdaráðs Snæfellsness en vísar henni til fjárlaganefndar til sérstakrar skoðunar. Telur meiri hlutinn að verkefnið sé mjög vandað og nauðsynlegt sé að styrkja áfram umhverfisvottun sveitarfélaga. Í ljósi hversu umfangsmikið verkefnið er og styrkbeiðnin nálægt því að vera helmingur af ráðstöfunarfé

nefndarinnar, telur meiri hlutinn eðlilegra að vísa umsókninni til fjárlaganefndar með þeim skilaboðum að það verðskuldi stuðning.

Tillögur meiri hlutans um skiptingu safnliðarins koma fram í sérstöku fylgiskjali.

Alþingi, 16. nóvember 2010.

Skúli Helgason,
Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Auður Lilja Erlingsdóttir,
Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara,
Ólafur Þór Gunnarsson.

414. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÁÞS, SER, ÞBack, BjörgvS).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.01 Alþingiskostnaður	769,8	42,0	811,8
b. 1.03 Fastanefndir	15,4	-3,0	12,4
c. 1.04 Alþjóðasamstarf	91,2	17,0	108,2
d. 1.06 Almennur rekstur	851,8	20,0	871,8
e. 1.07 Sérverkefni	45,7	34,1	79,8
2. Við **00-290 Stjórnlagaþing**			
1.01 Stjórnlagaþing	200,0	36,5	236,5
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-295 Saksóknari Alþingis			
a. 1.01 Saksóknari Alþingis	0,0	24,4	24,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*24,4*	*24,4*
4. Við **00-401 Hæstiréttur**			
1.01 Hæstiréttur	131,0	40,0	171,0
5. Við **00-620 Ríkisendurskoðun**			
1.01 Ríkisendurskoðun	423,1	5,0	428,1
6. Við **01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	282,5	10,0	292,5
7. Við **01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta**			
1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera	40,0	-40,0	0,0
8. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 1.01 Háskóli Íslands	12.628,0	141,0	12.769,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*8.362,0*	*141,0*	*8.503,0*

9.	Við **02-217 Hólaskóli Háskólinn á Hólum**		
	a. 1.01 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum	395,1	1,7	396,8
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*230,7*	*1,7*	*232,4*
10.	Við **02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora**			
	a. 1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	156,1	-5,7	150,4
	b. 1.12 Launatengd gjöld	28,6	5,7	34,3
11.	Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
	a. 1.15 Nýsköpunarsjóður	20,0	30,0	50,0
	b. 1.32 Þekkingarsetur Vestmannaeyja	13,9	9,0	22,9
	c. 1.34 Háskólasetur Vestfjarða	64,6	12,0	76,6
	d. 1.73 Reykjavíkurakademían	15,2	1,0	16,2
12.	Við **02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			
	a. 6.63 Framhaldsskólinn á Laugum	15,0	-15,0	0,0
	b. 6.72 Menntaskólinn á Tröllaskaga	33,0	-33,0	0,0
	c. 6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	30,0	48,0	78,0
13.	Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
	a. 1.16 Nýjungar í skólastarfi	25,2	24,0	49,2
	b. 1.20 Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	0,0	204,8	204,8
	c. 1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	19,9	0,9	20,8
	d. 1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	20,9	18,2	39,1
	e. 1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	7,3	0,3	7,6
	f. 1.90 Framhaldsskólar, óskipt	413,0	5,5	418,5
14.	Við **02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands**			
	a. 1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands	734,4	6,5	740,9
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*656,9*	*6,5*	*663,4*
15.	Við **02-363 Framhaldsskólinn á Laugum**			
	a. 1.01 Framhaldsskólinn á Laugum	191,7	-10,0	181,7
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*179,4*	*-10,0*	*169,4*
16.	Við **02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar**			
	1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar	170,1	-5,7	164,4
17.	Við **02-451 Framhaldsfræðsla**			
	a. 1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	83,2	28,2	111,4
	b. 1.12 Fræðslusjóður	699,6	-28,2	671,4
	c. 1.26 Þekkingarnet Austurlands	39,4	12,0	51,4
18.	Við **02-720 Grunnskólar, almennt**			
	1.31 Sérstök fræðsluverkefni	70,6	9,0	79,6
19.	Við **02-884 Jöfnun á námskostnaði**			
	a. 1.01 Jöfnun á námskostnaði	474,1	45,9	520,0
	b. 1.10 Skólaakstur	66,9	-45,9	21,0
20.	Við **02-903 Þjóðskjalasafn Íslands**			
	1.11 Héraðsskjalasöfn	7,4	13,5	20,9
21.	Við **02-913 Gljúfrasteinn – Hús skáldsins**			
	a. 1.01 Gljúfrasteinn – Hús skáldsins	29,5	2,5	32,0
	b. 5.21 Viðhald	2,5	-2,5	0,0
22.	Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
	a. 1.10 Listasafn ASÍ	0,0	1,5	1,5

b. 1.16 Lækningaminjasafn Íslands	0,0	10,0	10,0
c. 1.17 Leikminjasafn Íslands	5,3	0,7	6,0
d. 1.90 Söfn, ýmis framlög	16,5	-2,5	14,0
e. 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	24,4	3,6	28,0
23. Við **02-961 Fjölmiðlastofa**			
Liðurinn orðist svo: **02-961 Fjölmiðlanefnd**			
Við 1.01 Fjölmiðlastofa. Liðurinn orðist svo:			
1.01 Fjölmiðlanefnd	37,4	-11,5	25,9
24. Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
1.10 Ríkisútvarpið	2.980,0	20,0	3.000,0
25. Við **02-979 Húsafriðunarnefnd**			
a. 1.01 Húsafriðunarnefnd	35,0	-6,0	29,0
b. 6.10 Húsafriðunarsjóður	115,6	32,8	148,4
26. Við **02-980 Listskreytingasjóður**			
6.01 Listskreytingasjóður	0,7	0,8	1,5
27. Við **02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands**			
1.10 Kvikmyndasjóðir	450,0	2,0	452,0
28. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	54,4	4,0	58,4
b. 1.27 Tónlist fyrir alla	0,0	6,3	6,3
c. 1.90 Listir	11,6	16,4	28,0
29. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
a. 1.11 Styrkir til útgáfumála	4,0	0,3	4,3
b. 1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	7,6	4,5	12,1
c. 1.52 Skriðuklaustur	15,3	1,0	16,3
30. Við **02-988 Æskulýðsmál**			
1.90 Æskulýðsmál	5,9	3,1	9,0
31. Við **02-999 Ýmislegt**			
a. 1.90 Ýmis framlög	47,5	4,0	51,5
b. 1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	88,3	39,4	127,7
c. 6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	37,6	41,9	79,5
32. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
03-213 Varnarmál			
a. 1.01 Varnarmál	0,0	839,0	839,0
b. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	30,0	30,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*869,0*	*869,0*
33. Við **03-214 Varnarmálastofnun**			
a. 1.01 Varnarmálastofnun	859,0	-859,0	0,0
b. 6.01 Tæki og búnaður	30,0	-30,0	0,0
34. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	312,5	60,0	372,5
35. Við **03-611 Íslandsstofa**			
a. 1.10 Íslandsstofa	398,6	-12,8	385,8
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*398,6*	*-12,8*	*385,8*

36. Við **04-215 Fiskistofa**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*676,8*	*-22,4*	*654,4*
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*44,9*	*22,4*	*67,3*
37. Við **04-234 Matvælastofnun**			
a. 1.01 Matvælastofnun	1.007,0	-4,5	1.002,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*741,4*	*-4,5*	*736,9*
38. Við **04-401 Hafrannsóknastofnunin**			
1.01 Hafrannsóknastofnunin	2.104,0	20,2	2.124,2
39. Við **04-811 Bændasamtök Íslands**			
a. 1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt	374,0	14,3	388,3
b. 1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni	20,0	-8,3	11,7
40. Við **04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins**			
a. 1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	94,3	-59,0	35,3
b. Sértekjur	-79,0	59,0	-20,0
41. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	33,6	-33,6	0,0
b. 1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	106,8	-91,8	15,0
c. 1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins	0,0	3,5	3,5
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*252,2*	*-121,9*	*130,3*
42. Við **06-201 Hæstiréttur**			
1.01 Hæstiréttur	118,4	23,8	142,2
43. Við **06-210 Héraðsdómstólar**			
1.01 Héraðsdómstólar	956,0	64,4	1.020,4
44. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-295 Landsdómur			
a. 1.01 Landsdómur	0,0	113,4	113,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*113,4*	*113,4*
45. Við **06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**			
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	3.107,0	58,0	3.165,0
46. Við **06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum**			
1.01 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	892,0	6,3	898,3
47. Við **06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál**			
a. 1.16 Efling almennrar löggæslu	12,9	10,3	23,2
b. 1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði	3,5	8,7	12,2
c. 1.40 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	0,0	33,6	33,6
d. 1.41 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	0,0	106,8	106,8
48. Við **06-395 Landhelgisgæsla Íslands**			
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	2.428,0	35,5	2.463,5
49. Við **06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi**			
1.20 Löggæsla	104,8	1,0	105,8
50. Við **06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi**			
1.20 Löggæsla	102,4	2,5	104,9
51. Við **06-414 Sýslumaður Snæfellinga**			
1.20 Löggæsla	93,4	1,0	94,4

52. Við **06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði**			
1.20 Löggæsla	214,1	2,0	216,1
53. Við **06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi**			
a. 1.01 Yfirstjórn	57,2	-6,5	50,7
b. 1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	50,0	8,5	58,5
c. 1.20 Löggæsla	78,9	-1,1	77,8
54. Við **06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**			
1.20 Löggæsla	84,8	2,0	86,8
55. Við **06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri**			
1.20 Löggæsla	311,6	5,0	316,6
56. Við **06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík**			
1.20 Löggæsla	96,6	1,0	97,6
57. Við **06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**			
1.20 Löggæsla	100,9	1,5	102,4
58. Við **06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði**			
1.20 Löggæsla	159,8	1,0	160,8
59. Við **06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**			
1.20 Löggæsla	106,7	0,5	107,2
60. Við **06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**			
1.20 Löggæsla	96,6	1,0	97,6
61. Við **06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi**			
1.20 Löggæsla	224,6	6,0	230,6
62. Við **06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ**			
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	133,3	5,0	138,3
63. Við **06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins**			
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	1.259,0	15,0	1.274,0
64. Við **06-603 Þjóðskrá Íslands**			
a. 1.01 Þjóðskrá Íslands	955,8	40,0	995,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*105,3*	*40,0*	*145,3*
65. Við **07-101 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	344,5	-9,0	335,5
66. Við **07-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmislegt	112,4	10,0	122,4
67. Við **07-341 Umboðsmaður skuldara**			
a. 1.01 Umboðsmaður skuldara	500,0	100,0	600,0
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*500,0*	*100,0*	*600,0*
68. Við **07-505 Öldrunarstofnanir, almennt**			
a. 1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	1.992,4	-1.022,2	970,2
b. 6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	55,5	-55,5	0,0
c. 6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	161,8	-61,0	100,8
d. Sértekjur	-396,4	-1.257,0	-1.653,4
69. Við **07-515 Framkvæmdasjóður aldraðra**			
a. 1.01 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða	0,0	625,0	625,0
b. 6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	1.217,0	-625,0	592,0

c. *Greitt úr ríkissjóði*	*-0,5*	*0,5*	*0,0*
d. *Innheimt af ríkistekjum*	*1.487,5*	*-0,5*	*1.487,0*
70. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-518 Mörk, Reykjavík			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	890,8	890,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*890,8*	*890,8*
71. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-519 Hrafnista, Kópavogi			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	356,4	356,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*356,4*	*356,4*
72. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
a. 1.05 Niðurlagning svæðisskrifstofa málefna fatlaðra	0,0	300,0	300,0
b. 1.90 Ýmis verkefni	204,6	-10.215,2	-10.010,6
c. Sértekjur	0,0	196,7	196,7
73. Við **07-827 Lífeyristryggingar**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*22.458,7*	*592,3*	*23.051,0*
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*24.799,3*	*-592,3*	*24.207,0*
74. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
a. 1.11 Atvinnuleysisbætur	23.430,0	-2.260,0	21.170,0
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*24.894,7*	*-2.260,0*	*22.634,7*
75. Við **07-989 Fæðingarorlof**			
a. 1.11 Fæðingarorlofssjóður	8.013,0	1.000,0	9.013,0
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*8.094,0*	*1.000,0*	*9.094,0*
76. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	31,1	1,0	32,1
b. 1.35 Félag heyrnarlausra	7,2	2,7	9,9
c. 1.41 Stígamót	30,4	10,0	40,4
d. 1.90 Ýmis framlög	90,5	2,5	93,0
e. 1.98 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis	55,9	4,0	59,9
77. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.16 Lyf með S-merkingu	4.365,0	100,0	4.465,0
78. Við **08-305 Lýðheilsustöð**			
a. 1.90 Forvarnasjóður	138,7	-3,0	135,7
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*111,0*	*-3,0*	*108,0*
79. Við **08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri**			
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri	4.369,0	4,0	4.373,0
80. Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	103,3	-35,0	68,3
81. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.90 Ýmis framlög	43,7	3,0	46,7
82. Við **08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu**			
1.01 Hjúkrunarrými	171,4	10,7	182,1

83. Við **08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands**			
1.10 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	523,4	-61,0	462,4
84. Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**			
a. 1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	114,6	-54,9	59,7
b. 1.12 Heimahjúkrun	96,4	-96,4	0,0
85. Við **08-501 Sjúkraflutningar**			
1.11 Sjúkraflutningar	627,0	-17,0	610,0
86. Við **08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**			
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.543,0	-13,0	4.530,0
87. Við **08-508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu**			
1.01 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	978,7	3,6	982,3
88. Við **08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík**			
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	168,1	0,3	168,4
89. Við **08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu**			
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	491,2	-3,0	488,2
90. Við **08-700 Heilbrigðisstofnanir**			
1.01 Almennur rekstur	111,0	-37,4	73,6
91. Við **08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	1.022,1	15,0	1.037,1
b. 1.11 Sjúkrasvið	1.414,3	-159,8	1.254,5
c. 1.21 Hjúkrunarrými	420,7	77,3	498,0
d. Sértekjur	-158,0	16,3	-141,7
92. Við **08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	122,1	0,4	122,5
b. 1.11 Sjúkrasvið	31,9	15,1	47,0
c. 1.21 Hjúkrunarrými	93,5	0,9	94,4
93. Við **08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	341,7	-8,5	333,2
b. 1.11 Sjúkrasvið	305,3	115,1	420,4
c. 1.21 Hjúkrunarrými	257,9	37,4	295,3
d. Sértekjur	-70,0	9,8	-60,2
94. Við **08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	128,1	4,9	133,0
b. 1.11 Sjúkrasvið	60,3	-6,1	54,2
c. 1.21 Hjúkrunarrými	178,7	19,6	198,3
d. Sértekjur	-16,0	14,9	-1,1
95. Við **08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	207,3	-4,1	203,2
b. 1.11 Sjúkrasvið	122,5	85,6	208,1
c. 1.21 Hjúkrunarrými	332,2	4,3	336,5
d. Sértekjur	-84,4	66,3	-18,1
96. Við **08-756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	184,0	7,0	191,0
b. 1.11 Sjúkrasvið	49,6	2,2	51,8

c. 1.21 Hjúkrunarrými	161,5	15,1	176,6
d. Sértekjur	-18,4	13,6	-4,8
97. Við **08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	386,6	22,8	409,4
b. 1.11 Sjúkrasvið	135,3	135,7	271,0
c. 1.21 Hjúkrunarrými	131,6	19,2	150,8
d. Sértekjur	-96,1	89,2	-6,9
98. Við **08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	848,4	64,0	912,4
b. 1.11 Sjúkrasvið	430,0	227,6	657,6
c. 1.21 Hjúkrunarrými	431,3	37,3	468,6
d. Sértekjur	-128,2	15,9	-112,3
99. Við **08-779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	115,3	15,0	130,3
b. 1.11 Sjúkrasvið	46,9	13,2	60,1
100. Við **08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	213,4	-29,4	184,0
b. 1.11 Sjúkrasvið	264,0	103,7	367,7
c. 1.21 Hjúkrunarrými	62,5	6,4	68,9
d. Sértekjur	-27,6	3,5	-24,1
101. Við **08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	1.156,2	-8,5	1.147,7
b. 1.11 Sjúkrasvið	455,4	185,0	640,4
c. 1.21 Hjúkrunarrými	320,2	-5,0	315,2
d. Sértekjur	-240,7	57,6	-183,1
102. Við **08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	701,2	69,2	770,4
b. 1.11 Sjúkrasvið	501,3	205,2	706,5
c. 1.21 Hjúkrunarrými	254,8	-53,5	201,3
d. Sértekjur	-151,8	49,7	-102,1
103. Við **08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur**			
a. 1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	530,2	80,3	610,5
b. 1.21 Hjúkrunarrými	431,6	9,0	440,6
c. Sértekjur	-121,5	47,7	-73,8
104. Við **09-262 Tollstjórinn**			
a. 1.01 Tollstjórinn	1.724,2	-40,0	1.684,2
b. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	40,0	40,0
105. Við **09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**			
a. 1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	2.456,5	-17,2	2.439,3
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*2.456,5*	*-17,2*	*2.439,3*
106. Við **09-721 Fjármagnstekjuskattur**			
a. 1.11 Fjármagnstekjuskattur	2.600,0	-400,0	2.200,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*2.400,0*	*-300,0*	*2.100,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*200,0*	*-100,0*	*100,0*
107. Við **09-971 Ríkisábyrgðir**			
6.01 Ríkisábyrgðir	3.072,0	-3.072,0	0,0

108.	Við **09-977 Bankasýsla ríkisins**		
	1.01 Bankasýsla ríkisins	55,9	16,0	71,9
109.	Við **09-984 Fasteignir ríkissjóðs**		
	a. 1.11 Rekstur fasteigna	1.670,0	-166,5	1.503,5
	b. 5.21 Viðhald fasteigna	2.067,0	117,7	2.184,7
	c. Sértekjur	-3.846,5	48,8	-3.797,7
110.	Við **09-989 Ófyrirséð útgjöld**		
	a. 1.90 Ófyrirséð útgjöld	5.000,0	-1.021,4	3.978,6
	b. Sértekjur	-167,6	271,5	103,9
111.	Við **09-999 Ýmislegt**		
	1.90 Ýmis verkefni	85,5	-16,0	69,5
112.	Við **10-211 Vegagerðin**		
	a. 1.07 Þjónusta	0,0	3.122,0	3.122,0
	b. 1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	0,0	1.050,4	1.050,4
	c. 1.13 Styrkir til innanlandsflugs	0,0	189,5	189,5
	d. 1.21 Rannsóknir	0,0	128,0	128,0
	e. 5.10 Viðhald	0,0	4.679,0	4.679,0
	f. 6.10 Nýframkvæmdir	0,0	5.976,0	5.976,0
	g. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*189,5*	*189,5*
	h. *Innheimt af ríkistekjum*	*589,6*	*14.880,4*	*15.470,0*
	i. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*75,0*	*75,0*
113.	Við **10-212 Samgönguverkefni**		
	a. 1.07 Þjónusta	3.122,0	-3.122,0	0,0
	b. 1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	936,0	-936,0	0,0
	c. 1.13 Styrkir til innanlandsflugs	284,0	-284,0	0,0
	d. 1.21 Rannsóknir	128,0	-128,0	0,0
	e. 5.10 Viðhald	4.679,0	-4.679,0	0,0
	f. 6.10 Framkvæmdir	5.976,0	-5.976,0	0,0
	g. *Greitt úr ríkissjóði*	*284,0*	*-284,0*	*0,0*
	h. *Innheimt af ríkistekjum*	*14.766,0*	*-14.766,0*	*0,0*
	i. *Viðskiptahreyfingar*	*75,0*	*-75,0*	*0,0*
114.	Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**		
	a. 1.01 Almennur rekstur	670,4	7,8	678,2
	b. 1.41 Rekstur Landeyjahafnar	0,0	9,0	9,0
	c. Sértekjur	-220,0	-9,0	-229,0
	d. *Innheimt af ríkistekjum*	*256,6*	*7,8*	*264,4*
115.	Við **10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**		
	a. 1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	2.339,0	-300,0	2.039,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*2.027,5*	*-300,0*	*1.727,5*
116.	Við **10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin**		
	a. 1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	287,6	-2,5	285,1
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*5,0*	*-2,5*	*2,5*
117.	Við **10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**		
	a. 1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	11.190,0	-107,0	11.083,0
	b. 1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	928,0	1.300,0	2.228,0

c. 1.12 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, málefni fatlaðra	0,0	623,0	623,0
118. Við **11-299 Iðja og iðnaður, framlög**			
a. 1.19 Staðlaráð	55,3	-1,3	54,0
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*55,3*	*-1,3*	*54,0*
119. Við **11-501 Ferðamálastofa**			
a. 1.01 Ferðamálastofa	253,2	55,7	308,9
b. 1.13 Markaðs- og kynningarmál erlendis	201,9	-71,8	130,1
c. Sértekjur	-20,7	16,1	-4,6
120. Við **11-599 Ýmis ferðamál**			
1.90 Ýmis ferðamál	0,0	22,8	22,8
121. Við **12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	247,4	29,6	277,0
122. Við **12-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.15 Fastanefndir	24,7	61,0	85,7
b. 1.42 Athugun á skuldavanda heimilanna	6,0	7,3	13,3
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*59,6*	*68,3*	*127,9*
123. Við **12-431 Einkaleyfastofan**			
a. 1.01 Einkaleyfastofan	170,5	11,0	181,5
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*154,8*	*11,0*	*165,8*
124. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	4,8	-4,8	0,0
b. 1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	7,7	1,0	8,7
c. 1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	7,3	1,4	8,7
d. 1.90 Ýmis verkefni	34,6	8,0	42,6
e. 1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	77,0	3,0	80,0
125. Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
a. 5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	24,0	10,0	34,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*614,9*	*10,0*	*624,9*
126. Við **14-212 Vatnajökulsþjóðgarður**			
a. 1.01 Vatnajökulsþjóðgarður	252,8	49,0	301,8
b. 6.41 Framkvæmdir	159,8	-25,0	134,8
c. Sértekjur	-99,8	-9,0	-108,8
127. Við **14-289 Endurvinnslan hf.**			
a. 1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun	1.440,0	-600,0	840,0
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*1.440,0*	*-600,0*	*840,0*
128. Við **14-301 Skipulagsstofnun**			
1.01 Skipulagsstofnun	181,3	4,8	186,1
129. Við **14-320 Byggingarstofnun**			
Liðurinn orðist svo: **14-320 Mannvirkjastofnun**			
Við 1.01 Byggingarstofnun. Liðurinn orðist svo:			
1.01 Mannvirkjastofnun	376,5	0,0	376,5

130. Við **14-381 Ofanflóðasjóður**			
a. 6.60 Ofanflóðasjóður	432,0	350,0	782,0
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*77,0*	*350,0*	*427,0*
131. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands	515,6	8,5	524,1
132. Við **14-403 Náttúrustofur**			
a. 1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	7,9	6,4	14,3
b. 1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	7,9	6,4	14,3
c. 1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	16,7	6,4	23,1
d. 1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	7,9	6,4	14,3
e. 1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	7,9	6,4	14,3
f. 1.15 Náttúrustofa Sandgerði	7,9	6,4	14,3
g. 1.16 Náttúrustofa Húsavík	7,6	15,5	23,1
133. Við **14-412 Veðurstofa Íslands**			
1.01 Almennur rekstur	1.256,0	21,0	1.277,0
134. Við **19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**			
a. 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	75.061,0	-1.407,0	73.654,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*75.341,0*	*-3.919,0*	*71.422,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*-280,0*	*2.512,0*	*2.232,0*

SÉRSTÖK YFIRLIT I

1. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).	Þús. kr.
1. Flugminjasafn Egils Ólafssonar	2.000
2. Kvennasögusafn Íslands	1.500
3. Selasetur Íslands	4.000
4. Skáldahúsin á Akureyri	2.500
5. Sögusetur íslenska hestsins	4.000
Samtals	**14.000**

2. Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis (02-919-1.98).	Þús. kr.
1. Byggðasafnið í Görðum vegna Kútters Sigurfara, samningur	9.100
2. Hvalamiðstöðin á Húsavík, samningur	5.400
3. Heklusetur Leirubakka, samningur	4.600
4. Galdrasýning á Ströndum, samningur	4.600
5. Tónlistarsafn Íslands, samningur	5.100
6. Þjóðtrúarstofa, styrkur til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs	7.600
7. Til styrktar atvinnulífi á NA og Austurlandi – efling jarðfræðirannsókna	7.200
8. Verkefni tengd heimsminjasamningi UNESCO	6.000
9. Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2.000
10. Stafkirkja í Heimaey	3.000
11. Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem eru utan verksviðs Safnasjóðs	9.000
12. Óskipt	2.200
Samtals	**65.800**

3. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).	Þús. kr.
1. Bátasafn Breiðafjarðar	1.000
2. Félag um bátaflota Gríms Karlssonar	500
3. Félag um endurreisn listasafns Samúels Jónssonar	500
4. Fræðasetur um náttúruhamfarir vegna gosa í Mýrdals- og Eyjafjallajökli	700
5. Grettisból á Laugarbakka	1.500
6. Hraun í Öxnadal, menningarfélag, sýningarskáli	1.000
7. Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði	500
8. Landbúnaðarsafn Íslands	900
9. Listervélasafn	500
10. Melódíur minninganna	1.000
11. Ríkarðssafn	1.500
12. Safnasafnið, byggingarframkvæmdir	3.000
13. Saltfisksetur Íslands í Grindavík	2.000
14. Samgönguminjasafnið í Stóragerði	1.500
15. Samgönguminjasafnið Ystafelli, Kristnesbíllinn	1.000
16. Sauðfjársetur á Ströndum ses., endurbætur á safnhúsi	1.000
17. Sjávarsafnið í Ólafsvík	500
18. Sjóminjasafnið í Sjómannagarðinum á Hellissandi	2.000
19. Sjóminjasafnið Ósvör	2.400
20. Skrímslasetur á Bíldudal	1.000
21. Tækniminjasafn Austurlands	3.000
22. Veiðisafnið á Stokkseyri, stækkun	500
23. Víkin – sjóminjasafnið í Reykjavík	500
Samtals	**28.000**

4. Listir (02-982-1.90).	Þús. kr.
1. Draumasmiðjan, döff leikhús	2.000
2. „Ferskir vindar í Garði“, listaveisla	1.000
3. Iceland Airwaves, tónlistarhátíð	5.000
4. Leikfélag Reykjavíkur	12.000
5. LungA, listahátíð ungs fólks	2.000
6. Músík í Mývatnssveit	1.000
7. Reykholtshátíð 2011	1.000
8. Samtök um danshús, dansverkstæði	1.500
9. Sumartónleikar í Skálholtskirkju	1.000
10. Þjóðleikur, leiklistarhátíð ungs fólks	1.500
Samtals	**28.000**

5. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).	Þús. kr.
1. Alfræði íslenskra bókmennta og bókmenntafræða	1.000
2. Heildarútgáfa Íslendingasagna á dönsku, norsku og sænsku	1.000
3. IBBY á Íslandi	800
4. Lífríki Íslands. Vistfræði lands og sjávar	1.000
5. Stjórnmál og stjórnsýsla, veftímarit	500
Samtals	**4.300**

6. Norræn samvinna (02-984-1.90).	Þús. kr.
1. Norræna félagið á Íslandi	6.700
Samtals	**6.700**

7. Æskulýðsmál (02-988-1.90).	Þús. kr.
1. Landssamband æskulýðsfélaga	6.000
2. Snorraverkefnið	3.000
Samtals	**9.000**

8. Ýmis framlög (02-999-1.90).	Þús. kr.
1. Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, fræðsluvefurinn Globalis	1.000
2. Handritin heima, fræðsluvefur um íslensk handrit og menningarsögu	1.000
3. Handverk og hönnun ses.	10.000
4. Hönnunarmiðstöð Íslands, hönnunarkaupstefna	1.500
5. Kaupvangur, Vopnafirði, heiðarbýlaverkefni	1.500
6. Kirkjubæjarstofa	2.000
7. Kvenfélagasamband Íslands, Leiðbeiningastöð heimilanna	2.000
8. Kvenfélagasamband Íslands, rekstur	3.000
9. Kvenréttindafélag Íslands	1.000
10. Leiklistarsamband Íslands, kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista	2.000
11. Mats Wibe Lund, heimildamyndasafn	800
12. Miðstöð menningarfræða á Austurlandi	1.000
13. Miðstöð munnlegrar sögu	1.500
14. MIRRA, rannsóknir á innflytjendamálum	3.000
15. Músík og saga, munnleg geymd	1.000
16. Sagnabrunnur ehf., söfnun á hljóðupptökum og munnlegum heimildum á Austurlandi	1.000
17. Sögufélag	1.500
18. Textílsetur Íslands	1.500
19. Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar	8.000
20. Vestfirðir á miðöldum	3.000
21. Þjóðlagasetur á Siglufirði	1.000
22. Þor ehf., samræmdar árangursmælingar fyrir ríkisstofnanir	500
23. Þorpið, vöruhönnun úr austfirskum hráefnum	1.500
24. Önfirðingafélagið, Sólbakkamenning	1.200
Samtals	**51.500**

9. Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis (02-999-1.98).	Þús. kr.
1. Til styrktar atvinnulífi á Norðurlandi eystra og Austurlandi, Urðarbrunnur menningarfélag	7.200
2. Til styrktar atvinnulífi á Norðurlandi eystra og Austurlandi, efling menningarlífs á Seyðisfirði	7.200
3. Til styrktar atvinnulífi á Norðurlandi vestra, þekkingarsetur á Skagaströnd	8.100

4.	Íslenska upplýsingasamfélagið 2011, Árveknibjónusta á bókasöfnum	3.000
5.	Ýmis verkefni í upplýsingatækni, menningarmál	10.000
6.	Alþjóðasamningar, menningarmál, aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	20.000
7.	Verkefni, samningar vegna íþróttamála	3.800
8.	Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	2.000
9.	Samningar við listamannasamtök og styrkir til ýmissa verkefna	24.900
10.	Sérstök verkefni	41.500
	Samtals	**127.700**

10. Ýmis stofnkostnaðarframlög (02-999-6.90).		Þús. kr.
1.	Breiðdalssetur	2.000
2.	Bryggja fyrir Hólmstein GK á Byggðasafninu á Garðskaga	1.000
3.	Byggðasafnið að Görðum, Akranesi, viðhald og endurgerð á bátasafni	500
4.	Eikarbáturinn Húni II	2.000
5.	Fuglasafn Sigurgeirs	2.000
6.	Gásir í Eyjafirði, miðaldakaupstaður	4.500
7.	Heimskautsgerðið á Raufarhöfn	4.900
8.	Holt í Önundarfirði – friðarsetur, viðgerð á húsnæði	500
9.	Jarðskjálftasetur á Kópaskeri	2.000
10.	Kjarvalsstofa ses.	1.500
11.	Landnámsbærinn í Herjólfsdal	500
12.	Landnámssetur Íslands	3.500
13.	Landsmót hestamanna í Víðidal í Reykjavík 2012	10.000
14.	Landsmót UMFÍ 2013 og unglingalandsmót UMFÍ 2012 í Árborg	10.000
15.	Menningarhús á Ísafirði	12.900
16.	Nes, listamiðstöð á Skagaströnd	500
17.	Orgelsjóður Stykkishólmskirkju, kaup og uppsetning á pípuorgeli	500
18.	Sail Húsavík 2011, samnorræn strandmenningarhátíð	2.000
19.	Sköpunarmiðstöð á Stöðvarfirði	1.000
20.	Spákonuhof á Skagaströnd	2.000
21.	Sumarbúðirnar Ástjörn, viðbygging	1.500
22.	Svartárkot, menning – náttúra	2.000
23.	Sögusetur Bakkabræðra	2.000
24.	Sögusetur um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum	1.000
25.	Textílfélag Íslands, pappírsgerðarverkstæði	1.000
26.	Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarbyggð 2010	5.000
27.	Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal	2.700
28.	Þekkingar- og náttúrufræðisetur í Ólafsfirði	500
	Samtals	**79.500**

11. Ýmis verkefni (04-190-1.90).		Þús. kr.
1.	BioPol ehf., hrognkelsarannsóknir	3.500
2.	BioPol ehf., rannsóknir á skötusel	2.000
3.	Blóm í bæ 2011, sýning í Hveragerði	1.000

4.	Garðyrkjufélag Íslands, landsbyggðarþjónusta	1.000
5.	Gaujulundur í Vestmannaeyjum	1.000
6.	Kattavinafélag Íslands, rekstur Kattholts	2.000
7.	Landnámshænan, verndun og kynning	1.000
8.	Landssamtök hestamanna og hrossaræktar, þróunar- og átaksverkefni	6.000
9.	Landssamtök skógareigenda	4.000
10.	Laxfiskar ehf., atferlisrannsóknir á nytjafiskum á grunnsævi	4.000
11.	Ólafsdalsfélagið, matjurtarækt og jarðræktarminjar	1.500
12.	Skelrækt, samtök kræklingaræktenda	3.000
13.	Skotta kvikmyndafélag, myndbandagagnagrunnur um landbúnað og sjávarútveg	1.000
14.	Skrúður í Dýrafirði, bygging þjónustuhúss	2.500
15.	Tún, vottunarstofa, þróunarstarf	5.000
16.	Vör, sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð	2.500
17.	Æðarræktarfélag Íslands	1.000
	Samtals	**42.000**

12. Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis (04-190-1.98).		Þús. kr.
1.	Beint frá býli	6.000
2.	Selasetur á Hvammstanga	6.000
2.	Rannsóknar- og þróunarstarfsemi í landbúnaði	5.000
3.	Tilraunastöðin Stóra-Ármót	1.000
4.	Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks	2.500
5.	Hafréttarstofnun	3.000
6.	Vör, sjávarrannsóknasetur í Ólafsvík	23.200
7.	Rannsóknir á sjávardýrum og eldi á Patreksfirði	16.400
8.	Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd	25.000
9.	Samvinnuverkefni Versins á Sauðárkróki, Matís ohf. og Háskólans á Hólum	20.000
10.	Óskipt	100
	Samtals	**108.200**

13. Ýmis framlög (07-999-1.90).		Þús. kr.
1.	ADHD-samtökin	2.700
2.	Aflið, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi	1.600
3.	Barnaheill	5.000
4.	Blátt áfram, forvarnaverkefni	2.700
5.	Blindrafélagið	8.000
6.	Breiðavíkursamtökin	600
7.	Daufblindrafélag Íslands	700
8.	Dyngjan, áfangaheimili fyrir konur	2.000
9.	Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar, sumarorlof eldri borgara	700
10.	Félag áhugafólks um Downs-heilkenni	500
11.	Félag einstæðra foreldra	2.900
12.	Félag um foreldrajafnrétti	1.000

13. Geðhjálp	2.000
14. Hagsmunasamtök heimilanna	2.500
15. Hestamiðstöð Reykjavíkur, þjálfun og skemmtun lamaðra og fatlaðra á hestum	700
16. Hjálparstarf kirkjunnar, innanlandsstarf	12.000
17. Hlutverk, samtök um vinnu og verkþjálfun	500
18. Höndin, mannúðar- og mannræktarsamtök	1.000
19. Ísland Panorama	500
20. Jafnréttishús, námskeið	2.000
21. Landssamband eldri borgara	4.000
22. Landssamtökin Þroskahjálp	9.000
23. MND-félagið á Íslandi	800
24. Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	8.000
25. Samtökin ´78	5.200
26. Sjónarhóll, ráðgjafarmiðstöð	1.200
27. Systkinasmiðjan, námskeið	500
28. Táknsmiðjan, myndver heyrnarlausra	2.500
29. Táknsmiðjan, táknmál á heimasíður	1.000
30. Umsjónarfélag einhverfra	1.200
31. Vímulaus æska – foreldrahús	10.000
Samtals	**93.000**

14. Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis (07-999-1.98).	Þús. kr.
1. Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	10.800
2. Rannsóknir í vinnu- og jafnréttismálum	6.500
3. Sjónarhóll	16.900
4. Styrkur til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis frá	21.700
5. Óskipt	4.000
Samtals	**59.900**

15. Ýmis framlög (08-399-1.90).	Þús. kr.
1. Astma- og ofnæmisfélagið	1.000
2. Blóðgjafafélag Íslands	500
3. Endurhæfingarhúsið Hver á Akranesi	4.000
4. FAAS, félag aðstandenda alzheimerssjúklinga	4.500
5. Félag CP á Íslandi	1.000
6. Félag nýrnasjúkra	600
7. FFA, fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	1.500
8. Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	500
9. Gigtarfélag Íslands	3.200
10. HIV-Ísland, alnæmissamtökin á Íslandi	2.200
11. Hjartaheill, blóðfitumælingar	2.000
12. Hugarafl	2.800
13. Kraftur, stuðningsfélag	1.500
14. Lauf, félag flogaveikra	1.000

15. Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra	3.000
16. MS-félag Íslands, íbúð	600
17. MS-félag Íslands, rekstur skrifstofu	1.000
18. Mænuskaðastofnun Íslands	1.000
19. Parkinsonsamtökin á Íslandi, aðstandendastuðningur	900
20. PKU-félagið	900
21. Samtök lungnasjúklinga	600
22. Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.700
23. Samtök sykursjúkra	2.000
24. Sjúkraþjálfunin Styrkur ehf., hreyfiseðill	2.500
25. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, sumar- og helgardvöl í Reykjadal	5.500
26. Tilvera, samtök um ófrjósemi	300
27. Vífill, félag einstaklinga með kæfisvefn og aðrar svefnháðar öndunartruflanir	400
Samtals	**46.700**

16. Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis (08-399-1.98).	Þús. kr.
1. Gæðastyrkir heilbrigðisráðuneytisins	2.400
2. Athvarf fyrir geðsjúka á Akureyri	2.000
3. Styrkur til Félags heyrnarlausra	10.000
4. Aðgerðaáætlun fyrir börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni	33.700
5. Missoc-þátttökugjald	2.200
6. Þátttaka í alþjóðlegu starfi	2.200
7. Samkomulag við Blindrafélagið um blindrahunda	2.600
8. Óskipt	4.500
Samtals	**59.600**

17. Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis (10-190-1.98).	Þús. kr.
1. Sameining stofnana	4.000
2. Samþætting áætlana	3.000
3. Efling sveitarstjórnarstigsins	5.000
4. Undirbúningur strandflutninga	3.000
5. Óskipt	800
Samtals	**15.800**

18. Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis (11-299-1.98).	Þús. kr.
1. Loftslagsmál	1.000
2. Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála	12.000
3. Verkefni á sviði nýsköpunarmála	10.000
4. Jafnréttismál	3.200
5. Hönnunarmiðstöð Íslands	10.000
6. Hátæknivettvangur	3.500
Samtals	**39.700**

19. Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis (11-399-1.98).	Þús. kr.
1. Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga	4.100
2. Aðkeypt sérfræðiþjónusta	8.400
3. Olíumál	2.000
4. Alþjóðlegt samstarf	2.000
5. Erlendir orkusamningar	2.000
6. Orkusparnaðarverkefni	5.300
Samtals	**23.800**

20. Ýmis ferðamál (11-599-1.90).	Þús. kr.
1. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Dimmuborgarstofa	1.800
2. Markaðsstofa Austurlands	3.500
3. Markaðsstofa Norðurlands	3.500
4. Markaðsstofa Suðurlands	3.500
5. Markaðsstofa Suðurnesja	3.500
6. Markaðsstofa Vestfjarða	3.500
7. Markaðsstofa Vesturlands	3.500
Samtals	**22.800**

21. Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis (11-599-1.98).	Þús. kr.
1. Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	30.000
2. Verkefni á sviði stefnumótunar í ferðaþjónustu	6.300
Samtals	**36.300**

22. Ýmis verkefni (14-190-1.90).	Þús. kr.
1. Arnarsetur Íslands	2.000
2. Auðlind, náttúrusjóður	1.000
3. Eyjafjarðarsveit, eyðing kerfils	1.500
4. Framkvæmdaráð Snæfellsness, EarthCheck-umhverfisvottun	8.000
5. Fuglaathugunarstöð Suðausturlands	1.300
6. Fuglaverndarfélag Íslands	1.000
7. Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	4.900
8. Grænn gróði ehf., útbreiðsla lúpínu hamin	800
9. Hrísiðn ehf., útrýming skógarkerfils og lúpínu í Hrísey	500
10. Hættumat og viðbragðsáætlanir vegna gróðurelda í Skorradal	1.000
11. Landgræðslufélag Héraðsbúa, landgræðsla og stöðvun jarðvegsrofs	800
12. Landvernd, Grænfáninn	2.000
13. Landvernd, rekstur	6.000
14. Náttúran er ehf.	1.000
15. Náttúrufræðistofa Kópavogs, vöktun á vatnsgæðum og lífríki Þingvallavatns	4.000
16. Náttúrusetur á Húsabakka í Svarfaðardal	4.000
17. Náttúruverndarsamtök Íslands	1.000
18. Skotveiðifélag Íslands	800
19. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, viðbrögð og varnir við skógarbruna	1.000
Samtals	**42.600**

23. Ýmis framlög umhverfisráðuneytis (14-190-1.98).	Þús. kr.
1. Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	14.400
2. Frjáls félagasamtök	11.500
3. Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	9.000
4. Staðardagskrá 21	5.000
5. Umhverfisfræðsluráð	1.900
6. Byggingastaðlar	900
7. Vistvæn innkaup	4.800
8. Loftslagsbreytingar – ný verkefni	13.000
9. Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	5.000
10. Formennska Íslands í CAFF, vinnuhópi Norðurskautsráðsins	7.500
11. Styrkur til reksturs upplýsingamiðstöðvar á Álftanesi	2.000
12. Úttektir og hagræðing	2.000
13. Vöktun og viðbrögð við uppblæstri og gróðureyðingu við Skaftá	3.000
Samtals	**80.000**

24. Fyrirhleðslur (14-231-1.90).	Þús. kr.
1. Vesturland og Vestfirðir	8.000
2. Norðurland	18.000
3. Austurland	8.000
4. Suðurland	31.000
5. Heildarúttekt	2.700
Samtals	**67.700**

SÉRSTÖK YFIRLIT II

Breytingar á framlögum vegna húsnæðismála framhaldsskóla.

Tillaga um breytingar á fjárheimildum vegna húsnæðismála framhaldsskóla skiptist með eftirfarandi hætti á viðfangsefni:

Liðir	**Heiti**	**M.kr.**
02-302-1.01	Menntaskólinn á Akureyri	2,5
02-304-1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð	3,8
02-305-1.01	Menntaskólinn við Sund	2,4
02-306-1.01	Menntaskólinn á Ísafirði	1,2
02-307-1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum	0,9
02-308-1.01	Menntaskólinn í Kópavogi	3,7
02-309-1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík	-0,4
02-319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	-14,5
02-350-1.01	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	3,3
02-351-1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla	-19,7
02-352-1.01	Flensborgarskóli	2,9
02-353-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	3,4
02-354-1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands	2,4
02-355-1.01	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1,2

Liðir	Heiti	M.kr.
02-356-1.01	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	2,9
02-357-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurlands	3,6
02-358-1.01	Verkmenntaskóli Austurlands	-0,1
02-359-1.01	Verkmenntaskólinn á Akureyri	2,4
02-360-1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	2,1
02-362-1.01	Framhaldsskólinn á Húsavík	0,6
02-363-1.01	Framhaldsskólinn á Laugum	1,0
02-365-1.01	Borgarholtsskóli	4,0
02-504-1.01	Tækniskólinn	-9,6
	Samtals	**0,0**

SÉRSTÖK YFIRLIT III

Breytingar á fjárheimildum öldrunarstofnana.

Útgjaldaheimildir öldrunarstofnana breytast í samræmi við niðurstöðu reiknilíkans öldrunarstofnana, ýmist til hækkunar eða lækkunar, en hér er um að ræða tilfærslur fjárveitinga á milli liða og áhrif því í heild engin. Sértekjur hækka um 475 m.kr. Annars vegar er um að ræða að 400 m.kr. af fjárheimild Framkvæmdasjóðs aldraðra verði ráðstafað til reksturs hjúkrunarrýma vegna endurskoðunar á áformum um aðhaldsmarkmið í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu. Hins vegar eru 75 m.kr. vegna þátttöku Framkvæmdasjóðs aldraðra í viðhaldi á fasteignum öldrunarstofnana.

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
07-505-1.13	Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	-21,0	-5,2	-26,2
07-518-1.01	Mörk, Reykjavík	-55,7	-39,9	-95,6
07-519-1.01	Hrafnista, Kópavogi	-13,3	-16,0	-29,3
07-521-1.01	Hrafnista, Reykjavík	-14,3	-44,0	-58,3
07-522-1.01	Hrafnista, Hafnarfirði	49,9	-39,7	10,2
07-523-1.01	Grund, Reykjavík	25,9	-44,4	-18,5
07-527-1.01	Garðvangur, Garði	2,1	-9,3	-7,2
07-530-1.01	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	-6,0	-6,7	-12,7
07-531-1.01	Hulduhlíð, Eskifirði	3,4	-4,5	-1,1
07-532-1.01	Hornbrekka, Ólafsfirði	-6,2	-4,3	-10,5
07-533-1.01	Naust, Þórshöfn	-1,1	-2,5	-3,6
07-534-1.01	Seljahlíð, Reykjavík	-0,8	-5,0	-5,8
07-536-1.01	Höfði, Akranesi	-1,4	-11,2	-12,6
07-537-1.01	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	5,9	-8,0	-2,1
07-538-1.01	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	6,2	-2,1	4,1
07-539-1.01	Fellaskjól, Grundarfirði	3,8	-2,1	1,7
07-540-1.01	Jaðar, Ólafsvík	4,1	-2,5	1,6
07-542-1.01	Barmahlíð, Reykhólum	-0,2	-2,7	-2,9
07-543-1.01	Dalbær, Dalvík	1,0	-5,6	-4,6
08-434-1.01	Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	-32,0	-38,7	-70,7
07-545-1.01	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	7,7	-3,2	4,5

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
07-547-1.01	Klausturhólar	-7,7	-3,6	-11,3
07-548-1.01	Hjallatún, Vík	-1,4	-3,1	-4,5
07-549-1.01	Kumbaravogur, Stokkseyri	-36,9	-8,9	-45,8
07-550-1.01	Ás Ásbyrgi, Hveragerði	6,8	-7,4	-0,6
07-551-1.01	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	-6,9	-7,0	-13,9
07-552-1.01	Holtsbúð, Garðabæ	-5,7	-9,5	-15,2
08-408-1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	-9,8	-18,1	-27,9
08-409-1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	5,1	-26,7	-21,6
08-410-1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	20,7	-42,6	-21,9
08-412-1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	-16,0	-17,3	-33,3
08-413-1.01	Droplaugarstaðir, Reykjavík	53,8	-20,4	33,4
08-428-1.01	Fellsendi, Búðardal	16,3	-6,3	10,0
08-437-1.01	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu	23,7	-6,5	17,2
	Samtals	**0,0**	**-475,0**	**-475,0**

SÉRSTÖK YFIRLIT IV

Niðurfelldar fjárheimildir vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga.

Fjárheimildir, samtals 10.018,5 m.kr., af liðum 07-700 – 07-795 breytast vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
07-700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	-6,4		-6,4
07-700-1.83	Liðveisla við fólk sem er háð öndunarvélum	-33,3		-33,3
07-700-1.90	Ýmis verkefni	-204,6		-204,6
07-701-1.01	Almennur rekstur	-2.889,4	71,4	-2.818,0
07-701-1.86	Samningur við Reykjavíkurborg um þjónustu við geðfatlaða	-264,2		-264,2
07-702-1.01	Almennur rekstur	-2.032,4	65,1	-1.967,3
07-702-1.86	Samningar við sveitarfélög um þjónustu við geðfatlaða	-69,3		-69,3
07-702-1.89	Þjónusta á vegum félagasamtaka	-13,2		-13,2
07-703-1.01	Almennur rekstur	-364,9	33,1	-331,8
07-704-1.01	Almennur rekstur	-221,0	0,9	-220,1
07-705-1.10	Svæðisráð	-1,5		-1,5
07-705-1.86	Samningur við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um málefni fatlaðra	-383,2		-383,2
07-706-1.85	Samningur við Norðurþing um þjónustu við fatlaða	-133,0		-133,0
07-706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	-935,4		-935,4
07-707-1.01	Almennur rekstur	-326,1	5,0	-321,1
07-707-1.86	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	-30,4		-30,4

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
07-708-1.01	Almennur rekstur	-451,1	4,7	-446,4
07-708-1.72	Skaftholt	-50,8		-50,8
07-708-1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	-106,4		-106,4
07-711-1.01	Styrktarfélag vangefinna	-717,2		-717,2
07-720-1.70	Vistheimilið Skálatúni	-362,0		-362,0
07-722-1.70	Sólheimar í Grímsnesi	-264,2		-264,2
07-795-1.01	Almennur rekstur	-22,8	16,5	-6,3
07-795-5.21	Viðhald fasteigna	-63,0		-63,0
07-795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	-269,4		-269,4
	Samtals	**-10.215,2**	**196,7**	**-10.018,5**

SÉRSTÖK YFIRLIT V

Framlög vegna kjarasamnings við Sjúkraliðafélag Íslands frá 14. október 2010.

Fjárheimild að fjárhæð 333,7 m.kr. á liðnum 09-989 Ófyrirséð útgjöld vegna kjarasamnings við Sjúkraliðafélag Íslands frá 14. október 2010 skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

Liðir	Heiti	M.kr.
07-400-1.01	Almennur rekstur	0,2
07-521-1.01	Hjúkrunarrými	8,5
07-522-1.01	Hjúkrunarrými	6,5
07-522-1.11	Dvalarrými	1,0
07-523-1.01	Hjúkrunarrými	7,5
07-523-1.11	Dvalarrými	0,4
07-527-1.01	Hjúkrunarrými	1,7
07-530-1.01	Hjúkrunarrými	1,2
07-530-1.11	Dvalarrými	0,1
07-531-1.01	Hjúkrunarrými	0,7
07-531-1.11	Dvalarrými	0,1
07-532-1.01	Hjúkrunarrými	0,8
07-532-1.11	Dvalarrými	0,2
07-533-1.01	Hjúkrunarrými	0,4
07-534-1.01	Hjúkrunarrými	0,9
07-536-1.01	Hjúkrunarrými	1,9
07-537-1.01	Hjúkrunarrými	1,2
07-537-1.11	Dvalarrými	0,3
07-538-1.01	Hjúkrunarrými	0,4
07-539-1.01	Hjúkrunarrými	0,3
07-540-1.01	Hjúkrunarrými	0,4
07-540-1.11	Dvalarrými	0,1
07-542-1.01	Hjúkrunarrými	0,5
07-543-1.01	Hjúkrunarrými	0,9
07-543-1.11	Dvalarrými	0,3

Liðir	Heiti	M.kr.
07-545-1.01	Hjúkrunarrými	0,5
07-545-1.11	Dvalarrými	0,2
07-547-1.01	Hjúkrunarrými	0,6
07-547-1.11	Dvalarrými	0,1
07-548-1.01	Hjúkrunarrými	0,5
07-548-1.11	Dvalarrými	0,1
07-549-1.01	Hjúkrunarrými	1,5
07-549-1.11	Dvalarrými	0,1
07-550-1.01	Hjúkrunarrými	1,2
07-550-1.11	Dvalarrými	1,0
07-550-1.17	Geðrými	1,0
07-551-1.01	Hjúkrunarrými	1,2
07-551-1.11	Dvalarrými	0,1
07-552-1.01	Hjúkrunarrými	1,7
07-559-1.10	Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	0,4
07-561-1.10	Fríðuhús, Reykjavík	0,2
07-701-1.01	Almennur rekstur	1,3
07-702-1.01	Almennur rekstur	0,2
07-705-1.86	Samningur við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um málefni fatlaðra	0,3
07-706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	0,7
07-711-1.01	Styrktarfélag vangefinna	0,5
07-720-1.70	Vistheimilið Skálatúni	0,3
07-722-1.70	Sólheimar í Grímsnesi	0,2
08-202-1.01	Sjúkratryggingar Íslands	0,2
08-358-1.01	Sjúkrahúsið á Akureyri	8,1
08-373-1.01	Landspítali	122,6
08-408-1.01	Hjúkrunarrými	3,1
08-409-1.01	Hjúkrunarrými	4,5
08-410-1.01	Hjúkrunarrými	7,2
08-410-1.15	Dagvist	0,3
08-412-1.01	Hjúkrunarrými	3,0
08-413-1.01	Hjúkrunarrými	3,2
08-428-1.01	Hjúkrunarrými	1,0
08-434-1.01	Hjúkrunarrými	6,4
08-434-1.11	Dvalarrými	0,4
08-434-1.15	Dagvist	0,2
08-437-1.01	Hjúkrunarrými	0,9
08-447-1.01	Hjúkrunarrými	12,9
08-479-1.10	Hlaðgerðarkot	0,1
08-491-1.10	Reykjalundur, Mosfellsbæ	3,8
08-492-1.10	Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	1,5
08-493-1.10	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	1,3
08-494-1.10	Hlein	2,2
08-506-1.01	Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	7,0

Liðir	Heiti	M.kr.
08-508-1.01	Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	23,7
08-552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	0,1
08-553-1.01	Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	1,8
08-716-1.01	Heilsugæslusvið	5,5
08-716-1.11	Sjúkrasvið	7,7
08-716-1.21	Hjúkrunarrými	2,1
08-721-1.01	Heilsugæslusvið	0,2
08-721-1.11	Sjúkrasvið	0,1
08-721-1.21	Hjúkrunarrými	0,2
08-726-1.01	Heilsugæslusvið	2,2
08-726-1.11	Sjúkrasvið	2,0
08-726-1.21	Hjúkrunarrými	1,6
08-745-1.01	Heilsugæslusvið	0,9
08-745-1.11	Sjúkrasvið	0,5
08-745-1.21	Hjúkrunarrými	1,2
08-751-1.01	Heilsugæslusvið	1,1
08-751-1.11	Sjúkrasvið	1,1
08-751-1.21	Hjúkrunarrými	0,9
08-756-1.01	Heilsugæslusvið	0,4
08-756-1.11	Sjúkrasvið	0,1
08-756-1.21	Hjúkrunarrými	0,3
08-761-1.01	Heilsugæslusvið	1,3
08-761-1.11	Sjúkrasvið	0,6
08-761-1.21	Hjúkrunarrými	0,5
08-777-1.01	Heilsugæslusvið	4,7
08-777-1.11	Sjúkrasvið	2,4
08-777-1.21	Hjúkrunarrými	2,1
08-781-1.01	Heilsugæslusvið	1,3
08-781-1.11	Sjúkrasvið	1,9
08-781-1.21	Hjúkrunarrými	0,4
08-787-1.01	Heilsugæslusvið	6,2
08-787-1.11	Sjúkrasvið	2,6
08-787-1.21	Hjúkrunarrými	1,6
08-791-1.01	Heilsugæslusvið	4,4
08-791-1.11	Sjúkrasvið	3,0
08-791-1.21	Hjúkrunarrými	1,5
08-795-1.11	St. Jósefsspítali, Sólvangur	2,7
08-795-1.21	Hjúkrunarrými	2,5
	Samtals	**333,7**

SÉRSTÖK YFIRLIT VI

Breytingar fjárheimilda vegna lækkunar almennrar verðlagsforsendu frumvarpsins úr 3,5% í 2,3%.

Lækkun fjárheimildar sem samtals nemur 1.083,6 m.kr. á á liðnum 09-989 Ófyrirséð útgjöld vegna lækkunar á almennri verðlagsforsendu frumvarpsins úr 3,5% í 2,3% og breytinga á forsendum um gengi sem nú tekur mið af gengi Seðlabankans þann 15. nóvember í stað 1. september skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
00-101-1.01	Almennur rekstur	-0,6		-0,6
00-101-1.81	Opinberar heimsóknir	-0,2		-0,2
00-201-1.01	Alþingiskostnaður	-2,4		-2,4
00-201-1.03	Fastanefndir	-0,2		-0,2
00-201-1.04	Alþjóðasamstarf	-0,6		-0,6
00-201-1.06	Almennur rekstur	-2,8	0,3	-2,5
00-201-1.07	Sérverkefni	-0,2		-0,2
00-201-1.10	Rekstur fasteigna	-2,8		-2,8
00-610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	-0,2		-0,2
00-620-1.01	Ríkisendurskoðun	-1,1	0,4	-0,7
01-101-1.01	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	-1,0		-1,0
01-190-1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	-0,1		-0,1
01-190-1.56	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn	-0,1		-0,1
01-201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	-0,4		-0,4
01-241-1.01	Umboðsmaður barna	-0,1		-0,1
01-261-1.01	Óbyggðanefnd	-0,1		-0,1
01-271-1.01	Ríkislögmaður	-0,2	0,1	-0,1
01-902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-0,4	0,3	-0,1
02-101-1.01	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-1,6		-1,6
02-201-1.01	Háskóli Íslands	-47,7	14,9	-32,8
02-202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	-1,7	0,9	-0,8
02-203-1.01	Raunvísindastofnun Háskólans	-4,0	2,6	-1,4
02-209-1.01	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	-0,6	0,6	0,0
02-210-1.01	Háskólinn á Akureyri	-6,6	1,5	-5,1
02-216-1.01	Landbúnaðarháskóli Íslands	-5,4	2,6	-2,8
02-217-1.01	Hólaskóli – Háskólinn á Hólum	-1,4	0,7	-0,7
02-223-1.01	Námsmatsstofnun	-0,6	0,1	-0,5
02-225-1.01	Háskólinn á Bifröst	-1,1		-1,1
02-227-1.01	Háskólinn í Reykjavík	-6,8		-6,8
02-228-1.01	Listaháskóli Íslands	-2,2		-2,2
02-231-1.01	Rannsóknamiðstöð Íslands	-1,6	0,6	-1,0
02-231-1.05	Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda	-0,1		-0,1
02-299-1.32	Þekkingasetur Vestmannaeyja	0,1		0,1
02-299-1.33	Fræða- og þekkingarsetur	-0,6		-0,6
02-299-1.34	Háskólasetur Vestfjarða	-0,6		-0,6

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
02-299-1.35	Þekkingarsetur Suðurlands	-0,1		-0,1
02-299-1.73	Reykjavíkurakademían	-0,2		-0,2
02-301-1.01	Menntaskólinn í Reykjavík	-1,0	0,2	-0,8
02-302-1.01	Menntaskólinn á Akureyri	-1,6	0,2	-1,4
02-303-1.01	Menntaskólinn að Laugarvatni	-0,6	0,2	-0,4
02-304-1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð	-2,0	0,4	-1,6
02-305-1.01	Menntaskólinn við Sund	-1,2	0,3	-0,9
02-306-1.01	Menntaskólinn á Ísafirði	-0,9	0,2	-0,7
02-307-1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum	-1,1	0,1	-1,0
02-308-1.01	Menntaskólinn í Kópavogi	-2,4	0,9	-1,5
02-309-1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík	-0,8	0,3	-0,5
02-316-1.05	Fasteignir skóla	-0,4		-0,4
02-319-1.11	Sameiginleg þjónusta	-0,9		-0,9
02-319-1.14	Sérkennsla	-0,2		-0,2
02-319-1.15	Prófkostnaður	-1,0		-1,0
02-319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	-0,1		-0,1
02-319-1.18	Námsefnisgerð	-0,2		-0,2
02-319-1.21	Nám tannsmiða	-0,1		-0,1
02-319-1.28	Mat á skólastarfi	-0,3		-0,3
02-319-1.38	Menntun á sviði kvikmyndagerðar	-0,1		-0,1
02-319-1.39	Nám í listdansi	-0,2		-0,2
02-350-1.01	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-2,4	0,8	-1,6
02-351-1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla	-1,7	1,1	-0,6
02-352-1.01	Flensborgarskóli	-1,6	0,3	-1,3
02-353-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	-1,6	0,5	-1,1
02-354-1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands	-1,5	0,3	-1,2
02-355-1.01	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	-0,6		-0,6
02-356-1.01	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	-1,4	0,3	-1,1
02-357-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurlands	-2,2	0,8	-1,4
02-358-1.01	Verkmenntaskóli Austurlands	-0,8	0,2	-0,6
02-359-1.01	Verkmenntaskólinn á Akureyri	-3,1	0,7	-2,4
02-360-1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-1,3	0,3	-1,0
02-361-1.01	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	-0,5	0,2	-0,3
02-362-1.01	Framhaldsskólinn á Húsavík	-0,5	0,1	-0,4
02-363-1.01	Framhaldsskólinn á Laugum	-1,0	0,1	-0,9
02-365-1.01	Borgarholtsskóli	-2,4	0,7	-1,7
02-367-1.01	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	-1,0	0,1	-0,9
02-368-1.01	Menntaskóli Borgarfjarðar	-0,3		-0,3
02-369-1.01	Menntaskólinn Hraðbraut	-0,2		-0,2
02-370-1.01	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	-0,3		-0,3
02-372-1.01	Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð	-0,2		-0,2
02-430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-0,4	0,3	-0,1
02-441-1.01	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	-0,4		-0,4
02-451-1.10	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	-1,0		-1,0

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
02-451-1.11	Símenntun og fjarkennsla	-0,1		-0,1
02-451-1.13	FS-net, símenntunarstöðvar	-0,2		-0,2
02-451-1.15	Mímir, símenntun	-0,1		-0,1
02-451-1.21	Símenntunarstöð á Vesturlandi	-0,2		-0,2
02-451-1.22	Fræðslumiðstöð Vestfjarða	-0,2		-0,2
02-451-1.23	Farskóli Norðurlands vestra	-0,3		-0,3
02-451-1.24	Símenntunarstöð Eyjafjarðar	-0,2		-0,2
02-451-1.25	Þekkingarsetur Þingeyinga	-0,4		-0,4
02-451-1.26	Þekkingarnet Austurlands	-0,4		-0,4
02-451-1.27	Fræðslunet Suðurlands	-0,2		-0,2
02-451-1.28	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	-0,2		-0,2
02-451-1.29	Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	-0,2		-0,2
02-451-1.30	Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík	-0,1		-0,1
02-451-1.33	Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar	-0,1		-0,1
02-451-1.41	Íslenskukennsla fyrir útlendinga	-0,2		-0,2
02-504-1.01	Tækniskólinn	-5,7		-5,7
02-516-1.01	Iðnskólinn í Hafnarfirði	-2,5	0,5	-2,0
02-541-1.01	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	-0,1		-0,1
02-551-1.01	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-0,1		-0,1
02-581-1.01	Verslunarskóli Íslands	-3,0		-3,0
02-720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	-0,5		-0,5
02-720-1.34	Sprotasjóður	-0,2		-0,2
02-720-1.70	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	-0,6		-0,6
02-725-1.01	Námsgagnastofnun	-3,9	0,2	-3,7
02-872-1.01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-36,4		-36,4
02-884-1.01	Jöfnun á námskostnaði	-5,5		-5,5
02-884-1.10	Skólaakstur	-0,8		-0,8
02-901-1.01	Fornleifavernd ríkisins	-0,3		-0,3
02-902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	-1,8	0,8	-1,0
02-903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	-1,0	0,2	-0,8
02-904-1.01	Þjóðmenningarhúsið	-0,2	0,2	
02-905-1.01	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	-4,0	1,8	-2,2
02-906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	-0,1		-0,1
02-907-1.01	Listasafn Íslands	-0,8	0,2	-0,6
02-908-1.01	Kvikmyndasafn Íslands	-0,3		-0,3
02-909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	-0,4		-0,4
02-911-1.01	Náttúruminjasafn Íslands	-0,1		-0,1
02-918-1.10	Safnasjóður	-1,0		-1,0
02-919-1.15	Hönnunarsafn Íslands	-0,1		-0,1
02-919-1.98	Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	-0,7		-0,7
02-961-1.01	Fjölmiðlastofa	-0,2		-0,2

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
02-965-1.01	Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	-5,0		-5,0
02-971-1.10	Ríkisútvarpið	-17,5		-17,5
02-972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	-0,7	0,1	-0,6
02-973-1.01	Þjóðleikhúsið	-3,0	0,8	-2,2
02-974-1.01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	-2,4	0,2	-2,2
02-979-1.01	Húsafriðunarnefnd	-0,1	0,1	
02-981-1.01	Kvikmyndamiðstöð Íslands	-0,3		-0,3
02-983-1.53	Snorrastofa	-0,1		-0,1
02-985-1.01	Landsskrifstofa menntaáætlana ESB	-0,1		-0,1
02-985-1.90	Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB	-0,5		-0,5
02-985-1.91	Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun	-0,6		-0,6
02-989-1.25	Skákskóli Íslands	-0,1		-0,1
03-101-1.01	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	-5,1	0,4	-4,7
03-111-1.01	Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	-0,7		-0,7
03-190-1.31	Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	-0,1		-0,1
03-214-1.01	Varnarmálastofnun	-6,3		-6,3
03-300-1.01	Sendiráð Íslands	-27,8	0,4	-27,4
03-390-1.01	Almennur rekstur	-0,6		-0,6
03-390-1.11	Þróunaraðstoð	-68,1		-68,1
03-391-1.10	Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	-0,7		-0,7
03-391-1.11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	-1,4		-1,4
03-391-1.12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	-1,4		-1,4
03-391-1.13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	-7,3		-7,3
03-391-1.15	Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	-0,5		-0,5
03-391-1.21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	-6,7		-6,7
03-391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð	-14,4		-14,4
03-391-1.41	Íslensk friðargæsla	-0,2	0,1	-0,1
03-391-1.90	Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	-19,2		-19,2
03-401-1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	-7,4		-7,4
03-401-1.11	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	-0,4		-0,4
03-401-1.13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	-1,5		-1,5
03-401-1.15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	-1,1		-1,1
03-401-1.16	Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	-0,3		-0,3
03-401-1.39	Evrópuráðið	-0,1		-0,1
03-401-1.40	Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	-0,1		-0,1
03-401-1.41	Atlantshafsbandalagið, NATO	-0,2		-0,2
03-401-1.70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	-0,1		-0,1
03-401-1.71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	-0,2		-0,2
03-401-1.73	Þróunarsjóður EFTA	-0,9		-0,9

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
03-401-1.75	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	-0,1		-0,1
03-401-1.81	Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	-0,3		-0,3
03-401-1.85	Alþjóðleg friðargæsla	-21,3		-21,3
04-101-1.01	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-1,9	0,2	-1,7
04-190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	-0,3		-0,3
04-190-1.49	Úrskurðarnefndir	-0,1		-0,1
04-190-1.52	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	-0,4		-0,4
04-190-1.54	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	-0,4		-0,4
04-215-1.01	Fiskistofa	-4,1	0,4	-3,7
04-234-1.01	Matvælastofnun	-5,8	0,6	-5,2
04-331-1.01	Héraðs- og Austurlandsskógar	-0,2		-0,2
04-335-1.01	Skjólskógar á Vestfjörðum	-0,1		-0,1
04-336-1.01	Norðurlandsskógar	-0,1		-0,1
04-401-1.01	Hafrannsóknastofnunin	-12,1	4,8	-7,3
04-405-1.01	Veiðimálastofnun	-0,9	0,4	-0,5
04-411-1.01	Matvælarannsóknir	-4,9		-4,9
04-421-1.01	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	-0,3	0,3	
04-423-1.01	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	-0,1		-0,1
04-481-1.01	Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	-0,8		-0,8
04-483-1.15	Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar	-0,1		-0,1
04-487-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	-0,1		-0,1
04-811-1.11	Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt	-1,3		-1,3
06-101-1.01	Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa	-0,9	0,1	-0,8
06-111-1.10	Kosningar	-0,1		-0,1
06-190-1.10	Fastanefndir	-0,6	0,5	-0,1
06-190-1.25	Tilkynningaskylda íslenskra skipa	-0,1		-0,1
06-190-1.27	Slysavarnafélagið Landsbjörg	-1,2		-1,2
06-190-1.40	Alþjóðasamstarf	-0,2		-0,2
06-201-1.01	Hæstiréttur	-0,6	0,1	-0,5
06-210-1.01	Héraðsdómstólar	-2,0	0,1	-1,9
06-231-1.10	Málskostnaður í opinberum málum	-8,1	3,5	-4,6
06-232-1.10	Opinber réttaraðstoð	-1,7	0,2	-1,5
06-251-1.01	Persónuvernd	-0,4		-0,4
06-301-1.05	Ríkissaksóknari	-0,3		-0,3
06-303-1.01	Ríkislögreglustjóri	-5,7	1,7	-4,0
06-303-1.11	Rekstur lögreglubifreiða	-3,2	4,9	1,7
06-303-6.11	Bifreiðar	-2,0	0,1	-1,9
06-305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	-0,9		-0,9
06-309-1.01	Sérstakur saksóknari	-5,8		-5,8

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
06-310-1.01	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	-5,2	0,6	-4,6
06-312-1.01	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	-2,1		-2,1
06-325-1.10	Samræmd neyðarsvörun	-3,3		-3,3
06-390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	-0,1		-0,1
06-390-1.18	Viðbótartryggingar lögreglumanna	-0,3		-0,3
06-395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	-25,8	1,0	-24,8
06-395-5.41	Viðhald skipa og flugfarkosta	-2,7		-2,7
06-396-6.41	Landhelgissjóður Íslands	-0,3		-0,3
06-397-1.01	Schengen-samstarf	-0,3		-0,3
06-398-1.01	Útlendingastofnun	-1,3		-1,3
06-411-1.01	Sýslumaðurinn í Reykjavík	-0,8	0,1	-0,7
06-412-1.01	Yfirstjórn	-0,1		-0,1
06-412-1.20	Löggæsla	-0,2	0,1	-0,1
06-413-1.01	Yfirstjórn	-0,1		-0,1
06-413-1.20	Löggæsla	-0,4	0,1	-0,3
06-414-1.01	Yfirstjórn	-0,2		-0,2
06-414-1.20	Löggæsla	-0,2		-0,2
06-415-1.01	Sýslumaðurinn í Búðardal	-0,1		-0,1
06-416-1.01	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	-0,1		-0,1
06-417-1.01	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	-0,1		-0,1
06-418-1.01	Yfirstjórn	-0,3		-0,3
06-418-1.20	Löggæsla	-0,5	0,1	-0,4
06-419-1.01	Sýslumaðurinn á Hólmavík	-0,1		-0,1
06-420-1.01	Yfirstjórn	-0,1		-0,1
06-420-1.05	Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	-0,1		-0,1
06-420-1.20	Löggæsla	-0,2		-0,2
06-421-1.01	Yfirstjórn	-0,1		-0,1
06-421-1.20	Löggæsla	-0,1		-0,1
06-422-1.01	Sýslumaðurinn á Siglufirði	-0,2		-0,2
06-424-1.01	Yfirstjórn	-0,4		-0,4
06-424-1.20	Löggæsla	-0,6		-0,6
06-425-1.01	Yfirstjórn	-0,2		-0,2
06-425-1.20	Löggæsla	-0,3		-0,3
06-426-1.01	Yfirstjórn	-0,1		-0,1
06-426-1.20	Löggæsla	-0,3	0,1	-0,2
06-428-1.01	Yfirstjórn	-0,3		-0,3
06-428-1.20	Löggæsla	-0,3		-0,3
06-431-1.01	Yfirstjórn	-0,3		-0,3
06-431-1.20	Löggæsla	-0,3		-0,3
06-432-1.01	Yfirstjórn	-0,1		-0,1
06-432-1.20	Löggæsla	-0,1	0,1	
06-433-1.01	Yfirstjórn	-0,2		-0,2
06-433-1.20	Löggæsla	-0,6	0,1	-0,5
06-434-1.01	Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	-0,3		-0,3
06-436-1.01	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	-0,6	0,1	-0,5

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
06-437-1.01	Sýslumaðurinn í Kópavogi	-0,6		-0,6
06-490-1.30	Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	-1,0		-1,0
06-501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	-5,0	1,0	-4,0
06-701-1.01	Biskup Íslands	-2,7	1,0	-1,7
06-733-1.11	Kirkjugarðar	-6,0		-6,0
06-801-1.01	Neytendastofa	-0,5	0,1	-0,4
06-805-1.01	Talsmaður neytenda	-0,1		-0,1
07-101-1.01	Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-1,1	0,4	-0,7
07-190-1.10	Fastanefndir	-0,1		-0,1
07-190-1.90	Ýmislegt	-1,3		-1,3
07-302-1.01	Ríkissáttasemjari	-0,4		-0,4
07-313-1.01	Jafnréttisstofa	-0,3	0,3	
07-331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	-1,6	0,6	-1,0
07-400-1.01	Almennur rekstur	-3,2		-3,2
07-400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	-1,3		-1,3
07-505-1.13	Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	-7,1		-7,1
07-521-1.01	Hjúkrunarrými	-4,7		-4,7
07-521-1.11	Dvalarrými	-0,8		-0,8
07-522-1.01	Hjúkrunarrými	-3,6		-3,6
07-522-1.11	Dvalarrými	-0,9		-0,9
07-522-1.15	Dagvist	-0,1		-0,1
07-523-1.01	Hjúkrunarrými	-4,1		-4,1
07-523-1.11	Dvalarrými	-0,4		-0,4
07-527-1.01	Hjúkrunarrými	-0,9		-0,9
07-530-1.01	Hjúkrunarrými	-0,6		-0,6
07-531-1.01	Hjúkrunarrými	-0,4		-0,4
07-531-1.11	Dvalarrými	-0,1		-0,1
07-532-1.01	Hjúkrunarrými	-0,4		-0,4
07-532-1.11	Dvalarrými	-0,1		-0,1
07-533-1.01	Hjúkrunarrými	-0,2		-0,2
07-533-1.15	Dagvist	-0,1		-0,1
07-534-1.01	Hjúkrunarrými	-0,5		-0,5
07-536-1.01	Hjúkrunarrými	-1,0		-1,0
07-536-1.11	Dvalarrými	-0,4		-0,4
07-536-1.15	Dagvist	-0,1		-0,1
07-537-1.01	Hjúkrunarrými	-0,7		-0,7
07-537-1.11	Dvalarrými	-0,2		-0,2
07-538-1.01	Hjúkrunarrými	-0,2		-0,2
07-538-1.11	Dvalarrými	-0,1		-0,1
07-539-1.01	Hjúkrunarrými	-0,2		-0,2
07-540-1.01	Hjúkrunarrými	-0,2		-0,2
07-540-1.11	Dvalarrými	-0,1		-0,1
07-542-1.01	Hjúkrunarrými	-0,3		-0,3

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
07-543-1.01	Hjúkrunarrými	-0,5		-0,5
07-543-1.11	Dvalarrými	-0,3		-0,3
07-543-1.15	Dagvist	-0,1		-0,1
07-545-1.01	Hjúkrunarrými	-0,3		-0,3
07-545-1.11	Dvalarrými	-0,2		-0,2
07-547-1.01	Hjúkrunarrými	-0,3		-0,3
07-547-1.11	Dvalarrými	-0,1		-0,1
07-548-1.01	Hjúkrunarrými	-0,3		-0,3
07-549-1.01	Hjúkrunarrými	-0,8		-0,8
07-549-1.11	Dvalarrými	-0,1		-0,1
07-550-1.01	Hjúkrunarrými	-0,7		-0,7
07-550-1.11	Dvalarrými	-0,9		-0,9
07-550-1.17	Geðrými	-0,9		-0,9
07-551-1.01	Hjúkrunarrými	-0,7		-0,7
07-551-1.11	Dvalarrými	-0,1		-0,1
07-552-1.01	Hjúkrunarrými	-1,0		-1,0
07-555-1.11	Dvalarrými aldraðra, önnur	-1,7		-1,7
07-556-1.10	Vesturhlíð, Reykjavík	-0,1		-0,1
07-557-1.10	Hlíðabær, Reykjavík	-0,2		-0,2
07-558-1.10	Lindargata, Reykjavík	-0,2		-0,2
07-559-1.10	Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	-0,4		-0,4
07-560-1.10	Múlabær, Reykjavík	-0,3		-0,3
07-561-1.10	Fríðuhús, Reykjavík	-0,2		-0,2
07-562-1.10	Dagvistun aldraðra, aðrar	-2,3		-2,3
07-700-1.81	Tölvumiðstöð fatlaðra	-0,1		-0,1
07-700-1.90	Ýmis verkefni	-1,0		-1,0
07-701-1.01	Almennur rekstur	-4,8	0,8	-4,0
07-701-1.86	Samningur við Reykjavíkurborg um þjónustu við geðfatlaða	-0,6		-0,6
07-702-1.01	Almennur rekstur	-3,1	0,8	-2,3
07-702-1.89	Þjónusta á vegum félagasamtaka	-0,1		-0,1
07-703-1.01	Almennur rekstur	-0,6	0,4	-0,2
07-704-1.01	Almennur rekstur	-0,3		-0,3
07-705-1.86	Samningur við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um málefni fatlaðra	-0,3		-0,3
07-706-1.85	Samningur við Norðurþing um þjónustu við fatlaða	-0,1		-0,1
07-706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	-0,7		-0,7
07-707-1.01	Almennur rekstur	-0,6	0,1	-0,5
07-707-1.86	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	-0,1		-0,1
07-708-1.01	Almennur rekstur	-1,0	0,1	-0,9
07-708-1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	-0,1		-0,1

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
07-711-1.01	Styrktarfélag vangefinna	-1,2		-1,2
07-720-1.70	Vistheimilið Skálatúni	-0,7		-0,7
07-722-1.70	Sólheimar í Grímsnesi	-0,6		-0,6
07-750-1.01	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	-0,9	0,3	-0,6
07-755-1.01	Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	-1,0	0,1	-0,9
07-795-1.01	Almennur rekstur	-0,3	0,2	-0,1
07-821-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	-4,0	1,6	-2,4
07-980-1.01	Vinnumálastofnun	-3,5	3,0	-0,5
07-981-1.13	Kjararannsóknarnefnd	-0,2		-0,2
07-981-1.81	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	-0,5		-0,5
07-981-1.90	Ýmislegt	-0,1		-0,1
07-984-1.15	Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	-1,9		-1,9
07-988-1.10	Starfsendurhæfing	-1,0		-1,0
07-989-1.01	Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	-0,3		-0,3
07-999-1.10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	-0,1		-0,1
07-999-1.34	Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	-0,1		-0,1
07-999-1.40	Kvennaathvarf í Reykjavík	-0,1		-0,1
07-999-1.41	Stígamót	-0,1		-0,1
07-999-1.44	Athvarf fyrir heimilislausa	-0,1		-0,1
07-999-1.49	Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna	-0,4		-0,4
08-101-1.01	Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	-2,0	0,1	-1,9
08-202-1.01	Sjúkratryggingar Íslands	-3,4	3,8	0,4
08-206-1.15	Lyf	-15,2		-15,2
08-206-1.16	Lyf með S-merkingu	-2,7		-2,7
08-206-1.21	Hjálpartæki	-22,0		-22,0
08-206-1.25	Hjúkrun í heimahúsum	-0,5		-0,5
08-206-1.31	Þjálfun	-5,7		-5,7
08-206-1.41	Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	-4,6		-4,6
08-206-1.45	Brýn meðferð erlendis	-16,2		-16,2
08-206-1.51	Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	-3,1		-3,1
08-301-1.01	Landlæknir	-1,5		-1,5
08-305-1.01	Lýðheilsustöð	-0,8		-0,8
08-324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	-0,5		-0,5
08-327-1.01	Geislavarnir ríkisins	-0,6	0,3	-0,3
08-340-1.10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	-0,5		-0,5
08-340-1.15	Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	-0,2		-0,2
08-340-1.30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	-0,1		-0,1
08-340-1.40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	-0,1		-0,1
08-340-1.70	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	-0,1		-0,1

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
08-358-1.01	Sjúkrahúsið á Akureyri	-12,2	4,9	-7,3
08-373-1.01	Landspítali	-108,9	34,7	-74,2
08-384-1.01	Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	-0,4		-0,4
08-388-1.10	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	-1,5		-1,5
08-399-1.16	Lyfjagreiðslunefnd	-0,2		-0,2
08-399-1.30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	-0,2		-0,2
08-399-1.31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	-1,4		-1,4
08-399-1.35	Hjartavernd, rannsóknarstöð	-0,3		-0,3
08-399-1.55	Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	-2,6		-2,6
08-399-1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	-0,2		-0,2
08-399-1.71	Norræni lýðheilsuháskólinn	-0,4		-0,4
08-399-1.73	Bláa lónið, húðmeðferðir	-0,5		-0,5
08-399-1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	-0,9		-0,9
08-399-1.98	Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	-0,7		-0,7
08-408-1.01	Hjúkrunarrými	-1,7		-1,7
08-408-1.15	Dagvist	-0,1		-0,1
08-409-1.01	Hjúkrunarrými	-2,5		-2,5
08-410-1.01	Hjúkrunarrými	-4,0		-4,0
08-410-1.15	Dagvist	-0,3		-0,3
08-412-1.01	Hjúkrunarrými	-1,6		-1,6
08-412-1.71	Endurhæfingardeild	-0,3		-0,3
08-413-1.01	Hjúkrunarrými	-1,8		-1,8
08-428-1.01	Hjúkrunarrými	-0,6		-0,6
08-434-1.01	Hjúkrunarrými	-3,5		-3,5
08-434-1.11	Dvalarrými	-0,4		-0,4
08-434-1.15	Dagvist	-0,2		-0,2
08-437-1.01	Hjúkrunarrými	-0,5		-0,5
08-447-1.01	Hjúkrunarrými	-4,1		-4,1
08-478-1.10	Vistheimilið Bjarg	-0,3		-0,3
08-479-1.10	Hlaðgerðarkot	-0,3		-0,3
08-491-1.10	Reykjalundur, Mosfellsbæ	-3,0		-3,0
08-492-1.10	Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	-1,8		-1,8
08-493-1.10	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	-1,6		-1,6
08-494-1.10	Hlein	-0,3		-0,3
08-500-1.11	Heilbrigðisþjónusta í fangelsum	-0,1		-0,1
08-500-1.13	Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva	-0,8		-0,8
08-501-1.11	Sjúkraflutningar	-0,8		-0,8
08-501-1.12	Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	-1,6		-1,6
08-501-1.15	Sjúkraflug	-1,4		-1,4
08-506-1.01	Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	-14,6		-14,6

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
08-508-1.01	Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	-2,3		-2,3
08-515-1.01	Heilsugæslustöðin Lágmúla	-0,5		-0,5
08-517-1.01	Læknavaktin	-0,6		-0,6
08-553-1.01	Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	-1,5		-1,5
08-588-1.01	Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	-0,3		-0,3
08-716-1.01	Heilsugæslusvið	-2,8		-2,8
08-716-1.11	Sjúkrasvið	-3,7	1,1	-2,6
08-716-1.21	Hjúkrunarrými	-1,4	0,1	-1,3
08-721-1.01	Heilsugæslusvið	-0,5		-0,5
08-721-1.21	Hjúkrunarrými	-0,3		-0,3
08-726-1.01	Heilsugæslusvið	-1,0		-1,0
08-726-1.11	Sjúkrasvið	-0,9	0,5	-0,4
08-726-1.21	Hjúkrunarrými	-0,8	0,2	-0,6
08-745-1.01	Heilsugæslusvið	-0,5	0,1	-0,4
08-745-1.11	Sjúkrasvið	-0,1	0,1	
08-745-1.21	Hjúkrunarrými	-0,8	0,1	-0,7
08-751-1.01	Heilsugæslusvið	-0,9	0,1	-0,8
08-751-1.11	Sjúkrasvið	-0,2	0,4	0,2
08-751-1.21	Hjúkrunarrými	-1,1	0,4	-0,7
08-756-1.01	Heilsugæslusvið	-0,7		-0,7
08-756-1.11	Sjúkrasvið		0,1	0,1
08-756-1.21	Hjúkrunarrými	-0,5	0,1	-0,4
08-761-1.01	Heilsugæslusvið	-1,3		-1,3
08-761-1.11	Sjúkrasvið		0,8	0,8
08-761-1.21	Hjúkrunarrými	-0,4	0,2	-0,2
08-777-1.01	Heilsugæslusvið	-2,3		-2,3
08-777-1.11	Sjúkrasvið	-1,1	0,4	-0,7
08-777-1.21	Hjúkrunarrými	-1,7	0,3	-1,4
08-779-1.01	Heilsugæslusvið	-0,3		-0,3
08-779-1.11	Sjúkrasvið	-0,1		-0,1
08-781-1.01	Heilsugæslusvið	-0,7		-0,7
08-781-1.11	Sjúkrasvið	-0,4	0,3	-0,1
08-781-1.21	Hjúkrunarrými	-0,1		-0,1
08-787-1.01	Heilsugæslusvið	-2,9		-2,9
08-787-1.11	Sjúkrasvið	-0,9	1,6	0,7
08-787-1.21	Hjúkrunarrými	-1,0		-1,0
08-791-1.01	Heilsugæslusvið	-1,9		-1,9
08-791-1.11	Sjúkrasvið	-1,5	1,1	-0,4
08-791-1.21	Hjúkrunarrými	-0,8		-0,8
08-795-1.11	St. Jósefsspítali, Sólvangur	-2,1	1,2	-0,9
08-795-1.21	Hjúkrunarrými	-1,3	0,2	-1,1
09-101-1.01	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-2,0	0,1	-1,9
09-103-1.01	Almennur rekstur	-1,7		-1,7
09-103-1.43	Tekjubókhaldskerfi	-4,3		-4,3

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
09-103-1.47	Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	-5,6		-5,6
09-210-1.01	Almennur rekstur	-5,5	0,3	-5,2
09-210-1.41	Skattvinnslukerfi	-3,8		-3,8
09-212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld	-0,2		-0,2
09-214-1.01	Yfirskattanefnd	-0,3		-0,3
09-215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	-0,7		-0,7
09-250-1.10	Ýmis innheimtukostnaður	-8,9	3,4	-5,5
09-262-1.01	Tollstjórinn	-4,6		-4,6
09-262-1.45	Tollafgreiðslukerfi	-2,6		-2,6
09-901-1.01	Framkvæmdasýsla ríkisins	-0,6	0,6	
09-905-1.01	Ríkiskaup	-15,8	15,8	
09-976-1.01	Lánaumsýsla ríkissjóðs	-1,2		-1,2
09-980-1.01	Rekstur húsnæðis	-1,5	1,5	
09-980-1.05	Rekstur tölvukerfis	-0,4	0,4	
09-984-1.01	Yfirstjórn	-0,2		-0,2
09-984-1.11	Rekstur fasteigna	-19,4	43,5	24,1
09-984-5.21	Viðhald fasteigna	-24,0		-24,0
09-985-1.01	Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll	-6,3		-6,3
09-994-1.01	Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	-1,1		-1,1
09-999-1.10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	-0,6	0,3	-0,3
09-999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	-0,1		-0,1
09-999-1.14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	-0,6		-0,6
09-999-1.60	Dómkröfur	-2,9		-2,9
09-999-1.67	Þjóðlendumál	-0,1		-0,1
09-999-1.90	Ýmis verkefni	-0,9		-0,9
10-101-1.01	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa	-1,7	0,4	-1,3
10-190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna	-0,2		-0,2
10-190-1.98	Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis	-0,1		-0,1
10-211-1.01	Almennur rekstur	-4,1		-4,1
10-211-1.05	Umdæmi og rekstrardeildir	-57,6	57,6	
10-212-1.07	Þjónusta	-14,8		-14,8
10-212-1.11	Styrkir til ferja og sérleyfishafa	-1,1		-1,1
10-212-1.21	Rannsóknir	-0,6		-0,6
10-281-1.01	Rannsóknanefnd umferðarslysa		0,1	0,1
10-335-1.01	Almennur rekstur	-2,6	2,5	-0,1
10-335-1.11	Vaktstöð siglinga	-3,3		-3,3
10-336-1.01	Almennur rekstur	-0,1		-0,1
10-381-1.01	Rannsóknanefnd sjóslysa	-0,3		-0,3
10-471-1.01	Flugmálastjórn Íslands	-3,1	0,1	-3,0
10-475-1.01	Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	-8,4		-8,4

Liðir	Heiti	Gjöld	Tekjur	Alls
10-481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	-0,2		-0,2
10-801-1.10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	-129,7		-129,7
11-101-1.01	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-0,7		-0,7
11-205-1.01	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	-4,4	2,5	-1,9
11-299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	-0,2		-0,2
11-301-1.01	Orkustofnun	-2,5	0,8	-1,7
11-371-1.01	Rekstur Orkusjóðs	-0,3		-0,3
11-373-1.11	Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	-11,3		-11,3
11-411-1.10	Byggðastofnun	-0,5		-0,5
11-411-1.11	Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	-0,5		-0,5
11-501-1.01	Ferðamálastofa	-1,0	0,1	-0,9
11-501-1.13	Markaðs- og kynningarmál erlendis	-4,1	0,6	-3,5
11-599-1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	-4,5		-4,5
12-101-1.01	Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	-0,9		-0,9
12-190-1.20	Rafræn viðskipti	-0,1		-0,1
12-411-1.01	Samkeppniseftirlitið	-1,3		-1,3
12-501-1.01	Hagstofa Íslands	-1,4	0,3	-1,1
14-101-1.01	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	-1,1	0,2	-0,9
14-190-1.40	Alþjóðastofnanir	-1,5		-1,5
14-190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	-0,2		-0,2
14-202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn		0,1	0,1
14-211-1.01	Umhverfisstofnun	-3,5	1,9	-1,6
14-211-1.11	Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	-0,1		-0,1
14-212-1.01	Vatnajökulsþjóðgarður	-1,0	1,2	0,2
14-231-1.01	Landgræðsla ríkisins	-3,4	1,6	-1,8
14-241-1.01	Skógrækt ríkisins	-1,2	0,7	-0,5
14-301-1.01	Skipulagsstofnun	-0,5	0,2	-0,3
14-310-1.01	Landmælingar Íslands	-1,0	0,1	-0,9
14-320-1.01	Byggingarstofnun	-2,1	0,2	-1,9
14-401-1.01	Náttúrufræðistofnun Íslands	-2,9	0,6	-2,3
14-403-1.12	Náttúrustofa Bolungarvík	-0,1		-0,1
14-407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	-0,2	0,1	-0,1
14-412-1.01	Almennur rekstur	-6,1	7,4	1,3
14-412-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	-0,8	0,8	
	Alls	**-1.355,1**	**271,5**	**-1.083,6**

415. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÁÞS, SER, ÞBack, BjörgvS).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1

m.kr.

Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	89.300,0	86.500,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	24.700,0	23.500,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**114.000,0**	**110.000,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	26.400,0	19.400,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	2.200,0	2.100,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.516,2	1.487,0
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	3.730,0	3.450,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**7.446,2**	**7.037,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**147.846,2**	**136.437,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	60,0	60,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	33.917,9	32.595,2
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	30.594,4	29.401,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**64.572,3**	**62.056,2**
	Tryggingagjöld	**64.572,3**	**62.056,2**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	2.007,5	1.929,2
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.538,3	2.439,3
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**4.545,8**	**4.368,5**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	5.210,0	4.620,0
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	2.350,0	2.350,0
4.4.1	Stimpilgjöld	2.600,0	2.600,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	498,2	498,2
	Eignarskattar	**10.658,2**	**10.068,2**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	132.000,0	126.700,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	3.910,0	3.790,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	1.770,0	1.730,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.900,0	1.900,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	4.720,0	4.720,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	7.630,0	7.630,0
5.1.2.1.32	Kolefnisgjald	3.140,0	3.070,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.830,0	6.830,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	42,0	42,0
5.1.2.1.36	Sérstakur skattur af seldri raforku	1.970,0	1.930,0
5.1.2.1.37	Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	240,0	235,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	430,0	430,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	10.890,0	10.780,0
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	4.970,0	4.960,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.613,6	2.613,6
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	5.392,0	5.252,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.672,8	2.672,8
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	9,7	9,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**191.130,1**	**185.295,1**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	6.380,0	6.310,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	810,0	740,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	250,0	250,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	145,3	145,3
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	19,9	19,9
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	617,0	617,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	2.470,0	2.620,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	310,0	310,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	2.130,8	2.130,8
5.2.2.35	Ýmislegt	11,0	11,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**13.144,0**	**13.154,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**204.274,1**	**198.449,1**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.15	Markaðsgjald	401,5	385,8
6.1.25	Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	600,0	600,0
6.1.30	Gjald á bankastarfsemi	1.000,0	1.000,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**2.001,5**	**1.985,8**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	390,0	390,0
	Aðrir skattar	**2.391,5**	**2.375,8**
	Skatttekjur, samtals	**434.288,1**	**413.754,8**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	40,0	40,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	2.185,5	2.185,5
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**2.225,5**	**2.225,5**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	2.240,0	1.870,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	13.250,0	13.616,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	5.211,0	5.125,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	66,2	66,2
8.3.8.5	Aðrar eignatekjur, ótaldar annars staðar	100,0	100,0
	Aðrar eignatekjur	**20.867,2**	**20.777,2**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**23.092,7**	**23.002,7**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	1.180,0	1.180,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	1.120,0	1.120,0
9.1.3.5	Skólagjöld	744,5	744,5
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	130,0	130,0
9.1.3.20	Prófgjöld	27,4	27,4
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	213,5	213,5
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	721,7	721,7
9.1.3.35	Ýmislegt	418,1	417,9
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	456,2	456,2
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	193,9	193,9
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**5.205,3**	**5.205,1**
	Ýmsar tekjur	**5.205,3**	**5.205,1**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	670,0	670,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	700,0	700,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.405,0**	**1.405,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7	74,7
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**29.777,7**	**29.687,5**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	400,0	400,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa og verðbréfa	100,0	100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**500,0**	**500,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	100,0	100,0
	Sala eigna, samtals	**600,0**	**600,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	212,1	212,1
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	550,0	550,0
	Rekstrarframlög	**762,1**	**762,1**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	552,0	552,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	390,0	390,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.704,1**	**1.704,1**
	Fjárframlög, samtals	**1.704,1**	**1.704,1**
	Heildartekjur samtals	**466.369,9**	**445.746,4**

416. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÁÞS, SER, ÞBack, BjörgvS).

1. Við 6. gr. Nýir liðir:
   2.16 Að selja fasteignirnar Nátthaga 5, 7 og 9, Hólum í Hjaltadal.
   2.17 Að selja fasteignirnar Prestssæti 3 og 5, Hólum í Hjaltadal.
   2.18 Að selja útihús á jörðinni Þormóðsdal.
   2.19 Að selja bæjarhúsin á Selá í Dalvíkurbyggð á leigulóð.
   2.20 Að selja bæjarhúsin á Hólsseli í Norðurþingi á leigulóð.
   2.21 Að ganga til samninga við kaþólsku kirkjuna á Íslandi um endurkaup á hluta eigna St. Franciskusspítalans í Stykkishólmi.
2. Við 6. gr. Nýir liðir:
   4.11 Að selja Mosfellsbæ jörðina Þormóðsdal, sbr. 35. gr. jarðalaga, nr. 81/2004.
   4.12 Að selja jörðina Ytri-Lynga II, Skaftárhreppi.
   4.13 Að selja ábúandanum á Reykhólum landspildur í grennd við jörðina.
3. Við 6. gr. Nýr liður:
   6.17 Að kaupa jörðina Eystri-Ása, Skaftárhreppi, af Þjóðkirkjunni.
4. Við 6. gr. Í stað ártalsins „2012“ í lið 7.1 og lið 7.2 komi: 2011.
5. Við 6. gr. Nýir liðir:
   7.15 Að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að 1.000 m.kr. að fenginni úttekt iðnaðarráðuneytisins á framtíðarfyrirkomulagi lánastarfsemi stofnunarinnar.
   7.16 Að semja við sveitarfélög um greiðslur og vaxtakjör vegna fjármagnstekjuskatts sem álagður er á árinu 2010 vegna tekjuársins 2009.
   7.17 Að veita Nýjum Landspítala ohf. skammtímalán vegna undirbúnings hönnunar nýs Landspítala við Hringbraut.

417. Frumvarp til laga [339. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum:

a. Í stað hlutfallstölunnar „20%“ í 2. mgr. kemur: 30%.
b. Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2010 “ í 7. mgr. kemur: 30. júní 2011.

2. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2010“ í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 30. júní 2011.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. 29. gr. getur sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hefur í fyrsta skipti fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá og með 1. maí 2008 eða síðar átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta í tólf mánuði til viðbótar frá þeim degi er tímabili skv. 1. mgr. 29. gr. lauk enda uppfylli hann áfram skilyrði laga þessara nema annað leiði af þeim.

Þrátt fyrir 30. gr. getur sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur samtals í fjögur ár áunnið sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins að nýju að liðnum 24 mánuðum enda hafi hann starfað á vinnumarkaði í a.m.k. sex mánuði eftir að fyrra tímabili lauk og misst starf sitt af gildum ástæðum. Hefst þá nýtt tímabil skv. 29. gr. en að öðru leyti gilda ákvæði III. og IV. kafla um skilyrði atvinnuleysistryggingar hins tryggða eftir því sem við getur átt.

Ákvæði þetta gildir til 31. desember 2011.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

4. gr.

Á eftir orðunum „fyrir aldraða rekstrarárin“ í ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum kemur: 2011.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mikið hefur reynt á atvinnuleysistryggingakerfið frá október 2008 og hefur félags- og tryggingamálaráðuneytið ásamt samtökum aðila vinnumarkaðarins fylgst náið með framkvæmd laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, frá þeim tíma. Lögð hefur verið áhersla á að bæta úr þeim annmörkum sem upp hafa komið í framkvæmdinni og hefur félags- og tryggingamálaráðherra í því skyni lagt til breytingar á lögunum samtals fjórum sinnum frá því í nóvember 2008. Samstarfshópur hefur meðal annars verið starfandi á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins til að fara yfir framkvæmd laganna en þar eiga sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Vinnumálastofnun auk fulltrúa ráðuneytisins.

Langtímaatvinnuleysi hefur aukist hér á landi samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun en í október 2010 höfðu 4.615 einstaklingar verið skráðir án atvinnu í tólf mánuði eða lengur. Fjöldi þeirra einstaklinga sem höfðu verið skráðir án atvinnu lengur en sex mánuði í október 2010 var 7.205 eða um 54% þeirra sem voru skráðir án atvinnu í lok október. Skráð atvinnuleysi í október 2010 var 7,5% sem jafngildir að 12.062 einstaklingar hafi að meðaltali verið skráðir án atvinnu í mánuðinum. Jókst því skráð atvinnuleysi um 0,4% frá því í september 2010 þegar skráð atvinnuleysi mældist 7,1%. Skráð atvinnuleysi jókst aðeins

meira hjá körlum en konum á þessu tímabili en skráð atvinnuleysi meðal karla mældist 7,8% í október en 7,2% meðal kvenna.

Í ljósi reynslu undanfarinna mánaða og missira þykir ástæða til að leggja fram frumvarp þetta þar sem lagðar eru til ákveðnar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, ekki síst í ljósi þess að langtímaatvinnuleysi hefur aukist. Er því lagt til að sá sem telst tryggður samkvæmt lögunum og hefur í fyrsta skipti fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá og með 1. maí 2008 eða síðar geti átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta í tólf mánuði til viðbótar frá þeim degi er þriggja ára tímabili hans skv. 1. mgr. 29. gr. laganna lauk enda uppfylli hann áfram skilyrði laganna til greiðslu atvinnuleysisbóta. Enn fremur er lagt til að sá sem telst tryggður samkvæmt lögunum og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur samtals í fjögur ár geti áunnið sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins að nýju að liðnum 24 mánuðum enda hafi hann starfað á vinnumarkaði í a.m.k. sex mánuði eftir að fyrra tímabili lauk og misst starf sitt af gildum ástæðum. Þar sem breytingar þessar eru lagðar til með hliðsjón af þeim tímabundnu aðstæðum sem uppi eru á innlendum vinnumarkaði er gert ráð fyrir að þær verði tímabundnar og að gildistíminn verði til 31. desember 2011.

Með lögum nr. 131/2008, um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði, var ákvæðum til bráðabirgða V og VI bætt við lögin um atvinnuleysistryggingar. Ákvæði til bráðabirgða V kveður á um að heimilt sé að uppfylltum tilteknum skilyrðum að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli launamanna og að ekki komi til skerðingar atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laganna um atvinnuleysistryggingar að því er varðar greiðslur frá vinnuveitanda fyrir hið minnkaða starfshlutfall á gildistíma ákvæðisins. Jafnframt var sjálfstætt starfandi einstaklingum gert heimilt að taka að sér tilfallandi verkefni samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI. Samkvæmt frumvarpi því sem varð að fyrrnefndum lögum nr. 131/2008 var breytingum þessum ætlað að koma til móts við breyttar aðstæður á vinnumarkaði og var gildistími ákvæðanna því takmarkaður. Lögum um atvinnuleysistryggingar var breytt í tvígang á árinu 2009 sem og á síðastliðnu vorþingi þar sem meðal annars gildistími fyrrnefndra ákvæða var framlengdur í öll skiptin og er gildistími þeirra nú til 31. desember 2010. Með fyrrnefndum breytingalögum, þar sem gildistími ákvæðanna var framlengdur, voru jafnframt gerðar ákveðnar breytingar á efni þeirra. Þannig er það eitt af skilyrðum þess að geta átt rétt á hlutabótum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V að starfshlutfall viðkomandi hafi skerst um a.m.k. 20% en fari þó ekki niður fyrir 50% starfshlutfall. Í því skyni að ná fram markmiðum í ríkisfjármálum sem fram koma í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 er í frumvarpi þessu lagt til að starfshlutfall launafólks verði að skerðast um 30% hið minnsta í stað 20% áður svo hlutaðeigandi geti átt rétt á hlutfallslegum greiðslum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V.

Hvað varðar rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VI þá er þeim unnt að halda rekstri sínum opnum samfellt í þrjá mánuði samhliða því að geta átt rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði á grundvelli ákvæðisins. Ætli sjálfstætt starfandi einstaklingur að halda rekstri sínum áfram að þeim tíma liðnum á hann ekki rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samhliða því. Standi reksturinn hins vegar ekki undir sér að loknum þessum þremur mánuðum að því marki að viðkomandi einstaklingur hafi næga atvinnu í tengslum við reksturinn getur hann átt rétt á áframhaldandi greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði stöðvi hann rekstur sinn. Í frumvarpi þessu eru ekki lagðar til breytingar hvað þetta varðar.

Í ljósi þess að enn eru sérstakar aðstæður uppi á innlendum vinnumarkaði þar sem enn ríkir ákveðin óvissa og skráð atvinnuleysi er töluvert er í frumvarpi þessu lagt til að gildistími fyrrnefndra ákvæða til bráðabirgða V og VI í lögum um atvinnuleysistryggingar verði framlengdur til 30. júní 2011. Þessi ákvæði þykja mjög góð úrræði þar sem þau leiði til þess að færri einstaklingar missi störf sín að fullu en ella sökum tímabundinna erfiðleika á vinnumarkaði. Þannig fengu 1.187 einstaklingar greiddar atvinnuleysisbætur í október 2010 á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V en samtals voru 2.052 einstaklingar skráðir í hlutastörf innan atvinnuleysistryggingakerfisins í lok október. Á sama tíma voru 32 sjálfstætt starfandi einstaklingar skráðir hjá Vinnumálastofnun vegna samdráttar í rekstri þeirra og fengu því greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða VI.

Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs er í frumvarpinu enn fremur lagt til að Framkvæmdasjóði aldraðra verði heimilt á grundvelli laga um málefni aldraðra að ráðstafa fé úr sjóðnum til reksturs hjúkrunarheimila á árinu 2011.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V og VI komu fyrst inn í lögin um atvinnuleysistryggingar í nóvember 2008 vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði. Markmiðið með þessum ákvæðum var að koma til móts við breyttar aðstæður á vinnumarkaði meðal annars með því að stuðla að því að atvinnurekendur skoði þann kost að lækka starfshlutfall hjá hluta starfsmanna sinna á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V fremur en að grípa til uppsagna. Hefur ákvæði þetta þótt reynast vel en um 1.100 einstaklingar hafa átt kost á að halda áfram störfum þrátt fyrir að um sé að ræða lægra starfshlutfall en áður í stað þess að hluti þessa hóps hefði hugsanlega orðið án atvinnu að fullu. Enn þykir nokkur óvissa ríkja um stöðu og þróun á innlendum vinnumarkaði auk þess sem atvinnuleysi er nokkuð og spáð er vaxandi atvinnuleysi á komandi mánuðum. Er því lagt til að gildistími ákvæða til bráðabirgða V og VI verði framlengdur til 30. júní 2011. Í því skyni að koma til móts við þau markmið í ríkisfjármálum sem koma fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 er þó lagt til að starfshlutfall viðkomandi verði að skerðast um 30% hið minnsta í stað 20% áður svo hlutaðeigandi geti átt rétt á hlutfallslegum atvinnuleysisbótum á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V.

Um 3. gr.

Skráð atvinnuleysi hefur aukist töluvert frá haustmánuðum 2008 í kjölfar efnahagsþrenginga sem urðu í byrjun október það ár. Margt launafólk hefur því misst störf sín og hefur ekki átt kost á að ráða sig til annarra starfa. Ljóst er að um það bil tvö þúsund einstaklingar munu tæma rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á árinu 2011 þar sem þeir hafa þá verið lengur en þrjú ár samtals án atvinnu, sbr. 29. gr. laganna, en í október 2011 eru þrjú ár liðin frá því að skráð atvinnuleysi jókst verulega hér á landi. Er þá miðað við að viðkomandi verði samfellt skráðir án atvinnu fram að þeim tíma er þriggja ára bótatímabili þeirra lýkur skv. 29. gr. laganna. Er því lagt til að sá sem telst tryggður samkvæmt lögunum og hefur í fyrsta skipti fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá og með 1. maí 2008 eða síðar geti átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta í tólf mánuði til viðbótar frá þeim degi er þriggja ára tímabili hans skv. 1. mgr. 29. gr. laganna lauk enda uppfylli hann áfram skilyrði laganna til greiðslu atvinnuleysisbóta. Enn fremur er lagt til að sá sem telst tryggður samkvæmt lögunum og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur samtals í fjögur ár á grundvelli 1. mgr. ákvæðisins geti áunnið sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins að nýju að liðnum 24 mánuðum enda

hafi hann starfað á vinnumarkaði í a.m.k. sex mánuði eftir að fyrra tímabili lauk og misst starf sitt af gildum ástæðum. Þar sem breytingar þessar eru lagðar til með hliðsjón af þeim tímabundnu aðstæðum sem uppi eru á innlendum vinnumarkaði er gert ráð fyrir að þær verði einnig tímabundnar og bætist því við lögin með nýju ákvæði til bráðabirgða og að gildistíminn verði til 31. desember 2011.

Um 4. gr.

Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs er lagt til að Framkvæmdasjóði aldraðra verði heimilt á grundvelli laga um málefni aldraðra að ráðstafa fé úr sjóðnum til reksturs hjúkrunarheimila á árinu 2011 og er áætlað að allt að 700 millj. kr. verði varið úr sjóðnum í þessum tilgangi. Þrátt fyrir þetta mun sjóðurinn hafa til ráðstöfunar rúmar 500 millj. kr. til endurbóta og viðhalds á öldrunarstofnunum á árinu 2011 en frá því að ríkisstjórnin samþykkti 13. október 2009 að hefja samstarf við níu sveitarfélög um byggingu hjúkrunarheimila samkvæmt svokallaðri leiguleið hafa ekki verið teknar nýjar ákvarðanir um byggingu hjúkrunarheimila með framlögum af fjárlögum eða úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru annars vegar lagðar til breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og hins vegar á lögum um málefni aldraðra.

Tillögur um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar eru tvær. Í fyrsta lagi er lagt til að þeir sem hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur í fyrsta skipti 1. maí 2008 eða síðar hafi rétt á áframhaldandi atvinnuleysisbótum í tólf mánuði til viðbótar frá þeim degi er þriggja ára tímabili þeirra lýkur enda uppfylli þeir áfram skilyrði til greiðslu atvinnuleysisbóta. Samkvæmt gildandi lögum eiga einstaklingar ekki rétt á atvinnuleysisbótum lengur en í þrjú ár. Gert er ráð fyrir að þetta ákvæði auki útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 640 m.kr. á árinu 2011 og byggist sú áætlun á því að fjöldi þeirra sem lokið hafa þriggja ára samfelldu bótatímabili fari úr 100 manns í ársbyrjun 2011 í rúmlega 2.000 manns í árslok 2011.

Í öðru lagi er lögð til framlenging til 30. júní 2011 á bráðabirgðaákvæði um heimild til greiðslu atvinnuleysisbóta á móti minnkuðu hlutastarfi, til launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga, en heimildin mun að óbreyttu falla úr gildi um næstu áramót. Samhliða þessu er sú breyting lögð til að starfshlutfall launafólks verði að skerðast um 30% hið minnsta í stað 20% áður svo að hlutaðeigandi geti átt rétt á hlutfallslegum greiðslum. Gangi þessar tvær breytingar varðandi hlutaatvinnuleysisbætur eftir má áætla að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs geti lækkað um samtals 470 m.kr. á næsta ári frá því sem reiknað var með í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011. Verði þeim tímamörkum á hinn bóginn framlengt aftur til ársloka, líkt og gert var í ár, verður sparnaðurinn einungis 170 m.kr.

Þá er í frumvarpinu lagt til að lögum um málefni aldraðra verði breytt á þá leið að Framkvæmdasjóði aldraðra verði heimilt að ráðstafa fé úr sjóðnum til reksturs hjúkrunarheimila á árinu 2011. Í gildandi lögum er sjóðnum heimilt að veita fé til reksturs á árunum 2012 og 2013. Sjóðurinn mun engu síður hafa áfram umtalsvert fjármagn til endurbóta- og viðhaldsverkefna eins og honum er ætlað að sinna samkvæmt gildandi lögum. Tillagan er liður í heildarendurskoðun á áformum um aðhaldsmarkmið í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu og er ekki gert ráð fyrir að ákvæðið muni hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Verði frumvarpið lögfest óbreytt má því ætla að afkoma ríkissjóðs muni versna samtals um 170 m.kr. vegna hærri útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 hefur þegar verið gert ráð fyrir 500 m.kr. sparnaði hjá sjóðnum og eru breytingar á reglum um hlutaatvinnuleysisbótum ætlaðar til að mæta því markmiði að mestu. Miðað við áform fjárlagafrumvarpsins aukast útgjöldin því um 670 m.kr. Gert er ráð fyrir að fluttar verði tillögur um breytingar á áætlun um útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins.

418. Fyrirspurn [340. mál]

til heilbrigðisráðherra um fyrirmynd breytinga á heilbrigðiskerfinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hver er fyrirmynd þeirra breytinga sem boðaðar eru á heilbrigðiskerfinu í fjárlagafrumvarpinu þar sem gert er ráð fyrir að nýtt kerfi byggist á svokölluðum heilsugæslusjúkrahúsum og háskólasjúkrahúsum?
2. Hefur reynslan af slíku kerfi verið metin og yfirfærð á Ísland?

Skriflegt svar óskast.

419. Fyrirspurn [341. mál]

til heilbrigðisráðherra um afdrif sérgreinaþjónustu St. Jósefsspítala.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hvert verður þeim konum vísað sem hingað til hafa notið þjónustu St. Jósefsspítala sem er sérgreinasjúkrahús á sviði kvenskurðlækninga og meltingarfærasjúkdóma sem eru algengari hjá konum en körlum? Er annars staðar aðstaða og mannafli með slíka sérþekkingu?

Skriflegt svar óskast.

420. Fyrirspurn [342. mál]

til heilbrigðisráðherra um hagræði við sameiningu Landspítala og Borgarspítala.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvaða hagræði hefur falist í sameiningu Landspítala og Borgarspítala?
2. Hvenær var árangur af sameiningunni metinn síðast?

Skriflegt svar óskast.

421. Fyrirspurn [343. mál]

til heilbrigðisráðherra um öryggistíma í sjúkraflugi.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvernig er öryggistími í sjúkraflugi skilgreindur?
2. Hver er viðbragðstími í sjúkraflugi með tilliti til öryggistíma?
3. Hvað líður almennt langur tími frá því að kallað er eftir sjúkraflugi þangað til sjúklingur er kominn á áfangastað, sundurliðað eftir staðsetningu sjúklinga?
4. Hver er þróun viðbragðstíma í sjúkraflugi sl. 5 ár?

Skriflegt svar óskast.

422. Fyrirspurn [344. mál]

til heilbrigðisráðherra um skurðaðgerðir.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvað ræður því mati að öruggara sé að gera skurðaðgerðir á einum stað umfram annan?
2. Getur sama skurðaðgerð verið jafnörugg þótt aðgangur að tækjum sé mismunandi ef kunnátta starfsfólks er fyrir hendi?
3. Hver er samanburður á kostnaði við algengar aðgerðir, sundurliðað eftir stofnunum þar sem skurðstofur hafa verið nýttar sl. 10 ár?

Skriflegt svar óskast.

423. Fyrirspurn [345. mál]

til heilbrigðisráðherra um sérhæfingu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hefur verið lagt mat á kosti þess að sérhæfa heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni í ákveðnum greinum/aðgerðum?
2. Ef svo er, hver var niðurstaðan og rökstuðningur fyrir henni?
3. Ef ekki, hver er ástæða þess að slíkt mat hefur ekki verið gert?

Skriflegt svar óskast.

424. Fyrirspurn [346. mál]

til heilbrigðisráðherra um forsendur fyrir uppbyggingu Landspítala og framtíðarstarfsemi.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvernig var sú starfsemi sem gert er ráð fyrir að flytjist utan af landi til Landspítala metin í forsendum fyrir uppbyggingu spítalans og framtíðarstarfsemi?
2. Var tekið tillit til starfsemi landsbyggðarsjúkrahúsanna þegar þarfagreining í forsendum samkeppnislýsingar 2005 og 2010 var gerð?

Skriflegt svar óskast.

425. Fyrirspurn [347. mál]

til heilbrigðisráðherra um mat á kostnaði við rekstur sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Er kostnaður við rekstur sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana m.a. metinn með því að bera saman sams konar þjónustu á Landspítala og öðrum stofnunum? Ef svo er, hvernig er þessi samanburður metinn og reiknaður?
2. Hvernig verður því mati háttað ef sambærileg þjónusta verður lögð niður á öðrum stofnunum en Landspítala og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri?

Skriflegt svar óskast.

426. Frumvarp til laga [348. mál]

um rannsóknarnefndir.

Frá forsætisnefnd.

Skipun rannsóknarnefndar.

1. gr.

Með rannsóknarnefnd er í lögum þessum átt við sérstaklega skipaða nefnd sem falið er að rannsaka tiltekin málsatvik í mikilvægum málum sem almenning varða og tengjast meðferð opinbers valds.

Forseti Alþingis skipar rannsóknarnefnd ef Alþingi samþykkir ályktun þar um. Í tillögu til ályktunar skal kveðið á um hvað rannsaka á, hvernig haga skal rannsókninni og um fjölda nefndarmanna. Ef tillaga um skipan rannsóknarnefndar kemur ekki frá þeirri þingnefnd sem fer með eftirlit Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu skal vísa henni til þeirrar nefndar til athugunar og skal nefndin gefa þinginu álit sitt um hana áður en greidd eru atkvæði um tillöguna við síðari umræðu.

Forseti Alþingis skal tryggja rannsóknarnefnd þann mannafla, sérfræðiaðstoð og aðbúnað sem er nauðsynlegur við rannsóknina.

2. gr.

Rannsóknarnefnd skal skipuð a.m.k. þremur nefndarmönnum. Heimilt er þó að fela einum einstaklingi rannsókn máls ef rök mæla með því. Forseti Alþingis velur formann og afmarkar umboð nefndarinnar, hvort tveggja í samráði við forsætisnefnd og að fengnum tillögum þeirrar nefndar sem fer með eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Formaður rannsóknarnefndar skal vera lögfræðingur. Fari einn maður með rannsókn máls skal hann enn fremur vera lögfræðingur.

Sé rannsóknarnefnd falið að meta lögfræðileg atriði sem geta varpað ljósi á það hvort einstaklingar skuli sæta ábyrgð skulu nefndarmenn vera þrír hið minnsta.

Sjálfstæði og hæfi nefndarmanna.

3. gr.

Rannsóknarnefnd er í störfum sínum óháð fyrirmælum frá öðrum, þar með talið Alþingi. Skulu nefndarmenn jafnframt vera óhlutdrægir og óvilhallir gagnvart þeim stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og öðrum sem nefndin hefur til athugunar. Sama á við um starfsmenn og aðstoðarmenn rannsóknarnefndarinnar að öðru leyti.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir sömu reglum og fram koma í 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ber nefndarmanni að víkja sæti að því marki sem hann tengist einstaklingi, stofnun eða einkafyrirtæki sem rannsókn nefndarinnar beinist að.

Verkefni rannsóknarnefnda.

4. gr.

Verkefni rannsóknarnefndar skal skýrt afmarkað í umboði hennar, sbr. 1. mgr. 2. gr.

Meginhlutverk rannsóknarnefndar er að afla upplýsinga og gera grein fyrir málsatvikum í tilteknu máli, sbr. 1. mgr. 1. gr., en einnig getur nefndin í skýrslu sinni gert tillögu um

breytingu á lögum, reglugerðum eða stjórnsýsluframkvæmd eftir því sem rannsóknin gefur tilefni til.

Rannsóknarnefnd má fela að meta lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á það hvort grundvöllur sé fyrir því að einstaklingar eða lögaðilar skuli sæta ábyrgð og skal nefndin þá eftir atvikum vísa slíkum málum til ákæruvaldshafa ef hún telur ástæðu til. Rannsóknarnefnd skal þó aðeins meta lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á hvort grundvöllur sé fyrir því að ráðherrar sæti ábyrgð ef Alþingi fer sérstaklega fram á álit nefndarinnar um það efni. Skal slík beiðni þá skýrt afmörkuð í umboði nefndarinnar.

Framkvæmd rannsóknar.

5. gr.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar. Rannsóknarnefnd metur sjálf hvort fundir nefndarinnar séu opnir eða lokaðir. Rannsóknarnefnd skal færa gerðabók á fundum sínum.

Rannsóknarnefnd skal leitast við að upplýsa mál eins vel og unnt er. Nefndin ákveður sjálf, innan þess ramma sem umboð hennar og lög þessi leyfa, hvernig framkvæmd rannsóknar skal hagað með það að markmiði að mál það sem til athugunar er verði sem best upplýst. Nefndin kallar í því skyni eftir þeim upplýsingum um málið sem hún telur nauðsynlegar.

Við ákvarðanir nefndarinnar um framkvæmd rannsóknarinnar ræður afl atkvæða úrslitum mála. Verði ágreiningur um einstök atriði í niðurstöðum hennar geta einstakir nefndarmenn gert sérstaklega grein fyrir afstöðu sinni í bókun.

Gagnaöflun og skýrslugjöf fyrir rannsóknarnefnd.

6. gr.

Sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, er skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Með gögnum er m.a. átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga og önnur gögn sem nefndin óskar eftir í þágu rannsóknarinnar, hvort sem þau eru prentuð (skrifleg) eða á rafrænu formi.

Skylda til afhendingar gagna skv. 1. mgr. er þó ekki fyrir hendi ef ætla má að í henni geti falist játning eða vísbending um að sá sem beðinn er um að afhenda gögnin hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Sama á við ef ætla má að afhending gagnanna hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern þann sem tengist viðkomandi með þeim hætti sem segir í 1. og 2. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Rannsóknarnefnd getur kallað einstaklinga til skýrslugjafar og skulu þeir sem gefa skýrslu segja satt og rétt frá fyrir nefndinni. Formaður stýrir skýrslutökum en getur falið öðrum nefndarmanni það. Þá getur hann falið starfsmanni nefndarinnar, eða öðrum er vinna að rannsókninni, að beina spurningum að þeim sem gefur skýrslu. Taka skal upp á hljóð- eða myndband það sem fram fer við skýrslutöku eða varðveita það með öðrum tryggilegum hætti.

Ef þeir sem kallaðir eru fyrir rannsóknarnefnd til skýrslutöku verða ekki við ósk nefndarinnar þar um getur nefndin óskað þess að héraðsdómari kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni telji hún það nauðsynlegt í þágu rannsóknar málsins. Um kvaðningu og skýrslugjöf og aðra framkvæmd skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Ákveða má að skýrsla sé gefin fyrir luktum dyrum.

Réttarstaða einstaklinga fyrir rannsóknarnefnd.

7. gr.

Sá sem til rannsóknar er á rétt á aðstoðarmanni að eigin vali á öllum stigum rannsóknar. Ef rök mæla sérstaklega með því getur nefndin ákveðið að kostnaður við störf aðstoðarmanns skuli greiddur af nefndinni. Ákvörðun nefndarinnar þar um má kæra til forseta Alþingis innan þriggja vikna frá því að hún var kunngjörð þeim sem í hlut á.

Sá sem til rannsóknar er skal, á meðan það ekki skaðar rannsóknarhagsmuni eða hagsmuni þriðja manns, hafa aðgang að gögnum málsins og vera upplýstur um þau atriði sem til skoðunar eru hjá nefndinni hvað hann varðar og teljast mikilvæg fyrir mál hans.

Þeim sem fjallað er um í skýrslu nefndarinnar skal að skýrslutöku og gagnaöflun lokinni, með hæfilegum fyrirvara, gert kleift að tjá sig skriflega um þau atriði sem nefndin hyggst leggja til grundvallar í skýrslu sinni og varða hann.

Þagnarskylda.

8. gr.

Þagnarskylda skv. 18. gr. laga nr. 70/1996, sbr. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hvílir á nefndarmönnum og öðrum er vinna að rannsókn um þær upplýsingar sem nefndinni berast og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt nefndin hafi lokið störfum. Rannsóknarnefnd er þó heimilt að afhenda upplýsingar og gögn til sérfræðilegra ráðgjafa í þeim mæli sem nauðsynlegt er. Sama á við ef nefndin telur afhendingu slíkra upplýsinga nauðsynlega vegna gagnkvæmrar miðlunar upplýsinga og samstarfs við aðila erlendis sem sinna hliðstæðum rannsóknum og nefndin. Afhendi nefndin upplýsingar á grundvelli þessara heimilda hvílir þagnarskylda á þeim sem fær gögnin afhent.

Í umboði nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 2. gr., er unnt að undanþiggja þá sem annars eru háðir þagnarskyldu slíkri skyldu, þegar þeir tjá sig, afhenda gögn eða leggja með öðrum hætti fram upplýsingar fyrir rannsóknarnefndinni.

Ákvæði 1. mgr. skal ekki standa því í vegi að rannsóknarnefnd geti birt upplýsingar sem annars væru háðar þagnarskyldu ef nefndin telur slíkt nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður sínar. Nefndin skal þó því aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.

Upplýsingagjöf nefndar á starfstíma.

9. gr.

Rannsóknarnefnd ákveður sjálf hvaða upplýsingar eða tilkynningar hún birtir opinberlega um störf sín þar til hún hefur skilað lokaskýrslu sinni. Sama gildir um aðgang að gögnum sem nefndin aflar.

Rannsóknarnefnd getur veitt forseta Alþingis upplýsingar um framgang rannsóknarinnar meðan á henni stendur og getur forseti í tilefni af slíkri upplýsingagjöf og að höfðu samráði við forsætisnefnd gert Alþingi grein fyrir fram komnum upplýsingum ef æskilegt þykir.

Óheimilt er að veita aðgang að gögnum frá opinberum stofnunum sem rannsóknarnefnd hefur fengið afhent við rannsókn nema með samþykki nefndarinnar.

Skýrsla og starfslok rannsóknarnefndar.

10. gr.

Rannsóknarnefnd skilar forseta Alþingis skriflegri skýrslu með rökstuddum niðurstöðum rannsóknar sinnar þegar henni er lokið. Rannsóknarnefnd getur ákveðið að skila sérstökum skýrslum um einstaka hluta rannsóknarinnar eða áfangaskýrslum og skal haga meðferð þeirra á sama hátt og lokaskýrslu.

Forseti skal þegar í stað senda þeirri nefnd Alþingis sem fer með eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu lokaskýrslu nefndarinnar sem tekur ákvörðun um hvort hún skuli strax tekin til efnislegrar meðferðar í nefndinni eða að lokinni umræðu í þinginu. Skal nefnd sú sem fer með eftirlitshlutverk Alþingis að lokinni umfjöllun um skýrsluna gefa þinginu álit sitt um hana og leggja fram tillögur um úrvinnslu og meðferð niðurstaðna hennar.

Með birtingu lokaskýrslu lýkur störfum rannsóknarnefndarinnar.

Að rannsókn nefndarinnar lokinni skulu gögn, sem aflað hefur verið við rannsóknina, færð Þjóðskjalasafni Íslands. Um aðgang að þeim fer samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga og laga um Þjóðskjalasafn.

Gildistaka o.fl.

11. gr.

Ákvæði upplýsingalaga og ákvæði 18.–21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda ekki um störf rannsóknarnefndar. Sama gildir um ákvæði stjórnsýslulaga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nema sérstaklega sé til þeirra vísað í þessum lögum. Ekki er unnt að bera fram kvörtun um störf nefndarinnar við umboðsmann Alþingis.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu þeir sem rannsókn hefur beinst að njóta réttinda samkvæmt ákvæðum 18.–21. gr. laga nr. 77/2000 og 9. gr. upplýsingalaga að rannsókn lokinni, enda hafi ákæruvaldið ekki tekið mál viðkomandi til meðferðar sem sakamál. Fer þá um rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt ákvæðum laga um meðferð slíkra mála.

12. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði almenn lög um rannsóknarnefndir og málsmeðferð fyrir þeim, en með hugtakinu rannsóknarnefnd er átt við sérstaklega skipaða rannsóknarnefnd sem falið er að rannsaka tiltekin málsatvik í mikilvægum málum sem almenning varða og tengjast meðferð opinbers valds. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að slíka nefnd skuli skipa samþykki þingið ályktun þar um en í tillögu til ályktunar skal kveðið á um hvað rannsaka á, hvernig haga skuli rannsókninni og hve margir nefndarmenn skuli vera. Forseti Alþingis velur hins vegar formann og afmarkar nánar umboð nefndarinnar, hvort tveggja að fengnu samráði við forsætisnefnd. Skylt er að afhenda rannsóknarnefndum þau gögn sem þær kalla eftir en skýrslugjöf fyrir þeim er frjáls. Rannsóknarnefnd er þó heimilt að kalla eftir aðstoð dómara við sönnunarfærslu ef nauðsynlegt þykir. Gert er ráð fyrir að þeirri nefnd sem fer með eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu (stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins verði henni komið á fót, sbr. frumvarp til laga um breytingu á þingskapalögum, nr. 55/1991 (þskj. 1433, 686. mál á 138. löggjafarþingi), verði falið að taka tillögur

rannsóknarnefnda til umfjöllunar og gefa þinginu álit sitt um meðferð þeirra og frekari úrvinnslu.

Að hluta til byggist frumvarp þetta á dönskum lögum um rannsóknarnefndir (lov om undersøgelseskommissioner, nr. 357/1999) en einnig hefur verið litið til norskra reglna um sama efni (leiðbeinandi tilmæli dómsmálaráðuneytis, rundskriv G-48/75, regler for granskingskommisjoner). Þá hefur einnig verið litið til tillagna stjórnskipaðrar nefndar sem skilaði skýrslu sinni til norska dómsmálaráðherrans í maí 2009, en nefndinni var falið að yfirfara reglur um rannsóknarnefndir í Noregi og leggja fram tillögur um lagaumhverfi þeirra (NOU: 2009:9, lov om offentlige undersøkelseskommisjoner). Þá er í einstaka ákvæðum leitað fyrirmynda í íslenskum lögum, svo sem lögum um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, og lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, nr. 142/2008.

Frumvarpið er samið að beiðni forsætisnefndar Alþingis í kjölfar skýrslu vinnuhóps nefndarinnar um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu, en skýrslan kom út í septembermánuði árið 2009. Vinnuhópur forsætisnefndar var skipaður Bryndísi Hlöðversdóttur aðstoðarrektor, sem stýrði vinnu hópsins, Andra Árnasyni hæstaréttarlögmanni og Ragnhildi Helgadóttur prófessor, en Ásmundur Helgason, aðallögfræðingur Alþingis, starfaði einnig með hópnum. Hópurinn lagði fram fjölmargar tillögur um það með hvaða hætti mætti efla eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu, en honum var falið að yfirfara lagaumhverfi slíks eftirlits hér á landi og koma með tillögur til úrbóta. Eitt af því sem hópurinn lagði til var að sett yrðu almenn lög um skipan og málsmeðferð fyrir rannsóknarnefndum, í anda danskra og norskra reglna þar um. Í kjölfar tillagna hópsins samþykkti forsætisnefnd Alþingis að fela Bryndísi Hlöðversdóttur að skrifa drög að lögum um rannsóknarnefndir og er frumvarp þetta afrakstur þeirrar vinnu.

I. Rannsóknarnefndir á Íslandi.

Hér á landi eins og víða í nágrannalöndum okkar er gert ráð fyrir að unnt sé að skipa rannsóknarnefnd til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða sem tengjast meðferð opinbers valds með einhverjum hætti. Gjarnan eru slík úrræði notuð til að rannsaka meintar misfellur eða brot sem eiga sér stað í stjórnsýslunni. Um slíkar nefndir og málsmeðferð fyrir þeim eru hins vegar ekki til neinar lagareglur, að undanskildu ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um rannsóknarnefndir þingmanna. Opinberar rannsóknarnefndir eru ýmist skipaðar af þingi eða einstökum ráðherrum en í þeim tilvikum sem nefndunum er ætlað að hafa rannsóknarheimildir eru slíkar heimildir afmarkaðar í sérlögum um hverja nefnd. Þær nefndir sem skipaðar eru af þinginu eru nefndar þingskipaðar nefndir og geta þær bæði verið skipaðar þingmönnum eða einstaklingum utan þings. Hér á landi eru dæmi til um hvort tveggja. Rannsóknarnefndir þingmanna hafa þó ekki verið skipaðar í rúmlega hálfa öld, en ekki hefur verið gripið til þess úrræðis síðan 1956 þegar skipuð var nefnd til rannsóknar á milliliðagróða. Nokkur dæmi eru hins vegar um það á síðustu áratugum að Alþingi hafi sett á fót rannsóknarnefndir skipaðar sérfræðingum utan þings ef ástæða hefur þótt til að rannsaka mál sem upp koma í stjórnsýslunni. Hefur sú leið verið talin trúverðugri til að endurspegla hlutlausa rannsókn á mikilvægum málum sem almenning varða og tengjast opinberri stjórnsýslu með einhverjum hætti. Hér á landi hafa opinberar sérstaklega skipaðar rannsóknarnefndir oftast verið skipaðar af Alþingi þótt þess séu einnig dæmi að þær séu skipaðar af ríkisstjórn eða einstökum ráðherrum.

Rannsóknarnefndir þingmanna.

Um rannsóknarnefndir þingmanna er fjallað í 39. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir að Alþingi geti skipað nefndir þingmanna til að rannsaka „mikilvæg mál er almenning varða“. Afmörkun á málum sem geta sætt rannsókn á grundvelli 39. gr. stjórnarskrárinnar er sambærileg því sem segir í skyldu ákvæði í dönsku stjórnarskránni, en í 51. gr. hennar segir að þingið geti komið á fót rannsóknarnefndum til að rannsaka „almenvigtige sager“. Danska þingið á mat um það hvenær mál fellur undir þessa skilgreiningu, en í dönskum lögum um rannsóknarnefndir er byggt á sams konar viðmiðun um það hvenær megi skipa rannsóknarnefndir. Þar er talað um að mál skuli hafa almennt mikilvægi, „af almenvigtig betydning“. Mat um það hvenær svo sé hefur sá sem skipar nefndina, en um leið hafa um afmörkun hugtaksins myndast ákveðnar túlkunarreglur sem m.a. má finna umfjöllun um í skýringum með dönskum lögum um rannsóknarnefndir. Hefur verið byggt á ámóta viðmiðunum hér á landi við skipun rannsóknarnefnda, en nánari umfjöllun um þetta er að finna í kafla III í almennum athugasemdum við frumvarpið. Í 39. gr. stjórnarskrárinnar segir jafnframt að Alþingi geti veitt rannsóknarnefndum þingmanna rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Á grundvelli þessa lagaákvæðis eða forvera þess hafa fimm sinnum verið skipaðar rannsóknarnefndir þingmanna frá því að heimastjórn komst á.

Rannsókn á Landsbankamálinu 1911.

Árið 1911 voru samþykktar á Alþingi tvær tillögur til þingsályktunar, um rannsókn á svokölluðu Landsbankamáli. Rætur málsins mátti m.a. rekja til þess að óljóst var, eftir að innlendur ráðherra kom til og leysti landshöfðingja af hólmi, hver bæri ábyrgð á stjórn Landsbankans og áttu sér stað átök á milli þings og ráðherra um það. Deilurnar hófust skömmu eftir að Björn Jónsson tók við ráðherraembætti af Hannesi Hafstein árið 1909. Björn hafði skipað nefnd árið 1909 til að rannsaka hag bankans og skömmu síðar eða í júní 1909 var Tryggva Gunnarssyni sagt upp bankastjórastöðu og í nóvember sama ár bankastjórninni allri. Ástæða frávikningar bankastjórnarinnar var „sökum margvíslegrar, megnrar og óafsakanlegrar óreglu í starfsemi […] í stjórn bankans og frámunalega lélegs eftirlits með honum“. Málið kom til kasta Alþingis og spunnust um það miklar umræður sem m.a. leiddu til þess að samþykktar voru tvær tillögur um skipan rannsóknarnefndar, ein í hvorri deild. Á þeim tíma var stjórnarskrárákvæðið um rannsóknarnefndir þingmanna með þeim hætti að það voru deildir þingsins sem gátu skipað slíka nefnd, en ekki var í ákvæðinu talað um að sameinað þing gæti gert það. Til að rannsaka Landsbankamálið var annars vegar samþykkt í efri deild ályktun um skipun nefndar til að rannsaka málið og hins vegar var samþykkt í neðri deild Alþingis ályktun þess efnis að skipuð skyldi á grundvelli 22. gr. þágildandi stjórnarskrár frá 1874 nefnd fimm þingmanna til að rannsaka sama mál. Báðar höfðu nefndirnar vald til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Deilur höfðu risið á milli þingsins og ráðherrans um niðurstöður rannsóknarnefndar þeirrar sem ráðherrann hafði skipað og leiddu þær ásamt öðru til þess að báðar deildir þingsins sáu ástæðu til að skipa sínar eigin rannsóknarnefndir. Nokkrar umræður urðu um það á Alþingi hvort eðlilegt væri að tvær nefndir væru starfandi á vettvangi Alþingis um sama málið á sama tíma, en niðurstaðan varð sú að það var eigi að síður gert. Nefndirnar skiptu að einverju leyti með sér verkum, en skiluðu báðar skýrslum. Í báðum tilvikum klofnuðu nefndirnar í afstöðu sinni í lokin. Í áliti nefndar neðri deildar greinir frá því að nefndin hafi fljótlega leitað samstarfs við nefnd efri deildar og hafi þær átt sameigin-

legan fund með sér þar sem ákveðið hafi verið að nefndirnar hefðu verkaskiptingu, sem reyndin virðist hafa orðið. Eftir það höfðu nefndirnar ekki með sér samvinnu.

Rannsókn á rekstri togaraútgerðarinnar 1938.

Á 53. löggjafarþingi árið 1938 var samkvæmt lögum nr. 67/1938 skipuð rannsóknarnefnd til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál. Nefndin var skipuð fimm þingmönnum og skyldi hún sérstaklega taka til athugunar hvort hægt væri að gera rekstur togaranna hagkvæmari og ódýrari og á hvern hátt mætti koma á öruggan grundvöll útgerð þeirra skipa sem rekin höfðu verið með tapi undanfarin ár, sbr. 1. gr. laganna. Nefndin skyldi skv. 2. gr. hafa heimild til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af eigendum og stjórnendum togaraútgerðarfyrirtækja og öðrum um þau atriði sem hún teldi þörf á við framkvæmd rannsóknarstarfa sinna. Einnig var henni heimilt að rannsaka bækur og skjöl viðkomandi útgerðarfyrirtækja og voru þeir sem slíkar bækur og skjöl höfðu í vörslum sínum skyldir til að veita nefndinni aðgang að þeim. Þá skyldi nefndin leita upplýsinga hjá stéttarfélögum togarasjómanna og félagi togaraeigenda um allt sem laut að rekstri togaranna, svo og tilhögun og fyrirkomulagi við fiskveiðarnar. Nefndarmenn voru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir kynnu að verða áskynja í starfi sínu og varðaði einkamál einstakra manna eða fyrirtækja, sbr. 3. gr. laganna. Þeir sem vanræktu að mæta til skýrslutöku eða að afhenda þau gögn sem nefndin kallaði eftir sættu samkvæmt lögunum dagsektum uns skyldunni var fullnægt. Röng skýrslugjöf fyrir nefndinni gat varðað sektum, nema þyngri refsing lægi við samkvæmt lögum, sbr. 4. gr. Nefndin var kosin í sameinuðu þingi og var hún skipuð fimm þingmönnum. Í lögunum er ekki vísað til stjórnarskrárákvæðisins um rannsóknarnefndir, en nefndin er þingmannanefnd sem er samkvæmt lögum þar um falið rannsóknarvald og hafði því stoð í 35. gr. þágildandi stjórnarskrár.

Rannsókn á okri 1955.

Neðri deild Alþingis kaus á 74. löggjafarþingi árið 1955 þingmannanefnd til að rannsaka okur. Samþykkt var þingsályktun um skipun nefndarinnar þar sem vísað var til 39. gr. stjórnarskrárinnar og skyldi nefndin rannsaka að hve miklu leyti og með hvaða móti okur á fé viðgekkst á þeim tíma. Í greinargerð með tillögunni sagði að það væri á almannavitorði að slíkt okur væri með fé að teknir væru raunverulega 5–6% mánaðarvextir, eða 60–72% ársvextir, með því að kaupa víxla og önnur verðbréf með miklum afföllum eða öðru móti. Aðferðirnar sem ekki beinlínis brytu gegn lögum brytu hins vegar gegn anda laga um okur og gegn velsæmi í viðskiptum, nauðsyn væri því á að Alþingi mundi kryfja málið til mergjar og athuga hvort finna mætti aðferðir til að koma í veg fyrir að almenningur og atvinnurekstur landsmanna væri féflettur með þessu móti. Því þyrfti ítarleg rannsókn að fara fram. Í ályktuninni sagði að nefndin skyldi hafa það vald sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum. Nefndin skyldi að rannsókn lokinni gefa deildinni skýrslu um störf sín og niðurstöður. Í nefndina voru kosnir fimm þingmenn neðri deildar þingsins. Skýrsla nefndarinnar var lögð fram á 75. löggjafarþingi árið 1955.

Rannsókn á milliliðagróða 1956.

Árið 1956 var samþykkt í sameinuðu þingi þingsályktunartillaga um rannsókn á milliliðagróða. Ályktað var um að Alþingi skyldi skipa fimm manna nefnd sem hefði vald samkvæmt ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka hvers konar milliliðastarfsemi í landinu í þeim tilgangi að fá úr því skorið hve mikinn þátt sú starfsemi ætti í framleiðslu- og

framfærslukostnaði landsmanna. Jafnframt skyldi nefndin rannsaka hvort og þá hvernig hægt væri að lækka milliliðakostnaðinn. Nefndinni voru í ályktun þingsins fengnar heimildir til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af einstökum mönnum, fyrirtækjum, embættismönnum og opinberum nefndum, þótt þagnarskylda hvíldi á þeim gagnvart öðrum aðilum, enda hvíldi þagnarskylda á nefndinni varðandi allar þannig fengnar upplýsingar. Skyldi nefndin gefa Alþingi skýrslu um störf sín. Í nefndina voru síðan kosnir fimm þingmenn.

Þingskipaðar nefndir sérfróðra einstaklinga utan þings.

Alþingi hefur nokkrum sinnum skipað nefndir sérfróðra einstaklinga utan þings til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Í þeim tilvikum hefur ekki verið byggt á 39. gr. stjórnarskrárinnar, heldur hafa heimildir nefndarinnar og markmið rannsóknar verið afmarkað í sérstökum lögum. Hér eru nefnd til sögunnar nokkur nýleg mál þar sem slíkar nefndir hafa verið skipaðar.

Rannsókn á Hafskipsmálinu 1985.

Árið 1985 var á grundvelli sérstakra laga þar um skipuð nefnd þriggja manna til að fjalla um og kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf., sbr. lög nr. 119/1985. Aðdragandi málsins var sá að Hafskip hf. hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta og höfðu ásakanir m.a. beinst að þáverandi iðnaðarráðherra í þá veru að hann hefði misnotað aðstöðu sína sem formaður bankaráðs Útvegsbankans til að greiða fyrir viðskiptum Hafskips hf. Hafskip hafði haft bankaviðskipti sín í Útvegsbankanum og félagið skuldað viðskiptabanka sínum verulegar fjárhæðir þegar það var tekið til skipta. Í ljósi þeirrar stöðu sem uppi var hjá Útvegsbankanum og óneitanlega tengdist hinu gjaldþrota fyrirtæki taldi ríkisstjórnin þörf á að auk þeirrar rannsóknar sem beindist að hugsanlegri refsiverðri háttsemi í tengslum við gjaldþrotið færi fram sérstök könnun sem lyti að viðskiptalegum þáttum málsins. Hæstarétti var samkvæmt lögunum falið að tilnefna þrjá menn í nefndina sem skyldi kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. og skyldi Hæstiréttur jafnframt kveða á um hver þeirra skyldi vera formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar var að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hefði verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips á undanfarandi árum, hvort lánafyrirgreiðsla bankans til fyrirtækisins hefði verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins, eiginfjárstöðu þess og tryggingar fyrir skuldum. Nefndin skyldi samkvæmt lögunum setja sér starfsreglur, afla nauðsynlegra gagna og var henni samkvæmt lögunum heimilt í samráði við skiptaráðanda að krefjast skýrslna, munnlegra eða skriflegra, af opinberum aðilum, m.a. starfsmönnum Útvegsbanka Íslands. Nefndinni var fenginn aðgangur að gögnum Hafskips hf. eftir því sem skiptaráðanda þætti slíkt fært vegna annarra rannsóknarhagsmuna, sbr. 3. gr. Þá var bankaeftirliti Seðlabanka Íslands falið að veita nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun eftir því sem þörf þótti á. Þá var í lögunum kveðið á um að kostnaður við störf nefndarinnar skyldi greiðast úr ríkissjóði. Nefndin skilaði skýrslu í nóvember 1986 og var hún lögð fyrir sameinað Alþingi á 109. löggjafarþingi, sama ár. Alþingi greip ekki til neinna sérstakra aðgerða í kjölfar hennar.

Rannsókn á gögnum sem snerta öryggismál Íslands 2006 (hleranir).

Með þingsályktun frá Alþingi 3. júní 2006 um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál var samþykkt að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að annast skoðun gagna sem snertu öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og ákveða frjálsan aðgang fræðimanna að þeim. Forsætisráðherra var flutningsmaður tillögunnar

en í greinargerð með henni segir að nokkrar umræður hafi orðið um nauðsyn þess að rannsökuð væru opinber gögn að því er varðar innra öryggi íslenska ríkisins á tímum kalda stríðsins til þess að fá úr því skorið hvort þar væri að finna upplýsingar um persónulega hagi einstaklinga eða dæmi um ólögmæta upplýsingaöflun. Rannsókn af þessu tagi beri ekki árangur nema gögn séu gerð aðgengileg þeim sem að henni vinna. Þá sagði í greinargerð með tillögunni að nauðsynlegt væri að opinber skjalasöfn væru opnuð í þessu skyni og veittur aðgangur að þeim til að taka af öll tvímæli um það sem þar er að finna. Í kjölfar ályktunar Alþingis voru sett lög nr. 127/2006, um rétt nefndar samkvæmt ályktun Alþingis til aðgangs að opinberum gögnum um öryggismál. Með lögunum var nefndinni, sem skipuð var af forsætisráðherra 22. júní 2006, leyfður frjáls aðgangur að öllum gögnum í vörslum stjórnvalda sem snertu öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 til þess að gera tillögu um tilhögun á frjálsum aðgangi fræðimanna að þeim, sbr. 1. gr. laganna. Þrátt fyrir lögmælta þagnarskyldu skyldi öllum opinberum starfsmönnum og fyrrverandi opinberum starfsmönnum skylt að svara fyrirspurnum nefndarinnar um verklag við öflun, skráningu og varðveislu upplýsinga um öryggismál Íslands á árunum 1945–1991. Nefndin skilaði skýrslu sinni til Alþingis 6. febrúar 2007 og var hún rædd á Alþingi 15. febrúar 2007.

Rannsókn á starfsemi vistheimila (Breiðavíkurnefndin).

Hinn 13. febrúar 2007 ákvað ríkisstjórnin að leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um að fram færi heildstæð og almenn athugun á því hvernig rekstri vistheimilisins Breiðavíkur var háttað á árabilinu 1950 til 1980 og eftir atvikum hliðstæðra stofnana og sérskóla þar sem börn dvöldu. Ástæðan voru fjölmargar ásakanir sem fram höfðu komið opinberlega um að börn sem vistuð höfðu verið á slíkum stofnunum fyrr á árum hefðu í einhverjum tilvikum sætt harðræði og ómannúðlegri meðferð. Með lögum nr. 26/2007, um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, var forsætisráðherra heimilað að setja á fót nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn á fyrri tímum. Markmið könnunarinnar og meginverkefni skyldi vera að lýsa starfsemi stofnananna, hlutverki þeirra í barnaverndar- eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar. Jafnframt skyldi nefndin staðreyna eins og kostur væri hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hefðu sætt illri meðferð eða ofbeldi á meðan á dvölinni stóð. Henni var jafnframt falið að lýsa því hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi starfsemi var háttað, ásamt því að leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þætti til. Nefndin skyldi skila skýrslu til forsætisráðherra sem skyldi kynna hana á Alþingi. Nefndin skyldi vera óháð í störfum sínum og formaður nefndarinnar uppfylla starfsgengi héraðsdómara. Nefndinni var veittur frjáls og óheftur aðgangur að öllum gögnum í vörslu stjórnvalda sem vörðuðu starfsemi þeirra heimila sem erindisbréfið náði til. Jafnframt var nefndinni veitt heimild til skýrslutöku og kveðið á um að læknum eða öðru heilbrigðisstarfsfólki og opinberum starfsmönnum sem ella væru bundnir þagnarskyldu væri skylt að veita nefndinni upplýsingar. Kveðið var jafnframt á um það að sá sem gæfi nefndinni rangar eða villandi upplýsingar skyldi sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum mánuðum. Forsætisráðherra var falið að ákveða skipun nefndarinnar, skipunartíma og þóknun ásamt því að setja henni erindisbréf. Nefndin skilaði skýrslu sinni til forsætisráðherra sem var kynnt í ríkisstjórn 22. febrúar 2008 og lögð fram á Alþingi í samræmi við lög nr. 26/2007. Nefndinni var hins vegar afhent nýtt erindisbréf 11. apríl 2008 þar sem henni var falið að taka með almennum hætti afstöðu til þess hvaða stofnanir féllu undir gildissvið laga nr. 26/2007 og afmarka nánar það tímabil sem nefndin beindi sjónum sínum að, m.a. í ljósi gildandi barna-

verndarlöggjafar á hverjum tíma. Skilaði nefndin áfangaskýrslu nr. 1 til forsætisráðherra 31. ágúst 2009 og áfangaskýrslu nr. 2 31. ágúst 2010 en nefndin skal ljúka störfum sínum og skila lokaskýrslu um könnun sína til forsætisráðherra eigi síðar en 15. apríl 2010. Nefndin hefur enn ekki lokið störfum.

Rannsókn á falli bankanna 2008.

Hinn 18. desember 2008 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tengdra atburða, en sú lagasetning er án efa viðamesta regluverkið sem hefur verið sett um starfsemi þingskipaðrar rannsóknarnefndar hér á landi. Fyrsti flutningsmaður frumvarpsins var forseti Alþingis, en aðrir flutningsmenn voru formenn allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi. Tilgangur laganna er skv. 1. gr. þeirra sagður sá að nefndin leiti sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Þá skyldi hún leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hefði verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni og hverjir kynnu að bera ábyrgð á því. Nefndin skyldi í þessu skyni varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir þess vanda íslenska bankakerfisins sem varð Alþingi tilefni til að setja lög nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. (neyðarlögin svokölluðu), afla upplýsinga um starfsemi fjármálafyrirtækja sem gætu skýrt vanda þeirra, svo sem um fjármögnun og útlánastefnu þeirra, eignarhald, endurskoðun og tengsl þeirra við atvinnulífið, gera úttekt á reglum íslenskra laga um fjármálamarkaðinn og tengda atvinnustarfsemi í samanburði við reglur annarra landa og framkvæmd stjórnvalda á þeim og leggja mat á hvernig staðið hefði verið að eftirliti með fjármálastarfsemi hér á landi á síðustu árum og upplýsingagjöf af því tilefni milli stjórnvalda, til ríkisstjórnar og til Alþingis. Þá var nefndinni ætlað að koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu sem miðuðu að því að gera íslenskt fjármálakerfi færara um að bregðast við þróun og breytingum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, ásamt því að gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjölluðu um mál þar sem grunur vaknaði við rannsókn nefndarinnar um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og gera grein fyrir þeim málum í skýrslu til Alþingis.

Nefndin var skipuð einum dómara Hæstaréttar Íslands sem forsætisnefnd Alþingis skipaði og var hann jafnframt formaður nefndarinnar. Þá var nefndin skipuð umboðsmanni Alþingis, en samkvæmt lögunum skyldi þriðji einstaklingurinn í rannsóknarnefndinni vera hagfræðingur, löggiltur endurskoðandi eða háskólamenntaður sérfræðingur sem hefði víðtæka þekkingu á efnahagsmálum og/eða starfsemi fjármálamarkaða, skipaður af forsætisnefnd Alþingis. Þá skyldi forsætisnefnd Alþingis jafnframt skipa þriggja manna vinnuhóp einstaklinga með háskólamenntun í heimspeki, sagnfræði, félagsfræði, stjórnmálafræði, fjölmiðlafræði eða öðrum hliðstæðum greinum sem fjallaði í samráði við rannsóknarnefndina um það hvort skýringar á falli bankanna og tengdum efnahagsáföllum mætti að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði. Jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum var skylt að verða við kröfu nefndarinnar um að láta í té upplýsingar, gögn og skýringar sem hún fór fram á. Með gögnum er m.a. átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga og önnur gögn sem nefndin óskaði eftir í þágu rannsóknarinnar. Þá var nefndinni heimilt að kalla einstaklinga til fundar við sig til að afla munnlegra upplýsinga í þágu rannsóknarinnar og var þeim skylt að verða við kröfu nefndarinnar um að veita upplýsingar þó að þær væru háðar þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja eða sérstökum reglum

um utanríkismál, öryggi ríkisins eða fundargerðir ríkisstjórnar og ráðherrafunda og fundargerðir nefnda Alþingis. Nefndin gat á grundvelli laganna gert athuganir á starfsstöð opinberrar stofnunar, fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja eða í öðru húsnæði og lagt hald á gögn þegar hún taldi það nauðsynlegt í þágu rannsóknarinnar. Þá hafði rannsóknarnefndin heimild til að óska beint eftir gögnum og upplýsingum frá erlendum stjórnvöldum í tengslum við rannsókn sína og skyldu íslensk stjórnvöld veita atbeina sinn til slíkrar gagna- og upplýsingaöflunar ef nefndin óskaði eftir því. Sérhverjum var skylt að koma fyrir nefndina til skýrslutöku krefðist hún þess. Nefndin gat jafnframt óskað þess að héraðsdómari kveddi mann fyrir dóm til að bera vitni um atvik sem máli skiptu. Um kvaðningu og skýrslugjöf og aðra framkvæmd skyldi fara eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála eftir því sem við átti. Nefndin skilaði skýrslu sinni 12. apríl 2010 og í kjölfar hennar var kjörin sérstök þingmannanefnd til að vinna úr tillögum nefndarinnar en hún skilaði skýrslu sinni til Alþingis 11. september 2010.[1] Í kjölfar skýrslu þingmannanefndarinnar var samþykkt ályktun á Alþingi um málshöfðun fyrir landsdómi gegn fyrrverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde. Er það í fyrsta sinn sem samþykkt er málshöfðun fyrir landsdómi hér á landi.

Rannsóknir einstakra ráðuneyta.

Á grundvelli almennra valdheimilda sinna geta einstakir ráðherrar látið gera athuganir á málum sem undir valdsvið þeirra heyra og eru þess nokkur dæmi þess hér á landi að slíkar nefndir hafi verið skipaðar. Ekki eru fyrir hendi aðgengilegar upplýsingar um slíkra athuganir en í því skyni að fá yfirsýn yfir slíkar rannsóknir í íslenskri stjórnsýslu óskaði skrifstofustjóri Alþingis eftir því í tengslum við vinnslu frumvarps þessa að ráðuneytin gerðu grein fyrir því í hvaða mæli þau hefðu beitt slíkum athugunum. Sent var bréf 22. júní 2010 til allra ráðuneyta þar sem óskað var eftir því að gefnar væru upplýsingar um það í hvaða mæli viðkomandi ráðuneyti hefði án atbeina Alþingis látið fara fram rannsóknir á málum sem upp hafa komið í stjórnsýslunni. Svör bárust frá forsætisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, dóms- og mannréttindaráðuneyti og utanríkisráðuneyti.

Í svari forsætisráðuneytisins kemur fram að í skjalasafni þess sé ekki að finna upplýsingar um að skipaðar hafi verið rannsóknarnefndir til að rannsaka mál sem upp hafa komið í stjórnsýslunni að undanskilinni nefnd samkvæmt ályktun Alþingis um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál og nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Báðar voru þær skipaðar af forsætisráðherra, en á grundvelli ákvarðana Alþingis.

Í svari mennta- og menningarmálaráðuneytisins segir að ráðuneytið hafi ekki látið gera margar rannsóknir en helst beri þar að nefna að sálfræðistofur eða Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hafi verið fengnar til að athuga mál einstakra undirstofnana ráðuneytisins þegar upp hefur komið ágreiningur milli forstöðumanna og annars starfsfólks. Sé þar oftast um að ræða framhaldsskóla þar sem ágreiningur hefur risið milli skólameistara og kennara við viðkomandi skóla. Þeir sem „rannsakað“ hafa þau mál hafi þá oft og tíðum verið sáttasemjarar í deilunni. Yfirleitt hefur ekki verið um saknæm mál að ræða. Í fylgiskjali eru þrjú dæmi nefnd um slíkar rannsóknir:

1. Úttekt á stjórnunarháttum og samskiptum innan Menntaskólans á Ísafirði. Hinn 25. júlí 2005 fól menntamálaráðuneytið Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera úttekt á stjórnunarháttum við Menntaskólann á Ísafirði. Ástæðan var samskiptavandi og óeining sem skapast hafði innan skólans um nokkurt skeið. Markmið með úttektinni var að fá

[1] Þskj. 1501, 705. mál. 138. löggjafarþing 2009–2010.

yfirsýn og greina þann vanda sem var uppi innan skólans og leggja fram raunhæfar tillögur um það hvernig úr þeim vanda yrði leyst. Í úttektinni skyldi Félagsvísindastofnun beina sjónum sínum að kennsluskipan innan skólans, innra eftirliti og gæðastarfi. Félagsvísindastofnun var falið að skila skýrslu eigi síðar en 20. október 2005 og í kjölfar hennar var samið um starfslok við skólameistara.

2. Úttekt á stjórnunarháttum Framhaldsskólans á Húsavík. Árið 2007 fékk ráðuneytið tvo sálfræðinga til að gera úttekt á stjórnunarháttum og samskiptum milli stjórnenda og kennara við Framhaldsskólann á Húsavík, en deilur höfðu verið uppi á milli þessara hópa. Í framhaldi af skýrslu sálfræðinganna var samið við skólameistara um starfslok.
3. Úttekt á samskiptum stjórnanda og kennara við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Í janúar 2010 fékk ráðuneytið tvo sálfræðinga til að gera úttekt á samskiptum stjórnanda og kennara við Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Grundarfirði. Nýr skólameistari hafði komið til skólans árið 2009 og átt í samtarfsörðugleikum við kennara skólans. Í kjölfar skýrslu sálfræðinganna var samið um starfslok skólameistarans.

Í svari iðnaðarráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið geti vísað til einnar rannsóknar sem fram fór á vettvangi ráðuneytisins á árinu 2007 en þá fól iðnaðarráðherra Orkustofnun að kalla eftir skilum leyfishafa Fjarðarárvirkjana á öllum hönnunargögnum fyrir virkjanirnar í samræmi við ákvæði um framkvæmd raforkulaga. Tilefnið voru blaðaskrif um öryggi og umfang framkvæmdanna. Þá óskaði ráðherra eftir því að starfsmenn Orkustofnunar færu á vettvang til að skoða framkvæmdir, ræða við framkvæmdaraðila og fulltrúa sveitarstjórnar og að kannað yrði hvort stærð vatnshverfla væri í samræmi við útgefin virkjanaleyfi. Orkustofnun skilaði iðnaðarráðherra greinargerð um málið 31. ágúst 2007 og í framhaldi af því skipaði ráðherra starfshóp til að gera úttekt á verkferlum tengdum leyfisveitingum og eftirliti vegna virkjanaframkvæmda, m.a. vegna umfjöllunar um Fjarðarárvirkjun og Múlavirkjun. Hinn 4. febrúar 2008 skilaði sá hópur af sér skýrslu til ráðherra.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið sagði í sínu svari að það liti svo á að í fyrirspurninni væri átt við rannsóknir sem fyrst og fremst væru gerðar til að upplýsa með opinberum hætti hvernig ákveðin mál sem komið hafa upp í stjórnsýslunni væru vaxin, en ekki væri átt við athuganir sem ráðuneytið hefur ráðist í á einstökum atriðum í þágu almennra eftirlitsskyldna þess. Ráðuneytið hafi ekki staðið fyrir slíkum rannsóknum undanfarin ár.

Í svari utanríkisráðuneytisins kemur fram að ein rannsókn hafi farið fram á vegum ráðuneytisins, en 16. apríl 2008 hafi ráðuneytið fengið þau Guðrúnu Erlendsdóttur og Harald Henrysson, fyrrverandi hæstaréttardómara, til að gera álitsgerð um sprengjuáraás sem gerð var í Kjúklingastræti í Kabúl 23. október 2004. Þeim var falið að gefa rökstutt álit á atvikum, afleiðingum og meðhöndlun eftirmála sprengjuárásarinnar, en hún olli því m.a. að íslenskir starfsmenn friðargæslunnar sem viðstaddir voru slösuðust og óbreyttir borgarar létu lífið. Markmið rannsóknarinnar var að fá sem skýrasta mynd af atburðum og mögulegt var með viðtölum, yfirferð gagna og eftir atvikum frekari gagnaöflun. Sérstaklega var óskað eftir áliti þeirra á viðbrögðum og ákvarðanatöku á vettvangi, meðferð eftirmála af hálfu utanríkisráðuneytisins og hvort eitthvað hefði mátt betur fara. Óskað var eftir tillögum og frekari viðbrögðum eða úrbótum eftir þörfum. Álitsgerðinni var skilað 15. ágúst 2008 og var hún ásamt viðbrögðum ráðuneytisins kynnt í fréttatilkynningu þann sama dag.

Ekki bárust svör frá fleiri ráðuneytum vegna fyrirspurnar skrifstofustjóra Alþingis. Samkvæmt þessari óformlegu athugun virðist sem einstök ráðuneyti hafi gert stjórnsýsluathuganir í ýmsum tilvikum og framkvæmd þeirra verið með mismunandi hætti. Ljóst er að áfram getur verið þörf fyrir beitingu slíkra úrræða á vettvangi einstakra ráðuneyta en spurningar vakna

um það í hvaða tilvikum sé eðlilegt að nota slík úrræði umfram rannsóknarnefndir á grundvelli laga þar um. Meginskörunin þarna á milli mundi felast í því hvort mál hefði almennt mikilvægi – en alla jafna mundi vera eðlilegt að slík mál yrðu falin rannsóknarnefndum á grundvelli laga. Þeim mun mikilvægara sem mál er, þeim mun líklegra er að nefndin þurfi á mikilvægum gögnum og upplýsingum að halda sem ekki yrðu afhent nema lagaskylda væri um slíkt. Nánari umfjöllun um það hvenær mál telst það mikilvægt að það kalli á skipun sérstakrar rannsóknarnefndar á grunvelli frumvarpsins má finna í kafla III í athugasemdum við frumvarpið.

II. Rannsóknarnefndir í Danmörku og Noregi.

Í nágrannalöndum okkar hafa rannsóknarnefndir verið nokkuð til umfjöllunar á síðari áratugum og reglur verið festar í sessi um notkun slíkra nefnda og málsmeðferð fyrir þeim. Skulu nú raktar helstu reglur sem um slíkar nefndir gilda í Danmörku og Noregi.

Danmörk.

Mál sem upp hafa komið í stjórnsýslunni í Danmörku og kallað á sérstaka rannsókn voru lengst af rannsökuð á grundvelli ákvæðis í réttarfarslögum, af dómurum með umboðsskrá, eða rannsóknarréttum. Slíkri rannsókn var þá stýrt af löglærðum embættisdómurum, ýmist hæstaréttar- eða landsréttardómurum. Þetta fyrirkomulag sætti þó gagnrýni, m.a. vegna þess að óeðlilegt var talið að hæstaréttardómarar stýrðu rannsókn í málum sem væru að hluta til pólitísk. Slíkt gæti grafið undan sjálfstæði dómstólanna, en oft eru slík mál tilefni háværrar pólitískrar gagnrýni og átaka.

Í Danmörku voru sett almenn lög um rannsóknarnefndir með lögum nr. 357/1999, um rannsóknarnefndir, og voru þá jafnframt afnumdar heimildir réttarfarslaga til að efna til rannsóknar undir stjórn dómara. Með setningu laganna voru reglur settar um málsmeðferð og skipan rannsóknarnefnda sem áður höfðu verið óskýrar og sætt gagnrýni. Lögunum um rannsóknarnefndir var ætlað að ná yfir þær rannsóknir sem framkvæma þarf vegna mála sem upp koma í stjórnsýslunni og eru álitin það mikilvæg að þau kalli á sérstaka rannsókn. Áfram er þó í gildi ákvæði 51. gr. stjórnarskrárinnar dönsku um þingskipaðar rannsóknarnefndir sem er sambærilegt því sem er í 39. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Þó hefur verið litið svo á að rannsóknarnefndir þingmanna séu ekki æskileg leið til að rannsaka slík mál, þær uppfylli vart þær kröfur sem gera verður til faglegra vinnubragða og tryggi vart mannréttindi þeirra sem til rannsóknar eru, sem varin eru m.a. í mannréttindasáttmála Evrópu.

Samkvæmt dönsku lögunum getur dómsmálaráðherra sett á fót rannsóknarnefnd til að rannsaka mál sem hafa mikla almenna þýðingu og skal slík nefnd alltaf skipuð óski þingið þess, sbr. 1. gr. laganna. Mál sem koma til rannsóknar í nefndunum þurfa að hafa tengingu við ríkið og varða almannahagsmuni. Rannsókn á starfsemi félaga í ríkiseigu fellur undir slíka nefnd en rannsókn á málum sem eru alfarið einkaréttarlegs eðlis heyrir ekki undir rannsóknarnefnd, nema slík rannsókn sé liður í rannsókn á stjórnvöldum eða starfsemi ríkisins. Rannsóknarnefnd má ekki skipa til að leysa úr réttarágreiningi.

Dómsmálaráðherra er samkvæmt lögunum falið að tilnefna þann eða þá einstaklinga sem skipa rannsóknarnefndina og ákveður hver skal vera formaður hennar, ef fleiri en einn eiga að rannsaka málið, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Dómsmálaráðherra hefur þannig ákvörðunarvald um skipan nefndarinnar, en hann þarf að gæta þess að þeir sem til verksins veljast uppfylli þær faglegu kröfur sem til starfans eru gerðar í 2. gr. laganna og að hæfiskröfur laganna séu einnig uppfylltar. Í 2. gr. segir enn fremur að ef einn einstaklingur skuli rannsaka mál

skuli hann hafa meistarapróf í lögum en í þeim tilvikum sem fleiri en einn skipa rannsóknarnefnd skuli formaðurinn hafa slíkt próf. Þá er einnig kveðið á um það í 2. gr. að ef dómari er skipaður í nefndina skuli hann jafnframt vera formaður hennar. Í skýringum við 2. gr. laganna segir að ef dómari sé skipaður í rannsóknarnefnd skuli hann vera dómari af lægri dómstigum (byretsdommer/landsdommer) en ekki hæstaréttardómari. Þá er jafnframt tekið fram að við mat á því hvort dómari eigi að skipa slíka rannsóknarnefnd skuli í ljósi þeirra vandkvæða sem kunna að vera á þátttöku dómara í slíkri nefnd ígrunda vel hvort nauðsynlegt sé að skipa dómara til verksins. Vandkvæðin eru m.a. þau að ef dómari stýrir rannsókn er hætta á að litið sé á álit nefndarinnar sem dóm sem kann að hafa mikla þýðingu fyrir þann sem til rannsóknar er. Þá séu dómarar með þátttöku í starfi rannsóknarnefndar að taka þátt í störfum sem eru ekki hluti af venjubundnum störfum dómara, auk þess sem umræðan sem rannsóknin fær alla jafna getur verið til að draga dómstóla inn í pólitísk átök sem sé óheppilegt. Hins vegar geti dómarar verið vel fallnir til slíkra starfa vegna síns faglega sjálfstæðis og þeir hafi ótvírætt faglega þekkingu til að vinna þau verk sem slík nefnd vinnur. Þátttaka dómara í slíkum rannsóknum hafði nokkuð verið til umræðu áður en lögin tóku gildi og voru m.a. til umfjöllunar í skýrslu Nordskov-nefndarinnar svokölluðu, en skýrsla hennar varð síðar grundvöllur að lögunum um rannsóknarnefndir.

Rannsóknarnefnd hefur ekki dómsvald og er það sérstaklega áréttað í 4. gr. dönsku laganna. Hins vegar er rannsóknarnefndum ætlað að rannsaka málsatvik, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna. Nefndinni er þó ekki það þröngur stakkur skorinn að henni sé einungis ætlað að bregða ljósi á málsatvik, heldur getur hún einnig lagt fram ýmiss konar skýringar og sjónarmið sem fram koma við rannsóknina, ásamt því að leggja mat sitt á sönnun. Ber rannsóknarnefnd þó að sýna varúð í slíku sönnunarmati, sbr. skýringar við 2. mgr. 4. gr. laganna. Rannsóknarnefnd getur komið með tillögur til breytinga á lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða verklagi í stjórnsýslu, gefi rannsóknin tilefni til, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna. Jafnframt getur nefndin lagt lögfræðilegt mat á það hvort grundvöllur sé fyrir því að kalla eftir ábyrgð einstaklinga, annarra en ráðherra, sbr. 4. mgr. 4. gr. laganna. Rannsóknarnefnd er með þessu ákvæði fengið það hlutverk að vekja athygli á brotum, mistökum og vanrækslu sem gæti hugsanlega leitt til ábyrgðar einstaklinga. Þeir einstaklingar sem gætu átt undir ákvæðið eru t.d. embættismenn eða fyrrverandi embættismenn. Nefndinni er þó ekki ætlað að kveða upp úr með lyktir slíkra mála heldur einungis að draga fram málsatvik og staðreyndir sem geta leitt til ábyrgðar ásamt því að nefna þær lagareglur og fyrirmæli sem hugsanlega hefur verið brotið gegn. Þegar kemur að ábyrgð ráðherra er það þingið eitt sem skal leggja mat á hvort aðstæður kunni að varða við reglur um ráðherraábyrgð, enda er þinginu í stjórnarskrá falið það hlutverk, sbr. 15. og 16. gr. dönsku stjórnarskrárinnar. Rannsóknarnefnd getur einungis rannsakað málsatvik og þannig lagt grunn að mati þingsins á því hvort ráðherra hafi með einhverjum hætti gerst brotlegur í starfi. Ef grunur leikur á slíku tekur þingskapanefnd þingsins málið til skoðunar á grundvelli XVIII. kafla þingskapanna en þar er fjallað sérstaklega um mál sem varða ábyrgð ráðherra og meðferð þingsins á slíkum málum. Átjánda kafla þingskapanna var bætt inn í dönsku þingsköpin um leið og lögin um rannsóknarnefndir tóku gildi, og er honum ætlað að setja mál sem upp koma og varða kunna ábyrgð ráðherra í skýran farveg innan þingsins.

Um heimildir rannsóknarnefnda til skýrslutöku og gagnaöflunar er fjallað í 5. og 6. kafla laganna en í fyrrnefnda kaflanum er fjallað um rannsóknir þar sem dómari er formaður en í seinna tilvikinu þegar svo er ekki. Ástæðan fyrir þessari aðgreiningu er sú að notkun þvingunarúrræða á borð við það að kalla vitni gegn vilja þess til skýrslutöku er einungis ætluð

dómurum, sbr. skýringar við 8. gr. laganna. Ef dómari er formaður nefndar hefur hann heimild til að beita slíkum úrræðum beint, en ef ekki þarf formaður nefndarinnar alla jafna að leita eftir heimild dómstóla til að beita slíkum úrræðum. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þær upplýsingar sem þeir fá við störf sín í nefndinni og hið sama gildir um aðstoðarmann þess sem til rannsóknar er og aðra sem að rannsókninni starfa.

Þeir sem til rannsóknar eru hverju sinni fyrir rannsóknarnefnd eiga rétt á aðstoðarmanni að eigin vali sem hefur rétt til að sitja á þeim fundum nefndarinnar þar sem skýrslutökur fara fram, fá afrit af gögnum málsins og taka þátt í að spyrja vitni sem fyrir nefndina koma, sbr. 21.–23. gr. laganna. Kostnaður vegna starfa aðstoðarmanns er greiddur af ríkissjóði samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra, en alla jafna gilda um það sömu reglur og um greiðslur til skipaðra verjenda í refsimálum, sbr. 24. gr. laganna.

Störf rannsóknarnefnda í Danmörku eru undanþegin upplýsingalögum, stjórnsýslulögum og lögum um umboðsmann. Almennt skulu fundir nefndanna þar sem vitnaleiðslur fara fram þó vera opnir, nema annað sé nauðsynlegt að mati nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 30. gr. Skulu slíkar undanþágur byggðar á nánar tilgreindum skilyrðum í lögunum, sbr. 1.–4. tölul. 1. mgr. 30. gr. Rannsóknarnefnd skilar skýrslu sinni til dómsmálaráðherra sem birtir hana nema sérstakar ástæður mæli með öðru, sbr. 32. gr. laganna. Heimild til undanþágu frá birtingu yrði þó væntanlega túlkuð þröngt og gæti átt við í þeim tilvikum sem birting ógnaði öryggi ríkisins eða tillit til hagsmuna annars ríkis kallaði á slíkt, sbr. skýringar með 32. gr.

Síðan dönsku lögin um rannsóknarnefndir voru sett árið 1999 hafa fimm nefndir verið skipaðar á grundvelli þeirra.

Noregur.

Í Noregi hafa verið skipaðar um sjötíu opinberar rannsóknarnefndir síðan sú fyrsta var skipuð árið 1827 og hefur um einn tíundi þeirra verið skipaður af þinginu. Annars eru nefndirnar skipaðar af öðrum opinberum aðilum, svo sem ríkisstjórninni í heild, einstökum ráðuneytum eða öðrum stjórnsýslueiningum. Um þingskipaðar rannsóknarnefndir gilda sérreglur í þingskapalögum (14. gr. a) en um aðrar opinberar rannsóknarnefndir gilda stjórnsýslufyrirmæli frá dómsmálaráðuneytinu, Regler for granskingskommissjoner, Rundskriv G-48/75.

Þingskipaðar rannsóknarnefndir.

Núgildandi ákvæði um þingskipaðar rannsóknarnefndir er í 14. gr. a. norsku þingskapanna. Í greininni segir að þingið geti skipað rannsóknarnefnd til að skýra eða staðreyna málsatvik. Slík nefnd getur aðeins íhugað hvort um hugsanlega ábyrgð ráðherra sé að tefla ef þingið hefur þörf fyrir aðstoð við það mat sitt, sbr. 1. mgr. 14. gr. a þingskapanna. Tillaga um skipan rannsóknarnefndar skal tekin fyrir í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins eða af sérstakri nefnd sem þingið skipar skv. 14. gr. þinskapalaga. Stórþingið ákveður sjálft umboð nefndarinnar og málsmeðferð fyrir henni og skal þar kveðið á um hvort og í hvaða mæli nefndin skuli fara eftir þeim almennu reglum sem um opinberar rannsóknarnefndir gilda. Eftir atvikum skal þingið meta hvort þörf sé á sérstakri lagasetningu til að tryggja nauðsynlegan aðgang nefndarinnar að upplýsingum og skjölum. Nefndarmenn þingskipaðrar rannsóknarnefndar skulu hafa nauðsynlega þekkingu og hæfni til starfanna ásamt því að vera óháðir. Nefndin skilar skýrslu til þingsins og skal hún vera opinber nema sérstaklega sé kveðið á um þagnarskyldu um tiltekna þætti hennar eða skýrsluna í heild. Áður en þingið tekur endanlega afstöðu til skýrslunnar skal hún send ríkisstjórninni til skriflegrar umsagnar, sbr. 14. gr. a þingskapalaganna. Rannsóknarnefndum þingsins er ætlað að leggja mat á eða

staðreyna tiltekin atvik að því marki sem nauðsynlegt reynist í tengslum við skoðun þingsins á máli. Markmiðið með skipan slíkra nefnda getur verið að kanna hvort um vanrækslu eða misbresti hafi verið að ræða í embættisfærslu ráðherra og að hún geti þannig orðið liður í því að unnt sé að leggja grundvöll að ákvarðanatöku þingsins um það hvort kalla skuli eftir ábyrgð hans. Einnig getur verið um að ræða könnun á atburðum án þess að leitað sé eftir ábyrgð ráðherra sérstaklega eða athugun á því hvort úrbóta sé þörf á tilteknum sviðum í stjórnsýslunni án tillits til þess hvort nokkrar reglur hafi verið brotnar eða farið í kringum góða ráðsmennskuhætti.

Það er frekar nýlega til komið í Noregi að þingið skipi rannsóknarnefndir og allt til ársins 1990 var algengast að ríkisstjórnin skipaði þær, gjarnan að kröfu eða eftir ábendingu þingsins. Í skýrslu Frøiland-nefndarinnar sem skipuð var til að yfirfara lagaumhverfi og aðstöðu þingsins til eftirlits með framkvæmdarvaldinu var vakin athygli á því að upp úr 1980 hafi tíðni þingskipaðra rannsóknarnefnda skyndilega aukist en án þess að þingið hafi tekið það sérstaklega til umræðu eða tekið ákvörðun um að stýra málum í þann farveg. Dómsmálaráðuneytið skipaði sérstaka nefnd til að athuga þessa þróun og skilaði hún skýrslu sinni í maí 2009. Nefndinni var falið að gera úttekt á því með hvaða hætti væri best staðið að skipan opinberra rannsóknarnefnda, hvert ætti að vera umboð slíkra nefnda og samsetning, hver ættu að vera tengsl við þann aðila sem skipar þær og við önnur stjórnvöld og hvaða reglur ættu að gilda um upplýsingaflæði og þagnarskyldu. Þá var nefndinni falið að skoða stöðu þess sem til rannsóknar er fyrir slíkum nefndum ásamt því í hvaða mæli nefndirnar eiga að hafa rétt til að krefja um upplýsingar og heimta skýrslur. Í skýrslu nefndarinnar er lagt til að sett séu lög um opinberar rannsóknarnefndir þar sem m.a. er fjallað um skipan slíkra nefnda og málsmeðferð fyrir þeim. Í umboði hópsins sagði að starf hans skyldi ná til nefnda sem skipaðar væru af ríkisstjórn eða öðrum stjórnsýsluaðilum og því nær umfjöllun hópsins ekki til þingskipaðra rannsóknarnefnda. Það er þó ekki ólíklegt að ef til slíkrar lagasetningar kemur kunni það að hafa áhrif á starfsemi þingskipaðra rannsóknarnefnda, en skv. 3. mgr. 14. gr. a norsku þingskapanna skal þingið meta að hvaða marki slíkar nefndir lúti almennum reglum um opinberar rannsóknarnefndir.

Um aðrar sérstaklega skipaðar rannsóknarnefndir en þingskipaðar rannsóknarefndir gilda nú leiðbeinandi stjórnsýslufyrirmæli dómsmálaráðuneytisins um rannsóknarnefndir, rundskriv G-48/75. Stjórnsýslufyrirmælin eru leiðbeinandi en í langflestum tilvikum hefur verið farið eftir þeim við skipan og málsmeðferð fyrir nefndunum. Fyrirmælin ná til nefnda sem er komið á fót til að bregða ljósi á málsatvik og mögulega ábyrgð á málum sem upp koma. Þau ná ekki til rannsókna sem fjallað er um annars staðar í sérstökum lögum, en um það eru nokkur dæmi í norskum lögum eins og hér á landi (sbr. sjóslys, flugslys o.fl.). Samkvæmt fyrirmælunum er það konungur í ríkisráði (Kongen i Statsråd) sem skipar nefndirnar. Sá sem stýrir nefndinni skal hafa reynslu af því að leggja mat á ábyrgð og af notkun málsmeðferðarreglna og því skal hann alla jafna vera lögfræðingur. Fundir nefndarinnar skulu ekki vera opnir nema nefndin sjái ástæðu til að ákveða það. Nefndirnar byggja rannsókn sína á frjálsri upplýsingagjöf en þær geta leitað aðstoðar dómstóla til að kveðja mann fyrir dóm til sönnunarfærslu á grundvelli 43. gr. dómstólalaganna norsku (Lov om domstolene, 1915-08-13-5). Í fyrirmælunum eru þeim sem til rannsóknar er tryggð ákveðin réttindi, svo sem réttur til að tjá sig fyrir nefndinni, andmælaréttur, réttur til aðstoðarmanns o.fl. Eins og áður er getið liggur nú fyrir skýrsla stjórnskipaðrar nefndar (NOU 2009:9) um opinberar rannsóknarnefndir þar sem lagt er til að sett verði lög um slíkar nefndir, en þau byggjast að miklu leyti á sama grunni og gildandi stjórnsýslufyrirmæli. Tillögur hópsins gilda um sérstaklega skipaðar („ad

hoc“) nefndir sem rannsaka nánar tilteknar aðstæður sem varða almannahagsmuni en þeim er þó aðeins ætlað að ná til þingskipaðra nefnda að því er þingið ákveður, sbr. 3. mgr. 14. gr. a norsku þingskapanna. Samkvæmt tillögunum skulu slíkar nefndir einungis skipaðar þegar ljóst er að markmiðum rannsóknarinnar verður ekki náð með öðrum hætti. Nefndirnar eru skipaðar af konungi í ríkisráði og skal við skipanina jafnframt ákveða hvaða aðili í stjórnkerfinu beri ábyrgð á því að fylgja eftir niðurstöðum nefndarinnar. Skulu nefndirnar ekki skipaðar færri en þremur einstaklingum, skal a.m.k. einn þeirra vera löglærður en á meðal nefndarmanna þarf að vera til staðar sérstök þekking á því málefni sem til rannsóknar er. Nefndirnar skulu óháðar og starfa sjálfstætt. Hlutverk þeirra er að rannsaka og skýra tiltekin málsatvik og hægt er að óska eftir að þær tjái sig um ábyrgð, eigi það við. Þær skulu þó ekki fjalla um ábyrgð ráðherra. Að öðru leyti er í drögunum sem nefndin lagði til fjallað um réttarstöðu þeirra sem til rannsóknar eru eða kallaðir eru fyrir nefndirnar og um málsmeðferð fyrir slíkum nefndum, um heimildir þeirra til upplýsingaöflunar og um birtingu skýrslna þeirra. Nefndirnar skulu byggja rannsóknir sínar á frjálsri upplýsingagjöf og þeim sem fyrir nefndirnar koma er ekki skylt að gefa þeim upplýsingar eða afhenda gögn. Nefndirnar geta þó látið kveðja menn fyrir dóm til sönnunarfærslu ef ástæða er talin til. Stórþingið hefur ekki tekið afstöðu til tillagna nefndarinnar þegar þetta er ritað.

III. Hvenær er réttlætanlegt að skipa rannsóknarnefnd?

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er unnt að skipa rannsóknarnefnd til að rannsaka tiltekin málsatvik í mikilvægum málum sem almenning varða og tengjast meðferð opinbers valds. Um verkefni nefndanna er nánar fjallað í 4. gr. frumvarpsins, en matið á því hvenær er réttlætanlegt að skipa slíka nefnd er í höndum Alþingis. Slík afmörkun er vandasöm og í norskum og dönskum reglum um skipan slíkra nefnda hefur verið farin sama leið og hér er lögð til, að hafa þetta tiltölulega opið svo fremi sem um sé að ræða mikilvæg mál sem almenning varða og tengjast meðferð opinbers valds. Það er þó ljóst að til þess að unnt sé að grípa til þess sérstaka úrræðis sem skipun rannsóknarnefndar er þarf að liggja fyrir að slíkt frávik frá almennum reglum um rannsókn mála sé nauðsynlegt. Það þarf með öðrum orðum að vera réttlætanlegt að grípa til þessa sérstaka úrræðis, í stað þess að láta rannsókn fara fram hjá lögreglu ef um er að ræða grun um refsivert athæfi, eða að beita vægara úrræði á borð við almenna stjórnsýsluathugun á vettvangi tiltekins ráðuneytis. Þær aðstæður geta t.d. verið fyrir hendi að rannsóknin krefjist sérstakrar fagkunnáttu, sem almennir rannsakendur búa ekki yfir, eða að kringumstæður geri almenna rannsókn tortryggilega. Þá getur verið að rannsókn sé fyrst og fremst ætlað að leggja grundvöll að laga- eða kerfisbreytingum, jafnvel án þess að fyrir liggi nokkur grunur um brot. Í þeim tilvikum sem gripið hefur verið til sérskipaðra rannsóknarnefnda hér á landi og í nágrannalöndunum eru tilvikin þó fjölbreytileg og lítið um almennar reglur sem setja notkun slíkra úrræða eiginleg mörk. Hér verður leitast við að greina hvaða atriði það eru sem eru almennt talin mæla með skipun opinberrar rannsóknarnefndar og verður við umfjöllunina stuðst við danska, norska og íslenska framkvæmd eftir atvikum.

Mál hafi almennt mikilvægi.

Í 1. gr. dönsku rannsóknarnefndarlaganna segir að dómsmálaráðherra geti skipað rannsóknarnefnd til að rannsaka afmörkuð mál sem hafa almennt mikilvægi (nærmere bestemte forhold af almenvigtig betydning). Þar með eru upp talin í dönsku lögunum þau lagaskilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til að unnt sé að skipa rannsóknarnefnd á grundvelli laganna og

eru þau eins og sjá má ekki mjög skýr. Í skýringum með lögunum segir um þetta að við afmörkunina á því hvenær megi skipa rannsóknarnefnd hafi m.a. verið litið til túlkunar á 21. gr. réttarfarslaganna dönsku sem áður giltu um rannsóknir slíkra mála og 51. gr. dönsku stjórnarskrárinnar sem fjallar um rannsóknarnefndir þingmanna. Í reynd eru því afar lítil takmörk sett hvenær unnt er að skipa rannsóknarnefnd á grundvelli laganna. Um mat á því hvenær mál falli undir það að hafa almennt mikilvægi er ekki fjallað í lögunum um rannsóknarnefndir en í skýringum við 51. gr. stjórnarskrárinnar dönsku segir að það sé eftirlátið þinginu sjálfu að meta hvenær mál hafi almennt mikilvægi og verður að draga þá ályktun að með sama hætti falli það í hlut þess sem skipi rannsóknarnefnd að meta þetta hverju sinni. Það liggur þó í hlutarins eðli að þegar mál hefur almennt mikilvægi felur það í sér að málið hefur tiltekna þyngd til þess að réttlætanlegt sé að skipa rannsóknarnefnd sem kann að birtast í því að það hafi verið lengi í opinberri umræðu án þess að öldur hafi lægt. Þau mál sem komið hafa til kasta íslenskra rannsóknarnefnda hafa átt það sameiginlegt að hafa verið tilefni opinberrar umræðu um nokkurt skeið áður en nefndirnar eru skipaðar og ef það er mælikvarði á mikilvægi máls hafa þau mál átt það sammerkt að hafa almennt mikilvægi.

Í norsku stjórnsýslufyrirmælunum um rannsóknarnefndir segir að skipun rannsóknarnefndar sé sérstakt úrræði og að slíkt form á rannsókn beri aðeins að nota í þeim tilvikum sem það liggur ljóst fyrir að sú aðferð er sú besta, í samanburði við hinar hefðbundnu leiðir til rannsóknar mála. Í tillögu norsku nefndarinnar um opinberar rannsóknarnefndir er orðalagið svipað og í dönsku lögunum. Þar segir að opinberar rannsóknarnefndir séu sérskipaðar nefndir sem rannsaki tiltekin mál sem hafi almennt mikilvægi (almenviktig betydning). Í skýrslu nefndarinnar segir að aðeins skuli skipa rannsóknarnefndir í sérstökum tilvikum og sú leið þurfi að vera bæði eðlileg og forsvaranleg. Þá eru tvö skilyrði nefnd sérstaklega til sögunnar, annars vegar að mál hafi almennt mikilvægi og hins vegar að skipun rannsóknarnefndar sé augljóslega það form rannsóknar sem nái best fram markmiði rannsóknarinnar. Er þannig tekið undir það sem segir í hinum leiðbeinandi stjórnsýslufyrirmælum og varað við því að nota svo sérstakt úrræði nema nauðsyn krefji og að almenn úrræði henti ekki. Hvað varðar skilyrðið um almennt mikilvægi er vísað í skýrslu nefndarinnar til danskra laga um rannsóknarnefndir og að skilyrðið, sem er mjög matskennt, feli í reynd ekki í sér neinar skýrar hindranir fyrir því hvaða mál má fela rannsóknarnefnd.

Mál tengist meðferð opinbers valds.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er það gert að skilyrði fyrir skipun rannsóknarnefndar að málið tengist meðferð opinbers valds. Í dönsku lögunum um rannsóknarnefndir er ekki áskilið að mál þurfi að vera tengt ríkisvaldinu til þess að unnt sé að skipa rannsóknarnefnd til athugunar þess, en litið hefur verið svo á að það felist í því að mál hafi almennt mikilvægi að það tengist meðferð opinbers valds. Í skýringum með 1. gr. dönsku laganna segir um mat á því hvenær rétt sé að grípa til úrræðisins að viðhafa skuli þá grunnreglu að til staðar séu tengsl þess máls sem rannsaka skal við ríkið, sbr. t.d. meðferð stjórnvalda á máli. Fyrirtæki í eigu ríkisins geta þannig komið til rannsóknar á grundvelli laganna en mál einkaréttarlegs eðlis geta einungis heyrt undir lögin ef þau eru hluti af rannsókn á stjórnvöldum. Um nánari afmörkun þess hvenær um slík tengsl sé að ræða hefur verið bent á að sú almenna viðmiðun skuli viðhöfð að úrræðið skuli aðeins nota þegar ríkisstjórnin eða þingið hefur þörf fyrir að bregða ljósi á atvik sem hafa þýðingu fyrir þau verkefni sem ríkisstjórn eða þing hafa með höndum. Mál sem koma til rannsóknar í nefndunum þurfa þannig til viðbótar því að varða almannahagsmuni að hafa einhverja tengingu við ríkisvaldið. Þá er það áréttað í 1. mgr. 4.

gr. rannsóknarnefndalaganna að rannsóknarnefndir hafa ekki dómsvald og þær má því ekki skipa til að leysa úr réttarágreiningi. Þau mál sem komið hafa til kasta rannsóknarnefnda hér á landi hafa öll með einhverjum hætti tengst ríkisvaldinu eða meðferð þess á mikilvægum málum sem almenning varða. Í skýrslu norsku nefndarinnar um rannsóknarnefndir er vísað til dönsku laganna um þann skilning að í því að mál skuli hafa almennt mikilvægi felist jafnframt nauðsynleg tengsl við hið opinbera.

Í Danmörku hefur komið upp það álitamál hvort unnt sé á grundvelli rannsóknarnefndalaganna að athuga málefni sveitarstjórnar og meðferð sveitarstjórnarmanna á valdi sínu og hvort slíkt mál geti verið til þess fallið að skipa sérstaka rannsóknarnefnd þótt ekki tengist það ríkinu með beinum hætti. Með skipan nefndar í máli sveitarstjórnarinnar í Farum var viðurkennt að slíkt mál getur komið til kasta rannsóknarnefndar en sú nefnd var skipuð 6. ágúst 2003 á grundvelli ályktunar þingsins þar um frá 5. desember 2002. Aðdragandi málsins var sá að fjölmargar ásakanir höfðu komið fram um nokkurt skeið í opinberri umræðu í Danmörku á hendur sveitarstjórninni í Farum, sem m.a. laut að lántökum sveitarfélagins, samningum þess við einkaaðila og fasteignakaupum þess. Beindist gagnrýnin ekki aðeins að sveitarstjóranum og sveitarstjórnarmönnum, heldur einnig hvort eftirliti með starfsemi sveitarfélagsins væri sinnt með viðunandi hætti. Í ályktun þingsins sem leiddi til skipunar rannsóknarnefndar var ríkisstjórninni falið að skipa rannsóknarnefnd til þess m.a. að rannsaka embættisfærslur sveitarstjórans, sveitarstjórnarmanna og embættismanna í Farum og samninga sem sveitarfélagið gerði við félög og fyrirtæki einkaréttarlegs eðlis, þ.m.t. íþróttafélög og lánastofnanir. Í ályktunartillögunni er það dregið fram í upphafi að markmið rannsóknarinnar sé m.a. að fyrirbyggja að slíkir atburðir endurtaki sig og þótt þær aðstæður sem voru í sveitarfélaginu hafi verið sérstakar geti verið að málið kalli á breytingar á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Tillaga hafði verið lögð fram um rannsókn á málinu á þinginu 2001–2002 án þess að hún leiddi til skipunar nefndar í það sinn, en í þeirri tillögu er það rökstutt hvers vegna lagt sé til að skipuð sé rannsóknarnefnd í málinu þrátt fyrir að málið tengist ekki ríkinu með augljósum hætti. Þar er þeim skilningi framsögumanna lýst að þar sem málið hafi þýðingu fyrir allt samfélagið falli það undir skilyrði laganna um almennt mikilvægi. Auk þess sé hægt að líta á rannsóknina sem lið í almennu eftirliti ríkisins með starfsemi sveitarfélaga. Þá er í tillögunni einnig vísað til minnisblaðs sem dómsmálaráðuneytið vann í tengslum við meðferð frumvarpsins um rannsóknarnefndir á þingi þar sem dregið var fram að skilyrði laganna um almennt mikilvægi útiloki ekki að í sérstökum tilvikum sé unnt að skipa rannsóknarnefnd til að rannsaka mál sem eingöngu varða málefni sveitarstjórna.

Umfang brots ekki þekkt og óljóst að hverjum grunur beinist.

Mál sem hafa almenna þýðingu en beinast ekki endilega að grun um tiltekið brot geta gefið tilefni til skipunar sérstakra rannsóknarnefnda. Gæti það átt við ef tilgangur rannsóknar er að kanna hvort kerfislæg vandamál séu til staðar í stjórnkerfinu, en einnig getur slíkt komið upp ef umfang brots er ekki þekkt og ekki vitað hver beri ábyrgð á því sem kann að hafa gerst. Í slíkum tilvikum er ekki unnt að hefja hefðbundna lögreglurannsókn sem beinist jafnan að því að staðfesta grun um refsivert athæfi. Þá getur verið óljóst hvar í stjórnsýslunni rannsókn ætti að fara fram og undir hvaða stjórnvald hún mundi heyra en það gerir almenna athugun innan stjórnsýslunnar óhentuga, en rannsókn rannsóknarnefndar er unnt að framkvæma án tillits til skipulags stjórnsýslunnar og þvert á þá verkaskiptingu sem þar er viðhöfð. Rannsóknarnefnd Alþingis, sem fékk það hlutverk að rannsaka aðdraganda og orsakir á falli íslensku bankanna með lögum nr. 142/2008, er dæmi um nefnd sem skipuð er m.a.

vegna þess að umfang og eðli brots er óljóst og óljóst hvort einhver og þá hver kunni að bera ábyrgð á því sem gerðist og varð tilefni rannsóknarinnar. Nefndinni var skv. 1. gr. laganna m.a. ætlað að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna og tengdra atburða ásamt því að leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni og hverjir kynnu að bera ábyrgð á því. Í því skyni skyldi nefndin m.a. skoða upplýsingagjöf um eftirlit með fjármálastarfsemi milli stjórnvalda, til ríkisstjórnar og Alþingis, og koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu sem miðuðu að því að gera íslenskt fjármálakerfi færara um að bregðast við þróun og breytingum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Það er ljóst að umfang slíkrar rannsóknar getur náð til fjölmargra sviða stjórnsýslunnar og vart framkvæmanlegt að viðhafa slíka athugun með almennri stjórnsýsluathugun.

Krafa um óhlutdrægni og sjálfstæði gagnvart stjórnvöldum.

Algengt er að í aðdraganda að skipun rannsóknarnefnda sé sérstök krafa um sjálfstæði og óhlutdrægni gagnvart ríkisstjórn eða öðrum stjórnvöldum. Þetta á einkum við þegar grunur leikur á að stjórnmálamenn hafi átt þátt í eða geti hugsanlega borið ábyrgð á máli sem komið hefur upp en þetta getur einnig átt við þegar gagnrýni hefur beinst að lögreglunni eða öðrum sem ella mundu koma að rannsókn máls. Þá er nauðsynlegt vegna málavaxta að skapa sérstaka fjarlægð á milli stjórnvalda og þess sem málið rannsakar í því skyni að eyða tortryggni sem upp er komin. Rannsókn á falli bankanna hér á landi má nefna t.d. um þetta, en sú krafa var gerð þegar rannsókninni var hleypt af stokkunum að að henni kæmu einstaklingar sem ekki væru með nokkrum hætti þátttakendur í þeim atburðum sem leiddu til hrunsins. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, er vikið að þeim möguleika að rannsaka hrunið á grundvelli þingmannanefndar að hætti 39. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir að hætta sé á því að þingmenn hafi í pólitískri umræðu um málið gefið yfirlýsingar sem liti skoðun þeirra á öllu því sem síðar kann að koma fram, auk þess sem ekki þyki trúverðugt að stjórnmálamenn annist grunnrannsókn á vinnubrögðum stjórnmálamanna. Þá segir í frumvarpinu að „betra sé að fá til verksins óháða sérfræðinga sem hafi staðið utan við átök stjórnmálanna“. Sambærileg gagnrýni á ákvæði 51. gr. dönsku stjórnarskrárinnar hafa valdið því að þótt lagaákvæðið sé enn í fullu gildi hefur því ekki verið beitt síðan 1945. Það má segja að í slíkum tilvikum geti sérskipaðri rannsóknarnefnd verið ætlað að draga athugun máls upp úr pólitískum farvegi. Þetta á sérstaklega við þegar þingið hefur mál vegna ábyrgðar ráðherra til skoðunar en rannsóknarnefndir starfa alla jafna sjálfstætt og óháð fyrirmælum frá þinginu eða stjórnvöldum.

Mál varðar upplýsingaskyldu ráðherra til þings eða aðrar embættisfærslur hans.

Þegar grunur leikur á að ráðherra hafi gefið þinginu rangar upplýsingar um mál, vanrækt upplýsingaskyldu sína eða með öðrum orðum ekki rækt embættisskyldur sínar getur sérskipuð rannsóknarnefnd verið vel til þess fallin að rannsaka slíkt mál. Þetta hefur þó sjaldnast orðið tilefni að skipan rannsóknarnefnda hér á landi, en er oft og tíðum hluti af rannsókn mála í nágrannalöndunum. Slíkar aðstæður voru t.d. fyrir hendi þegar „skattfrádráttarmálið“ bar að í Danmörku. Rannsóknarnefnd var sett á laggirnar í málinu í kjölfar þess að þáverandi forsætisráðherra, Anders Fogh Rasmussen, hafði orðið uppvís að því að gefa þinginu rangar upplýsingar um meðferð og vitund skattayfirvalda á tiltekinni undanskotsleið í þágildandi

skattalöggjöf. Í tengslum við meðferð málsins á þingi voru lagðar fram spurningar um það frá hvaða tímapunkti skattyfirvöldum hefði verið kunnugt um „götin“ sem gerðu undanskotið mögulegt. Forsætisráðherra og reyndar einnig skattamálaráðherrann höfðu svarað spurningum frá þingmönnum um málið sem voru byggðar á röngum upplýsingum og eftir að það varð ljóst ákvað ríkisstjórnin að setja á fót rannsóknarnefnd til að fá óvilhalla rannsókn á málinu og ástæðum hinnar röngu upplýsingagjafar ráðherranna.

IV. Takmarkanir á umboði rannsóknarnefnda.

Þótt þeim sem skipar rannsóknarnefnd á grundvelli laganna séu gefnar nokkuð frjálsar hendur um mat á því hvenær rétt sé að nota úrræðið og til hvers setja lögin því samt sem áður nokkrar hömlur hvaða verkefni er unnt að fela slíkum nefndum. Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um verkefni rannsóknarnefnda og umboð, en þar segir að meginhlutverk rannsóknarnefndar sé að afla upplýsinga og gera grein fyrir málsatvikum í tilteknu máli, en einnig getur nefndin í skýrslu sinni gert tillögu um breytingu á lögum, reglugerðum eða stjórnsýsluframkvæmd, eftir því sem rannsóknin gefur tilefni til. Rannsóknarnefnd má auk þess fela að meta lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á það hvort grundvöllur sé fyrir því að einstaklingar eða lögaðilar skuli sæta refsiábyrgð og skal nefndin þá eftir atvikum vísa slíkum málum til ákæruvaldshafa, ef hún telur ástæðu til. Rannsóknarnefnd skal þó aðeins meta lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á hvort grundvöllur sé fyrir því að ráðherrar sæti ábyrgð ef Alþingi fer sérstaklega fram á álit nefndarinnar um það efni. Skal slík beiðni þá skýrt afmörkuð í umboði nefndarinnar.

Um verkefni rannsóknarnefnda er fjallað í 4. gr. dönsku laganna. Sú upptalning sem þar er gerð er þó ekki tæmandi lýsing á þeim verkefnum sem fela má slíkum nefndum þótt greinin dragi með skýrum hætti fram hvaða verkefni má ekki fela nefndunum. Þá ber að hafa almenn sjónarmið til hliðsjónar um hlutverk slíkra nefnda og þær hömlur sem stjórnskipunin kann að setja þeim. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir er að mestu byggð á dönskum og norskum rétti en sömu sjónarmið eiga við um rannsóknarnefndir sem fjallað er um í frumvarpi þessu.

Réttaröryggissjónarmið.

Sérstaklega skipaðar rannsóknarnefndir hafa hvorki umboð né varanlega stöðu sem stofnanir í stjórnkerfinu og því hafa þær tiltölulega veika stjórnskipulega stöðu. Niðurstöður rannsóknarnefnda geta hins vegar haft verulega íþyngjandi áhrif fyrir þá sem til rannsóknar eru og má líkja því við áhrif af almennri sakamálarannsókn auk þess sem hætta er á að opinber birting á niðurstöðum nefndarinnar hafi í för með sér tiltekin dómsáhrif. Einkum á þetta við þegar rannsókninni er beint að því hvort einstaklingar hafi framið lögbrot eða gerst sekir um aðra ámælisverða háttsemi en í slíkum tilvikum vakna upp spurningar um réttaröryggi þeirra sem eru til athugunar annars vegar sem og um ábyrgð nefndarmanna á því sem fram kemur í skýrslum nefndanna. Umboð nefndanna er eins og áður segir óskýrt ef miðað er við þær reglulegu stofnanir sem alla jafna koma að rannsókn og meðferð refsimála, svo sem lögreglu, ákæruvaldshafa og dómstóla. Þau óþægindi sem eru af því að sæta rannsókn og opinberri gagnrýni vegna athafna sinna er því í litlu samhengi við formlega stöðu rannsóknarnefndarinnar sem stofnunar í stjórnkerfinu. Réttaröryggissjónarmið mæla því með því að úrræðið sé notað af varfærni, einungis í undantekningartilvikum og við sérstakar aðstæður.

Rannsóknarnefnd má ekki fela dómsvald.

Dómstólar fara með dómsvaldið og því má ekki skipa rannsóknarnefnd til að leysa úr réttarágreiningi, sbr.1. mgr. 4. gr.dönsku laganna. Í lögunum segir að rannsóknarnefnd sé fyrst og fremst ætlað að athuga og bregða ljósi á málsatvik, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna. Með því er þó ekki aðeins átt við að nefndin eigi að skrá staðreynda atburðarás heldur getur hún líka dregið fram mismunandi skýringar á því sem gerðist og lagt fram sönnunarmat sitt. Þó er tekið fram í skýringum með lögunum að ráða megi af lögskýringargögnum að þessu mati beri rannsóknarnefnd að beita með varúð. Í skýrslu norsku nefndarinnar um opinberar rannsóknarnefndir frá 2009 er einnig áréttað að rannsóknarnefndir hafi ekki dómsvald, heldur sé þeim einungis ætlað að bregða ljósi á málsatvik og niðurstöðum þeirra að verða grundvöllur að ákvarðanatöku annarra þar til bærra aðila.

Álitamál um mat á ábyrgð einstaklinga.

Samkvæmt frumvarpinu má fela rannsóknarnefnd að meta lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á það hvort grundvöllur sé fyrir því að einstaklingar eða lögaðilar skuli sæta ábyrgð og skal nefndin þá eftir atvikum vísa slíkum málum til ákæruvaldshafa, ef hún telur ástæðu til. Rannsóknarnefnd skal þó aðeins meta lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á hvort grundvöllur sé fyrir því að ráðherrar sæti ábyrgð ef Alþingi fer sérstaklega fram á álit nefndarinnar um það efni. Skal slík beiðni þá skýrt afmörkuð í umboði nefndarinnar. Er hér farin svipuð leið og tíðkast hefur í Danmörku og Noregi þegar mál getur varðað ábyrgð einstaklinga. Rannsóknarnefnd má fela að leggja grundvöll að slíku mati en henni er ekki ætlað að kveða upp úr með um hvort hann sé nægilegur til þess að ákæra skuli. Það mat er í höndum ákæruvaldshafa, saksóknara eða Alþingis ef ráðherrar eða fyrrverandi ráðherrar eiga í hlut.

Í skýringum með 1. mgr. 4. gr. dönsku laganna er ítrekað að hlutverk rannsóknarnefndar sé eingöngu að finna og leggja fram það efni sem getur skapað grundvöll fyrir ákvarðanir hlutaðeigandi stjórnvalda um það hvort kalla þurfi eftir ábyrgð einstaklinga, í fyrsta lagi grundvöll að ákvörðun þingsins um að kalla eftir pólitískri ábyrgð eða framlagningu ákæru gagnvart ráðherra, í öðru lagi að ákvörðun ráðherra eða æðstu embættismanna í ráðuneyti um agabrotsviðurlög gagnvart embættismönnum og í þriðja lagi ákvörðun almennra ákæruvaldshafa um að leggja fram ákæru. Rannsóknarnefnd má fela það verkefni að leggja fram lagaleg álitaefni (retlige vurderinger) um það hvort grundvöllur sé fyrir hendi til að kalla eftir ábyrgð einstaklinga, annarra en ráðherra, sbr. 4. mgr. 4. gr. dönsku laganna. Þeir einstaklingar sem hér geta átt í hlut eru oftast embættismenn eða fyrrverandi embættismenn, en einnig gæti ákvæðið náð til forstjóra eða annarra starfsmanna hjá félögum í opinberri eigu, eða stjórnarmanna í slíku fyrirtæki ef þeir sitja þar á ábyrgð stjórnvalda. Í skýringum með lögunum segir um þetta að dæmigert umboð rannsóknarnefndar hvað þetta mat varði kveði á um að nefndin skuli tjá sig um að hvaða marki líklegt sé að brot eða vanræksla hafi átt sér stað sem geti orðið til þess að kalla þurfi eftir ábyrgð. Þau sjónarmið sem fram kunna að koma um þetta beri þó nefndinni að setja fram af mikilli varfærni og með hið takmarkaða hlutverk slíkra nefnda (rannsóknarhlutverk) í huga. Þeim sé á engan hátt ætlað að kveða upp úr um slíka ábyrgð, einungis að draga fram sjónarmið sem leggja megi til grundvallar ákvörðun um ábyrgð. Þegar rannsóknarnefndum hefur verið falið að leggja fram lagaleg álitaefni um ábyrgð einstaklinga, hefur í umboði nefndarinnar verið notað svipað orðalag og í 4. mgr. 4. gr.

Í 2. málsl. 4. mgr. 4. gr. dönsku laganna segir að rannsóknarnefnd megi ekki fela það hlutverk að leggja fram lögfræðilegt mat á því hvort ráðherra kunni að hafa gerst sekur um embættisbrot sem varði hann ábyrgð. Í skýringum með lögunum segir um þetta að í þeim tilvik-

um sem ráðherrar eigi í hlut skuli rannsóknarnefndin eingöngu rannsaka og skýra þau atvik sem kunna að hafa þýðingu fyrir ákvarðanatöku þingsins um það hvort aðgerða sé þörf til að kalla eftir pólitískri eða lagalegri ábyrgð ráðherra. Vísað er í þessu samhengi til 15. og 16. gr. stjórnarskrárinnar þar sem annars vegar er kveðið á um að enginn ráðherra geti setið í embætti eftir að þingið hefur samþykkt á hann vantraust (15. gr.) og hins vegar um að þingið hafi ákæruvald í málum vegna embættisbrota ráðherra (16. gr.). Þannig er skýrt tekið af skarið í lögunum um það að þingið eitt eigi að leggja mat á það hvort rétt sé að kalla eftir ábyrgð ráðherra, rannsóknarnefndir geti einungis dregið fram staðreyndir sem geti orðið grundvöllur að mati þingsins hér um.

Í norsku stjórnsýslufyrirmælunum um rannsóknarnefndir (G-48/75) segir að alla jafna skulu rannsóknarnefnd í skýrslu sinni ekki taka afstöðu til þess hvort framið hafi verið refsivert athæfi eða hvort grundvöllur bótaábyrgðar eða annarra viðurlaga sé fyrir hendi. Slík viðfangsefni sé ákæruvaldinu ætlað að meta eða því stjórnvaldi sem skipaði nefndina og leggja fyrir dómstóla til ákvörðunar. Þetta skuli þó ekki aftra nefndinni frá því að leggja mat á hvort hlutlæg skilyrði refsiábyrgðar séu fyrir hendi eða hvort tiltekin málsatvik séu almennt óheppileg eða óforsvaranleg. Í skýrslu norsku nefndarinnar um rannsóknarnefndir frá 2009 segir að rannsóknarnefnd megi fela að tjá sig um ábyrgð einstaklinga en þó megi slík nefnd ekki fjalla um ábyrgð ráðherra. Í skýrslunni er dregið fram að um ráðherraábyrgð og mat á henni sé öðrum aðilum í stjórnkerfinu falið að véla. Er þá vísað til þingsins og þeirra stofnana þess sem hafa hlutverki að gegna þegar slík mál koma upp, þ.e. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndina og ábyrgðarnefnd þingsins. Þá var eins og áður segir sett ákvæði í norsku þingsköpin um rannsóknarnefndir þingsins (14. gr. a) þar sem nánar er afmarkað að hvaða marki rannsóknarnefndir þingsins skuli leggja mat á ábyrgð en þar segir að rannsóknarnefnd sem skipuð sé af þinginu skuli aðeins leggja fram sjónarmið um ábyrgð einstaklinga að þingið telji þörf á aðstoð við slíkt mat. Virðast því sömu hömlur á starfi nefndanna í Danmörku og Noregi hvað ábyrgð ráðherra varðar enda gildir sú regla í báðum löndum að þingið fer með ákæruvald í málum vegna ábyrgðar ráðherra eins og hér á landi.

Almennar reglur um skipan og málsmeðferð fyrir opinberum rannsóknarnefndum hefur hingað til skort hér á landi en með frumvarpi þessu er lagt til að úr því verði bætt. Í frumvarpinu er lagt til að Alþingi hafi ákvörðunarvaldið um rannsóknarnefndir og að þær séu þannig hluti af eftirlitshlutverki Alþingis með ríkisstjórn og stjórnsýslu. Í frumvarpi þessu eru tillögur vinnuhóps forsætisnefndar um eftirlit með framkvæmdarvaldinu útfærðar nánar og í ljósi þess markmiðs sem hópurinn lagði til að haft verði að leiðarljósi, að efla eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu, er lagt til í frumvarpinu að ákvörðun um skipan slíkra nefnda sé jafnan hjá Alþingi. Er það einnig í samræmi við þá þróun sem verið hefur hér á landi síðustu áratugi og hefur gefist ágætlega. Sú staðreynd að ákvörðun um skipan nefndanna og úrvinnsla þeirra sé á Alþingi tryggir aðkomu stjórnarandstöðu að skipan og úrvinnslu á niðurstöðum nefndanna og tryggir einnig opinbera umfjöllun um skýrslur þeirra. Sá þáttur er mikilvægur og getur orðið nauðsynlegur liður í því að gera upp vandasöm mál sem upp hafa komið og almenningur hefur fylgst með um hríð. Nærtækasta dæmið um þetta er nýleg skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um orsakir og afleiðingar falls íslensku bankanna. Hætt er við að trúverðugleiki þeirrar nefndar sem fékk það viðamikla hlutverk að grafast fyrir um orsakir efnahagshrunsins á Íslandi hefði ekki verið jafnmikill og raunin varð ef nefndin hefði verið skipuð af ríkisstjórn án aðkomu þingsins. Þá er rétt að vekja athygli á því að einstakir ráðherrar geta á grundvelli 38. gr. stjórnarskrárinnar lagt fram á Alþingi tillögu um skipan rannsóknarnefndar eins og önnur þingmál og að auki geta þeir eftir sem áður á

grundvelli almennra valdheimilda sinna stofnað til almennrar stjórnsýsluathugunar á málum sem undir þeirra valdsvið heyra telji þeir ástæðu til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. er gildissvið laganna afmarkað sem og hugtakið rannsóknarnefnd. Þar segir að með rannsóknarnefnd sé í lögum þessum átt við sérstaklega skipaða nefnd sem falið er að rannsaka tiltekin málsatvik í mikilvægum málum sem almenning varða og tengjast meðferð opinbers valds. Í fyrsta lagi er áréttað að hér sé átt við sérstaklega skipaða nefnd, („ad hoc") sem þýðir að lögin ná ekki til fastra nefnda sem skipaðar eru til að rannsaka mál sem upp koma í tilteknum málaflokkum, sbr. t.d. rannsóknarnefnd sjóslysa og rannsóknarnefnd flugslysa. Nefndirnar eru skipaðar til rannsóknar á einu máli og þær eru lagðar niður þegar rannsókninni er lokið. Þá er áréttað í 1. mgr. að rannsóknarnefnd megi skipa til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða, en með því eru sett ákveðin mörk fyrir því í hvaða tilfellum má skipa slíkar nefndir. Málin þurfa að vera mikilvæg og varða almannahagsmuni með einhverjum hætti, en þau mál sem komið hafa til kasta sérskipaðra rannsóknarnefnda hafa gjarnan verið til umfjöllunar á opinberum vettvangi um skeið og orðið tilefni háværrar gagnrýni á stjórnvöld eða aðra opinbera aðila. Rétt er að árétta að skipun rannsóknarnefndar er úrræði sem ber einungis að nota ef einsýnt er að ekki er unnt að notast við hin hefðbundnu rannsóknarúrræði. Úrræðið er sérúrræði og mikilvægt að á það sé litið sem slíkt og að til þess sé ekki gripið nema nauðsynlegt sé. Nánari umfjöllun um hlutverk rannsóknarnefnda er að finna í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu. Þá er það gert að skilyrði fyrir skipun slíkrar nefndar að málið þurfi að tengjast meðferð opinbers valds. Með því er áréttað að rannsóknarnefnd megi ekki skipa til athugunar á máli sem varðar einkaréttarlega hagsmuni nema þeir tengist með einhverjum hætti meðferð opinbers valds. Er hér sett inn í frumvarpstextann skilyrði sem hefur verið talið felast í því í norskum og dönskum rétti, að mál varði almannahagsmuni eða hafi almenna þýðingu.

Í 2. mgr. segir að ákvörðun um skipan rannsóknarnefndar sé tekin með ályktun Alþingis og að forseti Alþingis skipi hana á grundvelli slíkrar ályktunar. Í tillögu til ályktunar um skipan rannsóknarnefndar skal kveðið á um það hvað rannsaka á, hvernig haga skal rannsókninni og hve margir eiga að sitja í nefndinni. Gert er ráð fyrir að samþykki meiri hluta þingmanna þurfi til að koma á fót slíkri rannsókn. Áður en greidd eru atkvæði um slíka tillögu í þinginu skal henni vísað til þeirrar nefndar þingsins sem fer með eftirlitshlutverk (stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar ef henni verður komið á, sbr. áðurnefnt frumvarp til laga um breytingu á þingsköpum Alþingis (þskj. 1433, 686. mál á 138. löggjafarþingi)). Sú nefnd sem fer með eftirlitshlutverkið getur einnig sjálf haft frumkvæði að því að kanna einstakar ákvarðanir eða verklag hjá ríkisstjórn og stjórnsýslu hennar sem ástæða þykir til að athuga og til slíkrar athugunar er lagt til í fyrirliggjandi frumvarpi til breytinga á þingsköpum að það nægi að fjórðungur nefndarmanna samþykki tillögu þar um. Slík frumathugun byggist þó alltaf á frjálsri upplýsingagjöf en sé talin þörf á að fela sérfróðum einstaklingum utan þings rannsóknarheimildir til að leiða málsatvik í ljós er unnt að skipa rannsóknarnefnd á grundvelli frumvarpsins, ýmist að tillögu nefndar þeirrar sem fer með eftirlitshlutverk Alþingis eða á grundvelli tillagna sem nefndin fær til umsagnar. Rétt er að ítreka að réttur til framlagningar tillagna um skipun rannsóknarnefndar er sá sami og almennt um þingmál, sbr. 38. gr. stjórnarskrárinnar, og er sá réttur ekki einskorðaður við þá nefnd sem fer með eftirlitshlut-

verkið gagnvart framkvæmdarvaldinu. Sú nefnd skal þó alltaf taka slíkar tillögur til umsagnar og gefa um þær álit áður en greidd eru atkvæði um þær.

Eftirlit þingsins með stjórnsýslu og ríkisstjórn hvílir oft og tíðum á herðum stjórnarandstöðu hverju sinni og til þess að slík úrræði séu virk er nauðsynlegt að gera minni hlutanum kleift að kalla eftir þeim. Í nágrannaríkjunum er yfirleitt gert ráð fyrir að samþykki meiri hluta þingmanna þurfi til að skipuð sé rannsóknarnefnd. Í Noregi þarf hins vegar einungis samþykki þriðjungs þingmanna í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins til að hefja athugun máls á vettvangi nefndarinnar sjálfrar og getur nefndin gert það að eigin frumkvæði telji hún það nauðsynlegt í þágu eftirlits þingsins með stjórnsýslunni. Í Danmörku er gert ráð fyrir því að til þess að unnt sé að skipa rannsóknarnefnd þurfi meiri hluti þingmanna að samþykkja tillögur þar um en í tengslum við endurskoðun á lögum um rannsóknarnefndir hefur verið rætt um að heimila minni hluta þingmanna að kalla eftir rannsókn. Hafa tillögur þar um verið lagðar fram í danska þinginu en ekki fengist samþykktar. Í áðurnefndu frumvarpi til laga um breytingu á þingskapalögum er lagt til að fjórðungur nefndarmanna í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins geti kallað eftir líkri frumskoðun nefndarinnar en með því er minni hlutanum tryggður réttur til að leggja grundvöll að athugun mála sem getur orðið til þess að draga fram þörf á frekari rannsókn í kjölfarið.

Í skýrslu vinnuhóps forsætisnefndar um þingeftirlit sem kom út í september 2009 er m.a. lagt til að stofnuð verði fastanefnd á Alþingi sem hafi rannsóknarheimildir á borð við þær sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd norska þingsins hefur, sbr. þskj. 1433, 686. mál, 138. löggjafarþing. Hér er gert ráð fyrir að þær tillögur komi til samþykktar og að stofnuð verði fastanefnd sem hafi með eftirlitshlutverkið að gera og hafi auk þess tilteknu hlutverki að gegna í tengslum við rannsóknarnefndirnar.

Síðasta málsgreinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Lagt er til í 1. mgr. greinarinnar að rannsóknarnefndir séu að jafnaði skipaðar a.m.k. þremur nefndarmönnum. Þó sé heimilt að fela einum einstaklingi rannsóknina mæli sérstök rök með því. Í dönskum lögum um rannsóknarnefndir er gert ráð fyrir að nefndarmenn geti verið einn eða fleiri en í drögum að lögum um opinberar rannsóknarnefndir í Noregi (NOU 2009:9) er lagt til að nefndarmenn skuli ekki vera færri en þrír og ekki fleiri en fimm og skuli að lágmarki einn þeirra vera lögfræðingur. Ekki þykir æskilegt að setja hér á landi lágmarksfjölda í slíkum nefndum, heldur hafa það sveigjanlegt hversu margir nefndarmenn geta verið. Mál sem koma til athugunar geta bæði verið mjög afmörkuð og einungis krafist rannsóknar eins manns eða afar yfirgripsmikil og kallað á aðkomu fleiri einstaklinga, eftir atvikum með fjölbreyttan bakgrunn. Rétt þykir að leggja það mat í hendur þingsins hverju sinni, hversu margir nefndarmenn þurfa að vera með hliðsjón af umfangi máls hverju sinni. Forseti Alþingis velur formann og afmarkar umboð nefndarinnar, hvort tveggja að höfðu samráði við forsætisnefnd og að fengnum tillögum þeirrar nefndar sem fer með eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Með þessu er leitast við að tryggja sem víðtækasta pólitíska sátt um skipan og umboð nefndanna.

Í 2. mgr. er fjallað um faglegt hæfi nefndarmanna. Hér er farin sú leið sem farin er í norskum reglum og dönsku lögunum um rannsóknarnefndir og gert ráð fyrir því að jafnaði að a.m.k. einn nefndarmanna sé löglærður. Jafnframt er gert ráð fyrir að sá sem stýri nefndinni sé löglærður. Ástæðan fyrir því að lagt er til að löglærðir einstaklingar skuli að jafnaði stýra nefndinni er fyrst og fremst sú að viðfangsefni rannsóknarnefnda eru gjarnan þau að fjalla um lögfræðileg álitamál sem m.a. geta fjallað um mögulega refsiábyrgð einstaklinga, en þau

fjölmörgu álitaefni sem slíkum málum tengjast eru fyrst og fremst viðfangsefni lögfræðinnar. Þá eru reglur um málsmeðferð fyrir rannsóknarnefndum einnig viðfangsefni lögfræðinnar, enda er slíkum nefndum í nágrannalöndum okkar í yfirgnæfandi tilvika stýrt af löglærðum einstaklingum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ef nefndinni er sérstaklega falið að varpa ljósi á mögulega refsiábyrgð einstaklinga skuli hún skipuð a.m.k. þremur einstaklingum. Er með því undirstrikað mikilvægi slíkra mála og að vandað sé sérstaklega til starfa þeirra nefnda sem hafa slíkt mat með höndum.

Um 3. gr.

Til þess að rannsóknarnefnd geti sinnt störfum sínum er nauðsynlegt að hún njóti algers sjálfstæðis. Því er kveðið á um það hér að nefndin skuli vera óháð fyrirmælum frá öðrum, þ.m.t. Alþingi. Þá er einnig tekið fram í greininni að nefndin skuli starfa af óhlutdrægni og að nefndarmenn skuli vera óvilhallir gagnvart þeim stofnunum, fyrirtækjum eða öðrum sem til athugunar eru. Sama á við um þá sem kunna að starfa fyrir nefndina við rannsóknina. Sambærilegt ákvæði er í 3. gr. danskra laga um rannsóknarnefndir.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda reglur stjórnsýslulaga þegar stjórnvöld, þar á meðal stjórnsýslunefndir, taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Lögin ná þannig til þeirra sem fara með framkvæmdarvald, þeirra sem fara með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Í ljósi þess að rannsóknarnefndir taka ekki ákvörðun um rétt eða skyldu manna og fara ekki með framkvæmdarvald gilda reglur stjórnsýslulaga ekki um nefndirnar. Kveða þarf því sérstaklega á um það hvort reglur laganna skuli gilda um nefndirnar, m.a. um hæfi nefndarmanna. Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um sérstakt hæfi nefndarmanna og kveðið á um að um það skuli fara eftir þeim reglum sem gilda eftir 3. gr. stjórnsýslulaga. Þar segir m.a. um vanhæfisástæður að starfsmaður eða nefndarmaður í stjórnsýslunni sé vanhæfur til meðferðar máls ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila. Það sama á við ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Einnig veldur það vanhæfi ef nefndarmaður hefur áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að. Einnig veldur það vanhæfi ef nefndarmaður á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Þá segir jafnframt í 3. gr. stjórnsýslulaga að nefndarmaður sé vanhæfur ef að öðru leyti séu fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. Ekki er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru smávægilegir eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun. Að öðru leyti er um skýringu á þessari grein vísað til 3. gr. stjórnsýslulaga.

Um 4. gr.

Í greininni eru verkefni rannsóknarnefnda afmörkuð en þau skulu nánar útfærð í umboði nefndarinnar sem forseti Alþingis ákveður í samráði við forsætisnefnd og að fengnum tillögum eftirlitsnefndar þingsins, sbr. 1. mgr. 2. gr. Meginhlutverk rannsóknarnefndar er að afla staðreynda og kanna málsatvik í tileknu máli og gera grein fyrir þeim, en einnig getur nefndin gert tillögu um breytingu á lögum, reglugerðum eða stjórnsýsluframkvæmd, eftir því

sem rannsókn hennar gefur tilefni til. 2. mgr. greinarinnar er sambærileg dönskum lögum um sama efni, sbr. 2. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 357/1999, um rannsóknarnefndir.

Í 3. mgr. er fjallað um það að hvaða leyti sé heimilt að fela rannsóknarnefnd að meta lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á það hvort einstaklingar eða lögaðilar skuli sæta ábyrgð. Er alla jafna unnt að fela rannsóknarnefnd slíkt mat og skal nefndin þá eftir atvikum vísa málum þar sem grunur leikur á um refsivert brot til ákæruvaldshafa. Er þetta sambærileg regla og kemur fram í 4. mgr. 4. gr. danskra laga um rannsóknarnefndir, sbr. leiðbeinandi tilmæli dómsmálaráðuneytisins nr. G-48/75 í Noregi. Ef um ráðherra er að ræða skal nefndin aðeins leggja fram slíkt mat ef eftir því er sérstaklega óskað með skýrum hætti í umboði nefndarinnar. Ástæðan fyrir því að sérstök regla gildir hér um ráðherra byggist á því að samkvæmt 14. gr. stjórnarskrárinnar hefur Alþingi ákæruvald þegar um embættisbrot ráðherra er að ræða. Í því felst jafnframt að mat um lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á refsiábyrgð ráðherra er í höndum þingsins. Er þetta sambærilegt því sem tíðkast bæði í Danmörku og Noregi. Í dönskum lögum um rannsóknarnefndir er beinlínis lagt bann við því að rannsóknarnefnd dragi fram lagaleg álitaefni um ábyrgð ráðherra (4. mgr. 4. gr.) en ákvæðið hefur verið skýrt þannig að þegar rannsóknarnefnd fjallar um ábyrgð ráðherra megi einungis fela henni það hlutverk að rannsaka og bregða ljósi á þær staðreyndir málsins sem hafa þýðingu fyrir ákvarðanatöku þingsins um hvort það láti reyna á pólitíska eða lagalega ábyrgð ráðherra. Í norskum reglum um rannsóknarnefndir segir að yfirleitt skuli rannsóknarnefndir í skýrslum sínum ekki taka afstöðu til þess hvort framið hafi verið refsivert athæfi, enda sé slíkt hlutverk í höndum ákæruvaldshafa, þeim stjórnvöldum sem skipuðu rannsóknarnefndina eða dómstólanna. Nefndin geti þó velt upp álitaefnum um það hvort hlutlæg skilyrði refsiverðrar háttsemi hafi verið uppfyllt eða hvort athæfið sem um ræðir geti talist óæskilegt eða óforsvaranlegt. Samkvæmt þessu er almennt litið svo á að mat á því hvort ráðherra hafi framið embættisbrot sé í höndum þinganna sjálfra. Í Noregi hefur nýlega verið komið á fót þingkjörinni nefnd, ábyrgðarnefnd (ansvarskommisjonen) en þingið kýs hana til sex ára í senn. Nefndin er skipuð fimm sérfræðingum en þingið getur vísað því til ábyrgðarnefndar að meta hvort ákæra skuli. Þingið hefur val um það hvort það kalli eftir aðstoð ábyrgðarnefndar við þetta mat sitt og enn hefur ábyrgðarnefnd norska þingsins ekki komið saman. Ábyrgðarnefndin getur látið fara fram framhaldsrannsókn ef þarf en henni er fyrst og fremst ætlað að leggja grundvöll að ákvörðun þingsins um það hvort ákært skuli ef upp kemur ásökum um brot sem getur varðað ráðherra lagalegri ábyrgð.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. fjallað um fundi nefndarinnar, en formaður stýrir þeim. Nefndin sjálf metur hvort fundir hennar skulu vera opnir eða lokaðir. Rök geta mælt með opnum eða lokuðum fundum en það getur verið æskilegt til að búa nefndunum nauðsynlegan vinnufrið og til að tryggja rannsóknarhagsmuni. Á móti þeim sjónarmiðum má tefla fram þeim rökum að mikilvægt sé að rannsóknarnefndir vinni sem mest fyrir opnum tjöldum, enda fást þær oft og tíðum við mál sem hafa verið tilefni háværrar opinberrar gagnrýni. Rannsóknarnefndum er gjarnan ætlað það hlutverk að draga staðreyndir viðkvæmra mála fram í dagsljósið, enda oft kallaðar sannleiksnefndir. Af þessum sökum getur það beinlínis verið nauðsynlegur þáttur í rannsókn slíkra mála að almenningur geti fylgst með rannsókninni. Þó þarf alltaf að gæta þess að rannsóknarhagsmunir spillist ekki og að skilvirkni nefndarstarfsins sé ekki ógnað. Hér er farin sú leið að hafa þetta opið, en málsatvik geta verið ólík í einstökum málum og rök með og móti opnum fundum verið ólík í hverju einstöku máli. Með þeirri leið sem hér er farin mætti hugsa sér að nefnd gæti valið þann kost að hafa hluta funda sinna opna en hluta lokaða, eftir

því hvað hentar rannsókninni hverju sinni. Í dönskum lögum um rannsóknarnefndir er gert ráð fyrir að fundir rannsóknarnefnda skuli vera opnir nema nefndin ákveði annað, en í tilmælum G-48/75 og fyrirliggjandi lagadrögum um norskar rannsóknarnefndir er lagt til að meginreglan sé sú að fundir nefndanna séu lokaðir, en nefndin geti ákveðið að opna þá. Hér er ekki tekin afstaða til þess hver meginreglan skuli vera, heldur er hverri og einni nefnd falið að meta það og taka ákvörðun hverju sinni. Í lokamálslið 1. mgr. er kveðið á um að nefndin skuli færa gerðabók á fundum sínum.

Rannsóknarnefnd skal leitast við að upplýsa mál eins vel og unnt er. Nefndin hefur fullt sjálfræði um það með hvaða hætti hún nær markmiðum sínum og er sjálfstæði nefndarinnar áréttað í 2. mgr., en þar segir að innan þeirra marka sem lögin og umboð nefndarinnar leyfir ákveði nefndin sjálf hvernig framkvæmd rannsóknar skal hagað. Nefndin skal í því skyni að upplýsa mál sem best kalla eftir þeim upplýsingum sem hún telur nauðsynlegar.

Í 3. mgr. er fjallað um það hvernig nefndin tekur ákvarðanir um framkvæmd rannsóknar, en afl atkvæða ræður þar úrslitum. Verði ágreiningur um einstök atriði í niðurstöðum eða skýrslum nefndarinnar sem hún birtir geta einstakir nefndarmenn gert grein fyrir afstöðu sinni í bókun.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um gagnaöflun fyrir rannsóknarnefndum. Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu til þess að afhenda gögn sem nefndin biður um og er ákvæðið sambærilegt 1. mgr. 9. gr. danskra laga um rannsóknarnefndir. Nær skylda til afhendingar gagna jafnt til prentaðra (skriflegra) gagna sem rafrænna.

Í 2. mgr. er kveðið á um undanþágu frá afhendingarskyldu skv. 1. mgr. en þar segir að slík skylda sé ekki fyrir hendi ef ætla má að í slíkri afhendingu geti falist játning eða vísbending um að sá sem beðinn er um að afhenda gögnin hafi framið refsiverðan verknað eða að í henni felist atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Sama á við ef ætla má að afhending gagnanna hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern þann sem tengist viðkomandi með þeim hætti sem segir í 1. og 2. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Undanþága frá skyldu til afhendingar gagna byggist þannig í frumvarpinu á sömu reglum og gilda um það hvenær hægt er að skorast undan vitnaskyldu. Er hér um sambærilegt ákvæði að ræða og í 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. danskra laga um rannsóknarnefndir.

Í 3. mgr. er fjallað um skýrslutökur fyrir rannsóknarnefnd. Þeim sem kallaðir eru til skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd er ekki skylt að mæta og gefa skýrslu fyrir nefndinni, en þeim sem á annað borð gefa skýrslu fyrir rannsóknarnefnd er skylt að greina satt og rétt frá fyrir nefndinni. Formaður nefndarinnar skal stýra skýrslutökum en hann getur þó fengið öðrum nefndarmanni það hlutverk. Þá er honum heimilt að fela starfsmanni nefndarinnar eða öðrum er starfar að rannsókninni að beina spurningum að þeim sem gefur skýrslu. Við framkvæmd skýrslugjafar fyrir rannsóknarnefnd er skylt að taka það sem fram fer upp á hljóð- eða myndband.

Í 4. mgr. er fjallað um skýrslutökur fyrir dómi en telji nefndin ástæðu til getur hún leitað eftir aðstoð dómara til að kveðja mann til skýrslutöku fyrir dómi og skal um slíka skýrslugjöf fara eftir þeim ákvæðum sem gilda um meðferð sakamála, sbr. lög nr. 88/2008. Hér er hvað skýrslugjöf fyrir rannsóknarnefndum varðar farin sú leið sem viðhöfð er í Danmörku í þeim tilvikum sem dómari á ekki sæti í rannsóknarnefnd (18. og 19. gr. danskra laga um rannsóknarnefndir) og sem tíðkast hefur í Noregi, sbr. tilmæli G-48/75. Þá er lagt til að þetta verklag verði lögfest í skýrslu norskrar stjórnskipaðrar nefndar um rannsóknarnefndir frá 15. maí 2009. Þar er gert ráð fyrir að alla jafna byggi rannsóknarnefndir á frjálsri upplýsingagjöf,

en hins vegar sé þeim unnt að kalla eftir aðstoð dómstóla til að taka skýrslu af einstaklingnum sé það talið nauðsynlegt. Er þessi leið talin hafa gefist vel í Noregi og sú staðreynd að nefndirnar geti leitað aðstoðar dómstóla í þessu skyni hefur verið talin leiða til þess að rannsóknarnefndir hafa í reynd fengið þær upplýsingar sem þær þurfa á grundvelli frjálsrar upplýsingagjafar. Í Danmörku eru reglur um skýrslugjöf fyrir rannsóknarnefndum tvískiptar eins og áður greinir, eftir því hvort dómari stýri nefndinni eða ekki. Ef dómari er formaður nefndarinnar er þeim sem fyrir nefndina eru kallaðir að jafnaði skylt að gefa skýrslu, en ef annar en dómari er formaður er slík skylda ekki fyrir hendi, en nefndin getur þá farið þess á leit við dómstóla að kalla viðkomandi fyrir rétt til að gefa skýrslu. Ákvæðið sem hér er lagt til byggist þannig á danskri og norskri fyrirmynd, en það á sér einnig nokkra samsvörun í íslenskum lögum. Í 5. mgr. 7. gr. laga um umboðsmann Alþingis er að finna sams konar ákvæði sem heimilar umboðsmanni að kalla eftir því við dómstóla að þeir kveðji mann til skýrslutöku vegna rannsóknar máls hjá embættinu. Skal þá við slíka skýrslutöku fara eftir lögum um meðferð sakamála. Ákveða má að slík skýrsla fari fram fyrir luktum dyrum og er sams konar regla lögð til hér. Sams konar ákvæði er einnig í 9. gr. laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Um 7. gr.

Ljóst er að athugun rannsóknarnefndar getur snert einstaklinga með mismiklum hætti og þar á meðal geta verið fjölmargir sem eru langt frá því að geta talist hafa svipaða stöðu og aðili máls í venjulegu stjórnsýslumáli. Hugtakið „aðili máls“ er hvergi skilgreint í stjórnsýslulögum og þarf að meta það í hverju og einstöku máli hver fellur undir hugtakið, en í framkvæmd hefur hugtakið fengið nokkuð skýra merkingu. Við slíkt mat er almennt litið til þess að hverjum ákvörðunin muni beinast, hverjir eigi beina, verulega eða einstaka hagsmuni af úrlausn málsins og hvort þeir hagsmunir séu lögvarðir. Þessa hagsmuni þarf þó að meta í hverju og einu tilviki áður en unnt er að segja til um hvort þeir séu það miklir að viðkomandi geti talist aðili máls. Þótt almennt sé unnt að líta til hugtaksins „aðili máls“ á grundvelli stjórnsýslulaga þegar afmörkun á hugtakinu „sá sem til rannsóknar er“ á sér stað ber að hafa í huga að niðurstaða rannsóknarnefndar er ekki alfarið sambærileg því þegar stjórnvald tekur ákvörðun í máli. Í almennu stjórnsýslumáli er alla jafna uppi sú staða að viðkomandi stjórnvald hefur það hlutverk að taka ákvörðun í máli sem er ekki hlutverk rannsóknarnefnda. Þeirra ályktanir eru þvert á móti ekki bindandi og því ekki niðurstaða í máli því sem til rannsóknar er. Þá er það oft svo að stjórnsýsluákvarðanir eru teknar í kjölfar kvörtunar eða kæru en rannsóknarnefnd vinnur á grundvelli afmarkaðs umboðs og beinist vinnan oft og tíðum ekki að einstökum ákvörðunum, heldur að breiðari grundvelli á borð við kerfisvanda. Á sama hátt og það skal afmarkað hverju sinni við stjórnsýsluákvörðun hverjir falli undir skilgreiningu á því að vera aðili máls og njóti þeirrar réttarstöðu sem því fylgir þarf þó að afmarka það hverjir njóti stöðu „þess sem til rannsóknar er“ gagnvart rannsóknarnefnd. Það er ekki nauðsynlegt að allir sem rannsóknin snertir með einhverjum hætti njóti sömu réttarstöðu fyrir nefndinni. Þegar fjallað er í frumvarpinu um „þann sem til rannsóknar er“ er fyrst og fremst átt við þá einstaklinga eða lögaðila sem eiga beina hagsmuni af rannsókninni. Má þar nefna sem dæmi þá sem eru til rannsóknar vegna gagnrýnisverðrar eða refsiverðrar háttsemi eða þegar rannsókn beinist að því hvort réttindi viðkomandi hafi verið skert með ólögmætum hætti. Þeir sem þannig er háttað um njóta tiltekinnar réttarstöðu samkvæmt frumvarpinu sem má að nokkru leyti jafna við stöðu aðila máls í stjórnsýslumáli. Mikilvægt er að það hverjir falla undir þann hóp sem nýtur tiltekinnar réttarstöðu við rannsóknina sé ekki skilgreint of þröngt, en það getur komið niður á skilvirkni rannsóknarinnar. Um leið þarf að gæta þess að

þeir sem raunverulega eiga hagsmuna að gæta í þessum efnum njóti þeirrar réttarstöðu sem nauðsynleg er svo að réttaröryggi þeirra sá tryggt. Þeir sem ekki falla undir þessa skilgreiningu en eru kallaðir fyrir nefndina eða eru til umfjöllunar hjá henni vegna upplýsingagjafar eingöngu njóta t.d. ekki sömu réttinda og þeir sem til rannsóknar eru. Í ljósi þess hversu fjölbreytileg viðfangsefni rannsóknarnefnda geta verið og oft og tíðum án þess að sjónum sé endilega beint að refsiverðri háttsemi í upphafi er vandasamt að afmarka hugtakið „sá sem til rannsóknar er“ með skýrum hætti í lögunum. Slíkt mat þarf að eiga sér stað hjá nefndinni hverju sinni og það getur jafnvel tekið breytingum í einu og sama málinu á meðan á rannsókn stendur ef rannsóknin þróast með þeim hætti að kalli á slíkt endurmat.

Þegar rannsókn beinist að því að meta hvort grundvöllur refsiábyrgðar sé fyrir hendi ber að huga sérstaklega að réttarstöðu grunaðra á grundvelli 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 70. gr. stjórnarskrárinnar. Ef aðrir en ráðherrar eiga í hlut er ákæruvaldið í höndum almennra ákæruvaldshafa og komi fram við rannsóknina grunur um að refsivert athæfi hafi verið framið mundi rannsóknarnefnd vísa slíku máli til ákæruvaldshafa sem tækju ákvörðun um saksókn, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Þegar mál fjallar um mögulega refsiábyrgð ráðherra er málið flóknara. Í slíkum málum hefur þingið ákæruvald en rannsókn nefndarinnar er ætlað að leggja grundvöll að ákvörðun þingsins um saksókn, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Í 13. gr. laga um landsdóm, nr. 3/1963, segir að ákvörðun um málshöfðun gegn ráðherra skuli gerð með þingsályktun í sameinuðu þingi og að kæruatriðin skuli nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda sé sókn málsins bundin við þau. Alþingi er síðan ætlað að kjósa mann til að sækja málið af sinni hendi og einnig fimm manna þingnefnd sem skuli fylgjast með málinu og vera saksóknara til aðstoðar. Málið fer síðan í meðferð landsdóms sem sker úr um það hvort viðkomandi ráðherra sé sekur eða saklaus. Þótt ákvörðun Alþingis um saksókn sé ekki ákæra í hefðbundnum skilningi hefur ákvörðunin sem slík mikil áhrif, enda er saksóknari og landsdómur bundinn af því með hvaða hætti þingið afmarkar sakarefnið í ályktun sinni. Í ljósi þess að skýrslum rannsóknarnefnda getur verið ætlað að leggja grundvöll að ákvörðun þingsins um saksókn er rétt að tryggja þeim sem til rannsóknar er tiltekin grundvallarréttindi á meðan á málsmeðferð fyrir nefndinni stendur, jafnvel þótt ekki sé unnt að tala um „sakborning“ á þessu stigi málsins þar sem eiginleg sakamálarannsókn hefst ekki fyrr en Alþingi hefur samþykkt málshöfðun. Eigi að síður er mikilvægt að tryggja þeim sem í hlut á tiltekin réttindi á þessu stigi málsins og er það gert í þessari grein frumvarpsins.

Í greininni eru tiltekin þau réttindi sem „sá sem til rannsóknar er“ nýtur undir málsmeðferð nefndarinnar. Samkvæmt 1. mgr. á „sá sem til rannsóknar er“ rétt á aðstoðarmanni að eigin vali á öllum stigum rannsóknar á eigin kostnað. Ef nefndin telur sérstök rök mæla með því að kostnaður vegna starfa aðstoðarmanns skuli greiddur af nefndinni getur hún tekið ákvörðun um það. Slíka ákvörðun er unnt að kæra til forseta Alþingis innan þriggja vikna frá því að hún var kunngjörð þeim sem í hlut á. Hér er um þóknun til aðstoðarmanns byggt á fyrirliggjandi tillögu í drögum að lögum um norskar rannsóknarnefndir. Í dönskum lögum er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra ákveði þóknun aðstoðarmanns eftir þeim reglum sem gilda um þóknun til verjenda í sakamálum, sbr. 24. gr. danskra laga um rannsóknarnefndir. Ef til þess kæmi að rannsóknarnefnd tæki þá ákvörðun að þóknun verjanda skyldi greidd af nefndinni væri eðlilegt að miða þá þóknun við það sem tíðkast um þóknun til verjenda í sakamálum.

Í 2. mgr. er lagt til að sá sem til rannsóknar er skuli hafa aðgang að gögnum máls og vera upplýstur um þau atriði sem til skoðunar eru hjá nefndinni og teljast mikilvæg fyrir mál hans. Þetta skal þó aðeins gert að slík upplýsingagjöf skaði ekki rannsóknarhagsmuni eða hags-

muni þriðja manns. Nefndin metur sjálf hvenær upplýsingar eru þess eðlis að rétt sé að upplýsa tiltekna einstaklinga um þær á grundvelli ákvæðisins.

Í 3. mgr. er þeim sem fjallað er um í skýrslu nefndarinnar að lokinni gagnaöflun tryggður andmælaréttur um þau atriði sem nefndin hyggst leggja til grundvallar í skýrslu sinni og varða hlutaðeigandi sérstaklega. Hér er sérstaklega horft til þeirra sem fjallað er um í skýrslu nefndarinnar og tengjast atriðum sem nefndin hyggst leggja áherslu á. Eins og fram hefur komið er nefndinni ekki ætlað neitt vald til að taka endanlegar ákvarðanir. Hún segir aðeins álit sitt á þeim atriðum sem henni er falið að skoða, en þar á meðal getur hún fjallað um mögulega ábyrgð manna á mistökum eða vanrækslu í starfi. Niðurstaða nefndarinnar getur þannig haft mikla þýðingu fyrir þá sem nefndin fjallar um í skýrslu sinni og eru tengdir þeim atriðum sem hún grundvallar niðurstöðu sína á. Því er talið rétt að veita þessum aðilum sérstaklega kost á því að gera athugasemd við þau atriði sem liggja til grundvallar niðurstöðu nefndarinnar og hún íhugar að fjalla um í skýrslu til Alþingis. Nefndinni ber að hafa frumkvæði að þessu eftir gagnaöflun en hún metur sjálf til hvaða einstaklinga andmælaréttur af þessu tagi skuli ná. Þá skal nefndin veita þeim sem hlut á að máli hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði. Svör hans geta síðan gefið nefndinni tilefni til frekari upplýsingaöflunar eða að hún falli frá því að gagnrýna framgöngu hans. Sambærilegt ákvæði er að finna í 3. mgr. 23. gr. danskra laga um rannsóknarnefndir.

Um 8. gr.

Afdráttarlaus þagnarskylda hvílir skv. 1. mgr. á nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar og öðrum þeim sem vinna að rannsókninni og nær hún til hvers konar upplýsinga sem þessir einstaklingar fá í tengslum við rannsóknina og leynt eiga að fara. Gildir skyldan jafnt á meðan á rannsókn stendur og eftir að henni lýkur. Er í greininni lögð sambærileg skylda á nefndarmenn og þá sem vinna að rannsókninni og sú sem lögð er á opinbera starfsmenn í 136. gr. almennra hegningarlaga en þar segir að opinber starfsmaður sem segir frá nokkru er leynt á að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan skuli sæta fangelsi allt að einu ári. Hafi hann gert það til þess að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings, eða noti hann slíka vitneskju í því skyni, má beita fangelsi allt að þremur árum. Sömu refsingu skal sá sæta skv. 2. mgr. greinarinnar sem látið hefur af opinberu starfi og eftir það segir frá eða misnotar á framangreindan hátt vitneskju sem hann hafði fengið í stöðu sinni og leynt á að fara. Með ákvæðinu er tryggt að slíkar upplýsingar fari áfram leynt þó að nefndin fái þær í hendur nema að því marki sem mælt er fyrir um í ákvæðinu. Ákvæði 1. mgr. er sambærilegt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, og á sér einnig nokkra fyrirmynd í 25. gr. danskra laga um rannsóknarnefndir. Sambærileg ákvæði um þagnarskyldu nefndarmanna og annarra sem vinna að rannsókn er einnig að finna í íslenskum lögum um störf sérstakra stjórnsýslunefnda, sbr. t.d. 9. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa.

Ákvæði um þagnarskyldu eru víða í lögum og eru þau af ýmsum toga. Markmið slíkra ákvæða er oft og tíðum að vernda opinbera hagsmuni eða einkahagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja. Ef einhver býr yfir upplýsingum sem leynt eiga að fara samkvæmt þagnarskyldureglum er óheimilt að miðla þeim til óviðkomandi. Líklegt er að til þess geti komið að upplýsingar sem rannsóknarnefnd þarf að komast yfir til að bregða ljósi á mál séu þess eðlis að þær lúti reglum um þagnarskyldu sem gera það að verkum að sá sem yfir þeim býr telur sér óheimilt að miðla þeim til nefndarinnar en slíkt brot á þagnarskyldu getur varðað þann sem hana brýtur refsingu skv. 136. og 230. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Af þessum

sökum er ákveðin hætta á að þagnarskylduákvæði geti orðið til þess að nefndin fái ekki aðgang að mikilvægum upplýsingum sem geta orðið til að upplýsa um málsatvik. Því er lagt til í 2. mgr. greinarinnar að unnt sé í umboði nefndarinnar að undanþiggja þá sem falla undir þagnarskyldu slíkri skyldu þegar þeir tjá sig eða veita nefndinni með öðrum hætti upplýsingar. Í norskum stjórnsýslufyrirmælum um rannsóknarnefndir (rundskriv G-48/75) er mælt fyrir um að í þeim tilvikum sem um þagnarskyldu er að ræða skuli það metið í hverju og einu tilviki hvort hún gildi gagnvart rannsóknarnefndinni. Í skýrslu stjórnskipaðrar nefndar í Noregi frá 15. maí 2009 (NOU 2009:9) er lagt til að ákvörðun sé tekin um þetta í umboði nefndarinnar, eins og lagt er til í frumvarpinu.

Þrátt fyrir almenna þagnarskyldu um upplýsingar sem nefndarmenn og aðrir sem starfa að rannsókninni fá á meðan á rannsókn stendur og eftir að henni lýkur er í frumvarpinu gert ráð fyrir að nefndin eigi að gefa ákveðnar upplýsingar um störf sín og niðurstöðu rannsóknarinnar. Þannig ber henni skv. 1. mgr. 10. gr. að skila skriflegri skýrslu til forseta Alþingis, sem verður birt opinberlega, ásamt öðrum tilkynningum þar sem ekki verður komist hjá því að víkja að ýmsum atriðum sem almennt ættu að fara leynt til að rökstyðja ályktanir nefndarinnar. Nefndin skal þó að gæta þess að birta ekki upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga nema verulegir almannahagsmunir vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem upplýsingarnar eru um. Enn fremur getur þurft að upplýsa þann sem ætla má að hafi orðið á mistök eða orðið uppvís að vanrækslu í starfi um viðkvæmar upplýsingar til að hann geti átt þess kost að tjá sig. Að lokum verður að vera mögulegt fyrir nefndina að leggja fyrir sérfræðilega ráðgjafa ýmsar upplýsingar til að sú ráðgjöf komi að gagni. Í slíkum tilvikum hvílir þagnarskylda á þeim sem tekur við upplýsingunum frá nefndinni. Ákvæði 3. mgr. 8. gr. er sambærilegt 4. mgr. 4. gr. laga 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, og á sér einnig samsvörun í 26. gr. danskra laga um rannsóknarnefndir.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er nefndinni fengið vald til að ákveða sjálf hvaða upplýsingar eða tilkynningar hún birtir opinberlega um störf sín meðan hún vinnur að rannsókninni. Sama gildir um aðgang að gögnum sem nefndin hefur aflað. Þetta ákvæði er til áréttingar því að almenningur á ekki rétt á upplýsingum um störf nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins og 1. mgr. 1. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996. Nefndinni er þó vissulega heimilt að veita slíkar upplýsingar brjóti það ekki í bága við þagnarskyldu skv. 8. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að nefndin geti veitt forseta Alþingis upplýsingar um framgang rannsóknarinnar áður en henni er lokið og getur forseti, að höfðu samráði við forsætisnefnd lagt þær upplýsingar fram á Alþingi. Nefndin á sjálf mat um það í hvaða tilvikum sé rétt að gefa slíkar upplýsingar og forseti metur síðan hvort þær séu þess eðlis að rétt sé að leggja þær fram á Alþingi. Þetta getur sérstaklega verið æskilegt ef rannsókn dregst á langinn en einnig getur þetta átt við þegar nefndin metur að upplýsingar sem fram koma við rannsóknina séu þess eðlis að rétt sé að greina frá þeim strax. Slík upplýsingagjöf má þó aldrei verða til að skaða rannsóknarhagsmuni en slíkt mat er einnig í höndum nefndarinnar. Þótt Alþingi geti með þessum hætti fylgst með rannsókninni er þó rétt að ítreka að það hefur enga heimild til íhlutunar í rannsóknina, sbr. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Eins og fram kemur í 1. mgr. greinarinnar ákveður nefndin sjálf að hvaða leyti gögn sem hún hefur aflað skuli afhent almenningi. Þá gilda upplýsingalög, nr. 50/1996, ekki um störf nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Þetta er gert til að tryggja bæði rannsóknarhagsmuni og hraðari meðferð rannsóknarinnar.

Þau gögn sem nefndinni berast munu í mörgum tilvikum vera afrit gagna frá stjórnvöldum en um rétt til aðgangs að þeim hjá stjórnvöldum ætti að fara eftir upplýsingalögum. Með 3. mgr. er nefndinni veitt vald til að ákveða hvort stjórnvald eigi að veita aðgang að slíkum gögnum. Þetta ákvæði gengur framar rétti samkvæmt upplýsingalögum. Mat nefndarinnar ræðst þá af því hvort upplýsingarnar séu þess eðlis að aðgangur að þeim muni skaða rannsóknina. Enn fremur er unnt með þessu að koma í veg fyrir að það opnist fyrir aðgang að vinnuskjölum stjórnvalda, sem almennt eru undanþegin upplýsingarétti skv. 3. tölul. 4. gr. upplýsingalaga, vegna þess að þau hafa verið afhent nefndinni. Sambærilegt ákvæði er að finna í 1. mgr. 31. gr. danskra laga um rannsóknarnefndir og samhljóða ákvæði er í 3. mgr. 16. gr. laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Um 10. gr.

Í greininni er lögð sú skylda á rannsóknarnefnd að skila niðurstöðum sínum í lokaskýrslu til forseta Alþingis og skulu þær jafnframt rökstuddar þar. Skal lokaskýrsla nefndarinnar lögð fyrir Alþingi til meðferðar og umfjöllunar. Þá er rannsóknarnefnd heimilt að skila áfangaskýrslum eða sérstökum skýrslum um einstaka hluta rannsóknarinnar og skal haga meðferð slíkra skýrslna á sama hátt og lokaskýrslunnar. Sá möguleiki að skila áfangaskýrslum getur verið nauðsynlegur í þeim tilvikum sem rannsókn dregst einhverra hluta vegna á langinn og einnig er ekki óhugsandi að þær aðstæður séu uppi að einstakir hlutar rannsóknarinnar kalli á sérstaka útgáfu áður en unnt er að birta heildarniðurstöður nefndarinnar. Ákvæðið tekur af skarið um að þetta sé heimilt telji nefndin það rétt. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Í dönskum lögum um rannsóknarefndir er ekki sambærilegt ákvæði en litið hefur verið svo á að rannsóknarnefndum sé heimilt að gefa slíkar áfangaskýrslur og það verið tíðkað. Rannsóknarnefnd um málefni sveitarfélagsins Farum hefur gefið slíka áfangaskýrslu nokkrum sinnum, en nefndin hefur starfað síðan árið 2003 og enn ekki lokið störfum. Störf nefndarinnar hafa dregist á langinn vegna refsimála sem hafa verið höfðuð gegn einstaklingum sem rannsóknin beinist gegn, samtímis rannsókn nefndarinnar. Nefndin hefur þá gripið til þess ráðs að gefa reglulega út áfangaskýrslur þar sem framvindu rannsóknarinnar er lýst. Með því móti gefst almenningi kostur á að fylgjast með megindráttum rannsóknarinnar á starfstíma nefndarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um málsmeðferð skýrslna rannsóknarnefnda innan þingsins. Sú fastanefnd þingsins sem fer með eftirlitshlutverk (væntanlega stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd) fer með lykilhlutverk í úrvinnslu slíkra skýrslna, en skýrslum rannsóknarnefnda skal jafnan vísa til nefndarinnar til umfjöllunar og álitsgjafar. Forseti þingsins, sem fær skýrsluna í sínar hendur, sbr. 1. mgr. 10. gr., skal senda skýrsluna þegar í stað til þeirrar nefndar sem fer með eftirlitshlutverkið sem tekur ákvörðun um meðferð skýrslunnar og það hvort hún skuli strax rædd í þinginu eða hvort hún skuli rædd þar að lokinni efnislegri umfjöllun eftirlitsnefndarinnar. Hér geta verið uppi ýmis sjónarmið eftir eðli og efni rannsóknanna, hvort rétt sé að ræða skýrsluna strax á Alþingi eða hvort rétt sé að gera það að lokinni efnislegri yfirferð eftirlitsnefndar þingsins. Eftirlitsnefndinni er falið að meta þetta í hverju og einu tilviki. Skýrslan og álit nefndarinnar skal síðan ætíð, að lokinni efnislegri umfjöllun eftirlitsnefndarinnar, tekið til umfjöllunar í þinginu þar sem endanleg afstaða er tekin til niðurstaðna rannsóknarnefndarinnar. Mikilvægt er að hafa í huga að niðurstöður rannsóknarnefndar eru ekki bindandi og því er nauðsynlegt að unnið sé úr þeim með skilvirkum hætti. Skýrslubeiðandi þarf með öðrum orðum að leggja sjálfstætt mat á niðurstöður nefndarinnar og taka ákvörðun

um framhaldið sem getur eftir atvikum falið í sér lagabreytingar og gagnrýni á vinnubrögð í stjórnsýslunni og eftir atvikum ráðherra, svo dæmi séu tekin. Ef nefndin hefur fjallað um mál sem snúast um lagalega ábyrgð ráðherra þarf þingið að taka ákvörðun um hvort ákært skuli, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Með því að leggja til skýra málsmeðferð innan þingsins á niðurstöðum rannsóknarnefnda er lögð áhersla á að þeim málum sem fjallað er um í skýrslu nefndanna sé með einhverjum hætti komið í viðeigandi farveg innan stjórnkerfisins og afstaða tekin til þeirra.

Í 3. mgr. er lagt til að tekið sé af skarið um það að með birtingu lokaskýrslu sé störfum nefndarinnar lokið. Með þessu ákvæði er bæði stuðlað að því að rannsóknarnefnd vandi til skýrslugerðarinnar og því að nefndarmenn taki ekki þátt í opinberri umræðu um skýrsluna að lokinni birtingu hennar. Hvort tveggja hvetur til vandaðra vinnubragða nefndarinnar og ýtir undir sjálfstæði hennar. Þannig er litið svo á að það sé fyrst og fremst skýrslan sem standi eftir sem niðurstaða rannsóknarinnar og þau rök sem þar eru færð fram. Ákvæði þetta er sótt til hugmynda sem reifaðar eru í skýrslu norskrar nefndar um opinberar rannsóknarnefndir, en þar er kveðið á um að með birtingu skýrslu ljúki störfum rannsóknarnefndar og alla jafna væri óeðlilegt t.d. að nefndarmenn mundu taka virkan þátt í umræðum um niðurstöður sínar. Þátttaka nefndarmanna í umræðum um skýrslu nefndarinnar að rannsókn lokinni grefur undan trúverðugleika nefndarinnar og getur kallað á mistúlkanir á niðurstöðum rannsóknarinnar. Þetta ætti þó ekki að koma í veg fyrir að nefndarmenn gætu í kjölfar framlagningar skýrslunnar kynnt meginniðurstöður hennar og svarað spurningum um efni hennar en að því loknu er ekki æskilegt að nefndarmenn taki þátt í umræðum um skýrsluna nema að því marki sem nauðsynlegt er til að svara rangfærslum eða beinum persónulegum árásum. Hvað varðar umræður um efni skýrslunnar ættu fyrrum nefndarmenn þó að sýna fyllstu varkárni og taka einungis þátt í þeim að því marki sem nauðsynlegt telst til að leiðrétta augljósan misskilning eða rangfærslur.

Í 4. mgr. er fjallað um meðferð gagna sem nefndin aflar á starfstíma sínum en þar segir að þau skuli færð Þjóðskjalasafni Íslands og að um aðgang að þeim skuli fara að upplýsingalögum og lögum um Þjóðskjalasafn. Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og í 5. mgr. 17. gr. laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Ákvæðinu var bætt inn í frumvarpið að tillögu allsherjarnefndar og var rökstutt með þeim hætti að mikilvægt væri að skýrt væri kveðið á um það í lögunum hvernig skyldi fara með gögn sem nefndin aflaði á starfstíma sínum og aðgang almennings að þeim. Hér er lagt til að meðferð gagna sé að loknum starfstíma nefndar hagað með sama hætti.

Um 11. gr.

Í greininni kveðið á um að upplýsingalög gildi ekki um störf rannsóknarnefnda. Þá er þar kveðið á um að 18.–21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gildi heldur ekki um störf slíkra nefnda. Í þessum ákvæðum er kveðið á um rétt einstaklings til vitneskju um tiltekin atriði vegna skráningar persónuupplýsinga um sig, fræðsluskyldu ábyrgðaraðila þegar upplýsinga er aflað hjá viðkomandi og um skyldu ábyrgðaraðila til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum. Ef rannsóknarnefndum yrði gert að uppfylla þessar kröfur er fyrirsjáanlegt að það mundi draga slíkar rannsóknir á langinn og hugsanlega skaða rannsóknarhagsmuni. Rannsóknarnefndir eru ekki hluti af þeirri stjórnsýslu sem stjórnsýslulög taka til. Til að taka af allan vafa um þá stöðu er tekið fram að lögin gildi ekki um störf nefndarinnar nema sérstaklega sé til þeirra vísað. Þá er hér lagt til að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi ekki nema sérstaklega sé til þeirra vísað. Störf nefndarmanna falla því utan við

gildissvið þeirra laga. Starf nefndarinnar fellur enn fremur utan starfssviðs umboðsmanns Alþingis, sbr. a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, og 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Það er rétt að taka fram að þótt stjórnsýslulög, upplýsingalög og eftirlit umboðsmanns Alþingis taki ekki til starfa rannsóknarnefnda skulu þær taka mið af óskráðum grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins og standa vörð um réttaröryggi þeirra sem sæta rannsókn. Sambærilegt ákvæði er í 2. mgr. 17. gr. laga 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Ákvæðið á sér einnig samsvörun í 29. gr. danskra laga um rannsóknarnefndir.

Um 12. gr.

Greinin kveður á um gildistöku laganna og skýrir sig sjálf.

427. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Pál Rúnar Mikael Kristjánsson frá Félagi atvinnurekenda, Guðrúnu Jónsdóttur frá Fjármálaeftirlitinu og Pál Harðarson frá Kauphöll Íslands. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Félagi atvinnurekenda, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Samtökum fjárfesta, Seðlabanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík og Viðskiptaráði Íslands.

Í 7. mgr. 100. gr. laga um verðbréfaviðskipti er kveðið á um að fari aðili og þeir sem hann er í samstarfi við með yfirráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði verði hann ekki tilboðsskyldur enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta margfeldi af fimm. Þetta gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráð en nær þeim að nýju.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar á 100. gr. laganna auk þess sem lagt er til að ákvæði til bráðabirgða í lögunum sem eru ekki lengur virk falli brott. Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 7. mgr. 100. gr. í því skyni að fella brott tilvísun til þess að aðili auki ekki við atkvæðisrétt sinn umfram næsta margfeldi af fimm. Þá er lagt til að við 100. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að eigandi hlutafjár, sem átti meira en 30% atkvæðisréttar í félagi sem hafði fjármálagerninga tekna til viðskipta fyrir 1. apríl 2009, sé ekki tilboðsskyldur skv. 100. gr. enda auki hann ekki við hlut sinn. Ákvæðið miðar að því að taka aftur breytingu sem var gerð á lögum um verðbréfaviðskipti með lögum nr. 22/2009. Í þeim voru yfirtökumörkin lækkuð úr 40% niður í 30% og þeim aðilum sem áttu yfir 30% gert að minnka hlut sinn niður fyrir þau mörk fyrir 31. mars 2011, en þó með möguleika á framlengingu í allt að ár.

Við umfjöllun um málið í nefndinni var bent á að í frumvarpinu fælist að eigandi hlutafjár sem væri yfir yfirtökumörkum og félli undir undanþáguákvæði laganna yrði tilboðsskyldur ef hann yki við hlut sinn. Fram kom athugasemd um að réttlætanlegt væri að sama viðmið og nú gildir héldist, þannig að hluthafar hefðu svigrúm til að auka við hlut sinn upp að næsta margfeldi af fimm til samræmis við reglur annarra ríkja. Nefndin telur eðlilegra að ein regla

gildi, sér í lagi með hliðsjón af því að í 4. og 5. mgr. 100. gr. er mælt fyrir um möguleika á undanþágu frá tilboðsskyldu.

Nefndin leggur til að við frumvarpið bætist ný grein í því skyni að lagfæra rangar tilvísanir í lögunum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Í stað orðanna „8. mgr. 100. gr.“ í 27. tölul. 1. mgr. 141. gr. og 9. tölul. 145. gr. laganna kemur: 6. mgr. 100. gr.

Eygló Harðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 2010.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm. Magnús Orri Schram. Guðlaugur Þór Þórðarson.

Skúli Helgason. Atli Gíslason. Sigurður Kári Kristjánsson.

Valgerður Bjarnadóttir. Margrét Tryggvadóttir.

428. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Valgerði Rún Benediktsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Almar Guðmundsson og Pál Rúnar Mikael Kristjánsson frá Félagi atvinnurekenda, Davíð Þorláksson frá Icelandair Group, Dóru Sif Tynes frá Lögmannafélagi Íslands, Pál Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu, Jónu Björk Helgadóttur fyrir hönd Samkaupa, Guðjón Axel Guðjónsson frá Samtökum atvinnulífsins og Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Félagi atvinnurekenda, Icelandair Group hf., Neytendasamtökunum, Ríkisendurskoðun, ríkislögreglustjóra, ríkisskattstjóra, Samkeppniseftirlitinu, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Skeljungi hf. og Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 138. löggjafarþingi (572. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Við umfjöllun um frumvarpið hafði nefndin einnig hliðsjón af athugasemdum sem bárust við það frumvarp. Frumvarpið er nú lagt fram með þeirri breytingu að kærugjald skv. 1. gr. fæst endurgreitt ef mál vinnst fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Með frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi breytingar:

Í fyrsta lagi er í 1. gr. lagt til að með kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skuli fylgja kærugjald að upphæð 200.000 kr. en gjaldið endurgreiðist ef málið vinnst fyrir nefndinni. Markmið þessarar breytingar er að stuðla að skilvirkni og tryggja að fyrirtæki taki þátt í þeim kostnaði sem fellur á ríkið vegna starfa áfrýjunarnefndarinnar. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að svonefnt áfrýjunarhlutfall, þ.e. hlutfall kærðra ákvarðana sem eru birtar á heimasíðu, hafi hækkað umtalsvert eða frá því að vera á bilinu 9,5%–11,5% síðustu ár í um 20% á árinu 2009.

Í öðru lagi er lagt til í 2. gr. að nýr stafliður bætist við 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga þar sem kveðið verði á um heimild Samkeppniseftirlitsins til að grípa til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni. Með þessari breytingu munu möguleikar Samkeppniseftirlitsins til að vinna gegn hamlandi stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja hér á landi aukast. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að talið sé mikilvægt að eftirlitið hafi heimildir sem þessar í því ástandi sem ríkir nú á mörkuðum enda hafa mörg fyrirtæki verið yfirtekin af fjármálafyrirtækjum í kjölfar bankahrunsins en það getur haft veruleg áhrif á helstu samkeppnismarkaði. Einnig er í greininni lagt til að Samkeppniseftirlitið geti ekki aðeins gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum eða athöfnum sem brjóta í bága við bannákvæði laganna heldur einnig gegn brotum gegn sáttum eða ákvörðunum sem hafa verið teknar á grundvelli laganna.

Í þriðja lagi er lagt til að innheimt verði sérstakt samrunagjald. Þegar Samkeppniseftirlitinu berst tilkynning um samruna ber því að taka afstöðu til hans innan lögbundinna tímafresta og sé það ekki gert getur ekki orðið af íhlutun vegna hans. Þar sem ákvörðun um samruna felur í sér ráðstöfun á þeim fjárheimildum sem eftirlitinu eru veittar í fjárlögum þykir eðlilegt að fyrirtæki sem tilkynnir samruna greiði gjald sem getur gengið upp í þann kostnað sem rannsókn þess hefur í för með sér. Í 3. gr. er kveðið á um að fjárhæðin nemi 250.000 kr. sem skuli leggjast á hvert fyrirtæki sem tekur þátt í samruna. Í almennum athugasemdum við frumvarpið sem og í athugasemdum við 3. gr. kemur hins vegar fram að gjaldið skuli leggjast á hvern samruna óháð stærð viðkomandi fyrirtækja sem og þeirri vinnu sem Samkeppniseftirlitið lætur í té. Nefndin leggur til að orðalag 3. gr. verði lagfært í þá veru að gjaldið nemi 250.000 kr. fyrir hverja tilkynningu til samræmis við þá hugsun sem kemur fram í athugasemdum.

Í fjórða lagi er lagt til að Samkeppniseftirlitið fái heimild til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla en meginreglan er sú að lægra sett stjórnvöld geti ekki hlutast til um að fá úrskurðum æðra settra stjórnvalda hnekkt nema fyrir hendi sé lagaheimild þess efnis, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 297/1998. Undantekningu frá meginreglunni er þó að finna í lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, upplýsingalögum, nr. 50/1996, og lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Verði frumvarpið að lögum aukast möguleikar eftirlitsins til að efla samkeppni og gæta hagsmuna almennings í samkeppnismálum. Hlutverk eftirlitsins er meðal annars að vernda þá lögvörðu almannahagsmuni sem felast í virkri samkeppni og því er óeðlilegt að það geti ekki gætt almannahagsmuna til sóknar fyrir dómstólum. Flest ákvæði frumvarpsins fengu ítarlega umfjöllun í nefndinni en segja má að mest hafi verið fjallað um b-lið 2. gr. þar sem lagt er til að Samkeppniseftirlitið geti gripið til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem komi í veg fyrir, takmarki eða raski samkeppni. Við meðferð málsins í nefndinni komu fram athugasemdir við það að heimild Samkeppniseftirlitsins væri of víðtæk en einnig var bent á að erfitt væri að afmarka efni þess með nákvæmari hætti, m.a. vegna ólíkra aðstæðna á mörkuðum og óvissu um háttsemi markaðsaðila. Meiri hlutinn telur réttlætanlegt að í samkeppnislögum sé að finna

ákvæði af þessu tagi en því ber aðeins að beita í undantekningartilfellum og undanfari þess verður að vera ítarleg rannsókn á gerð viðkomandi markaðar, eðli samkeppnislegra vandamála og greining á þeim úrræðum sem koma til greina.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á orðalagi 2. gr. Í fyrsta lagi að í stað orðanna „raskar samkeppni“ komi orðin „skaðleg áhrif á samkeppni“, þ.e. að ákvæðið eigi við um aðstæður eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða hefur skaðleg áhrif á samkeppni. Með þessu áréttar nefndin að Samkeppniseftirlitið verður að hafa metið aðstæðurnar eða háttsemina skaðlegar til að ákvæðinu verði beitt. Í öðru lagi að gerð verði viðbót við 1. málsl. um að aðstæður eða háttsemi teljist vera almenningi til tjóns til að unnt verði að beita heimildinni. Þessi tillaga er ekki efnisleg breyting enda eru samkeppnislög sett til verndar neytendum. Breytingartillögunni er ætlað að hnykkja á því að heimildinni verði ekki beitt nema aðstæður eða háttsemi fyrirtækis séu þess háttar að það liggi fyrir að neytendur hafi orðið fyrir tjóni af völdum hennar. Í þriðja lagi er lagt til að við c-lið 2. gr. bætist tilvísun til meðalhófsreglu sem er í gildandi lögum en hefði fallið brott yrði frumvarpið óbreytt að lögum. Er því lagt til að í c-lið verði kveðið á um að Samkeppniseftirlitið geti beitt nánar tilteknum úrræðum í réttu hlutfalli við það brot sem hefur verið framið eða þær aðstæður eða þá háttsemi sem er til staðar.

Við rannsókn mála sem ákvæði b-liðar 2. gr. frumvarpsins kann að ná til er svokallaður vöru- eða þjónustumarkaður skilgreindur sem og landfræðilegur markaður. Þá ber eftirlitinu að afla ítarlegra upplýsinga um aðstæður viðkomandi markaða. Á grundvelli 2. mgr. 8. gr. samkeppnislaga hefur Samkeppniseftirlitið sett reglur um málsmeðferð eftirlitsins, sbr. reglur nr. 880/2005. Gert er ráð fyrir því, sbr. 17. gr. reglnanna, að Samkeppniseftirlitið taki saman svonefnt andmælaskjal þar sem helstu atvikum máls er lýst, tilgreint hvaða háttsemi eða aðstæður séu taldar fara gegn samkeppnislögum og aðilum máls mun gefast kostur á að koma að athugasemdum innan hæfilegs frests. Aðili máls getur skotið ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „raskar samkeppni“ í b-lið komi: hefur skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns.
   b. Í stað orðsins „raskar“ í lokamálslið b-liðar komi: hefur skaðleg áhrif á.
   c. Við síðari efnismálslið c-liðar bætist: í réttu hlutfalli við það brot sem framið hefur verið eða þær aðstæður eða háttsemi sem um ræðir.

2. Við 3. gr. Í stað 1. og 2. efnismálsl. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Fyrirtæki sem tilkynnir samruna skv. 17. gr. a skal greiða samrunagjald og nemur gjaldið 250.000 kr. fyrir hverja samrunatilkynningu.

Alþingi, 3. des. 2010.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm. | Magnús Orri Schram. | Skúli Helgason.

Eygló Harðardóttir. | Atli Gíslason. | Valgerður Bjarnadóttir.

Margrét Tryggvadóttir.

429. Fyrirspurn [349. mál]

til heilbrigðisráðherra um sjúkraflutninga.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvernig er sjúkraflutningum með sjúkrabílum háttað?
2. Hver var rekstrarkostnaður sjúkrabíla á ári, 1999–2010? Hversu mikið greiddi ríkið fyrir rekstur þeirra ár hvert, hversu mikið greiddi Rauði krossinn og hversu mikið greiddu sjúklingar fyrir flutninga í sjúkrabílum?
3. Er ætlunin að skera niður kostnað við sjúkraflutninga árið 2011?

Skriflegt svar óskast.

430. Fyrirspurn [350. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjölda aðgerða á spítölum og heilbrigðisstofnunum með skurðstofur.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hvernig stendur á því að munur er á tölum um fjölda aðgerða á spítölum og heilbrigðisstofnunum með skurðstofur, annars vegar í svari heilbrigðisráðherra í þingskjali 283 og hins vegar í skýrslu heilbrigðisráðuneytis um endurskipulagningu sjúkrahúsa á suðvesturhorninu frá desember 2009?

Skriflegt svar óskast.

431. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

Frumvarpið var sent til umsagnar á 138. löggjafarþingi og bárust þá umsagnir frá Fjármálaeftirlitinu, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Ríkisendurskoðun, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og Viðskiptaráði Íslands sem allar voru jákvæðar.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á lögsöguákvæðum almennra hegningarlaga í samræmi við ákvæði 42. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu. Lagt er til að við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður sem heimili að maður verði sóttur til saka eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot sem falla undir samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu, enda þótt þau séu framin utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er valdur að þeim.

Nefndin fjallaði um málið og tildrög frumvarpsins, sem eru fyrirhuguð aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu frá 31. október 2003. Markmið samningsins er að stuðla að og styrkja ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu með skilvirkari og árangursríkari hætti, styðja alþjóðlega samvinnu og tæknilega aðstoð í tengslum m.a. við að endurheimta fjármuni og stuðla að ráðvendni, áreiðanleika og jafnframt að stuðla að góðri opinberri stjórnsýslu og umsýslu opinberra eigna. Í ákvæðum samningsins eru m.a. ákvæði um refsinæmi þess að múta innlendum eða erlendum opinberum embættismönnum og mönnum innan einkageirans. Einnig er kveðið á um refsinæmi áhrifakaupa, þ.e. þegar embættismaður, eða annar maður sem hefur raunveruleg eða ætluð áhrif á ákvarðanatöku í tilteknu máli, skiptir þeim áhrifum út fyrir óviðeigandi ávinning. Þá eru í frumvarpinu ákvæði um refsinæmi peningaþvættis og kveðið á um ábyrgð lögaðila.

Málið tengist nýsamþykktum lögum nr. 86/2010, sem ætlað er að skapa lagalega umgjörð um siðareglur fyrir ríkisstarfsmenn og ráðherra.

Nefndin telur mikilvægt að tryggja alþjóðlega samvinnu í baráttu gegn spillingu og telur að með frumvarpinu og aðild að samningnum sé stigið mikilvægt skref til þess að koma í veg fyrir að þeir sem hafa brotið gegn ákvæðum samningsins erlendis geti komist hjá refsingu, t.d. með því að dvelja hér á landi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Vigdís Hauksdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 2010.

Róbert Marshall, form., frsm.	Atli Gíslason.	Mörður Árnason.
Birgir Ármannsson.	Valgerður Bjarnadóttir.	Álfheiður Ingadóttir.
Sigurður Kári Kristjánsson.		Þráinn Bertelsson.

432. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá 3. minni hluta fjárlaganefndar.

Þriðji minni hluti hefur farið vandlega yfir tekju- og útgjaldaáætlun fjárlagafrumvarpsins og þær þjóðhagsforsendur sem liggja henni til grundvallar. Að mati 3. minni hluta voru þær grundvallarbreytingar sem gerðar voru á skattkerfinu á síðastliðnu ári að mörgu leyti mjög til bóta og mikilvægur áfangi til leiðréttingar á þeim losarabrag sem verið hefur á skattumhverfi á Íslandi undanfarin ár. Að auki voru þær tímabær leiðrétting á þeim ábyrgðarlausu skattalækkunum sem gerðar voru á hámarki þensluskeiðsins síðasta og virkuðu sem olía á eld þenslunnar.

Hvað varðar áhrif núverandi skattbreytinga á efnahagslífið almennt og þjóðarhag telur 3. minni hluti að þær gangi ekki upp við þær aðstæður sem nú eru í íslenskum efnahagsmálum. Rökstuðningurinn byggist á Keynesískum kenningum hagfræðinnar þar sem gengið er út frá því að ríkisútgjöld sem fjármögnuð eru með skattheimtu hafi örvandi áhrif á hagkerfið í niðursveiflu (samdrætti) og það er talinn misskilningur að aukin skattheimta dragi úr eftirspurn í hagkerfinu. Einnig er því haldið fram að aukning á útgjöldum ríkissjóðs muni auka eftirspurn í hagkerfinu meira en sem nemur samdrætti einkaneyslu vegna samsvarandi skattheimtu. Rök þessi eru góð og gild við ákveðnar aðstæður og hafa reynst vel sem sveiflujafnandi og kreppuminnkandi aðgerðir og kenningin sem slík gengur upp í reynd þótt ýmislegt beri að varast við notkun aðferðanna, sérstaklega hvað varðar þá freistingu að ofgera notkun þeirra og varanleika.

Undir þeim kringumstæðum sem íslenskt efnahagslíf býr við er þess hins vegar ekki að vænta að um verði að ræða samsvarandi eða meiri aukningu eftirspurnar en sem nemur skattheimtunni vegna bágrar skuldastöðu ríkissjóðs og takmarkaðs svigrúms til útgjalda. Stór hluti ríkisútgjalda fer í að greiða vexti af lánum og allar auknar tekjur sem falla til vegna hærri skatta fara beint í þann útgjaldalið. Einnig er á sama tíma um að ræða umtalsverðan niðurskurð í ríkisútgjöldum með tilheyrandi samdrætti og uppsögnum starfsfólks í stórum stíl, þannig að í raun er æpandi þversögn í beitingu þessara aðferða sem í rökstuðningi frumvarpsins eru sagðar auka eftirspurn.

Því er hætt við að þessar skattahækkanir muni einfaldlega leiða til enn frekari samdráttar en þegar hefur orðið þar sem þær þýða að ráðstöfunartekjur heimila munu skerðast. Í þessu sambandi er vert að benda á að ef hugmyndin er að auka eftirspurn og einkaneyslu, þá er myndarleg niðurfærsla á verðtryggðum höfuðstól íbúðalána heimila líklegri til að leiða til þeirrar auknu eftirspurnar sem ætlunin er að ná fram í frumvarpinu og hefur góð sálræn áhrif á heimilin þar sem bjartsýni þeirra á framtíðina eykst. Aukin skattheimta hefði hins vegar þveröfug áhrif hvað þetta varðar.

Um það er ekki deilt að staða ríkissjóðs er mjög slæm og einhvern veginn þarf að reyna að brúa þann gríðarlega halla sem blasir við. Ríkisstjórnin hefur valið svokallaða blandaða leið þar sem útgjöld eru skorin niður og skattar hækkaðir á almenning og fyrirtæki, leið sem 3. minni hluti telur við þessar aðstæður bæði óheppilega og í raun óþarfa.

Ljóst er að skattstofnar ríkissjóðs hafa rýrnað mjög og sumir allt að því horfið. Almennar launatekjur og tryggingagjaldið eru stöðugir og tiltölulega auðinnheimtir skattstofnar og því freistandi að fara þá leið í leit að tekjum fyrir ríkissjóð. Í því efnahagsástandi sem við búum

við nú eru þessir skattstofnar hins vegar viðkvæmir og geta auðveldlega rýrnað að upphæð og fjölda greiðenda ef brottflutningur frá landinu heldur áfram.

Dæmi um alvarlegar rökvillur í lagasetningu er fyrirliggjandi frumvarp fjármálaráðherra um breytingar á vörugjöldum bifreiða. Þær breytingar sem eru fyrirhugaðar á vörugjöldum bifreiða eru með tengingu við kolefnislosun þeirra og eru algerlega óraunhæfar og órökréttar þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir 29 undanþáguflokkum. Í undanþáguflokkunum eru allir þeir sem keyra mest og menga mest með undanþágur. Þar má nefna vöruflutningabíla, dráttarbíla, leigubíla, rútur og bílaleigubíla, sem ásamt öðrum undanþágum gerir það að verkum að nánast allt atvinnulífið er undanþegið, skattstofninn þrengist og skatturinn lendir nánast alfarið á fjölskyldum og einstaklingum sem þurfa að keyra í vinnuna og út í búð. Hér er fjármálaráðherra búinn að gefast algerlega upp fyrir sérhagsmunahópum og almenningur borgar brúsann. Það eru einfaldlega engin haldbær rök fyrir því að flutningabílar sem menga gríðarlega eða erlendir ferðamenn á bílaleigubílum, svo að fá dæmi séu tekin, séu undanskildir kolefnisskatti. Hér er því ekki um stefnubreytingu í skattheimtu að ræða eins og ráðherrann vill telja fólki trú um, nema að því leyti að verið er að færa skattstofn í meira mæli yfir á almenning og láta undan þrýstingi frá sérhagsmunahópum undir yfirskini umhverfisstefnu.

Auknir skattar á heimilin eru erfið viðbót við þær hremmingar sem þegar hafa dunið á þeim og að sama skapi er tryggingagjaldið í raun gjald fyrir að hafa fólk í vinnu sem getur takmarkað enn frekar vilja fyrirtækja til mannaráðninga. Því telur 3. minni hluti brýnt að leita annarra leiða til að rétta við hag ríkissjóðs en þeirra sem fyrirhugaðar eru í fyrirliggjandi frumvarpi. 3. minni hluti leggur því til að í stað þeirra skattahækkana og niðurskurðar útgjalda til heilbrigðis-, velferðar- og menntamála sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi og frumvörpum um tekjuöflun ríkisins skuli leitast við að afla ríkissjóði tekna sem hér segir:

Í fyrsta lagi er lagt til að tekið verði upp auðlindagjald af raforkusölu til stóriðju í stað sérstaks skatts af allri seldri raforku. Gjald þetta verði 1 kr. á kílóvattstund af seldri raforku. Miðað við tölur Orkustofnunar um raforkusölu til stóriðju gæti þetta gjald skilað tekjum upp á u.þ.b. 12,4 milljarða kr. á ári. Þar sem raforkusala til Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga er meitluð í stein hvað verðbreytingar varðar verði leitast við útfæra auðlindagjaldið sem hlutfall af útflutningsverðmæti verksmiðjunnar þannig að það nemi samsvarandi upphæð og 1 kr. á selda kílóvattstund. Lagt er til að dregið verði úr fyrirhuguðum niðurskurði í útgjöldum til heilbrigðis-, velferðar- og menntamála til samræmis við þetta.

Í öðru lagi er lagt til að tekið verði upp auðlindagjald á úthlutaðar aflaheimildir til fiskveiða. Gjald þetta verði að meðaltali 50 kr. á úthlutað kíló. Miðað við úthlutaðar aflaheimildir ársins 2009/2010 (366.627 tonn) gæti gjaldið skilað tekjum upp á u.þ.b. 18,3 milljarða kr. á ári. Lagt er til á móti að fyrirhugaður niðurskurður í útgjöldum til heilbrigðis-, velferðar- og menntamála verði minnkaður til samræmis við þetta og að það sem út af stendur verði notað til lækkunar tryggingagjalds.

Slík skattheimta sem að framan greinir er hlutlaus fyrir heimilin og leggst á þær greinar atvinnulífsins sem standa best allra í dag vegna lækkunar á gengi krónunnar. Hér er einnig um að ræða réttláta skattlagningu í þeim skilningi að þessar atvinnugreinar nota auðlindir landsins án endurgjalds, auðlindir sem eru sameign allrar þjóðarinnar. Auk þess er miklu auðveldara að innheimta auðlindagjald með þessum hætti heldur en með einhverjum hugmyndum um tekjuskatt eða veiðileyfagjald sem hlutfall af hagnaði.

Hvað varðar útgjaldahlið frumvarpsins er augljóst að alvarlegir meinbugir eru á starfsemi Alþingis þegar kemur að útgjaldahlið fjárlaga. Nefndarmenn eru vikum saman með viðtöl við fólk frá alls konar félögum og stofnunum og jafnvel við einstaklinga sem koma á fund nefndarinnar til að biðja um peninga. Þetta virðist nefndarmönnum eðlileg framvinda mála og mátti oft heyra á máli þeirra, og þá sérstaklega nefndarmanna stjórnarmeirihlutans, að þeir yrðu að snúa bökum saman fyrir sitt kjördæmi. Við gerð síðustu fjárlaga þegar gestir komu á fund nefndarinnar og sögðust vera spákonur og skrímslasérfræðingar og mývetnskir jólasveinaáhugamenn, þá gerði 3. minni hluti sér ekki grein fyrir því að alvara fylgdi máli en reiknaði með að hér væri bara enn eitt dæmið um hina alræmdu íslensku ofurkurteisi að ræða og að hefð væri fyrir því að hlusta á alla. Fulltrúar meiri hlutans ákváðu hins vegar að taka þetta fólk alvarlega og afhenda því milljónir af skattfé landsmanna og deila því með sem jafnastri dreifingu hver í sitt kjördæmi. Þetta fyrirkomulag með samsvarandi afgreiðslu hefur haldið áfram við fjárlagagerðina nú í ár og nú eru gæluverkefnin til kjördæmanna sem nefndarmenn sjálfir úthluta að minnsta kosti 120 ef ekki fleiri og upphæðirnar skipta hundruðum milljóna.

Það er með þetta eins og fjölmarga aðra útgjaldaliði í tillögum meiri hlutans að hér er ekki endilega verið að fara skynsamlega með almannafé og í raun er þetta á mörkum hins siðlega. Tillögur fjárlaganefndar um framlög til húsafriðunar eru enn eitt dæmið um kjördæmapot þingmanna sem í stað þess að láta faglega nefnd sem þegar er til, húsafriðunarnefnd, sjá um að forgangsraða í því brýna verkefni sem friðun og endurbygging gamalla húsa er, þá kjósa þeir að veita fé í fjölmörg gæluverkefni í eigin kjördæmum eða alls 26, undir formerkjum húsafriðunar. Meiri hlutinn hreinlega mokar fjármunum í hvers kyns gæluverkefni heima í héraði í stað þess að láta fagstofnanir og fagaðila um úthlutanir og tilheyrandi eftirlit. Þetta er gert á einhverri mestu ögurstund íslenskra ríkisfjármála þegar á sama tíma er verið að skera niður fé til heilbrigðis-, mennta- og velferðarmála.

Úthlutun hundraða milljóna til stjórnmálaflokka er svo enn eitt dæmið um hvernig sitjandi þingmenn reyna að tryggja sér áframhaldandi völd en í fjárlögum næsta árs úthlutar fjórflokkurinn sjálfum sér án umræðu 304 millj. kr.

Það er mat 3. minni hluta að flestöllum svokölluðum safnliðum beri að fresta. Flestir rúmast nú þegar innan starfssviða ýmissa sjóða og hinum ætti tafarlaust að koma fyrir annaðhvort innan ráðuneytanna eða nýrra, t.d. svæðisbundinna, sjóða sem gætu lagt faglegt mat á umsóknirnar og fylgt því eftir að fjármununum væri varið í þau verkefni sem ætlast er til.

Þriðji minni hluti vill að lokum lýsa undrun sinni á þeim vinnubrögðum sem viðgengist hafa við gerð fjárlaga, hvort sem um er að ræða efnahags- og skattanefnd eða fjárlaganefnd. Viðamiklar breytingar á viðkvæmum tímum eru mjög varasamar og ber ekki að afgreiða með þeim hætti sem gert er í þessum fjárlögum. Sú tilraun sem verið er að gera með að endurskipuleggja heilbrigðiskerfi alls landsins gegnum fjárlögin en ekki á faglegum forsendum er beinlínis forkastanleg. Þótt erfitt geti verið að bæta úr því sem komið er mundu tillögur 3. minni hluta um nýja skattstofna gefa öllum hlutaðeigandi nægilegt svigrúm til að undirbúa betur breytingar og hagræðingu í rekstri ríkisins og virka mun jákvæðari á almenning og fyrirtæki í landinu heldur en þær fjárlagatillögur sem eru fyrirhugaðar.

Alþingi, 6. des. 2010.

Þór Saari.

433. Frumvarp til laga [351. mál]

um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um starfsemi og rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða.

Starfsheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða takmarkast við að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Viðtaka fjár frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og öðrum lausafjáreignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu er einungis heimil verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Verðbréfasjóður:* Sjóður sem gefur út hlutdeildarskírteini sem eru innleysanleg að kröfu eigenda þeirra. Sjóðurinn hefur hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins og hefur heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. *Fjárfestingarsjóður:* Sjóður sem gefur út hlutdeildarskírteini og hefur hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn hefur ekki heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. *Fagfjárfestasjóður:* Sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu stendur fagfjárfestum til boða.
4. *Rekstrarfélag:* Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki og rekur sjóði um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum þessum.
5. *Vörslufyrirtæki:* Fjármálafyrirtæki, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sem uppfyllir skilyrði II. kafla C laga þessara.
6. *Framseljanleg verðbréf:*
   a. hlutabréf í félögum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í félögum,
   b. skuldabréf eða skuld á verðbréfaformi,
   c. öll önnur framseljanleg verðbréf sem veita rétt til öflunar slíkra framseljanlegra verðbréfa með áskrift eða skiptum.
7. *Peningamarkaðsskjöl:* Þeir flokkar auðseljanlegra gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á skammtímamarkaði (peningamarkaði), svo sem víxlar ríkis- og sveitarfélaga, innlánsskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum. Líftími þeirra skal ávallt vera styttri en 397 dagar.
8. *Hlutdeildarskírteini:* Fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða einstakri deild hans til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkom-

andi deildar í sama hlutfalli og nemur hlutdeild þeirra í heildarfjölda útgefinna hlutdeildarskírteina.

9. *Fagfjárfestir:* Fagfjárfestir samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
10. *Almenningur:* Þeir sem ekki teljast til fagfjárfesta samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
11. *Reiðufé:* Laust fé sem sjóður getur notað fyrirvaralaust til fjárfestinga. Það telst ekki til innlána og er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðs.
12. *Innlán:* Fjárfesting þar sem sérstaklega hefur verið samið um binditíma og vexti. Innlán eru hluti af fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs.
13. *Markaðssetning:* Tilboð eða hvatning, með auglýsingum eða annarri kynningu, um kaup á hlutdeildarskírteinum eða hlutum í verðbréfasjóði eða öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu.
14. *Staðfesting:* Með staðfestingu verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs er átt við heimild Fjármálaeftirlitsins til handa rekstrarfélagi til að starfrækja verðbréfa- eða fjárfestingarsjóð.

3. gr.

Heimildir til að hefja starfsemi. Skrá yfir sjóði.

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum staðfestingu til reksturs skv. II. kafla og fjárfestingarsjóðum staðfestingu skv. III. kafla. Fjármálaeftirlitið úrskurðar um hvort starfsemi fellur undir lög þessi.

Fjármálaeftirlitið heldur skrá yfir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, sem skal birt opinberlega, þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um viðkomandi sjóði. Breytingar á áður skráðum upplýsingum skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

II. KAFLI
Verðbréfasjóðir.
A. Staðfesting og afturköllun staðfestingar.

4. gr.

Veitandi staðfestingar.

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum staðfestingu. Verðbréfasjóðir fá því aðeins staðfestingu að rekstrarfélög og vörslufyrirtæki þeirra uppfylli skilyrði laga um fjármálafyrirtæki.

Verðbréfasjóðum er heimilt að hefja starfsemi þegar staðfesting er fengin frá Fjármálaeftirlitinu. Óheimilt er að starfrækja verðbréfasjóð án staðfestingar Fjármálaeftirlitsins.

Óheimilt er að breyta verðbréfasjóðum í aðrar tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

5. gr.

Umsókn um staðfestingu.

Umsókn rekstrarfélags um staðfestingu verðbréfasjóðs skal vera skrifleg og henni skulu fylgja reglur sjóðsins skv. 11. gr., útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skv. 49.–56. gr., upplýsingar um stjórnendur verðbréfasjóðs og aðrar viðeigandi upplýsingar. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um upplýsingagjöf samkvæmt þessari grein.

6. gr.
Veiting staðfestingar.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu staðfestingar skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það án tafar, og eigi síðar en einum mánuði eftir að umsókn barst, þegar umsókn telst fullnægjandi.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um staðfestingu verðbréfasjóða opinberlega.

7. gr.
Synjun um staðfestingu.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um staðfestingu.

Synjun umsóknar skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan tveggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar.

8. gr.
Afturköllun staðfestingar.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað staðfestingu verðbréfasjóðs:

1. hafi rekstrarfélag brotið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim eða samþykktum,
2. uppfylli hann ekki lengur skilyrði fyrir staðfestingu að mati Fjármálaeftirlitsins,
3. hafi rekstrarfélag ekki nýtt heimild til starfsemi verðbréfasjóðs innan tólf mánaða frá því að staðfesting var veitt, ótvírætt afsalað staðfestingu eða hafi starfsemi sjóðs verið hætt í meira en sex mánuði samfellt,
4. hafi sjóðurinn ekki yfir að ráða minnst 50 millj. kr. þremur mánuðum eftir að markaðssetning hófst eða minnst 10 millj. kr. sem skiptast á að minnsta kosti 50 aðila þannig að hlutur hvers þeirra nemi minnst 10 þús. kr.,
5. fari sjóðurinn á einhverjum tímapunkti niður fyrir stærðarmörk 4. tölul.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 2. tölul. 1. mgr. skal veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

9. gr.
Tilkynning um afturköllun.

Afturköllun á staðfestingu verðbréfasjóðs skal tilkynnt stjórn rekstrarfélags og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Markaðssetji rekstrarfélag verðbréfasjóð í öðru aðildarríki skal Fjármálaeftirlitið tilkynna afturköllunina lögbærum eftirlitsaðilum í viðkomandi ríki.

B. Stofnun og starfsemi.

10. gr.
Heiti.

Verðbréfasjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „verðbréfasjóður“.

11. gr.
Reglur.

Rekstrarfélag skal setja verðbréfasjóði reglur. Eftirfarandi atriði skulu að minnsta kosti koma þar fram:

1. Heiti sjóðsins.
2. Hvort sjóðurinn starfi óskiptur eða í aðgreindum deildum.
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
4. Hvert sé vörslufyrirtæki sjóðsins og ákvæði um hvernig skipt verði um vörslufyrirtæki.
5. Þóknun rekstrarfélags.
6. Heimild til markaðssetningar sjóðsins á Íslandi og í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.
7. Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.
8. Hvernig ráðstafa skuli arði eða öðrum hagnaði af verðbréfum sjóðsins.
9. Hvernig reikna skuli út innlausnarvirði hvers hlutar.
10. Hvernig staðið skuli að samruna sjóðsins við aðra verðbréfasjóði eða samruna deilda sama sjóðs.
11. Hvernig sjóði eða deild er slitið.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða og upplýsingagjöf til viðskiptavina í tengslum við fjárfestingar.

Breytingar á reglum verðbréfasjóðs öðlast gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fresta gildistöku í allt að þrjá mánuði frá staðfestingu ef ástæða er til. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna um breytingu í Lögbirtingablaðinu.

Rekstrarfélag skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði og skal það gert skriflega.

12. gr.
Deildaskipting.

Heimilt er að starfrækja verðbréfasjóð í aðgreindum deildum. Hver sjóðsdeild skal hafa aðgreindan fjárhag innan rekstrarfélags. Ber þá hver deild ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

Rekstrarfélag ber ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra verðbréfasjóða eða deilda þeirra og standa einvörðungu eignir hvers sjóðs eða deildar til fullnustu skuldbindingum hvers þeirra. Ákvæði þetta víkur ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags.

13. gr.
Sjóðsmyndun.

Eignir myndast í verðbréfasjóði með samningi rekstrarfélags við viðskiptavin sem felur því að ávaxta fjármuni sína í tilteknum verðbréfasjóði innan vébanda þess. Sjóðurinn myndast með afhendingu fjármuna viðskiptavinar gegn hlutdeildarskírteinum og samanstendur síðan af þeim eignum sem verða til við ráðstöfun þessara fjármuna til sameiginlegrar fjárfestingar.

14. gr.
Hæfi.

Framkvæmdastjóri rekstrarfélags og sjóðstjórar skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum, sbr. 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Um hæfi stjórnenda og sjóðstjóra verðbréfasjóða fer að öðru leyti eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á sjóðstjórum og framkvæmdastjórn og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum 1. og 2. mgr. sé fullnægt.

15. gr.
Aðskilnaður reksturs og vörslu og óhæði.

Rekstrarfélag má ekki jafnframt vera vörslufyrirtæki. Stjórnarmaður í rekstrarfélagi má ekki vera í stjórn eða lykilstarfsmaður móðurfélags eða vörslufyrirtækis. Meiri hluti stjórnar manna rekstrarfélags verðbréfasjóða skal vera óháður móðurfélagi og vörslufyrirtæki.

Rekstrarfélög skulu vera óháð móðurfélagi og vörslufyrirtæki í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.

16. gr.
Málshöfðunarréttur.

Rekstrarfélag getur höfðað mál í eigin nafni fyrir hönd einstakra eigenda hlutdeildarskírteina til ógildingar á skírteinum.

Rekstrarfélag ber ábyrgð á rekstri verðbréfasjóða og sjóðsdeilda og kemur fram fyrir þeirra hönd.

17. gr.
Rekstur verðbréfasjóða.

Rekstur verðbréfasjóða felst m.a. í eftirfarandi verkefnum:

1. Fjárfestingum í samræmi við fjárfestingarstefnu.
2. Umsýslu:
   a. Bókhalds- og lögfræðiþjónustu.
   b. Þjónustu við viðskiptavini.
   c. Mati á verðmæti verðbréfa og annarra eigna.
   d. Innra eftirliti.
   e. Að halda og uppfæra skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina.
   f. Útreikningi innlausnarvirðis.
   g. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina.
   h. Uppgjöri viðskipta.
   i. Vörslu hlutdeildarskírteina og gagna um viðskipti.
3. Áhættustýringu.
4. Markaðssetningu.

18. gr.
Útvistun verkefna rekstrarfélags.

Rekstrarfélagi er aðeins heimilt að fela öðrum aðilum verkefni þau sem kveðið er á um í 17. gr. að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélagi er þó aldrei heimilt að út-

vista öll verkefni skv. 17. gr. Meiri hluta verkefna skv. 1. tölul. 17. gr. skal unninn innan rekstrarfélags. Verkefni skv. 1. tölul. 17. gr. er ekki heimilt að fela vörslufyrirtæki eða öðru félagi fari hagsmunir þess ekki saman við hagsmuni rekstrarfélags og eigenda hlutdeildarskírteina.

Ábyrgð rekstrarfélags gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina helst óbreytt þó að það feli öðru fyrirtæki hluta af verkefnum sínum skv. 17. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um útvistun verkefna rekstrarfélaga í reglugerð.

19. gr.

Góðir viðskiptahættir og venjur.

Rekstrarfélag skal starfrækja verðbréfasjóð í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.

C. Vörslufyrirtæki.

20. gr.

Starfsemi vörslufyrirtækis.

Umsjá og varðveisla eigna verðbréfasjóðs skal falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins. Fjármunum verðbréfasjóðs skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis. Vörslufyrirtæki skal:

1. tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari samkvæmt lögum og reglum hlutaðeigandi aðila,
2. tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur hlutaðeigandi aðila,
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila,
4. tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. tryggja að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

21. gr.

Viðurkenndir aðilar.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og útibú hliðstæðra erlendra fyrirtækja sem starfa hér á landi geta hlotið viðurkenningu sem vörslufyrirtæki.

Óheimilt er að skipta um vörslufyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.

22. gr.

Ábyrgð.

Vörslufyrirtæki ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 20. gr.

Vörslufyrirtæki er heimilt að fela öðru fyrirtæki, sem hæft er til að hljóta viðurkenningu skv. 21. gr. eða hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki og lýtur sambærilegu eftirliti og félög skv. 21. gr., varðveislu verðbréfa verðbréfasjóðs að hluta eða öllu leyti. Nú felur vörslufyrirtæki öðru fyrirtæki varðveislu verðbréfa verðbréfasjóðs og hefur það engin áhrif á ábyrgð vörslufyrirtækis gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina skv. 1. mgr.

D. Hlutdeildarskírteini.

23. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina.

Rekstrarfélag gefur út skilríki fyrir eignarréttindum að verðbréfasjóði í formi hlutdeildarskírteinis, sbr. þó 3. mgr.

Allir, sem eiga hlutdeild að verðbréfasjóði eða einstakri deild hans, eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar, í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar.

Rekstrarfélagi er ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema eigendur þeirra óski eftir því enda geti þeir hvenær sem er aflað sér staðfestingar á hlutdeild sinni með öðrum hætti.

Séu hlutdeildarskírteini gefin út sem rafbréf í verðbréfamiðstöð gilda um útgáfuna lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Hlutdeildarskírteini skulu skráð á nafn eða á safnreikning, sbr. lög um verðbréfaviðskipti.

Hlutdeildarskírteini eru undanþegin greiðslu stimpilgjalda.

24. gr.

Upplýsingar í hlutdeildarskírteini.

Í hlutdeildarskírteini skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram, sbr. þó 4. og 5. mgr. 23. gr.:

1. Nafn verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis og rekstrarfélags.
2. Nafn og kennitala upphaflegs eiganda skírteinis.
3. Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
4. Nafn og kennitala framsalshafa hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess.

Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn rekstrarfélags. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

25. gr.

Skrá yfir hlutdeildarskírteini.

Rekstrarfélag skal halda skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Í skránni skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram:

1. Nafn og kennitala eiganda.
2. Söludagur skírteinis.
3. Nafnverð skírteinis.
4. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

Tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til rekstrarfélags. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrána og heimildar tilkynningar getið, sbr. þó 4. mgr. 23. gr.

26. gr.

Staðgreiðsla.

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

E. Innlausn.

27. gr.

Innlausnarskylda.

Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum verðbréfasjóðsins.

Þrátt fyrir 1. mgr. er rekstrarfélagi heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal ekki vara lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

Frestun á innlausn tekur gildi þegar Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning rekstrarfélags þess efnis. Fjármálaeftirlitið skal birta á heimasíðu sinni tilkynningu um frestun innlausna.

Er frestun á innlausn lýkur skal tilkynna opnun sjóða með sama hætti og getur í 2. mgr. Vari frestun lengur en fjórar vikur samfellt skal tilkynna opnun sjóða með bréfi til hlutdeildarskírteinishafa eða öðrum sambærilegum hætti svo fljótt sem auðið er.

Eftirlitsaðilum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs hafa verið sett á markað, skal tilkynnt um frestun innlausna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

28. gr.

Útreikningur innlausnarvirðis.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og mat á markaðsvirði eigna.

29. gr.

Auglýsing innlausnarvirðis.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða skal reiknað daglega og auglýst opinberlega eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að opinber auglýsing innlausnarvirðis skuli fara fram oftar ef ástæða þykir til.

F. Fjárfestingarheimildir.

30. gr.

Fjármálagerningar og innlán.

Fjárfestingarheimildir samkvæmt þessum kafla taka til verðbréfasjóðs eða, sé hann deildaskiptur skv. 12. gr., til einstakra deilda hans. Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í eftirtöldum framseljanlegum verðbréfum:

1. Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir,
b. ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða
c. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

2. Nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra.
3. Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu enda sýni verðbréfasjóðir fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir lúti sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskírteinishafa sé tryggð með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin sé út ársskýrsla og árshlutauppgjör að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Óheimilt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta, samkvæmt reglum sínum, meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
4. Innlánum fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánum fjármálafyrirtækja með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að fjármálafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innlán samkvæmt þessum tölulið verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.
5. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu 1. tölul. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.
6. Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóða í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega með áreiðanlegum hætti. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.
7. Peningamarkaðsskjölum sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða.

31. gr.

Aðrar eignir.

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. er verðbréfasjóði heimilt að binda sem svarar allt að 10% af eignum sínum í óskráðum framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

32. gr.

Yfirtaka eigna og hrávörur.

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

33. gr.

Eftirlit með áhættu.

Rekstrarfélög skulu hafa yfir að ráða eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafns verðbréfasjóða á hverjum tíma. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um slíkt eftirlitskerfi.

34. gr.

Afleiðuviðskipti.

Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem samanlögð áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna sé undir þeim mörkum sem um getur í 35. gr. Eftirlitskerfi skv. 33. gr. skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Verðbréfasjóðir skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að verðbréfasjóður víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útboðslýsingu.

Ef verðbréf eða peningamarkaðsskjal felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

35. gr.

Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda.

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda:

1. meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda, eða
2. meira en 20% af eignum sínum í innlánum sama fjármálafyrirtækis.

Mótaðilaáhætta vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða má ekki vera umfram:

1. 10% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki utan þess sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt,
2. 5% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er annar en fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul, en lýtur þó eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá fjármálafyrirtæki eða afleiðna sem gerðar eru utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má heildarfjárfesting í viðskiptum við sama aðila, í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum, innlánum og afleiðusamningum utan skipulegra verðbréfamarkaða, samtals ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs. Ekki skal tekið tillit til verðbréfa samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Takmarkanir samkvæmt 1.–5. mgr. er óheimilt að leggja saman. Verðbréfasjóði er því óheimilt að binda meira en 20% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum, innlánum eða afleiðum sama útgefanda eða 35% af verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sama útgefanda, sbr. 5. mgr.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Traust verðbréf skv. 38. gr. eru undanþegin ákvæðum 8. og 9. mgr.

Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

36. gr.

Vísitölusjóðir.

Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspegla tiltekna hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega og endurspegla viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísitölunni er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í hlutabréfum eða skuldabréfum eins útgefanda.

37. gr.

Peningamarkaðssjóðir.

Fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða takmarkast af 35. gr.

Peningamarkaðssjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsskjölum eins og þau eru skilgreind í lögum þessum, afleiðum tengdum þessum skjölum og innlánum, sbr. 4. tölul. 30. gr.

Hámarkslíftími einstakra verðbréfa skal ekki vera lengri en 397 dagar og meðallíftími eignasafns peningamarkaðssjóðs má að hámarki vera 90 dagar.

38. gr.

Traust verðbréf.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum skv. 5. mgr. 35. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Skýrt skulu koma fram í reglum verðbréfasjóðs og útboðslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf eða peningamarkaðsskjöl sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í skv. 1. mgr.

39. gr.

Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða (sjóðasjóðir). Þó skal verðbréfasjóður ekki binda meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.

Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

40. gr.

Takmarkanir á eignasafni.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa, þó aldrei umfram 25% í hverri útgáfu,
3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
4. 10% af peningamarkaðsskjölum einstakra útgefenda.

41. gr.

Lán og ábyrgðir.

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 30. gr. Þó er heimilt að veita verðbréfalán sem hluta af eðlilegri áhættustýringu. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um verðbréfalán verðbréfasjóða.

42. gr.
Skortsala.

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

43. gr.
Ráðstafanir til úrbóta.

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skal Fjármálaeftirlitinu án tafar tilkynnt um það og skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.

G. Markaðssetning utan heimalands.

44. gr.
Markaðssetning verðbréfasjóða með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi.

Erlendur verðbréfasjóður með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins getur markaðssett skírteini sín hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá verðbréfasjóðnum. Hið sama gildir um starfsemi svissneskra og færeyskra verðbréfasjóða, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til verðbréfasjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda. Tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi gögn:

1. Yfirlýsing lögbærra eftirlitsaðila í heimaríki verðbréfasjóðsins um að hann hafi staðfestingu í því ríki og uppfylli að öðru leyti settar kröfur í tilskipunum Evrópusambandsins um sjóði um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum.
2. Reglur verðbréfasjóðsins.
3. Útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu. Útboðslýsing skal hafa að geyma upplýsingar skv. 6. tölul. þessarar málsgreinar.
4. Endurskoðaður ársreikningur næstliðins árs, sé hann fyrirliggjandi, og síðari hálfsársuppgjör.
5. Lýsing á framkvæmd fyrirhugaðrar starfsemi eða markaðssetningar hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðsins, m.a. hverjir muni annast sölu hlutdeildarskírteina og hafa lögformlega heimild til innlausnar fyrir hönd verðbréfasjóðsins og hver væntanlegur markhópur fjárfesta verður.
6. Upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir verðbréfasjóðsins til að tryggja rétt eigenda skírteina til útgreiðslu hagnaðar, innlausnar hlutdeildarskírteina og þeirra upplýsinga sem sjóðnum er skylt að miðla, m.a. upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir sjóðsins til að tryggja rétt viðskiptamanna ef sjóðurinn hyggst hætta starfsemi eða markaðssetningu hérlendis.

Fjármálaeftirlitið getur hafnað því að verðbréfasjóður skv. 1. mgr. hefji markaðssetningu hér á landi ef ráðstafanir skv. 6. tölul. 1. mgr. eru ekki fullnægjandi eða markaðssetningin stríðir að öðru leyti gegn ákvæðum laga. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja synjun skriflega til verðbréfasjóðsins áður en frestur skv. 1. mgr. rennur út. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að stytta frest skv. 1. mgr. enda hafi öll tilskilin gögn borist því og einnig er því heimilt að

lengja frest skv. 1. mgr. þurfi að kalla eftir frekari gögnum eða ef ástæða er til að ætla að til höfnunar komi.

Fjármálaeftirlitið gengur úr skugga um eftirlit með verðbréfasjóðnum í heimaríkinu, starfsheimildir þess og starfsemi.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu þegar tilkynntar Fjármálaeftirlitinu.

45. gr.

Markaðssetning fjárfestingarsjóða (Non-UCITS).

Aðrir sjóðir sem hyggjast hefja markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hluta sinna hér á landi skulu sækja um heimild til Fjármálaeftirlitsins og samhliða senda Fjármálaeftirlitinu þau gögn sem tilgreind eru í 2.–6. tölul. 1. mgr. 44. gr. Auk þess skal senda eftirfarandi gögn:

1. Yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi heimaríkis sjóðsins þar sem fram komi að sjóðurinn og rekstrarfélag hans hafi staðfestingu eða starfsleyfi í samræmi við löggjöf heimaríkisins og lúti eftirliti þess, þ.m.t. vegna athafna þess hérlendis.
2. Yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi heimaríkis sjóðsins þess efnis að það sé reiðubúið að veita sambærilegum íslenskum sjóðum heimild til markaðssetningar í viðkomandi ríki. Ríki sem falla undir svæði A í viðauka I í reglum nr. 530/2003, um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja, eru undanþegin þessum tölulið.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu þegar tilkynntar Fjármálaeftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið getur veitt samþykki fyrir því að sjóður skv. 1. mgr. hefji markaðssetningu hér á landi ef ákvæði 1. mgr. eru uppfyllt og ráðstafanir skv. 6. tölul. 1. mgr. 44. gr. eru fullnægjandi og markaðssetningin stríðir að öðru leyti ekki gegn ákvæðum laga. Ef Fjármálaeftirlitið hafnar markaðssetningu skal það rökstyðja synjun skriflega til sjóðsins.

46. gr.

Heimild til að banna starfsemi erlendra verðbréfasjóða.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna erlendum verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði að markaðssetja skírteini sín hér á landi hafi hlutaðeigandi verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur endurnýjað heimild sjóðsins til markaðssetningar geti sjóðurinn sýnt fram á að hann muni uppfylla skilyrði laga þessara.

47. gr.

Undanþága.

Undanþegnir ákvæðum 44. og 45. gr. eru erlendir verðbréfasjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu eru boðnir eða markaðssettir, án almennrar auglýsingar eða kynningar, til fagfjárfesta samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.

Sjóðir sem eingöngu hyggjast markaðssetja hluti eða hlutdeildarskírteini sín til fagfjárfesta hér á landi skulu fyrir fram tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins, ásamt upplýsingum um heimaríki sjóðsins, rekstraraðila og heimilisfang hans, hvort sjóður lúti reglubundnu eftirliti, ásamt öðrum upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar.

48. gr.

Markaðssetning íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands.

Hyggist verðbréfasjóður markaðssetja hlutdeildarskírteini sín utan Íslands skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og eftirlitsaðila í því landi þar sem markaðssetning er fyrirhuguð.

H. Upplýsingagjöf.

49. gr.

Ársreikningur og árshlutauppgjör.

Í ársreikningi og árshlutauppgjörum rekstrarfélags skulu sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóð eða sérhverja deild hans. Ráðherra er heimilt að gefa út reglugerð sem kveður nánar á um sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóði í ársreikningum og árshlutauppgjörum rekstrarfélaga.

50. gr.

Sundurliðun fjárfestinga.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða skal senda Fjármálaeftirlitinu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga verðbréfasjóða á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

51. gr.

Útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu.

Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu fyrir verðbréfasjóð.

Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í viðkomandi verðbréfasjóði. Í útdrætti úr útboðslýsingu skal draga fram meginatriði útboðslýsingar.

Rekstrarfélag skal senda Fjármálaeftirlitinu útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu í kjölfar breytinga á þeim.

52. gr.

Nánari upplýsingar í útboðslýsingu.

Í útboðslýsingu verðbréfasjóðs skal á ítarlegan hátt lýsa fjárfestingarstefnu sjóðsins og, ef við á, einstakra deilda hans og tilgreina þær tegundir fjárfestinga sem honum eru heimilar samkvæmt reglum sjóðsins.

Í útboðslýsingu skal tilgreina hvort sjóði, eða einstakri deild hans, er heimilt að fjárfesta í afleiðum, og sé slíkt heimilt, hvort fjárfestingin takmarkist við að lágmarka áhættu og fastsetja hagnað vegna verðsveiflna eða hvort hún sé liður í fjárfestingarstefnu.

Nú er verðbréfasjóði, eða einstakri deild hans, heimilt samkvæmt reglum sjóðsins að fjárfesta í afleiðum og skal þá í útboðslýsingu lýsa á ítarlegan hátt hugsanlegum áhrifum afleiðna á áhættu fjárfestinga hlutdeildarskírteinishafa í sjóðnum.

Ef bókfært virði eigna verðbréfasjóðs, eða einstakrar deildar hans, er líklegt til að sveiflast mikið vegna samsetningar verðbréfasamvals hans eða aðferða sem beitt er við stjórnun verðbréfasamvals skal vakin sérstök athygli á því á áberandi hátt í útboðslýsingu og öðrum kynningarritum.

Fjárfesti verðbréfasjóður verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal í útboðslýsingu hans tilgreina hámarksstjórnunarkostnað sem verðbréfasjóðurinn sjálfur og hinir sjóðirnir skulu bera. Í ársreikningi verðbréfa-

sjóðsins skal tilgreina hámarkshlutfall stjórnunarkostnaðar sem annars vegar verðbréfasjóðurinn sjálfur og hins vegar hinir sjóðirnir, sem hann fjárfestir í, bera.

Rekstrarfélagi er skylt að afhenda, óski eigandi hlutdeildarskírteinis í verðbréfasjóði eftir því, upplýsingar um aðferðafræði sjóðsins við áhættustýringu eigna sjóðsins með tilliti til áhættu og væntrar ávöxtunar í fjárfestingum sjóðsins undangengin missiri.

Í útboðslýsingu skal koma fram hvaða verkefnum rekstrarfélagið hefur útvistað skv. 18. gr.

Nánar er unnt að kveða á um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingum vegna verðbréfasjóða í reglugerð, m.a. um hvaða upplýsingar skuli birta í útboðslýsingum og útdráttum úr þeim.

53. gr.

Aðgengi að upplýsingum.

Útdráttur úr útboðslýsingu skal boðinn fjárfesti endurgjaldslaust áður en viðskipti með hlutdeildarskírteini fara fram. Útboðslýsing auk ársreiknings og hálfsársuppgjörs skal ávallt vera fjárfesti í verðbréfasjóði aðgengileg endurgjaldslaust.

Ársreikningur og hálfsársuppgjör skulu vera almenningi aðgengileg með þeim hætti sem kveðið er á um í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu og Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Gildandi reglur verðbréfasjóðs, útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skulu vera aðgengileg almenningi.

54. gr.

Þóknun.

Rekstrarfélög skulu kunngera fjárfestum í verðbréfasjóði fyrir fram hvaða þóknun þau muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina með hæfilegum fyrirvara.

Ef verðbréfasjóður fjárfestir í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnað er beint eða með umboði af sama rekstrarfélagi, eða öðru félagi sem rekstrarfélagið tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum.

55. gr.

Kynningarstarfsemi.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi þessara aðila.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skulu m.a. eftirfarandi atriði koma fram:

1. hvort sjóður sé verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður,
2. heiti rekstrarfélags,
3. upplýsingar um áhættu verðbréfasjóðs,
4. tilvísun í útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu og hvar megi nálgast þau gögn.

Á heimasíðu rekstrarfélags og öðru kynningarefni einstakra sjóða skulu koma fram sömu upplýsingar og kveðið er á um í 2. mgr. auk þess sem birta skal upplýsingar um tíu stærstu útgefendur í eignasafni sjóðsins ásamt upplýsingum um hlutfall fjárfestingar í hverjum aðila. Einnig skal birta þar nafn- og raunávöxtun verðbréfasjóðs síðustu þriggja reikningsára. Upp-

lýsingar um stærstu útgefendur sjóðsins skal uppfæra að minnsta kosti á sex vikna fresti. Jafnframt skulu gögn skv. 53. gr. vera aðgengileg á heimasíðu.

56. gr.
Tilkynning um áhættu.

Rekstrarfélagi ber að greina fjárfestum frá þeirri áhættu sem felst í fjárfestingu í verðbréfasjóði áður en viðskipti eiga sér stað.

III. KAFLI
Fjárfestingarsjóðir.

57. gr.
Tilvísanir í II. kafla.

Rekstrarfélag gefur út skilríki fyrir eignarréttindum að fjárfestingarsjóði í formi hlutdeildarskírteinis. Um fjárfestingarsjóði samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði II. kafla A–D og H.

Fjárfestingarsjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarsjóður“.

58. gr.
Innlausn.

Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða samkvæmt þessum kafla eru innlausnarskyld. Um innlausn fjárfestingarsjóða fer samkvæmt reglum sjóðs. Rekstrarfélagi er skylt að vekja sérstaka athygli viðskiptavinar á þeim reglum sem gilda um innlausnarskyldu sjóðs.

Þrátt fyrir 1. mgr. er fjárfestingarsjóðum heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal ekki standa lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Er frestun á innlausn lýkur skal tilkynna opnun sjóða með sama hætti og getur í 2. mgr. Standi frestun lengur en fjórar vikur samfellt skal tilkynna opnun sjóða með bréfi til hlutdeildarskírteinishafa eða öðrum sambærilegum hætti.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóða er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðs við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina.

59. gr.
Fjárfestingarheimildir.

Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. 30.–43. gr. eiga við um fjárfestingar fjárfestingarsjóða með þeim undantekningum sem fram koma í 2.–7. mgr. Nýti fjárfestingarsjóður heimildir þessa ákvæðis skal þess skýrlega getið í reglum sjóðsins.

Ákvæði 3. tölul. 30. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða allt að 20% af eignum sínum.

Ákvæði 1. mgr. 31. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum. Fjárfesting í verðbréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Ákvæði 35. gr. gilda ekki um fjárfestingarsjóði. Um hámark fjárfestingar fjárfestingarsjóða í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda gilda eftirfarandi reglur:

1. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að:
   a. binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda, enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í verðbréfum eins útgefanda,
   b. binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálafyrirtækis,
   c. binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt,
   d. binda allt að 35% í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum og afleiðum útgefnum af sama útgefanda en þá er einungis heimilt að fjárfesta yfir 20% í bréfum frá einum útgefanda. Þá er fjárfestingarsjóði heimilt að binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálafyrirtækis. Samanlögð fjárfesting fjárfestingarsjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum, afleiðum og innlánum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%,
   e. binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum fjárfestingarsjóðs.
2. Ekki er heimilt að leggja saman takmarkanir er koma fram í a- og d-lið 1. tölul.
3. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari málsgrein.
4. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.
5. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.
6. Traust verðbréf skv. 38. gr. laganna eru undanþegin ákvæðum 4. og 5. tölul. 4. mgr.
7. Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

Ákvæði 2. mgr. 39. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í fjárfestingarsjóðum. Fjárfesting í sama fjárfestingarsjóði má ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Fjárfestingarsjóðum er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

Ákvæði 42. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

IV. KAFLI
Fagfjárfestasjóðir.

60. gr.
Stofnun fagfjárfestasjóða.

Heimilt er að stofna sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki veita viðtöku fé frá almenningi (fagfjárfestasjóði) og gefa út hlutdeildarskírteini eða hlutabréf. Óheimilt er að markaðssetja og koma slíkum sjóði á framfæri við almenning. Rekstraraðilar fagfjárfestasjóða skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stofnun sjóða samkvæmt þessari grein innan eins mánaðar frá stofnun sjóðsins.

Rekstraraðilar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra sjóða samkvæmt þessari grein og standa einvörðungu eignir einstakra sjóða til fullnustu skuldbindingum hvers sjóðs. Ákvæði þetta víkur ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstraraðila.

61. gr.
Reglur, fjárfestingarstefna og upplýsingaskylda.

Rekstraraðilar fagfjárfestasjóða skulu setja þeim reglur og fjárfestingarstefnu og skal hún ávallt vera fjárfestum aðgengileg.

Samhliða tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. 60. gr. skal rekstraraðili senda Fjármálaeftirlitinu reglur og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um sjóðstjóra. Allar breytingar skv. 2. mgr. skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu tafarlaust.

Rekstraraðilum fagfjárfestasjóða ber að veita upplýsingar um eignasafn sjóðs í ársreikningi og hálfsársuppgjöri. Ársreikningur skal ávallt vera fjárfestum aðgengilegur.

62. gr.
Hæfi.

Sjóðstjórar skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki.

Um hæfi sjóðstjóra fagfjárfestasjóða fer að öðru leyti eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

Rekstraraðili fagfjárfestasjóða skal uppfylla hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki. Ef rekstraraðili fagfjárfestasjóðs er lögaðili skal framkvæmdastjóri hans uppfylla hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki.

Rekstraraðili fagfjárfestasjóða skal tafarlaust tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á sjóðstjóra og framkvæmdastjóra og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum 1.–3. mgr. sé fullnægt.

63. gr.
Eftirlit.

Rekstraraðilar fagfjárfestasjóða skulu gefa Fjármálaeftirlitinu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga vegna sjóða í þeirra rekstri, á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Ákvæði 19. gr. um góða viðskiptahætti og venjur, 23.–25. gr. um hlutdeildarskírteini og 64. gr. um eftirlit gilda um sjóði samkvæmt þessum kafla.

V. KAFLI
Eftirlit og reglugerð.

64. gr.
Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða, sem og rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja slíkra sjóða, sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skal Fjármálaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum sem lögin taka til og það telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi aðila skv. 1. mgr. brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim, eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

65. gr.
Reglugerð.

Lög þessi heyra undir efnahags- og viðskiptaráðherra og er honum heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð. Í reglugerð er m.a. heimilt að kveða á um fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, góða viðskiptahætti, útvistun verkefna rekstrarfélaga, innlausnarvirði, markaðssetningu utan heimalands, heimildir til markaðssetningar annarra sjóða en verðbréfasjóða utan heimalands og upplýsingagjöf verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og eftirlit með fagfjárfestasjóðum. Í reglugerðinni er einnig heimilt að kveða á um notkun afleiðusamninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og aðferðir til að meta áhrif þeirra á áhættu eignasafns sjóðanna.

VI. KAFLI
Viðurlög.

66. gr.
Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðum:

1. 3. mgr. 1. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis,
2. 2. mgr. 3. gr. um skyldu til að tilkynna breytingar á áður skráðum upplýsingum,
3. 3. mgr. 4. gr. um bann við því að breyta verðbréfasjóðum í aðra tegund sjóðs um sameiginlega fjárfestingu,
4. 10. gr. um einkarétt verðbréfasjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið verðbréfasjóður,
5. 3. mgr. 11. gr. um breytingu á reglum verðbréfasjóðs,
6. 4. mgr. 11. gr. um tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa á breytingum á reglum sjóðsins,

7. 1. mgr. 14. gr. um að framkvæmdastjórar rekstrarfélaga og sjóðstjórar skuli hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum,
8. 3. mgr. 14. gr. um tilkynningar á breytingum á sjóðstjórum og framkvæmdastjórum,
9. 15. gr. um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélags gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki verðbréfasjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
10. 1. mgr. 18. gr. um útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóðs,
11. 20. gr. um starfsemi vörslufyrirtækis verðbréfasjóða,
12. 2. mgr. 21. gr. um að óheimilt sé að skipta um vörslufyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins,
13. 1. mgr. 25. gr. um skyldu rekstrarfélags til að halda skrá yfir hlutdeildarskírteinishafa,
14. 29. gr. um auglýsingu innlausnarvirðis,
15. 30.–43. gr. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða,
16. 1. mgr. 44. gr. um markaðssetningu verðbréfasjóðs með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi,
17. 1. mgr. 45. gr. um markaðssetningu fjárfestingarsjóðs hér á landi,
18. 2. mgr. 47. gr. um tilkynningu erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
19. 48. gr. um markaðssetningu íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands,
20. 49.–55. gr. um upplýsingagjöf verðbréfasjóða,
21. 56. gr. um tilkynningu um áhættu,
22. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 4. gr., um breytingu á fjárfestingarsjóðum í aðra tegund sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
23. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 11. gr., um breytingu á reglum fjárfestingarsjóðs,
24. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 4. mgr. 11. gr., um tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa á breytingum á reglum sjóðsins,
25. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., um að framkvæmdastjórar rekstrarfélaga og sjóðstjórar skuli hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum,
26. 2. máls. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 14. gr., um tilkynningar á breytingum á sjóðstjórum og framkvæmdastjórum,
27. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 15. gr., um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélaga gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki fjárfestingarsjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
28. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr., um útvistun verkefna rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs,
29. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 20. gr., um starfsemi vörslufyrirtækis fjárfestingarsjóða,
30. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 2. mgr. 21. gr., um að óheimilt sé að skipta um vörslufyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins,
31. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 49.–55. gr., um upplýsingagjöf fjárfestingarsjóða,
32. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 56. gr., um tilkynningu um áhættu,
33. 2. mgr. 57. gr. um einkarétt fjárfestingarsjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið fjárfestingarsjóður,
34. 59. gr. um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða,
35. 2. málsl. 1. mgr. 60. gr. um að óheimilt sé að markaðssetja fagfjárfestasjóð til almennings,
36. 3. málsl. 1. mgr. 60. gr. um stofnun fagfjárfestasjóða og tilkynningu um stofnun sjóðanna til Fjármálaeftirlitsins,

37. 2. mgr. 61. gr. um skyldu fagfjárfestasjóða til að senda Fjármálaeftirlitinu gögn og tilkynningar,
38. 62. gr. um að sjóðstjórar skuli hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum,
39. 63. gr. um skýrslugjöf rekstraraðila fagfjárfestasjóða til Fjármálaeftirlitsins varðandi sundurliðun fjárfestinga vegna sjóða í þeirra rekstri og önnur ákvæði sem gilda um fagfjárfestasjóði,
40. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 67. gr.

Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflega eða ítrekað gegn 19. gr. um góða viðskiptahætti.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leggja stjórnvaldssekt á rekstraraðila verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða fagfjárfestasjóðs brjóti hann gróflega eða ítrekað gegn fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

67. gr.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

68. gr.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

69. gr.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

70. gr.

Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 3. mgr. 1. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis,
2. 3. mgr. 4. gr. um bann við því að breyta verðbréfasjóðum í aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu,
3. 2. mgr. 15. gr. um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélaga gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki verðbréfasjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
4. 1. mgr. 18. gr. um útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóðs,
5. 20. gr. um starfsemi vörslufyrirtækis verðbréfasjóða,
6. 30.–43. gr. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða,
7. 1. mgr. 44. gr. um markaðssetningu verðbréfasjóðs með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi,
8. 49.–55. gr. um upplýsingagjöf verðbréfasjóða,
9. 56. gr. um tilkynningu um áhættu,
10. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 4. gr., um breytingu á fjárfestingarsjóðum í aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu,
11. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr., um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélaga gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki fjárfestingarsjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
12. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr., um útvistun verkefna rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs,
13. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 20. gr., um starfsemi vörslufyrirtækis fjárfestingarsjóða,
14. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 49.–55. gr., um upplýsingagjöf fjárfestingarsjóða,
15. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 56. gr., um tilkynningu um áhættu,
16. 59. gr. um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða.

71. gr.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

72. gr.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

73. gr.
Innleiðing.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007 sem birt var 21. febrúar 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9/2008.

74. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011 og falla þá úr gildi lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Rekstraraðilar fagfjárfestasjóða sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu hafa tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um stofnun fagfjárfestasjóðs skv. 60. gr. fyrir 1. júlí 2011.

II.

Skýrsluskil fagfjárfestasjóða skv. 63. gr. skulu hefjast 31. desember 2011.

III.

Starfandi sjóðstjórar skulu hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum í síðasta lagi tveimur árum eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt.

Gildandi lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003, tóku gildi 1. júlí 2003 í kjölfar örrar þróunar og breytinga á verðbréfamarkaði og fólu lögin í sér töluverðar breytingar fyrir starfandi verðbréfasjóði. Í lögunum er m.a. fjallað um stofnun og skráningu sjóða um sameiginlega fjárfestingu, rekstrarfélög og vörslufyrirtæki, fjárfestingarheimildir, eftirlit og viðurlög við brotum á lögunum. Þá voru jafnframt innleiddar breytingar sem gerðar höfðu verið á UCITS-tilskipuninni, annars vegar tilskipun 2001/107/EB sem varðar stjórnsýslu UCITS-sjóða og hins vegar tilskipun 2001/108/EB sem inniheldur ákvæði um fjárfestingarstefnu UCITS-sjóða.

Starfsheimildir verðbréfasjóða takmarkast við að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Við setningu laga nr. 30/2003 var gildissvið laganna víkkað nokkuð þannig að lögin tækju einnig til stofnunar og reksturs fjárfestingarsjóða. Meginmunurinn á fjárfestingarsjóðum og verðbréfasjóðum felst í því að hinir fyrrnefndu hafa ekki svokallaðan Evrópupassa, þ.e. þeim er ekki heimilt að markaðssetja þá á Evrópska efnahagssvæðinu án starfsleyfis í viðkomandi aðildarríki, auk þess sem fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða eru takmarkaðari en fjárfestingarsjóða.

Málefni sem lúta að fjármálamarkaði eru oft og tíðum flókin og geta krafist sérfræðikunnáttu. Svo er einnig um þann afmarkaða hluta sem lýtur að rekstri verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, en málefni tengd rekstri þeirra hafa verið töluvert í umræðunni undanfarið. Til þess að varpa nokkru ljósi á tegundir þeirra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem eru starfræktir hér á landi þykir rétt að telja nokkra þeirra upp hér á eftir en þessi upptalning er ekki tæmandi.

Peningamarkaðssjóður:

Verðbréfasjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfestir í peningamarkaðsskjölum, sbr. 8. tölul. 2. gr. Peningamarkaðssjóðir skulu ekki fjárfesta í verðbréfum sem hafa lengri líftíma en 13 mánuði.

Sjóðasjóður:

Verðbréfasjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfestir í öðrum verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, sbr. heimildir 39. gr.

Vísitölusjóður:

Verðbréfasjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni líkir eftir tilgreindri vísitölu, innlendri eða erlendri, sbr. heimildir 36. gr.

Hlutabréfasjóður:

Verðbréfa- eða fjárfestingarsjóður sem fjárfestir í innlendum eða erlendum hlutabréfum.

Skuldabréfasjóður:

Verðbréfa- eða fjárfestingarsjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfestir í innlendum og/eða erlendum skuldabréfum, m.a. skuldabréfum fyrirtækja og/eða sveitarfélaga.

Ríkisskuldabréfasjóður:

Verðbréfasjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfestir í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af ríki eða með ábyrgð þess.

Blandaður sjóður:

Verðbréfa- eða fjárfestingarsjóður sem samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni fjárfestir í innlendum og/eða erlendum verðbréfum, peningamarkaðsskjölum og öðrum verðbréfa- og/eða fjárfestingarsjóðum.

II. Vinna við gerð frumvarpsins.

Skömmu eftir hrun bankanna var ákveðið að endurskoðun á gildandi lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003, skyldi fara fram en það hafði staðið til í nokkurn tíma. Viðskiptaráðherra skipaði nefnd 30. mars 2009 til þess að vinna að endurskoðun laganna og semja frumvarp til laga um breytingar fyrir haustþing 2009. Nefndinni var sérstaklega falið að endurskoða ákvæði um fjárfestingarheimildir, eignarhald, óhæði rekstrarfélaga, lagaumhverfi fagfjárfestasjóða o.fl. Jafnframt skyldi taka tillit til og innleiða nauðsynlegar breytingar sem fram koma í tilskipunum um sameiginlega fjárfestingu nr. 2001/107/EB, 2001/108/EB og 2007/16/EB og nefndar eru hér að framan. Nefndin var þannig skipuð: Ástríður Jóhannesdóttir, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, formaður, Guðrún Áslaug Jósepsdóttir, lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, tilnefnd af Fjármálaeftirlitinu, Sigurður Guðmundsson, lögfræðingur hjá Nýja Kaupþingi banka hf., tilnefndur af Samtökum fjármálafyrirtækja, Vilhjálmur Bjarnason, viðskiptafræðingur, tilnefndur af Samtökum fjárfesta.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 7. apríl 2009. Nefndin fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði en vann þess á milli nauðsynleg skjöl og hafði samskipti sín á milli símleiðis og með tölvupósti. Ákveðið var að byggja á gildandi lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Nefndin leit svo á að þau mætti bæta nokkuð en við endurskoðun laganna var jafnframt tekið mið af þeirri þróun sem hefur orðið á umræddum málaflokki í nágrannalöndum okkar og víðar. Jafnframt er byggt á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003, sem samið var á vegum viðskiptaráðuneytisins á árinu 2006 en var ekki lagt fram á Alþingi.

Víða í frumvarpinu er lögð áhersla á að taka upp með skýrari hætti einstök ákvæði framangreindra tilskipana um sameiginlega fjárfestingu. Þá er í frumvarpinu lagt til að lögfest verði ýmis ákvæði sem talin er þörf á að setja í lög í ljósi þeirra miklu breytinga sem dundu yfir íslenskan fjármálamarkað og efnahagslíf og hófust með falli viðskiptabankanna þriggja í október 2008. Í lögunum er lögð meiri áhersla á ýmis ákvæði sem fjalla um hlutverk og skyldur rekstrarfélaga sjóða um sameiginlega fjárfestingu, móðurfélaga rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja í tengslum við rekstur sjóða. Rétt er þó að vekja athygli á að einungis verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í verðbréfum og öðrum eignum og skilur það fagfjárfestasjóði frá verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum.

Nefndin leit svo á að í ljósi þess skamma tíma sem hún hafði til ráðstöfunar væri heppilegast að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga, þrátt fyrir að mörg ákvæði laganna séu óbreytt. Endurskoðun laga er ávallt vandasöm, ekki síst í kjölfar slíkra atburða sem dunið hafa yfir. Gæta verður meðalhófs á allan hátt og taldi nefndin því rétt að byggja á þeim grunni sem fyrir er en að sama skapi leggja fram tillögur að lagfæringum.

Í október lágu fyrir endanleg drög að lagafrumvarpi og var óskað umsagna frá Kauphöllinni, Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitinu og Samtökum fjármálafyrirtækja. Það frumvarp sem hér er lagt fram tekur tillit til þeirra umsagna sem bárust. Auk þess var almenningi boðið að senda umsagnir en frumvarpsdrögin voru birt á heimasíðu viðskiptaráðuneytisins opin til umsagnar. Einhugur var í nefndinni um efni frumvarpsins og voru flestar umsagnir jákvæðar gagnvart þeim breytingum sem þar eru lagðar til.

III. Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Lagt er til að heiti laganna verði breytt þannig að það gefi til kynna að lögin gildi einnig um fagfjárfestasjóði, og lögin taki þá til allra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Það er í

samræmi við efnistök laganna, sem innleiða jafnframt ákvæði UCITS-tilskipunarinnar með síðari breytingum.

Eftirtaldar breytingar eru lagðar til frá gildandi lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði:

- Í 1. og 2. gr. er lagt til að nota hugtakið framseljanleg verðbréf en það er yfirhugtak um þá fjármálagerninga sem verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta í. Orðskýringar eru stórbættar og fleiri fjármálaleg hugtök útskýrð og safnað saman á einn stað sem eykur yfirsýn lesandans.
- Lagt er til að skilyrði fyrir afturköllun á staðfestingu verðbréfa- og fjárfestingarsjóðs verði rýmkuð.
- Lagt er til að ráðherra fái heimild til að kveða í reglugerð á um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs. Nú er nokkuð um það að fjárfestingarstefnu sjóðs sé lýst sem 0–100% í tilteknum eignaflokki og því varla hægt að tala um stefnu í því samhengi. Í reglugerð gæti ráðherra kveðið á um hámarksmun á efri og neðri mörkum fjárfestingarstefnu auk þess að kveða nánar á um upplýsingagjöf til viðskiptavina.
- Lagt er til að sú krafa verði gerð að framkvæmdastjórar rekstrarfélaga og sjóðstjórar sjóða um sameiginlega fjárfestingu hafi staðist próf í verðbréfaviðskiptum eða hafi hlotið löggildingu til þess.
- Í 15. gr. frumvarpsins er lagt til að auknar kröfur séu gerðar um óhæði rekstrarfélaga, sem felst í auknum kröfum til óhæðis stjórnarmanna rekstrarfélags.
- Í 18. gr. eru lagðar til strangari kröfur við útvistun verkefna
- Lagt er til að frestun á innlausn verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs skuli ekki standa lengur en nauðsyn krefur, tilkynnt verði um opnun sjóða og mælt fyrir um skriflega tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa standi frestun lengur en fjórar vikur samfellt.
- Strangari reglur eru settar fyrir fjárfestingum í tengdum aðilum, eign verðbréfasjóðs í verðbréfum útgefnum af tengdum aðilum skuli ekki nema meiru en 20% af eign sjóðsins. Sérstaklega er kveðið á um peningamarkaðssjóði sem eftirleiðis munu teljast til verðbréfasjóða og um fjárfestingarheimildir þeirra.
- Mælt er fyrir um aukinn aðgang almennings að upplýsingum með því að reglur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skuli vera aðgengileg almenningi.
- Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru þrengdar.
- Kafli um hlutafélagasjóði (hlutabréfasjóði) er felldur brott enda hafa engir sjóðir reknir sem hlutafélög verið starfandi frá setningu gildandi laga.
- Í V. kafla er lagt til að lögfest verði lágmarkseftirlit með fagfjárfestasjóðum og mælt fyrir um skráningu þeirra. Lagt er til í 75. gr. að ráðherra geti kveðið nánar á um eftirlit með fagfjárfestasjóðum í reglugerð.
- Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til þess að beita verðbréfasjóð, fjárfestingarsjóð eða fagfjárfestasjóð stjórnvaldssektum ef sjóður verður uppvís að því að brjóta gróflega eða ítrekað gegn þeirri fjárfestingarstefnu sem sjóðurinn hefur sett sér og kynnt fyrir sínum fjárfestum.
- Lagt er til að Fjármálaeftirlitið fái heimild til beitingar stjórnvaldssekta ef verðbréfasjóðir breyta reglum sínum án þess að fá staðfestingu Fjármálaeftirlitsins eins og áskilið er í 11. gr.

Eins og sjá má af þessari upptalningu felast helstu breytingar í því að þrengja fjárfestingarheimildir og herða skilyrði fyrir rekstri sjóða en ekki síst í aukinni upplýsingagjöf til

almennings en almenningur og viðskiptavinir sjóðanna eru lykilaðilar til þess að veita sjóðunum virkt aðhald. Til þess að það sé mögulegt þurfa viðkomandi aðilar að hafa víðtækt aðgengi að upplýsingum og hafa nægilega fjármálaþekkingu til þess að geta nýtt sér viðkomandi upplýsingar.

IV. Breytingar á frumvarpinu frá fyrri framlagningu.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta vorþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Farið var yfir umsagnir um frumvarpið frá umsagnaraðilum og hafa verið gerðar breytingar á frumvarpinu frá fyrri framlagningu að teknu tilliti til þeirra, eftir því sem tilefni þótti til. Nokkrar breytingar lúta einungis að orðalagi og orðanotkun eða staðsetningu ákvæða í frumvarpinu, en auk þess er um einhverjar efnisbreytingar að ræða. Þykir rétt að geta hér þeirra efnislegu breytinga sem gerðar hafa verið:

- Lagt er til að frestur Fjármálaeftirlitsins til að tilkynna rekstrarfélagi um staðfestingu verðbréfasjóðs í 1. mgr. 6. gr. og synjun um staðfestingu í 2. mgr. 7. gr. verði lengdur úr einum í tvo mánuði.
- Lagt er til að tilkynningarskyldu Fjármálaeftirlitsins skv. 2. mgr. 6. gr. til að staðfesta að umsókn sé fullbúin verði markaður tímafrestur til eins mánaðar.
- Lagt er til að tilvísun til 1. tölul. í 2. mgr. 8. gr. verði felld niður þannig að ekki verði veittur hæfilegur frestur áður en til afturköllunar kemur þegar rekstrarfélag brýtur með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögunum, reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim eða samþykktum.
- Lagt er til að felldur verði brott IV. kafli um hlutafélagasjóði (60.–69. gr.).
- Lagt er til að óheimilt verði að markaðssetja og koma fagfjárfestasjóðum á framfæri við almenning.
- Lagt er til að frestur rekstraraðila til að tilkynna um stofnun fagfjárfestasjóðs skv. 1. mgr. 60. gr. verði mánuður frá stofnun sjóðs.
- Lagt er til að breytingar á framkvæmdastjórum skuli tilkynna til Fjármálaeftirlitsins um leið og breytingar verða í 4. mgr. 62. gr.
- Lagt er til að í ákvæði 3. mgr. 61. gr. komi fram að ársreikningur skuli ávallt vera fjárfestum aðgengilegur.
- Lagt er til að heimild verði í 65. gr. til að kveða nánar á um eftirlit með starfsemi fagfjárfestasjóða í reglugerð sem ráðherra setur.
- Lagt er til að í viðurlagaákvæði 66. gr. verði bætt við tilvísunum til 60. og 63. gr. laganna í 1. mgr. ákvæðisins.

V. Tilskipanir Evrópusambandsins á sviði verðbréfasjóða (UCITS).

Tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, svokölluð UCITS-tilskipun (Undertakings for Collective Investments in Transferable Securities), var upphaflega innleidd með lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði. Miklar breytingar voru gerðar á tilskipuninni með tveimur tilskipunum sem voru samþykktar árið 2001, annars vegar tilskipun 2001/107/EB um stjórnsýslu verðbréfasjóða og hins vegar tilskipun 2001/108/EB sem setti skýrari ákvæði um fjárfestingarstefnu slíkra sjóða. Umræddar tilskipanir voru innleiddar við þá endurskoðun sem leiddi til setningar gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003.

Með bréfi frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) dags. 31. janúar 2007 voru gerðar nokkrar athugasemdir við innleiðingu Íslands á ákvæðum tilskipana 2001/107/EB og 2001/108/EB.

Breytingum vegna þessara athugasemda var lokið í október 2009 og var Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnt það með bréfi, dags. 30. desember 2009.

Tilskipun sem felur í sér breytingar á upprunalegu UCITS-tilskipuninni var sett 2007. Þetta er tilskipun 2007/16/EB sem felur í sér útskýringar á tilteknum skilgreiningum sem notaðar eru í tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Innleiðingu hennar átti að ljúka fyrir 23. mars 2008. Stjórnskipulegum fyrirvara vegna hennar var aflétt með þingsályktun 11. mars 2009 og verða efnisákvæði tilskipunarinnar að fullu innleidd ef frumvarp þetta verður að lögum og er jafnframt gert ráð fyrir setningu reglugerðar til þess að ljúka innleiðingunni. Farin var sú leið að setja hugtaksskilgreiningar úr tilskipun 2007/16/EB í frumvarpið en skilgreiningarákvæði er einnig að finna í 2. gr. gildandi laga, nr. 30/2003. Flest ákvæði tilskipunarinnar verða innleidd með reglugerð sem fær lagastoð í frumvarpinu. Byggist sú leið á innleiðingu Norðmanna á tilskipun 2007/16/EB og fyrirkomulagi gildandi laga nr. 30/2003.

Nú hefur litið dagsins ljós ný tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (2009/65/EC) sem á að taka gildi 1. júlí 2011. Mun umrædd tilskipun leysa hinar fyrrnefndu af hólmi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. gildandi laga nr. 30/2003 kemur fram að lögin gildi um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Hér er lagt til að tekið verði fram að lögin gildi einnig um starfsemi og rekstur fagfjárfestasjóða þar sem lagt er til að lágmarkseftirlit með fagfjárfestasjóðum verði tekið upp.

Jafnframt er lagt til að breyta ákvæðinu um gildissvið laganna þannig að það sé í samræmi við gildissvið UCITS-tilskipunarinnar um sameiginlega fjárfestingu, sbr. 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar um að henni skuli beitt vegna sjóða um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum og/eða öðrum lausafjáreignum sem um getur í 19. gr. tilskipunarinnar. Við setningu gildandi laga var í 1. gr. þeirra tekið upp hugtakið „fjármálagerningur“ í stað „framseljanlegra verðbréfa“ sem var notað í eldri lögum nr. 10/1993 en með þeim lögum var fyrsta UCITS-tilskipunin (85/611/EBE) innleidd í íslenskan rétt. Í 5. tölul. 2. gr. gildandi laga er vísað til skilgreiningar laga um verðbréfaviðskipti um skýringu á hugtakinu „fjármálagerningur“. Í 1. gr. gildandi laga er mælt fyrir um einkarétt verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða til að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum, þ.e. framseljanlegum verðbréfum og öðrum lausafjáreignum, á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Rétt þykir að breyta ákvæðinu til fyrra horfs og leggja þannig áherslu á hugtökin „framseljanleg verðbréf“ og „lausafjáreignir“ enda er það í samræmi við UCITS-tilskipunina og styrkist það sjónarmið enn fremur við innleiðingu á tilskipun 2007/16/EB. Jafnframt er lagt til að í 2. gr. laganna verði hugtakið „framseljanleg verðbréf“ skýrt nánar.

Þar sem hér er um heildarlög að ræða og litlar aðrar breytingar gerðar á 1. gr. laganna þykir samhengisins vegna rétt að rifja upp hluta skýringa við 1. gr. gildandi laga nr. 30/2003 sem varðar skýringu á hugtökum sem beitt er í 1. gr. en að öðru leyti er eftir atvikum vísað til athugasemda með þeim lögum. Með orðalaginu „viðtaka fjár“ er átt við að sjóður sé opinn (e. *open-ended*), þ.e. hann fær nýtt fjármagn með því að selja ný skírteini. Í því felst ekki að sjóður sé með stöðugt útboð í gangi heldur er nægjanlegt að sjóðurinn fái nýtt fjármagn frá fjárfestum með reglulegu millibili og almenningur eigi auðveldan aðgang að bréfum hans.

Með „sameiginlegri fjárfestingu“ í verðbréfum og öðrum eignum er átt við þá starfsemi sjóða að taka við fé frá fjárfestum til að endurfjárfesta. Með „áhættudreifingu“ er átt við að sjóður leitist við með kerfisbundnum hætti að lágmarka áhættu verðbréfasafns síns með því að fjárfesta í fjármálagerningum margra útgefenda samkvæmt viðurkenndum aðferðum (e. *portfolio management*). Slíka starfsemi verður að telja til fjármálastarfsemi. Hins vegar verður ekki talið að eignarhaldsfélög sem hafa það að markmiði að halda utan um ráðandi eignarhluta í félögum stundi áhættudreifingu í þessum skilningi. Með „fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu“ er átt við að sjóður verður að móta sér stefnu um það hvernig ráðstafa skuli fé sem hann veitir viðtöku frá fjárfestum. Fjárfestingarstefnan verður að vera fjárfestum aðgengileg. Ekki er þó hægt að komast undan ákvæðum laga þessara með því að láta hjá líða að kunngera fjárfestingarstefnu, séu önnur skilyrði uppfyllt.

Um 2. gr.

Lagt er til að bæta orðskýringaákvæði laganna verulega þannig að finna megi á einum stað í lögunum skýringar á helstu hugtökum. Í gildandi lögum er í sumum tilvikum að finna skilgreiningar á hugtökum í efnisumfjöllun lagatextans en betur þykir fara á að hafa hugtakaskýringar á einum stað. Vakin er athygli á að í almennum athugasemdum þessa lagafrumvarps er að finna upptalningu á helstu tegundum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem starfræktir eru hér á landi.

Verðbréfasjóði er heimilt að markaðssetja á Evrópska efnahagssvæðinu. Í þessu felst að verðbréfasjóðir hafa Evrópupassa, þ.e. verðbréfasjóður sem hefur fengið starfsleyfi í einu af aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins getur á grundvelli þess markaðssett hlutdeildarskírteini sín í sérhverju hinna ríkjanna án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi stjórnvalda. Verðbréfasjóðir uppfylla öll skilyrði tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS).

Fjárfestingarsjóðir uppfylla ekki tilskipun um sameiginlega fjárfestingu og geta því ekki markaðssett hlutdeildarskírteini sín á Evrópska efnahagssvæðinu án starfsleyfis í viðkomandi ríki. Um markaðssetningu fjárfestingarsjóða í öðru ríki fer því eftir lögum hlutaðeigandi ríkis. Ólíkt verðbréfasjóðum fer innlausn þeirra ekki fram að kröfu hlutdeildarskírteinishafa heldur samkvæmt reglum sjóðsins, sbr. III. kafla. Heitin verðbréfasjóður og fjárfestingarsjóður eiga að endurspegla núverandi hugtakanotkun á fjármálamarkaði. Hugtakið verðbréfasjóður hefur fest sig í sessi hér á landi og stendur fyrir hlutdeild í áhættudreifðu safni verðbréfa sem ávallt eru innleysanleg. Hugtakið fjárfestingarsjóður hefur á undanförnum árum verið notað hér á landi um sjóði sem hafa áhættusamari fjárfestingarstefnu en annað einkenni þeirra er að þeir mega ekki markaðssetja hlutdeildarskírteini sín annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með þessu frumvarpi er lagt til að lögin nái einnig til fagfjárfestasjóða og er lagt til að þeir lúti skráningu og lágmarkseftirliti. Fagfjárfestasjóðir eru sjóðir um sameiginlega fjárfestingu en það sem skilur þá frá verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum er að þeir standa aðeins fagfjárfestum til boða. Almenningi er því ekki heimilt að fjárfesta hjá fagfjárfestasjóði og raunar er óheimilt að markaðssetja og kynna slíka sjóði fyrir almenningi. Fjárfestingarheimildir fagfjárfestasjóða eru enda mun rýmri og reyndar eru engar takmarkanir á þeim. Fjárfesting í fagfjárfestasjóðum er því eðli málsins samkvæmt mun áhættusamari en í þeim sjóðum sem bjóðast almenningi. Það þykir hins vegar ásættanlegt í ljósi þess að ekki getur verið um að ræða almenna neytendavernd gagnvart umræddum fjárfestum, sem eins og nafnið bendir til hafa það að meginstarfa að sérhæfa sig í fjárfestingum. Rekstrarfélag gefur út

hlutdeildarskírteini til þeirra sem fá sjóði fé til ávöxtunar. Skírteinin eru innleysanleg að kröfu eigenda af eignum sjóðsins. Um innlausn hlutdeildarskírteina fer skv. II. kafla E, þ.e. 27.–29. gr. Rekstrarfélag er fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Í þessum lögum er hugtakið stytt í rekstrarfélag. Rekstrarfélagi er heimilt að reka sjóði um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögunum. Rekstrarfélag ber ábyrgð á rekstri verðbréfasjóðs og er auk þess sú lögpersóna sem gætir hagsmuna verðbréfasjóðs.

Í gildandi lögum er vísað til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, um skilgreiningu á hugtakinu fjármálagerningur. Í störfum nefndarinnar var horft til laga um verðbréfaviðskipti að því er varðar skilgreiningu á hugtakinu verðbréf og fjallað um hvort beita mætti sömu hugtaksskýringu og þar er að finna. Í greininni er mælt fyrir um einkarétt verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða til að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum, þ.e. framseljanlegum verðbréfum og öðrum lausafjáreignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Rétt þykir að breyta orðalagi ákvæðisins til fyrra horfs, þ.e. eins og það var orðað í lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði. Með tilskipun 2007/16/EB, sem felur í sér breytingar á upprunalegu UCITS-tilskipuninni, nr. 85/611/EB, eru sett fram sjónarmið sem eiga að auðvelda aðildarríkjunum að þróa sameiginlegan skilning á því hvort tiltekinn eignaflokkur sé hæfur til fjárfestingar fyrir verðbréfasjóð. Niðurstaða nefndarinnar var sú að leggja til að taka upp í 2. gr. laganna skilgreiningu á hugtakinu „framseljanleg verðbréf“ eins og það er skýrt í tilskipun um sameiginlega fjárfestingu með síðari breytingum. Lög um verðbréfaviðskipti og lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði byggjast á sitthvorri tilskipuninni, annars vegar MiFID-tilskipuninni, sem er innleidd með lögum um verðbréfaviðskipti, og hins vegar UCITS-tilskipuninni, sem er innleidd með lögum um verðbréfasjóði. Skilgreining þessara tilskipana á hugtakinu verðbréf er ólík að því leyti að skilgreining UCITS-tilskipunarinnar er tæmandi (framseljanleg verðbréf) og þrengri en skilgreining MiFID-tilskipunarinnar (verðbréf). Nefndin taldi, að vel athuguðu máli og þrátt fyrir að sterk rök hnígi til þess að sömu hugtök séu skilgreind á sama hátt í lögum, að það væri engu að síður rétt að fylgja skilgreiningu UCITS-tilskipunarinnar. Er þessi niðurstaða samhljóða þeirri leið sem farin var við innleiðingu tilskipunarinnar í Noregi. Verði frumvarpið samþykkt að þessu leyti verður því að finna í 2. gr. laganna tæmandi talningu á því hvaða verðbréf falli undir flokkinn framseljanleg verðbréf og séu þar með hæfur fjárfestingarkostur fyrir verðbréfasjóði.

Lagt er til að í 8. tölul. verði skilgreining á peningamarkaðsskjölum en hingað til hefur slíka hugtaksskilgreiningu ekki verið að finna í lögum þrátt fyrir að vísað sé til peningamarkaðsskjala í 30. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Stuðst er við skilgreiningu hugtaksins eins hún kemur fram í lögum um verðbréfaviðskipti, þ.e. að um sé að ræða þá flokka gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði, svo sem ríkisvíxla, innlánsskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum. Með greiðsluskjölum er m.a. átt við ávísanir, víxla og önnur sambærileg greiðsluskjöl, sbr. a-lið 7. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Að auki skulu peningamarkaðsskjöl í þessum skilningi uppfylla skilyrði UCITS-tilskipunarinnar um að gerningarnir séu auðseljanlegir og líftími þeirra ekki lengri en 397 dagar. Með auðseljanlegum gerningum er átt við að almennt sé álitið að skjölin seljist á skömmum tíma og með litlum tilkostnaði fyrir seljanda, í frumtexta tilskipunarinnar er þetta orðað sem „financial instruments which can be sold at limited cost in an adequately short time frame“. Líftími telst vera tíminn frá kaupdegi til gjalddaga. Í greininni er tekið fram að viðskipti með peningamarkaðsskjöl fari venjulega fram á peningamarkaði. Það er því ekki útilokað að viðskipti með peninga-

markaðsskjöl fari fram á skipulegum verðbréfamarkaði, uppfylli peningamarkaðsskjalið önnur skilyrði laganna.

Hlutdeildarskírteini er ein tegund fjármálagerninga samkvæmt lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, og vísast til frumvarps til þeirra laga um skýringu á hugtakinu.

Í 10. og 11. tölul. er bætt við skýringum á hugtökunum „fagfjárfestir“ og „almenningur“. Ekki er farin sú leið að að setja sérstakan mælikvarða um stærð ákveðinna viðskipta til þess að segja til um hvort um fagfjárfesti sé ræða, heldur er vísað til laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, að þessu leyti. Hins vegar er ljóst að með þeirri starfsemi verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða að taka við fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar felst að verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði er ekki heimilt að setja reglur eða skilyrði um lágmark fjárfestingar. Til skýringar má nefna að verðbréfasjóði væri ekki heimilt að gera það að skilyrði viðtöku fjár frá einstaklingi að fjárfesting hans næmi að lágmarki 3 millj. kr. Óheimilt er því að setja einhvers konar lágmörk á fjárfestingar almennings í verðbréfasjóði, enda færi slíkt gegn hugmyndafræði UCITS-sjóða. Litið er svo á að viðurkenndur gagnaðili falli undir undirskilgreininguna á fagfjárfesti eins og lesa má út frá lögum um verðbréfaviðskipti. Það er því ljóst að „viðurkenndum gagnaðilum“ er heimilt að fjárfesta í fagfjárfestasjóðum.

Í 12. og 13. tölul. 2. gr. er að finna skilgreiningu á hugtökunum „reiðufé“ og „innlán“. Borið hefur á misskilningi á hugtökunum þar sem talið hefur verið að um sama hlut sé að ræða. Með skilgreiningu á reiðufé er ætlað að bæta úr þessum misskilningi. Skilgreiningin er að hluta til neikvæð þar sem skýrt er tekið fram að reiðufé teljist ekki til innlána og sé ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðs.

Að lokum er að finna í 14. og 15. tölul. útskýringar á tveimur hugtökum sem koma oft fyrir í lögunum. Annars vegar er um að ræða hugtakið „markaðssetning“ en með því er m.a. átt við hvers konar tilboð eða hvatningu, með auglýsingum eða annarri kynningu, um kaup á hlutdeildarskírteinum eða hlutum í verðbréfasjóði eða öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Þessa skilgreiningu var áður að finna í 13. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Með tilliti til þess að verið er að stórbæta orðskýringaákvæði laganna þótt eðlilegt að hafa slík ákvæði öll staðsett á sama stað. Hins vegar er um að ræða hugtakið „staðfesting“. Með staðfestingu verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðs er átt við heimild Fjármálaeftirlitsins til handa rekstrarfélagi til að starfrækja verðbréfa- eða fjárfestingarsjóð. Það orðalag er notað í frumvarpi þessu og gildandi lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði að slíkir sjóðir sem gefa út hlutdeildarskírteini fá svokallaða staðfestingu Fjármálaeftirlitsins en ekki starfsleyfi. Ástæðan fyrir þessari hugtakanotkun er sú að verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutdeildarskírteini eru ekki lögaðilar heldur stofnaðir og reknir af rekstrarfélögum sem eru með starfsleyfi og hafa farið í gegnum umfangsmikinn starfsleyfisferil. Það var því talið eðlilegt að nota hugtakið staðfesting en ekki starfsleyfi um heimildir sjóðanna til þess að hefja starfsemi.

Um 3. gr.

Ákvæði 3. gr. er nánast efnislega óbreytt frá gildandi lögum. Í 2. mgr. er lögð til lítils háttar breyting á ákvæðinu sem felst í því að Fjármálaeftirlitinu er einnig falið að halda skrá yfir fagfjárfestasjóði og jafnframt er tekið fram að hana skuli birta opinberlega en í því felst t.d. birting á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt er lagt til að í lögunum verði sérstakur kafli um fagfjárfestasjóði og að þeir muni lúta lágmarkseftirliti og skráningu hjá Fjármálaeftirlitinu (V. kafli). Ekki er talið að um mjög íþyngjandi ákvæði sé að ræða, þar sem meiri hagsmunir en minni eru fólgnir í því að vitað sé um starfrækslu og starfsemi slíkra sjóða. Að

öðru leyti er vísað til athugasemda við 3. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Um 4. gr.

Í greininni sem samsvarar 5. gr. gildandi laga er fjallað um staðfestingu verðbréfasjóða. Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum staðfestingu. Með staðfestingu er átt við að Fjármálaeftirlitið hafi staðfest að öll gögn sem verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði er skylt að gefa út séu í samræmi við lög, reglur, reglugerðir og önnur gögn sem um sjóðina gilda. Þeir teljast ekki lögaðilar enda stofnaðir og reknir af rekstrarfélagi sem hefur hlotið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki. Verðbréfasjóðum er óheimilt að hefja starfsemi án staðfestingar. Það felur jafnframt í sér að sjóðunum er óheimilt að hefja kynningu eða markaðssetningu, sbr. 17. gr. nema að henni fenginni.

Í 5. mgr. 1. gr. UCITS-tilskipunarinnar um sameiginlega fjárfestingu með síðari breytingum, kemur fram að einstök aðildarríki skuli banna að verðbréfasjóðum (UCITS), sem falla undir tilskipunina, sé breytt í aðrar tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem falli ekki undir tilskipunina. Þetta þýðir m.ö.o. að ekki er heimilt að breyta verðbréfasjóðum (UCITS) í aðrar tegundir sjóða. Í 2. mgr. 5. gr. gildandi laga nr. 30/2003 kemur fram að óheimilt sé að breyta verðbréfasjóðum samkvæmt lögunum í sjóði sem lögin taki ekki til. Lögin taka hins vegar bæði til verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, sbr. 1. gr. laganna. Fjárfestingarsjóðir eru sjóðir sem veita viðtöku fé frá almenningi, líkt og verðbréfasjóðir, en hafa hins vegar ekki svokallaðan Evrópupassa, þ.e. hafa ekki heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu, og falla þar með ekki undir tilskipunina. Því er ljóst að framangreint ákvæði tilskipunarinnar hefur ekki verið innleitt með réttum hætti og miðar breytingin að því að færa ákvæði laganna til samræmis við tilskipunina. Ekki hefur verið mikið um að verðbréfasjóðum hafi verið breytt í fjárfestingarsjóði, en þó er þekkt að það hafi verið gert. Fjármálaeftirlitið hefur ekki talið að sér væri lagalega stætt á að hafna slíkri breytingu þrátt fyrir að um augljósa innleiðingarvillu hafi verið að ræða í lögum nr. 30/2003. Fjármálaeftirlitið hefur því samþykkt slíkt en með þröngum skilyrðum.

Um 5. gr.

Greinin samsvarar 6. gr. gildandi laga og fjallar um umsókn rekstrarfélags um staðfestingu en ákvæðið er efnislega óbreytt. Umsókn um staðfestingu skal vera skrifleg og henni skulu fylgja reglur sjóðsins, útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu, upplýsingar um stjórnendur o.fl. sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Um 6. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar sem samsvarar 7. gr. gildandi laga er fjallað um veitingu staðfestingar sem skal tilkynnt umsækjanda svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir móttöku umsóknar í stað eins mánaðar frests í gildandi lögum. Í 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. er Fjármálaeftirlitinu markaður frestur til eins mánaðar til að tilkynna umsækjanda þegar umsókn telst fullbúin, og er það nýmæli. Í athugasemdum við 7. gr. gildandi laga segir um skýringu ákvæðisins:

„Vakin er athygli á því að það er Fjármálaeftirlitsins að meta hvenær umsókn telst fullbúin. Til að umsækjandi sé ekki í vafa um hversu lengi þurfi að bíða úrlausnar Fjármálaeftirlitsins er til áréttingar tekið fram að tilkynna skuli umsækjandanum um það þegar umsókn telst fullnægjandi með þeim réttaráhrifum að frestur fari að líða.“

Í 2. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli birta tilkynningar um staðfestingu verðbréfasjóða opinberlega. Í gildandi lögum er kveðið á um birtingu í Lögbirtingablaði en telja verður að slík opinber birting geti allt eins orðið með auglýsingu eða birtingu í dagblöðum eða á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins sem komi almenningi jafnvel frekar að gagni þar sem dreifing á Lögbirtingablaði er ekki almenn.

Um 7. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um synjun staðfestingar og tekur 1. mgr. ekki efnislegum breytingum frá samsvarandi ákvæði 8. gr. gildandi laga. Þá er 2. mgr. breytt til samræmis við 6. gr. þannig að Fjármálaeftirlitið skuli rökstyðja synjun staðfestingar og tilkynna umsækjanda innan tveggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar í stað eins mánaðar í gildandi lögum.

Um 8. gr.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á 9. gr. gildandi laga um afturköllun staðfestingar en greinin verður 8. gr. ef frumvarpið verður að lögum. Umræddar breytingar miða að því að skýra nánar þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til þess að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að afturkalla staðfestingu verðbréfasjóðs.

Í 2. tölul. 1. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að afturkalla staðfestingu verðbréfasjóðs ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir staðfestingu. Litið er svo á að slíkt úrræði sé mun vægara gagnvart rekstrarfélögunum en ef bíða þyrfti þess að ítrekað hefði verið brotið gegn lögunum eins og áskilið er í 1. tölul. Þetta heimildarákvæði er að finna í c-lið 5. mgr. 5. gr. a tilskipunar 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu, eins og henni var breytt með tilskipun 2001/107/EB. Sú röksemd sem liggur að baki þessari tillögu varð greinileg í kjölfar bankahrunsins í október 2008. Þá kom í ljós að forsendur fyrir rekstri verðbréfasjóða er líktu eftir OMXI-15 vísitölunni (úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands) voru brostnar. Samkvæmt núgildandi lögum hefði eingöngu verið mögulegt að afturkalla staðfestingu slíkra sjóða með því að beita 1. tölul. ákvæðisins sem er hins vegar mjög íþyngjandi fyrir rekstrarfélög verðbréfasjóða. Þessu ákvæði er því ætlað að veita heimild til afturköllunar án þess að lög, reglur, samþykktir eða annað hafi verið brotið.

Í 3. tölul. 1. mgr. núgildandi laga sem breytist í 4. tölul. 1. mgr. ef frumvarpið verður að lögum, er bætt við orðunum „eftir að markaðssetning hófst“ þannig að ljóst sé að sjóðurinn þurfi að hafa náð tiltekinni lágmarksstærð að minnsta kosti þremur mánuðum eftir að markaðssetning hófst. Áður var miðað við tímamarkið þremur mánuðum eftir staðfestingu en ljóst þótti að það væru of ströng skilyrði sem að auki gætu ekki gengið upp með tilliti til orðalags 3. og 4. tölul. Þetta felur í sér að að þremur mánuðum liðnum frá upphafi markaðssetningar skulu umrædd lágmarksskilyrði uppfyllt á hverjum tíma,

Í 5. tölul. 1. mgr. er lagt til að nýr töluliður bætist við þar sem áréttað er að heimild Fjármálaeftirlitsins til þess að afturkalla staðfestingu verðbréfasjóðs sé virk fari sjóðurinn á einhverjum tímapunkti niður fyrir þau stærðarmörk sem tilgreind eru í 4. tölul. Ástæður þessa eru að 3. tölul. núgildandi laga nær aðeins yfir fyrstu þrjá mánuðina sem sjóðurinn er starfræktur, en ekki er tekið á því með beinum hætti hvað skuli gera eftir þann tíma ef sjóðurinn fer niður fyrir tilskilin lágmörk.

Ekki eru lagðar til miklar breytingar á 2. mgr. en þar er kveðið á um að afturköllunarúrræði 1. mgr. verði ekki beitt án þess að rekstrarfélagi hafi fyrst gefist færi á að færa starfsemi sína í löglegt horf. Þó kunna að vera fyrir hendi þær aðstæður að frestur gæti leitt til

tjóns t.d. fyrir viðskiptamenn fyrirtækisins og getur því ekki verið um fortakslausan rétt rekstrarfélags að ræða hvað þetta snertir. Hefur því tilvísun til 1. tölul. verið felld niður þar sem ekki þykir ástæða til að veita hæfilegan frest til úrbóta þegar fyrirtæki hefur brotið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögunum.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um tilkynningu um afturköllun og samsvarar hún 10. gr. gildandi laga. Í 3. málsl. er lagfærð röng hugtakanotkun í gildandi lögum. Í stað þess að fjalla um starfrækslu útibús verðbréfasjóðs í öðru aðildarríki er réttara að nota orðalagið markaðssetning verðbréfasjóðs. Ástæðan er sú að verðbréfasjóðir stofna ekki útibú heldur eru þeir sjóðir markaðssettir. Ákvæðið tekur við þessar breytingar ekki efnislegum breytingum og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu segir að verðbréfasjóðum sé einum heimilt að nota hugtakið „verðbréfasjóður“ í heiti sínu. Þetta ákvæði tekur ekki efnislegum breytingum og vísast til athugasemda við 11. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um reglur verðbréfasjóðs sem rekstrarfélag setur. Þetta ákvæði samsvarar 12. gr. gildandi laga.

Lagt er til að bæta við nýrri 2. mgr. þar sem ráðherra er heimilað að setja reglugerð sem kveði nánar á um afmörkun á fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs. Dæmi eru um að sjóðir lýsi fjárfestingarstefnu sinni á þann veg að þeim sé heimilt að fjárfesta 0–100% í tilteknum eignaflokki, sem verður að teljast ófullnægjandi upplýsingagjöf. Þegar svo rúm heimild til fjárfestinga er til staðar vegna fleiri en eins eignaflokks er vart hægt að tala um eiginlega fjárfestingarstefnu. Nefndin hafði við samningu frumvarpsins velt fyrir sér að lögfesta ákveðnar skorður á fjárfestingarstefnu sjóðanna, t.d. á þann veg að munur á efri og neðri mörkum heimildar sjóðs til að fjárfesta í tilteknum eignaflokki skyldi ekki vera meiri en 40%. Samdóma álit nefndarinnar var að lögfesting slíks ákvæðis gæti orðið of íþyngjandi og væri því eðlilegra að veita ráðherra umrædda reglugerðarheimild. Ráðherra gæti þá jafnframt sett önnur skilyrði til lýsingar á fjárfestingarstefnu en að takmarka mun á efri og neðri mörkum stefnunnar. Auk þess felur reglugerðarheimildin í sér að kveða megi á um upplýsingagjöf til viðskiptavina í tengslum við fjárfestingar, t.d. um stærð fjárfestinga í tengdum aðilum o.fl. Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á 2. mgr. sem breytist í 3. mgr. verði frumvarpið að lögum en orðalagi er breytt lítillega til þess að auka skýrleika greinarinnar. Að lokum er lagt til að við síðari málslið 3. mgr. 11. gr., sem breytist í 4. mgr. verði frumvarpið að lögum, verði bætt við að undanþága Fjármálaeftirlitsins vegna tilkynningar til hlutdeildarskírteinishafa á breytingum á reglum sjóðs skuli vera skrifleg. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að enginn vafi sé á hvort undanþága hafi verið veitt eða ekki.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 12. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003.

Um 12. gr.

Í greininni, sem samsvarar 13. gr. gildandi laga, er fjallað um deildaskiptingu verðbréfasjóða en heimilt er að starfrækja verðbréfasjóð í aðgreindum deildum. Í athugasemdum við

13. gr. gildandi laga segir að flestir íslenskir verðbréfasjóðir séu deildaskiptir. Kveðið er á um að hver sjóðsdeild skuli hafa aðgreindan fjárhag innan rekstrarfélags. Með þessu er hnykkt á þeirri meginreglu, sem almennt hefur verið viðurkennd í starfsemi verðbréfasjóða, að eigendur hlutdeildarskírteina eigi einungis kröfur á þá deild sem þeir hafa átt viðskipti við.

Í 2. mgr. er tiltekið að rekstrarfélög verðbréfasjóða beri ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra verðbréfasjóða eða deilda þeirra og aðeins eignir hvers sjóðs eða deildar standi til fullnustu skuldbindingum viðkomandi sjóðs eða deildar. Ekki er litið svo á að um efnisbreytingu sé að ræða og hefur framkvæmdin verið í samræmi við framangreint. Eiga því eigendur hlutdeildarskírteina einungis kröfu til hlutdeildar í eignum viðkomandi sjóðs eða deildar sem þeir eru eigendur í en geta ekki gert tilkall til eigna rekstrarfélags eða annarra sjóða eða deilda í rekstri rekstrarfélags. Rétt þykir þó að taka af allan vafa í þessu efni, m.a. með hliðsjón af fjárfestingarheimildum fjárfestingarsjóða, en umrætt ákvæði á jafnframt við um fjárfestingarsjóði sbr. 1. mgr. 57. gr. frumvarpsins. Fjárfestingarsjóðir hafa m.a. heimildir til að fjármagna sig með lántökum að tilteknu marki. Ef illa gengur í rekstri slíks sjóðs, eða tiltekinnar deildar, getur það leitt til þess að skuldheimtumenn geri tilkall til eigna sjóðsins/deildarinnar. Með þeirri breytingu sem lögð er til er tekinn af allur vafi um að í slíkum tilvikum ættu skuldheimtumenn, eins og eigendur hlutdeildarskírteina, einungis kröfu til eigna viðkomandi sjóðs/deildar en gætu ekki gengið að eignum rekstrarfélags eða annarra sjóða eða deilda þeirra í rekstri rekstrarfélags. Þetta ákvæði víkur þó ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags hafi starfsmenn þess sýnt af sér saknæma háttsemi og öðrum skilyrðum skaðabótaskyldu er fullnægt.

Um 13. gr.

Fjallað er um sjóðsmyndun í 13. gr. frumvarpsins. Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum frá 14. gr. gildandi laga og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 14. gr.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á hæfisreglum í frumvarpinu. Lagt er til að sú krafa verði gerð til framkvæmdastjóra rekstrarfélaga og sjóðstjóra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða að þeir hafi staðist próf í verðbréfaviðskiptum eða hafi hlotið löggildingu til þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt núgildandi lögum eru ekki gerðar sérstakar hæfiskröfur til sjóðstjóra. Með rekstri verðbréfa- og fjárfestingarsjóða er sýslað með mikla fjármuni almennings og því eðlilegt að gerð sé sú krafa að þeir sem sinna daglegri stýringu sjóða og framkvæmdastjórar rekstrarfélaga hafi nægilega þekkingu og hæfni til að bera.

Í 2. mgr. er kveðið á um að hæfi stjórnenda og sjóðstjóra fari að öðru leyti eftir lögum um fjármálafyrirtæki. Með stjórnendum er átt við þá aðila sem fara með daglegan rekstur rekstrarfélags verðbréfasjóða, þ.e. framkvæmdastjóra. Í ákvæðinu er vísað til ákvæða laga um fjármálafyrirtæki er varða hæfisskilyrði en þar kemur fram sú krafa að framkvæmdastjórar séu lögráða, megi ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Eðlilegt þykir að sama krafa sé gerð til sjóðstjóra þar sem þeir sýsla daglega með fjármuni almennings.

Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu sjóðstjórar og framkvæmdastjóri búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir

mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið. Verði þetta ákvæði að lögum er rétt að veita þeim aðilum sem hafa umrædd störf með höndum ákveðinn aðlögunarfrest til þess að afla sér nauðsynlegrar menntunar. Í bráðabirgðaákvæði III er lagt til að sá frestur verði tvö ár frá gildistöku laganna.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði stjórnarmanna rekstrarfélaga. Lagt er til að kveðið verði á um að meiri hluti stjórnarmanna rekstrarfélags skuli vera óháður móðurfélagi og vörslufyrirtæki.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða eru sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem sinna rekstri sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Hér á landi eru ýmist bankar eða verðbréfafyrirtæki eigendur rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Í mörgum tilvikum eru þessir aðilar jafnframt vörslufyrirtæki fyrir sjóði rekstrarfélaga. Vörslufyrirtækjum ber að varðveita eignir verðbréfasjóða auk þess sem þeim er ætlað tiltekið eftirlitshlutverk eins og fram kemur t.d. í 20. gr. laga nr. 30/2003. Í einhverjum tilvikum, en þó ekki öllum, hafa starfsmenn móðurfélags rekstrarfélags skipað að fullu stjórn viðkomandi rekstrarfélags. Með tilliti til kröfu 10. gr. UCITS-tilskipunarinnar um sameiginlega fjárfestingu, um að rekstrarfélög skuli vera óháð í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi, eru lagðar til auknar kröfur til óhæðis rekstrarfélags og stjórnarmanna þess. Lagt er til að auka kröfur til óhæðis rekstrarfélaga annars vegar og móðurfélaga og vörslufyrirtækja hins vegar á þann veg að tilteknum starfsmönnum móðurfélags og vörslufyrirtækis er ekki heimilt að sitja í stjórn rekstrarfélags, auk þess sem sú krafa er gerð að meiri hluti stjórnarmanna rekstrarfélags sé ekki í tilteknum tengslum við móðurfélag eða vörslufyrirtæki. Þessu ákvæði er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem upp geta komið og auka trúverðugleika rekstrarfélaganna.

Litið var svo á að í ljósi þess fámennis og tengsla sem eru óhjákvæmileg hér á landi, einkum vegna smæðar þjóðarinnar, yrði að ganga lengra í óhæðisskilyrðum stjórna rekstrarfélaga en almennt um fjármálafyrirtæki enda augljóst að mikil tengsl eru algeng á milli rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja og/eða móðurfyrirtækja. Sem dæmi má nefna, eins og algengt er, að framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs móðurfélags rekstrarfélags sitji í stjórn rekstrarfélagsins. Slíkt getur valdið hagsmunaárekstrum þar sem framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs teldist án efa lykilstarfsmaður annars fjármálafyrirtækis sem sinnir að hluta til sömu verkefnum og rekstrarfélagið. Seta hlutaðeigandi í stjórn rekstrarfélagsins væri til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum á þann veg að hann gæti, sem stjórnarmaður, fengið upplýsingar sem eiga leynt að fara og ekki berast á milli tveggja fjármálafyrirtækja. Þetta getur sérstaklega átt við þegar félögin sinna sömu starfsemi og eru þannig samkeppnisaðilar. Hér getur m.a. verið um fjárhagslegar og viðskiptalegar upplýsingar að ræða, bæði að því er varðar rekstrarfélagið sjálft og viðskiptamenn sem jafnframt eru samkeppnisaðilar móðurfélagsins. Í dæmi sem þessu gæti seta framkvæmdastjóra eignastýringarsviðs móðurfélags í stjórn rekstrarfélagsins skaðað orðspor og trúverðugleika félagsins út á við sem fæli þar með í sér brot gegn 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Tilgangur þessa ákvæðis er einnig að koma í veg fyrir að stjórn fjármálafyrirtækis verði óstarfhæf vegna vanhæfis. Í 2. mgr. 55. gr. laga um fjármálafyrirtæki kemur fram að stjórnarmenn teljist vanhæfir til að taka þátt í meðferð máls ef mál varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra

hagsmuna að gæta í eða viðskipti samkeppnisaðila framangreindra aðila. Í skýringum með þessu ákvæði segir að það styðst við þau augljósu rök að tengsl stjórnarmanns við t.d. fyrirtæki geta leitt til þess að hann geti ekki litið hlutlausum augum á viðskiptaerindi frá keppinaut þess og á hinn bóginn kann þátttaka stjórnarmanns í meðferð máls að leiða til þess að hann komist yfir upplýsingar varðandi viðkvæma samkeppnis- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækis sem á í samkeppni við aðila sem honum er tengdur.

Rekstrarfélögum verðbréfasjóða er eins og fram kemur í 2. mgr. ætlað að vera óháð í störfum sínum og hafa ætíð hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Til þess að rekstrarfélag geti uppfyllt ýtrustu kröfur um óhæði er nauðsynlegt að stjórn þess sé óháð félaginu sjálfu og stórum hluthöfum. Telja verður líkur á að stjórn sem er óháð félaginu sjálfu eða móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki, sé betur til þess fallin að gæta hagsmuna félagsins og þá einnig hlutdeildarskírteinishafa. Að öðrum kosti gæti skapast sú áhætta að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa væru ekki fyllilega tryggðir. Komi sú aðstaða upp, færi það gegn áskilnaði 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í athugasemdum við 19. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, segir að við skýringu á því hvað felst í hugtökunum eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur verði bæði litið til fyrirmæla sem leiðir af settum lögum, reglugerðum, reglum og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins auk almennari siðareglna. Ígildi siðareglna hafa verið settar fyrir fyrirtæki en hér er átt við Stjórnarhætti fyrirtækja (e. *corporate governance*) sem eru útgefnar af Kauphöll Íslands, Viðskiptaráði Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Verður að telja að hliðsjón megi hafa af framangreindum reglum þegar metið er hvað teljist vera heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir, en þar kemur fram að stjórnarmaður teljist ekki óháður félagi ef hann er eða hefur verið starfsmaður fyrirtækisins eða fyrirtækjasamsteypunnar undanfarin 3 ár.

Með lykilstarfsmanni í 2. málsl. 1. mgr. er átt við bankastjóra, framkvæmdastjóra og aðra aðila sem bera ábyrgð á sviðum innan fjármálafyrirtækis þar sem upp geta komið hagsmunaárekstrar ef viðkomandi aðilar tækju sæti í stjórn rekstrarfélags.

Í 10. gr. UCITS-tilskipunarinnar kemur fram að rekstrarfélög og vörslufyrirtæki skuli vera óháð í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Misjafnt er hvernig einstök aðildarríki EES hafa innleitt ákvæðið en sum ríki hafa lögfest ítarlegri ákvæði en það sem hér er lagt til. Þannig er t.d. sambærilegt ákvæði í dönskum lögum um verðbréfasjóði, en þó þannig að gerð er krafa um að meira en helmingur stjórnarmanna rekstrarfélags skuli vera óháður móðurfélagi og vörslufyrirtæki. Í Bretlandi er gengið enn lengra og er þar í landi t.d. óheimilt að hafa bæði eigna- og stjórnunartengsl á milli rekstrarfélaga og móðurfélaga og vörslufyrirtækja. Í Finnlandi er gerð sú krafa að þriðjungur stjórnarmanna rekstrarfélags skuli vera kjörinn af eigendum hlutdeildarskírteina. Þess má jafnframt geta að í Bandaríkjunum hefur sú regla verið sett að meira en helmingur stjórnarmanna skuli vera óháður. Í mörgum ríkjum er þó látið nægja að kveða á um sérstakar innri eftirlitsreglur sem eiga að tryggja að hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina séu ekki fyrir borð bornir.

Um 16. gr.

Ákvæðið lýtur að málshöfðunarrétti rekstrarfélags fyrir hönd einstakra eigenda hlutdeildarskírteina og eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á því.

Lagt er til það nýmæli í 2. mgr. að taka fram að rekstrarfélag beri ábyrgð á rekstri verðbréfasjóða og sjóðsdeilda og komi fram fyrir þeirra hönd. Hér er í raun um að ræða speglun á ákvæði 1. mgr. Ekki er um að ræða breytingu á framkvæmd, það hefur ekki leikið vafi á því að rekstrarfélag komi fram fyrir hönd sjóða sinna en talið var rétt að bæta ákvæðinu við til þess að taka af allan vafa.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um rekstur verðbréfasjóða. Lagt er til að bætt verði við nýjum tölulið, 3. tölul., þar sem kveðið verði á um að rekstur verðbréfasjóða felist m.a. í áhættustýringu, en þetta er einmitt eitt af meginverkefnum rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Að öðru leyti eru ekki gerðar tillögur um efnislegar breytingar á ákvæðinu sem byggist á 5. gr. UCITS-tilskipunarinnar með síðari breytingum. Auk þess er orðalagi e-liðar breytt lítillega þar sem fram kemur að verkefni rekstrarfélags sé m.a. að halda og uppfæra skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina. Ekki er um efnisbreytingu að ræða en orðalaginu breytt til þess að auka skýrleika ákvæðisins.

Um 18. gr.

Rekstrarfélögum er að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heimilt að útvista verkefnum sínum. Í 18. gr. frumvarpsins er fjallað um útvistun rekstrarfélaga. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 1. mgr. þar sem fjallað er um heimild rekstrarfélags til útvistunar verkefna. Í 5. gr. g. UCITS-tilskipunarinnar kemur fram að aðildarríki er heimilt (en ekki skylt) að veita rekstrarfélögum verðbréfasjóða heimild til að útvista tilteknum verkefnum. Af orðalagi 1. mgr. gildandi laga má ráða að sú staða geti komið upp að rekstrarfélag útvisti öllum verkefnum nema þeim sem koma fram í 3. tölul., þ.e. markaðssetningu. Það felur í raun í sér að rekstrarfélag sinni eingöngu markaðssetningu á sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Í slíkum tilvikum má spyrja hver reki viðkomandi sjóði í raun. Aftur á móti verður að líta svo á að hæpið sé að setja bann við útvistun verkefna, t.d. með tilliti til þess hversu langt eigi að ganga og hvernig fara eigi með eftirlit með því, sem óhjákvæmilega verður matskennt. Markmið þeirra tillagna sem nú eru lagðar til miða að því að ekki verði mögulegt að stofna og starfrækja rekstrarfélag verðbréfasjóða sem „skúffufyrirtæki“, þ.e. fyrirtæki þar sem takmörkuð eða engin raunveruleg starfsemi á sér stað. Lagt er til að heimilt verði að útvista verkefnum þeim sem talin eru upp í 17. gr. Þó verði aldrei heimilt að útvista þeim öllum og tiltekið er að meiri hluta verkefna skv. 1. tölul. 17. gr. skuli sinnt innan rekstrarfélags. Í því sambandi er miðað við fjölda sjóða en ekki veltu. Í ákvæðinu er skýr reglugerðarheimild og þar mætti koma að nánari sjónarmiðum um útvistun verkefna.

Um 19. gr.

Í greininni segir að rekstrarfélag skuli starfrækja verðbréfasjóð í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Sambærilegt ákvæði er að finna í 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Í athugasemdum við það ákvæði segir: „Ákvæði þetta er nýmæli, en skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skal Fjármálaeftirlitið m.a. fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Við skýringu á því hvað felst í hugtökunum eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur verður bæði litið til fyrirmæla sem leiðir af settum lögum, t.d. 11. gr. tilskipunar 93/22/EB um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, og eins almenn-

ari siðareglna og viðtekinna venja í fjármálastarfsemi eða einstökum undirgreinum hennar. Þá geta ákvæði reglugerða og reglur og tilmæli Fjármálaeftirlitsins veitt leiðbeiningu“.

Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á ákvæðinu, það er matskennt og í raun verður aldrei með tæmandi hætti talið hvað fellur undir góða viðskiptahætti og venjur. Þó verður að telja að sé brotið gegn einhverju eftirtalinna atriða, þá hafi verið brotið gegn ákvæði er varðar góðar venjur og viðskiptahætti:

- Fyrirmælum í lögum (sérstaklega ákvæðum sem fela ekki í sér refsikennd viðurlög).
- Almennum siðareglum sem um starfsemina gilda.
- Venjum sem myndast hafa.
- Ákvæðum reglugerða.
- Ákvæðum reglna.
- Leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins.

Þetta þarf þó ekki að vera tæmandi talning þar sem upp geta komið atvik sem ekki hefur verið kveðið á um í framangreindum fyrirmælum en teljast þrátt fyrir það ekki vera góðir viðskiptahættir. Það mun því að einhverju leyti koma í hlut dómstóla að túlka ákvæðið.

Um 20. gr.

Efnislegar breytingar eru ekki lagðar til á 20. gr. þar sem fjallað er um starfsemi vörslufyrirtækis. Þó er lagt til fellt verði niður orðið „fjármálagerninga“ í 1. mgr. og nota orðið „eigna“ í staðinn þar sem lagt er til í 1. gr. frumvarpsins að nota ekki hugtakið „fjármálagerningur“. Í athugasemdum við 20. gr. gildandi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, segir um 20. gr.:

„Engar breytingar verða á stöðu vörslufyrirtækis samkvæmt frumvarpinu. Rekstrarfélag þarf að gera samning við vörslufyrirtæki um vörslu eigna verðbréfasjóðs. Með aðskilnaði á milli daglegs reksturs verðbréfasjóða annars vegar og umsjár með þeim eignum sem sjóðurinn hefur fjárfest í hins vegar er stefnt að frekari vernd fyrir eigendur hlutdeildarskírteina. Vörslufyrirtæki er ætlað að stuðla að því að fjármunir séu fjárfestir með lögmætum hætti í samræmi við ákvæði laga og reglna verðbréfasjóða og farið sé að fyrirmælum rekstrarfélags um ráðstöfun eignanna nema þau séu andstæð lögum eða samþykktum. Í samræmi við þetta ber vörslufyrirtæki einnig að fylgjast með því að sala hlutdeildarskírteina, innlausn þeirra og útreikningur á innlausnarvirði fari fram í samræmi við ákvæði laga og reglna sjóðsins. Vakin skal athygli á því að í tölul. 1.–2. og 4.–5. er notuð sögnin „að tryggja“ í staðinn fyrir „að sjá um“, sbr. 1. mgr. 14. gr. gildandi laga [nr. 10/1993]. Þykir það fara nær ákvæði tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu um þetta efni.“

Um 21. gr.

Í 21. gr. frumvarpsins er fjallað um viðurkennda aðila, þ.e. þá sem geta starfað sem vörslufyrirtæki. Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum og er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 22. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ábyrgð vörslufyrirtækis gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns. Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum og leiðir af tilskipun um sameiginlega fjárfestingu.

Um 23. gr.

Fjallað er um útgáfu hlutdeildarskírteina í 23. gr. frumvarpsins. Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum en orðalagi 2. mgr. er breytt lítillega á þann veg að felld eru niður orðin „verðbréfaeignar sjóðsins“ og í staðinn kemur „eignarhlutdeildar“. Þetta þykir skýra betur þá aðstöðu sem verið er að lýsa í ákvæðinu, þ.e. að þeir sem eigi hlutdeild í verðbréfasjóði eigi rétt til tekna og eigna í hlutfalli við hlutdeild og að hlutdeildarskírteini séu staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að rekstrarfélagi sé ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema eigendur þeirra óski eftir því (hér er átt við útgáfu á pappírsformi). Bætt er við þessa málsgrein þeim áskilnaði að þeir (hlutdeildarskírteinishafar) geti hvenær sem er aflað sér staðfestingar á eignarrétti sínum með öðrum hætti.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda í frumvarpi til gildandi laga nr. 30/2003, um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um hvaða atriði skulu koma fram í hlutdeildarskírteini. Ekki eru lagðar til breytingar á ákvæðinu og vísast um skýringar við athugasemdir við 24. gr. í gildandi lögum nr. 30/2003, um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði.

Um 25. gr.

Rekstrarfélag skal halda skrá yfir hlutdeildarskírteini og er kveðið á um það í 25. gr. laganna. Ákvæðið er tekið óbreytt upp í frumvarpinu og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 26. gr.

Í 26. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að hlutdeildarskírteini verði einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Seinni málsliður greinarinnar er felldur brott þar sem hann á aðeins við um hlutafélagssjóði.

Um 27. gr.

Fjallað er um innlausnarskyldu verðbréfasjóðs í 27. gr. Ákvæðið byggist á 37. gr. UCITS-tilskipunarinnar um sameiginlega fjárfestingu. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og var tekið efnislega óbreytt upp í frumvarp til gildandi laga nr. 30/2003, sagði um innlausnarskylduna: „Komi til frestunar samkvæmt ákvæðinu skal hún vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Ákvæðið er undantekning frá meginreglu frumvarpsins um innlausn að kröfu eigenda hlutdeildarskírteina og ber að túlka þannig að til frestunar á innlausn geti eingöngu komið mæli sérstakar aðstæður með því með tilliti til hagsmuna eigenda skírteinanna, enda sé verðbréfasjóður ófær um að uppfylla skyldur sínar til innlausnar. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti verðbréfasjóður staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem tekið gæti einhvern tíma. Líta ber á heimildir til frestunar á innlausn sem tímabundnar og skulu samþykktir hafa að geyma nánari ákvæði um slíkar heimildir.“

Nefndin telur rétt í ljósi þeirra atburða sem dundu yfir íslenskt fjármálalíf haustið 2008 að leggja til nokkrar breytingar á þessari grein. Áréttað er í 2. mgr. 27. gr. að frestun á innlausn skuli ekki standa lengur en nauðsyn krefur. Jafnframt er lagt til að bætt verði við nýrri

málsgrein, 4. mgr., er varðar hvenær frestun á innlausn tekur gildi, þ.e. þegar Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning rekstrarfélags þess efnis. Í október 2008 frestuðu rekstrarfélög verðbréfasjóða innlausn á mörgum sjóðum en upp komu álitamál er vörðuðu hvenær frestun á innlausn tók gildi og þykir því rétt að taka af öll tvímæli um það.

Einnig er lagt til að bæta við nýrri 5. mgr. er varðar tilkynningar um opnun sjóða þegar frestun innlausnar lýkur. Ástæða þess er að eftir bankahrunið í október 2008 var innlausn margra sjóða frestað í lengri eða skemmri tíma. Dæmi voru um að innlausn væri frestað í rúma þrjá mánuði og voru hlutdeildarskírteinishafar því margir hættir að fylgjast með tilkynningum sem birtust á heimasíðum rekstrarfélaganna eða heimasíðum bankanna. Ákvæðið felur því í sér aukna neytendavernd. Í 5. mgr. er jafnframt mælt fyrir um skriflega tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa standi frestun lengur en fjórar vikur samfellt. Ekki er talið mögulegt að lögfesta einhvers konar tímamark birtingar tilkynningar en lögð er áhersla á að hlutdeildarskírteinishöfum verði tilkynnt um opnun sjóða svo fljótt sem auðið er. Vekja má athygli á því að panta má innlausn þótt viðkomandi sjóður sé lokaður. Þegar sjóðurinn opnar eru innkomnar pantanir afgreiddar fyrst. Tilkynning skal vera bréfleiðis eða með sambærilegum hætti. Það er einnig hugsanlegt að senda hlutdeildarskírteinishöfum upplýsingarnar með tölvupósti haldi sjóðurinn uppfærða netfangaskrá. Telja verður að birting í heimabanka hlutdeildarskírteinishafa geti ekki jafngilt bréflegri tilkynningu.

Um 28. gr.

Um útreikning innlausnarvirðis er fjallað í 28. gr. frumvarpsins. Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum frá gildandi lögum. Lagt er til að færa 2. mgr. 40. gr. gildandi laga og staðsetja það frekar sem 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins. Í málsgreininni er kveðið á um heimildir verðbréfasjóðs til töku skammtímalána en þau eru aðeins heimil til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Betur þykir fara að staðsetja ákvæðið í þeim kafla laganna er lýtur að innlausn hlutdeildarskírteina.

Um 29. gr.

Í greininni er fjallað um auglýsingu innlausnarvirðis og tekur þetta ákvæði ekki efnislegum breytingum frá gildandi lögum.

Um 30. gr.

Fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða í fjármálagerningum og innlánum er lýst í 30. gr. Hér eru ákvæði 19. gr. UCITS-tilskipunarinnar innleidd í íslenskan rétt. Þau takmarka fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða ekki við markaði á Evrópska efnahagssvæðinu (eins og MiFID-tilskipunin gerir) heldur er þvert á móti mælt fyrir um heimild slíkra sjóða til að fjárfesta í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í ríki utan bandalagsins eða ganga kaupum og sölum í ríki utan þess á öðrum markaði sem lýtur eftirliti, starfar á reglubundinn hátt, er viðurkenndur og opinn almenningi enda hafi lögbær yfirvöld samþykkt verðbréfaþingið eða markaðinn eða gert er ráð fyrir honum í lögum, reglum eða samþykktum sjóðsins.

Til þess að undirstrika að fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skuli vera í seljanlegum gerningum er lagt til að taka upp í 1. mgr. 30. gr. laganna áskilnað um að verðbréfasjóði sé einungis heimilt að binda fé sitt í *framseljanlegum verðbréfum*, sem eru nánar talin upp í 1.–7. tölul. 30. gr. Í UCITS-tilskipuninni er gerð krafa um seljanleika bæði með tilliti til verðbréfa, peningamarkaðsskjala og fjármálaafleiðna. Jafnframt er gert ráð fyrir að í 30. gr.

laganna sé um að ræða tæmandi talningu á þeim fjármálagerningum sem verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði er heimilt að fjárfesta í.

Rétt er að vekja athygli á því að með 7. gr. laga nr. 96/2008, um breytingar á lögum er varða verðbréfaviðskipti, voru gerðar breytingar til leiðréttingar á 1. tölul. 30. gr. Í ákvæðinu var vísað til skilgreiningar á skipulegum verðbréfamarkaði í lögum um verðbréfaviðskipti. Eftir gildistöku laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, og laga nr. 110/2007, um kauphallir, er skilgreining á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt þessum lögum orðin mun þrengri en áður, þannig að hún tekur eingöngu til skipulegra verðbréfamarkaða innan Evrópska efnahagssvæðisins og þar af leiddi að verðbréfasjóðum var ekki heimilt að eiga viðskipti á mörkuðum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta stangaðist á við efni UCITS-tilskipunarinnar nr. 85/611/EBE með áorðnum breytingum og því um að ræða ákveðin mistök við lagasetningu. Með 7. gr. laga nr. 96/2008, um breytingar á lögum er varða verðbréfaviðskipti, var bætt úr þessu og ákvæði a–c-liða 1. mgr. 19. gr. UCITS-tilskipunarinnar var innleitt í 1. tölul. 30. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Umrædd ákvæði tilskipunarinnar takmarka fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða ekki við markaði á Evrópska efnahagssvæðinu. Í c-lið 1. mgr. 19. gr. er þvert á móti mælt fyrir um heimild slíkra sjóða til að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í ríki utan bandalagsins eða ganga kaupum og sölum í ríki utan þess á öðrum markaði sem lýtur eftirliti, starfar á reglubundinn hátt, er viðurkenndur og opinn almenningi enda hafi lögbær yfirvöld samþykkt verðbréfaþingið eða markaðinn eða gert er ráð fyrir honum í lögum, reglum eða samþykktum sjóðsins. Við setningu laga nr. 108/2007 og laga nr. 110/2007 stóð ekki til að takmarka fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða með framangreindum hætti. Samhengisins vegna þótti rétt að skýra þetta en ekki eru lagðar til breytingar á 1. tölul. að öðru leyti en því að skýring á peningamarkaðsskjölum er felld niður enda er hugtaksskýringu að finna í orðskýringum í 2. gr. frumvarpsins.

Við setningu gildandi laga 30/2003 láðist að innleiða það orðalag sem nú er bætt við í 3. tölul. 30. gr. laga nr. 30/2003 og kemur fram í 2. undirlið e-liðar 19. gr. tilskipunar 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu. Þar segir að vernd eigenda skírteina sé tryggð með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu. Var úr þessu bætt í 10. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Litið er svo á að það fari betur að hafa setninguna í heild sinni í lagatextanum einkum vegna heildarsamræmis. Ekki er um efnislega breytingu frá ákvæði reglugerðarinnar að ræða en í ákvæðinu felst m.a. að verðbréfasjóðum er heimilt, auk þess að fjárfesta í öðrum verðbréfasjóðum (UCITS), að fjárfesta í öðrum tegundum sjóða enda hafi eigendur hlutdeildarskírteina í þeim rétt til innlausnar að kröfu þeirra, að eignir sjóðs séu faldar vörslufyrirtæki til varðveislu og að ekki gildi frjálslegri fjárfestingarheimildir í slíkum sjóðum varðandi lán, lántökur og skortsölu. Tilgangur þessa ákvæðis er að koma í veg fyrir að verðbréfasjóðir geti farið óbeint út fyrir leyfilegar fjárfestingarheimildir tilskipunarinnar og laganna með fjárfestingum í sjóðum sem hafa frjálslegri og þar með áhættumeiri fjárfestingarheimildir.

Einnig er lagt til að ákvæði 5. tölul. 1. mgr. verði breytt þannig að fyrri málsliður töluliðarins verði svohljóðandi: „Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu 1. tölul. 30. gr.“ Í gildandi lögum er vísað til skilgreiningar í lögum um verðbréfaviðskipti en það þykir fara betur að vísa til þeirrar skilgreiningar sem fram kemur í lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Þegar rætt er um viðmið afleiðna er átt við

það sem nefnt hefur verið á ensku „underlying assets“. Í seinni málslið töluliðarins felst að ekki megi fjárfesta í afleiðum nema þær tengist þeim fjárfestingarheimildum sem um getur í 30. gr. (þ.e. að þær tengist t.d. skuldabréfum, hlutabréfum eða þvíumlíku). Auk þess er heimilt að fjárfesta í afleiðum sem tengjast verðbréfavísitölum, vöxtum og erlendum gjaldmiðlum.

Að lokum er lagt til að bæta við orðunum: „með áreiðanlegum hætti“ í 6. tölul. Með því er lögð meiri áhersla á það að óskráðar afleiður skuli lúta daglegu og áreiðanlegu verðmati. Ekki er um efnisbreytingu að ræða heldur er ákvæðið nánar lagað að ákvæðum UCITS-tilskipunarinnar, nánar tiltekið g-lið 1. mgr. 1. mgr. 19. gr.

Um 31. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að skerpt verði á því að 1. mgr. eigi við um óskráð framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsskjöl en ekki aðra fjármálagerninga. Reglan sem þar kemur fram, og kölluð er 90% reglan, felur í sér að 90% eigna verðbréfasjóðs verða ætíð að vera í skráðum verðbréfum eða öðrum eignum skv. 30. gr. þannig að heimilt er að fjárfesta allt að 10% eigna sjóðsins í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að verðbréfasjóði sé óheimilt að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum (e. *ancillary liquid assets*) á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Hingað til hefur ekki verið ákvæði um þetta í lögum. Það er mikilvægt að verðbréfasjóður sem fær nýtt fé vegna sölu hlutdeildarskírteina eða sölu verðbréfa í eigu sjóðsins eigi möguleika á því að bíða með að fjárfesta eða binda féð í einhvern afmarkaðan tíma ef aðstæður til viðskipta eru ekki heppilegar á þeim tíma. Það væri óheppilegt ef reglur skylduðu sjóðinn til að fjárfesta strax. Að sama skapi er ljóst að það væri andstætt hugmyndafræðinni að baki UCITS-sjóðum ef verðbréfasjóður hefði eignarhald á reiðufé eða auðseljanlegum eignum sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni. Í framkvæmd hefur verið miðað við 10% af eign sjóða í þessu sambandi. Lagt er til að lögfest verði það viðmið að aðeins megi fara yfir 10% mörkin ef það er til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Á síðastliðnu ári hafa þær aðstæður komið upp að fjárfesting í reiðufé, sem almennt er talin ein lakasta fjárfestingin, hefur skilað meiri ávöxtun en aðrir fjárfestingarkostir. Við skýringu þessa ákvæðis þarf þó rekstrarfélagið að sýna fram á að þetta sé besti fjárfestingarkosturinn og þar með til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Í 2. mgr. hefur að auki verið skerpt á þeim mun sem felst í reiðufé og innlánum.

Um 32. gr.

Í þessari grein er fjallað um heimild til yfirtöku eigna sem þátt í fjárfestingum verðbréfasjóðs. Lagt er til að stytta frest til sölu yfirtekinna eigna úr 18 mánuðum í níu mánuði. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framlengja frestinn krefjist hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa þess. Það telst ekki vera hluti af venjubundinni starfsemi sjóða að fara með eignarhald á öðrum eignum en þeim fjármálagerningum sem taldir eru upp í 30. gr. og það er því hlutdeildarskírteinishöfum ekki til hagsbóta að sala slíkra eigna sé dregin. Með styttingu á frestinum er verið að hvetja til að sala eignanna dragist ekki enda er yfirtaka eigna ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Auk þess verður að telja að níu mánuðir séu ríflegur frestur til sölu á fullnustueignum.

Í 2. mgr. er lagt til að breyta orðalagi greinarinnar á þá leið að í stað þess að einskorða bann við fjárfestingum við eðalmálma þá er lögð áhersla á að óheimilt er að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim. Litið er svo á að eðalmálmar teljist til hrávara og

ljóst er að fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða eru tæmandi taldar í 30. gr. frumvarpsins og eru hrávörur og eðalmálmar ekki meðal þeirra. Það þykir því auka skýrleika ákvæðisins að árétta að óheimilt sé að fjárfesta í öllum hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim en ekki eingöngu tiltaka eðalmálma.

Um 33. gr.

Rekstrarfélögum er skylt að hafa yfir að ráða eftirlitskerfi til þess að vakta, meta og stýra áhættu. Ákvæði 33. gr. var nýmæli í lögum nr. 30/2003 og sagði svo um það í athugasemdum við greinina: „Ákvæðið er nýmæli og er sett í samræmi við 21. gr. tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu. Ákvæðið kemur til af því að í tilskipun nr. 2001/108/EB um breytingu á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu er verðbréfasjóðum heimilað að eiga viðskipti með afleiður í ríkari mæli. Afleiður hafa verið mikið í sviðsljósinu á alþjóðafjármálamörkuðum vegna mikillar áhættu sem sjóðstjórar og spákaupmenn hafa tekið með slíkum samningum. Afleiður eru þó mikið notaðar til að tryggja sig gegn áhættu, t.d. til að tryggja sér ákveðið verð í viðskiptum að ákveðnum tíma liðnum.“

Ákvæðið kveður eingöngu á um skyldu rekstrarfélaga til þess að hafa yfir að ráða eftirlitskerfi til að vakta, meta og stýra áhættu en ekki er kveðið nánar á um hvernig slík kerfi eiga að vera. Hér er því lagt til að veita Fjármálaeftirlitinu heimild til að setja nánari reglur um eftirlitskerfi með áhættu verðbréfasjóða.

Um 34. gr.

Í athugasemdum við 34. gr. gildandi laga segir að afleiður séu samningar þar sem verðmæti samnings er leitt af verðbreytingum einhvers annars þáttar eða eignar. Algengustu afleiðusamningarnir eru framvirkir samningar (e. *forward/future contracts*) og valréttarsamningar (e. *options*). Munurinn á framvirkum samningum og valréttarsamningum er í grófum dráttum munurinn á skyldu og rétti. Framvirkur samningur er óafturkræfur samningur á milli tveggja aðila um kaup eða sölu á tiltekinni eign á tilteknu verði á tilteknum tíma í framtíðinni. Valréttarsamningur veitir hins vegar kaupanda sínum rétt, ekki skyldu, til að kaupa eða selja eign á ákveðnu verði á ákveðnum tíma eða tímabili.

Í 1. mgr. er áhættan af afleiðusamningum verðbréfasjóða takmörkuð þar sem sjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Ákvæði 1. mgr. er ætlað að koma í veg fyrir að verðbréfasjóðir taki á sig opnar skuldbindingar sem geta fræðilega leitt til óendanlega mikils taps ef verðþróun verður óhagstæð. Það hindrar sjóðina þó ekki í að nýta sér það hagræði sem felst í afleiðum. Það er t.d. fólgið í lægri viðskiptakostnaði og gefur færi á skjótari viðbrögðum en ef höndlað er með undirliggjandi eignir. Jafnframt er sú leið opin fyrir sjóði, sem hafa mjög ákveðna skoðun á verðþróun í framtíðinni, að auka hagnaðarmöguleika sína með kaupum á valréttarsamningum. Þeir hætta þá ekki meira en upphaflegu fjárhæðinni sem þeir leggja út í byrjun. Afleiðurnar geta líka verið hentugar verðbréfasjóðum sem hafa mikla trú á framtíð ákveðins fyrirtækis en vilja ekki taka markaðsáhættu.

Í gildandi 1. málsl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 30/2003 kemur fram að verðbréfasjóði sé heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem undirliggjandi eignir séu undir þeim mörkum sem um getur í 35. gr. Umrætt ákvæði innleiddi ekki fyllilega 2. undirmálsgrein 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 85/611/EB með síðari breytingum. Það skorti á að þess væri getið að samanlögð áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna væri undir mörkum um fjárfestingar í einstökum útgefendum. Tilgangur þessarar reglu er að koma í veg fyrir að hægt sé að fara upp fyrir

leyfileg mörk varðandi fjárfestingar í einstökum útgefendum með notkun afleiðna. Úr þessu var bætt með 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Nú er lagt til að ákvæði tilskipunarinnar verði tekið upp með fullnægjandi hætti í lögin. Ekki er um að ræða efnisbreytingu frá reglugerðarákvæðinu. Leiðir af framangreindu að í 34. gr. laganna mun koma fram að einstakar eignir verðbréfasjóða eða deilda eftir því sem við á, auk undirliggjandi eigna afleiðusamninga skulu vera undir þeim hámörkum sem vikið er að í 35. gr. laganna varðandi fjárfestingar í einstökum útgefendum. Þess má geta að nánar er fjallað um afleiðunotkun verðbréfasjóða í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2006 er byggjast á leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB nr. 2004/383/EC, um afleiðunotkun verðbréfasjóða.

Þau ákvæði sem lagt er til að verði 4. og 5. mgr. 34. gr. frumvarpsins voru innleidd í 8. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Með tilliti til heildarsamræmis er lagt til að málsgreinarnar verði teknar upp í lögin en 4. mgr. byggist á 2. undirmálsgrein 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 85/611/EB en 5. mgr. á 4. undirmálsgrein 3. mgr. 21. gr. tilskipunarinnar um sameiginlega fjárfestingu.

Um 35. gr.

Fjallað er um hámarksfjárfestingar verðbréfasjóða í framseljanlegum verðbréfum og innlánum gefnum út af sama útgefanda í 35. gr. frumvarpsins en hún samsvarar 35. gr. gildandi laga. Ákvæðið felur í sér takmarkanir á heimildum verðbréfasjóða, eða einstakra deilda þeirra, til að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsskjölum eða innlánum sama útgefanda. Ákvæðinu er ætlað að tryggja eðlilega áhættudreifingu í fjárfestingum verðbréfasjóða og tekur mið af tilskipun um sameiginlega fjárfestingu með þeim breytingum sem leiða af tilskipun 2001/108/EB.

Lagt er til að skipta 1. mgr. upp í tvo töluliði til að auka skýrleika og læsileika ákvæðisins í heild sinni en ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á ákvæðinu.

Í 2. mgr. eru sett takmörk við mótaðilaáhættu vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða. Áhættan má mest vera 5% eða 10% eftir því hver mótaðilinn er. Við fyrstu sýn mætti ætla að 1. tölul stangist á við 6. tölul. 30. gr. þar sem ávallt er gerð sú krafa að mótaðili lúti eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Ákvæðunum lýstur þó ekki saman en nauðsynlegt er að lesa þau saman. Mótaðili í afleiðuviðskiptum utan skipulegra verðbréfamarkaða verður að lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt eins og kveðið er á um í 6. tölul. 30. gr. og er ekki vikið frá þeim áskilnaði í 2. mgr. 35. gr. Með ákvæðinu er í raun átt við að mótaðilaáhætta vegna afleiðuviðskipta utan skipulegra verðbréfamarkaða megi ekki vera meiri en 5% en mótaðili verður samt sem áður að lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki utan þess sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt má mótaðilaáhættan verða allt að 10%. Lagt er til að breyta orðalagi og uppsetningu 2. mgr. 35. gr. til þess að auka skýrleika og læsileika ákvæðisins.

Engar efnisbreytingar verða á 3. og 4. mgr. gildandi laga og standa þær því óbreyttar. Í 5. mgr. er lagt til að bæta við áskilnaði um að fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu megi ekki vera umfram 30% og er þetta til að gæta samræmis við 38. gr. Þá er áréttað að ekki skuli telja þessi verðbréf með þegar 5/40-reglan, sem kemur fram í 3. mgr. ákvæðisins er reiknuð.

Lagt er til að seinni málsliður 6. mgr. gildandi laga verði gerður að sérstakri málsgrein, 7. mgr., til að auka skýrleika ákvæðisins en ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Nýmæli eru lögð til í 8. og 9. mgr. er varða fjárfestingar í tengdum aðilum. Samanlögð fjárfesting í tengdum aðilum má ekki nema meiru en 20% af heildareignum sjóðsins. Annars vegar er um að ræða fjárfestingar í aðilum tengdum rekstrarfélaginu og móðurfélagi þess og hins vegar er um að ræða aðra tengda aðila, þ.e. aðila sem tengdir eru innbyrðis. Í 8. mgr. er tekið fram að aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt greininni. Í 97. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, kemur fram að fyrirtæki teljist vera móðurfyrirtæki þegar það:

„1. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,
2. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda,
3. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa ráðandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykkta fyrirtækisins eða samnings við það,
4. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.

Fyrirtæki, sem hafa þau tengsl við fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem lýst er í 1. mgr., teljast vera dótturfyrirtæki. Fyrirtæki sem er dótturfyrirtæki dótturfyrirtækisins, telst einnig vera dótturfélag móðurfélags.

Móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki þess mynda samstæðu.“

Með þeim tengslum sem nefnd eru í 8. og 9. mgr. er ekki eingöngu átt við fjárfestingu í þeim félögum er mynda samstæðu, heldur félög sem tengjast rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess eða tengjast innbyrðis, sbr. ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Í 10. mgr. er lagt til að áréttað verði að svokölluð traust verðbréf séu undanþegin þeim takmörkunum sem koma fram í 8. og 9. mgr.

Að lokum er í 11. mgr. mælt svo fyrir að um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fari samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Ástæðan er sú að huga þarf að því að um tvenns konar tengingu getur verið að ræða, annars vegar náin tengsl (e. *close links*) og hins vegar hóp tengdra viðskiptamanna (e. *group of connected clients*). Í 2. mgr. 18. gr. laga um fjármálafyrirtæki kemur fram að með nánum tengslum sé átt við þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast gegnum:

a. viðskiptahagsmuni, þ.e. beint eða óbeint eignarhald á minnst 20% hlutafjár eða yfirráð yfir 20% af atkvæðisrétti fyrirtækis; eða
b. yfirráð, þ.e. tengsl á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis eða sambærileg tengsl milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis; einnig skal litið á dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis sem dótturfyrirtæki móðurfyrirtækisins sem er í forsvari fyrir þessi fyrirtæki.

Dæmi 1: A á 30% eignarhlut í B sem á rekstrarfélagið C. B á jafnframt dótturfélögin D og E. Skv. 8. mgr. má heildarfjárfesting sjóðs í rekstri C, í félögunum A, B, D og E ekki vera umfram 20% af heildareignum sjóðsins. Félögin B, C, D og E mynda samstæðu, en félagið A er tengt móðurfélagi rekstrarfélagsins.

Dæmi 2: Sjóður í rekstri rekstrarfélagsins F ætlar að fjárfesta í félögunum A, B, D og E og má sú fjárfesting ekki vera umfram 20% af heildareignum sjóðsins. Félögin A, B, D og E eru allt tengd félög, sbr. ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, en eru þó ekki tengd rekstrarfélaginu F né móðurfélagi þess.

Um 36. gr.

Meginreglur um fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda er að finna í 35. gr. Þrátt fyrir það er heimilt að gera nokkrar undantekningar á þessari meginreglu og kemur ein þeirra fram í 36. gr. frumvarpsins á þá leið að heimilt er að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspegla tiltekna hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu. Vísitölusjóðir eru sjóðir sem hafa að fjárfestingarstefnu að endurspegla samsetningu tiltekinnar vísitölu sem þarf að uppfylla nánar tiltekin skilyrði. Lagt er til að færa orðalag greinarinnar nær tilskipun 85/611/EBE þar sem kemur fram í 22. gr. a að slíkir sjóðir „… replicate the composition of a certain stock or debt securities index“. Telja verður að orðið „endurspegla“ sé nær þeirri merkingu heldur en orðin „líkja eftir“ og þykir því réttara að nota það hér eftir. Er það jafnframt í samræmi við lög nr. 17/1999, um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, þar sem sambærilegt ákvæði kom fyrst í lög.

Að öðru leyti er vísað til skýringar við ákvæðið í frumvarpi til gildandi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Um 37. gr.

Nýmæli er að finna í 37. gr. frumvarpsins. Lagt er til að sérstakt ákvæði verði í lögunum er fjalli sérstaklega um peningamarkaðssjóði. Með staðsetningu ákvæðisins í II. kafla frumvarpsins felst að jafnframt er lagt til að peningamarkaðssjóðir hérlendis teljist til verðbréfasjóða. Af því leiðir að fjárfestingarheimildir þeirra verða takmarkaðri en hingað til hefur verið. Samhliða munu því fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða verða þrengri en áður. Áréttað er að þær takmarkist af 35. gr. frumvarpsins.

Engar sérstakar hömlur hafa verið settar hér á landi gagnvart fjárfestingum peningamarkaðssjóða umfram aðra sjóði. Í Bandaríkjunum og Evrópu, þar sem löng hefð er fyrir starfsemi peningamarkaðssjóða, eru hins vegar gerðar miklar kröfur til fjárfestinga og líftíma þeirra. Þar sem peningamarkaðssjóðir eru skammtímafjárfesting er eðlilegt að slíkar kröfur séu einnig gerðar hérlendis og eru þær kröfur sem hér eru lagðar til byggðar á ákvæðum tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Í Evrópu teljast peningamarkaðssjóðir (e. *money market funds*) til verðbréfasjóða en á Íslandi voru þeir reknir sem fjárfestingarsjóðir (e. *non-UCITS*) og höfðu því rýmri fjárfestingarheimildir.

Um 38. gr.

Um traust verðbréf er fjallað í 38. gr. frumvarpsins og samsvarar ákvæðið 37. gr. gildandi laga. Ákvæðið felur í sér undantekningu frá þeirri meginreglu sem kemur fram í 35. gr. um fjárfestingar í sama útgefanda. Ekki eru gerðar breytingar á 1. og 2. mgr. en lagt er til að nýrri málsgrein, 3. mgr., verði bætt við er áskilur að verðbréfasjóður skuli tiltaka með skýrum hætti í reglum sínum og útboðslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf og/eða peningamarkaðsskjöl sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í. Ákvæðið byggist á 2. og 3. mgr. 23. gr. tilskipunar 85/611/EBE sem var innleidd í 11. gr. reglugerðar nr. 792/2003. Með tilliti til heildarsamræmis er lagt til að ákvæðið verði tekið upp í lögin en ekki er um efnisbreytingu frá gildandi rétti að ræða.

Um 39. gr.

Í greininni, sem er sambærileg 38. gr. gildandi laga, eru lagðar til nokkrar orðalagsbreytingar. Í stað þess að leggja hömlur við fjárfestingum í verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum

um sameiginlega fjárfestingu verður hugtakið fjárfestingarsjóður notað. Verðbréfasjóðum er eingöngu heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og er því villandi að beita orðalaginu „aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.“

Um 40. gr.

Ákvæði 39. gr. gildandi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, eru tekin upp í 40. gr. frumvarpsins sem fjallar um takmarkanir á eignasafni. Lagt er til það nýmæli að takmarka heimild verðbréfasjóðs til þess að eignast meira en 25% útgefinna skuldaskjala í einni útgáfu. Þannig verði í 2. tölul. tekið fram að verðbréfasjóði sé óheimilt að eignast meira en 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa, þó aldrei meira ein 25% í hverri útgáfu. Tilgangur þessara breytinga er að koma í veg fyrir að verðbréfasjóðir verði notaðir til þess að fjármagna félög sem gefa út skuldabréf með því að kaupa upp öll skuldabréf í einstakri skuldabréfaútgáfu og fjármagna þannig viðkomandi félag. Að öðru leyti tekur ákvæðið ekki efnislegum breytingum.

Um 41. gr.

Í 41. gr. frumvarpsins, sem samsvarar 40. gr. gildandi laga, er fjallað um lán og ábyrgðir en verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgðir fyrir aðra. Í skýringum við ákvæðið í frumvarpi til gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði kom fram að ekki væri talið að í ákvæðinu fælist bann við því að veita fé til þeirra aðila sem gefa út fjármálagerninga skv. 30. gr. Jafnframt var vakin athygli á því að ekki mætti nota viðskipti með afleiður til að sniðganga þessa grein eða aðrar takmarkanir í þessum kafla laganna. Áhöld hafa verið um hvort verðbréfalán úr verðbréfasjóðum hafi verið heimil, m.a. með hliðsjón af orðalagi laganna. Hugtakið verðbréfalán (e. *securities lending*) vísar til þess að verðbréf séu yfirfærð tímabundið frá einum aðila, þ.e. lánveitanda, til annars aðila, þ.e. lántaka, fyrir þóknun á grundvelli samnings þar um. Er lántaki skuldbundinn til að skila bréfunum til að baka annaðhvort að kröfu lánveitanda eða að tilteknum tíma liðnum. Hingað til hefur almennt verið litið þannig á að verðbréfalán væru ekki óheimil hérlendis þó ekki hafi myndast virkur markaður með þau eins og víða erlendis. Lagt er til að taka af skarið um þetta atriði og heimila verðbréfasjóðum að veita verðbréfalán en þó aðeins sem hluta af eðlilegri áhættustýringu. Lánveitingar verðbréfasjóða teljast ekki til almennrar starfsemi þeirra og skyldi því eingöngu nota verðbréfalán til þess að bæta lausafjárstýringu eða draga úr áhættu til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Einnig er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að setja nánari reglur um verðbréfalán verðbréfasjóða.

Um 42. gr.

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem salan fer fram. Með öðrum orðum er í 42. gr. frumvarpsins, sem samsvarar 41. gr. gildandi laga, lagt bann við svokallaðri skortsölu, þ.e. verðbréfasjóði er óheimilt að taka verðbréf að láni tímabundið til að selja þau. Tilskipun um sameiginlega fjárfestingu bannar verðbréfasjóðum að stunda það sem nefnist á ensku „uncovered sales of transferable securities“, einnig nefnt „short sale“. Ákvæðið er í samræmi við tilskipun um sameiginlega fjárfestingu og tekur ekki efnislegum breytingum.

Um 43. gr.

Hafi fjárfestingar verðbréfasjóðs farið fram úr leyfilegum mörkum er lagt til í 43. gr. frumvarpsins að hámarksfrestur til úrbóta verði styttur úr sex mánuðum í þrjá mánuði. Fjármálaeftirlitinu er þó eftir sem áður heimilt að veita lengri frest og er það í samræmi við gildandi framkvæmd. Ákvæðið er að öðru leyti efnislega óbreytt og samsvarar 42. gr. gildandi laga.

Um 44. gr.

Í greininni er kveðið á um hvernig erlendur verðbréfasjóður með staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skuli bera sig að við markaðssetningu skírteina sinna hér á landi.

Í 5. tölul. er lögð til breyting á orðalagi en ekki er um efnisbreytingu að ræða. Síðari hluti þessa töluliðar, sem byggist m.a. á 46. gr. tilskipunar 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu, er að finna í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Með tilliti til heildarsamræmis er lagt til að ákvæði reglugerðarinnar verði tekið upp í lögin.

Í 6. tölul. er einnig lögð til orðalagsbreyting en ekki er um efnisbreytingu að ræða. Síðari hluti þessa töluliðar, sem byggist m.a. á 46. gr. tilskipunar 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu, er að finna í 3. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 792/2003. Með tilliti til heildarsamræmis er lagt til að ákvæði reglugerðarinnar verði tekið upp í lögin.

Lagðar eru til breytingar á orðalagi 2. mgr. þar sem ákvæðið var í gildandi lögum ekki innleitt með réttum hætti. Þar er kveðið á um heimild Fjármálaeftirlitsins til þess að hafna markaðssetningu erlends verðbréfasjóðs uppfylli hann ekki skilyrði sem gerð eru til verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og byggist það á 46. gr. tilskipunar 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu með síðari breytingum. Af umræddu ákvæði tilskipunarinnar leiðir að heimilt er að hafna markaðssetningu sjóðs ef þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar með tilliti til þess að tryggja rétt eigenda skírteina til útgreiðslu hagnaðar, innlausnar hlutdeildarskírteina og þeirra upplýsinga sem sjóðnum er skylt að miðla, eru ekki fullnægjandi eða markaðssetningin stríðir að öðru leyti gegn ákvæðum laga. Hér er lagt til að færa ákvæðið til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar að þessu leyti.

Einnig er lagt til í 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins að heimila Fjármálaeftirlitinu að stytta frest skv. 1. mgr. ákvæðisins, að því tilskildu að öll nauðsynleg gögn hafi borist. Jafnframt er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði að sama skapi veitt heimild til að lengja frestinn ef kalla þarf eftir frekari gögnum og upplýsingum, í stað þess að Fjármálaeftirlitið þurfi að hafna markaðssetningu. Með þessum úrbótum mundi Fjármálaeftirlitið fylgja leiðbeiningum Committee of European Securities Regulators (CESR).

CESR hefur birt leiðbeiningar nr. CESR/06–120b til eftirlitsstjórnvalda innan EES vegna markaðssetningar verðbréfasjóða á milli landa. Meginmarkmið leiðbeininganna er að einfalda það ferli sem á sér stað þegar verðbréfasjóðir eru markaðssettir milli aðildarríkja EES á grundvelli svokallaðs Evrópupassa. Einkum hefur verið gagnrýnt að 46. gr. tilskipunar 85/611/EBE virðist gera ráð fyrir því að markaðssetning megi einungis hefjast að liðnum tveimur mánuðum eftir að öll nauðsynleg gögn hafa borist eftirlitsstjórnvöldum, sbr. t.d. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 30/2003. Hins vegar hefur komið í ljós að ýmis aðildarríki hafa túlkað umrætt ákvæði með mismunandi hætti þannig að sum hafa sett styttri frest en önnur heimilað markaðssetningu um leið og öll gögn hafa borist. Gagnrýnt hefur verið að réttarstaða aðila með tilliti til fresta hafi verið óljós, t.d. varðandi það hvort frestur lengist þurfi að kalla eftir

frekari gögnum. Á grundvelli aðildarsamnings Fjármálaeftirlitsins við CESR er Fjármálaeftirlitið skuldbundið til að framfylgja ákvörðunum og leiðbeiningum CESR. Samkvæmt umræddum leiðbeiningum getur Fjármálaeftirlitið óskað eftir frekari skýringum vegna þeirra gagna sem hafa verið lögð fram með tilkynningu skv. 6. tölul. 1. mgr. 43. gr. gildandi laga, án þess að frestur skv. 1. mgr. lengist. Réttur verðbréfasjóðs til þess að hefja markaðssetningu eftir tveggja mánaða frestinn mundi vera óbreyttur nema rökstudd synjun sé gefin út. Ef Fjármálaeftirlitið telur hins vegar að skilyrði til höfnunar markaðssetningar séu fyrir hendi en líklegt sé að verðbréfasjóðurinn geti bætt úr þannig að það þurfi ekki að koma til höfnunar er heimilt, áður en til höfnunar kemur, að veita viðkomandi aðila kost á að veita umbeðnar upplýsingar og gögn innan frestsins. Í slíkum tilvikum hættir frestur skv. 1. mgr. 43. gr. laganna að líða en hefst aftur þegar allar umbeðnar upplýsingar hafa verið mótteknar af Fjármálaeftirlitinu. Ef Fjármálaeftirlitið telur, eftir að hafa móttekið öll nauðsynleg gögn, að ráðstafanir sjóðsins séu enn ekki fullnægjandi með tilliti til 6. tölul. 1. mgr. 43. gr. laganna mundi það gefa út rökstudda synjun innan þess tíma sem er eftir af fresti skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að stytta frest skv. 1. mgr. 43. gr. laganna hafi öll tilskilin gögn borist. Þess má geta að það er til umræðu á evrópuvettvangi að einfalda kynningarferli við markaðssetningu verðbréfasjóða utan heimalands.

Um 45. gr.

Lagt er til að taka ákvæði 15. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, upp í 45. gr. frumvarpsins með örlítið breyttu sniði. Reglugerðarákvæðið kveður á um markaðssetningu erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu hér á landi, annarra en verðbréfasjóða.

Efnislega verður ákvæðið sambærilegt við 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar en þar er fjallað um umsókn fjárfestingarsjóða (non-UCITS sjóða) til Fjármálaeftirlitsins um að hefja markaðssetningu hér á landi.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um tilkynningu um breytingu á áður tilkynntum atriðum og er ákvæðið óbreytt frá 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar. Í 15. gr. reglugerðarinnar er jafnframt tilskilið að öðrum sjóðum sé heimilt að markaðssetja hluti sína tveimur mánuðum eftir að skilyrði 1. mgr. er uppfyllt. Hér er hins vegar lagt til að Fjármálaeftirlitið geti veitt samþykki fyrir því að sjóður skv. 1. mgr. hefji markaðssetningu ef ákvæði 1. mgr. eru uppfyllt og ráðstafanir skv. 6. tölul. 1. mgr. 44. gr. frumvarpsins eru fullnægjandi og markaðssetningin stríðir að öðru leyti ekki gegn ákvæðum laga. Ef Fjármálaeftirlitið hafnar markaðssetningu skal það rökstyðja synjun skriflega til sjóðsins.

Framangreint felur m.a. í sér að fjárfestingarsjóðir (e. *non-UCITS*) sem hyggjast markaðssetja hluti sína hérlendis þurfa að sækja um heimild til þess til Fjármálaeftirlitsins, að teknu tilliti til undanþágu 47. gr. frumvarpsins ef eingöngu er markaðssett til fagfjárfesta. Í þeim tilvikum er þó mælt fyrir um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins.

Um 46. gr.

Þetta ákvæði samsvarar 44. gr. gildandi laga og tekur af tvímæli um það að Fjármálaeftirlitið geti brugðist við stórfelldum brotum á löggjöf um verðbréfasjóði með því að leggja bann við markaðssetningu erlends verðbréfasjóðs hér á landi. Ekki verða efnislegar breytingar á ákvæðinu að öðru leyti en að það er aðlagað 45. gr. frumvarpsins. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Um 47. gr.

Í 13. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, er að finna ákvæði sem felur í sér undanþágu frá tilkynningu og umsókn um markaðssetningu erlendra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu til Fjármálaeftirlitsins vegna markaðssetningar til tiltekinna aðila, þ.e. til fagfjárfesta. Lagt er til að taka upp sambærilegt ákvæði í 47. gr. frumvarpsins.

Ákvæðið er ekki efnislega samhljóða reglugerðarákvæðinu þar sem lagt er til að sú krafa verði gerð til fagfjárfestasjóða, sem hyggjast eingöngu markaðssetja hluti eða hlutdeildarskírteini sín til fagfjárfesta hér á landi, að þeir skuli fyrir fram tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins, ásamt nánar tilteknum upplýsingum. Nauðsynlegt er talið að upplýsingar séu til staðar um hvaða fagfjárfestasjóðir eru markaðssettir hér á landi og verður ekki talið að þessi áskilnaður verði of íþyngjandi fyrir slíka sjóði. Tilgangur þessa ákvæðis er m.a. að stemma stigu við því að íslenskir sjóðir séu markaðssettir með umræddum hætti og rekstrarfélög þeirra komist þannig hjá því lögbundna eftirliti og ákvæðum um upplýsingagjöf sem fram koma í V. kafla frumvarpsins sem fjallar um fagfjárfestasjóði.

Um 48. gr.

Í greininni er fjallað um markaðssetningu íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands. Ákvæðið er samhljóða 45. gr. gildandi laga og tekur ekki efnislegum breytingum.

Um 49. gr.

Reglur um ársreikninga og árshlutauppgjör vegna verðbréfasjóða eru settar fram í 49. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er sambærilegt við 46. gr. gildandi laga en lagt er til að felld verði niður ákvæði er varða skil rekstrarfélags á ársfjórðungslegu efnahagsyfirliti verðbréfasjóðs. Sömu upplýsingar koma fram í þessum skýrslum og í yfirliti um sundurliðun fjárfestinga og er kveðið á um skil skýrslu um sundurliðun fjárfestinga í 50. gr. frumvarpsins.

Um 50. gr.

Í 50. gr. er kveðið á um skil rekstrarfélags á skýrslum um sundurliðun fjárfestinga. Hingað til hefur slíkum skýrslum verið skilað til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega með vísan til 66. gr. gildandi laga, sem fjallar um eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins. Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að kanna fjárfestingar sjóðanna oftar og er því lagt til að lögfest verði ákvæði um skil umræddra skýrslna á því formi og eins oft og Fjármálaeftirlitið ákveður.

Um 51. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 47. gr. gildandi laga um útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu. Eina breytingin sem verður á ákvæðinu er að 4. mgr. þess verður að 8. mgr. 52. gr. Að öðru leyti er vísað til skýringa sem koma fram í athugasemdum frumvarps til gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Um 52. gr.

Kveðið er á um efni útboðslýsinga í 52. gr. frumvarpsins en ákvæðið samsvarar 48. gr. gildandi laga. Smávægilegar orðalagsbreytingar eru lagðar til í 1. mgr. Í 2. mgr. er lagt til að breyta orðalagi lítillega þar sem í ljós hefur komið að ákvæði 2. mgr. 48. gr. gildandi laga nr. 30/2003 innleiðir ekki fyllilega 1. mgr. 24. gr. a tilskipunar 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu. Láðst hefur að geta þess að í útboðslýsingu skuli jafnframt tilgreina hvort fjár-

fest sé í afleiðum sem lið í fjárfestingarstefnu. Lagt er til að bæta úr þessu og er þessi breyting í samræmi við þá framkvæmd sem hefur verið viðhöfð. Ákvæði 2. og 3. mgr. eru því efnislega óbreyttar frá gildandi lögum.

Lagt er til að 4. mgr. ákvæðisins sé felld niður en sömu kröfur koma fram annars staðar í ákvæðinu.

Í 5. mgr. er lögð til sú orðalagsbreyting að notað er hugtakið „ársreikningur“ í stað „ársskýrslu“ en líklega er um þýðingarvillu að ræða þar sem rétt er að nota hugtakið ársreikningur.

Í 7. mgr. er lagt til að bæta við áskilnaði um að rekstrarfélag skuli taka fram í útboðslýsingu hvaða verkefnum félagið hefur útvistað.

Í 8. mgr. er ákvæði sem er samhljóða 4. mgr. 47. gr. gildandi laga og kveður á um að í reglugerð verði kveðið nánar á um upplýsingar sem fram skulu koma í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu.

Um 53. gr.

Ákvæðið kveður á um aðgengi að upplýsingum og er sambærilegt 49. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Lagt er til að í 3. mgr. verði áskilið að reglur verðbréfasjóðs, útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skuli vera aðgengileg almenningi. Þessar kröfur er t.d. hægt að uppfylla með birtingu skjalanna (upplýsinganna) á heimasíðu rekstrarfélags. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 54. gr.

Fjallað er um þóknun rekstrarfélags í 50. gr. gildandi laga og er lagt til að ákvæðið verði efnislega óbreytt. Í athugasemdum við frumvarp til gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði segir í skýringum við ákvæðið: „Tekjur rekstrarfélags af verðbréfasjóðastarfsemi eru þóknanir sem það áskilur sér fyrir þjónustu sína. Þóknun getur verið föst, hlutfall af eign eða munur á kaup- og sölugengi. Þóknunin hefur mikil áhrif á mögulega ávöxtun fjárfestis af fjárfestingu sinni í verðbréfasjóði og því mikilvægt að hann geri sér grein fyrir þóknun rekstrarfélags áður en hann tekur ákvörðun um fjárfestingu í sjóðnum.“ Ekki er sérstaklega tekið fram með hvaða hætti tilkynning um breytingu á þóknun skuli fara fram. Líta verður svo á að tilkynning t.d. á heimasíðu viðkomandi rekstrarfélags eða með öðrum opinberum hætti sé nægileg. Það er því ekki áskilið að tilkynning þurfi að vera skrifleg og send bréflega til hvers og eins hlutdeildarskírteinishafa.

2. mgr. er í samræmi við tilskipun um sameiginlega fjárfestingu.

Um 55. gr.

Í greininni er fjallað um kynningarstarfsemi verðbréfasjóða. Ákvæðið byggist á 51. gr. gildandi laga að viðbættum nokkrum breytingum.

Lagt er til að í 2. mgr. ákvæðisins verði að finna upptalningu á þeim atriðum sem eiga að koma fram í auglýsingum og kynningarefni sjóðanna. Með kynningarefni er t.d. átt við einblöðunga sem eru að jafnaði gefnir út mánaðarlega og bæklinga. Ekki er átt við auglýsingar og styttra efni ætlað til kynningar og markaðssetningar. Nauðsynlegt er að viðkomandi upplýsingar séu greinargóðar og aðgengilegar að því er varðar staðsetningu og leturstærð. Með upplýsingum um áhættu er átt við að fram komi hvaða þættir geta haft áhrif á gengi sjóðsins, m.a. markaðsáhætta, skuldaraáhætta, gjaldmiðlaáhætta og lausafjáráhætta.

Þrátt fyrir tiltölulega afdráttarlaust ákvæði verður engu að síður að líta til þess að í þeim tilvikum sem sjóður vill nýta sér birtingu auglýsingar í ljósvakamiðli getur, eðli málsins samkvæmt, verið óhægt um vik að uppfylla öll efnisatriði ákvæðisins. Það gæti orðið um langa útvarpsauglýsingu að ræða. Telja verður því að í slíkum tilvikum væri heimilt að benda á að nánari upplýsingar væri að finna hjá viðkomandi sjóði og á heimasíðu rekstrarfélagsins, auk hvatningar til þess sem auglýsingu væri beint að til þess að leita sér nánari upplýsinga.

Þá er lagt til að rekstrarfélagi verði gert skylt að birta á heimasíðu og öðru kynningarefni, t.d. einblöðungi, til viðbótar þeim upplýsingum sem koma fram í 2. mgr., upplýsingar um nöfn tíu stærstu útgefenda í eignasafni og hlutfall fjárfestinga í hverjum aðila. Auk þess er lagt til að birta þar nafn- og raunávöxtun síðustu þriggja reikningsára/almanaksára. Skylda rekstrarfélaga til að birta upplýsingar um tíu stærstu útgefendur mundi stuðla að auknu gagnsæi í fjárfestingum þeirra en mikið hefur verið fjallað um rétt hlutdeildarskírteinishafa til að vera upplýstir um fjárfestingar sjóðanna. Jafnframt er talið nauðsynlegt að leggja áherslu á að umræddar upplýsingar verði uppfærðar reglulega, að lágmarki á sex vikna fresti. Verði verulegar breytingar á samsetningu stærstu útgefenda innan sex vikna skyldi þó tilkynna þær án tafar. Verður að teljast eðlilegt að þessar upplýsingar séu opinberar þar sem í raun eru það hlutdeildarskírteinishafar sem eiga sjóðina en ekki rekstrarfélagið og getur regluleg birting upplýsinganna aðstoðað þann sem vill fjárfesta í sjóðum við að taka upplýsta ákvörðun um fjárfestingar og fjárfestingarstefnu þeirra sjóða sem viðkomandi hefur áhuga á að fjárfesta í. Hins vegar ber einnig að hafa í huga að samkeppnissjónarmið geta haft áhrif á mat á því hversu oft og á hversu víðtækan hátt eigi að birta upplýsingarnar. Regluleg birting, t.d. breytinga á eignasamsetningu sjóðs daglega, gæti einnig leitt til þess að önnur rekstrarfélög nýti greiningar og upplýsingasöfnun annarra sér til hagsbóta. Þarna vegast því á hagsmunir hins almenna fjárfestis á að fá upplýsingar um fjárfestingar sjóða og hins vegar hagsmunir rekstrarfélaga og sjóða til þess að vinna að eigin fjárfestingarstefnu án þess að aðrir notfæri sér þær upplýsingar sem um er að ræða eða þær hamli samkeppni.

Um 56. gr.

Ákvæði um skyldu rekstrarfélags til að tilkynna um áhættu í verðbréfasjóði er ekki að finna í gildandi lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Þó er slíkt ákvæði að finna í 55. gr. laganna, en þar sem það er staðsett í III. kafla laganna, sem gildir um fjárfestingarsjóði, hefur gildissvið þess takmarkast við fjárfestingarsjóði og þar með ekki náð til verðbréfasjóða. Nú er lagt til að ákvæðið verði fært í II. kafla laganna sem 56. gr. Með þeirri breytingu mun ákvæðið bæði taka til verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og sú skylda hvíla á rekstrarfélögum að upplýsa hvern þann sem hefur hug á að fjárfesta í slíkum sjóðum um þá áhættu sem slíkum fjárfestingarkostum getur fylgt.

Um 57. gr.

Í III. kafla laganna er fjallað um fjárfestingarsjóði sem gefa út hlutdeildarskírteini. Eins og þegar hefur komið fram má segja að meginmunurinn á verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði felist í því að fjárfestingarsjóðum er ekki heimilt að markaðssetja sig á Evrópska efnahagssvæðinu og fjárfestingarheimildir þeirra eru ekki í eins miklum mæli takmarkaðar og fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða. Uppbygging, rekstur og tilgangur sjóðanna er hins vegar sambærilegur og þess vegna gilda að mörgu leyti sömu ákvæði um fjárfestingarsjóði og um verðbréfasjóði. Það þykir því við hæfi í upphafi III. kafla, 57. gr. frumvarpsins, sem samsvarar 52. gr. gildandi laga, að taka fram að ákvæði II. kafla, nánar tiltekið undirkaflar A–D

og H, gildi einnig um fjárfestingarsjóði. Þeim ákvæðum til viðbótar standa efnisreglur III. kafla sem er nánar lýst hér á eftir. Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum en orðalagi er lítillega breytt frá gildandi lögum. Vísast til skýringa við 52. gr. frumvarps til gildandi laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Um 58. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um innlausn hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóða og samsvarar það 53. gr. gildandi laga. Lagt er til að sömu breytingar verði gerðar á ákvæðinu um innlausn hlutdeildarskírteina og lagðar eru til í 27. gr. frumvarpsins enda eru ákvæðin sambærileg.

Áréttað er í 2. mgr. að frestun á innlausn skuli ekki standa lengur en nauðsyn krefur.

Nýmæli er að finna í 3. mgr. varðandi tilkynningar um opnun sjóða þegar frestun innlausnar lýkur. Mælt er fyrir um skriflega tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa standi frestun lengur en fjórar vikur samfellt. Tilkynning skal vera bréfleiðis eða með sambærilegum hætti. Það sé því hugsanlegt að senda hlutdeildarskírteinishöfum upplýsingarnar með tölvupósti haldi sjóðurinn uppfærða netfangaskrá. Telja verður að birting í heimabanka hlutdeildarskírteinishafa geti ekki jafngilt bréflegri tilkynningu.

Um 59. gr.

Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru skv. 30.–43. gr., þ.e. sambærilegar þeim sem gilda um verðbréfasjóði með þeim undanþágum sem eru heimilaðar í greininni. Tekið er fram að nýti fjárfestingarsjóður sér þær heimildir sem hér koma fram þá skuli það koma skýrt fram í reglum sjóðsins.

Uppbygging ákvæðisins er með sambærilegum hætti og áður, vísað er til meginreglunnar um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða í 30. gr. og því næst eru taldar í sex málsgreinum þær undanþágur sem fjárfestingarsjóðum er heimilt að gera. Í 2. mgr. er vakin sérstök athygli á heimild fjárfestingarsjóða til fjárfestingar allt að 20% af eignum sjóðsins í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu

Í 3. mgr. er heimildarákvæði bætt við og áréttað að hámark fjárfestingar í einum útgefanda sé 10% af heildareignum. Í framkvæmd er ekki um breytingu að ræða, aðeins er verið að skýra heimildir fjárfestingarsjóða.

Litlar breytingar verða á efni 4. mgr. frá gildandi lögum. Í 4. tölul. hennar er bætt við að fjárfestingarsjóði er heimilað að fjárfesta 30% af eignum sjóðsins í innlánum til viðbótar við 35% fjárfestingar í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sama útgefanda. Það er því heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í peningamarkaðsskjölum og afleiðum gefnum út af sama aðila en sé það gert má fjárfesting í öðrum útgefendum ekki vera meiri en 20%. Sem dæmi má nefna að ef fjárfest væru 33% eignar sjóðs í A, þá mættu fjárfestingar í öðrum einstökum útgefendum ekki fara yfir 20%. Mögulegt er að fara upp í allt að 40% en þá má fjárfesting í peningamarkaðsskjölum og afleiðum sama útgefanda ekki fara yfir 35% og yrðu þá hin 5% að vera innlán. Samsetningin gæti einnig verið annars konar, t.d. 20% í peningamarkaðsskjölum og afleiðum og 20% í innlánum.

Áhersla er lögð á að gera ákvæðið skýrara með því að breyta uppsetningu þess Nú eru sérstaklega tiltekin þau ákvæði 35. gr. sem eiga við fjárfestingarsjóði, í stað þess að vísa til þeirra. Lagt er til að heimildir til fjárfestinga í tengdum aðilum verði hærri fyrir fjárfestingarsjóði en verðbréfasjóði og tekið er fram með sambærilegum hætti og kemur fram í 35. gr. að um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fari samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Í 5. mgr. er að finna ótakmarkaða heimild fjárfestingarsjóða til þess að fjárfesta í

öðrum fjárfestingarsjóðum en kveðið er á um að fjárfesting í sama fjárfestingarsjóði megi ekki fara yfir 20% af eignum hans. Samsvarandi ákvæði er að finna í gildandi lögum með öðru orðalagi. Í 6. mgr. kemur fram að fjárfestingarsjóði er heimilt að taka lán til skamms tíma en þó er lántakan takmörkuð við það sem svarar til 25% af verðmæti eigna sjóðs og er ekki um að ræða efnisbreytingu frá gildandi lögum.

Í 7. mgr. er lögð til orðalagsbreyting sem felst í því að í stað „sem á ekki í fórum sínum“ þá er lagt til að orðalagið „hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir“ verði notað.

Um 60. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. UCITS-tilskipunarinnar nr. 85/611/EBE er rekstrarfélögum óheimilt að starfrækja aðra sjóði en þá sem lúta opinberu eftirliti. Af orðanna hljóðan má því ætla að rekstrarfélögum sé óheimilt að starfrækja fagfjárfestasjóði þar sem þeir lúta ekki opinberu eftirliti. Þess vegna er lagt til að sérstakur kafli í lögunum muni fjalla sérstaklega um fagfjárfestasjóði. Um er að ræða sjóði um sameiginlega fjárfestingu en þeir veita ekki viðtöku fé frá almenningi og almenningi er m.a. með hliðsjón af neytendaverndarsjónarmiðum óheimilt að fjárfesta í slíkum sjóðum. Hingað til hafa fagfjárfestasjóðir ekki lotið skipulögðu eftirliti og er ljóst að með því er mögulegt að ákveðin áhætta skapast á að fagfjárfestasjóður hagnýti sér þann eftirlitsskort. Með hliðsjón af þessu er lagt til að lögfest verði lágmarkseftirlit með fagfjárfestasjóðum. Kveðið er á um að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt um stofnun og starfsemi sjóðanna, haldin verði skrá yfir þá og að þeim verði gert skylt að skila skýrslu um sundurliðun fjárfestinga til Fjármálaeftirlitsins.

Nokkuð misjafnt er hvernig málefnum fagfjárfestasjóða er háttað í öðrum ríkjum. Í ríkjum Evrópusambandsins hafa fagfjárfestasjóðir almennt ekki sérstaka stjórn en lúta engu að síður ákveðnu eftirliti. Þeim ber að upplýsa um fjárfestingarstefnu sína en þurfa yfirleitt aðeins að upplýsa um eignasafn í hálfsársskýrslu og ársreikningi en ekki að kröfu fjárfesta.

Í ákvæði þessarar greinar eru lagðar til lágmarkskröfur til skráningar og upplýsingagjafar fagfjárfestasjóða en fram til þessa hefur ekki verið gerð krafa um að aðrir rekstraraðilar fagfjárfestasjóða en rekstrarfélög verðbréfasjóða tilkynni um stofnun fagfjárfestasjóða. Af þeim orsökum liggja t.d. ekki fyrir upplýsingar um fjölda fagfjárfestasjóða sem starfræktir eru á Íslandi.

Lagt er til að í 2. mgr. verði hnykkt á því að rekstrarfélög verðbréfasjóða beri ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra fagfjárfestasjóða og einungis eignir hvers sjóðs standi til fullnustu skuldbindingum viðkomandi sjóðs. Ekki er litið svo á að um efnisbreytingu sé að ræða og hefur framkvæmdin verið í samræmi við framangreint. Eiga því eigendur hlutdeildarskírteina einungis kröfu til hlutdeildar í eignum viðkomandi sjóðs sem þeir eru eigendur í en geta ekki gert tilkall til eigna rekstraraðila fagfjárfestasjóðs eða annara sjóða sem sömu aðilar reka. Rétt þykir þó að taka af allan vafa í þessu efni, m.a. með hliðsjón af því að engar takmarkanir gilda um fjárfestingarheimildir fagfjárfestasjóða og geta þeir því fjármagnað fjárfestingar sínar með lántökum. Ef illa gengur í rekstri slíks sjóðs getur það m.a. leitt til þess að skuldheimtumenn geri tilkall til eigna sjóðsins. Með þeirri breytingu sem er lögð til er tekinn af allur vafi um að í slíkum tilvikum eigi skuldheimtumenn, eins og eigendur hlutdeildarskírteina, einungis kröfu til eigna viðkomandi sjóðs en geti ekki gengið að eignum rekstraraðila fagfjárfestasjóðs eða annarra sjóða sem sömu aðilar reka. Ákvæðið víkur þó ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags hafi það sýnt af sér saknæma háttsemi og öðrum skilyrðum skaðabótaskyldu sé fullnægt.

Um 61. gr.

Samkvæmt þessari grein er fagfjárfestasjóðum skylt að senda Fjármálaeftirlitinu reglur og fjárfestingarstefnu sjóðsins og telst þetta til hluta af lágmarkseftirliti með sjóðunum. Þessar upplýsingar eru Fjármálaeftirlitinu nauðsynlegar til þess að það geti sinnt eftirlitsskyldu sinni. Þá er fagfjárfestasjóðum jafnframt gert skylt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það hverjir eru sjóðstjórar sjóðsins. Er þessi krafa nauðsynleg og eðlileg til þess að Fjármálaeftirlitið geti metið hæfi viðkomandi aðila skv. 62. gr. en breytingar á reglum og/eða sjóðstjórum skulu tilkynntar til Fjármálaeftirlitsins.

Að lokum er í 3. mgr. áskilið að rekstraraðilar fagfjárfestasjóðs skuli veita upplýsingar um eignasafn sjóðs í ársreikningi og hálfsársuppgjöri og að ársreikningur skuli vera fjárfestum aðgengilegur.

Um 62. gr.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til auknar kröfur til hæfis þeirra starfsmanna rekstraraðila sem hafa með höndum sjóðastýringu. Í þessari grein er að finna sambærilegt ákvæði við 14. gr. frumvarpsins, sem mælir fyrir um að starfsmenn sem hafi umsjón með sjóðastýringu skuli hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Jafnframt er talið rétt að gera þann áskilnað að rekstraraðilar fagfjárfestasjóða uppfylli ákveðin hæfisskilyrði og er þá sérstaklega verið að líta til þeirra tilvika þegar rekstrarfélög eru ekki rekstraraðilar. Fagfjárfestasjóðir sýsla með verulegar fjárhæðir og þrátt fyrir að um sé að ræða fagfjárfestasjóði og því hugsanlega ekki nauðsynlegt frá neytendaréttarlegu sjónarmiði að gera slíkar kröfur, þá má huga að hvort ekki sé rétt frá samfélagslegu sjónarmiði og sjónarmiðum um efnahagslegan stöðugleika að gera slíkar kröfur. Er því lagt til að rekstraraðili eða framkvæmdastjórar rekstraraðila (ef um lögaðila er að ræða) skuli uppfylla hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki. Breytingar á stjórnendum sjóðsins og framkvæmdastjóra skulu tafarlaust tilkynntar til Fjármálaeftirlitsins en sú krafa er nauðsynleg til að Fjármálaeftirlitið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

Um 63. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu rekstraraðila fagfjárfestasjóðs til að veita Fjármálaeftirlitinu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga sjóðsins. Skýrslugjöfin skal vera á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður og felur því í sér að það getur kallað eftir slíkri skýrslu þegar þörf er talin. Þetta er sambærilegt ákvæði því sem gildir um aðra sjóði.

Um 64. gr.

Vegna ákvæða um lágmarkseftirlit og skráningu fagfjárfestasjóða eru lagðar til breytingar á 66. gr. gildandi laga til samræmis en í ákvæðinu er fjallað um eftirlit með starfsemi verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða.

Um 65. gr.

Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laganna í reglugerð. Lagt til að bæta við ákvæðið heimild ráðherra til þess að kveða á um efri og neðri mörk fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða, sbr. 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins, og eftirlit með fagfjárfestasjóðum. Að öðru leyti tekur ákvæðið ekki efnislegum breytingum.

Um 66. gr.

Frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði var samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum. Með samþykki frumvarpsins, er varð að lögum nr. 55/2007, um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, voru settir viðamiklir viðurlagakaflar í lagabálka þá er eiga við um fjármálamarkað, þ.m.t. lög um verðbréfaviðskipti, lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði o.fl. Í umfjöllun um viðurlagaákvæði V. kafla þessa frumvarps verður að mestu stuðst við þær athugasemdir er fylgdu frumvarpi til umræddra laga enda eru ekki gerðar tillögur um miklar breytingar á þessum ákvæðum.

Fjallað er um stjórnvaldssektir í 76. gr. frumvarpsins en samsvarandi ákvæði er að finna í 68. gr. gildandi laga. Rétt er að vísa til athugasemda við 14. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 55/2007. Þar segir m.a. lagt sé til að ákvæði um stjórnvaldssektir verði sett í 68. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Áður en þessi lög voru samþykkt lágu aðeins refsiviðurlög við brotum á lögunum. Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga og/eða fyrirtæki við nánar tilteknar aðstæður. Í ákvæðinu er að finna upptalningu á þeim brotum sem lagt er til að geti varðað stjórnvaldssektum og eru þau talin í 40 töluliðum. Upptalningin skýrir sig sjálf og þarfnast ekki nánari skýringa en við samningu þessa frumvarps var bætt við nokkrum slíkum sektarákvæðum vegna brota á boð- og bannákvæðum sem fram koma í lagatextanum.

Lagt er til að bæta við nýrri 3. mgr. þar sem Fjármálaeftirlitinu er veitt heimild til þess að beita verðbréfasjóð, fjárfestingarsjóð eða fagfjárfestasjóð stjórnvaldssektum ef sjóður verður uppvís að því að brjóta ítrekað eða gróflega gegn þeirri fjárfestingarstefnu sem sjóðurinn hefur sett sér og kynnt fyrir sínum fjárfestum. Talið er nauðsynlegt að veita Fjármálaeftirlitinu þetta úrræði þar sem mörg tilvik hafa komið upp þar sem sjóðir hafa brotið eigin reglur um fjárfestingar og verður að telja að það sé í þágu hagsmuna fjárfesta viðkomandi sjóðs að eftirlit sé haft með fjárfestingum þeirra og að mögulegt sé að sekta þá fylgi þeir ekki fjárfestingarstefnu sinni. Hins vegar er litið svo á að ákvæðið sé að ákveðnu leyti matskennt og taki því ekki til þeirra tilvika þegar um er að ræða svokallað „passívt brot“, þ.e. þegar fjárfestingar sjóða fara út fyrir fjárfestingarheimildir vegna utanaðkomandi aðstæðna sem ekki verður ráðið við, t.d. markaðsaðstæðna, en ekki vegna fjárfestinga. Hafi verðbréfasjóður farið fram úr heimildum fjárfestingarstefnu vegna utanaðkomandi aðstæðna er það á ábyrgð rekstrarfélaganna að sýna fram á með fullnægjandi hætti hvaða aðstæður það voru sem urðu þess valdandi.

Í athugasemdum með fyrrnefndu frumvarpi er varð að lögum 55/2007 segir um 2. mgr. sem er reyndar 3. mgr. 68. gr. í gildandi lögum og verður 4. mgr. ef frumvarp þetta verður að lögum: „Í 2. [4.] mgr. er kveðið á um álagningu stjórnvaldssekta. Í málsgreininni er lagt til að sektir sem lagðar eru á einstaklinga geti numið frá 10 þúsund krónum til 20 milljóna króna, en að sektir sem lagðar eru á lögaðila verði hærri og geti numið frá 50 þúsund krónum til 50 milljóna króna. Þegar fjallað er um sektarfjárhæðirnar er rétt að hafa í huga að hámarkssektum samkvæmt ákvæðinu verður ekki beitt nema sem viðurlögum við allra alvarlegustu brotunum sem Fjármálaeftirlitið leggur stjórnvaldssektir við.

Í 3. málsl. 2. [4.] mgr. koma fram þau atriði sem hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun sekta. Upptalning ákvæðisins er ekki tæmandi, en þar kemur fram að tekið skuli tillit til alvarleika brots, hvað brot hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort að um er að ræða ítrekað brot. Í 4. málsl. er kveðið á um að stjórn Fjármálaeftirlitsins skuli taka

ákvarðanir um stjórnvaldssektir og að sektirnar séu aðfararhæfar. Þá er í 5. málsl. kveðið á um að sektir skuli renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna, en eðlilegt þykir að innheimtukostnaður, sem oft getur verið allnokkur og stofnunin ber kostnað af, renni til hennar. Loks er lagt til í 6. og 7. málsl. 2. [4.] mgr. að mælt verði fyrir um greiðslu dráttarvaxta af fjárhæð stjórnvaldssekta sem Fjármálaeftirlitið leggur á. Er lagt til að dráttarvextir byrji að reiknast eftir mánuð frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og að um ákvörðun og útreikning þeirra fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í 3. [5.] mgr. er kveðið á um að stjórnvaldssektum verði beitt hvort sem lögbrot er framið af ásetningi eða gáleysi. Það er þó ljóst að alvarleiki brots ræður miklu við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssektar og að stjórnvaldssektir fyrir gáleysisbrot verða almennt lægri en fyrir ásetningsbrot.“

Um 67. gr.

Ákvæðið tekur ekki efnislegum breytingum frá gildandi lögum. Í greininni er mælt fyrir um heimildir til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt en litið var svo á við setningu viðurlagakaflans að lögfesting heimildar til að ljúka málum með sátt mundi stuðla að frekara gagnsæi og styrkja núgildandi heimildir. Í athugasemdum við 15. gr. laga nr. 55/2007 segir: „Í tillögu þeirri sem gerð er að sáttaákvæði í frumvarpinu er ekki aðeins gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu, heldur er ætlunin að Fjármálaeftirlitið geti beitt öllum þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt þegar málum er lokið með sátt. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sáttir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds, heldur koma málsaðilar einnig að þeim. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að ljúka máli með sátt ef um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Loks er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.“

Um 68. gr.

Ákvæðið, sem tekur ekki efnislegum breytingum frá 70. gr. gildandi laga, lögfestir ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnsýslustigi. Í athugasemdum við 16. gr. frumvarpsins er varð að lögum nr. 55/2007 segir um þetta ákvæði: „Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnsýslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögunum, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum.

Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur“ um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til að veita honum réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert brot er honum aðeins skylt að veita upplýsingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því til dæmis skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.“

Um 69. gr.

Í ákvæðinu, sem er sambærilegt 70. gr. a gildandi laga, er mælt fyrir um að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Er það sami fyrningarfrestur og gilda mun um refsiábyrgð einstaklinga og lögaðila vegna brota á lögunum. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa og er vísað til umfjöllunar um 70. gr. a í frumvarpi til laga nr. 55/2007.

Um 70. gr.

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um refsingar vegna saknæmrar háttsemi í tengslum við nánar tilgreind ákvæði laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Ákvæðið er sambærilegt við 70. gr. b gildandi laga. Um nánari skýringar á ákvæðinu er vísað til athugasemda við 17. gr. frumvarps til laga nr. 55/2007. Við samningu þessa frumvarps var ákveðið að leggja til að bæta nokkrum ákvæðum við sem tilgreina brot gegn boð- eða bannákvæðum lagatextans.

Um 71. gr.

Greinin tekur ekki breytingum frá 70. gr. c gildandi laga. Í 1. mgr. er kveðið á um að brot gegn lögunum varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna er varða refsingu. Í 3. mgr. er mælt fyrir um að tilraun til brots eða hlutdeild í brotum á ákvæðum laganna sé refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Um 72. gr.

Í greininni, sem lagt er til að verði óbreytt frá 70. gr. d gildandi laga, er að finna ákvæði um verklag við rannsókn mála þar sem meint brot varða bæði stjórnvaldssektum og refsiviðurlögum og um samskipti milli Fjármálaeftirlitsins og lögreglu og ákæruvalds. Í athugasemdum við 17. gr. frumvarps til laga nr. 55/2007 segir um þetta ákvæði: „Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um hvernig skuli fara með brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu. Í 1. mgr. er kveðið á um að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlits til lögreglu. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um að ef meint brot varði bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Þykir eðlilegt að það falli í hlut stjórnvalds að meta hvort ljúka beri máli með stjórnsýsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu. Í málsgreininni er síðan að finna viðmið um það hvenær Fjármálaeftirlitinu ber að kæra mál til lögreglu. Lagt er til að stofnuninni beri að kæra öll meiri háttar brot á lögunum sem varða refsingum til lögreglu. Brot teljast meiri háttar í skilningi ákvæðisins ef þau lúta að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots. Þá mun verða höfð hliðsjón af heimildum Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir við afmörkun á því hvaða brot teljist meiri háttar. Lögregla mun síðan rannsaka þau mál sem Fjármálaeftirlitið vísar til hennar og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra.

Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögunum til opinberrar rannsóknar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu teljist ekki til stjórnsýsluákvörðunar og því gildi ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki

um slíkar ákvarðanir stofnunarinnar. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru Fjármálaeftirlitsins skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er í málsgreininni heimild fyrir stofnunina til að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í 5. mgr. greinarinnar er kveðið á um að lögreglu og ákæruvaldi sé heimilt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um heimild ákæranda til að senda eða endursenda mál til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar í þeim tilvikum þar sem ekki eru talin efni til málshöfðunar og ætluð refsiverð háttsemi varðar jafnframt stjórnsýsluviðurlögum. Á ákvæðið við hvort sem lögregla eða ákæruvald hafa tekið mál upp að eigin frumkvæði eða fengið það sent frá eftirlitsaðilanum.“

Um 73. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um innleiðingu evrópugerða um verðbréfasjóði og þarfnast hún ekki skýringa.

Um 74. gr.

Í greininni er kveðið á um gildistöku laganna 1. janúar 2011, verði frumvarp þetta að lögum, og þarfnast ákvæðið ekki nánari skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er lagt til að veita rekstraraðilum starfandi fagfjárfestasjóða frest til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stofnun fagfjárfestasjóða, sbr. 60. gr. frumvarpsins. Þykir fullnægjandi að miða við að fresturinn verði sex mánuðir frá gildistöku laganna.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að skýrsluskil fagfjárfestasjóða skuli hefjast 31. desember 2011. Eðlilegt þykir að veita allt að árs fyrirvara á skýrsluskilum þar sem oftast er miðað við almanaksár.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í ákvæðinu er starfandi sjóðstjórum veittur tveggja ára frestur frá gildistöku laganna til þess að afla sér þeirrar menntunar sem krafa er gerð um í 14. gr. frumvarpsins. Telja verður eðlilegt að veita nokkuð rúman tímafrest þar sem námskeið í verðbréfaviðskiptum geta fallið niður ef aðsókn er lítil en tveggja ára frestur ætti að vera nægilega rúmur til þess að koma í veg fyrir að það ástand komi upp að sjóðstjóri „brenni inni“ og geti ekki aflað sér umræddrar menntunar innan þess frests sem kveðið er á um.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði.

Með frumvarpinu er lagðar til breytingar sem eiga að skýra og afmarka nánar það regluverk sem gildir um starfsemi sjóða um sameiginlega fjárfestingu auk þess sem það innleiðir ákvæði tilskipunar 2007/16/EB um breytingar á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS). Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru meðal annars þær að gert er ráð fyrir að skilyrði fyrir afturköllun á staðfestingu verðbréfa- og fjárfestingarsjóðs verði rýmkaðar auk þess sem ráðherra verði veitt heimild til að kveða í reglugerð á um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs sem og upplýsingagjafar til viðskiptavina um hana. Gert er ráð fyrir auknum kröfum um hæfi framkvæmdastjóra rekstrarfélaga, sjóðstjóra sjóða og stjórnarmanna rekstrarfélaga. Þá eru heimildir um fjárfestingar í fjármálagerningum tengdra aðila þrengdar, auknar kröfur gerðar um upplýsingagjöf sjóðanna auk þess sem fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru þrengdar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins verði auknar. Hugsanlega munu því eftirlitsverkefni stofnunarinnar aukast sem kann að hafa í för með sér aukinn rekstrarkostnað. Ekki liggja þó fyrir áætlanir um aukið umfang vegna slíkra verkefna á þessu stigi. Þar sem rekstur Fjármálaeftirlitsins er fjármagnaður með eftirlitsgjöldum sem lögð eru á eftirlitsskylda aðila verður ekki séð að frumvarpið muni hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

434. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Frá minni hluta viðskiptanefndar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núgildandi samkeppnislögum sem eru allar íþyngjandi fyrir fyrirtækin í landinu, þó að þær gangi mismunandi langt.

Segja má að þær breytingar sem felast í frumvarpinu séu fjórþættar. Í fyrsta lagi er lagt til kærugjald að upphæð 200.000 kr. vegna kæru mála til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Í öðru lagi er lagt til að innheimt verði sérstakt gjald, samrunagjald að fjárhæð 250.000 kr., sem greiða skuli við hvern samruna sem tilkynntur er Samkeppniseftirlitinu óháð stærð þeirra fyrirtækja sem að samrunanum koma eða þeirri vinnu sem Samkeppniseftirlitið lætur í té vegna hans. Í þriðja lagi er lagt til að Samkeppniseftirlitið fái heimild til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla, en fram til þessa hefur eftirlitið sem lægra sett stjórnvald, þurft að sæta ákvörðunum áfrýjunarnefndarinnar sem æðra setts stjórnvalds. Fjórða breytingin sem frumvarpið felur í sér er sú viðamesta en í henni eru lagðar til breytingar á 16. gr. laganna. Annars vegar er lagt til það sem kallað er í frumvarpinu breyting á

atferli eða skipulagi fyrirtækja en felur í sér heimild til að brjóta fyrirtæki upp vegna aðstæðna eða háttsemi sem kemur í veg fyrir eða takmarkar samkeppni eða raskar samkeppni. Meiri hluti nefndarinnar leggur til breytt orðalag á þessu ákvæði, þ.e. það eigi við um háttsemi eða aðstæður sem séu skaðlegar samkeppni og teljist vera almenningi til tjóns. Hins vegar mælir tillagan fyrir um að Samkeppniseftirlitinu verði ekki aðeins heimilað að grípa til aðgerða gegn samningum, skilmálum eða athöfnum sem brjóta í bága við bannákvæði laganna heldur einnig gegn brotum gegn sáttum eða ákvörðunum sem þegar hafa verið teknar á grundvelli laganna.

Umdeilt frumvarp.

Frumvarpið var fyrst lagt fram á 138. löggjafarþingi (572. mál) en síðan þá hefur það verið mjög umdeilt enda er í því mælt fyrir um viðurhlutamiklar valdheimildir til handa Samkeppniseftirlitinu til íhlutunar í íslensku viðskiptalífi. Staðreyndin er sú að flestir eða allir þeirra umsagnaraðila sem sendu viðskiptanefnd skriflegar umsagnir um frumvarpið eða mættu á fundi nefndarinnar og þurfa hugsanlega að sæta þeim aðgerðum sem frumvarpið mælir fyrir um gagnrýndu efni þess og mæltu gegn samþykkt þess í þeirri mynd sem það var lagt fram. Sú staðreynd að Samkeppniseftirlitið sjálft mæli helst með samþykkt frumvarpsins segir sína sögu um efni þess.

Meðferð málsins í viðskiptanefnd.

Minni hlutinn gagnrýnir meðferð málsins í nefndinni harðlega. Rétt er að halda því til haga að flestir hagsmunaaðilar sem óskuðu eftir því að mæta á fundi nefndarinnar til að fylgja umsögnum sínum eftir mættu á fundi nefndarinnar. En því miður hafði meiri hluti nefndarinnar ekki biðlund til að ljúka efnislegri meðferð málsins og verða við óskum minni hlutans um umfjöllun málsins. Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að með frumvarpinu eru lagðar til grundvallarbreytingar á gildandi samkeppnislögum sem færa Samkeppniseftirlitinu mikil völd í hendur. Verði frumvarpið að lögum verður lögfest íhlutunarheimild samkeppnisyfirvalda sem er mun víðtækari og matskenndari en sú sem var í eldri samkeppnislögum. Slík heimild var afnumin við setningu gildandi laga, nr. 44/2005. Af þeirri ástæðu óskaði minni hlutinn eftir því að fyrir nefndina yrðu kallaðir kennarar í samkeppnisrétti við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík til að gefa munnlegt álit á efni frumvarpsins, en fræðimenn á sviði samkeppnisréttar hafa á fyrri stigum málsins ekki gefið nefndinni álit sitt á frumvarpinu. Þeirri beiðni var vel tekið af hálfu forustu nefndarinnar. En þar sem ekki tókst að leiða umbeðna gesti fyrir nefndina þegar í stað gafst nefndinni ekki tækifæri til þess að kynna sér álit þeirra. Í stað þess að fresta afgreiðslu málsins þar til slík álit lægju fyrir ákvað meiri hlutinn að afgreiða málið, þrátt fyrir að fyrir lægi að gestirnir gætu komið á fund nefndarinnar innan örfárra daga. Minni hlutinn átelur þess háttar vinnubrögð og gagnrýnir harðlega að ekki hafi verið orðið við framkominni beiðni. Að hafna svo sjálfsagðri beiðni um málsmeðferð getur ekki talist til vandaðra vinnubragða og varpar mjög mikilli rýrð á faglega meðferð málsins í viðskiptanefnd.

Heimild Samkeppniseftirlitsins til að skipta upp fyrirtækjum.

Helsta ástæða hinnar miklu andstöðu sem birtist viðskiptanefnd við meðferð málsins frá fulltrúum íslenskra fyrirtækja er sú meginbreyting sem frumvarpið felur í sér að heimila Samkeppniseftirlitinu að skipta upp fyrirtækjum eða fyrirskipa breytingar á skipulagi þeirra án þess að þau hafi gerst sek um brot á samkeppnislögum. Samkvæmt gildandi samkeppnis-

lögum hafa brot gegn bannákvæðum laganna verið skilyrði alvarlegra afskipta af skipulagi fyrirtækja. Í frumvarpinu er lagt til að Samkeppniseftirlitinu skuli veitt slík valdheimild til afskipta á grundvelli „aðstæðna“ en ekki einvörðungu á grundvelli „háttsemi“ eða lögbrota eins og verið hefur. Ljóst má vera að heimild til uppskiptingar sem Samkeppniseftirlitinu verður gert kleift að grípa til einungis með vísan til „aðstæðna“, eins og Samkeppniseftirlitið metur þær á tilteknum markaði, er afar matskennd og veitir eftirlitinu umfangsmiklar heimildir sem kunna að reynast þeim fyrirtækjum sem þeim þurfa að sæta gríðarlega íþyngjandi. Sé það mat löggjafans að aðstæður í atvinnulífinu séu með þeim hætti að nauðsynlegt sé að veita Samkeppniseftirlitinu svo víðtækar og íþyngjandi valdheimildir telur minni hlutinn að gera verði þá lágmarkskröfu að valdheimildin sé skilgreind með skýrum hætti í lögunum þannig að útfært sé nákvæmlega í lagatexta við hvers konar aðstæður heimildin verði virk, svo sem með vísan til markaðshlutdeildar yfir ákveðnum mörkum, tilgreindri samþjöppun á markaði eða öðrum þeim mælikvörðum sem eru almennt lagðir til grundvallar í samkeppnisrétti. Sú skoðun byggist á því meginsjónarmiði að sníða beri stjórnvöldum skýran lagaramma og að tryggt sé að stjórnvöld misbeiti ekki valdi sínu heldur gæti meðalhófs við beitingu valds. Minni hlutinn telur mikilvægt að hafa þessi meginsjónarmið að leiðarljósi jafnvel þó að mjög margt hafi aflaga farið í íslensku viðskiptalífi á síðustu missirum og árum og að framferði forsvarsmanna ýmissa fyrirtækja hafi verið mjög ámælisverð. Sú leið er hins vegar ekki farin í þessu frumvarpi heldur er lagt til að lögfest verði afar matskennd heimild til að breyta skipulagi fyrirtækja sem má beita án þess að brotið hafi verið gegn samkeppnislögunum og í raun án allrar leiðsagnar löggjafans um með hvaða hætti henni skuli beitt. Verði frumvarpið samþykkt mun beiting heimildarinnar þvert á móti einungis byggja á mati Samkeppniseftirlitsins á aðstæðum eða háttsemi sem stofnunin telur að komi í veg fyrir, takmarki eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Þótt minni hlutinn vilji ekki með nokkrum hætti gera lítið úr mikilvægi þess að haga verði löggjöf á þessu sviði með þeim hætti að neytendur njóti verndar, telur hann engu að síður að lögfesting svo matskenndrar og íþyngjandi íhlutunarheimildar gangi of langt og kunni að hafa óæskileg áhrif. Hún bjóði þeirri hættu heim að teknar verði geðþóttaákvarðanir um dýrmætar eignir eigenda íslenskra atvinnufyrirtækja. Þar við bætist að vandséð er að neinar af þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar samkeppnislögum leiði til hraðari málsmeðferðar hjá samkeppnisyfirvöldum líkt og mikið hefur verið kallað eftir.

Við meðferð málsins í nefndinni var því haldið fram að sú heimild til uppskiptingar sem frumvarpið mælir fyrir um sé sambærileg heimildum samkeppnisyfirvalda annarra landa, svo sem í Noregi, en sú fullyrðing hefur verið ein forsendna frumvarpsins hvað þennan hluta þess varðar. Við meðferð málsins í nefndinni hefur verið upplýst að sú forsenda er röng. Þá var á það bent að heimildir breskra samkeppnisyfirvalda til að skipta upp fyrirtækjum séu háðar ítarlegum málsmeðferðarreglum þar sem fyrst og fremst þarf að fara fram ítarleg rannsókn á gerð viðkomandi markaðar, eðli samkeppnislegra vandamála og greiningu á þeim úrræðum sem kemur til greina að beita. Slíku er ekki til að dreifa í þessu frumvarpi. Þvert á móti hafa umsagnaraðilar sem nefndin hefur leitað til sýnt fram á að sú heimild sem kveðið er á um í frumvarpinu veiti íslenskum samkeppnisyfirvöldum mun rýmri og matskenndari heimildir til uppskiptingar fyrirtækja en samkeppnisyfirvöldum í öðrum löndum eru tryggð. Sú staðreynd leiðir til þess að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja sem eru í þátttakendur alþjóðlegri samkeppni veikist gagnvart erlendum samkeppnisaðilum.

Minni hlutinn telur fulla ástæðu til að benda á að verði frumvarpið óbreytt að lögum eru verulegar líkur á því að uppskiptingarheimildin rýri framtíðarverðmæti íslenskra fyrirtækja

og dragi úr líkum á því að þau gangi kaupum og sölum milli aðila í íslensku viðskiptalífi. Ekki verður séð að í því felist sérstök hvatning fyrir hugsanlega kaupendur að fyrirtækjum, t.d. þeim fyrirtækjum sem um þessar mundir eru í eigu banka- og fjármálastofnana. Líklegt er að kaupendur og fjárfestar haldi að sér höndum ef þeir geta átt von á því að fyrirtæki sem fjárfest er í verði skipt upp eftir að kaupin eiga sér stað.

Heimild til að breyta skilyrðum eftir að ákvörðun hefur verið tekin.

Til viðbótar uppskiptingarheimildinni í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að Samkeppniseftirlitið geti ekki aðeins gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum eða athöfnum sem brjóta í bága við bannákvæði laganna heldur einnig gegn brotum fyrirtækja gegn sáttum eða ákvörðunum sem hafa þegar verið teknar á grundvelli laganna. Með breytingunni er í raun verið að gefa Samkeppniseftirlitinu heimild til að breyta og bæta skilyrðum við ákvörðun, eftir að hún hefur verið tekin, ef fyrirtæki brýtur gegn viðkomandi ákvörðun og brot fyrirtækis eru „þess eðlis“ að þau kalli á frekari skilyrði. Minni hlutinn telur mikilvægt að íslensk fyrirtæki eigi að geta treyst því að þegar stjórnvald hefur tekið ákvörðun sé hún endanleg og verði ekki breytt af hálfu þess síðar. Slíkri ákvörðun verði því ekki breytt eða hún endurskoðuð nema almenn skilyrði séu fyrir endurupptöku hennar eða henni hnekkt af æðra stjórnvaldi eða dómstólum. Það er óeðlilegt að Samkeppniseftirlitið, umfram önnur stjórnvöld, hafi heimildir til að bæta við eða breyta eldri ákvörðunum án þess að skilyrðum stjórnsýslulaga um endurupptöku og eftir atvikum afturköllun séu fyrir hendi. Þar með er ekki sagt að minni hlutinn telji að stjórnvöld þurfi að sæta því að fyrirtæki komist upp með að hlíta ekki ákvörðunum sem teknar hafa verið án þess að slíkt hafi afleiðingar í för með sér fyrir þau. Engu að síður er það mat fyrsta minni hluta að nægilegt sé að slík brot eigi að varða þeim viðurlögum sem er mælt fyrir um í IX. kafla samkeppnislaga.

Málskotsheimild Samkeppniseftirlitsins.

Í frumvarpinu er lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði veitt heimild til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla. Í því sambandi bendir minni hlutinn á þá meginreglu íslensks stjórnsýsluréttar að lægra settu stjórnvaldi beri að hlíta ákvörðunum æðra setts stjórnvalds og geti þar af leiðandi ekki hlutast til um að fá úrskurðum æðra setts stjórnvalds hnekkt fyrir dómstólum, enda almennt talið að lægra sett stjórnvöld hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að geta borið mál undir dómstóla. Minni hlutinn fær ekki séð að nein haldbær rök hafi verið færð fyrir því að víkja eigi frá þessari meginreglu í tilviki Samkeppniseftirlitsins. Þvert á móti bendir minni hlutinn á að með því að veita Samkeppniseftirlitinu, sem lægra settu stjórnvaldi slíka málsskotsheimild, megi færa rök fyrir því að fyrirtæki yrðu lengur í óvissu um réttarstöðu sína í tilteknum málum en ástæða væri til.

Málsskotsgjald og samrunagjald.

Frumvarpið mælir fyrir um tvenns konar gjaldtökuheimildir. Í fyrsta lagi er lagt til að með kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skuli fylgja kærugjald að fjárhæð 200.000 kr., sem endurgreiðist ef málið vinnst fyrir nefndinni. Minni hlutinn leggur mikla áherslu á að gjaldtaka vegna meðferðar samkeppnismála skuli vera hófleg, ekki síst í ljósi þess hversu mörg íslensk fyrirtæki eiga í miklum rekstrarvanda sem ekki sér fyrir endann á. Í því sambandi má benda á að við meðferð málsins í nefndinni var athygli nefndarmanna vakin á því að fjárhæð gjaldsins væri mun hærra en sambærileg gjöld, svo sem áfrýjunargjald til Hæstaréttar í stærstu málum sem þangað fara, en fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu í málum þar sem

áfrýjunarfjárhæð er 30.000.000 kr. eða hærri greiðist áfrýjunargjald að fjárhæð 130.000 kr. Í annan stað er lagt til að innheimt verði sérstakt samrunagjald og skal það nema 250.000 kr. fyrir hverja samrunatilkynningu. Að mati minni hlutans eiga sömu sjónarmið við um samrunagjaldið og málsskotsgjaldið, þ.e. að slík gjaldtaka skuli vera hófleg. Minni hlutinn bendir á að í frumvarpinu er kveðið á um að samrunagjald skuli nema 250.000 kr. fyrir hvert fyrirtæki sem tekur þátt í samrunanum. Sú framsetning fjárhæðar gjaldsins í frumvarpinu var villandi og var á það bent við meðferð málsins að í raun mundi samrunagjaldið aldrei nema lægri fjárhæð en 500.000 kr. þar sem ljóst er að minnst tvö fyrirtæki standa að hverjum samruna. Sú breyting sem meiri hlutinn leggur til á frumvarpinu um að samrunagjaldið nemi 250.000 kr. fyrir hverja tilkynningu óháð fjölda eða stærð þeirra fyrirtækja sem að samrunanum standa er til bóta. Engu að síður kann gjaldið að skipta máli og standa í vegi fyrir hagræðingu í rekstri fyrirtækja, einkum lítilla fyrirtækja sem eiga í fjárhagsörðugleikum.

Í ljósi framangreinds leggst minni hlutinn gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 6. des. 2010.

Sigurður Kári Kristjánsson, frsm. Guðlaugur Þór Þórðarson.

435. Fjáraukalög [76. mál]

fyrir árið 2010.

(Afgreidd frá Alþingi 7. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 355 (sbr. 80) með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2010, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**6.411,8**	**1.142,2**
Skattar á tekjur og hagnað	-1.712,7	-3.472,7
Tryggingagjöld	1.652,2	0,0
Eignarskattar	270,0	-170,0
Skattar á vörur og þjónustu	5.639,8	4.464,9
Aðrir skattar	562,5	320,0
Aðrar rekstrartekjur	**-9.842,1**	**-8.209,8**
Vaxtatekjur og eignatekjur	-8.019,6	-6.537,3
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	-1.822,5	-1.672,5

Sala eigna	**19.200,0**	**19.200,0**
Fjárframlög	**41,2**	**43,7**
Tekjur alls	**15.810,9**	**12.176,1**
Æðsta stjórn ríkisins	269,6	269,6
Forsætisráðuneyti	0,0	0,0
Mennta- og menningamálaráðuneyti	-412,9	-412,9
Utanríkisráðuneyti	1.202,4	1.202,4
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	612,1	612,1
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	476,0	476,0
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	-6.401,2	-6.401,2
Heilbrigðisráðuneyti	221,4	221,4
Fjármálaráðuneyti	24.894,4	2.530,8
Samgöngu- og sveitastjórnaráðuneyti	1.399,0	1.399,0
Iðnaðarráðuneyti	561,1	561,1
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	140,2	140,2
Umhverfisráðuneyti	155,3	155,3
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-24.037,0	-14.589,0
Samtals	**-919,0**	**-13.835,2**
Heildarjöfnuður	**16.730,5**	**26.011,3**
Frumjöfnuður	**713,1**	**17.959,6**

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2010:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	16.730,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-8.015,7
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-5.117,1
Viðskiptaskuldir, (breyting)	22.413,6
Handbært fé frá rekstri	**26.011,3**
Fjármunahreyfingar	
Veitt lán til Seðlabanka Íslands	31.600,0
Veitt önnur löng lán	-2.000,0
Afborganir veittra lána	85.100,0

Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup	-37.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	0,0
Fjármunahreyfingar samtals	**77.700,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**103.711,3**
Fjármögnun	
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands	-80.000,0
Önnur löng lán	43.000,0
Afborganir lána	-100.000,0
Fjármögnun samtals	**-137.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-33.288,7**

Ýmis ákvæði.

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

3. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2010:

1. 1. töluliður orðist svo: Að taka lán allt að 403.000 m.kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.
2. Á 2. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 233.100 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 203.500 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 13.100 m.kr.“ í lið 2.1 kemur: allt að 11.500 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 220.000 m.kr.“ í lið 2.2 kemur: allt að 188.400 m.kr.
   d. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: 2.3 Arion banka hf. allt að 3.600 m.kr.
3. Á 3. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 41.690 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 28.880 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 24.087 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 33.490 m.kr.
   c. Liður 3.4 fellur brott.

Ýmis ákvæði

Heimildir

4. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2010:

Nýir liðir:

2.20 Að selja fasteignina Borgarholtsbraut 51, Kópavogi, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.21 Að selja fasteignina Klettahraun 17, Hafnarfirði, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

2.22 Að selja fasteignina Starengi 6, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

4.10 Að selja fasteignina Efri-Brú, Grímsnesi.

6.23 Að kaupa húsnæði fyrir skammtímavistun fatlaðra á Ísafirði.
6.24 Að leigja hentugt húsnæði fyrir Fjármálaeftirlitið.
6.25 Að leigja hentugt húsnæði fyrir sameinaða stofnun landlæknisembættis og Lýðheilsustöðvar.
6.26 Að kaupa jörðina Teigarhorn, Djúpavogshreppi.
6.27 Að kaupa 60% eignarhlut Reykjavíkurborgar í Miðbæjarskólanum, Fríkirkjuvegi 1, Reykjavík.
6.28 Að leigja hentugt húsnæði fyrir umboðsmann skuldara.
6.29 Að leigja viðbótarhúsnæði til þarfa Landspítala.

7.20 Að auka hlut ríkissjóðs í Farice hf. og taka ásamt öðrum eigendum félagsins þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu þess.
7.21 Að samþykkja hlutafjárloforð f.h. íslenska ríkisins í Norræna fjárfestingarbankanum (NIB) fyrir allt að 19,5 milljónir evra.
7.22 Að leggja bönkum og sparisjóðum, að hluta eða að fullu í eigu íslenska ríkisins, til aukið eigið fé, reynist þess þörf, til að viðhalda lágmarkseiginfjárhlutfalli samkvæmt kröfum Fjármálaeftirlits.
7.23 Að heimila Landhelgisgæslunni að leigja hentugar björgunarþyrlur fyrir starfsemi sína í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um lágmarksgetu til björgunar.
7.24 Að efla eiginfjárstöðu Íbúðalánasjóðs um allt að 33 milljarða kr. þannig að hún geti orðið allt að 5% af áhættugrunni sjóðsins við árslok 2010 og að sjóðnum verði þar með gert kleift að mæta afskriftaþörf vegna útistandandi lánveitinga og áhrifum af ráðstöfunum sem kunna að verða gerðar vegna skuldavanda heimilanna.
7.25 Að semja við sveitarfélög um greiðslur og vaxtakjör vegna fjármagnstekjuskatts sem álagður er á árinu 2010 vegna tekjuársins 2009.
7.26 Að heimila Landbúnaðarháskóla Íslands að stofna hlutafélag um búrekstur skólans og leggja til félagsins bústofn og lausafé sem stofnfé.

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

Sundurliðun 1, **Tekjur A-hluta**, hljóðar svo:

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	-5.100,0	-7.300,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	500,0	1.300,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**-4.600,0**	**-6.000,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	3.800,0	3.000,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	-1.280,0	-1.140,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	107,3	107,3
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	260,0	560,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**-912,7**	**-472,7**
	Skattar á tekjur og hagnað	**-1.712,7**	**-3.472,7**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	421,2	0,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	1.231,0	0,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**1.652,2**	**0,0**
	Tryggingagjöld	**1.652,2**	**0,0**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	80,8	0,0
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	145,6	0,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**226,4**	**0,0**
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	320,0	-120,0

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	440,0	440,0
4.4.1	Stimpilgjöld	-490,0	-490,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	0,0	0,0
	Eignarskattar	**270,0**	**-170,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	2.200,0	2.600,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	320,0	130,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	250,0	250,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-200,0	-200,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	-220,0	-220,0
5.1.2.1.32	Kolefnisgjald	-130,0	-150,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	60,0	60,0
5.1.2.1.36	Sérstakur skattur af seldri raforku	0,0	-190,0
5.1.2.1.37	Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	20,0	5,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	-140,0	-140,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-99,2	-289,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	-120,0	-120,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	-75,0	-75,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	1.110,0	950,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**2.975,8**	**2.610,9**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	300,0	320,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	-40,0	-80,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	21,0	21,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	0,0	0,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	1.230,0	440,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	1.153,0	1.153,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**2.664,0**	**1.854,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**5.639,8**	**4.464,9**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	-420,0	-420,0
6.1.11	Iðnaðarmálagjald til sérverkefna á árinu 2010	420,0	420,0

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
6.1.15	Markaðsgjald	16,1	0,0
6.1.25	Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	320,0	320,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**336,1**	**320,0**
	Aðrir skattar	**336,1**	**320,0**
	Skatttekjur, samtals	**6.411,8**	**1.142,2**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-208,0	-208,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.010,0	730,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-4.207,8	-3.211,3
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-4.797,8	-4.032,0
8.3.8.5	Aðrar eignatekjur, ótaldar annars staðar	184,0	184,0
	Aðrar eignatekjur	**-7.811,6**	**-6.329,3**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**-8.019,6**	**-6.537,3**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	-580,0	-430,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	-1.021,5	-1.021,5
9.1.3.35	Ýmislegt	-105,0	-105,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	44,0	44,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**-1.662,5**	**-1.512,5**
	Ýmsar tekjur	**-1.662,5**	**-1.512,5**
10	**Sektir**		
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	-160,0	-160,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**-9.842,1**	**-8.209,8**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	1.500,0	1.500,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa og verðbréfa	17.700,0	17.700,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**19.200,0**	**19.200,0**
	Sala eigna, samtals	**19.200,0**	**19.200,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	6,2	8,7
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	30,0	30,0
	Rekstrarframlög	**36,2**	**38,7**
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	5,0	5,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**41,2**	**43,7**
	Fjárframlög, samtals	**41,2**	**43,7**
	Heildartekjur samtals	**15.810,9**	**12.176,1**

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast, falla brott eða bætast við og hljóða svo:

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands	1,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,4

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	11,0
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	51,9
1.90 Ýmislegt	17,0
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	28,0
Almennur rekstur samtals	107,9
Gjöld samtals	**107,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	107,9

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	-2.250,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	20,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	-62,0
Almennur rekstur samtals	-2.292,0
Gjöld samtals	**-2.292,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-2.292,0

09-971 Ríkisábyrgðir

Stofnkostnaður:	
6.01 Ríkisábyrgðir	24.775,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.245,0
Viðskiptahreyfingar 22.530,0

436. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas Brynjólfsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Þá hefur nefndinni borist umsögn Seðlabanka Íslands.

Í frumvarpinu er ríkisstjórninni veitt heimild til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem samþykktar voru af yfirstjórn sjóðsins 28. apríl og 5. maí 2008. Markmið umræddra breytinga var að auka sérstök dráttarréttindi þeirra ríkja sem hafa eflst efnahagslega síðustu missiri og hins vegar að auka þátttöku efnaminni aðildarríkja.

Fram kom að breytingarnar hefðu ekki haft áhrif á sérstök dráttarréttindi Íslands og að áhrifin á atkvæðavægi landsins væru óveruleg. Enginn kostnaður mundi leiða af þessum breytingum fyrir ríkissjóð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 26. nóv. 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson.	Álfheiður Ingadóttir.
Magnús Orri Schram.	Birkir Jón Jónsson.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Þór Saari.

437. Svar [266. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.*

Á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 hefur heildarstöðugildafjöldi í ráðuneytinu verið óbreyttur. Ráðið var í stöðugildi sem losnuðu og ráðið var í afleysingar vegna veikinda og barnsburðaleyfis. Á tímabilinu urðu eftirfarandi mannabreytingar:

Ráðið var í stöðu lögfræðings frá 1. júní 2010 í stað annars sem lét af störfum 31. júní 2010. Ráðið var í hlutastarf í móttöku frá 6. apríl 2010 þar sem starfsmaður í móttöku minnkaði við sig starfshlutfall. Ráðið var tímabundið, frá 11. desember 2009 til 19. febrúar 2009, í starf upplýsingafulltrúa vegna barnsburðaleyfis upplýsingafulltrúa ráðuneytisins og einnig í móttöku, frá 23. desember til 31. desember 2009, vegna veikinda starfsmanns.

Hjá umhverfisráðuneytinu starfa 32 starfsmenn í 30 stöðugildum. Um er að ræða einn ráðuneytisstjóra, þrjá skrifstofustjóra, 16 sérfræðinga, tvo móttökuritara, ritara ráðherra, ritara ráðuneytisstjóra, tvo ritara á skrifstofu ráðuneytisins, tvo starfsmenn í skjalasafni, fulltrúa, bókara, bílstjóra og fulltrúa í Brussel. Kynjahlutfall starfsmanna er 21 konur og 11 karlar. Launakostnaður með launatengdum gjöldum fyrir tímabilið 1. janúar 2009 til og með september 2010 eru samtals 408,1 millj. kr. Laun ráðherra og aðstoðarmanns ráðherra eru greidd af öðrum fjárlagalið.

2. *Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?*

Laun starfmanna ráðuneytisins voru lækkuð í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 18. ágúst 2009 um sparnaðaraðgerðir. Lækkunin nam 3–10% og náði til þeirra starfsmanna sem höfðu heildarlaun yfir 400 þús. kr. í mánaðarlaun. Farið var yfir fyrirhugaða launalækkun á starfsmannafundi og einnig var starfsmönnum hverjum og einum tilkynnt á fundi um lækkunina og afhent bréf með tilkynningu um breytingu með þriggja mánaða fyrirvara eða samkvæmt ákvæðum kjarasamninga þar um.

3. *Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?*

Upphæð	Verksali	Vegna
4.275.325	Capacent	Endurskoðun á stofnanauppbyggingu
958.744	Lex, lögmannsstofa	Lögfræðiþjónusta
1.492.650	Capacent	Sparnaðarátak ríkisstjórnarinnar
75.000	Ingibjörg Halldórsdóttir	Lögfræðiþjónusta
402.000	Þorsteinn Narfason	Sérfræðiþjónusta
159.980	Samsýn	Sérfræðiþjónusta
48.884	Umhverfisráðgjöf	Sérfræðiþjónusta
184.000	Framkvæmdasýslan	Sérfræðiþjónusta
1.672.000	Guðný Björnsdóttir	Lögfræðiþjónusta
1.076.146	Focal ehf.	Sérfræðiþjónusta
24.000	Skynsemi ehf.	Lögfræðiþjónusta
10.000	Aðalheiður Jóhannsdóttir	Sérfræðiþjónusta
315.310	Alta	Sérfræðiþjónusta
1.691.134	Alta	Tækifæri til aukinnar framlegðar
600.000	Salvör Jónsdóttir	Sérfræðiþjónusta
1.283.414	Skjal ehf.	Þýðendur og túlkar
205.000	Lingua /Norðan jökuls ehf.	Þýðendur og túlkar

Upphæð	Verksali	Vegna
39.000	UMÍS umhverfisráðgjöf Íslands ehf.	Þýðendur og túlkar
310.440	Ellen Margrét Ingvadóttir	Þýðendur og túlkar
14.823.027	**Samtals jan.–sept.**	

4. *Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?*

Þegar ný verkefni koma upp er ávallt reynt að leysa þau af sérfræðingum og starfsfólki innan stjórnarráðsins. Gildir það um meginþorra allra verkefna sem þarf að leysa í ráðuneytinu að jafnaði. Þetta er þó ekki án undantekninga eins og sést á töflunni í svari við 3. lið fyrirspurnarinnar og er þá um að ræða úrlausn verkefna sem krefjast ákveðinnar sérhæfðrar þekkingar og sérfræðiþjónustu.

438. Svar [195. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um útboð og stækkun álversins í Straumsvík.

1. *Hvernig var háttað útboðum til framkvæmda við stækkun álversins í Straumsvík?*

Svör við 1. og 2. tölul. fyrirspurnarinnar byggjast alfarið á upplýsingum sem aflað var hjá Alcan á Íslandi hf.

Settur er saman bjóðendalisti með a.m.k. fjórum aðilum sem eru taldir hafa þekkingu og reynslu af sambærilegum verkefnum og eru líklegir til að uppfylla kröfur um öryggi og fjárhagslegan styrk.

Verkfræðistofan HRV, sem hefur umsjón með framkvæmd fjárfestingarverkefnanna í Straumsvík, vinnur ítarlegt mat út frá framangreindum þáttum og er bjóðendalistinn síðan lagður fyrir innkaupanefnd verkefnisins til samþykktar.

Samþykktum bjóðendum er boðin þátttaka í útboðsferlinu og í framhaldi eru þeim send útboðsgögn.

Í framhaldi af opnun tilboða fer fram fjórþætt mat á tilboðum. Þau eru metin með tilliti til tæknilegra atriða, gæðamála og öryggismála og er það mat unnið af aðilum sem enga vitneskju hafa um tilboðsupphæðir eða önnur verð bjóðenda. Samtímis er unnið viðskiptalegt mat. Vægi einstakra matsliða er ákveðið áður en tilboð eru opnuð.

Sameiginlegur fundur allra matsaðila er haldinn þar sem farið er yfir niðurstöðu einstakra matshluta og metið hvert sé besta tilboðið.

Á grundvelli niðurstöðu áðurgreinds fundar er útbúið meðmælaskjal um hvaða tilboði skuli tekið, ásamt beiðni um fjárfestingarheimild. Hvort tveggja er sent innkaupanefnd verkefnisins til samþykktar.

2. *Hvaða skilyrði voru sett fyrir því að fá að bjóða í verkið?*

Gerðar eru margvíslegar kröfur til þeirra sem bjóða í verk, m.a. um tæknilega getu, fjárhagslegan styrk og atriði sem lúta að umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismálum. Hvað snertir fjárhagslegan styrk eru gerðar mismiklar kröfur eftir umfangi og þýðingu þess verkhluta sem

um ræðir. Vegna frétta nýverið um að krafist sé erlendra bankaábyrgða er rétt að taka fram að svo er ekki. Þess eru dæmi í einstökum umfangsmiklum verkhlutum að farið hafi verið fram á móðurfélagsábyrgð, en sú krafa á vitaskuld ekki við sé móðurfélag ekki til staðar.

Við mörkun innkaupastefnu verkefnisins var lagt upp með að hámarka hlut íslenskra fyrirtækja. Í því skyni að auka möguleika íslenskra fyrirtækja var útboðspökkum skipt niður í smærri einingar og leitast við að lágmarka fjölda alútboða.

Gert er ráð fyrir að 60–80 íslensk fyrirtæki komi að þessu verkefni, beint og óbeint, bæði sem hönnuðir og framleiðendur sérhæfðs búnaðar, byggingaverktakar, málmiðnaðarfyrirtæki, rafiðnaðarfyrirtæki, hugbúnaðarfyrirtæki, sérhæfðir þjónustuaðilar og önnur íslensk fyrirtæki.

3. *Hver var afstaða stjórnar Ísals, þ.m.t. fulltrúa ríkisins, til útboðsreglnanna? Hverjir eru fulltrúar ríkisins í stjórn Ísals?*

Samkvæmt 23. gr. aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., dags. 28. mars 1966, um álbræðslu við Straumsvík, sbr. lög nr. 76/1966, eru tveir stjórnarmenn álversins í Straumsvík tilnefndir af ríkisstjórn Íslands. Þeir bera sömu skyldur og aðrir stjórnarmenn fyrirtækisins. Í 20. gr. stofnskrár ÍSAL, frá 1966, kemur jafnframt fram að ríkisstjórn Íslands skipi tvo af sjö stjórnarmönnum fyrirtækisins.

Þar sem stofnun ÍSAL var hluti af aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium („Alusuisse“) var talið eðlilegt á þeim tíma að ríkisstjórn Íslands skipaði tvo af sjö stjórnarmönnum fyrirtækisins. Auk þess var um að ræða fyrsta stóra fjárfestingarsamninginn við erlendan aðila á þeim tíma. Ástæður þess að ríkisstjórn Íslands á enn í dag tvo fulltrúa í stjórn fyrirtækisins á sér því fyrst og fremst sögulegar skýringar.

Umræddur aðalsamningur hefur tekið miklum breytingum frá árinu 1966 og verið breytt samtals átta sinnum. Meðal annars voru öll sérákvæði um skatta og opinber gjöld felld brott úr honum árið 2007 og fyrirtækið fært alfarið inn í hið almenna skattkerfi. Lítið er því eftir um ákvæði í aðalsamningnum sem hafa efnislega þýðingu í dag. Aðalsamningurinn fellur úr gildi árið 2014.

Varðandi hlutverk stjórnar fyrirtækisins ber að hafa í huga að daglegur rekstur fyrirtækisins er ekki í höndum stjórnar félagsins heldur forstjóra og framkvæmdastjóra. Er það í samræmi við almenna verkaskiptingu milli stjórnar og stjórnenda í íslenskum fyrirtækjum. Eins og sjá má á heimasíðu fyrirtækisins eru Gunnar Axel Gunnarsson og Margrét Frímannsdóttir nú fulltrúar ríkisins í stjórn fyrirtækisins.

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér er almenn stefna fyrirtækisins í útboðsmálum borin undir stjórn til samþykktar. Ekki er fjallað um einstök útboð á fundum stjórnar þar sem daglegur rekstur fyrirtækisins er, sem áður segir, ekki í höndum stjórnar.

4. *Hver er skoðun ráðherra á því verklagi sem var viðhaft við útboðsgerðina?*

Starfsemi álversins í Straumsvík fellur ekki undir lög um opinber innkaup þar sem fyrirtækið telst ekki vera opinber aðili í skilningi 3. gr. laga nr. 84/2007, um opinber innkaup. Stjórnvöld hafa því hvorki almenna né sérstaka eftirlitsskyldu með innkaupum fyrirtækisins á vörum og þjónustu. Áðurnefndur aðalsamningur frá 1966, um álbræðslu í Straumsvík, breytir engu þar um, né sú staðreynd að ríkið skipar tvo stjórnarmenn af sjö í fyrirtækinu. Eins og áður segir er daglegur rekstur fyrirtækisins ekki í höndum stjórnar, frekar en gerist og gengur hjá fyrirtækjum almennt.

Í svari við 1. og 2. tölul. er að finna lýsingu á því hvernig staðið er að útboðum hjá fyrirtækinu vegna framkvæmda við stækkun álversins í Straumsvík. Ekki verður annað séð en það verklag sem þar er lýst sé í samræmi við það sem almennt gerist hjá íslenskum fyrirtækjum. Í svari við 2. tölul. kemur fram að innkaupastefna fyrirtækisins miði að því að hámarka hlut íslenskra fyrirtækja. Það er meðal annars gert með því að skipta verkefnum upp í smærri einingar.

439. Svar [260. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.*

Á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 hefur heildarstöðugildafjöldi verið á bilinu 22–24 eftir því hvort stöður starfsmanna í fæðingarorlofi hafa verið mannaðar eða ekki. Þessi fjöldi er fyrir utan aðstoðarmann ráðherra og ráðherrann sjálfan þar sem þeir eru ekki á launaskrá ráðuneytisins. Með flutningi efnahagsmála til viðskiptaráðuneytisins fékk ráðuneytið tvo starfsmenn frá forsætisráðuneytinu og tvo starfsmenn frá fjármálaráðuneytinu. Einn starfsmaður fór frá ráðuneytinu með málaflokki neytendamála til dóms- og mannréttindaráðuneytis. Tveir til fjórir starfsmenn eru á þessu tímabili í fæðingarorlofi og ráðið hefur verið flestar þær stöður tímabundið. Með komu nýs ráðherra í september 2010 fór einn bílstjóri yfir til félagsmálaráðuneytisins og annar frá félagsmálaráðuneytinu kom í hans stað. Einn lögfræðingur, einn skrifstofustjóri, ráðuneytisstjóri og ritari hættu á tímabilinu fyrir utan flutning bílstjóra. Ráðning í lögfræðistöðuna hefur farið fram en ekki hefur verið ráðið í ritarastöðu, nýr ráðuneytisstjóri tók við 1. desember. 1. október 2010 voru starfandi í ráðuneytinu fjórir skrifstofustjórar, 14 sérfræðingar, tveir stjórnarráðsritarar, einn móttökuritari, einn bílstjóri, einn ritara ráðherra, fjórir starfsmenn voru í fæðingarorlofi og ráðuneytisstjóri var væntanlegur. Starfsmenn alls eru 24, 15 kvenmenn og 9 karlmenn. Launakostnaður með launatengdum gjöldum fyrir tímabilið 1. janúar 2009 til 1. október 2010 er samtals 295,7 millj. króna.

2. *Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?*

Laun stafsmanna í ráðuneytinu voru lækkuð í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 18. ágúst 2009 um sparnaðaraðgerðir. Lækkunin nam 3–10% og náði til þeirra starfsmanna sem höfðu heildarlaun yfir 400 þús. kr. Lækkun launaútgjalda náðist með fækkun yfirvinnueininga en grunnlaun héldust óbreytt. Starfsmönnum var hverjum og einum kynnt útfærslan á fundi og þeim var jafnframt afhent bréf þar sem breytingin var tilkynnt með þriggja mánaða fyrirvara samkvæmt ákvæðum kjarasamninga þar um.

3. *Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?*

Ráðuneytið hefur tekið saman eftirfarandi yfirlit yfir aðkeypta sérfræðiþjónustu umrætt tímabil. Yfirlitið nær yfir fjárlagalið aðalskrifstofu og ýmissa verkefna á þess vegum.

Heiti tegundar	Upphæð	Lýsing	Birgir
Lögfræðingar án vsk	538.435	Erlend ráðgjöf	Advokatfirmaet Schjödt DA
Lögfræðingar án vsk	1.750.000	Skýrsla	Askar Capital hf
Lögfræðingar	1.693.200	Formennska í nefnd um slit samvinnufélaga	Áslaug Björgvinsdóttir
Lögfræðingar án vsk	480.000	Skýrsla	Dóra Guðmundsdóttir
Lögfræðingar	547.807	vinna fyrir nefnd um erlendar fjárfestingar	DST ráðgjöf ehf
Lögfræðingar	188.250	Vinna v.frumvarpsgerðar	Eyvindur G. Gunnarsson slf
Lögfræðingar	378.480	Vinna v.frumvarpsgerðar	Guðný Björnsdóttir
Lögfræðingar	363.540	Vinna v.frumvarpsgerðar	Gunnar Þór Pétursson
Lögfræðingar	1.054.338	Álitsgerð v.nefnd um erlenda fjárfestingu	Háskóli Íslands
Lögfræðingar	468.050	Vinna v.frumvarpsgerðar	JP Lögmenn ehf
Lögfræðingar	897.185	Ráðgjöf	Kristín Benediktsdóttir
Lögfræðingar	188.916	Skýrsla	Lagaval ehf
Lögfræðingar	9.032.037	Ráðgjöf	Landslög lögfræðiþjónusta ehf
Lögfræðingar	1.101.137	Ráðgjöf	LEX ehf
Lögfræðingar	1.723.192	Vinna v.frumvarpsgerðar	LM Lögmenn sf
Lögfræðingar	750.650	Vinna v.frumvarpsgerðar og ráðgjöf	Marag ehf
Lögfræðingar án vsk	297.500	Vinna v.frumvarpsgerðar	Markús Sigurbjörnsson
Lögfræðingar	235.305	Ráðgjöf	Málflutningsskrst Austurv 6 ehf
Lögfræðingar	835.830	Álitsgerð	Rannsóknaþjónusta Hásk í Rvík
Lögfræðingar	90.360	Álitsgerð	Skynsemi ehf
Lögfræðingar	564.190	Ráðgjöf	Talnakönnun hf
Lögfræðingar	459.405	Vinna v.frumvarpsgerðar	Viðar Már Matthíasson
	23.637.807		
Ráðningarþjónusta	722.880	Ráðningarþjónusta	Capacent ehf
Ráðningarþjónusta	1.288.495	Ráðningarþjónusta	GH1 hf
Ráðningarþjónusta	112.050	Ráðningarþjónusta	Talent ráðningar ehf
	2.123.425		
Verkfræðingar, tæknifræðingar o	117.012	vinna formanns v.fagráð atvinnulífsisn við N	Ingólfur Örn Þorbjörnsson
	117.012		
Viðskipta- og hagfræðingar, lögg	19.864.700	Erlend ráðgjöf	Oliver Wyman
Viðskipta- og hagfræðingar, lögg	1.572.161	Erlend ráðgjöf	Lovells LLP
Viðskipta- og hagfræðingar, lögg	1.028.370	Sparnaðarátak ríkistjórnarinnar	GH1 hf
Viðskipta- og hagfræðingar, lögg	301.200	Ráðgjöf	KRML ehf
Viðskipta- og hagfræðingar, lögg	244.717	Sparnaðarátak ríkistjórnarinnar	Parx ehf
	23.011.148		
Þýðendur, túlkar	102.563	Þýðingar	Anne Cecilia Benassi
Þýðendur, túlkar	1.536.184	Þýðingar	Jón Skaptason
Þýðendur, túlkar	2.723.560	Þýðingar	JS þýðingar ehf
Þýðendur, túlkar	102.837	Þýðingar	Ritsmiðjan slf
Þýðendur, túlkar	16.808	Þýðingar	Scriptorium ehf
Þýðendur, túlkar án VSK	57.420	Þýðingar	Sigrún Harðardóttir
Þýðendur, túlkar	350.000	Þýðingar	Tryggvi Gíslason
	4.889.372		

Önnur sérfræðiþjónusta	1.245.000	Ráðgjöf	Admon ehf
Önnur sérfræðiþjónusta	240.130	Ráðgjöf	Góð samskipti ehf
Önnur sérfræðiþjónusta	199.200	Ráðgjöf	Haukur Arnþórsson
Önnur sérfræðiþjónusta	1.992.000	Skýrsla	Háskóli Íslands
Önnur sérfræðiþjónusta án VSK	100.000	Skýrsla	Hugljómun ehf
Önnur sérfræðiþjónusta án VSK	166.914	Vinna v.frumvarpsgerðar	Hulda Kristín Magnúsdóttir
Önnur sérfræðiþjónusta	199.200	Ráðgjöf	Nordica ráðgjöf ehf
Önnur sérfræðiþjónusta	179.280	Vinna v.frumvarpsgerðar	Nýtt land ehf
Önnur sérfræðiþjónusta	2.198.981	Skýrsla	Talnakönnun hf
	6.520.705		
Samtals	60.299.469		

4. *Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?*

Þegar ný úrlausnarefni og verkefni koma upp er ávallt reynt að leysa þau af sérfræðingum og starfsfólki innan Stjórnarráðsins. Meginþorri verkefna sem upp koma í ráðuneytinu er leystur með þeim hætti. Ætíð koma þó upp einhver verkefni þar sem talin er þörf á utanaðkomandi sérþekkingu og er þá leitað til sérfræðinga og ráðgjafa á viðkomandi sviðum, m.a vegna samráðs til að tryggja aðkomu hlutlausra sérfræðinga, sbr. þau tilvik og verkefni sem tilgreind eru hér að framan.

440. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá menntamálanefnd.

Breytingar á sundurliðun 2:

Við **02-982 Listir, framlög**

1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).

	Þús. kr.
1. Atli Heimir Sveinsson	1.575
2. Ásgerður Búadóttir	1.575
3. Edda Heiðrún Backman	1.575
4. Erró	1.575
5. Guðbergur Bergsson	1.575
6. Guðmunda Elíasdóttir	1.575
7. Gunnar Eyjólfsson	1.575
8. Hannes Pétursson	1.575
9. Herdís Þorvaldsdóttir	1.575

10.	Jóhann Hjálmarsson	1.575
11.	Jón Nordal	1.575
12.	Jón Sigurbjörnsson	1.575
13.	Jón Þórarinsson	1.575
14.	Jónas Ingimundarson	1.575
15.	Jórunn Viðar	1.575
16.	Kristbjörg Kjeld	1.575
17.	Kristján Davíðsson	1.575
18.	Magnús Pálsson	1.575
19.	Matthías Johannessen	1.575
20.	Megas	1.575
21.	Róbert Arnfinnsson	1.575
22.	Thor Vilhjálmsson	1.575
23.	Vigdís Grímsdóttir	1.575
24.	Vilborg Dagbjartsdóttir	1.575
25.	Þorbjörg Höskuldsdóttir	1.575
26.	Þorsteinn frá Hamri	1.575
27.	Þráinn Bertelsson	1.575
28.	Þuríður Pálsdóttir	1.575
	Samtals	44.100

441. Svar [137. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um hlutabætur í atvinnuleysi.

1. *Hver er að mati ráðherra reynslan af ákvæðum um hlutabætur í atvinnuleysi, þ.e. atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli, sem voru lögleidd með lögum nr. 131/2008?*

Ákvæðunum um hlutabætur í atvinnuleysi var ætlað að koma til móts við þær breytingar sem urðu á íslenskum vinnumarkaði í kjölfar efnahagsþrenginganna haustið 2008. Á þeim tíma hvatti forysta atvinnulífsins fyrirtæki sem áttu í tímabundnum rekstrarvanda til að skoða þann kost að skerða starfshlutfall starfsmanna sinna fremur en að grípa til uppsagna. Var ákvæðunum því ætlað að stuðla að því að fleiri héldu störfum en ella og að dregið yrði úr þeim áhrifum sem ákvarðanir vinnuveitenda um skerðingu starfshlutfalls kynnu að hafa á réttindi launafólks.

Ákvæðin hafa almennt þótt reynast vel og hafa ekki síst sýnt ágæti sitt sem vinnumarkaðsúrræði, þar sem að starfsmenn eru áfram virkir á vinnumarkaði í að minnsta kosti 50% starfshlutfalli, í stað þess að missa hugsanlega vinnu sína að fullu. Ákvæði til bráðabirgða V í lögum um atvinnuleysistryggingar sem fjallar um rétt launafólks til atvinnuleysisbóta samhliða skertu starfshlutfalli hefur reynst konum betur en körlum en mun fleiri konur hafa nýtt sér þann rétt sem ákvæðið veitir.

Ákvæði til bráðabirgða VI í lögum um atvinnuleysistryggingar fjallar um rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til atvinnuleysisbóta vegna verulegs samdráttar í rekstri þeirra reyndist

þegar í upphafi nokkuð flókið í framkvæmd þar sem erfiðlega reyndist að meta samdrátt í rekstri sjálfstætt starfandi einstaklinga og hvað gæti talist tilfallandi verkefni. Alþingi samþykkti því breytingar á ákvæðinu með lögum nr. 134/2008, um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, þannig að hver og einn sjálfstætt starfandi einstaklingur getur nú nýtt sér þetta úrræði í allt að þrjá mánuði samfellt í því skyni að bregðast við tímabundnum samdrætti í rekstrinum. Eftir þessa breytingu hefur ákvæðið reynst vel í framkvæmd.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp þar sem m.a. er lagt til að framlengdur verði til 30. júní 2011 gildistími fyrrnefndra ákvæða til bráðabirgða V og VI í lögum um atvinnuleysistryggingar.

2. *Hversu margir einstaklingar þiggja hlutabætur nú, sundurliðað eftir kyni, aldri, búsetu og atvinnugreinum?*

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru í október 2010 samtals 1.903 einstaklingar sem skráðir voru á atvinnuleysisskrá í hlutastarfi eða í skertu starfshlutfalli, eða 623 karlar (33%) og 1.280 konur (67%). Þar af fengu 1.179 einstaklingar greiddar atvinnuleysisbætur vegna skerts starfshlutfalls á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V í lögum um atvinnuleysistryggingar eða 824 konur (70%) og 355 karlar (30%).

Samtals eiga 1.123 af þeim 1.903 einstaklingum sem voru í október 2010 skráðir á atvinnuleysisskrá í hlutastarfi eða í skertu starfshlutfalli lögheimili á höfuðborgarsvæðinu, 190 á Suðurnesjum, 74 á Vesturlandi, 20 á Vestfjörðum, 24 á Norðvesturlandi, 207 á Norðausturlandi, 50 á Austurlandi og 127 á Suðurlandi. Meiri hluti þeirra sem fengu á þessu tímabili greiddar atvinnuleysisbætur vegna skerts starfshlutfalls á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V á lögheimili á höfuðborgarsvæðinu eða 716 einstaklingar (61%) en fæstir eiga lögheimili á Vestfjörðum eða 12 einstaklingar (1%).

Aldursdreifing er nokkuð jöfn enda þótt flestir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi séu í aldurshópunum 20–30 ára (456) og 30–40 ára (467). Þegar eingöngu eru skoðaðir þeir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur vegna skerts starfshlutfalls á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V eru flestir í aldurshópunum 30–40 ára (302) og 40–50 ára (270).

Í lok október voru 32 sjálfstætt starfandi einstaklingar skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða VI vegna verulegs samdráttar í rekstri þeirra.

Tafla 1 sýnir skiptingu þeirra eftir starfsgreinum sem voru í október 2010 skráðir á atvinnuleysisskrá í hlutastarfi eða í skertu starfshlutfalli.

Tafla 1. Fjöldi einstaklinga sem voru í október 2010 skráðir á atvinnuleysisskrá í hlutastarfi eða í skertu starfshlutfalli, skipt eftir starfsgreinum.

01. Landbúnaður	15
02. Fiskveiðar	21
03. Fiskvinnsla	30
04. Iðnaður/hráefnav.	192
05. Veitur og endurveitur	10
06. Mannvirkjagerð	139
07. Verslun	367
08. Flutningar	104
09. Gisting og veitingar	100

10. Upplýsingar og fjarskipti	53
11. Fjármál og tryggingar	50
12. Sérfr.starfs., faste.	165
13. Ýmis sérhæfð þjónusta	209
14. Menning/íþróttir/félög	81
15. Opinber stjórnsýsla	26
16. Fræðslustarfsemi	73
17. Heilbrigðisstarfsemi	153
Óvíst	114

Heimild: Vinnumálastofnun.

3. Hversu margir einstaklingar hafa notið hlutabóta, greint eftir kyni, aldri og búsetu?

Frá haustmánuðum 2008 hafa verið sveiflur í fjölda þeirra sem fá greiddar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi eða skertu starfshlutfalli. Fjöldi þeirra var mestur í mars 2009 eða rúmlega 3.200 einstaklingar en þar af voru 2.105 einstaklingar sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum samhliða skertu starfshlutfalli. Í ársbyrjun 2009 nýtti hærra hlutfall karla en kvenna sér atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V samhliða skertu starfshlutfalli, en í mars það ár voru 57% þeirra sem voru í skertu starfshlutfalli karlar en í árslok 2009 voru karlar um 40% og konur 60%. Fjöldi þeirra sem nýttu sér ákvæði til bráðabirgða V var nokkuð jafn á árinu 2009 þegar á heildina er litið, eða 51% konur og 49% karlar.

Það sem af er ársins 2010 hefur hins vegar orðið fækkun meðal þeirra sem fá greiddar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi eða skertu starfshlutfalli. Í janúar 2010 fengu 2.588 einstaklingar greiddar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi eða skertu starfshlutfalli eða um 16% þeirra sem voru á þessu tímabili skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun. Þar af fengu 1.516 einstaklingar greiddar atvinnuleysisbætur vegna skerts starfshlutfalls á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V í lögum um atvinnuleysistryggingar eða 891 kona (59%) og 625 karlar (41%). Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru í október 2010 samtals 1.903 einstaklingar skráðir á atvinnuleysisskrá, í hlutastarfi eða í skertu starfshlutfalli, eða 623 karlar (33%) og 1.280 konur (67%). Þar af fengu 1.179 einstaklingar greiddar atvinnuleysisbætur vegna skerts starfshlutfalls á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V í lögum um atvinnuleysistryggingar eða 824 konur (70%) og 355 karlar (30%). Ekki liggja fyrir ástæður þess að fækkun hefur orðið meiri meðal karla en kvenna.

Mynd 1 sýnir þróun eftir kyni og landshlutum á fjölda þeirra sem skráðir eru á atvinnuleysisskrá og fá greiddar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi eða skertu starfshlutfalli.



Mynd 1. Þróun fjölda þeirra sem skráðir eru á atvinnuleysisskrá og fá greiddar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi eða skertu starfshlutfalli, eftir kyni og landshlutum.

4. *Hversu lengi hafa menn notið hlutabóta í senn og í hversu stóru hlutfalli af dagvinnu?*

Flestir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi eða skertu starfshlutfalli eru í 25–75% starfshlutfalli. Starfshlutfall miðast við fullt starf og kemur hlutfallið fram í

vinnuveitandavottorði. Ekki eru til upplýsingar um það hversu lengi hver og einn einstaklingur hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi eða skertu starfshlutfalli heldur eingöngu í hversu langan tíma einstaklingar hafa í heild fengið greiddar atvinnuleysisbætur. Skv. 29. gr. laga um atvinnuleysistryggingar eiga þeir sem eru tryggðir samkvæmt lögunum rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta samfellt í þrjú ár. Tafla 2 sýnir starfshlutfall (%) og þann fjölda mánaða sem einstaklingar sem voru skráðir á atvinnuleysisskrá í október 2010 samhliða hlutastarfi eða skertu starfshlutfalli hafa verið á atvinnuleysisskrá. Samkvæmt töflunni höfðu flestir fengið greiddar atvinnuleysisbætur í 12–24 mánuði eða 987 en fjöldi þeirra sem höfðu fengið greiddar atvinnuleysisbætur skemur en eitt ár var aðeins minni eða 804. Samtals höfðu 112 einstaklingar fengið greiddar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi eða skertu starfshlutfalli í meira en tvö ár.

Tafla 2.Lengd þess tíma sem fólk hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi eða skertu starfshlutfalli.

Starfshlutfall	**Mánuðir nýttir af tímabili sem atvinnuleysisbætur eru greiddar**		
Karlar	**12 mánuðir eða minna**	**12–24 mánuðir**	**24–36 mánuðir**
0–25%	29	43	4
25–50%	114	186	15
50–75%	64	75	3
75–100%	38	52	0
Samtals	**245**	**356**	**22**
Konur	**12 mánuðir eða minna**	**12–24 mánuðir**	**24–36 mánuðir**
0–25%	55	64	9
25–50%	230	263	38
50–75%	177	210	30
75–100%	97	94	13
Samtals	**559**	**631**	**90**
Samtals	**804**	**987**	**112**

5. *Hvernig skiptast hlutabætur eftir atvinnugreinum og milli opinberra starfa annars vegar og almenna vinnumarkaðarins hins vegar?*

Vinnumálastofnun skráir ekki fyrri störf atvinnuleitenda eftir því hvort þau voru hjá hinu opinbera eða á almennum vinnumarkaði og því eru ekki tiltækar þær upplýsingar sem hér er beðið um. Hins vegar skráir stofnunin upplýsingar um fyrra starf atvinnuleitanda eftir starfaflokkum. Í því sambandi er vísað til upplýsinga í töflu 1 en þar kemur m.a. fram að 153 þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi eða skertu starfshlutfalli í október 2010 starfa við heilbrigðisstarfsemi, 73 við fræðslustarfsemi og 26 við opinbera stjórnsýslu.

6. *Hefur ráðherra upplýsingar um afdrif þeirra sem hætta á hlutabótum, þ.e. hvort þeir fara í fulla vinnu eftir það eða á fullar atvinnuleysisbætur?*

Vinnumálastofnun hefur ekki haldið reglubundið utan um upplýsingar um afdrif þeirra er hætta að fá greiddar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi eða skertu starfshlutfalli. Vinnumálastofnun vann þó óformlega úttekt í apríl 2010 á ástæðum þess að þessir einstak-

lingar hættu að skrá sig án atvinnu hjá stofnuninni á þessu tímabili. Í langflestum tilvikum var ástæðan sú að viðkomandi fór í 100% starfshlutfall að nýju eða 495 einstaklingar af 1031, sem gera 48% af heildarfjölda þeirra sem hættu á þessu tímabili að skrá sig án atvinnu hjá stofnuninni. Enn fremur fluttust 39 einstaklingar af landi brott eða tæp 4% og 22 einstaklingar fóru í fæðingarorlof eða 2%. Jafnframt fengu sjö einstaklingar tímabundna vinnu, einn einstaklingur fékk ellilífeyrisgreiðslur og einn einstaklingur fékk örorkulífeyri. Ekki er vitað er um afdrif 391 einstaklings af þeim sem hættu í apríl 2010 að ská sig án atvinnu hjá Vinnumálastofnun en það eru 38% af heildarfjöldanum.

7. *Hyggst ráðherra leggja til breytingar á þessu fyrirkomulagi og þá á hvern hátt?*

Ráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar þar sem lagt verður til að gildistími ákvæða til bráðabirgða V og VI í lögum um atvinnuleysistryggingar verði framlengdur til 30. júní 2011. Í þeim tilgangi að ná fram markmiðum í ríkisfjármálum sem fram koma í frumvarpi til fjárlaga 2011 er jafnframt gerð tillaga um að starfshlutfall launafólks verði að skerðast um 30% hið minnsta í stað 20% áður svo hlutaðeigandi geti átt rétt á hlutfallslegum greiðslum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V í lögunum.

442. Fyrirspurn [352. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um framlög til málefna fatlaðra.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hversu há hafa árleg opinber framlög til málefna fatlaðra verið á verðlagi hvers árs árin 1991–2011, miðað við áætlun fjáraukalaga og fjárlaga fyrir árin 2010 og 2011?
2. Hversu há hafa þessi framlög verið á verðlagi 1. nóvember sl., miðað við meðaltal neysluvísitölu hvers árs og spá um vísitölu fram til loka árs 2011?
3. Hversu há hafa framlögin verið sem hlutfall af opinberum útgjöldum hvers árs?
4. Hversu há hafa framlögin verið sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hvers árs?

Skriflegt svar óskast.

443. Fyrirspurn [353. mál]

til fjármálaráðherra um eiginfjárframlag til SAT eignarhaldsfélags hf.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Á hvaða lagaheimild byggði ráðherra ákvörðun um að leggja SAT eignarhaldsfélagi hf. til eiginfjárframlag að upphæð 11,6 milljarðar kr.?

2. Af hverju voru viðskiptin ekki tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og hvernig hyggst ráðherra bregðast við athugasemdum stofnunarinnar um ríkisstyrk?

Skriflegt svar óskast.

444. Fyrirspurn [354. mál]

til fjármálaráðherra um frjáls félagasamtök, skattgreiðslur og styrki.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hversu mikið greiddu frjáls félagasamtök í erfðafjárskatt, fjármagnstekjuskatt og innskatt á aðföng á tímabilinu 1999–2009?
2. Hversu mikið fengu frjáls félagasamtök í styrki frá ríkinu á sama tímabili, skipt eftir ráðuneytum/málaflokkum?

Skriflegt svar óskast.

445. Fyrirspurn [355. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um póstsamgöngur við afskekktar byggðir.

Frá Guðmundi Steingrímssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að áfram verði haldið að keyra póst til afskekktra byggða á Íslandi? Ef svo er, til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa til að tryggja póstsamgöngur, í ljósi tíðinda undanfarið um misbrest á póstdreifingu til afskekktra staða?

Skriflegt svar óskast.

446. Fyrirspurn [356. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu Íbúðalánasjóðs.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hver er fjárhæð áætlaðra framlaga í afskriftarsjóð útlána Íbúðalánasjóðs árin 2010–2012, sundurliðuð eftir árum?

2. Hversu miklum fjármunum tapaði Íbúðalánasjóður árin 2000–2010, sundurliðað eftir árum, vegna kaupa á skuldabréfum og aðildar að vaxtaskiptasamningum?
3. Af hvaða aðilum keypti Íbúðalánasjóður þau skuldabréf sem sjóðurinn tapaði á árin 2000–2010 og hverjir voru útgefendur þeirra bréfa?
4. Hverjir eru og voru gagnaðilar Íbúðalánasjóðs að þeim vaxtaskiptasamningum sem sjóðurinn tapaði á árin 2000–2010?
5. Hversu mikið reiðufé keypti Íbúðalánasjóður af Seðlabanka Íslands árin 2000–2010, sundurliðað eftir árum, og hversu mikið af öðrum fjármálastofnunum?
6. Hvaða einstaklingar og lögaðilar veittu Íbúðalánasjóði sérfræðiaðstoð á árunum 2000–2008, í hverju fólst sú aðstoð og hve mikið greiddi sjóðurinn fyrir hana, sundurliðað eftir einstökum sérfræðingum?
7. Hversu mikið má áætla að eigið fé og eiginfjárhlutfall Íbúðalánasjóðs verði á árunum 2010–2012, sundurliðað eftir árum, leggi íslenska ríkið sjóðnum ekki til aukið fé?
8. Hvað gerir ráðherra ráð fyrir að fjárframlag ríkissjóðs til Íbúðalánasjóðs verði hátt á næstu þremur til sex árum?
9. Hvernig er gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður ráðstafi u.þ.b. 1.100 íbúðum sem sjóðurinn er eigandi að, hversu hátt hlutfall þeirra er í útleigu og hversu hátt hlutfall þeirra telur ráðherra að sjóðurinn geti selt á næstu tveimur til fjórum árum?
10. Hvaða skyldum hefur Íbúðalánasjóður að gegna sem virkasti lánveitandinn á innlendum fasteignamarkaði eins og ráðherra vísaði til í svari við 5. lið fyrirspurnar um stöðu Íbúðalánasjóðs á þingskjali 229 í 89. máli?
11. Hvaða lögaðilum lánaði Íbúðalánasjóður fé til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði og hvaða einstaklingar og lögaðilar eru eigendur lánþeganna nú?
12. Hver er heildarfjöldi og heildarupphæð veittra lána Íbúðalánasjóðs frá upphafi árs 2007, sundurliðað eftir mánuðum og verkefnum Íbúðalánasjóðs skv. 9. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998?

Skriflegt svar óskast.

447. Fyrirspurn [357. mál]

til fjármálaráðherra um leigusamninga um húsnæði hjá ráðuneytum og undirstofnunum þeirra.

Frá Ásbirni Óttarssyni.

Hvaða leigusamningar um húsnæði eru nú í gildi hjá ráðuneytum og undirstofnunum þeirra? Hver er stærð húsnæðis í hverju tilviki, leigutími, leiguverð og fjöldi starfsmanna sem nýtir húsnæðið? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum og undirstofnunum þeirra.

Skriflegt svar óskast.

448. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

I. Inngangur.

Ástand efnahagsmála sýnir glöggt að ríkisstjórnin hefur ekki valdið því hlutverki að endurreisa íslenskt efnahagslíf í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Senn eru liðin tvö ár frá því að Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð tóku við stjórnartaumunum og á þessum tíma virðist sem stefnuleysi og verkkvíði ráði för fremur en örugg verkstjórn – eins og boðuð var í upphafi.

Endurskoðuð þjóðhagsspá boðar ekki gott, fjárfesting hefur aldrei verið minni á lýðveldistímanum og erfitt er að sjá með hvaða hætti endurreisn á að fara fram þegar það virðist beinlínis vera á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að standa í vegi fyrir fjárfestingu á Íslandi – hvort sem er innlendri eða erlendri. Nýir skattar ríkisstjórnarinnar letja flestir til fjárfestingar og má nefna að í sjávarútvegi halda menn sig til hlés meðan framtíðarskipan atvinnugreinarinnar er haldið í skjálfandi og óráðnum vinstri heljargreipum, sem og fjárfestingu í gagnaverum, þar sem stirfni í stjórnsýslu virðist ætla að ganga af verkefnum dauðum.

Atvinnuvegafjárfesting á Íslandi er í sögulegu lágmarki og útlit í þeim efnum er ekki gott fyrir næsta ár. Til þess að snúa af þessari braut leggur 1. minni hluti áherslu á að hlúa verður að framleiðslugreinum sem standa að stórum hluta undir útflutningstekjum þjóðarinnar. Þar liggja vaxtarmöguleikar og það verður að teljast óskynsamlegt að nýta þá ekki í atvinnulífi landsins þar sem tapast hafa rúmlega 22 þúsund störf vegna efnahagshrunsins. Nýbirt könnun um verðmætasköpun skapandi greina, allt frá ferðaþjónustu til myndlistar, er ánægjulegur vitnisburður um þann árangur sem unnt er að ná ef stjórnvöld skapa skilyrði til þess að frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja fái að njóta sín. Umsvif þessa geira atvinnulífs á Íslandi hefur vaxið mikið á undanförnum tíu árum og árleg velta nemur um 200 milljörðum kr. Tvímælalaust má fullyrða að á þessu sviði liggi mörg ónýtt tækifæri. Stjórnvöld þurfa að vinna með þeim sem vilja og geta lagt sitt lóð á vogarskálarnar með það að markmiði að íslenskt mannlíf og efnahagur rísi á nýjan leik.

Leið ríkisstjórnarinnar hefur verið að hækka skatta og leggja nýjar álögur á landsmenn, almenning og atvinnulíf. Dregist hefur úr hömlu að ganga frá fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja, sem leiðir af sér óvissu um hver munu þrauka kreppuna sem og um svigrúm þeirra sem það munu gera til athafna. Fyrirtæki í þeirri stöðu eru ekki líkleg til að fjölga störfum og ráða til sín nýtt fólk. Atvinnuleysi er ekki eina afleiðingin því að ýmsar blikur eru á lofti um fylgifiska þessa ástands: atgervisflótta og svarta starfsemi.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2011 boðar þriðju bylgju skattahækkana ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Fyrir hafa skattar verið hækkaðir um 55 milljarða kr., en næstu skattahækkanir eiga að kosta almenning og fyrirtæki um 11 milljarða kr.

Hækkanir á eignaskatti, fjármagnstekjuskatti, erfðafjárskatti, bifreiðagjaldi og kolefnisgjaldi leggja auknar álögur beint á heimilin, auk hækkunar á áfengis- og tóbaksgjaldi. Að auki eru boðaðar hækkanir á tekjuskatti lögaðila í 20%, en skatturinn var 15% þegar þessi ríkisstjórn tók við. Fjármagnstekjuskattur var 10% fyrir hrinu skattahækkana ríkisstjórnarinnar, en stefnir í 20% samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Hluti þessara skattahækkana fer beint

inn í hækkun á vísitölu neysluverðs, sem enn rýrir ráðstöfunartekjur heimila og eykur á skuldir þeirra og fyrirtækja. Hvaða réttlæti er í því að skattahækkanir ríkisstjórnarinnar leiði til þess að skuldir landsmanna hækka? Sömu heimila og þurfa einnig að taka á sig enn meiri fjárhagslegar byrðar vegna hækkana sveitarfélaga á útsvari og þjónustugjöldum.

Í atvinnulífinu myndast atvinna með fjárfestingum fyrirtækja. Fjárfestingar fyrirtækja skapast með blöndu af trausti, áhættufé og lánsfé. Lítið hefur verið gert til að endurskapa traust á áhættufé eftir að um 60 þúsund venjuleg heimili töpuðu endanlega 80 milljörðum kr. af sparifé sínu. Þetta traust verður að endurheimta ef fjárfestingar eiga að hefjast að nýju og atvinna að aukast.

II. Breyttar þjóðhagsforsendur og áhrif á fjárlög.

Þjóðhagslegar forsendur fjárlaga hafa breyst mikið frá þjóðhagsspá sem birt var í júní sl. Þannig er nú gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,9% á næsta ári í stað 3,2%. Í endurskoðaðri þjóðhagsspá kemur fram að fjárfesting mun dragast saman um allt að 10,3 prósentustig frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Stafar þessi samdráttur fyrst og fremst af því að ekki er nú lengur gert ráð fyrir framkvæmdum í Helguvík árið 2011. Innlend eftirspurn mun dragast saman um 1,6 prósentustig og útflutningur um 0,8 prósentustig frá fyrri spá (sjá töflu). Drifkraftar hagvaxtar virðast því verða afar veikir á næsta ári og lítið má út af bregða til að allt fari á verri veg.

	Endurskoðuð þjóðhagsspá (nóvember)	Forsendur fjárlaga (júní)	Breyting
Hagvöxtur	1,9%	3,2%	-1,3%
Fjárfesting	14,9%	25,2%	-10,3%
Einkaneysla	2,6%	3,4%	-0,8%
Samneysla	-4,3%	-3,8%	-0,5%
Útflutningur	1,0%	1,8%	-0,8%
Innflutningur	2,0%	3,2%	-1,2%
Innlend eftirspurn	2,4%	4,0%	-1,6%
Kaupmáttur	3,6%	3,7%	-0,1%
Verðbólga	2,3%	3,5%	-1,2%
Launavísitala	4,4%	5,2%	-0,8%
Atvinnuleysi	7,3%	8,3%	-1,0%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Athygli vekur að þrátt fyrir að þjóðhagsforsendur séu nú mun verri en í júní er því spáð að atvinnuleysi muni dragast saman um 1 prósentustig. Þetta gerist þrátt fyrir að fjárfesting verði mun minni en gert var ráð fyrir í júnispánni. Enn meiri athygli vekur að gert er ráð fyrir að kaupmáttur breytist óverulega og er það vegna hagstæðari verðlagsforsendna. Þannig var gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga að meðalverðbólga yrði 3,5% á næsta ári en nú er gert ráð fyrir 2,3% verðbólgu. Það er mat 1. minni hluta að þessi spá gangi tæpast upp. Verri þjóðhagsforsendur ættu að öllu jöfnu að leiða til meiri samdráttar í eftirspurn en hér er gert ráð fyrir. Fjárlagafrumvarpið virðist því hvíla á mjög veikum grunni.

Áhrif lakari þróunar efnahagsstarfseminnar en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu hefur mikil áhrif á ríkissjóð. Þannig er það mat Samtaka atvinnulífsins að breyttar þjóðhagsforsendur leiði til 6,1 milljarðs kr. verri afkomu ríkissjóðs en ella (sjá töflu).

	Fjárlagafrumvarp	Endurskoðuð áætlun
VLF, fjárlagafrumvarp (milljarðar kr.)	1.720	1.696
Magnbreytingar milli ára (%)	3,2%	1,9%
Verðbreytingar milli ára (%)	3,8%	3,8%
Lækkun landsframleiðslu, (milljarðar kr.)		23,4
Hlutfall skattekna í VLF (%)		26%
Lækkun skatttekna (milljarðar kr.)		6,1

Heimild: Samtök atvinnulífsins

OECD er svartsýnna á hagvöxt en Hagstofa Íslands en hagvaxtarspá stofnunarinnar fyrir næsta ár hljóðar upp á 1,5% sem er um 0,4 prósentustigum lægra en endurskoðuð spá Hagstofu Íslands. Vegna þessa metur OECD það svo að tekjur ríkissjóðs séu ofmetnar um 15 milljarða kr. á næsta ári. Þá spáir Evrópusambandið að hagvöxtur verði einungis um 0,7% á næsta ári. Á sömu nótum er nýjasta hagspá Íslandsbanka, sbr. fylgiskjal III. Miðað við sömu forsendur og áður yrðu skatttekjur ríkissjóðs allt að 27 milljörðum kr. lægri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi ef þessar spár ganga eftir.

Auknar skattaálögur munu festa efnahagslífið enn frekar innan þess vítahrings sem það er fast í núna. Því varar 1. minni hluti við því að gripið verði til vanhugsaðra ráðstafana og býður um leið fram krafta sína við að ná tökum á ástandinu.

Líkur eru til þess að skattstofnar bregðist kröftugar við álögum en ríkisstjórnin gerði ráð fyrir og meira í samræmi við þau varnaðarorð sem undirrituð létu falla fyrir ári síðan. Það ætti að vera enn ein ástæðan fyrir fjárlaganefnd að endurskoða þá stefnu sem mörkuð er með fjárlögum. Í því sambandi ber sérstaklega að íhuga að álagning á skattskyldar tekjur einstaklinga 2007–2010 stafar í sívaxandi mæli frá greiðslum Tryggingastofnunar, greiðslum úr lífeyrissjóðum, þar með talið séreignarlífeyrissjóðunum og sérstökum útborgunum úr séreignarsparnaði, frá húsaleigubótum og einnig atvinnuleysisbótum. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir því að aukning verði í tekjuskatti einstaklinga á árinu 2011. Ekki er að mati 1. minni hluta raunhæft að reikna með þessari tekjuaukningu þegar tekið er mið af skerðingum á greiðslum úr bótakerfum ríkissjóðs samkvæmt áætlun fjárlagafrumvarpsins. Breytingar á tekjum við 2. umræðu eru auk þess bornar uppi af aukinni arðsemiskröfu á opinber fyrirtæki, alls að upphæð 1.000 millj. kr.

III. Útgjaldahlið fjárlaga.

Agi og yfirsýn.

Í langtímaáætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir að engar hækkanir verði næstu fjögur árin á útgjaldahlið ríkissjóðs, ef frá eru taldar verðlagshækkanir. Því sætti það nokkurri furðu að boðaðar voru breytingar á fjárlagafrumvarpinu um leið og það var lagt fram með heilbrigðisráðherra fremstan í flokki. Sem formaður fjárlaganefndar, fram til ráðherraskipta í september sl., hafði hann setið í ríkisfjármálahópi ríkisstjórnarinnar. Því kom á óvart að heilbrigðisráðherra skyldi boða umbyltingu á stefnu stjórnvalda um leið og frumvarpið leit dagsins ljós. Þetta er endurtekin saga frá fjárlagagerð fyrir árið 2010 þegar iðn-

aðarráðherra kannaðist ekki við tillögur varðandi nýja skatta á auðlindir og orku. Í flestum löndum felst stuðningur við ríkisstjórn í stuðningi við fjárlög hennar og hlýtur þetta agaleysi að sýna alvarlegan skort á samráði innan ríkisstjórnar og stjórnarmeirihluta eða að ríkisstjórnin sé ekki starfi sínu vaxin.

Losarabragur við framkvæmd erfiðra verkefna á sviði hagræðingar í ríkisrekstrinum felur í sér aukinn kostnað og greiðslu vaxta af lánum á tafatímanum og hægar gengur að ná markmiðum um jöfnuð í ríkisfjármálunum.

Laun og kaupmáttur.

Laun og launatengd gjöld opinberra starfsmanna eru stærsti einstaki útgjaldaliður fjárlaga ríkissjóðs og nema u.þ.b. 114 milljörðum kr. Ráðgert er að launagjöld ríkissjóðs lækki um tæpa 9 milljarða kr. milli áranna 2010 og 2011. Stærstur hluti þeirrar lækkunar, u.þ.b. 8 milljarðar kr., stafar af yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Í forsendum frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir launahækkunum hjá ríkisstarfsmönnum en engu að síður gera forsendur fjárlagafrumvarpsins ráð fyrir að kaupmáttur launa aukist milli ára. Allir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir og vandséð er að opinberir starfsmenn muni ekki fylgja í kjölfar kjarasamninga sem gerðir verða á almennum vinnumarkaði. Launahækkanir á almennum markaði eru inni í tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins en á gjaldahlið frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir launahækkunum ríkisstarfsmanna. Gera verður fyrirvara við þá áætlanagerð sem byggist á framangreindum þversögnum. Verður ekki annað séð en gengið sé út frá því að kaupmáttaraukningin muni nánast öll eiga sér stað hjá einkageiranum.

Í breytingartillögum meiri hlutans hefur uppsögnum ríkisstarfsmanna að hluta til verið slegið á frest en engar fjárhæðir á launalið ríkissjóðs hafa verið kynntar fjárlaganefnd vegna þessara breytinga sem undirstrikar enn og aftur mikilvægi þess að breyta vinnubrögðum framkvæmdarvaldsins þegar það leggur upplýsingar fyrir fjárlaganefnd.

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs.

Á fundum fjárlaganefndar hefur 1. minni hluti bent á að hreinar lífeyrisskuldbindingar námu í árslok 2009 339,8 milljörðum kr. samkvæmt ríkisreikningi. Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um fjármögnun skuldbindingarinnar. Að mati 1. minni hluta er óhjákvæmilegt að hafist verði handa við mótun tillagna um það hvernig þessum skuldbindingum verði mætt. Hafa ber í huga í þessu sambandi að í lok árs 2009 var ríkissjóður einnig í ábyrgðum fyrir rúmum 1.200 milljörðum kr. Áætluð landsframleiðsla ársins 2010 eru um 1.500 milljarðar kr.

Bótakerfi.

Af þeim upplýsingum sem fjárlaganefnd bárust við gerð fjáraukalaga ársins 2010 má draga þá ályktun að ákvarðanir sem teknar eru varðandi breytingar á bótakerfum almannatrygginga eru byggðar á ótraustum grunni. Mikil óvissa er um áhrif þeirra breytinga sem gerðar eru á greiðslum úr bótakerfum almannatrygginga, svo sem úr Atvinnuleysistryggingasjóði, ellilífeyri og örorkubótum.

Í fjáraukalögum ársins 2010 kom í ljós að ákvarðanir ríkisstjórnarinnar skertu kjör aldraðra og öryrkja um 4 milljarða kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þess árs. Ljóst er af þeim breytingum að alla yfirsýn skortir um samspil hinna ólíku bótaþátta almannatryggingakerfisins. Brýn nauðsyn er á gagngerri endurskoðun þess. Sem dæmi má

nefna að rýna þarf kosti þess og galla að greiðslur vegna húsaleigubóta, vaxtabóta og barnabóta verði sameinaðar. Markmiðið er að stoppa í göt í kerfinu.

Einnig ber nokkuð á því í frumvarpinu að ýmsar tillögur til lækkunar á greiðslum út úr bótakerfum almannatrygginga eru óútfærðar. Í ljósi reynslunnar er vafamál að sá sparnaður sem þar er stefnt að náist. Nærtækasta dæmið, þessum athugasemdum til stuðnings, eru áform um sparnað hjá Sjúkratryggingum Íslands og einnig mætti nefna að ekki liggur fyrir samkomulag við lífeyrissjóði landsmanna um kostnaðarþátttöku þeirra í niðurgreiðslum bóta almannatryggingakerfisins.

Orð og athafnir stangast á.

Sérstaka athygli vekur að margvísleg áform frumvarpsins ganga þvert gegn yfirlýstri stefnu stjórnvalda og stjórnarsáttmála hinnar svokölluðu norrænu velferðarstjórnar. Nefna má sérstaklega tvö dæmi því til staðfestingar að nokkuð skortir á samræmi milli orða og athafna.

Í stefnuyfirlýsingu Samfylkingarinnar og Vinstri grænna skal beita aðferðum kynjaðrar hagstjórnar í öllu fjárlagaferlinu. Því skýtur skökku við sú áhersla sem fram kemur í frumvarpinu á fækkun kvennastarfa í velferðarþjónustu landsins. Í stefnuyfirlýsingunni segir:

„Við ákvarðanir um útgjaldaramma til næstu fjögurra ára verði […] lögð áhersla á samstöðu um brýn velferðarverkefni, verndun starfa, kynjajafnrétti og áhrif á byggðirnar. Kynjuð hagstjórn verður höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð og efnahagsstjórn.“

Gríðarleg viðbrögð og mótmæli við tillögum stjórnarflokkanna eru órækur vitnisburður um að þessi stefnumið hafa verið svikin.

Í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013, sem lögð var fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011, er lögð áhersla á að félagsauður hvers svæðis sé „grundvöllur atvinnulífs, þjónustu og almennrar þátttöku í uppbyggingu samfélagsins. Félagsauðurinn ræður því miklu um almenn búsetuskilyrði og samkeppnishæfni.“

Ekki verður annað ráðið af viðbrögðum við fjárlagafrumvarpinu en að tillögur ríkisstjórnarinnar vegi að grunni atvinnulífs og lífskjörum vítt um land. Þar með eru áform frumvarpsins í beinni andstöðu við byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013.

Stefna stjórnvalda í þessum málum kemur einnig fram í tillögu forsætisráðherra til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um allt land sem lögð var fram á 138. löggjafarþingi 2009–2010. Í tillögunni er sagt fyrir um til hvers er ætlast:

„Sóknaráætlun felur í sér áform um fjárfestingar í mannauði og nauðsynlegum innviðum efnahagslífsins og stefnu um hvernig megi styrkja menntun og menningu, nýsköpun og þróun, umhverfismál og samfélagslega innviði.“

Enn fremur kemur fram í stefnu Samfylkingar og vinstri grænna um mannauð að: „… lögð [verði] áhersla á að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla þannig að allir einstaklingar eigi jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Horft verður til aldurskiptingar og hvernig skuli brugðist við hugsanlegu misvægi í aldursþróun. Þá verði samræmdar áherslur og skipulag í grunnmenntun, framhaldsmenntun og starfsþjálfun á viðkomandi svæði.“

Í tillögunni er einnig rætt um félagsauð og í stefnumörkuninni kemur fram að á því sviði verði: „… lögð áhersla á skipulag heilbrigðisþjónustu og skipulag félagsþjónustu með tilliti til aldraðra, öryrkja, fatlaðra og atvinnulausra. Hér er um kostnaðarsama þjónustu að ræða og því mikilvægt að samþætta þjónustuna innan svæðisins við nærliggjandi svæði og þar með samnýta það fé sem veitt er til þessara málaflokka.“

Með tillögum sínum í fjárlagafrumvarpinu gekk ríkisstjórnin gegn eigin stefnumörkun. Þær komu harðast niður á starfskjörum kvenna og svonefndum félagsauði, ekki síst á landsbyggðinni. Í ljósi þeirra mörgu og alvarlegu athugasemda sem fram hafa komið víðsvegar að af landinu er bersýnilegt að miklir erfiðleikar blasa við stjórnvöldum við að framfylgja eigin stefnu í þessum efnum. Ástæðan liggur fyrst og fremst í þeirri dapurlegu staðreynd að ríkisstjórnin hefur af einhverjum ástæðum ekki unnið heimavinnuna sína áður en lagt var upp í þennan vonlausa leiðangur.

Meðal annars af þessum ástæðum lögðu fulltrúar 1. minni hluta fram tillögu til úrbóta á fundi nefndarinnar 15. nóv. 2010, sbr. fylgiskjal V. Var hún samþykkt samhljóða af nefndinni. Ef vel gengur verður þessi vinna vonandi til þess að skapa meiri skilning og þá um leið almennari sátt í þjóðfélaginu um þær aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að reynast til að koma böndum á hallarekstur ríkissjóðs.

Heilbrigðiskerfið.

Öllum mátti ljóst vera í október 2008 að reka þyrfti heilbrigðisþjónustuna fyrir minna fjármagn en áður. Þá var samstundis hafist handa og um eitt hundrað manns var falið það verkefni að endurskipuleggja heilbrigðisþjónustuna í landinu. Við ríkisstjórnarskipti 1. febrúar 2009 var allri þessari vinnu hætt. Þess í stað einbeitti þáverandi ráðherra sér að því rétt fyrir kosningar að lofa fólki víðsvegar um landið að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af niðurskurði á þessu sviði.

Í stað skipulagsbreytinga var farið í flatan niðurskurð á árinu 2010. Í fjárlagafrumvarpinu virðist lagt upp með að ganga ekki of hart fram gegn stóru sjúkrahúsunum og heilsugæslunni í landinu. Tillögur að breytingum voru hins vegar unnar án nokkurs samráðs við þá aðila sem veita þjónustuna og þá sem þiggja hana. Það verklag ber vitni um virðingarleysi gagnvart starfsfólki og notendum viðkomandi heilbrigðisstofnana. Frá því að tillögurnar litu fyrst dagsins ljós, í byrjun október, hafa áform ríkisstjórnarinnar að flestra mati verið óframkvæmanleg. Í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er reynt að lappa upp á brostnar forsendur frumvarpsins og forða stærstu slysunum í heilbrigðiskerfinu.

Nýjar tillögur gera ráð fyrir að 1.296 millj. kr. sparnaður eigi að nást fram á næsta ári og 556 millj. kr. niðurskurði er frestað fram til ársins 2012. Til að fjármagna frestun eru 400 millj. kr. teknar úr Framkvæmdasjóði aldraðra og 326 millj. kr. úr óskiptum ramma heilbrigðisráðuneytisins. Það þýðir að framlag til heimahjúkrunar er lækkað um 96,4 millj. kr. og einnig eru lækkaðir ýmsir aðrir liðir, sbr. meðfylgjandi töflu.

	Millj. kr.
Sjúkrahús óskipt	35,0
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	61,0
Heilsugæslustöðvar almennt	35,0
Heilsugæslustöðvar almennt	11,0
Heimahjúkrun	96,4
Sjúkraflutningar	17,0
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	18,0
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	3,0
Heilbrigðisstofnanir, almennur rekstur	49,8
Samtals	**326,2**

Í tillögum meiri hluta er gert ráð fyrir því að sameina St. Jósefsspítala og Landspítala 1. febrúar nk. og mun Sólvangur verða undanskilinn þeirri sameiningu. Kannaðir verða kostir þess að sameina heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi frá Blönduósi að Langanesi. Auk þess er gert ráð fyrir því að rekstur Sundabúðar á Vopnafirði færist frá HSA til sveitarfélagsins. Fullyrða má að töluverð óvissa ríkir um framgang þessara áforma.

Dulinn halli.

Óuppgerður halli er víða í reikningum ríkisstofnana. Sem dæmi má nefna að halli LSH var tekinn til hliðar með lánveitingu úr ríkissjóði án þess að fyrir lægi samþykki Alþingis eða með hvaða hætti ætlast væri til að stofnunin endurgreiddi þessa lánveitingu. Ef hallinn verður afskrifaður á LSH munu aðrar stofnanir væntanlega gera sambærilega kröfu um eiginfjárstyrkingu og fjármögnun viðfangsefna sinna, í stað þess að greiða dráttarvexti sem bókaðir eru í bókhald stofnananna.

Augljóst er að þetta vinnulag gengur ekki upp og stenst hvorki lög né reglur um fjárreiður ríkisins.

Það sama á við um Sjúkratryggingar Íslands en engin svör hafa fengist um það frá heilbrigðisráðuneytinu með hvaða hætti á að ná þar fram 3.000 millj. kr. sparnaði sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ekki hefur verið fylgt eftir þeim áætlunum sem lagt var upp með við stofnun hennar. Ekki er enn lokið áformaðri fjárhagslegri uppskiptingu milli TR og SÍ í samræmi við niðurstöðu ráðgjafanna sem unnu að aðskilnaðinum fyrir forsætisráðuneytið. (Sbr. kostnaðargreiningu TR, dags. 6. maí 2008, sem lögð var fyrir heilbrigðisnefnd Alþingis í aðdraganda laga nr. 112/2008). Því síður hefur færsla starfsmanna frá heilbrigðisráðuneyti og Landspítala gengið eftir.

Ríkisendurskoðun sá sérstaka ástæðu til að setja ofan í við fyrrverandi heilbrigðisráðherra sem lét undir höfuð leggjast að útfæra sparnaðartillögur ráðuneytisins fyrir fjárlagagerð ársins 2010. Ástæða umvöndunarinnar var sú að ráðherrann hafði hvorki útfært né sett fram stefnu um þann sparnað sem Sjúkratryggingum Íslands var ætlað að ná fram við fjárlagagerðina. Niðurstaðan varð sú að markmið fjárlaga náðust ekki. Ástæða er til að óttast að sagan endurtaki sig í þessum efnum.

IV. Tillögur til úrbóta.

Legið hefur fyrir í tvö ár að ráðast þarf í umfangsmikla uppstokkun á ríkisrekstrinum. Það eykur erfiðleika við útfærslu hennar að ekki liggur fyrir neitt mat af hálfu stjórnvalda á áhrifum tillagna fjárlagafrumvarpsins á aðra starfsemi ríkisins og sveitarfélaga eða á atvinnulíf og mannlíf í landinu. Veruleg hætta er á því að lægri fjárveitingar til ýmissa málaflokka muni veikja til muna þá grunngerð samfélagsins sem stjórnvöld og atvinnulíf hafa byggt upp á undanförnum árum.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur í þrígang á þessu hnignunartímabili lagt fram tillögur til endurreisnar efnahagslífsins, síðast í byrjun nóvember sl. Fyrir þinginu liggur þingsályktunartillaga um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, verja velferð með ábyrgum ríkisfjármálum, efla atvinnulífið og fjölga störfum. Í henni er lagt til að skattahækkanir ríkisstjórnarinnar verði dregnar til baka að fullu á næstu tveimur árum og ráðist verði í aðgerðir til að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf (sjá fylgiskjal IV).

Aðhald í ríkisrekstri er mikilvæg forsenda áframhaldandi velferðar. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins stefnir að hallalausum ríkissjóði árið 2013, en hefur að leiðarljósi að réttur landsmanna til grunnþjónustu í heimabyggð – heilbrigðisþjónustu, löggæslu og menntunar,

sé tryggður. Í efnahagstillögum sjálfstæðismanna eru fjölmargar aðgerðir til að bæta rekstur ríkisins, en tryggja jafnframt velferð. Meðal annars er lagt til að á meðan yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um ábyrgð á innstæðum í fjármálafyrirtækjum er í gildi verði tekið sérstakt 0,25% gjald af stofni allra innstæðna í bönkunum. Ítrekað er að farin verði sú leið að skattleggja inngreiðslur séreignarsparnaðar. Forsenda þeirrar tillögugerðar er sú að hvergi verði kvikað frá þeim áformum að ná heildarjöfnuði í ríkisfjármálum á árinu 2013. Lögð er áhersla á að forðast flatan niðurskurð á háskólastiginu, en þess í stað byggt á færri og sterkari einingum. Í heilbrigðiskerfinu skal svigrúm fyrir starfsemi einkaaðila aukið og í auknum mæli byggt á samkeppni um þá þjónustu sem veita þarf. Fátæktargildrum í lífeyris- og bótakerfum skal útrýmt og hvatar til atvinnuþátttöku skerptir. Bótakerfið skal endurskoðað til að koma í veg fyrir hugsanlega van- eða oftryggingu bótaþega.

Þetta er leið Sjálfstæðisflokksins, skynsamleg leið til uppbyggingar. Hún byggir á skynsemi í ríkisrekstri, aðhaldi og ráðdeild, en jafnframt örvun atvinnulífs. Þetta er ekki leið skattpíningar og úrræðaleysis þar sem seilst er æ dýpra í vasa heimila og fyrirtækja með þeim afleiðingum að skattstofnar rýrna stöðugt. Flestum er jú ljóst að hærri skattar þýða ekki auknar tekjur og meiri álögur skapa ekki fleiri störf.

V. Niðurlag.

Gangi áform fjárlagafrumvarpsins eftir um jöfnuð í ríkisfjármálum munu nást markmið sem sett voru í samstarfsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins haustið 2008 um frumjöfnuð ríkissjóðs. En erfiðasti hjallinn er eftir. Margir stjórnarþingmenn hafa lýst því yfir að fjárlög 2011 séu erfiðustu fjárlög sem lögð verði fram en það er alls ekki sjálfgefið. Stjórnvöld eiga enn eftir að ná halla ríkisins niður um 34 milljarða kr. Telja má fullvíst að enn hafi ekki verið hagrætt svo sem kostur er hjá öllum ríkisstofnunum. Því er mjög mikilvægt að mótuð verði framtíðarstefna í helstu málaflokkum ríkisins, svo sem heilbrigðismálum, menntamálum og félagsmálum. Ef ekki tekst að ná viðunandi hagvexti mun þurfa að ganga enn lengra en hingað til í niðurskurði ríkisútgjalda. Því er nauðsynlegt að fyrir liggi skýr framtíðarstefna stjórnvalda um breytingar á ríkisrekstrinum og að flestum verði ljós sú mynd af þjónustu ríkisins sem að er stefnt. Fjárlög eru síðan tæki sem stjórnvöld nota til að ná þessum markmiðum. Það gengur ekki að stefnan sé mótuð með fjárlögunum.

Áður hefur verið bent á mikinn veikleika tekjuhliðarinnar og að þar má lítið út af bregða til að illa fari. Því er mjög áríðandi að ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan nái samstöðu um þær ráðstafanir sem grípa þarf til á gjaldahlið fjárlaga. Mikilvægt er að stjórnarflokkarnir taki ítrekuðu boði fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd um samstarf við að ná árangri í þeim erfiðu aðhaldsaðgerðum sem fram undan eru. Til eru aðrar leiðir og vænlegri til árangurs en sú blindgata sem ríkisstjórnin virðist hafa ratað í.

Alþingi, 8. des. 2010.

Kristján Þór Júlíusson, frsm. Ásbjörn Óttarsson. Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Fylgiskjal I.

Tekjur og gjöld
í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011
og breytingar á þeim miðað við breytingartillögur
meiri hluta fjárlaganefndar.

	Frumvarp f. 2011	Brtt. meiri hlutans	Staðan m.v. brtt.	Breyting í prósentum
Tekjur				
Skatttekjur				
Skattar á tekjur og hagnað	155.216,7	-7.370,5	147.846,2	-4,7%
Tryggingagjöld	65.246,2	-673,9	64.572,3	-1,0%
Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	4.550,8	-5,0	4.545,8	-0,1%
Eignarskattar	10.658,2		10.658,2	0,0%
Skattar á vörur og þjónustu	207.676,7	-3.402,6	204.274,1	-1,6%
Aðrir skattar	2.195,4	196,1	2.391,5	8,9%
Skatttekjur samtals	445.544,0	-11.255,9	434.288,1	-2,5%
Aðrar rekstrartekjur samtals	**29.509,9**	**267,8**	**29.777,7**	**0,9%**
Sala eigna	**600,0**	**–**	**600,0**	**0,0%**
Fjárframlög	**1.716,1**	**-12,0**	**1.704,1**	**-0,7%**
Tekjur samtals	**477.370,0**	**-11.000,1**	**466.369,9**	**-2,3%**
Gjöld				
Æðsta stjórn ríkisins	3.320,2	216,0	3.536,2	6,5%
Forsætisráðuneyti	903,9	-30,0	873,9	-3,3%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	56.495,0	646,0	57.141,0	1,1%
Utanríkisráðuneyti	10.932,6	27,2	10.959,8	0,2%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	18.637,7	21,7	18.659,4	0,1%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	23.507,3	424,3	23.931,6	1,8%
Félags- og tryggingarmálaráðuneyti	121.475,5	-12.005,8	109.469,7	-9,9%
Heilbrigðisráðuneyti	97.611,4	1.504,0	99.115,4	1,5%
Fjármálaráðuneyti	57.241,6	-4.239,1	53.002,5	-7,4%
Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti	33.741,8	1.541,2	35.283,0	4,6%
Iðnaðarráðuneyti	4.728,7	21,5	4.750,2	0,5%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	3.204,3	108,9	3.313,2	3,4%
Umhverfisráðuneyti	6.939,0	-128,2	6.810,8	-1,8%
Vaxtagjöld ríkissjóðs	75.061,0	-1.407,0	73.654,0	-1,9%
Gjöld samtals	**513.800,0**	**-13.299,3**	**500.500,7**	**-2,6%**
Heildartekjujöfnuður	**-36.430,0**	**2.299,2**	**-34.130,8**	**-6,3%**

Fylgiskjal II.

Umsögn Ríkisendurskoðunar
um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2011 og frumvarp til fjáraukalaga 2010.
(17. nóvember 2010.)

Með bréfi dags. 12. október sl. óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir að ríkisendurskoðandi rýndi og veitti umsögn um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 og frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2010.

Hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum atriðum sem Ríkisendurskoðun telur rétt að halda til haga og benda á eftir yfirferð á frumvörpunum. Sumt af því eru atriði sem stofnunin hefur áður vakið máls á. Í umsögn stofnunarinnar er fjallað um forsendur beggja frumvarpanna, einkum hvað varðar tekjuáætlun þeirra, svo og nokkur atriði er varða gjaldahliðina. Eins og gefur að skilja eru ákvarðanir um fjárveitingar til einstakra málaflokka og stofnana pólitískar í eðli sínu og ekki viðfangsefni Ríkisendurskoðunar að fjalla um þær. Hins vegar er ástæða til að benda á að fjárlaganefnd getur að sjálfsögðu tekið til úrlausnar vandamál stofnana sem eytt hafa umfram heimildir.

I. FRUMVARP TIL FJÁRLAGA 2011

FORSENDUR TEKJUÁÆTLUNAR SKV. FRUMVARPI TIL FJÁRLAGA 2011

Að mati Ríkisendurskoðunar verður að setja fyrirvara um þá aukningu skatttekna sem frumvarp til fjárlaga gerir ráð fyrir á árinu 2011 miðað við útkomu þessa árs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á árinu 2011 verið samtals 477,4 ma.kr. Þar af fáist 445,5 ma.kr. í sköttum, en 31,8 m.kr. með tekjum af eignum, öðrum rekstrartekjum, eignasölu og framlagstekjum.

Til að leggja mat á forsendur tekjuáætlunar fjárlagafrumvarpsins verður að horfa til útkomu þessa árs, spár um efnahagsforsendur fyrir árið 2011 og til hvaða aðgerða stjórnvöld hyggjast grípa til að auka tekjur ríkisins. Í samanburði við þá tekjuáætlun sem fram kemur í frumvarpi til fjáraukalaga 2010 og ætti að vera nokkuð nærri endanlegri útkomu ársins, er ljóst að reiknað er með að tekjur ríkissjóðs muni í heild vaxa um 1,4% á milli áranna 2010 og 2011. Þegar nánar er að gáð sést að reiknað er með að skatttekjur aukist samtals um 7,4%, reyndar misjafnlega mikið eftir skatt-

stofnum, en að eignatekjur og aðrar rekstrartekjur dragist hins vegar saman og sama gildir um tekjur af sölu eigna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að einkaneysla aukist um 3,4% að magni til á árinu 2011 og er þar byggt á þjóðhagsspá frá júní 2010. Þá er gert ráð fyrir að fjárfestingar vaxi um 25,2%. Verg landsframleiðsla er talin vaxa um 3,2%. Gert er ráð fyrir að vísitala neysluverð hækki um 3,5% og launavísitala um 5,2%.

Í m.kr.	Fjárlög og frv. til fjáraukal. 2010	Frv. til fjárlaga 2011	Breyting	%
Skatttekjur				
Skattar á tekjur og hagnað	133.450,0	147.400,0	13.950,0	10,5%
Tryggingagjöld	62.332,3	65.246,2	2.913,9	4,7%
Eignarskattar	8.222,1	10.658,2	2.436,1	29,6%
Skattar á vörur og þjónustu	195.497,5	207.676,7	12.179,2	6,2%
Aðrir skattar	15.319,7	14.562,9	-756,8	-4,9%
	414.821,6	**445.544,0**	**30.722,4**	**7,4%**
Aðrar rekstrartekjur				
Vaxtatekjur og eignatekjur	28.112,4	22.993,7	-5.118,7	-18,2%
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	6.311,9	6.516,2	204,3	3,2%
	34.424,3	**29.509,9**	**-4.914,4**	**-14,3%**
Sala eigna	19.800,0	600,0	-19.200,0	-97,0%
Fjárframlög	1.708,0	1.716,1	8,1	0,5%
Tekjur alls	**470.753,9**	**477.370,0**	**6.616,1**	**1,4%**

Af ofansögðu má ráða að aukning skattekna um 7,4% skv. frumvarpinu byggi á að hagvöxtur á næsta ári verði í það minnsta 3,2% og verðbólga 3,5%. Að teknu tilliti til skattbreytinga sem boðaðar eru í frumvarpinu, og eiga að skila 11 ma.kr. í hærri tekjum, er ljóst að reiknað er með að aukning skattekna fylgi í meginatriðum þróun skattstofna.

Hins vegar má spyrja hvort spár um efnahagsþróun á næsta ári gefi tilefni til að ætla að skattstofnar vaxi í því mæli sem frumvarpið reiknar með. Seðlabanki Íslands spáði því reyndar í byrjun nóvember að einkaneysla muni aukast um 3,5% að magni til á árinu 2011 sem er svipað eða jafnvel heldur meira en frumvarpið gerir ráð fyrir. Aðrir greiningaraðilar telja hins vegar spá Seðlabankans full bjartsýna, bæði hvað varðar einkaneyslu og fjárfestingu. Útlit er fyrir að vöxtur einkaneyslu verði auk þess minni í ár heldur en áður var talið en einkaneysla dróst saman á öðrum ársfjórðungi samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Staðhæfa má að nýlegar spár um þróun efnahagsmála lýsi almennt hógværari væntingum um efnahagsbata á næsta ári en áður.

Fari svo að efnahagsforsendur frumvarpsins gangi ekki eftir, en tekjuáætlun þess eigi samt að halda, er ljóst að stjórnvöld þurfa að grípa til skattahækkana umfram það sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Stjórnvöld hafa vissulega möguleika á að breyta skattheimtu innan fjárlagaársins, eins og gert var á þessu og síðasta ári, þyki sýnt að

markmið fjárlaga um tekjuöflun náist ekki. Í umsögn Ríkisendurskoðunar um frumvarp til fjárlaga 2010 var bent á að samdráttur sem orðið hafi í hagkerfinu geri það að verkum að mikil óvissa hafi skapast um tekjuhlið fjárlaga þar sem skattstofnar hafa dregist saman og munu að óbreyttu ekki skila sömu tekjum og áður. Ennfremur væri mikil óvissa um hvaða áhrif breytingar á skatthlutföllum kunna að hafa, m.a. vegna breytinga á neyslumynstri og annarra hliðrana sem orðið hafa. Að hluta til má segja að ofangreind sjónarmið eigi ennþá við.

Við mat á getu stjórnvalda til að fylgja eftir þeirri ríkisfjármálastefnu sem mörkuð er í frumvarpinu skiptir einnig máli að stjórnvöld tóku ákvörðun um að framlengja samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þar til í nóvember á næsta ári, sem að mati greiningaraðila er það til þess fallið að skapa betri umgjörð um efnahagsstjórnina. Hvað tekur við að því loknu er hins vegar meiri óvissu háð en gert hefur verið ráð fyrir að þá hafi tekist að létta af þeim þrýstingi á útflæði fjármagns og gengi krónunnar sem skapast hefur vegna gjaldeyrishafta og byggja á ný upp lánstraust ríkissjóðs þannig að forsendur séu fyrir að endurfjármagna lán á viðunandi kjörum á erlendum fjármálamörkuðum.

Að lokum er rétt að benda á að tekjuáætlun fjárlaga er að jafnaði endurmetin í meðförum þingsins og ný áætlun lögð fram við 3. umræðu frumvarpsins.

FJÁRVEITINGAR SKV. FRUMVARPI TIL FJÁRLAGA 2011 OG RAUNVERULEGAR FJÁRHEIMILDIR

Það fyrirkomulag sem tíðkast um meðferð ónýttra fjárheimilda og skulda vegna umframgjalda gerir það að verkum að fjárlög ársins segja í mörgum tilfellum lítið til um raunverulegar fjárheimildir einstakra stofnana. Lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, kveða svo sem kunnugt er á um að heimilt sé, að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra, að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs. Með sama hætti er heimilt að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins (37. gr.). Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs (45. gr.).

Ríkisendurskoðun vekur athygli á að frumvarp til lokafjárlaga 2009 hefur ekki ennþá verið lagt fram þótt svo ríkisreikningur ársins sé kominn út.

Á undanförnum árum hafa útgjöld margra fjárlagaliða ýmist verið verulega yfir eða undir fjárheimildum og fjárveitingar næsta árs því verið skertar eða auknar af þeim sökum. Þær fjárveitingar sem kveðið er á um í fjárlögum hvers árs gefa því ekki rétta mynd af fjárheimildum viðkomandi fjárlagaliða. Hér á eftir eru sýnd nokkur dæmi um mismun á fjárheimild stofnunar skv. frv. til fjárlaga 2011, hvert raunveruleg fjárheimild stofnunarinnar á árinu 2011 verði að teknu tilliti til útkomu hennar á þessu ári og hvað draga þurfi mikið saman kostnað við starfsemina eigi stofnunin að halda sig innan fjárheimilda á næsta ári.

Númer	Heiti	Staða 2009	Áætlun 2010	Flutt til 2011*)	Frum-varp 2011	Heimild 2011	Hlutfall af 2010
02216	Landbúnaðarháskóli Íslands	-68%	558	-300	560	260	47%
02217	Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	-35%	250	-94	416	322	129%
02223	Námsmatsstofnun	-29%	121	-40	113	73	60%
06312	Lögr.stj. á Suðurnesjum og sýslum. á Keflavíkurflugvelli	-21%	929	-231	892	661	71%
01902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-19%	88	-11	90	78	89%
02367	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	-17%	0	-233	201	-32	-
08506	Heilsug. á höfuðb.svæðinu	-16%	4.107	-373	4.146	3.772	92%
02354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	-15%	464	-59	441	382	82%
02350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-15%	870	-227	855	628	72%
02352	Flensborgarskóli	-10%	500	-71	531	460	92%
08373	Landspítali	-9%	32.972	-2.684	32.869	30.185	92%
08795	St. Jósefsspítali, Sólvangur	-9%	1.319	-153	840	688	52%
02202	Tilraunastöð HÍ að Keldum	-9%	190	-32	188	156	82%
02203	Raunvísindastofnun Háskólans	-8%	357	-82	350	268	75%
08384	Rjóður, hvíldarh. fyrir börn	-8%	0	-130	132	2	-
02210	Háskólinn á Akureyri	-7%	1.289	-264	1.287	1.023	79%
08787	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	-7%	2.038	-40	1.691	1.651	81%
08791	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	-6%	0	-1.802		-1.802	-
02974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	-5%	537	-171	717	546	102%
02907	Listasafn Íslands	-4%	154	-17	152	135	87%

*) Miðað við að skuldir verði ekki felldar niður með lokafjárlögum 2010.

Niðurstaðan er sú að ef þær fjárveitingar, sem frumvarpið leggur til að veitt sé til ofangreindra stofnana, verða samþykktar óbreyttar munu sumar þeirra þurfa að skera niður útgjöld um á bilinu 10-50% frá rekstraráætlun þessa árs. Mikilvægt er að fjárlaganefnd kalli eftir upplýsingum frá forstöðumönnum viðkomandi stofnana, sem og ráðuneytum sem þær heyra undir, hvernig staðið verður að slíkum samdrætti á árinu 2011. Rétt er að taka fram að forstöðumenn nokkurra þessara stofnana telja sig hafa vilyrði frá sínum ráðuneytum um að hluti slíks eldri halla verði felldur niður takist að haga rekstri stofnana í samræmi við rekstraráætlun á árinu 2010.

Meginorsökin fyrir þeim vanda sem hér er til staðar stafar hins vegar af því að of stór hluti fjárheimilda er færður nánast sjálfkrafa milli fjárlagaára. Ákveðinn sveigjanleiki um nýtingu fjárheimilda getur vissulega verið kostur þegar kemur að rekstri stofnana en hann á hins vegar ekki að leiða til þess að stofnað sé til umframútgjalda ár eftir ár án þess að gripið sé til viðeigandi ráðstafana.

RÁÐSTAFANIR Í FRUMVARPINU TIL AÐ DRAGA SAMAN ÚTGJÖLD

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það markmið árið 2011 að draga rekstur stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana saman um 9,0%, háskóla um 7,5% og framhaldsskóla, heilbrigðisstofnana, stofnana fyrir fatlaða og lögregluembætti um 5,0%. Raunveruleg skerðing fjárveitinga milli fjárlaga 2010 og frumvarpsins er heldur

minni þar sem tekið er tillit til verðlagsbreytinga. Þá liggur ekki annað fyrir en að stofnanir sem eiga ónýttar fjárveitingar frá árinu 2010 geti nýtt hann á árinu 2011.

Samdráttur fjárveitinga kemur fram með tvennum hætti. Annars vegar sem flatur niðurskurður fjárveitinga um fasta prósentutölu innan hvers málaflokks í samræmi við ofangreind markmið. Forstöðumönnum stofnana er ætlað að útfæra það hvernig minni fjárveitingum verður mætt með því að hagræða og eftir atvikum draga saman starfsemi. Hins vegar eru stofnanir þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir mun meiri samdrætti en að ofan greinir og liggja þar að baki ákvarðanir sem teknar hafa verið af viðkomandi ráðuneytum og breytingar á starfsemi þeirra stofnana sem hlut eiga að máli, s.s. vegna þess að sameina á stofnanir eða flytja verkefni frá þeim annað.

Á árinu 2010 brugðust margar stofnanir við skertum fjárveitingum með því að ráða ekki í stöður sem losnuðu, draga saman yfirvinnu, fresta endurnýjun á húsnæði og tækjum o.s.frv. Með öðrum orðum var um að ræða tímabundnar sparnaðaraðgerðir. Tiltölulega fáar stofnanir sögðu beinlínis upp fólki í sparnaðarskyni. Sum ráðuneyti gáfu sínum stofnunum leiðbeiningar um hvernig skyldi standa að slíkum aðgerðum þar sem lögð var áhersla á að skerða ekki „grunnþjónustu" og að reyna að forðast uppsagnir starfsmanna. Að mati Ríkisendurskoðunar er óvíst að stofnanir geti haldið áfram að draga saman útgjöld með þessum hætti á árinu 2011 heldur er líklegt að þær muni þurfa að grípa til varanlegri ráðstafana eins og uppsagna starfsfólks og skerðingu á þjónustu.

Fyrir liggur að nokkrar af þeim sértæku sparnaðarráðstöfunum sem boðaðar eru í frumvarpinu, s.s. hjá heilbrigðisstofunum á landsbyggðinni, eru í uppnámi vegna andstöðu aðila sem hagmuna eiga að gæta. Stjórnvöld hafa gefið vilyrði fyrir því að tillögur sem fram koma í frumvarpinu verði endurskoðaðar og dregið úr fyrirhuguðum niðurskurði. Því má segja að forsendur frumvarpsins séu þegar brostnar að þessu leyti nema takist að draga saman útgjöld sem þessu nemur á öðrum sviðum.

SKULDBINDANDI SAMNINGAR

Stjórnvöld áforma að ráðast þegar á næsta ári í umfangsmiklar framkvæmdir á sviði mannvirkjagerðar undir formerkjum svokallaðra einkaframkvæmda m.a. í samstarfi við lífeyrissjóði og aðra fjárfesta. Um er að ræða framkvæmdir á sviði samgöngumála sem er tvöföldun hluta þjóðvegakerfisins í nágrenni höfuðborgarinnar og gerð jarðgangna á Norðurlandi (Vaðlaheiðargöng). Þá er undirbúningur að nýjum Landspítala langt kominn og gert er ráð fyrir að smíðin verði boðin út á næsta ári. Miðað við stöðu allra þessara verkefna er líklegt að gengið verði til skuldbindandi samninga um þau á næsta ári. Nokkur munur er á fjármögnun vegna þessara framkvæmda en til stendur að innheimta veggjöld til að standa straum af kostnaði vegna hluta samgönguframkvæmda en að ríkissjóður greiði árlega einskonar leigu vegna afnota af nýja sjúkrahúsinu.

Samkvæmt 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins skal tilgreina í frumvarpi til fjárlaga þær skuldbindingar sem ráðgert er að stofna til á fjárlagaárinu og fela í sér útgjöld til lengri tíma. Þannig skal í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi gera grein fyrir

áformuðum samningum á fjárlagaárinu og áætlun um kostnað sem af þeim hlýst næstu þrjú fjárlagaár. Jafnframt skal gera grein fyrir markmiðum og ávinningi ríkisins af áformuðum samningum. Ljóst er að framkvæmdir vegna Landspítalans falla í það minnsta undir þetta ákvæði.

Uppbygging Landspítalans miðað við þær áætlanir sem unnið hefur verið út frá er talin kosta 51 ma.kr. Í athugasemdum með frumvarpinu er gerð grein fyrir þeim samningum sem ríkið hefur þegar gert og kostnaði vegna þeirra. Í fjárlagafrumvarpi vegna 2011 er lítil sem engin umfjöllun um þá samninga sem eru í undirbúningi, kostnaði vegna þeirra, hvað þá að gerð sé grein fyrir markmiðum og ávinningi. Hins vegar ber að gæta þess að mál sem varða byggingu sjúkrahússins komu til meðferðar hjá Alþingi fyrr á þessu ári þegar sett voru lög um heimild til að stofna hlutafélag um byggingu nýs Landspítala, sbr. lög nr. 64/2010. Þar kemur fram að fjármálaráðherra sé heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem hefur það að markmiði að standa að nauðsynlegum undirbúningi og láta bjóða út byggingu nýs Landspítala, háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík, og að semja um að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu að loknu útboði. Sérstaklega er tekið fram í lögunum að fyrir undirritun samninga að loknu útboði skuli leita samþykkis Alþingis með almennum lögum. Þá hefur Alþingi samþykkt heimild til stofnunar hlutafélags um vegaframkvæmdir.

ÚTGJALDARAMMAR TIL LENGRI TÍMA

Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er í fyrsta skipti settur fram það sem kallað er bindandi útgjaldarammi á nafnvirði til tveggja ári. Með því er átt við að áður hafi útgjöld tekið tillit til verðlags og getað breyst ef verðlagsforsendur breyttust, m.a. með flutningi fjárheimilda af sérstökum launa- og verðlagslið. Í úttektum sem gerðar hafa verið á fjárlagagerð á Íslandi á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) hefur verið bent á að festa þyrfti betur niður útgjaldaramma og festa í krónum talið. Í umfjöllun fjármálaráðuneytisins um stefnu og horfur sem fylgir frumvarpinu kemur fram að útgjaldaramminn feli í sér þá stefnumörkun að ramma fyrir heildarútgjöld áranna 2011 og 2012 verði ekki breytt svo fremi sem frávik í verðlagsforsendum verði innan „hóflegra marka, eða innan við 1,5%, og þess sem rúmast innan óskiptrar fjárheimildar í fjárlögunum til að mæta slíkum frávikum og óvissum útgjöldum." Tekið er fram að allar ákvarðanir og frávik verði að öðru leyti að rúmast innan rammans þannig að beita verði forgangsröðun eða grípa til mótvægisráðstafana vegna breytinga á fjárheimildum eða við framkvæmd fjárlaga. Einnig kemur fram að nokkrum stórum útgjaldaliðum sé haldið utan rammans, en þetta eru m.a. vaxtagjöld, afskriftir skattkrafna, og bætur vegna atvinnuleysis.

Að mati Ríkisendurskoðunar er með þessu stigið skref í rétta átt. Engu að síður verður að telja að með ofangreindu orðalagi í frumvarpinu séu útgjaldarammarnir festir niður með frekar veikum hætti. Í öðrum löndum þekkist að fastsetja sérstaklega útgjaldaramma og jafnvel samþykkja áður en fjárveitingum er skipt milli einstakra málaflokka og stofnana. Vegna þess að útgjaldarammar eru ennþá veikir og stórir liðir eru utan þeirra reynir mjög á við framkvæmd fjárlaga að stjórnvöld forðist eins og mögulegt er að stofna til nýrra útgjaldatilefna eigi útgjöld ríkisins ekki að

hækka frá því sem áformað er í frumvarpinu. Rétt er að ítreka hér það sem fram kom í umsögn Ríkisendurskoðunar um frumvarp til fjárlaga 2010 en þar var bent á að stofnunin hefði á liðnum árum ítrekað vakið máls á nauðsyn þess að endurbæta verklag við samþykkt útgjaldaramma fjárlaga. Svokölluð rammafjárlagagerð hafi verið tekin upp hér á landi á tíunda áratugnum m.a. að erlendum fyrirmyndum í þeim tilgangi að auka aðhald í ríkisfjármálum með því að fastsetja útgjaldaramma ríkisins í heild og einstakra ráðuneyta og jafnvel málaflokka. Í byrjun fjárlagagerðarinnar séu teknar ákvarðanir um slíka útgjaldaramma, en þegar til kastanna hafi komið hafi útgjaldarammar ekki haldið og tekið breytingum bæði í meðförum Alþings og ekki síður vegna útgjaldaákvarðana sem teknar eru eftir að fjárlagaárið er hafið. Til að ráða bót á þessu hefur Ríkisendurskoðun lagt til að Alþingi fjalli með formlegum hætti um og samþykkti útgjaldarammana áður en frekari vinna hefst við fjárlagagerðina. Sú viðleitni að fastsetja útgjaldaramma sem fram kemur í frumvarpi til fjárlaga er því fagnaðarefni.

Eins og í fjárlögum 2010 er í frumvarpinu lagt til að hafa 5 ma.kr. varasjóð undir heitinu „ófyrirséð útgjöld". Þessi liður kemur í stað fjárlagaliðar sem í fjárlögum fyrri ára gekk undir heitinu „launa- og verðlagsmál" en er núna ætlaður til að mæta ýmsum ófyrirséðum útgjöldum sem ekki þola bið. Að mati Ríkisendurskoðunar er til bóta að vera með slíkan varasjóð í fjárlögum þótt hann sé aðeins um 1% af heildarútgjöldum skv. fjárlagafrumvarpinu. Fyrrnefndar alþjóðastofnanir sem fylgst hafa með fjárlagagerð hér á landi hafa mælt með því að slíkir varasjóðir séu fyrir hendi m.a. í því skyni að draga úr freistingu til að stofna sí og æ til nýrra útgjaldatilefna. Það ber samt að hafa hugfast að ekki er sjálfgefið að slíkir varasjóðir séu fullnýttir á hverju ári og þarf að hafa ákveðið regluverk í kringum notkun þeirra. Ríkisendurskoðun mun kanna síðar með hvaða hætti þessi fjárlagaliður verður notaður.

ÖNNUR MÁL

Lög um breytingar á málefnum fatlaðra, sem færa þennan málaflokk til sveitarfélaganna, kalla á breytingar á framsetningu fjárlaga og er þessa reyndar getið í athugasemdum um frumvarpið. Í ljósi þess hve lengi yfirfærslan hefur verið í undirbúningi sætir nokkurri furðu að ekki hafi verið gengið frá málum þannig að frumvarpið bæri þessar breytingar með sér. Þetta kemur einnig illa við sveitarfélögin sem þurfa að skoða og undirbúa rekstur málaflokksins í nýju umhverfi.

Að beiðni fjárlaganefndar tók Ríkisendurskoðun nýlega saman minnisblað um markaðar tekjur. Ástæða er til að ítreka það sem þar kom fram um að heildstæða stefnumörkun skorti um þau mál í fjárlögum ríkisins, sbr. að verið er að setja á laggir nýjar stofnanir sem fjármagnaðar eru með þessum hætti þrátt fyrir að á sama tíma sé verið að leitast við að auka aðhald í ríkisrekstri með því að ákveða í fjárlögum útgjaldaheimildir til stofnana og efla þannig beint fjárstjórnarvald Alþingis.

Að lokum er rétt að láta þess getið að fyrir liggur að bregðast þarf við vanda Byggðastofnunar en vegna mikilla afskrifta útlána að undanförnu uppfyllir eigin-

fjárstaða stofnunarinnar ekki tilskilið lágmark. Enda þótt heimild til slíks framlags sé veitt í 6. grein fjárlaga og/eða eftir atvikum sérstökum lagaheimildum, er bagalegt ef slík fyrirsjáanleg útgjöld verða ekki tilgreind í fjárlögum ársins 2011 heldur sé ætlunin að leita eftir útgjaldaheimild í fjáraukalögum á árinu 2011.

II. FRUMVARP TIL FJÁRAUKALAGA 2010

BREYTINGAR Á TEKJUÁÆTLUN SKV. FRV. TIL FJÁRAUKALAGA 2010

Í frumvarpinu eru gerðar breytingar á tekjuáætlun ríkissjóðs. Með þeim er verið að færa tekjuáætlunina til samræmis við áætlaðar tekjur ársins þegar frumvarpið er lagt fram. Tilgangurinn er sá að hægt sé að sjá hvaða breytingar verða á afkomu ríkissjóðs þegar tekið hefur verið tillit bæði til tekna- og gjaldabreytinga.

Í m.kr.	Fjárlög 2010	Frv. til fjáraukal.	Samt.	Breyting
Skatttekjur				
Skattar á tekjur og hagnað	141.500,0	-8.050,0	133.450,0	-5,7%
Tryggingagjöld	60.680,1	1.652,2	62.332,3	2,7%
Eignarskattar	8.132,1	90,0	8.222,1	1,1%
Skattar á vörur og þjónustu	189.548,7	5.948,8	195.497,5	3,1%
Aðrir skattar	14.757,2	562,5	15.319,7	3,8%
	414.618,1	**203,5**	**414.821,6**	**0,0%**
Aðrar rekstrartekjur				
Vaxtatekjur og eignatekjur	36.827,0	-8.714,6	28.112,4	-23,7%
Rek.tek. ótaldar annars staðar	8.169,4	-1.857,5	6.311,9	-22,7%
	44.996,4	**-10.572,1**	**34.424,3**	**-23,5%**
Sala eigna	600,0	19.200,0	19.800,0	3200,0%
Fjárframlög	1.666,8	41,2	1.708,0	2,5%
Tekjur alls	**461.881,3**	**8.872,6**	**470.753,9**	**1,9%**

Á heildina litið er í frumvarpinu ekki gert ráð fyrir miklum breytingum á tekjum ríkissjóðs á árinu frá því sem kom fram í fjárlögum.

Í reynd urðu mjög óverulegar breytingar á heildarskattheimtu en innbyrðis skipting skatta breytist í þá veru að tekjuskattar skila minni tekjum en fjárlög gerðu ráð fyrir, en á móti er í frumvarpinu áætlað að tryggingagjöld (sem lögð eru á launagjöld fyrirtækja), eignarskattar og skattar á vörur og þjónustu (virðisaukaskattur, vörugjöld) skili meiri tekjum. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að aðrar tekjur ríkissjóðs en skattar breytist þannig að vaxtatekjur og aðrar eignatekjur lækki umtalsvert sem og aðrar rekstrartekjur. Á móti skilar sala eigna meiri tekjum en það

skýrist af söluhagnaði vegna kaupa og síðan sölu íbúðabréfa (Avensis-samkomulag Seðlabankans og lífeyrissjóða), sem og sölu eigna sendiráða erlendis.

NÝ ÚTGJALDATILEFNI SKV. FRV. TIL FJÁRAUKALAGA 2010

Í A-hluta fjárlaga ársins 2010 eru 438 fjárlagaliðir. Samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga 2010 eru gerðar breytingar sem hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði á 94 fjárlagaliðum, þ.e. ríflega einum af hverjum fimm fjárlagaliðum. Breytingar eru ýmist til hækkunar eða lækkunar. Meginbreyting á gjöldum skv. frumvarpinu er að lækka fjárheimild vegna vaxtagjalda um 20,2 ma.kr. Aðrar gjaldabreytingar en vaxtagjöld hafa þegar á heildina er litið þau áhrif að hækka útgjaldaheimildir ríkisins um 764 m.kr.

Í m.kr.	Fjárlög 2010	Frv. fjáraukalaga	Breyting	Fjárlög fjöldi liða	Frv. fjáraukal. fjöldi liða	Breyting
Æðsta stjórn ríkisins	3.528	227	6,4%	8	3	37,5%
Forsætisráðuneyti	986	0	0,0%	11	0	0,0%
Menntamálaráðuneyti	60.363	-438	-0,7%	95	15	15,8%
Utanríkisráðuneyti	11.885	1.214	10,2%	10	5	50,0%
Sjávarútvegs- og landb.r.	18.907	593	3,1%	33	5	15,2%
Dóms- og kirkjumálar.	25.012	496	2,0%	60	14	23,3%
Félags- og tryggingam.r.	128.828	-3.837	-3,0%	72	9	12,5%
Heilbrigðisráðuneyti	102.373	220	0,2%	57	6	10,5%
Fjármálaráðuneyti	58.779	59	0,1%	29	12	41,4%
Samgönguráðuneyti	39.855	1.409	3,5%	17	9	52,9%
Iðnaðarráðuneyti	5.829	534	9,2%	17	5	29,4%
Viðskiptaráðuneyti	3.058	130	4,3%	8	4	50,0%
Umhverfisráðuneyti	7.002	155	2,2%	20	6	30,0%
Vaxtagjöld ríkissjóðs	94.320	-20.301	-21,5%	1	1	100,0%
	560.724	**-19.538**	**-3,5%**	**438**	**94**	**21,5%**

Ákvæði um frumvarp til fjáraukalaga er að finna í lögum um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997, V. kafla. Þar segir í 43. gr. að ef þörf krefur skal í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Í 44. gr., sem ber yfirskriftina „Frumvarp til fjáraukalaga innan fjárhagsárs", segir að valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skuli leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi, sem grípa þarf til eftir samþykkt fjáraukalaga, skuli leitað í lokafjárlögum, sbr. 45. gr. Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Í 33. og 34. gr. laganna, undir fyrirsögninni „Ófyrirséð greiðsluskylda A-hluta", segir að valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin

um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga. Þá kemur fram að séu gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gerðu ráð fyrir skuli svo fljótt sem kostur er leita heimilda Alþingis til slíkra útgjalda með frumvarpi til fjáraukalaga. Launagreiðslum skal þó haga í samræmi við hina nýju kjarasamninga.

Að mati Ríkisendurskoðunar ber frumvarp til fjáraukalaga ársins 2010 það með sér að áfram sé stefnt að því að draga úr því að fjárheimildum sé breytt innan ársins frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Útgjaldaheimildir eru á heildina litið lækkaðar með frumvarpinu en þar skipta lægri fjármagnskostnaður höfuðmáli en einnig lækkun á fjárheimildum nokkurrar liða félagsmálaráðuneytis. Engu að síður er það áhyggjuefni í ljósi þröngrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs og þeirrar nauðsynjar sem er á miklu aðhaldi með útgjöldum að ástæða sé talin til að auka útgjöld allmargra fjárlagaliða til hækkunar frá fjárlögum ársins.

Fylgiskjal III.

Upplýsingaþjónusta Alþingis:

Hagfréttir.
(7. desember 2010.)

Hagspá Íslandsbanka

Íslandsbanki hefur gefið út hagspá fyrir árin 2010 til 2013. Spáin gerir ráð fyrir að kreppan sé enn að dýpka en þegar botninum verði náð taki við hægfara bati. Viðsnúningurinn verði hægur vegna margra kerfislægra vandamála sem enn séu til staðar. Má þar nefna skuldavanda fyrirtækja, heimila og hins opinbera, skort á virkum fjármálamarkaði og trausti. Afleiðingar fjármálakreppunnar muni því lita efnahagsþróunina talsvert áfram eftir að botni kreppunnar er náð.

Íslandsbanki gerir ráð fyrir því að hagvöxtur mælist 0,9% á næsta ári, knúinn áfram af aukinni neyslu, fjárfestingu og útflutningi. Lágt raungengi og aukinn hagvöxtur á heimsvísu hjálpar útflutningnum en aukin erlend fjárfesting hér á landi, vaxandi kaupmáttur og lægri vextir hvetja innlenda eftirspurn. Lítill vöxtur verður að öllum líkindum í öllum þessum liðum og viðsnúningurinn vart sýnilegur svo neinu nemi fyrr en á árinu 2012.



Fjárfestingarstigið í hagkerfinu er afar lágt en mikil skuldsetning, hægur vöxtur innlendrar eftirspurnar, seinagangur í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja og heimila sem og höft á gjaldeyrismarkaði draga úr vaxtamöguleikum á þessu sviði efnahagslífsins á næstunni.



Eftir að samdráttur í einkaneyslu, sem staðið hafði yfir frá 2008, virtist ætla að taka enda um mitt þetta ár hefur viðvarandi óvissa um skuldastöðu heimila tafið viðsnúninginn, a.m.k. tímabundið. Vaxandi kaupmáttur, lækkun vaxta, bætt staða vinnumarkaðarins auk hækkunar eignaverðs skapar skilyrði fyrir aukningu einkaneyslu þegar líða tekur á næsta ár. Reiknað er með að einkaneyslan vaxi um 2,5% á næsta ári, kaupmáttur launa um 0,1% og að atvinnuleysi lækki úr 8,1% á þessu ári niður í 7,5% á næsta ári.



Mikill viðsnúningur hefur verið í ytri jöfnuði þjóðarbúsins frá hruni bankakerfisins 2008 þar sem afgangur af utanríkisviðskiptum hefur tekið við af miklum halla. Reiknað er með að afgangur verði af viðskiptum við útlönd á næsta ári en að öllu minni afgangur verði 2012 vegna viðsnúnings í fjárfestingu og neyslu í hagkerfinu sem kallar á aukinn innflutning. Mun þessi afgangur auk hafta á fjármagnsflutninga, minnkandi áhættuálags á íslenskar fjáreignir og munar á innlendum og erlendum vöxtum styðja við gengi krónunnar. Raungengi krónunnar er lágt en reikna má með að það hækki aðeins á næstunni með hækkandi nafngengi og að verðbólgan verði nálægt 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans.

Með nefndarálitinu var einnig fylgiskjal IV: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, verja velferð með ábyrgum ríkisfjármálum, efla atvinnulífið og fjölga störfum. (Þskj. 156, 141. mál.)

Fylgiskjal V.

Bókanir úr fundargerðum fjárlaganefndar.

Úr fundargerð 16. fundar fjárlaganefndar á 139. löggjafarþingi, fim. 11. nóvember 2010.

„Samþykkt að gera úttekt á byggðaáhrifum fjárlagafrumvarpsins sem verður útfærð nánar á fundi fjárlaganefndar á mánudag. Kristján Þór og formaður munu útfæra samþykktina nánar.“

Úr fundargerð 18. fundar fjárlaganefndar á 139. löggjafarþingi, mán. 15. nóvember 2010.

„Formaður leggur fram vinnuskjal frá þeim Kristjáni, sbr. ákvörðun á síðasta fundi. Það fjallar um mat á samfélagslegum áhrifum efnahagshrunsins og efnahagsáætlunarinnar eins og hún birtist í fjárlögum 2009, 2010 og 2011. Allir viðstaddir samþykkja að málið er í höfn og samþykkt samhljóða af KÞJ, ÁÓ, ÞKG, SER, OH, BVG, SH, ÞBack. Afrit af skjalinu er varðveitt í skjalasafni Alþingis.“

449. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Frá því að fjármálaráðherra lagði fram frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2011 hefur fjárlaganefnd unnið við það og átt viðtöl við einstaklinga, fulltrúa sveitarfélaga, einstakra félaga og hagsmunasamtaka, ráðuneyta og stofnana. Nefndin hefur haldið 34 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila, m.a. fulltrúa ráðuneyta og stofnana.

Annar minni hluti mun í álitinu leggja fram tillögur sem byggjast á hófsamri og ábyrgri miðjustefnu. Útfærðar eru leiðir til að auka tekjur ríkissjóðs, örva hagvöxt og koma hjólum atvinnulífsins af stað. Þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur lagt fram og byggjast á hugmyndafræði vinstri flokka hafa því miður leitt af sér minni hagvöxt, rýrari tekjur og kólnun hagkerfisins. Hvað útgjaldahliðina varðar mun 2. minni hluti leitast við að vernda velferðarkerfið. Ekki má ganga lengra í boðuðum niðurskurði gagnvart heilbrigðisþjónustu lands-

manna án þess að skaða kerfið varanlega. 2. minni hluti hafnar því þeim tillögum sem ríkisstjórnin leggur til um gjörbyltingu á heilbrigðiskerfinu og mun ekki taka undir tillögur hægri manna um aukinn niðurskurð í þá veru. Þá verður komið til móts við þá tekjulægstu í þjóðfélaginu með hækkun persónuafsláttar.

Almennt um forsendur frumvarpsins.

Frumvarpið byggði á forsendum sem almennt var ljóst að ekki mundu standast. Gert var ráð fyrir 3,2% hagvexti á árinu 2011 í þjóðhagsspá Hagstofunnar frá því í júní. Þá þegar lá fyrir að ríkisstjórninni hafði mistekist að ræsa vélar atvinnulífsins og að framkvæmdum við álver í Helguvík mundi seinka. Þrátt fyrir að gagngerar breytingar hefðu átt sér stað innan stjórnkerfisins áður en frumvarpið var lagt fram byggist það á gamla skipulaginu. Því lá fyrir við 1. umræðu um frumvarpið að forsendur og upplegg þess mundu taka miklum stakkaskiptum í þinglegri meðferð frumvarpsins, enda hefur það gengið eftir. Í frumvarpinu var m.a. boðuð gagnger breyting á heilbrigðiskerfi landsins. Aðhaldsráðstafanir námu samtals um 4,7% af heildarveltu ráðuneytisins en aðhaldsmarkmið í sjúkratryggingum er samkvæmt frumvarpinu 3%. Áttu heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni að taka á sig stærsta hluta niðurskurðarins. Fyrir lá að ef boðaður niðurskurður yrði að veruleika mundi þjónusta við íbúa í hinum dreifðu byggðum landsins í heilbrigðismálum skerðast til mikilla muna og sjúkrahúsastarfsemi leggjast víða af. Í mótmælaskyni var boðað til borgarafunda víðs vegar um landið þar sem boðaður niðurskurður var gagnrýndur harkalega. Stór hluti vinnu fjárlaganefndar hefur farið í að hitta fulltrúa heilbrigðisstofnana víðs vegar um landið, sveitarstjórnafulltrúa og fulltrúa landshlutasamtaka. Var bent á að stefnubreytingin væri illa ígrunduð og að engar úttektir lægju fyrir um það hvort aðgerðirnar mundu skila þeirri hagræðingu sem stefnt var að í fjárlagafrumvarpinu. 2. minni hluti mun í þessu áliti fjalla ítarlega um þær tillögur sem boðaðar voru í frumvarpinu og þær breytingar sem fagnefnd skipuð af heilbrigðisráðherra leggur til að gerðar verði á því.

Stór hluti fjárlagahallans er tilkominn vegna mikils vaxtakostnaðar ríkissjóðs. Þannig er áætlað að vaxtagjöld ríkissjóðs verði á næsta ári 73,6 milljarða kr. 2. minni hluti hefur ítrekað bent á þá staðreynd að aukin lántaka ríkissjóðs muni leiða af sér aukinn vaxtakostnað sem kalli á aukinn niðurskurð í velferðarkerfinu. Varhugavert sé að auka lántökur nema skýr þörf sé fyrir lánunum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010 áætlaði ríkisstjórnin að vaxtagjöld fyrir árið 2010 yrðu um 94,3 milljarða kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga sama árs hafði upphæðin lækkað um 24 milljarða kr. og var kominn niður í 70,3 milljarða kr. Var batinn skýrður á þann hátt að ónákvæmni hefði gætt í áætlanagerð fjármálaráðuneytisins, m.a. í minni lántökum frá samstarfsþjóðum í efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en ráð var gert fyrir. Engar forsendur eru til að ætla að breyting verði þar á. 2. minni hluti hvetur ríkisstjórnina að leggja fram raunhæfa áætlun um lántökur ríkissjóðs og að rækilega verði útskýrt í hvaða tilgangi þær eru teknar.

Vinnubrögð við fjárlagagerðina, framkvæmd fjárlaga.

Annar minni hluti hefur á undanförnum árum gagnrýnt þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við gerð fjárlaga í gegnum tíðina. Er þar tekið undir með Ríkisendurskoðun sem hefur bent á lausatök í ríkisfjármálum síðustu tvo áratugi. Almennt má segja að framkvæmd fjárlaga hafi verið gagnrýnisverð í gegnum árin. Hefur ítrekað verið bent á að almennt agaleysi hafi verið í rekstri fjölmargra stofnana sem og að bindandi fyrirmæli fjárlaga hafi ekki verið virt. Hefur stofnunin því hvatt til þess að ábyrgð ráðuneyta á fjárreiðum ríkisstofnana

verði gerð afdráttarlaus í gildandi lögum og reglum. Í skýrslu sinni fyrir fyrstu átta mánuði ársins 2010 gagnrýnir Ríkisendurskoðun harðlega að enn fari stofnanir umfram heimildir í rekstri sínum og að enn vanti upp á að rekstraráætlanir stofnana hafi verið samþykktar eða færðar inn í kerfið.

Annar meiri hluti tekur undir með Ríkisendurskoðun um að gera verði skýlausa kröfu til ráðuneyta um að stofnanir sem undir þau heyra séu reknar innan fjárheimilda. Taka þurfi á uppsöfnuðum halla stofnana með afgerandi hætti, annaðhvort með kröfu um samdrátt í rekstri þeirra eða þannig að þær fái nægar fjárheimildir. Nýleg dæmi sem komið hafa upp um afleiðingar slælegs eftirlits í einstökum málum eru til vitnisburðar um að efla þarf eftirlit með umsýslu opinbers fjár.

Annar minni hluti harmar að ekki hefur verið tekið tillit til ábendinga Ríkisendurskoðunar um aukið eftirlit með þeim fjármunum sem Alþingi úthlutar og að eftirfylgni með fjárreiðum ríkisins og áætlanagerð hafi ekki tekið miklum breytingum síðastliðin tvö ár. Engin lög hafa verið sett til að styrkja eftirlitið utan heimilda sem Ríkisendurskoðun fékk til að afla skýrslna fyrir fjárlaganefnd með lögum nr. 56/2009 og með þingsályktunartillögu frá 11. júní sama ár þar sem Ríkisendurskoðun er heimilt að veita fjárlaganefnd Alþingis aðgang að þeim gögnum sem hún aflar eða leggja fram skýrslu. 2. minni hluti bendir því á að langur vegur er frá því að Alþingi geti rækt eftirlitshlutverk sitt með skýrum hætti og þann þátt stjórnkerfisins verður að styrkja.

Heilbrigðisráðuneytinu var fullljóst við fjárlagagerð haustið 2009 að áætlaður sparnaður næðist ekki fram í rekstri árið 2010 nema sérfræðilæknar féllust á að lækka gjaldskrá sína mjög mikið eða til kæmu verulegar kerfisbreytingar. Krafa um að Sjúkratryggingar Íslands næðu fram nærri þriðjungs lækkun lækniskostnaðar án slíkra breytinga, skýrrar stefnumótunar og leiðsagnar ráðuneytisins var því algerlega óraunhæf. Engu að síður er haldið áfram á sömu braut. Við fjárlagagerð nú er gert ráð fyrir að útgjöld Sjúkratrygginga Íslands lækki um 1,1 milljarð kr. milli ára eða 18,7%, en formaður samninganefndar sérfræðilækna telur að þeir muni ekki semja um slíka lækkun. Þá verður samkvæmt frumvarpinu „leitast“ við að ná samkomulagi við lífeyrissjóðina sem feli það í sér að lífeyrissjóðir muni ekki líta til bóta almannatrygginga við samanburð á tekjum örorkulífeyrisþega fyrir og eftir örorkutap. Með því móti megi ná fram 700 milljóna kr. sparnaði í útgjöldum tekjutengdra bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar. 2. minni hluti bendir á að ósamið er við lífeyrissjóðina og því liggur ekki fyrir hvort um raunhæf áform er að ræða eða ekki.

Annar minni hluti hefur sent Ríkisendurskoðun, fjármálaráðuneytinu og forsætisráðuneytinu bréf og spurt hvort þingmenn sem eiga eða hafa átt sæti í svokölluðum ríkisfjármálahópi eða öðrum sameiginlegum nefndum framkvæmdar- og löggjafarvalds sem fjallað hafa um ríkisfjármál hafi fengið greidd laun frá framkvæmdarvaldinu vegna setu sinnar í hópnum, nefndum eða ráðum. Þó svo að bréfin hafi verið send 10. júní sl. og þó ítrekað hafi verið að fyrirspurnin sé lögð fram í samráði við þáverandi formann fjárlaganefndar hafa svör ekki enn borist frá Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneytinu.

Annar minni hluti gagnrýnir samþættingu valdsins og óljós skil milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Þau koma greinilega fram í fjárlagagerðinni þar sem allar helstu breytingar frumvarpsins koma fram í svokölluðum ríkisstjórnarpökkum sem meiri hluti fjárlaganefndar gerir að sínum og keyrir í gegnum nefndina án þess að nefndarmönnum gefist ráðrúm til faglegra umræðna eða greininga að nokkru marki. Þetta sýnir með skýrum hætti að ríkisstjórnin ræður starfi og afgreiðslu þingnefnda og að verulegur hluti af vinnu fjárlaganefndar við fjárlagagerðina er einungis til málamynda og að forminu til. Hins vegar á sér stað

ítarleg umræða um safnliði innan fagnefnda og fjárlaganefndar þar sem þeir eru einu fjárlagaliðirnir sem allar upplýsingar liggja fyrir um á hverjum tíma. Á þessu þarf að skerpa til muna og þyrfti Alþingi að taka af skarið til að svo megi verða.

Lausatök í ríkisfjármálum.

Annar minni hluti bendir á að óvissa og stefnuleysi sem meiri hlutinn veldur með ístöðuleysi sínu og skorti á skýrri stefnumótun kann ekki góðri lukku að stýra við fjármálastjórn næsta árs. 2. minni hluti hvetur ríkisstjórnina til að söðla um og gefa skýr fyrirmæli og setja skýr markmið öllum ríkisrekstrinum til hagsbóta því að afleiðingin af núverandi ástandi er hringlandi og óvissa. Ástæðan virðist sú að ekki sé til staðar nægjanlegur vilji til að taka á vandanum og tilhneiging til að skjóta erfiðum ákvörðunum á frest. Niðurstaðan er því miður sú að ekki virðist fyrir hendi nægilega mikil fagleg verkstjórn þrátt fyrir fyrirheit um annað. Hvetur 2. minni hluti því eindregið til breyttra vinnubragða við fjárlaga- og áætlunargerð ríkisins þar sem horft verði til lengri tíma í senn og að markmið og stefnumótun liggi fyrir.

Breytingar frá frumvarpi til 2. umræðu í stórum dráttum.

Tekjur og gjöld.

Samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar sem hafa verið til umfjöllunar í fjárlaganefnd fyrir 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið og að teknu tilliti til þeirra tillagna sem meiri hlutinn gerir eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 466,4 milljarðar kr. sem er 11 milljarða kr. lækkun frá frumvarpinu. Heildarjöfnuður verður neikvæður um 34,1 milljarð kr. sem er 2,3 milljarða kr. minni halli en í frumvarpinu. Í eftirfarandi töflu kemur fram með hvaða hætti breytingartillögur hafa haft áhrif á frumvarpið.

Tekjur og gjöld
í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011
og breytingar á þeim miðað við breytingartillögur
meiri hluta fjárlaganefndar.

	Frumvarp f. 2011	Brtt. meiri hlutans	Staðan m.v. brtt.	Breyting í prósentum
Tekjur				
Skatttekjur				
Skattar á tekjur og hagnað	155.216,7	-7.370,5	147.846,2	-4,7%
Tryggingagjöld	65.246,2	-673,9	64.572,3	-1,0%
Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	4.550,8	-5,0	4.545,8	-0,1%
Eignarskattar	10.658,2		10.658,2	0,0%
Skattar á vörur og þjónustu	207.676,7	-3.402,6	204.274,1	-1,6%
Aðrir skattar	2.195,4	196,1	2.391,5	8,9%
Skatttekjur samtals	445.544,0	-11.255,9	434.288,1	-2,5%
Aðrar rekstrartekjur samtals	**29.509,9**	**267,8**	**29.777,7**	**0,9%**
Sala eigna	**600,0**	**–**	**600,0**	**0,0%**
Fjárframlög	**1.716,1**	**-12,0**	**1.704,1**	**-0,7%**
Tekjur samtals	**477.370,0**	**-11.000,1**	**466.369,9**	**-2,3%**

	Frumvarp f. 2011	Brtt. meiri hlutans	Staðan m.v. brtt.	Breyting í prósentum
Gjöld				
Æðsta stjórn ríkisins	3.320,2	216,0	3.536,2	6,5%
Forsætisráðuneyti	903,9	-30,0	873,9	-3,3%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	56.495,0	646,0	57.141,0	1,1%
Utanríkisráðuneyti	10.932,6	27,2	10.959,8	0,2%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	18.637,7	21,7	18.659,4	0,1%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	23.507,3	424,3	23.931,6	1,8%
Félags- og tryggingarmálaráðuneyti	121.475,5	-12.005,8	109.469,7	-9,9%
Heilbrigðisráðuneyti	97.611,4	1.504,0	99.115,4	1,5%
Fjármálaráðuneyti	57.241,6	-4.239,1	53.002,5	-7,4%
Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti	33.741,8	1.541,2	35.283,0	4,6%
Iðnaðarráðuneyti	4.728,7	21,5	4.750,2	0,5%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	3.204,3	108,9	3.313,2	3,4%
Umhverfisráðuneyti	6.939,0	-128,2	6.810,8	-1,8%
Vaxtagjöld ríkissjóðs	75.061,0	-1.407,0	73.654,0	-1,9%
Gjöld samtals	**513.800,0**	**-13.299,3**	**500.500,7**	**-2,6%**
Heildartekjujöfnuður	**-36.430,0**	**2.299,2**	**-34.130,8**	**-6,3%**

Efnahagslegar forsendur frumvarpsins.

Í töflunni koma fram þjóðhagsforsendur frá Hagstofu Íslands og byggist fjárlagafrumvarpið og breytingartillögur við það á þeim.

	Endurskoðuð þjóðhagsspá (nóvember)	Forsendur fjárlaga (júní)	Breyting
Hagvöxtur	1,9%	3,2%	-1,3%
Fjárfesting	14,9%	25,2%	-10,3%
Einkaneysla	2,6%	3,4%	-0,8%
Samneysla	-4,3%	-3,8%	-0,5%
Útflutningur	1,0%	1,8%	-0,8%
Innflutningur	2,0%	3,2%	-1,2%
Innlend eftirspurn	2,4%	4,0%	-1,6%
Kaupmáttur	3,6%	3,7%	-0,1%
Verðbólga	2,3%	3,5%	-1,2%
Launavísitala	4,4%	5,2%	-0,8%
Atvinnuleysi	7,3%	8,3%	-1,0%

Heimild: Hagstofa Íslands

Það sem einkum stingur í augun er lækkun á hagvaxtarspá en allar breytingar frá júníspánni eru neikvæðar. Drifkraftar hagvaxtar virðast veikir á næsta ári og má lítið út af bregða til að allt fari á verri veg. Þá eru mótsagnir í spánni sem gerir ráð fyrir að atvinnuleysi muni minnka um 1% þrátt fyrir að fjárfesting dragist verulega saman. Versnandi horfur í þjóðarbúskapnum ættu að hafa í för með sér meiri samdrátt í eftirspurn en hér kemur fram. Þá er vakin athygli á því að OECD gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,5% og telur því að tekjur ríkissjóðs séu ofmetnar um 15 milljarða kr. Þó svo að þær hafi að hluta verið leiðréttar í breytingartillögum meiri hlutans má benda á að Evrópusambandið gerir ráð fyrir að hagvöxtur hér

verði einungis um 0,7% sem gæti lækkað skatttekjur ríkissjóðs um 27 milljarða kr. Því má lítið út af bregða til að Íslendingar standi ekki frammi fyrir mjög alvarlegu ástandi.

Efnahagslegar forsendur frumvarpsins og áhrif uppfærðrar þjóðhagsspár.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, óskaði fjárlaganefnd eftir áliti efnahags- og skattanefndar á tekjugrein fjárlagafrumvarpsins. Talsmenn einstakra hluta efnahags- og skattanefndar komu á fund fjárlaganefndar 2. desember sl. og gerðu grein fyrir álitum sínum sem urðu fjögur talsins, þ.e. álit meiri hluta nefndarinnar sem samanstendur af fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna í nefndinni, 1. minni hluta sem fulltrúar Sjálfstæðisflokks standa að, 2. minni hluta sem myndaður er af fulltrúa Framsóknarflokks og 3. minni hluta sem fulltrúi Hreyfingarinnar skrifar undir. Fjöldi álita endurspeglar þá staðreynd að mikil óvissa ríkir um forsendur fjárlaga.

Eins og áður hefur komið fram byggist fjárlagafrumvarpið á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá miðju sumri sem gerði ráð fyrir að hagvöxtur á næsta ári yrði 3,2%. Samkvæmt uppfærðri spá sem birt var í nóvember er því hins vegar spáð að hagvöxturinn verði um 1,3% minni, eða 1,9%. Í minnisblaði frá fjármálaráðuneyti sem fylgir áliti meiri hluta efnahags- og skattanefndar er tekið fram að allir helstu liðir innlendrar eftirspurnar (einkaneysla, fjármunamyndun og samneysla) muni leggja minna til hagvaxtar á næsta ári og að það megi einkum rekja til áhrifa af endurtekinni frestun uppbyggingar álvers í Helguvík. Í uppfærðri þjóðhagsspá er enn fremur talið að atvinnuleysi verði minna og verðbólga lægri en gert var ráð fyrir í fyrri spá.

Uppfærð hagvaxtarspá Hagstofu Íslands er 0,2% undir spá Seðlabanka Íslands sem spáir 2,1% hagvexti á næsta ári en 0,2% yfir spá Alþýðusambands Ísland sem spáir því að vöxturinn verði um 1,7%. Spá framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er enn svartsýnni en þar er því spáð að hagvöxtur verði um 1% minni en framangreindar spár gefa til kynna. Munurinn skýrist að miklu leyti af fyrirsjáanlegum erfiðleikum við að leysa úr skuldavandamálum heimila og fyrirtækja en skuldsetning einkageirans hefur eins og 2. minni hluti efnahags- og skattanefndar bendir á komið fram í miklum samdrætti einkaneyslu og fjárfestingar og atvinnuleysi eftir hrun. Landsframleiðslan dróst saman um 6,8% á árinu 2009 og reiknað er með að hún dragist saman um 3,5% á þessu ári. Í opinberri umræðu hefur komið fram að skuldsetning takmarki verulega framlag ríkisumsvifa, fjárfestingar og einkaneyslu til hagvaxtarins.

Þar sem verðmætasköpun þjóðarbúsins á næsta ári verður að mati greiningaraðila önnur en forsendur fjárlaga gera ráð fyrir þarf mögulega að grípa til frekari tekjuráðstafana eða aðhaldsaðgerða en ráð er fyrir gert í frumvarpinu. Í minnisblaði fjármálaráðuneytisins eru áhrif lakari efnahagshorfa á skatttekjur metin á um 6 milljarða kr. Það að áhrifin séu ekki meiri en raun ber vitni telur ráðuneytið mega rekja til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna breytist óverulega á næsta ári vegna spár um minna atvinnuleysi og lægra verðbólgustig. 1. minni hluti efnahags- og skattanefndar gagnrýnir hins vegar framsetningu spárinnar og telur að verri þjóðhagsforsendur ættu alla jafna að leiða til meiri samdráttar í eftirspurn. Virðist mega af því ráða að áhrif lakari efnahagshorfa kunni að verða mun neikvæðari á skatttekjur ríkissjóðs en látið er í veðri vaka.

Með hliðsjón af framangreindu gefa horfurnar í þjóðarbúskapnum ekki tilefni til þess að brugðist sé við þeim með því að hækka álögur á almenning og fyrirtæki heldur þvert á móti. Hyggist ríkisstjórnin ná markmiðum sínum um jöfnuð í ríkisfjármálum þarf hún að venda sínu kvæði í kross og huga að verðmætasköpun. Forsenda þess er að auka fjárfestingu, draga

úr óvissu í rekstrarumhverfi fyrirtækja og leita árangursríkra lausna á skuldavanda almennings. Aðeins þannig verður velferðarkerfinu og sterkum innviðum þess viðhaldið.

Jöfnuður í ríkisfjármálum.

Í ljósi þeirra gríðarlegu áhrifa sem hrun íslensks fjármálakerfis hefur og mun hafa á fjárhag og afkomu heimila og fyrirtækja í landinu og þar með ríkissjóðs er afar áríðandi að auka festu í útgjaldastýringu ríkissjóðs og stuðla að því að aðhalds sé gætt í rekstri hins opinbera. Liður í því verkefni er að leggja fram með fjárlagafrumvarpinu stefnu í ríkisfjármálum til næstu þriggja ára þar á eftir. Reyndar var ætlunin að leggja stefnuna fram síðastliðið vor og síðan í júní en það tókst ríkisstjórninni ekki. Stefnt er að því að frumjöfnuður ríkissjóðs verði jákvæður á árinu 2011 og heildarjöfnuður sömuleiðis á árinu 2013. Vegna mikilvægis kröfunnar um aukinn aga og aðhald er áríðandi að þeirri áætlun sem gerð var verði fylgt og nauðsynlegt að meta framgang hennar í tengslum við gerð fjárlaga ársins 2011. Af framangreindum upplýsingum má ráða að þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur og hyggst grípa til muni að óbreyttu ekki duga til þess að ná tökum á þeim vanda sem við er að glíma. Að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem borist hafa og umfjöllun nefnda um útgjöld og þá sérstaklega tekjuhlið fjárlaga næsta árs má draga þær ályktanir að enn verði gefið eftir varðandi áform ríkisstjórnarinnar um aðhald í rekstri ríkissjóðs á næsta ári. Að auki benda athugasemdir sem efnahags- og skattanefnd hafa borist við frumvörp ríkisstjórnarinnar í skattamálum til þess að full ástæða sé til þess að draga í efa að væntar skatttekjur muni skila sér í ríkissjóð á næsta ári. Þegar þess er einnig gætt að enn eru stórir útgjaldaliðir utan fjárlagafrumvarpsins, Icesave, verður að setja stór spurningarmerki við þá vegferð sem meiri hlutinn virðist vilja feta við fjárlagagerðina. Í þessu sambandi skal látið nægja að nefna að ekki er gert ráð fyrir launahækkunum til ríkisstarfsmanna þó svo að í tekjuhluta fjárlagafrumvarpsins sé gert ráð fyrir almennum launahækkunum á markaði. Áður hefur verið minnst á ófrágengna samninga við sérfræðilækna og lífeyrissjóði.

Tekjuhlið.

Hin lakari útkoma í þjóðhagsspá Hagstofunnar byggist fyrst og fremst á þeirri staðreynd að ríkisstjórninni hefur ekki tekist að koma hjólum atvinnulífsins af stað eins og með því að hefja orkufrekar framkvæmdir á Suðurnesjum. Er það einungis til marks um það að stöðnun hefur einkennt íslenskt atvinnulíf sem bætist ofan á þrúgandi óvissu íslenskra heimila. Þrátt fyrir að spáin geri ráð fyrir mun minni hagvexti en sú fyrri er hún engu að síður með bjartsýnna móti. Þannig spáir OECD að á næsta ári verði aðeins 1,5% hagvöxtur á meðan framkvæmdastjórn Evrópusambandsins spáir að hagvöxturinn verði rétt um 0,7%. Að mati 2. minni hluta er ástæðunnar að leita í verkfælni og úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar. Þrátt fyrir ábendingar bestu manna um hvað gera þarf og blákaldar staðreyndir um stöðu þjóðarbúsins kemur ríkisstjórnin nánast engu í verk, en framtakssamt fólk væri fyrir löngu búið að leysa úr þeim vandamálum sem ríkisstjórninni reynast óleysanleg. 2. minni hluti telur að OECD og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins séu nú þegar búin að átta sig á getuleysi ríkisstjórnarinnar til að leysa úr vandanum og því eru niðurstöður efnahagsspáa þessara stofnana jafnslakar og raun ber vitni. Nú er tími til kominn að úrræðabetra fólk verði leitt að ákvarðanaborðinu.

Við síðustu fjárlagagerð lagði 2. meiri hluti fram tillögur þess efnis að ekki yrði gengið jafnlangt í skattahækkunum og ríkisstjórnin lagði til og að sóttar yrðu tekjur af séreignarsparnaði upp á 32,5 milljarða kr. 2. minni hluti bendir á að ef farin hefði verið sú leið hefðu

tekjur af sköttum að öllum líkindum orðið meiri fyrir ríkissjóð og uppsafnaður halli fyrir árið 2011 hefði því orðið minni. Þannig hefði verið hægt að verja velferðarkerfið fyrir þeim áföllum sem nú dynja yfir í tillögum meiri hlutans.

Annar minni hluti gagnrýndi jafnframt við síðustu fjárlagagerð breytingar á skattkerfinu og lagði áherslu á að skattastefnan væri einföld. Flókið skattkerfi felur í sér mikla óhagkvæmni og myndar hvata til undanskota. Einnig hefur fjöldi erlendra fyrirtækja lýst yfir áhuga á síðustu mánuðum að fjárfesta á Íslandi, en helsta hindrunin er pólitísk óvissa (skortur á áreiðanleika) og flókin og óljós skattastefna. 2. minni hluti leggur áherslu á að farið verði rækilega í saumana á því hvernig nýta megi skattaívilnanir til þess að örva atvinnulífið með tilliti til samkeppni, m.a. vegna gagnavera og kvikmyndagerðar.

Það er mat 2. minni hluta að ríkisstjórnin sé enn á ný að draga úr getu hagkerfisins með skattatillögum sínum sem seinka munu nauðsynlegum bata og auka atvinnuleysi. 2. minni hluti telur mun vænlegra til árangurs að fara í aðgerðir sem stuðla að auknum tekjum ríkissjóðs, m.a. með því að skattleggja séreignarsparnað að hluta til fyrir fram, auka fiskveiðiheimildir, nýta innlenda orku til atvinnusköpunar og nýta framleiðslugetu hagkerfisins.

Yfirlit um tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að tekjuöflunaraðgerðir samkvæmt frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á þingskjali 217 skili á árinu 2011 10,3 milljarða kr. tekjum. Þar af muni viðbótarheimildir til úttektar á séreignarsparnaði skila um 3 milljörðum kr. í tekjuskatti einstaklinga, fjármagnstekjuskattur 1,5 milljörðum kr., auðlegðarskattur 1,5 milljörðum kr., kolefnisgjald 1 milljarði kr., sérstakur skattur á fjármálastofnanir 1 milljarði kr. og erfðafjárskattur 1 milljarði kr. Aðrar aðgerðir skila lægri fjárhæðum. 2. minni hluti bendir á að tekjuöflunaraðgerðirnar beinast nær eingöngu að einstaklingum og heimilum í landinu.

Annar minni hluti bendir á að niðurskurður og skattahækkanir eru mun meiri en upphafleg kynning ríkisstjórnarinnar gaf í skyn. Þannig er í bandorminum hinum fyrri gert ráð fyrir auknum skatttekjum sem nema 10,3 milljörðum kr. Til viðbótar við þessar skattahækkanir verða barnabætur skertar auk þess sem ekki stendur til að standa við gefin loforð um að persónuafsláttur hækki í samræmi við verðlag eða að boðaður áfangi að hækka persónuafsláttinn um 3.000 kr. komi til framkvæmda. Samtals skilar þetta um 9 milljörðum kr. í ríkissjóð.

Breytingartillögur, áherslur og ábendingar.

Það er mat 2. minni hluta að ríkisstjórnin sé að hægja enn frekar á hagkerfinu með skattalagatillögum sínum sem seinka muni nauðsynlegum bata og ýta undir frekara atvinnuleysi. 2. minni hluti telur mun vænlegra til árangurs að fara í aðgerðir sem stuðla að auknum tekjum ríkissjóðs, m.a. með því að skattleggja séreignarsparnað. Þá vekur 2. minni hluti athygli á því að í tíð fyrri ríkisstjórnar var sett í lög að persónuafsláttur ætti að hækka í samræmi við verðlag eins og áður hefur komið fram. Það hefur ekki gengið eftir hjá núverandi stjórnarmeirihluta.

Skattaáform ríkisstjórnarinnar skerða ráðstöfunartekjur heimilanna um 8,7 milljarða kr. og auka þar með vanda þeirra. Áhrif annarra aðgerða munu koma fram í hærra verðlagi (tekjuskattur lögaðila, áfengis- og tóbaksgjald, kolefnisgjald o.fl.) og hækka vísitölu neysluverðs um 0,2%. Á móti þessu vega að mati fjármálaráðuneytisins auknar útgreiðslur séreignarsparnaðar sem áætlað er að nemi um 6 milljörðum kr. eftir greiðslu tekjuskatts og útsvars. Að mati 2. minni hluta er vafasamt að meta útgreiðslu séreignarsparnaðar með þessum hætti því að heimilin eru að ganga á eignir sínar. Því gerir 2. minni hluti fyrirvara við það

mat ráðuneytisins að samanlögð áhrif frumvarps um ráðstafanir í ríkisfjármálunum lækki ráðstöfunartekjur einungis um 0,5%.

Um tillögu um tekjur af séreignarsparnaði.

Annar minni hluti en enn sömu skoðunar og við afgreiðslu fjárlaga 2010 um skattlagningu á séreignarsparnað. Í samræmi við frumvarp til laga um skattlagningu séreignarsparnaðar leggur 2. minni hluti til að gerðar verði breytingar á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins. 2. minni hluti telur þó að skattleggja eigi helming af óskattlögðum séreignarsparnaði landsmanna og þar með aukist tekjur ríkissjóðs um allt að 40 milljarða kr.

Tillaga um aflaaukningu.

Þingflokkur framsóknarmanna hefur ítrekað lagt til að aflaheimildir yrðu auknar. Ákvörðun yrði tekin að höfðu samráði hagsmunaaðila og vísindasamfélagsins. Miðað við hugmyndir sem lágu til grundvallar tillögugerð fyrir um ári síðan var gert ráð fyrir að áætlað útflutningsverðmæti sjávarafurða gæti aukist um 20–30 milljarða kr. þó svo að staðan á mörkuðum nú sé verri og skili því líklega ekki sama verðmæti og þá. Ætla má að útflutningsverðmætið við aukningu aflaheimilda á árinu 2011 geti skilað á milli 15–20 milljörðum kr. Við mat á áhrifum aflaaukningarinnar á landsframleiðslu má þrefalda útflutningsverðmætið sem gæti samkvæmt þessu aukið landsframleiðslu um allt að 45–60 milljarða kr. Veltuáhrif eru því veruleg. Að auki mundu skatttekjur ríkissjóðs af auðlindagjaldi hækka í samræmi við þá aukningu veiðiheimilda sem ákveðin yrði.

Orkufrek verkefni.

Orkan á Íslandi er vafalítið sú auðlind sem mestu máli mun skipta um afkomu landsmanna um langa framtíð. Má í þeim efnum minna á nýleg ummæli forstjóra Landsvirkjunar um að fyrirtækið geti frá og með árinu 2015 hafið umtalsverðar arðgreiðslur til ríkisins. Leggja verður áherslu á að á grundvelli framboðs og eftirspurnar verði litlum og millistórum fyrirtækjum, sem ásælast hreina orku, vegna sívaxandi áherslu á umhverfisvernd, gert mögulegt að vaxa og dafna hér á landi. Tryggja þarf fjölbreytni, arðbærni og hraða atvinnuuppbyggingu og að orka bjóðist fyrirtækjum af þessu tagi. 2. minni hluti telur að stjórnvöld eigi án tafar að ráðast í orkufrekar framkvæmdir í Helguvík og á Bakka við Húsavík. Allt of lengi hefur dregist að koma framkvæmdum á þessum stöðum af stað.

Vaxtalækkun.

Hið háa vaxtastig Seðlabankans er afar óheppilegt við núverandi aðstæður og illskiljanlegt. Ljóst er að heimili og fyrirtæki standa ekki undir svo háum vöxtum. Vaxtastigið er einkum til þess ætlað að halda aftur af verðbólgu og verja gengi krónunnar. Samtök atvinnulífsins og fjöldi hagfræðinga hafa hins vegar fært fyrir því rök að í raun hafi vaxtastefnan þveröfug áhrif við núverandi aðstæður. Mikið af vaxtagreiðslunum rennur enda til erlendra eigenda krónubréfa. Á sama tíma og lönd um allan heim hafa fært stýrivexti nálægt 0% er heimsins hæstu vöxtum viðhaldið á Íslandi, landi sem þarf á því að halda umfram önnur lönd að koma efnahagslífinu á skrið. 2. minni hluti telur bráðnauðsynlegt að endurfjármagna efnahagslífið og auka fjárfestingu og neyslu svo að skapa megi fleiri atvinnutækifæri.

Annar minni hluti telur einnig ómögulegt að ástandið sé látið óátalið í ljósi þess að vaxtastigið hefur áhrif á flestar aðrar aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að endurreisa íslenskt efna-

hagslíf. Alþingi ætti því að sammælast um breytingar á peningamálastefnu og vaxtastigi Seðlabankans.

Almenn sparnaðarkrafa til aðalskrifstofa ráðuneyta.

Við samanburð á fjárlögum 2010 og fjárlagafrumvarpi 2011 kemur í ljós að aðalskrifstofur ráðuneytanna ná ekki þeirri sparnaðarkröfu sem stjórnsýslustofnunum er ætlað að ná og eru á því ýmsar skýringar. Í frumvarpinu er gerð almenn 9% sparnaðarkrafa til stjórnsýslustofnana. Því telur 2. minni hluti eðlilegt að sparnaðarkrafa aðalskrifstofanna verði aukin þannig að þær nái markmiðum fjárlagafrumvarpsins um hagræðingu.

Aukin matvælaframleiðsla.

Annar minni hluti bendir á þá miklu möguleika sem eru fyrir hendi til að auka matvælaframleiðslu í landinu, m.a. með fullvinnslu afla hér heima. Ónýtt sóknarfæri eru fyrir hendi bæði í landbúnaði og sjávarútvegi.

Hagræðing í rekstri í A-hluta ríkissjóðs.

Annar minni hluti telur að tillögur ríkisstjórnarinnar gangi of nærri velferðarkerfinu og telur að draga eigi úr niðurskurði til heilbrigðisstofnana og tilfærslna til þeirra sem minna mega sín.

Gjaldahlið.

Eftirfarandi tafla sýnir tekjur og gjöld ríkissjóðs eins og þau skiptast á milli tekjuflokka og ráðuneyta fyrstu 10 mánuði ársins 2010.

Rekstraryfirlit ríkissjóðs jan.–okt. 2010.

Í millj. kr.	Útkoma jan.–okt. 2010	Áætlun jan.–okt. 2010	Frávik frá áætlun
Tekjur			
Skatttekjur og tryggingagjöld	**326.952**	**331.592**	**-4.640**
Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	71.849	79.198	-7.349
Skattar á tekjur og hagnað lögaðila	8.950	9.425	-475
Skattur á fjármagnstekjur	26.612	28.309	-1.697
Eignarskattar	5.884	5.874	10
Virðisaukaskattur	102.092	97.915	4.177
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	49.708	50.277	-569
Tollar og aðflutningsgjöld	4.742	4.009	733
Skattar ótaldir annars staðar	6.599	6.403	197
Tryggingagjöld	50.516	50.183	333
Fjárframlög	**693**	**745**	**-52**
Aðrar tekjur	**26.633**	**26.891**	**-258**
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	18.268	18.165	104
Arðgreiðslur	131	365	-234
Aðrar tekjur ótaldar annars staðar	8.233	8.361	-128
Sala eigna	**19.572**	**500**	**19.072**
Tekjur alls	**373.849**	**359.728**	**14.121**
Gjöld			
Æðsta stjórn ríkisins	2.826	3.185	-359

Í millj. kr.	Útkoma jan.–okt. 2010	Áætlun jan.–okt. 2010	Frávik frá áætlun
Forsætisráðuneyti	728	1.342	-614
Mennta- og menningarmálaráðun.	51.866	54.353	-2.487
Utanríkisráðuneyti	9.253	10.960	-1.707
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðun.	14.529	17.048	-2.519
Dóms- og mannréttindaráðuneyti	21.042	21.553	-512
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	97.557	108.055	-10.499
Heilbrigðisráðuneyti	84.563	82.738	1.825
Fjármálaráðuneyti	39.670	41.279	-1.610
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðun.	36.008	37.817	-1.809
Iðnaðarráðuneyti	4.594	6.138	-1.544
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	2.556	2.891	-336
Umhverfisráðuneyti	6.069	8.323	-2.254
Vaxtagjöld ríkissjóðs	58.410	59.852	-1.442
Gjöld alls	**429.669**	**455.535**	**-25.866**
Tekjujöfnuður	**-55.821**	**-95.807**	**39.987**

Taflan sýnir óendurskoðuð gjöld ríkissjóðs eftir málaflokkum í samanburði við áætlanir fyrstu 10 mánuði ársins. Stærstu frávik eru í tekjum af sölu svokallaðra Avens-skuldabréfa og sölu sendiherrabústaðar í London. Þá reyndust tekjur af skatti á tekjur og hagnað einstaklinga verulega lægri en ætlað var sem og skattur á fjármagnstekjur en tekjur af virðisaukaskatti mun hærri en áætlun gerði ráð fyrir. 2. minni hluti bendir á að batinn er að verulegu leyti tilkominn vegna einskiptis aðgerða. Tekið hefur verið tillit til breyttra forsendna í breytingartillögum meiri hlutans við fjárlagafrumvarpið.

Útgjaldatillögur.

Heilbrigðismál.

Í skýrslu OECD frá 28. febrúar 2008 kemur fram að í alþjóðlegum samanburði er heilbrigðiskerfi Íslendinga lofsvert þrátt fyrir að vera óvenju kostnaðarsamt. Nauðsynlegt sé því að auka hagkvæmni og nýtingu fjármuna sem lagðir eru í heilbrigðiskerfið. Ljóst er að Ísland hefur tekið þessar athugasemdir til sín og brugðist við þeim þar sem í nýlegri skýrslu frá OECD sem út kom í nóvember 2010 kemur fram að Ísland sé í hópi þeirra ríkja sem hvað best komu út í samanburði á skilvirkni og stefnumörkun í heilbrigðisþjónustu og nýtingu þess fjármagns sem lagt er í þjónustuna. Þykir því ljóst að sú stefna sem Íslendingar hafa markað sér og nýting þeirra fjármuna sem lagðir eru í heilbrigðiskerfið, hafa verið til fyrirmyndar að mati stofnunarinnar þrátt fyrir mikinn kostnað sem því óneitanlega fylgir.

Í frumvarpinu kemur fram að sparnaðaráform á árinu 2011 kalla á umtalsverðar hagræðingaraðgerðir og forgangsröðun verkefna. Útgjöld heilbrigðisráðuneytisins dragast saman um 3.818 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2010 sem svarar til 4,7% að teknu tilliti til áhrifa almennra verðlags- og gengisbreytinga.

Heilbrigðisráðneytið hefur ákveðið að ná fram þeim hagræðingaraðgerðum sem gerðar eru kröfur um með því að styrkja grunnþjónustu, einkum á sviði heilsugæslunnar, m.a. með því að efla sálfélagslega þjónustu við börn og ungmenni, efla sjúkraflutninga og auka framlag til heimahjúkrunar á þeim stöðum þar sem hjúkrunarrýmum er fækkað. Á móti því aukna

framlagi til heilsugæslu, sjúkraflutninga og heimahjúkrunar sem frumvarpið gerir ráð fyrir er ráðgert að draga úr starfsemi sjúkrasviða heilbrigðisstofnana.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir lækkun á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana vegna áherslna heilbrigðisráðuneytisins að standa vörð um grunnþjónustuna og gera heilsugæsluna að fyrsta viðkomustað í heilbrigðiskerfinu. Metin var þörf fyrir fjölda sjúkrarýma á þjónustusvæðum heilbrigðisstofnana þar sem miðað var við fjölda íbúa og nýtingu rýma. Á grundvelli þess mats er stefnt að því að fækka sjúkrarýmum um samtals 91 og hjúkrunarrýmum um 34. Samhliða því er gert ráð fyrir því að einingaverð sem notað er við útreikning á greiðslum fyrir hvert sjúkrarými sé samræmt.

Í töflunni hér á eftir má sjá hvar tillögur í fjárlagafrumvarpinu um niðurskurð á heilbrigðisstofnunum koma harðast niður:

Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	-29,70%
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	-39,80%
Heilbrigðisstofnun Austurlands	-22,10%
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	-23,80%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	-23,40%
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	-18,20%
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	-16,50%
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	-16,10%
St. Jósefsspítali, Sólvangur	-36,50%

Í kjölfar tillagna í fjárlagafrumvarpinu um niðurskurð í heilbrigðiskerfinu reis upp alda mótmæla víðs vegar um land og þá sérstaklega á þeim stöðum þar sem fyrirhugað var að niðurskurður yrði mikill. Borgarafundir voru haldnir um allt land, starfsmenn og íbúar þjónustusvæðanna tóku höndum saman og umluku stofnanirnar í táknrænni merkingu og fjárlaganefnd bárust erindi þar sem viðbrögð stofnana og íbúa voru vægast sagt hörð.

Í álitsgerð Daggar Pálsdóttur hrl. til sveitarfélaganna Skagafjarðar og Norðurþings er því lýst hvernig tillögur sem settar eru fram í fjárlagafrumvarpinu um umtalsverðar lækkanir á fjárveitingum til nokkurra heilbrigðisstofnana á landinu séu ekki í samræmi við þá stefnu heilbrigðisráðuneytisins að standa vörð um grunnþjónustuna. Almennur skilningur á því hvað felist í grunnþjónustu kemur fram í skýringum með frumvarpi er varð að lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Kemur þar skýrt fram að grunnþjónustu sé skipt í þrjá undirflokka, heilsugæsluþjónustu, almenna sjúkrahúsaþjónustu og hjúkrunarþjónustu í hjúkrunarrýmum stofnana. Í fjárlagafrumvarpinu eru lagðar fram tillögur sem byggjast á því að skera umtalsvert niður hina almennu sjúkrahúsþjónustu annars vegar og hjúkrunarrými hins vegar. Tillögurnar eru því ekki í neinu samræmi við þá stefnu sem sett er fram í frumvarpinu. Í álitsgerðinni er m.a. farið yfir alþjóðaskuldbindingar sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að virða, lög um réttindi sjúklinga og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Er niðurstaðan sú að þær niðurskurðartillögur sem fram koma í frumvarpinu gangi þvert gegn þeim lögum sem gilda hér á landi um réttindi sjúklinga, mismuni fólki eftir búsetu og brjóti gegn alþjóðaskuldbindingum íslenska ríkisins.

Í skýrslu sem unnin var að ósk grasrótarhóps á norðanverðum Vestfjörðum, um efnahags- og samfélagsleg áhrif fyrirhugaðs niðurskurðar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, er því lýst hvernig heildaráhrif tillagna um niðurskurð á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða bæti afkomu ríkissjóðs mun minna en gert er ráð fyrir, einkum vegna viðbótarkostnaðar sem til fellur

annars staðar í rekstrinum. Niðurstaða höfunda er sú að ólíklegt sé að tillögurnar munu í raun leiða til mikils afkomubata fyrir ríkissjóð. Nettósparnaður verði einungis um 28 milljónir kr. vegna aukinna útgjalda í sjúkraflutningum, álags á aðrar ríkisstofnanir og hlutdeildar ríkissjóðs í tekjum þeirra sem sagt verður upp.

Í kjölfar mikilla mótmæla og athugasemda um fyrirhugaðan niðurskurð í heilbrigðisþjónustunni kom heilbrigðisráðherra á fót faghópi sem fundaði með stjórnendum og fagfólki á heilbrigðisstofnunum til að leggja mat á möguleika heilbrigðisstofnana til að mæta hagræðingarkröfum samkvæmt fjárlagafrumvarpinu og eru boðaðar breytingar á frumvarpinu byggðar á tillögum hópsins. Samkvæmt þeim tillögum mun niðurskurður á heilbrigðisstofnunum hvergi verða meira en 12% á næsta ári, en heildarniðurskurðurinn verður mun meiri á komandi árum. Forsendur þær er fram koma í frumvarpinu eru óbreyttar og áfram er staðinn vörður um grunnþjónustu og heilsugæslan sett í öndvegi sem fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu. Hins vegar gera tillögurnar ráð fyrir mun minni samdrætti útgjalda en upphaflega var ráðgert. Hagræðingarkrafan á heilbrigðisstofnanir var áður rúmir 3 milljarðar kr. en verður samkvæmt tillögunum 1,9 milljarðar. Hagræðingarkrafan árið 2011 verður væntanlega 1,3 milljarðar kr. og kröfu um hagræðingu sem nemur 570 m.kr. verður frestað til ársins 2012.

	Áætlaður samdráttur í frumvarpi miðað við fjárlög 2010 (m.kr./hlutf)		Endurskoðaður samdráttur, miðað við fjárlög 2010 (m.kr./hlutf)		Frestun samdráttar til 2012 3/12	Samdráttur 2011 a.t.t. frestunar 3/12		Frestun sam-dráttar enginn yfir 12%	Samdráttur 2011 a.t.t. frestunar umfram 12%		Kostnaður við endur-skoðun á tillögum	Fjölgun hjúkrunar-rýma
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	112,8	4,1%	219,3	7,6%	54,8	164,4	5,9%	0,0	164,4	5,9%	-51,6	
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	25,1	9,6%	11,7	4,5%	2,9	8,8	3,4%	0,0	8,8	3,4%	16,3	
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	194,5	19,1%	56,1	5,5%	14,0	42,1	4,1%	0,0	42,1	4,1%	152,4	
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	51,9	13,1%	25,7	6,5%	6,4	19,3	4,9%	0,0	19,3	4,9%	32,6	
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	247,9	30,2%	202,7	24,7%	50,7	152,0	18,5%	53,4	98,6	12,0%	149,3	
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	80	17,7%	57,2	12,7%	14,3	42,9	9,5%	0,0	42,9	9,5%	37,1	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	374	40,4%	232,2	25,1%	58,1	174,2	18,8%	63,1	111,1	12,0%	262,9	75,0
Heilbrigðisstofnun Austurlands	466,8	23,0%	166,8	8,2%	41,7	125,1	6,2%	0,0	125,1	6,2%	341,7	
Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	59,9	15,5%	28,3	7,3%	7,1	21,2	5,5%	0,0	21,2	5,5%	38,7	
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	164,3	24,4%	60,5	9,0%	15,1	45,4	6,8%	0,0	45,4	6,8%	118,9	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	339	16,8%	151,2	7,5%	37,8	113,4	5,6%	0,0	113,4	5,6%	225,6	
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	412,7	24,2%	194,2	11,4%	48,6	145,7	8,5%	0,0	145,7	8,5%	267,0	150,0
St. Jósefsspítali, Sólvangur	448,8	51,6%	402,7	46,3%	78,0	324,7	37,3%	0,0	324,7	37,3%	124,1	
Sólvangur	45	9,9%	45,0	9,9%	11,3	33,8	7,4%	0,0	33,8	7,4%	11,3	
Samtals:	3.022,7	21,4%	1.853,5	13,3%	440,7	1.412,9	9,8%	116,5	1.296,5	9,2%	1.726,2	225,0

Ljóst er að í raun og veru er um að ræða frestun á þeim kröfum um niðurskurð á heilbrigðisstofnunum sem gerðar voru í fjárlagafrumvarpinu. Breytingin er eingöngu sú að boðuðum niðurskurði verður væntanlega náð á þremur árum í stað eins árs ef niðurstaðan verður sú að skera þarf einnig niður þriðja árið. 2. minni hluti leggst því alfarið á móti þeim tillögum sem gerðar hafa verið um niðurskurð í heilbrigðiskerfinu og þeim forsendum sem unnið er eftir. Nýjar tillögur ráðuneytisins byggjast á sömu forsendum og fram koma í fjárlagafrumvarpinu en eins og sýnt hefur verið í álitsgerðum og kostnaðargreiningum eru þær forsendur engan veginn réttar. Bendir 2. minni hluti á að nýting þeirra fjármuna sem lagðir eru í heilbrigðiskerfið hafi verið til fyrirmyndar að mati OECD og því vandséð hvort alhliða breyting á stefnu sé nauðsynleg. Sá sparnaður sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að muni koma til með tillögunum muni ekki hafa jafnmikil áhrif á afkomu ríkissjóð og gert er ráð fyrir, þar sem kostnaðurinn muni einfaldlega færast til í kerfinu.

Annar minni hluti leggur til að farið verði gaumgæfilega ofan í boðaðar breytingartillögur ríkisstjórnarinnar og kannað til hlítar hvaða áhrif þær koma til með að hafa á íbúa landsbyggðarinnar. Þá verði einnig gerð nákvæm kostnaðargreining á heilbrigðisþjónustunni og kannað hvar drepa megi niður fæti í heilbrigðiskerfi landsins. 2. minni hluti lýsir sig andvígan þeirri stefnu sem boðuð var í frumvarpinu og ekki hefur verið horfið frá í nýjum til-

lögum ríkisstjórnarinnar. Bent er á að þrátt fyrir að niðurskurðurinn sé minni en áður var boðað er skerðingin gagnvart einstökum heilbrigðisstofnunum úti á landi eins og Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga gríðarleg. Meiri hlutinn hvikar hvergi frá boðaðri byltingu í heilbrigðiskerfi landsmanna og blasir við að útfærslunni eigi að ná fram á þremur árum í stað eins. Engar útfærslur hafa komið fram um hver niðurskurðurinn muni vera á þriðja ári en ef skorið verður niður um 25% hjá áðurnefndum heilbrigðisstofnunum mun það leiða af sér skerðingu á því þriðja.

Annar minni hluti leggur því til að sömu hagræðingarkröfu verði skipt jafnt á heilbrigðiskerfið. Auk þess er lagt til að tekið verði tillit til hinnar sérhæfðu þjónustu sem Landspítalinn og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri veita og því verði enn minni hagræðingarkrafa gerð til þeirra.

Tillögur til útgjalda.

Annar minni hluti lagði til í tekjukafla álitsins að sóttir yrðu um 40 milljarðar kr. í fyrir fram skattlagningu á séreignarsparnað. 2. minni hluti leggur áherslu á það að stærsti hluti þess fjármagns verði nýttur sem hluti af gjaldeyrisvaraforða og til að sporna við frekari lántökum ríkissjóðs. Jafnframt telur 2. minni hluti að aukning aflaheimilda og atvinnuuppbygging í orkufrekum iðnaði muni leiða til aukins hagvaxtar sem síðar muni skila sér í auknum tekjum ríkissjóðs. 2. minni hluti telur að í ljósi fyrrgreinds, og þess að hann hefði hlíft heimilum landsins og barnafólki við skattahækkunum, að þannig hefði myndast svigrúm til að gæta að velferðarkerfinu, efla samgöngur með smærri samgönguverkefnum og tryggja að allir landsmenn megi búa áfram við öryggi með því að efla löggæsluna. Þá telur 2. minni hluti að hækka þurfi fjárframlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna til að hann geti hækkað framfærsluhluta námslána. 2. minni hluti mun leggja fram breytingartillögur um þessi mál fyrir 3. umræðu um fjárlagafrumvarpið.

Persónuafsláttur.

Annar minni hluti leggur til að fallið verði frá hugmyndum um að bótaflokkar almannatryggingakerfisins verði ekki uppfærðir í samræmi við verðlag. Þannig verði barnabætur ekki skertar auk þess sem staðið verði við gefin loforð um að persónuafsláttur hækki í samræmi við verðlag og að boðaður áfangi um að hækka persónuafslátt um 3.000 kr. komi til framkvæmda. 2. minni hluti áskilur sér rétt til að skila inn nánari útfærslum á þessum tillögum milli 2. og 3. umræðu um fjárlagafrumvarpið.

Minni samgönguverkefni.

Annar minni hluti leggur til að útgjöld til vegagerðar ríkisins verði aukin. Gríðarlegur niðurskurður hefur orðið í samgöngumálum á landsvísu og mun hann fyrst og fremst bitna á smærri samgönguverkefnum í sveitum landsins. Má þar nefna einbreiðar brýr, olíuburð vega og almennt viðhald vega sem telja má nánast ófæra víða um land. Þessi útgjöld munu skapa vinnu víða um land hjá smærri verktökum en þeir hafa orðið illa úti í efnahagshruninu.

Löggæsla.

Við efnahagshrunið jókst álag á lögreglu víðs vegar um landið. Er nú svo komið að erfitt hefur reynst að manna vaktir og halda uppi lágmarksþjónustu til að tryggja öryggi þegnanna. 2. minni hluti telur brýnt að staðinn verði vörður um þessa grunnþjónustu.

LÍN.

Annar minni hluti telur mikilvægt að settir verði fjármunir í LÍN til að styrkja framfærslugrunn námsmanna. Ótækt er að ætla námsmönnum að lifa við krappari kjör en atvinnuleysisbætur.

Hvar er stefnumótunin?

Frá því að minnihlutastjórn Jóhönnu Sigurðardóttur tók við völdum hafa verið gefnar út miklar yfirlýsingar um það að nú skyldi tekið á þeim vanda sem þjóðin stæði frammi fyrir og að nú ætti að láta verkin tala. Óhætt er að fullyrða að stjórnvöld hafa nýtt vinnutíma sinn afar illa til að taka á þeim málum sem taka þarf á og er síst minni óvissa nú en þegar núverandi ríkisstjórnin tók við. Samráð við aðila vinnumarkaðar er þekkt sem samráðsleysi. Tillögur að lausnum á vandamálum eru illa ígrundaðar loks þegar þær sjá dagsins ljós og Hæstiréttur hefur í nógu að snúast við að verja þegnana gegn nýsettum ólögum. Fjárlög eru gerð til skamms tíma og þau grundvallarmistök gerð að láta fjárlög marka stefnuna í stað þess að vera tæki til að ná fram stefnumiðum stjórnvalda.

Samantekt.

Eitt veigamesta verkefni ríkisstjórnarinnar á næstu árum verður að koma böndum á útgjöld ríkissjóðs. Heppni og tilviljanir réðu mestu um þann árangur sem náðist á yfirstandandi ári. Ekki var gert ráð fyrir tekjum af sölu Avens-verðbréfa í fjárlögum og skiluðu þær því óvæntum 17 milljörðum kr. til ríkissjóðs. Vaxtaáætlanir gengu ekki eftir en þó batnaði afkoma ríkissjóðs óvænt um 24 milljarða kr. vegna hagstæðra ytri skilyrða sem ríkisstjórnin réði litlu um. En síðan tapaðist ávinningurinn á milli umræðna um fjáraukalagafrumvarpið þegar óvænt dúkkaði upp 24,8 milljarða kr. gjaldfærsla vegna ríkisábyrgða sem fundust í föllnu bönkunum. Þó hafði ríkissjóður tekið að sér að greiða af þeim allt frá hruni bankanna í október 2008. Ekki verður hjá því komist að gagnrýna stjórnvöld fyrir að hafa ekki tekið fyrr tillit til þessara gjaldfærslna í áætlunum ríkisins. Þá undrast 2. minni hluti hvers vegna þær hafa ekki verið kynntar í skýrslum um framkvæmd fjárlaga sem lagðar hafa verið fyrir fjárlaganefnd. Má af þessu ljóst vera að eftirlit fjármálaráðuneytisins með framkvæmd fjárlaga er ekki eins öflugt og nauðsynlegt er. Þá gagnrýnir 2. minni hluti með hvaða hætti stórar ákvarðanir eru keyrðar í gegnum fjárlaganefnd án tilskilinnar rannsóknarvinnu nefndarinnar, bæði hvað varðar fjárlaga- og fjáraukalagagerð.

Í þingsköpum Alþingis er áskilnaður um að tekjuhluti fjárlagafrumvarpsins verði sendur til umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd sem í kjölfarið rýnir í þennan þátt í heild. Fengnir eru aðilar til að leggja heildstætt mat á tekjuhliðina og áhrifin á þjóðarbúskapinn. Þá leggja fagnefndir þingsins mat á aðra þætti frumvarpsins. Það er æskilegt að utanaðkomandi sérfræðingar verði fengnir til þess að meta heildræn áhrif gjaldaliða frumvarpsins og leggja fram gagnrýni á þá hlið málsins. Hluti af slíkri gagnrýni gæti t.d. verið athugun á því hvort farið sé skynsamlega með fjármuni ríkisins.

Alþingi, 7. des. 2010.

Höskuldur Þórhallsson.

450. Frumvarp til laga [78. mál]

um mannvirki.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er:

a. Að vernda líf og heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt.
b. Að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja, m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð þannig og byggð að þau henti íslenskum aðstæðum.
c. Að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja.
d. Að stuðla að tæknilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði.
e. Að tryggja aðgengi fyrir alla.
f. Að stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur bygginga.

2. gr.
Gildissvið.

Lögin gilda um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan, innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar, sbr. þó 2. mgr. Lögin gilda um alla þætti mannvirkja, svo sem gerð burðarvirkja, lagnir, þ.m.t. neysluvatnslagnir, hitalagnir, fráveitulagnir, raflagnir, loftræsilagnir, gaslagnir og öryggiskerfi, fjarskiptabúnað, eldvarnir, þ.m.t. vatnsúðakerfi og önnur slökkvikerfi, og byggingarvörur, bæði á markaði og í mannvirkjum. Lögin gilda einnig um gróður á lóðum, frágang og útlit lóða, girðingar í þéttbýli, skilti, möstur, gáma og leik- og íþróttasvæði.

Lög þessi gilda ekki um hafnir, varnargarða eða fyrirhleðslur, vegi eða önnur samgöngumannvirki, svo sem flugvelli, jarðgöng, vegskála eða brýr, aðrar en umferðar- og göngubrýr í þéttbýli.

3. gr.
Skilgreiningar.

1. *Aðaluppdráttur:* Heildaruppdráttur að mannvirki, ásamt afstöðumynd þess, þar sem gerð er grein fyrir formi, aðgengi, útliti, stærð og staðsetningu mannvirkis, skiptingu þess í eignarhluta, byggingarefnum, byggingaraðferðum, innra skipulagi og notkun, brunavörnum, orkunotkun, meginskipulagi lóðar og aðlögun mannvirkis að næsta umhverfi og samþykktu deiliskipulagi.
2. *Aðgengi fyrir alla:* Með aðgengi fyrir alla er átt við að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun mannvirkja á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum, jafnvel við óvenjulegar

aðstæður, t.d. í eldsvoða. Jafnframt séu sjónarmið algildrar hönnunar höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.

3. *Algild hönnun:* Hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Algild hönnun útilokar ekki hjálpartæki fyrir fatlaða sé þeirra þörf.
4. *Brunavarnir:* Eldvarnir, starfsemi slökkviliðs og aðrar aðgerðir einstaklinga og fyrirtækja sem mælt er fyrir um í lögum þessum og lögum nr. 75/2000, um brunavarnir.
5. *Byggingarleyfi:* Skriflegt leyfi byggingarfulltrúa eða Mannvirkjastofnunar til að byggja hús eða önnur mannvirki, breyta þeim eða rífa, eða breyta notkun þeirra, útliti eða formi. Leyfið felur í sér samþykkt aðal- og séruppdrátta og framkvæmdaáforma, og heimild til að hefja framkvæmdir að uppfylltum skilyrðum, sbr. 13. gr.
6. *Byggingarlýsing:* Í byggingarlýsingu er gerð grein fyrir uppbyggingu mannvirkis, helstu byggingarefnum og áferð og því lýst hvort mannvirki er búið loftræsingu eða öryggiskerfum. Þar er einnig gerð grein fyrir því hvernig mannvirkið uppfyllir ákvæði laga, reglugerða og staðla. Í byggingarlýsingu er greinargerð um notkun eða starfsemi í mannvirkinu, aðgengi, áætlaðan fjölda starfsmanna og mestan fjölda fólks í salarkynnum eftir því sem við á.
7. *Byggingarvara:* Vara sem framleidd er með það fyrir augum að hún verði varanlegur hluti af einhvers konar mannvirki.
8. *Deiliuppdráttur:* Uppdráttur þar sem gerð er nánari grein fyrir einstökum atriðum sem fram koma á aðal- og séruppdráttum og útfærslu þeirra í smáatriðum.
9. *Eldvarnir:* Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða eða hindra útbreiðslu elds.
10. *Evrópskt tæknisamþykki:* Matsskjal um hæfi byggingarvöru til tiltekinna nota, byggt á viðeigandi grunnkröfum. Evrópskt tæknisamþykki tekur til krafna sem gerðar eru til vörunnar, til aðferða til að sannprófa og votta samræmi við grunnkröfurnar og til upplýsinga um eiginleika vörunnar. Evrópusamtök um tæknisamþykki (EOTA) gefa út evrópskt tæknisamþykki.
11. *Grunnkröfur:* Kröfur sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi.
12. *Hönnunarstjóri:* Hönnuður aðaluppdrátta eða sá sem eigandi mannvirkis ræður til að bera ábyrgð á samræmingu hönnunargagna, sbr. 4. mgr. 23. gr.
13. *Mannvirki:* Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.
14. *Markaðssetning byggingarvöru:* Hvers konar dreifing eða sala byggingarvöru.
15. *Prófunarstofa:* Faggiltur aðili, sbr. lög nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., sem annast prófun.
16. *Samhæfðir evrópskir staðlar:* Staðlar sem samdir hafa verið með hliðsjón af grunnkröfum og Staðlasamtök Evrópu (CEN) eða Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) hafa samþykkt í umboði Evrópusambandsins og EFTA.
17. *Samræmisvottorð:* Vottorð tilnefnds aðila sem staðfestir samræmi byggingarvöru við tækniákvæði.

18. *Samræmisyfirlýsing:* Yfirlýsing framleiðanda um samræmi byggingarvöru við tækniákvæði.
19. *Samþykkt hönnunargögn:* Hönnunargögn sem samþykkt hafa verið af útgefanda byggingarleyfis.
20. *Séruppdráttur:* Uppdráttur sem sýnir m.a. útfærslu einstakra byggingar- og mannvirkjahluta og tæknibúnaðar og skipulag lóða, ásamt tilvísunum í staðla um efniskröfur og annað sem þarf til að fullgera mannvirki að utan og innan.
21. *Skipulagsáætlun:* Áætlun um markmið og ákvarðanir viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands. Þar er gerð grein fyrir því að hvers konar framkvæmdum er stefnt og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði. Forsendum ákvarðana er einnig lýst. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga skiptast í þrjá flokka, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti þar sem það á við.
22. *Skoðunarstofa:* Skoðunarstofa sem hefur faggildingu og starfsleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., til að annast tiltekin verkefni á sviði byggingareftirlits.
23. *Starfsmannabúðir:* Færanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar, daglegrar dvalar, vinnu eða samkomuhalds starfsfólks til skamms tíma í senn vegna atvinnustarfsemi.
24. *Tilnefndur aðili:* Skoðunar-, prófunar- eða vottunarstofa sem stjórnvöld tilnefna til að annast samræmismat á byggingarvörum samkvæmt lögum þessum og hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar ESB að sé hæf til að annast samræmismat fyrir byggingarvörur samkvæmt lögum þessum.
25. *Tækniákvæði:* Samheiti yfir samhæfða evrópska staðla og evrópsk tæknisamþykki.

II. KAFLI
Stjórnvöld mannvirkjamála.

4. gr.
Stjórn mannvirkjamála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mannvirkjamála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra til aðstoðar er Mannvirkjastofnun, sbr. 5. gr.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að stjórnsýsla og eftirlit byggingarfulltrúa sé í samræmi við ákvæði laga þessara. Byggingarfulltrúar annast eftirlit með mannvirkjagerð sem fellur undir 1. og 2. mgr. 9. gr.

5. gr.
Mannvirkjastofnun.

Ríkið starfrækir stofnun, Mannvirkjastofnun. Mannvirkjastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og laga um brunavarnir. Stofnunin skal tryggja samræmingu á byggingareftirliti og eldvarnaeftirliti og starfsemi slökkviliða um land allt í samráði við viðkomandi stjórnvöld. Mannvirkjastofnun skal árlega gefa út skýrslu um stöðu og þróun mannvirkjagerðar í landinu. Önnur helstu verkefni Mannvirkjastofnunar eru:

1. að annast gerð leiðbeininga, verklagsreglna og skoðunarhandbóka á fagsviði stofnunarinnar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila,
2. að bera ábyrgð á markaðseftirliti með byggingarvörum,
3. að annast aðgengismál,

4. að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga,
5. að starfrækja rafrænt gagnasafn um mannvirki og mannvirkjagerð um land allt, sbr. 61. gr.,
6. að annast kynningu og fræðslu fyrir almenning og hagsmunaaðila,
7. að gefa út byggingarleyfi og annast eftirlit með þeim framkvæmdum sem falla undir 3. mgr. 9. gr.,
8. að standa fyrir námskeiðum til réttinda fyrir hönnuði og byggingarstjóra og veita hönnuðum, iðnmeisturum og slökkviliðsmönnum löggildingu,
9. að bera ábyrgð á starfrækslu Brunamálaskóla fyrir slökkviliðsmenn, þ.m.t. slökkviliðsstjóra og eldvarnaeftirlitsmenn,
10. að gefa út starfsleyfi til handa byggingarstjórum og skoðunarstofum sem starfa samkvæmt lögum þessum og hafa eftirlit með starfsemi þeirra,
11. að gefa út starfsleyfi til handa þjónustu- og eftirlitsaðilum brunavarna og samþykkja brunavarnaáætlanir sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum laga um brunavarnir,
12. að annast og stuðla að rannsóknum á sviði brunavarna, mannvirkjamála og manngerðs umhverfis í samvinnu við hagsmunaaðila og annast og stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
13. að annast eldvarnaeftirlit vegna mannvirkja innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka sem eru fyrirhuguð eða tilkomin vegna rannsókna og vinnslu vetniskola,
14. að taka þátt í starfi Staðlaráðs Íslands um gerð íslenskra og evrópskra staðla á sviði mannvirkjamála og tilnefna aðila til þátttöku í starfi Evrópusamtaka um tæknisamþykki (EOTA),
15. að eiga samstarf við hliðstæðar stofnanir í nágrannalöndunum og á alþjóðavettvangi,
16. að vera ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um mannvirkjamál og veita umsögn um álitamál á því sviði,
17. önnur verkefni sem ráðherra felur stofnuninni sérstaklega.

6. gr.

Forstjóri Mannvirkjastofnunar og annað starfslið.

Við Mannvirkjastofnun skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun á sviði mannvirkjamála.

Forstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Mannvirkjastofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar. Starfsmönnum Mannvirkjastofnunar er óheimilt að starfa við hönnun mannvirkja.

7. gr.

Byggingarnefndir.

Sveitarstjórn er heimilt með sérstakri samþykkt að kveða á um að í sveitarfélaginu starfi byggingarnefnd sem fjalli um byggingarleyfisumsókn áður en byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi og hafi að öðru leyti eftirlit með stjórnsýslu hans fyrir hönd sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn er heimilt að gera það að skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis af hálfu byggingarfulltrúa, vegna allra eða tiltekinna mannvirkjagerða, að byggingarnefnd og/eða sveitarstjórn hafi samþykkt útgáfuna.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna byggingarnefndar. Um byggingarnefndir og störf þeirra gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins enda sé skipan nefndarinnar í samræmi við skipulagslög.

Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um starfrækslu byggingarnefnda og ráðningu byggingarfulltrúa á grundvelli samkomulags eða eftir atvikum sameiginlegrar samþykktar.

Samþykkt sem sett er samkvæmt þessari grein skal lögð fyrir ráðherra til staðfestingar og birt af sveitarstjórn í B-deild Stjórnartíðinda. Enn fremur skal hún færð inn í rafrænt gagnasafn Mannvirkjastofnunar.

8. gr.

Byggingarfulltrúar.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarfulltrúi sem sveitarstjórn ræður. Hann hefur eftirlit með mannvirkjagerð sem fellur undir 1. og 2. mgr. 9. gr. Sveitarfélög geta haft samstarf um byggingareftirlit og ráðið sameiginlegan byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að annast einnig skipulagsmál enda uppfylli hann einnig kröfur skipulagslaga um menntun og starfsreynslu skipulagsfulltrúa. Um störf og verksvið skipulagsfulltrúa fer samkvæmt skipulagslögum.

Byggingarfulltrúi skal hafa löggildingu sem hönnuður skv. 25. gr. og skal sveitarstjórn senda Mannvirkjastofnun tilkynningu um ráðningu hans.

Byggingarfulltrúa eða starfsmönnum hans er óheimilt að vinna nokkurt það starf sem kann að koma til afgreiðslu í umdæmi hans.

III. KAFLI
Byggingarleyfi.

9. gr.

Byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

Óheimilt er að grafa grunn fyrir mannvirki, reisa það, rífa eða flytja, breyta því, burðarkerfi þess eða lagnakerfum eða breyta notkun þess, útliti eða formi nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarfulltrúa, sbr. 2. mgr., eða Mannvirkjastofnunar, sbr. 3. mgr. Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um að minni háttar mannvirkjagerð eða smávægilegar breytingar á mannvirkjum skuli undanþiggja byggingarleyfi. Undanþegin byggingarleyfi eru fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta og breytingar á slíkum mannvirkjum. Um byggingarleyfi vegna bygginga tengdra fráveitumannvirkjum og dreifi- og flutningskerfum hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta fer skv. 1. og 2. málsl.

Byggingarfulltrúi í viðkomandi sveitarfélagi veitir byggingarleyfi, eftir atvikum í samræmi við samþykkt skv. 1. mgr. 7. gr., vegna hvers konar mannvirkjagerðar sem háð er byggingarleyfi skv. 1. mgr. en ekki er háð byggingarleyfi Mannvirkjastofnunar skv. 3. mgr., þ.m.t. vegna virkjana og annarra mannvirkja sem reist eru í tengslum við slíkar framkvæmdir.

Mannvirkjastofnun veitir byggingarleyfi vegna framkvæmda við eftirtalin mannvirki:

a. Mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka. Sé mannvirki á hafi eigi fjær ytri mörkum netlaga en eina sjómílu skal leita umsagnar næsta sveitarfélags, eins eða fleiri eftir atvikum, við umfjöllun um byggingarleyfisumsókn.
b. Mannvirki á varnar- og öryggissvæðum, sbr. 62. gr.

Leiki vafi á því hvort mannvirki er háð byggingarleyfi eða fellur undir 2. eða 3. mgr. skal leita niðurstöðu úrskurðarnefndar, sbr. 59. gr. Niðurstaða nefndarinnar skal liggja fyrir innan eins mánaðar frá því að slíkt erindi berst.

Varði breyting á mannvirki útlit þess og form skal leita samþykkis skipulagsnefndar áður en byggingarleyfi er veitt nema breyting sé óveruleg.

10. gr.

Umsókn um byggingarleyfi.

Umsókn um byggingarleyfi skal send hlutaðeigandi byggingarfulltrúa eða eftir atvikum Mannvirkjastofnun ásamt hönnunargögnum og öðrum nauðsynlegum gögnum, þ.m.t. tilkynningu um hver verði hönnunarstjóri mannvirkisins og samþykki meðeigenda samkvæmt ákvæðum laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994.

Með umsókn til Mannvirkjastofnunar vegna mannvirkja sem falla undir b-lið 3. mgr. 9. gr. skal fylgja staðfesting skipulagsfulltrúa viðkomandi sveitarfélags á því að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir á svæðinu. Ef mannvirki er háð byggingarleyfi byggingarfulltrúa skal hann leita umsagnar skipulagsfulltrúa leiki vafi á að framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum sveitarfélagsins. Leita skal umsagnar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar vegna mannvirkja á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um hvaða gögn skuli fylgja byggingarleyfisumsókn og hvernig frá umsókn, uppdráttum og öðrum gögnum skuli gengið.

11. gr.

Samþykkt byggingaráforma.

Ef mannvirki er háð byggingarleyfi skv. 9. gr. fer byggingarfulltrúi eða eftir atvikum Mannvirkjastofnun yfir byggingarleyfisumsókn og gengur úr skugga um að aðaluppdrættir uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra og að tilkynnt hafi verið um hönnunarstjóra mannvirkisins. Tilkynnir byggingarfulltrúi eða eftir atvikum Mannvirkjastofnun umsækjanda skriflega um samþykkt byggingaráforma hans, enda sé fyrirhuguð mannvirkjagerð í samræmi við skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði. Tilkynning samkvæmt þessari grein veitir umsækjanda ekki heimild til að hefja byggingarframkvæmdir.

12. gr.

Sérstakar kröfur.

Útgefanda byggingarleyfis er heimilt að krefjast prófunar, vottunar eða skoðunar á mannvirki, hlutum þess eða tæknibúnaði á kostnað umsækjanda ef rökstuddur grunur er um að það uppfylli ekki kröfur laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim eða ef viðkomandi hlutur eða tæknibúnaður hefur ekki verið notaður áður við sambærilegar aðstæður eða á sambærilegan hátt. Standist mannvirkið ekki prófun, vottun eða skoðun skal útgefandi byggingarleyfis gefa byggjanda ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti getur hann gripið til viðeigandi þvingunarúrræða eða látið bæta úr því sem áfátt er á kostnað eiganda.

Þegar sérstaklega stendur á getur leyfisveitandi við útgáfu byggingarleyfis sett skilyrði um að prófun, vottun eða skoðun skuli fara fram á kostnað umsækjanda eftir að mannvirki er tekið í notkun til að tryggja að uppfyllt séu ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og að gerðar séu viðeigandi aðgerðir til úrbóta.

Prófun, skoðun og vottun skv. 1. og 2. mgr. skulu fara fram í samræmi við viðeigandi staðla og skulu þeir sem þetta annast hafa til þess viðurkenningu frá Mannvirkjastofnun. Heimilt er útgefanda byggingarleyfis að krefjast þess að faggiltur aðili annist þetta, sbr. lög um faggildingu o.fl., nr. 24/2006. Séu ekki til staðlaðar prófunarlýsingar skal prófandi leggja fram skriflega lýsingu um prófunina ásamt rökstuðningi fyrir réttmæti prófunaraðferðar.

13. gr.

Útgáfa byggingarleyfis.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:

1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.
2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.
3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.
4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.
5. Skráð hefur verið í gagnasafn Mannvirkjastofnunar að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við ákvæði laga þessara.
6. Hönnunarstjóri hefur lagt fram yfirlit um innra eftirlit vegna hönnunarinnar og yfirlit um ábyrgðarsvið einstakra hönnuða í samræmi við 4. mgr. 23. gr.

Leyfisveitandi getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt skriflegt leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Heimilt er að veita umsækjanda leyfi til að kanna jarðveg á framkvæmdasvæði án þess að byggingarleyfi hafi verið gefið út.

Óheimilt er að gefa út byggingarleyfi fyrir mannvirki sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

14. gr.

Gildistími byggingarleyfis.

Byggingarleyfi fellur úr gildi hafi byggingarframkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess. Í reglugerð skal kveða nánar á um hvenær talið er að byggingarframkvæmdir séu hafnar.

Nú stöðvast byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur leyfisveitandi þá að undangenginni aðvörun fellt byggingarleyfið úr gildi.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur leyfisveitandi tekið ófullgert mannvirki, byggingarefni og lóð eignarnámi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Leyfisveitandi getur að undangenginni aðvörun fellt byggingarleyfi úr gildi ef eigandi mannvirkisins eða aðrir þeir sem bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum samkvæmt lögum þessum sinna ekki fyrirmælum eftirlitsaðila við byggingareftirlit eða gerast sekir um alvarleg eða ítrekuð brot gegn lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Ítarlegri ákvæði um byggingarhraða sem sett eru af sveitarfélagi á grundvelli skipulagslaga gilda framar ákvæðum 1. og 2. mgr.

IV. KAFLI
Ábyrgð eiganda mannvirkis og tilhögun byggingareftirlits.

15. gr.
Ábyrgð eiganda mannvirkis.

Eigandi ber ábyrgð á því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkis sé farið að kröfum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Eigandi skal hafa virkt innra eftirlit með því að þeir sem hann ræður til að hanna, byggja og reka mannvirkið fari eftir ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Hönnunarstjóri annast innra eftirlit eiganda við hönnun mannvirkis, sbr. 4. mgr. 23. gr. Byggingarstjóri mannvirkis annast innra eftirlit eiganda frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram. Hönnunarstjóri og byggingarstjóri skulu gera eiganda grein fyrir tilhögun innra eftirlits samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð og samningi við eiganda.

Eigandi ber ábyrgð á að fram fari lögboðið eftirlit með byggingu mannvirkisins í samræmi við ákvæði laga þessara.

Þessir teljast eigendur samkvæmt þessari grein:

a. Lóðarhafi óbyggðrar lóðar.
b. Umsækjandi um byggingarleyfi.
c. Byggingarleyfishafi.
d. Eigandi mannvirkis í byggingu. Sé mannvirki selt í heild eða að hluta áður en lokaúttekt fer fram ber fyrri eigandi ábyrgð skv. 1. mgr. ásamt nýjum eiganda nema um annað sé samið í skriflegum samningi milli þeirra. Skal þá koma skýrt fram að nýr eigandi gangi inn í samning fyrri eiganda við byggingarstjóra mannvirkisins eða nýr byggingarstjóri sé ráðinn fyrir mannvirkið í heild.
e. Eigandi mannvirkis eftir að lokaúttekt hefur farið fram.

16. gr.
Hlutverk útgefanda byggingarleyfis.

Útgefandi byggingarleyfis hefur eftirlit með því að hönnun mannvirkis sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og að byggt sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög og reglugerðir sem um mannvirkjagerðina gilda.

Útgefandi byggingarleyfis annast úttektir í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og gefur út viðeigandi vottorð, sbr. 3. mgr., á grundvelli niðurstöðu skoðunarstofu eða eigin skoðunar. Hann hefur eftirlit með að úttektir sem skoðunarstofur annast fari fram og beitir þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði laga þessara ef fyrirmælum um úrbætur er ekki sinnt eða vanrækt er að láta lögbundna úttekt fara fram.

Útgefandi byggingarleyfis gefur út vottorð um eftirfarandi úttektir, eftir atvikum á grundvelli skoðunarskýrslu skoðunarstofu eða eigin skoðunar:

1. Öryggisúttekt.
2. Lokaúttekt.
3. Úttekt við lok niðurrifs mannvirkis.

Útgefandi byggingarleyfis skal sjá um að hönnunargögn, eftirlitsskýrslur, gátlistar, úttektarvottorð og önnur gögn sem ákvarðanir hans eru byggðar á séu færð í gagnasafn Mannvirkjastofnunar eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

17. gr.

Tilhögun eftirlits með mannvirkjum.

Eftirliti með mannvirkjum skal hagað í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Mannvirkjastofnun býr til á grundvelli ákvæða laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í skoðunarhandbókinni skulu m.a. vera ákvæði um úttektir, eftirlitsaðferðir, skoðunaráætlanir og viðkomandi eftirlitsstörf.

Komi upp ágreiningur um tæknileg atriði við túlkun skoðunarhandbókar skv. 1. mgr. og um tilhögun eftirlits á grundvelli hennar skal leita álits Mannvirkjastofnunar. Ef ágreiningur snýst um eftirlit Mannvirkjastofnunar skal leita álits ráðherra. Mannvirkjastofnun getur að eigin frumkvæði gefið út álit um tæknilegt eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð eða með mannvirkjagerð almennt. Álit Mannvirkjastofnunar og eftir atvikum ráðherra er bindandi fyrir alla aðila máls og sætir ekki endurskoðun úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Hafi skoðunarstofa farið yfir hönnunargögn eða annast úttekt takmarkast yfirferð útgefanda byggingarleyfis við framlagða skoðunarskýrslu. Sama gildir ef skoðunarstofa annast aðra þætti byggingareftirlits. Útgefandi byggingarleyfis, sem og Mannvirkjastofnun, getur þó tekið til athugunar að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingu hvort eftirlit skoðunarstofu samræmist lögum og skilyrðum í starfsleyfi hennar. Taki byggingarfulltrúi slíkt mál til athugunar skal hann tilkynna það Mannvirkjastofnun án tafar.

Byggingarfulltrúi getur ávallt ákveðið að leitað skuli umsagnar annarra eftirlitsaðila, svo sem slökkviliðs eða heilbrigðiseftirlits, við yfirferð uppdráttar, óháð því hvort byggingarfulltrúi eða skoðunarstofa annast eftirlitið.

Hafi hönnuðir, byggingarstjórar eða iðnmeistarar ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu á gæðastjórnunarkerfum sínum skal Mannvirkjastofnun gera úttekt á gerð og virkni þessara gæðastjórnunarkerfa. Mannvirkjastofnun er heimilt að fela faggiltri vottunarstofu að annast úttekt af þessu tagi. Uppfylli gæðastjórnunarkerfi ekki ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim skal gefa viðkomandi hönnuði, byggingarstjóra eða iðnmeistara kost á að bæta úr nema um alvarlegt brot sé að ræða. Um alvarleg og ítrekuð brot fer samkvæmt ákvæðum 57. gr.

18. gr.

Hlutverk Mannvirkjastofnunar við eftirlit byggingarfulltrúa.

Mannvirkjastofnun getur tekið til athugunar að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingu hvort afgreiðsla byggingarfulltrúa hafi farið í bága við lög. Skal Mannvirkjastofnun kalla eftir skýringum frá byggingarfulltrúa og viðkomandi sveitarstjórn nema málið sé að fullu upplýst. Mannvirkjastofnun skal þó ekki hlutast til um mál sem þegar eru til meðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 59. gr.

Verði niðurstaða athugunar Mannvirkjastofnunar sú að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og byggingarfulltrúi geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skal Mannvirkjastofnun gera byggingarfulltrúa og viðkomandi sveitarstjórn aðvart og krefjast þess að úr sé bætt. Mannvirkjastofnun er heimilt, ef ekki er úr bætt, að

beita sömu réttar- og þvingunarúrræðum gagnvart eiganda mannvirkis og byggingarfulltrúi, þar á meðal að gefa út eða fella úr gildi byggingarleyfi eða gefa út viðeigandi vottorð.

Þegar meðferð Mannvirkjastofnunar skv. 1. mgr. er lokið skal eftirlit með mannvirkjagerðinni og önnur stjórnsýsla málsins vera í höndum viðkomandi byggingarfulltrúa. Mannvirkjastofnun skal tilkynna það byggingarfulltrúa með formlegum hætti þegar afskiptum stofnunarinnar af máli er lokið.

19. gr.

Faggilding Mannvirkjastofnunar og byggingarfulltrúa sveitarfélaganna.

Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúar skulu hafa faggildingu til að fara yfir hönnunargögn og annast úttektir nema sá þáttur eftirlitsins hafi verið falinn skoðunarstofu, sbr. 20. gr. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

20. gr.

Faggiltar skoðunarstofur.

Sveitarstjórn og Mannvirkjastofnun er heimilt að ákveða að tiltekna þætti eftirlits þeirra með mannvirkjum annist skoðunarstofa sem hefur til þess starfsleyfi Mannvirkjastofnunar. Beiting réttar- og þvingunarúrræða samkvæmt lögum þessum skal þó ávallt vera í höndum leyfisveitanda. Sé hönnun mannvirkis sérstaklega vandasöm getur byggingarfulltrúi við meðferð byggingarleyfisumsóknar ákveðið að faggilt skoðunarstofa annist eftirlit með viðkomandi framkvæmd í heild eða að hluta.

Ákveði sveitarstjórn, byggingarfulltrúi eða Mannvirkjastofnun að skoðunarstofa annist eftirlit, sbr. 1. mgr., skal eigandi mannvirkisins ráða slíka skoðunarstofu til verksins og greiða kostnað við eftirlitið, enda hafi skoðunarstofan starfsleyfi skv. 3. mgr. Byggingarfulltrúa og Mannvirkjastofnun er í slíkum tilvikum einungis heimilt að taka gjald sem nemur kostnaði við þá þætti eftirlitsins sem þau annast.

Mannvirkjastofnun gefur út starfsleyfi til rekstrar skoðunarstofu skv. 1. mgr. Starfsleyfi skal gefið út til tiltekins tíma, mest til fimm ára í senn. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis er að skoðunarstofa hafi hlotið faggildingu og skoðunarmenn hennar og tæknilegur stjórnandi uppfylli viðeigandi skilyrði 21. gr. Í starfsleyfi skal tilgreina þá þætti eftirlits sem skoðunarstofu er heimilt að taka að sér. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

Mannvirkjastofnun getur svipt skoðunarstofu starfsleyfi ef hún uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef skoðunarstofa hlítir ekki fyrirmælum Mannvirkjastofnunar, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða óvarkárni í starfi. Starfsleyfi fellur sjálfkrafa niður verði skoðunarstofa svipt faggildingu sinni.

21. gr.

Hæfi skoðunarmanna.

Skoðunarmenn byggingarfulltrúa, Mannvirkjastofnunar eða skoðunarstofa skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Skoðunarmaður I: Iðnmeistarar með löggildingu Mannvirkjastofnunar og a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem Mannvirkjastofnun viðurkennir. Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar með a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem Mannvirkjastofnun viðurkennir.

b. Skoðunarmaður II: Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar með löggildingu Mannvirkjastofnunar sem hönnuðir aðal- eða séruppdrátta og a.m.k. þriggja ára reynslu sem löggiltir hönnuðir af störfum við byggingarframkvæmdir, hönnun mannvirkja, byggingareftirlit eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir.
c. Skoðunarmaður III: Verkfræðingar og tæknifræðingar með löggildingu Mannvirkjastofnunar á sviði viðkomandi mannvirkjagerðar og að lágmarki sjö ára starfsreynslu sem löggiltir hönnuðir af verk- og byggingarstjórn við mannvirkjagerð, byggingareftirlit eða hönnun.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða þætti eftirlits skoðunarmönnum I–III er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða úttekt.

V. KAFLI
Hönnun mannvirkja.

22. gr.
Hönnunargögn.

Mannvirki skulu hönnuð á faglega fullnægjandi hátt í samræmi við viðurkenndar venjur, staðla og ákvæði laga og reglugerða um mannvirki og mannvirkjagerð.

Hönnunargögn mannvirkja sem heyra undir lög þessi greinast í uppdrætti og fylgiskjöl. Uppdrættir greinast í aðaluppdrætti, séruppdrætti og deiliuppdrætti. Til fylgiskjala heyra m.a. byggingarlýsingar, greinargerðir, skráningartöflur, forsendur og útreikningar.

23. gr.
Ábyrgð hönnuða.

Hönnuðir sem hafa fengið löggildingu, sbr. 25. og 26. gr., skulu gera aðal- og séruppdrætti.

Hönnuðir bera ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að hönnun þeirra sé faglega unnin og mannvirkið standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim enda hafi verið fylgt að fullu uppdráttum hönnuðar, verklýsingu, skriflegum fyrirmælum og viðurkenndum starfsvenjum. Hönnuðir skulu árita uppdrætti sína eigin hendi og þannig staðfesta ábyrgð sína.

Hönnuður séruppdráttar ber ábyrgð á því að hönnun hans samræmist aðaluppdrætti.

Eigandi mannvirkis skal við umsókn um byggingarleyfi tilnefna hönnunarstjóra sem skal hafa yfirumsjón með og bera ábyrgð á því að samræming hönnunargagna fari fram. Hönnunarstjóri skal vera löggiltur hönnuður. Hönnunarstjóri skal árita séruppdrætti til staðfestingar á því að samræming hafi farið fram áður en leyfisveitandi samþykkir þá. Hönnunarstjóri skal áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um innra eftirlit við hönnunarstörf. Uppfært yfirlit um innra eftirlit skal lagt fram við lok hönnunar mannvirkisins. Hönnunarstjóri skal einnig áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um ábyrgðarsvið einstakra hönnuða og árita það til staðfestingar á því að um tæmandi yfirlit sé að ræða.

Hönnuður, einstaklingur eða fyrirtæki þar sem löggiltur hönnuður starfar sem leggur uppdrætti fyrir byggingarnefnd, byggingarfulltrúa eða Mannvirkjastofnun skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu. Skaðabótaábyrgð hönnuðar fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um ábyrgðartryggingu hönnuðar.

24. gr.

Gæðastjórnunarkerfi hönnuða og hönnunarstjóra.

Hönnuðir og hönnunarstjórar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi í samræmi við nánari fyrirmæli í reglugerð. Hönnuður skal í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis. Gæðastjórnunarkerfi hönnuðar skal a.m.k. fela í sér staðfestingu á hæfni hönnuðar og á endurmenntun hans, skráningu á ákvörðunum hans við einstakar framkvæmdir, gátlista um samræmi hönnunargagna við reglur og staðla, skrá um samþykkt hönnunargögn, þ.m.t. allar breytingar á hönnunargögnum sem gerðar eru á framkvæmdatíma og byggingaryfirvöld hafa samþykkt, skrá um samskipti og leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila og skrá um athugasemdir byggingarstjóra, hönnunarstjóra, eftirlitsaðila og byggingaryfirvalda vegna hönnunargagna. Gæðastjórnunarkerfi hönnunarstjóra skal að auki innihalda skrá um innra eftirlit hönnunarstjóra á hönnunarstigi og lýsingu á því.

Hönnuðir og hönnunarstjórar skulu tilkynna Mannvirkjastofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar.

25. gr.

Löggilding hönnuða.

Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu Mannvirkjastofnunar. Löggildingin skiptist í eftirfarandi svið:

a. Arkitektar og byggingarfræðingar geta fengið löggildingu til að gera aðaluppdrætti, uppdrætti að skipulagi lóða og tilheyrandi deiliuppdrætti.
b. Verkfræðingar og tæknifræðingar með viðkomandi sérmenntun geta fengið löggildingu til að hanna og gera séruppdrætti að burðarvirkjum, boðveitum, rafkerfum og raflögnum í mannvirkjum, vatns-, hita- og fráveitukerfum, loftræsikerfum og lýsingarkerfum.
c. Byggingarverkfræðingar og byggingartæknifræðingar geta fengið löggildingu til að gera aðaluppdrætti og tilheyrandi deiliuppdrætti, enda hafi þeir öðlast a.m.k. fimm ára starfsreynslu hjá löggiltum fagmanni á því sviði.
d. Innanhússarkitektar og landslagsarkitektar geta fengið löggildingu sem hönnuðir séruppdrátta, hver á sínu sviði.
e. Rafiðnfræðingar geta fengið löggildingu sem hönnuðir séruppdrátta á sínu sviði. Ráðherra setur ákvæði um stærðartakmörkun viðkomandi veitna í reglugerð.

Listi yfir löggilta hönnuði skal varðveittur í gagnasafni Mannvirkjastofnunar.

26. gr.

Skilyrði fyrir löggildingu hönnuða.

Skilyrði fyrir löggildingu skv. 25. gr. eru eftirfarandi:

a. Að umsækjandi hafi hlotið heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996.
b. Að umsækjandi hafi staðist próf sem Mannvirkjastofnun stendur fyrir að undangengnu námskeiði um gildandi lög og reglur á sviði mannvirkjagerðar. Jafnframt skal á námskeiðinu fjallað um séríslenskar aðstæður sem taka þarf tillit til við hönnun.
c. Að umsækjandi hafi sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum fagmanni á sviðinu. Starfsreynslutíminn skal ekki vera skemmri en þrjú ár eftir að námi í viðkomandi sérfræðigrein lýkur, þar af minnst eitt ár við mannvirkja-

gerð á Íslandi. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum. Starfsreynslutíma skal lokið áður en námskeið og próf skv. b-lið eru sótt.

Ráðherra ákveður gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta próf skv. b-lið 1. mgr. Skal fjárhæðin taka mið af kostnaði við námskeið og prófhald. Mannvirkjastofnun er heimilt að fela öðrum að annast námskeið og próf fyrir hönd stofnunarinnar.

VI. KAFLI
Byggingarstjórar og iðnmeistarar.

27. gr.
Byggingarstjórar.

Við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri. Óheimilt er að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmd nema ráðinn hafi verið byggingarstjóri sem uppfyllir hæfniskröfur 28. gr.

Byggingarstjóri er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Byggingarstjóri skal gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laga þessara, reglugerðar og samningi við eiganda.

Byggingarstjóra er ekki heimilt að taka að sér ábyrgð á hönnun eða einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar sem hann stýrir. Sé um að ræða smærri byggingu til eigin nota, svo sem bílskúr eða viðbyggingu við íbúðarhús eða frístundahús, getur eigandi þó falið einum af iðnmeisturum eða hönnuðum mannvirkisins byggingarstjórn þess enda hafi viðkomandi starfsleyfi Mannvirkjastofnunar skv. 28. gr.

Heimildir byggingarstjóra takmarkast af gerð mannvirkis og umfangi framkvæmda svo sem hér segir:

1. Nýbygging einfalds atvinnuhúsnæðis, íbúðarhúsa, frístundahúsa og minni háttar mannvirkja auk breytinga, endurbyggingar eða niðurrifs á slíkum mannvirkjum.
2. Vatnsaflsvirkjanir, jarðvarmavirkjanir og önnur orkuver, olíuhreinsunarstöðvar og vatnsstíflur sem falla undir 1. viðauka við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.
3. Önnur mannvirki en falla undir 1. og 2. tölul.

Ráðherra birtir í reglugerð nánari tilgreiningu mannvirkja skv. 3. og 4. mgr.

28. gr.
Starfsleyfi byggingarstjóra.

Byggingarstjóri skal hafa starfsleyfi Mannvirkjastofnunar. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis er að umsækjandi uppfylli viðeigandi hæfniskröfur 2.–4. mgr., hafi sótt sérstakt námskeið sem Mannvirkjastofnun stendur fyrir og hafi gæðastjórnunarkerfi samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð, sbr. 31. gr. Starfsleyfi byggingarstjóra skal gefið út til tiltekins tíma, mest til tíu ára í senn. Missi byggingarstjóri starfsleyfi er honum óheimilt að fara með umsjón framkvæmda og skal hann þegar segja sig frá verkinu með skriflegri tilkynningu til eiganda og leyfisveitanda. Mannvirkjastofnun ber að upplýsa leyfisveitendur um niðurfellingu starfsleyfis byggingarstjóra.

Húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar, blikksmíðameistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með framkvæmdum sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 27. gr. Skulu þeir hafa hlotið löggildingu

Mannvirkjastofnunar og hafa a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af stofnuninni. Byggingarstjórar sem falla undir þessa málsgrein og hafa starfað við byggingarstjórn í þrjú ár og hafa allan þann tíma haft fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi sem slíkir í samræmi við ákvæði laga þessara geta einnig öðlast starfsleyfi til að hafa umsjón með framkvæmdum sem falla undir 3. tölul. 4. mgr. 27. gr.

Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með framkvæmdum sem falla undir 1. og 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. Skulu þeir hafa a.m.k. fimm ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir, hönnun bygginga, byggingareftirlit eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir.

Verkfræðingar og tæknifræðingar með löggildingu Mannvirkjastofnunar á sviði viðkomandi mannvirkjagerðar og að lágmarki tíu ára starfsreynslu af verkstjórn við mannvirkjagerð, byggingareftirliti eða hönnun geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með framkvæmdum sem falla undir 2.–3. tölul. 4. mgr. 27. gr. Þar af skulu þeir hafa a.m.k. þriggja ára starfsreynslu af stjórnun eða eftirliti við mannvirkjagerð.

Fyrirtæki og stofnanir geta í eigin nafni borið ábyrgð sem byggingarstjórar við mannvirkjagerð enda starfi þar maður við byggingarstjórn sem hefur starfsleyfi til að annast umsjón með þeirri gerð mannvirkis, sbr. 4. mgr. 27. gr.

Mannvirkjastofnun heldur skrá um byggingarstjóra með starfsleyfi samkvæmt þessari grein og skal hún varðveitt í gagnasafni stofnunarinnar.

29. gr.

Ábyrgð og verksvið byggingarstjóra.

Byggingarstjóri ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. Byggingarstjóri skal gera skriflegan samning við iðnmeistara sem hann ræður í umboði eiganda. Í samningi skal m.a. koma fram á hvaða verkþáttum iðnmeistari ber ábyrgð.

Byggingarstjóri skal í umboði eiganda annast samskipti við leyfisveitendur, eftirlitsaðila mannvirkis, hönnuði og iðnmeistara, auk annarra sem að verkinu koma. Skal hann sjá um að aflað sé nauðsynlegra heimilda vegna framkvæmdarinnar, eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir.

Byggingarstjóri fer yfir hönnunargögn með iðnmeisturum mannvirkis vegna heildarskipulags og samræmingar á mismunandi verkþáttum. Leiki vafi á túlkun hönnunargagna skal byggingarstjóri skera úr, eftir atvikum í samráði við hönnuði, og skrá niðurstöður í gæðastjórnunarkerfi sitt. Falli mannvirki undir 2. eða 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. skal byggingarstjóri sjá til þess að skipulagðir samráðsfundir séu haldnir með eiganda og hönnuðum og skrá efni þeirra í gæðastjórnunarkerfi sitt.

Byggingarstjóri hefur yfirumsjón með því að aflað sé samþykktar leyfisveitanda við breytingum sem gerðar eru á hönnun eða gerð mannvirkis í byggingu og að ávallt sé unnið í samræmi við nýjustu útgáfu samþykktra hönnunargagna.

Byggingarstjóri skal hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Athugasemdir byggingarstjóra skulu skráðar á viðeigandi hátt í gæðastjórnunarkerfi hans og annarra hlutaðeigandi. Sé athugasemdum byggingarstjóra ekki sinnt eða

um ítrekaða vanrækslu að ræða skal hann tilkynna það eiganda. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málsl.

Byggingarstjóri skal gera eftirlitsaðila viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta og vera viðstaddur úttektir. Hann skal jafnframt tilkynna viðeigandi iðnmeisturum og hönnuðum með sannanlegum hætti um úttektir nema samningur þeirra á milli kveði á um annað.

Hljóti eigandi eða annar þriðji maður tjón af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi ber hann skaðabótaábyrgð á því samkvæmt almennum reglum. Byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Byggingarstjóri skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem gildir í a.m.k. fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Skaðabótaábyrgð byggingarstjóra fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda. Nánari ákvæði um ábyrgðartryggingu byggingarstjóra skulu koma fram í reglugerð.

30. gr.

Byggingarstjóraskipti.

Hætti byggingarstjóri umsjón með framkvæmdum áður en lokaúttekt fer fram skal hann tilkynna það á sannanlegan hátt til útgefanda byggingarleyfis. Fellur ábyrgð byggingarstjóra á verkinu niður vegna verkþátta sem ólokið er þegar leyfisveitandi tekur á móti slíkri tilkynningu. Eiganda er skylt að sjá til þess að framkvæmdir séu stöðvaðar þar til nýr byggingarstjóri hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu og útgefandi byggingarleyfis hefur staðfest að hann uppfylli skilyrði 27., 28. og 29. gr. Leyfisveitandi skal án ástæðulauss dráttar frá móttöku tilkynningar samkvæmt þessu ákvæði gera úttekt á stöðu framkvæmda og skulu bæði fráfarandi byggingarstjóri, ef þess er kostur, og hinn nýi undirrita úttektina.

Verði útgefandi byggingarleyfis þess var að byggingarframkvæmdum er fram haldið án byggingarstjóra skal hann tafarlaust stöðva framkvæmdir og loka vinnusvæði ef nauðsyn krefur.

31. gr.

Gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra.

Byggingarstjóri skal í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis, sbr. 28. gr. Gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra skal a.m.k. fela í sér staðfestingu á hæfni byggingarstjóra og á endurmenntun hans, skráningu á ákvörðunum hans við einstakar framkvæmdir, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir samskipti og leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila, skrá yfir athugasemdir við störf iðnmeistara, skrá yfir athugasemdir til hönnuða vegna hönnunargagna, skrá um innra eftirlit byggingarstjóra með framkvæmdinni og lýsingu á því, lýsingu á lokaúttekt og undirbúningi hennar þar sem m.a. er gengið frá skýrslu yfir allar úttektir, þ.m.t. öryggisúttekt, lýsingu á verki og samþykkt hönnunargögn.

32. gr.
Ábyrgð og verksvið iðnmeistara.

Byggingarstjóri skal tilkynna útgefanda byggingarleyfis skriflega um þá húsasmíðameistara, múrarameistara, pípulagningameistara, rafvirkjameistara, blikksmíðameistara, stálvirkjameistara, málarameistara og veggfóðrarameistara sem tekið hafa að sér að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum framkvæmdar og nauðsynlegt er að komi að viðkomandi verki, og leggja fram undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. Skal slík staðfesting liggja fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út. Ekki þarf þó að tilkynna um málarameistara eða veggfóðrarameistara vegna byggingar íbúðarhúss, frístundahúss, bílskúrs, eða viðhalds og viðbyggingar slíkra mannvirkja, til eigin nota eiganda.

Iðnmeistari ber ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að þeir verkþættir sem hann tekur að sér séu í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti, verklýsingar og ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Skaðabótaábyrgð iðnmeistara fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda.

Þeir iðnmeistarar einir geta borið ábyrgð á einstökum verkþáttum við mannvirkjagerð sem hlotið hafa til þess löggildingu Mannvirkjastofnunar. Þeir iðnmeistarar geta hlotið slíka löggildingu sem hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla eða hafa a.m.k. sambærilega menntun á hlutaðeigandi sviði.

Löggilding til handa rafvirkjameisturum sem gefin er út á grundvelli laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, jafngildir löggildingu skv. 3. mgr.

Mannvirkjastofnun heldur skrá yfir löggilta iðnmeistara og skal hún varðveitt í gagnasafni stofnunarinnar.

Iðnmeistarar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi sem feli a.m.k. í sér staðfestingu á hæfni iðnmeistara, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra og skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, auk skrár um innra eftirlit iðnmeistarans og lýsingu á því í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð.

Iðnmeistari skal tilkynna Mannvirkjastofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar.

33. gr.
Iðnmeistaraskipti.

Hætti iðnmeistari umsjón með verkþætti áður en verki er lokið skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum án tafar og tilkynna það útgefanda byggingarleyfis.

Byggingarstjóri skal sjá til þess að framkvæmdir við þá verkþætti sem fráfarandi iðnmeistari bar ábyrgð á og hafði umsjón með séu stöðvaðar þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Skal byggingarstjóri gera úttekt á þeim verkþáttum sem fráfarandi iðnmeistari hafði umsjón með og skulu bæði fráfarandi iðnmeistari, ef þess er kostur, og hinn nýi undirrita úttektina. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.

VII. KAFLI
Eftirlit með mannvirkjagerð.

34. gr.
Áfangaúttektir.

Mannvirki skulu byggð þannig að þau uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Gerðar skulu áfangaúttektir á einstökum verkþáttum mann-

virkjagerðar þar sem eftirlitsaðili kannar hvort viðkomandi þáttur sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög þessi og reglugerðir sem settar hafa verið samkvæmt þeim.

Byggingarstjóri mannvirkis skal fyrir hönd eiganda þess sjá til þess að áfangaúttektir fari fram og tilkynnir eftirlitsaðila um þær. Byggingarstjóra er skylt að vera viðstaddur áfangaúttektir. Enn fremur skal iðnmeistari eða sá sem hann tilnefnir í sinn stað vera viðstaddur úttekt á þeim verkþáttum sem eru á hans ábyrgðarsviði nema um annað sé samið í samningi milli iðnmeistara og eiganda.

Geri eftirlitsaðili alvarlegar athugasemdir við úttekt verkþáttar skal byggingarstjóri sjá til þess að bætt sé úr og áfangaúttekt endurtekin.

Leggi eigandi mannvirkis fram skriflega greinargerð um innra eftirlit byggingarstjóra getur útgefandi byggingarleyfis heimilað byggingarstjóra að gera sjálfur einstakar áfangaúttektir.

35. gr.

Öryggisúttekt.

Þegar mannvirki er tekið í notkun skal gerð úttekt á öryggi þess og hollustuháttum. Óheimilt er að flytja inn í mannvirki eða taka það í notkun nema það uppfylli öryggis- og hollustukröfur laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, og útgefandi byggingarleyfis hafi gefið út vottorð um öryggisúttekt.

Byggingarstjóri skal fyrir hönd eiganda mannvirkis óska eftir öryggisúttekt áður en það er tekið í notkun. Viðstaddir slíka úttekt skulu auk eftirlitsaðila og byggingarstjóra vera fulltrúi slökkviliðs og þeir iðnmeistarar og hönnuðir sem þess óska eða byggingarstjóri hefur boðað. Hafi byggingarstjóri vanrækt að óska eftir öryggisúttekt áður en mannvirki er tekið í notkun skal útgefandi byggingarleyfis boða til slíkrar úttektar og skal hann tilkynna það Mannvirkjastofnun. Einnig getur eigandi mannvirkis ávallt óskað eftir öryggisúttekt.

36. gr.

Lokaúttekt.

Innan þriggja ára frá því að mannvirki var tekið í notkun og öryggisúttekt fór fram skal gera lokaúttekt á mannvirkinu. Heimilt er að gera samtímis öryggis- og lokaúttekt.

Byggingarstjóri skal fyrir hönd eiganda mannvirkis óska eftir lokaúttekt. Viðstaddir slíka úttekt skulu auk eftirlitsaðila vera byggingarstjóri og fulltrúi slökkviliðs. Byggingarstjóri skal tilkynna iðnmeisturum og hönnuðum mannvirkisins um lokaúttektina og gefa þeim kost á að vera viðstaddir. Hafi byggingarstjóri vanrækt að óska eftir lokaúttekt innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr. skal útgefandi byggingarleyfis boða til slíkrar úttektar og skal hann tilkynna það Mannvirkjastofnun. Einnig getur eigandi mannvirkis óskað eftir að lokaúttekt sé gerð.

Við lokaúttekt skal gerð úttekt á því hvort mannvirkið uppfyllir ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim og hvort byggt hefur verið í samræmi við samþykkt hönnunargögn.

Sé mannvirki ekki fullgert við lokaúttekt, ef það uppfyllir ekki að öllu leyti ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim eða er ekki að öllu leyti í samræmi við samþykkt hönnunargögn, getur útgefandi byggingarleyfis gefið út vottorð um lokaúttektina með athugasemdum. Þáttum sem varða aðgengi skal þó ávallt hafa verið lokið við gerð lokaúttektar.

Komi í ljós við lokaúttekt að mannvirki uppfyllir ekki öryggis- eða hollustukröfur getur eftirlitsaðili fyrirskipað lokun mannvirkis og lagt fyrir eiganda þess að bæta úr og skal þá lokaúttektarvottorð ekki gefið út fyrr en það hefur verið gert.

37. gr.

Aðgangur að mannvirki.

Starfsmönnum Mannvirkjastofnunar, byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans og fulltrúum slökkviliðs, svo og starfsmönnum skoðunarstofa sem falið hefur verið eftirlit, sbr. 20. gr., skal heimill frjáls aðgangur að lóðum og mannvirkjum til eftirlits með byggingarframkvæmdum.

Uppdrættir sem útgefandi byggingarleyfis hefur samþykkt og áritað skulu ásamt útgefnu byggingarleyfi ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.

Liggi rökstuddur grunur fyrir um að fullbyggðu mannvirki sé verulega áfátt með tilliti til ákvæða laga og reglugerða um byggingarmál skal eftirlitsaðila heimill aðgangur þar til eftirlits. Án samþykkis eiganda eða umráðamanns er þó eigi heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús sem tekið hefur verið í notkun, nema að fengnum úrskurði dómara.

VIII. KAFLI

Viðskipti með byggingarvörur.

38. gr.

Framleiðandi og dreifandi.

Í þessum kafla telst framleiðandi byggingarvöru vera sá sem býr til fullunna vöru, býr til hluta vöru eða lætur af hendi hráefni eða vinnur eða aflar afurða úr náttúrunni, að því tilskildu að hann hafi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Einnig telst framleiðandi vera sá sem merkir framleiðsluvöruna með nafni sínu, vörumerki eða öðru kennimarki eða sá sem endurgerir vöruna. Hafi framleiðandi vöru ekki staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal fulltrúi hans teljast framleiðandi. Hafi hvorki fulltrúi framleiðanda né framleiðandi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal innflytjandi teljast framleiðandi.

Dreifandi telst hver sá í aðfangakeðjunni með starfsemi sem ekki hefur áhrif á öryggiseiginleika framleiðsluvöru.

39. gr.

Markaðssetning byggingarvöru.

Markaðssetning byggingarvöru er einungis heimil ef varan uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1. Varan hentar til áformaðra nota. Í því felst að varan hafi þá eiginleika að mannvirki sem á að fella hana inn í, setja saman við eða nota við geti ef það er rétt hannað og byggt fullnægt grunnkröfum sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi. Mannvirkið skal fullnægja grunnkröfunum þann tíma sem eðlilegt og fjárhagslega hagkvæmt er að nýta það.
2. Varan uppfyllir kröfur eftirfarandi tækniákvæða:
   a. samhæfðra evrópskra staðla, eða
   b. evrópsks tæknisamþykkis, eða

c. innlends tækniákvæðis sem uppfyllir grunnkröfur sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi og Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt, í þeim tilvikum þegar samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki eru ekki til.

3. Ef til eru samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki fyrir viðkomandi byggingarvöru skal hún að auki merkt með CE-merki í samræmi við ákvæði 43. gr.

Mat á því hvort byggingarvara uppfyllir kröfur 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal tilnefndur aðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við ákvæði 41. gr. annast áður en varan er markaðssett. Byggingarvara telst uppfylla kröfur 1. og 2. tölul. 1. mgr. ef hún er réttilega merkt með CE-merkinu í samræmi við ákvæði 43. gr.

40. gr.

Evrópskt tæknisamþykki.

Óski framleiðandi eftir að fá evrópskt tæknisamþykki fyrir byggingarvöru skal hann greiða allan kostnað við öflun þess.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um evrópsk tæknisamþykki.

41. gr.

Staðfesting á samræmi.

Tilnefndur aðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu annast mat á samræmi byggingarvöru við tækniákvæði. Framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu ber ábyrgð á að samræmismat byggingarvöru fari fram og greiðir allan kostnað af matinu, sbr. 39. gr.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um samræmismat byggingarvöru á grundvelli ákvæða EES-samningsins sem gildi hafa hér á landi. Heimilt er í reglugerðinni að gera þá kröfu að framleiðandi hafi innra eftirlitskerfi í verksmiðjunni til að tryggja að framleiðslan sé í samræmi við viðeigandi tækniákvæði eða að gera þá kröfu að auk innra eftirlitskerfis framleiðanda hafi tilnefndur aðili eftirlit með kerfinu eða vörunni sjálfri, sé mælt svo fyrir í tækniákvæðum fyrir viðkomandi byggingarvöru.

Samræmisyfirlýsing framleiðanda eða samræmisvottorð veitir ábyrgðaraðila með staðfestu innan EES rétt til að setja CE-merkið á vöruna, sbr. 43. gr., áfestan merkimiða og umbúðir eða meðfylgjandi viðskiptaskjöl. Samræmisvottorð og samræmisyfirlýsing vegna byggingarvöru sem markaðssett er á Íslandi skulu vera á íslensku.

42. gr.

Tilnefndur aðili.

Skoðunar-, prófunar- og vottunarstofur geta óskað eftir því að annast samræmismat sem tilnefndir aðilar. Tilnefndur aðili skal hafa faggildingu og faglega þekkingu til að meta samræmi viðkomandi byggingarvöru við grunnkröfur laga þessara. Um faggildinguna fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., og ákvæðum laga þessara.

Umhverfisráðherra annast tilkynningar um tilnefnda aðila til viðeigandi stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tilnefndur aðili skal hafa hlutleysi þriðja aðila og vera án allra hagsmunatengsla við viðskiptavini sína og aðra hagsmunahópa. Hann má ekki stunda eftirlit með byggingarvöru á markaði.

Sé tilnefndur aðili ekki opinber stofnun eða ríkisfyrirtæki skal hann hafa ábyrgðartryggingu sem nær til skaðabótaábyrgðar gagnvart öllum þeim sem hann kann að valda tjóni með

starfsemi sinni. Tilnefndur aðili skal taka þátt í samstarfi tilnefndra aðila á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um kröfur sem gerðar eru til tilnefndra aðila.

43. gr.

Notkun CE-merkis.

Einungis er heimilt að merkja byggingarvöru með CE-merkinu ef:

a. varan samræmist samhæfðum evrópskum stöðlum, eða
b. varan samræmist evrópsku tæknisamþykki, eða
c. varan samræmist innlendu tækniákvæði sem uppfyllir grunnkröfur sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi og Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt, í þeim tilvikum þegar samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki eru ekki til.

Óheimilt er að festa á vörur merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkisins. Festa má hvers kyns aðrar merkingar á vörurnar eða merkiplötu að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

Framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu ber ábyrgð á réttri notkun merkisins í samræmi við ákvæði laga þessara og á því að CE-merkið sé sett á vöruna, áfestan merkimiða, umbúðir eða meðfylgjandi viðskiptaskjöl.

Þegar byggingarvara lýtur einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um að festa skuli á hana CE-merki skal koma fram að gengið sé út frá því að viðkomandi vara sé í samræmi við ákvæði þeirra reglugerða.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um CE-merkingar byggingarvöru.

44. gr.

Opinbert markaðseftirlit.

Mannvirkjastofnun hefur eftirlit með því að byggingarvara á markaði uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Stofnunin fylgist með byggingarvöru á markaði, aflar á skipulegan hátt upplýsinga um slíka vöru og tekur við ábendingum þess efnis frá byggingarfulltrúum, hönnuðum, byggingarstjórum, iðnmeisturum, neytendum og öðrum aðilum.

Mannvirkjastofnun getur falið faggiltri skoðunarstofu að annast markaðseftirlit eða faggiltri prófunarstofu að prófa og meta hvort byggingarvara uppfyllir ákvæði laga þessara. Um faggildinguna gilda ákvæði laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl. Beiting réttarúrræða skv. 46. gr. skal vera í höndum Mannvirkjastofnunar.

Mannvirkjastofnun getur haft samstarf við tollyfirvöld um markaðseftirlit með byggingarvöru við innflutning.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um markaðseftirlit með byggingarvöru.

45. gr.

Heimild til skoðunar og upplýsingaskylda.

Mannvirkjastofnun eða eftir atvikum þeim sem hefur verið falið markaðseftirlit með byggingarvörum, sbr. 2. mgr. 44. gr., er heimilt að skoða byggingarvöru hjá ábyrgðaraðila og seljanda, taka sýnishorn af byggingarvöru til rannsókna og krefja þá um allar nauðsynlegar upplýsingar, svo sem aðgang að skrá yfir þá sem hafa vöruna á boðstólum, samræmisvottorð, samræmisyfirlýsingar, prófunarskýrslur og tæknilegar upplýsingar.

Framleiðandi eða dreifandi ber kostnað vegna þeirra sýnishorna sem tekin eru til rannsóknar skv. 1. mgr. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum. Sýnishorn vöru samkvæmt þessari grein er að jafnaði eitt eintak vöru eða lágmarksfjöldi sem nauðsynlegur er til rannsóknar.

Framleiðandi eða dreifandi ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal hann bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað. Framleiðandi eða dreifandi greiðir allan kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Framleiðanda eða dreifanda er heimilt að annast tilkynningu um þetta til almennings enda sé það gert með þeim hætti að eðlileg varnaðaráhrif náist.

Sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu byggingarvöru hér á landi skal halda skrá yfir allar vörur sem hann hefur á boðstólum og hafa tiltæk afrit af tæknigögnum vörunnar. Enn fremur skal hann að beiðni Mannvirkjastofnunar afhenda skrá með upplýsingum um birgja og þá sem bjóða fram vörur hans ef það er að mati stofnunarinnar nauðsynlegt í tengslum við rannsókn máls.

46. gr.

Réttarúrræði Mannvirkjastofnunar.

Mannvirkjastofnun getur afturkallað, tekið af markaði eða bannað sölu eða afhendingu byggingarvöru ef hún uppfyllir ekki formleg skilyrði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, samræmisvottorð, samræmisyfirlýsingar eða prófunar- og skoðunarskýrslur.

Leiki rökstuddur grunur á að byggingarvara sé ekki í samræmi við tækniákvæði getur Mannvirkjastofnun ákveðið tímabundið bann við sölu eða afhendingu hennar á meðan rannsókn, sem ekki skal standa lengur en fjórar vikur, fer fram. Þó er heimilt að framlengja bannið um allt að fjórar vikur ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast þess að bannið verði framlengt.

Ef í ljós kemur að vara sem lýst hefur verið yfir að samræmist ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim uppfyllir ekki viðeigandi tækniákvæði skal Mannvirkjastofnun innkalla þá vöru eða banna eða takmarka markaðssetningu hennar.

47. gr.

Förgun vöru og lagfæring.

Mannvirkjastofnun er heimilt í tengslum við beitingu ákvæða 46. gr. að skylda framleiðanda eða dreifanda til að eyðileggja öll eintök vöru og farga henni með öruggum hætti. Ávallt skal þó áður gefa ábyrgðaraðila kost á að bæta úr ágöllum vöru eða fylgigögnum hennar innan hæfilegs frests nema varan teljist sérlega hættuleg.

48. gr.

Tilkynningarskylda.

Verði byggingarfulltrúi, hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari var við að á markaði sé byggingarvara sem ekki uppfyllir kröfur laga þessara skal hann tilkynna um það til Mannvirkjastofnunar.

49. gr.

Notkun byggingarvöru og ábyrgð eiganda mannvirkis.

Byggingarvörur til notkunar í eða við mannvirkjagerð skulu uppfylla skilyrði 39. gr.

Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að við byggingu þess og rekstur sé einungis notuð byggingarvara sem uppfyllir ákvæði laga þessara.

IX. KAFLI

Gjaldtaka og leyfisgjöld.

50. gr.

Byggingaröryggisgjald.

Vátryggingafélög og aðrir sem annast vátryggingar skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum sérstakt byggingaröryggisgjald. Byggingaröryggisgjaldið skal nema 0,045 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging telst þó ekki gjaldskyld trygging í þessu efni né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Byggingaröryggisgjaldið skal notað til að fjármagna starfsemi Mannvirkjastofnunar.

Þeir sem innheimta byggingaröryggisgjaldið skulu hafa staðið ríkissjóði skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra sem annast innheimtu þess liggja fyrir.

Ráðherra setur nánari reglur um innheimtu byggingaröryggisgjalds í reglugerð.

51. gr.

Gjaldskrá vegna byggingareftirlits byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórnum er heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, og útgáfu byggingarleyfis byggingarfulltrúa, útgáfu stöðuleyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

52. gr.

Gjaldskrá Mannvirkjastofnunar.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Mannvirkjastofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, og útgáfu byggingarleyfis og vottorða, fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vegna umsóknar og útgáfu evrópsks tæknisamþykkis. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

53. gr.
Greiðsla gjalda.

Sveitarstjórnir og Mannvirkjastofnun ákveða í gjaldskrá sinni gjalddaga byggingarleyfisgjalda og hvernig þau skuli innheimt. Eigi má gefa út byggingarleyfi fyrr en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið hefur verið um greiðslu þeirra.

Vanskil á greiðslu gjalda skv. 1. mgr. veita byggingarfulltrúa og Mannvirkjastofnun heimild til að neita að gefa út vottorð um viðkomandi mannvirki.

Gjöldum skv. 51. og 52. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

X. KAFLI
Rannsóknir, þvingunarúrræði og viðurlög.

54. gr.
Rannsóknir á tjóni á mannvirkjum.

Verði manntjón eða alvarleg hætta skapast vegna tjóns á mannvirki eða tjónið er til þess fallið að skapa hættu skal Mannvirkjastofnun rannsaka tjónið og orsakir þess, tilhögun byggingareftirlits og það hvernig að hönnun mannvirkis og byggingarframkvæmdum var staðið. Um rannsóknir á tjóni vegna eldsvoða gilda ákvæði VII. kafla laga um brunavarnir. Skilgreina skal nánar í reglugerð hvaða tjón Mannvirkjastofnun skal rannsaka samkvæmt þessari grein.

Eigandi mannvirkis sem verður fyrir tjóni sem fellur undir 1. mgr. skal tilkynna það til Mannvirkjastofnunar svo fljótt sem unnt er. Hafi byggingarfulltrúi orðið þess áskynja að tjón hafi orðið á mannvirki sem fellur undir 1. mgr. skal hann tilkynna það Mannvirkjastofnun. Mannvirkjastofnun getur hafið rannsókn að eigin frumkvæði vanræki eigandi að tilkynna um tjónið. Mannvirkjastofnun skal senda viðkomandi byggingarfulltrúa niðurstöður rannsóknar tjóns eftir því sem við á.

Mannvirkjastofnun rannsakar vettvang þegar eftir að tjón hefur verið tilkynnt, með aðstoð lögreglu ef um er að ræða slys sem sætir lögregluannsókn samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Mannvirkjastofnun skal fá afrit af öllum rannsóknargögnum lögreglu að lokinni lögregluannsókn, hafi hún farið fram. Mannvirkjastofnun kveður til sérfróða menn vegna rannsóknarinnar eftir því sem þörf krefur.

Vátryggingafélög skulu senda Mannvirkjastofnun upplýsingar ár hvert um bætt tjón á mannvirkjum. Ráðherra setur nánari ákvæði um upplýsingagjöf samkvæmt þessari málsgrein í reglugerð.

55. gr.
Stöðvun framkvæmda, lokun mannvirkis o.fl.

Ef byggingarleyfisskyld framkvæmd skv. 9. gr. er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ekki sótt um leyfi fyrir breyttri notkun mannvirkis, það byggt á annan hátt en leyfi stendur til, mannvirkið eða notkun þess brýtur í bága við skipulag, mannvirki er tekið í notkun án þess að öryggisúttekt hafi farið fram eða ef mannvirki er tekið til annarra nota en heimilt er samkvæmt útgefnu byggingarleyfi getur byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir eða notkun tafarlaust og fyrirskipað lokun mannvirkisins. Sama gildir ef ekki er að öðru leyti fylgt ákvæðum laganna eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim við byggingarframkvæmdina. Ef mannvirkið fellur undir 3. mgr. 9. gr. skal stöðvun framkvæmda og lokun mannvirkis vera í höndum Mannvirkjastofnunar.

Ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni eða hún brýtur í bága við skipulag getur byggingarfulltrúi eða eftir atvikum Mannvirkjastofnun, ef mannvirkið fellur undir 3. mgr. 9. gr., krafist þess að hið ólöglega mannvirki eða byggingarhluti sé fjarlægt, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni eigandi ekki þeirri kröfu er heimilt að vinna slík verk á hans kostnað.

Reynist öryggi mannvirkis ábótavant við öryggis- eða lokaúttekt þess eða það telst skaðlegt heilsu skal útgefandi byggingarleyfis fyrirskipa lokun þess og koma í veg fyrir að mannvirkið verði tekið í notkun fyrr en úr hefur verið bætt.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða byggingarfulltrúa og Mannvirkjastofnun við þær aðgerðir er greinir í 1.–3. mgr.

Sveitarfélag eða ríkið eftir atvikum á endurkröfu á eiganda mannvirkis vegna kostnaðar sem það hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og lögveð fyrir kröfu sinni í hinu ófullgerða mannvirki, byggingarefni og lóð sem um ræðir.

56. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Sé ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar ábótavant, af því stafar hætta eða það telst skaðlegt heilsu að mati byggingarfulltrúa eða Mannvirkjastofnunar, eða ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum, lögum, reglugerðum og byggingarlýsingu, skal gera eiganda eða umráðamanni þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er. Sama gildir ef vanrækt er að láta fara fram úttektir samkvæmt lögum þessum, ef notkun mannvirkis er breytt án samþykkis byggingarfulltrúa eða ef notkun mannvirkis brýtur í bága við skipulag.

Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúa er heimilt að beita dagsektum allt að 500.000 kr. til að knýja menn til þeirra verka sem þau skulu hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, eða láta af ólögmætu atferli. Dagsektir sem byggingarfulltrúi leggur á renna í sveitarsjóð en í ríkissjóð ef Mannvirkjastofnun leggur þær á.

Byggingarfulltrúi og Mannvirkjastofnun geta látið vinna verk, sem þau hafa lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 2. og 3. mgr. má innheimta með fjárnámi og hefur sveitarfélag eða eftir atvikum ríkið lögveð fyrir kröfu sinni í hinu ófullgerða mannvirki, byggingarefni og lóð sem um ræðir.

57. gr.

Áminning og missir löggildingar eða starfsleyfis.

Ef hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi getur Mannvirkjastofnun veitt honum áminningu. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur Mannvirkjastofnun svipt hönnuð eða iðnmeistara löggildingu.

Mannvirkjastofnun getur svipt byggingarstjóra starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef byggingarstjóri brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi.

Byggingarfulltrúi sem verður áskynja um brot hönnuðar, byggingarstjóra eða iðnmeistara samkvæmt þessari grein skal tilkynna um það til Mannvirkjastofnunar.

58. gr.
Refsiábyrgð.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

59. gr.
Úrskurðir.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara eru kæranlegar til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 17. gr. Um meðferð kæru og um kæruaðild fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

60. gr.
Setning reglugerða.

Ráðherra setur að tillögu Mannvirkjastofnunar og í samráði við hagsmunaaðila reglugerðir sem ná til alls landsins þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara. Við setningu reglugerða á grundvelli laga þessara skal haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði sem varða skyldur sveitarfélaga. Í reglugerð skulu vera ákvæði um eftirfarandi atriði, sbr. einnig önnur ákvæði laga þessara um setningu reglugerða:

1. Kröfur sem gera skal til hönnunar og mannvirkja um útlit, rýmisstærðir og samsvörun við næsta umhverfi, hagkvæmni og notagildi, aðgengi, öryggi, heilnæmi, tæknilegan frágang og viðhald, umgengni og öryggi á vinnustöðum auk krafna um gróður á lóðum, og frágang og útlit lóða, þ.m.t. girðingar. Einnig lágmarkskröfur sem einstakir hlutar mannvirkja og mismunandi tegundir þeirra skulu uppfylla, svo sem um undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftgæði, hljóðvist, birtu, lagnakerfi, hollustuhætti, brunavarnir og þess háttar. Jafnframt skal kveða á um kröfur til mannvirkja við verulegar breytingar á þeim eða breytingar á notkun mannvirkis. Í reglugerð er heimilt að vísa til staðla sem Staðlaráð Íslands hefur staðfest eða sett um tæknilega útfærslu eða annað sem snýr að mannvirkjum, eða til ákvæða og skuldbindinga sem fylgja aðild Íslands að alþjóðasamningum.
2. Hönnunargögn, byggingarlýsingar, skýrslur um innra og ytra eftirlit, greinargerðir og önnur gögn sem skila þarf vegna umsóknar um byggingarleyfi. Í reglugerð skal kveða á um kröfur til hönnunargagna mismunandi mannvirkja og mannvirkjahluta og skiptingu uppdrátta í aðal-, sér- og deiliuppdrætti. Einnig skulu vera ákvæði um hönnunargögn sem skila skal vegna virkjana og annarra sérhæfðra mannvirkja og til hvaða þátta eftirlit útgefanda byggingarleyfis skal taka.
3. Tilhögun innra eftirlits við byggingarframkvæmdir og þær kröfur sem gerðar eru til gæðakerfa hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að faggilt vottunarstofa skuli votta þessi gæðastjórnunarkerfi. Heimilt er að gera mismunandi kröfur til gæðakerfa samkvæmt lögum þessum eftir gerð mannvirkis.
4. Námskeiðshald og próf fyrir hönnuði skv. 26. gr. og lágmarksárangur til að standast það.
5. Nánari ákvæði um útgáfu starfsleyfis byggingarstjóra, flokkun starfsleyfa eftir gerð mannvirkja og námskeiðshald, auk ákvæða um starfshætti, ábyrgð og verksvið byggingarstjóra, sbr. 27.–31. gr.

6. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis til handa faggiltri skoðunarstofu, sbr. 20. gr., gildistíma starfsleyfis, starfsemi skoðunarstofu, hæfi skoðunarmanna, sbr. 21. gr., og hvaða þáttum byggingareftirlits skoðunarmönnum I–III er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða úttekt.
7. Úttektarskyldu, gerð áfangaúttekta, öryggisúttektar og lokaúttektar, þar sem m.a. er kveðið á um þau gögn sem leggja þarf fram vegna þeirra.
8. Staðsetningu, gerð og frágang skilta auk ákvæða um hvaða skilti skulu háð byggingarleyfi.
9. Skilyrði fyrir veitingu stöðuleyfa fyrir gáma, báta, torgsöluhús, stór samkomutjöld og þess háttar sem ætlað er að standa utan skipulagðra svæða fyrir slíka hluti í lengri tíma en tvo mánuði. Í reglugerð skal kveðið á um atriði sem varða öryggi og hollustuhætti vegna þessara lausafjármuna og um heimildir byggingarfulltrúa til þess að krefjast þess að þeir séu fjarlægðir ef ekki eru uppfyllt ákvæði reglugerðarinnar.
10. Frágang leiksvæða, íþróttasvæða og annarra opinna svæða.
11. Nánari ákvæði um gagnasafn Mannvirkjastofnunar um mannvirki og mannvirkjagerð, hvað skal skrá þar og með hvaða hætti. Skoðunarhandbók skal vera hluti af gagnasafni Mannvirkjastofnunar og skal birt sem fylgiskjal við reglugerð. Í skoðunarhandbókinni skulu m.a. vera ákvæði um úttektir, eftirlitsaðferðir, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.
12. Nánari ákvæði um byggingareftirlit og verksvið byggingarfulltrúa og Mannvirkjastofnunar.
13. Nánari ákvæði um beitingu þvingunarúrræða skv. 55.–57. gr.

61. gr.

Gagnasafn Mannvirkjastofnunar.

Mannvirkjastofnun skal starfrækja rafrænt gagnasafn fyrir upplýsingar um mannvirki og mannvirkjagerð um land allt í samræmi við ákvæði laga þessara. Gagnasafnið skal vera innan gagna- og upplýsingakerfis fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands eða samtengjanlegt því. Byggingarfulltrúar og slökkvilið skulu hafa endurgjaldslausan aðgang að þeim hluta gagnasafns Mannvirkjastofnunar sem varðar mannvirki og mannvirkjagerð í umdæmi þeirra.

62. gr.

Um yfirstjórn mannvirkjamála á varnar- og öryggissvæðum.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á varnar- og öryggissvæðum eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 34/2008, sbr. og lög nr. 110/1951, og lögum nr. 176/2006 eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu.

Ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um mannvirkjamál á varnar- og öryggissvæðum, sbr. þó ákvæði 1. mgr. 21. gr. laga nr. 34/2008. Mannvirkjastofnun gefur í umboði utanríkisráðherra út byggingar- og framkvæmdaleyfi og hefur eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum leyfisskyldum framkvæmdum á varnar- og öryggissvæðum. Gerður skal þjónustusamningur milli Mannvirkjastofnunar og utanríkisráðherra um byggingareftirlit stofnunarinnar samkvæmt þessari grein.

Umhverfisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við utanríkisráðherra. Heimilt er í reglugerð að gera sérstakar kröfur til mannvirkja á varnar- og öryggissvæðum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

63. gr.

Þagnar- og trúnaðarskylda.

Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim eru bundnir þagnarskyldu og trúnaði um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnar- og trúnaðarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstök atvinnugrein, stofnun eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að ástæðulausu.

64. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi nema 6. tölul. 65. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2012.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru samkvæmt eldri lögum skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi.

65. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. Í stað orðsins „Brunamálastofnunar“ í 3. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, og hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi beygingarfalli: Mannvirkjastofnun.
2. Á eftir orðinu „byggingarnefndar“ í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 35/1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 16/1951, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar, kemur: sé hún til staðar; og á eftir orðunum „samþykki hennar á skiptingunni“ í sömu málsliðum kemur: eða að öðrum kosti vottorð byggingarfulltrúa um samþykki sveitarstjórnar.
3. Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra:
   a. Í stað orðanna „byggingarlaga og byggingarreglugerðar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: laga um mannvirki og reglugerða settra samkvæmt þeim.
   b. Í stað orðsins „byggingarnefnda“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: sveitarstjórna.
4. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 104/2001, um húsafriðun:
   a. Á eftir orðunum „hlutaðeigandi lögreglustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: og; og orðin „og byggingarnefnd“ í lok sama málsliðar falla brott.
   b. Í stað orðanna „byggingarnefnd verður vör“ í 14. gr. laganna kemur: byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi verður var; og í stað orðsins „hún“ í sömu grein kemur: viðkomandi nefnd eða byggingarfulltrúi.
5. Við 1. mgr. 19. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í þeim tilvikum sem Mannvirkjastofnun getur út byggingarleyfi ber stofnunin ábyrgð á tilkynningum til Þjóðskrár Íslands samkvæmt þessari grein.
6. Eftirfarandi breytingar verða á skipulagslögum, nr. 123/2010:
   a. Í stað orðsins „Byggingarstofnunar“ í 6. tölul. 2. gr. laganna kemur: Mannvirkjastofnunar.
   b. Í stað orðanna „og staðfestingu umhverfisráðherra“ í 4. mgr. 22. gr. laganna kemur: og umhverfisráðherra í þeim tilvikum þegar hann skal staðfesta svæðisskipulag.
   c. Við 56. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði laga þessara taka ekki til þeirra skipulagsáætlana sem sendar hafa verið Skipulagsstofnun skv. 4. mgr. 13. gr. og 14. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, eða sendar stofnuninni til athugunar skv. 2. mgr. 17. gr. sömu laga fyrir gildistöku laga þessara. Um meðferð slíkra mála fer samkvæmt lögum nr. 73/1997 með síðari breytingum.

d. Við 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skipulagsstofnun er heimilt að gera breytingar á svæðisskipulagi miðhálendisins, til samræmis við tillögur að breytingu á aðalskipulagi, þegar breytingin felur ekki í sér nýja stefnumörkun um landnotkun.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. halda starfandi byggingarfulltrúar við gildistöku laga þessara fullum rétti sínum til starfa, sbr. þó 3. tölul.
2. Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúar hafa frest til 1. janúar 2018 til að afla sér faggildingar í samræmi við ákvæði 19. gr., sbr. 21. gr. Fyrir 1. janúar 2015 skulu Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúar hafa komið sér upp gæðastjórnunarkerfi. Hafi gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu skal Mannvirkjastofnun til 1. janúar 2018 gera úttekt á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfanna. Byggingarfulltrúar og starfsmenn þeirra sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu teljast uppfylla skilyrði a–c-liðar 1. mgr. 21. gr.
3. Þeir hönnuðir sem öðlast höfðu, með löggildingu umhverfisráðherra eða með öðrum hætti, rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfisumsóknar í gildistíð eldri laga halda þeim rétti sínum. Þeir skulu enn fremur teljast uppfylla kröfur um hliðstæða löggildingu Mannvirkjastofnunar skv. b- og c-lið 1. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 28. gr.
4. Iðnmeistarar sem fengið höfðu viðurkenningu byggingaryfirvalda eða löggildingu umhverfisráðherra í gildistíð eldri laga til að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar hver á sínu sviði halda þeim rétti. Þeir skulu enn fremur teljast uppfylla kröfur um löggildingu Mannvirkjastofnunar skv. a-lið 1. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 28. gr.
5. Hafi þeir sem taldir eru upp í 25. gr. þegar við gildistöku laga þessara lokið hluta þess reynslutíma sem nauðsynlegur er samkvæmt núgildandi lögum til að öðlast löggildingu skulu þeir eiga kost á að ljúka honum eftir eldri reglum.
6. Þeir sem sannanlega hafa tekið að sér byggingarstjórn mannvirkis í gildistíð eldri laga teljast uppfylla skilyrði 2. og 3. mgr. 28. gr. og mega því annast byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. og 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. laga þessara. Til að starfa sem byggingarstjórar samkvæmt ákvæðum laga þessara skulu þeir hafa viðeigandi gæðastjórnunarkerfi og afla sér starfsleyfis Mannvirkjastofnunar.
7. Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 13. gr. hafa hönnuðir, hönnunarstjórar, byggingarstjórar og iðnmeistarar frest til 1. janúar 2015 til að uppfylla ákvæði 24. gr., 31. gr. og 6. mgr. 32. gr. um gæðastjórnunarkerfi.
8. Á meðan ekki eru til samhæfðir evrópskir staðlar og/eða evrópskt tæknisamþykki fyrir byggingarvöru er markaðssetning hennar heimil, þrátt fyrir ákvæði 39. gr., ef henni fylgir vottun eða umsögn um að hún uppfylli kröfur reglugerða sem settar eru á grundvelli laga þessara, standist staðla og falli að verklagi og séríslenskum aðstæðum. Hliðsjón skal höfð af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um hlutverk framleiðanda og tilnefnds aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur. Ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópu-

sambandsins um einstaka vöruflokka skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur. Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Mannvirkjastofnun eða aðrir þar til bærir aðilar sem umhverfisráðuneytið viðurkennir skulu gegna samsvarandi hlutverki og tilnefndur aðili vegna ákvæða þessa töluliðar. Þessir aðilar annast staðfestingu á samræmi og gefa út vottorð eða umsögn þar að lútandi.

9. Starfsmenn Brunamálastofnunar og Skipulagsstofnunar sem vinna að þeim verkefnum sem færast 1. janúar 2011 til Mannvirkjastofnunar skulu eiga forgangsrétt til starfa hjá Mannvirkjastofnun. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.
10. Krafa 1. mgr. 42. gr. um að tilnefndur aðili skuli hafa faggildingu tekur gildi 1. janúar 2016. Fram að þeim tíma skal tilnefndur aðili hafa gæðastjórnunarkerfi sem Mannvirkjastofnun viðurkennir og hefur eftirlit með.
11. Krafa 1. mgr. 17. gr. um að eftirlit skuli fara fram í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka tekur gildi 1. janúar 2015.

Viðauki.

GRUNNKRÖFUR.

Byggingarvara skal henta til bygginga og mannvirkja og (bæði í heild og að hluta) koma að tilætluðum notum frá efnahagslegu sjónarmiði og fullnægja í því samhengi eftirfarandi grunnkröfum ef verkin falla undir reglugerðir með slíkum kröfum. Kröfunum skal fullnægt þann tíma sem eðlilegt og fjárhagslega hagkvæmt er að nýta þau, með fyrirvara um eðlilegt viðhald. Í kröfunum er yfirleitt miðað við fyrirsjáanleg áhrif.

1. BURÐARÞOL OG STÖÐUGLEIKI.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann veg að álagið sem hætt er við að verki á þau meðan á framkvæmdum stendur og við notkun leiði ekki til:

a. að allt verkið eða hluti þess hrynji,
b. mikilla formbreytinga að því marki að ekki verði við unað,
c. skemmda á öðrum hlutum verksins, lögnum eða föstum búnaði vegna mikilla formbreytinga á burðarvirki,
d. skemmda vegna ytri áhrifa þar sem skemmdirnar eru óeðlilega miklar miðað við upprunalega orsök þeirra.

2. VARNIR GEGN ELDSVOÐA.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að brjótist eldur út:

a. megi gera ráð fyrir að burðargeta verksins haldi tiltekinn tíma,
b. skuli glæðing og útbreiðsla elds og reyks takmörkuð inni í byggingunni,
c. skuli útbreiðsla elds til bygginga og mannvirkja í grenndinni takmörkuð,
d. geti viðstaddir yfirgefið bygginguna eða bjargast eftir öðrum leiðum,
e. sé öryggi björgunarliðs haft í huga.

3. HOLLUSTA, HEILSA OG UMHVERFI.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að hollustuháttum og heilsu íbúa og nábúa sé eigi stefnt í hættu, m.a. vegna:

a. eiturgasleka,
b. hættulegra agna eða lofttegunda í lofti,
c. hættulegrar geislunar,
d. mengunar eða eitrunar í vatni eða jarðvegi,

e. lélegrar fráveitu skólps, reyks og fasts eða fljótandi úrgangs,
f. rakamyndunar í hlutum bygginga og mannvirkja eða á yfirborði innan dyra.

4. ÖRYGGI VIÐ NOTKUN.
Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að ekki skapist óviðunandi slysahætta við rekstur eða notkun þeirra, svo sem að menn renni til, detti, rekist á, brenni sig, fái raflost eða hljóti meiðsli af völdum sprengingar.

5. HÁVAÐAVARNIR.
Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að hávaði, sem fólk á staðnum eða í næsta nágrenni skynjar, sé ekki hærri en svo að viðkomandi bíði ekki heilsutjón og geti sofið, hvílt sig og unnið við viðunandi skilyrði.

6. ORKUSPARNAÐUR OG HITAEINANGRUN.
Hita-, kæli- og loftræsingarkerfi bygginga og mannvirkja skulu hönnuð og byggð á þann hátt að nauðsynleg orkunotkun sé sem minnst með tilliti til veðurfars á staðnum en án þess að til óþæginda sé fyrir íbúana.

451. Frumvarp til laga [79. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:
Markmið laga þessara er að vernda líf og heilsu manna, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit, forvarnir og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
a. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.
b. Á eftir orðinu „skipum“ í 2. málsl. kemur: með haffærisskírteini.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
a. Skilgreining hugtaksins *eldvarnir* verður svohljóðandi: Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða eða hindra útbreiðslu elds.
b. Skilgreining hugtaksins *mannvirki* verður svohljóðandi: Hvers konar jarðfastar framkvæmdir manna, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, samgöngumannvirki, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, göngubrýr í þéttbýli og togbrautarbúnaður til fólksflutninga. Til mannvirkja

teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.

c. Skilgreining hugtaksins *mengunaróhapp* verður svohljóðandi: Þegar bráðamengun verður og eiturefni eða önnur efni berast eða kunna að berast í umhverfið og tafarlaus úrræði eru nauðsynleg vegna hættu á tjóni á umhverfi, heilsu fólks eða eignum.

d. Við bætast fjórar nýjar skilgreiningar í réttri stafrófsröð, svohljóðandi:

Mengun: Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis, og hvers kyns óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Mengunartjón: Tjón eða skaði sem hlýst af mengun umhverfis, hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað á landi og af hvers konar völdum sem hún er. Mengunartjón tekur einnig til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón eða frekara tjón, og til skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.

Reykköfun: Athafnir slökkviliðs þegar loft undir þrýstingi er notað til öndunar við slökkvistarf í afmörkuðu rými eða þar sem mengunaróhapp hefur orðið.

Umhverfi: Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Mannvirkjastofnun er ráðherra til aðstoðar um málefni er falla undir lög þessi, sbr. lög um mannvirki.

5. gr.

5., 7. og 8. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Í stað orðsins „Brunamálastofnun“ tvívegis í 6. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskildu ákvæði til bráðabirgða I og II, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Mannvirkjastofnun.

7. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Mannvirkjastofnun starfrækir Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum. Skólinn skal hafa umsjón með menntun slökkviliðsmanna, bóklegri og verklegri, og fræðslu þeirra í starfi. Mannvirkjastofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn fjögurra manna fagráð, og jafnmarga menn til vara, sem er Mannvirkjastofnun til ráðgjafar um fagleg málefni Brunamálaskólans. Samband ís-

lenskra sveitarfélaga, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Félag slökkviliðsstjóra tilnefna hvert sinn fulltrúa í fagráð og skipar ráðherra formann.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Brunamálaskólans og hlutverk fagráðs.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði skal vera eitt af verkefnum slökkviliðs samkvæmt lögum þessum.

b. 3. mgr., sem verður 4. mgr., orðast svo:

Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur um tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og um vatnsöflun til slökkvistarfa. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi og vegna björgunar á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum að fengnum tillögum Mannvirkjastofnunar og í samráði við Umhverfisstofnun.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. A-liður 1. mgr. orðast svo: framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna óski byggingarfulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar og lóðir fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

b. Orðin „í notkun“ í b-lið falla brott.

c. 1. málsl. c-liðar 1. mgr. orðast svo: hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur.

d. E-liður 1. mgr. orðast svo: hafa eftirlit með því að eigendur og forráðamenn mannvirkis í rekstri sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt lögum og reglugerðum í samræmi við leiðbeiningar sem Mannvirkjastofnun gefur út. Ef ljóst þykir að hætta skapist af ástandi brunavarna og eigandi eða forráðamaður mannvirkis sinnir ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi eiganda eða forráðamanns er að ræða, skal kæra málið til lögreglu.

e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarfélagi er heimilt að setja sér gjaldskrá um fjárhæð gjalda fyrir aðkomu slökkviliðs við gerð öryggis- og lokaúttekta skv. a-lið 1. mgr. og um innheimtu þeirra. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem fram koma þau rök sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjald skal ekki vera hærra en nemur kostnaði við úttektina. Gjöldum þessum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Í stað orðanna „umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar“ í 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: samþykki Mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar.

11. gr.

Á undan 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. a laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Mannvirkjastofnun annast framkvæmd eldvarnaeftirlits vegna mannvirkja samkvæmt grein þessari og setur um það reglur sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

12. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn ræður slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri ræður annað starfslið slökkviliðsins. Í forföllum slökkviliðsstjóra er varaslökkviliðsstjóri yfirmaður slökkviliðs.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum. Slökkviliðsstjóri hefur enn fremur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi.
b. Á eftir orðinu „brunavörnum“ í 4. mgr. kemur: björgunarstörfum.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: Mannvirkjastofnun.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Slökkviliðsmenn sem stunda reykköfun skulu hafa staðist læknisskoðun, þrekpróf, þolpróf og aðra mælingu líkamsástands samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.
c. 2. mgr., sem verður 3. mgr., orðast svo:

   Ráðherra skal að fenginni tillögu Mannvirkjastofnunar setja reglugerð um menntun og önnur skilyrði til að öðlast löggildingu, um reglubundna læknisskoðun vegna reykköfunar og um réttindi og skyldur slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna.

15. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til myndatöku, á öllum þeim stöðum þar sem skoðunar eða eftirlits er þörf samkvæmt lögum þessum. Ekki er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús sem tekið hefur verið í notkun án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum úrskurði dómara.

16. gr.

2. og 3. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Þegar eldsvoða eða mengunaróhapp ber að höndum er hverjum manni skylt að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf eða aðgerðir vegna mengunaróhapps. Heimilt er að rífa niður byggingar

ef slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds eða mengunar. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma við störf sín þegar eldsvoða eða mengunaróhapp ber að höndum.

Fjártjón sem hlýst af ráðstöfunum vegna eldsvoða skv. 2. mgr. telst brunatjón og skal viðkomandi vátryggingafélag bæta það sé eign brunatryggð. Sveitarstjórn greiðir kostnað sem kann að koma til vegna nauðsynlegra aðgerða við framkvæmd slökkvistarfs og vátryggingafélag greiðir ekki. Sveitarstjórn greiðir einnig kostnað sem kann að koma til vegna nauðsynlegra aðgerða vegna mengunaróhapps í þeim tilvikum þegar sá sem veldur mengunaróhappi er ekki ábyrgur fyrir kostnaði við slíkar aðgerðir samkvæmt öðrum lögum.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 23. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „byggingarnefndar“ í 1. málsl. kemur: byggingarfulltrúa.
b. 2. málsl. orðast svo: Áður en byggingarfulltrúi veitir samþykki sitt skal hann leita álits slökkviliðsstjóra.

18. gr.

2. og 3. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Brunahönnun skal lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar, sé hún til staðar, að öðrum kosti byggingarfulltrúa. Byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi skulu leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt.

19. gr.

4. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Telji Mannvirkjastofnun að vara fullnægi ekki kröfum skv. 1. mgr. er stofnuninni heimilt að banna sölu eða afhendingu vörunnar og krefjast þess að hún verði afturkölluð og tekin af markaði. Um málsmeðferð Mannvirkjastofnunar og réttarfarsúrræði fer samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga um mannvirki.

20. gr.

Orðin „og Löggildingarstofu“ í 2. málsl. 1. mgr. 27. gr. laganna falla brott.

21. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Byggingarstofnun getur krafið sveitarfélög nauðsynlegra upplýsinga um stöðu brunavarna og um búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Orðin „í notkun“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott og á eftir orðunum „eldfimra efna“ í sama málslið kemur: eða vegna brota á ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.
c. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Slökkviliðsstjóri getur ákveðið að gerðar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda eða forráðamanns mannvirkis.

23. gr.

37. gr. laganna fellur brott.

24. gr.

1. málsl. 2. mgr. 38. gr. laganna orðast svo: Mannvirkjastofnun annast úthlutun styrkja.

25. gr.

Á eftir 38. gr. laganna kemur ný grein, 38. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Þjónustuaðilar brunavarna.

Þeir sem bjóða þjónustu við viðhald, skoðun, áfyllingu og þrýstiprófun handslökkvitækja og reykköfunarbúnaðar skulu hafa starfsleyfi Mannvirkjastofnunar. Skilyrði til að öðlast slíkt starfsleyfi er að viðkomandi þjónustuaðili uppfylli kröfur reglugerðar sem ráðherra setur um húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað vegna starfseminnar og að þeir starfsmenn sem annast uppsetningu, viðhald og skoðun slíks búnaðar hafi lokið námi og staðist próf sem Mannvirkjastofnun heldur.

Þeir sem annast uppsetningu, viðhald og þjónustu brunaviðvörunarkerfa og slökkvikerfa, svo og þeir sem annast brunaþéttingar mannvirkja, skulu hafa starfsleyfi frá Mannvirkjastofnun og skulu viðkomandi starfsmenn hafa lokið námi sem Mannvirkjastofnun viðurkennir.

Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis skv. 1. og 2. mgr. er að sett hafi verið upp fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi vegna starfseminnar í samræmi við kröfur sem ákveðnar eru í reglugerð.

Mannvirkjastofnun getur svipt þjónustuaðila starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef þjónustuaðili hlítir ekki fyrirmælum Mannvirkjastofnunar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Ráðherra setur í reglugerð nánari kröfur um framkvæmd þessarar greinar, þ.m.t. um veitingu starfsleyfis fyrir starfsmenn þjónustuaðila og um nám þeirra og próf.

Mannvirkjastofnun er heimilt að innheimta gjald við útgáfu starfsleyfis samkvæmt þessari grein og fyrir námskeiðshald. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem fram koma þau rök sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

452. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

Í stað 7. mgr. 100. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Nú fer aðili og þeir sem hann er í samstarfi við með yfirráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og verður hann þá ekki tilboðsskyldur samkvæmt þessari grein. Þetta gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráðin en nær þeim að nýju.

Nú átti eigandi hlutafjár meira en 30% atkvæðisréttar í félagi sem hefur fjármálagerninga tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fyrir 1. apríl 2009 og er hann þá ekki tilboðsskyldur samkvæmt þessari grein, enda auki hann ekki við hlut sinn. Sami tímafrestur gildir hafi aðili farið með yfirráð í félagi á grundvelli samstarfs samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Í stað orðanna „8. mgr. 100. gr.“ í 27. tölul. 1. mgr. 141. gr. og 9. tölul. 145. gr. laganna kemur: 6. mgr. 100. gr.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II, III, IV, V og VI í lögunum falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

453. Svar [159. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um aldursdreifingu, lífeyrisgreiðslur og atvinnuleysi í nokkrum ríkjum.

a. Hver er hlutfallsleg aldursdreifing í ríkjum Evrópusambandsins, Noregi, Bandaríkjunum, Kanada, Kína og Íslandi miðað við eftirfarandi aldursbil:
   a. 0–20 ára,
   b. 21–30 ára,
   c. 31–40 ára,
   d. 41–50 ára,
   e. 51–60 ára,
   f. 61–70 ára,
   g. yfir 70 ára?

Ekki var unnt að finna aldursdreifingu í nokkrum ríkjum eftir þeim aldursbilum sem tilgreind eru í spurningunni, en reynt var að fara eins nálægt þeim og unnt var. Ekki fengust áreiðanlegar upplýsingar frá Belgíu og Kína.

	0–20 ára	21–30 ára	31–40 ára	41–50 ára	51–60 ára	61–70 ára	yfir 70 ára
Austurríki	21,8%	12,8%	13,7%	16,5%	12,5%	12,0%	10,8%
Belgía							
Búlgaría	20,1%	13,9%	14,8%	13,4%	13,9%	12,7%	11,2%
Danmörk	25,3%	11,4%	13,4%	14,5%	12,7%	12,8%	9,9%
Eistland	22,5%	15,2%	13,7%	13,3%	13,0%	11,0%	11,2%
Finnland	23,7%	12,3%	11,9%	13,7%	14,2%	13,0%	11,1%

	0–20 ára	21–30 ára	31–40 ára	41–50 ára	51–60 ára	61–70 ára	yfir 70 ára
Frakkland	25,6%	12,4%	13,0%	13,7%	12,9%	10,7%	11,7%
Grikkland	20,2%	12,7%	15,3%	14,6%	12,6%	11,4%	13,0%
Holland	24,6%	12,0%	13,4%	15,3%	13,3%	11,8%	9,7%
Írland	28,4%	15,8%	15,7%	13,3%	10,9%	8,9%	7,0%
Ísland	29,6%	14,7%	13,5%	13,7%	11,9%	8,7%	7,9%
Ítalía	19,7%	11,1%	15,1%	15,5%	12,5%	12,3%	13,7%
Kýpur	25,1%	16,6%	14,3%	13,6%	12,3%	10,2%	7,9%
Lettland	21,4%	15,4%	13,8%	14,1%	12,9%	11,3%	11,0%
Litháen	23,5%	14,9%	13,5%	15,1%	12,2%	10,3%	10,4%
Lúxemborg	24,6%	13,0%	15,4%	16,1%	12,3%	9,5%	9,2%
Malta	23,5%	14,6%	13,4%	12,9%	14,0%	12,3%	9,3%
Noregur	26,5%	12,4%	14,0%	14,1%	12,3%	11,0%	9,7%
Pólland	22,9%	16,3%	14,3%	12,8%	14,8%	9,8%	9,0%
Portúgal	21,4%	13,0%	15,4%	14,4%	12,6%	11,4%	11,9%
Rúmenía	22,3%	15,5%	15,9%	13,0%	13,5%	10,2%	9,7%
Slóvakía	23,3%	16,2%	15,7%	13,6%	13,9%	9,8%	7,5%
Slóvenía	20,1%	14,0%	14,7%	15,1%	14,5%	11,0%	10,6%
Spánn	20,6%	13,5%	17,1%	15,1%	11,7%	10,3%	11,6%
Svíþjóð	24,5%	12,3%	12,9%	13,5%	12,3%	12,9%	11,5%
Tékkland	21,1%	14,1%	16,3%	12,8%	13,9%	12,6%	9,2%
Ungverjaland	21,7%	13,6%	15,7%	12,4%	14,3%	11,8%	10,4%
Þýskaland	19,7%	12,0%	12,4%	16,8%	13,5%	12,4%	13,2%

Heimild: Eurostat, http://epp.eurostat.ec.europa.eu/

	0–14 ára	15–24 ára	25–34 ára	35–44 ára	45–54 ára	55–64 ára	65–74 ára	Yfir 75 ára
Kanada	17,9%	13,7%	13,7%	16,1%	15,0%	10,6%	6,9%	6,0%

Heimild: Canadian Council on Social Development, http://www.ccsd.ca/ en tölurnar eru frá árinu 2004.

	0–15 ára	16–64 ára	65–84 ára	Yfir 85 ára
Bretland	21,0%	64,0%	14,0%	1,0%

Heimild: Office for National Statistics, http://www.statistics.gov.uk/ en tölurnar eru frá árinu 2008.

	0–15 ára	16–24 ára	25–44 ára	45–64 ára	Yfir 65 ára
Bandaríkin	21,4%	13,9%	30,2%	22,0%	12,4%

Heimild: US Census Bureau, www.census.gov.

b. Á hvaða aldri hefst taka lífeyris í framangreindum ríkjum og hvernig er lífeyrisgreiðslum háttað, er um að ræða séreignarsjóði, gegnumstreymissjóði eða annað, og þá hvað?

Byggt er á upplýsingum frá eftirtöldum heimildum:

- MISSOC *(Mutual Information System of Social Protection in the Member States of the European Union, of the European Economic Area and in Switzerland)* Staðan 1. janúar 2010.
- MISSCEO *(Mutual Information System of Social Protection of the Council of Europe).* Staðan 1. janúar 2009.
- *Social Security Programs Throughout the World; Asia and the Pacific* fyrir árið 2008 og *The Americas* fyrir árið 2009.

Ráðuneyti og stofnanir ríkjanna sem taka þátt í framangreindu samstarfi láta umbeðnar upplýsingar í té og er hér byggt á þeirra skilgreiningum, m.a. á því hvað teljist skyldubundið eða hluti félagslegs öryggis í viðkomandi ríki, lögboðinn lífeyrisaldur og hvers konar kerfi sé um að ræða.

Austurríki.
- Karlmenn: 65 ára. Konur: 60 ára. Stighækkandi aldur fyrir konur þar til sama lífeyrisaldri verður náð á árunum 2024 til 2033.
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Belgía.
- 65 ára fyrir karlmenn og konur.
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Búlgaría.
- *Fyrsta stoð:* Skilyrði lífeyris tengjast stigakerfi þar sem stig, aldur og fjöldi tryggingarára eru tekin með í reikninginn. Núgildandi skilyrði eru: Karlmenn: 63 ára og 100 stig. Konur: 60 ára og 94 stig. Hafi einstaklingur ekki nægan stigafjölda ávinnst lífeyrisréttur eftir 15 tryggingarár, þar af verða 12 ár að byggjast á raunverulegri vinnu, og við 65 ára aldur fyrir bæði karla og konur. Sérstakar reglur eru um það hvernig tryggingartímabil eru reiknuð, þar sem 3 ár í 1. flokki vinnu eða 4 ár í 2. flokki vinnu eru talin jafngilda 5 árum í 3. flokki vinnu. Þá gilda sérákvæði um ákveðnar starfsstéttir.
  Önnur stoð: Réttur stofnast þegar hinn tryggði öðlast rétt til almenns lífeyris samkvæmt fyrstu stoð. Hægt er að sækja um lífeyri úr Viðbótarskyldutryggingarsjóðnum fimm árum áður en lífeyrisaldri er náð svo fremi sem fjárhæðin sem safnast hefur á reikning viðkomandi sé fullnægjandi til að veita bætur sem jafngilda lágmarkslífeyri fyrir tryggingu og elli.
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi) fyrir einstaklinga sem fæddir eru fyrir 1. janúar 1960 og blandað kerfi (gegnumstreymi og fjármagnað) fyrir einstaklinga sem fæddir eru eftir 31. desember 1959 og fyrir þá sem starfa í 1. og 2. atvinnuflokki.

Kýpur.
- 65 ára fyrir karlmenn og konur. 63 ára fyrir námuverkamenn.
- Grunnlífeyrir Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).
  Viðbótarlífeyrir: Að hluta til fjármagnað.

Tékkland.
- Karlmenn: 62 ára. Konur: Veltur á fjölda barna sem viðkomandi hefur alið upp: Engin börn; 60 ára og 8 mánaða. Eitt barn; 59 ára og 8 mánaða. Tvö börn; 58 ára og 8 mánaða. Þrjú eða fjögur börn; 57 ára og 8 mánaða. Fimm eða fleiri börn; 56 ára og 8 mánaða.
  Lífeyrisaldur hækkar um 2 mánuði fyrir karlmenn og 4 mánuði fyrir konur á hverju ári þar til lífeyrisaldur er orðinn 65 ár fyrir karla og konur með eitt barn og 62 til 64 ára fyrir konur með tvö eða fleiri börn (beinist að einstaklingum sem fæddir eru eftir 1968).
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Danmörk.
- Félagslegur lífeyrir (almannatryggingar): 65 ára.
  Viðbótarlífeyrir (vinnumarkaðstengdur lífeyrir, ATP): 65 ára.
- Félagslegur lífeyrir (almannatryggingar): Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).
  Viðbótarlífeyrir (atvinnutengdur viðbótarlífeyrir, ATP): Fjármagnað.

Eistland.
- Árið 2010: Karlmenn: 63 ára. Konur: 61 ára. Lífeyrisaldur hækkar smám saman og skal vera jafnhár fyrir karla og konur árið 2016, 63 ára.
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Finnland.
- Lífeyrir almannatrygginga: 65 ára
  Lögbundinn tekjugrundvallaður lífeyrir: Á aldrinum 63 til 68 ára samkvæmt ákvörðun viðkomandi einstaklings. Lægri lífeyrisaldur fyrir opinbera starfsmenn.
- Almennur lífeyrir: Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).
  Lögbundinn tekjugrundvallaður lífeyrir: Blandað kerfi, að hluta til fjármagnað, að hluta til gegnumstreymi.
  Hlutalífeyrir: Gegnumstreymi.

Frakkland.
- Almennt kerfi fyrir launþega: 60 ára.
  Viðbótarkerfi fyrir launþega og stjórnendur: 65 ára, mögulegt að hefja töku lífeyris við 60 ára aldur ef fullur grunnlífeyrir var veittur.
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Þýskaland.
- 67 ára (lögbundinn lífeyrisaldur). Lög um aðlögun lífeyrisaldurs að lýðfræðilegri þróun og styrkingu grundvallaratriða fjármögnunar lögbundnu lífeyristryggingannna frá 20. apríl 2007 kveða á um að lögbundinn lífeyrisaldur skuli smám saman hækka upp í 67 ára aldur frá 2012 til 2019 fyrir þá sem fæddir eru 1947 og síðar. Fyrst bætist við einn mánuður á ári (65 til 66) og síðan tveir mánuðir á ári (66 til 67) Fyrir þá sem fæddir eru eftir 1963 er lífeyrisaldurinn 67 ára. Tryggðir einstaklingar geta hætt störfum við 65 ára aldur án skerðingar á lífeyri hafi viðkomandi lokið 45 árum með greiðslu skyldubundinna gjalda vegna vinnu og umönnunar og tímabila með barnaumönnun upp að 10 ára aldri barnsins.
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Grikkland.
- Einstaklingar tryggðir fyrir 1993: Karlmenn: 65 ára. Konur: 60 ára.
  Einstaklingar tryggðir eftir 1993: Karlmenn: 65 ára. Konur: 65 ára.
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Ungverjaland.
- *Fyrsta og önnur stoð*: Fyrir bæði kyn: 62 ára aldur árið 2009. Lífeyrisaldur hækkar smám saman (um hálft ár fyrir hvern aldurshóp) frá 2010 upp í 65 ára aldur árið 2022

fyrir þá sem fæddir eru 1957 og síðar. Fyrstu einstaklingarnar sem þessi hækkun snertir eru þeir sem fæddir eru 1952.
– *Fyrsta stoð:* Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).
Önnur stoð: Fjármagnað.

Ísland.
– 67 ára.
– Lífeyrir almannatrygginga: Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).
Lögbundnir lífeyrissjóðir: Fjármagnað að fullu.

Írland.
– Ríkislífeyrir: 65 ára.
Ríkislífeyrir (iðgjalda): 66 ára.
– Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Ítalía.
– Einstaklingar tryggðir fyrir árið 1996: Karlmenn: 65 ára. Konur: 65 ára.
Lífeyrisgreiðslur hefjast 1. júlí fyrir þá sem ná lífeyrisaldri á fyrsta ársfjórðungi sama ár, 1. október fyrir þá sem ná lífeyrisaldri á öðrum ársfjórðungi sama ár, 1. janúar árið eftir fyrir þá sem ná lífeyrisaldri á þriðja ársfjórðungi undanfarandi ár og 1. apríl árið eftir fyrir þá sem ná lífeyrisaldri á fjórða ársfjórðungi undanfarandi ár.
Einstaklingar með örorku sem nemur a.m.k. 80% og blindir einstaklingar: Karlmenn 60 ára, konur 55 ára.
Einstaklingar tryggðir frá 1996: Sami lífeyrisaldur og fyrir þá sem tryggðir voru fyrir 1996.
– Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Lettland.
– Karlar og konur: 62 ára.
– *Fyrsta þrep*: Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).
Annað þrep: Fjármagnað.

Liechtenstein.
– *Fyrsta og önnur stoð*: Karlar og konur: 64 ára (eftir aðlögunartímabil árið 2009) .
Í annarri stoð er hægt að velja annan lífeyrisaldur, svo fremi sem lífeyrisáætlun sem er a.m.k. jafngild sé látin í té.
– *Fyrsta stoð*: Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).
Önnur stoð: Fjármagnað.

Litháen.
– Karlar: 62,5 ára. Konur: 60 ára.
– Samtímafjármögnun (gegnumstreymi) og söfnunarfjármögnun.

Lúxemborg.
– 65 ára.
– Almennt kerfi fyrir fjármögnun iðgjaldalífeyris.

Malta.
- Einstaklingar fæddir fyrir 1. janúar 1952: Karlar: 61 ára. Konur: 60 ára. Þær hafa val um að hætta störfum 61 árs óski þær þess.
  Einstaklingar fæddir árin 1952 til 1955: Karlar og konur: 62 ára.
  Einstaklingar fæddir árin 1956 til 1958: Karlar og konur: 63 ára.
  Einstaklingar fæddir árin 1959 til 1961: Karlar og konur: 64 ára.
  Einstaklingar fæddir 1. janúar 1962 og síðar: Karlar og konur. 65 ára.
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Noregur.
- 67 ára.
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Pólland.
- Konur: 60 ára. Karlar: 65 ára.
- *Fyrsta stoð*: Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).
  Önnur stoð: Fjármagnað að fullu.

Portúgal.
- 65 ára.
- Samtímafjármögnun og sjóður.

Rúmenía.
- Ellilífeyrir: Munur á lífeyrisaldri karla og kvenna helst:
  Karlar: 63 ára og 9 mánaða 1. janúar 2010, hækkar í 65 ára árið 2014.
  Konur: 58 ára og 9 mánaða 1. janúar 2010, hækkar í 60 ára árið 2014.
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Slóvakía.
- Ellilífeyrir: 62 ára. Þessum lífeyrisaldri verður náð árið 2014 fyrir alla aldurshópa.
- *Fyrsta stoð*: Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).
  Önnur stoð: Fjármagnað.

Slóvenía.
- Fullur lögbundinn lífeyrisaldur er 61 ár fyrir konur og 63 ár fyrir karla.
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Spánn.
- 65 ára.
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi) og tilurð eins stöðugleika sjóðs fyrir allt almannatryggingakerfið.

Svíþjóð.
- Sveigjanlegur lífeyrisaldur frá 61 árs aldri. Hægt er að vinna eftir 67 ára aldur með samþykki vinnuveitanda.
- Blandað kerfi: Að hluta gegnumstreymi og að hluta til fjármagnað.

Sviss.
- *Fyrsta stoð* (grunnkerfi) og *önnur stoð* (lögbundið lágmark): Karlar: 65 ára. Konur: 64 ára.
- *Fyrsta stoð* (grunnkerfi): Gegnumstreymi kerfi með bótasjóð (jöfnunarsjóður).
  Önnur stoð (lögbundið lágmark): Fjármagnað að fullu.

Holland.
- 65 ára.
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Bretland.
- Lífeyrisaldur ríkisins: Karlar: 65 ára. Konur: 60 ára. Hækkar smám saman í 65 ár tímabilið 2010 til 2020.
- Samtímafjármögnun (gegnumstreymi).

Bandaríkin.
- Einstaklingar fæddir 1943–1954: 66 ára. Hækkar smám saman í 67 ára aldur árið 2027. Einstaklingar fæddir 1960 og síðar: 67 ára.
- Fólk á vinnumarkaði greiðir tryggingagjöld. Ákveðin stig ávinnast árlega.

Kanada.
- Almennur lífeyrir: 65 ára eða eldri.
- Almennur lífeyrir. Ríkissjóður, af skatttekjum.
  Tekjugrundvallaður lífeyrir: Gegnumstreymi með varasjóð fyrir fjárhagslegar sveiflur.

Kína.
- Grunnlífeyristrygging (leiðbeiningar ríkisins): Karlar: 60 ára. Sérmenntaðar konur: 60 ára. Konur, launþegar/ófaglærðar: 55 ára. Aðrir hópar kvenna: 50 ára.
- Almannatryggingakerfi ekki til staðar. Sveitarfélög og vinnuveitendur aðlaga leiðbeiningar ríkisins að staðháttum. Séreignasjóður lögbundið. Fjármagnað með gjöldum af tekjum.

3. *Hvert var atvinnuleysi í framangreindum ríkjum á árabilunum:*
   a. *1990–2000,*
   b. *2001–2005,*
   c. *2006–2010?*

Að því er varðar Evrópuríkin er byggt á upplýsingum frá Eurostat, (http://epp.eurostat.ec.europa.eu). Þær upplýsingar ná einungis aftur til ársins 1998 og því vantar tölur fyrir árin 1990–1997. Upplýsingarnar fyrir Bandaríkin byggjast á tölum frá Bureau of Labour Statistics, (www. bls.gov/cps) og upplýsingarnar fyrir Kanada eru fengnar af heimasíðu Human Resources and Skills Development Canada, (www. hrsdc.gc.ca). Því miður liggja ekki fyrir upplýsingar frá Kína.

	1990–2000	2001–2005	2006–2010	Elstu tölur
Austurríki	4,9%	4,8%	4,7%	1998
Bandaríkin	5,6%	5,5%	6,8%	1990
Belgía	8,2%	7,8%	8,0%	1999
Bretland	5,8%	488,0%	6,2%	2000
Búlgaría	18,7%	16,5%	8,2%	2000
Danmörk	5,5%	5,4%	5,4%	1999
Eistland	14,6%	11,1%	9,4%	2000
Finnland	11,3%	9,5%	7,9%	1998
Frakkland	11,4%	8,8%	8,9%	1998
Grikkland	12,1%	11,0%	9,6%	1998
Holland	3,3%	3,8%	3,8%	2000
Írland	4,8%	4,2%	7,2%	2000
Ísland	3,7%	2,9%	4,6%	1990
Ítalía	11,7%	9,1%	7,6%	1998
Kanada	9,3%	7,3%	6,8%	1990
Kína				
Kýpur	N/A	5,5%	5,5%	2005
Lettland	N/A	11,2%	11,1%	2002
Litháen	N/A	13,5%	9,3%	2002
Lúxemborg	N/A	4,4%	4,9%	2003
Malta	N/A	7,0%	6,9%	2002
Noregur	3,5%	3,9%	3,1%	2000
Pólland	14,5%	19,8%	10,9%	1999
Portúgal	5,2%	5,8%	8,8%	1998
Rúmenía	8,5%	8,8%	7,2%	1999
Slóvakía	15,7%	19,0%	12,6%	1998
Slóvenía	7,3%	6,8%	6,0%	1999
Spánn	17,0%	11,2%	12,9%	1998
Svíþjóð	N/A	6,0%	7,6%	2001
Tékkland	8,0%	8,2%	6,5%	1998
Ungverjaland	7,2%	6,3%	8,9%	1999
Þýskaland	N/A	11,5%	9,0%	2005

454. Nefndarálit [302. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna sameiningar ráðuneyta, sbr. lög nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Þórhallsson og Unni Kristínu Sveinbjarnardóttur frá forsætisráðuneyti.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á heitum ráðherra og ráðuneyta í ýmsum lögum til samræmis við nýsamþykkt lög nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, sem mæla fyrir um stofnun innanríkisráðuneytis á grunni dómsmála- og mannréttinda-

ráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, og stofnun velferðarráðuneytis á grunni félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis.

Nefndin fjallaði um frumvarpið sem felur ekki í sér efnislegar breytingar eða tilfærslu verkefna milli ráðuneyta. Innanríkisráðuneytið fær öll verkefni dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og velferðarráðuneytið fær öll verkefni félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Vigdís Hauksdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álitinu.

Alþingi, 3. des. 2010.

Róbert Marshall, form., frsm. Atli Gíslason. Mörður Árnason.

Birgir Ármannsson. Valgerður Bjarnadóttir. Álfheiður Ingadóttir.

Sigurður Kári Kristjánsson. Þráinn Bertelsson.

455. Tillaga til þingsályktunar [358. mál]

um samstarf um eftirlit og björgunarstörf á hafinu umhverfis Ísland.

Flm.: Jón Gunnarsson, Ásbjörn Óttarsson, Kristján Þór Júlíusson, Tryggvi Þór Herbertsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja viðræður við nágrannaþjóðir okkar og vinaþjóðir innan Atlantshafsbandalagsins um aukið samstarf um eftirlit og björgunarstörf á því hafsvæði sem telst til yfirráðasvæðis íslenska ríkisins.

Greinargerð.

Brotthvarf varnarliðsins markaði mikil tímamót og þrátt fyrir varnarsamning okkar við Bandaríkin berum við ríkar skyldur og á herðum okkar hvílir mikil ábyrgð. Stjórnvöld lögðu fram metnaðarfulla stefnu um hvernig við gætum rækt eftirlits- og björgunarhlutverk okkar með sóma á því stóra hafsvæði sem okkur tilheyrir. Efling Landhelgisgæslu Íslands gegndi lykilhlutverki í þeim áformum og strax var ráðist í löngu tímabæra smíði á öflugu varðskipi, endurnýjun á flugvél og áform um eflingu þyrluflota voru ákveðin í samvinnu við Norðmenn. Það lá fyrir að þetta væru nauðsynleg skref, en áður hafði varnarliðið verið órjúfanlegur þáttur í erfiðum leitar- og björgunaraðgerðum til lands og sjávar hér við land. Ljóst má vera að ekki verður hægt að fylgja eftir þeirri metnaðarfullu áætlun sem fyrir liggur og því verður að leita allra mögulegra leiða í samstarfi við nágranna- og vinaþjóðir um aukið samstarf í eftirlits- og öryggismálum á því hafsvæði sem hér um ræðir.

Engin raunveruleg hernaðarógn er á því svæði þar sem Ísland liggur. Það kemur m.a. fram í auknu mikilvægu samstarfi sem er á milli aðildarþjóða Atlantshafsbandalagsins og Rúss-

lands. Sú jákvæða þróun mála gefur tilefni til að endurskoða þann farveg sem mál voru sett í við brotthvarf varnarliðsins.

Atlantshafsbandalagið hefur í ríkari mæli en áður horft til verkefna sem teljast ekki til hernaðarlegra verkefna í hefðbundnum skilningi. Bandalagið hefur búið sig undir vaxandi þátttöku í borgaralegum verkefnum, svo sem eftirliti, björgunar- og hjálparstörfum. Það er vel að svo vel tækjum búinn og skipulagður mannafli sé nýttur til annarra verkefna en hernaðarlegra þegar almennt horfir friðvænlega hjá bandalagsþjóðum. Ógnir gagnvart bandalagsþjóðum hafa breyst og þótt hernaðarógnin sé minni þá stafar m.a. mikil ógn af hryðjuverkaöflum sem hika ekki við að beita ógnvænlegum vopnum. Eftir því sem borgarasamfélög hafa eflst er ógn vegna náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta, flóða eða manngerðra hamfara, orðin meiri en áður var.

Með þessari þróun leggur Atlantshafsbandalagið áherslu á að auka samstarf borgaralegra og hernaðarlegra afla bandalagsríkjanna til að bregðast við þegar þær aðstæður skapast sem geta verið ógn við öryggi og stöðugleika bandalagsríkja. Með því fást aukin tækifæri á víðtækara samstarfi við borgaralegar stofnanir, svo sem Landhelgisgæslu Íslands sem gegnir lykilhlutverki í eftirliti og björgunarmálum á hafsvæðinu umhverfis Ísland.

Með aukinni skipaumferð um okkar hafsvæði eykst til muna mikilvægi legu landsins. Því fylgir aukin hætta m.a. á hryðjuverkastarfsemi og slysum sem við verðum að vera undirbúin til að takast á við. Ábyrgðarhlutverk okkar gagnvart eftirliti, björgunar- og hjálparstarfi mun aukast mikið við þá þróun sem er fyrirsjáanleg á þessum vettvangi. Í dag eru skip þegar farin að sigla þessa leið og því væntanlega ekki langt að bíða að hröð þróun eigi sér stað í þessum flutningum.

Björgunar- og eftirlitsgeta á því stóra hafsvæði sem um ræðir er og verður ófullnægjandi þrátt fyrir að nýtt varðskip sé væntanlegt á næsta ári. Ný fullkomin flugvél Landhelgisgæslunnar hefur vissulega bætt ástandið töluvert og gefur aukna möguleika á samstarfi um eftirlit langt út fyrir það hafsvæði sem tilheyrir Íslandi. Fyrirséð er að ekki verður í næstu framtíð hægt að fjárfesta í þeim þyrlukosti sem nauðsynlegur er. Einnig verður að líta til þess að hjá okkar næstu nágrönnum, í Færeyjum og á Grænlandi, er staða þessara mála mun slakari en hér á landi.

Í Færeyjum er eingöngu staðsett ein björgunarþyrla með mjög takmarkaða getu og lítið varðskip. Á Grænlandi er ekkert varðskip með fasta viðveru og engin björgunarþyrla sem brugðist getur við óhöppum á sjó. Danir hafa reglulega á svæðinu varðskip með lítilli björgunarþyrlu sem vissulega er til bóta en getur engan veginn talist fullnægjandi. Danski flugherinn hefur aftur yfir að ráða mjög öflugum þyrlum sem mundu gerbreyta þessari stöðu væru þær staðsettar í Færeyjum og Suður-Grænlandi.

Vegna þess sem hér er rakið er nauðsynlegt að hefja viðræður við nágrannaþjóðir okkar og vinaþjóðir innan Atlantshafsbandalagsins um aukið samstarf til að tryggja eftirlit og öryggi á því mikilvæga hafsvæði sem um ræðir.

456. Svar [30. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um skattrannsóknir og skatteftirlit.

Til svars við fyrirspurninni óskaði ráðherra eftir upplýsingum frá embættum skattrannsóknarstjóra, ríkisskattstjóra og yfirskattanefnd. Svörum þeirra er haldið aðgreindum eftir embættum.

1. *Hver var heildarhækkun á opinberum gjöldum árlega á tímabilinu 2000–2009 í kjölfar skattrannsókna og skatteftirlits, sundurliðað eftir lögaðilum, einstaklingum og tegundum skattsvika? Hve hátt hlutfall er það af skatttekjum og áætluðum skattsvikum og hver er hlutur stórfyrirtækjaeftirlits ríkisskattstjóra?*

a) Skattrannsóknarstjóri:

Ár	Heildargjaldabreytingar (kr.)	Lækkun yfirfæranlegs taps (kr.)
2009	201.268.208	66.173.382
2008	351.542.236	193.026.939
2007	422.598.779	87.198.235
2006	360.956.489	1.707.831.413
2005	522.956.856	201.089.598
2004	1.658.498.228	145.309.267
2003	345.502.725	579.085.363
Samtals	**3.863.323.521**	**2.979.714.197**

Heildargjaldabreytingar til lækkunar hjá skattrannsóknarstjóra í kjölfar kæru á úrskurðum ríkisskattstjóra í skattrannsóknarmálum nema alls 257.991.540 kr. á umræddum árum. Nettóhækkun gjaldabreytinga nemur því alls 3.605.331.981 kr.

Mál er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins sæta ekki öll endurákvörðun skattstofna í kjölfar rannsóknar. Á það einkum við um þann málaflokk sem varðar vanhöld á greiðslu virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda, eða svonefnt vörslufé. Þá sæta mál ekki endurákvörðun í kjölfar rannsóknar hafi verið staðin skil á leiðréttum skattskilagögnum til skattstjóra/ríkisskattstjóra undir rannsókn máls og skattar endurákvarðaðir á grundvelli þeirra gagna. Þá eru dæmi þess að í stað endurákvörðunar skattstofna sé sett fram skaðabótakrafa að hálfu ríkissjóðs við meðferð refsimáls fyrir dómi. Þá er ávallt nokkuð um lækkanir í rannsóknarmálum sökum þess að rannsóknarþolar hafa sætt áætlun skattstofna áður en til rannsóknar kemur.

Heildarfjárhæð fésekta hjá dómstólum, yfirskattanefnd og skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna skattalagabrota í kjölfar rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er eftirfarandi á árunum 2000–2009 eftir að tekið hefur verið tillit til álagsbeitingar til frádráttar við sektarákvörðun:

Ár	Dómstólar (kr.)	YSKN (kr.)	SRS (kr.)	Samtals (kr.)
2009	770.675.000	319.910.000	52.830.000	1.143.415.000
2008	850.811.000	126.560.000	82.620.000	1.059.991.000
2007	314.501.387	193.830.000	93.370.000	601.701.387
2006	542.954.323	234.425.000	95.330.000	872.709.323
2005	575.150.000	174.570.000		749.720.000
2004	364.552.000	82.210.000		446.762.000

Ár	Dómstólar (kr.)	YSKN (kr.)	SRS (kr.)	Samtals (kr.)
2003	493.836.000	96.580.000		590.416.000
2002	118.958.000	172.625.000		291.583.000
2001	233.468.008	127.075.000		360.543.008
2000	84.700.000	42.110.000		126.810.000
Samtals	**4.349.605.718**	**1.569.895.000**	**324.150.000**	**6.243.650.718**

Ekki er unnt að svara með vissu hve hátt hlutfall gjaldabreytinga í kjölfar skattrannsóknar eru af heildarskattsvikum, þar sem erfitt er að meta heildarskattsvik vegna margra óvissuþátta. Á árunum 2000–2009 hefur einu sinni verið gerð úttekt á umfangi skattalagabrota. Í skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi frá því í desember 2004. Samkvæmt henni var áætlað að „tapaðar skatttekjur sem hlutfall af heildarskatttekjum“ opinberra aðila væru á bilinu 7–11,5%. Sé horft til þeirrar áætlunar nema hækkanir í kjölfar rannsóknar litlu broti af ætluðum töpuðum tekjum.

b) Ríkisskattstjóri:

Í eftirfarandi töflu er að finna upplýsingar um heildarhækkun á opinberum gjöldum á tímabilinu 2000–2009 í kjölfar aðgerða eftirlitseininga skattstjóra og ríkisskattstjóra. Í töflunni er einnig að finna upplýsingar um lækkun á yfirfæranlegu tapi.

Ár	Heildargjaldabreytingar (kr.)	Lækkun yfirfæranlegs taps (kr.)
2009	2.874.536.891	1.269.105.760
2008	2.734.027.541	8.813.397.305
2007	1.635.902.563	1.046.268.849
2006	2.980.316.314	628.380.576
2005	1.251.410.275	592.634.787
2004	692.506.968	66.846.334
2003	398.173.652	95.784.929
2002	463.605.555	77.661.798
2001	293.267.357	19.076.247
2000	348.611.441	18.168.516
Samtals	**10.797.821.666**	**11.358.219.341**

Á árunum 2000–2004 voru starfræktar þrjár eftirlitseiningar á landinu. Eftirlitsskrifstofa skattstjórans í Reykjavík sem annaðist skatteftirlit í Reykjavíkurumdæmi, eftirlitsdeild skattstjórans í Reykjanesumdæmi sem annaðist skatteftirlit í því umdæmi og skatteftirlit ríkisskattstjóra sem annaðist skatteftirlit á landsbyggðinni.

Á árinu 2004 ákvað fjármálaráðherra breytingar á tilhögun skatteftirlits á landsbyggðinni. Samkvæmt ákvörðun ráðherra skyldi skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra annast skatteftirlit í Norðurlandsumdæmi vestra og Austurlandsumdæmi auk eigin umdæmis. Þá skyldi skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi annast skatteftirlit í Vestfjarðaumdæmi, Suðurlandsumdæmi og Vestmannaeyjaumdæmi auk eigins umdæmis. Með breytingunum var skatteftirlit ríkisskattstjóra lagt niður og verkefni þess flutt til fyrrnefndra eftirlitsdeilda á landsbyggðinni.

Þessar breytingar tóku formlega gildi 1. október 2004. Samhliða þessum breytingum og árangursstjórnunarsamningi ríkisskattstjóra við fjármálaráðuneytið var stofnuð sérstök eftirlitsdeild við embætti ríkisskattstjóra. Markmiðið með stofnun deildarinnar var að byggja upp sérhæfða þekkingu á öllum helstu sviðum skatteftirlitsmála og sinna sértækum eftirlitsverkefnum. Deildin hóf starfsemi um mitt ár 2005.

2. *Hver var árlegur fjöldi mála hjá skattyfirvöldum á tímabilinu 2000–2009, sundurliðað eftir uppruna, afgreiðslu og embættum (a. skattrannsóknarstjóra ríkisins, b. ríkisskattstjóra, skattstjórum og stórfyrirtækjaeftirliti, c. yfirskattanefnd)?*

a) Skattrannsóknarstjóri:

Heildarfjöldi mála sem lokið er með skýrslu í kjölfar rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, lagt upp í kjölfar skoðunar eða eftir atvikum rannsóknar eða framsend skattstjóra/ríkisskattstjóra til meðferðar er eftirfarandi á árunum 2000–2009:

Ár	Skattsvik	Vanskil	Form-brot	Lagt upp/ framsent	Samtals
2009	47	76	0	142	265
2008	73	76	0	82	231
2007	84	75	0	208	367
2006	84	72	0	210	366
2005	54	78	0	138	270
2004	46	103	1	222	372
2003	58	96	8	59	221
2002	31	99	2	248	380
2001	36	81	0	244	361
2000	13	44	0	194	251
Samtals	**526**	**800**	**11**	**1.747**	**3.084**

Hér eru mál greind í almenn skattsvik (vanframtaldir skattstofnar), vanskil (vanræksla á greiðslu vörslufjár) og formbrot (vanræksla á skilum skattskilagagna). Til viðbótar framangreindu eru 6.729 mál á umræddum árum frá ársreikningaskrá vegna vanrækslu á skilum á ársreikningum til opinberrar birtingar.

Uppruni mála sem afgreidd voru hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins á árunum 2000–2009 er eftirfarandi:

Ár	Skattstjórar	RSK	SRS	RLS	Ábending	Samtals
2009	44	1	99	103	18	265
2008	32	8	117	53	21	231
2007	73	11	171	79	33	367
2006	80	7	154	83	42	366
2005	35	6	111	80	38	270
2004	55	15	81	167	54	372
2003	39	2	67	45	68	221
2002	153	15	58	85	69	380
2001	121	18	91	76	55	361
2000	45	10	49	117	30	251
Samtals	**677**	**93**	**998**	**888**	**428**	**3.084**

Til ábendinga teljast mál sem berast með öðrum hætti en frá skattstjórum/ríkisskattstjóra eða ríkislögreglustjóra eða eiga uppruna sinn hjá embættinu sjálfu. Þar falla undir t.a.m. ábendingar frá almenningi, innheimtumönnum ríkissjóðs, hagsmunaaðilum o.fl. Allar ábendingar er berast embættinu eru skoðaðar og metnar af sérstöku teymi innan embættisins. Sé ákvörðun tekin um frekari aðgerðir af hálfu þess er málið fært inn á málaskrá embættisins. Heildarfjöldi ábendinga sem berast embættinu og sæta skoðun eru því mun fleiri en hér greinir. Þá koma til viðbótar áðurgreind mál frá ársreikningaskrá vegna vanrækslu á skilum á ársreikningum til opinberrar birtingar.

Heildarfjöldi mála send í refsimeðferð með vísun til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, með kröfugerð skattrannsóknarstjóra ríkisins fyrir yfirskattanefnd eða lokið með sektargerð hjá skattrannsóknarstjóra á árunum 2000–2009 er eftirfarandi, auk mála þar sem fallið er frá refsimeðferð:

Ár	RLS	YSKN	SRS	Fallið frá	Samtals
2009	55	79	27	2	163
2008	65	85	34	4	188
2007	52	48	52	10	162
2006	19	57	58	20	154
2005	31	100		45	176
2004	38	64		19	121
2003	54	44		5	103
2002	35	64		21	120
2001	24	70		6	100
2000	86	47		81	214
Samtals	**459**	**658**	**171**	**213**	**1.501**

b) Ríkisskattstjóri:

Í eftirfarandi töflu er að finna upplýsingar um fjölda mála hjá eftirlitseiningum skattstjóra og ríkisskattstjóra á árunum 2000–2009. Upplýsingum í töflunni er skipt niður í samræmi við fjölda hafinna mála, fjölda lokinna mála, fjölda mála sem lauk með gjaldabreytingu og fjölda mála sem sendur var til skattrannsóknarstjóra ríkisins eða skattstjóra til frekari meðferðar.

Ár	Hafin mál	Málum lokið	Mál m. gjaldabr.	Mál send SRS/skattstj.	Samtals
2009	1.327	1.645	631	92	3.695
2008	1.463	1.272	543	37	3.315
2007	1.370	1.466	833	28	3.697
2006	1.359	1.351	561	26	3.297
2005	1.302	1.302	490	75	3.169
2004	1.184	1.001	383	30	2.598
2003	832	832	411	37	2.112
2002	879	670	388	39	1.976
2001	518	429	477	135	1.559
2000	578	351	551	131	1.611
Samtals	**10.812**	**10.319**	**5.268**	**630**	**27.029**

c) Yfirskattanefnd:

Til skýringar á eftirfarandi töflu er vert að geta þess að skipting úrskurða í kærumálum tekur mið af því hvort úrskurður leiddi til lækkunar gjalda eða ekki. Í fyrri flokkinn eru taldir úrskurðir þar sem krafa er tekin til greina að hluta eða öllu leyti eða skattákvörðun er felld úr gildi, þ.e. úrskurður leiðir til breytinga á skattstofnum, þ.m.t. yfirfæranlegu tapi, og álögðum gjöldum. Í síðari flokkinn eru taldir úrskurðir sem staðfesta kærða skattákvörðun (kröfu kæranda hafnað að öllu leyti). Einnig falla hér undir mál sem vísað er frá yfirskattanefnd, m.a. sökum þess að kæra berst að liðnum kærufresti, svo og mál sem vísað er til skattstjóra til uppkvaðningar úrskurðar að nýju, sbr. 12. gr. laga um yfirskattanefnd.

Skipting úrskurða í sektarmálum miðast við það hvort gjaldanda er gerð sekt eða ekki. Í síðari flokkinn falla m.a. úrskurðir þar sem kröfu skattrannsóknarstjóra er vísað frá yfir-

skattanefnd sökum þess að afstaða gjaldanda til sektarmeðferðar fyrir nefndinni þykir ekki liggja fyrir.

Yfirskattanefnd 2000–2009, fjöldi afgreiddra mála og afgreiðsla þeirra.

	Kærumál			Sektarmál			Fellt niður	Alls afgr. mál
Ár	**Úrsk.**	**Lækkun**	**Annað**	**Úrsk.**	**Sekt**	**Ekki sekt**		
2009	265	114	151	76	56	20	9	350
2008	261	111	150	49	33	16	2	312
2007	300	134	166	52	41	11	9	361
2006	342	131	211	83	78	5	10	435
2005	350	147	203	58	44	14	23	431
2004	414	178	236	39	29	10	10	463
2003	354	174	180	43	36	7	14	411
2002	415	176	239	79	67	12	19	513
2001	538	261	277	74	63	11	24	636
2000	1.115	298	817	25	22	3	25	1.165
Samtals	**4.354**			**578**			**145**	**5.077**

3. *Hversu mörgum málum frá umræddu tímabili er ólokið hjá skattrannsóknarstjóra og um hvaða fjárhæðir er þar að ræða?*

Útilokað er að segja með nákvæmni hversu háar fjárhæðir er um að ræða í óloknum málum. Bæði er að rannsóknir hafa ekki hafist í sumum þeirra, rannsóknum hefur ekki miðað svo í öðrum tilfellum að segja megi til með nákvæmni um undanskot og í mörgum tilfellum er eftir að leita álits rannsóknarþola á ávirðingum. Þá eru alltaf allmargir þeirra sem ekki hafa staðið skil á staðgreiðslu og virðisaukaskatti sem koma málum sínum í lag með greiðslu að hluta eða öllu leyti eftir að rannsókn og/eða refsimeðferð af hálfu skattrannsóknarstjóra hefur hafist.

Samkvæmt málaskrá skattrannsóknarstjóra ríkisins eru þar nú skráð 261 mál; 172 almenn skattsvikamál og 25 vanskilamál auk 64 formbrotamála. Málin eru misjafnlega langt komin, sum á lokastigi rannsóknar en önnur á undirbúningsstigi.

Áætluð fjárhæð undandregins skatts vegna framangreindra mála nemur alls 6.710.240.500 kr. vegna skattsvikamála, þar af er áætlaður undandreginn stofn til fjármagnstekjuskatts alls 29.644.000.000 kr. Hefur þá ekki verið tekið tillit til mögulegra áætlana ríkisskattstjóra á skattstofnum sem þá koma til frádráttar við endurákvörðun. Áætluð fjárhæð mála vegna vangoldins vörslufjár nemur alls 460.900.000 kr. Heildarfjárhæð ætlaðra sekta nemur alls 13.625.166.950 kr. Ástæða er til að árétta að hér er um áætlun að ræða og fjárhæðir geta og munu breytast í mörgum tilvikum undir rannsókn máls til lækkunar eða hækkunar.

4. *Hvað störfuðu margir (stöðugildi) við skatteftirlit og skattrannsóknir árlega 2000–2009?*

a) Skattrannsóknarstjóri:

Heildarfjöldi ársverka hjá skattrannsóknarstjóra á árunum 2000–2009 er eftirfarandi:

Ár	Ársverk
2009	21,4
2008	20,4
2007	18,2

Ár	Ársverk
2006	22,7
2005	24,1
2004	23,3
2003	20,0
2002	20,6
2001	20,0
2000	20,0

Flest stöðugildi hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins eru vegna starfa við skattrannsóknir. Önnur stöðugildi eru stöðugildi lögfræðinga við refsimeðferð mála í kjölfar rannsóknar og við almenn skrifstofustörf auk stöðu skattrannsóknarstjóra. Í lok árs 2009 voru þannig 14,5 stöðugildi við skattrannsóknir. Stöðugildum hjá embættinu hefur nú verið fjölgað um 10, m.a. vegna þessara þungu mála sem hellst hafa yfir í kjölfar hrunsins haustið 2008.

b) Ríkisskattstjóri:

Í eftirfarandi töflu er að finna upplýsingar um fjölda stöðugilda hjá eftirlitseiningum skattstjóra og ríkisskattstjóra á árunum 2000–2009.

Ár	Ársverk
2009	32,2
2008	33,0
2007	33,7
2006	40,1
2005	37,9
2004	35,4
2003	34,7
2002	37,6
2001	36,4
2000	34,9

5. *Að hverju hafa skatteftirlit og skattrannsóknir helst beinst á árunum 2000–2009, þ.e. í hve miklum mæli:*
   a. *að fjármálafyrirtækjum og fjármálastofnunum (bönkum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum, lífeyrissjóðum o.s.frv.),*
   b. *að svonefndum skattaparadísum,*
   c. *að skilum á fjármagnstekjuskatti,*
   d. *að ólöglegum frádráttarliðum,*
   e. *að skatti af hlutabréfakaupum stjórnenda og starfsmanna (þ.e. með svokölluðum kúlulánum),*
   f. *að hlunnindum og eigin neyslu forsvarsmanna sem færð er á rekstur fyrirtækisins?*

a) Skattrannsóknarstjóri:

Að því er skattrannsóknir varðar skal tekið fram að hvorki rannsóknarþolar né rannsóknarefni hafa sérstaklega verið flokkuð með þeim hætti að unnt sé með góðu móti að svara spurningum undir þessum tölulið með fullnægjandi hætti án frekari úrvinnslu. Að því marki sem skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur svigrúm til ákvörðunar á því hvaða mál skuli sæta

rannsókn hjá embættinu hefur verið reynt að bera þar niður þar sem mest þörf hefur verið talin á hverjum tíma. Á þeim árum sem fyrirspurnin varðar, þ.e. 2000–2009, beindust skattrannsóknir einkum að málum þar sem grunur var um undandrátt tekna í atvinnustarfsemi. Nokkur breyting hefur orðið á undanfarin missiri. Er það m.a. vegna aukinnar áherslu á skattundanskot einstaklinga og vegna aukins fjölda mála er varða skattundanskot í gegnum aflandssvæði (skattaparadísir) en slík mál voru óheyrð fyrir nokkrum missirum síðan.

Í kjölfar hrunsins hefur verið aflað gagna frá bönkum og fjármálastofnunum um viðskipti bæði einstaklinga og lögaðila. Úrvinnsla þeirra gagna stendur enn yfir en rannsókn er hafin í nokkrum málum vegna gruns um undanskot fjármagnstekna. Fleiri mál bíða rannsóknar. Að því er varðar endurskoðendur, lögmenn og aðra sérfræðinga hafa skattrannsóknir í gegnum árin eftir atvikum beinst að hugsanlegri hlutdeild þeirra í brotum rannsóknarþolans vegna aðkomu þeirra að skattskilum hans. Nokkrir tugir mála vegna skattundanskota í gegnum aflandssvæði eru nú til rannsóknar. Mál vegna óheimilla frádráttarliða hafa í gegnum árin sætt rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, einkum ef frádráttur hefur verið byggður á tilhæfulausum gögnum. Mál vegna ólögmætra úttekta forsvarsmanna úr félögum hafa einnig sætt rannsókn, oft í tengslum við önnur skattalagabrot framin í rekstri lögaðila. Mál vegna kaup- og söluréttarsamninga hafa ekki sætt rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Hafa þau mál sem komið hafa upp á borð hjá embættinu verið send ríkisskattstjóra til meðferðar; á yfirstandandi ári mál á annað hundrað einstaklinga.

b) Ríkisskattstjóri:

Á árunum 2004–2009 komu 3.521 mál er varða umspurð atriði (sbr. a–e-liði hér á eftir) til skoðunar hjá eftirlitseiningum skattstjóra og ríkisskattstjóra. Upplýsingar um fjölda mála eftir uppruna á árunum 2000–2003 liggur ekki fyrir í upplýsingakerfum ríkisskattstjóra.

Skatteftirlit á árunum 2004–2009, fjöldi mála:

a. að fjármálafyrirtækjum og fjármálastofnunum	130
b. að skattaparadísum	209
c. að skilum á fjármagnstekjuskatti	1.100
d. að óheimilum frádráttarliðum	1.312
e. að skatti af hlutabréfakaupum stjórnenda og starfsmanna	217
f. að hlunnindum og eigin neyslu forsvarsmanna	553
Samtals	3.521

a. að fjármálafyrirtækjum og fjármálastofnunum (bönkum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum, lífeyrissjóðum o.s.frv.):

Á árunum 2004–2009 komu alls 130 mál er varða fjármálafyrirtæki og fjármálastofnanir (banka, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlara o.fl.) til skoðunar hjá eftirlitseiningum skattstjóra og ríkisskattstjóra.

b. að svonefndum skattaparadísum:

Á árunum 2004–2009 komu alls 209 mál er varða svonefndar skattaparadísir til skoðunar hjá eftirlitseiningum skattstjóra og ríkisskattstjóra.

c. að skilum á fjármagnstekjuskatti:

Á árunum 2004–2009 komu alls 1.100 mál er varða skil á fjármagnstekjuskatti til skoðunar hjá eftirlitseiningum skattstjóra og ríkisskattstjóra.

d. að ólöglegum frádráttarliðum:

Gert er ráð fyrir að hér sé verið að vísa til *óheimilla frádráttarliða* en ekki *ólöglegra.* Á árunum 2004–2009 komu alls 1.312 mál er varða óheimila frádráttarliði til skoðunar hjá eftirlitseiningum skattstjóra og ríkisskattstjóra.

e. að skatti af hlutabréfakaupum stjórnenda og starfsmanna (þ.e. með svokölluðum kúlulánum):

Á árunum 2004–2009 komu alls 217 mál er varða skatt af hlutabréfakaupum stjórnenda og starfsmanna til skoðunar hjá eftirlitseiningum skattstjóra og ríkisskattstjóra.

f. að hlunnindum og eigin neyslu forsvarsmanna sem færð er á rekstur fyrirtækisins:

Á árunum 2004–2009 komu alls 553 mál er varða hlunnindi og einkaneyslu forsvarsmanna félaga til skoðunar hjá eftirlitseiningum skattstjóra og ríkisskattstjóra.

6. *Hvað hafa verið kveðnir upp margir dómar í skattsvikamálum á tímabilinu 2000–2009? Hversu mörgum málum lauk með sektarúrskurði hjá yfirskattanefnd og hversu mörgum með sektarmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra (frá 2006)? Óskað er sundurgreiningar eftir tegundum skattsvika.*

Samkvæmt upplýsingum úr málaskrá hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heildarfjöldi hæstaréttardóma uppkveðinna vegna skattalagabrota á árunum 2000–2009 eftirfarandi:

Ár	Skattsvik	Vanskil	Samtals
2009	0	2	2
2008	1	1	2
2007	0	19	19
2006	2	9	11
2005	0	1	1
2004	0	0	0
2003	3	1	4
2002	1	1	2
2001	2	1	3
2000	2	8	10
Samtals	**11**	**43**	**54**

Samkvæmt upplýsingum úr málaskrá hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heildarfjöldi héraðsdóma uppkveðinna vegna skattalagabrota á árunum 2000–2009 eftirfarandi:

Ár	Skattsvik	Vanskil	Samtals
2009	23	13	36
2008	24	21	45
2007	9	13	22
2006	10	29	39
2005	14	30	44
2004	3	20	23
2003	10	11	21
2002	6	12	18
2001	17	13	30
2000	18	8	26
Samtals	**134**	**170**	**304**

Til viðbótar eru fjórir dómar kveðnir upp á árinu 2004 vegna vanskila á ársreikningum til opinberrar birtingar.

Heildarfjöldi úrskurða yfirskattanefndar vegna sektarkröfu skattrannsóknarstjóra ríkisins á árunum 2000–2009 er eftirfarandi:

Ár	Skattsvik	Vanskil	Samtals
2009	42	34	76
2008	26	23	49
2007	19	33	52
2006	18	65	83
2005	21	37	58
2004	19	20	39
2003	10	33	43
2002	9	70	79
2001	34	40	74
2000	9	16	25
Samtals	**207**	**371**	**578**

Heildarfjöldi sektargerða hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins á árunum 2000–2009 er eftirfarandi:

Ár	Skattsvik	Vanskil	Samtals
2009	8	19	27
2008	9	25	34
2007	10	42	52
2006	18	40	58
Samtals	**45**	**126**	**171**

Skattrannsóknarstjóra ríkisins var veitt lagaheimild á árinu 2006 til að ljúka refsimeðferð mála með sektargerð. Sá möguleiki var því ekki fyrir hendi vegna fyrri ára.

7. *Hvað hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins rannsakað mörg mál þar sem um hefur verið að ræða vanskil á fjármagnstekjuskatti á umræddu tímabili? Hve háar fjárhæðir voru í vanskilum í þeim tilvikum og hve mikið hefur innheimst?*

Ekki liggja fyrir hjá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins upplýsingar um fjölda mála sem sætt hafa rannsókn og varða undanskot frá fjármagnstekjuskatti vegna þeirra ára sem fyrirspurnin varðar. Má ætla að þau séu innan við tugur. Fyrirséð er að málum af þessum toga muni fjölga á næstu missirum.

8. *Hver er ábyrgð löggiltra endurskoðenda vegna rangra skila og rangra upplýsinga, af ásetningi eða af gáleysi? Eru dæmi um að löggiltir endurskoðendur hafi á umræddu tímabili sætt refsingu vegna brota á skattalögum?*

Í 5. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er kveðið á um að hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi láti skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skattframtöl annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skuli sæta refsingu skv. 1. mgr. greinarinnar. Sambærileg ákvæði eru í 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 7. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 7. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, sbr. og lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Ef um stórfellt brot er að ræða gegn fyrrgreindum lagaákvæðum getur það jafnframt varðað við 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Samkvæmt bókhaldslögum, nr. 45/1994, getur hver sem með háttsemi sinni aðstoðar bókhaldsskyldan mann eða fyrirsvarsmann lögaðila við brot sætt refsingu. Háttsemi sú sem varðað getur framangreindum refsingum er tilgreind í ákvæðum 37. og 38. gr. laganna. Þá geta endurskoðendur eða skoðunarmenn gerst sekir um refsiverð brot gegn lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, ef þeir taka að sér að framkvæma endurskoðun án þess að uppfylla hæfisskilyrði laganna, haga störfum sínum andstætt ákvæðum laganna eða í ósamræmi við góða endurskoðunarvenju eða með áritun sinni gefa rangar eða villandi upplýsingar eða láta hjá líða að geta um mikilsverð atriði er snerta rekstrarafkomu eða efnahag félagsins, sbr. 123. gr. laganna. Lög um ársreikninga hafa einnig að geyma refsiákvæði vegna hlutdeildar manna í brotum á lögunum, þ.e. aðstoði maður stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra félaga við þau brot sem lýst er í 121.–122. gr. laganna eða stuðlar að þess háttar brotum. Ef um stórfellt brot er að ræða gegn fyrrgreindum lagaákvæðum getur það jafnframt varðað við 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Ákvæði um skaðabótaskyldu endurskoðenda er að finna í lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur. Brjóti endurskoðandi gegn þeim lögum varðar háttsemi hans sektum, niðurfellingu réttinda hans eða fangelsi allt að 2 árum. Unnt væri að fara fram á niðurfellingu réttinda endurskoðanda sem gerðist sekur um skattalagabrot á grundvelli þeirra laga og almennra hegningarlaga.

Endurskoðendur eru opinberir sýslunarmenn, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, og geta sem slíkir bakað sér refsiábyrgð skv. 187. gr. almennra hegningarlaga.

Ekki er kunnugt um dóma þar sem endurskoðandi hefur vegna starfa sinna sem slíkur sætt refsingu vegna brota á skattalögum, en dæmi eru um að endurskoðendur hafi sætt ákærumeðferð vegna meintra brota. Einn úrskurður yfirskattanefndar frá árinu 2003 liggur fyrir þar sem endurskoðendum var gerð fésekt vegna brota framinna í rekstri endurskoðendafélags sem þeir voru í forsvari fyrir og einn héraðsdómur kveðinn upp á yfirstandandi ári.

457. Svar [194. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um þjónustusamninga.

1. *Hver er að mati ráðherra reynslan af:*
   a. *þjónustusamningi við Sveitarfélagið Hornafjörð um heilbrigðis- og öldrunarmál,*
   b. *þjónustusamningi við Sveitarfélagið Hornafjörð um málefni fatlaðra,*
   c. *þjónustusamningi við Vestmannaeyjabæ um málefni fatlaðra,*
   d. *sambærilegum samningum við önnur sveitarfélög, eins og Akureyrarbæ og Samtök sveitarfélaga á Norðvesturlandi?*

Reynslan er almennt góð. Það að hafa ábyrgð á öllum þáttum öldrunarþjónustu á einni hendi hefur stuðlað að uppbyggingu á ódýrari úrræðum, svo sem þjónustuíbúðum og öflugri heimahjúkrun í stað langrar legu í hjúkrunarrýmum. Þannig hefur öldruðum verið gert kleift að búa lengur á eigin heimilum en ella. Reynslan af þessum samningum á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála hefur einnig verið góð. Áhrifin koma helst fram í því að þörf fyrir langleguými hefur minnkað og einnig hafa verið teknar upp ýmsar nýjungar eins og heilsueflandi

heimsóknir til aldraðra. Einnig hafa komið fram samlegðaráhrif heimahjúkrunar og félagslegrar þjónustu þar sem upplýsingar og verkefni hafa færst á milli hjúkrunar- og félagsteyma, notendum þjónustunnar til góða auk fjárhagslegs ávinnings.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið og Sveitarfélagið Hornafjörður eru sammála um að ánægja sé með þá þjónustusamninga sem gerðir hafa verið. Fyrsti samningurinn tók gildi í janúar 1997 og sá síðasti var endurnýjaður 2007. Samningagerð og samskipti hafa alltaf gengið vel. Að mati aðila hefur ávinningur samningsaðila komið fram í því að unnt hefur verið að laga þjónustuna að aðstæðum og samþætta enn frekar við önnur þjónustukerfi, svo sem félagsþjónustu, heilbrigðisstofnun, grunn- og leikskóla. Þetta hefur skilað sér í markvissari og betri þjónustu við notendur.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið og Vestmannaeyjabær eru sammála um að reynslan af þeim þjónustusamningum sem gerðir hafa verið sé góð. Skýr meginmarkmið samningsins hafa stuðlað betur að því að samþætta þjónustu við fötluð börn og fullorðna í heimabyggð. Einnig hefur gengið vel að færa þjónustuna nær notendum og aðgangur að henni er góður. Þjónustusamningurinn hefur boðið upp á meiri skilvirkni, betri nýtingu fjármuna og aukin þjónustugæði að mati ráðuneytisins. Þekking og fjölgun fagfólks hefur byggst upp innan sveitarfélagsins. Samskipti og samvinna Vestmannaeyjabæjar og ráðuneytisins hafa verið góð.

Reynsla samningsaðila af þjónustusamningum við Akureyrarkaupstað um málefni fatlaðra hefur frá upphafi verið góð og gefið færi á fjölbreytilegum úrbótum bæði á almennri þjónustu sveitarfélagsins og sérþjónustu við fatlaða, en þó hafa fyrst og fremst skapast tækifæri til samþættingar þessara þátta við heildræna þjónustu. Aðeins hefur borið á ágreiningi um fjárhagsleg málefni en hann hefur aldrei yfirskyggt jákvæða fleti samstarfsins.

Reynslan hefur styrkt það mat Akureyrarkaupstaðar að þjónusta við fatlaða sé nærþjónusta sem best sé fyrir komið hjá sveitarfélögunum með annarri grunnþjónustu við íbúana.

Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra hefur gert þrjá þjónustusamninga við ríkið frá árinu 1999. Markmið allra samninganna hefur verið að samþætta þjónustu við fötluð börn og fullorðna í heimabyggð og fella hana eins og framast er unnt að starfsemi annarra þjónustuaðila, færa þjónustuna nær notendum og auðvelda þannig aðgengi að henni. Ráðuneytið tekur undir þá afstöðu byggðasamlagsins að unnið hefur verið út frá hugmyndafræði um heildstæða og samþætta þjónustu og að meginforsenda þess sé að þjónusta við fatlaða sé á ábyrgð sveitarfélaga.

Sveitarfélögin hafa horft til þess að losna undan fjötrum ríkjandi skipulags þar sem unnið er annaðhvort á forsendum ríkis eða sveitarfélaga, en þó innan raunsæisramma þannig að tillögur séu framkvæmanlegar og úrræði ákjósanlegri fyrir notendur. Leiðarljós við uppbyggingu þjónustu við börn og fullorðna í sveitarfélögum á Norðurlandi vestra er að koma á sveigjanlegu og skilvirku skipulagi og persónulegri þjónustu innan félags-, skóla- og frístundaþjónustu og að þjónustan sé veitt innan heimils, í skóla, vinnu eða frístundum. Jafnframt að ráðgjöfin sé skilvirk og á ábyrgð fárra aðila, sérfræðiþekking fjölþætt og áhersla lögð á þverfagleg vinnubrögð.

Reynslan er sú í stuttu máli að með þjónustusamningunum hefur náðst meiri skilvirkni, betri nýting fjármuna, fagþekking (ríkis og sveitarfélaga) og aukin þjónustugæði.

2. Hvað eru margir slíkir samningar til og um hvað fjalla þeir?

Nú eru í gildi fjórir þjónustusamningar sem ráðuneytið hefur gert við sveitarfélög og samtök þeirra, en það er við Byggðasamlagið á Norðurlandi vestra, Akureyrarkaupstað, Norður-

þing og Sveitarfélagið Hornafjörð. Árssamningur við Vestmannaeyjabæ hefur enn ekki verið undirritaður.

Ráðuneytið hefur á undanförnum árum beitt sér fyrir því að gengið sé út frá sama formi í samningum við öll þau sveitarfélög sem gerður hefur verið samningar við. Samningarnir hafa að bera mjög skýrar faglegar kröfur við framkvæmd þjónustunnar sem byggjast á tiltekinni framtíðarsýn, grundvallarsjónarmiðum og skilgreindum markmiðum. Samningarnir innihalda einnig lýsingu á þeim verkefnum sem samningsaðilum er ætlað að inna af hendi á samningstímanum, hvernig skuli staðið að söfnun upplýsinga um þjónustuþarfir notenda, greiðslum fyrir þjónustuna, umsýslu húsnæðis og loks hvernig staðið skuli að eftirliti, eftirfylgd og ágreiningi svo eitthvað sé nefnt.

3. *Hver er stefnan varðandi framhald slíkra samninga?*

Við yfirfærslu sértækrar félagsþjónustu ríkisins til sveitarfélaga um næstu áramót er gert ráð fyrir sveitarfélögin yfirtaki að fullu ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk sem ber það með sér að þjónustusamningar verða óþarfir.

458. Svar [163. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um olíuleit á Drekasvæðinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur verið athugað hvort Íslendingar geti verið í samfloti með Norðmönnum í olíuleit með hljóðbylgjurannsóknum (3D seismic search) sem Norðmenn eru nú að hefja á sínum hluta Drekasvæðisins og ef ekki, hvað er því til fyrirstöðu og hvenær er stefnt að rannsóknum á íslenska hlutanum?

Íslendingar hafa verið í góðu samstarfi við Norðmenn á öllum sviðum er varðar olíuleit á Drekasvæðinu undanfarin ár, eða frá því að samningur þjóðanna um samnýtingu Jan Mayen-hryggjarins var undirritaður árið 1981. Í kjölfarið samningsins stóðu Íslendingar og Norðmenn sameiginlega að hljóðbylgjumælingum á samningssvæðinu, árin 1985 og 1988. Þau gögn gefa góða yfirsýn yfir jarðfræði svæðisins, og samþykktu bæði löndin að trúnaði yrði aflétt af gögnunum í undanfara fyrsta útboðs sérleyfa á Drekasvæðinu. Gögnin frá 1985 og 1988 voru endurunnin af bresku fyrirtæki árið 2009 sem bætti túlkunarmöguleika þeirra mikið, einkum djúpt í jarðlögunum. Fyrirtækið InSeis, síðar Wavefield Inseis og nú CGGVeritas, stóð að hljóðbylgjumælingum á Drekasvæðinu árin 2001 og 2008, en þessar mælingar voru gerðar með nýrri og betri mælitækjum en fyrri mælingar. Einnig gerði TGS-NOPEC hljóðbylgjumælingar á suðurjaðri útboðssvæðisins árið 2002. Mælingarnar frá 2001, 2002 og 2008 voru gerðar af fyrirtækjum sem fengu leitarleyfi á svæðinu, og eru skilmálar leyfanna m.a. að Orkustofnun fái afhent öll gögn til varðveislu og eigin túlkunar. Gögnin eru bundin trúnaði í tíu ár og því styttist í að opnað verði aðgengi að fyrstu gögnunum. Sambærilegar mælingar á vegum einkafyrirtækja Noregs megin á Jan Mayen-hryggnum eru ekki heimilar eins og staðan er í dag, þar sem Norðmenn hafa ekki opnað svæðið fyrir olíuleit, og því munu norsk stjórnvöld sjálf standa að væntanlegum mælingum á svæðinu þar til að því kemur að svæðið verður opnað.

Samstarf Íslendinga og Norðmanna hefur haldið áfram eftir nokkurt hlé í kjölfar þess að Ísland hóf undirbúning fyrir útboð rannsóknar- og vinnsluleyfa á Drekasvæðinu. Sameiginleg yfirferð hefur staðið yfir vegna undirbúnings fyrir næsta útboð sem fram fer 1. ágúst - 31. desember 2011, og einnig vegna sameiginlegra rannsókna á svæðinu, en nýverið lauk rannsóknarleiðangri Árna Friðrikssonar á Jan Mayen-svæðinu þar sem safnað var kjarnasýnum úr yfirborði hafsbotnsins, bæði Íslands og Noregs megin við markalínuna. Leiðangurinn stóð yfir frá 17. ágúst til 15. september sl. Neðsti hluti sýnanna var djúpfrystur og sendur til greiningar á ummerkjum um olíu og gas til Noregs, en megnið af kjörnunum verður rannsakað af jarðfræðingum við Háskóla Íslands. Með mælingum á lífrænum efnum í dýpsta hluta kjarnanna er hægt að sýna fram á hvort gas eða önnur kolvetni sem greinast í sýnunum hafi myndast við niðurbrot baktería á lífrænum leifum eða hvort um sé að ræða hitaummynduð kolvetni, ættuð úr móðurbergi dýpra í jarðlögunum. Í seinni hluta leiðangursins var stór hluti af Jan Mayen-hryggnum kortlagður Noregs megin við markalínuna, en sá hluti leiðangursins er einvörðungu fjármagnaður af Norðmönnum á meðan hinn hlutinn var fjármagnaður að hluta til af Norðmönnum og hluta til af Orkustofnun. Leiðangurinn heppnaðist vel og tókst að safna kjörnum frá 30 stöðum á svæðinu auk þess sem kortlagðir voru rúmlega 13 þúsund ferkílómetrar. Náið samstarf verður áfram við Norðmenn um Jan Mayen-svæðið og fullt samráð milli ríkjanna, sérstaklega varðandi öryggis- og umhverfiskröfur borana á íslensku og norsku hafsvæði.

Kortlagningin sem gerð var í umræddum leiðangri er mikilvægur þáttur í rannsóknum á norska hluta svæðisins og mun skipulagning næstu leiðangra m.a. byggjast á þeim gögnum. Íslendingar eru komnir mun lengra en Norðmenn í undirbúningi olíuleitar á Drekasvæðinu en ólíkt Íslendingum eiga Norðmenn eftir að framkvæma umhverfismat áætlana og hafa Íslendingar boðið fram aðstoð sína við þá vinnu. Norðmenn hafa tilkynnt að þeir munu jafnframt safna nýjum hljóðendurvarpsmælingum á svæðinu en ekki hefur verið ákveðið hvenær þær mælingar munu fara fram.

Samstarfi við Norðmenn verður haldið áfram og þegar ákvörðun um hljóðbylgjurannsóknir á Jan Mayen-svæðinu liggur fyrir mun iðnaðarráðuneytið kanna hvort hægt verður að taka þátt í því verkefni eins og gert var nú í ágúst.

459. Frumvarp til laga [359. mál]

um farþegagjald og gistináttagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að afla tekna til að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsóttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Jafnframt að afla tekna til þess að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins.

2. gr.

Farþegagjald.

Greiða skal í ríkissjóð farþegagjald fyrir hvern farþega um borð í flugförum og farþegaskipum, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Farþegagjald skal innheimt samkvæmt eftirfarandi gjaldbilum eftir vegalengd þeirrar ferðar sem farin er.

Lengd ferðar	Fjárhæð
0–500 km	65 kr.
500–1000 km	130 kr.
1000–2000 km	195 kr.
2000–3000 km	260 kr.
3000–4000 km	325 kr.
4000 km og yfir	390 kr.

Farþegagjalds skal getið í verði farseðils eða í skriflegri yfirlýsingu sé farsamningur rafrænn.

3. gr.

Gistináttagjald.

Greiða skal í ríkissjóð gistináttagjald af hverri seldri gistinótt eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Ein gistinótt telst vera seldur sólarhringur í gistingu fyrir hvern einstakling.

Gistináttagjald skal nema 100 kr. fyrir hverja gistinótt á hótelum, sbr. 3. mgr. 8. gr., en 50 kr. fyrir hverja gistinótt á annars konar gististöðum.

Tilgreina skal gistináttagjald á sölureikningi eða greiðslukvittun og myndar gjaldið stofn til virðisaukaskatts.

4. gr.

Undanþágur.

Undanþegin gjaldi skv. 2. eða 3. gr. eru börn innan tveggja ára aldurs, áhafnir loftfara og farþegaskipa, þeir sem viðkomu hafa á millilandaflugvelli samkvæmt farseðli eða ígildi hans milli annarra Evrópulanda og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum eða skipum á vegum herafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins. Undanþegnir gjaldi skv. 2. gr. eru farþegar með ferjum og flóabátum í áætlunarferðum enda komi ferjan í stað þjóðvegasambands og rekstur hennar njóti styrks samkvæmt vegalögum nr. 80/2007.

Einstaklingar á aldrinum tveggja til tólf ára skulu greiða helming farþegagjalds skv. 2. gr. eða gistináttagjalds skv. 3. gr.

5. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

Öllum þeim sem í atvinnuskyni flytja farþega með loftförum eða farþegaskipum innan lands eða frá Íslandi til annarra landa ber skylda til að standa skil á farþegagjaldi skv. 2. gr.

Öllum þeim sem selja gistingu á gististöðum skv. 3. gr. laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, og leyfisskyldir eru skv. 7. gr. sömu laga, ber skylda til að innheimta og standa skil á gistináttagjaldi skv. 3. gr.

Undanþegnir gjaldskyldu skv. 1. og 2. mgr. eru þeir sem uppfylla skilyrði 3. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Gjaldskyldir aðilar skv. 2. mgr., sbr. 3. mgr. 6. gr., skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um gjaldskylda starfsemi áður en starfsemi hefst.

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir gjaldskylda aðila skv. 2. mgr., sbr. 3. mgr. 6. gr.

6. gr.

Álagning og innheimta farþegagjalds vegna farþega um borð í farþegaskipi.

Tollstjóri skal innheimta farþegagjald vegna farþega sem ferðast frá landinu með farþegaskipum við komu farþegaskips til hafnar miðað við þá vegalengd sem skipið á eftir að sigla til næstu hafnar samkvæmt áætlun skipsins og fjölda farþega.

Ef farþegaskip í millilandaförum hefur hér viðkomu í fleiri en einni höfn er heimilt að gera upp allt gjaldið í fyrstu höfn og miða gjaldtökuna við áætlun skipsins.

Ríkisskattstjóri annast álagningu farþegagjalds vegna farþega sem ferðast með farþegaskipum í reglubundnum áætlunarferðum innan lands. Rekstraraðilar farþegaskipa í reglubundnum áætlunarferðum innan lands skulu ótilkvaddir skila skýrslu, á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Farþegagjaldi skal skila til ríkissjóðs eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi til næsta virka dags á eftir.

7. gr.

Innheimta farþegagjalds vegna farþega um borð í loftfari.

Vegna farþega sem ferðast með loftfari innan lands eða frá Íslandi til annarra landa skal farþegagjald innheimt við brottför flugfars.

Farþegagjald vegna farþega sem ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis loftförum sem ekki er flogið á áætlunarleiðum skal greiða rekstraraðilum flugvallar fyrir brottför loftfars.

Farþegagjald vegna farþega sem ferðast með áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum skal greiða rekstraraðilum flugvallar eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

Rekstraraðilar flugvalla skulu 10. hvers mánaðar skila innheimtumanni ríkissjóðs greiddum farþegagjöldum vegna mánaðarins á undan ásamt skýrslu yfir fjölda farþega í þeim mánuði.

8. gr.

Álagning gistináttagjalds.

Þeir sem gjaldskyldir eru skv. 2. mgr. 5. gr. skulu tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína.

Ríkisskattstjóri annast álagningu gistináttagjalds skv. 3. gr. Gjaldskyldir aðilar skulu greiða gistináttagjald fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við fjölda seldra gistinátta.

Hótel skv. 3. gr. telst hver sá gististaður þar sem gestamóttaka er opin allan sólarhringinn, morgunverður er framreiddur og fullbúin snyrting fylgir hverju herbergi. Við skilgreiningu á því hvaða gististaðir teljist til hótela og hverjir til annarra gististaða skal jafnframt litið til skilgreiningar 3. gr. laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Uppgjörstímabil gistináttagjalds skal vera tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember. Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga skulu gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 5. mgr. 5. gr., ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu yfir fjölda gistinátta á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu gjaldsins.

Skýrslur vegna gistináttagjalds skulu vera á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

9. gr.
Viðurlög.

Sé farþegagjaldi eða gistináttagjaldi ekki skilað á réttum tíma skal álag vera 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé gjaldi ekki skilað innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er.

Heimilt er innheimtumanni að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur þess er eigi gerir skil á réttum gjalddaga þar til skil eru gerð, m.a. með því að setja skrifstofur, starfsstöðvar, gistirými og flutningstæki hans undir innsigli.

10. gr.
Ýmis ákvæði.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, eftirlit, upplýsingaskyldu, viðurlög, kærur og aðra framkvæmd varðandi farþegagjald eða gistináttagjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

11. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara, svo sem nánari ákvæði um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag, efni skýrslu, og ákvörðun siglingar- og flugvegalengda.

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í fjármálaráðuneytinu í kjölfar tillagana vinnu nefndar um umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu sem fjármálaráðherra skipaði 18. september 2009. Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar var henni ætlað að kanna grundvöll þess að leggja á umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu sem eiga að renna til uppbyggingar þjóðgarða og annarra fjölsóttra og friðlýstra áningarstaða ferðamanna og til eflingar ferðaþjónustu. Nefndin skilaði skýrslu sinni til fjármálaráðherra 16. mars 2010 þar sem lagt var til að gistináttagjald yrði fyrir valinu en að jafnframt yrði skoðað frekar að taka upp blandaða leið á milli gistináttagjalds og farþegagjalds. Nefndin skoðaði jafnframt kosti og galla við að leggja gjaldið á sem hluta af tryggingargjaldi, að leggja á aðgangsgjald að völdum stöðum eða að leggja farþega-

gjald eingöngu á flug og farþegaskip. Í skýrslu nefndarinnar segir: „Eftir að hafa vegið og metið framangreinda valkosti gerir nefndin það að tillögu sinni að gistináttagjald verði valið til að ná umræddu markmiði. Jafnframt telur nefndin það heppilegt að taka upp blandaða leið með gistinátta- og farþegagjaldi. Slíkt mundi breikka gjaldstofninn og dreifa gjaldtökunni á sanngjarnan hátt á innlenda og erlenda ferðamenn auk þess sem gjaldið yrði lægra en ella.“ Hins vegar segir nefndin að ákveðnir framkvæmdalegir annmarkar séu á farþegagjaldinu sem þyrfti að leysa áður farið væri út í slíka gjaldtöku. Á nefndin þar við að vegna ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er óheimilt að miða gjaldtökuna eingöngu við ferðamenn sem ferðast til og frá landinu. Innanlandsflug þyrfti því jafnframt að vera innifalið. Ef miðað er við að gjaldið yrði ein föst krónutala þá mundi gjaldtakan leggjast mun þyngra á innanlandsferðir. Í fyrsta lagi er þetta vegna þess að hlutfall gjaldsins í verði farmiða yrði mun hærra á ferðir innan lands. Í öðru lagi mundi gjaldið leggjast mun þyngra á hverja ferð ferðamanns innan lands. Þannig þyrfti ferðamaður sem ferðast til útlanda eingöngu að greiða einu sinni, þ.e. við brottför frá landinu, en sá sem ferðast innan lands mundi greiða gjaldið tvisvar, þ.e. við brottför bæði fram og til baka.

Nokkrir annmarkar eru á gistináttagjaldi. Gjaldskyldir aðilar eru mjög margir sem gæti gert það erfiðara en ella að hafa eftirlit með gjaldinu og talið er að mikið sé um svarta atvinnustarfsemi í greininni. Útgangspunktur nefndarinnar við vinnu sína var að finna hagkvæma leið til innheimtu á þeim grundvelli að þeir njóti sem greiði og í þeim skilningi hentar gistináttagjald nokkuð vel. Hins vegar hentar farþegagjaldið betur til innheimtu þar sem hinir gjaldskyldu aðilar eru fáir sem gerir það að verkum að eftirlit með innheimtunni verður auðveldara og ódýrara.

Eftir að hafa skoðað framangreindar tillögur nefndarinnar er lagt til að tekin verði upp blönduð leið þar sem gjald verði bæði lagt á gistinætur og farþega en þó þannig að farþegagjaldið taki mið af vegalengd ferðarinnar sem skattlögð er. Með því eru neikvæð áhrif á ferðir með skipum og flugförum innan lands takmörkuð.

Gjaldtakan hefur verið kynnt Samtökum ferðaþjónustunnar og hefur samtökunum verið gefinn kostur á að koma athugasemdum og tillögum að. Samtök ferðaþjónustunnar áttu jafnframt sæti í framangreindri nefnd og haldinn hefur verið fundur með félagsmönnum samtakanna þar sem sjónarmið þeirra varðandi fyrirhugaða gjaldtöku komu fram. Þeir hagsmunaaðilar sem um ræðir eru ferðamenn, flugfélög, gististaðir og þeir sem flytja farþega með farþegaskipum.

Reiknað er með að gjaldtakan eins og hún er lögð fram í frumvarpinu geti skilað um 400 millj. kr. miðað við farþegatölur með skemmtiferðaskipum, farþegaskipum og flugförum og fjölda gistinátta á árinu 2009. Þar af er reiknað með að 13 millj. kr. innheimtist vegna innanlandsflugs, 21 millj. kr. vegna skemmtiferðaskipa og Norrænu, um 182 millj. kr. vegna millilandaflugs og um 184 millj. kr. vegna gistinátta. Á vegum ríkisstjórnarinnar hefur farið fram sú stefnumörkun, sbr. markmiðsákvæði laganna, að þær tekjur sem innheimtast samkvæmt lögunum muni útdeilast á fjárlögum að ⅗ hlutum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og ⅖ hlutum til ráðstöfunar fyrir þjóðgarða og friðlýst svæði.

Nefndina skipuðu Ólafur Örn Haraldsson formaður, skipaður af fjármálaráðherra, Helga Haraldsdóttir skrifstofustjóri, skipuð samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra, Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir skrifstofustjóri, skipuð samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra, Ingibjörg G. Guðjónsdóttir ferðamálafræðingur, skipuð samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar, Árni Bragason líffræðingur, skipaður samkvæmt tilnefningu samtaka á sviði náttúruverndar, og Guðjón Bragason sviðsstjóri, skipaður samkvæmt tilnefningu Samtaka

íslenskra sveitarfélaga. Starfsmaður nefndarinnar var Ögmundur Hrafn Magnússon, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu. Árni Bragason og Guðjón Bragason skiluðu sérálherslum fyrir hönd samtaka á sviði náttúruverndar og Sambands íslenskra sveitarfélaga en voru þó í meginatriðum sammála meiri hluta nefndarinnar. Ingibjörg G. Guðjónsdóttir skilaði séráliti fyrir hönd Samtaka ferðaþjónustunnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er gerð tillaga að markmiðsákvæði laganna. Samkvæmt greininni er markmið þeirra að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsóttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Jafnframt að afla tekna til þess að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins. Ráðstöfun tekna, sem innheimtar verða á grundvelli laganna, mun verða í samræmi við markmiðsákvæðið. Iðnaðarráðherra hefur lagt fram frumvarp, samhliða þessu frumvarpi, um stofnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða sem mun fá til ráðstöfunar á fjárlögum ⅗ hluta teknanna og í framhaldinu ákvarða hvernig þeim fjármunum verði ráðstafað. Því sem eftir stendur verður ráðstafað af fjárlögum til þjóðgarða og friðlýstra svæða.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að greiða skuli í ríkissjóð farþegagjald fyrir hvern farþega um borð í flugförum og farþegaskipum. Í greininni er lögð til fjárhæð gjaldsins. Málefnalegt þykir að fjárhæðin verði hærri eftir því sem ferð er lengri. Hlutfall gjaldsins verður því ekki hlutfallslega hærra í styttri ferðum en lengri þar sem styttri ferðir eru alla jafna ódýrari.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um að greiða skuli gistináttagjald af hverri seldri gistinótt. Ein gistinótt er skilgreind sem einn seldur sólarhringur í gistingu fyrir hvern einstakling. Skilgreining laganna á hugtakinu gistinótt er því sú sama og í hagtölum.

Með greininni er jafnframt kveðið á um fjárhæð gistináttagjaldsins, sem skal nema 100 kr. fyrir hverja gistinótt á hótelum en 50 kr. vegna gistingar á annars konar gististöðum.

Um 4. gr.

Með greininni er kveðið á um undanþágur frá greiðslu gjaldanna en þeir sem eru undanþegnir eru börn innan tveggja ára aldurs, áhafnir loftfara og farþegaskipa, þeir sem einungis hafa viðkomu á millilandaflugvelli og þeir sem ferðast með loftförum eða skipum á vegum herafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins. Jafnframt er kveðið á um að farþegar á aldrinum tveggja til tólf ára greiði helming gjaldsins. Við aldurstilgreiningu er gert ráð fyrir að barn sé annaðhvort undir tveggja ára eða tólf ára aldri þegar ferðin er farin.

Í greininni er jafnframt lagt til að farþegar með ferjum og flóabátum verði undanþegnir gjaldinu enda njóti rekstur ferjunnar styrks samkvæmt vegalögum og ferjan komi stað þjóðvegasambands.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til að gjaldskyldir aðilar verði annars vegar þeir sem flytja farþega með loftförum eða farþegaskipum innan lands eða frá Íslandi til annarra landa en hins vegar allir þeir sem selja gistingu á gististöðum skv. 3. gr. laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gisti-

staði og skemmtanahald, og leyfisskyldir eru skv. 7. gr. sömu laga. Í 3. gr. laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, eru gististaðir bæði flokkaðir og skilgreindir.

Samkvæmt athugasemdum um 3. gr. frumvarps þess sem varð að fyrrgreindum lögum er með gistingu átt við hvers kyns gistingu, hvort sem er í sérstöku húsnæði sem hannað er til slíkrar starfsemi, svo sem á hóteli, gistiheimili og gistiskálum, eða á einkaheimilum, sem afmarkast við lögheimili leyfishafa eins og það er skilgreint í lögum. Jafnframt fellur hér undir útleiga íbúða, sumarhúsa og annars konar húsnæðis þar sem gisting er boðin gegn endurgjaldi. Samkvæmt þessu fellur sala á tjaldsvæði ekki undir skilgreiningu laganna.

Með greininni er jafnframt lagt til að þeir sem selja gistingu eða ferðir undir ákveðinni fjárhæð á ári, sbr. 3. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, verði undanþegnir gjaldskyldu skv. 1. mgr. Er þetta lagt til til að auðvelda eftirlit og fækka smáum eftirlitsskyldum aðilum.

Með greininni er jafnframt lagt til að gjaldskyldir aðilar verði skráningarskyldir. Er ákvæðið samhljóða 3. mgr. 6. gr. laga nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta.

Um 6. gr.

Lagt er til að tollstjóri innheimti farþegagjald af farþegaskipum í millalandasiglingum. Vegna farþegaskipa í millilandasiglingum, skemmtiferðaskipa og Norrænu er lagt til að tollstjóri innheimti gjöldin við komu skipsins með öðrum gjöldum sem innheimta ber á þeim tímapunkti en almennt greiða slík skip ekki nein gjöld við brottför. Skemmtiferðaskip sem koma til landsins sigla gjarnan til tveggja eða þriggja hafna í hverri komu. Styttri leggir ferðarinnar, t.d. ferð skemmtiferðaskips frá Reykjavík til Akureyrar, er jafnframt gjaldskyld sem ein ferð. Hér er lagt til að öll farþegagjöld, þ.e. bæði vegna styttri ferða innan lands og lengri ferða úr landi, verði greidd í einu við komu í fyrstu höfn. Við útreikning verði þá farið eftir áætlun skipsins. Tollstjóri getur síðan gert ferðina upp eftir á og endurgreitt gjöld ef ofgreitt er og innheimt það sem upp á vantar ef vangreitt er. Gert er ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um það í reglugerð hvernig meta skuli siglingarvegalengdir ef skipstjóri telur sér ófært að gefa vegalengd upp.

Lagt er til að ríkisskattstjóri sjái um eftirlit með gjaldinu vegna farþega í áætlunarferðum farþegaskipa.

Gert er ráð fyrir að farþegagjaldi sé skilað eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

Um 7. gr.

Með greininni er nánar kveðið á um fyrirkomulag innheimtu gjaldsins í tilfelli farþega sem ferðast innan lands eða til og frá Íslandi með flugförum. Greinin er sambærileg 8. og 9. gr. laga, nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, fyrir utan að gert er ráð fyrir að rekstraraðilar flugvalla innheimti gjaldið í stað flugmálastjórnar. Rekstraraðilar flugvalla koma til með að innheimta farþegagjald á sama tíma og önnur gjöld.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að ríkisskattstjóri annist eftirlit með skilum á gistináttagjaldi. Jafnframt eru lögð til uppgjörstímabil og er þar notast við sömu tímabil og gilda um virðisaukaskatt til þess að samræmi sé þar á milli. Gert er ráð fyrir að gistináttagjaldi sé skilað samtímis virðisaukaskatti. Farþegaflutningar eru ekki virðisaukaskattsskyldir og er því ekki notast við sömu upp-

gjörstímabil þegar farþegagjaldi er skilað. Vegna farþegagjalds er miðað við þá gjaldfresti sem rekstraraðilum eru veittir við skil á flugvallargjaldi og varaflugvallargjaldi.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um þau úrræði sem innheimtumanni er heimilt að grípa til ef gjaldinu er ekki skilað á réttum tíma. Greinin er í meginatriðum samhljóða 2. mgr. 27. gr. og 1. og 3. mgr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Um 10. gr.

Með greininni er lögð til reglugerðarheimild fyrir ráðherra.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekið verði upp annars vegar farþegagjald og hins vegar gistináttagjald sem lagt verði á bæði innlenda og erlenda ferðamenn. Þessi áform byggjast á vinnu og tillögum nefndar um umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu. Tekjum af gjaldinu er ætlað að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsóttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að farþegagjald verði lagt á hvern farþega um borð í flugförum og farþegaskipum. Gjaldið verði mishátt eftir því hversu langa vegalengd farið fer. Gert er ráð fyrir að rekstraraðilar flugvalla innheimti gjaldið vegna flugfara, tollstjóri innheimti það vegna farþegaskipa í millilandaferðum og að ríkisskattstjóri sjái um álagningu gjaldsins vegna farþegaskipa í reglubundnum áætlunarferðum innan lands.

Gert er ráð fyrir að gistináttagjald verði lagt á hverja selda gistinótt fyrir hvern einstakling. Miðað er við að innheimta og álagning gjaldsins verði með sama hætti og í virðisaukaskatti.

Áætlað er að samtals muni gjöldin tvö koma til með að afla ríkissjóði 400 m.kr. á ársgrundvelli og er þá miðað við fjölda farþega með skemmtiferðaskipum, farþegaskipum og flugförum og fjölda gistinátta á árinu 2009. Þótt ekki sé beinlínis um að ræða mörkun teknanna í frumvarpinu er gert ráð fyrir, í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda um þessi málefni, að veitt verði framlag í fjárlögum sem svari til 3/5 hluta teknanna, eða 240 m.kr., til nýs Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, en tillögur um að honum verði komið á fót eru lagðar fram í öðru lagafrumvarpi. Þá verði veitt framlög í fjárlögum sem svari til 2/5 hluta teknanna, eða 160 m.kr. til þjóðgarða og friðlýstra svæða sem heyra undir umhverfisráðuneytið og forsætisráðuneytið.

Vegna álagningar farþegagjalds má gera ráð fyrir einhverjum auknum kostnaði hjá tollstjóra vegna aðlögunar á tölvukerfum, auk auglýsinga- og kynningarefnis. Áætlað hefur verið

að einskiptis stofnkostnaður vegna þessa gæti verið allt að 4 m.kr. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að innheimta gjaldsins hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir embættið. Gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóri annist álagningu gistináttagjalds og farþegagjalds vegna farþegaskipa í reglubundum áætlunarferðum innan lands. Álagning og innheimta gistináttagjalds verður með svipuðum hætti og á við um eftirlit með virðisaukaskatti. Farþegaskip eru hins vegar ekki virðisaukaskattsskyld og gæti það leitt til einhvers aukins kostnaðar vegna innheimtu. Ekki hefur verið lagt mat á hvað það gæti orðið mikið en það ætti þó að geta rúmast innan núverandi fjárheimilda. Áætlað hefur verið að einskiptis stofnkostnaður hjá ríkisskattstjóra vegna breytinga á tölvukerfum, útgáfu skýrslu og leiðbeiningar- og kynningarefnis geti orðið allt að 10 m.kr. Gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóri gæti þurft að bæta við sem samsvarar einu stöðugildi vegna eftirlits og annarrar umsýslu með gjaldinu. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að eftirlitsdeild virðisaukaskatts annist eftirlit með gjaldinu. Reiknað er með að rekstraraðilar flugvalla innheimti farþegagjald vegna flugfara samhliða öðrum gjöldum sem innheimt eru á flugvöllunum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er þannig gert ráð fyrir að þessari auknu tekjuöflum verði allri ráðstafað til aukinna útgjalda á sviði ferðamála og þjóðgarða og að afkoma ríkissjóðs verði óbreytt að því leyti. Þá falli til einskiptis stofnkostnaður vegna innleiðingar gjaldtökunnar geti orðið allt að 14 m.kr. og að árlegur rekstrarkostnaður ríkisskattstjóra geti aukist sem samsvarar einu stöðugildi sérfræðings. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár. Gert er ráð fyrir að innheimta gjaldanna hefjist 1. september 2011 en fyrirhugað er að fyrsta árið sem þessi gjöld verða innheimt verði veitt framlag í fjárlögum sem svarar til 14 m.kr. af tekjunum til að mæta tímabundnum stofnkostnaði viðkomandi innheimtuaðila þannig að útgjöldin vegna lagasetningarinnar verði ekki umfram tekjurnar.

460. Svar [223. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um hagsmuni á Norðuríshafssvæðinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur ríkisstjórnin áform um að beita sér fyrir auknu samstarfi eða samningi milli Íslands, Kanada, Noregs, Grænlands, Bandaríkjanna og Færeyja um sameiginlega hagsmuni á Norðuríshafssvæðinu, svo sem um náttúruauðlindir, samgöngur, vísindastarf, rannsóknir og menningarmál? Hverjir telur ráðherra að væru helstu sameiginlegu hagsmunir þessara landa ef af slíku samstarfi yrði?

Já. Ríkisstjórnin hefur unnið ötullega að auknu samstarfi þessara ríkja og annarra norðurslóðaríkja. Málefni norðurslóða eru lykilháherslumál í utanríkisstefnu Íslands eins og fram kom í skýrslu ráðherra um utanríkismál til Alþingis og ræðu ráðherra af sama tilefni 14. maí síðastliðinn. Í samræmi við þær áherslur hefur utanríkisráðherra lagt fram þingsályktunartillögu á yfirstandandi þingi um stefnu Íslands á norðurslóðum sem miðar að því að standa vörð um hagsmuni og efla samstarf við önnur ríki og hagsmunaaðila um málefni svæðisins,

þar á meðal öll þau lönd sem nefnd eru sérstaklega í fyrirspurninni. Ítarleg greinargerð fylgir tillögunni sem fer nú til meðferðar þingsins.

Rík áhersla verður áfram lögð á að efla og styrkja Norðurskautsráðið. Helstu sameiginlegu hagsmunir þessara landa eru til umfjöllunar í ráðinu og öll aðildarríki Norðurskautsráðsins, einnig þau sem fyrirspurnin tekur ekki til, þ.e. Finnland, Rússland og Svíþjóð, telja mikilvægt að styrkja starfsemi ráðsins frá því sem nú er. Innan ráðsins er m.a. fjallað um sameiginleg hagsmunamál sem lúta að vernd náttúru og vistkerfa, nýtingu auðlinda og snerta umhverfi, loftslag og samfélög á svæðinu svo sem viðbrögð við umhverfisógnum, siglingar, leit og björgun, menningarsamstarf, heilbrigðismál og líffræðilegan fjölbreytileika. Fyrirséð er að ríki á norðurslóðum þurfa að eiga náið samráð um þróun og áhrif kolefnavinnslu, siglinga og fiskveiða á norðurslóðum.

Auk þess að beina kröftum að styrkingu Norðurskautsráðsins er sérstök áhersla Íslands að styrkja og auka samstarf við Færeyjar og Grænland með það fyrir augum að efla hag og pólitískt vægi landanna þriggja. Má þar nefna Høyvíkursamninginn um fríverslun við Færeyjar sem dæmi. Löndin hafa átt farsælt samstarf á sviði viðskipta, ferða- og menningarmála. Hugsanleg olíuvinnsla á Austur-Grænlandi og í tengslum við Drekasvæðið kallar á náið samstarf grænlenskra og íslenskra stjórnvalda um uppbyggingu ýmiss konar þjónustustarfsemi og viðbrögð við mögulegri umhverfisvá. Með sama hætti hefur tvíhliða samstarf og samráð Íslands við Bandaríkin, Kanada og Noreg, sem og önnur ríki Norðurskautsráðsins, í auknum mæli snúið að sameiginlegum hagsmunum á norðurslóðum.

Utanríkisráðuneytið hefur eflt tvíhliða samstarf og samningagerð við önnur ríki og hagsmunaaðila um málefni sem ekki er fjallað um á vettvangi Norðurskautsráðsins eða snúa að sérhagsmunum ríkja. Hér má t.d. nefna hið svokallaða grannríkjasamstarf Íslands við Danmörku, Noreg og Kanada á sviði öryggis- og varnarmála en það lýtur m.a. að leit og björgun á norðurslóðum. Þá fylgjast íslensk stjórnvöld náið með áhrifum hlýnandi sjávar á göngur fiskistofna og munu freista þess að ná hagkvæmum samningum við önnur ríki um að tryggja Íslendingum sanngjarna hlutdeild í hefðbundnum og nýjum fiskistofnum í ljósi breyttra umhverfisskilyrða. Að lokum má nefna að unnið er að samningi um leit og björgun á norðurskautssvæðinu á vettvangi Norðurskautsráðsins.

461. Fyrirspurn [360. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um umhverfisstefnu.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hver er umhverfisstefna ráðuneytisins og hvernig er henni framfylgt?

462. Fyrirspurn [361. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um útblástur gróðurhúsalofttegunda í sjávarútvegi og landbúnaði.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hver er útblástur gróðurhúsalofttegunda í sjávarútvegi og landbúnaði og hvernig skiptist hann?
2. Til hvaða aðgerða hefur ráðuneytið gripið til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og notkun jarðefnaeldsneytis í sjávarútvegi og landbúnaði?

Skriflegt svar óskast.

463. Fyrirspurn [362. mál]

til heilbrigðisráðherra um heimilislækna.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hvað starfa margir heimilislæknar á landinu, í hversu mörgum stöðugildum og hvað vantar marga heimilislækna til að fylla stöðugildin? Svar óskast sundurliðað eftir heilsugæslustöðvum.

Skriflegt svar óskast.

464. Fyrirspurn [363. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um námskeið fyrir þá sem sæta akstursbanni.

Frá Valgerði Bjarnadóttur.

1. Hefur ráðuneytinu borist beiðni um endurgreiðslu kostnaðar við sérstakt námskeið fyrir þá sem sæta akstursbanni skv. 106. gr. a umferðarlaga, í samræmi við niðurstöðu álits umboðsmanns Alþingis nr. 5234/2008 frá 31. desember 2009?
2. Ef svo er, hver voru viðbrögð ráðuneytisins við erindinu?
3. Hvaða ráðstafanir hefur ráðuneytið gert varðandi framkvæmd þessara sérstöku námskeiða í framhaldi af áliti umboðsmanns?

Skriflegt svar óskast.

465. Svar [126. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um verðtryggð lán íslenskra heimila og fyrirtækja.

1. *Hve mikið hafa verðtryggð lán íslenskra heimila hækkað síðan 1. febrúar 2009, í krónum annars vegar og prósentum hins vegar, vegna skattahækkana og annarra aukinna álagna af hálfu ríkisins sem hafa áhrif á vísitölu neysluverðs?*

Áhrif skattahækkana á vísitölu neysluverðs eru um 1,26% frá febrúar 2009 til október 2010 samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands. Það þýðir að verðtryggð lán íslenskra heimila hækkuðu sem því nemur. Samkvæmt skýrslu sérfræðingahóps um skuldavanda heimilanna voru verðtryggð fasteignalán heimilanna um 1.236 milljarðar kr. 1. október 2010 og því nemur hækkunin um 15,6 milljörðum kr. á tímabilinu. Almenn vörugjöld eru ekki meðtalin þar sem Hagstofan greinir áhrif þeirra ekki með beinum hætti í vísitölunni.

2. *Hve mikið hafa verðtryggð lán íslenskra fyrirtækja hækkað síðan 1. febrúar 2009, í krónum annars vegar og prósentum hins vegar, vegna skattahækkana og annarra aukinna álagna af hálfu ríkisins sem hafa áhrif á vísitölu neysluverðs?*

Áhrif skattahækkana á vísitölu neysluverðs eru um 1,26% frá febrúar 2009 til október 2010 samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands. Það þýðir að verðtryggð lán fyrirtækja hækkuðu sem því nemur. Samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands voru verðtryggð lán fyrirtækja og eignarhaldsfélaga um 205 milljarðar kr. í lok september 2010 og því nemur hækkunin um 2,6 milljörðum kr. á tímabilinu. Almenn vörugjöld eru ekki meðtalin þar sem Hagstofan greinir þau ekki með beinum hætti í vísitölunni.

466. Fyrirspurn [364. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um umferð og vegtolla.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hversu mikil er umferð að meðaltali á degi hverjum á:
   a. þjóðvegi 41 (Reykjanesbraut),
   b. Suðurlandsvegi til Selfoss, og
   c. Vesturlandsvegi að Hvalfjarðargöngum?
2. Hvar í heiminum er GPS-tækni notuð til vegtollunar?

Skriflegt svar óskast.

467. Fyrirspurn [365. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um úttektir á umferðaröryggi.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hvaða jarðgöng hérlendis hafa sætt úttekt með tilliti til umferðaröryggismála? Hvaða jarðgöng hafa ekki sætt slíkri úttekt og hvers vegna?
2. Mun Ísland taka þátt í umferðaröryggisúttekt Sameinuðu þjóðanna: „Decade of Action for Road Safety“? Ef svo er, hvert mun þá framlag Íslendinga verða?
3. Hvaða samgöngubætur hafa verið gerðar á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2000, sundurliðað eftir árum?
4. Hvaða staðlar og viðmiðanir eru lagðar til grundvallar ákvörðunum sænskra umferðaryfirvalda til að gera 2+2 vegi annars vegar og 2+1 vegi hins vegar?

Skriflegt svar óskast.

468. Fyrirspurn [366. mál]

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um kostnað við vegagerð og tekjur af samgöngum.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hvað hefur lagning þjóðvegar 41 (Reykjanesbrautar) kostað íslenska ríkið, framreiknað frá upphafi framkvæmda, sundurliðað eftir framkvæmdaárum?
2. Hvað kostuðu Héðinsfjarðargöng, framreiknað frá upphafi framkvæmda, sundurliðað eftir framkvæmdaárum?
3. Hversu miklar tekjur fær íslenska ríkið af samgöngum og samgöngutækjum að meðaltali á ári hverju, sundurliðað eftir flokkum?

Skriflegt svar óskast.

469. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd, Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Reyni Grétarsson og Rakel Sveinsdóttur frá Creditinfo, Ástu Sigrúnu Helgadóttur og Lovísu Ósk Þrastardóttur frá umboðsmanni skuldara, Vilhjálm Bjarnason frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Margréti Steinarsdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Snorra Olsen og Eddu Símonardóttur frá tollstjóranum í Reykjavík, Tryggva Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón Ingvar Pálsson frá Innheimtustofnun sveitarfélaga, Ólaf Arinbjörn Sigurðsson frá Logos, Gísla G. Hall frá Lögmannafélagi Íslands, Pál Kristjánsson frá Félagi atvinnurekenda, Guðrúnu Finnborgu Þórðardóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Gísla Tryggvason frá talsmanni neytenda, Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði Íslands og Ásu Ólafsdóttur lektor.

Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtökum Íslands, Creditinfo, dómstólaráði, embætti tollstjóra, Félagi atvinnurekenda, Fjármálaeftirlitinu, Hagsmunasamtökum heimilanna, Íbúðalánasjóði, Logos slf., lögmannsþjónustu, Lögmannafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Neytendasamtökunum, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, talsmanni neytenda, umboðsmanni skuldara og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérregla um fyrningarfrest á þeim kröfum eða þeim hluta krafna sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti. Lagt er til að fyrningarfrestur verði sá sami án tillits til þess um hvers konar kröfu er að ræða, þ.e. tvö ár. Sami frestur verði látinn gilda um kröfur sem ekki hefur verið lýst við skiptin, nema þær fyrnist á skemmri tíma samkvæmt almennum reglum um fyrningu.

Að auki er gert ráð fyrir að ekki verði unnt að slíta fyrningunni, hvort sem kröfu hefur verið lýst eða ekki, innan þessa tveggja ára frests nema í undantekningartilfellum, en til þess þurfi lánardrottinn að höfða mál fyrir dómstólum.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið og athugasemdir umsagnaraðila á fundum sínum.

Réttaráhrif gjaldþrots.

Nefndin fjallaði einnig um styttingu fyrningarfrest í tengslum við önnur úrræði og þá sérstaklega greiðsluaðlögun og tekur í því sambandi fram að á þeim er grundvallarmunur. Gjaldþrot er neyðarúrræði sem hefur þau réttaráhrif að allar eignir skuldara/þrotamanns eru teknar til skipta. Gjaldþrotaskipti eru því fullnustugerð með það að markmiði að skipta eignum skuldara með kröfuhöfum, tryggja að eignir og skuldir bús skuldara séu sannreyndar, bókhald og löggerningar þrotamanns séu rannsakaðar. Þá verða við gjaldþrotaskipti virkar reglur laganna um riftun ýmissa löggerninga þrotamanns. Þrotamaður ber áfram ábyrgð á þeim skuldum sem ekki fást greiddar við gjaldþrotameðferðina.

Samkvæmt lögum um fyrningu kröfuréttinda getur fyrningartími krafna verið mismunandi, þ.e. fjögur ár, tíu eða tuttugu ár. En algengasti fyrningarfrestur kröfuréttinda er fjögur ár.

Skilyrði fyrningarslita.

Sérstakir hagsmunir.

Nefndin fjallaði sérstaklega um það ákvæði frumvarpsins í 2. mgr. 1. gr. sem mælir fyrir um það hvernig unnt sé að rjúfa fyrningu krafna sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti og falla undir ákvæðið um tveggja ára fyrningarfrest. Í greininni er gert ráð fyrir að heimilt verði í undantekningartilfellum að rjúfa fyrningu með dómi, þ.e. kröfuhafi verður að sýna fram á sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu og enn fremur að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma. Verði fallist á slíka kröfu fyrir dómi tæki fyrningartími mið af almennum fyrningarreglum frá lokum skipta.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að við mat á því hvort um sérstaka hagsmuni kröfuhafa sé að ræða skuli horfa til þess af hvaða rót kröfurnar eru runnar, þ.e. hvort krafan hefur orðið til með saknæmri eða ámælisverðri háttsemi. Nefndin tekur í því sambandi fram að kröfur verða til með lögmætum hætti en geta stafað af ólögmætum eða saknæmum athöfnum. Í greinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir að ekki sé um tæmandi talningu að ræða og enn fremur að hér sé um undantekningarákvæði að ræða sem beri þar af leiðandi að túlka þröngt. Undir þetta geta t.d. fallið tildæmdar skaðabætur vegna saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi.

Fyrir nefndinni komu fram fjölmargar athugasemdir um að það væri ekki nægilega skýrt í greinargerð frumvarpsins við hvað er átt með sérstökum hagsmunum og komu fram ábendingar um að nota mætti til viðmiðunar að hvorki hafi verið stofnað til skuldanna á óheiðarlegan hátt né að niðurfellingin gæti talist óhæfileg þegar litið er til annarra skuldara eða hagsmuna almennings almennt. Þannig gætu viðmiðin átt við kröfur sem óhæfilegt gæti verið gagnvart öðrum skuldurum eða samfélaginu sjálfu að veita skamma fyrningu. Það getur t.d. átt við kröfur sem stofnað hefur verið til vegna óhóflegrar neyslu og fjárráða vegna óhæfilegra arðgreiðslna, óhóflegra kaupauka og annarra slíkra ósiðlegra athafna án þess þó að það geti hafa talist ámælisvert að leggja í skuldsetninguna sjálfa miðað við þau fjárráð sem viðkomandi hefur haft. Meiri hlutinn telur að við mat dómstóla á því hvort undanþágan eigi við sé rétt að líta til þessara sjónarmiða.

Nefndin ræddi einnig hvort leggja ætti til að um tilteknar kröfur, svo sem þær sem greiðsluaðlögun nær ekki til, sbr. lög um greiðsluaðlögun, og fást ekki greiddar við gjaldþrotaskipti, gildi ekki þessi tveggja ára fyrningarfrestur þannig að ekki þurfi að leita til dómstóla til að rjúfa fyrningu á þeim með tilheyrandi kostnaði. Nefndin skoðaði í því sambandi kröfur sem greiðsluaðlögun tekur ekki til en það eru m.a. forgangskröfur við gjaldþrotaskipti, svo sem kröfur um viðbótarmeðlag til barns. Nefndin fjallaði einnig um hvort undanþiggja ætti skattkröfur þessum styttri fyrningarfresti, þ.e. kröfur um vangoldinn virðisaukaskatt eða afdregna staðgreiðslu, en telur að þegar litið er til þess að þær kröfur eru almennar kröfur við gjaldþrot sé ekki unnt að fallast á að undanþiggja þær almennt þessari sérreglu um fyrningarfrest sem lögð er til í frumvarpinu. Meiri hlutinn telur engu síður nauðsynlegt að dómstólar meti hvert einstakt tilvik og geti við það mat m.a. tekið mið af rétthæð krafna við gjaldþrotaskipti.

Líkur á að krafa fáist greidd.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er einnig tekið fram að auk þess að hafa sérstakra hagsmuni af rofi fyrningar með dómi verði kröfuhafi auk þess að sýna fram á að líkur séu til að hann fái kröfu sína greidda eftir að hafa fengið rof á fyrningu samþykkta fyrir dómi. Kröfuhafi hefur því sönnunarbyrðina fyrir því að líkur séu á greiðslu kröfunnar. Meiri hlutinn tekur fram að með því er ekki átt við lítinn hluta kröfunnar heldur alla kröfuna eða meiri hluta hennar.

Gjaldþrotaskipti á eigin búi.

Fyrir nefndinni kom fram það sjónarmið að áhrif þessarar reglu kynnu m.a. að vera þau að einstaklingar muni í auknum mæli óska eftir gjaldþrotaskiptum á eigin búi þar sem kröfuhafar hefðu minni hag af því að leggja fram slíka beiðni en nú er. Við slíka beiðni er nauðsynlegt að leggja fram tryggingu fyrir skiptakostnaði sem nú er 250 þús. kr. Nefndin fjallaði nokkuð um að vera kynni að vegna þessa kostnaðar gætu einstaklingar ekki látið lýsa sig gjaldþrota og reglan mundi því ekki ná markmiðum sínum um að færa skuldurum tæki til að koma fjármálum sínum á réttan kjöl. Telur meiri hlutinn að í samanburði við þá hagsmuni sem skuldari getur haft af gjaldþrotaskiptum geti sú fjárhæð ekki talist óyfirstíganleg, nema í þeim tilfellum sem bú er fyrirsjáanlega eignalaust eða mjög eignalítið og beinir meiri hlutinn því til ráðherra að láta kanna hvort unnt sé í slíkum tilfellum að mæta kostnaði við tryggginguna.

Nefndin fjallaði einnig um viðmiðunartíma við skiptalok og hvort eðlilegra væri að miða við úrskurð dómara um að bú verði tekið til gjaldþrotaskipta í stað þess að miða við skiptalok eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Meiri hlutinn telur eðlilegt að miða við skiptalok þar sem þá er niðurstaða fengin um það hvernig kröfur greiðast af búi skuldara.

Lagaskil.

Nefndin fjallaði nokkuð um lagaskil, þ.e. skil yngri og eldri laga, og í því sambandi mun á tímalengd fyrningar vegna gjaldþrotaskipta sem er lokið fyrir gildistöku laganna og þeirrar reglu sem hér er lögð til. Fyrir nefndinni komu fram sjónarmið um að rétt væri að reglan næði einnig til fyrningar á þeim kröfum sem gjaldþrotaskiptum hefur verið lokið í þar sem ella næði hún ekki markmiðum sínum og gæti verið ósanngjörn gagnvart einstaklingum sem hafa þegar farið í þrot. Meiri hlutinn leggur því til að við gildistökuákvæðið bætist að lögin taki einnig til krafna við gjaldþrotaskipti sem ólokið er við gildistöku laganna. Þá telur nefndin einnig nauðsynlegt að þessi nýi fyrningarfrestur taki einnig til krafna sem ekki fengust greiddar við gjaldþrotaskipti fyrir gildistöku laganna og ekki eru fyrndar þannig að um þær gildi fyrningartími, þ.e. tvö ár, nema skemmri tími standi eftir af fyrningarfresti. Enn fremur leggur meiri hlutinn til að fyrningu þessara krafna verði aðeins slitið eftir reglum þessara laga.

Löggjöf annarra landa.

Nefndin fjallaði stuttlega um sambærilega löggjöf annarra ríkja, þ.e. í Bretlandi, Bandaríkjunum og nokkuð um löggjöf annarra Norðurlanda, og af þeirri stuttu skoðun virðist frumvarp þetta fela í sér reglu sem á sér ekki fyrirmynd þar. Á Norðurlöndum gilda sambærilegar reglur og hér samkvæmt gildandi lögum en í Bretlandi og Bandaríkjunum virðast skilyrði til gjaldþrotaskipta og niðurfellingar krafna hafa verið þrengd þannig að greiðsluaðlögun eða nauðasamningar eru þær leiðir sem þar eru í boði.

Endurskoðunarákvæði.

Nefndin telur að frumvarpið sé engu síður mikilvægt skref í þeirri vinnu sem nauðsynleg er til að aðstoða einstaklinga við að ljúka fjárhagslegu uppgjöri sínu við kröfuhafa sína innan skynsamlegra tímamarka, þ.e. við þessar óvenjulegu aðstæður sem eru í samfélaginu eftir bankahrunið. Bendir meiri hlutinn í því sambandi sérstaklega á þann mun sem er á réttarstöðu skuldsettra einstaklinga og hinna sem stofnuðu hlutafélög/einkahlutafélög utan um skuldsetningu sína og geta skilið þær skuldir endanlega eftir í hlutafélaginu við gjaldþrot og eru þar með lausir allra mála. Kröfum á einstaklinga er hægt að halda endalaust við með því að rjúfa fyrningu þeirra. Það getur haft þau áhrif að einstaklingar sem eru í vinnu og hafa orðið gjaldþrota, t.d. vegna mikilla skattskulda, hafa ekki fengið nema lítinn hluta launatekna sinna útborgaðan vegna skattkrafnanna. Með greiðslu upp í kröfurnar hefur fyrningarfrestur því verið rofinn í hverjum mánuði. Þannig hafa þessir einstaklingar fundið sig knúna til að vinna án þess að gefa upp tekjur sínar.

Meiri hlutinn telur þó mikilvægt að leggja til að reynslan af þessari lagasetningu verði metin og að fram fari endurskoðun á ákvæðinu eftir fjögur ár. Reynslan getur þá hafa leitt í ljós hvort ástæða er til að takmarka möguleika einstaklinga til gjaldþrotameðferðar með tveggja ára fyrningarfresti hvað varðar fjölda skipta. Tíminn gæti þá jafnframt hafa svarað þeirri spurningu, sem nefndin lét ósvarað, hvort ástæða væri til að láta sólarlagsákvæði gilda um þessa lagabreytingu. Meiri hlutinn leggur því til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða þess efnis að lögin verði endurskoðuð að fjórum árum liðnum.

Meiri hlutinn bendir á að hugtökin kröfuhafi og lánardrottinn eru bæði notuð í lögum um gjaldþrotaskipti en telur eðlilegra að nota orðið kröfuhafi í lögunum þar sem hugtakið lánardrottinn er þrengra og leggur því til breytingu á frumvarpinu því til samræmis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álitinu.

Alþingi, 8. des. 2010.

Róbert Marshall, form., frsm.	Atli Gíslason.	Mörður Árnason.
Valgerður Bjarnadóttir.	Álfheiður Ingadóttir.	Þráinn Bertelsson.

470. Breytingartillögur [108. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (RM, AtlG, MÁ, VBj, ÁI, ÞrB, ÞSa).

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „lánardrottinn“ þrívegis í 2. efnismgr. komi: kröfuhafi.
2. 2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka þau til krafna við gjaldþrotaskipti sem er ólokið. Hafi skiptum á þrotabúi lokið fyrir gildistöku laga þessara fyrnast kröfur, sem þar fengust

ekki greiddar og ekki eru fyrndar, á tveimur árum frá gildistöku laganna nema skemmri tími standi eftir af fyrningarfresti. Fyrningu þessara krafna verður aðeins slitið eftir reglum þessara laga.

3. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Lög þessi skulu endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku.

471. Tillaga til þingsályktunar [367. mál]

um Þríhnúkagíg.

Flm.: Árni Johnsen, Jón Gunnarsson, Róbert Marshall, Ásbjörn Óttarsson, Björgvin G. Sigurðsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Sigurður Kári Kristjánsson, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að hefja nú þegar skipulagða vinnu til þess að fylgja eftir hugmyndum um að gera Þríhnúkagíg í Bláfjöllum, stærsta hraunhelli í heimi, aðgengilegan fyrir ferðamenn með lagningu vegar að hnúknum og göngum í hann.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 138. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Þríhnúkagígur var ókannaður þar til á Jónsmessu 1974 er Árni B. Stefánsson augnlæknir og hellakönnuður seig niður á botn gígsins. Það var hins vegar ekki gert opinskátt fyrr en eftir að Daði Garðarsson úr Hjálparsveit skáta í Vestmannaeyjum seig niður á botn hellisins í leiðangri Eyjaskáta 17. júní 1977 en frá því var greint í Morgunblaðinu. Hellirinn er einstakur að gerð, tröllaukið gímald, um 175 m á dýpt og á við fótboltavöll að flatarmáli í botni, stærsta þekkta hraunhvelfing í heimi og eitt merkasta náttúruundur á Íslandi, falinn neðanjarðar við bæjardyr höfuðborgarinnar í landi Kópavogs.

Þríhnúkagígur er einstakt náttúruundur á heimsmælikvarða en víða um heim er gert út á heimsóknir í sérstæða hella og þeir skipta miklu máli í ferðaþjónustu og landkynningu. Stóru íbúðarblokkirnar þrjár efst á Laugarásnum sem eru tólf hæðir eru þekkt stærð. Botn Þríhnúkagígs mundi rúma blokkirnar þrjár hlið við hlið og ef Hallgrímskirkja væri síðan sett ofan á tólf hæða blokkirnar mundi vanta 15 metra upp á að krossinn á kirkjunni stæði upp úr gígopinu.

Þríhnúkar ehf. heitir félag áhugamanna undir forustu Árna B. Stefánssonar og hefur félagið hafið undirbúning að því að gera Þríhnúkagíg aðgengilegan. VSÓ-ráðgjöf hefur m.a. unnið að verkefninu og gaf út greinargerð frumathugunar í nóvember 2009. Meðal þeirra hugmynda sem skoðaðar voru var að gera 200 m löng göng inn í gíginn sem mundu opnast inn í hellishvelfinguna á 64 m dýpi að stórum svölum og síðan yrði jafnvel hringstigi niður á botn hellisins. Ef ráðist verður í verkið á annað borð verður auðvitað ekki hjá því komist að opna leið fyrir ferðamenn niður á botn hellisins. Það er hreinlega ekki hægt að gera fólki það að geta ekki stigið fæti á botn stærsta hellis í heimi, það er ekki mannlegt. Þríhnúkar ehf.

hafa gert samning við Kópavogsbæ um framgang verkefnisins, en Þríhnúkar í Bláfjöllum eru í landi Kópavogs. Verkefnið er firnamikið og reikna má með að það kosti um milljarð króna að gera göng, svalir, hringstiga, lýsingu og annað sem þarf til þess að fulls metnaðar sé gætt og nærgætni við náttúruundrið sjálft. Aðgengi að Þríhnúkagíg er einn af mörgum möguleikum í markaðssetningu Íslands á alþjóðavettvangi, enn ein fjólan í íslenska náttúruvöndinn.

Þríhnúkar eru í hálendisbrúninni ofan við Heiðmörk, 5 km vestur af skíðasvæðinu í Bláfjöllum og 20 km suðaustan Reykjavíkur. Hnúkarnir eru nánast beint fram undan sé ekið eftir Langholtsvegi eða meðfram Rauðavatni. Undir norðaustasta gígnum er þessi firnadjúpi gígur, ótrúlega stór flöskulaga gíghvelfing. Botn gígketilsins er 120 m undir yfirborði jarðar og gímaldið sjálft um 150 þúsund rúmmetrar. Botninn er 75–48 m söðullaga hraunbingur á við fótboltavöll að stærð.

Á Íslandi er enginn aðgengilegur sýningarhellir með göngustígum og raflýsingu. Tveir fegurstu hellar landsins, Jörundur og Árnahellir, hafa verið friðlýstir sérstaklega og lokaðir fyrir nánast allri umferð.

Þríhnúkagígur er ein merkilegasta náttúrumyndun Íslands og gígurinn er með afbrigðum óaðgengilegur og hrollvekjandi, en hann er stærsti hellir í heimi og túlkar með sjálfum sér þau reginöfl sem búa í iðrum jarðar. Í ógn sinni er hann aðlaðandi, en til þess að hann verði hluti af daglegum möguleikum innlendra sem erlendra ferðamanna þurfa margir að leggja hönd á plóginn, Alþingi, ráðuneyti og margir fleiri, því hér er um svo einstæðan og metnaðarfullan möguleika að ræða að ekkert má til spara að opna þennan helli eins smekklega og kostur er.

472. Tillaga til þingsályktunar [368. mál]

um prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson.

Flm.: Árni Johnsen, Ólöf Nordal, Birgir Ármannsson, Björgvin G. Sigurðsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ólína Þorvarðardóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að hlutast til um það við Háskóla Íslands að stofnað verði prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson skáld með vörn og sókn fyrir íslenska tungu og ljóðrækt að meginmarkmiði.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga sama efnis hefur áður verið flutt á 135., 136. og 138. löggjafarþingi.

Íslensk tunga er ankeri íslensku þjóðarinnar, lykillinn að sjálfstæði menningu og þjóðerni. Íslensk tunga hefur alltaf átt undir högg að sækja, en hún er lífseig með eindæmum og ber þannig spegilmyndina af eðli þjóðarinnar og virðingu fyrir tungunni þótt stundum pusi í þræsingum. Um þessar mundir á íslensk tunga undir högg að sækja og rótgrónar stofnanir á Íslandi hafa meira að segja látið sér detta í hug að setja erlenda tungu í fremstu víglínu tungutaks Íslendinga við hlið íslenskunnar. Við slíku verður að sporna af lífs og sálar kröftum því sjálfstæði Íslands kann að vera í húfi.

Það er mikilvægt að Íslendingar og Háskóli Íslands sýni þeim manni sem hvað fegurst hefur ritað á íslenska tungu, Jónasi Hallgrímssyni, þá virðingu að vinna markvisst í stíl hans og fylgja eftir til komandi kynslóða þeim blæ íslenskrar náttúru og íslenskrar hugsunar sem hann tengdi saman í ritverkum sínum og skáldskap. Mikilvægi Jónasar Hallgrímssonar fyrir íslensku þjóðina mælist ekki í verðbréfum heldur ómetanlegum verðmætum í þjóðarsálinni og persónuleika Íslendinga. Þess vegna er það engin tilviljun að Jónas Hallgrímsson býr í öllum Íslendingum.

Jónas Hallgrímsson kom sem vorvindur inn í íslenskt tungutak fyrir 200 árum og enn er vorvindurinn í loftinu, slíkt var afl skáldsins til þess að ríma við möguleika íslenskunnar á náttúrulegum grunni hennar. Þessi vorvindur hefur dugað okkur vel og við þurfum að tryggja vel að hann verði staðvindur í íslensku samfélagi.

Halldór Blöndal, fyrrverandi alþingismaður og forseti Alþingis, skrifaði í Morgunblaðið fyrir skömmu um Jónas: „Hann var magískur töframaður og það er eins og allt, sem hann snerti, verði lifandi og aðlaðandi á einhvern hátt.“

Í minningarorðum samtímamanns Jónasar, Konráðs Gíslasonar í Fjölni, segir svo um Jónas: „Það sem eftir hann liggur mun lengi halda uppi nafni hans á Íslandi og bera honum vitni.“

Öld er liðin frá því að Guðmundur á Sandi ritaði eftirfarandi um Jónas í grein í Eimreiðinni: „Jónas er æskumaður og æskuskáld. Hann var á undan tíma sínum, og enn þá stendur samtíð vor á herðum hans. Hann eldist ekki né fyrnist og er 100 ára ungur nú. Mál hans er með nýjabrumi enn þá, hreint eins og lindarvatn, ungt eins og döggin á grasinu.

Hann er konungur í Hulduríki.“

Enn þá andar suðrið sæla af tungutaki Jónasar og það er mikilvægt að virkja þessa auðlind inn í hjartslátt þjóðarinnar í starfi og leik. Einn af mörgum möguleikum er sá spennandi kostur að Háskóli Íslands skapi rúm um borð í móðurskipinu fyrir prófessorsembætti tengt nafni Jónasar Hallgrímssonar, prófessorsembætti sem hefði það markmið að fylgja íslenskunni áfram með reisn og styrkja íslenska ljóðrækt.

473. Tillaga til þingsályktunar [369. mál]

um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða.

Flm.: Árni Johnsen, Björgvin G. Sigurðsson, Róbert Marshall,
Lilja Rafney Magnúsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Eygló Harðardóttir,
Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Tryggvi Þór Herbertsson.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að hlutast til um að Háskóli Íslands stofni til prófessorsembættis á sviði byggðasafna og byggðafræða sem verði tengt Byggðasafninu í Skógum undir Eyjafjöllum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga sama efnis hefur áður verið flutt á 135., 136. og 138. löggjafarþingi.

Mikilvægi byggðasafna á Íslandi er óumdeilt. Þau eru allt í senn, menningarsöfn, sögusöfn og verkfærasöfn. Þau eru spegilmynd lífsins í landinu. Það segir í gömlu máltæki að því sem

þú segir mér gleymi ég en það sem þú sýnir mér muni ég. Byggðasafnið tryggir skilvirkni hvors tveggja.

Byggðasöfnin eru mikilvæg fyrir þekkingu landsmanna á lífinu í landinu, þróun búsetu, lífsháttum og öllu sem lýtur að mannlegu samfélagi Íslendinga. Það skiptir miklu að þau séu sett upp af alúð og tillitssemi og af mikilli vandvirkni.

Þá eru byggðasöfnin snar þáttur í ferðaþjónustu nútímans og erlendir ferðamenn sækja þau heim í sífellt meiri mæli. Vönduðustu söfn landsins í þessum efnum eru á heimsmælikvarða og það er mikilvægt fyrir framtíðina að hlúa að uppbyggingu þeirra með eins skilvirkum hætti og kostur er og nýta til þess nútímatækni hverju sinni í bland við safngripina sjálfa.

Byggðasafnið í Skógum er eitt öflugasta byggðasafn landsins. Það nýtur þess að hafa byggst upp undir forustu Þórðar Tómassonar, einhvers mesta safnamanns Íslandssögunnar, sem sinnti því af fádæma ósérhlífni og krafti, og þess að hafa byggst upp í nánum tengslum við grasrótina í landinu, fólkið sjálft í starfi og leik.

474. Frumvarp til laga [370. mál]

um hafnir.

Flm.: Árni Johnsen, Ólöf Nordal, Ásbjörn Óttarsson, Björgvin G. Sigurðsson, Kristján Þór Júlíusson, Tryggvi Þór Herbertsson.

I. KAFLI

Yfirstjórn hafnamála.

1. gr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fer með yfirstjórn hafnamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. Siglingastofnun Íslands annast þátt ríkisins samkvæmt lögunum og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.

II. KAFLI.

Um stjórn hafna og rekstur.

2. gr.

Höfn táknar í lögum þessum nánar afmarkað svæði þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara hverju nafni sem nefnast, enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.

Til þess að um höfn geti verið að ræða samkvæmt lögum þessum þarf henni að hafa verið sett reglugerð er tilgreini mörk hennar, auk annarra nauðsynlegra stjórnunarákvæða.

3. gr.

Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög. Hafnir geta verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Ráðherra skal ákveða með reglugerð, að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna, að mynduð verði hafnasamlög um rekstur þeirra þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Innan hvers hafnasamlags skal rekinn einn hafnarsjóður. Með reglugerð um hvert hafnasamlag skal fylgja áætlun um framkvæmdir samkvæmt hafnaáætlun svo sem við á um hlutaðeigandi hafnir.

4. gr.

Hafnarstjórn, sem kosin er af eigendum hafnar eða hafnasamlags, skal hafa á hendi stjórn hafnar eða hafnasamlags og hafnarsjóðs í samræmi við reglugerð, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Séu eigendur fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt reglugerð og stofnsamningi hafnasamlags. Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans.

5. gr.

Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum eigenda hafna reglugerð fyrir hafnir. Í reglugerðinni skulu m.a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Kosningu, starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.
3. Starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
4. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
5. Viðurlög við brotum.

6. gr.

Eftirtalin gjöld skulu greidd fyrir afnot hafna:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota viðkomandi höfn:
   a. Gjöld, miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
   b. Fastagjöld fiskiskips í heimahöfn.
   c. Hafnsögugjöld.
   d. Vigtargjöld af öllum sjávarafla.
   e. Önnur gjöld.
2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu. Þó skulu flutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum undanþegnir vörugjaldi.
3. Leiga fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 13. gr.
5. Lóðargjöld og lóðarleiga.
6. Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs, sbr. 4. mgr. 7. gr.
7. Ýmis þjónustugjöld, svo sem fyrir vigtun, móttöku á úrgangi, vatnssölu, rafmagnssölu, festagjöld o.fl.
8. Gjöld af ferjum og flóabátum.

Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi er um þá bryggju fer. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta til sín vörugjöld af vörum er fara um bryggjuna nema hafnarstjórn samþykki.

7. gr.

Öll gjöld skv. 6. gr. má taka fjárnámi hjá þeim aðila sem samkvæmt reglugerð er gert að standa skil á greiðslum til hafnarsjóðs.

Skipagjöld skulu miðuð við stærð skipa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda. Hafnarstjórn er heimilt að krefjast þess að útflytjandi leggi fram tryggingu fyrir vöru-

gjaldi áður en vara fer úr höfn. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við almenna gjaldskrá skv. 8. gr. og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð. Ákvæði þetta nær þó ekki til skipa undir 10 brúttótonnum að stærð þegar um sjávarafla er að ræða.

Leiga af lóðum hafna skal almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðar. Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. skal renna í Hafnabótasjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld eins og þau eru ákveðin í hinni almennu gjaldskrá, önnur en aflagjald, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 6. gr.

Innheimtuaðilar vörugjalds skv. 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. skulu innheimta og standa skil á sérsérstöku vörugjaldi skv. 6. tölul. 1. mgr. 6. gr.

Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu, þar á meðal hversu oft það getur lagst á sömu vörusendingu, og ákveða hvernig skuli fara með vörslu og daglega afgreiðslu sérstaks vörugjalds samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Hafnaráð skal að fengnum tillögum Hafnasambands sveitarfélaga gera tillögur til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, a.m.k. einu sinni á ári, um gjaldskrá skv. a–b-lið 1. tölul. og 2. tölul. 6. gr. Skal gjaldskráin við það miðuð að tekjur hafnarsjóðanna standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbygginga.

Slík gjaldskrá, staðfest af ráðherra, gildir fyrir þá hafnarsjóði er njóta ríkisstyrkja til framkvæmda. Önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn. Ráðherra getur heimilað einstökum hafnarstjórnum frávik frá hinni almennu gjaldskrá ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar er einstökum hafnarstjórnum heimiluð frávik til lækkunar á hinni almennu gjaldskrá fyrir hafnir vegna umskipunar, lestunar og losunar á sjávarafla.

9. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða. Eigendur hafnar eða hafnasamlags bera ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

10. gr.

Ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana Siglingastofnun Íslands ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

11. gr.

Halda skal reikning fyrir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, en þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnarstjórn er skylt að senda Siglingastofnun ársreikninga og þær upplýsingar sem hún kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

Siglingastofnun ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðasta árs fyrir 1. mars ár hvert ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

12. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær eignir hafnarsjóðs er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins.

Til þess að Siglingastofnun sé unnt að fylgjast sem best með að ákvæði þessarar greinar séu haldin skal senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar sé þess óskað.

13. gr.

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnarinnar og er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn og Siglingastofnun Íslands við gerð þess.

Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðinu nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Rísi ágreiningur skal málinu vísað til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til úrskurðar.

Sé leyfi til mannvirkjagerðar eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

Hafnarstjórn er heimilt, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af eða hafa staðið ónotuð í fimm ár eða lengur.

III. KAFLI

Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerð o.fl.

14. gr.

Frumkvæði um hafnargerð er hjá eiganda hafnar og framkvæmdir á ábyrgð hans.

15. gr.

Áður en hafnarframkvæmdir hefjast skal Siglingastofnun Íslands fá staðfest að fjármagn verði handbært til viðkomandi verkáfanga.

16. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir. Nú næst ekki samkomulag og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

17. gr.

Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu unnar undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Siglingastofnunar Íslands og skulu allar áætlanir og uppdrættir sendar stofnuninni til samþykktar, svo og öll þau reikningsgögn er þarf til að annast nauðsynlega endurskoðun kostnaðar.

Siglingastofnun annast framkvæmd frumrannsókna í samráði við viðkomandi hafnarstjórn. Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu að jafnaði unnar samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti að útboð telst ekki munu gefa góða raun er heimilt að fenginni umsögn Siglingastofnunar að víkja frá útboði.

Fari hafnarstjórn þess á leit annast Siglingastofnun auk frumrannsókna framkvæmdir eftir því sem við verður komið, skipulagningu hafnarsvæða, hönnun einstakra mannvirkja og gerð kostnaðaráætlana.

18. gr.

Hafnarframkvæmdir eru kostaðar af sjálfsaflafé hafnarinnar og framlagi frá eigendum. Enn fremur greiðir ríkissjóður hluta af kostnaði við hafnargerðir eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

19. gr.

Eftirfarandi hafnarframkvæmdir geta notið framlags úr ríkissjóði:

1. Undirbúningsrannsóknir og hönnun, þ.m.t. skipulag hafna og hafnarsvæða, svo og kostnaður við útboð einstakra styrkhæfra framkvæmda.
2. Framkvæmdir við hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta, ferjuaðstöðu, dýpkun og uppfyllingar sem teljast nauðsynlegur hluti viðlegumannvirkja.
3. Dreifikerfi rafmagns, skolps og vatns sem nauðsynleg eru vegna starfsemi hafnarinnar samkvæmt staðfestingu Siglingastofnunar hverju sinni.
4. Umferðaræðar innan marka hafnarmannvirkja samkvæmt staðfestingu Siglingastofnunar hverju sinni.
5. Framkvæmdir við siglingamerki, mengunar- og slysavarnir.
6. Framkvæmdir á hafnarsvæðum við upptökumannvirki fyrir skip.
7. Tollaðstaða fyrir farþegaferjur er halda uppi reglulegum áætlanasiglingum til landsins.

Niðurrif hafnarmannvirkja í eigu hafnarsjóðs telst hafnarframkvæmd, enda sé það liður í nýbyggingu, til umhverfisbóta eða mannvirkið í vegi fyrir notkun annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Sé mannvirki svo illa farið að til álita komi að endurbyggja það skal slík endurbygging því aðeins teljast styrkhæf að mannvirkið hafi hlotið eðlilegt viðhald að dómi siglingamálastjóra.

Styrkhæfur telst einnig vaxtakostnaður, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, ásamt kostnaði vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistaps, verði hann til vegna hluta ríkissjóðs í framkvæmdinni og hafi verið stofnað til hans með heimild ráðuneytisins og fjárlaganefndar Alþingis.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald, svo sem endurnýjun á þybbum, þekjum og lögnum, og er slíkt viðhald ekki styrkhæft.

Landa- og lóðakaup hafna, svo og landgerð, njóta ekki ríkisstyrks. Styrkhæfni framkvæmda skal ákveðin áður en þær hefjast. Rísi ágreiningur um styrkhæfni framkvæmda skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

20. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu úr ríkissjóði skv. 19. gr. eru:

1. Að eigendur hafnar eða hafnasamlags hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt á því landsvæði á strandlengju hafnarinnar sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi sem fram fer við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verslunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.

3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun varðandi útgjöld og greiðslu kostnaðar sem eigendur hafnar hafa samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnaráðs og siglingamálastjóra.
4. Að höfnin sé innan skilgreinds byggðasvæðis samkvæmt ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA.

21. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum:

1. Ríkissjóður greiðir allt að 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
2. Ríkissjóður greiðir allt að 90% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   a. hafnargarða (öldubrjóta),
   b. dýpkun hafnar og innsiglingar,
   c. siglingamerki,
   d. sérbúnað fyrir ekjuskip og ferjur.
3. Ríkissjóður greiðir allt að 60% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   a. bryggjur og viðlegukanta,
   b. uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæði,
   c. upptökumannvirki fyrir skip,
   d. mengunar- og slysavarnir,
   e. vatns-, raf- og holræsalagnir um hafnarmannvirkin,
   f. skipulag hafna og hafnarsvæða,
   g. niðurrif hafnarmannvirkja.

22. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar Siglingastofnun Íslands sem vinnur úr tillögunum og leggur fyrir hafnaráð og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum, þó með þeim takmörkunum um hámark sem kveðið er á um í 21. gr.

Greiðsluþátttaka ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal ákveðin um leið og verk eru tekin inn á samgönguáætlun og tekin til endurmats á tveggja ára fresti við endurskoðun samgönguáætlunar. Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs.

Skerðing á hámarki framlaga skv. 21. gr. skal miðast við fjárhagslega stöðu hafnarsjóðs og skulu settar um það nánari reglur í reglugerð. Þrátt fyrir slíkar reglur getur ráðherra ákveðið að framkvæmdir í höfnum, sem mynda hafnasamlag, njóti tímabundið hámarksframlags skv. 21. gr.

23. gr.

Heimilt er að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem hafa ekki nægar tekjur til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum vegna styrkhæfra hafnarframkvæmda. Við fjárlagagerð hvers árs skal samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. Ráðherra skal gera tillögu til fjárlaganefndar og Alþingis um skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og

gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

IV. KAFLI
Um samgönguáætlun.

24. gr.

Siglingastofnun Íslands vinnur tillögu að áætlun um hafnarframkvæmdir með kostnaðarþátttöku ríkissjóðs, sbr. lög um samgönguáætlun.

Við undirbúning þessarar tillögugerðar ber Siglingastofnun Íslands að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn og hafnaráð.

Við tillögugerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat sem taki mið af hagkvæmni framkvæmdarinnar, þörf fyrir hana og þýðingu fyrir byggðarlagið.

V. KAFLI
Um Hafnabótasjóð.

25. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og fer hafnaráð með stjórn sjóðsins í umboði ráðherra. Hlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til hafnargerða og bæta tjón á hafnarmannvirkjum.

26. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, sbr. 5. mgr. 7. gr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.
3. Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 6. gr.
4. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Tekjum af vörugjaldi skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. skal ráðstafað til sjóðsins eða til annarra þarfa samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum hverju sinni.

27. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

28. gr.

Ráðherra ráðstafar fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt að fengnum tillögum Siglingastofnunar og hafnaráðs og með samþykki fjárlaganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda með hliðsjón af fjárþörf í hverju tilviki.
2. Sjóðnum er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, þ.m.t. tjón sem ekki fæst að fullu bætt úr Viðlagasjóði eða vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.
3. Sjóðnum er heimilt að veita lán og/eða styrk umfram ríkisframlag til nýrra hafnarframkvæmda sem nemi allt að 30% af heildarframkvæmdakostnaði til staða sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða

annarra gildra orsaka. Styrkir mega aldrei nema meira en 15% af heildarframkvæmdakostnaði.

4. Sjóðnum er heimilt að veita sérstaka styrki umfram það sem segir í 3. tölul. til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga og vegna hafnaframkvæmda þar sem sveitarfélög eru sameinuð, enda sé um tvær eða fleiri hafnir að ræða í hinu nýja sveitarfélagi.
5. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum.

Samanlagt mega styrkir og lán úr Hafnabótasjóði að viðbættu ríkisframlagi aldrei fara yfir 90% af styrkhæfum framkvæmdakostnaði.

29. gr.

Siglingastofnun Íslands annast vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs. Lánasýsla ríkisins veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

30. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána er sjóðurinn veitir með tilliti til þess að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

31. gr.

Umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði skulu sendar til Siglingastofnunar Íslands. Umsóknum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur, þar á meðal reikningar hafnarinnar síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárþörf hennar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

32. gr.

Hvers konar bótakröfum fyrir tjón, sem skip kunna að valda á eignum hafnarsjóða, fylgir lögtaksréttur.

33. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

34. gr.

Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessara laga.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi hafnalög, nr. 61/2003.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er því lagt fram að nýju óbreytt.

Markmið frumvarpsins er að sett verði ný hafnalög samhliða því að núgildandi hafnalög verða felld úr gildi. Frumvarp þetta byggist á eldri hafnalögum, nr. 23/1994. Tvær meginástæður búa að baki frumvarpi þessu. Í fyrsta lagi er gríðarlega mikilvægt að styrkhæfi hafna landsins verði tekið upp aftur og að ríkissjóður veiti hlutfallslega fjármagn til lagfæringa,

endurbóta og uppbyggingar hafna eins og var tryggt í eldri lögum frá 1994. Með tilkomu hafnalaga frá 2003 var gert ráð fyrir að fjárveitingar til hafna í byggðum landsins féllu niður. Það var rothögg fyrir fjölmargar hafnir landsins þar sem höfnin og bryggjan eru eitt af höfuðankerum byggðarlaga og lykillinn að möguleikum þótt misjafnlega ári til sjávar.

Í þessu frumvarpi er þó gert að skilyrði að til að hafnir geti notið styrkja verði þær að vera staðsettar á skilgreindu byggðasvæði samkvæmt ákvörðunum Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). ESA hefur skilgreint slík svæði og á gildandi korti ESA yfir slík svæði fyrir árin 2008–2013 er svæðið frá Hvalfjarðarbotni og þaðan vestur og norður fyrir land allt að Straumsvík skilgreint sem byggðasvæði. Því verða nokkrar hafnir landsins undanskildar ríkisstyrkjum samkvæmt fyrrgreindri skilgreiningu, þ.e. Hafnarfjarðarhöfn, Kópavogshöfn og Faxaflóahafnir.

Hin grundvallarforsendan sem liggur að baki frumvarpi þessu er sú að í hafnalögum frá 2003 er gert ráð fyrir því að allar hafnir landsins séu í samkeppnisumhverfi. Þetta ákvæði hefur reynst vera mikill misskilningur og ekki henta þorra hafna landsins og alls ekki landsbyggðarhöfnum. Þar er engin samkeppni. Þessi tilraun hefur því gjörsamlega misheppnast og er ekki í takt við neinn raunveruleika. Ákvæðið þarf því að hverfa eins og um missýn hafi hafi verið að ræða.

475. Tillaga til þingsályktunar [371. mál]

um líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum.

Flm.: Árni Johnsen, Róbert Marshall, Björgvin G. Sigurðsson, Ásbjörn Óttarsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ragnheiður E. Árnadóttir.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að láta nú þegar fullgera valkosti í líkanstöð Siglingastofnunar til að undirbúa gerð stórskipabryggju í Vestmannaeyjum. Kannaðir verði þrír valkostir, norðan Eiðis, innan hafnar og utan hafnar í Skansfjöru gegnt Klettsvík, en þessi þrjú svæði hafa verið til umfjöllunar hjá hafnarstjórn Vestmannaeyja. Mikilvægt er að reikna með a.m.k. tveggja skipa viðleguplássi eða um 500 m kanti.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 135., 136. og 138. löggjafarþingi.

Það liggur ljóst fyrir að á næstu árum verða þær breytingar á flutningaskipaflota Íslendinga að skipin munu stækka og ef ekki verður byggður stórskipakantur í Vestmannaeyjum mun skapast stórkostlegur vandi í stærstu verstöð Íslands þar sem skip eru á ferðinni á öllum tímum sólarhrings til og frá Eyjum. Vestmannaeyjar sem eru með um 10% af öllum afla landsins yrðu hreinlega úr leik. Auk flutningaskipanna er mjög vaxandi umferð stærstu farþegaskipa heims til Íslands og mikilvægt að þriðji mest sótti ferðamannastaður landsins hafi alla möguleika á þeim vettvangi.

Næsta kynslóð gámaskipa á Íslandi verður væntanlega byggð upp á 180–200 m löngum skipum og um 30 m breiðum og reikna þarf með a.m.k. 10 m djúpristu.

Siglingastofnun hefur að beiðni hafnarstjórnar Vestmannaeyja unnið frumathuganir á umræddum þremur valkostum, en mikilvægt er að mati flutningsmanna að öll hönnun og líkan-

tilraunir miði a.m.k. við tveggja skipa stórskipakant. Mikilvægt er að hraða líkantilraunum eins og kostur er því vinda þarf bráðan bug að því að byggja upp stórskipakant í Vestmannaeyjum.

Stórskipakantur utan Eiðis er fýsilegasti kosturinn vegna nálægðarinnar við aðalathafnasvæði Vestmannaeyjahafnar og möguleika til landauka, en Skansfjara er einnig magnaður möguleiki þótt aðgengi inn á hafnarsvæðið sé þar ekki eins auðvelt. Stórskipakantur við Lönguna í Vestmannaeyjahöfn yrði við þröngar aðstæður og gæfi ekki mikið svigrúm til mannvirkjagerðar á landi auk þess að mikil höfuðsynd yrði að byggja að sjálfri Löngunni sem er náttúruparadís í sjálfri Vestmannaeyjahöfn og magnað útivistarsvæði framtíðarinnar. Þar er nú eini staðurinn sem hafið kyssir rætur Heimakletts innan hafnar. Engu að síður er þetta valkostur því að skynsemin verður að ráða.

Miklir möguleikar eru á efnistöku í brimvarnar- og hafnargarða, en reikna má með að a.m.k. 500.000 rúmmetra þurfi í garða hvort sem er utan Eiðis eða til móts við Ystaklett. Möguleikarnir á efnistöku eru austur á Urðum í nýja hrauninu, vestur á Skönsum undir Klifi og svo sjálf hrauntungan sem teygir sig inn í miðjan Vestmannaeyjabæ, um 20 m þykk og þekur 93.000 fermetra, um 1,3 milljónir rúmmetrar að magni, en þessi möguleiki hefur ekki verið ræddur hingað til. Þarna liggur mikið verðmæti bundið og örstutt að flytja það hvort sem er austur á Skansfjöru eða norður fyrir Eiði.

Um 250 stór flutningaskip og farþegaskip koma til Vestmannaeyja á ári þannig að segja má að skip af stærstu gerð séu þar nær daglega. Komur fiskiskipa af öllum stærðum skipta þúsundum í Vestmannaeyjahöfn á hverju ári.

476. Tillaga til þingsályktunar [372. mál]

um undirbúning að hönnun og stækkun Þorlákshafnar.

Flm.: Árni Johnsen, Róbert Marshall, Ásbjörn Óttarsson, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Eygló Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir.

Alþingi ályktar að skora á samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að fela Siglingastofnun að hefja nú þegar undirbúning að hönnun og stækkun Þorlákshafnar þannig að höfnin geti þjónustað 60–80 þús. tonna skip, allt að 225 metra löng.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 135., 136. og 138. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú endurflutt óbreytt.

Fyrirhuguð er mikil uppbygging í Þorlákshöfn á næstu árum á sviði iðnaðar, stóriðju og matvælaiðnaðar. Því er mikilvægt að íslensk stjórnvöld hafi á takteinum hugmyndir að stærð og gerð hafnar á næstu missirum. Þorlákshöfn er eina þjónustuhöfnin fyrir allt Suðurlandsundirlendið þar sem mjög mikil uppbygging atvinnurekstrar á sér nú stað.

Árnessýsla og Rangárvallasýsla eru mjög ört vaxandi athafnasvæði og ein hin mesta uppbygging á landinu er í Árnessýslu. Erlend stórfyrirtæki í ýmsum greinum stóriðju standa nú í viðræðum við bæjaryfirvöld í Ölfusi um uppbyggingu þar. Slík uppbygging mun hafa mikla

og jákvæða þýðingu fyrir Suðurland og landið allt. Því skiptir miklu máli að geta brugðist við eftirspurninni með stuttum fyrirvara. Nær 100 stór flutningaskip og farþegaskip koma nú þegar árlega til Þorlákshafnar og mikil aukning er fyrirsjáanleg auk alls fiskiskipaflotans sem Þorlákshöfn þjónustar, bæði lítil og stór skip.

477. Tillaga til þingsályktunar [373. mál]

um undirbúning og kostnaðaráætlun að dýpkun og breikkun innsiglingarinnar í Grindavíkurhöfn og aðstöðu fyrir stórskipabryggju við Stórubót eða innan hafnar.

Flm.: Árni Johnsen, Róbert Marshall, Björgvin G. Sigurðsson, Ásbjörn Óttarsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Eygló Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir.

Alþingi ályktar að skora á samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að fela Siglingastofnun Íslands að láta nú þegar gera úttekt á kostnaði við breikkun og dýpkun innsiglingar í Grindavíkurhöfn frá ytri görðum að Eyjabakka þannig að breidd rennunnar verði a.m.k. 50 metrar og dýpi um 10 metrar í allri rennunni og 7–8 metrar að Eyjabakka innan hafnar. Rannsóknir vegna þessara hugmynda hafa þegar verið unnar en eftir er að vinna nánar úr þeim. Mikilvægt er að ganga nú þegar til gerðar kostnaðaráætlunar og hugmynda að verkferli, bæði með tilliti til þess að Grindavíkurhöfn er ein mikilvægasta fiskihöfn landsins og að margvísleg áform eru uppi um iðnað í stórum stíl sem kallar á stórskipalægi.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður flutt á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt óbreytt.

Innsiglingin í Grindavíkurhöfn hefur lengi verið ein erfiðasta innsigling landsins en harðsækni sjómanna þar hefur aldrei slaknað og því er Grindavík ein öflugasta verstöð landsins og í fararbroddi á margan hátt. Um 35 þúsund tonn af fiski fara um höfnina á ári hverju. Þá eru uppi margvísleg áform um stóriðju í tengslum við orkunýtingu á hinu orkuríka svæði í landi Grindavíkur og nágrennis. Ljóst er að á næstu missirum og árum verður gengið til framkvæmda á þeim vettvangi. Þess vegna er mikilvægt að ljóst liggi fyrir um möguleika á og kostnaði við gerð stórskipabryggju. Höfnin getur nú þegar tekið á móti allt að 6–7 þúsund lesta skipum en til að mynda tvöföldun í þeim efnum myndi skipta miklu máli. Þá gæti höfnin tekið á móti a.m.k. 130 metra löngum skipum og 20 metra breiðum í stað um 100 metra löngum og um 16 metra breiðum skipum eins og nú er. Reynsla af síðustu aðgerðum í gerð garða og dýpkun og breikkun innsiglingarinnar í rennunni inn að höfninni, u.þ.b. 300 metra lengd, hefur reynst vel en þó kom fljótt í ljós að rennan þyrfti að vera a.m.k. 20 metrum breiðari þannig að hún væri minnst 50 metra breið alla leið.

Nauðsynlegum rannsóknum á innsiglingu og endurbótum á bryggjuplássi er lokið hjá Siglingastofnun en eftir er að vinna úr þeim, meta og gera tillögur að gerð mannvirkja og kostnaðaráætlun. Þessa þætti er mikilvægt að fá upp á borðið nú þegar, ekki síst þar sem öllum grunnrannsóknum er lokið. Rannsóknir Siglingastofnunar á innsiglingunni í Grinda-

víkurhöfn og aðstæðum þar voru mjög viðamiklar og hafa m.a. reynst grunnurinn að hönnun mannvirkja við gerð Landeyjahafnar við Bakka á Landeyjasandi. Þess er vænst að Siglingastofnun geti á skömmum tíma skilað hugmyndum að möguleikum bóta og uppbyggingar í Grindavík varðandi fiskiskipahöfn og aðstöðu flutningaskipa en mikilvægt er að hafa sem raunhæfasta kostnaðaráætlun til þess að vinna með að framgangi málsins.

478. Frumvarp til laga [374. mál]

um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Flm.: Árni Johnsen, Róbert Marshall, Ólöf Nordal, Ásbjörn Óttarsson, Björgvin G. Sigurðsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Eygló Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Jón Gunnarsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Guðlaugur Þór Þórðarson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 5. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „framkvæmd við útgáfu leyfa, skilyrði fyrir leyfum og innheimtu og ákvörðun löggæslukostnaðar“ í 7. mgr. kemur: framkvæmd við útgáfu leyfa og skilyrði fyrir leyfum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 135., 136. og 138. löggjafarþingi.

Samkvæmt 33. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er meginreglan sú að allur kostnaður af starfsemi lögreglunnar greiðist úr ríkissjóði. Fjárveitingarvaldinu ber því að tryggja að nægilegt fé sé veitt til löggæslumála ár hvert svo að unnt sé að halda uppi lögum og allsherjarreglu í landinu. Í 1. mgr. 34. gr. laganna var þar til í júlí 2007 að finna ákvæði sem heimilaði lögreglu að innheimta sérstakan löggæslukostnað af skemmtistöðum ef það væri metið svo að aukinnar löggæslu væri þörf.

Töluverðar deilur hafa oft sprottið af innheimtu sérstaks löggæslukostnaðar og ungmennafélög hafa m.a. verið krafin um háar fjárhæðir vegna landsmóta. Heimild lögreglustjóra til að binda skemmtanaleyfi skilyrðum um aukna löggæslu og greiðslu löggæslukostnaðar byggðist þá á hæpinni lagastoð.

Vorið 2007 voru samþykkt á Alþingi ný lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, og tóku þau gildi 1. júlí það ár. Með 28. gr. laganna var 1. mgr. 34. gr. lögreglulaga felld úr gildi. Í 17. gr. nýju laganna er nú skýrar en áður kveðið á um að leyfi þurfi fyrir skemmtunum og hátíðum og er þar talið upp í dæmaskyni að það gildi um útihátíðir, útitónleika, skóladansleiki og tjaldsamkomur. Aðeins virðist gert ráð fyrir að einkasamkomur falli utan við gildissviðið. Í samræmi við það er í 5. mgr. greinarinnar ákvæði sem heimilar

að það skilyrði sé sett fyrir veitingu skemmtanaleyfis að leyfishafi greiði þann kostnað sem leiðir af aukinni löggæslu umfram venjubundna löggæslu á sama tíma. Lagastoð fyrir innheimtu löggæslukostnaðar hefur því verið treyst.

Flutningsmenn telja að meginreglan eigi að vera sú að hið opinbera greiði allan kostnað af þeirri löggæslu sem lögreglan telur nauðsynlega á hverjum tíma. Lögreglustjóri á að meta hversu mikillar löggæslu er þörf og þeir sem standa fyrir samkomum eru ekki í aðstöðu til að meta slíkt eða andmæla mati lögreglustjóra. Ljóst er að greiðsla löggæslukostnaðar kemur illa niður á starfi ungmennasambanda og íþróttafélaga sem hafa reglulega staðið fyrir útihátíðum og tjaldsamkomum á sumrin, að ekki sé minnst á skólaskemmtanir.

Mjög mikillar mismununar gætir í þessum efnum um allt land og segja má að hugdettur ráði oft hvort löggæslugjald er innheimt eða ekki. Til að mynda eru engar gjaldtökur af hálfu ríkisins á stærstu samkomum landsins eins og á stórhátíðum í Reykjavík, Akureyri og reyndar í flestum byggðarlögum landsins sem standa að útihátíðum. Aðeins örfá sýslumannsembætti landsins rukka löggæslukostnað.

Þessi mismunun er óeðlileg og ósanngjörn fyrir utan það að fremur ætti að verðlauna fólk sem vill standa fyrir útihátíðum á Íslandi en refsa því. Þetta bitnar á þeim sem minna mega sín en hinir sleppa. Árið 1998 ákvað fjárlaganefnd Alþingis að leggja til ákveðið fjármagn á ári sem átti að dekka þennan kostnað (þá alls um 7 millj. kr.). Alþingi samþykkti þetta og þannig gekk það fyrir sig í tvö ár, en þá tók dómsmálaráðuneytið til sinna ráða og úthlutaði þessum peningum að eigin geðþótta og síst til þeirra sem voru rukkaðir um löggæslugjald. Þar með hvarf þessi fjárlagaliður inn í heildarpakka ráðuneytisins og þeir sem á brann sátu óbættir hjá garði.

Niðurfelling þessarar gjaldtöku er einfalt réttlætismál. Af þeim sökum er lagt til að heimild lögreglu í 5. mgr. 17. gr. laganna til að krefjast greiðslu löggæslukostnaðar verði felld brott ásamt heimild til að kveða nánar á um framkvæmd við innheimtu og ákvörðun löggæslukostnaðar í reglugerð.

479. Frumvarp til laga [375. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Árni Johnsen, Björgvin G. Sigurðsson, Jón Gunnarsson,
Kristján Þór Júlíusson, Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson.

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ökumanni sem hyggst beygja til hægri við gatnamót á umferðarljósum er heimilt að beygja á móti rauðu ljósi nema sérstaklega sé tekið fram að það sé óheimilt. Hann skal þó ætíð stöðva ökutæki sitt eins og við stöðvunarskyldu og veita umferð sem kemur úr öðrum áttum forgang.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 135., 136. og 138. löggjafarþingi.

Meginmarkmið frumvarpsins er að heimila ökumönnum að taka hægri beygju á ljósastýrðum gatnamótum gegn rauðu ljósi þar sem það er óhætt, einkum með það fyrir augum að greiða fyrir umferð. Þannig má stytta nokkuð biðtíma við ljósastýrð gatnamót og jafnvel sums staðar draga úr þörf fyrir afreinar. Gert er ráð fyrir að ökumönnum beri ávallt að stöðva ökutæki sitt algerlega eins og um stöðvunarskyldu væri að ræða áður en hægri beygja er tekin gegn rauðu ljósi.

Ef frumvarp þetta verður að lögum mun gilda sú almenna regla að heimilt sé að taka hægri beygju gegn rauðu ljósi nema það sé sérstaklega bannað.

Flutningsmenn telja að þessi leið geti greitt fyrir umferð á vissum stöðum en vekja athygli á að því fylgir ábyrgð að aka gegn rauðu ljósi og að ökumenn sem nýta sér þennan rétt til hagræðis verði að gæta fyllstu varúðar, meta aðstæður og virða almennar umferðarreglur.

480. Tillaga til þingsályktunar [376. mál]

um Vefmyndasafn Íslands.

Flm.: Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Róbert Marshall, Björgvin G. Sigurðsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ólöf Nordal, Jón Gunnarsson, Siv Friðleifsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Tryggvi Þór Herbertsson, Sigurður Kári Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á mennta- og menningarmálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning og uppsetningu vefmyndasafns með því að koma upp nettengdum myndavélum á allt að 150 stöðum á Íslandi, fegurstu og sérkennilegustu stöðum landsins. Slíkt nettengt safn yrði það fyrsta sinnar tegundar í heiminum og mundi skapa óþrjótandi möguleika á landkynningu í þágu ferðaþjónustu, sögu, menningar og atvinnulífs. Þannig væri hægt að upplifa Ísland á líðandi stundu hvaðan sem er úr heiminum og kitla taugar til frekari kynna.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga sama efnis hefur áður verið flutt á 135., 136. og 138. löggjafarþingi.

Tækni og gerð netmyndavéla er orðin slík að hægt er að setja vélar upp á ólíklegustu stöðum og tengja þær alþjóðlega tölvunetinu. Slíkt netmyndasafn yrði eins konar myndaalbúm landsins, persóna Íslands á líðandi stundu. Á hverri vefstöð gætu verið 2–3 linsur og menn gætu valið sjónarhornið í tölvunni og hverri stöð gæti fylgt t.d. 10 mínútna kynningarmynd af umhverfi og aðstæðum í nágrenni vefstöðvarinnar. Gullfoss, Þingvellir, Geysir, Lónsöræfi, Landmannalaugar, Eldey, Bláa lónið, Vatnajökull, Þjórsá, Þórsmörk, Akureyri, Vestmannaeyjar, Stykkishólmur, Árnastofnun, fiskvinnsluhús, bryggjustemmning, hvalaskoðun, Skógafoss. Þetta eru aðeins nokkur dæmi um netstöðvar í netmyndasafni Íslands, andliti Íslands.

Auðvelt er að virkja vefmyndavélar með sólarrafhlöðum til nokkurra ára, en reikna má með að hver stöð mundi kosta að meðaltali um 1,5 millj. kr.

Með vefmyndasafni hefði Ísland forgöngu í þessum efnum á heimsmælikvarða og með ólíkindum hvað hægt er að skapa fjölbreytt lifandi myndasafn frá Íslandi með þessum hætti. Að fylgjast með mannlífi, atvinnulífi, menningu og náttúru er ótrúlegur kostur, fylgjast með villtu blómabeði, á í leysingum, varpstöðvum fugla, hverum og hverasvæðum, fossum og fjöllum, innsiglingu í hafnir – hverju því er gefur mynd af andliti Íslands.

481. Svar [328. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

1. *Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Framlög í fjárlögum á fjárlagalið 02-199-1.10, Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra, hefur verið eftirfarandi á síðustu fimm árum:

Fjárlög 2006: 18 millj. kr.
Fjárlög 2007: 18 millj. kr.
Fjárlög 2008: 18 millj. kr.
Fjárlög 2009: 12 millj. kr.
Fjárlög 2010: 6,7 millj. kr.

2. *Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Fjárlög 2006 18.000.000 + geymt frá fyrra ári 8.000.000	
Hannes Lárusson, Visions, sýningarverkefni í Manitobaháskóla	150.000
i8 Gallery, vegna þátttöku í alþjóðlegum listkaupstefnum	500.000
Heimildarmyndir ehf., útgáfa bókarinnar Íslenska menntakonan verður til	250.000
Nýtt land, heimildaþættir um Vilmund Gylfason	500.000
Bjarki Birgisson, heimsókn í grunnskóla landsins með fræðsluefni um sérþarfir	200.000
Rútur Snorrason, Knattspyrnufélagið Týr, útgáfa bókar	50.000
Lionsklúbbur Patreksfjarðar, Geir Gestsson, útgáfa rits um einelti	150.000
Bragi Friðriksson, minnisvarði um Hermann Stefánsson og Þórhildi Steingrímsdóttur á lóð MA	200.000
Congress Reykjavík, ráðstefna um stöðu barna í íslensku samfélagi	100.000
Sniglar, Bifhjólasamtök lýðveldisins, umferðarátak	100.000
Silja Björk Baldursdóttir, vinna fyrir starfshóp um mótun íþróttastefnu	500.000
RANNÍS, Ár evrópska vísindamannsins	300.000
Kvenréttindafélag Íslands, ráðstefnan Goðsagnir um hlutverk kvenna	50.000
Kór félags eldri borgara, tónleikaferð til Bretlands	300.000
Reykjavíkurborg, Gerðuberg, málþing um stöðu barnamenningar 2005	300.000
Sveitarfélagið Ölfus, minnisvarði um drukknaða í Þorlákshöfn	50.000
Íslensku tónlistarverðlaunin, afhending í janúar 2005	400.000
Æskan og hesturinn, sýning í Reiðhöllini í Víðidal í mars 2006	250.000
Junior Achievement – Ungir frumkvöðlar, verkefni nema í Verzlunarskólanum	30.000
Heimilisiðnaðarfélag Íslands, formennska í Norrænu heimilisiðnaðarsamtökunum	100.000

Íshokkísamband Íslands, heimsmeistarakeppni 3. deildar karla í Reykjavík í apríl	300.000
Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum HÍ, rannsókn á klámi og kynjabundnu ofbeldi	150.000
Hafnarfjarðarbær, ráðstefnan Kynlegur skóli	150.000
Lögreglukór Reykjavíkur, tónleikaferð til St. Pétursborgar og Tallinn í maí 2006	100.000
Karlakór Reykjavíkur, söngferð til Austurríkis og Þýskalands sumarið 2006	400.000
Lani Yamamoto, námskeið Hugmyndasmiðjunnar í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur	200.000
Foreldrafélag Drengjakórs Reykjavíkur, söngferð til Frakklands í júní	300.000
ÍSÍ, vegna Ólympíuleikanna í Torínó 2006	500.000
Heimili og skóli, Foreldraverðlaun 2006	50.000
Jón Þ. Þór, ráðstefna í Rússlandi í maí 2006	70.000
Mosfellsbær, Jesse Byock, uppgröftur að Hrísbrú	1.500.000
Mosfellsbær, fornleifauppgröftur og rannsóknir við Hrísbrú	500.000
Menningarmiðstöðin Edinborg, rekstur	300.000
ReykjavíkurAkademían, málþing, umræðufundur, námskeið o.fl.	100.000
Blátt áfram, verkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi	500.000
Hólaskóli, Alþjóðleg ráðstefna um kristnisögu o.fl. á Hólum sumarið 2006	500.000
Íslenska lögregluforlagið, útgáfa bæklings um sakaskrá fyrir börn í 10. bekk	200.000
Þóknun til dómnefndar um hátíðarbúning íslenskra knapa	266.619
Guðmundur B. Gylfason og Kristín B. Jóhannsdóttir, alþjóðleg ráðstefna í Svíþjóð og heimsókn í skóla fyrir blinda og sjónskerta í Finnlandi	80.000
Karlakór Eyjafjarðar, tónleikaferð til Grímseyjar	100.000
Listaháskóli Íslands, koma erlendra blaðamanna á útskriftarsýningu fatahönnunardeildar	200.000
Draumasmiðjan, döff leiklistarhátíðin á Akureyri í júlí	500.000
TrueNorth Ísland ehf., MTV tónlistarhátíðin á Íslandi	3.000.000
Hagkönnun, Arndís Steinþórsdóttir o.fl., mynd af dr. Gylfa Þ.Gíslasyni	50.000
Guðjón Sveinsson, útgáfa rits í tilefni 70 ára afmælis	100.000
Kristján Runólfsson, Minjasafn Kristjáns Runólfssonar	100.000
Karlakórinn Stefnir, tónleikaferð á Patreksfjörð í júní	75.000
Kling & Bang, sýning Gelitin gjörningahópsins frá Vín í júlí – ágúst 2006	250.000
Consert, kynningarmyndband með Nylon við lagið Losing a friend	450.000
Akureyrarkaupstaður, stofnfundur Landssamtaka hátíða og menningarviðburða	300.000
Háskóli Íslands, ráðstefnan „Fifth International Charr Symposium“ í ágúst 2006	200.000
Reykjavík Films, Njálssaga, framleiðsla á DVD-diski fyrir grunnskóla landsins	250.000
Hinsegin dagar í Reykjavík, útgáfa á dagskrárriti vegna Gay Pride í ágúst	50.000
Kristinn Ólason, málþingið „Frá goðsögu til myndhvarfa“ í Reykjavík 3.–6. ágúst	150.000
Hinsegin dagar – Gay Pride, hátíðahöld í Reykjavík 10.–13. ágúst 2006	50.000
HÍ, Rannsóknastofa í kvenna/kynjafræðum, Kvennaslóðir	200.000
Foreldrafélag Leikskólans Hörðuvalla, kynnisferð starfsmanna til Kaupmannahafnar	100.000
Verurnar, uppbyggingarstarf tímaritsins Veru	500.000
Faxaflóahafnir, Skippers d'Islande siglingakeppnin	200.000
Víkingur Heiðar Ólafsson, einstakir hæfileikar á sviði pianóleiks	100.000
IEEE á Íslandi, ráðstefnan NORDSIG	200.000
HÍ, Kvennasögusafn Íslands, málþing, 150 ár liðin frá fæðingu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur	75.000
Pólsk-íslenska vináttufélagið, pólsk listahátíð í september–október	250.000
Þórdís Sigurðardóttir o.fl., myndlistarsýningin Mega vott í Hafnarborg	150.000
Skáksamband Íslands, Norðurlandamót grunnskólasveita í skák á Íslandi í september	100.000
Skáksveit MR, Ólafur R. Ólafsson, Norðurlandamót í Finnlandi	75.000

Félag kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði, gerð heimasíðu	75.000
Rauði krossinn, Helga Vala Helgadóttir, útgáfa geisladisksins Úr vísnabók heimsins	300.000
Magnús Þorkelsson, góðgerðahálfmaraþonhlaup, The Great North Run á Englandi	50.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, „Það er leikur að læra“ ráðstefna í september	250.000
Menntaskólinn í Kópavogi, aðalfundur Evrópusamtaka hótel- og ferðamálaskóla	75.000
KHÍ, rannsóknastofnun, móttaka að loknu málþingi í október	150.000
Iðnnemasamband Íslands, þing sambandsins í október 2006	100.000
Anna Þorgrímsdóttir, rannsóknarferð til Finnlands að kynna sér tónlistarmenntun	50.000
Þórhildur Björnsdóttir, rannsóknarferð til Finnlands að kynna sér tónlistarmenntun	50.000
Guðmundur Magnússon, heimildakönnun í dönskum skjalasöfnum vegna bókar um samskipti Íslendinga við konunga sína í Danmörku á 19. og 20. öld	400.000
Skýrslutæknifélagið, Háskólinn í Reykjavík, kynningarefni, ráðstefnuhald o.fl. til UT-kvenna	200.000
Kjartan Björnsson, útgáfa viðtalsþátta við Sunnlendinga um mannlíf og atvinnusögu	100.000
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Matthíasarstefna	150.000
Hafnarfjarðarbær, útvarp fyrir innflytjendur í samstarfi við fjölmiðladeild Flensborgarskóla	100.000
Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga, útgáfa bókarinnar Heilabilun – og hvað þá?	50.000
Lagastofnun HÍ, útgáfa íslenskrar lögfræðiorðabókar	500.000
Menntaskólinn í Kópavogi, nemakeppni AEHT, haldin á Írlandi í nóvember 2006	100.000
Reykjanesbær, skákmót í tilefni af 50 ára afmæli Helga Ólafssonar	100.000
Samtök forstöðumanna sundstaða á Íslandi, vegna námskeiða	100.000
Samtals 2006	**21.321.619**

Fjárlög 2007 18.000.000 + geymt frá fyrra ári 5.000.000

Dagbjört Helga Pétursdóttir, verðlaun til ungs vísindamanns	250.000
Skákfélagið Hrókurinn, Skák og mát, bækur handa börnum	500.000
Lani Yamamoto, námskeið í nýsköpun og frumkvöðlamenntun í San Francisco	50.000
Hjallastefnan, ráðstefna á Selfossi um jafnrétti stúlkna og drengja í október	150.000
Stúdentadansflokkurinn, Sannar ástarsögur, eftir Helenu Jónsdóttur	300.000
GÞ skartgripir og úr, hnappar á hátíðarbúning knapa	16.000
Óperukór Hafnarfjarðar, Cavaleria Rusticana, frumsýnd um páska 2007	350.000
Bandalag kvenna í Reykjavík, 90 ára afmæli	50.000
Nordia, framhald.is, vefur sem er upplýsingaveita um framhaldsskólanám og háskólanám	100.000
Íslensku tónlistarverðlaunin 2007	400.000
Kálfstindur, Hollvinafélag Héraðsskólans á Laugarvatni, málþing um Jónas frá Hriflu	50.000
Rithöfundasamband Íslands, stofnun Barnabókastofu í Þjóðarbókhlöðunni	500.000
Einar Bragi Bragason, útgáfa hljómdisks	200.000
Landakotsskóli, kennslu- og námsgögn fyrir yngstu nemendur	200.000
Cantomedia (Frank Cantor), heimildamynd um Steinunni Þórarinsdóttur	650.800
Háskóli Íslands, heimsókn Karen Ross sem flutti fyrirlestur um konur, fjölmiðla og stjórnmál	50.000
Innovit, uppbygging nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs við HÍ	500.000
Leikminjasafn Íslands, sýning á ferli Helga Tómassonar í forsal Borgarleikhússins	200.000
Kristján Hreinsson, tilraunaverkefnið Skák er leikur	100.000
Lögreglufélag Reykjavíkur, útgáfa bæklings um sakaskrá fyrir börn í 10. bekk	50.000
Sendiráðið í París, útgáfa bókar Jesse Byock, Viking Age Iceland	502.920

ReykjavíkurAkademían, verkefnið Svartárkot, menning – náttúra	100.000
Sendiráðið í Berlín, kynning á Steingrími Eyfjörð, þátttakanda Íslands í Feneyjatvíæringnum	199.987
Tilraunastöð HÍ að Keldum (gestamóttakan), ráðstefna um arfgenga heilablæðingu	100.000
Félag talkennara og talmeinafræðina, útgáfa tveggja árganga af Talfræðingnum	150.000
Menntaskólinn í Kópavogi, aðalfundur Evrópusamtaka hótel- og ferðamálaskóla og fagkeppni nema	100.000
Kling & bang, sýning í Berlín	150.000
Samband íslenskra framhaldsskólanema, stofnþing í nóvember	100.000
Silja Aðalsteinsdóttir, ferð til Danmerkur með dagskrá um Jónas Hallgrímsson	75.000
Þorvaldur Þorsteinsson, ferð til Danmerkur með dagskrá um Jónas Hallgrímsson	75.000
Kennaraháskóli Íslands, þing um rannsóknir, nýbreytni og þróun í október 2007	150.000
Leikminjasafn Íslands, leikbrúðusýning	100.000
Samtals 2007	**6.469.707**

Fjárlög 2008 18.000.000 + geymt frá fyrra ári 17.000.000

Zontaklúbbur Akureyrar, Nonnahús, sýning um Jón Sveinsson, Nonna	100.000
Samtök ferðaþjónustunnar, Dagur menntunar í ferðaþjónustu	100.000
Hafnarskóli Hornafirði, Lego-keppni grunnskólanemenda í Bandaríkjunum	250.000
K:at, Kolbrún Anna Björnsdóttir, námskeið fyrir fagfólk í viðkvæmum aðstæðum	150.000
Möguleikhúsið, starfsemi 2008	2.000.000
Hallfríður Ólafsdóttir, bók og geisladiskur um hljóðfæri sinfóníuhljómsveitar	200.000
Nordisk forening mod børnemishaldling og omsorgssvigt, ráðstefna	150.000
Skákfélagið Hrókurinn, heimsóknir í grunnskóla skólaárið 2007–2008	500.000
Kvenfélagasamband Íslands, norrænt þing kvenfélaga á Akureyri í júní 2008	300.000
Stofnun Árna Magnússonar, Íslensk málnefnd, 11. málþing í janúar–maí 2008	100.000
Æskan og hesturinn, sýning í Reiðhöllinni í Víðidal í mars 2008	250.000
Samtökin ´78, kaup á fræðibókum í bókasafn samtakanna	150.000
Lögreglukór Reykjavíkur, þátttaka í norrænum kórahátíðum sumarið 2008	100.000
Umsjónarfélag einhverfra, námskeið/vinnusmiðja um Aspergerheilkenni og kynheilbrigði	100.000
Ólympíuleikar í stærðfræði, Eystrasaltskeppni „Baltic Way 2007“ í Kaupmannahöfn	200.000
Félag íslenskra listdansara, fjárhagsáætlun um rekstur og starfsemi Danshúss	200.000
Íslandsfundir, rannsóknahópur KHÍ, norræn ráðstefna um náttúrfræðimenntun	75.000
Kór félags eldri borgara í Reykjavík, Söngfuglar, ferð til Ísafjarðar og Bolungarvíkur	50.000
Íslenska lögregluforlagið, útgáfa unglingabæklings til 10. bekkjar nemenda	125.000
Fjölís, ráðstefna um höfundarétt	100.000
Talþjálfun Reykjavíkur, bættur málþroski og námsárangur íslenskra skólabarna	50.000
Friðrika, Anna Júlía Friðbjörnsdóttir og Karlotta Blöndal, útgáfa listtímaritsins Sjónauka	300.000
Karlahópur Femínistafélags Íslands, fræðsluritsið Karlmenn segja NEI við nauðgunum	50.000
Guðmundur Þór Guðjónsson, útgáfa minningardisks um Bergþóru Árnadóttur	200.000
Bókmenntafélagið Drápuhlíð, Bragi Jósepsson, útgáfa tímaritsins Stínu sem fjallar um bókmenntir og listir	100.000
Kópavogskaupstaður, dansflokkur frá Ekvador á menningarhátíð í Kópavogi 2008	1.000.000
Hafnarfjarðarkaupstaður, hönnunarsýning í tilefni 100 ára afmælis	300.000
Óperukór Hafnarfjarðar, söngferð til Kanada í september–október 2008	300.000
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, móttaka í tengslum við Manifesta 7 tvíæringinn	245.000
Raunvísindastofnun HÍ, alþjóðaþing eldfjallafræðinga á Íslandi	150.000

Anna Einarsdóttir, þátttaka Íslands í bókamessunni í Gautaborg 2008	300.000
Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga, útgáfa bókar um heilabilun	40.000
Nýhil, ljóðahátíð í ágúst 2008	300.000
Hinsegin dagar – Gay Pride í Reykjavík í ágúst 2007	50.000
Hinsegin dagar, hátíðahöld í Reykjavík í ágúst 2008	100.000
Würth á Íslandi, myndlistarsýning í Listasafni Íslands vegna 20 ára afmælis Würth á Íslandi	1.500.000
Gallerí Humar og frægð, tónleikar Bjarkar og Sigur Rósar í Laugardal í júní 2008	200.000
Brynjar Örn Gunnarsson (Breiðablik), námsdvöl þriggja ungmenna í Falun í Svíþjóð	600.000
Sundfélag Hafnarfjarðar, Norðurlandamót Garpa í sundi 2008	100.000
Krád, Hrund Gunnsteinsdóttir og Margrét Vilhjálsdóttir, Ályktun 1325, í Þjóðmenningarhúsinu	750.000
Ásthildur B. Snorradóttir, útgáfa bókar um Bínu, um boðskiptafærni og málþroska	150.000
Þemis, félag laganema HA, útgáfa Tímaritsins Lögfræðingur	50.000
Forlagið, söguefni frá Sturlungaöld í smíðum Thors Vilhjálmssonar	150.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, til að efla þekkingu kvenna í atvinnulífi á Vestfjörðum	300.000
Íslenska málfræðifélagið, starfsemi félagsins 2008	200.000
Peter Máté fylgir þrem pianónemum í alþjóðlega pianókeppni í Belgíu	50.000
Jónas Knútsson, útgáfa Kvikmyndasögu Bandaríkjanna	150.000
Mæðrastyrksnefnd Reykjavík, styrkur 2008 (í stað þess að gefa starfsmönnum ráðuneytis jólagjafir)	300.000
Lífsskólinn, stafaspil til lestrarkennslu	50.000
KSÍ, þátttaka og undirbúningur fyrir úrslitakeppni Evrópumóts landsliða	500.000
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, vinna að tilnefningu handritasafnsins á lista UNESCO	285.000
Icefitness, skólahreysti 2009	500.000
Móttaka Ólympíuliðs karla í handbolta	3.250.000
Feneyjatvíæringurinn 2007	1.240.000
Norræna menningarhátíðin Les Boréales í Frakklandi 2008	2.000.000
Menningarneyslukönnun	2.000.000
Verndum þau, námskeið um æskuna á óvissutímum	1.000.000
Samtals 2008	**24.010.000**

Fjárlög 2009 12.000.000 + geymt frá fyrra ári 10.000.000	
Martin Ingi Sigurðsson, verðlaun fyrir rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum	200.000
Innovit, frumkvöðlakeppni íslenskra háskólanema og nýútskrifaðra	300.000
Vímulaus æska, starfsemi félagsins 2007	150.000
Jónas Kristjánsson, rannsóknarferð til Nýfundnalands 2008	300.000
Brynja Jónsdóttir, Nei ókei, félag nemenda í Hlíðaskóla	30.000
Rúrí, Þuríður Fannberg, uppgjör vegna listaverks á menningarhátíðinni í Brussel 2008	1.000.000
Sendiráð Íslands í Kanada, kynning á íslenskri kvikmyndalist á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Calgary	100.800
Frontier filmworks, stuðningur við kvikmyndina Sólskinsdrenginn	2.000.000
Menningarmiðlun, ljósmyndasýning Sigurðar Sigmundssonar í Skálholtsskóla	50.000
Loo, kynning á Lay Low í USA, Bretlandi og Asíu	1.000.000
Háskóli Íslands, Asíusetur Íslands, ráðstefna um efnahags-, umhverfis- og menntamál Kína	250.000
Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni, landsverkefnið Unga fólkið og heimabyggðin	50.000

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Táknmálsvefurinn	1.000.000
Sunnuhlíð, undirbúningur áfanga við MK „Aldraðir og hjúkrunarheimili“	250.000
Íslandsdeild EPTA, þátttaka í píanókeppni 2009	400.000
Síldarminjasafnið, námskeið í smíði opinna trébáta o.fl.	1.000.000
Þóra Karítas Árnadóttir, Cindy og Craig Corrie til Íslands vegna frumsýningar á Ég heiti Rachel Corrie	100.000
Íslenski skólinn í Brussel, starfsemi skólans	300.800
Guðmundur Heiðar Frímannsson (HA), útgáfa á ritgerðum Haraldar Bessasonar	500.000
Samtök ferðaþjónustunnar, Dagur menntunar í ferðaþjónustu í febrúar 2009	100.000
Prime, hljóðdrapperingar á Litla Hrauni (Tolli)	150.000
Náttúran er, Náttúruspilum dreift í skóla landsins	200.000
ReykjavíkurAkademían, vefritið Kistan og útgáfa sýnisbókar á 10 ára afmæli þess	250.000
Sinfóníuhljómsveit Íslands, hátíðartónleikar vegna sjötugsafmælis Atla Heimis Sveinssonar tónskálds	200.000
Æskan og hesturinn, sýning í Reiðhöllinni í Víðidal í mars	250.000
Leikhópurinn Þíbilja, dagskráin Atvinnuleysi á Íslandi og afleiðingar þess	150.000
Háskóli Íslands, Víkingafundur á Íslandi í ágúst 2009	500.000
Háskólinn á Akureyri, ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði í maí	150.000
Hitt Húsið, Hreiðar Már Árnason, til að upplýsa og virkja ungt fólk sem ekki hefur atvinnu	1.000.000
L 11, Lani Yamamoto, verkefnið Náttúrugæslustöðin í Reykjavík	200.000
Dalai Lama á Íslandi, heimsókn Dalai Lama í júní	200.000
Blátt áfram, verkefnið Verndarar barna	200.000
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, vegna opnunarhófs á Feneyjatvíæringi 2009	1.000.000
Kvenréttindafélag Íslands, útgáfa tímaritsins 19. júní 2009	100.000
Gay Pride – Hinsegin dagar, Hinsegin dagar í Reykjavík 2009	100.000
Samtónn, íslenskt tónlistarsumar 2009	250.000
Háteigsskóli, útskriftarferð nemenda af erlendum uppruna í 10. bekk, kaup á 10 eintökum af Hvítbók	8.000
Baldvin Oddsson, sumarskóli við Brevard tónlistarhátíðina í Bandaríkjunum	50.000
Árni Heimir Ingólfsson og Víkingur Heiðar Ólafsson, fræðsluverkefni um klassíska tónlist í grunnskólum	200.000
Steinunn Birna Ragnarsdóttir, tónleikar í Vilníus í ágúst	50.000
Fornleifastofnun Íslands, sjónvarpsstöðin ZDF, þáttur um fornleifar á Íslandi	250.000
Hveragerðisbær, fyrirhuguð blómasýning í Hveragerði í júní 2009	300.000
Landssamband hugvitsmanna, koma Kaj Mickos prófessors á málþing um nýsköpun	100.000
Möguleikhúsið, starfsemi 2009–2010 í tilefni 20 ára afmælis	500.000
Guðmundur Páll Ólafsson, ljósmynda-/heimildaferð um vatnasvæði og auðnir Asíu, Ástralíu og Suður-Ameríku	300.000
Félag kennara í kristnum fræðum, ráðstefna í tilefni 10 ára afmælis	75.000
Listfengi ehf., könnun á útbreiðslu „Landnámsaðferðar“ í grunnskólakerfinu	100.000
Steindór I. Andersen, þjóðlagahátíð í Póllandi í nóvember 2009	125.000
Háskóli Íslands, ráðstefna um arf Jörgens Jörgensen (Jörundar hundadagakonungs)	75.000
Körfuknattleikssamband Íslands, framboð til formennsku í FIBA-Europe	500.000
Leiklistarsamband Íslands, Gríman, íslensku leiklistarverðlaunin 2009	250.000
Íslenska lögregluforlagið, Í umferðinni, umferðarfræðsluverkefni	30.000
Svartárkot, námskeið í Svartárkoti sumarið 2009, Writing Local Cultures	200.000
Nordisk Panorama, stutt- og heimildamyndahátíð í september 2009	250.000

Vestnorræna ráðið, barna- og unglingabókaverðlaun 2008	200.000
Ormstunga, útgáfa á lokabindi Landfræðisögu Íslands	350.000
Samtals 2009	**17.894.600**

Fjárlög 2010 6.700.000 + geymt frá fyrra ári 5.000.000

Greiddir styrkir:

Dalabyggð, hleðsla Guðrúnarlaugar í Sælingsdal	350.000
Ibby á Íslandi, starfsemi 2010	800.000
Sögufélag, útgáfa tímarita, heimildarita og annars efnis um sagnfræði og söguleg efni	800.000
Icefitness, Skólahreysti 2010	100.000
Landvernd, umhverfisfræðuslusetrið Alviðra	400.000
Snorri Baldursson, Lífríki Íslands	250.000
Hjalti Rögnvaldsson, þýðing á leikverki Jónasar Jónassonar „Helvíti“	150.000
Argout Film, Heiða B. Heiðarsdóttir, sýning á „Maybe I should have“ í Brussel	150.000
Samtök ferðaþjónustunnar, Dagur menntunar í ferðaþjónustu í febrúar 2010	100.000
Íslensku tónlistarverðlaunin, heiðursverðlaun 2010	250.000
Lífsmynd, Ari Trausti Guðmundsson, þættirnir Nýsköpun – íslensk vísindi	250.000
Kristjana Arngrímsdóttir, ferð til Færeyja til að kynna þjóðlaga- og sagnaarf Íslendinga	100.000
HÍ, félagsvísindadeild, námskeiðahald í safnfræði haustið 2010, Trash Culture at the Museum	75.000
Kirkjulistahátíð, kirkjulistahátíð 2010	300.000
Helga E. Guðmundsdóttir og Þorgrímur E. Guðbjartsson, kynningarmiðstöð íslensku kýrinnar	100.000
Kríurnar, þróunarsamtök í þágu kvenna í Afríku	40.000
Lögreglufélag Reykjavíkur, útgáfa bæklingsins Unglingar og sakaskráin	75.000
Lögreglufélag Reykjavíkur, unglingabæklingar til allra 10. bekkinga á höfuðborgarsvæðinu	125.000
Kvenréttindafélag Íslands, útgáfa tímaritsins19. júní 2010	50.000
Forlagið, vinna við skáldsögu Thors Vilhjálmssonar	100.000
Hvolsskóli, náms- og kynnisferð starfsfólks vorið 2010	70.000
Hinsegin dagar í Reykjavík 2010	100.000
Iceland Music export, rannsókn hagrænna áhrifa skapandi greina	750.000
Elín Hirst, heimildarmyndin Síðasta heimferðin	50.000
Jónas Kristjánsson, rannsóknarferð til Nýfundnalands 2010	100.000
Birna Bjarnadóttir, University of Manitoba, sumarnámskeið í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða	75.000
Gallery hverfi, listahátíðin Villa Reykjavík í júlí	100.000
Salka forlag, bókin Töfrahringurinn eftir Hendrikku Waage	50.000
Rannsóknarstofa HÍ, rannsókn á samfélagslegu hlutverki háskóla	1.000.000
Útgáfa á Kynungabók, upp í útgáfukostnað	200.000
Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, þýðingarvinna og kynning á fræðsluvefnum globalis.is	100.000
Valgerður Þórsdóttir, útgáfa barnabókar á íslensku og pólsku	75.000

Ógreidd loforð 2010:

Q, félag hinsegin stúdenta og hagsmunafélag innan háskólasamfélagsins á Íslandi	50.000
Hið íslenska bókmenntafélag, ritun á 11. bindi Sögu Íslands	1.000.000
Skálholtsskóli, norræn ráðstefna á sviði guðfræði í september 2010	50.000

Háskóli Íslands, jafnréttisdagar HÍ í september 2010	50.000
Skáksamband Íslands, Norðurlandamót í skák 2011	200.000
Freyja Haraldsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir, fræðsluefni fyrir fatlað fólk og gagnasöfnun í Svíþjóð	50.000
Sveitarfélagið Garður, alþjóðlega listaverkefnið Ferskir vindar í Garði	100.000
Mímir, félag stúdenta í íslenskum fræðum, dagskrá á degi íslenskrar tungu 2010	10.000
HÍ, vegna rannsóknarþings verkfræði- og náttúruvísindasviðs	50.000
Bókaútgáfan Æskan, útgáfa á tveimur bókum	75.000
Samtals greitt og lofað 1. desember 2010	**8.870.000**

482. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 2011.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2011 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**434.288,1**	**413.754,8**
Skattar á tekjur einstaklinga	114.000,0	110.000,0
Skattar á tekjur lögaðila	26.400,0	19.400,0
Tryggingagjöld	64.572,3	62.056,2
Eignarskattar	10.658,2	10.068,2
Virðisaukaskattur	132.000,0	126.700,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	72.274,1	71.749,1
Skattar ótaldir annars staðar	14.383,5	13.781,3
Aðrar rekstrartekjur	**29.777,7**	**29.687,5**
Arðgreiðslur	2.225,5	2.225,5
Vaxtatekjur og eignatekjur	20.867,2	20.777,2
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	6.685,0	6.684,8
Sala eigna	**600,0**	**600,0**
Fjárframlög	**1.704,1**	**1.704,1**
Tekjur alls	**466.369,9**	**445.746,4**
Æðsta stjórn ríkisins	3.525,8	3.525,8
Forsætisráðuneyti	871,9	871,9
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	56.932,1	56.932,1
Utanríkisráðuneyti	10.766,2	10.766,2
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	18.632,1	18.632,1
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	23.847,2	23.847,2
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	109.572,8	109.901,8
Heilbrigðisráðuneyti	99.013,3	99.013,3
Fjármálaráðuneyti	53.692,1	45.762,1
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	35.415,8	35.340,8
Iðnaðarráðuneyti	4.724,2	4.724,2
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	3.309,8	3.309,8
Umhverfisráðuneyti	6.800,2	6.800,2
Vaxtagjöld ríkissjóðs	73.654,0	71.422,0
Gjöld samtals	**500.757,5**	**490.849,5**
Heildarjöfnuður	**-34.387,6**	**-45.103,1**
Frumjöfnuður	**18.399,2**	**5.541,7**

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2011 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.	
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-34.387,6
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-218,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-10.443,5
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-154,0
Handbært fé frá rekstri	**-45.203,1**
Fjármunahreyfingar	
Veitt löng lán	-12.600,0
Afborganir veittra lána	8.600,0
Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup	-2.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	200,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-5.800,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-51.003,1**
Fjármögnun	
Tekin löng lán	267.000,0
Afborganir lána	-235.000,0
Fjármögnun samtals	**32.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-19.003,1**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2011 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	760,0	0,0	15,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	852,5	1000,0	250,0	0,0
Íslenskar orkurannsóknir	-40,0	0,0	30,0	0,0
Samtals	**1.572,5**	**1.000,0**	**295,0**	**0,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2011 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.588,2	16.300,0	79,0	12.600,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	162,0	0,0	0,0	0,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	436,0	23.099,0	9,0	23.223,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	11,0	0,0	1,0	0,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam	84,0	0,0	5,0	0,0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild	14,0	20.000,0	26,0	20.108,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	14,0	350,0	0,0	0,0
Orkusjóður	7,5	25,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	9,2	3.000,0	0,0	3000,0
Samtals	**9.325,9**	**62.774,0**	**120,0**	**58.931,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 267.000 m.kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 12.600 m.kr. til eftirtalinna aðila:

   2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 12.600 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2011 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.4, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:

   3.1 Landsvirkjun, allt að 30.000 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.
   3.2 Íbúðalánadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 20.108 m.kr., sbr. 10. gr. og 1. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 23.223 m.kr., sbr. 10. gr. og 3. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.4 Byggðastofnun, allt að 3.000 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

4. Ýmis ákvæði.

   4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;

b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Heimildir

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að semja við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um ráðstöfun fasteignarinnar við Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
2.2 Að selja tækjageymslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.3 Að selja fasteignina Laugarnesveg 91, Reykjavík.
2.4 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Heiðavegi 4, Reyðarfirði.
2.5 Að selja húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands við Hlemm.
2.6 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignina Fífilbrekku, Reykjum, Ölfusi.
2.7 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignirnar Túngötu 1 og 3, Hvanneyri, Borgarfirði.
2.8 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignirnar Möðruvelli 2 og 4, Hörgárdal, Arnarneshreppi.
2.9 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Lyngholti 9, Ísafirði, og ráðstafa andvirðinu til vegamála.
2.10 Að selja húseignir ríkisins við Borgartún 5 og 7, Reykjavík og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
2.11 Að selja afgreiðsluhús á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.12 Að selja átthagafélagi gamla prestshúsið á Stað í Aðalvík, Ísafjarðarbæ.
2.13 Að selja mannvirki á jörðunum Selárdal og Uppsölum, Vesturbyggð.
2.14 Að selja húsnæði dómstóla, lögreglu- og sýslumannsembætta og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði í tengslum við endurskipulagningu starfseminnar.
2.15 Að selja fasteignina Baughól 44, Húsavík.
2.16 Að selja fasteignirnar Nátthaga 5, 7 og 9, Hólum í Hjaltadal.
2.17 Að selja fasteignirnar Prestssæti 3 og 5, Hólum í Hjaltadal.
2.18 Að selja útihús á jörðinni Þormóðsdal.
2.19 Að selja bæjarhúsin á Selá í Dalvíkurbyggð á leigulóð.
2.20 Að selja bæjarhúsin á Hólsseli í Norðurþingi á leigulóð.
2.21 Að ganga til samninga við kaþólsku kirkjuna á Íslandi um endurkaup hennar á hluta eigna St. Franciskusspítalans í Stykkishólmi.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.2 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.3 Að selja íbúð við Hvassaleiti 30 og kaupa aðra hentugri.

3.4 Að selja eignarhlut ríkisins að Bíldshöfða 16, Reykjavík, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.5 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Brautarholti 6, Reykjavík.
3.6 Að selja eignarhlut ríkisins í húsnæði Skógræktar ríkisins að Gagnheiði 25–27, Selfossi.
3.7 Að selja sendiherrabústað í Washington og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e, Reykjavík.
3.9 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Hvanneyrarbraut 60, Siglufirði.
3.10 Að selja eignarhlut ríkisins í Iðndölum 2, Vatnsleysustrandarhreppi, og ráðstafa andvirðinu til uppbyggingar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.
3.11 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Brekkubyggð 14, Blönduósi.
3.12 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Eiðistorgi 13–15, Seltjarnarnesi.
3.13 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Víðinesi, Reykjavík.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land á Keldum, á Keldnaholti og við Úlfarsá og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja landspildur í eigu ríkisins í Garðabæ.
4.3 Að selja jarðarhlutann Rima, Bláskógabyggð.
4.4 Að selja landspildur ríkisins við Flekkuvík.
4.5 Að selja hluta af landsvæðum ríkisins við Litla-Hraun og ráðstafa andvirðinu til endurbóta á fangelsinu.
4.6 Að selja hluta af jörðunum Torfastöðum I og II í Rangárþingi eystra.
4.7 Að selja jörðina Hvol 2, Ölfusi.
4.8 Að selja jörðina Leiti, Hornafirði.
4.9 Að selja jarðirnar Gunnólfsvík I og II, Langanesbyggð.
4.10 Að selja fasteignina Efri-Brú, Grímsnesi.
4.11 Að selja Mosfellsbæ jörðina Þormóðsdal, sbr. 35. gr. jarðalaga, nr. 81/2004.
4.12 Að selja jörðina Ytri-Lynga II, Skaftárhreppi.
4.13 Að selja ábúandanum á Reykhólum landspildur í grennd við jörðina.

Kaup og sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlut ríkisins í Endurvinnslunni hf.
5.2 Að selja hlut ríkisins í sparisjóðum sem ríkið hefur eignast hlut í á grundvelli 2. gr. l. nr. 125/2008, um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.
5.3 Að kaupa og selja hluti í innlendum sparisjóðum í tengslum við endurskipulagningu sparisjóðakerfisins.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.2 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.3 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Þjóðleikhússins.

6.4 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Vinnumálastofnun.
6.5 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Listasafns Íslands.
6.6 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um lóð undir samgöngumiðstöð sem fyrirhugað er að reisa við Reykjavíkurflugvöll.
6.7 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir hjúkrunarrými aldraðra í samræmi við áform um fjölgun slíkra rýma.
6.8 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og nýja stofnun sjúkratrygginga og innkaupa á heilbrigðissviði.
6.9 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Veðurstofu Íslands.
6.10 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.
6.11 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir hverfisstöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.
6.12 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir gæsluvarðhaldsfanga á höfuðborgarsvæðinu og selja núverandi húsnæði að Skólavörðustíg 9 og Kópavogsbraut 17.
6.13 Að kaupa sendiherrabústað í New York.
6.14 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.
6.15 Að kaupa jörðina Teigarhorn, Djúpavogshreppi.
6.16 Að kaupa mannvirki gömlu nautastöðvarinnar í Hvannatúni á Hvanneyri af Bændasamtökum Íslands í þágu Landbúnaðarháskóla Íslands.
6.17 Að kaupa jörðina Eystri-Ása, Skaftárhreppi, af Þjóðkirkjunni.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2011 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2011, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
7.3 Að selja, leigja eða ráðstafa með öðrum hætti fasteignum og landsvæðum á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli sem koma á í borgaraleg not.
7.4 Að endurgreiða sveitarfélögum, eða opinberum félögum á þeirra vegum, virðisaukaskatt vegna kaupa á nýjum slökkvibifreiðum og búnaði slökkviliða.
7.5 Að heimila að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn.
7.6 Að ganga til samninga við hafnarsjóð Seyðisfjarðar um viðbótartollaðstöðu á Seyðisfirði.
7.7 Að verja, ef á þarf að halda, frekari fjárhæðum til greiðslu bóta til þeirra er sætt hafa misgjörðum á vistheimilum fyrir börn en heimilað er í fjáraukalögum fyrir árið 2008.
7.8 Að kaupa hluti eða auka hlutafé ríkisins í fyrirtækjum á sviði orkuöflunar og orkudreifingar í því skyni að tryggja opinbert eignarhald og endurskipulagningu á sviði orkumála.
7.9 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.

7.10 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.
7.11 Að semja um afhendingu kirkjulóða og kirkjugarða á ríkisjörðum til þjóðkirkjunnar.
7.12 Að selja flugvél Landhelgisgæslunnar TF–SYN.
7.13 Að heimila Landhelgisgæslunni að leigja hentugar björgunarþyrlur fyrir starfsemi sína í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um lágmarksgetu til björgunar.
7.14 Að leggja bönkum og sparisjóðum, að hluta eða að fullu í eigu íslenska ríkisins, til aukið eigið fé, reynist þess þörf, til að viðhalda lágmarkseiginfjárhlutfalli samkvæmt kröfum Fjármálaeftirlits.
7.15 Að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að 1.000 m.kr. að fenginni úttekt iðnaðarráðuneytisins á framtíðarfyrirkomulagi lánastarfsemi stofnunarinnar.
7.16 Að semja við sveitarfélög um greiðslur og vaxtakjör vegna fjármagnstekjuskatts sem álagður er á árinu 2010 vegna tekjuársins 2009.
7.17 Að veita Nýjum Landspítala ohf. skammtímalán vegna undirbúnings hönnunar nýs Landspítala við Hringbraut.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I Skatttekjur

1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	89.300,0	86.500,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	24.700,0	23.500,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**114.000,0**	**110.000,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	26.400,0	19.400,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	2.200,0	2.100,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.516,2	1.487,0
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	3.730,0	3.450,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**7.446,2**	**7.037,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**147.846,2**	**136.437,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	60,0	60,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	33.917,9	32.595,2
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	30.594,4	29.401,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**64.572,3**	**62.056,2**
	Tryggingagjöld	**64.572,3**	**62.056,2**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	2.007,5	1.929,2
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.538,3	2.439,3
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**4.545,8**	**4.368,5**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	5.210,0	4.620,0
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	2.350,0	2.350,0
4.4.1	Stimpilgjöld	2.600,0	2.600,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	498,2	498,2
	Eignarskattar	**10.658,2**	**10.068,2**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	132.000,0	126.700,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	3.910,0	3.790,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	1.770,0	1.730,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.900,0	1.900,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	4.720,0	4.720,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	7.630,0	7.630,0
5.1.2.1.32	Kolefnisgjald	3.140,0	3.070,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.830,0	6.830,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	42,0	42,0
5.1.2.1.36	Sérstakur skattur af seldri raforku	1.970,0	1.930,0
5.1.2.1.37	Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	240,0	235,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	430,0	430,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	10.890,0	10.780,0
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	4.970,0	4.960,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.613,6	2.613,6
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	5.392,0	5.252,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.672,8	2.672,8
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	9,7	9,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**191.130,1**	**185.295,1**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	6.380,0	6.310,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	810,0	740,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	250,0	250,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	145,3	145,3
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	19,9	19,9
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	617,0	617,0
5.2.2.25.1.25	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	2.470,0	2.620,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	310,0	310,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	2.130,8	2.130,8
5.2.2.35	Ýmislegt	11,0	11,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**13.144,0**	**13.154,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**204.274,1**	**198.449,1**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.15	Markaðsgjald	401,5	385,8
6.1.25	Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	600,0	600,0
6.1.30	Gjald á bankastarfsemi	1.000,0	1.000,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**2.001,5**	**1.985,8**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	390,0	390,0
	Aðrir skattar	**2.391,5**	**2.375,8**
	Skatttekjur, samtals	**434.288,1**	**413.754,8**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	40,0	40,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	2.185,5	2.185,5
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**2.225,5**	**2.225,5**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	2.240,0	1.870,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	13.250,0	13.616,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	5.211,0	5.125,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	66,2	66,2
8.3.8.5	Aðrar eignatekjur, ótaldar annars staðar	100,0	100,0
	Aðrar eignatekjur	**20.867,2**	**20.777,2**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**23.092,7**	**23.002,7**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	1.180,0	1.180,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	1.120,0	1.120,0
9.1.3.5	Skólagjöld	744,5	744,5
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	130,0	130,0
9.1.3.20	Prófgjöld	27,4	27,4
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	213,5	213,5
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	721,7	721,7
9.1.3.35	Ýmislegt	418,1	417,9
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	456,2	456,2
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	193,9	193,9
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**5.205,3**	**5.205,1**
	Ýmsar tekjur	**5.205,3**	**5.205,1**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	670,0	670,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	700,0	700,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.405,0**	**1.405,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7	74,7
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**29.777,7**	**29.687,5**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	400,0	400,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa og verðbréfa	100,0	100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**500,0**	**500,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	100,0	100,0
	Sala eigna, samtals	**600,0**	**600,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	212,1	212,1
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	550,0	550,0
	Rekstrarframlög	**762,1**	**762,1**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	552,0	552,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	390,0	390,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.704,1**	**1.704,1**
	Fjárframlög, samtals	**1.704,1**	**1.704,1**
	Heildartekjur samtals	**466.369,9**	**445.746,4**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	156,5
1.81 Opinberar heimsóknir	15,7
Almennur rekstur samtals	172,2
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	1,0
Gjöld samtals	**173,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	173,2

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	809,4
1.02 Framlög til þingflokka	53,5
1.03 Fastanefndir	12,2
1.04 Alþjóðasamstarf	107,6
1.06 Almennur rekstur	869,0
1.07 Sérverkefni	79,6
1.10 Rekstur fasteigna	266,6
Almennur rekstur samtals	2.197,9
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	12,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,6
Gjöld samtals	**2.231,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-22,6
Gjöld umfram tekjur	**2.208,4**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.208,4
00-290 Stjórnlagaþing	
Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnlagaþing	236,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	236,5
00-295 Saksóknari Alþingis	
Almennur rekstur:	
1.01 Saksóknari Alþingis	24,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,4
00-301 Ríkisstjórn	
Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	214,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	214,3
00-401 Hæstiréttur	
Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	171,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,0
00-610 Umboðsmaður Alþingis	
Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður Alþingis	105,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	105,1

	m.kr.
00-620 Ríkisendurskoðun	
Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisendurskoðun	427,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-34,1
Gjöld umfram tekjur	**392,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	392,9
00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**3.525,8**
Greitt úr ríkissjóði	**3.525,8**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	291,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	291,5

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.11 Hið íslenska fornritafélag	10,0
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	4,5
1.19 Efnahagsrannsóknir	40,0
1.23 Hrafnseyri	22,9
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	28,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	6,6
1.51 Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta	30,2
1.56 Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn	23,0
1.58 Sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi	20,0
1.90 Ýmis verkefni	23,0
Almennur rekstur samtals	208,2
Gjöld samtals	**208,2**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	208,2

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	2,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	2,5

	m.kr.
01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis	
Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis	58,5
Viðhaldsverkefni:	
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis	44,4
Gjöld samtals	**102,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102,9
01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins	
Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	6,2
Stofnkostnaður:	
6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins	10,0
Gjöld samtals	**16,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,2
01-241 Umboðsmaður barna	
Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður barna	37,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,0
01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	
Almennur rekstur:	
1.01 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	12,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,5

	m.kr.
01-261 Óbyggðanefnd	
Almennur rekstur:	
1.01 Óbyggðanefnd	42,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	42,0
01-271 Ríkislögmaður	
Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögmaður	67,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,9
Gjöld umfram tekjur	**61,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,6
01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	82,2
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteignir	2,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Nýframkvæmdir	31,0
Gjöld samtals	**115,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,7
Gjöld umfram tekjur	**89,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	83,5
Innheimt af ríkistekjum	6,0

	m.kr.
01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	
Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0
01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**871,9**
Greitt úr ríkissjóði	**865,9**
Innheimt af ríkistekjum	**6,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

02-101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	581,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,5
Gjöld umfram tekjur	**577,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	577,5

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,1

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Háskóli Íslands	12.721,3
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	37,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	515,0
Gjöld samtals	**13.273,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3.731,1
Gjöld umfram tekjur	**9.542,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.470,2
Innheimt af ríkistekjum	1.072,0

	m.kr.
02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	
Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	360,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-172,8
Gjöld umfram tekjur	**187,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	182,6
Innheimt af ríkistekjum	5,0
02-203 Raunvísindastofnun Háskólans	
Almennur rekstur:	
1.01 Raunvísindastofnun Háskólans	944,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-595,5
Gjöld umfram tekjur	**348,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	348,9
02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	
Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	322,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-48,4
Gjöld umfram tekjur	**274,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	274,2
02-210 Háskólinn á Akureyri	
Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Akureyri	1.619,4

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-337,5
Gjöld umfram tekjur	**1.281,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.218,5
Innheimt af ríkistekjum	63,4

02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands	1.063,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-506,4
Gjöld umfram tekjur	**556,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	530,5
Innheimt af ríkistekjum	26,2

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Almennur rekstur:	
1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	395,4
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fasteigna	4,0
Stofnkostnaður:	
6.20 Fasteignir og lóðir	16,5
Gjöld samtals	**415,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-176,2
Gjöld umfram tekjur	**239,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	231,7
Innheimt af ríkistekjum	8,0

	m.kr.
02-223 Námsmatsstofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Námsmatsstofnun	158,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-46,2
Gjöld umfram tekjur	**112,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	110,7
Innheimt af ríkistekjum	2,0
02-225 Háskólinn á Bifröst	
Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Bifröst	305,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	305,3
02-227 Háskólinn í Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn í Reykjavík	1.911,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.911,2
02-228 Listaháskóli Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Listaháskóli Íslands	614,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	614,4
02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands	284,6

	m.kr.
1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda	33,8
Almennur rekstur samtals	318,4
Gjöld samtals	**318,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-106,2
Gjöld umfram tekjur	**212,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	212,2

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:	
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	150,4
1.12 Launatengd gjöld	34,3
Almennur rekstur samtals	184,7
Gjöld samtals	**184,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	184,7

02-235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni

Stofnkostnaður:	
6.60 Markáætlun á sviði vísinda og tækni	285,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	285,0

02-236 Rannsóknasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Rannsóknasjóður	795,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,5
Gjöld umfram tekjur	**782,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	782,5

	m.kr.
02-238 Tækjasjóður	
Stofnkostnaður:	
6.60 Tækjasjóður	124,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,0
Gjöld umfram tekjur	**110,5**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	110,5
02-239 Rannsóknarnámssjóður	
Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknarnámssjóður	96,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	96,0
02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður	
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	4,0
Stofnkostnaður:	
6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	5,0
6.10 Háskólinn á Akureyri	90,0
Stofnkostnaður samtals	95,0
Gjöld samtals	**99,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	99,0
02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	
Almennur rekstur:	
1.15 Nýsköpunarsjóður	50,0
1.25 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	10,6
1.32 Þekkingarsetur Vestmannaeyja	23,0
1.33 Fræða- og þekkingarsetur	57,4

	m.kr.
1.34 Háskólasetur Vestfjarða	76,0
1.35 Þekkingarsetur Suðurlands	14,2
1.73 Reykjavíkurakademían	16,0
1.80 Vísindastarfsemi	22,1
1.90 Háskólastarfsemi	194,7
1.91 Háskólar, óskipt	15,3
Almennur rekstur samtals	479,3
Gjöld samtals	**479,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	479,3

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Reykjavík	471,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,4
Gjöld umfram tekjur	**457,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	450,0
Innheimt af ríkistekjum	7,4

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Akureyri	503,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,1
Gjöld umfram tekjur	**482,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	476,0
Innheimt af ríkistekjum	6,3

	m.kr.
02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni	164,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,5
Gjöld umfram tekjur	**149,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	148,5
Innheimt af ríkistekjum	1,4
02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð	731,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-33,9
Gjöld umfram tekjur	**698,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	688,4
Innheimt af ríkistekjum	9,6
02-305 Menntaskólinn við Sund	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn við Sund	433,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-22,8
Gjöld umfram tekjur	**411,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	405,0
Innheimt af ríkistekjum	6,0

	m.kr.
02-306 Menntaskólinn á Ísafirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Ísafirði	276,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,6
Gjöld umfram tekjur	**261,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	258,9
Innheimt af ríkistekjum	2,7
02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum	273,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,6
Gjöld umfram tekjur	**262,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	259,3
Innheimt af ríkistekjum	2,7
02-308 Menntaskólinn í Kópavogi	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Kópavogi	769,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-72,2
Gjöld umfram tekjur	**697,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	689,3
Innheimt af ríkistekjum	8,3

	m.kr.
02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík	341,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-24,0
Gjöld umfram tekjur	**317,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	312,3
Innheimt af ríkistekjum	4,7
02-316 Fasteignir framhaldsskóla	
Almennur rekstur:	
1.05 Fasteignir skóla	48,2
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	9,0
Gjöld samtals	**57,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**56,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	56,6
02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður	
Stofnkostnaður:	
6.00 Framhaldsskólar í Reykjavík	240,0
6.01 Menntaskólinn í Reykjavík	47,0
6.03 Menntaskólinn á Laugarvatni	25,0
6.70 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	85,0
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	78,0
6.92 Héraðsskólahúsið á Laugarvatni	50,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	39,0
Stofnkostnaður samtals	564,0
Gjöld samtals	**564,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	564,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	89,9
1.12 Orlof kennara	186,0
1.14 Sérkennsla	40,7
1.15 Prófkostnaður	100,9
1.16 Nýjungar í skólastarfi	49,1
1.17 Námsskrárgerð	36,1
1.18 Námsefnisgerð	87,1
1.20 Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	204,8
1.21 Nám tannsmiða	12,3
1.23 Raungreina- og nýsköpunarkeppnir	3,6
1.24 Iðnnemasamband Íslands	6,0
1.26 Verkefnasjóður skólasamninga	27,1
1.28 Mat á skólastarfi	79,3
1.29 Forvarnastarf í skólum	6,7
1.30 Endurmenntun	34,5
1.31 Keilir, frumgreinanám og annað nám á framhaldsskólastigi	98,3
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	20,8
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	39,1
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	7,6
1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar	38,9
1.39 Nám í listdansi	106,8
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	23,9
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	404,0
Almennur rekstur samtals	1.703,5
Gjöld samtals	**1.703,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**1.703,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.703,1

	m.kr.
02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	930,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-73,5
Gjöld umfram tekjur	**856,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	847,4
Innheimt af ríkistekjum	9,5
02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla	756,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-93,7
Gjöld umfram tekjur	**662,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	654,3
Innheimt af ríkistekjum	8,4
02-352 Flensborgarskóli	
Almennur rekstur:	
1.01 Flensborgarskóli	562,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-29,4
Gjöld umfram tekjur	**532,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	526,3
Innheimt af ríkistekjum	6,3

	m.kr.
02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	682,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-41,6
Gjöld umfram tekjur	**640,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	633,4
Innheimt af ríkistekjum	7,3
02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands	475,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-33,6
Gjöld umfram tekjur	**442,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	437,2
Innheimt af ríkistekjum	4,9
02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	188,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**185,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	183,5
Innheimt af ríkistekjum	1,8

	m.kr.
02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	364,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,3
Gjöld umfram tekjur	**334,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	331,6
Innheimt af ríkistekjum	2,9
02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands	742,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-69,5
Gjöld umfram tekjur	**672,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	665,6
Innheimt af ríkistekjum	7,2
02-358 Verkmenntaskóli Austurlands	
Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskóli Austurlands	228,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,1
Gjöld umfram tekjur	**210,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	208,6
Innheimt af ríkistekjum	1,6

	m.kr.
02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.035,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-55,3
Gjöld umfram tekjur	**980,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	970,0
Innheimt af ríkistekjum	10,0
02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	497,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-29,4
Gjöld umfram tekjur	**467,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	462,0
Innheimt af ríkistekjum	5,7
02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	135,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,6
Gjöld umfram tekjur	**125,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	124,4
Innheimt af ríkistekjum	0,9

	m.kr.
02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík	127,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,0
Gjöld umfram tekjur	**121,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,3
Innheimt af ríkistekjum	1,1
02-363 Framhaldsskólinn á Laugum	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Laugum	181,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,2
Gjöld umfram tekjur	**170,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	169,5
Innheimt af ríkistekjum	1,0
02-365 Borgarholtsskóli	
Almennur rekstur:	
1.01 Borgarholtsskóli	865,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-59,5
Gjöld umfram tekjur	**805,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	796,8
Innheimt af ríkistekjum	8,7

	m.kr.
02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga	207,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,5
Gjöld umfram tekjur	**200,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	198,7
Innheimt af ríkistekjum	1,5
02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar	164,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	164,1
02-369 Menntaskólinn Hraðbraut	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn Hraðbraut	141,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,5
02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	102,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,4
Gjöld umfram tekjur	**100,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,5
Innheimt af ríkistekjum	0,4

	m.kr.
02-372 Menntaskólinn á Tröllaskaga	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Tröllaskaga	77,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**76,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,8
Innheimt af ríkistekjum	0,1
02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	
Almennur rekstur:	
1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	80,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,0
Gjöld umfram tekjur	**61,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,5
02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	
Almennur rekstur:	
1.01 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	222,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	222,7
02-451 Framhaldsfræðsla	
Almennur rekstur:	
1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	110,4
1.11 Framhaldsfræðsla, almennt	6,1
1.12 Fræðslusjóður	671,4
1.13 FS-net, símenntunarstöðvar	14,9
1.15 Mímir, símenntun	13,0

	m.kr.
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	19,7
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	17,1
1.23 Farskóli Norðurlands vestra	28,0
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	17,1
1.25 Þekkingarsetur Þingeyinga	34,8
1.26 Þekkingarnet Austurlands	51,0
1.27 Fræðslunet Suðurlands	17,0
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	19,7
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	19,7
1.30 Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík	13,0
1.33 Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar	9,2
1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	120,9
Almennur rekstur samtals	1.183,0
Gjöld samtals	**1.183,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.183,0

02-504 Tækniskólinn

Almennur rekstur:	
1.01 Tækniskólinn	1.594,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.594,7

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnskólinn í Hafnarfirði	619,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-47,2
Gjöld umfram tekjur	**572,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	567,6
Innheimt af ríkistekjum	4,7

	m.kr.
02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	27,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,5
02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	
Almennur rekstur:	
1.01 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	25,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,5
02-581 Verslunarskóli Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Verslunarskóli Íslands	855,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	855,5
02-720 Grunnskólar, almennt	
Almennur rekstur:	
1.31 Sérstök fræðsluverkefni	79,1
1.34 Sprotasjóður	46,6
1.37 Endurmenntun	22,7
1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	51,5
Almennur rekstur samtals	199,9
Gjöld samtals	**199,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	199,9
02-725 Námsgagnastofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Námsgagnastofnun	441,2

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,0
Gjöld umfram tekjur	**423,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	423,2

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.235,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.235,6

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:	
1.01 Jöfnun á námskostnaði	514,5
1.10 Skólaakstur	20,2
Almennur rekstur samtals	534,7
Gjöld samtals	**534,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	534,7

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fornleifavernd ríkisins	83,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,0
Gjöld umfram tekjur	**80,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,7

	m.kr.
02-902 Þjóðminjasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	374,0
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	58,8
Gjöld samtals	**432,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-66,5
Gjöld umfram tekjur	**366,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	366,3
02-903 Þjóðskjalasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	234,4
1.11 Héraðsskjalasöfn	20,9
Almennur rekstur samtals	255,3
Gjöld samtals	**255,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,4
Gjöld umfram tekjur	**236,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	236,9
02-904 Þjóðmenningarhúsið	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðmenningarhúsið	94,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,0
Gjöld umfram tekjur	**83,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	83,2

	m.kr.
02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	
Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	749,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-153,5
Gjöld umfram tekjur	**596,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	596,1
02-906 Listasafn Einars Jónssonar	
Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Einars Jónssonar	16,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**15,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,5
02-907 Listasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Íslands	163,4
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar	5,2
Almennur rekstur samtals	168,6
Gjöld samtals	**168,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,7
Gjöld umfram tekjur	**150,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	150,9

	m.kr.
02-908 Kvikmyndasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndasafn Íslands	41,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	41,5
02-909 Blindrabókasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Blindrabókasafn Íslands	84,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,0
Gjöld umfram tekjur	**77,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	77,3
02-911 Náttúruminjasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Náttúruminjasafn Íslands	21,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21,0
02-913 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	
Almennur rekstur:	
1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	32,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,9
Gjöld umfram tekjur	**28,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,1

	m.kr.
02-918 Safnasjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Safnasjóður	96,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	96,3
02-919 Söfn, ýmis framlög	
Almennur rekstur:	
1.10 Listasafn ASÍ	1,5
1.11 Nýlistasafn	7,2
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	8,5
1.14 Hönnunarmiðstöð Íslands	8,5
1.15 Hönnunarsafn Íslands	7,7
1.16 Lækningaminjasafn Íslands	10,0
1.17 Leikminjasafn Íslands	6,0
1.42 Síldarminjasafnið á Siglufirði	10,6
1.90 Söfn, ýmis framlög	14,0
1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	65,1
Almennur rekstur samtals	139,1
Stofnkostnaður:	
6.45 Víkinganaust í Reykjanesbæ	15,0
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	28,0
Stofnkostnaður samtals	43,0
Gjöld samtals	**182,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	182,1
02-961 Fjölmiðlanefnd	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölmiðlanefnd	25,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,7

	m.kr.
02-965 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	419,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	419,4
02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	
Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbætur menningarstofnana	35,7
6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík	44,2
6.82 Geymsluhúsnæði safna	63,7
6.96 Byggðasöfn	28,0
Stofnkostnaður samtals	171,6
Gjöld samtals	**171,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,6
02-971 Ríkisútvarpið	
Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið	2.962,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.962,5
02-972 Íslenski dansflokkurinn	
Almennur rekstur:	
1.01 Íslenski dansflokkurinn	120,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,5
Gjöld umfram tekjur	**112,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	112,4

	m.kr.
02-973 Þjóðleikhúsið	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðleikhúsið	854,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-210,1
Gjöld umfram tekjur	**644,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	644,8
02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	783,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-68,2
Gjöld umfram tekjur	**714,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	585,8
Innheimt af ríkistekjum	129,1
02-977 Höfundarréttargjöld	
Almennur rekstur:	
1.11 Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélaga	37,6
1.13 Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	9,7
1.14 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur	0,9
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	4,3
Almennur rekstur samtals	52,5
Gjöld samtals	**52,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,9
Innheimt af ríkistekjum	51,6

	m.kr.
02-978 Launasjóðir listamanna	
Almennur rekstur:	
1.01 Launasjóðir listamanna	408,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	408,8
02-979 Húsafriðunarnefnd	
Almennur rekstur:	
1.01 Húsafriðunarnefnd	28,9
Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarsjóður	148,4
Gjöld samtals	**177,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-104,1
Gjöld umfram tekjur	**73,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	73,2
02-980 Listskreytingasjóður	
Stofnkostnaður:	
6.01 Listskreytingasjóður	1,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,5
02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands	68,8
1.10 Kvikmyndasjóðir	452,0
Almennur rekstur samtals	520,8
Gjöld samtals	**520,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	520,8

	m.kr.
02-982 Listir, framlög	
Almennur rekstur:	
1.14 Bókasafnssjóður höfunda	23,7
1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	13,0
1.18 Bókmenntasjóður	39,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	17,0
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	3,6
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	58,4
1.25 Tónlistarsjóður	43,6
1.27 Tónlist fyrir alla	6,3
1.28 Barnamenningarsjóður	4,2
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	10,4
1.30 Íslenska óperan	133,6
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	120,0
1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál	139,2
1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011	100,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	44,1
1.80 Listahátíð í Reykjavík	29,2
1.90 Listir	28,0
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	8,7
Almennur rekstur samtals	822,5
Gjöld samtals	**822,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	822,5
02-983 Ýmis fræðistörf	
Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	5,5
1.11 Styrkir til útgáfumála	4,3
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	12,4
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	12,1
1.52 Skriðuklaustur	16,3
1.53 Snorrastofa	16,0
1.54 Fornleifasjóður	17,2
1.55 Þórbergssetur	9,0
Almennur rekstur samtals	92,8
Gjöld samtals	**92,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	92,8

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:	
1.90 Norræn samvinna	6,7
1.98 Ýmis verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu	7,2
Almennur rekstur samtals	13,9
Gjöld samtals	**13,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,9

02-985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun

Almennur rekstur:	
1.01 Landsskrifstofa menntaáætlana ESB	19,3
1.90 Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB	48,5
1.91 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun	967,4
Almennur rekstur samtals	1.035,2
Gjöld samtals	**1.035,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.035,2

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:	
1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,5
1.12 Ungmennafélag Íslands	101,6
1.13 Bandalag íslenskra skáta	29,3
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	3,5
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	3,5
1.17 Landssamband KFUM og KFUK	29,3
1.18 Æskulýðsrannsóknir	5,8
1.19 Æskulýðssjóður	7,5

	m.kr.
1.90 Æskulýðsmál	9,0
Almennur rekstur samtals	192,0
Gjöld samtals	**192,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	192,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	149,1
1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands	54,1
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	21,9
1.15 Skólaíþróttir	2,1
1.16 Íþróttasjóður	14,6
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	2,9
1.20 Glímusamband Íslands	3,7
1.21 Skáksamband Íslands	14,8
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	17,2
1.25 Skákskóli Íslands	7,6
1.29 Afrekssjóður ÍSÍ	24,7
1.30 Bridgesamband Íslands	8,4
1.31 Lyfjaeftirlit	12,0
Almennur rekstur samtals	333,1
Gjöld samtals	**333,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	333,1

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.52 Grænlandssjóður	1,0
1.81 Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	3,9
1.90 Ýmis framlög	51,5
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	127,7
Almennur rekstur samtals	184,1
Stofnkostnaður:	
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	79,5

	m.kr.
Gjöld samtals	**263,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**262,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	262,6

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**56.932,1**
Greitt úr ríkissjóði	**55.331,2**
Innheimt af ríkistekjum	**1.600,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.011,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,6
Gjöld umfram tekjur	**980,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	980,3

03-111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis

Almennur rekstur:	
1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	303,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**301,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	301,1

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	6,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.21 Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	1,7
1.23 Mannréttindamál	4,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	3,7
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	7,1
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	7,3
1.32 Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu	150,0
Almennur rekstur samtals	182,3
Gjöld samtals	**182,3**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	182,3

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,5

03-213 Varnarmál

Almennur rekstur:	
1.01 Varnarmál	832,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,0
Gjöld samtals	**862,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	862,7

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands	2.600,2
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna	33,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	43,0
Gjöld samtals	**2.676,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-28,6
Gjöld umfram tekjur	**2.647,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.647,6

	m.kr.
03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	124,4
1.11 Þróunaraðstoð	1.041,9
Almennur rekstur samtals	1.166,3
Gjöld samtals	**1.166,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.166,3
03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	
Almennur rekstur:	
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	187,7
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	21,6
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	22,1
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	112,4
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	147,3
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	102,0
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	221,4
1.41 Íslensk friðargæsla	115,8
1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	353,3
Almennur rekstur samtals	1.283,6
Gjöld samtals	**1.283,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,3
Gjöld umfram tekjur	**1.277,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.277,3
03-401 Alþjóðastofnanir	
Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	113,1

	m.kr.
1.11 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	211,9
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	23,4
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	17,3
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	10,3
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	8,8
1.39 Evrópuráðið	70,3
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	78,2
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	266,1
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	121,4
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	167,7
1.72 EFTA-dómstóllinn	54,6
1.73 Þróunarsjóður EFTA	1.419,1
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	45,7
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	5,0
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	326,4
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	20,0
Almennur rekstur samtals	2.959,3
Gjöld samtals	**2.959,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.959,3
03-611 Íslandsstofa	
Almennur rekstur:	
1.10 Íslandsstofa	385,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	385,8
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**10.766,2**
Greitt úr ríkissjóði	**10.380,4**
Innheimt af ríkistekjum	**385,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	446,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,2
Gjöld umfram tekjur	**424,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	424,8

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	0,8
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	1,3
1.21 Lífræn ræktun	4,5
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	27,3
1.34 Eldi sjávardýra	18,1
1.35 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	8,0
1.36 Matvælasetur	5,9
1.49 Úrskurðarnefndir	26,3
1.52 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	14,8
1.53 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	89,3
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	10,8
1.62 Framlag til hafna vegna strandveiða	30,0
1.90 Ýmis verkefni	42,0
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis	108,2
Almennur rekstur samtals	387,3
Gjöld samtals	**387,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,9
Gjöld umfram tekjur	**363,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	333,4
Innheimt af ríkistekjum	30,0

	m.kr.
04-199 Ráðstöfunarfé	
Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0
04-215 Fiskistofa	
Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	753,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-35,2
Gjöld umfram tekjur	**718,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	650,7
Innheimt af ríkistekjum	67,3
04-217 Verðlagsstofa skiptaverðs	
Almennur rekstur:	
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs	12,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,9
04-234 Matvælastofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Matvælastofnun	996,7
Viðhaldsverkefni:	
5.90 Dýralæknisbústaðir	4,0
Gjöld samtals	**1.000,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-56,4
Gjöld umfram tekjur	**944,3**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	731,7
Innheimt af ríkistekjum	212,6

04-331 Héraðs- og Austurlandsskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Héraðs- og Austurlandsskógar	117,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	117,4

04-332 Suðurlandsskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Suðurlandsskógar	93,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,1

04-334 Vesturlandsskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Vesturlandsskógar	50,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,5

04-335 Skjólskógar á Vestfjörðum

Almennur rekstur:	
1.01 Skjólskógar á Vestfjörðum	39,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,8

04-336 Norðurlandsskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Norðurlandsskógar	86,4

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	86,4

04-401 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Hafrannsóknastofnunin	2.112,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-832,2
Gjöld umfram tekjur	**1.279,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.279,9

04-405 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastofnun	207,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-108,2
Gjöld umfram tekjur	**99,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	99,4

04-411 Matvælarannsóknir

Almennur rekstur:	
1.01 Matvælarannsóknir	419,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	419,3

04-413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins

Almennur rekstur:	
1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins	536,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-501,0
Gjöld umfram tekjur	**35,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	35,0

04-415 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:	
1.10 Sjóður til síldarrannsókna	7,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

04-417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs

Almennur rekstur:	
1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	265,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	265,8

04-421 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Almennur rekstur:	
1.01 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	28,4
Stofnkostnaður:	
6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	24,6
Gjöld samtals	**53,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,6
Gjöld umfram tekjur	**9,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,4

04-423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:	
1.01 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	60,1

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,9
Gjöld umfram tekjur	**53,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	53,2

04-481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	150,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	150,4

04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar

Almennur rekstur:	
1.15 Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar	22,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,0

04-487 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins	27,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**24,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,8

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	4.915,0
1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi	146,0

	m.kr.
1.06 Gripagreiðslur	581,0
1.07 Óframleiðslutengdur stuðningur	169,0
Almennur rekstur samtals	5.811,0
Gjöld samtals	**5.811,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.811,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	2.228,0
1.11 Gæðastýring	1.165,0
1.12 Ullarnýting	390,0
1.13 Markaðsstarf og birgðahald	364,0
1.14 Svæðisbundinn stuðningur	56,0
1.15 Nýliðunar- og átaksverkefni	104,0
Almennur rekstur samtals	4.307,0
Gjöld samtals	**4.307,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.307,0

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	239,0
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	213,0
1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt	31,0
Almennur rekstur samtals	483,0
Gjöld samtals	**483,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	483,0

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt	387,0

	m.kr.
1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni	11,7
Almennur rekstur samtals	398,7
Gjöld samtals	**398,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	398,7

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Búnaðarsjóður	400,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	400,0

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	35,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,0
Gjöld umfram tekjur	**15,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,3

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:	
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara	93,0
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	312,0
Almennur rekstur samtals	405,0
Gjöld samtals	**405,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	405,0

	m.kr.
04-827 Fóðursjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Fóðursjóður	1.400,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.400,0
04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	
Stofnkostnaður:	
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	133,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**131,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	131,0
04-843 Fiskræktarsjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Fiskræktarsjóður	26,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,6
Gjöld umfram tekjur	**11,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	11,0
04-851 Greiðslur vegna riðuveiki	
Almennur rekstur:	
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki	47,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,3

	m.kr.
04-853 Bjargráðasjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Bjargráðasjóður	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0
04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**18.632,1**
Greitt úr ríkissjóði	**15.940,2**
Innheimt af ríkistekjum	**2.691,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

06-101 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa	331,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,0
Gjöld umfram tekjur	**325,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	325,3

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnartíðindi	25,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	25,7

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:	
1.10 Útgáfa lagasafns	2,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	7,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,1

	m.kr.
06-190 Ýmis verkefni	
Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	73,9
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	15,0
1.28 Neytendasamtökin	8,5
1.40 Alþjóðasamstarf	11,7
1.45 Mannréttindamál	16,7
1.47 Íslensk ættleiðing	9,5
1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins	3,5
1.90 Ýmislegt	22,0
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	13,8
Almennur rekstur samtals	174,6
Gjöld samtals	**174,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,1
Gjöld umfram tekjur	**131,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	130,0
Innheimt af ríkistekjum	1,5
06-199 Ráðstöfunarfé	
Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,6
06-201 Hæstiréttur	
Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	141,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,7
Gjöld umfram tekjur	**133,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	133,9

	m.kr.
06-210 Héraðsdómstólar	
Almennur rekstur:	
1.01 Héraðsdómstólar	1.018,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,3
Gjöld umfram tekjur	**1.012,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.012,1
06-231 Málskostnaður í opinberum málum	
Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum	688,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-299,4
Gjöld umfram tekjur	**389,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	389,3
06-232 Opinber réttaraðstoð	
Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	150,6
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	3,8
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4,0
Almennur rekstur samtals	158,4
Gjöld samtals	**158,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,8
Gjöld umfram tekjur	**144,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	144,6

	m.kr.
06-235 Bætur brotaþola	
Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	70,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-50,0
Gjöld umfram tekjur	**20,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
06-236 Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn	
Almennur rekstur:	
1.10 Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn	251,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	251,0
06-251 Persónuvernd	
Almennur rekstur:	
1.01 Persónuvernd	58,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**56,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	56,0
06-295 Landsdómur	
Almennur rekstur:	
1.01 Landsdómur	113,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	113,4

	m.kr.
06-301 Ríkissaksóknari	
Almennur rekstur:	
1.05 Ríkissaksóknari	127,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,0
06-303 Ríkislögreglustjóri	
Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	1.361,3
1.11 Rekstur lögreglubifreiða	284,8
Almennur rekstur samtals	1.646,1
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	166,0
Gjöld samtals	**1.812,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-598,3
Gjöld umfram tekjur	**1.213,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.213,8
06-305 Lögregluskóli ríkisins	
Almennur rekstur:	
1.01 Lögregluskóli ríkisins	199,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	199,6
06-309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008	
Almennur rekstur:	
1.01 Sérstakur saksóknari	1.172,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.172,2

	m.kr.
06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	
Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	3.159,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-46,4
Gjöld umfram tekjur	**3.113,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.113,4
06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	
Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	896,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	896,2
06-325 Samræmd neyðarsvörun	
Almennur rekstur:	
1.10 Samræmd neyðarsvörun	279,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	279,2
06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál	
Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	12,3
1.16 Efling almennrar löggæslu	23,2
1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði	12,2
1.18 Viðbótartryggingar lögreglumanna	30,1
1.40 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	33,5
1.41 Slysavarnafélagið Landsbjörg	105,6
Almennur rekstur samtals	216,9
Gjöld samtals	**216,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	216,9

	m.kr.
06-395 Landhelgisgæsla Íslands	
Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	2.437,7
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	234,3
Gjöld samtals	**2.672,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-82,0
Gjöld umfram tekjur	**2.590,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.590,0
06-396 Landhelgissjóður Íslands	
Stofnkostnaður:	
6.41 Landhelgissjóður Íslands	528,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,5
Gjöld umfram tekjur	**510,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	510,1
06-397 Schengen-samstarf	
Almennur rekstur:	
1.01 Schengen-samstarf	108,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	108,9
06-398 Útlendingastofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Útlendingastofnun	208,8

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	208,8

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjavík	291,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,0
Gjöld umfram tekjur	**283,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	283,8

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	64,8
1.20 Löggæsla	105,6
Almennur rekstur samtals	170,4
Gjöld samtals	**170,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,8
Gjöld umfram tekjur	**168,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	168,6

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	55,1
1.20 Löggæsla	104,5
Almennur rekstur samtals	159,6
Gjöld samtals	**159,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,9
Gjöld umfram tekjur	**154,7**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	154,7

06-414 Sýslumaður Snæfellinga

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	69,2
1.20 Löggæsla	94,2
Almennur rekstur samtals	163,4
Gjöld samtals	**163,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	163,4

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Búðardal	23,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,1

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Patreksfirði	31,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,8

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Bolungarvík	28,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,5

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	84,4

	m.kr.
1.20 Löggæsla	215,6
Almennur rekstur samtals	300,0
Gjöld samtals	**300,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,5
Gjöld umfram tekjur	**298,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	298,5

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Hólmavík	25,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,6

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	50,6
1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	58,4
1.20 Löggæsla	77,6
Almennur rekstur samtals	186,6
Gjöld samtals	**186,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**182,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	182,6

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	57,2

	m.kr.
1.20 Löggæsla	86,7
Almennur rekstur samtals	143,9
Gjöld samtals	**143,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,2
Gjöld umfram tekjur	**139,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	139,7

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Siglufirði	47,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,8

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	153,5
1.20 Löggæsla	316,0
Almennur rekstur samtals	469,5
Gjöld samtals	**469,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,8
Gjöld umfram tekjur	**461,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	461,7

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	70,9
1.20 Löggæsla	97,3
Almennur rekstur samtals	168,2
Gjöld samtals	**168,2**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**167,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	167,5

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	67,9
1.20 Löggæsla	102,1
Almennur rekstur samtals	170,0
Gjöld samtals	**170,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,9
Gjöld umfram tekjur	**161,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	161,1

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	72,4
1.20 Löggæsla	160,5
Almennur rekstur samtals	232,9
Gjöld samtals	**232,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**230,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,4

	m.kr.
06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	32,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,5
06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	19,5
1.05 Lögbirtingablað	23,2
Almennur rekstur samtals	42,7
Gjöld samtals	**42,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,5
Innheimt af ríkistekjum	23,2
06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	58,9
1.20 Löggæsla	106,9
Almennur rekstur samtals	165,8
Gjöld samtals	**165,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**165,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	165,4
06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	64,5
1.20 Löggæsla	97,5
Almennur rekstur samtals	162,0
Gjöld samtals	**162,0**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,0
Gjöld umfram tekjur	**152,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	152,0

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	117,3
1.20 Löggæsla	230,0
Almennur rekstur samtals	347,3
Gjöld samtals	**347,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,0
Gjöld umfram tekjur	**338,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	338,3

06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	138,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**137,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,9

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	173,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**171,2**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,2

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Kópavogi	180,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**180,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	180,0

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	11,1
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	91,9
Almennur rekstur samtals	103,0
Gjöld samtals	**103,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	103,0

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	1.269,0
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	9,1
Gjöld samtals	**1.278,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-81,0
Gjöld umfram tekjur	**1.197,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.197,1

	m.kr.
06-591 Fangelsisbyggingar	
Stofnkostnaður:	
6.10 Stofnframkvæmdir	13,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,6
06-603 Þjóðskrá Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskrá Íslands	995,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-240,3
Gjöld umfram tekjur	**755,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	145,3
Innheimt af ríkistekjum	610,2
06-701 Þjóðkirkjan	
Almennur rekstur:	
1.01 Biskup Íslands	1.325,3
Stofnkostnaður:	
6.21 Skálholtsstaður	10,4
6.22 Hallgrímskirkja	16,2
6.23 Hóladómkirkja	4,5
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík	4,9
Stofnkostnaður samtals	36,0
Gjöld samtals	**1.361,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-85,0
Gjöld umfram tekjur	**1.276,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.276,3

	m.kr.
06-705 Kirkjumálasjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	233,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	233,3
06-707 Kristnisjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Kristnisjóður	76,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,3
06-733 Kirkjugarðar	
Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	844,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	844,7
06-735 Sóknargjöld	
Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.632,0
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	227,0
Almennur rekstur samtals	1.859,0
Gjöld samtals	**1.859,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.859,0
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	
Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	302,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	302,0

	m.kr.
06-801 Neytendastofa	
Almennur rekstur:	
1.01 Neytendastofa	144,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,3
Gjöld umfram tekjur	**131,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	107,3
Innheimt af ríkistekjum	24,5
06-805 Talsmaður neytenda	
Almennur rekstur:	
1.01 Talsmaður neytenda	14,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,2
06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**23.847,2**
Greitt úr ríkissjóði	**23.162,1**
Innheimt af ríkistekjum	**685,1**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

07-101 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	334,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-32,8
Gjöld umfram tekjur	**301,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	301,6

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	48,3
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	7,2
1.90 Ýmislegt	121,1
Almennur rekstur samtals	176,6
Gjöld samtals	**176,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	176,6

07-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,5

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:	
6.21 Leiguíbúðir	236,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	565,0
Viðskiptahreyfingar	-329,0

	m.kr.
07-207 Varasjóður húsnæðismála	
Stofnkostnaður:	
6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga	30,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0
07-302 Ríkissáttasemjari	
Almennur rekstur:	
1.01 Ríkissáttasemjari	57,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**55,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,1
07-313 Jafnréttisstofa	
Almennur rekstur:	
1.01 Jafnréttisstofa	104,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,1
Gjöld umfram tekjur	**85,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	85,5
07-331 Vinnueftirlit ríkisins	
Almennur rekstur:	
1.01 Vinnueftirlit ríkisins	468,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-53,2
Gjöld umfram tekjur	**414,9**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,1
Innheimt af ríkistekjum	184,8

07-341 Umboðsmaður skuldara

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður skuldara	600,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	600,0

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	495,1
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	431,1
Almennur rekstur samtals	926,2
Gjöld samtals	**926,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	926,2

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	100,4
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	942,1
Almennur rekstur samtals	1.042,5
Stofnkostnaður:	
6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	160,0
6.27 Jaðar, Ólafsvík	50,0
6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	100,8
Stofnkostnaður samtals	310,8
Gjöld samtals	**1.353,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.183,6
Gjöld umfram tekjur	**169,7**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	169,7

07-515 Framkvæmdasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða	625,0
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna öldrunarstofnana	270,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	592,0
Gjöld samtals	**1.487,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.487,0

07-518 Mörk, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	835,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-39,9
Gjöld umfram tekjur	**795,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	795,2

07-519 Hrafnista, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	343,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,0
Gjöld umfram tekjur	**327,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	327,1

	m.kr.
07-521 Hrafnista, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.563,5
1.11 Dvalarrými	195,2
Almennur rekstur samtals	1.758,7
Gjöld samtals	**1.758,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-66,0
Gjöld umfram tekjur	**1.692,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.692,7
07-522 Hrafnista, Hafnarfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.252,8
1.11 Dvalarrými	207,1
1.15 Dagvist	27,9
Almennur rekstur samtals	1.487,8
Gjöld samtals	**1.487,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-54,7
Gjöld umfram tekjur	**1.433,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.433,1
07-523 Grund, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.409,3
1.11 Dvalarrými	91,0
Almennur rekstur samtals	1.500,3
Gjöld samtals	**1.500,3**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-62,4
Gjöld umfram tekjur	**1.437,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.437,9

07-527 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	310,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,1
Gjöld umfram tekjur	**297,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	297,5

07-530 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	214,3
1.11 Dvalarrými	10,8
Almennur rekstur samtals	225,1
Gjöld samtals	**225,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,4
Gjöld umfram tekjur	**215,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	215,7

07-531 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	137,3
1.11 Dvalarrými	23,3

	m.kr.
1.15 Dagvist	6,5
Almennur rekstur samtals	167,1
Gjöld samtals	**167,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,2
Gjöld umfram tekjur	**160,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,9

07-532 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	135,9
1.11 Dvalarrými	36,8
1.15 Dagvist	6,1
Almennur rekstur samtals	178,8
Gjöld samtals	**178,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,2
Gjöld umfram tekjur	**172,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	172,6

07-533 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	80,5
1.11 Dvalarrými	9,7
1.15 Dagvist	3,7
Almennur rekstur samtals	93,9
Gjöld samtals	**93,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,8
Gjöld umfram tekjur	**90,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,1

	m.kr.
07-534 Seljahlíð, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	165,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,9
Gjöld umfram tekjur	**158,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	158,4
07-536 Höfði, Akranesi	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	359,9
1.11 Dvalarrými	91,1
1.15 Dagvist	21,0
Almennur rekstur samtals	472,0
Gjöld samtals	**472,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,9
Gjöld umfram tekjur	**456,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	456,1
07-537 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	222,2
1.11 Dvalarrými	61,0
Almennur rekstur samtals	283,2
Gjöld samtals	**283,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,1
Gjöld umfram tekjur	**272,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	272,1

	m.kr.
07-538 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	75,5
1.11 Dvalarrými	33,7
Almennur rekstur samtals	109,2
Gjöld samtals	**109,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**106,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	106,1
07-539 Fellaskjól, Grundarfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	63,7
1.11 Dvalarrými	10,3
Almennur rekstur samtals	74,0
Gjöld samtals	**74,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**70,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,9
07-540 Jaðar, Ólafsvík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	77,6
1.11 Dvalarrými	16,5
1.15 Dagvist	2,1
Almennur rekstur samtals	96,2
Gjöld samtals	**96,2**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,5
Gjöld umfram tekjur	**92,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	92,7

07-542 Barmahlíð, Reykhólum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	87,2
1.11 Dvalarrými	6,7
Almennur rekstur samtals	93,9
Gjöld samtals	**93,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,1
Gjöld umfram tekjur	**89,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,8

07-543 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	173,1
1.11 Dvalarrými	63,9
1.15 Dagvist	14,3
Almennur rekstur samtals	251,3
Gjöld samtals	**251,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,9
Gjöld umfram tekjur	**243,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	243,4

	m.kr.
07-545 Uppsalir, Fáskrúðsfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	102,1
1.11 Dvalarrými	40,3
Almennur rekstur samtals	142,4
Gjöld samtals	**142,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,5
Gjöld umfram tekjur	**137,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,9
07-547 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	111,8
1.11 Dvalarrými	13,3
1.15 Dagvist	0,9
Almennur rekstur samtals	126,0
Gjöld samtals	**126,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,2
Gjöld umfram tekjur	**120,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,8
07-548 Hjallatún, Vík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	88,8
1.11 Dvalarrými	19,8
Almennur rekstur samtals	108,6
Gjöld samtals	**108,6**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,2
Gjöld umfram tekjur	**104,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	104,4

07-549 Kumbaravogur, Stokkseyri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	244,4
1.11 Dvalarrými	14,2
Almennur rekstur samtals	258,6
Gjöld samtals	**258,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,0
Gjöld umfram tekjur	**245,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	245,6

07-550 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	233,3
1.11 Dvalarrými	205,7
1.17 Geðrými	222,9
Almennur rekstur samtals	661,9
Gjöld samtals	**661,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,4
Gjöld umfram tekjur	**651,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	651,5

	m.kr.
07-551 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	209,4
1.11 Dvalarrými	26,6
1.15 Dagvist	10,6
Almennur rekstur samtals	246,6
Gjöld samtals	**246,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,0
Gjöld umfram tekjur	**236,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	236,6
07-552 Holtsbúð, Garðabæ	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	301,4
1.15 Dagvist	10,4
Almennur rekstur samtals	311,8
Gjöld samtals	**311,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,4
Gjöld umfram tekjur	**298,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	298,4
07-555 Dvalarrými aldraðra, önnur	
Almennur rekstur:	
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur	413,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	413,4

	m.kr.
07-556 Vesturhlíð, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Vesturhlíð, Reykjavík	12,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,7
07-557 Hlíðabær, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Hlíðabær, Reykjavík	51,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	51,4
07-558 Lindargata, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Lindargata, Reykjavík	46,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	46,4
07-559 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	
Almennur rekstur:	
1.10 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	93,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,3
07-560 Múlabær, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Múlabær, Reykjavík	76,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,9

	m.kr.
07-561 Fríðuhús, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Fríðuhús, Reykjavík	38,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,4
07-562 Dagvistun aldraðra, aðrar	
Almennur rekstur:	
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar	540,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	540,6
07-700 Málefni fatlaðra	
Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnarnefnd málefna fatlaðra	10,4
1.05 Niðurlagning svæðisskrifstofa málefna fatlaðra	300,0
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	7,7
Almennur rekstur samtals	318,1
Gjöld samtals	**318,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	318,1
07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.30 Verndaðir vinnustaðir	61,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,9
07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	
Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	1,6

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,6

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	375,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-24,4
Gjöld umfram tekjur	**350,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	350,9

07-755 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta

Almennur rekstur:	
1.01 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	283,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,5
Gjöld umfram tekjur	**271,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	271,7

07-821 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	967,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	47,5
Gjöld samtals	**1.014,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-136,1
Gjöld umfram tekjur	**878,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	878,8

m.kr.

07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra- og feðralaun	321,0
1.15 Umönnunargreiðslur	1.315,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	160,0
1.25 Dánarbætur	70,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	1.934,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	160,0
1.41 Heimilisuppbót	2.863,0
1.51 Frekari uppbætur	340,0
1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega	1.082,0
1.55 Bifreiðakostnaður	1.132,0
1.91 Annað	49,6
Almennur rekstur samtals	9.426,6
Gjöld samtals	**9.426,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9.426,6

07-827 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	8.260,0
1.15 Örorkulífeyrir	4.950,0
1.16 Aldurstengd örorkuuppbót	2.171,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	14.515,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	13.661,0
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	270,0
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	70,0
1.31 Örorkustyrkur	180,0
1.35 Barnalífeyrir	2.725,0
1.91 Annað	456,0
Almennur rekstur samtals	47.258,0
Gjöld samtals	**47.258,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23.051,0
Innheimt af ríkistekjum	24.207,0

	m.kr.
07-831 Eftirlaunasjóður aldraðra	
Almennur rekstur:	
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra	67,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,0
Gjöld umfram tekjur	**59,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,3
07-980 Vinnumálastofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Vinnumálastofnun	916,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-719,5
Gjöld umfram tekjur	**196,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	196,5
07-981 Vinnumál	
Almennur rekstur:	
1.10 Félagsdómur	7,5
1.13 Kjararannsóknarnefnd	45,6
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	18,0
1.90 Ýmislegt	6,6
Almennur rekstur samtals	77,7
Gjöld samtals	**77,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	77,7
07-982 Ábyrgðasjóður launa	
Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	1.809,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.809,0

07-983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	105,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	105,8

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	21.170,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	527,6
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	184,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	912,0
1.41 Framlög og styrkir	40,0
1.81 Vaxtatekjur	43,2
Almennur rekstur samtals	22.876,8
Gjöld samtals	**22.876,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-244,0
Gjöld umfram tekjur	**22.632,8**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	22.632,8

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsmálaskóli alþýðu	12,6
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	3,0
Almennur rekstur samtals	15,6
Gjöld samtals	**15,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,6

	m.kr.
07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	
Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	30,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**
07-988 Starfsendurhæfing	
Almennur rekstur:	
1.10 Starfsendurhæfing	318,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	318,9
07-989 Fæðingarorlof	
Almennur rekstur:	
1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	81,6
1.11 Fæðingarorlofssjóður	9.013,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	594,0
Almennur rekstur samtals	9.688,6
Gjöld samtals	**9.688,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**9.687,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	594,0
Innheimt af ríkistekjum	9.093,7
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi	
Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	37,1
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	32,0

	m.kr.
1.35 Félag heyrnarlausra	9,9
1.36 Félagið Geðhjálp	18,8
1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	9,8
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	36,8
1.41 Stígamót	40,3
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	23,0
1.44 Athvarf fyrir heimilislausa	26,7
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa	2,8
1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna	45,1
1.90 Ýmis framlög	93,0
1.98 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis	59,9
Almennur rekstur samtals	435,2
Gjöld samtals	**435,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	435,2
07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**109.572,8**
Greitt úr ríkissjóði	**49.887,5**
Innheimt af ríkistekjum	**60.014,3**
Viðskiptahreyfingar	**-329,0**

m.kr.

08 Heilbrigðisráðuneyti

08-101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	555,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,8
Gjöld umfram tekjur	**549,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	549,5

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,6

08-202 Sjúkratryggingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkratryggingar Íslands	736,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-320,6
Gjöld umfram tekjur	**415,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	415,9

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	4.907,0
1.15 Lyf	8.453,8
1.16 Lyf með S-merkingu	4.462,3
1.21 Hjálpartæki	2.841,0

	m.kr.
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	136,5
1.31 Þjálfun	1.602,3
1.35 Tannlækningar	1.672,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	395,4
1.45 Brýn meðferð erlendis	1.194,8
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	214,9
1.55 Sjúkradagpeningar	208,0
1.91 Annað	166,0
Almennur rekstur samtals	26.254,0
Gjöld samtals	**26.254,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26.254,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	197,0
1.15 Bætur til framfærslu	426,0
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	60,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	66,0
Almennur rekstur samtals	749,0
Gjöld samtals	**749,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-40,0
Gjöld umfram tekjur	**709,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	649,0
Innheimt af ríkistekjum	60,0

08-209 Sjúklingatrygging

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatrygging	120,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,1

	m.kr.
08-301 Landlæknir	
Almennur rekstur:	
1.01 Landlæknir	322,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	322,5
08-305 Lýðheilsustöð	
Almennur rekstur:	
1.01 Lýðheilsustöð	202,2
1.90 Forvarnasjóður	135,7
Almennur rekstur samtals	337,9
Gjöld samtals	**337,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**337,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	229,8
Innheimt af ríkistekjum	108,0
08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	130,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Fasteign	1,0
Gjöld samtals	**131,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,7
Gjöld umfram tekjur	**127,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,3

	m.kr.
08-327 Geislavarnir ríkisins	
Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	92,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,0
Gjöld umfram tekjur	**73,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,9
Innheimt af ríkistekjum	5,2
08-340 Málefni fatlaðra	
Almennur rekstur:	
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	175,0
1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	56,5
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri	7,6
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal	25,6
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	32,9
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	4,0
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	8,3
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	6,6
1.90 Ýmis starfsemi	2,4
Almennur rekstur samtals	318,9
Stofnkostnaður:	
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	4,4
Gjöld samtals	**323,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	323,3
08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri	
Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri	4.368,9
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	79,0

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	75,5
Gjöld samtals	**4.523,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-411,1
Gjöld umfram tekjur	**4.112,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.112,3

08-373 Landspítali

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali	35.387,7
Viðhaldsverkefni:	
5.60 Viðhald	178,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	177,0
6.70 Nýframkvæmdir	133,0
Stofnkostnaður samtals	310,0
Gjöld samtals	**35.875,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2.958,3
Gjöld umfram tekjur	**32.917,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32.787,4
Innheimt af ríkistekjum	130,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	68,3
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnkostnaður	20,0
Gjöld samtals	**88,3**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	88,3
08-383 Sjúkrahótel	
Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahótel	90,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,7
08-384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	
Almennur rekstur:	
1.01 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	131,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	131,2
08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	
Almennur rekstur:	
1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	614,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	614,4
08-397 Lyfjastofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjastofnun	382,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-55,2
Gjöld umfram tekjur	**327,5**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	327,5

		m.kr.
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	
	Almennur rekstur:	
1.16	Lyfjagreiðslunefnd	36,0
1.17	Vísindasiðanefnd	26,9
1.30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	20,3
1.31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	304,1
1.32	Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	6,0
1.33	Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga	10,6
1.34	Hjartaheill	5,3
1.35	Hjartavernd, rannsóknarstöð	61,4
1.36	Stórstúka Íslands	1,3
1.37	Skrifstofa líknarfélaga	4,8
1.38	Félagið Heyrnarhjálp	7,6
1.40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,9
1.42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	234,2
1.43	Viðbúnaður gegn farsóttum	47,4
1.46	Matskerfi umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma	46,7
1.55	Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	225,1
1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	68,1
1.68	Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna	17,8
1.71	Norræni lýðheilsuháskólinn	19,2
1.73	Bláa lónið, húðmeðferðir	47,1
1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	14,8
1.90	Ýmis framlög	46,7
1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	5,4
1.98	Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	58,9
	Almennur rekstur samtals	1.318,6
	Stofnkostnaður:	
6.91	Upplýsingatæknimál	23,0
	Gjöld samtals	**1.341,6**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-30,0
	Gjöld umfram tekjur	**1.311,6**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1.311,6

	m.kr.
08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	571,8
1.15 Dagvist	18,8
Almennur rekstur samtals	590,6
Gjöld samtals	**590,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,2
Gjöld umfram tekjur	**565,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	565,4
08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	846,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-37,3
Gjöld umfram tekjur	**809,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	809,3
08-410 Hjúkrunarheimilið Eir	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.359,1
1.15 Dagvist	62,8
Almennur rekstur samtals	1.421,9
Gjöld samtals	**1.421,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-59,4
Gjöld umfram tekjur	**1.362,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.362,5

	m.kr.
08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	540,6
1.71 Endurhæfingardeild	107,9
Almennur rekstur samtals	648,5
Gjöld samtals	**648,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-24,1
Gjöld umfram tekjur	**624,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	624,4
08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	650,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-28,3
Gjöld umfram tekjur	**622,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	622,0
08-428 Fellsendi, Búðardal	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	199,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,0
Gjöld umfram tekjur	**190,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	190,4

	m.kr.
08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.160,6
1.11 Dvalarrými	95,3
1.15 Dagvist	52,5
Almennur rekstur samtals	1.308,4
Gjöld samtals	**1.308,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-55,2
Gjöld umfram tekjur	**1.253,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.253,2
08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	206,2
1.11 Dvalarrými	19,6
1.15 Dagvist	6,6
Almennur rekstur samtals	232,4
Gjöld samtals	**232,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,0
Gjöld umfram tekjur	**223,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	223,4
08-447 Sóltún, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	994,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	994,6

	m.kr.
08-478 Vistheimilið Bjarg	
Almennur rekstur:	
1.10 Vistheimilið Bjarg	55,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,5
08-479 Hlaðgerðarkot	
Almennur rekstur:	
1.10 Hlaðgerðarkot	84,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,8
08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ	
Almennur rekstur:	
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.265,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.265,5
08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	
Almennur rekstur:	
1.10 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	523,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	523,1
08-493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	
Almennur rekstur:	
1.10 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	456,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	456,7

	m.kr.
08-494 Hlein	
Almennur rekstur:	
1.10 Hlein	111,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	111,8
08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt	
Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	59,7
1.11 Heilbrigðisþjónusta í fangelsum	20,8
1.13 Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva	69,6
Almennur rekstur samtals	150,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	32,9
Gjöld samtals	**183,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	183,0
08-501 Sjúkraflutningar	
Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkraflutningar	609,2
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	137,2
1.15 Sjúkraflug	120,8
Almennur rekstur samtals	867,2
Gjöld samtals	**867,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	867,2
08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	
Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.522,4

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-397,5
Gjöld umfram tekjur	**4.124,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.124,9

08-508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	1.003,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.003,7

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	167,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,5
Gjöld umfram tekjur	**166,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	166,4

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:	
1.01 Læknavaktin	239,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	239,7

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík	109,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,7
Gjöld umfram tekjur	**102,2**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102,2

08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu

Almennur rekstur:	
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	488,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**488,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	488,0

08-588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	278,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**278,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	278,5

08-700 Heilbrigðisstofnanir

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	73,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	25,5
6.55 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	22,7
6.61 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	15,0
6.87 Heilbrigðisstofnun Suðurlands	62,3
Stofnkostnaður samtals	125,5
Gjöld samtals	**199,1**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	199,1

08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	1.039,8
1.11 Sjúkrasvið	1.258,5
1.21 Hjúkrunarrými	498,7
Almennur rekstur samtals	2.797,0
Gjöld samtals	**2.797,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-140,5
Gjöld umfram tekjur	**2.656,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.656,5

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	122,2
1.11 Sjúkrasvið	47,1
1.21 Hjúkrunarrými	94,3
Almennur rekstur samtals	263,6
Gjöld samtals	**263,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,7
Gjöld umfram tekjur	**255,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	255,9

08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	334,4

	m.kr.
1.11 Sjúkrasvið	421,5
1.21 Hjúkrunarrými	296,1
Almennur rekstur samtals	1.052,0
Gjöld samtals	**1.052,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-59,5
Gjöld umfram tekjur	**992,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	992,5

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	133,4
1.11 Sjúkrasvið	54,6
1.21 Hjúkrunarrými	198,7
Almennur rekstur samtals	386,7
Gjöld samtals	**386,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,8
Gjöld umfram tekjur	**385,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	385,9

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	203,4
1.11 Sjúkrasvið	209,0
1.21 Hjúkrunarrými	336,3
Almennur rekstur samtals	748,7
Gjöld samtals	**748,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,2
Gjöld umfram tekjur	**731,5**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	731,5

08-756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	190,7
1.11 Sjúkrasvið	51,9
1.21 Hjúkrunarrými	176,4
Almennur rekstur samtals	419,0
Gjöld samtals	**419,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,6
Gjöld umfram tekjur	**414,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	414,4

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	409,4
1.11 Sjúkrasvið	271,6
1.21 Hjúkrunarrými	150,9
Almennur rekstur samtals	831,9
Gjöld samtals	**831,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,9
Gjöld umfram tekjur	**826,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	826,0

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	914,8

	m.kr.
1.11 Sjúkrasvið	658,9
1.21 Hjúkrunarrými	469,0
Almennur rekstur samtals	2.042,7
Gjöld samtals	**2.042,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-111,6
Gjöld umfram tekjur	**1.931,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.931,1

08-779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	130,0
1.11 Sjúkrasvið	60,0
Almennur rekstur samtals	190,0
Gjöld samtals	**190,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**189,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	189,9

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	214,0
1.11 Sjúkrasvið	265,5
1.21 Hjúkrunarrými	62,8
Almennur rekstur samtals	542,3
Gjöld samtals	**542,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-27,3
Gjöld umfram tekjur	**515,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	515,0

	m.kr.
08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands	
Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	1.151,0
1.11 Sjúkrasvið	642,1
1.21 Hjúkrunarrými	315,8
Almennur rekstur samtals	2.108,9
Gjöld samtals	**2.108,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-181,5
Gjöld umfram tekjur	**1.927,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.927,4
08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	
Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	772,9
1.11 Sjúkrasvið	708,0
1.21 Hjúkrunarrými	202,0
Almennur rekstur samtals	1.682,9
Gjöld samtals	**1.682,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-101,0
Gjöld umfram tekjur	**1.581,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.581,9
08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur	
Almennur rekstur:	
1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	611,1
1.21 Hjúkrunarrými	441,8
Almennur rekstur samtals	1.052,9
Gjöld samtals	**1.052,9**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-72,4
Gjöld umfram tekjur	**980,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	980,5
08 Heilbrigðisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**99.013,3**
Greitt úr ríkissjóði	**98.382,6**
Innheimt af ríkistekjum	**630,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	592,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,9
Gjöld umfram tekjur	**582,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	582,7

09-103 Fjársýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	495,1
1.43 Tekjubókhaldskerfi	367,9
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	480,5
Almennur rekstur samtals	1.343,5
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	8,5
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	14,1
Stofnkostnaður samtals	22,6
Gjöld samtals	**1.366,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**1.364,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.364,8

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,1

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,1

09-210 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.997,4
1.41 Skattvinnslukerfi	368,9
Almennur rekstur samtals	2.366,3
Stofnkostnaður:	
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	57,3
Gjöld samtals	**2.423,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,3
Gjöld umfram tekjur	**2.404,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.315,3
Innheimt af ríkistekjum	89,0

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	31,5
1.30 Þungaskattur	7,1
Almennur rekstur samtals	38,6
Gjöld samtals	**38,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,6

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirskattanefnd	111,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	111,1

	m.kr.
09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	
Almennur rekstur:	
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	272,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	272,6
09-250 Innheimtukostnaður	
Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	763,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-289,4
Gjöld umfram tekjur	**473,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	473,7
09-262 Tollstjórinn	
Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn	1.679,6
1.45 Tollafgreiðslukerfi	221,8
Almennur rekstur samtals	1.901,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	40,0
Gjöld samtals	**1.941,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**1.940,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.775,4
Innheimt af ríkistekjum	165,0

m.kr.

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:

1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	4.105,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	386,3
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	222,7
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	44,6
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	156,4
1.10 Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara	375,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	143,9
Almennur rekstur samtals	5.433,9
Gjöld samtals	**5.433,9**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	7.693,9
Viðskiptahreyfingar	-2.260,0

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	2.439,3

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	2.439,3

09-393 Starfsendurhæfingarsjóður

Almennur rekstur:

1.11 Starfsendurhæfingarsjóður	250,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	250,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:

6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	330,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	330,0

	m.kr.
09-711 Afskriftir skattkrafna	
Almennur rekstur:	
1.11 Afskriftir skattkrafna	10.000,0
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	10.000,0
09-721 Fjármagnstekjuskattur	
Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	2.200,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.100,0
Viðskiptahreyfingar	100,0
09-811 Barnabætur	
Almennur rekstur:	
1.11 Barnabætur	9.200,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9.200,0
09-821 Vaxtabætur	
Almennur rekstur:	
1.11 Vaxtabætur	9.800,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9.800,0
09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins	
Almennur rekstur:	
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins	149,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-149,1
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

	m.kr.
09-905 Ríkiskaup	
Almennur rekstur:	
1.01 Ríkiskaup	1.469,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.469,4
Gjöld umfram tekjur	**0,0**
09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur	
Stofnkostnaður:	
6.11 Tapaðar kröfur	90,0
6.15 Tjónabætur	20,0
Stofnkostnaður samtals	110,0
Gjöld samtals	**110,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
Viðskiptahreyfingar	90,0
09-976 Lánaumsýsla ríkissjóðs	
Almennur rekstur:	
1.01 Lánaumsýsla ríkissjóðs	109,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	109,6
09-977 Bankasýsla ríkisins	
Almennur rekstur:	
1.01 Bankasýsla ríkisins	71,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71,9
09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	
Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur húsnæðis	192,0

	m.kr.
1.05 Rekstur tölvukerfis	67,4
Almennur rekstur samtals	259,4
Stofnkostnaður:	
6.21 Húsnæði	19,0
6.41 Tölvubúnaður	5,0
Stofnkostnaður samtals	24,0
Gjöld samtals	**283,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-253,3
Gjöld umfram tekjur	**30,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,1

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga	4,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,5

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	109,3
1.11 Rekstur fasteigna	1.484,1
Almennur rekstur samtals	1.593,4
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna	2.160,7
Gjöld samtals	**3.754,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3.754,2
Gjöld umfram tekjur	**-0,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,1

	m.kr.
09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll	
Almennur rekstur:	
1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll	538,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	538,0
09-989 Ófyrirséð útgjöld	
Almennur rekstur:	
1.90 Ófyrirséð útgjöld	4.987,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-165,2
Gjöld umfram tekjur	**4.822,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.822,1
09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir	
Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	160,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,0
09-994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	
Almennur rekstur:	
1.01 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	93,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,9
09-999 Ýmislegt	
Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	53,0

	m.kr.
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	8,4
1.13 Kjarasamningar	6,9
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	56,5
1.15 Kjararannsóknir	11,2
1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka	304,2
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	27,3
1.31 Lífeyrissjóður bænda	45,0
1.45 Ýmsar nefndir	23,0
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	4,1
1.60 Dómkröfur	249,3
1.65 Kjararáð	30,6
1.67 Þjóðlendumál	4,4
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	2,7
1.90 Ýmis verkefni	68,6
1.94 Þróunarmál í upplýsingatækni	12,7
Almennur rekstur samtals	907,9
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins	9,0
6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	3,1
6.95 Þróunarmál í upplýsingatækni	13,2
Stofnkostnaður samtals	25,3
Gjöld samtals	**933,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,6
Gjöld umfram tekjur	**907,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	907,6
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**53.692,1**
Greitt úr ríkissjóði	**43.068,8**
Innheimt af ríkistekjum	**2.693,3**
Viðskiptahreyfingar	**7.930,0**

m.kr.

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

10-101 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa	399,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-35,1
Gjöld umfram tekjur	**364,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	364,5

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fastanefndir	15,1
1.18 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	207,1
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	56,9
1.98 Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis	15,7
Almennur rekstur samtals	294,8
Gjöld samtals	**294,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**294,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	292,9
Innheimt af ríkistekjum	1,8

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,1

	m.kr.
10-211 Vegagerðin	
Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	504,6
1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	80,9
1.05 Umdæmi og rekstrardeildir	6.272,4
1.07 Þjónusta	3.107,2
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	1.049,3
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	189,5
1.21 Rannsóknir	127,4
Almennur rekstur samtals	11.331,3
Viðhaldsverkefni:	
5.10 Viðhald	4.679,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	5.976,0
Gjöld samtals	**21.986,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6.272,4
Gjöld umfram tekjur	**15.713,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	189,5
Innheimt af ríkistekjum	15.449,4
Viðskiptahreyfingar	75,0
10-251 Umferðarstofa	
Almennur rekstur:	
1.01 Umferðarstofa	434,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-234,1
Gjöld umfram tekjur	**200,8**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	200,8

	m.kr.
10-281 Rannsóknanefnd umferðarslysa	
Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa	28,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**26,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,8
10-335 Siglingastofnun Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	675,6
1.11 Vaktstöð siglinga	287,7
1.41 Rekstur Landeyjahafnar	9,0
Almennur rekstur samtals	972,3
Stofnkostnaður:	
6.60 Vitabyggingar	28,5
6.80 Sjóvarnargarðar	168,8
Stofnkostnaður samtals	197,3
Gjöld samtals	**1.169,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-226,5
Gjöld umfram tekjur	**943,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	678,7
Innheimt af ríkistekjum	264,4
10-336 Hafnarframkvæmdir	
Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	12,1
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnabótasjóður	351,2

	m.kr.
6.72 Landeyjahöfn	203,0
6.76 Ferjubryggjur	10,9
Stofnkostnaður samtals	565,1
Gjöld samtals	**577,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	577,2

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa	36,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,1

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Íslands	449,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,8
Gjöld umfram tekjur	**444,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	224,5
Innheimt af ríkistekjum	220,0

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:	
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	2.330,6
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald	58,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	229,0
Gjöld samtals	**2.617,6**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.019,1
Innheimt af ríkistekjum	598,5

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	38,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,9

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	285,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,3
Gjöld umfram tekjur	**272,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,5
Innheimt af ríkistekjum	270,3

10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu	37,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	37,5

10-521 Fjarskiptasjóður

Stofnkostnaður:	
6.41 Fjarskiptasjóður	45,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,4
Gjöld umfram tekjur	**40,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

		m.kr.
10-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Almennur rekstur:	
	1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	10.953,3
	1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	2.228,0
	1.12 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, málefni fatlaðra	623,0
	Almennur rekstur samtals	13.804,3
	Gjöld samtals	**13.804,3**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	13.804,3
10	**Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, gjöld umfram tekjur**	**35.415,8**
	Greitt úr ríkissjóði	**18.298,1**
	Innheimt af ríkistekjum	**17.042,7**
	Viðskiptahreyfingar	**75,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	201,9

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	201,9

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,6

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	5,6

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Almennur rekstur:

1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	1.135,6

Sértekjur:

Sértekjur	-627,5
Gjöld umfram tekjur	**508,1**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	508,1

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:

1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	5,1

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	5,1

11-242 Tækniþróunarsjóður

Almennur rekstur:

1.10 Tækniþróunarsjóður	720,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	720,0

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:	
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	157,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	157,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	3,6
1.15 Fjárfestingarstofan	17,3
1.19 Staðlaráð	54,0
1.30 Alþjóðlegt samstarf	21,6
1.48 Átak til atvinnusköpunar	140,0
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis	39,7
Almennur rekstur samtals	276,2
Gjöld samtals	**276,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	222,2
Innheimt af ríkistekjum	54,0

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Orkustofnun	416,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-121,6
Gjöld umfram tekjur	**295,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	295,0

	m.kr.
11-371 Orkusjóður	
Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur Orkusjóðs	30,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,2
11-373 Niðurgreiðslur á húshitun	
Almennur rekstur:	
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	962,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	962,7
11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	
Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	245,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	245,0
11-399 Ýmis orkumál	
Almennur rekstur:	
1.22 Vistvænir orkugjafar	14,7
1.24 Notendur utan samveitna	41,9
1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	23,8
Almennur rekstur samtals	80,4
Gjöld samtals	**80,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,4
11-401 Byggðaáætlun	
Almennur rekstur:	
1.10 Byggðaáætlun	317,6

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	317,6

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:	
1.10 Byggðastofnun	139,7
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	146,3
Almennur rekstur samtals	286,0
Gjöld samtals	**286,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	286,0

11-501 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálastofa	307,9
1.13 Markaðs- og kynningarmál erlendis	126,0
Almennur rekstur samtals	433,9
Gjöld samtals	**433,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,9
Gjöld umfram tekjur	**430,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	429,1
Innheimt af ríkistekjum	0,9

11-599 Ýmis ferðamál

Almennur rekstur:	
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	75,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	69,3
1.90 Ýmis ferðamál	22,8
1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis	36,3
Almennur rekstur samtals	203,4
Gjöld samtals	**203,4**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	203,4
11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**4.724,2**
Greitt úr ríkissjóði	**4.669,3**
Innheimt af ríkistekjum	**54,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	276,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,8
Gjöld umfram tekjur	**275,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	275,3

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.15 Fastanefndir	85,7
1.20 Rafræn viðskipti	6,2
1.24 Endurskoðendaráð	10,0
1.42 Athugun á skuldavanda heimilanna	13,3
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	24,6
Almennur rekstur samtals	139,8
Gjöld samtals	**139,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,8
Innheimt af ríkistekjum	12,0

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	2,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,1

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	1.341,0

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,0
Gjöld umfram tekjur	**1.327,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.327,0

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Samkeppniseftirlitið	314,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	314,3

12-431 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	181,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,6
Gjöld umfram tekjur	**170,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,1
Innheimt af ríkistekjum	165,8

12-501 Hagstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Hagstofa Íslands	717,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-66,8
Gjöld umfram tekjur	**650,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	650,4

	m.kr.
12-811 Flutningssjóður olíuvara	
Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður olíuvara	430,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	430,0
12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**3.309,8**
Greitt úr ríkissjóði	**1.375,0**
Innheimt af ríkistekjum	**1.934,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	313,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,7
Gjöld umfram tekjur	**296,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	296,0

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	5,9
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	13,0
1.35 Umhverfisvöktun	12,9
1.40 Alþjóðastofnanir	23,1
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	8,7
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	8,7
1.44 Skógræktarfélag Íslands	34,0
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	0,5
1.56 Vernd Breiðafjarðar	7,2
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	43,6
1.90 Ýmis verkefni	42,6
1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	80,0
Almennur rekstur samtals	280,2
Gjöld samtals	**280,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	280,2

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	2,9

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,9

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:	
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	25,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,1
Gjöld umfram tekjur	**20,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,8

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	883,2
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	18,0
Almennur rekstur samtals	901,2
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	34,0
Gjöld samtals	**935,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-164,0
Gjöld umfram tekjur	**771,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	623,2
Innheimt af ríkistekjum	148,0

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður

Almennur rekstur:	
1.01 Vatnajökulsþjóðgarður	300,8
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	134,8

	m.kr.
Gjöld samtals	**435,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-107,6
Gjöld umfram tekjur	**328,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	328,0

14-231 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Landgræðsla ríkisins	583,5
1.90 Fyrirhleðslur	67,7
Almennur rekstur samtals	651,2
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fasteigna	8,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	38,4
Gjöld samtals	**697,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-139,5
Gjöld umfram tekjur	**558,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	556,1
Innheimt af ríkistekjum	2,0

14-241 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	397,2
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fasteigna	6,2
Stofnkostnaður:	
6.20 Fasteignir	9,1
Gjöld samtals	**412,5**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-178,0
Gjöld umfram tekjur	**234,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	229,5
Innheimt af ríkistekjum	5,0

14-243 Hekluskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Hekluskógar	20,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,3

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	64,0
1.10 Úrvinnslusjóður	863,0
Almennur rekstur samtals	927,0
Gjöld samtals	**927,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,0
Gjöld umfram tekjur	**902,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	902,0

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun	840,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	840,0

	m.kr.
14-301 Skipulagsstofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Skipulagsstofnun	185,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,9
Gjöld umfram tekjur	**174,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,7
14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga	
Almennur rekstur:	
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín	60,0
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	54,4
Almennur rekstur samtals	114,4
Gjöld samtals	**114,4**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	114,4
14-310 Landmælingar Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	247,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,7
Gjöld umfram tekjur	**232,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	229,7
Innheimt af ríkistekjum	3,0
14-320 Mannvirkjastofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Mannvirkjastofnun	374,4

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,4
Gjöld umfram tekjur	**359,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	359,0
14-381 Ofanflóðasjóður	
Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	15,0
Stofnkostnaður:	
6.60 Ofanflóðasjóður	782,0
Gjöld samtals	**797,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-370,0
Gjöld umfram tekjur	**427,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	427,0
14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands	521,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-89,7
Gjöld umfram tekjur	**431,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	431,5
14-403 Náttúrustofur	
Almennur rekstur:	
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	14,3
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	14,3

	m.kr.
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	23,0
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	14,3
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	14,3
1.15 Náttúrustofa Sandgerði	14,3
1.16 Náttúrustofa Húsavík	23,1
Almennur rekstur samtals	117,6
Gjöld samtals	**117,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	117,6

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	33,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,3
Gjöld umfram tekjur	**27,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,3

14-412 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.270,9
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	228,5
Almennur rekstur samtals	1.499,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	18,7
Gjöld samtals	**1.518,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-856,1
Gjöld umfram tekjur	**662,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	662,0

	m.kr.
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**6.800,2**
Greitt úr ríkissjóði	**3.999,8**
Innheimt af ríkistekjum	**2.800,4**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	73.654,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71.422,0
Viðskiptahreyfingar	2.232,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**73.654,0**
Greitt úr ríkissjóði	**71.422,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**2.232,0**

Sundurliðun 2

Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta

		Þús. kr.
1. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).		
1.	Flugminjasafn Egils Ólafssonar	2.000
2.	Kvennasögusafn Íslands	1.500
3.	Selasetur Íslands	4.000
4.	Skáldahúsin á Akureyri	2.500
5.	Sögusetur íslenska hestsins	4.000
	Samtals	**14.000**
2. Söfn, ýmis framlög mennta og menningarmálaráðuneytis (02-919-1.98).		
1.	Byggðasafnið í Görðum vegna Kútters Sigurfara, samningur	9.100
2.	Hvalamiðstöðin á Húsavík, samningur	5.400
3.	Heklusetur Leirubakka, samningur	4.600
4.	Galdrasýning á Ströndum, samningur	4.600
5.	Tónlistarsafn Íslands, samningur	5.100
6.	Þjóðtrúarstofa, styrkur til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs	7.600
7.	Til styrktar atvinnulífi á NA og Austurlandi – efling jarðfræðirannsókna	7.200
8.	Verkefni tengd heimsminjasamningi UNESCO	6.000
9.	Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2.000
10.	Stafkirkja í Heimaey	3.000
11.	Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem eru utan verksviðs Safnasjóðs	9.000
12.	Óskipt	2.200
	Samtals	**65.800**
3. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).		
1.	Bátasafn Breiðafjarðar	1.000
2.	Félag um bátaflota Gríms Karlssonar	500
3.	Félag um endurreisn listasafns Samúels Jónssonar	500
4.	Fræðasetur um náttúruhamfarir vegna gosa í Mýrdals og Eyjafjallajökli	700
5.	Grettisból á Laugarbakka	1.500
6.	Hraun í Öxnadal, menningarfélag, sýningarskáli	1.000
7.	Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði	500
8.	Landbúnaðarsafn Íslands	900
9.	Listervélasafn	500
10.	Melódíur minninganna	1.000
11.	Ríkarðssafn	1.500

12.	Safnasafnið, byggingarframkvæmdir	3.000
13.	Saltfisksetur Íslands í Grindavík	2.000
14.	Samgönguminjasafnið í Stóragerði	1.500
15.	Samgönguminjasafnið Ystafelli, Kristnesbíllinn	1.000
16.	Sauðfjársetur á Ströndum ses., endurbætur á safnhúsi	1.000
17.	Sjávarsafnið í Ólafsvík	500
18.	Sjóminjasafnið í Sjómannagarðinum á Hellissandi	2.000
19.	Sjóminjasafnið Ósvör	2.400
20.	Skrímslasetur á Bíldudal	1.000
21.	Tækniminjasafn Austurlands	3.000
22.	Veiðisafnið á Stokkseyri, stækkun	500
23.	Víkin – sjóminjasafnið í Reykjavík	500
	Samtals	**28.000**

4. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).

1.	Atli Heimir Sveinsson	1.575
2.	Ásgerður Búadóttir	1.575
3.	Edda Heiðrún Backman	1.575
4.	Erró	1.575
5.	Guðbergur Bergsson	1.575
6.	Guðmunda Elíasdóttir	1.575
7.	Gunnar Eyjólfsson	1.575
8.	Hannes Pétursson	1.575
9.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.575
10.	Jóhann Hjálmarsson	1.575
11.	Jón Nordal	1.575
12.	Jón Sigurbjörnsson	1.575
13.	Jón Þórarinsson	1.575
14.	Jónas Ingimundarson	1.575
15.	Jórunn Viðar	1.575
16.	Kristbjörg Kjeld	1.575
17.	Kristján Davíðsson	1.575
18.	Magnús Pálsson	1.575
19.	Matthías Johannessen	1.575
20.	Megas	1.575
21.	Róbert Arnfinnsson	1.575
22.	Thor Vilhjálmsson	1.575
23.	Vigdís Grímsdóttir	1.575
24.	Vilborg Dagbjartsdóttir	1.575

25.	Þorbjörg Höskuldsdóttir	1.575
26.	Þorsteinn frá Hamri	1.575
27.	Þráinn Bertelsson	1.575
28.	Þuríður Pálsdóttir	1.575
	Samtals	**44.100**

5. Listir (02-982-1.90).

1.	Draumasmiðjan, döff leikhús	2.000
2.	„Ferskir vindar í Garði“, listaveisla	1.000
3.	Iceland Airwaves, tónlistarhátíð	5.000
4.	Leikfélag Reykjavíkur	12.000
5.	LungA, listahátíð ungs fólks	2.000
6.	Músík í Mývatnssveit	1.000
7.	Reykholtshátíð 2011	1.000
8.	Samtök um danshús, dansverkstæði	1.500
9.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	1.000
10.	Þjóðleikur, leiklistarhátíð ungs fólks	1.500
	Samtals	**28.000**

6. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).

1.	Alfræði íslenskra bókmennta og bókmenntafræða	1.000
2.	Heildarútgáfa Íslendingasagna á dönsku, norsku og sænsku	1.000
3.	IBBY á Íslandi	800
4.	Lífríki Íslands. Vistfræði lands og sjávar	1.000
5.	Stjórnmál og stjórnsýsla, veftímarit	500
	Samtals	**4.300**

7. Norræn samvinna (02-984-1.90).

1.	Norræna félagið á Íslandi	6.700
	Samtals	**6.700**

8. Æskulýðsmál (02-988-1.90).

1.	Landssamband æskulýðsfélaga	6.000
2.	Snorraverkefnið	3.000
	Samtals	**9.000**

9. Ýmis framlög (02-999-1.90).

1.	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, fræðsluvefurinn Globalis	1.000
2.	Handritin heima, fræðsluvefur um íslensk handrit og menningarsögu	1.000

3.	Handverk og hönnun ses.	10.000
4.	Hönnunarmiðstöð Íslands, hönnunarkaupstefna	1.500
5.	Kaupvangur, Vopnafirði, heiðarbýlaverkefni	1.500
6.	Kirkjubæjarstofa	2.000
7.	Kvenfélagasamband Íslands, Leiðbeiningastöð heimilanna	2.000
8.	Kvenfélagasamband Íslands, rekstur	3.000
9.	Kvenréttindafélag Íslands	1.000
10.	Leiklistarsamband Íslands, kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista	2.000
11.	Mats Wibe Lund, heimildamyndasafn	800
12.	Miðstöð menningarfræða á Austurlandi	1.000
13.	Miðstöð munnlegrar sögu	1.500
14.	MIRRA, rannsóknir á innflytjendamálum	3.000
15.	Músík og saga, munnleg geymd	1.000
16.	Sagnabrunnur ehf., söfnun á hljóðupptökum og munnlegum heimildum á Austurlandi	1.000
17.	Sögufélag	1.500
18.	Textílsetur Íslands	1.500
19.	Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar	8.000
20.	Vestfirðir á miðöldum	3.000
21.	Þjóðlagasetur á Siglufirði	1.000
22.	Þor ehf., samræmdar árangursmælingar fyrir ríkisstofnanir	500
23.	Þorpið, vöruhönnun úr austfirskum hráefnum	1.500
24.	Önfirðingafélagið, Sólbakkamenning	1.200
	Samtals	**51.500**

10. Ýmis framlög mennta og menningarmálaráðuneytis (02-999-1.98).

1.	Til styrktar atvinnulífi á Norðurlandi eystra og Austurlandi, Urðarbrunnur menningarfélag	7.200
2.	Til styrktar atvinnulífi á Norðurlandi eystra og Austurlandi, efling menningarlífs á Seyðisfirði	7.200
3.	Til styrktar atvinnulífi á Norðurlandi vestra, þekkingarsetur á Skagaströnd	8.100
4.	Íslenska upplýsingasamfélagið 2011, Árvekniþjónusta á bókasöfnum	3.000
5.	Ýmis verkefni í upplýsingatækni, menningarmál	10.000
6.	Alþjóðasamningar, menningarmál, aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	20.000
7.	Verkefni, samningar vegna íþróttamála	3.800
8.	Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	2.000
9.	Samningar við listamannasamtök og styrkir til ýmissa verkefna	24.900

10.	Sérstök verkefni	41.500
	Samtals	**127.700**

11. Ýmis stofnkostnaðarframlög (02-999-6.90).

1.	Breiðdalssetur	2.000
2.	Bryggja fyrir Hólmstein GK á Byggðasafninu á Garðskaga	1.000
3.	Byggðasafnið að Görðum, Akranesi, viðhald og endurgerð á bátasafni	500
4.	Eikarbáturinn Húni II	2.000
5.	Fuglasafn Sigurgeirs	2.000
6.	Gásir í Eyjafirði, miðaldakaupstaður	4.500
7.	Heimskautsgerðið á Raufarhöfn	4.900
8.	Holt í Önundarfirði – friðarsetur, viðgerð á húsnæði	500
9.	Jarðskjálftasetur á Kópaskeri	2.000
10.	Kjarvalsstofa ses.	1.500
11.	Landnámsbærinn í Herjólfsdal	500
12.	Landnámssetur Íslands	3.500
13.	Landsmót hestamanna í Víðidal í Reykjavík 2012	10.000
14.	Landsmót UMFÍ 2013 og unglingalandsmót UMFÍ 2012 í Árborg	10.000
15.	Menningarhús á Ísafirði	12.900
16.	Nes, listamiðstöð á Skagaströnd	500
17.	Orgelsjóður Stykkishólmskirkju, kaup og uppsetning á pípuorgeli	500
18.	Sail Húsavík 2011, samnorræn strandmenningarhátíð	2.000
19.	Sköpunarmiðstöð á Stöðvarfirði	1.000
20.	Spákonuhof á Skagaströnd	2.000
21.	Sumarbúðirnar Ástjörn, viðbygging	1.500
22.	Svartárkot, menning – náttúra	2.000
23.	Sögusetur Bakkabræðra	2.000
24.	Sögusetur um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum	1.000
25.	Textílfélag Íslands, pappírsgerðarverkstæði	1.000
26.	Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarbyggð 2010	5.000
27.	Ungmenna og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal	2.700
28.	Þekkingar og náttúrufræðisetur í Ólafsfirði	500
	Samtals	**79.500**

12. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	BioPol ehf., hrognkelsarannsóknir	3.500
2.	BioPol ehf., rannsóknir á skötusel	2.000
3.	Blóm í bæ 2011, sýning í Hveragerði	1.000
4.	Garðyrkjufélag Íslands, landsbyggðarþjónusta	1.000

5.	Gaujulundur í Vestmannaeyjum	1.000
6.	Kattavinafélag Íslands, rekstur Kattholts	2.000
7.	Landnámshænan, verndun og kynning	1.000
8.	Landssamtök hestamanna og hrossaræktar, þróunar og átaksverkefni	6.000
9.	Landssamtök skógareigenda	4.000
10.	Laxfiskar ehf., atferlisrannsóknir á nytjafiskum á grunnsævi	4.000
11.	Ólafsdalsfélagið, matjurtarækt og jarðræktarminjar	1.500
12.	Skelrækt, samtök kræklingaræktenda	3.000
13.	Skotta kvikmyndafélag, myndbandagagnagrunnur um landbúnað og sjávarútveg	1.000
14.	Skrúður í Dýrafirði, bygging þjónustuhúss	2.500
15.	Tún, vottunarstofa, þróunarstarf	5.000
16.	Vör, sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð	2.500
17.	Æðarræktarfélag Íslands	1.000
	Samtals	**42.000**

13. Ýmis framlög sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytis (04-190-1.98).

1.	Beint frá býli	6.000
2.	Selasetur á Hvammstanga	6.000
2.	Rannsóknar og þróunarstarfsemi í landbúnaði	5.000
3.	Tilraunastöðin Stóra Ármót	1.000
4.	Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks	2.500
5.	Hafréttarstofnun	3.000
6.	Vör, sjávarrannsóknasetur í Ólafsvík	23.200
7.	Rannsóknir á sjávardýrum og eldi á Patreksfirði	16.400
8.	Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd	25.000
9.	Samvinnuverkefni Versins á Sauðárkróki, Matís ohf. og Háskólans á Hólum	20.000
10.	Óskipt	100
	Samtals	**108.200**

14. Ýmis framlög (07-999-1.90).

1.	ADHD samtökin	2.700
2.	Aflið, samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi	1.600
3.	Barnaheill	5.000
4.	Blátt áfram, forvarnaverkefni	2.700
5.	Blindrafélagið	8.000
6.	Breiðavíkursamtökin	600
7.	Daufblindrafélag Íslands	700

8.	Dyngjan, áfangaheimili fyrir konur	2.000
9.	Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar, sumarorlof eldri borgara	700
10.	Félag áhugafólks um Downs-heilkenni	500
11.	Félag einstæðra foreldra	2.900
12.	Félag um foreldrajafnrétti	1.000
13.	Geðhjálp	2.000
14.	Hagsmunasamtök heimilanna	2.500
15.	Hestamiðstöð Reykjavíkur, þjálfun og skemmtun lamaðra og fatlaðra á hestum	700
16.	Hjálparstarf kirkjunnar, innanlandsstarf	12.000
17.	Hlutverk, samtök um vinnu og verkþjálfun	500
18.	Höndin, mannúðar og mannræktarsamtök	1.000
19.	Ísland Panorama	500
20.	Jafnréttishús, námskeið	2.000
21.	Landssamband eldri borgara	4.000
22.	Landssamtökin Þroskahjálp	9.000
23.	MND-félagið á Íslandi	800
24.	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	8.000
25.	Samtökin ´78	5.200
26.	Sjónarhóll, ráðgjafarmiðstöð	1.200
27.	Systkinasmiðjan, námskeið	500
28.	Táknsmiðjan, myndver heyrnarlausra	2.500
29.	Táknsmiðjan, táknmál á heimasíður	1.000
30.	Umsjónarfélag einhverfra	1.200
31.	Vímulaus æska – foreldrahús	10.000
	Samtals	**93.000**

15. Ýmis framlög félags og tryggingamálaráðuneytis (07-999-1.98).

1.	Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	10.800
2.	Rannsóknir í vinnu og jafnréttismálum	6.500
3.	Sjónarhóll	16.900
4.	Styrkur til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis frá	21.700
5.	Óskipt	4.000
	Samtals	**59.900**

16. Ýmis framlög (08-399-1.90).

1.	Astma og ofnæmisfélagið	1.000
2.	Blóðgjafafélag Íslands	500
3.	Endurhæfingarhúsið Hver á Akranesi	4.000

4.	FAAS, félag aðstandenda alzheimerssjúklinga	4.500
5.	Félag CP á Íslandi	1.000
6.	Félag nýrnasjúkra	600
7.	FFA, fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	1.500
8.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	500
9.	Gigtarfélag Íslands	3.200
10.	HIV-Ísland, alnæmissamtökin á Íslandi	2.200
11.	Hjartaheill, blóðfitumælingar	2.000
12.	Hugarafl	2.800
13.	Kraftur, stuðningsfélag	1.500
14.	Lauf, félag flogaveikra	1.000
15.	Ljósið, endurhæfingar og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra	3.000
16.	MS-félag Íslands, íbúð	600
17.	MS-félag Íslands, rekstur skrifstofu	1.000
18.	Mænuskaðastofnun Íslands	1.000
19.	Parkinsonsamtökin á Íslandi, aðstandendastuðningur	900
20.	PKU-félagið	900
21.	Samtök lungnasjúklinga	600
22.	Samtök psoriasis og exemsjúklinga	1.700
23.	Samtök sykursjúkra	2.000
24.	Sjúkraþjálfunin Styrkur ehf., hreyfiseðill	2.500
25.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, sumar og helgardvöl í Reykjadal	5.500
26.	Tilvera, samtök um ófrjósemi	300
27.	Vífill, félag einstaklinga með kæfisvefn og aðrar svefnháðar öndunartruflanir	400
	Samtals	**46.700**

17. Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis (08-399-1.98).

1.	Gæðastyrkir heilbrigðisráðuneytisins	2.400
2.	Athvarf fyrir geðsjúka á Akureyri	2.000
3.	Styrkur til Félags heyrnarlausra	10.000
4.	Aðgerðaáætlun fyrir börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni	33.700
5.	Missoc-þátttökugjald	2.200
6.	Þátttaka í alþjóðlegu starfi	2.200
7.	Samkomulag við Blindrafélagið um blindrahunda	2.600
8.	Óskipt	4.500
	Samtals	**59.600**

18. Ýmis framlög samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis (10-190-1.98).

1.	Sameining stofnana	4.000
2.	Samþætting áætlana	3.000
3.	Efling sveitarstjórnarstigsins	5.000
4.	Undirbúningur strandflutninga	3.000
5.	Óskipt	800
	Samtals	**15.800**

19. Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis (11-299-1.98).

1.	Loftslagsmál	1.000
2.	Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála	12.000
3.	Verkefni á sviði nýsköpunarmála	10.000
4.	Jafnréttismál	3.200
5.	Hönnunarmiðstöð Íslands	10.000
6.	Hátæknivettvangur	3.500
	Samtals	**39.700**

20. Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis (11-399-1.98).

1.	Úrskurðar og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga	4.100
2.	Aðkeypt sérfræðiþjónusta	8.400
3.	Olíumál	2.000
4.	Alþjóðlegt samstarf	2.000
5.	Erlendir orkusamningar	2.000
6.	Orkusparnaðarverkefni	5.300
	Samtals	**23.800**

21. Ýmis ferðamál (11-599-1.90).

1.	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Dimmuborgarstofa	1.800
2.	Markaðsstofa Austurlands	3.500
3.	Markaðsstofa Norðurlands	3.500
4.	Markaðsstofa Suðurlands	3.500
5.	Markaðsstofa Suðurnesja	3.500
6.	Markaðsstofa Vestfjarða	3.500
7.	Markaðsstofa Vesturlands	3.500
	Samtals	**22.800**

22. Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis (11-599-1.98).

1.	Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	30.000
2.	Verkefni á sviði stefnumótunar í ferðaþjónustu	6.300
	Samtals	**36.300**

23. Ýmis verkefni (14-190-1.90).

1.	Arnarsetur Íslands	2.000
2.	Auðlind, náttúrusjóður	1.000
3.	Eyjafjarðarsveit, eyðing kerfils	1.500
4.	Framkvæmdaráð Snæfellsness, EarthCheck-umhverfisvottun	8.000
5.	Fuglaathugunarstöð Suðausturlands	1.300
6.	Fuglaverndarfélag Íslands	1.000
7.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	4.900
8.	Grænn gróði ehf., útbreiðsla lúpínu hamin	800
9.	Hrísiðn ehf., útrýming skógarkerfils og lúpínu í Hrísey	500
10.	Hættumat og viðbragðsáætlanir vegna gróðurelda í Skorradal	1.000
11.	Landgræðslufélag Héraðsbúa, landgræðsla og stöðvun jarðvegsrofs	800
12.	Landvernd, Grænfáninn	2.000
13.	Landvernd, rekstur	6.000
14.	Náttúran er ehf.	1.000
15.	Náttúrufræðistofa Kópavogs, vöktun á vatnsgæðum og lífríki Þingvallavatns	4.000
16.	Náttúrusetur á Húsabakka í Svarfaðardal	4.000
17.	Náttúruverndarsamtök Íslands	1.000
18.	Skotveiðifélag Íslands	800
19.	Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, viðbrögð og varnir við skógarbruna	1.000
	Samtals	**42.600**

24. Ýmis framlög umhverfisráðuneytis (14-190-1.98).

1.	Skráningar og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	14.400
2.	Frjáls félagasamtök	11.500
3.	Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	9.000
4.	Staðardagskrá 21	5.000
5.	Umhverfisfræðsluráð	1.900
6.	Byggingastaðlar	900
7.	Vistvæn innkaup	4.800
8.	Loftslagsbreytingar – ný verkefni	13.000
9.	Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	5.000
10.	Formennska Íslands í CAFF, vinnuhópi Norðurskautsráðsins	7.500

11.	Styrkur til reksturs upplýsingamiðstöðvar á Álftanesi	2.000
12.	Úttektir og hagræðing	2.000
13.	Vöktun og viðbrögð við uppblæstri og gróðureyðingu við Skaftá	3.000
	Samtals	**80.000**

25. Fyrirhleðslur (14-231-1.90).

1.	Vesturland og Vestfirðir	8.000
2.	Norðurland	18.000
3.	Austurland	8.000
4.	Suðurland	31.000
5.	Heildarúttekt	2.700
	Samtals	**67.700**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	3.900,0
Rekstrargjöld	3.200,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	60,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**760,0**
Hagnaður (-tap)	**760,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	760,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**805,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	15,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	3,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-12,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Greitt til Háskóla Íslands	552,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-552,0**
Breyting á handbæru fé	**241,0**
Handbært fé í ársbyrjun	857,0
Handbært fé í árslok	1.098,0

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	22.974,0
Rekstrargjöld	22.131,5
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**852,5**
Hagnaður (-tap)	**852,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	852,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	125,0
Handbært fé frá rekstri	**977,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	250,0
Áhættufjármunir	-1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-248,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	1.000,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-1.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-271,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.006,9
Handbært fé í árslok	735,9

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-301 Íslenskar orkurannsóknir

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	800,0
Rekstrargjöld	850,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-40,0**
Hagnaður (-tap)	**-40,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-40,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	70,0
Handbært fé frá rekstri	**30,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	30,0
Áhættufjármunir	40,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-70,0**
Breyting á handbæru fé	**-40,0**
Handbært fé í ársbyrjun	90,0
Handbært fé í árslok	50,0

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

42 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	11.925,7
Fjármagnsgjöld	7.580,7
Framlög í afskriftasjóð útlána	3.459,8
Hreinar fjármunatekjur	**885,2**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	8.272,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	589,0
Hagnaður (-tap)	**8.588,2**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	8.588,2
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.863,9
Handbært fé frá rekstri	**4.724,3**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	16.300,0
Afborganir af veittum löngum lánum	5.400,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	79,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-10.979,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	12.600,0
Afborganir af teknum löngum lánum	6.306,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**6.294,0**
Breyting á handbæru fé	**39,3**
Handbært fé í ársbyrjun	449,8
Handbært fé í árslok	489,1

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	11.396,0
Fjármagnsgjöld	10.778,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	392,0
Hreinar fjármunatekjur	**226,0**
Aðrar rekstrartekjur	56,0
Önnur rekstrargjöld	120,0
Hagnaður (-tap)	**162,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	162,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.290,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	4.294,0
Handbært fé frá rekstri	**1.166,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	4.406,0
Annað (inn)	304,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**4.710,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	7.146,0
Annað (út)	44,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-7.190,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.314,0**
Handbært fé í ársbyrjun	6.641,0
Handbært fé í árslok	5.327,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	11.156,0
Fjármagnsgjöld	10.551,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	384,0
Hreinar fjármunatekjur	**221,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	565,0
Aðrar rekstrartekjur	55,0
Önnur rekstrargjöld	405,0
Hagnaður (-tap)	**436,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	436,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.221,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	4.203,0
Handbært fé frá rekstri	**1.418,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	23.099,0
Afborganir af veittum löngum lánum	4.313,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	9,0
Annað (inn)	298,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-18.497,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	23.223,0
Afborganir af teknum löngum lánum	6.995,0
Annað (út)	43,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**16.185,0**
Breyting á handbæru fé	**-894,0**
Handbært fé í ársbyrjun	6.501,0
Handbært fé í árslok	5.607,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	815,0
Fjármagnsgjöld	771,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	28,0
Hreinar fjármunatekjur	**16,0**
Aðrar rekstrartekjur	4,0
Önnur rekstrargjöld	9,0
Hagnaður (-tap)	**11,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	11,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-235,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	307,0
Handbært fé frá rekstri	**83,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	315,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	1,0
Annað (inn)	22,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**336,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	511,0
Annað (út)	3,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-514,0**
Breyting á handbæru fé	**-95,0**
Handbært fé í ársbyrjun	475,0
Handbært fé í árslok	380,0

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	5.971,0
Fjármagnsgjöld	5.648,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	205,0
Hreinar fjármunatekjur	**118,0**
Aðrar rekstrartekjur	29,0
Önnur rekstrargjöld	63,0
Hagnaður (-tap)	**84,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	84,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-1.724,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	2.250,0
Handbært fé frá rekstri	**610,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	2.308,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Annað (inn)	159,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**2.462,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	3.744,0
Annað (út)	23,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-3.767,0**
Breyting á handbæru fé	**-695,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3.480,0
Handbært fé í árslok	2.785,0

m.kr.

47-219 Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	30.876,0
Fjármagnsgjöld	29.202,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	1.062,0
Hreinar fjármunatekjur	**612,0**
Aðrar rekstrartekjur	152,0
Önnur rekstrargjöld	750,0
Hagnaður (-tap)	**14,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	14,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-8.914,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	11.633,0
Handbært fé frá rekstri	**2.733,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	20.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	11.936,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	26,0
Annað (inn)	824,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-7.266,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	20.108,0
Afborganir af teknum löngum lánum	19.360,0
Annað (út)	119,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**629,0**
Breyting á handbæru fé	**-3.904,0**
Handbært fé í ársbyrjun	17.993,0
Handbært fé í árslok	14.089,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	200,0
Fjármagnsgjöld	6,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	200,0
Hreinar fjármunatekjur	**-6,0**
Aðrar rekstrartekjur	150,0
Önnur rekstrargjöld	130,0
Hagnaður (-tap)	**14,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	14,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	240,0
Handbært fé frá rekstri	**254,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	350,0
Afborganir af veittum löngum lánum	100,0
Áhættufjármunir	750,0
Sala áhættufjármuna	50,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-950,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands	500,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**500,0**
Breyting á handbæru fé	**-196,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.402,0
Handbært fé í árslok	1.206,0

	m.kr.
51-371 Orkusjóður	
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	11,5
Hreinar fjármunatekjur	**11,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	30,5
Önnur rekstrargjöld	34,5
Hagnaður (-tap)	**7,5**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	7,5
Handbært fé frá rekstri	**7,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	25,0
Afborganir af veittum löngum lánum	11,8
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-13,2**
Breyting á handbæru fé	**-5,7**
Handbært fé í ársbyrjun	92,8
Handbært fé í árslok	87,1

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.500,0
Fjármagnsgjöld	775,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	600,0
Hreinar fjármunatekjur	**125,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	287,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	422,8
Hagnaður (-tap)	**9,2**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	9,2
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	600,0
Handbært fé frá rekstri	**609,2**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.000,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.000,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.300,0
Annað (út)	100,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.600,0**
Breyting á handbæru fé	**209,2**
Handbært fé í ársbyrjun	476,1
Handbært fé í árslok	685,3

483. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá iðnaðarráðuneyti. Þá bárust umsagnir frá Landsvirkjun, Orkustofnun og Samorku.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd., dags. 13. október 2010, um álbræðslu við Straumsvík. Um er að ræða áttunda viðauka við svokallaðan aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., frá 28. mars 1966, um byggingu og rekstur álbræðslu og annarra mannvirkja í Straumsvík.

15. júní 2010 var undirritaður nýr samningur á milli Landsvirkjunar og Alcan á Íslandi hf. um orkusölu til álversins í Straumsvík. Samningurinn er tvíþættur, annars vegar er endursamið um verð á orkusölu til álversins miðað við óbreytt magn og hins vegar er samið um afhendingu viðbótarorku (75 MW) vegna áætlaðrar framleiðsluaukningar álversins. Sú meginbreyting sem í samningum felst er að miðað er við að nýi raforkusamningurinn komi alfarið í stað núgildandi raforkusamnings og að sá síðarnefndi falli brott.

Nefndin tekur undir nauðsyn þess að til þess að tryggja að nýi raforkusamningurinn sé með öllu ótengdur aðalsamningnum sé nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á aðalsamningnum frá 1966, þ.e. að afnema fylgiskjal A (raforkusamninginn) og hreinsa aðalsamninginn af öllum ákvæðum þar sem vísað er í raforkusamning eða kveðið á um afhendingu raforku.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Sigmundur Ernir Rúnarsson og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2010.

Kristján L. Möller, form., frsm.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Jón Gunnarsson.
Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.	Magnús Orri Schram.	Lilja Mósesdóttir.

Tryggvi Þór Herbertsson.

484. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá iðnaðarráðuneyti. Þá bárust umsagnir frá Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun og Vegagerðinni.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 8. júlí 2009, í tengslum við rannsókn stofnunarinnar á fyrirkomulagi eigendaábyrgða Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar um að ótakmarkaðar eigendaábyrgðir séu ekki að fullu í samræmi við EES-samninginn um ríkisaðstoð. Fram kemur í ákvörðun ESA að eigendaábyrgð vegna lána sé heimil að því gefnu að hæfilegt ábyrgðargjald sé greitt fyrir og skal nýtt ábyrgðargjald ákveðið á grundvelli mats óháðs aðila á lánskjörum með og án ríkisábyrgðar. Samhliða þessu frumvarpi voru lögð fram frumvörp um breytingu á lögum um ríkisábyrgðir og lögum um Landsvirkjun. Markmiðið er því að gera nauðsynlegar breytingar á lögum og tryggja að ábyrgðir eigenda Orkuveitu Reykjavíkur séu í samræmi við ríkisstyrkjareglu EES-samningsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Sigmundur Ernir Rúnarsson og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2010.

Kristján L. Möller, form., frsm.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Jón Gunnarsson.
Margrét Tryggvadóttir.	Magnús Orri Schram.	Lilja Mósesdóttir.

Tryggvi Þór Herbertsson.

485. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Einarsson, Áslaugu Einarsdóttur og Unu Björk Ómarsdóttur frá heilbrigðisráðuneyti og Steingrím Ara Arason frá Sjúkratryggingum Íslands. Þá bárust umsagnir frá Landspítala, Tryggingastofnun Íslands, Læknafélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Landlæknisembættinu, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

Með frumvarpinu er lagt til að frestað verði að flytja samningsgerð er varðar samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili til Sjúkratrygginga Íslands. Í IV. kafla laganna er kveðið á um að sjúkratryggingastofnunin skuli annast samningsgerð um veitingu heilbrigðisþjónustu en samningsgerðin var áður í höndum heilbrigðisráðuneytisins og samninganefnda heilbrigðisráðherra. Samkvæmt gildistökuákvæði 56. gr. laganna er gert ráð fyrir að samningsgerðin muni flytjast til stofnunarinnar í þremur áföngum. Við gildistöku laganna, 1. október 2008, fluttist sá hluti sem áður hafði verið hjá samninganefnd heilbrigðisráðherra. Hluti samninga sem voru á hendi ráðuneytisins fluttist 1. júlí sl. og á áðurnefndur hluti samningsgerðar að flytjast til Sjúkratrygginga Íslands 1. janúar 2010.

Fram kom á fundi nefndarinnar að með tilkomu laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, átti að kostnaðargreina alla heilbrigðisþjónustu. Sú vinna hafi hins vegar reynst þyngri í vöfum en gert var ráð fyrir og er það einkum vegna þess fjárskorts sem stofnunin hefur þurft að líða. Einnig kom fram að ekki sé ennþá búið að ljúka við áformaða fjárhagslega uppskiptingu milli Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga, ekki hafi enn orðið af flutningi 5–6 starfsmanna frá aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytisins til stofnunarinnar vegna samningamálanna og ekki hafi enn orðið af flutningi starfsmanna frá heilsugæslunni og Landspítalanum sem sinnt hafa samningsgerð og öðrum verkefnum sem Sjúkratryggingum var ætlað að sinna, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008.

Er það skoðun meiri hlutans að eins og staða Sjúkratrygginga er í dag sé ekki raunhæft að gera ráð fyrir því að samningar við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins, sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili muni takast fyrir gildistíma ákvæðisins, 1. janúar 2011.

Í umsögnum um málið kom fram óánægja með að fresta eigi gildistöku ákvæða um samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins, sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili til 1. janúar 2014 og töldu umsagnaraðilar þann frest of langan. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið en áréttar að óumflýjanlegt sé að fresta gildistöku ákvæðisins. Hins vegar leggur meiri hlutinn til breytingar á ákvæðinu á þann hátt að fram til 1. janúar 2014 sé ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð daggjöld vegna heilbrigðisþjónustu sem veitt er í hjúkrunarrýmum sjúkrahúsa og hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila. Með þeirri breytingu er ákvæðið rýmkað á þann hátt að ráðherra getur fram að þeim tíma ákveðið daggjöld með reglugerð en ekkert komi hins vegar í veg fyrir að Sjúkratryggingastofnun ráðist í þá samningsgerð sem nauðsynleg er.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:

1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo: Fram til 1. janúar 2014, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 56. gr., er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð daggjöld vegna heilbrigðisþjónustu sem veitt er í hjúkrunarrýmum sjúkrahúsa og hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila.

Alþingi, 11. des. 2010.

Þuríður Backman, form., frsm. Jónína Rós Guðmundsdóttir. Siv Friðleifsdóttir.

Ólafur Þór Gunnarsson. Kristján L. Möller.

486. Svar [318. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

1. *Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Ráðstöfunarfé ráðherra samkvæmt fjárlögum, fjárlagaliður 01-199-1.10, var á umliðnum árum 5 m.kr. Vegna hagræðingar var ráðstöfunarfé hjá forsætisráðuneytinu lækkað úr 5 m.kr. í 3,5 m.kr. fyrir árið 2010. Þá skal þess getið að í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gerð tillaga um lækkun um 1 m.kr. til viðbótar. Við það lækkar ráðstöfunarfé ráðherra um 50% eða niður í 2,5 m.kr. frá og með næstu áramótum.

2. *Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Ráðuneytið hefur tekið saman upplýsingar um það hvernig ráðstöfunarfé ráðherra hefur verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir viðtakanda og árum ásamt tilefnisskýringu við hverja ráðstöfun og þann mánuð sem framlag er bókfært. Til nánari upplýsingar er þess getið að á umræddu fimm ára tímabili sem spurt er um hafa þrír ráðherrar gegnt embætti forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson til 15. júní 2006, Geir H. Haarde frá 15. júní 2006 til 1. febrúar 2009 og Jóhanna Sigurðardóttir frá 1. febrúar 2009.

Ár 2006

Viðtakandi	Skýring	Fjárhæð kr.
Félag MND-sjúklinga	Jan. 2006: Fjárstyrkur í ferða- og fræðslusjóð	500.000
Karlakór Reykjavíkur	Feb. 2006: Fjárstyrkur vegna söngferðar kórsins til Austurlands í tilefni 80 ára afmælis kórsins	300.000
BIESER	Apríl 2006: Styrkur til menntunarverkefnis kvenna í Bosníu	200.000
BIESER	Júlí 2006: Styrkur til menntunarverkefnis kvenna í Bosníu	50.000
Kvenfélagasamband Íslands	Apríl 2006: Styrkur vegna 34. landsþings Kvenfélagasambands Íslands á Akureyri í júní	200.000
Lögreglukór Reykjavíkur	Apríl 2006: Fjárstyrkur vegna þátttöku í lögreglukóramóti Norðurlanda í maí árið 2006	300.000
Málverk (Hagkönnun, Provincial/Intern)	Maí 2006: Fjárstuðningur til nemenda dr. Gylfa Þ. Gíslasonar vegna málverks til gjafar HÍ, viðskipta- og hagfræðideild	100.000
Kór Félags eldri borgara Reykjavík	Maí 2006: Fjárstyrkur vegna söngferðar kórsins til Englands í júní 2006	250.000
Vopnafjarðarhreppur	Júní 2006: Styrkur vegna söfnunar ljósmynda og undirbúnings að ritun sögu Vopnafjarðar	500.000
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	Júlí 2006: Styrkur sem nemur einum hjálparmanni vegna sumarferða fatlaðra innan lands	150.000
Raunvísindastofnun Háskóla Íslands	Ágúst 2006: Styrkur til alþjóðlegrar ráðstefnu á Íslandi um eldfjallafræðirannsóknir	100.000
Concert ehf.	Okt. 2006: Styrkur vegna komu M.Gorbatsjov til Íslands	500.000

Ár 2007

Viðtakandi	Skýring	Fjárhæð kr.
Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki	Apríl 2007: Fjárstuðningur vegna sumarbúða fyrir sykursjúk börn á árinu 2007	200.000
Oleksandra Chernyshova	Apríl 2007: Styrkur til starfsemi Óperu Skagafjarðar á árinu 2007	300.000
Kvenfélagasamband Íslands	Maí 2007: Styrkur vegna þátttöku í 25. alheimsþingi Alþjóðasambands dreifbýliskvenna í Finnlandi 2.–10. júní 2007	200.000
Bandalag kvenna í Reykjavík	Sept. 2007: Fjárstuðningur í tilefni þess að 90 ár eru liðin frá stofnun bandalagsins	100.000
Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu	Maí 2007: Fjárstuðningur vegna sumarferða fatlaðra sem þurfa nauðsynlega aðstoð á ferðalögum	160.000
Sönghópurinn Norðurljósin	Júní 2007: Fjárstuðningur til söngferðar sönghópsins á Íslendingahátíð í Kanada í ágúst 2007	300.000
Félag heyrnarlausra	Júní 2007: Fjárstuðningur vegna norræns móts heyrnarlausra aldraðra í Svíþjóð	150.000
Kvenréttindafélag Íslands	Sept.2007: Fjárstuðningur til að sækja aðalfund International Allieance of Women í Nýju Dehlí, Indlandi	250.000
Rannsóknarstofnun í kvenna- og kynjafræðum (RIKK)	Sept. 2007: Styrkur vegna þverfalegs þings um kynjafræði og stöðu kvenna í Háskóla Íslands	200.000
Köggull sf. kvikmyndagerð	Sept. 2007: Fjárstyrkur til að ljúka við kvikmyndina *Syndir feðranna – örlög Breiðavíkurdrengja*	800.000
Kirkjukór Húsavíkur	Ágúst 2007: Styrkur vegna söngferðar kórsins til Kanada í byrjun ágúst 2007	200.000
Silvia Cosimini	Okt. 2007: Styrkur vegna þýðinga hennar á íslenskum bókmenntaverkum yfir á ítölsku	215.750
Consulate NY	Okt. 2007: Framlag vegna móttöku eftir íslenska píanótónleika í Minneapolis 22. júlí 2007 (MA)	100.937
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	Nóv. 2007: Fjárhagsaðstoð við starfsemi Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur	300.000
Blátt áfram ehf.	Nóv. 2007: Fjárstuðningur við forvarnaátak gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum	300.000
Karlakór Reykjavíkur	Nóv. 2007: Fjárstyrkur vegna tónleikaferðar kórsins til Færeyja	300.000
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	Des. 2007: Fjárstuðningur við vímuvarnarstarf Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum	300.000
Poppoli Pictures ehf	Des. 2007: Fjárstuðningur við gerð heimildarmyndarinnar „Síðasta ferðin“ sem fjallar um íslenska fjölskyldu sem flyst vestur um haf til Nýja Íslands 1878	500.000

Ár 2008

Viðtakandi	Skýring	Fjárhæð kr.
Kvenfélagasamband Íslands	Feb. 2008: Fjárstuðningur vegna Norræns þings kvenfélaga á Akureyri í júní 2008	400.000
Músík og saga ehf.	Feb. 2008: Fjárstuðningur til farar á Þjóðræknisþing í Calagary í Kanada í apríl 2008	125.000
Breiðavíkursamtökin (Köggull sf)	Apríl 2008: Fjárstuðningur til að fara með myndina „Syndir feðranna“ til sýninga í framhaldsskólum	150.000
Ópera Skagafjarðar	Apríl 2008: Fjárstuðningur til verkefna Óperu Skagafjarðar á árinu 2008	250.000
Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu	Maí 2008: Fjárstyrkur fyrir hjálparmenn í ferðir fatlaðra sumarið 2008	100.000
Hinsegin dagar – félag	Maí 2008: Fjárstyrkur til að senda fulltrúa á þing InterPride í Vancouver í Kanada árið 2008	100.000
Soroptimistasamband Íslands	Maí 2008: Fjárstuðningur vegna ráðstefnu Soroptimista í Reykjavík 6.–8. júní 2008	100.000
Ólafur Ólafsson	Maí 2008: Fjárstyrkur vegna útgáfu bókar Ólafs Ólafssonar fyrrverandi landlæknis	500.000
Ágúst Guðmundsson	Maí 2008: Fjárstyrkur til rannsóknarvinnu um vöktun lands með gervitunglum og öðrum fjarkönnunartækjum	300.000
Kirkjukór Seljakirkju	Maí 2008: Fjárstyrkur vegna kórferðar á Íslendingahátíðir í Mountain í Norður Dakota og Gimli í Manitoba í ágúst 2008	300.000
Lögreglukór Reykjavíkur	Maí 2008: Fjárstuðningur vegna þátttöku í kóramótum á Álandseyjum og á Norðurlandi sumarið 2008	200.000
BT music	Júní 2008: Fjárstuðningur vegna tónleikaferðar til Nýfundnalands, St. John's og Halifax	300.000
Arpa ehf	Júní 2008: Fjárstuðningur vegna þátttöku í tónlistarhátíð í Alsace, Frakklandi	500.000
Háskóli Íslands, hagfræðideild	Júní 2008: Styrkur vegna komu Xavier Sala-i-Martin prófessors	400.000
Helga Rós Indriðadóttir	Júlí 2008: Fjárstuðningur vegna útgáfu á sönglögum Jórunnar Viðar	250.000
Sendiráðið í París, Frakklandi	Nóv. 2008: Framlag vegna ferðar Hamrahlíðarkórsins um Frakkland í nóvember 2008	300.000
Main course ehf./Food and Fun	Apríl 2008: Styrkur vegna móttöku erlendra blaðamanna og maka norrænna sendiherra í Bláa Lóninu	350.000

Ár 2009

Viðtakandi	Skýring	Fjárhæð kr.
Þjóðræknifélagið í Vesturheimi	Apríl 2009: Styrkur vegna komu listamanna (Bagglútur) á þing í Gimli, Manitoba 30/4-3/5 2009	300.000
Hinsegin dagar í Reykjavík	Júní 2009: Styrkur vegna þátttöku á ársfundi alheimssamtaka hinsegin hátíða	100.000

Kvenréttindafélag Íslands	Júní 2009: Fjárstyrkur vegna þátttöku á ársfundi IAW sem haldinn var í Sviss í júní 2009	100.000
Kór Grafarvogskirkju	Júní 2009: Fjárstyrkur vegna þátttöku kórsins í hátíðarhöldum Íslendinga í Gimli	100.000
Fjölskylduhjálp Íslands	Des. 2009: Fjárstyrkur til félagasamtaka	200.000
Rauði kross Íslands	Des. 2009: Fjárstyrkur til félagasamtaka	200.000
Hjálpræðisherinn á Íslandi	Des. 2009: Fjárstyrkur til félagasamtaka	200.000
Samhjálp, félagasamtök	Des. 2009: Fjárstyrkur til félagasamtaka	200.000
Hjálparstarf kirkjunnar	Des. 2009: Fjárstyrkur til félagasamtaka	200.000
Mæðrastyrksnefnd Kópavogi	Des. 2009: Fjárstyrkur til félagasamtaka	200.000
Mæðrastyrksnefnd Hafnarfirði	Des. 2009: Fjárstyrkur til félagasamtaka	200.000
Mæðrastyrksnefnd Akureyri	Des. 2009: Fjárstyrkur til félagasamtaka	200.000
Mæðrastyrksnefnd Reykjavík	Des. 2009: Fjárstyrkur til félagasamtaka	200.000
Félag heyrnalausra	Des. 2009: Fjárstyrkur vegna 50 ára afmælis Félags heyrnalausra	300.000
Blátt áfram	Des. 2009: Fjárstyrkur vegna forvarnarátaksins Blátt áfram	500.000
Iceland Misic Export	Des. 2009: Fjárstyrkur vegna verkefnisins Þróunarsetur tónlistar	300.000

Ár 2010

Viðtakandi	Tímabil / Skýring	Fjárhæð kr.
Samtök Þjóðræknifélaga í Norður Ameríku	Mars 2010: Framlag vegna menningarviðburða frá Íslandi á ársþingi samtakanna í Torontó í Kanada	251.501
Þjóðarvettvangur	Apríl 2010: Styrkur til verkefnisins Þjóðarvettvangur	100.000
Hinsegin dagar	Júní 2010: Styrkur vegna hátíðarinnar Hinsegin dagar í Reykjavík	150.000
Kór Öldutúnsskóla	Júní 2010: Styrkur vegna ferðar kórsins sem fulltrúi Íslands á 17. júní hátíðarhöldum í Winnipeg í Kanada	100.000
Tónlistasafn Íslands í Kópavogi	Júlí 2010: Styrkur til að setja upp sýningu um Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld, höf: þjóðsöngsins	500.000
Þjóðræknifélag Íslendinga	Júlí 2010: Styrkur vegna Snorraverkefnis 2010	500.000

487. Frumvarp til laga [377. mál]

um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Á eftir 33. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (33. gr. a.)

Hundar og kettir. Samþykki allra.

Hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi er háð samþykki allra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang eða stigagang.

Þegar svo háttar getur húsfélag eða húsfélagsdeild með samþykki allra veitt annaðhvort almennt leyfi til hunda- og/eða kattahalds eða einstökum eigendum slíkt leyfi vegna tiltekins dýrs. Getur húsfélagið bundið slíkt leyfi skilyrðum.

Eigandi skal afla samþykkis annarra eigenda og fá leyfi fyrir dýrinu samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags, þar sem það á við, áður en dýrið kemur í húsið. Skal eigandi láta húsfélagi í té ljósrit af leyfinu.

Gæta skal jafnræðis við veitingu samþykkis skv. 1. mgr. og er óheimilt að mismuna eigendum sem eiga jafnan rétt í þessu efni.

Samþykkið er óafturkallanlegt að óbreyttum forsendum en þinglýsingar er þörf til að það haldi gagnvart síðari eigendum í góðri trú.

Skemmri heimsóknir hunda og katta eru heimilar ef enginn mótmælir en vistun eða dvöl þeirra yfir nótt er óheimil nema fyrir liggi leyfi skv. 1. og 2. mgr.

Þessar takmarkanir gilda ekki þegar um hjálparhunda er að ræða, sbr. 33. gr. d.

b. (33. gr. b.)

Samþykkis ekki þörf.

Þegar hvorki er um sameiginlegan inngang né stigagang að ræða, sbr. 33. gr. a, er samþykkis annarra eigenda ekki þörf fyrir hunda- og kattahaldi í húsinu. Á það til dæmis við þegar sérinngangur er í íbúð frá jarðhæð eða sameiginlegum útitröppum. Gildir það þótt lóð sé sameiginleg og annað sameiginlegt rými sé í húsinu. Þegar sameiginlegur stigagangur er utanáliggjandi og gengið er inn í íbúðir af svölum þarf samþykki þeirra eigenda sem hann tilheyrir.

Áður en dýr kemur í hús skal eigandi tilkynna húsfélaginu skriflega um dýrahaldið og afhenda því ljósrit af leyfi frá viðkomandi sveitarfélagi þar sem við á.

Húsfélagið getur með reglum og ákvörðunum á húsfundi, með einföldum meiri hluta, sett hunda- og kattahaldi í slíku húsi skorður, enda séu þær eðlilegar, málefnalegar og á jafnræði reistar.

Húsfélagið getur með sama hætti lagt bann við dýrahaldi ef það veldur öðrum íbúum verulegum ama, ónæði og truflunum og eigandi dýrsins neitar að gera bót þar á.

c. (33. gr. c.)

Sameiginlegar reglur.

Með öllu er óheimilt að halda skráningar- og leyfisskyld dýr í fjöleignarhúsum, sbr. 33. gr. a og 33. gr. b, nema leyfi sveitarfélags fyrir dýrinu, þar sem við á, liggi fyrir.

Hundar og kettir mega ekki vera í sameign eða á sameiginlegri lóð nema þegar verið er að færa dýrin að og frá séreign. Skulu þau ávallt vera í taumi og í umsjá manns sem hefur fulla stjórn á þeim. Lausaganga hunda í sameign eða á sameiginlegri lóð telst alvarlegt brot, sbr. 4. mgr.

Það er skilyrði fyrir hunda- og kattahaldi í fjöleignarhúsum að búið sé vel að dýrunum og vel sé hugsað um þau. Jafnframt skal þess gætt í hvívetna að þau valdi öðrum íbúum hússins ekki ama, ónæði eða óþægindum.

Nú brýtur eigandi dýrs verulega eða ítrekað gegn skyldum sínum og áminningar hafa ekki áhrif, getur húsfélag með ákvörðun skv. D-lið 41. gr. afturkallað samþykki skv. 33. gr. a og bannað dýrahald skv. 33. gr. b og gert honum að fjarlægja dýrið úr húsinu. Ef allt um þrýtur geta gróf eða ítrekuð brot leitt til þess að húsfélagið beiti úrræðum 55. gr. gagnvart eiganda dýrsins.

d. (33. gr. d.)

Leiðsögu- og hjálparhundar.

Sé eigandi, eða annar varanlegur íbúi í hans skjóli, blindur eða fatlaður á annan máta þannig að hann þurfi á sérþjálfuðum leiðsögu- eða hjálparhundi að halda er honum heimilt að halda slíkan hund óháð fyrirmælum og takmörkunum laga þessara.

Slíkur hundur skal vera sérþjálfaður og skráður sem leiðsögu- eða hjálparhundur og fyrir skulu liggja vottorð sérfræðinga um þörf hans og þjálfun. Skulu gögn um það afhent húsfélaginu ásamt fróðleik og leiðbeiningum um slíka hunda, þjálfun þeirra og hvernig beri að umgangast þá.

Stjórn húsfélagsins skal láta þinglýsa yfirlýsingu um að leiðsögu- eða hjálparhundur sé í húsinu. Einnig skal stjórnin láta þess getið í yfirlýsingu húsfélags í tengslum við sölu íbúða.

Sé eigandi eða einhver í hans fjölskyldu með ofnæmi fyrir hundum á svo háu stigi að lyf megna ekki að gera sambýlið við leiðsögu- eða hjálparhund bærilegt og læknisfræðileg gögn staðfesta það skal kærunefnd húsamála leita lausna að fengnu áliti ofnæmislækna, leiðsögu- eða hjálparhundaþjálfara og sérfræðinga á öðrum sviðum ef því er að skipta.

2. gr.

13. tölul. A-liðar 41. gr. laganna orðast svo: Um hvort halda megi hunda og/eða ketti í húsinu, sbr. 33. gr. a.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félags- og tryggingamálaráðherra skipaði 24. september 2010 til að endurskoða lög um fjöleignarhús, nr. 26/1994. Nefndina skipa Sigurður Helgi Guðjónsson hrl., formaður, Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir hdl. og Sigrún Jana Finnbogadóttir, lögfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Starfsmaður nefndarinnar er María Sæmundsdóttir, sérfræðingur í sama ráðuneyti.

Viðfangsefni nefndarinnar er tvíþætt. Í fyrsta lagi sem forgangsverkefni að skoða fyrirmæli laga um fjöleignarhús um hundahald með tilliti til leiðsögu- og hjálparhunda og meta hvort þörf sé á að endurskoða önnur lög í því efni. Í öðru lagi er nefndinni falið að endurskoða lögin í heild sinni og semja drög að frumvarpi þar um.

Frumvarp þetta lýtur að fyrra atriðinu og felur í sér breytingar á lögum um fjöleignarhús hvað snertir hunda- og kattahald almennt og sérstaklega um leiðsögu- og hjálparhunda. Nefndin telur ekki að svo stöddu þörf á að breyta annarri löggjöf. Fyrirmæli um hunda er að finna í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002, og staðbundnum samþykktum sveitarfélaga sem settar eru með heimild í þeim.

Hundar og hundamálefni geta þannig heyrt undir og komið til kasta fleiri ráðuneyta en félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis, svo sem umhverfisráðuneytis,

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis. Það er að öllu virtu álit nefndarinnar að þörf sé á sérstökum hundalögum sem hafi að geyma samræmdar almennar reglur um hunda og eigendur þeirra. Það hefur verið gert í ýmsum nágrannalöndum okkar, til dæmis bæði í Danmörku og Noregi. Að undirbúningi slíkrar löggjafar þurfa að koma áðurnefnd ráðuneyti, ýmis stjórnvöld og stofnanir, sem og sveitarfélög auk hagsmunaaðila.

Nefndin fékk á fund sinn eftirtalda aðila: Drífu Gestsdóttur leiðsöguhundaþjálfara, Kristin Halldór Einarsson og Ólaf Haraldsson frá Blindrafélaginu sem afhentu nefndinni bæklinga, annars vegar ritið „Leiðsöguhundar fyrir blinda og sjónskerta“ og hins vegar „Víðsjá“, 2. árg. 2. tbl. 2010, Unni Steinu Björnsdóttur, sérfræðing í lyflækningum, ofnæmissjúkdómum og ónæmisfræði, Grétar Pétur Geirsson, formann Sjálfsbjargar, Valgerði Júlíusdóttur og Björn Ólafsson frá Hundaræktarfélagi Íslands og Sigmar B. Hauksson, formann Astma- og ofnæmisfélagsins. Þá barst nefndinni álit Félags íslenskra ofnæmislækna um hjálpar- og leiðsöguhunda.

Auk þess hefur nefndin aflað ýmissa gagna í störfum sínum og haft til hliðsjónar við frumvarpsvinnuna, meðal annars yfirlýsingar frá Blindrafélaginu í tilefni af afstöðu Astma- og ofnæmisfélagsins til réttar leiðsöguhundanotenda, dags. 15. júlí 2010, bæklingsins Ofnæmi fyrir dýrum, eftir Unni Steinu Björnsdóttur og Davíð Gíslason, frá árinu 2002, greina eftir formann nefndarinnar um hunda og ketti í fjölbýli og um ákvæði fjöleignarhúsalaga um dýrahald og skýrslu starfshóps heilbrigðisráðuneytis frá 2009 um notkun leiðsöguhunda. Þá barst nefndinni erindi Einars Gunnars Birgissonar er bar fyrirsögnina „Nokkur orð varðandi hundahald í Reykjavík“.

Málefni leiðsögu- og hjálparhunda fyrir fatlað fólk í fjöleignarhúsum hafa verið til umræðu síðustu mánuði vegna andstöðu við því að blind kona fái að halda sérþjálfaðan leiðsöguhund. Í lögum um fjöleignarhús er sérstakt ákvæði um ketti og hunda og segir að hald slíkra dýra sé háð samþykki alla eigenda. Þó nægir samþykki eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými. Samkvæmt því getur sérhver eigandi, án þess að færa fram rök eða ástæður, staðið í vegi fyrir hundahaldi í fjöleignarhúsi. Eru leiðsögu- og hjálparhundar í því efni undir sömu sök seldir og gæluhundar. Þetta ákvæði laganna hefur sætt harðri gagnrýni og sú úthýsing leiðsögu- og hjálparhunda sem af því getur leitt fer greinilega mjög í bága við réttarvitund almennings.

Það er því brýn þörf á að endurskoða ákvæði laganna um dýrahald bæði vegna leiðsögu- og hjálparhunda og eins af öðrum ástæðum. Málamiðlana er þörf en það er hins vegar vandasamt verk og mikilvægt að hrapa ekki að neinu í því efni. Réttarbót fyrir einn getur orðið réttarspjöll fyrir annan. Skoða verður málið heildstætt og setja almennar reglur sem taka mið af þeim mörgu og ólíku sjónarmiðum sem reynir á í sambýli og samskiptum manna og dýra.

Með frumvarpi þessu er brugðist við þessari stöðu og er tekið almennt á hundahaldi í fjöleignarhúsum, sérstaklega er slegin skjaldborg um leiðsögu- og hjálparhunda og forgangsrétt þeirra sem þurfa á slíkum „hjálpartækjum“ að halda. Er fortakslaust neitunarvald annarra eigenda afnumið og réttur fatlaðs fólks settur í forgang.

Rétt er að geta þess að leiðsögu- og hjálparhundar voru engir til hér á landi þegar lög um fjöleignarhús voru sett árið 1994 og þá bar ekki á góma við samningu og setningu laganna.

Þegar frumvarp til laga um fjöleignarhús var lagt fyrir Alþingi árið 1994 lögðu Samtök gegn astma- og ofnæmi mikla áherslu á að banna eða takmarka hald hunda og katta í fjölbýlishúsum. Á það féllst félagsmálanefnd þingsins og skotið var inn í frumvarpið ákvæði um að hunda- og kattahald í fjölbýli sé háð samþykki allra eigenda ef um sameiginlegan inngang,

stigagang eða annað sameiginlegt húsrými sé að ræða. Ella er samþykkis meðeigenda ekki þörf. Hér vegast á mótstæð sjónarmið eða hagsmunir. Annars vegar þeirra sem vilja halda hunda og ketti sem gæludýr og telja það fólgið í mannréttindum og eignarráðum og hins vegar þeirra sem hafa ofnæmi fyrir slíkum dýrum. Voru hagsmunir hinna síðarnefndu látnir vega þyngra og ráða lagareglunni.

Tilgangur löggjafans kemur fram í nefndaráliti félagsmálanefndar sem er svohljóðandi: „Tillagan byggist fyrst og fremst á að nokkuð er um að börn og fullorðnir hafi ofnæmi fyrir þessum dýrum. Getur slíkt ofnæmi haft það alvarleg áhrif að fólk geti jafnvel þurft að flytja úr eigin íbúðarhúsnæði gangi ekki að fá skilning sameigenda á þessu vandamáli. Er breytingunum ætlað að koma í veg fyrir slíkar aðstæður.“ Ákvæði í þessa veru var sem sagt ekki í upphaflega frumvarpinu en á því var byggt að hunda- og kattahald væri í flestum tilvikum háð meirihlutaákvörðun.

Ekki er ætlunin að rýmka svo nokkru nemi reglur og skilyrði fyrir hunda- og kattahaldi með þessu frumvarpi. Í öllum meginatriðum eru fyrirmæli og reglur frumvarpsins í samræmi við gildandi reglur eins og þær hafa verið skýrðar og túlkaðar. Óhjákvæmilegt er að móta fyrst skýrar reglur um hunda almennt í fjöleignarhúsum til að unnt sé að setja sérreglur um leiðsögu- og hjálparhunda. Sérstaða slíkra hunda er almennt viðurkennd. Til að mynda er heimilt að vera með slíka hunda á ýmsum stöðum þar sem gæluhundar og aðrir hundar eru bannaðir. Í hundasamþykktum sumra sveitarfélaga, til dæmis Reykjavíkurborgar, er heimilt að veita undanþágu varðandi dvöl og umferð um bannsvæði þegar leiðsögu- og hjálparhundar eiga í hlut. Í 19. gr. reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002, er sérstaða hjálparhunda staðfest. Þar segir að fötluðu fólki sé heimilt að hafa með sér hjálparhunda á ýmsa staði og stofnanir þar sem gæluhundar eru óvelkomnir. Í ákvæðinu er það skilyrði sett að fötluðu fólki sé „ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi“ og að hundurinn skuli vera merktur og leyfi sveitarfélags liggi fyrir.

Hjálpartæki er skilgreint í 2. mgr. 26. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008. Þar segir að hjálpartæki sé tæki sem ætlað er að draga úr fötlun, aðstoða fatlaða við að takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu eða auðvelda umönnun. Hjálpartækið þurfi auk þess að teljast nauðsynlegt og hentugt til að auðvelda athafnir daglegs lífs. Þá hefur verið sett reglugerð um styrki vegna hjálpartækja, nr. 1138/2008. Auk þess hefur verið sett reglugerð um úthlutun á hjálpartækjum á vegum Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, nr. 233/2010, þar sem leiðsöguhundar eru taldir upp í viðauka. Þeir aðstoði við rötun og umferli, sé úthlutað til einstaklinga sem taldir eru að undangengnu mati geta nýtt sér hund til aukins sjálfstæðis við umferli. Úthlutun sé fylgt eftir með þjálfun hjá sérþjálfuðum hundaþjálfurum og umferliskennurum. Úthlutun fylgi mat á aðstæðum einstaklinga og mat á pörun einstaklings og hunds.

Hugtakið *hjálparhundur* í þessum lögum tekur mið af framangreindu. Hundar til hjálpar blindum eru nefndir *leiðsöguhundar*. Það eru gerðar mjög ríkar kröfur til leiðsöguhunda og þeirra sem þeir þjóna. Leiðsöguhundarnir eru sérvaldir og fá mikla og langa þjálfun. Mun hver hundur kosta nálægt 6 millj. kr. Sá sem fær leiðsöguhund er einnig vandlega valinn og þjálfaður og mjög vel er vandað til samvals eða pörunar hins blinda og hundsins. Hérlendir leiðsöguhundar eru eign Blindrafélagsins sem hefur eftirlit með þeim og rétt til að grípa inn í ef vandamál verða í samskiptum hins blinda og hundsins og gagnvart öðrum. Nú munu vera fimm leiðsöguhundar hér á landi og eru þeir allir innfluttir frá Noregi. Ef hlutfallslega sami fjöldi leiðsöguhunda væri hér og í Noregi mundu þeir vera um 20 talsins. Tekið skal fram að leiðsöguhundar eru undantekningarlaust gerðir ófrjóir.

Fatlað fólk getur eins og aðrir haft gagn og gaman af hundum. Hundar geta jafnframt hjálpað fólki á margan hátt, til dæmis hreyfihömluðum, heyrnarlausum og flogaveikum. Eins munu hundar hafa góð og almennt heilsubætandi áhrif á andlega fatlað fólk, einhverfa og aldraða. Yfirleitt er ekki um að tefla sérþjálfaða hjálparhunda heldur gæluhunda. Þó munu vera til örfáir hjálparhundar fyrir hreyfihamlaða sem hafa hlotið einhverja þjálfun í því skyni. Ekki er hægt að einskorða hjálparhunda við leiðsöguhunda í þessum lögum. Í útlöndum eru hjálparhundar fyrir fatlað fólk af margvíslegum toga. Líklegt er að hjálparhundum fyrir aðra en blinda muni fjölga á næstu árum. Þegar um aðra hjálparhunda en leiðsöguhunda er að ræða að verður að gera sambærilegar kröfur og til leiðsöguhunda fyrir blinda og lýst er áður. Gæluhundar þótt þægir séu og þjálfaðir geta ekki talist hjálparhundar í þessum lögum. Sömuleiðis falla ýmsir þarfahundar, til dæmis löggæsluhundar, fíkniefnahundar, björgunarhundar og leitarhundar, utan hugtaksins „hjálparhundur“ samkvæmt lögum þessum.

Fyrirmælin um hjálparhunda eru eins og áður segir nýmæli. Sjálfsagðir hagsmunir þeirra sem þurfa hjálparhund eru látnir vega þyngra en órökstutt neitunarvald annarra eigenda. Það byggist á því að slíkir hundar eru ekki gæludýr heldur eðlileg og sjálfsögð hjálpartæki fyrir fatlað fólk. Það er aðeins ef hjálparhundur veldur ofnæmi að vandamál skapast, en slíkt mun örugglega verða afar fátítt. Í fyrsta lagi eru leiðsögu- og hjálparhundar mjög fáir og í öðru lagi er hundaofnæmi tiltölulega fátítt. Um 6% manna eru með dýraofnæmi og samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er ekki nema lítill hluti þeirra með svo svæsið ofnæmi að lyf megni ekki að vinna á einkennum. Það er því mjög ólíklegt að til þess komi að andspænis standi í fjöleignarhúsi leiðsögu- eða hjálparhundur og íbúi með ofnæmi á háu stigi. Ef það gerist þá er í frumvarpinu lagt til úrræði til lausnar sem felur í sér að sértækra lausna er leitað með fulltingi sérfræðinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í almennum athugasemdum hér að framan er gerð ítarleg grein fyrir þeim aðstæðum sem kalla á þær breytingar á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, sem felast í frumvarpinu og meginatriðum breytinganna lýst. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins eru því stuttorðar og vísast að mestu til almennra athugasemda um nánari skýringar.

Um 1. gr.

Um a-lið (33. gr. a).

Í greininni er sú meginregla staðfest að hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi sé háð samþykki allra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang og/eða stigagang. Í 2.–5. mgr. er að finna nánari útfærslu á þessari meginreglu. Eru þessar reglur í samræmi við gildandi rétt eins og reglur fjöleignarhúsalaganna hafa verið túlkaðar og framkvæmdar.

Um b-lið (33. gr. b).

Greinin hefur að geyma þá reglu að ekki þurfi samþykki annarra eigenda í fjöleignarhúsi eða stigagangi fyrir hunda- og kattahaldi þegar hvorki er um sameiginlegan stigagang né inngang að ræða. Þessi regla er einnig efnislega í samræmi við gildandi rétt og túlkun og framkvæmd laganna. Þar eru einnig sett nánari fyrirmæli um atriði eins og skyldu til að afla leyfis sveitarfélags, heimildir húsfélags til að setja reglur um hald hunda og katta í húsinu og til að banna það ef ónæði er af því og eigandi lætur ekki segjast við fortölur.

Um c-lið (33. gr. c).

Í greininni eru sameiginlegar reglur sem eiga bæði við um hunda- og kattahald þegar samþykki allra liggur fyrir, sbr. 33. gr. a, og þegar það er frjálst skv. 33. gr. b. Þar eru hunda- og

kattahaldi settar ýmsar skorður af tilliti til þeirra sem í húsinu búa. Í 4. mgr. eru úrræði við brotum eiganda dýrs á skyldum sínum gagnvart sambýlisfólki sínu.

Um d-lið (33. gr. d).

Í greininni eru fyrirmæli um leiðsögu- og hjálparhunda í fjöleignarhúsum. Er um nýmæli að ræða. Samkvæmt 1. mgr. er fötluðu fólki heimilt að halda leiðsögu- eða hjálparhund í íbúð sinni án þess að þurfa til þess leyfi eða samþykki frá öðrum eigendum og gilda þá ekki takmarkanir sem hundahaldi eru settar í 33. gr. a – 33. gr. c. Hugtökin hjálparhundur og leiðsöguhundur eru skilgreind í almennum athugasemdum og vísast þangað. Samkvæmt 3. mgr. skal þinglýsa yfirlýsingu um það að leiðsögu- eða hjálparhundur sé í húsinu og vekja athygli á því í yfirlýsingu húsfélags við sölu. Í 4. mgr. eru fyrirmæli um það hvernig með skuli fara þegar leiðsögu- eða hjálparhundur veldur ofnæmi annars íbúa. Vísast til þess sem segir í almennum athugasemdum. Ef að líkum lætur eru litlar líkur á slíkum árekstri en komi slíkt upp er hér vörðuð leið til lausnar.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er að lagt til að fötluðum einstaklingum sem búsettir eru í fjölbýlishúsum sé heimilt að halda leiðsögu- eða hjálparhund án þess að fá leyfi eða samþykki frá öðrum eigendum hússins. Frumvarpinu er ætlað að bregðast við þeirri umræðu sem verið hefur staðið sl. missiri um leiðsögu- og hjálparhunda og sambýli þeirra við aðra í fjöleignarhúsum, en hér er um stórt hagsmunamál að ræða fyrir þá einstaklinga sem þurfa á slíkum hundi að halda. Áfram gildir þó að sú almenna regla að hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi sé háð samþykki allra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang og/eða stigagang. Einnig gildir áfram að óheimilt er að halda skráninga og leyfisskyld dýr í fjöleignarhúsum nema með samþykki sveitarfélags. Þá er í frumvarpinu kveðið á um að ekki þurfi samþykki annarra íbúa fjöleignarhúss við kattar eða hundahaldi þegar hvorki er um sameiginlegan inngang né stigagang að ræða,

Í frumvarpinu er kveðið á um að komi til deilumála vegna ofnæmis sem geri sambýlið við hundinn óbærilegt fyrir íbúa hússins sé slíkum málum vísað til kæru-nefndar húsamála. Ekki er gert ráð fyrir að fjöldi kærumála muni hafa áhrif á kostnað við nefndina.

Lögfesting frumvarpsins mun því ekki hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

488. Svar [70. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um kostnað ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptist kostnaður ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni núverandi starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands á tímabilinu maí 2007 til nóvember 2010?*
2. *Hvernig skiptist framangreindur kostnaður eftir einstökum sérverkefnum, þjónustu og ráðgjöf milli núverandi starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og/eða félaga þeirra?*

Fyrrgreind fyrirspurn, í sinni upprunalegu mynd, barst forsætisráðherra 15. október sl. Var þá spurt um kostnað ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni *starfsmanna félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands á tímabilinu maí 2007 til maí 2010*. Leit ráðuneytið svo á að hér væri bæði spurt um verkefni núverandi og fyrrverandi starfsmanna deildarinnar á tímabilinu. Til að unnt væri að svara fyrirspurninni óskaði ráðuneytið eftir því við Háskóla Íslands að hann útvegaði ráðuneytinu lista yfir núverandi og fyrrverandi starfsmenn deildarinnar á framangreindu tímabili enda væru þær upplýsingar ekki aðgengilegar ráðuneytinu með öðrum hætti og ber í því sambandi að hafa í huga að starfsmannalisti deildarinnar sem birtur er heimasíðu Háskóla Íslands tilgreinir aðeins núverandi starfsmenn. Var forseta Alþingis og fyrirspyrjanda tilkynnt um þessa málsmeðferð og jafnframt að þetta mundi óhjákvæmilega leiða til einhverra tafa á því að unnt væri að svara fyrirspurninni enda ekki unnt að kalla eftir svörum úr einstökum ráðuneytum fyrr en starfsmannalistinn lægi fyrir. Hinn 11. nóvember 2010 barst ráðuneytinu bréf frá Alþingi þar sem tilkynnt var um breytingu á fyrirspurninni þess efnis að nú væri einungis spurt um *núverandi starfsmenn félags- og mannvísindadeildar*. Hinn 16. nóvember barst ráðuneytinu á ný bréf frá Alþingi þar sem tilkynnt var um að fyrirspurnin hefði verið prentuð upp á ný og nú með þeirri breytingu að spurt væri um starfsmenn alls *félagsvísindasviðs Háskóla Íslands* en ekki einungis starfsmenn félags- og mannvísindadeildar eins og áður. Þann 24. nóvember barst ráðuneytinu síðan enn aftur tilkynning frá Alþingi um að fyrirspurnin hafi verið prentuð upp í þriðja sinn, þá með breytingum að því er varðar tímabilið sem spurt er um. Hefur framgreint óhjákvæmilega valdið töfum á því að unnt hafi verið að svara fyrirspurninni enda hefur jafnan þurft að útbúa ný gögn og senda nýjar upplýsingabeiðnir í öll ráðuneyti í hvert skipti sem fyrirspurninni hefur verið breytt. Er eftir sem áður beðist velvirðingar á þeim töfum sem orðið hafa á því að svara fyrirspurn þessari.

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu.

Kostnaður ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni núverandi starfsmanna félagsvísindadeildar Háskólar Íslands.

Ráðuneyti Nafn starfsmanns	Verkefni	Fjárhæð	Ár
Forsætisráðuneyti			
Björg Thorarensen	Gerð frumvarps um breytingar á stjórnsýslulögum	257.028	2007
Björg Thorarensen	Vinna í ráðgjafarhópi um breytingar á stjórnarskránni	1.365.523	2009
Björg Thorarensen	Vinna vegna frumvarpa til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur og stjórnlagaþing	1.058.053	2009

Nafn starfsmanns	Verkefni	Fjárhæð	Ár
Ráðuneyti			
Björg Thorarensen	Vinna vegna undirbúnings frumvarps vegna Icesave-samninga	406.944	2009
Róbert Ragnar Spanó	Formennska og sérfræðistörf hjá nefnd um starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn	10.563.664	2007–2010
Róbert Ragnar Spanó	Ráðgjöf vegna eftirlaunafrumvarps	252.000	2008
Þórhildur Líndal	Rannsókn á úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu með tilliti til réttinda barna	375.000	2007
Trausti Fannar Valsson	Úrskurðarnefnd um upplýsingamál	781.000	2008–2009
Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir	Nefnd um endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands	1.648.000	2010
Eiríkur Jónsson	Starfshópur um bótamál vegna niðurstaðna nefndar um starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn, vegna Breiðavíkur	636.000	2010
Aðalheiður Jóhannsdóttir	Nefnd samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 58/2008	6.426	2010
Benedikt Bogason	Sérfræðiráðgjöf	133.000	2010
Benedikt Bogason	Vinna í lagahópi vegna Icesave-samkomulagsins	360.000	2009
Eiríkur Tómasson	Ráðgjöf vegna neyðarástands á fjármálamarkaði	272.000	2009
Daði Már Kristófersson	Greinargerð vegna gjaldtöku vatns- og jarðhitaréttinda	686.630	2010
Gunnar Helgi Kristinsson	Starfshópur um viðbrögð Stjórnarráðsins við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis	800.000	2010
Félags- og tryggingamálaráðuneyti			
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson	Fyrirlestur vegna sameiningar	60.000	2010
Arnaldur Sölvi Kristjánsson	Útreikningur vegna barnatrygginga	280.000	2009
Stefán Ólafsson	Vinna við sérhefti Nososko um flæði fólks út af vinnumarkaði	208.000	2009
Stefán Ólafsson	Vinna við skýrslu verkefnisstjórnar um endurskoðun alm. trygginga	755.000	2010
Anni Guðný Haugen	Yfirlestur handrits um ofbeldi gegn börnum	15.000	2008
Hrefna Friðriksdóttir	Sérfræðiráðgjöf vegna frumvarps til breytinga á barnaverndarlögum	212.000	2009
Hrefna Friðriksdóttir	Vinna fyrir nefnd um stöðu barna í mismunandi fjölskyldu-gerðum	322.000	2009
Hrefna Friðriksdóttir	Vinna formanns starfshóps um endurskoðun barnaverndarlaga	1.176.000	2009
Ingólfur Vilhjálmur Gíslason	Ritun fræðslubókar um heimilisofbeldi	940.000	2008
Guðný Björk Eydal	Fyrirlestur vegna aðgerðarárs gegn fátækt	35.000	2010
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir	Vinna vegna ráðstefnu um eldri borgara og atvinnulíf	50.000	2010
Stefán Ólafsson	Fyrirlestur norrænna ráðherra velferðarmála	30.000	2009
Stefán Ólafsson	Fyrirlestur á norrænni ráðstefnu um þátttöku eldri borgara	50.000	2009
Stefán Ólafsson	Fyrirestur um atvinnuþátttöku öryrkja	50.000	2009
Freydís J. Freysteinsdóttir	Fundur vegna matsteymis um dvalarrými og afgreiðsla	18.624	2009
Íris Björg Kristjánsdóttir	Stefnumótun og undirbúningur löggjafar í innflytjenda-málum	170.000	2010
Íris Björg Kristjánsdóttir	Stefnumótun og undirbúningur löggjafar í innflytjenda-málum	170.000	2010
Fjármálaráðuneyti			
Helgi Dagbjartur Áss Grétarsson	Ráðgjöf um málefni Icesave	1.508.000	2009
Páll Sigurðsson	Kærunefnd útboðsmála	11.789.902	2007–2010
Trausti Fannar Valsson	Yfirfasteignamatsnefnd	136.000	2008
Björg Thorarensen	Nefnd sem rannsakar mál embættismanna sem veitt hefur verið lausn um stundarsakir	506.433	2008
Skúli Magnússon	Aðstoð við löggjöf um opinber innkaup	2.540.579	2007–2010
Benedikt Bogason	Prófnefnd um löggildingu endurskoðenda	486.671	2008–2009
Einar Guðbjartsson	Þýðingar og ráðgjöf við Reikningsskilaráð	928.672	2007–2008
Elmar H. Hallgrímsson	Endurskoðun laga um endurskoðendur	56.094	2009
Háskóli Íslands	Mat á áhrifum skattbreytinga	10.597.600	2007–2008
Háskóli Íslands	Aðstoð við útreikninga á ýmsum þjóðhagsstærðum í tengslum við samning Sameinuðu þjóðanna um losun gróðurhúsalofttegunda	404.250	2009
Háskóli Íslands	Aðstoð við verkefni um þekkingartorg á heilbrigðissviði	1.000.000	2007–2008

Ráðuneyti Nafn starfsmanns	Verkefni	Fjárhæð	Ár
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti			
Róbert Spanó	Heildarendurskoðun umferðarlaga	1.240.000	2009
Heilbrigðisráðuneyti			
Stefan Ólafsson	Fyrirlestur	30.000	2009
Stefán Ólafsson	Formaður nefndar, vinna og skýrsluskrif	-	2009
Utanríkisráðuneyti			
Eiríkur Tómasson	Ráðgjöf vegna frumvarps um alþjóðlega þróunarsamvinnu	49.800	2008
Björg Thorarensen	Yfirlestur og svör við spurningalistum ESB	271.296	2009
Jónína Einarsdóttir	Umsagnir um umsóknir um styrki til neyðar- og mannúðarstarfa	180.000	2009
Mennta- og menningarmálaráðuneyti			
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson	Ráðgjöf vegna ráðningar forstöðumanns Rannís	120.000	2008
Trausti Fannar Valsson	Vegna frumvarps til laga um opinbera háskóla	219.000	2008
Ingólfur Vilhjálmur Gíslason	Vegna jafnréttismánaðar	25.000	2008
Robert Ragnar Spanó	Námskeið um stjórnslýslurétt	161.000	2008
Umhverfisráðuneyti			
Aðalheiður Jóhannsdóttir	Fundur vegna endurskoðunar náttúruverndarlaga	10.000	5.1.2010
Aðalheiður Jóhannsdóttir	Fundur vegna laga um Árósasamning	8.000	6.5.2010
Róbert Ragnar Spanó	Lögfræðiálit	90.000	15.11.2007
Róbert Ragnar Spanó	Lögfræðiráðgjöf	59.500	1.4.2008
Eiríkur Tómasson	Lögfæðiálit vegna strands Wilsons Muuga	32.000	24.7.2007
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti			
Björg Thorarensen	Vinna við spurningalista frá Evrópuráðinu	66.954	2007
Björg Thorarensen	Vinna við greinargerð í máli fyrir mannréttindadómstólnum	312.452	2007
Eyvindur G. Gunnarsson	Vinna við Lúganó-samninginn	90.000	2007
Benedikt Bogason	Vinna við þýðingu þriggja Haag-samninga um réttarfar	327.720	2007
Björg Thorarensen	Vinna við greinargerð í máli fyrir mannréttindadómstólnum	339.233	2008
Björg Thorarensen	Vinna í máli fyrir mannréttindadómstólnum	71.417	2008
Ragnheiður Bragadóttir	Vinna við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum	348.300	2008
Björg Thorarensen	Vinna í máli fyrir mannréttindadómstólnum	178.544	2008
Björg Thorarensen	Vinna í máli fyrir mannréttindadómstólnum	312.452	2008
Björg Thorarensen	Vinna í máli fyrir mannréttindadómstólnum	178.544	2008
Benedikt Bogason	Vinna við frumvarp um skuldaaðlögun	246.840	2009
Björg Thorarensen	Vinna í máli fyrir mannréttindadómstólnum	506.419	2009
Björg Thorarensen	Vinna í nefnd um meðferð hælisumsókna	1.347.436	2009
Trausti Fannar Valsson	Vinna í nefnd um meðferð hælisumsókna	693.867	2009
Þórhildur Líndal	Vinna við frvarp til lögfestingar á samningi Sameinuðu þjóðanna	1.560.000	2009
Björg Thorarensen	Vinna í máli fyrir mannréttindadómstólnum	406.944	2010
Björg Thorarensen	Vinna vegna formennsku í sérfræðinefnd Evrópuráðs	226.080	2010
Björg Thorarensen	Vinna við gerð fimm skýrslna Íslands um samning SÞ	542.592	2010
Björg Thorarensen	Vinna í máli fyrir mannréttindadómstólnum	90.432	2010
Björg Thorarensen	Vinna í máli fyrir mannréttindadómstólnum	226.080	2010
Iðnaðarráðuneyti			
Eiríkur Tómasson	Lögfræðiaðstoð vegna breyting á lögum á auðlindasviði	410.850	2007

489. Svar [264. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.*

Á tímabilinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010 hefur stöðugildum á aðalskrifstofu mennta- og menningarmálaráðuneytisins fækkað lítillega eða sem nemur 3,8 stöðugildum. Breytingarnar má m.a. rekja til starfsloka einstakra starfsmanna og að ekki hefur verið endurráðið í viðkomandi stöður, starfsmenn hafa minnkað við sig starfshlutfall eða flutt tímabundið til verkefna í öðrum ráðuneytum. Á tímabilinu urðu eftirtaldar mannabreytingar í ráðuneytinu:

Ráðuneytisstjóri var fluttur tímabundið til sex mánaða á grundvelli 36. gr. laga nr. 70/1996 í stöðu ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins. Viðkomandi var síðan skipaður í þá stöðu að þeim tíma liðnum. Í fjarveru hans gegndu þrír embættismenn tímabundið starfi ráðuneytisstjóra eða þar til starfið var auglýst laust haustið 2009 og núverandi ráðuneytisstjóri var skipaður frá 1. desember 2009. Þrír skrifstofustjórar hættu á tímabilinu. Í stöðu tveggja var endurskipað eftir að störf þeirra höfðu verið auglýst. Skrifstofa þess þriðja var sameinuð annarri skrifstofu innan ráðuneytisins. Störf sérfræðinga breyttust þannig á tímabilinu að tveir hættu störfum og einn var ráðinn tímabundið til starfa erlendis. Einn sérfræðingur var ráðinn á tímabilinu. Ráðgjafi ráðherra úr fyrri ríkisstjórn hætti og nýr hóf störf er núverandi ríkisstjórn tók við. Einn deildarstjóri hætti á tímabilinu og einn starfsmaður var fluttur tímabundið í annað ráðuneyti.

Þann 1. nóvember voru samtals um 67 stöðugildi á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Þau eru þannig skipuð: Einn ráðuneytisstjóri, sex skrifstofustjórar, 14 deildarstjórar, 30 sérfræðingar, 11 stjórnarráðsfulltrúar, einn lögfræðingur, einn ráðgjafi ráðherra, einn ritari ráðherra, einn vefstjóri og einn bílstjóri. Kynjahlutfall starfsmanna er 48 konur og 21 karl. Heildarlaunakostnaður með launatengdum gjöldum fyrir tímabilið frá 1. janúar 2009 til og með september 2010 nemur samtals 872,9 millj. kr. Laun ráðherra og aðstoðarmanns ráðherra eru greidd af öðrum fjárlagalið og teljast ekki með í stöðugildum.

2. *Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?*

Dregið var úr launakostnaði í mennta- og menningarmálaráðuneytinu í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 14. ágúst 2009 um sparnaðaraðgerðir. Lækkunin nam 3–10 %. Náði hún til þeirra starfsmanna sem höfðu heildarlaun yfir 400 þúsund kr. Við framkvæmdina var farið eftir því sem fram kom í leiðarljósum ríkisstjórnarinnar um aðhaldsaðgerðir um að draga meira úr launakostnaði hjá þeim sem meira bera úr býtum en hinum sem lægri laun hafa. Þetta var framkvæmt með því að fækka föstum yfirvinnutímum og einingum og kom til framkvæmda þremur mánuðum eftir að hverjum starfsmanni hafði verið tilkynnt um launabreytingar, annars vegar 1. september 2009 hjá þeim er fá greidd laun samkvæmt ákvörðun Kjararáðs og hins vegar 1. janúar 2010 hjá þeim er fá greidd laun samkvæmt kjarasamningum FHSS og FSS. Jafnframt lækkun launakostnaðar hefur verið reynt að komast hjá því að ráða í störf sem losnað hafa á tímabilinu.

3. *Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?*

Securitas hf	Almenn öryggisgæsla	21.914
Öryggismiðstöð Íslands hf	Almenn öryggisgæsla	18.101
Stefanie Gropper	Dómnefndarvinna	74.447
Vinnueftirlit ríkisins	Fyrirlestur	25.000
Ásmundur Helgason	Yfirlestur	45.000
Hópvinnukerfi ehf	Hugbúnaðargerð	1.126.874
Arney Einarsdóttir	Hæfnismat umsækjenda um starf	912.500
Arndís Ósk Jónsdóttir	Hæfnismat umsækjenda um starf	647.580
Capacent ehf	Hæfnismat umsækjenda um starf	360.000
PR almannatengsl og útlitsh ehf	Hönnunarvinna	93.998
Auður Leifsdóttir	Kennsla	497.000
Halldóra Jónsdóttir	Kennsla	196.000
Edda Lúvísa Blöndal	Kennsla	22.500
Pro Golf ehf	Kennsla	20.000
Heilsuvernd ehf	Læknaþjónusta	36.335
Trausti Fannar Valsson	Lögfræðiþjónusta	25.000
Lögmenn Ránargötu ehf	Lögfræðiþjónusta v/ráðningarmála	639.297
LEX ehf	Lögfræðiþjónusta v/fjölmiðlafrumvarps	283.003
LÖGMENN Laugavegi 3 ehf	Lögfræðiþjónusta v/starfslokasamn.	213.978
Kristín Benediktsdóttir	Lögfræðiþjónusta	161.850
3F Félag um upplýsingat/menntun	Námskeið	15.000
Hugsmiðjan ehf	Rekstrarsamningar, sérfræðiþjón.	477.985
Hugvit hf	Rekstrarsamningar, sérfræðiþjón.	13.990
Jóhann Thoroddsen	Sálfræðingar, félagsfræðingar	20.000
Stefni ehf	Sérfræðiþjónusta	144.000
Listasafn Íslands	Sérfræðiþjónusta	92.210
Jón Gunnar Jörgensen	Sérfræðiþjónusta	88.475
Rán Tryggvadóttir	Sérfræðiþjónusta	151.740
Sigríður H Gunnarsdóttir	Sérfræðiþjónusta	81.324
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygg	Sérfræðiþjónusta vegna reksturs tölvukerfa	1.036.134
Hrönn Pétursdóttir	Stefnumótunarvinna	271.080
Friðrik Á Brekkan	Túlkaþjónusta	20.000
Landskerfi bókasafna hf	Tölvuvinnsla og rekstrarsamn.	685.523
Skýrr ehf	Tölvuvinnsla og rekstrarsamn.	269.388
GH1 hf	Viðskipta- og rekstrarráðgj.	3.346.560
Erla Sigurðardóttir	Þýðendur, túlkar	557.557
PARA ehf	Þýðendur, túlkar	68.900
Erla Sigurðardóttir	Þýðendur, túlkar	51.206
Valgerður Halldórsdóttir	Þýðendur, túlkar	17.000
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	Þýðendur, túlkar	10.920
Kjörhús sf	Þýðendur, túlkar	666.117
Þýðingastofa JC ehf	Þýðendur, túlkar	419.005
Ágústa H. Lyons Flosadóttir	Þýðendur, túlkar	389.763
Lingua/Norðan Jökuls ehf	Þýðendur, túlkar	88.782
Scriptorium ehf	Þýðendur, túlkar	37.039
Yates þýðingar slf	Þýðendur, túlkar	30.225
Samtals:		**14.470.300**

4. *Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?*

Alla jafna er reynt að leysa verkefni er upp koma hverju sinni innan ráðuneytisins. Nær öll þau verkefni sem á undan er getið í svari við 3. lið eru þess eðlis að nauðsynlegt hefur verið að leita til utanaðkomandi sérfræðinga þar sem nægileg sérþekking á viðkomandi sviði hefur ekki verið til staðar innan ráðuneytisins.

490. Svar [265. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.*

Á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 hefur fjöldi stöðugilda hjá ráðuneytinu staðið í stað. Tveir sérfræðingar hættu störfum fyrir ráðuneytið á árinu 2009, annar vegna aldurs en hinn hvarf til starfa á öðrum vettvangi. Í þeirra stað var ráðinn sérfræðingur í tímabundið starf og annar í ótímabundið starf. Þá var á tímabilinu ráðið í afleysingar vegna sumarleyfa og fæðingarorlofs. Auk þess starfaði laganemi í ráðuneytinu bæði sumrin. Á árinu 2010 var ráðinn einn starfsmaður í tímabundna stöðu og þá störfuðu þrír háskólanemar í ráðuneytinu sumarið 2010 í tengslum við vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofnunar.

Þann 1. október sl. störfuðu 19 manns hjá iðnaðarráðuneytinu í 18,5 stöðugildum. Um er að ræða ráðuneytisstjóra, þrjá skrifstofustjóra, níu sérfræðinga, ritara ráðherra, bifreiðastjóra, tvo stjórnarráðsfulltrúa og tvo móttökuritara. Kynjahlutfall starfsmanna er 13 konur og 6 karlar. Launakostnaður með launatengdum gjöldum fyrir tímabilið 1. janúar 2009 til og með september 2010 nam samtals 284,4 millj. kr.

2. *Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?*

Laun starfsmanna í ráðuneytinu voru lækkuð í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 18. ágúst 2009 um sparnaðaraðgerðir. Lækkunin nam 3–10% og náði til þeirra starfsmanna sem höfðu heildarlaun yfir 400 þús. kr. Kerfislega var lækkunarhlutfall útfært með fækkun eininga og yfirvinnu en grunnlaun héldust óbreytt. Starfsmönnum var tilkynnt á fundi um lækkunina og hverjum og einum afhent bréf með tilkynningu um breytingu, með þriggja mánaða fyrirvara eða samkvæmt ákvæðum kjarasamninga þar um.

3. *Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?*

Ráðuneytið hefur tekið saman eftirfarandi yfirlit yfir aðkeypta sérfræðiþjónustu umrætt tímabil. Yfirlitið nær yfir fjárlagalið aðalskrifstofu ráðuneytisins og ýmissa verkefna á þess vegum.

Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa og ýmis verkefni.

Upphæð kr.	Verksali	Vegna
945.000	Kristín Haraldsdóttir	Lögfræðiþjónusta v/frumvarps til laga um rammaáætlun
403.749	eCom ehf.	Lögfræðiþjónusta v/lagaumhverfis netþjónabúa
153.000	Sigurður G. Guðjónsson ehf.	Lögfræðiþjónusta v/ráðningarmála
450.000	Bonafide ehf.	Lögfræðiþjónusta v/frumvarps til vatnalaga
257.438	LEX ehf.	Lögfræðiþjónusta v/frumvarps til vatnalaga
4.260.697	BBA Legal ehf.	Lögfræðiþjónusta v/útgáfu rannsóknar- og vinnsluleyfa á Drekasvæði
563.372	WVS-verkfræðiþjónusta ehf.	Sérfræðiþjónusta v/mats á rekstrarstöðu Hitaveitu Öxarfjarðar
309.000	Arkiteo ehf.	Sérfræðiþjónusta v/breytinga á húsnæði
2.307.147	Efla hf.	Sérfræðiþjónusta v/staðarvals vegna olíuleitar á Drekasvæði
100.108	Jón Skaptason	Þýðingar
88.400	Þýðingastofa JC ehf.	Þýðingar
52.921	JS þýðingar ehf.	Þýðingar
225.028	Skjal ehf.	Þýðingar
327.730	GH1 hf.	Sérfræðiþjónusta v/ráðningar sérfræðings í ráðuneytið
372.250	Athygli ehf.	Sérfræðiþjónusta v/orkuskiptaverkefnis
10.815.840	**Samtals 2009**	

Upphæð kr.	Verksali	Vegna
1.900.000	Askar Capital hf.	Skýrslugerð v/ endurskoðunar raforkulaga
212.678	Logos slf.	Lögfræðiþjónusta v/markaðsátaks í ferðaþjónustu
406.873	LEX ehf.	Lögfræðiþjónusta v/frumvarps til vatnalaga
185.971	Landslög lögfræðiþjónusta ehf.	Lögfræðiþjónusta v/kæru til siðanefndar Verkfræðingafélags Íslands
901.150	Efla hf.	Sérfræðiþjónusta v/endurskoðunar raforkulaga
122.150	Anne Cecilia Benassi	Þýðingar
70.000	Þýðingastofa JC ehf.	Þýðingar
24.000	Rit ehf.	Þýðingar
9.459	Markmál ehf.	Þýðingar
57.600	Sigrún Árnadóttir	Sérfræðiþjónusta v/frumvarps til vatnalaga
49.800	Netorka hf.	Sérfræðiþjónusta v/tilskipunar 2008/92 í EES-samningnum
900.555	GH1 hf.	Sérfræðiþjónusta v/sparnaðarverkefnis
114.700	Athygli ehf.	Sérfræðiþjónusta v/orkuskiptaverkefnis
1.195.219	Íslensk NýOrka ehf.	Sérfræðiþjónusta v/orkuskiptaverkefnis
6.150.155	**Samtals jan.–sept. 2010**	

4. *Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?*

Þegar ný úrlausnarefni og verkefni koma upp er ávallt reynt að leysa þau af sérfræðingum og starfsfólki innan Stjórnarráðsins. Er allur meginþorri verkefna og úrlausnarefna sem upp koma innan Stjórnarráðsins leystur með þeim hætti. Ætíð koma þó upp einhver verkefni þar sem talin er þörf á utanaðkomandi sérþekkingu og er þá leitað til sérfræðinga og ráðgjafa á viðkomandi sviðum, m.a. vegna samráðs og til að tryggja aðkomu hlutlausra aðila. Hæsta einstaka fjárhæðin er t.d. vegna lögfræðiráðgjafar vegna útboðs á Drekasvæðinu en ráðuneytið hafði ekki nauðsynlega sérfræðiþekkingu á þessu sviði á þeim tíma.

491. Svar [268. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.*

Í upphafi árs 2009 var fjöldi starfsmanna ráðuneytisins 34 (fyrir utan tvo í ræstingu) í 33 stöðugildum. Í upphafi árs 2010 var fjöldi starfsmanna 37 í 35¼ stöðugildum og 1. október 2010 var fjöldi starfsmanna 39 í 37¼ stöðugildum. Rétt er að geta þess að verkefni ráðuneytisins hafa aukist jafnt og þétt á tímabilinu. Tveir starfsmenn voru fluttir til ráðuneytisins á árunum 2009 og 2010 í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, ásamt því að ráðið hefur verið í afleysingar vegna fæðingarorlofs starfsmanna. Á árinu 2009 var ráðuneytisstjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu fluttur í embætti ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins sem og skrifstofustjóri og bílstjóri ráðherra. Í stað þess var skipaður nýr ráðuneytisstjóri í ráðuneytið og bílstjóri forsætisráðuneytisins fluttur til félags- og tryggingamálaráðuneytisins, síðar urðu svo aftur bílstjóraskipti í ráðuneytinu.

Kynjahlutfalli starfsmanna í ráðuneytinu er þannig farið að ⅔ hlutar starfsfólks eru konur og karlar eru þriðjungur starfsmanna og hefur örlítið dregist úr fjölda þeirra fram til þessa.

Launakostnaður starfsmanna með launatengdum gjöldum á tímabilinu er samtals 506,9 millj. kr. Laun ráðherra og aðstoðarmanns ráðherra eru greidd af öðrum fjárlagalið.

2. *Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?*

Laun starfsmanna í ráðuneytinu voru lækkuð í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 18. ágúst 2009 um sparnaðaraðgerðir. Lækkunin nam 3–10% og náði til þeirra starfsmanna sem höfðu heildarlaun yfir 400 þús. kr. á mánuði. Launalækkunin var útfærð með lækkun greiðslna fyrir yfirvinnu og lækkun þóknanagreiðslna en grunnlaun héldust óbreytt. Starfsmönnum var tilkynnt um lækkunina á starfsmannafundi í ráðuneytinu. Að auki var rætt við hvern starfsmann sérstaklega og farið yfir hvaða áhrif breytingin kæmi til með að hafa á hans laun. Þetta var gert með þriggja mánaða fyrirvara eða samkvæmt ákvæðum kjarasamninga þar um.

3. *Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?*

Ráðuneytið hefur tekið saman eftirfarandi yfirlit yfir aðkeypta sérfræðiþjónustu á tímabilinu 1. janúar 2009 til og með 30. september 2010. Yfirlitið nær yfir fjárlagalið aðalskrifstofu ráðuneytisins, ýmis verkefni og ýmsa starfsemi á vegum þess.

Verksali	Fjárhæð	Þjónusta
Katrín Ólafsdóttir	426.700	Viðskipta- og hagfræðingar
Data Market ehf.	161.840	Lögfræðiþjónusta
Juris hf.	918.750	Lögfræðiþjónusta
Landslög lögfræðiþjónusta ehf.	757.631	Lögfræðiþjónusta
Lögmenn Höfðabakka ehf.	473.436	Lögfræðiþjónusta
Anne Cecilia Benassi	43.020	Þýðendur og túlkar
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	50.539	Þýðendur og túlkar

Verksali	Fjárhæð	Þjónusta
Scriptorium ehf.	108.000	Þýðendur og túlkar
Skjal ehf.	510.152	Þýðendur og túlkar
Þórný Björk Jakobsdóttir	28.000	Þýðendur og túlkar
Arnaldur Sölvi Kristjánsson	280.000	Sérfræðiþjónusta – útreikningar v/barnatrygginga
Góð samskipti ehf.	545.289	Sérfræðiþjónusta
H:N markaðssamskipti ehf.	6.404.413	Sérfræðiþjónusta – verkefni unnið með bönkum v/fólks í greiðsluerfiðleikum
Kná ehf.	330.000	Sérfræðiþjónusta
Sírnir Hallgrímur Einarsson	755.968	Sérfræðiþjónusta
STRÁ Starfsráðningar ehf.	1.060.042	Sérfræðiþjónusta – ráðningarþjónusta
Teitur Þorkelsson	1.540.000	Sérfræðiþjónusta – kynning og fundaherferð
Hagstofa Íslands	232.500	Sérfræðiþjónusta
Háskóli Íslands	250.000	Sérfræðiþjónusta
Ingi Sturla Þórisson	144.000	Sérfræðiþjónusta
PARA ehf.	40.400	Sérfræðiþjónusta
P & Ó ehf.	19.920	Sérfræðiþjónusta
Vinnuvernd ehf.	66.979	Læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkraþjálfarar – vinnuvernd
Þýðingastofa JC ehf.	835.746	Þýðendur og túlkar
VSI öryggishönnun og ráðgjöf ehf.	438.566	Sérfræðiþjónusta
Evrópulög ehf.	534.000	Lögfræðiþjónusta
KPMG hf.	52.150	Lögfræðiþjónusta
Tatjana Latinovic	34.000	Þýðendur og túlkar
Stefán Ólafsson	963.000	Sérfræðiþjónusta – Verkefnisstjórn um endurskoðun almannatrygginga
Lára V. Júlíusdóttir hrl. ehf.	170.500	Lögfræðiþjónusta
LÖGMENN Laugavegi 3 ehf.	305.500	Lögfræðiþjónusta
Ragnhildur Helgadóttir	171.000	Lögfræðiþjónusta
Baldvin Steindórsson	22.000	Sálfræðiþjónusta
Barnasálfræðiþjónustan ehf.	656.000	Sálfræðiþjónusta – úttekt á starfsemi meðferðarheimilis
Dagsbirta ehf.	334.000	Sálfræðiþjónusta – matsgerðir v/barnaverndarmála
Per Roald Landrö	30.000	Þýðendur og túlkar
Halldór Gunnarsson	540.000	Sérfræðiþjónusta – réttindagæsla fatlaðra
Kná ehf.	190.000	Sérfræðiþjónusta – rýnihópur foreldra
Barnasálfræðiþjónustan ehf.	96.000	Sérfræðiþjónusta – mat á hæfni umsækjenda um meðferð ungra gerenda í kynferðisbrotamálum
Jón Björnsson	2.400.000	Sérfræðiþjónusta – samningur um gerð gæðaviðmiða í öldrunarþjónustu
Hagvangur ehf.	373.500	Sérfræðiþjónusta – ráðningarþjónusta
ARGH ehf.	39.040	Sérfræðiþjónusta
Hrefna Friðriksdóttir	1.710.000	Sérfræðiþjónusta – vinna við endurskoðun barnaverndarlaga
Kvíðameðferðarstöðin ehf.	40.000	Sálfræðiþjónusta
HH Ráðgjöf ehf.	118.524	Sérfræðiþjónusta – ráðningarþjónusta
Þórhildur Þorleifsdóttir	538.000	Sérfræðiþjónusta – verkefni og ráðgjöf v/ráðherranefndar um jafnréttismál
Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir	50.000	Sérfræðiþjónusta – framkvæmdaáætlun um jafnréttismál
Naív ehf.	74.700	Sérfræðiþjónusta – framkvæmdaáætlun um jafnréttismál
Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir	360.000	Sérfræðiþjónusta – jafnréttisvakt
Þórhildur Þorleifsdóttir	286.000	Sérfræðiþjónusta – jafnréttisvakt
GH1 hf.	602.408	Sérfræðiþjónusta v/könnunar
7 Jarðir ehf.	40.000	Sérfræðiþjónusta – Evrópuár 2010 gegn fátækt
Guðný Björk Eydal	35.000	Sérfræðiþjónusta – Evrópuár 2010 gegn fátækt

Verksali	Fjárhæð	Þjónusta
Lárus Ýmir Óskarsson	300.000	Sérfræðiþjónusta – Evrópuár 2010 gegn fátækt
Stjórnhættir ehf.	13.253.852	Sérfræðiþjónusta – Verkefnisstjórn um verkefnaflutning
Stjórnhættir ráðgjöf slf.	12.710.120	Sérfræðiþjónusta – Verkefnisstjórn um verkefnaflutning
ASK Arkitektar ehf.	20.000	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Ingegerd Hedvig S Narby	6.000	Þýðendur og túlkar – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Koma orðum að ehf.	42.500	Þýðendur og túlkar – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Scriptorium ehf.	38.250	Þýðendur og túlkar – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Þýðingastofa JC ehf.	65.666	Þýðendur og túlkar – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
IRI ehf.	67.230	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Jón Rúnar Sveinsson	622.500	Þýðendur og túlkar – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Tuomas Jarvela	12.000	Þýðendur og túlkar – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
ARGH ehf.	142.072	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Þorbjörg Eva Erlendsdóttir	16.064	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Arnar Þór Jóhannesson	35.000	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Ekon Dr Per Ahren	72.048	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Elías Oikarinen	107.510	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Erla Sigurðardóttir	17.465	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Gwilym Price	187.536	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Hugveitan ehf.	290.000	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Ingi Rúnar Eðvarðsson	50.000	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Kristinn Karlsson	64.634	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Nýttu kraftinn ehf.	100.000	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Palvi Valkama	107.325	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Soffía Gísladóttir	50.000	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Soren Brage	55.772	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Stefán Ólafsson	130.000	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Stjórnhættir ráðgjöf slf.	125.500	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Studio F ehf.	385.000	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál

Verksali	Fjárhæð	Þjónusta
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir	50.000	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Þórdís Hadda Yngvadóttir	200.000	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Kársnesskóli	40.000	Sérfræðiþjónusta – Norræn nefnd um félags- og heilbrigðismál
Ásgeir Sigurgestsson	2.366.375	Sálfræðiþjónusta – notendastýrð þjónusta fatlaðra
Háskóli Íslands	627.500	Sálfræðiþjónusta – notendastýrð þjónusta fatlaðra
Ketill Guðjón Jósefsson	17.500	Sálfræðiþjónusta – notendastýrð þjónusta fatlaðra
Háskóli Íslands	7.067.500	Sérfræðiþjónusta – aðgerðaráætlun um ofbeldi
Hildigunnur Ólafsdóttir	1.760.000	Sérfræðiþjónusta – aðgerðaráætlun um ofbeldi
Skjal ehf.	367.209	Þýðendur og túlkar – rannsóknarverkefni um mansal
Félagsráðgjafinn ehf.	1.846.571	Sálfræðingar, félagsfræðingar – velferðarvakt
Þýðingastofa JC ehf.	188.316	Þýðendur og túlkar – velferðarvakt
Háskóli Íslands	300.000	Sérfræðiþjónusta – könnun velferðarvaktarinnar
Kná ehf.	100.000	Sérfræðiþjónusta – velferðarvakt, rýnihópur atvinnulausra ungmenna
Háskóli Íslands	3.101.000	Sérfræðiþjónusta – vinna v/kynbundinn launamunur
Skjal ehf.	19.430	Sérfræðiþjónusta – flóttamannaráð
Íris Björg Kristjánsdóttir	340.000	Sérfræðiþjónusta – flóttamannaráð
InterCultural Ísland ehf.	15.000	Þýðendur og túlkar – flóttamannaráð
Margrét Steinarsdóttir	700.000	Þýðendur og túlkar – flóttamannaráð
GH1hf.	2.028.000	Hlutdeild ráðuneytisins v/sparnaðarátaks í ríkisrekstri
InDevelop Íslandi ehf.	9.080.000	Sérfræðiþjónusta – sameining stofnana
Yngvi Örn Kristinsson	1.428.526	Sérfræðiþjónusta – skuldamál heimilanna
	87.904.184	

4. *Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?*

Þegar ný verkefni og úrlausnarefni koma upp er ávallt reynt að leysa þau af sérfræðingum og starfsfólki innan ráðuneytisins eða í öðrum ráðuneytum eða stofnunum. Þó hefur sú staða komið upp að ekki er unnt að vinna verkefni innan ráðuneytisins eða að verkefnin eru þess eðlis að þörf er á afar sérhæfðri þekkingu og kunnáttu og því hefur verið talin þörf á utanaðkomandi sérþekkingu og er þá leitað eftir henni á þeim sviðum sem um ræðir.

492. Framhaldsnefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um mannvirki.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju eftir 2. umræðu og fengið á sinn fund Björn Karlsson frá Brunamálastofnun, Tryggva Axelsson og Helgu S. Sigurðardóttur frá Neytendastofu og Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum. Að þessu sinni voru ræddar greinar um markmið laganna, um gildissvið þeirra og um markaðseftirlit með rafföngum.

Nefndin ræddi orðalag a-liðar 1. gr. frumvarpsins, en henni höfðu borist athugasemdir vegna þeirra breytinga sem samþykktar voru við 2. umræðu. Nefndin telur að merking orðsins *umhverfi* verði gleggri með þeirri breytingu sem nú er lögð til á liðnum og vísar í skilgreiningar á orðinu í k-lið 3. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og 4. tölul. 2. gr. laga um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006.

Nefndin ræddi um athugasemdir sem borist höfðu við að *möstur* eru nú með í upptalningu í 2. gr. frumvarpsins. Í 36. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, er skýrt tekið fram að byggingarleyfi þurfi fyrir fjarskiptamöstrum, tengivirkjum og móttökudiskum. Ákvæði þetta hafði af misgáningi ekki skilað sér í frumvarp til laga um mannvirki og leggur nefndin því til breytingar á 2. og 9. gr. frumvarpsins hvað það varðar.

Nefndin hlýddi á rök með og á móti því að breyta skipan markaðseftirlits með rafföngum með því að flytja slíkt eftirlit alfarið frá Neytendastofu til Mannvirkjastofnunar eins og gert var ráð fyrir í tillögum nefndarinnar fyrir 2. umræðu, sem kallaðar voru til 3. umræðu, sbr. 6. tölul. í 56. lið í þingskjali 350. Eftir umræður og íhugun komst nefndin að því að skynugast væri að halda að sinni óbreyttri skipan í þessum efnum, meðal annars vegna þess að breytingar gætu dregið um of þrótt úr starfsemi Neytendastofu. Nefndin telur að þessi mál þurfi að íhuga betur við endurskoðun á stjórnsýslu neytendamála og lýsir sig reiðubúna til samstarfs um úrbætur á þessu sviði við hlutaðeigandi ráðherra og þingnefndir. Nefndin fellur því frá áðurnefndum breytingartillögum sínum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. A-liður. 1. gr. orðist svo: Að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt.
2. 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. orðist svo: Lögin gilda einnig um gróður á lóðum, frágang og útlit lóða, girðingar í þéttbýli, skilti, möstur, þ.m.t. fjarskiptamöstur, móttökudiska og tengivirki, gáma og leik- og íþróttasvæði.
3. 4. málsl. 1. mgr. 9. gr. orðist svo: Um byggingarleyfi vegna bygginga tengdra fráveitumannvirkjum og dreifi- og flutningskerfum hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta, þ.m.t. fjarskiptamöstrum, tengivirkjum og móttökudiskum, fer skv. 1. og 2. málsl.
4. 1. mgr. 64. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Ólína Þorvarðardóttir og Kristján Þór Júlíusson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 2010.

Mörður Árnason, form., frsm.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.	Lilja Rafney Magnúsdóttir, með fyrirvara.
Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.	Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara.	Skúli Helgason.
	Birgitta Jónsdóttir.	

493. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Kjartansson og Guðlaug G. Sverrisson frá Úrvinnslusjóði og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti. Þá bárust umsagnir frá tollstjóra, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum iðnaðarins, Úrvinnslusjóði og Bændasamtökum Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar til hækkunar á fjárhæð úrvinnslugjalds á olíumálningu, blýsýrurafgeymum, pappa- og pappírsumbúðum, plastumbúðum og heyrúlluplasti, ísócyanötum, leysiefnum, halógeneruðum efnasamböndum, olíuvörum, framköllunarefnum og hjólbörðum. Endurskoðun þessi á gjöldum er til þess fallin til að draga úr sjóðshalla sem átt hefur sér stað í þessum flokkum.

Í umsögn Bændasamtaka Íslands var sérstaklega bent á mikla hækkun úrvinnslugjalds á heyrúlluplasti, en frumvarpið gerir ráð fyrir hækkun úr 5 kr./kg í 12 kr./kg. Í ljósi þeirra athugasemda aflaði nefndin sér upplýsinga um áætlaðan meðalkostnað á bú bæði fyrir og eftir umrædda hækkun. Meiri hlutinn telur í ljósi þeirrar sveiflujöfnunar sem nauðsynleg er til að leiðrétta sjóðshalla sem hefur orðið í þessum vöruflokki sé hækkunin innan eðlilegra marka. Auk þess bendir meiri hlutinn á að heyrúlluplast er flokkað sem plastumbúðir en ekki plast.

Kostnaður af rekstri sjóðsins ræðst af magni úrgangs sem er safnað og ráðstafað af þjónustuaðilum annars vegar og fjárhæð þjónustugjalds sem greitt er til þeirra þegar staðfesting á ráðstöfun liggur fyrir hins vegar. Nokkur tími getur liðið frá því að vara er sett á markað þar til úrgangur af hennar völdum fellur til og getur þessi tími verið frá nokkrum mánuðum upp í mörg ár. Einnig er óvissa í mati á úrgangi meiri þegar hagsveiflur eru miklar eins og verið hefur hér á landi.

Tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi miðast við að ná viðunandi sjóðsstöðu vöruflokka á næstu þremur til fimm árum. Miðað er við að sjóðir verði að jafnaði ekki lægri en 30% af árskostnaði við vöruflokkinn.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 10. des. 2010.

Mörður Árnason, form., frsm. | Ólína Þorvarðardóttir. | Álfheiður Ingadóttir.

Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara. | Skúli Helgason.

494. Nefndarálit [22. mál]

um till. til þál. um rannsókn á Íbúðalánasjóði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Ríkisendurskoðun, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, Seðlabanka Íslands og Viðskiptaráði Íslands.

Með tillögunni er lagt til að fram fari sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi Íbúðalánasjóðs frá aðdraganda breytinganna á fjármögnun og lánareglum sjóðsins sem hrint var í framkvæmd á árinu 2004. Í kjölfar þess fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi Íbúðalánasjóðs.

Á fundum nefndarinnar var fjallað nokkuð um áhrif af þessum breytingum á stefnu og starfsemi sjóðsins og á fasteignamarkaðinn í heild sinni og innkomu bankanna á húsnæðislánamarkaðinn árið 2004 sem hafði einnig veruleg áhrif, m.a. á skuldsetningu heimila og sveitarfélaga en einnig á stöðu Íbúðalánasjóðs. Meiri hlutinn telur því brýnt að samhliða rannsókn á starfsemi Íbúðalánasjóðs verði þessi innkoma bankanna á markaðinn og áhrif hennar rannsökuð.

Þá telur meiri hlutinn nauðsynlegt að einnig verði lagt mat á það hversu sjóðnum hefur tekist að sinna lögbundnu hlutverki sínu á þessu tímabili. Leggur meiri hlutinn enn fremur áherslu á að um leið og stefna og starfsemi Íbúðalánasjóðs verður rannsökuð verði mótuð stefna um fjármögnun húsnæðislánakerfisins í heild sinni.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að lagalegur rammi um rannsóknina taki mið af ákvæðum frumvarps til laga um rannsóknarnefndir sem forsætisnefnd Alþingis hefur lagt fram á Alþingi.

Umfjöllun nefndarinnar um málið tengist beiðni Íbúðalánasjóðs um 33 milljarða kr. viðbótarfjármagn í frumvarpi til fjáraukalaga.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

   Alþingi ályktar að á vegum þess fari fram sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi Íbúðalánasjóðs. Rannsökuð verði starfsemi sjóðsins frá aðdraganda breytinganna á fjármögnun og lánareglum hans sem hrint var í framkvæmd á árinu 2004 og til ársloka 2010. Markmið rannsóknarinnar verði í fyrsta lagi að meta áhrifin af þessum breytingum, stefnu sjóðsins og einstökum ákvörðunum á þessum tíma á fjárhag sjóðsins og fasteignamarkaðinn í heild sinni, í öðru lagi að meta áhrifin af starfsemi Íbúðalánasjóðs á stjórn efnahagsmála og í þriðja lagi að leggja mat á hversu vel sjóðnum hefur tekist að sinna lögbundnu hlutverki sínu á þessu tímabili. Í kjölfar rannsóknarinnar fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi Íbúðalánasjóðs og fjármögnun húsnæðislánakerfisins á Íslandi.

   Forsætisnefnd Alþingis verði falið að sjá um að rannsóknin fari fram í samræmi við ákvæði frumvarps til laga um rannsóknarnefndir sem hún hefur lagt fram. Forseti Alþingis skipi þriggja manna nefnd til að vinna rannsóknina og skila um hana skýrslu til Alþingis innan sex mánaða frá skipun nefndarinnar. Til rannsóknarinnar verði fengnir sjálfstæðir aðilar sem hafi sambærilegar heimildir til skýrslutöku og gagnaöflunar og

rannsóknarnefnd Alþingis hafði. Ef nauðsyn krefur setji Alþingi lög til að tryggja aðgengi rannsóknarnefndar að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum.

Í rannsókninni verði m.a. skoðuð ítarlega eftirfarandi atriði auk annarra atriða sem þarfnast úttektar:

1. Breytingarnar á sjóðnum 2004, m.a. undirbúningur þeirra og áhrif á fasteignamarkað og efnahagsmál.
2. Framganga banka á lánamarkaði til fasteignakaupa og viðbrögð Íbúðalánasjóðs við aukinni samkeppni banka um íbúðalán, m.a. vegna 100% lána bankanna og uppgreiðslna á lánum sjóðsins, t.d. hækkað lánshlutfall úr 80% í 90% og hækkuð hámarkslán.
3. Hvernig sjóðurinn sinnti verkefnum sínum, sérstaklega skv. 9. tölul. 9. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998.
4. Viðbrögð sjóðsins við vaxandi þenslu á fasteignamarkaði.
5. Skuldabréfaskipti, úr húsbréfum í húsnæðisbréf, með því að binda uppgreiðslumöguleika sjóðsins.
6. Samskipti Íbúðalánasjóðs við Seðlabanka Íslands vegna lausafjár sjóðsins.
7. Kaup Íbúðalánasjóðs á greiðsluflæði lána frá bönkum og sparisjóðum með mun hærri hámarkslánsfjárhæð en reglugerð félagsmálaráðherra gerði ráð fyrir.
8. Tryggingar fyrir lánum sjóðsins þar sem lán til banka og sparisjóða voru ekki með veði.
9. Lánveitingar til byggingaverktaka, jafnvel án bankaábyrgða á ákveðnu tímabili.
10. Reglugerð félagsmálaráðherra nr. 896/2005 og hvernig hún samræmdist kröfum um áhættustýringu.
11. Viðskipti Íbúðalánasjóðs við verðbréfasjóði með verulegu tapi.
12. Helstu ástæður fyrir taprekstri sjóðsins frá 2008 og fyrirsjáanlegar afskriftir sjóðsins af ráðstöfunum sem taldar eru hér að framan.
13. Eftirlit Alþingis, ráðuneytis og stofnana á borð við Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands með starfsemi sjóðsins. Var það fullnægjandi?
14. Annað sem rannsóknarnefnd kann að komast að við rannsókn sína og telur ástæðu til að upplýsa Alþingi um.

2. Heiti tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á Íbúðalánasjóði o.fl.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álitinu.

Alþingi, 13. des. 2010.

Róbert Marshall, form., frsm. | Atli Gíslason. | Valgerður Bjarnadóttir.

Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara. | Þráinn Bertelsson. | Birgir Ármannsson, með fyrirvara.

Mörður Árnason.

495. Frumvarp til laga [378. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1996, um mannanöfn, með síðari breytingum.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 9. gr., 4. mgr. 11. gr., 1. og 2. mgr. 13. gr., tvívegis í 3. mgr., tvívegis í 5. mgr. og 6. mgr. 14. gr., 16. gr. og 1. mgr. 25. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Þjóðskrá Íslands.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Honum er þó heimilt að taka upp eiginnafn, millinafn og/eða kenninafn í samræmi við ákvæði laga þessara og má veita honum slíka nafnbreytingu í ríkisfangsbréfi.

3. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Nafnbreytingar samkvæmt lögum þessum, hvort sem um er að ræða breytingar tilkynntar Þjóðskrá Íslands eða samkvæmt leyfi stofnunarinnar eða ráðherra, skulu einungis heimilaðar einu sinni nema sérstaklega standi á.

4. gr.

2. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Allar nafnbreytingar samkvæmt lögum þessum sem ekki eru bundnar leyfi skulu tilkynntar Þjóðskrá Íslands.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins í samráði við Þjóðskrá Íslands. Með frumvarpinu er lagt til að mál á grundvelli laga um mannanöfn verði afgreidd á einum stað, hjá Þjóðskrá Íslands, í stað þess að slík mál séu ýmist afgreidd af Þjóðskrá Íslands eða dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Með frumvarpinu er stefnt að einföldun á meðferð mála á grundvelli laganna.

Samkvæmt gildandi lögum um mannanöfn og þeim lögum sem áður giltu um mannanöfn frá árinu 1991 er byggt á þeirri meginreglu að nafnbreyting er veitt annars vegar með leyfi dómsmálaráðherra eða með tilkynningu til Þjóðskrár. Þannig er dómsmálaráðherra heimilt að leyfa breytingar á eiginnöfnum, millinöfnum og kenninöfnum í sérstökum tilvikum, t.d. að heimila að barn sé kennt til stjúpforeldris eða fósturforeldris eða heimila fullorðnum einstaklingi breytingu á kenninafni ef gildar ástæður eru til. Aftur á móti er nóg að tilkynna til Þjóðskrár Íslands óskir um ýmsar breytingar á nöfnum, t.d. að kenna sig til annars foreldris en fyrir er eða til beggja foreldra, taka upp ættarnafn ef réttur er til slíks eða fella það niður og kenna sig þá til foreldris. Þá geta menn tilkynnt Þjóðskrá ef breyta á ættarnafni í millinafn eða taka upp ættarnafn sem millinafn ef réttur er til þess. Sama gildir um óskir manna um breytta nafnritun.

Það fyrirkomulag að hafa afgreiðslu á málum á grundvelli mannanafnalaga á tveimur stöðum hefur þótt flókið og algengt er að sótt sé um nafnbreytingar á röngum eyðublöðum eða á röngum stað, sem síðan hefur kallað á framsendingar milli ráðuneytisins og Þjóðskrár. Þess vegna var horft til þess þegar Þjóðskrá varð skrifstofa í dómsmálaráðuneytinu 1. júlí 2006 að einfalda allt verklag í þessum málum og 1. október 2007 var ákveðið að allar nafnbreytingar yrðu afgreiddar frá Þjóðskrá utan nafnbreytinga sem heimilaðar eru þegar ráðherra veitir íslenskt ríkisfang en þá er ráðherra heimilt að veita nafnbreytingu í samræmi við lögin samhliða veitingu íslensks ríkisfangs. Þessi breyting á verklegi mæltist vel fyrir og var við lýði til 30. júní 2010 þegar Þjóðskrá og Fasteignaskrá Íslands voru sameinaðar í nýja stofnun, Þjóðskrá Íslands, með lögum nr. 77/2010. Þá fóru nafnbreytingamálin aftur í sama farveg og fyrir árið 2007 og mál á grundvelli mannanafnalaga ýmist afgreidd af Þjóðskrá Íslands eða dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að ofangreint verklag í nafnbreytingamálum sem viðhaft var á tímabilinu frá 1. október 2007 til 30. júní 2010 og gafst vel verði lögfest. Þannig verður öllum umsóknum um breytingar á nöfnum beint til Þjóðskrár Íslands og þær beiðnir afgreiddar þar. Áfram verður heimilt fyrir ráðherra að veita nafnbreytingu samhliða veitingu íslensks ríkisborgararéttar. Þessi breyting yrði í samræmi við markmið ráðuneytisins um að hvers kyns umsóknir skuli afgreiða sem oftast hjá stofnunum þess. Þessi breyting yrði enn fremur í samræmi við meginreglur stjórnsýslulaga um að réttaröryggi borgaranna sé betur tryggt þegar þeir geta skotið ákvörðun lægra setts stjórnvalds til ráðuneytis.

Sömu sjónarmið eiga við um kæruleið til ráðuneytisins vegna þeirrar tillögu í frumvarpinu að Þjóðskrá Íslands, í stað dómsmálaráðherra, fái heimild til að leggja dagsektir á forsjármenn barna, skv. 25. gr. laganna, ef þeir fara ekki að fyrirmælum greinarinnar.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2011. Í samræmi við almennar lagaskilareglur er gert ráð fyrir að þau mál sem ólokið kann að vera í ráðuneytinu við gildistöku laganna flytjist þá yfir til Þjóðskrár Íslands sem mun ljúka afgreiðslu þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1996, um mannanöfn, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að mál er varða mannanöfn verði afgreidd á einum stað, hjá Þjóðskrá Íslands, í stað þess að slík mál séu ýmist afgreidd af Þjóðskrá Íslands eða dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Er þetta gert til að einfalda alla málsmeðferð við nafnbreytingar og er gert ráð fyrir að öllum slíkum umsóknum verði beint til Þjóðskrár Íslands og þær beiðnir afgreiddar þar. Undanskildar eru nafnbreytingar sem óskað er eftir samhliða því að viðkomandi er veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Þessi breyting er lögð til í samræmi við meginreglur stjórnsýslulaga um að réttaröryggi borgaranna sé betur tryggt þegar þeir geta skotið ákvörðun lægra setts stjórnvalds til ráðuneytis.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

496. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti. Þá barst nefndinni umsögn frá Alþýðusambandi Íslands.

Með frumvarpinu er leitað heimildar til að fullgilda samning milli Evrópusambandsins, Íslands, Liechtensteins og Noregs um EES-fjármagnskerfið (hér eftir kallað Þróunarsjóður EFTA) fyrir árin 2009–2014. Skrifað var undir nýtt samkomulag um framlög í Þróunarsjóð EFTA í ágúst 2010. Samhliða því var endurnýjaður samningur um viðskipti með sjávarafurðir sem gilt hefur undanfarin fimm ár.

Samningurinn um Þróunarsjóð EFTA kveður á um fjárhagslegan stuðning EES/EFTA-ríkjanna við þau aðildarríki Evrópusambandsins sem standa illa í efnahagslegu tilliti. Markmiðið er að jafna samkeppnisstöðu ríkja Evrópska efnahagssvæðisins með því að draga úr efnahagslegri og félagslegri misskiptingu innan svæðisins. Samningar þessa efnis hafa gilt fimm ár í senn frá gildistöku EES-samningsins árið 1994 og voru þeir fyrst framlengdir árið 1999 og aftur árið 2004. Viðhorf Evrópusambandsins er að þessi stuðningur sé ein af forsendum EES-samningsins. Það er ástæða þess að sambandið tekur málið ítrekað upp að liðnum gildistíma samninga um sjóðinn. Ísland hefur þó ávallt lagt á það ríka áherslu að engin lagaleg skuldbinding standi til greiðslna af þessum toga. Vert er að nefna að nefndarmenn í utanríkismálanefnd sem starfa á vettvangi sameiginlegrar þingmannanefndar EES hafa haldið þessari afstöðu skýrt fram þegar málefni Þróunarsjóðsins hefur borið á góma í nefndinni og hið sama á við um fulltrúa hinna EES/EFTA-ríkjanna.

Samningaviðræður vegna Þróunarsjóðsins fyrir árin 2009–2014 reyndust erfiðar vegna kröfu ESB um aukin fjárframlög sem EES/EFTA-ríkin töldu óraunhæfar með öllu. Samningaviðræðum lauk á vormánuðum árið 2010 og var samningur um endurnýjaðan sjóð undirritaður í ágúst sama ár. Samningurinn er að efni til í samræmi við fyrri samninga en árleg framlög í sjóðinn hækkuðu úr um 150 milljónum evra í 198 milljónir evra. Framlag Íslands verður þó óbreytt í evrum frá því sem verið hefur undanfarin fimm ár og munu Noregur og Liechtenstein bera þessa hækkun. Með þessum hætti var tekið tillit til alvarlegrar efnahagslegrar stöðu Íslands í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Þess má geta að frá hausti 2008 hafa nefndarmenn í utanríkismálanefnd gert kröfu um að tillit væri tekið til yfirstandandi efnahagskreppu hérlendis í umræðum um samningaviðræður um nýjan Þróunarsjóð á vettvangi sameiginlegrar þingmannanefndar EES.

Nefndin leggur áherslu á að með nýjum samningi um Þróunarsjóðinn hefur tekist að halda framlagi Íslands óbreyttu eða að hámarki 6,8 milljónir evra á ári. Þá áréttar nefndin að með frumvarpi þessu er verið að breyta 117. gr. EES-samningsins þar sem vísað er til bókana um Þróunarsjóð EFTA en ekki lögfesta bókanirnar sjálfar. Nefndin undirstrikar jafnframt að ekki beri að líta á framlög til Þróunarsjóðsins sem lögformlega skyldu EES/EFTA-ríkjanna. Að síðustu fagnar nefndin því að samhliða endurnýjun samnings um Þróunarsjóð EFTA var endurnýjaður samningur um niðurfellingu tolla á ákveðnu magni tiltekinna sjávarafurða sem er mikilvægt hagsmunamál fyrir íslenskan sjávarútveg.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ólöf Nordal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 2010.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Valgerður Bjarnadóttir. Bjarni Benediktsson.

Helgi Hjörvar. Björgvin G. Sigurðsson. Birgitta Jónsdóttir.

Álfheiður Ingadóttir. Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, með fyrirvara.

497. Tillaga til þingsályktunar [379. mál]

um seinkun klukkunnar og bjartari morgna.

Flm.: Guðmundur Steingrímsson, Róbert Marshall, Álfheiður Ingadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ólína Þorvarðardóttir, Margrét Tryggvadóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Árni Þór Sigurðsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Árni Johnsen, Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að seinka klukkunni á Íslandi um eina klukkustund. Valin verði hentug tímasetning til þess að ráðast í aðgerðina, innan árs frá samþykkt tillögu þessarar, að lokinni tilhlýðilegri kynningu í þjóðfélaginu og undirbúningi.

Greinargerð.

Miðað við gang sólar er klukkan á Íslandi rangt skráð. Í stað þess að sól sé hæst á lofti um hádegisbil er sól á Íslandi hæst á lofti í Reykjavík að meðaltali kl. 13.28 og á Egilsstöðum hálftíma fyrr. Verði klukkunni varanlega seinkað um eina klukkustund, eins og tillaga þessi gerir ráð fyrir, yrði sól hæst á lofti í Reykjavík að jafnaði klukkan hálf eitt og á Egilsstöðum í kringum tólf, eins og eðlilegt er.

Vegna þessarar tímaskekkju á Íslandi kannast líklega flestir Íslendingar við þá nöpru tilfinningu að þurfa að vakna til vinnu eða skóla í svartamyrkri stóran hluta ársins. Í raun er enn nótt á Íslandi, miðað við gang sólar, þegar Íslendingar fara til vinnu klukkan átta eða hálf níu miðað við núverandi klukku. Verði klukkunni seinkað um eina klukkustund verða morgnarnir hins vegar bjartir langt fram í nóvember og byrja aftur að verða bjartir síðari hluta janúar. Sólin rís oftar á undan fólkinu með tilheyrandi varma og birtu. Myrkum morgnum fækkar til muna.

Fjölmargar rannsóknir í læknis- og lífvísindum hafa leitt í ljós á undanförnum árum að líkamsklukkan fer mjög eftir gangi sólar. Komið hefur í ljós að unglingar eru sérstaklega viðkvæmir fyrir truflunum hvað þetta varðar. Rangt skráð klukka getur haft mikil áhrif í þá átt að minnka einbeitingu skólanema og annarra. Ungmenni vakna þreytt á morgnana, enda enn nótt, og njóta síður dagsins sem í hönd fer.

Tillaga þessi, verði hún samþykkt, leiðir vitaskuld til breyttrar afstöðu Íslands gagnvart nágrannalöndum. Tímamismunur verður einni klukkustund minni milli Íslands og Ameríku en einni klukkustund meiri milli Íslands og annarra Evrópulanda. Ekki verður séð, á tækniöld, að þetta þurfi að hafa teljandi áhrif á viðskipti og samskipti Íslendinga við þessar heimsálfur og aðrar. Mikilvægast er, af sjónarhóli tillöguflytjenda, að tíminn á Íslandi sé rétt skráður, en Íslendingar skrái ekki tímann sinn vitlaust vegna annarlegra ástæðna. Ísland er á hnettinum þar sem það er. Mikilvægast er að tíminn á Íslandi sé skráður til samræmis við það.

498. Skýrsla [380. mál]

menntamálanefndar um skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd þjónustusamnings við Menntaskólann Hraðbraut.

Með bréfi, dags. 7. október sl., fór forseti Alþingis þess á leit við formann menntamálanefndar að nefndin tæki til umfjöllunar skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd þjónustusamnings við Menntaskólann Hraðbraut, sbr. reglur um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar frá 12. febrúar 2008. Menntamálanefnd fjallaði um skýrsluna á 12 fundum sínum á tímabilinu 19. október til 10. desember.

Forsaga málsins.

Hinn 29. júní 2010 óskaði mennta- og menningarmálaráðuneytið eftir því að Ríkisendurskoðun fjallaði um framkvæmd þjónustusamnings ráðuneytisins við Hraðbraut ehf. sem rekur Menntaskólann Hraðbraut. Í skýrslu um framkvæmd þjónustusamnings við Menntaskólann Hraðbraut frá september 2010 gagnrýnir Ríkisendurskoðun nokkur atriði sem tengjast tilurð framangreinds þjónustusamnings í upphafi áratugarins. Ríkisendurskoðun gagnrýnir að hvorki hafi verið gerð formleg greining á því hvort þörf væri fyrir skóla eins og Menntaskólann Hraðbraut áður en í samningaviðræður var ráðist né lagt mat á hvort hagkvæmara væri að bjóða upp á sambærilegt nám við starfandi framhaldsskóla. Að auki kemur fram gagnrýni á að öðrum aðilum en Hraðbraut ehf. hafi ekki verið veitt jöfn tækifæri til að bjóða í það verkefni sem ráðuneytið útfærði í þjónustusamningi um rekstur skólans.

Þjónustusamningur um rekstur Menntaskólans Hraðbrautar.

Menntaskólinn Hraðbraut tók til starfa árið 2003. Skólinn er nú að öllu leyti í eigu einkahlutafélagsins Hraðbrautar ehf. og starfar samkvæmt þjónustusamningi félagsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem upphaflega var undirritaður í nóvembermánuði árið 2001 en endurnýjaður árið 2007. Gildistími samningsins er til 31. desember 2010 en samkvæmt viðaukasamningi milli sömu aðila hefur gildistími samningsins verið framlengdur til 31. júlí 2011. Skólinn býður upp á nám til stúdentsprófs á tveimur árum á náttúrufræðibraut og málabraut og er námið skipulagt í 15 sex vikna lotum þar sem nemendur leggja stund á nám í þremur þriggja eininga námsáföngum í hverri lotu. Síðastliðinn vetur voru 158 innritaðir í skólann, 96 á fyrra ári og 62 á því síðara.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að skv. 5. gr. þjónustusamningsins skuli árlega fara fram uppgjör þar sem áætlun um nemendafjölda og fjárframlög ríkisins eru borin saman við rauntölur. Slíkt uppgjör hefur þó aldrei farið fram þrátt fyrir að skólinn og ráðuneytið

hafi vitað að nemendafjöldi við skólann væri ekki í takti við fjárframlög og skólinn hafi ítrekað fengið hærri greiðslur en hann átti rétt á samkvæmt samningi. Ríkisendurskoðun gagnrýnir ráðuneytið fyrir að framfylgja ekki skýru ákvæði 5. gr. samningsins og telur að ráðuneytið hafi ekki haft stoð í lögum til að gefa eftir skuld skólans við ríkissjóð samtals að fjárhæð 126,1 millj. kr. vegna ofgreiddra framlaga á árunum 2004–2006.

Arðgreiðslur til eigenda Hraðbrautar ehf.

Fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar að Hraðbraut ehf. hafi greitt 82 millj. kr. í arð til eigenda sinna árin 2003–2009. Ríkisendurskoðun tekur fram að hún telji hvorki þjónustusamning né lög banna slíkar arðgreiðslur. Engu síður verði að halda því til haga að framlög ríkisins til skólans á tímabilinu 2003–2009 hafi numið 192 millj. kr. umfram ákvæði þjónustusamningsins. Af þeim sökum hafi skólinn í reynd verið rekinn með halla og því ekki verið fjárhagslegar forsendur fyrir því að greiða út arð til eigenda hans á sama tíma.

Lánveitingar til eigenda Hraðbrautar ehf.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er bent á að í 7. gr. þjónustusamningsins sé kveðið á um að fjárreiðum og reikningshaldi skólans, vegna hins umsamda verkefnis, skuli halda aðgreindum frá öðru bókhaldi og eignum skólans. Fyrir liggur að fjárhæð lána til fyrrverandi eigenda Hraðbrautar ehf. hafi numið 50 millj. kr. í árslok 2009. Telur Ríkisendurskoðun slíkar lánveitingar óæskilegar og í andstöðu við framangreinda 7. gr. þjónustusamningsins enda tengjast slíkar lánveitingar ekki rekstri skólans.

Fjárhagslegar forsendur skólans.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er að fjárhagslegar forsendur fyrir áframhaldandi rekstri skólans séu afar hæpnar að óbreyttum aðstæðum. Skuld skólans við ríkissjóð vegna ofgreiddra framlaga nemi 192 millj. kr. og skólinn hafi verið rekinn með nokkrum halla eina árið sem samræmi var á milli framlaga úr ríkissjóði og raunverulegs nemendafjölda. Þá telur Ríkisendurskoðun að veruleg óvissa ríki um getu eiganda skólans, Gagns ehf., til að endurgreiða það lán sem áður hefur verið nefnt.

Umsögn fjárlaganefndar Alþingis.

Menntamálanefnd óskaði eftir umsögn fjárlaganefndar um framangreindra skýrslu Ríkisendurskoðunar, sbr. 4. gr. reglna um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar. Fjárlaganefnd fjallaði um skýrsluna og fékk á sinn fund Gísla Þór Magnússon, Jón Vilberg Guðjónsson, Mörtu Skúladóttur og Þóri Ólafsson frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Jón Loft Björnsson, Lárus Ögmundsson og Pétur Vilhjálmsson frá Ríkisendurskoðun og Ólaf Hauk Johnson frá Menntaskólanum Hraðbraut.

Í áliti meiri hluta fjárlaganefndar segir orðrétt:

„Það er álit fjárlaganefndar að Ríkisendurskoðun eigi að nýta sér í auknum mæli heimild til að kalla eftir upplýsingum úr fjárhagsbókhaldi einkarekinna stofnana sem Menntaskólans Hraðbrautar. Ef einkaskólar og opinberir skólar eiga að njóta sömu fyrirgreiðslu verður aðgangur að upplýsingum um rekstur þeirra að vera sambærilegur. Jafnframt að Ríkisendurskoðun framkvæmi stjórnsýsluendurskoðun á samningum er varða aðra en ríkisaðila sem fá veruleg fjárframlög úr ríkissjóði. Nefndin tekur undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar um að ekki séu heimildir í lögum til ráðherra til að gefa eftir skuldir með þeim hætti sem gert var með þjónustusamningi 2007 við Menntaskólann Hraðbraut. Nefndin telur einnig að slík eftirgjöf sé ekki í samræmi við þá framkvæmd er tíðkast hefur gagnvart opinberum skólum. Þá

telur fjárlaganefnd að ekki hafi verið forsendur fyrir gerð nýs þjónustusamnings með óbreyttu umfangi við skólann árið 2007 þar sem endurskoðaðir ársreikningar lágu ekki fyrir og þar með voru ekki allar nauðsynlegar upplýsingar til staðar til að styðja áframhaldandi samstarf með fjárframlögum úr ríkissjóði. Einnig lágu þá fyrir upplýsingar um að nemendafjöldi væri langt undir því sem áætlað hafði verið án þess að greiðslur til skólans hefðu verið lagaðar að því. Fjárlaganefnd telur ljóst af greinargerð Ríkisendurskoðunar að menntamálaráðuneytið hafi ekki uppfyllt að fullu eftirlitsskyldu sína hvað varðar eftirlit með rekstri Menntaskólans Hraðbrautar.

Fjárlaganefnd leggur áherslu á að skuld skólans við ríkissjóð verði greidd og ákvörðun um aðkomu ríkisins að skólanum verði tekin út frá faglegum forsendum með hagsmuni nemenda og ríkissjóðs í forgrunni.“

Í áliti 1. og 2. minni hluta fjárlaganefndar, sem eru efnislega samhljóða að niðurlagi þeirra undanskildu, er vakin athygli á því að í frumvarpi til fjárlaga 2011 sé Menntaskólinn Hraðbraut á lista yfir gagnaðila mennta- og menningarmálaráðuneytisins að þjónustusamningi. Minni hlutarnir telja að eðlilegra væri að þinglegri umfjöllun um málefni skólans væri lokið áður en gengið væri frá fjárveitingum til skólans í fjárlögum. Bent er á að við umfjöllun fjárlaganefndar um málið hafi komið fram að aðeins 30–35 nemendur skólans teldust falla undir ákvæði um að veita afburðanemendum tækifæri til að ljúka stúdentsprófi á tveimur árum. Aðrir nemendur væru nemendur sem hefðu hætt í skóla og töldu það henta sér vel að ljúka námi á tveimur árum. Minni hlutarnir telja það vera álitamál hvort íslenska ríkinu beri að greiða fyrir kennslu annarra nemenda en kveðið er á um í þjónustusamningi að greitt skuli fyrir og gagnrýna mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir að framfylgja ekki 5. gr. þjónustusamningsins um árlegt uppgjör. Slíkt uppgjör hafi aldrei farið fram á starfstíma skólans, auk þess sem skólinn hafi fengið greiðslur frá ráðuneytinu án þess að fyrir lægju endurskoðaðir ársreikningar Hraðbrautar ehf. Einnig gagnrýna minni hlutarnir að svo virðist sem fjárframlög hafi verið greidd til skólans án þess að viðunandi eftirlit væri af hálfu ráðuneytisins með fjárreiðum hans og að ráðuneytið virðist ekki hafa haft allar þær upplýsingar sem telja yrði nauðsynlegar til að sinna raunhæfu eftirliti. Þá var bent á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga 2010, janúar til ágúst, kæmi fram að ráðuneytin hefðu styrkt mjög eftirlit sitt með framkvæmd fjárlaga, að mennta- og menningarmálaráðuneytið undanskildu. Að lokum er í álitum minni hlutanna tekið undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar um að fjárhagsleg fyrirgreiðsla við skólann sé afar hæpin að óbreyttum forsendum. Því sé óvarlegt að ákvarða frekari fjárframlög til skólans enda hljóti markmið ríkissjóðs að vera þau að ljúka skuldbindingum við þá nemendur sem hafa ekki lokið námi við skólann. Minni hlutarnir telja þá tilraun sem ríkissjóður tók þátt í með gerð þjónustusamnings við Hraðbraut ehf. og fjárframlögum honum samkvæmt hafa mistekist og því beri að skoða alvarlega hvort enda skuli samstarfið við félagið.

Til viðbótar bendir 2. minni hluti fjárlaganefndar á að mennta- og menningarmálaráðherra beri ábyrgð á málaflokknum og virðist hafa lagt blessun sína yfir starfshætti Menntaskólans Hraðbrautar með endurnýjun þjónustusamnings um rekstur skólans. Tekur 2. minni hluti fram að svo virðist sem fyrrverandi menntamálaráðherra hafi látið faglegt mat og stjórnsýslulög lönd og leið í þeirri viðleitni að ýta undir einkarekstur skóla. Telur 2. minni hluti að rannsaka þurfi hvort brotið hafi verið gegn lögum um ráðherraábyrgð hvað þetta snertir.

Umfjöllun menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur fjallað um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Á fund nefndarinnar komu Sveinn Arason, Þórir Óskarsson og Pétur Vilhjálmsson frá Ríkisendurskoðun, Jón

Vilberg Guðjónsson, Arnór Guðmundsson, Leifur Eysteinsson og Gísli Þór Magnússon frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Ólafur Haukur Johnson, Bjarki Bjarnason og Grétar Birgisson frá Menntaskólanum Hraðbraut, Pétur Björn Pétursson, formaður skólanefndar, Hilmar Pétursson, fyrrverandi kennari, og Jóhanna Magnúsdóttir, fyrrverandi aðstoðarskólastjóri skólans.

Nefndinni barst að auki skriflegt erindi frá Ólafi Hauki Johnson þar sem hann gagnrýnir einstök atriði skýrslunnar. Heldur Ólafur því þar fram að alvarlegir gallar séu á útreikningum Ríkisendurskoðunar en Menntaskólinn Hraðbraut og mennta- og menningarmálaráðuneytið séu í meginatriðum sammála um niðurstöður útreikninga. Bendir Ólafur á að í Menntaskólanum Hraðbraut séu fleiri nemendur núna en skólinn fær greitt fyrir samkvæmt þjónustusamningi. Hraðbraut ehf. líti svo á að félagið verði skuldlaust við mennta- og menningarmálaráðuneytið um næstu áramót en ráðuneytið telji að slíkur jöfnuður náist í mars 2011. Ólafur bendir á að fjárhagur og rekstur skólans sé traustur, félagið sé skuldlaust og með peninga í sjóði eða eins og segir orðrétt í erindi hans: „Rekstrarlega á því framtíð skólans að vera björt.“

Fram kemur í erindi Ólafs að mennta- og menningarmálaráðuneytinu hafi verið gert tilboð um að greiðslur til skólans yrðu þær lægstu sem þekktust í framhaldsskólakerfinu. Loks heldur Ólafur því fram að skólastarfið hafi gengið mjög vel og skólinn sé nú þegar kominn í hóp bestu framhaldsskóla landsins.

Nefndin leitaði álits mennta- og menningarmálaráðuneytis á ákveðnum efnisatriðum erindis Ólafs og eru svör þau sem bárust frá ráðuneytinu birt sem fylgiskjöl með skýrslu þessari. Þar hafnar ráðuneytið m.a. þeirri fullyrðingu Ólafs Hauks Johnson að alvarleg villa sé í útreikningum Ríkisendurskoðunar. Hið rétta sé að mismunandi tölur hafi verið settar fram sem byggðar séu á ólíkum forsendum. Meginmunurinn liggi í því hvort ákvæði í endurnýjuðum þjónustusamningi frá árinu 2007, þess efnis að fella beri niður hluta af uppsafnaðri skuld skólans við ríkissjóð, verði látið standa. Ráðuneytið bendir á að í útreikningum Ríkisendurskoðunar sé ekki tekið tillit til framangreinds ákvæðis. Það er mat ráðuneytisins að Ólafur geti haldið því fram að hann hafi verið í góðri trú þar sem undirskriftir tveggja ráðherra á samningi staðfesti slíkt. Að teknu tilliti til framangreinds er það mat ráðuneytisins að heildarskuld Hraðbrautar ehf. við ríkissjóð fyrir tímabilið 2004–2009 nemi 88,9 millj. kr. þegar tillit er tekið til 34 millj. kr. skuldar Hraðbrautar við ríkissjóð vegna ofgreiddra nemendaframlaga á árinu 2006, sem ekki var felld niður við endurskoðun þjónustusamnings árið 2007.

Meiri hlutinn getur ekki fallist á framangreinda niðurstöðu ráðuneytisins í ljósi þeirrar niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að ráðuneytið hafi skort lagaheimild til að fella niður skuldir Hraðbrautar ehf. gagnvart ríkissjóði. Meiri hluti nefndarinnar fellst þó á það mat ráðuneytisins að rétt sé að taka tillit til þess við uppgjör á skuld Hraðbrautar ehf. vegna tímabilsins 2004–2006 að ekki var felld niður 34 millj. kr. skuld vegna ofgreiddra nemendaframlaga á árinu 2006. Niðurfelldar skuldir ráðuneytisins við Hraðbraut ehf. vegna tímabilsins hafi því í reynd numið 92,1 millj. kr. en ekki 126,1 millj. kr. eins og segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Meiri hlutinn vekur athygli á því að upphaflegur þjónustusamningur frá árinu 2001 var gerður við einstaklingsfyrirtækið Hraðbraut, kt. 461000–2150, en sá næsti, 10. maí 2007, við Hraðbraut ehf., kt. 490403–2210. Í svari ráðuneytisins kom fram að allar greiðslur frá ráðuneytinu hefðu farið á nýju kennitöluna en greiðslur hafi hafist árið 2003.

Meiri hlutinn bendir á að svo virðist sem eigendur skólans hafi greitt sér umtalsverðan arð út úr einkahlutafélaginu Faxafen ehf., kt. 440204–2870. Faxafen ehf. leigir Hraðbraut ehf.

skólahúsnæði. Faxafen ehf. var í eigu skólastjóra Hraðbrautar og Nýsis en er nú í eigu skólastjórans og eiginkonu hans. Frá því að félagið var stofnað hafa arðgreiðslur úr því numið 95 millj. kr. samkvæmt þeim ársreikningum sem nefndin hefur skoðað.

Meiri hlutinn bendir sérstaklega á að upphaflegur þjónustusamningur menntamálaráðuneytisins og Hraðbrautar ehf. byggðist m.a. á þeirri forsendu að skólinn mundi sérstaklega þjóna bráðgerum 16–18 ára nemendum. Þessi forsenda er skýrt útfærð í fylgiskjali við samninginn þar sem segir:

„1.1. Hraðbraut er framhaldsskóli, sem mun bjóða afburða nemendum að ljúka stúdentsprófi á tveimur árum í stað fjögurra eins og almennt er boðið uppá í öðrum framhaldsskólum.

1.2. Þörfum bestu nemendanna hefur ekki verið sérstaklega sinnt í íslenskum framhaldsskólum til þessa. Hraðbraut mun bæta úr þeim skorti sem verið hefur á skóla sem mætir þörfum þessara nemenda sérstaklega.“

Ljóst er að framangreind forsenda þjónustusamningsins hefur ekki staðist nema að hluta því að stór hluti nemenda skólans uppfyllir ekki ákvörðunaratriði hennar. Samkvæmt tölum frá Menntaskólanum Hraðbraut voru 196 nemendur skráðir við skólann á haustönn 2010 og þar af voru 115 nýnemar. Af nýnemum voru 70 eða 60% eldri en 18 ára. Við innritun haustið 2009 voru nemendur eldri en 18 ára 40% innritaðra nemenda.

Meiri hlutinn áréttar að Ríkisendurskoðun ályktar að rekstrarforsendur skólans séu hæpnar. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar var skólinn rekinn með 12,7 millj. kr. halla á árinu 2009. Var það fyrsta árið þar sem framlög ríkisins voru í samræmi við raunverulegan nemendafjölda. Á árunum 2003–2008 var heildarafkoma skólans jákvæð um 86,4 millj. kr. Sérstaka athygli vekur að nær 95% þess rekstrarafgangs voru greidd út til eigenda í formi arðgreiðslna. Engu síður var ljóst að allur rekstrarafgangur skólans var tilkominn vegna ofgreiðslna úr ríkissjóði.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið lét gera úttekt á faglegu starfi Menntaskólans Hraðbrautar í apríl og maí 2010. Þar kemur fram að sérstaða skólans felist annars vegar í tveggja ára námi til stúdentsprófs og hins vegar kennsluskipulagi í lotum. Skólinn geri miklar kröfur til nemenda um ástundun og aðhald og nemendur séu mjög ánægðir með skólastarfið og líði vel innan veggja skólans. Kennarar séu mjög metnaðarfullir, skipulag kennslu skýrt og skyldur nemenda ljósar. Þó er gagnrýnt að samskipti skólastjóra og annarra starfsmanna hafi verið mjög brotakennd og mikil óánægja meðal starfsmanna með stjórn skólans og miklar fjarvistir skólastjóra. Telji sumir kennara að skólann skorti faglega forustu til að geta þróast sem skyldi. Gagnrýna einstakir kennarar stjórnhætti skólastjórans, sem einkennist af einhliða ákvarðanatöku án aðkomu kennara að stjórn skólans. Fram kemur að ekkert eiginlegt þróunarstarf eigi sér stað í skólanum, gæðastjórnunarkerfi sé enn í mótun og engin vinna sé unnin við þróun nýrrar námskrár. Kemur fram í úttektinni að hugmyndalegur ágreiningur sé mikill milli stjórnenda skólans annars vegar og kennara hans hins vegar hvað varðar stefnu skólans og helsta markhóp. Þess má geta að aðstoðarskólastjóri Menntaskólans Hraðbrautar sagði starfi sínu lausu síðastliðið vor vegna samstarfsörðugleika við skólastjóra skólans. Í niðurlagi úttektar ráðuneytisins segir orðrétt: „Veikasti þáttur skólans og sá fyrirferðarmesti nú er stjórn skólans og samskipti skólastjóra og hluta starfsmanna. Þau eru það slæm að þau hljóta að setja mark sitt á allt faglegt starf skólans og við það verður ekki búið.“

Stjórnendur skólans fullyrða að gæði þess náms sem boðið er í Menntaskólanum Hraðbraut séu mikil og árangur útskriftarnema góður þegar í háskóla er komið. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur sent fyrirspurn til Háskóla Íslands um námsgengi nemenda sem útskrifast hafa úr Menntaskólanum Hraðbraut og barst nefndinni svar 7. desember sl. Þar

kemur m.a. fram að heildarmeðaleinkunn nemenda í Háskóla Íslands skólaárið 2007–2008 sé 6,55 en heildarmeðaleinkunn nemenda sem útskrifast hafa úr Menntaskólanum Hraðbraut er 6,10. Skólaárið 2008–2009 er heildarmeðaleinkunn nemenda 6,76 en nemenda frá Menntaskólanum Hraðbraut 6,15. Skólaárið 2009–2010 er heildarmeðaleinkunn nemenda 6,71 en nemenda frá Menntaskólanum Hraðbraut 6,35.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að miklar deilur urðu milli kennara og skólastjóra Menntaskólans Hraðbrautar um þá fyrirætlan kennara að gerast aðilar að Kennarasambandi Íslands. Í máli fyrrverandi kennara skólans sem komu á fund nefndarinnar kom fram að athugun hefði leitt í ljós að kennarar skólans hefðu fengið greidd laun sem væru umtalsvert lægri en laun sambærilegra kennara innan Kennarasambands Íslands miðað við vinnuframlag. Meiri hlutinn gagnrýnir sérstaklega að engir kjarasamningar hafa verið gerðir við kennara Menntaskólans Hraðbrautar og liggur fyrir að kennarar hafa ekki fengið álagsgreiðslur vegna þess aukna vinnuframlags sem leiðir af hraðferðarfyrirkomulagi kennslunnar. Á hverju skólaári er kennt 70% meira námsefni en í hefðbundnum framhaldsskólum og þar sem kennslan fer fram í lotum þarf kennari að standa skil á heildarnámsmati margfalt oftar en í hefðbundinni kennslu. Rétt er að taka fram að í kjarasamningum Kennarasambands Íslands er sérstaklega kveðið á um að greitt sé 60% álag á laun þegar um er að ræða hraðferðarkennslu af þeirri gerð sem um ræðir í Menntaskólanum Hraðbraut. Kennarar við Hraðbraut hafa ekki notið slíkra álagsgreiðslna.

Meiri hlutinn vekur sérstaka athygli á því að svo virðist sem óvenjulágu hlutfalli af rekstrarútgjöldum skólans sé varið í laun og launatengd gjöld borið saman við opinbera framhaldsskóla. Samkvæmt ársreikningi Hraðbrautar ehf. fyrir 2007 var launakostnaður 37% af rekstrarútgjöldum skólans. Í framhaldsskólum á vegum ríkisins er hlutfall launakostnaðar að jafnaði tvöfalt hærra, um 75% af rekstrarútgjöldum. Rétt er að hafa í huga að við slíkan samanburð þarf vitanlega að taka með í reikninginn mismunandi aðstæður í rekstri en það getur þó ekki skýrt frávik af þessari stærðargráðu. Í sama ársreikningi kemur fram að skrifstofukostnaður og annar rekstrarkostnaður nemur 58% af rekstrarútgjöldum. Þar með talinn er húsnæðiskostnaður en svo sem fram hefur komið leigir Hraðbraut ehf. húsnæði skólans af Faxafeni ehf., sem er í eigu sömu aðila.

Að lokum er rétt að fram komi að samkvæmt upplýsingum frá Kennarasambandi Íslands eru í undirbúningi dómsmál á hendur forsvarsmönnum skólans, sem tengjast annars vegar meintum ólöglegum uppsögnum tveggja starfsmanna og hins vegar meintum undirborgunum launa sem stangist á við ákvæði kjarasamninga Kennarasambands Íslands um lágmarkslaun kennara.

Niðurstöður meiri hluta menntamálanefndar.

Meirihluti menntamálanefndar Alþingis, en hann skipa Skúli Helgason, Eygló Harðardóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Lilja Mósesdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Oddný G. Harðardóttir og Þráinn Bertelsson, telur að mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi á árunum 2004–2007 brugðist í grundvallaratriðum eftirlitsskyldu sinni með framkvæmd þjónustusamnings við Menntaskólann Hraðbraut. Þá telur meiri hlutinn að ekki hafi verið lagastoð fyrir þeirri ákvörðun þáverandi menntamálaráðherra að fella niður 92,1 millj. kr. skuld skólans við ríkissjóð þegar þjónustusamningur ráðuneytisins og Hraðbrautar ehf. var endurnýjaður árið 2007. Meiri hlutinn gagnrýnir að á sama tíma og virkt eftirlit er með því gagnvart opinberum skólum að ríkisframlög fylgi raunverulegum nemendafjölda hafi ráðuneytið vanrækt að fylgja eftir hliðstæðum ákvæðum þjónustusamnings um rekstur umrædds einkaskóla. Telur meiri hlutinn mikilvægt að fullt samræmi sé í eftirfylgni ráðuneytisins með ráð-

stöfun opinbers fjár í menntakerfinu, hvort sem um opinbera skóla eða einkaskóla er að ræða.

Þá áréttar meiri hlutinn mikilvægi þess að eftirlit og eftirfylgni ráðuneytisins með þjónustusamningum verði eflt til muna. Meiri hlutinn átelur að ráðuneytið skuli hafa undirritað samning við einn lögaðila en síðan greitt framlög úr ríkissjóði til annars lögaðila í eigu sömu einstaklinga.

Það er afstaða meiri hlutans að skýrsla Ríkisendurskoðunar sé þungur áfellisdómur yfir fjármálaumsýslu og rekstrarháttum eigenda Hraðbrautar ehf. og stjórnenda Menntaskólans Hraðbrautar. Meðferð þeirra á fjárframlögum úr ríkissjóði verður að teljast sérstaklega ámælisverð þegar höfð er hliðsjón af arðgreiðslum sem byggðust á vafasömum forsendum, lánveitingum til eigenda í andstöðu við ákvæði þjónustusamnings og ítrekuðum ofgreiðslum fjármuna sem ekki voru endurgreiddar í ríkissjóð. Meiri hlutinn gagnrýnir að stjórnendur skólans hafi hvorki tryggt fyrir sitt leyti að ákvæði 5. gr. þjónustusamningsins um árlegt uppgjör á raunverulegum nemendafjölda væri virt né skilað ráðuneytinu endurskoðuðum ársreikningum. Leggur meiri hlutinn á það ríka áherslu að Hraðbraut ehf. beri að endurgreiða allar ofgreiðslur úr ríkissjóði að fullu. Þá tekur meiri hlutinn fram að hann telur að ekki sé fullnægjandi að skuld skólans við ríkið verði greidd til baka með því að kenna fleiri nemendum en greitt er fyrir, sérstaklega þegar haft er í huga að fjölmargir opinberir framhaldsskólar á landinu öllu kenna nú mun fleiri nemendum en þeir fá greitt fyrir.

Þegar tillit er tekið til skuldar Hraðbrautar ehf. við ríkissjóð og óvissu um getu Gagns ehf. til að endurgreiða Hraðbraut ehf. 50 millj. kr. lán sem félagið veitti eiganda sínum tekur meiri hlutinn undir niðurstöðu Ríkisendurskoðunar þess efnis að grundvöllur rekstrar Menntaskólans Hraðbrautar sé ótraustur. Meiri hlutinn telur að fullyrðingar um undirborganir kennara Menntaskólans Hraðbrautar ehf. kalli á frekari skoðun því ekki geti talist eðlilegt að launagreiðslur til kennara séu umtalsvert lægri í Menntaskólanum Hraðbraut en í öðrum framhaldsskólum landsins, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess mikla vinnuálags sem kennarar skólans þurfa að búa við.

Núgildandi þjónustusamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Hraðbrautar ehf. fellur úr gildi 31. júlí 2011. Í ljósi þeirra alvarlegu ásakana sem fram koma í garð eigenda skólans í skýrslu Ríkisendurskoðunar um meðferð þeirra á opinberu fjármagni getur meiri hluti menntamálanefndar Alþingis ekki mælt með því að þjónustusamningur ráðuneytisins við núverandi eigendur Hraðbrautar ehf. verði endurnýjaður. Þá telur meiri hlutinn, í ljósi ályktana Ríkisendurskoðunar, miklum vafa undirorpið að núverandi rekstrarfyrirkomulag skólans fái staðist til framtíðar.

Hins vegar leggur meiri hlutinn ríka áherslu á að hagsmunir núverandi nemenda skólans verði tryggðir og skorar á mennta- og menningarmálaráðuneytið að leita allra leiða til að tryggja að þeir nemendur sem leggja stund á nám í Menntaskólanum Hraðbraut eigi áfram kost á sambærilegu námi á næsta skólaári sem geri þeim kleift að ljúka námi til stúdentsprófs á tilsettum tíma.

Meiri hluti nefndarinnar áréttar að skýrsla Ríkisendurskoðunar er fyrst og fremst þungur áfellisdómur yfir fjármálaumsýslu eigenda Menntaskólans Hraðbrautar ehf. en ekki því faglega starfi sem unnið hefur verið innan skólans. Sá valkostur sem Menntaskólinn Hraðbraut hefur boðið nemendum á fullan rétt á sér og er það von meiri hlutans að sambærilegt úrræði muni áfram standa hæfileikaríkum framhaldsskólanemum til boða. Meiri hlutinn leggur áherslu á að skýr lærdómur verði dreginn af því máli sem hér er til umfjöllunar og í þjónustusamningum mennta- og menningarmálaráðuneytisins við einkaskóla í framtíðinni verði settar afgerandi skorður við arðgreiðslum til eigenda og lánveitingum til tengdra aðila. Jafnframt

verði tryggt að ekki sé brotinn réttur á fagstéttum viðkomandi skóla, hvað varðar starfskjör og önnur réttindi.

Meiri hlutinn leggur að lokum til að upplýsingar sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd þjónustusamninga verði notaðar til að móta reglur um rekstrarform í tengslum við gerð þjónustusamninga við menntastofnanir, endurbæta innihald slíkra samninga og eftirlitsferla með framkvæmd þeirra.

Sjónarmið minni hluta nefndarinnar.

Minni hluti nefndarinnar, sem Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Íris Róbertsdóttir skipa, telur að þegar fjallað er um málefni Menntaskólans Hraðbrautar ber að líta til tveggja þátta, annars vegar rekstrar og fjárumsýslu stjórnenda og hins vegar til innra starfs skólans og ánægju nemenda.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti óskaði eftir því að Ríkisendurskoðun fjallaði um framkvæmd þjónustusamnings ráðuneytisins við Hraðbraut ehf. sem rekur Menntaskólann Hraðbraut. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að skv. 5. gr. þjónustusamningsins skuli fara fram árlegt uppgjör á fjárreiðum skólans. Slíkt uppgjör hefur þó aldrei farið fram þrátt fyrir að skólinn hafi starfað frá 2003–2010 og ráðuneytið hafi vitað að nemendafjöldi við skólann væri ekki í takti við fjárlög og að skólinn hafi fengið hærri greiðslur en hann átti rétt á samkvæmt þjónustusamningi. Slíkt hlýtur að teljast ámælisvert bæði af hálfu ráðuneytisins og stjórnenda skólans.

Engu síður vegur sérstaða skólans meðal íslenskra framhaldsskóla þungt og ber að líta til skólastarfsins sjálfs eins og því eru gerð skil í nýlegri úttekt á innra starfi skólans. En þar segir m.a.:

„Markmið með úttektinni er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennar upplýsingar um starfsemi skólans. Við matið var einkum lögð áhersla á að skoða eftirfarandi þætti skólastarfs: Stjórnun, kennsluhætti, námsmat, námskröfur, nýtingu tíma, samskipti, starfsanda, aðstöðu nemenda og kennara, viðhorf nemenda, starfsfólks og nærsamfélags til skólastarfsins, svo og menntun kennara. Jafnframt var lagt mat á hvernig innra mat skólans er hagað og hvernig það nýtist til umbótastarfs.

Veturinn 2009–2010 stunda 158 nemendur við skólann, 96 nemendur á fyrra ári og 62 nemendur á því síðara. Af þeim koma 50% beint úr grunnskóla.

Kennsluskipulag.

Kennsluskipulag skólans er byggt upp á svo kölluðu lotukerfi þar sem námið er skipulagt í 15 sex vikna lotum og takast nemendur á við þrjá þriggja eininga námsáfanga í hverri lotu og ljúka því 9 námseiningum í hverri. Loturnar eru skipulagðar þannig að fjórar vikur eru nýttar í kennslu og skipulagðan námstíma nemenda en fimmta vikan er prófavika. Síðasta vika hverrar lotu er frívika fyrir þá nemendur sem náð hafa prófum lotunnar en aðrir nemendur taka endurtekningapróf.

Nemendur.

Nemendur sem rætt var við voru mjög jákvæðir í garð skólans og stoltir af honum. Þau sögðu skólann metnaðarfullan og að kennsla og námsfyrirkomulag gerði miklar kröfur til þeirra sem nemenda. Þau töldu sérstöðu skólans annars vegar vera smæð hans og hins vegar kennslukerfið eða lotukerfið og voru mjög ánægð með hvort tveggja.

Nemendur voru ánægðir með kennsluhætti í skólanum og segja að það geri miklar kröfur til nemenda um vinnu. Hér þurfi að vinna vel og hafa metnað fyrir náminu ef árangur á að nást. Lotukerfið gerir þær kröfur að þeir vinni jafnt og þétt til að ná prófum í prófaviku.

Stundum er námsefnið erfitt og nemendur töldu að um 25% nemenda þyrfti að nýta sér upptökuviku. Það gæti hins vegar verið mjög erfitt að fá ekki fríviku í lengri tíma.

Nemendur eru almennt ánægðir með kennara sína og segja þá langflesta mjög góða. Þeir séu vel skipulagðir sem skipti mestu í þessu kennslukerfi og reyni oft að gera eitthvað skemmtilegt í kennslu sinni og breyta til. Þau telja að kennarar noti ýmsar kennsluaðferðir og nemendur af málabraut eru ánægðir með að þurfa að halda nemendafyrirlestra en viðmælandi á náttúrubraut segir það ekki algenga kennsluaðferð þar. Ef eitthvað bregður út af og þau eru ósátt við kennara eða kennslu þeirra er auðvelt að koma því á framfæri í kennslukönnunum. Í kennslukönnun sem lögð var fyrir nemendur í janúar 2010 virtust nemendur almennt nokkuð sáttir við kennslu og kennsluhætti en þó síst sáttir við námsgögn, framsetningu kennara á námsefni auk þess sem þeir gáfu fjölbreytni kennsluaðferða lága einkunn.

Kennarar.

Við skólann starfa 10 kennarar í fullu starfi og 8 skólafulltrúar í 5 stöðugildum en að auki stundakennarar sem kenna einstaka áfanga og aðstoðarkennarar sem sjá um að leiðbeina nemendum einkum í stærðfræði á viðtalstímum. Af föstum kennurum eru 6 með kennsluréttindi og að minnsta kosti tveir kennara hafa sótt um nám í kennsluréttindum næsta skólaár. Ríflega helmingur kennara hefur bakkalárgráðu í faggrein og hinir meistaragráðu. Kennarar hafa flestir hverjir langa kennslureynslu úr öðrum framhaldsskólun, grunnskólum eða háskóla. Stór hluti fastráðinna kennara hefur starfað lengi við Hraðbraut og sumir frá stofnun skólans. Starfsmannavelta er lítil meðal kennara í fullu starfi en verr gengur að halda þeim kennurum sem eru í litlu starfshlutfalli og eiga því erfitt með að skuldbinda sig.

Kennarar lýsa samskiptum sínum við nemendur sem mjög jákvæðum og segja smæð skólans gera sér auðveldara um vik að fylgjast með námsþróun nemenda. Aðgengi nemenda að kennurum er gott og kennarar virðast tilbúnir að veita nemendum hjálparhönd innan hefðbundins skólatíma sem og utan.

Samstarf stjórnenda og kennara.

Kennarar óska eftir meira samráði og óska eftir að hafa meira að segja um stjórn skólans en þar sem um einkaskóla er að ræða er það ekki sjálfgefið. Kennarar kvarta yfir launaleynd og að skólastjóri óski eftir að þeir gangi ekki í stéttarfélag. Kennarar hljóta við upphaf starfsins að hafa gert einstaklingsamning þar sem samið var um launaleynd og að ganga ekki í stéttarfélag. Staða kennara við einkaskóla getur því verið talsvert önnur en hjá kennara sem ræður sig hjá ríki og sveitarfélagi og þarf að hafa það í huga. Þegar að úttektin var gerð ríkti augljóslega talsverð togstreita á milli skólastjóra og hluta starfsmanna og litar sá ágreiningur án efa þau viðhorf og væntingar sem settar hafa verið fram hér að framan. Hafa verður í huga að hér er verið að gera úttekt á einkaskóla en ekki skóla í eigu hins opinbera. Ósætti kennara snýr bæði að launakröfum og áhrifum eða áhrifaleysi þeirra í stjórnun skóla.“

Í yfirlýsingu frá starfsfólki Menntaskólans Hraðbrautar sem afhent var á fundi menntamálanefndar föstudaginn 26. nóvember kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Menntaskólinn Hraðbraut er valkostur í íslenska framhaldsskólakerfinu sem á sér ekki hliðstæðu. Sérstaða skólans er meðal annars fólgin í eftirtöldum atriðum:

- *Námið í Hraðbraut tekur tvö ár í stað fjögurra sem er algengast í öðrum framhaldsskólum.*
- *Námið er byggt upp með lotukerfi og aðeins eru kenndar þrjár kennslugreinar einu þannig að nemendur geta einbeitt sér að fáum greinum í senn.*
- *Nemendur fá hefðbundna kennslu þrjá daga vikunnar en stunda sjálfsnám tvo dag og fá þá leiðsögn og aðstoð frá hjá kennurum skólans.*

- *Skólinn er lítill og persónulegur þar sem allir eiga þess kost að njóta sín.“*

Niðurstöður minni hluta menntamálanefndar.

Skýrlega kemur fram í úttektinni að nemendur eru afar ánægðir með skólann, kennsluskipulagið, kennslu og kennara. Það hlýtur að vega þungt þegar ákvörðun er tekin um framhaldið. Starfsmannavelta er lítil, kennarar eru ánægðir með kennsluskipulag og lýsa samskiptum sínum við nemendur sem mjög jákvæðum. Hins vegar ríkir togstreita milli stjórnenda og kennara sem er ekkert nýtt en þarf að skoða frekar og jafna þann ágreining.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar er áfellisdómur yfir rekstri og fjárumsýslu stjórnenda og eftirlitsleysi ráðuneytis á starfsárum skólans. Í uppgjöri á milli skólans og mennta- og menningarmálaráðuneytis þarf að ganga eftir því að um ofgreiðslur til skólans sem og skuldir gildi sömu reglur og um framhaldsskóla hins opinbera. Rekstrarform Menntaskólans Hraðbrautar eitt og sér getur aldrei orðið ástæða þess að þjónustusamningur við skólann verði ekki endurnýjaður.

Í ljósi þeirrar sérstöðu sem Menntaskólinn Hraðbraut hefur meðal íslenskra framhaldsskóla, jákvæðrar úttektar á innra starfi skólans, ánægju nemenda með skólann og yfirlýsingar frá starfsfólki sem lögð var fram á fundi menntamálanefndar föstudaginn 26. nóvember, leggur minni hlutinn til að mennta- og menningarmálaráðuneytið tryggi framtíð skólans með nýjum þjónustusamningi.

Einnig leggur minni hlutinn til að í nýjum þjónustusamningi við skólann verði gerðar skýrar kröfur um markmið skólans og rekstur, hvernig stjórn skólans skuli skipuð, hvert sé hlutverk stjórnarmanna og að tryggt verði að starfsfólk skólans eigi þar fulltrúa.

Sameiginleg niðurstaða menntamálanefndar.

Menntamálanefnd Alþingis telur að skýrsla Ríkisendurskoðunar kalli á að gerð verði úttekt á framkvæmd allra þjónustusamninga mennta- og menningarmálaráðuneytisins um rekstur einkaskóla. Telur nefndin nauðsynlegt að í slíkri skýrslu komi fram hvort og í hve miklum mæli það hafi viðgengist að fjárframlög hafi verið ofgreidd úr ríkissjóði án þess að til endurgreiðslu þeirra hafi komið. Jafnframt komi fram samanburður við opinbera framhaldsskóla í þessu sambandi.

Fylgiskjal I.

Álit meiri hluta fjárlaganefndar um skýrslu Ríkisendurskoðunar um Menntaskólann Hraðbraut.

Með bréfi dags. 2. október sl. óskaði menntamálanefnd Alþingis eftir að fjárlaganefnd gæfi umsögn um greinargerð Ríkisendurskoðunar um framkvæmd þjónustusamnings við Menntaskólann Hraðbraut. Fjárlaganefnd hefur fjallað um skýrsluna og fengið til fundar við sig eftirfarandi gesti: Frá Ríkisendurskoðun Lárus Ögmundsson yfirlögfræðing, Jón Loft Björnsson skrifstofustjóra og Pétur Vilhjálmsson stjórnsýslufræðing, frá menntamálaráðuneyti Gísla Þór Magnússon, Mörtu Skúladóttur sérfræðing, Jón Vilberg Guðjónsson sérfræðing og Þóri Ólafsson sérfræðing og frá Menntaskólanum Hraðbraut Ólaf Johnson skólastjóra.

Í greinargerð Ríkisendurskoðunar er það gagnrýnt að við stofnun skólans hafi engin þarfagreining verið gerð áður en til hans var stofnað og heldur ekki gerð tilraun til að kanna hvort hagkvæmt væri að bjóða upp á sambærilegt nám og til stóð að veita í skólanum innan

einhvers af þeim framhaldsskólum sem voru þá starfandi. Einnig var samið um reksturinn við Hraðbraut ehf. án þess að öðrum gæfist kostur á að bjóða í verkefnið eða hafa aðkomu að því að öðru leyti.

Samkvæmt 5. grein þjónustusamningsins skal uppgjör fara fram árlega, þar sem áætlun um nemendafjölda og framlög er borin saman við rauntölur. Slíkt uppgjör hefur hins vegar aldrei farið fram á starfstíma skólans. Áætlanir áranna 2003–2009 gerðu ráð fyrir 1.818 nemendaígildum við skólann. Raunin varð hins vegar 1.422 eða 396 færri. Greiðslur til skólans voru ætíð í samræmi við áætlanir um nemendafjölda en aldrei samkvæmt rauntölum á þessu tímabili og námu því samtals 936,1 m.kr. í stað 744,2 m.kr. eins og hefði átt að vera. Ofgreidd framlög til skólans nema því samtals 192 m.kr. Ríkisendurskoðun gagnrýnir ráðuneytið fyrir að framfylgja ekki skýru ákvæði 5. greinar þjónustusamningsins um árlegt uppgjör. Þá telur stofnunin að ráðuneytið hafi ekki heimild til að gefa eftir skuld skólans við ríkissjóð upp á samtals 126,1 m.kr. vegna ofgreiddra framlaga á árunum 2004–2006 eins og gert er með nýjum þjónustusamningi árið 2007 með undirskrift menntamálaráðherra og fjármálaráðherra. Sá samningur hafi auk þess verið gerður án þess að endurskoðaðir ársreikningar lægju fyrir, en samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar hafa ársreikningar skólans ekki verið endurskoðaðir.

Ríkisendurskoðun telur ekkert í þjónustusamningnum eða lögum og fyrirmælum almennt banna arðgreiðslur út úr rekstri skólans svo fremi að rekstur hans sé í jafnvægi og arðgreiðslan dragi ekki úr möguleikum skólans til að veita umsamda þjónustu. Hins vegar bendir stofnunin á að framlög ríkisins til skólans á tímabilinu 2003–2009 voru 192 m.kr. umfram ákvæði þjónustusamningsins. Skólinn hafi því í raun ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að greiða þennan arð. Samkvæmt ársreikningi skólans fyrir árið 2009 námu lán til tengdra aðila samtals 50 m.kr. í árslok. Lánið var upphaflega veitt Nýsi ehf. til að fjármagna byggingu skóla í Skotlandi. Á árinu 2009 var lánið yfirtekið af fyrirtækinu Gagni ehf. en það er í eigu skólastjóra Hraðbrautar. Ríkisendurskoðun telur að þótt fullnægjandi grein sé gerð fyrir láninu í bókhaldi skólans geti þessi lánastarfsemi ekki talist æskileg og að hún sé í andstöðu við ákvæði samningsins, enda tengist hún ekki rekstri skólans með nokkrum hætti.

Í ljósi þess sem að framan greinir telur Ríkisendurskoðun að fjárhagslegar forsendur fyrir áframhaldandi rekstri skólans séu afar hæpnar að óbreyttum aðstæðum. Skuld skólans við ríkissjóð vegna ofgreiddra framlaga nemur 192 m.kr. Skólinn var rekinn með nokkrum halla eina árið sem sæmilegt samræmi var milli framlaga úr ríkissjóði og nemendafjölda og loks ríkir veruleg óvissa um getu Gagns ehf. til að endurgreiða 50 m.kr. lán frá skólanum. Í greinargerðinni kemur fram að þjónustusamningur við Menntaskólann Hraðbraut beri það með sér að langt var gengið í að mæta því sjónarmiði sem hefur verið ríkjandi að einkaskólar með þjónustusamning skuli njóta sambærilegrar fyrirgreiðslu og opinberir skólar. Þannig var horft til þess, fyrstu rekstrarár Hraðbrautar, að um nýjan skóla var að ræða og að taka mætti tillit til rekstrarerfiðleika í byrjun. Með hliðsjón af framangreindu var, við framkvæmd samningsins, litið svo á að nemendauppgjör mætti jafna út á lengri tíma og gefa skólanum þannig svigrúm til þess að komast yfir erfið upphafsár. Þegar leið að lokum fyrsta samningstímabilsins var ljóst að erfiðlega gekk að ná markmiðum samningsins um umfang þjónustu og skýringar og röksemdir um byrjunarörðugleika héldu ekki lengur. Skýrslan gefur til kynna að erfiðlega hafi gengið að fá upplýsingar frá skólanum og því virðist sem ráðuneytið hafi ekki sama aðgang að fjárhagsbókhaldi og í þeim tilfellum sem um opinberan skóla sé að ræða.

Það er álit fjárlaganefndar að Ríkisendurskoðun eigi að nýta sér í auknum mæli heimild til að kalla eftir upplýsingum úr fjárhagsbókhaldi einkarekinna stofnana sem Menntaskólans

Hraðbrautar. Ef einkaskólar og opinberir skólar eiga að njóta sömu fyrirgreiðslu verður aðgangur að upplýsingum um rekstur þeirra að vera sambærilegur. Jafnframt að Ríkisendurskoðun framkvæmi stjórnsýsluendurskoðun á samningum er varða aðra en ríkisaðila sem fá veruleg fjárframlög úr ríkissjóði. Nefndin tekur undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar um að ekki séu heimildir í lögum til ráðherra til að gefa eftir skuldir með þeim hætti sem gert var með þjónustusamningi 2007 við Menntaskólann Hraðbraut. Nefndin telur einnig að aðgerðin sé ekki sambærileg við framkvæmd er snýr að opinberum skólum í svipaðri stöðu. Þá telur fjárlaganefnd að ekki hafi verið forsendur fyrir gerð nýs þjónustusamnings með óbreyttu umfangi við skólann árið 2007 þar sem endurskoðaðir ársreikningar lágu ekki fyrir og þar með voru ekki allar nauðsynlegar upplýsingar til staðar til að styðja áframhaldandi samstarf með fjárframlögum úr ríkissjóði. Einnig lágu þá fyrir upplýsingar um að nemendafjöldi væri langt undir því sem áætlað hafði verið án þess að greiðslur til skólans hefðu verið lagaðar að því. Fjárlaganefnd telur ljóst af greinargerð Ríkisendurskoðunar að menntamálaráðuneytið hafi ekki uppfyllt að fullu eftirlitsskyldu sína hvað varðar eftirlit með rekstri Menntaskólans Hraðbrautar.

Fjárlaganefnd leggur áherslu á að skuld skólans við ríkissjóð verði greidd og ákvörðun um aðkomu ríkisins að skólanum verði tekin út frá faglegum forsendum með hagsmuni nemenda og ríkissjóðs í forgrunni.

Alþingi 8. nóv. 2010.

Oddný G. Harðardóttir, form.,
Árni Þór Sigurðsson,
Ásbjörn Óttarsson,
Björgvin G. Sigurðsson,
Björn Valur Gíslason,
Kristján Þór Júlíusson,
Ólafur Þór Gunnarsson,
Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Fylgiskjal II.

Álit 1. minni hluta fjárlaganefndar um skýrslu Ríkisendurskoðunar um Menntaskólann Hraðbraut.

Með tölvubréfi dags. 2. október 2010 óskaði menntamálanefnd Alþingis eftir að fjárlaganefnd gæfi umsögn um skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd þjónustusamnings við Menntaskólann Hraðbraut. Greinargerð Ríkisendurskoðunar var unnin að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Fjárlaganefnd hefur fjallað um skýrsluna og fengið til fundar við sig sérfræðinga frá Ríkisendurskoðun og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Einnig skólastjóra Menntaskólans Hraðbrautar.

Ríkisendurskoðun setur fram harða gagnrýni á nokkur atriði meðal annars vegna þess að ráðuneytið lagði ekki mat á þörf fyrir skóla sem byggi á hugmyndafræði Menntaskólans Hraðbrautar áður en gerður var við hann samningur. Ekki var heldur gengið úr skugga um

hagkvæmni þess að bjóða upp á nám til stúdentsprófs sem tæki tvö ár innan þeirra skóla sem störfuðu árið 2003. Þá var samið var við Hraðbraut ehf. án þess að öðrum gæfist kostur á að bjóða í verkið.

Í 5. gr. þjónustusamnings milli ráðuneytisins og skólans kemur fram að uppgjör skuli fara fram árlega. Í uppgjörinu á að bera áætlun um nemendafjölda og framlög saman við rauntölur. Slík uppgjör hafa hins vegar aldrei farið fram á starfstíma skólans. Í áætlunum 2003–2009 var gert ráð fyrir 1.818 nemendaígildum við skólann. Þau reyndust 1.422 eða 396 færri en áætlað var. Ríkissjóður greiddi til skólans samkvæmt áætlunum en ekki rauntölum um nemendafjölda á þessu tímabili og námu þær samtals 936,1 millj. kr. í stað 744,2 millj. kr. Að mati Ríkisendurskoðunar nema ofgreidd framlög til skólans því samtals 192 millj. kr. Ríkisendurskoðun gagnrýnir mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir að framfylgja ekki skýru ákvæði 5. gr. þjónustusamningsins um árleg uppgjör. Ríkisendurskoðun telur að ráðuneytið hafi ekki heimild til að gefa eftir skuld skólans við ríkissjóð upp á samtals 126,1 millj. kr. vegna ofgreiddra framlaga á árunum 2004–2006. Ríkisendurskoðun bendir á að ársreikningar skólans hafa ekki verið endurskoðaðir. Stofnunin telur ekkert í þjónustusamningnum eða lögum og fyrirmælum almennt banna arðgreiðslur út úr rekstri skólans svo fremi að rekstur hans sé í jafnvægi og arðgreiðslan dragi ekki úr möguleikum hans til að veita umsamda þjónustu. Hins vegar bendir stofnunin á að framlög ríkisins til skólans á tímabilinu 2003–2009 hafi numið 192 millj. kr. umfram ákvæði þjónustusamningsins. Skólinn hafði samkvæmt því ekki fjárhagslegt bolmagn til að greiða arðinn. Í ársreikningi skólans fyrir árið 2009 kemur fram að lán til tengdra aðila nam samtals 50 millj. kr. í árslok. Þetta lán var upphaflega veitt Nýsi ehf. til að fjármagna byggingu skóla í Skotlandi. Á árinu 2009 var lánið yfirtekið af fyrirtækinu Gagni ehf. sem er í eigu skólastjóra Hraðbrautar. Ríkisendurskoðun telur að þótt fullnægjandi grein sé gerð fyrir láninu í bókhaldi skólans þá geti þessi lánastarfsemi ekki talist æskileg og í raun sé hún í andstöðu við fyrrgreint ákvæði samningsins, enda tengist hún ekki rekstri skólans með nokkrum hætti.

Ríkisendurskoðun telur að fjárhagslegar forsendur fyrir áframhaldandi rekstri skólans séu afar hæpnar að óbreyttum aðstæðum. Skuld skólans við ríkissjóð vegna ofgreiddra framlaga nemur 192 millj. kr. Skólinn var rekinn með nokkrum halla eina árið sem sæmilegt samræmi var á milli framlaga úr ríkissjóði og nemendafjölda og loks ríkir veruleg óvissa um getu Gagns ehf. til að endurgreiða 50 millj. kr. lán frá skólanum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið telur að samningar við einkaskóla beri með sér að langt hafi verið gengið í að mæta því sjónarmiði að einkaskólar með þjónustusamning skuli njóta sambærilegrar fyrirgreiðslu og opinberir skólar. „Þannig var horft til þess, fyrstu rekstrarár Hraðbrautar, að um nýjan skóla var að ræða sem hafði ekki fengið sérstök framlög úr ríkissjóði til þess að mæta upphafskostnaði eins og tíðkast með aðra skóla. Með hliðsjón af framangreindu var, við framkvæmd samningsins, litið svo á að nemendauppgjör mætti jafna út á lengri tíma og gefa skólanum þannig svigrúm til þess að komast yfir erfið upphafsár.“ Ráðuneytinu varð síðan ljóst þegar leið að lokum fyrsta samningstímabilsins að erfiðlega gekk að ná markmiðum samningsins um umfang þjónustu og skýringar og röksemdir um byrjunarörðugleika héldu ekki lengur.

Fyrsti minni hluti er sammála Ríkisendurskoðun um að það vanti heimildir í lög til að gefa eftir skuldir með þeim hætti sem gert var. Í 36 gr. laga nr. 88/1997 segir m.a.: „Á sama hátt er ríkisaðila í A-hluta óheimilt að gefa eða afhenda án endurgjalds eignir nema fyrir fram sé aflað heimilda í fjárlögum.“ Hafi ætlunin verið að gefa eftir skuldina má velta því upp hvort ekki hefði verið eðlilegt að slíkar upplýsingar hefðu komið fram í ríkisreikningi þannig að

ekki léki vafi á að glöggur lesandi reikningsins gerði sér grein fyrir að ekki stæði til að krefja skólann um endurgreiðslu.

Fyrsti minni hluti vekur athygli á því að Menntaskólinn Hraðbraut er í frumvarpi til fjárlaga 2011 kominn á lista yfir aðila sem eru með fjárhagslegan samning við ríkið þó svo að menntamálanefnd sé enn að fjalla um málefni skólans. Samkvæmt yfirliti yfir skuldbindandi samninga sem ráðuneytið hefur gert nær skuldbindingin til ársins 2014. Fyrsti minni hluti hefði talið eðlilegt að þinglegri umfjöllun um málefni skólans lyki áður en frá þessu væri gengið.

Í máli gesta kom fram að um 30–35 nemendur uppfylla markmið skólans um að veita afburðanemendum tækifæri til að ljúka stúdentsprófi á tveimur árum. Aðrir nemendur skólans eru þar á öðrum forsendum, m.a. er um að ræða nemendur sem hættu í skóla á sínum tíma en telja það henta sér vel að ljúka náminu á tveimur árum. Að mati 1. minni hluta er álitamál hvort ríkið vill kosta slíkt nám eða hvort beina eigi þessu fólki til skóla sem ríkið rekur sjálft.

Fyrsti minni hluti gagnrýnir mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir að framfylgja ekki 5. gr. þjónustusamningsins um að gera upp árlega með því að bera saman áætlun um nemendafjölda og framlög við rauntölur. Slík uppgjör hafa aldrei farið fram á starfstíma skólans. „Frá upphafi samstarfsins vissu þó ráðuneytið og skólinn mætavel að nemendafjöldi við skólann var ekki í takti við áætlun fjárlaga og að skólinn fékk hærri greiðslur en hann átti rétt á samkvæmt samningnum“.

Fyrsti minni hluti gagnrýnir að greitt hafi verið til skólans án þess að endurskoðaðir ársreikningar lægju fyrir. Þá hefur fjármáladeild mennta- og menningarmálaráðuneytisins staðfest að engir ársreikningar frá skólanum finnast hjá ráðuneytinu. Fyrsti minni hluti gagnrýnir að svo virðist sem framlög hafi verið greidd án þess að viðunandi eftirlit væri af hálfu ráðuneytisins með fjárreiðum skólans þar sem ráðuneytið virðist ekki hafa haft allar þær upplýsingar sem telja verður nauðsynlegar til að sinna raunhæfu eftirliti.

Fyrsti minni hluti vekur athygli á því að á undanförnum árum hefur verið unnið að því að styrkja og herða á eftirliti með fjárreiðum ríkisins með því að ráða á aðalskrifstofur skrifstofustjóra sem í flestum tilfellum annast fjármálin. Fjármálaumsýslan er því ekki á höndum almenns skrifstofumanns sem erfiðara gæti reynst að gera miklar faglegar kröfur til.

Á heimasíðu ráðuneytisins kemur fram: „Ráðuneytið starfar sem ein heild og skiptist í þrjár skrifstofur og fjögur svið.“ Um þau tvö svið sem einna helst hefðu átt að koma að mismunandi þáttum eftirlits með Menntaskólanum Hraðbraut segir á heimasíðunni:

„Fjármálasvið fer með málefni er varða fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga, áætlanagerð vegna rekstrar, stofnkostnaðar og tilfærslna sem tengjast aðalskrifstofu ráðuneytisins og undirstofnunum og fjárlagaliðum sem ráðuneytinu tilheyra. Fjármálasvið hefur umsjón með samningagerð um fjárhagsmálefni og framkvæmdir á vegum ráðuneytisins. Jafnframt hefur fjármálasvið umsjón með fjárreiðum og rekstri ráðuneytisins og annast framkvæmd kjarasamninga fyrir þess hönd. Mats- og greiningarsvið hefur umsjón með framkvæmd gæðamats og eftirliti með gæðastarfi í menntastofnunum á öllum skólastigum eins og mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum, þar með talið mati á rannsóknum í háskóla- og rannsóknastofnunum. Mats- og greiningarsvið vinnur jafnframt að þróun aðferða við gæða- og árangursmat vegna starfsemi menningar-, mennta- og vísindamála. Mats- og greiningarsvið, í samstarfi við aðrar skrifstofur og svið, annast öflun og úrvinnslu þeirra gagna og upplýsinga sem við á hverju sinni til að tryggja yfirsýn og undirbyggja almenna stefnumótun í málaflokkum sem ráðuneytið fer með.“

Fyrsti minni hluti telur að skipulag ráðuneytisins eigi að geta tryggt nægjanlegt eftirlit með þeim verkefnum sem því eru falin en engu að síður hafi því verið verulega ábótavant hvað Menntaskólann Hraðbraut varðar.

Í þessu sambandi má benda á að á bls. 4 í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga 2010 janúar til ágúst segir: „Flest ráðuneytin hafa að undanförnu styrkt mjög eftirlit sitt með framkvæmd fjárlaga. Að mati Ríkisendurskoðunar situr mennta- og menningarmálaráðuneytið nú eitt eftir með verulegan og ítrekaðan vanda. Fara þarf vandlega í saumana á eftirliti ráðuneytisins með framkvæmd fjárlaga og efla það verulega.“

Að mati 1. minni hluta eru þær skýringar sem fram komu á fundi fjárlaganefndar og fulltrúa ráðuneytisins ekki fullnægjandi og bendir á að heimild er í 21. gr. laga nr. 70/1996 til að veita starfsmanni áminningu. Í greininni kemur fram að hafi starfsmaður ekki náð fullnægjandi árangri í starfi eða brotið starfsskyldur sínar á annan hátt, sé rétt að veita honum skriflega áminningu samkvæmt 21. gr. starfsmannalaga, nema önnur og þyngri úrræði eigi við.

Fyrsti minni hluti tekur undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar um að fjárhagsleg fyrirgreiðsla við skólann sé afar hæpin að óbreyttum forsendum. Í ljósi þessa telur 1. minni hluti óvarlegt að ákvarða frekari fjárframlög til skólans. Markmið ríkissjóðs hljóta að vera þau að ljúka skuldbindingum við þá nemendur sem ekki hafa lokið námi við skólann. Að mati 1. minni hluta hefur tilraun sú sem ríkissjóður tók þátt í með fjárframlögunum mistekist og því eigi að skoða alvarlega hvort henni beri að hætta.

Alþingi 8. nóv. 2010.

Höskuldur Þórhallsson.

Fylgiskjal III.

Álit 2. minni hluta fjárlaganefndar um skýrslu Ríkisendurskoðunar um Menntaskólann Hraðbraut.

Með tölvubréfi dags. 2. október 2010 óskaði menntamálanefnd Alþingis eftir að fjárlaganefnd gæfi umsögn um skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd þjónustusamnings við Menntaskólann Hraðbraut. Greinargerð Ríkisendurskoðunar var unnin að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Fjárlaganefnd hefur fjallað um skýrsluna og fengið til fundar við sig sérfræðinga frá Ríkisendurskoðun og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Einnig skólastjóra Menntaskólans Hraðbrautar.

Ríkisendurskoðun setur fram harða gagnrýni á nokkur atriði meðal annars vegna þess að ráðuneytið lagði ekki mat á þörf fyrir skóla sem byggi á hugmyndafræði Menntaskólans Hraðbrautar áður en gerður var við hann samningur. Ekki var heldur gengið úr skugga um hagkvæmni þess að bjóða upp á nám til stúdentsprófs sem tæki tvö ár innan þeirra skóla sem störfuðu árið 2003. Þá var samið var við Hraðbraut ehf. án þess að öðrum gæfist kostur á að bjóða í verkið.

Í 5. gr. þjónustusamnings milli ráðuneytisins og skólans kemur fram að uppgjör skuli fara fram árlega. Í uppgjörinu á að bera áætlun um nemendafjölda og framlög saman við rauntölur. Slík uppgjör hafa hins vegar aldrei farið fram á starfstíma skólans. Í áætlunum 2003–

2009 var gert ráð fyrir 1.818 nemendaígildum við skólann. Þau reyndust 1.422 eða 396 færri en áætlað var. Ríkissjóður greiddi til skólans samkvæmt áætlunum en ekki rauntölum um nemendafjölda á þessu tímabili og námu þær samtals 936,1 millj. kr. í stað 744,2 millj. kr. Að mati Ríkisendurskoðunar nema ofgreidd framlög til skólans því samtals 192 millj. kr. Ríkisendurskoðun gagnrýnir mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir að framfylgja ekki skýru ákvæði 5. gr. þjónustusamningsins um árleg uppgjör. Ríkisendurskoðun telur að ráðuneytið hafi ekki heimild til að gefa eftir skuld skólans við ríkissjóð upp á samtals 126,1 millj. kr. vegna ofgreiddra framlaga á árunum 2004–2006. Ríkisendurskoðun bendir á að ársreikningar skólans hafa ekki verið endurskoðaðir. Stofnunin telur ekkert í þjónustusamningnum eða lögum og fyrirmælum almennt banna arðgreiðslur út úr rekstri skólans svo fremi að rekstur hans sé í jafnvægi og arðgreiðslan dragi ekki úr möguleikum hans til að veita umsamda þjónustu. Hins vegar bendir stofnunin á að framlög ríkisins til skólans á tímabilinu 2003–2009 hafi numið 192 millj. kr. umfram ákvæði þjónustusamningsins. Skólinn hafði samkvæmt því ekki fjárhagslegt bolmagn til að greiða arðinn. Í ársreikningi skólans fyrir árið 2009 kemur fram að lán til tengdra aðila nam samtals 50 millj. kr. í árslok. Þetta lán var upphaflega veitt Nýsi ehf. til að fjármagna byggingu skóla í Skotlandi. Á árinu 2009 var lánið yfirtekið af fyrirtækinu Gagni ehf. sem er í eigu skólastjóra Hraðbrautar. Ríkisendurskoðun telur að þótt fullnægjandi grein sé gerð fyrir láninu í bókhaldi skólans þá geti þessi lánastarfsemi ekki talist æskileg og í raun sé hún í andstöðu við fyrrgreint ákvæði samningsins, enda tengist hún ekki rekstri skólans með nokkrum hætti.

Ríkisendurskoðun telur að fjárhagslegar forsendur fyrir áframhaldandi rekstri skólans séu afar hæpnar að óbreyttum aðstæðum. Skuld skólans við ríkissjóð vegna ofgreiddra framlaga nemur 192 millj. kr. Skólinn var rekinn með nokkrum halla eina árið sem sæmilegt samræmi var á milli framlaga úr ríkissjóði og nemendafjölda og loks ríkir veruleg óvissa um getu Gagns ehf. til að endurgreiða 50 millj. kr. lán frá skólanum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið telur að samningar við einkaskóla beri með sér að langt hafi verið gengið í að mæta því sjónarmiði að einkaskólar með þjónustusamning skuli njóta sambærilegrar fyrirgreiðslu og opinberir skólar. „Þannig var horft til þess, fyrstu rekstrarár Hraðbrautar, að um nýjan skóla var að ræða sem hafði ekki fengið sérstök framlög úr ríkissjóði til þess að mæta upphafskostnaði eins og tíðkast með aðra skóla. Með hliðsjón af framangreindu var, við framkvæmd samningsins, litið svo á að nemendauppgjör mætti jafna út á lengri tíma og gefa skólanum þannig svigrúm til þess að komast yfir erfið upphafsár.“ Ráðuneytinu varð síðan ljóst þegar leið að lokum fyrsta samningstímabilsins að erfiðlega gekk að ná markmiðum samningsins um umfang þjónustu og skýringar og röksemdir um byrjunarörðugleika héldu ekki lengur.

Annar minni hluti er sammála Ríkisendurskoðun um að það vanti heimildir í lög til að gefa eftir skuldir með þeim hætti sem gert var. Í 36 gr. laga nr. 88/1997 segir m.a. :„ Á sama hátt er ríkisaðila í A-hluta óheimilt að gefa eða afhenda án endurgjalds eignir nema fyrir fram sé aflað heimilda í fjárlögum.“ Hafi ætlunin verið að gefa eftir skuldina má velta því upp hvort ekki hefði verið eðlilegt að slíkar upplýsingar hefðu komið fram í ríkisreikningi þannig að ekki léki vafi á að glöggur lesandi reikningsins gerði sér grein fyrir að ekki stæði til að krefja skólann um endurgreiðslu.

Annar minni hluti vekur athygli á því að Menntaskólinn Hraðbraut er í frumvarpi til fjárlaga 2011 kominn á lista yfir aðila sem eru með fjárhagslegan samning við ríkið þó svo að menntamálanefnd sé enn að fjalla um málefni skólans. Samkvæmt yfirliti yfir skuldbindandi samninga sem ráðuneytið hefur gert nær skuldbindingin til ársins 2014. Annar minni

hlutinn hefði talið eðlilegt að þinglegri umfjöllun um málefni skólans lyki áður en frá þessu væri gengið.

Í máli gesta kom fram að um 30 – 35 nemendur uppfylla markmið skólans um að veita afburðanemendum tækifæri til að ljúka stúdentsprófi á tveimur árum. Aðrir nemendur skólans eru þar á öðrum forsendum, m.a. er um að ræða nemendur sem hættu í skóla á sínum tíma en telja það henta sér vel að ljúka náminu á tveimur árum. Að mati 2. minni hluta er álitamál hvort ríkið vill kosta slíkt nám eða hvort beina eigi þessu fólki til skóla sem ríkið rekur sjálft.

Annar minni hluti gagnrýnir mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir að framfylgja ekki 5. gr. þjónustusamningsins um að gera upp árlega með því að bera saman áætlun um nemendafjölda og framlög við rauntölur. Slík uppgjör hafa aldrei farið fram á starfstíma skólans. „Frá upphafi samstarfsins vissu þó ráðuneytið og skólinn mætavel að nemendafjöldi við skólann var ekki í takti við áætlun fjárlaga og að skólinn fékk hærri greiðslur en hann átti rétt á samkvæmt samningnum“.

Annar minni hluti gagnrýnir að greitt hafi verið til skólans án þess að endurskoðaðir ársreikningar lægju fyrir. Þá hefur fjármáladeild mennta- og menningarmálaráðuneytisins staðfest að engir ársreikningar frá skólanum finnast hjá ráðuneytinu. Annar minni hluti gagnrýnir að svo virðist sem framlög hafi verið greidd án þess að viðunandi eftirlit væri af hálfu ráðuneytisins með fjárreiðum skólans þar sem ráðuneytið virðist ekki hafa haft allar þær upplýsingar sem telja verður nauðsynlegar til að sinna raunhæfu eftirliti.

Annar minni hluti vekur athygli á því að á undanförnum árum hefur verið unnið að því að styrkja og herða á eftirliti með fjárreiðum ríkisins með því að ráða á aðalskrifstofur skrifstofustjóra sem í flestum tilfellum annast fjármálin. Fjármálaumsýslan er því ekki á höndum almenns skrifstofumanns sem erfiðara gæti reynst að gera miklar faglegar kröfur til.

Á heimasíðu ráðuneytisins kemur fram: „Ráðuneytið starfar sem ein heild og skiptist í þrjár skrifstofur og fjögur svið.“ Um þau tvö svið sem einna helst hefðu átt að koma að mismunandi þáttum eftirlits með Menntaskólanum Hraðbraut segir á heimasíðunni:

„Fjármálasvið fer með málefni er varða fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga, áætlanagerð vegna rekstrar, stofnkostnaðar og tilfærslna sem tengjast aðalskrifstofu ráðuneytisins og undirstofnunum og fjárlagaliðum sem ráðuneytinu tilheyra. Fjármálasvið hefur umsjón með samningagerð um fjárhagsmálefni og framkvæmdir á vegum ráðuneytisins. Jafnframt hefur fjármálasvið umsjón með fjárreiðum og rekstri ráðuneytisins og annast framkvæmd kjarasamninga fyrir þess hönd. Mats- og greiningarsvið hefur umsjón með framkvæmd gæðamats og eftirliti með gæðastarfi í menntastofnunum á öllum skólastigum eins og mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum, þar með talið mati á rannsóknum í háskóla- og rannsóknastofnunum. Mats- og greiningarsvið vinnur jafnframt að þróun aðferða við gæða- og árangursmat vegna starfsemi menningar-, mennta- og vísindamála. Mats- og greiningarsvið, í samstarfi við aðrar skrifstofur og svið, annast öflun og úrvinnslu þeirra gagna og upplýsinga sem við á hverju sinni til að tryggja yfirsýn og undirbyggja almenna stefnumótun í málaflokkum sem ráðuneytið fer með.“

Annar minni hluti telur að skipulag ráðuneytisins eigi að geta tryggt nægjanlegt eftirlit með þeim verkefnum sem því eru falin en engu að síður hafi því verið verulega ábótavant hvað Menntaskólann Hraðbraut varðar.

Í þessu sambandi má benda á að á bls. 4 í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga 2010 janúar til ágúst segir: „Flest ráðuneytin hafa að undanförnu styrkt mjög eftirlit sitt með framkvæmd fjárlaga. Að mati Ríkisendurskoðunar situr mennta- og menningarmálaráðuneytið nú eitt eftir með verulegan og ítrekaðan vanda. Fara þarf vandlega í saumana á eftirliti ráðuneytisins með framkvæmd fjárlaga og efla það verulega.“

Að mati 2. minni hluta eru þær skýringar sem fram komu á fundi fjárlaganefndar og fulltrúa ráðuneytisins ekki fullnægjandi og bendir á að heimild er í 21. gr. laga nr. 70/1996 til að veita starfsmanni áminningu. Í greininni kemur fram að hafi starfsmaður ekki náð fullnægjandi árangri í starfi eða brotið starfsskyldur sínar á annan hátt, sé rétt að veita honum skriflega áminningu samkvæmt 21. gr. starfsmannalaga, nema önnur og þyngri úrræði eigi við.

Annar minni hluti bendir einnig á að ráðherra menntamála á hverjum tíma er sá sem ber ábyrgð á málaflokknum og ráðuneytinu og lagði hann blessun sína yfir þessa starfshætti sem svo gagnrýnisverðir eru. Virðist sem þáverandi ráðherra hafi látið faglegt mat og stjórnsýslulög lönd og leið í áhuga sínum á að lyfta undir einkarekstur í skólamálum Þar sem eftirliti með skólanum virðist hafa verið mjög ábótavant telur 2. minni hluti brýnt að fram fari rannsókn á því hvort um brot á lögum um ráðherraábyrgð sé að ræða.

Annar minni hluti tekur undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar um að fjárhagsleg fyrirgreiðsla við skólann sé afar hæpin að óbreyttum forsendum. Í ljósi þessa telur 2. minni hluti óvarlegt að ákvarða frekari fjárframlög til skólans. Markmið ríkissjóðs hljóta að vera þau að ljúka skuldbindingum við þá nemendur sem ekki hafa lokið námi við skólann. Að mati 2. minni hlutans hefur tilraun sú sem ríkissjóður tók þátt í með fjárframlögunum mistekist og því eigi að skoða alvarlega hvort henni beri að hætta.

Alþingi 8. nóv. 2010.

Þór Saari.

Fylgiskjal IV.

Svör mennta- og menningarmálaráðuneytis við erindi menntamálanefndar.

Vísað er til erindis menntamálanefndar í tölvupósti, dags. 18. nóvember 2010, þar sem óskað er eftir viðbrögðum ráðuneytisins við erindi Ólafs H. Johnson til nefndarinnar. Eftirfarandi eru athugasemdir ráðuneytisins:

1. Að mati ráðuneytisins er rangt að halda því fram að alvarleg villa sé í útreikningum Ríkisendurskoðunar. Hið rétta er að mismunandi tölur hafa verið settar fram sem byggja á mismunandi forsendum. Meginmunurinn liggur í því hvort ákvæði í samningi við skólann frá 2007 verði látið standa, um að fella niður hluta af uppsafnaðri skuld skólans við ríkissjóð. Ráðuneytið átti fund með Ólafi Johnson og fór yfir mismunandi forsendur. Hjálagt er frásögn af þeim fundi. Eins og þar kemur fram þá eru þrjú mismunandi atriði sem geta leitt til annarrar niðurstöðu en gert er í skýrslu Ríkisendurskoðunar:

Í fyrsta lagi er ákveðið misræmi í talningu nemenda sem kemur til af því að röng deilitala var notuð á þreyttar einingar. Þetta er skýrt í frásögn af fundinum. Misræmið nemur um 22,7 ársnemendum á öllu tímabilinu. Um þetta er ekki ágreiningur milli aðila. Í báðum tilfellum er þó um hærri tölu að ræða en Ríkisendurskoðun miðar við í sinni skýrslu. Samkvæmt Ríkisendurskoðun eru þær tölur komnar frá skólanum.

Í öðru lagi þá notast Ríkisendurskoðun við verð per ársnemanda hvers árs. Í samskiptum ráðuneytis og skólans hefur fyrst og fremst verið haldið utan um fjölda ársnemenda sem ber í milli og gert ráð fyrir að skuld skólans yrði gerð upp í formi ársnemanda. Því hefur ekki

verið gert ráð fyrir verðlagsákvæðum sem segðu til um hvernig meta skyldi fjárskuldir sem yrðu til í samskiptum við skólann. Skuld skólans hefur því verið reiknuð á grundvelli fjölda ársnemenda og verðgildi þeirra á því ári sem skuldin er metin. Einnig hér má gera ráð fyrir að nálgun Ríkisendurskoðunar leiði til hagfelldari niðurstöðu en af hálfu ráðuneytisins. Þá er einnig misræmi í nálgun ráðuneytisins og skólans sem byggir á mismunandi nálgun 4. greinar samningsins, sem fjallar um framlög, og 5. greinar samningsins sem fjallar um uppgjör. Skólinn hefur gengið út frá því að húsnæðisframlag sé reiknað sérstaklega og komi ekki til uppgjörs, sbr. 4. gr. En 5. gr. sem fjallar um uppgjör gerir ráð fyrir einfaldari reikniregglu og þar er miðað við nemendaframlag skv. frumvarpi til fjárlaga, þ.e. með húsnæðisframlagi.

Í þriðja lagi þá er í útreikningum Ríkisendurskoðunar ekki tekið tillit til ákvæðis í samningi við skólann frá 2007 þess efnis að skuld vegna fyrra samningstímabils skuli metin 34 m.kr. Þetta skýrir meginmuninn á niðurstöðu Ríkisendurskoðunar og annarra talna sem settar hafa verið fram. Um þetta er það helst að segja að hvað sem líður niðurstöðu Ríkisendurskoðunar yrði að teljast líklegt að ef reynir á þá geti skólinn haldið því fram að hann hafi verið í góðri trú, með undirskrift tveggja ráðherra á samningi sem staðfestir þessa niðurstöðu.

Að teknu tilliti til ofangreinds hefur ráðuneytið metið skuld skólans við ríkissjóð 88,9 m.kr. og er þá tekið tillit til áðurnefnds ákvæðis í samningi við skólann frá 2007. Gangi hugmyndir Ólafs eftir um fjölda nemenda á árinu 2010 má gera ráð fyrir að þessi fjárhæð lækki um u.þ.b. helming.

2. Samkvæmt tölum frá Menntaskólanum Hraðbraut voru 196 nemendur skráðir í skólann á haustönn 2010, en þar af voru 115 nýnemar. Af nýnemum voru 70 eða 60% eldri en 18 ára, en þeir nemendur eru ekki í forgangshópi við innritun í framhaldsskóla. Við innritun haustið 2009 voru nemendur eldri en 18 ára 40% innritaðra. Skólinn hefur ekki sent inn tölur vegna uppgjörs fyrir vorönn 2010 og því er ekki hægt að sannreyna hversu mörgum ársnemendum hann muni skila. Á haustönn 2009 voru 166 nemendur skráðir í Menntaskólann Hraðbraut og því virðist um nokkra nemendaaukningu milli ára að ræða, en þó er aukningin ekki það mikil að hún staðfesti þá fullyrðingu að skólinn verði skuldlaus við ráðuneytið um áramót 2010/11.

3. Ráðuneytið hefur ekki undir höndum upplýsingar um fjárhagsstöðu Hraðbrautar á árinu 2010. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar var skólinn rekinn með 12,7 m.kr. halla á árinu 2009. Einnig bendir Ríkisendurskoðun á að með teknu tilliti til skuldar skólans við ríkissjóð og óvissu um getu Gagns ehf. til að endurgreiða 50 m.kr. lán frá skólanum séu rekstrarforsendur hans hæpnar.

4. Tilboð um lágar greiðslur vegna nemendaígilda verða að mati ráðuneytisins að metast í ljósi rekstrarhæfni Hraðbrautar. Er ekki séð að lágar greiðslur fyrir nemendur muni bæta rekstur skólans eða gæði kennslu.

5. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur sent fyrirspurn til Háskóla Íslands um námsgengi nemenda sem útskrifast hafa úr Menntaskólanum Hraðbraut innan Háskólans. Formlegt svar hefur ekki borist en fyrstu niðurstöður styðja ekki þá fullyrðingu að skólinn sé í hópi bestu framhaldsskóla landsins.

Fundur haldinn 15. október 2010 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu um uppgjör Menntaskólans Hraðbraut.

Fundarmenn: Ólafur H. Johnson, skólastjóri; Gísli Þór Magnússon, skrifstofustjóri fjármálasviðs; Marta Guðrún Skúladóttir, sérfræðingur á fjármálasviði.

Á fundinum var rætt um forsendur uppgjörs vegna skuldar skólans eða óuppgerðra ársnemenda. Undanfarin ár, nema árið 2009, hefur skólinn skilað færri ársnemendum en for-

sendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Á fundinum var annars vegar rætt um fjölda ársnemenda til uppgjörs og hins vegar um verðforsendur sem liggja að baki uppgjörinu. Hér á eftir fer fram umfjöllun um hvoran þátt.

Í eldri samningi sem ráðuneytið gerði við skólann var gert ráð fyrir að nemandi teljist vera í fullu námi sem lýkur 68 einingum á ári eða 34 einingum miðað við hefðbundinn hraða í framhaldsskólakerfinu þar sem gert er ráð fyrir að ársnemandi taki 35 einingar. Gildandi samningur, frá 2007, gerir hins vegar ráð fyrir að einingarnar séu 34,5. Á tímabilinu 2004–2009 ber á milli 23 ársnemendur skv. gögnum sem Hraðbraut leggur fram og þeirra uppgjörstalna sem liggja fyrir í ráðuneytinu. Meðfylgjandi tafla sýnir mismuninn sem myndast. Þess ber að geta að í upphaflegum uppgjörstölum ráðuneytisins var gert ráð fyrir 35 einingum á ársnemendum á árunum 2008 og 2009 en í töflunni hér að neðan hefur verið leiðrétt fyrir því.

	Hraðbraut	MRN	Mism.
2004	149	149	0,0
2005	240	233	7,0
2006	254	247	7,0
2007	271	267	4,0
2008	255	255	0,4
2009	260	256	4,3
Alls	1429	1406	22,7

Fundarmönnum er kunnugt um það misræmi sem er í tölunum og er gerður fyrirvari af hálfu Hraðbrautar um mögulegar athugasemdir síðar.

Á fundinum voru einnig ræddar mismunandi aðferðir til uppgjörs. Taka þarf afstöðu til þess hvernig taka eigi á húsnæðisþætti, þ.e. hvort hann er inni í uppgjörstölum eða ekki. Þá þarf að taka afstöðu til þess á hvaða verðlagi skuli gera upp, þ.e. á föstu verðlagi eða verðlagi hvers árs.

Í 4. gr. gildandi samnings kemur fram að greiðslur ráðuneytisins séu annars vegar vegna framlags sem byggist á reiknilíkans framhaldsskóla með tilliti til umsamins fjölda nemenda og hins vegar vegna leigu á húsnæði skólans. Í 5. gr. gildandi samnings um uppgjör kemur fram að verðgildi hvers ársnemanda grundvallist af framlagi reiknilíkans á því fjárlagaári sem gert er upp. Af þessu má skilja að ekki sé tekið tillit til húsnæðisþáttarins í uppgjöri ólíkt því sem er viðtekin venja í uppgjöri ráðuneytisins. Hins vegar er ekki fullljóst af framangreindu ákvæði í 5. gr. um uppgjör hvaða ár skuli nota til grundvallar við verðlagningu uppgjörs. Þar sem stefnir í núna að nemendur skólans verði gerðir upp aftur í tímann er álitamál hvort verðlag hvers árs verði haft til grundvallar eða verðlag þess árs sem uppgjörið fer fram, þá væntanlega yfirstandandi ár 2010.

Taflan sýnir útreikninga þar sem miðað er við mismunandi gefnar forsendur uppgjörsaðferða. Fyrri hluti töflunnar sýnir uppgjör frá upphafsári skólans 2004 fram til 2009, þ.e. þar er ekki tekið tillit til skuldarviðurkenningarinnar í eldri samningi. Forsenda síðari hluta útreikninga í töflunni (2007–2009) er að fallist hafi verið á að skuld vegna eldri samnings hafi verið 34 m.kr., eins og tiltekið er í núgildandi samningi. En í 1. gr. núgildandi samnings er ákvæði þess efnis að inntaka fleiri nemenda en kveðið er á um í samningnum sé heimil á samningstímanum enda komi ekki til frekari framlaga vegna þeirra en heimilt verði að skuldarjafna á móti skuld frá árinu 2006 eða sem nemur 34 m.kr.

	2004-2009			2007-2009				
	Verðlag hvers árs		Verðl. 2010	Verðl. hvers árs.		Verðl. 2010	Framl. per nem. 2010	Verðl. 2010
Ár	Frá ÓHJ póstur 141010 Án húsn.þ.	MRN leiðr. tölur ÓHJ	MRN leiðr. útreikn. ÓHJ	Ólafur	MRN	MRN	MRN skuld v/2007-09	MRN skuld v/2007-09
2004	-26,4	-36,1	-48,1					
2005	-26,2	-41,7	-53,9					
2006	-19,5	-37,2	-46,2					
2007	-8,2	-28,2	-33,5	-8,2	-28,2	-33,5	-40,4	-40,4
2008	-15,9	-30,5	-35,5	-15,9	-30,5	-35,5	-48,3	-48,3
2009	27,6	3,3	3,4	27,6	3,3	3,4	3,6	3,6
Alls	-68,5	-170,4	-213,8	3,6	-55,4	-65,6	-85,1	-85,1
			Nem.uppgj. 08				30,2	30,7
			Skuld í samn. v/2006	-34,0	-34,0	-34,0	-34,0	-42,3
				-30,4	-89,4	-99,6	-88,9	-96,7

Sé litið til þessara mismunandi uppgjörsaðferða getur uppsöfnuð skuld við ráðuneytið legið frá 30,4 m.kr. til 213,8 m.kr. með fyrirvara um að forsendur samkomulagsins sem gert var við endurnýjun samningsins árið 2007 standist.

Ólafur upplýsir að það stefni í að á árinu 2010 verði 325 ársnemendur í skólanum og telur að á næsta ári verði nemendur mun fleiri en forsendur fjárlagafrumvarps 2011 segir til um, en þar er gert ráð fyrir 235 ársnemendum. Ef áætlanir skólans um fjölda nemendur á árinu 2010 ná fram að ganga má leiða að því líkum að skuld skólans við ráðuneytið verði greidd upp að mestu eða öllu leyti í árslok 2010, með ofangreindum hætti.

Aðspurður sagði Ólafur hann teldi að hann gæti aflað fjár ef til uppgjörs miðað við sl. áramóta kæmi. Það yrði hins vegar að því gefnu að hann gæti verið öruggur um að ráðuneytið gengi til samninga við hann um áframhaldandi samstarf. Hann lagði fram þá ósk að gengið yrði til uppgjörs miðað við sl. áramót og gengið út frá því að þar með væri búið að gera upp til og með ársins 2009.

499. Svar [327. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*
2. *Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

1. Fé til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á árunum 2006–2010 var eftirfarandi, skv. fjárlögum og fjáraukalögum, sundurliðað eftir árum og er þá ekki tekið tillit til flutnings ónýttra heimilda milli ára:

2010: Ráðstöfunarfé sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra . . . . . 3.500.000 kr.
2009: Ráðstöfunarfé sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra . . . . . 9.000.000 kr.

2008: Ráðstöfunarfé sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra . . . . . 9.000.000 kr.
2007: Ráðstöfunarfé sjávarútvegsráðherra: . . . . . 5.000.000 kr.
Ráðstöfunarfé landbúnaðarráðherra. . . . . 6.000.000 kr.
2006: Ráðstöfunarfé sjávarútvegsráðherra: . . . . . 3.000.000 kr.
Ráðstöfunarfé landbúnaðarráðherra: . . . . . 6.000.000 kr.

2. Í eftirfarandi töflum má sjá ráðstöfun fjárins á tímabilinu frá árinu 2006 til 30. nóvember 2010.

Ráðstöfunarfé sjávarútvegsráðherra 2006.

Dags. ums.	Nafn umsækjanda	Verkefni	Styrkur kr.
23.1.2006	Grímur Karlsson	Flutningur á skipslíkönum til Noregs vegna sýningar	250.000
Ódags.	Víðfari – BEST á Íslandi	Námskeið um Orkusamfélagið Ísland	200.000
6.1.2006	Íslenska vitafélagið	Ráðstefna um strandmenningu	200.000
24.1.2006	Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Námsefni fyrir fiskvinnslufólk	150.000
24.2.2006	Fróði	Fiskibók Gestgjafans	200.000
14.3.2006	Barbara Guðnadóttir	Minnisvarði um drukknaða í Þorlákshöfn	200.000
17.3.2006	Lionsklúbbur Skagastrandar	Hringsjá á Spákonufellshöfða	300.000
17.3.2006	Trausti Einarsson	Rannsóknir á hvalveiðum Baska	100.000
Ódags.	Fiskidagurinn mikli, Júlíus Júlíusson	Fiskidagurinn mikli	200.000
Ódags.	Samtök ferðaþjónustunnar	Norræn keppni matreiðslunema	250.000
11.4.2006	Alþjóðasamtök strandveiðimanna	Ársfundur	250.000
5.4.2006	Birna R. Arnarsd. & Jóh. Ásmundsson	Auðlindastjórnun og nýting auðlinda í Finnmörku	20.000
2.5.2006	Óskalög sjómanna í Grindavík	Hátíðadagskrá á sjómannadaginn	50.000
26.5.2006	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarðar	Perlan Vestfirðir – kynning á stofnunum ráðuneytisins	500.000
Ódags.	Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra	Alþjóðlegt námskeið um dýralífs- og náttúruskoðunarstaði	150.000
31.5.2006	Karlakórinn Stefnir	Tónleikaferð í tengslum við sjómannadag	75.000
21.6.2006	Matvæla- og næringafræðafélag Íslands	Matvæladagur MNÍ	100.000
12.5.2006	Sigurgeir ljósmyndari ehf.	Varðveisla ljósmyndasafns Sigurgeirs Jónassonar	100.000
Ódags.	Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræði	Fjölþjóðleg rannsókn: Konur í fiskeldi	150.000
26.6.2006	Elías Guðmundsson	Sjávarþorpið Suðureyri	200.000
Ódags.	Karlakórinn Heimir	Tónleikaferð til Vestfjarða	150.000
23.6.2006	HÍ, Hólaskóli, Veiðimálastofnun o.fl.	International Charr Symposium (Bleikjuráðstefna)	200.000
18.5.2006	Faxaflóahafnir	Hátíð hafsins	300.000
7.7.2006	Hrefna M. Karlsdóttir	Ráðstefna í Bremerhaven – Saga sjávarútvegs	100.000
12.7.2006	Tryggvi Ólafsson	Kristilegt sjómannastarf	30.000
28.7.2006	Tefra Films	Þættir um fiskveiðar Íslendinga	100.000

Ráðstöfunarfé sjávarútvegsráðherra 2006.

Dags. ums.	Nafn umsækjanda	Verkefni	Styrkur kr.
17.7.2006	Pálína Vagnsdóttir	Listasumar í Súðavík – fjölskyldusigling í þorskeldiskvíar	100.000
30.9.2006	Landsbyggðin lifi	Aðalfundur samtakanna	100.000
21.9.2006	Kvikmyndafélagið Skotta ehf.	Sjónvarpsmynd	250.000
18.12.2006	Sigríður Jóna Kristjánsdóttir	Útskurður í tré og bein	100.000
7.12.2006	Kvenréttindafélag Íslands	Ráðstefna í tilefni 100 ára afmælis KFÍ	150.000
			5.225.000

Ráðstöfunarfé landbúnaðarráðherra 2006

Dags. ums.	Styrkþegi	Styrkur kr.
01/01/2006	Valgerður Auðunsdóttir	100.000
01/01/2006	Congress Reykjavík-Ráðstþj ehf.	250.000
02/01/2006	Hestamannafélagið Hornfirðingur	240.000
13/01/2006	Eignarhaldsfélagið Katla ehf.	300.000
17/01/2006	Þingborg svf.	150.000
20/01/2006	Hænir, félag stúdenta í umhv/skipulfr.	50.000
20/01/2006	Bókaútgáfan Hólar ehf.	200.000
20/01/2006	Landssamband Gideonfélaga á Ísl.	100.000
20/01/2006	Skákfélagið Hrókurinn	50.000
20/01/2006	Þjóðskjalasafn Íslands	50.000
24/01/2006	Heillasjóður Fagurhóls-landb.sj.	150.000
24/01/2006	Landbúnaðarháskóli Íslands	180.000
24/01/2006	Íþróttafélagið Nes	150.000
24/01/2006	Landsbyggðarvinir í Rvík/nágr.	75.000
24/01/2006	Ástund ehf. sérverslun hestamanna	100.000
24/01/2006	Landgræðsla ríkisins	200.000
24/01/2006	Kvenfélagasamband Íslands	50.000
24/01/2006	Töfragarðurinn ehf.	100.000
25/01/2006	Sniglar, bifhjólasamtök lýðveldisins	75.000
31/01/2006	Umhverfisstofnun	250.000
31/01/2006	Dýralæknafélag Íslands	100.000
31/01/2006	Landsbyggðin lifi, félag í landvörslu	50.000
01/02/2006	Menntaskólinn í Kópavogi	60.000
01/02/2006	Samband sunnlenskra kvenna	75.000
28/02/2006	Fjársýsla ríkisins, ríkisfjárhirðir	30.000
08/03/2006	Æskan og hesturinn, áhugafélag	200.000
22/03/2006	Landbúnaðarháskóli Íslands	200.000
19/04/2006	Íþróttasamband fatlaðra	100.000
16/07/2006	Karlakór Hreppamanna	50.000
24/08/2006	Kór Félags eldri borgara	25.000
24/08/2006	Lögreglukór Reykjavíkur	25.000

Ráðstöfunarfé landbúnaðarráðherra 2006

Dags. ums.	Styrkþegi	Styrkur kr.
24/08/2006	Þjóðbúningaráð	25.000
24/08/2006	Fræðsluráð Hótel og matvælagreina	25.000
24/08/2006	Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands	50.000
25/08/2006	Veiðiútgáfan ehf.	20.000
28/08/2006	Tónlistarskóli Árnesinga	25.000
11/09/2006	Skotta ehf.	100.000
18/10/2006	Náttúrufræðistofnun Íslands	200.000
24/08/2006	Badmingtonsamband Íslands	25.000
24/08/2006	Lúðrasveit Tónlistarskóla Reykjaness	25.000
25/08/2006	Taflfélag Vestmannaeyja	25.000
01/01/2006	Rannveig Einarsdóttir	30.000
01/01/2006	Rútur Snorrason	75.000
10/01/2006	Stefán Geir Karlsson	140.000
18/01/2006	Jorge H Fernandez Toledano	100.000
20/01/2006	Magnús Sigurðsson	150.000
24/01/2006	Hrafnkell Freyr Lárusson	150.000
24/01/2006	Sigrún Bjarnadóttir	50.000
24/01/2006	Ragnar Fr Munasinghe	100.000
31/01/2006	Bjarni Eyjólfur Guðleifsson	50.000
31/01/2006	Friðrik Sigurðsson	60.000
31/01/2006	Axel Juel Einarsson	120.000
09/02/2006	Sigurður Guðmundsson	100.000
21/08/2006	Jón Leví Tryggvason	100.000
30/08/2006	Margrét Ósk Ingjaldsdóttir	25.000
30/09/2006	Elfa Dögg Þórðardóttir	25.000
30/09/2006	Kvæðamannahópurinn Hlíðar	200.000
20/11/2006	The Sagas singers	25.000
31/12/2006	Sjálfsbjörg	25.000
		5.780.000

Ráðstöfunarfé sjávarútvegsráðherra 2007

Dags. ums.	Nafn umsækjanda	Verkefni	Styrkur kr.
20.1.2007	Hugo Film	Heimildamynd um íslenska sjómenn (Roðlaust og beinlaust)	350.000
Ódags.	Karlakór Dalvíkur	Tónleikar – Sjómennska frá landnámi til vorra daga	150.000
Ódags.	Ópera Skagafjarðar	Kynningarverkefni – La Traviata	100.000
12.3.2007	Vesturtindar	Þróun vefsíðu	350.000
Ódags.	Framfarafélag Snæfellsbæjar	Gagnagrunnur um sögu útgerðar í Ólafsvík	100.000
6.3.2007	Sjávarþorpið Suðureyri	Markaðssetning vistvænt sjávarþorp	200.000

Ráðstöfunarfé sjávarútvegsráðherra 2007

Dags. ums.	Nafn umsækjanda	Verkefni	Styrkur kr.
1.2.2007	Sonja Jóhannsd. & Erlingur Jóhannss.	Rannsókn á heilsufari og líkamsástandi sjómanna	200.000
10.2.2007	Grímur Karlsson	Flutningur á skipslíkönum – síðari hl. styrks	250.000
8.3.2007	Strandagaldur ses.	Rannsóknir á hvalveiðum Baska á 16. & 17. öld	100.000
20.3.2007	Arnfirðingafélagið í Reykjavík	Fjölskylduhátíð	100.000
9.3.2007	Jorge Fernandez Toledano	Rannsókn á samspili laxveiða og umhverfisþátta í sjó	200.000
30.3.2007	Bandalag kvenna í Reykjavík	Hátíðahöld vegna 90 ára afmælis félagsins	100.000
25.3.2007	Félag áhugamanna um báta-smíði	Smíði á bát með breiðfirsku lagi	50.000
26.3.2007	Kómedíuleikhúsið	Íslenskur einleikur um skrímsli í sjó og vötnum	250.000
15.4.2007	Lárus Ægir Guðmundsson	Safn um sögu Skagastrandar – sjávarútvegur	500.000
30.4.2007	Matvæla- og næringar-fræðafélag Ísl.	Matvæladagurinn 2007	200.000
16.4.2007	Skjaldborg - hátíð ísl. heimildamynda	Hátíð heimildamynda	350.000
30.4.2007	Ólafur Klemensson/Ragnar Árnason	Ráðstefna EAFE	100.000
14.5.2007	Óskalög sjómanna í Grindavík	Kvöldskemmtun vegna sjómannadags	50.000
29.5.2007	Sjómannadagsráð	Hátíð hafsins	300.000
10.7.2007	Fiskidagurinn mikli	Fiskidagurinn mikli á Dalvík	200.000
24.7.2007	Pálína Vagnsdóttir	Listasumar í Súðavík	50.000
17.8.2007	Ragnar Valgeir Jónsson	Minningarreitur um „drukkna sjómenn“	100.000
Ódags.	Matur úr héraði	Matvælasýning á Akureyri	100.000
			4.450.000

Ráðstöfunarfé landbúnaðarráðherra 2007

Dags. umsóknar	Nafn styrkþega	Styrkur kr.
07/03/2007	Æskan og hesturinn, áhugafélag	100.000
28/03/2007	Bókaútgáfan Salka ehf.	25.000
28/03/2007	Bókaútgáfan Salka ehf.	50.000
29/03/2007	Nykur, þjóðfræðifélag	30.000
29/03/2007	Náttúran er ehf.	75.000
29/03/2007	Blátt áfram, forvarnarverkefni	30.000
29/03/2007	Skotta ehf.	150.000
29/03/2007	Hestamannafélagið Hringur	30.000
29/03/2007	Selasetur Íslands ehf.	30.000
30/03/2007	Hestamannafélagið Léttir	30.000

Ráðstöfunarfé landbúnaðarráðherra 2007

Dags. umsóknar	Nafn styrkþega	Styrkur kr.
30/03/2007	Petzi record sf.	30.000
30/03/2007	Hestamannafélagið Freyfaxi	10.000
30/03/2007	Reykjavík films ehf.	50.000
30/03/2007	Snorrastofa í Reykholti	50.000
30/03/2007	Íslenska heimildamyndagerð ehf.	75.000
30/03/2007	Karlakór Keflavíkur	30.000
30/03/2007	Félag MND-sjúklinga	50.000
30/03/2007	Nemendafélag Garðyrkjuskólans	50.000
30/03/2007	Þjóðminjasafn Íslands	250.000
02/04/2007	Náttúrufræðistofnun Íslands	200.000
12/04/2007	Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	30.000
24/04/2007	Sundhestar ehf.	100.000
27/04/2007	Reykjatangi ehf.	25.000
30/04/2007	Listaháskóli Íslands	50.000
30/04/2007	Landsbyggðarvinir í Rvík/nágr.	70.000
30/04/2007	Jórukórinn	30.000
08/05/2007	Æskan og hesturinn, áhugafélag	150.000
08/05/2007	Karlakór Keflavíkur	70.000
18/01/2007	Brynhildur Geirsdóttir	210.000
18/01/2007	Guðlaug Björk Bjarnþórsdóttir	210.000
18/01/2007	Þórný Kristmannsdóttir	210.000
15/03/2007	Sveinn Guðmundsson	100.000
28/03/2007	André Bachmann Sigurðsson	100.000
28/03/2007	Ágúst Sigurðsson	100.000
28/03/2007	ORG-Ættfræðiþjónustan ehf.	200.000
28/03/2007	Ævarr Hjartarson	75.000
29/03/2007	Guðmundur Guðmundsson	100.000
29/03/2007	Badmintonsamband Íslands	25.000
29/03/2007	Gídeonfélagið á Íslandi	25.000
29/03/2007	Sumarhúsið og garðurinn ehf.	200.000
29/03/2007	Sigurður Hrafn Stefnisson	50.000
30/03/2007	Einar Helgi Haraldsson	30.000
30/03/2007	Sigríður Magnúsdóttir	130.000
30/03/2007	Helga Ögmundardóttir	35.000
30/03/2007	Bjarni Eyjólfur Guðleifsson	25.000
30/03/2007	Sveinn Runólfsson	300.000
30/03/2007	Bergljót Björk Carlsdóttir	75.000
30/03/2007	Friðrik Erlingsson	200.000
30/03/2007	Björgvin Ólafsson	100.000
30/03/2007	Hestamannafélagið Léttfeti	30.000
30/03/2007	Kvik ehf.	100.000
30/03/2007	Kór Skálholtskirkju	30.000
30/03/2007	Hlíðarendakirkja	100.000

Ráðstöfunarfé landbúnaðarráðherra 2007

Dags. umsóknar	Nafn styrkþega	Styrkur kr.
30/03/2007	Dropinn, Styrktarfélag barna með sykursýki	20.000
02/04/2007	Þorvaldur Bragason	25.000
27/04/2007	Rósa Hlín Hlynsdóttir	25.000
07/05/2007	Eyvindur Erlendsson	150.000
11/05/2007	Hjörtur Pálsson	300.000
31/05/2007	Grímur Hákonarson	250.000
01/06/2007	Ingibjörg Guðmundsdóttir	25.000
		5.425.000

Ráðstöfunarfé sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 2008

Dags. ums.	Nafn umsækjanda	Verkefni	Styrkur kr.
14.1.2008	Framtíðarlandið	Niðurstöður málþings um atvinnumál	50.000
14.1.2008	Landssamtök skógareigenda	Útgáfa fréttablaðs	50.000
11.1.2008	HANNA – Ingibjörg Hanna Pétursdóttir	Sölusýning í New York	250.000
8.1.2008	Det Biovidenskabelige Fakultet	Ráðstefna Félags norrænna dýra-meinafræðinga	100.000
7.2.2008	Kvik kvikmyndagerð	Gerð nýrrar stuttmyndar	200.000
6.2.2008	Landssamband hestamanna	Ráðstefna FEIF	250.000
22.1.2008	Áslaug Alfreðsdóttir – Hótel Ísaf.	Food & Fun á landsbyggðinni	350.000
Ódags.	Fullt hús ehf.	Útgáfa tímaritsins Reykjavik Living	100.000
23.1.2008	Þekkingarsetur Vestmannaeyja	Styrkur vegna stofnunar þekk-ingarseturs	300.000
12.2.2008	Æskan og hesturinn	Árleg hestasýning barna	100.000
14.02,2008	Hollvinafélag Grímsneshrepps	Menningartengd ferðaþjónusta	75.000
12.2.2008	Kvenfélagssamband Íslands	Norræn ráðstefna á Akureyri	100.000
26.2.2008	Nanna Stefanía Hermansson	Ljósmyndasýning af veiðiskipum	250.000
8.4.2008	Heimamenn – borgfirskir sauðir	Sauðamessa 2008	250.000
29.2.2008	Snorrastofa	Sel Reykholts í Borgarfirði	100.000
28.2.2008	Guðrún Edda Gunnarsdóttir	Minnisvarði um breska sjómenn	100.000
27.2.2008	ICCE - íslensk kolefniskredit	Þátttaka í ráðstefnunni Carbon Market Insight	50.000
12.3.2008	Geir Gestsson	Skjaldborg 08	150.000
27.3.2008	Hjörleifur Guttormsson	Minningarmark um Jón lærða	100.000
13.3.2008	Jón G. Guðjónsson	Heimasíða um Árneshrepp	60.000
6.4.2008	Ópera Skagafjarðar	Uppsetning á Rigoletto e. Verdi	100.000
8.4.2008	Fornleifafræðastofan	Leit að Baskaskipum	100.000
14.4.2008	Magnús Kristjánsson	Þróun á gjafagrindum fyrir sauðfé	100.000
14.3.2008	Kvik kvikmyndagerð	Fólk og fuglar í Norðurkoti – heimildamynd	100.000
4.5.2008	Veraldarvinir	Hreinsun strandlengju Íslands	50.000

Ráðstöfunarfé sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 2008

Dags. ums.	Nafn umsækjanda	Verkefni	Styrkur kr.
8.5.2008	Karlakórinn Ernir	Tónleikaferðalag til Ungverjalnds	150.000
8.5.2008	Holvinir Húna II	Fræðsla fyrir grunnskólabörn	100.000
17.4.2008	Óskalög sjómanna Rósa Signý Baldursdóttir	Skemmtun í tengslum við sjómannadag í Grindavík	50.000
16.5.2008	Útgerðarminjasafnið á Grenivík	Uppbygging safnsins	100.000
20.5.2008	Fél. húseig. í Flatey á Skjálfanda	Kynningarskilti fyrir ferðamenn	100.000
19.5.2008	Salka bókaútgáfa	Útgáfa bókar um ræktun á Íslandi	100.000
7.5.2008	Hjálmar Vilhjálmsson	Fundur í Nor. um áhrif umhverfisbreytingar á fiskstofna	150.000
25.5.2008	Félag um skjalastjórn	Fræðsludagskrá vegna 20 ára afmælis félagsins	100.000
10.6.2008	Skákfélagið hrókurinn	Minningarmót um Pál Gunnarsson	200.000
2.6.2008	Sjómannadagsráð Rvk. og Hfj.	Hátíð hafsins	200.000
23.5.2008	Sveitasæla 2008	Landbúnaðarsýning í Skagafirði	100.000
13.6.2008	Félag atvinnulífsins í Grundarfirði	Fjölskylduhátíð – Á góðri stund í Grundarfirði	100.000
Ódags.	Viðskipta- og hagfræðideild HÍ	Ráðstefna um atvinnuþróun á Ísl. & Úrúgvæ	200.000
8.7.2008	Fiskidagurinn mikli	Hátíðarhöld á Dalvík	200.000
9.7.2008	Fiskifélag Íslands	Ritun á sögu Fiskifélagsins	1.000.000
14.7.2008	Pétur Bjarnason	Rækjuráðstefna í Kína	350.000
15.8.2008	Gísli Hrafn Magnússon	Nám í Bandaríkjunum	120.000
19.8.2008	Jón Þ. Þór	Endurritun Ránargulls	100.000
8.8.2008	Ólafur Kristjánsson/Jón Páll Halldórsson	Uppsetning á minnisvarða	200.000
12.8.2008	Sögufélag Dalamanna	Minnisvarði þriggja skálda	200.000
12.8.2008	Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands	Árleg ráðstefna	150.000
júlí 2008	Framkvæmdasjóður Skrúðs	Varðveisla hvalbeina	150.000
Ódags.	Söfnunin Hafliði SI 2 – Gunnar Guðbjörnsson	Smíði líkans af Hafliða SI 2	50.000
8.8.2008	Einar Már Sigurðsson	Útg. blaðs v. 50 ára afmælis útf. landhelgi í 12 mílur	250.000
2.8.2008	Borgný Gunnarsdóttir	Námskeið í sútun skinna	150.000
19.8.2008	Árni Daníel Júlíusson	Ráðstefna í miðaldasögu	100.000
12.9.2008	Mæðrastyrksnefnd	Stuðningur við jólaúthlutun	100.000
24.9.2008	Slysavarnarfélagið Landsbjörg	Árbók 2008	150.000
29.8.2008	Félagið hús og fólk	Leiðsögumaðurinn – söguslóð um Flateyri	150.000
Ódags.	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	Stuðningur við starf nefndarinnar	50.000
			8.555.000

Ráðstöfunarfé sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 2009

Dags. ums.	Nafn umsækjanda	Verkefni	Styrkur kr.
20.12.2008	Eiríkur Snæbjörnsson	Endurbygging gamalla torfbygginga á Stað	100.000
11.1.2009	Landsbyggðarvinir	Unga fólkið og heimabyggðin	50.000
14.1.2009	Bocuse d'Or-nefndin	Alþjóðleg matreiðslukeppni	100.000
Ódags.	Sæfari - siglingaklúbbur	Endurnýjun á húsnæði & búnaði vegna brunatjóns	100.000
Ódags.	Hveragerðisbær	Garðyrkju- og blómasýning	200.000
31.3.2009	Skyndihjálparhópur RKÍ á Norðurlandi	Kaup á öryggis- og hlífðarbúnaði	50.000
22.4.2009	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Stefnumótun kræklingaræktar á Íslandi	1.000.000
22.4.2009	Triton hf.	Nýting á grásleppu	1.500.000
	Háskólinn á Akureyri – sjávarútvegsmiðstöð	Endurskoðun og uppfærsla á gagnagrunnum	1.000.000
18.5.2009	Fiskidagurinn mikli	Fiskidagurinn mikli	100.000
8.4.2009	Arnfirðingafélagið í Reykjavík	Fjölskylduhátíðin Bíldudals grænar 2009	100.000
4.6.2009	Orri Huginn Ágústsson	Framleiðsla sjónvarpsþátta um landbúnað	200.000
8.6.2009	Háskólinn á Hólum	Alþjóðleg ráðstefna um velferð eldisfiska	200.000
26.6.2009	Beint frá býli	Kynningarstarf	500.000
10.6.2009	Hrafn Jökulsson	Skákhátíð á Ströndum	100.000
15.6.2009	Matvæla- og næringafræðafélag Íslands	Matvæladagur MNÍ 2009	100.000
15.3.2009	Guðjón Ingi Eiríksson	Útgáfa bókarinnar Bændatal og byggðaröskun	100.000
30.6.2009	Skotta – kvikmyndafjelag	Sjónvarpsmynd um sauðfjárrækt	150.000
22.7.2009	Sögusetur íslenska hestsins	Undirbúningur yfirlitssýningar um íslenska hestinn	250.000
2.9.2009	Sveinn Runólfsson & Þórhallur Runólfsson	Ritun ævisögu Runólfs Sveinssonar	100.000
25.9.2009	Athygli ehf.	Matvælasýningin MATUR-INN 2009	200.000
14.12.2009	Íslandsdeild NJF – Erna Bjarnadóttir	Starfsemi Íslandsdeildar	50.000
18.11.2009	Alexandra Chernyshova	Dream Voices	100.000
23.11.2009	Kristinn Guðnason – Fjallskiladeild	Framleiðsla og varðveisla myndar um fjallferðir	250.000
1.11.2009	Tungusilungur	Borun á vinnsluholum	500.000
5.10.2009	Líffræðifélag Íslands – Snorri Páll Davíðsson	Ráðstefna um líffræðirannsóknir	50.000
16.12.2009	Neytendasamtökin	Gæðaprófun á nautahakki	300.000
23.9.2009	Landvernd	Bláfánaverkefni	250.000
26.12.2009	Helgi Haukur Hauksson	Verkefni á vegum Samtaka ungra bænda	300.000
4.11.2009	Samband íslenskra loðdýrabænda	Efling loðdýraræktunar á Íslandi	500.000
28.12.2009	Fræðslusetrið á Löngumýri	Starfsemi sumarbúða	300.000
			8.800.000

Ráðstöfunarfé sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 30. nóvember 2010

Dags. ums.	Nafn umsækjanda	Verkefni	Styrkur kr.
8.1.2010	Tryggvi Ólafsson	Kristilegt sjómannastarf	20.000
30.12.2009	Æskan og hesturinn	Sýning í Reiðhöllinni	50.000
14.1.2010	Norðurlandsskógar	Námskeið um skógarhönnun & landslagsaðlögun skóga	100.000
19.1.2010	Hönnunarsafn Íslands	Sýning á hönnun úr sútuðu fiskroði	50.000
12.1.2010	Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands	Alþjóðleg djúpsjávarráðstefna	100.000
30.12.2009	Sól á Suðurlandi	Verndun landgæða og landbúnaðarlands	200.000
28.1.2010	Sigvaldi Arason	Gerð skipalíkana	200.000
24.4.2010	Landsbyggðarvinir í Reykjavík	Stuðningur við verkefni fyrir ungmenni	50.000
10.4.2010	Hrafnseyrarnefnd	Hátíðarhöld á Hrafnseyri	250.000
3.3.2010	Elín Agla Briem	Heimildamynd um Árneshrepp	250.000
7.4.2010	Félag kjötiðnaðarmeistara	Keppni kjötiðnaðarmeistara	100.000
28.4.2010	Fræðafélag um forystufé	Heimildasöfnun og lagfæring á húsnæði fræðaseturs	150.000
5.5.2010	Landvernd	Bláfánaverkefni	50.000
12.5.2010	Hrókurinn	Skákhátíð á Ströndum til heiður Friðriki Ólafssyni	100.000
Ódags.	Samgönguminjasafn Skagafjarðar	Varðveisla og viðhald á ýtu	250.000
31.5.2010	Áskell Þórisson	Vefur um íslenskt handverk: www.litlubudirnar.is	100.000
8.6.2010	Fiskidagurinn mikli	Fiskidagurinn mikli á Dalvík	100.000
1.7.2010	Bryndís Snorradóttir	Íslandsmótið í hestaíþróttum 2010	100.000
23.6.2010	Karl Eskil Pálsson	Ritun blaðagreinar um minnkun á eldsneytisnotkun skipa	100.000
2.7.2010	Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands	Matvæladagurinn 2010	80.000
10.5.2010	Vegahandbókin	Útgáfa Vegahandbókarinnar 2010	250.000
Ódags.	Félag tamningamanna	40 ára afmæli félagsins	100.000
			2.750.000

500. Svar [258. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.*

Einn háskólamenntaður sérfræðingur, karl, var ráðinn í fullt starf á tímabilinu. Í lok árs 2009 voru ráðnir þrír stjórnarráðsfulltrúar til ráðuneytisins. Þeir voru allir ráðnir í fullt starf.

Þetta voru tvær konur og einn karl. Einn þeirra hefur hætt störfum og var ráðið í hans stað úr sama ráðningarferli, enda giltu umsóknir í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests. Þá réð ráðuneytið fjóra starfsmenn til tímabundinna afleysinga á tímabilinu sem spurt er um. Í þeim hópi eru þrjár konur og einn karl.

Þrettán þýðendur voru ráðnir til þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins. Allir þýðendurnir voru ráðnir í fullt starf, að undanskildum einum sem ráðinn var í 90% starf og öðrum sem ráðinn var í 50% starf. Í hópnum eru sjö konur og sex karlar. Þá voru ráðnir þrír starfsnemar til tímabundinna starfa í þýðingamiðstöð á tímabilinu, tveir í fullt starf (annar þeirra er hættur störfum) og einn í 50% starf. Þetta voru tvær konur og einn karl.

Utanríkisráðuneytið starfrækir starfsnemaprógram sem ætlað er fólki sem er að ljúka háskólanámi og að hefja sinn starfsferil. Starfsnemarnir eru á launaskrá og starfa ýmist í ráðuneytinu eða á sendiskrifstofum erlendis. Ráðningartíminn er sex mánuðir og hefur ráðuneytið ráðið alls 19 starfsnema samkvæmt auglýsingum í fjórum ráðningarferlum á tímabilinu sem spurt er um. Í hópnum eru átta konur og ellefu karlar. Á árinu 2009 voru ráðnir þrír starfsnemar fyrir janúar–júní og sömuleiðis þrír starfsnemar fyrir júlí–desember. Á árinu 2010 voru ráðnir sjö starfsnemar fyrir janúar–júní og sex starfsnemar fyrir júlí–desember. Allir starfsnemarnir hafa verið ráðnir til fullra starfa.

Á tímabilinu, sem fyrirspurnin nær til, hafa samtals ellefu starfsmenn látið af störfum, fjórar konur og sjö karlar. Fyrir utan starfsnema og þýðendur vegna ESB-umsóknar hafa því verið ráðnir fjórir starfsmenn á tímabilinu, en samtals ellefu létu af störfum.

Launakostnaður utanríkisráðuneytisins með launatengdum gjöldum fyrir tímabilið sem spurt er um nam samtals 2.684 millj. kr. Að jafnaði er launakostnaður á mánuði um 128 millj. kr., en um 180 starfsmenn eru á launaskrá að meðtöldum útsendum starfsmönnum í sendiskrifstofum Íslands erlendis.

2. *Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?*

Ráðuneytið framkvæmdi þá ákvörðun sem tekin var af ríkisstjórn 14. ágúst 2009 um 3–10% lækkun launa þeirra starfsmanna sem höfðu meira en kr. 400.000 í mánaðarlaun. Þá hefur ráðuneytið einnig hrint í framkvæmd ákvörðun Kjararáðs um lækkun launa þeirra starfsmanna sem undir það heyra.

Útfærsla á ákvörðun ríkisstjórnar, sem gerð var með samræmdum hætti í Stjórnarráðinu, var eins og hér segir.

- Föstum yfirvinnustundum var fækkað um fjórar hjá lægst launaða hópnum, þ.e. þeim sem höfðu laun á bilinu 400–500 þús. kr. Þetta þýddi 2,8%–3,8% lækkun á heildarlaunum þeirra.
- Föstum yfirvinnustundum var fækkað um fimm hjá þeim sem höfðu laun á bilinu 500–550 þús. kr. Þetta þýddi 4–4,3% lækkun á heildarlaunum þeirra.
- Föstum yfirvinnustundum var fækkað um sex hjá þeim sem höfðu laun á bilinu 550–600 þús. kr. á mánuði. Þetta þýddi 4,8–5,2% lækkun á heildarlaunum þeirra.
- Föstum yfirvinnustundum var fækkað um átta hjá þeim sem höfðu laun á bilinu 600–650 þús. kr. á mánuði. Þetta þýddi 5,8%–6,7% lækkun á heildarlaunum þeirra.

Framangreind útfærsla var kynnt starfsmönnum á almennum starfsmannafundi og jafnframt hitti mannauðsstjóri hvern starfsmann sérstaklega til að fara nánar yfir útfærsluna og afhenda honum bréf þar sem föstum yfirvinnustundum var sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara. Fækkun yfirvinnutíma tók gildi 1. janúar 2010.

Launakjör starfsmanna sem heyra undir Kjararáð voru lækkuð í samræmi við ákvörðun Kjararáðs frá 23. febrúar 2009, þ.e. með fækkun eininga hjá þeim sem fengu einingar greidd-

ar og með lækkun mánaðarlauna þeirra sem ekki fá greiddar einingar, t.d. sendiherra við störf á sendiskrifstofum erlendis.

3. *Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?*

Verksali	**Lýsing**	**Upphæð**
Gunnar Sveinn Skarphéðinsson	Þýðingavinna	19.277
Niels Rask Vendelbjerg	Þýðingavinna	276.247
Tara Kathleen Flynn	Þýðingavinna	88.931
Birgit Nyborg	Þýðingavinna	19.355
Pétur Rasmussen	Þýðingavinna	97.147
Magnús Matthíasson	Þýðingavinna	134.918
Sigfríður Gunnlaugsdóttir	Þýðingavinna	58.100
Páll Heiðar Jónsson	Þýðingavinna	17.620
Katelin Marit Parsons	Þýðingavinna	97.747
Anne Cecilia Benassi	Þýðingavinna	66.000
Hulda Hlín Magnúsdóttir	Þýðingavinna	25.000
Jón Örn Thordarson	Þýðingavinna	14.877
Oddný Helgadóttir	Þýðingavinna	162.500
Erla Sigurðardóttir	Þýðingavinna	25.727
Allan Rettedal	Þýðingavinna	69.960
Ingvar Helgi Eggertsson	Þýðingavinna	227.974
Ólöf Kristín Pétursdóttir	Þýðingavinna	209.920
Arnaldur Hjartarson	Þýðingavinna	302.500
Þýðingastofa JC ehf.	Þýðingavinna	17.480
U7 ehf.	Þýðingavinna	395.135
JS þýðingar ehf.	Þýðingavinna	784.622
Hagfelld ehf.	Þýðingavinna	128.514
Túlka- og þýðingaþjónustan ehf.	Þýðingavinna	3.500
Skjal ehf.	Þýðingavinna	18.252
Þýðingar og tölvusetning sf.	Þýðingavinna	9.000
Scriptorium ehf.	Þýðingavinna	38.500
MálVÍS ehf.	Þýðingavinna	35.000
Soffía Gunnarsdóttir	Þýðingavinna	46.890
Þýðingar samtals		**3.390.693**
Landslög lögfræðiþjónusta ehf.	Lögfræðiþjónusta v/efnahagskreppu	168.096
Logos slf.	Lögfræðiþjónusta v/efnahagskreppu	568.800
HeadLand Consultancy Ltd.	Ráðgjafaþjónusta v/efnahagskreppu	11.220.570
Sovereign Strategy	Ráðgjafaþjónusta v/efnahagskreppu	1.117.760
Advokatfirmaet Schjödt	Ráðgjafaþjónusta v/efnahagskreppu	17.693.468
Huijskens Communications	Ráðgjafaþjónusta v/efnahagskreppu	820.325
Samtals v/efnahagskreppu		**31.589.019**
GH1 hf.	Hlutdeild í sparnaðarátaki FJR	233.717
Ragnhildur Helgadóttir	Lögfræðileg aðstoð við svörun spurninga	34.000
Lilja Ólafsdóttir	Ráðgjafastörf v/fríverslunarviðræðna við Kína	360.000
Mörkin Lögmannsstofa hf.	Lögfræðiþjónusta	42.375
ÞL og ET lögfræðiráðgjöf ehf.	Ráðgj. v/samningar frumvarps til breytinga á varnarmálalögum	75.000
Árnason Faktor ehf.	Vörumerkjavöktun	4.159.602

Verksali	Lýsing	Upphæð
Mörkin Lögmannsstofa hf.	Lögfræðiþjónusta	164.250
20 Essex Street	Erlend lögfræðiþjónusta	291.730
Taylor Wessing	Erlend lögfræðiþjónusta	412.552
Bólusetningar og læknisþjónusta	Bólusetningar og læknisþjónusta samtals	566.825
Ari Trausti Guðmundsson	Leiðsögn	99.000
Ólafur Theodórs Ólafsson	Hönnun og gerð skjaldarmerkis	46.541
Valdimar Valdemarsson	Ráðgjöf í evrópumálum	200.000
Björg Thorarensen	Yfirlestur og svör v/ESB	271.296
Anna Kristín Ólafsdóttir	Verkefnisstjórn v/starfshóps um Íslandsstofu	1.004.530
Valur Ingimundarson	Ráðgjöf og skýrslugerð	673.081
Oddrún ehf.	Leiðsögn	30.000
Listasafn Íslands	Þjónusta v/listaverks	27.169
eCom ehf.	Yfirferð og leiðréttingar v/ESB	29.568
Brytinn ehf.	Afleysing í mötuneyti	32.000
Hnotskógur ehf.	Auglýsing í Export Directory	77.210
Nordic Business Development ehf.	Ráðgjöf og verkefnastjórnun vegna NBO	1.102.500
Háskóli Íslands	Ráðgjöf í evrópumálum	640.000
KOM ehf.	Ráðgjöf í almannatengslum	813.310
Congress Reykjavík-Ráðstefnuþj. ehf.	Ráðstefnuþjónusta	204.000
Hist ehf.	Hugmyndavinna, skissugerð, hönnun og frágangur til prentunar	139.787
BG-Ráðgjöf og þjónusta ehf.	Sérfræðiþjónusta	30.000
Þeir tveir ehf.	Hönnun og uppsetning a nýjum vef	154.860
Stefanía Khalifeh	Sérfræðiþjónusta í Mið-Austurlöndum	1.120.920
Dr. Henning Riecke	Vegna High North Academic Roundtable	112.249
Mary Scharck	Erlendur fyrirlesari	51.448
Annað samtals		**13.199.520**
Samtals		**48.179.232**

4. *Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?*

Í öllum tilvikum er leitast við að leysa verkefnin með starfsmönnum ráðuneytisins áður en leitað er til einkaaðila. Eðli aðkeyptrar þjónustu, sbr. ofangreindan lista, skýrir hví ekki var unnt að inna hana af hendi innan ríkiskerfisins.

501. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðisnefndar.

Minni hlutinn leggst gegn því að ákvæðinu verði frestað. Með því að fresta því allt til ársins 2014 er verið að fara þvert gegn markmiðum laga um sjúkratryggingar en þar segir í

1. gr.:

„Markmið laga þessara er að tryggja sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, lög um réttindi sjúklinga og önnur lög eftir því sem við á.

Jafnframt er markmið laga þessara að stuðla að rekstrar- og þjóðhagslegri hagkvæmni heilbrigðisþjónustu og hámarksgæðum hennar eftir því sem frekast er unnt á hverjum tíma. Þá er markmið laga þessara að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna.“

Þessar tvær markmiðsgreinar tengjast órjúfanlegum böndum, því til að tryggja öllum heilbrigðisþjónustu þarf greiðandi þjónustunnar að gera eins góða samninga um kaup á heilbrigðisþjónustu og kostur er. Engin betri leið hefur fundist en kostnaðargreining þjónustunnar en það leiðir m.a. af sér að samið er um þá þjónustu sem hagstæðust er hverju sinni.

Umsagnaraðilar voru mjög afgerandi og lögðust eins og minni hlutinn gegn þessari breytingu:

Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu: „Stjórn SFH telur brýnt að ljúka gerð þessara þjónustusamninga sem allra fyrst en breyting á þessum lögum stefnir málinu í allt aðra átt.“

Læknafélag Íslands: „Félagið er andvígt fyrirhugaðri frestun.“

Landspítali: „Landspítali gerir ekki sérstakar athugasemdir við frumvarp til laga um sjúkratryggingar. Hins vegar telur Landspítali ástæðu til að lýsa yfir vonbrigðum vegna frestunar gildistöku ákvæðis um samninga við heilbrigðisstofnanir sem frumvarpið felur í sér enda hefur það verið stefnumál sjúkrahússins um árabil að fjárveitingar til spítalans fylgi þjónustu við sjúklinga og öðrum verkefnum í meiri og skýrari mæli en nú er. Slík fjármögnun er nú viðhöfð gagnvart öllum öðrum háskólasjúkrahúsum á Norðurlöndum og gjarnan staðið að henni með samningum á borð við þá sem frestað er í nefndu frumvarpi.“

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga: „Stjórnin telur mikilvægt að farið sé vel með almannafé og skýrt sé hvaða þjónustu ríkið og ríkisstofnanir eru á hverjum tíma að kaupa af sveitarfélögum og öðrum rekstraraðilum hjúkrunarheimila. Einnig er brýnt að heimilismenn og aðstandendur geti fengið upplýsingar um hvaða þjónustu ber að veita og hvaða viðmiðanir eru í gildi varðandi þann mannafla sem þjónustuna veitir á hverju heimili. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að skýrir þjónustusamningar séu í gildi á milli aðila. Stjórn Fíh leggst því gegn því að gildistöku umrædds ákvæðis verði frestað.“ „Stjórnin fullyrðir að með skýrum þjónustusamningum fáist meira fyrir það fé sem veitt er til reksturs hjúkrunarheimila hér á landi.“

Í athugasemdum með frumvarpinu er talað um að ástæða frestunar á ákvæðinu hafi verið vegna minni tekna ríkissjóðs. Í minnisblaði forstjóra SÍ er farið yfir þetta atriði, en þar segir:

„Þann forsendubrest sem vitnað er til í athugasemdum með frumvarpinu til skýringar á frestun umræddrar samningsgerðar á vegum SÍ má fyrst og fremst rekja til þess að stofnunin hefur ekki fengið nauðsynlegar fjárveitingar til að sinna verkefninu. <u>Það hefur á hinn bóginn ekki með aukinn kostnað fyrir ríkið að gera heldur það að heilbrigðisráðuneytið hefur ekki fylgt eftir tilflutningi starfa og fjárveitinga til SÍ eins og til stóð þegar lögin um sjúkratryggingar voru samþykkt.</u>

Í því sambandi má nefna:

- Ekki er enn lokið við áformaða fjárhagslega uppskiptingu milli TR og SÍ í samræmi við niðurstöðu ráðgjafanna sem unnu að aðskilnaðinum fyrir forsætisráðuneytið (kostnaðargreining TR, dags. 6. maí 2008, lögð fyrir heilbrigðisnefnd Alþingis í aðdraganda laga nr. 112/2008).

- Ekki hefur enn orðið af tilflutningi 5–6 starfsmanna frá aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytisins til stofnunarinnar vegna samningamálanna, sbr. til dæmis umsögn fjármálaráðuneytis um frumvarp til laga um sjúkratryggingar (þskj. 955, 613. mál).
- Ekki hefur enn orðið af tilflutningi starfsmanna frá heilsugæslunni og Landspítalanum sem sinnt hafa samningsgerð og öðrum verkefnum sem SÍ var ætlað að sinna, sbr. til dæmis ákvæði I til bráðabirgða í lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.“

Minni hlutinn leggur til að ráðherra klári þetta verkefni í stað þess að fresta ákvæðinu.

Alþingi, 13. des. 2010.

Guðlaugur Þór Þórðarson, frsm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

502. Frumvarp til upplýsingalaga. [381. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja gegnsæi í stjórnsýslu og við meðferð opinberra hagsmuna m.a. í þeim tilgangi að styrkja:

1. upplýsingarétt og tjáningarfrelsi,
2. möguleika almennings til þátttöku í lýðræðissamfélagi,
3. aðhald fjölmiðla og almennings að stjórnvöldum,
4. möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni,
5. traust almennings á stjórnsýslunni.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til allrar starfsemi stjórnvalda.

Lög þessi taka til allrar starfsemi lögaðila sem eru að 75% hluta eða meira í eigu hins opinbera. Þau taka þó ekki til lögaðila, sem sótt hafa um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, og dótturfélaga þeirra.

Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur forsætisráðherra, að fenginni tillögu viðkomandi ráðherra eða sveitarstjórnar ákveðið að hann skuli ekki falla undir lög þessi. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.
Einkaaðilar sem falið er opinbert verkefni.

Lög þessi taka til einkaaðila, hvort sem þeir eru í opinberri eigu eða ekki, að því leyti sem þeim hefur með lögum eða með ákvörðun eða samningi sem byggist á heimild í lögum verið falið að taka stjórnvaldsákvörðun eða sinna þjónustu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða telst að öðru leyti liður í opinberu hlutverki stjórnvalds.

4. gr.

Gildissvið gagnvart öðrum lögum og þjóðréttarsamningum.

Lög þessi gilda ekki um þinglýsingu, aðfarargerðir, kyrrsetningu, löggeymslu, lögbann, nauðungarsölu, greiðslustöðvun, nauðasamninga, gjaldþrotaskipti, skipti á dánarbúum eða önnur opinber skipti, né heldur um rannsókn sakamáls eða saksókn.

Lög þessi gilda ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt stjórnsýslulögum. Þá gilda lög þessi ekki um upplýsingar sem trúnaður skal ríkja um samkvæmt þjóðréttarsamningum sem Ísland á aðild að.

Ákvæði annarra laga sem heimila víðtækari aðgang að upplýsingum halda gildi sínu. Almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi gilda um aðgang að gögnum í 30 ár frá því að þau urðu til. Er þá miðað við síðustu innfærslu eða síðasta bréf afgreidds máls. Frá þeim tíma fer um aðgang samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn Íslands.

II. KAFLI
Almennur aðgangur að upplýsingum.

5. gr.

Réttur almennings til aðgangs að gögnum.

Sé þess óskað er skylt að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál, með þeim takmörkunum sem greinir í 6.–10. gr. Ekki er þó ekki skylt að útbúa ný skjöl eða önnur gögn í ríkari mæli en leiðir af 3. mgr.

Réttur til aðgangs að gögnum nær til:

1. allra gagna sem mál varða, þ.m.t. endurrita af bréfum sem stjórnvald eða annar aðili skv. I. kafla hefur sent, enda megi ætla að þau hafi borist viðtakanda,
2. dagbókarfærslna sem lúta að gögnum máls og lista yfir málsgögn.

Ef ákvæði 6.–10. gr. um takmarkanir á upplýsingarétti eiga aðeins við um hluta gagns skal veita aðgang að öðrum hlutum þess.

6. gr.

Gögn undanþegin upplýsingarétti.

Réttur almennings til aðgangs að gögnum tekur ekki til:

1. fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum og gagna sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi,
2. gagna sem útbúin eru af sveitarfélögum, samtökum þeirra eða stofnunum og varða sameiginlegan undirbúning, tillögugerð eða viðræður þessara aðila við ríkið um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga,
3. bréfaskipta við sérfróða aðila til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað,
4. gagna sem ráðherra aflar frá sérfróðum aðilum vegna undirbúnings lagafrumvarpa,
5. gagna sem tengjast málefnum starfsmanna, sbr. 7. gr.,
6. vinnugagna, sbr. 8. gr.

7. gr.

Upplýsingar um málefni starfsmanna.

Réttur almennings til aðgangs að gögnum um málefni starfsmanna sem starfa hjá aðilum sem lög þessi taka til, sbr. 2. gr., tekur ekki til gagna í málum sem varða umsóknir um starf, framgang í starfi eða starfssambandið að öðru leyti.

Þegar aðrar takmarkanir á upplýsingarétti samkvæmt lögum þessum eiga ekki við er, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., skylt að veita upplýsingar um eftirtalin atriði sem varða opinbera starfsmenn:

1. nöfn og starfsheiti umsækjenda um starf, þegar umsóknarfrestur er liðinn,
2. nöfn starfsmanna, starfssvið og föst launakjör þeirra,
3. áherslur og kröfur um árangur í starfi æðstu stjórnenda sem fram koma í ráðningarsamningi eða öðrum gögnum og upplýsingar um menntun þeirra.

Enn fremur er heimilt að veita upplýsingar um viðurlög í starfi sem æðstu stjórnendur hafa sætt, þar á meðal vegna áminninga og brottvísana, enda séu ekki liðin meira en tvö ár frá þeirri ákvörðun sem um ræðir.

Með sama hætti ber að veita almenningi upplýsingar um eftirtalin atriði sem varða starfsmenn lögaðila sem falla undir lög þessi skv. 2. mgr. 2. gr.:

1. nöfn starfsmanna og starfssvið,
2. föst launakjör æðstu stjórnenda og upplýsingar um menntun þeirra.

Almenningur á rétt til aðgangs að upplýsingum skv. 2. og 4. mgr. frá viðkomandi vinnuveitanda jafnvel þótt þær sé ekki að finna í gögnum sem tilheyra tilteknu máli.

8. gr.

Vinnugögn.

Vinnugögn teljast þau gögn sem stjórnvöld eða lögaðilar skv. 2. og 3. gr. hafa ritað eða útbúið til eigin nota við undirbúning ákvörðunar eða annarra lykta máls og ekki hafa verið afhent öðrum, eða einvörðungu hafa verið afhent eftirlitsaðila á grundvelli lagaskyldu.

Til vinnugagna teljast einnig eftirtalin gögn, enda fullnægi þau að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.:

1. gögn sem berast milli stjórnvalda þegar eitt stjórnvald sinnir ritarastörfum eða sambærilegum störfum fyrir annað,
2. gögn sem unnin eru af nefndum eða starfshópum sem stjórnvöld hafa sett á fót með formlegri ákvörðun og fastmótuðu hlutverki,
3. gögn sem send eru milli aðila skv. 2. tölul. og annarra stjórnvalda þegar starfsmenn þeirra eiga þar sæti,
4. gögn vegna ráðgjafar sem ráðuneyti aflar hjá öðru ráðuneyti eða stjórnvaldi sem heyrir undir yfirstjórn þess.

Þrátt fyrir 6. tölul. 6. gr. ber að afhenda vinnugögn ef:

1. þar kemur fram endanleg ákvörðun um afgreiðslu máls,
2. þar koma fram upplýsingar sem stjórnvaldi er skylt að skrá skv. 1. mgr. 27. gr.,
3. þar koma fram upplýsingar um atvik máls sem ekki koma annars staðar fram,
4. þar kemur fram lýsing á vinnureglum eða stjórnsýsluframkvæmd á viðkomandi sviði.

9. gr.

Takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna.

Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila.

10. gr.

Takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna.

Heimilt er að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast, enda hafi þau að geyma upplýsingar um:

1. öryggi ríkisins eða varnarmál,
2. samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir,
3. viðskipti stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga að því leyti sem þau eru í samkeppni við aðra,
4. fyrirhugaðar ráðstafanir eða próf á vegum hins opinbera ef þau yrðu þýðingarlaus eða skiluðu ekki tilætluðum árangri væru þau á almannavitorði,
5. umhverfismál ef birting gagnanna getur haft alvarleg áhrif á vernd þess hluta umhverfisins sem upplýsingarnar varða, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera, steinda, steingervinga og bergmyndana.

11. gr.

Aukinn aðgangur.

Heimilt er að veita aðgang að gögnum í ríkari mæli en skylt er samkvæmt lögum þessum enda standi aðrar lagareglur því ekki í vegi, þar á meðal ákvæði laga um þagnarskyldu og persónuvernd.

Þegar stjórnvöld, sbr. 1. mgr. 2. gr., synja beiðni um aðgang að gögnum á grundvelli 2.–6. tölul. 6. gr. og 10. gr. skal taka afstöðu til þess hvort veita eigi aðgang í ríkari mæli en skylt er, sbr. 1. mgr. þessa ákvæðis.

12. gr.

Brottfall takmarkana á upplýsingarétti.

Veita skal aðgang að gögnum sem 4. tölul. 10. gr. tekur til jafnskjótt og ráðstöfunum eða prófum er að fullu lokið, nema aðrar takmarkanir samkvæmt lögum þessum eigi við.

Veita skal aðgang að upplýsingum sem 5. tölul. 10. gr. tekur til þegar ekki er lengur ástæða til að ætla að miðlun upplýsinganna geti haft skaðleg áhrif á umhverfið.

Um brottfall annarra takmarkana fer eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands eftir að liðin eru 30 ár frá því að gögnin urðu til, sbr. 4. mgr. 4. gr.

13. gr.

Opinber birting upplýsinga.

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett fyrirmæli um birtingu gagna og upplýsinga stjórnvalda á vefsíðum þeirra. Með reglugerðinni skal tryggja, eftir því sem kostur er, að birting sé samræmd milli stjórnvalda og að viðeigandi reglum um meðferð upplýsinga sé fylgt.

Birting skv. 1. mgr. má ekki ganga gegn reglum um vernd einkalífs, ákvæðum laga þessara um takmarkanir á upplýsingarétti eða reglum um þagnarskyldu.

III. KAFLI

Aðgangur aðila að upplýsingum um hann sjálfan.

14. gr.

Upplýsingaréttur aðila.

Skylt er, sé þess óskað, að veita aðila sjálfum aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál ef þau hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki:

1. um gögn sem talin eru í 6. gr.,

2. um gögn sem hafa að geyma upplýsingar um mikilvæga almannahagsmuni sem leynt eiga að fara skv. 10. gr.

Heimilt er að takmarka aðgang aðila að gögnum ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, enda vegi þeir hagsmunir, sem mæla með því að upplýsingum sé haldið leyndum, þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnum.

Um aðgang sjúklings að sjúkraskrá fer eftir ákvæðum laga um sjúkraskrár.

Ákvæði 5., 11. og 12. gr. gilda, eftir því sem við getur átt, um aðgang aðila að gögnum.

IV. KAFLI
Málsmeðferð.

15. gr.
Afmörkun á beiðni um aðgang að upplýsingum.

Sá sem fer fram á aðgang að gögnum skal tilgreina efni þess máls sem hann óskar eftir að kynna sér með nægjanlega skýrum hætti til að hægt sé, án verulegrar fyrirhafnar, að afmarka beiðni við tiltekin gögn ákveðins máls, eða öll gögn ákveðins máls.

Setja má það skilyrði að beiðni komi fram á eyðublaði sem lagt er til.

Beiðni má vísa frá ef ekki er talið mögulegt á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga að afmarka hana við tiltekið mál. Áður en til þess kemur ber að veita málsaðila leiðbeiningar og gefa honum færi á að afmarka beiðni sína nánar. Eftir atvikum ber stjórnvaldi að afhenda aðila lista yfir mál sem ætla má að beiðni hans geti beinst að í þeim tilgangi að hann geti tilgreint það mál þar sem hann óskar eftir aðgangi að gögnum.

Beiðni má í undantekningartilfellum hafna ef:

1. meðferð hennar tæki svo mikinn tíma eða krefðist svo mikillar vinnu að ekki telst af þeim sökum fært að verða við henni,
2. sterkar vísbendingar eru um að beiðni sé sett fram í ólögmætum tilgangi.

16. gr.
Hvert beiðni skal beint.

Þegar farið er fram á aðgang að upplýsingum í máli þar sem taka á eða tekin hefur verið stjórnvaldsákvörðun skal beiðni beint til þess sem tekið hefur eða taka mun ákvörðun í málinu. Annars skal beiðni beint til þess aðila sem hefur upplýsingarnar í vörslum sínum.

Beiðni um gögn skv. 7. gr. verður eingöngu beint til viðkomandi vinnuveitanda.

Þegar gögn sem lög þessi taka til hafa verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands eða öðru opinberu skjalasafni er hlutaðeigandi safn bært til að taka ákvörðun um aðgang að þeim og hvort veitt skuli ljósrit eða afrit af þeim á grundvelli þessara laga eða laga um Þjóðskjalasafn Íslands eftir aldri gagna.

17. gr.
Málshraði.

Tekin skal ákvörðun um það hvort orðið verður við beiðni um aðgang að gögnum svo fljótt sem verða má. Hafi beiðni ekki verið afgreidd innan sjö daga frá móttöku hennar skal skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Frestur vegna afgreiðslu beiðni skv. 33. gr. skal þó vera 15 virkir dagar.

Áður en tekin er ákvörðun um aðgang að gögnum sem geta varðað einkahagsmuni getur stjórnvald, eða sá sem hefur beiðni til afgreiðslu, skorað á þann sem upplýsingar varðar að upplýsa hvort hann telji að þær eigi að fara leynt. Veita skal frest í sjö virka daga til að svara erindinu.

18. gr.

Afhending gagna og gjaldtaka.

Eftir því sem við verður komið skal veita aðgang að upplýsingum á því formi eða sniði og á þeim tungumálum, sem þær eru varðveittar á, nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi. Þegar gögn eru eingöngu varðveitt á rafrænu formi getur aðili valið á milli þess að fá þau á því formi eða útprentuð á pappír.

Þegar skjöl eru mörg er heimilt að fela öðrum að sjá um ljósritun þeirra. Hið sama á við hafi sá sem afhendir gögn ekki aðstöðu til að ljósrita skjöl. Aðili skal þá greiða þann kostnað sem hlýst af ljósritun skjalanna. Hið sama gildir um afritun annarra gagna en skjala eftir því sem við á.

Forsætisráðherra ákveður með gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir ljósrit og afrit gagna sem afhent eru samkvæmt lögum þessum þannig að mætt sé þeim kostnaði sem af því hlýst, þ.m.t. efnis- og launakostnaði og eðlilegum afskriftum af þeim búnaði sem notaður er við afritun gagna.

Ef fyrirsjáanlegt er að kostnaður við afritun eða ljósritun verði meiri en 10.000 kr. er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu.

19. gr.

Rökstuðningur, birting og leiðbeiningar.

Ákvörðun um að synja beiðni um aðgang að gögnum, í heild eða að hluta, sem borin hefur verið fram skriflega, skal tilkynnt skriflega og rökstudd stuttlega. Í ákvörðun skal koma fram afstaða stjórnvalds til aukins aðgangs skv. 2. mgr. 11. gr. og leiðbeiningar um rétt til kæru skv. 20. gr.

Þegar beiðni um aðgang að gögnum er afgreidd með vísan til þess að umbeðnar upplýsingar séu þegar aðgengilegar almenningi, og án þess að umbeðin gögn séu afhent, skal tilgreina nákvæmlega hvar og með hvaða hætti upplýsingarnar eru aðgengilegar.

Þegar veittur er aðgangur að gögnum sem þriðji maður á lögvarin réttindi yfir samkvæmt höfundalögum skal veita upplýsingar um nafn rétthafa, liggi þær fyrir.

Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnsýslulögum.

V. KAFLI
Úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

20. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að bera synjun beiðni um aðgang að gögnum samkvæmt lögum þessum undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem úrskurðar um ágreininginn. Hið sama gildir um synjun stjórnvalds á beiðni um að afhenda gögn á því formi sem óskað er.

Ákvörðun skv. 3. mgr. 2. gr. eða 33. gr. sætir ekki endurskoðun nefndarinnar.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum og verður úrskurðum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

21. gr.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Forsætisráðherra skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd um upplýsingamál til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Skulu tveir nefndarmenn og varamenn þeirra uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara, sbr. 12. gr. laga um dómstóla. Skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar

en hinn varaformaður. Nefndarmenn mega ekki vera fastráðnir starfsmenn í Stjórnarráði Íslands.

Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á því.

Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem fram kemur í gögnum sem nefndinni eru látin í té. Sama gildir um þá sem hún kann að kveðja sér til aðstoðar.

22. gr.

Málsmeðferð.

Mál skv. 1. mgr. 20. gr. skal borið skriflega undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál innan 30 daga frá því að þeim sem fór fram á aðgang að gögnum var tilkynnt um ákvörðun.

Nefndin getur veitt þeim sem kæra beinist að stuttan frest til þess að láta í té rökstutt álit á málinu áður en því er ráðið til lykta. Þeim sem kæra beinist að er skylt að láta nefndinni í té afrit af þeim gögnum sem kæra lýtur að, enda falli viðkomandi undir gildissvið laganna skv. I. kafla. Nefndin getur mælt svo fyrir í bréfi þar sem óskað er afrits gagna samkvæmt þessari málsgrein að gögn sem henni eru afhent í trúnaði séu auðkennd sérstaklega.

Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Hafi stjórnvald ekki tekið afstöðu skv. 2. mgr. 11. gr. til þess hvort veita eigi aðgang í ríkari mæli en skylt er skal nefndin vísa máli að því leyti til nýrrar meðferðar þess sem ákvörðun tók, enda sé stjórnvaldi þá ekki skylt samkvæmt lögum þessum að láta gögnin í té. Að öðru leyti tekur nefndin ekki afstöðu til þess hvort heimild skv. 1. mgr. 11. gr. skuli beitt í einstökum málum.

Um meðferð mála hjá úrskurðarnefndinni fer að öðru leyti eftir VII. kafla stjórnsýslulaga.

23. gr.

Birting og aðfararhæfi úrskurða.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál skal birta úrskurð þeim sem fór fram á aðgang að gögnum og þeim sem kæra beindist að svo fljótt sem verða má.

Ef nefndin hefur tekið til greina beiðni um aðgang að gögnum ber að veita aðgang að þeim jafnskjótt og úrskurður hefur verið birtur, nema þess sé krafist að réttaráhrifum hans verði frestað skv. 24. gr.

Úrskurður samkvæmt lögum þessum um aðgang að gögnum eða afrit af þeim er aðfararhæfur, nema réttaráhrifum hans hafi verið frestað.

24. gr.

Frestun á réttaráhrifum úrskurðar.

Nú hefur úrskurðarnefnd um upplýsingamál lagt fyrir stjórnvald eða annan aðila að veita aðgang að gögnum og getur þá nefndin að kröfu viðkomandi ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar telji hún sérstaka ástæðu til. Krafa þess efnis skal berast úrskurðarnefnd um upplýsingamál ekki síðar en fimm virkum dögum frá birtingu úrskurðar.

Frestun á réttaráhrifum úrskurðar skal bundin því skilyrði að mál verði borið undir dómstóla innan sjö daga frá birtingu ákvörðunar um frestunina og óskað eftir að það hljóti flýtimeðferð. Nú er beiðni um flýtimeðferð synjað og skal þá mál höfðað innan sjö daga frá synjuninni.

25. gr.
Útgáfa úrskurða.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál skal eigi sjaldnar en árlega gefa út úrskurði sína eða útdrætti úr þeim. Opinber birting úrskurða á vefsíðu telst fullnægjandi útgáfa.

VI. KAFLI
Skráning mála o.fl.

26. gr.
Skráning mála.

Um skráningu mála, skjalaskrár og aðra vistun gagna og upplýsinga fer að ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

27. gr.
Skráning upplýsinga um málsatvik og meðferð mála.

Við meðferð mála þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna ber stjórnvöldum, og öðrum sem lög þessi taka til, að skrá upplýsingar um málsatvik sem veittar eru munnlega eða viðkomandi fær vitneskju um með öðrum hætti ef þær hafa þýðingu fyrir úrlausn máls og er ekki að finna í öðrum gögnum þess. Sama á við um helstu ákvarðanir um meðferð máls og helstu forsendur ákvarðana, enda komi þær ekki fram í öðrum gögnum málsins.

Stjórnvöld skulu að öðru leyti gæta þess að mikilvægum upplýsingum sé haldið til haga, svo sem með skráningu fundargerða eftir því sem við á. Hið sama á við um lögaðila skv. 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. að því leyti sem lög þessi taka til starfa þeirra.

VII. KAFLI
Endurnot opinberra upplýsinga.

28. gr.
Markmið og gildissvið.

Markmið þessa kafla er að auka endurnot opinberra upplýsinga til hagsbóta fyrir samfélagið í heild. Jafnframt er með kafla þessum kveðið á um samræmdar lágmarksreglur um endurnot opinberra upplýsinga, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005 um að fella inn í IX. viðauka við EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera.

Endurnot opinberra upplýsinga vísa til þess að einkaaðili noti slíkar upplýsingar í öðrum tilgangi en ætlunin var þegar þeirra var aflað af hálfu stjórnvalda. Miðlun upplýsinga á milli stjórnvalda í þágu starfa þeirra telst ekki til endurnota á upplýsingum í þessum skilningi.

Ákvæði kaflans gilda einvörðungu um endurnot á fyrirliggjandi upplýsingum sem eru í vörslum stjórnvalda og almenningur á rétt til aðgangs að á grundvelli 5. gr. laga þessara eða annarra ákvæða laga sem veita almenningi slíkan rétt.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um:

1. upplýsingar sem teknar eru saman af stjórnvöldum í viðskiptalegum tilgangi,
2. gögn, skrár og upplýsingar úr gagnagrunnum sem þriðji maður á lögvarin réttindi yfir samkvæmt höfundalögum. Ákvæði kaflans gilda hins vegar eigi ríki, sveitarfélög eða stofnanir þeirra í skilningi 1. málsl. 1. mgr. 29. gr. ein slík réttindi yfir upplýsingum, enda falli það stjórnvald sem fer með fyrirsvar réttindanna ekki undir 3. mgr. 29. gr.

29. gr.

Skilgreining á opinberum aðilum sem falla undir ákvæði þessa kafla.

Ákvæði þessa kafla taka til ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra opinberra aðila, sbr. 2. mgr. Lög þessi taka einnig til samtaka sem þessir aðilar, einn eða fleiri, kunna að hafa með sér.

Aðili telst opinber ef hann getur borið réttindi og skyldur að lögum og sérstaklega hefur verið stofnað til hans í því skyni að þjóna almannahagsmunum, enda reki hann ekki starfsemi sem jafnað verður til starfsemi einkaaðila, svo sem á sviði viðskipta eða iðnaðar. Auk þess skal eitthvert eftirfarandi atriða eiga við um hann:

1. Starfsemi hans er að mestu leyti rekin á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila. Miðað skal við að aðili sé að mestu leyti rekinn á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila ef opinber fjármögnun nemur meira en 50% af árlegum rekstrarkostnaði.
2. Hann lýtur yfirstjórn ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila.
3. Hann lýtur sérstakri stjórn sem ríki eða sveitarfélög, stofnanir þeirra eða aðrir opinberir aðilar skipa að meiri hluta.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ákvæði þessa kafla þó ekki um:

1. Ríkisútvarpið.
2. Skóla, bóka- og skjalasöfn eða rannsóknastofnanir.
3. Menningarstofnanir.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. getur hlutaðeigandi ráðherra mælt svo fyrir í reglugerð að starfsemi stjórnvalds, sem undir hann heyrir og ákvæðið tekur til, falli engu að síður undir ákvæði þessa kafla í heild eða að hluta.

30. gr.

Almennir skilmálar fyrir endurnotum opinberra upplýsinga.

Heimilt er að endurnota opinberar upplýsingar sem eru almenningi aðgengilegar lögum samkvæmt, enda séu eftirfarandi skilyrði ávallt uppfyllt:

1. Endurnot upplýsinganna mega ekki brjóta í bága við lög, þ.m.t. ákvæði almennra hegningarlaga, höfundalaga og laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eða réttindi þriðja manns.
2. Geta skal uppruna upplýsinganna.
3. Skýrt skal koma fram hver ber ábyrgð á vinnslu upplýsinganna þegar þær eru gerðar öðrum aðgengilegar.

31. gr.

Endurnot opinberra upplýsinga úr opinberum skrám.

Þegar veittur er aðgangur að upplýsingum úr opinberum skrám skv. 1. mgr. 11. gr. eða ákvæðum sérlaga er stjórnvaldi heimilt að áskilja að endurnot upplýsinganna séu leyfisskyld og uppfylli sérstök skilyrði, svo sem um gæði upplýsinga, uppfærslu þeirra o.fl. Gæta skal samræmis og jafnréttis við útfærslu slíkra skilyrða og mega þau ekki takmarka möguleika á endurnotum upplýsinganna eða samkeppni óhóflega.

Stjórnvöld skulu birta á heimasíðu sinni lista yfir þær skrár sem hafa að geyma upplýsingar í þeirra vörslum sem heimilt er að endurnota, svo og þau skilyrði sem slík endurnot eru bundin.

Umsókn um leyfi fyrir endurnotum á upplýsingum úr opinberum skrám skal beint til þess stjórnvalds sem lögum samkvæmt ber ábyrgð á færslu og vinnslu upplýsinganna í hlutaðeigandi skrá.

Stjórnvald skal afgreiða umsókn um leyfi til endurnota á upplýsingum úr opinberum skrám svo fljótt sem verða má. Hafi beiðni ekki verið afgreidd innan 20 daga frá því að umsókn barst skal skýra frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Synji stjórnvald beiðni um að veita leyfi fyrir endurnotum á upplýsingum á grundvelli 2. tölul. 4. mgr. 28. gr. skal tilgreina nafn rétthafa eða umboðsmanns hans.

Heimilt er að taka gjald fyrir að veita aðgang að upplýsingum úr opinberum skrám á grundvelli 2. og 3. mgr. 18. gr. Hlutaðeigandi stjórnvald skal setja sér gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Gjaldskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda auk þess sem hún skal vera aðgengileg á heimasíðu stjórnvaldsins.

Ekki þarf að greiða fyrir endurnot á upplýsingum sem falla undir ákvæði þessa kafla og eru háðar höfundarétti ríkis og sveitarfélaga, umfram það sem segir í 6. mgr., nema lög mæli sérstaklega svo fyrir.

Tilgreina skal nafn rétthafa þegar stjórnvöld gera upplýsingar aðgengilegar almenningi á netinu á grundvelli samnings við þriðja mann sem á lögvarin réttindi yfir þeim samkvæmt höfundalögum.

32. gr.

Bann við samningum um sérleyfi.

Stjórnvöld mega ekki gera samninga um sérleyfi um endurnot opinberra upplýsinga sem ákvæði þessa kafla taka til, sbr. þó 2. mgr.

Ef ætla má að opinberar upplýsingar verði ekki endurnotaðar í þágu almannahagsmuna nema á grundvelli sérleyfis er heimilt að gera slíkan samning enda komi fram í honum rökstuðningur fyrir því. Endurmeta ber rök fyrir sérleyfissamningnum reglubundið og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

VIII. KAFLI

Aðgangur að gögnum í rannsóknarskyni.

33. gr.

Aðgangur að gögnum í rannsóknarskyni.

Vegna rannsókna eða sambærilegrar starfsemi er stjórnvaldi, sbr. 1. mgr. 2. gr., heimilt að veita aðgang að gögnum sem undanþegin eru upplýsingarétti skv. II. og III. kafla, enda megi ætla að hægt sé að verða við umsókn án þess að skerða þá almanna- og einkahagsmuni sem ákvæðum kaflanna er ætlað að vernda. Í umsókn skal upplýst í hvaða tilgangi er óskað eftir aðgangi. Leyfi samkvæmt þessari málsgrein skal vera skriflegt.

Afla skal samþykkis Persónuverndar fyrir afhendingu gagns ef það hefur að geyma persónugreinanlegar upplýsingar og vinnsla með upplýsingarnar hefur fallið undir lagaákvæði um skráningu og meðferð persónuupplýsinga eða upplýsingarnar eru úr skrá sem haldin hefur verið af opinberum aðila.

Stjórnvald getur sett aðgangi skv. 1. mgr. skilyrði. Skilyrðin skulu byggð á sjónarmiðum um eðli þeirra upplýsinga sem veittur er aðgangur að og tilgangi sem umsókn um aðgang byggist á. Stjórnvald getur sett sem skilyrði að:

1. upplýsingum um einkamálefni, þ.m.t. fjárhagsmálefni, sé ekki miðlað áfram,
2. ekki sé haft samband við einstaklinga sem nefndir eru í gagni eða skyld- og venslamenn þeirra,

3. gagn verði ekki birt í heild,
4. ekki verði tekið afrit af gagni,
5. upplýsingar sem veittur er aðgangur að verði ekki birtar í rannsóknarniðurstöðum á persónugreinanlegan hátt,

Þegar sérstaklega stendur á er hægt að setja önnur skilyrði en fram koma í 3. mgr.

34. gr.

Refsingar og skaðabætur.

Sá sem fær aðgang að gögnum skv. 33. gr. má ekki birta, afhenda eða nota upplýsingar sem hann hefur þannig fengið aðgang að á annan hátt en mælt er fyrir um í leyfi stjórnvalds.

Ef aðili, sem fengið hefur aðgang að gögnum skv. 33. gr., brýtur í bága við ákvæði 1. mgr. af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Nú brýtur aðili af sér skv. 1. mgr. af ásetningi eða gáleysi og má þá dæma hann til að greiða þeim sem upplýsingarnar varða bætur fyrir fjártjón og miska.

IX. KAFLI

Gildistaka o.fl.

35. gr.

Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 2011. Við gildistöku þeirra falla úr gildi upplýsingalög, nr. 50/1996, með síðari breytingum.

Ákvæði laga þessara gilda um öll gögn og upplýsingar sem undir þau falla, án tillits til þess hvenær gögnin og upplýsingarnar urðu til eða hvenær þau hafa borist þeim sem skylt er að veita upplýsingar samkvæmt lögum þessum.

Þrátt fyrir 2. mgr. gilda ákvæði laga þessara aðeins um þau gögn og upplýsingar í vörslu lögaðila skv. 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. sem urðu til eftir gildistöku laga þessara. Þetta á þó ekki við þegar lögaðilum skv. 3. gr. hefur verið falið að taka stjórnvaldsákvörðun.

36. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. *Stjórnsýslulög, nr. 37/1993, með síðari breytingum:*

Í stað 1. mgr. 15. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Aðili máls á rétt á aðgangi að skjölum og öðrum gögnum er mál varða. Ef við verður komið skal veita aðgang að gögnum á því formi eða sniði og á þeim tungumálum sem þau eru varðveitt á, nema þau séu þegar aðgengileg almenningi með rafrænum hætti. Þegar skjöl eru eingöngu varðveitt á rafrænu formi getur aðili valið á milli þess að fá þau afhent á því formi eða útprentuð á pappír.

Þegar skjöl eru mörg er heimilt að fela öðrum að sjá um ljósritun þeirra. Hið sama á við hafi sá sem afhendir gögn ekki aðstöðu til að ljósrita skjöl. Aðili skal þá greiða þann kostnað sem hlýst af ljósritun skjalanna. Hið sama gildir um afritun annarra gagna en skjala eftir því sem við á.

Forsætisráðherra ákveður með gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir ljósrit og afrit gagna sem veitt eru samkvæmt lögum þessum þannig að mætt sé þeim kostnaði sem af því hlýst, þ.m.t. efnis- og launakostnaði og eðlilegum afskriftum af þeim búnaði sem notaður er við afritun upplýsinga.

Ef fyrirsjáanlegt er að kostnaður við afritun eða ljósritun verði hærri en 10.000 kr. er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu.

2. *Lög um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985, með áorðnum breytingum:*

a. Á eftir 2. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Skilaskylda tekur einnig til lögaðila sem eru að 75% hluta eða meira í eigu hins opinbera. Þá tekur skilaskylda einnig til einkaréttarlegra lögaðila að því er varðar gögn sem til hafa orðið í starfsemi sem hann hefur tekið að sér að sinna á grundvelli 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, eða annarrar sambærilegrar lagaheimildar. Þjóðskjalasafn Íslands tekur ákvörðun um hvort viðkomandi aðilar beri skilaskyldu gagnvart héraðsskjalasafni.

b. Við lögin bætist ný grein sem verður 5. gr. a, svohljóðandi:

Þjóðskjalasafn Íslands skal setja reglur um það hvernig skjalavörslu og skjalastjórn í stjórnsýslu skilaskyldra aðila skuli hagað, svo og skráningu, flokkun og frágangi skjala til afhendingar til safnsins, þar með talið samþykkt skjalavistunarkerfa.

Skilaskyldum aðilum skv. 5. gr. er skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málsgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við reglur skv. 1. mgr.

c. 9. gr. orðast svo:

Þjóðskjalasafni Íslands er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að skjölum þegar liðin eru 30 ár frá því að þau urðu til enda gildi ekki þær takmarkanir sem fram koma í 9. gr. a – 9. gr. c. Er þá miðað við síðustu innfærslu eða síðasta bréf afgreidds máls.

Ef ákvæði 9. gr. a – 9. gr. c eiga aðeins við um hluta skjals skal veita aðgang að öðru efni skjalsins ef unnt er að skilja upplýsingar sem falla undir undantekningar frá þeim upplýsingum sem veita má aðgang að.

d. Við lögin bætist ný grein, sem verður 9. gr. a, svohljóðandi:

Þjóðskjalasafni Íslands er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að skjölum þegar liðin eru áttatíu ár frá því að þau urðu til þótt þar komi fram upplýsingar er varða fjárhags- og einkamálefni einstaklinga, þar á meðal persónuupplýsingar sem teljast viðkvæmar í skilningi 8. tölul. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, svo og upplýsingar um vernd vitna, brotaþola og annarra sem fjallað er um í skjölum hjá lögreglu, ákæruvaldi, dómstólum og stjórnvöldum sem hafa vald til að beita stjórnsýsluviðurlögum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt að veita aðgang að sjúkraskrám og öðrum skrám um heilsufarsupplýsingar nafngreindra manna fyrr en liðin eru 100 ár frá síðustu færslu í skrárnar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðgangur að aðalmanntölum, prestsþjónustubókum og sóknarmanntölum heimill þegar liðin eru 50 ár frá því að upplýsingar voru færðar inn.

e. Við lögin bætist ný grein, sem verður 9. gr. b, svohljóðandi:

Óheimilt er að veita aðgang að skjölum sem hafa að geyma upplýsingar sem snerta virka og mikilvæga hagsmuni einstaklings eða fyrirtækis um atvinnu-, framleiðslu- eða viðskiptaleyndarmál.

f. Við lögin bætist ný grein, sem verður 9. gr. c, svohljóðandi:

Stjórnvald getur ákveðið við afhendingu skjala til Þjóðskjalasafns Íslands að skjal verði fyrst aðgengilegt þegar liðin eru 60 ár frá því að það varð til ef það þykir nauðsynlegt til að vernda virka almannahagsmuni um:

a. öryggi ríkisins eða varnarmál,
b. samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir,
c. bréfaskipti stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað,
d. viðskipti stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, að því leyti sem þau eru í samkeppni við aðra.

Veita skal aðgang að skjölum sem 5. tölul. 10. gr. upplýsingalaga tekur til þegar ekki er lengur ástæða til að ætla að miðlun upplýsinganna geti haft skaðleg áhrif á umhverfið.

g. Við lögin bætist ný grein, sem verður 9. gr. d, svohljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á getur þjóðskjalavörður ákveðið að synja um aðgang að skjali sem er yngra en 110 ára, svo sem þegar það hefur að geyma upplýsingar um einkamálefni einstaklings sem enn er á lífi eða um almannahagsmuni er að ræða.

h. Við lögin bætist ný grein, sem verður 9. gr. e, svohljóðandi:

Þjóðskjalasafni Íslands er skylt, sé þess óskað, að veita aðila sjálfum aðgang að skjölum um hann þegar liðin eru 30 ár frá því að þau urðu til enda gildi ekki þær takmarkanir sem fram koma í 9. gr. b og 9. gr. c.

Heimilt er að takmarka aðgang aðila að gögnum skv. 1. mgr. ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, enda vegi þeir hagsmunir þyngra sem mæla með því að upplýsingunum sé haldið leyndum en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnum.

Ef ákvæði 9. gr. b., 9. gr. c og 2. mgr. þessa ákvæðis eiga aðeins við um hluta skjals skal veita aðgang að öðru efni skjalsins ef unnt er að skilja upplýsingar sem falla undir undantekningar frá þeim upplýsingum sem veita má aðgang að.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. fer um rétt sjúklings til aðgangs að sjúkraskrá sinni eingöngu samkvæmt ákvæðum laga um sjúkraskrár.

i. Við lögin bætist ný grein, sem verður 9. gr. f, svohljóðandi:

Um meðferð Þjóðskjalasafns, eða annarra aðila, á beiðnum skv. 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e fer eftir ákvæðum IV. kafla upplýsingalaga, eftir því sem við getur átt. Frestur til afgreiðslu beiðna samkvæmt nefndum ákvæðum skal þó að jafnaði vera 15 virkir dagar, sé ekki unnt að afgreiða beiðni fyrr. Um kæru vegna ákvarðana sem teknar eru á grundvelli þessara ákvæða fer eftir ákvæðum V. kafla upplýsingalaga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Gildandi upplýsingalög, nr. 50/1996, tóku gildi 1. janúar 1997. Lögin fela í sér þá meginreglu að almenningi er tryggður réttur til aðgangs að þeim gögnum sem fyrir liggja hjá stjórnvöldum og varða tiltekin mál, með ákveðnum en þó mikilvægum undantekningum.

Reynslan sýnir að gildistaka laganna fól í sér umtalsverða réttarbót. Hins vegar er rétt að hafa í huga að síðan þá hefur íslensk stjórnsýsla þróast mikið. Umfang stjórnsýslunnar hefur aukist en einnig hafa orðið miklar breytingar á starfsumhverfi hennar, m.a. vegna tækniframfara. Þær breytingar ná bæði til meðferðar og vinnslu mála og upplýsinga í daglegum störfum stjórnsýslunnar en einnig til þess hvernig upplýsingar eru flokkaðar og varðveittar. Þessar

breytingar gera það að verkum að auðveldara er en áður að gera upplýsingar um málefni hins opinbera aðgengilegar. Jafnframt hafa kröfur almennings til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni aukist. Þessar aðstæður kalla á endurskoðun upplýsingalaga með það að markmiði að auka upplýsingarétt almennings.

Í lok júní 2009 skipaði forsætisráðherra starfshóp sem falið var það hlutverk að endurskoða gildandi upplýsingalög. Í starfshópnum áttu sæti Trausti Fannar Valsson, lektor við Háskóla Íslands, formaður, Margrét Vala Kristjánsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, og síðar aðallögfræðingur Alþingis. Ritari starfshópsins var Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu. Í skipunarbréfi hópsins segir að honum sé m.a. ætlað að skoða hvernig megi, í ljósi reynslunnar af upplýsingalögum og framkvæmd úrskurðarnefndar um upplýsingamál, rýmka aðgengi almennings að upplýsingum í fórum stjórnvalda. Jafnframt var starfshópnum falið að skoða hvort möguleiki væri á því að víkka út gildissvið upplýsingalaga, t.d. þannig að þau nái til einkaaðila, þ.e. hlutafélaga og sameignarfélaga sem alfarið eru í eigu hins opinbera. Það frumvarp sem hér er lagt fram er byggt á vinnu starfshópsins.

II. Hagsmunir.

Þegar fjallað er um aðgang almennings að opinberum upplýsingum verður almennt að hafa í huga margþætt sjónarmið og hagsmuni, enda getur efni þeirra upplýsinga sem um ræðir verið af ólíkum toga. Í frumvarpinu hefur megináherslan verið lögð á að ná ásættanlegu jafnvægi á milli þriggja mikilvægra þátta. Í fyrsta lagi að með lögum séu settar almennar reglur sem hafi það markmið að tryggja opna og gegnsæja stjórnsýslu. Slíkt er til þess fallið að auka aðhald með starfsemi stjórnvalda, auka réttaröryggi borgaranna og bæta möguleika þeirra til þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er megintilgangur frumvarpsins að tryggja framgang þessa markmiðs. Í öðru lagi hefur verið litið til þess að stjórnvöld fást í ýmsum störfum sínum við upplýsingar sem teljast viðkvæmar, bæði vegna hagsmuna almennings og hins opinbera og vegna einkahagsmuna. Með hliðsjón af þessu hefur við samningu frumvarpsins verið leitast við að greina og lýsa þeim tilvikum þar sem slíkir hagsmunir teljast nægilega ríkir til þess að þeir réttlæti frávik frá meginreglu laganna um rétt almennings til aðgangs að gögnum. Í þriðja lagi hefur við samningu frumvarpsins verið horft til þess að reglur um rétt almennings til aðgangs að gögnum séu settar fram með þeim hætti að framkvæmd þeirra geti orðið skilvirk, og jafnframt að hún verði ekki úr hófi kostnaðarsöm eða íþyngjandi.

III. Helstu nýmæli frumvarpsins.

Frumvarp þetta byggist á gildandi upplýsingalögum, nr. 50/1996. Að því leyti sem þau lög hafa gefist vel í framkvæmd er ekki talin ástæða til að hrófla um of við þeim. Ákveðnar mikilvægar breytingar eru þó lagðar til:

Í *fyrsta lagi* er lagt til að lögfest verði sérstakt ákvæði þar sem fram komi lýsing á markmiðum upplýsingalaga. Í 1. gr. frumvarpsins er þannig lagt til að orðað verði það meginmarkmið laganna að tryggja gegnsæi í stjórnsýslunni og við meðferð opinberra hagsmuna. Tilgangurinn sé m.a. sá að styrkja upplýsingarétt og tjáningarfrelsi, þátttöku almennings í lýðræðissamfélagi, aðhald fjölmiðla og almennings með stjórnvöldum, möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni og traust almennings á stjórnsýslunni. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum, þótt ljóst sé að markmið upplýsingalaga hafi í framkvæmd haft mikla þýðingu við túlkun þeirra.

Í *öðru lagi* er lagt til að gildissvið upplýsingalaga verði víkkað með þeim hætti að þau taki til fleiri aðila en nú. Nú taka upplýsingalög til starfsemi stjórnvalda en almennt ekki til einka-

réttarlegra lögaðila, hvort sem viðkomandi lögaðilar eru í eigu hins opinbera eða ekki. Eina undantekningin frá þessu er sú að hafi einkaréttarlegum aðila verið falið vald til að taka stjórnvaldsákvarðanir, þ.e. ákvarðanir sem falla undir gildissvið stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þá hafa upplýsingalögin náð til þeirrar starfsemi, sbr. 2. mgr. 1. gr. gildandi upplýsingalaga.

Áfram er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að upplýsingalög taki til allrar starfsemi stjórnvalda. Því til viðbótar er gert ráð fyrir því að upplýsingalög skuli einnig taka til allrar starfsemi sem fram fer á vegum einkaréttarlegra lögaðila sem eru í eigu hins opinbera að 75% hluta eða meira. Í þessu felst umtalsverð rýmkun á gildissviði laganna. Undir þessa afmörkun falla til að mynda fyrirtæki í eigu hins opinbera, svo sem Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, RARIK ohf., ýmis hlutafélög í eigu sveitarfélaganna og fleiri fyrirtæki í eigu hins opinbera. Að því þarf þó að gæta að í þessu felst ekki sjálfkrafa að allar upplýsingar sem þessa lögaðila varða verði aðgengilegar almenningi. Áfram er byggt á þeirri reglu að vegna samkeppnishagsmuna sé heimilt að undanþiggja ýmsar upplýsingar aðgangsrétti almennings.

Ástæður þess að miðað er við 75% eignarhlut eru fyrst og fremst þær að þegar því marki er náð telst almennt um afgerandi eignarhlut að ræða í viðkomandi fyrirtæki. Þar með má einnig ganga út frá því að ákvarðanir um rekstur og ráðstöfun slíkra lögaðila feli á afgerandi hátt í sér ákvarðanir um ráðstöfun opinberra hagsmuna. Væntanlega eru það fremur fá fyrirtæki sem opinberir aðilar eiga að svo stórum hluta til móts við 25% eða smærri eignarhluta einkaaðila. Reglan getur átt rétt á sér engu að síður. Af sömu ástæðu er gildissviðið ekki afmarkað með hliðsjón af því hvort opinberir aðilar hafi yfirráð í stjórn viðkomandi fyrirtækis.

Gert er ráð fyrir að undir upplýsingalög falli ekki þeir lögaðilar sem fengið hafa skráningu, eða sótt um skráningu, í kauphöll. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að á slíkum lögaðilum hvílir þegar rík skylda til að veita upplýsingar um starfsemi sína eftir þeim reglum sem af slíkri skráningu leiða. Þá er einnig gert ráð fyrir því að hægt sé að gera undanþágu frá því að lögin taki til fyrirtækja í eigu opinberra aðila ef þau starfa nær eingöngu í samkeppni á markaði. Hér er um þrönga undantekningu að ræða, sem fyrst og fremst er til hagræðingar við beitingu laganna, enda er að gildandi lögum heimilt að undanskilja upplýsingar sem varða mikilvæga samkeppnishagsmuni opinberra fyrirtækja upplýsingarétti, sbr. 3. tölul. 6. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir sambærilegri undantekningu í þessu frumvarpi.

Þessu til viðbótar er lagt til að upplýsingalög taki til einkaaðila, að því leyti sem þeim hefur verið falið að veita opinbera þjónustu með lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða samningum. Upplýsingalög mundu þá einvörðungu taka til þeirra upplýsinga sem varða opinberu þjónustuna en ekki til starfsemi þessara aðila í heild. Eins og að framan sagði taka gildandi upplýsingalög til einkaaðila, að því leyti sem þeim hefur á grundvelli lagaheimildar verið falið vald til að taka stjórnvaldsákvarðanir, þ.e. ákvarðanir sem falla undir gildissvið stjórnsýslulaga, sbr. 2. mgr. 1. gr. gildandi upplýsingalaga. Í frumvarpinu felst tillaga um rýmkun á gildissviði laganna að þessu leyti. Samkvæmt frumvarpinu munu upplýsingalög ekki aðeins taka til þeirra tilvika þegar einkaaðilum hefur verið falið vald til að taka stjórnvaldsákvarðanir heldur einnig til þjónustu sem einkaaðilum er falið að veita á grundvelli lagaheimilda. Með þessari afmörkun er fylgt þeirri reglu sem lögfest er í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, og í reynd einnig þeirri reglu sem telja má að felist í 2. mgr. 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Með því að kveða á um þessa reglu í upplýsingalögum er inntak hennar gert markvissara, a.m.k. hvað varðar samninga um þjónustu, auk þess sem gildissvið hennar er rýmkað þar sem hún mun einnig taka til einkaréttarlegra aðila sem taka að sér opinbera þjónustu fyrir sveitarfélög.

Í *þriðja lagi* eru lagðar til breytingar á takmörkunum á upplýsingarétti samkvæmt gildandi lögum. Nánari grein fyrir þessum tillögum er gerð í skýringum við viðkomandi greinar frum-

varpsins, sbr. fyrst og fremst skýringar við 6., 7. og 8. gr. frumvarpsins. Að langstærstum hluta eru þær takmarkanir sem lagðar eru til á upplýsingarétti almennings hins vegar óbreyttar frá gildandi lögum. Í 8. gr. eru þó ítarlegri skilgreiningar á því hvaða gögn flokkast til vinnugagna og eru í 2. mgr. ákvæðisins lagðar til eftirfarandi fjórar nýjar reglur um hvað teljist til vinnugagna: Í 1. tölul. er fjallað um gögn sem berast milli stjórnvalda þegar eitt stjórnvald sinnir ritarastörfum eða sambærilegum störfum fyrir annað, í 2. tölul. 2. mgr. 8. gr. gögn sem unnin eru af nefndum eða starfshópum sem stjórnvöld hafa sett á fót með formlegri ákvörðun eða fastmótuðu hlutverki, í 3. tölul. 2. mgr. 8. gr. gögn sem send eru á milli aðila skv. 2. tölul. og annarra stjórnvalda þegar starfsmenn þeirra eiga þar sæti og í 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. gögn vegna ráðgjafar sem ráðuneyti aflar hjá öðru ráðuneyti eða hjá stjórnvaldi sem heyrir undir yfirstjórn þess. Það er ávallt skilyrði til viðbótar framangreindum töluliðum að viðkomandi gögn séu í reynd undirbúningsgögn, eins og fram kemur í 1. mgr. 8. gr. Þessar breytingar eru til þess fallnar að endurspegla betur en núgildandi lög vinnulag hjá stjórnvöldum, ekki síst innan Stjórnarráðs Íslands, þar sem mörg ráðuneyti koma gjarnan að úrlausn mála.

Í *fjórða lagi* er lagt til í 13. gr. frumvarpsins að forsætisráðherra geti mælt fyrir um, í reglugerð, birtingu gagna og upplýsinga stjórnvalda á vefsíðum sínum. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að tryggja samræmi og þar með bætt aðgengi almennings að þeim upplýsingum sem um ræðir.

Í tengslum við þessa tillögu er rétt að taka fram að ekki eru gerðar tillögur um nánari útfærslu þess hvaða upplýsingar og gögn stjórnvöldum beri að birta með þessum hætti. Það mun því heyra undir mat stjórnvalda að ákveða hvaða upplýsingar er fært að gera aðgengilegar með opinberum hætti á vefsíðu á grundvelli þessarar reglu. Að svo stöddu þykir ekki rétt að leggja þá skyldu með almennum hætti á stjórnvöld að þau birti lista yfir mál sem þau hafa eða hafa haft til meðferðar, svo dæmi sé tekið, og álitamál hvort slík leið sé almennt farsæl um mótun upplýsingaréttar almennings. Þá er í frumvarpi þessu heldur ekki lagt til að stjórnvöldum verði með almennum hætti gert að opna aðgang að gagnagrunnum og öðrum skrám sem stjórnvöld hafa yfir að ráða. Ljóst er hins vegar að nánari reglur þarf að setja um aðgang að upplýsingum sem fyrir liggja í gagnagrunnum og skrám. Hér má einnig benda á að viss birting á upplýsingum um það hvaða mál eru til meðferðar í stjórnsýslunni er þegar til staðar. Lengi hefur tíðkast að sveitarfélög birti tillögur að dagskrám funda á heimasíðum og fundargerðir þegar fundum er lokið. Einnig er tíðkað í ríkum mæli að birta stjórnvaldsúrskurði opinberlega.

Í *fimmta lagi* eru lagðar til breytingar á kröfum til framsetningar á beiðnum um aðgang að gögnum með það að markmiði að almenningi verði gert auðveldara en nú er að óska upplýsinga.

Til nánari skýringar á þessari tillögu er rétt að taka fram að skv. 10. gr. gildandi upplýsingalaga skal sá sem fer fram á aðgang að gögnum *tilgreina þau gögn máls* sem hann óskar eftir að kynna sér. Jafnframt getur aðili óskað eftir að fá að kynna sér *öll gögn um tiltekið mál*, án þess að tilgreina einstök gögn málsins. Þessi tilgreining á *máli* sem um er að ræða getur verið töluvert takmarkandi um upplýsingarétt, enda liggja almennt ekki fyrir með opinberum hætti upplýsingar um það *hvaða mál* eru eða hafa verið til meðferðar hjá stjórnvöldum. Þá hefur reynslan sýnt að úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur í reynd nálgast það viðfangsefni hvað sé *mál* í skilningi upplýsingalaga með nokkuð varfærnum hætti. Tillögur þær sem fram koma í frumvarpinu miða að því að draga úr vægi umræddrar tilgreiningarreglu 10. gr. gildandi laga. Markmiðið er að auka upplýsingarétt almennings. Byggjast tillögur frumvarpsins á því að sá sem óskar aðgangs að gögnum þurfi eftir sem áður að til-

greina það málefni (efni máls) sem hann óskar að kynna sér. Hann mun hins vegar ekki þurfa að tilgreina með nákvæmum hætti það tiltekna mál sem beiðni hans lýtur að. Sú skylda verður að meginstefnu til lögð á stjórnvöld að finna það mál eða sem fellur efnislega undir það málefni sem tilgreint er í beiðni um aðgang að gögnum. Kröfur um tilgreiningu verða þannig í auknum mæli efnislegar fremur en að þeim sem óskar aðgangs að gögnum verði gert að benda (formlega) á það afmarkaða mál sem beiðni hans lýtur að. Ljóst er þó að slík regla verður, vegna sjónarmiða um skilvirkni og kostnað af stjórnsýsluframkvæmd, ekki lögð á stjórnvöld án takmarkana. Því verður áfram gerð sú krafa að beiðni sé þannig fram sett að stjórnvaldið geti með tiltölulega einföldum hætti fundið það mál eða málsgögn sem beiðni lýtur að. Upplýsingarétturinn afmarkast þá við þau gögn. Í því felst með öðrum orðum að réttur almennings til aðgangs að gögnum verður áfram bundinn við afmörkuð mál sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá þeim aðilum sem falla undir gildissvið laganna. Til að hægt sé að afgreiða beiðni verður hún að vera sett fram með nægilega nákvæmum hætti til að stjórnvald geti, t.d. með einfaldri orða- eða efnisatriðaleit í málaskrá sinni, fundið það mál sem lýtur að því málefni sem aðili óskar að fá upplýsingar um. Sé um fleiri en eitt mál að ræða sem fellur undir viðkomandi málefni er gert ráð fyrir að stjórnvald sendi beiðanda eftir atvikum lista yfir þau mál og biðji hann að tilgreina nánar það mál eða þau mál sem hann óskar eftir aðgangi að.

Þessi afmörkun upplýsingaréttarins getur leitt til þess að mörg mál sem stjórnvald hefur, eða hefur haft, til meðferðar, falli undir beiðni aðila um aðgang að gögnum. Í tillögum starfshópsins er því einnig gert ráð fyrir að stjórnvald geti hafnað beiðni ef ljóst þykir að meðferð hennar tæki svo mikinn tíma eða vinnu að ekki teljist af þeim sökum fært að verða við henni, eða ef sterkar vísbendingar eru um að beiðni feli í sér misnotkun á upplýsingarétti samkvæmt lögunum.

Eins og fyrr segir er tilgangur breytingarinnar að auðvelda borgurunum að leggja fram beiðnir um upplýsingar. Að sama skapi felst í breytingunni nokkur aukning á skyldum stjórnvalda. Hér verður þó til mótvægis að líta til þess að vegna örra tækniframfara og betra skipulags á málaskrám en áður var er mun auðveldara fyrir stjórnvöld að hafa uppi á málum og gögnum en var við gildistöku gildandi laga. Það eru ekki síst slíkar tæknilegar breytingar sem styðja það að nú sé hægt að stíga það skref sem lagt er til með þessari breytingu.

Í *sjötta lagi* eru lagðar til ýmsar breytingar á orðalagi sem lúta einkum að meðferð beiðna um aðgang að gögnum og málsmeðferð úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Vert er þó að vekja sérstaklega athygli á þeirri tillögu sem fram kemur í 2. mgr. 11. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins, um skyldu stjórnvalda til að taka sérstaklega afstöðu til þess hvort nýta eigi heimild til að veita aukinn aðgang að gögnum, umfram skyldu, sé hún á annað borð fyrir hendi. Þessari tillögu er ætlað að auka vægi reglunnar um aukinn aðgang að gögnum, sem fram kemur í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins, sbr. 3. mgr. 3. gr. gildandi laga. Nánar er að þessu vikið í athugasemdum við umrætt ákvæði.

Í *sjöunda lagi* ber einnig að vekja athygli á 27. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að lögfest verði nokkuð nákvæmari regla en er í gildandi lögum um skráningu upplýsinga sem stjórnvöldum berast, og ekki koma fram í öðrum gögnum mála. Nánar vísast til skýringa við ákvæðið.

Í *áttunda lagi* er í VIII. kafla frumvarpsins að finna nýja heimild til að veita aðgang að gögnum í rannsóknarskyni með ákveðnum skilmálum enda þótt gögnin séu undanþegin upplýsingarétti. Þannig gefst svigrúm til að heimila til dæmis fræði- og vísindamönnum aðgang að safni upplýsinga sem ella væru undirorpnar þagnarskyldu. Í staðinn mundi stjórnvald,

samkvæmt ákvæðum kaflans, setja skilyrði um meðferð upplýsinga til að tryggja þá almanna- eða einkahagsmuni sem í húfi eru.

IV. Mat á áhrifum.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum nr. 50/1996 kemur fram að aðstæður stjórnvalda til þess að veita aðgang að upplýsingum séu á ýmsan hátt lakari hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Íslensk stjórnsýsla sé um margt frumstæðari og lausari í reipunum en stjórnsýsla nágrannaríkjanna. Þannig virðist fleiri mál hér vera afgreidd með óformlegum hætti en víða annars staðar. Það leiði oft til þess að ekki séu varðveittar upplýsingar um málsatvik og jafnvel afgreiðslu máls. Þá hafi ekki mótast hér á landi skýrar stjórnsýsluvenjur um rétt almennings til aðgangs að gögnum hjá stjórnvöldum.

Á síðari árum hefur margt áunnist hvað varðar aðstæður stjórnvalda til að veita aðgang að upplýsingum og til skráningar á málum og upplýsingum af ýmsu tagi. Telja má ljóst að þessar framfarir sé m.a. að rekja til setningar upplýsingalaganna. Með þeim var lögfest sú almenna skylda stjórnvalda að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim, á kerfisbundinn hátt og varðveita málsgögn þannig að þau séu aðgengileg. Er sú regla mikilvæg forsenda þess að upplýsingaréttur, bæði samkvæmt upplýsingalögum en einnig á grundvelli annarra reglna, sé raunhæfur og virkur. Önnur atriði hafa hér einnig mikla þýðingu. Þar má bæði nefna öra þróun hugbúnaðar og tækja sem nota má við rafræna skráningu og miðlun upplýsinga, sem og þá staðreynd að kröfur sem gerðar eru til stjórnvalda um vandaða og lögmæta starfshætti hafa aukist verulega.

Þrátt fyrir framangreint er ástæða til að ætla að á ákveðnum sviðum eigi stjórnsýslan enn nokkuð í land með að fullnægja ýtrustu kröfum um kerfisbundna skráningu mála og gagna þannig að fyrirliggjandi upplýsingar séu aðgengilegar með einföldum hætti. Hér má sem dæmi nefna að í ákveðnum tilvikum virðist kerfisbundinni skráningu upplýsinga hjá sveitarfélögum í nokkru áfátt. Stjórnsýsla sveitarfélaga er í eðli sínu margþætt. Hún er iðulega innt af hendi í mismunandi stofnunum og málaskráning því ekki samræmd. Þrátt fyrir að miklar framfarir hafi orðið hjá sveitarfélögum, eins og öðrum stjórnvöldum, í þessum efnum bendir reynslan til þess að í ákveðnum tilvikum skorti á yfirsýn yfir gögn sem til eru hjá einstökum sveitarfélögum. Úrvinnsla á beiðnum um aðgang að gögnum verður því tafsamari og kostnaðarsamari en ella væri. Á ákveðnum sviðum í stjórnsýslu ríkisins skortir einnig nokkuð á að málaskráning sé svo kerfisbundin sem æskilegt væri, auk þess sem málaskrárkerfi stjórnvalda eru mismunandi, sem fyrr sagði. Niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og örsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, staðfesta þetta hvað varðar afmarkaða þætti íslenskrar stjórnsýslu, fyrst og fremst um skipulag við meðferð og úrvinnslu upplýsinga hjá Fjármálaeftirlitinu.

Með hliðsjón af réttaröryggi borgaranna og sjónarmiðum um vandaða starfshætti stjórnvalda er mikilvægt að áfram verði unnið að bættum upplýsingarétti almennings og bættri meðferð stjórnvalda á upplýsingum. Frumvarpið byggist á þeirri meginforsendu að stjórnvöld leitist við að tryggja að þau hafi aðgengilegar í málaskrám sínum þær upplýsingar sem athafnir þeirra og ákvarðanir byggjast á. Að öðrum kosti er réttur almennings til aðgangs að gögnum engan veginn tryggður með viðeigandi hætti. Slíkt er einnig mikilvægt í öðru tilliti. Þannig er skráning upplýsinga og gagna mikilvæg forsenda þess að eftirlit með stjórnsýslunni sé virkt. Hún er til þess fallin að tryggja samfellu í stjórnsýsluframkvæmd, t.d. þegar skipti verða á starfsmönnum, og að stuðla að samræmi í stjórnsýsluframkvæmd og vandaðri undirbúningi mála og ákvarðana stjórnvalda.

Telja verður, með vísan til framangreinds og að virtum þeim ólíku hagsmunum sem horft var til við samningu frumvarpsins, að ávinningur af samþykkt þess sé umtalsverður umfram það að láta núgildandi lög standa óbreytt. Fyrir utan almenning varðar frumvarpið fyrst og fremst þá aðila sem afhenda þurfa upplýsingar til almennings. Fyrir liggur að frumvarpið, verði það að lögum, getur leitt til þess að stjórnvöld þurfi í einhverjum mæli að breyta starfsháttum sínum til að tryggja rétt almennings til aðgangs að upplýsingum í fórum þeirra. Enginn vafi leikur á því að breyting á starfsháttum stjórnvalda, og/eða annarra sem frumvarpið tekur til, sem miðar að því að tryggja sem vandaðasta stjórnsýslu til lengri tíma, getur ekki annað en falið í sér ávinning umfram möguleg neikvæð skammtímaáhrif. Útvíkkun á gildissviði upplýsingalaga, sem felur í sér að lögin taki til einkaréttarlegra lögaðila sem eru að 75% eða meira í eigu opinberra aðila, og til einkaaðila sem á grundvelli laga fara með opinber verkefni, tryggir að lögin nái yfir meðferð allra þeirra opinberu hagsmuna sem um er að tefla.

V. Viðbrögð vegna skýrslu rannsóknarnefndar Alþings.

Í desember 2008 samþykkti Alþingi lög nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Á grundvelli þeirra laga var skipuð sérstök rannsóknarnefnd sem falið var það hlutverk að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008. Í þessu skyni skyldi nefndin m.a. leggja mat á hvernig staðið hafi verið að eftirliti með fjármálastarfsemi hér á landi á síðustu árum og upplýsingamiðlun af því tilefni milli stjórnvalda, til ríkisstjórnar og Alþingis, sbr. 4. tölul. 1. gr. laganna. Þá var nefndinni ætlað að koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu sem miða að því að gera íslenskt fjármálakerfi færara um að bregðast við þróun og breytingum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Rannsóknarnefndin skilaði umfangsmikilli skýrslu samkvæmt framangreindu 12. apríl 2010. Í henni er að finna fjölda ábendinga og tillagna sem varða íslenska stjórnsýslu, m.a. um upplýsingagjöf milli stjórnvalda, sem og formfestu í stjórnsýslu og skráningu á upplýsingum. Af skýrslunni má telja ljóst að í ákveðnum efnum eru, eða hafa verið, verulegar brotalamir á íslenskri stjórnsýslu varðandi þessa þætti.

Í janúar 2010 skipaði forsætisráðherra sérstakan starfshóp um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Var starfshópnum falið að taka til umfjöllunar og meta þau atriði sem beinast kynnu sérstaklega að stjórnsýslunni og starfsháttum Stjórnarráðsins. Enn fremur var starfshópnum falið að gera tillögur til forsætisráðherra og ríkisstjórnar um hugsanleg viðbrögð við þeim í samræmi við ábendingar rannsóknarnefndarinnar. Umræddur starfshópur skilaði skýrslu 6. maí 2010. Þar er gerð grein fyrir þeim tillögum og ábendingum rannsóknarnefndarinnar sem beinast sérstaklega að stjórnsýslunni. Einnig er í skýrslu starfshópsins að finna frekari tillögur sem eftir atvikum þarfnast tiltekinnar úrvinnslu. Meðal tillagna og ábendinga starfshópsins eru ábendingar sem lúta að breytingum á upplýsingalögum. Í kafla 6.2 í skýrslu starfshópsins er sérstaklega vikið að skráningu upplýsinga í stjórnsýslunni. Þar segir m.a.: „[...] ábendingar og tillögur rannsóknarnefndar Alþingis beinast annars vegar að starfsháttum í ríkisstjórn og samskiptum og samráði einstakra ráðherra en hins vegar að starfsháttum og skyldum embættismanna Stjórnarráðsins og einstakra stjórnvalda. Saman birtist þó í þeim það meginatriði að skráning upplýsinga hafi ekki verið í lagi. Fleiri dæmi má nefna um þetta en rakin hafa verið hér að ofan. Mikilvægt er að við þessum ábendingum rannsóknarnefndar Alþingis verði brugðist. Það þarf annars vegar að gera með viðeigandi breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands hvað varðar skyldur ráðherra og ríkisstjórnar. [...] Hvað varðar skyldur embættismanna og stjórnsýslunnar í heild til að skrá upplýsingar um úrlausnarefni í stjórnsýslunni og halda þeim til haga virðist eðlilegast að við

því sé brugðist með því að færa í upplýsingalög ítarlegri reglur um þetta efni en þar er nú að finna. Slík skráning yrði þá eftir atvikum tengd þeirri reglu um skráningu munnlegra upplýsinga sem nú er að finna í 23. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996.“ Í kafla 6.3 í sömu skýrslu er einnig vikið að skýrleika ákvarðana í stjórnsýslunni og formfestu í samskiptum. Kemur þar m.a. fram, hvað varðar formfestu í samskiptum stjórnvalda, að mikilvægt sé að huga að því að tryggja möguleika stjórnvalda til samstarfs á skýrum og formlegum grundvelli. Í því sambandi sé meðal annars mikilvægt að hafa í huga að í lögum kunni að vera ákveðnar takmarkanir á því hvaða gögn er fært að láta slíka samstarfshópa hafa til umfjöllunar. Slíkum takmörkunum þurfi að ryðja úr vegi, að því leyti sem þær standa með beinum hætti í vegi fyrir nauðsynlegu samstarfi. Í kafla 4. er einnig fjallað um og lýst vandamálum sem lúta að samhæfingu íslenskra stjórnvalda, með hliðsjón af þeim ábendingum sem koma fram um það atriði í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Við gerð þessa frumvarps hefur verið litið til framangreindra athugasemda. Þær verða ekki allar leystar með breytingum á upplýsingalögum. Hér er þó að þrennu leyti leitast við að mæta þeim ábendingum sem fram koma í rannsóknarskýrslu Alþingis. Í *fyrsta lagi* er almennt leitast við að tryggja aukið gegnsæi í íslenskri stjórnsýslu og gegnsæi um meðferð opinberra hagsmuna. Í *öðru lagi* er í 8. gr. leitast við að tryggja að upplýsingalög takmarki ekki möguleika stjórnvalda til nauðsynlegs og formbundins samstarfs, til að mynda um mikilvæga stefnumótun eða gerð viðbúnaðaráætlana. Leiða má að því líkur að ákvæði gildandi upplýsingalaga um meðferð vinnuskjala séu í reynd fullþröng, að því leyti að þau taki ekki nægilegt tillit til þarfa nútímastjórnsýslu til samstarfs og samþættingar á aðgerðum og störfum að öðru leyti. Hins vegar getur þurft að huga að frekari lagabreytingum í þessu sambandi, svo sem um þýðingu þagnarskyldureglna og persónuverndarlaga hvað varðar möguleika til miðlunar á trúnaðarupplýsingum á milli stjórnvalda og til utanaðkomandi sérfræðinga. Í *þriðja lagi* er í 27. gr. frumvarpsins lögð til breyting á því ákvæði sem nú er að finna í 23. gr. upplýsingalaga og lýtur að skyldu til skráningar á munnlegum upplýsingum sem tengjast meðferð stjórnsýslumála. Nánari umfjöllun um þýðingu þeirrar breytingartillögu er að finna í skýringum við 27. gr. frumvarpsins.

VI. Framþróun upplýsingaréttar.

Við samningu frumvarpsins hefur verið litið til þróunar sem orðið hefur í öðrum ríkjum um aðgang almennings að gögnum hjá opinberum aðilum. Var til dæmis stuðst við ítarlega skýrslu um endurskoðun upplýsingalaga sem kom út í Danmörku á síðasta ári, þ.e. Betænkning om Offentlighedsloven nr. 1510/2009. Víðast hvar í nágrannaríkjum Íslands hefur markvisst verið unnið að því að auka upplýsingarétt, m.a. með því að gera gögn og upplýsingar aðgengilegar á netinu, með því að opna aðgang að upplýsingum sem finnast í gagnagrunnum og með endurskoðun almennra reglna um rétt almennings til aðgangs að gögnum. Sambærilegar áherslur má sjá hjá Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001, um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, og hjá Evrópuráðinu, sbr. sáttmála Evrópuráðsins um aðgang að opinberum gögnum. Sá sáttmáli var opnaður fyrir undirritun 18. júní 2009, en hann hefur ekki verið fullgiltur af tilskildum fjölda ríkja til þess að hafa öðlast gildi. Ísland hefur ekki fullgilt samninginn.

Í þessu sambandi er mikilvægt að huga að skyldum stjórnvalda til að gera að eigin frumkvæði upplýsingar opinberar, svo sem með birtingu þeirra á vefsíðum, svo almenningur geti nálgast og nýtt þær, eftir atvikum án endurgjalds.

Með lögum nr. 161/2006, um breytingu á upplýsingalögum, var nýjum kafla um endurnot opinberra upplýsinga bætt við lög nr. 50/1996. Í því fólst að innleidd voru í íslensk lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003, um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera. Lagt er til að þessum kafla verði haldið óbreyttum, sbr. greinar 28 til 32 í frumvarpinu. Í ákvæðunum felst það í grundvallaratriðum að almenningur á rétt á því að endurnota opinberar upplýsingar sem eru í vörslum stjórnvalda og hefur aðgang að samkvæmt öðrum lagareglum, með vissum undantekningum. Í ákvæðum kaflans um endurnot opinberra upplýsinga felst því í reynd ekki sjálfstæður réttur til aðgangs að gögnum. Endurnotarétturinn er engu að síður almennt talinn mjög mikilvægur og geta stuðlað að nýsköpun og fjárhagslegri eða þekkingarlegri framlegð af upplýsingum sem hið opinbera býr yfir.

Fyrir því má færa ákveðin rök að umræddur réttur til endurnota opinberra upplýsinga hafi ekki nýst sem skyldi hér á landi, m.a. vegna þess að stjórnvöld hafa ekki sýnt nægilegt frumkvæði að því gera aðgengileg með opinberum og rafrænum hætti ýmis gagnasöfn sem þau hafa yfir að ráða í því formi að þau séu nýtileg. Hér skiptir einnig máli að reglur um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum miðast almennt við að sá réttur taki til gagna í tilteknum málum sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá stjórnvöldum. Réttur almennings til aðgangs að gögnum tekur þannig almennt ekki til gagnagrunna eða skráa sem fyrir liggja hjá stjórnvöldum.

Fyrir framþróun upplýsingaréttar almennings er mikilvægt að úr því verði leyst hvernig hagað skuli rétti til aðgangs að upplýsingum úr gagnagrunnum og öðrum skrám sem stjórnvöld halda, m.a. með það í huga að hægt sé að endurnýta þær. Til þess að slíkar reglur nái markmiði sínu þarf að vanda vel til undirbúnings. Meta þarf eðli þeirra gagnagrunna sem fyrir liggja, hvort þörf er á samræmdum reglum um skráningu gagna eða samræmdum reglum um það með hvaða hætti þær skuli birta eða gera aðgengilegar. Leggja þarf mat á þær kvaðir sem slíkar reglur kynnu að leggja á stjórnsýsluna og þann ávinning sem af hlýst fyrir stjórnvöld og almenning. Slík vinna hefur ekki farið fram. Í þessu frumvarpi eru því ekki lagðar fram tillögur um það með hvaða hætti réttur almennings til aðgangs að gagnagrunnum eða skrám sem fyrir liggja hjá stjórnvöldum skuli útfærður. Hins vegar má telja þýðingarmikið að slík vinna verði unnin. Um er að ræða mikilvægan þátt í framþróun upplýsingaréttar sem einnig tengist aukinni einföldun og skilvirkni í stjórnsýslunni, þróun rafrænna samskipta almennt og þróun rafrænnar stjórnsýslu sérstaklega.

VII. Almennt um þagnarskyldureglur.

Reglur um aðgang almennings að upplýsingum annars vegar og reglur um þagnarskyldu sem hvílir á starfsmönnum stjórnvalda hins vegar eru að hluta tvær hliðar á sama peningnum. Ákvæði upplýsingalaga lúta að rétti almennings til að óska eftir og fá aðgang að gögnum sem fyrir liggja hjá stjórnvöldum og jafnframt að gögnum hjá tilteknum lögaðilum sem að stærstum hluta eru í eigu opinberra aðila. Reglur um þagnarskyldu lúta að heimildum stjórnvalda, eða starfsmanna stjórnsýslunnar, til að láta af hendi upplýsingar til utanaðkomandi, hvort sem er að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni. Í þessu felst ákveðin skörun reglna upplýsingalaga um rétt til aðgangs að gögnum og takmarkanir á þeim rétti annars vegar og þagnarskyldureglna hins vegar. Í upplýsingalögum er við þessu brugðist með því að þar er sérstaklega kveðið á um að ákvæði laga um almenna þagnarskyldu opinberra starfsmanna takmarki ekki rétt almennings til aðgangs að gögnum. Þess í stað eru í upplýsingalögum sjálfstæðar takmarkanir á rétti almennings til aðgangs að gögnum, sem almennt er ætlað að taka til sömu hagsmuna og almennum þagnarskyldureglum er ætlað að tryggja.

Hér á landi hafa verið lögfestar nokkrar almennar þagnarskyldureglur, svo sem í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, í sveitarstjórnarlögum og almennum hegningarlögum. Þessar reglur nefnast *almennar þagnarskyldureglur* þar sem í þeim er ekki nánar tilgreint hvaða upplýsingar eða hagsmunir það eru sem halda ber trúnað um. Með ákveðinni einföldun má segja að almennt séu viðkomandi ákvæði orðuð svo að starfsmanni, eða öðrum sem fellur undir viðkomandi reglu, beri að halda trúnað um það sem leynt á að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls. Þá er það einnig einkenni flestra almennra þagnarskyldureglna í íslenskum lögum að þar er ekki nánar tilgreint hvaða sjónarmið eigi að leggja til grundvallar við mat á því hvort upplýsingar skuli falla undir þagnarskyldu eða ekki. Í *sérstökum þagnarskyldureglum* er nánar tilgreint hvaða upplýsingar það eru sem halda ber trúnað um, en ljóst er að þar undir fellur ekki nema hluti þeirra upplýsinga sem stjórnsýslan býr yfir. Af þessu leiðir að óvissa kann að vera uppi um það hvaða upplýsingar eru háðar þagnarskyldu og hverjar ekki. Mikilvægt er að slíkur vafi sé ekki fyrir hendi eða a.m.k. að leitast sé við að draga úr honum svo sem kostur er. Búa þar að baki bæði hagsmunir þeirra sem starfa á hverjum tíma fyrir stjórnvöld og þagnarskylda hvílir á, en einnig þeir mikilvægu hagsmunir almennings sem lúta að því annars vegar að haldinn sé trúnaður um upplýsingar sem e.t.v. gætu stefnt öryggi borgaranna eða öðrum mikilvægum hagsmunum þeirra í voða, og hins vegar að almenningi verði, á grundvelli upplýsingalaga eða annarra laga, veittur aðgangur að þeim upplýsingum sem engin ástæða er til að halda leyndum.

Jafnvel þótt í upplýsingalögum séu ákveðnar takmarkanir á rétti almennings til aðgangs að gögnum, taka þau ekki á öllum þeim álitamálum sem upp geta komið um heimildir starfsmanna stjórnsýslunnar til meðferðar upplýsinga. Hér má til að mynda nefna rétt eða heimildir einstakra starfsmanna stjórnvalda til að miðla upplýsingum sem ekki liggja fyrir í gögnum tiltekinna mála og um heimildir til að miðla upplýsingum á milli stjórnvalda. Hvað varðar heimildir stjórnvalda til að miðla persónuupplýsingum geta lög um persónuupplýsingar og persónuvernd, nr. 77/2000, haft mikilvæga þýðingu. Sambærileg viðmið og þar koma fram eru hins vegar almennt ekki í lögum um upplýsingar sem varða almannahag, öryggi ríkisins eða viðskiptahagsmuni lögaðila. Í framkvæmd hafa ákvæði upplýsingalaga um takmörkun á aðgangi almennings að upplýsingum haft ákveðna þýðingu við afmörkun á því hvaða upplýsingar falla undir lögbundna þagnarskyldu opinberra starfsmanna, en eins og að framan segir er ekki hægt að ganga út frá því að þau leysi öll þau álitamál sem upp kunna að koma í þessu sambandi.

Í nágrannaríkjum Íslands, t.d. Noregi og Danmörku, hafa verið settar umtalsvert ítarlegri reglur um þagnarskyldu þeirra sem starfa fyrir stjórnvöld en hér gilda. Í Noregi eru slíkar reglur að hluta til í upplýsingalögum en í Danmörku í stjórnsýslulögum. Í Svíþjóð eru einnig ítarlegar reglur um þagnarskyldu. Þær eru þó ekki að öllu leyti sambærilegar við þær sem gilda í Danmörku og Noregi og helgast það m.a. af því að þar eru reglur um upplýsingarétt almennings byggðar upp með nokkuð öðrum hætti en við á um þær tiltölulega líku reglur á þessu sviði sem gilda hér á landi, í Danmörku og Noregi.

Með hliðsjón af þeim reglum sem fram koma í upplýsingalögum má telja mikilvægt að ráðist verði í almenna umfjöllun og endurskoðun íslenskra reglna um þagnarskyldu þeirra sem starfa hjá stjórnvöldum, eða taka að sér verkefni fyrir stjórnvöld. Það er mikilvægt að samhljómur sé á milli ákvæða upplýsingalaga um rétt til aðgangs að gögnum og takmarkana á þeim rétti annars vegar og almennra reglna um þagnarskyldu opinberra starfsmanna hins vegar. Ekki verður fullyrt að slíkt samræmi sé að fullu til staðar í íslenskum rétti þótt út frá því megi að vísu ganga að almennt séu fremur litlar líkur á að upplýsingalög tryggi almenningi aðgang að upplýsingum sem samkvæmt almennum þagnarskyldureglum teljast háðar

trúnaði. Þá er endurskoðun reglna um þagnarskyldu í íslenskum rétti einnig mikilvægur liður í því að auknar verði heimildir almennings til aðgangs að gagnagrunnum og skrám stjórnvalda, eins og rætt var um í næsta kafla hér að framan og í reynd einnig ákveðin forsenda þess að stjórnvöld geti á skilvirkan og öruggan hátt gert upplýsingar opinberar á vefsíðum eða birt þær opinberlega með öðrum hætti. Hér ber einnig að geta þess að vegna þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi, m.a. vegna aðildar að EFTA og Norður-Atlantshafssamningnum, hvíla á íslenskum stjórnvöldum ákveðnar skyldur til að tryggja öryggi upplýsinga sem tengjast starfsemi fjölþjóðlegra stofnana. Eins og í gildandi upplýsingalögum er hér lagt til að lögin gildi ekki ef kveðið er á um trúnað í þjóðréttarsamningum sem Ísland á aðild að. Þessar skyldur geta engu að síður kallað á það að hugað sé að skýrleika þagnarskyldureglna og úrræðum við brotum á þeim ef við á.

VIII. Tengsl við lög um Þjóðskjalasafn Íslands.

Upplýsingalög fela í sér almennar reglur um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum sem fyrir liggja hjá stjórnvöldum og öðrum aðilum sem falla undir gildissvið laganna. Aðrar lagareglur fjalla eftir atvikum einnig um upplýsingarétt almennings, svo sem lög nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál. Mikilvæg löggjöf á þessu sviði eru lög nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, með síðari breytingum. Mikilvægt er að ákvæði upplýsingalaga annars vegar og laga um Þjóðskjalasafn hins vegar myndi heildstætt kerfi um meðferð opinberra upplýsinga og skjala og um aðgang almennings að þeim. Frumvarp þetta byggist á því að slíku kerfi verið komið á. Því er í frumvarpi þessu einnig að finna viðeigandi breytingartillögur við lög um Þjóðskjalasafn Íslands.

Á sama tíma og unnið hefur verið að undirbúningi þessa frumvarps af hálfu forsætisráðuneytisins hefur nefnd á vegum mennta- og menningarmálaráðherra unnið að undirbúningi frumvarps til nýrra laga um Þjóðskjalasafn. Tillögur þær sem birtast í frumvarpi þessu um breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn byggjast á hugmyndum umræddrar nefndar mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

IX. Samráð.

Samráði við gerð frumvarpsins var háttað þannig að í mars 2010 voru haldnir fundir með ráðuneytisstjórum, með lögfræðingum ráðuneytanna og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þar voru frumniðurstöður starfshópsins kynntar. Bréf, sem formaður starfshópsins skrifaði forsætisráðherra, dags. 23. mars 2010, þar sem tillögunum var lýst, var lagt fram á þessum fundum en það var einnig birt á heimasíðu forsætisráðuneytisins þannig að hver sem er gæti kynnt sér hvert stefndi varðandi endurskoðun laganna. Var það meðal annars tekið til umfjöllunar á vettvangi Blaðamannafélags Íslands sem sá ekki ástæðu á því stigi til að gera athugasemdir. Drög að frumvarpi voru síðan birt á heimasíðu forsætisráðuneytisins 26. október 2010 og óskað eftir athugasemdum. Frestur var gefinn til 3. nóvember 2010. Jafnframt hélt starfsmaður forsætisráðuneytisins fund með fulltrúum stjórnar Blaðamannafélags Íslands og Félags forstöðumanna ríkisstofnana þar sem drögin voru kynnt.

Ráðuneytinu bárust athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði Íslands, Landsvirkjun, Samorku, Orkuveitu Reykjavíkur, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Blaðamannafélagi Íslands, Þjóðskjalasafni Íslands, Björgvin Ragnarssyni hugbúnaðarverkfræðingi, skjalavörðum Reykjavíkurborgar, Árnesinga og Kópavogs, talsmönnum IMMI (International Modern Media Inititative) og Friðriki Þór Guðmundssyni. Einnig hefur frumvarpið verið rætt á vettvangi ráðuneytanna og

komu fram ýmsar ábendingar í þeim samtölum. Hér verður gefið yfirlit yfir athugasemdir og viðbrögð ráðuneytisins.

1. *Gildissvið.* Fram kom það sjónarmið að féllu fyrirtæki í eigu opinberra aðila eins og orkufyrirtæki undir upplýsingalög gæti það raskað samkeppnisstöðu þeirra. Á keppinauta væru ekki lagðar kvaðir um upplýsingaskyldu og fyrir tilstilli upplýsingalaga gætu þeir komist yfir upplýsingar sem vörðuðu starfsemi fyrirtækisins. Undanþáguákvæði frumvarpsins veittu eingöngu takmarkaða vernd og kæmu ekki í veg fyrir að veita þyrfti aðgang að hluta gagna eða skjala, t.d. viðskiptasamningum, lánasamningum eða öðrum viðkvæmum upplýsingum. Landsvirkjun benti til dæmis á að slíkt gæti leitt til þess að viðskiptavinir fyrirtækisins, þ.e. orkukaupendur eða fjármögnunarfyrirtæki, gætu nýtt sér uppsagnarákvæði samninga. Einnig kynnu nýir viðskiptavinir að veigra sér við því að gera viðskipta- eða lánasamninga við fyrirtækið. Það gæti leitt til lækkunar á lánshæfismati Landsvirkjunar og haft áhrif á fjármögnun nýframkvæmda, þ.m.t. Búðarhálsvirkjunar. Landsvirkjun lagði til að frumvarpinu yrði breytt þannig að undanþága frá lögunum væri ekki háð mati ráðherra heldur ætti hún sjálfkrafa við um þá opinberu lögaðila sem eru í samkeppnisrekstri. Einnig mætti breyta ákvæðinu þannig að undanþágan ætti eingöngu við um þá starfsemi umræddra fyrirtækja sem flokkast undir samkeppnisrekstur. Orkuveita Reykjavíkur tók undir þetta og lagði til að orkuframleiðsluhluti og orkusöluhluti Orkuveitu Reykjavíkur og Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) yrði undanskilinn lögunum og bent á að starfsemin félli undir eftirlit Samkeppniseftirlitsins og Póst- og fjarskiptastofnunar að því er varðar GR. Þá benti Orkuveita Reykjavíkur á að samþykkt frumvarpsins gæti leitt til mikils kostnaðar fyrir fyrirtækið sem þyrfti að endurskipuleggja skjalakerfi sitt. Samband íslenskra sveitarfélaga telur að áform um að öll fyrirtæki í eigu opinberra aðila að 75% eða meira geti orðið verulega flókin í framkvæmd. Þá hefði þurft að rökstyðja hvers vegna hluti starfandi veitufyrirtækja væri settur undir aðrar reglur en almennt gilda um slík fyrirtæki. Enn fremur telur sambandið hæpið út frá lögmætisreglu og samspili ólíkra heimildarlaga að forsætisráðherra geti ákveðið að tiltekinn aðili falli ekki undir upplýsingalög. Samtök atvinnulífsins töldu einnig óheppilegt að slík ákvörðun væri matskennd og háð pólitískri ákvörðun hverju sinni. Þjóðskjalasafn Íslands fagnaði hins vegar þeim áformum að víkka út gildissvið upplýsingalaga. Fram kom þó að safnið teldi réttara að miða við að fyrirtæki féllu undir upplýsingalög þegar þau væru að minnsta kosti að 50% í eigu opinberra aðila. Það væri sú viðmiðun sem safnið hefði notað til að meta hvort fyrirtæki væru skilaskyld hvað gögn áhrærir. Ef miðað væri við 75% opinberan eignarhlut varðandi upplýsingaskyldu mundi hið sama gilda um afhendingarskyldu til Þjóðaskjalasafns og þar með yrði um þrengingu hennar að ræða frá því sem nú er. Í erindi frá borgarskjalaverði og tveimur héraðsskjalavörðum kemur sömuleiðis fram að engin ástæða sé til að nema staðar við 75% mörkin, eðlilegra væri að miðað við 50% opinberan eignarhlut eða ráðandi hlut eða jafnvel það eitt að fyrirtæki væri að hluta í eigu opinberra aðila. Samtök atvinnulífsins benda á að ekki hafi verið skýrt hvers vegna horfið hafi verið frá áformum í erindisbréfi starfshópsins um að fella þá einkaaðila sem alfarið væru í eigu opinberra aðila undir gildissvið upplýsingalaga. Þá gagnrýna Samtök atvinnulífsins að ekki hafi verið rökstutt hvers vegna víkka eigi út gildissviðið þannig að lögin taki til einkaaðila sem sinna opinberum verkefnum. Í athugasemdum ráðuneytanna kom fram að mikilvægt sé að fyrirtæki í eigu ríkisins sem starfa á samkeppnismarkaði og eru eða verða í meira en 75% eigu ríkisins verði undanþegin lögunum strax frá gildistöku þeirra og ekki þurfi að sækja um undanþágu frá ráðherra. Þá verði Bankasýsla ríkisins og þær fjármálastofnanir sem hún

fer með eignarhlut í fyrir hönd ríkisins undanskilin gildissviði laganna strax frá upphafi.

Að mati ráðuneytisins mætti bregðast við þessum athugasemdum með ýmsu móti. Í fyrsta lagi væri hægt að taka af skarið um það í frumvarpinu að upplýsingalög tækju ekki til fyrirtækja sem að nær öllu leyti eru í samkeppnisrekstri. Erfiðara yrði þó að tryggja samræmi við framkvæmd laganna með þeirri aðferð en samkvæmt nálgun frumvarpsins. Vert er að benda á að til að afstýra allri óvissu hefur forsætisráðherra möguleika á að gefa út auglýsingu um fyrirtæki sem falla utan laganna sem undirbúin hefur verið í tæka tíð með gildistöku samhliða frumvarpinu. Í öðru lagi kæmi til álita að afmarka gildissvið þannig að ef starfsemi er í samkeppni á markaði falli hún ekki undir lögin. Með því væri sú víkkun sem lögð er til með frumvarpinu þrengd verulega án þess að séð verði að slíkt sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Þá hagsmuni má að mati ráðuneytisins tryggja með öðrum hætti. Í þriðja lagi kæmi til álita að kveða á um tiltekinn aðlögunartíma fyrir þau fyrirtæki sem hingað til hafa ekki lotið upplýsingalögum eða að mæla fyrir um að lögin tækju ekki til gagna sem til hefðu orðið fyrir gildistöku þeirra. Vísa má til þess að við gildistöku núverandi upplýsingalaga var ákveðið að þau tækju til allra fyrirliggjandi gagna óháð því hvenær þau hefðu orðið til. Er þeirri stefnu fylgt í frumvarpinu. Í fjórða lagi kæmi til greina að kveða á um það í hverjum og einum sérlögum hvort upplýsingalög gildi um viðkomandi starfsemi. Segja má að sú leið verði fær jafnvel þótt frumvarp þetta verið óbreytt að lögum. Í fimmta lagi kæmi til álita að draga önnur mörk varðandi eignarhlut opinberra aðila, hvort sem þar væri miðað við 50% eða 100% eða eitthvert annað hlutfall. Sú stefnumörkun sem birtist í frumvarpinu að þessu leyti felur í sér ákveðna málamiðlun. Vissulega er gengið lengra en í erindisbréfi starfshópsins en það skýrist meðal annars af því að við vinnslu frumvarpsins gerðu menn sér ljóst að í nágrannalöndum væri gengið lengra eða a.m.k. væru áform um slíkt. Hvað varðar sjónarmið um gildissvið frumvarpsins vísast að öðru leyti til þeirra raka sem fram koma í athugasemdum við greinar I. kafla frumvarpsins, einkum 2. og 3. gr. Að teknu tilliti til ábendinga sem bárust hefur ráðuneytið ákveðið að leggja til að lögin verði ekki afturvirk í þeim skilningi að þau munu ekki ná til gagna sem orðið hafa til í viðkomandi fyrirtækjum fyrir gildistöku laganna. Þannig mun gefast svigrúm fyrir fyrirtækin til að undirbúa gildistökuna og laga vinnulag að kröfum laganna.

2. *Réttur til upplýsinga um málefni starfsmanna.* Bent var á að ef ríkið ætlaði að eiga einhverja möguleika á að fá og halda í hæft starfsfólk þá hefði núverandi fyrirkomulag um nafnbirtingu umsækjenda nú þegar veruleg fráfælingaráhrif. Ef jafnframt ætti að upplýsa um utanferðir og áminningar gæti það enn dregið úr möguleikum ríkisins til að fá hæft starfsfólk. Einnig gætu upplýsingar um menntun verið viðkvæmar fyrir þá sem eru minna menntaðir. Var vitnað til þess að í Svíþjóð væri nýbúið að breyta lögum á þann veg að ekki þyrfti að greina frá nöfnum umsækjenda um opinber störf. Reynslan sýndi að þá gæfu færri hæfir umsækjendur kost á sér.

   Að mati ráðuneytisins vegast hér á sjónarmið um aukið gagnsæi annars vegar og hins vegar réttindi starfsmanna og lögmæta hagsmuni af því að afstýra því að starfsmenn séu gerðir tortryggilegir að ástæðulausu. Verður þá að hafa í huga að umræða um spillingu í stjórnkerfinu hefur að miklu leyti snúist um ráðningamál og því er varhugavert að draga úr gagnsæi á því sviði. Í ljósi athugasemda ákvað ráðuneytið að hverfa frá tillögum starfshópsins um að veita upplýsingar um utanferðir starfsmanna. Enn fremur er nú einungis gert ráð fyrir aðgangi að upplýsingum um menntun æðstu stjórnenda. Þá er heimilað að veita upplýsingar um viðurlög sem æðstu stjórnendur hafa sætt undangengin

tvö ár en ekki skylt eins og tillögur starfshópsins gerðu ráð fyrir. Ráðuneytið hefur breytt frumvarpinu að þessu leyti.

3. *Tilgreiningarreglan.* Því var haldið fram að yrði frumvarpið að lögum yrði unnt að óska eftir aðgangi að gögnum í öllum málum af ákveðinni tegund eða frá tilteknu tímabili. Slíkt yrði mjög íþyngjandi fyrir stjórnvöld og lögaðila sem féllu undir gildissvið frumvarpsins auk þess sem vikið yrði frá sambærilegri tilhögun og í nágrannalöndunum. Þá sé óæskilegt að stjórnvald þurfi að túlka beiðni sem ekki sé nægilega vel afmörkuð og tína til mikið magn af gögnum um fjölda mála. Samband íslenskra sveitarfélaga telur að fram hefði þurft að fara úttekt á því hvernig tilgreiningarreglan hafi virkað í framkvæmd og þá ekki einungis í þeim tilvikum þar sem reynt hefur á hana á vettvangi úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Á sveitarstjórnarstiginu hafi reglan reynst nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir að einstaka íbúar gætu lagt á stjórnsýslu sveitarfélaganna ómælt álag og erfiði með víðtækum upplýsingabeiðnum án sýnilegs tilefnis. Að minnsta kosti þurfi að taka tillit til sérstöðu sveitarfélaganna. Blaðamannafélag Íslands fagnaði hins vegar áformum um að draga úr kröfum til tilgreiningar mála. Í athugasemdum ráðuneyta er vísað til þess að verið sé að leggja verulega aukna vinnu á stjórnvöld vegna upplýsingabeiðna. Nauðsynlegt sé að afmarka nánar hvernig beiðni um upplýsingar þarf að vera úr garði gerð ásamt því að kveða skýrar á um í hvað tilfellum heimilt sé að hafna beiðni á grundvelli þess að hún sé það víðtæk að ekki sé réttlætanlegt að leggja þá vinnu á stjórnvöld.

   Að mati ráðuneytisins hefur tilgreiningarreglan verið einn helsti þröskuldur varðandi aðgang almennings að upplýsingum í fórum stjórnvalda. Óhjákvæmilegt sé að slaka á henni, eigi á annað borð að rýmka rétt almennings að þessu leyti. Álitamál kann að vera hvernig nákvæmlega fara eigi að því. Með frumvarpinu er reynt að fara eins varlega og hægt er. Vert er að árétta að samkvæmt gildandi lögum ætti leiðbeiningarskylda sú sem hvílir á stjórnvöldum í mörgum tilfellum að vísa í sömu átt, þótt hnökrar kunni að hafa verið á því í framkvæmd. Ráðuneytið hefur lagfært frumvarpið á þann veg að stjórnvaldi ber eftir atvikum að afhenda aðila lista yfir mál sem ætla má að fallið geti undir beiðni hans í þeim tilgangi að hann geti afmarkað beiðni nánar.

4. *Afturvirk áhrif frumvarps.* Fundið var að því að yrði frumvarpið að lögum mundi það hafa þau áhrif á fyrirtæki sem færð yrðu undir gildissvið upplýsingalaga að aðgangur yrði leyfður að öllum gögnum sem urðu til fyrir gildistöku laganna. Þar á meðal væru viðskipta- og lánasamningar í tilfelli Landsvirkjunar sem væru bundnir trúnaði. Þetta gæti leitt til að slíkum samningur yrði sagt upp. Hliðstæð ábending kom fram í erindi Samorku.

   Það er ugglaust rétt að yrði frumvarpið óbreytt að lögum og fyrirtækin teldust falla undir gildissvið upplýsingalaga væri ekki lengur hægt að byggja á trúnaðarákvæðum í samningum af þessu tagi einum og sér nema slík heimild yrði lögfest í sérlögum. Hins vegar felur frumvarpið í sér að heimilt er að synja um aðgang að viðkvæmum upplýsingum, m.a. vegna samkeppnishagsmuna fyrirtækja í eigu hins opinbera. Eins og áður segir ákvað ráðuneytið að hverfa frá afturvirkni að þessu leyti.

5. *Gjaldtaka.* Fram kom sú ábending frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana að æskilegt væri að heimila gjaldtöku fyrir rafræna sendingu skjala enda kostuðu slíkar sendingar oft talsverða vinnu og undirbúning. Í erindi skjalavarða kemur fram sama ábending en einnig er stungið upp á heimild til gjaldtöku vegna afritunar á rafrænum skjölum.

   Að mati ráðuneytisins er þetta athyglisverð ábending. Starfshópurinn kannaði ekki þörfina á ákvæði af þessu tagi og því hefur ráðuneytið ekki forsendur til að leggja á þetta

mat. Ráðuneytið telur ekki rétt að leggja til slíka breytingu nema að vel athuguðu máli enda kann að vera erfitt að finna hlutlæga mælikvarða á kostnað af þessu tagi og sú hætta kann að skapast að meginreglan, a.m.k. eins og framkvæmd hefur þróast, um að almenningur eigi rétt á upplýsingum sér að kostnaðarlausu fari halloka.

6. *Endurnot opinberra upplýsinga.* Í athugasemd var tekið undir að brýnt væri að endurskoða kafla upplýsingalaga um endurnot opinberra upplýsinga. Sá kafli hefði ekki skilað miklu því að ekki væri tekið á því hvaða gögn opinberar stofnanir ættu að gefa út né með hvaða skilmálum.

   Ráðuneytið mun fylgja því eftir að viðkomandi kafli upplýsingalaga verði endurskoðaður við fyrstu hentugleika í samræmi við réttarþróun í Evrópu.

7. *Lagaskil.* Bent var á að ákvæði frumvarpsins um skil milli upplýsingalaga og þjóðskjalasafnslaga og um svokallaða 30 ára reglu mættu vera skýrari.

   Ráðuneytið hefur lagfært frumvarpið að þessu leyti.

8. *Vinnuskjöl.* Í erindi borgarskjalavarðar og tveggja héraðsskjalavarða er gagnrýnt að vinnuskjalshugtakið sé of víðfeðmt í frumvarpinu. Oft geti verið mjög mikilvægt fyrir aðila að fá aðgang að skjölum um undirbúning ákvörðunar. Þau skjöl segðu oft meira en ákvörðunin sjálf. Þá væri erfitt að skilja ástæðu þess að undanskilja skjöl nefnda og starfshópa. Í athugasemdum ráðuneyta er gagnrýnt að utan ákvæðis um vinnuskjöl falli gögn sem utanaðkomandi sérfræðingar vinna fyrir stjórnvöld og gögn sem fara á milli ráðuneyta eða ráðuneyta og stofnana.

   Um svör við þessum ábendingum vísast til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins þar sem útskýrt er hvers vegna sé rétt að útfæra nánar reglur laga um vinnuskjöl til þess að endurspegla vinnulag og þarfir stjórnvalda til samstarfs. Ráðuneytið hefur lagfært frumvarpið á þann veg að inn í það hefur verið sett ákvæði þess efnis að gögn vegna ráðgjafar sem ráðuneyti aflar hjá öðru ráðuneyti eða hjá stjórnvaldi sem heyrir undir yfirstjórn þess flokkist til vinnuskjala. Þá er í 4. tölul. 6. gr. nú tiltekið að gögn sem ráðherra aflar frá sérfróðum aðilum vegna undirbúnings lagafrumvarpa skuli undanþegin upplýsingarétti. Tillaga starfshópsins var víðtækari hvað varðaði síðastgreint atriði.

9. *Réttur til aðgangs varðandi gögn látinna einstaklinga.* Fram kom ábending um að æskilegt væri að með frumvarpinu yrði séð til þess að erfingjar látinna einstaklinga fengju sama rétt til aðgangs að gögnum um þá og einstaklingurinn hefði sjálfur ella notið. Var meðal annars bent á mikilvægi þessa vegna bótakrafna sem haldið er uppi á grundvelli laga nr. 47/2010, um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, þar sem eftirlifandi börn geta fengið bætur vegna vistmanna á heimilum og stofnunum er falla undir lögin.

   Í 14. gr. frumvarpsins er lögð til sambærileg regla og nú er að finna í 9. gr. upplýsingalaga. Sé litið til orðalags 1. mgr. 9. gr. upplýsingalaga virðist í ákvæðinu gert ráð fyrir að þau gögn sem um er beðið þurfi að innihalda upplýsingar sem beinlínis lúta að viðkomandi aðila sjálfum. Að túlkun þessa ákvæðis hefur verið vikið í nokkrum úrskurðum úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sbr. úrskurði í málum A-21/1997, A-56/1998, A-106/2000, A-182/2004, A-283/2008 A-294/2009 og A-343/2010. Í athugasemdum með 1. mgr. 9. gr. upplýsingalaga sem fylgdu frumvarpi til laganna segir að ákvæðið sé byggt á áður óskráðri meginreglu um rétt einstaklinga til aðgangs að gögnum sem séu í vörslu stjórnvalda og varði þá sérstaklega, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi. Með vísan til þessa hefur úrskurðarnefndin skýrt 1. mgr. 9. gr. upplýsingalaga svo að undir greinina falli ekki einvörðungu þau tilvik þegar maður óskar eftir aðgangi að gögnum með upplýsingum um hann sjálfan, heldur taki hún einnig til

þess þegar upplýsingarnar varða hann með þeim hætti að hann hafi einstaklega hagsmuni af því, umfram aðra, að fá aðgang að gögnunum. Ætla verður að 14. gr. frumvarpsins verði skýrð með sama hætti og undir hana geta því fallið upplýsingar sem einstaklingi eru nauðsynlegar til að setja fram bótakröfu, svo sem til greiðslu sanngirnisbóta á grundvelli laga nr. 47/2010, um sanngirnisbætur. Með vísan til þessarar framkvæmdar hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál telur ráðuneytið ekki þörf á að breyta ákvæðinu.

10. *Synjunarheimild vegna þess að úrvinnsla taki of langan tíma eða vegna ólögmæts tilgangs.* Gagnrýnt var að þessar synjunarheimildir væru of matskenndar.

Bent er á að í 15. gr. frumvarpsins er lagt til að slakað verði á kröfum um tilgreiningu mála. Til mótvægis er nauðsynlegt að gefa stjórnvöldum færi á að synja beiðni af ástæðum sem raktar eru í ákvæðinu, ella væri hætta á að breytingarnar kæmu verulega niður á skilvirkni stjórnvalda í ákveðnum tilvikum. Óhjákvæmilegt er að slíkar heimildir séu matskenndar en ákvæðið sjálft ber með sér að þeim á eingöngu að beita í undantekningartilfellum.

11. *Skráning upplýsinga.* Gagnrýnt var að viðkomandi ákvæði væri ekki nógu skýrt. Þá var fundið að því að ekki væri afdráttarlaust kveðið á um skyldu til að halda fundargerðir.

Að mati ráðuneytisins er mjög torvelt að ganga lengra en frumvarpið gerir varðandi skráningu upplýsinga í öðrum málum en stjórnsýslumálum, sbr. 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins. Helgast það af því að hugtakið *mál* í skilningi upplýsingalaga er vítt. Undir það geta meðal annars fallið ýmsar ákvarðanir eða viðfangsefni sem tengjast svonefndri þjónustustarfsemi. Til að tryggja varðveislu upplýsinga um mikilvægar ákvarðanir í stjórnsýslu sem varða alla viðameiri hagsmuni getur þurft að setja sérstakar reglur, t.d. í lög um Stjórnarráð Íslands.

12. *Tengsl við þingsályktun frá 16. júní 2010.* Gagnrýnt var að áformað væri að leggja fram frumvarp til upplýsingalaga án þess að setja það að fullu í samhengi við aðrar hugsanlegar breytingar á lögum í tengslum við framkvæmd þingsályktunarinnar.

Að mati ráðuneytisins er enn óljóst hvaða lagabreytingar verði gerðar í kjölfar umræddrar þingsályktunar. Það er því ógerningur að meta frumvarp til upplýsingalaga út frá atriðum sem eru jafn óáþreifanleg.

13. *Undantekningar frá upplýsingarétti.* Blaðamannafélagið gagnrýndi að til stæði að víkka undanþágur laganna út, sbr. 6.–10. gr. frumvarpsins. Slíkt væri afturför miðað við gildandi rétt. Samband íslenskra sveitarfélaga fagnar því hins vegar að sérstaklega sé tiltekið í 6. gr. frumvarpsins að gæta þurfi sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaga af viðræðum við ríkisaðila.

Að mati ráðuneytisins eru það eingöngu 2. og 4. tölul. 6. gr. frumvarpsins auk 6. tölul. 6. gr., sbr. 8. gr. frumvarpsins sem fela í sér útvíkkun. Rökin þar að baki koma fram í athugasemdum við viðkomandi ákvæði. Ekki verður talið að þar sé gengið of langt.

14. *Markmiðsákvæði laganna.* Samband íslenskra sveitarfélaga stingur upp á að nýju markmiðsákvæði verði bætt við frumvarpið sem gæti hljóðað svo: „Enn fremur skal stuðlað að því að framkvæmd laganna sé í senn skilvirk og hagkvæm fyrir stjórnvöld.“ Enn fremur kæmi til álita, að mati sambandsins, að vísa til alþjóðlegra skuldbindinga þannig að við framkvæmd laganna skuli tekið mið af slíkum skuldbindingum.

Að mati ráðuneytisins er vissulega mjög mikilvægt að standa vörð um skilvirkni og hagkvæmni við framkvæmd upplýsingalaga. Það getur hins vegar ekki talist meginmarkmið með lögunum og því var ekki talið rétt að geta þess í 1. gr. frumvarpsins. Hins vegar eru þessi sjónarmið rækilega tíunduð í athugasemdum auk þess sem greinar frumvarps-

ins eiga að stuðla að nauðsynlegu jafnvægi milli aðgangsréttar og skilvirkni og hagkvæmni.

15. *Gjaldskrá.* Samband íslenskra sveitarfélaga leggur til að 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins taki eingöngu til ljósrita og afrita sem ríkisaðilar afhendi. Nýrri málsgrein verði bætti við sem heimili sveitarfélögum að setja sér eigin gjaldskrár.

    Að mati ráðuneytisins er mikilvægt að gæta samræmis varðandi gjaldtöku. Æskilegra er að sveitarfélögin komi sínum sjónarmiðum á framfæri við undirbúning gjaldskrár eða endurskoðun hennar. Sjónarmið um sjálfsstjórn sveitarfélaga vega vissulega þungt í þessu sambandi en ráðuneytið telur engu að síður að hagsmunir almennings af samræmdri gjaldtöku vegi enn þyngra.

16. *Athafnaskylda stjórnvalda.* Í umsögn sinni gagnrýnir Viðskiptaráð að ákvæði frumvarpsins um birtingu gagna og upplýsinga á vefsíðum séu of varfærin. Full ástæða væri til að ganga alla leið með skyldu til að birta upplýsingar á vef og þá sérstaklega um meðferð og úrskurði mála.

    Tilgangur 13. gr. frumvarpsins er m.a. sá að veita forsætisráðherra heimild til að samræma opinbera birtingu stjórnvalda á upplýsingum á vefsvæðum. Ekki þóttu nægileg rök standa til þess að fara þá leið sem farin hefur verið í Svíþjóð að lögbinda hvaða upplýsingar sem stjórnvöld hefðu undir höndum þeim bæri að birta opinberlega að eigin frumkvæði. Um þetta er nánar fjallað í athugasemdum við 13. gr. frumvarpsins.

17. *Samhliða rökstuðningur.* Vakin var athygli á því að rök skorti fyrir því að skylt væri að færa fram rök fyrir synjun samhliða birtingu, sbr. 19. gr. frumvarpsins, en ekki eftir á eins og stjórnsýslulögin gera ráð fyrir.

    Að mati ráðuneytisins felur þessi breyting almennt ekki í sér miklar kvaðir á stjórnvöld. Samkvæmt 13. gr. gildandi laga ber almennt að birta synjanir skriflega. Slíkri birtingu fylgir almennt stuttur rökstuðningur, t.d. tilvísun í viðeigandi ákvæði upplýsingalaga. Hins vegar felur sú skylda sem fram kemur í 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins auknar kvaðir í sér þegar stjórnvöld (en ekki einkaaðilar) eiga í hlut. Þær kvaðir eru hins vegar nauðsynlegar til að tryggja virkni reglunnar. Ráðuneytið hefur bætti því við ákvæði 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins að synjun skuli rökstudd stuttlega þar sem afgreiðslufrestur er stuttur og að skriflegur rökstuðningur eigi við beiðnir sem bornar eru fram skriflega.

18. *Tímafrestir.* Vakin var athygli á því af hálfu ráðuneytanna að sjö daga frestur til afgreiðslu gagna væri mjög skammur, einkum þegar um er að ræða beiðni um afhendingu eldri gagna sem ekki hafa verið skráð í rafrænar málaskrár.

    Ráðuneytið bendir á að sjö daga fresturinn miðast við að hafi beiðni ekki verið afgreidd innan sjö daga frá móttöku hennar skuli skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Því sé í vissum tilvikum, sérstaklega þegar um er að ræða gömul skjöl sem erfitt er að nálgast, eðlilegt að afgreiðsla geti tekið lengri tíma en sjö daga þótt alla jafna eigi hún ekki að gera það. Nauðsynlegt sé í þeim tilvikum að greina gagnabeiðanda frá ástæðum tafa og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

X. Yfirlit yfir helstu þætti frumvarpsins.

Við gerð frumvarpsins var, sem fyrr segir, höfð hliðsjón af ákvæðum upplýsingalaga, nr. 50/1996, með síðari breytingum. Hér á eftir fer yfirlit um helstu þætti frumvarpsins.

1. Í I. kafla er fjallað um markmið og gildissvið frumvarpsins. Þau ákvæði marka frumvarpinu nokkuð rýmra gildissvið en gildandi upplýsingalög.
2. Í II. kafla er að finna meginreglu laganna um upplýsingarétt almennings, auk helstu undantekninga frá henni. Eins og í gildandi lögum hefur verið leitast við að hafa undan-

tekningarnar fáar og einfaldar og tryggja mikilvægustu almanna- og einkahagsmuni. Þó eru undantekningarnar að nokkru ítarlegri og fleiri en kveðið er á um gildandi lögum. Undanþáguákvæðin ber að sjálfsögðu að skýra þröngt. Á hitt ber hins vegar að líta að ákvæði laganna eru almennt orðuð. Áfram er því nokkurt svigrúm til að móta þau nánar í framkvæmd.

3. Í III. kafla er að finna ákvæði um aðgang aðila máls að upplýsingum um hann sjálfan. Tekur þessi kafli mið af ákvæðum gildandi laga.
4. Í IV. kafla er fjallað um málsmeðferð við afgreiðslu beiðna um aðgang að gögnum. Tekur hann mið af ákvæðum gildandi laga. Þó er leitast við að auðvelda almenningi enn frekar að setja fram beiðnir um aðgang að upplýsingum með það að markmiði að auka rétt almennings til aðgangs að upplýsingum.
5. Í V. kafla er fjallað um starfsemi úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Að langstærstum hluta eru þau ákvæði sem lúta að starfsemi hennar óbreytt frá gildandi lögum.
6. Í VI. kafla er fjallað um skráningu mála og upplýsinga. Hér eiga reglur gildandi laga ennþá við, þó að því gættu að skylda til að halda til haga mikilvægum upplýsingum er að nokkru marki aukin. Þá er gert ráð fyrir að reglur sem lúta að skráningu stjórnvalda á málum, gögnum og upplýsingum verði í auknum mæli færðar í lög um Þjóðskjalasafn.
7. Í VII. kafla er fjallað um endurnot opinberra upplýsinga. Þær reglur eru hinar sömu og í lögum nr. 161/2006, um breytingu á upplýsingalögum.
8. Í VIII. kafla er að finna nýmæli sem lýtur að heimild stjórnvalda til að veita aðgang að gögnum í rannsóknarskyni. Samkvæmt ákvæðum kaflans verður stjórnvöldum heimilt að veita aðgang að gögnum sem annars væri óheimilt að afhenda, t.d. vegna þagnarskyldureglna, enda sé öryggi upplýsinganna tryggt.
9. Samkvæmt IX. kafla er lögunum ætlað að öðlast gildi 1. júlí 2011. Eins og þegar gildandi lög voru sett er lagt til að þau taki jafnt til allra gagna, eldri sem yngri. Á það jafnt við um stjórnvöld, sem nú lúta ákvæðum upplýsingalaga og þá einkaréttarlegu lögaðila sem hér er lagt til að lúti ákvæðum þeirra en gera það ekki að gildandi lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um markmið og gildissvið þess. Í 1. gr. frumvarpsins eru rakin helstu markmið með upplýsingalögum. Í 2. og 3. gr. er vikið að því hvaða aðilar falla undir lögin og þá hvaða starfsemi þeirra lýtur ákvæðum laganna. Í þessum greinum er að finna tillögur um mikilvægar breytingar frá gildandi lögum. Í 4. gr. er loks fjallað um gildissvið laganna gagnvart öðrum lögum og þjóðréttarsamningum. Það ákvæði tekur mið af gildandi lögum.

Um 1. gr.

Í gildandi upplýsingalögum er ekki sérstakt markmiðsákvæði. Það verður hins vegar að telja til leiðbeiningar um beitingu laganna að rekja helstu markmið í upphafi þeirra. Samkvæmt 1. gr. er meginmarkmið laganna að tryggja gegnsæi í stjórnsýslunni og við meðferð opinberra hagsmuna. Ýmis önnur orð mætti hafa um þetta markmið, svo sem að tryggja opna stjórnsýslu. Hér er hins vegar valið orðið gegnsæi, enda þykir það ná nokkuð vel meginmarkmiði laganna. Af gildissviði frumvarpsins, sbr. einkum ákvæði 2. og 3. gr., er ljóst að með því er stefnt að því að tryggja gegnsæi við meðferð opinberra hagsmuna í víðri merkingu, en ekki bara um þá opinberu hagsmuni sem hefðbundin stjórnvöld fara með á hverjum tíma. Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu ákvæði þess því taka jöfnum höndum til stjórn-

valda og lögaðila sem að stærstum hluta eru í eigu hins opinbera. Þá munu lögin einnig taka til annarra einkaréttarlegra lögaðila að því leyti sem þeim er falin framkvæmd opinberrar þjónustu.

Til nánari skýringar er í fimm töluliðum í 1. gr. gerð nánari grein fyrir þeim markmiðum sem felast í frumvarpinu. Þannig segir í *1. tölul.* að tilgangur laganna sé að efla upplýsingarétt og tjáningarfrelsi. Í þessu felst viðurkenning þess að réttur til upplýsinga um opinber málefni geti talist tengdur tjáningarfrelsi manna, þótt svo þurfi ekki að vera í öllum tilvikum. Nátengt þessum tölulið er ákvæði *2. tölul.*, þar sem fram kemur að tilgangur laganna sé að efla möguleika almennings til þátttöku í lýðræðissamfélagi, og ákvæði *3. tölul.* þar sem kveðið er á um þann tilgang laganna að efla aðhald fjölmiðla og almennings með stjórnvöldum. Almennt er mikilvægt að almenningur geti fylgst með störfum stjórnvalda og látið í ljós skoðanir á upplýstum grundvelli um störf þeirra. Af tilliti til þeirra hagsmuna sem á getur reynt við pólitíska stefnumörkun er þó gert ráð fyrir ákveðnum undantekningum frá upplýsingaréttinum. Er nánari grein gerð fyrir þeim sjónarmiðum í athugasemdum við viðkomandi greinar frumvarpsins. Rétt er að taka fram að með hugtakinu *upplýsingaréttur* í 1. tölul. 1. gr. er fyrst og fremst vísað til upplýsingaréttar almennings eins og hann er skilgreindur í lögum á hverjum tíma. Ljóst er að tilgangur þessa frumvarps er að auka þann rétt. Hugtaki þessu ber hins vegar ekki að ljá sömu merkingu og stundum er lögð í hugakið *upplýsingafrelsi* sem þá vísar fremur til meðferðar almennings, svo sem fjölmiðla, á upplýsingum, fremur en réttar til að öðlast þær. Í *4. tölul.* 1. gr. kemur fram að tilgangur laganna sé einnig sá að efla möguleika fjölmiðla á að miðla upplýsingum um opinber málefni. Þar sem þessa sjónarmiðs er sérstaklega getið í markmiðsákvæði laganna verður enn fremur að ætla að það geti fengið sérstaka þýðingu við túlkun og beitingu upplýsingalaga. Stjórnvöldum beri þannig að stuðla að því við afgreiðslu beiðna frá fjölmiðlum um aðgang að upplýsingum að þeir geti sinnt því mikilvæga hlutverki sínu að miðla réttum og fullnægjandi upplýsingum til almennings. Þetta markmið getur til að mynda haft ákveðna þýðingu við beitingu heimildar stjórnvalda til að veita aðgang að gögnum umfram beina lagaskyldu, sbr. heimild í 11. gr. þessa frumvarps. Í *5. tölul.* kemur fram að tilgangur laganna sé að efla traust almennings á stjórnsýslunni. Réttur almennings til aðgangs að gögnum er mikilvægur þáttur í réttaröryggi borgaranna. Þeir þurfa að geta kynnt sér störf og ákvarðanir stjórnvalda, m.a. til þess að átta sig á því hvort stjórnvöld hafi gætt sanngirni og samræmis við úrlausn mála. Hér kemur einnig til það mikilvæga sjónarmið að stjórnvöld þurfa á hverjum tíma að haga störfum sínum þannig að almenningur geti treyst því að stjórnsýslan sé grundvölluð á heiðarleika og málefnalegum sjónarmiðum. Reynslan sýnir að gegnsæi um meðferð opinberra hagsmuna er lykilþáttur í því að varðveita slíkt traust.

Rétt er að taka fram að þrátt fyrir upptalningu í 1. gr. frumvarpsins geta fleiri sjónarmið haft þýðingu við túlkun og beitingu upplýsingalaga. Eins og fram kemur í ýmsum ákvæðum frumvarpsins er upplýsingaréttur almennings og aðila máls takmarkaður að nokkru leyti þegar það telst nauðsynlegt vegna hagsmuna hins opinbera eða vegna einkahagsmuna. Slík sjónarmið geta haft mikilvæga þýðingu við beitingu laganna. Ber í því sambandi að minna á að skv. 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Réttur manna til einkalífs er einnig varinn af 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Það er hins vegar ekki megintilgangur þessa frumvarps að leiða í lög takmarkanir á upplýsingarétti, þótt nauðsynlegar séu m.a. vegna stjórnarskrár og mannréttindasáttmála. Er því ekki talin þörf á að lýsa þeim sjónarmiðum sérstaklega í upphafsákvæði þess.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. gildandi upplýsingalaga, nr. 50/1996, taka ákvæði þeirra til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Í skýringum við 1. gr. frumvarps er varð að gildandi upplýsingalögum er rakið að lögin taki til þeirrar starfsemi sem heyri undir framkvæmdarvaldið samkvæmt þrískiptingu ríkisvaldsins. Af þessu leiðir að gildissvið laganna er afmarkað við starfsemi þeirra sem fara með stjórnsýslu og teljast til framkvæmdarvaldshafa samkvæmt þrískiptingu ríkisvaldsins. Ekki skiptir í grundvallaratriðum máli hvers eðlis sú starfsemi er sem fram fer á vegum þessara aðila, heldur er við afmörkun á gildissviði laganna fyrst og fremst litið til þess hvort viðkomandi aðili teljist samkvæmt formlegri stöðu sinni í stjórnkerfinu vera opinbert stjórnvald. Þessu tengist enn fremur ákvæði 2. mgr. 1. gr. gildandi laga. Samkvæmt þeirri málsgrein taka lögin til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur verið falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Í skýringum við þetta ákvæði í frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum er tekið fram að lögin gildi að öðru leyti ekki um einkaaðila og þar segir einnig: „… undir hugtakið „einkaaðilar“ falla m.a. félög einkaréttarlegs eðlis, eins og hlutafélög og sameignarfélög, þótt þau séu í opinberri eigu. Ef rekstrarformi opinberrar stofnunar hefur t.d. verið breytt í hlutafélagsform fellur hlutafélagið sem slíkt utan gildissviðs laganna, jafnvel þótt það sé að öllu leyti í eigu ríkis eða sveitarfélags, nema því hafi verið falið sérstakt stjórnsýsluhlutverk, þ.e. að taka ákvarðanir, í skjóli stjórnsýsluvalds, um rétt eða skyldu manna.“

Með 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að þeirri meginstefnu verði haldið um afmörkun á gildissviði upplýsingalaga að þau taki til allrar starfsemi opinberra stjórnvalda, hvort sem er stjórnvalda ríkisins eða sveitarfélaganna. Það leiðir af orðalagi ákvæðisins að það sem ræður því hvort tiltekinn aðili fellur undir ákvæðið er formleg staða hans í stjórnkerfinu. Undir ákvæðið falla þannig einvörðungu þeir aðilar sem falið er að fara með stjórnsýslu og teljast til handhafa framkvæmdarvalds í ljósi þrískiptingar ríkisvaldsins. Undir ákvæðið falla ekki aðrir opinberir aðilar, t.d. dómstólar og stofnanir Alþingis, svo sem Ríkisendurskoðun eða umboðsmaður Alþingis. Ef slíkum aðilum er falinn einhver þáttur í stjórnsýslu (framkvæmdarvaldi) er ljóst af orðalagi 1. mgr. 2. gr. að slík starfsemi af þeirra hálfu heyrir þá ekki heldur undir upplýsingalögin. Eðlilegt kynni þó að vera að umræddir aðilar höguðu störfum sínum þannig að þeir fylgdu sambærilegum reglum og fram koma í upplýsingalögum. Þrátt fyrir annað orðalag er þessi afmörkun í samræmi við þá afmörkun sem byggt er á við beitingu stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og gildandi upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Það leiðir af ákvæði 1. mgr. að ef um stjórnvald er að ræða þá taka upplýsingalögin til allrar starfsemi sem fram fer á þess vegum, hvort sem um er að ræða töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna, þjónustustarfsemi, samningsgerð, setningu stjórnvaldsfyrirmæla eða aðra starfsemi, sem eftir atvikum gæti jafnvel talist einkaréttarlegs eðlis. Það er þó skilyrði að sú starfsemi sem um ræðir fari í reynd fram á vegum stjórnvaldsins. Lögin taka þannig til að mynda ekki til athafna eða bréfaskrifa einstaklinga sem eru starfsmenn stjórnvalda eða tengdir þeim með öðrum hætti, ef umræddar athafnir eða bréfaskrif teljast ekki þáttur í starfi fyrir stjórnvaldið.

Rétt þykir að taka hér fram að í íslenskum stjórnsýslurétti hefur verið litið svo á að sjálfseignarstofnanir og sjóðir geti talist til opinberra stjórnvalda að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Í umræðu íslenskra fræðimanna, sem einnig á stoð í álitum umboðsmanns Alþingis, hefur verið á því byggt að þegar sjálfseignarstofnun hefur verið sett á fót með lögum þá ráðist það af túlkun viðkomandi laga hvort hún telst stjórnvald eða ekki. Hafi sjálfseignarstofnun verið sett á fót með lögum og henni falið að hafa stjórnsýslu með höndum telst það almennt skýr vísbending um að slíka stofnun beri að telja stjórnvald í skilningi stjórnsýslulaga og

upplýsingalaga einnig, enda komi ekki neitt fram í lögunum eða lögskýringargögnum sem mælir því í mót. Dæmi um stofnanir sem með þessum hætti teljast til stjórnvalda eru kirkjugarðar Þjóðkirkjunnar. Hafi sjálfseignarstofnun á hinn bóginn verið komið á fót með skipulagsskrá hefur verið talið að hún geti talist til stjórnvalda hafi hún eingöngu eða aðallega á hendi stjórnsýslu enda sé hún í störfum sínum bundin af opinberum réttarreglum og háð virku eftirliti annarra stjórnvalda. Hér mundi það almennt vera skilyrði, þótt ekki þurfi það að vera einhlítt, að slík stofnun sé rekin að hluta eða öllu leyti fyrir framlag frá ríki eða sveitarfélagi. Um stöðu sjálfseignarstofnana sem settar eru á fót með skipulagsskrá, en ekki með beinum hætti með lögum, má hér til að mynda vísa til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 143/1989, en það varðaði stjórnsýslulega stöðu St. Jósefsspítala. Í frumvarpi þessu er gengið út frá því að hugtakið stjórnvald í skilningi 2. gr. verði skilgreint á grundvelli framangreindra sjónarmiða hvað varðar sjálfseignarstofnanir og eftir atvikum aðra sjóði sem starfi á sambærilegum grundvelli. Þá ber einnig að hafa í huga að af ákvæði 3. gr. frumvarpsins leiðir að sé um þetta vafi, þá mundi upplýsingaréttur samt sem áður almennt ná til þeirra opinberu verkefna sem þessum stofnunum væri falið að sinna með lögum eða samningum.

Í 2. mgr. 2. gr. er lagt til að upplýsingalög skuli taka til allrar starfsemi einkaréttarlegra lögaðila sem teljast að 75% hluta eða meira í eigu hins opinbera, ríkisins eða sveitarfélaga. Ef þau skilyrði eru fyrir hendi leiðir af frumvarpsákvæðinu að upplýsingalög taka til allrar starfsemi slíkra lögaðila en ekki aðeins til þeirrar starfsemi þeirra sem talist getur til opinberrar stjórnsýslu í hefðbundinni merkingu. Í grundvallaratriðum má segja að þessi nálgun sé valin til einföldunar á afmörkun á gildissviði laganna. Einnig býr hér að baki sú röksemd að í slíkum lögaðilum eru almennt bundnir mikilvægir opinberir hagsmunir. Ekki er því ástæða í reynd til að afmarka gildissvið upplýsingalaga þröngt gagnvart þessum aðilum, og binda það einvörðungu við þau opinberu verkefni eða þjónustu, í þröngum skilningi, sem þeir sinna eða er falið að sinna. Þeim tilgangi væri heldur ekki náð ef aðeins væri horft til stjórnunarlegra yfirráða, svo sem um það hvernig stjórn er skipuð. Rétt er að hafa í huga að eftir sem áður mun Alþingi með setningu sérstakra ákvæða í lögum geta ákveðið að tiltekin fyrirtæki hins opinbera falli utan gildissviðs upplýsingalaga, standi til þess sérstakur vilji.

Með hugtakinu „lögaðili“ í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er átt við sjálfstæða lögaðila með sjálfstæðan fjárhag aðskilinn frá fjárhag opinberra stjórnvalda sem sinna atvinnurekstri í víðum skilningi. Hér undir falla lögaðilar sem reknir eru á einkaréttarlegum grundvelli, svo sem hlutafélög, einkahlutafélög, sameignarfélög o.s.frv. Með 75% eignarhlut opinberra aðila er átt við að lögin taka til lögaðila sem hið opinbera á að 75% hluta eða meira, óháð því hvort um beina eignaraðild er að ræða eða ekki. Þannig getur skilyrðinu um 75% eignarhlut einnig verið fullnægt með óbeinni eignaraðild, svo sem þegar um er að ræða eignarhald í gegnum einn eða fleiri lögaðila sem aftur eru í eigu opinberra aðila.

Í frumvarpinu er lagt til að miða eignarhluta opinberra aðila við 75% eða meira. Rökin að baki því hlutfalli eru fyrst og fremst þau að þegar eignarhluti tiltekins aðila í fyrirtæki hefur náð þeim mörkum verði að líta svo á að ákvarðanir um meðferð og stjórnun slíks fyrirtækis séu í reynd að langmestu leyti ákvarðanir um ráðstöfun opinberra hagsmuna. Þá má einnig hafa í huga að sé þessum eignarhluta náð verður almennt að ætla að viðkomandi opinberir aðilar hafi í reynd full eða a.m.k. mjög veruleg yfirráð yfir lögaðila í gegnum eigendavald sitt. Rétt er þó að taka fram að eðli máls samkvæmt er meðferð eigendavalds og svo dagleg stjórnun einkaréttarlegs lögaðila ekki einn og sami hluturinn. Almennt verður að ganga út frá að stjórn fyrirtækis eða lögaðila sé sjálfstæð í störfum sínum. Þeir hagsmunir sem einkaréttarlegum lögaðila er ætlað að vinna að samkvæmt sérlögum og því rekstrarformi sem honum er valið eða samkvæmt vilja og ákvörðun annarra eigenda en hins opinbera aðila fara ekki

nauðsynlega að fullu og öllu saman við þá hagsmuni sem hinum opinbera aðila er ætlað að vinna að samkvæmt þeim lögum sem um hann gilda. Eftir því sem eignarhlutur opinberra aðila verður stærri verður þó að gera ráð fyrir að eigendavald þeirra verði ríkara að sama skapi. Hér er því valið að miða við 75% eignarhluta þótt auðvitað megi deila um það hvar rétt sé að setja þau mörk. Meginatriðið er í reynd það að almennt eru miklir opinberir hagsmunir bundnir við starfsemi fyrirtækja sem að stórum hluta eru í opinberri eigu og íslenska ríkið hefur lagt til fjármuni eða falið mikilvæg samfélagsleg verkefni. Ekki er að öllu leyti eðlilegt að upplýsingar um slíka hagsmuni sem verulegu máli geta skipt í samfélagslegu tilliti séu undanskildar upplýsingarétti almennings.

Í niðurlagi 2. mgr. er tekið fram að ákvæðið skuli þó ekki taka til lögaðila, sem sótt hafa um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, eða dótturfélaga þeirra. Byggist sú undantekning m.a. á því að samkvæmt lögum ber aðilum sem skráðir eru í kauphöll að gera opinberar upplýsingar sem haft geta áhrif á hlutabréfaviðskipti. Ef slík fyrirtæki féllu einnig undir upplýsingalög mundu í hvert sinn sem aðgangur að gögnum væri veittur á grundvelli upplýsingalaga einnig vakna álitaefni um það hvort viðkomandi upplýsingar bæri að gera opinberar fyrir viðskiptaaðila á markaði með hin skráðu hlutabréf. Til viðbótar skiptir hér einnig máli að ólíklegt er að hið opinbera eigi meira en 75% eignarhlut í fyrirtækjum sem skráð eru í kauphöll. Sams konar upplýsingaskylda kann eftir atvikum að vera fyrir hendi hjá lögaðilum, svo sem sveitarfélögum, sem hafa skráð skuldabréf í kauphöll. Ekki þykir hins vegar rétt að ganga svo langt að undanskilja aðila frá upplýsingalögum vegna slíkrar upplýsingagjafar. Eru ekki dæmi um slíkt í löggjöf nágrannalanda Íslands.

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir að forsætisráðherra geti, að fenginni tillögu viðkomandi ráðherra eða sveitarstjórnar, ákveðið að lögin skuli ekki taka til lögaðila sem fellur undir 2. mgr. Þessari heimild verður þó aðeins beitt ef starfsemi viðkomandi lögaðila er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði. Skilyrði þess að undanþágunni verði beitt eru því í grundvallaratriðum þau að starfsemi viðkomandi aðila geti ekki talist til hefðbundinnar opinberrar starfsemi, svo sem þjónustustarfsemi sem fram fer á grundvelli laga, og að starfsemi hans sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Dæmi um slíkt fyrirtæki er t.d. Malbikunarstöðin Höfði hf. sem er að stærstum hluta í eigu Reykjavíkurborgar. Hér undir mundi einnig falla bankastofnun í eigu hins opinbera, sem einvörðungu, eða nær einvörðungu, sinnir hefðbundinni bankastarfsemi á almennum rekstrarlegum grundvelli. Sem dæmi má nefna Landsbanka Íslands og sparisjóði í opinberri eigu. Ákvörðun um það hvort tiltekið fyrirtæki getur fallið undir undanþágureglu 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins verður að byggja á sérstöku mati á starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæðum á því sviði sem það starfar á. Ljóst er jafnframt að henni ber að beita af mikilli varfærni. Hér er einnig rétt að nefna að skv. 3. tölul. 10. gr. frumvarpsins er heimilt að takmarka rétt almennings til aðgangs að gögnum vegna samkeppnishagsmuna opinberra fyrirtækja og stofnana. Sambærilegt ákvæði er í 3. tölul. 6. gr. gildandi upplýsingalaga. Sú undanþága ætti oftast að nægja til að tryggja samkeppnislega hagsmuni fyrirtækja og stofnana sem eru í eigu opinberra aðila. Með 3. mgr. 2. gr. er á hinn bóginn leitast við að einfalda afmörkun á gildissviði upplýsingalaga gagnvart þeim fyrirtækjum sem einvörðungu, eða að lang stærstum hluta, sinna starfsemi sem er í samkeppnisrekstri.

Eins og fram kemur í ákvæðinu er það viðkomandi ráðherra eða viðkomandi sveitarstjórn sem gerir tillögu til forsætisráðherra um það hvort tiltekinn lögaðili skuli ekki lúta ákvæðum upplýsingalaga, séu skilyrði til þess fyrir hendi. Almennt veldur það ekki vafa hvaða ráðherra telst „viðkomandi ráðherra“ í þessu sambandi. Stundum kann að vera að einstakar stofnanir, jafnvel sjálfstæðar, fari með eigendavald í tilteknum einkaréttarlegum lögaðilum. Breytir það engu um að tillaga samkvæmt greininni skal berast frá þeim ráðherra sem fer með það mál-

efnasvið sem um ræðir samkvæmt lögum og reglum um Stjórnarráð Íslands. Hið sama er að segja um sveitarfélögin. Sá möguleiki er fyrir hendi að einhverjir þeirra lögaðila sem eðlilegt væri að fengju undanþágu skv. 3. mgr. séu í eigu sveitarfélaga, tveggja eða fleiri. Í slíkum tilvikum væri eðlilegt að sveitarstjórnir allra hlutaðeigandi sveitarfélaga stæðu sameiginlega að ósk um undanþágu. Hið sama á við ef fyrirtæki er í eigu bæði stjórnvalda ríkis og sveitarfélaga. Í slíku tilviki skal tillaga um beitingu heimildarinnar koma bæði frá viðkomandi sveitarfélögum og viðkomandi ráðherra.

Aðkoma forsætisráðherra að þessum ákvörðunum er fyrst og fremst í því skyni að tryggja samræmi við beitingu undanþágureglunnar. Hann getur eftir atvikum leitað umsagnar ráðherra samkeppnismála um stöðu viðkomandi lögaðila, telji hann ástæðu til. Forsætisráðherra er einnig af þessari ástæðu falið að sjá um birtingu slíkra ákvarðana í Stjórnartíðindum.

Um 3. gr.

Samkvæmt 3. gr. taka lögin til einkaaðila að því leyti sem þeim hefur verið falið að taka stjórnvaldsákvörðun eða sinna opinberri þjónustu. Eins og fram er komið leiðir af 2. gr. að öll starfsemi sem fram fer á vegum þeirra aðila sem þar eru tilgreindir fellur undir gildissvið upplýsingalaga, jafnvel þótt ekki sé nauðsynlega um hefðbundna stjórnsýslu að ræða. Hér er á hinn bóginn lagt til að opinber starfsemi einkaaðila, hvort sem þeir eru í opinberri eigu að hluta til eða ekki, lúti ákvæðum upplýsingalaga. Réttur til aðgangs að gögnum samkvæmt þessari grein tekur því einvörðungu til gagna sem fyrir liggja hjá einkaaðilum og til verða vegna framkvæmdar á opinberum verkefnum (töku stjórnsýsluákvarðana eða framkvæmd opinberrar þjónustu) eða tengjast þeim með beinum hætti.

Í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga er kveðið á um að upplýsingalög taki til einkaaðila að því leyti sem þeim hefur verið falið vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Í 3. gr. þessa frumvarps felst umtalsverð rýmkun á gildissviði laganna, enda leiðir hún til þess að til dæmis þjónustustarfsemi sem einkaaðila er falið að sinna á grundvelli þjónustusamnings mun falla undir gildissvið upplýsingalaga.

Ákvæðið tekur til þeirra verkefna sem einkaaðila hefur verið falið að sinna með lögum eða á grundvelli lagaheimildar og kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða telst að öðru leyti liður í opinberu hlutverki stjórnvalds. Þessi afmörkun tekur mið af gildandi ákvæðum laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, en einnig af 30. gr. laga nr. 77/1998, um fjárreiður ríkisins. Tillagan sem hér er til umræðu er þó víðtækari en ákvæði fjárreiðulaganna að því leyti að hún tekur einnig til verkefna sem einkaaðilum er falið að sinna fyrir sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga, samkvæmt heimildum í lögum.

Markmið 3. gr. er fyrst og fremst að tryggja samræmi og jafnræði borgaranna þegar kemur að framkvæmd opinberrar þjónustu. Í ákvæðinu felst að stjórnvöld geta ekki fært verkefni sem þeim eru falin með lögum og ella hefðu fallið undir upplýsingalög undan gildissviði laganna með því að semja við einkaaðila um rækslu þeirra. Til nánari skýringar og einnig til einföldunar er reglan enn fremur látin ná til þeirra tilvika þegar einkaaðila er falið slíkt verkefni með lögum, ákvörðun eða samningi á grundvelli lagaheimildar. Önnur leið að sama marki hefði verið að leggja þá skyldu á stjórnvöld, þegar þau gera samninga við einkaaðila um rækslu tiltekinna verkefna, að tryggja með samningi skyldur viðkomandi verktaka til að upplýsa viðkomandi stjórnvöld um rækslu á viðkomandi verkefni, þar á meðal um samskipti sín við þá einstaklinga sem eftir atvikum kunna að njóta þeirrar þjónustu sem um er að ræða. Aðgang að upplýsingum hefði þá mátt tryggja með því að stjórnvaldinu bæri að afhenda þær samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hvað sem líður skyldum stjórnvalda til að tryggja aðgang fyrir sitt leyti að slíkum upplýsingum og möguleika til eftirlits er hér lagt til að lagaskyldan

til að veita aðgang að gögnum færist yfir á þann einkaaðila sem tekur að sér rækslu viðkomandi verkefnis með beinum hætti. Þetta tryggir upplýsingaréttinn með markvissari hætti en ella væri. Í reynd er hér ekki um grundvallarbreytingu á íslenskum réttarreglum að ræða, sbr. 2. mgr. 30. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997.

Um 4. gr.

Ákvæði 4. gr. er samhljóða 2. gr. gildandi laga, að undanskilinni 4. mgr., sem er nýmæli. Í 1. mgr. er mælt svo fyrir, eins og í stjórnsýslulögum og gildandi upplýsingalögum, að lögin gildi ekki um þau störf sýslumanna og sérstakra sýslunarmanna, þar á meðal skiptastjóra, sem töldust til dómstarfa fram til 1. júlí 1992. Í réttarfarslöggjöfinni er ráð fyrir því gert að ágreiningsefni um þessi málefni verði borin beint undir dómstóla og er því eðlilegt að umrædd störf falli utan við gildissvið laganna á sama hátt og starfsemi dómstóla. Þá eru undanskilin gildissviði laganna rannsókn sakamála og saksókn. Um aðgang að gögnum í slíkum málum fer að sérákvæðum laga um meðferð sakamála. Ákvæði þetta er samhljóða 1. mgr. 2. gr. gildandi upplýsingalaga.

Í 1. málsl. 2. mgr. er tekið fram að lögin gildi ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt stjórnsýslulögum. Í þeim lögum er að finna ákvæði um aðgang aðila stjórnsýslumáls að gögnum málsins. Talið er rétt, til þess að taka af allan vafa, að taka hér sérstaklega fram að lög þessi gildi ekki um slíkan aðgang. Af því leiðir að ef beiðni berst frá aðila stjórnsýslumáls um aðgang að gögnum viðkomandi máls ber að afgreiða hana á grundvelli stjórnsýslulaga en ekki á grundvelli upplýsingalaga. Að þessu ber þeim sem stjórnvaldsákvörðun tók að gæta að eigin frumkvæði. Af þessu leiðir enn fremur að ákvarðanir um aðgang að gögnum á grundvelli stjórnsýslulaga verða ekki kærðar til úrskurðarnefndar um upplýsingamál heldur ber að beita sérstakri kæruheimild í 2. mgr. 19. gr. stjórnsýslulaga. Í 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um aðgang aðila að gögnum máls þegar þau tengjast ekki stjórnvaldsákvörðun, eins og nánar verður vikið að síðar í athugasemdum við það ákvæði frumvarpsins.

Í 2. málsl. 2. mgr. er tekið fram að lögin gildi ekki um upplýsingar sem trúnaður skal ríkja um samkvæmt þjóðréttarsamningum sem Ísland á aðild að. Efnislega sambærilega reglu er að finna í 2. mgr. 2. gr. gildandi laga. Hér er litið til þess að Ísland kann að hafa gengist undir skuldbindingar gagnvart öðrum ríkjum í þjóðréttarsamningum þess efnis að tilteknum gögnum verði haldið leyndum umfram það sem gert er ráð fyrir í þessum lögum.

Framangreindu til viðbótar er rétt að benda á að í 14. gr. frumvarpsins er að finna eina undantekningu til viðbótar frá hinu almenna gildissviði laganna en þar er kveðið á um að aðgangur sjúklings að eigin sjúkraskrá fari eftir ákvæðum laga um sjúkraskrár.

Á sama hátt og í stjórnsýslulögum er sérstaklega tekið fram í 3. mgr. að ákvæði annarra laga, sem kunna að heimila víðtækari aðgang að upplýsingum en lög þessi mæla fyrir um, haldi gildi sínu óháð lögunum. Þá ber að skýra almennt orðuð sérákvæði í lögum, svonefnd eyðuákvæði, til samræmis við ákvæða laga þessara.

Í niðurlagi 3. mgr. er sérstaklega kveðið á um að almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarki ekki rétt til aðgangs að gögnum. Þetta ákvæði skiptir miklu um framkvæmd laganna. Samhljóða ákvæði er að finna í 3. mgr. 2. gr. gildandi laga.

Í lögum eru mörg ákvæði um þagnarskyldu. Skipta má þeim ákvæðum í tvo flokka eftir því hvort þar eru sérgreindar upplýsingar sem þagnarskylda á að ríkja um. Finna má fjölmörg þagnarskylduákvæði sem nefna má *almenn ákvæði* laga um þagnarskyldu. Dæmi um slík ákvæði eru 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og fleiri sambærileg lagaákvæði. Einkenni þessara almennu ákvæða er að þar eru ekki sérgreindar þær upplýsingar sem þagnarskyldan gildir um

heldur tilgreina aðeins „atriði“, „upplýsingar“ eða „það“ sem starfsmaður fær vitneskju um í starfi og leynt skal fara. Slík *almenn ákvæði* laga um þagnarskyldu takmarka sem fyrr segir ekki aðgang að gögnum skv. 1. mgr. 5. gr. og 14. gr. frumvarpsins. Það sama á við um almenn ákvæði um þagnarskyldu sem fram koma í stjórnvaldsfyrirmælum. Þeir hagsmunir, sem þessum almennu þagnarskylduákvæðum er ætlað að vernda, eru yfirleitt hinir sömu og ákvæði 6.–10. gr. frumvarpsins taka til. Það fer því eftir túlkun þeirra ákvæða hvort aðgangur að gögnum er óheimill eða takmarkaður. Séu aftur á móti veittar upplýsingar sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga, ef að lögum verða, kann starfsmaður að hafa bakað sér refsiábyrgð samkvæmt ákvæðum laga um þagnarskyldu.

Í lögum má enn fremur finna *sérákvæði* um þagnarskyldu þar sem upplýsingar þær sem þagnarskyldan tekur til eru sérgreindar. Það fer eftir efni og orðalagi þagnarskylduákvæðis hvernig slík ákvæði verða skýrð og samþýdd ákvæðum upplýsingalaga. Í nokkrum þessara ákvæða eru tilgreindar þær upplýsingar, sem þagnarskylda á að ríkja um, með mjög almennum hætti. Þar má t.d. nefna þegar þagnarskylda á að ríkja um einstaklingsbundnar upplýsingar, einkamálefni, persónuleg málefni eða upplýsingar um hagi einstaklinga eða fyrirtækja. Slík ákvæði valda almennt ekki vanda þar sem auðvelt er að skýra þau til samræmis við 9. gr. frumvarpsins. Þá eru ákvæði sem tilgreina skýrar þær upplýsingar sem þagnarskylda á að ríkja um. Að því leyti sem slíkum ákvæðum er ætlað að vernda sömu hagsmuni og ákvæði 6.–10. gr. frumvarpsins ber að skýra þau til samræmis við þau að svo miklu leyti sem hægt er. Þannig ber t.d. að skýra ákvæði sem mæla fyrir um þagnarskyldu um einkamál og heimilishagi eða þagnarskyldu um nöfn sjúklinga, vitneskju eða grun um sjúkdóma og heilsufar þeirra, til samræmis við 1. málsl. 9. gr. frumvarpsins, en þar kemur fram að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um *einkamálefni* einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Þá ber að skýra ákvæði, sem mæla fyrir um þagnarskyldu um efnahag, tekjur eða gjöld einstaklinga, til samræmis við 1. málsl. 9. gr. frumvarpsins, en þar kemur fram að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um *fjárhagsmálefni* einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Í 2. málsl. 9. gr. frumvarpsins er mælt svo fyrir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum er varða *mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni* fyrirtækja og annarra lögaðila. Til samræmis við þetta ákvæði ber að skýra ákvæði sem mæla fyrir um þagnarskyldu um atvinnu-, framleiðslu- og viðskiptaleyndarmál eða rannsóknir í þágu atvinnulífs sem kostaðar eru af einkaaðilum.

Þau *sérákvæði laga* um þagnarskyldu þar sem upplýsingar þær sem þagnarskyldan tekur til ganga skýrlega lengra en ákvæði 6.–10. gr. frumvarpsins, eða taka til annarra upplýsinga en þar eru undanþegnar aðgangi almennings, ganga framar ákvæðum frumvarps þessa, ef að lögum verður, og hindra því aðgang að þeim upplýsingum sem þar er getið. Afar fá slík ákvæði eru í íslenskum lögum þannig að um óveruleg frávik er að ræða frá þeim rétti til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu.

Sérákvæði um þagnarskyldu sem fram koma í *stjórnvaldsfyrirmælum* takmarka ekki aðgang að upplýsingum samkvæmt frumvarpinu *nema* slík þagnarskylduákvæði eigi sér sérstaka og skýra lagastoð. Ákvæði, sem veita t.d. ráðherra almenna heimild til þess að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laga í reglugerð, nægja því ekki.

Sérstök fyrirmæli yfirmanns til undirmanns um að gæta þagmælsku um tilteknar upplýsingar geta ekki takmarkað aðgang að upplýsingum skv. 1. mgr. 5. gr. og 14. gr. frumvarpsins nema fyrirmælin eigi sér skýra stoð í *sérákvæði* laga um þagnarskyldu. Slík fyrirmæli á grundvelli 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, geta því t.d. ekki takmarkað aðgang að gögnum sem ella væri frjáls skv. 1. mgr. 5. gr. og 14. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. 5. og 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins eru ákvæði um rétt til aðgangs að gögnum. Af framangreindu er ljóst að almenn þagnarskylduákvæði takmarka ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt þeim. Á hinn bóginn er í 11. gr. frumvarpsins, sbr. 3. mgr. 3. gr. gildandi laga, lögfest *heimild* til að veita aðgang að gögnum í ríkari mæli en beinn réttur stendur til samkvæmt lögunum að öðru leyti, standi ákvæði laga *um þagnarskyldu* því ekki í vegi. Eins og nánar verður vikið að í athugasemdum við 11. gr. geta bæði almenn ákvæði og sérákvæði um þagnarskyldu takmarkað þá heimild sem mælt er fyrir um í ákvæðinu.

Tekið skal fram að í fylgiskjali II með frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum, nr. 50/1996, eru nefnd dæmi um almenn lagaákvæði um þagnarskyldu. Þá eru í fylgiskjali III með sama frumvarpi nefnd dæmi um sérákvæði laga um þagnarskyldu. Slíkan lista er einnig að finna í fylgiskjali I með frumvarpi því sem síðan varð að lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál. Þar sem tiltölulega stutt er síðan það frumvarp var lagt fram var ekki talin ástæða til þess við samningu þessa frumvarps að vinna slíkan lista á ný.

Rétt er að taka fram að í 2. málsl. 2. gr. gildandi upplýsingalaga er kveðið á um að upplýsingalög gildi ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nema óskað sé eftir aðgangi að skjölum eða öðrum gögnum sem 2. mgr. 3. gr. þeirra laga tekur til. Í þessu felst að falli beiðni um aðgang að gögnum undir ákvæði upplýsingalaga, þá takmarka ákvæði persónuverndarlaga ekki upplýsingaréttinn. Hér er ekki gerð tillaga um lögfestingu sambærilegs ákvæðis, enda verður að líta svo á að tilvitnað ákvæði í 2. mgr. 2. gr. gildandi laga sé í reynd óþarft. Bæði leiðir af sérákvæði í persónuverndarlögum sjálfum, að þau lög takmarka ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt upplýsingalögum og stjórnsýslulögum, og þá verður einnig að líta svo á að reglur upplýsingalaga um rétt almennings til aðgangs að gögnum feli almennt í sér næga heimild til vinnslu persónugreinanlegra upplýsinga skv. 8. og 9. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, þótt á því kunni að vera undantekningar.

Ákvæði 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins er nýmæli. Í því skyni að tryggja heildstætt kerfi reglna um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum er gert ráð fyrir því að þegar liðin eru 30 ár frá því að gögn urðu til, eða því máli sem þau tilheyra var lokið, fari um aðgang að þeim eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn. Tekið skal fram að samhliða undirbúningi forsætisráðuneytisins að frumvarpi þessu hefur verið unnið að undirbúningi nýrra laga um Þjóðskjalasafn í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Í síðasta kafla frumvarps þessa eru gerðar tillögur um breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn. Þessar tillögur eru nauðsynlegar ef frumvarp mennta- og menningarmálaráðherra til nýrra laga um Þjóðskjalasafn nær ekki fram að ganga.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði sem fjalla um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum og hjá þeim lögaðilum sem falla undir 2. og 3. gr. frumvarpsins. Í 5. gr. er að finna meginreglu laganna um rétt almennings til aðgangs að gögnum og upplýsingum en í öðrum greinum kaflans er í meginatriðum lýst takmörkunum upplýsingaréttarins. Í flestum grundvallaratriðum taka uppbygging kaflans og þær efnisreglur sem settar eru fram mið af II. kafla gildandi upplýsingalaga. Þó er í 7. og 8. gr. að finna mun ítarlegri ákvæði en eru í gildandi lögum um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum um málefni starfsmanna stjórnvalda og lögaðila sem falla undir 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins annars vegar, og um rétt almennings til aðgangs að vinnuskjölum sem stjórnvöld hafa unnið til eigin afnota. Þá er að finna nýmæli í 13. gr. frumvarpsins, um opinbera birtingu upplýsinga.

Um 5. gr.

Ákvæði 5. gr. er að meginstefnu til samhljóða 3. gr. gildandi laga. 1. og 2. mgr. ákvæðisins eru þannig að nær öllu leyti samhljóða 1. og 2. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. 5. gr. kemur fram að sé þess óskað sé skylt að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varði tiltekið mál, með þeim takmörkunum sem greinir í 6.–10. gr. Í þessu felst að allir njóta réttar til aðgangs að gögnum samkvæmt lögunum. Ekki skiptir máli hvort viðkomandi er einstaklingur eða lögaðili, íslenskur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi eða með starfstöð hér, eða hver aldur hans er. Þá skiptir heldur ekki máli hver tilgangur viðkomandi er með því að óska aðgangs að gögnum.

Rétturinn til aðgangs að upplýsingum skv. 5. gr. frumvarpsins nær eingöngu til fyrirliggjandi gagna sem varða tiltekin mál. Í gildandi lögum er talað um að rétturinn taki til gagna sem fyrir liggja hjá stjórnvöldum. Með vísan til tillögu um afmörkun gildissviðs upplýsingalaga, sbr. I. kafla frumvarpsins, er hér lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt með hliðsjón af því. Orðalag greinarinnar verði því ekki takmarkað við *stjórnvöld* í hefðbundnum skilningi þess orðs. Til skýringar á 5. gr. frumvarpsins skiptir því mestu að greina það annars vegar hvað átt er við með hugtakinu *mál*, og hins vegar hvað átt er við með hugtakinu *gagn*.

Hugtakið *gagn* hefur sömu merkingu í þessu frumvarpi og í gildandi upplýsingalögum. Hér er um að ræða hefðbundin skrifleg skjöl, svo sem umsóknir, bréf, minnisblöð, þar á meðal minnisblöð sem rituð eru um málsatvik, fundargerðir, erindi frá öðrum stjórnvöldum o.fl. en einnig annars konar gögn, svo sem myndir, teikningar, filmur, hljóðupptökur, myndupptökur og annað sem tilheyrt getur máli. Hugtakið *gagn* er í þessu sambandi tæknilega hlutlaust. Það hvað getur talist gagn í máli getur því tekið breytingum í samræmi við tækniþróun. Vafalaust verður þannig að telja að efni sem geymt er á ýmsu tölvutæku formi teljist til gagna í skilningi laganna, a.m.k. að því leyti sem það kemur í stað annarra hefðbundinna málsgagna.

Í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er tekið fram að skylt sé að veita aðgang að „fyrirliggjandi gögnum“ sem varða tiltekið mál. Lögin innihalda að öðru leyti ekki skilgreiningu eða lýsingu á því á hvaða tímapunkti gögn teljast falla undir upplýsingarétt samkvæmt lögunum. Hér ber því að miða við að réttur til aðgangs að gögnum taki til allra gagna tiltekins máls, óháð því hvort máli er lokið eða ekki. Þá skiptir heldur almennt ekki máli í þessu sambandi hvort gagn liggur aðeins fyrir í drögum eða hvort það er í endanlegri mynd, með þeirri undantekningu þó sem leiðir af heimildum til að undanskilja vinnugögn aðgangi að gögnum, sbr. 6. tölul. 6. gr. og 8. gr. frumvarpsins. Það er hins vegar skilyrði að gagnið sé fyrirliggjandi hjá þeim sem fær beiðni um aðgang til afgreiðslu. Réttur til aðgangs að gögnum nær þannig aðeins til þeirra gagna sem til eru og fyrir liggja á þeim tímapunkti þegar beiðni um aðgang er sett fram og í þeirri mynd sem þau eru á þeim tíma. Stjórnvöldum, eða lögaðilum sem falla undir lög þessi, er ekki skylt að verða við beiðnum um að senda til tiltekins aðila öll gögn sem framvegis verða til í tengslum við meðferð tiltekins máls. Þeim er heldur ekki skylt að útbúa ný gögn á grundvelli upplýsingalaga. Sú undantekning er þó á framangreindu að réttur til aðgangs að erindum, svo sem bréfum sem send hafa verið frá stjórnvaldinu eða lögaðila sem fellur undir gildissvið laganna, verður fyrst virkur þegar ætla má að erindið hafi borist viðtakanda. Hér getur verið um að ræða bréf til aðila stjórnsýslumáls, álitsumleitan eða annað sambærilegt erindi sem aðili sem fellur undir lögin sendir frá sér.

Önnur þýðing þess að upplýsingarétturinn tekur einvörðungu til „fyrirliggjandi“ gagna felst í því að hafi sá sem beiðni um upplýsingar er beint til (oftast stjórnvald) ekki fengið viðkomandi gagn afhent við meðferð máls en einvörðungu haft aðgang að upplýsingum úr því í gagnagrunni sem ekki tilheyrir honum sjálfum þá telst það ekki fyrirliggjandi í þessu sam-

bandi. Réttur til aðgangs að gögnum hjá viðkomandi stjórnvaldi eða lögaðila mundi því ekki ná til þeirra upplýsinga sem fyrir liggja í gagnagrunninum. Á hinn bóginn mundi leiða af ákvæði 27. gr. frumvarpsins, að ef upplýsingar teldust hafa þýðingu fyrir úrlausn máls samkvæmt því ákvæði, þá ætti stjórnvaldið (eða viðkomandi lögaðili) að skrá þær og halda til haga í sinni eigin málaskrá. Réttur til aðgangs að gögnum gæti þá eftir atvikum tekið til minnisblaðs sem skráð er á þeim grundvelli, eða útprentunar eða útdráttar upplýsinga úr viðkomandi gagnagrunni. Hið sama mundi eiga við ef upplýsingar úr tilteknum gögnum væru kynntar munnlega fyrir starfsmanni.

Það leiðir af ákvæði 5. gr. frumvarpsins að réttur samkvæmt því tekur aðeins til gagna sem tilheyra tilteknu máli. Í stjórnsýslulögum nr. 37/1993, er hugtakið mál notað um þau mál sem koma til meðferðar stjórnvalda og lokið verður eða til greina kemur að ljúka með ákvörðun um rétt eða skyldu manna í skilningi 2. mgr. 1. gr. þeirra laga. Hugtakið mál í þessu frumvarpi hefur ekki jafn þrönga merkingu og hugtakið mál í stjórnsýslulögum. Er sú afmörkun í samræmi við ákvæði gildandi upplýsingalaga og þá framkvæmd sem mótast hefur um beitingu þeirra. Hugtakið *mál* felur í frumvarpi þessu í sér tiltekið efnislegt viðfangsefni eða úrlausnarefni stjórnvalds, eða annars sem undir lögin fellur, og hefur tiltekið upphaf og tiltekinn endi. Skiptir þar ekki máli hvort viðkomandi máli hefur verið lokið með töku stjórnvaldsákvörðunar eða hvort til greina kemur að ljúka því með þeim hætti. Þá ber almennt einnig að miða við að um sé að ræða mál sem viðkomandi aðili, stjórnvald eða lögaðili, hefur sjálfur haft til úrlausnar þótt ekki sé það nauðsynlegt skilyrði.

Af framangreindu leiðir almennt að skjöl og önnur gögn sem stjórnvaldi eða lögaðila sem fellur undir lögin berast einvörðungu til varðveislu og ekki koma til neinnar efnislegrar meðferðar teljast ekki gögn *máls* í framangreindu tilliti. Hið sama gildir um gögn sem berast fyrir mistök, enda liggi fyrir að þau hafi ekki hlotið neina sérstaka meðferð. Þá er einnig ljóst að auglýsingabæklingar, dagblöð og önnur sambærileg gögn sem berast tilheyra ekki máli, nema þá í þeim sérstöku tilvikum að viðkomandi aðili taki sjálfur þá ákvörðun að gera viðkomandi gagn að hluta af máli. Það gæti til að mynda átt við þegar stjórnvald leitar samninga við einkaaðila vegna tiltekinnar auglýsingar sem því berst en einnig ef eftirlitsaðili tekur mál til meðferðar vegna fréttar í dagblaði. Til leiðbeiningar ber einnig að hafa í huga afmörkun á gildissviði upplýsingalaga í 2. og 3. gr. frumvarpsins. Upplýsingalögin taka til starfsemi þeirra aðila sem þar er getið. Tengist gögn ekki starfsemi þeirra aðila sem falla undir lögin verður almennt að telja að upplýsingaréttur taki ekki til viðkomandi gagna. Af þessu leiðir einnig að liggi upplýsingar einvörðungu fyrir í gagnagrunni eða skrá og hafa ekki verið gerðar hluti af máli með neinum hætti, þá tekur upplýsingaréttur samkvæmt þessari grein frumvarpsins ekki til þeirra. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er þörf á að setja reglur um aðgang almennings að upplýsingum sem fyrir liggja í gagnagrunnum stjórnvalda, þótt slíkar tillögur séu ekki settar fram í þessu frumvarpi. Sífellt stærri hluti opinberra upplýsinga er vistaður með slíkum hætti.

Það leiðir af ákvæði 5. gr. frumvarpsins að réttur almennings til aðgangs að gögnum er lögbundinn og verður ekki takmarkaður nema á grundvelli ákvæða 6.–10. gr. Stjórnvald getur því til að mynda ekki heitið þeim trúnaði sem látið hefur af hendi upplýsingar. Slíkt verður ekki gert nema upplýsingarnar falli ótvírætt undir eitthvert af undanþáguákvæðum 6.–10. gr. frumvarpsins.

Réttur almennings til aðgangs að gögnum nær einnig til dagbókarfærslna um skjöl máls, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. Gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að nánari reglur um skráningu mála, skjalaskrár og aðra vistun gagna fari að lögum um Þjóðskjalasafn, sbr. 26. gr. frumvarpsins. Almennt er það grundvallaratriði um beitingu upplýsingalaga að stjórnvöld haldi

á hverjum tíma skýra og glögga skrá yfir mál og málsgögn með einhverjum hætti. Dagbókarfærslur sem lúta að því hvaða gögn tilheyra hverju máli fyrir sig geta veitt gott yfirlit um gögn máls þótt iðulega komi þar lítið sem ekkert fram um sjálft efni málsins.

Í 3. mgr. 5. gr. er kveðið á um að eigi undantekningarreglur 6.–10. gr. frumvarpsins aðeins við um hluta gagns beri að veita aðgang að öðru efni þess. Hér er um að ræða sambærilega reglu og nú er að finna í 7. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996. Ber að skýra hana með sama hætti og það ákvæði hefur verið skýrt. Í því felst að veita á aðgang að hluta gagns ef fært telst að skilja þær upplýsingar sem falla undir undantekningar frá þeim upplýsingum sem veita má aðgang að með tiltölulega einföldum hætti. Skiptir í því sambandi máli hversu víða þær upplýsingar koma fram sem óheimilt er að veita aðgang að og hversu stór hluti gagnsins verður þá ekki afhentur. Má hér almennt miða við að ef þær upplýsingar sem halda ber eftir koma fram í meira en helmingi skjals þurfi ekki að veita aðgang að öðrum hlutum þess.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um tilteknar undantekningar frá rétti almennings til aðgangs að gögnum skv. 5. gr.

Almennt má greina þær undantekningar frá upplýsingaréttinum sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu í þrennt. Í fyrsta lagi eru öll gögn *tiltekinna mála* í heild sinni undanþegin upplýsingarétti. Þar er fyrst og fremst um að ræða þau mál sem upp eru talin í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins, svo sem þau mál sem sæta meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála, sbr. einnig 2. gr. gildandi laga. Í öðru lagi er heimilt að undanþiggja *ákveðin gögn* almennum upplýsingarétti. Helstu undantekningar sem falla í þennan flokk koma fram í 6. gr. frumvarpsins, sbr. einnig ákvæði 7. og 8. gr. Þrátt fyrir að mismunandi rök búi að baki reglum þessarar greinar eru þær til skýringar allar tilgreindar á sama stað, enda lúta þær allar að *ákveðnum gögnum*. Í þriðja lagi er heimilt að undanþiggja tiltekin gögn upplýsingarétti almennings ef í þeim koma fram *upplýsingar* sem heimilt er eða skylt að halda utan við upplýsingarétt. Niðurstaða um það hvort heimilt er, eða eftir atvikum skylt, að undanþiggja gögn frá upplýsingarétti ræðst af mati á eðli þeirra upplýsinga sem fram koma í viðkomandi gagni en ekki af eðli eða tegund viðkomandi gagns sem slíks. Ákvæði 9. og 10. gr. frumvarpsins innihalda slíkar undanþágur frá upplýsingarétti og verður nánar gerð grein fyrir þeim í skýringum við þær greinar frumvarpsins.

Ákvæði 6. gr. er að stórum hluta sambærilegt 4. gr. gildandi upplýsingalaga. Samhengis vegna er rétt að víkja hér stuttlega að skýringu þess ákvæðis. Í 4. gr. upplýsingalaga er mælt fyrir um tilteknar undantekningar frá upplýsingarétti almennings í fjórum töluliðum. Í *1. tölul.* ákvæðisins kemur fram að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum og skjala sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi. Sambærilega undantekningu frá upplýsingarétti aðila stjórnsýslumáls er að finna í 16. gr. stjórnsýslulaga. Segja má að tilgangur þessarar reglu sé fyrst og fremst sá að slá skjaldborg um möguleika þeirra stjórnvalda sem þarna eru nefnd til pólitískrar stefnumörkunar og samráðs. Undanþágan gildir um öll gögn sem undirbúin eru fyrir fundi þar sem saman koma tveir ráðherrar eða fleiri hvort heldur er á formlegum ríkisstjórnarfundi eða við aðrar óformlegri aðstæður. Mikilvægir almannahagsmunir búa að baki því að stjórnvöldum sé gefið færi til stefnumótunar og undirbúnings mikilvægra ákvarðana, þar á meðal til að ræða leiðir í því efni sem ekki eru fallnar til vinsælda eða gætu valdið tjóni, yrðu upplýsingar um þær gerðar opinberar of snemma. Þrátt fyrir að einnig búi ríkir almannahagsmunir að baki því sjónarmiði að starfsemi stjórnvalda sé gegnsæ og opin verður á sama tíma að tryggja möguleika stjórnvalda til leyndar í því skyni að varðveita hagsmuni ríkisins

og almennings. Í *2. tölul.* 4. gr. gildandi laga er mælt fyrir um að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til bréfaskipta stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað. Sambærilegt ákvæði er einnig að finna í 16. gr. stjórnsýslulaga. Tilgangur þessarar reglu er að tryggja hinu opinbera, á sama hátt og hverjum öðrum aðila að dómsmáli, rétt til að leita ráðgjafar sérfróðra aðila án þess að þær upplýsingar sem þannig er aflað geti komist til vitundar gagnaðila. Undanþágunni skv. 2. tölul. 4. gr. verður aðeins beitt um gögn sem verða til eða aflað er gagngert í þessu skyni. Hún tekur því ekki til álitsgerða eða skýrslna sérfræðinga sem aflað er við meðferð stjórnsýslumála almennt. Í *3. tölul.* 4. gr. er undantekning frá upplýsingarétti sem lýtur að vinnuskjölum sem stjórnvöld hafa ritað til eigin afnota. Ávallt skal þó, samkvæmt gildandi lögum, veita aðgang að vinnuskjölum hafi þau að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar um mikilvægar staðreyndir máls sem ekki verður aflað annars staðar frá.

Almennt á sú regla við um öll gögn skv. 1., 2. og 3. tölul. 4. gr. að heimilt er að veita aðgang að þeim skv. 3. mgr. 3. gr. upplýsingalaga, standi ákvæði laga um þagnarskyldu því ekki í vegi (d. meroffentlighed).

Í fjórða lagi er í *4. tölul.* 4. gr. að finna fyrirmæli um að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til umsókna um störf hjá ríki eða sveitarfélögum og allra gagna sem þær varða. Þó er skylt að veita upplýsingar um nöfn, heimilisföng og starfsheiti umsækjenda, þegar umsóknarfrestur er liðinn. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem varð að gildandi upplýsingalögum kemur fram að við undirbúning frumvarpsins hafi verið tekið til rækilegrar skoðunar hvort rétt væri að lögfesta þá reglu að hver sem væri ætti rétt á að fá lista yfir nöfn, heimilisföng og starfsheiti umsækjenda um opinberar stöðu. Niðurstaðan hafi orðið sú að leggja til framangreinda reglu. Segja má að hér vegist á tvenns konar sjónarmið. Annars vegar tillit til umsækjenda, en talið er að menn í störfum hjá einkaaðilum veigri sér við því að sækja um opinber störf af ótta við að missa viðskiptavini þegar fréttist af umsókn þeirra. Hins vegar sjónarmið um opna stjórnsýslu, en upplýsingar um umsækjendur stuðla m.a. að umræðu um ráðningu í opinberar stöður er veitir stjórnvöldum án efa nokkurt aðhald.

Í grundvallaratriðum er lagt til í frumvarpi þessu að öllum framangreindum undantekningum frá upplýsingarétti almennings verði haldið, með ákveðnum breytingum, auk þess sem lagt er til að tvær nýjar undanþágur sem undanþiggi ákveðnar tegundir gagna frá upplýsingarétti verði lögfestar til viðbótar við þær sem nú er að finna í lögum. Til nánari skýringar verður nú vikið að hverjum tölulið frumvarpsákvæðisins fyrir sig.

Ákvæði *1. tölul.* 6. gr. frumvarpsins er samhljóða 1. tölul. 4. gr. gildandi laga. Er því ekki sérstök þörf á umfjöllun um innihald hans.

Ákvæði *2. tölul.* 6. gr. frumvarpsins er nýmæli. Þar er lagt til að heimilt verði að undanþiggja upplýsingarétti almennings gögn sem útbúin eru af sveitarfélögum eða samtökum þeirra og varða sameiginlegan undirbúning eða viðræður þessara aðila við fulltrúa ríkisins um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Rökin að baki þessum tölulið eru í öllu þau sömu og búa að baki 1. tölul. ákvæðisins. Almennt verður að telja mikilvægt að sveitarfélögum gefist færi til að móta í sameiningu afstöðu sína og miðla upplýsingum sín á milli í tengslum við viðræður við ríkið um fjárhagsmálefni sveitarfélaganna og tillögugerð í því sambandi. Tekið skal fram að hér undir falla ekki gögn sem einstök sveitarfélög útbúa vegna samskipta við stjórnvöld ríkisins. Skilyrði er að gagn hafi verið útbúið í tengslum við samvinnu sveitarfélaga um slík samskipti.

Sveitarfélögin hafa sérstaka stöðu í íslenska stjórnsýslukerfinu. Þau hafa almennt sjálfstætt fjárstjórnarvald en samspil í fjármálum ríkis og sveitarfélaga er engu að síður mikið og mikilvægt. Fjárhagsleg umsvif sveitarfélaganna hafa aukist á síðari árum. Eftir því sem fleiri

verkefni færast á þeirra hendur er fyrirséð að umsvif þeirra verði enn meiri. Samskipti ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsleg málefni og verkaskiptingu eru flókin en mikilvægt er að tryggja að þau geti verið í svo góðum farvegi sem kostur er. Ákveðin forsenda þess er að ríkið geti átt samskipti við sveitarfélögin, a.m.k. um ákveðin málefni, sem eina heild. Þessari tillögu er ætlað að styðja við það markmið. Yfir stendur heildarendurskoðun á sveitarstjórnarlögum. Fyrirséð er að þar verði mælt ítarlegar fyrir um samskipti ríkis og sveitarfélaga en gert er í gildandi lögum, m.a. um fjármál. Viðræður ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsleg málefni eru oft og tíðum pólitískt viðkvæmar en jafnframt mikilvægar. Lykilatriði er að í slíkum umræðum geti ríkt traust um framlagningu tillagna og hugmynda og einnig að sveitarfélögunum sé gert kleift að stilla saman strengi um viðræður og afstöðu. Reynsla annarra ríkja sýnir að það er forsenda góðra samskipta ríkis og sveitarfélaga að sveitarfélögin eigi þess kost að miðla upplýsingum sín á milli þannig að ljóst sé á hvaða samfélagslegu hagsmuni reynir í hverju tilviki. Til þess að umræddu markmiði verði náð þarf að veita sveitarfélögunum svigrúm til að móta sameiginlega stefnu og samningsmarkmið. Tilgangur þessa töluliðar er ekki að undanþiggja upplýsingarétti almennings upplýsingar sem lúta að fjárhagslegum ráðstöfunum sveitarfélaganna. Slíkar upplýsingar verða eftir sem áður aðgengilegar almenningi eftir almennum reglum upplýsingalaga. Þá hefur þessi regla ekki áhrif á rétt einstakra sveitarstjórnarmanna til aðgangs að gögnum sem fyrir liggja í stjórnsýslu viðkomandi sveitarfélaga. Slíkur réttur er tryggður sveitarstjórnarmönnum með ákvæðum í sveitarstjórnarlögum og við honum er ekki haggað með þessari tillögu. Tilgangurinn er einvörðungu sá að tryggja sveitarfélögunum ákveðið svigrúm til sameiginlegrar stefnumörkunar, sé þeim þörf á því, um fjárhagsleg samskipti við ríkisvaldið. Slíkt er til þess fallið að tryggja að sveitarfélögin verði sem heild áreiðanlegri og hæfari samningsaðili gagnvart ríkinu.

Í *3. tölul.* er að finna undantekningu sem er samhljóða 2. tölul. 4. gr. gildandi laga. Hér að baki býr það sjónarmið að hið opinbera geti, á sama hátt og hver annar aðili að *dómsmáli*, leitað ráðgjafar sérfróðra aðila án þess að þær upplýsingar sem þannig er aflað komist til vitundar gagnaðila. Undanþágunni verður aðeins beitt um gögn sem verða til eða aflað er gagngert í þessu skyni og tekur því t.d. ekki til álitsgerða eða skýrslna sérfræðinga sem aflað er við meðferð stjórnsýslumála almennt. Hliðstæð undanþága frá upplýsingarétti aðila máls er í stjórnsýslulögum.

Í *4. tölul.* 6. gr. er lagt til að heimilt verði að undanþiggja upplýsingarétti almennings gögn sem ráðherra aflar frá sérfróðum aðila til undirbúnings lagafrumvarpa sem leggja á fyrir Alþingi. Þessi töluliður er nýmæli. Umdeilanlegt kann að vera hvort nauðsynlegt er að lögfesta slíka takmörkun á upplýsingarétti almennings. Sterk rök hníga að því að einmitt upplýsingar sem fram koma í gögnum af þessu tagi eigi ríkt erindi við almenning. Almenningi sé með opnu ferli við undirbúning löggjafar gefinn betri kostur en ella á því að taka á upplýstan hátt þátt í lýðræðislegri umræðu. Við undirbúning þessa frumvarps var þessu sjónarmiði gefið mikið vægi. Engu að síður varð niðurstaðan sú að leggja til lögfestingu þessarar reglu. Í 1. tölul. 4. gr. gildandi laga er regla sem miðar að stórum hluta að því að vernda sömu hagsmuni og hér eru tilgreindir án þess að það leiði með beinum hætti af ákvæðinu sjálfu. Sú undantekningarregla hefur í framkvæmd ekki síst verið notuð til að undanþiggja gögn sem lúta að undirbúningi löggjafar frá almennum aðgangi a.m.k. á meðan þau eru enn á vinnslustigi. Einnig er rétt að hafa í huga að lögfesting reglunnar sem gerð er tillaga um í 4. tölul. 6. gr. kemur á engan hátt í veg fyrir að Stjórnarráðið leitist við að upplýsa almenning betur en nú er gert um þá stefnumörkun sem á hverjum tíma fer fram þegar unnið er að undirbúningi lagafrumvarpa. Almennt verður að telja mikilvægt að unnið sé að því með markvissum hætti

að vanda til undirbúnings að lagasetningu hér á landi. Þá ber enn fremur að hafa í huga að ekkert stendur því í vegi að stjórnvöld sem vinna að undirbúningi lagafrumvarpa geri gögn sem aflað er frá sérfróðum aðilum opinber umfram beina lagaskyldu samkvæmt heimild í 11. gr. frumvarpsins. Fjöldi dæma er um slíka málsmeðferð stjórnvalda á síðari árum og virðist sífellt verða algengari. Er það einnig í samræmi við áralanga hefð í nágrannalöndum Íslands. Á hinn bóginn er einnig ljóst að mikilvægir almannahagsmunir geta búið að baki því að ráðherra geti í trúnaði aflað álits sérfróðra aðila á tilteknum möguleikum til útfærslu lagafrumvarps.

Vert er að árétta að þessi undanþága á einungis við um álit sem óskað er sérstaklega en ekki álit sem berast sem liður í almennu umsagnarferli um frumvörp.

Í *5. tölul.* er lagt til að það verði meginregla samkvæmt upplýsingalögum að gögn sem tengjast málefnum starfsmanna falli utan upplýsingaréttar, með mikilvægum undantekningum þó, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Um rétt til aðgangs að gögnum að þessu leyti er nánar fjallað í 7. gr. frumvarpsins og þar er afmarkað nánar hvað það er sem almenningur á rétt á að fá upplýsingar um og lýtur að málefnum opinberra starfsmanna og starfsmanna þeirra lögaðila sem falla undir lögin, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Í *6. tölul.* er að finna ákvæði sem ætlað er að koma í stað 3. tölul. 4. gr. gildandi laga, þ.e. í stað þeirrar undantekningar frá upplýsingarétti sem vinnuskjöl njóta að gildandi lögum. Nánar er skilgreint í 8. gr. frumvarpsins hvaða gögn falla undir það að teljast vinnugögn og um undantekningar frá þessari reglu.

Um 7. gr.

Í 4. tölul. 4. gr. gildandi upplýsingalaga er kveðið á um að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til gagna í málum um veitingu starfa á vegum ríkis eða sveitarfélaga. Frekar er ekki fjallað um málefni opinberra starfsmanna eða veitingu aðgangs að upplýsingum um starfssamband þeirra við vinnuveitendur. Slíkar upplýsingar, þar á meðal um launakjör, áminningar eða önnur viðurlög í starfi, lúta því í dag almennum ákvæðum laga um upplýsingarétt.

Upplýsingar um hvaða starfsmenn starfa við opinbera þjónustu, hvernig slík störf eru launuð og hvernig þeim er sinnt eru almennt ekki talin til einkamálefna viðkomandi starfsmanns eða vinnuveitanda hans að öllu leyti. Að hluta til kann hér að vera um að ræða mikilvægar upplýsingar um ráðstöfun opinberra hagsmuna. Því gilda hér að nokkru marki önnur sjónarmið en almennt eiga við í vinnuréttarsambandi á almennum vinnumarkaði. Af þessari ástæðu er ekki óeðlilegt að almenningur eigi rétt á aðgangi að ákveðnum upplýsingum um það hvernig störfum sem stofnað er til í þágu opinbers verkefnis er sinnt, þar á meðal um menntun æðstu stjórnenda og starfsheiti hlutaðeigandi starfsmanna. Á hinn bóginn er viðurkennt að tilteknir hagsmunir stjórnvalda og starfsmanna sem lúta m.a. að því að varðveita traust og trúnað í starfssambandinu geta leitt til þess að réttmætt sé að takmarka þann upplýsingarétt. Til að mæta þessum sjónarmiðum, er hér lagt til að í sérstöku lagaákvæði verði fjallað um rétt almennings til aðgangs að gögnum um málefni starfsmanna stjórnvalda og þeirra einkaréttarlegu lögaðila sem falla undir ákvæði 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Hér eiga við ákveðin sérsjónarmið sem leiða til þess að æskilegt er að hafa reglur um þetta svið ítarlegri en þær eru samkvæmt gildandi lögum.

Ákvæði 7. gr. frumvarpsins er þannig upp byggt að í 1. mgr. er lögð til sú meginregla að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki almennt ekki til upplýsinga um þau málefni starfsmanna þeirra aðila sem falla undir ákvæði frumvarpsins, sbr. 2. gr., sem lúta að umsóknum um störf, framgang í starfi eða starfssambandið að öðru leyti. Í 2. mgr. eru síðan

ákveðnar og skýrt afmarkaðar undanþágur frá þessari reglu vegna starfsmanna stjórnvalda, í 3. mgr. er heimild vegna upplýsinga um viðurlög sem æðstu stjórnendur hafa sætt, en í 4. mgr. eru undanþágur frá þessari reglu vegna starfsmanna einkaréttarlegra lögaðila í opinberri eigu, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Með þessu móti er fært að taka skýra afstöðu til þess hvaða upplýsingar um málefni starfsmanna lúti ákvæðum upplýsingalaga um aðgangsrétt og hverjar ekki.

Með ákvæði 1. mgr. umræddrar frumvarpsgreinar er í fyrsta lagi lagt til að áfram verði fylgt þeirri stefnu sem mörkuð var með 4. tölul. 4. gr. gildandi laga að öll gögn máls um ráðningu, skipun eða setningu í opinbert starf verði undanþegin aðgangi almennings. Meðal gagna í slíkum málum eru umsóknir, einkunnir, meðmæli og umsagnir um umsækjendur, eins og nánar er rakið í skýringum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum sem nú eru í gildi. Hér búa einkum að baki þeir hagsmunir hins opinbera að geta átt kost á hæfum umsækjendum um opinbert starf. Óheftur aðgangur almennings að gögnum um umsækjendur geti hamlað því að hæfir einstaklingar sæki um opinber störf ef hætta væri á að upplýsingar um persónuleg málefni þeirra yrðu gerð opinber. Til þess að mæta sjónarmiðum um opna stjórnsýslu og stuðla að opinni umræðu um stöðuveitingar hjá opinberum aðilum er hins vegar lagt til að áfram verði skylt að veita upplýsingar um umsækjendur eftir að umsóknarfrestur er liðinn, sbr. 1. tölul. 2. mgr. ákvæðisins.

Í 1. mgr. eru einnig lögð til þau nýmæli að auk gagna í málum er varða umsóknir um opinbert starf skulu gögn í málum er snerta framgang í starfi og um starfssambandið vera undanþegin aðgangi. Að svo miklu leyti sem ákvörðun um framgang í opinberu starfi varðar réttindi og skyldur starfsmanns, sbr. t.d. flutning starfsmanns ráðuneytis í starf deildarstjóra, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með breytingum, og enn fremur flutning milli starfsstiga innan lögreglunnar, sbr. 4. mgr. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og 14. gr. reglugerðar nr. 1056/2006, um starfstig innan lögreglunnar, gilda sömu sjónarmið og áður greinir um aðgang að gögnum í málum er varða umsóknir um opinber störf.

Með gögnum í málum sem varða starfssambandið að öðru leyti, sbr. niðurlag 1. mgr. 7. gr., er átt við gögn í málum þar sem teknar eru ákvarðanir um réttindi og skyldur starfsmanna. Þau rök búa hér að baki að rétt sé veita starfsmanni ákveðið öryggi í starfi og varðveita trúnað í vinnusambandinu sem ella væri hætta á að brysti ef veittur yrði aðgangur að gögnum í slíkum málum. Af þessu leiðir enn fremur að opinberir aðilar ættu síður möguleika á því að laða til sín og halda hjá sér hæfu starfsfólki. Til mála er varða starfssambandið teljast t.d. mál þar starfsmaður hefur þurft að sæta frádrætti frá launum, ákvarðanir stjórnenda um sveigjanlegan vinnutíma og um aukastörf, sbr. IV. kafla laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og enn fremur mál er lúta að aðfinnslum og áminningu eða eftir atvikum starfslokum. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að heimild til að veita aðgang að upplýsingum í slíkum málum taki einvörðungu til æðstu stjórnenda.

Ákvæði 1. mgr. taka til mála sem varða starfsmenn án tillits til þess hvort þeir eru skipaðir, settir eða ráðnir. Ákvæðið tekur einnig til starfsmanna sjálfseignarstofnana, sjóða sem teljast til stjórnvalda í skilningi 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins og lögaðila í eigu opinberra aðila, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er í 2. mgr. greinarinnar mælt fyrir um aðgang almennings að nánar tilgreindum upplýsingum um starfsmenn og stjórnendur hjá stjórnvöldum. Í 4. mgr. eru sérákvæði um starfsmenn og stjórnendur lögaðila í eigu opinberra aðila eins og áður greindi. Um rétt starfsmanns til upplýsinga um hann sjálfan, t.d. þegar um er að ræða framgang í starfi, fer skv. 14. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um rétt almennings til upplýsinga um tiltekin málefni starfsmanna stjórnvalda. 1. og 2. tölul. tekur til allra starfsmanna er starfa í þágu opinberra aðila án tillits til þess hvort þeir teljist almennir starfsmenn, embættismenn eða stjórnendur en 3. tölul. tekur aðeins til æðstu stjórnenda. Tekur 1. tölul. til upplýsinga um nöfn og starfsheiti umsækjenda um starf, þegar umsóknarfrestur er liðinn. 2. tölul. tekur til upplýsinga um nöfn, starfssvið og föst launakjör starfsmanna. 3. tölul. tekur til upplýsinga um áherslur og kröfur um árangur í starfi æðstu stjórnenda sem fram koma í ráðningarsamningi eða öðrum gögnum og upplýsingar um menntun þeirra. Þá er gert er ráð fyrir því að réttur til þess að fá upplýsingar um mál er varða viðbrögð við brotum á starfsskyldum starfsmanna taki einvörðungu til æðstu stjórnenda, sbr. 3. mgr. Við mat á því hvort um er að ræða æðstu stjórnendur hjá ríkinu má almennt ganga út frá því að um sé að ræða forstöðumenn ríkisstofnana. Er í því sambandi eðlilegt við nánari afmörkun að líta til fyrirmæla 2. tölul. og 5.–13. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Utan þeirrar upptalningar falla þó almennir lögreglumenn og sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni. Til æðstu stjórnenda ber hér einnig að telja skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu, enda fara þeir alla jafna með stjórnunarheimildir gagnvart öðrum starfsmönnum í umboði ráðuneytisstjóra, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum. Hvað varðar æðstu stjórnendur sveitarfélags þykir almennt mega hafa hliðsjón af fyrirmælum V. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 er fjallar um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélaga. Er þá átt við framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, eða oddvita þar sem ekki er starfandi framkvæmdastjóri og þá starfsmenn sem sveitarstjórn ræður í helstu stjórnunarstöður, sbr. 1. mgr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga. Heimild til að veita upplýsingar skv. 3. mgr. er bundin við það að ekki séu liðin tvö ár frá því að ákvörðun um viðurlög eða önnur viðbrögð var tekin.

Í *1. tölul.* 2. mgr. er að finna sambærilega reglu og nú er að finna í 4. tölul. 4. gr. gildandi laga. Ekki þykir þó ástæða til þess að veita upplýsingar um heimili umsækjenda um opinbert starf. Er orðalagið þannig samræmt orðalagi 3. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Með hugtakinu starfsheiti er átt við heiti þess starfs sem viðkomandi gegnir á þeim tíma er hann sækir um starf. Þannig væri t.d. ekki nægjanlegt að tilgreina að umsækjandi væri lögfræðingur eða hagfræðingur, svo dæmi sé tekið, heldur bæri að tilgreina það starf sem hann gegnir, svo sem lögfræðingur hjá tilteknu fyrirtæki eða stofnun.

Í *2. tölul.* 2. mgr. er vísað til þess að veita skuli upplýsingar um nöfn starfsmanna, starfssvið, og föst launakjör. Hér búa þau rök að baki að almenningur eigi að geta aflað sér vitneskju um starfsfólk sem ráðið hefur verið til þess að veita tiltekna opinbera þjónustu. Það stuðlar að eðlilegu aðhaldi almennings með því að hæft starfsfólk sé ráðið í opinbera þjónustu og fjárhagslegum útgjöldum vegna starfanna. Í samræmi við ummæli í lögskýringargögnum er fylgdu frumvarpi því sem varð að gildandi upplýsingalögum og framkvæmd úrskurðarnefndar um upplýsingamál er við það miðað að ekki skuli einvörðungu veita upplýsingar um föst laun opinberra starfsmanna heldur einnig veita aðgang að þeim einstaklingsbundnu samningum sem gerðir hafa verið við þá um önnur föst kjör þeirra, svo sem fasta yfirvinnu, akstursgjald o.fl.

Í *3. tölul.* 2. mgr. er mælt fyrir um aðgang að upplýsingum um áherslur og árangur í starfi sem fram koma í ráðningarsamningi eða öðrum gögnum um starfssamband æðstu stjórnenda. Hér er vísað til upplýsinga er fram koma í slíkum gögnum og varða starfsemi viðkomandi stofnunar, verksvið og áherslur í starfi stjórnenda þeirra og skipta þannig máli fyrir framkvæmd þjónustunnar. Ekki er átt við mat á frammistöðu einstaklinga. Mismunandi er hvernig slíkum upplýsingum er fyrir komið við skipun eða ráðningu einstakra stjórnenda. Við skipun

forstöðumanna ríkisstofnana er almennt gert ráð fyrir því að fram komi í sérstöku erindisbréfi hverjar skulu vera áherslur í starfsemi stofnunar og annað er varðar framkvæmd þjónustunnar. Auk þess sem í sérstökum árangursstjórnarsamningum er mælt fyrir um samskipti forstöðumanns og ráðuneytis. Mismunandi getur einnig verið hvernig fjallað er um áherslur og árangur í ráðningarsamningum stjórnenda sveitarfélaga. Að svo miklu leyti sem slíkir samningar veita upplýsingar um atriði er geta haft þýðingu fyrir framkvæmd opinberrar þjónustu er ljóst að almenningur getur haft ríka hagsmuni af því að fá aðgang að slíkum upplýsingum. Upplýsingaréttur almennings getur þó undir vissum kringumstæðum sætt takmörkunum þegar um er að ræða undirbúning og framkvæmd verkefna þar sem stefnt er að ákveðnum markmiðum, t.d. um endurskipulagningu opinberrar þjónustu, og aðgangur að slíkum upplýsingum mundi skaða eða gera fyrirætlanir opinberra aðila að engu. Um takmarkanir á slíkum grundvelli fer þá eftir almennum reglum frumvarpsins. Enn fremur er í ákvæðinu mælt fyrir um rétt til upplýsinga um menntun viðkomandi æðstu stjórnenda.

Í 3. mgr. er að finna heimild til að afhenda upplýsingar um viðurlög sem æðstu stjórnendur hafa verið beittir tvö undangengin ár. Ekki þykir rétt að undanskilja alfarið aðgang almennings að slíkum upplýsingum, enda hvíla á stjórnendum opinberra stofnana ríkari skyldur en almennt gildir um aðra starfsmenn slíkra stofnana, sbr. t.d. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að því er varðar forstöðumenn ríkisstofnana. Ekki þykir þó rétt að ganga lengra en að binda þessa heimild við tvö ár aftur í tímann.

Vega þarf og meta í hverju tilfelli hvort vegi þyngra hagsmunir almennings af vitneskju um slík viðurlög eða hagsmunir viðkomandi starfsmanna af því að trúnaður ríki um slíkt. Sem dæmi má nefna að ekki verður séð að ríkir almannahagsmunir séu af því að gert sé uppskátt um áminningu sem stjórnandi hefur hlotið vegna áfengisneyslu í samanburði við hagsmuni viðkomandi starfsmanns af því að vera gefinn kostur á því að bæta ráð sitt án þess að eiga á hættu að vera um ókomna tíð stimplaður fyrir slíka háttsemi.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um aðgang að upplýsingum um stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja í eigu opinberra aðila. Lagt er til að réttur til upplýsinga taki til upplýsinga um nöfn starfsmanna, þar á meðal stjórnenda og starfssvið þeirra. Aðgangur að upplýsingum um launakjör og menntun tekur aftur á móti aðeins til stjórnenda.

Í 5. mgr. ákvæðisins er tekið fram að réttur til upplýsinga skv. 2. og 3. mgr. sé til staðar jafnvel þótt þær sé ekki að finna í gögnum sem tilheyra tilteknu máli. Í þessu felst frávik frá þeirri afmörkun upplýsingaréttarins sem fram kemur í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Með vísan til þess hversu skýrlega upplýsingarétturinn er að öðru leyti afmarkaður í þessari frumvarpsgrein þykir ekki ástæða til að takmarka hann við gögn í fyrirliggjandi málum. Ef þær upplýsingar sem um ræðir eru fyrirliggjandi hjá viðkomandi vinnuveitanda, t.d. í bókhaldi eða annars konar skrám, þá ber samkvæmt þessu að afhenda þær. Af þessu leiðir engin skylda stjórnvalda til að búa til upplýsingar, en á hinn bóginn getur í þessu falist að stjórnvöld muni í einhverjum tilvikum þurfa að útbúa ný gögn sé umræddar upplýsingar ekki þegar að finna í aðgengilegum og afmörkuðum fyrirliggjandi gögnum. Til að taka af skarið um skörun þessa ákvæðis við ákvæði laga um persónuvernd skal hér sérstaklega tekið fram að þau lög hagga ekki rétti almennings til þeirra upplýsinga sem almenningur á skýran rétt til samkvæmt ákvæði þessu. Í þeirri afmörkun sem fram kemur í 7. gr. frumvarpsins felst í reynd að þegar er búið að taka nokkuð nákvæma afstöðu til þess hvað sé eðlilegt að verði opinbert um málefni starfsmanna, að teknu tilliti til réttar þeirra til einkalífs. Á hinn bóginn koma ákvæði þeirra laga vitaskuld til skoðunar þegar það álitaefni vaknar hvaða aðrar upplýsingar um málefni starfsmanna almenningur getur átt rétt á að kynna sér.

Um 8. gr.

Í 6. tölul. 6. gr. kemur fram að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til vinnugagna. Tilgangur með 8. gr. er að skilgreina með nánari hætti hvaða gögn teljast vinnugögn í þessu sambandi.

Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins teljast vinnugögn þau gögn sem stjórnvald, eða annar aðili sem lögin taka til, hefur ritað eða útbúið til eigin afnota við undirbúning ákvörðunar eða annarra lykta máls og ekki hafa verið afhent öðrum, eða einvörðungu hafa verið afhent eftirlitsaðila á grundvelli lagaskyldu. Í þessu felst hin almenna skilgreining hugtaksins *vinnugagn*.

Stjórnvöldum er að lögum falið að taka ýmsar matskenndar ákvarðanir og móta tillögur um áætlanir eða aðrar aðgerðir. Þá getur verið að stjórnvöld þurfi að undirbúa ýmsar aðrar ákvarðanir, svo sem um samninga við einkaaðila. Oft geyma lög ekki að öllu leyti þau skilyrði sem þarf að fullnægja svo slíkar ákvarðanir verði teknar, eða þau sjónarmið eða markmið sem að skal stefnt. Þegar stjórnvöld standa frammi fyrir slíkum verkefnum verða þau iðulega að vega og meta ólík sjónarmið og velja svo á hvaða grundvelli úr máli skuli leyst. Af því leiðir að það tekur einatt einhvern tíma að móta afstöðu til fyrirliggjandi mála og á því tímabili kunna ólík sjónarmið að hafa mismunandi vægi og breytast, t.d. ef fram koma nýjar upplýsingar. Gögn sem til verða í slíku ferli þurfa ekki að endurspegla réttilega að hvaða niðurstöðu er stefnt. Eðlilegt er því að stjórnvöldum sé heimilt að hafna aðgangi að þeim þótt stjórnvöldum sé einnig á grundvelli reglunnar um aukinn aðgang að gögnum heimilt að afhenda slík gögn, standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi. Þessi afmörkun á upplýsingaréttinum er í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga sem og ákvæði gildandi upplýsingalaga og reyndar einnig reglur um upplýsingarétt í dönsku og norsku upplýsingalögunum.

Af orðalagi 1. mgr. 8. gr. leiðir að til að skjal teljist vinnugagn þarf almennt þremur skilyrðum að vera fullnægt. Gagn þarf þannig í reynd að vera undirbúningsgagn, það skal ritað eða útbúið af starfsmönnum stjórnvaldsins (eða lögaðilans) sjálfs og má ekki hafa verið afhent öðrum. Fyrsta skilyrðið þarfnast ekki sérstakra skýringa en er þó mjög þýðingarmikið við afmörkun hugtaksins. Í skilyrði númer tvö felst það m.a. að gögn sem útbúin eru af utanaðkomandi sérfræðingum, svo sem verktökum, fyrir stjórnvald teljast ekki til vinnugagna í skilningi 8. gr. frumvarpsins. Í þriðja skilyrðinu, þ.e. að gagn hafi ekki verið afhent öðrum, felst það m.a. að hafi skjal verið afhent einkaaðila eða stjórnvaldi t.d. með tölvupósti eða öðrum hætti, telst það almennt ekki lengur vinnugagn. Undantekningar eru þó gerðar á síðastgreinda atriðinu.

Ljóst er af framangreindu að til að gagn geti talist vinnugagn skv. 1. mgr. 8. gr. þarf nokkuð þröngum skilyrðum að vera fullnægt. Í niðurlagi 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins, sem og 2. mgr. hennar, er hins vegar að finna ákvæði sem víkka í afmörkuðum tilvikum gildissvið undantekningarinnar. Í fyrsta lagi er í niðurlagi 1. mgr. kveðið á um að hafi skjal, sem fullnægir að öðru leyti skilyrðum ákvæðisins, einvörðungu verið afhent eftirlitsaðila á grundvelli lagaskyldu þá missir það af þeirri ástæðu ekki stöðu sína sem vinnugagn í skilningi 5. tölul. 6. gr. Ýmsir eftirlitsaðilar hafa að lögum heimildir til að krefja stjórnvöld um afhendingu gagna í málum, þar á meðal um afrit af vinnugögnum. Hér getur reynt á beinar lagaskyldur stjórnvalda til að afhenda gögn, t.d. til Ríkisendurskoðunar, umboðsmanns Alþingis eða annarra stjórnvalda en ráðherra. Í stjórnsýsluframkvæmd úrskurðarnefndar um upplýsingamál hefur verið byggt á sambærilegri reglu.

Í 2. mgr. ákvæðisins eru síðan lagðar til fjórar nýjar reglur. Tillöguna má einkum rekja til þess hvernig íslenska stjórnsýslukerfið er upp byggt. Í 1. tölul. málsgreinarinnar er tekið fram

að fari gagn á milli stjórnvalda í tengslum við það að eitt stjórnvald sinnir ritarastörfum eða sambærilegum störfum fyrir annað stjórnvald þá missir skjal ekki af þeirri ástæðu einni stöðu sína sem vinnuskjal. Raunhæft dæmi um tilvik sem falla undir þessa reglu eru þau tilvik þegar starfsmaður ráðuneytis sinnir ritarastörfum fyrir sjálfstæða úrskurðarnefnd. Almennt yrði þó að gera ráð fyrir að málaskrár þessara stjórnvalda væru aðskildar. Í 2. tölul. er tekið fram að gögn sem unnin eru af nefndum eða starfshópum sem stjórnvöld hafa sett á fót með formlegri ákvörðun og fastmótuðu hlutverki teljist vinnugögn, enda sé skilyrðum 1. mgr. ákvæðisins að öðru leyti fullnægt. Ef gögn sem unnin eru af slíkum nefndum eða starfshópum fullnægja skilyrðum 1. mgr. og er ekki miðlað út fyrir viðkomandi nefnd telst skjal vera vinnuskjal, þótt í slíkum hópi eigi sæti starfsmenn tilgreindra stjórnvalda eða utanaðkomandi aðilar. Það er skilyrði að viðkomandi nefnd sé sett á fót af stjórnvöldum til að sinna verkefnum sem teljast til stjórnsýslu, þar á meðal undirbúnings mála og stefnumótunar. Almennt ber að líta svo á að slíkar nefndir eða starfshópar sem falin eru stjórnsýsluverkefni, heyri til stjórnsýslunnar. Með þessu ákvæði er hins vegar tekinn af vafi um stöðu slíkra nefnda og starfshópa gagnvart upplýsingalögum. Það er þó ávallt skilyrði að starfsemi nefndar eða starfshóps byggist á formlegum grundvelli, svo sem erindisbréfi og skipun þeirra sem þar sitja. Í því felst að reglan tekur ekki til óformlegs samstarfs stjórnvalda.

Í 3. tölul. kemur fram að þegar gögn sem berast milli aðila skv. 2. tölul. og stjórnvalda sem eiga starfsmenn í viðkomandi hópum og nefndum missa þau ekki stöðu sem vinnuskjöl af þeirri ástæðu einni. Með þessu er í raun opnað á samstarf milli stjórnvalda og samstarf lögbundinna stjórnvalda við þá hópa og nefndir sem ákvæði 2. tölul. tekur til. Tilgangur ákvæðisins er að mæta ríkri þörf stjórnvalda til samstarfs og samráðs. Mikilvægt er vegna þarfa nútímasamfélags að tryggja að hægt sé að undirbúa mál og ákvarðanir í samstarfi stjórnvalda. Reynslan sýnir að í slíkum starfshópum er gjarnan unnið að mikilvægum málefnum, stefnumótun eða viðbrögðum við aðstæðum sem upp kunna að koma í samfélaginu. Stjórnvöld verða að hafa nauðsynlega möguleika til samstarfs um slíka þætti. Nauðsynlegt er að hafa í lögum almenna reglu um þýðingu og gildi þess að gögnum sé miðlað á milli stjórnvalda í slíku formlegu samstarfi, enda ekki fyrirséð að fullu í hvaða tilvikum slíks samstarfs er þörf. Rökin að baki 3. tölul. eru þau sömu og búa að baki 2. tölul., en hætt er við að slíkt samstarf sem þar er fjallað um næði ekki að fullu tilgangi sínum ef sá möguleiki sem ákvæði 3. tölul. mælir fyrir um væri ekki fyrir hendi.

Í 4. tölul. kemur fram að þegar gögn berast á milli ráðuneyta vegna ráðgjafar sem eitt ráðuneyti aflar hjá öðru eða vegna ráðgjafar sem ráðuneyti aflar hjá stjórnvaldi sem heyrir undir yfirstjórn þess þá missi skjal ekki af þeirri ástæðu stöðu sína sem vinnuskjal. Nauðsynlegt þykir að kveða á um slíka reglu í lögum til að stuðla að virku samstarfi milli ráðuneyta og stjórnvalda sem heyra undir yfirstjórn þeirra svo nýta megi með sem virkustum hætti þá sérþekkingu sem til staðar er á hverjum stað. Rökin að baki 4. tölul. eru að mestu þau sömu og búa að baki 2. og 3. tölul., enda er hætt við að samstarf þeirra stjórnvalda sem um ræðir mundi ekki ná tilgangi sínum nyti þessarar undantekningar ekki við.

Þrátt fyrir að stjórnvald, eða lögaðili sem fellur undir gildissvið laga þessara, kunni að hafa útbúið tiltekið gagn í eigin þágu og til nota við meðferð máls getur efni þess engu að síður verið slíkt að rök standi til að veita almennan aðgang að því. Í ljósi þessa er í 3. mgr. 8. gr. lagt til að aðgang beri að veita að gögnum sem annars teldust innri vinnuskjöl stjórnvalds í fjórum tilvikum. Í fyrsta lagi þegar gögn hafa að geyma upplýsingar um endanlega afgreiðslu máls. Þetta getur til að mynda átt við þegar stjórnsýslunefnd afgreiðir mál með vísun til minnisblaðs sem lagt hefur verið fyrir fund. Í öðru lagi er tekið fram í 2. tölul. 3. mgr. 8. gr. að undantekningin taki ekki til upplýsinga sem stjórnvaldi var skylt að skrá skv.

27. gr. laganna. Í 3. tölul. málsgreinarinnar kemur fram að veita skuli aðgang að vinnuskjali ef í því koma fram upplýsingar um atvik máls sem ekki koma fram annars staðar. Með þessu orðalagi er einkum vísað til upplýsinga um staðreyndir máls sem af einhverjum ástæðum er ekki að finna annars staðar en kunna að hafa haft áhrif á ákvörðunartöku. Rökin að baki þessari reglu eru einkum þau að slíkar upplýsingar geti verið ómissandi til skýringar á ákvörðun og af þeim orsökum sé ekki rétt að undanþiggja þær aðgangi almennings enda þótt þær sé aðeins að finna í vinnuskjölum. Samsvarandi undanþágu frá upplýsingarétti aðila máls og fram kemur í 3. tölul. 3. mgr. er að finna í stjórnsýslulögum. Að síðustu er svo lagt til í 4. tölul. 3. mgr. 8. gr. að veita beri aðgang að vinnuskjölum ef þar kemur fram lýsing á vinnureglum eða stjórnsýsluframkvæmd á viðkomandi sviði. Ef stjórnvald hefur tekið saman slíkar upplýsingar verður að telja mikilvægt að almenningur geti átt rétt á að kynna sér þær, enda skipta slíkar upplýsingar oft miklu um verklag stjórnvalds og grundvöll að töku einstakra ákvarðana.

Rétt er að taka fram að þrátt fyrir að ekki verði hægt að undanþiggja upplýsingar aðgangsrétti almennings á grundvelli þess að um vinnugagn sé að ræða þá geta aðrar undantekningarreglur laganna eftir sem áður gilt um viðkomandi gögn eða þær upplýsingar sem í þeim koma fram. Þá verður einnig að hafa í huga að þrátt fyrir að heimilt væri samkvæmt umræddu ákvæði að undanþiggja tiltekið vinnugagn aðgangsrétti samkvæmt lögunum hefur stjórnvald sjálft almennt nokkuð vítt forræði á því að ákveða engu að síður að veita að því aðgang á grundvelli heimildar skv. 11. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Ákvæði 9. gr. frumvarpsins er samhljóða 5. gr. gildandi upplýsingalaga. Hér er kveðið á um takmarkanir á upplýsingarétti almennings vegna einkahagsmuna einstaklinga, fyrirtækja og annarra lögaðila. Eins og fram kom í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins er á grundvelli þessarar reglu heimilt að undanþiggja tiltekin gögn upplýsingarétti ef í þeim er að finna upplýsingar sem eru þess eðlis að rétt þykir að þær fari leynt. Af því leiðir einnig að eftir atvikum kann að vera rétt að veita aðgang að hluta gagns sé slíkar upplýsingar aðeins að finna í hluta þess.

Eins og fram kemur í frumvarpi því sem síðan varð að gildandi upplýsingalögum er augljóst að óheftur aðgangur almennings að öllum gögnum sem falla undir upplýsingalög kynni að rjúfa friðhelgi manna og eða ganga gegn mikilvægum fjárhagslegum hagsmunum tilteknna lögaðila. Á hinn bóginn mundi það einnig takmarka upplýsingaréttinn mjög ef allar upplýsingar sem snerta einkahagsmuni einstaklinga eða lögaðila væru undanþegnar. Ekki er ástæða til að víkja frá þeirri stefnu sem mótuð var að þessu leyti með þeim lögum sem nú eru í gildi, enda kynni annað að ganga gegn stjórnarskrárvörðum rétti manna til einkalífs annars vegar og hins vegar eðlilegum og réttmætum hagsmunum fyrirtækja og annarra lögaðila af því að geta lagt grundvöll að viðskiptalegum ákvörðunum og gerningum.

Ákvæði 9. gr. frumvarpsins felur í sér nokkurs konar vísireglu um það hvenær rétt sé að halda leyndum upplýsingum um einkahagsmuni. Stjórnvaldi, eða öðrum aðila sem ákvörðun tekur á grundvelli laganna, er með öðrum orðum ætlað að vega og meta umbeðin gögn með tilliti til þess hvort upplýsingar sem þau hafa að geyma séu þess eðlis að rétt sé að undanþiggja þær aðgangi almennings. Við það mat verður að taka mið af því hvort upplýsingarnar séu samkvæmt almennum sjónarmiðum svo viðkvæmar að þær eigi ekkert erindi við allan þorra manna.

Erfitt er að tilgreina nákvæmlega þau sjónarmið sem stjórnvaldi er rétt að leggja til grundvallar við mat á því hvaða einkamálefni einstaklinga eru þannig vaxin að þau réttlæti undan-

þágu frá upplýsingarétti í hverju tilviki. Oft koma sérstakar reglur um þagnarskyldu í veg fyrir að aðgang megi veita að upplýsingum. Þegar þeim reglum sleppir má hafa í huga ýmis lagaákvæði sem sett hafa verið í sama augnamiði. Þannig er engum vafa undirorpið að viðkvæmar persónuupplýsingar samkvæmt lögum um persónuvernd eru allar undanþegnar aðgangi almennings skv. 9. gr. Þar má t.d. nefna upplýsingar um litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir og trúarbrögð, upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, upplýsingar um kynlíf manna og heilsuhagi, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, svo og upplýsingar um félagsleg vandamál. Aðrar upplýsingar sem geta talist viðkvæmar samkvæmt almennum viðmiðum í íslenskum rétti kunna einnig að falla undir ákvæðið þótt þær teljist ekki viðkvæmar persónuupplýsingar samkvæmt persónuverndarlögum. Hér undir geta til að mynda fallið upplýsingar um fjármál einstaklinga og upplýsingar sem lúta beinlínis að öryggi þeirra.

Undir 9. gr. geta fallið upplýsingar um hvort tiltekið mál er snertir ákveðinn einstakling *sé eða hafi verið til meðferðar*. Dæmi um slík tilvik væru t.d. upplýsingar um það hvort tiltekinn einstaklingur hafi lagt fram umsókn um leyfi til að ættleiða barn, umsókn um fjárhagsaðstoð frá félagsmálastofnun eða umsókn um fóstureyðingu.

Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um fjárhagsmálefni einstaklinga. Þannig er t.d. almennt óheimilt að veita upplýsingar um tekjur og fjárhagsstöðu einstaklinga nema það byggist á sérstakri lagaheimild.

Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Þannig er óheimilt að veita upplýsingar um atvinnu-, framleiðslu- og viðskiptaleyndarmál eða viðkvæmar upplýsingar um rekstrar- eða samkeppnisstöðu svo og aðra mikilvæga viðskiptahagsmuni. Hér skiptir miklu að lagt sé mat á tilvik hverju sinni með hliðsjón af hagsmunum þess lögaðila sem upplýsingar varða. Við matið vegast almennt á hagsmunir viðkomandi lögaðila af því að upplýsingum sé haldið leyndum og þeir mikilvægu hagsmunir að upplýsingar um ráðstöfun opinberra hagsmuna séu aðgengilegar almenningi. Þegar lögaðilar gera samninga við opinbera aðila, þar sem ráðstafað er opinberum hagsmunum, getur þetta sjónarmið haft mikið vægi við ákvörðun um aðgang að upplýsingum.

Lögin byggjast á því sjónarmiði að sá sem upplýsingar varðar telst ekki aðili máls, a.m.k. í þeim tilvikum sem beiðni um aðgang fellur undir ákvæði II. kafla þeirra. Aðili að máli samkvæmt upplýsingalögum er sá sem biður um upplýsingar. Ákvörðun er tekin um rétt hans til aðgangs að viðkomandi upplýsingum. Hins vegar er það eðlileg framkvæmd að sá sem upplýsingar varðar fái eftir atvikum vitneskju um það að óskað hafi verið aðgangs að þeim. Slíkt kann einnig að vera mikilvægt í því skyni að upplýsa málið með fullnægjandi hætti. Því er lagt til í 17. gr. að áður en tekin er ákvörðun um aðgang að gögnum sem varða einkahagsmuni geti stjórnvald, eða sá sem hefur beiðni til afgreiðslu, skorað á þann sem upplýsingar varðar að upplýsa hvort hann telji að þær eigi að njóta leyndar. Veita skal frest í sjö virka daga til að svara erindinu. Liggi afstaða viðkomandi fyrir, t.d. í tilefni af meðferð annars máls eða ef niðurstaða liggur í augum uppi, kann þó að vera óþarft að leita slíkrar afstöðu viðkomandi.

Ljóst er að ef sá sem upplýsingar varðar samþykkir að umbeðnar upplýsingar séu veittar stendur 9. gr. almennt ekki í vegi fyrir upplýsingagjöf. Sama er ef slíkt samþykki er gefið fyrirfram. Í ljósi þess að samkvæmt ákvæðinu er óheimilt að veita upplýsingarnar verður þó að gera ríkar kröfur til þess að samþykki sé skýrt og ótvírætt.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er fjallað um þá almannahagsmuni sem réttlætt geta að aðgangur almennings að gögnum sé takmarkaður. Samsvarandi ákvæði er í 6. gr. gildandi laga og hefur það ekki valdið erfiðleikum í framkvæmd. Um skýringu ákvæðisins vísast til athugasemda sem fylgdu nefndri 6. gr. gildandi upplýsingalaga. Um skýringu 5. tölul. 10. gr. vísast þó til athugasemda sem fylgdu 18. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál.

Með orðalaginu „þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast“ er vísað til þess að beiðni um upplýsingar verður ekki synjað, hvorki í heild né að hluta, nema aðgangur almennings að upplýsingum muni skaða einhverja af þeim almannahagsmunum sem tilgreindir eru í ákvæðinu. Þessir hagsmunir eru tæmandi taldir, en hver töluliður sætir sjálfstæðri skýringu með tilliti til eðlis þeirra upplýsinga sem um ræðir.

Heimild 10. gr. til að takmarka aðgang almennings og fjölmiðla að gögnum er bundin því skilyrði að gögnin sjálf hafi að geyma upplýsingar um þá hagsmuni sem njóta eiga verndar. Ef í gögnunum er jafnframt að finna upplýsingar sem ekki snerta þessa hagsmuni er stjórnvaldi almennt skylt að veita aðgang að þeim hluta þeirra, sbr. 7. gr.

Um 1. tölul. Með upplýsingum um öryggi ríkisins er eingöngu vísað til hinna veigamestu hagsmuna sem tengjast því hlutverki ríkisvaldsins að tryggja öryggi ríkisins inn á við og út á við. Upplýsingar um skipulag löggæslu, landhelgisgæslu, almannavarna og útlendingaeftirlits geta fallið hér undir. Í þessu sambandi skal og áréttað að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að lögin gildi ekki um rannsókn eða saksókn í opinberu máli.

Við túlkun á ákvæðinu verður að hafa í huga að því er ætlað að vernda mjög þýðingarmikla hagsmuni. Ef upplýsingar þeim tengdar berast út getur það haft afdrifaríkar afleiðingar. Þess vegna verður að skýra ákvæðið tiltölulega rúmt. Með upplýsingum um varnarmál er þannig m.a. átt við upplýsingar um áætlanir og samninga um varnir landsins, svo og við framkvæmdir á varnarsvæðum. Það er þó skilyrði fyrir því að takmarka megi aðgang að gögnum, með vísan til þessa ákvæðis, að sýnt sé fram á hættu gagnvart *íslenskum* hagsmunum. Ákvæðið tekur því aðeins til upplýsinga um innlend varnarmál, en 2. tölul. tekur til upplýsinga um alþjóðleg varnarmál og varnarmál erlendra ríkja. Oft kunna íslenskir og erlendir hagsmunir þó að falla saman að þessu leyti.

Um 2. tölul. Ákvæðið á við samskipti íslenska ríkisins við erlend ríki og fjölþjóðastofnanir, hvort sem þau eru af pólitískum, viðskiptalegum eða öðrum toga. Þeir hagsmunir sem hér er verið að vernda eru tvenns konar. Annars vegar er verið að forðast að erlendir viðsemjendur fái vitneskju um samningsmarkmið og samningsstöðu okkar Íslendinga. Hins vegar er verið að tryggja góð samskipti og gagnkvæmt traust í skiptum við önnur ríki, þar á meðal innan þeirra fjölþjóðlegu stofnana sem Ísland er aðili að.

Vegna fyrrgreinds skilyrðis um mikilvæga almannahagsmuni verður beiðni um upplýsingar um samskipti við erlend ríki og fjölþjóðastofnanir ekki synjað nema hætta sé á tjóni af þessum sökum. Í ljósi þess að hér er oft um mjög veigamikla hagsmuni að ræða er ljóst að varfærni er eðlileg við skýringu á ákvæðinu.

Með erlendum ríkjum er átt við öll erlend ríki, jafnt þau sem Ísland hefur viðurkennt sem og önnur. Með fjölþjóðlegum stofnunum er átt við stofnanir að þjóðarétti sem einstök ríki eiga aðild að. Í dæmaskyni má nefna Sameinuðu þjóðirnar, Atlantshafsbandalagið (NATO), Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA), Evrópusambandið, Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnun Evrópu (OECD) og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, auk stofnana sem heyra undir þessa aðila, svo sem Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), svo nokkur dæmi séu tekin. Ef vafi

leikur á því hvort fjölþjóðleg stofnun fellur undir ákvæði þessa töluliðar ber að skoða þær samþykktir sem stofnunin starfar eftir og hvernig tengslum íslenska ríkisins við hana er háttað.

Með 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er tryggt að skuldbindingar um þagnarskyldu, sem íslenska ríkið hefur gengist undir að þjóðarétti, haldi gildi sínu þótt frumvarp þetta nái fram að ganga.

Um 3. tölul. Markmiðið með þessu frumvarpi er meðal annars að gefa almenningi og fjölmiðlum tækifæri á að fá vitneskju um það hvernig opinberum fjármunum er varið. Óheftur réttur til upplýsinga getur á hinn bóginn skaðað samkeppnis- og rekstrarstöðu opinberra stofnana og fyrirtækja í þeim tilvikum þegar hið opinbera þarf að keppa á markaði við einkaaðila sem ekki eru skyldugir til að gefa upplýsingar um stöðu sína. Af þessum sökum er lagt til að takmarkaður verði aðgangur að upplýsingum um viðskipti hins opinbera þegar svona háttar til.

Meginsjónarmiðið að baki þessu ákvæði er að opinber aðili eigi að standa jafnfætis öðrum samkeppnisaðilum í viðskiptum, hvorki betur né verr. Athuga verður þó í þessu sambandi að í sumum tilvikum eru fyrir hendi skýrar reglur um skyldu stjórnvalda til þess að veita upplýsingar í tengslum við viðskipti, sbr. lög nr. 65/1993, um framkvæmd útboða. Ákvæðið er sem fyrr segir einskorðað við þá stöðu þegar opinberir aðilar eru í samkeppni við aðra aðila. Ákvæðinu verður því ekki beitt þegar hið opinbera starfar í skjóli einkaréttar eða ef opinber aðili er einn um rekstur þótt einkaréttar njóti ekki við.

Um 4. tölul. Markmið þessa ákvæðis er að hindra að nokkur geti aflað sér á ótilhlýðilegan hátt vitneskju um fyrirhugaðar ráðstafanir á vegum hins opinbera. Með ráðstöfunum á vegum ríkis og sveitarfélaga er m.a. átt við fyrirhugaðar ráðstafanir í fjármálum, svo sem aðgerðir í gjaldeyrismálum, skattamálum, tollamálum og öðrum málum er varða tekjuöflun hins opinbera. Á sama hátt falla hér undir ráðstafanir sem ætlað er að tryggja öryggi, svo sem fyrirhugaðar eftirlitsaðgerðir lögreglu og annarra yfirvalda í þágu umferðaröryggis. Enn fremur er heimilt samkvæmt þessum tölulið að takmarka aðgang almennings að gögnum sem lúta að fyrirhuguðum ráðstöfunum í kjaramálum starfsmanna ríkis og sveitarfélaga til þess að tryggja jafnræði í kjarasamningum hins opinbera og viðsemjenda þess. Undanþágunni verður einnig beitt í tengslum við hagræðingu og breytingu í rekstri opinberra stofnana og fyrirtækja. Með prófum er átt við hvers konar prófraunir sem opinberir aðilar standa fyrir. Augljóst er að eigi próf að geta gefið óvilhalla niðurstöðu er nauðsynlegt að halda öllum prófgögnum leyndum áður en það er þreytt. Ekki er aðeins um að ræða próf í hefðbundnum menntastofnunum heldur einnig próf fyrir ökumenn, flugmenn o.s.frv.

Ákvæðið gerir ráð fyrir því að stjórnvald meti sjálfstætt í hverju tilviki hverjar afleiðingar það hefði ef ljóstrað yrði upp um fyrirhugaðar ráðstafanir. Séu líkur á því að árangur skerðist, þótt ekki sé nema að litlu leyti, mundi stjórnvaldi að öllu jöfnu vera heimilt að synja um að veita umbeðnar upplýsingar á grundvelli þessa ákvæðis. Þegar þær ráðstafanir eru afstaðnar sem 4. tölul. tekur til er almenningi heimill aðgangur að gögnunum nema aðrar takmarkanir samkvæmt lögunum eigi við, sbr. 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Með vísun til annarra takmarkana samkvæmt lögunum er vísað til þess að þau kunni að innihalda upplýsingar um einkamálefni manna eða önnur atriði sem leynt eiga að fara af öðrum ástæðum en 10. gr. frumvarpsins tekur til.

Um *5. tölul.* Ákvæði 5. tölul. 10. gr. er samhljóða 5. tölul. 6. gr. gildandi upplýsingalaga, sbr. breytingu á þeim lögum sem gerð var með lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast, hafi þau að geyma upplýsingar um umhverfis-

mál, enda geti birting haft alvarleg áhrif á vernd þess hluta umhverfisins sem upplýsingarnar varða, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera, steinda, steingervinga og bergmyndana. Ákvæðið er byggt á h-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EB, en hún var tekin inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003 26. september 2003. Á grundvelli ákvæðisins er t.d. heimilt að undanþiggja upplýsingar um varpstöðvar fágætra fugla ef hætta er talin á að upplýsingarnar verði notaðar til lögbrota, svo sem ólögmætrar eggjatöku. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins má veita aðgang að slíkum upplýsingum þegar ekki er lengur ástæða til að ætla að miðlun upplýsinganna geti haft skaðleg áhrif á umhverfið.

Um 11. gr.

Í 3. mgr. 3. gr. gildandi upplýsingalaga er kveðið á um heimild til þess að veita almenningi aðgang að gögnum, umfram lagaskyldu. Ákvæðið er í samræmi við þau ólögfestu sjónarmið að stjórnvöld hafi oft heimild til þess að veita bæði aðila máls og almenningi rýmri aðgang að upplýsingum en leiðir af beinum rétti þessara aðila lögum samkvæmt enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi. Á því er t.d. byggt að hægt sé að veita aukinn aðgang að gögnum vegna vísindalegra rannsókna, fjölmiðlunar eða í öðrum svipuðum tilgangi. Regla þessi hefur í íslenskum rétti verið nefnd reglan um aukinn aðgang að gögnum og á sér samsvörun í norsku upplýsingalögunum (n. meirinnsyn) og í dönsku upplýsingalögunum (d. meroffentlighed). Mikilvægt er einnig að hafa í huga að regla 11. gr. frumvarpsins um aukinn aðgang að gögnum byggist á ólögfestri reglu um heimild stjórnvalda til að veita almenningi aðgang að upplýsingum umfram skyldu. Þannig segir m.a. eftirfarandi skýringum við ákvæði 3. gr. í frumvarpi því sem varð að gildandi upplýsingalögum nr. 50/1996:

„Í álitum umboðsmanns Alþingis frá 13. október 1995 í málinu nr. 1097/1994 og frá 2. nóvember 1995 í málinu nr. 1359/1995 er bent á að almennt hafi verið út frá því gengið að stjórnvöld hafi heimild til þess að veita bæði aðila stjórnsýslumáls og almenningi rýmri aðgang að upplýsingum en leiðir af beinum rétti þessara aðila lögum samkvæmt, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi. Með 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að þessi óskráða réttarregla verði sett í lög.

Meginregla 1. mgr. 3. gr. svarar því aðeins hvenær stjórnvaldi er skylt að veita aðgang að gögnum, sem 2. mgr. sömu greinar tekur til, með þeim takmörkunum sem greinir í 4.–6. gr. Ákvæðið stendur því ekki í vegi að veittur sé rýmri aðgangur að gögnum en þar er gert ráð fyrir. Þetta er í samræmi við fyrrnefnda meginreglu svo og það sjónarmið að ákvæði frumvarpsins geri aðeins lágmarkskröfur til stjórnsýslunnar.“

Í tengslum við beitingu reglunnar um aukinn aðgang að gögnum er rétt að hafa í huga að mikla þýðingu hefur hvort mál snertir einkahagsmuni eða almannahagsmuni. *Án samþykkis* þess einstaklings eða lögaðila sem í hlut á yrði almenningi ekki veittur aukinn aðgangur að einka- eða fjárhagsmálefnum sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Snerti mál opinbera hagsmuni getur aftur á móti það stjórnvald, eða annar till þess bær aðili, ákveðið að veita almenningi aukinn aðgang að gögnum, standi ákvæði um þagnarskyldu því ekki í vegi. Eins og fram kemur í lok greinarinnar er heimild til að veita rýmri aðgang að gögnum máls háð því að ákvæði laga um þagnarskyldu standi því ekki í vegi. Öll þagnarskylduákvæði í lögum og lögleg fyrirmæli byggð á þeim ganga því framar heimildarákvæðinu í 3. mgr.

Í 1. mgr. 11. gr. er meginreglan um aukinn aðgang að gögnum lögfest. Hún tekur jafnt til allra sem undir gildissvið laganna falla. Í gildandi upplýsingalögum er ekki kveðið á um skyldu stjórnvalda til að rökstyðja það sérstaklega af hverju ekki var talin ástæða til að beita

reglunni um aukinn aðgang að gögnum þegar beiðnum er synjað. Í 2. mgr. 11. gr. er hins vegar lagt til að slík skylda verði lögbundin gagnvart stjórnvöldum, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Í því felst að þegar stjórnvald afgreiðir beiðni um aðgang að gögnum og synjar um aðgang, þá skal í rökstuðningi jafnframt taka afstöðu til þess af hverju ekki var talið tilefni til að beita heimildinni um aukinn aðgang í því tilviki. Í því felst í reynd að viðkomandi stjórnvaldi ber, áður en synjað er um aðgang að gögnum sem ekki er með beinum hætti skylt að synja um aðgang að, ávallt að spyrja þeirrar spurningar hvort eitthvað standi því í vegi að upplýsingarnar séu veittar og láta aðila máls í té rökstudd svör við þeirri spurningu. Er það í samræmi við bæði norskan og danskan rétt. Ljóst er að þessar breytingar gefa reglunni um aukinn aðgang að gögnum (d. meroffentlighed) mun meira vægi en gildandi lög gera. Ástæða þess að umrædd skylda er einvörðungu látin ná til stjórnvalda er sú að hér er um að ræða nýmæli. Rétt er að ganga ekki of langt í fyrstu við innleiðingu þessarar skyldu, auk þess sem rétt er talið að veita stjórnvöldum og eftirlitsaðilum færi á að móta nánar inntak hennar áður en hún er einnig yfirfærð á einkaréttarlega aðila. Tekur 2. mgr. 11. gr. til synjana stjórnvalda um aðgang að gögnum á grundvelli 2.–6. tölul. 6. gr. og 10. gr.

Um 12. gr.

Samkvæmt 12. gr. eru takmarkanir skv. 6.–10. gr. tímabundnar. Uppbygging ákvæðisins er með þeim hætti að fyrst er í þremur málsgreinum tilgreint brottfall tiltekinna takmarkana sem verður þá þegar að þeim hagsmunum sem þeim er ætlað að vernda eru ekki lengur fyrir hendi. Skv. 1. mgr. ákvæðisins falla takmarkanir skv. 4. tölul. 10. gr. brott jafnskjótt og þeim ráðstöfunum sem um var að ræða er lokið eða þær komnar til framkvæmda, og skv. 3. mgr. falla takmarkanir skv. 5. tölul. 10. gr. brott þegar ekki eru lengur fyrir hendi þeir hagsmunir sem viðkomandi ákvæði er ætlað að vernda.

Meginreglan um brottfall takmarkana birtist síðan í lokamálsgrein ákvæðisins. Samkvæmt henni fer um þá þætti eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands. Þar verða settar sérstakar reglur um rétt almennings til aðgangs að gögnum. Í því felst að beiðnir um aðgang að gögnum verða afgreiddar á grundvelli þeirra laga og þeirra reglna um aðgangsrétt sem þar koma fram, eftir að 30 ár eru liðin frá tilurð þeirra. Í reynd felur sú regla í sér að stærstur hluti takmarkana samkvæmt upplýsingalögum fellur brott. Eftir standa þó takmarkanir á aðgangi að gögnum sem varða einkahagsmuni. Meginreglan um slíkar upplýsingar verður sú að takmarkanir skuli standa í 80 ár frá tilurð gagns, en þó lengur um viðkvæmar upplýsingar um heilsuhagi. Í 36. gr. frumvarpsins eru gerðar tillögur um viðeigandi breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands.

Um 13. gr.

Eins og fram er komið er með frumvarpi þessu stefnt að því að efla og styrkja upplýsingarétt almennings. Að sama skapi felast í ákvæðum frumvarpsins tillögur um auknar skyldur stjórnvalda. Vegna örra tækniframfara og betra skipulags á málaskrám en áður var er hins vegar ekki talið varhugavert, með tilliti til stjórnsýslunnar, að ráðast í slíkar breytingar.

Eitt þeirra tækja sem stjórnvöld hafa yfir að ráða til að bæta upplýsingarétt almennings með virkum hætti er að birta opinberlega, að eigin frumkvæði, upplýsingar sem þau hafa undir höndum. Stjórnvöld eiga þann kost að birta á heimasíðum sínum lista yfir mál sem þau hafa eða hafa haft til meðferðar. Í Svíþjóð, þar sem mikil hefð er fyrir lögbundnum ákvæðum um upplýsingarétt almennings, er slíkt fyrirkomulag til að mynda í gildi, a.m.k. um nokkurn hluta mála. Niðurstaða ítarlegrar umræðu við gerð þessa frumvarps var að leggja ekki til lögfestingu almennrar reglu um skyldu stjórnvalda til að birta opinberlega lista yfir mál eða mál-

skjöl sem þau hafa undir höndum. Talið var að íslensk stjórnsýsla væri ekki búin undir svo viðamiklar breytingar á starfsháttum. Kemur þar fyrst og fremst tvennt til. Í fyrsta lagi er brýnt að stjórnvöld kortleggi með tiltölulega nákvæmum hætti þau málaskrárkerfi sem eru í notkun áður en slíkar skyldur eru lagðar á stjórnvöld. Að því leyti sem slík kerfi henta ekki til slíkrar opinberrar birtingar yrði jafnframt að leggja í vinnu við gerð nýs hugbúnaðar eða skipta út hugbúnaði. Ljóst er að stjórnvöld nota að einhverju marki málaskrárkerfi sem ekki eru að öllu leyti til þess fallin að gera upplýsingar úr þeim opinberar. Í öðru lagi fylgja veruleg vandkvæði álitamálum um það hvernig skuli farið með trúnaðarupplýsingar, bæði þær sem lúta að einkalífi manna og öryggi ríkisins eða almennings. Við úrlausn þeirra álitamála virðast fyrst og fremst tvær leiðir koma til greina. Önnur leiðin felur í sér að stjórnvöldum yrði, á grundvelli sambærilegra matskenndra reglna og nú er að finna í upplýsingalögum, falið það hlutverk að meta hvort tiltekið mál eða skjal skuli fara á hinn opinbera lista. Slíkt mat þyrfti þá að fara fram í hvert sinn sem mál er stofnað, eða skjal skráð í málaskrá stofnunar. Slík leið er vart raunhæf ein og sér. Hún mundi kalla á mjög mikla vinnu af hálfu starfsmanna stjórnsýslunnar auk þess sem ákveðin hætta er á að hún næði ekki tilgangi sínum þar sem of mörg mál yrðu flokkuð sem trúnaðarmál og mundu þar með falla utan við upplýsingarétt almennings. Hin leiðin felst í því að settar yrðu ítarlegar reglur um það hvaða upplýsingar mætti gera opinberar með þessum hætti. Mat stjórnvalda á því hvaða gögn eða mál mætti gera opinber samkvæmt framangreindu yrði þá afmarkaðra. Væntanlega yrði þó ekki hjá því komist að fela stjórnvöldum eitthvert mat um þessi atriði. Gallinn er hins vegar sá að þær reglur sem um er að ræða yrðu að vera mjög ítarlegar til þess að þær næðu tilgangi sínum, auk þess sem setja yrði að einhverju marki mismunandi reglur um mismunandi svið stjórnsýslunnar. Verkefni stjórnvalda eru mjög fjölbreytt og reglusetning af þessu tagi yrði mjög umfangsmikil. Benda má á að slíkt kerfi er að hluta til viðhaft í Svíþjóð. Upplýsingalöggjöf þar í landi er nákvæm og slíkar reglur verða vart innleiddar nema um tiltekna málaflokka eða svið stjórnsýslunnar. Það á því ekki við að gera tillögur um slíkar reglur í upplýsingalögum sem mynda almennar starfsreglur stjórnvalda.

Þrátt fyrir framangreint er mikilvægt að stuðla að því að stjórnvöld gæti að því, að eigin frumkvæði, að upplýsa um þau viðfangsefni sem þau sinna á hverjum tíma, án þess þó að gengið sé gegn friðhelgi einkalífs eða mikilvægum almannahagsmunum. Af þeirri reglu sem fram kemur í 11. gr. þessa frumvarps, um aukinn aðgang að gögnum, og þeirri ólögfestu reglu sem býr að baki því ákvæði, leiðir að stjórnvöld geta að eigin frumkvæði ákveðið að birta opinberlega umtalsvert af þeim upplýsingum sem þau búa yfir, enda standi ákvæði laga um þagnarskyldu og persónuvernd því ekki í vegi. Með ákvæði 13. gr. frumvarpsins er hins vegar stefnt að því að gera stjórnvöld meðvitaðri um þá möguleika sem eru fyrir hendi um slíka birtingu upplýsinga. Því til viðbótar er tilgangur 13. gr. frumvarpsins sá að veita forsætisráðherra heimild til að samræma opinbera birtingu stjórnvalda á upplýsingum á vefsvæðum. Slíkt er mikilvægt til að tryggja bættan upplýsingarétt almennings en einnig til að tryggja skilvirka og hagkvæma stjórnsýslu. Gera verður ráð fyrir að forsætisráðherra geti í þessu sambandi beitt sér fyrir því að stofnað verði sérstakt upplýsingatorg stjórnsýslunnar. Beiting og inntak heimildarinnar þarfnast að öðru leyti ekki sérstakra skýringa.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um aðgang að þeim gögnum sem varða sérstaklega þann er upplýsinganna óskar.

Um 14. gr.

Meginreglan um upplýsingarétt, sem fram kemur í 5. gr. frumvarpsins, gildir án þess að sá sem í hlut á þurfi að sýna fram á nokkur tengsl við málið sem upplýsinga er óskað um. Slík tengsl geta þó verið fyrir hendi og gæti hlutaðeigandi þá í mörgum tilvikum byggt rétt sinn til að fá aðgang að upplýsingum á upplýsingarétti aðila máls samkvæmt stjórnsýslulögum. Sá réttur er hins vegar takmarkaður af gildissviði stjórnsýslulaga því að þau ná aðeins til þess þegar stjórnvöld taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Í öðrum tilvikum en þeim sem falla undir stjórnsýslulögin kunna einstaklingar og lögaðilar að eiga réttmæta hagsmuni umfram aðra af því að fá upplýsingar, sem varða þá sérstaklega, t.d. um mál þar sem engin stjórnvaldsákvörðun hefur verið eða verður nokkru sinni tekin.

Hér er lagt til að í 14. gr. frumvarpsins verði tekin sambærileg regla og nú er að finna í 9. gr. upplýsingalaga. Það ákvæði er í samræmi við dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 7. júlí 1989 (í máli Gaskins gegn Bretlandi) en þar er lögð áhersla á að í löggjöf aðildarríkja að mannréttindasáttmála Evrópu eigi að vera reglur sem sérstaklega tryggi mönnum formlega úrlausn um rétt þeirra til aðgangs að upplýsingum sem varða þá sjálfa. Leggja ber áherslu á að sú regla sem hér um ræðir er af nokkuð öðrum toga en sú almenna regla sem fram kemur í 5. gr. Segja má að á vissan hátt liggi þessi regla miðja vegu milli upplýsingaréttar almennings og upplýsingaréttar aðila máls samkvæmt stjórnsýslulögum. Sjónarmiðin að baki henni eru því á ýmsan hátt önnur en þau sem eiga við þau ákvæði sem mælt er fyrir um í II. kafla frumvarpsins.

Regla sú sem fram kemur í 14. gr. frumvarpsins byggist á þeirri óskráðu meginreglu íslensks réttar að einstaklingar og lögaðilar eigi rétt til aðgangs að gögnum sem eru í vörslu stjórnvalda og varða þá sérstaklega enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi. Í 1. mgr. er upplýsingarétturinn skilgreindur á svipaðan hátt og upplýsingaréttur skv. 5. gr. en því bætt við að skjöl eða önnur gögn sem óskað er eftir aðgangi að skuli hafa að geyma upplýsingar um aðila sjálfan. Enn fremur er hér lagt til, eins og almennt á við um frumvarpið, að gildissvið þessarar reglu verði víkkað og að hún taki til allra þeirra lögaðila sem falla undir frumvarpið, sbr. 2. og 3. mgr. 2. gr. og 3. gr.

Aðili sem upplýsingar varðar í þessum skilningi getur verið jafnt einstaklingur sem lögaðili. Rétt er að taka fram að með orðalaginu að gagn skuli geyma „upplýsingar um hann sjálfan“ í 1. mgr. ákvæðisins er vísað til þess að upplýsingar þurfi að varða viðkomandi aðila sérstaklega og verulega umfram aðra. Er það í samræmi við hina óskráðu meginreglu íslensks réttar sem og þá framkvæmd sem hefur fest sig í sessi um beitingu 9. gr. gildandi upplýsingalaga. Hér getur því þurft, ólíkt því sem við á um beitingu II. kafla, að líta til ástæðna þess að aðili óskar upplýsinga.

Upplýsingaréttur aðila hefur án efa mesta þýðingu að því er varðar einkamálefni. Reikna má með því að tiltölulega sjaldgæft sé að hagsmunir hins opinbera af leynd rekist á við hagsmuni einstaklings eða lögaðila af því að fá vitneskju um upplýsingar er varða hann sjálfan. Á þetta getur engu að síður reynt í einstaka tilviki og er þá talið rétt að undanþágur sem nú eru í 4. gr. upplýsingalaga gildi fullum fetum gagnvart upplýsingarétti aðila skv. 1. tölul. 2. mgr. Þá getur það sjónarmið, að halda beri upplýsingum leyndum vegna mikilvægra almannahagsmuna, einnig gengið framar upplýsingarétti aðila, sbr. 2. tölul. 2. mgr. Algengt er á hinn bóginn að sömu gögn hafi að geyma upplýsingar um einka-, fjárhags- eða viðskiptamálefni fleiri en eins aðila. Þegar fram kemur beiðni um aðgang að slíkum gögnum er þannig líklegt að reyni á andstæða hagsmuni, annars vegar þess sem upplýsinga óskar og hins vegar annarra þeirra sem hlut eiga að máli og kunna að eiga réttmæta hagsmuni af því að tilteknum atriðum er þá varða sé haldið leyndum. Kjarni reglunnar í 3. mgr. felst í því að vega skuli og

meta þessa gagnstæðu hagsmuni, en síðarnefndu hagsmunirnir eru að meginstefnu hinir sömu og liggja að baki 9. gr. frumvarpsins.

Aðgangur að gögnum verður því aðeins takmarkaður ef talin er hætta á því að einkahagsmunir skaðist ef aðila yrði veittur aðgangur að upplýsingunum. Aðila verður því ekki synjað um aðgang að gögnum á grundvelli hugleiðinga um að aðgangur að tiltekinni tegund upplýsinga sé almennt til þess fallinn að valda einhverju tjóni, heldur verður að leggja mat á aðstæður í hverju máli fyrir sig.

Regla 3. mgr. byggist á því að við hagsmunamatið sé ljóst hverjir verndarhagsmunirnir eru. Oft verður því að leita álits þess sem á andstæðra hagsmuna að gæta, en yfirlýsing hans um að hann vilji ekki að upplýsingarnar séu veittar er þó ein og sér ekki nægjanleg ástæða til að synja beiðni um upplýsingar.

Í 4. mgr. er gengið út frá að ekki verði haggað við ákvæðum laga um sjúkraskrár. Um rétt sjúklinga til aðgangs að gögnum úr slíkum skrám fer að sérákvæðum laga um það efni, sbr. nú ákvæði laga nr. 55/2009, um sjúkraskrár.

Í 5. mgr. kemur fram að ákvæði 5., 11. og 12. gr. frumvarpsins gildi eftir því sem við getur átt um aðgang aðila að gögnum. Í því felst að skilgreining á hugtakinu gagn lýtur sömu reglum og fram koma í 2. mgr. 5. gr. Þá ber, sbr. 3. mgr. 5. gr., að leitast við að veita aðgang að þeim hluta skjals sem inniheldur upplýsingar sem takmarkanir samkvæmt ákvæði þessu taka ekki til. Ber í því efni að beita sambærilegum viðmiðum og fram koma í 3. mgr. 5. gr. Ákvæði 11. gr. frumvarpsins fjallar um regluna um aukinn aðgang að gögnum og ákvæði 12. gr. um brottfall takmarkana á upplýsingarétti. Að breyttu breytanda eiga þau ákvæði einnig við um meðferð gagna sem óskað er aðgangs að skv. 14. gr. frumvarpsins.

Um IV. kafla.

Sá sem fer fram á aðgang að gögnum öðlast ekki þar með aðild að því máli sem gögnin varða. Á hinn bóginn verður hann aðili að nýju sjálfstæðu stjórnsýslumáli sem hefst á því að hann leggur fram beiðni um aðgang að upplýsingum. Þegar stjórnvald eða annar sá sem metur hvort veita eigi aðgang að umbeðnum gögnum verður viðkomandi lögaðili almennt að gæta allra þeirra reglna sem fram koma í stjórnsýslulögum, svo sem reglna um leiðbeiningarskyldu, rökstuðning o.s.frv. Í IV. kafla frumvarpsins er nánar fjallað um meðferð beiðna um aðgang að gögnum á grundvelli upplýsingalaga. Eins og fram kemur í 19. gr. frumvarpsins fer, að því leyti sem önnur fyrirmæli eru ekki sett í frumvarpinu, um meðferð beiðna um aðgang að gögnum eftir stjórnsýslulögum. Á því er með öðrum orðum byggt að ákvörðun um aðgang að gögnum sé stjórnvaldsákvörðun sem lúti reglum stjórnsýslulaga, óháð því hver það er sem skylt er að afgreiða beiðnina.

Um 15. gr.

Í 15. gr. frumvarpsins felst umtalsverð breyting frá ákvæðum gildandi upplýsingalaga, a.m.k. að forminu til. Til nánari skýringar á ákvæðinu er rétt að taka fram að skv. 10. gr. gildandi upplýsingalaga nr. 50/1996, sbr. einnig 2. gr. laga nr. 161/2006, skal sá sem fer fram á aðgang að gögnum *tilgreina* þau gögn máls sem hann óskar eftir að kynna sér. Jafnframt getur aðili óskað eftir að fá að kynna sér öll gögn um tiltekið mál án þess að tilgreina einstök gögn málsins. Í gildandi lögum felst því að sá sem fer fram á aðgang að gögnum verður að geta tilgreint tiltölulega skýrt það mál sem þau gögn tilheyra sem hann óskar aðgangs að. Á stjórnvöldum hvílir að vísu sú skylda, sbr. 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sbr. einnig rannsóknarreglu 10. gr. sömu laga, að leitast við að aðstoða aðila við að setja fram nægilega skýra tilgreiningu í þessu sambandi. Á hinn bóginn er ljóst að þessi skylda til tilgreiningar

á *máli* sem um er að ræða getur verið töluvert takmarkandi um upplýsingarétt, enda liggja almennt ekki fyrir með opinberum hætti upplýsingar um það *hvaða mál* er eða hefur verið til meðferðar hjá stjórnvöldum.

Í 15. gr. frumvarpsins er í grundvallaratriðum lagt til að sá sem fer fram á aðgang að gögnum verði áfram að geta tilgreint með tilteknum hætti hvað það er sem hann óskar eftir að fá að kynna sér. Þessi afmörkun tekur efninu samkvæmt bæði til beiðna skv. 5. og 14. gr. frumvarpsins. Hins vegar er hér lagt til að ekki verði gerð krafa um að viðkomandi geti tilgreint viðkomandi mál eða gögn máls, heldur það málefni sem hann óskar að kynna sér. Slík afmörkun verður hins vegar að vera nægilega skýr til þess að sá sem afgreiðir beiðni geti afmarkað hana við tiltekin eða öll gögn ákveðins máls. Í þessu felst nokkur rýmkun upplýsingaréttarins, enda mundi þeim sem óskar eftir aðgangi að gögnum almennt vera nægjanlegt að óska aðgangs að ákveðinni tegund mála sem viðkomandi stjórnvald, eða annar sem beiðni beinist að, hefur haft til meðferðar.

Með þessari tillögu er stefnt að því að draga umtalsvert úr vægi umræddrar tilgreiningarreglu 10. gr. gildandi laga. Markmiðið er að auka upplýsingarétt almennings. Byggist ákvæðið á því að sá sem óskar aðgangs að gögnum þurfi eftir sem áður að tilgreina það málefni (efni máls) sem hann óskar að kynna sér. Hann mun hins vegar ekki þurfa að tilgreina með nákvæmum hætti það tiltekna mál sem beiðni hans lýtur að. Sú skylda verður að meginstefnu til lögð á stjórnvöld, eða aðra sem beiðni um gögn beinist að, að finna þau mál sem efnislega falla undir það málefni sem tilgreint er í beiðni um aðgang að gögnum. Kröfur um tilgreiningu verða þannig í auknum mæli efnislegar, fremur en að þeim sem óskar aðgangs að gögnum verði gert að benda (formlega) á það afmarkaða mál sem beiðni hans lýtur að, sbr. það sem áður var rakið í almennum skýringum með frumvarpi þessu. Ljóst er þó að slík regla verður, vegna sjónarmiða um skilvirkni og kostnað af stjórnsýsluframkvæmd, ekki lögð á stjórnvöld án takmarkana. Því er áfram gerð sú krafa að beiðni sé að lágmarki þannig fram sett að stjórnvaldi sé fært á þeim grundvelli að finna tiltekin mál eða málsgögn sem hægt er að afmarka upplýsingaréttinn við, með tiltölulega einföldum hætti. Til að hægt sé að afgreiða beiðni verður hún því að vera fram sett með nægilega nákvæmum hætti til að stjórnvald geti, t.d. með einfaldri orða- eða efnisatriðaleit í málaskrá sinni, fundið þau mál sem lúta að því málefni sem aðili óskar að fá upplýsingar um.

Eins og fyrr sagði er tilgangur breytingarinnar að auðvelda borgurunum að leggja fram beiðnir um upplýsingar. Að sama skapi felst í breytingunni nokkur aukning á skyldum stjórnvalda. Hér verður þó til mótvægis að líta til þess að vegna örra tækniframfara, og betra skipulags á málaskrám en áður var, er mun auðveldara fyrir stjórnvöld að hafa uppi á málum og gögnum en var við gildistöku gildandi laga. Það eru ekki síst slíkar tæknilegar breytingar sem styðja það að nú sé hægt að stíga það skref sem lagt er til með þessari breytingu, með það að markmiði að tryggja borgurunum betri rétt til aðgangs að upplýsingum en áður var.

Í 3. mgr. ákvæðisins er tekið fram að beiðni megi vísa frá ef ekki er talið mögulegt á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga að afmarka beiðni við tiltekið mál. Áður en til þess komi beri þó að veita viðeigandi leiðbeiningar. Gert er ráð fyrir að eftir atvikum beri stjórnvaldi að afhenda aðila lista yfir mál sem ætla má að fallið geti undir beiðni hans í þeim tilgangi að hann geti afmarkað beiðni nánar. Með þessu móti getur málsaðili afmarkað beiðni sína með einföldum hætti við það tiltekna mál sem hann óskar aðgangs að. Er þessari reglu í raun ætlað að árétta þá leiðbeiningarskyldu sem hvílir á stjórnvöldum á grundvelli 1. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Orðalagið „eftir atvikum“ vísar m.a. til þess að beiðni þarf að vera nægilega skýr til þess að stjórnvald geti yfirleitt afmarkað beiðni við tiltekinn lista mála.

Þá er í 4. mgr. fjallað um heimildir til að hafna beiðni í tveimur tilvikum, þ.e. annars vegar ef meðferð beiðni mundi taka svo langan tíma eða krefjast svo mikillar vinnu að ekki telst af þeim sökum fært að verða við henni og hins vegar ef sterkar vísbendingar eru um að beiðni sé sett fram í ólögmætum tilgangi. Ákvæði 4. mgr. getur aðeins átt við í ýtrustu undantekningartilvikum. Skilyrði fyrir beitingu fyrri heimildarinnar eru eðli máls samkvæmt nokkru víðari en þeirrar síðari. Engu að síður krefst hún þess að umfang upplýsingabeiðni eða fjöldi þeirra frá einum og sama aðilanum sé slíkur að vinna stjórnvalds eða annarra lögaðila sem lögin taka til við afgreiðslu hennar mundi í raun leiða umtalsverðrar skerðingar á möguleikum stjórnvalds til að sinna öðrum hlutverkum sínum. Til að síðari heimildinni verði beitt verða almennt að liggja fyrir haldbærar upplýsingar um að sá sem óskar aðgangs að upplýsingum leggi fram beiðni gagngert til þess að hafa framangreind áhrif á starfsemi þeirra aðila sem lögin taka til eða muni nota þær með ólögmætum hætti. Heimildir til að hafna aðgangi að gögnum, t.d. skv. 9. gr. frumvarpsins, eiga almennt að teljast nægjanlegar í þessu efni.

Um 16. gr.

Ákvæði 16. gr. frumvarpsins geymir reglu um það til hvaða aðila á að beina beiðni um aðgang að gögnum og þar með hver sé bær að lögum til að taka ákvörðun um það hvort aðgangur skuli leyfður.

Ákvörðun um aðgang að gögnum máls þar sem taka á eða tekin hefur verið stjórnvaldsákvörðun, sbr. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, heyrir undir þann sem tekið hefur ákvörðun í máli eða hefur mál til ákvörðunar. Þessi regla hefur þýðingu þegar skjal hefur verið sent til annarra, t.d. til umsagnar. Þó að skjal megi finna í vörslum fleiri en eins er einungis sá aðili, oftast stjórnvald, sem taka mun eða tekið hefur ákvörðun í málinu, bær til þess að taka ákvörðun um aðgang að gögnum þess. Að öðrum kosti skal beiðni borin fram við þann aðila sem hefur gögnin í sínum vörslum nema annað leiði af lögum.

Ef aðila sem fellur undir lögin berst skrifleg beiðni um aðgang að gögnum sem á undir úrlausn annars aðila samkvæmt lögum þessum ber að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er, í samræmi við 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga.

Í 2. mgr. er tekið fram að þegar gögn hafa verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands eða öðru opinberu skjalasafni sé viðkomandi safn bært til að taka ákvörðun um aðgang að því. Ef gögn hafa verið afhent fyrir 30 ára markið skv. 4. mgr. 4. gr. ber viðkomandi safni að afgreiða slíka beiðni á grundvelli ákvæða upplýsingalaga. Eftir 30 ára tímamarkið afgreiðist sambærileg beiðni hins vegar á grundvelli sérstakra ákvæða um upplýsingarétt sem í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að sett verði í lög um Þjóðskjalasafn Íslands.

Um 17. gr.

Mikilsvert er að beiðnir almennings um aðgang að gögnum á grundvelli laganna verði ávallt afgreiddar fljótt og án ástæðulausra tafa. Ætla má að réttur til aðgangs að upplýsingum gæti stundum orðið þýðingarlaus ef verulegar tafir yrðu á afgreiðslu slíkra erinda þar sem sá sem í hlut á gæti misst færis á að nýta sér upplýsingarnar við meðferð mála á öðrum vettvangi.

Í síðari málslið 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins er sett það viðmið að hafi beiðni um upplýsingar ekki verið afgreidd innan sjö daga frá móttöku skuli sá sem hefur beiðni til afgreiðslu skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Um útreikning frests fer skv. 8. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þessi regla breytir því þó ekki að þeim sem skylt er að afhenda gögn samkvæmt lögum þessum ber af fremsta megni að reyna að afgreiða beiðnir

í samræmi við fyrri málsl. ákvæðisins þannig að ekki reyni á umrædda sjö daga reglu. Reynslan sýnir þó að fleiri en ein ástæða geta valdið því að farið sé fram yfir þau tímamörk. Í fyrsta lagi kann að vera flókið að leysa úr máli þar sem vega þarf og meta andstæð sjónarmið. Í öðru lagi getur verið rétt að leita álits þess sem mál snertir áður en afstaða er tekin til beiðni. Á það einkum við ef til greina kemur að takmarka upplýsingarétt á grundvelli 9. gr. Í þriðja lagi er rétt að taka fram að önnur verkefni kunna að hafa forgang þannig að úrlausn um beiðni verði að bíða. Í niðurlagi 1. mgr. er tekið fram að frestur til að afgreiða beiðnir skv. 33. gr. frumvarpsins sé 15 virkir dagar. Er sá frestur lengri vegna sérstaks eðlis þeirra mála sem um ræðir og þá ekki síst möguleika stjórnvalda til að setja skilyrði telji það ástæðu til að fallast á umsókn um aðgang að gögnum samkvæmt því ákvæði. Nánar er að þessu vikið í skýringum við 33. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. ákvæðisins er að finna reglu sem að stórum hluta sækir fyrirmynd til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál. Það kann oft og tíðum að vera vandkvæðum bundið að meta hvort upplýsingar sem varða einkahagsmuni, hvort sem er einstaklinga eða lögaðila, séu viðkvæmar á þann hátt að þær eigi að njóta leyndar lögum samkvæmt. Í fyrsta lagi þarf að meta hvort upplýsingarnar séu almenningi þegar aðgengilegar. Ef svo er ekki þarf að meta hvaða áhrif aðgangur að upplýsingunum getur haft, til að mynda á samkeppnisstöðu fyrirtækis, þ.e. hvort hann er til þess fallinn að valda því óréttmætu tjóni. Af þessum sökum er í 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins mælt svo fyrir að áður en tekin er ákvörðun um hvort veittur verður aðgangur að upplýsingum sem varða einkahagsmuni geti sá sem hefur beiðni til afgreiðslu skorað á þann sem upplýsingar varða að upplýsa hvort hann telji efni þeirra með þeim hætti að þær eigi að njóta leyndar. Veita skal frest í sjö virka daga til þess að svara erindinu. Með orðalaginu „virkir dagar“ er átt við þá daga sem ekki eru laugardagar og sunnudagar eða lögboðnir frídagar. Útreikningur á þeim sjö dögum sem 2. mgr. ákvæðisins mælir fyrir um lýtur því að nokkru öðrum reglum en hann mundi gera á grundvelli 1. mgr. Ákvæði 8. gr. stjórnsýslulaga gildir engu að síður að öðru leyti um útreikning frests.

Þegar svör hafa borist samkvæmt framangreindu frá þeim sem upplýsingar varða ber þeim sem hefur beiðni til afgreiðslu að leggja sjálfstætt mat á það hvort skilyrði séu til þess að undanþiggja upplýsingarnar aðgangi á grundvelli 9. gr. eða 3. tölul. 10. gr. frumvarps þessa. Ljóst er að sé þessari heimild beitt verður á sama tíma að tilkynna þeim sem óskar aðgangs að gögnum um þær tafir sem af hljótast í samræmi við 1. mgr. ákvæðisins.

Ákvæði 2. mgr. 17. gr. felur í sér reglu um álitsumleitan sem segja má að sé í raun nánari útfærsla á rannsóknarreglu stjórnsýslulaga. Reglan er stjórnvöldum jafnframt til áminningar um að eðlilegt kann að vera að leita afstöðu þess sem upplýsingar varðar, bæði af tilliti til viðkomandi aðila, en einnig í því skyni að upplýsa mál. Sjálfstæð lagaleg þýðing reglunnar felst í því að þeim sem upplýsingarnar varða er rétt að svara fyrirspurn sem til hans er beint á grundvelli ákvæðisins innan þess frests sem þar er tilgreindur. Einnig má hafa í huga að í svari kann sá sem upplýsingar varðar að setja fram samþykki sitt fyrir birtingu upplýsinga eða upplýsingar um atriði sem falla undir undantekningarákvæði laganna.

Rétt er að árétta að frumvarpið byggist á því að einvörðungu sá sem óskar eftir aðgangi að upplýsingum teljist aðili þess máls þar sem tekin verður ákvörðun um rétt hans til aðgangs að upplýsingunum. Aðild að málinu breytist ekki þótt óskað sé upplýsinga frá þeim sem upplýsingarnar varða á grundvelli 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins. Mat á því hvort upplýsingar skuli sæta trúnaði liggur þó alltaf hjá þeim sem hefur beiðni til afgreiðslu.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. mgr. 18. gr. byggist á því að veita beri aðgang að upplýsingum á því formi eða með því sniði sem þær eru varðveittar á, nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi. Af ákvæði 19. gr. leiðir síðan að sé beiðni afgreidd með vísan til þess að upplýsingar séu þegar aðgengilegar, þá skal í slíkri afgreiðslu tilgreina nákvæmlega hvar og með hvaða hætti þær eru það. Þegar upplýsingar eru varðveittar á rafrænu formi getur aðili valið á milli þess að fá þær á því formi eða útprentaðar á pappír. Almennt ætti það að vera til hagræðis fyrir þann sem hefur beiðni til afgreiðslu að geta afhent upplýsingar á rafrænu formi, en sé um upplýsingar að ræða sem falla undir 14. gr. frumvarpsins og eru viðkvæmar á einhvern hátt, ber eðli máls samkvæmt að tryggja viðeigandi öryggi þeirra gagnvart óviðkomandi.

Ganga verður út frá því að almenningi sé heimilt að skoða sér að kostnaðarlausu þær upplýsingar sem upplýsingaréttur hans tekur til. Á hinn bóginn er heimilt að taka gjald fyrir ljósrit og afrit á grundvelli gjaldskrár. Í 3. mgr. 18. gr. segir að forsætisráðherra ákveði með gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir ljósrit og afrit gagna þannig að mætt sé þeim kostnaði sem af því hlýst. Ákvæðið er á því byggt að heimilt sé í reglugerð að mæla fyrir um að allur kostnaður af gerð ljósrita og frumrita verði greiddur. Heimilt er þannig að reikna inn í verðið efniskostnað, launakostnað og eðlilegar afskriftir af þeim búnaði sem notaður er við afritun upplýsinga. Á hinn bóginn er ekki heimilt að taka hærra gjald en hlýst af því að veita umrædda þjónustu þar sem ekki er um að ræða skattlagningarheimild heldur heimild til töku þjónustugjalda. Þessi gjaldtökuheimild tekur einnig til þeirra lögaðila, annarra en stjórnvalda, sem falla undir lögin.

Rétt er að hafa í huga að regla 1. mgr. 18. gr. um að veita skuli aðgang að upplýsingum á því formi eða sniði og á þeim tungumálum sem þau eru varðveitt á, nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi, er í samræmi við 5. gr. tilskipunar (EB) nr. 2003/98, um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera. Ef skjal er þannig til á rafrænu formi er hægt að velja um að fá skjalið á því formi. Mikilvægi þessarar reglu felst í réttinum til þess að fá aðgang að rafrænu formi skjala, séu þau til á slíku formi, og endurnota upplýsingarnar með því að tengja þær við aðrar upplýsingar í nýjum tilgangi og skapa þannig með því nýja afurð. Ef upplýsingar eru aðeins til á rafrænu formi getur aðili valið á milli þess að fá aðgang að þeim á því formi eða prentaðar á pappír. Séu upplýsingarnar þegar aðgengilegar almenningi, t.d. á heimasíðu stjórnvaldsins eða á annarri vefslóð, er almennt fullnægjandi að vísa á upplýsingarnar þar. Þeim fyrirvara er haldið með orðunum „eftir því sem við verður komið“ að ekki séu í vegi sérstakar hindranir við að veita afrit af gögnum á því formi sem þau eru varðveitt. Þannig geta skjöl t.d. verið þannig útlits að ógerlegt sé að ljósrita þau.

Ef fyrir liggur að fjöldi skjala eða gagna sé svo mikill að það sé vandkvæðum bundið að veita aðgang að þeim er á því byggt, sbr. 2. mgr. 18. gr., að hægt sé að fela verktaka að sjá um fjölföldun. Sá sem hefur beiðni til afgreiðslu getur einnig verið vanbúinn til að veita umbeðin ljósrit eða önnur afrit, t.d. þegar um mikinn fjölda er að ræða eða tækjabúnaður til afritunar, t.d. af hljóðupptökum, er ekki fyrir hendi. Kostnað við aðkeypta þjónustu samkvæmt reikningi verktaka greiðir sá sem um ljósrit eða afrit hefur beðið.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu til að rökstyðja ákvarðanir stuttlega, sem bornar hafa verið fram skriflega, um að synja beiðni um aðgang að gögnum samkvæmt frumvarpinu og birta þann rökstuðning samhliða því að ákvörðun um synjun er birt. Meginreglan samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, er sú að hægt er að krefjast rökstuðnings eftir á og sú regla gildir um rökstuðning ákvarðana sem teknar eru á grundvelli gildandi upp-

lýsingalaga. Sú krafa um samhliða rökstuðning sem birtist í 1. mgr. 19. gr. er því nýmæli og um leið aukin krafa til þeirra sem fengið er það hlutverk að afgreiða beiðnir samkvæmt lögunum. Gert er ráð fyrir fremur stuttum rökstuðningi, með vísan til viðeigandi lagaákvæða, enda er afgreiðslufrestur beiðna verulega stuttur. Vísast hér til 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að hafi beiðni ekki verið afgreidd innan sjö daga frá móttöku hennar skuli skýra málsaðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Hér ber að hafa í huga að af þeim málum sem berast úrskurðarnefnd um upplýsingamál má ráða að stjórnvöld láti aðila máls almennt í té rökstuðning fyrir niðurstöðum sínum um leið og ákvörðun um synjun er kynnt. Það má því gera ráð fyrir að hér sé ekki um að ræða reglu sem í reynd muni leiða til neinna sérstaka kvaða fyrir stjórnvöld eða aðra sem falla undir gildissvið laganna. Í síðari málsl. 1. mgr. 19. gr. er áréttað að taka eigi afstöðu til þess hvort afhenda beri gögn umfram skyldu, sbr. 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins.. Eins og rakið er í athugasemdum við 11. gr. verður að telja að þessi kvöð sé mikilvæg í þeirri viðleitni að auka vægi reglunnar um aukinn aðgang. Þá kemur einnig fram í síðari málslið 1. mgr. 19. gr. að leiðbeiningar um rétt til kæru skv. 20. gr. skuli koma fram með rökstuðningi um synjun um aðgang að gögnum.

Ákvæði 2. mgr. 19. gr. er nýmæli, en þarfnast í reynd ekki sérstakrar skýringar. Séu gögn til að mynda þegar aðgengileg almenningi á tilgreindri vefsíðu bæri að láta þeim sem óskar upplýsinga í té nægilega skýra vefslóð til að hann geti með tiltölulega einföldum hætti og án vafa nálgast upplýsingarnar.

Vegna ákvæða frumvarpsins um endurnot opinberra upplýsinga, sbr. einnig 3. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB, um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera, er í 3. mgr. 19. gr. að finna ákvæði samhljóða 2. mgr. 11. gr. gildandi upplýsingalaga, sbr. 3. gr. laga nr. 161/2006. Í ákvæðinu felst skylda til þess að upplýsa um nafn réttthafa höfundaréttar að gögnum sem veittur er aðgangur að ef upplýsingar um nafn hans liggja á annað borð fyrir, enda er almennt ekki heimilt að endurnota slíkar upplýsingar nema höfundaréttur sé virtur.

Í 4. mgr. 19. gr. er tekið fram að um málsmeðferð við afgreiðslu og meðferð beiðna um aðgang að gögnum fari að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum. Í því felst vísun til málsmeðferðar- og efnisreglna þeirra laga að því leyti sem annað er ekki beinlínis tekið fram í þessu frumvarpi. Sem fyrr segir er gengið út frá því að ákvarðanir um aðgang að upplýsingum séu stjórnvaldsákvarðanir þannig að í hvert sinn sem beiðni um upplýsingar kemur fram hefst sjálfstætt stjórnsýslumál og taka ákvæði stjórnsýslulaga til meðferðar þess. Áréttað skal að það á einnig við um þá einkaréttarlegu lögaðila sem lögin taka til.

Um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er lagt til að því fyrirkomulagi verði haldið óbreyttu að sjálfstæðri stjórnsýslunefnd, úrskurðarnefnd um upplýsingamál, verði falið að leysa úr ágreiningsmálum um aðgang almennings að upplýsingum á grundvelli upplýsingalaga. Það fyrirkomulag er til þess fallið til að auka réttaröryggi og skilvirkni á þessu sviði þar sem almenningi gefst þá færi á að skjóta synjun um aðgang að upplýsingum með einföldum og skjótum hætti til úrskurðar sjálfstæðrar og óháðrar nefndar, auk þess sem vænta má að það tryggi samræmi í framkvæmd laganna.

Um 20. gr.

Í 20. gr. er að finna almenna heimild fyrir þann sem synjað er um aðgang að gögnum til að bera synjunina undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Ákvæðið er nær samhljóða 14.

gr. gildandi upplýsingalaga. Í því ákvæði er tekið fram að heimild til kæru nái einnig til ágreinings um það hvort stjórnvald skuli veita ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum. Orðalaginu er hér aðeins breytt til samræmis við ákvæði 1. mgr. 18. gr. og tekið fram að kæruheimild taki einnig til synjunar á að afhenda gögn á því formi sem óskað er. Þetta þýðir að ákvörðun um að fallast í öllu á beiðni um aðgang að upplýsingum sætir ekki kæru til úrskurðarnefndarinnar. Hins vegar er ljóst að bæði frávísanir skv. 3. mgr. 16. gr. frumvarpsins og synjanir skv. 4. mgr. sömu greinar teldust kæranlegar.

Sá einn sem synjað er um aðgang að gögnum getur verið aðili að kærumáli til úrskurðarnefndarinnar. Ræðst það af því hvernig valdheimildum nefndarinnar er háttað og því hver á þau réttindi sem frumvarpið fjallar um. Eftir atvikum getur hins vegar verið að aðild að dómsmálum sem varða aðgang að upplýsingum sé öðru vísi háttað og hún rýmri, enda kunna þar að koma til umfjöllunar fleiri atriði að lögum en þau sem úrskurðarnefndinni er ætlað að fjalla um.

Heimilt er að bera bæði synjun að hluta og synjun að öllu leyti undir nefndina. Hins vegar verður að liggja fyrir formleg ákvörðun um að synja beiðni áður en nefndin tekur kæru til meðferðar. Ef sá sem tekur beiðni til afgreiðslu féllist t.d. strax á að veita hluta af umbeðnum upplýsingum en tæki sér svo tíma til að skoða hvort við beiðni yrði orðið að öðru leyti væri ekki fyrir hendi kæruheimild fyrr en formleg ákvörðun lægi fyrir og fæli í sér synjun. Vegna ákvæðis 4. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þar sem fram kemur að dragist afgreiðsla máls óhæfilega sé heimilt að kæra það til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til, er þó ljóst að úrskurðarnefndin getur í ákveðnum tilvikum verið valdbær til að taka til meðferðar mál þar sem sá sem afgreiðir beiðni hefur dregið afgreiðsluna án réttmætra ástæðna. Þar sem sjö daga regla 17. gr. frumvarpsins er ekki fortakslaus þá er í frumvarpinu ekki settur einhlítur tímafrestur um það hversu langur tími skal líða án þess að mál sé afgreitt þannig að því verði á þeim grundvelli skotið til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Eðli mála og umfang, til að mynda hvað varðar skjalafjölda, getur verið mjög mismunandi. Því er það eftirlátið úrskurðarnefnd um upplýsingamál að ákveða með hliðsjón af útskýringum þess sem kæra beinist gegn að taka til þess afstöðu hvort réttur til kæru skv. 4. mgr. 9. gr. hafi stofnast eða hvort tafir séu ekki slíkar að kæru á þeim grundvelli beri að vísa frá að svo stöddu. Með staðfastri framkvæmd af hálfu úrskurðarnefndar um upplýsingamál verður að telja að slík regla sé í reynd til þess fallin að veita meira aðhald um skjóta afgreiðslu beiðna um aðgang að gögnum. Hætt er við að væri til að mynda lögfest regla um að kæruréttur yrði virkur eftir að stjórnvald hefur haft mál til meðferðar í 60 daga, eða því um líkt, þá yrði sá tímafrestur hið eiginlega viðmið um afgreiðslufresti samkvæmt lögunum. Slík almenn regla getur átt við um afgreiðslu á eldri gögnum, svo sem á grundvelli laga um Þjóðskjalasafn Íslands, en á vart við í upplýsingalögunum sjálfum.

Í samræmi við meginregluna í 1. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga frestar kæra til úrskurðarnefndarinnar ekki réttaráhrifum synjunar. Þeim sem kæra beinist gegn er því ekki skylt að afhenda hin umdeildu gögn fyrr en úrskurður nefndarinnar þess efnis liggur fyrir. Í því tilviki getur stjórnvald eða viðkomandi lögaðili óskað eftir því við nefndina að réttaráhrifum úrskurðar hennar verði frestað meðan ágreiningurinn er borinn undir dómstóla, sbr. 24. gr.

Í 2. mgr. 20. gr. er gert ráð fyrir því að ákvarðanir á grundvelli 3. mgr. 2. gr. verði ekki endurskoðaðar af úrskurðarnefndinni. Um er að ræða ákvarðanir forsætisráðherra um að tiltekinn lögaðili sem er í 75% hluta eða meira í eign hins opinbera falli ekki undir lögin enda sé starfsemi lögaðilans að nær öllu leyti í samkeppni á markaði. Er gert ráð fyrir því að slíkar ákvarðanir sem forsætisráðherra tekur og birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda verði bornar undir dómstóla. Sama á við um ákvarðanir á grundvelli 33. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 3. mgr. er úrskurðarnefnd um upplýsingamál sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem skipað er til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga. Úrskurðum nefndarinnar verður því ekki skotið til ráðherra né nokkurs annars stjórnvalds. Ráðherra getur því síður gefið nefndinni bindandi fyrirmæli um úrlausn mála. Úrskurðir nefndarinnar verða hins vegar bornir undir dómstóla skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar, auk þess sem bera má úrlausnir hennar undir umboðsmann Alþingis.

Um 21. gr.

Í 21. gr. er gert ráð fyrir því að þrír einstaklingar skipi úrskurðarnefnd upplýsingamála. Miðað er við að nefndarmenn séu skipaðir til fjögurra ára í senn og varamenn séu skipaðir með sama hætti og aðalmenn. Í 1. mgr. er mælt fyrir um almennt hæfi nefndarmanna. Segir þar að nefndarmenn skuli fullnægja starfsgengisskilyrðum héraðsdómara, sbr. 12. gr. laga um dómstóla. Með beinni tilvísun til 12. gr. laga um dómstóla er tekið af skarið um að aðrar reglur en þar koma fram og fela í sér skilyrði fyrir því að dómarar haldi starfi sínu, svo sem ákvæði um hámarksaldur, eiga ekki við um nefndarmenn í úrskurðarnefndinni. Starf í nefndinni er hlutastarf og því eðlilegt að ekki eru gerðar jafn strangar kröfur til nefndarmanna og dómara að þessu leyti. Í því skyni að tryggja hlutlægni nefndarmanna við meðferð kærumála er að auki lagt til að þeir megi ekki vera fastir starfsmenn í Stjórnarráði Íslands.

Í 3. mgr. 21. gr. er að finna ákvæði um þagnarskyldu nefndarmanna í úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 15. gr. gildandi upplýsingalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 83/2000. Mikilvægt er að um þagnarskyldu nefndarmanna sé skýrt ákvæði í upplýsingalögum, enda þótt ætla verði að þagnarskylduákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, taki til þeirra. Ljóst er hins vegar að þagnarskylduákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, tekur ekki til nefndarmanna þar sem seta í nefndinni telst ekki vera fullt starf. Enginn nefndarmaður í úrskurðarnefndinni sinnir því sem aðalstarfi, svo sem gildissvið þeirra laga gerir kröfu til, sbr. 1. gr. laganna. Þagnarskylduákvæðið tekur samkvæmt efni sínu einnig til nefndarmanna og varamanna þeirra svo og til þeirra sem nefndin kann að kveðja sér til aðstoðar, hvort heldur starfsmanna nefndarinnar, svo sem ritara, eða sérfræðinga sem leita má til við úrlausn einstakra mála.

Um 22. gr.

Í 22. gr. er að finna ákvæði um meðferð kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál, en eins og fram kemur í 5. mgr. gilda ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga almennt um málsmeðferðina.

Í 1. mgr. er tilskilið að kæra til nefndarinnar skuli vera skrifleg og jafnframt er ákveðinn 30 daga kærufrestur. Þessi frestur er mun styttri en sá þriggja mánaða frestur sem mælt er fyrir um í stjórnsýslulögum. Þykir það sjálfsagt vegna þess að yfirleitt er það hagur þess sem upplýsinga óskar að fá eins skjóta úrlausn og kostur er.

Í 2. mgr. er að finna heimild til handa úrskurðarnefndinni til að veita þeim sem kæran beinist að stuttan frest til þess að láta uppi rökstutt álit sitt á málinu. Nefndinni er því ekki skylt að leita slíks álits, en augljóst er að í ýmsum tilvikum getur verið þörf á því, sérstaklega ef hinni kærðu synjun hefur ekki fylgt rökstuðningur. Nefndinni er á hinn bóginn ekki skylt að bíða eftir því að viðkomandi aðili gefi álit sitt dragist það úr hömlu. Þá er í málsgreininni tekið fram að þeim sem kæra beinist að sé skylt að láta nefndinni í té afrit af þeim gögnum sem kæra lýtur að, enda falli viðkomandi undir gildissvið laganna skv. I. kafla. Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 2. mgr. 16. gr. upplýsingalaga, sbr. 3. gr. laga nr. 83/2000. Enn fremur er í ákvæðinu að finna það nýmæli að nefndin geti mælt svo fyrir í bréfi þar sem

óskað er afrits gagna að gögn sem afhent eru nefndinni í trúnaði verði auðkennd sérstaklega. Slíkt er til þess fallið að tryggja betur en ella öryggi við meðferð gagna hjá nefndinni og þykir ekki íþyngjandi gagnvart þeim sem þarf að afhenda nefndinni gögn, enda getur viðkomandi vart rökstutt afstöðu sína í viðkomandi máli nema að hafa þegar tekið afstöðu til hvers og eins gagns sem beiðni beinist að.

Sama niðurstaða, um skyldu til að láta úrskurðarnefndinni í té afrit gagna, mundi samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar leiða af kærusambandi við nefndina, sbr. 20. gr. frumvarpsins, skyldu nefndarinnar til að upplýsa mál áður en úrskurðað er í því, sbr. rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga, og af eðli máls með tilliti til úrskurðarhlutverks nefndarinnar. Skýlaust ákvæði um þetta efni er hins vegar án vafa til mikils hagræðis við störf nefndarinnar, auk þess sem það tekur af allan vafa um skyldur einkaréttarlegra fyrirtækja og annarra einkaaðila til að verða við réttmætum kröfum nefndarinnar um afhendingu gagna. Í því sambandi verður sérstaklega að hafa í huga að í ákveðnum tilvikum verður að telja réttmætt að nefndin krefjist þess að fá afhent gögn, m.a. í því skyni að móta sér endanlega afstöðu um það hvort aðili falli undir gildissvið upplýsingalaga. Það væri aðeins í þeim tilvikum þegar lögaðili fellur án vafa utan gildissviðs laganna sem honum væri stætt á því að neita að afhenda úrskurðarnefndinni gögn sem hún hefur óskað eftir að fá í hendur.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að meirihluti nefndarinnar ráði niðurstöðu hennar ef nefndin er ekki einhuga í afstöðu sinni. Meginreglan er sú að allir nefndarmenn skuli sitja fund. Forfallist aðalmaður, án þess að ráðrúm gefist til að boða varamann í hans stað, er nefndin engu að síður ályktunarhæf þegar meirihluti nefndarmanna situr fund, sbr. 1. mgr. 34. gr. stjórnsýslulaga. Við þær aðstæður er gert ráð fyrir að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði falla eitt á móti einu.

Í 4. mgr. 22. gr. er mikilvægt nýmæli sem lýtur að úrskurðarhlutverki úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Eins og leiðir af 11. gr. og síðari málslið 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins er stefnt að því að reglan um aukinn aðgang að gögnum fái meira vægi í stjórnsýsluframkvæmd en hún hefur nú. Mikilvægt er hins vegar að afmarka það nánar hvernig eftirliti með framkvæmd reglunnar skuli háttað, þar á meðal með tilliti til þess að málsmeðferð geti áfram verið skilvirk og skjótvirk. Sú regla sem gerð er tillaga um í 4. mgr. felur það í sér að þegar úrskurðarnefndin fær til meðferðar kæru vegna synjunar stjórnvalds á afhendingu gagna þá tekur hún fyrsta kastið afstöðu til þess hvort stjórnvaldinu var skylt að afhenda viðkomandi gögn. Mikilvægt er að úrskurðarnefndin taki skýra afstöðu til þessa álitaefnis svo fljótt sem verða má í hvert sinn. Ef niðurstaðan er sú að það sé ekki skylt samkvæmt beinum ákvæðum upplýsingalaga skal nefndin því næst taka til skoðunar hvort viðkomandi stjórnvald hafi tekið til þess fullnægjandi afstöðu hvort rétt væri engu að síður að beita heimild skv. 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins um aukinn aðgang að gögnum og afhenda viðkomandi gögn. Ef svo er ekki skal vísa málinu heim til nýrrar meðferðar um þann þátt þess. Eftir atvikum kann að vera eðlilegt að afstaða nefndarinnar til beggja atriða komi fram í sama úrskurðinum. Minnt er á í þessu sambandi að hin beina skylda til þess að taka afstöðu í tengslum við regluna um aukinn aðgang að gögnum er aðeins lögð á stjórnvöld í skilningi 1. mgr. 2. gr. samkvæmt frumvarpi þessu.

Af orðalagi málsgreinarinnar leiðir að nefndinni er ekki ætlað að endurskoða eiginlegt mat stjórnvalds um það hvort rétt sé að beita heimildinni skv. 1. mgr. þess ákvæðis. Gera má ráð fyrir að sömu nálgun verði fylgt af hálfu annarra eftirlitsaðila, svo sem umboðsmanns og dómstóla. Með frumvarpi þessu er hins vegar ekki ætlunin að takmarka eftirlit þeirra aðila með neinum hætti. Það ræðst hér eftir sem hingað til af þeim lagareglum sem um starfsemi þeirra gilda.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um birtingu á úrskurðum sem úrskurðarnefnd um upplýsingamál kveður upp. Þar er gert ráð fyrir að birta skuli ákvörðun aðila máls og svo því stjórnvaldi eða öðrum sem kæra beindist að. Í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti má gera ráð fyrir að nefndin kjósi að birta einnig ákvörðun eða gera hana kunnuga þeim þriðju aðilum sem upplýsingar varða, enda þótt þeir teljist ekki til aðila máls í hefðbundnum skilningi.

Í 2. mgr. er kveðið á um réttaráhrif úrskurðar. Meginreglan er sú að um leið og úrskurður hefur verið birtur skal viðkomandi stjórnvald, eða sá sem ber afhendingarskylduna, afhenda umbeðin gögn eða veita aðgang að þeim á annan hátt, þ.e. ef beiðni er tekin til greina. Frá þessu er þó gerð undantekning ef krafist er frestunar á réttaráhrifum úrskurðarins skv. 24. gr.

Í 3. mgr. er lagt til að ef stjórnvald eða annar sem ber að afhenda gögn skirrist við að veita aðgang að upplýsingum samkvæmt endanlegum úrskurði úrskurðarnefndar, þá séu úrskurðirnir aðfararhæfir lögum samkvæmt, svo sem áskilið er í lögum um aðfararheimildir.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. 24. gr. er lagt til að lögbundin verði heimild fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamál til þess að fresta réttaráhrifum úrskurðar þegar nefndin hefur úrskurðað að aðgang skuli veita að upplýsingum. Sá sem úrskurður beinist gegn getur þá gert kröfu þess efnis með það fyrir augum að bera ágreiningsefnið undir dómstóla. Líta ber á þetta heimildarákvæði sem undantekningu sem aðeins verði beitt þegar sérstaklega stendur á. Sambærilegt ákvæði er nú í 18. gr. upplýsingalaga. Þó er lagt til að frestur til að bera fram kröfu um frestun réttaráhrifa lengist úr þremur dögum, eins og nú er kveðið á um, í fimm virka daga. Fresturinn er þá áfram mjög skammur, en gefur samt nauðsynlegt svigrúm fyrir viðeigandi aðila til að taka afstöðu til viðbragða. Brugðið hefur við, til að mynda þegar úrskurðir eru birtir á föstudegi, að stjórnvöld hafi í reynd ekki haft nægan tíma til að bregðast við á grundvelli þessa ákvæðis.

Í 2. mgr. er sett það skilyrði fyrir því að réttaráhrifum úrskurðar verði frestað að mál verði borið undir dómstóla innan sjö daga frá birtingu ákvörðunar um frestun. Loks er áskilið að óskað verði eftir því að málið sæti flýtimeðferð einkamáls samkvæmt lögum um meðferð einkamála. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 18. gr. gildandi laga, sbr. 5. gr. laga nr. 83/2000.

Um 25. gr.

Ákvæði 25. gr. þarfnast ekki sérstakra skýringa. Efni þess er samhljóða ákvæði 19. gr. gildandi upplýsingalaga. Til nánari afmörkunar á skyldum samkvæmt greininni er þó tekið fram að opinber birting úrskurða á vefsíðu teljist fullnægjandi útgáfa.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði sem eru nauðsynleg svo að upplýsingalög geti náð markmiði sínu. Það er óskráð meginregla í stjórnsýslurétti að stjórnvöldum ber að sjá til þess að jafnan liggi fyrir í gögnum þeirra hvaða afgreiðslu erindi sem þeim berast hafi fengið hjá þeim. Frumvarp þetta er byggt á þeirri forsendu að *niðurstaða mála* sem komið hafa til afgreiðslu hjá stjórnvöldum liggi ávallt fyrir hjá þeim samkvæmt þessari meginreglu. Þá er jafnframt ljóst að á stjórnvöldum hvílir a.m.k. einhver skylda til að halda til haga helstu upplýsingum um meðferð mála, svo sem um það hvaða gagna eða upplýsinga hefur verið aflað, hjá hverjum eða með hvaða hætti, og um helstu forsendur sem stjórnvöld ákveða að byggja athafnir sínar á. Því meiri hagsmuni sem á reynir í störfum stjórnvalda því ríkari verður þessi skylda. Þó svo að almennar og útfærðar reglur um þetta hafi ekki verið lögfestar í íslenskum lögum leiðir af skyldu stjórnvalda til að tryggja málefnalega stjórnsýslu, eðlilega meðferð

opinberra hagsmuna og samfellu um störf stjórnsýslunnar að stjórnsýslan verður að tryggja a.m.k. einhverja lágmarksvarðveislu upplýsinga um slík atriði. Hér ber að hafa í huga að víða í lögum eru lagðar þær skyldur á stjórnvöld að tryggja framgang ákveðinna hagsmuna eða borgurunum ákveðin réttindi. Hafi stjórnvöld ekki yfir að ráða gögnum sem sýna fram á hvernig þessum skyldum var fullnægt er sönnunarstaða þeirra iðulega verulega skert, reyni á álitamál um framkvæmd viðkomandi laga fyrir dómstólum. Það er því ekki bara af tilliti til upplýsingaréttar almennings sem varðveisla upplýsinga og skipuleg meðferð þeirra er mikilvæg.

Í gildandi lögum er kveðið á um það, sbr. 22. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, að stjórnvöldum sé skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málsgögn þannig að þau séu aðgengileg. Óhætt er að fullyrða að slík skylda sé mikilvæg forsenda virks upplýsingaréttar samkvæmt upplýsingalögum. Í sömu lagagrein, 2. mgr., er enn fremur kveðið á um að forsætisráðherra sé heimilt, að fengnu áliti þjóðskjalavarðar, að gefa út reglugerð þar sem mælt er fyrir um hvernig skjalastjórn skuli hagað í stjórnsýslu ríkisins, þar með talið hvers konar tölvubúnað skuli nota. Þá er í gildandi lögum kveðið á um þá lágmarksreglu, sbr. 23. gr. upplýsingalaga, að við meðferð mála þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, beri stjórnvaldi að skrá upplýsingar um málsatvik sem því eru veittar munnlega ef þær hafa verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins og er ekki að finna í öðrum gögnum þess. Í þessu frumvarpi er lagt til, sbr. 26. gr., m.a. til að tryggja samræmi við ákvæði laga um þjóðskjalasafn, að reglur um skráningu mála, skjalaskrár og aðra vistun gagna og upplýsinga fari að ákvæðum laga um þjóðskjalasafn. Af því leiðir að breyta þarf lögum um þjóðskjalasafn til að tryggja eðlilega stjórnsýslu um þennan þátt, og þá jafnframt að slíkar skyldur verði eftir atvikum lagðar á þá einkaréttarlegu lögaðila sem verður skylt að afhenda gögn samkvæmt frumvarpinu. Þá er hér einnig lagt til, sbr. 27. gr., að áfram verði kveðið á um lágmarsskyldu stjórnvalda til að skrá upplýsingar, þó með nokkuð nánari útfærslu en er að finna í gildandi lögum. Það ákvæði tekur þó einvörðungu til stjórnvalda og einkaréttarlegra aðila að því leyti sem þeim hefur verið falið vald til töku stjórnvaldsákvarðana.

Um 26. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki sérstakra skýringa. Til að upplýsingarétturinn sé virkur, bæði samkvæmt upplýsingalögum, stjórnsýslulögum og eftir atvikum öðrum réttarreglum um slík réttindi borgaranna, er ákaflega mikilvægt að stjórnvöld, og aðrir sem skylt er að afhenda gögn samkvæmt lögum þessum, haldi vel og skipulega utan um mál og gagnasöfn. Mikilvægt er einnig, til að tryggja samfellu í stjórnsýslunni og hagkvæmni, að gagnavistun og gagnameðhöndlun sé samræmd í stjórnsýslunni eftir því sem kostur er og fært þykir að teknu tilliti til sjónarmiða, svo sem um persónuvernd.

Um 27. gr.

Í 23. gr. gildandi upplýsingalaga er mælt fyrir um skyldu stjórnvalds til þess að skrá upplýsingar um málsatvik. Regla þessi er í eðli sínu málsmeðferðarregla og vísar einkum til þess þegar stjórnvöld afla upplýsinga og rannsaka mál, en það getur oft gerst með óformlegum hætti, í viðtölum og jafnvel símtölum. Við lögfestingu stjórnsýslulaga var á því byggt að stjórnvöldum væri í slíkum tilvikum skylt að rita minnisblað um upplýsingar sem fram kæmu hjá aðila máls og ekki væri að finna í öðrum gögnum þess, að því tilskildu að þær hefðu verulega þýðingu fyrir úrlausn þess (Alþt. 1992, A-deild, bls. 3296). Við setningu upplýs-

ingalaga, nr. 50/1996, var talin ástæða til að árétta þessa reglu, enda hefði hún verulega þýðingu ef tryggja ætti að upplýsingalög hefðu tilætluð áhrif.

Ákvæði 27. gr. frumvarpsins byggist á tilvitnaðri reglu 23. gr. gildandi laga. Þannig segir í 1. mgr. 27. gr. að við meðferð mála þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna beri stjórnvöldum, og öðrum sem lögin taka til, að skrá upplýsingar um málsatvik sem veittar eru munnlega eða viðkomandi fær vitneskju um með öðrum hætti, ef þær hafa þýðingu fyrir úrlausn máls og er ekki að finna í öðrum gögnum þess. Þá segir einnig í málsgreininni að sama eigi við um helstu ákvarðanir um meðferð máls og helstu forsendur ákvarðana, enda komi þær ekki fram í öðrum gögnum málsins.

Af þessu leiðir að ákvæði 1. mgr. 27. gr. gildir eingöngu við meðferð mála þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Ákvæðið tekur því eingöngu til mála þar sem taka á svonefnda *stjórnvaldsákvörðun*, en á t.d. ekki við um þjónustu eins og umönnun sjúkra, fatlaðra og aldraðra, kennslu og fræðslustarfsemi, svo nokkur dæmi séu nefnd. Þetta er mikilvægt atriði, enda verður að telja ómögulegt að lögbinda svo ríka skráningarskyldu á stjórnvöld að þau þurfi hvert sinn að skrá niður helstu upplýsingar um dagleg störf hvers almenns starfsmanns. Ákvæði 2. mgr. 27. gr., um skyldu til að gæta þess að öðru leyti að mikilvægum upplýsingum sé haldið til haga, svo sem með skráningu fundargerða eftir því sem við á, hefur hins vegar víðara gildissvið en svo að það taki aðeins til stjórnsýslumála. Undir það ákvæði geta einnig fallið meiriháttar stefnumótandi ákvarðanir, tillögur eða aðrar athafnir þar sem reynir á umtalsverða hagsmuni. Hér undir falla fyrst og fremst þær ákvarðanir og hagsmunir sem um er fjallað í æðstu stigum stjórnkerfisins.

Ákvæði 1. mgr. 27. gr. tekur til *munnlegra upplýsinga* um málsatvik sem hafa verulega þýðingu fyrir úrlausn máls. Ekki skiptir máli í því sambandi hvernig upplýsingar berast stjórnvaldi. Ákvæðið getur einnig tekið til annars konar upplýsinga en einvörðungu munnlegra, svo sem upplýsinga sem fram koma í gagnagrunnum, skrám, fjölmiðlum eða þess háttar, þótt almennt verði að ætla að slíkum upplýsingum haldi stjórnvald til haga með því að vista í málaskrárkerfum sínum þau gögn sem um ræðir í stað þess að skrá upplýsingarnar sérstaklega. Á það gæti þó reynt í ákveðnum tilvikum og því er talið rétt að setja regluna fram með þessum hætti. Þá nær ákvæðið til upplýsinga *um málsatvik*, sem er í samræmi við ákvæði 23. gr. gildandi laga. Leggja ber áherslu á þennan þátt skráningarskyldunnar. Hins vegar getur ákvæðið einnig tekið til upplýsinga um helstu ákvarðana um málsmeðferð, svo sem um það hvort stjórnvald hefur farið í vettvangsferð eða ráðist í aðrar rannsóknaraðgerðir og um helstu forsendur að baki ákvörðunum. Vegna krafna til málefnalegrar stjórnsýslu er ákaflega mikilvægt að stjórnvöld gæti þess að þau sjónarmið sem ákvarðanir þeirra byggðust á séu fyrir hendi í aðgengilegu formi, m.a. til skoðunar við úrlausn sambærilegra mála síðar meir. Áréttað skal að hér er þó aðeins um að ræða skyldu til að skrá upplýsingar um málsatvik sem hafa *verulega þýðingu* fyrir úrlausn máls, *helstu ákvarðanir* um málsmeðferð og *helstu forsendur* ákvarðana, enda komi þær upplýsingar ekki fram í öðrum gögnum máls.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. um skyldu stjórnvalda til að gæta þess að mikilvægum upplýsingum sé að öðru leyti haldið til haga, t.d. með skráningu fundargerða eftir því sem við á, felur aðeins í sér áréttingu á ólögfestri skyldu stjórnvalda til að tryggja eðlilega meðferð opinberra hagsmuna. Eftir atvikum má gera ráð fyrir að þessi skylda hljóti nánari útfærslu í öðrum lögum, svo sem lögum um Stjórnarráð Íslands. Eins og orðalag ákvæðisins ber með sér tekur þessi skylda einnig til þeirra lögaðila sem falla undir gildissvið laganna skv. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins, þ.e. lögaðila sem hið opinbera á að 75% hluta eða meira, og til lögaðila sem með lögum eða á grundvelli lagaheimildar hefur verið falið verkefni á sviði stjórnsýslu, sbr.

3. gr. laganna. Skráningarskylda tekur þá eðli máls samkvæmt aðeins til upplýsinga sem til verða og lúta að framkvæmd viðkomandi verkefnis.

Almennt verður að telja mikilvægt að upplýsingar þær sem 27. gr. tekur til séu skráðar eins fljótt og unnt er svo að skráning upplýsinganna verði bæði nákvæm og rétt. Þá ber enn fremur að hafa í huga það sjónarmið að oft er ekki fyrirséð á þeim tíma þegar upplýsingar koma fram hvort þær muni hafa þýðingu fyrir viðkomandi mál. Það sjónarmið ætti oftar að leiða til þess að meira sé skráð en minna, enda sé þá ekki gengið svo langt í kröfum um þetta efni að það standi nauðsynlegri skilvirkni stjórnsýslunnar fyrir þrifum.

Rétt er að taka fram að í 27. gr. er ekki tekin afstaða til þess hvort upplýsingarnar sem um ræðir skuli skráðar á sérstakt skjal. Rétt er þó að hafa í huga að séu slíkar upplýsingar aðeins skráðar í vinnuskjöl sem viðkomandi aðili hefur ritað til eigin afnota ber engu að síður að veita aðgang að þeim ef upplýsingar er ekki að finna í öðrum gögnum málsins, sbr. 3. tölul. 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla frumvarpsins er fjallað um endurnot opinberra upplýsinga. Kaflinn er samhljóða VIII. kafla gildandi upplýsingalaga, nr. 50/1996, sbr. breytingu sem á þeim var gerð með lögum nr. 161/2006. Eins og rakið er í ítarlegum athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem síðan varð að lögum nr. 161/2006 var það tilgangur þess frumvarps að auka möguleika fyrirtækja og einkaaðila á að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera og gera þeim kleift að hagnýta möguleika þeirra til að stuðla að hagvexti og atvinnusköpun. Einnig að fullnægja skyldum íslenska ríkisins samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005 frá 8. júlí 2005, um að fella tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera inn í IX. viðauka við EES-samninginn. Ákvæði laga nr. 161/2006, sbr. nú VIII. kafla upplýsingalaga, ganga þó að hluta til lengra en tilskipun ESB með víðtækari stefnumótun um endurnot opinberra upplýsinga sem m.a. felur í sér þrengri gjaldtökuheimildir af upplýsingum úr opinberum skrám. Einnig er kveðið á um að ríkið taki ekki gjald af höfundarétti sínum af þessum upplýsingum. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi sem varð að lögum nr. 161/2006 kemur fram að þetta sé gert til þess að reyna að auka enn frekar endurnot opinberra upplýsinga.

Sú stefnumörkun stjórnvalda og áðurnefnd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/98/EB sem búa að baki ákvæðum þessa kafla frumvarpsins byggjast á þeirri forsendu að miklir möguleikar geti verið fólgnir í að skapa ný verðmæti úr upplýsingum sem eru í vörslum stjórnvalda, t.d. með því að tengja þær við aðrar upplýsingar og búa þannig til nýjar afurðir. Markmið er því að tryggja samræmdar lágmarksreglur um heimil endurnot þeirra opinberu upplýsinga sem almenningur á rétt til aðgangs að. Hins vegar ber að leggja áherslu á að umrædd tilskipun skapar ekki sjálf neinn rétt til aðgangs að opinberum upplýsingum. Það er áfram komið undir hverju ríki um sig hvaða reglur það setur um rétt til aðgangs að upplýsingum. Þar sem aðgangur að opinberum upplýsingum er á annað borð heimill á að vera hægt að endurnota þær í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar með þeim undantekningum sem þar er mælt fyrir um.

Hornsteinn tilskipunarinnar er að jafnrétti eigi að ríkja við endurnot opinberra upplýsinga, sbr. 10. og 11. gr. tilskipunarinnar. Þannig á að afgreiða sambærilegar umsóknir um endurnot opinberra upplýsinga á sambærilegan hátt. Þessi skylda hvílir nú þegar á íslenskum stjórnvöldum vegna ákvæða jafnræðisreglna 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og 65. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 11. gr. tilskipunarinnar eru sérleyfissamningar um endurnot opinberra upplýsinga sem öllum eru aðgengilegar að meginstefnu til bannaðir.

Að því leyti sem endurnot opinberra upplýsinga eru háð leyfi stjórnvalda ber þeim að afgreiða umsóknir um þau innan 20 virkra daga, sbr. 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Stjórnvöld skulu veita aðgang að upplýsingum þar sem því verður við komið á því formi eða með því sniði og á þeim tungumálum sem þær eru varðveittar á nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi. Þegar upplýsingar eru varðveittar á rafrænu formi skal aðili geta valið á milli þess að fá aðgang að þeim á því formi eða prentaðar á pappír. Stjórnvöld skulu birta á heimasíðum sínum lista yfir þær skrár sem hafa að geyma upplýsingar í þeirra vörslum sem heimilt er að endurnota, svo og upplýsingar um þau skilyrði sem endurnotin eru bundin. Þá dregur tilskipunin því ákveðin mörk hversu há gjöld er heimilt að taka fyrir að veita aðgang að opinberum upplýsingum í þágu endurnotkunar þeirra, sbr. 6. gr. hennar.

Endurnot opinberra upplýsinga eru þó ekki leyfileg með hvaða hætti sem er. Ekki má endurnota þær þannig að það fari í bága við önnur lög eða réttindi þriðja manns. Í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar (EB) nr. 2003/98 er sérstaklega áréttað að slík endurnot megi ekki brjóta í bága við tilskipun nr. 95/46/EB, sbr. lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Öll vinnsla persónuupplýsinga við endurnot opinberra upplýsinga verður því í hvívetna að uppfylla ákvæði laga nr. 77/2000. Þá er í 5. mgr. 1. gr. tilskipunar (EB) nr. 2003/98 tekið af skarið um að endurnot opinberra upplýsinga megi ekki brjóta á bága við alþjóðlega samninga um vernd hugverkaréttar.

Vakin er athygli á því að sérlög um verkefni ákveðinna stofnana veita nú í afmörkuðum tilvikum rýmri heimildir til gjaldtöku fyrir upplýsingar úr opinberum skrám en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Eftirspurn eftir opinberum upplýsingum til endurnotkunar hefur alltaf verið nokkur og fer vaxandi. Eftir því sem hún eykst hefur þörf á samræmdum reglum um verðlagningu fyrir slíka notkun aukist. Í Bandaríkjunum var strax mörkuð sú stefna að hið opinbera skyldi eftirláta einkaaðilum á markaði allan þann virðisauka sem hægt væri að hafa af endurnotkun þeirra upplýsinga sem hið opinbera aflaði af öðrum ástæðum. Í Evrópu hefur á hinn bóginn ekki verið mörkuð um þetta almenn stefna fyrr en með tilskipun (EB) nr. 2003/98, jafnvel þótt sums staðar hafi aðgangur að opinberum upplýsingum almennt verið veittur á kostnaðargrundvelli án tillits til þess í hvaða skyni upplýsingarnar væru ætlaðar. Í 6. gr. tilskipunarinnar er því slegið föstu að gjöld fyrir endurnotkun opinberra upplýsinga megi að hámarki nema endurheimtu kostnaðar við söfnun, framleiðslu, afritun eða dreifingu auk hóflegra afskrifta.

Sú stefnumörkun sem fram kemur í þessu frumvarpi, sbr. áður þá stefnumörkun sem birtist í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 161/2006, leggur áherslu á hóflega verðlagningu á opinberum upplýsingum og gengur þannig að hluta til lengra en 6. gr. tilskipunarinnar. Telji stjórnvald gjaldtöku nauðsynlega má gjaldið að hámarki nema kostnaðinum við að framreiða, afrita eða dreifa upplýsingunum auk hóflegra afskrifta. Almennt skal því ekki taka gjald fyrir söfnun eða framleiðslu gagna sem safnað er í opinberum tilgangi af stjórnvöldum. Þá leiðir einnig af þessari stefnumörkun að hið opinbera taki almennt ekki sérstaka þóknun fyrir endurnot á upplýsingum sem hið opinbera kann að eiga ýmist höfundarétt að eða rétt skv. 50. gr. höfundalaga. Þetta á við um gögn sem einvörðungu eru háð réttindum ríkis eða sveitarfélaga samkvæmt höfundalögum. Eigi þriðji maður jafnframt réttindi yfir gögnunum samkvæmt höfundalögum falla gögnin utan við gildissvið VII. kafla frumvarpsins.

Ákvæði VII. kafla þessa frumvarps eru í öllu samhljóða ákvæðum VIII. kafla gildandi upplýsingalaga, að gættum viðeigandi breytingum á tilvísunum, m.a. í númer greina.

Um 28. gr.

Í 28. gr. frumvarpsins er fjallað um markmið og gildissvið VII. kafla. Í 2. mgr. 28. gr. er sett fram skilgreining á endurnotum opinberra upplýsinga og er þar m.a. byggt á 4. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Í 3. mgr. 28. gr. er tekið af skarið um að ákvæði kaflans gildi um endurnot á fyrirliggjandi upplýsingum sem séu í vörslum stjórnvalda og almenningur á rétt til aðgangs að á grundvelli 5. gr. frumvarpsins eða annarra ákvæða sem veita almenningi slíkan rétt. Í samræmi við 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar gilda því ákvæði kaflans ekki um upplýsingar sem eru einvörðungu aðgengilegar aðila máls, t.d. skv. 14. gr. frumvarps þessa eða 15. gr. stjórnsýslulaga en ekki almenningi. Þá gilda ákvæði kaflans einungis um endurnot upplýsinganna en mæla ekki á neinn hátt fyrir um rétt til aðgangs að opinberum upplýsingum.

Ákvæði VII. kafla skylda ekki stjórnvöld til þess að safna upplýsingum sem ekki eru þegar fyrirliggjandi í vörslum þeirra. Í 4. mgr. 28. gr. kemur fram undantekning frá gildissviði kaflans þar sem ákvæði hans gilda ekki um upplýsingar sem teknar eru saman af stjórnvöldum í viðskiptalegum tilgangi, sbr. c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Þá gildir kaflinn heldur ekki um endurnot á gögnum og skrám sem þriðji maður á lögvarin réttindi yfir samkvæmt höfundalögum, sbr. 5. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Á hinn bóginn gilda ákvæði kaflans um gögn og upplýsingar sem ríki, sveitarfélög eða stofnanir þeirra eiga ein réttindi yfir samkvæmt höfundalögum. Með afmörkun á því hvaða aðilar teljist til ríkis og sveitarfélaga í þessu ákvæði má vísa til þeirra stjórnvalda sem falla undir 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Hugtakið stjórnvald í þessari merkingu tekur því ekki til Alþingis og dómstóla eða stofnana sem starfa á þeirra vegum. Til viðbótar er það skilyrði síðan sett að það stjórnvald sem fer með fyrirsvar réttindanna af hálfu hins opinbera falli ekki undir ákvæði 3. mgr. 29. gr.

Um 29. gr.

Í 29. gr. er fjallað um skilgreiningu á stjórnvöldum sem falla undir ákvæði kaflans. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar hefur hún annað gildissvið en I. kafli frumvarpsins gerir að öðru leyti ráð fyrir. Afmörkun tilskipunarinnar byggist á skilgreiningu sem fram kemur í tilskipunum Evrópusambandsins um opinber innkaup, sbr. 10. tölul. formálsorða tilskipunar (EB) nr. 2003/98, um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera. Afmörkun á gildissviði kaflans hefur því verið útfærð með sama hætti og gert er í 3. gr. laga nr. 84/2007, um opinber innkaup.

Í 3. mgr. 29. gr. er lagt til að einnig verði teknar í lög undantekningar á gildissviði kaflans sem eiga sér stoð í 1. gr. tilskipunar (EB) nr. 2003/98. Þannig er svo fyrir mælt í 1. tölul. 3. mgr. 29. gr. að Ríkisútvarpið falli ekki undir ákvæði kaflans og er það í samræmi við d-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Í 2. tölul. 3. mgr. 29. gr. frumvarpsins er mælt svo fyrir að skólar og rannsóknastofnanir falli ekki undir ákvæði kaflans en það byggist á e-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Þannig falla t.d. Háskóli Íslands og stofnanir hans, svo og aðrir ríkisháskólar, ekki undir ákvæði kaflans. Framhaldsskólar, grunnskólar og Námsgagnastofnun falla heldur ekki undir ákvæði kaflans. Sem dæmi um rannsóknastofnanir sem ekki falla undir lögin má nefna rannsóknastofnanir á vegum háskóla, svo sem Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Undir gildissvið kaflans falla heldur ekki ýmsar rannsóknastofnanir atvinnuveganna, svo sem Veiðimálastofnun, Hafrannsóknastofnun, Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir. Loks er svo mælt fyrir í 3. tölul. 3. mgr. 29. gr. að menningarstofnanir falli ekki undir ákvæði kaflans. Það er í samræmi við f-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar en samkvæmt því ákvæði falla þar t.d. undir opinber söfn, bókasöfn, skjalasöfn, hljómsveitir, óperur og leikhús. Sem dæmi um stofnanir sem ekki falla undir ákvæði kaflans má nefna: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Íslenska málstöð, Örnefnastofnun Íslands, Þjóð-

minjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Blindrabókasafn Íslands, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Þjóðleikhúsið. Sem dæmi um stofnanir sem hins vegar verða taldar falla undir ákvæði kaflans þrátt fyrir að þær sinni ákveðnum rannsóknum eru Landmælingar Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofa Íslands. Í 4. mgr. 29. gr. er loks kveðið á um að hlutaðeigandi ráðherra geti mælt svo fyrir, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr., að ákveðnar stofnanir, sem undantekningarákvæðið tekur til, falli engu síður undir ákvæði þessa kafla, hvort sem það er um ákveðin gagnasöfn eða að öllu leyti.

Um 30. gr.

Í 30. gr. eru settir fram almennir skilmálar fyrir endurnotum opinberra upplýsinga. Í ákvæðinu koma fram almennir skilmálar fyrir endurnotum á upplýsingum sem er að finna í einstökum málum sem almenningur á aðgang að skv. 5. gr. frumvarpsins eða öðrum lagaákvæðum. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að settir verði sérstakir skilmálar þar um. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því að hægt sé að setja sérstaka skilmála um endurnot upplýsinga sem fengnar eru úr opinberum skrám en ákvæði 31. gr. gilda um það.

Í 1. tölul. 30. gr. er í raun áréttaður gildandi réttur en þar er að finna þau ákvæði og réttindi annarra sem geta staðið í vegi fyrir endurnotum á opinberum upplýsingum. Í 2. tölul. 30. gr. er lögð sú skylda á þann sem endurnotar opinberar upplýsingar að geta ávallt um uppruna upplýsinganna. Reynist upplýsingar rangar getur það skipt máli að geta rakið sig að uppruna þeirra og fengið þær leiðréttar. Í 3. tölul. 30. gr. er síðan mælt fyrir um að skýrt skuli koma fram hver beri ábyrgð á vinnslu þeirra opinberu upplýsinga sem endurnotaðar eru þegar þær eru gerðar öðrum aðgengilegar. Sá sem ábyrgð ber á vinnslu upplýsinganna ber að lögum bóta- og refsiábyrgð svo og aðra ábyrgð á vinnslu og miðlun upplýsinganna.

Um 31. gr.

Í 31. gr. er fjallað um endurnot upplýsinga úr opinberum skrám. Taka ber skýrt fram að hvorki ákvæði 31. gr. né önnur ákvæði VIII. kafla veita sjálfstæðan rétt til aðgangs að opinberum skrám. Sé á hinn bóginn veittur aðgangur að upplýsingum úr skrám á grundvelli 11. gr. upplýsingalaga eða á grundvelli annarra lagaheimilda, sem veita almenningi aðgang að slíkum upplýsingum, taka ákvæði 31. gr. á því hvernig endurnota má þær upplýsingar og að hvaða skilyrðum uppfylltum.

Með skrá er átt við skipulagsbundið safn upplýsinga. Afmörkun skilgreiningarinnar fellur að skilgreiningu á hugtakinu skrá í 3. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 að öðru leyti en því að ekki er áskilið að í skránni sé fjallað um persónuupplýsingar. Í 1. mgr. 31. gr. er stjórnvöldum gert heimilt að áskilja að endurnot upplýsinga séu leyfisskyld og uppfylli sérstök skilyrði, svo sem um gæði upplýsinga, uppfærslu þeirra o.fl., sbr. 8. gr. tilskipunarinnar. Í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar er síðan mælt svo fyrir að gæta skuli samræmis og jafnréttis við útfærslu slíkra skilyrða og mega þau ekki takmarka óhóflega möguleika á endurnotum upplýsinganna eða samkeppni. Í samræmi við 9. gr. tilskipunarinnar er mælt svo fyrir að stjórnvöld skuli birta á heimasíðu sinni lista yfir þær skrár sem hafa að geyma upplýsingar í þeirra vörslum sem heimilt er að endurnota, svo og skilyrði sem slík endurnot eru bundin. Í 3. mgr. 31. gr. er mælt svo fyrir að umsókn um leyfi fyrir endurnotum á upplýsingum úr opinberum skrám skuli beint til þess stjórnvalds sem lögum samkvæmt ber ábyrgð á færslu og vinnslu upplýsinganna í hlutaðeigandi skrá. Þannig ber ekki að beina slíku erindi að vinnsluaðila sem t.d. hýsir upplýsingar fyrir stjórnvöld í skilningi 13. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, heldur ábyrgðaraðila. Í 4. mgr. 31. gr. segir að stjórnvald

skuli afgreiða umsókn um leyfi til endurnota á upplýsingum úr opinberum skrám svo fljótt sem verða má. Hafi beiðni ekki verið afgreidd innan 20 daga frá því að umsókn barst skal skýra frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Þar sem almennt getur tekið mun lengri tíma að ákveða skilmála fyrir endurnotum á opinberum upplýsingum en að veita aðgang að þeim er frestur þessi lengri en í 17. gr. frumvarpsins og samræmist 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Þegar upplýsingar sem óskað er eftir að endurnota eru háðar rétti þriðja aðila samkvæmt höfundalögum falla þær utan við gildissvið ákvæða þessa kafla. Þegar svo stendur á ber stjórnvöldum ekki aðeins að synja beiðni um að veita leyfi til að endurnota upplýsingarnar heldur ber að tilgreina nafn rétthafa eða umboðsmanns hans. Þegar stjórnvöld veita aðgang að upplýsingum úr opinberum skrám skv. 11. gr. frumvarpsins eða ákvæðum sérlaga er þeim heimilt að taka gjald skv. 6. mgr. 31. gr. á grundvelli þeirra heimilda sem 18. gr. frumvarpsins mælir fyrir um. Sá munur er þó á að stjórnvald verður fyrst að setja sér gjaldskrá á grundvelli þeirra sjónarmiða sem 18. gr. er byggð á og birta hana lögum samkvæmt auk þess sem skylt er að hafa hana aðgengilega á heimasíðu stjórnvaldsins. Ákvæði 6. mgr. 31. gr. haggar ekki við öðrum ákvæðum í lögum sem heimila víðtækari gjaldtöku fyrir að veita aðgang að upplýsingum eða gögnum hjá stjórnvöldum. Ekki þarf að greiða fyrir endurnot á upplýsingum sem falla undir ákvæði þessa kafla og eru háðar höfundarétti hins opinbera umfram það sem segir í 6. mgr., nema önnur lög mæli svo sérstaklega fyrir. Loks er í 31. gr. mælt svo fyrir að ef stjórnvöld gera upplýsingar aðgengilegar almenningi á netinu, sem þriðji maður á lögvarin réttindi yfir samkvæmt höfundalögum, skuli tilgreina nafn rétthafa svo ekki valdi vafa að upplýsingarnar falla ekki undir ákvæði VIII. kafla laganna og að semja þurfi því við rétthafa um endurnot upplýsinga.

Um 32. gr.

Í 32. gr. er mælt svo fyrir að stjórnvöld megi ekki gera samninga um sérleyfi um endurnot opinberra upplýsinga sem ákvæði þessa kafla taka til, sbr. þó 2. mgr. 32. gr. Ákvæði 1. mgr. 32. gr. er í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar. Í samræmi við 11. gr. tilskipunarinnar er mælt svo fyrir í 2. mgr. 32. gr. að ef ætla má að opinberar upplýsingar verði ekki endurnotaðar í þágu almannahagsmuna nema á grundvelli sérleyfis sé heimilt að gera slíkan samning enda komi fram í honum rökstuðningur fyrir því. Endurmeta ber rök fyrir slíkum sérleyfissamningum reglubundið og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Ef í ljós kemur að þremur árum liðnum að fleiri en einn aðili hafa nú áhuga á að endurnota upplýsingar á viðkomandi markaði eru ekki lengur skilyrði til þess að gera slíkan sérleyfissamning.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla er mælt fyrir um nýmæli sem hefur það að markmiði að veita stjórnvöldum heimild til að veita aukinn aðgang að gögnum sem þau hafa undir höndum og að öðrum kosti væru lokuð almenningi og almennt háð þagnarskyldu. Er heimildin afmörkuð við umsóknir frá fræði- og vísindamönnum eða sambærilegar rannsóknir. Mikilvægt er að þessi heimild verði framkvæmd þannig að það raski ekki friðhelgi einkalífs eða öðrum hagsmunum sem ákvæðum II. og III. kafla frumvarpsins er ætlað að vernda. Aðalfyrirmynd ákvæða kaflans eru ákvæði 7. og 8. kafla danskra laga sem kallast „arkivloven“. Tillagan byggist enn fremur á vinnu nefndar sem unnið hefur að heildarendurskoðun laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

Minnt skal á að í 36. gr. frumvarpsins eru lagðar til ákveðnar breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands í þeim tilgangi að þessi tvenn lög myndi samfellu um reglur um rétt almennings til aðgangs að gögnum. Nái frumvarp til nýrra heildarlaga Þjóðskjalasafn Íslands fram að ganga með þeim breytingum sem þar eru lagðar til verður það ákvæði óþarft. Um-

rædd 36. gr. þessa frumvarps inniheldur hins vegar ekki tillögu um að regla af því tagi sem lögð er til í 33. gr. þessa frumvarps verði sett í lög um Þjóðskjalasafn Íslands en slík ákvæði er engu að síður að finna í frumvarpi til nýrra laga um þá stofnun. Í þessu frumvarpi hefur verið leitast við að halda tillögum um breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands í lágmarki og binda þær við þau ákvæði sem telja verður nauðsynleg.

Um 33. gr.

Hver sem er getur óskað eftir aðgangi að skjölum á grundvelli ákvæðisins. Þar með er hins vegar ekki sagt að hægt sé að verða við óskum allra. Ákvæði kaflans fela í sér undantekningarákvæði frá bannreglum II. og III. kafla sem heimilt er að beita ef hægt er að veita aðgang að skjölum án þess að raska þeim hagsmunum sem ákvæðum fyrrnefndra kafla er ætlað að vernda. Í reynd má líta á þessa heimild sem ákveðna útfærslu reglunnar um aukinn aðgang að gögnum, en hún gengur þó lengra að því leyti að samkvæmt henni er hægt að veita aðgang að gögnum sem háð eru þagnarskyldu, en þá að því tilskildu að öryggi upplýsinganna sé tryggt. Það mundi stjórnvald eftir atvikum gera með því að setja skilyrði um notkun þeirra. Gera má ráð fyrir að heimildin nýtist fyrst og fremst við fræðirannsóknir.

Í 1. mgr. er áskilið að í umsókn skuli tilgreina tilgang þess að óskað er eftir aðgangi að gögnum. Á grundvelli hennar fer fram mat á því hvort fært er að verða við óskinni án þess að gengið sé gegn mikilvægum hagsmunum sem ákvæðum II. og III. kafla laganna er ætlað að tryggja. Ef fyrirsjáanlegt er að notkun gagns mundi stefna slíkum hagsmunum í voða er óheimilt að verða við beiðni. Það er einnig mikilvægt í þessu sambandi að áskilið er að samþykki Persónuverndar sé aflað ef skjal hefur að geyma persónugreinanlegar upplýsingar sem falla undir gildissvið laga nr. 77/2000, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Um 34. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er þeim sem fær aðgang að gagni skv. 33. gr. óheimilt að birta það, afhenda eða nota upplýsingar, sem hann hefur þannig fengið aðgang að, á annan hátt en mælt er fyrir um í leyfi stjórnvalds, að viðlagðri refsingu. Brot framið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi varðar sektum eða fangelsi allt að þremur árum skv. 2. mgr., en slík brot geta einnig bakað manni bótaskyldu skv. 3. mgr. Er í því sambandi gengið út frá að bótaskylda geti grundvallast á einföldu gáleysi.

Telja verður að þessi ákvæði séu nauðsynlegt til þess að ákvæði II. og III. kafla nái þeim markmiðum sínum að tryggja vernd einkalífs og annarra mikilvægra hagsmuna. Refsimörk skv. 2. mgr. ákvæðisins er í samræmi við 229. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en ákvæði 3. mgr. um bótaskyldu í samræmi við lokamálsgrein 18. gr. gildandi laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla frumvarpsins er mælt fyrir um gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, svo og um breytingar á öðrum lögum. Þar er annars vegar um að ræða tillögu um breytingu á 15. gr. stjórnsýslulaga, um rétt aðila máls til aðgangs að gögnum í stjórnsýslumáli. Er sú breyting lögð til svo samræmis verði gætt milli ákvæða upplýsingalaga og stjórnsýslulaga um réttinn til að fá gögn afhent, svo og um gjaldtöku vegna slíks aðgangs. Hins vegar eru lagðar til breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, í þeim tilgangi að þau lög og upplýsingalög myndi heildstætt kerfi um rétt almennings til aðgangs að gögnum. Áréttað er, eins og fram kom í umfjöllun um VIII. kafla frumvarpsins, að þær tillögur sem hér eru gerðar um breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands fela í sér þær lágmarksbreytingar á lögunum

sem nauðsynlegar eru svo þessi tvö lög geti myndað heildstætt kerfi um rétt almennings til aðgangs að gögnum. Nefnd á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur unnið að heildarendurskoðun laganna um Þjóðskjalasafn Íslands. Nái þær tillögur fram að ganga ætti ákvæði 2. tölul. 36. gr. frumvarps þessa að vera óþarft.

Um 35. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Ákvæði 2. mgr. kveður á um að lögin gildi um öll gögn og upplýsingar sem falla undir lögin, án tillits til þess hvenær gögnin og upplýsingarnar urðu til eða hafa borist þeim er skylt er að veita aðgang að þeim. Hér er um að ræða sambærilega afmörkun á gildistöku, og gildissviði og fram kemur í gildandi upplýsingalögum.

Vegna gagnrýni, sem fram kom á frumvarpið eins og það var þegar starfshópurinn skilaði því til ráðuneytisins, er hér bætt við ákvæði í 3. mgr. varðandi lögaðila sem falla munu undir lögin, sbr. 2. og 3. mgr. 2. gr. og 3. gr. frumvarpsins, að lögin munu eingöngu gilda um þau gögn og upplýsingar sem verða til eftir gildistöku laganna. Með því móti gefst þessum aðilum svigrúm til að laga vinnulag að kröfum upplýsingalaga.Þá er ekki heldur hætta á að samningar sem fyrirtækin hafa gert þar sem trúnaður er áskilinn verði opinberaðir en slíkt gæti haft í för með sér verulega röskun á hagsmunum þeirra. Undantekning er þó gerð varðandi lögaðila sem fara með stjórnsýsluvald enda hafa þeir fallið undir gildissvið upplýsingalaga frá upphafi.

Um 36. gr.

Í 1. tölul. greinarinnar er mælt fyrir um nýja framsetningu á 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sem fjallar um rétt aðila stjórnsýslumáls til aðgangs að gögnum máls. Tilgangur ákvæðisins er sá að setja nánari fyrirmæli um rétt aðila máls til að fá afrit þeirra gagna sem hann óskar. Ekki er eðlilegt að réttur samkvæmt stjórnsýslulögum sé að þessu leyti lakari en sá réttur sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum. Einnig er í greininni mælt nánar fyrir um gjaldtöku en gert er í gildandi lögum, og er hér einnig tryggt samræmi við ákvæði þessa frumvarps. Að öðru leyti felst ekki breyting í tillögunni.

Í 2. tölul. er mælt fyrir um breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985, með síðari breytingum.

Í *a-lið* er lögð til víkkun á því hvaða aðilar eru skilaskyldir á gögnum til Þjóðskjalasafns. Í frumvarpi þessu er upplýsingaréttur almennings víkkaður að því leyti að hann er einnig látinn taka til gagna sem fyrir liggja hjá lögaðilum sem að 75% hluta eða meira eru beint eða óbeint í eigu ríkis eða sveitarfélaga, og einnig til upplýsinga sem fyrir liggja hjá einkaréttarlegum aðilum vegna starfa sem stjórnvöld fela þeim að sinna. Þar sem frumvarp þetta gerir einnig ráð fyrir því að reglur upplýsingalaga gildi um rétt til aðgangs að gögnum fyrstu 30 árin eftir að þau verða til, en síðan taki við reglur um upplýsingarétt í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, þá er einnig rétt að þessir aðilar verði skilaskyldir gagnvart safninu þannig að samræmis gæti um meðferð viðkomandi gagna.

Í *b-lið* er að finna afar mikilvæga reglu, sem nú er að finna í 22. gr. upplýsingalaga. Það er grundvallarþáttur í upplýsingaréttinum að málsgögn sem hægt er að óska aðgangs að séu vistuð með skipulegum hætti. Hér er enn fremur mælt fyrir um það nýmæli að Þjóðskjalasafn Íslands skuli setja reglur um skjalavörslu og skjalaskráningu.

Í ákvæðum *c–i-liðar* töluliðarins er að finna fyrirmæli um þær reglur sem munu gilda um rétt til aðgangs að gögnum eftir að því 30 ára tímabili er lokið sem kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr. frumvarps þessa, sbr. einnig ákvæði 2. mgr. 16. gr. Rétt er að taka fram að þó að gögn-

um sé skilað fyrir 30 ára tímamarkið, þá ber að afgreiða beiðni um aðgang að gögnum eftir ákvæðum upplýsingalaga, eða öðrum viðeigandi lögum um upplýsingarétt, þó svo að hinn bæri aðili sé sá sem gögnin hefur undir höndum. Ákvæði umræddra ákvæða veita rýmri rétt til aðgangs að gögnum en upplýsingalög og lög um upplýsingarétt um umhverfismál, þar sem takmarkanir skv. 6. gr. frumvarps þessa og 2. og 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um upplýsingarétt um umhverfismál gilda ekki um aðgang að skjölum hjá Þjóðskjalasafni Íslands. Almennt eru upplýsingar þess eðlis að hagsmunir að baki vernd þeirra minnka með tímanum en þá kann á móti að vaxa áhugi fræðimanna á þeim málum sem til meðferðar hafa verið og varpað geta ljósi á söguna.

Fyrir utan matskenndar takmarkanir má segja að í meginatriðum verði það fjögur tímamörk sem máli skipti. Meirihluti skjala, sem takmarkaður hefur verið aðgangur að verður aðgengilegur að liðnum 30 árum frá tilurð þeirra, sbr. það tímamark sem kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins, þ.e. frá því að þau yrðu til. Miðað er við síðustu innfærslu eða síðasta bréf afgreidds máls. Aðgangur að gögnum sem varða virka almannahagsmuni getur þó verið háður takmörkunum í 60 ár frá tilurð þeirra, sbr. f-lið (9. gr. c). Aðgangur að gögnum um einkamálefni einstaklinga er háður takmörkunum í 80 ár, en undantekning er þó gerð með sjúkraskrár en aðgangur að þeim opnast þegar liðin eru 100 ár frá síðustu færslu í skrárnar. Aðgangur að skjölum sem hafa að geyma upplýsingar um atvinnu-, framleiðslu- eða viðskiptaleyndamál er takmarkaður meðan upplýsingarnar teljast varða virka og mikilvæga hagsmuni.

Í *c-lið* er kveðið á um meginregluna um upplýsingarétt almennings, sem þá gildir að liðnu áðurnefndu 30 ára tímamarki. Sömu sjónarmið eiga hér við og um beitingu 5. gr. frumvarps þessa. Frá meginreglunni eru síðan gerðar undantekningar í *liðum d, e, f* og *g* (9. gr. a – 9. gr. d). Í 2. mgr. er lögfest regla um aðgang að hluta gagns og er ákvæðið sambærilegt 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 1. mgr. *d-liðar* (9. gr. a) tengist náið 9. gr. frumvarps þessa og 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um upplýsingarétt um umhverfismál, en samkvæmt þessum ákvæðum er óheimilt að veita aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Í 1. mgr. kemur fram meginreglan um það hvenær þessum takmörkunum og öðrum sambærilegum lýkur. Meginreglan er sú að það gerist þegar liðin eru 80 ár frá því að skjölin urðu til og er sú tímaviðmiðun í samræmi við það sem nú er kveðið á um í 8. gr. upplýsingalaga og almenna framkvæmd sem tíðkaðist hjá Þjóðskjalasafni Íslands fyrir setningu þeirra laga. Ekki þykir réttlætanlegt að stytta þann frest í ljósi 71. gr. stjórnarskrárinnar og þeirrar staðreyndar að lífaldur Íslendinga hefur verið að lengjast síðustu áratugi.

Frá framangreindri meginreglu um að takmarkanir á aðgangi að upplýsingum um einkamálefni falli niður við 80 ár kemur fram undantekning í 2. mgr. Þar er mælt svo fyrir að óheimilt sé að veita aðgang að sjúkraskrám og öðrum skrám um heilsufarsupplýsingar nafngreindra manna fyrr en liðin eru 100 ár frá síðustu færslu í skrárnar. Rökin fyrir því að lengri frestur verði látin gilda um aðgang almennings að sjúkraskráruplýsingum um nafngreinda einstaklinga eru þau að mjög viðkvæmar upplýsingar geta komið fram í slíkum skrám, eða eins og segir í dómi Hæstaréttar í máli nr. 150/2003 frá 27. nóvember 2003: „Upplýsingar af þessum toga geta varðað einhver brýnustu einkamálefni þess, sem í hlut á, án tillits til þess hvort þær geti talist honum til hnjóðs.“ Þá er einnig rétt að hafa í huga að upplýsingar um arfgerð, sem þar geta komið fram, varða ekki aðeins hlutaðeigandi sjúkling heldur einnig börn hans. Í því sambandi er rétt að minna aftur á fyrrnefndan dóm Hæstaréttar en þar var fallist á að dóttir látins manns gæti haft hagsmuni af því að koma í veg fyrir að slíkar upplýs-

ingar um föður hennar yrðu fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði og var henni játuð aðild að dómsmáli þar sem fjallað var um lögmæti ákvörðunar landlæknis um að hafna beiðni hennar um upplýsingar um látinn föður hennar yrðu ekki fluttar í gagnagrunninn.

Til að forðast misskilning er rétt að taka fram að ákvæði þetta fjallar um aðgang almennings að sjúkraskráruppýsingum og haggar ekki við sérákvæðum laga er veita vísindamönnum aðgang að heilsufarsupplýsingum til vísindarannsókna.

Samkvæmt gildandi lögum og reglugerð er aðgangur að prestsþjónustubókum miðaður við 35 ár. Það mun byggt á reglugerð um Þjóðskjalasafnið í Reykjavík nr. 5/1916 en þar segir í 5. gr. að öll skjöl safnsins eigi að vera aðgengileg eftir þann tíma. Hins vegar er aðgangur að aðalmanntölum miðaður við 80 ár. Lítið samræmi er því á aðgangi að þessum heimildum sem eru þó að mörgu leyti sambærilegar vegna viðkvæmra persónuupplýsinga sem þar koma fram. Í prestsþjónustubókum er getið rangfeðrana og ættleiðinga, þar koma fram einkunnir sem prestar gefa fermingarbörnum og svo geta komið þar fram upplýsingar um dánarorsakir manna. Í aðalmanntölum, sem tekin voru á 5–10 ára fresti, má sjá dvalarstaði manna þegar manntalið var tekið. Þannig að það sést hver er skráður til heimilis eða veru, t.d. á Litla-Hrauni (stofnað 1929) eða á Kleppi (sjúkrahús stofnað 1907). Einnig koma mjög margvíslegar upplýsingar fram í manntölum, t.d. um trúfélag, ríkisborgararétt, atvinnu o.s.frv.

Óljóst er hvers vegna þetta misræmi er milli aðgangs að prestsþjónustubókum og aðalmanntölum og í staðinn fyrir að færa aðgengi að prestsþjónustubókum aftur úr 35 árum í 80 ár eða öfugt er e.t.v. eðlilegast að fara milliveginn. Þannig mætti segja að aðgangur að þessum gögnum sé heimill eftir 50 ár frá því að upplýsingarnar voru færðar og er sá árafjöldi að danskri fyrirmynd.

Í *e-lið* töluliðarins (9. gr. b) kemur fram matskennd regla sem ekki er bundin við ákveðinn árafjölda. Fágætt mun að á þá hagsmuni reyni sem fjallað er um í ákvæðinu og því ekki við því að búast að ákvæðið takmarki í framkvæmd mikið aðgang að gögnum.

Í *f-lið* (9. gr. c) er að finna reglu sem lýtur að gögnum sem samkvæmt meginreglu c-liðar verða almenningi aðgengileg um leið og þau heyra undir lög um Þjóðskjalasafn Íslands, þ.e. þegar þau ná 30 ára aldri. Ákvæðið felur í sér að heimilt er að undanþiggja slík skjöl aðgangi almennings, með ákvörðun hins skilaskylda stjórnvalds, varði skjölin enn virka almannahagsmuni. Áréttað skal að hægt er að fá ákvörðun hins skilaskylda stjórnvalds endurskoðaða varðandi rétt til aðgangs að tilteknu skjali með kæru til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sbr. i-lið hér að aftan (9. gr. f). Þá er ákvæði 2. mgr. f-liðar í samræmi við 3. mgr. 12. gr. þessa frumvarps.

Með *g-lið* töluliðarins (9. gr. d) er Þjóðskjalasafni Íslands heimilað að taka ákvörðun um takmörkun á aðgangi að skjali sem er yngra en 110 ára svo framarlega sem sérstakar og veigamiklar ástæður liggja því til grundvallar. Það er því aðeins í undantekningartilvikum sem ákvæði þessu verður beitt. Helst mundi ákvæðið geta átt við þegar skjal er orðið eldra en 80 ára og varðar viðkvæmar einkalífsupplýsingar lifandi manns. Almenna reglan er sú, að þegar því tímamarki er náð hafa takmarkanir á aðgangi almennings fallið niður, sbr. ákvæði 1. mgr. d-liðar (9. gr. a). Hlutaðeigandi einstaklingur kann hins vegar að eiga rétt á því skv. 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar að hið opinbera, sem safnað hefur í skjóli valdheimilda sinna viðkvæmum einkalífsupplýsingum um hann, veiti ekki aðgang að upplýsingunum til óviðkomandi sem ekki eiga réttmætt tilkall til aðgangs að þeim. Af þessum sökum verður ekki hjá því komist að hafa slíkt matskennt ákvæði í frumvarpinu. Ákvæðið er svipað að efni og 3. mgr. 28. gr. dönsku „arkivloven“ að því frátöldu að danska ákvæðið tekur til skjala sem eru yngri en 100 ára.

Ákvæði *h-liðar* (9. gr. e) fjallar um aðgang að þeim gögnum sem varða sérstaklega þann sem upplýsinganna óskar, sbr. 14. gr. þessa frumvarps. Meginreglan um upplýsingarétt almennings, sem fram kemur í *c-lið* þessa töluliðar frumvarpsins, gildir án þess að sá sem í hlut á þurfi að sýna fram á nokkur tengsl við málið sem upplýsinga er óskað um. Slík tengsl geta þó verið fyrir hendi og gæti hlutaðeigandi þá í mörgum tilvikum byggt rétt sinn til þess að fá aðgang að upplýsingum á upplýsingarétti aðila máls samkvæmt stjórnsýslulögum. Sá réttur er hins vegar takmarkaður af gildissviði stjórnsýslulaga því að þau ná aðeins til þess þegar stjórnvöld taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Í öðrum tilvikum en þeim sem falla undir stjórnsýslulögin kunna einstaklingar og lögaðilar að eiga réttmæta hagsmuni umfram aðra af því að fá upplýsingar sem varða þá sérstaklega, t.d. um mál þar sem engin stjórnvaldsákvörðun hefur verið eða verður nokkru sinni tekin. Vísast hér nánar til athugasemda við 14. gr. frumvarpsins. Rétt er að árétta að ákvæði þessa kafla hagga ekki við ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um upplýsingarétt aðila máls eða ákvæðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um aðgang hins skráða að skráðum upplýsingum um hann sjálfan.

Í 1. mgr. *h-liðar* er mælt fyrir um meginregluna um upplýsingarétt hins skráða. Í 2. mgr. koma fram takmarkanir sem gera verður vegna mikilvægra hagsmuna annarra. Í 3. mgr. er mælt fyrir um aðgang að hluta skjals. Eru þessi ákvæði sambærileg við 3. og 4. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Þrátt fyrir að rafræn afrit af sjúkraskrám hafi verið afhent Þjóðskjalasafni til varðveislu er mælt svo fyrir í 4. mgr. *h-liðar* að um rétt sjúklings til aðgangs að sjúkraskrá sinni fari samkvæmt lögum um sjúkraskrár. Beiðni um aðgang að sjúkraskrá skal því beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2009, um sjúkraskrár.

Í *i-lið* er mælt fyrir um að málsmeðferð Þjóðskjalasafns, sem og annarra, vegna beiðna um aðgang að gögnum fari að ákvæðum upplýsingalaga. Þar er enn fremur mælt fyrir um að um kæru vegna ákvarðana Þjóðskjalasafns, eða annarra sem taka ákvörðun um aðgang að gögnum á grundvelli laga um Þjóðskjalasafn, gildi sömu reglur og í upplýsingalögum. Í þessu felst að umræddar ákvarðanir verða kærðar til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Þar sem ætlunin er að upplýsingalög og ákvæði laga um Þjóðskjalasafn Íslands, ásamt ákvæðum laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, myndi heildstætt og samræmt kerfi um upplýsingarétt almennings á þeim réttarsviðum sem falla undir gildissvið þeirra, verður samræmdri framkvæmd ekki komið á nema að einn sérfróður aðili á kærustigi sjái um að úrskurða í kærumálum. Sérregla er þó lögð til um að frestur til afgreiðslu beiðna samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. h verði að jafnaði 15 virkir dagar í stað sjö daga, líkt og gert er ráð fyrir að verði meginreglan, sbr. 17. gr. frumvarps þessa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til upplýsingalaga.

Frumvarp þetta byggist í megindráttum á gildandi upplýsingalögum, nr. 50/1996. Í því eru þó lagðar til ýmsar mikilvægar breytingar sem m.a. miða að því að tryggja gagnsæi í stjórnsýslunni og meðferð opinberra mála, auka upplýsingarétt með því að auðvelda borgurunum að leggja fram beiðnir um upplýsingar, víkka gildissvið þannig að upplýsingalög taki einnig

til lögaðila sem eru að 75% eða meira í eigu hins opinbera og skerpa ákvæði um rétt til upplýsinga um málefni starfsmanna og vinnugögn stjórnvalda.

Að mati fjármálaráðuneytis eru það einkum þau ákvæði frumvarpsins, sem auðvelda borgurunum að leggja fram beiðnir um upplýsingar og skylda um leið stjórnvöld að meginstefnu til að finna þau mál sem efnislega falla undir það málefni sem tilgreint er í beiðni, sem kynnu að geta valdið ríkissjóði auknum kostnaði. Samkvæmt gildandi upplýsingalögum skal sá sem fer fram á aðgang að gögnum tilgreina þau gögn sem hann óskar að kynna sér en einnig getur hann óskað eftir að fá að kynna sér öll gögn um tiltekið mál án þess að tilgreina einstök gögn sem málið varða. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að slakað verði á þessum tilgreiningarskilyrðum og að í umsókn verði nægjanlegt að tilgreina efni þess máls sem óskað er eftir að kynna sér, en það þó gert með nægjanlega skýrum hætti til að hægt sé, án verulegrar fyrirhafnar, að afmarka beiðni við tiltekin gögn ákveðins máls eða öll gögn ákveðins máls. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að vísa megi beiðni frá sé ekki talið mögulegt á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga að afmarka beiðni við tiltekið mál en að áður en til þess komi beri að veita málsaðila leiðbeiningar og gefa honum færi á að afmarka beiðni sína nánar. Sömuleiðis er gert ráð fyrir að í undantekningartilfellum megi hafna beiðni sé talið að meðferð hennar yrði svo umfangsmikil að ófært sé að verða við henni.

Fjármálaráðuneytið telur að þessi ákvæði frumvarpsins geti leitt til þess að vinna við úrvinnslu umsókna og samantekt gagna verði umfangsmeiri og tímafrekari en nú er. Til mótvægis er á það að líta að vegna tækniframfara og betra skipulags á málaskrám er auðveldara að hafa uppi á málum en áður. Gjaldtökuákvæði frumvarpsins eru í meginatriðum þau sömu og í gildandi lögum og heimila töku gjalds fyrir öllum kostnaði við ljósritun og aðra afritun gagna sem veitt eru samkvæmt lögunum. Gert er ráð fyrir að stjórnvöld og þeir sem lögin taka til beri annan kostnað af framkvæmd þeirra. Engin spá hefur verið gerð um það við hverju megi búast í þeim efnum og engin áætlun liggur fyrir um aukinn kostnað stjórnvalda af lögfestingu frumvarpsins, enda skortir forsendur til þess. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs af þessum verkefnum verði látinn rúmast innan fjárhagsramma fyrirliggjandi fjárlagafrumvarps.

503. Svar [94. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um hlutdeild Íslendinga í erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum.

1. *Hvað eiga íslenskir einstaklingar og lögaðilar mikið í erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum? Hver eru fyrirtækin, hvar starfa þau, hver er hlutur Íslendinga í þeim, hvenær eignaðist íslenski aðilinn fyrst hlut í fyrirtækinu og hvers virði er heildarhlutur Íslendinga í fyrirtækjunum talinn?*

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands var fjármunaeign Íslendinga erlendis í sjávarútvegi um 9 milljarðar kr. í lok árs 2009. Með vísan til þagnarskyldu, sbr. lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, er ekki hægt að gefa upp hvaða fyrirtæki þetta eru, hvar þau starfa, hlutdeild Íslendinga í fyrirtækjunum, hvenær Íslendingarnir eignuðust fyrst hlut í fyrirtækjunum eða virði heildarhlutar þeirra.

2. *Hver eru tuttugu umsvifamestu fyrirtækin að fjórðungi eða meira í eigu Íslendinga (velta) og hverjir eru tuttugu helstu eigendur erlendra sjávarútvegsfyrirtækja hérlendis (miðað við veltu fyrirtækis og hlut)?*

Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra er ekki vitað hver eru tuttugu umsvifamestu fyrirtækin að fjórðungi eða meira í eigu Íslendinga og hverjir eru tuttugu helstu eigendur erlendra sjávarútvegsfyrirtækja hérlendis.

504. Nefndarálit [301. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björn Rögnvaldsson og Gunnar Björnsson frá fjármálaráðuneyti, Völu Rebekku Þorsteinsdóttur frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Guðríði Arnardóttur, Halldór Halldórsson, Ingu Rún Ólafsdóttur og Tryggva Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Árna Stefán Jónsson og Þórarin Eyfjörð frá SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu. Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá Bandalagi háskólamanna, Félagi íslenskra félagsliða, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Kennarasambandi Íslands, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi.

Tilefni frumvarps þessa er frumvarp félags- og tryggingamálaráðherra til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra sem miðar að því að færa málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga (256. mál). Til grundvallar því frumvarpi liggur viljayfirlýsing ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga frá 13. mars 2009. Í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar felast tvenns konar breytingar:

Í fyrsta lagi er lagt til að þeir starfsmenn sem eru félagar í SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu og gerast 1. janúar 2011 starfsmenn sveitarfélaga í stofnunum eða einingum í málaflokki fatlaðra skuli eiga þess kost að vera áfram í því stéttarfélagi sem fer þá með samningsumboð þeirra við sveitarfélögin. Frumvarpið felur í sér svokallað sólarlagsákvæði enda er gert ráð fyrir því að starfsmenn sem koma til starfa í einingum eða stofnunum fyrir fatlaða hjá sveitarfélögunum eftir framangreint tímamark skuli vera félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi.

Í öðru lagi er lagt til að þeir starfsmenn sem eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fái aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga en þeir sem óska þess fái þó að halda aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með samþykki viðkomandi sveitarfélags. Starfsmenn sem eiga aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga halda þeirri aðild, svo og þeir starfsmenn sem eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Við umfjöllun um málið í nefndinni kom fram að í því fælist nokkurt óhagræði fyrir sveitarfélögin að starfsfólk sem starfar að málefnum fatlaðra geti áfram verið í því stéttarfélagi sem það er í við tilfærslu þjónustunnar. Þá var bent á mikilvægi þess starfsmatskerfis sem sveitarfélögin hafa þróað og væri talið tryggja jafnrétti í launamálum sveitarfélaganna sem og mikilvægi þess að réttindi þeirra sem starfa núna í málaflokknum verði ekki skert við tilfærsluna.

Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að endurskoða skuli þá tillögu sem frumvarpið byggist á samhliða endurmati á fjárhagslegum forsendum samkvæmt samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga. Í athugasemdum við greinina kemur fram að fyrirhugaðar séu frekari tilfærslur verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Því þurfi að breyta fyrirkomulagi samningamála þannig að álitaefni af þessu tagi komi ekki upp í hvert sinn sem tilfærslur verða. Fram kemur að aukinn kraftur verði settur í þetta með það að markmiði meðal annars að einfalda tilfærslur verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Í 5. mgr. 33. gr. frumvarps félags og tryggingamálaráðherra í 256. máli kemur fram að faglegt og fjárhagslegt mat á samstarfsverkefninu skuli fara fram fyrir árslok 2014.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Þór Saari var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Magnús Orri Schram.
Birkir Jón Jónsson.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Róbert Marshall.

505. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Gunnar Andersen, Ragnar Hafliðason og Þorstein Marinósson frá Fjármálaeftirlitinu, Óttar Guðjónsson frá Lánasjóði sveitarfélaga, Stefán Árna Auðólfsson fyrir hönd samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Andrés Magnússon frá Samtökum verslunar og þjónustu.

Fyrir setningu gildandi laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi var fyrirkomulagið á þann veg að kveðið var á um lágmarksálagningu á hvern einstakan eftirlitsskyldan aðila og auk þess hámarksálagningu á hvern flokk eftirlitsskyldra aðila en ráðherra var ætlað að ákveða álagningu hvers árs innan þess hámarks með reglugerð. Í frumvarpinu sem varð að þessum lögum (200. mál á 125. löggjafarþingi) kemur fram að það hefði þótt vandkvæðum bundið að tryggja að nægileg efnisleg tengsl væru milli gjaldsins og þess eftirlits sem Fjármálaeftirlitið sinnti. Talið var vandasamt að tryggja slík tengsl í eftirlitsstarfsemi eins og þeirri sem Fjármálaeftirlitið sinnti. Það var einnig talið skapa erfiðleika hversu ólíkir eftirlitsskyldir aðilar væru jafnvel þótt þeir væru með sömu tegund starfsleyfa, með öðrum orðum gætu stærð og áhætta fyrirtækis með eins starfsleyfi verið mjög ólík. Með hliðsjón af hagsmunum eftirlitsskyldra aðila vöknuðu spurningar um hvort það gæti talist eðlilegt að fela framkvæmdarvaldinu að meta álagningu á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila. Með setningu gildandi laga var gjaldtökunni breytt í þá veru að gjaldið uppfyllti á hverjum tíma skilyrði stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimildir. Álagningarhlutföllinn voru því lögfest og auk þess kveðið nánar á um skattstofn, innheimtu o.fl. Tekið var fram við setningu laganna að almenn markmið skattlagningar væru ólík þeim markmiðum sem stefnt væri að með innheimtu eftirlitsgjaldsins. Markmið skatta er að afla ríkinu tekna og er skattur lagður á og innheimtur óháð þeirri þjónustu sem skattgreiðanda er veitt. Eftirlitsgjaldinu var og er hins vegar ætlað sérgreint hlutverk. Það leggst á afmarkaðan hóp sem fær þjónustu sem endurgjald þótt sérgreining þjónustunnar sé bundin erfiðleikum. Frá setningu laganna hefur viðskiptaráðherra árlega flutt frumvarp til breytingar á álagningarhlutföllum 5. gr., sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna þar sem kveðið er á um að ef niðurstaða skýrslu Fjármálaeftirlitsins um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs gefur tilefni til breytinga á hundraðshluta eftirlitsgjalds skuli efnahags- og viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 5. gr. laganna sem fjallar um gjaldskylda aðila, álagningarstofn og álagt gjald. Breytingarnar skýrast af lögbundnu endurmati á kostnaðarskiptingu við rekstur Fjármálaeftirlitsins, þróun álagningarstofna eftirlitsskyldra aðila og mati á kostnaðardreifingu Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að álagningarhlutföll eftirlitsskyldra aðila hækki fyrir utan vátryggingamiðlara, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir, verðbréfamiðstöðvar og kauphallir. Þá er lagt til að lágmarks- eða fastagjöld verði hækkuð en þau hafa staðið óbreytt frá árinu 2007. Í sömu grein eru lagðar til breytingar á álagningu fjármálafyrirtækja sem eru undir yfirráðum skilanefndar, slitastjórnar eða bráðabirgðastjórnar í þá veru að áréttað verði í 9. mgr. greinarinnar að fjármálafyrirtæki sem það á við um skuli greiða eftirlitsgjald hvort sem það hefur starfsleyfi eða ekki. Gert er ráð fyrir að fastagjaldið

taki þá mið af því starfsleyfi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki hafði þegar það var starfandi sem slíkt.

Þá er í 3. gr. frumvarpsins lagt til að við 3. mgr. 6. gr. laganna bætist tilvísun í það ákvæði laganna sem fjallar um fastagjald á fjármálafyrirtæki sem er stýrt af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn. Tilvísuninni er ætlað að hnykkja á því að álagt fastagjald falli ekki niður þótt viðkomandi fyrirtæki hafi ekki lengur starfsleyfi. Þá er þess að geta að í 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um hvernig standa eigi að álagningu eftirlitsgjalds þegar hvorki er fyrir hendi stofnefnahagsreikningur né ársreikningur vegna fyrri starfsemi. Samkvæmt ákvæðinu er Fjármálaeftirlitinu heimilt að leggja bráðabirgðaeftirlitsgjald á viðkomandi aðila á grundvelli áætlaðs efnahagsreiknings og skal það endurskoðað þegar umrædd gögn liggja fyrir.

Lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi byggjast á reglum alþjóðlega greiðsluuppgjörsbankans um virkt fjármálaeftirlit (Bank for International Settlements – Core Principles for Effective Banking Supervision). Tilgangur þessa frumvarps er að tryggja Fjármálaeftirlitinu fjárhagslegt sjálfstæði, en það hefur frá upphafi verið hornsteinn samskipta þess við ráðuneytið. Hækkun eftirlitsgjaldsins samkvæmt frumvarpinu stafar helst af auknum launakostnaði vegna fjölgunar starfsfólks. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ráðnir verði starfsmenn á verðbréfasvið vegna aukinna verkefna við rannsóknir á bankahruninu enda er gert ráð fyrir auknum umsvifum hjá sérstökum saksóknara. Þá er gert ráð fyrir fleiri starfsmönnum til að sinna greiningum, vettvangsathugunum og strangara eftirliti. Í áætlunum Fjármálaeftirlitsins er gert ráð fyrir að fjöldi starfsmanna í lok 2010 verði 99 en 117 við lok árs 2011. 17 hinna nýju stöðugilda verði tímabundin störf vegna mikils umfangs rannsóknarverkefna á árunum 2011–2013.

Tekjur vegna gjalda sem eru lögð á skv. 5. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eru samkvæmt lögum markaðar til eftirlits með starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Tekjur Fjármálaeftirlitsins eru hluti af fjármálum A-hluta ríkissjóðs, sbr. lög nr. 88/1997, en í 9. gr. þeirra kemur fram hvað telst til ríkistekna A-hluta. Aukið rekstrarumfang Fjármálaeftirlitsins leiðir því til aukinna útgjalda ríkissjóðs í reikningshaldi ríkisins og hið sama á við um aðrar ríkisstofnanir sem eru fjármagnaðar með mörkuðum ríkistekjum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að framlag til Fjármálaeftirlitsins verði 1.327 millj. kr. og nemur hækkun fjárheimilda 305,5 millj. kr. frá fjárlögum 2010. Í frumvarpi þessu kemur fram að áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins á árinu 2011 nemi 1.755 millj. kr. Því er ljóst að hækka þarf fjárheimild Fjármálaeftirlitsins í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 úr 1.327 millj. kr. í 1.755 millj. kr eða um 428 millj. kr. Í fjárlögum 2010 var gert ráð fyrir að ríkistekjur Fjármálaeftirlitsins af eftirlitsgjaldi næmi 1.021,5 millj. kr. Í athugasemdum með frumvarpi þessu kemur hins vegar fram að áætlað álagt eftirlitsgjald á árinu 2010 sé 1.153 millj. kr. Hækkun sem nemur 131,5 millj. kr. skýrist að mestu leyti af hækkun eftirlitsgjaldsins sem viðskiptanefnd samþykkti í desember 2009. Samkvæmt rekstraráætlun í skýrslu til efnahags- og viðskiptaráðherra var áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins 1.021,5 millj. kr. árið 2010, en skýrslan var send ráðherra 6. júlí 2009. Hinn 27. október sama ár sendi eftirlitið endurmetna rekstraráætlun sem var talin nauðsynleg í ljósi umhverfis eftirlitsins í kjölfar bankahrunsins. Efnahags- og viðskiptaráðherra lagði fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem byggðist á nefndri rekstraráætlun eftirlitsins (228. mál á 138. löggjafarþingi). Viðskiptanefnd Alþingis lagði til breytingar á því frumvarpi sem fólust m.a. í verulega hækkun á álögðu eftirlitsgjaldi á fjármálafyrirtæki sem er stýrt af skilanefnd, slita-

stjórn eða bráðabirgðarstjórn umfram það sem eftirlitið hafði gert ráð fyrir. Þær breytingar skýra stærstan hluta aukningar tekna af eftirlitsgjaldi 2010. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eftirlitsgjaldið verði 1.619 millj. kr. árið 2011.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið bárust athugasemdir um að verið væri að leggja verulegar fjárhagslegar byrðar á fjármálafyrirtæki. Þá kom fram að óeðlilegt væri að eftirlitsskyldir aðilar þyrftu að greiða fyrir stjórnsýsluþátt í starfsemi stofnunarinnar. Bent var á að rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins verði um 63% hærri árið 2011 en hann var fyrir hrun en fjármálakerfið sjálft hefði minnkað um 80% á sama tíma og væri nú álíka stórt og það var í kringum 2003. Þess ber að geta að hluti af hækkun rekstrarkostnaðar Fjármálaeftirlitsins stafar af auknum kostnaði vegna herts eftirlits, rannsókna í tengslum við bankahrunið, flutnings í nýtt og stærra húsnæði, reksturs tölvubúnaðar vegna fjölgunar starfsmanna og kaupa á sérfræðiþjónustu. Fjármálaeftirlitið áætlar að kostnaður við rannsóknarvinnu vegna bankahrunsins fari úr 148 millj. kr. árið 2010 í 220 millj. kr. árið 2011. Gert er ráð fyrir að fallin fjármálafyrirtæki beri þennan kostnað að fullu með greiðslu eftirlitsgjalds. Nefndin telur mikilvægt að gætt verði aðhalds í rekstri eftirlitsins, en hefur jafnframt skilning á nauðsyn þess að eftirlitið sé í stakk búið að sinna öflugu eftirliti með starfsemi fjármálafyrirtækja.

Nefndinni bárust athugasemdir um að styrkja mætti hlutverk samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila en mælt er fyrir um tilvist hennar í 7. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Mikilvægt er að mati nefndarinnar að efnahags- og viðskiptaráðherra skoði annars vegar leiðir til að tryggja meiri sátt um hvernig Fjármálaeftirlitið fer með umsagnir samráðsnefndarinnar og hins vegar hvort ástæða sé til að koma á fót formlegum og reglubundnum samráðsfundum, þar sem eftirlitið og eftirlitsskyldir aðilar fengju tækifæri til að ræða starfshætti eftirlitsins. Í þessu sambandi er þó vakin athygli á því að kjarnareglur Basel-nefndar um bankaeftirlit kveða á um nauðsyn þess að tryggja fjármálaeftirliti fjárhagslegt sjálfstæði.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu: Til skýringar eru í fyrsta lagi lagðar til orðalagsbreytingar á ákvæðum um álagningu fastagjalds á lífeyrissjóði, útgefendur hlutabréfa og útgefendur skuldabréfa. Í öðru lagi er lagt til að við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr töluliður þar sem mælt verði fyrir um eftirlitsgjald Lánasjóðs sveitarfélaga en starfsemi hans er einsleit og áhættulítil. Nefndin leggur til að lánasjóður sveitarfélaga ohf. greiði í eftirlitsgjald 0,00837% af eignum sínum samtals, en þó ekki lægri fjárhæð en 600.000 kr. Þess má geta að Fjármálaeftirlitið fellst á þá skoðun nefndarinnar að Lánasjóður sveitarfélaga hafi nokkra sérstöðu meðal lánafyrirtækja, bæði vegna eignarhalds og heimilda til lánveitinga sem eru áhættulitlar. Þá er í þriðja lagi lögð til orðalagsbreyting á 9. mgr. 2. gr. í þá veru að í stað orðsins „félag“ komi „fyrirtæki“ til að samræmi sé í hugtakanotkun í málsgreininni.

Guðlaugur Þór Þórðarson, Eygló Harðardóttir, Sigurður Kári Kristjánsson og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt með eftirfarandi**

BREYTINGUM:

Eftirfarandi breytingar verði á 2. gr.:

a. Í stað orðsins „frá“ hvarvetna í 9. tölul. 1. mgr. og 6. og 7. mgr. komi: frá og með.
b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, er verði 12. tölul. og orðist svo: Lánasjóður sveitarfélaga ohf. skal greiða 0,00837% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
c. Í stað orðsins „félagsins“ í 9. mgr. komi: fyrirtækisins.

Alþingi, 13. des. 2010.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm. Magnús Orri Schram. Skúli Helgason.

Atli Gíslason. Margrét Tryggvadóttir.

506. Nefndarálit [108. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur).

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérregla um fyrningarfrest á þeim kröfum eða þeim hluta krafna sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti. Þá verður ekki unnt að slíta fyrningunni innan tveggja ára frests nema í undantekingartilfellum og þá fyrir dómi, þ.e. þegar kröfuhafar hafa sérstaka hagsmuni af því að fá kröfur greiddar og geta enn fremur sýnt fram á að líkur séu á því að þær fáist greiddar.

Afturvirkni laga.

1. minni hluti telur að með þeirri breytingu sem meiri hlutinn leggur til varðandi lagaskil sé farið yfir þau mörk er löggjafanum eru sett í stjórnarskrá varðandi afturvirkni laga. Yngri lögum verður ekki beitt um stofnun réttinda eða annars ástands þótt samningur sé enn virkur eða ástandið vari enn, auk þess sem gildi löggernings ber að meta samkvæmt þeim reglum sem giltu þegar stofnað var til hans. Einnig er skýrt að kröfu ber að meta eftir þeim reglum sem giltu þegar hún stofnaðist.

Með tillögunni leggur meiri hlutinn til að regla frumvarpsins um tveggja ára fyrningarfrest nái einnig til krafna í bú þar sem skiptum er ólokið. Þá leggur meiri hlutinn einnig til að reglan nái til krafna í bú þar sem skiptum er lokið en kröfurnar hafa ekki fengist greiddar og nýr fyrningarfrestur er byrjaður að líða samkvæmt lögum um fyrningu kröfuréttinda. Fyrningartími krafna getur verið mismunandi samkvæmt lögunum, þ.e. fjögur ár, tíu eða tuttugu en algengasti fyrningarfrestur kröfuréttinda er fjögur ár.

Fyrningarfrestur krafna í þrotabúum er því styttur í tvö ár samkvæmt tillögunni nema styttri fyrningartími sé eftir. 1. minni hluti telur að með þeirri breytingu, verði hún samþykkt, sé gengið á stjórnarskrárvarinn eignarrétt kröfuhafa sem verður ekki skertur án bóta með afturvirkri og íþyngjandi löggjöf. Í 72. gr. stjórnarskrárinnar eru heimildir löggjafans til að hagga við fjárhagslegum hagsmunum sem stofnað er til fyrir gildistöku laga mjög takmarkaðar. 1. minni hluti varar við því og vísar í því sambandi til nýfallins dóms Hæstaréttar en þar voru kröfuréttindi skert með afturvirkum hætti með setningu laga um ábyrgðarmenn sem takmörkuðu réttindi kröfuhafa til að ganga að ábyrgðarmönnum krafna. Niðurstaða dómsins var sú að lögunum yrði ekki beitt þar sem þau væru andstæð stjórnarskrá en í dómnum var ekki tekin afstaða til bótaskyldu ríkissjóðs sem var of seint fram komin.

Íslensk sérregla.

1. minni hluti bendir á að með frumvarpi þessu er brotið blað í réttarsögunni að því leyti að ekki eru fordæmi fyrir sérreglu um fyrningarfrest krafna við gjaldþrot annars staðar á Norðurlöndunum, þ.e. í þeim löndum sem við berum okkur saman við en löggjöf okkar hefur að meginstefnu verið byggð á löggjöf þeirra ríkja. Telur 1. minni hluti að þegar litið er til þess að nauðsynlegt er að um réttindi kröfuhafa og skuldara gildi sambærilegar reglur milli landa sé varhugavert að sérregla verði lögfest hér á landi.

Samkvæmt frumvarpinu er eingöngu unnt að rjúfa tveggja ára fyrningarfrest krafna eftir lok gjaldþrotaskipta með því að fara með málið fyrir dómstóla. Kröfuhafa er þá nauðsynlegt að sýna fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að fá kröfuna greidda og hann þarf einnig að sýna fram á að líkur séu á að hann fái fullnustu kröfunnar á nýjum fyrningartíma. 1. minni hluti bendir á að hópur kröfuhafa er mjög blandaður, þ.e. allt frá einstaklingum upp í fjármálafyrirtæki. Þá eru kröfur einnig fjölbreyttar, t.d. bótakröfur á einstaklinga vegna tjóns sem þeir hafa valdið, kröfur um vinnulaun verktaka o.fl. Þannig getur verið að einstaklingar með minni kröfur geti í reynd ekki leitað réttar síns vegna þess kostnaðar sem það hefur í för með sér að leita til dómstóla og að þar með sé verið að takmarka rétt þeirra til að fá úrlausn mála sinna fyrir dómi eins og ákvæði 70. gr. stjórnarskrár er ætlað að tryggja.

1. minni hluti tekur einnig undir athugasemdir umsagnaraðila sem töldu að sú leiðbeining sem er í frumvarpinu um það hvort um sérstaka hagsmuni er að ræða hjá kröfuhafa, sem fer fram á rof á fyrningarfresti á grundvelli þessarar sérreglu, sé of matskennd og ekki nægilega skýr. Framsal löggjafarvalds til dómstóla sé því of mikið í frumvarpinu og það geti farið nærri jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Það er skoðun 1. minni hluta að löggjafinn eigi að setja skýr lög og minnka vægi dómstóla í lagasetningu fyrir utan hvað slíkt ferli er þjóðhagslega óhagkvæmt og leiðir til mikillar sóunar á opinberu fé og einkafjármagni. Ekki þarf að fjölyrða um aukið álag á dómstóla við óskýra lagasetningu.

Stór gjaldþrot einstaklinga.

Þá bendir 1. minni hluti enn fremur á að sérregla frumvarpsins kemur þeim best sem hafa verið stórtækastir í skuldsetningu, þ.e. þeim sem hafa farið og munu fara í gegnum stærstu gjaldþrotin. Þá telur 1. minni hluti að kröfuhafar muni ekki leggja út í þann kostnað sem fylgir því að óska eftir gjaldþrotaskiptum nema þegar um er að ræða bú sem eiga eignir upp í skuldir. Áfram munu kröfuhafar því væntanlega viðhalda kröfum sínum á grundvelli laga um fyrningu kröfuréttinda gagnvart þeim sem eru eignalausir eða eignalitlir með því að gera árangurslaus fjárnám og rjúfa þannig fyrningu sem er fjögur, tíu eða tuttugu ár. Eina leið

þeirra til þess að virkja sérreglu frumvarpsins um fyrningarfrest er sú að óska sjálfir eftir gjaldþroti með því að leggja út 250 þús. kr. tryggingu fyrir skiptakostnaði.

1. minni hluti telur að þessi sérregla falli ekki heldur nægilega vel að því kerfi sem þegar hefur verið komið á með greiðsluaðlögun og ætlað er að taka á skuldavanda einstaklinga. Auk þess vekur frumvarpið upp væntingar sem ríkisvaldið getur tæpast staðið undir. Ekki má gleyma því að ákvæði fyrningarlaga um fyrningu krafna verða enn í fullu gildi þrátt fyrir að frumvarpið verði samþykkt.

Skýrleiki laga.

Loks telur 1. minni hluti að þegar litið er til skýrleika hefði verið eðlilegra að með frumvarpinu hefðu verið lagðar til breytingar á ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda sem telja má að kröfuhafar líti til þegar þeir kanna rétt sinn gagnvart skuldurum, þ.m.t. þrotamönnum.

Alþingi, 14. des. 2010.

Vigdís Hauksdóttir.

507. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur).

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Annar minni hluti styður eindregið þau meginmarkmið sem frumvarpinu er ætlað að ná. Þau markmið lúta að því að stytta fyrningarfrest á kröfum, eða þeim hluta þeirra sem ekki fást greiddar úr vösum einstaklinga sem lenda í svo alvarlegum fjárhagsvanda að hann leiðir til gjaldþrots. Með því að lögfesta slíka styttingu fyrningarfrests er ætlunin sú að auðvelda þeim einstaklingum sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta, en bera áfram ábyrgð á skuldum sem ekki hafa fengist greiddar við gjaldþrotaskiptin, að koma fjármálum sínum á réttan kjöl, rísa aftur á lappirnar í stað þess að vera eltir af skuldheimtumönnum sínum út yfir gröf og dauða vegna óuppgerðra skulda eins og núverandi fyrirkomulag gerir kleift.

Núverandi löggjöf um gjaldþrotaskipti er ósanngjörn og ómannúðleg fyrir þá einstaklinga sem verða gjaldþrota, ekki síst vegna þess að löggjöfin heimilar kröfuhöfum að viðhalda ógreiddum kröfum sínum á hendur þeim við út í hið óendanlega. Það fyrirkomulag hefur leitt til þess að þeir einstaklingar sem verða gjaldþrota eiga sér vart fjárhagslegrar viðreisnar von eftir gjaldþrot. Það fyrirkomulag hefur haft í för með sér félagsleg vandamál fyrir þá sem í slíkum aðstæðum lenda og leiðir oftar en ekki til þess að þeir einstaklingar sjá hagsmunum sínum best borgið með því að stunda svarta atvinnustarfsemi til þess að sjá sér farborða. Við blasir að núverandi löggjöf verður að breyta.

Með framlagningu málsins hefur verið ýtt undir miklar væntingar hjá þeim einstaklingum sem lent hafa í alvarlegum fjárhagserfiðleikum um að frumvarpið leysi vanda þeirra þannig að innan skamms tíma geti þeir losnað undan óbærilegum skuldum sínum og í raun byrjað að honum liðnum nýtt líf með hreint borð.

Því miður telur 2. minni hluti að frumvarp dómsmála- og mannréttindaráðherra standi ekki undir þessum væntingum og nái því ekki þeim markmiðum sem að er stefnt þar sem það úrræði sem lagt er til að lögfest verði nýtist ekki þeim sem frumvarpinu er ætlað að hjálpa, þ.e. venjulegu fólki sem lent hefur í alvarlegum fjárhagsvanda.

Í því sambandi er mikilvægt að geta þess að við meðferð málsins í nefndinni kom fram gjaldþrot einstaklinga eru fá og raunar mun færri en ætla má af opinberri umræðu. Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í umsögn frá Creditinfo hefur gjaldþrotum einstaklinga fækkað verulega frá árinu 2003. Það ár voru 388 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota. Árið 2004 voru þeir 279, 190 árið 2005 og 107 árið 2006. Árið 2007 voru bú 148 einstaklinga tekin til gjaldþrotaskipta á móti 198 árið 2008. Árið 2009 voru hins vegar 113 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota og það sem af er árinu 2010 eru þeir einnig 113.

Á sama tímabili er árangurslaust fjárnám gert að jafnaði hjá um 5.000 einstaklingum á ári, en slík fullnustugerð veitir öllum lánveitendum eða kröfuhöfum rétt til þess að krefjast gjaldþrotaskipta hjá þeim skuldara sem gert er árangurslaust fjárnám hjá. Af framangreindum tölum um fjölda gjaldþrotaskipta einstaklinga á ári má sjá að einungis í undantekningartilvikum leiðir árangurslaust fjárnám til þess að krafist er gjaldþrotaskipta hjá einstaklingum. Ekki hafa verið lögð fram gögn í nefndinni um það hvers eðlis þær kröfur eru sem leiða til þess að þess er krafist að bú einstaklings verði tekið til gjaldþrotaskipta. Engu síður hefur verið fullyrt að í langflestum framangreindum tilvikum, sem getið er um í gögnum frá Creditinfo, séu kröfur um gjaldþrotaskipti á búum einstaklinga tilkomnar vegna skattskulda, einkum vanskila á virðisaukaskatti. 2. minni hluti bendir á að slík vanskil eru refsiverð og hafa af þeim ástæðum alvarlegri afleiðingar í för með sér fyrir þann einstakling sem ekki stendur skil á virðisaukaskatti en úrskurður um gjaldþrotaskipti.

Samkvæmt því sem fram hefur komið hjá umsagnaraðilum sem allsherjarnefnd leitaði til eru ástæður þess að árangurslaus fjárnám leiða ekki til þess að lagðar eru fram kröfur um að bú einstaklinga verði tekin til gjaldþrotaskipta einkum þríþættar.

Í fyrsta lagi er krafa um gjaldþrotaskipti kostnaðarsöm fyrir þann kröfuhafa sem það gerir. Með hverri beiðni um gjaldþrotaskipti á búi einstaklings þarf viðkomandi kröfuhafi að leggja fram tryggingu fyrir skiptakostnaði sem nemur 250.000 kr. með Því má ljóst vera að kröfuhafar þyrftu að leggja út gríðarlegar fjárhæðir til tryggingar fyrir skiptakostnaði allra þeirra einstaklinga sem gert hefur verið árangurslaust fjárnám hjá. Tölur um fjölda þeirra einstaklinga sem krafist hefur verið úrskurðar um gjaldþrotaskipti hjá benda líka til þess að kröfuhafar sjái sér ekki fjárhagslegan hag í því að leggja út í slíkan kostnað, að líkindum af þeim ástæðum að í flestum tilvikum eru ekki eignir í búum viðkomandi einstaklinga sem standa undir því að sá kostnaður fáist endurgreiddur við skipti.

Í öðru lagi hefur verið bent á að í flestum tilvikum þyki ólíklegt að úrskurður um gjaldþrotaskipti skili kröfuhöfum árangri við innheimtu kröfu sinnar. Í flestum tilvikum séu bú þeirra sem gert hefur verið árangurslaust fjárnám hjá eignalaus eða mjög eignalítil og því svari það ekki kostnaði að ganga lengra við fullnustu krafnanna.

Í þriðja lagi hefur verið á það bent að árangurslaust fjárnám veitir kröfuhöfum heimild til að afskrifa kröfur sínar án athugasemda frá skattyfirvöldum.

Af þessum ástæðum sýni reynslan að kröfuhafar láti í langflestum tilvikum við það sitja að krefjast árangurslauss fjárnáms hjá þeim einstaklingum sem ekki eru í færum til að greiða kröfur sínar, en að í fæstum tilvikum leiði slík fullnustugerð til gjaldþrotaskipta. Einungis í undantekningartilvikum sjái kröfuhafar sér hins vegar hag í því að krefjast gjaldþrotaskipta á búi einstaklinga í kjölfar þess að gert er árangurslaust fjárnám í eignum þeirra. Eins og áður

segir virðist slík krafa í langflestum tilvikum koma fram þegar einstaklingur hefur vangreitt virðisaukaskatt, en þó eru dæmi um að krafist hafi verið gjaldþrotaskipta á búum einstaklinga og þá væntanlega í tilvikum þar sem kröfuhafar telja að slíkt skili frekari árangri við innheimtu krafna. Hefur þar einkum verið vísað til gjaldþrotaskipta sem óskað hefur verið eftir í búum forsvarsmanna umsvifamikilla fyrirtækja í íslensku atvinnulífi sem stóðu í útrás en voru úrskurðuð gjaldþrota í kjölfar efnahagshrunsins. Verði frumvarpið að lögum er ljóst að hin nýja regla um fyrningu skulda að tveimur árum liðnum mun nýtast þeim einstaklingum afar vel þar sem þeir gætu með lögfestingu frumvarpsins gengið frá skuldum sínum einungis tveimur árum frá lokum skipta.

Þá er þess að geta að ákvæði frumvarpsins kunna að nýtast einstaklingum sem óska sjálfir eftir gjaldþrotaskiptum á eigin búi sjái kröfuhafar þeirra sér ekki hag í því að leggja fram slíka eða önnur atvik leiða til þess að einstaklingur telur hag sínum best borgið með því að gera það sjálfur. Í því sambandi ber að hafa í huga að einstaklingur sem krefst gjaldþrotaskipta á sínu eigin búi þarf eftir sem áður að leggja fram tryggingu að fjárhæð 250.000 kr. fyrir skiptakostnaði. Þess finnast vissulega dæmi að einstaklingur sem var umsvifamikill í íslensku viðskiptalífi hafi sjálfur lagt fram beiðni um að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Ákvæði frumvarpsins munu koma slíkum aðilum til góða, tveimur árum frá lokum skipta þrotabúsins, verði frumvarpið að lögum. 2. minni hluti bendir hins vegar á að venjulegt fólk sem lent hefur í svo alvarlegum fjárhagsvanda að það sér þá einu þrautalendingu í sínum fjárhagsmálum að óska sjálft eftir því að verða tekið til gjaldþrotaskipta hlýtur í ljósi þeirrar stöðu að vera svo illa statt fjárhagslega að það sé ekki í fjárhagslegum færum til þess að leggja fram 250.000 kr. tryggingu fyrir skiptakostnaði að sú leið verður ekki fær. Frumvarp þetta kemur ekki í veg fyrir að þessi hópur skuldara þurfi að komast yfir þá hindrun sem 250.000 kr. trygging fyrir skiptakostnaði hlýtur að vera fyrir þann hóp skuldara. Þeir einstaklingar sem þannig er ástatt um, sem er væntanlega þorri þess fólks sem frumvarpinu er ætlað að aðstoða, munu því fyrirsjáanlega ekki geta óskað formlega eftir gjaldþrotaskiptum á eigin búi, og þar með njóta þeirra úrræða sem frumvarpið mælir fyrir um, heldur munu þeir eftir sem áður sitja uppi með árangurslaust fjárnám í eignum sínum og óbreyttar aðstæður gagnvart kröfuhöfum.

Í ljósi alls þess sem að framan greinir telur 2. minni hluti allt benda til þess að það úrræði sem frumvarpið mælir fyrir um muni nýtast mun færri einstaklingum en stefnt er að og allra síst venjulegu skuldugu fólki sem því er ætlað að hjálpa.

Annar minni hluti bendir jafnframt á að þeim sjónarmiðum hefur verið hreyft í nefndinni við vinnslu málsins að með því að lögfesta það úrræði sem frumvarpið mælir fyrir um kunni það að leiða til þess að færri einstaklingar leiti sér greiðsluaðlögunar hjá embætti umboðsmanns skuldara og að gjaldþrot kunni að verða fýsilegra úrræði fyrir skuldara en greiðsluaðlögun einstaklinga. Slík þróun yrði að mati 2. minni hluta ekki til heilla þar sem gjaldþrot hljóti á endanum alltaf að vera þrautalending sem forðast beri í lengstu lög og ekki eigi að beita fyrr en öll önnur úrræði hafa verið reynd. Frumvarp þetta kann hins vegar að leiða til þess að gjaldþrot kunni að verða fýsilegri kostur fyrir einhvern hóp einstaklinga en sá að leita sér greiðsluaðlögunar.

Annar minni hluti styður breytingartillögu meiri hlutans á gildistökuákvæði frumvarpsins sem varðar lagaskil og telur hana til bóta. Við meðferð málsins í nefndinni komu fram sjónarmið um að rétt væri að reglan næði einnig til fyrningar á þeim kröfum sem gjaldþrotaskiptum hefði verið lokið í þar sem ella næði reglan ekki markmiðum sínum og gæti verið ósanngjörn gagnvart einstaklingum sem þegar hafa farið í þrot. Af þeirri ástæðu telur 2.

minni hluti skynsamlegt að við gildistökuákvæði frumvarpsins bætist að lögin taki einnig til krafna við gjaldþrotaskipti sem ólokið er við gildistöku laganna og að hinn nýi fyrningarfrestur taki einnig til krafna sem ekki fengust greiddar við gjaldþrotaskipti fyrir gildistöku laganna og ekki eru fyrndar þannig að um þær gildi fyrningartími, þ.e. tvö ár, nema skemmri tími standi eftir af fyrningarfresti. Fyrningu þeirra krafna verði því aðeins slitið eftir reglum þessa frumvarps.

Enn fremur styður 2. minni hluti breytingartillögu meiri hlutans sem mælir fyrir um það að verði frumvarpið að lögum skuli reynslan af þeim metin og að fram fari endurskoðun á ákvæðinu innan fjögurra ára. Með frumvarpinu eru lagðar til grundvallarbreytingar á lögum um gjaldþrotaskipti og fyrningu krafna sem óvíst er, eins og að framan greinir, að nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Því sé nauðsynlegt að reynslan af lagabreytingunni verði metin og lögin endurskoðuð eftir atvikum þyki tilefni til.

Alþingi, 14. des. 2010.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.

Birgir Ármannsson.

508. Frumvarp til laga [382. mál]

um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Markmið og hlutverk.

Með stofnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða skal stuðlað að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón um land allt. Þá skal með fjármagni úr sjóðnum leitast við að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsótta ferðamannastaði.

Fjármagni úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða skal varið til:

1. Uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum sem eru í eigu opinberra aðila eða á náttúruverndarsvæðum.
2. Framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila jafnt sem einkaaðila.

Framkvæmdasjóði ferðamannastaða er heimilt að fjármagna undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna framkvæmda skv. 2. mgr. en sjóðnum er ekki heimilt að bera rekstrarkostnað mannvirkja, náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða. Framlög til einkaaðila eru háð því skilyrði að um sé að ræða ferðamannastaði sem eru ávallt opnir almenningi án endurgjalds.

2. gr.
Stjórn.

Iðnaðarráðherra skipar fjóra fulltrúa í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til tveggja ára í senn. Skulu tveir skipaðir eftir tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar, einn eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður.

Stjórn sjóðsins skal árlega gera tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum. Tillögur stjórnar skulu rúmast innan hlutverks sjóðsins eins og það er skilgreint í 1. gr. Við vinnslu tillagna skal stjórn sjóðsins jöfnum höndum auglýsa eftir umsóknum um framlög og hafa frumkvæði að öflun upplýsinga frá yfirvöldum umhverfismála og öðrum hagsmunaaðilum um þörf á framkvæmdum sem falla undir gildissvið laga þessara.

3. gr.
Tekjur.

Árlegar tekjur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða eru:

1. Framlag ríkissjóðs sem nánar er ákveðið í fjárlögum.
2. Vextir af fé sjóðsins.
3. Aðrar tekjur.

4. gr.
Framkvæmd.

Ráðherra tekur ákvörðun um einstakar úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á grundvelli tillagna stjórnar.

Að jafnaði skal úthluta úr sjóðnum tvisvar á ári en þó er heimilt að víkja frá því ef brýna þörf ber til. Upplýsingar um úthlutanir úr sjóðnum skal birta opinberlega.

5. gr.
Varsla, reikningshald og endurskoðun.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða skal vera í vörslu Ferðamálastofu sem annast rekstur sjóðsins, þ.m.t. framkvæmd úthlutana úr sjóðnum, uppgjör, bókhald og gerð ársreikninga.

Við úthlutanir úr sjóðnum skulu framlög greidd til verkefna eftir framgangi þeirra.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga hans.

6. gr.
Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í reglugerð.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2011.

Ákvæði til bráðabirgða.

Iðnaðarráðherra skal standa fyrir mati á framkvæmd laganna sem ljúka ber fyrir árslok 2013. Hafa skal samráð við umhverfisráðherra og helstu hagsmunasamtök í ferðaþjónustu og umhverfismálum við þá vinnu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneytinu að höfðu samráði við fjármálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Samtök ferðaþjónustunnar, Ferðamálastofu, ferðamálaráð, Umhverfisstofnun og Þjóðgarðinn á Þingvöllum.

II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Frumvarp þetta er nátengt frumvarpi sem fjármálaráðherra hyggst leggja fram um farþegagjald og gistináttagjald á yfirstandandi þingi. Verði það frumvarp að lögum mun frá og með 1. september 2011 verða tekið upp nýtt gjald sem innheimt er af seldum gistinóttum og farþegum með flugvélum og farþegaskipum.

Frumvarp fjármálaráðherra um farþegagjald og gistináttagjald var samið í kjölfar tillagna nefndar um umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu sem fjármálaráðherra skipaði 18. september 2009. Nefndina skipuðu Ólafur Örn Haraldsson, formaður, skipaður af fjármálaráðherra, Helga Haraldsdóttir skrifstofustjóri, skipuð samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra, Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir skrifstofustjóri, skipuð samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra, Ingibjörg G. Guðjónsdóttir ferðamálafræðingur, skipuð samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar, Árni Bragason líffræðingur, skipaður samkvæmt tilnefningu samtaka á sviði náttúruverndar, og Guðjón Bragason sviðsstjóri, skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin skilaði skýrslu til fjármálaráðherra 16. mars 2010. Í skýrslunni segir m.a. að nefndin hafi einsett sér að benda á raunhæfar leiðir til þess að ferðamenn, íslenskir sem erlendir, greiði með einhverjum hætti fyrir heimsóknir sínar í náttúru lands og þá þjónustu og aðstöðu sem þar er fyrir hendi. Nefndin reifar í skýrslu sinni helstu mögulegar leiðir til gjaldtöku en leggur til að gistináttagjald verði valið til að ná framangreindum markmiðum.

Lagt er til að farþegagjald og gistináttagjald renni í ríkissjóð. Sú upphæð sem ráðstafað verður af fjárlögum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða mun þó endurspegla 3/5 af innheimtu farþegagjaldi og gistináttagjaldi.

Tilefni þess að ráðist er í innheimtu sérstaks gjalds og stofnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er gríðarleg nauðsyn á úrbótum af ýmsu tagi á fjölsóttum ferðamannastöðum á Íslandi. Ferðamönnum hefur fjölgað allverulega á liðnum árum, bæði innlendum sem erlendum. Árið 2009 voru erlendir ferðamenn rétt um 500 þúsund en að auki komu um 72 þúsund farþegar til landsins með skemmtiferðaskipum. Þetta sama ár ferðuðust um 90% Íslendinga innan lands. Skoðanakannanir sýna að það sem helst dregur ferðamenn til landsins er hin stórbrotna og viðkvæma náttúra landsins. Vegna hins aukna álags sem af fjölgun ferðamanna hlýst er nú svo komið að margir af vinsælustu ferðamannastöðum landsins eru farnir að láta verulega á sjá. Af þeim sökum er mikilvægt að leggja aukna áherslu á verndun náttúru á fjölsóttum ferðamannastöðum ásamt því að byggja upp nýja staði, enda er með því hægt að draga úr álagi á náttúru landsins og dreifa ferðamönnum betur um landið og yfir árið. Við vinnslu frumvarpsins var einnig horft til þess að brýnt er að tryggja betur öryggi ferðamanna á ýmsum vinsælum ferðamannastöðum. Bæta þarf varúðarmerkingar af ýmsum toga og jafnframt setja upp og viðhalda ýmsum varúðarmannvirkjum, svo sem handriðum, pöllum, stígum og öryggisgirðingum.

Friðlýst svæði á Íslandi eru 102 talsins, en umfang þeirra, eðli og ástand er eins misjafnt og svæðin eru mörg. Meðal þeirra staða sem talið er mjög brýnt að ráðast í umbætur á eru Geysissvæðið, Gullfoss og Friðland að Fjallabaki.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands má gera ráð fyrir að erlendir ferðamenn hafi keypt vöru og þjónustu fyrir um 155 milljarða kr. á árinu 2009. Allar áætlanir benda til þess að ferðamönnum fjölgi áfram á komandi árum og er jafnvel gert ráð fyrir að ferðamönnum fjölgi úr 500 þúsund á ári í eina milljón á næstu tíu árum. Slík fjölgun ferðamanna getur verið mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf og efnahag á Íslandi en í henni eru jafnframt fólgnar ýmsar hættur. Mikilvægt er að horfa til framtíðar og hafa í huga að náttúra landsins hefur ákveðin þolmörk gagnvart ágangi ferðamanna, ekki síst á fjölsóttum ferðamannastöðum. Jafnframt er mikilvægt að huga að mikilvægi ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar á Íslandi og reyna þannig með markvissum aðgerðum að koma í veg fyrir að öryggi ferðamanna sé í hættu eða að upplifun þeirra af landinu verði neikvæð sem getur leitt til skaðaðrar ímyndar landsins sem ferðamannastaðar sem aftur getur leitt til fækkunar ferðamanna.

III. Meginefni frumvarpsins.

Markmiðið með stofnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er skilgreint í 1. gr. frumvarpsins en þar er lagt til að með fjármagni úr honum skuli stuðlað að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri umsjón eða eigu um land allt. Þá segir jafnframt að með fjármagni úr sjóðnum skuli leitast við að tryggja öryggi ferðamanna og verndun náttúru landsins. Loks er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsótta ferðamannastaði.

Heimildir sjóðsins til fjármögnunar framkvæmda eru raktar í 2. og 3. mgr. 1. gr. Sjóðnum er að meginstefnu til ætlað að kosta framkvæmdir á ferðamannastöðum í opinberri eigu og á friðlýstum svæðum. Á þeim svæðum hefur sjóðurinn víðtækar heimildir til að kosta framkvæmdir er varða uppbyggingu, viðhald, verndun og öryggi ferðamanna. Sjóðnum er einnig heimilt að kosta framkvæmdir á ferðamannastöðum sem eru í einkaeigu og ekki friðlýstir en þær heimildir eru þó mun takmarkaðri. Í þeim tilvikum er einungis heimilt að kosta framkvæmdir sem beinlínis varða öryggi ferðamanna eða náttúruvernd. Sjóðnum er ekki ætlað að vera samkeppnissjóður heldur munu framlög úr honum renna til verkefna á svæðum þar sem brýnt er að ráðast í umbætur. Það verður í höndum stjórnar sjóðsins að gera tillögur að úthlutun úr sjóðnum og lagt er til að stjórnin muni auglýsa eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum. Umsjónaraðilar eða eigendur viðkomandi ferðamannastaða geta þannig sótt um framlög á grundvelli fullbúinna hugmynda að framkvæmdum sem samræmast lögum og reglum um viðkomandi svæði.

Í 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að sjóðurinn hafi víðtækar heimildir til uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum sem eru í eigu opinberra aðila. Hér er bæði átt við svæði sem eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Þá hefur sjóðurinn sömu heimildir á ferðamannastöðum sem eru á skilgreindum náttúruverndarsvæðum. Náttúruverndarsvæði eru skilgreind í 8. tölul. 3. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, og þar eru þau flokkuð í eftirfarandi flokka:

a. Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti.
b. Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá.
c. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Sjóðurinn hefur ekki heimildir til að kosta framkvæmdir sem falla undir þennan tölulið þegar um er að ræða ferðamannastaði í einkaeigu nema um sé að ræða viðurkennd náttúruverndarsvæði. Þær framkvæmdir sem falla undir 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. geta verið af ýmsu tagi svo framarlega sem þær rúmast innan markmiða laganna. Hér getur m.a. fallið undir

uppsetning á hreinlætisaðstöðu, gerð stíga, palla og aðvörunarskilta. Allar framkvæmdir sem rúmast innan markmiða laganna, ekki síst þær sem eru á náttúruverndarsvæðum, kunna að vera háðar frekari skilyrðum samkvæmt lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, eða lögum um verndun einstakra svæða, svo sem lögum nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, lögum nr. 85/2005, um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, lögum nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð, og fleiri sérlögum. Þá kann í einhverjum tilvikum að vera nauðsynlegt að kanna hvort framkvæmdir rúmast innan gildandi skipulags á viðkomandi svæði.

Í 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að sjóðurinn hafi heimildir til að fjármagna framkvæmdir sem eru til þess fallnar að tryggja öryggi ferðamanna og verndun náttúrunnar hvort sem er á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila eða einkaaðila. Þessi framlög einskorðast við verkefni sem hafa náttúruverndunargildi eða stuðla að öryggi ferðamanna á svæðum sem eru opin almenningi án endurgjalds.

Þau verkefni, sem geta fallið undir þennan tölulið, eru verulega takmarkaðri og ber að túlka mun þrengra en þau sem falla undir 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Verkefnin einskorðast við hvers konar ráðstafanir sem eingöngu miða að því að tryggja öryggi ferðamanna eða stuðla að verndun náttúru. Þegar um er að ræða framkvæmdir sem falla undir 2. tölul. þá skiptir eignarhald á ferðamannastaðnum ekki máli. Þannig er samkvæmt ákvæðinu heimilt að kosta öryggisráðstafanir í þágu ferðamanna á landi sem er einkaeigu og ekki telst náttúruverndarsvæði samkvæmt náttúruverndarlögum, enda óski landeigandi eftir því eða slíkt sé gert í samráði við hann. Öryggisráðstafanir í þágu ferðamanna geta m.a. verið ýmsar merkingar sem eru til þess fallnar að tryggja öryggi ferðamanna sem og kostnaður við uppsetningu öryggisbúnaðar, svo sem handriða. Undir þennan lið getur einnig fallið stígagerð og uppsetning palla þegar skýrt er að um er að ræða öryggisráðstafanir. Framkvæmdir sem stuðla að verndun náttúru geta t.d. falist í því að girða af viðkvæm svæði, setja upp útsýnispalla sem draga úr ágangi á náttúru, að beina umferð gangandi vegfarenda þannig að náttúra raskist ekki með stígagerð o.s.frv. Ýmsar framkvæmdir eru þess eðlis að þær geta hvort tveggja í senn verndað náttúru og stuðlað að öryggi ferðamanna.

Framlögum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða er ekki ætlað að styrkja atvinnuuppbyggingu einkaaðila í ferðaþjónustu enda einskorðast framlög til þeirra við framangreind öryggis- og/eða verndunarverkefni. Þannig er ekki gert ráð fyrir að framlög til framkvæmda á landsvæðum í einkaeigu teljist landeiganda til tekna og ekki er gert ráð fyrir að í starfsemi sjóðsins felist ríkisaðstoð skv. 61.–64. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Engu síður er áformað að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um starfsemi Framkvæmdasjóðsins.

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að Framkvæmdasjóði ferðamannastaða sé heimilt að fjármagna þá undirbúnings- og hönnunarvinnu sem nauðsynleg er vegna framkvæmda sem falla undir 1. og 2. tölul. 2. mgr. en sjóðnum sé ekki heimilt að bera rekstrarkostnað mannvirkja, náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða. Afar mikilvægt er að vandað sé til uppbyggingar af því tagi sem sjóðurinn á að fjármagna. Þannig þurfa framkvæmdir að vera gerðar með hagsmuni náttúruverndar í huga og taka mið af þörfum ferðamanna. En það þarf einnig meira að koma til. Góð hönnun á aðstöðu og mannvirkjum getur haft mikið aðdráttarafl bæði vegna þeirrar þjónustu sem í boði er og fegurðargildis. Með góðri hönnun er átt við marga þætti en í henni getur m.a. falist sjálfbærni, vinnusparnaður og minni þörf fyrir viðhald en einnig það að með góðri hönnun er hægt að gera mannvirki á ferðamannastöðum þannig úr garði að upplifun af náttúrufegurð verði meiri og jákvæðari. Þá er með góðri hönn-

un hægt með árangursríkum hætti að tvinna sögu og menningu landsins saman við náttúru landsins í mannvirkjagerð og nálgun við ferðamann.

Á undanförnum árum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að góð hönnun hafi mikið hagrænt gildi og það er meðal annars á grundvelli slíkra sjónarmiða sem lagt er til að sjóðurinn geti fjármagnað undirbúning og hönnun mannvirkja á ferðamannastöðum. Brýnt er að við úthlutanir úr sjóðnum verði þessi sjónarmið höfð í huga og telja verður að þannig skapist meiri verðmæti þegar litið er til lengri tíma. Þannig er ekki miðað við að sjóðurinn fjármagni verkefni sem felast í uppsetningu fjöldaframleiddra skyndilausna nema í undantekningartilvikum. Í uppbyggingu sem þessari eru fólgin tækifæri fyrir hönnuði, arkitekta, verkfræðinga og ýmsa iðnaðarmenn.

Þar sem um er að ræða gjaldtöku af ferðamönnum er lagt til að sjóðurinn starfi á ábyrgð iðnaðarráðherra, en að rekstur og umsýsla sjóðsins verði hjá Ferðamálastofu enda lýtur starfsemi sjóðsins að tilgangi og hlutverki hennar samkvæmt lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála. Ferðamálastofa fer m.a. með málefni sem stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og mannlífi, m.a. með þjóðhagslega hagkvæmni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Umhverfismál eru eitt af hlutverkum Ferðamálastofu, þar á meðal samræming umhverfis- og fræðslumála og umsjón með uppbyggingu og þróun ferðamannasvæða. Ferðamálastofa sinnir styrkveitingum til þeirra sem vinna að úrbótum í umhverfismálum á ferðamannastöðum. Einnig hefur Ferðamálastofa haft forgöngu um og umsjón með úrbótum á fjölsóttum ferðamannastöðum, oft í samvinnu við aðra, svo sem sveitarfélög á viðkomandi svæði, Vegagerðina og Umhverfisstofnun.

IV. Helstu áhrif verði frumvarpið að lögum.

Verði frumvarpið að lögum mun Framkvæmdasjóður ferðamannastaða verða til og mun hann fá framlög af fjárlögum til að sinna sínu hlutverki. Áformað er að sjóðurinn fái framlög sem svara til 3/5 af gjaldi samkvæmt lögum um farþegagjald og gistináttagjald. Þessum fjármunum verður varið til brýnna uppbyggingarverkefna á ferðamannastöðum og á sviði náttúruverndar og öryggis ferðamanna. Hvað áhrifin af lagabreytingunni varðar má reikna með því að þau verði víðtækust hvað það snertir að umtalsvert meira fjármagni en nú er verður varið til verkefna sem stuðla að uppbyggingu ferðaþjónustu og verndun íslenskrar náttúru á náttúruverndarsvæðum og ýmsum öðrum ferðamannastöðum. Þá verður einnig varið meira fjármagni en nú er til mannvirkja sem stuðla að öryggi ferðamanna. Hvort tveggja hefur þau áhrif að skapa atvinnu, hjá þeim hönnuðum og iðnaðarmönnum sem vinna munu þá undirbúnings- og framkvæmdavinnu sem nauðsynleg er.

Takist að ná fram markmiðum laganna má reikna með því að náttúra Íslands á ferðamannastöðum haldist óspillt og að öryggi ferðamanna verði betur tryggt á Íslandi en nú er. Nái þetta fram að ganga eru vonir bundnar við að ímynd Íslands sem óspillts og öruggs ferðamannastaðar viðhaldist.

Hvað stjórnsýsluna varðar má nefna þau áhrif að Ferðamálastofa fær í frumvarpinu nýtt hlutverk, þ.e. vörslu Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Jafnframt fær iðnaðarráðherra það hlutverk að ákvarða úthlutanir úr sjóðnum.

Frumvarpið er nátengt frumvarpi fjármálaráðherra um farþegagjald og gistináttagjald. Um áhrif af þeirri gjaldtöku verður ekki fjallað hér en verði það frumvarp að lögum verður nýtt gjald lagt á þá ferðaþjónustuaðila í landinu sem selja gistingu og farþegaflutninga.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að stofnaður verði sérstakur sjóður sem beri heitið Framkvæmdasjóður ferðamannastaða. Markmiðið með stofnun sjóðsins er rakið í ákvæðinu en með fjármagni úr honum skal stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón. Einnig skal með fjármagni úr sjóðnum leitast við að tryggja öryggi ferðamanna og verndun náttúru Íslands. Þá er með sjóðnum stefnt að frekari fjölgun ferðamannastaða í þeim tilgangi að draga úr álagi á fjölsótta ferðamannastaði og dreifa ferðamönnum betur yfir landið.

Í 2. og 3. mgr. eru nánar raktar þær heimildir sem sjóðurinn hefur til að kosta framkvæmdir og einnig hvaða takmarkanir gilda um verksvið sjóðsins. Í fyrsta lagi skal skv. 1. tölul. 2. mgr. verja fjármagni úr sjóðnum til uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila eða á náttúruverndarsvæðum. Um er að ræða rúma heimild til fjármögnunar framkvæmda á náttúruverndarsvæðum, hvort sem þau eru í opinberri eigu eða einkaeigu, og öðrum svæðum sem eru í eigum ríkis og sveitarfélaga. Framkvæmdirnar verða að rúmast innan markmiða frumvarpsins eins og það er skýrt í 1. mgr. Í öðru lagi skal skv. 2. tölul. 2. mgr. kosta framkvæmdir sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru landsins á ferðamannastöðum óháð eignarhaldi. Í þessu felst að sjóðnum er heimilt að styrkja framkvæmdir á landi í einkaeigu, sem ekki er náttúruverndarsvæði, svo framarlega sem um er að ræða verkefni sem annaðhvort stuðla að öryggi ferðamanna eða verndun náttúru eða hvoru tveggja. Framkvæmdir á landi í eigu einkaaðila skulu þó alltaf háðar því skilyrði að um sé að ræða ferðamannastaði sem ávallt eru opnir almenningi án endurgjalds. Framlögum úr sjóðnum er ekki ætlað að styrkja atvinnuuppbyggingu einkaaðila í ferðaþjónustu og því einskorðast framlög til þeirra aðila við framangreind öryggis- eða verndunarverkefni.

Í 3. mgr. er nánar rakið hvaða skilyrði framlög úr sjóðnum verða að uppfylla. Sérstaklega er tekið fram að sjóðurinn geti kostað undirbúnings- og hönnunarvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirra framkvæmda sem sjóðurinn kostar. Þá er skýrt kveðið á um það að sjóðnum sé ekki heimilt að kosta rekstur mannvirkja eða náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða. Fjármagn úr sjóðnum verður því ekki nýtt til að standa undir launakostnaði starfsmanna á náttúruverndarsvæðum eða öðrum ferðamannastöðum. Loks er tekið fram að framlög til einkaaðila séu alltaf háð því skilyrði að viðkomandi ferðamannastaður sé ávallt opinn almenningi og án endurgjalds.

Með náttúruverndarsvæðum er átt við svæði þannig skilgreind samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999. Nánari umfjöllun um heimildir sjóðsins er að finna í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skipun stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Stjórnin skal skipuð af iðnaðarráðherra og í hana skal skipa fjóra fulltrúa til tveggja ára í senn. Tveir skulu tilnefndir af Samtökum ferðaþjónustunnar, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn skipar iðnaðarráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður.

Meginverkefni stjórnar sjóðsins er gerð tillagna til iðnaðarráðherra um úthlutanir úr sjóðnum. Við vinnslu tillagnanna er nauðsynlegt að stjórnin afli upplýsinga um þörf á framkvæmdum jafnhliða því að auglýsa eftir umsóknum um framlög. Í auglýsingum um framlög

skal greinilega koma fram hvers konar verkefni er ætlunin að styrkja og hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt svo að til framlaga geti komið.

Stjórninni er ætlað að setja saman heildstæðar tillögur sem geta orðið grundvöllur ákvörðunar ráðherra um úthlutunar tvisvar á ári. Tillögunum skal fylgja greinargerð þar sem gerð er grein fyrir uppruna hverrar tillögu og kostnaðaráætlun verkefna.

Framkvæmd úthlutana, rekstur sjóðsins og uppgjör verður í höndum Ferðamálastofu eins og nánar er rakið í skýringum við 5. gr.

Um 3. gr.

Lagt er til að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fái árlega framlag af fjárlögum. Miðað skal við að framlagið endurspegli um 60% þeirra tekna sem ríkissjóður hefur af farþegagjaldi og gistináttagjaldi.

Um 4. gr.

Lagt er til að iðnaðarráðherra beri ábyrgð á rekstri Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og taki ákvarðanir um einstakar úthlutanir úr sjóðnum. Í ákvæðinu er lagt til að úthlutað verði úr sjóðnum að jafnaði tvisvar á ári en þó er talið skynsamlegt að heimila úthlutanir oftar ef brýna þörf ber til. Lagt er til að upplýsingar um úthlutanir verði birtar opinberlega. Birting á vef iðnaðarráðuneytis og/eða Ferðamálastofu mundi teljast nægileg birting.

Um 5. gr.

Áformað er að rekstur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða verði í höndum Ferðamálastofu. Í því felst m.a. að Ferðamálastofa framkvæmir allar úthlutanir úr sjóðnum í samræmi við ákvarðanir ráðherra. Í því felst jafnframt að sjá um samningagerð vegna úthlutana þegar það á við. Þá heldur stofnunin bókhald yfir rekstur sjóðsins og framlög úr honum og gerir ársreikninga.

Við greiðslu framlaga úr sjóðnum skal ávallt miða við að greiðslur til verkefna miðist við framvindu. Í þessu felst að greiðsludreifing til verkefna getur verið mismunandi eftir eðli þeirra og tímalengd.

Tekið er fram að reikningsár sjóðsins skuli vera almanaksárið og að Ríkisendurskoðun annist endurskoðun reikninga.

Um 6. gr.

Ákvæðið fjallar um heimild ráðherra til að setja nánari reglur um starfsemi Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða í reglugerð. Heimildin einskorðast við nánari reglur um úthlutanir úr sjóðnum. Er hér einkum átt við nánari reglur er varða framkvæmd úthlutana.

Um 7. gr.

Ákvæðið fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Vegna þess nýja fyrirkomulags, sem felst í Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, er lagt til að endurskoða beri lög um starfsemi hans og framkvæmd þeirra áður en langur tími líður. Miðað er við að iðnaðarráðherra standi fyrir slíkri endurskoðun og að henni verði lokið áður en þrjú ár hafa liðið frá gildistöku laga um sjóðinn.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnaður verði Framkvæmdasjóður ferðamannastaða með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón um land allt auk þess að tryggja öryggi ferðamanna og verndun náttúru landsins. Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi fjóra fulltrúa í stjórn sjóðsins, þar af einn án tilnefningar, sem geri tillögu til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum. Úthlutanir eiga að samrýmast hlutverki sjóðsins en að öðru leyti er ekki afmarkað nánar í frumvarpinu hvers konar verkefni heimilt verði að styrkja og verður að telja að gert sé ráð fyrir að sú heimild verði talsvert víðfeðm. Frumvarpið gerir ráð fyrir að iðnaðarráðherra taki ákvarðanir um einstakar úthlutanir úr sjóðnum á grundvelli tillagna stjórnar fremur en að sjálfstæð stjórn fari með það ákvörðunarvald innan marka tiltekinnar stefnu eða markmiða eins og algengt er með sjóði af þessari stærðargráðu.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi fjármálaráðherra um innheimtu á nýju farþegagjaldi og gistináttagjaldi, sem ætlað er að afla aukinna tekna til að standa undir framlögum til sjóðsins og þjóðgarða og friðlýstra svæða en áætlað er að tekjurnar geti orðið um 400 m.kr. á ársgrundvelli. Gert er ráð fyrir að innheimta gjaldanna hefjist 1. september 2011. Þótt ekki sé beinlínis um að ræða mörkun teknanna í því frumvarpi er gert ráð fyrir, í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda um þessi málefni, að veitt verði framlag í fjárlögum sem svari til 3/5 hluta teknanna, eða 240 m.kr. á ársgrundvelli, til nýs Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Þessi áform mundu leiða til mjög umtalsverðrar aukningar á útgjöldum í tengslum við framkvæmdir og önnur verkefni í þessum málaflokki. Þar sem ætlunin er að þessi útgjöld verði fjármögnuð með tekjum af farþegagjaldi og gistináttagjaldi munu þessar lagabreytingar þó ekki hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að Ferðamálastofu verði falið að annast um umsýslu með sjóðnum, svo sem útgreiðslur og aðra framkvæmd styrkja, bókhald og gerð ársreikninga. Nokkur viðbótarkostnaður kann að falla til vegna þessara verkefna en reiknað er með að hann rúmist að mestu innan fjárhagsramma Ferðamálastofu en verði annars fjármagnaður af fjárheimildum sjóðsins. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011 er ekki gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum eða tekjum en þar er settur bindandi útgjaldarammi á nafnvirði fyrir ríkið í heild á árinu 2011.

509. Fyrirspurn [383. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um framlög til kvikmyndagerðar og fleiri listgreina.

Frá Sigurgeir Sindra Sigurgeirssyni.

1. Hver eru framlög í samningum við fagfélög annarra listgreina en kvikmyndagerðar, þ.e. leiklistar, tónlistar, myndlistar, hönnunar og ritlistar, samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs og tillögu ráðuneytisins fyrir næsta ár, en samkvæmt gildandi samningi mennta- og

menningarmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis við fagfélög í kvikmyndagerð eiga framlög til kvikmyndasjóða að minnka um rúm 35%?
2. Hvers vegna er tillaga um niðurskurð til kvikmyndagerðar ekki endurskoðuð í ljósi upplýsinga í skýrslu sem Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda lét vinna í vor þar sem kemur fram að þessi niðurskurður til kvikmyndasjóða í mennta- og menningarmálaráðuneytinu leiðir til tekjutaps í fjármálaráðuneytinu sem er meira en nemur hinum meinta sparnaði?

Skriflegt svar óskast.

510. Fyrirspurn [384. mál]

til heilbrigðisráðherra um samskipti lækna og fulltrúa lyfjaiðnaðarins.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hvaða reglur gilda um samskipti lækna og fulltrúa lyfjaiðnaðarins?
2. Telur ráðherra að herða eða skýra þurfi reglurnar?
3. Getur þjóðhagslegur sparnaður falist í því að læknar leiti sér óháðra upplýsinga um lyf?
4. Eru boðsferðir lyfjafyrirtækja á ráðstefnur erlendis og fyrirlestrar sem þau standa fyrir hér á landi hluti af formlegri endurmenntun lækna?

Skriflegt svar óskast.

511. Nefndarálit [246. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og Þorstein A. Jónsson frá Hæstarétti.

Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Ákærendafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, dómstólaráði, Héraðsdómi Norðurlands eystra, Hæstarétti Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands og ríkissaksóknara.

Með frumvarpinu er lagt til að dómurum við Hæstarétt verði fjölgað tímabundið um þrjá frá og með 1. janúar 2011 og dómurum hjá héraðsdómstólum verði fjölgað tímabundið um fimm frá og með 1. mars 2011. Þannig verði 12 dómarar við Hæstarétt og 48 hjá héraðsdómstólum að teknu tilliti til þeirra fimm dómara sem bætt var við hjá héraðsdómstólum til bráðabirgða með lögum nr. 147/2009 sem tóku gildi 1. janúar sl.

Aukinn málafjöldi.

Nefndin fjallaði um málið sem er lagt fram til að bregðast við því aukna álagi sem hefur orðið hjá dómstólunum eftir bankahrun en fyrir nefndinni kom fram að hjá Hæstarétti og dómstólaráði er fylgst reglubundið með þróun málafjölda og álagi á dómstóla þó að málatölur veiti takmarkaða sögu vegna þess hve vægi mála er misjafnt með tilliti til umfangs og þess hve úrlausnarefni eru flókin. Skráðum málum við Hæstarétt Íslands hefur fjölgað um 57% frá árinu 2003 og hafa skráð mál aldrei verið fleiri en á árinu 2009, eða 782, fjölgunin frá árinu á undan er því rúm 12%.

Fyrir nefndinni kom fram að þó að þingfestum einkamálum hafi fækkað mjög fyrir dómstólum það sem af er þessu ári hafi fjöldi ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta margfaldast. Þá kemur fram í frumvarpinu að fyrirsjáanlegt er að ágreiningsmál frá slitastjórnum vegna krafna í þrotabú, einkum þrotabú fjármálafyrirtækja, muni verða mikil að umfangi og berast hratt til dómstólanna. Þá er fyrirsjáanlegt að mál frá sérstökum saksóknara komi til kasta dómstóla og að fjölskipa þurfi dóm í einhverjum þeirra.

Meiri hlutinn telur mjög mikilvægt að dómstólar geti brugðist við þeim aukna málafjölda sem þegar er farinn að koma fram og enn fremur að tryggt verði að málarekstur fyrir dómstólum dragist ekki, sbr. ákvæði 70. gr. stjórnarskrár um að allir eigi rétt á að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Fram kom að gert er ráð fyrir að brugðist verði við þeim útgjaldaauka sem frumvarpið gerir ráð fyrir með hækkun dómsmálagjalda að minnsta kosti til jafns við hann. Í frumvarpi fjármálaráðherra um skatta og gjöld (þskj. 380, 313. mál) er hækkun dómsmálagjalda lögð til í þeim málum sem varða stefnu- og áfrýjunarfjárhæðir mála, þ.e. frá 30 millj. kr. og frá 90 millj. kr. Meiri hlutinn telur eðlilegt að þessi gjöld taki mið af þeim hagsmunum sem í húfi eru við málarekstur fyrir dómstólum.

Fjölgun dómara.

Nefndin fjallaði nokkuð um hvernig mæta ætti þeim tímabundna vanda sem fjölgun mála, t.d. vegna efnahagshrunsins hefði í för með sér. Í frumvarpinu er lagt til að dómurum verði fjölgað tímabundið þannig að ekki verða skipaðir nýir dómarar í embætti sem losna fyrr en eftir 1. janúar 2013 og þá ekki fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu sem mælt er fyrir um í lögunum, þ.e. níu í Hæstarétti og 38 í héraði.

Í 61. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um sjálfstæði dómara og hefur því ekki verið talið unnt að skipa dómara tímabundið í embætti. Byggist það á sjónarmiðum um réttaröryggi borgaranna sem eiga að geta treyst því að dómendur séu engum háðir í störfum sínum. Sú fjölgun sem lögð er til í frumvarpinu er því ekki tímabundin nema að því leyti að hún gerir ráð fyrir náttúrulegri fækkun dómara.

Breytingartillögur.

Nefndin fjallaði sérstaklega um tillögur Hæstaréttar Íslands um breytingar á frumvarpinu sem tengjast þeirri fjölgun sem lögð er til í frumvarpinu. Rétturinn leggur í fyrsta lagi til að kjörtímabil forseta Hæstaréttar verði lengt úr tveimur árum í fimm ár. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. dómstólalaga fer forseti með yfirstjórn Hæstaréttar, ber ábyrgð á rekstri og stýrir meðal annars þeirri starfsemi Hæstaréttar sem ekki er hluti af meðferð máls fyrir dómi, skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna og fer með agavald yfir þeim. Fyrir nefndinni kom fram að umfang starfsins mundi aukast með fjölgun dómara og annars starfsfólks en í

umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis kemur fram að fyrirhugað er að ráðnir verði til viðbótar tveir aðstoðarmenn dómara auk hálfs stöðugildis skrifstofumanns. Þá kom fram að með því að lengja starfstíma forseta yrði meiri festa í starfi viðkomandi forseta og meiri líkur á að hann gæti sinnt tímafrekari stjórnunarverkefnum. Forseti Hæstaréttar sinnir dómstörfum jafnt og aðrir dómarar þrátt fyrir að sinna einnig starfi forseta réttarins. Nefndin fjallaði einnig um það hvort fjögur ár væri hentugri tími en fimm ár þar sem kjörtímabil forseta Íslands er fjögur ár, starfstími forseta Alþingis er eitt kjörtímabil eða fjögur ár að jafnaði, sem og starfstími forsætisráðherra, en tveir síðarnefndu eru handhafar forsetavalds ásamt forseta Hæstaréttar í fjarveru forseta Íslands. Allir eru þeir kjörnir í kosningum nema forseti Hæstaréttar sem kosinn er af hæstaréttardómurum. Innan stjórnsýslunnar hefur almenna reglan um skipunartíma forstöðumanna stofnana verið fimm ár. Meiri hlutinn fellst á þá tillögu réttarins að forseti Hæstaréttar verði kjörinn til fimm ára, og telur að í ljósi aukins umfangs starfsins sé eðlilegt að sá dómari sem kjörinn er sinni dómstörfum minna en aðrir dómarar á þeim tíma. Meiri hlutinn fellst einnig á þá tillögu að breyting á skipunartíma komi ekki til framkvæmdar fyrr en forseti Hæstaréttar verður næst kjörinn og leggur því einnig til breytingu á frumvarpinu í þá veru.

Í öðru lagi leggur Hæstiréttur til að heimilað verði að fleiri dómarar en fimm geti setið í sérlega mikilvægum málum, sbr. 1. mgr. 7. gr. dómstólalaga, en fyrir nefndinni kom fram að sú breyting væri eðlileg í tengslum við þá fjölgun dómara sem lögð er til í frumvarpinu. Meiri hlutinn telur mjög mikilvægt að rétturinn hafi þessa heimild og leggur áherslu á að það mundi styrkja fordæmisgildi dómanna ef fleiri sætu í dómi og leggur því til þessa breytingu á frumvarpinu.

Þriðja tillaga Hæstiréttar er sú að rétturinn taki sjálfur ákvörðun um það hvernig dómurum er skipað í deildir, sbr. 2. mgr. 7. gr., en þar segir að þegar fimm eða sjö dómarar skipa dóm í máli skulu að jafnaði eiga þar sæti þeir sem lengst hafa verið skipaðir hæstaréttardómarar. Þannig skiptist dómurinn í reynd í tvær deildir þar sem þeir fimm sem hafa lengstan starfsaldur skipa A-deild og þeir þrír sem hafa styttri starfsaldur skipa B-deildina. Fyrir nefndinni kom fram að með þeirri fjölgun sem lögð er til í frumvarpinu væri ekki heppilegt að þeir fari allir þrír í B-deild heldur gæti rétturinn t.d. skipað reynslumeiri og reynsluminni saman í fleiri málum. Meiri hlutinn fellst á þessi sjónarmið og telur eðlilegt að rétturinn geti ákveðið að dómurum sé skipað í deildir afmarkað tímabil í senn eftir fastri almennri reglu og leggur því einnig til þá breytingu á frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt með framangreindum breytingum** sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. des. 2010.

Róbert Marshall, form., frsm. Atli Gíslason. Mörður Árnason.

Álfheiður Ingadóttir. Þráinn Bertelsson.

512. Breytingartillögur [246. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (RM, AtlG, MÁ, ÁI, ÞrB).

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (1. gr.)
      Í stað orðsins „tveggja“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: fimm.
   b. (2. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:
      a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Í sérlega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að fleiri en fimm dómarar skipi dóm, en fjöldi þeirra skal þó standa á oddatölu.
      b. 2. mgr. orðast svo:
         Hæstiréttur getur ákveðið að dómurum sé skipað í deildir í afmarkað tímabil í senn eftir fastri almennri reglu.
2. Við 2. gr. bætist nýr málsliður: Ákvæði 1. gr. kemur þó ekki til framkvæmdar fyrr en forseti Hæstaréttar verður næst kjörinn.

513. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Reynisson og Lindu Garðarsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Jónu Björk Guðnadóttur, Jón Guðna Ómarsson, Hannes Hafstein og Helenu Hilmarsdóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Ingvar Rögnvaldsson og Aðalstein Hákonarson frá ríkisskattstjóra, Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði, Friðrik Ó. Friðriksson frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Elínu Jónsdóttur frá Bankasýslu ríkisins, Jónas Þórðarson frá Seðlabanka Íslands og Árna Tómasson frá skilanefnd Glitnis. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bankasýslu ríkisins,

Deloitte, Félagi atvinnurekenda, Hagsmunasamtökum heimilanna, Neytendasamtökunum, PriceWaterhouseCoopers, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjárfesta, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, skilanefnd Glitnis og Viðskiptaráði Íslands.

Yfirlýst markmið frumvarpsins er að skattur á fjármálafyrirtæki sem þar er lagður til standi undir tekjuöflun ríkissjóðs og dragi úr áhættu í starfsemi fyrirtækjanna. Þau fjármálafyrirtæki sem skattskyldan tekur til eru viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og verðbréfafyrirtæki auk annarra aðila sem hafa heimild til að taka við innlánum eða stunda viðskipti með verðbréf, sbr. nú lög nr. 108/2007. Einnig er gert ráð fyrir að skattskyldan taki til útibúa hér á landi í eigu erlendra fjármálafyrirtæki sem hafa sömu starfsemi með höndum. Undanþegin skattskyldu verði fyrirtæki alfarið í eigu opinberra aðila samkvæmt sérlögum og aðilar sem sæta slitameðferð skv. 101. gr. laga nr. 161/2002. Einnig falla undir undanþáguna aðilar sem eru með skattstofn undir 5.000 millj. kr. sem mundu að öðrum kosti falla undir gildissvið frumvarpsins. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að með þessari undanþágu verði undanskilin skattlagningunni mörg verðbréfafyrirtæki og minni sparisjóðir.

Stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki er heildarskuldir skattskylds aðila í lok tekjuárs eins og þær eru tilgreindar á skattframtali, sbr. 75. gr. laga nr. 90/2003, en frá stofninum verður heimilt að draga þann hluta tryggðra innstæðna sem að hámarki geta komið til útborgunar vegna hvers innstæðueiganda, sbr. lög um innstæðutryggingar. Gerð er tillaga um að skattprósentan verði 0,045%. Um álagningu, eftirlit, kærur og innheimtu skattsins fer eftir ákvæðum tekjuskattslaga. Frumvarpinu er ætlað að taka til tekjuársins 2010 auk þess sem gert er ráð fyrir að það komi til endurskoðunar innan eins árs frá gildistöku.

Reiknað er með að tekjur ríkissjóðs af skattinum verði nálægt 1 milljarði kr. og er það í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins.

Helstu athugasemdir sem fram komu við umfjöllun nefndarinnar voru að um væri að ræða skatt sem íþyngdi einni atvinnugrein umfram aðrar, að aðilum innan bankageirans væri mismunað með tilliti til undanþáguákvæðisins og að áhrif frumvarpsins væru afturvirk þar sem það tæki til tekna ársins 2010. Einnig var lýst efasemdum um að skattlagningin fæli í sér hvata til að draga úr áhættutöku banka, fremur væri hún til þess fallin að auka tekjur ríkissjóðs á kostnað viðskiptavina bankanna.

Sjónarmið komu fram um að ekki væri tilefni til að undanskilja minni fjármálafyrirtæki skattlagningu þar sem reynslan kenndi að þau gætu verið áhættusækin. Ekki væri heldur hægt að útiloka þann möguleika að aðilar sem féllu undir skattlagninguna notfærðu sér undanþáguákvæði frumvarpsins í þeim tilgangi að koma hluta skulda sinna yfir á minna fyrirtæki eins og verðbréfafyrirtæki. Undanþágan væri auk þess varhugaverð með tilliti til samkeppnissjónarmiða.

Nefndin ræddi þá leið sem lögð er til í frumvarpinu við ákvörðun skattstofnsins og hvort aðrar leiðir væru færar við að ná markmiðum frumvarpsins. Í minnisblaði fjármálaráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið hafi skoðað í samstarfi við ríkisskattstjóra hvort betra væri að hafa stofninn skuldir og eigið fé að frádregnum eiginfjárþætti A. Kemur þar fram að tillaga frumvarpsins hafi verið valin fyrst og fremst vegna þess að hún væri auðveldari í framkvæmd.

Samtök fjármálafyrirtækja og fleiri lögðu áherslu á að við meðferð málsins yrði gætt samræmis við frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta sem vísað hefði verið til viðskiptanefndar Alþingis, til að koma í veg fyrir að innlán sættu tvískattlagningu. Umrætt frumvarp gerir ráð fyrir að iðgjaldastofn reiknist á allar

tryggðar innstæður óháð fjárhæð. Nefndin kannaði af þessu tilefni hvort til greina kæmi að afnema heimild til frádráttar frá skattstofninum og hafa skattprósentuna þess í stað lægri.

Hagsmunasamtök heimilanna gera athugasemdir við hversu lágt skatthlutfallið er ákvarðað í frumvarpinu og til hve takmarkaðs hluta veltu fjármálafyrirtækja hann nær. Leggja samtökin til að farnar verði aðrar leiðir til að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja og reisa skorður við útlánum til stórra og tengdra aðila.

Á fundum nefndarinnar vöktu fulltrúar skilanefndar Glitnis athygli nefndarinnar á því hvernig frumvarpið horfði við með hliðsjón af samkomulagi við stjórnvöld um kaup skilanefndarinnar, f.h. kröfuhafa bankans, á 95% hlut í Íslandsbanka.

Seðlabanki Íslands telur í ljósi alþjóðlegrar þróunar um skattheimtu af sama meiði að með batnandi afkomu ríkissjóðs í framtíðinni sé rétt að endurskoða hvort tekjur af skattinum skuli renna í sérstakan viðlagasjóð vegna fjármálakerfisins.

Ríkisskattstjóri telur ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins sem fylgir frumvarpinu.

Með hliðsjón af framangreindum athugasemdum leggur nefndin til þá breytingu að heimild til frádráttar falli brott og að gjaldhlutfall lækki úr 0,045% í 0,041%.

Nefndin leggur einnig til að verðbréfafyrirtæki falli ekki undir gildissvið laganna. Fram kemur í minnisblaði fjármálaráðuneytisins að skuldir verðbréfafyrirtækja séu fyrst og fremst rekstrarskuldir sem að jafnaði séu undir þeim fjárhæðarviðmiðum sem fram koma í a-lið 2. gr. frumvarpsins. Nefndin telur að í stað viðmiða sé eðlilegra að umrædd leyfisstarfsemi verði skilin frá gildissviði laganna en viðurkennir á sama tíma að í ljósi framangreindra sjónarmiða um skattasniðgöngu geti tilefni verið til endurskoðunar að ári, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Skylda til að greiða sérstakan skatt, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum, hvílir á fjármálafyrirtækjum, sem hafa fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, og öðrum aðilum sem hafa fengið leyfi til að taka við innlánum. Skattskylda þessi tekur einnig til útibúa erlendra fjármálafyrirtækja sem taka við innlánum eða hafa sambærilegar starfsheimildir og viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki.
   b. A-liður 2. mgr. falli brott.
2. 4. gr. falli brott.
3. Við 5. gr. Í stað hlutfallstölunnar „0,045%“ komi: 0,041%.

Tryggvi Þór Herbertsson og Pétur H. Blöndal gera fyrirvara við álitið. Fyrirvarinn er almenns eðlis.

Þór Saari var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm. | Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara. | Álfheiður Ingadóttir.

Magnús Orri Schram. | Birkir Jón Jónsson. | Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Pétur H. Blöndal, með fyrirvara. | Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

514. Svar [174. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um eftirlit Bandaríkjamanna með mannaferðum við Laufásveg.

1. *Hversu lengi hefur „eftirlitssveit“ á vegum Bandaríkjastjórnar eða sendiráðs Bandaríkjamanna í Reykjavík starfað hér á landi?*

Ráðherra fól embætti ríkislögreglustjóra að kanna starfsemi svokallaðrar eftirlitssveitar eða öryggissveitar við bandaríska sendiráðið 8. nóvember sl. Ríkislögreglustjóri skilaði ráðuneytinu skýrslu 16. nóvember sl. Svör við þeim spurningum sem settar eru fram í þessari fyrirspurn byggjast á þeirri skýrslu. Hefur hún nú verið gerð opinber á heimasíðu ráðuneytisins og er einnig að finna í fylgiskjali hér á eftir. Við vinnslu skýrslu ríkislöreglustjóra voru lagðar ítarlegar spurningar fyrir sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi. Þeim spurningum var aðeins að hluta til svarað en samkvæmt upplýsingum bandarískra stjórnvalda var ákveðið að koma á fót öryggissveitum við öll sendiráð Bandaríkjamanna erlendis í kjölfar mannskæðra árása á sendiráð Bandaríkjanna í Austur-Afríku árið 1998. Í svörum sínum geta Bandaríkjamenn þess ekki hvenær starfsemi eftirlitssveitar hófst á Íslandi.

2. *Hafa stjórnvöld eða lögregluyfirvöld haft vitneskju um starfsemina og ef svo er, síðan hvenær?*

Í svari bandarískra yfirvalda við spurningu um hvort þau hafi upplýst íslensk stjórnvöld um eftirlitssveitina, starfsemi hennar og umsvif þegar sveitin var stofnuð, kemur fram að sendiráðum Bandaríkjanna hafi verið falið að hafa samráð við viðeigandi stjórnvöld í gistiríkjum um öryggisráðstafanir þessar. Ekki kemur fram hvort þetta hafi verið gert, hvernig eða til hvaða yfirvalda á Íslandi sendiráðið sneri sér. Þó kemur fram að síðustu tíu ár hafi sendiráðið haft víðtækt samráð við samstarfsaðila sinn, íslensku lögregluna, hvað varðar öryggismál sendiráðsins.

Í skýrslu ríkislögreglustjóra kemur fram að sérsveit ríkislögreglustjóra hefur verið tengiliður af hálfu íslensku lögreglunnar við öryggisstjóra bandaríska sendiráðsins í samræmi við skyldur Íslands sem gistiríkis. Árlega hafi verið fundað með öryggisstjóranum og sé sams konar samstarfi haldið uppi við fulltrúa annarra sendiráða. Embætti ríkislögreglustjóra hafi borist ábendingar frá sendiráðinu um grunsamlegt atferli og hefur sendiráðinu ætíð verið bent

á að hringja í neyðarsíma lögreglu telji sendiráðið viðkomandi einstaklinga ógna öryggi sendiráðsins.

3. *Hversu margir starfsmenn vinna við þessa iðju og hvar eru þeir staðsettir?*
4. *Hvaða svæði er vaktað?*

Ekki liggur fyrir nákvæmlega hvaða svæði eftirlitssveit bandaríska sendiráðsins vaktar. Í svörum bandarískra stjórnvalda segir að eftirlitssveitinni sé ætlað að greina hvort fylgst sé með sendiráðssvæðinu hér á landi og að samkvæmt mati þeirra séu slíkar öryggisráðstafanir liður í venjubundnum aðgerðum til að verja sendiráðsbyggingar og til þess að tryggja öryggi starfsmanna sendiráðsins, gesta og annarra sem eiga erindi við fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Eftirlitssveitinni sé ætlað að fylgjast kerfisbundið – og þannig að leynt fari – með stöðum nærri bandarískum sendiráðsbyggingum sem njóta verndar.

5. *Hvers kyns heimildir hafa verið veittar fyrir þessari starfsemi Bandaríkjamanna, hver veitti heimildina og hvenær?*

Samkvæmt alþjóðasamningi um stjórnmálasamband (Vínarsamningurinn), sbr. lög nr. 16/1971, er erlendum sendiráðum sem á Íslandi starfa heimilt „að afla á löglegan hátt upplýsinga um ástand og þróun mála í móttökuríkinu og gefa ríkisstjórn sendiríkisins skýrslur um það.“ Einnig mega þau grípa til þeirra öryggisráðstafana sem nauðsynlegar eru taldar á sendiráðssvæðum eins og þau eru skilgreind í samningnum.

Engar heimildir hafa verið veittar fyrir starsfemi eftirlitssveitar Bandaríkjamanna umfram þær heimildir sem er að finna í Vínarsamningnum og íslenskum lögum.

Í svari bandarískra stjórnvalda segir að eftirlitssveitin sinni viðfangsefnum í samræmi við 3. gr. Vínarsamningsins um stjórnmálasamband frá árinu 1961 og vísað er til skuldbindinga Íslands sem gistiríkis samkvæmt 22(2) gr. Vínarsamningsins en samkvæmt henni hvílir sérstök skylda á mótttökuríkinu að gera allar þær ráðstafanir sem viðeigandi eru, til að vernda sendirráðssvæðið fyrir árásum og tjóni og koma í veg fyrir röskun á friði sendiráðsins eða skerðingu á virðingu þess. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sinnir almennu eftirliti með bandaríska sendiráðinu eins og öðrum sendiráðum og þá ásamt sérsveit ríkislögreglustjóra.

6. *Hafa Bandaríkjamönnum eða starfsmönnum þeirra verið veitt tilskilin leyfi, m.a. Persónuverndar, til að safna upplýsingum um íslenska ríkisborgara og skrá í gagnagrunn sem er rekinn á vegum erlends ríkis?*

Á árinu 1998 var til umfjöllunar hjá íslenskum stjórnvöldum umsókn bandaríska sendiráðsins um að setja upp hreyfanlega öryggismyndavél gegnt sendiráðinu og aðsetri sendiherrans við Laufásveg. Í því máli var aflað álits Tölvunefndar og taldi nefndin vinnslu upplýsinga af því tagi sem um ræðir í málinu ekki brjóta í bága við ákvæði laga nr. 121/1989 enda yrði hún framkvæmd með tilteknum skilmálum. Ekki var um að ræða heimild til þess að safna upplýsingum um íslenska ríkisborga og skráningu þeirra í gagngrunn sendiráðsins. Ríkislögreglustjóri spurði bandaríska sendiráðið hvort eftirlitssveitin safni upplýsingum um íslenska ríkisborgara eða erlenda ríkisborgara á Íslandi. Sé svo var beðið um að skýrt yrði frá því um hvaða upplýsingar væri að ræða, hvernig þeim væri safnað og í hvaða tilgangi. Þessari spurningu er svarað að hluta þar sem upplýst er að eftirlitssveitin skráir niður mannaferðir við sendiráðið sem taldar eru grunsamlegar og tekur niður skráningarnúmer grunsamlegra bifreiða. Jafnframt segir í svarinu að ljósmyndir séu teknar og sendar ríkislögreglustjóra þegar ástæða þyki til.

7. *Hvaða reglur gilda um geymslu og eyðingu þeirra gagna sem er safnað á vegum „eftirlitssveitarinnar“ og skráð eru í SIMAS-gagnagrunn bandarískra stjórnvalda?*

Bandarísk stjórnvöld svara ekki spurningum um hvaða reglur gildi um geymslu, meðhöndlun og eyðingu þeirra upplýsinga sem eftirlitssveit sendiráðsins aflar umfram þær almennu upplýsingar sem veittar eru um SIMAS- kerfið, sem er netkerfi sem rekið er af þeirri skrifstofu bandaríska utanríkisráðuneytisins sem ábyrg er fyrir öryggi sendiráða og starfsmanna erlendis. Af svarinu að ráða er um að ræða miðlægan grunn þar sem skráð eru öll þau atvik sem sendiráð erlendis telja ástæðu til að flokka sem grunsamleg. Í hverju sendiráði starfar svæðisstjóri öryggismála sem metur framkomnar upplýsingar eftirlitssveitar og ákveður viðbrögð, til að mynda þau að vísa atferli sem talið er grunsamlegt til yfirvalda í gistiríki til frekari athugunar.

8. *Hvernig er eftirliti íslenskra stjórnvalda með þessari starfsemi háttað?*
9. *Telur ráðherra að starfsemi sveitarinnar standist lög og að mannréttindi og persónufrelsi íbúa í nágrenni bandaríska sendiráðsins séu virt?*

Í svari bandarískra yfirvalda segir að eftirlitssveitin sinni verkefnum sem kveðið er á um í 3. gr. Vínarsamningsins um stjórnmálasamband og sé til styrktar þeim ráðstöfunum sem ríkisstjórn Íslands, sem gistiríki, geri í því skyni að uppfylla þá skyldu sína að tryggja öryggi bandaríska sendiráðsins samkvæmt grein 22(2).

Af þjóðarrétti leiðir að sendiráðum er heimilt að grípa til öryggisráðstafana á sendiráðssvæðum. Þetta á einnig við um heimili sendiherrans. Í svari bandarískra stjórnvalda kemur fram að starfsemi eftirlitssveitarinnar falli undir venjubundnar aðgerðir til að tryggja öryggi sendiráðssvæða.

Íslensk stjórnvöld geta ekki haft afskipti af því hvernig öryggisráðstöfunum er háttað innan sendiráðssvæðisins. Utan þess gilda á hinn bóginn íslensk lög og sé talið nauðsynlegt að grípa til aðgerða vegna umsvifa aðila sem talin eru ógn við öryggi sendiráðsins er það í verkahring íslenskrar lögreglu.

Svör bandarískra yfirvalda við spurningum ríkislögreglustjóra nægja ekki til að unnt sé að skera úr um hugsanleg brot gegn íslenskum lögum. Það á við um umsvif og starfsaðferðir eftirlitssveitarinnar og starfsmanna hennar. Það á einnig við um hugsanleg brot gegn lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lögum um öryggisþjónustu.

Þar sem ekki fengust svör við þeim spurningum sem lutu að því hvort íslenska ríkisborgara væri að finna í hópi starfsmanna eftirlitssveitar sendiráðsins og þar sem ekki var upplýst um starfsaðferðir sveitarinnar og fleira sem að starfsemi hennar lýtur verður ekkert fullyrt um hvort íslensk lög hafi hugsanlega verið brotin hvað varðar framkvæmd þeirrar „öryggisáætlunar“ sem vísað er til í upphafi svars bandarískra stjórnvalda. Í þessu ljósi ákvað ráðherra að senda embætti ríkissaksóknara málið til þóknanlegrar meðferðar og var það gert með bréfi dagsettu 14. desember 2010.

Fylgiskjal.

Skýrsla um könnun embættis ríkislögreglustjóra á starfsemi öryggissveitar sendiráðs Bandaríkjanna í Reykjavík.

25. nóvember 2010.
Opinber útgáfa.

1. Inngangur

Á fundi í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu þann 8. 11. 2010 fól ráðherra embætti ríkislögreglustjóra að kanna starfsemi öryggissveitar (SDU)[1] sem starfrækt er við sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík. Beiðni þessi kom fram eftir að skýrt hafði verið frá því í fréttum að sambærilegar sveitir hefðu haldið uppi öryggiseftirliti við sendiráð Bandaríkjanna á Norðurlöndum. Í fréttum norsku sjónvarpsstöðvarinnar TV-2 sagði að þar í landi hefði slík öryggissveit haft með höndum ólöglega upplýsingasöfnun og eftirlit með óbreyttum borgurum. Fréttinni fylgdi að fyrrum starfsmenn norsku lögreglunnar væru og hefðu verið starfsmenn öryggissveitar bandaríska sendiráðsins í Ósló.

Þriðjudaginn 16. nóvember 2010 áttu fulltrúar ríkislögreglustjóra fund með sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi ásamt fylgdarliði hans. Viðstaddir fundinn voru einnig fulltrúar utanríkisráðuneytisins. Á fundinum var sendiherranum afhent bréf frá Haraldi Johannessen ríkislögreglustjóra og spurningalisti sem embætti ríkislögreglustjóra hafði tekið saman í þeim tilgangi að afla upplýsinga um starfsemi öryggissveitarinnar (SDU) hér á landi.

Mánudaginn 22. nóvember barst svar við spurningalistanum í gegnum íslenska utanríkisráðuneytið ásamt handskrifaðri nótu.

Eftirfarandi skýrsla er unnin úr svörum bandarískra stjórnvalda auk þess sem farið hefur verið yfir Vínarsamninginn um stjórnmálasamband sem bandarísk yfirvöld vísa til í svörum sínum og kveður m.a. á um skyldur gistiríkja hvað sendiráðsstarfsemi varðar.

Skýrsla þessi hefur ekki verið borin undir íslenska utanríkisráðuneytið en embætti ríkislögreglustjóra hefur átt gott samstarf við ráðuneytið við könnun á starfsemi öryggissveitar bandaríska sendiráðsins.

2. Niðurstaða

Vínarsamningurinn um stjórnmálasamband heimilar erlendum sendiráðum sem á Íslandi starfa að grípa til þeirra öryggisráðstafana sem nauðsynlegar eru taldar á sendiráðssvæðum eins og þau eru skilgreind í samningnum. Jafnframt er ljóst að Vínarsamningurinn heimilar erlendum sendiráðum „að afla á löglegan hátt upplýsinga um ástand og þróun mála í móttökuríkinu og gefa ríkisstjórn sendiríkisins skýrslur um það“. Ákvæði samningsins eru einnig skýr hvað varðar vörslu upplýsinga sem aflað er „á löglegan hátt“ og miðlun þeirra til annarra stofnana gistiríkisins.

---

[1] Á ensku nefnast sveitir þessar Surveillance Detection Unit (SDU). Hér verður vísað til SDU sem öryggissveitar. Líkt og enska hugtakið gefur til kynna er um að ræða sveit eða einingu sem ætlað er að greina hvort einhver eða einhverjir haldi uppi eftirliti með bandarískum sendiráðssvæðum.

Af ofanrituðu leiðir að stofnun öryggissveitar (SDU) við bandaríska sendiráðið í Reykjavík brýtur ekki gegn íslenskum lögum. Á hinn bóginn er ljóst að skorður eru settar við því hvar slík öryggissveit getur sinnt eftirlitshlutverki sínu og miðast þau umsvif við sendiráðssvæðið eins og það er skilgreint í Vínarsamningnum.

Ekki verður í efa dregið að íslensk stjórnvöld geta á engan veg haft eftirlit með því hvernig öryggisráðstöfunum er háttað innan sendiráðssvæðisins. Utan þess gilda á hinn bóginn íslensk lög og hið sama á við um sjálfa framkvæmd eða útfærslu eftirlitsins. Sé talið nauðsynlegt að bregðast við og/eða grípa til aðgerða vegna aðila sem taldir eru ógn við öryggi sendiráðsins er það í verkahring íslenskrar lögreglu.

Sökum ófullnægjandi svara bandarískra yfirvalda við bréfi og spurningum ríkislögreglustjóra hefur könnun embættisins ekki skilað niðurstöðu hvað varðar hugsanleg lagabrot í tengslum við mögulega söfnun upplýsinga starfsmanna öryggissveitarinnar um íslenska ríkisborgara eða aðra þá sem á Íslandi búa. Hið sama á við um hugsanlegt eftirlit öryggissveitar sendiráðsins með íslenskum borgurum.

Svör bandarískra yfirvalda við spurningum ríkislögreglustjóra nægja ekki til að unnt sé að skera úr um hugsanleg brot gegn íslenskum lögum. Það á við um umsvif og starfsaðferðir öryggissveitarinnar og starfsmanna hennar. Það á einnig við um hugsanleg brot gegn lögum um persónuvernd og meðferð persónupplýsinga (nr. 73/2000) og lögum um öryggisþjónustu (nr. 58/1997). Spurningu ríkislögreglustjóra þess efnis hvort íslenska ríkisborgara væri eða hefði verið að finna í hópi starfsmanna öryggissveitar sendiráðsins svöruðu bandarísk stjórnvöld ekki. Hið sama á við um mörg önnur lykilatriði varðandi öryggissveit sendiráðsins.

3. Starfsemi öryggissveitar bandaríska sendiráðsins

Samkvæmt upplýsingum bandarískra stjórnvalda var ákveðið að koma á fót öryggissveitum (SDU) við öll sendiráð Bandaríkjanna erlendis í kjölfar mannskæðra árása á sendiráð Bandaríkjanna í Austur-Afríku árið 1998.

Í svörum sínum geta Bandaríkjamenn þess ekki hvenær starfsemi öryggissveitar var hafin á Íslandi. Í svari þeirra segir að sendiráðum Bandaríkjanna hafi verið „falið að hafa samráð við viðeigandi stjórnvöld í gistiríkjum um öryggisráðstafanir þessar“.

Bandarísk stjórnvöld segja öryggissveitinni ætlað að greina hvort fylgst sé með sendiráðssvæðum hér á landi þar eð reynslan kenni að slíkt eftirlit reynist iðulega undanfari árásar af hálfu hryðjuverkamanna. Í svarinu kemur fram það mat bandarískra stjórnvalda að slíkar öryggisráðstafanir séu liður í venjubundnum aðgerðum til að verja sendiráðsbyggingar. Slíkur viðbúnaður sé talinn nauðsynlegur til að tryggja öryggi bandarískra og íslenskra starfsmanna sendiráðsins, gesta og annarra sem erindi eigi við fulltrúa Bandaríkjastjórnar hér á landi.

Í svari bandarískra stjórnvalda segir að öryggissveitin (SDU) sinni viðfangsefnum í samræmi við 3. grein Vínarsamningsins um stjórnmálasamband frá árinu 1961. Vísað er til skuldbindinga Íslands sem gistiríkis samkvæmt 22(2). grein Vínarsamningsins.

Bandarísk stjórnvöld upplýsa að starfsfólki öryggissveitarinnar (SDU) sé ætlað „að fylgjast kerfisbundið og þannig að leynt fari með stöðum nærri bandarískum sendiráðsbyggingum sem njóta verndar“. Þetta sé gert til að greina grunsamlegt atferli einstaklinga í nágrenni sendiráðsbygginga. Nefnd eru dæmi um „grunsamlegt atferli“; „má nefna einstaklinga sem taka myndir af bandarísku sendiráðssvæði, vinnuhópa sem ekki hefur verið gerð grein fyrir í nágrenni bandarískra sendiráðsbygginga, fólk sem tekur sér stöðu án sjáanlegs tilgangs

nærri bandarískum sendiráðsbyggingum og dvelst þar lengi og sömu bifreið sem ítrekað er ekið framhjá svæðum og byggingum sendiráðsins.“

Bandarísk yfirvöld upplýsa að hvað mótmæli varðar komi fyrir að starfsmenn öryggissveitarinnar fylgist með aðgerðum mótmælenda í því skyni að geta varað sendiráðið við mögulegri ógn við öryggi þess eða starfsmanna. Slíku eftirliti sé haldið uppi þegar ástæða sé talin til að ætla að „mótmælin kunni að hafa áhrif á öryggi sendiráðsins eða í hlut eiga hópar sem þekktir eru fyrir að hafa beitt ofbeldi gegn bandarískum hagsmunum.“

Í svari stjórnvalda vestra kemur fram að öryggissveitinni sé beinlínis bannað að leggjast í rannsóknarvinnu[2]. Afli öryggissveitin upplýsinga sem ástæða sé talin til að rannsaka nánar beri að senda þær yfirvöldum í gistiríkinu. Verkefni öryggissveita sé það eitt að veita sendiráðum Bandaríkjanna og starfsfólki þeirra vernd.

Lýst er þeim upplýsingum sem öryggissveit sendiráðsins er ætlað að skrá þegar grunur vaknar um að eftirlit sé haft með sendiráðssvæðum. Starfsmönnum öryggisveitar ber að lýsa þeim einstaklingi sem í hlut á, skrá stað og tíma, lýsa atferli viðkomandi, lýsa ökutæki ef við á og geta skráningarnúmers þess. Í svarinu segir að þegar því verði við komið[3] kunni starfsmenn öryggissveitarinnar að taka ljósmyndir af viðkomandi einstaklingi eða því atferli sem grunsamlegt er talið.

Skýrslum starfsmanna öryggissveitar er komið fyrir í[4] sérstöku stjórnunar- og greiningarkerfi sem nefnist SIMAS[5]. Um er að ræða netkerfi[6] sem rekið er af þeirri skrifstofu bandaríska utanríkisráðuneytisins sem ábyrg er fyrir öryggi sendiráða og starfsmanna erlendis.[7]

Af svarinu að dæma er um að ræða miðlægan grunn þar sem skráð eru öll þau atvik sem sendiráð erlendis telja ástæðu til að flokka sem grunsamleg. Í hverju sendiráði starfar svæðisstjóri öryggismála (öryggisstjóri)[8] sem metur framkomnar upplýsingar öryggissveitar og ákveður viðbrögð t.a.m. þau að vísa atferli sem talið er grunsamlegt til yfirvalda í gistiríki til frekari athugunar.

4. Samstarf við íslensku lögregluna

Í svari bandarískra yfirvalda við spurningum ríkislögreglustjóra segir að „síðustu tíu ár [hafi] sendiráðið haft víðtækt samráð við samstarfsaðila sinn, íslensku lögregluna[9], hvað varðar öryggismál sendiráðsins.“

Segir og að svæðisstjóri öryggismála (RSO) sendiráðsins hafi miðlað til ríkislögreglustjóra[10] ljósmyndum af einstaklingum sem sýnt hafi af sér grunsamlegt atferli. Þær ljós-

---

[2] Investigative activity.

[3] When practicable.

[4] Entered into.

[5] Security Incident Management and Analysis System.

[6] Web-based application.

[7] State Department‘s Bureau of Diplomatic Security

[8] Regional Security Officer (RSO).

[9] The Icelandic Police.

[10] The Icelandic National Police. Á ensku nefnist embætti ríkislögreglustjóra The National Commissioner of the Icelandic Police. Þar eð vísað er til greiningardeildar og sérsveitar ríkislögreglustjóra í þessum kafla svars bandarískra stjórnvalda er sú ályktun dregin að „The Icelandic Police“ vísi til embættis ríkislögreglustjóra.

myndir hafi starfsmenn öryggissveitar tekið. Ljósmyndir hafi verið sendar ríkislögreglustjóra til frekari rannsóknar. (Nánar verður fjallað um þennan hluta svars bandarískra stjórnvalda í 8. kafla skýrslunnar).

Í svarinu segir að öryggissveitin hafi beint símasamband við sérsveit og greiningardeild ríkislögreglustjóra. Ríkislögreglustjóri[11] hafi aldrei neitað að verða við ósk öryggissveitar um aðstoð í nafni sendiráðsins. (Nánar verður fjallað um þennan hluta svars bandarískra stjórnvalda í 8. kafla skýrslunnar).

5. Bréf ríkislögreglustjóra ásamt spurningalista embættisins

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri ritaði sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi bréf sem dagsett er 12. nóvember 2010. Í því gerir ríkislögreglustjóri grein fyrir því að dómsmála- og mannréttindaráðherra hafi falið embætti hans að kanna starfsemi öryggissveitar sendiráðs Bandaríkjanna (SDU) á Íslandi. Því hafi meðfylgjandi spurningalisti verið tekinn saman.

Mánudaginn 22. nóvember barst svar við spurningalistanum í gegnum íslenska utanríkisráðuneytið. Bréfi ríkislögreglustjóra var ekki svarað. Í handskrifaðri nótu frá starfsmanni sendiráðsins til viðtakanda í utanríkisráðuneyti Íslands segir að um sé að ræða „minnisblað“, „mótað eftir þeim svörum sem við gáfum öðrum löndum.“

Svar bandarískra yfirvalda við spurningum ríkislögreglustjóra er því grundvallað á svörum sem veitt hafa verið stjórnvöldum í öðrum erlendum ríkjum. Svari bandarískra yfirvalda er lýst sem „minnisblaði“.

6. Spurningalisti ríkislögreglustjóra og svör bandarískra stjórnvalda

Listi sá sem embætti ríkislögreglustjóra tók saman og afhentur var sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi hefur að geyma 28 beinar spurningar. Að auki er lýst áhuga á því að starfsmenn ríkislögreglustjóra fái að sækja heim sendiráðið í því skyni að kanna búnað öryggissveitarinnar, meðferð og vistun gagna og kynna sér starfsaðferðir sveitarinnar beint og milliliðalaust. Að auki er fram tekið að frekari upplýsingar sem sendiráðið kunni að geta veitt um öryggissveitina séu vel þegnar. Alls er spurningalistinn því í 30 liðum. Í bréfi ríkislögreglustjóra segir ennfremur að embættið kunni að telja þörf á að spyrja frekari spurninga.

Þegar horft er til framborinna spurninga er ljóst að því fer fjarri að þeim hafi verið svarað með fullnægjandi hætti. Hér fer á eftir yfirlit yfir spurningar ríkislögreglustjóra sem ýmist engin eða ófullnægjandi svör hafa borist við af hálfu bandarískra yfirvalda:

- Spurt er hvenær öryggissveit sendiráðsins (SDU) hafi tekið til starfa. Þessu er ekki svarað beint en tekið fram að „sendiráðið“ hafi síðustu tíu ár átt samstarf á sviði öryggismála sendiráðsins við íslensku lögregluna.
- Spurt er hvort bandarísk yfirvöld hafi upplýst þau íslensku um öryggissveitina, verkefni hennar og umsvif þegar sveitin var stofnuð. Þessu er svarað með því að vísa til þess að sendiráðum Bandaríkjanna erlendis hafi verið „falið að hafa samráð við viðeigandi stjórnvöld í gistiríkjum um öryggisráðstafanir þessar.“ Ekki er tekið fram hvort þetta var gert, hvernig eða til hvaða yfirvalda á Íslandi bandarískir sendiráðsmenn sneru sér.
- Spurt er í beinu framhaldi hvort íslensk stjórnvöld hafi veitt formlegt samþykki fyrir stofnun öryggissveitarinnar og umsvifum hennar. Þessu er ekki svarað.
- Spurt er hvar öryggissveitin á Íslandi hafi aðsetur. Þessu er ekki svarað.

---

[11] The Icelandic National Police. Sjá neðanmálsgrein hér að framan.

- Farið er fram á lýsingu á þeim búnaði sem öryggissveitin notar. Enga slíka lýsingu er að finna í svari bandarískra yfirvalda.
- Spurt er hversu margir starfsmenn tilheyri öryggissveit sendiráðsins. Það er ekki upplýst.
- Spurt er hvort fjöldi starfsmanna öryggissveitarinnar hafi verið stöðugur frá því sveitinni var komið á fót. Þessari spurningu er ekki svarað.
- Spurt er hvort bandaríska ríkisborgara sé að finna í starfsliði öryggissveitarinnar og ef svo sé um hversu marga einstaklinga sé að ræða. Þessari spurningu er ekki svarað.
- Spurt er hvort íslenska ríkisborgara sé að finna í starfsliði öryggissveitarinnar og ef svo sé um hversu marga einstaklinga sé að ræða. Þessari spurningu er ekki svarað. Í svari bandarískra yfirvalda er að vísu vitnað til ákvörðunar um gerð „staðbundinnar áætlunar um öryggisviðbúnað“[12] en af þessu verður ekki ráðið hvort íslenskir ríkisborgarar koma að þeirri áætlun eða framkvæmd hennar.
- Í því tilfelli að íslenskir ríkisborgarar séu í starfsliði öryggissveitarinnar er spurt hvort viðkomandi hafi gert einhvers konar samning þar um við sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi og ef svo sé um hvað kveðið sé á um í þeim samningi. Þessari spurningu er ekki svarað.
- Beðið er um nöfn fyrrverandi og núverandi, íslenskra starfsmanna öryggissveitarinnar. Þær upplýsingar er ekki að finna í svari bandarískra stjórnvalda.
- Spurt er hver ákveði starfsaðferðir (*modus operand*) öryggissveitarinnar á Íslandi. Þessu er ekki svarað en sagt er að slíkar öryggissveitir starfi í sendiráðum Bandaríkjanna um heim allan. Öryggisstjóri sendiráðsins (RSO) leggi mat á þær upplýsingar sem öryggissveitin aflar. Svarið má túlka þannig að sömu starfsaðferðum sé fylgt um heim allan en það er þó ekki skýrlega tekið fram.
- Spurt er hver beri ábyrgð á því að öryggissveitin fari eftir þeim starfsreglum sem ákveðnar hafi verið. Þessari spurningu er ekki svarað en tekið fram að sérstök skrifstofa í bandaríska utanríkisráðuneytinu beri ábyrgð á öryggismálum sendiráða og að í hverju sendiráði starfi öryggisstjóri (RSO).
- Spurt er hvernig bandarísk stjórnvöld fylgist með starfsemi öryggissveitarinnar á Íslandi. Þessari spurningu er ekki svarað en tekið fram að sérstök skrifstofa í bandaríska utanríkisráðuneytinu beri ábyrgð á öryggismálum sendiráða og að í hverju sendiráði starfi öryggisstjóri (RSO).
- Spurt er um stærð „öryggissvæðis“[13] umhverfis bandaríska sendiráðið. Spurt er hvernig „öryggissvæðið“ sé markað og hvort sú vinna (þ.e. að ákveða „öryggissvæðið“) fari fram í samvinnu við íslensk stjórnvöld. Þessari spurningu er ekki svarað.
- Spurt er hvort öryggissveitin hafi látið til sín taka utan „öryggissvæðisins“ umhverfis sendiráðið og ef svo sé hvar og hvernig. Þessari spurningu er ekki svarað.
- Spurt er hvort öryggissveitin haldi uppi sambærilegri starfsemi til að leitast við að tryggja öryggis sendiráðsfólks á heimilum sínum á Íslandi. Þessari spurningu er ekki svarað beint en í svarinu er vísað til þess að öryggissveitinni sé ætlað að auka öryggi sendiráðsbygginga og starfsfólks sendiráðsins. Á hinn bóginn er ekki upplýst hvort það eigi við utan sendiráðssvæða í Reykjavík.

---

[12] Local guard surveillance detection (SD) programs.

[13] Security Zone.

- Spurt er hvort öryggissveitin starfræki gagnabanka á Íslandi og ef svo sé hvort sá gagnabanki sé tengdur öðrum tölvukerfum á Íslandi eða erlendis. Farið er fram á upplýsingar um hver beri ábyrgð á rekstri þeirra gagnakerfa ef svo sé. Þessari spurningu er svarað með upplýsingum um SIMAS-kerfið sem greint var frá í kafla 2. Ekki er upplýst hverjir hafa aðgang að SIMAS-kerfinu hér á landi eða í öðrum ríkjum þ. á m. í Bandaríkjunum.
- Í því tilfelli að öryggissveitin reki gagnabanka á Íslandi er spurt hvort íslensk yfirvöld hafi veitt samþykki sitt fyrir því t.d. Persónuvernd. Þessari spurningu er ekki svarað.
- Spurt er hvort öryggissveitin safni upplýsingum um íslenska ríkisborgara eða erlenda ríkisborgara á Íslandi. Sé svo er beðið um að skýrt verði frá því um hvaða upplýsingar sé að ræða, hvernig og í hvaða tilgangi. Þessari spurningu er svarað að hluta þar sem upplýst er að öryggissveitin skrái niður mannaferðir við sendiráðið sem taldar eru grunsamlegar, skrái grunsamlegar bílferðir og skráningarnúmer þeirra bifreiða. Þá segir í svari bandarískra stjórnvalda að starfsmenn öryggissveitarinnar taki, þegar því verði við komið, myndir af viðkomandi einstaklingum eða því athæfi sem teljist grunsamlegt. Segir í svarinu að ljósmyndir sem starfsmenn öryggissveitar hafi tekið hafi verið sendar ríkislögreglustjóra þegar ástæða hafi þótt til.
- Spurt er hvort starfsmenn öryggissveitar fylgist með[14] einstaklingum á Íslandi. Sé svo er farið fram á upplýsingar um hvernig því eftirliti sé háttað, í hvaða tilgangi og hvernig þeirra upplýsinga sé aflað. Þessari spurningu er ekki svarað umfram það sem greinir í spurningu að framan.
- Í því tilfelli að svar við síðustu tveimur spurningum sé jákvætt er spurt hvaða reglur gildi um geymslu, meðhöndlun og eyðingu þeirra upplýsinga sem öryggissveit sendiráðsins aflar. Þessari spurningu er ekki svarað umfram þær almennu upplýsingar sem veittar eru um SIMAS-kerfið.
- Spurt er hvort öryggissveitin eigi samstarf við íslensku lögregluna og sé svo er farið fram á upplýsingar um hvernig því samstarfi er hagað, hvenær og hvers vegna hafi verið til þess stofnað og um hvaða deildir eða umdæmi íslensku lögreglunnar sé að ræða. Þessu er sem fyrr segir svarað á þann veg að samstarf þetta hafi staðið yfir í ein tíu ár hvað „íslensku lögregluna“ varðar án þess að tilgreint sé nánar um hvaða deildir eða lögregluembætti sé að ræða. Tekið er fram að öryggissveitin eigi samstarf við ríkislögreglustjóra og vísað til þess að miðlað hafi verið til embættisins ljósmyndum af athæfi sem talið hafi verið grunsamlegt. Þá segir að öryggissveitin sé í beinu símasambandi við greiningardeild og sérsveit ríkislögreglustjóra. (Nánar verður fjallað um þennan hluta svar bandarískra stjórnvalda í 8. kafla skýrslunnar).
- Spurt er hvort íslenskir ríkisborgarar sem ráðnir hafi verið til starfa við öryggissveit sendiráðsins eigi samstarf við íslensku lögregluna og/eða einstaklinga sem starfi innan íslensku lögreglunnar. Sé svarið jákvætt er farið fram á upplýsingar um umfang og tilgang þeirrar samvinnu og farið fram á lýsingu á þeim upplýsingum sem aflað sé. Þessu er ekki svarað umfram það sem að framan greinir.
- Spurt er hvort öryggissveitin hafi fengið upplýsingar um íslenska ríkisborgara eða fólk búsett á Íslandi frá íslensku lögreglunni. Sé svo er farið fram á að sagt sé frá því hvaða upplýsingar voru veittar og hver veitti þær. Þá er spurt um reglur varðandi vistun slíkra upplýsinga. Þessari spurningu er ekki svarað.

---

[14] Does the SDU keep individuals in Iceland under surveillance and if so, how is this surveillance carried out, for what purpose and what kind of information is gathered?

7. Vínarsamningurinn um stjórnmálasamband

Í svari bandarískra stjórnvalda er tvívegis vísað til ákvæða Vínarsamningsins um stjórnmálasamband frá árinu 1961.

Í svarinu segir að öryggissveit sendiráðsins sinni viðfangsefnum sem kveðið er á um í 3. grein Vínarsamningsins um stjórnmálasamband[15]. Ekki er sú staðhæfing skýrð nánar. Umrædd grein Vínarsamningsins um stjórnmálasamband hljóðar svo:

3. gr. 1. Viðfangsefni sendiráða eru einkum þessi:

a. að vera fulltrúi sendiríkisins í móttökuríkinu;
b. að vernda hagsmuni sendiríkisins og ríkisborgara þess í móttökuríkinu, innan þeirra takmarka sem þjóðaréttur setur;
c. að annast samningagerð við ríkisstjórn móttökuríkisins;
d. að afla á löglegan hátt upplýsinga um ástand og þróun mála í móttökuríkinu og gefa ríkisstjórn sendiríkisins skýrslur um það;
e. að efla vinsamleg samskipti milli sendiríkisins og móttökuríkisins og auka efnahagsleg, menningarleg og vísindaleg samskipti þeirra.

Í svari bandarískra yfirvalda við spurningum ríkislögreglustjóra segir og að öryggissveitin sé til styrktar þeim ráðstöfunum sem ríkisstjórn Íslands, sem gistiríki, geri í því skyni að uppfylla þá skyldu sína að tryggja öryggi bandaríska sendiráðssvæðisins samkvæmt 22(2). grein Vínarsamningsins[16]. Umrædd málsgrein 22. greinar Vínarsamningsins um stjórnmálasamband hljóðar svo:

„Sérstök skylda hvílir á móttökuríkinu til að gera allar þær ráðstafanir, sem viðeigandi eru, til að vernda sendiráðssvæðið fyrir öllum árásum og tjóni og koma í veg fyrir röskun á friði sendiráðsins eða skerðingu á virðingu þess.“

Enginn vafi leikur á þeirri skyldu sem lögð er íslenskum stjórnvöldum á herðar hvað varðar öryggi sendiráðssvæða. Slíkt felur í sér samstarf viðkomandi sendiráðs og íslensku lögreglunnar.

Af þjóðarétti leiðir að erlendum sendiráðum er heimilt að grípa til öryggisráðstafana á sendiráðssvæðum. Þetta á einnig við um heimili sendiherrans. Í svari bandarískra stjórnvalda segir að starfsemi öryggissveitar sendiráðsins falli undir venjubundnar aðgerðir til að tryggja öryggi sendiráðssvæða og eru nefndar í því samhengi aðrar ráðstafnir til að hindra að óvelkomnir eigi aðgang að byggingum (girðingar og aðrar hindranir). Slíkur öryggisviðbúnaður getur augljóslega falið í sér að nauðsynlegt sé að þeir sem ráðnir hafa verið til að annast öryggi sendiráðsins og athafnasvæðis þess starfi utan sjálfrar byggingarinnar. Hins vegar þurfa þær aðgerðir sem framkvæmdar eru í þessu skyni að tengjast beint þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að tryggja öryggi sendiráðssvæðis. Aðgerðir eða umsvif þeirra sem annast öryggi sendiráðssvæðisins eru augljóslega ekki viðeigandi fjarri umræddri byggingu og næsta nágrennis hennar. Reynist nauðsynlegt að grípa til aðgerða eða gera ráðstafanir utan sendiráðssvæðisins er það í verkahring lögreglu.

---

[15] The SDU carries out functions contemplated by Article 3 of the Vienna Convention on Diplomatic Relations (VCDR).

[16] The SDU complements the actions that the government of Iceland, as host country, takes to carry out its responsibilities to protect the premises of the U.S. mission under Article 22(2) of the VCDR.

Í 1. grein(i) Vínarsamningsins um stjórnmálsamband er hugtakið „sendiráðssvæði“ skilgreint svo:
„sendiráðssvæði“ er byggingar eða hluti bygginga og tilheyrandi lóð, hver sem eigandinn er, sem nýtt er af sendiráði, þar á meðal íbúð forstöðumanns sendiráðs.“

Ekki verður í efa dregið að íslensk stjórnvöld geta á engan veg haft afskipti af því hvernig öryggisráðstöfunum er háttað innan sendiráðssvæðisins. Utan þess gilda á hinn bóginn íslensk lög og sé talið nauðsynlegt að grípa til aðgerða vegna umsvifa aðila sem talin eru ógn við öryggi sendiráðsins er það í verkahring íslenskrar lögreglu.

Sem fyrr segir fengust ekki svör við spurningum ríkislögreglustjóra um hvernig „öryggissvæði“ sendiráðsins hafi verið skilgreint og hvort starfsmenn öryggissveitar þess hafi látið eða láti til sín taka utan þess. Ákvæði Vínarsamningsins eru hins vegar skýr hvað þetta varðar og skal vísað til skilgreiningar á hugtakinu „sendiráðssvæði“ því til rökstuðnings.

Í 3. grein Vínarsamningsins um stjórnmálasamband segir að viðfangsefni sendiráða sé m.a. „að vernda hagsmuni sendiríkisins og ríkisborgara þess í móttökuríkinu, innan þeirra takmarka sem þjóðaréttur setur.“ Jafnframt segir að viðfangsefni sendiráða sé m.a. „að afla á löglegan hátt upplýsinga um ástand og þróun mála í móttökuríkinu og gefa ríkisstjórn sendiríkisins skýrslur um það.“

Orðasambandið „á löglegan hátt“ er ekki skýrt nánar í Vínarsamningnum um stjórnmálasamband. Ætla verður að orðalagið vísi í senn til þjóðaréttar og gildandi laga í viðkomandi ríki.

Í áðurnefndri grein segir einnig að erlend sendiráð megi afla upplýsinga um ástand og þróun mála í móttökuríkinu og gefa ríkisstjórn sendiríkisins skýrslur þar um. Jafnframt er kveðið á um það í 27. grein Vínarsamningsins um stjórnmálasamband að móttökuríki beri „að heimila og tryggja sendiráðinu samgöngu- og fjarskiptafrelsi í öllum opinberum erindisrekstri sínum.“ Þetta felur í sér að sendiráðinu er heimilt að safna upplýsingum „á löglegan hátt“, skrá þær og miðla þeim til annarra stofnana sendiríkisins.

Í 24. grein Vínarsamningsins um stjórnmálasamband er ennfremur kveðið á um að skjalasafn og skjöl sendiráðsins skuli jafnan vera friðhelg „hvar sem þau eru niður komin.“ Þessi grein og þær sem á undan eru nefndar varðandi fjarskiptafrelsi og söfnun og miðlun upplýsinga verða því vart túlkaðar á annan veg en þann að sendiráðinu sé heimilt að senda frá sér löglega fengnar upplýsingar í gagnabanka sem staðsettir eru utan móttökuríkisins.

Þar sem ekki fengust svör við þeim spurningum sem lutu að því hvort íslenska ríkisborgara væri að finna í hópi starfsmanna öryggissveitar sendiráðsins og þar sem ekki var upplýst um starfsaðferðir sveitarinnar og fleira sem að starfsemi hennar lýtur verður ekkert fullyrt um hvort íslensk lög hafi hugsanlega verið brotin hvað varðar framkvæmd þeirrar „öryggisáætlunar“ sem vísað er til í upphafi svars bandarískra stjórnvalda. Það sama á við um hugsanlega miðlun persónuupplýsinga og lög um öryggisþjónustu (nr. 58/1997). Taka ber þó fram að í íslenskum fjölmiðlum hafa birst fréttir hafðar eftir íslenskum, fyrrum starfsmönnum á sviði öryggismála í bandaríska sendiráðinu.

Í Noregi hefur verið ákveðið að rannsaka mál þeirra Norðmanna sem fullyrt hefur verið að fylgst hafi með norskum ríkisborgurum á vegum öryggissveitar bandaríska sendiráðsins (SDU). Í fréttum norskra fjölmiðla hefur m.a. komið fram að grunur leiki á um að 15–20 fyrrum starfsmenn norsku lögreglunnar hafi sinnt slíku eftirliti og fylgst með mörg hundruð

„grunsamlegum Norðmönnum“[17].

Könnun ríkislögreglustjóra hefur ekki skilað svari við þeirri spurningu hvort hið sama eða svipað eigi við hér á landi. Svör við spurningum sem lutu að þessu atriði fengust ekki af hálfu bandarískra yfirvalda.

8. Samstarf öryggissveitar bandaríska sendiráðsins og íslensku lögreglunnar

Í svari bandarískra yfirvalda við spurningum ríkislögreglustjóra segir:

„Sá viðbúnaður sem haldið er uppi í því skyni að greina hvort sendiráðssvæði sæti eftirlitigetur aðeins orðið að gagni með samhæfingu við íslensku lögregluna[18]. Síðustu tíu ár hefur sendiráðið haft víðtækt samráð við samstarfsaðila sinn, íslensku lögregluna[19], hvað varðar öryggismál sendiráðsins. Svæðisstjóri öryggismála (RSO) hefur látið ríkislögreglustjóra í té til frekari rannsóknar ljósmyndir sem starfsmenn öryggisdeildarinnar hafa tekið af einstaklingum sem sýnt hafa af sér grunsamlegt atferli. Öryggissveitin er í beinu símasambandi við greiningardeild og víkingasveitina (hina vopnuðu sérsveit Íslands) vegna hugsanlegs neyðarástands. Ríkislögreglustjóri[20] hefur aldrei neitað að verða við ósk öryggissveitar um aðstoð í nafni sendiráðsins. Sendiráðið á traust samstarf við íslensk yfirvöld og allar deildir sendiráðsins eru meðvitaðar um þau markmið.“

Ofanritað kallar á eftirfarandi athugasemd:

Hvað öryggismál sendiráðs Bandaríkjanna varðar hafa starfsmenn greiningardeildar ríkislögreglustjóra aldrei átt beint samstarf við öryggissveit þess (SDU). Í framhaldi af fundi í októbermánuði árið 2009 barst tölvubréf frá aðstoðarmanni öryggisstjóra bandaríska sendiráðsins sem hafði að geyma nöfn Íslendinga sem sagðir voru starfsmenn öryggissveitar (SDU)[21]. Þar var einnig að finna mynd af bifreið öryggissveitarinnar, símanúmer og tilgreint hvar öryggissveitin hefði aðsetur. Í tölvubréfinu var engar upplýsingar að finna um hlutverk og starfsemi sveitarinnar.

Greiningardeild og sérsveit ríkislögreglustjóra var kunnugt um að bandarísk stjórnvöld hefðu afráðið að auka öryggisviðbúnað við sendiráðið í Reykjavík. Slíkar ráðstafanir eru enda sendiráðum heimilar „innan þeirra takmarka sem þjóðaréttur setur“ líkt og segir í 3. gr Vínarsamningsins um stjórnmálasamband. Greiningardeild var á hinn bóginn ekki fullkunnugt um í hverju öryggisráðstafanir þessar væru fólgnar né með hvaða hætti öryggiseftirlit væri innt af hendi.

Starfsmenn greiningardeildar hafa átt samstarf um öryggismál við svæðisstjóra öryggismála (RSO) í sendiráðinu, þó aðallega íslenskan aðstoðarmann hans.

Hvað greiningardeild varðar hefur samstarf við bandaríska sendiráðið fyrst og fremst falist í bakgrunnsskoðunum á íslenskum starfsmönnum sendiráðsins, núverandi og fyrrverandi bandarískum starfsmönnum sendiráðsins sem og fyrrum starfsmönnum Bandaríkjahers hér

---

[17] Sjá t.a.m. Aftenposten 5.11. 2010; Østfold-politiet skal etterforske ambassadesaken. http://www.aftenposten.no/nyheter/iriks/article3891828.ece

[18] Icelandic law enforcement.

[19] The Icelandic Police.

[20] The Icelandic National Police. Á ensku nefnist embætti ríkislögreglustjóra The National Commissioner of the Icelandic Police. Þar eð vísað er til greiningardeildar og sérsveitar ríkislögreglustjóra í setningunni sem á undan fer er sú ályktun dregin að „The Icelandic National Police“ vísi til ríkislögreglustjóra.

[21] Tölvubréf þetta fylgir ekki hinni opinberu útgáfu skýrslunnar.

á landi[22]. Umræddir starfsmenn samþykkja að slík bakgrunnsskoðun fari fram. Að auki hefur greiningardeild í nokkrum tilvikum haft milligöngu um skipulagningu funda og þess háttar þegar erindrekar bandarískra stjórnvalda hafa átt erindi við íslensk löggæsluyfirvöld. Þá hefur greiningardeild einnig fundað með bandarískum erindrekum um löggæslumál.

Í svari bandarískra stjórnvalda er tekið fram að ljósmyndum af grunsamlegum einstaklingum eða athæfi sem starfsmenn öryggissveitar hafi tekið hafi verið miðlað til embættis ríkislögreglustjóra[23]. Rétt er að greiningardeild embættisins hefur í nokkrum tilvikum borist myndir af einstaklingum við sendiráðið í tölvupósti frá öryggisstjóra sendiráðsins (RSO) og þó einkum íslenskum fulltrúa hans. Eðlilegt er að sendiráðið miðli upplýsingum um grunsamlegt atferli til lögreglu. Greiningardeild hefur hins vegar jafnan svarað erindum þessum á sama veg: Telji sendiráðið viðkomandi einstaklinga ógna öryggi sendiráðsins eða starfsfólks þess beri sendiráðinu að hringja í neyðarsíma lögreglu.

Lögð skal áhersla á að aldrei hefur til þess komið að brugðist hafi verið við slíkum sendingum frá bandaríska sendiráðinu með því að miðla upplýsingum um íslenska ríkisborgara til sendiráðsins. Jafnframt skal lögð áhersla á að greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur aldrei tekið við upplýsingum um íslenska ríkisborgara frá sendiráði Bandaríkjanna til skráningar, notkunar eða miðlunar til annarra löggæslustofnana, lögregludeilda eða – umdæma.

Hið sama á við um sérsveit ríkislögreglustjóra sem vísað er til í svari bandarískra yfirvalda. Það samstarf hefur verið í samræmi við skuldbindingar Íslands sem gistiríkis og Vínarsamningurinn um stjórnmálasamband kveður m.a. á um.

Í svari bandarískra stjórnvalda segir að bandaríska sendiráðið í Reykjavík hafi „síðustu tíu ár“ haft náið samráð um öryggismál við íslensku lögregluna. Hvað greiningardeild ríkislögreglustjóra varðar er ástæða til að benda á að deildin hefur nú starfað í tæp fjögur ár.

Hins vegar hefur sérsveit ríkislögreglustjóra verið tengiliður af hálfu íslensku lögreglunnar við öryggisstjóra bandaríska sendiráðsins í samræmi við skuldbindingar Íslands sem gistiríkis.

Árlega hefur verið fundað með öryggisstjóranum hverju sinni. Sams konar samstarfi er haldið uppi við fulltrúa annarra sendiráða hér á landi.

9. Næstu skref

Í ljósi ófullnægjandi svara bandarískra stjórnvalda við spurningum ríkislögreglustjóra þarf ráðherra að leggja mat m.a. á hvort tilefni sé til þess að vísa málinu til Ríkissaksóknara.

---

[22] Hvað fyrrum starfsmenn Bandaríkjahers og bandaríska sendiráðsins varðar er um að ræða bakgrunnsskoðun sem fram fer að beiðni bandaríska utanríkisráðuneytisins í þeim tilvikum sem viðkomandi starfa fyrir ráðuneytið.

[23] The Icelandic National Police.

515. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur fjallað áfram um frumvarpið frá því að 2. umræða fór fram 7. desember sl. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 3. umræðu nema samtals 9.042,1 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2, þ.e. fjármálum ríkisaðila í A-hluta.

Tekjur hækka um 6.094 m.kr. við 3. umræðu en þar vegur hlutdeild fjármálastofnana í sérstökum vaxtaniðurgreiðslum til heimila langmest eða 6 milljörðum kr.

Tekjuafkoma ríkissjóðs í A-hluta verður 37,3 milljarðar kr. Heildartekjur eru áætlaðar 472,5 milljarðar kr. og heildargjöld 509,8 milljarðar kr.

Gerð er ein breytingartillaga við 5. gr. um hækkun lánsfjárheimilda um 6 milljarða kr. vegna áforma um vegaframkvæmdir.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hlutans.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

00-201 Alþingi **4,0**

1.10 Rekstur fasteigna

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Við 2. umr. var samþykkt að hagræðingarkrafa á Alþingi yrði lækkuð um 71 m.kr. og yrði þannig 60,5 m.kr. í stað 131,5 m.kr. Framlagið færðist á nokkra liði, ýmist til hækkunar eða lækkunar, en þar láðist að gera ráð fyrir 4 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs fasteigna. Er gerð tillaga um leiðréttingu á því og hefur hagræðingarkrafan þá verið lækkuð um framangreinda fjárhæð, 71 m.kr.

00-610 Umboðsmaður Alþingis **6,0**

1.01 Umboðsmaður Alþingis

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um að dregið verði úr aðhaldskröfu og framlag þannig hækkað um 6 m.kr. Aukning hefur verið á kvörtunum og margvíslegum fyrirspurnum sem embættinu berast, m.a. í kjölfar áfalla í fjármálakerfi landsins haustið 2008. Þá hafa umboðsmanni Alþingis verið falin aukin verkefni með lögum nr. 86/2010, þ.e. að hafa eftirlit með því að stjórnsýslan fari fram í samræmi við siðareglur sem settar eru á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samtals æðsta stjórn ríkisins 10,0

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum **10,0**

1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag til uppbyggingar í þjóðgarðinum og verndunar viðkvæmra svæða. Í frumvarpi til laga um farþegagjald og gistináttagjald er gert ráð fyrir nýrri gjaldheimtu á ferðamenn með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsóttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Áætlað er að tekjur af þessum gjöldum muni afla ríkissjóði um 400 m.kr. tekna á heilu ári. Gert er ráð fyrir að veitt verði samsvarandi framlög í fjárlögum til framangreindra verkefna og að 3/5 hlutar þeirra renni í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nýjan sjóð sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið, en 2/5 hlutar verði veittir til þjóðgarða og friðlýstra svæða sem heyra undir umhverfisráðuneytið og forsætisráðuneytið. Reiknað er með að gjaldtakan hefjist 1. september 2011 og að tekjurnar á síðasta ársfjórðungi næsta árs verði 94 m.kr.

Samtals forsætisráðuneyti 10,0

02-201 Háskóli Íslands **18,8**

1.01 Háskóli Íslands

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að veitt verði 18,8 m.kr. framlag vegna fjölgunar ársnema um 20 í tæknifræðinámi á vettvangi Keilis samkvæmt samningi Keilis við Háskóla Íslands. Í fjárlögum fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir allt að 30 ársnemum og verður þannig gert ráð fyrir greiðslum vegna allt að 50 ársnema.

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi **10,0**

1.34 Háskólasetur Vestfjarða

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag vegna samnings um meistaranám.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

02-319 Framhaldsskólar, almennt **3,8**

1.31 Keilir, frumgreinanám og annað nám á framhaldsskólastigi

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að dregið verði úr aðhaldskröfu sem nemur 3,8 m.kr. Heildarfjárveiting verður þannig 102,1 m.kr. Að auki er gert ráð fyrir fjárveitingu á lið Háskóla Íslands, 02-201-1.01, vegna 50 ársnema í tæknifræðinámi á háskólastigi sem fer fram á vettvangi Keilis samkvæmt samningi milli Keilis og Háskóla Íslands. Nám á háskólastigi er á ábyrgð Háskóla Íslands.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **50,0**

1.90 Framhaldsskólar, óskipt

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundið framlag vegna nemendafjölda í framhaldsskólum.

02-901 Fornleifavernd ríkisins **16,1**

1.01 Fornleifavernd ríkisins

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 16,1 m.kr. tímabundið framlag sem skiptist þannig:
Byggðasafnið Skagafirði, Tyrfingsstaðaverkefnið, 0,5 m.kr.
Fornleifauppgröftur við Kolkuós, 2 m.kr.
Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna, 2 m.kr.
Fornleifarannsóknir á Hólum í Hjaltadal, 2 m.kr.
Fornleifarannsóknir í Suður-Þingeyjarsýslu, 4 m.kr.
Rannsóknir á menningarsögulegum minjum í Hringsdal, 1,2 m.kr.
Reykjanesbær, fornleifarannsóknir í Höfnum, 1,2 m.kr.
Úrvinnsla fornleifarannsókna í Skálholti, 2 m.kr.
Þorláksbúð í Skálholti, 1,2 m.kr.

02-919 Söfn, ýmis framlög **5,0**

1.90 Söfn, ýmis framlög

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun safnliðarins.
Eftirfarandi breytingar verða á 1. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta:
1. tölul. verður svohljóðandi: Minjasafn Egils Ólafssonar.
Við bætast tveir nýir liðir:
Melrakkasetur, 3 m.kr.
Eiríksstaðir í Haukadal, 2 m.kr.

02-919 Söfn, ýmis framlög **0,0**

1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Við 2. umr. var samþykkt 0,7 m.kr. lækkun á liðnum vegna breytinga á verðlagsforsendu frumvarpsins en þá láðist að gera ráð fyrir þeirri lækkun í 2. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta. Þar lækkar 12. tölul., Óskipt, um 0,7 m.kr. og verður 1,5 m.kr. og heildarfjárhæð liðarins 65,1 m.kr.

02-982 Listir, framlög **10,0**

1.90 Listir

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um að veita Bíói Paradís 10 m.kr. framlag. 5. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist í samræmi við það.

02-983 Ýmis fræðistörf **12,5**

1.52 Skriðuklaustur

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 12,5 m.kr. tímabundið framlag til Skriðuklaustursrannsókna til viðbótar við 1 m.kr. framlag sem veitt var við 2. umr.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

02-988 Æskulýðsmál **2,0**
1.17 Landssamband KFUM og KFUK

Ákvörðun Alþingis *Samþykkt á Alþingi* *Alþingi*	Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til byggingar svefnskála við sumarbúðirnar við Hólavatn.

02-989 Ýmis íþróttamál **10,0**
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands

Ákvörðun Alþingis *Samþykkt á Alþingi* *Alþingi*	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Þar af eru 5 m.kr. ætlaðar til reksturs og 5 m.kr. til ólympískra verkefna.

02-999 Ýmislegt **11,5**
1.90 Ýmis framlög

Ákvörðun Alþingis *Samþykkt á Alþingi* *Alþingi*	Gerð er tillaga um 13 m.kr. framlag sem skiptist á sex verkefni. Við 9. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætast tveir nýir liðir og fjórir liðir hækka þannig: Art-verkefnið, 4,5 m.kr. Kirkjubæjarstofa, 2,5 m.kr., verður 4,5 m.kr. Kvenfélagasamband Íslands, rekstur, 1 m.kr., verður 4 m.kr. Kvenréttindafélag Íslands, 1,5 m.kr., verður 2,5 m.kr. Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna, 1 m.kr. Sögufélag, 1 m.kr., verður 2,5 m.kr.

02-999 Ýmislegt **30,0**
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis

Ákvörðun Alþingis *Samþykkt á Alþingi* *Alþingi*	Gerð er tillaga um 30 m.kr. framlag vegna RES-orkuskóla. Annars vegar eru 15 m.kr. til að greiða skuld skólans við Háskólann á Akureyri og hins vegar 15 m.kr. til að unnt sé að útskrifa núverandi nemendur skólans. 10. tölul. í sundurliðun sérstakra yfirlita í A-hluta breytist í samræmi við það.

Samtals mennta- og menningarmálaráðuneyti 179,7

06-190 Ýmis verkefni **-15,0**
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg

Millifært *Samþykkt á Alþingi* *Alþingi*	Í tengslum við endurskoðun framsetningar vegna sameiningar ráðuneyta er lagt til að 15 m.kr. fjárheimild sem samþykkt var við 2. umr. á þessu viðfangi flytjist á viðfangið 06-390-1.41 Slysavarnafélagið Landsbjörg.

06-190 Ýmis verkefni **25,0**
1.90 Ýmislegt

Ákvörðun Alþingis *Samþykkt á Alþingi* *Alþingi*	Gerð er tillaga um 25 m.kr. tímabundið framlag til löggæslu og mannréttindamála.

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál **15,0**
1.41 Slysavarnafélagið Landsbjörg

Millifært *Samþykkt á Alþingi* *Alþingi*	Í tengslum við endurskoðun framsetningar vegna sameiningar ráðuneyta er lagt til að 15 m.kr. fjárheimild sem sem samþykkt var við 2. umr. á þessu viðfangi flytjist á viðfangið 06-390-1.41 Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Samtals dómsmála- og mannréttindaráðuneyti 25,0

Skýringar á breytingartillögum við sundurliðun 2.

07-331 Vinnueftirlit ríkisins **15,0**
1.01 Vinnueftirlit ríkisins
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til stofnunarinnar.

07-827 Lífeyristryggingar **150,0**
1.11 Ellilífeyrir
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 150 m.kr. verðbætur á grunn ellilífeyris.

07-827 Lífeyristryggingar **200,0**
1.15 Örorkulífeyrir
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 200 m.kr. verðbætur á grunn örorkulífeyris.

07-827 Lífeyristryggingar **0,0**
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Hækkun á framlagi ríkissjóðs vegna aukinna útgjalda á lið lífeyristrygginga.

07-980 Vinnumálastofnun **0,0**
1.01 Vinnumálastofnun
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að veittar verði 55 m.kr. til Vinnumálastofnunar til að koma í framkvæmd aðgerðum til að bregðast við vanda ungs fólks í atvinnuleit. Í verkefninu felst að ungmennum á aldrinum 18-24 ára er boðið starf, námstækifæri, námsþjálfun eða önnur verðug verkefni innan þriggja mánaða frá skráningu á atvinnuleysisskrá. Sértekjur stofnunarinnar hækka að sama skapi um 55 m.kr. og eru því heildaráhrif þessara breytinga á útgjöld engin.

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður **180,0**
1.11 Atvinnuleysisbætur
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 180 m.kr. hækkun á fjárheimild sjóðsins þar sem kostnaður sjóðsins hækkar í tengslum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar.
Áætlað er að ákvæði um tilfallandi veikindi í allt að fimm daga á tímabili virkrar atvinnuleitar geti leitt til 30 m.kr. viðbótarútgjalda hjá sjóðnum. Þá er áætlað að ákvæði um hlutaatvinnuleysisbætur leiði til 40 m.kr. kostnaðarauka en gert er ráð fyrir að það skilyrði að starfshlutfall launafólks verði að skerðast um 30% hið minnsta í stað 20% áður eigi eingöngu við um þá sem sækja um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V í fyrsta skipti í 1. janúar 2011 eða síðar. Sú breyting að færa til dagsetninguna 1. maí 2008 til 1. mars 2008 leiðir til 110 m.kr. viðbótarútgjalda frá því sem áður hefur verið áætlað.

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður **55,0**
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar
Millifært
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að millifærðar verði 55 m.kr. af liðnum 07-984-1.35 en framlagið er til aðgerða til að bregðast við vanda ungs fólks í atvinnuleit á vegum Vinnumálastofnunar.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður **-55,0**
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði
Millifært
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að millifærðar verði 55 m.kr. á liðinn 07-984-1.15 til að koma í framkvæmd aðgerðum til að bregðast við vanda ungs fólks í atvinnuleit.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi **40,0**
1.90 Ýmis framlög
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 40 m.kr. tímabundið framlag vegna málefna barna og ungmenna og breytist 14. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta í samræmi við það.

Samtals félags- og tryggingamálaráðuneyti 585,0

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi **0,0**
1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Við 2. umr. var samþykkt 0,7 m.kr. lækkun á liðnum vegna breytinga á verðlagsforsendu frumvarpsins en þá láðist að gera ráð fyrir þeirri lækkun í 17. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta. Þar lækkar 8. tölul., Óskipt, um 0,7 m.kr. og verður 3,8 m.kr. og heildarfjárhæð liðarins 58,9 m.kr.

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ **15,0**
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til reksturs á sérhæfðri deild fyrir ungt fólk með heilaskaða.

08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands **-25,3**
1.10 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lögð er til 25,3 m.kr. lækkun á fjárveitingu til félagsins sem er til viðbótar við 39 m.kr. lækkun sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Samtals er því lögð til 64,3 m.kr. lækkun á fjárheimildum til stofnunarinnar.

08-700 Heilbrigðisstofnanir **35,2**
1.01 Almennur rekstur
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lögð er til 35,2 m.kr. millifærsla yfir á liðinn 08-781-1.11 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum til að mæta lækkun á hagræðingakröfu á sjúkrasviði stofnunarinnar frá fjárlagafrumvarpi í kjölfar endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana.

08-700 Heilbrigðisstofnanir **60,0**
1.01 Almennur rekstur
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 60 m.kr. tímabundið framlag vegna heilbrigðisstofnana.

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki **16,4**
1.01 Heilsugæslusvið
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 16,4 m.kr. hækkun á framlagi til Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki til viðbótar við hækkun sem samþykkt var við 2. umr. til að mæta lækkun á hagræðingarkröfu. Þannig lækkar hagræðingarkrafan um samtals 168,5 m.kr. Þar af eru 46,1 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, 51,6 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar og 70,8 m.kr. til að koma í veg fyrir að stofnunin mæti meiri samdrætti en sem nemur 10% frá gildandi fjárlögum.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga **18,5**

1.01 Heilsugæslusvið

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 18,5 m.kr. hækkun á framlagi til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga til viðbótar við hækkun sem samþykkt var við 2. umr. til að mæta lækkun á hagræðingarkröfu. Þannig lækkar hagræðingarkrafan um samtals 285,4 m.kr. Þar af eru 144 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, 58,9 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar og 82,5 m.kr. til að koma í veg fyrir að stofnunin mæti meiri samdrætti en sem nemur 10% frá gildandi fjárlögum.

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum **113,0**

1.01 Heilsugæslusvið

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 113 m.kr. hækkun á framlagi til heilsugæslusviðs Heilbrigðisstofnunarinnar Vestmannaeyjum og er hluti framlagsins, 35,2 m.kr., millifærður af liðnum 08-700-1.01.
Á Heilbrigðisstofnuninni Vestmannaeyjum lækkar hagræðingarkrafan á öllum sviðum stofnunarinnar um samtals 119,4 m.kr. Þar af eru 104,2 m.kr. vegna endurskoðunar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana, 15,2 m.kr. vegna frestunar sem nemur 3/12 hlutum hagræðingarkröfunnar.

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum **6,4**

1.11 Sjúkrasvið

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. hækkun á framlagi til sjúkrasviðs Heilbrigðisstofnunarinnar Vestmannaeyjum.

Samtals heilbrigðisráðuneyti 239,2

09-210 Ríkisskattstjóri **10,0**

1.41 Skattvinnslukerfi

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. tímabundið framlag til liðarins. Í frumvarpi til laga um farþegagjald og gistináttagjald er gert ráð fyrir nýrri gjaldheimtu á ferðamenn með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsóttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Reiknað er með að gjaldtakan hefjist 1. september 2011 en gert er ráð fyrir að fyrsta árið sem þessi gjöld verða innheimt falli til samtals 14 m.kr. tímabundinn stofnkostnaður hjá tollstjóra og ríkisskattstjóra vegna innleiðingar gjaldtökunnar. Þar af er 10 m.kr. einskiptiskostnaður hjá ríkisskattstjóra vegna breytinga á tölvukerfum og útgáfu skýrslu og leiðbeiningar- og kynningarefnis.

09-262 Tollstjórinn **4,0**

1.45 Tollafgreiðslukerfi

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 4 m.kr. tímabundið framlag til liðarins. Í frumvarpi til laga um farþegagjald og gistináttagjald er gert ráð fyrir nýrri gjaldheimtu á ferðamenn með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsóttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Reiknað er með að gjaldtakan hefjist 1. september 2011 en gert er ráð fyrir að fyrsta árið sem þessi gjöld verða innheimt falli til samtals 14 m.kr. tímabundinn stofnkostnaður hjá tollstjóra og ríkisskattstjóra vegna innleiðingar gjaldtökunnar. Þar af er 4 m.kr. einskiptiskostnaður hjá tollstjóra vegna aðlögunar á tölvukerfum, auk auglýsingar- og kynningarefnis.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

09-821 Vaxtabætur **1.900,0**

1.11 Vaxtabætur

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 1.900 m.kr. Árin 2009 og 2010 voru allar viðmiðunarfjárhæðir við greiðslur vaxtabóta hækkaðar tímabundið um 30% sem hluti af ráðstöfunum stjórnvalda til að bæta stöðu skuldsettra heimila. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011 var gert ráð fyrir að þessi hækkun gengi til baka vegna aðhaldsráðstafana. Með þessari tillögu er fallið frá þessum áformum í tengslum við nýtt samkomulag ríkisstjórnarinnar við lánastofnanir og lífeyrissjóði um víðtækar aðgerðir vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna. Jafnframt er gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar á greiðslu almennra vaxtabóta þannig að þær komi í auknum mæli til móts við heimili með þunga skuldabyrði og lágar og miðlungstekjur og er nú unnið að útfærslu þessara breytinga.

09-821 Vaxtabætur **6.000,0**

1.15 Sérstakar vaxtaniðurgreiðslur

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 6.000 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár á nýju viðfangsefni fyrir sérstakar vaxtaniðurgreiðslur. Í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við lánastofnanir og lífeyrissjóði um víðtækar aðgerðir vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna er fyrirhugað að nýtt tímabundið úrræði verði mótað til að greiða niður vaxtakostnað vegna fasteignalána. Gert er ráð fyrir að niðurgreiðslan verði almenn, óháð tekjum, en falli niður þegar hrein eign skuldara er umfram tiltekin mörk. Unnið er að nánari útfærslu á þessu fyrirkomulagi með það að markmiði að þetta nýja úrræði verði í gildi árin 2011 og 2012. Fyrirhugað er að fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir fjármagni þessar vaxtaniðurgreiðslur samkvæmt nánara samkomulagi og er því gert ráð fyrir jafnmikilli hækkun tekna frá þeim aðilum á tekjuhlið frumvarpsins þannig að þessi ráðstöfun hafi ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Samtals fjármálaráðuneyti 7.914,0

10-190 Ýmis verkefni **0,0**

1.98 Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Við 2. umr. var samþykkt 0,1 m.kr. lækkun á liðnum vegna breytinga á verðlagsforsendu frumvarpsins en þá láðist að gera ráð fyrir þeirri lækkun í 18. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta. Þar lækkar 5. tölul., Óskipt, um 0,1 m.kr. og verður 0,7 m.kr. og heildarfjárhæð liðarins 15,7 m.kr.

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta **-180,0**

1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lögð er til 180 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins vegna aðhaldsaðgerða. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að hækkun gjalda á áfengi og tóbak mundi skila um 1.000 m.kr. í tekjur en nú er gert ráð fyrir að sú hækkun verði minni en áformað var og að tekjuaukinn verði 700 m.kr. lægri eða samtals um 300 m.kr. Fyrirhugað var að lækka framlag til starfsemi ISAVIA ohf. um 300 m.kr. við 2. umr. Þar sem gera má ráð fyrir að þessu verði mætt að einhverju marki með hækkun þjónustugjalda félagsins og verðlagningar í vörusölu er nú lagt til að lækkun á framlagi nemi ekki 300 m.kr. heldur 180 m.kr. til að komist verði hjá því að hækka verð á innanlandsflugi umtalsvert.

Samtals samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti -180,0

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun **140,0**

1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 140 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er m.a. gert ráð fyrir að 4 mgr. 11. gr. laganna falli niður en þar er kveðið á um endurgreiðslur á hluta virðisaukaskatts vegna sölu á heitu vatni og/eða rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns. Ljóst hefur verið í nokkurn tíma að endurskoða þurfi endurgreiðslur þessar þar sem veitur hafa breyst, þær verið sameinaðar og nýjar verið stofnaðar. Iðnaðarráðuneytið hefur látið gera nýja útreikninga samkvæmt reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslur virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns og kom þá í ljós að engin af hitaveitunum á lengur rétt til endurgreiðslu. Það skýrist af því að hlutfall virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns hefur lækkað úr 14% í 7% en hámark endurgreiðslnanna er enn þá 11% af vegnu meðalverði. Rafhitun og kyntar veitur eiga rétt á endurgreiðslu en í nokkuð lægra hlutfalli en áður. Þar sem ljóst er að upphaflegu forsendurnar fyrir þessu endurgreiðslukerfi eru brostnar er því sem fyrr segir gert ráð fyrir að þessi endurgreiðsluheimild verði felld niður og hitun húsa og laugarvatns á landsbyggðinni styrkt samkvæmt nánari ákvörðun iðnaðarráðuneytisins sem hefur forræði á málefnum veitna. Framlagi þessu er því ætlað að koma í veg fyrir að kostnaður vegna rafhitunar og kyntra veitna aukist í kjölfar þessara formbreytinga. Gera má ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs muni aukast sem þessu framlagi nemur vegna niðurfellingar á endurgreiðsluheimildinni sem gerir það að verkum að afkoma ríkissjóðs verður óbreytt eftir sem áður.

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun **40,0**

1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 40 m.kr. framlag til niðurgreiðslu á rafhitun.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

11-511 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða **48,0**
6.41 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða
Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 48 m.kr. framlag til þessa nýja fjárlagaliðar. Í frumvarpi til laga um farþegagjald og gistináttagjald er gert ráð fyrir nýrri gjaldheimtu á ferðamenn með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsóttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Gert er ráð fyrir að tekjur af þessari gjaldheimtu muni afla ríkissjóði um 400 m.kr. á ársgrundvelli og er þá miðað við fjölda farþega með skemmtiferðaskipum, farþegaskipum og flugförum og fjölda gistinátta á árinu 2009. Gert er ráð fyrir að veitt verði samsvarandi framlög í fjárlögum til framangreindra verkefna og að 3/5 hlutar þeirra renni í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nýjan sjóð sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið, en 2/5 hlutar verði veittir til þjóðgarða og friðlýstra svæða sem heyra undir umhverfisráðuneytið og forsætisráðuneytið. Samkvæmt frumvarpi um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi fjóra fulltrúa í stjórn sjóðsins sem geri tillögu til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum en honum er ætlað að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón um land allt auk þess að tryggja öryggi ferðamanna og verndun náttúru landsins. Reiknað er með að gjaldtakan hefjist 1. september 2011 og er áætlað að tekjurnar á síðasta ársfjórðungi næsta árs nemi um 94 m.kr. Gert er ráð fyrir að fyrsta árið sem þessi gjöld verða innheimt verði veitt framlag í fjárlögum sem svari til 14 m.kr. af tekjunum til að mæta tímabundnum stofnkostnaði viðkomandi innheimtuaðila, þ.e. tollstjóra og ríkisskattstjóra, vegna breytinga á tölvukerfum og útgáfu. Að teknu tilliti til þessa er gert ráð fyrir 48 m.kr. framlagi til Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustustaða á árinu 2011.

11-599 Ýmis ferðamál **1,7**
1.90 Ýmis ferðamál
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 1,7 m.kr. framlag til Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu og breytist 21. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta í samræmi við það.

Samtals iðnaðarráðuneyti 229,7

14-190 Ýmis verkefni **2,0**
1.44 Skógræktarfélag Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 2 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi til Skógræktarfélags Íslands.

14-190 Ýmis verkefni **5,5**
1.90 Ýmis verkefni
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 5,5 m.kr. hækkun á liðnum. Þar af eru 4 m.kr. ætlaðar til Grænafánaverkefnis Landverndar til viðbótar við 2 m.kr. framlag við 2. umr. og 1,5 m.kr. eru ætlaðar verkefninu Jarðvangur á Suðurlandi. 23. tölul. í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist í samræmi við það.

Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2

14-211 Umhverfisstofnun **2,0**

5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 2 m.kr. framlag til að stuðla að uppbyggingu og viðhaldi á friðlýstum svæðum. Í frumvarpi til laga um farþegagjald og gistináttagjald er gert ráð fyrir nýrri gjaldheimtu á ferðamenn með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsóttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Áætlað er að tekjur af þessum gjöldum muni afla ríkissjóði um 400 m.kr. tekna á heilu ári. Gert er ráð fyrir að veitt verði samsvarandi framlög í fjárlögum til framangreindra verkefna og að 3/5 hlutar þeirra renni í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nýjan sjóð sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið, en 2/5 hlutar verði veittir til þjóðgarða og friðlýstra svæða sem heyra undir umhverfisráðuneytið og forsætisráðuneytið. Reiknað er með að gjaldtakan hefjist 1. september 2011 og að tekjurnar á síðasta ársfjórðungi næsta árs verði 94 m.kr.

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður **5,0**

1.01 Vatnajökulsþjóðgarður

Millifært
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að framlag til framkvæmda í þjóðgarðinum verði lækkað um 5 m.kr. og rekstrarframlag hækkað jafnmikið á móti. Við 2. umr. var sambærileg tillaga um 25 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi og lækkun á framlagi til framkvæmda.Tillagan var gerð samhliða annarri tillögu um 15 m.kr. aukið rekstrarframlag og saman er þeim ætlað að byggja upp og efla þjónustu í þjóðgarðinum.

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður **-5,0**

6.41 Framkvæmdir

Millifært
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að framlag til framkvæmda í þjóðgarðinum verði lækkað um 5 m.kr. og rekstrarframlag hækkað jafnmikið á móti. Við 2. umr. var sambærileg tillaga um 25 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi og lækkun á framlagi til framkvæmda.Tillagan var gerð samhliða annarri tillögu um 15 m.kr. aukið rekstrarframlag og saman er þeim ætlað að byggja upp og efla þjónustu í þjóðgarðinum.

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður **20,0**

6.41 Framkvæmdir

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til uppbyggingar og viðhalds í þjóðgarðinum. Í frumvarpi til laga um farþegagjald og gistináttagjald er gert ráð fyrir nýrri gjaldheimtu á ferðamenn með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsóttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Áætlað er að tekjur af þessum gjöldum muni afla ríkissjóði um 400 m.kr. tekna á heilu ári. Gert er ráð fyrir að veitt verði samsvarandi framlög í fjárlögum til framangreindra verkefna og að 3/5 hlutar þeirra renni í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nýjan sjóð sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið, en 2/5 hlutar verði veittir til þjóðgarða og friðlýstra svæða sem heyra undir umhverfisráðuneytið og forsætisráðuneytið. Reiknað er með að gjaldtakan hefjist 1. september 2011 og að tekjurnar á síðasta ársfjórðungi næsta árs verði 94 m.kr.

Samtals umhverfisráðuneyti 29,5

Samtals öll ráðuneyti 9.042,1

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 14. des. 2010.

Oddný G. Harðardóttir, form., frsm. Björn Valur Gíslason. Árni Þór Sigurðsson.

Sigmundur Ernir Rúnarsson. Þuríður Backman. Ólína Þorvarðardóttir.

516. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÁÞS, SER, ÞBack, ÓÞ).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
1. Við **00-201 Alþingi**			
1.10 Rekstur fasteigna	266,6	4,0	270,6
2. Við **00-610 Umboðsmaður Alþingis**			
1.01 Umboðsmaður Alþingis	105,1	6,0	111,1
3. Við **01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**			
a. 1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	82,2	10,0	92,2
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*83,5*	*10,0*	*93,5*
4. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 1.01 Háskóli Íslands	12.721,3	18,8	12.740,1
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*8.470,2*	*18,8*	*8.489,0*
5. Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
1.34 Háskólasetur Vestfjarða	76,0	10,0	86,0
6. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
a. Við 1.31 Keilir, frumgreinanám og vinnumarkaðsúrræði. Liðurinn orðist svo:			
1.31 Keilir, frumgreinanám og annað nám á framhaldsskólastigi	98,3	3,8	102,1
b. 1.90 Framhaldsskólar, óskipt	404,0	50,0	454,0
7. Við **02-901 Fornleifavernd ríkisins**			
1.01 Fornleifavernd ríkisins	83,7	16,1	99,8
8. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
1.90 Söfn, ýmis framlög	14,0	5,0	19,0

1. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist þannig:
Í 1. tölul. breytist heiti og verður: Minjasafn Egils Ólafssonar
Við bætist tveir nýir liðir:
Eiríksstaðir í Haukadal, 2 m.kr.
Melrakkasetur, 3 m.kr.

9. Við **02-982 Listir, framlög**

1.90 Listir	28,0	10,0	38,0

5. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist þannig:
Nýr liður: Bíó Paradís, 10 m.kr.

10. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**

1.52 Skriðuklaustur	16,3	12,5	28,8

11. Við **02-988 Æskulýðsmál**

1.17 Landssamband KFUM og KFUK	29,3	2,0	31,3

12. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**

1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	149,1	10,0	159,1

13. Við **02-999 Ýmislegt**

a. 1.90 Ýmis framlög	51,5	11,5	63,0

9. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytast þannig:
Tveir nýir liðir:
Art-verkefnið, 4,5 m.kr.
Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna, 1 m.kr.
Fjórir liðir breytast þannig:
6. Kirkjubæjarstofa, 2,5 m.kr., verður 4,5 m.kr.
8. Kvenfélagasamband Íslands, rekstur, 1 m.kr., verður 4 m.kr.
9. Kvenréttindafélag Íslands, 1,5 m.kr., verður 2,5 m.kr.
17. Sögufélag, 1 m.kr., verður 2,5 m.kr.

b. 1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	127,7	30,0	157,7

Við 10. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr liður:
RES-orkuskóli, 30 m.kr.

14. Við **06-190 Ýmis verkefni**

a. 1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	15,0	-15,0	0,0
b. 1.90 Ýmislegt	22,0	25,0	47,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*130,0*	*10,0*	*140,0*

15. Við **06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál**

Við 1.41 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum. Liðurinn orðast svo:

1.41 Slysavarnafélagið Landsbjörg	105,6	15,0	120,6

16. Við **07-331 Vinnueftirlit ríkisins**

a. 1.01 Vinnueftirlit ríkisins	468,1	15,0	483,1
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*230,1*	*15,0*	*245,1*

17. Við **07-827 Lífeyristryggingar**

a. 1.11 Ellilífeyrir	8.260,0	150,0	8.410,0
b. 1.15 Örorkulífeyrir	4.950,0	200,0	5.150,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*23.051,0*	*350,0*	*23.401,0*

18. Við **07-980 Vinnumálastofnun**

a. 1.01 Vinnumálastofnun	916,0	55,0	971,0
b. Sértekjur	-719,5	-55,0	-774,5

19. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**

a. 1.11 Atvinnuleysisbætur	21.170,0	180,0	21.350,0

b. 1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	527,6	55,0	582,6
c. 1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	912,0	-55,0	857,0
d. *Innheimt af ríkistekjum*	*22.632,8*	*180,0*	*22.812,8*
20. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
1.90 Ýmis framlög	93,0	40,0	133,0
Við 14. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr liður:			
Málefni barna og ungmenna, 40 m.kr.			
21. Við **08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ**			
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.265,5	15,0	1.280,5
22. Við **08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands**			
1.10 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	523,1	-25,3	497,8
23. Við **08-700 Heilbrigðisstofnanir**			
1.01 Almennur rekstur	73,6	95,2	168,8
24. Við **08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	203,4	14,0	217,4
b. Sértekjur	-9,3	2,4	-6,9
25. Við **08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	409,4	15,8	425,2
b. Sértekjur	-14,0	2,7	11,3
26. Við **08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	214,0	110,7	324,7
b. 1.11 Sjúkrasvið	265,5	6,4	271,9
c. Sértekjur	-27,3	2,3	-25,0
27. Við **09-210 Ríkisskattstjóri**			
a. 1.41 Skattvinnslukerfi	368,9	10,0	378,9
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*2.315,3*	*10,0*	*2.325,3*
28. Við **09-262 Tollstjórinn**			
a. 1.45 Tollafgreiðslukerfi	221,8	4,0	225,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.775,4*	*4,0*	*1.779,4*
29. Við **09-821 Vaxtabætur**			
a. 1.11 Vaxtabætur	9.800,0	1.900,0	11.700,0
b. 1.15 Sérstakar vaxtaniðurgreiðslur	0,0	6.000,0	6.000,0
30. Við **10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**			
a. 1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	2.330,6	-180,0	2.150,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*2.019,1*	*-180,0*	*1.839,1*
31. Við **11-373 Niðurgreiðslur á húshitun**			
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	962,7	180,0	1.142,7
32. Við Við bætist nýr fjárlagaliður:			
11-511 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða			
a. 6.41 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	0,0	48,0	48,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*48,0*	*48,0*

33. Við **11-599 Ýmis ferðamál**

1.90 Ýmis ferðamál	22,8	1,7	24,5

Í 21. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr liður:
Samtök um sögutengda ferðaþjónustu, 1,7 m.kr.

34. Við **14-190 Ýmis verkefni**

a. 1.44 Skógræktarfélag Íslands	34,0	2,0	36,0
b. 1.90 Ýmis verkefni	42,6	5,5	48,1

23. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytast þannig:
Nýr liður: Jarðvangur á Suðurlandi, 1,5 m.kr.
12. Landvernd, Grænfáninn, 2 m.kr., verður 6 m.kr.

35. Við **14-211 Umhverfisstofnun**

a. 5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	34,0	2,0	36,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*623,2*	*2,0*	*625,2*

36. Við **14-212 Vatnajökulsþjóðgarður**

a. 1.01 Vatnajökulsþjóðgarður	300,8	5,0	305,8
b. 6.41 Framkvæmdir	134,8	15,0	149,8

517. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÁÞS, SER, ÞBack, ÓÞ).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	89.300,0	86.500,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	24.700,0	23.500,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**114.000,0**	**110.000,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	26.400,0	22.000,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	2.200,0	2.100,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.516,2	1.487,0
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	3.730,0	3.450,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**7.446,2**	**7.037,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**147.846,2**	**139.037,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	60,0	60,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	33.917,9	32.595,2
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	30.594,4	29.401,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**64.572,3**	**62.056,2**
	Tryggingagjöld	**64.572,3**	**62.056,2**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	2.007,5	1.929,2
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.538,3	2.439,3
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**4.545,8**	**4.368,5**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	5.210,0	4.620,0
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	2.350,0	2.350,0
4.4.1	Stimpilgjöld	2.600,0	2.600,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	498,2	498,2
	Eignarskattar	**10.658,2**	**10.068,2**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	132.000,0	126.700,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	3.910,0	3.790,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	1.770,0	1.730,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.900,0	1.900,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	4.720,0	4.720,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	7.630,0	7.630,0
5.1.2.1.32	Kolefnisgjald	3.140,0	3.070,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.830,0	6.830,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	42,0	42,0
5.1.2.1.36	Sérstakur skattur af seldri raforku	1.970,0	1.930,0
5.1.2.1.37	Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	240,0	235,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	430,0	430,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	10.890,0	10.780,0
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	4.970,0	4.960,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.613,6	2.613,6
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	5.392,0	5.252,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.766,8	2.733,8
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	9,7	9,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**191.224,1**	**185.356,1**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	6.380,0	6.310,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	810,0	740,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	250,0	250,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	145,3	145,3
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	19,9	19,9
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	617,0	617,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	2.470,0	2.620,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	310,0	310,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	2.130,8	2.130,8
5.2.2.35	Ýmislegt	11,0	11,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**13.144,0**	**13.154,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**204.368,1**	**198.510,1**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.15	Markaðsgjald	401,5	385,8
6.1.25	Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	600,0	600,0
6.1.30	Gjald á bankastarfsemi	1.000,0	1.000,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**2.001,5**	**1.985,8**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	390,0	390,0
	Aðrir skattar	**2.391,5**	**2.375,8**
	Skatttekjur, samtals	**434.382,1**	**416.415,8**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	40,0	40,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	2.185,5	2.185,5
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**2.225,5**	**2.225,5**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	2.240,0	1.870,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	13.250,0	13.616,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	5.211,0	5.125,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	66,2	66,2
8.3.8.5	Aðrar eignatekjur, ótaldar annars staðar	100,0	100,0
	Aðrar eignatekjur	**20.867,2**	**20.777,2**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**23.092,7**	**23.002,7**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	1.180,0	1.180,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	1.120,0	1.120,0
9.1.3.5	Skólagjöld	744,5	744,5
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	130,0	130,0
9.1.3.20	Prófgjöld	27,4	27,4
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	213,5	213,5
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	721,7	721,7
9.1.3.35	Ýmislegt	418,1	417,9
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	456,2	456,2
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	193,9	193,9
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**5.205,3**	**5.205,1**
	Ýmsar tekjur	**5.205,3**	**5.205,1**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	670,0	670,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	700,0	700,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.405,0**	**1.405,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7	74,7
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**29.777,7**	**29.687,5**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	400,0	400,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa og verðbréfa	100,0	100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**500,0**	**500,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	100,0	100,0
	Sala eigna, samtals	**600,0**	**600,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	212,1	212,1
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	550,0	550,0
	Rekstrarframlög	**762,1**	**762,1**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	552,0	552,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	390,0	390,0
18.2.6	Hlutdeild fjármálastofnana í sérstökum vaxtaniðurgreiðslum til heimila	6.000,0	6.000,0
	Önnur fjárframlög	**6.942,0**	**6.942,0**
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**7.704,1**	**7.704,1**
	Fjárframlög, samtals	**7.704,1**	**7.704,1**
	Heildartekjur samtals	**472.463,9**	**454.407,4**

518. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÁÞS, SER, ÞBack, ÓÞ).

Við sundurliðun 4 (**Fjármál lánastofnana í C-hluta**). Eftirfarandi liðir breytist og verði svohljóðandi:

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	11.925,7
Fjármagnsgjöld	7.580,7
Framlög í afskriftasjóð útlána	3.459,8
Hreinar fjármunatekjur	**885,2**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	8.235,6
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	589,0
Hagnaður (-tap)	**8.551,8**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	8.551,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.863,9
Handbært fé frá rekstri	**4.687,9**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	16.300,0
Afborganir af veittum löngum lánum	5.400,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	79,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-10.979,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	12.600,0
Afborganir af teknum löngum lánum	6.306,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**6.294,0**
Breyting á handbæru fé	**2,9**
Handbært fé í ársbyrjun	449,8
Handbært fé í árslok	452,7

	m.kr.
51-371 Orkusjóður	
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	11,5
Hreinar fjármunatekjur	**11,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	30,2
Önnur rekstrargjöld	34,5
Hagnaður (-tap)	**7,2**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	7,2
Handbært fé frá rekstri	**7,2**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	25,0
Afborganir af veittum löngum lánum	11,8
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-13,2**
Breyting á handbæru fé	**-6,0**
Handbært fé í ársbyrjun	92,8
Handbært fé í árslok	86,8

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.500,0
Fjármagnsgjöld	775,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	600,0
Hreinar fjármunatekjur	**125,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	286,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	422,8
Hagnaður (-tap)	**8,2**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	8,2
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	600,0
Handbært fé frá rekstri	**608,2**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.000,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.000,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.300,0
Annað (út)	100,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.600,0**
Breyting á handbæru fé	**208,2**
Handbært fé í ársbyrjun	476,1
Handbært fé í árslok	684,3

519. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÁÞS, SER, ÞBack, ÓÞ).

Við 2. tölul. 5. gr.

a. Í stað orðanna „allt að 12.600 m.kr.“ í inngangsmálslið komi: allt að 18.600 m.kr.
b. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:
   2.2 Hlutafélaga sem komið verður á fót á grundvelli laga nr. 97/2010, um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir, allt að 6.000 m.kr.

520. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÁÞS, SER, ÞBack, ÓÞ).

Við 6. gr. Liður 4.11 falli brott.

521. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá fjárlaganefnd.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	234,2	50,0	284,2

Greinargerð.

Lagt er til að veitt verði 50 m.kr. framlag til þess að undirbúa og hefja á miðju næsta ári bólusetningu allra 12 ára stúlkna gegn HPV-sýkingum og leghálskrabbameini í samræmi við ályktun Alþingis frá 10. júní 2010.

522. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÁÞS, SER, ÞBack, ÓÞ).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.011,9	30,0	1.041,9
2. Við **03-213 Varnarmál**			
a. 1.01 Varnarmál	832,7	-832,7	0,0
b. 6.01 Tæki og búnaður	30,0	-30,0	0,0
3. Við **03-300 Sendiráð Íslands**			
1.01 Sendiráð Íslands	2.600,2	35,2	2.635,4
4. Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
1.10 Öryggismál og upplýsingavinnsla	0,0	15,9	15,9
5. Við **06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál**			
a. 1.91 Varnarmál	0,0	575,6	575,6
b. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	30,0	30,0
6. Við **06-395 Landhelgisgæsla Íslands**			
1.10 Loftrýmiseftirlit	0,0	176,0	176,0

523. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÁÞS, SER, ÞBack, ÓÞ).

I. *Eftirfarandi breytingar verði á númerum og heitum fjárlagaliða í sundurliðun 2 í samræmi við breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins vegna sameiningar ráðuneyta:*

1. Við **06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.**
   Heiti kaflans verði: **06 Innanríkisráðuneyti.**
2. Við 06-101-1.01 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa.
   Liðurinn orðist svo: 06-101-1.01 Innanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.
3. Við 06-603-1.01 Þjóðskrá Íslands.
   Liðurinn orðist svo: 06-821-1.01 Þjóðskrá Íslands.
4. Við 07-101-1.01 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.
   Liðurinn færist á: 08-101-1.01 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa.
5. Við 07-190-1.10 Fastanefndir.
   Liðurinn orðist svo: 08-190-1.10 Fastanefndir.
6. Við 07-190-1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál.
   Liðurinn orðist svo: 08-190-1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál.

7. Við 07-190-1.90 Ýmislegt.
   Liðurinn orðist svo: 08-190-1.90 Ýmislegt.
8. Við 07-199-1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra.
   Liðurinn færist á: 08-199-1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra.
9. Við 07-205-6.21 Leiguíbúðir.
   Liðurinn orðist svo: 08-861-6.21 Leiguíbúðir.
10. Við 07-207-6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga.
    Liðurinn orðist svo: 08-862-6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga.
11. Við 07-302-1.01 Ríkissáttasemjari.
    Liðurinn orðist svo: 08-332-1.01 Ríkissáttasemjari.
12. Við 07-313-1.01 Jafnréttisstofa.
    Liðurinn orðist svo: 08-333-1.01 Jafnréttisstofa.
13. Við 07-331-1.01 Vinnueftirlit ríkisins.
    Liðurinn orðist svo: 08-331-1.01 Vinnueftirlit ríkisins.
14. Við 07-341-1.01 Umboðsmaður skuldara.
    Liðurinn orðist svo: 08-334-1.01 Umboðsmaður skuldara.
15. Við 07-400-1.01 Almennur rekstur.
    Liðurinn orðist svo: 08-821-1.01 Almennur rekstur.
16. Við 07-400-1.20 Heimili fyrir börn og unglinga.
    Liðurinn orðist svo: 08-821-1.20 Heimili fyrir börn og unglinga.
17. Við 07-505-1.01 Hjúkrunarheimili, almennt.
    Liðurinn orðist svo: 08-401-1.01 Hjúkrunarheimili, almennt.
18. Við 07-505-1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana.
    Liðurinn orðist svo: 08-401-1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana.
19. Við 07-505-1.83 Greiðslur frá vistmönnum.
    Liðurinn orðist svo: 08-401-1.83 Greiðslur frá vistmönnum.
20. Við 07-505-6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði.
    Liðurinn orðist svo: 08-401-6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði.
21. Við 07-505-6.27 Jaðar, Ólafsvík.
    Liðurinn orðist svo: 08-401-6.27 Jaðar, Ólafsvík.
22. Við 07-505-6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt.
    Liðurinn orðist svo: 08-401-6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt.
23. Við 07-515-1.01 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða.
    Liðurinn orðist svo: 08-402-1.10 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða.
24. Við 07-515-5.21 Viðhald fasteigna öldrunarstofnana.
    Liðurinn orðist svo: 08-402-5.21 Viðhald fasteigna öldrunarstofnana.
25. Við 07-515-6.21 Stofnkostnaður og endurbætur.
    Liðurinn orðist svo: 08-402-6.21 Stofnkostnaður og endurbætur.
26. Við 07-518-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-445-1.01 Hjúkrunarrými.
27. Við 07-519-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-446-1.01 Hjúkrunarrými.
28. Við 07-521-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-405-1.01 Hjúkrunarrými.

29. Við 07-521-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-405-1.11 Dvalarrými.
30. Við 07-522-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-406-1.01 Hjúkrunarrými.
31. Við 07-522-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-406-1.11 Dvalarrými.
32. Við 07-522-1.15 Dagvist.
    Liðurinn orðist svo: 08-406-1.15 Dagvist.
33. Við 07-523-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-407-1.01 Hjúkrunarrými.
34. Við 07-523-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-407-1.11 Dvalarrými.
35. Við 07-527-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-411-1.01 Hjúkrunarrými.
36. Við 07-530-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-414-1.01 Hjúkrunarrými.
37. Við 07-530-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-414-1.11 Dvalarrými.
38. Við 07-531-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-415-1.01 Hjúkrunarrými.
39. Við 07-531-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-415-1.11 Dvalarrými.
40. Við 07-531-1.15 Dagvist.
    Liðurinn orðist svo: 08-415-1.15 Dagvist.
41. Við 07-532-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-416-1.01 Hjúkrunarrými.
42. Við 07-532-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-416-1.11 Dvalarrými.
43. Við 07-532-1.15 Dagvist.
    Liðurinn orðist svo: 08-416-1.15 Dagvist.
44. Við 07-533-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-417-1.01 Hjúkrunarrými.
45. Við 07-533-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-417-1.11 Dvalarrými.
46. Við 07-533-1.15 Dagvist.
    Liðurinn orðist svo: 08-417-1.15 Dagvist.
47. Við 07-534-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-418-1.01 Hjúkrunarrými.
48. Við 07-536-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-423-1.01 Hjúkrunarrými.
49. Við 07-536-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-423-1.11 Dvalarrými.
50. Við 07-536-1.15 Dagvist.
    Liðurinn orðist svo: 08-423-1.15 Dagvist.
51. Við 07-537-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-424-1.01 Hjúkrunarrými.

52. Við 07-537-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-424-1.11 Dvalarrými.
53. Við 07-538-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-425-1.01 Hjúkrunarrými.
54. Við 07-538-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-425-1.11 Dvalarrými.
55. Við 07-539-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-426-1.01 Hjúkrunarrými.
56. Við 07-539-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-426-1.11 Dvalarrými.
57. Við 07-540-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-427-1.01 Hjúkrunarrými.
58. Við 07-540-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-427-1.11 Dvalarrými.
59. Við 07-540-1.15 Dagvist.
    Liðurinn orðist svo: 08-427-1.15 Dagvist.
60. Við 07-542-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-429-1.01 Hjúkrunarrými.
61. Við 07-542-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-429-1.11 Dvalarrými.
62. Við 07-543-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-433-1.01 Hjúkrunarrými.
63. Við 07-543-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-433-1.11 Dvalarrými.
64. Við 07-543-1.15 Dagvist.
    Liðurinn orðist svo: 08-433-1.15 Dagvist.
65. Við 07-545-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-436-1.01 Hjúkrunarrými.
66. Við 07-545-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-436-1.11 Dvalarrými.
67. Við 07-547-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-438-1.01 Hjúkrunarrými.
68. Við 07-547-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-438-1.11 Dvalarrými.
69. Við 07-547-1.15 Dagvist.
    Liðurinn orðist svo: 08-438-1.15 Dagvist.
70. Við 07-548-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-439-1.01 Hjúkrunarrými.
71. Við 07-548-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-439-1.11 Dvalarrými.
72. Við 07-549-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-440-1.01 Hjúkrunarrými.
73. Við 07-549-1.11 Dvalarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-440-1.11 Dvalarrými.
74. Við 07-550-1.01 Hjúkrunarrými.
    Liðurinn orðist svo: 08-441-1.01 Hjúkrunarrými.

75. Við 07-550-1.11 Dvalarrými.
Liðurinn orðist svo: 08-441-1.11 Dvalarrými.
76. Við 07-550-1.17 Geðrými.
Liðurinn orðist svo: 08-441-1.17 Geðrými.
77. Við 07-551-1.01 Hjúkrunarrými.
Liðurinn orðist svo: 08-442-1.01 Hjúkrunarrými.
78. Við 07-551-1.11 Dvalarrými.
Liðurinn orðist svo: 08-442-1.11 Dvalarrými.
79. Við 07-551-1.15 Dagvist.
Liðurinn orðist svo: 08-442-1.15 Dagvist.
80. Við 07-552-1.01 Hjúkrunarrými.
Liðurinn orðist svo: 08-443-1.01 Hjúkrunarrými.
81. Við 07-552-1.15 Dagvist.
Liðurinn orðist svo: 08-443-1.15 Dagvist.
82. Við 07-555-1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur.
Liðurinn orðist svo: 08-460-1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur.
83. Við 07-556-1.10 Vesturhlíð, Reykjavík.
Liðurinn orðist svo: 08-470-1.10 Vesturhlíð, Reykjavík.
84. Við 07-557-1.10 Hlíðabær, Reykjavík.
Liðurinn orðist svo: 08-472-1.10 Hlíðabær, Reykjavík.
85. Við 07-558-1.10 Lindargata, Reykjavík.
Liðurinn orðist svo: 08-473-1.10 Lindargata, Reykjavík.
86. Við 07-559-1.10 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga.
Liðurinn orðist svo: 08-474-1.10 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga.
87. Við 07-560-1.10 Múlabær, Reykjavík.
Liðurinn orðist svo: 08-475-1.10 Múlabær, Reykjavík.
88. Við 07-561-1.10 Fríðuhús, Reykjavík.
Liðurinn orðist svo: 08-476-1.10 Fríðuhús, Reykjavík.
89. Við 07-562-1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar.
Liðurinn orðist svo: 08-477-1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar.
90. Við 07-700-1.01 Stjórnarnefnd málefna fatlaðra.
Liðurinn orðist svo: 08-809-1.01 Réttindagæsla fatlaðra.
91. Við 07-700-1.05 Niðurlagning svæðisskrifstofa málefna fatlaðra.
Liðurinn orðist svo: 08-809-1.05 Niðurlagning svæðisskrifstofa málefna fatlaðra.
92. Við 07-700-1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra.
Liðurinn orðist svo: 08-809-1.15 Tölvumiðstöð fatlaðra.
93. Við 07-701-1.30 Verndaðir vinnustaðir.
Liðurinn orðist svo: 08-809-1.11 Verndaðir vinnustaðir.
94. Við 07-706-1.10 Svæðisráð.
Liðurinn orðist svo: 08-809-1.01 Réttindagæsla fatlaðra.
95. Við 07-750-1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
Liðurinn orðist svo: 08-801-1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
96. Við 07-755-1.01 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta.
Liðurinn orðist svo: 08-805-1.01 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta.

97. Við 07-821-1.01 Tryggingastofnun ríkisins.
Liðurinn orðist svo: 08-201-1.01 Tryggingastofnun ríkisins.
98. Við 07-821-6.01 Tæki og búnaður.
Liðurinn orðist svo: 08-201-6.01 Tæki og búnaður.
99. Við 07-825-1.11 Mæðra- og feðralaun.
Liðurinn orðist svo: 08-203-1.11 Mæðra- og feðralaun.
100. Við 07-825-1.15 Umönnunargreiðslur.
Liðurinn orðist svo: 08-203-1.15 Umönnunargreiðslur.
101. Við 07-825-1.21 Makabætur og umönnunarbætur.
Liðurinn orðist svo: 08-203-1.21 Makabætur og umönnunarbætur.
102. Við 07-825-1.25 Dánarbætur.
Liðurinn orðist svo: 08-203-1.25 Dánarbætur.
103. Við 07-825-1.31 Endurhæfingarlífeyrir.
Liðurinn orðist svo: 08-203-1.31 Endurhæfingarlífeyrir.
104. Við 07-825-1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar.
Liðurinn orðist svo: 08-203-1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar.
105. Við 07-825-1.41 Heimilisuppbót.
Liðurinn orðist svo: 08-203-1.41 Heimilisuppbót.
106. Við 07-825-1.51 Frekari uppbætur.
Liðurinn orðist svo: 08-203-1.51 Frekari uppbætur.
107. Við 07-825-1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega.
Liðurinn orðist svo: 08-203-1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega.
108. Við 07-825-1.55 Bifreiðakostnaður.
Liðurinn orðist svo: 08-203-1.55 Bifreiðakostnaður.
109. Við 07-825-1.91 Annað.
Liðurinn orðist svo: 08-203-1.91 Annað.
110. Við 07-827-1.11 Ellilífeyrir.
Liðurinn orðist svo: 08-204-1.11 Ellilífeyrir.
111. Við 07-827-1.15 Örorkulífeyrir.
Liðurinn orðist svo: 08-204-1.15 Örorkulífeyrir.
112. Við 07-827-1.16 Aldurstengd örorkuuppbót.
Liðurinn orðist svo: 08-204-1.16 Aldurstengd örorkuuppbót.
113. Við 07-827-1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega.
Liðurinn orðist svo: 08-204-1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega.
114. Við 07-827-1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega.
Liðurinn orðist svo: 08-204-1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega.
115. Við 07-827-1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega.
Liðurinn orðist svo: 08-204-1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega.
116. Við 07-827-1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega.
Liðurinn orðist svo: 08-204-1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega.
117. Við 07-827-1.31 Örorkustyrkur.
Liðurinn orðist svo: 08-204-1.31 Örorkustyrkur.
118. Við 07-827-1.35 Barnalífeyrir.
Liðurinn orðist svo: 08-204-1.35 Barnalífeyrir.
119. Við 07-827-1.91 Annað.
Liðurinn orðist svo: 08-204-1.91 Annað.

120. Við 07-831-1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra.
Liðurinn orðist svo: 08-214-1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra.
121. Við 07-980-1.01 Vinnumálastofnun.
Liðurinn orðist svo: 08-841-1.01 Vinnumálastofnun.
122. Við 07-981-1.10 Félagsdómur.
Liðurinn orðist svo: 08-842-1.10 Félagsdómur.
123. Við 07-981-1.13 Kjararannsóknarnefnd.
Liðurinn orðist svo: 08-842-1.13 Kjararannsóknarnefnd.
124. Við 07-981-1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO.
Liðurinn orðist svo: 08-842-1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO.
125. Við 07-981-1.90 Ýmislegt.
Liðurinn orðist svo: 08-842-1.90 Ýmislegt.
126. Við 07-982-1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota.
Liðurinn orðist svo: 08-853-1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota.
127. Við 07-983-1.11 Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.
Liðurinn orðist svo: 08-855-1.11 Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.
128. Við 07-984-1.11 Atvinnuleysisbætur.
Liðurinn orðist svo: 08-851-1.11 Atvinnuleysisbætur.
129. Við 07-984-1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar.
Liðurinn orðist svo: 08-851-1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar.
130. Við 07-984-1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva.
Liðurinn orðist svo: 08-851-1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva.
131. Við 07-984-1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði.
Liðurinn orðist svo: 08-851-1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði.
132. Við 07-984-1.41 Framlög og styrkir.
Liðurinn orðist svo: 08-851-1.41 Framlög og styrkir.
133. Við 07-984-1.81 Vaxtatekjur.
Liðurinn orðist svo: 08-851-1.81 Vaxtatekjur.
134. Við 07-985-1.10 Félagsmálaskóli alþýðu.
Liðurinn orðist svo: 08-842-1.35 Félagsmálaskóli alþýðu.
135. Við 07-985-1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu.
Liðurinn orðist svo: 08-842-1.36 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu.
136. Við 07-987-1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.
Liðurinn orðist svo: 08-852-1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.
137. Við 07-988-1.10 Starfsendurhæfing.
Liðurinn orðist svo: 08-856-1.10 Starfsendurhæfing.
138. Við 07-989-1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar.
Liðurinn orðist svo: 08-854-1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar.
139. Við 07-989-1.11 Fæðingarorlofssjóður.
Liðurinn orðist svo: 08-854-1.11 Fæðingarorlofssjóður.
140. Við 07-989-1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar.
Liðurinn orðist svo: 08-854-1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar.
141. Við 07-999-1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Liðurinn orðist svo: 08-398-1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

142. Við 07-999-1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða.
Liðurinn orðist svo: 08-398-1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða.

143. Við 07-999-1.35 Félag heyrnarlausra.
Liðurinn orðist svo: 08-398-1.35 Félag heyrnarlausra.

144. Við 07-999-1.36 Félagið Geðhjálp.
Liðurinn orðist svo: 08-398-1.36 Félagið Geðhjálp.

145. Við 07-999-1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða.
Liðurinn orðist svo: 08-398-1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða.

146. Við 07-999-1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík.
Liðurinn orðist svo: 08-398-1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík.

147. Við 07-999-1.41 Stígamót.
Liðurinn orðist svo: 08-398-1.41 Stígamót.

148. Við 07-999-1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili.
Liðurinn orðist svo: 08-398-1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili.

149. Við 07-999-1.44 Athvarf fyrir heimilislausa.
Liðurinn orðist svo: 08-398-1.44 Athvarf fyrir heimilislausa.

150. Við 07-999-1.47 Félagsþjónusta við nýbúa.
Liðurinn orðist svo: 08-398-1.47 Félagsþjónusta við nýbúa.

151. Við 07-999-1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna.
Liðurinn orðist svo: 08-398-1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna.

152. Við 07-999-1.90 Ýmis framlög.
Liðurinn orðist svo: 08-398-1.90 Ýmis framlög.

153. Við 07-999-1.98 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis.
Liðurinn orðist svo: 08-398-1.98 Ýmis framlög innanríkisráðuneytis.

154. Við **08 Heilbrigðisráðuneyti.**
Heiti kaflans verði: **08 Velferðarráðuneyti.**

155. Við 08-101-1.01 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa.
Liðurinn orðist svo: 08-101-1.01 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

156. Við 08-324-1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.
Liðurinn orðist svo: 08-807-1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

157. Við 08-324-6.10 Fasteign.
Liðurinn orðist svo: 08-807-6.10 Fasteign.

158. Við 08-340-1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.
Liðurinn orðist svo: 08-809-1.20 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

159. Við 08-340-1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða.
Liðurinn orðist svo: 08-809-1.25 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða.

160. Við 08-340-1.20 Sjálfsbjörg Akureyri.
Liðurinn orðist svo: 08-809-1.30 Sjálfsbjörg Akureyri.

161. Við 08-340-1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal.
Liðurinn orðist svo: 08-809-1.35 Sumardvalarheimili í Reykjadal.

162. Við 08-340-1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík.
Liðurinn orðist svo: 08-399-1.60 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík.

163. Við 08-340-1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands.
Liðurinn orðist svo: 08-399-1.62 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands.
164. Við 08-340-1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands.
Liðurinn orðist svo: 08-399-1.64 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands.
165. Við 08-340-1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri.
Liðurinn orðist svo: 08-399-1.61 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri.
166. Við 08-340-1.90 Ýmis starfsemi.
Liðurinn orðist svo: 08-809-1.90 Ýmis starfsemi.
167. Við 08-340-6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda.
Liðurinn orðist svo: 08-809-6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda.
168. Við 08-397-1.01 Lyfjastofnun.
Liðurinn orðist svo: 08-317-1.01 Lyfjastofnun.
169. Við 08-399-1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili.
Liðurinn orðist svo: 08-398-1.42 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili.
170. Við 08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis.
Liðurinn orðist svo: 08-399-1.98 Ýmis framlög velferðarráðuneytis.
171. Við 08-478-1.10 Vistheimilið Bjarg.
Liðurinn orðist svo: 08-809-1.36 Vistheimilið Bjarg.
172. Við 10-101-1.01 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa.
Liðurinn færist á: 06-101-1.01 Innanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.
173. Við 10-190-1.11 Fastanefndir.
Liðurinn færist á: 06-190-1.10 Fastanefndir.
174. Við 10-190-1.18 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003.
Liðurinn orðist svo: 06-848-1.10 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003.
175. Við 10-190-1.23 Slysavarnaskóli sjómanna.
Liðurinn orðist svo: 06-390-1.42 Slysavarnaskóli sjómanna.
176. Við 10-190-1.98 Ýmis framlög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.
Liðurinn orðist svo: 06-190-1.98 Ýmis framlög innanríkisráðuneytis.
177. Við 10-199-1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra.
Liðurinn færist á: 06-199-1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra.
178. Við 10-211-1.01 Almennur rekstur.
Liðurinn orðist svo: 06-651-1.01 Almennur rekstur.
179. Við 10-211-1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna.
Liðurinn orðist svo: 06-651-1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna.
180. Við 10-211-1.05 Umdæmi og rekstrardeildir.
Liðurinn orðist svo: 06-651-1.05 Umdæmi og rekstrardeildir.
181. Við 10-211-1.07 Þjónusta.
Liðurinn orðist svo: 06-651-1.07 Þjónusta.
182. Við 10-211-1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa.
Liðurinn orðist svo: 06-651-1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa.
183. Við 10-211-1.13 Styrkir til innanlandsflugs.
Liðurinn orðist svo: 06-651-1.13 Styrkir til innanlandsflugs.
184. Við 10-211-1.21 Rannsóknir.
Liðurinn orðist svo: 06-651-1.21 Rannsóknir.

185. Við 10-211-5.10 Viðhald.
Liðurinn orðist svo: 06-651-5.10 Viðhald.
186. Við 10-211-6.10 Framkvæmdir.
Liðurinn orðist svo: 06-651-6.10 Framkvæmdir.
187. Við 10-251-1.01 Umferðarstofa.
Liðurinn orðist svo: 06-657-1.01 Umferðarstofa.
188. Við 10-281-1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa.
Liðurinn orðist svo: 06-658-1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa.
189. Við 10-335-1.01 Almennur rekstur.
Liðurinn orðist svo: 06-661-1.01 Almennur rekstur.
190. Við 10-335-1.11 Vaktstöð siglinga.
Liðurinn orðist svo: 06-661-1.11 Vaktstöð siglinga.
191. Við 10-335-6.60 Vitabyggingar.
Liðurinn orðist svo: 06-661-6.60 Vitabyggingar.
192. Við 10-335-6.80 Sjóvarnargarðar.
Liðurinn orðist svo: 06-661-6.80 Sjóvarnargarðar.
193. Við 10-336-1.01 Almennur rekstur.
Liðurinn orðist svo: 06-662-1.01 Almennur rekstur.
194. Við 10-336-6.70 Hafnabótasjóður.
Liðurinn orðist svo: 06-662-6.70 Hafnabótasjóður.
195. Við 10-336-6.72 Landeyjahöfn.
Liðurinn orðist svo: 06-662-6.72 Landeyjahöfn.
196. Við 10-336-6.76 Ferjubryggjur.
Liðurinn orðist svo: 06-662-6.76 Ferjubryggjur.
197. Við 10-381-1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa.
Liðurinn orðist svo: 06-668-1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa.
198. Við 10-471-1.01 Flugmálastjórn Íslands.
Liðurinn orðist svo: 06-671-1.01 Flugmálastjórn Íslands.
199. Við 10-475-1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.
Liðurinn orðist svo: 06-672-1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.
200. Við 10-475-5.41 Viðhald.
Liðurinn orðist svo: 06-672-5.41 Viðhald.
201. Við 10-475-6.41 Framkvæmdir.
Liðurinn orðist svo: 06-672-6.41 Framkvæmdir.
202. Við 10-481-1.01 Rannsóknanefnd flugslysa.
Liðurinn orðist svo: 06-678-1.01 Rannsóknanefnd flugslysa.
203. Við 10-512-1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin.
Liðurinn orðist svo: 06-681-1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin.
204. Við 10-513-1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu.
Liðurinn orðist svo: 06-682-1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu.
205. Við 10-521-6.41 Fjarskiptasjóður.
Liðurinn orðist svo: 06-689-6.41 Fjarskiptasjóður.
206. Við 10-801-1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög.
Liðurinn orðist svo: 06-841-1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög.

207. Við 10-801-1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög.
Liðurinn orðist svo: 06-841-1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög.
208. Við 10-801-1.12 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, málefni fatlaðra.
Liðurinn orðist svo: 06-841-1.12 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, málefni fatlaðra.

II. *Eftirfarandi breytingar verði á C-hluta, Fjármál lánastofnana, í samræmi við breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins vegna sameiningar ráðuneyta:*
209. Við 47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild.
Liðurinn orðist svo: 48-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild.
210. Við 47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir.
Liðurinn orðist svo: 48-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir.
211. Við 47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán.
Liðurinn orðist svo: 48-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán.
212. Við 47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna.
Liðurinn orðist svo: 48-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna.
213. Við 47-219 Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild.
Liðurinn orðist svo: 48-219 Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild.

524. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Fjárlagafrumvarp ársins 2011 endurspeglar erfiða stöðu ríkissjóðs. Frumvarpið miðar að því að ná þeim áfangamarkmiðum sem stjórnvöld og AGS sömdu um í ríkisfjármálum haustið 2008. Gert er ráð fyrir lítilsháttar vexti í landsframleiðslu, verðbólga er því sem næst komin niður að settu marki og vextir hafa að sama skapi lækkað verulega.

Hvert stefnir?

Í stærra samhengi lítur myndin með öðruvísi út. Samstarfsáætlunin með AGS gerði ráð fyrir hraðari hagvexti en raun hefur orðið á. Væntingar hafa ekki ræst um að krónan muni skila þjóðinni nauðsynlegum hagvexti svo unnt yrði að hefja endurreisn efnahagslífsins. Ástæður þessa liggja meðal annars í rangri skattastefnu, óvissu í sjávarútvegsmálum, andstöðu við auðlindanýtingu og erlenda fjárfestingu ásamt pólitískum óstöðugleika. Við þessar aðstæður býr þjóðin einnig við gjaldeyrishöft sem vinna gegn nýsköpun og nauðsynlegum vexti atvinnulífsins. Allt þetta stóreykur hættu á atgervisflótta.

Seðlabanki Íslands birti spá sína um hagvöxt fyrir skömmu. Seðlabankinn gerir ráð fyrir því í spánni að samdráttur í landsframleiðslu á þessu ári verði meiri en talið var fyrir ári síðan og að hagvöxturinn á næsta ári verði minni en áður var spáð. Jafnframt kom fram hjá Seðlabankanum að hagvöxtur á næstunni yrði einkum drifinn áfram af aukinni einkaneyslu og fjárfestingar atvinnulífsins yrðu í sögulegu lágmarki. Efasemdir eru uppi meðal sérfræðinga

um þennan vöxt í einkaneyslunni, m.a. hefur AGS sett ríka fyrirvara um þennan þátt hagvaxtarþróunarinnar. Flestar aðrar spár um hagvöxt fyrir næstu þrjú ár benda því miður allar í sömu átt. Að óbreyttu stefnir í að Íslendingar muni því lifa á lánum fremur en verðmætasköpun á næstu árum. Reynslan kennir að slíkt endar ekki nema á einn veg. Hagvöxtur sem byggist ekki á framleiðslu heldur á lántökum og neyslu leiðir til dýpri kreppu.

Erfiðasti hjallinn.

Að undanförnu hafa stjórnvöld látið í það skína að erfiðasti hjallinn í fjárlagagerðinni sé að baki með því frumvarpi sem hér liggur fyrir. 1. minni hluti bendir á að til að ná markmiðum um heildarjöfnuð árið 2013 þarf að ná hallarekstri ríkissjóðs niður um ríflega 37 milljarða kr. Í þessu sambandi ber einnig að nefna að þá er ekki tekið tillit til hugsanlegra útgjalda ríkissjóðs vegna svokallaðra samninga um Icesave-reikninga Landsbankans. Vonir lágu til þess að hagvöxtur mundi vinna að verulegu marki á hallanum en eins og ítrekað hefur verið eru hagvaxtarspár á niðurleið. Því miður eru vísbendingar um að tekjustofnar komi til með að skila minni tekjum en áætlað var. Gangi það eftir stefnir í mikinn niðurskurð á næstu árum sem bætast mun við þann niðurskurð sem þegar er orðinn.

Vítahringur skatta og samdráttar.

Mikilvægt er að markmið um sjálfbæran ríkissjóð nái fram að ganga. Það er meginforsenda þess að hagkerfinu verði aftur stýrt á rétta braut. Útgjöldum ríkissjóðs var leyft að vaxa nær hömlulaust undanfarin ár án þess að grundvöllur væri fyrir því til lengri tíma. Óhjákvæmilegur niðurskurður opinberra útgjalda er ekki auðveldur í framkvæmd, svo sem dæmi undanfarinna vikna sanna. Ástæðurnar má fyrst og fremst skýra með illa grunduðum tillögum og algerum skorti á samráði við hagsmunaaðila. Þá hafa stjórnvöld með nýjum álögum gengið langt í að þurrausa tekjumöguleika ríkissjóðs. Þess sér stað í samdrætti mikilvægra skattstofna, langt umfram áætlanir, og þeim fjármagns- og fyrirtækjaflótta sem vart hefur orðið við undanfarið. Verði ekki snúið af þessari braut er hætt við að ríkisstjórnin lokist inni í vítahring skattahækkana og niðurskurðar til að bæta upp dræmar vaxtarhorfur hagkerfisins.

Forsendur árangurs.

Forsendur fjárlagafrumvarpsins fyrir næsta ár byggjast á afar veikum grunni. Öllum þeim sem horfast í augu við raunveruleika íslenskra efnahagsmála má ljóst vera að til þess að vinna megi þjóðina út úr þeim erfiðleikum sem við er að glíma verða stjórnmálamenn, almenningur og forsvarsmenn á vinnumarkaði að snúa bökum saman. Allir verða að leggja sitt af mörkum til lausnar á þeim viðfangsefnum sem við er að glíma. Breið samstaða er forsenda árangurs

Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar vill árétta að fyrir afgreiðslu fjárlaga ársins 2010 hafnaði stjórnarmeirihlutinn boði 1. minni hluta um samstarf við frekari lækkun útgjalda. Sambærilegu boði var einnig hafnað við gerð fjárlaga ársins 2011. Af tillögum meiri hlutans til breytinga á fjárlagafrumvarpinu nú fyrir 3. umræðu má ráða að stjórnarmeirihlutinn hefur gefist upp á sparnaðarráðstöfunum. Það er hins vegar óhjákvæmilegt verkefni. Öllu alvarlegra er þó að lítill skilningur virðist vera á því grundvallarsamhengi hlutanna að skapa verður skilyrði til þess að tekjur þjóðarbúsins aukist, eigi það að geta staðið undir þeim skuldbindingum sem á því hvíla.

152 milljarða kr. skattahækkanir.

Markmið fjárlagafrumvarpsins 2011 var að lækka útgjöld um 33 milljarða kr. og hækka skatta um 11 milljarða kr. Þegar tillögur meiri hlutans fyrir lokaumræðu fjárlagafrumvarpsins eru ryndar kemur berlega í ljós að þessi markmið ganga ekki eftir. Rétt er þó að undirstrika að tilteknir útgjaldaliðir hafa þurft að þola raunverulegan og sársaukafullan niðurskurð. Á það sérstaklega við um heilbrigðisþjónustuna víða á landsbyggðinni. Að öðru leyti hefur lækkun útgjaldaliða byggt að verulegum hluta á frestun útgjalda. Slík aðferðarfræði mun ekki duga til að tryggja sjálfbærni ríkissjóðs til lengri tíma. Reksturinn sjálfan þarf að laga að breyttum aðstæðum.

Að teknu tilliti til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á skattkerfinu frá miðju árinu 2009 og boðaðra breytinga á næsta ári má ætla að heildaráhrif allra tekjuaðgerðanna í fjárlögum ársins 2010 og frumvarpi ársins 2011 nemi um 152 milljörðum kr.

Ef litið er til útgjaldahliðarinnar í fjárlögum ársins 2010 og til frumvarpsins fyrir árið 2011 má ætla að útgjöld hafi lækkað á verðlagi hvors ár samtals um 50 milljarða kr. Vegna 25,5% frávika í áætlanagerð lækkuðu vaxtagreiðslur um 20 milljarða kr. sem nemur um 40% þessarar útgjaldalækkunar. Önnur útgjöld ríkissjóðs hafa þá lækkað um 30 milljarða kr.

Stjórnarmeirihlutinn hefur unnið að gerð fjárlaga með þeim hætti að augljóst er að á þeim bænum er erfitt að ná samstöðu um meginlínu fjárlaganna. Þetta er fyrst og fremst heimatilbúinn vandi sem stafar af innbyrðis átökum, illa ígrunduðum vinnubrögðum, hugmyndaskorti og svikum stjórnarflokkanna við gefin fyrirheit til kjósenda sinna.

Tryggingagjald.

Atvinnulífið samþykkti hækkun tryggingagjalds vegna vaxandi atvinnuleysis. Atvinnuleysi hefur reynst minna en ráð var fyrir gert og því væri eðlilegt að lækka gjaldið svo að atvinnulífið geti nýtt það fjármagn til fjárfestinga og atvinnuuppbyggingar. Það væru svik við atvinnurlífið ef ríkissjóður gerði alvöru úr áformum um að viðhalda háu tryggingagjaldi við þær aðstæður sem nú eru. Hækkun tryggingagjalds eykur jafnframt útgjöld sveitarfélaga um 2,7 milljarða kr. Í ljósi erfiðrar stöðu fjölmargra sveitarfélaga lýsir 1. minni hluti yfir miklum áhyggjum af þessari tilfærslu fjármuna frá sveitarfélögum til ríkisins. Áætlanir sveitarfélaga gefa til kynna að tekjutap þeirra milli áranna 2010 og 2011 muni nem u.þ.b. 7 milljörðum kr. Ámælisvert er við þessar aðstæður að ríkisstjórnin skuli ekki í það minnsta endurgreiða seinni hluta tryggingagjaldsins eins og gert var árið 2010.

Launaliðir.

Fyrsti minni hluti hefur áður vakið athygli á þeim veikleika fjárlaga að í tekjuhluta þeirra er gert ráð fyrir að laun á almennum markaði hækki og skili samsvarandi hækkun tekna til ríkisins. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir launahækkunum handa ríkisstarfsmönnum og útgjöld ríkisins eru því vanmetin sem nemur mögulegum launahækkunum í komandi kjarasamningum. 1. minni hluti bendir á að ólíklegt er að starfsmenn ríkisins sætti sig við áframhaldandi launalækkanir komi til þess að laun á almennum markaði hækki. Þá hefur komið fram í viðtölum sem fjárlaganefnd hefur átt við forstöðumenn heilbrigðisstofnana að starfsfólk ýmissa heilbrigðisstofnana fái ekki lengur greitt samkvæmt ýtrustu ákvæðum kjarasamninga. Á sama tíma mæta forstöðumenn í stjórnsýslu ríkisins til fundar við fjárlaganefnd og sækja um háar fjárveitingar svo að unnt sé að ráða sérhæft starfsfólk innan stjórnsýslunnar á hæstu launum sem ríkið greiðir. 1. minni hluti telur mikilvægt að þetta ósamræmi verði leiðrétt.

Dulinn halli.

Í samningi sem fjármálaráðherra gerði við skilanefnd Kaupþings banka í júlí 2009 var því lýst yfir að stjórnvöld mundu halda Kaupþingi banka og Nýja Kaupþingi banka skaðlausum vegna kröfu þess síðarnefnda á hendur Dróma ehf. vegna yfirtöku innstæðuskuldbindinga sem gengið var frá með skuldabréfi að fjárhæð 96,7 milljarðar kr. Ríkissjóður ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart bankanum ef greiðslufall verður af skuldabréfinu. Samkvæmt bréfinu er skuldbinding ríkissjóðs byggð á ákvæðum 1. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, svokölluðum neyðarlögum. Í framangreindu samkomulagi felst skuldbinding af hálfu ríkissjóðs sem kann að leiða til útgjalda á næstu árum en hennar er ekki getið í ríkisreikningi.

Sambærilegar skuldbindingar eru í gildi vegna yfirtöku Íslandsbanka hf. á skuldbindingum Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf. vegna innlána í höfuðstöðvum bankans á Íslandi. Fjármálaráðuneytið hefur skuldbundið sig til að taka við skuldabréfi (ástarbréfi) að fjárhæð 43,7 milljarðar kr. sem gefið var út vegna þessa og afhenda þess í stað ríkisskuldabréf sem eru hæf til notkunar í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands. Ef Íslandsbanki hefur ekki fengið fullnaðargreiðslu skuldabréfsins í mars árið 2013 er honum heimilt að halda eftir eftirstæðum skuldabréfum. Ekki er gerð grein fyrir þessu samkomulagi í ríkisreikningi fyrir árið 2009.

Þá er að mati 1. minni hluta ekki gerð nægilega skýr grein fyrir skuldbindingu ríkissjóðs á tónlistarhúsinu Hörpu í ríkisreikningi og fjárlögum, sem verður virk á næsta ári. Vafasamt er að ríkissjóður láti starfsemi hússins fara í þrot reynist reksturinn ekki standa undir skuldum þó svo að starfsemin sé rekin í hlutafélagsformi.

Ekki hefur verið gengið frá samkomulagi við lífeyrissjóðina um að þeir muni ekki taka tillit til bóta almannatrygginga við samanburð á tekjum örorkulífeyrisþega fyrir og eftir örorkutap. Telja ber að töluverð óvissa ríki um þann 700 millj. kr. sparnað á fjárlögum sem ná átti fram með þessum samningum.

Halli Landspítala og fleiri ríkisstofnana hefur ekki verið gerður upp. Þar er um nokkurra milljarða króna óleystan vanda að ræða.

Gert er ráð fyrir að eigið fé Byggðastofnunar verði styrkt með 1 milljarðs kr. eiginfjárframlagi frá ríkinu. Vandi stofnunarinnar nemur a.m.k. 3,5 milljörðum kr. Því á eftir að leysa 2,5 milljarða kr. fjárvöntun. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika að ríkissjóður er í sjálfskuldarábyrgð fyrir lánum stofnunarinnar. Nam ábyrgðin rúmum 22 milljörðum kr. í árslok 2009.

Enn ríkir mikil óvissa um stöðu Íbúðalánasjóðs. Fjáraukalög ársins 2010 gáfu fjármálaráðherra heimild til að styrkja eigið fé sjóðsins um allt að 33 milljarða kr. þrátt fyrir að ekki sé ljóst hver hinn eiginlegi fjármögnunarvandi er. 1. minni hluti telur að raunhæfar áætlanir um eiginfjárþörf sjóðsins hefðu átt að liggja fyrir áður en ákveðið var að veita heimild fyrir framangreindum framlögum. Þá liggur ekki fyrir hvort töpuð útlán verða afskrifuð í ársreikningi 2010 eða 2011.

Samgönguframkvæmdir.

Meiri hluti fjárlaganefndar hefur lagt fram breytingartillögu við fyrirhugaðar stórframkvæmdir í samgöngumálum. Upphaflega stóð til að lífeyrissjóðir fjármögnuðu framkvæmdir við Reykjanesbraut, Suðurlandsveg, Vesturlandsveg og göng undir Vaðlaheiði. 1. minni hluti telur að forsendur hafi brostið fyrir samþykkt Alþingis á verkefninu. Verkefnið var samþykkt þegar talið var að veggjaldið næmi 160 kr. og greitt út af öllum stofnbrautum. Nú er rætt um að greitt verði kílómetragjald sem verði töluvert hærra en áður var gert ráð fyrir. Nýr grund-

völlur málsins er lítið kynntur í fjárlaganefnd. Hvorki viðskiptaáætlun né áhættumat hefur verið lagt fram né kynnt. Telur 1. minni hluti nánast vítavert að samgönguframkvæmdir að fjárhæð 40 milljarðar kr. verði samþykktar án þess að Alþingi hafi átt þess kost að kynna sér og ræða nýjar forsendur fyrirhugaðra framkvæmda.

Breytingartillögur.

Vaxandi skilningur er á því að ríkisstjórn Geirs H. Haarde og Seðlabanki Íslands brugðust rétt við hruni bankakerfis landsins. Bönkunum var ekki forðað frá falli með sama hætti og t.d. Írar gerðu. Þar með skapaðist færi til þess að vinna þjóðina á skemmri tíma en ella út úr óumflýjanlegri kreppu. Röng efnahagsstefna í kjölfar falls bankakerfisins verður ekki endalaust réttlætt með því að hér á landi hafi orðið hrun. Hættan er sú að aðgerðir og aðgerðaleysi stjórnvalda leiði til meiri samdráttar og aukinna erfiðleika við efnahagsstjórnina.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur í þrígang lagt fram tillögur sínar að úrlausn þeirra erfiðu verkefna sem við er að glíma. Í nóvember sl. lagði þingflokkurinn fram heildstæða þingsályktunartillögu í 41 tölulið en tillagan miðar að því að ýta undir verðmætasköpun í þjóðfélaginu og skapa störf.

Í tillögum þingflokks Sjálfstæðismanna er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs batni um rúma 40 milljarða kr. Þær felast í eftirfarandi:

Tekjur af séreignarsparnaði.

Til þess að fjármagna skattalækkanir verði m.a. gerð kerfisbreyting á skattlagningu lífeyrissparnaðar. Vísað er til frumvarps frá síðasta hausti (138. löggjafarþing, þskj. 255, 230. mál). Gert er ráð fyrir að tillagan skili um 80 milljörðum kr. í ríkissjóð.

Lækkun skatta frá 1. maí 2011.

Kostnaður við breytingar ef miðað er við að ný skattalöggjöf taki gildi 1. maí 2011 gæti numið u.þ.b. 40 milljörðum kr. til lækkunar á tekjuhlið fjárlaga.

Auknar fiskveiðiheimildir.

Lagt er til að þorskveiðiheimildir verði auknar um 35.000 tonn. Þetta verði gert innan aflamarkskerfisins. Auknar aflaheimildir auka launagreiðslur og bæta afkomu sveitarfélaga, fyrirtækja og þjónustuaðila í sjávarútvegi. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 5 milljarða kr. vegna þessa. Þá munu tekjur af auðlindagjaldi hækka um 225 millj. kr.

Lækkun tryggingagjalds.

Hækkun tryggingagjalds er aukinn skattur á vinnuafl og leiðir til fækkunar starfa. Því er skatturinn afar skaðlegur fyrir efnahagsstarfsemina. Lækkun tryggingagjalds um 6 milljarða kr. mun þýða minni tekjur fyrir ríkissjóð en hafa verður í huga að hvert nýtt starf bætir afkomu ríkissjóðs um 3 millj. kr.

Lægri vaxtagjöld.

Tekjur af séreignarsparnaði upp á 80 milljarða kr. lækka lánsfjárþörf ríkissjóðs og þar með vaxtakostnað. Lauslegt mat sýnir að lækkun vaxtakostnaðar mun geta numið allt að 2,7 milljörðum kr.

Alþingi, 14. des. 2010.

Kristján Þór Júlíusson, frsm. Ásbjörn Óttarsson. Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

525. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Um vinnubrögð.

Við lok 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið boðaði meiri hlutinn breytingu á þremur liðum milli 2. og 3. umræðu. Kvöldið fyrir 3. umræðu lagði meiri hlutinn fram meira en 50 breytingartillögur á gjaldahlið frumvarpsins. Stærsti hluti tillagnanna er óræddur í nefndinni og lítil sem engin gögn liggja fyrir um tilurð þeirra. Stærsti útgjaldaliðurinn er um 7,9 milljarða kr. hækkun vaxtabóta. Um leið og 2. minni hluti fagnar þeim breytingum átelur hann ríkisstjórnina fyrir að skýra ekki hvernig fjármagna eigi þau útgjöld en samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans munu lífeyrissjóðir og fjármálafyrirtæki, auk hugsanlega fleiri stofnana, fjármagna vaxtaniðurgreiðslurnar samkvæmt nánara samkomulagi.

Vegaframkvæmdir.

Milli 2. og 3. umræðu um frumvarpið boðaði ríkisstjórnin að farið yrði í vegaframkvæmdir fyrir allt að 6 milljarða kr. Í framhaldi af því að upp úr viðræðum við lífeyrissjóðina um fjármögnun einstakra framkvæmda slitnaði var ákveðið að stofna hlutafélög um framkvæmdirnar á grundvelli laga nr. 97/2010. 2. minni hluti lýsir sig fylgjandi því að ráðist verði í þau verkefni sem boðuð hafa verið en gagnrýnir stofnun hlutafélaganna þar sem gera má ráð fyrir að framkvæmdin verði hvort sem er öll á hendi ríkisins og telur 2. minni hluti að kostnaður við verkefnið ætti að bókast beint hjá A-hluta ríkissjóðs.

Annar minni hluti gagnrýnir að fjármagna eigi verkefnin með vegtollum á þá einstaklinga sem um vegina fara. Telur 2. minni hluti að byrðar af samgönguverkefnum eigi að leggjast jafnt á alla landsmenn en sátt hefur ríkt um það að vegaframkvæmdir séu fjármagnaðar með olíu- og bensíngjaldi. Gagnrýnir 2. minni hluti jafnframt að sá skattstofn skuli ekki renna óskiptur til samgöngubóta. 2. minni hluti fagnar sérstaklega að ráðast eigi í gerð Vaðlaheiðarganga. Samstaða hefur ríkt frá upphafi verkefnisins um að gjöld verði lögð á þá sem fara um göngin en 2. minni hluti leggur mikla áherslu á að þeirri gjaldtöku verði stillt verulega í hóf.

Breytingartillögur.

Aðalskrifstofur ráðuneyta.

Annar minni hluti leggur til að hagræðingarkrafa á aðalskrifstofur ráðuneyta verði aukin í 9% frá fjárlögum 2010, eins og lagt var upp með við fjárlagagerðina. Gera má ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs lækki um 144 milljónir kr. vegna þessa.

Ófyrirséð útgjöld.

Lagt er til að liðurinn verði lækkaður um 2 milljarða kr.

Heilbrigðisstofnanir.

Lagt er til að dregið verði úr hagræðingarkröfu í 4,7% eða um 620 millj. kr.

Annar minni hluti leggur til að farið verði gaumgæfilega ofan í boðaðar breytingartillögur ríkisstjórnarinnar og kannað til hlítar hvaða áhrif þær kunna að hafa á íbúa landsbyggðar-

innar. Þá verði einnig gerð nákvæm kostnaðargreining á heilbrigðisþjónustunni og kannað hvar drepa megi niður fæti í heilbrigðiskerfi landsins. 2. minni hluti lýsir sig andvígan þeirri stefnu sem boðuð var í frumvarpinu og ekki hefur verið horfið frá í nýjum tillögum ríkisstjórnarinnar. Bent er á að þrátt fyrir að niðurskurðurinn sé minni en áður var boðað er skerðingin gríðarleg gagnvart einstökum heilbrigðisstofnunum úti á landi, t.d. Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Meiri hlutinn hvikar hvergi frá boðaðri byltingu í heilbrigðiskerfi landsmanna og blasir við að útfærslunni eigi að ná fram á þremur árum í stað eins.

Skattlagning séreignarsparnaðar.

Annar minni hluti leggur til að sóttir verði um 40 milljarðar kr. í fyrirframskattlagningu á séreignarsparnaði. 2. minni hluti leggur áherslu á að stærsti hluti þess fjármagns verði nýttur sem hluti af gjaldeyrisvaraforða og til að sporna við frekari lántökum ríkissjóðs. Jafnframt telur 2. minni hluti að aukning aflaheimilda og atvinnuuppbygging í orkufrekum iðnaði muni leiða til aukins hagvaxtar sem síðar muni skila sér í auknum tekjum ríkissjóðs.

Persónuafsláttur.

Annar minni hluti leggur til að fallið verði frá hugmyndum um að bótaflokkar almannatryggingakerfisins verði ekki uppfærðir í samræmi við verðlag. Hætt verði við skerðingu barnabóta, auk þess sem staðið verði við gefin loforð um að persónuafsláttur hækki í samræmi við verðlag og að til framkvæmda komi boðaður áfangi um að hækka persónuafslátt um 3.000 kr. auk 1.000 kr. verðbóta hans. Gera má ráð fyrir að hækkun persónuafsláttarins lækki tekjur ríkissjóðs um 8 milljarða kr.

Smærri samgönguverkefni.

Annar minni hluti leggur til að útgjöld til smærri samgönguverkefna verði aukin um 500 millj. kr. Jafnframt verði settar 1.000 millj. kr. í að fækka einbreiðum brúm. Þessi fjárveiting mun skapa vinnu víða um land hjá smærri verktökum en þeir hafa orðið illa úti í efnahagshruninu.

Löggæsla.

Við efnahagshrunið jókst álag á lögreglu víðs vegar um landið. Er nú svo komið að erfitt hefur reynst að manna vaktir og halda uppi lágmarksþjónustu til að tryggja öryggi þegnanna. 2. minni hluti telur brýnt að staðinn verði vörður um þessa grunnþjónustu. Því leggur 2. minni hluti til að fjárveitingar til löggæslu verði hækkaðar um 500 millj. kr. og þær skiptist hlutfallslega á milli viðkomandi stofnana.

LÍN.

Annar minni hluti telur mikilvægt að settir verði fjármunir í LÍN til að styrkja framfærslugrunn námsmanna. Ótækt er að ætla námsmönnum að lifa við krappari kjör en sem nemur atvinnuleysisbótum.

Hagsmunasamtök heimilanna.

Annar minni hluti leggur til að fjárframlag til samtakanna verði hækkað um 7,5 millj. kr. og verði alls 10 millj. kr.

Barnabætur.

Annar minni hluti leggur til að barnabætur verði hækkaðar um 2 milljarða kr. Þær verði fjármagnaðar af liðnum óvænt útgjöld sem breytist samsvarandi.

Alþingi, 14. des. 2010.

Höskuldur Þórhallsson.

526. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá 3. minni hluta fjárlaganefndar.

Þriðji minni hluti hefur farið vandlega yfir þær breytingar sem gerðar eru af hálfu meiri hlutans og lýsir furðu sinni á þeim vinnubrögðum og þeim ákvarðanatökum sem þar eru.

Þrátt fyrir mikla gagnrýni hefur tekju- og útgjaldaáætlun fjárlagafrumvarpsins og þær þjóðhagsforsendur sem liggja henni til grundvallar ekki verið endurskoðaðar og byggjast enn á óraunhæfum hagvexti og ekki er líklegt að skattahækkanir þær sem fyrirhugaðar eru muni skila sér í tekjum fyrir ríkissjóð.

Að mati 3. minni hluta voru þær grundvallarbreytingar sem gerðar voru á skattkerfinu á síðastliðnu ári að mörgu leyti mjög til bóta og mikilvægur áfangi til leiðréttingar á þeim losarabrag sem verið hefur á skattumhverfi á Íslandi undanfarin ár. Að auki voru þær tímabær leiðrétting á þeim ábyrgðarlausu skattalækkunum sem gerðar voru á hámarki þensluskeiðsins síðasta og virkuðu sem olía á eld þenslunnar.

Hvað varðar áhrif núverandi skattbreytinga á efnahagslífið almennt og þjóðarhag telur 3. minni hluti að þær gangi ekki upp við þær aðstæður sem nú eru í íslenskum efnahagsmálum. Rökstuðningurinn byggist á Keynesískum kenningum hagfræðinnar þar sem gengið er út frá því að ríkisútgjöld sem fjármögnuð eru með skattheimtu hafi örvandi áhrif á hagkerfið í niðursveiflu (samdrætti) og það er talinn misskilningur að aukin skattheimta dragi úr eftirspurn í hagkerfinu. Einnig er því haldið fram að aukning á útgjöldum ríkissjóðs muni auka eftirspurn í hagkerfinu meira en sem nemur samdrætti einkaneyslu vegna samsvarandi skattheimtu. Rök þessi eru góð og gild við ákveðnar aðstæður og hafa reynst vel sem sveiflujafnandi og kreppuminnkandi aðgerðir og kenningin sem slík gengur upp í reynd þótt ýmislegt beri að varast við notkun aðferðanna, sérstaklega hvað varðar þá freistingu að ofgera notkun þeirra og varanleika.

Undir þeim kringumstæðum sem íslenskt efnahagslíf býr við er þess hins vegar ekki að vænta að um verði að ræða samsvarandi eða meiri aukningu eftirspurnar en sem nemur skattheimtunni vegna bágrar skuldastöðu ríkissjóðs og takmarkaðs svigrúms til útgjalda. Stór hluti ríkisútgjalda fer í að greiða vexti af lánum og allar auknar tekjur sem falla til vegna hærri skatta fara beint í þann útgjaldalið. Einnig er á sama tíma um að ræða umtalsverðan niðurskurð í ríkisútgjöldum með tilheyrandi samdrætti og uppsögnum starfsfólks í stórum stíl, þannig að í raun er æpandi þversögn í beitingu þessara aðferða sem í rökstuðningi frumvarpsins eru sagðar auka eftirspurn.

Því er hætt við að þessar skattahækkanir muni einfaldlega leiða til enn frekari samdráttar en þegar hefur orðið þar sem þær þýða að ráðstöfunartekjur heimila munu skerðast. Í þessu sambandi er vert að benda á að ef hugmyndin er að auka eftirspurn og einkaneyslu, þá er myndarleg niðurfærsla á verðtryggðum höfuðstól íbúðalána heimila líklegri til að leiða til þeirrar auknu eftirspurnar sem ætlunin er að ná fram í frumvarpinu og hefur góð sálræn áhrif á heimilin þar sem bjartsýni þeirra á framtíðina eykst. Aukin skattheimta hefði hins vegar þveröfug áhrif hvað þetta varðar.

Í svari efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur, þingmanns Hreyfingarinnar, 9. desember sl. (þskj. 465, 126. mál) um áhrif skattahækkana á vísitölu neysluverðs segir orðrétt: „Áhrif skattahækkana á vísitölu neysluverðs eru um 1,26% frá febrúar 2009 til október 2010 samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands. Það þýðir að verðtryggð lán íslenskra heimila hækkuðu sem því nemur. Samkvæmt skýrslu sérfræðingahóps um skuldavanda heimilanna voru verðtryggð fasteignalán heimilanna um 1.236 milljarðar kr. 1. október 2010 og því nemur hækkunin um 15,6 milljörðum kr. á tímabilinu. Almenn vörugjöld eru ekki meðtalin þar sem Hagstofan greinir áhrif þeirra ekki með beinum hætti í vísitölunni.“ Í sama svari kemur einnig fram að skattahækkanir á fyrirtæki hafi hækkað verðtryggð lán fyrirtækja um 2,6 milljarða.

Um það er ekki deilt að staða ríkissjóðs er mjög slæm og einhvern veginn þarf að reyna að brúa þann gríðarlega halla sem blasir við. Ríkisstjórnin hefur valið svokallaða blandaða leið þar sem útgjöld eru skorin niður og skattar hækkaðir á almenning og fyrirtæki, leið sem 3. minni hluti telur við þessar aðstæður bæði óheppilega og í raun óþarfa.

Ljóst er að skattstofnar ríkissjóðs hafa rýrnað mjög og sumir allt að því horfið. Almennar launatekjur og tryggingagjaldið eru stöðugir og tiltölulega auðinnheimtir skattstofnar og því freistandi að fara þá leið í leit að tekjum fyrir ríkissjóð. Í því efnahagsástandi sem við búum við núna eru þessir skattstofnar hins vegar viðkvæmir og geta auðveldlega rýrnað að upphæð og fjölda greiðenda ef brottflutningur frá landinu heldur áfram.

Dæmi um alvarlegar rökvillur í lagasetningu er fyrirliggjandi frumvarp fjármálaráðherra um breytingar á vörugjöldum bifreiða. Þær breytingar sem eru fyrirhugaðar á vörugjöldum bifreiða eru með tengingu við kolefnislosun þeirra og eru algerlega óraunhæfar og órökréttar þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir 29 undanþáguflokkum. Í undanþáguflokkunum eru allir þeir sem keyra mest og menga mest með undanþágur. Þar má nefna vöruflutningabíla, dráttarbíla, leigubíla, rútur og bílaleigubíla, sem ásamt öðrum undanþágum gerir það að verkum að nánast allt atvinnulífið er undanþegið, skattstofninn þrengist og skatturinn lendir nánast alfarið á fjölskyldum og einstaklingum sem þurfa að keyra í vinnuna og út í búð. Hér er fjármálaráðherra búinn að gefast algerlega upp fyrir sérhagsmunahópum og almenningur borgar brúsann. Það eru einfaldlega engin haldbær rök fyrir því að flutningabílar sem menga gríðarlega eða erlendir ferðamenn á bílaleigubílum, svo að fá dæmi séu tekin, séu undanskildir kolefnisskatti. Hér er því ekki um stefnubreytingu í skattheimtu að ræða eins og ráðherrann vill telja fólki trú um, nema að því leyti að verið er að færa skattstofn í meira mæli yfir á almenning og láta undan þrýstingi frá sérhagsmunahópum undir yfirskini umhverfisstefnu.

Auknir skattar á heimilin eru erfið viðbót við þær hremmingar sem þegar hafa dunið á þeim og að sama skapi er tryggingagjaldið í raun gjald fyrir að hafa fólk í vinnu sem getur takmarkað enn frekar vilja fyrirtækja til mannaráðninga. Því telur 3. minni hluti brýnt að leita annarra leiða til að rétta við hag ríkissjóðs en þeirra sem fyrirhugaðar eru í fyrirliggjandi frumvarpi. 3. minni hluti leggur því til að í stað þeirra skattahækkana og niðurskurðar út-

gjalda til heilbrigðis-, velferðar- og menntamála sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi og frumvörpum um tekjuöflun ríkisins skuli leitast við að afla ríkissjóði tekna sem hér segir:

Í fyrsta lagi er lagt til að tekið verði upp auðlindagjald af raforkusölu til stóriðju í stað sérstaks skatts af allri seldri raforku. Gjald þetta verði 1 kr. á kílóvattstund af seldri raforku. Miðað við tölur Orkustofnunar um raforkusölu til stóriðju gæti þetta gjald skilað tekjum upp á u.þ.b. 12,4 milljarða kr. á ári. Þar sem raforkusala til Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga er meitluð í stein hvað verðbreytingar varðar verði leitast við útfæra auðlindagjaldið sem hlutfall af útflutningsverðmæti verksmiðjunnar þannig að það nemi samsvarandi upphæð og 1 kr. á selda kílóvattstund. Lagt er til að dregið verði úr fyrirhuguðum niðurskurði í útgjöldum til heilbrigðis-, velferðar- og menntamála til samræmis við þetta.

Í öðru lagi er lagt til að tekið verði upp auðlindagjald á úthlutaðar aflaheimildir til fiskveiða. Gjald þetta verði að meðaltali 50 kr. á úthlutað kíló. Miðað við úthlutaðar aflaheimildir ársins 2009/2010 (366.627 tonn) gæti gjaldið skilað tekjum upp á u.þ.b. 18,3 milljarða kr. á ári. Lagt er til á móti að fyrirhugaður niðurskurður í útgjöldum til heilbrigðis-, velferðar- og menntamála verði minnkaður til samræmis við þetta og að það sem út af stendur verði notað til lækkunar tryggingagjalds.

Slík skattheimta sem að framan greinir er hlutlaus fyrir heimilin og leggst á þær greinar atvinnulífsins sem standa best allra í dag vegna lækkunar á gengi krónunnar. Hér er einnig um að ræða réttláta skattlagningu í þeim skilningi að þessar atvinnugreinar nota auðlindir landsins án endurgjalds, auðlindir sem eru sameign allrar þjóðarinnar. Auk þess er miklu auðveldara að innheimta auðlindagjald með þessum hætti heldur en með einhverjum hugmyndum um tekjuskatt eða veiðileyfagjald sem hlutfall af hagnaði.

Hvað varðar útgjaldahlið frumvarpsins er augljóst að alvarlegir meinbugir eru á starfsemi Alþingis þegar kemur að útgjaldahlið fjárlaga. Nefndarmenn eru vikum saman með viðtöl við fólk frá alls konar félögum og stofnunum og jafnvel við einstaklinga sem koma á fund nefndarinnar til að biðja um peninga. Þetta virðist nefndarmönnum eðlileg framvinda mála og mátti oft heyra á máli þeirra, og þá sérstaklega nefndarmanna stjórnarmeirihlutans, að þeir yrðu að snúa bökum saman fyrir sitt kjördæmi. Við gerð síðustu fjárlaga þegar gestir komu á fund nefndarinnar og sögðust vera spákonur og skrímslasérfræðingar og mývetnskir jólasveinaáhugamenn, þá gerði 3. minni hluti sér ekki grein fyrir því að alvara fylgdi máli en reiknaði með að hér væri bara enn eitt dæmið um hina alræmdu íslensku ofurkurteisi að ræða og að hefð væri fyrir því að hlusta á alla. Fulltrúar meiri hlutans ákváðu hins vegar að taka þetta fólk alvarlega og afhenda því milljónir af skattfé landsmanna og deila því með sem jafnastri dreifingu hver í sitt kjördæmi. Þetta fyrirkomulag með samsvarandi afgreiðslu hefur haldið áfram við fjárlagagerðina í ár og nú eru gæluverkefnin til kjördæmanna sem nefndarmenn sjálfir úthluta að minnsta kosti 120 ef ekki fleiri og upphæðirnar skipta hundruðum milljóna.

Meira að segja vernd íslenskra fornleifa er orðin háð geðþóttaákvörðunum fjárlaganefndar sem telur sig hafa sérfræðiþekkingu á því hvernig á að forgangsraða verkefnum á sviði fornleifaverndar. Þetta er furðulegt þegar haft er í huga að enginn nefndarmanna er menntaður á sviði fornleifafræði og greinilegt af umræðum í nefndinni að aðferðafræði fornleifafræðinnar er nefndarmönnum framandi hugsun. Á meðan ómetanlegar fornleifar skolast burt af ágangi sjávar, rennandi vatns eða veðrunar sökum fjárskorts fá sérstök verkefni á áhugasviði og áhugasvæði nefndarmanna meiri hlutans sérstaka úthlutun.

Það er með þetta eins og fjölmarga aðra útgjaldaliði í tillögum meiri hlutans að hér er ekki endilega verið að fara skynsamlega með almannafé og í raun er þetta á mörkum hins siðlega. Tillögur fjárlaganefndar um framlög til húsafriðunar eru enn eitt dæmið um kjördæmapot þingmanna sem í stað þess að láta faglega nefnd sem þegar er til, húsafriðunarnefnd, sjá um að forgangsraða í því brýna verkefni sem friðun og endurbygging gamalla húsa er, þá kjósa þeir að veita fé í fjölmörg gæluverkefni í eigin kjördæmum, eða alls 26, undir formerkjum húsafriðunar. Meiri hlutinn hreinlega mokar fjármunum í hvers kyns gæluverkefni heima í héraði í stað þess að láta fagstofnanir og fagaðila um úthlutanir og tilheyrandi eftirlit. Þetta er gert á einhverri mestu ögurstund íslenskra ríkisfjármála þegar á sama tíma er verið að skera niður fé til heilbrigðis-, mennta- og velferðarmála.

Úthlutun hundraða milljóna króna til stjórnmálaflokka er svo enn eitt dæmið um hvernig sitjandi þingmenn reyna að tryggja sér áframhaldandi völd en í fjárlögum næsta árs úthlutar fjór-flokkurinn sjálfum sér án umræðu 304 millj. kr.

Það er mat 3. minni hluta að flestöllum svokölluðum safnliðum beri að fresta. Flestir rúmast nú þegar innan starfssviða ýmissa sjóða og hinum ætti tafarlaust að koma fyrir annaðhvort innan ráðuneytanna eða nýrra, t.d. svæðisbundinna, sjóða sem gætu lagt faglegt mat á umsóknirnar og fylgt því eftir að fjármununum væri varið í þau verkefni sem ætlast er til.

Þriðji minni hluti vekur athygli á því að á grundvelli laga nr. 97/2010 verða stofnuð tvö hlutafélög um fyrirhugaðar vegaframkvæmdir. Annað þeirra mun reka Suðurlands- og Vesturlandsveg og verða alfarið í eigu ríkissjóðs. Hitt mun reka Vaðlaheiðargöng og vera að hálfu í eigu ríkissjóðs og hálfu í eigu heimamanna. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður taki lán á markaði og endurláni hlutafélögunum til að þau geti fjármagnað vegaframkvæmdirnar. Er hér um mikla breytingu að ræða frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir því nú er framkvæmdin komin í hendur ríkisins en átti áður að vera utan þess. 3. minni hluti telur að svo miklar breytingar hafi orðið á málinu öllu að ekki séu forsendur til að samþykkja það án þess að vinna það betur innan þingsins. Viðskiptaáætlanir verkefnisins hafa ekki verið lagðar fram í fjárlaganefnd. Væntanlegur fjármögnunarkostnaður hefur ekki verið kynntur, ekki umferðarspár né annað sem máli skiptir við mat á framkvæmdinni. 3. minni hluti telur ámælisvert að reynt sé að keyra jafn stórt mál og hér um ræðir í gegn um fjárlaganefnd á tveimur stuttum kynningarfundum en gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar kosti a.m.k. 40 milljarða kr. Fjárlaganefnd hefur, að mati 3. minni hluta, ekki haft möguleika á að kynna sér málið nægilega vel til að geta afgreitt það núna. Með því að afgreiða málið nú er ekki brugðist við gagnrýni sem Alþingi hefur sætt vegna vinnubragða sem mættu vera faglegri.

Þriðji minni hluti gagnrýnir einnig þá óvissu sem enn ríkir um fjárhagsáætlanir Íbúðalánasjóðs en í fjáraukalögum fyrir árið 2010 var ríkissjóði heimilað að veita sjóðnum allt að 33 milljarða kr. framlag til að styrkja eiginfjárstöðu hans og gera honum kleift að mæta afskrift útlána. Ekki hefur verið útfært með hvaða hætti fjárhagsstuðningi ríkissjóðs við sjóðinn verður háttað. Málefni sjóðsins eru enn í skoðun og því liggur ekki fyrir hvort þörf er á að breyta fjárhagsáætlunum hans frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Því er ljóst að komi til þess að grípa þurfi til frekari aðgerða í málefnum sjóðsins eða breyta lánsfjáráætlunum hans kann að þurfa að leita eftir heimildum til þess í fjáraukalögum fyrir árið 2011. 3. minni hluti gagnrýnir þessa óvissu og telur að nægilegur tími hafi ekki gefist til að skýra þessi mál.

Þriðji minni hluti vill að lokum lýsa undrun sinni á þeim vinnubrögðum sem viðgengist hafa við gerð fjárlaga, hvort sem um er að ræða efnahags- og skattanefnd eða fjárlaganefnd. Viðamiklar breytingar á viðkvæmum tímum eru mjög varasamar og ber ekki að afgreiða með þeim hætti sem gert er í þessum fjárlögum. Sú tilraun sem verið er að gera með að endur-

skipuleggja heilbrigðiskerfi alls landsins gegnum fjárlögin en ekki á faglegum forsendum er beinlínis forkastanleg. Einnig er kollvarpað öllum venjum og hefðum í vegagerð á landinu og almenning margskattlagður í þágu sömu framkvæmda með því að taka upp vegatolla.

Ekki hafa verið gefnar fullnægjandi skýringar á ríkisábyrgðum sem fjármálaráðuneytið hefur gefið Arion banka og Íslandsbanka og hvergi er getið um í ríkisreikningi, ábyrgðir sem geta numið yfir 140 milljörðum ef þær falla á ríkissjóð. Virðist sem að enn sé verið að flytja skuldir bankakerfisins yfir á almenning í gegnum Seðlabankann og fyrirhugaðan Icesave-samning á sama tíma og þúsundir heimila eru við það að leysast upp og verða gjaldþrota.

Stefnumótun ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum eins og hún birtist í fjárlögunum ársins 2011 er í molum og hér sannast hið fornkveðna um að aldrei hafi þjóð sem lotið hefur tilskipunum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í efnahagsmálum komið undan því öðruvísi en með gríðarlegu tjóni fyrir allan þorra almennings.

Þótt erfitt geti verið að bæta úr því sem komið er mundu tillögur 3. minni hluta um nýja skattstofna gefa öllum hlutaðeigandi nægilegt svigrúm til að undirbúa betur breytingar og hagræðingu í rekstri ríkisins og hafa mun jákvæðari áhrif á almenning og fyrirtæki í landinu heldur en þær fjárlagatillögur sem eru fyrirhugaðar.

Alþingi, 14. des. 2010.

Þór Saari.

527. Svar [181. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar um starfsráðningar í ráðuneytum frá og með nóvember 2009.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir hafa verið ráðnir til starfa í ráðuneytum án auglýsingar frá og með nóvember 2009? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum.

Ekki eru tilteknir í svarinu þeir sem hafa verið endurskipaðir eða fluttir til í starfi samkvæmt ákvæðum starfsmannalaga, nr. 70/1996, enda hafi þeir áður verið skipaðir til starfa í Stjórnarráðinu á grundvelli auglýsingar.

Á grundvelli eftirgreindra heimilda í lögum og reglum hafa eftirtaldir starfsmenn verið ráðnir án auglýsingar hjá ráðuneytum á tilgreindu tímabili, sbr. reglur nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum.

Starfsmenn ráðnir án auglýsingar hjá ráðuneytum frá og með nóvember 2009.

	Tímabundið verkefni, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna	Afleysingar: Vegna orlofs	Afleysingar: Vegna veikinda	Afleysingar: Vegna barns-burðarleyfis	Afleysingar: Vegna náms-leyfis	Afleysingar: Vegna leyfis til starfa á vegum alþjóða-stofnana o.þ.h.	Annað	Tímabil ráðningar
Forsætisráðuneytið								
Hilmar Þorsteinsson		x						25.05.10–31.08.10
Mennta- og menningarmálaráðuneyti								
Jóhanna María Eyjólfsdóttir	x							01.11.2009–31.10.2010
Tryggvi Björgvinsson	x							12.04.2010–31.12.2010
Kristrún Birgisdóttir	x							01.08.2010–31.08.2010
Sigurður R. Guðjónsson	x							03.11.2010–03.12.2010
Utanríkisráðuneyti								
Eva M. Kristjánsdóttir					x			23.08.10–31.08.11
Hörður Guðlaugsson						x	Afleysing v. Expo 2010	01.03.10–31.08.10
Ólöf Heiða Friðriksdóttir	x	x						12.04.10–31.08.10
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti								
Jódís Lára Gunnarsdóttir				x			Framlengt til 31.12.10	01.12.09–30.06.10
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti								
Gunnlaugur Geirsson							Kúrsus (100% / 30% starf)	14.05.–30.11.2010
Hinrika S. Ingimundarsdóttir							Kúrsus (100% / 30% starf)	14.05.–30.11.2010
Sigurbjörg Rut Hoffritz							Kúrsus (100% / 30% starf)	14.05.–30.11.2010
Félags- og tryggingamálaráðuneyti								
Sigrún Jana Finnbogadóttir		x						28.05.2010–31.08.2010
Dagbjört Hákonardóttir		x						28.05.2010–31.07.2010
Rún Knútsdóttir				x				11.01.2010–11.07.2010
Heilbrigðisráðuneyti								
Bryndís Þorvaldsdóttir							Vegna leyfis starfsmanns	01.03.2010–31.12.2010
Jón Baldursson							Vegna leyfis starfsmanns	01.03.2010–31.12.2010
Guðrún Þórey Gunnarsdóttir							Vegna leyfis starfsmanns	16.08.2010–31.12.2010
Ingunn Björnsdóttir							Tímabundið verkefni	06.04.2010–31.12.2010
Kristín Magnadóttir							Vegna leyfis starfsmanns	01.07.2010–31.12.2010
Laufey Helga Guðmundsdóttir			x					09.02.2010–01.12.2010
Andrés Ingi Jónsson			x					08.03.2010–30.04.2010
Helga Björg Ragnarsdóttir							Tímabundið verkefni	21.05.2010–31.08.2010
Elva Björk Sverrisdóttir			x					01.05.2010–31.10.2010
Íris Huld Chistersdóttir	x							05.07.2010–25.08.2010

	Tímabundið verkefni, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna	Afleysingar					Annað	Tímabil ráðningar
		Vegna orlofs	Vegna veikinda	Vegna barns-burðarleyfis	Vegna náms-leyfis	Vegna leyfis til starfa á vegum alþjóða-stofnana o.þ.h.		
Fjármálaráðuneyti								
Katrín Anna Guðmundsdóttir	x						Ráðin af þremur ráðuneytum	03.05.2010–2.12.2010
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti								
Þorsteinn Hermannsson				x				01.09.2010–01.05.2011
Iðnaðarráðuneyti								
Einar Karl Haraldsson	x							19.04.2010–30.06.2010
Guðrún Gunnarsdóttir		x						15.05.2010–20.08.2010
Björg Þorkelsdóttir		x						15.05.2010–20.08.2010
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti								
Steindór Grétar Jónsson	x							09.09.2010–09.11.2010
Steindór Grétar Jónsson				x				09.11.2010–01.06.2011
Umhverfisráðuneyti								
Andrés Ingi Jónsson				x				11.12.2009–19.02.2010
Dóra Lind Vigfúsdóttir			x					23.12.2009–31.12.2009

528. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 og brtt. á þskj. 517.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar (HöskÞ).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við brtt. á þskj. 517.			
I Skatttekjur			
a. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	89.300,0	-5.500,0	83.800,0
b. 1.5.1.1 Tekjuskattur, lögaðilar	26.400,0	1.000,0	27.400,0
c. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: Skattur á séreignarsparnað	0,0	40.000,0	40.000,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	291,5	-4,3	287,2
3. Við **02-101 Mennta- og menningarmálamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Mennta- og menningarmálamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	581,0	-7,3	573,7
4. Við **02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna**			
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.235,6	1.700,0	9.235,6
5. Við **03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.011,9	-11,5	1.000,4
6. Við **04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	446,0	-11,1	434,9
7. Við **06-101 Dómsmála- og mannréttindamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Dómsmála- og mannréttindamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	331,3	-18,3	313,0
8. Við **06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál**			
1.16 Efling almennrar löggæslu	23,2	500,0	523,2
9. Við **07-101 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	334,4	-17,6	316,8
10. Við **07-999-1.90 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
1.90 Ýmis framlög	93,0	7,5	100,5
Í 14. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist 14. tölul., *Hagsmunasamtök heimilanna,* í stað 2,5 m.kr. komi: 10 m.kr.			
11. Við **08-101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	555,3	-6,3	549,0

12. Við **08-700 Heilbrigðisstofnanir**			
1.40 Hagræðingarkrafa verði 4,7% í stað 9,6%	0,0	620,0	620,0
13. Við **09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	592,6	-10,8	581,8
14. Við **09-811 Barnabætur**			
1.11 Barnabætur	9.200,0	2.000,0	11.200,0
15. Við **09-989 Ófyrirséð útgjöld**			
1.90 Ófyrirséð útgjöld	3.978,6	-2.000,0	1.978,6
16. Við **10-101 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa	399,6	-16,2	383,4
17. Við **10-211 Vegagerðin**			
a. 5.10 Viðhald	4.679,0	500,0	5.179,0
b. 6.10 Nýframkvæmdir	5.976,0	1.000,0	6.976,0
c. Greitt úr ríkissjóði	*189,5*	*1.000,0*	*1.189,5*
18. Við **11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	201,9	-7,6	194,3
19. Við **12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	276,1	-9,1	267,0
20. Við **14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	313,7	-23,8	289,9

529. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá Oddnýju G. Harðardóttur, Birni Val Gíslasyni, Árna Þór Sigurðssyni, Sigmundi Erni Rúnarssyni, Þuríði Backman, Björgvin G. Sigurðssyni, Kristjáni Þór Júlíussyni og Höskuldi Þórhallssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
a. 1.01 Háskólinn á Akureyri	1.619,4	20,0	1.639,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.218,5*	*20,0*	*1.238,5*

530. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá Oddnýju G. Harðardóttur, Birni Val Gíslasyni, Árna Þór Sigurðssyni, Sigmundi Erni Rúnarssyni, Þuríði Backman, Björgvin G. Sigurðssyni, Kristjáni Þór Júlíussyni og Höskuldi Þórhallssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
1.53 Snorrastofa	16,0	2,5	18,5

531. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 516 [Fjárlög 2011].

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (OH, BVG, ÁÞS, SER, ÞBack, BjörgvS).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Við 34. tölul. B-liður hækki um 1,5 m.kr. og orðist svo:			
1.90 Ýmis verkefni	42,6	7,0	49,6

Við breytingar á 23. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist:
Nýr liður: Kötlusetur, 1,5 m.kr.

532. Svar [262. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.*

Á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 hefur heildarstöðugildafjöldi hjá ráðuneytinu staðið nokkuð í stað. Eftirfarandi breytingar urðu á árinu 2009. Á fyrri hluta árs 2009 voru gerðar skipulagsbreytingar hjá ráðuneytinu. Lagðar voru niður skrifstofustjórastöður og nýjar stöður auglýstar lausar til umsóknar. Skrifstofustjórastöðum var fækkað úr fimm í fjórar. Einn skrifstofustjóri fór í leyfi og var starfsmaður ráðuneytisins settur skrifstofustjóri í fjarveru hans. Einn nýr sérfræðingur var ráðinn til starfa og annar ráðinn tímabundið í fjóra mánuði. Þrír sérfræðingar hættu á árinu og voru aðrir ráðnir í þeirra stað. Einn sérfræðingur fór í fæðingarorlof og var sérfræðingur ráðinn tímabundið í hans stað.

Á árinu 2010 urðu eftirfarandi breytingar. Tveir skrifstofustjórar óskuðu eftir lausn frá embætti. Setning skrifstofustjóra frá árinu 2009 var framlengd til áramóta og starfandi skrif-

stofustjóri settur í hina stöðuna til áramóta. Einn nýr starfsmaður var fastráðinn og tveir ráðnir tímabundið. Þá fór sérfræðingur í fæðingarorlof og var annar ráðinn tímabundið í hans stað. Við ráðherraskipti í september urðu breytingar á stöðum bílstjóra ráðherra, bílstjóri heilbrigðisráðuneytis var ráðinn til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og starfandi bílstjóri var ráðinn til fjármálaráðuneytis.

Hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu eru nú 33,5 stöðugildi. Um er að ræða ráðuneytisstjóra, þrjá skrifstofustjóra, forstöðumann Jöfnunarsjóðs, 20 sérfræðinga, ritara ráðherra, bifreiðastjóra, tvo móttökuritara, einn upplýsingafulltrúa, tvo stjórnarráðsfulltrúa og starfsmann í hálfu starfi við vefsíðu.

Kynjahlutfall starfsmanna er 17 konur og 17 karlar. Launakostnaður með launatengdum gjöldum fyrir tímabilið 1. janúar 2009 til og með september 2010 er samtals 452,6 millj. kr. Laun ráðherra og aðstoðarmanns ráðherra eru greidd frá forsætisráðuneytinu.

2. *Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?*

Laun starfsmanna ráðuneytisins voru lækkuð í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 18. ágúst 2009 um sparnaðaraðgerðir. Lækkunin var frá 3–10% og náði til þeirra starfsmanna sem höfðu heildarlaun yfir 400 þús. kr. Lækkunin var útfærð með lækkun yfirvinnu en grunnlaun héldust óbreytt. Starfsmönnum var tilkynnt á fundi um lækkunina og síðar afhent bréf með tilkynningu um breytingu, með þriggja mánaða fyrirvara eða samkvæmt ákvæðum kjarasamninga þar um.

3. *Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?*

Á því tímabili sem spurt er um keypti ráðuneytið sérfræðiþjónustu fyrir 35.180.943 kr., sbr. eftirfarandi töflu:

	Tilgangur	**Fjárhæð**
Anne Cecilia Benassi		**48.060**
	þýðendur	48.060
Arkiteo ehf.		**664.500**
	arkitektaþjónusta vegna breytinga á húsnæði	664.500
Capacent hf.		**1.129.239**
	ráðgjöf vegna stefnumótunar	627.065
	ráðgjöf vegna skipulags og stjórnunar, mannauðsmál	200.803
	hlutdeild í sérfræðiþjónustu vegna sparnaðarátaks	301.371
Consultis ehf.		**800.000**
	ráðgjöf vegna athugunar á lestarsamgöngum	800.000
Endurskoðendaþjónustan ehf.		**800.000**
	ráðgjöf vegna fjárhags Bolungarvíkurkaupstaðar	800.000
Evrópuráðgjöf alþjóðatengsl ehf.		**6.717.695**
	ráðgjöf vegna sameiningar sveitarfélaga	6.717.695
Feti ehf.		**91.437**
	gerð skráningartöflu fyrir hafnarhúsið	91.437
G&T ehf.		**2.957.186**
	endurskoðun sveitarstjórnarlaga	2.047.186
	ráðgjöf vegna sameiningar sveitarfélaga	910.000
GH1 hf.		**30.000**
	endurskoðun sveitarstjórnarlaga	30.000

GSP samskipti ehf.		**70.000**
	sérfræðiþjónusta vegna almannatengsla	70.000
Gunnar Valberg Andrésson		**20.000**
	ljósmyndun	20.000
Hagvangur ehf.		**759.450**
	ráðningarþjónusta	759.450
Haukur Björgvinsson		**60.000**
	þýðendur	60.000
Hákon Gunnarsson		**81.450**
	ráðgjöf vegna stefnumótunar	81.450
Háskóli Íslands		**704.000**
	sérfræðiráðgjöf vegna áætlunar um vegtolla og aðkomu lífeyrissjóða að framkvæmdum í vegagerð	704.000
Heilsuvernd ehf.		**139.692**
	heilsuefling	139.692
HLH ehf.		**3.405.000**
	sérfræðiþjónusta vegna fjárhaldsstjórnar Álftaness	3.405.000
Hrif ehf.		**166.020**
	heilsuefling	166.020
Inga Freyja Arnardóttir		**68.000**
	aðstoð við skjalafrágang	68.000
Juris hf.		**4.458.859**
	lögfræðiþjónusta vegna ýmissa mála	1.007.500
	sérfræðiþjónusta vegna fjárhaldsstjórnar Álftaness	3.013.050
	ráðgjöf vegna sameiningar opinberra hlutafélaga	438.309
KPMG hf.		**1.300.100**
	sérfræðiþjónusta vegna fjárhaldsstjórnar Álftaness	100.100
	ráðgjöf vegna reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga	1.200.000
Lögmenn Laugavegi 3 ehf.		**46.500**
	lögfræðiþjónusta vegna ýmissa mála	46.500
Mannvit hf.		**551.513**
	verkfræðiþjónusta vegna samgönguáætlunar	376.998
	sérfræðiþjónusta vegna stækkunar ljósleiðaragrunnnets	174.515
Rannsóknastofnun Hásk. Akureyri		**65.964**
	sérfræðiþjónusta vegna sóknaráætlunar	65.964
Reykjavíkurborg		**755.139**
	ráðgjöf vegna athugunar á lestarsamgöngum	755.139
Róbert Ragnar Spanó		**1.240.000**
	lögfræðiþjónusta vegna lagafrumvarpa	1.240.000
Sigurður G. Guðjónsson ehf.		**221.000**
	lögfræðiþjónusta vegna starfsmannamála	170.000
	lögfræðiþjónusta vegna ýmissa mála	51.000
Stjórnhættir ehf.		**6.687.500**
	endurskipulagning samgöngustofnana	3.207.500
	sérfræðiþjónusta vegna fjárhaldsstjórnar Álftaness	1.020.000
	sérfræðiráðgjöf vegna endurskipulagningar samgöngustofnana	2.460.000
Túnfiskar sf.		**11.440**
	þýðendur	11.440
Verkfræðistofan Víðsjá ehf.		**378.376**

	verkfræðiþjónusta vegna breytinga á húsnæði	378.376
Vinnuvernd ehf.		**20.034**
	heilsuefling	20.034
VSÓ Ráðgjöf ehf.		**732.789**
	verkfræðiþjónusta vegna samgönguáætlunar	379.425
	ráðgjöf vegna athugunar á lestarsamgöngum	353.364
	Samtals	**35.180.943**

4. *Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?*

Ráðuneytið hefur þá ófrávíkjanlegu vinnureglu að kaupa aldrei sérfræðiþjónustu af einkaaðilum nema það sé metið óhjákvæmilegt vegna þess að sérfræðiþekking á málefninu sé ekki fyrir hendi í ráðuneytinu eða stofnunum þess eða vegna þess að ráðuneytið hafi ekki yfir að ráða mannafla til að leysa verkefnið af hendi.

533. Framhaldsnefndarálit [79. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Víði Reynisson og Jón Bjartmarz frá embætti ríkislögreglustjóra, Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóra Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Björn Karlsson frá Brunamálastofnun, Ágústu R. Jónsdóttur, Reyni Sigurðsson og Höllu S. Sigurðardóttur frá Flugmálastjórn, Friðfinn Skaftason frá samgönguráðuneyti, Þórólf Árnason, Björn Óla Hauksson, Hauk Hauksson og Ásgeir Pálsson frá Isavia og Borgar Valgeirsson og Sverri Björn Björnsson frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Að þessu sinni voru ræddar greinar um stjórn á vettvangi við björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum og um brunavarnir á flugvöllum.

Nefndin ræddi einnig orðalag 1. gr. frumvarpsins og 1. gr. laga um brunavarnir, nr. 75/2000. Leggur meiri hlutinn til breytingar á greininni til samræmis við breytingartillögur í framhaldsnefndaráliti nefndarinnar í 78. máli á þingskjali 492. Telur meiri hlutinn að merking orðsins umhverfi verði gleggri með þeirri breytingu sem lögð er til.

Við umfjöllun nefndarinnar um björgun á fastklemmdu fólki kom í ljós að ekki væri ágreiningur um að lögfest yrði að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði væri eitt af verkefnum slökkviliðs og er það í samræmi við þá framkvæmd sem þróast hefur síðasta áratug í góðri samvinnu. Ágreiningur er hins vegar um vettvangsstjórn. Nefndin fékk þau skilaboð frá umhverfisráðherra og dómsmálaráðherra að stefnt væri að því að strax eftir áramót færi í gang samráð og vinna milli ráðuneyta með aðkomu viðeigandi stofnana að breytingum á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, og lögreglulögum, nr. 90/1996, með það að markmiði að eyða allri óvissu um hver fer með vettvangsstjórn. Meiri hlutinn leggur því til að a-liður 13. gr. frumvarpsins falli út og 2. mgr. 16. gr. laga um brunavarnir verði ekki breytt að sinni.

Nefndin hlýddi á rök með og á móti því að brunavarnir á flugvöllum, og þá einkum sérstakt björgunar- og slökkvilið eða viðbúnaðarsveit, falli undir gildissvið laganna. Að mati meiri hlutans er ljóst að í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, var skýrt tekið fram að lögin tækju til starfsemi allra slökkviliða á landinu, þ.m.t. starfsemi slökkviliða flugvalla. Engar athugasemdir komu fram um þetta í nefndaráliti eða umræðum á Alþingi um málið á vorþingi árið 2000.

Fyrir nefndinni var þeirri athugasemd komið á framfæri að íslensk flugmálayfirvöld þyrftu að hafa eftirlit með því að ákvæði 14. viðauka við Chicago-samninginn frá 1944 væru uppfyllt. Meiri hlutinn hefur fullan skilning á því að uppfylla þarf alþjóðlega samninga og líta eftir framkvæmd í því sambandi. Chicago-samningurinn og eftirlitsskylda Flugmálastjórnar kemur þó ekki í veg fyrir að almenn landslög um brunavarnir gildi á flugvöllum svo fremi þau gangi ekki gegn ákvæðum samningsins. Svo er ekki í þessu tilviki þar sem ákvæði Chicago-samningsins fela í sér lágmarkskröfur sem stjórnvöld hvers aðildarríkis þurfa að uppfylla.

Við umfjöllun nefndarinnar var litið til þess hvernig brunavörnum er háttað á flugvöllum í öðrum norrænum ríkjum. Alls staðar hafa flugmálayfirvöld þar eftirlit með brunavörnum í samræmi við ákvæði alþjóðasamningsins. Þar eru þó gerðar mun ítarlegri kröfur en hér hafa gilt. Þá er málum þar þannig háttað að í reglugerðum flugmálayfirvalda um brunavarnir á flugvöllum er vísað til almennra brunavarnalaga og í almennum reglum um brunavarnir til reglugerða flugmálayfirvalda. Sú meginregla er því ljós að á norrænum flugvöllum gilda almenn brunavarnalög hvers ríkis. Meiri hlutinn áréttar því fyrri niðurstöðu sína um að gildissvið laga um brunavarnir, nr. 75/2000, taki til flugvalla. Slökkvilið hvers sveitarfélags fyrir sig hefur umsjón með brunavarnaeftirliti en yfirumsjón liggur hjá Mannvirkjastofnun. Meiri hlutinn bendir í þessu sambandi á skýrar kæruleiðir skv. IX. kafla laganna en telur rétt að flugmálayfirvöld hafi umsagnarrétt um kröfur skv. 24. gr. Breytingartillögur meiri hlutans um þetta atriði eru lítt breyttar frá þeim breytingartillögum við 2. umræðu sem þá voru kallaðar til 3. umræðu.

Umsögn um málið frá Isavia fylgdi kostnaðaráætlun þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að breytingartillögur umhverfisnefndar leiði til um 320 millj. kr. kostnaðarauka við rekstur flugvallanna í Keflavík, á Akureyri, á Egilsstöðum, í Reykjavík, á Ísafirði, á Bíldudal, á Gjögri, í Grímsey, í Hornafirði, á Sauðárkróki, í Vestmannaeyjum, á Vopnafirði og á Þórshöfn. Meiri hlutinn tekur ekki undir þessar staðhæfingar, þótt kostnaður kunni vissulega að hljótast af því að verða við eðlilegum kröfum um öryggi flugfarþega, annaðhvort við flugvallarrekstur eða í starfsemi slökkviliðs sveitarfélaganna. Kostnaðaráætlun Isavia er fylgiskjal við nefndarálitið ásamt athugasemdum Brunamálastofnunar um kostnaðarmatið.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:
   1. gr. laganna orðast svo:
   Markmið laga þessara er að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit, forvarnir og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.
2. Við 3. gr. Á eftir orðinu „samgöngumannvirki“ í b-lið komi: þ.m.t. flugvellir.
3. Við 6. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Á eftir 2. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Að beiðni slökkviliðsstjóra getur Mannvirkjastofnun gert úttekt á brunavörnum

mannvirkja í rekstri þar sem tilteknir starfsmenn eru þjálfaðir í brunavörnum og slökkvistarfi, sbr. 3. mgr. 24. gr.

4. Við 13. gr. A-liður falli brott.
5. Við 18. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: 3. mgr. orðast svo:
   Slökkviliðsstjóri getur að höfðu samráði við sveitarstjórn lagt svo fyrir að í mannvirkjum eða á lóðum, sbr. 2. mgr., séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi. Vegna mannvirkja þar sem um er að ræða starfsemi sem af stafar sérstök slysahætta, svo sem á stærri flugvöllum, getur slökkviliðsstjóri krafist skýrslu um viðbragðsstyrk, þ.m.t. mannafla og búnað, frá þeim sem rekur mannvirkið eða eiganda þess. Sé viðbragðsstyrkur ófullnægjandi að mati slökkviliðsstjóra skal hann gera kröfu um úrbætur og grípa til aðgerða skv. VIII. kafla ef henni er ekki sinnt. Þegar viðbragðsstyrkur slíkrar starfsemi er einnig háður eftirliti annars stjórnvalds, svo sem á flugvöllum, skal rökstudd krafa um úrbætur einnig send viðkomandi stjórnvaldi til umsagnar og Mannvirkjastofnun til kynningar. Ráðstafanir skv. 1. og 2. málsl. skulu koma fram í brunavarnaáætlun. Eigandi mannvirkis greiðir kostnað af slíkum ráðstöfunum.
6. Við 21. gr. Í stað orðsins „Byggingarstofnun“ komi: Mannvirkjastofnun.

Alþingi, 14. des. 2010.

Mörður Árnason, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Álfheiður Ingadóttir.
Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.	Ólafur Þór Gunnarsson.	Skúli Helgason.

Fylgiskjal I.

Umsögn frá Isavia.
(6. desember 2010.)

Frumvarp til breytinga á brunavarnarlögum var lagt fram á vorþingi Alþingis 2010 og Isavia skilaði inn umsögn sinni vegna þess. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu. Það var lagt aftur fram á haustþingi 2010-2011 en var af einhverjum ástæðum ekki sent Isavia til umsagnar. Isavia fékk þó að senda inn umsögn sína, þó skilafrestur til þess væri löngu liðinn. Það helsta sem Isavia benti á í umsögn sinni var að frumvarpið hefði það í för með sér að valdmörk brunavarnarlaga yrðu enn óskýrari gagnvart loftferðalögum. Ekki var tekið tillit til umsagnar Isavia. Nokkrum dögum áður en frumvarpið er tekið til annarrar umræðu koma fram breytingartillögur umhverfisnefndar þar sem fram koma stórfelldar breytingar á frumvarpinu, sem virðast sérstaklega beinast að viðbúnaðar- og slökkvimálum á flugvöllum. Í breytingartillögum umhverfisnefndar er gengið verulega inn á valdsvið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Flugmálastjórnar Íslands og gildissvið loftferðalaga.

Skv. breytingartillögunum umhverfisnefndar varðandi beitingu 24. greinar, er slökkviliðsstjórum, í samráði við sveitarstjórnir, falið meta hvort ráðstöfunum til brunavarna, svo sem hvað varðar búnað og þjálfun starfsmanna. Mat slökkviliðsstjóra er, að því virðist huglægt. Isavia bendir á að skv. þessu þarf fyrirtækið að fara eftir hugmyndum einstakra slökkviliðsstjóra þar sem er að finna áætlunarvelli, en þeir eru 14 talsins, auk þess sem Keflavíkurflugvöllur er í tveimur sveitarfélögum. Alls yrðu þetta því 15 slökkviliðsstjórar. Isavia bendir einnig á að það hlýtur að vera beinn hagur slökkviliðsstjóra og sveitarstjórna á hverjum stað fyrir sig að setja sem mestar kröfur á áætlunarflugvellina hvað varðar viðbúnaðarstyrk og tækjabúnað, þar sem það hlýtur að létta á skyldum sveitarfélagsins hvað varðar lögbunda slökkviþjónustu þeirra.

Segja má að breytingartillögurnar geti falið í sér brot á jafnræðisreglu, en breytingartillögurnar virðast fyrst og fremst beinast gegn auknu viðbúnaðarstigi á flugvöllum en ekki öðrum mannvirkjum. Almennt eru rekstaraðilar mannvirkja á Íslandi ekki með viðbúnaðarþjónustu í líkingu við þá sem er á flugvöllum í dag. Benda má á mörg mannvirki þar sem í er starfssemi sem má telja afar áhættusama, svo sem umsýsla með gastegundir, trefjaplastverksmiðjur sem nota mikið magn leysiefna, bensínstöðvar og mannmargar byggingar sem erfitt er að rýma, svo sem sjúkrahús, elliheimili og skóla. Miðað við þær kröfur sem ætla má að lagðar verði á rekstaraðila flugvalla, fari frumvarpið í gegn í óbreyttri mynd, væri eðlilegt að gera kröfur um slökkvibíla og sérþjálfaðan mannskap á þessum stöðvum með ófyrirsjáanlegum kostnaði fyrir rekstraraðila mannvirkja.

Isavia telur að breytingartillagan muni hafa í för með sér mikla réttaróvissu, þar sem valdmörk milli Flugmálastjórnar Íslands og Brunamálastofnunar og slökkviliða hins vegar verða enn óljósari. T.d. er ekki nægilega skýrt til hvers þessi aukni viðbragðsstyrkur tekur. Þannig liggur ekki ljóst fyrir hvort um sé að ræða þjónustu vegna loftfara eða vegna bygginga og annarra mannvirkja.

Isavia bendir á að skv. stofnsáttmála Alþjóðaflugmálastofnunarinnar skal vera einn aðili í hverju landi sem ber ábyrgð á framkvæmd viðaukanna við sáttmálann. Á Íslandi er það

Flugmálastjórn Íslands sem er skilgreindur eftirlitsaðili. Ef yfirvöld ætla að fela öðrum framkvæmd einhvers hluta viðaukanna, ber að gera það með skýrum og formlegum hætti. Flugmálastjórn bæri þannig að hafa eftirlit með framkvæmdinni og gera Alþjóðaflugmálastofnuninni grein fyrir henni. Óljóst er hvernig þessu eftirliti verður háttað ef breytingartillagan gengur í gegn. Hvort Flugmálastjórn beri þannig að hafa eftirlit með annarri eftirlitsstofnun, Brunamálastofnun eða hafa eftirlit með öllum 15 slökkviliðsstjórunum Þetta hlýtur að hafa í för með sér aukinn tilkostnað, minni skilvirkni og hærra flækjustig. Einnig má benda á að breyting þessi felur í sér kröfur um breytingar á loftferðalögum. Í dag er þjónustan skilgreind og sett upp í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist og eru í fullu samræmi við fyrirkomulag viðbúnaðarþjónustu á flugvöllum í nágrannalöndum okkar. Þannig er ljóst að fyrirkomulag eins og lagt er til, er töluvert dýrara og óhagkvæmara, án þess að því fylgi aukið öryggi.

Ef horft er til reynslunnar má ætla að framkomnar breytingartillögur hefðu gríðarlegan kostnað í för með sér. Sjá meðfylgjandi töflu hvað varðar aukinn kostnað.

Eins og fram kemur í innsendri umsögn Isavia var fyrr á þessu ári uppi ágreiningur milli Flugmálastjórnar Íslands annars vegar og Brunamálastofnunar hins vegar, um hvor stofnunin skyldi fara með skipulag fyrsta viðbragðs rekstraraðila flugvalla við slysum á og við flugvelli. Lyktir þessa máls voru þær að umhverfisráðuneytið annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hins vegar, sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu þess efnis að ráðuneytin myndu skýra valdmörk stofnanna sinna varðandi þennan málaflokk. Í yfirlýsingunni kom einnig fram að Flugmálastjórn Íslands var gert að útbúa breytingartillögur við reglugerð 464/2007 um flugvelli, varðandi viðbúnaðarþjónustu á flugvöllum. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur sent fyrirmæli til Flugmálastjórnar, þar sem stofnuninni er gert við þessa endurskoðun reglugerðarinnar að horfa sérstaklega til þess með hvaða hætti viðauki 14 hefur verið innleiddur í öðrum ríkjum, þ.m.t. á Norðurlöndum, Bretlandi, Írlandi og Norður- Ameríku. Flugmálastjórn skilaði af sér breytingartillögum til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í júlí s.l. Vinna ráðuneytanna varðandi skýringu valdmarka hefur því miður ekki farið af stað. Isavia telur engan veginn tímabært að fara í umræddar breytingartillögur á lögum um brunavarnir á meðan að ágreiningur þessi er enn uppi. Ljóst er einnig að breytingartillagan sem nú liggur fyrir þinginu er síður en svo til þess fallin að leysa úr þessum ágreiningi.

Að öðru leyti vísar Isavia til fyrri umsagnar sinnar.

F.h. Isavia

Björn Óli Hauksson
forstjóri

Kostnaðaráætlun þessi byggir á áðurframsettum kröfum í stjórnvaldsákvörðun slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins, þar sem hann beitti 24. grein núgildandi brunavarnarlaga gagnvart viðbúnaðarþjónustu rekstraraðila Reykjavíkurflugvallar.

	CAT	Þjónusttími klst./viku (sbr. AIP SUP nr. 007/2010)	Stöðugildi per mann á vakt *	Kostnaður per stöðug. /ár (í þús. króna)**	Kostnaður per mann á vakt /ár (í þús. króna)	Væntanleg krafa um fjölgun manna á vakt	Korstnaður per ár (í þús. kr.)	
Keflavík	VII	168	5,04	6.800	34.272	3	102.816	
Akureyri	V	112	3,36	6.800	22.848	2	45.696	
Egilsstaðir	V	112	3,36	6.800	22.848	2	45.696	167.688
Reykjavík	V	112	3,36	6.800	22.848	2	45.696	
Ísafjörður	V	75	2,25	6.800	15.300	2	30.600	
Bíldudalur	III	33	0,99	6.800	6.732	1	6.732	
Gjögur	III	8	0,24	6.800	1.632	1	1.632	
Grímsey	III	20	0,6	6.800	4.080	1	4.080	
Hornafjörður	III	48,5	1,455	6.800	9.894	1	9.894	50.796
Sauðárkrókur	III	17,5	0,525	6.800	3.570	1	3.570	
Vestmannaeyjar	IV	82	2,46	6.800	16.728	1	16.728	
Vopnafjörður	III	20	0,6	6.800	4.080	1	4.080	
Þórshöfn	III	20	0,6	6.800	4.080	1	4.080	
						SAMTALS	**321.300**	

* Miðað við 40 stunda vinnuviku og 1,2 stuðull vegna orlofs og veikinda

** Varfærið mat á meðallaunum vegna nýráðingar flugvalalrvarða / slökkviliðsmanna

ATH ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna:

þjálfunar nýrra starfsmanna.

auknum kostnaði vegna fjölgunarmanna við hækkun á slökkviflokk.

Ekki er gert ráð fyrir kröfum um aukinn búnað, sem gæti orðið raunin

Fylgiskjal II.

Athugasemdir Brunamálastofnunar við kostnaðarmat Isavia vegna slökkvistarfs á flugvöllum.

(9. desember 2010.)

Bakgrunnur.

ISAVIA hf hefur skilað inn umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um brunavarnir, dagsettri 6. desember 2010. Í umsögninni er því haldið fram að kostnaðarauki vegna þeirrar lagabreytingar sem umhverfisnefnd leggur til í sambandi við viðbúnað á flugvöllum verði rúmlega 320 milljónir króna, sem byggist á kröfum sem gerðar hafi verið af brunamálayfirvöldum.

Greinilegt er að mikill misskilningur varðandi kröfur brunamálayfirvalda um viðbúnað á flugvöllum hefur verið uppi við þá útreikninga sem fylgja ofangreindri umsögn Isavia hf. Hinsvegar er mjög mikilvægt að athuga að kröfur Alþjóða flugmálastofnunarinnar í þessum efnum hafa verið að aukast verulega undanfarin ár og að Flugöryggisstofnun Evrópu er að undirbúa reglugerð þar sem auknar kröfur verða settar. Ljóst er að útreikningar Isavia gilda mun frekar um þær kröfur sem vitað er að munu verða settar fram í evrópskri reglugerð innan skamms, en ekki þeim kröfum sem settar hafa verið fram af slökkviliðsstjóra höfuðborgarsvæðisins.

Kröfur á Norðurlöndum.

Í Svíþjóð, Noregi og Danmörku eru í gildi sérstakar reglugerðir um viðbúnaðarþjónustu á flugvöllum [1, 2 3], gefnar út af viðkomandi flugmálayfirvöldum, en þar er kveðið mun skýrar á um kröfur en gert er í Viðauka 14 við Chicago samninginn. Viðbúnaðurinn sem krafist er fer eftir viðbúnaðarflokki flugvallarins en það er fyrst við flokkunina CAT V og hærri flokkun sem almennt er gerð krafa um reykköfun og þá að hún uppfylli reglur viðkomandi lands. Almennt er vísað í og horft til menntunar slökkviliðsmanna í viðkomandi landi með viðbótarnámi sem snertir flugvelli. Einnig er rætt um að allur búnaður eigi að vera viðurkenndur af brunamálayfirvöldum viðkomandi lands. Á Norðurlöndum er gerð lágmarkskrafa um fjóra slökkviliðsmenn á vakt vegna reykköfunar á CAT V flugvelli (Reykjavíkurflugvöllur er CAT V).

Kröfur settar fram af slökkviliðsstjóra höfuðborgarsvæðisins.

Flugmálayfirvöld hafa oft lýst því yfir að viðbúnaður á íslenskum flugvöllum eigi að vera í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru á Norðurlöndum Einu kröfurnar sem íslensk brunamálayfirvöld hafa sett fram varðandi viðbúnað á flugvöllum eru vegna viðbúnaðar á Reykjavíkurflugvelli, sem er CAT V flugvöllur.

Þess vegna vill undirritaður að eftirfarandi komi fram:

1. Engar kröfur af hendi slökkviliðsstjóra eða brunamálayfirvalda hafa verið gerðar um viðbúnað varðandi flugvöllum sem eru í CAT III og CAT IV, en kostnaðaráætlun Isavia hf gerir ráð fyrir kostnaðarauka upp á 50.796.000 kr vegna þessa.
2. Engar auknar kröfur af hendi slökkviliðsstjóra Sandgerðis, Reykjanesbæjar eða brunamálayfirvalda hafa verið gerðar varðandi viðbúnað á Keflavíkurflugvelli en kostnaðaráætlun Isavia hf gerir ráð fyrir kostnaðarauka upp á 102.816.000 kr vegna þessa.
3. Viðbúnaður á Reykjavíkurflugvelli er nú þannig að þar eru 3 menn á vakt, þeir eru menntaðir slökkviliðsmenn og sinna reykköfun samkvæmt íslenskum reglum. Deila íslenskra aðila er um það hvort þar ættu að vera 3 eða 4 á vakt, en minnstu kröfur á Norðurlöndum gera ráð fyrir fjórum á vakt. Fram til ársins 2009 voru þó fjórir á vakt á Reykjavíkurflugvelli. Því er ekki eðlilegt að reikna með kostnaðarauka þar vegna krafna slökkviliðsstjóra, þó svo að viðbúnaður hafi minnkað frá því sem var á árunum fyrir 2009.
4. Ísafjarðarflugvöllur er sagður vera í CAT V í töflu Isavia hf, en á bls. 73 í Tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 (lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007) segir að sá flugvöllur sé í CAT IV og að það séu einungis flugvellirnir í Keflavík, Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum sem séu CAT V. Því er spurning hvort Ísafjarðarflugvöllur sé CAT V flugvöllur og ef svo, hvort

þörf sé á því og hvort etv sé hægt að flytja þann flugvöll aftur í CAT IV. Kostnaðaraukinn er sagður vera 30.600.000 kr en ekki er ljóst hvort allur sá tilkostnaður sé þarfur eða raunsær.

Mjög líklegt er að auka verði viðbúnað við Egilsstaðaflugvöll þó svo að brunamálayfirvöld hafi ekki sett fram neina kröfu um slíkt. Slökkvistöð sveitarfélagsins er til húsa við flugvöllinn og samstarfssamningur um tæki er í gildi. Tveir flugvallarstarfsmenn eru á vakt þegar flugvöllurinn er opinn, en þeir eru ekki menntaðir slökkviliðsmenn. Því gæti fylgt einhver kostnaður við að þjálfa þessa menn og sjá til þess að þeir uppfylli kröfur um reykköfun. Mögulegt er að það þyrfti að ráða fleiri menn á vakt. Því er raunsætt að aukinn kostnaður við Egilsstaðaflugvöll gæti orðið þó nokkur, en það er aðallega vegna þess að viðbúnaður þar hefur hingað til verið mjög knappur og uppfyllir alls ekki þær kröfur sem Flugöryggisstofnun Evrópu mun setja innan skamms.

Á Akureyrarflugvelli eru 2 slökkviliðsmenn á vakt, en mögulegt er að auka verði við þá vakt, ef tekið er tillit til þeirra krafna sem munu gerðar í væntanlegri reglugerð Flugöryggisstofnunar Evrópu.

Nýjar kröfur Flugmálastjórnar Íslands.

Í gærkvöldi fékk undirritaður í hendur drög að nýjum reglum Flugmálastjórnar um viðbúnað á flugvöllum, en stofnunin hefur upplýst um að drögin miði að einhverju leyti við væntanlega Evrópska reglugerð sem sett verður innan skamms og íslenskir flugvellir verði að uppfylla. Drög þessi voru send samgönguráðuneyti 1. júlí síðastliðinn. Taflan neðan sýnir þær kröfur um mannafla og bifreiðar sem flugvellir með mismunandi CAT flokkun verði að uppfylla samkvæmt nýjum drögum Flugmálastofnunar. Isavia setur stuðulinn 1,2 vegna orlofs og veikinda.

AIP CAT	FMS bifreiðar	FMS mönnun	FMS stjórnandi	FMS alls	Isavia stuðull	FMS mönnun
4	1	2,0	1,0	3,0	1,2	3,6
5	1	2,0	1,0	3,0	1,2	3,6
6	2	4,0	1,0	5,0	1,2	6,0
7	2	4,0	1,0	5,0	1,2	6,0
8	3	6,0	1,0	7,0	1,2	8,4
9	3	6,0	1,0	7,0	1,2	8,4
10	3	6,0	1,0	7,0	1,2	8,4

Taflan fyrir neðan sýnir svo flokkun (CAT) stærri flugvalla á Íslandi og þær auknu kröfur um mönnun sem Flugmálastjórn mun setja samkvæmt drögum að nýrri reglugerð. Einnig sýnir taflan þá aukningu í mannskap sem Isavia hf er að gera ráð fyrir í kostnaðarmati sínu. Ljóst er af þessu að Isavia hf er í raun að reikna með auknum kostnaði vegna aukinna krafna Flugmálastjórnar en ekki vegna krafna slökkviliðsstjóra höfuðborgarsvæðisins.

	AIP CAT	FMS mönnun	FMS með stuðli	Isavia CAT	Isavia mönnun	Isavia fjölgun	Isavia alls	Mismunur Isavia-FMS
Keflavík	7	5,00	6,00	7	5,04	3,00	8,04	2,04
Reykjavík	6	5,00	6,00	5	3,36	2,00	5,36	-0,64
Akureyri	5	3,00	3,60	5	3,36	2,00	5,36	1,76
Egilsstaðir	5	3,00	3,60	5	3,36	2,00	5,36	1,76
Ísafjörður	5	3,00	3,60	5	2,25	2,00	4,25	0,65
			22,80		17,37	11,00	28,37	5,57

Slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins hefur gert kröfu um að á Reykjavíkurflugvelli verði 4 menn á vakt, en í kostnaðarmati sínu gerir Isavia hf ráð fyrir 5,36 mönnum. Undirritaður gerir sér ekki grein fyrir því af hverju Isavia vill fjölga slökkviliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli um 3, en engin krafa um slíkt hefur verið sett fram af brunamálayfirvöldum.

Niðurstaða.

Undirritaður telur að þá kostnaðaraukningu vegna viðbúnaðar á flugvöllum sem Isavia hf lagði fram 6. desember sé ekki hægt að rekja til krafna slökkviliðsstjóra höfuðborgarsvæðisins nema að mjög litlu leyti. Áætluð kostnaðaraukning Isavia hf byggir augljóslega á þeim kröfum sem íslenskir flugvellir verða að uppfylla von bráðar vegna almennt aukinna krafna alþjóðlegra og evrópskra aðila og settar hafa verið fram í drögum að nýrri reglugerð Flugmálastjórnar Íslands.

Virðingarfyllst,
Björn Karlsson,
brunamálastjóri.

Tilvitnanir.

[1] Luftfarsvärkets författarsamling: LFS 1991:22, Bestämmelser för Civil Luftart – Flygplatser, BCL-F3.4 (Svíþjóð).
[2] Statens Luftfartsvæsen, Bestemmelser för Civil Luftfart, BL 3-9, Bestemmelser om brand- og redningstjeneste (Danmörk).
[3] FOR 2006-05-12, Forskrift om brann- og redningstjeneste (BSL E 4-4) og Veiledning til BSL E 4-4 (Noregur).
[4] Lagen om skydd mot olyckor, 2003:778, Riksdagen (Svíþjóð, áður kölluðust þessi lög Lagen om Räddningstjänst 1986:1102)

534. Lög [218. mál]

um breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 452.

535. Lög [336. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 403.

536. Lög [78. mál]

um mannvirki.

(Afgreidd frá Alþingi 15. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 450 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Markmið laga þessara er:

a. Að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt.
b. Að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja, m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð þannig og byggð að þau henti íslenskum aðstæðum.
c. Að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja.
d. Að stuðla að tæknilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði.
e. Að tryggja aðgengi fyrir alla.
f. Að stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur bygginga.

2. gr. hljóðar svo:
Lögin gilda um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan, innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar, sbr. þó 2. mgr. Lögin gilda um alla þætti mannvirkja, svo sem gerð burðarvirkja, lagnir, þ.m.t. neysluvatnslagnir, hitalagnir, fráveitulagnir, raflagnir, loftræsilagnir, gaslagnir og öryggiskerfi, fjarskiptabúnað, eldvarnir, þ.m.t. vatnsúðakerfi og önnur slökkvikerfi, og byggingarvörur, bæði á markaði og í mannvirkjum. Lögin gilda einnig um gróður á lóðum, frágang og útlit lóða, girðingar í þéttbýli, skilti, möstur, þ.m.t. fjarskiptamöstur, móttökudiska og tengivirki, gáma og leik- og íþróttasvæði.
Lög þessi gilda ekki um hafnir, varnargarða eða fyrirhleðslur, vegi eða önnur samgöngumannvirki, svo sem flugvelli, jarðgöng, vegskála eða brýr, aðrar en umferðar- og göngubrýr í þéttbýli.

9. gr. hljóðar svo:
Óheimilt er að grafa grunn fyrir mannvirki, reisa það, rífa eða flytja, breyta því, burðarkerfi þess eða lagnakerfum eða breyta notkun þess, útliti eða formi nema að fengnu leyfi við-

komandi byggingarfulltrúa, sbr. 2. mgr., eða Mannvirkjastofnunar, sbr. 3. mgr. Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um að minni háttar mannvirkjagerð eða smávægilegar breytingar á mannvirkjum skuli undanþiggja byggingarleyfi. Undanþegin byggingarleyfi eru fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta og breytingar á slíkum mannvirkjum. Um byggingarleyfi vegna bygginga tengdra fráveitumannvirkjum og dreifi- og flutningskerfum hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta, þ.m.t. fjarskiptamöstrum, tengivirkjum og móttökudiskum, fer skv. 1. og 2. málsl.

Byggingarfulltrúi í viðkomandi sveitarfélagi veitir byggingarleyfi, eftir atvikum í samræmi við samþykkt skv. 1. mgr. 7. gr., vegna hvers konar mannvirkjagerðar sem háð er byggingarleyfi skv. 1. mgr. en ekki er háð byggingarleyfi Mannvirkjastofnunar skv. 3. mgr., þ.m.t. vegna virkjana og annarra mannvirkja sem reist eru í tengslum við slíkar framkvæmdir.

Mannvirkjastofnun veitir byggingarleyfi vegna framkvæmda við eftirtalin mannvirki:

a. Mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka. Sé mannvirki á hafi eigi fjær ytri mörkum netlaga en eina sjómílu skal leita umsagnar næsta sveitarfélags, eins eða fleiri eftir atvikum, við umfjöllun um byggingarleyfisumsókn.
b. Mannvirki á varnar- og öryggissvæðum, sbr. 62. gr.

Leiki vafi á því hvort mannvirki er háð byggingarleyfi eða fellur undir 2. eða 3. mgr. skal leita niðurstöðu úrskurðarnefndar, sbr. 59. gr. Niðurstaða nefndarinnar skal liggja fyrir innan eins mánaðar frá því að slíkt erindi berst.

Varði breyting á mannvirki útlit þess og form skal leita samþykkis skipulagsnefndar áður en byggingarleyfi er veitt nema breyting sé óveruleg.

64. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru samkvæmt eldri lögum skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi.

537. Frumvarp til laga [108. mál]

um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur).

(Eftir 2. umr., 15. des.)

1. gr.

Í stað 2. mgr. 165. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrotamaðurinn ber ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjaldþrotaskiptin. Hafi kröfu verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau er fyrningu slitið gagnvart þrotamanninum og byrjar þá nýr tveggja ára fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum er lokið. Þótt kröfu hafi ekki verið lýst við skiptin gildir þessi sami fyrningarfrestur um hana, enda fyrnist hún ekki á skemmri tíma.

Fyrningu krafna sem um ræðir í 2. mgr. verður aðeins slitið á ný með því að kröfuhafi höfði innan fyrningarfrests mál á hendur þrotamanninum og fái þar dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum. Slíka viðurkenningu skal því aðeins veita með dómi að

kröfuhafi sýni fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu, svo og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma, en að gengnum slíkum dómi gilda almennar reglur um fyrningu hennar. Hafi kröfuhafi fengið tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni í eign þrotamannsins áður en frestur skv. 2. mgr. var á enda fyrnist krafa hans þó ekki að því leyti sem fullnusta fæst á henni á síðari stigum vegna þeirra tryggingarréttinda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka þau til krafna við gjaldþrotaskipti sem er ólokið. Hafi skiptum á þrotabúi lokið fyrir gildistöku laga þessara fyrnast kröfur, sem þar fengust ekki greiddar og ekki eru fyrndar, á tveimur árum frá gildistöku laganna nema skemmri tími standi eftir af fyrningarfresti. Fyrningu þessara krafna verður aðeins slitið eftir reglum þessara laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku.

538. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Guðlaugu Jónasdóttur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að veitt verði heimild til að fullgilda Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum sem undirritaður var af hálfu íslenska ríkisins 30. október 2007. Samningurinn kemur í stað eldri Lúganósamnings sem undirritaður var 1988 og staðfestur með lögum nr. 68/1995.

Fyrir nefndinni kom fram að helsta breytingin í nýjum samningi er að Evrópusambandið, sem stofnun, er nú aðili að samningnum í stað einstakra aðildarríkja áður og tekur samningurinn því til ellefu sambandsríkja til viðbótar sem ekki voru aðilar að samningnum frá 1988.

Með staðfestingu samningsins er stefnt að frekari samvinnu á sviði dómsmála í alþjóðlegum einkamálum og að treysta meginreglur eldri samnings um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma sem kveðnir eru upp í ríkjum annarra samningsaðila. Reglur er gilda um málsmeðferð eru skýrðar og ákveðin efnisatriði samningsins endurskoðuð í því skyni, þ.e. sem lúta einkum að reglum um varnarþing og lögsögu dómstóla yfir neytendasamningum, auk þess sem gerðar eru breytingar á sviðum er snúa að sérstakri lögsögu í félagarétti, sameiningu skyldra dómstóla og málum er varða fullnustu dóma í öðru landi.

Nefndin fjallaði sérstaklega um gildissvið samningsins en hann gildir einungis á sviði einkamála, þar á meðal verslunarmála. Opinber mál falla ekki undir samninginn né heldur skattamál, tollamál eða stjórnsýslumál. Þá eru undanskilin mál er varða persónulega réttar-

stöðu manna, rétthæfi, gerhæfi, svo og fjárhagsleg réttindi sem eiga rætur að rekja til hjúskapar eða erfða. Þá falla forsjármál ekki undir samninginn.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Birgir Ármannsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2010.

Róbert Marshall, form., frsm. Atli Gíslason. Mörður Árnason.

Valgerður Bjarnadóttir. Vigdís Hauksdóttir. Álfheiður Ingadóttir.

Sigurður Kári Kristjánsson. Þráinn Bertelsson.

539. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 og við brtt. á þskj. 217.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (KÞJ, ÁsbÓ, ÞKG).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við brtt. á þskj. 517.			
Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	89.300,0	3.500,0	92.800,0
b. 1.5.1.1 Tekjuskattur lögaðila	26.400,0	1.500,0	27.900,0
c. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:			
Skattur á séreignarsparnað	0,0	80.000,0	80.000,0
d. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:			
Lækkun skatta frá 1. maí 2011	0,0	-40.000,0	-40.000,0
e. 2.2.1.1 Atvinnutryggingargjald	33.917,9	-6.000,0	27.917,9
f. 5.2.2.25.1.25 Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	2.470,0	225,0	2.695,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.11 Atvinnuleysisbætur	21.170,0	-1.000,0	20.170,0
Greitt úr ríkissjóði	*21.170,0*	*-1.000,0*	*20.170,0*
3. Við **19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**			
a. 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	73.654,0	-2.700,0	70.954,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*71.422,0*	*-1.000,0*	*70.422,0*

540. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Ingva Má Pálsson frá iðnaðarráðuneytinu, Elínu Smáradóttur og Jakob S. Friðriksson frá Orkuveitu Reykjavíkur, Jón Sveinsson frá Landsvirkjun, Guðna Jóhannesson orkumálastjóra, Lárus Ólafsson og Hauk Eggertsson frá Orkustofnun, Guðlaugu Sigurðardóttur og Guðmund Inga Ásmundsson frá Landsneti, Axel Hall, Yngva Harðarson, Friðrik Má Baldursson, Jón Þór Sturluson og Pál Harðarson hagfræðing. Þá bárust umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Íslandsstofu, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Norðurþingi, Orkustofnun, Orkuveitu Reykjavíkur, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Samtökum garðyrkjubænda, Samtökum iðnaðarins, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Seðlabanka Íslands, Vegagerðinni og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi breytingar. Í fyrsta lagi eru lagðar til nýjar skilgreiningar á hugtökunum *flutningskerfi* og *stórnotandi*. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á skilyrðum fyrir veitingu virkjanaleyfis en lagt er til að heimildir virkjana til að tengjast dreifikerfi verði rýmkaðar með því að endurskoða stærðarmörk þannig að virkjunum sem eru 10 MW eða stærri sé heimilt að tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu. Í þriðja lagi er lagt til að flutningsfyrirtækið Landsnet skuli vera í beinni meirihlutaeign ríkis og/eða sveitarfélaga frá og með 1. janúar 2015. Í fjórða lagi er lagt til að flutningsfyrirtækinu verði m.a. heimilað að eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og bjóða út umframflutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða. Í fimmta lagi eru lögð til ný ákvæði um tekjumörk og gjaldskrá bæði flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna. Að lokum er í sjötta lagi lagt til að breytt verði ákvæði um beinar tengingar milli notenda og virkjana sem tekur mið af kröfum sem fram koma í 22. gr. tilskipunar 2003/54/EB.

Nefndin hefur fjallað um málið. Hvað varðar nýja skilgreiningu á hugtakinu flutningskerfi telur nefndin rétt að fram komi að með nýrri hugtakaskilgreiningu verði skil á milli virkjunar og flutningsfyrirtækis við innkomandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtækið á því vélaspenni, eldingavara og tengingu við tengivirkið en tengivirkið er hins vegar í eigu flutningsfyrirtækisins. Þar sem virkjunin á tengibúnaðinn úr virkjun í tengivirki ber hún ábyrgð á tengingunni inn í tengivirkið. Þessi breyting er talin nauðsynleg með tilliti til aðstöðu fyrir tengingu við flutningskerfið og mælingu inn á það. Ekki er talið eðlilegt að flutningsfyrirtækið þurfi að nálgast orkuna inn í virkjunina með tilheyrandi kostnaði og ábyrgð.

Ný skilgreining er lögð fram í frumvarpinu á hugtakinu stórnotandi og felst í henni sú breyting að miðað er við að notkun innan þriggja ára á einum stað sé a.m.k. 80 GWh á ári. Viðmiðið 80 GWh jafngildir um 10 MW og er því um nokkra lækkun að ræða frá núgildandi ákvæði í lögum eða um 4 MW. Nefndin vill árétta að með lækkun á viðmiði stórnotenda er verið að skapa minni stórnotendum, t.d. gagnaverum, möguleika á beinni tengingu við flutningskerfið. Jafnframt þykir nefndinni rétt að taka fram að þessi skil á milli stórnotenda og almennra notenda eru enn til skoðunar hjá raforkulaganefnd og eitt af því sem til skoðunar er hjá nefndinni er að taka upp þrepaskipta gjaldskrá í stað þeirrar tvískiptingar sem er núna.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stærðarmörkum varðandi skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis. Hjá umsagnaraðilum komu fram þær athugasemdir að ekki verði notast við stærðarmörk (10 MW í stað 7 MW) varðandi hvernig virkjun tengist flutningskerfinu (beint eða gegnum dreifiveitu). Nefndin bendir á að stærðarmörk varðandi tengiskyldu virkjana voru sett inn með lögum nr. 89/2004. Það 10 MW viðmið sem lagt er til í frumvarpinu ber að skoðast í samhengi við nýja skilgreiningu á hugtakinu stórnotandi (10 MW). Nefndin vill beina þessari athugasemd til raforkulaganefndar til frekari skoðunar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar er lúta að eignarhaldi flutningsfyrirtækja, þ.e. að flutningsfyrirtækið sem annast flutning raforku og kerfisstjórn skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga í stað meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila. Með ákvæði til bráðabirgða I við frumvarpið er nefnd falið að gera tillögu um kaup ríkis eða sveitarfélaga á hlut orkufyrirtækja í flutningsfyrirtækinu. Nefndin vill leggja á það ríka áherslu að við þá vinnu verði tryggt að hagsmunum félagsins sem á í hlut verði ekki raskað og að slík sala fari ekki fram nema að uppfylltum þeim skuldbindingum sem orkufyrirtækin hafa stofnað til.

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um hvaða starfsemi flutningsfyrirtækið má stunda en með ákvæðinu eru flutningsfyrirtækinu veittar rýmri heimildir til að stunda aðra starfsemi en sérleyfisstarfsemi. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að orðalag ákvæðisins væri ekki nægjanlega skýrt. Nefndin vill benda á að um er að ræða sambærilegar heimildir og hjá flutningsfyrirtækjum í nágrannalöndum. Einnig vill nefndin árétta að það skilyrði sem fram kemur í ákvæðinu um að samkeppni verði ekki raskað er sett fram til að undirstrika að með þessari útvíkkun á leyfilegri starfsemi Landsnets sé ekki verið að ganga inn á svið annarra aðila á hugsanlegum samkeppnismarkaði. Landsnet er bundið af samkeppnislögum og hafa samkeppnisyfirvöld eftirlit með því að Landsnet starfi að öllu leyti innan ramma samkeppnislaga. Er það áréttað í ákvæðinu með því að heimila Landsneti að eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna grunnreksturs fyrirtækisins, og bjóða út umframflutningsgetu, ef það hefur yfir henni að ráða, og selja út sérfræðiþekkingu, ef eftir því er leitað, sé ekki verið að raska stöðu á samkeppnismarkaði. Það er í höndum samkeppnisyfirvalda að hafa eftirlit með því. Nýting á framleiðsluþáttum til annarrar starfsemi að settum þessum skilyrðum er augljóslega þjóðhagslega hagkvæm. Jafnframt vill nefndin minna á að krafa er einnig gerð um bókhaldslegan aðskilnað.

Í 9. gr. frumvarpsins er fjallað um tekjumörk dreifiveitna en markmiðið með setningu tekjumarka er að hvetja til hagræðingar. Heimilt er að hafa sérstaka gjaldskrá fyrir dreifingu á dreifbýlissvæðum en dreifbýli hefur verið skilgreint út frá íbúafjölda. Nokkrir umsagnaraðilar lögðu til almenna breytingu á 17. gr. raforkulaga varðandi skilgreiningu á hugtakinu dreifbýlissvæði. Nefndin vill benda á í þessu sambandi að sú skilgreining er utan við efni frumvarpsins en leggur hins vegar áherslu á að raforkulaganefnd taki þetta álitaefni til sérstakrar skoðunar og horfi til þeirra sjónarmiða sem garðyrkjubændur hafa lagt ríka áherslu á, þ.e. að í stað dreifbýlissvæða verði talað um svæði þar sem kostnaður er sannanlega hærri en hann er í þéttbýli.

Með hliðsjón af þeim fjölmörgu umsögnum sem bárust iðnaðarnefnd leggur nefndin til, að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið, að eftirfarandi breytingartillögur verði gerðar við frumvarpið. Lagt er til að við 4. gr. frumvarpsins bætist nýtt heimildarákvæði um bætur til dreifiveitna vegna skerðingar á raforkuafhendingu í þeim tilvikum þegar um langvarandi skerðingu er að ræða, þó þannig að skerðing af völdum fárviðris eða náttúruhamfara verði undanskilin. Kveða á nánar um fjárhæð slíkra bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð. Þær bætur

sem um ræðir eru hefðbundnar skaðabætur. Með langvarandi skerðingu er átt við skerðingu sem nemur meira en 12 klukkustundum. Nefndin vill árétta að ekki er um að ræða samsvarandi rétt til handa stórnotendum vegna langvarandi skerðingar á raforkuafhendingu, en um rétt þeirra í þessu sambandi er kveðið á í tvíhliða samningum við flutningsfyrirtækið og í skilmálum flutningsfyrirtækisins.

Nefndin leggur einnig til að gerðar verði nokkrar breytingar á 6. gr. frumvarpsins varðandi tekjumörk flutningsfyrirtækisins. Þannig er lagt til að fellt verði brott að tekjumörk vegna stórnotenda skuli vera í bandaríkjadölum í 2. mgr. 6. gr. Sú breyting er lögð til þar sem ekki eru öll viðmið tekjumarka í bandaríkjadölum, þótt meiri hluti þeirra sé það. Hluti tekjumarka á sér innlendan uppruna, þ.e. rekstrarkostnaður fyrirtækja, og er hann færður í íslenskum krónum. Hins vegar þykir nefndinni rétt að taka það fram að í frumvarpinu er kveðið á um að eignastofn vegna tekjumarka skuli vera í bandaríkjadölum og er það í samræmi við gjaldskrá flutningsfyrirtækisins fyrir stórnotendur. Nefndin leggur jafnframt til þær breytingar á 6. gr. frumvarpsins að við mat á vegnum fjármagnskostnaði (WACC) skuli taka tillit til áhættuálags í tilfelli stórnotenda, þ.e. við setningu tekjumarka vegna flutnings til stórnotenda. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að þar sem stórnotendur eru tiltölulega fáir er meiri áhætta fólgin í viðskiptum við þá fyrir flutningsfyrirtækið en af öðrum viðskiptavinum flutningsfyrirtækisins, að því leyti hvaða áhrif það hefur fyrir tekjustreymi flutningsfyrirtækisins ef einn þeirra hættir rekstri eða dregur verulega úr raforkunotkun. Með því að taka sérstakt áhættuálag inn í veginn fjármagnskostnað, sem er grundvöllur fyrir mati á arðsemi flutningsfyrirtækisins, er flutningsfyrirtækinu gert kleift að vera fyrir fram undirbúið ef til þess kemur að einn eða fleiri stórnotendur hætta rekstri. Nefndin vill í þessu sambandi leggja ríka áherslu á að við mat á áhættuálagi verði gætt meðalhófs og hagfræðileg viðmið höfð að leiðarljósi svo að fjármagnskostnaður verði ekki óraunhæfur. Nefndin bendir á að mikilvægt er að sett verði sem fyrst reglugerð sem kveður nánar á um hvernig taka beri tillit til áhættuálags við mat á vegnum fjármagnskostnaði stórnotenda. Sú vinna er þegar hafin á vegum iðnaðarráðuneytisins. Til samræmis við greinina í heild sinni leggur nefndin til að í 2. tölul. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins verði miðað við EBIT að frádregnum sköttum í stað EBIT fyrir skatta. Þá leggur nefndin til að kveðið verði skýrt á um það að eignir í eignastofni flutningsfyrirtækisins, sem eru í bandaríkjadölum, skuli metnar miðað við gengi bandaríkjadals frá 31. júlí 2007. Er sú dagsetning til samræmis við að frá og með þeim tíma færði flutningsfyrirtækið gjaldskrá fyrir stórnotendur yfir í bandaríkjadal. Að lokum leggur nefndin til að fellt verði brott það ákvæði að áreiðanleiki afhendingar í 7. mgr. 6. gr. verði eitt af þeim atriðum sem miða skal við setningu tekjumarka. Telur nefndin rétt að árétta að slíkt viðmið gæti í raun haft öfug áhrif þar sem það hefur neikvæð áhrif á gjaldskrá þess aðila sem uppfyllir ekki kröfu um áreiðanleika afhendingar, eða býr við slæm skilyrði, og getur þannig hamlað möguleikum hans til úrbóta, þvert á það sem æskilegt er. Þá er einnig lagt til að Orkustofnun hafi rýmri tímamörk til að setja tekjumörk fyrir flutningsfyrirtækið, þ.e. 15. september ár hvert í stað 1. september. Einnig er í breytingartillögum að finna, að hluta til, samsvarandi breytingar á ákvæðum 9. gr. frumvarpsins varðandi tekjumörk dreifiveitna auk annarra minni háttar breytinga.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að Landsnet verði að fullu í eigu ríkisins eigi síðar en 1. janúar 2015. Í því sambandi vill nefndin árétta mikilvægi þess að ríkið sem eigandi flutningsfyrirtækisins marki eigendastefnu gagnvart fyrirtækinu þar sem m.a. verði kveðið á um að allrar hagkvæmni verði gætt varðandi fjárfestingar og rekstur fyrirtækisins

og arðgreiðslum stillt í hóf. Sett verði markmið um lækkun á gjaldskrá gagnvart almenningi og fyrirtækjum án þess þó að það komi niður á öryggi flutningskerfisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við 3. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Greiða þeim dreifiveitum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Kveðið skal á um fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „notandinn flutningskerfinu eða dreifikerfi“ komi: notandi flutningskerfinu beint eða um dreifiveitu.
3. Við 6. gr.
   a. Orðin „og skulu hin síðarnefndu ákvörðuð í bandaríkjadölum“ í 2. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT)“ í 2. málsl. 2. tölul. 3. mgr. komi: fjármunatekjur og fjármagnsgjöld en að frádregnum sköttum (EBIT að frádregnum sköttum).
   c. Á eftir 2. málsl. 2. tölul. 3. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Við mat á vegnum fjármagnskostnaði skal taka tillit til áhættuálags fyrir stórnotendur. Kveða skal nánar á um það í reglugerð.
   d. Í stað 5. málsl. 2. tölul. 3. mgr. komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Eignastofn vegna tekjumarka fyrir stóriðju skal vera í bandaríkjadölum. Eignir sem voru í eignagrunni 31. júlí 2007 skulu metnar miðað við virði og gengi þann dag. Þegar eignastofn vegna tekjumarka fyrir stóriðju er færður í krónur við uppgjör tekjumarka skal miðað við meðalgengi bandaríkjadals fyrir uppgjörsárið.
   e. Fyrri málsgrein 4. tölul. 3. mgr. orðist svo: Sköttum; og síðari málsgrein sama töluliðar verði 4. mgr. greinarinnar.
   f. Í stað dagsetningarinnar „1. september“ í 4. mgr., sem verði 5. mgr., komi: 15. september.
   g. Orðin „áreiðanleika afhendingar“ í 7. mgr., sem verði 8. mgr., falli brott og í stað tilvísunarinnar „skv. 2. og 4. tölul. 3. mgr.“ í sömu málsgrein komi: skv. 2. tölul. 3. mgr. og 4. mgr.
4. Við 8. gr. Orðin „að því gefnu að samkomulag náist þar að lútandi á milli flutningsfyrirtækisins og viðkomandi dreifiveitu“ falli brott.
5. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

   Við 3. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Greiða þeim notendum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Kveðið skal á um fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð.
6. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT)“ í 2. málsl. 2. tölul. 3. mgr. komi: fjármunatekjur og fjármagnsgjöld en að frádregnum sköttum (EBIT að frádregnum sköttum).
   b. Fyrri málsgrein 4. tölul. 3. mgr. orðist svo: Sköttum; og síðari málsgrein sama töluliðar verði 4. mgr. greinarinnar.

c. Í stað dagsetningarinnar „1. september“ í 4. mgr., sem verði 5. mgr., komi: 15. september.
d. Orðin „og áreiðanleika afhendingar“ í 7. mgr., sem verði 8. mgr., falli brott og í stað tilvísunarinnar „skv. 2. og 4. tölul. 3. mgr.“ í sömu málsgrein komi: skv. 2. tölul. 3. mgr. og 4. mgr.

7. Við ákvæði til bráðabirgða II. Í stað ártalsins „2009“ komi: 2010.

Alþingi, 15. des. 2010.

Kristján L. Möller, form., frsm. | Lilja Rafney Magnúsdóttir. | Lilja Mósesdóttir.

Magnús Orri Schram. | Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson. | Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.

Jón Gunnarsson, með fyrirvara. | Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara. | Sigmundur Ernir Rúnarsson.

541. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 516 [Fjárlög 2011].

Frá Oddnýju G. Harðardóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
1. 23. tölul. verði svohljóðandi:			
Við **08-700 Heilbrigðisstofnanir**			
1.01 Almennur rekstur	73,6	24,8	98,4
2. 26. tölul. verði svohljóðandi:			
Við **08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	214,0	-29,4	184,6
b. 1.11 Sjúkrasvið	265,5	140,1	405,6
c. 1.21 Hjúkrunarrými	62,8	6,4	69,2
d. Sértekjur	-27,3	2,3	-25,0

542. Frumvarp til laga [385. mál]

um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Hlutverk og markmið.

Farsýslan er sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra.

Farsýslan fer með stjórnsýslu samgöngumála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir. Stofnunin annast stjórnsýslu og eftirlit er lýtur að:

1. flugmálum,
2. hafnamálum og málum sem varða sjóvarnir,
3. siglingamálum,
4. umferðarmálum,
5. vegamálum.

Farsýslan skal með starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Þá skal stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.

Stofnunin annast framkvæmd laga á þeim sviðum sem undir hana heyra, sbr. 2. mgr., samkvæmt nánari fyrirmælum þeirra laga.

2. gr.
Skipulag stofnunar o.fl.

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn og staðfestir skipurit hennar.

Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar.

Forstjóri ræður annað starfsfólk til stofnunarinnar.

Farsýslan skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína.

3. gr.
Samvinna og samráð.

Farsýslan skal hafa samvinnu og samráð við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem tengjast starfsemi hennar.

Ráðherra getur sett á stofn fagráð með fulltrúum stofnunarinnar, hagsmunaaðila og annarra aðila í þeim tilgangi að vera vettvangur samráðs og upplýsingaskipta á fagsviðum stofnunarinnar.

II. KAFLI
Verkefni.

4. gr.
Almennt.

Farsýslan skal vera ráðgefandi fyrir ráðherra, veita honum aðstoð við undirbúning að setningu laga og reglugerða á starfssviði sínu og aðstoða við stefnumótun og ákvarðanatöku í samgöngumálum.

Stofnunin setur reglur um gerð og búnað ökutækja, skipa og loftfara, svo og um hæfi stjórnenda þeirra, og annast framkvæmd þeirra.

Stofnunin ákveður kröfur um öryggi samgöngumannvirkja ásamt því að kveða á um skipulag umferðar- og leiðsögukerfa í lofti og á láði og legi.

Farsýslan tekur þátt í gerð samgönguáætlunar.

Farsýslan skal annast fræðslu og upplýsingamiðlun um samgöngumál eftir því sem við á.

Stofnunin annast rekstur tölvu- og upplýsingakerfa er lúta að starfsemi stofnunarinnar.

Stofnunin tekur afstöðu til tillagna sem berast frá rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Stofnunin heldur slysaskrá á sviði samgangna.

Farsýslan skal annast önnur verkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Eftirlit með samgöngumannvirkjum.

Farsýslan hefur eftirlit með að fylgt sé kröfum um öryggi samgöngumannvirkja og öryggisstjórnun við rekstur þeirra.

Stofnunin annast öryggisúttekt á samgöngumannvirkjum.

6. gr.

Eftirlitsskyld starfsemi, rannsóknarheimildir o.fl.

Farsýslan skal hafa eftirlit með því að starfsemi, umferð og flutningar sem henni er að lögum falið að hafa eftirlit með, séu í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um viðkomandi starfsemi gilda.

Farsýslunni er við athugun á rekstri og starfsemi eftirlitsskyldra aðila heimill aðgangur að starfsstöðvum eftirlitsskylds aðila og öðrum stöðum sem nauðsynlegt er til að sinna eftirliti að mati stofnunarinnar. Farsýslunni er einnig heimill aðgangur að ökutæki, loftfari, skipi og öðru samgöngutæki, sem og búnaði þeirra og farmi til vettvangsathugana, úttekta og skoðana sem stofnunin telur nauðsynlegar í þágu eftirlits. Stofnunin getur einnig lagt hald á þau gögn og muni sem hún telur nauðsyn á í þágu eftirlits.

Farsýslunni er heimilt að fyrirskipa stöðvun og kyrrsetningu ökutækja, loftfara, skipa og annarra samgöngutækja eins og nauðsyn kann að vera á í þágu eftirlits og að gera allar nauðsynlegar athuganir á þeim, búnaði þeirra og farmi. Farsýslan getur látið færa samgöngutæki til athugunar á þann stað sem henta þykir hverju sinni í þágu eftirlits.

Eftirlitsskyldum aðila er skylt að fara eftir fyrirmælum Farsýslunnar um eftirlit og veita upplýsingar og aðgang að þeim gögnum í vörslu hans sem Farsýslan gerir kröfu um í þágu eftirlits.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita Farsýslunni upplýsingar um starfsemi sína og aðgang að þeim gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina og Farsýslan telur nauðsyn á að fá aðgang að.

Eftirlitsskyldur aðili skal án fyrirvara geta sýnt fram á að hann uppfylli skilyrði leyfisveitingar og, ef með þarf, gangast undir þau próf sem Farsýslunni er heimilt að krefjast að gengist sé undir.

Farsýslunni er heimilt að leita aðstoðar lögreglu við eftirlit og öflun nauðsynlegra upplýsinga í þágu eftirlits. Stofnunin getur krafist upplýsinga og gagna frá öðru stjórnvaldi, óháð þagnarskyldu þess, ef slíkt er nauðsynlegt til að unnt sé að sinna lögbundnu eftirliti.

Um eftirlitsheimildir Farsýslunnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum þeirra laga sem um viðkomandi starfsemi gilda, svo og annarra laga eftir því sem við á.

7. gr.

Verkefni tengd samgöngum á landi.

Farsýslan skal m.a.:

1. annast skráningu ökutækja í ökutækjaskrá,
2. annast eftirlit með ökutækjum, ástandi þeirra og skráningu, stærð og þyngd, hleðslu og frágangi farms,
3. annast eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna,
4. annast ökupróf, veita leyfi til að starfrækja ökuskóla og hafa umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu,
5. veita leyfi til að annast skoðun ökutækja og hafa eftirlit með þeirri starfsemi,
6. annast skráningu umferðarslysa,
7. annast útgáfu leyfa vegna ökugerða og hafa eftirlit með þeim,
8. veita undanþágur frá ákvæðum laga um stærð og þyngd ökutækja, að fengnu samþykki Vegagerðarinnar,
9. veita rekstrar- og atvinnuleyfi til fólks- og farmflutninga á landi,
10. annast eftirlit með framkvæmd samninga um ríkisstyrktar almenningssamgöngur.

8. gr.

Verkefni tengd loftferðum.

Farsýslan skal m.a.:

1. skrá loftför í íslenska loftfaraskrá,
2. veita leyfi til hvers konar reksturs sem skilgreindur er í loftferðalögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, eins og flugreksturs, reksturs viðhaldsstöðva, flugskóla, skóla fyrir flugleiðsöguþjónustu og flugvéltækna, flugleiðsöguþjónustu, reksturs flugvalla og flugstöðva, sem og að hafa samfellt eftirlit með þessari starfsemi,
3. gefa út heimildir í samræmi við lög, reglugerðir og alþjóðlegar skuldbindingar og hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem grundvallast á þessum heimildum,
4. gefa út skírteini til einstaklinga í samræmi við lög og reglugerðir og alþjóðlegar skuldbindingar og tryggja framkvæmd prófa,
5. kveða á um skipulag loftrýmis og flugleiðsögu eða gera tillögu um slíkt til ráðherra,
6. annast eftirlit með framkvæmd flugverndar í samræmi við lög, reglugerðir og alþjóðlegar skuldbindingar á sviði flugverndar,
7. gæta hagsmuna almennings með því m.a. að:
   a. stuðla að vernd neytenda í viðskiptum þeirra við flugrekendur og aðra leyfisskylda aðila svo og aðila sem selja flugferðir til og frá Íslandi með erlendum flugrekendum,
   b. stuðla að birtingu skýrra upplýsinga fyrir notendur og krefjast gagnsæis gjaldskráa og skilmála fyrir notkun flugsamgangna,
   c. tryggja réttindi fatlaðra og hreyfihamlaðra sem ferðast með flugi.

Með gögn og aðrar upplýsingar, sem Farsýslan aflar við eftirlit með flugstarfsemi eða af öðrum ástæðum, skal fara sem trúnaðarmál. Það sama gildir um gögn sem rekstrarleyfishafar afhenda stofnuninni og varða rekstrarleyfi þeirra.

9. gr.
Verkefni tengd siglingum.

Farsýslan skal m.a.:

1. annast eftirlit með skipum, þar á meðal mælingu þeirra og skráningu,
2. annast mál er varða varnir gegn mengun sjávar að því leyti sem slíkt varðar skip og búnað þeirra, samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur,
3. fylgjast með rannsókn sjóslysa og veita aðstoð við rannsókn þeirra og rita umsögn um sjópróf til ríkissaksóknara,
4. annast mál er varða siglinga- og sjómannalög að því leyti sem þau tengjast skipum, skráningu þeirra og búnaði, siglingaöryggi og öðrum málum sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni varðandi siglingar og áhafnir skipa,
5. annast málefni er varða siglingavernd,
6. gefa út skírteini til einstaklinga og veita heimildir til hvers konar reksturs sem skilgreindur er í sérlögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra,
7. annast stjórnsýsluverkefni hafnalaga, laga um sjóvarnir, laga um vitamál og laga um vaktstöð siglinga.

10. gr.
Alþjóðlegt samstarf.

Farsýslan tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi og mótun alþjóðareglna á starfssviði sínu eftir því sem kveðið er á um í lögum, alþjóðasamningum eða með ákvörðun ríkisstjórnar. Stofnunin skal m.a.:

1. annast undirbúning samninga við erlend ríki og alþjóðastofnanir og eftir atvikum gerð slíkra samninga,
2. vinna að innleiðingu og framfylgd alþjóðasamninga og EES-gerða,
3. hafa eftirlit með að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðasamningum og annast undirbúning og þátttöku í alþjóðlegum úttektum.

11. gr.
Rannsóknir og þróunarstarf.

Farsýslan tekur þátt í og annast rannsóknir, greiningu og þróun á starfssviði sínu.

Ráðherra skal setja reglugerð um hlutverk Farsýslunnar á sviði rannsókna, greiningar og þróunar.

III. KAFLI
Gjaldtaka o.fl.

12. gr.
Gjaldtaka.

Leggja skal á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Farsýslunnar, að fjárhæð 500 kr. og greiðist það við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Ráðherra setur reglur um innheimtu gjaldsins og um skil þess í ríkissjóð.

Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteina og hljóðsstigs- og mengunarvottorða skal innheimta miðað við hámarksflugtaksmassa loftfars:

1. Fyrir loftför allt að 2.700 kílógrömmum skal greiða 16.117 kr. og að auki 11,00 kr. fyrir hvert kílógramm.

2. Fyrir loftför frá 2.701 til 5.700 kílógrömmum skal greiða 24.034 kr. og að auki 9,20 kr. fyrir hvert kílógramm.
3. Fyrir loftför frá 5.701 til 50.000 kílógrömmum skal greiða 113.100 kr. og að auki 9,90 kr. fyrir hvert kílógramm.
4. Fyrir loftför yfir 50.000 kílógrömmum skal greiða 565.502 kr. og að auki 5,70 kr. fyrir hvert kílógramm.

Heimilt skal að endurgreiða hlutfallslega gjald vegna fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis ef skráning loftfars varir skemur en 12 mánuði.

Gjald fyrir útgáfu tímabundins lofthæfisskírteinis sem gilda skal skemur en 30 daga skal vera 3/12 af gjaldi fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis.

Nú er loftfar skráð erlendis fært á flugrekandaskírteini íslensks flugrekanda og skal þá greiða fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis eins og um fyrstu útgáfu þess sé að ræða.

13. gr.

Þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá.

Farsýslunni er heimilt að innheimta þjónustugjöld vegna:

1. útgáfu skírteina/korta og heimilda einstaklinga, breytinga, endurnýjunar og endurútgáfu, mats og vottunar á gögnum er fylgja umsókn; einnig skal heimilt að innheimta gjald fyrir tiltekin skírteini og heimildir á grundvelli tímagjalds,
2. útgáfu starfsleyfa, heimilda og skírteina/korta lögaðila, breytinga á leyfum og skírteinum, endurnýjunar og endurútgáfu heimilda, útgáfu skírteina og undanþágna slíkrar útgáfu, mats og vottunar á gögnum er fylgja umsókn fyrir hverja klukkustund sem matið tekur; einnig skal heimilt að innheimta gjald fyrir tiltekin starfsleyfi, skírteini, undanþágur og heimildir á grundvelli tímagjalds; heimilt skal að krefja umsækjanda um fyrirframgreiðslu vegna yfirferðar gagna og samskipta meðan á mats- og vottunarferli stendur og fyrir tímabundna innlögn skírteina skal greiða gjald,
3. skráningar, afskráningar og breytingar á eigenda- og umráðaskiptum loftfars, ökutækis, skips og vegna útgáfu skipsskjala,
4. skoðana á skipum og búnaði þeirra, eftirlits með viðgerðum og nýsmíði og breytinga þeirra,
5. skráningar og skoðunar köfunarbúnaðar og próftöku til köfunarréttinda,
6. flugverndar, siglingaverndar, staðfestingar áhættumats og verndaráætlunar og námskeiða fyrir hafnargæslumenn og verndarfulltrúa,
7. eftirlits með skráðum loftförum, skipum og sjálfvirkum tilkynningaskyldukerfum skipa,
8. eftirlits með handhafa heimilda, starfsleyfa og skírteina/korta útgefinna af Farsýslunni,
9. próftöku, hæfni- og akstursmats, þ.e. til framkvæmdar prófa, skriflegra og/eða verklegra, eða yfirferðar og eftirlits með próftöku og hæfni/akstursmati, mats og vottunar á gögnum er fylgja umsókn um námskeiðahald fyrir hverja klukkustund sem matið tekur,
10. skráningarmerkja og skoðunarmiða,
11. heimilda sem tengjast einstökum atburðum og afgreiðslum, svo sem flugsýningum, flugkeppnum, fallhlífarstökki, lágflugi, listflugi, flugeldasýningum, yfirflugi með takmarkað lofthæfisskírteini og yfirferð vátryggingaskilmála vegna loftferða,
12. ökunámsbóka,
13. samhæfingar eða samstarfs við erlend stjórnvöld í þágu eftirlitsskylds aðila, þ.m.t. vegna samningagerðar, yfirferðar samninga og framsals eftirlits, samkvæmt gjaldi á hverja unna klukkustund,

14. sölu á sérhæfðri þjónustu vegna lögmæltra verkefna á starfssviði stofnunarinnar, þ.m.t. sérstakrar þjónustu sem óskað er vegna vottunar, viðurkenningar, prófunar eða veitingar heimilda, samkvæmt gjaldi á hverja unna klukkustund,
15. útgáfu vottorðs til staðfestingar á lofthæfi skal greiða samkvæmt tímagjaldi, sbr. 2. mgr 14. gr.,
16. verkefna sem kveðið er á um í sérlögum sem gilda um starfsemi stofnunarinnar.

Við ákvörðun gjalda skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, framleiðslu, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskiptabúnaðar og tækja, stjórnunar- og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu í þágu samgangna auk ferða og uppihalds, útlagðs kostnaðar, svo sem við ferðir, uppihald og aðkeypta sérfræðiþjónustu í þágu eftirlitsskylds aðila. Fjárhæð gjalda tekur mið af þeim kostnaði sem almennt hlýst af eftirliti og þjónustu.

Gjaldskráin skal staðfest af ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Sé óskað eftir þjónustu utan hefðbundins skrifstofutíma skal greiða fyrir vinnu starfsmanns samkvæmt útseldum taxta með álagi samkvæmt gjaldskrá Farsýslunnar.

14. gr.
Tekjur.

Farsýslunni er heimilt að hafa tekjur af sérhæfðri þjónustu og verksamningum svo og af rannsóknarstarfsemi og þróunarverkefnum.

Gjaldtaka skv. 1. mgr. skal ákveðin í viðmiðunargjaldskrá sem Farsýslan setur.

Þann hluta starfsemi Farsýslunnar sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði skal skilja fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins og skal endurgjald taka mið af markaðsverði. Sala á þjónustu skal byggjast á samningum.

Ráðherra staðfestir gjaldskrá samkvæmt þessari grein.

15. gr.
Aðfararhæfi gjaldtöku.

Gjöld Farsýslunnar skv. 13. gr. eru aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.
Framsal eftirlits o.fl.

Farsýslan getur með samningi, að undangengnu samþykki ráðherra, falið öðrum stjórnvöldum, viðurkenndu flokkunarfélagi, skoðunarstofum eða öðrum aðilum einstaka þætti eftirlits samkvæmt lögum þessum.

Farsýslunni er heimilt, með samþykki ráðherra, að kaupa og fara með hlut ríkisins í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum. Jafnframt er stofnuninni heimilt að bjóða fram sérþekkingu á alþjóðamarkaði og afla tekna með útflutningi sérfræðiþekkingar sem hún býr yfir.

17. gr.
Þvingunarúrræði.

Heimilt er Farsýslunni að fella úr gildi og afturkalla því til staðfestingar leyfi, heimildir, viðurkenningar eða skírteini, sem veitt hafa verið, ef hún telur að viðkomandi aðili fullnægi ekki lengur skilyrðum sem kveðið er á um í leyfi, heimild, viðurkenningu eða skírteini eða

að hann hafi brotið í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglna sem um starfsemina eða réttindin gilda. Sama gildir ef aðili telst ófær um að sinna þeirri starfsemi sem leyfið, heimildin, viðurkenningin eða skírteinið nær til. Svipting og afturköllun geta verið bundin við tiltekna hluta leyfisins, heimildarinnar, viðurkenningarinnar eða skírteinisins.

Um þvingunarúrræði Farsýslunnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga sem stofnunin starfar eftir, svo og annarra laga eftir því sem við á.

18. gr.

Kæruheimild o.fl.

Ákvarðanir Farsýslunnar sæta kæru til ráðherra í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

Telji notandi samgönguþjónustu eða aðrir að leyfisskyldur aðili brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum sem stofnunin starfar eftir, reglum settum samkvæmt þeim eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í leyfi getur hlutaðeigandi beint kvörtun til stofnunarinnar sem skal láta málið til sín taka ef við á.

Starfsmenn Farsýslunnar mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þeir mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra.

19. gr.

Þagnarskylda og veiting upplýsinga.

Starfsmenn Farsýslunnar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki, að viðlagðri ábyrgð, skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, þar á meðal um rekstur eða viðskipti aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um sjálfstæða sérfræðinga þegar þeir starfa á vegum Farsýslunnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum eða verksamningi ljúki.

Farsýslunni er heimilt að safna saman, vinna úr og birta tölfræðilegar upplýsingar um samgöngumál og skulu þeir sem reka leyfisbundna starfsemi skyldir til að láta í té slíkar upplýsingar ef eftir er leitað.

Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja og eftirlitsaðilum á vegum viðurkenndra alþjóðasamtaka, sem Ísland er aðili að, upplýsingar sé það liður í samstarfi ríkja um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila og slík upplýsingagjöf er nauðsynleg til að unnt sé að framfylgja eftirlitinu.

20. gr.

Gildistaka og brottfallin lög.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2012.

Frá 1. janúar 2012 falla úr gildi lög nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands, og lög nr. 100/2006, um Flugmálastjórn Íslands. Einnig falla þá úr gildi ákvæði 111. til 115. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsmönnum stofnana sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir Farsýsluna samkvæmt lögum þessum og eru í starfi við gildistöku laga þessara skal boðið starf hjá hinni nýju stofnun. Um réttarvernd starfsmanna til starfa hjá Farsýslunni fer eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/

2002, eins og við á hverju sinni. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.

2. Þrátt fyrir 1. tölul. þessa ákvæðis verða störf forstöðumanna þeirra stofnana sem sameinast í Farsýsluna lögð niður þegar lög þessi koma til framkvæmda. Ráðherra er heimilt að taka ákvörðun um að flytja forstöðumann úr hópi núverandi forstöðumanna samgöngustofnananna í embætti forstjóra Farsýslunnar skv. 36. gr. laga nr. 70/1996. Þeim forstöðumönnum sem ekki hljóta áframhaldandi skipun skulu boðin störf í Farsýslunni eða Vegagerðinni.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á fót stofnun sem sinni stjórnsýslu og eftirliti á sviði samgöngumála. Myndun stofnunarinnar er hluti af heildarendurskoðun á skipulagi samgöngustofnana sem felur í sér að settar verði á fót tvær stofnanir, annars vegar Farsýslan og hins vegar Vegagerðin.

Stofnanirnar verða reistar á grunni núverandi samgöngustofnana, þ.e. Siglingastofnunar Íslands, Flugmálastjórnar Íslands, Umferðarstofu og Vegagerðarinnar. Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp um framkvæmdastofnun. Myndun stofnananna tveggja er samþætt verkefni og því eru almennar athugasemdir við þetta frumvarp að miklu leyti samhljóða almennum athugasemdum við frumvarp um framkvæmdastofnun.

Endurskipulagning samgöngustofnana á sér nokkurn aðdraganda. Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar „Samgönguframkvæmdir – Stjórnsýsluúttekt“ (Ríkisendurskoðun, júní 2008) eru settar fram tillögur um breytt stofnanakerfi samgöngumála þar sem lagt er til að settar verði á fót tvær stofnanir, þ.e. stjórnsýslustofnun og framkvæmdastofnun ásamt ríkisfyrirtæki á sviði rekstrar- og viðhalds.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði í janúar 2009 nefnd um framtíðarskipan stofnana samgöngumála. Nefndin skilaði skýrslu sinni „Framtíðarskipan stofnana samgöngumála. Greining og valkostir“ í lok júní 2009. Þar voru kynntir fimm valkostir um stofnanaskipan, auk tillagna og ábendinga um meiri samhæfingu í samgöngumálum, t.d. um að bæta verklag við undirbúning samgönguáætlunar og efla stefnumótunarhlutverk ráðuneytisins.

Að vel athuguðu máli og með hliðsjón af tillögum Ríkisendurskoðunar ákvað samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að hefja undirbúning að myndun tveggja stofnana í samræmi við einn valkosta nefndarinnar:

1. Stjórnsýslustofnunar með sameiningu Umferðarstofu, Flugmálastjórnar og stjórnsýsluverkefna Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar.
2. Framkvæmda- og rekstrarstofnunar með sameiningu framkvæmda- og rekstrarverkefna Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar.

Undirbúningur.

Skipaður var stýrihópur til að vinna nákvæma greiningu á kostum endurskipulagningarinnar og leggja fram tillögur um breytta stofnanaskipan samgöngumála. Hlutverk stýrihópsins var:

1. Stjórn verkefnisins, stefnumótun, áætlanir, tillögugerð til ráðherra og undirbúningur lagafrumvarps.
2. Tillögur til ráðherra um verkaskiptingu stofnana og mótun helstu hlutverka og viðfangsefna þeirra.
3. Mótun framtíðarsýnar, markmiða, áherslna og meginskipulags nýrra samgöngustofnana.

4. Skilgreining verkefna vinnuhópa, móttaka niðurstaðna og tillagna þeirra.
5. Athugun á mögulegu samstarfi við aðrar stofnanir og opinber hlutafélög, svo sem á sviði framkvæmda og viðhalds flugvalla og leiðsögukerfis hafsins.
6. Öflun frekari upplýsinga um skipan samgöngumála í öðrum löndum.
7. Samráð við hagsmunaaðila og samskiptaáætlun.

Í stýrihópnum áttu sæti Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri, formaður, Karl Alvarsson skrifstofustjóri, Ingilín Kristmannsdóttir skrifstofustjóri, Sigurður Örn Guðleifsson lögfræðingur, ritari stýrihópsins, og Ingvar Sverrisson, aðstoðarmaður ráðherra, öll frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Pétur K. Maack flugmálastjóri og Hlín Hólm, Flugmálastjórn Íslands, Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri og Stefán Pálsson, Siglingastofnun Íslands, Karl Ragnars forstjóri og Sædís Jónasdóttir, Umferðarstofu, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Aron Bjarnason og Ólöf Thorarensen, Vegagerðinni. Verkefnisstjóri var Sigurður H. Helgason ráðgjafi frá Stjórnháttum.

Í starfi stýrihópsins hefur verið lögð áhersla á samstarf og samráð við stofnanir og á að halda vel á starfsmannaþætti breytinga. Settur var upp innri vefur þar sem upplýsingar um verkefnið voru aðgengilegar öllum starfsmönnum.

Á vegum stýrihópsins hafa starfað sjö vinnuhópar skipaðir starfsmönnum stofnananna og ráðuneytisins sem vinna að greiningu og útfærslu einstakra þátta. Viðfangsefni hópanna voru:

1. Verkefni, verklag og verkferlar. Hópurinn setti fram tillögur um skiptingu verkefna núverandi stofnana milli nýrra stofnana. Þá vann hann greiningu á öllum helstu verkferlum núverandi stofnana og lagði mat á mögulega samþættingu þeirra miðað við nýja stofnanaskipan.
2. Starfsmannamál, þ.m.t. virkt upplýsingastreymi til starfsmanna. Hópurinn greindi meðal annars starfsmannahópinn og lagði mat á mögulega fækkun starfsmanna á næstu árum vegna starfsmannaveltu. Þá lagði hann fram greiningu og samanburð á mannauðs- og launastefnu.
3. Fjármál og fjármögnun. Hópurinn greindi fjármál núverandi stofnana og fjallaði um gjaldtöku. Hópurinn vann nákvæma greiningu á fjármálum, meðal annars með tilliti til skiptingar framlaga og tekna milli nýrra stofnana.
4. Upplýsingatækni. Hópurinn lagði fram lýsingu og mat á fyrirkomulagi upplýsingatæknimála og upplýsingakerfa og lagði fram tillögur í því efni.
5. Árangurs- og gæðastjórnun. Hópurinn lagði fram lýsingu og mat á fyrirkomulagi árangurs- og gæðastjórnunar og lagði fram tillögur í því efni.
6. Húsnæðismál. Hópurinn greindi núverandi húsnæði og undirbjó þarfagreiningu vegna nýrra stofnana.
7. Þróun, rannsóknir og tækifæri. Hópurinn kortlagði núverandi starfsemi og fjallaði um ýmsar hugmyndir að framtíðarfyrirkomulagi.

Stýrihópurinn mun áfram vinna að undirbúningi sameiningar. Við gildistöku laganna er ætlunin að fyrir liggi endanleg samrunaáætlun sem taki m.a. til starfsmannamála, fjármála og húsnæðismála. Stefnt er að því að sameina sem fyrst höfuðstöðvar hvorrar stofnunar fyrir sig í húsnæði, enda er slíkt forsenda þess að áform um hagræðingu nái fram að ganga.

Markmið.

Markmiðin með endurskipulagningu samgöngustofnana eru að:

1. Auka faglegan styrk.

2. Skýra verkaskiptingu, bæta þjónustu og árangur.
3. Efla, einfalda og auka gagnsæi stjórnsýslunnar.
4. Tryggja markvissara samráð við hagsmunaaðila.
5. Efla samgönguáætlun og tryggja markvissa framkvæmd hennar.
6. Auka hagkvæmni og bæta nýtingu þeirra fjármuna sem fara til samgöngumála.
7. Samþætta þróun og rannsóknir á sviði samgöngumála.

Rök fyrir endurskipulagningu.

Með sameiginlegri samgönguáætlun allra samgöngugreina var mótuð ný sameiginleg framtíðarsýn þar sem litið er á samgöngugreinarnar sem eina heild með sameiginleg markmið. Þar er mörkuð stefna um sameiginlega áætlanagerð og stefnumótun fyrir allar greinar samgangna, samræmda forgangsröðun, hagkvæmari notkun fjármagns og mannafla. Þar er jafnframt horft til þriggja meginviðfangsefna: (1) samgöngukerfisins, (2) stjórnsýslu og eftirlits og (3) starfsemi sem nýtir samgöngukerfið. Samgönguáætlun hefur náð fram að ganga en samgöngustofnanirnar og skipulag þeirra endurspegla enn fyrra umhverfi. Mikilvægt er að samgöngustofnanir þjóni nýjum markmiðum og nýrri hugsun.

Skipulag samgöngumála í Evrópu og víða annars staðar hefur einkennst af aukinni aðgreiningu þriggja meginhlutverka samgöngukerfisins í:

1. Regluvæðingu (Regulation) sem felur í sér stýringu á athöfnun einstaklinga og lögaðila með því að framfylgja reglum og tryggja þannig öryggi, heilsu, umhverfi og rekstrarskilyrði fyrirtækja.
2. Innviði (Infrastructure) sem felur í sér skipulag, uppbyggingu, viðhald og rekstur samgöngumannvirkja, svo sem vega, járnbrautakerfis, hafna, flugvalla, ásamt tilheyrandi stýri-, eftirlits-, og leiðsögukerfum.
3. Starfsemi (Operations) sem felur í sér rekstur og notkun farartækja og tilheyrandi þjónustu.

Þessi þróun hefur þegar haft umtalsverð áhrif hér á landi og var ein meginástæða fyrir því að hluti verkefna Flugmálastjórnar var færður til Flugstoða ohf. Sterk rök eru fyrir því að skipulag samgöngumála lúti framangreindum aðskilnaði hlutverka og má vænta þess að kröfur um aðskilnað muni aukast á næstu árum. Íslensk stjórnsýsla hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Ríkar kröfur eru um öfluga, gagnsæja, óháða og sterka en einfalda stjórnsýslu. Í samgöngumálum er talið að óháð stjórnsýsla eigi ekki samleið með framkvæmdum og rekstri samgöngukerfisins.

Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að gera þurfi umtalsverðar umbætur og breytingar á stjórnkerfinu til að nýta takmarkaða fjármuni eins vel og unnt er en jafnframt með það að markmiði að stjórnsýsla og þjónusta hins opinbera við almenning og atvinnulíf verði eins góð og kostur er. Verulegum hluta af lækkun ríkisútgjalda á næsta ári verður að ná með aukinni hagræðingu í rekstri ríkisins, svo sem með endurskipulagningu stofnanakerfisins og opinberrar þjónustu.

Ávinningur af endurskipulagningu samgöngustofnana.

Endurskipulagning samgöngustofnana getur bæði falið í sér faglegan ávinning og rekstrarlega hagræðingu.

Faglegur ávinningur liggur einkum í bættum möguleikum stofnana til að sinna hlutverki sínu í samfélaginu og bregðast við breyttum kröfum til starfsemi þeirra. Aðgreining stjórnsýslu frá framkvæmdum og rekstri mætir innlendum og erlendum kröfum um faglega og hlut-

lausa stjórnsýslu og tryggir að sambærilegar kröfur séu gerðar til framkvæmda og rekstrar mannvirkja og annarra þátta samgöngumála. Aukin samþætting þvert á samgöngugreinar endurspeglar heildstæða samgönguáætlun og leggur áherslu á hagkvæmni og virkni samgöngukerfisins fremur en þær leiðir sem bundnar eru einstökum samgöngugreinum. Sérhæfing stofnana gefur færi á að efla vinnubrögð, fagmennsku og árangur t.d. á sviði stjórnsýslu og framkvæmda.

Hagræðing samfara endurskipulagningu bætir möguleika stofnana til að taka á sig lækkun útgjalda án skerðingar þjónustustigs. Reynslan sýnir að stórar stofnanir hafa yfirleitt hlutfallslega lægri kostnað vegna rekstrar, þjónustu og yfirstjórnar en litlar stofnanir. Greining á verkferlum samgöngustofnana sýnir að þeir eru í mörgum tilfellum sambærilegir milli stofnana og að samþætta megi ýmsa þætti í starfsemi núverandi stofnana í nýjum stofnunum. Starfsemi utan kjarnaviðfangsefna tekur oft mikla athygli frá meginhlutverki og því stuðlar einfalt og skýrt hlutverk að markvissari stjórnun og starfsemi.

Hagræðing í rekstri er ekki einungis fjárhagsleg spurning, heldur snýst hún einnig um pólitískar ákvarðanir um fjárhagslegan ramma stofnunar og með hvaða hætti yfirstjórn stofnunar starfar innan þess ramma. Útreikningar um hagræðingu geta leitt líkur að því hvaða rekstrarlegir og fjárhagslegir möguleikar eru fyrir hendi en hin eiginlega hagræðing byggist á skýrum pólitískum skilaboðum til stofnana ásamt vilja og eftirfylgd stjórnenda þeirra.

Hagræðingarmöguleikar samgöngustofnananna tveggja eru talsvert ólíkir. Við myndun Farsýslunnar er verið að sameina tvær heilar stofnanir auk hluta úr tveimur öðrum og má gróflega segja að þetta samsvari sameiningu þriggja stofnana. Við myndun Vegagerðarinnar er verið að sameina hluta úr tveimur stofnunum. Stærðarmunur núverandi Vegagerðar og væntanlegrar Vegagerðar er hlutfallslega lítill eða um 6%.

Möguleikar á hagræðingu við myndun Farsýslunnar voru metnir með tveimur aðferðum, í fyrsta lagi á grundvelli mats á samþættingarmöguleikum ólíkra verkferla og í öðru lagi með samanburði á kostnaði vegna yfirstjórnar og stoðþjónustu stærri stofnana. Við mat á mögulegri hagræðingu vegna verkferla voru notaðar eftirfarandi forsendur:

1. Verkferlar sem eru samþættanlegir frá upphafi 100% hagræðing.
2. Verferlar sem eru samþættanlegir eftir eitt ár 25% hagræðing.
3. Verkferlar sem eru hugsanlega samþættanlegir og þá að hluta 5% hagræðing.

Miðað við greiningu á samþættingarmöguleikum gefa þessar forsendur möguleika á 14% hagræðingu.

Samanburður á hlutfalli stjórnenda og starfsmanna stoðdeilda þeirra stofnana sem mynda Farsýsluna og stærri stofnana (með um 150 starfsmenn eða fleiri) bendir til þess að tækifæri séu til að lækka yfirstjórnarkostnað um allt að 50% eða sem samsvarar rúmum 11% af heildarrekstrarkostnaði. Þó að stofnanir séu aldrei algerlega samanburðarhæfar verður að hafa í huga að í þessu mati eru ótaldir hagræðingarmöguleikar í faglegri starfsemi stofnananna.

Þó að ávallt sé álitaefni hvaða forsendur skuli notaðar við mat á mögulegri hagræðingu, bendir framangreind greining til þess að ekki sé óvarlegt að áætla að möguleikar á beinni innri hagræðingu við myndun Farsýslunnar séu a.m.k. 10–15% af rekstrargjöldum.

Hagræðingarmöguleikar Vegagerðarinnar eru af talsvert öðrum toga en Farsýslunnar. Endurskipulagningin felur í sér óverulega stækkun og hagræðing í stoðþjónustu og yfirstjórn því mun minni en í tilfelli Farsýslunnar. Möguleikar á faglegri samlegð eru hins vegar fyrir hendi sem m.a. kemur fram í því að nær engir verkferlar eru fyrir fram taldir ósamþættanlegir. Stór stofnun sem hefur trausta innviði og markvissa stjórnun getur oft bætt við sig

verkefnum án þess að kostnaður aukist að ráði. Í þessu felst að jaðarkostnaður vegna viðbótarverkefna er takmarkaður. Auk þess felur sameining í sér tækifæri til að endurmeta og bæta starfsemina. Þegar horft er til þessara atriða má áætla að myndun Vegagerðarinnar feli í sér hagræðingarmöguleika sem geta numið a.m.k. 10% af rekstrargjöldum.

Þörf fyrir hagræðingu á næstu árum.

Samkvæmt áætlunum um þróun ríkisfjármála er þörf á verulegri lækkun ríkisútgjalda árin 2010–2013. Samgöngustofnanir falla undir þann flokk stofnana sem þurfa að sæta mestri lækkun fjárveitinga. Þó að ekki sé hægt að fullyrða um hlutfallslega lækkun má gera ráð fyrir að hún geti numið allt að 10% á ári. Miðað við þessar forsendur má gera ráð fyrir því að fjárveitingar geti lækkað um þriðjung á fjögurra ára tímabili. Þó að tækifæri kunni að vera til aukinnar tekjuöflunar, eru möguleikar til að leggja auknar álögur á atvinnulífið takmarkaðir.

Ljóst er að gerðar verða kröfur um lækkun útgjalda samgöngustofnana hvert sem skipulag þeirra verður. Það er því ekki spurning hvort útgjöld lækka heldur hverjar verði afleiðingar slíkrar lækkunar. Ýmsar aðgerðir eru mögulegar til að lækka útgjöld. Sumar þeirra er hægt að framkvæma skjótt og án verulegs sársauka. Aðrar taka lengri tíma og geta bitnað á starfseminni og hag starfsmanna. Endurskipulagning samgöngustofnana hefur ekki síst að markmiði að hægt verði í lengstu lög að forðast sársaukamestu aðgerðir til útgjaldalækkunar.

Lækkun útgjalda getur byggst á hagræðingu eða niðurskurði. Við hagræðingu eru aðgerðir sem hægt er að framkvæma tiltölulega skjótt. Hins vegar sýnir reynslan að samhengi er milli umfangs og væntanlegs árangurs hagræðingaraðgerða. Með öðrum orðum er ekki hægt að vænta mikillar hagræðingar af aðgerðum sem fela aðeins í sér takmarkaðar breytingar. Stærri breytingar eins og sameining stofnana skapa mun meiri tækifæri til hagræðingar.

Ef ekki er gripið til hagræðingar hlýtur niðurstaða útgjaldalækkunar að vera niðurskurður þjónustunnar. Þó að fyrstu skref í niðurskurði geti verið tiltölulega sársaukalítil fela þau viðameiri í sér verulega skerðingu á hagsmunum notenda þjónustu.

Við mat á hagræðingu verður að taka tillit til þess að oft felur sameining eða endurskipulagning stofnana í sér kostnað, til dæmis vegna sameiningar húsnæðis, flutninga, samræmingar tækjakosts, þjálfunar starfsfólks, starfsloka og ráðgjafar. Líta má á þennan kostnað sem fjárfestingarkostnað til að ná fram hagræðingu. Hafa verður í huga að þegar lagt er í kostnað vegna sameiningar er það ávallt gert með hliðsjón af væntanlegum ávinningi. Við erfiða fjárhagsstöðu verður oft að dreifa þessum kostnaði á lengri tíma en ella. Til lengri tíma getur ónóg fjárfesting í upphafi dregið úr hagkvæmni endurskipulagningar. Einnig tekur nokkurn tíma að fá nýjar stofnanir til að virka sem eina heild. Því má vænta þess að bein hagræðing skili sér ekki að fullu fyrr en á öðru og þriðja ári frá sameiningu.

Þegar meta á hagræði samfélagsins af einfaldara stofnanakerfi er ekki nægilegt að líta eingöngu til beinnar hagræðingar vegna rekstrarlegrar samlegðar, þ.e. vegna fækkunar stjórnenda, endurskipulagningar ýmiss konar stoðþjónustu, samþættingar verkferla, hagkvæmari innkaupa, minni húsnæðiskostnaðar o.s.frv. Þegar vel tekst til getur þekking sem skiptist milli margra stofnana skapað margvísleg tækifæri þegar hún er sameinuð hjá einni stofnun. Fækkun stofnana getur ein og sér skilað hagræði vegna einföldunar á stjórnsýslu, bættrar samhæfingar og markvissari þjónustu við notendur. Loks er ótalið að öflugri stofnanir geta haft jákvæð áhrif á efnahagslífið. Nægir að nefna í þessu sambandi að jafnvel mjög litlar breytingar á virkni samgöngukerfisins geta skilað umtalsverðum þjóðhagslegum ávinningi.

Helstu ákvæði frumvarpsins.

Farsýslan mun annast framkvæmd fjölmargra laga og þar er að finna flest þau lagafyrirmæli sem hún starfar eftir. Að stofni til lýsir frumvarpið markmiðum, hlutverkum og heimildum Farsýslunnar. Tilgangurinn er meðal annars að verkaskipting milli hennar og Vegagerðarinnar sé skýr. Þá hefur verið leitast við að taka inn í frumvarpið þá þætti úr löggjöf um núverandi stofnanir sem best hafa reynst.

Í ákvæðum til bráðabirgða er fjallað um málefni starfsmanna. Öllum starfsmönnum stofnananna fjögurra, að frátöldum forstöðumönnum, verður boðið starf hjá nýjum stofnunum. Þá er gert ráð fyrir að forstöðumenn nýrra stofnana verið skipaðir þegar lögin öðlast gildi og vinni að undirbúningi stofnsetningar nýrra stofnana fram til 1. janúar 2012 en þá er gert ráð fyrir að stofnanirnar taki formlega til starfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt svo fyrir að Farsýslan skuli vera sérstök stofnun sem heyri undir yfirstjórn innanríkisráðherra og fari með stjórnsýslu á sviði samgöngumála eins og nánar er talið upp í 2. mgr. greinarinnar.

Markmiðið með starfsemi stofnunarinnar er að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Með markmiði um sjálfbærar samgöngur er átt við eflingu almenningssamgangna og annarra vistvænna samgöngumáta, auk þess sem dregið verði úr losun koltvísýrings frá samgöngum og annarra efna sem skaðleg áhrif hafa á umhverfið. Samgöngur í skilningi ákvæðisins taka bæði til samgöngumannvirkja og samgöngutækja, þ.e. ökutækja, skipa og loftfara.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að forstjóri stofnunarinnar sé skipaður til fimm ára í senn og að hann beri ábyrgð á og fari með stjórn stofnunarinnar, ásamt því að móta starf hennar. Í því sambandi er gert ráð fyrir að hann ráði starfsfólk til stofnunarinnar.

Mikilvægt er að skipurit stofnunarinnar taki mið af þeim kröfum á alþjóðavettvangi sem gerðar eru til ýmissa verkefna og verkferla við úrlausn þeirra á starfssviði stofnunarinnar. Til að tryggja það er lagt til að ráðherra staðfesti skipurit stofnunarinnar.

Fyrirmynd 4. mgr. er sótt í 11. gr laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006. Skýrslur Flugmálastjórnar Íslands hafa gefið góða mynd af starfi stofnunarinnar og rétt að hin nýja stofnun tileinki sér einnig þau vinnubrögð og vinni árlega skýrslu um starfsemi sína sem gefi raunsanna mynd af því starfi sem stofnuninni er að lögum falið að sinna.

Um 3. gr.

Með ákvæðinu eru felld niður ákvæði gildandi laga um hafnaráð og siglingaráð skv. 4. og 6. gr. laga um Siglingastofnun Íslands, nr. 6 frá 1996, sem og flugráð skv. 3. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006. Eftir sem áður er það grundvallaratriði að stofnunin hafi traust samráð og samvinnu við stofnanir, hagsmunaaðila og almenning um þau verkefni sem henni eru falin. Um það fjallar 1. mgr. greinarinnar. Er gert ráð fyrir að stofnunin hafi rúmar heimildir til að haga þessu samráði eftir því sem best þykir henta, t.d. með starfandi faghópum sem fylgjast með og fjalla um þróun mála á tilteknum sviðum, í þeim tilgangi að opna fyrir betri aðkomu þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í einstökum málaflokkum.

Í stað þess fyrirkomulags sem nú er, með lögbundnum ráðum á einstökum starfssviðum, er lagt til í 2. mgr. að ráðherra geti skipað fagráð eins og þörf krefur hverju sinni eða skipulagt samráð um ýmis sérmál og tæknileg úrlausnarefni.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Í 2. og 3. mgr. er mælt svo fyrir að stofnunin ákvarði annars vegar tæknilegar reglur um gerð og búnað ökutækja, skipa og loftfara og hins vegar öryggiskröfur til samgöngumannvirkja. Með öryggiskröfum vegamannvirkja er vísað til Evrópureglugerða og tilskipana, ISO staðla og annarra alþjóðlegra krafna sem gilda í öðrum löndum og íslensk stjórnvöld ákveða að beita hér á landi. Er mikilvægt að mótun og setning slíkra tæknilegra reglna og krafna sé unnin hjá stofnuninni þar sem sérfræðiþekkingu um málefni samgöngutækja og öryggi samgöngumannvirkja er að finna. Slíkar reglur og kröfur skal birta svo að þeir sem fara eiga eftir þeim séu upplýstir um hvaða þeim ber að fara eftir. Þá er mælt fyrir um að stofnunin ákvarði skipulag umferðar- og leiðsögukerfa á öllum sviðum samgangna.

Farsýslunni er ætlað að taka þátt í gerð samgönguáætlunar í samræmi við ákvæði sérlaga sem um þær áætlanir gilda.

Lagt er til að eitt af verkefnum stofnunarinnar verði fræðsla og upplýsingamiðlun um samgöngumál, þar á meðal samgönguöryggi. Stór þáttur í að tryggja öruggar samgöngur er fræðsla og upplýsingamiðlun fyrir almenning sem og aðra sem nýta sér samgöngur með einum eða öðrum hætti. Nú er mikið starf unnið á þessu sviði hjá þeim stofnunum sem verða hluti af Farsýslunni. Mikilvægt er að sérstaklega sé í lögunum getið um þetta verkefni stofnunarinnar.

Þær stofnanir sem verða hluti af Farsýslunni reka nú ýmis tölvu- og upplýsingakerfi önnur en þau almennu upplýsingakerfi sem stofnanir reka eins og skjalastjórnunarkerfi. Lagt er til að slíkur rekstur verður áfram hluti af verkefnum Farsýslunnar. Má þar nefna ökutækjaskrá og skipaskrá.

Um 5. gr.

Í dag eru framkvæmdir á sviði vegamála og hafnamála annars vegar á hendi Vegagerðarinnar og hafnaframkvæmdir eru hins vegar verkefni Siglingastofnunar Íslands. Gagnrýnt hefur verið að enginn óháður aðili fari með eftirlit með því að vega- eða hafnaframkvæmdir uppfylli settar kröfur. Þessu má m.a. finna stað í skýrslu nefndar á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá júní 2009 um framtíðarskipan stofnana samgöngumála. Til að bregðast við þessu er lagt til að Farsýslunni sé falið eftirlit með framfylgd krafna um annars vegar öryggi samgöngumannvirkja og hins vegar öryggistjórnun við rekstur þeirra. Þá er lagt til í 2. mgr. að stofnunin annist úttekt á öryggisatriðum samgöngumannvirkja sem framkvæmdastofnun á sviði samgöngumála hefur byggt. Felst í slíkri lokaúttekt skoðun á því hvort kröfum, sem stofnunin hefur mælt fyrir um skv. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins, hafi verið fylgt við uppbyggingu viðkomandi samgöngumannvirkis. Það er nýmæli að óháð stofnun framkvæmi slíka úttekt, sem felst til dæmis í því að gera reglubundnar úttektir á vegakerfinu, þar sem gátlistar eru notaðir við að dæma útfærslur sem flestra öryggisþátta, eins og hvernig staðlar eru uppfylltir, umhverfi vega, fláa, yfirborðsmerkingar, vegrið og þess háttar.

Um 6. gr.

Ákvæðið sækir uppruna sinn í 5. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006. Í greininni er fjallað almennt um eftirlitsheimildir Farsýslunnar en ákvæðinu er ekki ætlað að raska sértækum heimildum sem stofnuninni eru veittar í öðrum lögum. Hér er kveðið almennt á um eftirlitsskyldu stofnunarinnar en eftirlit hennar lýtur að því að fylgjast með því að eftirlitsskyld starfsemi sé á hverjum tíma í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda. Þá er tekið fram að stofnuninni sé í þeim tilgangi heimilt að kanna rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir og að stofnuninni sé við það eftirlit heimilaður aðgangur að starfsstöðvum, ökutækjum, loftförum, skipum og öðru samgöngutækjum, sem og búnaði þeirra og farmi og sé heimilt að framkvæma hvers konar vettvangsathuganir, úttektir og skoðanir. Þá er kveðið á um skyldu eftirlitsskyldra aðila til að veita upplýsingar um starfsemina og aðgang að gögnum sem nauðsynleg eru til að unnt sé að sinna eftirlitinu auk þess sem þeir verða að geta sýnt fram á að þeir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til leyfisveitingarinnar hverju sinni. Þá er kveðið á um það í greininni að stofnuninni sé heimilt að leita aðstoðar lögreglu við framkvæmd eftirlits og krefja önnur stjórnvöld, óháð þagnarskyldu þeirra, um upplýsingar varðandi leyfisskylda aðila eða starfsemi þeirra, ef slíkt er nauðsynlegt til að sinna lögbundnu eftirliti.

Um 7. gr.

Ákvæðið sækir uppruna sinn að hluta til 112. gr. umferðarlaga, nr. 50 frá 1987, þar sem kveðið er á um verkefni sem Umferðarstofa sinnir lögum samkvæmt á sviði leyfisveitinga og eftirlits. Samkvæmt frumvarpinu mun Farsýslan annast þetta eftirlit auk annars eftirlits sem nú er á hendi Vegagerðarinnar. Einnig er kveðið á um verkefni á sviði leyfisveitinga og eftirlits sem sem ekki er að finna í gildandi lögum um þessar stofnanir.

Í umferðarlögum er ráðherra heimilað að setja reglur um sérstök svæði sem notuð verði til æfingaaksturs án löggilts ökukennara. Í frumvarpi til nýrra umferðarlaga, sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi, þingmál 553, er ráðherra heimilað að setja reglur um notkun ökugerða til kennsluaksturs án ökukennara. Lagt er til stofnuninni verði falið það verkefni að veita leyfi og sinna eftirliti með starfrækslu ökugerða. Um er að ræða verkefni sem fellur vel að því að öðrum leyfisveitingum og eftirliti sem stofnuninni er ætlað að sinna.

Vegagerðin sinnir eftirliti með stærð og þyngd ökutækja, hleðslu og frágangi farms og aksturs- og hvíldartíma ökumanna samkvæmt nánari ákvæðum þar um. Er lagt til að Farsýslunni verði falin þessi verkefni.

Vegagerðin hefur haft það hlutverk að annast útgáfu sérleyfa og gerð þjónustusamninga um almenningssamgöngur sem styrktar eru af ríkinu. Heimildir til eftirlits með framkvæmd almenningssamgangna hafa hins vegar ekki verið skýrar. Til að bæta úr því er lagt til að Farsýslan taki að sér það eftirlit með öðrum eftirlitsverkefnum.

Vegagerðinni hefur á grundvelli sérstakrar heimildar í lögum um olíugjald og kílómetragjald o.fl. nr. 87/2004 verið falið eftirlit með notkun litaðrar olíu á ökutæki, notkun ökurita og skráningu aksturs vegna álagningar sérstaks kílómetragjalds. Gert er ráð fyrir að Farsýslunni kunni einnig að verða falið að sinna síðastnefndu eftirliti enda á það samleið með öðrum eftirlitsverkefnum. Forræði á því að fela stofnuninni það eftirlit yrði hins vegar áfram hjá skattayfirvöldum en rétt þykir að gera ráð fyrir því að heimilt sé að fela stofnuninni þetta eftirlit.

Um 8. gr.

Ákvæðið sækir uppruna sinn í 4. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006, og er hvorki ætlað að auka við né fækka verkefnum sem Flugmálastjórn Íslands sinnir lögum samkvæmt og lagt er til að Farsýslan taki yfir. Í 7. tölul. eru lögð til nýmæli sem tengjast neytendavernd og bætt hefur verið við vegna aukinna verkefna sem snerta hagsmuni almennings. Farsýslan skal gæta hagsmuna almennings með því að stuðla að vernd neytenda gagnvart flugrekendum og öðrum leyfisskyldum aðilum, svo og aðilum sem selja flugferðir til og frá Íslandi með erlendum flugrekendum, stuðla að birtingu greinargóðra upplýsinga fyrir notendur og að krefjast þess að gjaldskrár og skilmálar fyrir notkun flugsamgangna séu gagnsæ og tryggja réttindi fatlaðra og hreyfihamlaðra sem ferðast með flugi.

Ákvæði 6. mgr. sækir uppruna sinn í 2. mgr. 7. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006, og er ætlað að tryggja að trúnaðar sé gætt um gögn og aðrar upplýsingar sem aflað er í eftirliti með flugstarfsemi sem og gögn sem rekstrarleyfishafar afhenda stofnuninni og varða rekstrarleyfi þeirra.

Um 9. gr.

Ákvæðið sækir uppruna sinn í 3. gr. laga um Siglingastofnun Íslands, nr. 6 frá 1996. Í ákvæðinu eru talin upp þau stjórnsýsluverkefni sem Siglingastofnun Íslands sinnir og Farsýslunni er ætlað að sinna á sviði samgangna á sjó.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það mikilvæga hlutverk Farsýslunnar að sinna rannsóknum, greiningu og þróun á starfssviði sínu. Falla þar undir bæði einstök rannsóknarverkefni sem stofnunin sinnir sjálf sem og þátttaka í verkefnum með öðrum aðilum sem stunda rannsóknir, greiningu og þróun á sama sviði.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til setningar reglugerða um hlutverk stofnunarinnar á sviði rannsókna, greiningar og þróunar.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er að finna skattlagningarheimild vegna sérstaks umferðaröryggisgjalds og í 2. mgr. sömu greinar er skattlagningarheimild vegna útgáfu lofthæfisskírteinis. Vegna fyrstu útgáfu lofthæfisskírteina er farin sú leið að ákvarða fast gjald eftir þyngd loftfarsins og hafa upphæðir verið uppfærðar skv. þeirri hækkun sem orðið hefur á gjaldskrá Flugmálastjórnar frá því núgildandi gjaldaheimild var sett. Þar sem vottunarvinna við útgáfu fyrsta lofthæfisskírteinis er óháð því hversu lengi loftfar er á skrá er ekki rökrétt að endurgreiða alla þá vottunarvinnu ef loftfar er afskráð innan árs frá skráningu. Er því talið rétt að koma til móts við umráðendur loftfars og heimila endurgreiðslu að hluta til og skal það nánar útfært í gjaldskrá. Þá er kveðið á um að gjald vegna tímabundins lofthæfisskírteinis sem gilda skuli skemur en 30 daga sé 3/12 af gjaldi fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis. Er hér um að ræða tímabundna framlengingu lofthæfisskírteinis og ferjuheimildir („permit to fly“) sem hefur takmarkaðan gildistíma og er háð tilteknum skilyrðum vegna m.a. lofthæfis og reksturs loftfarsins. Gert er ráð fyrir gjaldi vegna útgáfu vottorðs á staðfestingu lofthæfis („Airworthiness

Review Certificate“). Vegna vinnu við útgáfu vottorðsins er kveðið á um greiðslu tímagjalds, sbr. 2. mgr.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er lögfest heimild Farsýslunnar til innheimtu þjónustugjalda í sextán liðum. Að meginstefnu er í ákvæðinu miðað við innheimtu þjónustugjalda þar sem endurgjaldið er sérgreint. Flest þeirra gjalda sem upp eru talin í 1. mgr. eiga sér fyrirmynd í núgildandi lögum og gjaldskrám.

Vegna útgáfu starfsleyfa, skírteina/korta, heimilda, eftirlits og vottunar skv. 1. og 2. tölul. í 1. mgr. ákvæðisins er miðað við tímagjald sem grundvallast á fyrirframákvörðuðum kostnaðarliðum sem greindir eru í 2. mgr. ákvæðisins. Jafnframt geymir ákvæðið heimild til að innheimta fast gjald fyrir tiltekin skírteini og heimildir á grundvelli tímagjalds. Er þá miðað við einfalda afgreiðslu sem ekki krefst mikillar yfirlegu af hálfu starfsmanna. Miðað er við meðaltalstíma í afgreiðslu þar sem fast gjald er ákvarðað.

Er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu til yfirferðar gagna og samskipta meðan á mats- og vottunarferli stendur. Þar sem slík vinna er oft og tíðum mjög tímafrek og kann að dreifast yfir langt tímabil, án þess að tryggt sé að umsækjandi muni ljúka umsóknarferli, er talið nauðsynlegt að slík heimild sé fyrir hendi.

Í 3. tölul. er miðað við gjald sem byggist á tímagjaldi, sbr. 2. mgr. ákvæðisins, við skráningu, afskráningu og breytingar á skráningu loftfars, ökutækis, skips og útgáfu skipsskjala.

Í 4. tölul. er átt við gjaldtöku við skoðanir á skipum og búnaði, eftirlit með viðgerðum og nýsmíði og breytingar þeirra sem getið er um í lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, og lögum um skipamælingar, nr. 146/2002.

Í 5. tölul. er átt við gjaldtöku við skráningu og skoðun köfunarbúnaðar og einnig próftöku til köfunarréttinda samkvæmt lögum um köfun, nr. 31/1996.

Í 6. tölul. er átt við gjaldtöku vegna siglingaverndar, staðfestingar áhættumats og verndaráætlunar og námskeiðs fyrir hafnargæslumenn og verndarfulltrúa samkvæmt lögum um siglingavernd, nr. 50/2004.

Í 7. og 8. tölul. er heimild til gjaldtöku fyrir árlegt eftirlit með þeim fjölmörgu aðilum sem sæta eftirliti stofnunarinnar. Ekki eru taldar upp allar tegundir starfsleyfa heldur gert ráð fyrir árgjaldi með öllum starfsleyfum sem heyra undir stofnunina. Þar sem eftirlitið með einstökum aðilum er misyfirgripsmikið er hér miðað við tímagjald vegna árlegs eftirlits, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Í 9. tölul. er heimild til gjaldtöku fyrir verkleg og bókleg próf sem og hæfnismat sem ýmist eru haldin af Farsýslunni eða öðrum aðilum, sem og yfirferð og eftirlit með slíkri próftöku og mati. Er gjaldi samkvæmt þessum lið ætlað að mæta kostnaði vegna prófdómara, verklegra prófa og eftirlitsmanna í flughermi hérlendis og erlendis og námskrár- og prófagerðar.

Í 10. tölul. er heimild til gjaldtöku fyrir skráningarmerki og skoðunarmiða samkvæmt gjaldi á hverja klukkustund, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Í 11. tölul. er Farsýslunni falið að annast útgáfu margs konar heimilda sem tengjast einstökum atburðum og afgreiðslum svo sem talið er upp í dæmaskyni. Almennt er við það miðað að fyrir þjónustu stofnunarinnar skuli greitt tímagjald vegna afgreiðslu á slíkum heimildum í samræmi við 2. mgr. ákvæðisins.

Í 12. tölul. er gjaldtökuheimild vegna kostnaðar sem hlýst af gerð ökunámsbóka.

Í 13. tölul. er gjaldtökuheimild vegna samhæfingar og samstarfs við erlend stjórnvöld í

þágu eftirlitsskylds aðila, svo sem vegna samningagerðar og framsals á eftirliti. Hér getur til að mynda verið átt við flugrekanda sem hyggst þurrleigja loftfar á flugrekandaskírteini sitt frá öðrum erlendum flugrekanda. Í slíkum tilvikum er samið um flugöryggiseftirlit með viðkomandi loftfari milli hlutaðeigandi flugmálastjórna, auk þess sem iðulega bætast við fullgildingar skírteina innlendra og erlendra flugliða eftir atvikum. Eðlilegt má telja að viðkomandi flugrekandi beri þann kostnað sem af slíkri samningagerð og eftirliti hlýst.

Í 14. tölul. er gjaldaheimild vegna annarrar sérstakrar þjónustu sem óskað er af eftirlitsskyldum aðila, svo sem veitingar heimilda, vottunar eða viðurkenningar, sem ekki fellur undir aðra liði 1. mgr., og er ákvörðuð samkvæmt föstu gjaldi á hverja klukkustund, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Í 15. tölul. er gjaldtökuheimild fyrir útgáfu vottorðs til staðfestingar á lofthæfi.

Í 16. tölul. er gjaldaheimild vegna gjalda sem kveðið er á um í sérlögum sem um stofnunina gilda. Til sérlaga skv. 16. tölul. teljast lög um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, lög um skráningu skipa, nr. 115/1985, lög um skipamælingar, nr. 146/2002, lög um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, lög um köfun, nr. 31/1996, lög um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, lög um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, lög um siglingavernd, nr. 50/2004, hafnalög, nr. 61/2003, lög um íslenska alþjóðlega skipaskrá, nr. 38/2007, lög um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, lög um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, og lög um leigubifreiðar, nr. 134/2001.

Í álitum umboðsmanns Alþingis hefur alloft verið bent á óskýrleika gjaldtökuheimilda, m.a. að óljóst sé hvaða kostnaðarliðum viðkomandi gjaldi sé ætlað að standa undir. Ákvæði 2. mgr. tilgreinir því þann kostnað sem ætlað er að standa undir með gjöldunum skv. 1. mgr. Með því eru skýrlega afmarkaðir þeir kostnaðarliðir sem staðið geta til útreiknings þeirra gjaldaliða sem heimilt er að innheimta skv. 1. mgr.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um heimild til handa stofnuninni að afla sér tekna vegna tiltekinna verkefna og þjónustu. Gert er ráð fyrir að gjaldtaka vegna starfsemi sem rekin er á samkeppnismarkaði taki mið af markaðsverði og skal starfsemin skilin fjárhagslega frá öðrum rekstrarþáttum í starfsemi stofnunarinnar.

Um 15. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Ákvæðið felur í sér heimild fyrir stofnunina þar sem því verður við komið og hagkvæmnissjónarmið mæla því bót, að fela öðrum aðilum sem hafa á að skipa sérþekkingu að sinna tilteknu afmörkuðu eftirliti sem stofnuninni er að lögum falið að sinna. Ákvarðanir um réttindi og skyldur aðila í einstökum málum verða þó ekki framseldar.

Ákvæði 2. mgr. sækir uppruna sinn í 3. mgr. 3. gr. laga um Siglingastofnun Íslands og hefur þann tilgang m.a. að stuðla að hagkvæmri nýtingu og vexti íslenskrar þekkingar á starfssviði stofnunarinnar, m.a. til útflutnings.

Um 17. gr.

Ákvæðið sækir uppruna sinn í 6. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006. Í greininni er fjallað almennt um heimild Farsýslunnar til leyfissviptingar, en ákvæðinu er ekki

ætlað að raska sértækum heimildum sem stofnuninni eru veittar í öðrum lögum eða þeim þvingunarúrræðum sem þar er mælt fyrir um.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Ákvæði 2. mgr. sækir uppruna sinn í 8. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006, og var nýmæli í þeim lögum. Er ástæða til að samsvarandi heimild sé fyrir hendi í lögum um Farsýsluna enda til þess fallið að styrkja eftirlit stofnunarinnar með leyfisbundnum aðilum. Með ákvæðinu er notendum þjónustunnar tryggður farvegur til að koma kvörtunum sínum á framfæri við stofnunina.

Samkvæmt 3. mgr. mega starfsmenn stofnunarinnar ekki vera stjórnarmenn félaga eða annarra aðila sem stofnunin hefur eftirlit með. Þeir mega heldur ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra. Mega starfsmenn stofnunarinnar þar af leiðandi t.d. ekki eiga hlutabréf í félögum sem þeir hafa eftirlit með ef ástæða er til að ætla að hlutafjáreignin sé til þess fallin að draga óhlutdrægni þeirra í efa. Eru að þessu leyti gerðar ríkari hæfiskröfur til starfsmanna stofnunarinnar en til starfsmanna stjórnsýslunnar almennt þar sem starfsmenn stofnunarinnar teljast ekki uppfylla almenn hæfisskilyrði til starfsins vegna framangreindra tengsla. Að öðru leyti gilda um starfsmenn reglur II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um sérstakt hæfi vegna meðferðar einstakra mála sem eru til umfjöllunar hjá stofnuninni. Ákvæði 3. mgr. kemur ekki í veg fyrir að þeir starfsmenn Farsýslunnar, sem um gilda sérstakar reglur um viðhald starfsréttinda, sbr. t.d. reglugerð um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands, geti viðhaldið réttindum sínum með því að sinna störfum hjá félagi eða fyrirtæki sem stundar flugrekstur eða flugleiðsögurekstur sem Farsýslan hefur eftirlit með enda hafa starfsmenn ekki möguleika á að viðhalda umræddum réttindum með störfum sínum hjá Farsýslunni. Um slíkt skal þó í öllum tilvikum gera sérstakan samning milli Farsýslunnar, viðkomandi starfsmanns og þess félags eða fyrirtækis sem um ræðir.

Um 19. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna. Er það til viðbótar við almennt þagnarskylduákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Er í grein þessari sérstaklega tiltekið að starfsmenn skuli gæta þagmælsku gagnvart óviðkomandi um það sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, m.a. varðandi rekstur og viðskipti aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þá er tekið fram að þagnarskylda nái ekki eingöngu til starfsmanna Farsýslunnar heldur einnig til þeirra sjálfstæðu sérfræðinga sem starfa á vegum stofnunarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir því, í samræmi við almennt ákvæði 18. gr. laga nr. 70/1996, að þagnarskylda haldist þótt látið sé af störfum. Gildir það einnig um þá sérfræðinga sem starfað hafa fyrir stofnunina.

Í 2. mgr. greinarinnar er tekið fram að stofnuninni sé heimilt að safna saman, vinna úr og birta tölfræðilegar upplýsingar um samgöngur í lofti, á landi eða sjó og að heimilt sé að krefja þá sem stunda leyfisbundna starfsemi um slíkar upplýsingar. Er gert ráð fyrir að um meðferð slíkra upplýsinga og meðferð gagna, sem aflað er í þessum tilgangi, fari samkvæmt lögum um persónuvernd og vernd persónuupplýsinga, nr. 77/2000, eftir því sem við á.

Í 3. mgr. greinarinnar er fjallað um heimild Farsýslunnar til að veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja eða eftirlitsaðilum á vegum viðurkenndra alþjóðasamtaka, sem Ísland er aðili að, upplýsingar sem samkvæmt grein þessari kunna að vera háðar þagnarskyldu, enda sé slíkt liður í eftirlitssamstarfi ríkja og nauðsynlegt til að framfylgja lögmæltu eftirliti. Er ákvæði

þetta sett til að tryggja alþjóðlegt eftirlit með leyfisskyldum aðilum. Mætti eftir atvikum líta svo á að eftirlitsstjórnvöld annarra ríkja, sem eru í samstarfi við íslensk stjórnvöld að þessu leyti, séu ekki óviðkomandi aðilar í skilningi 1. mgr. greinarinnar, en málsgrein þessari er ætlað að taka þar af öll tvímæli.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á fót samgöngustofnun sem sinni stjórnsýslu og eftirliti á sviði samgöngumála. Myndun stofnunarinnar er hluti af heildarendurskoðun á skipulagi samgöngustofnana sem felur í sér að settar verði á fót tvær stofnanir, annars vegar stjórnsýslustofnun sem beri heitið Farsýslan og hins vegar framkvæmdastofnun sem beri heitið Vegagerðin. Stjórnsýslustofnunin verður til með sameiningu Umferðarstofu, Flugmálastjórnar og stjórnsýsluverkefna Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar. Framkvæmda- og rekstrarstofnunin verður hins vegar til með sameiningu framkvæmda- og rekstrarverkefna Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar. Markmiðin með endurskipulagningu þessara samgöngustofnana eru í fyrsta lagi að auka faglegan styrk, í öðru lagi að skýra verkaskiptingu og bæta þjónustu og árangur, í þriðja lagi að efla, einfalda og auka gagnsæi stjórnsýslunnar, í fjórða lagi að tryggja markvissara samráð við hagsmunaaðila, í fimmta lagi að efla samgönguáætlun og tryggja markvissa framkvæmd hennar, í sjötta lagi að auka hagkvæmni og bæta nýtingu þeirra fjármuna sem fara til samgöngumála og í sjöunda lagi að samþætta þróun og rannsóknir á sviði samgöngumála. Gert er ráð fyrir að samruni stofnananna komi til framkvæmda 1. janúar 2012.

Frumvarpið var áður lagt fram á sl. vorþingi og voru þá ekki fyrirliggjandi rekstraráætlanir fyrir þessar nýju stofnanir né hvernig 546,1 m.kr. rekstrarframlag Vegagerðarinnar og 705,5 m.kr. rekstarframlag Siglingastofnunar í gildandi fjárlögum muni skiptast milli stofnananna tveggja. Slíkar áætlanir liggja ekki heldur fyrir á þessu stigi hjá samgönguráðuneytinu. Til að átta sig á umfangi þessara breytinga má þó sjá í eftirfarandi töflu hvernig fjárheimildir sem falla undir þessa sameiningu eru í fjárlögum 2010. Heildarveltan í þessari starfsemi nemur um 28,8 milljörðum kr. en nettóvelta þegar sértekjur hafa verið dregnar frá nemur um 22,1 milljarði kr.

	10-211 Vegagerðin	10-212 Samg. verkefni	10-251 Umferðar-stofa.	10-335 Siglingast. Íslands	10-336 Hafnar-framkv.	10-471 Flugmálastj. Íslands	Samtals
Almennur rekstur	6.789,2	4.877,0	436,9	1.014,5	13,0	464,7	13.595,3
Viðhaldsverkefni		4.679,0					4.679,0
Stofnkostnaður		8.976,0		165,6	1.340,0		10.481,6
Gjöld samtals	6.789,2	18.532,0	436,9	1.180,1	1.353,0	464,7	**28.755,9**
Sértekjur	-6162,2		-234,1	-212,6		-4,7	-6.613,6
Gjöld umfram tekjur	627,0	18.532,0	202,8	967,5	1.353,0	460,0	**22.142,3**
Fjármögnun:							
Greitt úr ríkissjóði		4.563,3		720,9	1.353,0	240,0	6.877,2
Innheimt af ríkistekjum	627,0	13.893,7	202,8	246,6		220,0	15.190,1
Viðskiptahreyfingar		75,0					75,0

Samkvæmt mati samgönguráðuneytisins er gert ráð fyrir að með samþættingu þessara verkefna í tvær nýjar stofnanir verði mögulegt að ná fram beinni hagræðingu í rekstrargjöldum sem nemi um 10%. Ekki liggur þó fyrir áætlun um það hvernig hagræðingin muni skiptast á milli Farsýslunnar og Vegagerðarinnar. Samkvæmt fjárlögum 2010 má ætla að samanlagðar fjárheimildir vegna rekstrarkostnaðar við yfirstjórn og stjórnsýslu beggja stofnananna nemi um 1,7 milljörðum kr. að frádregnum sértekjum. Samkvæmt því gæti 10% hagræðing í rekstrargjöldum numið samtals um 170 m.kr. Hér er eingöngu um að ræða þá hagræðingu sem gert er ráð fyrir að verði vegna samlegðaráhrifa í rekstrargjöldum þeirra stofnana sem sameinast samkvæmt frumvarpinu en ekki aðhaldaðgerðir sem stjórnvöld kunna að ákveða í almennum rekstri við þjónustu vegakerfisins, viðhaldsverkefnum eða framkvæmdum á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að starfsmannafjöldi Farsýslunnar verði 147 og 321 hjá Vegagerðinni eða samtals 468 manns til að byrja með. Er það sami fjöldi og nú starfar hjá Flugmálastjórn, Siglingastofnun, Vegagerðinni og Umferðarstofu en hins vegar er gengið út frá því að um 14 manns muni láta af störfum árlega vegna aldurs. Gert er ráð fyrir að í mörgum tilvikum muni ekki þurfa að ráða í þau störf sem losna.

Ríkistekjur A-hluta ríkissjóðs skiptast í fimm flokka, í fyrsta lagi skatta og gjöld, í öðru lagi aðrar rekstrartekjur, í þriðja lagi tekjur af sölu eigna, í fjórða lagi fjármagnstilfærslur og fimmta lagi fjárframlög. Tekjur ríkisstofnana af sölu vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum flokkast hins vegar sem sértekjur. Við gerð þessa frumvarps hefur farið fram vinna um breytta flokkun tekna þeirra stofnana sem nú sameinast í tvær. Er í því sambandi gert ráð fyrir nokkrum breytingum sem fela í sér tilfærslu á flokkun milli markaðra skatttekna, annarra rekstrartekna og sértekna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Farsýslunni verði heimilt að innheimta ný gjöld vegna eftirlits með skoðun ökutækja og starfsleyfum skoðunarstöðva. Áætlað er að tekjur stofnunarinnar af þessum gjöldum verði um 5 m.kr. og að þær komi fram á tekjuhlið ríkissjóðs. Einnig er lögð til hækkun á umferðaröryggisgjaldi úr 400 kr. í 500 kr. en það gæti aukið tekjur um nálægt 28 m.kr. Að lokum er gert ráð fyrir hækkun á gjaldskrá vegna útgáfu lofthæfisskírteina og má reikna með því að sú hækkun leiði til 3,9 m.kr. tekjuaukningar. Fjármálaráðuneytið telur það ekki vera heppilegt fyrirkomulag að ríkistekjur séu markaðar með þessum hætti til starfsemi ríkisaðila. Að mati ráðuneytisins ættu tekjur sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna að renna í ríkissjóð og ákvörðun um fjárheimildir verkefna að vera tekin í fjárlögum hverju sinni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum miðast mat samgönguráðuneytisins þannig við að útgjöld ríkissjóðs geti lækkað um samtals 170 m.kr. vegna samlegðaráhrifa í rekstri við sameiningu Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar, Vegagerðarinnar og Umferðarstofu í tvær stofnanir. Gert er ráð fyrir að einhver kostnaður kunni að falla til við sameininguna en að þeim kostnaði verði mætt með tímabundnum hagræðingarráðstöfunum hjá þessum stofnunum sem eigi því ekki að leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð. Hins vegar má gera ráð fyrir að ríkistekjur kunni að aukast um samtals 37 m.kr. vegna hækkunar á gjöldum eða nýrrar gjaldtöku samkvæmt frumvarpinu. Ekki er gert ráð fyrir auknum útgjöldum í tengslum við þessa gjaldtöku. Að samanlögðu má því áætla lauslega að afkoma ríkissjóðs gæti batnað um 207 m.kr. á árinu 2012 vegna samlegðaráhrifa og aukinni tekjuöflun verði frumvarpið að lögum. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála og er að öðru leyti vísað til umsagnar um það frumvarp.

543. Frumvarp til laga [386. mál]

um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk og markmið.

Vegagerðin er sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra.

Vegagerðin hefur það hlutverk að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir.

Vegagerðin skal í starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Þá skal stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.

2. gr.

Skipulag stofnunarinnar o.fl.

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn og staðfestir skipurit hennar.

Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar.

Forstjóri ræður annað starfsfólk til stofnunarinnar.

Vegagerðin skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína.

3. gr.

Samvinna og samráð.

Vegagerðin skal hafa samvinnu og samráð við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem tengjast starfsemi hennar.

Ráðherra getur sett á stofn fagráð með fulltrúum stofnunarinnar, hagsmunaaðila og annarra aðila í þeim tilgangi að vera vettvangur samráðs og upplýsingaskipta á fagsviði stofnunarinnar.

II. KAFLI
Verkefni.

4. gr.
Almennt.

Vegagerðin skal vera ráðgefandi fyrir ráðherra, veita honum aðstoð við undirbúning að setningu laga og reglugerða á starfssviði sínu og aðstoða við stefnumótun og ákvarðanatöku í samgöngumálum.

Stofnunin tekur þátt í gerð samgönguáætlunar. Stofnunin mótar almenna stefnu og viðmið um byggingu, viðhald og þjónustu samgöngumannvirkja, annast forsendugreiningu og frumrannsóknir vegna þeirra, greinir og ber saman ólíka valkosti, gerir tillögu að forgangsröðun verkefna, frumhannar mannvirki og metur kostnað, arðsemi og umhverfisáhrif þeirra. Þá sér stofnunin um framkvæmd samgönguáætlunar, þ.e. verkhönnun framkvæmda, útboð verkefna, samninga við verktaka, eftirlit á framkvæmdatíma, skilamat og uppgjör.

Vegagerðin skal annast upplýsingamiðlun um samgöngumál eftir því sem við á.

Stofnunin annast rekstur tölvu- og upplýsingakerfa er lúta að starfsemi stofnunarinnar.

Stofnunin tekur afstöðu til tillagna sem berast frá rannsóknarnefnd samgönguslysa.

5. gr.
Framkvæmdir og viðhald samgöngumannvirkja.

Vegagerðin annast uppbyggingu vega, sjóvarnargarða og leiðsögu- og eftirlitskerfa. Jafnframt hefur stofnunin umsjón með framkvæmdum við samgöngumannvirki og samgöngukerfi sem njóta beinna ríkisstyrkja.

Stofnunin annast viðhald þeirra mannvirkja sem hún fer með eignarhald á.

6. gr.
Eignarhald og rekstur.

Vegagerðin annast rekstur samgöngumannvirkja og samgöngukerfa og fer með eignarhald þeirra fyrir hönd ríkissjóðs. Í þessu sambandi sinnir stofnunin eða felur öðrum að sinna:

1. rekstri og umsjón vegakerfisins,
2. eftirliti með burðarþoli vega og brúa og ákveður takmarkanir á heildarþunga og ásþunga ökutækja, ef þörf krefur,
3. rekstri og viðhaldi vita og sjómerkja,
4. rekstri og viðhaldi leiðsögu-, vöktunar-, upplýsinga- og eftirlitskerfa,
5. rekstri Landeyjahafnar og ferjubryggja.

Vegagerðinni er heimilt að taka að sér uppbyggingu, rekstur og viðhald flugvalla samkvæmt samningi við þar til bæra aðila.

7. gr.
Almenningssamgöngur.

Vegagerðin annast rekstrarverkefni ríkisins á sviði almenningssamgangna. Skal stofnunin m.a. annast:

1. útboð, gerð og eftirfylgd þjónustusamninga vegna almenningssamgangna,
2. umsjón með styrkveitingum vegna almenningssamgangna,
3. umsjón með ferjum og öðrum eignum ríkisins sem nýttar eru í almenningssamgöngum.

8. gr.
Samgönguöryggi.

Vegagerðin vinnur að auknu öryggi í samgöngum með því markmiði að fækka slysum og draga úr tjóni af völdum þeirra. Stofnunin skal m.a.:

1. vinna að bættu öryggi innviða samgöngukerfisins með öryggisstjórnun, greiningu á öryggisþáttum og slysum og aðgerðaáætlunum,
2. annast framkvæmd öryggisstjórnunar samgöngumannvirkja og samgöngukerfa,
3. annast ráðgjöf um umbætur sem stuðla að auknu samgönguöryggi.

9. gr.
Alþjóðlegt samstarf.

Vegagerðin tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi á starfssviði sínu eftir því sem kveðið er á um í lögum, alþjóðasamningum eða með ákvörðun ríkisstjórnar.

10. gr.
Rannsóknir og þróunarstarf.

Vegagerðin tekur þátt í og annast rannsóknir, greiningu og þróun á starfssviði sínu.

Ráðherra skal setja reglugerð um hlutverk Vegagerðarinnar á sviði rannsókna, greiningar og þróunar.

11. gr.
Framsal verkefna.

Stofnuninni er heimilt að framselja eða fela öðrum framkvæmd einstakra verkefna eða verkþátta á starfssviði stofnunarinnar.

III. KAFLI
Gjaldtaka.

12. gr.
Fjármögnun.

Verkefni Vegagerðarinnar og rekstur stofnunarinnar skal fjármagna með mörkuðum tekjum og beinum framlögum úr ríkissjóði. Til markaðra tekna teljast sérstakt bensíngjald, olíugjald, kílómetragjald og vitagjald.

Auk þessa er heimilt að ákveða í samgönguáætlun að veghald einstakra kafla þjóðvega skuli kostað að hluta eða öllu leyti með veggjaldi af umferð eða með notkunargjaldi.

Einnig er stofnuninni heimilt að taka gjald fyrir tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning verka sem stofnunin hefur umsjón með.

13. gr.
Tekjur.

Vegagerðinni er heimilt að afla tekna með sölu á sérhæfðri þjónustu, vöru- og efnissölu, sem og af rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Gjaldtaka skv. 1. mgr. skal ákveðin í viðmiðunargjaldskrá sem Vegagerðin setur.

Þann hluta starfsemi Vegagerðarinnar sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði skal skilja fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins og skal endurgjald taka mið af markaðsverði. Sala á slíkri þjónustu skal byggjast á samningum.

Ráðherra staðfestir gjaldskrá samkvæmt þessari grein.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.
Rekstur o.fl.

Vegagerðinni er heimilt, með samþykki ráðherra, að kaupa og fara með hlut ríkisins í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum. Jafnframt er stofnuninni heimilt að bjóða fram sérþekkingu á alþjóðamarkaði og afla tekna með útflutningi sérfræðiþekkingar sem hún býr yfir.

Stofnuninni er heimilt, með samþykki ráðherra, að stofna félag eða félög sem hafa það hlutverk að sinna framkvæmda- og þjónustuverkefnum stofnunarinnar.

15. gr.
Kæruheimild.

Ákvarðanir Vegagerðarinnar sæta kæru til ráðherra í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

16. gr.
Þagnarskylda og veiting upplýsinga.

Starfsmenn Vegagerðarinnar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki, að viðlagðri ábyrgð, skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara. Sama gildir um sjálfstæða sérfræðinga sem starfa á vegum Vegagerðarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum eða verksamningi ljúki.

17. gr.
Gildistaka og brottfallin lög.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2012. Frá 1. janúar 2012 falla úr gildi ákvæði 1. mgr. 5. gr. vegalaga, nr. 80/2007.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsmönnum stofnana, sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir Vegagerðina samkvæmt lögum þessum og eru í starfi við gildistöku laga þessara, skal boðið starf hjá hinni nýju stofnun. Um réttarvernd starfsmanna til starfa hjá Vegagerðinni fer eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002, eins og við á hverju sinni. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.
2. Þrátt fyrir 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða verða störf forstöðumanna þeirra stofnana sem sameinast í Vegagerðina lögð niður þegar lög þessi koma til framkvæmda. Ráðherra er heimilt að taka ákvörðun um að flytja forstöðumann úr hópi núverandi forstöðumanna samgöngustofnana í embætti forstjóra Vegagerðarinnar, sbr. 36. gr. laga nr. 70/1996. Þeim forstöðumönnum sem ekki hljóta áframhaldandi skipun skulu boðin störf í Vegagerðinni eða Farsýslunni.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á fót stofnun sem sinni framkvæmdum og viðhaldi samgöngumannvirkja ásamt því að fara með eignarhald og sinna rekstri þeirra. Myndun stofnunarinnar er hluti af heildarendurskoðun á skipulagi samgöngustofnana sem

felur í sér að settar verði á fót tvær stofnanir, annars vegar Farsýslan og hins vegar Vegagerðin.

Stofnanirnar verða reistar á grunni núverandi samgöngustofnana, þ.e. Siglingastofnunar Íslands, Flugmálastjórnar Íslands, Umferðarstofu og Vegagerðarinnar. Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp um Farsýsluna. Myndun stofnananna tveggja er samþætt verkefni og því eru almennar athugasemdir við þetta frumvarp að miklu leyti samhljóða almennum athugasemdum við frumvarp um Farsýsluna.

Endurskipulagning samgöngustofnana á sér nokkurn aðdraganda. Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar „Samgönguframkvæmdir – Stjórnsýsluúttekt“ (Ríkisendurskoðun, júní 2008) eru settar fram tillögur um breytt stofnanakerfi samgöngumála þar sem lagt er til að settar verði á fót tvær stofnanir, þ.e. stjórnsýslustofnun og framkvæmdastofnun, ásamt ríkisfyrirtæki á sviði rekstrar- og viðhalds.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði í janúar 2009 nefnd um framtíðarskipan stofnana samgöngumála. Nefndin skilaði skýrslu sinni „Framtíðarskipan stofnana samgöngumála. Greining og valkostir“ í lok júní 2009. Þar voru kynntir fimm valkostir um stofnanaskipan, auk tillagna og ábendinga um meiri samhæfingu í samgöngumálum, t.d. um að bæta verklag við undirbúning samgönguáætlunar og efla stefnumótunarhlutverk ráðuneytisins.

Að vel athuguðu máli og með hliðsjón af tillögum Ríkisendurskoðunar ákvað samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að hefja undirbúning að myndun tveggja stofnana í samræmi við einn valkosta nefndarinnar:

1. Stjórnsýslustofnunar með sameiningu Umferðarstofu, Flugmálastjórnar og stjórnsýsluverkefna Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar.
2. Framkvæmda- og rekstrarstofnunar með sameiningu framkvæmda- og rekstrarverkefna Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar.

Undirbúningur.

Skipaður var stýrihópur til að vinna nákvæma greiningu á kostum endurskipulagningarinnar og leggja fram tillögur um breytta stofnanaskipan samgöngumála. Hlutverk stýrihópsins var:

1. Stjórn verkefnisins, stefnumótun, áætlanir, tillögugerð til ráðherra og undirbúningur lagafrumvarps.
2. Tillögur til ráðherra um verkaskiptingu stofnana og mótun helstu hlutverka og viðfangsefna þeirra.
3. Mótun framtíðarsýnar, markmiða, áherslna og meginskipulags nýrra samgöngustofnana.
4. Skilgreining verkefna vinnuhópa og móttaka niðurstaðna og tillagna þeirra.
5. Athugun á mögulegu samstarfi við aðrar stofnanir og opinber hlutafélög, svo sem á sviði framkvæmda og viðhalds flugvalla og leiðsögukerfis hafsins.
6. Öflun frekari upplýsinga um skipan samgöngumála í öðrum löndum.
7. Samráð við hagsmunaaðila og samskiptaáætlun.

Í stýrihópnum áttu sæti Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri, formaður, Karl Alvarsson skrifstofustjóri, Ingilín Kristmannsdóttir skrifstofustjóri, Sigurður Örn Guðleifsson lögfræðingur, ritari stýrihópsins, og Ingvar Sverrisson, aðstoðarmaður ráðherra, öll frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Pétur K. Maack flugmálastjóri og Hlín Hólm, Flugmálastjórn Íslands, Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri og Stefán Pálsson, Siglingastofnun Íslands, Karl Ragnars forstjóri og Sædís Jónasdóttir, Umferðarstofu, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Aron Bjarnason og Ólöf Thorarensen, Vegagerðinni. Verkefnisstjóri var Sigurður H. Helgason ráðgjafi frá Stjórnháttum.

Í starfi stýrihópsins hefur verið lögð áhersla á samstarf og samráð við stofnanir og á að halda vel á starfsmannaþætti breytinga. Settur var upp innri vefur þar sem upplýsingar um verkefnið voru aðgengilegar öllum starfsmönnum.

Á vegum stýrihópsins hafa starfað sjö vinnuhópar skipaðir starfsmönnum stofnananna og ráðuneytisins sem vinna að greiningu og útfærslu einstakra þátta. Viðfangsefni hópanna voru:

1. Verkefni, verklag og verkferlar. Hópurinn setti fram tillögur um skiptingu verkefna núverandi stofnana milli nýrra stofnana. Þá vann hann greiningu á öllum helstu verkferlum núverandi stofnana og lagði mat á mögulega samþættingu þeirra miðað við nýja stofnanaskipan.
2. Starfsmannamál, þ.m.t. virkt upplýsingastreymi til starfsmanna. Hópurinn greindi meðal annars starfsmannahópinn og lagði mat á mögulega fækkun starfsmanna á næstu árum vegna starfsmannaveltu. Þá lagði hann fram greiningu og samanburð á mannauðs- og launastefnu.
3. Fjármál og fjármögnun. Hópurinn greindi fjármál núverandi stofnana og fjallaði um gjaldtöku. Hópurinn vann nákvæma greiningu á fjármálum, meðal annars með tillit til skiptingar framlaga og tekna milli nýrra stofnana.
4. Upplýsingatækni. Hópurinn lagði fram lýsingu og mat á fyrirkomulagi upplýsingatæknimála og upplýsingakerfa og lagði fram tillögur í því efni.
5. Árangurs- og gæðastjórnun. Hópurinn lagði fram lýsingu og mat á fyrirkomulagi árangurs- og gæðastjórnunar og lagði fram tillögur í því efni.
6. Húsnæðismál. Hópurinn greindi núverandi húsnæði og undirbjó þarfagreiningu vegna nýrra stofnana.
7. Þróun, rannsóknir og tækifæri. Hópurinn kortlagði núverandi starfsemi og fjallaði um ýmsar hugmyndir að framtíðarfyrirkomulagi.

Stýrihópurinn mun áfram vinna að undirbúningi sameiningar. Við gildistöku laganna er ætlunin að fyrir liggi endanleg samrunaáætlun sem taki m.a. til starfsmannamála, fjármála og húsnæðismála. Stefnt er að því að sameina sem fyrst höfuðstöðvar hvorrar stofnunar fyrir sig í húsnæði, enda er slíkt forsenda þess að áform um hagræðingu nái fram að ganga.

Markmið.

Markmiðin með endurskipulagningu samgöngustofnana eru að:

1. Auka faglegan styrk.
2. Skýra verkaskiptingu, bæta þjónustu og árangur.
3. Efla, einfalda og auka gagnsæi stjórnsýslunnar.
4. Tryggja markvissara samráð við hagsmunaaðila.
5. Efla samgönguáætlun og tryggja markvissa framkvæmd hennar.
6. Auka hagkvæmni og bæta nýtingu þeirra fjármuna sem fara til samgöngumála.
7. Samþætta þróun og rannsóknir á sviði samgöngumála.

Rök fyrir endurskipulagningu.

Með sameiginlegri samgönguáætlun allra samgöngugreina var mótuð ný sameiginleg framtíðarsýn þar sem litið er á samgöngugreinarnar sem eina heild með sameiginleg markmið. Þar er mörkuð stefna um sameiginlega áætlanagerð og stefnumótun fyrir allar greinar samgangna, samræmda forgangsröðun, hagkvæmari notkun fjármagns og mannafla. Þar er jafnframt horft til þriggja meginviðfangsefna: (1) samgöngukerfisins, (2) stjórnsýslu og eftir-

lits og (3) starfsemi sem nýtir samgöngukerfið. Samgönguáætlun hefur náð fram að ganga en samgöngustofnanirnar og skipulag þeirra endurspegla enn fyrra umhverfi. Mikilvægt er að samgöngustofnanir þjóni nýjum markmiðum og nýrri hugsun.

Skipulag samgöngumála í Evrópu og víða annars staðar hefur einkennst af aukinni aðgreiningu þriggja meginhlutverka samgöngukerfisins í:

1. Regluvæðingu (Regulation) sem felur í sér stýringu á athöfnum einstaklinga og lögaðila með því að framfylgja reglum og tryggja þannig öryggi, heilsu, umhverfi og rekstrarskilyrði fyrirtækja.
2. Innviði (Infrastructure) sem felur í sér skipulag, uppbyggingu, viðhald og rekstur samgöngumannvirkja, svo sem vega, járnbrautakerfis, hafna, flugvalla, ásamt tilheyrandi stýri-, eftirlits- og leiðsögukerfum.
3. Starfsemi (Operations) sem felur í sér rekstur og notkun farartækja og tilheyrandi þjónustu.

Þessi þróun hefur þegar haft umtalsverð áhrif hér á landi og var ein meginástæða fyrir því að hluti verkefna Flugmálastjórnar var færður til Flugstoða ohf. Sterk rök eru fyrir því að skipulag samgöngumála lúti ofangreindum aðskilnaði hlutverka og má vænta þess að kröfur um aðskilnað muni aukast á næstu árum. Íslensk stjórnsýsla hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Ríkar kröfur eru um öfluga, gagnsæja, óháða og sterka en einfalda stjórnsýslu. Í samgöngumálum er talið að óháð stjórnsýsla eigi ekki samleið með framkvæmdum og rekstri samgöngukerfisins.

Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að gera þurfi umtalsverðar umbætur og breytingar á stjórnkerfinu til að nýta takmarkaða fjármuni eins vel og unnt er, en jafnframt með það að markmiði að stjórnsýsla og þjónusta hins opinbera við almenning og atvinnulíf verði eins góð og kostur er. Verulegum hluta af lækkun ríkisútgjalda á næsta ári verður að ná með aukinni hagræðingu í rekstri ríkisins, svo sem með endurskipulagningu stofnanakerfisins og opinberrar þjónustu.

Ávinningur af endurskipulagningu samgöngustofnana.

Endurskipulagning samgöngustofnana getur bæði falið í sér faglegan ávinning og rekstrarlega hagræðingu.

Faglegur ávinningur liggur einkum í bættum möguleikum stofnana til að sinna hlutverki sínu í samfélaginu og bregðast við breyttum kröfum til starfsemi þeirra. Aðgreining stjórnsýslu frá framkvæmdum og rekstri mætir innlendum og erlendum kröfum um faglega og hlutlausa stjórnsýslu og tryggir að sambærilegar kröfur séu gerðar til framkvæmda og rekstrar mannvirkja og annarra þátta samgöngumála. Aukin samþætting þvert á samgöngugreinar endurspeglar heildstæða samgönguáætlun og leggur áherslu á hagkvæmni og virkni samgöngukerfisins fremur en þær leiðir sem bundnar eru einstökum samgöngugreinum. Sérhæfing stofnana gefur færi á að efla vinnubrögð, fagmennsku og árangur t.d. á sviði stjórnsýslu og framkvæmda.

Hagræðing samfara endurskipulagningu bætir möguleika stofnana til að taka á sig lækkun útgjalda án skerðingar þjónustustigs. Reynslan sýndir að stærri stofnanir hafa yfirleitt hlutfallslega lægri kostnað vegna rekstrar, þjónustu og yfirstjórnar en minni stofnanir. Greining á verkferlum samgöngustofnana sýnir að þeir eru í mörgum tilfellum sambærilegir milli stofnana og að samþætta megi ýmsa þætti í starfsemi núverandi stofnana í nýjum stofnunum. Starfsemi utan kjarnaviðfangsefna tekur oft mikla athygli frá meginhlutverki og því stuðlar einfalt og skýrt hlutverk að markvissari stjórnun og starfsemi.

Hagræðing í rekstri er ekki einungis fjárhagsleg spurning, heldur snýst hún einnig um pólitískar ákvarðanir um fjárhagslegan ramma stofnunar og með hvaða hætti yfirstjórn stofnunar starfar innan þess ramma. Útreikningar um hagræðingu geta leitt líkur að því hvaða rekstrarlegir og fjárhagslegir möguleikar eru fyrir hendi en hinn eiginlega hagræðing byggist á skýrum pólitískum skilaboðum til stofnana ásamt vilja og eftirfylgd stjórnenda þeirra.

Hagræðingarmöguleikar samgöngustofnananna tveggja eru talsvert ólíkir. Við myndun Farsýslunnar er verið að sameina tvær heilar stofnanir auk hluta úr tveimur öðrum og má gróflega segja að þetta samsvari sameiningu þriggja stofnana. Við myndum Vegagerðarinnar er verið að sameina hluta úr tveimur stofnunum. Stærðarmunur núverandi Vegagerðar og væntanlegrar Vegagerðar er hlutfallslega lítill eða um 6%.

Möguleikar á hagræðingu við myndun Farsýslunnar voru metnir með tveimur aðferðum. Í fyrsta lagi á grundvelli mats á samþættingarmöguleikum ólíkra verkferla og í öðru lagi með samanburði á kostnaði vegna yfirstjórnar og stoðþjónustu stærri stofnana. Við mat á mögulegri hagræðingu vegna verkferla voru notaðar eftirfarandi forsendur:

1. Verkferlar sem eru samþættanlegir frá upphafi 100% hagræðing.
2. Verkferlar sem eru samþættanlegir eftir eitt ár 25% hagræðing.
3. Verkferlar sem eru hugsanlega samþættanlegir og þá að hluta 5% hagræðing.

Miðað við greiningu á samþættingarmöguleikum gefa þessar forsendur möguleika á 14% hagræðingu.

Samanburður á hlutfalli stjórnenda og starfsmanna stoðdeilda þeirra stofnana sem mynda Farsýsluna og stærri stofnana (með um 150 starfsmenn eða fleiri) bendir til þess að tækifæri séu til að lækka yfirstjórnarkostnað um allt að 50% eða sem samsvarar rúmum 11% af heildarrekstrarkostnaði. Þó að stofnanir séu aldrei algerlega samanburðarhæfar verður að hafa í huga að í þessu mati eru ótaldir hagræðingarmöguleikar í faglegri starfsemi stofnananna.

Þó að ávallt sé álitaefni hvaða forsendur skuli notaðar við mat á mögulegri hagræðingu, bendir framangreind greining til þess að ekki sé óvarlegt að áætla að möguleikar á beinni innri hagræðingu við myndun samgöngustofnunar séu a.m.k. 10–15% af rekstrargjöldum.

Hagræðingarmöguleikar Vegagerðarinnar eru af talsvert öðrum toga en Farsýslunnar. Endurskipulagningin felur í sér óverulega stækkun og hagræðing í stoðþjónustu og yfirstjórn því mun minni en í tilfelli samgöngustofnunar. Möguleikar á faglegri samlegð eru hins vegar fyrir hendi sem m.a. kemur fram í því að nær engir verkferlar eru fyrir fram taldir ósamþættanlegir. Stór stofnun sem hefur trausta innviði og markvissa stjórnun getur oft bætt við sig verkefnum án þess að kostnaður aukist að ráði. Í þessu felst að jaðarkostnaður vegna viðbótarverkefna er takmarkaður. Auk þess felur sameining í sér tækifæri til að endurmeta og bæta starfsemina. Þegar horft er til þessara atriða má áætla að myndun framkvæmdastofnunar feli í sér hagræðingarmöguleika sem geta numið a.m.k. 10% af rekstrargjöldum.

Þörf fyrir hagræðingu á næstu árum.

Samkvæmt áætlunum um þróun ríkisfjármála er þörf á verulegri lækkun ríkisútgjalda árin 2010–2013. Samgöngustofnanir falla undir þann flokk stofnana sem þurfa að sæta mestri lækkun fjárveitinga. Þó ekki sé hægt að fullyrða um hlutfallslega lækkun má gera ráð fyrir að hún geti numið allt að 10% á ári. Miðað við þessar forsendur má gera ráð fyrir því að fjárveitingar geti lækkað um 1/3 á fjögurra ára tímabili. Þó að tækifæri kunni að vera til aukinnar tekjuöflunar, eru möguleikar til að leggja auknar álögur á atvinnulífið takmarkaðir.

Ljóst er að gerðar verða kröfur um lækkun útgjalda samgöngustofnana hvert sem skipulag þeirra verður. Það er því ekki spurning hvort útgjöld lækki heldur hverjar verði afleiðingar slíkrar lækkunar. Ýmsar aðgerðir eru mögulegar til að lækka útgjöld. Sumar þeirra er hægt að framkvæma skjótt og án verulegs sársauka. Aðrar taka lengri tíma og geta bitnað á starfseminni og hag starfsmanna. Endurskipulagning samgöngustofnana hefur ekki síst að markmiði að hægt verði í lengstu lög að forðast sársaukamestu aðgerðir til útgjaldalækkunar.

Lækkun útgjalda getur byggt á hagræðingu eða niðurskurði. Við hagræðingu eru aðgerðir sem hægt er að framkvæma tiltölulega skjótt. Hins vegar sýnir reynslan að samhengi er milli umfangs og væntanlegs árangurs hagræðingaraðgerða. Sagt með öðrum orðum, þá er ekki hægt að vænta mikillar hagræðingar af aðgerðum sem fela aðeins í sér takmarkaðar breytingar. Stærri breytingar eins og sameining stofnana skapa mun meiri tækifæri til hagræðingar.

Ef ekki er gripið til hagræðingar hlýtur niðurstaða útgjaldalækkunar að vera niðurskurður þjónustunnar. Þó að fyrstu skref í niðurskurði geti verið tiltölulega sársaukalítil, fela þau viðameiri í sér verulega skerðingu á hagsmunum notenda þjónustu.

Við mat á hagræðingu verður að taka tillit til þess að oft felur sameining eða endurskipulagning stofnana í sér kostnað, til dæmis vegna sameiningar húsnæðis, flutninga, samræmingar tækjakosts, þjálfunar starfsfólks, starfsloka og ráðgjafar. Líta má á þennan kostnað sem fjárfestingarkostnað til að ná fram hagræðingu. Hafa verður í huga að þegar lagt er í kostnað vegna sameiningar er það ávallt gert með hliðsjón af væntanlegum ávinningi. Við erfiða fjárhagsstöðu verður oft að dreifa þessum kostnaði á lengri tíma en ella. Til lengri tíma getur ónóg fjárfesting í upphafi dregið úr hagkvæmni endurskipulagningar. Einnig tekur nokkurn tíma að fá nýjar stofnanir til að virka sem eina heild. Því má vænta þess að bein hagræðing skili sér ekki að fullu fyrr en á öðru og þriðja ári frá sameiningu.

Þegar meta á hagræði samfélagsins af einfaldara stofnanakerfi er ekki nægilegt að líta eingöngu til beinnar hagræðingar vegna rekstrarlegrar samlegðar, þ.e. vegna fækkunar stjórnenda, endurskipulagningar ýmiss konar stoðþjónustu, samþættingar verkferla, hagkvæmari innkaupa, minni húsnæðiskostnaðar o.s.frv. Þegar vel tekst til getur þekking sem skiptist milli margra stofnana skapað margvísleg tækifæri þegar hún er sameinuð hjá einni stofnun. Fækkun stofnana getur ein og sér skilað hagræði vegna einföldunar á stjórnsýslu, bættrar samhæfingar og markvissari þjónustu við notendur. Loks er ótalið að öflugri stofnanir geta haft jákvæð áhrif á efnahagslífið. Nægir að nefna í þessu sambandi að jafnvel mjög litlar breytingar á virkni samgöngukerfisins geta skilað umtalsverðum þjóðhagslegum ávinningi.

Helstu ákvæði frumvarpsins.

Í frumvarpinu er meginverkefnum stofnunarinnar skipt upp í tvo þætti. Annarsvegar framkvæmdir og viðhald samgöngumannvirkja og hins vegar eignarhald og rekstur þeirra. Þá er gert ráð fyrir í frumvarpinu að almenningssamgöngur verði á könnu Vegagerðarinnar auk verkefna á sviði samgönguöryggis.

Í ákvæðum til bráðabirgða er fjallað um málefni starfsmanna. Öllum starfsmönnum stofnananna fjögurra, að frátöldum forstöðumönnum, verður boðið starf hjá nýjum stofnunum. Þá er gert ráð fyrir að forstöðumenn nýrra stofnana verið skipaðir þegar lögin öðlast gildi og vinni að undirbúningi stofnsetningar nýrra stofnana fram til 1. janúar 2012 en þá er gert ráð fyrir að stofnanirnar taki formlega til starfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt svo fyrir að stofnunin skuli vera sérstök stofnun sem heyri undir yfirstjórn innanríkisráðherra og fari með það hlutverk að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi eins og nánar er talið upp í 2. mgr. greinarinnar.

Markmiðið með starfsemi stofnunarinnar er að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Með markmiði um sjálfbærar samgöngur er átt við eflingu almenningssamgangna annarra vistvænna samgöngumáta, auk þess sem dregið verði úr losun koltvísýrings frá samgöngum og annarra efna sem skaðleg áhrif hafa á umhverfið.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að forstjóri stofnunarinnar sé skipaður til fimm ára í senn og að hann beri ábyrgð á og fari með stjórn stofnunarinnar, ásamt því að móta starf hennar. Í því sambandi er gert ráð fyrir að hann ráði starfsfólk til stofnunarinnar. Lagt er til að ráðherra staðfesti skipurit stofnunarinnar.

Fyrirmynd 4. mgr. er sótt í 11. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100 frá 2006. Skýrslur Flugmálastjórnar Íslands hafa gefið góða mynd af starfi stofnunarinnar og rétt að hin nýja stofnunin tileinki sér einnig þau vinnubrögð og vinni árlega skýrslu um starfsemi sína sem gefi raunsanna mynd af því starfi sem stofnuninni er að lögum falið að sinna.

Um 3. gr.

Mikilvægt er stofnunin hafi traust samráð og samvinnu við hagsmunaaðila og almenning um þau verkefni sem henni eru falin. Er gert ráð fyrir að stofnunin hafi rúmar heimildir til að haga þessu samráði eftir því sem best þykir henta, t.d. með starfandi faghópum sem fylgjast með og fjalla um þróun mála á tilteknum sviðum, í þeim tilgangi að opna fyrir betri aðkomu þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í einstökum málaflokkum.

Lagt er til í 2. mgr. að ráðherra skipi fagráð eins og þörf krefur hverju sinni eða skipuleggi samráð um ýmis sérmál og tæknileg úrlausnarefni.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Vegagerðinni er ætlað að taka þátt í gerð samgönguáætlunar í samræmi við ákvæði sérlaga sem um þær áætlanir gilda. Í 2. mgr. er ferli framkvæmda lýst nánar ásamt því hvað felist í framkvæmd samgönguáætlunar. Er það til fyllingar ákvæðum laga um samgönguáætlun.

Þær stofnanir sem verða hluti af Vegagerðinni reka í dag ýmis tölvu- og upplýsingakerfi önnur en þau almennu upplýsingakerfi sem stofnanir almennt reka eins og skjalastjórnunarkerfi. Lagt er til að slíkur rekstur verður áfram hluti af verkefnum Vegagerðarinnar. Má þar nefna upplýsingakerfi um færð á vegum.

Um 5. gr.

Í 5. og 6. gr. frumvarpsins er verkefnum stofnunarinnar skipt upp í framkvæmd og viðhald samgöngumannvirkja annars vegar og eignarhald og rekstur þeirra hins vegar. Um þessi verkefni er nánar fjallað í einstökum sérlögum sem stofnunin starfar eftir. Má þar nefna vegalög og hafnalög.

Rekstur flugvalla, flugstöðva og flugleiðsögu er hjá Isavia ohf. Rétt þykir hins vegar að heimila Vegagerðinni að gera samninga um uppbyggingu, rekstur og viðhald flugvalla ef það er talið hagkvæmt.

Um Landeyjahöfn gilda sérlög. Höfnin er eina höfn landsins sem er að fullu í eigu íslenska ríkisins og er Siglingastofnun Íslands falin umsjón og rekstur hafnarinnar. Lagt er til að Vegagerðin sinni þessu verkefni.

Um 6. gr.

Sjá athugasemdir við 5. gr.

Um 7. gr.

Í greininni er sérstaklega fjallað um rekstrarverkefni á sviði almenningssamgangna. Almenningssamgöngur eru framkvæmdarverkefni og því eðlilegt að slík verkefni séu á könnu Vegagerðarinnar á sviði samgangna. Snúa verkefnin bæði að uppbyggingu almenningssamgangna sem og umsjón og rekstri þeirra.

Um 8. gr.

Ákvæðið miðar að því að auka öryggi í samgöngum og þannig draga úr slysum og draga úr tjóni af þeirra völdum. Í því skyni er stofnuninni falin verkefni sem lúta að öryggisstjórnun samgangna og ráðgjöf þar að lútandi.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það mikilvæga hlutverk Vegagerðarinnar að sinna rannsóknum, greiningu og þróun á starfssviði sínu. Falla þar undir bæði einstök verkefni sem stofnunin sinnir sjálf sem og þátttaka í verkefnum með öðrum aðilum sem stunda rannsóknir, greiningu og þróun á sama sviði.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til setningar reglugerðar um hlutverk stofnunarinnar á sviði rannsókna, greiningar og þróunar.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er að finna framsalsheimild fyrir stofnunina vegna einstakra verkefna eða verkþátta ef hagkvæmnisrök hníga til þess að fela öðrum aðila utan stofnunarinnar slík verk. Þannig er stofnuninni heimilt að fela öðrum aðilum umsjón með framkvæmdum við samgöngumannvirki og samgöngukerfi. Mikilvægt er að slík heimild sé í lögunum svo svigrúm gefist til framsals verkefna í einstökum tilvikum ef hagkvæmnisrök standa til þess.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er að finna skattlagningarheimild fyrir Vegagerðina vegna markaðra tekna fyrir sérstakt bensíngjald samkvæmt lögum nr. 29/1993, um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl., um olíugjald og kílómetragjald samkvæmt lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald. Í lögum um vitagjald, nr. 132/1999, með áorðnum breytingum, er að finna heimild vegna vitagjalds.

Í 2. mgr. fjallað um þá heimild samkvæmt vegalögum, nr. 80/2007, að ákveða í samgönguáætlun að veghald einstakra vegakafla þjóðvega skuli kostað að hluta eða öllu leyti með veggjaldi af umferð eða með notkunargjaldi.

Með ákvæði 3. mgr. er stofnuninni veitt heimild til að taka gjald vegna kostnaðar sem hlýst af undirbúningi verka sem stofnuninni er falið að hafa umsjón með.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um að Vegagerðin geti aflað sér tekna með sölu á sérhæfðri þjónustu vegna starfsemi sem rekin er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði og tekið fram að slík tekjuöflun skuli byggð á viðmiðunargjaldskrá sem stofnunin setji. Þar verði m.a. kveðið á um taxta á útseldri vinnu stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að sú gjaldskrá taki mið af markaðsverði þjónustunnar. Gert ráð fyrir að greina skuli kostnað allra verkefna og á allur kostnaður vegna þessarar sérhæfðu þjónustu að vera fjárhagslega aðskilinn frá lögmæltum verkefnum stofnunarinnar.

Verkefni þau sem hér um ræðir eru fyrst og fremst innlend og erlend verkefni hafnasviðs stofnunar. Hafnasvið sinnir einkum lögboðnum verkefnum er lúta að rannsóknum og áætlanagerð, svo og umsjón og eftirlit með þeim hafnarframkvæmdum og sjóvörnum sem ríkissjóður veitir fjármuni til. Auk þess sinnir hafnasviðið verkefnum innan lands sem ekki eru lögbundin en sérhæfð á sviði hafnargerðar. Þannig nýtir stofnunin þá sérþekkingu sem hún hefur í hafnargerð í þágu þeirra aðila sem á þurfa að halda. Slík verkefni eru m.a. botnrannsóknir, dýptarmælingar, keyrsla sérhæfðra ölduforrita og hönnun hafnarmannvirkja.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. mgr. sækir uppruna sinn í 3. mgr. 3. gr. laga um Siglingastofnun Íslands og hefur þann tilgang m.a. að stuðla að hagkvæmri nýtingu og vexti íslenskrar þekkingar á starfssviði stofnunarinnar, m.a. til útflutnings.

Ákvæði 2. mgr. veitir stofnuninni heimild til að stofna félag eða félög vegna einstakra framkvæmda- og þjónustuverkefna enda hnígi hagkvæmnisrök til þess að svo sé gert.

Um 15. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna. Er það til viðbótar við almennt þagnarskylduákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þá er tekið fram að þagnarskylda nái ekki eingöngu til starfsmanna stofnunarinnar heldur einnig til þeirra sjálfstæðu sérfræðinga sem starfa á vegum stofnunarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir því, í samræmi við almennt ákvæði 18. gr. laga nr. 70/1996, að þagnarskylda haldist þótt látið sé af störfum. Gildir það einnig um þá sérfræðinga sem starfað hafa fyrir stofnunina.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á fót framkvæmdastofnun sem sinni framkvæmdum og viðhaldi samgöngumannvirkja ásamt því að fara með eignarhald og sinna rekstri þeirra. Myndun stofnunarinnar er hluti af heildarendurskoðun á skipulagi samgöngustofnana sem felur í sér að settar verði á fót tvær stofnanir, annars vegar stjórnsýslustofnun sem beri heitið Farsýslan og hins vegar framkvæmdastofnun sem beri heitið Vegagerðin. Stjórnsýslustofnunin verður til með sameiningu Umferðarstofu, Flugmálastjórnar og stjórnsýsluverkefna Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar. Framkvæmda- og rekstrarstofnun verður hins vegar til með sameiningu framkvæmda- og rekstrarverkefna Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar. Markmiðin með endurskipulagningu þessara samgöngustofnana eru í fyrsta lagi að auka faglegan styrk, í öðru lagi að skýra verkaskiptingu og bæta þjónustu og árangur, í þriðja lagi að efla, einfalda og auka gagnsæi stjórnsýslunnar, í fjórða lagi að tryggja markvissara samráð við hagsmunaaðila, í fimmta lagi að efla samgönguáætlun og tryggja markvissa framkvæmd hennar, í sjötta lagi að auka hagkvæmni og bæta nýtingu þeirra fjármuna sem fara til samgöngumála og í sjöunda lagi að samþætta þróun og rannsóknir á sviði samgöngumála. Gert er ráð fyrir að samruni stofnananna komi til framkvæmda 1. janúar 2012.

Frumvarpið var áður lagt fram á sl. vorþingi og voru þá ekki fyrirliggjandi rekstraráætlanir fyrir þessar nýju stofnanir né hvernig 546,1 m.kr. rekstrarframlag Vegagerðarinnar og 705,5 m.kr. rekstrarframlag Siglingastofnunar í gildandi fjárlögum muni skiptast milli stofnananna tveggja. Slíkar áætlanir liggja ekki heldur fyrir á þessu stigi hjá samgönguráðuneytinu. Til að átta sig á umfangi þessara breytinga má þó sjá í eftirfarandi töflu hvernig fjárheimildir sem falla undir þessa sameiningu eru í fjárlögum 2010. Heildarveltan í þessari starfsemi nemur um 28,8 milljörðum kr. en nettóvelta þegar sértekjur hafa verið dregnar frá nemur um 22,1 milljarði kr.

	10-211 Vegagerðin	10-212 Samg. verkefni	10-251 Umferðar-stofa.	10-335 Siglingast. Íslands	10-336 Hafnar-framkv.	10-471 Flugmálastj. Íslands	Samtals
Almennur rekstur	6.789,2	4.877,0	436,9	1.014,5	13,0	464,7	13.595,3
Viðhaldsverkefni		4.679,0					4.679,0
Stofnkostnaður		8.976,0		165,6	1.340,0		10.481,6
Gjöld samtals	6.789,2	18.532,0	436,9	1.180,1	1.353,0	464,7	**28.755,9**
Sértekjur	-6.162,2		-234,1	-212,6		-4,7	-6.613,6
Gjöld umfram tekjur	627,0	18.532,0	202,8	967,5	1.353,0	460,0	**22.142,3**
Fjármögnun:							
Greitt úr ríkissjóði		4.563,3		720,9	1.353,0	240,0	6.877,2
Innheimt af ríkistekjum	627,0	13.893,7	202,8	246,6		220,0	15.190,1
Viðskiptahreyfingar		75,0					75,0

Eins og fyrr segir er gert ráð fyrir að framlög vegna stofnkostnaðar- og viðhaldsverkefna muni heyra undir Vegagerðina en í fjárlögum 2010 námu útgjöld vegna þessara verkefna rúmum 15 milljörðum kr. Þá er gert ráð fyrir að til stofnunarinnar flytjist einnig framlög til almenns rekstrar vegna þjónustu vegakerfisins, styrkja til ferja og sérleyfishafa, styrkja til innanlandsflugs, rannsókna, Vaktstöðvar siglinga, umdæma og rekstrardeilda Vegagerðarinnar og innheimtukostnaðar vegna markaðra tekna. Í fjárlögum 2010 eru útgjöld þessara verkefna að frádregnum sértekjum áætluð um 5,5 milljarðar kr.

Samkvæmt mati samgönguráðuneytisins er gert ráð fyrir að með samþættingu þessara verkefna í tvær nýjar stofnanir verði mögulegt að ná fram beinni hagræðingu í rekstrargjöldum sem nemi um 10%. Ekki liggur þó fyrir áætlun um það hvernig hagræðingin muni skiptast á milli Farsýslunnar og Vegagerðarinnar. Samkvæmt fjárlögum 2010 má ætla að samanlagðar fjárheimildir vegna rekstrarkostnaðar við yfirstjórn og stjórnsýslu beggja stofnananna nemi um 1,7 milljörðum kr. að frádregnum sértekjum. Samkvæmt því gæti 10% hagræðing í rekstrargjöldum numið samtals um 170 m.kr. Hér er eingöngu um að ræða þá hagræðingu sem gert er ráð fyrir að verði vegna samlegðaráhrifa í rekstrargjöldum þeirra stofnana sem sameinast samkvæmt frumvarpinu en ekki aðhaldsaðgerðir sem stjórnvöld kunna að ákveða í almennum rekstri við þjónustu vegakerfisins, viðhaldsverkefnum eða framkvæmdum á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að starfsmannafjöldi Farsýslunnar verði 147 og 321 hjá Vegagerðinni eða samtals 468 manns til að byrja með. Er það sami fjöldi og nú starfar hjá Flugmálastjórn, Siglingastofnun, Vegagerðinni og Umferðarstofu en hins vegar er gengið út frá því að um 14 manns muni láta af störfum árlega vegna aldurs. Gert er ráð fyrir að í mörgum tilvikum muni ekki þurfa að ráða í þau störf sem losna.

Gert er ráð fyrir að verkefni Vegagerðarinnar verði fjármögnuð með mörkuðum tekjum og beinum framlögum úr ríkissjóði en til markaðra tekna teljast bensíngjald, olíugjald, kílómetragjald og vitagjald. Frumvarpið felur ekki í sér breytingar á þessum mörkuðu tekjum til hækkunar eða lækkunar. Fjármálaráðuneytið telur það ekki vera heppilegt fyrirkomulag að ríkistekjur séu markaðar með þessum hætti til starfsemi ríkisaðila. Að mati ráðuneytisins ættu tekjur sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna að renna í ríkissjóð og ákvörðun um fjárheimildir verkefna að vera tekin í fjárlögum hverju sinni. Í því sambandi má benda á að til að fjármagna framkvæmdir Vegagerðarinnar á árunum 2007 til 2010 voru veittar um 19 milljörðum kr. með beinum framlögum úr ríkissjóði umfram innheimtu markaðra tekna. Vegagerðin þurfti þannig að fá fyrirframráðstöfun á mörkuðum tekjum stofnunarinnar eða með öðrum orðum taka lán hjá ríkissjóði með veði í tekjum framtíðarinnar sem þessu nam. Vandséð er hvernig framkvæmdastofnunin muni geta staðið skil á uppsafnaðri skuld af þessari stærðargráðu af tekjum komandi ára með tilheyrandi skerðingu á framkvæmdagetu. Fyrirliggjandi samgönguáætlun gerir ráð fyrir að greiddar verði til baka 100 m.kr. af tekjum ársins 2012 og þá án vaxta. Fjármálaráðuneytið telur að þetta dæmi sýni glöggt að fyrirkomulag fjármögnunar af þessum toga hefur gengið sér til húðar og fellur hvorki að rammafjárlagagerð stjórnvalda né að fjárstjórnarvaldi Alþingis. Mörkun teknanna eru leifar frá fyrri tíð sem er einungis til þess fallið að flækja allt utanumhald, framsetningu og eftirfylgni í fjármögnun stofnunarinnar. Ekki verður séð hvaða ávinningur hlýst af því umfram það að stofnunin fái einfaldlega bein framlög úr ríkissjóði.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum miðast mat samgönguráðuneytisins þannig við að útgjöld ríkissjóðs geti lækkað um samtals 170 m.kr. vegna samlegðaráhrifa í rekstri við sameiningu Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar, Vegagerðarinnar og Umferðarstofu í tvær stofnanir. Gert er ráð fyrir að einhver kostnaður kunni að falla til við sameininguna en að

þeim kostnaði verði mætt með tímabundnum hagræðingarráðstöfunum hjá þessum stofnunum sem eigi því ekki að leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð. Hér er eingöngu um að ræða þá hagræðingu sem gert er ráð fyrir að verði vegna samlegðaráhrifa í rekstrargjöldum þeirra stofnana sem sameinast samkvæmt frumvarpinu en ekki aðhaldsaðgerðir sem stjórnvöld kunna að ákveða í almennum rekstri við þjónustu vegakerfisins, viðhaldsverkefnum eða framkvæmdum á þessu sviði. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála og er að öðru leyti vísað til umsagnar um það frumvarp.

544. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá Oddnýju G. Harðardóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á undurliðun 2:			
Við **00-201 Alþingi**			
1.06 Almennur rekstur	869,0	5,2	874,2

Greinargerð.

Um er að ræða kostnaðarauka vegna verðlagsbóta á kjarasamning milli forseta Alþingis og FSA sem er samhljóða kjarasamningi fjármálaráðherra við BSRB og fleiri frá 2009 um hækkun lægstu launa. Tillaga þessi er til leiðréttingar á því.

Kjarasamningurinn var gerður eftir að frumvarpið var lagt fram.

545. Fyrirspurn [387. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um lífeyristryggingar.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu mikið greiðir ríkið vegna lífeyristrygginga, sundurliðað milli ríkistryggða kerfisins og almenna kerfisins?
2. Hversu margir lífeyrisþegar fá greiðslur vegna lífeyristrygginga frá ríkinu, sundurliðað milli ríkistryggða kerfisins og almenna kerfisins?
3. Hver hefur þróun síðustu fimm ára verið í fjölda lífeyrisþega og í útgjöldum ríkisins vegna lífeyristrygginga?

Skriflegt svar óskast.

546. Frumvarp til laga [388. mál]

um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að staðfesta með undirritun samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á:

a. endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og
b. greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

2. gr.

Fjármálaráðherra skal semja við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta um framkvæmd samninganna skv. 1. gr., m.a. að því er varðar upplýsingagjöf til Alþingis, fjárhagsleg atriði er tengjast fullnustu samninganna, eftirlit með slitameðferð og fjárhagslega umsýslu í tengslum við úthlutanir úr búi Landsbanka Íslands hf.

3. gr.

Lög nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, að undanskilinni 5. gr. þeirra laga, gilda ekki varðandi þá ábyrgð sem lög þessi taka til.

Ákvæði til bráðabirgða.

Iðgjöldum sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta innheimtir af fjármálafyrirtækjum í samræmi við lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, eftir gildistöku laga þessara verður ekki varið til greiðslu kostnaðar af þeim skuldbindingum sem kveðið er á um í 1. gr.

Í samræmi við samning skv. 2. gr. skal Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta verja öðrum fjármunum sínum til greiðslu skuldbindinga skv. 1. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í kjölfar þess að lögum nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðu-

eigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., var synjað staðfestingar fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um frambúðargildi laganna í samræmi við 26. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, 6. mars sl. Atkvæðagreiðslan fór fram á grundvelli sérstakra laga sem sett voru í þessu skyni, laga nr. 4/2010. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var að 93,2% þeirra sem atkvæði greiddu voru á móti því að lögin héldu gildi sínu. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 4/2010 réð meiri hluti greiddra atkvæða á landinu öllu niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Í samræmi við þetta birti dómsmála- og mannréttindaráðuneytið auglýsingu nr. 15/2010 um að lög nr. 1/2010 væru úr gildi fallin 18. sama mánaðar.

Með ályktun Alþingis frá 5. desember 2008 var ákveðið að ganga til samninga vegna innstæðna í íslenskum viðskiptabönkum á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli hinna svonefndu Brussel-viðmiða frá 14. nóvember 2008. Jafnframt liggur fyrir að breið pólitísk samstaða er um að efnahagslegar og pólitískar ástæður standi til að semja um lausn málsins þrátt fyrir óvissu um lagalega skyldu. Enn fremur hafa stjórnvöld ítrekað lýst yfir vilja til að ljúka málinu með samningum, m.a. í yfirlýsingum til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Allt frá því að ljóst var að gengið yrði til þjóðaratkvæðis um lánssamningana sem gerðir voru 5. júní og 19. október 2009 og þeir að öllum líkindum felldir hóf ríkisstjórnin að vinna að því í samvinnu við alla stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi að taka upp samningana. Í því skyni fór fjármálaráðherra ásamt formönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks til fundar við bresk og hollensk stjórnvöld í Haag í janúar 2010. Þar kom m.a. fram að bresk og hollensk stjórnvöld settu nokkur skilyrði fyrir því að endursamið yrði um málið, aðallega að breið pólitísk samstaða næðist um lúkningu samninga á Íslandi, að komist yrði fljótt að ásættanlegri niðurstöðu í málinu, og að síðustu að fjárhæð sem næmi lágmarkstryggingu á innstæðunum yrði greidd að fullu. Auk þess hafa bresk og hollensk stjórnvöld krafist þess að kostnaður þeirra við fjármögnun yrði greiddur. Eftir umfangsmikið samráð milli allra flokka náðist um það samstaða að freista þess að ná samningum með öðrum og kostnaðarminni hætti en áður var gert ráð fyrir.

Þegar nýrri samninganefnd var komið á fót í byrjun febrúar var ákveðið að leita til sérfræðings í alþjóðlegum lánssamningum, Lee C. Buchheit, lögmanns frá bandarísku lögmannsstofunni Cleary, Gottlieb, Steen & Hamilton í New York, um að vera samningamaður íslenskra stjórnvalda. Aðrir sem sæti áttu í nefndinni voru Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, sem var í forsvari fyrir samninganefndina, Einar Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu, og hæstaréttarlögmennirnir Jóhannes Karl Sveinsson og Lárus Blöndal, hinn síðarnefndi tilnefndur sameiginlega af flokkum utan ríkisstjórnar. Með nefndinni hafa starfað sem sérfræðingar Charles Williams, Andrew Speirs og Ari Winarto frá ráðgjafarþjónustunni Hawkpoint í London, Nigel Ward frá lögmannsstofunni Ashurst í London, Kristján Andri Stefánsson lögfræðingur, sendiherra í utanríkisþjónustunni, og Hrafn Steinarsson, hagfræðingur í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Enn fremur hefur nefndin leitað um afmarkaða þætti í starfi sínu til Sturlu Pálssonar, forstöðumanns í Seðlabankanum, Björns Rúnars Guðmundssonar skrifstofustjóra og Tómasar Brynjólfssonar hagfræðings í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og Sesselju Sigurðardóttur, sendiráðsritara í utanríkisráðuneytinu. Þá starfaði á tímabili með nefndinni sem sérstakur ráðgjafi Don Johnston, fyrrverandi aðalframkvæmdastjóri Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD). Loks hefur nefndin notið liðsinnis Benedikts Jónssonar, sendiherra í London, í störfum sínum.

Stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hefur fylgst náið með framgangi málsins og tók stjórnarformaður tryggingarsjóðsins, Guðrún Þorleifsdóttir, þátt í lokafundi samningsaðila ásamt lögmanni sjóðsins, Eiríki Elísi Þorlákssyni, og áritaði hún samningana f.h. sjóðsins.

Umboð samninganefndarinnar hefur verið útfært í samvinnu allra flokka og nefndin hefur átt samráð við formenn þeirra og utanríkisráðherra. Nefndin hefur frá því að hún var skipuð unnið þrotlaust að viðfangsefni sínu og ráðfært sig við fjölda aðila innan lands sem utan. Viðræður við fulltrúa breskra og hollenskra stjórnvalda fóru fram í nokkrum snörpum lotum í febrúar og byrjun mars, en eftir að þeim var frestað tímabundið meðan þjóðaratkvæðagreiðslan fór fram var þeim ekki fram haldið – þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af Íslands hálfu – fyrr en í júlí og september og lauk nú nýverið. Auk funda hafa átt sér stað orðsendingaskipti og óformlegt samráð af ýmsu tagi.

Niðurstöður viðræðnanna gera í stórum dráttum ráð fyrir að í stað hefðbundinna lánssamninga verði gerðir endurgreiðslu- og skaðleysissamningar (e. Reimbursement and Indemnity Agreements) með aðild hlutaðeigandi ríkja og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Endurgreiðslusamningarnir eru um margt með öðru sniði en fyrri lánssamningar vegna uppgjörs lágmarkstryggingar við innstæðueigendur Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Þeir gera ráð fyrir að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta endurgreiði breskum og hollenskum stjórnvöldum þær fjárhæðir sem þau hafa lagt út af því tilefni en fái í staðinn framseldan samsvarandi hluta krafna þeirra í bú bankans og annist um að innheimta þær. Gert er ráð fyrir að tryggingarsjóðurinn nýti fyrst þá fjármuni sem til eru í sjóðnum til endurgreiðslu. Að því búnu verði greiðslur inntar af hendi jöfnum höndum eftir því sem úthlutað er úr búi Landsbankans. Áfallandi vextir verða greiddir ársfjórðungslega fram á mitt ár 2016, þegar búist er við að úthlutun úr búi Landsbankans verði að mestu lokið. Frá þeim tíma skuldbindur ríkið sig til að standa undir eftirstöðvum skuldbindinga Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta með ákveðnum fjárhagslegum fyrirvörum og eftir nánar umsömdum viðmiðunum.

Höfuðstóll endurgreiðslufjárhæðarinnar er vaxtalaus fram til 1. október 2009 en ber eftir það fasta vexti sem eru ákvarðaðir 3% fyrir höfuðstól skuldbindingarinnar gagnvart Hollandi og 3,3% gagnvart Bretlandi. Hvort hlutfall um sig endurspeglar mismunandi fjármögnunarkostnað ríkjanna. Vegnir meðalvextir eru þá 3,2% og gilda fram til 30. júní 2016 þegar ætlað er að búi Landsbankans hafi að mestu leyti verið skipt og kröfur á hendur því gerðar upp. Vaxtabyrði af endurgreiðslufjárhæðinni verður því mun lægri en orðið hefði að óbreyttum samningum. Sé tekið tillit til hins vaxtalausa tímabils eru jafnaðarvextir á tímabilinu 2009–2016 2,64% í stað 5,55% áður. Jafnframt er ábyrgð ríkisins takmörkuð eins og kostur er og í raun eingöngu bundin við (a) samtímagreiðslur vaxta fram til júní 2016 og (b) þann hluta sem ekki hefur verið innheimtur úr búi bankans að þeim tíma liðnum.

Meiri vissa er nú en þegar málið kom síðast til kasta Alþingis um endurheimtur úr búi Landsbankans og skilanefnd bankans hefur nú náð fullu valdi á eignum hans í Bretlandi og Hollandi. Skilanefndin telur í skýrslu sinni til kröfuhafafundar 9. nóvember 2010 að úthlutun upp í forgangskröfur muni nema 86%. Gangi það eftir gerir samningurinn ráð fyrir að skuldbindingin verði gerð upp á einu ári, þ.e. eigi síðar en um mitt ár 2017. Raskist þessar áætlanir verulega gera samningarnir hins vegar ráð fyrir að heimilt verði að lengja endurgreiðslutímann um eitt ár fyrir hverja 10 milljarða kr. sem eftirstöðvarnar kunna að fara yfir 45 milljarða kr. Jafnframt er sett þak á árlega endurgreiðslubyrði þannig að hún nemi aldrei hærri fjárhæð en sem nemur hærri tölunni af tveimur eftirtöldum: 5% af heildartekjum ríkisins

næstliðið ár eða 1,3% af vergri landsframleiðslu næstliðið ár. Endurgreiðslu eftirstöðvanna skal þó aldrei lokið á lengri tíma en 30 árum frá 2016 að telja.

Samið hefur verið um að vaxtakjör á eftirstöðvum frá þessu tímabili, þ.e. eftir 30. júní 2016, verði í samræmi við svonefnda CIRR-vexti[1], annars vegar í sterlingspundum og hins vegar í evrum, án nokkurs vaxtaálags. CIRR-vextir eru lægstu vextir sem stjórnvöldum er heimilt að bjóða útflutningstryggingasjóðum sínum og greinast í þrennt eftir tímalengd þeirra skuldbindinga sem þeir taka til. Í fyrsta lagi vegna skuldbindinga sem ætlað er að vara skemur en í 5 ár, í öðru lagi á bilinu 5 til 8½ ár og í þriðja lagi lengur en það. Með því að fjárhæð eftirstöðvanna ræður því á hversu löngum tíma þær verða gerðar upp ræður hún einnig því hvaða vaxtaviðmiðun verður fyrir valinu. Almennt eru CIRR-vextir hinir hagstæðustu sem finna má í alþjóðlegum lánssamningum, enda er þeim eingöngu ætlað að endurspegla raunkostnað ríkja við fjármögnun. Ljóst er þó að ávallt verður leitað leiða til að greiða upp eftirstöðvarnar á sem hagkvæmastan hátt og stjórnvöldum er heimil greiðsla þeirra hvenær sem er.

Efnisatriðum hins nýja samkomulags verður nánar lýst hér á eftir, en endurgreiðslusamningarnir eru birtir sem fylgiskjöl með frumvarpinu á ensku og íslensku auk skýringa.

Samkvæmt þessum samningum falla jafnframt niður lánssamningar af sama tilefni sem undirritaðir voru með fyrirvara um samþykki Alþingis 5. júní og 19. október 2009. Heimild til að ábyrgjast greiðslu þeirra samkvæmt lögum nr. 1/2010 hefur þegar verið felld niður, sbr. auglýsingu nr. 15/2010, en samkvæmt frumvarpi þessu er jafnframt lagt til að brott falli sams konar heimild í lögum nr. 96/2009.

Á grundvelli hins nýja samkomulags er meginefni frumvarps þessa fólgið í heimild til að staðfesta hina nýju samninga við bresk og hollensk stjórnvöld og áréttað að heimilt verði samkvæmt þeim að skuldbinda ríkissjóð til að mæta eftirstöðvum og vöxtum vegna krafna Hollendinga og Breta vegna greiðslu lágmarkstryggingar á reikningum í útibúum Landsbankans í Hollandi og Bretlandi. Engir samningar verða hins vegar undirritaðir fyrr en samþykki Alþingis liggur fyrir. Samningarnir voru áritaðir með upphafsstöfum samninganefndarmanna landanna í London hinn 8. desember 2010. Áritunin er eingöngu til vitnis um þá niðurstöðu sem fengin er í viðræðum ríkjanna, en fyrir liggur að samningarnir verða ekki undirritaðir nema Alþingi hafi veitt samþykki sitt fyrir því að stjórnvöld takist þær skuldbindingar á herðar.

2. Innstæður á Icesave-reikningum og ábyrgð á lágmarkstryggingum.

Þegar stóru viðskiptabankarnir þrír féllu í byrjun október 2008 voru umtalsverðar fjárhæðir á innlánsreikningum Landsbanka Íslands hf. í útibúum hans í Bretlandi og Hollandi, svokölluðum Icesave-reikningum. Þessir fjármunir voru innlánseigendum ekki tiltækir frá og með 6. október 2008 en daginn eftir, 7. október, tók Fjármálaeftirlitið yfir stjórn Landsbankans á grundvelli neyðarlaganna svonefndu, þ.e. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Stjórnvöld lýstu því þá þegar yfir að innstæður í innlendum viðskiptabönkum og útibúum þeirra hér á landi yrðu tryggðar að fullu. Við þessar aðstæður reis ágreiningur á milli Íslands annars vegar og Bretlands og Hollands hins vegar um hvort íslenska ríkinu bæri að ábyrgjast greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi en sú lágmarkstrygging nam þá 20.887 evrum fyrir hvern innstæðueiganda samkvæmt tilskipun

[1] CIRR-vextir (Commercial Interest Reference Rate) eru reiknaðir og birtir af OECD.

Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EBE um innlánatryggingakerfi, eins og hún var innleidd með lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Afstaða breskra og hollenskra stjórnvalda hefur verið skýr um að íslenska ríkinu bæri að standa að baki tryggingarsjóðnum vegna þessara lágmarkstrygginga. Íslensk stjórnvöld hafa á hinn bóginn haldið fram sjónarmiðum um að íslenska ríkinu bæri ekki að ábyrgjast greiðslur til innstæðueigenda, þ.e. ef tryggingarsjóðurinn gæti ekki að fullu staðið skil á þeim sjálfur. Afstaða íslenskra stjórnvalda byggðist einkum á því að slíka skyldu væri ekki hægt að leiða af ákvæðum tilskipunarinnar enda gæti það hæglega raskað samkeppnisstöðu banka eftir því hvar þeir væru staðsettir. Jafnframt að ef slík ábyrgð væri til staðar gæti hún aldrei átt við þegar um almennt kerfishrun allrar fjármálastarfsemi í landinu væri að ræða. Nauðsynlegt væri að fá úr því skorið með lögformlegum hætti fyrir dómstóli eða gerðardómi hvort ríkinu bæri að ábyrgjast greiðslur til innstæðueigenda ef þær færu fram úr því sem tryggingarsjóðurinn gæti staðið undir af inngreiðslum í sjóðinn.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sem birt var 12. apríl sl., er tekið undir það sjónarmið að tilskipunin miðist „að sjálfsögðu aðeins við þá aðstöðu að einstaka lánastofnun lendi í fjárhagslegum erfiðleikum, en ekki allsherjarhrun stærstu lánastofnana heillar þjóðar“[2]. Á hinn bóginn tók nefndin ekki sjálf til þess skýra afstöðu hvaða afleiðingar það ætti að hafa á skyldur ríkisins ef til þess kæmi að tryggingakerfi sem stofnað væri til samkvæmt tilskipuninni gæti ekki staðið við greiðsluskuldbindingar sínar af þessum sökum. Í skýrslunni eru ítarlega reifuð sjónarmið í samtímaheimildum um þetta án þess að því verði fundinn staður að aðildarríki ESB beri ábyrgð á innstæðum. Þá fann nefndin ekki að innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt.

Afstöðu íslenskra stjórnvalda hefur verið skýrt til haga haldið í öllum viðræðum við stjórnvöld viðkomandi ríkja eftir að bankarnir féllu. Þessari lagatúlkun hefur hins vegar verið hafnað, ekki einungis af þeim ríkjum sem í hlut eiga heldur einnig öllum öðrum aðildarríkjum Evrópusambandsins, framkvæmdastjórn þess og Eftirlitsstofnun EFTA. Afstaða þeirra hefur ekki síst byggst á því að talið hefur verið varhugavert að gefa með einhverjum hætti til kynna að vafi kunni að leika á um það tryggingakerfi sem liggur innlánastarfsemi í Evrópu til grundvallar. Réttaróvissa um þetta gæti því valdið ófyrirséðum afleiðingum í evrópsku bankakerfi.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur allt frá því að gömlu bankarnir féllu fylgst náið með framvindu mála á Íslandi með tilliti til innstæðueigenda og annarra kröfuhafa þeirra. Í desember sl. gerði stofnunin kunnugt um að hún mundi ekki aðhafast vegna annarra kröfuhafa, en fylgdist áfram með úrlausn Icesave-málsins með tilliti til innstæðueigenda í útibúum Landsbankans utan Íslands. Eftir að samningaviðræður höfðu legið í láginni í nokkurn tíma ákvað stjórn stofnunarinnar að hefja meðferð samningsbrotamáls vegna meintrar ófullnægjandi framkvæmdar áðurnefndrar tilskipunar og birti stjórnvöldum formlega tilkynningu þar að lútandi 26. maí sl. Í tilkynningu stofnunarinnar kom fram að niðurstaða hennar væri á því byggð að á stjórnvöldum hvíldi skylda til að ná þeim árangri (e. obligation of result) sem efni tilskipunarinnar miðar að. Að áliti stofnunarinnar hvílir sú skylda á aðilarríkjum að sjá til þess að það tryggingakerfi sem komið er á fót á grundvelli tilskipunarinnar skili innstæðueigendum þeirri lágmarkstryggingu sem hún mælir fyrir um undir hvaða kringumstæðum sem er.

---

[2] Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 7. bindi, kafli 21.4.9, bls. 283.

Jafnframt hefur verið bent á að í mismunandi meðferð innstæðueigenda í útibúum íslenskra banka eftir því hvar þau voru staðsett hafi verið fólgin ólögmæt mismunun og þar með brotið gegn jafnræðisreglu 4. gr. EES-samningsins. Stjórnvöld hafa á móti haldið því fram að mismunandi meðferð þeirra hafi réttlæst af þeim aðstæðum sem við blöstu þegar bankarnir féllu og að önnur og viðurhlutaminni úrræði hefðu ekki dugað til að ná þeim markmiðum sem að var stefnt. Alltaf var þó út frá því gengið að eignir Landsbankans dygðu til að mæta þeim kröfum sem stofnuðust af þessum sökum.

Með ályktun Alþingis frá 5. desember 2008 var ríkisstjórninni, sem áður segir, falið að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli sameiginlegra viðmiða sem samþykkt voru á milli Íslands, Bretlands og Hollands fyrir tilstilli Evrópusambandsins (ESB) í Brussel 14. nóvember 2008, svonefndra Brussel-viðmiða.

Eftir að ályktun Alþingis var samþykkt um að veita stjórnvöldum heimild til að leiða m.a. Icesave-málið til lykta, hófst það ferli sem lauk með gerð lánssamninganna frá 5. júní 2009. Frumvarp er veitti fjármálaráðherra heimild til að ábyrgjast efndir samninganna var lagt fyrir Alþingi 30. júní 2008 en því var verulega breytt í meðförum Alþingis áður en það var samþykkt 28. ágúst sama ár og varð að lögum nr. 96/2009. Af breytingunum leiddi að heimild ráðherra var bundin ýmsum fyrirvörum í formi forsendna fyrir veitingu ríkisábyrgðar og efnahagslegra og lagalegra viðmiða. Til þess að ríkisábyrgðin gengi í gildi varð að kynna breskum og hollenskum stjórnvöldum fyrirvarana og þau að fallast á þá, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 96/2009.

Í kjölfar lagasetningarinnar kom fljótlega fram að bresk og hollensk stjórnvöld voru ekki reiðubúin til að fallast að öllu leyti á fyrirvara Alþingis. Að loknum viðræðum aðila lánssamninganna varð niðurstaðan sú að gerðir voru viðaukasamningar sem undirritaðir voru 19. október 2009 og með þeim hætti reynt að samrýma að mestu leyti efni lánssamninganna og þeirra fyrirvara sem komu fram í 1.–4. gr. laga nr. 96/2009. Til þess að lánssamningarnir tækju gildi, eins og þeim var breytt með viðaukasamningunum, var nauðsynlegt að breyta lögum nr. 96/2009. Í því skyni var 19. október 2009 lagt fyrir Alþingi frumvarp það er að lokum varð að lögum nr. 1/2010, eftir að Alþingi hafði samþykkt það 30. desember 2009 en forseti synjað því staðfestingar 5. janúar 2010. Að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu um frambúðargildi þeirra voru þau lög felld úr gildi með auglýsingu nr. 15/2010.

Samkvæmt ákvæðum í hinum nýju samningum við bresk og hollensk stjórnvöld falla þessir eldri samningar niður við gildistöku þeirra. Ekki er því ástæða til að rekja frekar ferlið við gerð þeirra eða efni hér, en um það má vísa til almennra athugasemda við frumvörp þau er urðu að lögum nr. 96/2009 og 1/2010, sem og ýmis gögn sem tengjast undirbúningi þeirra á vefsíðunni www.island.is. Jafnframt er ítarlega fjallað um Icesave-innlánsreikningana í 18. kafla áðurnefndrar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

3. Nýja samkomulagið.

3.1. Samningar um endurgreiðslu og skaðleysi breskra og hollenskra stjórnvalda af greiðslu lágmarkstryggingar vegna Icesave (e. Reimbursement and Indemnity Agreements).

3.1.1. Inntak endurgreiðslusamninganna.

Í megindráttum felst í samningunum að íslenski tryggingarsjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða breskum og hollenskum stjórnvöldum útgjöld þeirra vegna uppgjörs á lágmarkstryggingu við innstæðueigendur Landsbankans í Bretlandi að fjárhæð allt að 2,350 milljarðar punda annars vegar og í Hollandi 1,329 milljarðar evra hins vegar, sem jafngildir

samtals allt að 674 milljörðum kr. miðað við sölugengi 22. apríl 2009, en kröfurnar í bú bankans voru festar við gengi þann dag. Miðað við gengi krónunnar 30. september 2010 nemur sú skuldbinding allt að 624 milljörðum kr. og hefur lækkað vegna styrkingar krónunnar síðastliðin missiri. Nánari grein er gerð fyrir fjárhæðum síðar í athugasemdunum.

Tryggingarsjóðurinn, sem er sjálfseignarstofnun, ber ábyrgð á endurgreiðslum höfuðstóls umræddrar fjárhæðar innan tiltekinna tímamarka. Gegn þessari skuldbindingu fær tryggingarsjóðurinn samkvæmt sérstökum framsalssamningum (e. Assignment Agreements) framseldar kröfur breska tryggingarsjóðsins og hollenska seðlabankans vegna greiðslu lágmarkstryggingar hvers innstæðueiganda á hendur búi Landsbanka Íslands en að höfuðstólsverðmæti getur einstök krafa í mesta lagi numið lágmarkstryggingunni, 20.887 evrum. Samkvæmt ákvæðum endurgreiðslusamninganna ber tryggingarsjóðnum að nýta þá fjármuni sem hann fær úthlutað upp í kröfur sínar úr búi Landsbanka Íslands hf. til að greiða niður endurgreiðslufjárhæðina. Þessum fjármunum ber að skipta að tiltölu þannig að um 2/3 fjármunanna fari í að greiða breskum stjórnvöldum og 1/3 í að greiða hollenskum stjórnvöldum. Auk þess er hvenær sem er heimilt að greiða fjárhæðina niður án kostnaðar og endurfjármagna hana ef hagstæðari kjör bjóðast annars staðar.

3.1.2. Jafnstöðuákvæði (lat. pari passu).

Auk þeirra krafna sem breski og hollenski sjóðurinn framselja íslenska tryggingarsjóðnum vegna greiðslu lágmarkstryggingar eiga þeir sjálfir kröfur í bú Landsbankans vegna þeirra innstæðna sem þeir hafa greitt umfram lágmarkið. Allar viðurkenndar innlánskröfur njóta forgangs við úthlutun úr búi Landsbankans skv. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, eins og þeim var breytt með 6. gr. laga nr. 44/2009, en það ákvæði er samhljóða þeirri breytingu á réttindaröð sem gerð var með 6. gr. neyðarlaganna svonefndu, nr. 125/2008.

Samkvæmt samningum aðila njóta allir sjóðirnir jafnræðis við úthlutun úr búi Landsbankans og fá þannig greitt í jöfnum hlutföllum upp í þessar kröfur. Í samræmi við viðaukasamningana frá 19. október 2009 er þó með sérstökum samningum (e. Pari Passu Agreements) einnig gert ráð fyrir að íslenski tryggingarsjóðurinn geti látið reyna á það hvort kröfur sjóðsins við úthlutun eigna bús Landsbanka Íslands hf. hafi sérstakan forgang umfram kröfur annarra aðila vegna sömu innstæðu. Samkvæmt þessum samningum má úrlausn íslenskra dómstóla um þetta atriði ekki vera í andstöðu við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins ef samningsákvæði um hlutfallslega jafna skiptingu hverrar kröfu eiga að taka breytingum. Verði komist að þeirri niðurstöðu að lagaskilningur um sérstakan forgang krafna íslenska tryggingarsjóðsins sé réttur munu ákvæði endurgreiðslusamninganna um hlutfallslega skiptingu einstakra krafna breytast sjálfkrafa. Jafnframt er gert ráð fyrir að slitastjórn Landsbankans geti ákveðið að veita slíkum kröfum sérstakan forgang og hefur það sömu áhrif og að framan greinir, ef ákvörðun slitastjórnar er ekki skotið til dómstóla.

3.1.3. Um úthlutanir úr búinu til að greiða niður endurgreiðslufjárhæðina.

Aukin vissa er nú um endurheimtur úr búi Landsbankans. Skilanefnd bankans telur í skýrslu sinni til kröfuhafafundar 9. nóvember 2010 að úthlutun upp í forgangskröfur muni nema 86%. Heildarforgangskröfur nema 1.320 milljörðum kr., en heimtur eru áætlaðar 1.138 milljarðar kr. Forgangskröfur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta í bú Landsbankans voru festar á gengi íslensku krónunnar miðað við 22. apríl 2009 og geta numið allt að 673 milljörðum kr. að höfuðstóli. Við þá fjárhæð bætast áfallnir vextir eins og síðar er vikið að.

Gert er ráð fyrir að í hlut tryggingarsjóðsins komi ríflega 51% af forgangskröfum eða sem nemur um 584 milljörðum kr., eins og sést í eftirfarandi töflu:

Áætlað endurheimtuhlutfall	
Forgangskröfur miðað við gengi 22. apríl 2009	673
Endurheimtur miðað við gengi 30. september 2010	584
Endurheimtuhlutfall miðað við gengi 30. september 2010	***86%***

Framangreindar tölur miðast við hámarksfjárhæðir á framseldum höfuðstólskröfum samkvæmt endurgreiðslusamningunum.

Samkvæmt vinnugögnum frá Landsbankanum má reikna með því að höfuðstóll framseldra krafna samkvæmt endurgreiðslusamningunum verði nokkru lægri eða 659 milljarðar kr. miðað við 22. apríl 2009.

Styrking íslensku krónunnar síðastliðin missiri hefur þau áhrif að færri krónur þarf til að standa skil á endurgreiðslunum til Breta og Hollendinga þar sem greiðslur til þeirra eru í pundum og evrum. Miðað við gengi krónunnar 30. september 2010 hefur endurgreiðslufjárhæðin þannig lækkað úr 659 milljörðum kr. í 610 milljarða kr.

Við mat á heildarkostnaði þykir rétt að byggja á reikniforsendum Seðlabankans um gengisþróun evrunnar á komandi árum og væntri ávöxtun af eignasafni Landsbankans. Gert er ráð fyrir að þeir gjaldmiðlar sem eignir þrotabúsins eru bundnir í muni þróast samhliða evrunni, sem mun veikjast lítillega samkvæmt þeim reikniforsendum. Miðað við þær forsendur um gengisþróun, endurheimtur og útgreiðslur mun höfuðstóll skuldbindingarinnar lækka úr 659 milljörðum kr. í 595 milljarða kr., eða um 64 milljarða kr., miðað við tímabilið frá 22. apríl 2009 og fram á mitt ár 2016. Sömu gengisáhrif verða á endurheimtur sem lækka því úr samtals 632 milljörðum kr. í 570 milljarða kr., miðað við tímabilið frá 22. apríl 2009 og fram á mitt ár 2016, eða um sem nemur rúmlega 61 milljarði kr. samkvæmt sömu forsendum.

Þróun gjaldmiðla næstu árin getur því haft mikil áhrif á skuldbindingu ríkissjóðs vegna Icesave. Gjaldeyrisáhættan felst ekki einungis í þróun íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum heldur einnig innbyrðis þróun annarra gjaldmiðla. Það á sérstaklega við um sterlingspundið. Ástæðan er sú að meiri hluti skuldbindingarinnar er í sterlingspundum en hlutfall eigna í búi Landsbankans í sterlingspundum er einungis um þriðjungur, en gott jafnvægi er milli eigna Landsbankans og skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta í evrum talið. Hvort tveggja, þ.e. gengi krónu og sterlingspunds gagnvart öðrum gjaldmiðlum, getur haft áhrif á það hvernig endurheimtur duga til að greiða niður Icesave-skuldbindinguna. Fjallað verður nánar um gjaldeyrisáhættu í kafla 3.2.1.2.

Eignir þrotabús Landsbankans nema framangreindum 1.138 milljörðum kr. og eru að stærstum hluta vaxtaberandi kröfur. Þar af er hlutur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta 570 milljarðar kr. sem áður segir. Nokkur óvissa er bundin við ávöxtun eigna bús Landsbankans. Skilanefndin hefur ekki gert ráð fyrir eignatekjum í heimtumati sínu, en það má á hinn bóginn telja fullvíst að þær eignatekjur verði allverulegar. Samkvæmt afar varlegu mati má áætla að ávöxtun og vaxtatekjur af eignum búsins, sem falla til umfram rekstrarkostnað skilanefndar og slitastjórnar og renna til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta fram á mitt ár 2016, muni nema samtals 33 milljörðum kr. Er þá m.a. horft til þess að vextir af skuldabréfum sem Nýi Landsbankinn (NBI hf.) gaf út vegna yfirtöku á eignum úr eignasafni gamla bankans muni skila tryggingarsjóðnum um 23 milljarða kr. tekjum. Við mat

á heildarkostnaði ríkisins vegna samninganna er horft til framangreindra 570 milljarða kr. og áætlaðra 33 milljarða kr. aukatekna. Endurheimtur úr búi Landsbankans ásamt væntri ávöxtun eignasafnsins nema því samtals 603 milljörðum kr.

Eins og áður var nefnt er skuldbinding Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta gagnvart breskum og hollenskum stjórnvöldum samtals 595 milljarðar kr. að teknu tilliti til gengisþróunar krónunnar. Samkvæmt því ætti tryggingarsjóðurinn að endurheimta 8 milljarða kr. umfram þá höfuðstólsfjárhæð sem ríkið ábyrgist að greiða breskum og hollenskum stjórnvöldum og gengur sú fjárhæð upp í áfallna vexti. Eftirfarandi töflur sýna umræddar tölur.

Áhrif gengisþróunar á höfuðstól	
Forgangskröfur miðað við gengi 22. apríl 2009	659
Áhrif gengisþróunar á höfuðstól skuldbindingarinnar	-64
Höfuðstóll með gengisáhrifum	595

Áhrif gengisþróunar og ávöxtunar á endurheimtur	
Endurheimtur miðað við gengi 22. apríl 2009	*632*
Áhrif gengisþróunar á endurheimtur	-61
Ávöxtun eignasafns Landsbankans	33
Endurheimtur með gengisáhrifum og ávöxtun	**603**

Eftirstöðvar 2016	
Höfuðstóll með gengisáhrifum	595
Endurheimtur með gengisáhrifum og ávöxtun	603
Eftirstöðvar 2016	**-8**

Áætlanir skilanefndar og slitastjórnar Landsbanka Íslands miða við að hefja úthlutun upp í samþykktar forgangskröfur um mitt ár 2011 þegar búið er að leysa úr stærstum hluta ágreiningsmála þeirra er telja til réttinda í búið. Slitastjórn er þó jafnframt heimilt að hraða greiðslum úr búi bankans upp í þessar kröfur án þess að ágreiningur um viðurkenningu krafna, sem gætu staðið þeim jafnfætis í réttindaröð, hafi verið til lykta leiddur, sbr. 6. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, eins og því ákvæði var nýlega breytt með 50. gr. laga nr. 75/2010.

Áætlanirnar gera ráð fyrir að öllu handbæru fé, sem um næstu áramót getur numið allt að 350 milljörðum kr., auk þeirra fjármuna sem innheimtast fyrri hluta næsta árs, verði þá ráðstafað upp í forgangskröfur en íslenski tryggingarsjóðurinn er talinn eiga um 51% þeirra. Þetta getur svarað til tæplega 400 milljarða, en þar af mundi þá rúmur helmingur ganga til að greiða niður höfuðstól endurgreiðslufjárhæðarinnar. Það mundi þýða að tæplega þriðjungur skuldbindingarinnar yrði greiddur um leið og þessi úthlutun fer fram. Áætlanir skilanefndar/slitastjórnar gera enn fremur ráð fyrir að alls hafi innheimst sem svarar til um helmings eigna fyrir árslok 2013, en þá yrði meginhluti óinnleystra eigna fólginn í skuldabréfi sem gefið er út af nýja bankanum.

3.1.4. Vextir.

Að frátöldum heimtum úr búi Landsbankans skipta vaxtakjörin á þeirri fjárhæð sem til endurgreiðslu er langmestu máli.

Endurgreiðslufjárhæðirnar samkvæmt hvorum samningi um sig byrja ekki að bera vexti fyrr en í október 2009 í stað 1. janúar sama ár eins og ráð var fyrir gert í fyrri samningum. Frá þeim tíma og meðan tryggingarsjóðurinn er að greiða höfuðstól endurgreiðslufjárhæðanna niður fram til 30. júní 2016 ber hann um 3,2% vexti á ári (vegið meðaltal milli sterlingspunds og evru) og eru þeir gerðir upp ársfjórðungslega frá og með 1. janúar 2011, eftir að áfallnir vextir og kostnaður fram að því hafa verið gerðir upp í árslok 2010. Höfuðstólar bresku og hollensku endurgreiðslufjárhæðanna bera hvor um sig mismunandi vexti, 3% á þá hollensku og 3,3% á þá bresku. Munur á þessu vaxtahlutfalli endurspeglar mismunandi fjármögnunarkostnað hvors ríkis um sig. Að teknu tilliti til styttingar á vaxtatímabili og með hliðsjón af þróun af áætlaðri niðurgreiðslu höfuðstóls er vegið meðaltal vaxta 2,64%.

Samkvæmt fyrri samningum var ekki gert ráð fyrir neinu vaxtafríi, heldur að 5,55% vextir reiknuðust allt frá 1. janúar 2009. Ekki var gert ráð fyrir að greiðsla þeirra hæfist fyrr en árið 2016 og yrði að fullu lokið átta árum síðar, á árinu 2024. Fram til 2016 var því ekki gert ráð fyrir neinum beinum greiðslum úr ríkissjóði í fyrri samningunum. Fyrir utan vaxtafríið og mun lægri vexti er sá meginmunur á þessum og nýju samningunum að áfallnir vextir frá 1. október 2009 verða gerðir upp í einu lagi í árslok 2010 og eftir það ársfjórðungslega. Með vaxtafríi og vegnum meðalvöxtum 3,2% er gert ráð fyrir að uppsafnaður vaxtakostnaður geti í árslok 2010 numið um 26 milljörðum kr. í stað 75 milljarða kr., eins og verið hefði samkvæmt fyrri samningi. Á móti þessari fjárhæð koma innstæður í Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta að fjárhæð um 20 milljarðar kr., en miðað er við að fjármálaráðherra leiti eftir heimild í fjáraukalögum til að mæta því er upp á vantar til lúkningar þessari skuldbindingu. Eftir það eru vextir greiddir ársfjórðungslega, eins og áður segir, og lækka að tiltölu eftir því sem endurheimtum úr búi Landsbankans vindur fram.

3.1.5. Staða 2016.

Samhliða endurgreiðslusamningunum skuldbindur ríkið sig til að greiða eftirstöðvarnar, eins og þær standa 30. júní 2016, eftir að fjármunum úr búi Landsbankans hefur verið varið til að lækka þær eins mikið og eignir hans rísa undir. Frá þeim degi ábyrgjast stjórnvöld að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta greiði það sem upp á vantar að eftirstöðvar endurgreiðslufjárhæðarinnar verði að fullu greiddar. Ábyrgð ríkisins er með þessum hætti takmörkuð eins og kostur er og að frátöldum vaxtagreiðslunum eingöngu bundin við þann hluta sem ekki verður innheimtur úr búi bankans þegar ætla má að úthlutun verði að stærstum hluta lokið. Samkvæmt framangreindu mun tryggingarsjóðurinn endurheimta 8 milljarða kr. umfram höfuðstól endurgreiðslufjárhæðanna og því mun ríkið ekki þurfa að ábyrgjast neinar eftirstöðvar árið 2016.

3.1.6. Vextir á eftirstöðvunum 16. júní 2016.

Vextir á þá fjárhæð sem eftir stendur 16. júní 2016 verða svokallaðir CIRR-vextir OECD í pundum vegna eftirstöðva endurgreiðslufjárhæðarinnar í Bretlandi og í evrum vegna endurgreiðslufjárhæðarinnar í Hollandi. Í báðum tilvikum yrði viðmiðunardagur vaxtanna 16. júní 2016 og þeir reiknaðir út að teknu tilliti til fjárhæðar eftirstöðvanna og lengdar endurgreiðslutímans.

CIRR-vextir eru reiknaðir út mánaðarlega af OECD fyrir þrjú mismunandi tímabil. Tímabilin eru skilgreind fyrir skuldbindingar með endurgreiðslutíma sem er styttri en 5 ár, milli 5 og 8½ ár og lengri en 8½ ár og eru vextir mismunandi eftir gjaldmiðlum. Í hverjum mánuði er tekin meðaltalsávöxtunarkrafa af tilteknum ríkisskuldabréfum í myntsvæði viðeigandi

gjaldmiðils fyrir þann mánuð sem er að líða. Valin eru ríkisskuldabréf með endurgreiðslutíma sem samsvarar hinum fyrrnefndu tímabilum. Að lokum er hundrað punktum bætt við útreiknaða ávöxtunarkröfu.

CIRR-vextir endurspegla því lægstu vaxtakjör sem heimilt er að bjóða í svokallaðri útflutningsfjármögnun. Ágóði af útflutningsláni rennur aftur til lögsögu þess ríkis sem veitti lánið þar sem lántakandi greiðir fyrir vöru eða þjónustu í því ríki. Á sama hátt munu þeir fjármunir sem Bretar og Hollendingar lögðu fram vegna lágmarkstryggingar á Icesave-reikningunum eingöngu renna til lögsögu þeirra ríkja. Íslenska samninganefndin taldi því eðlilegt að miða vexti sem eftirstöðvarnar bera við sömu vexti og lán sem þessi ríki veita til útflutnings.

3.1.7. Efnahagslegir fyrirvarar.

Með ákvæði um skaðleysi er áhersla lögð á að Landsbankinn eða bú hans beri fyrst og fremst ábyrgð á að mæta sjálfur þeim kröfum sem á hann standa, en ábyrgð ríkisins fyrir hönd almennings á eftirstöðvunum komi ekki til fyrr en búi bankans hefur að mestu verið skipt og eignir hans nýttar í þessu skyni. Ýmsar ráðstafanir hafa jafnframt verið gerðar til að tryggja að fjárhagsleg byrði af greiðslu eftirstöðvanna verði ríkissjóði ekki of þungbær, ef áætlanir um endurheimtur úr búi bankans ná ekki að fullu fram að ganga. Í því skyni vegur þyngst að tvenns konar efnahagslegir fyrirvarar eru settir við endurgreiðslu eftirstöðvanna:

– Annars vegar ræður fjárhæð eftirstöðvanna endurgreiðslutímanum. Þannig er miðað við að verði eftirstöðvarnar lægri en sem svarar 45 milljörðum kr. skulu þær gerðar upp í jöfnum ársfjórðungslegum greiðslum á 12 mánuðum frá 1. júlí 2016. Verði eftirstöðvarnar hærri en 45 milljarðar kr. bætist eitt ár við endurgreiðslutímann fyrir hverja 10 milljarða kr.
– Hins vegar má hámark árlegrar endurgreiðslu ekki fara yfir hærri fjárhæðina af tveimur eftirtöldum: 5% af heildartekjum ríkisins næstliðið ár eða 1,3% af vergri landsframleiðslu næstliðið ár.

Undir þessum kringumstæðum er ríkinu gert kleift að lengja lánstímann sjálfkrafa og greiðsluhámark hvers árs kemur í veg fyrir að gengið verði um of á skuldaþol ríkisins meðan efnahagslífið nær sér á strik. Endurgreiðslutíminn getur þó að hámarki verið framlengdur til ársins 2046 eða í 30 ár.

3.2. Fjárhagslegar skuldbindingar stjórnvalda í tengslum við Icesave.

Að gefnum fyrrgreindum forsendum um greiðslur upp í forgangskröfur úr búi Landsbankans er áætlað að samtals áfallnar skuldbindingar íslenskra stjórnvalda í júní árið 2016 muni nema um 67 milljörðum kr. Þar af er gert ráð fyrir að 20 milljarðar kr. komi úr Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta og því falli 47 milljarðar kr. á ríkissjóð sem verða að fullu greiddir á tímabilinu frá janúar 2011 til júní 2016. Áætluð heildarskuldbinding skiptist á eftirfarandi hátt:

a. Fjárhæð til greiðslu hinn 1. janúar 2011 ..... 26 milljarðar kr.
b. Samtals vaxtagreiðslur á tímabilinu 2011 til 2016 ..... 50 milljarðar kr.
c. Eftirstöðvar skuldbindingar í júní 2016 ..... -8 milljarðar kr.
d. Greiðslur frá tryggingarsjóðnum 1. janúar 2011 ..... -20 milljarðar kr.
e. Heildargreiðslur ríkissjóðs vegna samninganna ..... 47 milljarðar kr.

Ef stuðst er við sömu forsendur og sömu spár um endurheimtur eigna Landsbankans hefðu heildarskuldbindingar ríkissjóðs samkvæmt fyrri samningi numið 162 milljörðum kr. í júní 2016, en vextir hefðu síðan reiknast á þá fjárhæð út endurgreiðslutímann til 2024. Með nýja samningnum hefur áætlaður kostnaður ríkissjóðs því minnkað um 71%.

Þar sem fyrirhugað er styttra vaxtatímabil en í fyrri samningi þarf að umreikna vextina og jafna þeim yfir jafnlangt tímabil og í fyrri samningi til að gera þá hæfa til samanburðar. Af þeim útreikningum má sjá að vegið meðaltal vaxta í fyrirliggjandi samningi er 2,64%. Helsti munurinn á fyrirhuguðum samningi og hinum fyrri er dreginn saman í eftirfarandi töflu (allar tölur á verðlagi hvers árs):

Kostnaður ríkissjóðs	Fyrirhugaður samningur	Fyrri samningur
Vextir (vegið meðaltal)	2,64%	5,55%
Vextir greiðast frá	30. sept. 2009	1. jan. 2009
Vextir til 1. janúar 2011 (milljarðar kr.)	26	75
Heildargreiðslur á samningstímanum	67	238
Áætlaður heildarkostnaður miðað við júní 2016 (milljarðar kr.)	67	182
Heildarkostnaður ríkissjóðs að frádregnum 20 milljarða kr. eignum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta miðað við júní 2016 (milljarðar kr.)	47	162

Fyrirhugaður samningur gerir ráð fyrir að stjórnvöld greiði ársfjórðungslega fyrir hönd tryggingarsjóðsins umsamda vexti af höfuðstól skuldbindingar sjóðsins sem falla til þar til 30. júní 2016. Höfuðstóll skuldbindingarinnar verður hins vegar greiddur niður í takt við útgreiðslur úr búi Landsbankans á sama tímabili, þ.e. til miðs árs 2016. Á fyrri hluta samningstímans er fyrirhugaður samningur frábrugðinn eldri samningum í þremur meginatriðum: i) vextir hafa lækkað verulega, ii) vextir eru greiddir jafnt og þétt ársfjórðungslega, en safnast ekki upp, og er fyrsta greiðsla 1. janúar 2011 þegar áfallnir vextir til þess tíma verða greiddir og iii) engir vextir greiðast fyrir tímabilið fram að 30. september 2009. Gert er ráð fyrir að því sem næst allar áætlaðar endurheimtur úr búi Landsbankans hafi verið innleystar og greiddar forgangskröfuhöfum 15. júní 2016, enn fremur að áfallnir vextir séu greiddir ársfjórðungslega í stað þess að þeim sé bætt ofan á höfuðstól skuldbindingarinnar til greiðslu síðar. Eftirstöðvar skuldbindingarinnar 15. júní 2016 verða því lægri en ef vextir hefðu safnast upp og jafnframt mun endurgreiðslutími eftirstöðvanna verða styttri.

Eftir júní 2016 skulu eftirstöðvarnar greiddar með afborgunum á tímabili sem ræðst af fjárhæð eftirstöðva af höfuðstól. Umsamin kjör á þessu tímabili eru svokallaðir CIRR-vextir OECD í pundum vegna fjárhæðarinnar sem þá stendur eftir í Bretlandi og í evrum vegna eftirstandandi fjárhæðar í Hollandi. Í báðum tilvikum yrði viðmiðunardagur vaxtanna 15. júní 2016 og þeir ákvarðaðir að teknu tilliti til fjárhæðar eftirstöðvanna og lengdar endurgreiðslutímans.

3.2.1. Fjárhagslegir áhrifaþættir.

Umfang þeirrar fjárhagslegu skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld undirgangast gagnvart breskum og hollenskum stjórnvöldum samkvæmt samningsdrögunum er óvissu háð og ræðst af nokkrum meginþáttum. Mikilvægustu þættirnir eru:

a. hversu mikið endurheimtist af eigum Landsbankans hf. og hve miklum fjármunum, sem aflað er með sölu þeirra eigna, verður hægt að ráðstafa til að mæta greiðslum upp í kröfur innstæðueigenda,

b. tímasetning greiðslna frá búi Landsbankans til kröfuhafa,
c. hreyfingar á gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum, einkum sterlingspundi og evru.

3.2.1.1. Ákvörðun hinnar nýju vaxtaprósentu.

Vaxtaprósenta í fyrri samningunum, sem var 5,55%, var ákveðin með hliðsjón af því að hún væri 1,25% yfir vegnu meðaltali CIRR-vaxta fyrir langtímalán í evrum á þeim tíma sem samningurinn var gerður. Eitt meginmarkmiða nýja samningsins var að tryggja að bresk og hollensk stjórnvöld samþykktu umtalsvert lægri vexti en í fyrri samningi. Ýmsir þættir skiptu máli í þessu samhengi:

1. Vextir í evrum höfðu lækkað um u.þ.b. eitt prósentustig í millitíðinni, en vextir í sterlingspundum mun minna.
2. Fjárhagsleg staða Íslands hafði batnað töluvert í kjölfar frekari lánveitinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Íslands og annarra tvíhliða lánveitinga, sem og með þeim árangri sem náðst hefur við uppbyggingu bankakerfisins. Það leiddi til þess að talið var skynsamlegt af hálfu samninganefndarinnar að greiða vextina jafnóðum, enda mundi það leiða til hagfelldari vaxtakjara.
3. Því var haldið til haga að Bretar og Hollendingar ættu ekki að hagnast á samningnum, en umsamdir vextir í fyrri samningi hafi verið langt umfram fjármögnunarkostnað beggja landa. Bresk stjórnvöld hafa bent á að á fjárlagaárinu 2008/2009, þ.e. þegar greiðslur vegna Icesave-reikninga voru inntar af hendi, sýni opinberar tölur að fjármögnunarkostnaður breska ríkisins hafi numið 3,828%.

3.2.1.2. Gjaldeyrisáhætta vegna Icesave-skuldbindingar.

Við mat á þeirri gjaldeyrisáhættu sem stafar af skuldbindingum ríkissjóðs vegna Icesave er rétt að horfa til tveggja þátta. Annars vegar er vert að skoða gengisþróun krónunnar gagnvart þeim gjaldmiðlum sem eignir Landsbankans eru bundnar í. Hins vegar er mikilvægt að skoða gengisþróun evru og sterlingspunds gagnvart sömu gjaldmiðlum því að endurheimtur úr búi Landsbankans renna til afborgana af Icesave-skuldbindingunni sem er í evrum og sterlingspundum. Við mat á gjaldeyrisáhættu vegna Icesave er stuðst við reikniforsendur Seðlabanka Íslands um þróun evrunnar og gert er ráð fyrir að aðrir gjaldmiðlar þróist samhliða henni.

Almennt séð hefur veiking krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum þau áhrif að skuldbindingar ríkissjóðs vegna Icesave hækka í krónum talið. Það stafar annars vegar af því að hluti endurheimta úr búi Landsbankans er í íslenskum krónum og hins vegar af því að vaxtagreiðslur eiga sér stað yfir lengra tímabil í evrum og pundum. Veiking krónunnar hefur því þau áhrif að endurheimtur duga skemur í afborganir og vaxtagreiðslur þar eð þær verða hærri í krónum talið. Árleg veiking krónunnar frá 2011 til og með 2016 sem næmi 3% umfram þá árlegu breytingu sem gert er ráð fyrir í reikniforsendum Seðlabankans mundi hækka skuldbindinguna um 18%, úr 47 milljörðum kr. í 56 milljarða kr. Árleg 3% styrking krónunnar á sama tímabili umfram reikniforsendur Seðlabankans mundi á hinn bóginn lækka skuldbindinguna um 15%, úr 47 milljörðum kr. í 40 milljarða kr.

Enn fremur er rétt að gera grein fyrir þeirri gjaldeyrisáhættu sem stafar af því að skuldbinding ríkissjóðs vegna Icesave er eingöngu í evrum og sterlingspundum en eignir bús Landsbankans eru í evrum, sterlingspundum, bandaríkjadölum, kanadadölum og öðrum gjaldmiðlum. Minnsta áhættan er tengd þróun evrunnar því að hlutfall eigna Landsbankans

í evrum er svipað og hlutfall Icesave-skuldbindingarinnar í evrum. Áhættan stafar því aðallega af því ójafnvægi sem er til staðar milli skulda í sterlingspundum annars vegar og eigna Landsbankans í öðrum gjaldmiðlum hins vegar. Árleg veiking sterlingspunds frá 2011 til og með 2016 sem nemur 3% umfram þá árlegu breytingu sem gert er ráð fyrir í reikniforsendum Seðlabankans lækkar skuldbindinguna um 52%, úr 47 milljörðum kr. í 23 milljarða kr. Árleg 3% styrking sterlingspunds á sama tímabili umfram reikniforsendur Seðlabankans hækkar skuldbindinguna um 62%, úr 47 milljörðum kr. í 77 milljarða kr. Það er því ljóst að þróun sterlingspunds gagnvart öðrum gjaldmiðlum hefur áhrif á skuldbindingu ríkissjóðs vegna Icesave og meiri áhrif en þróun íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum.

Hægt er að draga verulega úr gjaldeyrisáhættu vegna misvægis í gjaldmiðlasamsetningu eigna þrotabús Landsbankans og skulda tryggingarsjóðsins. Tryggingarsjóður innstæðueigenda mun samkvæmt samningi við fjármálaráðuneytið, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og í samráði við Seðlabanka Íslands, leita leiða til að takmarka þá áhættu. Kostnaður vegna gjaldeyrisvarna ræðst af aðstæðum á markaði hverju sinni og einnig af því hve stórum hluta af gjaldeyrisáhættunni er eytt. Ekki er þó mögulegt að eyða gjaldeyrisáhættunni að fullu vegna óvissu um endanlegar endurheimtur og tímasetningu þeirra.

3.2.1.3. Endurheimtur úr búi Landsbankans.

Stærsti óvissuþátturinn við mat á skuldbindingum ríkissjóðs vegna Icesave er úthlutun upp í kröfur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta úr búi Landsbanka Íslands hf. Við áætlun á líklegri skuldbindingu er byggt á upplýsingum skilanefndar Landsbankans sem birtar voru á kröfuhafafundi 9. nóvember 2010. Jafnframt er byggt á vinnugögnum frá Landsbanka Íslands um fjárhæð þeirra krafna sem framseldar verða á grundvelli endurgreiðslusamninganna. Þá hefur verið lagt varfærið mat á nettótekjur vegna eigna Landsbanka Íslands til 2016. Eins og áður hefur verið nefnt er gert ráð fyrir að heildarkostnaður ríkissjóðs vegna samningsins verði 47 milljarðar kr. og að engar eftirstöðvar falli á ríkissjóð árið 2016. Útkoman gæti þó ýmist orðið betri eða verri:

Betri útkoma. Í dæminu hér á eftir er miðað við að heimtur búsins verði betri en áætlað hefur verið. Bættar heimtur mundu lækka kostnað ríkisins, jafnvel þannig að greiðslur úr búinu verði hærri en sem nemur skuldbindingu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta árið 2016. Hér er gert er ráð fyrir að endurheimtur batni sem nemur 30 milljörðum kr. á hlut tryggingarsjóðsins. Ljóst er einnig ef útgreiðslur úr búinu verða fyrr en skilanefndin áætlar í mati sínu frá því í nóvember 2010 lækkar vaxtakostnaður. Í dæminu hér á eftir er gert ráð fyrir að útborgun úr búinu eftir árslok 2011 færist fram um hálft ár og að bú Landsbankans selji skuldabréf NBI árið 2014.

Verri útkoma. Á hinn bóginn gætu breytingar orkað í andstæða átt ef heimtur verða lakari, þær frestast eða töf verður á útgreiðslum úr búinu. Taka má eftirfarandi dæmi: Aðrar eignir en reiðufé og skuldabréf NBI svara til um 485 milljarða kr., en þar af hlutdeild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta í þeim 249 milljarðar kr. Ef þær endurheimtast að fjórum fimmtu hlutum af því sem áætlanir gera ráð fyrir verða eftirstöðvar skuldbindingarinnar hærri sem því nemur. Hér er enn fremur reiknað með að útborgun úr búinu seinkaði um tvö ár þannig að hún hæfist ekki að neinu leyti fyrr en á árinu 2013. Í eftirfarandi töflu eru sýnd áhrif þess á skuldina miðað við júní 2016:

	Betri útkoma (ma.kr.)	Áætluð útkoma (ma.kr.)	Verri útkoma (ma.kr.)
Eftirstöðvar höfuðstóls árið 2016	-32	-8	39
Áfallnir vextir til júní 2016	65	76	94
Samtals	32	67	133
Frádregin greiðsla Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta	-20	-20	-20
Heildargreiðsla samtals	12	47	113

3.2.1.4. Sérákvæði vegna áfallinna vaxta á kröfur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá október 2008 til 22. apríl 2009.

Eins og áður greinir nemur höfuðstóll þeirra krafna sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta fær framseldar í bú Landsbankans um 659 milljörðum kr. miðað við gengi íslensku krónunnar 22. apríl 2009. Jafnframt samdist um það milli aðila að tryggingarsjóðurinn fengi framseldar vaxtakröfur af þeim höfuðstól sem hollensku og bresku tryggingarsjóðirnir lýstu í búið og féllu til frá því að greitt var til innstæðueigenda í löndunum í desember 2008 og janúar 2009. Jafnframt hafði breski tryggingarsjóðurinn fengið framseldar vaxtakröfur frá breskum innstæðueigendum allt frá 9. október 2008. Þær kröfur njóta forgangsréttar við búskiptin til 22. apríl 2009. Hér er um óvissa fjárhæð að ræða en samkvæmt kröfulýsingum sjóðanna var þess krafist að við ættu að bætast dráttarvextir samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Slitastjórn Landsbankans mun hins vegar hafa samþykkt að við höfuðstólinn bættust vextir að sömu vaxtahæð og giltu á hinum svonefndu Icesave-reikningum. Viðbótarfjárhæð vegna vaxta af kröfum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta nemur u.þ.b. 17,8 milljörðum kr. ef miðað er við ákvörðun slitastjórnar Landsbankans. Að óbreyttu bætist sú fjárhæð við kröfur tryggingarsjóðsins í búið en rétt er að geta þess að um hana er nú deilt í dómsmálum sem rekin eru fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Í samningunum er gert ráð fyrir því að ef úthlutun upp í kröfur tryggingarsjóðsins nemur hærra hlutfalli en 86% muni aðilar skipta með sér þeim fjármunum sem þannig eru til komnir. Í meginatriðum er þar kveðið á um að ef endurheimtur nema 87% þá fái viðsemjendur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta 5% af andvirði vaxtakrafnanna; þegar endurheimtur nema 88% bætast önnur 5% við og svo koll af kolli allt þar til um fullar endurheimtur er að ræða en þá er gert ráð fyrir því að viðsemjendur tryggingarsjóðsins hafi fengið vextina að fullu greidda. Rétt er að taka fram að þessi skuldbinding um endurgreiðslu fellur niður ef endurheimtur verða 86% eða minni og hún takmarkast ávallt við þá hlutdeild sem að framan er lýst. Íslenska ríkið ber því ekki sérstaka ábyrgð á greiðslu krafna af þessum toga. Áhrif þessa samningsákvæðis á hina fjárhagslegu niðurstöðu og skuldbindingu ríkissjóðs liggja ekki fyrir fyrr en dómstólar hafa ákveðið vaxtahæð og endanlegar endurheimtur eru ljósar. Ef miðað er við forsendur slitastjórnar um fjárhæð hinna áföllnu vaxta – og aðrar núverandi forsendur varðandi endurheimtu og gengi – leiddi það til að mynda til þess að kostnaður vegna samningsins hækkaði um ríflega tvo milljarða.

3.2.2. Efnahagslegir fyrirvarar.

Til að mæta óvissu um hversu mikið endurheimtist úr búi Landsbankans og á hvaða tíma greiðslur til kröfuhafa berast úr búinu er bætt við nýjum efnahagslegum fyrirvörum í fyrirliggjandi samningum. Áhrif hinna efnahagslegu fyrirvara eru þau að greiðslubyrði ríkissjóðs mun haldast innan hóflegra marka undir öllum kringumstæðum. Fyrirvararnir eru skilgreindir nánar í kafla 3.1.7 hér að framan. Þeir fela í sér annars vegar sjálfkrafa lengingu endur-

greiðslutímans eftir því sem eftirstöðvar eru hærri, og hins vegar þak á árlegar endurgreiðslur sem miðast við hærri fjárhæðina af:

a. 5% af tekjum ríkissjóðs á næstliðnu ári,
b. 1,3% af vergri landsframleiðslu næstliðins árs.

Taflan hér á eftir sýnir samspil endurgreiðslutíma og greiðslubyrði miðað við stighækkandi eftirstöðvar frá 0 í 60 milljarða kr. Heildargreiðslubyrði ásamt árlegum afborgunum og vaxtagreiðslum eru þær fjárhæðir sem falla til á einu ári talið frá júní 2016. Gert er ráð fyrir að gildandi CIRR-vextir verði 4%. Miðað við þessar forsendur yrði endurgreiðslutíminn að hámarki 3 ár.

Eftirstöðvar árið 2016	-20	0	20	40	60
Endurgreiðslutími frá og með 2016 (ár)	0	0	1	1	3
Árleg afborgun frá 2016	0	0	20	40	20
Árleg vaxtagreiðsla frá 2016	1	1	2	3	3
Árlegar greiðslur frá 2016	1	1	22	42	23

Rétt er að taka fram að erfitt er að gera áreiðanlega langtímaspá um vaxtaþróun. Forsendan um 4% vexti er því aðeins dæmi þar sem gert er ráð fyrir hærri vöxtum árið 2016 en núverandi CIRR-vextir segja til um. Á hinn bóginn má telja að niðurstaða er felur í sér að miðað skuli við CIRR-vexti sé ríkissjóði hagfelld og tæplega að vænta að unnt yrði að semja um hagstæðari vaxtakjör.

3.2.3. Skuldabyrði ríkissjóðs.

Skuldir ríkisins jukust mikið í kjölfar hruns bankakerfisins, en stefnt er að því að þær lækki hratt á næstu árum og verði ekki hærri en um 60% af landsframleiðslu (VLF) til lengri tíma litið. Skuldir ríkisins nema í árslok 2010 um 84,5% af vergri landsframleiðslu samkvæmt áætlunum fjármálaráðuneytisins. Í áætlun um þróun skuldastöðu ríkissjóðs vegna samninga um uppgjör Icesave-skuldbindinga er gengið út frá þeirri forsendu að höfuðstóll skuldarinnar verði að fullu greiddur með eignum úr búinu og að greiðslur ríkissjóðs vegna vaxta verði fjármagnaðar af gjaldeyriseignum ríkissjóðs. Heildarskuldir munu þannig ekki hækka en hins vegar mun handbært fé og kröfur lækka sem hefur áhrif á þróun hreinnar skuldastöðu. Á árunum 2011 til 2016 koma til greiðslu vextir af höfuðstól skuldarinnar. Sá vaxtakostnaður er hæstur árið 2011 og nemur um 17 milljörðum kr. en fer lækkandi og endar í 2 milljörðum kr. árið 2016. Hreinar skuldir ríkisins eru í lok árs 2010 43% af vergri landsframleiðslu, en að viðbættum kostnaði vegna Icesave færi það hlutfall fyrir árið 2010 í 43,4%. Þess skal getið að komi til þess að greiðslur úr þrotabúinu verði umfram kröfur höfuðstóls skuldarinnar koma þær til lækkunar á vaxtagjöldum.



3.2.4. Ríkisreikningur og fjárlög (bókhaldsleg meðferð í reikningshaldi ríkissjóðs).

Verði frumvarpið að lögum má gera ráð fyrir að færslur í reikningshaldi ríkisins verði með eftirtöldum hætti á næstu árum:

– *Árið 2010.* Gjaldfærsla á 09-971 Ríkisábyrgðir, viðfangsefni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, verður að fjárhæð um 6 milljarðar kr. vegna áfallinna vaxta til ársloka 2010. Alls eru vextir vegna 2010 taldir vera 26 milljarðar kr. og verða um 20 milljarðar kr. af þeirri fjárhæð greiddir af innstæðum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta en það sem á vantar, 6 milljarðar kr., verður greitt af ríkissjóði.
– *Árin 2011–2015.* Árleg tilfærsla til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta nemur áföllnum vöxtum ársins sem ríkissjóður mun inna af hendi til sjóðsins ársfjórðungslega eftir því sem þeir gjaldfalla. Samkvæmt forsendum frumvarpsins munu árlegir vextir fara lækkandi úr 17 milljörðum kr. árið 2011 í 5 milljarða kr. árið 2015. Kostnaður vegna málareksturs og eftirfylgni með framkvæmd samningsins er áætlaður um 3 milljarðar kr. og verður greiddur ársfjórðungslega með jöfnum afborgunum árið 2011. Við lok hvers árs þarf að fá upplýst hvort áætlað endurheimtuhlutfall hafi breyst. Hafi orðið breyting á því felur það í sér breytingu á langtímaskuldbindingu ríkissjóðs sem taka þarf þá tillit til. Slík breyting kemur til hækkunar eða lækkunar á gjaldfærslu ársins eftir því sem við á hverju sinni.
– *Árið 2016.* Tilfærslur ársins verða tvíþættar. Annars vegar vegna áfallinna ársfjórðungslegra vaxta fram á mitt ár sem eru áætlaðir 2 milljarðar kr. Hins vegar er gert ráð fyrir að endanlegt uppgjör fari fram og raunverulegar eftirstöðvar skuldarinnar teknar út.

3.3. Endurskoðunarákvæði og friðhelgisréttindi.

Það er grundvallarforsenda samninganna að eignum úr búi Landsbankans verði úthlutað í samræmi við þá forgangsröð innstæðueigenda sem ákveðin var með neyðarlögunum svonefndu, nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Hinir efnahagslegu fyrirvarar, sem áður er vikið að, eru ætlaðir sem vörn ef meiri háttar frávik verða frá samningsforsendunum.

Sams konar endurskoðunarákvæði er að finna í hinum nýju samningum og í fyrri samningum og gerir það ráð fyrir að viðræður fari fram við viðsemjendur um áhrif þess á efni samninganna ef reglubundin úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þ.e. IV. greinar úttekt, leiðir í ljós að skuldaþoli Íslands hafi hrakað til muna frá því sem sjóðurinn taldi í nóvember 2008.

Loks eru ákvæði um friðhelgisréttindi íslenska ríkisins með sama hætti og var í viðaukasamningunum frá 19. október 2009. Hið sama á við um réttindi handhafa íslensks ríkisvalds til að kveða á um skipulag nýtingar á náttúruauðlindum og er skipan eignarhalds á þeim tryggt.

3.4. Breytingar frá fyrri samningum.

3.4.1. Vanefndaúrræði, frestir og gjaldfellingarákvæði.

Vanefndaúrræði, frestir og gjaldfellingarákvæði samkvæmt samningunum eru mun eðlilegri en áður. Heimildir til að gjaldfella eða gera kröfu til að endurgreiðslufjárhæðin verði greidd fyrr eru nú bundnar við eftirtalin tilvik:

a. *Viðvarandi vanefndir:* Vanefndir verða að vera viðvarandi til að heimilt sé að beita vanefndaúrræðum. Ekki er heimilt að grípa til þeirra ef bætt hefur verið úr því tilviki sem orsakaði vanefnd. Samkvæmt fyrri samningum hefði það hins vegar ekki dugað til. Samkvæmt þeim var heimilt að gjaldfella alla skuldina vegna vanefndatilviks sem þegar hafði átt sér stað, jafnvel þótt úr því hefði verið bætt, t.d. ef greiðsla, sem dregist hefði að inna af hendi, hefði þegar verið greidd.
b. *Frestur vegna vanskila á greiðslum:* Nýju samningarnir gera ráð fyrir að 20 virkir dagar megi líða frá því að vanskil verða þar til viðsemjandinn má grípa til vanefndaúrræða. Þessi frestur var einungis 5 dagar samkvæmt fyrri samningum. Verði vanskilin rakin til umsýslu- eða tæknilegra vandkvæða skal fresturinn þó áfram vera 5 dagar.
c. *Frestur vegna vanefnda á öðrum skuldbindingum:* Frestur til að bæta úr vanefndum á öðrum skuldbindingum en greiðslum eru 20 virkir dagar frá að því að viðsemjandinn tilkynnir um vanefnd, en sams konar frestur samkvæmt fyrri samningum var 10 dagar frá því að tilvik átti sér stað.
d. *Arftaki Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta:* Samkvæmt fyrri samningum hefði það talist vanefnd ef tryggingarsjóðnum hefði verið slitið eða hann verið leystur upp eða reynst ófær um að greiða skuldir sínar. Samkvæmt nýju samningunum felur það ekki í sér vanefnd ef annar aðili, arftaki Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, tekur yfir skuldbindingar hans og stjórnvöld ábyrgjast áfram skaðleysi viðsemjanda hans. Fram er komið á Alþingi lagafrumvarp á vegum efnahags- og viðskiptaráðherra um stofnun nýs deildaskipts tryggingarsjóðs sem gerir ráð fyrir að skipta skuldbindingum hans fyrir og eftir gildistöku frumvarps þessa milli tveggja deilda sem bera ekki gagnkvæma skuldarábyrgð.
e. *Vanskil á öðrum skuldbindingum ríkissjóðs:* Samkvæmt fyrri samningum hefðu vanskil á öðrum skuldbindingum ríkissjóðs að fjárhæð 10 milljónir punda eða meira jafngilt vanefndum á skuldbindingum vegna Icesave og heimilað viðsemjendum að grípa til

viðeigandi aðgerða. Ákvæði af þessu tagi er í samræmi við vanefndaákvæði í ýmsum öðrum skuldbindingum sem ríkið hefur tekist á hendur, en markið hefur í nýju samningunum verið hækkað í jafnvirði 50 milljóna punda.

f. *Brot á tilskipun um innstæðutryggingar:* Hvers kyns misbrestur af hálfu tryggingarsjóðsins eða stjórnvalda á að uppfylla ákvæði tilskipunar um innstæðutryggingar gagnvart sérhverjum innstæðueiganda í gamla Landsbankanum taldist vanefnd samkvæmt fyrri samningum. Ekkert slíkt ákvæði er í nýju samningunum, enda fráleitt að hollensk eða bresk stjórnvöld geti einhliða talist bær til að ákvarða hvort um slíkar misfellur sé að ræða.

g. *Einn tryggingarsjóður:* Samkvæmt fyrri samningum hefði það talist vanefnd ef tryggingarsjóðurinn hefði ekki verið einn ábyrgur gagnvart innstæðueigendum gamla Landsbankans. Ekkert slíkt ákvæði er í nýju samningunum.

3.4.2. Ákvæði um meðferð kröfuhafa fellur brott.

Fyrri samningar gerðu kröfu til að stjórnvöld hétu því að grípa ekki til neinna aðgerða sem stríddu gegn alþjóðlegum og evrópskum viðmiðum um uppgjör lánastofnana og hefðu í för með sér mismunun gagnvart kröfuhöfum gamla Landsbankans. Ekkert slíkt ákvæði er í nýju samningunum, enda liggur hvergi fyrir einhlít skilgreining á því hvað geti talist gild skilgreining eða alþjóðleg viðmið í þessum efnum né heldur hvaða aðili væri bær til að setja slík viðmið eða úrskurða á grundvelli þeirra hvenær þau teldust uppfyllt.

3.4.3. Áskilnaður um bestu kjör fellur brott.

Samkvæmt fyrri samningum bar stjórnvöldum og tryggingarsjóðnum að veita Bretum og Hollendingum sömu kjör og öðrum ef þau næðu hagstæðari samningum við aðra gegn auknum tryggingum eða öðrum skuldbindingum sem væru lánveitanda hagfelldari en samningarnir við Breta og Hollendinga gerðu ráð fyrir. Þetta ákvæði hefur verið endurskoðað og þrengt mikið og undanskilur nú lán sem tekin væru til að endurfjármagna skuldbindingar samkvæmt nýju samningunum, eftir atvikum á hagstæðari kjörum. Einnig eru undanskilin lán sem tekin væru til að fjármagna eða tryggja innstæður í öðrum föllnum íslenskum bönkum ef kröfur vegna þeirra eru til komnar eftir að nýju samningarnir eru undirritaðir.

3.4.4. Lausn deilumála færð til Alþjóðagerðardómstólsins í Haag.

Nauðsynlegt er og alvanalegt að samið sé um það eftir hvaða lögum skuli dæmt og fyrir hvaða dómstól ef ágreiningur rís um framkvæmd samninga af þessu tagi. Í fyrri samningum var mælt svo fyrir að leyst skyldi úr ágreiningi eftir enskum lögum og fyrir enskum dómstól. Eðlilegt má telja að löggjöf einhvers samningsaðila gildi um samningana og í lánssamningum er það jafnaði löggjöf í heimalandi lánveitandans. Sé hið sama lagt til grundvallar hér sýnist ensk löggjöf í það minnsta mun aðgengilegri en hollensk, bæði vegna tungumálsins og uppruna löggjafarinnar. Ensk fjármálalöggjöf stendur auk þess traustum fótum í aldalangri hefð alþjóða- og innanlandsviðskipta og Íslendingar hafa um áratugaskeið gert samninga sem lúta enskum lögum. Að þessu virtu hefur ekki verið talið varhugavert eða vandkvæðum bundið að láta samningana fara eftir enskum lögum.

Á hinn bóginn hefur það sætt réttmætri gagnrýni að samningarnir skyldu háðir lögsögu enskra dómstóla þegar til þess er litið að annar viðsemjandanna er breska ríkið eða ríkisstofnun. Jafnvel þótt enska réttarkerfið teljist vera meðal hinna þróuðustu sem völ er á við meðferð ágreiningsmála á fjármálasviði og enskir dómstólar hafi löngu áunnið sér mikið traust

á því sviði verður að telja heppilegra að samningarnir væru undir annarri lögsögu en enskra dómstóla. Rík áhersla var því lögð á að fá þessu breytt við gerð þeirra samninga sem nú liggja fyrir.

Í stað þess að samningarnir heyri undir lögsögu eins samningsríkis hefur náðst samkomulag um að leggja úrlausn ágreinings, sem upp kann að rísa milli ríkjanna, í gerð Alþjóðagerðardómstólsins í Haag (Permanent Court of Arbitration). Þá hefur verið samið svo um að hvor aðili um sig skipi einn mann til gerðar en þeir sammælist um oddamann sem jafnframt skipi forsæti dómsins.

Alþjóðagerðardómstóllinn í Haag var stofnaður á grundvelli sáttmála um friðsamlega lausn deilumála frá 1899 og 1907 og telst því vera meðal elstu alþjóðlegu stofnana sem komið hefur verið á fót í þessu skyni. Hér er ekki um eiginlegan dómstól að ræða, enda engir fastir dómarar starfandi við hann, heldur miklu fremur hlutlausan vettvang til að leysa úr hvers kyns deilumálum, sem á annað hundrað ríkja eiga aðild að, þar á meðal öll samningsríkin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samningar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta við Bretland og Holland um að kaupa kröfur þeirra vegna greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og um ábyrgð ríkisins á að Bretland og Holland verði skaðlaus af því að eftirstöðvar endurgreiðslufjárhæðarinnar verði greiddar þegar úthlutun úr búi bankans verður að mestu lokið um mitt ár 2016 voru áritaðir í London 8. desember 2010. Í þessari grein er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilað að undirrita eða láta undirrita samningana fyrir hönd ríkissjóðs, en í því er þá fólgin skuldbinding um að ábyrgjast umsaminn kostnað tryggingarsjóðs af því að taka yfir framangreindar kröfur og síðan það sem upp á vantar að endurgreiðslufjárhæðin verði greidd þegar sjóðurinn hefur látið það sem hann fær úthluta úr búi Landsbankans ganga upp í afborganir af höfuðstól fjárhæðarinnar með áföllnum vöxtum. Samningarnir fylgja athugasemdum við frumvarpið sem fylgiskjal.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að fjármálaráðherra semji við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta um framkvæmd endurgreiðslu- og skaðleysissamninganna, einkum að því er varðar atriði sem þar eru nánar tilgreind. Tryggingarsjóðurinn verður stærsti kröfuhafinn í bú Landsbanka Íslands. Þess vegna er afar þýðingarmikið að hann gæti hagsmuna sinna varðandi allar ákvarðanir um slit bankans og úthlutun úr búinu. Hér er lagt til að fjármálaráðherra semji við sjóðinn um nánari tilhögun þessa auk skilyrða er varða fjárhag sjóðsins almennt að svo miklu leyti sem það tengist ríkisábyrgðinni. Þessi samningur varðar réttarsambandið á milli íslenska ríkisins og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, en hefur ekki áhrif á það samningssamband sem tekst á milli tryggingarsjóðsins og íslenska ríkisins annars vegar og breskra og hollenskra stjórnvalda hins vegar. Árituð drög að samningi liggja fyrir og eru birt sem fylgiskjal með athugasemdum við frumvarp þetta.

Fjármálaráðherra gætir að því að eftirlitshlutverk hans samkvæmt þessu ákvæði skarist hvorki á við hlutverk Ríkisábyrgðasjóðs skv. 5. gr. laga nr. 121/1997 né hlutverk Fjármálaeftirlitsins, en stofnunin skal hafa eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, sbr. 15. gr. þeirra laga og ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Um 3. gr.

Samkvæmt hinum nýju samningum falla eldri samningar um lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta niður. Ekki kemur því til þess að reyni á heimildir samkvæmt lögum nr. 96/2009, eins og þeim var breytt með lögum nr. 1/2010. Í þessari grein er því lagt til að lög nr. 96/2009 falli brott, en lög nr. 1/2010 hafa þegar verið numin úr gildi, sbr. auglýsingu nr. 15/2010.

Um 4. gr.

Gildistökuákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er mælt svo fyrir að ákvæði þessa frumvarps komi að öllu leyti í stað laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, að undanskilinni 5. gr. þeirra laga um eftirlit Ríkisábyrgðasjóðs og afskriftareikninga vegna veittra ríkisábyrgða. Kemur það til af því að lög nr. 121/1997 gera almennt ekki ráð fyrir heimildum af því tagi sem frumvarp þetta tekur til. Eðlilegt er því að ákvæði frumvarps þessa gildi ein um þá ábyrgð að undanskildu því eftirlitshlutverki sem Ríkisábyrgðasjóður fer með samkvæmt áðurnefndri 5. gr. laga nr. 121/1997. Er málsgreinin samhljóða gildistökuákvæðinu í síðari málslið 9. gr. laga nr. 96/2009.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt síðari málsgrein þessa ákvæðis ber tryggingarsjóðnum að verja þeim fjármunum sem til eru í vörslum hans við gildistöku frumvarps þessa, verði það að lögum, til að standa straum af skuldbindingum samkvæmt endurgreiðslu- og skaðleysissamningunum. Gert er ráð fyrir að þeir fjármunir renni til að greiða niður höfuðstól endurgreiðslufjárhæðarinnar um u.þ.b. 20 milljarða kr.

Samkvæmt fyrri málsgrein ákvæðisins verður hins vegar þeim fjármunum sem innheimtir verða af sjóðnum í formi iðgjalda eftir gildistöku frumvarpsins ekki ráðstafað til skuldbindinga sem eru til komnar vegna Icesave-reikninganna. Er þessi aðskilnaður í samræmi við áform sem birtast í frumvarpi til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta sem efnahags- og viðskiptaráðherra hefur lagt fyrir Alþingi og er til meðferðar. Ákvæðið gildir þó óháð afdrifum þess frumvarps. Enn fremur verður að telja eðlilegt að greiðslur í tryggingarsjóðinn renni til þess að byggja upp sjóð er nýtist við að mæta mögulegum skuldbindingum vegna núverandi innstæðna, fremur en áföllnum eldri skuldbindingum vegna fjármálastofnana sem ekki eru lengur starfandi sem innlánsstofnanir.

Fylgiskjöl:

1. *Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement among The Depositors´ and Investors´ Guarantee Fund of Iceland and Iceland and the United Kingdom,* óundirritaður, ásamt íslenskri þýðingu.
2. *Reimbursement and Indemnity Agreement among The Depositors´ and Investors´ Guarantee Fund of Iceland and Iceland and the State of the Netherlands,* óundirritaður, ásamt íslenskri þýðingu.
3. Skýringar við framangreinda samninga.
4. Samningur fjármálaráðherra við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi um umsýslu vegna Icesave-samninganna, óundirritaður.
5. Umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Fylgiskjal I.

DISBURSEMENT, REIMBURSEMENT AND INDEMNITY AGREEMENT

dated 2010

among

The Depositors' and Investors' Guarantee Fund of Iceland

and

Iceland

and

The Commissioners of Her Majesty's Treasury

This ***DISBURSEMENT, REIMBURSEMENT AND INDEMNITY AGREEMENT***, dated , 2010 (this "*Agreement*"), among **THE DEPOSITORS' AND INVESTORS' GUARANTEE FUND OF ICELAND** (*Tryggingarsjóður Innstæðueigenda og Fjárfesta*), a private foundation incorporated under the laws of Iceland (the "*Guarantee Fund*"), **ICELAND** ("*Iceland*") and **THE COMMISSIONERS OF HER MAJESTY'S TREASURY** (the "*HMT Commissioners"* and, together with the Guarantee Fund and Iceland collectively, the "*Parties*").

RECITALS

WHEREAS, the Parties have entered into the Loan Agreement and the Acceptance and Amendment Agreement, which together set out the arrangements initially foreseen by the Parties in relation to the matters described in these Recitals. The Parties now wish to enter into this Agreement to settle those matters, and also to terminate the Loan Agreement and the Acceptance and Amendment Agreement, but conditional upon this Agreement coming into effect.

WHEREAS, the claims of Landsbanki London Depositors against Landsbanki are guaranteed by the Guarantee Fund according and subject to Act No. 98/1999 which implements Directive 94/19/EC up to €20,887 per Landsbanki London Depositor.

WHEREAS, the FSCS has paid compensation to the majority of Landsbanki London Depositors in respect of their claims against Landsbanki and the Guarantee Fund under Act No. 98/1999 in return for a transfer by such Landsbanki London Depositors of such claims to the FSCS. The process by which the FSCS will settle (on behalf of the Guarantee Fund) the remaining claims of the Landsbanki London Depositors against the Guarantee Fund

under Act No. 98/1999, and the Guarantee Fund will settle its obligations to the FSCS, is detailed in the Settlement Agreement.

WHEREAS, the HMT Commissioners have prefinanced the payment of compensation by the FSCS in respect of the claims of Landsbanki London Depositors against Landsbanki and the Guarantee Fund under Act No. 98/1999 and related costs. The Parties have agreed that the Guarantee Fund shall reimburse the FSCS for the amounts expended by it in paying compensation to Landsbanki London Depositors (the aggregate of such payments on behalf of the Guarantee Fund as at 24th November 2010 being estimated to be £2,254,417,851.51) and that HMT Commissioners shall put the FSCS in funds to settle (on behalf of the Guarantee Fund) the remaining claims of the Landsbanki London Depositors against the Guarantee Fund (estimated to total £20,969,252.03) under Act No. 98/1999 in accordance with the terms of this Agreement.

WHEREAS, the Parties confirm that this Agreement has been negotiated in accordance with the "Agreed Guidelines" of 14 November 2008 as agreed between Iceland and the member states of the European Union.

ARTICLE 1
DEFINITIONS

Section 1.1 *Certain Defined Terms*. (a) As used herein, the terms defined in Schedule I shall have the meaning set out in that Schedule.

(b) For the purpose of the definitions of "Interest Proceeds", if any part of the Guarantee Fund Estate Proceeds shall be denominated in a currency other than Sterling and shall not have been converted by the Guarantee Fund pursuant to paragraph (a) of Section 4.7, such amount shall be converted into Sterling at such rate as may be reasonably selected by the HMT Commissioners.

Section 1.2 *Other Interpretative Provisions*. (a) The meanings of defined terms are equally applicable to the singular and plural forms of the defined terms.

(b) The words "hereof," "herein," "hereunder" and similar words refer to this Agreement as a whole and not to any particular provision of this Agreement, and any subsection, Section, Article and Schedule references are to this Agreement unless otherwise specified.

(c) The term "documents" includes any and all documents, instruments, written agreements, certificates, indentures, notices and other writings, however evidenced (including electronically).

(d) The term "including" is not limiting and (except to the extent specifically provided otherwise) shall mean "including without limitation."

(e) Unless otherwise specified, in the computation of periods of time from a specified date to a later specified date, the word "from" shall mean "from and including," the words

"to" and "until" each shall mean "to but excluding," and the word "through" shall mean "to and including."

(f) The terms "may" and "might" and similar terms used with respect to the taking of an action by any Person shall reflect that such action is optional and not required to be taken by such Person.

(g) The term "continuation" of a Mandatory Prepayment Event shall reflect that such Mandatory Prepayment Event has occurred and has not been remedied and not been waived in accordance with Section 10.5.

(h) Unless otherwise expressly provided herein: (i) references to agreements (including this Agreement) and other documents shall be deemed to include all subsequent amendments and other modifications thereto, but only to the extent that such amendments and other modifications are not prohibited by any Relevant Document, and (ii) references to any Applicable Law are to be construed as including all statutory and regulatory provisions or rules consolidating, amending, replacing, supplementing, interpreting or implementing such Applicable Law.

ARTICLE II
THE FACILITY

Section 2.1 *The Facility*. (a) Subject to the terms of this Agreement, the HMT Commissioners make available to the Guarantee Fund a Sterling facility in a maximum principal amount of £2,350,000,000 or such other amount as the HMT Commissioners and the Guarantee Fund may agree in writing from time to time (the "**Facility Amount**").

(b) Disbursements made under the Facility shall be applied (or, pending such application, placed on interest-bearing deposit in order to be subsequently applied) by the Guarantee Fund or on its behalf towards one or more of the following purposes:

(I) the repayment (whether by way of set-off or otherwise) of any amounts borrowed by the FSCS from the HMT Commissioners which have been applied by the FSCS (on behalf of the Guarantee Fund) in order to pay compensation in respect of claims of Landsbanki London Depositors under Act No. 98/1999 for up to £16,872.99 per claim, together with compensation accrued on such amounts borrowed from October 1, 2009 at the First Phase Rate as described in paragraph (a)(ii) of Section 4.2;

(ii) the settlement by the FSCS (on behalf of the Guarantee Fund) of the claims of Landsbanki London Depositors under Act No. 98/1999 for up to £16,872.99 per depositor (or, where applicable, per joint-account holder); and

(iii) payment to the FSCS by way of compensation and funding for certain costs.

(c) Notwithstanding paragraph (b) above, the HMT Commissioners shall not be bound to monitor nor be concerned with the use or application of any Disbursement.

Section 2.2 *Operation of the Facility*. (a) Without prejudice to the liability of Iceland under this Agreement, the Guarantee Fund shall be the sole borrower under the Facility, shall be the debtor in respect of all Disbursements made under the Facility and shall be primarily liable for all sums (including, without limitation, the Reimbursement Amount and any compensation, costs and expenses arising in connection therewith) which are or may become due to the HMT Commissioners under this Agreement and the other Relevant Documents.

(b) The FSCS may, and the Guarantee Fund (with the consent of Iceland) hereby irrevocably authorises the FSCS to, on behalf of the Guarantee Fund, make drawings under the Facility in the form of one or more Disbursements, which the FSCS may request by delivery to the HMT Commissioners of a duly completed Disbursement Request in accordance with the Settlement Agreement.

(c) A Disbursement Request must be submitted to the HMT Commissioners by no later than 11:00 am (London time) on the proposed Disbursement Date.

(d) The FSCS may, on behalf of the Guarantee Fund, make drawings under the Facility in accordance with this Section 2.2:

(I) in order to make any payment necessary or desirable for any of the purposes set out in Section 2.1; and

(ii) until (and so that no Disbursement Date falls after) March 30, 2012 and in an aggregate principal amount not exceeding the Facility Amount.

Section 2.3 *Making of a Disbursement*. (a) Provided that:

(I) this Agreement has come into force in accordance with Article VII; and

(ii) no Mandatory Prepayment Event has occurred and been notified to the HMT Commissioners and is unremedied or unwaived, or would (to the knowledge of the HMT Commissioners, who have not waived the same) occur as a result of the proposed Disbursement being made,

the HMT Commissioners will make each Disbursement available to the FSCS on its Disbursement Date. Each Disbursement shall be made available by credit to an the FSCS Bank Account (or, in the case of a Disbursement to be used for the purpose of repaying any amount borrowed by the FSCS from the HMT Commissioners, by setting off such Disbursement against the amount already borrowed).

(b) Only the FSCS may request and receive the proceeds of a Disbursement and the Guarantee Fund will, notwithstanding (and without prejudice to) its obligations as borrower under the Facility, not have any right or claim to request or receive the proceeds of any Disbursement.

Section 2.4 *Confirmation of Disbursements*

(a) The HMT Commissioners will, as soon as reasonably possible after making any Disbursement, notify the Guarantee Fund and Iceland of:

(I) the amount of the Disbursement and its Disbursement Date; and

(ii) the amount of the Reimbursement immediately after the making of the Disbursement.

(b) Any failure to comply with paragraph (a) above shall not in any way limit the duties or liabilities of the Guarantee Fund and Iceland under this Agreement.

ARTICLE III
REIMBURSEMENT, ETC.

Section 3.1 *Undertaking to reimburse*. In consideration of (a) the execution by the FSCS of the the FSCS Deed of Assignment, (b) the payment of compensation by the FSCS to Landsbanki London Depositors in respect of their claims against Landsbanki and the Guarantee Fund under Act No. 98/1999 as referred to in the Recitals, (c) the prefinancing by the HMT Commissioners of the payment of such compensation by the FSCS, and the provision of the Facility, the Guarantee Fund undertakes to reimburse the HMT Commissioners for all Disbursements made by it hereunder by paying the Reimbursement Amount in accordance with the terms of this Agreement.

ARTICLE IV
PAYMENTS OF REIMBURSEMENT, COMPENSATION AND PAY-OUT COSTS

Section 4.1 *Payment of the Reimbursement*. (a) This Section 4.1 shall apply from the Second Phase Start Date and onwards.

(b) Subject to paragraph (d) below, the Guarantee Fund agrees to pay to the HMT Commissioners the Second Phase Reimbursement Amount in consecutive Quarterly Installments, payable on each Reimbursement Payment Date.

(c) The number of and amount of Quarterly Installments shall be calculated as follows:

(i) if, as at the day immediately preceding the Second Phase Start Date, the aggregate of the ISK Equivalent of the Second Phase Reimbursement Amount and the ISK Equivalent of the NL Second Phase Reimbursement Amount is equal to or less than ISK 45,000,000,000, (A) the number of Quarterly Installments shall be four, and (B) the amount of each Quarterly Installment shall be the Second Phase Reimbursement Amount divided by four;

(ii) if, as at the day immediately preceding the Second Phase Start Date, the aggregate of the ISK Equivalent of the Second Phase Reimbursement Amount and the

ISK Equivalent of the NL Second Phase Reimbursement Amount is more than ISK 45,000,000,000, (A) the number of Quarterly Installments shall be the lesser of (I) four plus an additional four for each ISK 10,000,000,000 (or portion thereof) by which that aggregate exceeds ISK 45,000,000,000, and (II) 118, and (B) the amount of each Quarterly Installment shall be the Second Phase Reimbursement Amount divided by the number of Quarterly Installments so determined;

(d) (I) notwithstanding paragraphs (b) and (c) above and subject to paragraph (iii) below, if on any Reimbursement Payment Date the aggregate of (A) the ISK Equivalents on that Reimbursement Payment Date of the Quarterly Installment payable on that Reimbursement Payment Date and the amount of compensation payable on that Reimbursement Payment Date pursuant to paragraph (a) of Section 4.2, and (B) the ISK Equivalents of the NL Quarterly Installment payable on or about that Reimbursement Payment Date and the amount of compensation payable on or about that Reimbursement Payment Date pursuant to paragraph (a) of Section 3.2 of the NL Reimbursement and Indemnity Agreement, exceeds 1.25 per cent. of Relevant Icelandic Total Government Revenue in relation to that Reimbursement Payment Date, then (X) such aggregate shall be reduced by the minimum amount necessary to ensure that such aggregate no longer exceeds 1.25 per cent. of Relevant Icelandic Total Government Revenue in relation to that Reimbursement Payment Date, (Y) the amount of such reduction (expressed in Krónur) shall be attributed to The Netherlands and the HMT Commissioners in accordance with their respective *Pro Rata* Entitlements, and (Z) the amount of the Quarterly Installment referred to in item (A) above (and, if the Pro Rata Entitlement of the HMT Commissioners exceeds the amount of such Quarterly Installment, the amount of compensation referred to in that item) will be reduced by the *Pro Rata* Entitlement of the HMT Commissioners of such reduction (converted into Sterling at the rate used to calculate the ISK Equivalents referred to above).

(ii) Any amount by which a Quarterly Installment or any amount of compensation is reduced pursuant to paragraph (I) above will remain payable and will be added to the Quarterly Installment due on the next Reimbursement Payment Date (but that Quarterly Installment, thus increased, will be subject to the application of paragraph (I) above and accordingly will (subject always to paragraph (iii) below) only be payable if and to the extent payable pursuant to paragraph (I) above). Any amount by which an amount of compensation is reduced pursuant to paragraph (I) above will be deemed part of the Reimbursement Amount from the Reimbursement Payment Date on which, absent paragraph (I) above, that amount would have been payable in accordance with paragraphs (b) and (c) above, and compensation will accrue on it accordingly.

(iii) Paragraphs (I) and (ii) above shall not apply in relation to the Reimbursement Payment Date on which the last Quarterly Installment is due to be paid (as determined in accordance with paragraph (c) above) and the Quarterly Installment due on that Reimbursement Payment Date, any compensation due to be paid on that Reimbursement Payment Date and any amount payable on that Reimbursement Payment Date pursuant to paragraph (ii) above shall be payable on that Reimbursement Payment Date in full.

Section 4.2 *Compensation*. (a) (I) The Guarantee Fund shall pay to the HMT Commissioners compensation in respect of the Reimbursement Amount, (A) for the period from October 1, 2009 to the Second Phase Start Date, at the First Phase Rate, and (B) for the period from the Second Phase Start Date onwards, at the Second Phase CIRR.

(ii) In respect of the period from October 1, 2009 to the date of the first Disbursement hereunder, the Reimbursement Amount shall for the purposes of calculating such compensation payable be deemed on any date to be an amount equal to the aggregate of all amounts which on that date had been paid out by the FSCS on behalf of the Guarantee Fund in the settlement by the FSCS (on behalf of the Guarantee Fund) of the claims of Landsbanki London Depositors under Act No. 98/1999 for up to £16,872.99 per depositor (or, where applicable, per joint-account holder) aggregated with the amount of any compensation compounded pursuant to paragraph (c)(I) below.

(iii) Any such compensation shall continue to accrue, to the fullest extent permitted by Applicable Law, after as well as before any bankruptcy, insolvency, reorganization, liquidation, judicial or out-of-court reorganization proceedings, dissolution, arrangement or winding up or composition or readjustment of debts of the Guarantee Fund.

For the avoidance of doubt, no compensation is payable in respect of any period prior to October 1, 2009.

(b) Notwithstanding the foregoing, the Guarantee Fund shall pay to the HMT Commissioners compensation on any Defaulted Amount at the Arrears Rate. Any such compensation shall be compounded on each Payment Date with the amount in respect of which it has accrued.

(c) Accrued compensation on the Reimbursement Amount or any other amount shall be payable (i) in the case of compensation accrued to the first Payment Date (compounded with the amount in respect of which it has accrued on each date which would have been a Payment Date if the first Payment Date had been January 1, 2010 rather than January 1, 2011), on the first Payment Date, (ii) on each subsequent Payment Date, and (ii) in the case of any prepayment of any part of the Reimbursement Amount (whether voluntary or mandatory), on the date such part of the Reimbursement Amount is so prepaid (but such compensation shall be payable only to the extent accrued to the date of prepayment on the part of the Reimbursement Amount so prepaid), *provided* that compensation payable at the Arrears Rate on Defaulted Amounts shall also be payable from time to time on request by the HMT Commissioners.

(d) Compensation accruing on the Reimbursement Amount or any other amount shall be computed on the basis of a year of three hundred and sixty five (365) days and actual days elapsed occurring in the period for which payable.

Section 4.3 *Optional Prepayments*. (a) The Guarantee Fund may prepay the Reimbursement Amount in whole or in part, *provided* that the Guarantee Fund (or Iceland on its behalf) shall give the HMT Commissioners notice of such prepayment as provided in Section 4.4

and, upon the date specified in such notice, the amount to be prepaid and any compensation payable thereon in accordance with Section 4.2 shall become due and payable under this Agreement. Amounts prepaid under this Agreement may not be re-claimed.

(b) At the same time as making any optional prepayment in accordance with paragraph (a) above, the Guarantee Fund shall make a *pro rata* optional prepayment of the NL Reimbursement Amount then outstanding under the NL Reimbursement and Indemnity Agreement, such that the same proportion of the Reimbursement Amount and the NL Reimbursement Amount then outstanding is prepaid under this Agreement and under the NL Reimbursement and Indemnity Agreement respectively (subject to any rounding).

(c) Any prepayment of any amount of the Reimbursement Amount pursuant to paragraph (a) above shall, subject to paragraph (b) of Section 4.7, reduce the Reimbursement Amount by the amount of the prepayment and shall, if made on or after the Second Phase Start Date, be applied *pro rata* towards each of the remaining Quarterly Installments.

Section 4.4 *Certain Notices*. A notice of prepayment pursuant to paragraph (a) of Section 4.3 above shall be effective only if received by the HMT Commissioners before close of business (London time) on the date which is three (3) Business Days before the date of such prepayment. Each notice of prepayment shall specify the amount to be prepaid and the requested prepayment date (which shall be a Business Day).

Section 4.5 *Mandatory Prepayments and other payments out of Guarantee Fund Estate Proceeds*. (a)

(i) If the Guarantee Fund receives any Guarantee Fund Estate Proceeds, it shall within five (5) Business Days pay to each of the HMT Commissioners and The Netherlands, its *Pro Rata* Entitlement to that amount (such payment, to the extent to be made to the HMT Commissioners, to be made in the currency required under Section 4.7 and, to the extent to be made to The Netherlands, to be made in the currency required under the NL Reimbursement and Indemnity Agreement), *provided* that the Guarantee Fund shall not be obliged to make such payment (i) if, to the extent and for as long as the terms under which the payment made to the Guarantee Fund and resulting in receipt by the Guarantee Fund of the relevant amount prohibits the Guarantee Fund from applying that amount towards any payment to any other Person, or (ii) if and to the extent that the Guarantee Fund is required to pay the relevant amount to DNB under the DNB Assignment Agreement, or to the FSCS under the FSCS Deed of Assignment or the Settlement Agreement.

(ii) Any amount received by the HMT Commissioners out of Guarantee Fund Estate Proceeds (whether pursuant to (x) paragraph (i) above, (y) paragraph 2.5 of the FSCS Deed of Assignment, or (z) paragraph (a)(i)(A) of Section 3.7 of the NL Reimbursement and Indemnity Agreement) shall be applied:

(A) at any time before the Recovery Percentage is less than 86, in prepayment of the Reimbursement Amount; or

(B) at any time after the Recovery Percentage is less than 86:

(1) first, in payment to the HMT Commissioners of such amount as is necessary to ensure that, after such application, the HMT Interest Share Receipts equal the HMT Interest Share at that time; and

(2) second, in prepayment of the Reimbursement Amount.

(iii) Any prepayment of any amount of the Reimbursement Amount pursuant to this paragraph shall, subject to paragraph (b) of Section 4.7, reduce the Reimbursement Amount by the amount of the prepayment and shall, if made on or after the Second Phase Start Date, be applied *pro rata* towards each of the remaining Quarterly Installments.

(b) If any of the following events (each such event a "*Mandatory Prepayment Event*") occurs, then on and at any time during the continuation of that Mandatory Prepayment Event the HMT Commissioners may by notice to the Guarantee Fund, with a copy to Iceland, declare the Reimbursement Amount, any compensation accrued thereon and all other amounts payable by any Reimbursement Party under this Agreement or any other Relevant Document to be immediately due and payable, whereupon such amounts shall be immediately due and payable without presentment, demand, protest or other formalities of any kind, all of which are hereby expressly waived by the Reimbursement Parties:

(I) (A) any part of the Reimbursement Amount or compensation or any other amount to be paid by any Reimbursement Party to the HMT Commissioners under this Agreement or any other Relevant Document shall not be paid in full when due, at the place and in the currency in which it is expressed to be payable, unless (1) in the case of a failure to so pay any part of the Reimbursement Amount or any compensation payable on a Payment Date pursuant to Section 4.1 (in the case of any part of the Reimbursement Amount) or paragraph (c)(i) of Section 4.2 (in the case of any compensation), such failure is due solely to administrative or technical error and such amount is paid within five (5) Business Days of the due date for payment, or (2) in any other case, such amount is paid within twenty (20) Business Days of the due date for payment, (B) any payment of Reimbursement Amount or compensation or of any other amount under this Agreement or any other Relevant Document previously made by any Reimbursement Party is avoided, set aside, invalidated or reduced;

(ii) any Reimbursement Party shall default or, in the case of a default which is capable of remedy, shall default for not less than a period ending twenty (20) Business Days after the earlier of (A) the day on which the HMT Commissioners gives the relevant Reimbursement Party notice of the default, or (B) the day on which any senior officer of any Reimbursement Party becomes aware or should reasonably have become aware of the default, in the observance or performance of any of its obligations under this Agreement or any other Relevant Document (other than as provided in paragraph (i) above) (and for this purpose a "senior officer" shall be, in the case of the Guarantee Fund, a director of the Guarantee Fund and, in the case of Iceland, a Minister or Permanent Secretary in the Ministry of Finance or the Ministry of Foreign Affairs of Iceland, and the heads or deputy

heads of the department or departments within the government of Iceland in charge of administering Iceland's Sovereign Debt (including its debt under this Agreement);

(iii) any representation made or deemed made by any Reimbursement Party in this Agreement or any other Relevant Document or any document delivered by any Reimbursement Party in connection with any Relevant Document has been or shall prove to have been false or misleading in any material respect as of the time made or deemed made;

(iv) the payment obligations of the Guarantee Fund under this Agreement and the other Relevant Documents shall cease to rank at least *pari passu* with the present and future claims of all of its other creditors or the payment obligations of Iceland under this Agreement or the other Relevant Documents shall cease to rank at least *pari passu* with the present and future Sovereign Debt of Iceland, in each case other than claims which are mandatorily preferred by Applicable Law in force on the date of this Agreement;

(v) (A) this Agreement or any other Relevant Document shall at any time be suspended, revoked or terminated or for any reason cease to be valid and binding or in full force and effect (other than upon expiration in accordance with the terms thereof or as a result of any act or omission of the HMT Commissioners or the FSCS), (B) performance by the relevant Reimbursement Party of any obligation thereunder shall become unlawful, (c) any Reimbursement Party shall so assert in writing, or (D) the validity or enforceability thereof shall be contested by any Reimbursement Party;

(vi) the Guarantee Fund (A) shall be dissolved or liquidated, (B) shall admit in writing its inability to, or be generally unable to, pay its debts as such debts become due, taking into account any support available to it, or (c) suspends (whether voluntarily or involuntarily) making payments on any of its debts, in each case except if prior to the occurrence of such event (1) its obligations under this Agreement and the other Relevant Documents have been assumed by a successor entity on terms approved by the HMT Commissioners (such approval not to be unreasonably withheld or delayed), and (2) Iceland has provided such confirmations and entered into such documents as the HMT Commissioners may reasonably require to ensure that Iceland's obligations under this Agreement and the other Relevant Documents continue in full force and effect as if such successor had been a party to this Agreement and the other Relevant Documents from their inception;

(vii) Iceland (or any governmental or ministerial authority thereof) fails to make any payment in respect of any of its Sovereign Debt on its due date (or within any originally applicable grace period set out in the agreement constituting such Sovereign Debt) or any such Sovereign Debt becomes due earlier than its stated date of payment by reason of an event of default (however described), provided that no Mandatory Prepayment Event will occur under this paragraph (vii) unless the aggregate amount of Sovereign Debt in respect of which any amount has not been paid when due or which has become due early exceeds £50,000,000 or its equivalent in other currencies;

(viii) (A) any Reimbursement Party shall fail to comply with any Applicable Law to which it is subject, in circumstances where such failure might have a Mandatory Prepayment-Related Material Adverse Effect, or (B) any Applicable Law at any time necessary to enable the Guarantee Fund or Iceland to comply with any of its obligations under any of the Relevant Documents shall be revoked, withdrawn, withheld or otherwise not in full force and effect or shall be modified or amended in a manner that (in the aggregate) has had or would have a Mandatory Prepayment-Related Material Adverse Effect.

(b) *Notification of Mandatory Prepayment Event.* If any Reimbursement Party becomes aware that a Mandatory Prepayment Event has occurred, it shall notify the HMT Commissioners of such occurrence as soon as possible, together with details of the events or circumstances comprising such Mandatory Prepayment Event and of the steps being taken to remedy the same.

Section 4.6 *Pay-out Costs*. (a) The Guarantee Fund agrees to reimburse to the HMT Commissioners the amount of any one or more Disbursements (together the "Pay-out Costs Disbursement") made prior to 31st March, 2010 in respect of Pay-out Costs.

(b) The Guarantee Fund agrees to pay to the HMT Commissioners on each Payment Date falling in 2011 an amount equal to the aggregate of (I) one quarter of the Pay-out Costs Disbursement, and (ii) compensation thereon, accrued at the First Phase Rate from October 1, 2009 until the relevant Payment Date.

Section 4.7 *Payments*. (a) All payments of any part of the Reimbursement Amount, any compensation and all other amounts to be made by the Guarantee Fund to the HMT Commissioners under this Agreement and the other Relevant Documents shall be received in Sterling, in immediately available funds, without deduction, set-off or counterclaim, in the HMT's Settlement Account not later than 5:00 p.m. (Amsterdam time) on the date on which such payment is due (and each such payment received after such time on such due date to be deemed to have been received on the next Business Day) provided that:

(I) if the HMT Commissioners receive an amount from the FSCS pursuant to paragraph 2.5 of the FSCS Deed of Assignment, the HMT Commissioners shall, as soon as reasonably possible:

(A) pay to The Netherlands its *Pro Rata* Entitlement to that amount to be applied in accordance with paragraph (a)(ii) of Section 3.5 of the NL Reimbursement and Indemnity Agreement, such payment to be made in the currency received and without making any conversion, with any conversion into euro to be made by The Netherlands pursuant to the NL Reimbursement and Indemnity Agreement;

(B) if such payment has been received from the FSCS in a currency other than Sterling, convert the remaining amount of such payment into Sterling at such rate as it may reasonably select and such payment shall from the time of such conversion be applied in accordance with paragraph (a)(ii) of Section 4.5 and to the extent that it is so

applied in accordance with paragraph (a)(ii)(A) or paragraph (a)(ii)(B)(2) of Section 4.5 shall satisfy the obligation to repay the Reimbursement Amount up to the Sterling amount obtained by the HMT Commissioners as a result of such conversion; and

(ii) if the HMT Commissioners receive an amount from The Netherlands pursuant to paragraph (a)(i)(A) of Section 3.7 of the NL Disbursement and Indemnity Agreement, paragraph (i)(B) above shall apply mutatis mutandis.

(b) If the Guarantee Fund makes a payment to the HMT Commissioners that is insufficient to discharge all matured payments then due under this Agreement and the other Relevant Documents from the Guarantee Fund to the HMT Commissioners, that payment shall be applied (i) first, towards discharging any costs and expenses of the HMT Commissioners which the Guarantee Fund is required to reimburse pursuant to this Agreement or any other Relevant Document, (ii) second, towards payment of any accrued compensation which is due but unpaid under this Agreement or any other Relevant Document, and (iii) third, towards payment of such part of the Reimbursement Amount as is then due.

(c) If any payment under this Agreement is stated to be due on a day that is not a Business Day, or if any period by reference to which any such sum is calculated under this Agreement or any other Relevant Document would end on a day which is not a Business Day, then such date or period shall be extended to the next Business Day and such extension of time shall in such case be included in the computation of payment of compensation (if applicable), *provided* that, if such extension would cause such payment to be made, or such period to end, in the next following calendar month, such date shall be brought forward to, or such period shall end, on the next preceding Business Day.

ARTICLE V
LOSSES, ETC.

Section 5.1 *Losses*. The Guarantee Fund shall pay to the HMT Commissioners, upon the request of the HMT Commissioners, such amount as shall be sufficient to compensate it for any loss, cost or liability that is attributable to (a) the conversion of one currency into another currency pursuant to this Agreement or any other Relevant Document, (b) the occurrence of any Mandatory Prepayment Event or any breach by any Reimbursement Party of any of its obligations under this Agreement or any other Relevant Document, or (c) the preservation, perfection or enforcement of any right, power or privilege of the HMT Commissioners under this Agreement or any other Relevant Document, other than, in each case, any "costs of arbitration" within the meaning of the PCA Rules which an arbitral tribunal in arbitration proceedings as referred to in Section 10.10 has determined are to be borne by the HMT Commissioners.

Section 5.2 *Taxes*. All payments of any part of the Reimbursement Amount or compensation and all other amounts payable under this Agreement or any other Relevant Document by any Reimbursement Party to the HMT Commissioners shall be made free and clear of and without reduction or liability for or on account of any Taxes, *provided* that if any Reimbursement Party shall be required by Applicable Law to deduct any Taxes from such payments,

then the sum payable shall be increased as necessary so that after making all required deductions (including deductions applicable to additional sums payable under this Section 5.2) the HMT Commissioners receive an amount equal to the sum they would have received had no such deductions been made.

Section 5.3 *Full and final settlement* (a) The HMT Commissioners shall not have (and to the extent that absent this Section 5.3 it would have, it irrevocably renounces) any claim against any Reimbursement Party in relation to the payment of compensation by the FSCS in respect of the claims of Landsbanki London Depositors as referred to in the Recitals, other than the claims of the HMT Commissioners under this Agreement and the other Relevant Documents.

(b) No Reimbursement Party shall make (and to the extent that absent this paragraph (b) it would have, it irrevocably renounces) any claim, or initiate any proceedings, including indemnification proceedings against the HMT Commissioners or the FSCS in relation to (i) the payment of compensation by the FSCS in respect of claims of Landsbanki London Depositors as referred to in the Recitals (including any rejections of such claims), or (ii) any claim of a Landsbanki London Depositor in respect of which compensation was not paid by the FSCS (for whatever reason). The FSCS has the benefit of and may enforce the provisions of the preceding sentence.

ARTICLE VI
INDEMNITY

Section 6.1 *Representation, warranty and indemnity*. For good and valuable consideration, the receipt and sufficiency of which are hereby acknowledged, Iceland hereby:

(a) irrevocably and unconditionally represents, warrants and undertakes to the HMT Commissioners that the Guarantee Fund will ensure the full and punctual payment and performance (whether at stated maturity, upon acceleration or otherwise) of all its obligations under this Agreement and the other Relevant Documents and thus ensure that there will at no time be any Shortfall Amount;

(b) undertakes to the HMT Commissioners that, whenever there is any Shortfall Amount, it will, on demand, pay that Shortfall Amount to the HMT Commissioners as if it were the principal obligor; and

(c) undertakes to indemnify the HMT Commissioners, on demand, against any cost, loss or liability suffered by the HMT Commissioners if (a) any Shortfall Amount arises, or (b) any obligation of the Guarantee Fund under this Agreement or any other Relevant Document is or becomes illegal, not binding, invalid or unenforceable. The amount of the cost, loss or liability will be equal to the amount which the HMT Commissioners would otherwise have been entitled to recover.

Section 6.2 *Obligations Unconditional*. The obligations of Iceland under this Article VI shall be unconditional and absolute and, without limiting the generality of the foregoing, shall not be released, discharged or otherwise affected by:

(a) any extension, renewal, settlement, compromise, waiver or release in respect of any obligation(s) of any Reimbursement Party under this Agreement or the other Relevant Documents, by operation of law or otherwise (other than with respect to any such extension, renewal, settlement, compromise, waiver or release agreed in accordance with the terms hereunder as expressly applying to the obligations of Iceland hereunder);

(b) any modification, novation, extension, restatement of or supplement to this Agreement or any other Relevant Document (other than with respect to any modification, novation, extension, restatement, amendment of or supplement agreed in accordance with the terms hereof as expressly applying to the obligations of Iceland under this Article VI);

(c) any release, impairment, non-perfection or invalidity of any Lien securing any Shortfall;

(d) any change in the corporate existence, structure or ownership of the Guarantee Fund or any other Person, or any insolvency, reorganisation or similar proceedings in respect of Landsbanki, the Guarantee Fund or any other Person;

(e) the existence of any claim, set-off or other rights that the HMT Commissioners may have at any time against the Guarantee Fund or any other Person, whether in connection herewith or with any unrelated transactions;

(f) any invalidity or unenforceability relating to or against any Reimbursement Party for any reason of this Agreement or any other Relevant Document, or any provision of Applicable Law purporting to prohibit the performance by any Reimbursement Party of any of its obligations under this Agreement or any other Relevant Document (other than any such invalidity or unenforceability with respect solely to the obligations of Iceland under this Article VI);

(g) any other act or omission to act or delay of any kind by any Reimbursement Party or any other Person or any other circumstance whatsoever that might, but for the provisions of this Section 6.2, constitute a legal or equitable discharge of the obligations of any Reimbursement Party under this Agreement or any other Relevant Document.

Section 6.3 *Discharge Only upon Payment in Full; Reinstatement In Certain Circumstances*. The obligations of Iceland under this Article VI constitute continuing obligations which will extend to the ultimate balance of any Shortfall Amount, regardless of any intermediate payment or discharge, whether in whole or in part, and shall remain in full force and effect until all Shortfall Amounts shall have been paid or otherwise performed in full and no other Shortfall Amount can arise. If at any time any payment made under this Agreement or any other Relevant Document is rescinded or must otherwise be restored or returned upon the insolvency, bankruptcy, reorganization or similar event of the Guarantee Fund or any

other Person or otherwise, then the obligations of Iceland hereunder with respect to such payment shall be reinstated at such time as though such payment had been due but not made at such time.

Section 6.4 *Waiver*. Iceland hereby irrevocably and unconditionally waives, to the fullest extent permitted by Applicable Law, (a) notice of acceptance of this Agreement and notice of any liability to which this Agreement may apply, (b) all notices that may be required by Applicable Law or otherwise to preserve intact any rights of the HMT Commissioners against the Guarantee Fund, including any demand, presentment, protest, proof of notice of non-payment, notice of any failure on the part of the Guarantee Fund to perform and comply with any covenant, agreement, term, condition or provision of any agreement and any other notice to any other Person that may be liable in respect of the obligations of the Guarantee Fund except any of the foregoing as may be expressly required hereunder, (c) any right to the enforcement, assertion or exercise by the HMT Commissioners of any right, power, privilege or remedy conferred upon it under this Agreement, any other Relevant Document or otherwise, and (d) any requirement that the Netherlands exhaust any right, power, privilege or remedy, or mitigate any damages resulting from a default, under this Agreement or any other Relevant Document. This waiver applies irrespective of any Applicable Law or any provision of this Agreement or any other Relevant Document to the contrary.

Section 6.5 *Subrogation*. Iceland shall not enforce any payment by way of subrogation, indemnity, contribution or otherwise, or exercise any other right, (or otherwise benefit from any payment or other transfer arising from any such right) which it may have against the Guarantee Fund by reason of the performance by it of its obligations under this Agreement or any other Relevant Document so long as any obligations under this Agreement or any other Relevant Document remain unpaid or unsatisfied (and, if Iceland receives any payment or distribution in relation to such rights, it will promptly turn such payment or distribution over to the HMT Commissioners).

Section 6.6 *Additional security*. The representation, warranty, undertaking and indemnity set out in this Article VI is in addition to and is not in any way prejudiced by any other representation, warranty, indemnity, security or other document or instrument now or subsequently held by the HMT Commissioners or any other Person.

ARTICLE VII
CONDITIONS PRECEDENT

Section 7.1 *Conditions Precedent*. The effectiveness of this Agreement is subject to the conditions precedent that:

(a) the HMT Commissioners shall have received the following documents, each of which shall be in form and substance satisfactory to the HMT Commissioners:

(i) Confirmation re. NL Reimbursement and Indemnity Agreement. Confirmation from The Netherlands that all conditions precedent to be satisfied in order for the NL Reimbursement and Indemnity Agreement to become effective (other than receipt of

confirmation from the HMT Commissioners that all conditions precedent to be satisfied in order for this Agreement to become effective) have been satisfied;

(ii) Authorising Act. A copy of an Act from Iceland, which has come into force and is not, or no longer, capable of being revoked or avoided by any referendum and which provides for the unconditional and unreserved authorization of the indemnity set out in Article VI and for any other authorization necessary to ensure that the obligations of the Reimbursement Parties under this Agreement and the other Relevant Documents are legal, valid, binding and enforceable, together with a certified translation thereof into English;

(iii) Other authorizations. A copy of an exemption granted by the Central Bank of Iceland (*Seðlabanki Íslands*) to the Guarantee Fund under Rules 370/2010 on Foreign Exchange in respect of the Guarantee Fund's execution and performance of this Agreement and the other Relevant Documents, together with a certified translation thereof into English; and

(b) Opinions of Counsel. An opinion of Lex, legal advisers to the Guarantee Fund as to the laws of Iceland and an opinion of the State Attorney of Iceland (*Ríkislögmaður*) in respect of, *inter alia*, the capacity and due authorization of, and valid execution of this Agreement and each other Relevant Document by, each of the Reimbursement Parties;

(c) the Guarantee Fund and the FSCS shall have entered into the FSCS Deed of Assignment; and

(d) the Guarantee Fund and the FSCS shall have entered into the Settlement Agreement Side Letter.

Section 7.2 *Satisfaction of Conditions Precedent*. If the actions referred to in Section 7.1 have not been completed by December 31, 2010:

(a) if the non-completion consists of the FSCS not having executed and delivered to the Guarantee Fund the FSCS Deed of Assignment and the Settlement Agreement Side Letter, the Reimbursement Parties may, by notice to the HMT Commissioners, terminate this Agreement; and

(b) if the non-completion consists of any other action referred to in Section 7.1, the HMT Commissioners may by notice to the Guarantee Fund, with a copy to Iceland, terminate this Agreement,

whereupon, in each case, this Agreement shall cease to have any effect.

Section 7.3 *Termination of Loan Agreement and Acceptance and Amendment Agreement*. On the date on which this Agreement becomes effective, the Loan Agreement and the Acceptance and Amendment Agreement shall terminate, if not previously terminated.

ARTICLE VIII
REPRESENTATIONS AND WARRANTIES

Section 8.1 *Guarantee Fund representations.* The Guarantee Fund represents and warrants to the HMT Commissioners as of the date of this Agreement as follows:

(A) The Guarantee Fund is (a) a private foundation, duly organized, validly existing and, to the extent applicable under the laws of Iceland, in good standing under the laws of Iceland, and (b) has all requisite corporate power necessary to own its assets and carry on its business as now being conducted.

(B) This Agreement and each other Relevant Document to which it is a party have been duly executed and delivered by it, and constitute legal, valid and binding obligations of it, enforceable against it in accordance with their terms, in each case except as may be limited by equitable principles of general applicability which are specifically referred to in the relevant legal opinion referred to in paragraph (c) of Section 7.1.

Section 8.2 *Reimbursement Party representations*. Each Reimbursement Party represents and warrants to the HMT Commissioners as of the date of this Agreement that the exemption granted by the Central Bank of Iceland (*Seðlabanki Íslands*) to the Guarantee Fund under Rules 370/2010 on Foreign Exchange in respect of the Guarantee Fund's execution and performance of this Agreement and the other Relevant Documents referred to in paragraph (a)(iii) of Section 7.1 is unconditional, irrevocable and in full force and effect and there are no other authorizations, licenses, consents or other approvals or actions required from any Icelandic Governmental Authority in connection with the execution or performance of this Agreement or the other Relevant Documents or to ensure that the obligations of the Reimbursement Parties under this Agreement and the other Relevant Documents are legal, valid, binding and enforceable.

ARTICLE IX
COVENANTS

Section 9.1 *Comparability of treatment*. If any Reimbursement Party enters into any Relevant Financing Arrangement and, under that Relevant Financing Arrangement (taken as a whole), the financier party to that Relevant Financing Arrangement enjoys an overall more favorable treatment than the HMT Commissioners under this Agreement and the other Relevant Documents, or has the benefit of any Lien, then the Reimbursement Parties shall grant the HMT Commissioners the same favorable treatment or the benefit of a similar Lien (and the Reimbursement Parties shall enter into any documentation necessary or desirable in order to do so).

Section 9.2 *Equal treatment*. If the Guarantee Fund, any Other Guarantee Fund or Iceland makes any Excess Payment, the Guarantee Fund shall pay (or ensure that each relevant Other Guarantee Fund pays) an amount equal to the Excess Payment to each Landsbanki London Depositor, *provided* that, to the extent that the HMT Commissioners or the FSCS has made any payment to a Landsbanki London Depositor in respect of a claim of

that Landsbanki London Depositors under Act No. 98/1999 in excess of €20,887 per claim, the payment under this Section shall be made to the HMT Commissioners or the FSCS, as the case may be.

ARTICLE X
MISCELLANEOUS

Section 10.1 *Change of circumstance*. The HMT Commissioners agree that, if at any time the then most recently published Article IV review by the IMF in relation to Iceland states that a significant deterioration has occurred in the sustainability of the debt of Iceland, relative to the assessment of such sustainability by the IMF Fund as of November 19, 2008, then, if Iceland so requests, the HMT Commissioners will meet with Iceland to discuss the situation and consider whether, and if so how, this Agreement and the other Relevant Documents should be amended to reflect the relevant change in circumstances.

Section 10.2 *Other changes*. If the Accepted Claims Amount or the Accepted Interest Amount shall at any time change as a result of any decision of the Winding up Board of Landsbanki or of any competent court:

(i) any calculation pursuant to this Agreement or the other Relevant Documents which is directly or indirectly based on the Accepted Claims Amount or the Accepted Interest Amount shall be recalculated as if the Accepted Claims Amount or the Accepted Interest Amount had been the as so changed Accepted Claims Amount or the Accepted Interest Amount with effect from the date of this Agreement;

(ii) if any amount shall have been paid or allocated on the basis of the previous calculation then such payment or allocation shall be reversed or as the case may be reallocated to the extent required in order to reflect such recalculation.

Section 10.3 *Waiver*. No failure on the part of the HMT Commissioners to exercise and no delay in exercising, and no course of dealing with respect to, any right, power or privilege under the Agreement or any other Relevant Document shall impair that right, power or privilege or operate as a waiver or variation thereof, nor shall any single or partial exercise of any right, power or privilege under any Relevant Document preclude any other or further exercise thereof or the exercise of any other right, power or privilege. Any liberty or power which may be exercised or any determination which may be made under this Agreement by the HMT Commissioners (including any act, matter or thing as agreed, specified, determined, decided or notified by the HMT Commissioners to the Guarantee Fund or Iceland) may be exercised or made in the absolute and unfettered discretion of the HMT Commissioners from time to time, which will not be under any obligation to give reasons therefor.

Section 10.4 *Notices*. All notices, requests, instructions, directions and other communications provided for herein shall be given or made in writing in English by personally delivered letter or by fax (and may be copied, but not validly served, by e-mail) delivered to the intended recipient as follows:

(a) if to the Guarantee Fund, to it at Borgartun 26, 3rd floor, 105 Reykjavik, Iceland, Fax: +354 590 2606, Attn.: Managing Director, with a copy to Iceland, at Ministry of Finance, Arnarhvoli Lindargötu, 150 Reykjavík, Iceland, Fax: +354 5628280, Attn.:Permanent Secretary;

(b) if to Iceland, to it at Ministry of Finance, Arnarhvoli Lindargötu, 150 Reykjavík, Iceland, Fax: +354 5628280, Attn.:Permanent Secretary; and

(c) in the case of the HMT Commissioners, to them at HM Treasury, 1 Horse Guards Road, London SW1A 2HQ, United Kingdom and +44 (0)20 7270 5764 (attention: Tom Scholar); and

(d) in the case of the FSCS, to it at Financial Services Compensation Scheme, 7th Floor, Lloyds Chamber, 1 Portsoken Street, London E1 8BN, United Kingdom and +44 (0)20 7892 7637 (attention: Mark Neale).

Except as otherwise provided in this Agreement, all such communications shall be deemed to have been duly given, (i) when personally delivered at the address of the Person to be served, at the time when it is so left (or, if left on a day that is not a Business Day, at 8:15am (local time) on the next following Business Day), and (ii) when sent by facsimile transmission, when confirmation of receipt is received from the receiving facsimile machine (or, if sent on a day that is not a Business Day, at 8:15am (local time) on the next following Business Day), *provided* that, in proving the giving of notice under or in connection with this Agreement, it shall be sufficient to prove that the notice was delivered to the address for service.

Section 10.5 *Amendments, Etc*. Except as otherwise expressly provided in this Agreement, any provision of this Agreement and (except as specifically provided therein) any other Relevant Document may be modified, supplemented or waived only in writing executed by the Parties affected by the modification, supplement or waiver.

Section 10.6 *Successors and Assigns*. (a) This Agreement shall be binding upon and inure to the benefit of the Parties. No Party may assign, transfer or encumber any of its rights or obligations under this Agreement or any other Relevant Document (any attempt to do so being null and void ab initio).

(b) This Agreement is made and entered into for the sole protection and legal benefit of the Parties and no other Person shall be a direct or indirect legal beneficiary of, or have any direct or indirect cause of action or claim in connection with, this Agreement under the Contracts (Rights of Third Parties) Act 1999, *provided* that the FSCS has the benefit of and may enforce any right accorded to it, or any term or condition expressed to be for its benefit, in this Agreement.

Section 10.7 *Captions*. The table of contents and captions and section headings appearing herein are included solely for convenience of reference and are not intended to affect the interpretation of any provision of this Agreement.

Section 10.8 *Counterparts*. This Agreement may be executed in any number of counterparts, all of which taken together shall constitute one and the same instrument, and any of the Parties may execute this Agreement by executing any such counterpart. Each counterpart shall be an original copy of this Agreement, but they shall together constitute one and the same instrument.

Section 10.9 *Governing Law*. THIS AGREEMENT AND ANY MATTER, CLAIM OR DISPUTE ARISING OUT OF OR IN CONNECTION WITH IT, WHETHER CONTRACTUAL OR NON-CONTRACTUAL, SHALL BE GOVERNED BY, AND CONSTRUED IN ACCORDANCE WITH, THE LAWS OF ENGLAND.

Section 10.10 *Arbitration*. (a) ANY DISPUTE, LEGAL ACTION OR PROCEEDING BY OR AGAINST ANY PARTY HERETO WITH RESPECT TO OR ARISING OUT OF THIS AGREEMENT, WHETHER CONTRACTUAL OR NON-CONTRACTUAL AND INCLUDING ANY DISPUTE, LEGAL ACTION OR PROCEEDING REGARDING THE EXISTENCE, VALIDITY, FORMATION OR TERMINATION OF THIS AGREEMENT (A "*DISPUTE*") SHALL BE SETTLED BY FINAL AND BINDING ARBITRATION IN ACCORDANCE WITH THE PCA RULES, WHICH RULES ARE DEEMED INCORPORATED BY REFERENCE INTO THIS CLAUSE EXCEPT TO THE EXTENT THAT THEY RELATE TO THE NATIONALITY OF THE ARBITRATOR.

(b) In any arbitral proceedings as referred to in paragraph (a) above:

(i) the number of arbitrators shall be three;

(ii) if all Parties are party to the arbitral proceedings, each of (A) the Reimbursement Parties jointly (and failing such joint appointment Article 7(2) of the PCA Rules shall apply), and (B) the HMT Commissioners shall appoint one arbitrator and the two arbitrators thus appointed shall choose the third arbitrator who will act as the presiding arbitrator of the arbitral tribunal;

(iii) the appointing authority shall be the Secretary-General of the Permanent Court of Arbitration;

(iv) the place of arbitration shall be London, England;

(v) the language to be used in the arbitral proceedings shall be English;

(vi) the IBA Rules on the Taking of Evidence in International Arbitration of 29 May 2010 shall apply;

(vii) the arbitral tribunal shall use its best efforts to make a final award within twelve months of the appointment of the third arbitrator who acts as the presiding arbitrator of the arbitral tribunal, and shall conduct the arbitral proceedings accordingly;

(viii) the arbitral tribunal shall rule in accordance with the laws of England (and not, for the avoidance of doubt, as *amiable compositeur* or *ex aequo et bono*); and

(ix) all Parties, the arbitrators and the Secretary-General and the International Bureau of the Permanent Court of Arbitration shall protect the confidentiality of the existence of the arbitral proceedings and of any information received by them in connection with such proceedings.

Section 10.11 *Waiver of Sovereign Immunity*. Each of the Reimbursement Parties consents generally to the issue of any process in connection with any Dispute and to the giving of any type of relief or remedy against it, including the making, enforcement or execution against any of its Property or assets (regardless of its or their use or intended use) of any order, judgment or award (including, for the avoidance of doubt, any arbitral award made in arbitral proceedings pursuant to Section 10.10). If any Reimbursement Party or any of its Property or assets is entitled in any jurisdiction to any immunity from service of process or of other documents relating to any Dispute, or to any immunity from jurisdiction, suit, judgment, award, execution, attachment (whether before judgment, in aid of execution or otherwise) or other legal process, this is irrevocably waived to the fullest extent permitted by the law of that jurisdiction. Each of the Reimbursement Parties also irrevocably agrees not to claim any such immunity for themselves or their respective Property or assets. The Parties confirm (i) that this paragraph does not extend to any assets of Iceland which enjoy immunity under the Vienna Convention on Diplomatic Relations, any assets of Iceland located in Iceland which are necessary for the proper functioning of Iceland as a sovereign power, or to any assets of the Central Bank of Iceland (*Seðlabanki Íslands*) and (ii) nothing in this Agreement or any other Relevant Document is intended to remove or shall have the effect of removing from Iceland its control of its natural resources and its right to decide on the utilisation and form of ownership thereof.

Section 10.12 *Severability*. The illegality or unenforceability in any jurisdiction of any provision hereof or of any document required hereunder shall not in any way affect or impair the legality or enforceability of the remaining provisions of this Agreement or such other document in such jurisdiction or such provision in any other jurisdiction.

[*Signatures Follow*.]

IN WITNESS WHEREOF, the Parties have caused this Agreement to be duly executed and delivered as of the day and year first above written.

The Depositors' and Investors' Guarantee Fund of Iceland (*Tryggingarsjóður Innstæðueigenda og Fjárfesta*)

By: _____
Name: [*]
Title: [*]

Iceland

By: _____
Name: [*]
Title: [*]

The Commissioners of Her Majesty's Treasury

By: _____
Name: [*]
Title: [*]

SCHEDULE I
to Reimbursement Agreement

"*Acceptance and Amendment Agreement*" means the Acceptance and Amendment Agreement dated 19 October 2009 between the Parties.

"*Accepted Claims Amount*" means, at any time, the amount of the Assigned Claim (expressed in ISK) which has at that time been accepted by the Winding up Board of Landsbanki (or by a competent court, such court determination to prevail if different from such Winding up Board acceptance and binding upon such Winding up Board) as constituting a valid claim in the winding up of Landsbanki under Article 112 of the Icelandic Act no. 21/1991 on Bankruptcies etc. (*Lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.*).

"*Accepted Interest Amount*" means, at any time, the amount of any interest included in the Accepted Claims Amount.

"*Assigned Claim*" means, collectively, the claims against Landsbanki assigned or expressed to be assigned to the Guarantee Fund by FSCS pursuant to the FSCS Deed of Assignment.

"*Act No. 98/1999*" means the Icelandic Act No. 98/1999 on Deposit and Investor-Compensation Scheme (*Lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta*) as in force on 11 October 2008.

"*Agreement*" has the meaning set forth in the introduction hereto.

"*Applicable Law*" means any applicable statute, law, regulation, ordinance, rule, judgment, rule of common law, order, decree, approval, concession, grant, franchise, license, agreement, directive, guideline, policy, requirement or other governmental restriction or any similar form of decision of, or determination by (or any interpretation or administration of any of the foregoing by), any Governmental Authority, whether in effect as of the date hereof or (unless a contrary indication appears in this Agreement or any other Relevant Document) thereafter.

"*Arrears Rate*" means, at any time of determination, a rate per annum equal to the sum of (a) for the period from the date of this Agreement to the Second Phase Start Date, the First Phase Rate plus 0.3 per cent. *per annum*, and (b) for the period from the Second Phase Start Date onwards, the Second Phase CIRR plus 0.5 per cent. *per annum*.

"*Business Day*" means a day (other than Saturday or Sunday) on which commercial banks are not authorized or required to close in Reykjavik (Iceland) or London (England).

"*Commencement Date*" means 5 June 2009.

"*Defaulted Amount*" means each amount which has fallen due for payment by a Reimbursement Party but remains unpaid in breach of the terms of this Agreement.

"*Directive 94/19/EC*" means Directive 94/19/EC of the European Parliament and of the Council of 30 May 1994 on deposit-guarantee schemes as in force on 11 October 2008 (subject to any contrary indication).

"*Disbursement*" means a disbursement made or to be made under this Agreement.

"*Disbursement Date*" means the date on which a Disbursement is or is to be made.

"*Disbursement Request*" means a notice substantially in the form of Schedule II.

"*DNB*" means "DNB" as defined in the NL Reimbursement and Indemnity Agreement.

"*DNB Assignment Agreement*" means the "DNB Assignment Agreement" as defined in the NL Reimbursement and Indemnity Agreement.

"*euro*" or "*€*" means the lawful currency for the time being of the Member States of the European Union that adopt or have adopted the euro as their lawful currency in accordance with legislation of the European Community relating to Economic and Monetary Union.

"*Excess Payment*" means any payment in excess of an amount of €20,887 in respect of any claim or claims of a Landsbanki Depositor (not including, for the avoidance of doubt, any former Landsbanki Depositor who became a depositor of NBI hf.) other than a Landsbanki London Depositor.

"*Facility*" means the term facility described in paragraph (a) of Section 2.1.

"*Facility Amount*" has the meaning ascribed thereto in paragraph (a) of Section 2.1.

"*First Phase Rate*" means 3.3 per cent. *per annum*.

"*FSCS*" means the Financial Services Compensation Scheme Limited.

"*FSCS Bank Account*" means one or more bank accounts maintained by the HMT Commissioners in their books for the FSCS.

"*FSCS Deed of Assignment*" means the deed of assignment of claims to be entered into between the Guarantee Fund and the FSCS in the form agreed between the Parties before the date of this Agreement.

"*Governmental Authority*" means any nation or government, any state or municipality, any multi-lateral or similar organization or any other agency, instrumentality or political subdivision thereof and any entity exercising executive, legislative, judicial, monetary, regulatory or administrative functions of or pertaining to government.

"*Guarantee Fund*" has the meaning set forth in the introduction hereto.

"*Guarantee Fund Estate Proceeds*" means (i) any or all amounts as the context requires received by the Guarantee Fund in respect of the claims of or formerly of Landsbanki Depositors or otherwise in respect of the insolvency of Landsbanki, and (ii) any or all amounts as the context requires received by DNB which is payable by DNB to The Netherlands pursuant to paragraph 2.4 of the DNB Assignment Agreement, and (iii) any or all amounts as the context requires received by the FSCS which is payable by the FSCS to the HMT Commissioners pursuant to paragraph 2.5 of the FSCS Deed of Assignment.

"*HMT Commissioners*" has the meaning set forth in the introduction hereto.

"*HMT Interest Share Receipts*" means, at any time, the aggregate of all amounts applied in accordance with paragraph (a)(ii)(B)(1) of Section 4.5 at or prior to that time.

"*HMT Interest Share*" means, at any time, a fraction of the Interest Proceeds at that time, calculated by multiplying those Interest Proceeds by a fraction dependent on the Recovery Percentage at that time and determined in accordance with the following table:

Recovery Percentage	**HMT Interest Share**
86 or less	Zero
≥86 ≤ 87	0.05
≥87 ≤ 88	0.10
≥88 ≤ 89	0.15
≥90 ≤ 91	0.20
≥91 ≤ 92	0.25
≥92 ≤ 93	0.35
≥93 ≤ 94	0.45
≥94 ≤ 95	0.55
≥95 ≤ 96	0.65
≥96 ≤ 97	0.75
≥97 ≤ 98	0.85
≥98 ≤ 99	0.95
≥99 ≤ 100	1

"*HMT's Settlement Account*" means one or more bank accounts maintained by the HMT Commissioners from time to time as notified by the HMT Commissioners to the Guarantee Fund.

"*Iceland*" has the meaning set forth in the introduction hereto.

"*Interest Proceeds*" means, at any time, an amount (expressed in Sterling) equal to a fraction of the Guarantee Fund Estate Proceeds at that time, calculated by multiplying the amount of those Guarantee Fund Estate Proceeds by a fraction the numerator of which is equal to the Accepted Interest Amount and the denominator of which is equal to the Accepted Claims Amount, in each case at that time.

"*ISK Equivalent*" means, in relation to any amount in euro or Sterling and as at any day, the equivalent of such amount in Krónur calculated at the average of the published daily rates of exchange as published by the Central Bank of Iceland (*Seðlabanki Íslands*) (or, to the extent that no such rates of exchange are published by the Central Bank of Iceland, the published daily rates of exchange derived from a source reasonably agreed between Iceland and the HMT Commissioners or, if Iceland and the HMT Commissioners fail to agree such rate prior to the date for which the relevant ISK Equivalent is to be determined, as determined by arbitration in accordance with Section 10.10) for the period of one month ending on the day immediately preceding that day.

"*Krónur*" or "*ISK*" means the lawful currency for the time being of Iceland.

"*Landsbanki*" means Landsbanki Íslands hf., a financial undertaking incorporated under the laws of Iceland.

"*Landsbanki Depositor*" means each Person who has deposited any funds, or otherwise has any credit balance, with Landsbanki and whose corresponding claim against Landsbanki is guaranteed by the Guarantee Fund according and subject to Act No. 98/1999 (including, for the avoidance of doubt, each Landsbanki London Depositor).

"*Landsbanki London*" means the London branch of Landsbanki.

"*Landsbanki London Depositor*" means (i) each depositor with Landsbanki London's "Icesave" product; (ii) any person who has submitted an application to open an account with Landsbanki London's "Icesave" product and has transferred money to Barclays as UK clearing bank for Landsbanki London but for whom no "Icesave" account has been opened, so that the money transferred continues to be held by Barclays; and (iii) any other person who has deposited any funds, or otherwise has any credit balance, with Landsbanki London, provided that, in this final case, the corresponding claim against Landsbanki is eligible for compensation under the rules of the FSCS.

"*Lien*" means any mortgage, lien, pledge, fiduciary transfer, charge, encumbrance or other security interest.

"*Loan Agreement*" means the Loan Agreement dated 5 June 2009 between the Parties.

"*Mandatory Prepayment Event*" means any event or circumstance specified as such in paragraph (b) of Section 4.5.

"*Mandatory Prepayment-Related Material Adverse Effect*" means any effect which impairs the ability of any Reimbursement Party to perform its payment or other material obligations under this Agreement or any other Relevant Document.

"*NL Quarterly Installment"* means a "Quarterly Installment" as defined in the NL Reimbursement and Indemnity Agreement.

"*NL Reimbursement and Indemnity Agreement*" means the Reimbursement and Indemnity Agreement entered or to be entered into on or about the date of this Agreement between the Guarantee Fund, Iceland and The Netherlands.

"*NL Reimbursement Amount*" means, from time to time, the "Reimbursement Amount" as defined in the NL Reimbursement and Indemnity Agreement.

"*NL Second Phase Reimbursement Amount*" means the "Second Phase Reimbursement Amount" as defined in the NL Reimbursement and Indemnity Agreement.

"*Other Guarantee Fund*" means any deposit-guarantee scheme introduced and officially recognized in Iceland for the purpose of Directive 94/19/EC (including any modification or re-enactment thereof or any substitution therefor), other than the Guarantee Fund.

"*Parties*" has the meaning set forth in the introduction hereto.

"*Payment Date*" means January 1, 2011 and each April 1, July 1, September 1 and January 1 falling after January 1, 2011.

"*Pay-out Costs*" means the costs incurred by the FSCS in paying compensation to Landsbanki London Depositors in respect of their claims against Landsbanki and the Guarantee Fund under Act No. 98/1999 as referred to in the Recitals, which is an amount of £10,000,000 (ten million pounds Sterling).

"*PCA Rules*" means Permanent Court of Arbitration Optional Rules for Arbitrating Disputes between Two Parties of Which Only One Is a State, as in effect on the date hereof.

"*Person*" means any individual, corporation, company, voluntary association, partnership, limited liability company, joint venture, trust, unincorporated organization, Governmental Authority or other entity of whatever nature.

"*Pro Rata Entitlement*" means, as at any time, a fraction calculated by dividing (a) (i) in the case of The Netherlands, an amount of £1,134,680,211.10 (being the Sterling equivalent of the amount of the NL Reimbursement Amount as at the date of the NL Reimbursement and Indemnity Agreement converted into Sterling at a rate of €1.1653 to £1.00), or (ii) in the case of the HMT Commissioners, the aggregate amount of all Disbursements made up to that time (which the Parties believe to have been GBP 2,254,417,851.51 as at November 24, 2010), by (b) the aggregate of the amounts referred to in item (a) above.

"*Property*" of any Person means any property, rights or revenues, or interest therein, of such Person.

"*Quarterly Installments*" means the quarterly installments in which the Second Phase Reimbursement Amount must be paid, the amount and number of which are determined in accordance with Section 4.1 (subject to the other provisions of this Agreement).

"*Recovery Percentage*" means, at any time, such fraction, expressed as a percentage, of the Accepted Claims Amount as under Icelandic Act no. 21/1991 on Bankruptcies etc. (*Lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.*) (or otherwise under the laws of Iceland) has been or is deemed to have been paid by the Winding up Board of Landsbanki in payment of the Accepted Claims Amount at that time.

Obtained by dividing the HMT Reimbursement Proceeds at that time by the aggregate amount of the Reimbursement Amount as at the date of this Agreement.

"*Reimbursement Amount*" means, at any time (whether before or after the Reimbursement Amount is required to be paid by the Guarantee Fund to the HMT Commissioners), the aggregate amount of the Disbursements, or the amount outstanding for the time being of that amount.

"*Reimbursement Parties*" means, collectively, the Guarantee Fund and Iceland.

"*Reimbursement Payment Date*" means each Payment Date falling after the Second Phase Start Date.

"*Relevant Documents*" means, collectively, this Agreement, the Settlement Agreement, the Settlement Agreement Side Letter, the FSCS Deed of Assignment and any other agreement or document designated as a Relevant Document by the Parties.

"*Relevant Financing Arrangement*" means any agreement, arrangement or treaty entered into by any Reimbursement party with any financier (including any Sovereign, international organization, private entity or other Person) for the purpose of financing claims of any depositors of an Icelandic bank where such claims arose prior to the date of this Agreement, but excluding (a) the NL Reimbursement and Indemnity Agreement, and (b) any agreement, arrangement or treaty entered into for the purpose of financing or refinancing (i) any part of the Reimbursement Amount or compensation or any other amount payable by any Reimbursement Party to the HMT Commissioners under this Agreement or any other Relevant Document (or any successor agreement or document), or (ii) any amount payable by any Reimbursement Party under the NL Reimbursement and Indemnity Agreement or any other "Relevant Documents" as defined in the NL Reimbursement and Indemnity Agreement (or any successor agreement or document).

"*Relevant Icelandic Total Government Revenue*" means, in relation to any Reimbursement Payment Day falling in a given period starting on July 1 of any year and ending on June 30 of the immediately following year (a "Relevant Period"), (a) Iceland's "Total Central Government Revenue" for the calendar year immediately preceding that Relevant Period as published by the Statistical Bureau of Iceland (*Hagstofa Íslands*), or (b) if such Total Central Government Revenue (i) has not yet been published, or (ii) is less than 26 per cent. of the then most recent estimate of the gross domestic product of Iceland for the calendar year immediately preceding that Relevant Period as published by the International Monetary Fund in its most recent World Economic Outlook (the "*Relevant Icelandic GDP*"), an amount equal to 26 per cent. of the Relevant Icelandic GDP (or, if there is a material change in the

component elements or any of such Total Central Government Revenue or gross domestic product or any such figure for such Total Central Government Revenue or Relevant Icelandic GDP is not published by the relevant organization, a comparable figure (or comparable figures) for such revenue Total Central Government Revenue or Relevant Icelandic GDP reasonably agreed between Iceland and the HMT Commissioners or, if Iceland and the HMT Commissioners fail to agree such figure (or figures) prior to that Reimbursement Payment Day, as determined by arbitration in accordance with Section 10.10).

"*Second Phase CIRR*" means the Commercial Interest Reference Rate for Sterling as applicable on 15 June 2016 and as published by the Organisation for Economic Co-operation and Development (or, if no such rate is published by that organization, a comparable rate reasonably agreed between Iceland and the HMT Commissioners or, if Iceland and the HMT Commissioners fail to agree such comparable rate before the Second Phase Start Date, as determined by arbitration in accordance with Section 10.10) for a loan with a duration longer than the scheduled payment period for the Second Phase Reimbursement Amount (or (a) if there is more than one such rate for loans with a duration longer than the scheduled payment period for the Second Phase Reimbursement Amount, such rate for a loan with the shortest duration which is longer than such scheduled payment period, and (b) if there is no such rate for a loan with a duration longer than the scheduled payment period for the Second Phase Reimbursement Amount, such rate for a loan with a duration closest to such scheduled payment period) and, for this purpose, the "*scheduled payment period for the Second Phase Reimbursement Amount*" shall be the period from the Second Phase Start Date through the Reimbursement Payment Date on which the last Quarterly Installment is due to be paid (as determined in accordance with paragraphs (b) and (c) of Section 4.1).

"*Second Phase Reimbursement Amount*" means the Reimbursement Amount as at the end of the day immediately preceding the Second Phase Start Date (excluding, however, any part of the Reimbursement Amount which has fallen due for payment before, but remains unpaid in breach of the terms of this Agreement on, the Second Phase Start Date).

"*Second Phase Start Date*" means July 1, 2016.

"*Settlement Agreement*" means the settlement agreement dated June 5, 2009 entered into between the FSCS and the Guarantee Fund as amended by an Amendment Agreement dated October 19, 2009.

"*Settlement Agreement Side Letter*" means the side letter to the Settlement Agreement to be entered into between the FSCS and the Guarantee Fund, confirming certain matters in relation to the Settlement Agreement and in the form agreed between the Parties before the date of this Agreement.

"*Shortfall Amount*" means, from time to time, (a) any amount expressed to be payable by the Guarantee Fund to the HMT Commissioners under this Agreement or any other Relevant Document which has not been paid, and remains unpaid, in full when due, at the place and in the currency in which it is expressed to be payable, and (b) if any obligation of the Guarantee Fund under this Agreement or the other Relevant Documents is or becomes

unenforceable, invalid or illegal, an amount equal to the aggregate of the amounts which the HMT Commissioners would otherwise have been entitled to recover from the Guarantee Fund if that obligation had been or had continued to be enforceable, valid and legal.

"*Sovereign*" means any nation or government having sovereign authority.

"*Sovereign Debt*" means any present or future borrowing, debt or other obligation, whether actual or contingent, which is (a) payable to non-residents of Iceland or, if in the form of bonds, notes, debentures, loan stock or other securities, at least 25 per cent. in aggregate principal amount of which is or was initially offered to non-residents of Iceland, or (b) denominated in a currency other than Krónur or, if denominated in Krónur, under the terms of which payment of principal, premium (if any) or interest can be or is required to be made in or by reference to any other currency, including, for the avoidance of doubt, (i) any borrowing, debt or other obligation owing to the International Monetary Fund, and (ii) any borrowing, debt or other obligation owing under the NL Reimbursement and Indemnity Agreement.

"*Sterling*" or "£" means the lawful means the lawful currency for the time being of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland.

"*Taxes*" means all present and future income, stamp, registration and other taxes and levies, imposts, deductions, charges and withholdings whatsoever, and all interest, penalties or similar amounts with respect thereto or with respect to the non-payment thereof, now or hereafter imposed, assessed, levied or collected by any authority, on or in respect of this Agreement or any other Relevant Document, any payment under this Agreement or any other Relevant Document or the recording, registration, notarization or other formalization of any thereof.

"*The Netherlands*" means the State of the Netherlands.

SCHEDULE II
to the Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement

Form of Disbursement Request

From: Financial Services Compensation Scheme Limited

To: The Commissioners of Her Majesty's Treasury

Dated: [Date]

Dear Sirs/Madams,

Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement [●] 2010
(the "Agreement")

(a) We refer to the Agreement. Terms defined in the Agreement have the same meaning in this Disbursement Request.

(b) This is a Disbursement Request.

(c) We wish to request a Disbursement, on behalf of the Guarantee Fund, on the following terms:

Disbursement Date: [date]
Amount (in Sterling): [amount]

(d) The Disbursement should be credited to [specify the FSCS Bank Account].

(e) [Immediately upon the proceeds of the Disbursement being credited to the above account, please transfer an equivalent sum from that account to [specify account from which Landsbanki London Depositors will be paid compensation].

Yours faithfully,

Financial Services Compensation Scheme Limited

Name:

Title:

Name:

Title:

Drög að þýðingu – enski textinn gildir.

Útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningur

dags. [*], 2010

milli

Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta

og

Íslands

og

umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins

ÚTGREIÐSLU-, ENDURGREIÐSLU- OG SKAÐLEYSISSAMNINGUR þessi dags. [**], 2010 („*samningur þessi*“), á milli **TRYGGINGARSJÓÐS INNSTÆÐUEIGENDA OG FJÁRFESTA**, sjálfseignarstofnunar sem er stofnuð á grundvelli íslenskra laga („*Tryggingarsjóður*“), ÍSLANDS („*Ísland*“) og **UMBOÐSMANNA BRESKA FJÁRMÁLARÁÐUNEYTISINS** (*umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins*). Sameiginlega verður vísað til umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins, Tryggingarsjóðs og Íslands sem „*samningsaðila*“).

FORSENDUR SAMNINGSINS

Samningsaðilar hafa gert með sér lánssamning og viðaukasamning, sem saman kveða á um það samkomulag sem samningsaðilar gerðu með sér í upphafi um þau málefni sem lýst er í forsendum þessum. Samningsaðilar vilja nú gera með sér samning þennan í þeim tilgangi að ná sátt um umrædd atriði, og einnig til þess að fella lánssamninginn og viðaukasamninginn úr gildi, enda öðlist samningur þessi gildi.

Tryggingarsjóður ábyrgist kröfur innstæðueigenda hjá Landsbankanum í London á hendur Landsbankanum skv. lögum nr. 98/1999, en með þeim var innleidd tilskipun 94/19/EB, sem nemur allt að 20.887 evrum fyrir hvern innstæðueiganda.

Breski tryggingarsjóðurinn (FSCS), hefur greitt út tryggingar til innstæðueigenda hjá Landsbankanum í London vegna krafna þeirra á hendur Landsbankanum og Tryggingarsjóði á grundvelli laga nr. 98/1999 og í staðinn hafa þessir innstæðueigendur Landsbankans í London framselt FSCS umræddar kröfur. Ferlið sem FSCS (f.h. Tryggingarsjóðsins) mun viðhafa við uppgjör útistandandi krafna innstæðueigenda í Landsbankanum London á hendur Tryggingarsjóðnum skv. lögum nr. 98/1999, og ferlið sem Tryggingarsjóður mun viðhafa við uppgjör á skuldbindingum sínum gagnvart FSCS er lýst í smáatriðum í uppgjörssamningnum.

Umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins hafa forfjármagnað útgreiðslur úr FSCS á tryggingum vegna krafna innstæðueigenda hjá Landsbankanum í London á hendur Landsbankanum og Tryggingarsjóði skv. lögum nr. 98/1999 og tilheyrandi kostnað. Samningsaðilar hafa orðið ásáttir um að Tryggingarsjóður endurgreiði FSCS þær fjárhæðir sem hann hefur lagt út fyrir vegna útgreiðslu á tryggingum til innstæðueigenda í Landsbankanum í London (samtals er áætlað að útgreiðslur af hálfu Tryggingarsjóðs nemi 2.254.417.851,51 sterlingspundum þann 24. nóvember 2010) og að umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins skuli sjá FSCS fyrir fjármunum (f.h. Tryggingarsjóðsins) til uppgjörs á útistandandi kröfum innstæðueigenda í Landsbankanum London á hendur Tryggingarsjóðnum (samtals áætlað að nemi 20.969.252,03 sterlingspundum) skv. l. nr. 98/1999 í samræmi við skilmála samnings þessa.

Samningsaðilar staðfesta að samið hafi verið um samning þennan í samræmi við „hin umsömdu viðmið“ frá 14. nóvember 2008, sem Ísland og aðildarríki Evrópusambandsins stóðu að.

I. GR.
SKILGREININGAR

Grein 1.1 *Skilgreiningar tiltekinna hugtaka*. a) Þau hugtök sem skilgreind eru í fylgiskjali 1 skulu í samningi þessum hafa þá merkingu sem þar er gefin.

b) Að því er varðar skilgreiningar á „vaxtafjármunum“ skal, ef eitthvað af hlutdeild Tryggingarsjóðs í búinu er í öðrum gjaldmiðli en sterlingspundum og hafi hann ekki verið umreiknaðir af Tryggingarsjóði skv. a-lið 7. mgr. 4. gr., umreikna þá fjárhæð í sterlingspund á því gengi sem umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins velja með sanngjörnum hætti.

Grein 1.2 *Önnur túlkunarákvæði*. (a) Merking skilgreindra hugtaka gildir óháð því hvort þau eru notuð í eintölu eða fleirtölu.

(b) Þegar orðalagið „í samningi þessum“, „samnings þessa“ eða sambærilegt orðalag er notað er verið að vísa til samnings þessa í heild sinni en ekki tiltekinna ákvæða hans. Tilvísanir í kafla, greinar, málsgreinar eða fylgiskjöl eru tilvísanir í kafla, greinar, málsgreinar eða fylgiskjöl samnings þessa nema annað sé tekið fram.

(c) Tilvísanir í „skjöl“ eru tilvísanir í skjöl, gerninga, skriflega samninga, vottorð, skuldbindingar, tilkynningar og önnur skrifleg gögn af hvaða tagi sem er, á hvaða formi sem þau eru (þ.á m. á rafrænu formi).

(d) Orðalagið „þar á meðal/þar með talið“ [e. including] er ekki takmarkandi (nema að því marki sem það er sérstaklega tekið fram) og merkir „þar á meðal án takmarkana“ [e. including without limitation].

(e) Að því er varðar tilvísanir í ákveðin tímabil sem ná frá tilgreindri dagsetningu til síðari tilgreindrar dagsetningar skal orðið „frá“ merkja „frá og með“, orðið „til“ og orðasambandið „fram að“ skulu merkja „til [umrædds dags] að síðasttöldum degi undanskildum“, og

orðasambandið „til og með“ merkir „til [umrædds dags] að síðasttöldum degi meðtöldum“, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

(f) Orðin „getur“ [e. may] og „kann“ [e. might] og sambærileg orð sem notuð eru í tengslum við ráðstöfun einhvers aðila gefa til kynna að umrædd ráðstöfun sé valfrjáls og að viðkomandi sé ekki skylt að grípa til umræddrar ráðstöfunar.

(g) Orðið „viðvarandi“ tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu gefur til kynna að slíkt tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu hafi átt sér stað og að ekki hafi verið bætt úr því eða fallið frá því í samræmi við 5. mgr. 10. gr.

(h) Nema annað sé sérstaklega tekið fram skulu (i) tilvísanir í samninga (þ.á m. samning þennan) og önnur skjöl einnig taka til allra síðari breytinga á slíkum skjölum og samningum, en þó aðeins að því marki sem slíkar breytingar eru ekki óheimilar skv. viðkomandi skjölum, og (ii) tilvísanir í lög sem gilda túlkaðar þannig að þær taki til allra ákvæða laga, reglugerða eða reglna sem hafa þann tilgang að styrkja, breyta, koma í stað, bæta við, túlka eða innleiða umrædd lög sem gilda.

II. GR.
LÁNIÐ

Grein 2.1 *Lánið*. (a) Skv. skilmálum samnings þessa veita umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins Tryggingarsjóði lán í sterlingspundum með höfuðstól að hámarki 2.235.000.000 sterlingspund eða að annarri þeirri fjárhæð sem umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins og Tryggingarsjóður kunna að koma sér skriflega saman um á hverjum tíma („**lánsfjárhæðin**“).

(b) Útgreiðslur af láninu skulu nýttar af Tryggingarsjóði, eða öðrum fyrir hans hönd, (eða, þar til það verður gert, settar á innlánsreikning, sem ber vexti, til að nýta síðar) í eftirfarandi tilgangi:

(i) til að endurgreiða (hvort sem er með skuldajöfnun eða öðrum hætti) fjárhæðir sem FSCS hefur fengið að láni frá umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins (fyrir hönd Tryggingarsjóðs) til að greiða út tryggingu vegna krafna innstæðueigenda hjá Landsbankanum í London skv. lögum nr. 98/1999, að fjárhæð allt að 16.872,99 sterlingspund á hverja kröfu ásamt áföllnum vöxtum á þær fjárhæðir sem fengnar hafa verið að láni frá 1. október 2009 á vaxtastigi fyrra tímabils eins og lýst er í ii-lið a-liðar í 2. mgr. 4. gr.

(ii) til uppgjörs FSCS (fyrir hönd Tryggingarsjóðs) á kröfum innstæðueigenda hjá Landsbankanum í London skv. lögum nr. 98/1999, að fjárhæð allt að 16.872,99 sterlingspund á hvern innstæðueiganda (eða, ef við á, sameiginlegra reikningshafa), og

(iii) til að bæta FSCS upp og fjármagna tiltekinn kostnað.

(c) Þrátt fyrir b-lið að ofan skal umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins ekki vera skylt að hafa eftirlit með eða hafa afskipti af notkun eða nýtingu (e. use or application) útgreiðslna.

Grein 2.2 *Framkvæmd lánsins*. a) Með fyrirvara um ábyrgð Íslands skv. samningi þessum verður Tryggingarsjóður eini lántakinn skv. lánssamningnum, hann verður greiðandi að því er varðar allar útgreiðslur sem inntar verða af hendi skv. lánssamningnum og verður aðalskuldari að öllum fjárhæðum (að meðtalinni, og án útilokunar á öðru, endurgreiðslufjárhæðinni og öllum bótum, kostnaði og útgjöldum í tengslum við hana) sem ber að greiða eða munu koma til greiðslu til umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins skv. samningi þessum og öðrum viðeigandi skjölum.

(b) FSCS getur, og Tryggingarsjóðurinn (með samþykki Íslands) veitir FSCS óafturkallanlega heimild til að draga á lánssamninginn fyrir hönd Tryggingarsjóðsins í formi útgreiðslna sem FSCS getur farið fram á með því að afhenda umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins rétt útfyllta útgreiðslubeiðni skv. uppgjörssamningnum.

(c) Afhenda verður umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins útgreiðslubeiðni fyrir kl. 11 fyrir hádegi (að London tíma) á umbeðnum útgreiðsludegi.

(d) FSCS getur fyrir hönd Tryggingarsjóðsins, dregið á lánssamninginn skv. þessari 2. mgr. 2. gr.:

(i) Til að greiða það sem nauðsynlegt er eða æskilegt í þeim tilgangi sem tilgreint er í 1. mgr. 2. gr.; og

(ii) Til (og til að útgreiðsludagur verði ekki síðar) 30. mars 2012 og að samanlagðri höfuðstólsfjárhæð sem verði ekki hærri en lánsfjárhæðin.

Grein 2.3 *Framkvæmd útgreiðslu*. (a) að því tilskildu:

(i) að samningur þessi hafi tekið gildi í samræmi við VII. gr., og

(ii) að ekkert atvik sem skapar uppgreiðsluskyldu hafi orðið og verið tilkynnt um til umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins sem ekki hefur verið leiðrétt eða undanþága veitt fyrir, eða myndi (að áliti umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins og án samþykkis þeirra) leiða af umbeðinni útgreiðslu, kæmi til hennar.

Munu umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins sjá til þess að hver útgreiðsla verði FSCS tiltæk á útgreiðsludegi hennar. FSCS fær aðgang að hverri útgreiðslu með því að greitt verður inn á bankareikning FSCS (eða ef ráðstafa á útgreiðslu til endurgreiðslu á því sem FSCS hefur fengið að láni hjá umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins, með því að skuldajafna útgreiðslunni á móti fjárhæðinni sem þegar hefur verið fengin að láni.

(b) Eingöngu FSCS getur og farið fram á og tekið við andvirði útgreiðslu og Tryggingarsjóðurinn, þrátt fyrir skuldbindingar sínar sem lántaki skv. lánssamningnum (og án þess að

það hafi áhrif á þær) á hvorki rétt á né getur gert kröfu til þess að geta farið fram á eða tekið við andvirði nokkurrar útgreiðslu.

Grein 2.4 *Staðfesting útgreiðslna*.

(a) Umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins skulu, eins fljótt og auðið er eftir útgreiðslu, tilkynna Tryggingarsjóðnum og Íslandi um

(i) fjárhæð útgreiðslunnar og útgreiðsludag hennar; og

(ii) fjárhæð endurgreiðslunnar um leið og útgreiðslan hefur farið fram.

(b) Misbrestur á að fara eftir a-lið að ofan takmarkar á engan hátt skyldur og ábyrgð Tryggingarsjóðsins og Íslands skv. samningi þessum.

III. GR.
ENDURGREIÐSLA O.FL.

Grein 3.1 *Endurgreiðsluskuldbinding*. Á grundvelli (a) undirritunar FSCS á framsalssamningi FSCS, (b) útgreiðslna FSCS á tryggingum til innstæðueigenda hjá Landsbankanum í London vegna krafna þeirra á hendur Landsbankanum og Tryggingarsjóði skv. lögum nr. 98/1999 eins og um getur í forsendum samnings þessa, (c) forfjármögnunar umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins á útgreiðslum FSCS á tryggingum og lánafyrirgreiðslunnar, skuldbindur Tryggingarsjóður sig til að endurgreiða umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins allar útgreiðslur sem þeir inna af hendi skv. samningi þessum með því greiða endurgreiðslufjárhæðina í samræmi við skilmála samnings þessa.

IV. GR.
FYRIRKOMULAG ENDURGREIÐSLU, VEXTIR OG ÚTGREIÐSLUKOSTNAÐUR

Grein 4.1 *Fyrirkomulag endurgreiðslu*. (a) Þessi 1. mgr. 4. gr. gildir frá upphafsdegi seinna tímabils.

(b) Með fyrirvara um d-lið að neðan samþykkir Tryggingarsjóður að greiða umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils með samfelldum ársfjórðungslegum afborgunum, sem skulu greiðast á hverjum greiðsludegi endurgreiðslu.

(c) Fjöldi og fjárhæð ársfjórðungslegra afborgana skal reiknaður sem hér segir:

(i) ef, miðað við daginn næst á undan upphafsdegi seinna tímabils, samanlögð jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum) endurgreiðslu seinna tímabils og jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum) endurgreiðslu seinna tímabils til Hollands nemur 45.000.000.000 kr. eða lægri fjárhæð, (A) þá skulu ársfjórðungslegar afborganir vera fjórar að tölu, og (B) fjárhæð hverrar ársfjórðungslegrar afborgunar skal vera endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils deilt með fjórum,

(ii) ef, miðað við daginn næst á undan upphafsdegi seinna tímabils, samanlögð jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum) endurgreiðslu seinna tímabils og jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum) endurgreiðslu seinna tímabils til Hollands, er hærri en 45.000.000.000 kr., (A) þá skal fjöldi ársfjórðungslegra afborgana vera, eftir því hvort er lægri tala, (I) fjórar að viðbættum öðrum fjórum fyrir hverja 10.000.000.000 króna (eða hluta þeirrar fjárhæðar) sem sú samtala er umfram 45.000.000.000 kr., og (II) 118, og (B) þá skal fjárhæð hverrar ársfjórðungslegrar afborgunar vera endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils deilt með þeim fjölda ársfjórðungslegra afborgana sem þannig fæst,

(d) (i) án tillits til b- og c-liðar að ofan og háð skilyrðum iii-liðar að neðan, ef á tilteknum greiðsludegi endurgreiðslu samtala (A) jafnvirðisfjárhæðar (í íslenskum krónum) á greiðsludegi endurgreiðslu viðkomandi ársfjórðungslegrar afborgunar ásamt vaxtafjárhæð sem gjaldkræf er á sama greiðsludegi endurgreiðslu skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. og (B) jafnvirðisfjárhæðar (í íslenskum krónum) gjaldkræfrar ársfjórðungslegrar afborgunar til Hollands á eða í kringum greiðsludag endurgreiðslu ásamt vaxtafjárhæð sem gjaldkræf er á eða í kringum greiðsludag endurgreiðslu skv. a-lið 2. mgr. 3. gr. hollenska endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins, nemur meira en 1,25 af hundraði af viðeigandi heildartekjum íslenska ríkisins miðað við viðkomandi greiðsludag endurgreiðslu, þá (X) skal sú samtala lækkuð um þá lágmarksfjárhæð sem þarf til að tryggt sé að samtalan fari niður fyrir 1,25 af hundraði af viðeigandi heildartekjum íslenska ríkisins miðað við greiðsludag endurgreiðslunnar, (Y) fjárhæð slíkrar lækkunar (sett fram í krónum) skal skipt á milli Hollands og umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins í samræmi við hlutfallslegan rétt hvors aðila til endurgreiðslunnar, og (Z) fjárhæð ársfjórðungslegrar afborgunar sem vísað er til í (A) að ofan (og nemi hlutfallslegur réttur umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins til endurgreiðslu hærri fjárhæð en ársfjórðungslegu afborguninni, þá skal vaxtafjárhæðin sem vísað er til í (A)) lækka um það sem nemur hlutfallslegum rétti umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins í slíkri lækkun (umbreytt í sterlingspund á því gengi sem notað er við útreikning jafnvirðisfjárhæðar (í íslenskum krónum) sem vísað er til að ofan).

(ii) Hver sú fjárhæð sem ársfjórðungsleg afborgun eða vaxtafjárhæð lækkar um, í samræmi við i-lið hér að framan, er áfram gjaldkræf og bætist við ársfjórðungslegu afborgunina sem kemur til greiðslu á næsta greiðsludegi endurgreiðslu (en sú ársfjórðungslega afborgun, sem þannig hefur hækkað, heyrir undir beitingu i-liðar hér að ofan og kemur því (þó ætíð með fyrirvara um iii-lið hér að neðan) einungis og að því marki til greiðslu sem segir í i-lið hér að ofan. Hver sú fjárhæð sem vaxtafjárhæð lækkar um, í samræmi við i-lið hér að framan, telst hluti af endurgreiðslufjárhæðinni frá þeim greiðsludegi endurgreiðslu þegar (ef ekki væri fyrir i-lið hér að ofan) sú upphæð hefði komið til greiðslu í samræmi við b- og c-lið hér að ofan, og falla vextir á hana í samræmi við það.

(iii) Ákvæði i- og ii-liðar hér að ofan gilda ekki í tengslum við þann greiðsludag endurgreiðslu þegar síðasta ársfjórðungslega afborgun kemur til greiðslu (eins og ákvarðað er í samræmi við c-lið hér að ofan) og sú ársfjórðungslega afborgun sem kemur til greiðslu á þeim greiðsludegi endurgreiðslu, hverjir þeir vextir, sem koma til greiðslu á þeim greiðsludegi endurgreiðslu, og hver sú fjárhæð sem kemur til greiðslu á þeim greiðsludegi endurgreiðslu í samræmi við ii-lið hér að ofan, skulu koma til greiðslu að fullu á þeim greiðsludegi endurgreiðslu.

Grein 4.2 *Vextir*. (a) (i) Tryggingarsjóður skal greiða umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins vexti af endurgreiðslufjárhæðinni, (A) skv. vaxtastigi fyrra tímabils fyrir tímabilið frá 1. október 2009 til upphafsdags seinna tímabils, og (B) skv. viðmiðunarvöxtum seinna tímabils fyrir tímabilið frá og með upphafsdegi seinna tímabils.

(ii) að því er varðar tímabilið frá 1. október 2009 til fyrstu útgreiðslu skv. samningi þessum, þá skal endurgreiðslufjárhæðin til útreiknings vaxta sem ber að greiða teljast á hverjum tíma vera samanlögð fjárhæð alls þess sem FSCS hefur greitt út fyrir hönd Tryggingarsjóðsins við uppgjör FSCS á kröfum innstæðueigenda hjá Landbankanum í London skv. lögum nr. 98/1999, allt að fjárhæð 16.872,99 sterlingspund á innstæðueiganda (eða, þar sem það á við, til sameiginlegra reikningshafa) að viðbættum vöxtum sem bæst hafa við skv. i-lið c-liðar hér að neðan.

(iii) Slíkir vextir skulu halda áfram að leggjast á að því marki sem gildandi lög heimila bæði fyrir og eftir gjaldþrot, ógjaldfærni, endurskipulagningu, skipti, endurskipulagningu innan eða utan réttar, slit, samkomulag, nauðasamning eða aðlögun skulda Tryggingarsjóðs.

Til að fyrirbyggja vafa skal tekið fram að ekki þarf að greiða vexti vegna tímabila fyrir 1. október 2009.

(b) Þrátt fyrir framangreint skal Tryggingarsjóður greiða umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins dráttarvexti á sérhverja fjárhæð í vanskilum. Slíkir vextir skulu leggjast við fjárhæðina, sem þeir hafa fallið á, á hverjum greiðsludegi.

(c) Greiða skal vexti sem fallið hafa á endurgreiðslufjárhæðina eða aðrar fjárhæðir (i) á fyrsta greiðsludegi ef um er að ræða vexti sem áfallnir eru fyrir fyrsta greiðsludag (og leggjast þeir við fjárhæðina, sem þeir hafa fallið á, á hverjum degi sem hefði verið greiðsludagur ef fyrsti greiðsludagur hefði verið 1. janúar 2010 í stað 1. janúar 2011, (ii) á hverjum greiðsludegi eftir það, og (iii) þegar um er að ræða innborgun inn á einhvern hluta endurgreiðslufjárhæðarinnar (hvort sem hún er valfrjáls eða skylt er að greiða hana) á þeim degi sem slík innborgun á sér stað (einungis skal greiða vexti sem fallið hafa á þann hluta endurgreiðslufjárhæðarinnar sem er greidd fyrirfram fram að innborgunardegi), með þeim fyrirvara að einnig skuli greiða hverju sinni dráttarvexti, sem fallið hafa á fjárhæðir í vanskilum þegar umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins óska eftir því.

(d) Vextir sem falla á endurgreiðslufjárhæðina eða aðrar fjárhæðir skulu reiknaðir á grundvelli raunverulegs fjölda liðinna daga á vaxtatímabilinu miðað við að árið sé þrjú hundruð sextíu og fimm (365) dagar.

Grein 4.3 *Valfrjálsar innborganir*. (a) Tryggingarsjóði er heimilt að greiða endurgreiðslufjárhæðina fyrirfram, að fullu eða að hluta, enda tilkynni hann (eða Ísland fyrir hans hönd) umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins með fyrirvara um slíka innborgun í samræmi við 4. mgr. 4. gr. og skal sú fjárhæð sem greiða á fyrirfram og þeir vextir sem fallið hafa á hana skv. 2. mgr. 3. gr. falla í gjalddaga skv. samningi þessum á þeim degi sem til-

greindur er í tilkynningunni. Fjárhæðir sem greiddar eru fyrirfram skv. samningi þessum verða ekki endurheimtar.

(b) Á sama tíma og Tryggingarsjóður greiðir hvers konar valfrjálsa innborgun skv. a-lið að ofan skal hann greiða valfrjálsa hlutfallslega innborgun inn á endurgreiðslufjárhæðina sem eftir stendur skv. endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Holland þannig að sama hlutfall sé greitt af endurgreiðslufjárhæðinni sem eftir stendur skv. þessum samningi og skv. endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Holland (með fyrirvara um námundun).

(c) Hvers konar innborgun inn á endurgreiðslufjárhæðina skv. a-lið hér að ofan lækkar, með fyrirvara um b-lið 7. mgr. 4. gr., endurgreiðslufjárhæðina sem nemur fjárhæð innborgunarinnar og skal, ef hún er innt af hendi á upphafsdegi seinna tímabils eða síðar, nýtt til að greiða hlutfallslega niður hverja ársfjórðungslega afborgun sem eftir stendur.

Grein 4.4 *Tilkynningar*. Tilkynning um innborgun skv. a-lið 3. mgr. 4. gr. að framan er einungis gild ef hún berst umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins fyrir lok vinnudags (að staðartíma í London) þremur (3) virkum dögum fyrir dagsetningu slíkrar innborgunar. Í tilkynningu um innborgun skal tilgreina þá fjárhæð sem greiða á fyrirfram og umbeðinn greiðsludag innborgunar (sem skal vera virkur dagur).

Grein 4.5 *Skyldubundnar innborganir og aðrar greiðslur með hlutdeild Tryggingarsjóðs úr búinu*.

(i) Fái Tryggingarsjóður einhverjar greiðslur upp í hlutdeild sína úr búinu skal hann innan fimm (5) virkra daga greiða hvorum um sig, umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins og Hollandi, skv. hlutfallslegum rétti þeirra til greiðslunnar (að því er varðar umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins skal slík greiðsla vera í þeirri mynt sem krafa er gerð um skv. 7. mgr. 4. gr. og að því leyti sem greiðslan á að renna til Hollands, skal hún vera í þeirri mynt sem kveðið er á um í endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Holland) með þeim fyrirvara að Tryggingarsjóðurinn skuli ekki vera skuldbundinn til að inna slíka greiðslu af hendi (i) ef, að því leyti og svo lengi sem skilmálar þeir sem greiðslan til Tryggingarsjóðs er bundin og sem leiða til móttöku Tryggingarsjóðs á fjárhæðinni sem um er að ræða, meina Tryggingarsjóði að ráðstafa fjárhæðinni til annarra aðila, eða (ii) ef og að því leyti sem Tryggingarsjóður skal greiða fjárhæðina til DNB (Seðlabanka Hollands) skv. framsalssamningi DNB eða til FSCS skv. framsalssamningi FSCS eða uppgjörssamningnum.

(ii) Allar fjárhæðir sem umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins móttaka af hlutdeild Tryggingarsjóðs úr búinu (hvort sem er (x) skv. i. lið hér að framan, (y) 5. mgr. 2. gr. framsalssamnings FSCS, eða (z) a-lið i. liðar A í 7. mgr. 3. gr. endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins við Holland) skulu notaðar:

(A) til innborgunar á endurgreiðslufjárhæðina áður en endurheimtuhlutfallið verður lægra en 86%, eða

(B) eftir að endurheimtuhlutfallið verður lægra en 86%:

(1) í fyrsta lagi til að greiða umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins þær fjárhæðir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að eftir slíka greiðslu séu heildarheimtur á vaxtahluta breska fjármálaráðuneytisins í samræmi við vaxtahlutfall breska fjármálaráðuneytisins á þeim tíma, og

(2) í öðru lagi til innborgunar á endurgreiðslufjárhæðina.

(iii) Hvers konar innborgun inn á endurgreiðslufjárhæðina skv. þessari málsgrein lækkar, með fyrirvara um b-lið 7. mgr. 4. gr., endurgreiðslufjárhæðina sem nemur fjárhæð innborgunarinnar og skal, ef hún er innt af hendi á upphafsdegi seinna tímabils eða síðar, nýtt til að greiða hlutfallslega niður hverja ársfjórðungslega afborgun sem eftir stendur.

(b) Ef eitthvert eftirfarandi atvika (sem hvert um sig kallast „*tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu*“) á sér stað þá geta umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins hvenær sem er á meðan atvikið er viðvarandi, með tilkynningu til Tryggingarsjóðs og afriti til íslenska ríkisins, lýst því yfir að endurgreiðslufjárhæðin, ásamt áföllnum vöxtum og öðrum fjárhæðum sem endurgreiðsluaðila ber að standa skil á skv. samningi þessum eða öðrum viðeigandi skjölum, sé þegar í stað fallin í gjalddaga, og skulu þá fjárhæðirnar þegar í stað falla í gjalddaga án framvísunar, kröfu, andmæla eða annarra formsatriða af hvaða tagi sem er, sem endurgreiðsluaðilar afsala sér hér með sérstaklega:

(i) (A) einhver hluti endurgreiðslufjárhæðarinnar eða vaxta eða annarra fjárhæða sem endurgreiðsluaðila ber að greiða umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins skv. samningi þessum eða öðrum viðeigandi skjölum er ekki greiddur að fullu á gjalddaga, á þeim stað og í þeim gjaldmiðli sem greiða ber, nema (1), að því er varðar vanskil á einhverjum hluta endurgreiðslufjárhæðarinnar eða vöxtum sem greiða ber á greiðsludegi skv. 1. mgr. 4. gr. (að því er varðar einhvern hluta endurgreiðslufjárhæðarinnar) eða i-lið c-liðar í 2. mgr. 4. gr. (að því er varðar vexti), slík vanskil megi að öllu leyti rekja til stjórnsýslulegrar eða tæknilegrar yfirsjónar og að fjárhæðin greiðist eigi síðar en fimm (5) virkum dögum eftir gjalddaga, eða (2) að því er varðar öll önnur tilvik, fjárhæðin greiðist eigi síðar en tuttugu (20) virkum dögum eftir gjalddaga, (B) einhverri greiðslu endurgreiðslufjárhæðarinnar, vaxta eða annarra fjárhæða skv. samningi þessum eða öðrum viðeigandi skjölum sem áður hefur verið reidd af hendi af endurgreiðsluaðila er rift, vikið til hliðar, hún ógilt eða lækkuð,

(ii) endurgreiðsluaðili er í vanskilum eða, í tilviki vanskila sem unnt er að bæta úr, er í vanskilum sem vara í a.m.k. tuttugu (20) virka daga frá (A) þeim degi sem umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins tilkynna viðkomandi endurgreiðsluaðila um vanskilin, eða (B) þeim degi sem yfirmanni hjá endurgreiðsluaðila verður kunnugt um vanskilin eða ætti að hafa orðið kunnugt um vanskilin við framfylgd og framkvæmd skuldbindinga hans skv. samningi þessum eða einhverju öðru viðkomandi skjali (að öðru leyti en kveðið er á um í i-lið hér að ofan), hvort sem fyrr verður (í þessu sambandi skal hugtakið „yfirmaður“ merkja, að því er varðar Tryggingarsjóð, stjórnanda hjá Tryggingarsjóði og, að því er varðar íslenska ríkið, ráðherra eða ráðuneytisstjóra í íslenska fjármála- eða utanríkisráðuneytinu, og yfirmenn eða aðstoðarmenn yfirmanna þeirrar deildar eða deilda hjá

íslenska ríkinu sem hafa umsjón með ríkisskuldum íslenska ríkisins (þ.á.m. skuldum þess skv. samningi þessum),

(iii) hvers konar yfirlýsing, sem er sett fram eða talin er hafa verið sett fram af hálfu endurgreiðsluaðila í samningi þessum eða öðru viðkomandi skjali eða í skjali sem endurgreiðsluaðili hefur afhent í tengslum við viðkomandi skjal, er eða reynist hafa verið röng eða villandi í veigamiklum atriðum þegar hún var sett fram eða talin hafa verið sett fram,

(iv) greiðsluskuldbindingar Tryggingarsjóðs skv. samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum verða ekki lengur a.m.k. jafnréttháar núverandi og síðari kröfum allra annarra kröfuhafa hans eða greiðsluskuldbindingar íslenska ríkisins skv. samningi þessum og öðrum viðeigandi skjölum verða ekki lengur jafnréttháar núverandi og síðari ríkisskuldum Íslands, í báðum tilvikum öðrum en kröfum sem hafa forgang skv. gildandi lögum á þeim degi sem samningur þessi er gerður,

(v) (A) samningur þessi og önnur viðkomandi skjöl falla úr gildi, eru afturkölluð eða þeim rift eða teljast ekki lengur vera gild, skuldbindandi eða hafa nokkur réttaráhrif af hvaða ástæðu sem er (þó ekki vegna þess að gildistími skv. viðkomandi samningi er liðinn eða vegna athafna eða athafnaleysis umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins eða FSCS), (B) efndir endurgreiðsluaðila á skuldbindingum sínum skv. viðkomandi samningi teljast ólögmætar, (C) endurgreiðsluaðili staðfestir það skriflega, eða (D) endurgreiðsluaðili vefengir lögmæti eða fullnustuhæfi samnings þessa eða annarra viðkomandi skjala,

(vi) Tryggingarsjóði (A) er slitið eða hann leystur upp, (B) sjóðurinn staðfestir skriflega að hann geti ekki eða sé almennt ófær um að greiða skuldir sínar þegar þær falla í gjalddaga, að teknu tilliti til hvers konar stuðnings sem hann á kost á, eða (C) sjóðurinn frestar því (hvort heldur er viljandi eða óviljandi) að greiða af skuldum sínum, nema áður hafi, í sérhverju þessara tilvika (1) annar aðili, arftaki, tekið yfir skuldbindingar sjóðsins skv. samningi þessum og öðrum viðeigandi skjölum skv. skilmálum sem umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins hafa samþykkt (sem skal ekki að ástæðulausu synja um eða draga slíkt samþykki), og (2) Ísland gefið þær staðfestingar og gert þá samninga sem umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins kunnu með sanngirni að fara fram á til að tryggja að skuldbindingar Íslands skv. samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum haldist í fullu gildi eins og arftakinn hefði verið aðili að samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum frá upphafi,

(vii) Ísland (eða stjórnvald eða ráðuneyti á Íslandi) stendur ekki við hvers konar greiðslu á ríkisskuldum á gjalddaga (eða innan þess gjaldfrests sem er upphaflega veittur í samningi um slíkar ríkisskuldir) eða hvers konar ríkisskuldir koma fyrr til greiðslu en á tilgreindum gjalddaga vegna vanefnda (af hvaða toga sem er), þó með þeim fyrirvara að ekki kemur til tilviks sem leiðir til uppgreiðsluskyldu skv. þessum vii. lið nema heildarfjárhæð ríkisskuldarinnar, sem ekki hefur verið greidd af á gjalddaga eða sem hefur komið fyrr til greiðslu, sé hærri en 50.000.000 sterlingspund eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðlum,

(viii) (A) endurgreiðsluaðili fer ekki að gildandi lögum sem hann heyrir undir við aðstæður þar sem slík vanræksla gæti haft veruleg neikvæð áhrif sem tengjast uppgreiðsluskyldu, eða (B) þau gildandi lög sem eru nauðsynleg forsenda þess að Tryggingarsjóður eða Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum eru afturkölluð, felld úr gildi, óvirk eða eru af öðrum orsökum ekki í fullu gildi eða þeim breytt á þann hátt að það hefur eða gæti haft (samanlagt) veruleg neikvæð áhrif sem tengjast uppgreiðsluskyldu.

(b) *Tilkynning um tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu*. Ef endurgreiðsluaðili verður var við að tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu hafi orðið skal hann tilkynna umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytinu um slíkan atburð eins fljótt og auðið er og greina þar frá þeim atvikum eða aðstæðum sem teljast vera tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að ráða bót þar á.

Grein 4.6 *Útgreiðslukostnaður*. (a) Tryggingarsjóður samþykkir að endurgreiða umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins fjárhæð útgreiðslukostnaðar vegna einnar eða fleiri útgreiðslna (sem saman nefnast greiðsla vegna útgreiðslukostnaðar) sem inntar voru af hendi fyrir 31. mars 2010.

(b) Tryggingarsjóður samþykkir að greiða umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins á sérhverjum greiðsludegi á árinu 2011 fjárhæð sem jafngildir samtölu (i) fjórðungs útgreiðslukostnaðar og (ii) uppsafnaðra vaxta af þeirri fjárhæð á vaxtastigi fyrra tímabils frá 1. október 2009 til viðkomandi greiðsludags.

Grein 4.7 *Greiðslur*. (a) Allt sem greitt er af endurgreiðslufjárhæðinni, vaxtagreiðslur og annað það sem Tryggingarsjóður greiðir umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins skv. samningi þessum skal greitt með reiðufé í sterlingspundum án frádráttar, skuldajöfnunar eða gagnkröfu inn á uppgjörsreikning breska fjármálaráðuneytisins eigi síðar en kl. 17:00 að staðartíma í London á gjalddaga viðkomandi greiðslu (en hver greiðsla sem berst eftir þann tíma á gjalddaga greiðslunnar telst hafa verið reidd af hendi næsta virka dag), að því tilskildu að:

(i) berist umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins fjárhæð frá FSCS samkvæmt 5. mgr. 2. gr. framsalssamnings FSCS skulu umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins eins fljótt og sanngjarnt getur talist:

(A) greiða Hollandi þann hluta fjárhæðarinnar sem það á hlutfallslegan rétt til í samræmi við ii. lið a-liðar 5. mgr. 3. gr. endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins við Holland og skal slík greiðsla vera í þeirri mynt sem hún er móttekin án myntbreytinga en skipti yfir í evrur skal Holland annast skv. endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Holland,

(B) ef slík greiðsla berst frá FSCS í annarri mynt en sterlingspundum, umreikna það sem eftir stendur af fjárhæðinni í sterlingspund á gengi að sanngjörnu vali FSCS og skal slík greiðsla eftir umreikning fara fram skv. a-lið ii. liðar 5. mgr. 4. gr. og að því marki sem hún fer fram skv. A í a-lið ii. liðar eða

2. undirlið B í a-lið ii. liðar 5. mgr. 4. gr., fullnægja skuldbindingunum sem ber að fullnægja með skuldbindingunni um endurgreiðslu endurgreiðslufjárhæðarinnar svo jafngildi fjárhæðinni í sterlingspundum sem umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins fá í sinn hlut eftir þennan umreikning, og

(ii) berist umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins fjárhæð frá Hollandi skv. a-lið i. liðar A í 7. mgr. 3. gr. endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins við Holland skal ii-liður B hér að framan gilda að breyttu breytanda.

(b) Ef greiðsla frá Tryggingarsjóði til umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins nægir ekki til að unnt sé að mæta öllum greiðslum sem eru á þeim tíma fallnar í gjalddaga og gjaldkræfar skv. samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum, af hálfu Tryggingarsjóðs til umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins rennur sú greiðsla (i) í fyrsta lagi til greiðslu kostnaðar og útgjalda sem umboðsmennirnir hafa stofnað til og Tryggingarsjóði ber að endurgreiða skv. samningi þessum eða öðrum viðeigandi skjölum, (ii) í öðru lagi til greiðslu áfallinna vaxta sem eru komnir á gjalddaga skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum en eru ógreiddir, og (iii) í þriðja lagi til greiðslu á þeim hluta endurgreiðslufjárhæðarinnar sem kominn er á gjalddaga.

(c) Ef greiðslu skv. samningi þessum ber að greiða á degi sem er ekki virkur dagur, eða ef tímabil sem útreikningur þeirrar fjárhæðar, sem greiða ber, skal miðast við skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum endar ekki á virkum degi, þá skal sú dagsetning færð fram eða viðkomandi tímabil lengt fram að næsta virka degi og við útreikning vaxtagreiðslna (ef við á) skal tekið mið af slíkri framlengingu, *með þeim fyrirvara* að ef slík framlenging færir greiðsludaginn eða lok viðkomandi tímabils fram yfir næstu mánaðamót skal viðkomandi greiðsludagur eða síðasti dagur viðkomandi tímabils færður aftur til síðasta virka dags á undan.

V. GR.
TAP O.FL.

Grein 5.1 *Tap*. Að kröfu umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins skal Tryggingarsjóður greiða umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins bætur vegna taps, kostnaðar eða bótaskyldu sem þeir hafa orðið fyrir af ástæðum er varða (a) umreikning úr einni mynt yfir í aðra skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum, (b) tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu eða vanefnd af hálfu endurgreiðsluaðila á einhverjum af skuldbindingum sínum skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum, eða (c) verndun, staðfestingu eða framfylgd réttinda, heimilda eða sérstakra réttinda umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum að undanskildum, í hverju tilviki, kostnaði við gerðardóm, í skilningi reglna Alþjóðagerðardómsins, sem gerðardómur við gerðardómsmeðferð hefur ákvarðað, sbr. 10. mgr. 10. gr., að skuli borinn af umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins.

Grein 5.2 *Skattar*. Allt sem greitt er af endurgreiðslufjárhæðinni, vaxtagreiðslur eða annað sem endurgreiðsluaðila ber að greiða umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum skal innt af hendi án frádráttar eða

ábyrgðar vegna skatta, *með þeim fyrirvara* að beri endurgreiðsluaðila, skv. lögum sem gilda, að draga skatta frá ofangreindum greiðslum hækkar fjárhæð greiðslunnar sem honum ber að greiða þannig að fjárhæðin verður, að frádrætti loknum (að meðtöldum frádrætti vegna þess sem bætt er við greiðslu skv. þessari 2. mgr. 5. gr.), jafnhá fjárhæðinni sem umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins hefðu fengið greitt hefði ekkert verið dregið frá.

Grein 5.3 *Fullt og endanlegt uppgjör*. (a) Umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins skulu ekki eiga neina kröfu (og afsala sér óafturkallanlega kröfum sem þeir hefðu átt ef þessarar 3. mgr. 5. gr. nyti ekki við) á hendur endurgreiðsluaðila í tengslum við útgreiðslur FSCS á tryggingum vegna krafna innstæðueigenda hjá Landsbankanum í London, eins og um getur í forsendum samnings þessa, aðrar en kröfur umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins skv. samningi þessum og öðrum viðeigandi skjölum.

(b) Hvorugur endurgreiðsluaðila skal gera neina kröfu (og afsalar sér óafturkallanlega kröfum sem hann hefði átt ef þessa b-liðar nyti ekki við) eða hefja málsókn, þ.m.t. skaðabótamál gegn umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins eða FSCS í tengslum við (i) útgreiðslur FSCS á tryggingum vegna krafna innstæðueigenda hjá Landsbankanum í London, eins og um getur í forsendum samnings þessa (þ.m.t. synjanir slíkra krafna), eða (ii) hvers konar kröfu innstæðueiganda hjá Landsbankanum í London sem FSCS hefur ekki greitt út tryggingu fyrir (hver sem ástæða þess kann að hafa verið). Undanfarandi málsliður er í þágu FSCS og er honum heimilt að sækja rétt sinn skv. honum.

VI. GR.
SKAÐLEYSI

Grein 6.1 *Sérstakar yfirlýsingar og skaðleysi*. Á grundvelli gagnkvæmni og gegn endurgjaldi sem viðurkennt er að sé móttekið og fullnægjandi, staðfestist hér með eftirfarandi:

(a) Ísland lýsir því yfir og undirgengst þá skuldbindingu gagnvart umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins, skilyrðislaust og með óafturkallanlegum hætti, að Tryggingarsjóður muni tryggja fulla greiðslu og efndir á réttum tíma (hvort heldur er á tilgreindum gjalddaga eða við gjaldfellingu eða aðrar aðstæður) á öllum skuldbindingum sínum skv. samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum og tryggja þannig að aldrei verði um neina vangreidda fjárhæð að ræða,

(b) Ísland lýsir því yfir við umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins að komi til þess að eitthvað sé vangreitt muni Ísland, að kröfu, greiða hina vangreiddu fjárhæð til þeirra eins og það væri aðalskuldari, og

(c) Ísland skuldbindur sig óafturkallanlega og skilyrðislaust til þess að halda umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins skaðlausum, að kröfu, af öllum kostnaði, tapi eða ábyrgð sem kann að falla á það ef (a) einhver fjárhæð reynist vangreidd, eða (b) einhver skuldbinding Tryggingarsjóðs skv. einhverju viðkomandi skjali er eða reynist ólögmæt, óbindandi, ógild eða óframfylgjanleg. Fjárhæðin, sem kostnaðurinn, tapið eða skaðinn nemur, skal vera jafnhá þeirri fjárhæð sem umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins hefðu ella átt rétt á að endurheimta.

Grein 6.2 *Skilyrðislausar skuldbindingar*. Skuldbindingar Íslands skv. þessari VI. gr. eru skilyrðislausar og ófrávíkjanlegar, og án þess að það takmarki almennt gildi framangreinds getur ekkert af eftirfarandi falið í sér lausn undan skuldbindingum eða talist efnd á þeim eða með neinum hætti haft áhrif á þær:

(a) hvers kyns framlenging, endurnýjun, uppgjör, málamiðlun, undanþága eða lausn að því er varðar einhverja skuldbindingu eða skuldbindingar endurgreiðsluaðila skv. þessum samningi eða öðrum viðkomandi skjölum í krafti laga eða á annan hátt (nema aðilar samþykki með ótvíræðum hætti að slík framlenging, endurnýjun, uppgjör, málamiðlun, undanþága eða lausn eigi við um skuldbindingar Íslands skv. samningi þessum),

(b) hvers kyns breyting, skuldskeyting, framlenging, endurgerð eða viðbót við þennan samning eða annað viðkomandi skjal (nema aðilar samþykki með ótvíræðum hætti að slík breyting, skuldskeyting, framlenging, endurgerð eða viðbót eigi við um skuldbindingar Íslands skv. þessari VI. gr.),

(c) hvers kyns lausn, skerðing, ófullnustuhæfi eða gildisleysi veðs sem tryggir einhverja vangreidda fjárhæð,

(d) hvers kyns breyting á skráningu, skipulagi eða eignarhaldi á Tryggingarsjóði eða öðrum aðila eða hvers kyns aðgerðir vegna ógjaldfærni, endurskipulagningar eða sambærilegar aðgerðir varðandi Landsbankann, Tryggingarsjóð eða annan aðila,

(e) tilvist hvers kyns kröfu, skuldajöfnunarréttar eða annarra réttinda sem fjármálaráðuneyti Bretlands kann að eiga hverju sinni á hendur Tryggingarsjóði eða öðrum aðila, hvort heldur í tengslum við samning þennan eða önnur óskyld viðskipti,

(f) ef einhverjar skuldbindingar reynast ógildar eða óframfylgjanlegar í tengslum við eða gagnvart einhverjum endurgreiðsluaðila vegna samnings þessa eða annars viðkomandi skjals eða einhvers ákvæðis gildandi laga sem talið er koma í veg fyrir efndir af hálfu endurgreiðsluaðila á einhverjum skuldbindingum sínum skv. samningi þessum eða öðru viðkomandi skjali (nema að því leyti sem það eru skuldbindingar Íslands einar skv. þessari VI. gr. sem reynast ógildar eða óframfylgjanlegar),

(g) annað athæfi eða athafnaleysi eða töf af hvaða toga sem er af hálfu endurgreiðsluaðila eða annars aðila eða aðrar aðstæður af hvaða toga sem er sem kynnu, ef ekki nyti við ákvæða þessarar 2. mgr. 6. gr., að teljast efnd á skyldum endurgreiðsluaðila skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum að lögum eða eðli máls

Grein 6.3 *Lausn undan kröfum fæst þegar greitt er að fullu; endurnýjun skuldbindinga við tilteknar aðstæður*. Skuldbindingar Íslands skv. þessari VI. gr., halda gildi sínu allt þar til allar eftirstöðvar vangreiddra fjárhæða hafa verið gerðar upp, hvað sem líður milligreiðslum eða efndum, hvort heldur er að fullu eða að hluta, og skulu þær gilda að fullu þar til allar vangreiddar fjárhæðir hafa verið greiddar eða efndar með öðrum hætti í heild og ekki geti framar orðið um neina vangreidda fjárhæð að ræða. Ef einhverri greiðslu skv. samningi þessum eða öðru viðkomandi skjali er rift eða hana þarf að endurgreiða eða skila henni við ógjaldfærni,

gjaldþrot, endurskipulagningu eða við aðrar aðstæður sem varða Tryggingarsjóð eða annan aðila, eða af öðrum sökum, þá skulu skuldbindingar Íslands skv. samningi þessum, að því er varðar þá greiðslu, teljast endurnýjaðar á þeim tíma eins og viðkomandi greiðsla hefði verið gjaldfallin en ekki greidd.

Grein 6.4 *Eftirgjöf (e. Waiver)*. Ísland afsalar sér óafturkallanlega og skilyrðislaust, að því marki sem þau lög sem gilda leyfa, rétti sínum til (a) tilkynningar um samþykki samnings þessa og tilkynningar um hvers kyns ábyrgð sem samningur þessi kann að eiga við um; (b) allra tilkynninga sem krafist kann að vera skv. lögum sem gilda eða í því skyni að viðhalda óskertum öllum réttindum umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins gagnvart Tryggingarsjóði, þ.m.t. krafna, framlagningar, andmæla, sönnunar um að send hafi verið tilkynning um greiðslufall, tilkynninga um vanrækslu af hálfu Tryggingarsjóðs að efna og virða nokkra skuldbindingu, samning, skilmála, skilyrði eða ákvæði einhvers samnings og allra annarra tilkynninga til einhvers aðila sem kann að vera ábyrgur að því er varðar skuldbindingar Tryggingarsjóðs, nema að því marki sem einhvers af framangreindu sé berum orðum krafist skv. samningi þessum, (c) beitingar á réttindum til framfylgdar, staðfestingar eða nýtingar af hálfu umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins á einhverjum rétti, heimildum, sérstökum réttindum eða úrræðum sem þeim ber skv. þessum samningi, öðrum viðkomandi skjölum eða með öðrum hætti, og (d) hvers kyns skyldu þess efnis að umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins neyti með tæmandi hætti allra réttinda, heimilda, sérstakra réttinda eða úrræða eða lágmarki allan skaða sem leiðir af vanefnd skv. einhverju viðkomandi skjali. Þessi eftirgjöf gildir án tillits til laga sem gilda eða ákvæða samnings þessa eða annarra viðkomandi skjala sem kunna að kveða á um annað.

Grein 6.5 *Kröfuhafaskipti*. Íslandi er óheimilt að fullnusta greiðsluskyldu sína með framsali kröfu, skaðleysisyfirlýsingu, endurkröfu eða á annan hátt, eða nýta sér önnur réttindi (eða færa sér í nyt greiðslu eða annað framsal sem leiðir af slíkum réttindum) sem það kann að eiga gagnvart Tryggingarsjóði í tengslum við efndir hans á skuldbindingum sínum skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum svo lengi sem skuldbindingar skv. samningnum eða öðrum viðkomandi skjölum eru ógreiddar eða óefndar (og fái Ísland greiðslu eða úthlutun í tengslum við slíkan rétt skal það þegar í stað afhenda umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins greiðslu eða úthlutun).

Grein 6.6 *Viðbótartrygging*. Sérstakar yfirlýsingar, skuldbindingar og skaðleysi, sem kveðið er á um í þessari VI. gr., koma til viðbótar við og takmarkast ekki á nokkurn hátt af öðrum sérstökum yfirlýsingum, skaðleysisyfirlýsingum, tryggingum eða öðrum skjölum eða gerningum, sem umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins eða annar aðili hefur nú í höndum eða fær síðar í hendur.

VII. GR.
GILDISTÖKUSKILYRÐI

Grein 7.1 *Gildistökuskilyrði*. Gildistaka samnings þessa er háð eftirfarandi skilyrðum:

(a) að umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins hafi borist eftirfarandi skjöl sem öll skulu vera að efni og formi sem þeir telja fullnægjandi:

(i) *Staðfesting varðandi endurgreiðslu- og skaðleysissamning við Holland*. Staðfesting frá Hollandi um að öllum skilyrðum fyrir gildistöku endurgreiðslu- og skaðleysissamnings Hollands (að undanskilinni móttöku staðfestingar frá umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins um að öllum skilyrðum sé fullnægt fyrir gildistöku þessa samnings) sé fullnægt.

(ii) *Lög um ríkisábyrgð*. Afrit af íslenskum lögum sem tekið hafa gildi og verða ekki felld niður eða sniðgengin með þjóðaratkvæðagreiðslu og kveða á um skilyrðislausa og skýlausa heimild fyrir þeirri skaðleysisskuldbindingu sem tilgreind er í VI. gr. og um að allar aðrar heimildir sem nauðsynlegar teljast til þess að tryggja að skuldbindingar endurgreiðsluaðila skv. samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum séu löglegar, gildar, bindandi og aðfararhæfar, ásamt löggiltri enskri þýðingu laganna, og

(iii) Aðrar heimildir. Afrit af undanþágu sem Seðlabanki Íslands veitti Tryggingarsjóði skv. reglum 370/2010 um gjaldeyrisviðskipti til þess að hann geti undirritað og uppfyllt samning þennan og önnur viðkomandi skjöl, ásamt löggiltri enskri þýðingu, og

(b) *Lögfræðiálit*. Álit frá Lex lögfræðistofu, lögfræðilegum ráðgjöfum Tryggingarsjóðs, og álit Ríkislögmanns, m.a. um stöðu og heimildir hvers endurgreiðsluaðila og skuldbindandi undirritun samnings þessa og allra annarra viðkomandi skjala af þeirra hálfu.

(c) Tryggingarsjóður og FSCS skulu hafa gengið frá framsalssamningi FSCS.

(d) Tryggingarsjóður og FSCS skulu hafa gengið frá hliðarsamningi við uppgjörssamninginn (e. Settlement Agreement Side Letter).

Grein 7.2 *Efndir gildistökuskilyrða*. Ef ráðstöfunum skv. 1. mgr. 7. gr. er ekki lokið fyrir 31. desember 2010:

(a) ef það sem ólokið er felst í því að FSCS hefur ekki undirritað og afhent Tryggingarsjóði framsalssamning FSCS og hliðarsamninginn við uppgjörssamninginn geta endurgreiðsluaðilar rift samningi þessum með tilkynningu til umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins, og

(b) ef það sem ólokið er felst í því að ekki hefur verið gengið frá öðrum ráðstöfunum sem um getur í 1. mgr. 7. gr. geta umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins rift samningi þessum með tilkynningu til Tryggingarsjóðs og afriti til Íslands,

með þeim áhrifum, í báðum tilvikum, að samningur þessi telst niður fallinn.

Grein 7.3 *Lok lánssamnings og viðaukasamnings*. Þann dag sem samningur þessi tekur gildi falla lánsamningurinn og viðaukasamningurinn út gildi, hafi þeir ekki áður fallið úr gildi.

VIII. GR.
SÉRSTAKAR YFIRLÝSINGAR (e. Representations and Warranties)

Grein 8.1 *Sérstakar yfirlýsingar Tryggingarsjóðs*. Tryggingarsjóður lýsir yfir og ábyrgist eftirfarandi gagnvart fjármálaráðuneyti Bretlands á þeim degi sem samningur þessi er gerður:

(A) Tryggingarsjóður innstæðueigenda er (a) sjálfseignarstofnun, sem er stofnuð og skráð að íslenskum lögum og með lögmæltu skipulagi og er, að því er varðar íslensk lög sem um starfsemi hans gilda, í góðum skilum og (b) hefur allar nauðsynlegar heimildir sem félag til að fara með eignir sínar og til að starfa með þeim hætti sem hann gerir nú.

(B) Samningur þessi, sem og sérhvert viðkomandi skjal annað, sem sjóðurinn er aðili að, hafa verið afhent og eru undirrituð með tilskildum hætti, teljast lögmæt, gild og fela í sér bindandi skuldbindingu, og verður í hverju tilviki framfylgt skv. skilmálum sínum, nema að því marki sem almenn sanngirnissjónarmið, sem að jafnaði ber að líta til og er sérstaklega vísað til í lögfræðiáliti því sem um getur í c-lið 1. mgr. 7. gr., setja því skorður.

Grein 8.2 *Sérstakar yfirlýsingar endurgreiðsluaðila*. Endurgreiðsluaðilar lýsa yfir og ábyrgjast gagnvart umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins frá dagsetningu samnings þessa að undanþágan sem Seðlabanki Íslands veitti Tryggingarsjóði samkvæmt. reglum nr. 370/2010 um gjaldeyrisviðskipti til þess að hann geti undirritað og uppfyllt samning þennan og önnur viðkomandi skjöl sem um getur í iii. lið a-liðar 1. mgr. 7. gr. sé skilyrðislaus, óafturkallanleg og í fullu gildi og að ekki sé krafist frekari ábyrgðar, leyfis, samþykkis eða annarrar heimildar eða aðgerðar frá íslenskum stjórnvaldsstofnunum í tengslum við undirritun eða uppfyllingu samnings þessa eða annarra viðkomandi skjala eða til að tryggja að skuldbindingar endurgreiðsluaðila samkvæmt samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum séu löglegar, gildandi, bindandi og aðfararhæfar.

IX. GR.
SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR

Grein 9.1 *Sambærileg meðferð*. Grípi endurgreiðsluaðili til ráðstöfunar sem telst „viðkomandi fjármögnunarráðstöfun“ og sá fjármögnunaraðili nýtur þegar á heildina er litið hagstæðari meðferðar en umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum, eða nýtur veðtryggingar, munu endurgreiðsluaðilar láta umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins njóta sömu hagstæðu meðferðar eða sambærilegs veðréttar (og munu endurgreiðsluaðilar láta skjalfesta það á nauðsynlegan eða æskilegan hátt).

Grein 9.2 *Jöfn meðferð*. Ef Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, annar tryggingarsjóður eða Ísland greiðir umframgreiðslu skal Tryggingarsjóður greiða (eða sjá til þess að annar viðkomandi tryggingarsjóður greiði) fjárhæð sem er jafnhá umframgreiðslunni til hvers og eins af innstæðueigendum hjá Landsbankanum í London, *með þeim fyrirvara* að hafi umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins eða FSCS greitt innstæðueiganda hjá Landsbankanum í London skv. lögum nr. 98/1999 fjárhæð sem er umfram 20.887 evrur á kröfu muni greiðslan skv. þessari grein renna til umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins eða FSCS, eftir því sem við á.

X. GR.
ÖNNUR ÁKVÆÐI

Grein 10.1 *Breyting á aðstæðum*. Komi til þess á einhverjum tíma að í nýjustu IV. greinar úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á stöðu Íslands segi að skuldaþoli landsins hafi hrakað til muna miðað við slíkt mat hans frá 19. nóvember 2008, samþykkja umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins, óski Ísland þess, að eiga fundi með fulltrúum Íslands til að ræða stöðuna og íhuga hvort, og þá hvernig, skuli breyta samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum þannig að þau endurspegli þá breytingu á aðstæðum sem um ræðir.

Grein 10.2 *Aðrar breytingar*. Ef breytingar verða á samþykktri kröfufjárhæð eða samþykktri vaxtafjárhæð vegna ákvörðunar slitastjórnar Landsbankans eða lögbærs dómstóls:

(i) skulu allir útreikningar samkvæmt. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum sem eru beint eða óbeint byggðir á samþykktri kröfufjárhæð eða samþykktri vaxtafjárhæð endurútreiknaðir eins og samþykkta kröfufjárhæðin eða samþykkta vaxtafjárhæðin hafi verið breytta samþykkta kröfufjárhæðin eða samþykkta vaxtafjárhæðin og verið í gildi frá dagsetningu samnings þessa,

(ii) skal, ef einhver fjárhæð hefur verið greidd eða henni úthlutað á grundvelli fyrri útreiknings, slík greiðsla eða úthlutun ganga til baka eða henni endurúthlutað eftir því sem við á að því marki sem nauðsynlegt er til að endurspegla endurútreikninginn.

Grein 10.3 *Eftirgjöf (e. waiver)*. Nú lætur fjármálaráðuneyti Bretlands hjá líða að nýta einhvern rétt, heimild eða sérstök réttindi skv. samningi þessum eða öðru viðkomandi skjali eða tafir verða á slíkri beitingu eða tiltekin hefð skapast í samskiptum samningsaðila og skal það þá ekki skerða þann rétt, þá heimild eða þau sérstöku réttindi eða fela í sér eftirgjöf eða frávik frá þeim, og engin einstök nýting réttar, heimildar eða sérréttinda skv. neinu viðkomandi skjali, eða nýting þeirra að hluta til, skal koma í veg fyrir aðra eða frekari nýtingu þeirra eða nýtingu neins annars réttar, heimildar eða sérstakra réttinda. Hver þau réttindi eða heimild sem breska fjármálaráðuneytið kann að beita, eða ákvörðun sem það kann að taka skv. samningi þessum (þ.m.t. hvers kyns ráðstöfun, mál eða atriði sem ráðuneytið samþykkir, tilgreinir, ákvarðar, ákveður eða tilkynnir Tryggingarsjóði eða íslenska ríkinu) er breska fjármálaráðuneytinu heimilt að beita eða grípa til alfarið og hindrunarlaust eftir eigin mati á hverjum tíma, án þess að krafist verði rökstuðnings.

Grein 10.4 *Tilkynningar*. Allar tilkynningar, beiðnir, fyrirmæli, leiðbeiningar og önnur samskipti sem kveðið er á um í samningi þessum skulu eiga sér stað með skriflegum hætti á ensku með boðsendu bréfi eða símbréfi (sem heimilt er að afrita og senda með tölvupósti, en telst þá ekki gild afhending) til eftirfarandi:

(a) sé viðtakandi Tryggingarsjóður innstæðueiganda og fjárfesta, þá til sjóðsins að Borgartúni 26, 3. hæð, 105 Reykjavík, Íslandi, bréfasími +354 590 2606, b.t. framkvæmdastjóra, með afriti til íslenska ríkisins, fjármálaráðuneytinu, Arnarhvoli við Lindargötu, 150 Reykjavík, Íslandi, bréfasími: +354 562 8280, b.t. ráðuneytisstjóra,

(b) sé viðtakandi Ísland, þá til ríkisins, fjármálaráðuneytinu, Arnarhvoli við Lindargötu, 150 Reykjavík, bréfasími: +354 562 8280, b.t. ráðuneytisstjóra, og

(c) séu viðtakendur umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins, þá til HMT Commissioners, HM Treasury, 1 Horse Guards Road, London SW1A 2HQ, United Kingdom og +44 (0)20 7270 5764 (attention: Tom Scholar), og

(d) sé FSCS (breski tryggingarsjóðurinn) viðtakandi, til Financial Services Compensation Scheme, 7th Floor, Lloyds Chamber, 1 Portsoken Street, London E1 8BN, United Kingdom og +44 (0)20 7892 7637 (attention: Mark Neale).

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum skulu allar slíkar orðsendingar teljast réttilega afhentar, (i) séu þær boðsendar á heimilisfang samningsaðilans sem þær eru ætlaðar, á þeim tíma þegar þær eru skildar eftir (eða, séu þær skildar eftir á degi sem er ekki virkur dagur, þá kl. 8.15 f.h. (að staðartíma) næsta virka dag), og (ii) séu þær sendar með bréfasíma, þegar staðfesting á móttöku berst frá bréfasímanum sem tekur við þeim (eða, séu þær sendar á degi sem er ekki virkur dagur, þá kl. 8.15 f.h. (að staðartíma) næsta virka dag), *enda* sé fullnægjandi, þegar færa skal sönnur á að tilkynning hafi verið send skv. samningi þessum eða í tengslum við hann, að sýna fram á að tilkynningin hafi verið afhent á heimilisfangið.

Grein 10.5 *Breytingar o.fl.* Ef ekki er sérstaklega kveðið á um annað í samningi þessum er aðeins heimilt að breyta, auka við eða falla frá ákvæði hans og annarra viðkomandi skjala (nema að því leyti sem þau kveða sérstaklega á um annað) með skriflegu samkomulagi milli þeirra samningsaðila sem slík breyting, viðbót eða eftirgjöf hefur áhrif á.

Grein 10.6 *Arftakar og framsalshafar.* (a) Samningur þessi er bindandi fyrir samningsaðila og gerður í þágu þeirra. Engum samningsaðila er heimilt að framselja, yfirfæra eða binda neinum kvöðum réttindi sín eða skuldbindingar skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum (ráðstafanir í þá átt teljast ógildar frá upphafi).

(b) Samningur þessi er eingöngu gerður til verndar aðilum og í lagalega þágu þeirra og enginn annar aðili skal teljast beinn eða óbeinn rétthafi skv. samningi þessum eða hafa beint eða óbeint tilefni til málsóknar eða kröfugerðar í tengslum við hann skv. breskum lögum um samningsréttindi þriðju aðila frá 1999 (e. Contracts (Rights of Third Parties) Act 1999) *að því tilskildu* að FSCS njóti hags af og geti framfylgt hvers kyns réttindum sem honum eru veitt, eða ákvæðum eða skilmálum sem kveðið er á um að séu í hans þágu, skv. samningi þessum.

Grein 10.7 *Fyrirsagnir.* Efnisyfirlit, fyrirsagnir og kaflaheiti samnings þessa eru einvörðungu til hægðarauka við tilvísanir og er ekki ætlað að hafa áhrif á túlkun nokkurs ákvæðis hans.

Grein 10.8 *Samhljóða eintök.* Samning þennan má gera í eins mörgum samhljóða eintökum og verða vill, en þau mynda öll saman einn og sama gerninginn, og getur hver samningsaðili staðfest samning þennan með því að undirrita eitthvert slíkra eintaka. Hvert samhljóða

eintak skal teljast frumrit af samningi þessum en saman skulu þau mynda þau einn og sama gerninginn.

Grein 10.9 *Lög sem gilda*. SAMNINGUR ÞESSI OG MÁL, KRÖFUR EÐA ÁGREININGUR SEM RÍS VEGNA HANS EÐA Í TENGSLUM VIÐ HANN, HVORT HELDUR ER INNAN EÐA UTAN SAMNINGA (e. CONTRACTUAL OR NON-CONTRACTUAL), SKULU LÚTA ENSKUM LÖGUM OG TÚLKAST SKV. ÞEIM.

Grein 10.10 *Gerðardómur*. (a) LEITA SKAL ÚRSKURÐAR GERÐARDÓMS VEGNA HVERS KYNS ÁGREININGS, MÁLSHÖFÐUNAR EÐA MÁLAREKSTURS AF HÁLFU EÐA GEGN EINHVERJUM SAMNINGSAÐILA VARÐANDI SAMNING ÞENNAN EÐA VEGNA HANS, HVORT HELDUR ER INNAN EÐA UTAN SAMNINGA, Þ.M.T. ÁGREININGUR, MÁLSHÖFÐUN EÐA MÁLAREKSTUR VARÐANDI TILVIST, GILDI, GERÐ EÐA UPPSÖGN ÞESSA SAMNINGS („ÁGREININGUR“), OG SKAL HANN VERA ENDANLEGUR OG BINDANDI Í SAMRÆMI VIÐ REGLUR ALÞJÓÐAGERÐARDÓMSINS SEM TELJAST FELLDAR INN Í ÞETTA ÁKVÆÐI MEÐ TILVÍSUN, ÞÓ EKKI AÐ ÞVÍ MARKI SEM ÞÆR VARÐA RÍKISFANG GERÐARDÓMSMANNA.

(b) Við gerðardómsmeðferð, sbr. a-lið hér að framan:

(i) skulu gerðardómsmenn vera þrír,

(ii) ef allir samningsaðilar eru aðilar að gerðardómsmeðferðinni, skulu (A) endurgreiðsluaðilar sameiginlega tilnefna einn gerðardómara (tilnefni endurgreiðsluaðilarnir ekki sameiginlega gerðardómara þá skal með fara skv. 2. mgr. 7. gr. reglna Alþjóðagerðardómsins), og (B) fjármálaráðuneyti Bretlands tilnefna einn gerðardómara og hinir tveir tilnefndu skulu velja þriðja dómarann sem skal vera forseti gerðardómsins,

(iii) aðalframkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins skal annast tilnefningar,

(iv) gerðardómsmeðferðin skal fara fram í London, Englandi,

(v) þingmálið skal vera enska,

(vi) reglur Alþjóðasamtaka lögmannafélaga (IBA) um öflun sönnunargagna við alþjóðlega gerðardóma frá 29. maí 2010 skulu gilda,

(vii) gerðardómurinn skal gera það sem í hans valdi er til að komast að endanlegri niðurstöðu innan tólf mánaða frá tilnefningu þriðja gerðardómarans sem er í forsæti gerðardómsins, og skal stýra málsmeðferðinni í samræmi við það,

(viii) gerðardómurinn skal kveða upp úrskurð sinn í samræmi við ensk lög (en ekki, til að fyrirbyggja vafa, sem *amiable compositeur*[1] eða *ex æquo et bono*[2]), og

(ix) allir samningsaðilar, gerðardómsmenn, aðalframkvæmdastjórinn og alþjóðaskrifstofa Alþjóðagerðardómsins skulu virða trúnaðarkvaðir um að yfir standi gerðardómsmeðferð og hverjar þær upplýsingar sem þeim berast í tengslum við slíka málsmeðferð.

Grein 10.11 *Fallið frá friðhelgisréttindum (e. Waiver of Sovereign Immunity)*. Hver endurgreiðsluaðili fellst almennt á hvers konar stefnubirtingu í tengslum við ágreining sem upp kann að koma og að veittar séu hvers kyns úrbætur eða úrræði í því tilliti, þ.m.t. með aðför eða fullnustu í hvaða eignum hans sem er (óháð notum þeirra eða ætluðum notum) skv. hvers kyns úrskurði eða dómi (þ.m.t. til að taka af allan vafa, úrskurður gerðardóms skv. 9. mgr. 9. gr.). Njóti einhver endurgreiðsluaðili eða eignir hans friðhelgi, í hvaða lögsögu sem er, gagnvart birtingu stefnu eða annarra gagna er varða hvers konar ágreining, eða friðhelgi frá lögsögu, málshöfðun, dómsuppkvaðningu, fullnustu, fjárnámi (hvort heldur er án undanfarandi dóms, til stuðnings við fullnustu eða á annan hátt) eða öðrum lagalegum úrræðum, er hér með fallið frá þeim rétti með óafturkræfum hætti að því ýtrasta marki sem heimilt er skv. lögum viðkomandi lögsögu. Hver endurgreiðsluaðili samþykkir einnig með óafturkræfum hætti að byggja ekki á slíkri friðhelgi til varnar sjálfum sér eða eignum sínum. Samningsaðilar staðfesta (i) að málsgrein þessi nær ekki til eigna íslenska ríkisins sem njóta friðhelgi skv. Vínarsamningnum um stjórnmálasamband, eigna íslenska ríkisins á Íslandi sem nauðsynlegar eru til þess að Ísland geti komið fram sem fullvalda ríki eða eigna Seðlabanka Íslands og (ii) engu í samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum er ætlað, eða mun leiða til þess, að taka stjórn af Íslandi á náttúruauðlindum sínum eða réttinum til að kveða á um nýtingu þeirra eða skipan eignarhalds á þeim.

Grein 10.12 *Sjálfstæði einstakra ákvæða*. Reynist eitthvert ákvæði samnings þessa eða skjals sem krafist er skv. honum ólögmætt eða óvirkt í einhverri lögsögu skal það ekki á neinn hátt hafa áhrif á eða skerða lögmæti eða virkni eftirstandandi ákvæða samnings þessa eða slíks annars skjals í viðkomandi lögsögu eða slíks ákvæðis í neinni annarri lögsögu.

[Undirskriftir fylgja]

---

[1]Samningar sem mæla fyrir um að úrlausn ágreiningsmála sé lögð í gerð gera stundum ráð fyrir að gerðardómsmenn skuli leggja til grundvallar úrlausn sinni þær meginreglur laga sem þeir telja sjálfir eiga best við, án þess að þær tilheyri endilega réttarkerfi neins sérstaks ríkis.

[2]Vísar til þess er sanngjarnast þykir og réttlátast án tillits til þess hvort lagalega rétt túlkun leiði til sömu niðurstöðu.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa samningsaðilar beitt sér fyrir undirritun samnings þessa með tilskildum hætti á þeim degi og ári sem í upphafi greinir.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta
Fulltrúi:
Nafn: [*] Starfsheiti: [*]

Ísland
Fulltrúi:
Nafn: [*] Starfsheiti: [*]

Hollenska ríkið
Fulltrúi:
Nafn: [*]
Starfsheiti: [*]

FYLGISKJAL I
með endurgreiðslusamningi

„*Viðaukasamningur*“: viðaukasamningur milli samningsaðila sem dagsettur er 19. október 2009.

„*Samþykkt kröfufjárhæð*“ merkir á hverjum tíma fjárhæð framseldrar kröfu (í íslenskum krónum) sem hefur verið samþykkt af slitastjórn Landsbankans (eða lögbærum dómstólum, og er slík ákvörðun dómstóls rétthærri og bindandi ef hún er önnur en slitastjórnar) sem lögmæt krafa í bú Landsbankans skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

„*Samþykkt vaxtafjárhæð*“: fjárhæð vaxta sem eru hluti af samþykktri kröfufjárhæð á hverjum tíma.

„*Framseld krafa*“: sameiginlega, kröfur gagnvart Landsbankanum sem framseldar hafa verið, eða búist er við að verði framseldar, til Tryggingarsjóðs af FSCS skv. framsalssamningi FSCS.

„*Lög nr. 98/1999*“: íslensk lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, miðað við 11. október 2008.

„*Samningur*“: hefur þá merkingu sem gefin er í inngangi að samningi þessum.

„*Lög sem gilda*“: hvers kyns gildandi sett lög og önnur lög, reglugerðir, bráðabirgðalög, reglur, dómar, fordæmisréttur, fyrirmæli, úrskurðir, samþykki, heimildir, sérleyfi, umboð, leyfi, samningar, tilskipanir, leiðbeiningar, stefnumarkanir, skilyrði eða aðrar takmarkanir stjórnvalda eða sambærilegar ákvarðanir eða úrskurðir af hálfu stjórnvalds (eða hvers kyns túlkun eða framkvæmd þeirra), hvort heldur sem slík lög eru í gildi á dagsetningu samnings þessa (nema hið gagnstæða leiði af samningi þessum eða öðru viðkomandi skjali) eða taka gildi síðar.

„*Dráttarvextir*“: ársvextir á viðkomandi ákvörðunartíma sem nema samtölu (a) vaxtastigs fyrra tímabils að viðbættum 0,30 prósentustigum á tímabilinu frá dagsetningu þessa samnings til upphafsdags seinna tímabils, og (b) ársvextir sem nema viðmiðunarvöxtum seinna tímabils að viðbættum 0,50 prósentustigum á tímabilinu frá og með upphafsdegi seinna tímabils.

„*Virkur dagur*“: hver sá dagur (annar en laugardagur eða sunnudagur) þegar viðskiptabönkum er ekki heimilt eða skylt að loka í Reykjavík (á Íslandi) eða í London (Englandi).

„*Upphafsdagur*“: 5. júní 2009.

„*Fjárhæð í vanskilum*“: hver sú fjárhæð sem gjaldfallin er hjá endurgreiðsluaðila en er áfram ógreidd, andstætt skilmálum samnings þessa.

„*Tilskipun 94/19/EB*“: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi, miðað við 11. október 2008 (nema annað sé tekið fram).

„*Útgreiðsla*“: útgreiðsla sem er innt af hendi eða skal inna af hendi skv. samningi þessum.

„*Útgreiðsludagur*“: dagurinn þegar útgreiðsla fer fram eða skal fara fram.

„*Útgreiðslubeiðni*“: tilkynning, í megindráttum með því sniði sem fram kemur á eyðublaðinu í fylgiskjali II.

„*DNB*“: „DNB“ eins og hann er skilgreindur í endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Holland.

„*Framsalssamningur DNB*“: „Framsalssamningur DNB“ eins og hann er skilgreindur í endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Holland.

„*evra*“ eða „*€*“: núverandi lögeyrir í aðildarríkjum Evrópusambandsins, sem taka upp eða hafa tekið upp evruna sem löglegan gjaldmiðil sinn skv. lögum Evrópubandalagsins um efnahags- og myntbandalag.

„*Umframgreiðsla*“: greiðsla umfram 20.887 evrur vegna kröfu eða krafna innstæðueiganda hjá Landsbankanum (að frátöldum, til að taka af allan vafa, fyrrum innstæðueiganda hjá Landsbankanum sem varð innstæðueigandi hjá NBI), annars en innstæðueiganda hjá Landsbankanum í London.

„*Lán*“: lánið eins og því er lýst í a-lið 1. mgr. 2. gr.

„*Fjárhæð láns*“ hefur þá merkingu sem tilgreind er í a-lið 1. mgr. 2. gr.

„*Vaxtastig fyrra tímabils*“: 3,3 prósent á ári.

„*FSCS*“: Financial Services Compensation Scheme Limited (FSCS).

„*Bankareikningur FSCS*“: einn eða fleiri bankareikningar FSCS hjá umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins.

„*Framsalssamningur FSCS*“: samningur um framsal krafna, sem Tryggingarsjóður og FSCS munu gera á því formi sem samningsaðilar stóðu að fyrir dagsetningu þessa samnings.

„*Stjórnvald*“: hver sú þjóð eða ríkisstjórn, ríki eða sveitarfélag, hvers kyns fjölþjóðastofnun eða sambærileg stofnun eða hvers kyns önnur stjórnardeild, stjórnarstofnun eða pólitíska undirdeild slíkra stofnana og hver sá aðili annar sem fer með framkvæmdavald, löggjafarvald, dómsvald, peningavald, eftirlitshlutverk eða stjórnsýsluhlutverk á vegum stjórnvalda.

„*Tryggingarsjóður*“: hefur þá merkingu sem gefin er í inngangi að samningi þessum.

„*Hlutdeild Tryggingarsjóðs úr búinu*“: (i) sérhver fjárhæð eftir því sem við á sem Tryggingarsjóður hefur tekið á móti að því er varðar kröfur innstæðueigenda eða fyrrum innstæðueigenda Landsbankans eða á annan hátt í tengslum við ógjaldfærni Landsbankans, og (ii) sérhver fjárhæð eftir því sem við á sem Seðlabanki Hollands hefur móttekið og sem Seðlabanka Hollands ber að greiða til hollenska ríkisins í samræmi við 4. mgr. 2. gr. framsalssamnings Seðlabanka Hollands, og (iii) sérhver fjárhæð eftir því sem við á sem FSCS hefur móttekið og FSCS ber að greiða til umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins í samræmi við 5. mgr. 2. gr. framsalssamnings FSCS.

„*Umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins*“: hefur þá merkingu sem gefin er í inngangi ínum að samningi þessum.

„*Heildarheimtur á vaxtahluta breska fjármálaráðuneytisins*“: samtala allra fjárhæða á hverjum tíma sem eru tilkomnar í samræmi við 1. undirlið B í ii. lið a-liðar 5. mgr. 4. gr. eða fyrir þann tíma.

„*Vaxtahluti breska fjármálaráðuneytisins*“: hlutfall vaxtafjármuna á hverjum tíma sem er reiknað með því að margfalda vaxtafjármunina með hlutfalli sem ræðst af endurheimtuhlutfallinu á þeim tíma og er ákvarðað í samræmi við eftirfarandi töflu:

Endurheimtuhlutfall	**Vaxtahluti br. fjármálar.**
86 eða lægra	Núll
≥86 ≤ 87	0.05
≥87 ≤ 88	0.10
≥88 ≤ 89	0.15
≥90 ≤ 91	0.20
≥91 ≤ 92	0.25
≥92 ≤ 93	0.35
≥93 ≤ 94	0.45
≥94 ≤ 95	0.55
≥95 ≤ 96	0.65
≥96 ≤ 97	0.75
≥97 ≤ 98	0.85
≥98 ≤ 99	0.95
≥99 ≤ 100	1

„*Uppgjörsreikningur breska fjármálaráðuneytisins*“ einn eða fleiri bankareikningar umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins sem þeir tilkynna Tryggingarsjóði um á hverjum tíma.

„*Ísland*“: hefur þá merkingu sem gefin er í inngangi ínum að samningi þessum.

„*Vaxtafjármunir*“: merkir á hverjum tíma fjárhæð (í sterlingspundum) sem jafngildir hluta af hlutdeild Tryggingarsjóðs úr búinu á þeim tíma, sem reiknuð er með því að margfalda upphæð hlutdeildar Tryggingarsjóðs á hverjum tíma með hlutfalli þar sem teljarinn er samþykkta vaxtafjárhæðin og nefnarinn er samþykkta kröfufjárhæðin í hvoru tilviki á þeim tíma.

„*Jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum)*“: merkir, að því er varðar fjárhæð í evrum eða sterlingspundum á útreikningsdegi, jafngildi slíkrar upphæðar í krónum, reiknað á meðalgengi eins og það er birt af Seðlabanka Íslands (eða birti Seðlabanki Íslands ekki slíka gengisskráningu, daggengi frá aðila sem íslenska ríkið og umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins koma sér saman um á sanngjarnan hátt, eða ef íslenska ríkið og umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins koma sér ekki saman um slíkt gengi fyrir þá dagsetningu þegar ákvarða skal viðkomandi jafngildi ISK, eða eins og það er ákvarðað með gerðardómi skv. 10. mgr. 10. gr.) fyrir tímabilið einn mánuð sem lýkur á deginum fyrir viðkomandi dag.

„*Króna*“ eða „*ISK*“: núverandi lögeyrir á Íslandi.

„*Landsbanki*“: Landsbanki Íslands hf., fjármálafyrirtæki sem stofnað er skv. íslenskum lögum.

„*Innstæðueigandi hjá Landsbankanum*“: aðili sem lagt hefur fjármuni inn á innlánsreikning eða á með öðrum hætti innstæðu hjá Landsbankanum og á samsvarandi kröfu á hendur Landsbankanum sem Tryggingarsjóður hefur ábyrgst skv. lögum nr. 98/1999 (þ.m.t., til að taka af allan vafa, sérhver innstæðueigandi hjá Landsbankanum í London).

„*Landsbankinn í London*“: útibú Landsbankans í London.

„*Innstæðueigandi hjá Landsbankanum í London*“: i) sérhver innstæðueigandi „Icesave-reiknings“ hjá Landsbankanum í London, ii) sérhver aðili, sem lagði inn umsókn um að opna „Icesave-reikning“ hjá Landsbankanum í London og millifærði peningana til Barclays-banka sem greiðslujöfnunarbanka (e. clearing bank) Landsbankans í London í Bretlandi, en ekki hefur verið opnaður „Icesave-reikningur“ fyrir, þannig að millifærðir peningar eru enn hjá Barclays-banka og iii) sérhver annar aðili sem hefur lagt inn fjármuni, eða á með öðrum hætti innstæðu hjá Landsbankanum í London, að því tilskildu, í þessu síðasta tilviki, að samsvarandi krafa á hendur Landsbankanum sé hæf skv. reglum FSCS um útgreiðslu tryggingar.

„*Veð*“: hver kyns veðsetning, ábyrgð, varsla þriðja aðila, kvöð eða önnur trygging.

„*Lánssamningur*“: lánssamningur dagsettur 5. júní 2009 milli samningsaðila.

„*Tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu*“: atburður eða kringumstæður sem skilgreindar eru sem slíkar í b-lið 5. mgr. 4. gr.

„*Veruleg neikvæð áhrif sem tengjast uppgreiðsluskyldu*“: hvers kyns áhrif sem skerða getu einhvers endurgreiðsluaðila til þess að efna greiðsluskyldu sína eða aðrar skyldur sem þýðingu hafa skv. samningi þessum eða öðru viðkomandi skjali.

„*Ársfjórðungsleg afborgun til Hollands*“: „ársfjórðungsleg afborgun“ eins og það hugtak er skilgreint í endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Holland.

„*Endurgreiðslu- og skaðleysissamningur við Holland*“: endurgreiðslu- og skaðleysissamningurinn, sem gerður hefur verið eða gerður verður á sama degi eða um svipað leyti og samningur þessi, milli Tryggingarsjóðs, Íslands og hollenska ríkisins.

„*Endurgreiðslufjárhæð til Hollands*“: „endurgreiðslufjárhæð“ eins og það hugtak er skilgreint í hollenska endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum.

„*Endurgreiðslufjárhæð til Hollands á seinna tímabili*“: „endurgreiðslufjárhæð á seinna tímabili“ eins og það hugtak er skilgreint í endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Holland.

„*Annar tryggingarsjóður*“: hvers konar innlánatryggingakerfi sem komið er á fót og er opinberlega viðurkennt á Íslandi skv. tilskipun 94/19/EB (þ.m.t. skv. hvers konar breytingu á henni, endurútgáfu hennar eða tilskipun sem kemur í hennar stað), annað en Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.

„*Samningsaðilar*“: hefur þá merkingu sem gefin er í inngangi að samningi þessum.

„*Greiðsludagur*“: 1. janúar 2011 og sérhver 1. apríl, 1. júlí, 1. september og 1. janúar eftir 1. janúar 2011.

„*Útgreiðslukostnaður*“: kostnaður sem FSCS stofnar til við útgreiðslu trygginga til innstæðueigenda Landsbankans í London að því er varðar kröfur þeirra á hendur Landsbankanum eða Tryggingarsjóði skv. lögum nr. 89/1999 eins og um getur í forsendum þessa samnings og er að upphæð 10.000.000 (tíu milljón) sterlingspund.

„*Reglur Alþjóðagerðardómsins*“: reglur Alþjóðagerðardómsins um gerðardóm í deilumálum milli tveggja aðila þar sem aðeins annar deiluaðilinn er ríki og taka gildi frá og með dagsetningu samnings þessa.

„*Aðili*“: einstaklingur, lögaðili, félag, frjáls samtök, sameignarfélag, hlutafélag, samrekstur, sjóður, óskráð stofnun, stjórnvald eða önnur persóna af hvaða toga sem er.

„*Hlutfallslegur réttur*“: á hverjum tíma, sá hluti sem reiknaður er með því að deila í (a) (i) í tilviki hollenska ríkisins, að fjárhæð £[1.134.680.211,10] sem samsvarar upphæð endurgreiðslufjárhæðarinnar til Hollands í sterlingspundum á dagsetningu endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins við Holland, umreiknuð í sterlingspund á genginu €[1,1653] á móti £[1,00]), eða (ii) í tilviki umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins heildarupphæð allra útgreiðslna sem inntar hafa verið af hendi fram að þeim tíma sem samningsaðilarnir meta að hafi numið 2.254.417.417.851,51 sterlingspundum þann 24. nóvember 2010, með (b) samanlögðum fjárhæðum sem um getur í a-lið hér að ofan.

„*Eign*“ einhvers aðila: hvers kyns eign, réttindi eða tekjur, eða hlutdeild slíks aðila í þeim.

„*Ársfjórðungslegar afborganir*“: ársfjórðungslegar afborganir sem endurgreiðsla seinna tímabils skal innt af hendi með, en fjárhæð þeirra og fjöldi er ákvarðast í samræmi við 1. mgr. 4. gr. (með fyrirvara um önnur ákvæði þessa samnings).

„*Endurheimtuhlutfall*“: merkir á hverjum tíma hluta, settan fram sem hundraðshluta, af samþykktu kröfufjárhæðinni skv. lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. (eða skv. íslenskum lögum) sem hefur verið greiddur, eða telst greiddur, af slitastjórn Landsbankans, til greiðslu á samþykktu kröfufjárhæðinni á þeim tíma.

Fengið með því að deila endurgreiðslufjárhæð breska fjármálaráðuneytisins sem greidd hefur verið á þeim tíma með samtölu endurgreiðslufjárhæðarinnar þann dag sem samningur þessi er dagsettur.

„*Endurgreiðslufjárhæð*“: merkir á hverjum tíma (hvort sem um er að ræða tímabil áður en farið er fram á greiðslu endurgreiðslufjárhæðarinnar af hendi Tryggingarsjóðs til breska fjármálaráðuneytisins eða eftir að það er gert) samanlagðar útgreiðslufjárhæðir eða þá fjárhæð sem í bili á eftir að greiða út.

„*Endurgreiðsluaðilar*“: sameiginlega, Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og Ísland.

„*Greiðsludagur endurgreiðslu*“: sérhver greiðsludagur eftir upphafsdag seinna tímabils.

„*Viðkomandi skjöl*“: vísar allt í senn til þessa samnings, uppgjörssamningsins, hliðarsamningsins við uppgjörssamninginn, framsalssamning FSCS og sérhvers annars samnings eða skjals sem samningsaðilar tilgreina sem viðkomandi skjal.

„*Viðkomandi fjármögnunarráðstöfun*“: hver sá samningur, ráðstöfun eða milliríkjasamningur sem einhver endurgreiðsluaðili stendur að með einhverjum fjármögnunaraðila (þ.m.t. sjálfstæðri alþjóðastofnun, einkaaðila eða öðrum aðila) í því skyni að fjármagna kröfur einhverra innstæðueigenda í íslenskum banka, enda hafi slíkar kröfur myndast fyrir dagsetningu samnings þessa, en að frátöldum (a) endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Holland, og (b) hvers kyns samningi, ráðstöfun eða milliríkjasamningi sem gerður er í því skyni að fjármagna eða endurfjármagna (i) einhvern hluta endurgreiðslufjárhæðarinnar eða trygginga eða annarra fjárhæða sem einhverjum endurgreiðsluaðila ber að greiða til breska fjármálaráðuneytisins skv. samningi þessum eða einhverju viðkomandi skjali (eða samningi eða skjali sem kemur í þeirra stað), eða (ii) fjárhæð sem til greiðslu kemur að hálfu endurgreiðsluaðila skv. endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Holland eða „viðkomandi skjölum“ eins og þau eru skilgreind í endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Holland (eða samningi eða skjali sem kemur í þeirra stað).

„*Viðkomandi heildartekjur ríkisins*“ að því er varðar greiðsludag endurgreiðslu á tilteknu tímabili sem hefst 1. júlí ár hvert og lýkur 30. júní næsta ár á eftir („viðkomandi tímabil“), (a) „heildartekjur íslenska ríkisins“ fyrir almanaksár það sem næst fer á undan þessu viðkomandi tímabili skv. birtum upplýsingum Hagstofu Íslands, eða (b) ef heildartekjur íslenska rík-

isins i) hafa ekki verið birtar eða ii) eru innan við 26 af hundraði[3] af nýjasta mati á vergri landsframleiðslu á Íslandi fyrir almanaksár það sem næst fer á undan þessu viðkomandi tímabili skv. nýjustu skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um efnahagshorfur í heiminum (World Economic Outlook) („*viðkomandi verg landsframleiðsla á Íslandi*“), fjárhæð sem samsvarar 26 af hundraði af viðkomandi vergri landsframleiðslu á Íslandi (eða, ef veruleg breyting verður á meginþáttum í heildartekjum íslenska ríkisins eða vergri landsframleiðslu eða slík tala er ekki birt af viðkomandi stofnun, sambærilegri tölu (eða sambærilegum tölum) fyrir heildartekjur íslenska ríkisins eða viðkomandi verga landsframleiðslu á Íslandi sem Ísland og breska fjármálaráðuneytið koma sér saman um á sanngjarnan hátt eða, ef Ísland og breska fjármálaráðuneytið komast ekki að samkomulagi um þessa tölu (tölur) fyrir greiðsludag endurgreiðslunnar, sem er ákvörðuð með gerðardómi í samræmi við 10. mgr. 10. gr.).

„*Viðmiðunarvextir seinna tímabils*“: viðmiðunarvextir sterlingspunds eins og þeir gilda 15. júní 2016 og eru birtir hjá OECD (CIRR, *Commercial Interest Reference Rate* fyrir sterlingspund) (eða sambærilegir vextir sem Ísland og breska fjármálaráðuneytið komast að sanngjörnu samkomulagi um ef OECD birtir ekki vextina, eða ef Ísland og breska fjármálaráðuneytið komast ekki að samkomulagi um sambærilega vexti fyrir upphafsdag seinna tímabils eins og ákvarðað verður með gerðardómi, sbr. 10. mgr. 10. gr.) fyrir lán til lengri lánstíma en áætlað greiðslutímabil vegna endurgreiðslufjárhæðar seinna tímabils (eða (a) vextir fyrir lán sem er með skemmstan lánstíma sem er lengri en áætlað greiðslutímabil ef vextir eru mismunandi fyrir lán með lengri lánstíma en áætlað greiðslutímabil fyrir endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils og b) vextir fyrir lán með lánstíma sem fer næst því að vera áætlað greiðslutímabil ef ekki eru fáanlegir vextir fyrir lán með lengri lánstíma en áætlaða greiðslutímabilið fyrir endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils, og skal „*áætlaða greiðslutímabilið fyrir endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils*“ vera tímabilið frá upphafsdegi seinna tímabils og fram yfir greiðsludag endurgreiðslu þegar síðasta ársfjórðungslega afborgunin kemur á gjalddaga (eins og ákvarðað er í samræmi við b- og c-lið 1. mgr. 4. gr.).

„*Endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils*“: endurgreiðslufjárhæð eins og hún stendur í dagslok þess dags sem kemur næst á undan upphafsdegi seinna tímabils (þó að undanskildum hverjum þeim hluta endurgreiðslufjárhæðarinnar sem er hefur áður gjaldfallið en er enn ógreiddur í trássi við skilmála þessa samnings við upphafsdag seinna tímabils).

„*Upphafsdagur seinna tímabils*“: 1. júlí 2016.

„*Uppgjörssamningur*“: uppgjörssamningurinn frá 5. júní 2009 á milli FSCS og Tryggingarsjóðs eins og honum var breytt með samningi dagsettum 19. október 2009.

„*Hliðarsamningur uppgjörssamningsins*“: samningur sem gera skal til hliðar við uppgjörssamninginn milli FSCS og Tryggingarsjóðs sem staðfestir tiltekin atriði í tengslum við uppgjörssamninginn, með þeim hætti sem aðilar hafa orðið ásáttir um fyrir dagsetningu þessa samnings.

---

[3]Aths. í drögum: þetta er 20 sinnum 1,3%, í textanum er síðan ákvarðað árlegt 5% þak miðað við þessa tölu, sem er 1,3% af vergri landsframleiðslu.

„*Vangreidd fjárhæð*“: merkir hverju sinni (a) tilgreinda fjárhæð sem til greiðslu kemur af hálfu Tryggingarsjóðs til umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins skv. þessum endurgreiðslusamningi eða öðru viðkomandi skjali, sem ekki hefur verið greidd og er áfram ógreidd að fullu á gjalddaga á þeim stað og í þeim gjaldmiðli sem greiða ber, og (b) ef einhver skuldbinding Tryggingarsjóðs skv. þessum endurgreiðslusamningi eða öðrum viðkomandi skjölum reynist óaðfararhæf, ógild eða ólögmæt, þá fjárhæð sem jafngildir samanlögðum fjárhæðum sem umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins bæri ella úr hendi Tryggingarsjóðs ef skuldbindingin hefði verið eða hefði áfram haldist aðfararhæf, gild og lögmæt.

„*Fullveldi*“: fullvalda þjóð eða ríkisstjórn fullvalda þjóðar.

„*Ríkisskuldir*“: hvers konar lán, skuldir eða aðrar skuldbindingar sem þegar hefur verið stofnað til eða kann að verða stofnað til í framtíðinni, sem: a) skal greiða aðilum búsettum utan Íslands eða, ef um er að ræða skuldabréf, skuldaskjal, skuldaviðurkenningar, verðbréfainneign eða önnur verðbréf, þar sem a.m.k. 25 hundraðshlutar af heildarhöfuðstól eru boðin eða voru upphaflega boðin aðilum búsettum utan Íslands, eða b) eru tilgreindar í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum eða, ef þær eru tilgreindar í íslenskum krónum, eru skv. skilmálum þar sem greiðsla höfuðstóls, aukaframlags (e. premium) (ef um það er að ræða) eða vaxta getur verið eða skal vera í öðrum gjaldmiðli eða miðast við annan gjaldmiðil, þ.m.t., til að taka af allan vafa: (i) hvers konar lántökur, skuldir eða aðrar skuldbindingar gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og (ii) hvers konar lántökur, skuldir eða aðrar skuldbindingar skv. endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Holland.

„*Sterlingspund*“ eða „*£*“: núverandi lögeyrir í Hinu sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

„*Skattar*“: allir núgildandi og síðari tekjuskattar, stimpilgjöld, skráningargjöld og aðrir skattar, álagningar og álögur, staðgreiðsluskattar og gjöld, hvaða nafni sem nefnast, og allir vextir, dráttarvextir og annað sem við kann að bætast eða á að leggjast vegna vangreiðslu þeirra, hvort sem slíkir skattar eru nú eða síðar reiknaðir, lagðir á eða innheimtir af hvaða stjórnvaldi sem er í tengslum við samning þennan eða önnur viðkomandi skjöl, greiðslur skv. samningi þessum eða öðru viðkomandi skjali eða vegna þinglýsingar, lögbókunar eða annarrar opinberrar skráningar þeirra.

„*Holland*“: hollenska ríkið.

FYLGISKJAL II
með útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum

Eyðublað fyrir útgreiðslubeiðni

Frá: Financial Services Compensation Scheme Limited (FSCS, („Breski Tryggingarsjóðurinn“))

Til: The Commissioners of Her Majesty's Treasury (Umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins)

Dags.: [Dagsetning]

Ágæti viðtakandi,

Útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningur [●] 2010
(samningurinn)

a) Vísað er til ofangreinds samnings. Hugtök sem skilgreind eru í samningnum hafa sömu merkingu í útgreiðslubeiðni þessari.

b) Þetta er beiðni um útgreiðslu.

c) Óskað er eftir útgreiðslu f.h. Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta með eftirfarandi skilmálum:

Útgreiðsludagur: [dags.]
Fjárhæð (í sterlingspundum): [fjárhæð]

d) Útgreiðslan verði lögð inn á [tilgreindur bankareikningur FSCS (breska tryggingarsjóðsins)]

e) Um leið og andvirði útgreiðslunnar hefur verið lagt inn á ofangreindan reikning, biðjum við yður um að millifæra samsvarandi fjárhæð af reikningnum yfir á [tilgreinið þann bankareikning sem innstæðueigendum hjá Landsbankanum í London verður greidd tryggingin út af].

Virðingarfyllst,

Financial Services Compensation Scheme Limited (FSCS)

Nafn:

Titill:

Nafn:

Titill:

Fylgiskjal II.

REIMBURSEMENT AND INDEMNITY AGREEMENT

dated [*], 2010

among

The Depositors' and Investors' Guarantee Fund of Iceland

and

Iceland

and

The State of The Netherlands

This ***REIMBURSEMENT AND INDEMNITY AGREEMENT***, dated [**], 2010 (this "*Agreement*"), among **THE DEPOSITORS' AND INVESTORS' GUARANTEE FUND OF ICELAND** (*Tryggingarsjóður Innstæðueigenda og Fjárfesta*), a private foundation incorporated under the laws of Iceland (the "*Guarantee Fund*"), **ICELAND** ("*Iceland*") and **THE STATE OF THE NETHERLANDS** ("*The Netherlands*" and, together with the Guarantee Fund and Iceland collectively, the "*Parties*").

RECITALS

WHEREAS, the Parties have entered into the Loan Agreement and the Acceptance and Amendment Agreement, which together set out the arrangements initially foreseen by the Parties in relation to the matters described in these Recitals. The Parties now wish to enter into this Agreement to settle those matters, and also to terminate the Loan Agreement and the Acceptance and Amendment Agreement, but conditional upon this Agreement coming into effect.

WHEREAS, the claims of Landsbanki Amsterdam Depositors against Landsbanki are guaranteed by the Guarantee Fund according and subject to Act No. 98/1999 which implements Directive 94/19/EC up to EUR 20,887 per Landsbanki Amsterdam Depositor.

WHEREAS, DNB has paid compensation to Landsbanki Amsterdam Depositors in respect of their claims against Landsbanki and the Guarantee Fund under Act No. 98/1999 in return for an assignment by such Landsbanki Amsterdam Depositors of such claims to DNB. DNB has accepted the majority of the applications for compensation and has completed making such compensation payments on 2 June 2009. DNB has refused the applications of a minority of Landsbanki Amsterdam Depositors for payment of compensation.

Certain of these Landsbanki Amsterdam Depositors have opposed such refusal by DNB. DNB's refusal is subject to judicial review and it is uncertain on the date of this Agreement to what extent DNB may be ordered by a court to pay compensation in respect of these claims.

WHEREAS, The Netherlands has prefinanced the payment of compensation by DNB in respect of the claims of Landsbanki Amsterdam Depositors against Landsbanki and the Guarantee Fund under Act No. 98/1999 and related costs. The Parties have agreed that the Guarantee Fund shall reimburse The Netherlands for its prefinancing in accordance with the terms of this Agreement. In addition, in this Agreement, the Parties determine the amount for which the Guarantee Fund shall reimburse The Netherlands.

WHEREAS, the Parties confirm that this Agreement has been negotiated in accordance with the "Agreed Guidelines" of 14 November 2008 as agreed between Iceland and the member states of the European Union.

ARTICLE I
DEFINITIONS

Section 1.1 *Certain Defined Terms*. (a) As used herein, the terms defined in Schedule I shall have the meaning set out in that Schedule.

(b) For the purpose of the definitions of "Interest Proceeds", if any part of the Guarantee Fund Estate Proceeds shall be denominated in a currency other than euro and shall not have been converted by the Guarantee Fund pursuant to paragraph (a) of Section 3.7, such amount shall be converted into euro at such rate as may be reasonably selected by The Netherlands.

Section 1.2 *Other Interpretative Provisions*. (a) The meanings of defined terms are equally applicable to the singular and plural forms of the defined terms.

(b) The words "hereof," "herein," "hereunder" and similar words refer to this Agreement as a whole and not to any particular provision of this Agreement, and any subsection, Section, Article and Schedule references are to this Agreement unless otherwise specified.

(c) The term "documents" includes any and all documents, instruments, written agreements, certificates, indentures, notices and other writings, however evidenced (including electronically).

(d) The term "including" is not limiting and (except to the extent specifically provided otherwise) shall mean "including without limitation."

(e) Unless otherwise specified, in the computation of periods of time from a specified date to a later specified date, the word "from" shall mean "from and including," the words "to" and "until" each shall mean "to but excluding," and the word "through" shall mean "to and including."

(f) The terms “may” and “might” and similar terms used with respect to the taking of an action by any Person shall reflect that such action is optional and not required to be taken by such Person.

(g) The term “continuation” of a Mandatory Prepayment Event shall reflect that such Mandatory Prepayment Event has occurred and has not been remedied and not been waived in accordance with Section 9.5.

(h) Unless otherwise expressly provided herein: (i) references to agreements (including this Agreement) and other documents shall be deemed to include all subsequent amendments and other modifications thereto, but only to the extent that such amendments and other modifications are not prohibited by any Relevant Document, and (ii) references to any Applicable Law are to be construed as including all statutory and regulatory provisions or rules consolidating, amending, replacing, supplementing, interpreting or implementing such Applicable Law.

ARTICLE II
REIMBURSEMENT, ETC.

Section 2.1 *Undertaking to reimburse*. In consideration of (a) the execution by DNB of the DNB Assignment Agreement, (b) the payment of compensation by DNB to Landsbanki Amsterdam Depositors in respect of their claims against Landsbanki and the Guarantee Fund under Act No. 98/1999 as referred to in the Recitals, and (c) the prefinancing by The Netherlands of the payment of such compensation by DNB, the Guarantee Fund undertakes to reimburse The Netherlands for that prefinancing and to therefore pay to The Netherlands the Reimbursement Amount in accordance with the terms of this Agreement.

Section 2.2 *Reimbursement Amount*. The Parties agree, for all purposes under this Agreement and the other Relevant Documents, that the Reimbursement Amount as at the date of this Agreement shall be an amount of EUR 1,322,242,850 (one billion three hundred twenty two million two hundred forty two thousand eight hundred and fifty euro) and that the Reimbursement Amount may reduce from time to time in accordance with the terms of this Agreement.

ARTICLE III
PAYMENTS OF REIMBURSEMENT, COMPENSATION AND PAY-OUT COSTS

Section 3.1 *Payment of the Reimbursement*. (a) This Section 3.1 shall apply from the Second Phase Start Date and onwards.

(b) Subject to paragraph (d) below, the Guarantee Fund agrees to pay to The Netherlands the Second Phase Reimbursement Amount in consecutive Quarterly Installments, payable on each Reimbursement Payment Date.

(c) The number of and amount of Quarterly Installments shall be calculated as follows:

(i) if, as at the day immediately preceding the Second Phase Start Date, the aggregate of the ISK Equivalent of the Second Phase Reimbursement Amount and the ISK Equivalent of the UK Second Phase Reimbursement Amount is equal to or less than ISK 45,000,000,000, (A) the number of Quarterly Installments shall be four, and (B) the amount of each Quarterly Installment shall be the Second Phase Reimbursement Amount divided by four;

(ii) if, as at the day immediately preceding the Second Phase Start Date, the aggregate of the ISK Equivalent of the Second Phase Reimbursement Amount and the ISK Equivalent of the UK Second Phase Reimbursement Amount is more than ISK 45,000,000,000, (A) the number of Quarterly Installments shall be the lesser of (I) four plus an additional four for each ISK 10,000,000,000 (or portion thereof) by which that aggregate exceeds ISK 45,000,000,000, and (II) 118, and (B) the amount of each Quarterly Installment shall be the Second Phase Reimbursement Amount divided by the number of Quarterly Installments so determined;

(d) (i) notwithstanding paragraphs (b) and (c) above and subject to paragraph (iii) below, if on any Reimbursement Payment Date the aggregate of (A) the ISK Equivalents on that Reimbursement Payment Date of the Quarterly Installment payable on that Reimbursement Payment Date and the amount of compensation payable on that Reimbursement Payment Date pursuant to paragraph (a) of Section 3.2, and (B) the ISK Equivalents of the UK Quarterly Installment payable on or about that Reimbursement Payment Date and the amount of compensation payable on or about that Reimbursement Payment Date pursuant to paragraph (a) of Section 4.2 of the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement, exceeds 1.25 per cent. of Relevant Icelandic Total Government Revenue in relation to that Reimbursement Payment Date, then (X) such aggregate shall be reduced by the minimum amount necessary to ensure that such aggregate no longer exceeds 1.25 per cent. of Relevant Icelandic Total Government Revenue in relation to that Reimbursement Payment Date, (Y) the amount of such reduction (expressed in Krónur) shall be attributed to The Netherlands and the HMT Commissioners in accordance with their respective *Pro Rata* Entitlements, and (Z) the amount of the Quarterly Installment referred to in item (A) above (and, if the *Pro Rata* Entitlement of The Netherlands exceeds the amount of such Quarterly Installment, the amount of compensation referred to in that item) will be reduced by the *Pro Rata* Entitlement of The Netherlands of such reduction (converted into euro at the rate used to calculate the ISK Equivalents referred to above).

(ii) Any amount by which a Quarterly Installment or any amount of compensation is reduced pursuant to paragraph (i) above will remain payable and will be added to the Quarterly Installment due on the next Reimbursement Payment Date (but that Quarterly Installment, thus increased, will be subject to the application of paragraph (i) above and accordingly will (subject always to paragraph (iii) below) only be payable if and to the extent payable pursuant to paragraph (i) above). Any amount by which an amount of compensation is reduced pursuant to paragraph (i) above will be deemed part of the Reimbursement Amount from the Reimbursement Payment Date on which, absent

paragraph (i) above, that amount would have been payable in accordance with paragraphs (b) and (c) above, and compensation will accrue on it accordingly.

(iii) Paragraphs (i) and (ii) above shall not apply in relation to the Reimbursement Payment Date on which the last Quarterly Installment is due to be paid (as determined in accordance with paragraph (c) above) and the Quarterly Installment due on that Reimbursement Payment Date, any compensation due to be paid on that Reimbursement Payment Date and any amount payable on that Reimbursement Payment Date pursuant to paragraph (ii) above shall be payable on that Reimbursement Payment Date in full.

Section 3.2 *Compensation*. (a) The Guarantee Fund shall pay to The Netherlands compensation in respect of the Reimbursement Amount, (i) for the period from October 1, 2009 to the Second Phase Start Date, at the First Phase Rate, and (ii) for the period from the Second Phase Start Date onwards, at the Second Phase CIRR. Any such compensation shall continue to accrue, to the fullest extent permitted by Applicable Law, after as well as before any bankruptcy, insolvency, reorganization, liquidation, judicial or out-of-court reorganization proceedings, dissolution, arrangement or winding up or composition or readjustment of debts of the Guarantee Fund. For the avoidance of doubt, no compensation is payable in respect of any period prior to October 1, 2009.

(b) Notwithstanding the foregoing, the Guarantee Fund shall pay to The Netherlands compensation on any Defaulted Amount at the Arrears Rate. Any such compensation shall be compounded on each Payment Date with the amount in respect of which it has accrued.

(c) Accrued compensation on the Reimbursement Amount or any other amount shall be payable (i) in the case of compensation accrued to the first Payment Date (compounded with the amount in respect of which it has accrued on each date which would have been a Payment Date if the first Payment Date had been January 1, 2010 rather than January 1, 2011), on the first Payment Date, (ii) on each subsequent Payment Date, and (ii) in the case of any prepayment of any part of the Reimbursement Amount (whether voluntary or mandatory), on the date such part of the Reimbursement Amount is so prepaid (but such compensation shall be payable only to the extent accrued to the date of prepayment on the part of the Reimbursement Amount so prepaid), *provided* that compensation payable at the Arrears Rate on Defaulted Amounts shall also be payable from time to time on request by The Netherlands.

(d) Compensation accruing on the Reimbursement Amount or any other amount shall be computed on the basis of a year of three hundred and sixty five (365) days and actual days elapsed occurring in the period for which payable.

Section 3.3 *Optional Prepayments*. (a) The Guarantee Fund may prepay the Reimbursement Amount in whole or in part, *provided* that the Guarantee Fund (or Iceland on its behalf) shall give The Netherlands notice of such prepayment as provided in Section 3.4 and, upon the date specified in such notice, the amount to be prepaid and any compensation payable thereon in accordance with Section 3.2 shall become due and payable under this Agreement. Amounts prepaid under this Agreement may not be re-claimed.

(b) At the same time as making any optional prepayment in accordance with paragraph (a) above, the Guarantee Fund shall make a *pro rata* optional prepayment of the UK Reimbursement Amount then outstanding under the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement, such that the same proportion of the Reimbursement Amount and the UK Reimbursement Amount then outstanding is prepaid under this Agreement and under the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement respectively (subject to any rounding).

(c) Any prepayment of any amount of the Reimbursement Amount pursuant to paragraph (a) above shall, subject to paragraph (b) of Section 3.7, reduce the Reimbursement Amount by the amount of the prepayment and shall, if made on or after the Second Phase Start Date, be applied *pro rata* towards each of the remaining Quarterly Installments.

Section 3.4 *Certain Notices*. A notice of prepayment pursuant to paragraph (a) of Section 3.3 above shall be effective only if received by The Netherlands before close of business (Amsterdam time) on the date which is three (3) Business Days before the date of such prepayment. Each notice of prepayment shall specify the amount to be prepaid and the requested prepayment date (which shall be a Business Day).

Section 3.5 *Mandatory Prepayments and other payments out of Guarantee Fund Estate Proceeds*. (a)

(i) If the Guarantee Fund receives any Guarantee Fund Estate Proceeds, it shall within five (5) Business Days pay to each of The Netherlands and the HMT Commissioners its *Pro Rata* Entitlement to that amount (such payment, to the extent to be made to The Netherlands, to be made in the currency required under Section 3.7 and, to the extent to be made to the HMT Commissioners, to be made in the currency required under the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement), *provided* that the Guarantee Fund shall not be obliged to make such payment (i) if, to the extent and for as long as the terms under which the payment made to the Guarantee Fund and resulting in receipt by the Guarantee Fund of the relevant amount prohibits the Guarantee Fund from applying that amount towards any payment to any other Person, or (ii) if and to the extent that the Guarantee Fund is required to pay the relevant amount to DNB under the DNB Assignment Agreement, or to the FSCS under the FSCS Deed of Assignment or the UK Settlement Agreement.

(ii) Any amount received by The Netherlands out of Guarantee Fund Estate Proceeds (whether pursuant to (x) paragraph (i) above, (y) paragraph 2.4 of the DNB Assignment Agreement, or (z) paragraph (a)(i)(A) of Section 4.7 of the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement) shall be applied:

(A) at any time before the Recovery Percentage is less than 86, in prepayment of the Reimbursement Amount; or

(B) at any time after the Recovery Percentage is less than 86:

(1) first, in payment to The Netherlands of such amount as is necessary to ensure that, after such application, the NL Interest Share Receipts equal the NL Interest Share at that time; and

(2) second, in prepayment of the Reimbursement Amount.

(iii) Any prepayment of any amount of the Reimbursement Amount pursuant to this paragraph shall, subject to paragraph (b) of Section 3.7, reduce the Reimbursement Amount by the amount of the prepayment and shall, if made on or after the Second Phase Start Date, be applied *pro rata* towards each of the remaining Quarterly Installments.

(b) If any of the following events (each such event a "*Mandatory Prepayment Event*") occurs, then on and at any time during the continuation of that Mandatory Prepayment Event The Netherlands may by notice to the Guarantee Fund, with a copy to Iceland, declare the Reimbursement Amount, any compensation accrued thereon and all other amounts payable by any Reimbursement Party under this Agreement or any other Relevant Document to be immediately due and payable, whereupon such amounts shall be immediately due and payable without presentment, demand, protest or other formalities of any kind, all of which are hereby expressly waived by the Reimbursement Parties:

(i) (A) any part of the Reimbursement Amount or compensation or any other amount to be paid by any Reimbursement Party to The Netherlands under this Agreement or any other Relevant Document shall not be paid in full when due, at the place and in the currency in which it is expressed to be payable, unless (1) in the case of a failure to so pay any part of the Reimbursement Amount or any compensation payable on a Payment Date pursuant to Section 3.1 (in the case of any part of the Reimbursement Amount) or paragraph (c)(i) of Section 3.2 (in the case of any compensation), such failure is due solely to administrative or technical error and such amount is paid within five (5) Business Days of the due date for payment, or (2) in any other case, such amount is paid within twenty (20) Business Days of the due date for payment, (B) any payment of Reimbursement Amount or compensation or of any other amount under this Agreement or any other Relevant Document previously made by any Reimbursement Party is avoided, set aside, invalidated or reduced;

(ii) any Reimbursement Party shall default or, in the case of a default which is capable of remedy, shall default for not less than a period ending twenty (20) Business Days after the earlier of (A) the day on which The Netherlands gives the relevant Reimbursement Party notice of the default, or (B) the day on which any senior officer of any Reimbursement Party becomes aware or should reasonably have become aware of the default, in the observance or performance of any of its obligations under this Agreement or any other Relevant Document (other than as provided in paragraph (i) above) (and for this purpose a "senior officer" shall be, in the case of the Guarantee Fund, a director of the Guarantee Fund and, in the case of Iceland, a Minister or Permanent Secretary in the Ministry of Finance or the Ministry of Foreign Affairs of Iceland, and the heads or deputy heads of the department or departments within the government of Iceland in charge of administering Iceland's Sovereign Debt (including its debt under this Agreement);

(iii) any representation made or deemed made by any Reimbursement Party in this Agreement or any other Relevant Document or any document delivered by any Reimbursement Party in connection with any Relevant Document has been or shall prove to have been false or misleading in any material respect as of the time made or deemed made;

(iv) the payment obligations of the Guarantee Fund under this Agreement and the other Relevant Documents shall cease to rank at least *pari passu* with the present and future claims of all of its other creditors or the payment obligations of Iceland under this Agreement or the other Relevant Documents shall cease to rank at least *pari passu* with the present and future Sovereign Debt of Iceland, in each case other than claims which are mandatorily preferred by Applicable Law in force on the date of this Agreement;

(v) (A) this Agreement or any other Relevant Document shall at any time be suspended, revoked or terminated or for any reason cease to be valid and binding or in full force and effect (other than upon expiration in accordance with the terms thereof or as a result of any act or omission of The Netherlands or DNB), (B) performance by the relevant Reimbursement Party of any obligation thereunder shall become unlawful, (C) any Reimbursement Party shall so assert in writing, or (D) the validity or enforceability thereof shall be contested by any Reimbursement Party;

(vi) the Guarantee Fund (A) shall be dissolved or liquidated, (B) shall admit in writing its inability to, or be generally unable to, pay its debts as such debts become due, taking into account any support available to it, or (C) suspends (whether voluntarily or involuntarily) making payments on any of its debts, in each case except if prior to the occurrence of such event (1) its obligations under this Agreement and the other Relevant Documents have been assumed by a successor entity on terms approved by The Netherlands (such approval not to be unreasonably withheld or delayed), and (2) Iceland has provided such confirmations and entered into such documents as The Netherlands may reasonably require to ensure that Iceland's obligations under this Agreement and the other Relevant Documents continue in full force and effect as if such successor had been a party to this Agreement and the other Relevant Documents from their inception;

(vii) Iceland (or any governmental or ministerial authority thereof) fails to make any payment in respect of any of its Sovereign Debt on its due date (or within any originally applicable grace period set out in the agreement constituting such Sovereign Debt) or any such Sovereign Debt becomes due earlier than its stated date of payment by reason of an event of default (however described), provided that no Mandatory Prepayment Event will occur under this paragraph (vii) unless the aggregate amount of Sovereign Debt in respect of which any amount has not been paid when due or which has become due early exceeds GBP 50,000,000 or its equivalent in other currencies;

(viii) (A) any Reimbursement Party shall fail to comply with any Applicable Law to which it is subject, in circumstances where such failure might have a Mandatory Prepayment-Related Material Adverse Effect, or (B) any Applicable Law at any time necessary to enable the Guarantee Fund or Iceland to comply with any of its obligations

under any of the Relevant Documents shall be revoked, withdrawn, withheld or otherwise not in full force and effect or shall be modified or amended in a manner that (in the aggregate) has had or would have a Mandatory Prepayment-Related Material Adverse Effect.

(c) *Notification of Mandatory Prepayment Event*. If any Reimbursement Party becomes aware that a Mandatory Prepayment Event has occurred, it shall notify The Netherlands of such occurrence as soon as possible, together with details of the events or circumstances comprising such Mandatory Prepayment Event and of the steps being taken to remedy the same.

Section 3.6 *Pay-out Costs*. (a) The Guarantee Fund agrees to pay to The Netherlands the amount of its Pay-out Costs, which the Parties agree, for all purposes under this Agreement and the other Relevant Documents, to be an amount of EUR 7,000,000 (seven million euro).

(b) The Guarantee Fund agrees to pay to The Netherlands on each Payment Date falling in 2011 an amount equal to the aggregate of (i) one quarter of the Pay-out Costs, and (ii) compensation on the amount so paid, accrued at the First Phase Rate from October 1, 2009 until the relevant Payment Date.

Section 3.7 *Payments*. (a) All payments of any part of the Reimbursement Amount, any compensation and all other amounts to be made by the Guarantee Fund to The Netherlands under this Agreement and the other Relevant Documents shall be received in euro, in immediately available funds, without deduction, set-off or counterclaim, in the NL Settlement Account not later than 5:00 p.m. (Amsterdam time) on the date on which such payment is due (and each such payment received after such time on such due date to be deemed to have been received on the next Business Day), provided that:

(i) if The Netherlands receives an amount from DNB pursuant to paragraph 2.4 of the DNB Assignment Agreement, The Netherlands shall, as soon as reasonably possible:

(A) pay to the HMT Commissioners their *Pro Rata* Entitlement to that amount to be applied in accordance with paragraph (a)(ii) of Section 4.5 of the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement, such payment to be made in the currency received and without making any conversion, with any conversion into Sterling to be made by the HMT Commissioners pursuant to the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement; and

(B) if any such payment from DNB is received in a currency other than euro, convert the remaining amount of such payment into euro at such rate as The Netherlands may reasonably select and such payment shall from the time of such conversion be applied in accordance with paragraph (a)(ii) of Section 3.5 and to the extent that it is so applied in accordance with paragraph (a)(ii)(A) or paragraph (a)(ii)(B)(2) of Section 3.5 shall satisfy the obligation to repay the Reimbursement Amount up to the euro amount obtained by The Netherlands as a result of such conversion; and

(ii) if The Netherlands receives an amount from the HMT Commissioners pursuant to paragraph (a)(i)(A) of Section 4.7 of the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement, paragraph (i)(B) above shall apply mutatis mutandis.

(b) If the Guarantee Fund makes a payment to The Netherlands that is insufficient to discharge all matured payments then due under this Agreement and the other Relevant Documents from the Guarantee Fund to The Netherlands, that payment shall be applied (i) first, towards discharging any costs and expenses of The Netherlands which the Guarantee Fund is required to reimburse pursuant to this Agreement or any other Relevant Document, (ii) second, towards payment of any accrued compensation which is due but unpaid under this Agreement or any other Relevant Document, and (iii) third, towards payment of such part of the Reimbursement Amount as is then due.

(c) If any payment under this Agreement is stated to be due on a day that is not a Business Day, or if any period by reference to which any such sum is calculated under this Agreement or any other Relevant Document would end on a day which is not a Business Day, then such date or period shall be extended to the next Business Day and such extension of time shall in such case be included in the computation of payment of compensation (if applicable), *provided* that, if such extension would cause such payment to be made, or such period to end, in the next following calendar month, such date shall be brought forward to, or such period shall end, on the next preceding Business Day.

ARTICLE IV
LOSSES, ETC.

Section 4.1 *Losses*. The Guarantee Fund shall pay to The Netherlands, upon the request of The Netherlands, such amount as shall be sufficient to compensate it for any loss, cost or liability that is attributable to (a) the conversion of one currency into another currency pursuant to this Agreement or any other Relevant Document, (b) the occurrence of any Mandatory Prepayment Event or any breach by any Reimbursement Party of any of its obligations under this Agreement or any other Relevant Document, or (c) the preservation, perfection or enforcement of any right, power or privilege of The Netherlands under this Agreement or any other Relevant Document, other than, in each case, any "costs of arbitration" within the meaning of the PCA Rules which an arbitral tribunal in arbitration proceedings as referred to in Section 9.10 has determined are to be borne by The Netherlands.

Section 4.2 *Taxes*. All payments of any part of the Reimbursement Amount or compensation and all other amounts payable under this Agreement or any other Relevant Document by any Reimbursement Party to The Netherlands shall be made free and clear of and without reduction or liability for or on account of any Taxes, *provided* that if any Reimbursement Party shall be required by Applicable Law to deduct any Taxes from such payments, then the sum payable shall be increased as necessary so that after making all required deductions (including deductions applicable to additional sums payable under this Section 4.2) The Netherlands receives an amount equal to the sum it would have received had no such deductions been made.

Section 4.3 *Full and final settlement* (a) The Netherlands shall not have (and to the extent that absent this Section 4.3 it would have, it irrevocably renounces) any claim against any Reimbursement Party in relation to the payment of compensation by DNB in respect of the claims of Landsbanki Amsterdam Depositors as referred to in the Recitals, other than the claims of The Netherlands under this Agreement and the other Relevant Documents.

(b) No Reimbursement Party shall make (and to the extent that absent this paragraph (b) it would have, it irrevocably renounces) any claim, or initiate any proceedings, including indemnification proceedings against The Netherlands or DNB in relation to (i) the payment of compensation by DNB in respect of claims of Landsbanki Amsterdam Depositors as referred to in the Recitals (including any rejections of such claims), or (ii) any claim of a Landsbanki Amsterdam Depositor in respect of which compensation was not paid by DNB (for whatever reason). DNB has the benefit of and may enforce the provisions of the preceding sentence.

ARTICLE V
INDEMNITY

Section 5.1 *Representation, warranty and indemnity*. For good and valuable consideration, the receipt and sufficiency of which are hereby acknowledged, Iceland hereby:

(a) irrevocably and unconditionally represents, warrants and undertakes to The Netherlands that the Guarantee Fund will ensure the full and punctual payment and performance (whether at stated maturity, upon acceleration or otherwise) of all its obligations under this Agreement and the other Relevant Documents and thus ensure that there will at no time be any Shortfall Amount;

(b) undertakes to The Netherlands that, whenever there is any Shortfall Amount, it will, on demand, pay that Shortfall Amount to The Netherlands as if it were the principal obligor; and

(c) undertakes to indemnify The Netherlands, on demand, against any cost, loss or liability suffered by The Netherlands if (a) any Shortfall Amount arises, or (b) any obligation of the Guarantee Fund under this Agreement or any other Relevant Document is or becomes illegal, not binding, invalid or unenforceable. The amount of the cost, loss or liability will be equal to the amount which The Netherlands would otherwise have been entitled to recover.

Section 5.2 *Obligations Unconditional*. The obligations of Iceland under this Article V shall be unconditional and absolute and, without limiting the generality of the foregoing, shall not be released, discharged or otherwise affected by:

(a) any extension, renewal, settlement, compromise, waiver or release in respect of any obligation(s) of any Reimbursement Party under this Agreement or the other Relevant Documents, by operation of law or otherwise (other than with respect to any such extension,

renewal, settlement, compromise, waiver or release agreed in accordance with the terms hereunder as expressly applying to the obligations of Iceland hereunder);

(b) any modification, novation, extension, restatement of or supplement to this Agreement or any other Relevant Document (other than with respect to any modification, novation, extension, restatement, amendment of or supplement agreed in accordance with the terms hereof as expressly applying to the obligations of Iceland under this Article V);

(c) any release, impairment, non-perfection or invalidity of any Lien securing any Shortfall;

(d) any change in the corporate existence, structure or ownership of the Guarantee Fund or any other Person, or any insolvency, reorganisation or similar proceedings in respect of Landsbanki, the Guarantee Fund or any other Person;

(e) the existence of any claim, set-off or other rights that The Netherlands may have at any time against the Guarantee Fund or any other Person, whether in connection herewith or with any unrelated transactions;

(f) any invalidity or unenforceability relating to or against any Reimbursement Party for any reason of this Agreement or any other Relevant Document, or any provision of Applicable Law purporting to prohibit the performance by any Reimbursement Party of any of its obligations under this Agreement or any other Relevant Document (other than any such invalidity or unenforceability with respect solely to the obligations of Iceland under this Article V);

(g) any other act or omission to act or delay of any kind by any Reimbursement Party or any other Person or any other circumstance whatsoever that might, but for the provisions of this Section 5.2, constitute a legal or equitable discharge of the obligations of any Reimbursement Party under this Agreement or any other Relevant Document.

Section 5.3 *Discharge Only upon Payment in Full; Reinstatement In Certain Circumstances*. The obligations of Iceland under this Article V constitute continuing obligations which will extend to the ultimate balance of any Shortfall Amount, regardless of any intermediate payment or discharge, whether in whole or in part, and shall remain in full force and effect until all Shortfall Amounts shall have been paid or otherwise performed in full and no other Shortfall Amount can arise. If at any time any payment made under this Agreement or any other Relevant Document is rescinded or must otherwise be restored or returned upon the insolvency, bankruptcy, reorganization or similar event of the Guarantee Fund or any other Person or otherwise, then the obligations of Iceland hereunder with respect to such payment shall be reinstated at such time as though such payment had been due but not made at such time.

Section 5.4 *Waiver*. Iceland hereby irrevocably and unconditionally waives, to the fullest extent permitted by Applicable Law, (a) notice of acceptance of this Agreement and notice of any liability to which this Agreement may apply, (b) all notices that may be required by

Applicable Law or otherwise to preserve intact any rights of The Netherlands against the Guarantee Fund, including any demand, presentment, protest, proof of notice of non-payment, notice of any failure on the part of the Guarantee Fund to perform and comply with any covenant, agreement, term, condition or provision of any agreement and any other notice to any other Person that may be liable in respect of the obligations of the Guarantee Fund except any of the foregoing as may be expressly required hereunder, (c) any right to the enforcement, assertion or exercise by The Netherlands of any right, power, privilege or remedy conferred upon it under this Agreement, any other Relevant Document or otherwise, and (d) any requirement that the Netherlands exhaust any right, power, privilege or remedy, or mitigate any damages resulting from a default, under this Agreement or any other Relevant Document. This waiver applies irrespective of any Applicable Law or any provision of this Agreement or any other Relevant Document to the contrary.

Section 5.5 *Subrogation*. Iceland shall not enforce any payment by way of subrogation, indemnity, contribution or otherwise, or exercise any other right, (or otherwise benefit from any payment or other transfer arising from any such right) which it may have against the Guarantee Fund by reason of the performance by it of its obligations under this Agreement or any other Relevant Document so long as any obligations under this Agreement or any other Relevant Document remain unpaid or unsatisfied (and, if Iceland receives any payment or distribution in relation to such rights, it will promptly turn such payment or distribution over to The Netherlands).

Section 5.6 *Additional security*. The representation, warranty, undertaking and indemnity set out in this Article V is in addition to and is not in any way prejudiced by any other representation, warranty, indemnity, security or other document or instrument now or subsequently held by The Netherlands or any other Person.

ARTICLE VI
CONDITIONS PRECEDENT

Section 6.1 *Conditions Precedent*. The effectiveness of this Agreement is subject to the conditions precedent that:

(a) The Netherlands shall have received the following documents, each of which shall be in form and substance satisfactory to The Netherlands:

(i) Confirmation re. UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement. Confirmation from the HMT Commissioners that all conditions precedent to be satisfied in order for the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement to become effective (other than receipt of confirmation from The Netherlands that all conditions precedent to be satisfied in order for this Agreement to become effective) have been satisfied;

(ii) Authorising Act. A copy of an Act from Iceland, which has come into force and is not, or no longer, capable of being revoked or avoided by any referendum and which provides for the unconditional and unreserved authorization of the indemnity set out in

Article V and for any other authorization necessary to ensure that the obligations of the Reimbursement Parties under this Agreement and the other Relevant Documents are legal, valid, binding and enforceable, together with a certified translation thereof into English;

(iii) Other authorizations. A copy of an exemption granted by the Central Bank of Iceland (*Seðlabanki Íslands*) to the Guarantee Fund under Rules 370/2010 on Foreign Exchange in respect of the Guarantee Fund's execution and performance of this Agreement and the other Relevant Documents, together with a certified translation thereof into English; and

(iv) Opinions of Counsel. An opinion of Lex, legal advisers to the Guarantee Fund as to the laws of Iceland and an opinion of the State Attorney of Iceland (*Ríkislögmaður*) in respect of, *inter alia*, the capacity and due authorization of, and valid execution of this Agreement and each other Relevant Document by, each of the Reimbursement Parties; and

(b) the Guarantee Fund and DNB shall have entered into the DNB Assignment Agreement and the DNB *Pari Passu* Agreement.

Section 6.2 *DNB Assignment Agreement and DNB Pari Passu Agreement*. (a) The DNB Assignment Agreement shall provide that:

(i) DNB shall assign to the Guarantee Fund, in consideration of the Guarantee Fund's undertaking to reimburse The Netherlands as set out in Section 2.1, the claims (or parts thereof) of the Landsbanki Amsterdam Depositors against Landsbanki assigned to DNB in connection with its payment of compensation in respect of those claims, all as detailed in the DNB Assignment Agreement;

(ii) DNB agrees that it shall not have (and to the extent that absent such agreement it would have, it irrevocably renounces) any claim against the Guarantee Fund or Iceland in relation to the payment of compensation by DNB in respect of the claims of Landsbanki Amsterdam Depositors as referred to in the Recitals and that both Reimbursement Parties shall have the benefit of and may enforce this agreement by DNB;

(iii) it shall be governed by, and construed in accordance with, the laws of The Netherlands and the laws of Iceland as set out in it; and

(iv) it will take effect simultaneously with this Agreement.

(b) The DNB *Pari Passu* Agreement shall provide that:

(i) to the extent that, following the assignment referred to in paragraph (a) above, DNB retains any part of any claim (due to the fact that such claim exceeds the amount assigned to the Guarantee Fund), then the part of the claim which has been assigned to the Guarantee Fund shall, to the fullest extent permitted by Applicable Law, rank *pari passu* in all respects with the part of that claim retained by DNB;

(ii) in the event that, for any reason whatsoever (including any preferential status accorded to the Guarantee Fund under any Applicable Law of Iceland), following the assignment of a part of any given claim to the Guarantee Fund, either the Guarantee Fund or DNB experiences a greater *pro rata* level of recovery in respect of such claim, than that experienced by the other, the Guarantee Fund or DNB (as appropriate) shall, as soon as practicable, unless paragraph (iii) below applies, make such balancing payment to DNB or the Guarantee Fund, as the case may be, as is necessary to ensure that each of the Guarantee Fund's and DNB's *pro rata* level of recovery in respect of such claim is the same as the other's;

(iii) if (A) a court of Iceland gives a final and non-appealable order or judgment which (I) determines that all or part of any claim assigned to the Guarantee Fund, or the rights retained by DNB, as the case may be, shall be entitled to receive distributions in the Landsbanki estate on a preferential basis relative to other claims originating from the same deposits, and (II) is not in conflict with an advisory opinion obtained from the Court of the European Free Trade Area on that preferential status, or (B) the Winding-up Board of Landsbanki determines that all or part of any claim assigned to the Guarantee Fund, or the rights retained by DNB, as the case may be, shall be entitled to receive distributions in the Landsbanki estate on a preferential basis relative to the other claims originating from the same deposits but such ruling is not challenged in a court of Iceland by any depositor or creditor and such failure to challenge is not the result of a change of Applicable Law made after the Commencement Date which renders such a challenge more difficult or impossible, then, unless that preferential status results from any revocation, withdrawal, withholding or other ceasing to be in full force and effect, or any modification or amendment of any Applicable Law effected or made after the Commencement Date, the obligation described in paragraph (ii) above for the Guarantee Fund or DNB, as the case may be, to make balancing payments shall not apply;

(iv) it shall be governed by, and construed in accordance with, the laws of England; and

(v) it will take effect simultaneously with this Agreement.

Section 6.3 *Satisfaction of Conditions Precedent*. If the actions referred to in Section 6.1 have not been completed by December 31, 2010:

(a) if the non-completion consists of DNB not having executed and delivered to the Guarantee Fund the DNB Assignment Agreement and the DNB *Pari Passu* Agreement, the Reimbursement Parties may, by notice to The Netherlands, terminate this Agreement; and

(b) if the non-completion consists of any other action referred to in Section 6.1, The Netherlands may by notice to the Guarantee Fund, with a copy to Iceland, terminate this Agreement,

whereupon, in each case, this Agreement shall cease to have any effect.

Section 6.4 *Termination of Loan Agreement and Acceptance and Amendment Agreement*. On the date on which this Agreement becomes effective, the Loan Agreement and the Acceptance and Amendment Agreement shall terminate, if not previously terminated.

ARTICLE VII
REPRESENTATIONS AND WARRANTIES

Section 7.1 *Guarantee Fund representations*. The Guarantee Fund represents and warrants to The Netherlands as of the date of this Agreement as follows:

(a) The Guarantee Fund is (a) a private foundation, duly organized, validly existing and, to the extent applicable under the laws of Iceland, in good standing under the laws of Iceland, and (b) has all requisite corporate power necessary to own its assets and carry on its business as now being conducted.

(b) This Agreement and each other Relevant Document to which it is a party have been duly executed and delivered by it, and constitute legal, valid and binding obligations of it, enforceable against it in accordance with their terms, in each case except as may be limited by equitable principles of general applicability which are specifically referred to in the relevant legal opinion referred to in paragraph (a)(iv) of Section 6.1.

Section 7.2 *Reimbursement Party representations*. Each Reimbursement Party represents and warrants to The Netherlands as of the date of this Agreement that the exemption granted by the Central Bank of Iceland (*Seðlabanki Íslands*) to the Guarantee Fund under Rules 370/2010 on Foreign Exchange in respect of the Guarantee Fund's execution and performance of this Agreement and the other Relevant Documents referred to in paragraph (a)(iii) of Section 6.1 is unconditional, irrevocable and in full force and effect and there are no other authorizations, licenses, consents or other approvals or actions required from any Icelandic Governmental Authority in connection with the execution or performance of this Agreement or the other Relevant Documents or to ensure that the obligations of the Reimbursement Parties under this Agreement and the other Relevant Documents are legal, valid, binding and enforceable.

ARTICLE VIII
COVENANTS

Section 8.1 *Comparability of treatment*. If any Reimbursement Party enters into any Relevant Financing Arrangement and, under that Relevant Financing Arrangement (taken as a whole), the financier party to that Relevant Financing Arrangement enjoys an overall more favorable treatment than The Netherlands under this Agreement and the other Relevant Documents, or has the benefit of any Lien, then the Reimbursement Parties shall grant The Netherlands the same favorable treatment or the benefit of a similar Lien (and the Reimbursement Parties shall enter into any documentation necessary or desirable in order to do so).

Section 8.2 *Equal treatment*. If the Guarantee Fund, any Other Guarantee Fund or Iceland makes any Excess Payment, the Guarantee Fund shall pay (or ensure that each relevant Other Guarantee Fund pays) an amount equal to the Excess Payment to each Landsbanki Amsterdam Depositor, *provided* that, to the extent that The Netherlands or DNB has made any payment to a Landsbanki Amsterdam Depositor in respect of a claim of that Landsbanki Amsterdam Depositors under Act No. 98/1999 in excess of EUR 20,887 per claim, the payment under this Section shall be made to The Netherlands or DNB, as the case may be.

ARTICLE IX
MISCELLANEOUS

Section 9.1 *Change of circumstance*. The Netherlands agrees that, if at any time the then most recently published Article IV review by the IMF in relation to Iceland states that a significant deterioration has occurred in the sustainability of the debt of Iceland, relative to the assessment of such sustainability by the IMF Fund as of November 19, 2008, then, if Iceland so requests, The Netherlands will meet with Iceland to discuss the situation and consider whether, and if so how, this Agreement and the other Relevant Documents should be amended to reflect the relevant change in circumstances.

Section 9.2 *Other changes*. If the Accepted Claims Amount or the Accepted Interest Amount shall at any time change as a result of any decision of the Winding up Board of Landsbanki or of any competent court:

(i) any calculation pursuant to this Agreement or the other Relevant Documents which is directly or indirectly based on the Accepted Claims Amount or the Accepted Interest Amount shall be recalculated as if the Accepted Claims Amount or the Accepted Interest Amount had been the as so changed Accepted Claims Amount or the Accepted Interest Amount with effect from the date of this Agreement;

(ii) if any amount shall have been paid or allocated on the basis of the previous calculation then such payment or allocation shall be reversed or as the case may be reallocated to the extent required in order to reflect such recalculation.

Section 9.3 *Waiver*. No failure on the part of The Netherlands to exercise and no delay in exercising, and no course of dealing with respect to, any right, power or privilege under the Agreement or any other Relevant Document shall impair that right, power or privilege or operate as a waiver or variation thereof, nor shall any single or partial exercise of any right, power or privilege under any Relevant Document preclude any other or further exercise thereof or the exercise of any other right, power or privilege. Any liberty or power which may be exercised or any determination which may be made under this Agreement by The Netherlands (including any act, matter or thing as agreed, specified, determined, decided or notified by The Netherlands to the Guarantee Fund or Iceland) may be exercised or made in the absolute and unfettered discretion of The Netherlands from time to time, which will not be under any obligation to give reasons therefor.

Section 9.4 *Notices*. All notices, requests, instructions, directions and other communications provided for herein shall be given or made in writing in English by personally delivered letter or by fax (and may be copied, but not validly served, by e-mail) delivered to the intended recipient as follows:

(a) if to the Guarantee Fund, to it at Borgartun 26, 3rd floor, 105 Reykjavik, Iceland, Fax: +354 590 2606, Attn.: Managing Director, with a copy to Iceland, at Ministry of Finance, Arnarhvoli Lindargötu, 150 Reykjavík, Iceland, Fax: +354 5628280, Attn.:Permanent Secretary;

(b) if to Iceland, to it at Ministry of Finance, Arnarhvoli Lindargötu, 150 Reykjavík, Iceland, Fax: +354 5628280, Attn.:Permanent Secretary; and

(c) if to The Netherlands, to it at Ministerie van Financiën, Korte Voorhout 7, 2511 CW The Hague, The Netherlands, P.O. Box 20201, 2500 EE The Hague, The Netherlands, Fax: +31 70 342 79 03, Attn.:Treasurer-General (*Thesaurier-generaal*).

Except as otherwise provided in this Agreement, all such communications shall be deemed to have been duly given, (i) when personally delivered at the address of the Person to be served, at the time when it is so left (or, if left on a day that is not a Business Day, at 8:15am (local time) on the next following Business Day), and (ii) when sent by facsimile transmission, when confirmation of receipt is received from the receiving facsimile machine (or, if sent on a day that is not a Business Day, at 8:15am (local time) on the next following Business Day), *provided* that, in proving the giving of notice under or in connection with this Agreement, it shall be sufficient to prove that the notice was delivered to the address for service.

Section 9.5 *Amendments, Etc*. Except as otherwise expressly provided in this Agreement, any provision of this Agreement and (except as specifically provided therein) any other Relevant Document may be modified, supplemented or waived only in writing executed by the Parties affected by the modification, supplement or waiver.

Section 9.6 *Successors and Assigns*. (a) This Agreement shall be binding upon and inure to the benefit of the Parties. No Party may assign, transfer or encumber any of its rights or obligations under this Agreement or any other Relevant Document (any attempt to do so being null and void *ab initio*).

(b) This Agreement is made and entered into for the sole protection and legal benefit of the Parties and no other Person shall be a direct or indirect legal beneficiary of, or have any direct or indirect cause of action or claim in connection with, this Agreement under the Contracts (Rights of Third Parties) Act 1999, *provided* that DNB has the benefit of and may enforce any right accorded to it, or any term or condition expressed to be for its benefit, in this Agreement.

Section 9.7 *Captions*. The table of contents and captions and section headings appearing herein are included solely for convenience of reference and are not intended to affect the interpretation of any provision of this Agreement.

Section 9.8 *Counterparts*. This Agreement may be executed in any number of counterparts, all of which taken together shall constitute one and the same instrument, and any of the Parties may execute this Agreement by executing any such counterpart. Each counterpart shall be an original copy of this Agreement, but they shall together constitute one and the same instrument.

Section 9.9 *Governing Law*. THIS AGREEMENT AND ANY MATTER, CLAIM OR DISPUTE ARISING OUT OF OR IN CONNECTION WITH IT, WHETHER CONTRACTUAL OR NON-CONTRACTUAL, SHALL BE GOVERNED BY, AND CONSTRUED IN ACCORDANCE WITH, THE LAWS OF ENGLAND.

Section 9.10 *Arbitration*. (a) ANY DISPUTE, LEGAL ACTION OR PROCEEDING BY OR AGAINST ANY PARTY HERETO WITH RESPECT TO OR ARISING OUT OF THIS AGREEMENT, WHETHER CONTRACTUAL OR NON-CONTRACTUAL AND INCLUDING ANY DISPUTE, LEGAL ACTION OR PROCEEDING REGARDING THE EXISTENCE, VALIDITY, FORMATION OR TERMINATION OF THIS AGREEMENT (A "*DISPUTE*") SHALL BE SETTLED BY FINAL AND BINDING ARBITRATION IN ACCORDANCE WITH THE PCA RULES WHICH RULES ARE DEEMED INCORPORATED BY REFERENCE INTO THIS CLAUSE EXCEPT TO THE EXTENT THAT THEY RELATE TO THE NATIONALITY OF THE ARBITRATOR.

(b) In any arbitral proceedings as referred to in paragraph (a) above:

(i) the number of arbitrators shall be three;

(ii) if all Parties are party to the arbitral proceedings, each of (A) the Reimbursement Parties jointly (and failing such joint appointment Article 7(2) of the PCA Rules shall apply), and (B) The Netherlands shall appoint one arbitrator and the two arbitrators thus appointed shall choose the third arbitrator who will act as the presiding arbitrator of the arbitral tribunal;

(iii) the appointing authority shall be the Secretary-General of the Permanent Court of Arbitration;

(iv) the place of arbitration shall be London, England;

(v) the language to be used in the arbitral proceedings shall be English;

(vi) the IBA Rules on the Taking of Evidence in International Arbitration of 29 May 2010 shall apply;

(vii) the arbitral tribunal shall use its best efforts to make a final award within twelve months of the appointment of the third arbitrator who acts as the presiding arbitrator of the arbitral tribunal, and shall conduct the arbitral proceedings accordingly;

(viii) the arbitral tribunal shall rule in accordance with the laws of England (and not, for the avoidance of doubt, as *amiable compositeur* or *ex aequo et bono*); and

(ix) all Parties, the arbitrators and the Secretary-General and the International Bureau of the Permanent Court of Arbitration shall protect the confidentiality of the existence of the arbitral proceedings and of any information received by them in connection with such proceedings.

Section 9.11 *Waiver of Sovereign Immunity*. Each of the Reimbursement Parties consents generally to the issue of any process in connection with any Dispute and to the giving of any type of relief or remedy against it, including the making, enforcement or execution against any of its Property or assets (regardless of its or their use or intended use) of any order, judgment or award (including, for the avoidance of doubt, any arbitral award made in arbitral proceedings pursuant to Section 9.10). If any Reimbursement Party or any of its Property or assets is entitled in any jurisdiction to any immunity from service of process or of other documents relating to any Dispute, or to any immunity from jurisdiction, suit, judgment, award, execution, attachment (whether before judgment, in aid of execution or otherwise) or other legal process, this is irrevocably waived to the fullest extent permitted by the law of that jurisdiction. Each of the Reimbursement Parties also irrevocably agrees not to claim any such immunity for themselves or their respective Property or assets. The Parties confirm: (i) that this paragraph does not extend to any assets of Iceland which enjoy immunity under the Vienna Convention on Diplomatic Relations, any assets of Iceland located in Iceland which are necessary for the proper functioning of Iceland as a sovereign power, or to any assets of the Central Bank of Iceland (Seðlabanki Íslands), and (ii) nothing in this agreement or any other relevant document is intended to remove or shall have the effect of removing from Iceland its control of its natural resources and its right to decide on the utalisation and form of ownership thereof.

Section 9.12 *Severability*. The illegality or unenforceability in any jurisdiction of any provision hereof or of any document required hereunder shall not in any way affect or impair the legality or enforceability of the remaining provisions of this Agreement or such other document in such jurisdiction or such provision in any other jurisdiction.

[*Signatures Follow*.]

IN WITNESS WHEREOF, the Parties have caused this Agreement to be duly executed and delivered as of the day and year first above written.

The Depositors' and Investors' Guarantee Fund of Iceland (*Tryggingarsjóður Innstæðueigenda og Fjárfesta*)

By: _____
Name: [*]
Title: [*]

Iceland

By: _____
Name: [*]
Title: [*]

The State of the Netherlands

By: _____
Name: [*]
Title: [*]

SCHEDULE I
to Reimbursement Agreement

"*Acceptance and Amendment Agreement*" means the Acceptance and Amendment Agreement dated 19 October 2009 between the Parties.

"*Accepted Claims Amount*" means, at any time, the amount of the Assigned Claim (expressed in ISK) which has at that time been accepted by the Winding up Board of Landsbanki (or by a competent court, such court determination to prevail if different from such Winding up Board acceptance and binding upon such Winding up Board) as constituting a valid claim in the winding up of Landsbanki under Article 112 of the Icelandic Act no. 21/1991 on Bankruptcies etc. (*Lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.*).

"*Accepted Interest Amount*" means, at any time, the amount of any interest included in the Accepted Claims Amount.

"*Assigned Claim*" means, collectively, the claims against Landsbanki assigned or expressed to be assigned to the Guarantee Fund by DNB pursuant to the DNB Assignment Agreement.

"*Act No. 98/1999*" means the Icelandic Act No. 98/1999 on Deposit and Investor-Compensation Scheme *(Lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta*) as in force on 11 October 2008.

"*Agreement*" has the meaning set forth in the introduction hereto.

"*Applicable Law*" means any applicable statute, law, regulation, ordinance, rule, judgment, rule of common law, order, decree, approval, concession, grant, franchise, license, agreement, directive, guideline, policy, requirement or other governmental restriction or any similar form of decision of, or determination by (or any interpretation or administration of any of the foregoing by), any Governmental Authority, whether in effect as of the date hereof or (unless a contrary indication appears in this Agreement or any other Relevant Document) thereafter.

"*Arrears Rate*" means, at any time of determination, a rate *per annum* equal to the sum of (a) for the period from the date of this Agreement to the Second Phase Start Date, the First Phase Rate plus 0.3 per cent. *per annum*, and (b) for the period from the Second Phase Start Date onwards, the Second Phase CIRR plus 0.5 per cent. *per annum*.

"*Business Day*" means a day (other than Saturday or Sunday) on which commercial banks are not authorized or required to close in Reykjavik (Iceland) or Amsterdam (The Netherlands).

"*Commencement Date*" means 5 June 2009.

"*Defaulted Amount*" means each amount which has fallen due for payment by a Reimbursement Party but remains unpaid in breach of the terms of this Agreement.

"*Directive 94/19/EC*" means Directive 94/19/EC of the European Parliament and of the Council of 30 May 1994 on deposit-guarantee schemes as in force on 11 October 2008 (subject to any contrary indication).

"*DNB*" means the Central Bank of The Netherlands (*De Nederlandsche Bank N.V.*).

"*DNB Assignment Agreement*" means the Assignment Agreement to be entered into between the Guarantee Fund and DNB in the form agreed between the Parties before the date of this Agreement and which complies with Section 6.2.

"*DNB Pari Passu Agreement*" means the *Pari Passu* Agreement to be entered into between the Guarantee Fund and DNB in the form agreed between the Parties before the date of this Agreement and which complies with Section 6.2.

"*euro*" or "*EUR*" means the lawful currency for the time being of the Member States of the European Union that adopt or have adopted the euro as their lawful currency in accordance with legislation of the European Community relating to Economic and Monetary Union.

"*Excess Payment*" means any payment in excess of an amount of EUR 20,887 in respect of any claim or claims of a Landsbanki Depositor (not including, for the avoidance of doubt, any former Landsbanki Depositor who became a depositor of NBI hf.) other than a Landsbanki Amsterdam Depositor.

"*First Phase Rate*" means 3.0 per cent. *per annum*.

"*FSCS*" means the "FSCS" as defined in the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement.

"*FSCS Deed of Assignment*" means the "FSCS Deed of Assignment" as defined in the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement.

"*Governmental Authority*" means any nation or government, any state or municipality, any multi-lateral or similar organization or any other agency, instrumentality or political subdivision thereof and any entity exercising executive, legislative, judicial, monetary, regulatory or administrative functions of or pertaining to government.

"*Guarantee Fund*" has the meaning set forth in the introduction hereto.

"*Guarantee Fund Estate Proceeds*" means (i) any or all amounts as the context requires received by the Guarantee Fund in respect of the claims of or formerly of Landsbanki Depositors or otherwise in respect of the insolvency of Landsbanki, and (ii) any or all amounts as the context requires received by DNB which is payable by DNB to The Netherlands pursuant to paragraph 2.4 of the DNB Assignment Agreement, and (iii) any or all amounts as the context requires received by the FSCS which is payable by the FSCS to the HMT Commissioners pursuant to paragraph 2.5 of the FSCS Deed of Assignment.

"*HMT Commissioners*" means the Commissioners of Her Majesty's Treasury of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland.

"*Iceland*" has the meaning set forth in the introduction hereto.

"*Interest Proceeds*" means, at any time, an amount (expressed in euro) equal to a fraction of the Guarantee Fund Estate Proceeds at that time, calculated by multiplying the amount of those Guarantee Fund Estate Proceeds by a fraction the numerator of which is equal to the Accepted Interest Amount and the denominator of which is equal to the Accepted Claims Amount, in each case at that time.

"*ISK Equivalent*" means, in relation to any amount in euro or Sterling and as at any day, the equivalent of such amount in Krónur calculated at the average of the published daily rates of exchange as published by the Central Bank of Iceland (*Seðlabanki Íslands*) (or, to the extent that no such rates of exchange are published by the Central Bank of Iceland, the published daily rates of exchange derived from a source reasonably agreed between Iceland and The Netherlands or, if Iceland and The Netherlands fail to agree such rate prior to the date for which the relevant ISK Equivalent is to be determined, as determined by arbitration

in accordance with Section 9.10) for the period of one month ending on the day immediately preceding that day.

"*Krónur*" or "*ISK*" means the lawful currency for the time being of Iceland.

"*Landsbanki*" means Landsbanki Íslands hf., a financial undertaking incorporated under the laws of Iceland.

"*Landsbanki Amsterdam*" means the Amsterdam branch of Landsbanki.

"*Landsbanki Amsterdam Depositor*" means each Person who has deposited any funds, or otherwise has any credit balance, with Landsbanki Amsterdam and whose corresponding claim against Landsbanki is guaranteed by the Guarantee Fund according and subject to Act No. 98/1999.

"*Landsbanki Depositor*" means each Person who has deposited any funds, or otherwise has any credit balance, with Landsbanki and whose corresponding claim against Landsbanki is guaranteed by the Guarantee Fund according and subject to Act No. 98/1999 (including, for the avoidance of doubt, each Landsbanki Amsterdam Depositor).

"*Lien*" means any mortgage, lien, pledge, fiduciary transfer, charge, encumbrance or other security interest.

"*Loan Agreement*" means the Loan Agreement dated 5 June 2009 between the Parties.

"*Mandatory Prepayment Event*" means any event or circumstance specified as such in paragraph (b) of Section 3.5.

"*Mandatory Prepayment-Related Material Adverse Effect*" means any effect which impairs the ability of any Reimbursement Party to perform its payment or other material obligations under this Agreement or any other Relevant Document.

"*NL Interest Share Receipts*" means, at any time, the aggregate of all amounts applied in accordance with paragraph (a)(ii)(B)(1) of Section 3.5 at or prior to that time.

"*NL Interest Share*" means, at any time, a fraction of the Interest Proceeds at that time, calculated by multiplying those Interest Proceeds by a fraction dependent on the Recovery Percentage at that time and determined in accordance with the following table:

Recovery Percentage	NL Interest Share
86 or less	Zero
≥86 ≤ 87	0.05
≥87 ≤ 88	0.10
≥88 ≤ 89	0.15
≥90 ≤ 91	0.20
≥91 ≤ 92	0.25
≥92 ≤ 93	0.35
≥93 ≤ 94	0.45
≥94 ≤ 95	0.55
≥95 ≤ 96	0.65
≥96 ≤ 97	0.75
≥97 ≤ 98	0.85
≥98 ≤ 99	0.95
≥99 ≤ 100	1

"*NL Settlement Account*" means account nr. 600113019 (BIC: MIFINL2G; IBAN: NL10FLOR0600113019) with DNB in the name of The Netherlands.

"*Other Guarantee Fund*" means any deposit-guarantee scheme introduced and officially recognized in Iceland for the purpose of Directive 94/19/EC (including any modification or re-enactment thereof or any substitution therefor), other than the Guarantee Fund.

"*Parties*" has the meaning set forth in the introduction hereto.

"*Payment Date*" means January 1, 2011 and each April 1, July 1, September 1 and January 1 falling after January 1, 2011.

"*Pay-out Costs*" means the costs incurred by The Netherlands in paying compensation to Landsbanki Amsterdam Depositors in respect of their claims against Landsbanki and the Guarantee Fund under Act No. 98/1999 as referred to in the Recitals, which is an amount of EUR 7,000,000 (seven million euro).

"*PCA Rules*" means Permanent Court of Arbitration Optional Rules for Arbitrating Disputes between Two Parties of Which Only One Is a State, as in effect on the date hereof.

"*Person*" means any individual, corporation, company, voluntary association, partnership, limited liability company, joint venture, trust, unincorporated organization, Governmental Authority or other entity of whatever nature.

"*Pro Rata Entitlement*" means, as at any time, a fraction calculated by dividing (a) (i) in the case of The Netherlands, an amount of GBP 1,134,680,211.10 (being the Sterling equivalent of the amount of the Reimbursement Amount as at the date of this Agreement converted into Sterling at a rate of EUR 1,1653 to GBP 1,00), or (ii) in the case of the HMT

Commissioners, the aggregate of all "Disbursements" as defined in the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement made up to that time under the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement (which the Parties believe to have been GBP 2,254,417,851.51 as at November 24, 2010), by (b) the aggregate of the amounts referred to in item (a) above.

"*Property*" of any Person means any property, rights or revenues, or interest therein, of such Person.

"*Quarterly Installments*" means the quarterly installments in which the Second Phase Reimbursement Amount must be paid, the amount and number of which are determined in accordance with Section 3.1 (subject to the other provisions of this Agreement).

"*Recovery Percentage*" means, at any time, such fraction, expressed as a percentage, of the Accepted Claims Amount as under Icelandic Act no. 21/1991 on Bankruptcies etc. (*Lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.*) (or otherwise under the laws of Iceland) has been or is deemed to have been paid by the Winding up Board of Landsbanki in payment of the Accepted Claims Amount at that time.

"*Reimbursement Amount*" means the amount to be reimbursed by the Guarantee Fund to The Netherlands pursuant to this Agreement (or the outstanding amount thereof from time to time) which at the date of this Agreement is an amount of EUR 1,322,242,850 (one billion three hundred twenty two million two hundred forty two thousand eight hundred and fifty euro) and which may reduce pursuant to the terms of this Agreement.

"*Reimbursement Parties*" means, collectively, the Guarantee Fund and Iceland.

"*Reimbursement Payment Date*" means each Payment Date falling after the Second Phase Start Date.

"*Relevant Documents*" means, collectively, this Agreement, the DNB Assignment Agreement, the DNB *Pari Passu* Agreement and any other agreement or document designated as a Relevant Document by the Parties.

"*Relevant Financing Arrangement*" means any agreement, arrangement or treaty entered into by any Reimbursement party with any financier (including any Sovereign, international organization, private entity or other Person) for the purpose of financing claims of any depositors of an Icelandic bank where such claims arose prior to the date of this Agreement, but excluding (a) the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement, and (b) any agreement, arrangement or treaty entered into for the purpose of financing or refinancing (i) any part of the Reimbursement Amount or compensation or any other amount payable by any Reimbursement Party to The Netherlands under this Agreement or any other Relevant Document (or any successor agreement or document), or (ii) any amount payable by any Reimbursement Party under the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement or any other "Relevant Documents" as defined in the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement (or any successor agreement or document).

"*Relevant Icelandic Total Government Revenue*" means, in relation to any Reimbursement Payment Day falling in a given period starting on July 1 of any year and ending on June 30 of the immediately following year (a "*Relevant Period*"), (a) Iceland's "Total Central Government Revenue" for the calendar year immediately preceding that Relevant Period as published by the Statistical Bureau of Iceland (*Hagstofa Íslands*), or (b) if such Total Central Government Revenue (i) has not yet been published, or (ii) is less than 26 per cent. of the then most recent estimate of the gross domestic product of Iceland for the calendar year immediately preceding that Relevant Period as published by the International Monetary Fund in its most recent World Economic Outlook (the "*Relevant Icelandic GDP*"), an amount equal to 26 per cent. of the Relevant Icelandic GDP (or, if there is a material change in the component elements or any of such Total Central Government Revenue or gross domestic product or any such figure for such Total Central Government Revenue or Relevant Icelandic GDP is not published by the relevant organization, a comparable figure (or comparable figures) for such revenue Total Central Government Revenue or Relevant Icelandic GDP reasonably agreed between Iceland and the Netherlands or, if Iceland and The Netherlands fail to agree such figure (or figures) prior to that Reimbursement Payment Day, as determined by arbitration in accordance with Section 9.10).

"*Second Phase CIRR*" means the Commercial Interest Reference Rate for euro as applicable on 15 June 2016 and as published by the Organisation for Economic Co-operation and Development (or, if no such rate is published by that organization, a comparable rate reasonably agreed between Iceland and the Netherlands or, if Iceland and The Netherlands fail to agree such comparable rate before the Second Phase Start Date, as determined by arbitration in accordance with Section 9.10) for a loan with a duration longer than the scheduled payment period for the Second Phase Reimbursement Amount (or (a) if there is more than one such rate for loans with a duration longer than the scheduled payment period for the Second Phase Reimbursement Amount, such rate for a loan with the shortest duration which is longer than such scheduled payment period, and (b) if there is no such rate for a loan with a duration longer than the scheduled payment period for the Second Phase Reimbursement Amount, such rate for a loan with a duration closest to such scheduled payment period) and, for this purpose, the "*scheduled payment period for the Second Phase Reimbursement Amount*" shall be the period from the Second Phase Start Date through the Reimbursement Payment Date on which the last Quarterly Installment is due to be paid (as determined in accordance with paragraphs (b) and (c) of Section 3.1).

"*Second Phase Reimbursement Amount*" means the Reimbursement Amount as at the end of the day immediately preceding the Second Phase Start Date (excluding, however, any part of the Reimbursement Amount which has fallen due for payment before, but remains unpaid in breach of the terms of this Agreement on, the Second Phase Start Date).

"*Second Phase Start Date*" means July 1, 2016.

"*Shortfall Amount*" means, from time to time, (a) any amount expressed to be payable by the Guarantee Fund to The Netherlands under this Agreement or any other Relevant Document which has not been paid, and remains unpaid, in full when due, at the place and in the currency in which it is expressed to be payable, and (b) if any obligation of the Guarantee

Fund under this Agreement or the other Relevant Documents is or becomes unenforceable, invalid or illegal, an amount equal to the aggregate of the amounts which The Netherlands would otherwise have been entitled to recover from the Guarantee Fund if that obligation had been or had continued to be enforceable, valid and legal.

"*Sovereign*" means any nation or government having sovereign authority.

"*Sovereign Debt*" means any present or future borrowing, debt or other obligation, whether actual or contingent, which is (a) payable to non-residents of Iceland or, if in the form of bonds, notes, debentures, loan stock or other securities, at least 25 per cent. in aggregate principal amount of which is or was initially offered to non-residents of Iceland, or (b) denominated in a currency other than Krónur or, if denominated in Krónur, under the terms of which payment of principal, premium (if any) or interest can be or is required to be made in or by reference to any other currency, including, for the avoidance of doubt, (i) any borrowing, debt or other obligation owing to the International Monetary Fund, and (ii) any borrowing, debt or other obligation owing under the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement.

"*Sterling*" or "*GBP*" means the lawful means the lawful currency for the time being of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland.

"*UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement*" means the Reimbursement Agreement entered or to be entered into on or about the date of this Agreement between the Guarantee Fund, Iceland and the HMT Commissioners.

"*UK Quarterly Installment*" means a "Quarterly Installment" as defined in the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement.

"*UK Reimbursement Amount*" means, from time to time, the "Reimbursement Amount" as defined in the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement.

"*UK Second Phase Reimbursement Amount*" means the "Second Phase Reimbursement Amount" as defined in the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement.

"*UK Settlement Agreement*" means the "Settlement Agreement" as defined in the UK Disbursement, Reimbursement and Indemnity Agreement.

"*Taxes*" means all present and future income, stamp, registration and other taxes and levies, imposts, deductions, charges and withholdings whatsoever, and all interest, penalties or similar amounts with respect thereto or with respect to the non-payment thereof, now or hereafter imposed, assessed, levied or collected by any authority, on or in respect of this Agreement or any other Relevant Document, any payment under this Agreement or any other Relevant Document or the recording, registration, notarization or other formalization of any thereof.

"*The Netherlands*" has the meaning set forth in the introduction hereto.

Drög að þýðingu – enski textinn gildir.

ENDURGREIÐSLU- OG SKAÐLEYSISSAMNINGUR dags. [*], 2010

milli

Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi

og

Íslands

og

hollenska ríkisins

ENDURGREIÐSLU- OG SKAÐLEYSISSAMNINGUR þessi, dags. [**], 2010 („*samningur þessi*“), á milli **TRYGGINGARSJÓÐS INNSTÆÐUEIGENDA OG FJÁRFESTA**, sjálfseignarstofnunar sem er stofnuð á grundvelli íslenskra laga („*Tryggingarsjóður*“), **ÍSLANDS** („*Ísland*“) og **HOLLENSKA RÍKISINS** („*Holland*“, sameiginlega verður vísað til Hollands, Tryggingarsjóðs og Íslands sem „*samningsaðila*“).

FORSENDUR SAMNINGSINS

Samningsaðilar hafa gert með sér lánssamning og viðaukasamning, sem saman kveða á um það samkomulag sem samningsaðilar gerðu með sér í upphafi um þau málefni sem lýst er í forsendum þessum. Samningsaðilar vilja nú gera með sér samning þennan í þeim tilgangi að ná sátt um umrædd atriði, og einnig til þess að fella lánssamninginn og viðaukasamninginn úr gildi, enda öðlist samningur þessi gildi.

Tryggingarsjóður ábyrgist kröfur innstæðueigenda hjá Landsbankanum í Amsterdam á hendur Landsbankanum samkvæmt lögum nr. 98/1999, en með þeim var innleidd tilskipun 94/19/EB, sem nemur allt að 20.887 evrum fyrir hvern innstæðueiganda.

Seðlabanki Hollands hefur greitt út tryggingar til innstæðueigenda hjá Landsbankanum í Amsterdam vegna krafna þeirra á hendur Landsbankanum og Tryggingarsjóði á grundvelli laga nr. 98/1999 og í staðinn hafa þessir innstæðueigendur Landsbankans í Amsterdam framselt Seðlabanka Hollands umræddar kröfur. Seðlabanki Hollands hefur samþykkt meirihluta umsókna um útgreiðslu tryggingar og lauk við að greiða þær út 2. júní 2009. Seðlabanki Hollands hefur synjað umsóknum um útgreiðslu tryggingar frá minnihluta innstæðueigenda hjá Landsbankanum í Amsterdam. Hluti innstæðueigenda hjá Landsbankanum í Amsterdam hefur andmælt synjun Seðlabanka Hollands. Synjun Seðlabanka Hollands má bera undir dómstóla og á þeim degi sem samningur þessi er gerður er óvíst að hvaða marki Seðlabanki Hollands gæti þurft að hlíta niðurstöðu dómstóla um greiðslu trygginga vegna þessara krafna.

Holland hefur forfjármagnað útgreiðslur Seðlabanka Hollands á tryggingum vegna krafna innstæðueigenda hjá Landsbankanum í Amsterdam á hendur Landsbankanum og Tryggingarsjóði skv. lögum nr. 98/1999 og tilheyrandi kostnað. Samningsaðilar hafa orðið ásáttir um að Tryggingarsjóður endurgreiði Hollandi þá forfjármögnun í samræmi við ákvæði samnings þessa. Ennfremur munu samningsaðilar ákvarða þá fjárhæð sem Tryggingarsjóður endurgreiðir Hollandi í samningi þessum.

Samningsaðilar staðfesta að samið hafi verið um samning þennan í samræmi við „hin umsömdu viðmið“ frá 14. nóvember 2008, sem Ísland og aðildarríki Evrópusambandsins stóðu að.

I. GR.
SKILGREININGAR

Grein 1.1 *Skilgreiningar tiltekinna hugtaka*. a) Þau hugtök sem skilgreind eru í fylgiskjali 1 skulu í samningi þessum hafa þá merkingu sem þar er gefin.

b) Að því er varðar skilgreiningar á „vaxtafjármunum“ skal, ef eitthvað af hlutdeild Tryggingarsjóðs úr búinu er í öðrum gjaldmiðli en evrum og hafi hann ekki verið umreiknaður af Tryggingarsjóði skv. a-lið 7. mgr. 4. gr., umreikna þá fjárhæð í evrur á því gengi sem hollenska ríkið velur með sanngjörnum hætti.

Grein 1.2 *Önnur túlkunarákvæði*. (a) Merking skilgreindra hugtaka gildir óháð því hvort þau eru notuð í eintölu eða fleirtölu.

(b) Þegar orðalagið „í samningi þessum“, „samnings þessa“ eða sambærilegt orðalag er notað er verið að vísa til samnings þessa í heild sinni en ekki tiltekinna ákvæða hans.

(c) Tilvísanir í „skjöl“ eru tilvísanir í skjöl, gerninga, skriflega samninga, vottorð, skuldbindingar, tilkynningar og önnur skrifleg gögn af hvaða tagi sem er, á hvaða formi sem þau eru (þ.á m. á rafrænu formi).

(d) Orðalagið „þar á meðal/þar með talið“ [e. including] er ekki takmarkandi (nema að því marki sem það er sérstaklega tekið fram) og merkir „þar á meðal án takmarkana“ [e. including without limitation].

(e) Að því er varðar tilvísanir í ákveðin tímabil sem ná frá tilgreindri dagsetningu til síðari tilgreindrar dagsetningar skal orðið „frá“ merkja „frá og með“, orðið „til“ og orðasambandið „fram að“ skulu merkja „til [umrædds dags] að síðasttöldum degi undanskildum“, og orðasambandið „til og með“ merkir „til [umrædds dags] að síðasttöldum degi meðtöldum“, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

(f) Orðin „getur“ [e. may] og „kann“ [e. might] og sambærileg orð sem notuð eru í tengslum við ráðstöfun einhvers aðila gefa til kynna að umrædd ráðstöfun sé valfrjáls og að viðkomandi sé ekki skylt að grípa til umræddrar ráðstöfunar.

(g) Orðið „viðvarandi“ tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu gefur til kynna að slíkt tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu hafi átt sér stað og að ekki hafi verið bætt úr því eða fallið frá því í samræmi við 5. mgr. 9. gr.

(h) Nema annað sé sérstaklega tekið fram: (i) tilvísanir í samninga (þ.á m. samning þennan) og önnur skjöl skulu einnig taka til allra síðari breytinga á slíkum skjölum og samningum, en þó aðeins að því marki sem slíkar breytingar eru ekki óheimilar skv. viðkomandi skjölum, og (ii) túlka skal tilvísanir í lög sem gilda þannig að þær taki til allra ákvæða laga, reglugerða eða reglna sem hafa þann tilgang að styrkja, breyta, koma í stað, bæta við, túlka eða innleiða umrædd lög sem gilda.

II. GR.
ENDURGREIÐSLA O.FL.

Grein 2.1 *Endurgreiðsluskuldbinding*. Á grundvelli (a) undirritunar Seðlabanka Hollands á framsalssamningi bankans, (b) útgreiðslna Seðlabanka Hollands á tryggingum til innstæðueigenda hjá Landsbankanum í Amsterdam vegna krafna þeirra á hendur Landsbankanum og Tryggingarsjóði samkvæmt lögum nr. 98/1999 eins og um getur í forsendum samningsins, og (c) forfjármögnunar Hollands á útgreiðslum Seðlabanka Hollands, skuldbindur Tryggingarsjóður sig til að endurgreiða Hollandi þá forfjármögnun og greiða Hollandi í þeim tilgangi endurgreiðslufjárhæðina í samræmi við skilmála samnings þessa.

Grein 2.2 *Endurgreiðslufjárhæð*. Samningsaðilar eru ásáttir um, í öllum skilningi að því er varðar samning þennan og önnur viðkomandi skjöl, að á dagsetningu samnings þessa skuli endurgreiðslufjárhæðin nema 1.322.242.850 evrum (einum milljarði þrjú hundruð tuttugu og tveimur milljónum tvö hundruð fjörtíu og tvö þúsund átta hundruð og fimmtíu evrum) og að endurgreiðslufjárhæðin kunni að lækka hverju sinni í samræmi við skilmála samnings þessa.

III. GR.
FYRIRKOMULAG ENDURGREIÐSLU, VEXTIR OG ÚTGREIÐSLUKOSTNAÐUR

Grein 3.1 *Fyrirkomulag endurgreiðslu*. (a) Þessi 1. mgr. 3. gr. gildir frá upphafsdegi seinna tímabils.

(b) Með fyrirvara um d-lið að neðan samþykkir Tryggingarsjóður að greiða Hollandi endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils með samfelldum ársfjórðungslegum afborgunum, sem skulu greiðast á hverjum greiðsludegi endurgreiðslu.

(c) Fjöldi og fjárhæð ársfjórðungslegra afborgana skal reiknaður sem hér segir:

(i) ef, miðað við daginn næst á undan upphafsdegi seinna tímabils, samanlögð jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum) endurgreiðslu seinna tímabils og jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum) endurgreiðslu seinna tímabils til Bretlands nemur 45.000.000.000 kr. eða lægri fjárhæð, (A) þá skulu ársfjórðungslegar afborganir vera fjórar að tölu, og (B) fjárhæð hverrar ársfjórðungslegrar afborgunar skal vera endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils deilt með fjórum,

(ii) ef, miðað við daginn næst á undan upphafsdegi seinna tímabils, samanlögð jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum) endurgreiðslu seinna tímabils og jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum) endurgreiðslu seinna tímabils til Bretlands, er hærri en 45.000.000.000 kr., (A) þá skal fjöldi ársfjórðungslegra afborgana vera, eftir því hvort er lægri tala, (I) fjórar <u>að viðbættum</u> öðrum fjórum fyrir hverja 10.000.000.000 króna (eða hluta þeirrar fjárhæðar) sem sú samtala er umfram kr. 45.000.000.000, og (II) 118, og (B) þá skal fjárhæð hverrar ársfjórðungslegrar afborgunar vera endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils deilt með þeim fjölda ársfjórðungslegra afborgana sem þannig fæst,

(d) (i) án tillits til b- og c-liðar að ofan og háð skilyrðum iii-liðar að neðan, ef á tilteknum greiðsludegi endurgreiðslu samtala (A) jafnvirðisfjárhæðar (í íslenskum krónum) á greiðsludegi endurgreiðslu viðkomandi ársfjórðungslegrar afborgunar ásamt vaxtafjárhæð sem gjaldkræf er á sama greiðsludegi endurgreiðslu samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. og (B) jafnvirðisfjárhæðar (í íslenskum krónum) gjaldkræfrar ársfjórðungslegrar afborgunar til Bretlands á eða í kringum greiðsludag endurgreiðslu ásamt vaxtafjárhæð sem gjaldkræf er á eða í kringum greiðsludag endurgreiðslu samkvæmt a-lið 2. mgr. 4. gr. breska útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins, nemur meira en 1,25 af hundraði af viðeigandi heildartekjum íslenska ríkisins miðað við viðkomandi greiðsludag endurgreiðslu, þá (X) skal sú samtala lækkuð um þá lágmarksfjárhæð sem þarf til að tryggt sé að samtalan fari niður fyrir 1,25 af hundraði af viðeigandi heildartekjum íslenska ríkisins miðað við greiðsludag endurgreiðslu, (Y) fjárhæð slíkrar lækkunar (sett fram í krónum) skal skipt á milli Hollands og umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins í samræmi við hlutfallslegan rétt hvors aðila til endurgreiðslunnar, og (Z) fjárhæð ársfjórðungslegu afborgunarinnar sem vísað er í undir (A) að ofan (og nemi hlutfallslegur réttur umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins til endurgreiðslu hærri fjárhæð en ársfjórðungslegu afborguninni, þá skal vaxtafjárhæðin sem vísað er til í (A)) lækka um það sem nemur hlutfallslegum rétti Hollands í slíkri lækkun (umbreytt í evrur á því gengi sem notað er við útreikning jafnvirðisfjárhæðar (í íslenskum krónum) sem vísað er til að ofan).

(ii) Hver sú fjárhæð sem ársfjórðungsleg afborgun eða vaxtafjárhæð lækkar um, í samræmi við i-lið hér að framan, er áfram gjaldkræf og bætist við ársfjórðungslegu afborgunina sem kemur til greiðslu á næsta greiðsludegi endurgreiðslu (en sú ársfjórðungslega afborgun, sem þannig hefur hækkað, heyrir undir beitingu i-liðar hér að ofan og kemur því (þó ætíð með fyrirvara um iii-lið hér að neðan) einungis og að því marki til greiðslu sem segir í i-lið hér að ofan. Hver sú fjárhæð sem vaxtafjárhæð lækkar um, í samræmi við i-lið hér að framan, telst hluti af endurgreiðslufjárhæðinni frá þeim greiðsludegi endurgreiðslu þegar (ef ekki væri fyrir i-lið hér að ofan) sú upphæð hefði komið til greiðslu í samræmi við b- og c-lið hér að ofan, og falla vextir á hana í samræmi við það.

(iii) Ákvæði i- og ii-liðar hér að ofan gilda ekki í tengslum við þann greiðsludag endurgreiðslu þegar síðasta ársfjórðungslega afborgun kemur til greiðslu (eins og ákvarðað er í samræmi við c-lið hér að ofan) eða sú ársfjórðungslega afborgun sem kemur til greiðslu á þeim greiðsludegi endurgreiðslu, hverjir þeir vextir, sem koma til greiðslu á þeim greiðsludegi endurgreiðslu, og hver sú fjárhæð sem kemur til greiðslu á þeim greiðsludegi endurgreiðslu í samræmi við ii-lið hér að ofan, skulu koma til greiðslu að fullu á þeim greiðsludegi endurgreiðslu.

Grein 3.2 *Vextir*. (a) Tryggingarsjóður skal greiða Hollandi vexti af endurgreiðslufjárhæðinni, (i) skv. vaxtastigi fyrra tímabils fyrir tímabilið frá 1. október 2009 til upphafsdags seinna tímabils, og (ii) skv. viðmiðunarvöxtum seinna tímabils fyrir tímabilið frá og með upphafsdegi seinna tímabils. Slíkir vextir skulu halda áfram að leggjast á að því marki sem lög sem gilda heimila bæði fyrir og eftir gjaldþrot, ógjaldfærni, endurskipulagningu, skipti, endurskipulagningu innan eða utan réttar, slit, samkomulag, nauðasamning eða aðlögun skulda Tryggingarsjóðs. Til að fyrirbyggja vafa skal tekið fram að ekki þarf að greiða vexti vegna tímabila fyrir 1. október 2009.

(b) Þrátt fyrir framangreint skal Tryggingarsjóður greiða hollenska ríkinu dráttarvexti á sérhverja fjárhæð í vanskilum. Slíkir vextir skulu leggjast við fjárhæðina, sem þeir hafa fallið á, á hverjum greiðsludegi.

(c) Greiða skal vexti sem fallið hafa á endurgreiðslufjárhæðina eða aðrar fjárhæðir (i) á fyrsta greiðsludegi ef um er að ræða vexti sem áfallnir eru fyrir fyrsta greiðsludag (og leggjast þeir við fjárhæðina, sem þeir hafa fallið á, á hverjum degi sem hefði verið greiðsludagur ef fyrsti greiðsludagur hefði verið 1. janúar 2010 í stað 1. janúar 2011, (ii) á hverjum greiðsludegi eftir það, og (iii) þegar um er að ræða innborgun inn á einhvern hluta endurgreiðslufjárhæðarinnar (hvort sem hún er valfrjáls eða skylt er að greiða hana) á þeim degi sem slík innborgun á sér stað (einungis skal greiða vexti sem fallið hafa á þann hluta endurgreiðslufjárhæðarinnar sem er greidd fyrirfram fram að innborgunardegi), með þeim fyrirvara að einnig skuli greiða hverju sinni dráttarvexti, sem fallið hafa á fjárhæðir í vanskilum, þegar hollenska ríkið óskar eftir því.

(d) Vextir sem falla á endurgreiðslufjárhæðina eða aðrar fjárhæðir skulu reiknaðir á grundvelli raunverulegs fjölda liðinna daga á vaxtatímabilinu miðað við að árið sé þrjú hundruð sextíu og fimm (365) dagar.

Grein 3.3 *Valfrjálsar innborganir*. (a) Tryggingarsjóði er heimilt að greiða endurgreiðslufjárhæðina fyrirfram, að fullu eða að hluta, enda tilkynni hann (eða Ísland fyrir hans hönd) hollenska ríkinu með fyrirvara um slíka innborgun í samræmi við 4. mgr. 3. gr. og skal sú fjárhæð sem greiða á fyrirfram og þeir vextir sem fallið hafa á hana skv. 2. mgr. 3. gr. falla í gjalddaga skv. samningi þessum á þeim degi sem tilgreindur er í tilkynningunni. Fjárhæðir sem greiddar eru fyrirfram skv. samningi þessum verða ekki endurheimtar.

(b) Á sama tíma og Tryggingarsjóður greiðir hvers konar valfrjálsa innborgun skv. a-lið að ofan skal hann greiða valfrjálsa hlutfallslega innborgun inn á endurgreiðslufjárhæðina sem eftir stendur samkvæmt útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Bretland þannig að sama hlutfall sé greitt af endurgreiðslufjárhæðinni sem eftir stendur skv. þessum samningi og skv. útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Bretland (með fyrirvara um námundun).

(c) Hvers konar innborgun inn á endurgreiðslufjárhæðina skv. a-lið hér að ofan lækkar, með fyrirvara um b-lið 7. mgr. 3. gr., endurgreiðslufjárhæðina sem nemur fjárhæð innborgunarinnar og skal, ef hún er innt af hendi á upphafsdegi seinna tímabils eða síðar, nýtt til að greiða hlutfallslega niður hverja ársfjórðungslega afborgun sem eftir stendur.

Grein 3.4 *Tilkynningar*. (a) Tilkynning um innborgun skv. a-lið 3. mgr. 3. gr. að framan er einungis gild ef hún berst hollenska ríkinu fyrir lok vinnudags (að staðartíma í Amsterdam) þremur (3) virkum dögum fyrir dagsetningu slíkrar innborgunar. Í tilkynningu um innborgun skal tilgreina þá fjárhæð sem greiða á fyrirfram og umbeðinn greiðsludag innborgunar (sem skal vera virkur dagur).

Grein 3.5 *Skyldubundnar innborganir og aðrar greiðslur með hlutdeild Tryggingarsjóðs úr búinu*. (a)

(i) Fái Tryggingarsjóður einhverjar greiðslur upp í hlutdeild sína úr búinu, skal hann innan fimm (5) virkra daga greiða hvoru um sig, Hollandi og umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins samkvæmt hlutfallslegum rétti þeirra til greiðslunnar (að því er varðar Holland skal slík greiðsla vera í þeirri mynt sem krafa er gerð um skv. 7. mgr. 3. gr. og að því leyti sem greiðslan á að renna til umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins, skal hún vera í þeirri mynt sem kveðið er á um í útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Bretland), með þeim fyrirvara að Tryggingarsjóðurinn skuli ekki vera skuldbundinn til að inna slíka greiðslu af hendi (i) ef, að því leyti og svo lengi sem skilmálar þeir sem greiðslan til Tryggingarsjóðs er bundin og sem leiða til móttöku Tryggingarsjóðs á fjárhæðinni sem um er að ræða, meina Tryggingarsjóði að ráðstafa fjárhæðinni til annarra aðila, eða (ii) ef og að því leyti sem Tryggingarsjóður skal greiða fjárhæðina til DNB (Seðlabanka Hollands) samkvæmt framsalssamningi DNB eða til FSCS samkvæmt framsalssamningi FSCS eða uppgjörssamningnum við Bretland.

(ii) Allar fjárhæðir sem hollenska ríkið móttekur af hlutdeild Tryggingarsjóðs úr búinu (hvort sem er (x) skv. i-lið hér að framan, (y) 4. mgr. 2. gr. framsalssamnings FSCS, eða (z) a-lið i-liðar A í 7. mgr. 4. gr. útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins við Bretland) skulu notaðar:

A) til innborgunar á endurgreiðslufjárhæðina áður en endurheimtuhlutfallið verður lægra en 86%, eða

B) eftir að endurheimtuhlutfallið verður lægra en 86%:

1) í fyrsta lagi til að greiða umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins þær fjárhæðir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að eftir slíka greiðslu séu heildarheimtur á vaxtahluta hollenska ríkisins í samræmi við vaxtahlutfall hollenska ríkisins á þeim tíma, og

2) í öðru lagi til innborgunar á endurgreiðslufjárhæðina.

iii) Hvers konar innborgun inn á endurgreiðslufjárhæðina skv. þessari málsgrein lækkar, með fyrirvara um b-lið 7. mgr. 3. gr., endurgreiðslufjárhæðina sem nemur fjárhæð innborgunarinnar og skal, ef hún er innt af hendi á upphafsdegi seinna tímabils eða síðar, nýtt til að greiða hlutfallslega niður hverja ársfjórðungslega afborgun sem eftir stendur.

(b) Ef eitthvert eftirfarandi atvika (sem hvert um sig kallast „*tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu*“) á sér stað þá getur hollenska ríkið hvenær sem er á meðan atvikið er viðvarandi, með tilkynningu til Tryggingarsjóðs og afriti til íslenska ríkisins, lýst því yfir að

endurgreiðslufjárhæðin, ásamt áföllnum vöxtum og öðrum fjárhæðum sem endurgreiðsluaðila ber að standa skil á skv. samningi þessum eða öðrum viðeigandi skjölum, sé þegar í stað fallin í gjalddaga, og skulu þá fjárhæðirnar þegar í stað falla í gjalddaga án framvísunar, kröfu, andmæla eða annarra formsatriða af hvaða tagi sem er, sem endurgreiðsluaðilar afsala sér hér með sérstaklega:

(i) (A) einhver hluti endurgreiðslufjárhæðarinnar eða vaxta eða annarra fjárhæða sem endurgreiðsluaðila ber að greiða hollenska ríkinu skv. samningi þessum eða öðrum viðeigandi skjölum er ekki greiddur að fullu á gjalddaga, á þeim stað og í þeim gjaldmiðli sem greiða ber, nema (1), að því er varðar vanskil á einhverjum hluta endurgreiðslufjárhæðarinnar eða vöxtum sem greiða ber á greiðsludegi skv. 1. mgr. 3. gr. (að því er varðar einhvern hluta endurgreiðslufjárhæðarinnar) eða i-lið c-liðar í 2. mgr. 3. gr. (að því er varðar vexti), slík vanskil megi að öllu leyti rekja til stjórnsýslulegrar eða tæknilegrar yfirsjónar og að fjárhæðin greiðist eigi síðar en fimm (5) virkum dögum eftir gjalddaga, eða (2). að því er varðar öll önnur tilvik, fjárhæðin greiðist eigi síðar en tuttugu (20) virkum dögum eftir gjalddaga, (B) einhverri greiðslu endurgreiðslufjárhæðarinnar, vaxta eða annarra fjárhæða skv. samningi þessum eða öðrum viðeigandi skjölum sem áður hefur verið reidd af hendi af endurgreiðsluaðila er rift, vikið til hliðar, hún ógilt eða lækkuð,

(ii) endurgreiðsluaðili er í vanskilum eða, í tilviki vanskila sem unnt er að bæta úr, er í vanskilum sem vara í a.m.k. tuttugu (20) virka daga frá (A) þeim degi sem hollenska ríkið tilkynnir viðkomandi endurgreiðsluaðila um vanskilin, eða (B) þeim degi sem yfirmanni hjá endurgreiðsluaðila verður kunnugt um vanskilin eða ætti að hafa orðið kunnugt um vanskilin við framfylgd og framkvæmd skuldbindinga hans skv. samningi þessum eða einhverju öðru viðkomandi skjali (að öðru leyti en kveðið er á um í i-lið að ofan), hvort sem fyrr verður (í þessu sambandi skal hugtakið „yfirmaður“ merkja, að því er varðar Tryggingarsjóð, stjórnanda hjá Tryggingarsjóði og, að því er varðar íslenska ríkið, ráðherra eða ráðuneytisstjóra í íslenska fjármála- eða utanríkisráðuneytinu, og yfirmenn eða aðstoðarmenn yfirmanna þeirrar deildar eða deilda hjá íslenska ríkinu sem hafa umsjón með ríkisskuldum íslenska ríkisins (þ.á.m. skuldum þess skv. samningi þessum),

(iii) hvers konar yfirlýsing, sem er sett fram eða talin er hafa verið sett fram af hálfu endurgreiðsluaðila í samningi þessum eða öðru viðkomandi skjali eða í skjali sem endurgreiðsluaðili hefur afhent í tengslum við viðkomandi skjal, er eða reynist hafa verið röng eða villandi í veigamiklum atriðum þegar hún var sett fram eða talin hafa verið sett fram,

(iv) greiðsluskuldbindingar Tryggingarsjóðs skv. samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum verða ekki lengur a.m.k. jafnrétthár núverandi og síðari kröfum allra annarra kröfuhafa hans eða greiðsluskuldbindingar íslenska ríkisins skv. samningi þessum og öðrum viðeigandi skjölum verða ekki lengur jafnrétthár núverandi og síðari ríkisskuldum Íslands, í báðum tilvikum öðrum en kröfum sem hafa forgang skv. gildandi lögum á þeim degi sem samningur þessi er gerður,

(v) (A) samningur þessi og önnur viðkomandi skjöl falla úr gildi, eru afturkölluð eða þeim rift eða teljast ekki lengur vera gild, skuldbindandi eða hafa nokkur réttaráhrif af hvaða ástæðu sem er (þó ekki vegna þess að gildistími samkvæmt viðkomandi samningi er liðinn eða vegna athafna eða athafnaleysis Hollands eða Seðlabanka Hollands), (B) efndir endurgreiðsluaðila á skuldbindingum sínum samkvæmt viðkomandi samningi telj-

ast ólögmætar, (C) endurgreiðsluaðili staðfestir það skriflega, eða (D) endurgreiðsluaðili vefengir lögmæti eða fullnustuhæfi samnings þessa eða annarra viðkomandi skjala,

(vi) Tryggingarsjóði (A) er slitið eða hann leystur upp, (B) sjóðurinn staðfestir skriflega að hann geti ekki eða sé almennt ófær um að greiða skuldir sínar þegar þær falla í gjalddaga, að teknu tilliti til hvers konar stuðnings sem hann á kost á, eða (C) sjóðurinn frestar því (hvort heldur er viljandi eða óviljandi) að greiða af skuldum sínum, nema áður hafi, í sérhverju þessara tilvika, (1) annar aðili, arftaki, tekið yfir skuldbindingar sjóðsins skv. samningi þessum og öðrum viðeigandi skjölum skv. skilmálum sem Holland hefur samþykkt (sem skal ekki að ástæðulausu synja um eða draga slíkt samþykki), og (2) Ísland gefið þær staðfestingar og gert þá samninga sem Holland kann með sanngirni að fara fram á til að tryggja að skuldbindingar Íslands skv. samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum haldist í fullu gildi eins og arftakinn hefði verið aðili að samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum frá upphafi,

(vii) Ísland (eða stjórnvald eða ráðuneyti á Íslandi) stendur ekki við hvers konar greiðslu á ríkisskuldum á gjalddaga (eða innan þess gjaldfrests sem er upphaflega veittur í samningi um slíkar ríkisskuldir) eða hvers konar ríkisskuldir koma fyrr til greiðslu en á tilgreindum gjalddaga vegna vanefnda (af hvaða toga sem er), þó með þeim fyrirvara að ekki komi til tilviks sem leiðir til uppgreiðsluskyldu skv. þessum vii-lið nema heildarfjárhæð ríkisskuldarinnar, sem ekki hefur verið greidd af á gjalddaga eða sem hefur komið fyrr til greiðslu, sé hærri en 50.000.000 sterlingspund eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðlum,

(viii) (A) endurgreiðsluaðili fer ekki að gildandi lögum sem hann heyrir undir við aðstæður þar sem slík vanræksla gæti haft veruleg neikvæð áhrif sem tengjast uppgreiðsluskyldu, eða (B) þau gildandi lög sem eru nauðsynleg forsenda þess að Tryggingarsjóður eða Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum eru afturkölluð, felld úr gildi, óvirk eða eru af öðrum orsökum ekki í fullu gildi eða þeim breytt á þann hátt að það hefur eða gæti haft (samanlagt) veruleg neikvæð áhrif sem tengjast uppgreiðsluskyldu.

(c) *Tilkynning um tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu*. Ef endurgreiðsluaðili verður var við að tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu hafi orðið skal hann tilkynna Hollandi um slíkan atburð eins fljótt og auðið er og greina þar frá þeim atvikum eða aðstæðum sem teljast vera tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að ráða bót þar á.

Grein 3.6 *Útgreiðslukostnaður*. (a) Tryggingarsjóður samþykkir að greiða hollenska ríkinu fjárhæð útgreiðslukostnaðar þess, sem samningsaðilar eru ásáttir um að nemi 7.000.000 evrum (sjö milljónum evra) í öllum skilningi að því er varðar samning þennan og öll viðkomandi skjöl.

(b) Tryggingarsjóður samþykkir að greiða hollenska ríkinu á sérhverjum greiðsludegi á árinu 2011 fjárhæð sem jafngildir samtölu (i) fjórðungs útgreiðslukostnaðar og (ii) uppsafnaðra vaxta af þeirri fjárhæð á vaxtastigi fyrra tímabils frá 1. október 2009 til viðkomandi greiðsludags.

Grein 3.7 *Greiðslur*. (a) Allt sem greitt er af endurgreiðslufjárhæðinni, vaxtagreiðslur og annað það sem Tryggingarsjóður greiðir Hollandi samkvæmt samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum skal greitt með reiðufé í evrum án frádráttar, skuldajöfnunar eða gagnkröfu inn á uppgjörsreikning hollenska ríkisins eigi síðar en kl. 17:00 að staðartíma í Amsterdam á gjalddaga viðkomandi greiðslu (en hver greiðsla sem berst eftir þann tíma á gjalddaga greiðslunnar telst hafa verið reidd af hendi næsta virka dag), að því tilskildu að

(i) berist hollenska ríkinu fjárhæð frá Seðlabanka Hollands samkvæmt 4. mgr. 2. gr. framsalssamnings DNB skal hollenska ríkið eins fljótt og sanngjarnt getur talist:

(A) greiða umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins þann hluta fjárhæðarinnar sem þeir eiga hlutfallslegan rétt til í samræmi við ii-lið a-liðar 5. mgr. 4. gr. útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins við Bretland og skal slík greiðsla vera í þeirri mynt sem hún er móttekin án myntbreytinga en skipti yfir í sterlingspund skulu umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins annast samkvæmt útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Bretland, og

(B) ef slík greiðsla berst frá Seðlabanka Hollands í annarri mynt en evrum, umreikna það sem eftir stendur af fjárhæðinni í evrur á gengi að sanngjörnu vali hollenska ríkisins og skal slík greiðsla eftir umreikning fara fram skv. a-lið ii-liðar 5. mgr. 4. gr. og að því marki sem hún fer fram samkvæmt A í a-lið ii-liðar eða 2. undirlið B í a-lið ii-liðar 5. mgr. 3. gr., fullnægja skuldbindingunum svo jafngildi fjárhæðinni í evrum sem hollenska ríkið fær sinn hlut eftir þennan umreikning og

(ii) berist hollenska ríkinu fjárhæð frá umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins skv. a-lið i-liðar A í 7. mgr. 4. gr. útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins við Bretland skal i-liður B-liðar hér að framan gilda að breyttu breytanda.

(b) Ef greiðsla frá Tryggingarsjóði til Hollands nægir ekki til að unnt sé að mæta öllum greiðslum, sem eru á þeim tíma fallnar í gjalddaga og gjaldkræfar skv. samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum, af hálfu Tryggingarsjóðs til Hollands rennur sú greiðsla (i) í fyrsta lagi til greiðslu kostnaðar og útgjalda sem Holland hefur stofnað til og Tryggingarsjóði ber að endurgreiða skv. samningi þessum eða öðrum viðeigandi skjölum, (ii) í öðru lagi til greiðslu áfallinna vaxta sem eru komnir á gjalddaga skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum en eru ógreiddir, og (iii) í þriðja lagi til greiðslu á þeim hluta endurgreiðslufjárhæðarinnar sem kominn er á gjalddaga.

(c) Ef greiðslu samkvæmt samningi þessum ber að greiða á degi sem er ekki virkur dagur, eða ef tímabil sem útreikningur þeirrar fjárhæðar, sem greiða ber, skal miðast við samkvæmt samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum endar ekki á virkum degi, þá skal sú dagsetning færð fram eða viðkomandi tímabil lengt fram að næsta virka degi og við útreikning vaxtagreiðslna (ef við á) skal tekið mið af slíkri framlengingu, með þeim fyrirvara að ef slík framlenging færir greiðsludaginn eða lok viðkomandi tímabils fram yfir næstu mánaðamót skal viðkomandi greiðsludagur eða síðasti dagur viðkomandi tímabils færður aftur til síðasta virka dags á undan.

IV. GR.
TAP O.FL.

Grein 4.1 *Tap*. Að kröfu hollenska ríkisins skal Tryggingarsjóður greiða hollenska ríkinu bætur vegna taps, kostnaðar eða bótaskyldu sem Holland hefur orðið fyrir af ástæðum er varða (a) umreikning úr einni mynt yfir í aðra skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum, (b) tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu eða vanefnd af hálfu endurgreiðsluaðila á einhverjum af skuldbindingum sínum skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum, eða (c) verndun, staðfestingu eða framfylgd réttinda, heimilda eða sérstakra réttinda Hollands skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi að undanskildum, í hverju tilviki, kostnaði við gerðardóm, í skilningi reglna Alþjóðagerðardómsins, sem gerðardómur við gerðardómsmeðferð hefur ákvarðað, sbr. 10. mgr. 9. gr., að skuli borinn af hollenska ríkinu.

Grein 4.2 *Skattar*. Allt sem greitt er af endurgreiðslufjárhæðinni, vaxtagreiðslur eða annað sem endurgreiðsluaðila ber að greiða Hollandi skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum skal innt af hendi án frádráttar eða ábyrgðar vegna skatta, með þeim fyrirvara að beri endurgreiðsluaðila, skv. lögum sem gilda, að draga skatta frá ofangreindum greiðslum hækkar fjárhæð greiðslunnar sem honum ber að greiða þannig að fjárhæðin verður, að frádrætti loknum (að meðtöldum frádrætti vegna þess sem bætt er við greiðslu skv. þessari 2. mgr. 4. gr.), jafnhá fjárhæðinni sem Holland hefði fengið greitt hefði ekkert verið dregið frá.

Grein 4.3 *Fullt og endanlegt uppgjör*. (a) Holland skal ekki eiga neina kröfu (og afsalar sér óafturkallanlega kröfum sem það hefði átt ef þessarar 3. mgr. 4. gr. nyti ekki við) á hendur endurgreiðsluaðila í tengslum við útgreiðslur Seðlabanka Hollands á tryggingum vegna krafna innstæðueigenda hjá Landsbankanum í Amsterdam, eins og um getur í forsendum samningsins, aðrar en kröfur Hollands skv. samningi þessum og öðrum viðeigandi skjölum.

(b) Hvorugur endurgreiðsluaðila skal gera neina kröfu (og afsalar sér óafturkallanlega kröfum sem hann hefði átt ef þessa b-liðar nyti ekki við) eða hefja málsókn, þ.m.t. skaðabótamál gegn hollenska ríkinu eða Seðlabanka Hollands í tengslum við (i) útgreiðslur Seðlabanka Hollands á tryggingum vegna krafna innstæðueigenda hjá Landsbankanum í Amsterdam, eins og um getur í forsendum samnings þessa (þ.m.t. synjanir slíkra krafna), eða (ii) hvers konar kröfu innstæðueiganda hjá Landsbankanum í Amsterdam sem Seðlabanki Hollands hefur ekki greitt út tryggingu fyrir (hver sem ástæða þess kann að hafa verið). Undanfarandi málsliður er í þágu Seðlabanka Hollands og er bankanum heimilt að sækja rétt sinn samkvæmt honum.

V. GR.
SKAÐLEYSI

Grein 5.1 *Sérstakar yfirlýsingar og skaðleysi*. Á grundvelli gagnkvæmni og gegn endurgjaldi sem viðurkennt er að sé móttekið og fullnægjandi, staðfestist hér með eftirfarandi:

(a) Ísland lýsir því yfir og undirgengst þá skuldbindingu gagnvart Hollandi skilyrðislaust og með óafturkallanlegum hætti að Tryggingarsjóður muni tryggja fulla greiðslu og efndir á réttum tíma (hvort heldur er á tilgreindum gjalddaga eða við gjaldfellingu eða aðrar aðstæður) á öllum skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum og tryggja þannig að aldrei verði um neina vangreidda fjárhæð að ræða,

(b) Ísland lýsir því yfir við Holland að komi til þess að eitthvað sé vangreitt muni Ísland, að kröfu, greiða hina vangreiddu fjárhæð til Hollands eins og það væri aðalskuldari, og

(c) Ísland skuldbindur sig óafturkallanlega og skilyrðislaust til þess að halda hollenska ríkinu skaðlausu, að kröfu, af öllum kostnaði, tapi eða ábyrgð sem kann að falla á það ef (a) einhver fjárhæð reynist vangreidd, eða (b) einhver skuldbinding Tryggingarsjóðs samkvæmt samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum er eða reynist ólögmæt, óbindandi, ógild eða óframfylgjanleg. Fjárhæðin, sem kostnaðurinn, tapið eða skaðinn nemur, skal vera jafnhá þeirri fjárhæð sem hollenska ríkið hefði ella átt rétt á að endurheimta.

Grein 5.2 *Skilyrðislausar skuldbindingar*. Skuldbindingar Íslands skv. þessari V. gr. eru skilyrðislausar og ófrávíkjanlegar, og án þess að það takmarki almennt gildi framangreinds getur ekkert af eftirfarandi falið í sér lausn undan skuldbindingum eða talist efnd á þeim eða með neinum hætti haft áhrif á þær:

(a) hvers kyns framlenging, endurnýjun, uppgjör, málamiðlun, undanþága eða lausn að því er varðar einhverja skuldbindingu eða skuldbindingar endurgreiðsluaðila samkvæmt samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum í krafti laga eða á annan hátt (nema aðilar samþykki með ótvíræðum hætti að slík framlenging, endurnýjun, uppgjör, málamiðlun, undanþága eða lausn eigi við um skuldbindingar Íslands samkvæmt samningi þessum),

(b) hvers kyns breyting, skuldskeyting, framlenging, endurgerð eða viðbót við þennan samning eða annað viðkomandi skjal (nema aðilar samþykki með ótvíræðum hætti að slík breyting, skuldskeyting, framlenging, endurgerð eða viðbót eigi við um skuldbindingar Íslands skv. þessari V. gr.),

(c) hvers kyns lausn, skerðing, ófullnustuhæfi eða gildisleysi veðs sem tryggir einhverja vangreidda fjárhæð,

(d) hvers kyns breyting á skráningu, skipulagi eða eignarhaldi á Tryggingarsjóði eða öðrum aðila eða hvers kyns aðgerðir vegna ógjaldfærni, endurskipulagningar eða sambærilegar aðgerðir varðandi Landsbankann, Tryggingarsjóð eða annan aðila,

(e) tilvist hvers kyns kröfu, skuldajöfnunarréttar eða annarra réttinda sem Holland kann að eiga hverju sinni á hendur Tryggingarsjóði eða öðrum aðila, hvort heldur í tengslum við samning þennan eða önnur óskyld viðskipti,

(f) ef einhverjar skuldbindingar reynast ógildar eða óframfylgjanlegar í tengslum við eða gagnvart einhverjum endurgreiðsluaðila vegna samnings þessa eða annars viðkomandi skjals eða einhvers ákvæðis gildandi laga sem talið er koma í veg fyrir efndir af hálfu endurgreiðsluaðila á einhverjum skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum eða öðru viðkomandi skjali (nema að því leyti sem það eru skuldbindingar Íslands einar samkvæmt þessari V. gr. sem reynast ógildar eða óframfylgjanlegar),

(g) annað athæfi eða athafnaleysi eða töf af hvaða toga sem er af hálfu endurgreiðsluaðila eða annars aðila eða aðrar aðstæður af hvaða toga sem er sem kynnu, ef ekki nyti við ákvæða þessarar 2. mgr. 5. gr., að teljast efnd á skyldum endurgreiðsluaðila samkvæmt samningi þessum eða viðkomandi skjali að lögum eða eðli máls.

Grein 5.3 *Lausn undan kröfum fæst þegar greitt er að fullu; endurnýjun skuldbindinga við tilteknar aðstæður*. Skuldbindingar Íslands skv. þessari V. gr. halda gildi sínu allt þar til allar eftirstöðvar vangreiddra fjárhæða hafa verið gerðar upp, hvað sem líður milligreiðslum eða efndum, hvort heldur er að fullu eða að hluta, og skulu þær gilda að fullu þar til allar vangreiddar fjárhæðir hafa verið greiddar eða efndar með öðrum hætti í heild og ekki geti framar orðið um neina vangreidda fjárhæð að ræða. Ef einhverri greiðslu samkvæmt samningi þessum eða öðru viðkomandi skjali er rift eða hana þarf að endurgreiða eða skila henni við ógjaldfærni, gjaldþrot, endurskipulagningu eða við aðrar aðstæður sem varða Tryggingarsjóð eða annan aðila, eða af öðrum sökum, þá skulu skuldbindingar Íslands samkvæmt samningi þessum, að því er varðar þá greiðslu, teljast endurnýjaðar á þeim tíma eins og viðkomandi greiðsla hefði verið gjaldfallin en ekki greidd.

Grein 5.4 *Eftirgjöf (e. waiver).* Ísland afsalar sér óafturkallanlega og skilyrðislaust, að því marki sem þau lög sem gilda leyfa, rétti sínum til (a) tilkynningar um samþykki samnings þessa og tilkynningar um hvers kyns ábyrgð sem samningur þessi kann að eiga við um; (b) allra tilkynninga sem krafist kann að vera samkvæmt lögum sem gilda eða í því skyni að viðhalda óskertum öllum réttindum Hollands gagnvart Tryggingarsjóði, þ.m.t. krafna, framlagningar, andmæla, sönnunar um að send hafi verið tilkynning um greiðslufall, tilkynninga um vanrækslu af hálfu Tryggingarsjóðs að efna og virða nokkra skuldbindingu, samning, skilmála, skilyrði eða ákvæði einhvers samnings og allra annarra tilkynninga til einhvers aðila sem kann að vera ábyrgur að því er varðar skuldbindingar Tryggingarsjóðs, nema að því marki sem einhvers af framangreindu sé berum orðum krafist samkvæmt samningi þessum, (c) beitingar á réttindum til framfylgdar, staðfestingar eða nýtingar af hálfu Hollands á einhverjum rétti, heimildum, sérstökum réttindum eða úrræðum sem Hollandi ber samkvæmt þessum samningi, öðrum viðkomandi skjölum eða með öðrum hætti, og (d) hvers kyns skyldu þess efnis að Holland neyti með tæmandi hætti allra réttinda, heimilda, sérstakra réttinda eða úrræða eða lágmarki allan skaða sem leiðir af vanefnd samkvæmt einhverju viðkomandi skjali. Þessi eftirgjöf gildir án tillits til laga sem gilda eða ákvæða samnings þessa eða annarra viðkomandi skjala sem kunna að kveða á um annað.

Grein 5.5 *Kröfuhafaskipti*. Íslandi er óheimilt að fullnusta greiðsluskyldu sína með framsali kröfu, skaðleysisyfirlýsingu, endurkröfu eða á annan hátt, eða nýta sér önnur réttindi (eða færa sér í nyt greiðslu eða annað framsal sem leiðir af slíkum réttindum) sem það kann að eiga gagnvart Tryggingarsjóði í tengslum við efndir hans á skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum svo lengi sem skuldbindingar samkvæmt samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum eru ógreiddar eða óefndar (og fái Ísland greiðslu eða úthlutun í tengslum við slíkan rétt skal það þegar í stað afhenda Hollandi slíka greiðslu eða úthlutun).

Grein 5.6 *Viðbótartrygging*. Sérstakar yfirlýsingar, skuldbindingar og skaðleysi, sem kveðið er á um í þessari grein (V. gr) koma til viðbótar við og takmarkast ekki á nokkurn hátt af öðrum sérstökum yfirlýsingum, skaðleysisyfirlýsingum, tryggingum eða öðrum skjölum eða gerningum, sem hollenska ríkið eða annar aðili hefur nú í höndum eða fær síðar í hendur.

VI. GR.
GILDISTÖKUSKILYRÐI

Grein 6.1 *Gildistökuskilyrði*. Gildistaka samnings þessa er háð eftirfarandi skilyrðum:

(a) að Hollandi hafi borist eftirfarandi skjöl sem öll skulu vera að efni og formi sem Holland telur fullnægjandi:

(i) *Staðfesting varðandi útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamnings Bretlands*. Staðfesting frá umboðsmönnum breska fjármálaráðuneytisins um að öllum skilyrðum fyrir gildistöku útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamnings Bretlands (að undanskilinni móttöku staðfestingar frá Hollandi um að öllum skilyrðum sé fullnægt fyrir gildistöku þessa samnings) sé fullnægt,

(ii) *Lög um ríkisábyrgð*. Afrit af íslenskum lögum, sem tekið hafa gildi og verða ekki felld niður eða sniðgengin með þjóðaratkvæðagreiðslu og kveða á um skilyrðislausa og skýlausa heimild fyrir þeirri skaðleysisskuldbindingu sem tilgreind er í V. gr. og um að allar aðrar heimildir sem nauðsynlegar teljast til þess að tryggja að skuldbindingar endurgreiðsluaðila samkvæmt samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum séu löglegar, gildar, bindandi og aðfararhæfar, ásamt löggiltri enskri þýðingu laganna, og

(iii) *Aðrar heimildir*. Afrit af undanþágu sem Seðlabanki Íslands veitti Tryggingarsjóði samkvæmt reglum 370/2010 um gjaldeyrisviðskipti til þess að hann geti undirritað og uppfyllt samning þennan og önnur viðkomandi skjöl, ásamt löggiltri enskri þýðingu, og

(iv) *Lögfræðiálit*. Álit frá Lex lögfræðistofu, lögfræðilegum ráðgjöfum Tryggingarsjóðs, og álit Ríkislögmanns, m.a. um stöðu og heimildir hvers endurgreiðsluaðila og skuldbindandi undirritun samnings þessa og allra annarra viðkomandi skjala af þeirra hálfu.

(b) Tryggingarsjóður og Seðlabanki Hollands skulu hafa gengið frá framsalssamningi DNB og Pari Passu-samningi DNB.

Grein 6.2 *Framsalssamningur DNB og Pari Passu-samningur DNB*. (a) Framsalssamningur DNB skal kveða á um að:

(i) á grundvelli skuldbindingar Tryggingarsjóðs um að endurgreiða Hollandi eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr. skuli Seðlabanki Hollands framselja sjóðnum allar kröfur (eða hluta krafna) innstæðueigenda hjá Landsbankanum í Amsterdam á hendur Landsbankanum sem þeir höfðu áður framselt Seðlabanka Hollands í tengslum við útgreiðslu hans á tryggingum vegna þeirra krafna, að fjárhæð allt að 20.887 evrum í hverju tilviki eins og tilgreint er ítarlega í framsalssamningi Seðlabanka Hollands.

(ii) Seðlabanki Hollands samþykki að hann skuli ekki eiga neina kröfu (og afsalar sér óafturkallanlega kröfum sem hann kynni að eiga ef þessa samkomulags nyti ekki) á hendur Tryggingarsjóði eða Íslandi í tengslum við útgreiðslur Seðlabanka Hollands á tryggingum vegna krafna innstæðueigenda hjá Landsbankanum í Amsterdam, eins og um

getur í forsendum samningsins, og að báðir endurgreiðsluaðilar njóti hags af og sé heimilt að sækja rétt sinn samkvæmt samkomulagi þessu.

(iii) að samningurinn skuli lúta hollenskum og íslenskum lögum og túlkast samkvæmt þeim eftir því sem kveðið er á um í samningnum, og

(iv) að samningurinn gangi í gildi samtímis samningi þessum.

(b) Pari Passu-samningur DNB skal kveða á um að:

(i) að því marki sem Seðlabanki Hollands heldur eftir hluta einhverrar kröfu í kjölfar framsals skv. a-lið hér að framan (vegna þess að heildarfjárhæð kröfunnar er hærri en fjárhæðin sem framseld er Tryggingarsjóði) þá skal sá hluti kröfunnar sem var framseldur Tryggingarsjóði vera að öllu leyti jafnrétthár þeim hluta kröfunnar sem Seðlabanki Hollands hélt eftir að því marki sem lög heimila.

(ii) ef það gerist, af einhverri ástæðu (þ.á m. vegna þess að Tryggingarsjóði sé veitt forgangsstaða samkvæmt íslenskum lögum) eftir framsal kröfu til Tryggingarsjóðs að sjóðurinn eða Seðlabanki Hollands endurheimti hlutfallslega stærri hluta slíkrar kröfu en hinn aðilinn, þá skal Tryggingarsjóður eða Seðlabanki Hollands (eftir því sem við á) um leið og það er gerlegt, nema iii-liður að neðan eigi við, greiða Seðlabanka Hollands eða Tryggingarsjóði mismuninn eftir því hvor á í hlut, og skal sú greiðsla nema þeirri fjárhæð sem nauðsynleg er til þess að endurheimtur Tryggingarsjóðs og Seðlabanka Hollands vegna slíkrar kröfu verði hlutfallslega þær sömu.

(iii) ef (A) íslenskur dómstóll kveður upp endanlegan og óáfrýjanlegan úrskurð eða dóm um að (I) krafa eða einhver hluti kröfu sem framseld hefur verið Tryggingarsjóði eða réttindi sem Seðlabanki Hollands heldur eftir, eftir því sem við á, skuli njóta forgangs við úthlutun úr búi Landsbankans umfram aðrar kröfur sem eiga rót í sömu innstæðum, og (II) sem ekki er í andstöðu við ráðgefandi álit EFTA dómstólsins að því er forgang þennan varðar, eða (B) slitastjórn Landsbankans ákveður að krafa eða einhver hluti kröfu sem framseld hefur verið Tryggingarsjóði eða réttindi sem Seðlabanki Hollands heldur eftir, eftir því sem við á, skuli njóta forgangs við úthlutun úr búi Landsbankans umfram aðrar kröfur sem eiga rót í sömu innstæðum og slík ákvörðun er ekki borin undir íslenskan dómstól af neinum innstæðueiganda og aðgerðarleysi í því efni stafar ekki af því að það sé erfitt eða ómögulegt að bera slíka ákvörðun undir dómstóla vegna breytinga á gildandi lögum eftir upphafsdag, þá gilda ákvæði ii-liðar að framan um skyldu Tryggingarsjóðs eða Seðlabanka Hollands, eftir atvikum, ekki nema forgangurinn stafi af afturköllun, stöðvun eða annarri ógildingu eða breytingu á gildandi lögum sem öðlast gildi eða er gerð eftir upphafsdag.

(iv) að samningurinn skuli lúta enskum lögum og túlkast samkvæmt þeim, og

(v) að samningurinn gangi í gildi samtímis samningi þessum.

Grein 6.3 *Efndir gildistökuskilyrða*. Ef ráðstöfunum skv. 1. mgr. 6. gr. er ekki lokið fyrir 31. desember 2010:

(a) ef það sem ólokið er felst í því að Seðlabanki Hollands hefur ekki undirritað og afhent Tryggingarsjóði framsalssamning DNB og Pari Passu-samning DNB, geta endurgreiðsluaðilar rift samningi þessum með tilkynningu til Hollands, og

(b) ef það sem ólokið er felst í því að ekki hefur verið gengið frá öðrum ráðstöfunum sem um getur í 1. mgr. 6. gr. getur Holland rift samningi þessum með tilkynningu til Tryggingarsjóðs og afriti til Íslands,

(c) með þeim áhrifum, í báðum tilvikum, að samningur þessi telst niður fallinn.

Grein 6.4 *Lok lánssamnings og viðaukasamnings*. Þann dag sem samningur þessi tekur gildi falla lánssamningurinn og viðaukasamningurinn úr gildi, hafi þeir ekki áður fallið úr gildi.

VII. GR.
SÉRSTAKAR YFIRLÝSINGAR (e. Representations and Warranties)

Grein 7.1 *Sérstakar yfirlýsingar Tryggingarsjóðs*. Tryggingarsjóður lýsir yfir og ábyrgist eftirfarandi gagnvart Hollandi á þeim degi sem samningur þessi er gerður:

a) Tryggingarsjóður er (a) sjálfseignarstofnun, sem er stofnuð og skráð að íslenskum lögum og með lögmæltu skipulagi og er að því er varðar íslensk lög sem um starfsemi hans gilda, í góðum skilum og (b) hefur allar nauðsynlegar heimildir sem félag til að fara með eignir sínar og til að starfa með þeim hætti sem hann gerir nú.

b) Samningur þessi, sem og sérhvert viðkomandi skjal annað sem sjóðurinn er aðili að, hafa verið afhent og eru undirrituð með tilskildum hætti, teljast lögmæt, gild og fela í sér bindandi skuldbindingu, og verður í hverju tilviki framfylgt samkvæmt skilmálum sínum, nema að því marki sem almenn sanngirnissjónarmið, sem að jafnaði ber að líta til og er sérstaklega vísað til í lögfræðiáliti því sem um getur í iii-lið a-liðar 1. mgr. 6. gr., setja því skorður.

Grein 7.2 *Sérstakar yfirlýsingar endurgreiðsluaðila*. Endurgreiðsluaðilar lýsa yfir og ábyrgjast gagnvart hollenska ríkinu frá dagsetningu samnings þessa að undanþágan sem Seðlabanki Íslands veitti Tryggingarsjóði samkvæmt reglum nr. 370/2010 um gjaldeyrisviðskipti til þess að hann geti undirritað og uppfyllt samning þennan og önnur viðkomandi skjöl, sem um getur í iii-lið a-liðar 1. mgr. 6. gr. sé skilyrðislaus, óafturkallanleg og í fullu gildi og að ekki sé krafist frekari ábyrgðar, leyfis, samþykkis eða annarrar heimildar eða aðgerðar frá íslenskum stjórnvaldsstofnunum í tengslum við undirritun eða uppfyllingu samnings þessa eða annarra viðkomandi skjala eða til að tryggja að skuldbindingar endurgreiðsluaðila samkvæmt samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum séu löglegar, gildandi, bindandi og aðfararhæfar.

VIII. GR.
SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR

Grein 8.1 *Sambærileg meðferð*. Grípi endurgreiðsluaðili til ráðstöfunar sem telst „viðkomandi fjármögnunarráðstöfun“ og sá fjármögnunaraðili nýtur þegar á heildina er litið hag-

stæðari meðferðar en Holland skv. samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum, eða nýtur veðtryggingar, munu endurgreiðsluaðilar láta Holland njóta sömu hagstæðu meðferðar eða sambærilegs veðréttar (og munu endurgreiðsluaðilar láta skjalfesta það á nauðsynlegan eða æskilegan hátt).

Grein 8.2 *Jöfn meðferð*. Ef Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, annar tryggingarsjóður eða Ísland greiðir umframgreiðslu skal Tryggingarsjóður greiða (eða sjá til þess að annar viðkomandi tryggingarsjóður greiði) fjárhæð sem er jafnhá umframgreiðslunni til hvers og eins af innstæðueigendum hjá Landsbankanum í Amsterdam, með þeim fyrirvara að hafi Holland eða Seðlabanki Hollands greitt innstæðueiganda hjá Landsbankanum í Amsterdam skv. lögum nr. 98/1999 fjárhæð sem er umfram 20.887 evrur á kröfu muni greiðslan skv. þessari málsgrein renna til Hollands eða Seðlabanka Hollands, eftir því sem við á.

IX. GR.
ÖNNUR ÁKVÆÐI

Grein 9.1 *Breyting á aðstæðum*. Komi til þess á einhverjum tíma að í nýjustu IV. greinar úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á stöðu Íslands segi að skuldaþoli landsins hafi hrakað til muna miðað við slíkt mat hans frá 19. nóvember 2008 samþykkir hollenska ríkið, óski Ísland þess, að eiga fundi með fulltrúum Íslands til að ræða stöðuna og íhuga hvort, og þá hvernig, skuli breyta samningi þessum og öðrum viðkomandi skjölum þannig að þau endurspegli þá breytingu á aðstæðum sem um ræðir.

Grein 9.2 *Aðrar breytingar*. Ef breytingar verða á samþykktri kröfufjárhæð eða samþykktri vaxtafjárhæð vegna ákvörðunar slitastjórnar Landsbankans eða lögbærs dómstóls:

(i) skulu allir útreikningar samkvæmt samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum sem eru beint eða óbeint byggðir á samþykktri kröfufjárhæð eða samþykktri vaxtafjárhæð endurútreiknaðir eins og samþykkta kröfufjárhæðin eða samþykkta vaxtafjárhæðin hafi verið breytta samþykkta kröfufjárhæðin eða samþykkta vaxtafjárhæðin og verið í gildi frá dagsetningu samnings þessa,

(ii) skal, ef einhver fjárhæð hefur verið greidd eða henni úthlutað á grundvelli fyrri útreiknings, slík greiðsla eða úthlutun ganga til baka eða henni endurúthlutað eftir því sem við á að því marki sem nauðsynlegt er til að endurspegla endurútreikninginn.

Grein 9.3 *Eftirgjöf (e. waiver)*. Nú lætur hollenska ríkið hjá líða að nýta einhvern rétt, heimild eða sérstök réttindi samkvæmt samningi þessum eða öðru viðkomandi skjali eða tafir verði á slíkri beitingu eða tiltekin hefð skapast í samskiptum samningsaðila og skal það þá ekki skerða þann rétt, þá heimild eða þau sérstöku réttindi eða fela í sér eftirgjöf eða frávik frá þeim, og engin einstök nýting réttar, heimildar eða sérréttinda samkvæmt neinu viðkomandi skjali, eða nýting þeirra að hluta til, skal koma í veg fyrir aðra eða frekari nýtingu þeirra eða nýtingu neins annars réttar, heimildar eða sérstakra réttinda. Hver þau réttindi eða heimild sem hollenska ríkið kann að beita, eða ákvörðun sem hollenska ríkið kann að taka samkvæmt samningi þessum (þ.m.t. hvers kyns ráðstöfun, mál eða atriði sem hollenska ríkið samþykkir, tilgreinir, ákvarðar, ákveður eða tilkynnir Tryggingarsjóði eða íslenska ríkinu)

er hollenska ríkinu heimilt að beita eða grípa til alfarið og hindrunarlaust eftir eigin mati á hverjum tíma, án þess að krafist verði rökstuðnings.

Grein 9.4 *Tilkynningar*. Allar tilkynningar, beiðnir, fyrirmæli, leiðbeiningar og önnur samskipti sem kveðið er á um í samningi þessum skulu eiga sér stað með skriflegum hætti á ensku með boðsendu bréfi eða símbréfi (sem heimilt er að afrita og senda með tölvupósti, en telst þá ekki gild afhending) til eftirfarandi:

(a) sé viðtakandi Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, þá til sjóðsins að Borgartúni 26, 3. hæð, 105 Reykjavík, Íslandi, bréfasími: +354 590 2606, b.t. framkvæmdastjóra, með afriti til íslenska ríkisins, fjármálaráðuneytinu, Arnarhvoli við Lindargötu, 150 Reykjavík, Íslandi, bréfasími: +354 562 8280, b.t. ráðuneytisstjóra,

(b) sé viðtakandi Ísland, þá til ríkisins, fjármálaráðuneytinu, Arnarhvoli við Lindargötu, 150 Reykjavík, bréfasími: +354 562 8280, b.t. ráðuneytisstjóra; og

(c) sé viðtakandinn hollenska ríkið, þá til Ministerie van Financiën (hollenska fjármálaráðuneytið), Korte Voorhout 7, 2511 CW The Hague, The Netherlands, pósthólf: P.O. Box 20201, 2500 EE The Hague, The Netherlands, bréfasími: +31 70 342 79 03, Attn.: Thesaurier-generaal.

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum skulu allar slíkar orðsendingar teljast réttilega afhentar, (i) séu þær boðsendar á heimilisfang samningsaðilans sem þær eru ætlaðar, á þeim tíma þegar þær eru skildar eftir (eða, séu þær skildar eftir á degi sem er ekki virkur dagur, þá kl. 8.15 f.h. (að staðartíma) næsta virka dag), og (ii) séu þær sendar með bréfasíma, þegar staðfesting á móttöku berst frá bréfasímanum sem tekur við þeim (eða, séu þær sendar á degi sem er ekki virkur dagur, þá kl. 8.15 f.h. (að staðartíma) næsta virka dag), enda sé fullnægjandi, þegar færa skal sönnur á að tilkynning hafi verið send samkvæmt samningi þessum eða í tengslum við hann, að sýna fram á að tilkynningin hafi verið afhent á heimilisfangið.

Grein 9.5 *Breytingar o.fl.* Ef ekki er sérstaklega kveðið á um annað í samningi þessum er aðeins heimilt að breyta, auka við eða falla frá ákvæði hans og annarra viðkomandi skjala (nema að því leyti sem þau kveða sérstaklega á um annað) með skriflegu samkomulagi milli þeirra samningsaðila sem slík breyting, viðbót eða eftirgjöf hefur áhrif á.

Grein 9.6 *Framsal réttinda og skuldbindinga*. a) Samningur þessi er bindandi fyrir samningsaðila og gerður í þágu þeirra. Engum samningsaðila er heimilt að framselja, yfirfæra eða binda neinum kvöðum réttindi sín eða skuldbindingar samkvæmt samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum (ráðstafanir í þá átt teljast ógildar frá upphafi).

(b) Samningur þessi fjallar eingöngu um réttarsamband samningsaðilanna og enginn annar aðili skal teljast beinn eða óbeinn rétthafi samkvæmt samningi þessum eða hafa beint eða óbeint tilefni til málsóknar eða kröfugerðar í tengslum við hann samkvæmt breskum lögum um samningsréttindi þriðju aðila frá 1999 (e. Contracts (Rights of Third Parties) Act 1999), *að því tilskildu* að Seðlabanki Hollands njóti hags af og geti framfylgt hvers kyns réttindum

sem honum eru veitt, eða ákvæðum eða skilmálum sem kveðið er á um að séu í hans þágu, samkvæmt samningi þessum.

Grein 9.7 *Fyrirsagnir*. Efnisyfirlit, fyrirsagnir og kaflaheiti samnings þessa eru einvörðungu til hægðarauka við tilvísanir og er ekki ætlað að hafa áhrif á túlkun nokkurs ákvæðis hans.

Grein 9.8 *Samhljóða eintök*. Samning þennan má gera í eins mörgum samhljóða eintökum og verða vill, en þau mynda öll saman einn og sama gerninginn, og getur hver samningsaðili staðfest samning þennan með því að undirrita eitthvert slíkra eintaka. Hvert samhljóða eintak skal teljast frumrit af samningi þessum en saman skulu þau mynda einn og sama gerninginn.

Grein 9.9 *Lög sem gilda*. SAMNINGUR ÞESSI OG MÁL, KRÖFUR EÐA ÁGREININGUR SEM RÍS VEGNA HANS EÐA Í TENGSLUM VIÐ HANN, HVORT HELDUR ER INNAN EÐA UTAN SAMNINGA (e. CONTRACTUAL OR NON-CONTRACTUAL), SKULU LÚTA ENSKUM LÖGUM OG TÚLKAST SAMKVÆMT ÞEIM.

Grein 9.10 *Gerðardómur*. (a) LEITA SKAL ÚRSKURÐAR GERÐARDÓMS VEGNA HVERS KYNS ÁGREININGS, MÁLSHÖFÐUNAR EÐA MÁLAREKSTURS AF HÁLFU EÐA GEGN EINHVERJUM SAMNINGSAÐILA VARÐANDI SAMNING ÞENNAN EÐA VEGNA HANS, HVORT HELDUR ER INNAN EÐA UTAN SAMNINGA, Þ.M.T. ÁGREININGUR, MÁLSHÖFÐUN EÐA MÁLAREKSTUR VARÐANDI TILVIST, GILDI, GERÐ EÐA UPPSÖGN ÞESSA SAMNINGSINS („ÁGREININGUR“), OG SKAL HANN VERA ENDANLEGUR OG BINDANDI Í SAMRÆMI VIÐ REGLUR ALÞJÓÐAGERÐARDÓMSINS SEM TELJAST FELLDAR INN Í ÞETTA ÁKVÆÐI MEÐ TILVÍSUN, ÞÓ EKKI AÐ ÞVÍ MARKI SEM ÞÆR VARÐA RÍKISFANG GERÐARDÓMSMANNA.

(b) Við gerðardómsmeðferð, sbr. a-lið hér að framan:

(i) skulu gerðardómsmenn vera þrír,

(ii) ef allir samningsaðilar eru aðilar að gerðardómsmeðferðinni skulu (A) endurgreiðsluaðilar sameiginlega tilnefna einn gerðardómara (tilnefni endurgreiðsluaðilarnir ekki sameiginlega gerðardómara þá skal með fara samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglna Alþjóðagerðardómsins), og (B) Holland einn gerðardómara og hinir tveir tilnefndu skulu velja þriðja dómarann sem skal vera forseti gerðardómsins,

(iii) aðalframkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins skal annast tilnefningar,

(iv) gerðardómsmeðferðin skal fara fram í London, Englandi,

(v) þingmálið skal vera enska,

(vi) reglur Alþjóðasamtaka lögmannafélaga (IBA) um öflun sönnunargagna við alþjóðlega gerðardóma frá 29. maí 2010 skulu gilda,

(vii) gerðardómurinn skal gera það sem í hans valdi stendur til að komast að endanlegri niðurstöðu innan tólf mánaða frá tilnefningu þriðja gerðardómarans sem er í forsæti gerðardómsins, og skal stýra málsmeðferðinni í samræmi við það,

(viii) gerðardómurinn skal kveða upp úrskurð sinn í samræmi við ensk lög (en ekki, til að fyrirbyggja vafa, sem *amiable compositeur*[1] eða *ex aequo et bono*[2]), og

(ix) allir samningsaðilar, gerðardómsmenn, aðalframkvæmdastjórinn og alþjóðaskrifstofa Alþjóðagerðardómsins skulu virða trúnaðarkvaðir um að yfir standi gerðardómsmeðferð og hverjar þær upplýsingar sem þeim berast í tengslum við slíka málsmeðferð.

Grein 9.11 *Fallið frá friðhelgisréttindum (e. Waiver of Sovereign Immunity)*. Hver endurgreiðsluaðili fellst almennt á hvers konar stefnubirtingu í tengslum við ágreining sem upp kann að koma og að veittar séu hvers kyns úrbætur eða úrræði í því tilliti, þ.m.t. með aðför eða fullnustu í hvaða eignum hans sem er (óháð notum þeirra eða ætluðum notum) samkvæmt hvers kyns úrskurði eða dómi (þ.m.t. til að taka af allan vafa, úrskurður gerðardóms skv. 9. mgr. 9. gr.). Njóti einhver endurgreiðsluaðili eða eignir hans friðhelgi, í hvaða lögsögu sem er, gagnvart birtingu stefnu eða annarra gagna er varða hvers konar ágreining, eða friðhelgi frá lögsögu, málshöfðun, dómsuppkvaðningu, fullnustu, fjárnámi (hvort heldur er án undanfarandi dóms, til stuðnings við fullnustu eða á annan hátt) eða öðrum lagalegum úrræðum, er hér með fallið frá þeim rétti með óafturkræfum hætti að því ýtrasta marki sem heimilt er samkvæmt lögum viðkomandi lögsögu. Hver endurgreiðsluaðili samþykkir einnig með óafturkræfum hætti að byggja ekki á slíkri friðhelgi til varnar sjálfum sér eða eignum sínum. Samningsaðilar staðfesta að málsgrein þessi nær ekki til eigna íslenska ríkisins sem njóta friðhelgi samkvæmt Vínarsamningnum um stjórnmálasamband, eigna íslenska ríkisins á Íslandi sem nauðsynlegar eru til þess að Ísland geti komið fram sem fullvalda ríki eða eigna Seðlabanka Íslands og (ii) engu í samningi þessum eða öðrum viðkomandi skjölum er ætlað, eða mun leiða til þess, að taka stjórn af Íslandi á náttúruauðlindum sínum eða réttinum til að kveða á um nýtingu þeirra eða skipan eignarhalds á þeim.

Grein 9.12 *Sjálfstæði einstakra ákvæða*. Reynist eitthvert ákvæði samnings þessa eða skjals sem krafist er samkvæmt honum ólögmætt eða óvirkt í einhverri lögsögu skal það ekki á neinn hátt hafa áhrif á eða skerða lögmæti eða virkni eftirstandandi ákvæða samnings þessa eða slíks annars skjals í viðkomandi lögsögu eða slíks ákvæðis í neinni annarri lögsögu.

[Undirskriftir fylgja.]

---

[1]Samningar sem mæla fyrir um að úrlausn ágreiningsmála sé lögð í gerð gera stundum ráð fyrir að gerðardómsmenn skuli leggja til grundvallar úrlausn sinni þær meginreglur laga sem þeir telja sjálfir eiga best við, án þess að þær tilheyri endilega réttarkerfi neins sérstaks ríkis.

[2]Vísar til þess er sanngjarnast þykir og réttlátast án tillits til þess hvort lagalega rétt túlkun leiði til sömu niðurstöðu.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa samningsaðilar beitt sér fyrir undirritun samnings þessa með tilskildum hætti á þeim degi og ári sem í upphafi greinir.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

Fulltrúi:

Nafn: [*] Starfsheiti: [*]

Ísland

Fulltrúi:

Nafn: [*] Starfsheiti: [*]

Hollenska ríkið

Fulltrúi:

Nafn: [*]

Starfsheiti: [*]

Fylgiskjal I
með endurgreiðslusamningi

„*Viðaukasamningur*“: viðaukasamningur milli samningsaðila sem dagsettur er 19. október 2009.

„*Samþykkt kröfufjárhæð*“ merkir á hverjum tíma fjárhæð framseldrar kröfu (í íslenskum krónum) sem hefur verið samþykkt af slitastjórn Landsbankans (eða lögbærum dómstólum og er slík ákvörðun dómstóls rétthærri og bindandi ef hún er önnur en slitastjórnar) sem lögmæt krafa í bú Landsbankans skv. 112 gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. (*Lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.*)

„*Samþykkt vaxtafjárhæð*“ fjárhæð vaxta sem eru hluti af samþykktri kröfufjárhæð á hverjum tíma.

„*Framseld krafa*“ sameiginlega, kröfur gagnvart Landsbankanum sem framseldar hafa verið, eða búist er við að verði framseldar, til Tryggingarsjóðs af FSCS samkvæmt framsalssamningi FSCS.

„*Lög nr. 98/1999*“: íslensk lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, miðað við 11. október 2008.

„*Samningur*“: hefur þá merkingu sem gefin er í inngangi að samningi þessum.

„*Lög sem gilda*“: hvers kyns gildandi sett lög og önnur lög, reglugerðir, bráðabirgðalög, reglur, dómar, fordæmisréttur, fyrirmæli, úrskurðir, samþykki, heimildir, sérleyfi, umboð, leyfi, samningar, tilskipanir, leiðbeiningar, stefnumarkanir, skilyrði eða aðrar takmarkanir stjórnvalda eða sambærilegar ákvarðanir eða úrskurðir af hálfu stjórnvalds (eða hvers kyns túlkun eða framkvæmd þeirra), hvort heldur sem slík lög eru í gildi á dagsetningu samnings þessa (nema hið gagnstæða leiði af samningi þessum eða öðru viðkomandi skjali) eða taka gildi síðar.

„*Dráttarvextir*“: ársvextir á viðkomandi ákvörðunartíma sem nema samtölu (a) vaxtastigs fyrra tímabils að viðbættum 0,30 prósentustigum á tímabilinu frá dagsetningu þessa samnings til upphafsdags seinna tímabils, og (b) ársvextir sem nema viðmiðunarvöxtum seinna tímabils að viðbættum 0,50 prósentustigum á tímabilinu frá og með upphafsdegi seinna tímabils.

„*Virkur dagur*“: hver sá dagur (annar en laugardagur eða sunnudagur) þegar viðskiptabönkum er ekki heimilt eða skylt að loka í Reykjavík (á Íslandi) eða í Amsterdam (í Hollandi).

„*Upphafsdagur*“: 5. júní 2009.

„*Fjárhæð í vanskilum*“: hver sú fjárhæð sem gjaldfallin er hjá endurgreiðsluaðila en er áfram ógreidd, andstætt skilmálum samnings þessa.

„*Tilskipun 94/19/EB*“: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi, miðað við 11. október 2008 (nema annað sé tekið fram).

„*DNB*“: Seðlabanki Hollands (De Nederlandsche Bank N.V.).

„*Framsalssamningur DNB*“: framsalssamningur sem Tryggingarsjóður og Seðlabanki Hollands munu gera á því formi sem samningsaðilar stóðu að fyrir dagsetningu þessa samnings og sem samrýmist 2. mgr. 6. gr.

„*Pari Passu-samningur DNB*“: Pari Passu-samningur sem Tryggingarsjóður og Seðlabanki Hollands munu gera á því formi sem samningsaðilar stóðu að fyrir dagsetningu þessa samnings og sem samrýmist 2. mgr. 6. gr.

„*Evra*“ eða „*EUR*“: núverandi lögeyrir í aðildarríkjum Evrópusambandsins, sem taka upp eða hafa tekið upp evruna sem löglegan gjaldmiðil sinn skv. lögum Evrópubandalagsins um efnahags- og myntbandalag.

„*Umframgreiðsla*“: greiðsla umfram 20.887 evrur vegna kröfu eða krafna innstæðueiganda hjá Landsbankanum (að frátöldum, til að taka af allan vafa, fyrrum innstæðueiganda hjá Landsbankanum sem varð innstæðueigandi hjá NBI), annars en innstæðueiganda hjá Landsbankanum í Amsterdam.

„*Vaxtastig fyrra tímabils*“: 3,0 prósent á ári.

„*FSCS*“: „FSCS“ eins og það hugtak er skilgreint í breska útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum.

„*Framsalssamningur FSCS*“: „Framsalssamningur FSCS“ eins og það hugtak er skilgreint í breska útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum.

„*Stjórnvald*“: hver sú þjóð eða ríkisstjórn, ríki eða sveitarfélag, hvers kyns fjölþjóðastofnun eða sambærileg stofnun eða hvers kyns önnur stjórnardeild, stjórnarstofnun eða pólitíska undirdeild slíkra stofnana og hver sá aðili annar sem fer með framkvæmdavald, löggjafarvald, dómsvald, peningavald, eftirlitshlutverk eða stjórnsýsluhlutverk á vegum stjórnvalda.

„*Tryggingarsjóður*“: hefur þá merkingu sem gefin er í inngangi að samningi þessum.

„*Hlutdeild Tryggingarsjóðs úr búinu*“: (i) sérhver fjárhæð eftir því sem við á sem Tryggingarsjóður hefur tekið á móti að því er varðar kröfur innstæðueigenda Landsbankans – hvort sem krafan er enn á þeirra hendi eða ekki – eða á annan hátt í tengslum við greiðsluþrot Landsbankans, og (ii) sérhver fjárhæð eftir því sem við á sem Seðlabanki Hollands hefur móttekið og sem Seðlabanka Hollands ber að greiða hollenska ríkinu í samræmi við 4. mgr. 2. gr. framsalssamnings Seðlabanka Hollands, og (iii) sérhver fjárhæð eftir því sem við á sem FSCS hefur móttekið og FSCS ber að greiða til umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins í samræmi við 5. mgr. 2. gr. framsalssamnings FSCS.

„*Umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins*“: umboðsmenn fjármálaráðuneytis Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

„*Ísland*“: hefur þá merkingu sem gefin er í inngangínum að samningi þessum.

„*Vaxtafjármunir*“ merkir á hverjum tíma fjárhæð (í evrum) sem jafngildir hluta af hlutdeild Tryggingarsjóðs úr búinu á þeim tíma, sem reiknuð er með því að margfalda upphæð hlutdeildar Tryggingarsjóðs á hverjum tíma með hlutfalli þar sem teljarinn er samþykkta vaxtafjárhæðin og nefnarinn er samþykkta kröfufjárhæðin í hvoru tilviki á þeim tíma.

„*Jafnvirðisfjárhæð (í íslenskum krónum)*“: að því er varðar fjárhæð í evrum eða sterlingspundum á útreikningsdegi, jafngildi slíkrar upphæðar í krónum, reiknað á meðalgengi eins og það er birt af Seðlabanka Íslands (eða birti Seðlabanki Íslands ekki slíka gengisskráningu, daggengi frá aðila sem íslenska ríkið og hollenska ríkið koma sér saman um á sanngjarnan hátt, eða ef íslenska ríkið og hollenska ríkið koma sér ekki saman um slíkt gengi fyrir þá dagsetningu þegar ákvarða skal viðkomandi jafngildi ISK, eða eins og það er ákvarðað með gerðardómi skv. 10. mgr. 9. gr.) fyrir tímabilið einn mánuð sem lýkur á deginum fyrir viðkomandi dag.

„*Króna*“ eða „*ISK*“: núverandi lögeyrir á Íslandi.

„*Landsbanki*“: Landsbanki Íslands hf., fjármálafyrirtæki sem stofnað er samkvæmt íslenskum lögum.

„*Landsbankinn í Amsterdam*“: útibú Landsbankans í Amsterdam.

„*Innstæðueigandi hjá Landsbankanum í Amsterdam*“: aðili sem lagt hefur fjármuni inn á innlánsreikning eða á með öðrum hætti innstæðu hjá Landsbankanum í Amsterdam og á samsvarandi kröfu á hendur Landsbankanum sem Tryggingarsjóður hefur ábyrgst samkvæmt lögum nr. 98/1999.

„*Innstæðueigandi hjá Landsbankanum*“: aðili sem lagt hefur fjármuni inn á innlánsreikning eða á með öðrum hætti innstæðu hjá Landsbankanum og á samsvarandi kröfu á hendur Landsbankanum sem Tryggingarsjóður hefur ábyrgst samkvæmt lögum nr. 98/1999 (þ.m.t., til að taka af allan vafa, sérhver innstæðueigandi hjá Landsbankanum í Amsterdam).

„*Veð*“: hver kyns veðsetning, ábyrgð, varsla þriðja aðila, kvöð eða önnur trygging.

„*Lánssamningur*“: lánssamningur dagsettur 5. júní 2009 milli samningsaðila.

„*Tilvik sem leiðir til uppgreiðsluskyldu*“: atburður eða kringumstæður sem skilgreindar eru sem slíkar í b-lið 5. mgr. 3. gr.

„*Veruleg neikvæð áhrif sem tengjast uppgreiðsluskyldu*“: hvers kyns áhrif sem skerða getu einhvers endurgreiðsluaðila til þess að efna greiðsluskyldu sína eða aðrar skyldur sem þýðingu hafa samkvæmt samningi þessum eða öðru viðkomandi skjali.

„*Heildarheimtur á vaxtahluta hollenska ríkisins*“: samtala allra fjárhæða á hverjum tíma sem eru tilkomnar í samræmi við 1. undirlið B í ii-lið a-liðar 5. mgr. 3. gr. eða fyrir þann tíma.

„*Vaxtahluti hollenska ríkisins*“: hlutfall vaxtafjármuna á hverjum tíma sem er reiknað með því að margfalda vaxtafjármunina með hlutfalli sem ræðst af endurheimtuhlutfallinu á þeim tíma og er ákvarðað í samræmi við eftirfarandi töflu:

Endurheimtuhlutfall	**Vaxtahluti hollenska ríkisins**
86 eða minna	Núll
≥86 ≤ 87	0.05
≥87 ≤ 88	0.10
≥88 ≤ 89	0.15
≥90 ≤ 91	0.20
≥91 ≤ 92	0.25
≥92 ≤ 93	0.35
≥93 ≤ 94	0.45
≥94 ≤ 95	0.55
≥95 ≤ 96	0.65
≥96 ≤ 97	0.75
≥97 ≤ 98	0.85
≥98 ≤ 99	0.95
≥99 ≤ 100	1

„*Uppgjörsreikningur hollenska ríkisins*“: reikningur nr. 600113019 (BIC: MIFINL2G; IBAN: NL10FLOR0600113019) hjá Seðlabanka Hollands í nafni hollenska ríkisins.

„*Annar tryggingarsjóður*“: hvers konar innlánatryggingakerfi sem komið er á fót og er opinberlega viðurkennt á Íslandi samkvæmt tilskipun 94/19/EB (þ.m.t. samkvæmt hvers konar breytingu á henni, endurútgáfu hennar eða tilskipun sem kemur í hennar stað), annað en Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.

„*Samningsaðilar*“: hefur þá merkingu sem gefin er í inngangi að samningi þessum.

„*Greiðsludagur*“: 1. janúar 2011 og sérhvern 1. apríl, 1. júlí, 1. september og 1. janúar eftir 1. janúar 2011.

„*Útgreiðslukostnaður*“: kostnaður sem hollenska ríkið stofnar til við útgreiðslu trygginga til innstæðueigenda Landsbankans í Amsterdam að því er varðar kröfur þeirra á hendur Landsbankanum eða Tryggingarsjóði samkvæmt lögum nr. 89/1999 eins og um getur í forsendum þessa samnings og er að upphæð 7.000.000 (sjö milljón) evrur.

„*Reglur Alþjóðagerðardómsins*“: reglur Alþjóðagerðardómsins um gerðardóm í deilumálum milli tveggja aðila þar sem aðeins annar deiluaðilinn er ríki og taka gildi frá og með dagsetningu samnings þessa.

„*Aðili*“: einstaklingur, lögaðili, félag, frjáls samtök, sameignarfélag, hlutafélag, samrekstur, sjóður, óskráð stofnun, stjórnvald eða önnur persóna af hvaða toga sem er.

„*Hlutfallslegur réttur*“: á hverjum tíma, sá hluti sem reiknaður er með því að deila í (a) (i) í tilviki hollenska ríkisins, að fjárhæð 1.134.680.211,10 í sterlingspundum [**] (sem samsvarar fjárhæð endurgreiðslufjárhæðarinnar í sterlingspundum á dagsetningu samnings þessa

umreiknuð í sterlingspund á genginu [1,1653] evrur á móti [1,00] sterlingspundum), eða (ii) í tilviki umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins heildarupphæð allra útgreiðslna eins og þær eru skilgreindar í útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningi við Bretland sem inntar hafa verið af hendi fram að þeim tíma skv. útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningi við Bretland (sem samningsaðilarnir meta að hafi numið 2.254.417.417.851,51 sterlingspundum þann 24. nóvember 2010) , með (b) samanlögðum fjárhæðum sem um getur í lið (a) að ofan.

„*Eign*“ einhvers aðila: hvers kyns eign, réttindi eða tekjur, eða hlutdeild slíks aðila í þeim.

„*Ársfjórðungslegar afborganir*“ ársfjórðungslegar afborganir sem greiða skal með endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils en fjárhæð þeirra og fjöldi er ákvarðaður í samræmi við 1. mgr. 3. gr. (með fyrirvara um önnur ákvæði þessa samnings).

„*Endurheimtuhlutfall*“: merkir á hverjum tíma hluta, settan fram sem hundraðshluta, af samþykktu kröfufjárhæðinni samkvæmt lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. (eða samkvæmt íslenskum lögum) sem hefur verið greiddur, eða telst greiddur, af slitastjórn Landsbankans, til greiðslu á samþykktu kröfufjárhæðinni á þeim tíma.

„*Endurgreiðslufjárhæð*“: sú fjárhæð sem til endurgreiðslu kemur af hálfu Tryggingarsjóðs til Hollands samkvæmt samningi þessum (eða útistandandi hluti hennar hverju sinni) sem á samningsdegi samnings þessa svarar til EUR 1.322.242.850 (einn milljarður þrjú hundruð tuttugu og tvær milljónir tvö hundruð fjörtíu og tvö þúsund átta hundruð og fimmtíu evrur) og sem kann að lækka samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

„*Endurgreiðsluaðilar*“: sameiginlega, Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og Ísland.

„*Greiðsludagur endurgreiðslu*“ sérhver greiðsludagur eftir upphafsdag seinna tímabils.

„*Viðkomandi skjöl*“: sameiginlega, þessi samningur, framsalssamningur DNB, Pari Passu-samningur DNB og sérhver annar samningur eða skjal sem samningsaðilar tilgreina sem viðkomandi skjal.

„*Viðkomandi fjármögnunarráðstöfun*“: hver sá samningur, ráðstöfun eða milliríkjasamningur sem einhver endurgreiðsluaðili stendur að með einhverjum fjármögnunaraðila (þ.m.t. sjálfstæðri alþjóðastofnun, einkaaðila eða öðrum aðila) í því skyni að fjármagna kröfur einhverra innstæðueigenda í íslenskum banka, enda hafi slíkar kröfur myndast fyrir dagsetningu samnings þessa, en að frátöldum (a) breska útgreiðslu- endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum og (b) hvers kyns samningi, ráðstöfun eða milliríkjasamningi sem gerður er í því skyni að fjármagna eða endurfjármagna (i) einhvern hluta endurgreiðslufjárhæðarinnar eða trygginga eða annarra fjárhæða sem einhverjum endurgreiðsluaðila ber að greiða til Hollands skv. samningi þessum eða einhverju viðkomandi skjali (eða samningi eða skjali sem kemur í þeirra stað), eða (ii) fjárhæð sem til greiðslu kemur að hálfu endurgreiðsluaðila samkvæmt breska útgreiðslu- endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum eða „viðkomandi skjölum“ eins og þau eru skilgreind í breska útgreiðslu- endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum (eða samningi eða skjali sem kemur í þeirra stað).

„*Viðkomandi heildartekjur ríkisins*“ að því er varðar greiðsludag endurgreiðslu sem verður á tilteknu tímabili sem hefst 1. júlí ár hvert og lýkur 30. júní næsta ár á eftir („viðkomandi tímabil“) a) „heildartekjur íslenska ríkisins“ fyrir almanaksár það sem næst fer á undan þessu viðkomandi tímabili samkvæmt birtum upplýsingum Hagstofu Íslands eða b) ef heildartekjur íslenskra ríkisins i) hafa ekki verið birtar eða ii) eru innan við 26 af hundraði af nýjasta mati á vergri landsframleiðslu á Íslandi fyrir almanaksár það sem næst fer á undan þessu viðkomandi tímabili samkvæmt nýjustu skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um efnahagshorfur í heiminum (World Economic Outlook) („viðkomandi verg landsframleiðsla á Íslandi“), fjárhæð sem samsvarar 26 af hundraði af viðkomandi vergri landsframleiðslu á Íslandi (eða, ef veruleg breyting verður á meginþáttum í heildartekjum íslenska ríkisins eða vergri landsframleiðslu eða slík tala er ekki birt af viðkomandi stofnun, sambærilegri tölu (eða sambærilegum tölum), fyrir heildartekjur ríkisins eða viðkomandi verga landsframleiðslu á Íslandi sem Ísland og Holland koma sér saman um á sanngjarnan hátt eða, ef Ísland og Holland komast ekki að samkomulagi um þessa tölu (tölur) fyrir greiðsludag endurgreiðslunnar, sem er ákvörðuð með gerðardómi í samræmi við 10. mgr. 9. gr.).

„*Viðmiðunarvextir seinna tímabils*“: viðmiðunarvextir evru eins og þeir gilda 15. júní 2016 og eru birtir hjá OECD (CIRR, *Commercial Interest Reference Rate* fyrir evru) (eða sambærilegir vextir sem Ísland og Holland komast að sanngjörnu samkomulagi um ef OECD birtir ekki vextina, eða ef Ísland og Holland komast ekki að samkomulagi um sambærilega vexti fyrir upphafsdag seinna tímabils eins og ákvarðað verður með gerðardómi í samræmi við 10. mgr. 9. gr.) fyrir lán til lengri lánstíma en áætlað greiðslutímabil vegna endurgreiðslufjárhæðar seinna tímabils eða a) vextir fyrir lán sem er með skemmstan lánstíma sem er lengri en áætlað greiðslutímabil ef vextir eru mismunandi fyrir lán með lengri lánstíma en áætlað greiðslutímabil fyrir endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils og b) vextir fyrir lán með lánstíma sem fer næst því að vera áætlað greiðslutímabil ef ekki eru fáanlegir vextir fyrir lán með lengri lánstíma en áætlaða greiðslutímabilið fyrir endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils og skal „*áætlaða greiðslutímabilið fyrir endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils*“ vera tímabilið frá upphafsdegi seinna tímabils og fram yfir greiðsludag endurgreiðslu þegar síðasta ársfjórðungslega afborgunin kemur á gjalddaga (eins og ákvarðað er í samræmi við b- og c-lið 1. mgr. 3. gr.

„*Endurgreiðslufjárhæð seinna tímabils*“: endurgreiðslufjárhæð eins og hún stendur í dagslok þess dags sem kemur næst á undan upphafsdegi seinna tímabils (að undanskilinni þó hverjum hluta endurgreiðslufjárhæðarinnar sem er áður gjaldfallinn en er enn ógreidd í trássi við skilmála þessa samnings við upphafsdag seinna tímabils.

„*Upphafsdagur seinna tímabils*“: 1. júlí 2016.

„*Vangreidd fjárhæð*“: merkir hverju sinni (a) tilgreinda fjárhæð sem til greiðslu kemur af hálfu Tryggingarsjóðs til Hollands samkvæmt þessum endurgreiðslusamningi eða öðru viðkomandi skjali, sem ekki hefur verið greidd og er áfram ógreidd að fullu á gjalddaga á þeim stað og í þeim gjaldmiðli sem greiða ber, og (b) ef einhver skuldbinding Tryggingarsjóðs samkvæmt þessum endurgreiðslusamningi eða öðrum viðkomandi skjölum reynist óaðfararhæf, ógild eða ólögmæt, þá fjárhæð sem jafngildir samanlögðum fjárhæðum sem Hollandi bæri ella úr hendi Tryggingarsjóðs ef skuldbindingin hefði verið eða hefði áfram haldist aðfararhæf, gild og lögmæt.

„*Fullveldi*“: fullvalda þjóð eða ríkisstjórn fullvalda þjóðar.

„*Ríkisskuldir*“: hvers konar lán, skuldir eða aðrar skuldbindingar sem þegar hefur verið stofnað til eða kann að verða stofnað til í framtíðinni, sem: a) skal greiða aðilum búsettum utan Íslands eða, ef um er að ræða skuldabréf, skuldaskjal, skuldaviðurkenningar, verðbréfainneign eða önnur verðbréf, þar sem a.m.k. 25 hundraðshlutar af heildarhöfuðstól eru boðin eða voru upphaflega boðin aðilum búsettum utan Íslands, eða b) eru tilgreindar í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum eða, ef þær eru tilgreindar í íslenskum krónum, eru samkvæmt skilmálum þar sem greiðsla höfuðstóls, aukaframlags (e. premium) (ef um það er að ræða) eða vaxta getur verið eða skal vera í öðrum gjaldmiðli eða miðast við annan gjaldmiðil, þ.m.t., til að taka af allan vafa: i. hvers konar lántökur, skuldir eða aðrar skuldbindingar gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og ii. hvers konar lántökur, skuldir eða aðrar skuldbindingar samkvæmt útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum við Bretland.

„*Sterlingspund*“ eða „*GBP*“: núverandi lögeyrir í Hinu sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

„*Útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningur við Bretland*“: endurgreiðslusamningurinn, sem gerður hefur verið eða gerður verður á sama degi eða um svipað leyti og samningur þessi, milli Tryggingarsjóðs, Íslands og umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins.

„*Ársfjórðungsleg afborgun til Bretlands*“: „ársfjórðungsleg afborgun“ eins og það hugtak er skilgreint í breska útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum.

„*Endurgreiðslufjárhæð til Bretlands*“ merkir hverju sinni „endurgreiðslufjárhæð“ eins og það hugtak er skilgreint í breska útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum.

„*Endurgreiðslufjárhæð til Bretlands á seinna tímabili*“: „endurgreiðslufjárhæð á seinna tímabili“ eins og það hugtak er skilgreint í breska útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum.

„*Uppgjörssamningur við Bretland*“: „uppgjörssamningur“ eins og það hugtak er skilgreint í breska útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningnum.

„*Skattar*“: allir núgildandi og síðari tekjuskattar, stimpilgjöld, skráningargjöld og aðrir skattar, álagningar og álögur, staðgreiðsluskattar og gjöld, hvaða nafni sem nefnast, og allir vextir, dráttarvextir og annað sem við kann að bætast eða á að leggjast vegna vangreiðslu þeirra, hvort sem slíkir skattar eru nú eða síðar reiknaðir, lagðir á eða innheimtir af hvaða stjórnvaldi sem er í tengslum við samning þennan eða önnur viðkomandi skjöl, greiðslur samkvæmt samningi þessum eða öðru viðkomandi skjali eða vegna þinglýsingar, lögbókunar eða annarrar opinberrar skráningar þeirra.

„*Holland*“: hefur þá merkingu sem gefin er í innganginum að samningi þessum.

Fylgiskjal III.

Skýringar við samninga Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og íslenska ríkisins annars vegar og Hollands og Bretlands hins vegar.

Hér á eftir verður farið yfir helstu atriði þeirra samningsdraga sem árituð hafa verið um uppgjör lágmarkstryggingar vegna innstæðna á svokölluðum Icesave-reikningum í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi.

Fyrir liggja drög að útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningum gagnvart Bretlandi og endurgreiðslu- og skaðleysissamningum gagnvart Hollandi sem koma að öllu leyti í stað lánssamninganna frá 5. júní 2009 og viðaukasamninganna frá 19. október s.á. Drög að samningunum hafa verið árituð með upphafsstöfum samningamanna ríkjanna þriggja auk stjórnarformanns tryggingarsjóðsins til vitnis um niðurstöðu samningaviðræðnanna. Samningarnir verða hins vegar ekki staðfestir með undirritun fyrr en samþykki Alþingis liggur fyrir.

Samningarnir eru að mörgu leyti með öðru sniði en fyrri lánssamningar. Þeir gera ráð fyrir eftirfarandi fyrirkomulagi:

1. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) ábyrgist breskum og hollenskum stjórnvöldum þær fjárhæðir sem þau hafa lagt út vegna uppgjörs lágmarkstryggingar við innstæðueigendur Landsbankans í Bretlandi og Hollandi.
2. TIF fær framseldar framangreindar kröfur Breta og Hollendinga í bú bankans og annast um að innheimta þær. Gert er ráð fyrir að tryggingarsjóðurinn endurgreiði fjárhæðina jöfnum höndum eftir því sem úthlutað er úr búinu.
3. Fram til júnímánaðar árið 2016 verða greiddir vextir af þeim höfuðstól sem útborganir úr búi Landsbankans hafa ekki gert upp á hverjum tíma. Ekki verður greitt upp í höfuðstól með öðru en því sem fæst greitt við slitameðferð Landsbanka Íslands.
4. Gert er ráð fyrir því að í júní 2016 verði búið að úthluta stærstum hluta af eignum bús Landsbanka Íslands til kröfuhafa. Við það tímamark skuldbinda TIF og íslenska ríkið sig til að standa undir eftirstöðvum með ákveðnum fyrirvörum og eftir nánar umsömdum viðmiðunum.

Umsamin kjör taka mið af eðli þess máls sem um ræðir. Fyrirvarar og ýmis varúðarákvæði stefna að því að sá hluti skuldbindingarinnar, sem fjármagna kann að þurfa úr ríkissjóði, verði ávallt innan hóflegra marka.

Hér á eftir verður leitast við að skýra meginefni samninganna lið fyrir lið. Staldrað verður stutt við þau atriði sem teljast hefðbundin eða skýra sig sjálf, en lengra máli varið í aðalatriði málsins og þau ákvæði sem torskildari má telja.

Aðilar að samningunum

Aðild að samningunum eiga Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og íslenska ríkið annars vegar og breska og hollenska ríkið hins vegar. Í texta samninganna er oft vísað til hinna fyrrnefndu sem endurgreiðsluaðila (e. Reimbursement Parties).

Tilefni samninganna – Recitals

Í inngangskafla er vikið að tilefni og tilgangi samninganna.

Í upphafi inngangs að samningunum er áréttað að þegar þeir taki gildi komi þeir í stað áður gerðra lánssamninga og viðaukasamninga um sama úrlausnarefni.

Síðan segir efnislega að íslenski tryggingarsjóðurinn ábyrgist kröfur innstæðueigenda í útibúum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi gagnvart Landsbankanum í samræmi við lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem leiddu tilskipun 94/19/EB í íslenskan rétt. Ábyrgð sjóðsins takmarkist við 20.887 evrur vegna hvers innstæðueiganda.

Hollenski seðlabankinn hefur þegar greitt trygginguna til flestallra almennra innstæðueigenda gegn því að þeir framselji bankanum kröfur sínar. Fram kemur í samningnum við Holland að Seðlabanki Hollands hafi samþykkt að taka yfir kröfur langflestra innstæðueigenda en nokkrum hafi þó verið hafnað að hluta eða öllu leyti. Sum þeirra mála verði leidd til lykta fyrir hollenskum dómstólum. Að svo stöddu sé því óljóst að hve miklu leyti hollensk stjórnvöld kunni að verða dæmd til að greiða jafnframt þessum aðilum trygginguna. Er þar um að ræða félög sem voru með vörslureikninga hjá útibúi Landsbankans í Amsterdam en þau gæta hagsmuna allra þeirra sem þau voru vörsluaðilar fyrir.

Breski sjóðurinn hefur á sama hátt þegar greitt trygginguna til meiri hluta almennra innstæðueigenda og hafa þeir framselt breska sjóðnum kröfur sínar. Þó hefur ekki nær öllum verið greitt eins og í Hollandi. Sérstakur samningur hefur því verið gerður milli breska og íslenska sjóðsins vegna uppgjörs á kröfum innstæðueigenda sem enn hafa ekki verið greiddar út. Samkvæmt honum mun íslenski sjóðurinn greiða breska sjóðnum fjárhæð þannig að hann geti greitt þeim innstæðueigendum sem enn hafa ekki fengið greidda lágmarkstryggingu innstæðna sinna, þó að ákveðinni hámarksfjárhæð.

Báðir samningarnir byggjast á því að Bretar annars vegar og Hollendingar hins vegar hafi greitt út eða muni greiða út lágmarkstryggingu að hámarki 20.887 evrur vegna hvers almenns innstæðueiganda *fyrir hönd* íslenska sjóðsins. Með samningunum tekur íslenski tryggingarsjóðurinn yfir þessar skuldbindingar og fær á móti á ákveðnu tímamarki framseldar til sín samsvarandi kröfur breskra og hollenskra sparifjáreigenda í bú Landsbankans. Um það verða gerðir sérstakir framsalssamningar (e. Assignment Agreements) milli íslenska tryggingarsjóðsins og hollenska seðlabankans (DNB) annars vegar og breska tryggingarsjóðsins (FSCS) hins vegar. Íslenski sjóðurinn mun því fá að hámarki kröfu að fjárhæð 20.887 evrur fyrir hvern innstæðueiganda, auk vaxta fram til 22. apríl 2009,[1] úr búi Landsbankans.

Innstæður *umfram* 20.887 evrur eru einnig kröfur í bú Landsbankans (svokallaðar „top-up“ kröfur). Bretar greiddu almennum innstæðueigendum allar þessar innstæður að fullu og Hollendingar upp að 100 þúsund evrum og hafa krafist þess að þær kröfur njóti forgangsréttar við skiptin. Samningar þessir ná ekki til þessara umframgreiðslna Breta og Hollendinga, heldur bera þarlendir tryggingarsjóðir kostnað vegna þeirra umfram það sem endurheimtist úr búi Landsbankans. Vegna þeirra eiga þeir kröfu eins og aðrir forgangskröfuhafar í bú Landsbankans og bera sjálfir áhættuna af því að kröfur þeirra fáist að fullu greiddar þaðan. Þarna er um umtalsverðar fjárhæðir að ræða, sbr. eftirfarandi töflu:

[1]Samkvæmt lögum nr. 44/2009, sem fjalla um breytingar á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, er varða slitameðferð, njóta vaxtakröfur forgangsréttar til þess dags. Fjárhæð vaxtakröfunnar hefur ekki enn verið ákvörðuð endanlega við slitameðferðina á búi Landsbankans.

	Heildarfjárhæð innstæðna	Innstæður undir 20.887 evrum[2]	Fjöldi innstæðueigenda
Holland	1,674,285,671 €	1.329.242.850 €	114,136
Bretland	4,526,988,847 £	2,350,000,000 £	229,170

Pari Passu – Jafnræði aðila

Samkvæmt sérstökum samningum milli Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta annars vegar og breskra og hollenskra stjórnvalda hins vegar njóta aðilar hans jafnræðis þegar kemur að skiptingu úthlutunar úr búi Landsbankans. Þeir fá því allir greitt í jöfnum hlutföllum upp í þessar kröfur. Þar er þó einnig gert ráð fyrir að íslenski tryggingarsjóðurinn geti látið reyna á hvort kröfur sjóðsins vegna greiðslu lágmarkstryggingar hafi sérstakan forgang umfram kröfur Bretlands og Hollands vegna umframgreiðslna. Komist íslenskur dómstóll að þeirri niðurstöðu að svo sé og dómur hans er ekki í andstöðu við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins á því, hvaða úrlausn málið eigi að fá, tekur ákvæði þessara samninga um hlutfallslega jafna skiptingu hverrar kröfu sjálfkrafa breytingum í samræmi við þá niðurstöðu. Sama á við ef slitastjórn tekur ákvörðun um að veita kröfum íslenska tryggingarsjóðsins sérstakan forgang og ákvörðun hennar þar að lútandi er ekki skotið til dómstóla.

Uppbygging samninganna

Uppbygging samninganna er alveg sambærileg að öðru leyti en því að í samningnum við Bretland er í 2. gr. mælt fyrir um fjárhæð þá sem frátekin er til að mæta kröfum þeirra sem enn hefur ekki verið greidd út lágmarkstryggingin.

Til glöggvunar fer hér á eftir yfirlit um efni og greinaskipan í hvorum samningi um sig:

Efni	**Bretland**	**Holland**
Skilgreiningar	1. gr.	1. gr.
Lánalína	2. gr.	x
Endurgreiðsla o.fl.	3. gr.	2. gr.
Fyrirkomulag endurgreiðslu, vaxta og umsýslukostnaðar	4. gr.	3. gr.
Tap o.fl.	5. gr.	4. gr.
Skaðleysi	6. gr.	5. gr.
Gildistökuskilyrði	7. gr.	6. gr.
Sérstakar yfirlýsingar	8. gr.	7. gr.
Sérstakar skuldbindingar	9. gr.	8. gr.
Önnur ákvæði	10. gr.	9. gr.

1. gr. Skilgreiningar – Definitions

Í þessari grein eru skýrð og skilgreind ýmis hugtök sem notuð eru í texta samningsins. Skilgreiningarnar eru settar fram í tveimur hlutum. Annars vegar eru ýmis sérgreind hugtök skýrð í sérstöku yfirliti (Schedule I) sem fylgir samningunum. Hins vegar er í greininni sjálfri skilgreint hvað ýmis almenn hugtök í ensku máli eiga að merkja í texta samningsins.

[2]Áætlaðar fjárhæðir (hámark).

2. gr. Lánalína (í samningnum við Bretland eingöngu)

Með því að bresk stjórnvöld hafa ekki gert upp allar kröfur um lágmarkstryggingu innstæðna á Icesave-reikningum í Bretlandi er gert ráð fyrir að tryggingarsjóðurinn geti dregið á lánalínu sem komið er á skv. 2. gr. til að greiða þær.

3. gr./2. gr. Endurgreiðslan – Reimbursement

Í þessari grein er kveðið á um andlag samninganna, þ.e. að endurgreiða stjórnvöldum í Bretlandi og Hollandi þann kostnað sem þau hafa orðið fyrir við fjármögnun og umsýslu á greiðslu innstæðutryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbankans þar. Endurgreiðslufjárhæðin er í tilviki Hollands 1.322.242.850 evrur og til Bretlands að hámarki 2.350.000.000 pund. Fjárhæðin getur lækkað eftir því sem nánar er kveðið á um í samningunum.

4. gr./3. gr. Afborganir af endurgreiðslufjárhæðinni og kostnaði við fjármögnun hennar – Payments of Reimbursement, Compensation and Pay-out Costs

Í þessu ákvæði er fjallað um tilhögun endurgreiðslu höfuðstóls annars vegar (4.1./3.1.) og hins vegar þess kostnaðar (vaxta) sem fallist er á að greiða Bretum og Hollendingum fyrir að hafa fjármagnað greiðslu lágmarkstryggingarinnar til innstæðueigenda í Bretlandi og Hollandi (4.2./3.2.).

Til að tryggja að endurgreiðslan verði ekki of þungbær hefur verið samið um tvenns konar fyrirvara á henni. Annars vegar má hámark árlegrar endurgreiðslu ekki fara yfir 5% af heildartekjum ríkisins næstliðið ár eða 1,3% af vergri landsframleiðslu á sama tímabili, eftir því hvor talan er hærri. Hins vegar er tryggt að eitt ár bætist við endurgreiðslutímann fyrir hverja 10 ma.kr. sem eftirstöðvarnar, sem standa þarf skil á miðað við lok júní 2016, kunna að fara yfir 45 ma.kr., en þær skulu annars greiddar upp á einu ári. Þessir fyrirvarar birtast í b- og d-liðum hluta 4.1./3.1.

Hluti 4.1./3.1. Tilhögun endurgreiðslu [eftirstöðva endurgreiðslufjárhæðarinnar] – Payment of the Reimbursement

Þessi hluti fjallar um tilhögun endurgreiðslu eftirstöðva endurgreiðslufjárhæðarinnar eins og hún stendur 1. júlí 2016 (e. Second Phase Start Date). (a-liður)

Með fyrirvara um hámark árlegrar endurgreiðslu skv. d-lið tekst TIF á hendur að greiða eftirstöðvarnar ársfjórðungslega á eftirtöldum gjalddögum: 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. september. (b-liður)

Samkvæmt c-lið er fjöldi gjalddaga og fjárhæð afborgana ákveðin sem hér segir:

(i) Ef fjárhæð eftirstöðvanna 30. júní 2016 er 45 ma.kr. eða lægri, skal hún greidd á framangreindum fjórum gjalddögum og skiptist jafnt á milli þeirra.

(ii) Ef fjárhæð eftirstöðvanna 30. júní 2016 er hærri en 45 ma.kr., bætast við fjórir gjalddagar (1 ár) fyrir hverja 10 ma.kr. sem eftirstöðvarnar fara yfir 45 ma.kr. Þó geta þeir aldrei orðið fleiri en 118 eða 30 ár. Fjárhæð eftirstöðvanna skiptist jafnt niður á þann fjölda gjalddaga sem þannig er ákveðinn.

Samkvæmt d-lið (i) geta afborganir og vaxtagreiðslur skv. b- og c-lið þó að hámarki aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur 5% af heildartekjum ríkissjóðs á næstliðnu ári eða 1,3% af vergri landsframleiðslu á sama tímabili eftir því hvor fjárhæðin er hærri. Lækki afborgun samkvæmt þessu leggst sú fjárhæð við næstu afborgun skv. d-lið (ii) og safnar vöxtum þar til hún er greidd. Þak skv. d-lið (i) á þó einnig við um allar síðari afborganir, nema hina síðustu. Samkvæmt d-lið (iii) er öll eftirstandandi fjárhæð með vöxtum kræf á síðasta gjalddaga skv. c-lið hluta 3.1.

Hluti 4.2./3.2. Vextir – Compensation

Í þessum hluta er fjallað um þá vexti sem tryggingarsjóðurinn greiðir af fjármögnun endurgreiðslufjárhæðarinnar. Samkvæmt a-lið eru vaxtatímabilin tvö. Annars vegar frá 1. október 2009 til 1. júlí 2016 sem svarar til 3% á ári gagnvart Hollandi og 3,3% á ári gagnvart Bretlandi og hins vegar frá þeim degi og þar til fjárhæðin er að fullu greidd á CIRR-vöxtum, en þeir eru misháir eftir því á hversu löngum tíma eftirstöðvarnar verða greiddar. Til að taka af allan vafa er í a-lið skýrt tekið fram að engir vextir verða greiddir fyrir tímabilið fram að 1. október 2009.

Vextirnir eru skv. c-lið kræfir á sömu gjalddögum og afborganir af endurgreiðslufjárhæðinni, en verði dráttur á greiðslum leggst á hana 0,3% álag á fyrra vaxtatímabilinu og 0,5% á hinu síðara þar til greiðslan hefur verið innt af hendi, skv. b-lið.

Hluti 4.3./3.3. Valfrjáls innborgun – Optional Prepayments

Tryggingarsjóðnum er skv. a-lið heimilt að greiða inn á endurgreiðslufjárhæðina hvenær sem er á gildistíma samningsins með tilkynningu þar um í samræmi við ákvæði samningsins. Slíkar endurgreiðslur eru óafturkræfar.

Nýti sjóðurinn þessa heimild ber honum skv. b-lið skylda til að greiða samsvarandi fjárhæð (hlutfallslega) til beggja samningsaðila, þ.e. bæði til Bretlands og Hollands.

Fyrirframgreiðslur skulu skv. c-lið renna til að greiða niður höfuðstól endurgreiðslufjárhæðarinnar. Ef þær koma til eftir 1. júlí 2016 skulu þær dreifast jafnt til að greiða niður allar eftirstandandi afborganir.

Í öllum tilfellum eru þessar sérstöku endurgreiðslur tryggingarsjóði og/eða íslenska ríkinu að kostnaðarlausu. Þannig er hægt að greiða lánið upp hvenær sem er ef hagstæðari fjármögnun fæst.

Hluti 4.4./3.4. Tilkynningar – Certain Notices

Tilkynna ber breskum og hollenskum stjórnvöldum um valkvæða fyrirframgreiðslu skv. hluta 3.3. fyrir lok vinnudags þremur virkum dögum áður en greiðslan á að fara fram. Tiltaka skal fjárhæð fyrirframgreiðslunnar og hvaða dag hún fer fram.

Hluti 4.5./3.5. Skyldubundin innborgun með fjármunum úr hlutdeild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta – Mandatory Prepayment and other payments out of Guarantee Fund Estate Proceeds

Þessi hluti kveður á um tilhögun endurgreiðslna úr búi Landsbankans. Samkvæmt a-lið (i) þessa ákvæðis skuldbindur tryggingarsjóðurinn sig til þess að láta allar greiðslur úr búi bankans sem varða innstæðutryggingarnar renna til lækkunar endurgreiðslufjárhæðarinnar innan fimm virkra daga frá móttöku þeirra. Greiðslurnar skulu renna hlutfallslega til Bretlands og Hollands samkvæmt fyrirkomulagi sem er útlistað nánar í ákvæðinu. Greiðslur sem berast eftir 1. júlí 2016 skulu ganga til jafnrar lækkunar allra eftirstandandi afborgana.

Tvær undanþágur eru frá þessari greiðsluskyldu:

- Ef greiðsla til tryggingarsjóðsins úr þrotabúinu er háð því skilyrði að hún sé ekki greidd til þriðja aðila (svo lengi sem slíkt skilyrði er fyrir hendi).
- Ef tryggingarsjóðnum ber skylda til þess að greiða viðkomandi fjárhæð annaðhvort til breskra eða hollenskra stjórnvalda samkvæmt framsalssamningi við hvor þeirra um sig.

Í a-lið (ii) er að finna sérákvæði um skiptingu áfallinna vaxta á kröfur TIF frá október 2008 til 22. apríl 2009. Ef úthlutun upp í kröfur TIF nemur hærra hlutfalli en 86% munu

aðilar skipta með sér þeim fjármunum sem þannig eru til komnir. Í meginatriðum er þar kveðið á um að ef endurheimtur nema 87% þá fái viðsemjendur TIF 5% af andvirði vaxtakrafnanna, þegar endurheimtur nema 88% bætast önnur 5% við og svo koll af kolli allt þar til um fullar endurheimtur er að ræða en þá er gert ráð fyrir að viðsemjendurnir hafi fengið vextina að fullu greidda. Verði endurheimtur 86% eða minni fellur þessi skuldbinding niður.

Í b-lið ákvæðisins eru tilgreind þau tilvik sem heimila Bretlandi og Hollandi að gjaldfella án frekari fyrirvara alla endurgreiðslufjárhæðina, áunna vexti og aðrar greiðsluskuldbindingar samkvæmt samningunum. Tilvikin sem leitt geta til uppgreiðsluskyldu eru eftirtalin:

(i) a) Ef greiðslur fara ekki fram á þeim tíma, stað og gjaldmiðli sem samningarnir gera ráð fyrir. Frestur til að beita þessu úrræði eru 5 dagar frá því vanefnd á sér stað, ef ástæður hennar eru tæknilegs eðlis, en 20 dagar ef vanefnd stafar af öðrum orsökum. b) Ef á annan hátt er komist hjá greiðslum, þær ógiltar eða lækkaðar.

(ii) Ef vanskil hafa orðið. Ef hægt er bæta úr þeim má þó fyrst grípa til þeirra úrræða sem b-liður greinir þegar vanskil hafa varað í meira en 20 daga frá því að Bretland eða Holland tilkynnir um vanefnd eða tryggingarsjóðnum eða tilteknum fulltrúum íslenskra stjórnvalda var kunnugt um hana eða mátt vera það.

(iii) Ef yfirlýsingar sem tryggingarsjóðurinn eða stjórnvöld hafa gefið eða eru talin hafa gefið í sambandi við samningana reynast rangar eða villandi þegar yfirlýsingin var gefin eða er talin hafa verið gefin.

(iv) Ef kröfur samkvæmt samningunum hætta að njóta a.m.k. sömu rétthæðar og aðrar kröfur sem eru til eða kunna að stofnast á hendur tryggingarsjóðnum eða stjórnvöldum, að undanþegnum kröfum sem eru rétthærri samkvæmt þeim lögum sem þegar eru í gildi við undirritun samningsins.

(v) Ef einhverjum ákvæðum samninganna er frestað, þau eru ógilt eða rift eða ef einhver ákvæði hætta að teljast í gildi og skuldbindandi fyrir aðilana. Einnig ef einhver skuldbinding tryggingarsjóðsins eða stjórnvalda reynist ólögleg.

(vi) Ef tryggingarsjóðurinn er leystur upp eða hann getur ekki greitt skuldir sínar þegar þær falla á gjalddaga, að teknu tilliti til allra mögulegra úrræða, eða hættir að greiða þær vegna fyrirsjáanlegra fjárhagserfiðleika. Þetta á þó ekki við ef annar aðili hefur tekið yfir skuldbindingar sjóðsins áður en til slíks kemur með skilmálum sem Bretland eða Holland fallast á og Ísland hefur staðfest að það standi að fullu við allar skuldbindingar sínar samkvæmt samningunum.

(vii) Vanefni stjórnvöld greiðslu annarrar skuldar að fjárhæð yfir £ 50.000.000 eða jafngildi þeirrar upphæðar í öðrum gjaldmiðlum.

(viii) a) Fari tryggingarsjóðurinn eða stjórnvöld ekki að lögum eða reglum með þeim afleiðingum að geta þeirra til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu skerðist verulega. b) Einnig ef einhver lög sem gera tryggingarsjóðnum eða Íslandi kleift að standa við skuldbindingar sínar eru afturkölluð eða falla úr gildi, eða gerðar verða á þeim breytingar sem hafa verulega neikvæð áhrif á getu Íslands eða tryggingarsjóðsins til að greiða samkvæmt samkomulaginu eða uppfylla aðrar skyldur sínar.

Samkvæmt c-lið þessa hluta skulu tryggingarsjóðurinn og stjórnvöld tilkynna Bretlandi og Hollandi eins fljótt og hægt er ef þau verða þess áskynja að eitthvert framangreindra tilvika skv. b-lið eigi við og gera grein fyrir til hvaða ráðstafana hafi verið gripið til að bæta úr vanefndinni.

Hluti 4.6./3.6. Umsýslukostnaður – Pay-out Costs

Í þessum hluta er fjallað um þann kostnað sem fallist hefur verið á að greiða breskum og hollenskum stjórnvöldum fyrir umsýslu með kröfur innstæðueigenda Landsbankans. Í tilviki Hollands nemur hann 7 milljónum evra og í tilviki Bretlands 10 milljónum punda. Í síðara tilvikinu er fjárhæðin tilgreind í framsalssamningnum við breska tryggingarsjóðinn (FSCS).

Hluti 4.7./3.7. Greiðslur – Payments

Samkvæmt þessu ákvæði skulu afborganir af endurgreiðslufjárhæðinni, vaxtagreiðslur og hvers kyns greiðslur aðrar vera í breskum pundum samkvæmt breska samningnum og evrum samkvæmt hollenska samningnum. Allar greiðslur skulu fara fram án frádráttar, skattlagningar og skuldajöfnunar af nokkru tagi.

Reynist einhver greiðsla ófullnægjandi (lægri en samningurinn kveður á um) rennur hún fyrst til greiðslu kostnaðar og annarra útgjalda sem tryggingarsjóðurinn eða stjórnvöld eiga að bera samkvæmt ákvæðum samningsins, síðan upp í áfallna vexti og loks inn á höfuðstólinn.

5. gr./4. gr. Tap o.fl. – Losses etc.

Samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis skal tryggingarsjóðurinn bæta breskum og hollenskum stjórnvöldum allan þann kostnað sem þau kunna að verða fyrir a) við að umreikna greiðslur í annan gjaldmiðil, b) vegna atvika sem leitt geta til gjaldfellingar allrar endurgreiðslufjárhæðarinnar (skv. 4.5./3.5) eða c) við að framfylgja og gæta réttinda sinna samkvæmt samningunum, annan en þann sem Alþjóðagerðardómstóllinn kann að mæla fyrir um að skuli borinn af Bretum eða Hollendingum.

Skv. 2. mgr. skulu allar greiðslur samkvæmt samningunum vera gerðar án nokkurs frádráttar eða ábyrgðar vegna skatta, en geri viðeigandi löggjöf ráð fyrir greiðslu skatta af greiðslum munu þær verða hækkaðar sem samsvarar slíkum upphæðum þannig að bresk og hollensk stjórnvöld verði skaðlaus af slíku.

Samningarnir fela í sér fullt uppgjör á milli samningsaðila skv. 3. mgr. Bretland og Holland eiga því ekki kröfu á frekari greiðslum af hálfu tryggingarsjóðsins og stjórnvalda vegna uppgjörs á innstæðum í þarlendum útibúum Landsbankans en kveðið er á um í samningunum. Jafnframt munu tryggingarsjóðurinn og íslenska ríkið ekki gera kröfur eða hefja málaferli gegn Bretlandi og Hollandi eða þarlendum tryggingarsjóðum vegna (i) útgreiðslna til innstæðueigenda eða (ii) krafna innstæðueigenda sem tryggingarsjóðirnir fallast ekki á og hafa því ekki greitt.

6. gr./5. gr. Skaðleysi – Indemnity

Hluti 6.1./5.1. – Sérstakar yfirlýsingar og skaðleysi – Representation, warranty and indemnity

Samkvæmt a-lið ábyrgjast stjórnvöld að tryggingarsjóðurinn standi skilvíslega skil á öllum greiðslum, uppfylli allar skuldbindingar samkvæmt endurgreiðslusamningum og sjá til þess að ekkert vanti þar upp á, þ.e.a.s. að eftirstöðvar (e. shortfall) verði engar.

Samkvæmt b-lið ábyrgjast stjórnvöld að greiða eftirstöðvarnar, verði þær einhverjar, með áföllnum kostnaði sem væri ríkið aðalskuldari þeirra og skuldbinda sig samkvæmt c-lið til að halda breskum og hollenskum stjórnvöldum skaðlausum, ef greiðslufall verður hjá tryggingarsjóðnum eða einhver greiðsla reynist ófullnægjandi.

Hluti 6.2./5.2. Óskilyrtar skuldbindingar – Obligations unconditional

Hér eru tiltekin nokkur atriði sem geta ekki haft áhrif á ábyrgð íslenska ríkisins og það afsalar sér að bera fyrir sig til að losna undan skuldbindingum samkvæmt samningnum, svo sem umboðsleysi tryggingarsjóðsins, endurskipulagning hans og/eða Landsbankans, breytingar á samningsskjölunum o.fl.

Hluti 6.3./5.3. Lausn undan skuldbindingum samkvæmt samningnum – Discharge only upon Payment in Full

Ábyrgð ríkisins er samfelld út endurgreiðslutímann og fellur fyrst úr gildi þegar endurgreiðslufjárhæðin hefur verið greidd að fullu. Ef einhver greiðsla samkvæmt samningnum er ófullnægjandi telst hún ekki greidd heldur gjaldfallin.

Hluti 6.4./5.4. Eftirgjöf – Waiver

Samkvæmt þessu ákvæði afsalar ríkið sér rétti til tilkynninga af ýmsu tagi.

Hluti 6.5./5.5. Aðilaskipti – Subrogation

Samkvæmt þessu ákvæði getur ríkið ekki uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum með framsali á annars konar réttindum eða kröfum sem það kann að eiga á hendur tryggingarsjóðnum. Allar greiðslur skulu m.ö.o. vera í beinhörðum peningum.

Hluti 6.6./5.6. Viðbótartrygging – Additional security

Hér er áréttað að yfirlýsingar og skaðleysi samkvæmt þessari grein koma til viðbótar og takmarka ekki á nokkurn hátt rétt hollenskra og breskra stjórnvalda sem leiddur er af öðrum yfirlýsingum, skjölum eða gerningum.

7. gr./6. gr. Gildistökuskilyrði – Conditions Precedent

Í þessari grein er kveðið á um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til þess að samningarnir öðlist gildi.

Hluti 7.1./6.1. Gildistökuskilyrði – Conditions Precedent

Samkvæmt þessum hluta taka samningarnir gildi þegar eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

a) Þegar Bretlandi og Hollandi hafa borist eftirtalin skjöl í því formi og efni sem þau telja fullnægjandi:
   i) Staðfestingar frá hvorum hinna viðsemjendanna um sig (Hollandi í tilviki Bretlands og Bretlandi í tilviki Hollands) um að öll skilyrði fyrir gildistöku beggja samninga séu uppfyllt (önnur en viðtaka viðkomandi staðfestinga).
   ii) Afrit af lögum er hafa viðvarandi gildi og heimila stjórnvöldum að takast þær skuldbindingar á herðar sem samningarnir kveða á um. Löggilt þýðing á ensku skal fylgja.
   iii) Afrit af undanþágu er Seðlabankinn hefur veitt tryggingarsjóðnum frá reglum um gjaldeyrishöft til að sjóðurinn geti uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt samningunum.
b) Álit ríkislögmanns vegna íslenska ríkisins og Lögmannsstofunnar LEX vegna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta er staðfesta m.a. að þeir sem undirrita samningana hafi til þess heimild og umboð, um framfylgni samninganna o.fl.
c) Þegar tryggingarsjóðurinn hefur gert framsalssamning og jafnstöðusamning (Pari Passu) við Seðlabanka Hollands (DNB) annars vegar og framsalssamning og uppgjörssamning við Tryggingarsjóð Bretlands (FSCS) hins vegar.

Hluti 6.2. Framsalssamningur og jafnstöðusamningur – DNB Assignment Agreement and DNB Pari Passu Agreement

Í a-lið þessa hluta er nánar kveðið á um efni framsalssamnings Seðlabanka Hollands og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, en hollenski seðlabankinn skal framselja tryggingarsjóðnum allar kröfur innstæðueigenda í þeim útibúum Landsbankans sem hann fékk framseldar frá innstæðueigendum við útgreiðslur, í hverju tilfelli allt að 20.887 evrum. Sams konar ákvæði er í framsalssamningnum við breska tryggingarsjóðinn.

Í b-lið er fjallað um efni jafnstöðusamningsins við Holland (nefndur *Pari Passu Agreement* við Holland og *Settlement Agreement* (uppgjörssamningur) við Bretland). Samkvæmt liðum (i) og (ii) skulu þær kröfur sem framseldar eru til íslenska tryggingarsjóðsins vegna greiðslu lágmarkstryggingar vera jafnstæðar þeim kröfum sem erlendu tryggingarsjóðirnir halda eftir vegna greiðslna þeirra umfram 20.887 evrur, að svo miklu leyti sem lög heimila. Verði vart við ójafnvægi við endurgreiðslur skuli því jafna það út hlutfallslega. Sams konar ákvæði er í uppgjörssamningnum við Bretland.

Í lið (iii) er hins vegar að finna fyrirvara vegna óvissu um það hvort íslenski tryggingarsjóðurinn njóti samkvæmt íslenskum lögum sérstaks forgangs (e. super priority) fram yfir þá erlendu vegna þess að greiðslur hans snúa að því lágmarki sem lögin um innstæðutryggingar kveða á um. Vegna þessa er kveðið á um að komist íslenskur dómstóll að þeirri endanlegu niðurstöðu að tryggingarsjóðurinn njóti slíks forgangs varðandi greiðslur úr þrotabúi Landsbankans, og slík niðurstaða er ekki í andstöðu við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, eða ákveði skilanefnd Landsbankans að kröfur tryggingarsjóðanna njóti sérstöðu við útgreiðslur úr þrotabúinu og ákvörðun um það er ekki skotið til dómstóla, þá skuli skylda til þess að jafna greiðslurnar á milli sjóðanna ekki gilda. Sams konar ákvæði er í uppgjörssamningnum við Bretland.

Hluti 7.2./6.3. Efndir gildistökuskilyrða – Satisfaction of Conditions Precedent

Þetta ákvæði gerir í orði kveðnu ráð fyrir að samningsaðilar geti rift samningunum ef framangreind skilyrði fyrir gildistöku þeirra hafa ekki verið uppfyllt fyrir 31. desember 2010. Þó hefur það ekki áhrif samkvæmt efni sínu fyrr en samningarnir hafa verið undirritaðir. Þangað til er ákvæðið fyrst og fremst til marks um það stefnumið samningsaðila að ljúka málinu sem fyrst á þeim grundvelli sem samningarnir mæla að öðru leyti fyrir um.

Hluti 7.3./6.4. Niðurfelling lánssamninga og viðaukasamninga – Termination of Loan Agreement and Acceptance and Amendment Agreement

Hér er áréttað að lánssamningarnir frá 5. júní 2009 og viðbótarsamningar frá 19. október s.á. falla niður við gildistöku þessara samninga.

8. gr./7. gr. Umboð og heimildir – Representations and Warranties

Í báðum samningunum er að finna útskýringu á eðli íslenska tryggingarsjóðsins og fullyrt að hann geti borið réttindi og skyldur sem lögaðili. Samningarnir séu framkvæmdir á réttan hátt, löglegir, bindandi og gildir, að teknu tilliti til hugsanlegra takmarkana í lögum um gjaldþrot eða annarri sambærilegri löggjöf.

9. gr./8. gr. Sérstakar skuldbindingar – Covenants

Hluti 9.1./8.1. Sambærileg meðferð – Comparability of Treatment

Þetta ákvæði tryggir lánveitendum sama rétt og hugsanlegir framtíðarlánveitendur fá vegna greiðslna krafna tengdra innstæðum sem urðu til fyrir gildistöku samninganna reynist

þau kjör hagstæðari. Þetta þýðir að gangi tryggingarsjóðurinn eða íslenska ríkið til samninga við aðra aðila en Breta og Hollendinga vegna greiðslna til innstæðueigenda, og þeir samningar eru hagstæðari lánveitanda en þessir samningar, þá skulu sjóðurinn og stjórnvöld veita Bretum og Hollendingum sömu skilmála. Tekið er fram að þetta eigi ekki við um hugsanlega samninga til endurfjármögnunar þessara samninga.

Hluti 9.2./8.2. Jöfn meðferð – Equal treatment

Komi til þess að öðrum innstæðueigendum gamla Landsbankans sé greitt meira en sem nemur 20.887 evrum þá skal tryggingarsjóðurinn greiða breskum eða hollenskum innstæðueigendum samsvarandi greiðslu, en hafi erlendu tryggingarsjóðirnir greitt viðkomandi innstæðueigendum umframgreiðslurnar þá skulu greiðslur tryggingarsjóðsins renna til þeirra.

10. gr./9. gr. Ýmis ákvæði – Miscellaneous

Hluti 10.1./9.1. Breyting á aðstæðum – Change of circumstance

Í þessum hluta er að finna endurskoðunarákvæði samninganna. Þar segir að lánveitendur samþykki að eiga viðræður til að meta þörf á endurskoðun samninganna ef greiðsluþol íslenska ríkisins versnar til muna að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá því sem var í nóvember 2008.

Hluti 10.2./9.2. Aðrar breytingar – Other changes

Hér er mælt fyrir um hvernig með skuli fara ef breyting verður á samþykktri kröfufjárhæð eða samþykktri vaxtafjárhæð vegna ákvörðunar slitastjórnar Landsbankans eða dómstóls.

Hluti 10.3./9.3. Eftirgjöf – Waiver

Í þessum hluta er áréttað að þó svo að Bretland og Holland nýti sér ekki einhvern rétt sem þau eiga samkvæmt lögum eða samningunum, þá sé ekki litið svo á að þau hafi með því afsalað sér þeim rétti.

Hluti 10.4./9.4. Tilkynningar – Notices

Hér er að finna ákvæði um fyrirkomulag tilkynninga og staðlaðar reglur um það hvenær þær teljast komnar til vitundar móttakanda.

Hluti 10.5./9.5. Breytingar – Amendments

Allar breytingar á samningunum verður að gera með skriflegu samkomulagi allra aðila.

Hluti 10.6./9.6. Framsal réttinda og skuldbindinga – Successors and Assigns

Samningsaðilum er ekki heimilt að framselja réttindi eða skyldur samkvæmt samningunum og enginn sem ekki er aðili að samningunum getur byggt rétt á þeim, fyrir utan hollenska og breska tryggingarsjóðinn í þeim tilvikum þegar það er sérstaklega tekið fram.

Hluti 10.7./9.7. Fyrirsagnir – Captions

Hér er áréttað að efnisyfirlit, fyrirsagnir og heiti greina séu eingöngu til hægðarauka og ekki hluti af efni samninganna eða ætlað að hafa áhrif á það.

Hluti 10.8./9.8. Samhljóða eintök – Counterparts

Hér kemur fram að samninginn megi gera í eins mörgum samhljóða eintökum og þörf er á en áréttað að öll myndi þau hluta af sama gerningnum.

Hluti 10.9./9.9. Lög sem gilda – Governing law

Samkvæmt þessu ákvæði ber að leysa úr ágreiningi um framkvæmd samningsins á grundvelli breskra laga.

Hluti 10.10./9.10. Gerðardómur – Arbitration

Samkvæmt a-lið þessa ákvæðis ber að leggja hvers kyns ágreining, málshöfðun eða málaferli er varða túlkun og efni samninganna í gerð Alþjóðagerðardómstólsins í Haag (e. Permanent Court of Arbitration – PCA). Samkvæmt b-lið skulu gerðardómsmenn vera þrír. Ef allir samningsaðilar eiga aðild að deilumálinu skulu TIF og stjórnvöld tilnefna einn þeirra sameiginlega og Holland eða Bretland einn. Þessir tveir sammælast síðan um þriðja mann og skal hann sitja í forsæti dómsins. Alþjóðagerðardómstóllinn hlutast til um þessar tilnefningar. Gerðardómurinn skal kappkosta að leysa úr þeim málum sem undir hann eru borin innan tólf mánaða.

Hluti 10.11./9.11. Fallið frá friðhelgisréttindum

Íslenska ríkið nýtur að þjóðarétti friðhelgisréttinda í lögsögu annarra ríkja. Þessi friðhelgisréttindi stæðu í vegi fyrir lagalegri úrlausn deilumála vegna samningsins ef ekkert væri að gert. Það er föst venja í lánasamningum milli ríkja að víkja slíkum friðhelgisréttindum til hliðar. Slík ákvæði hafa eðli málsins samkvæmt eingöngu gildi þar sem friðhelgi er til staðar, þ.e. í lögsögu erlendra ríkja. Án slíks fráfalls væri ekki hægt að stefna máli, né reka það, fyrir umsömdum dómstól.

Í þessum hluta falla tryggingarsjóðurinn og stjórnvöld frá hugsanlegum friðhelgisrétti í lögsögu annarra ríkja. Slíkt fráfall réttinda á einnig við um eignir tryggingarsjóðsins og íslenska ríkisins erlendis. Sú undanþága er þó gerð að þetta hefur engin áhrif á eignir sem njóta friðhelgi samkvæmt Vínarsamningnum um stjórnmálasamband, eignir á Íslandi sem nauðsynlegar eru fyrir Ísland sem fullvalda ríki eða eignir Seðlabanka Íslands. Ákvæði þetta hefur sömuleiðis engin áhrif að innanlandsrétti. Sömuleiðis er kveðið á um sérstaka undanþágu vegna réttinda sem tengjast náttúruauðlindum á Íslandi.

Hluti 10.12./9.12. Sjálfstæði einstakra ákvæða – Severability

Hér er mælt fyrir um að ef eitthvert ákvæði lánssamninganna reynist ólöglegt, ógilt, óskuldbindandi eða óframkvæmanlegt samkvæmt lögum, skal það ekki hafa nein áhrif á skuldbindingargildi annarra ákvæða samninganna.

Fylgiskjal IV.

SAMNINGUR
um umsýslu vegna Icesave-samninganna.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta hér eftir nefndur „TIF“ og fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, gera með sér eftirfarandi samning:

1. Forsendur

1.1. Samningurinn er gerður vegna greiðslna hollenskra og breskra stjórnvalda til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Amsterdam og London og samninga við áðurnefnd stjórnvöld, m.a. um endurgreiðslu og skaðleysi, sem TIF og íslenska ríkið ráðgera að staðfesta, fáist til þess lagaheimild. Í samningunum felst í meginatriðum að greitt verði til innstæðueigenda sem nemur lágmarksfjárhæð samkvæmt lögum 98/1999 (allt að EUR 20.887 fyrir hvern innstæðueigenda) auk nánar tilgreindra vaxta. Allt að frátöldu því sem greitt verður úr búi Landsbanka Íslands hf. samkvæmt nánari ákvæðum samninganna. Íslenska ríkið mun ábyrgjast efndir TIF að fullu.[1]

1.2. Með samningi þessum er ætlunin að skipta verkum og ábyrgð um framkvæmd samninganna að því er varðar fjárhagsleg atriði er tengjast fullnustu samninganna, eftirliti með slitameðferð og fjárhagslega umsýslu í tengslum við úthlutanir úr búi Landsbanka Íslands hf. og upplýsingagjöf til Alþingis.

1.3. Drög að lagafrumvarpi „um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga áritaða um ábyrgð á (a) endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og (b) á greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum“ kveða á um samning þessa efnis milli TIF og íslenska ríkisins.

1.4. Samningurinn verður endanlega staðfestur af aðilum hans þegar og ef frumvarp samkvæmt gr. 1.3. hér að framan öðlast lagagildi og samhliða staðfestingu þeirra samninga sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsdraganna.

2. Greiðslur samkvæmt endurgreiðslu- og skaðleysissamningi

2.1. Samkvæmt þeim samningum sem greinir í 1. gr. ábyrgist íslenska ríkið skuldbindingar TIF að fullu og öllu leyti. Íslenska ríkið ber þannig ábyrgð á endurgreiðslu þeirra fjárhæða sem samningarnir taka til að því marki sem eigið fé innstæðudeildar TIF hrekkur

[1] Hér eftir verður rætt um „samningana“, en nánar tiltekið er um að ræða endurgreiðslu- og skaðleysissamning (e. Reimbursement and Indemnity Agreements) með aðild hlutaðeigandi ríkja og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF). Samhliða endurgreiðslu- og skaðleysissamningunum gerir TIF sérstakan jafnstöðusamning (e. Pari Passu Agreement); uppgjörssamning (e. Settlement Agreement) og áritar sérstaka bókun varðandi gjaldeyrismálefni (e. Currency Side Letter). Verður vikið að hinum síðarnefndu samningum eftir því sem tilefni er til.

ekki til að standa undir skuldbindingunum. Við mat á eigin fé og útreikningi þess skal miðað við ákvörðun stjórnar TIF sem skal taka mið af endurskoðuðu ársuppgjöri við áramótin 2010 og 2011 eða öðru uppgjöri sem aðilar koma sér saman um. TIF skal greiða þá fjárhæð sem um ræðir samkvæmt nánari tilvísun ráðuneytisins. Uppgjör samkvæmt þessu skal fara fram eigi síðar en þann 31. janúar 2011.

2.2. Í samræmi við ákvarðanir aðgerðaráðsins, sbr. gr. 4.3, skal fjármálaráðuneytið í framhaldinu endurgreiða TIF fé að því marki sem þarf til að mæta þeim kostnaði sem TIF hefur orðið fyrir í kjölfar hruns íslenskra banka og sparisjóða frá árinu 2008, kostnaði sem TIF verður fyrirsjáanlega fyrir í framtíðinni af sömu ástæðu vegna umsýslu samnings þessa og öðrum kostnaði sem til kann að falla vegna sömu mála. TIF ber ekki með öðrum eignum sínum eða fjármunum að neinu leyti ábyrgð á endurgreiðslu samkvæmt þeim samningum sem greinir í 1. gr. Til viðbótar þeim fjármunum sem um ræðir í gr. 2.1 ver TIF þeim fjármunum sem úthlutað verður til TIF úr búi Landsbanka Íslands til greiðslna inn á höfuðstól í samkvæmt samningunum. Vaxtaafborganir sem inna á af hendi til viðsemjenda greiðir ríkissjóður, fyrir milligöngu TIF.

2.3. Nemi úthlutanir úr búi Landsbanka Íslands hf. til TIF samanlagt hærri fjárhæð en a) greiðslu skv. gr. 2.1. og b) skuldbindingu um endurgreiðslu höfuðstóls skal TIF greiða fjármálaráðuneytinu það sem umfram er til að bæta þann kostnað sem fjármálaráðuneytið og ríkissjóður verða fyrir vegna greiðslu vaxta og annars kostnaðar af þeim samningum sem um ræðir í 1. gr.

2.4. Í samningunum er gert ráð fyrir að *fyrsta endurgreiðslutímabili* ljúki á miðju ári 2016. Munu þá eftirstöðvar verða gerðar upp innan árs, þ.e. ef sú fjárhæð verður á þeim tíma lægri en sem nemur 45 milljörðum íslenskra króna í heild sinni. Íslenskra ríkið mun þá inna eftirstöðvagreiðsluna af hendi til viðsemjenda gegn framsali af hendi TIF á þeim kröfum sem enn kunna að vera fyrir hendi í bú Landsbanka Íslands hf. vegna innstæðna, nema um annað fyrirkomulag verði þá samið.

2.5. Ef eftirstöðvar skuldar samkvæmt samningunum nema hærri fjárhæð en 45 milljörðum kr. árið 2016 er gert ráð fyrir því að *annað endurgreiðslutímabil* hefjist og verði þá eftirstöðvar höfuðstóls og vextir af honum greiddar á lengra tímabili en einu ári, allt í hlutfalli við eftirstöðvafjárhæð. TIF mun við það tímamark (í júní 2016) framselja íslenska ríkinu allar kröfur sínar á hendur búi Landsbanka Íslands hf. auk annarra eigna sem fjármálaráðuneytið hefur lagt TIF til, sbr. gr. 2.1 og mun íslenska ríkið þá eftirleiðis standa skil á afborgunum höfuðstóls og vaxta allt þar til skuldin er að fullu greidd.

2.6. Frágangur mála samkvæmt gr. 2.1.–2.5 breytir ekki formlegri samningsaðild eða ábyrgð gagnvart hollenskum og breskum stjórnvöldum.

3. Umsýsluhlutverk TIF á samningstímanum

3.1 TIF mun annast samskipti við viðsemjendur vegna greiðslna samkvæmt endurgreiðslu- og skaðleysissamningi og annarra þeirra fylgisamninga sem tilgreindir eru í neðanmálsgrein nr. 1. hér að framan. Í því felst að TIF mun annast:

(a) að sannreyna þær upphæðir sem til greiðslu eiga að koma samkvæmt samningunum. Er hér átti við upphaflegan höfuðstól eins og hann er ákvarðaður samkvæmt samningnunum. Aðilar eru sammála um að leggja til grundvallar að meginstefnu til þær fjárhæðir og upplýsingar sem fengnar hafa verið hjá slitastjórn Landsbanka Íslands hf. en TIF skal ávallt vera heimilt að framkvæma eigin útreikninga og bera saman við gögn slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. og viðsemjenda,

(b) útreikning vaxtaafborgana sem til greiðslu koma á tímabilinu frá gildistöku samninganna til og með júní 2016 svo og milligöngu um greiðslu þeirra. TIF mun með hæfilegum fyrirvara, svo tímanlega að ekki verði um vanskil að ræða af greiðsluskuldbindingum samkvæmt samningunum, tilkynna fjármálaráðuneytinu um greiðslur sem inna þarf að hendi vegna vaxtaafborgana,

(c) greiðslu til viðsemjenda á þeim fjármunum sem úthlutað verður úr búi Landsbanka Íslands og til þeirra eiga að renna samkvæmt ákvæðum samninganna.

4. Hagsmunagæsla

4.1. Aðilum samnings þessa er ljóst að á miklu ríður að skipti á búi Landsbanka Íslands verði með eins hagstæðri niðurstöðu og framast er unnt. Gífurlegir hagsmunir eru af því að við slita- og skiptameðferð náist hámarksverð fyrir eignir og kostnaði verði haldið í skefjum. Þá eru aðilar sammála um að stuðla verði að því að slita- og skiptameðferðinni verði hraðað eftir því sem unnt er og greiðslur upp í kröfur verði inntar af hendi strax og forsendur til þess skapast. Jafnframt skal hagsmuna TIF og íslenska ríkisins gætt til hins ýtrasta, m.a. með því að láta reyna á svokallaðan „ofurforgang“ (e. Super-Priority) til samræmis við ákvæði þeirra samninga sem fyrir liggja þegar það verður tímabært.

4.2. Í því skyni að tryggja að markmið samkvæmt gr. 4.1. náist munu aðilar skipa sérstakt aðgerðaráð sem skipað skal þremur mönnum og annast þau verkefni sem því verða falin samkvæmt þessum samningi og síðari ákvörðunum. Skipar TIF einn mann en fjármálaráðherra tvo.

4.3. Aðgerðaráðið skal í upphafi starfs síns gera áætlun um þá upphæð sem fjármálaráðuneytið skal leggja TIF til og fjallað er um í gr. 2.2. Einnig skal það árlega útbúa og samþykkja sérstaklega rekstraráætlun fyrir næstkomandi ár eða annað það tímabil sem aðilar eru sammála um. Aðgerðaráð eða aðilar sem ráðið tilnefnir til þess skal annast samskipti við slita- og skilanefndir Landsbanka Íslands hf., hagsmunagæslu gagnvart öðrum kröfuhöfum, rekstur dómsmála eftir því sem þörf krefur, auk annars þess sem tilheyrir almennri hagsmunagæslu. Telji aðgerðaráðið þörf á getur það leitað til sérfræðinga og ráðgjafa á þeim sviðum sem nauðsyn krefur til að fylgja eftir einstökum málum svo og aðstoða við stefnumótun og áætlanagerð.

5. Upplýsingagjöf

5.1. Mikilvægt er að tryggja með öllum tiltækum ráðum að fjármálaráðuneytinu og Alþingi verð gerð regluleg grein fyrir málefnum Landsbanka Íslands hf. og allar áætlanir um þróun þeirra fjárhagsskuldbindinga sem um ræðir verði tiltækar.

5.2. Aðgerðaráð mun árlega gefa Alþingi skýrslu um starfsemi sína, veita upplýsingar um framgang mála og ítarlegt yfirlit um spár varðandi endurheimtur eigna og úthlutun úr búi Landsbankans.

6. Önnur atriði

Þessi samningur er áritaður til bráðabirgða af TIF og jármálaráðherra og verður lagður fram sem fylgiskjal við þinglega meðferð lagafrumvarps þess sem getið er í 1. gr. þessa samnings. Áritunin staðfestir að aðilar hafa náð samkomulagi um efnisinnihald samningsins og munu undirrita hann þegar og ef lög taka gildi sem heimila fjármálaráðherra að staðfesta samningana.

7. Gildistaka

Ef lög taka gildi sem heimila fjármálaráðherra að undirrita samningana sem getið er um í 1. gr. þá gildir samningur þessi til 31. desember 2016. Gildistímann má þó framlengja ef aðilar eru sammála um að ástæða sé til út frá hagsmunum TIF og íslenska ríkisins.

Reykjavík, _____,

_____ _____

f.h. íslenska ríkisins f.h. TIF

Vottar að undirritun og réttri dagsetningu:

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild Alþingis til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að staðfesta samninga sem áritaðir voru af fulltrúum Íslands, Bretlands og Hollands í London 8. desember 2010. Samkomulagið gerir ráð fyrir að ríkissjóður ábyrgist annars vegar endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) til breska og hollenska ríkisins á þeim fjárhæðum sem þau hafa lagt út vegna uppgjörs lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og hins vegar greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum. Í því felst að TIF fær framseldar kröfur Breta og Hollendinga í bú bankans og annast um að innheimta þær. Gert er ráð fyrir að tryggingarsjóðurinn endurgreiði kröfurnar jöfnum höndum eftir því sem úthlutað er úr búinu. Fram til júnímánaðar 2016 verða greiddir vextir af þeim höfuðstól sem er umfram útborganir úr búi Landsbankans á hverjum tíma. Ekki verður greitt upp í höfuðstól með öðru en því sem fæst greitt við slitameðferð bankans. Gert er ráð fyrir því að í júní 2016 verði búið að úthluta stærstum hluta af eignum bús Landsbankans til kröfuhafa. Frá þeim tíma skuldbinda TIF og íslenska ríkið sig til að standa undir eftirstöðvum krafna með ákveðnum fyrirvörum og eftir nánar umsömdum viðmiðum. Ekki er því um að ræða hefðbundna lánssamninga heldur endurgreiðslu- og skaðleysissamninga með aðild hlutaðeigandi ríkja og TIF.

Í samningunum er gert ráð fyrir föstum vöxtum af kröfum umfram endurheimtur fram á mitt ár 2016. Vextirnir eru 3% á hollenska hluta skuldbindinganna en 3,3% á breska hlutanum. Meðalvextir eru því 3,2% þar sem breski hlutinn vegur 2/3 heildarskuldbindingarinnar. Samið hefur verið um að engir vextir skuli reiknast á skuldbindingarnar fyrr en eftir 1. október 2009 og að áfallnir vextir fyrir árin 2009 og 2010 verði greiddir í ársbyrjun 2011. Vextir verði síðan greiddir ársfjórðungslega til miðs árs 2016. Þá er kveðið á um það í samningnum að vextir á þær eftirstöðvar sem kunna að vera ógreiddar um mitt ár 2016 verði svonefndir CIRR-vextir, eða útflutningslánavextir sem reiknaðir eru og birtir af OECD, án nokkurs vaxtaálags. Lágmarkstrygging við innstæðueigendur Landsbankans í Bretlandi er metin á 2,350 milljarða punda og á 1,329 milljarða evra í Hollandi. Það jafngildir samtals 674 milljörðum króna miðað við sölugengi gjaldmiðlanna 22. apríl 2009 en kröfurnar í bú bankans voru miðaðar við gengi þann dag. Miðað við gengi krónunnar 30. september 2010 nemur sú skuldbinding allt að 624 milljörðum króna og hefur lækkað vegna styrkingar krónunnar síðastliðin missiri. Skilanefnd bankans telur í skýrslu sinni til kröfuhafafundar 9. nóvember 2010 að úthlutun upp í forgangskröfur muni nema 86%. Heildarforgangskröfur nema 1.320 milljörðum króna, en heimtur eru áætlaðar 1.138 milljarðar. Forgangskröfur TIF í bú Landsbankans á gengi íslensku krónunnar miðað við 22. apríl 2009 eru áætlaðar geta numið allt að 673 milljörðum króna að höfuðstól. Við þá fjárhæð bætast áfallnir vextir. Gert er ráð fyrir að í hlut TIF komi ríflega 51% af forgangskröfum eða sem nemur um 584 milljörðum króna miðað við gengi 30. september 2010. Mat sem gert hefur verið á vegum samn-

inganefndarinnar á kostnaði sem fellur á ríkissjóð miðað við framangreindar forsendur er 47 milljarðar króna, eða rúm 3% af landsframleiðslu. Er þá tekið tillit til þess að búið væri að ráðstafa um 20 milljörðum króna af núverandi eigum TIF upp í skuldbindingarnar. Framangreind niðurstaða felur í sér að gangi endurheimtur eftir með þessum hætti og gengisþróun verður eins og spáð er í forsendum Seðlabankans verði það eingöngu vaxtakostnaður sem falli á ríkissjóð. Til greiðslu í byrjun næsta árs kæmu uppsafnaðir vextir áranna 2009–2010, alls 26 milljarðar króna, þar af 6,1 milljarður króna úr ríkissjóði. Vaxtagreiðslur vegna ársins 2011 eru áætlaðar um 17 milljarðar króna og færu hratt lækkandi árin þar á eftir og verði 5 milljarðar króna árið 2015. Áætlanir gera ráð fyrir að greiðslum verði að fullu lokið 2016 og að vaxtagreiðslur það ár verði 2 milljarðar króna.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að þak sé sett á árlegar greiðslur úr ríkissjóði eftir 2016 og er miðað við 5% af tekjum ríkisins á næstliðnu ári. Komi til þess að sú fjárhæð, sem það hlutfall ríkistekna jafngildir, verði lægri en 1,3% af landsframleiðslu skal hámark endurgreiðslna miðast við það hlutfall landsframleiðslunnar Það jafngildir nú rúmlega 20 milljörðum króna. Jafnframt er gert ráð fyrir því að ef höfuðstóll eftirstöðva af skuldbindingu TIF verður hærri en sem nemur 45 milljörðum króna greiðast þær að fullu innan 12 mánaða, þ.e. síðari hluta árs 2016 og fyrri hluta árs 2017. Fari svo að skuldbindingin verði hærri, lengist endurgreiðslutíminn um eitt ár fyrir hverja 10 milljarða króna, þó þannig að sú fjárhæð sem eftir stæði yrði greidd í lok 30 ára endurgreiðslutíma frá 2016 að telja.

Stærstu áhættuþættir fyrir ríkissjóð vegna samkomulagsins eru annars vegar hversu mikið TIF mun fá úthlutað upp í sínar kröfur úr búi Landsbanka Íslands hf. og hins vegar gengisáhætta. Við áætlun á líklegri skuldbindingu hefur samninganefndin byggt á upplýsingum skilanefndar Landsbankans. Jafnframt er byggt á vinnugögnum frá Landsbanka Íslands um fjárhæð þeirra krafna sem framseldar verða á grundvelli endurgreiðslusamninganna. Þá hefur verið lagt varfærið mat á nettótekjur vegna eigna Landsbanka Íslands til 2016. Eins og áður hefur verið nefnt er gert ráð fyrir að heildarkostnaður ríkissjóðs vegna samninganna verði 47 milljarðar króna og að engar eftirstöðvar falli á ríkissjóð árið 2016. Þessi niðurstaða byggist á mati og gæti útkoman orðið betri eða verri eftir því hvernig helstu forsendur þróast. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu gæti skuldbinding ríkissjóðs sveiflast frá því að lækka í allt að 12 milljarða króna og í að hækka í allt að 113 milljarða króna þegar reiknað er með mismunandi forsendum um endurheimtur úr þrotabúi Landsbankans.

Veiking krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum mundi hafa þau áhrif að skuldbindingar ríkissjóðs hækka í krónum talið. Það stafar annars vegar af því að hluti endurheimta úr búi Landsbankans er í íslenskum krónum og hins vegar af því að vaxtagreiðslur eiga sér stað yfir nokkurra ára tímabil í evrum og pundum. Veiking krónunnar hefur því þau áhrif að endurheimtur duga skemur í afborganir og vaxtagreiðslur þar eð þær verða hærri í krónum talið. Gengisspá Seðlabankans sem lögð er til grundvallar miðast við að gengi krónunnar styrkist nokkuð gagnvart evru og pundi til næsta árs, eða um 6–7%, en styrkist síðan aðeins lítillega eða haldist óbreytt til ársins 2016. Árleg veiking krónunnar frá 2011 til og með 2016 sem næmi 3% umfram þá árlegu breytingu sem gert er ráð fyrir í reikniforsendum Seðlabankans mundi hækka skuldbindinguna um 18% eða úr 47 milljörðum króna í 56 milljarða króna. Árleg 3% styrking krónunnar á sama tímabili umfram reikniforsendur Seðlabankans mundi á hinn bóginn lækka skuldbindinguna um 15% eða úr 47 milljörðum króna í 40 milljarða króna. Auk þessa er gjaldeyrisáhætta sem stafar af því að skuldbinding ríkissjóðs er eingöngu í evrum og sterlingspundum en eignir bús Landsbankans eru í evrum, sterlingspundum, bandaríkjadölum, kanadadölum og öðrum gjaldmiðlum. Minnsta áhættan er tengd þróun evrunnar því hlutfall eigna Landsbankans í evrum er svipað og hlutfall skuldbindingarinnar í evrum. Áhættan stafar því aðallega af því ójafnvægi sem er til staðar milli skulda í sterl-

ingspundum annars vegar og eigna Landsbankans í öðrum gjaldmiðlum hins vegar. Árleg veiking sterlingspunds frá 2011 til og með 2016 sem nemur 3% umfram þá árlegu breytingu sem gert er ráð fyrir í reikniforsendum Seðlabankans lækkar skuldbindinguna um 52% eða úr 47 milljörðum króna í 23 milljarða króna. Árleg 3% styrking sterlingspunds á sama tímabili umfram reikniforsendur Seðlabankans hækkar skuldbindinguna um 62% eða úr 47 milljörðum króna í 77 milljarða króna. Það er því ljóst að þróun sterlingspunds gagnvart öðrum gjaldmiðlum hefur áhrif á skuldbindingu ríkissjóðs og meiri áhrif en þróun íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum.

Úrlausn ágreiningsmála er upp kunna að koma vegna samningsins heyra undir regluverk Alþjóðagerðardómstólsins í Haag. Færi svo að máli vegna samninganna yrði vísað til hans mundu aðilar tilnefna hvor sinn fulltrúann og fulltrúarnir síðan koma sér saman um oddamann. Þannig er tryggt að í málum er varða Ísland sitji ávallt aðili í gerðardóminum sem tilnefndur er af Íslandi. Í samningsdrögunum er auk þess ákvæði um samráð aðila gefi efnahagsleg staða á Íslandi tilefni til. Skýrt er tekið fram að ákvæði um takmörkun friðhelgisréttinda hafi engin áhrif á eignir ríkisins sem njóta friðhelgi samkvæmt Vínarsamningnum um stjórnmálasamband, þær eignir á Íslandi sem nauðsynlegar eru fyrir Ísland sem fullvalda ríki, eigur Seðlabanka Íslands eða náttúruauðlindir landsins.

Hér hafa verið dregin saman helstu atriði samninganna og mat samninganefndarinnar á þeim. Fjárlagaskrifstofa hefur ekki lagt sjálfstætt mat á þetta umfangsmikla mál né framkvæmt sérstaka útreikninga á líklegum áhrifum samninganna á skuldbindingar og útgjöld ríkissjóðs á næstu árum. Ef miðað er við það mat sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs á næsta ári vegna framlaga til TIF verði samtals 26,1 milljarður króna, þ.e. 6,1 milljarður króna vegna gjaldfallinna vaxta áranna 2009–2010 og 17 milljarðar króna vegna vaxta á árinu 2011. Þessu til viðbótar er 3 milljarða króna greiðsla á næsta ári vegna útlagðs kostnaðar Breta og Hollendinga við útgreiðslur til innstæðueigenda á sínum tíma en samið var um tiltekna hlutdeild í honum.

Ekki hefur verið gert ráð fyrir áhrifum af þessum samningi í fjárreiðum ríkisins í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 enda hefur Alþingi á þessu stigi ekki fjallað um og afgreitt frumvarp til laga um staðfestingu samninganna sem hér eru til umfjöllunar. Kann því að reynast nauðsynlegt að leita eftir nauðsynlegum fjárheimildum frá Alþingi vegna málsins í tengslum við afgreiðslu þessa frumvarps.

547. Svar [321. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*
2. *Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Ráðstöfunarfé ráðherra 2005	Þús. kr.
Hugvísindastofnun, ráðstefna helguð Brynjólfi Sveinssyni biskupi (loforð frá 2004)	250
Landlæknir, verkefnið „Þjóð gegn þunglyndi“ (loforð frá 2004)	250
Nýtt félag fulltrúa ákæruvalds (loforð frá 2004)	100
Politica – félag stjórnmálafræðinema, útgáfa tímarits (loforð frá 2004)	80
Leifur Eiríksson, málflutningsfélag. Þátttaka í alþjóðlegri málflutningskeppni	100
75 ára afmæli Kvenfélagasambands Íslands	200
Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, átak gegn akstri utan vega	70
Ferð rannsóknarlögreglumanna á námstefnu sænskra samtaka fíkniefnalögreglumanna	150
Þorbjörn Hlynur Árnason, sækja ráðstefnuna „Africa Peace Initiative“	60
Hvítasunnukirkjan Fíladelfíu, skóli fyrir munaðarlaus í Burkina Faso	60
Bandalag þýðenda og túlka, þýðingarverðlaun	150
Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við HÍ. Rannsóknir í refsirétti og afbrotafræði	250
Útgáfa V. bindis lögfræðingatals	25
Nemendafélag Lögregluskóla ríkisins, náms- og kynnisferð nema	250
Hilmir Kolbeins, námskeið í Los Angeles	50
5 lögreglumenn, manndrápsrannsóknanámskeið í USA	250
Samtök áhugafólks um spilafíkn	400
Kjartan Björnsson, varðveisla útvarpsþátta, m.a. viðtöl við lögreglumenn o.fl.	75
Sigrún Óskarsdóttir, könnun á viðhorfi presta til jafnréttismála í kirkjunni	200
Skákstarf Hróksins á Litla-Hrauni	200
V-dags samtökin	500
Club Lögberg, Norræna málflutningskeppnin í Kaupmannahöfn í júní 2005	150
Dr. Kristinn Ólafsson, ráðstefna á Hólum í Hjaltadal	250
Blað útskriftarnema á Bifröst	50
Heimsókn heimsstjórnar International Police Association til Íslands	150
Björgunarsveitin Kjölur, upplýsinga- og varúðarskilti á gönguleið við Esjuna	140
Prestafélag Íslands, útgáfa á riti um samkynhneigð, trú og kirkju	100
Haukur Guðlaugsson, kór- og organistanámskeið í Skálholti	50
Sjálfsbjörg, styrkur fyrir hjálparmenn í ferðir fatlaðra	150
Útgáfa á greisladisk Lögreglukórs Reykjavíkur	175
Kvennaráðgjöfin í Reykjavík	100
Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir, minnisvarði í Viðey vegna strands HMCS Skeena	150
Miyako Þórðarson, kynnisferð til dönsku kirkju heyrnarlausra	75
Kirkjulistahátíð 2005	250
Útgáfa fræðirits stjórnmálafræðinema „Ísl. leiðarinnar“	90

Jóhann Eyvindsson, nám í réttarmannfræði í USA	50
Geir Jón Þórisson, ásamt 3 öðrum, kynnisferð til lögr. Í Tallahessee, USA	160
Tímaritið Glíman vegna ráðstefnu „Hvað er guðfræði“	180
Lögmannafélag Íslands, málþing um sáttameðferð (Mediation) í einkamálum	100
UNIFEM, alþjóðleg ráðstefna í tilefni Peking+10 og 60 ára afmæli Sþ	100
Sverrir Guðjónsson, Þorlákstíðir	250
Tollvarðafélag Íslands, 70 ára afmæli	150
Konráð Rúnar Friðfinnsson, útgáfa jólablaðsins „Greinin“	50
Mads Bryde Andersen, málþing í samvinnu við Háskólann í Reykjavík okt. 2005	80
IceMUN, ráðstefna 3.–6. nóvember 2005	100
Alþjóðahúsið, útgáfa blaðs tileinkað fræðslu um trúarbrögð	100
Kvenréttindafélag Íslands vegna ráðstefnu „The Nordic-Baltic Campaign Against ...“	150
Samtals	**7.020**

Ráðstöfunarfé ráðherra 2006	Þús. kr.
Lögreglufélag Reykjavíkur, útgáfa Lögreglublaðsins í tilefni 70 ára afmælis Lögrf. Rvk	62
Félag ábyrgra feðra, útgáfa á riti um starf og stefnu félagsins	100
Þorlákstíðir – útgáfa	300
Samtök áhugafólks um spilafíkn	400
Stofnun Sáttar, félags um sáttamiðlun	250
Fangelsið Kvíabryggju, kaup á pianói	329
Náms- og kynnisferð til lögreglunnar í Vínarborg	90
Félag guðfræðinema, útgáfa tímaritsins Orðið	100
Reykjavíkur Akademían, ráðstefnan „Ímyndir Norðursins“	250
Orator, þátttaka í bandarískri laganemaviku og heimsókn til Ohio Northern University	50
Leifur Eiríksson, málflutningsfélag, þátttaka í alþjóðlegri málflutningskeppni	100
Fræðsluráðstefna IAI í Boston	50
Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, rannsókn á klámi og kynbundnu ofbeldi	300
Náms- og kynnisferð nema Lögregluskóla ríkisins	96
Lögreglufélag Reykjavíkur, stuðningur við útgáfu unglingabæklings um sakaskrána	19
Ferð rannsóknarlögreglumanna á námstefnu sænskra fíkniefnalögreglumanna, SNPF	300
Sýslumannsembættið í Borgarnesi, ferð starfsmanns á notendaráðstefnu um Oracle-kerfið	110
Tónleikaferð Lögreglukórsins til St. Pétursborgar og Tallinn	300
Þjálfun lögreglumanna í neyðarakstri og akstri lögregluökutækja	100
Samtök um kvennaathvarf, rannsóknarstyrkur	220
Styrkur til rannsókna á „Gagnsemi hamfarakerfa“	110
Club Lögberg, þátttaka í Norrænu málflutningskeppninni	200
Ráðstefna á Hólum, „Saints and Geography“ eða „Kirkjurnar kortlagðar“	300
Karmelsystur, Tónlist, Menning	250
Námskeið um áfallahjálp	200
Sjálfsbjörg, kostnaður af einum hjálparmanni í ferðir fatlaðra	150
BISER International, menntunarverkefni kvenna í Bosníu	150
Íslensk útgáfa af DISC-greiningarviðtali fyrir börn 9–17 ára	300
Styrkur til farar á „International ICAA Conference on Dependencies“	75
Glíman, tímarit um guðfræði og samfélag	120
Rektor Skálholtsskóla, málþing í Reykjavík: „Vom Mythos zur Metapher“	100

Hrókurinn, skákstarf meðal fanga	250
Litla gula hænan, leikfélag fanga á Litla-Hrauni	100
Úlfljótur, sérstakur dómstóll laganema, Lögbergsdómur	100
Ráðstefna um þriðja máttarstólpa Evrópusambandsins, Justice and Home Affairs o.fl.	250
Kvennaráðgjöfin, ókeypis lögfræði- og félagsráðgjöf fyrir konur	200
Félag kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum; rekstur heimasíðu	75
Námsferð lögreglumanna í Kópavogi til lögreglunnar í Hamborg	120
Legsteinn Gríms Thomsen og Jakobínu Thomsen í Bessastaðakirkjugarði	354
Líknarfélagið Höndin	75
Jeremías ehf., framleiðsla á kirkjulegu jólaefni fyrir börn	150
Ráðstefna í Hallgrímskirkju á vegum Listvinafélags H.kirkju og Stofnunar Árna Magnússonar	100
Þátttaka í snjóflóðanámskeiði Canadian Avalanche Association	100
Afmælisráðstefna Kvenréttindafélags Íslands	100
Námskeið hjá Traincops.com í Orlando, Florida mars 2007	250
Rannsóknir v/morða, Bruna o.fl.	150
Listaháskóli Íslands, námskeið á Litla-Hrauni með þátttöku nemenda úr tónlistardeild LHÍ	400
Samtals	**8.255**

Ráðstöfunarfé ráðherra 2007	Þús. kr.
Tónleikar í kirkjum landsins vegna verkefnisins „Sorgin og lífið“	225
Bæklingur með grunnupplýsingum til innflytjenda	250
Félag ábyrgra feðra, ráðstefna á feðradaginn 12. nóvember 2006	100
Listvinafélag Hallgrímskirkju, 25 ára afmæli	500
Heimsleikar lögreglu og slökkviliðsmanna í Ástralíu í mars 2007	90
Orator, norræn laganemavika í Reykjavík	200
Náms- og kynnisferð til Atlantic City í Bandaríkjunum	200
Fangavarðafélag Íslands, ráðstefna norræna fangavarðafélagsins	250
Fangavarðafélag Íslands, fartölva fyrir fagfélag fangavarða	200
Norrænt prestamót heyrnarlausra	100
Bæklingur, „Unglingar og sakaskráin“	30
Félag yfirlögregluþjóna, námsferð til lögreglunnar í Dublin, Írlandi	250
Leifur Eiríksson málflutningsfélag, þátttaka í alþjóðlegri málflutningskeppni í Bandaríkjunum	100
Lögr.m. í ávana- og fíkniefnadeild LRH, námstefna sænskra samtaka fíkniefnalögreglumanna	200
Kynnisferð lögreglumanna LRH til Danmerkur og Noregs	100
Sáttamiðlun, undirbúningsnámskeið	300
Útgáfa Glímunnar 2007	200
Samráðshópur um málefni fanga, ráðstefna um nýjar leiðir við afplánun o.fl.	40
Lögrétta, stofnkostnaður við Lögfræðiþjónustu Lögréttu	250
Námskeið rannsóknarlögreglumanna í Bretlandi	40
Skálholtskór, tónleikaferð til Rómar	100
Biblían á hljóðbók	100
Námsferð til Public Agency Training Council í Indianapolis, USA	40
Útgáfa alþjóðlegs ráðstefnurits, vísindalegar greinar um gamlatestamentsfræði	90
Kynnisferð útskriftarnema Lögregluskóla ríkisins 2006 til Danmerkur	100
Lögreglusamvera í Skálholtsskóla – tilraunaverkefni	75
„Skapandi tónlistarmiðlun“ fyrir fanga á Litla-Hrauni	500

Hátíð að Þingeyrum í september 2007 vegna 130 ára vígsluafmælis kirkjubyggingar o.fl.	150
Kirkjulistahátíð 2007	500
Sjálfsbjörg, hjálparmenn í ferðir fatlaðra	160
Club Lögberg, norræn málflutningskeppni í Helsinki í júní	200
Ríkislögreglustjóri, ráðstefna Nordic Network on Psychology and Law (NNPL)	200
Fyrirkomulag meðlags í nokkrum löndum, Gísli Gíslason	500
Sýningin FÖR í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og Þjóðarbókhlöðu	250
Mýrdalshreppur, kaup á klippibúnaði til nota við útköll vegna umferðaróhappa	200
Sendiráð Íslands í París, kynning á víkingasögu Íslendinga í París	100
Akureyrarbær, uppsetning á minnismerki um þrískiptingu ríkisvaldsins	200
Max Planck stofnunin, skýrsla um samanburð á refsiréttarreglum	200
Íslenska kristkirkjan, 10 ára afmæli	250
Ferð lögreglumanna til New Orleans, Geir Jón Þórisson	150
FÍR, námstefna í Stykkishólmi um aðferðir/úrræði þar sem tölvutæknin kemur við sögu	175
Blátt áfram, forvarnaátak gegn kynferðislegu ofbeldi	250
Jóhann Konráðsson, útskriftarferð nema úr Fangavarðaskóla ríkisins	200
Guðrún Kristinsdóttir, styrkur vegna bæklings yfir börn um ofbeldi á heimilum	100
Berglind Eyjólfsdóttir, þátttökustyrkur í NBNP-ráðstefnu í Finnlandi	300
Félag um foreldrajafnrétti, auglýsing vegna málþings 11. nóvember 2007	200
Eiríkur Ragnarsson og Jens Gunnarsson, námskeið Las Vegas ágúst 2008	160
Þorlákur Morthens, hljóðdrappering í stóra salinn á Litla-Hrauni	150
Hrönn Kristinsdóttir, klára myndina „Synir feðranna – örlög Breiðavíkurdrengja“	200
Dr. Kristinn Ólason rektor, málþing á vegum Glímunnar o.fl.	100
Samtals	**9.525**

Ráðstöfunarfé ráðherra 2008	Þús. kr.
Hátíðarráðstefna á 100 ára afmæli lagakennslu á Íslandi, Björg Thorarensen	500
Zontaklúbbur Akureyrar, sýning um Jón Sveinsson – Nonna	100
FÍR, námstefna þann 26. janúar 2008	175
Húnbogi Jóhannsson Andersen, námskeið í Las Vegas í ágúst 2008	80
Kjartan E. Kristinsson, námskeið í Las Vegas í ágúst 2008	80
Snorri Birgisson og Haukur Bent Sigmarsson, námskeið Daytona Beach, Florida	160
Gísli I. Þorsteinsson, sýning til heiðurs lögreglum. er voru við störf í Heimaeyjargosinu 1973	150
5 lögreglumenn í ávana- og fíkniefnadeild lögr.stj. Hsv., námstefna í Svíþjóð SNPF	250
Leifur Eiríksson málflutningsfélag, keppni í USA 6.–12. apríl 2008	100
Hrafn Jökulsson vegna starfs skákfélagsins Hróksins á Litla-Hrauni	250
Lilja Steingrímsdóttir, þrjú jóganámskeið á Litla-Hrauni	150
Bjarnþóra M. Pálsdóttir, fagráðstefna í London fyrir fagfólk við að meðhöndla fíknisjúkdóma	75
Díana Ó. Óskarsdóttir, fagráðstefna í London fyrir fagfólk við að meðhöndla fíknisjúkdóma	75
Lögreglukór Reykjavíkur, kórhátíð á Álandseyjum 23.–26. maí 2008	250
Sjálfsbjörg, kostnaður er nemur einum hjálparmanni í ferðir fatlaðra	165
Rannsókna- og lærdómsferð nema úr Fangavarðaskólanum haustið 2008	180
Club Lögberg, þátttaka í Norrænu málflutningskeppninni í Ósló í júní 2008	200
Rauði kross Íslands, handbók Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna	200
Háskóli Íslands, dr. Sigrún Júlíusdóttir, rannsóknarverkefni er kemur að skilnaðarmálum	500
Dr. Dougles Brotchie, þátttaka Íslendinga í norrænu kirkjutónlistarmóti, Noregi 18.–21. sept.	200

Biskupsstofa, móttaka í tengslum við kórastefnu kirkjunnar, söngmót kirkjukóra o.fl.	150
Sólstafir Vestfjörðum, námskeiðahald fyrir lögreglu og aðra embættismenn ríkisins	200
Róbert Spanó, lagadeild HÍ, útgáfa á ritinu Stjórnarskráin og refsiábyrgð	300
Haukur Arnþórsson, kynningarefni um hugmynd og verkefni um lögnetföng og þóðarpósthús	300
Félag lögfræðinga á Norður- og Austurlandi, málþing	150
Glíman, útgáfa tímaritsins 2008	100
Orator, Ohio Northern University sótt heim	100
Félag íslenskra rannsóknarlögreglumanna, námstefna haldin 15. nóvember 2008	175
Foreldrahús, styrkur vegna starfa og þjónustu samtakanna við börn og fjölskyldur þeirra	250
FRÆ – fræðsla og forvarnir, stuðningur við vímuvarnastarf FRÆ	250
Skálholtsútgáfan, rannsókn á leiguliðaábúð og eflingu stétta sjálfseignarbænda í upphafi 20. aldar	250
Samtals	**6.065**

Ráðstöfunarfé ráðherra 2009	Þús. kr.
Díana Ó. Óskarsdóttir, sótt ráðstefna 6th UK/European Symposium on Addictive Disorders	50
Orator, lögfræðiaðstoð Orators fyrir árið 2009	500
Fimm lögreglumenn v. námstefnu sænskra samtaka fíkniefnalögreglumanna	250
Margrét Guðjónsdóttir, rekstur Listafélags Langholtskirkju	200
Bjarnþóra Pálsdóttir, fagráðstefna í London 14.–16. maí 2009	50
Elísabet Jóna Jóhannsdóttir, fagráðstefna í London 14.–16. maí 2009	50
Slysavarnafélagið Landsbjörg, endurnýjun stjórnstöðvarbíls Flugbjörgunarsveitarinnar	3.000
Samhæfingar- og stjórnstöð Almannavarna, rekstur stöðvarinnar	1.000
Orator, norræn laganemavika í Reykjavík	250
Málflutningsfélagið Leifur Eiríksson, þátttaka laganema í alþj. málflutningskeppni Jessup 2009	100
Club Lögberg, Norræn málflutningskeppni í júní 2009 á Íslandi	200
Félag yfirlögregluþjóna, Geir Jón Þórisson formaður, aðalfundur og málþing félagsins	150
Eiríkur Valberg rannsóknarlögreglumaður, námstefna sænskra fíkniefnalögrm. í Gautaborg apríl	50
Einar Guðberg Jónsson, Intern. Police Association, fundur Norðurlandadeilda í maí á Selfossi	150
Hagsmunasamtök heimilanna, stuðningur við rekstur samtakanna á árinu 2009	300
Harpa Oddbjörnsdóttir, fræðsla fyrir starfsfólk þjóðkirkjunnar á Vestfj. um kynferðisofbeldi	50
Félag sérsveitarmanna, árshátíð	70
Bókasafn Litla-Hrauns (einnig gefið Lagasafn 2007)	50
Eiríkur B. Ragnarsson og 3 aðrir, námskeið hjá Intern. Association of Undercover Offi., Orlando	160
FÍR, námstefna er varðar málefni framhaldsrannsókna lögreglu	75
Orator, norræn laganemavika í Reykjavík, viðbótarstyrkur	50
Krían, hagsmunafélag lögreglukvenna, styrkur til rekstursins	100
Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann, kynna boðskap bókarinnar „Á mannamáli“	200
Samtals	**7.055**

548. Svar [259. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.*

Á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 var heildarstöðugildafjöldi hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins og Jarðeignum ríkisins alls 43 starfsmenn, 18 karlar og 25 konur, þar af var einn starfsmaður í launalausu leyfi 1. janúar 2009 en 1. október 2010 er hann kominn til starfa á ný.

Á tímabilinu urðu eftirtaldar breytingar: Ráðinn var upplýsingafulltrúi ráðuneytisins tímabundið 1. maí 2010 sem lét af störfum 31. ágúst 2010. Skrifstofustjóri auðlindaskrifstofu ráðuneytisins hóf störf sem fiskimálafulltrúi í Brussel 1. ágúst 2010, en á sama tíma hætti annar fulltrúi ráðuneytisins í Brussel og hvarf til annarra starfa. Í mars 2010 var ráðinn starfsmaður til afleysinga í fæðingarorlofi. Stjórnarráðsfulltrúi hjá Jarðeignum ríkisins hætti og enginn ráðinn hans stað, lögfræðingur Jarðeigna fluttist til starfa í annað ráðuneyti og ráðinn var lögfræðingur tímabundið, þar til staðan var auglýst, en þá var lögfræðingur fastráðinn í ágúst 2010. Einn stjórnarráðsfulltrúi lét af störfum á tímabilinu, en nokkru áður hafði verið ráðið í starf hans. Engir starfsmenn voru ráðnir til sumarafleysinga árin 2009 og 2010.

Hjá ráðuneytinu eru 39,7 stöðugildi. Um er að ræða 1 ráðuneytisstjóra, 2 ritara, 6 skrifstofustjóra aðalskrifstofu, 1 skrifstofustjóri Jarðeignaskrifstofu, 12 sérfræðinga, 3 fulltrúa í Brussel, 6 stjórnarráðsfulltrúa, 5 stjórnarráðsfulltrúa Jarðeigna ríkisins, 3 móttökuritara, 3 skjalaverði og 1 bílstjóra ráðherra. Laun ráðherra og aðstoðarmanns ráðherra eru greidd af öðrum fjárlagalið.

Launakostnaður með launatengdum gjöldum tímabilið 1. janúar 2009 til 1. október 2010 var 628.702.853 kr.

2. *Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?*

Kjararáð lækkaði laun starfsmanna ráðuneytisins sem falla undir ákvörðunarvald þess. Laun annarra starfsmanna voru lækkuð í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um sparnaðarátak frá 18. ágúst 2009. Lækkunin nam 3–10% og náði til þeirra starfsmanna sem höfðu heildarlaun yfir 400 þús. kr. Aðferðafræðilega var lækkunarhlutfall hvers og eins útfært með fækkun yfirvinnutíma en grunnlaun héldust óbreytt. Starfsmönnum var hverjum og einum tilkynnt á fundi um fyrirhugaða lækkun og afhent bréf með tilkynningu um breytingu, með þriggja mánaða fyrirvara eða samkvæmt ákvæðum kjarasamninga þar um.

3. *Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?*

Ráðuneytið hefur tekið saman yfirlit yfir aðkeypta sérfræðiþjónustu umrætt tímabil. Yfirlitið nær yfir fjárlagalið aðalskrifstofu ráðuneytisins og ýmissa verkefna á þess vegum.

Aðalskrifstofa			
2009	**2010**	**Verksali**	**Vegna**
2.365.000		Parx	Samþætting undirstofnana
2.015.860	4.755.313	Útgerðarfélagið Ískrókur ehf.	Ráðgjöf vegna fiskveiðistjórnunar
46.200		KPMG	Samþætting undirstofnana
1.648.727	2.403.242	GH1 ehf. Capacent	Samþætting undirstofnana
376.000	2.370.890	Lex ehf.	Samráðsnefnd
1.214.250	491.400	Lögmenn Ránargötu ehf.	Aðstoð vegna fyrirspurnar
17.735.273	1.410.000	Jón B. Jónasson	Ráðgjöf vegna fiskveiðistjórnunar og afleysing vegna leyfa á fiskveiðistjórnunarsviði
101.500		Jón Höskuldsson	Búvörusamningur
102.400		Evrópulög ehf.	ESB
630.000		Skarphéðinn Pétursson	Úrskurðarnefnd gæðastýringar
	90.000	LM-lögmenn	Lög um stjórn fiskveiða
	2.540.000	Rannsóknarstofnun H.A.	Endurskoðun laga um fiskveiðistjórn
	138.000	Regula lögmenn	Málflutningur vegna riðubóta
	2.250.000	Bonafide	Endurskoðun laga um fiskveiðistjórn
83.720		Ellen Margrét Ingvadóttir	Þýðingar
809.300	589.750	Scriptorium ehf.	Þýðingar
15.950		Dudo ehf.	FAO-verkefni
16.120	5.200	Túnfiskar sf.	Þýðingar
587.202	368.035	Magnús Rafnsson	ESB
400.000		JS þýðingar ehf.	Þýðingar
102.023		Druzina	Þýðingar
290.695		Davíð Guðmundsson	Búnaðarlagasamningur
	69.000	Stefán Vilberg Árnason	Þýðingar
585.000		Sjávarútvegsþjónustan ehf.	Fiskeldisreglugerð
113.424		Gunnar Ágúst Gunnarsson	Ráðgjöf – lífræn framleiðsla
356.597		Ímyndunarafl ehf.	Kynningarefni á vefsíðu ráðuneytisins
101.200		Þórhallur Birgir Jósepsson	Hagsmunasamtök um óvigtaðan fisk
891.162		Hagþjónusta landbúnaðarins	Útreikningur v/OECD
50.000		Ólafur Ísberg Hannesson	ESB
40.000		Bjarni Guðmundsson	Sumarfundur NMR 2009
	1.274.900	DMR	Matsnefnd eignarnámsbóta
	3.410.000	Háskóli Íslands	Skilvirkni aflaheimilda
	1.500.000	Hagstofa Íslands	Afkomutölur fiskveiða 2008
30.726.803	**23.665.730**		

Ýmis verkefni			
2009	**2010**	**Verksali**	**Vegna**
261.675	43.250	Deloitte hf.	Verðlagsnefnd landbúnaðarins
	100.000	Jón Már Halldórsson	Sjávarútvegurinn í tölum
81.450		Logos sf.	Framkvæmdanefnd búvöru
125.000		Jón Páll Baldvinsson	Skýrsla um skelrækt
4.500	10.830	Ellen Margrét Ingvadóttir	NAMMCO
	439.050	Scriptorium ehf.	Reglugerð um hvalveiðar
238.885	128.000	Alþjóðahús	Starfsmenntun
118.881	128.007	InterCultural	Starfsmenntun
	611.780	Monika Figlarska	Starfsmenntun
	220.000	Anna Federowicz	Starfsmenntun
	20.000	Maríusz Wanecki	Starfsmenntun
712.500		MarkMar	Rannsóknir á þorski
1.260.000		Intellecta	Nefnd um kornrækt
261.675		Deloitte hf.	Verðlagsnefnd landbúnaðarins
555.000		Guðrún Marteinsdóttir	Nefnd um þorskrannsóknir
95.000		Mentor ehf.	Starfsmenntun
150.000		Ásta Möller	Nefnd um íslenska hestinn
990.852		Veiðimálastofnun	NASCO-skýrsla um veiðistjórn 2008
4.855.418	**1.700.917**		

4. *Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?*

Þegar ný verkefni og álitaefni koma upp er reynt að leysa þau af sérfræðingum og starfsfólki ráðuneytisins og stofnana þess. Oft koma þó upp verkefni sem krefjast sérstakrar sérfræðiþekkingar og ráðgjafar á viðkomandi sviði. Þar að auki er oft nauðsynlegt fá sjónarhorn óháðra og hlutlausra aðila á tiltekin sérhæfð útlausnarefni, m.a. vegna samráðs við þá sem málið varða. Þrátt fyrir þetta er allur meginþorri verkefna og úrlausnarefna sem upp koma hjá ráðuneytinu leystur af starfsmönnum þess og stofnunum sem undir það heyra.

549. Nefndarálit [22. mál]

um till. til þál. um rannsókn á Íbúðalánasjóði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Á vefsíðu Íbúðalánasjóðs segir: „Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem veitir einstaklingum, sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum húsnæðislán til íbúðarkaupa og byggingarframkvæmda. Íbúðalánasjóður er fjárhagslega sjálfstæður og stendur undir lánveitingum og rekstri með eigin tekjum. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í

húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.“

Íbúðalánasjóður tók við hlutverki Húsnæðisstofnunar ríkisins þegar ný lög um húsnæðismál, nr. 44/1998, öðluðust gildi og Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna voru sameinaðir. Saga opinberra lánveitinga til íbúðarhúsnæðis hófst árið 1955 með lögum um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðarbygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Húsnæðismálastofnun ríkisins var sett á laggirnar tveimur árum síðar og síðan Íbúðalánasjóður sem hóf starfsemi í ársbyrjun 1999.

Í byrjun árs 1998 segir félagsmálaráðherra í ræðu að Byggingarsjóður ríkisins sé mjög sterkur en Byggingarsjóður verkamanna muni stefna í greiðsluþrot. Því næst segir ráðherra, orðrétt: „Íbúðalánasjóður verður sjálfbær innan fárra ára og þarf ekki á framlögum úr ríkissjóði að halda“.

Samhliða þessum breytingum var hin félagslega aðstoð færð yfir í vaxtabótakerfið með breytingum á vaxtabótaþætti tekjuskattslaganna. Þegar Íbúðalánasjóður tók til starfa 1. janúar 1999 var fjárhæð hámarksláns sjóðsins til kaupa á notaðri íbúð 66% af meðalkaupverði fjögurra herbergja 120 fermetra íbúðar. „Hámarkslán til byggingar eða kaupa á sömu stærð húsnæðis var öllu hærra og samsvaraði 79% af meðalkaupverði slíkrar íbúðar. Hafa ber í huga að á þessum tíma var hámarkslánshlutfall 70% fyrir fyrstu kaupendur en annars 65%. Allar götur síðan hafa hækkanir á hámarksláni Íbúðalánasjóðs orðið eftir að húsnæðisverð hækkaði og kaupmáttur þess rýrnað verulega. Hækkanir á hámarksláni hafa því komið í kjölfar verðhækkana á húsnæði og miðast við að sjóðurinn uppfyllti lögbundið hlutverk sem skilgreint er í lögum um húsnæðismál.“ Tilgangur laganna var að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn gætu búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum yrði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. „Ef hámarkslán Íbúðalánasjóðs hefðu ekki fylgt að hluta til eftir hækkunum á fasteignaverði hefði sjóðurinn ekki verið að rækja hlutverk sitt um „… að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.““ (Heimild: *Aðdragandi, innleiðing og áhrif breytinga á útlánum Íbúðalánasjóðs 2004.* Greinargerð vegna Rannsóknarskýrslu Alþingis. Maí 2010.)

Þegar þessar breytingar gengu yfir var kaupskylda sveitarfélaga á íbúðum í nýja kerfinu afnumin og það félagslega húsnæðiskerfi sem þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, hafði komið á stofn. Gagnrýndi Jóhanna Sigurðardóttir þetta nýja fyrirkomulag mikið á sínum tíma – í ræðu og riti, og taldi það mikla harðneskju gagnvart tekjuminni einstaklingum.

Í svari sem dreift var á Alþingi á yfirstandandi þingi (þskj. 230 í 103. máli) kemur fram að skuldir sveitarfélaganna við Íbúðalánasjóð séu um 44 milljarðar kr. vegna kaupa á 3.863 eignum til félagslegra nota. Hvort þetta sé ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin tók ákvörðun um að leggja rúma 30 milljarða kr. inn í sjóðinn á fjáraukalögum 2010 hefur minni hlutinn ekki fengið svar við þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá svör. Engin ástæða er að leggja þetta fjármagn inn í sjóðinn vegna þeirrar ríkisábyrgðar sem er á sjóðnum.

Því er lagt til með tillögu þessari að rannsakað verði allt það ferli sem fór af stað við stofnun Íbúðalánasjóðs og ástæða þess hvers vegna Byggingarsjóður verkamanna varð gjaldþrota, en hann ásamt Byggingarsjóði ríkisins var lagður niður þegar Íbúðalánasjóður var stofnaður.

Að taka út úr ákveðinn árafjölda eins og gert er í þingsályktunartillögunni er óraunhæft og sýnir á engan hátt hvað fór úrskeiðis í rekstri sjóðsins. Heildarmyndina verður að skoða.

Minni hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að á vegum þess fari fram sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi Íbúðalánasjóðs. Skal rannsóknin ná aftur til þess tíma er Íbúðalánasjóður var stofnaður. Þá skal og rannsaka ástæður þess að sjóðurinn var stofnaður með samruna Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Í kjölfar þess fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi Íbúðalánasjóðs.

Alþingi, 15. des. 2010.

Vigdís Hauksdóttir.

Nefndarálitinu fylgdi fylgiskjal: Svar félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um skuldir sveitarfélaga hjá Íbúðalánasjóði. (Þskj. 230, 103 mál 139. löggjafarþings.)

550. Nefndarálit [256. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Einar Njálsson, Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Sturlaug Tómasson frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Gerði Árnadóttur og Friðrik Sigurðsson frá Þroskahjálp, Guðmund Magnússon og Lilju Þorgeirsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands, Guðmund Ármann og Pétur Sveinbjörnsson frá Sólheimum ses., Dóru S. Bjarnason og Ingólf Ásgeir Jóhannesson frá Rannsóknarsetri um skóla án aðgreiningar, Freyju Haraldsdóttur og Emblu Ágústsdóttur frá NPA-miðstöðinni svf., Guðjón Bragason, Gyðu Hjartardóttur, Halldór Halldórsson, Guðríði Árnadóttur, Tryggva Þórhallsson og Karl Björnsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristbjörgu Stephensen frá Reykjavíkurborg og Unni V. Ingólfsdóttur frá Mosfellsbæ. Nefndin fékk jafnframt á fund sinn fulltrúa úr verkefnastjórn um yfirfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga, þau Einar Njálsson, Gerði Árnadóttur, Guðmund Magnússon, Hlyn Hreinsson, Lúðvík Geirsson, Stellu Kristínu Víðisdóttur og Þór G. Þórarinsson auk þess sem Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir úr verkefnastjórninni var á símafundi með nefndinni.

Umsagnir bárust frá Félagi íslenskra félagsliða, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi, Þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða, Þroskahjálp, Akureyrarbæ, Bandalagi starfs-

manna ríkis og bæja, Félagi náms- og starfsráðgjafa, Flóahreppi, Geðhjálp, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hlutverki – samtökum um vinnu og verkþjálfun, Ísafjarðarbæ, Læknafélagi Íslands, Reykjanesbæ, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík, Tryggingastofnun ríkisins, Þroskaþjálfafélagi Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands, Sólheimum ses., Alþýðusambandi Íslands, Blindrafélagi Íslands, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Hrunamannahreppi, Huldu Steingrímsdóttur, Sjálfsbjörg, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, NPA-miðstöðinni svf., Mosfellsbæ, Vinnumálastofnun, Barnaverndarstofu, Félagi heyrnarlausra, Félagsráðgjafafélagi Íslands, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Svæðisráði um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra og Sveitarfélaginu Álftanesi.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um málefni fatlaðra til að tryggja yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Frumvarpið byggist að mestu leyti á vinnu verkefnisstjórnar um yfirfærsluna og samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónusta við fatlaða sem undirritað var 23. nóvember 2010. Samhliða frumvarpi þessu er nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og hefur frumvarp þess efnis verið lagt fram (þskj. 354, 301. mál). Þá þarf auk þess að gera breytingar á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Tillögur að breytingum á þessum lögum er að finna í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld sem er til umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd (þskj. 380, 313. mál).

Meginmarkmið yfirfærslunnar er að stuðla að samþættingu félagslegrar þjónustu við íbúa ssveitarfélaganna og stuðla þannig að heildstæðari og um leið bættri þjónustu við einstaklingana sem þurfa á þjónustunni að halda. Helstu breytingar í frumvarpinu eru þær að fatlaðir einstaklingar sækja nú um þjónustu hjá því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili. Þar munu fagteymi meta með samræmdum hætti þjónustuþörf einstaklinga sem þurfa á þjónustu að halda. Sveitarfélög skulu starfrækja teymin en lagt er til að þau sameinist um þau. Landinu á að skipta upp í þjónustusvæði þannig að á hverju þeirra búi að lágmarki 8.000 íbúar en undanþága er veitt vegna landfræðilegrar legu einstakra sveitarfélaga. Búið er að skipuleggja 14 þjónustusvæði.

Lagt er til að stjórnvaldsákvarðanir sveitarfélaga á grundvelli laganna verði kæranlegar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu- og húsnæðismála. Svæðisskrifstofur og svæðisráð í málefnum fatlaðra verði lögð niður. Jafnframt verði trúnaðarmenn skipaðir af ráðherra en ekki svæðisráðum líkt og gildandi lög kveða á um. Auk þess er lagt til að Framkvæmdasjóður fatlaðra verði lagður niður og fjármunir hans færist í sérstaka deild hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem sjái um að jafna framlögum til sveitarfélaga í samræmi við kostnað af þjónustu. Skýrt verður kveðið á um bann við því að ráða fólk til starfa sem hlotið hefur refsidóma vegna brota á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Þá er lagt til að notendastýrð persónuleg aðstoð verði lögfest sem samstarfsverkefni og hún verði eitt meginform þjónustu við fatlað fólk 2014 en þá skal fara fram sameiginlegt endurmat ríkis og sveitarfélaga á yfirfærslunni auk þess sem þá skal ljúka heildarendurskoðun laganna.

I. Fyrirliggjandi frumvarp og vinna nefndarinnar.

Nefndin hefur rætt stöðu málaflokks fatlaðs fólks ítarlega á þeim stutta tíma sem hún hefur haft fyrirliggjandi frumvarp til meðferðar. Nefndin telur vert að gagnrýna hversu seint þetta mikilvæga mál kemur til þingsins til þinglegrar meðferðar en ekki síður þá óvissu sem samþykkt frumvarpsins stuttu fyrir yfirfærsluna veldur fötluðum einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem og starfsmönnum, sem ekki vita hver afdrif sín verða. Nefndin hefur þrátt fyrir stuttan vinnslutíma lagt áherslu á að slá ekki af gæðakröfum nefndarstarfsins og hefur hún viljað stuðla að vandaðri meðferð málsins með það að leiðarljósi að vandað verði til lagasetningarinnar.

Yfirfærsla þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga hefur staðið lengi fyrir dyrum og óviðunandi að málið komi svo seint fyrir Alþingi sem raun ber vitni.

Í skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (þskj. 1501, 705. mál á 138. löggjafarþingi) var að finna þingsályktun sem Alþingi samþykkti með 63 samhljóða atkvæðum hinn 28. september 2010. Þar ályktar Alþingi að brýnt sé að starfshættir þingsins verði teknir til endurskoðunar. Mikilvægt sé að Alþingi verji og styrki sjálfstæði sitt og grundvallarhlutverk. Í skýrslunni segir m.a.:

„Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er sett fram gagnrýni á störf og starfshætti Alþingis sem mikilvægt er að bregðast við. Meginniðurstöður þingmannanefndarinnar varðandi Alþingi eru þær að auka þurfi sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu, leggja beri meiri áherslu á eftirlitshlutverk þingsins og auka fagmennsku við undirbúning löggjafar.

Þingmannanefndin telur brýnt að Alþingi taki starfshætti sína til endurskoðunar, verji og styrki sjálfstæði sitt og marki skýr skil á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Alþingi á ekki vera verkfæri í höndum framkvæmdarvalds og oddvitaræðis.“

Nefndin telur ljóst að þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við framlagningu frumvarpsins eru ekki í samræmi við þingsályktunina sem allur þingheimur var sammála um og telur nefndin það ámælisvert.

Nefndin hefur þó lagt áherslu á að ljúka málinu fyrir áramót enda almennur vilji að af yfirfærslunni verði í upphafi nýs árs og miklar væntingar til þess auk þess sem málið varðar hagsmuni stórs hóps. Nefndin hefur við vinnu sína búið að því að hafa áður en frumvarpið var lagt fram kynnt sér skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustu við fatlaða frá ágúst 2010 og haldið fundi um hana. Þá hafði nefndin áður en frumvarpið kom fram haft frumkvæði að tveimur fundum með nokkurra mánaða millibili með verkefnastjórn um yfirfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og fylgst með undirbúningi yfirfærslunnar og þróun mála. Ef þessu frumkvæði nefndarinnar að kynna sér málið á fyrri stigum þess hefði ekki notið við er óvíst að náðst hefði að ljúka afgreiðslu málsins fyrir áramót.

Eins og fram hefur komið lúta þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu að mestu að því að færa málaflokkinn yfir til sveitarfélaga. Margir umsagnaraðilar og gestir nefndarinnar hafa gagnrýnt hversu skammt er gengið með frumvarpinu. Bent hefur verið á að stöðnun hafi verið í málaflokknum til margra ára og löngu sé orðið tímabært að innleiða réttarbætur til handa fötluðu fólki og færa löggjöf um málaflokkinn til samtímans.

Ríkisendurskoðun taldi í skýrslu sinni að skipulagi og stjórnun málaflokksins væri að ýmsu leyti ábótavant og benti á veikleika er lúta m.a. að því að heildarstefnu vantar fyrir málaflokkinn, fjárveitingar taka ekki mið af reglubundnu mati á þjónustuþörf, eftirlit með þjónustu sé ófullnægjandi, ekki er fylgt samræmdum verklagsreglum og ekki er unnt að bera saman á raunhæfan hátt einstaka útgjaldaliði málaflokksins. Þá er að finna í skýrslunni ábendingar í níu liðum til ráðuneytisins um afmarkaða þætti og má finna umfjöllun um þá

í áliti þessu þar sem við á og í IX. kafla álitsins. Ljóst er að í fyrirliggjandi frumvarpi er reynt að verða við ábendingum Ríkisendurskoðunar og ráða bót á þeim vanköntum sem stofnunin sér á stjórn málaflokksins og eftirliti með henni. Þá er gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði að lagt verði fram frumvarp um réttindagæslu fatlaðs fólks á árinu 2011. Þó er jafnframt sýnt að ekki verður að fullu mætt athugasemdum stofnunarinnar nema með heildarendurskoðun laga um málefni fatlaðra sem samkvæmt frumvarpinu og samkomulaginu er áætlað að ljúki í lok árs 2014.

II. Málefni fatlaðs fólks.

Mikilvægt er að tryggja að í löggjöf sem fjallar um málefni fatlaðs fólks og réttindi þess sé tekið mið af réttarbótum í löggjöf nágrannaríkja, að mannréttindi séu tryggð, að samráð sé haft við fatlað fólk og að löggjöf sé til samræmis við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Slíkt er ekki að fullu tryggt í gildandi lögum. Í 1. gr. frumvarpsins nú er þó kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum fyrrgreindum samningi Sameinuðu þjóðanna. Þá er kveðið á um að stjórnvöld skuli tryggja heildarsamtökum fatlaðs fólks og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðs fólks. Fagnar nefndin þessu sem og því að til standi að lögleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í umsögnum gesta kom fram gagnrýni á orðanotkun um fatlaða einstaklinga í frumvarpinu. Nefndin tekur undir þá gagnrýni og telur löngu tímabært að orðfæri laga sem fjalla um réttindi fatlaðs fólks og þjónustu við það sé fært til samtímans og sé í samræmi við markmið samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi, og að auka virðingu fyrir mannlegri reisn þeirra og fjölbreytni. Nefndin leggur því til þá breytingu að í stað þess að nota orðin fatlaðir og fatlaður verði vísað til fatlaðs fólks og fatlaðra einstaklinga. Til samræmis við efni frumvarpsins er jafnframt lagt til að heiti laganna verði lög um málefni fatlaðs fólks.

Þá áréttar nefndin að sú skylda sem lögð er á stjórnvöld í 1. gr. frumvarpsins um að tryggja heildarsamtökum fatlaðs fólks og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðs fólks á við um alla þá þætti sem frumvarpið og lög um málefni fatlaðs fólks kveða á um. Til að brýna mikilvægi þessa samráðs leggur nefndin til að samráðsákvæði verði bætt við 2. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um stefnumótun og gerð þjónustu- og gæðaviðmiða. Nefndin bendir þó jafnframt á að samráðsskyldan er þar með ekki tæmandi talin og á hún í samræmi við 1. gr. frumvarpsins ávallt við þegar mótuð er stefna eða ákvarðanir teknar er varða málefni fatlaðs fólks.

Stefnumótun.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að velferðarráðherra fari með yfirstjórn málefna fatlaðs fólks og beri ábyrgð á stefnumótun í málaflokknum. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er gerð athugasemd við að ekki liggi fyrir formleg samþykkt heildarstefna fyrir málaflokkinn. Bent er á að samkvæmt gildandi lögum sé lögð skylda á félagsmálaráðuneytið að móta slíka stefnu. Ríkisendurskoðun leggur í skýrslunni áherslu á að samþykkt verði formlega heildarstefna um þjónustu við fatlað fólk þar sem fram komi skýr forgangsröðun, markviss aðgerðaáætlun og skilgreindir árangursmælikvarðar. Þá þurfi ráðuneytið að fylgja þeirri stefnu eftir gagnvart veitendum þjónustunnar.

Nefndin telur að betur hefði farið á því að skýr stefna lægi fyrir í málaflokknum áður en þjónustan var færð yfir og að ekki verði unnt með nægilega skýrum hætti að meta árangur af færslunni ef slík stefna liggur ekki fyrir. Án slíkrar stefnumörkunar er hætta á að sú þjónusta sem veitt er og þeir annmarkar sem finna má á henni verði lögfest sem stefna í málaflokknum en ekki að þjónustan taki mið af stefnunni. Þá muni eftirlit ráðuneytisins takmarkast þar sem ekki verði unnt að vísa til ákveðinnar opinberrar stefnu og fylgja henni eftir. Nefndin áréttar því mikilvægi þess að sem fyrst liggi fyrir opinber stefna í málefnum fatlaðs fólks.

Nefndin bendir þó á að ákveðin stefna kemur fram í frumvarpinu. Markmið frumvarpsins er m.a. að stuðla að heildstæðari og um leið bættri þjónustu við einstaklinga sem þurfa á þjónustunni að halda í daglegu lífi og færa þjónustu nær notendum hennar. Í 33. gr. kemur enn fremur fram að stefnt er að því að gera notendastýrða persónulega aðstoð eitt meginform þjónustu við fatlað fólk. Athugasemdum Ríkisendurskoðunar er þó ekki mætt enda stefnan ekki opinber, ekki kemur fram skýr forgangsröðun, markviss áætlun aðgerða og árangursmælikvarðar eru ekki skilgreindir. Í verkefnastjórn um yfirfærsluna eiga sæti fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og Sambands íslenskra sveitarfélaga, þessir aðilar hafa því unnið með félags- og tryggingamálaráðuneyti að þeirri stefnumótun sem felst í frumvarpinu. Nefndin telur mikilvægt að halda þeirri vinnu markvisst áfram og ljúka henni sem fyrst.

Leggur nefndin því til þá breytingu að í bráðabirgðaákvæði verði kveðið á um að ráðherra skuli eigi síðar en 1. október 2011 leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks þar sem sett verði fram stefna í málaflokknum, skýr forgangsröðun verkefna, markviss aðgerðaáætlun og skilgreindir árangursmælikvarðar. Meðal þeirra aðgerða sem nefndin telur að þurfi að tímasetja í tillögunni eru aðgerðir vegna lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, aðgengismála, biðlista eftir þjónustu, atvinnumála fatlaðs fólks og samræmds mats á þjónustu. Um tillöguna verður fjallað ítarlega í félags- og tryggingamálanefnd. Þá hyggst nefndin á sama tíma kalla fyrir samráðsnefnd um málefni fatlaðra, sbr. b-lið 34. gr. frumvarpsins, og ræða stefnumörkun og framkvæmd yfirfærslunnar. Nefndin áréttar mikilvægi þess að ráðherra leiti sem víðast samráðs um stefnumörkun í málaflokknum, ekki eingöngu til lögbundinna samráðsaðila heldur jafnframt til fræðasamfélagsins og fagfólks. Nefndin telur ákaflega mikilvægt að fagleg og fræðileg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi við mótun stefnunnar.

III. Eftirlit og réttindagæsla.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að eftirlit með þjónustu við fatlað fólk sé óviðunandi. Bent er á að þetta sé einkum alvarlegt vegna þess að oft er um að ræða einstaklinga sem eru ófærir um að standa vörð um réttindi sín vegna fötlunar sinnar. Ríkisendurskoðun telur að taka verði eftirlitshlutverk svæðisráða og trúnaðarmanna til gagngerrar endurskoðunar. Talið er að eftirlitshlutverki svæðisráða sé mjög ábótavant og víða séu ráðin óvirk. Hið sama eigi við um trúnaðarmenn.

i. Réttindagæsla.

Í frumvarpinu er lagt til að svæðisráð verði lögð niður en trúnaðarmenn starfi undir ráðherra sem ákveði fjölda þeirra. Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis kemur fram að það eru nú starfandi nokkrir trúnaðarmenn sem jafngilda einu og hálfu stöðugildi. Þá segir að kostnaður vegna trúnaðarmanna sé áætlaður um 12 millj. kr. og er ekki gert ráð fyrir breytingu á kostnaði vegna þeirra. Ljóst er því af kostnaðargreiningu frumvarpsins að ekki er gert ráð

fyrir fleiri trúnaðarmönnum. Nefndin gerir veigamiklar athugasemdir við þetta og telur ljóst að ekki verði unnt að tryggja réttindagæslu fatlaðs fólks nema trúnaðarmönnum verði fjölgað og tryggt verði að skipaðir verði nægilega margir trúnaðarmenn til að tryggja aðgengi alls fatlaðs fólks að trúnaðarmanni. Leggur nefndin því áherslu á að vegalengdir og landfræðilegar aðstæður hamli ekki aðgengi að trúnaðarmönnum. Trúnaðarmenn þurfa jafnframt að vera nægilega margir til að tryggja reglubundið eftirlit og heimsóknir til fatlaðra einstaklinga. Leggur nefndin ríka áherslu á að trúnaðarmenn verði skipaðir hið allra fyrsta og núverandi trúnaðarmenn haldi störfum þar til ráðherra hefur skipað trúnaðarmenn í samræmi við frumvarpið. Skv. a-lið 26. gr. er sett það skilyrði að trúnaðarmenn hafi þekkingu og reynslu af málefnum fatlaðs fólk. Nefndin telur mikilvægt að leitast sé við að ráða fagfólk í störf trúnaðarmanna. Nefndin telur auk þess að tryggja þurfi að trúnaðarmenn geti leitað leiðbeininga, upplýsinga og aðstoðar hjá ráðuneyti og áréttar mikilvægi þess að samræmingaraðili verði til staðar í ráðuneytinu sem svari fyrirspurnum trúnaðarmanna og sé þeim til aðstoðar.

Þá telur nefndin starfssvið trúnaðarmanna samkvæmt frumvarpinu of þröngt enda tiltekið að trúnaðarmenn séu skipaðir til að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga á heimilum fyrir fatlað fólk á ákveðnum afmörkuðum sviðum. Mikilvægt er að allt fatlað fólk hafi sama aðgang að trúnaðarmanni og hvort sem mál varðar einkalíf, vinnu, heimilisaðstæður eða annað. Nefndin leggur til breytingu á ákvæðinu þannig að ekki er vísað sérstaklega til heimila og auk þess falli vísan til einkalífs og meðferðar fjármuna brott. Þessir þættir falla að sjálfsögðu undir þau svið sem trúnaðarmönnum er ætlað að aðstoða fatlað fólk með og treysta réttindi þeirra á en afmarkast þó ekki við þau.

Að auki telur nefndin rétt að benda á að sú skylda trúnaðarmanna að veita fötluðum einstaklingi nægilegan stuðning og kanna mál tafarlaust getur einnig falið í sér sáttaumleitanir og málamiðlun. Ekki er víst að öll mál sem koma inn á borð trúnaðarmanns séu grundvöllur kæru en skylda trúnaðarmanns til að aðstoða er til staðar engu síður.

Í g-lið 34. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra skuli leggja fram frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk eigi síðar en í lok árs 2011. Nefndin hefur kynnt sér málið og m.a. fengið drög að frumvarpi um réttindagæslu til skoðunar. Ljóst er að hér er um mikla réttarbót að ræða sem tryggir fötluðu fólki réttindi samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en trúnaðarmenn hafa ekki þá stöðu sem þyrfti samkvæmt samningnum. Nefndin telur að frumvarpsvinnan sé mjög langt komin og mikilvægt sé að flýta framlagningu frumvarps eins og kostur er. Leggur nefndin því til þá breytingu á b-lið 34. gr. að ráðherra verði gert að leggja frumvarpið fram eigi síðar en 1. mars 2011. Einsýnt er að kostnaðarauki verður af nýju réttindagæslukerfi fyrir fatlað fólk. Nefndin áréttar að tryggja þarf nægilegt fjármagn í verkefnið enda hér um mikilvæga réttarbót að ræða sem tryggja á verndun mannréttinda.

Ekki verður rætt um réttindagæslu fyrir fatlað fólk án þess að minnast á samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Vinna stendur nú þegar yfir að undirbúningi fyrir fullgildingu samningsins og er stefnt að því að leggja fyrir Alþingi að samningurinn verði lögfestur í heild sinni. Sameinuðu þjóðirnar samþykktu samninginn 13. desember 2006 og opnað var fyrir undirskriftir að honum 30. mars 2007 og skrifaði þáverandi félagsmálaráðherra undir samninginn þann dag fyrir Íslands hönd. Nefndin fagnar því að til standi að lögfesta samninginn.

ii. Eftirlit.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra fari með eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal að þjónusta, starfsemi og rekstur sveitarfélaga og annarra aðila samkvæmt lögum þessum sé í samræmi við markmið laganna, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og að réttindi fatlaðs fólks séu virt. Ljóst er því að ráðherra fer með ytra eftirlit með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk en sveitarfélög innra eftirlit. Í athugasemdum við greinina má sjá að gert er ráð fyrir að sérfræðingi ráðuneytis verði falið að annast eftirlit fyrir hönd ráðherra. Sérfræðingurinn á jafnframt að starfa með trúnaðarmönnum. Í athugasemdum við frumvarpið er þó jafnframt kveðið á um að stefnt sé að því að setja á laggirnar almenna eftirlitsstofnun sem hafi það hlutverk að sinna gæðaeftirliti með félagslegri þjónustu. Fagnar nefndin slíkum áformum enda mikilvægt að eftirlit sé sterkt, virkt og skilvirkt. Verður þetta enn brýnna þegar horft er til þess að eftirlit slíkrar stofnunar snýr að hópum sem eiga oftar en ekki undir högg að sækja, svo sem börnum, öldruðum, fötluðu fólki og fólki sem nýtur þjónustu vegna bágra félagslegra aðstæðna. Pottur hefur víða verið brotinn í eftirliti og mikilvægt að tryggja að eftirlit með þjónustu sé hjá óháðum aðila. Nefndin beinir þeim eindregnu tilmælum til nýs velferðarráðherra að koma eftirlitsþættinum í fastar skorður eða koma á fót eftirlitsstofnun sem allra fyrst.

IV. Þjónusta við fatlað fólk.

Megintilgangur frumvarpsins er að lögfesta hvernig fara skuli með þjónustu við fatlað fólk. Tryggt á að vera að fatlaðir einstaklingar geti ráðið búsetu sinni þar sem sérdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fari með 80% fjármagns og greiði til sveitarfélaga í samræmi við kostnað af þjónustu sem veita þarf. Mikilvægt er að tryggja að réttur fatlaðra einstaklinga til að flytja milli sveitarfélaga og ráða dvalarstað sínum sé virtur. Nefndin ræddi þetta málefni talsvert. Ljóst er að þjónustuþörf einstaklinga er mismikil. Tryggja þarf að jöfnunarkerfið virki sem skyldi til að ekki verði um vistarbönd fatlaðra einstaklinga að ræða. Telur nefndin ljóst að grunnhugmynd jöfnunarkerfisins sé að fjármagn fylgi einstaklingnum til þess sveitarfélags sem veitir honum þjónustu. Á fundum nefndarinnar með verkefnastjórn þeirri sem vann að yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga kom einnig skýrt fram að fatlaður einstaklingur getur ákveðið að flytja til annars sveitarfélags og það sveitarfélag fær þá greiðslu úr jöfnunarsjóði. Þessi hugmynd er í samræmi við ábendingar hagsmunasamtaka fatlaðs fólks. Er því lagt til að það komi skýrt fram í lagatextanum að fatlaður einstaklingur á rétt á þjónustu þar sem hann kýs að búa. Það þarf þó að liggja fyrir að slík þjónusta getur kallað á fjárfestingar og mannaráðningar og því getur orðið eðlileg töf á því að þjónustan verði til staðar á minni stöðum en halda þarf slíkri töf í lágmarki. Einnig þarf að liggja fyrir að bæta þarf smærri sveitarfélögum brottflutninginn vegna uppsagnartíma o.fl.

i. Samræmd og sambærileg þjónusta.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um eftirlit ráðherra með framkvæmd laganna og segir þar m.a. að markmið eftirlitsins sé m.a. að safna og miðla upplýsingum til að tryggja samræmda þjónustu við fatlað fólk. Einnig að ráðherra skuli gera tillögur til sveitarfélaga um úrbætur á þjónustu þar sem þess er þörf og stuðla að samræmingu hennar. Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að þar sem fatlað fólk er afar fjölbreytilegur hópur sé nánast ógerlegt að tryggja öllum samræmda þjónustu. Þannig skipti meira máli að tryggja sambærilega þjónustu í ljósi ólíkra þarfa einstaklinga. Mikilvægt er að horft sé bæði til þjónustuþarfa einstaklings sem og óska hans enda með beinum hætti gert ráð fyrir því í 4. gr. frumvarpsins.

Telur nefndin því betur fara á því að tala um sambærilega þjónustu í ljósi ólíkra þarfa og leggur til breytingu hvað þetta varðar. Afar mismunandi þjónustuþörf fatlaðs fólks og frelsi þeirra til að velja sér þjónustu og búsetu verður líka að mæta með fjölbreyttu framboði þjónustu sem tekur mið af mismunandi hugmyndafræði um slíka þjónustu og margvíslegri fötlun. Eitt úrræði hentar einum og annað öðrum og hugmyndafræði kemur og fer. Þess vegna leggur nefndin áherslu á að fjölbreytt þjónustuúrræði, eins og t.d. samfélagið að Sólheimum, verði tryggð í anda þess að fatlaðir einstaklingar geti valið sér búsetu og úrræði.

Gæta þarf þó að ákveðnu samræmi í þjónustu að því leyti að eitt sveitarfélag bjóði ekki upp á lakari þjónustu en annað og er leiðbeinandi reglum ráðherra ætlað að tryggja ákveðin lágmarksviðmið hvað þetta varðar. Þá er í 2. gr. kveðið á um að ráðherra skuli hafa umsjón með gerð þjónustu og gæðaviðmiða í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Fékk nefndin þær upplýsingar að slík viðmið lægju ekki fyrir en vinna að þeim væri við það að hefjast. Nefndin áréttar mikilvægi þess að viðmið af þessu tagi séu til staðar og beinir þeim eindregnu tilmælum til ráðherra að hann hefji þegar vinnu að gerð þeirra. Þá telur nefndin vert að árétta að samráð verði haft við hagsmunaaðila og bendir á skyldu til þess skv. 1. gr. frumvarpsins. Jafnframt telur nefndin mikilvægt við setningu viðmiða af þessu tagi að leitað sé til fagmanna og fræðasamfélagsins.

ii. Mat á þjónustuþörf.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er bent á mikilvægi þess að haft sé eftirlit með því að nýtt kerfi til að meta þjónustuþörf einstaklinga uppfylli þær kröfur sem til þess eru gerðar, m.a. um að matið sé í raun sambærilegt á landsvísu svo að fatlað fólk njóti jafnræðis. Þá bendir Ríkisendurskoðun á að tryggja verði þjónustan verði fagleg og samræmd um allt land.

Þeim sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni að ekki sé tryggt í texta frumvarpsins að mat sé samræmt. Í 4. gr. er kveðið á um að sveitarfélög starfræki teymi fagfólks sem meti heildstætt þörf hins fatlaða einstaklings fyrir þjónustu og hvernig koma megi til móts við óskir hans en ekki sérstaklega tiltekið að mat skuli vera samræmt. Í athugasemdum við greinina er þó minnst á mikilvægi þess að þjónustusvæði geti sameinast um matsteymi, m.a. svo að „ákveðin samræming sé í mati á þjónustuþörfum milli þjónustusvæða“. Í 12. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða er kveðið á um stýrihóp sem hefur umsjón með framkvæmd tilfærslunnar. Eitt af verkefnum hans er að hafa umsjón með samræmdu mati á þjónustuþörf fatlaðs fólks á landsvísu.

Nefndin telur með hliðsjón af framansögðu að mat á þjónustuþörf verði samræmt enda liggi fyrir samkomulag ríkis og sveitarfélaga þess efnis. Þá sé ljóst af ákvæðum um eftirlitshlutverk ráðherra að þjónusta eigi að vera samræmd. Þetta komi þó engan veginn í veg fyrir að þjónusta taki mið af gjörólíkum þörfum fatlaðra einstaklinga enda í reynd gert ráð fyrir því að þörf hvers einstaklings sé metin og honum veitt þjónusta í samræmi við matið, þarfir og óskir, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Nefndin beinir því til ráðherra að í framkvæmdaáætlun sem fylgi stefnumótunartillögu verði tekið sérstaklega á þessu atriði og farið verði í markvissar aðgerðir til að innleiða samræmt mat á landsvísu.

Í frumvarpinu og samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða kemur ekki fram hvaða tiltekna matsaðferð verði notuð til að meta þjónustuþörf einstaklinga. Ljóst er þó að í fyrstu verður notuð útfærsla á svokölluðu SIS-matskerfi (e. Supports Intensity Scale). Matskerfið byggist á mati á þjónustuþörf en nýtist jafnframt við samræmda kostnaðargreiningu á þjónustu við fatlaða einstaklinga.

Matskerfið var upphaflega þróað til að meta þroskahamlaða einstaklinga og hafa því verið efasemdir hjá öðrum hópum fatlaðs fólks um að matskerfið nýtist nægilega til að meta þörf einstaklinga með annars konar fötlun. Samkomulag hefur þó náðst um að nota SIS-matið við yfirfærsluna en mikilvægt þótti að festa það ekki í lagatexta til að tryggja sveigjanleika og möguleika á því að taka upp aðrar matsaðferðir.

iii. Notendastýrð persónuleg aðstoð.

Hinn 8. júní 2010 samþykkti Alþingi þingsályktun þar sem félags- og tryggingamálaráðherra var falið að koma á fót notendastýrðri persónulegri aðstoð við fatlað fólk (þskj. 1241, 354. mál 138. löggjafarþings). Var ráðherra gert að leggja fram nauðsynlegar lagabreytingar á yfirstandandi þingi. Hugmyndafræðin á bak við notendastýrða persónulega aðstoð á sér ríka stoð í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en þar segir í 19. gr.: „Ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum, viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og rétt þess til að eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólki megi njóta þessa réttar til fulls og stuðla að fullri þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar ...“ . Mikilvægt er að fatlað fólk hafi valkosti við þjónustu og geti valið sér notendastýrða persónulega aðstoð kjósi það svo. Þó verður jafnframt að tryggja að í boði verða aðrar þjónustuleiðir fyrir fatlaða einstaklinga enda skýr áhersla á val einstaklings.

Notendastýrðri persónulegri aðstoð er m.a. ætlað að tryggja fötluðum einstaklingum réttinn til sjálfstæðs lífs þar sem þeir geti sjálfir ráðið sér aðstoðarfólk og stjórnað sínu lífi þrátt fyrir þörfina á aðstoð annarra. Í viðauka 9 við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða er farið yfir samstarfsverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð sem auki sjálfstæði og lífsgæði fatlaðs fólk til mikilla muna. Það skipti miklu máli að eiga kost á slíkri þjónustu og því muni notendastýrð persónuleg aðstoð augljóslega verða einn af hornsteinum í þjónustu við fatlað fólk. Þar kemur einnig fram að sveitarfélögin hafi fullan hug á að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð og telja mikilvægt að unnið verði skipulega að því markmiði í samráði við hagsmunaaðila.

Um verkefnið sjálft segir að því verði stjórnað af sameiginlegri verkefnisstjórn ríkis, sveitarfélaga og fulltrúa notenda og unnið verði í nánu samstarfi við miðstöð um notendastýrða persónulega aðstoð. Þá kemur þar fram að sveitarfélög muni bjóða upp á þjónustu við fleiri einstaklinga til að draga úr biðlistum í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga en þeim verði þó ekki skylt að taka ákvarðanir um aukningu kostnaðar umfram það sem forsendur tekjutilfærslu gera ráð fyrir. Í lýsingu verkefnisins kemur enn fremur fram að faglegt og fjárhagslegt mat á því verði hluti heildarmats á tilfærslu þjónustu við fatlað fólk 2014 og að verkefnið verði lögfest sem ákvæði til bráðabirgða í lögum um málefni fatlaðra. Bent er á að ólíklegt sé að lögfesting ein og sér skili ávinningi fyrr en mótaður hefur verið rammi um fyrirkomulag þjónustunnar og reynsla hefur fengist af framkvæmd hennar.

Gerð er tillaga að ramma um notendastýrða persónulega aðstoð í viðaukanum og kemur þar m.a. fram að sveitarfélög skuli setja sér reglur og gera áætlanir um veitingu þjónustunnar. Þau skuli vinna að því að einstaklingar í ólíkum þjónustuformum geti fengið notendastýrða persónulega aðstoð og þau skuli leitast við að samþætta þjónustu sem nú er veitt af sveitarfélögum. Notendastýrð persónuleg aðstoð verði skipulögð á forsendum notandans og undir verkstjórn hans, hann velur sína starfsmenn sjálfur óháð því hver fer með formlegt vinnuveitendahlutverk, enda uppfylli starfsmaður settar kröfur. Þá er kveðið á um að skilgreina þurfi

hvernig farið skuli með eftirlit og að tryggt verði að fötluðu fólki sem þarfnast aðstoðar við ákvarðanatöku fái aðstoð til þess, t.d. með skipan persónulegs talsmanns.

Í 33. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um notendastýrða persónulega aðstoð. Er þetta í fyrsta sinn sem kveðið er á um slíka þjónustu í lögum og fagnar nefndin því eindregið. Ákvæðið ber þess þó nokkur merki að um tilraunaverkefni sé að ræða en þjónusta af þessu tagi hefur verið tilraunaverkefni hér á landi til fjölda ára. Hún hefur verið innleidd sem þjónustuleið í mörgum nágrannalanda okkar. Nefndinni þykir fullljóst með vísan til viðauka 9 við samkomulag ríkis og sveitarfélaga að ætlunin með 33. gr. er að innleiða notendastýrða persónulega aðstoð sem þjónustuleið. Ekki er um eiginlega tilraun að ræða heldur er þetta samstarfsverkefni enda margir óvissuþættir sem þarf að ráða fram úr og tryggja að úr verði raunhæf þjónustuleið þar sem réttur fatlaðs einstaklings er tryggður og skýrar reglur mótaðar, m.a. um eftirlit, ábyrgð sveitarfélaga, miðstöðvar og notenda og vinnuveitenda- og verkstjórnarábyrgð. Þá er verkefnið þess eðlis að ekki er unnt að bjóða öllum fötluðum einstaklingum notendastýrða persónulega aðstoð í byrjun innleiðingartímans. Jafnframt þarf að tryggja þjónustuleiðinni fjármagn. Nefndin telur þó að það orðalag ákvæðisins að markmið verkefnisins sé „að prófa leiðir til að taka upp notendastýrða persónulega aðstoða“ geti orðið tilefni misskilnings og sé ekki að fullu í samræmi við verkefnið. Leggur nefndin því til að í stað þess verði markmiðið að þróa leiðir til að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð.

Í 5. mgr. 33. gr. frumvarpsins er kveðið á um að í árslok 2014 skuli ráðherra leggja fram frumvarp til laga þar sem lagt verður til að lögfest verði að persónuleg notendastýrð aðstoð verði eitt meginform þjónustu við fatlað fólk og skal efni frumvarpsins m.a. taka mið af reynslu af framkvæmd samstarfsverkefnisins. Er þetta í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga og viðauka 9 við það. Leggur nefndin því ekki til breytingu hvað þetta varðar en áréttar að reynist unnt að lögfesta slíkar reglur fyrr verði það gert.

iv. Þjónustusamningar og starfsleyfi.

Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sveitarfélög veiti starfsleyfi til handa félagasamtökum, sjálfseignarstofnunum eða öðrum einkaaðilum sem vilja hefja eða taka við rekstri þjónustustofnunar eða húsnæðisúrræðis. Nefndin telur mikilvægt að ákveðin skilyrði séu sett fyrir veitingu starfsleyfa og leggur til breytingu þess efnis auk þess sem lagt er til að ráðherra kveði nánar á um skilyrðin í reglugerð. Áréttar nefndin að skilyrðin verði í samræmi við stefnu í málaflokknum og að m.a. verði fagleg sjónarmið höfð að leiðarljósi. Þó telur nefndin jafnframt rétt að árétta að skilyrðin skuli vera með því móti að fjölbreytileiki þjónustu verði tryggður auk þess sem tryggt verði að sú þjónusta sem þegar er í boði verði það áfram.

Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að það væri ákveðinn tvíverknaður í því að kveða bæði á um starfsleyfi og þjónustusamning við rekstrar- eða þjónustuaðila. Nefndin kynnti sér framkvæmd sem ráðuneytið hefur viðhaft á þessu sviði en þar er algengt að þjónustusamningar innihaldi jafnframt ákvæði um starfsleyfi og skilyrði þeirra. Telur nefndin ekkert því til fyrirstöðu að sveitarfélögin noti slíkt vinnulag. Þá var þeim sjónarmiðum komið á framfæri við nefndina að kveða þyrfti á um það í ákvæðinu að samningur við starfsleyfishafa geti verið tímabundinn og uppsegjanlegur. Nefndin áréttar að almennar reglur samningaréttar gilda og ekki þurfi að taka þessi atriði fram sérstaklega í lagatexta. Sveitarfélög geti sett ákvæði þess efnis í samninga sem gerðir eru.

v. Leiðbeinandi reglur um framkvæmd þjónustunnar.

Í 14., 16., 24. og 32. gr. er kveðið á um heimild til handa ráðherra að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um framkvæmd þjónustu. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að ekki væri nægilegt að kveða einungis á um leiðbeinandi reglur ráðherra og eftirláta sveitarfélögunum að setja sínar eigin reglur um hana heldur þyrftu reglurnar að vera skuldbindandi fyrir sveitarfélögin. Þá voru nefndinni kynnt andstæð sjónarmið þess efnis að gengið væri fulllangt í reglusetningu sem gæti t.d. hamlað þróun í málaflokknum.

Nefndin áréttar að sveitarfélögin hafa stjórnarskrárbundinn sjálfsákvörðunarrétt sem ber að virða. Ekki er því vilji til eða efni að setja sveitarfélögunum bindandi reglur. Þá er hætt við að setning slíkra bindandi reglna yrði til þess að sveitarfélög gerðu ekki betur en þær kvæðu á um. Mikilvægt er að tryggja að sveitarfélögin hafi svigrúm til að þróa þjónustu en þeim séu þó sett ákveðin lágmarksviðmið eða lágmarkskröfur. Þá er sú leið sem farin er í frumvarpinu þekkt í framkvæmd enda hefur félags- og tryggingamálaráðuneytið gefið út leiðbeinandi reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, sbr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Nefndin leggur þó til breytingu á 16. gr. frumvarpsins til að samræma orðalag hennar við önnur ákvæði frumvarpsins um leiðbeinandi reglur.

vi. Dagvistun fatlaðra ungmenna.

Á fundunum nefndarinnar var þeim sjónarmiðum komið á framfæri að mikilvægt væri að tryggja ungmennum með fötlun áfram lengda viðveru og dagvistun og vísað þar m.a. til frístundaheimila. Nefndin áréttar að sú þjónusta sem er í boði fyrir tilfærsluna verður áfram í boði eftir hana. Þá er tekið sérstaklega á þessu atriði í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða þar sem segir í 4. mgr. 5. gr. að framlög ríkisins til sveitarfélaga vegna lengdrar viðveru grunn- og framhaldsskólanema eru hluti af fjárhagsramma samningsins og munu sveitarfélög sinna þessu verkefni með sambærilegum hætti og á undanförnum árum. Nefndin leggur áherslu á að þessu verkefni verði sinnt eftir sem áður enda skiptir lengd viðvera miklu fyrir möguleika viðkomandi einstaklinga til þátttöku í frístundastarfi og varðar möguleika foreldra fatlaðra barna og ungmenna til þátttöku á vinnumarkaði.

vii. Verkefni svæðisskrifstofa.

Í 12. gr. gildandi laga er kveðið á um viðfangsefni svæðisskrifstofa í málefnum fatlaðra. Í fyrirliggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir því að svæðisskrifstofur verði lagðar niður og að 12. gr. falli brott úr lögunum. Nefndin ræddi sérstaklega verkefni svæðisskrifstofa og hvort tryggt væri að þeim yrði áfram sinnt enda bárust nefndinni athugasemdir þess efnis að tryggja þyrfti að mati á umönnunarþörf fatlaðra barna samkvæmt lögum um almannatryggingar yrði áfram sinnt og að fatlað fólk fengi sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf. Nefndin áréttar að við yfirfærsluna á núverandi þjónusta að halda áfram og ekki eigi að minnka hana. Nefndin óskaði þó eftir upplýsingum um mat á umönnunarþörf fatlaðra barna og hvernig tryggt yrði að því verkefni yrði sinnt. Þeim upplýsingum var komið á framfæri að fagteymi sveitarfélaganna skv. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins yrði falið að meta umönnunarþörf. Það mun tryggja að matið verði unnið með faglegum hætti auk þess sem þeir foreldrar sem fá umönnunarbætur samkvæmt slíku mati þurfa oft aðra félagslega þjónustu og umönnunarmat tengist eðlilega þjónustumati fyrir fatlað barn. Með þessu fyrirkomulagi verður því sköpuð samfella í þjónustunni, tryggt að þjónustuþörfin verði metin heildstætt og allar upplýsingar sem þurfi til matsins liggi fyrir. Í ljósi þess leggur nefndin til þá breytingu á 4. gr. frumvarpsins að

sveitarfélög geti falið fagteymum það verkefni að annast mat á umönnunarþörf fatlaðra barna.

viii. Ferðaþjónusta fatlaðs fólks.

Nefndin ræddi sérstaklega ferðaþjónustu fatlaðs fólks, sbr. 35. gr. laganna og 24. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu er lögð til gjaldtökuheimild til handa sveitarfélögum fyrir ferðaþjónustuna en slík heimild er ekki til staðar í gildandi lögum. Sveitarfélög hafa þó innheimt gjald af notendum þjónustunnar en slíkt gjald hefur verið mjög misjafnt milli sveitarfélaga. Telur nefndin mikilvægt að samræmi sé í gjaldtöku þannig að fatlaður einstaklingur greiði ekki meira en aðrir fyrir ferðaþjónustu og leggur til breytingu þess efnis að nýti sveitarfélag gjaldtökuheimild verði gjaldið miðað við gjald fyrir almenningssamgöngur á viðkomandi svæði.

Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að víða væri pottur brotinn í ferðaþjónustunni og til að mynda væru dæmi þess að notendur gætu ekki nýtt sér hana til að ferðast á milli sveitarfélaga. Kveðið er á um leiðbeinandi reglur ráðherra um rekstur ferðaþjónustu fatlaðra auk þess sem sveitarfélög geta sett sér reglur um þjónustuna. Þá hefur nefndinni verið kynnt að samkomulag hafi náðst hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu þannig að ferðaþjónusta sveitarfélaga aki notendum þjónustunnar til annarra sveitarfélaga á svæðinu. Jafnframt séu í gangi viðræður hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlega ferðaþjónustu eða breyttar útfærslur þar sem m.a. verði reynt að auka aðgengi að almenningssamgöngum. Telur nefndin þetta mikilvægt skref og telur vert að fleiri sveitarfélög skoði slíkt samstarf þar sem aðstæður leyfa.

V. Kærufrestur.

Í frumvarpinu er lagt til að stjórnvaldsákvarðanir, þ.e. ákvarðanir um réttindi og skyldur fatlaðs fólks í tengslum við veitingu þjónustu sem teknar eru á grundvelli laganna, verði unnt að kæra til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Kærufrestur er fjórar vikur til samræmis við kærufrest til úrskurðarnefndarinnar samkvæmt lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál. Skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1997, er almennur kærufrestur þrír mánuðir. Kærufrestur samkvæmt frumvarpinu er því mun styttri. Skýrist það m.a. af því að lög um félagsþjónustu sveitarfélaga voru sett fyrir gildistöku stjórnsýslulaga. Nefndin áréttar mikilvægi þess að kærufrestir séu nægilega rúmir til að gefa einstaklingum færi á að kynna sér rétt sinn og taka upplýsta ákvörðun um kæru. Bent hefur verið á að oft þarf að afla sérfræðiálits til stuðnings kæru og nokkurra vikna bið getur verið eftir tíma hjá sérfræðingi. Þá er trúnaðarmönnum ætlað að aðstoða fatlaða einstaklinga við kærur og mikilvægt er að veita þeim tíma til að setja sig inn í mál viðkomandi og leiðbeina til samræmis við það. Í einstökum tilvikum getur styttri kærufrestur verið réttlætanlegur, t.d. með vísan til þeirra hagsmuna sem í húfi eru, en líkt og fram kemur í athugasemdum við 27. gr. stjórnsýslulaga er æskilegt að ekki séu settir styttri kærufrestir í lög en hinn almenni þriggja mánaða frestur nema brýn þörf verði talin á. Nefndin leggur til þá breytingu að kærufrestur verði þrír mánuðir líkt og mælt er fyrir um í stjórnsýslulögum.

Þjónusta við fatlað fólk verður eftir tilfærsluna nátengd félagsþjónustu og líklegt að fatlað fólk fái þjónustu á grundvelli bæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um málefni fatlaðra. Upp getur því komið sú staða að einstaklingur kæri stjórnvaldsákvörðun eða ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli beggja laga. Mikilvægt er því að samræma kærufresti. Til að tryggja lagasamræmi, skýrleika og réttaröryggi er jafnframt lögð til breyting á kærufresti

samkvæmt lögum um húsnæðismál þannig að allar kærur til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála lúti sömu reglum og sama fresti og það sé engum vafa undirorpið. Þá telur nefndin vert að hið nýja velferðarráðuneyti fari með markvissum hætti yfir kærufresti í þeim lögum sem heyra undir ráðuneytið og samræmi þá stjórnsýslulögum nema sérstök brýn sjónarmið mæli gegn því.

VI. Húsnæðismál.

i. Húsaleiga.

Nefndin ræddi nokkuð húsnæðismál og leiguverð húsnæðis fyrir fatlað fólk. Í 9. gr. frumvarpsins er reglugerðarheimild til handa ráðherra til að setja nánari reglur um húsnæðisúrræði í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, þar á meðal hvernig ákveða skuli fjárhæð húsaleigu í húsnæðisúrræðum og breytingar á þeirri fjárhæð. Varð nefndin vör við nokkra óvissu meðal hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og ugg um að leiguverð færi hækkandi eftir að sveitarfélög tækju að sér að veita þjónustuna.

Í 12. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða er kveðið á um að eitt af verkefnum stýrihóps sem hefur umsjón með framkvæmd tilfærslunnar sé að vinna greiningu og tillögur í því skyni að auka gagnsæi húsnæðiskostnaðar og tryggja jafnræði í húsaleigugreiðslum fatlaðra einstaklinga og leggja fram áfangaskipta áætlun um framkvæmd.

Fram komu upplýsingar þess efnis á fundi nefndarinnar að vinna að gerð reglugerðar um húsnæðisúrræði væri langt komin en gert væri ráð fyrir því að leiguverð héldist hið sama við yfirfærsluna. Þá verði hún hækkuð í áföngum en á móti komi almennar og sérstakar húsaleigubætur. Verður húsaleiguverði ætlað að endurspegla raunkostnað en svo komi til almennar niðurgreiðslur til að greiða niður leiguverð til ákveðinna hópa, m.a. er litið til þess að sömu reglur gildi um fatlaða einstaklinga og aðra öryrkja.

Nefndin telur vert að árétta að þrátt fyrir að einungis sé kveðið á um samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga í ákvæðinu sjálfu á 1. gr. frumvarpsins við og því ljóst að stjórnvöld skuli tryggja heildarsamtökum fatlaðs fólks og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun. Þar sem stýrihópnum er ætlað verkefni við greiningu og tillögugerð um húsaleigu telur nefndin rétt að benda á að í honum sitja tveir fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðs fólks. Nefndin leggur ekki til breytingar á ákvæðinu enda sé með vísan til framangreinds stjórnvöldum skylt að setja reglur um húsnæði að viðhöfðu samráði við hagsmunasamtök fatlaðs fólks og aðildarfélög þeirra.

ii. Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fatlaðra verði lagður niður og fjármunir sem í sjóðnum eru renni til sérstakrar deildar í Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ljóst er að einhver af þeim verkefnum sem sjóðurinn hefur samkvæmt gildandi lögum falla niður við yfirfærsluna. Meðal þeirra eru verkefni sem stuðla að bættu aðgengi opinberra bygginga. Mikilvægt er að setja skýra stefnu í aðgengismálum og tryggja aðgengi fyrir alla, ekki einungis að byggingum heldur að samfélaginu í heild. Setja þarf fram markmið hvernig og hvenær unnt verði að tryggja slíkt. Telur nefndin því eðlilegt að tekið verði á aðgengismálum í framkvæmdaáætlun ráðherra og að unnið verði markvisst að því að bæta aðgengi bæði að opinberum byggingum sem og samfélaginu í heild.

VII. Atvinnumál.

Í frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir að atvinnumál fatlaðs fólks verði að meginefni til verkefni ríkisins og m.a. lögð til sú breyting að vinnumarkaðsaðgerðir fyrir fatlað fólk færist yfir til Vinnumálastofnunar og um þau gildi lög um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006. Þó er gert ráð fyrir að sveitarfélögin sinni þessari þjónustu á árinu 2011. Nefndinni voru kynnt ýmist sjónarmið um atvinnumál fatlaðs fólks. Meðal annars var ítrekað mikilvægi þess að færa nú þegar þessi málefni til Vinnumálastofnunar og að fatlað fólk væri ekki aðgreint að þessu leyti frá öðrum hópum samfélagsins. Þá var bent á að betra væri að hafa verkefnið hjá sveitarfélögum, samþætta það við aðrar félagsþjónustu og tryggja fötluðum einstaklingum nærþjónustu hvað vinnumál varðar. Ljóst er að ekki eru allir sammála um hvernig atvinnumálum fatlaðs fólks sé best komið fyrir. Jafnframt benti Vinnumálastofnun á í umsögn sinni að eðlilegt væri að stofnunin tæki yfir Atvinnu með stuðningi strax um áramót í stað þess að gera þjónustusamninga við viðkomandi einingar. Nefndin telur mikilvægt í þessu tilviki að unnið verði að því að koma þessum málum í fast horf í nánu samráði við notendur þjónustunnar. Bendir nefndin í þessu sambandi á að í 12. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða er stýrihópi um framkvæmd tilfærslunnar m.a. falið að vinna að framtíðarfyrirkomulagi atvinnumála fatlaðs fólks. Í stýrihópnum eiga hagsmunasamtök fatlaðs fólks tvo fulltrúa. Þá er ljóst að ekki er unnt að færa Atvinnu með stuðningi að fullu yfir til Vinnumálastofnunar að sinni enda þurfi þá að taka upp fjárhagslegan grundvöll yfirfærslunnar og semja upp á nýtt. Ekki er unnt að ljúka þeirri vinni á þeim stutta tíma sem er til áramóta og því verður að styðjast við þjónustusamninga þar til stýrihópurinn lýkur vinnu sinni að tillögum að framtíðarfyrirkomulagi atvinnumála fatlaðs fólks. Þeirri vinnu verður lokið á næsta ári enda tekur nýtt fyrirkomulag í atvinnumálum gildi 1. janúar 2012, sbr. a-lið 34. gr. frumvarpsins. Þar sem vinnunni hefur verið komið í farveg leggur nefndin ekki til breytingar en áréttar mikilvægi þess að réttindi fatlaðs fólks séu höfð í forgrunni, að því standi sambærileg úrræði til boða og öðrum og að unnið sé að málefnum er snerta hagsmuni og réttindi fatlaðs fólks í nánu samstarfi við hagsmunasamtök þess.

VIII. Stjórnsýsluhlutverkið framselt til þjónustuaðila.

Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að óeðlilegt væri að taka fram í samningi við þjónustu- eða rekstraraðila að stjórnsýslulög og meginreglur stjórnsýsluréttar gildi um þá stjórnsýslu sem aðilinn annast á grundvelli samnings, sbr. b-lið 7. gr. frumvarpsins. Byggðist rökstuðningur á því að þjónustu- eða rekstraraðili annaðist að meginstefnu til þjónustu en ekki stjórnsýslu.

Nefndin áréttar að framkvæmd þjónustu samkvæmt samningi er þjónustustarfsemi og stjórnsýslulög eiga ekki við um slíka starfsemi. Þó getur verið að með samningi sé þjónustuaðila falin stjórnsýsla eða að óskýr skil séu milli þess að veita þjónustuna og taka ákvörðun um hana, sem er stjórnvaldsákvörðun. Af athugasemdum við 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, segir að það „getur verið álitamál hvort ákvarðanir sem tengjast opinberri þjónustu falli undir lögin. Í því efni verður að líta til þess hvort ákvörðunin lýtur fyrst og fremst að útfærslu og framkvæmd þjónustunnar […] eða hvort ákvörðun er fremur lagalegs eðlis. […] Þannig verður að líta til þess hvers eðlis ákvörðun er, en ekki eingöngu til þess hver tekur hana og hvers efnis hún er.“ Mikilvægt er að tryggja að réttur fatlaðs einstaklings til að kæra ákvörðun sé tryggður hverjum svo sem er falið ákvörðunarvald. Nefndin gerir því ekki breytingar á ákvæðinu og áréttar jafnframt að það er úrskurðarnefndar um félagsþjónustu og húsnæðismál að úrskurða hvort um stjórnvaldsákvörðun hafi verið að ræða.

Þá voru nefndinni kynnt sjónarmið þess efnis að sveitarfélög færu með mjög víðtækt hlutverk samkvæmt frumvarpinu þar sem þau sæju um framkvæmd þjónustunnar, framseldu framkvæmdina með samningi og hefðu eftirlit. Nefndin telur slíkt ekki ósamræmanlegt stjórnsýslulögum enda er tryggt að eftirlit er jafnframt hjá ráðherra. Þá sé eðlilegt að verkkaupi hafi eftirlit með þeim aðila sem hann kaupir þjónustu af og með því að þjónusta sé í samræmi við samning. Þetta sé ekki hvað síst mikilvægt þegar þjónustan er veitt á sviði velferðarmála.

IX. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um þjónustu við fatlaða.

Ríkisendurskoðun taldi í skýrslu sinni að skipulagi og stjórn málaflokksins væri að ýmsu leyti ábótavant og benti á eftirfarandi veikleika:

1. Ekki liggur fyrir formlega samþykkt heildarstefna fyrir málaflokkinn þar sem aðgerðir eru tímasettar og árangursmælikvarðar skilgreindir.
2. Fjárveitingar til þjónustunnar taka ekki mið af reglubundnu mati á þjónustuþörf eins og lög gera ráð fyrir.
3. Eftirlit með starfsemi þjónustuaðila er ófullnægjandi og ekki hægt að fullyrða að jafnræði ríki meðal þjónustuþega. Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki kallað eftir samræmdum upplýsingum um starfsemi þjónustuaðila frá árinu 2004.
4. Meginþættir í faglegri starfsemi þjónustuaðila fylgja ekki samræmdum verklagsreglum og því er ekki hægt að fullyrða að þjónustan sé jöfn að gæðum hjá þeim öllum. Þá liggur ekki fyrir með hvaða hætti þjónustusamningar einstakra sveitarfélaga við ríkið hafa verið uppfylltir.
5. Kostnaður er ekki bókfærður með sambærilegum hætti hjá öllum þjónustuaðilum sem m.a. hamlar raunhæfum samanburði á einstökum útgjaldaliðum málaflokksins.

Þá kom stofnunin með ábendingar til félags- og tryggingamálaráðuneytisins í níu liðum vegna yfirfærslunnar og telur nefndin mikilvægt að fara yfir hvernig athugasemdum og ábendingum stofnunarinnar er mætt í fyrirliggjandi frumvarpi sem og breytingartillögum nefndarinnar.

1. Ljúka þarf stefnumótun fyrir málaflokkinn.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að samþykkt verði formlega heildarstefna um þjónustu við fatlað fólk þar sem fram komi skýr forgangsröðun, markviss aðgerðaáætlun og skilgreindir árangursmælikvarðar. Líkt og fram hefur komið hefur slík formleg stefna ekki verið samþykkt þótt fyrirliggjandi frumvarp endurspegli ákveðna stefnu. Nefndin leggur til breytingartillögu þess efnis að ráðherra skuli eigi síðar en 1. október 2011 leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks þar sem m.a. komi fram stefna í málaflokknum. Áréttar nefndin þó mikilvægi þess að hafin verði vinna við þessa stefnumótun hið fyrsta og hún verði unnin í markvissum skrefum fram að því að frumvarp að nýjum lög um málefni fatlaðs fólks kemur fram 2014.

2. Þjónustumat verður að vera samræmt.

Ekki er kveðið á um matsaðferð í lagatextanum en þó hefur náðst samkomulag um að nota SIS-mat við yfirfærsluna og því tryggt að um samræmt mat verður að ræða. Vegna mismunandi skoðana og andstöðu vissra hópa notenda þjónustunnar þótti mikilvægt að festa matsaðferðina ekki í lagatexta, tryggir það ákveðinn sveigjanleika og möguleika á því að taka síðar upp aðrar matsaðferðir. Skv. 2. gr. frumvarpsins hefur ráðherra eftirlitshlutverki að gegna sem m.a. er ætlað að tryggja samræmi. Þá er í 12. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða kveðið á um stýrihóp sem hafi umsjón með fram-

kvæmd tilfærslunnar. Eitt af verkefnum hans verður að hafa umsjón með samræmdu mati á þjónustuþörf fatlaðra einstaklinga á landsvísu.

3. Rekstrarupplýsingar þurfa að vera aðgengilegar.

Í 2. gr. frumvarpsins er ráðherra veitt heimild til reglugerðarsetningar þar sem m.a. verði kveðið á um framkvæmd eftirlits og upplýsingaskyldu sveitarfélaga. Nefndin telur því að þar verði unnt og skuli setja reglur sem tryggja að rekstrarupplýsingar séu aðgengilegar og séu með samræmdum hætti.

Í 7. gr. er ákvæði sambærilegt 53. gr. gildandi laga þar sem gert er ráð fyrir að þjónustu- og rekstraraðili, sem gerður hefur verið þjónustusamningur við á grundvelli ákvæðis þessa, skili til hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga, sem eru viðsemjendur þjónustu- og rekstraraðila, ásamt velferðarráðuneyti og Ríkisendurskoðun, árlega ársreikningi undirrituðum af löggiltum endurskoðanda ásamt skýrslu um starfsemi liðins árs.

4. Gera verður Grósku að virku stjórntæki.

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að upplýsingakerfið Gróska gefi góða yfirsýn um málaflokkinn og verði það stjórntæki sem því er ætlað að vera. Ekki er tekið sérstaklega á þessu atriði í frumvarpinu eða samkomulaginu enda sveitarfélögin sem bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar. Á fundum nefndarinnar hefur komið fram að sveitarfélög nýta mörg hver sín eigin upplýsingakerfi sem þau hafa þróað og þar sem unnt er að halda heildstætt utan um upplýsingar. Munu þau gera það áfram eftir yfirfærsluna. Nefndin telur mikilvægara að upplýsingaöflun sé til staðar en að ákveðið kerfi sé notað. Þá áréttar nefndin að í reglugerð ráðherra þar sem kveðið verði á um upplýsingaskyldu sveitarfélaga verður unnt að tryggja samræmda upplýsingagjöf til ráðuneytisins.

5. Tryggja þarf samræmi þjónustunnar.

Líkt og þegar hefur komið fram telur nefndin mikilvægt að þjónusta sem veitt er sé sambærileg í ljósi ólíkra þarfa einstaklinga. Gæta þarf þó að ákveðnu samræmi í þjónustu að því leyti að eitt sveitarfélag bjóði ekki upp á lakari þjónustu en annað og er leiðbeinandi reglum ráðherra ætlað að tryggja ákveðin lágmarksviðmið hvað þetta varðar. Þá er í 2. gr. kveðið á um að ráðherra skuli hafa umsjón með gerð þjónustu- og gæðaviðmiða í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Áréttar nefndin mikilvægi þess að slík viðmið verði sett hið fyrsta.

6. Endurskoða verður starfsemi svæðisráða og trúnaðarmanna.

Þegar hefur verið farið yfir athugasemdir Ríkisendurskoðunar hvað þetta varðar og telur stofnunin að svæðisráðin séu víða óvirk og hið sama megi segja um trúnaðarmenn sem starfa á vegum svæðisráðanna. Með fyrirliggjandi frumvarpi eru svæðisráðin lögð niður. Trúnaðarmenn munu heyra undir ráðherra og er í frumvarpinu kveðið á um að hann ákveði fjölda þeirra. Nefndin telur mikilvægt að þar til ný löggjöf um réttindagæslu fyrir fatlað fólk verði sett sé trúnaðarmannakerfið styrkt. Nefndin leggur til breytingu sem miðar að því að víkka hlutverk trúnaðarmanna auk þess sem því er eindregið beint til ráðherra að trúnaðarmenn verði nægilega margir til að sinna lögbundnum skyldum sínum og tryggja rétt fatlaðs fólks.

Nefndin leggur auk þess til breytingu sem miðar að því að flýta framlagningu frumvarps um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Þá eru gerðar í frumvarpinu breytingar á eftirliti með þjónustu við fatlað fólk þar sem innra eftirlit verður í höndum sveitarfélaga en ytra eftirlit hjá ráðuneyti. Nefndin ítrekar þó mikilvægi þess að flýta því eins og kostur er að koma á fót eftirlitsstofnun með velferðarþjónustu.

7. Móta verður reglur um hámarksbiðtíma.

Ekki er gert ráð fyrir reglum um biðtíma í frumvarpinu enda taka sveitarfélögin við þjónustunni með þeim biðlistum sem eru til staðar. Þó segir í athugasemdum við frumvarpið að gert sé ráð fyrir því í frumvarpi til fjárlaga að ríkissjóður leggi til framlög sem ætlað er að nýta í þróun á notendastýrðri persónulegri aðstoð til að eyða biðlista eftir þjónustu við fatlað fólk. Nefndin telur ljóst að stefnt er að því að eyða biðlistum. Mikilvægt er þó að sett séu skýr viðmið og markmið um hvernig ná eigi slíku fram og telur nefndin slíkt eiga heima í framkvæmdaáætlun þeirri sem fylgja skuli þingsályktunartillögu um stefnumótun í málaflokknum.

8. Fjárveitingar byggist á reglulegu mati á þjónustuþörf.

Byggt er á samræmdu mati við mat á þjónustuþörf sem nýtist jafnframt við samræmda kostnaðargreiningu á þjónustu við fatlaða einstaklinga. Gert er ráð fyrir sérstakri deild í Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem tryggja skal að tekjuaukning einstakra sveitarfélaga endurspegli kostnaðarmun vegna mismunandi fjölda fatlaðra íbúa og ólíkra þjónustuþarfa þeirra. Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða er í 12. gr. um stýrihópinn tiltekið að skuli m.a. vinna að útfærslu jöfnunaraðgerða og hafa umsjón með samræmdu mati á þjónustuþörf fatlaðs fólks á landsvísu.

9. Tryggja þarf að unnt sé að meta mögulegan ávinning af flutningi málaflokksins.

Ríkisendurskoðun bendir á að til að unnt verði að meta faglegan og fjárhagslegan ávinning flutningsins að þremur árum liðnum þurfi að skilgreina mælikvarða og liggja þarf fyrir mat á núverandi stöðu. Nefndin telur að verkefnahópur um yfirfærsluna hafi þegar kortlagt stöðu málaflokksins fyrir yfirfærslu. Þá er kveðið á um það í b-lið 34. gr. frumvarpsins að ráðherra skipi samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks sem ætlað er að vera ráðherra og sveitarfélögum til ráðgjafar um málefni fatlaðs fólks. Einnig er lagt til að nefndin hafi umsjón með framkvæmd á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk ásamt því að gera tillögur um breytingar á tilhögun yfirfærslunnar, eftir því sem ástæða þykir til. Er þetta í samræmi við 12. gr. samkomulagsins þar sem stýrihóp um tilfærsluna er falið sama verkefni. Gert er ráð fyrir að nefndin starfi fram til þess að mati á yfirfærslu málaflokksins verður lokið eða til loka árs 2014. Ljóst er að samráðsnefndin eða stýrihópurinn mun vera í stöðu til að meta ávinning af flutningi málaflokksins og er stýrihópnum falið skv. 12. gr. samkomulagsins að leggja reglubundið mat á framkvæmd og árangur tilfærslunnar. Þá er í breytingartillögu nefndarinnar um þingsályktun ráðherra um framkvæmdaáætlun kveðið á um að þar skuli koma fram stefna í málaflokknum, skýr forgangsröðun verkefna, markviss aðgerðaáætlun og skilgreindir árangursmælikvarðar. Nefndin telur því að þessari ábendingu Ríkisendurskoðunar hafi verið mætt en áréttar mikilvægi þess að samráðsnefndin/stýrihópurinn verði skipuð sem fyrst.

X. Heildarendurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks.

Í h-lið 34. gr. frumvarpsins er kveðið á um að endurskoða skuli lögin í heild sinni fyrir árslok 2014. Í athugasemdum við frumvarpið segir: „Ástæða þess að ekki var ráðist í heildarendurskoðun á lögunum samhliða yfirfærslu málaflokksins nú er sú að talið var mjög erfitt að ráðast í stórfelldar breytingar á innihaldi og framkvæmd þjónustunnar á sama tíma og leitast var við að ná með heildstæðum hætti yfir þau verkefni sem flytjast ættu til sveitarfélaga.“ Þá er áhersla lögð á að ákveðin reynsla verði komin á þjónustu sveitarfélaganna við fatlað fólk sem og notendastýrða persónulega aðstoð áður en lagarammi er festur um þjónustuna.

Hagsmunasamtök fatlaðs fólks og notendur þeirrar þjónustu sem kveðið er á um í fyrirliggjandi frumvarpi hafa gert athugasemdir við tímasetningu heildarendurskoðunar og talið

mikilvægt að flýta henni eins og kostur er. Hefur nefndin fullan skilning á þeim sjónarmiðum enda mikil stöðnun verið undanfarin ár í málaflokknum sem og í þjónustu við fatlað fólk. Nefndin áréttar þó að fyrir liggur samkomulag ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu þjónustunnar þar sem m.a. er kveðið á um faglegt og fjárhagslegt endurmat hennar. Líkt og fram kom á fundum nefndarinnar eru einungis þrjú reikningsár til 2014 og var þeim sjónarmiðum komið á framfæri við nefndina að vegna þessa væri erfitt að kveða á um styttri tíma til að gera slíkt mat.

Nefndin telur að leiðin að endurskoðun hafi þó verið vörðuð. Breytingartillögur nefndarinnar tryggja að árin fram að því að endurskoðun ljúki verði notuð, m.a. til að tryggja réttindagæslu fyrir fatlað fólk enda leggur nefndin til að frumvarp þess efnis verði lagt fram eigi síðar en 1. mars 2011. Þá leggur nefndin til breytingu sem miðar að því að tryggja að sett verði opinber og skýr stefnu í málaflokknum með tillögu um að ráðherra leggi fram framkvæmdaáætlun 1. október 2011 þar sem fram komi stefna í málaflokknum, skýr forgangsröðun verkefna, markviss aðgerðaáætlun og skilgreindir árangursmælikvarðar. Meðal þeirra aðgerða sem nefndin telur að þurfi að tímasetja í tillögunni eru aðgerðir vegna lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, aðgengismála, biðlista eftir þjónustu, atvinnumála fatlaðs fólks og samræmds mats á þjónustu. Að auki hefur nefndin brýnt mikilvægi þess að eftirlitsstofnun með velferðarþjónustu verði komið á fót. Ljóst er að samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks mun starfa fram að heildarendurskoðun og hafa m.a. umsjón með framkvæmd á yfirfærslunni og gera tillögur um breytingar eftir því sem ástæða er til. Málaflokkurinn er því ekki skilinn eftir í tómarúmi heldur tiltekin næstu skref í átt að heildarendurskoðun hans. Nefndin ítrekar mikilvægi þess að þegar verði hafin vinna sem nýtast mun við heildarendurskoðun og beinir því til ráðherra að stuðla að því að vinna slíkrar endurskoðunar liggi fyrir í formi frumvarps 1. október 2014. Nefndin mun fylgja vinnunni eftir og halda fundi með samráðsnefndinni og ráðuneytinu, fara yfir stöðu mála og kalla eftir frekari gestum og upplýsingum telji hún þess þörf.

Nefndin leggur að auki til breytingu sem miðar að því að tryggja að meðferð upplýsinga sé í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, og að upplýsingar um þjónustu við fatlað fólk sem til eru á svæðisskrifstofum flytjist án vandkvæða til nýrra framkvæmdaraðila þjónustunnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir í áliti þessu og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ásmundur Einar Daðason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, form., frsm. Ólafur Þór Gunnarsson. Pétur H. Blöndal.

Jónína Rós Guðmundsdóttir. Guðmundur Steingrímsson. Unnur Brá Konráðsdóttir.

Þórunn Sveinbjarnardóttir. Lilja Rafney Magnúsdóttir.

551. Breytingartillögur [256. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   1. gr. laganna orðast svo:
   Markmið þessara laga er að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.
   Við framkvæmd laga þessara skal tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þá skulu stjórnvöld tryggja heildarsamtökum fatlaðs fólks og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðs fólks.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Einstaklingur á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sé hann með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum.
3. 2. gr. orðist svo:
   3. gr. laganna orðast svo:
   Velferðarráðherra fer með yfirstjórn málefna fatlaðs fólks samkvæmt lögum þessum. Ráðherra ber ábyrgð á opinberri stefnumótun í málaflokknum sem skal gerð í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Samráð skal haft við heildarsamtök fatlaðs fólks og aðildarfélög þeirra.
   Enn fremur hefur ráðherra eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal að þjónusta, starfsemi og rekstur sveitarfélaga og annarra aðila samkvæmt lögum þessum sé í samræmi við markmið laganna, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og að réttindi fatlaðs fólks séu virt. Markmið eftirlitsins er jafnframt að safna og miðla upplýsingum til að tryggja sambærilega þjónustu við fatlaða einstaklinga í ljósi ólíkra þarfa. Ráðherra skal gera tillögur til sveitarfélaga um úrbætur á þjónustu þar sem þess er þörf og stuðla að samræmingu hennar. Enn fremur skal ráðherra hafa umsjón með gerð þjónustu- og gæðaviðmiða í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og að höfðu samráði við heildarsamtök fatlaðs fólks.
   Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um eftirlit skv. 2. mgr. í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, þar á meðal um framkvæmd eftirlitsins og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.
4. Við 3. gr. Í stað orðsins „fatlaða“ í 1. málsl. 1. efnismgr. og 2. og 3. málsl. 2. efnismgr. komi: fatlað fólk.
5. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:
   Meðferð persónuupplýsinga, sem unnið er með við framkvæmd laga þessara, skal samrýmast lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þess skal gætt að aðgangur að upplýsingunum sé ekki umfram það sem nauðsyn krefur, sem og að öryggi þeirra sé tryggt.

6. Við 4. gr.
   a. Við 1. efnismgr. bætist nýr málsliður, 1. málsl., svohljóðandi: Fatlaður einstaklingur á rétt á þjónustu þar sem hann kýs að búa.
   b. Í stað orðanna „hinn fatlaði“ í 1. málsl. 1. efnismgr. og 2. málsl. 2. efnismgr. komi: fatlaður einstaklingur; og í stað orðanna „hinn fatlaða“ í 2. málsl. 1. efnismgr. komi: fatlaðan einstakling.
   c. Í stað 3. efnismgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

      Sveitarfélög skulu starfrækja teymi fagfólks sem metur heildstætt þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu og hvernig koma megi til móts við óskir hans. Teymin skulu hafa samráð við einstaklinginn við matið og skal það byggt á viðurkenndum matsaðferðum. Þegar óskir hans lúta að þjónustu sem rekin er af öðrum en sveitarfélögum þarf að koma til samþykkis rekstraraðila áður en ákvarðanir eru teknar um að hlutaðeigandi þjónusta sé veitt honum. Enn fremur skal hafa samráð við fatlaðan einstakling og væntanlegt sambýlisfólk hans, ef við á, áður en tekin er ákvörðun um þjónustu á grundvelli 10. gr.

      Sveitarfélögum er heimilt að fela teymi fagfólks skv. 3. mgr. að annast mat á umönnunarþörf fatlaðra barna vegna umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.
7. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „Hinum fatlaða“ í 1. efnismgr. komi: Fötluðum einstaklingi.
   b. Í stað orðanna „fjórar vikur“ í 3. efnismgr. komi: þrír mánuðir.
8. Við 6. gr. Í stað orðsins „fatlaða“ í 1. málsl. 1. efnismgr. og 1. málsl. 2. efnismgr. komi: fatlað fólk, og í stað orðsins „fatlaðra“ í 4. málsl. 2. efnismgr. komi: fatlaðs fólks.
9. Við a-lið 7. gr.
   a. Á eftir orðunum „er heimilt að veita starfsleyfi“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.
   b. Í stað orðsins „fatlaða“ í 2. efnismgr. komi: fatlað fólk.
   c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

      Ráðherra skal setja nánari reglur í reglugerð um skilyrði fyrir starfsleyfi skv. 1. mgr. í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.
10. Á eftir 7. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (10. gr.)

      7. gr. laganna orðast svo:

      Fatlað fólk skal eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ávallt skal leitast við að veita fötluðu fólki þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Reynist þjónustuþörf fatlaðs einstaklings meiri en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal hann fá þjónustu samkvæmt lögum þessum.
   b. (11. gr.)

      Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
      a. 1. málsl. orðast svo: Veita skal fötluðu fólki þjónustu sem miðar að því að gera því kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra.
      b. Í stað orðanna „fatlaðra“ í 3. málsl. kemur: fatlaðs fólks.
      c. 1. málsl. 1. tölul. orðast svo: Þarfir fyrir þjónustu á heimilum sínum sem felst í því að treysta möguleika þess til sjálfstæðs heimilishalds.

d. 1. málsl. 2. tölul. orðast svo: Þarfir til hæfingar, endurhæfingar og atvinnu sem m.a. felast í því að það geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu.
e. Orðið „fatlaðra“ í 1. málsl. 3. tölul. fellur brott.

11. Við 8. gr. bætist tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
a. 1. mgr. orðast svo:
Starfrækja skal þjónustustofnanir fyrir fatlað fólk í því skyni að koma til móts við sértækar þarfir þess svo að það geti lifað sjálfstæðu lífi.
b. Í stað orðsins „fatlaðra“ í 2. tölul. 2. mgr. kemur: fyrir fatlað fólk.

12. Við 9. gr.
a. 1. efnismgr. orðist svo:
Fatlað fólk skal eiga kost á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir eftir því sem kostur er.
b. Í stað orðsins „fatlaðra“ í 4. efnismgr. komi: fyrir fatlað fólk.
c. Í stað orðanna „hinn fatlaða“ í 5. efnismgr. komi: fatlaðan einstakling.

13. Á eftir 14. gr. komi þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:
a. (19. gr.)
Í stað orðsins „fötluðum“ í 2. málsl. 22. gr. laganna og 2. málsl. 23. gr. laganna kemur: fötluðum einstaklingum.
b. (20. gr.)
Fyrirsögn IX. kafla laganna verður: **Málefni fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra.**
c. (21. gr.)
Í stað orðsins „fötluðum“ í 1. málsl. 24. gr. laganna kemur: fötluðu fólki.

14. Á eftir 15. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
1. og 2. málsl. 26. gr. laganna orðast svo: Fatlað fólk skal njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni þess til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Starfrækja skal sérstakar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, svo og dagvistarstofnanir fyrir fatlað fólk sem geta veitt þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/eða starfsþjálfun.

15. 16. gr. orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „fötluðum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: fötluðu fólki.
b. Í stað 2. og 3. mgr. kemur ein ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra er heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um framkvæmd þjónustunnar á grundvelli ákvæðis þessa. Sveitarstjórnum er jafnframt heimilt að setja sér nánari reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra, svo sem skilyrði sem uppfylla þarf til að njóta aðstoðarinnar og viðmiðunarreglur um fjárhæð styrkja.

16. Við 17. gr. Í stað orðsins „fatlaða“ komi: fatlað fólk.

17. Við 18. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað orðsins „fötluðum“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. kemur: fötluðu fólki.

18. 19. gr. orðist svo:
30. gr. laganna orðast svo:
Á hverju starfssvæði skal fötluðu fólki standa til boða vernduð vinna á almennum vinnumarkaði. Vernduð vinna getur falist í störfum sem skipulögð eru með tilliti til fötlunar. Heimilt skal jafnframt að starfrækja verndaða vinnustaði fyrir fatlað fólk. Vernd-

aðir vinnustaðir skulu annars vegar veita fötluðu fólki launaða starfsþjálfun svo að það geti starfað á frjálsum vinnumarkaði. Hins vegar skulu þeir veita fötluðu fólki launuð föst störf.

Kostnaður vegna verndaðrar vinnu skv. 1. mgr. greiðist úr ríkissjóði.

19. 20. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ kemur: Vinnumálastofnun.
b. Í stað orðanna „samtök fatlaðra“ kemur: heildarsamtök fatlaðs fólks.
c. Í stað orðanna „stöðu fatlaðra“ kemur: stöðu fatlaðs fólks.

20. 21. gr. orðist svo:

32. gr. laganna orðast svo:

Fatlað fólk skal eiga forgang að atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi ef hæfni þess til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja.

21. Við 23. gr. Í stað orðsins „fatlaðra“ komi: fatlaðs fólks.

22. 24. gr. orðist svo:

35. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélög skulu gefa fötluðu fólki kost á ferðaþjónustu. Markmið ferðaþjónustu fatlaðs fólks er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda.

Jafnframt skal fatlað fólk eiga rétt á ferðaþjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir skv. 1.–3. tölul. 2. mgr. 9. gr. og vegna annarrar sértækrar þjónustu sem því er veitt sérstaklega.

Ráðherra er heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um rekstur ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á grundvelli ákvæðis þessa. Sveitarstjórnum er jafnframt heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra. Þá er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórnir skulu setja og skal gjaldið þá taka mið af gjaldi fyrir almenningssamgöngur á viðkomandi svæði.

23. 25. gr. orðist svo:

36. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn, sem sinna þjónustu við fatlað fólk og starfa á stofnunum fyrir fatlað fólk, skulu standa vörð um hagsmuni þess og gæta þess að réttindi þess séu virt.

24. 26. gr. orðist svo:

37. gr. laganna orðast svo:

Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga skal ráðherra skipa þeim trúnaðarmenn að fengnum tillögum heildarsamtaka fatlaðs fólks. Skilyrði er að trúnaðarmenn hafi þekkingu og reynslu af málefnum fatlaðs fólks.

Trúnaðarmaður fylgist með högum fatlaðs fólks og skulu forstöðumenn viðkomandi heimila, þegar við á, veita honum nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Sé um að ræða skráðar upplýsingar um persónuleg atriði eða upplýsingar um einkafjármuni fatlaðs einstaklings skal leitað eftir samþykki hans.

Telji fatlaður einstaklingur að réttur hans sé fyrir borð borinn getur hann tilkynnt það trúnaðarmanni sem veitir honum nauðsynlegan stuðning og kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun aðstoðar trúnaðarmaður fatlaðan einstakling við að kæra málið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála þegar það á við, sbr. 5. gr. a, og metur, í samráði við einstaklinginn, hvort hann tilkynnir um málið til velferðarráðuneytis.

Telji aðstandendur fatlaðs fólks, hagsmunasamtök fatlaðs fólks eða aðrir sem láta sig hag fatlaðs fólks varða að réttur fatlaðra einstaklinga sé ekki virtur skal tilkynna það trúnaðarmanni sem kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun aðstoðar trúnaðarmaður fatlaðan einstakling við að kæra málið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála þegar það á við, sbr. 5. gr. a, og metur hvort hann tilkynnir um málið til velferðarráðuneytis.

Trúnaðarmaður veitir fötluðum einstaklingi stuðning við meðferð málsins sé þess óskað.

Kostnaður vegna trúnaðarmanna fatlaðs fólks greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um trúnaðarmenn fatlaðs fólks, svo sem um fjölda þeirra.

25. Á eftir 26. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Fyrirsögn XV. kafla laganna verður: **Réttindagæsla.**

26. Við a-lið 28. gr. Í stað orðsins „fatlaða“ í 1. og 2. málsl. 1. efnismgr. komi: fatlað fólk; og í stað orðsins „fatlaðra“ í 2. efnismgr. komi: fatlaðs fólks.
27. Við 30. gr. Í stað orðsins „fatlaða“ í 1. málsl. 1. efnismgr. og 1. málsl. 2. efnismgr. komi: fatlað fólk; og í stað orðanna „hins fatlaða“ í 1. málsl. 1. efnismgr. komi: fatlaðs einstaklings.
28. Við 33. gr.
    a. 1. og 2. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Sérstöku samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka fatlaðs fólks skal komið á um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Markmið verkefnisins er að þróa leiðir til að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð við fatlað fólk með markvissum og árangursríkum hætti.
    b. Í stað orðsins „fatlaða“ í 1. málsl. 3. efnismgr. og 2. málsl. 5. efnismgr., orðsins „fötluðum“ í 2. málsl. 3. efnismgr. og orðsins „fatlaðra“ í 3. málsl. 3. efnismgr. komi, í viðeigandi beygingarfalli: fatlað fólk.
29. Við 34. gr.
    a. Í stað orðsins „fatlaðra“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. b-liðar og 1. málsl. h-liðar, og orðsins „fatlaða“ í 1. málsl. 2. mgr. b-liðar og 1. málsl. c-liðar, komi, í viðeigandi beygingarfalli: fatlað fólk.
    b. Í stað orðanna „í lok árs 2011“ í g-lið komi: 1. mars 2011.
    c. Við bætist tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
        i. (XIII.)

            Ráðherra skal eigi síðar en 1. október 2011 leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Þar skal setja fram stefnu í málefnum fatlaðs fólk, skýra forgangsröðun verkefna, markvissa aðgerðaáætlun og skilgreinda árangursmælikvarða. Tímasettar verði m.a. aðgerðir vegna lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, aðgengismála, biðlista eftir þjónustu, atvinnumála fatlaðs fólks og samræmds mats á þjónustu.

        j. (XIV.)

            Persónuupplýsingar, sem svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra hafa unnið vegna þjónustu við fatlaða einstaklinga, skal flytja til þeirra aðila sem taka við þjónustunni samkvæmt lögum þessum. Upplýsingum, sem ekki eru lengur nauðsynlegar vegna þjónustu við fatlaða einstaklinga, skal hins vegar skilað til Þjóðskjalasafns í samræmi við lög um safnið. Við flutning persónuupplýsinga

skal öryggis gætt og girt fyrir aðgang óviðkomandi að þeim eða að þær glatist eða breytist.

30. Á eftir 34. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Heiti laganna verður: **Lög um málefni fatlaðs fólks.**

31. Við bætist ný grein ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:
Breytingar á öðrum lögum.
Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:
1. Í stað orðanna „fjögurra vikna“ í 2. málsl. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, kemur: þriggja mánaða.
2. Í stað orðanna „fjögurra vikna“ í 2. málsl. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, kemur: þriggja mánaða.

552. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (frestun gildistöku ákvæðis um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi).

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að framkvæmd ákvæða raforkulaga varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta verði frestað til 1. janúar 2012. Ákvæði þau sem hér um ræðir voru samþykkt á Alþingi árið 2008 með lögum nr. 58/2008, í þá veru að gerð er krafa um að samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi orkufyrirtækja verði rekin í aðskildum fyrirtækjum frá og með 1. júlí 2009. Í kjölfar lagabreytinganna átti sér stað 1. janúar 2009 formleg uppskipting Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf., sem annast virkjanir og raforkusölu, og HS Veitur hf., sem annast veitustarfsemi fyrirtækisins, en ekki hefur orðið af sams konar uppskiptingu innan Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveita Reykjavíkur óskaði eftir því með bréfi 6. september sl. að iðnaðarráðherra flytti frumvarp til laga um frestun gildistöku breytingar á 14. gr. raforkulaga. Hér er því um að ræða þriðju frestunina á framkvæmd þessara ákvæða en með lögum nr. 142/2009, um breytingu á raforkulögum, var gildistöku breytingar á 14. gr. raforkulaga frestað í annað sinn til 1. janúar 2011.

Minni hlutinn telur þær forsendur frestunar gildistöku sem fram koma í frumvarpinu ekki standast. Ljóst sé að Orkuveita Reykjavíkur er stærsta félag á Íslandi í smásölu og dreifingu á raforku og það sé einkar óheppilegt að það skuli vera síðast dreifiveitna til þess að skilja á milli samkeppnis- og einkaleyfisreksturs. Félagið starfar á fákeppnismarkaði og skipta fyrirtæki og heimili alla jafna við sama fyrirtæki í smásölu og dreifingu. Mikil hætta sé á því að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur með tekjum af einkaleyfisstarfsemi og nauðsynlegt sé að stemma stigu við þeirri hættu. Vill minni hlutinn benda á hækkun gjaldskrár Orkuveitu Reykjavíkur sl. haust þar sem gjaldskrá raforkudreifingar var hækkuð um 40% en raforkusölu 11%, þrátt fyrir að félagið hafi sjálft reiknað út að hækkunarþörf í dreifingu væri 20% en í sölu 27%. Með þessari hækkun misnotaði Orkuveita Reykjavíkur hugsanlega undanþágu sína frá aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi og ekki þarf að hafa mörg orð um hversu alvarlegt það er ef fyrirtæki sem er ráðandi á markaðnum gengur þannig fram í skjóli sérstakrar undanþágu. Minni hlutanum þykir rétt í þessu sambandi að árétta að Samkeppnis-

eftirlitið hefur til rannsóknar hvort þessi hækkun Orkuveitu Reykjavíkur sé brot á samkeppnislögum. Endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir.

Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að óleyst væri fyrirsjáanleg skattalegt óhagræði við yfirfærslu á eignum úr móðurfélagi Orkuveitu Reykjavíkur, sem er sameignarfyrirtæki, í dótturfélag. Við þann flutning myndast t.d. skattalegur hagnaður en í skattalegu tilliti er farið eins með skiptingu félaga og sölu eigna til þeirra félaga sem við taka. Slíkt nær einvörðungu til hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga, en Orkuveita Reykjavíkur fellur ekki undir þessi félagaform og gæti fyrirtækið því ekki nýtt sér uppsafnað rekstrartap. Minni hlutinn telur að þessi röksemdafærsla sé afar ótrúverðug. Það á ekki að skipta máli fyrir lánardrottna fyrirtækisins hvernig fyrirtækinu er skipt upp og hvort þessi breyting á félagsformi Orkuveitu Reykjavíkur yrði nú eða eftir 12 mánuði. Það sé frekar spurning um verðlagningu á eignum svo fyrirtæki geti nýtt sér rekstrarleg atriði.

Alþingi, 15. des. 2010.

Jón Gunnarsson, form., frsm. | Margrét Tryggvadóttir. | Sigurgeir Sindri Sigurgerisson.

Tryggvi Þór Herbertsson.

553. Svar [228. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar um kostnað langveikra sjúklinga af sjúkdómum sínum.

1. *Liggur fyrir greining á mismunandi kostnaði langveikra sjúklinga af sjúkdómum sínum og ef svo er, er opinber aðstoð við langveika sjúklinga í samræmi við þennan kostnað?*

Ekki liggur fyrir greining á mismunandi kostnaði langveikra sjúklinga af sjúkdómum sínum.

2. *Tekur opinber aðstoð við langveika sjúklinga tillit til þess hvað þeir búa langt frá þeim stað þar sem þeir fá þjónustu?*

Reglugerð nr. 871/2004, með síðari breytingum, varðar ferðakostnað sjúkratryggðra og aðstandenda þeirra innan lands. Almenna reglan er sú varðandi langar ferðir að sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði við tvær ferðir sjúklings á 12 mánaða tímabili til að sækja að tilhlutan læknis óhjákvæmilega sjúkdómsmeðferð, sé a.m.k. 20 km vegalengd milli staða.

Þegar um að ræða illkynja sjúkdóma, nýrnabilun, alvarlega augnsjúkdóma, brýnar lýtalækningar, bæklunarlækningar barna, tannréttingar vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilefna svo og sambærilega sjúkdóma, taka sjúkratryggingar þátt í kostnaði við ítrekaðar ferðir sjúklings.

Reglugerðin tekur og til kostnaðar vegna styttri ferða.

Þá eru í gildi reglur um greiðslu dvalarkostnaðar foreldris/forráðamanns vegna sjúkrahúsinnlagnar barns enda sé a.m.k. 20 km vegalengd milli heimilis og sjúkrahúss. Ef um erfiða sjúkdómsmeðferð vegna lífshættulegs sjúkdóms er að ræða er heimilt að slík greiðsla nái til beggja foreldra/aðstandenda barns að 18 ára aldri.

554. Svar [249. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Steingrímssonar um tækni- og raungreinamenntun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig sér ráðherra fyrir sér að hægt verði að efla tækni- og raungreinamenntun á Íslandi á allra næstu árum, með það að markmiði að mæta sívaxandi eftirspurn atvinnulífsins eftir slíku vinnuafli? Er til áætlun þessa efnis innan ráðuneytisins sem starfað er eftir?

Á undanförnum missirum hefur eftirspurn aukist á vinnumarkaði fyrir starfsfólk með tæknimenntun. Að hluta til má skýra þessa aukningu með breytingum á samsetningu vinnumarkaðarins og meira vægi hugbúnaðariðnaðar og skapandi greina eins og tölvuleikjaframleiðslu. Eftirspurn atvinnulífsins eftir starfsfólki með tækni- og raungreinamenntun nær bæði til fólks með menntun á framhaldsskólastigi og á háskólastigi.

Rétt er að taka fram að undanfarin ár hefur nemendum í verk- og tæknigreinum fjölgað umtalsvert. Árið 2002 voru nemendur sem lögðu stund á verk- og tæknivísindi á háskólastigi 867 en sl. vetur voru þeir nærri tvöfalt fleiri, eða 1.653. Þá hefur þeim fjölgað sem leggja stund á framhaldsnám á háskólastigi í sömu fögum. Árið 2002 stunduðu tíu nemendur doktorsnám í verk-, tækni- og raunvísindum en nú eru þeir 92.

Nemendaþróun í raunvísindum hefur ekki verið sú sama. Nemendum fækkaði á árunum 2002–2008 en fjölgaði á nýjan leik í fyrra og eru þeir nú nokkru fleiri en fyrir átta árum. Fjöldi nemenda sem útskrifast með meistaragráðu í raunvísindum hefur á hinn bóginn tvöfaldast á sama tíma.

Ráðuneytið hefur brugðist við framangreindri þróun meðal annars með því að hækka fjárframlög til þessara greina. Við fjárlagagerð 2011 er gert ráð fyrir fjölgun nemenda í verk- og tæknifræði sem og í raunvísindanámi og nemur hækkun í framlögum til þessara greina um 100 nemendaígildum. Á síðustu sex árum hafa fjárveitingar til þessara greina hækkað um 58% á fjárlögum á sama tíma og hækkun á framlögum til hug- og félagsvísindagreina samsvarar um 36%.

Milli áranna 2002 og 2009 hefur skráðum nemendum á framhaldsskólastigi sem stunda starfsnám í raungreinum, verkfræði og tæknigreinum fjölgað úr rúmlega 3.200 upp í u.þ.b. 3.500. Fjöldi nemenda á þessum fagsviðum hefur staðið nokkurn veginn í stað frá 2007 þó að nemendum á fagsviðum byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar hafi fækkað um u.þ.b. 220 frá 2007. Aftur á móti fjölgaði nemendum í byggingar- og mannvirkjagerð í heildina frá árinu 2002 um 28%.

Ef verkfræði og tæknigreinar eru skoðaðar sérstaklega, þar sem m.a. er að finna málmiðnir, véltækni, rafiðnað og bíliðnir, þá fjölgaði nemendum um rúmlega 11% frá árinu 2002 og hefur þeim fjölgað um rúmlega 100 frá árinu 2007. Nemendum í almennu námi til stúdentsprófs á náttúrufræðibrautum (þ.m.t. skyldar raungreina- og tæknibrautir til stúdentsprófs) voru 3.814 árið 2002 og 5.096 árið 2009, sem er fjölgun um 33%.

Með lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2008 og í drögum að aðalnámskrám fyrir þessi skólastig og lögum um framhaldsfræðslu frá árinu 2010 eru innleiddar breytingar sem samkvæmt alþjóðlegum rannsóknum styðja við eflingu starfs- og tæknimenntunar. Þar má nefna sameiginleg viðmið um hæfni og námslok (qualification system), sem gerir m.a. kleift að meta hæfni sem aflað er utan skólakerfisins til eininga með raunfærnimati. Einnig

má nefna aukna áherslu á náms- og starfsráðgjöf og á framhaldsskólastigi er skólum veitt stóraukið svigrúm til að þróa nýjar námsbrautir í samvinnu við atvinnulífið. Starfsgreinaráð og starfsgreinanefnd, sem skipuð er formönnum ráðanna, eru ráðuneytinu til ráðgjafar varðandi eflingu starfsmenntunar og þar með tæknigreina. Þá má nefna aukna áherslu á menntun til sjálfbærni í nýjum drögum að námskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla sem m.a. byggist á að auka þekkingu og skilning á umhverfi og náttúru. Enn fremur þarf í samráði við sveitarfélög að skoða til lengri tíma hvernig megi efla vísinda- og tæknivitund í gegnum leik og fræðslu þar sem nemendur á ýmsum aldri geta kynnst raunhæfum og hlutbundnum verkefnum.

Að viðhalda og auka námsframboð í tækni- og raungreinum með fjárframlögum er eitt en annað er að beina fleirum nemendum í nám á þessu sviði. Ekki er sjálfgefið að aukið náms-framboð laði fleiri námsmenn í slíkt nám. Hafa ber í huga að ákvörðun um að stunda tiltekið nám er á endanum einstaklingsbundin og því takmörk sett hvað hægt er að stýra námsvali. Þó skiptir markviss náms- og starfsráðgjöf þar miklu máli.

Ráðuneytið hefur undanfarin ár stutt með ýmsum hætti við kynningu á verk- og náttúru-vísindum fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum. Dæmi um verkefni á þessu sviði eru Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda, tilraunaverkefni í framhaldsskólum í samvinnu við atvinnulífið á sviði nýsköpunar og tæknimenntar, tilraunahúsið í Vatnsmýrinni og Rafheimar í Elliðarárdalum. Á háskólastigi hefur kynning á verk- og náttúruvísindum til að mynda farið fram í gegnum Nýsköpunarsjóð námsmanna og Innovit frumkvöðlakeppnina en einnig má nefna Vísindavöku, árlega vitundarvakningu um vísindi, sem Rannís stendur fyrir.

555. Svar [245. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ólöfu Nordal um ofþyngd barna.

1. *Hvernig hefur þyngd barna fram að 18 ára aldri þróast hérlendis undangengin 20 ár?*

Til að meta holdafar er oft miðað við líkamsþyngdarstuðul sem reiknaður er út með því að deila í þyngd (kg) með hæðinni í öðru veldi (kg/m2). Stuðullinn tekur þó ekki tillit til mismunandi líkamsbyggingar fólks og ekki er hægt að nota hann til að leggja mat á líkamsþyngd barna.

Eftirfarandi tvær myndir gefa nokkra hugmynd um hvernig þyngd barna hefur þróast undanfarin ár. Það er ánægjulegt að geta þess að aukning á offitu og ofþyngd virðist hafa stöðvast frá því eftir árið 2000, bæði hér á landi og annars staðar í Evrópu.



Mynd 1 úr gagnagrunni skólaheilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sýnir þróun ofþyngdar og offitu meðal níu ára barna 1958–2004.



Mynd 2 úr skýrslu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Lýðheilsustöðvar (Stefán H. Jónsson og Margrét Héðinsdóttir, 2010) sýnir hlutfall barna í Reykjavík og eftir 2006 á höfuðborgarsvæðinu öllu sem er yfir kjörþyngd árin 1958–2009.

2. *Sé merkjanleg breyting á þyngd barna á þessu tímabili, hvaða skýringar eru á því?*

Engin ein skýring er á því hvernig þyngd barna hefur þróast og breyst heldur eru skýringarnar bæði margar og flóknar og fléttast jafnvel saman. Áhrifaþættir sem taldir eru hafa hér áhrif eru breyttir lífshættir, mataræði og hreyfing. Aukið sjónvarpsáhorf, tölvunotkun og bílaeign hafa áhrif á hreyfingu og annað hegðunarmynstur sem börn og aðrir temja sér en það getur haft áhrif á holdafar. Einnig er vert að geta þess að markaðsetningu á vörum er gjarnan beint að börnum og þær vörur eru ekki endilega hollustuvörur heldur oft þvert á móti, til að mynda sykraðir drykkir. Lýðheilsuviðhorf skipta hér máli.

3. *Hver hefur þróun þyngdar barna á Íslandi verið samanborið við önnur lönd innan OECD?*

Fáar þjóðir hafa yfir að ráða miðlægum gagnagrunni þar sem skráð er nákvæm mæling á hæð og þyngd barna. Fjölþjóðlegur samanburður á þyngd barna byggist oft á gögnum sem fengin eru með spurningalistum fyrir börn. Upplýsingar sem þannig eru fengnar eru ekki eins nákvæmar og þegar heilbrigðisstarfsmaður mælir sjálfur hæð og þyngd barnanna.

Í alþjóðlegri rannsókn (Health behaviours in school aged children), meðal 15 ára pilta og stúlkna, sem Íslendingar tóku þátt í og tölur frá OECD byggjast á kom í ljós að tæplega 20% ungmennanna voru yfir kjörþyngd og voru piltar þar nokkuð fjölmennari en stúlkur. Það eru svipaðar niðurstöður og víða í Evrópu en í Bandaríkjunum eru þessi ungmenni fleiri eða u.þ.b. 30% af þátttakendum.

4. *Hvað segja niðurstöður rannsókna um afleiðingar ofþyngdar barna á líðan þeirra?*

Afleiðingar ofþyngdar barna á líðan þeirra er mjög einstaklingsbundin. Meðal ungra barna eru áhrif ofþyngdar ekki endilega svo afgerandi nema ef vera kynni að um verulega offitu væri að ræða. Þessi börn eru þó útsett fyrir stríðni vegna þyngdarinnar og getur sú stríðni valdið vanlíðan. Meðal eldri barna og þá sérstaklega unglinga eru líkur á að sálrænar afleiðingar offitu fari að verða meiri og alvarlegri og þá sérstaklega hjá stúlkum.

Rannsóknir hafa sýnt að offita getur stuðlað að ýmsum sjúkdómum og þó þeir komi ekki fram fyrr en á fullorðinsárum þá getur offita á barnsaldri flýtt fyrir þróun þeirra. Sem dæmi um slíka sjúkdóma má nefna hjartasjúkdóma og sykursýki.

5. *Hvaða ráðleggingar gefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin til að vinna gegn ofþyngd barna?*

Evrópusáttmáli WHO um baráttu gegn offituvandanum var samþykktur á ráðherrafundi WHO í Istanbúl í nóvember árið 2006. Með undirritun sáttmálans gerðu heilbrigðisráðherrar Evrópu með sér samkomulag um að sporna gegn þróun ofþyngdar og offitu í álfunni. Sáttmálinn hefur verið þýddur á íslensku og má finna hann í heild sinni á heimasíðu ráðuneytisins. Þar kemur m.a. fram að til að vinna gegn ofþyngd sé mikilvægt að flétta saman markmið í heilbrigðis-, efnahags-, félags- og menningarmálum og mynda þannig samfélagsaðstæður þar sem heilbrigðir lífshættir á sviði mataræðis og líkamshreyfingar verði ríkjandi. Ábyrgðin sé stjórnvalda, samfélagsins og einstaklingsins og þar þurfi að ríkja jafnvægi á milli.

Einnig kemur þar fram að huga þurfi sérstaklega að börnum og ungmennum, svo sem með setningu reglugerða til að vernda þau gegn áhrifum markaðsaflanna þar sem þau hafa ekki þá lífsreynslu sem nauðsynleg er til að verja sig sjálf.

6. *Til hvaða úrræða hafa heilbrigðisyfirvöld gripið vegna ofþyngdar barna?*

Margir þættir á öllum stigum samfélagsins og í nánasta umhverfi einstaklinga hafa áhrif á heilsu þeirra og holdafar. Með þær staðreyndir í huga hafa heilbrigðisyfirvöld reynt að hafa áhrif víða.

Ráðuneytið hefur gefið út heilbrigðisáætlun til ársins 2010 þar sem m.a. eru sett fram markmið varðandi hreyfingu, mataræði og holdafar. Áætlunin grundvallast á samþykkt alþjóðaheilbrigðisþingsins árið 1998, áætlun Evrópudeildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (*Health21*) og almennri stefnumörkun heilbrigðisyfirvalda. Unnið er núna að endurskoðun á heilbrigðisáætluninni innan ráðuneytisins og mun ný áætlun ná til ársins 2020 og

skýra þannig stefnuna til næstu ára. Í samræmi við stefnu heilbrigðisyfirvalda hafa einnig verið sett lög og reglugerðir til að stuðla að æskilegum samfélagsaðstæðum með heilbrigða lífshætti í huga, t.d. varðandi matvæli og ýmsa markaðssetningu á vörum og þjónustu.

Faghópur á vegum landlæknisembættisins vann og setti fram tillögur að samræmdri stefnu og aðgerðum í forvörnum og meðferð of þungra og of feitra barna. Það var gert með það fyrir augum að hægt væri að nýta sem best krafta og þekkingu heilbrigðiskerfisins til að sporna gegn þróun ofþyngdar og offitu barna og unglinga.

Í samstarfi við ýmsar undirstofnanir heilbrigðisráðuneytisins, svo sem Lýðheilsustöð og landlæknisembættið, hefur einnig verið unnið dýrmætt starf til að hafa áhrif á heilbrigði og holdafar barna, ungmenna og fólks á öllum aldri. Það starf hefur jafnvel verið unnið með ýmsum sveitarfélögum og þannig reynt að láta heilbrigðisstefnuna hríslast inn í nánasta umhverfi einstaklinga.

Sem dæmi um slíkt samstarf má nefna að unnið er að því að efla þróunarstarf um heilsueflingu í grunn- og framhaldsskólum í samstarfi við skóla, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitafélaga, Lýðheilsustöð og fleiri. Í tengslum við það samstarf býðst skólum að fá ýmiss konar stuðningsefni og námskeið til að vinna heildrænt að heilsueflingu nemenda og starfsfólks, m.a. til að vinna að aukinni hreyfingu og betri næringu meðal þeirra. Nýr samningur um heilsueflingu í framhaldsskólum (HOFF) var undirritaður í byrjun október milli heilbrigðisráðuneytisins, menntamálaráðuneytisins, samtaka framhaldsskólanemenda, Félags íslenskra framhaldsskóla, Ráðgjafanefndar um æskulýðsrannsóknir og Lýðheilsustöðvar. Eins og kom fram í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar hefur verið fylgst reglubundið með hæð og þyngd nemenda í grunnskóla.

Ýmis konar fræðsluefni og handbækur sem snertir heilsu og heilbrigða lífshætti hefur verið gefið út. Má þar til að mynda nefna *Ráðleggingar um matarræði og næringarefni*, *Ráðleggingar um hreyfingu* og *Virkni í skólastarfi*, handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla sem Lýðheilsustöð hefur gefið út og fræðsluefni fyrir grunnskólanemendur um heilsusamlega lífshætti sem skólaheilsugæslan hefur gefið út í samvinnu við Lýðheilsustöð.

Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er gert ráð fyrir að veittar séu sérstaklega 10 millj. kr. til Landspítala til að koma þar á fót þverfaglegu meðferðarteymi fyrir börn og unglinga með alvarlega offitu.

Með vísan í Evrópusáttmála WHO þar sem fram kemur að jafnvægi verði að ríkja milli ábyrgðar stjórnvalda, samfélagsins og einstaklingsins sjálfs er nauðsynlegt að hafa í huga að þrátt fyrir allar forvarnir og úrræði gegn offitu verður hver einstaklingur samt sem áður að bera ákveðna ábyrgð á eigin heilbrigði og holdafari. Þegar um börn er að ræða flyst sú ábyrgð til forráðamanna þeirra. Þeim ber að sjá til þess að börn þeirra fái hollt og næringarríkt fæði og innræta þeim heilsusamlegar lífvenjur til að tryggja sem best heilbrigði þeirra og heilsusamlegt holdafar. Ef það er gert eru auknar líkur að þær lífsvenjur haldist ævina út og fyrirbyggi þannig þau vandamál sem af offitu geta hlotist.

556. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 2011.

(Afgreidd frá Alþingi 16. desember 2010.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2011 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**434.382,1**	**416.415,8**
Skattar á tekjur einstaklinga	114.000,0	110.000,0
Skattar á tekjur lögaðila	26.400,0	22.000,0
Tryggingagjöld	64.572,3	62.056,2
Eignarskattar	10.658,2	10.068,2
Virðisaukaskattur	132.000,0	126.700,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	72.368,1	71.810,1
Skattar ótaldir annars staðar	14.383,5	13.781,3
Aðrar rekstrartekjur	**29.777,7**	**29.687,5**
Arðgreiðslur	2.225,5	2.225,5
Vaxtatekjur og eignatekjur	20.867,2	20.777,2
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	6.685,0	6.684,8
Sala eigna	**600,0**	**600,0**
Fjárframlög	**7.704,1**	**7.704,1**
Tekjur alls	**472.463,9**	**454.407,4**
Æðsta stjórn ríkisins	3.541,0	3.541,0
Forsætisráðuneyti	881,9	881,9
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	57.134,3	57.134,3
Utanríkisráðuneyti	9.968,7	9.968,7
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	18.632,1	18.632,1
Innanríkisráðuneyti	59.905,5	59.830,5
Velferðarráðuneyti	209.389,9	209.718,9
Fjármálaráðuneyti	61.606,1	53.676,1
Iðnaðarráðuneyti	4.953,9	4.953,9
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	3.309,8	3.309,8
Umhverfisráðuneyti	6.831,2	6.831,2
Vaxtagjöld ríkissjóðs	73.654,0	71.422,0
Gjöld samtals	**509.808,4**	**499.900,4**
Heildartekjujöfnuður	**-37.344,5**	**-45.493,0**
Frumjöfnuður	**15.442,3**	**5.151,8**

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2011 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.	
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-37.344,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-218,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-7.876,5
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-154,0
Handbært fé frá rekstri	**-45.593,0**
Fjármunahreyfingar	
Veitt löng lán	-18.600,0
Afborganir veittra lána	8.600,0
Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup	-2.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	200,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-11.800,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-57.393,0**
Fjármögnun	
Tekin löng lán	267.000,0
Afborganir lána	-235.000,0
Fjármögnun samtals	**32.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-25.393,0**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2011 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	760,0	0,0	15,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	852,5	1000,0	250,0	0,0
Íslenskar orkurannsóknir	-40,0	0,0	30,0	0,0
Samtals	**1.572,5**	**1.000,0**	**295,0**	**0,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2011 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.551,8	16.300,0	79,0	12.600,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	162,0	0,0	0,0	0,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	436,0	23.099,0	9,0	23.223,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	11,0	0,0	1,0	0,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam	84,0	0,0	5,0	0,0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild	14,0	20.000,0	26,0	20.108,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	14,0	350,0	0,0	0,0
Orkusjóður	7,2	25,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	8,2	3.000,0	0,0	3.000,0
Samtals	**9.288,2**	**62.774,0**	**120,0**	**58.931,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 267.000 m.kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 18.600 m.kr. til eftirtalinna aðila:

   2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 12.600 m.kr.
   2.2 Hlutafélaga sem komið verður á fót á grundvelli laga nr. 97/2010, um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir, allt að 6.000 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2011 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.4, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:

   3.1 Landsvirkjun, allt að 30.000 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.
   3.2 Íbúðalánadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 20.108 m.kr., sbr. 10. gr. og 1. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 23.223 m.kr., sbr. 10. gr. og 3. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.4 Byggðastofnun, allt að 3.000 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

4. Ýmis ákvæði.

   4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;

b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Heimildir

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að semja við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um ráðstöfun fasteignarinnar við Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
2.2 Að selja tækjageymslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.3 Að selja fasteignina Laugarnesveg 91, Reykjavík.
2.4 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Heiðavegi 4, Reyðarfirði.
2.5 Að selja húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands við Hlemm.
2.6 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignina Fífilbrekku, Reykjum, Ölfusi.
2.7 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignirnar Túngötu 1 og 3, Hvanneyri, Borgarfirði.
2.8 Að selja Húsfélagi Hvanneyrar fasteignirnar Möðruvelli 2 og 4, Hörgárdal, Arnarneshreppi.
2.9 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Lyngholti 9, Ísafirði, og ráðstafa andvirðinu til vegamála.
2.10 Að selja húseignir ríkisins við Borgartún 5 og 7, Reykjavík og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
2.11 Að selja afgreiðsluhús á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.12 Að selja átthagafélagi gamla prestshúsið á Stað í Aðalvík, Ísafjarðarbæ.
2.13 Að selja mannvirki á jörðunum Selárdal og Uppsölum, Vesturbyggð.
2.14 Að selja húsnæði dómstóla, lögreglu- og sýslumannsembætta og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði í tengslum við endurskipulagningu starfseminnar.
2.15 Að selja fasteignina Baughól 44, Húsavík.
2.16 Að selja fasteignirnar Nátthaga 5, 7 og 9, Hólum í Hjaltadal.
2.17 Að selja fasteignirnar Prestssæti 3 og 5, Hólum í Hjaltadal.
2.18 Að selja útihús á jörðinni Þormóðsdal.
2.19 Að selja bæjarhúsin á Selá í Dalvíkurbyggð á leigulóð.
2.20 Að selja bæjarhúsin á Hólsseli í Norðurþingi á leigulóð.
2.21 Að ganga til samninga við kaþólsku kirkjuna á Íslandi um endurkaup hennar á hluta eigna St. Franciskusspítalans í Stykkishólmi.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.2 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.3 Að selja íbúð við Hvassaleiti 30 og kaupa aðra hentugri.

3.4 Að selja eignarhlut ríkisins að Bíldshöfða 16, Reykjavík, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.5 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Brautarholti 6, Reykjavík.
3.6 Að selja eignarhlut ríkisins í húsnæði Skógræktar ríkisins að Gagnheiði 25–27, Selfossi.
3.7 Að selja sendiherrabústað í Washington og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e, Reykjavík.
3.9 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Hvanneyrarbraut 60, Siglufirði.
3.10 Að selja eignarhlut ríkisins í Iðndölum 2, Vatnsleysustrandarhreppi, og ráðstafa andvirðinu til uppbyggingar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.
3.11 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Brekkubyggð 14, Blönduósi.
3.12 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Eiðistorgi 13–15, Seltjarnarnesi.
3.13 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Víðinesi, Reykjavík.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land á Keldum, á Keldnaholti og við Úlfarsá og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja landspildur í eigu ríkisins í Garðabæ.
4.3 Að selja jarðarhlutann Rima, Bláskógabyggð.
4.4 Að selja landspildur ríkisins við Flekkuvík.
4.5 Að selja hluta af landsvæðum ríkisins við Litla-Hraun og ráðstafa andvirðinu til endurbóta á fangelsinu.
4.6 Að selja hluta af jörðunum Torfastöðum I og II í Rangárþingi eystra.
4.7 Að selja jörðina Hvol 2, Ölfusi.
4.8 Að selja jörðina Leiti, Hornafirði.
4.9 Að selja jarðirnar Gunnólfsvík I og II, Langanesbyggð.
4.10 Að selja fasteignina Efri-Brú, Grímsnesi.
4.11 Að selja jörðina Ytri-Lynga II, Skaftárhreppi.
4.12 Að selja ábúandanum á Reykhólum landspildur í grennd við jörðina.

Kaup og sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlut ríkisins í Endurvinnslunni hf.
5.2 Að selja hlut ríkisins í sparisjóðum sem ríkið hefur eignast hlut í á grundvelli 2. gr. l. nr. 125/2008, um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.
5.3 Að kaupa og selja hluti í innlendum sparisjóðum í tengslum við endurskipulagningu sparisjóðakerfisins.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.2 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.3 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Þjóðleikhússins.
6.4 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Vinnumálastofnun.
6.5 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Listasafns Íslands.

6.6 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um lóð undir samgöngumiðstöð sem fyrirhugað er að reisa við Reykjavíkurflugvöll.
6.7 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir hjúkrunarrými aldraðra í samræmi við áform um fjölgun slíkra rýma.
6.8 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og nýja stofnun sjúkratrygginga og innkaupa á heilbrigðissviði.
6.9 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Veðurstofu Íslands.
6.10 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.
6.11 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir hverfisstöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.
6.12 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir gæsluvarðhaldsfanga á höfuðborgarsvæðinu og selja núverandi húsnæði að Skólavörðustíg 9 og Kópavogsbraut 17.
6.13 Að kaupa sendiherrabústað í New York.
6.14 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.
6.15 Að kaupa jörðina Teigarhorn, Djúpavogshreppi.
6.16 Að kaupa mannvirki gömlu nautastöðvarinnar í Hvannatúni á Hvanneyri af Bændasamtökum Íslands í þágu Landbúnaðarháskóla Íslands.
6.17 Að kaupa jörðina Eystri-Ása, Skaftárhreppi, af Þjóðkirkjunni.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2011 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2011, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
7.3 Að selja, leigja eða ráðstafa með öðrum hætti fasteignum og landsvæðum á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli sem koma á í borgaraleg not.
7.4 Að endurgreiða sveitarfélögum, eða opinberum félögum á þeirra vegum, virðisaukaskatt vegna kaupa á nýjum slökkvibifreiðum og búnaði slökkviliða.
7.5 Að heimila að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn.
7.6 Að ganga til samninga við hafnarsjóð Seyðisfjarðar um viðbótartollaðstöðu á Seyðisfirði.
7.7 Að verja, ef á þarf að halda, frekari fjárhæðum til greiðslu bóta til þeirra er sætt hafa misgjörðum á vistheimilum fyrir börn en heimilað er í fjáraukalögum fyrir árið 2008.
7.8 Að kaupa hluti eða auka hlutafé ríkisins í fyrirtækjum á sviði orkuöflunar og orkudreifingar í því skyni að tryggja opinbert eignarhald og endurskipulagningu á sviði orkumála.
7.9 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.

7.10 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.
7.11 Að semja um afhendingu kirkjulóða og kirkjugarða á ríkisjörðum til þjóðkirkjunnar.
7.12 Að selja flugvél Landhelgisgæslunnar TF–SYN.
7.13 Að heimila Landhelgisgæslunni að leigja hentugar björgunarþyrlur fyrir starfsemi sína í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um lágmarksgetu til björgunar.
7.14 Að leggja bönkum og sparisjóðum, að hluta eða að fullu í eigu íslenska ríkisins, til aukið eigið fé, reynist þess þörf, til að viðhalda lágmarkseiginfjárhlutfalli samkvæmt kröfum Fjármálaeftirlits.
7.15 Að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að 1.000 m.kr. að fenginni úttekt iðnaðarráðuneytisins á framtíðarfyrirkomulagi lánastarfsemi stofnunarinnar.
7.16 Að semja við sveitarfélög um greiðslur og vaxtakjör vegna fjármagnstekjuskatts sem álagður er á árinu 2010 vegna tekjuársins 2009.
7.17 Að veita Nýjum Landspítala ohf. skammtímalán vegna undirbúnings hönnunar nýs Landspítala við Hringbraut.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I Skatttekjur

1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	89.300,0	86.500,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	24.700,0	23.500,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**114.000,0**	**110.000,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	26.400,0	22.000,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	2.200,0	2.100,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.516,2	1.487,0
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	3.730,0	3.450,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**7.446,2**	**7.037,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**147.846,2**	**139.037,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	60,0	60,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	33.917,9	32.595,2
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	30.594,4	29.401,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**64.572,3**	**62.056,2**
	Tryggingagjöld	**64.572,3**	**62.056,2**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	2.007,5	1.929,2
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.538,3	2.439,3
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**4.545,8**	**4.368,5**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	5.210,0	4.620,0
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	2.350,0	2.350,0
4.4.1	Stimpilgjöld	2.600,0	2.600,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	498,2	498,2
	Eignarskattar	**10.658,2**	**10.068,2**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	132.000,0	126.700,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	3.910,0	3.790,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	1.770,0	1.730,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.900,0	1.900,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	4.720,0	4.720,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	7.630,0	7.630,0
5.1.2.1.32	Kolefnisgjald	3.140,0	3.070,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.830,0	6.830,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	42,0	42,0
5.1.2.1.36	Sérstakur skattur af seldri raforku	1.970,0	1.930,0
5.1.2.1.37	Sérstakur skattur af sölu á heitu vatni	240,0	235,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	430,0	430,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	10.890,0	10.780,0
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	4.970,0	4.960,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.613,6	2.613,6
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	5.392,0	5.252,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.766,8	2.733,8
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	9,7	9,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**191.224,1**	**185.356,1**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	6.380,0	6.310,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	810,0	740,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	250,0	250,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	145,3	145,3
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	19,9	19,9
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	617,0	617,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	2.470,0	2.620,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	310,0	310,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	2.130,8	2.130,8
5.2.2.35	Ýmislegt	11,0	11,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**13.144,0**	**13.154,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**204.368,1**	**198.510,1**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.15	Markaðsgjald	401,5	385,8
6.1.25	Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	600,0	600,0
6.1.30	Gjald á bankastarfsemi	1.000,0	1.000,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**2.001,5**	**1.985,8**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	390,0	390,0
	Aðrir skattar	**2.391,5**	**2.375,8**
	Skatttekjur, samtals	**434.382,1**	**416.415,8**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	40,0	40,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	2.185,5	2.185,5
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**2.225,5**	**2.225,5**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	2.240,0	1.870,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	13.250,0	13.616,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	5.211,0	5.125,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	66,2	66,2
8.3.8.5	Aðrar eignatekjur, ótaldar annars staðar	100,0	100,0
	Aðrar eignatekjur	**20.867,2**	**20.777,2**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**23.092,7**	**23.002,7**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	1.180,0	1.180,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	1.120,0	1.120,0
9.1.3.5	Skólagjöld	744,5	744,5
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	130,0	130,0
9.1.3.20	Prófgjöld	27,4	27,4
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	213,5	213,5
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	721,7	721,7
9.1.3.35	Ýmislegt	418,1	417,9
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	456,2	456,2
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	193,9	193,9
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**5.205,3**	**5.205,1**
	Ýmsar tekjur	**5.205,3**	**5.205,1**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	670,0	670,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	700,0	700,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.405,0**	**1.405,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7	74,7
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**29.777,7**	**29.687,5**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	400,0	400,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa og verðbréfa	100,0	100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**500,0**	**500,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	100,0	100,0
	Sala eigna, samtals	**600,0**	**600,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	212,1	212,1
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	550,0	550,0
	Rekstrarframlög	**762,1**	**762,1**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	552,0	552,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	390,0	390,0
18.2.6	Hlutdeild fjármálastofnana í sérstökum vaxtaniðurgreiðslum til heimila	6.000,0	6.000,0
	Önnur fjárframlög	**6.942,0**	**6.942,0**
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**7.704,1**	**7.704,1**
	Fjárframlög, samtals	**7.704,1**	**7.704,1**
	Heildartekjur samtals	**472.463,9**	**454.407,4**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	156,5
1.81 Opinberar heimsóknir	15,7
Almennur rekstur samtals	172,2
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	1,0
Gjöld samtals	**173,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	173,2

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	809,4
1.02 Framlög til þingflokka	53,5
1.03 Fastanefndir	12,2
1.04 Alþjóðasamstarf	107,6
1.06 Almennur rekstur	874,2
1.07 Sérverkefni	79,6
1.10 Rekstur fasteigna	270,6
Almennur rekstur samtals	2.207,1
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	12,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,6
Gjöld samtals	**2.240,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-22,6
Gjöld umfram tekjur	**2.217,6**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.217,6

00-290 Stjórnlagaþing

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnlagaþing	236,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	236,5

00-295 Saksóknari Alþingis

Almennur rekstur:	
1.01 Saksóknari Alþingis	24,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,4

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	214,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	214,3

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	171,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,0

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður Alþingis	111,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	111,1

	m.kr.
00-620 Ríkisendurskoðun	
Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisendurskoðun	427,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-34,1
Gjöld umfram tekjur	**392,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	392,9
00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**3.541,0**
Greitt úr ríkissjóði	**3.541,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	291,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	291,5

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.11 Hið íslenska fornritafélag	10,0
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	4,5
1.19 Efnahagsrannsóknir	40,0
1.23 Hrafnseyri	22,9
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	28,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	6,6
1.51 Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta	30,2
1.56 Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn	23,0
1.58 Sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi	20,0
1.90 Ýmis verkefni	23,0
Almennur rekstur samtals	208,2
Gjöld samtals	**208,2**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	208,2

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	2,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	2,5

	m.kr.
01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis	
Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis	58,5
Viðhaldsverkefni:	
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis	44,4
Gjöld samtals	**102,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102,9
01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins	
Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	6,2
Stofnkostnaður:	
6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins	10,0
Gjöld samtals	**16,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,2
01-241 Umboðsmaður barna	
Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður barna	37,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,0
01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	
Almennur rekstur:	
1.01 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	12,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,5

		m.kr.
01-261	**Óbyggðanefnd**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Óbyggðanefnd	42,0
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	42,0
01-271	**Ríkislögmaður**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Ríkislögmaður	67,5
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-5,9
	Gjöld umfram tekjur	**61,6**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	61,6
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	92,2
	Viðhaldsverkefni:	
	5.01 Fasteignir	2,0
	Stofnkostnaður:	
	6.01 Nýframkvæmdir	31,0
	Gjöld samtals	**125,2**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-25,7
	Gjöld umfram tekjur	**99,5**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	93,5
	Innheimt af ríkistekjum	6,0

	m.kr.
01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	
Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0
01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**881,9**
Greitt úr ríkissjóði	**875,9**
Innheimt af ríkistekjum	**6,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

02-101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	581,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,5
Gjöld umfram tekjur	**577,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	577,5

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,1

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Háskóli Íslands	12.740,1
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	37,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	515,0
Gjöld samtals	**13.292,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3.731,1
Gjöld umfram tekjur	**9.561,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.489,0
Innheimt af ríkistekjum	1.072,0

	m.kr.
02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	
Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	360,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-172,8
Gjöld umfram tekjur	**187,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	182,6
Innheimt af ríkistekjum	5,0
02-203 Raunvísindastofnun Háskólans	
Almennur rekstur:	
1.01 Raunvísindastofnun Háskólans	944,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-595,5
Gjöld umfram tekjur	**348,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	348,9
02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	
Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	322,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-48,4
Gjöld umfram tekjur	**274,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	274,2
02-210 Háskólinn á Akureyri	
Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Akureyri	1.639,4

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-337,5
Gjöld umfram tekjur	**1.301,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.238,5
Innheimt af ríkistekjum	63,4

02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands	1.063,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-506,4
Gjöld umfram tekjur	**556,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	530,5
Innheimt af ríkistekjum	26,2

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Almennur rekstur:	
1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	395,4
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fasteigna	4,0
Stofnkostnaður:	
6.20 Fasteignir og lóðir	16,5
Gjöld samtals	**415,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-176,2
Gjöld umfram tekjur	**239,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	231,7
Innheimt af ríkistekjum	8,0

	m.kr.
02-223 Námsmatsstofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Námsmatsstofnun	158,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-46,2
Gjöld umfram tekjur	**112,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	110,7
Innheimt af ríkistekjum	2,0
02-225 Háskólinn á Bifröst	
Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Bifröst	305,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	305,3
02-227 Háskólinn í Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn í Reykjavík	1.911,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.911,2
02-228 Listaháskóli Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Listaháskóli Íslands	614,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	614,4
02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands	284,6

	m.kr.
1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda	33,8
Almennur rekstur samtals	318,4
Gjöld samtals	**318,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-106,2
Gjöld umfram tekjur	**212,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	212,2

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:	
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	150,4
1.12 Launatengd gjöld	34,3
Almennur rekstur samtals	184,7
Gjöld samtals	**184,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	184,7

02-235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni

Stofnkostnaður:	
6.60 Markáætlun á sviði vísinda og tækni	285,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	285,0

02-236 Rannsóknasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Rannsóknasjóður	795,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,5
Gjöld umfram tekjur	**782,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	782,5

	m.kr.
02-238 Tækjasjóður	
Stofnkostnaður:	
6.60 Tækjasjóður	124,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,0
Gjöld umfram tekjur	**110,5**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	110,5
02-239 Rannsóknarnámssjóður	
Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknarnámssjóður	96,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	96,0
02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður	
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	4,0
Stofnkostnaður:	
6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	5,0
6.10 Háskólinn á Akureyri	90,0
Stofnkostnaður samtals	95,0
Gjöld samtals	**99,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	99,0
02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	
Almennur rekstur:	
1.15 Nýsköpunarsjóður	50,0
1.25 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	10,6
1.32 Þekkingarsetur Vestmannaeyja	23,0
1.33 Fræða- og þekkingarsetur	57,4

	m.kr.
1.34 Háskólasetur Vestfjarða	86,0
1.35 Þekkingarsetur Suðurlands	14,2
1.73 Reykjavíkurakademían	16,0
1.80 Vísindastarfsemi	22,1
1.90 Háskólastarfsemi	194,7
1.91 Háskólar, óskipt	15,3
Almennur rekstur samtals	489,3
Gjöld samtals	**489,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	489,3

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Reykjavík	471,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,4
Gjöld umfram tekjur	**457,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	450,0
Innheimt af ríkistekjum	7,4

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Akureyri	503,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,1
Gjöld umfram tekjur	**482,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	476,0
Innheimt af ríkistekjum	6,3

	m.kr.
02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni	164,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,5
Gjöld umfram tekjur	**149,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	148,5
Innheimt af ríkistekjum	1,4
02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð	731,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-33,9
Gjöld umfram tekjur	**698,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	688,4
Innheimt af ríkistekjum	9,6
02-305 Menntaskólinn við Sund	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn við Sund	433,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-22,8
Gjöld umfram tekjur	**411,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	405,0
Innheimt af ríkistekjum	6,0

	m.kr.
02-306 Menntaskólinn á Ísafirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Ísafirði	276,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,6
Gjöld umfram tekjur	**261,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	258,9
Innheimt af ríkistekjum	2,7
02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum	273,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,6
Gjöld umfram tekjur	**262,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	259,3
Innheimt af ríkistekjum	2,7
02-308 Menntaskólinn í Kópavogi	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Kópavogi	769,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-72,2
Gjöld umfram tekjur	**697,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	689,3
Innheimt af ríkistekjum	8,3

	m.kr.
02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík	341,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-24,0
Gjöld umfram tekjur	**317,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	312,3
Innheimt af ríkistekjum	4,7
02-316 Fasteignir framhaldsskóla	
Almennur rekstur:	
1.05 Fasteignir skóla	48,2
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	9,0
Gjöld samtals	**57,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**56,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	56,6
02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður	
Stofnkostnaður:	
6.00 Framhaldsskólar í Reykjavík	240,0
6.01 Menntaskólinn í Reykjavík	47,0
6.03 Menntaskólinn á Laugarvatni	25,0
6.70 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	85,0
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	78,0
6.92 Héraðsskólahúsið á Laugarvatni	50,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	39,0
Stofnkostnaður samtals	564,0
Gjöld samtals	**564,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	564,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	89,9
1.12 Orlof kennara	186,0
1.14 Sérkennsla	40,7
1.15 Prófkostnaður	100,9
1.16 Nýjungar í skólastarfi	49,1
1.17 Námsskrárgerð	36,1
1.18 Námsefnisgerð	87,1
1.20 Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	204,8
1.21 Nám tannsmiða	12,3
1.23 Raungreina- og nýsköpunarkeppnir	3,6
1.24 Iðnnemasamband Íslands	6,0
1.26 Verkefnasjóður skólasamninga	27,1
1.28 Mat á skólastarfi	79,3
1.29 Forvarnastarf í skólum	6,7
1.30 Endurmenntun	34,5
1.31 Keilir, frumgreinanám og annað nám á framhaldsskólastigi	102,1
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	20,8
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	39,1
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	7,6
1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar	38,9
1.39 Nám í listdansi	106,8
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	23,9
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	454,0
Almennur rekstur samtals	1.757,3
Gjöld samtals	**1.757,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**1.756,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.756,9

	m.kr.
02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	930,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-73,5
Gjöld umfram tekjur	**856,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	847,4
Innheimt af ríkistekjum	9,5
02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla	756,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-93,7
Gjöld umfram tekjur	**662,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	654,3
Innheimt af ríkistekjum	8,4
02-352 Flensborgarskóli	
Almennur rekstur:	
1.01 Flensborgarskóli	562,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-29,4
Gjöld umfram tekjur	**532,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	526,3
Innheimt af ríkistekjum	6,3

	m.kr.
02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	682,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-41,6
Gjöld umfram tekjur	**640,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	633,4
Innheimt af ríkistekjum	7,3
02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands	475,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-33,6
Gjöld umfram tekjur	**442,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	437,2
Innheimt af ríkistekjum	4,9
02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	188,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**185,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	183,5
Innheimt af ríkistekjum	1,8

	m.kr.
02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	364,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,3
Gjöld umfram tekjur	**334,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	331,6
Innheimt af ríkistekjum	2,9
02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands	742,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-69,5
Gjöld umfram tekjur	**672,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	665,6
Innheimt af ríkistekjum	7,2
02-358 Verkmenntaskóli Austurlands	
Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskóli Austurlands	228,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,1
Gjöld umfram tekjur	**210,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	208,6
Innheimt af ríkistekjum	1,6

	m.kr.
02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.035,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-55,3
Gjöld umfram tekjur	**980,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	970,0
Innheimt af ríkistekjum	10,0
02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	497,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-29,4
Gjöld umfram tekjur	**467,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	462,0
Innheimt af ríkistekjum	5,7
02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	135,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,6
Gjöld umfram tekjur	**125,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	124,4
Innheimt af ríkistekjum	0,9

	m.kr.
02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík	127,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,0
Gjöld umfram tekjur	**121,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,3
Innheimt af ríkistekjum	1,1
02-363 Framhaldsskólinn á Laugum	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Laugum	181,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,2
Gjöld umfram tekjur	**170,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	169,5
Innheimt af ríkistekjum	1,0
02-365 Borgarholtsskóli	
Almennur rekstur:	
1.01 Borgarholtsskóli	865,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-59,5
Gjöld umfram tekjur	**805,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	796,8
Innheimt af ríkistekjum	8,7

	m.kr.
02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga	207,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,5
Gjöld umfram tekjur	**200,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	198,7
Innheimt af ríkistekjum	1,5
02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar	164,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	164,1
02-369 Menntaskólinn Hraðbraut	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn Hraðbraut	141,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,5
02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	102,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,4
Gjöld umfram tekjur	**100,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,5
Innheimt af ríkistekjum	0,4

	m.kr.
02-372 Menntaskólinn á Tröllaskaga	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Tröllaskaga	77,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**76,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,8
Innheimt af ríkistekjum	0,1
02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	
Almennur rekstur:	
1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	80,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,0
Gjöld umfram tekjur	**61,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,5
02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	
Almennur rekstur:	
1.01 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	222,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	222,7
02-451 Framhaldsfræðsla	
Almennur rekstur:	
1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	110,4
1.11 Framhaldsfræðsla, almennt	6,1
1.12 Fræðslusjóður	671,4
1.13 FS-net, símenntunarstöðvar	14,9
1.15 Mímir, símenntun	13,0

	m.kr.
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	19,7
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	17,1
1.23 Farskóli Norðurlands vestra	28,0
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	17,1
1.25 Þekkingarsetur Þingeyinga	34,8
1.26 Þekkingarnet Austurlands	51,0
1.27 Fræðslunet Suðurlands	17,0
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	19,7
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	19,7
1.30 Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík	13,0
1.33 Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar	9,2
1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	120,9
Almennur rekstur samtals	1.183,0
Gjöld samtals	**1.183,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.183,0

02-504 Tækniskólinn

Almennur rekstur:	
1.01 Tækniskólinn	1.594,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.594,7

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnskólinn í Hafnarfirði	619,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-47,2
Gjöld umfram tekjur	**572,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	567,6
Innheimt af ríkistekjum	4,7

	m.kr.
02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	27,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,5
02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	
Almennur rekstur:	
1.01 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	25,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,5
02-581 Verslunarskóli Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Verslunarskóli Íslands	855,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	855,5
02-720 Grunnskólar, almennt	
Almennur rekstur:	
1.31 Sérstök fræðsluverkefni	79,1
1.34 Sprotasjóður	46,6
1.37 Endurmenntun	22,7
1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	51,5
Almennur rekstur samtals	199,9
Gjöld samtals	**199,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	199,9
02-725 Námsgagnastofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Námsgagnastofnun	441,2

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,0
Gjöld umfram tekjur	**423,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	423,2

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.235,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.235,6

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:	
1.01 Jöfnun á námskostnaði	514,5
1.10 Skólaakstur	20,2
Almennur rekstur samtals	534,7
Gjöld samtals	**534,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	534,7

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fornleifavernd ríkisins	99,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,0
Gjöld umfram tekjur	**96,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	96,8

	m.kr.
02-902 Þjóðminjasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	374,0
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	58,8
Gjöld samtals	**432,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-66,5
Gjöld umfram tekjur	**366,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	366,3
02-903 Þjóðskjalasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	234,4
1.11 Héraðsskjalasöfn	20,9
Almennur rekstur samtals	255,3
Gjöld samtals	**255,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,4
Gjöld umfram tekjur	**236,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	236,9
02-904 Þjóðmenningarhúsið	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðmenningarhúsið	94,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,0
Gjöld umfram tekjur	**83,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	83,2

	m.kr.
02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	
Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	749,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-153,5
Gjöld umfram tekjur	**596,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	596,1
02-906 Listasafn Einars Jónssonar	
Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Einars Jónssonar	16,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**15,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,5
02-907 Listasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Íslands	163,4
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar	5,2
Almennur rekstur samtals	168,6
Gjöld samtals	**168,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,7
Gjöld umfram tekjur	**150,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	150,9

	m.kr.
02-908 Kvikmyndasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndasafn Íslands	41,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	41,5
02-909 Blindrabókasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Blindrabókasafn Íslands	84,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,0
Gjöld umfram tekjur	**77,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	77,3
02-911 Náttúruminjasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Náttúruminjasafn Íslands	21,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21,0
02-913 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	
Almennur rekstur:	
1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	32,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,9
Gjöld umfram tekjur	**28,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,1

	m.kr.
02-918 Safnasjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Safnasjóður	96,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	96,3
02-919 Söfn, ýmis framlög	
Almennur rekstur:	
1.10 Listasafn ASÍ	1,5
1.11 Nýlistasafn	7,2
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	8,5
1.14 Hönnunarmiðstöð Íslands	8,5
1.15 Hönnunarsafn Íslands	7,7
1.16 Lækningaminjasafn Íslands	10,0
1.17 Leikminjasafn Íslands	6,0
1.42 Síldarminjasafnið á Siglufirði	10,6
1.90 Söfn, ýmis framlög	19,0
1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	65,1
Almennur rekstur samtals	144,1
Stofnkostnaður:	
6.45 Víkinganaust í Reykjanesbæ	15,0
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	28,0
Stofnkostnaður samtals	43,0
Gjöld samtals	**187,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	187,1
02-961 Fjölmiðlanefnd	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölmiðlanefnd	25,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,7

	m.kr.
02-965 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	419,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	419,4
02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	
Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbætur menningarstofnana	35,7
6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík	44,2
6.82 Geymsluhúsnæði safna	63,7
6.96 Byggðasöfn	28,0
Stofnkostnaður samtals	171,6
Gjöld samtals	**171,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,6
02-971 Ríkisútvarpið	
Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið	2.962,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.962,5
02-972 Íslenski dansflokkurinn	
Almennur rekstur:	
1.01 Íslenski dansflokkurinn	120,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,5
Gjöld umfram tekjur	**112,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	112,4

	m.kr.
02-973 Þjóðleikhúsið	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðleikhúsið	854,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-210,1
Gjöld umfram tekjur	**644,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	644,8
02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	783,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-68,2
Gjöld umfram tekjur	**714,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	585,8
Innheimt af ríkistekjum	129,1
02-977 Höfundarréttargjöld	
Almennur rekstur:	
1.11 Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélaga	37,6
1.13 Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	9,7
1.14 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur	0,9
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	4,3
Almennur rekstur samtals	52,5
Gjöld samtals	**52,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,9
Innheimt af ríkistekjum	51,6

	m.kr.
02-978 Launasjóðir listamanna	
Almennur rekstur:	
1.01 Launasjóðir listamanna	408,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	408,8
02-979 Húsafriðunarnefnd	
Almennur rekstur:	
1.01 Húsafriðunarnefnd	28,9
Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarsjóður	148,4
Gjöld samtals	**177,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-104,1
Gjöld umfram tekjur	**73,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	73,2
02-980 Listskreytingasjóður	
Stofnkostnaður:	
6.01 Listskreytingasjóður	1,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,5
02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands	68,8
1.10 Kvikmyndasjóðir	452,0
Almennur rekstur samtals	520,8
Gjöld samtals	**520,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	520,8

	m.kr.
02-982 Listir, framlög	
Almennur rekstur:	
1.14 Bókasafnssjóður höfunda	23,7
1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	13,0
1.18 Bókmenntasjóður	39,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	17,0
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	3,6
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	58,4
1.25 Tónlistarsjóður	43,6
1.27 Tónlist fyrir alla	6,3
1.28 Barnamenningarsjóður	4,2
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	10,4
1.30 Íslenska óperan	133,6
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	120,0
1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál	139,2
1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011	100,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	44,1
1.80 Listahátíð í Reykjavík	29,2
1.90 Listir	38,0
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	8,7
Almennur rekstur samtals	832,5
Gjöld samtals	**832,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	832,5
02-983 Ýmis fræðistörf	
Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	5,5
1.11 Styrkir til útgáfumála	4,3
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	12,4
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	12,1
1.52 Skriðuklaustur	28,8
1.53 Snorrastofa	18,5
1.54 Fornleifasjóður	17,2
1.55 Þórbergssetur	9,0
Almennur rekstur samtals	107,8
Gjöld samtals	**107,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	107,8

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:	
1.90 Norræn samvinna	6,7
1.98 Ýmis verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu	7,2
Almennur rekstur samtals	13,9
Gjöld samtals	**13,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,9

02-985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun

Almennur rekstur:	
1.01 Landsskrifstofa menntaáætlana ESB	19,3
1.90 Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB	48,5
1.91 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun	967,4
Almennur rekstur samtals	1.035,2
Gjöld samtals	**1.035,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.035,2

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:	
1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,5
1.12 Ungmennafélag Íslands	101,6
1.13 Bandalag íslenskra skáta	29,3
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	3,5
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	3,5
1.17 Landssamband KFUM og KFUK	31,3
1.18 Æskulýðsrannsóknir	5,8
1.19 Æskulýðssjóður	7,5

	m.kr.
1.90 Æskulýðsmál	9,0
Almennur rekstur samtals	194,0
Gjöld samtals	**194,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	194,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	159,1
1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands	54,1
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	21,9
1.15 Skólaíþróttir	2,1
1.16 Íþróttasjóður	14,6
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	2,9
1.20 Glímusamband Íslands	3,7
1.21 Skáksamband Íslands	14,8
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	17,2
1.25 Skákskóli Íslands	7,6
1.29 Afrekssjóður ÍSÍ	24,7
1.30 Bridgesamband Íslands	8,4
1.31 Lyfjaeftirlit	12,0
Almennur rekstur samtals	343,1
Gjöld samtals	**343,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	343,1

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.52 Grænlandssjóður	1,0
1.81 Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	3,9
1.90 Ýmis framlög	63,0
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	157,7
Almennur rekstur samtals	225,6
Stofnkostnaður:	
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	79,5

	m.kr.
Gjöld samtals	**305,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**304,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	304,1

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**57.134,3**
Greitt úr ríkissjóði	**55.533,4**
Innheimt af ríkistekjum	**1.600,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.041,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,6
Gjöld umfram tekjur	**1.010,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.010,3

03-111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis

Almennur rekstur:	
1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	303,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**301,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	301,1

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	6,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.21 Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	1,7
1.23 Mannréttindamál	4,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	3,7
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	7,1
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	7,3
1.32 Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu	150,0
Almennur rekstur samtals	182,3
Gjöld samtals	**182,3**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	182,3

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,5

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands	2.635,4
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna	33,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	43,0
Gjöld samtals	**2.711,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-28,6
Gjöld umfram tekjur	**2.682,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.682,8

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	124,4
1.11 Þróunaraðstoð	1.041,9
Almennur rekstur samtals	1.166,3
Gjöld samtals	**1.166,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.166,3

	m.kr.
03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	
Almennur rekstur:	
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	187,7
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	21,6
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	22,1
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	112,4
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	147,3
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	102,0
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	221,4
1.41 Íslensk friðargæsla	115,8
1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	353,3
Almennur rekstur samtals	1.283,6
Gjöld samtals	**1.283,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,3
Gjöld umfram tekjur	**1.277,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.277,3
03-401 Alþjóðastofnanir	
Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	113,1
1.11 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	211,9
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	23,4
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	17,3
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	10,3
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	8,8
1.39 Evrópuráðið	70,3
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	78,2
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	266,1
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	121,4
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	167,7
1.72 EFTA-dómstóllinn	54,6

	m.kr.
1.73 Þróunarsjóður EFTA	1.419,1
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	45,7
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	5,0
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	326,4
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	20,0
Almennur rekstur samtals	2.959,3
Gjöld samtals	**2.959,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.959,3

03-611 Íslandsstofa

Almennur rekstur:	
1.10 Íslandsstofa	385,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	385,8

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**9.968,7**
Greitt úr ríkissjóði	**9.582,9**
Innheimt af ríkistekjum	**385,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	446,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,2
Gjöld umfram tekjur	**424,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	424,8

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	0,8
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	1,3
1.21 Lífræn ræktun	4,5
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	27,3
1.34 Eldi sjávardýra	18,1
1.35 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	8,0
1.36 Matvælasetur	5,9
1.49 Úrskurðarnefndir	26,3
1.52 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	14,8
1.53 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	89,3
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	10,8
1.62 Framlag til hafna vegna strandveiða	30,0
1.90 Ýmis verkefni	42,0
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis	108,2
Almennur rekstur samtals	387,3
Gjöld samtals	**387,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,9
Gjöld umfram tekjur	**363,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	333,4
Innheimt af ríkistekjum	30,0

	m.kr.
04-199 Ráðstöfunarfé	
Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0
04-215 Fiskistofa	
Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	753,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-35,2
Gjöld umfram tekjur	**718,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	650,7
Innheimt af ríkistekjum	67,3
04-217 Verðlagsstofa skiptaverðs	
Almennur rekstur:	
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs	12,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,9
04-234 Matvælastofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Matvælastofnun	996,7
Viðhaldsverkefni:	
5.90 Dýralæknisbústaðir	4,0
Gjöld samtals	**1.000,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-56,4
Gjöld umfram tekjur	**944,3**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	731,7
Innheimt af ríkistekjum	212,6

04-331 Héraðs- og Austurlandsskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Héraðs- og Austurlandsskógar	117,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	117,4

04-332 Suðurlandsskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Suðurlandsskógar	93,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,1

04-334 Vesturlandsskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Vesturlandsskógar	50,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,5

04-335 Skjólskógar á Vestfjörðum

Almennur rekstur:	
1.01 Skjólskógar á Vestfjörðum	39,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,8

04-336 Norðurlandsskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Norðurlandsskógar	86,4

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	86,4

04-401 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Hafrannsóknastofnunin	2.112,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-832,2
Gjöld umfram tekjur	**1.279,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.279,9

04-405 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastofnun	207,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-108,2
Gjöld umfram tekjur	**99,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	99,4

04-411 Matvælarannsóknir

Almennur rekstur:	
1.01 Matvælarannsóknir	419,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	419,3

04-413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins

Almennur rekstur:	
1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins	536,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-501,0
Gjöld umfram tekjur	**35,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	35,0
04-415 Sjóður til síldarrannsókna	
Almennur rekstur:	
1.10 Sjóður til síldarrannsókna	7,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**
04-417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	
Almennur rekstur:	
1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	265,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	265,8
04-421 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	
Almennur rekstur:	
1.01 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	28,4
Stofnkostnaður:	
6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	24,6
Gjöld samtals	**53,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,6
Gjöld umfram tekjur	**9,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,4
04-423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	
Almennur rekstur:	
1.01 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	60,1

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,9
Gjöld umfram tekjur	**53,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	53,2

04-481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	150,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	150,4

04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar

Almennur rekstur:	
1.15 Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar	22,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,0

04-487 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins	27,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**24,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,8

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	4.915,0
1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi	146,0

	m.kr.
1.06 Gripagreiðslur	581,0
1.07 Óframleiðslutengdur stuðningur	169,0
Almennur rekstur samtals	5.811,0
Gjöld samtals	**5.811,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.811,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	2.228,0
1.11 Gæðastýring	1.165,0
1.12 Ullarnýting	390,0
1.13 Markaðsstarf og birgðahald	364,0
1.14 Svæðisbundinn stuðningur	56,0
1.15 Nýliðunar- og átaksverkefni	104,0
Almennur rekstur samtals	4.307,0
Gjöld samtals	**4.307,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.307,0

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	239,0
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	213,0
1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt	31,0
Almennur rekstur samtals	483,0
Gjöld samtals	**483,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	483,0

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt	387,0

	m.kr.
1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni	11,7
Almennur rekstur samtals	398,7
Gjöld samtals	**398,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	398,7

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Búnaðarsjóður	400,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	400,0

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	35,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,0
Gjöld umfram tekjur	**15,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,3

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:	
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara	93,0
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	312,0
Almennur rekstur samtals	405,0
Gjöld samtals	**405,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	405,0

	m.kr.
04-827 Fóðursjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Fóðursjóður	1.400,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.400,0
04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	
Stofnkostnaður:	
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	133,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**131,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	131,0
04-843 Fiskræktarsjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Fiskræktarsjóður	26,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,6
Gjöld umfram tekjur	**11,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	11,0
04-851 Greiðslur vegna riðuveiki	
Almennur rekstur:	
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki	47,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,3

	m.kr.
04-853 Bjargráðasjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Bjargráðasjóður	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0
04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**18.632,1**
Greitt úr ríkissjóði	**15.940,2**
Innheimt af ríkistekjum	**2.691,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Innanríkisráðuneyti

06-101 Innanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Innanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	730,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-41,1
Gjöld umfram tekjur	**689,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	689,8

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnartíðindi	25,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	25,7

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:	
1.10 Útgáfa lagasafns	2,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	7,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,1

	m.kr.
06-190 Ýmis verkefni	
Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	89,0
1.28 Neytendasamtökin	8,5
1.40 Alþjóðasamstarf	11,7
1.45 Mannréttindamál	16,7
1.47 Íslensk ættleiðing	9,5
1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins	3,5
1.90 Ýmislegt	47,0
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	13,8
1.98 Ýmis framlög innanríkisráðuneytis	15,7
Almennur rekstur samtals	215,4
Gjöld samtals	**215,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,2
Gjöld umfram tekjur	**172,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	168,9
Innheimt af ríkistekjum	3,3
06-199 Ráðstöfunarfé	
Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,7
06-201 Hæstiréttur	
Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	141,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,7
Gjöld umfram tekjur	**133,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	133,9

	m.kr.
06-210 Héraðsdómstólar	
Almennur rekstur:	
1.01 Héraðsdómstólar	1.018,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,3
Gjöld umfram tekjur	**1.012,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.012,1
06-231 Málskostnaður í opinberum málum	
Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum	688,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-299,4
Gjöld umfram tekjur	**389,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	389,3
06-232 Opinber réttaraðstoð	
Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	150,6
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	3,8
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4,0
Almennur rekstur samtals	158,4
Gjöld samtals	**158,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,8
Gjöld umfram tekjur	**144,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	144,6

	m.kr.
06-235 Bætur brotaþola	
Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	70,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-50,0
Gjöld umfram tekjur	**20,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
06-236 Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn	
Almennur rekstur:	
1.10 Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn	251,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	251,0
06-251 Persónuvernd	
Almennur rekstur:	
1.01 Persónuvernd	58,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**56,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	56,0
06-295 Landsdómur	
Almennur rekstur:	
1.01 Landsdómur	113,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	113,4

	m.kr.
06-301 Ríkissaksóknari	
Almennur rekstur:	
1.05 Ríkissaksóknari	127,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,0
06-303 Ríkislögreglustjóri	
Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	1.361,3
1.10 Öryggismál og upplýsingavinnsla	15,9
1.11 Rekstur lögreglubifreiða	284,8
Almennur rekstur samtals	1.662,0
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	166,0
Gjöld samtals	**1.828,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-598,3
Gjöld umfram tekjur	**1.229,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.229,7
06-305 Lögregluskóli ríkisins	
Almennur rekstur:	
1.01 Lögregluskóli ríkisins	199,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	199,6
06-309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008	
Almennur rekstur:	
1.01 Sérstakur saksóknari	1.172,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.172,2

	m.kr.
06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	
Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	3.159,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-46,4
Gjöld umfram tekjur	**3.113,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.113,4
06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	
Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	896,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	896,2
06-325 Samræmd neyðarsvörun	
Almennur rekstur:	
1.10 Samræmd neyðarsvörun	279,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	279,2
06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál	
Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	12,3
1.16 Efling almennrar löggæslu	23,2
1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði	12,2
1.18 Viðbótartryggingar lögreglumanna	30,1
1.40 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	33,5
1.41 Slysavarnafélagið Landsbjörg	120,6
1.42 Slysavarnaskóli sjómanna	56,9
1.91 Varnarmál	575,6
Almennur rekstur samtals	864,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,0

	m.kr.
Gjöld samtals	**894,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	894,4

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Loftrýmiseftirlit	176,0
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	2.437,7
Almennur rekstur samtals	2.613,7
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	234,3
Gjöld samtals	**2.848,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-82,0
Gjöld umfram tekjur	**2.766,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.766,0

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:	
6.41 Landhelgissjóður Íslands	528,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,5
Gjöld umfram tekjur	**510,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	510,1

06-397 Schengen-samstarf

Almennur rekstur:	
1.01 Schengen-samstarf	108,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	108,9

	m.kr.
06-398 Útlendingastofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Útlendingastofnun	208,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	208,8
06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjavík	291,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,0
Gjöld umfram tekjur	**283,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	283,8
06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	64,8
1.20 Löggæsla	105,6
Almennur rekstur samtals	170,4
Gjöld samtals	**170,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,8
Gjöld umfram tekjur	**168,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	168,6
06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	55,1
1.20 Löggæsla	104,5
Almennur rekstur samtals	159,6
Gjöld samtals	**159,6**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,9
Gjöld umfram tekjur	**154,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	154,7

06-414 Sýslumaður Snæfellinga

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	69,2
1.20 Löggæsla	94,2
Almennur rekstur samtals	163,4
Gjöld samtals	**163,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	163,4

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Búðardal	23,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,1

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Patreksfirði	31,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,8

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Bolungarvík	28,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,5

	m.kr.
06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	84,4
1.20 Löggæsla	215,6
Almennur rekstur samtals	300,0
Gjöld samtals	**300,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,5
Gjöld umfram tekjur	**298,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	298,5
06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Hólmavík	25,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,6
06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	50,6
1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	58,4
1.20 Löggæsla	77,6
Almennur rekstur samtals	186,6
Gjöld samtals	**186,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**182,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	182,6

	m.kr.
06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	57,2
1.20 Löggæsla	86,7
Almennur rekstur samtals	143,9
Gjöld samtals	**143,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,2
Gjöld umfram tekjur	**139,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	139,7
06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Siglufirði	47,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,8
06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	153,5
1.20 Löggæsla	316,0
Almennur rekstur samtals	469,5
Gjöld samtals	**469,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,8
Gjöld umfram tekjur	**461,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	461,7

	m.kr.
06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	70,9
1.20 Löggæsla	97,3
Almennur rekstur samtals	168,2
Gjöld samtals	**168,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**167,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	167,5
06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	67,9
1.20 Löggæsla	102,1
Almennur rekstur samtals	170,0
Gjöld samtals	**170,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,9
Gjöld umfram tekjur	**161,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	161,1
06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	72,4
1.20 Löggæsla	160,5
Almennur rekstur samtals	232,9
Gjöld samtals	**232,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**230,4**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,4

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	32,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,5

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	19,5
1.05 Lögbirtingablað	23,2
Almennur rekstur samtals	42,7
Gjöld samtals	**42,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,5
Innheimt af ríkistekjum	23,2

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	58,9
1.20 Löggæsla	106,9
Almennur rekstur samtals	165,8
Gjöld samtals	**165,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**165,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	165,4

	m.kr.
06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	64,5
1.20 Löggæsla	97,5
Almennur rekstur samtals	162,0
Gjöld samtals	**162,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,0
Gjöld umfram tekjur	**152,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	152,0
06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	117,3
1.20 Löggæsla	230,0
Almennur rekstur samtals	347,3
Gjöld samtals	**347,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,0
Gjöld umfram tekjur	**338,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	338,3
06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	
Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	138,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**137,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,9

	m.kr.
06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	173,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**171,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,2
06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi	
Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Kópavogi	180,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**180,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	180,0
06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	
Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	11,1
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	91,9
Almennur rekstur samtals	103,0
Gjöld samtals	**103,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	103,0
06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins	
Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	1.269,0

	m.kr.
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	9,1
Gjöld samtals	**1.278,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-81,0
Gjöld umfram tekjur	**1.197,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.197,1

06-591 Fangelsisbyggingar

Stofnkostnaður:	
6.10 Stofnframkvæmdir	13,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,6

06-651 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	504,6
1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	80,9
1.05 Umdæmi og rekstrardeildir	6.272,4
1.07 Þjónusta	3.107,2
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	1.049,3
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	189,5
1.21 Rannsóknir	127,4
Almennur rekstur samtals	11.331,3
Viðhaldsverkefni:	
5.10 Viðhald	4.679,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Framkvæmdir	5.976,0
Gjöld samtals	**21.986,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6.272,4
Gjöld umfram tekjur	**15.713,9**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	189,5
Innheimt af ríkistekjum	15.449,4
Viðskiptahreyfingar	75,0

06-657 Umferðarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umferðarstofa	434,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-234,1
Gjöld umfram tekjur	**200,8**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	200,8

06-658 Rannsóknanefnd umferðarslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa	28,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**26,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,8

06-661 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	675,6
1.11 Vaktstöð siglinga	287,7
1.41 Rekstur Landeyjahafnar	9,0
Almennur rekstur samtals	972,3
Stofnkostnaður:	
6.60 Vitabyggingar	28,5
6.80 Sjóvarnargarðar	168,8
Stofnkostnaður samtals	197,3
Gjöld samtals	**1.169,6**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-226,5
Gjöld umfram tekjur	**943,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	678,7
Innheimt af ríkistekjum	264,4

06-662 Hafnarframkvæmdir

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	12,1
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnabótasjóður	351,2
6.72 Landeyjahöfn	203,0
6.76 Ferjubryggjur	10,9
Stofnkostnaður samtals	565,1
Gjöld samtals	**577,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	577,2

06-668 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa	36,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,1

06-671 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Íslands	449,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,8
Gjöld umfram tekjur	**444,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	224,5
Innheimt af ríkistekjum	220,0

	m.kr.
06-672 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	
Almennur rekstur:	
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	2.150,6
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald	58,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	229,0
Gjöld samtals	**2.437,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.839,1
Innheimt af ríkistekjum	598,5
06-678 Rannsóknanefnd flugslysa	
Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	38,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,9
06-681 Póst- og fjarskiptastofnunin	
Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	285,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,3
Gjöld umfram tekjur	**272,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,5
Innheimt af ríkistekjum	270,3
06-682 Jöfnunarsjóður alþjónustu	
Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu	37,5

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	37,5

06-689 Fjarskiptasjóður

Stofnkostnaður:	
6.41 Fjarskiptasjóður	45,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,4
Gjöld umfram tekjur	**40,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

06-701 Þjóðkirkjan

Almennur rekstur:	
1.01 Biskup Íslands	1.325,3
Stofnkostnaður:	
6.21 Skálholtsstaður	10,4
6.22 Hallgrímskirkja	16,2
6.23 Hóladómkirkja	4,5
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík	4,9
Stofnkostnaður samtals	36,0
Gjöld samtals	**1.361,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-85,0
Gjöld umfram tekjur	**1.276,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.276,3

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	233,3

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	233,3

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kristnisjóður	76,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,3

06-733 Kirkjugarðar

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	844,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	844,7

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.632,0
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	227,0
Almennur rekstur samtals	1.859,0
Gjöld samtals	**1.859,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.859,0

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	302,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	302,0

06-801 Neytendastofa

Almennur rekstur:	
1.01 Neytendastofa	144,1

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,3
Gjöld umfram tekjur	**131,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	107,3
Innheimt af ríkistekjum	24,5

06-805 Talsmaður neytenda

Almennur rekstur:	
1.01 Talsmaður neytenda	14,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,2

06-821 Þjóðskrá Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskrá Íslands	995,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-240,3
Gjöld umfram tekjur	**755,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	145,3
Innheimt af ríkistekjum	610,2

06-841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	10.953,3
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	2.228,0
1.12 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, málefni fatlaðra	623,0
Almennur rekstur samtals	13.804,3
Gjöld samtals	**13.804,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13.804,3

	m.kr.
06-848 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	
Almennur rekstur:	
1.10 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	207,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	207,1
06 Innanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**59.905,5**
Greitt úr ríkissjóði	**42.102,7**
Innheimt af ríkistekjum	**17.727,8**
Viðskiptahreyfingar	**75,0**

m.kr.

08 Velferðarráðuneyti

08-101 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa	889,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-38,6
Gjöld umfram tekjur	**851,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	851,1

08-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	48,3
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	7,2
1.90 Ýmislegt	121,1
Almennur rekstur samtals	176,6
Gjöld samtals	**176,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	176,6

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	7,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,1

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	967,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	47,5
Gjöld samtals	**1.014,9**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-136,1
Gjöld umfram tekjur	**878,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	878,8

08-202 Sjúkratryggingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkratryggingar Íslands	736,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-320,6
Gjöld umfram tekjur	**415,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	415,9

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra- og feðralaun	321,0
1.15 Umönnunargreiðslur	1.315,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	160,0
1.25 Dánarbætur	70,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	1.934,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	160,0
1.41 Heimilisuppbót	2.863,0
1.51 Frekari uppbætur	340,0
1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega	1.082,0
1.55 Bifreiðakostnaður	1.132,0
1.91 Annað	49,6
Almennur rekstur samtals	9.426,6
Gjöld samtals	**9.426,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9.426,6

m.kr.

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	8.410,0
1.15 Örorkulífeyrir	5.150,0
1.16 Aldurstengd örorkuuppbót	2.171,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	14.515,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	13.661,0
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	270,0
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	70,0
1.31 Örorkustyrkur	180,0
1.35 Barnalífeyrir	2.725,0
1.91 Annað	456,0
Almennur rekstur samtals	47.608,0
Gjöld samtals	**47.608,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23.401,0
Innheimt af ríkistekjum	24.207,0

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	4.907,0
1.15 Lyf	8.453,8
1.16 Lyf með S-merkingu	4.462,3
1.21 Hjálpartæki	2.841,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	136,5
1.31 Þjálfun	1.602,3
1.35 Tannlækningar	1.672,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	395,4
1.45 Brýn meðferð erlendis	1.194,8
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	214,9
1.55 Sjúkradagpeningar	208,0
1.91 Annað	166,0
Almennur rekstur samtals	26.254,0
Gjöld samtals	**26.254,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26.254,0

	m.kr.
08-208 Slysatryggingar	
Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	197,0
1.15 Bætur til framfærslu	426,0
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	60,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	66,0
Almennur rekstur samtals	749,0
Gjöld samtals	**749,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-40,0
Gjöld umfram tekjur	**709,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	649,0
Innheimt af ríkistekjum	60,0
08-209 Sjúklingatrygging	
Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatrygging	120,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,1
08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra	
Almennur rekstur:	
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra	67,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,0
Gjöld umfram tekjur	**59,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,3
08-301 Landlæknir	
Almennur rekstur:	
1.01 Landlæknir	322,5

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	322,5

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
1.01 Lýðheilsustöð	202,2
1.90 Forvarnasjóður	135,7
Almennur rekstur samtals	337,9
Gjöld samtals	**337,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**337,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	229,8
Innheimt af ríkistekjum	108,0

08-317 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjastofnun	382,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-55,2
Gjöld umfram tekjur	**327,5**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	327,5

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	92,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,0
Gjöld umfram tekjur	**73,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,9
Innheimt af ríkistekjum	5,2

	m.kr.
08-331 Vinnueftirlit ríkisins	
Almennur rekstur:	
1.01 Vinnueftirlit ríkisins	483,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-53,2
Gjöld umfram tekjur	**429,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	245,1
Innheimt af ríkistekjum	184,8
08-332 Ríkissáttasemjari	
Almennur rekstur:	
1.01 Ríkissáttasemjari	57,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**55,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,1
08-333 Jafnréttisstofa	
Almennur rekstur:	
1.01 Jafnréttisstofa	104,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,1
Gjöld umfram tekjur	**85,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	85,5
08-334 Umboðsmaður skuldara	
Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður skuldara	600,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	600,0

08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri	4.368,9
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	79,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	75,5
Gjöld samtals	**4.523,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-411,1
Gjöld umfram tekjur	**4.112,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.112,3

08-373 Landspítali

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali	35.387,7
Viðhaldsverkefni:	
5.60 Viðhald	178,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	177,0
6.70 Nýframkvæmdir	133,0
Stofnkostnaður samtals	310,0
Gjöld samtals	**35.875,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2.958,3
Gjöld umfram tekjur	**32.917,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32.787,4
Innheimt af ríkistekjum	130,0

	m.kr.
08-379 Sjúkrahús, óskipt	
Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	68,3
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnkostnaður	20,0
Gjöld samtals	**88,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	88,3
08-383 Sjúkrahótel	
Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahótel	90,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,7
08-384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	
Almennur rekstur:	
1.01 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	131,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	131,2
08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	
Almennur rekstur:	
1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	614,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	614,4
08-398 Félagsmál, ýmis starfsemi	
Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	37,1

	m.kr.
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	32,0
1.35 Félag heyrnarlausra	9,9
1.36 Félagið Geðhjálp	18,8
1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	9,8
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	36,8
1.41 Stígamót	40,3
1.42 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	68,1
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	23,0
1.44 Athvarf fyrir heimilislausa	26,7
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa	2,8
1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna	45,1
1.90 Ýmis framlög	133,0
1.98 Ýmis framlög velferðarráðuneytis	59,9
Almennur rekstur samtals	543,3
Gjöld samtals	**543,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	543,3

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.16 Lyfjagreiðslunefnd	36,0
1.17 Vísindasiðanefnd	26,9
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	20,3
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	304,1
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	6,0
1.33 Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga	10,6
1.34 Hjartaheill	5,3
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	61,4
1.36 Stórstúka Íslands	1,3
1.37 Skrifstofa líknarfélaga	4,8
1.38 Félagið Heyrnarhjálp	7,6
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,9
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	284,2
1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum	47,4
1.46 Matskerfi umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma	46,7
1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	225,1

	m.kr.
1.60 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	32,9
1.61 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	6,6
1.62 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	4,0
1.64 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	8,3
1.68 Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna	17,8
1.71 Norræni lýðheilsuháskólinn	19,2
1.73 Bláa lónið, húðmeðferðir	47,1
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	14,8
1.90 Ýmis framlög	46,7
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,4
1.98 Ýmis framlög velferðarráðuneytis	58,9
Almennur rekstur samtals	1.352,3
Stofnkostnaður:	
6.91 Upplýsingatæknimál	23,0
Gjöld samtals	**1.375,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,0
Gjöld umfram tekjur	**1.345,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.345,3

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	100,4
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	942,1
Almennur rekstur samtals	1.042,5
Stofnkostnaður:	
6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	160,0
6.27 Jaðar, Ólafsvík	50,0
6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	100,8
Stofnkostnaður samtals	310,8
Gjöld samtals	**1.353,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.183,6
Gjöld umfram tekjur	**169,7**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	169,7

08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.10 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða	625,0
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna öldrunarstofnana	270,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	592,0
Gjöld samtals	**1.487,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.487,0

08-405 Hrafnista, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.563,5
1.11 Dvalarrými	195,2
Almennur rekstur samtals	1.758,7
Gjöld samtals	**1.758,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-66,0
Gjöld umfram tekjur	**1.692,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.692,7

08-406 Hrafnista, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.252,8
1.11 Dvalarrými	207,1
1.15 Dagvist	27,9
Almennur rekstur samtals	1.487,8
Gjöld samtals	**1.487,8**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-54,7
Gjöld umfram tekjur	**1.433,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.433,1

08-407 Grund, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.409,3
1.11 Dvalarrými	91,0
Almennur rekstur samtals	1.500,3
Gjöld samtals	**1.500,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-62,4
Gjöld umfram tekjur	**1.437,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.437,9

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	571,8
1.15 Dagvist	18,8
Almennur rekstur samtals	590,6
Gjöld samtals	**590,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,2
Gjöld umfram tekjur	**565,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	565,4

	m.kr.
08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	846,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-37,3
Gjöld umfram tekjur	**809,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	809,3
08-410 Hjúkrunarheimilið Eir	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.359,1
1.15 Dagvist	62,8
Almennur rekstur samtals	1.421,9
Gjöld samtals	**1.421,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-59,4
Gjöld umfram tekjur	**1.362,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.362,5
08-411 Garðvangur, Garði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	310,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,1
Gjöld umfram tekjur	**297,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	297,5

	m.kr.
08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	540,6
1.71 Endurhæfingardeild	107,9
Almennur rekstur samtals	648,5
Gjöld samtals	**648,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-24,1
Gjöld umfram tekjur	**624,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	624,4
08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	650,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-28,3
Gjöld umfram tekjur	**622,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	622,0
08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	214,3
1.11 Dvalarrými	10,8
Almennur rekstur samtals	225,1
Gjöld samtals	**225,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,4
Gjöld umfram tekjur	**215,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	215,7

	m.kr.
08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	137,3
1.11 Dvalarrými	23,3
1.15 Dagvist	6,5
Almennur rekstur samtals	167,1
Gjöld samtals	**167,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,2
Gjöld umfram tekjur	**160,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,9
08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	135,9
1.11 Dvalarrými	36,8
1.15 Dagvist	6,1
Almennur rekstur samtals	178,8
Gjöld samtals	**178,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,2
Gjöld umfram tekjur	**172,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	172,6
08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	80,5
1.11 Dvalarrými	9,7
1.15 Dagvist	3,7
Almennur rekstur samtals	93,9
Gjöld samtals	**93,9**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,8
Gjöld umfram tekjur	**90,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,1

08-418 Seljahlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	165,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,9
Gjöld umfram tekjur	**158,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	158,4

08-423 Höfði, Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	359,9
1.11 Dvalarrými	91,1
1.15 Dagvist	21,0
Almennur rekstur samtals	472,0
Gjöld samtals	**472,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,9
Gjöld umfram tekjur	**456,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	456,1

08-424 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	222,2

	m.kr.
1.11 Dvalarrými	61,0
Almennur rekstur samtals	283,2
Gjöld samtals	**283,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,1
Gjöld umfram tekjur	**272,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	272,1

08-425 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	75,5
1.11 Dvalarrými	33,7
Almennur rekstur samtals	109,2
Gjöld samtals	**109,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**106,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	106,1

08-426 Fellaskjól, Grundarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	63,7
1.11 Dvalarrými	10,3
Almennur rekstur samtals	74,0
Gjöld samtals	**74,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**70,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,9

	m.kr.
08-427 Jaðar, Ólafsvík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	77,6
1.11 Dvalarrými	16,5
1.15 Dagvist	2,1
Almennur rekstur samtals	96,2
Gjöld samtals	**96,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,5
Gjöld umfram tekjur	**92,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	92,7
08-428 Fellsendi, Búðardal	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	199,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,0
Gjöld umfram tekjur	**190,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	190,4
08-429 Barmahlíð, Reykhólum	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	87,2
1.11 Dvalarrými	6,7
Almennur rekstur samtals	93,9
Gjöld samtals	**93,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,1
Gjöld umfram tekjur	**89,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,8

	m.kr.
08-433 Dalbær, Dalvík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	173,1
1.11 Dvalarrými	63,9
1.15 Dagvist	14,3
Almennur rekstur samtals	251,3
Gjöld samtals	**251,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,9
Gjöld umfram tekjur	**243,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	243,4
08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.160,6
1.11 Dvalarrými	95,3
1.15 Dagvist	52,5
Almennur rekstur samtals	1.308,4
Gjöld samtals	**1.308,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-55,2
Gjöld umfram tekjur	**1.253,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.253,2
08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	102,1
1.11 Dvalarrými	40,3
Almennur rekstur samtals	142,4
Gjöld samtals	**142,4**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,5
Gjöld umfram tekjur	**137,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,9

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	206,2
1.11 Dvalarrými	19,6
1.15 Dagvist	6,6
Almennur rekstur samtals	232,4
Gjöld samtals	**232,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,0
Gjöld umfram tekjur	**223,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	223,4

08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	111,8
1.11 Dvalarrými	13,3
1.15 Dagvist	0,9
Almennur rekstur samtals	126,0
Gjöld samtals	**126,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,2
Gjöld umfram tekjur	**120,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,8

	m.kr.
08-439 Hjallatún, Vík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	88,8
1.11 Dvalarrými	19,8
Almennur rekstur samtals	108,6
Gjöld samtals	**108,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,2
Gjöld umfram tekjur	**104,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	104,4
08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	244,4
1.11 Dvalarrými	14,2
Almennur rekstur samtals	258,6
Gjöld samtals	**258,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,0
Gjöld umfram tekjur	**245,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	245,6
08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	233,3
1.11 Dvalarrými	205,7
1.17 Geðrými	222,9
Almennur rekstur samtals	661,9
Gjöld samtals	**661,9**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,4
Gjöld umfram tekjur	**651,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	651,5

08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	209,4
1.11 Dvalarrými	26,6
1.15 Dagvist	10,6
Almennur rekstur samtals	246,6
Gjöld samtals	**246,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,0
Gjöld umfram tekjur	**236,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	236,6

08-443 Holtsbúð, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	301,4
1.15 Dagvist	10,4
Almennur rekstur samtals	311,8
Gjöld samtals	**311,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,4
Gjöld umfram tekjur	**298,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	298,4

	m.kr.
08-445 Mörk, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	835,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-39,9
Gjöld umfram tekjur	**795,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	795,2
08-446 Hrafnista, Kópavogi	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	343,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,0
Gjöld umfram tekjur	**327,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	327,1
08-447 Sóltún, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	994,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	994,6
08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur	
Almennur rekstur:	
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur	413,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	413,4

	m.kr.
08-470 Vesturhlíð, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Vesturhlíð, Reykjavík	12,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,7
08-472 Hlíðabær, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Hlíðabær, Reykjavík	51,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	51,4
08-473 Lindargata, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Lindargata, Reykjavík	46,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	46,4
08-474 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	
Almennur rekstur:	
1.10 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	93,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,3
08-475 Múlabær, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Múlabær, Reykjavík	76,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,9

	m.kr.
08-476 Fríðuhús, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Fríðuhús, Reykjavík	38,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,4
08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar	
Almennur rekstur:	
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar	540,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	540,6
08-479 Hlaðgerðarkot	
Almennur rekstur:	
1.10 Hlaðgerðarkot	84,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,8
08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ	
Almennur rekstur:	
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.280,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.280,5
08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	
Almennur rekstur:	
1.10 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	497,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	497,8

	m.kr.
08-493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	
Almennur rekstur:	
1.10 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	456,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	456,7
08-494 Hlein	
Almennur rekstur:	
1.10 Hlein	111,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	111,8
08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt	
Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	59,7
1.11 Heilbrigðisþjónusta í fangelsum	20,8
1.13 Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva	69,6
Almennur rekstur samtals	150,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	32,9
Gjöld samtals	**183,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	183,0
08-501 Sjúkraflutningar	
Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkraflutningar	609,2
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	137,2
1.15 Sjúkraflug	120,8
Almennur rekstur samtals	867,2
Gjöld samtals	**867,2**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	867,2

08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.522,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-397,5
Gjöld umfram tekjur	**4.124,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.124,9

08-508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	1.003,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.003,7

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	167,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,5
Gjöld umfram tekjur	**166,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	166,4

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:	
1.01 Læknavaktin	239,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	239,7

	m.kr.
08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík	
Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík	109,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,7
Gjöld umfram tekjur	**102,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102,2
08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	
Almennur rekstur:	
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	488,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**488,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	488,0
08-588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	
Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	278,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**278,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	278,5
08-700 Heilbrigðisstofnanir	
Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	98,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	25,5

	m.kr.
6.55 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	22,7
6.61 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	15,0
6.87 Heilbrigðisstofnun Suðurlands	62,3
Stofnkostnaður samtals	125,5
Gjöld samtals	**223,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	223,9

08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	1.039,8
1.11 Sjúkrasvið	1.258,5
1.21 Hjúkrunarrými	498,7
Almennur rekstur samtals	2.797,0
Gjöld samtals	**2.797,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-140,5
Gjöld umfram tekjur	**2.656,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.656,5

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	122,2
1.11 Sjúkrasvið	47,1
1.21 Hjúkrunarrými	94,3
Almennur rekstur samtals	263,6
Gjöld samtals	**263,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,7
Gjöld umfram tekjur	**255,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	255,9

	m.kr.
08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	
Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	334,4
1.11 Sjúkrasvið	421,5
1.21 Hjúkrunarrými	296,1
Almennur rekstur samtals	1.052,0
Gjöld samtals	**1.052,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-59,5
Gjöld umfram tekjur	**992,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	992,5
08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	
Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	133,4
1.11 Sjúkrasvið	54,6
1.21 Hjúkrunarrými	198,7
Almennur rekstur samtals	386,7
Gjöld samtals	**386,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,8
Gjöld umfram tekjur	**385,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	385,9
08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	
Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	217,4
1.11 Sjúkrasvið	209,0
1.21 Hjúkrunarrými	336,3
Almennur rekstur samtals	762,7
Gjöld samtals	**762,7**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,8
Gjöld umfram tekjur	**747,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	747,9

08-756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	190,7
1.11 Sjúkrasvið	51,9
1.21 Hjúkrunarrými	176,4
Almennur rekstur samtals	419,0
Gjöld samtals	**419,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,6
Gjöld umfram tekjur	**414,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	414,4

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	425,2
1.11 Sjúkrasvið	271,6
1.21 Hjúkrunarrými	150,9
Almennur rekstur samtals	847,7
Gjöld samtals	**847,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,2
Gjöld umfram tekjur	**844,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	844,5

	m.kr.
08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands	
Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	914,8
1.11 Sjúkrasvið	658,9
1.21 Hjúkrunarrými	469,0
Almennur rekstur samtals	2.042,7
Gjöld samtals	**2.042,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-111,6
Gjöld umfram tekjur	**1.931,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.931,1
08-779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	
Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	130,0
1.11 Sjúkrasvið	60,0
Almennur rekstur samtals	190,0
Gjöld samtals	**190,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**189,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	189,9
08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	
Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	184,6
1.11 Sjúkrasvið	405,6
1.21 Hjúkrunarrými	69,2
Almennur rekstur samtals	659,4
Gjöld samtals	**659,4**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,0
Gjöld umfram tekjur	**634,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	634,4

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	1.151,0
1.11 Sjúkrasvið	642,1
1.21 Hjúkrunarrými	315,8
Almennur rekstur samtals	2.108,9
Gjöld samtals	**2.108,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-181,5
Gjöld umfram tekjur	**1.927,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.927,4

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	772,9
1.11 Sjúkrasvið	708,0
1.21 Hjúkrunarrými	202,0
Almennur rekstur samtals	1.682,9
Gjöld samtals	**1.682,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-101,0
Gjöld umfram tekjur	**1.581,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.581,9

	m.kr.
08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur	
Almennur rekstur:	
1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	611,1
1.21 Hjúkrunarrými	441,8
Almennur rekstur samtals	1.052,9
Gjöld samtals	**1.052,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-72,4
Gjöld umfram tekjur	**980,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	980,5
08-801 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	
Almennur rekstur:	
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	375,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-24,4
Gjöld umfram tekjur	**350,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	350,9
08-805 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	283,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,5
Gjöld umfram tekjur	**271,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	271,7

	m.kr.
08-807 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	130,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Fasteign	1,0
Gjöld samtals	**131,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,7
Gjöld umfram tekjur	**127,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,3
08-809 Málefni fatlaðra	
Almennur rekstur:	
1.01 Réttindagæsla fatlaðra	12,0
1.05 Niðurlagning svæðisskrifstofa málefna fatlaðra	300,0
1.11 Verndaðir vinnustaðir	61,9
1.15 Tölvumiðstöð fatlaðra	7,7
1.20 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	175,0
1.25 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	56,5
1.30 Sjálfsbjörg Akureyri	7,6
1.35 Sumardvalarheimili í Reykjadal	25,6
1.36 Vistheimilið Bjarg	55,5
1.90 Ýmis starfsemi	2,4
Almennur rekstur samtals	704,2
Stofnkostnaður:	
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	4,4
Gjöld samtals	**708,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	708,6
08-821 Barnaverndarstofa	
Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	495,1

	m.kr.
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	431,1
Almennur rekstur samtals	926,2
Gjöld samtals	**926,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	926,2

08-841 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Vinnumálastofnun	971,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-774,5
Gjöld umfram tekjur	**196,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	196,5

08-842 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsdómur	7,5
1.13 Kjararannsóknarnefnd	45,6
1.35 Félagsmálaskóli alþýðu	12,6
1.36 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	3,0
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	18,0
1.90 Ýmislegt	6,6
Almennur rekstur samtals	93,3
Gjöld samtals	**93,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,3

08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	21.350,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	582,6

	m.kr.
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	184,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	857,0
1.41 Framlög og styrkir	40,0
1.81 Vaxtatekjur	43,2
Almennur rekstur samtals	23.056,8
Gjöld samtals	**23.056,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-244,0
Gjöld umfram tekjur	**22.812,8**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	22.812,8

08-852 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	30,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

08-853 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	1.809,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.809,0

08-854 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	81,6
1.11 Fæðingarorlofssjóður	9.013,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	594,0
Almennur rekstur samtals	9.688,6
Gjöld samtals	**9.688,6**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**9.687,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	594,0
Innheimt af ríkistekjum	9.093,7

08-855 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

Almennur rekstur:	
1.11 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	105,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	105,8

08-856 Starfsendurhæfing

Almennur rekstur:	
1.10 Starfsendurhæfing	318,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	318,9

08-861 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:	
6.21 Leiguíbúðir	236,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	565,0
Viðskiptahreyfingar	-329,0

08-862 Varasjóður húsnæðismála

Stofnkostnaður:	
6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga	30,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0

	m.kr.
08 Velferðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**209.389,9**
Greitt úr ríkissjóði	**148.893,9**
Innheimt af ríkistekjum	**60.825,0**
Viðskiptahreyfingar	**-329,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	592,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,9
Gjöld umfram tekjur	**582,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	582,7

09-103 Fjársýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	495,1
1.43 Tekjubókhaldskerfi	367,9
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	480,5
Almennur rekstur samtals	1.343,5
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	8,5
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	14,1
Stofnkostnaður samtals	22,6
Gjöld samtals	**1.366,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**1.364,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.364,8

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,1

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,1

09-210 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.997,4
1.41 Skattvinnslukerfi	378,9
Almennur rekstur samtals	2.376,3
Stofnkostnaður:	
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	57,3
Gjöld samtals	**2.433,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,3
Gjöld umfram tekjur	**2.414,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.325,3
Innheimt af ríkistekjum	89,0

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	31,5
1.30 Þungaskattur	7,1
Almennur rekstur samtals	38,6
Gjöld samtals	**38,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,6

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirskattanefnd	111,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	111,1

	m.kr.
09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	
Almennur rekstur:	
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	272,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	272,6
09-250 Innheimtukostnaður	
Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	763,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-289,4
Gjöld umfram tekjur	**473,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	473,7
09-262 Tollstjórinn	
Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn	1.679,6
1.45 Tollafgreiðslukerfi	225,8
Almennur rekstur samtals	1.905,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	40,0
Gjöld samtals	**1.945,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**1.944,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.779,4
Innheimt af ríkistekjum	165,0

m.kr.

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:

1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	4.105,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	386,3
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	222,7
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	44,6
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	156,4
1.10 Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara	375,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	143,9
Almennur rekstur samtals	5.433,9
Gjöld samtals	**5.433,9**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	7.693,9
Viðskiptahreyfingar	-2.260,0

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	2.439,3

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	2.439,3

09-393 Starfsendurhæfingarsjóður

Almennur rekstur:

1.11 Starfsendurhæfingarsjóður	250,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	250,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:

6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	330,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	330,0

	m.kr.
09-711 Afskriftir skattkrafna	
Almennur rekstur:	
1.11 Afskriftir skattkrafna	10.000,0
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	10.000,0
09-721 Fjármagnstekjuskattur	
Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	2.200,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.100,0
Viðskiptahreyfingar	100,0
09-811 Barnabætur	
Almennur rekstur:	
1.11 Barnabætur	9.200,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9.200,0
09-821 Vaxtabætur	
Almennur rekstur:	
1.11 Vaxtabætur	11.700,0
1.15 Sérstakar vaxtaniðurgreiðslur	6.000,0
Almennur rekstur samtals	17.700,0
Gjöld samtals	**17.700,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17.700,0
09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins	
Almennur rekstur:	
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins	149,1

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-149,1
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkiskaup	1.469,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.469,4
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:	
6.11 Tapaðar kröfur	90,0
6.15 Tjónabætur	20,0
Stofnkostnaður samtals	110,0
Gjöld samtals	**110,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
Viðskiptahreyfingar	90,0

09-976 Lánaumsýsla ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.01 Lánaumsýsla ríkissjóðs	109,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	109,6

09-977 Bankasýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Bankasýsla ríkisins	71,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71,9

	m.kr.
09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	
Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur húsnæðis	192,0
1.05 Rekstur tölvukerfis	67,4
Almennur rekstur samtals	259,4
Stofnkostnaður:	
6.21 Húsnæði	19,0
6.41 Tölvubúnaður	5,0
Stofnkostnaður samtals	24,0
Gjöld samtals	**283,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-253,3
Gjöld umfram tekjur	**30,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,1
09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga	4,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,5
09-984 Fasteignir ríkissjóðs	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	109,3
1.11 Rekstur fasteigna	1.484,1
Almennur rekstur samtals	1.593,4
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna	2.160,7
Gjöld samtals	**3.754,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3.754,2
Gjöld umfram tekjur	**-0,1**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,1

09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:	
1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll	538,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	538,0

09-989 Ófyrirséð útgjöld

Almennur rekstur:	
1.90 Ófyrirséð útgjöld	4.987,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-165,2
Gjöld umfram tekjur	**4.822,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.822,1

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	160,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,0

09-994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu

Almennur rekstur:	
1.01 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	93,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,9

	m.kr.
09-999 Ýmislegt	
Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	53,0
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	8,4
1.13 Kjarasamningar	6,9
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	56,5
1.15 Kjararannsóknir	11,2
1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka	304,2
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	27,3
1.31 Lífeyrissjóður bænda	45,0
1.45 Ýmsar nefndir	23,0
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	4,1
1.60 Dómkröfur	249,3
1.65 Kjararáð	30,6
1.67 Þjóðlendumál	4,4
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	2,7
1.90 Ýmis verkefni	68,6
1.94 Þróunarmál í upplýsingatækni	12,7
Almennur rekstur samtals	907,9
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins	9,0
6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	3,1
6.95 Þróunarmál í upplýsingatækni	13,2
Stofnkostnaður samtals	25,3
Gjöld samtals	**933,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,6
Gjöld umfram tekjur	**907,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	907,6
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**61.606,1**
Greitt úr ríkissjóði	**50.982,8**
Innheimt af ríkistekjum	**2.693,3**
Viðskiptahreyfingar	**7.930,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	201,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	201,9

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,6

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	1.135,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-627,5
Gjöld umfram tekjur	**508,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	508,1

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	5,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,1

11-242 Tækniþróunarsjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Tækniþróunarsjóður	720,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	720,0

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:	
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	157,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	157,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	3,6
1.15 Fjárfestingarstofan	17,3
1.19 Staðlaráð	54,0
1.30 Alþjóðlegt samstarf	21,6
1.48 Átak til atvinnusköpunar	140,0
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis	39,7
Almennur rekstur samtals	276,2
Gjöld samtals	**276,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	222,2
Innheimt af ríkistekjum	54,0

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Orkustofnun	416,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-121,6
Gjöld umfram tekjur	**295,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	295,0

	m.kr.
11-371 Orkusjóður	
Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur Orkusjóðs	30,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,2
11-373 Niðurgreiðslur á húshitun	
Almennur rekstur:	
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	1.142,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.142,7
11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	
Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	245,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	245,0
11-399 Ýmis orkumál	
Almennur rekstur:	
1.22 Vistvænir orkugjafar	14,7
1.24 Notendur utan samveitna	41,9
1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	23,8
Almennur rekstur samtals	80,4
Gjöld samtals	**80,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,4
11-401 Byggðaáætlun	
Almennur rekstur:	
1.10 Byggðaáætlun	317,6

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	317,6

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:	
1.10 Byggðastofnun	139,7
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	146,3
Almennur rekstur samtals	286,0
Gjöld samtals	**286,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	286,0

11-501 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálastofa	307,9
1.13 Markaðs- og kynningarmál erlendis	126,0
Almennur rekstur samtals	433,9
Gjöld samtals	**433,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,9
Gjöld umfram tekjur	**430,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	429,1
Innheimt af ríkistekjum	0,9

11-511 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	48,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	48,0

	m.kr.
11-599 Ýmis ferðamál	
Almennur rekstur:	
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	75,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	69,3
1.90 Ýmis ferðamál	24,5
1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis	36,3
Almennur rekstur samtals	205,1
Gjöld samtals	**205,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	205,1
11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**4.953,9**
Greitt úr ríkissjóði	**4.899,0**
Innheimt af ríkistekjum	**54,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	276,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,8
Gjöld umfram tekjur	**275,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	275,3

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.15 Fastanefndir	85,7
1.20 Rafræn viðskipti	6,2
1.24 Endurskoðendaráð	10,0
1.42 Athugun á skuldavanda heimilanna	13,3
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	24,6
Almennur rekstur samtals	139,8
Gjöld samtals	**139,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,8
Innheimt af ríkistekjum	12,0

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	2,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,1

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	1.341,0

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,0
Gjöld umfram tekjur	**1.327,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.327,0

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Samkeppniseftirlitið	314,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	314,3

12-431 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	181,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,6
Gjöld umfram tekjur	**170,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,1
Innheimt af ríkistekjum	165,8

12-501 Hagstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Hagstofa Íslands	717,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-66,8
Gjöld umfram tekjur	**650,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	650,4

	m.kr.
12-811 Flutningssjóður olíuvara	
Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður olíuvara	430,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	430,0
12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**3.309,8**
Greitt úr ríkissjóði	**1.375,0**
Innheimt af ríkistekjum	**1.934,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	313,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,7
Gjöld umfram tekjur	**296,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	296,0

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	5,9
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	13,0
1.35 Umhverfisvöktun	12,9
1.40 Alþjóðastofnanir	23,1
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	8,7
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	8,7
1.44 Skógræktarfélag Íslands	36,0
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	0,5
1.56 Vernd Breiðafjarðar	7,2
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	43,6
1.90 Ýmis verkefni	49,6
1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	80,0
Almennur rekstur samtals	289,2
Gjöld samtals	**289,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	289,2

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	2,9

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,9

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:	
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	25,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,1
Gjöld umfram tekjur	**20,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,8

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	883,2
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	18,0
Almennur rekstur samtals	901,2
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	36,0
Gjöld samtals	**937,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-164,0
Gjöld umfram tekjur	**773,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	625,2
Innheimt af ríkistekjum	148,0

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður

Almennur rekstur:	
1.01 Vatnajökulsþjóðgarður	305,8
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	149,8

	m.kr.
Gjöld samtals	**455,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-107,6
Gjöld umfram tekjur	**348,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	348,0

14-231 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Landgræðsla ríkisins	583,5
1.90 Fyrirhleðslur	67,7
Almennur rekstur samtals	651,2
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fasteigna	8,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	38,4
Gjöld samtals	**697,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-139,5
Gjöld umfram tekjur	**558,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	556,1
Innheimt af ríkistekjum	2,0

14-241 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	397,2
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fasteigna	6,2
Stofnkostnaður:	
6.20 Fasteignir	9,1
Gjöld samtals	**412,5**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-178,0
Gjöld umfram tekjur	**234,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	229,5
Innheimt af ríkistekjum	5,0

14-243 Hekluskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Hekluskógar	20,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,3

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	64,0
1.10 Úrvinnslusjóður	863,0
Almennur rekstur samtals	927,0
Gjöld samtals	**927,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,0
Gjöld umfram tekjur	**902,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	902,0

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun	840,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	840,0

	m.kr.
14-301 Skipulagsstofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Skipulagsstofnun	185,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,9
Gjöld umfram tekjur	**174,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,7
14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga	
Almennur rekstur:	
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín	60,0
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	54,4
Almennur rekstur samtals	114,4
Gjöld samtals	**114,4**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	114,4
14-310 Landmælingar Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	247,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,7
Gjöld umfram tekjur	**232,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	229,7
Innheimt af ríkistekjum	3,0
14-320 Mannvirkjastofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Mannvirkjastofnun	374,4

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,4
Gjöld umfram tekjur	**359,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	359,0
14-381 Ofanflóðasjóður	
Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	15,0
Stofnkostnaður:	
6.60 Ofanflóðasjóður	782,0
Gjöld samtals	**797,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-370,0
Gjöld umfram tekjur	**427,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	427,0
14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands	521,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-89,7
Gjöld umfram tekjur	**431,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	431,5
14-403 Náttúrustofur	
Almennur rekstur:	
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	14,3
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	14,3

	m.kr.
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	23,0
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	14,3
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	14,3
1.15 Náttúrustofa Sandgerði	14,3
1.16 Náttúrustofa Húsavík	23,1
Almennur rekstur samtals	117,6
Gjöld samtals	**117,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	117,6

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	33,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,3
Gjöld umfram tekjur	**27,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,3

14-412 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.270,9
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	228,5
Almennur rekstur samtals	1.499,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	18,7
Gjöld samtals	**1.518,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-856,1
Gjöld umfram tekjur	**662,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	662,0

	m.kr.
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**6.831,2**
Greitt úr ríkissjóði	**4.030,8**
Innheimt af ríkistekjum	**2.800,4**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	73.654,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71.422,0
Viðskiptahreyfingar	2.232,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**73.654,0**
Greitt úr ríkissjóði	**71.422,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**2.232,0**

Sundurliðun 2

Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta

	Þús. kr.
1. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).	
1. Eiríksstaðir í Haukadal	2.000
2. Minjasafn Egils Ólafssonar	2.000
3. Kvennasögusafn Íslands	1.500
4. Melrakkasetur	3.000
5. Selasetur Íslands	4.000
6. Skáldahúsin á Akureyri	2.500
7. Sögusetur íslenska hestsins	4.000
Samtals	**19.000**
2. Söfn, ýmis framlög mennta og menningarmálaráðuneytis (02-919-1.98).	
1. Byggðasafnið í Görðum vegna Kútters Sigurfara, samningur	9.100
2. Hvalamiðstöðin á Húsavík, samningur	5.400
3. Heklusetur Leirubakka, samningur	4.600
4. Galdrasýning á Ströndum, samningur	4.600
5. Tónlistarsafn Íslands, samningur	5.100
6. Þjóðtrúarstofa, styrkur til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs	7.600
7. Til styrktar atvinnulífi á NA og Austurlandi – efling jarðfræðirannsókna	7.200
8. Verkefni tengd heimsminjasamningi UNESCO	6.000
9. Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2.000
10. Stafkirkja í Heimaey	3.000
11. Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem eru utan verksviðs Safnasjóðs	9.000
12. Óskipt	1.500
Samtals	**65.100**
3. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).	
1. Bátasafn Breiðafjarðar	1.000
2. Félag um bátaflota Gríms Karlssonar	500
3. Félag um endurreisn listasafns Samúels Jónssonar	500
4. Fræðasetur um náttúruhamfarir vegna gosa í Mýrdals og Eyjafjallajökli	700
5. Grettisból á Laugarbakka	1.500
6. Hraun í Öxnadal, menningarfélag, sýningarskáli	1.000
7. Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði	500
8. Landbúnaðarsafn Íslands	900
9. Listervélasafn	500

10.	Melódíur minninganna	1.000
11.	Ríkarðssafn	1.500
12.	Safnasafnið, byggingarframkvæmdir	3.000
13.	Saltfisksetur Íslands í Grindavík	2.000
14.	Samgönguminjasafnið í Stóragerði	1.500
15.	Samgönguminjasafnið Ystafelli, Kristnesbíllinn	1.000
16.	Sauðfjársetur á Ströndum ses., endurbætur á safnhúsi	1.000
17.	Sjávarsafnið í Ólafsvík	500
18.	Sjóminjasafnið í Sjómannagarðinum á Hellissandi	2.000
19.	Sjóminjasafnið Ósvör	2.400
20.	Skrímslasetur á Bíldudal	1.000
21.	Tækniminjasafn Austurlands	3.000
22.	Veiðisafnið á Stokkseyri, stækkun	500
23.	Víkin – sjóminjasafnið í Reykjavík	500
	Samtals	**28.000**

4. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).

1.	Atli Heimir Sveinsson	1.575
2.	Ásgerður Búadóttir	1.575
3.	Edda Heiðrún Backman	1.575
4.	Erró	1.575
5.	Guðbergur Bergsson	1.575
6.	Guðmunda Elíasdóttir	1.575
7.	Gunnar Eyjólfsson	1.575
8.	Hannes Pétursson	1.575
9.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.575
10.	Jóhann Hjálmarsson	1.575
11.	Jón Nordal	1.575
12.	Jón Sigurbjörnsson	1.575
13.	Jón Þórarinsson	1.575
14.	Jónas Ingimundarson	1.575
15.	Jórunn Viðar	1.575
16.	Kristbjörg Kjeld	1.575
17.	Kristján Davíðsson	1.575
18.	Magnús Pálsson	1.575
19.	Matthías Johannessen	1.575
20.	Megas	1.575
21.	Róbert Arnfinnsson	1.575
22.	Thor Vilhjálmsson	1.575

23.	Vigdís Grímsdóttir	1.575
24.	Vilborg Dagbjartsdóttir	1.575
25.	Þorbjörg Höskuldsdóttir	1.575
26.	Þorsteinn frá Hamri	1.575
27.	Þráinn Bertelsson	1.575
28.	Þuríður Pálsdóttir	1.575
	Samtals	**44.100**

5. Listir (02-982-1.90).

1.	Bíó Paradís	10.000
2.	Draumasmiðjan, döff leikhús	2.000
3.	„Ferskir vindar í Garði“, listaveisla	1.000
4.	Iceland Airwaves, tónlistarhátíð	5.000
5.	Leikfélag Reykjavíkur	12.000
6.	LungA, listahátíð ungs fólks	2.000
7.	Músík í Mývatnssveit	1.000
8.	Reykholtshátíð 2011	1.000
9.	Samtök um danshús, dansverkstæði	1.500
10.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	1.000
11.	Þjóðleikur, leiklistarhátíð ungs fólks	1.500
	Samtals	**38.000**

6. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).

1.	Alfræði íslenskra bókmennta og bókmenntafræða	1.000
2.	Heildarútgáfa Íslendingasagna á dönsku, norsku og sænsku	1.000
3.	IBBY á Íslandi	800
4.	Lífríki Íslands. Vistfræði lands og sjávar	1.000
5.	Stjórnmál og stjórnsýsla, veftímarit	500
	Samtals	**4.300**

7. Norræn samvinna (02-984-1.90).

1.	Norræna félagið á Íslandi	6.700
	Samtals	**6.700**

8. Æskulýðsmál (02-988-1.90).

1.	Landssamband æskulýðsfélaga	6.000
2.	Snorraverkefnið	3.000
	Samtals	**9.000**

9. Ýmis framlög (02-999-1.90).

1.	Art-verkefnið	4.500
2.	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, fræðsluvefurinn Globalis	1.000
3.	Handritin heima, fræðsluvefur um íslensk handrit og menningarsögu	1.000
4.	Handverk og hönnun ses.	10.000
5.	Hönnunarmiðstöð Íslands, hönnunarkaupstefna	1.500
6.	Kaupvangur, Vopnafirði, heiðarbýlaverkefni	1.500
7.	Kirkjubæjarstofa	4.500
8.	Kvenfélagasamband Íslands, Leiðbeiningastöð heimilanna	2.000
9.	Kvenfélagasamband Íslands, rekstur	4.000
10.	Kvenréttindafélag Íslands	2.500
11.	Leiklistarsamband Íslands, kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista	2.000
12.	Mats Wibe Lund, heimildamyndasafn	800
13.	Miðstöð menningarfræða á Austurlandi	1.000
14.	Miðstöð munnlegrar sögu	1.500
15.	MIRRA, rannsóknir á innflytjendamálum	3.000
16.	Músík og saga, munnleg geymd	1.000
17.	Sagnabrunnur ehf., söfnun á hljóðupptökum og munnlegum heimildum á Austurlandi	1.000
18.	Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna	1.000
19.	Sögufélag	2.500
20.	Textílsetur Íslands	1.500
21.	Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar	8.000
22.	Vestfirðir á miðöldum	3.000
23.	Þjóðlagasetur á Siglufirði	1.000
24.	Þor ehf., samræmdar árangursmælingar fyrir ríkisstofnanir	500
25.	Þorpið, vöruhönnun úr austfirskum hráefnum	1.500
26.	Önfirðingafélagið, Sólbakkamenning	1.200
	Samtals	**63.000**

10. Ýmis framlög mennta og menningarmálaráðuneytis (02-999-1.98).

1.	Til styrktar atvinnulífi á Norðurlandi eystra og Austurlandi, Urðarbrunnur menningarfélag	7.200
2.	Til styrktar atvinnulífi á Norðurlandi eystra og Austurlandi, efling menningarlífs á Seyðisfirði	7.200
3.	Til styrktar atvinnulífi á Norðurlandi vestra, þekkingarsetur á Skagaströnd	8.100
4.	Íslenska upplýsingasamfélagið 2011, Árvekniþjónusta á bókasöfnum	3.000
5.	Ýmis verkefni í upplýsingatækni, menningarmál	10.000

6.	Alþjóðasamningar, menningarmál, aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	20.000
7.	Verkefni, samningar vegna íþróttamála	3.800
8.	Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	2.000
9.	Samningar við listamannasamtök og styrkir til ýmissa verkefna	24.900
10.	Sérstök verkefni	41.500
11.	RES-orkuskóli	30.000
	Samtals	**157.700**

11. Ýmis stofnkostnaðarframlög (02-999-6.90).

1.	Breiðdalssetur	2.000
2.	Bryggja fyrir Hólmstein GK á Byggðasafninu á Garðskaga	1.000
3.	Byggðasafnið að Görðum, Akranesi, viðhald og endurgerð á bátasafni	500
4.	Eikarbáturinn Húni II	2.000
5.	Fuglasafn Sigurgeirs	2.000
6.	Gásir í Eyjafirði, miðaldakaupstaður	4.500
7.	Heimskautsgerðið á Raufarhöfn	4.900
8.	Holt í Önundarfirði – friðarsetur, viðgerð á húsnæði	500
9.	Jarðskjálftasetur á Kópaskeri	2.000
10.	Kjarvalsstofa ses.	1.500
11.	Landnámsbærinn í Herjólfsdal	500
12.	Landnámssetur Íslands	3.500
13.	Landsmót hestamanna í Víðidal í Reykjavík 2012	10.000
14.	Landsmót UMFÍ 2013 og unglingalandsmót UMFÍ 2012 í Árborg	10.000
15.	Menningarhús á Ísafirði	12.900
16.	Nes, listamiðstöð á Skagaströnd	500
17.	Orgelsjóður Stykkishólmskirkju, kaup og uppsetning á pípuorgeli	500
18.	Sail Húsavík 2011, samnorræn strandmenningarhátíð	2.000
19.	Sköpunarmiðstöð á Stöðvarfirði	1.000
20.	Spákonuhof á Skagaströnd	2.000
21.	Sumarbúðirnar Ástjörn, viðbygging	1.500
22.	Svartárkot, menning – náttúra	2.000
23.	Sögusetur Bakkabræðra	2.000
24.	Sögusetur um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum	1.000
25.	Textílfélag Íslands, pappírsgerðarverkstæði	1.000
26.	Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarbyggð 2010	5.000
27.	Ungmenna og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal	2.700
28.	Þekkingar og náttúrufræðisetur í Ólafsfirði	500
	Samtals	**79.500**

12. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	BioPol ehf., hrognkelsarannsóknir	3.500
2.	BioPol ehf., rannsóknir á skötusel	2.000
3.	Blóm í bæ 2011, sýning í Hveragerði	1.000
4.	Garðyrkjufélag Íslands, landsbyggðarþjónusta	1.000
5.	Gaujulundur í Vestmannaeyjum	1.000
6.	Kattavinafélag Íslands, rekstur Kattholts	2.000
7.	Landnámshænan, verndun og kynning	1.000
8.	Landssamtök hestamanna og hrossaræktar, þróunar og átaksverkefni	6.000
9.	Landssamtök skógareigenda	4.000
10.	Laxfiskar ehf., atferlisrannsóknir á nytjafiskum á grunnsævi	4.000
11.	Ólafsdalsfélagið, matjurtarækt og jarðræktarminjar	1.500
12.	Skelrækt, samtök kræklingaræktenda	3.000
13.	Skotta kvikmyndafélag, myndbandagagnagrunnur um landbúnað og sjávarútveg	1.000
14.	Skrúður í Dýrafirði, bygging þjónustuhúss	2.500
15.	Tún, vottunarstofa, þróunarstarf	5.000
16.	Vör, sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð	2.500
17.	Æðarræktarfélag Íslands	1.000
	Samtals	**42.000**

13. Ýmis framlög sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytis (04-190-1.98).

1.	Beint frá býli	6.000
2.	Selasetur á Hvammstanga	6.000
3.	Rannsóknar og þróunarstarfsemi í landbúnaði	5.000
4.	Tilraunastöðin Stóra Ármót	1.000
5.	Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks	2.500
6.	Hafréttarstofnun	3.000
7.	Vör, sjávarrannsóknasetur í Ólafsvík	23.200
8.	Rannsóknir á sjávardýrum og eldi á Patreksfirði	16.400
9.	Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd	25.000
10.	Samvinnuverkefni Versins á Sauðárkróki, Matís ohf. og Háskólans á Hólum	20.000
11.	Óskipt	100
	Samtals	**108.200**

14. Ýmis framlög innanríkisráðuneytis (06-190-1.98).

1.	Sameining stofnana	4.000
2.	Samþætting áætlana	3.000
3.	Efling sveitarstjórnarstigsins	5.000
4.	Undirbúningur strandflutninga	3.000
5.	Óskipt	700
	Samtals	**15.700**

15. Ýmis framlög (08-398-1.90).

1.	ADHD-samtökin	2.700
2.	Aflið, samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi	1.600
3.	Barnaheill	5.000
4.	Blátt áfram, forvarnaverkefni	2.700
5.	Blindrafélagið	8.000
6.	Breiðavíkursamtökin	600
7.	Daufblindrafélag Íslands	700
8.	Dyngjan, áfangaheimili fyrir konur	2.000
9.	Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar, sumarorlof eldri borgara	700
10.	Félag áhugafólks um Downs-heilkenni	500
11.	Félag einstæðra foreldra	2.900
12.	Félag um foreldrajafnrétti	1.000
13.	Geðhjálp	2.000
14.	Hagsmunasamtök heimilanna	2.500
15.	Hestamiðstöð Reykjavíkur, þjálfun og skemmtun lamaðra og fatlaðra á hestum	700
16.	Hjálparstarf kirkjunnar, innanlandsstarf	12.000
17.	Hlutverk, samtök um vinnu og verkþjálfun	500
18.	Höndin, mannúðar og mannræktarsamtök	1.000
19.	Ísland Panorama	500
20.	Jafnréttishús, námskeið	2.000
21.	Landssamband eldri borgara	4.000
22.	Landssamtökin Þroskahjálp	9.000
23.	Málefni barna og ungmenna	40.000
24.	MND-félagið á Íslandi	800
25.	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	8.000
26.	Samtökin ´78	5.200
27.	Sjónarhóll, ráðgjafarmiðstöð	1.200
28.	Systkinasmiðjan, námskeið	500
29.	Táknsmiðjan, myndver heyrnarlausra	2.500

30.	Táknsmiðjan, táknmál á heimasíður	1.000
31.	Umsjónarfélag einhverfra	1.200
32.	Vímulaus æska – foreldrahús	10.000
	Samtals	**133.000**

16. Ýmis framlög velferðarráðuneytis (08-398-1.98).

1.	Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	10.800
2.	Rannsóknir í vinnu og jafnréttismálum	6.500
3.	Sjónarhóll	16.900
4.	Styrkur til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis frá	21.700
5.	Óskipt	4.000
	Samtals	**59.900**

17. Ýmis framlög (08-399-1.90).

1.	Astma og ofnæmisfélagið	1.000
2.	Blóðgjafafélag Íslands	500
3.	Endurhæfingarhúsið Hver á Akranesi	4.000
4.	FAAS, félag aðstandenda alzheimerssjúklinga	4.500
5.	Félag CP á Íslandi	1.000
6.	Félag nýrnasjúkra	600
7.	FFA, fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	1.500
8.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	500
9.	Gigtarfélag Íslands	3.200
10.	HIV-Ísland, alnæmissamtökin á Íslandi	2.200
11.	Hjartaheill, blóðfitumælingar	2.000
12.	Hugarafl	2.800
13.	Kraftur, stuðningsfélag	1.500
14.	Lauf, félag flogaveikra	1.000
15.	Ljósið, endurhæfingar og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra	3.000
16.	MS-félag Íslands, íbúð	600
17.	MS-félag Íslands, rekstur skrifstofu	1.000
18.	Mænuskaðastofnun Íslands	1.000
19.	Parkinsonsamtökin á Íslandi, aðstandendastuðningur	900
20.	PKU-félagið	900
21.	Samtök lungnasjúklinga	600
22.	Samtök psoriasis og exemsjúklinga	1.700
23.	Samtök sykursjúkra	2.000
24.	Sjúkraþjálfunin Styrkur ehf., hreyfiseðill	2.500

25.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, sumar og helgardvöl í Reykjadal ...	5.500
26.	Tilvera, samtök um ófrjósemi ...	300
27.	Vífill, félag einstaklinga með kæfisvefn og aðrar svefnháðar öndunartruflanir ...	400
	Samtals ...	**46.700**

18. Ýmis framlög velferðarráðuneytis (08-399-1.98).

1.	Gæðastyrkir velferðarráðuneytisins ...	2.400
2.	Athvarf fyrir geðsjúka á Akureyri ...	2.000
3.	Styrkur til Félags heyrnarlausra ...	10.000
4.	Aðgerðaáætlun fyrir börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni	33.700
5.	Missoc-þátttökugjald ...	2.200
6.	Þátttaka í alþjóðlegu starfi ...	2.200
7.	Samkomulag við Blindrafélagið um blindrahunda ...	2.600
8.	Óskipt ...	3.800
	Samtals ...	**58.900**

19. Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis (11-299-1.98).

1.	Loftslagsmál ...	1.000
2.	Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála ...	12.000
3.	Verkefni á sviði nýsköpunarmála ...	10.000
4.	Jafnréttismál ...	3.200
5.	Hönnunarmiðstöð Íslands ...	10.000
6.	Hátæknivettvangur ...	3.500
	Samtals ...	**39.700**

20. Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis (11-399-1.98).

1.	Úrskurðar og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga ...	4.100
2.	Aðkeypt sérfræðiþjónusta ...	8.400
3.	Olíumál ...	2.000
4.	Alþjóðlegt samstarf ...	2.000
5.	Erlendir orkusamningar ...	2.000
6.	Orkusparnaðarverkefni ...	5.300
	Samtals ...	**23.800**

21. Ýmis ferðamál (11-599-1.90).

1.	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Dimmuborgarstofa	1.800
2.	Markaðsstofa Austurlands	3.500
3.	Markaðsstofa Norðurlands	3.500
4.	Markaðsstofa Suðurlands	3.500
5.	Markaðsstofa Suðurnesja	3.500
6.	Markaðsstofa Vestfjarða	3.500
7.	Markaðsstofa Vesturlands	3.500
8.	Samtök um sögutengda ferðaþjónustu	1.700
	Samtals	**24.500**

22. Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis (11-599-1.98).

1.	Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	30.000
2.	Verkefni á sviði stefnumótunar í ferðaþjónustu	6.300
	Samtals	**36.300**

23. Ýmis verkefni (14-190-1.90).

1.	Arnarsetur Íslands	2.000
2.	Auðlind, náttúrusjóður	1.000
3.	Eyjafjarðarsveit, eyðing kerfils	1.500
4.	Framkvæmdaráð Snæfellsness, EarthCheck-umhverfisvottun	8.000
5.	Fuglaathugunarstöð Suðausturlands	1.300
6.	Fuglaverndarfélag Íslands	1.000
7.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	4.900
8.	Grænn gróði ehf., útbreiðsla lúpínu hamin	800
9.	Hrísiðn ehf., útrýming skógarkerfils og lúpínu í Hrísey	500
10.	Hættumat og viðbragðsáætlanir vegna gróðurelda í Skorradal	1.000
11.	Jarðvangur á Suðurlandi	1.500
12.	Kötlusetur	1.500
13.	Landgræðslufélag Héraðsbúa, landgræðsla og stöðvun jarðvegsrofs	800
14.	Landvernd, Grænfáninn	6.000
15.	Landvernd, rekstur	6.000
16.	Náttúran er ehf.	1.000
17.	Náttúrufræðistofa Kópavogs, vöktun á vatnsgæðum og lífríki Þingvallavatns	4.000
18.	Náttúrusetur á Húsabakka í Svarfaðardal	4.000
19.	Náttúruverndarsamtök Íslands	1.000

20.	Skotveiðifélag Íslands	800
21.	Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, viðbrögð og varnir við skógarbruna	1.000
	Samtals	**49.600**

24. Ýmis framlög umhverfisráðuneytis (14-190-1.98).

1.	Skráningar og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	14.400
2.	Frjáls félagasamtök	11.500
3.	Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	9.000
4.	Staðardagskrá 21	5.000
5.	Umhverfisfræðsluráð	1.900
6.	Byggingastaðlar	900
7.	Vistvæn innkaup	4.800
8.	Loftslagsbreytingar – ný verkefni	13.000
9.	Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	5.000
10.	Formennska Íslands í CAFF, vinnuhópi Norðurskautsráðsins	7.500
11.	Styrkur til reksturs upplýsingamiðstöðvar á Álftanesi	2.000
12.	Úttektir og hagræðing	2.000
13.	Vöktun og viðbrögð við uppblæstri og gróðureyðingu við Skaftá	3.000
	Samtals	**80.000**

25. Fyrirhleðslur (14-231-1.90).

1.	Vesturland og Vestfirðir	8.000
2.	Norðurland	18.000
3.	Austurland	8.000
4.	Suðurland	31.000
5.	Heildarúttekt	2.700
	Samtals	**67.700**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	3.900,0
Rekstrargjöld	3.200,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	60,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**760,0**
Hagnaður (-tap)	**760,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	760,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**805,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	15,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	3,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-12,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Greitt til Háskóla Íslands	552,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-552,0**
Breyting á handbæru fé	**241,0**
Handbært fé í ársbyrjun	857,0
Handbært fé í árslok	1.098,0

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	22.974,0
Rekstrargjöld	22.131,5
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**852,5**
Hagnaður (-tap)	**852,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	852,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	125,0
Handbært fé frá rekstri	**977,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	250,0
Áhættufjármunir	-1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-248,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	1.000,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-1.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-271,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.006,9
Handbært fé í árslok	735,9

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-301 Íslenskar orkurannsóknir

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	800,0
Rekstrargjöld	850,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-40,0**
Hagnaður (-tap)	**-40,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-40,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	70,0
Handbært fé frá rekstri	**30,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	30,0
Áhættufjármunir	40,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-70,0**
Breyting á handbæru fé	**-40,0**
Handbært fé í ársbyrjun	90,0
Handbært fé í árslok	50,0

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

42 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	11.925,7
Fjármagnsgjöld	7.580,7
Framlög í afskriftasjóð útlána	3.459,8
Hreinar fjármunatekjur	**885,2**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	8.235,6
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	589,0
Hagnaður (-tap)	**8.551,8**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	8.551,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.863,9
Handbært fé frá rekstri	**4.687,9**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	16.300,0
Afborganir af veittum löngum lánum	5.400,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	79,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-10.979,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	12.600,0
Afborganir af teknum löngum lánum	6.306,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**6.294,0**
Breyting á handbæru fé	**2,9**
Handbært fé í ársbyrjun	449,8
Handbært fé í árslok	452,7

m.kr.

48 Velferðarráðuneyti, C-hluti

48-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	11.396,0
Fjármagnsgjöld	10.778,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	392,0
Hreinar fjármunatekjur	**226,0**
Aðrar rekstrartekjur	56,0
Önnur rekstrargjöld	120,0
Hagnaður (-tap)	**162,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	162,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.290,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	4.294,0
Handbært fé frá rekstri	**1.166,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	4.406,0
Annað (inn)	304,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**4.710,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	7.146,0
Annað (út)	44,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-7.190,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.314,0**
Handbært fé í ársbyrjun	6.641,0
Handbært fé í árslok	5.327,0

m.kr.

48-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	11.156,0
Fjármagnsgjöld	10.551,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	384,0
Hreinar fjármunatekjur	**221,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	565,0
Aðrar rekstrartekjur	55,0
Önnur rekstrargjöld	405,0
Hagnaður (-tap)	**436,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	436,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-3.221,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	4.203,0
Handbært fé frá rekstri	**1.418,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	23.099,0
Afborganir af veittum löngum lánum	4.313,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	9,0
Annað (inn)	298,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-18.497,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	23.223,0
Afborganir af teknum löngum lánum	6.995,0
Annað (út)	43,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**16.185,0**
Breyting á handbæru fé	**-894,0**
Handbært fé í ársbyrjun	6.501,0
Handbært fé í árslok	5.607,0

m.kr.

48-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	815,0
Fjármagnsgjöld	771,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	28,0
Hreinar fjármunatekjur	**16,0**
Aðrar rekstrartekjur	4,0
Önnur rekstrargjöld	9,0
Hagnaður (-tap)	**11,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	11,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-235,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	307,0
Handbært fé frá rekstri	**83,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	315,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	1,0
Annað (inn)	22,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**336,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	511,0
Annað (út)	3,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-514,0**
Breyting á handbæru fé	**-95,0**
Handbært fé í ársbyrjun	475,0
Handbært fé í árslok	380,0

m.kr.

48-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	5.971,0
Fjármagnsgjöld	5.648,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	205,0
Hreinar fjármunatekjur	**118,0**
Aðrar rekstrartekjur	29,0
Önnur rekstrargjöld	63,0
Hagnaður (-tap)	**84,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	84,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-1.724,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	2.250,0
Handbært fé frá rekstri	**610,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	2.308,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Annað (inn)	159,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**2.462,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	3.744,0
Annað (út)	23,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-3.767,0**
Breyting á handbæru fé	**-695,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3.480,0
Handbært fé í árslok	2.785,0

m.kr.

48-219 Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	30.876,0
Fjármagnsgjöld	29.202,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	1.062,0
Hreinar fjármunatekjur	**612,0**
Aðrar rekstrartekjur	152,0
Önnur rekstrargjöld	750,0
Hagnaður (-tap)	**14,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	14,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-8.914,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	11.633,0
Handbært fé frá rekstri	**2.733,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	20.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	11.936,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	26,0
Annað (inn)	824,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-7.266,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	20.108,0
Afborganir af teknum löngum lánum	19.360,0
Annað (út)	119,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**629,0**
Breyting á handbæru fé	**-3.904,0**
Handbært fé í ársbyrjun	17.993,0
Handbært fé í árslok	14.089,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	200,0
Fjármagnsgjöld	6,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	200,0
Hreinar fjármunatekjur	**-6,0**
Aðrar rekstrartekjur	150,0
Önnur rekstrargjöld	130,0
Hagnaður (-tap)	**14,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	14,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	240,0
Handbært fé frá rekstri	**254,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	350,0
Afborganir af veittum löngum lánum	100,0
Áhættufjármunir	750,0
Sala áhættufjármuna	50,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-950,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands	500,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**500,0**
Breyting á handbæru fé	**-196,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.402,0
Handbært fé í árslok	1.206,0

	m.kr.
51-371 Orkusjóður	
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	11,5
Hreinar fjármunatekjur	**11,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	30,2
Önnur rekstrargjöld	34,5
Hagnaður (-tap)	**7,2**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	7,2
Handbært fé frá rekstri	**7,2**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	25,0
Afborganir af veittum löngum lánum	11,8
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-13,2**
Breyting á handbæru fé	**-6,0**
Handbært fé í ársbyrjun	92,8
Handbært fé í árslok	86,8

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.500,0
Fjármagnsgjöld	775,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	600,0
Hreinar fjármunatekjur	**125,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	286,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	422,8
Hagnaður (-tap)	**8,2**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	8,2
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	600,0
Handbært fé frá rekstri	**608,2**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.000,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.000,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.300,0
Annað (út)	100,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.600,0**
Breyting á handbæru fé	**208,2**
Handbært fé í ársbyrjun	476,1
Handbært fé í árslok	684,3

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta 2011

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	3.351,8
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	8.292,7
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	8.199,0
	Samtals	**19.843,5**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	2.443,6
	Samtals	**2.443,6**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	576,4
	01.3.2 Frumrannsóknir í hugvísindum	274,2
	Samtals	**850,6**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagskýrslugerð	650,4
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta	3.065,4
	Samtals	**3.715,8**
Almenn opinber þjónusta samtals		**26.853,5**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	11.128,0
	03.1.2 Brunavarnir	359,0
	Samtals	**11.487,0**
03.2	Dómstólar	3.670,0
03.3	Fangelsi	1.210,7
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	3.742,2
Löggæsla og öryggismál samtals		**20.109,9**

		m.kr.
04.	**Fræðslumál**	
04.1	Grunnskólastig	623,1
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	14.867,5
	04.2.2 Sérskólastig	3.390,4
	Samtals	**18.257,9**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	24.807,2
	Samtals	**24.807,2**
04.4	Aðrir skólar, óta.	15,6
04.5	Námsaðstoð	534,7
04.6	Önnur fræðslumál, óta.	1.005,2
Fræðslumál samtals		**45.243,7**
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	43.519,7
	05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	836,3
	05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	25.493,5
	Samtals	**69.849,5**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	17.749,0
	05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	73,1
	05.2.3 Tannlæknisþjónusta	1.672,0
	05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	1.654,1
	Samtals	**21.148,2**
05.4	Lyf og hjálpartæki	16.084,6
05.6	Önnur heilbrigðismál	3.047,2
Heilbrigðismál samtals		**110.129,5**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	10.407,7
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	53.914,9
	06.1.4 Atvinnuleysisbætur	22.812,8

		m.kr.
	06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	11.186,0
	06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	19.298,0
	Samtals	**117.619,4**
06.2	Velferðarmál	
	06.2.1 Barna- og unglingaheimili	926,2
	06.2.3 Málefni fatlaðra	1.270,3
	06.2.4 Önnur velferðarheimili	298,3
	06.2.6 Önnur velferðarþjónusta	1.734,7
	Samtals	**4.229,5**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals		**121.848,9**
07.	**Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál**	
07.1	Húsnæðis- og skipulagsmál	
	07.1.1 Húsnæðismál	266,0
	07.1.2 Skipulagsmál	2.160,7
	Samtals	**2.426,7**
07.3	Hreinsunarmál	
	07.3.1 Almenn hreinsunarmál	1.742,0
	Samtals	**1.742,0**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals		**4.168,7**
08.	**Menningarmál**	
08.0	Menningarmál	
	08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	537,1
	08.0.2 Söfn, listir o.fl.	5.992,4
	08.0.3 Fjölmiðlar	3.292,4
	08.0.4 Kirkjumál	4.591,6
	08.0.5 Önnur menningarmál	224,6
	Samtals	**14.638,1**
Menningarmál samtals		**14.638,1**

		m.kr.
09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.1	Eldsneytismál	430,0
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	1.459,8
	09.2.3 Orkumál	333,5
	Samtals	**1.793,3**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**2.223,3**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	558,1
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	11.006,0
	10.1.4 Framleiðnistarfsemi	1.426,3
	10.1.6 Farsóttarvarnir	47,3
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	1.060,5
	Samtals	**14.098,2**
10.2	Skógræktarmál	664,0
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	12,9
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	2.178,0
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	959,6
	Samtals	**3.150,5**
10.5	Önnur sjávarútvegs- og landbúnaðarmál	578,0
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**18.490,7**
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	1.873,9
Iðnaðarmál samtals		**1.873,9**
12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	14.475,1
	12.1.2 Umferðarmál	227,6
	Samtals	**14.702,7**

		m.kr.
12.2	Sjó- og vatnasamgöngur	
	12.2.2 Sjósamgöngur	1.520,3
	Samtals	**1.520,3**
12.4	Loftsamgöngur	
	12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	3.071,6
	Samtals	**3.071,6**
12.7	Önnur samgöngumál	1.415,3
Samgöngumál samtals		**20.709,9**
13.	**Önnur útgjöld vegna atvinnuvega**	
13.2	Ferðaþjónusta	683,1
13.4	Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	5.916,1
13.5	Almenn launa- og atvinnumál	2.990,7
13.6	Önnur atvinnumál	603,6
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals		**10.193,5**
14.	**Önnur útgjöld ríkissjóðs**	
14.0	Önnur útgjöld ríkissjóðs	
	14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	73.654,0
	14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	13.831,6
	14.0.3 Önnur þjónusta	25.839,2
	Samtals	**113.324,8**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals		**113.324,8**
Heildargjöld samtals		**509.808,4**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2011

m.kr.

Rekstrargjöld	**197.201,7**
Laun	111.262,5
Lífeyrisskuldbindingar	5.433,9
Fjármagnstekjuskattur	2.200,0
Önnur gjöld	112.473,5
Sértekjur	-34.168,2
Fjármagnskostnaður	**73.654,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	**218.006,7**
Lífeyristryggingar	47.608,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	23.013,6
Sjúkratryggingar	21.791,7
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	13.804,3
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	10.993,7
Afskriftir skattkrafna	10.000,0
Vaxtabætur og vaxtaniðurgreiðslur	17.700,0
Fæðingarorlofssjóður	9.607,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	9.426,6
Barnabætur	9.200,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	8.235,6
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	2.439,3
Framlag til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga	2.394,3
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	31.792,6
Viðhald	**7.932,5**
Vegakerfi	4.679,0
Annað	3.253,5
Stofnkostnaður	**9.499,6**
Vegakerfi	5.976,0
Háskólar og framhaldskólar	953,8
Heilbrigðisstofnanir	569,4
Flugvellir	229,0
Annað	1.771,4
Fjármagnstilfærslur	**3.513,9**
Hafnarframkvæmdir	526,9
Ofanflóðasjóður	715,0
Leiguíbúðir	236,0
Öldrunarstofnanir	902,8
Annað	1.133,2
Gjöld samtals	**509.808,4**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2011

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-977	**Höfundarréttargjöld**	
	Höfundarréttargjald	37,6
	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	4,3
	Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	9,7
	Greitt úr ríkissjóði	51,6
03-611	**Íslandsstofa**	
	Markaðsgjald	385,8
	Greitt úr ríkissjóði	385,8
04-190	**Ýmis verkefni**	
	Strandveiðigjald	30,0
	Greitt úr ríkissjóði	30,0
04-215	**Fiskistofa**	
	Gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni	22,2
	Tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks	19,8
	Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum	24,9
	Greitt úr ríkissjóði	66,9
04-234	**Matvælastofnun**	
	Eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbætandi efnum	6,0
	Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru	2,0
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum	22,0
	Vinnsluleyfi fiskvinnslustöðva	2,4
	Gjald fyrir landamæraeftirlit	6,1
	Fóðureftirlitsgjald af innflutningi	34,0
	Greitt úr ríkissjóði	72,5
04-818	**Búnaðarsjóður**	
	Búnaðargjald á búvöruframleiðslu	400,0
	Greitt úr ríkissjóði	400,0
04-824	**Verðmiðlun landbúnaðarvara**	
	Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins	93,0
	Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk	312,0
	Greitt úr ríkissjóði	405,0

04-827	**Fóðursjóður**	
	Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð	1.400,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.400,0
04-843	**Fiskræktarsjóður**	
	Gjald af veiðitekjum	11,0
	Greitt úr ríkissjóði	11,0
06-651	**Vegagerðin**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni	7.630,0
	Olíugjald	6.830,0
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald	740,0
	Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi	4,0
	Leyfisgjöld Vegagerðarinnar vegna leigubifreiða	6,0
	Greitt úr ríkissjóði	15.449,4
	Viðskiptahreyfing	-239,4
06-657	**Umferðarstofa**	
	Skráningargjöld ökutækja	253,8
	Umferðaröryggisgjald	112,2
	Greitt úr ríkissjóði	193,8
	Viðskiptahreyfing	172,2
06-661	**Siglingastofnun Íslands**	
	Vitagjald	250,0
	Greitt úr ríkissjóði	250,0
06-671	**Flugmálastjórn Íslands**	
	Gjald fyrir útgáfu skírteina Flugmálastjórnar til einstaklinga	8,2
	Gjald fyrir útgáfu starfsleyfa og skírteina Flugmálastjórnar til lögaðila	11,7
	Skráning loftfars til atvinnuflugs	1,5
	Greitt úr ríkissjóði	21,4
06-672	**Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**	
	Flugvallaskattur	375,0
	Varaflugvallagjald	371,0
	Greitt úr ríkissjóði	598,5
	Viðskiptahreyfing	147,5
06-681	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Leyfis- og árgjöld Póst- og fjarskiptastofnunar	124,3
	Rekstrargjald vegna starfsemi á sviði póst- og fjarskipta	140,5
	Gjald fyrir úthlutuð símnúmer til fjarskiptafélaga	35,0
	Greitt úr ríkissjóði	259,3
	Viðskiptahreyfing	40,5

06-682	**Jöfnunarsjóður alþjónustu**	
	Jöfnunargjald vegna alþjónustu fjarskiptafyrirtækja	37,5
	Greitt úr ríkissjóði	37,5
06-801	**Neytendastofa**	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum til Neytendastofu	12,0
	Greitt úr ríkissjóði	12,0
06-821	**Þjóðskrá Íslands**	
	Brunabótamatsgjald	144,0
	Fasteignamatsgjald	234,2
	Skráningargjald nýrra fasteigna í fasteignaskrá	9,0
	Greitt úr ríkissjóði	385,1
	Viðskiptahreyfing	2,1
08-204	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	24.207,0
	Greitt úr ríkissjóði	24.207,0
08-208	**Slysatryggingar**	
	Slysatryggingagjald vegna sjómanna	60,0
	Greitt úr ríkissjóði	60,0
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	108,0
	Greitt úr ríkissjóði	108,0
08-317	**Lyfjastofnun**	
	Gjald vegna innflutnings og sölu óskráðra lyfja	8,2
	Lyfjaeftirlitsgjald	113,0
	Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar	56,0
	Greitt úr ríkissjóði	144,8
	Viðskiptahreyfing	32,4
08-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Skráning vinnuvéla	4,2
	Greitt úr ríkissjóði	4,2
08-334	**Umboðsmaður skuldara**	
	Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	600,0
	Greitt úr ríkissjóði	600,0
08-402	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.487,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.487,0

08-851	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	29.371,0
	Greitt úr ríkissjóði	22.812,8
	Viðskiptahreyfing	6.558,2
08-852	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**	
	Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnutryggingargjaldi	30,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	30,0
08-853	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	1.929,2
	Greitt úr ríkissjóði	1.734,3
	Viðskiptahreyfing	194,9
08-854	**Fæðingarorlof**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	8.334,2
	Greitt úr ríkissjóði	9.093,7
	Viðskiptahreyfing	-759,5
09-391	**Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**	
	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.439,3
	Greitt úr ríkissjóði	2.439,3
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	54,0
	Greitt úr ríkissjóði	54,0
11-501	**Ferðamálastofa**	
	Gjald vegna eftirlits með tryggingum og rekstri ferðaskrifstofa	0,9
	Greitt úr ríkissjóði	0,9
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Eftirlitsgjald endurskoðendaráðs	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	10,0
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	1.419,1
	Greitt úr ríkissjóði	1.327,0
	Viðskiptahreyfing	92,1
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**	
	Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur	430,0
	Greitt úr ríkissjóði	430,0

14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Gjöld vegna starfsleyfa Umhverfisstofnunar	4,0
	Gjald af veiðikorti	44,0
	Veiðileyfi hreindýraráðs	88,0
	Greitt úr ríkissjóði	136,0
14-287	**Úrvinnslusjóður**	
	Úrvinnslugjald	920,0
	Greitt úr ríkissjóði	902,0
	Viðskiptahreyfing	18,0
14-289	**Endurvinnslan hf.**	
	Skilagjald á einnota umbúðir	795,0
	Umsýsluþóknun af einnota umbúðum	45,0
	Greitt úr ríkissjóði	840,0
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	
	Skipulagsgjald	120,0
	Greitt úr ríkissjóði	114,4
	Viðskiptahreyfing	5,6
14-310	**Landmælingar Íslands**	
	Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
14-320	**Mannvirkjastofnun**	
	Gjald fyrir yfireftirlit með rafföngum á markaði	30,0
	Byggingaröryggisgjald	335,0
	Gjöld fyrir yfireftirlit og úrtaksskoðanir á rafveitum	180,0
	Greitt úr ríkissjóði	359,0
	Viðskiptahreyfing	186,0
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	1.550,0
	Greitt úr ríkissjóði	427,0
	Viðskiptahreyfing	1.123,0
	Heildartekjur	**94.927,8**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**87.324,2**
	Mismunur	**7.603,6**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**7.603,6**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2011

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	6,0
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Háskóli Íslands	520,0
	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	552,0
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	
	Fisksjúkdómagjald	5,0
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Háskólinn á Akureyri	63,4
02-216	**Landbúnaðarháskóli Íslands**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landbúnaðarháskóli Íslands	6,2
	Innritunargjöld, Landbúnaðarháskóli Íslands	20,0
02-217	**Hólaskóli - Háskólinn á Hólum**	
	Innritunargjöld, Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal	8,0
02-223	**Námsmatsstofnun**	
	Prófgjöld vegna prófa í íslensku við veitingu íslensks ríkisborgararéttar	2,0
02-238	**Tækjasjóður**	
	Leyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands	110,5
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn í Reykjavík	7,4
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Akureyri	6,3
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Laugarvatni	1,4
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Hamrahlíð	9,6
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Sund	6,0

02-306	**Menntaskólinn á Ísafirði**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Ísafirði	2,7
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Egilsstöðum	2,7
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn í Kópavogi	8,3
02-309	**Kvennaskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Kvennaskólinn í Reykjavík	4,7
02-350	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**	
	Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	9,5
02-351	**Fjölbrautaskólinn Ármúla**	
	Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn Ármúla	8,4
02-352	**Flensborgarskóli**	
	Innritunargjöld, Flensborgarskóli	6,3
02-353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**	
	Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurnesja	7,3
02-354	**Fjölbrautaskóli Vesturlands**	
	Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Vesturlands	4,9
02-355	**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1,8
02-356	**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**	
	Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	2,9
02-357	**Fjölbrautaskóli Suðurlands**	
	Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurlands	7,2
02-358	**Verkmenntaskóli Austurlands**	
	Innritunargjöld, Verkmenntaskóli Austurlands	1,6
02-359	**Verkmenntaskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Verkmenntaskólinn á Akureyri	10,0
02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	
	Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	5,7

02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	0,9
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Húsavík	1,1
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Laugum	1,0
02-365	**Borgarholtsskóli**	
	Innritunargjöld, Borgarholtsskóli	8,7
02-367	**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**	
	Innritunargjöld, Snæfellsskóli	1,5
02-370	**Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	0,4
02-372	**Menntaskólinn á Tröllaskaga**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð	0,1
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Hafnarfirði	4,7
02-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**	
	Hluti Reykjavíkurborgar í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands	129,1
04-215	**Fiskistofa**	
	Árlegt eftirlitsgjald með fiskeldisstöðvum	0,4
04-234	**Matvælastofnun**	
	Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á sláturafurðum	10,4
	Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum	109,5
	Gjöld vegna eftirlits með innflutningi dýra	4,6
	Gjald vegna matvælaeftirlits	11,5
	Útflutningsvottorð Matvælastofnunar	2,8
	Vottorð Yfirdýralæknis	1,3
04-413	**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**	
	Gjald vegna ólögmæts sjávarafla	35,0
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	
	Afgjöld ríkisjarða	47,0
	Sala jarðeigna jarðasjóðs	100,0
	Greitt úr ríkissjóði	131,0
	Viðskiptahreyfing	16,0

06-102	**Stjórnartíðindi**	
	Auglýsingar í Stjórnartíðindum	25,7
06-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalaþýðenda	1,5
	Gjald vegna málskots til úrskurðanefndar fjarskipta- og póstmála	1,8
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	
	Auglýsingar í Lögbirtingablaði	23,2
06-657	**Umferðarstofa**	
	Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðarskólans	7,0
06-661	**Siglingastofnun Íslands**	
	Prófgjöld Siglingastofnunar Íslands	1,0
	Skoðunargjöld skipa	1,3
	Aðgangur að skrám Siglingastofnunar Íslands	10,8
	Vottorð Siglingastofnunar	1,3
06-671	**Flugmálastjórn Íslands**	
	Prófgjöld Flugmálastjórnar	10,6
	Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteina Flugmálastjórnar	10,0
	Árgjöld vegna framhaldsvottunar Flugmálastjórnar	176,1
	Ýmsar leyfisheimildir og vottanir Flugmálastjórnar	1,9
06-681	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki	11,0
06-801	**Neytendastofa**	
	Eftirlitsgjald til Neytendastofunnar	12,5
06-821	**Þjóðskrá Íslands**	
	Ljósrit og endurrit úr embættisbókum	2,2
	Gjald fyrir rafræn veðbandayfirlit	110,3
	Íbúaskrá Þjóðskrár	0,3
	Aðgangur að skrám Þjóðskrárinnar	97,5
	Vottorð Þjóðskrár	14,8
08-317	**Lyfjastofnun**	
	Markaðsleyfi Lyfjastofnunar	176,1
	Vottorð Lyfjastofnunar	6,6
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	
	Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins	4,5
	Vottorð frá Geislavörnum ríkisins	0,7

08-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins	10,3
	Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins	164,1
	Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum	6,2
08-373	**Landspítali**	
	Slysastofugjöld Landspítalans	130,0
08-853	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7
09-210	**Ríkisskattstjóri**	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá	51,0
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá	32,0
	Vottorðsgjöld, hlutafélaga- og fyrirtækjaskrár	6,0
09-262	**Tollstjórinn**	
	Aðgangur að tollalínu	20,0
	Tollafgreiðslugjöld til Tollstjórans	145,0
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa fasteignasala	2,0
12-431	**Einkaleyfastofan**	
	Gjöld fyrir einkaleyfi	33,0
	Gjöld fyrir vörumerki	179,0
	Gjöld fyrir hönnunarvernd	1,5
	Faggilding hjá Einkaleyfastofunni	9,0
	Greitt úr ríkissjóði	165,8
	Viðskiptahreyfing	56,7
14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Mengunareftirlitgjald	12,0
14-231	**Landgræðsla ríkisins**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landgræðsla ríkisins	2,0
14-241	**Skógrækt ríkisins**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Skógrækt ríkisins	5,0
	Heildartekjur	**3.469,3**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**3.396,6**
	Mismunur	**72,7**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**72,7**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2011

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-978	**Listasjóðir**	
	Listamannalaun	408,8
	Greitt úr ríkissjóði	408,8
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	233,3
	Greitt úr ríkissjóði	233,3
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	1.859,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.859,0
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	302,0
	Greitt úr ríkissjóði	302,0
06-841	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	10.953,3
	Greitt úr ríkissjóði	10.953,3
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	85,0
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	95,0
	Lögbundin framlög alls	**13.851,4**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**13.851,4**

Séryfirlit 6

Tekjuáætlun fjárlaga með framsetningu GFS-staðalsins

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
Skatttekjur og tryggingagjöld		
Skattar á tekjur og hagnað		
Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	89.300	86.500
Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**89.300**	**86.500**
Tekjuskattur, lögaðila	26.400	22.000
Skattar á tekjur og hagnað lögaðila	**26.400**	**22.000**
Fjármagnstekjuskattur einstaklinga	24.700	23.500
Skattur á fjármagnstekjur, ríkissjóður	2.200	2.100
Skattar á fjármagnstekjur	**26.900**	**25.600**
Skattar á tekjur og hagnað	**142.600**	**134.100**
Skattar á launagreiðslur og vinnuafl		
Markaðsgjald	402	386
Tryggingagjald, hluti Staðlaráðs	56	54
Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**458**	**440**
Eignarskattar		
Auðlegðarskattur	5.210	4.620
Erfðafjárskattur	2.350	2.350
Stimpilgjöld	2.600	2.600
Skipulagsgjald	120	120
Brunabótamatsgjald	144	144
Fasteignamatsgjald	234	234
Eignarskattar	**10.658**	**10.068**
Skattar á vöru og þjónustu		
Virðisaukaskattur	132.000	126.700
Vörugjald af innfluttum vörum	3.910	3.790
Vörugjald, almennt af innlendri framleiðslu	1.770	1.730
Vörugjald af innfluttum bifreiðum	1.900	1.900
Vörugjald af bensíni	4.720	4.720
Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni	7.630	7.630
Kolefnisgjald	3.140	3.070
Olíugjald	6.830	6.830
Áfengisgjald	10.890	10.780
Tóbaksgjald af innfluttu tóbaki	4.970	4.960

Vörugjöld, umhverfisskattar	1.760	1.760
Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur	430	430
Vörugjöld í landbúnaði	805	805
Vörugjöld, eftirlitsgjöld	50	50
Vörugjöld af rafmagni og heitu vatni	2.210	2.165
Ýmis vörugjöld	38	38
Sértækir þjónustuskattar	4.758	4.725
Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**187.811**	**182.083**
Bifreiðagjöld	6.380	6.310
Kílómetragjald	810	740
Neysluskattur og leyfisgjöld af skipum	250	250
Neyslu- og leyfisskattar, skráningargjöld	579	579
Neyslu- og leyfisskattar, leyfi fyrir atvinnustarfsemi	99	99
Neyslu- og leyfisskattar, leyfis- og vottorðsgjöld	212	212
Neyslu- og leyfisskattar, eftirlitsgjöld	386	386
Aðrir neyslu- og leyfisskattar	213	213
Neyslu- og leyfisskattar	**8.928**	**8.788**
Skattar á vöru og þjónustu	**196.739**	**190.871**
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	**5.392**	**5.252**
Aðrir skattar		
Gjald á bankastarfsemi	1.000	1.000
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.516	1.487
Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.	3.730	3.450
Ýmsir	358	358
Aðrir skattar	**6.604**	**6.295**
Skatttekjur	**362.451**	**347.026**
Tryggingagjöld		
Tryggingagjald, almennt	33.862	32.541
Tryggingagjald, hluti atvinnuleysistrygginga	30.594	29.401
Tryggingagjald, lífeyrissjóðir (til lækkunar á örorkubyrði)	2.538	2.439
Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna launa	2.008	1.929
Slysatryggingagjald vegna sjómanna	60	60
Tryggingagjöld	**69.062**	**66.371**
Skatttekjur og tryggingagjöld, samtals	**431.513**	**413.397**

Fjárframlög

Fjárframlög frá öðrum opinberum aðilum

Hluti sveitarfélaga í innheimtukostaði	550	550
Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldb. grunnskólakennara	390	390
Rekstrarframlög	136	136
Fjárframlög frá öðrum opinberum aðilum	**1.076**	**1.076**
Fjárframlög, samtals	**1.076**	**1.076**

Aðrar tekjur

Eignatekjur

Vaxtatekjur

Vextir af innstæðum	5.211	5.125
Vextir af endurlánum	13.250	13.616
Dráttarvextir og álag af ríkissjóðstekjum	2.240	1.870
Vaxtatekjur	**20.701**	**20.611**
Arðgreiðslur	**1.146**	**1.146**
Hlutdeild í tekjum ríkisfyrirtækja	**1.632**	**1.632**

Leigutekjur

Veiðigjald af aflaheimildum	2.470	2.620
Aðrar leigutekjur	166	166
Leigutekjur	**2.636**	**2.786**
Eignatekjur	**26.115**	**26.175**

Sala á vöru og þjónustu

Neyslu- og leyfisgjöld

Dómsmálagjöld	400	400
Gjöld fyrir fullnustugerðir og búskipti hjá sýslumanni	780	780
Ríkisábyrgðargjald og áhættugjald vegna ríkisábyrgða	1.120	1.120
Skólagjöld, innritunargjöld	745	745
Eftirlitsgjöld	521	521
Neyslu- og leyfisgjöld, ýmis	1.649	1.649
Neyslu- og leyfisgjöld	**5.215**	**5.214**
Sala á vöru og þjónustu	**5.215**	**5.214**

Sektir og skaðabætur		
Lögreglustjórasektir	670	670
Dómsektir og stjórnvaldssektir	700	700
Skattsektir	390	390
Aðrar sektir	35	35
Sektir og skaðabætur	**1.795**	**1.795**
Tilfærslur aðrar en fjárframlög		
Hlutdeild fjármálastofnana í sérstökum vaxtaniðurgreiðslum til heimila	6.000	6.000
Tilfærslur aðrar en fjárframlög	**6.000**	**6.000**
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	**151**	**151**
Aðrar tekjur, samtals	**39.275**	**39.335**
Sala efnislegra eigna		
Sala fastafjármuna		
Sala fasteigna	400	400
Sala jarðeigna jarðasjóðs	100	100
Sala fastafjármuna	**500**	**500**
Sala efnislegra eigna	**500**	**500**
Hagnaður af peningalegum eignum		
Hagnaður af peningalegum eignum, samtals	**100**	**100**
Heildartekjur, samtals	**472.464**	**454.407**

Samþykkt á Alþingi 16. desember 2010.

557. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. des.)

1. gr.

Á eftir 3. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Liggi hvorki ársreikningur né stofnefnahagsreikningur fyrir er heimilt að leggja bráðabirgðaeftirlitsgjald á viðkomandi aðila á grundvelli áætlaðs efnahagsreiknings. Bráðabirgðagjaldið skal endurskoðað þegar ársreikningur eða stofnefnahagsreikningur liggur fyrir.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða eftirfarandi hlutföll af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.:
   a. Viðskiptabankar 0,0271%.
   b. Sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki 0,0244%.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,399% af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,215% af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 450.000 kr.
4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,147% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.
5. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,147% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
6. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,0226% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóða samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,91% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
8. Kauphallir skulu greiða 0,69% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
9. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,0111% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 950.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.530.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá og með einum til tíu milljarða króna, 2.670.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá og með tíu milljörðum til tuttugu og fimm milljarða króna, 4.960.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá og með tuttugu og fimm milljörðum til eitt hundrað milljarða króna og 5.740.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.
10. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 450.000 kr.

11. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,0039% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.
12. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. skal greiða 0,00837% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
13. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 500.000 kr.
14. Aðilar með innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008, skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Einstaklingar og lögaðilar, aðrir en fjármálafyrirtæki, sem starfrækja gjaldeyrisskiptastöð eða peninga- og verðmætasendingarþjónustu, sbr. 1. mgr. 25. gr. a laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Erlendir vörsluaðilar séreignarsparnaðar sem fengið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytis á reglum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað, sbr. 10. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna hlutabréfa sinna. Greiða skal 300.000 kr. fastagjald vegna hlutabréfa að markaðsvirði undir fimm milljörðum króna, 800.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá og með fimm til tuttugu og fimm milljarða króna, 2.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá og með tuttugu og fimm til eitt hundrað milljarða króna, 4.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá og með eitt hundrað til fimm hundruð milljarða króna og 6.300.000 kr. vegna hlutabréfa með markaðsvirði yfir fimm hundruð milljörðum króna.

Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna skuldabréfa sinna. Greiða skal 100.000 kr. fastagjald vegna skuldabréfa að markaðsvirði undir einum milljarði króna, 150.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá og með einum til fimm milljarða króna, 350.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá og með fimm til tíu milljarða króna, 600.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá og með tíu til fimmtíu milljarða króna, 850.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá og með fimmtíu til tvö hundruð milljarða króna og 1.000.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði yfir tvö hundruð milljörðum króna.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

Fjármálafyrirtæki sem stýrt er af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur starfsleyfi, takmarkað starfsleyfi eða starfsleyfi fyrirtækisins hefur verið afturkallað, greiðir fastagjald. Gjaldið miðast við það starfsleyfi sem fyrirtækið hafði áður en það fór undir yfirráð skilanefndar, slitastjórnar eða bráðabirgðastjórnar og greiðist samkvæmt eftirfarandi sundur-

liðun, viðskiptabankar 31.500.000 kr., aðrar lánastofnanir 16.500.000 kr. og önnur fjármálafyrirtæki 7.500.000 kr. Gjald samkvæmt þessari málsgrein greiðist þangað til slitum er lokið. Fyrirtæki greiðir eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi töluliðum 1. mgr. þar til það fer undir yfirráð skilanefndar, slitastjórnar eða bráðabirgðastjórnar en hlutfallslega skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar frá því tímamarki.

3. gr.

Lokamálsliður 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Hætti eftirlitsskyldur aðili starfsemi áður en eftirlitsgjald er að fullu greitt fellur niður sá hluti gjaldsins sem ekki er kominn í gjalddaga þegar starfsleyfi fellur úr gildi, sbr. þó 9. mgr. 5. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

558. Tillaga til þingsályktunar [389. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 17. desember 2010 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 17. janúar 2011.

559. Nefndarálit [339. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur, Bjarnheiði Gautadóttur og Sturlaug Tómasson frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Gissur Pétursson og Unni Sverrisdóttur frá Vinnumálastofnun, Tryggva Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sonju Ýri Þorbergsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ragnar Árnason frá Samtökum atvinnulífsins, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands og Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi háskólamanna og Kennarasambandi Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samiðn – sambandi iðnfélaga, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu og Bandalagi háskólamanna.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar þess efnis að þeir sem hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur í fyrsta skipti 1. maí 2008 eða síðar hafi rétt á áframhaldandi atvinnuleysisbótum í tólf mánuði til viðbótar frá þeim degi er þriggja ára tímabili þeirra lýkur enda uppfylli þeir áfram skilyrði til greiðslu atvinnuleysisbóta. Þá

er lögð til sú breyting á bráðabirgðaákvæði um heimild til greiðslu atvinnuleysisbóta á móti minnkuðu hlutastarfi, til launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga, að ákvæðið framlengist til 30. júní 2011 en heimildin mun að óbreyttu falla úr gildi um næstu áramót. Að auki er lögð til sú breyting að starfshlutfall launafólks verði að skerðast um 30% hið minnsta í stað 20% áður svo að viðkomandi geti átt rétt á hlutfallslegum greiðslum. Í frumvarpinu er einnig lögð til breyting á lögum um málefni aldraðra þar sem lagt er til að Framkvæmdasjóði aldraðra verði heimilt á grundvelli laga um málefni aldraðra að ráðstafa fé úr sjóðnum til reksturs hjúkrunarheimila á árinu 2011.

Samstarfshópur.

Líkt og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið hefur verið starfandi samstarfshópur á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis þar sem eiga sæti auk fulltrúa ráðuneytisins fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Vinnumálastofnun. Hefur hópurinn unnið tillögur að breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar. Gerðu gestir alvarlegar athugasemdir við að í fyrirliggjandi frumvarpi hefði vinna hópsins algjörlega verið sniðgengin og tillögur hans ekki ratað þar inn nema að mjög litlu leyti. Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að sátt hefði náðst um breytingar á lögunum er lytu að því að veita atvinnuleitanda rétt til veikindadaga án þess að hann félli við það af bótum. Auk þess sem hópurinn hefði unnið tillögur er lytu að því að styrkja eftirlitsheimildir Vinnumálastofnunar og koma í veg fyrir bótasvik.

Veikindaréttur atvinnuleitanda.

Fyrsti minni hluti telur það mikilvægt réttindamál að atvinnuleitendum sé tryggður veikindaréttur og leggur til að við frumvarpið bætist ákvæði þess efnis.

Samkvæmt gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að sá sem er óvinnufær vegna tilfallandi veikinda teljist vera í virkri atvinnuleit í skilningi 14. gr. laganna og þar með telst hann ekki tryggður á grundvelli laganna þann tíma sem veikindin standa yfir. Lögð er til breyting á 14. gr. en ekki talið að um efnisbreytingu á gildandi lögum sé að ræða þótt lagt sé til að tekið verði skýrar fram í lögunum en áður að þeim sem fá greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli laganna beri að tilkynna um tilfallandi veikindi sín til Vinnumálastofnunar enda séu þeir óvinnufærir þann tíma og geti þar af leiðandi hvorki tekið starfi sem býðst né tekið þátt í virkum vinnumarkaðsúrræðum. Lagt er til að sá sem telst tryggður samkvæmt lögunum geti talist í virkri atvinnuleit þrátt fyrir tilfallandi veikindi í allt að fimm daga samtals sem heimilt verði að nýta að hámarki í tvennu lagi á hverju tólf mánaða tímabili enda hafi hann verið skráður innan kerfisins samtals í fimm mánuði frá fyrstu skráningu á sama tímabili. Er þá átt við það tímabil sem viðkomandi er skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun og telst hluti þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 29. gr. laganna. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að honum beri að tilkynna til Vinnumálastofnunar um upphaf og lok veikindanna. Vari tilfallandi veikindi lengur en fimm daga á hverju tólf mánaða tímabili fengi viðkomandi ekki greiddar atvinnuleysisbætur fyrir þá daga sem umfram eru. Sem dæmi má nefna að einstaklingur sem hefur verið skráður án atvinnu í samtals sex mánuði og verður tilfallandi veikur í þrjá daga fengi greiddar atvinnuleysisbætur fyrir það tímabil og teldist það hluti tímabilsins sem atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 29. gr. laganna, enda tilkynni hann um upphaf veikindanna til Vinnumálastofnunar á fyrsta degi þeirra sem og um lok veikindanna. Hinn tryggði gæti þá aftur orðið veikur í tvo daga innan tólf mánaða frá upphafi

fyrri veikindanna án þess að það hefði áhrif á greiðslu atvinnuleysisbóta til hans. Yrði hann veikur í lengri tíma en tvo daga innan tímabilsins fengi hann ekki greiddar atvinnuleysisbætur fyrir þá daga sem umfram væru. Í slíkum tilvikum kynni viðkomandi hins vegar að eiga rétt á greiðslum frá sjúkrasjóði þess stéttarfélags sem hann er félagi í hafi hann áfram greitt til stéttarfélags síns eftir að hann missti starf sitt, sbr. 2. mgr. 37. gr. laganna.

Þá leggur 1. minni hluti jafnframt til breytingu á 29. gr. laganna þess efnis að gert er ráð fyrir að sá tími sem tilfallandi veikindi standa yfir skv. 14. gr. laganna teljist til þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 29. gr. Telur 1. minni hluti mikilvægt að veita Vinnumálastofnun svigrúm til að útfæra breytingarnar og gera nauðsynlegar kerfisbreytingar en telur þó hér um það mikilvæg réttindi að ræða að ekki sé rétt að fresta gildistöku ákvæðanna nema um mjög skamman tíma. Leggur 1. minni hluti því til að gildistaka þessara ákvæða verði 1. mars. 2011. Áætlað er að breytingin leiði til 20–30 millj. kr. útgjaldaauknningar á ársgrundvelli.

Eftirlitsheimildir Vinnumálastofnunar.

Samráðshópurinn hafði jafnframt gert drög að breytingum á 59. og 60. gr. laganna sem miða að því að styrkja eftirlitsheimildir Vinnumálastofnunar. 1. minni hluti telur þessar breytingar mikilvægar en leggur ekki til breytingar á 60. gr. að svo stöddu þar sem um efnisbreytingu er að ræða sem ekki gafst tími til að ræða með fullnægjandi hætti í nefndinni. Í 59. gr. laganna er m.a. kveðið á um tilvik þegar einstaklingur sem er tryggður samkvæmt lögunum lætur hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar skv. h-lið 1. mgr. 14. gr. laganna en í þeirri grein eru tiltekin skilyrði þess að einstaklingur teljist í virkri atvinnuleit. Skv. 59. gr. missir hinn tryggði í þessum tilvikum rétt til atvinnuleysisbóta í tvo mánuði. Hið sama á við hafi einstaklingur vísvitandi látið hjá líða að tilkynna Vinnumálastofnun um breytingar sem orðið hafa á högum hans og kunna að hafa áhrif á rétt hans til atvinnuleysisbóta. Lagðar eru til þær breytingar á ákvæðinu að viðurlögin um bótamissi eigi ekki einungis við hafi verið látið hjá líða að veita upplýsingar skv. h-lið 1. mgr. 14. gr. heldur upplýsingar skv. 14. gr. og þar af leiðandi m.a. um öll skilyrði fyrir virkri atvinnuleit. Að auki leggur 1. minni hluti til að fellt verði brott orðið „vísvitandi“ þannig að ákvæðið muni eiga við um tilvik þegar hinn tryggði lætur hjá líða að tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem kunna að verða á högum hans á því tímabili enda þótt ekki sé unnt að sýna fram á að hann hafi vísvitandi haldið þessum upplýsingum leyndum fyrir stofnuninni.

Hlutfallslegar atvinnuleysisbætur.

Fyrsti minni hluti ræddi þá breytingu sem lögð er til á ákvæðum um bætur vegna minnkaðs starfshlutfalls. Ákvæðin voru lögfest tímabundið í nóvember 2008 vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði. Síðan hafa ákvæðin tekið nokkrum breytingum og verið framlengd nokkrum sinnum.

Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að ólíklegt væri að sú breyting að hlutfallslegar atvinnuleysisbætur greiðist aðeins ef starfshlutfall skerðist um 30% hið minnsta í stað 20% áður mundi draga úr útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Aftur á móti mundu því fylgja aukin útgjöld þar sem gera mætti ráð fyrir því að hluti þeirra sem nú væri í 80% starfi yrðu skertir í 70%. Reynslan af breytingu hlutfallsins úr 20% í 10% hafi sýnt það. Þá skapaði breytingin einnig hættu á því að fólki yrði einfaldlega sagt upp starfi sínu með tilheyrandi útgjaldahækkun úr sjóðnum. Breytingin færi því gegn því markmiði að halda fólki virku og draga úr uppsögnum. Nefndinni voru jafnframt kynnt gagnstæð sjónarmið þess efnis

að margt launafólk hafi þurft að þola lækkun fastra launa, lækkun tekna vegna minni yfirvinnu og uppsögn á fastri yfirvinnu en engar bætur hafi verið greiddar til þess fólks.

Breytingin er liður í því að ná aðhaldsmarkmiðum í fjárlögum 2011 um lækkun útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs. Til að mæta gagnrýni á ákvæðið leggur 1. minni hluti til að það skilyrði að starfshlutfall launafólks verði að skerðast um 30% hið minnsta í stað 20% áður eigi eingöngu við um þá sem sækja um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V í fyrsta skipti 1. janúar 2011 eða síðar. Þannig geta þeir sem þegar hafa fengið greiddar hlutfallslegar atvinnuleysisbætur fyrir 1. janúar 2011 samhliða skertu starfshlutfalli sem hefur verið skert um allt að 29% áfram fengið greiddar slíkar atvinnuleysisbætur. Með þessu er því ekki verið að taka af fólki rétt sem það hefur haft fram að þessu en ný viðmið eiga við um alla þá sem verða fyrir skerðingu starfshlutfalls eftir gildistöku laganna.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu um frumvarpið var gert ráð fyrir að sparnaður af lækkun hlutfalls úr 20% í 30% yrði 170 millj. kr. á ársgrundvelli að því gefnu að ákvæðið yrði framlengt að nýju um mitt ár til loka árs 2011. Sú breyting sem 1. minni hluti leggur til dregur úr þeim sparnaði og er áætlaður sparnaður samkvæmt útreikningum ráðuneytisins í kringum 40 millj. kr. á hálfsársgrundvelli eða 80 millj. kr. á ársgrundvelli ef ákvæðið yrði framlengt að nýju.

Lenging bótatímabils.

Fyrsti minni hluti leggur til breytingu á 3. gr. frumvarpsins í því skyni að ákvæðið nái betur tilgangi sínum og komi til móts við þá sem misstu störf sín vegna þeirra aðstæðna á vinnumarkaði sem rekja má til efnahagsþrenginganna á árinu 2008. Þykir 1. minni hluta eðlilegra að miða við að þeir sem fengu í fyrsta skipti greiddar atvinnuleysisbætur 1. mars 2008 eða síðar, í stað 1. maí 2008 eða síðar, geti átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta í tólf mánuði til viðbótar frá þeim degi er þriggja ára tímabili þeirra skv. 1. mgr. 29. gr. laganna lýkur enda uppfylli þeir áfram skilyrði laganna um rétt til atvinnuleysisbóta. 1. minni hluti telur mikilvægt að gera þessa breytingu á frumvarpinu enda fer einstaklingum sem verið hafa á atvinnuleysisbótum í þrjú ár samfleytt fjölgandi frá og með 1. mars 2011. Áætlað er að breytingin leiði til 110 millj. kr. útgjaldaaukningar á ársgrundvelli.

Jafnframt leggur 1. minni hluti til tæknilega breytingu til að tryggja að 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins nái markmiði sínu. Réttur skv. 2. mgr. virkjast ekki fyrr en gildistími og er því lögð til sú breyting að ákvæði 2. mgr. hafi ekki afmarkaðan gildistíma.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir í áliti þessu og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ólafur Þór Gunnarsson, Ásmundur Einar Daðason og Unnur Brá Konráðsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 2010.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, form., frsm. Jónína Rós Guðmundsdóttir. Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

560. Breytingartillögur [339. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar (SII, JRG, ÞSveinb, LRM).

1. Á undan 1. gr. komi þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (1. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:
      a. Á eftir a-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: hefur heilsu til að taka starfi eða taka þátt í virkum vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. þó 5. mgr.
      b. Í stað tilvísunarinnar „skv. h-lið 1. mgr.“ í 2. mgr. kemur: skv. 1. mgr., þar á meðal um tilfallandi veikindi.
      c. Í stað tilvísunarinnar „b-, d- og e-liðar“ í 4. mgr. kemur: c-, e- og f-liðar.
      d. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi:
         Hinn tryggði telst vera í virkri atvinnuleit þrátt fyrir tilfallandi veikindi í allt að fimm daga samtals sem heimilt er að nýta að hámarki í tvennu lagi á hverju tólf mánaða tímabili enda hafi hinn tryggði verið skráður innan kerfisins í fimm mánuði samtals frá fyrstu skráningu á sama tímabili, sbr. 29. gr. Hinn tryggði skal tilkynna um upphaf og lok veikinda til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar. Skal hann jafnframt skila inn læknisvottorði innan viku frá því að veikindum lauk óski Vinnumálastofnun eftir því.
      e. Í stað tilvísunarinnar „h-lið“ í 6. mgr., sem verður 7. mgr., kemur: i-lið.
   b. (2. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:
      a. Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: sem og sá tími er viðurlög skv. XI. kafla standa yfir.
      b. Við 3. málsl. 1. mgr. bætist: og um þann tíma er tilfallandi veikindi standa yfir skv. 5. mgr. 14. gr.
   c. (3. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:
      a. Í stað tilvísunarinnar „skv. h-lið 1. mgr. 14. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. 14. gr.
      b. Orðið „vísvitandi“ í 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
2. Við 1. gr. B-liður orðist svo: Í stað 6. og 7. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ákvæði þetta gildir til 30. júní 2011. Þrátt fyrir 2. mgr. geta þeir sem þegar hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis þessa fyrir 1. janúar 2011 samhliða allt að 29% skertu starfshlutfalli fengið áfram greiddar atvinnuleysisbætur á gildistíma ákvæðisins.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað dagsetningarinnar „1. maí 2008“ í 1. mgr. komi: 1. mars 2008.
   b. Á eftir orðunum „fjögur ár“ í 2. mgr. komi: skv. 1. mgr.
   c. Í stað orðanna „Ákvæði þetta“ í 3. mgr. komi: Ákvæði 1. mgr.
4. Við 5. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó öðlast 1. og 2. gr. ekki gildi fyrr en 1. mars 2011.

561. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (frestun gildistöku ákvæðis um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi).

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá iðnaðarráðuneyti, Helga Þór Ingason, Elínu Smáradóttur, Jakob S. Friðriksson og Harald Flosa Tryggvason frá Orkuveitu Reykjavíkur og Pál Gunnar Pálsson og Snorra Stefánsson frá Samkeppniseftirlitinu. Þá bárust umsagnir frá BSRB, Fallorku, Hrunamannahreppi, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK, Reykjavíkurborg, Samkeppniseftirlitinu, Samtökum iðnaðarins og Vegagerðinni.

Með frumvarpinu er lagt til að framkvæmd ákvæða raforkulaga varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta verði frestað til 1. janúar 2012. Iðnaðarráðuneytið mun þá nýta þann tíma sem gefst til að láta fara fram hagfræðilega úttekt á því hvort sá fyrirtækjaaðskilnaður sem mælt er fyrir um í gerðum Evrópusambandsins á sviði raforkumála (sbr. tilskipun 2003/54/EB og tilskipun 2009/72/EB) eigi að öllu leyti við um markaðsaðstæður hér á landi og hvort hann sé til þess fallinn að skapa samkeppnisumhverfi sem sé neytendum raforkuþjónustu til hagsbóta.

Ákvæði þau sem hér um ræðir voru samþykkt á Alþingi árið 2008 með lögum nr. 58/2008, í þá veru að gerð er krafa um að samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi orkufyrirtækja verði rekin í aðskildum fyrirtækjum frá og með 1. júlí 2009. Í kjölfar lagabreytinganna átti sér stað 1. janúar 2009 formleg uppskipting Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf., sem annast virkjanir og raforkusölu, og HS Veitur hf., sem annast veitustarfsemi fyrirtækisins, en ekki hefur orðið af sams konar uppskiptingu innan Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveita Reykjavíkur óskaði eftir því með bréfi 6. september sl. að iðnaðarráðherra flytti frumvarp til laga um frestun gildistöku breytingar á 14. gr. raforkulaga. Hér er því um að ræða þriðju frestunina á framkvæmd þessara ákvæða en með lögum nr. 142/2009, um breytingu á raforkulögum, var gildistöku breytingar á 14. gr. raforkulaga frestað í annað sinn til 1. janúar 2011.

Nefndin hefur fjallað um málið. Fram komu hjá umsagnaraðilum ábendingar um að Orkuveita Reykjavíkur hefði misnotað undanþágu sína frá aðgreiningu á samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi með hækkun gjaldskrár raforkudreifingar sl. haust. Meiri hlutinn vill benda á að samkvæmt raforkulögum er Orkuveitu Reykjavíkur óheimilt að niðurgreiða samkeppnisrekstur fyrirtækisins með sérleyfisstarfseminni og hefur Samkeppniseftirlitið eftirlit með því og ákveðin úrræði. Meiri hlutinn vill þó taka fram að á fundi nefndarinnar með Samkeppniseftirlitinu kom fram að því hefur borist ábending um hvort samkeppnislög hafi verið brotin og er málið í rannsókn. Endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir í málinu.

Meiri hlutinn vill einnig benda á að óleyst er fyrirsjáanlegt skattalegt óhagræði við færslu á eignum úr móðurfélagi Orkuveitu Reykjavíkur, sem er sameignarfyrirtæki, í dótturfélag en eignir sem flytja þyrfti á milli nema verulegum fjárhæðum. Við þann flutning myndast skattalegur hagnaður en meginreglan er að í skattalegu tilliti er farið með skiptingu félaga sem sölu eigna til þeirra félaga sem við taka. Þó eru þær undantekningar að slíkt nær einvörðungu til hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga en eins og að framan greinir er Orkuveitan sameignarfyrirtæki og fellur ekki undir neitt þeirra félagaforma. Við uppskiptingu fyrirtækisins gætu því myndast skattskyldar tekjur, sem næmu mismun raunverðs og

skattalegs bókfærðs verðs þeirra eigna er frá fyrirtækinu flyttust í dótturfélög. Uppsafnað skattalegt rekstrartap mundi hins vegar ekki að neinu leyti flytjast til viðtökufélagsins. Þessi staða yki enn á óhagræði Orkuveitu Reykjavíkur af því að ráðast í uppskiptingu fyrirtækisins.

Í umsögnum um málið kom fram óánægja með að fresta ætti gildistöku ákvæða um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi til 1. janúar 2012. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið en áréttar að óumflýjanlegt sé að fresta gildistöku ákvæðisins í ljósi aðstæðna á fjármálamörkuðum, viðkvæmrar stöðu orkufyrirtækjanna varðandi fjármögnun og þess að þörf er á hagfræðilegri úttekt á framangreindum fyrirtækjaaðskilnaði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 15. des. 2010.

Kristján L. Möller, form., frsm. Lilja Rafney Magnúsdóttir. Lilja Mósesdóttir.

Sigmundur Ernir Rúnarsson. Magnús Orri Schram.

562. Svar [325. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

1. *Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Ráðstöfunarfé iðnaðarráðherra var 8 millj. kr. á ári á árunum 2006–2009 en 5,6 millj. kr. á árinu 2010.

2. *Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Í meðfylgjandi yfirliti koma fram upplýsingar um úthlutun á ráðstöfunarfé ráðherra frá árinu 2006 til 15. desember 2010. Þeirri fjárhæð sem enn er ógreidd af fjárveitingum ársins 2010 hefur verið ráðstafað m.a. til vöruþróunarverkefna í heilsutengdri ferðaþjónustu. Um mitt ár 2009 var tekin ákvörðun um að ráðstöfunarfé ráðherra yrði einungis veitt til stefnumótandi verkefna á fagsviðum ráðuneytisins og vegna óvæntra og eða nýrra verkefna sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum.

Ráðstöfunarfé ráðherra – árið 2006

Móttakandi framlags	Verkefni	Upphæð
Sumartónleikar við Mývatn	Kórastefna við Mývatn	100.000
Jón Árni Vignisson	Minnisvarði um Sigurjón Rist vatnamælingamann	250.000
Bjarni Páll Ingason	Rannsókn á uppruna íslensks bókfells	500.000
Birgir Viðarsson	Hljómsveitin Hudson Wayne, tónleikaferð til Berlínar	75.000
Margrét Soffía Björnsdóttir	Kynning á íslenskri list og hönnun í Kaupmannahöfn	150.000
Verkmenntaskólinn Akureyri	Þátttaka í Evrópukeppni ungs fólks í frumkvöðlafræðum	150.000
Brynhildur Pálsdóttir	Samstarfsverkefni um hönnun, Vík Prjónsdóttir	100.000
Arnór Heiðar Arnórsson	Undirbúningur endurvinnslu járns og brotamálma í Rússlandi	700.000
Eygló Margrét Lárusdóttir	Þátttaka fatahönnuða í Cophenhagen vision	75.000

Listaháskóli Íslands	Útskriftarsýning fatahönnunardeildar LHÍ	175.000
Zonet ehf.	Þátttaka Guitar Islandico í „Japan-Iceland Society“ hátíðahöldum í Japan	200.000
Galleri Nordlys ApS	Sýning fimm íslenskra listamanna	150.000
Reykjavík Shorts&Docs	Heimilda- og stuttmyndahátíð í Reykjavík	300.000
Neytendasamtökin	Þing Neytendasamtakanna	150.000
Skýrslutæknifélag Íslands	Útgáfa bæklings	200.000
ICEMAN-Íslandsmót ehf.	Sýningin Matur 2006	300.000
Reykjavíkur Akademían ses.	Svartárkot, menning – náttúra	400.000
Háskólinn í Reykjavík ehf.	Fundur um samruna yfir landamæri	100.000
Félag viðskipta- og hagfræðinga	Ráðstefnan íslenski þekkingardagurinn	200.000
Metan hf.	Birting greinar í skýrslu loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna	150.000
MENNT	Íslandsmót iðnnema 2006	300.000
Íslensku tónlistarverðlaunin	Íslensku tónlistarverðlaunin	500.000
Congress Reykjavík ráðstefnuþj. ehf.	Norræn handprjónanámstefna	50.000
Stúdentaráð Háskóla Íslands	Prentun á kynningarefni vegna rannsóknardaga SHÍ	250.000
SagaZ ehf.	Útgáfa Guest hótelbókar og ritsins Design & Shopping	275.000
Fræðsluráð hótel- og matvælagreina	Norræna nemakeppnin í mat- og framreiðslu	150.000
Iðnnemasamband Íslands	64. þing Iðnnemasambands Íslands	75.000
Íslensk NýOrka ehf.	Viðræður við DaimlerChrysler um vetnisbíla	71.800
Íslensk NýOrka ehf.	Ferð á Globe 2006	125.000
Kirkju- og menningarmiðstöð Eskifj.	Kirkju- og menningarmiðstöð á Eskifirði	150.000
Form Ísland, samtök hönnuða	Stofnun sjónlistamiðstöðvar að Korpúlfsstöðum	500.000
Alþjóðleg kvikmyndahátíð Rvk ehf.	Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík	300.000
Alþjóðleg kvikmyndahátíð Rvk ehf.	Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík	200.000
Brekkukot ehf.	Handverkssýning í Nuuk á Grænlandi.	50.000
Kvenréttindafélag Íslands	Afmælisráðstefna Kvennréttindafélags Íslands	100.000
Kvenfélagasamband Íslands	Landsþing Kvenfélagasamband Íslands	300.000
	Samtals:	7.821.800

Ráðstöfunarfé ráðherra – árið 2007

Móttakandi framlags	Verkefni	Upphæð
Íslandsmót ehf.	Sýningin Hönnun og heimili	250.000
Skálholtsstaður	Námskeið í Skálholtsskóla um traust í viðskiptalífinu	200.000
ORG-Ættfræðiþjónustan ehf.	Skráning upplýsinga í ættfræðigrunn	100.000
Listaháskóli Íslands	Útskriftarsýning fatahönnunardeildar LHÍ	350.000
Félag hagfræðinema	Útgáfa Hagamála	15.000
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	Hjálparmenn í ferðir fatlaðra	100.000
Íslensku tónlistarverðlaunin	Íslensku tónlistarverðlaunin	600.000
Síldarminjasafn Íslands ses.	Menntun bátasmiða, styrkur til að endurheimta nýsmíði lítilla ára- og seglbáta	300.000
Kvenfélagasamband Íslands	Þátttaka á alheimsþingi ACWW í Finnlandi 2.–10. júní 2007	150.000
Félag heyrnarlausra	Ferð á Norrænt mót heyrnarlausra aldraðra í Svíþjóð	150.000
Útflutningsráð	Þýðingar bókar á rússnesku um orkurannsóknir	100.000
Kvenréttindafélag Íslands	Ráðstefna Kvenréttindafélags Íslands	100.000
Plús Film ehf.	Gerð heimildarmyndar um nýtingu jarðvarma á Íslandi	500.000
AP Sýningar ehf.	Afhending Vaxtarsprotans	250.000
Samband íslenskra auglýsingastofa	EFFIE-verðlaun	500.000
Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga	Ráðstefna	100.000
Verkfræðingafélag Íslands	Ráðstefna	100.000
Junior Achievement – Ungir frumkvöðlar	Námskeið	400.000
Framtíðarorka ehf.	Ráðstefna um vistvænar lausnir í samgöngumálum	150.000

Rannsóknamiðstöð Íslands	Vísindavaka 2007	500.000
Háskóli Íslands	Legó hönnunarkeppni grunnskólabarna	200.000
AP sýningar ehf.	Verk og vit, iðnsýning	250.000
Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja	Endurprentun á Orkuþingsbók 2006	70.000
Congress Reykjavík ráðstefnuþj. ehf.	NORDNET ráðstefna 2007	150.000
Íslenska vitafélagið	Ráðstefna um íslenska strandmenningu	150.000
Ísland-Tékkland, félag	Íslensk menningarhátið í Prag	100.000
Pétur Tryggvi Hjálmarsson	Listakaupstefnan The International Fair for Contemporary Object	200.000
Orkustofnun	TBO/Hjaltlandseyjar – Norrænt samstarf	700.000
Þórarinn Hjartarson	Saga bátaiðnaðar	1.000.000
	Samtals:	7.735.000

Ráðstöfunarfé ráðherra – árið 2008

Móttakandi framlags	Verkefni	Upphæð
Samtök ferðaþjónustunnar	Viðtöl við frumkvöðla í ferðaþjónustu	500.000
Framtíðarlandið, félag	„Vestfirðir á teikniborðinu“ útgáfa rits um niðurstöður málþings á Ísafirði	200.000
Íslensku tónlistarverðlaunin	Íslensku tónlistarverðlaunin	600.000
IÐNMENNT ses.	Íslandsmót iðngreina 2008	500.000
Bjarni Eyjólfur Guðleifsson	„Sýslufjöllin“ Gengið á hæsta tind í öllum sýslum landsins, útgáfa bókar	100.000
Leirubakki-ferðaþjónusta ehf.	Lærdómssetrið á Leirubakka	200.000
Samtök um sögutengda ferðaþjónustu	Málþing samtakanna	100.000
VV-222 ehf.	Vegahandbókin	200.000
Listahátíð í Reykjavík	Hringflug á Listahátíð með erlenda fréttamenn	440.000
Lögreglukór Reykjavíkur	Kórahátíð á Álandseyjum og á Norðurlandi	200.000
Svavar Sigurðsson	Barátta gegn fikniefnum	100.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri	10 ára afmælissýning	200.000
Gay Pride – Hinsegin dagar, félag	Hinsegin dagar í Reykjavík	100.000
Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar	Hönnunarsýning	800.000
Gallerí Humar og frægð	Tónleikar Bjarkar og Sigur Rósar	500.000
Átthagafélag Snæfjallahrepps	Endurbætur á aðstöðu ferðafólks í Dalbæ á Snæfjallaströnd	400.000
Reykjavík Shorts&Docs, áhugamannafélag	Heimilda- og stuttmyndahátíð í Reykjavík	300.000
Háskóli Íslands	Lego hönnunarkeppni	200.000
Rúna Knútsdóttir Tetzschner	Hljóðverk við Veðraspá	200.000
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	Styrkur vegna móttöku Markaðsstofu Norðurlands og Hólaskóla	100.000
Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi ehf.	Styrkur v. uppskeruhátíðar ferðaþjónustunnar á Norðurlandi	100.000
Raunvísindastofnun Háskólans	Alþjóðlegt þing eldfjallafræðinga	100.000
Jón Ársæll Þórðarson	Saga manns, saga þjóðar, Brot úr lífi og starfi Ágústs Þorvaldssonar	200.000
Vitinn –Verkefnastofa	Nýsköpunarkeppni grunnskólanema	700.000
Hagfélagið ehf.	Atvinnulífssýning (Húnverskir dagar) í Reykjavík í febrúar 2009	300.000
Menntaskólinn í Kópavogi	Nemakeppni framreiðslunema í Eistlandi	150.000
Félag blikksmiðjueigenda	Kynningarefni til grunnskóla um blikksmíði	250.000
Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna	Styrkur vegna komu Kaj Mickos til Íslands	250.000
	Samtals:	7.990.000

Ráðstöfunarfé ráðherra – árið 2009

Móttakandi framlags	Verkefni	Upphæð
Helgi B. Daníelsson	Kynningarefni fyrir Grímsey, gerð heimasíðu	200.000
Menningarmiðlun ehf.	Myndasýningar Sigurðar Sigmundssonar í Skálholtsskóla	100.000
Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga	Íslenski þekkingardagurinn,	150.000
Gunnar Bender	Styrkur vegna útgáfu og dreifingar á stangveiðibók fyrir ungt fólk	250.000
Charles Matthew Strand	Útgáfa bókarinnar Project Iceland	250.000
Hönnunarmiðstöð Íslands ehf.	Hönnunarsýningin Design March	750.000
Vopnafjarðarhreppur	Málþing á Vopnafirði	500.000
Skaftáreldar ehf.	Eldmessa, heimildarmynd	500.000
Leikhópurinn Þíbilja	Leikin dagskrá um atvinnuleysi	400.000
Netsamband ehf.	Styrkur vegna flutnings og framleiðslu á vörum M-design	500.000
Laxfiskar ehf.	Sjóbirtingssetur við Kirkjubæjarklaustur	350.000
Framkvæmdasjóður Skrúðs	Uppbygging Skrúðs í Dýrafirði	3.000.000
Snorri Ásmundsson	Kærleikspíramídinn fyrir botni Miðjarðarhafs	300.000
Hönnunarsafn Íslands	Sýning í Hönnunarsafni Íslands	500.000
	Samtals:	7.750.000

Ráðstöfunarfé ráðherra – árið 2010

Móttakandi framlags	Verkefni	Upphæð
Slysavarnafélagið Landsbjörg	Samningur um bætt öryggi ferðamanna	1.000.000
Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar	Kortlagning hagrænna áhrifa skapandi greina	1.500.000
	Samtals:	2.500.000

563. Svar [253. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur um kostnað við mannanafnanefnd.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur kostnaður af rekstri mannanafnanefndar verið árin 2005–2010, sundurliðað eftir árum og helstu kostnaðarliðum?

Tekið var saman yfirlit um útgjöld til þessa verkefnis fyrir árin 2005–2010. Kostnaðurinn er sundurliðaður eftir árum og helstu kostnaðarliðumm í eftirfarandi töflu.

Kostnaður við mannanafnanefnd 2005–2010.

Stofnun/yfirviðfang/viðfang:0619011013 - Mannanafnanefnd						
Tegund	2005	2006	2007	2008	2009	Nóv. 2010.
5141 - Fastar aukagreiðslur	379.565					
5149 - Aðrar aukagreiðslur	435.097	762.888	808.344	869.880	922.800	677.880
5181 - Launatengd gjöld	108.016	119.234	141.632	152.395	170.032	142.348
52110 - Ritföng, pappír, bréfabindi			225			22.196
52102 - Bækur, tímarit, blöð		2.289				
52120 - Ljósritunar-, prent- og fjölritunarvörur			14.670			
54110 - Ráðstefnugjöld			20.000			
54112 - Ráðstefnugjöld			20.000			
54202 - Fargjöld innanlands			3.400			
54240 - Dvalarkostnaður innanlands			10.000			
54242 - Dvalarkostnaður innanlands án vsk			16.850			
54410 - Lögfræðingar	246.295					
54538 - Tölvuvinnsla og rekstrarsamningar, rekstrarþjónusta				165.024		
54900 - Prentun, fjölritun, bókband, ljósritun	15.740	44.384				
54912 - Póstburðargjöld	2.210	7.500	5.450	6.250		20.750
54932 - Þjónustugjöld, ýmis	2.800					
55130 - Símagjöld og afnotagjöld af línum	50.332	42.537	42.427	2.045		
55132 - Símagjöld og afnotagjöld af línum án vsk		3.867				
57132 - Dráttarvextir	213	334	123			
Samtals	**1.240.268**	**983.033**	**1.083.121**	**1.195.594**	**1.092.832**	**863.174**
Samtals 2005-2010	**6.458.022**					

564. Svar [154. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um fækkun starfa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur störfum fækkað mikið hér á landi árin 2008 og 2009 og það sem af er þessu ári?

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands fór fjöldi þeirra sem starfa á innlendum vinnumarkaði mest í 183.800 einstaklinga á þriðja ársfjórðungi 2008 en hefur minnkað síðan. Þannig voru 171.500 einstaklingar starfandi á innlendum vinnumarkaði á þriðja ársfjórðungi 2009 og 170.200 á þriðja ársfjórðungi 2010. Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands hefur virkum þátttakendum á vinnumarkaði því fækkað um 13.600 manns frá því sem mest var á þriðja ársfjórðungi 2008 til þriðja ársfjórðungs 2010.

Fjölda starfandi einstaklinga á innlendum vinnumarkaði á árunum 2008, 2009 og það sem af er þessu ári samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands má sjá í eftirfarandi töflu sem og á eftirfarandi mynd:

Fjöldi starfandi eftir ársfjórðungum 2008–2010.

Ár	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.
2008	174.000	181.500	183.800	175.000
2009	165.500	167.500	171.500	166.500
2010	163.900	169.500	170.200	



565. Svar [230. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar um undanþágur frá banni við að sprauta hvíttunarefnum í fisk.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu lengi munu matvælayfirvöld veita undanþágur frá banni við að sprauta hvíttunarefnum í fisk við vinnslu?

Um notkun aukefna í matvælum gildir reglugerð nr. 285/2002, með síðari breytingum. Sérstaklega er bent á viðauka II, en þar kemur fram hvaða aukefni má nota í fiskafurðir. Ekki er heimilt að nota fjölfosföt í ferskan eða saltaðan fisk, en heimilt er að nota fjölfosföt í frystan fisk og fiskafurðir. Undantekningarlaust er skylt að merkja aukefni ef þau eru notuð.

Vegna óska Samtaka fiskvinnslustöðva féllst Matvælastofnun, hinn 7. apríl 2010, á að fresta áður boðuðum aðgerðum vegna notkunar fjölfosfata í saltfisk til 1. janúar 2011, þar sem lögð hafði verið fram umsókn til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að notkun fjölfosfata verði heimil í fleiri vörur, þ.m.t. saltfiski.

Hinn 22. september 2010 bárust íslenskum yfirvöldum bréf frá Eftirlitsstofnun EFTA þar sem óskað var upplýsinga um breytta afstöðu Matvælastofnunar og óskað eftir afstöðu íslenskra yfirvalda vegna notkunar fosfata í saltfisk á Íslandi, sem að mati Eftirlitsstofnunar EFTA er óheimil.

Ráðuneytið svaraði þessu erindi Eftirlitsstofnunar EFTA með bréfi, dags. 1. október 2010, og í framhaldi af því barst ráðuneytinu bréf frá stofnuninni, dags. 1. desember 2010 (Letter of formal notice), þar sem fram kom sú afstaða stofnunarinnar að yfirvöldum bæri að framfylgja umræddu banni við notkun fjölfosfata í saltfiskframleiðslu tafarlaust. Í bréfinu var veittur 10 daga frestur til að svara. Ef ekki yrði brugðist við yrði málinu fylgt eftir með dóm-

stólameðferð hjá EFTA-dómstólnum og jafnframt bent á að Eftirlitsstofnun EFTA mundi hugsanlega gera kröfu um að tilteknum bráðabirgðaaðgerðum yrði beitt gegn Íslandi skv. 41. gr. samningsins um stofnun Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins. Slíkar aðgerðir felast í því að EFTA-dómstóllinn úrskurðar um tilteknar aðgerðir að kröfu Eftirlitsstofnunar EFTA sem mundu þá taka gildi strax í janúar eða byrjun febrúar 2011 eftir því hversu hratt málið yrði rekið fyrir dómstólnum. Ekki er að finna nánari skýringar í 41. gr. EES-samningsins á því um hvers kyns bráðabirgðaráðstafanir gæti verið að ræða, en líklegt má telja að þær mundu felast í einhverjum tilteknum ráðstöfunum sem íslenskum yfirvöldum væri gert að grípa til í því skyni að tryggja að íslenskur saltfiskur yrði ekki fluttur út til ríkja innan EES-svæðisins. Sem dæmi um hugsanlega kröfugerð má nefna bann við markaðssetningu á saltfiskafurðum frá Íslandi innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ef úrskurður félli Eftirlitsstofnun EFTA í vil mundu slíkar ráðstafanir taka gildi þegar við uppkvaðningu úrskurðar.

Eftir fund ráðuneytisins með fulltrúum utanríkisráðuneytisins og forráðamönnum saltfiskframleiðenda 9. desember 2010, þar sem framangreind staða málsins var rædd, var ákveðið að fallast á kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA um að efnisákvæðum löggjafarinnar yrði framfylgt án tafar, þ.e. frá og með 1. desember 2010 að telja. Bréf þessa efnis var sent Eftirlitsstofnun EFTA 10. desember 2010.

Samkvæmt framansögðu hefur Matvælastofnun, frá og með 1. desember 2010, gengið eftir því að þessum ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

566. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Helgu Helgadóttur, Maríönnu Jónasdóttur og Sigurð Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Ólaf Hannibalsson og Helga K. Hjálmsson frá Landssambandi eldri borgara, Pétur Reimarsson og Halldór Árnason frá Samtökum atvinnulífsins, Arinbjörn Sigurgeirsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Lilju Þorgeirsdóttur og Báru Snæfeld Jóhannsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Helgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Harald I. Birgisson frá Viðskiptaráði, Gunnar Val Sveinsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Almar Guðmundsson frá Félagi atvinnurekenda, Bjarna Má Gylfason frá Samtökum iðnaðarins, Andrés Magnússon frá Samtökum verslunar og þjónustu, Hrafn Magnússon og Gunnar Baldvinsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Ingvar Rögnvaldsson, Elínu Ölmu Arthúrsdóttur og Guðrúnu Jennýju Jónsdóttur frá ríkisskattstjóra, Vilhjálm Bjarnason frá Samtökum fjárfesta, Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hildigunni Hafsteinsdóttur frá Neytendasamtökunum, Stefán Eiríksson lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu og Rafn M. Jónsson og Stefán Hrafn Jónsson frá Lýðheilsustöð.

Umsagnir um málið bárust frá eftirtöldum aðilum: Alþýðusambandi Íslands, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Biskupsstofu, Bændasamtökum Íslands, Deloitte hf., Félagi atvinnurekenda, Félagi löggiltra endurskoðenda, Frama – banda-

lagi íslenskra leigubílstjóra, Hagsmunasamtökum heimilanna, Jafnréttisstofu, KPMG hf., Landssambandi eldri borgara, Landssamtökum lífeyrissjóða, Neytendasamtökunum, Orkustofnun, PriceWaterhouseCoopers hf., ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, ríkisútvarpinu, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjárfesta, Seðlabanka Íslands, Siglingastofnun, Strætó bs., svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi og Vestfjörðum, tollstjóra, Tryggingastofnun ríkisins, umboðsmanni skuldara, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Viðskiptaráði Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands.

Frumvarpið.

Frumvarpið er lagt fram í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins fyrir næsta ár og stefnu ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum sem unnin er á grundvelli efnahagsáætlunar Íslands í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Í frumvarpinu eru lagðar til sérstakar tekjuöflunaraðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2011. Yfirlit yfir þær og hvernig þær skiptast milli tekjustofna er í athugasemdum frumvarpsins. Eftirtaldar aðgerðir eru lagðar til: að hlutfall fjármagnstekjuskatts einstaklinga hækki úr 18% í 20% sem áætlað er að skili á næsta ári um 1,5 milljarði kr., að hlutfall tekjuskatts hlutafélaga og einkahlutafélaga hækki úr 18% í 20% og samsvarandi hjá sameignar- og samlagsfélögum sem skili um 500 millj. kr., að hlutfall auðlegðarskatts hækki úr 1,25% í 1,50% auk lækkunar á fríeignamörkum úr 90 millj. kr. í 75 millj. kr. hjá einstaklingum og úr 120 millj. kr. í 100 millj. kr. hjá hjónum sem skili um 1,5 milljarði kr., að hlutfall erfðafjárskatts hækki úr 5% í 10% auk hækkunar á fríeignamörkum úr 1 millj. kr. í 1,5 millj. kr. sem skili 1 milljarði kr., að tóbaksgjald, sem hækkar 3% umfram verðlag, og sérstakt vörugjald í komuverslunum fríhafna skili 600 millj. kr., að kolefnisgjald hækki úr 50% í 75% sem hlutfall af verði losunarheimilda á uppboðsmarkaði ESB sem skili um 1 milljarði kr., að heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar verði rýmkuð sem skili um 3 milljörðum kr.

Forsendur fjárlaga gera einnig ráð fyrir kerfisbreytingu á bifreiðagjaldi og vörugjaldi bifreiða, sem skili um 200 millj. kr., og sérstökum bankaskatti, sem skili um 1 milljarði kr. en þær breytingar koma fram í sérstökum frumvörpum (sjá þskj. 214 í 197. máli og þskj. 213 í 196. máli). Gert er ráð fyrir að aðgerðirnar skili samanlagt um 10,3 milljörðum kr. en að aðgerðir sem fram koma í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar skili 9,1 milljarði kr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að barnabætur sem greiddar eru með börnum yngri en sjö ára og nema 61.191 kr. á ári með hverju barni verði skertar með tekjutengingu eins og aðrar barnabætur. Tekjuskerðingarhlutfallið verði 3% óháð fjölda barna. Einnig er lagt til að tekjuskerðingarhlutfall barnabóta vegna eins barns innan 18 ára aldurs, 152.331 kr. í tilviki hjóna og 253.716 kr. í tilviki einstæðra foreldra, hækki úr 2% í 3%. Með þessum breytingum er ætlunin að ná fram markmiðum fjárlagafrumvarpsins sem gerir ráð fyrir að heildarútgreiðslur barnabóta í ár nemi 10,5 milljörðum kr. en verði á næsta ári 9,2 milljarðar kr. Loks er lagt til að óheimilt verði að skuldajafna barnabótum á móti opinberum gjöldum út árið 2011, sbr. nú ákvæði til bráðabirgða XXXI í lögum um tekjuskatt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta skerðist sem nemur 7% af tekjuskattstofni í stað 6% og að ákvarðaðar vaxtabætur skerðist um 8% hjá öllum réttthöfum. Í fjárlagafrumvarpinu er reiknað með að greiðslur ríkissjóðs vegna vaxtabóta verði um 9,8 milljarðar kr. eða um 2 milljörðum kr. lægri en áætlun ársins 2010 gerir ráð fyrir. Frumvarpið nefnir ekki að hámarksfjárhæðir bótanna munu að óbreyttu lækka á næsta ári vegna ákvæðis XXXII til bráðabirgða í lögum um tekjuskatt. Tekið er fram í athugasemdum að í ljósi boðaðra aðgerða vegna skuldavanda heimila komi til greina að breyta kerfi vaxta-

bóta. Þá er lagt til að útgreiðsla vaxtabóta miðist við greidda vexti og verðbætur í stað gjaldfallinna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir almennri 4% hækkun á almennu vörugjaldi af eldsneyti, sérstöku bensíngjaldi og olíugjaldi sem reiknað er með að skili um 750 millj. kr. tekjuauka. Samsvarandi hækkun er lögð til á almennu og sérstöku kílómetragjaldi sem skili 30 millj. kr. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir 4% hækkun vörugjalds á áfengi sem skili 400 millj. kr. og 7% hækkun vörugjalds á tóbak sem er 3% umfram verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins. Gert er ráð fyrir að sú umframhækkun ásamt upptöku sérstaks vörugjalds í komuverslunum fríhafna skili um 600 millj. kr.

Í frumvarpinu eru lagðar til hækkanir á ýmsum mörkuðum tekjustofnum ríkisins í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins. Þar má nefna: hækkun útvarpsgjalds úr 17.200 kr. í 17.900 kr. sem skila á um 140 millj. kr. tekjuauka, hækkun vitagjalds úr 125,12 kr. af hverju brúttótonni skips í 130,12 kr. sem skili 10 millj. kr., hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra úr 8.400 kr. í 8.700 kr. sem skili 60 millj. kr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir skertum framlögum ríkisins til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga á grundvelli laga um sóknargjöld o.fl., og að gjaldið verði 698 kr. á mánuði árið 2011 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III í lögunum nemur gjaldið 767 kr. á mánuði fyrir árið 2010. Reiknað er með að breytingin spari ríkinu í heildina útgjöld að fjárhæð 236 millj. kr. að meðtaldri skerðingu á framlagi vegna Jöfnunarsjóðs sókna og Kirkjumálasjóðs. Þá er í frumvarpinu lagt til að skuldbinding ríkissjóðs á árinu 2011 gagnvart þjóðkirkjunni samkvæmt sérstöku samkomulagi ríkis og kirkju lækki á næsta ári um 100 millj. kr. og að framlag ríkisins til Kristnisjóðs skerðist um 5,9 millj. kr. Á þessu ári nam hagræðingarkrafan um 160 millj. kr. gagnvart þjóðkirkjunni og 9 millj. kr. gagnvart Kristnisjóði, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr. laga um almannatryggingar, fylgi hvorki launaþróun né verðlagi á næsta ári. Talið er að þetta spari ríkinu um 2,7 milljarða kr. miðað við spá um 3,5% verðbólgu sem nú hefur verið endurskoðuð.

Samkvæmt kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins er talið að í heild muni ráðstafanir frumvarpsins bæta afkomu ríkissjóðs um 15,6 milljarða kr. en á sama tíma hefur athygli efnahags- og skattanefndar verið vakin á verri hagvaxtarhorfum eftir útkomu uppfærðrar þjóðhagsspár frá liðnum nóvember, sbr. álit meiri hluta efnahags- og skattanefndar sem fylgir áliti meiri hluta fjárlaganefndar við fjárlagafrumvarpið (sjá fskj. I með þskj. 413 í 1. máli).

Umfjöllun nefndarinnar.

Talsmenn atvinnulífsins héldu því fram á fundum nefndarinnar að tekjuöflunaráform frumvarpsins hefðu neikvæð áhrif á endurreisn atvinnulífsins. Þannig væri hækkun fjármagnstekjuskatts og tekjuskatts lögaðila til þess fallin að halda aftur af innlendri eftirspurn, fjárfestingu og sparnaði. Þetta væri ekki síst alvarlegt í ljósi erfiðrar skuldastöðu heimila og fyrirtækja sem greiningaraðilar telja að geti staðið efnahagsbata næsta árs fyrir þrifum. Ólíklegt væri að aðgerðin leiddi til tekjuauka fyrir ríkissjóð og á það skorti að gerðar væru raunhæfar áætlanir um hagræðingu í ríkisrekstrinum. Jafnframt þyrfti að leggja aukna áherslu á verðmætasköpun.

Gagnrýnd voru þau ummæli í athugasemdum frumvarpsins að með hækkun á fjármagnstekjuskatti og tekjuskatti lögaðila væri ekki verið að íþyngja fjármagnseigendum og hluthöf-

um umfram launafólk. Um væri að ræða ólíka tekjustofna sem meðhöndla þyrfti með mismunandi hætti í skattalegu tilliti. Samtök atvinnulífsins segjast í sinni umsögn telja að ef hækkanirnar eru öðrum þræði hugsaðar til að sporna gegn misnotkun á hlutafélagaforminu sé verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni því miklu nær væri að beina þá sjónum að reglum um reiknað endurgjald. Samtökin hvetja einnig til þess í ljósi spár um minna atvinnuleysi á næsta ári að tryggingagjald lækki til samræmis og telur meiri hlutinn eðlilegt að þetta verði rætt í komandi kjarasamningsviðræðum.

Hækkun erfðafjárskatts var gagnrýnd á þeim grundvelli að um ósanngjarna skattheimtu væri að ræða og það sama var sagt um auðlegðarskattinn. Tilvist auðlegðarskatts væri úr takti við alþjóðlega þróun. Gerðar voru athugasemdir við að framkvæmd skattsins væri um margt óljós og að skatturinn gæti leitt til ótímabærrar sölu eigna eða ótímabærra arðgreiðslna úr félögum ef það væri eina raunhæfa leið eigendanna til að standa skil á skattinum. Aðrir lögðu áherslu á að skatturinn yrði tímabundinn. Nefndin ræddi einnig hvort tilvist skattsins hefði leitt til landflótta efnaðs fólks og jafnvel skilnaðar hjóna í því skyni að komast undan skattheimtunni.

Nefndin ræddi tillögur frumvarpsins um hækkun á áfengis- og tóbaksgjaldi og áhrif slíkrar hækkunar á tekjuöflun ríkissjóðs sem og á neyslumynstur og lýðheilsu. Í umsögn ÁTVR er talið að hækkanir á áfengisgjaldi að undanförnu hafi leitt til samdráttar í sölu sterkra drykkja og töldu ýmsir að hætta væri á að viðskiptin færðust í hendur aðila sem ekki væri haft eftirlit með og stunduðu ólöglega starfsemi eða heimbrugg. Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins og fulltrúar Lýðheilsustöðvar komu á fund nefndarinnar til að ræða þessi sjónarmið.

Aðilar í ferðaþjónustu, leigubifreiðastjórar og aðrir mótmæltu boðaðri 50% hækkun kolefnisgjalds og hækkunum á almennu og sérstöku bensíngjaldi, olíugjaldi og almennu og sérstöku kílómetragjaldi. Fram komu athugasemdir um að hækkanirnar kæmu illa við rekstur innanlandsflugs og hópbifreiðafyrirtæki. Innan nefndarinnar var enn fremur gagnrýnt að þrátt fyrir að yfirlýstur tilgangur kolefnisgjalds væri vernd umhverfisins væri raunverulega um að ræða skatt á einstaklinga til tekjuöflunar fyrir ríkið. Umhverfisstofnun leggur til í umsögn sinni að gjaldinu verði varið til þess að standa undir ráðstöfunum í loftslagsmálum, þ.m.t. viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir sem gert sé ráð fyrir að verði innleitt í íslenska löggjöf á næstu missirum.

Áhrif frumvarpsins til hækkunar á vísitölu neysluverðs eru metin 0,2% og var þessu harðlega mótmælt af hálfu Hagsmunasamtaka heimilanna með hliðsjón af verðtryggðum lánum heimilanna. Jafnframt voru gerðar athugasemdir við þá framsetningu í frumvarpinu að rökstyðja hækkanir á krónutölusköttum og gjöldum með vísan til verðlagshækkana, yrði það almenna reglan myndi það leiða til víxlverkunar skattahækkana og verðlags. Enn fremur töldu sumir að fenginni uppfærðri þjóðhagsspá þar sem gert er ráð fyrir 2,3% verðbólgu í stað 3,5% eins og forsendur fjárlagafrumvarpsins gera ráð fyrir, að eðlilegt væri að lækka samsvarandi krónutöluskatta og gjöld sem hækka eiga um 4% samkvæmt frumvarpinu.

Fulltrúar lífeyrissjóðanna tóku fram á fundi með nefndinni að framkvæmd á útgreiðslu séreignarsparnaðar hefði gengið vel og benda á að flestir af þeim 50.000 sem nýtt hafa heimildina hafi haldið áfram að leggja fyrir. Mestu varði að aðgerðin hafi hjálpað fólki í greiðsluerfiðleikum og um leið aukið tekjur ríkis og sveitarfélaga án þess að grafið hafi verið undan eignastöðu sjóðanna. Á móti heyrðust raddir um að framlenging og útvíkkun umræddrar heimildar væri sérdeilis varhugaverð í ljósi alvarlegrar skuldastöðu heimila sem sum ættu ekki annarra kosta völ en að framfleyta sér tímabundið með fjármunum sem hugsaðir hefðu verið sem séreign til elliáranna. Jafnframt komu fram sjónarmið um að eðlilegt væri að

heimila rétthöfum að taka út umbeðna fjárhæð á lengri tíma en 12 mánuðum. Í því sambandi gerir meiri hlutinn ráð fyrir að heimildin verði endurnýjuð fyrir árin 2012 og 2013.

Í umsögn ASÍ er því haldið fram að hlutfall tekjuöflunar samtals í aðgerðum ríkisstjórnarinnar sé orðið meira en upphafleg þriggja ára áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum gerði ráð fyrir en þar er miðað við að hlutfallið fari ekki fram úr 45% á móti 55% niðurskurði. Í umsögninni er einnig minnt á að samkvæmt lögum nr. 61/2008 sem samþykkt voru í tengslum við gerð kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins hefði persónuafsláttur átt að hækka um 3.000 kr. í upphafi árs 2011 að undangenginni verðlagsuppfærslu, samtals 4.000 kr. Þessi áform voru slegin af á 138. löggjafarþingi með lögum nr. 128/2009 þar sem fallið var frá hækkun persónuafsláttar. Einnig var athygli nefndarinnar vakin á neikvæðum áhrifum frumvarpsins á kjör lífeyrisþega, m.a. vegna þess að bætur almannatrygginga fylgi ekki verðlagi enn eitt árið. Skerðingu barnabóta var enn fremur mótmælt vegna þeirra áhrifa sem það hefði á ráðstöfunartekjur barnafólks, einkum þess sem hefur lágar tekjur. Þá komu fram sjónarmið um að áform frumvarpsins um skerðingu vaxtabóta ynnu gegn þeirri stefnu stjórnvalda að aðstoða fólk í skuldavanda.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram það sjónarmið að útvarpsgjald væri markaður tekjustofn sem lögum samkvæmt ætti að ráðstafa til að standa straum af rekstri Ríkisútvarpsins ohf. en ekki til almennrar tekjuöflunar ríkissjóðs. Einnig kom fram það sjónarmið að upptaka áfengis- og tóbaksgjalds í komuverslunum Fríhafnarinnar væri líkleg til að draga úr framlegð fyrirtækisins sem væri ríkisfyrirtæki og enn fremur skekkja alþjóðlega samkeppnisstöðu þess.

Breytingartillögur nefndarinnar.

Að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið leggur meiri hlutinn til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Meiri hlutinn leggur til leiðréttingu á 2. gr. sem felur ekki í sér efnisbreytingu heldur er ætlað að gera framsetningu ákvæðisins skýrari.
2. Meiri hlutinn leggur til að b- og c-liður 3. gr. falli brott.
3. Meiri hlutinn leggur til að við 6. gr. frumvarpsins bætist tvö ný ákvæði, annað varðar tillögu að vaxtabótum fyrir árin 2011 og 2012 en hitt tillögu um tímabundna vaxtaniðurfærslu. Breytingar þessar eru lagðar til að frumkvæði fjármálaráðuneytisins og til skýringar fylgja með álitinu greinargerðir ráðuneytisins er þetta varða (sjá fylgiskjal I og II).

   Auk þess leggur meiri hlutinn til þrjár breytingar á c-lið 6. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að við bætist ákvæði sem tryggi að bætur almannatrygginga sem og aðrar félagslegar bætur skerðist ekki vegna endurútreiknings afborgana og vaxta á gengistryggðum húsnæðis- og bílalánum sem tilkominn er vegna dóms Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggðra lána frá miðju sumri. Breytingin á sér fyrirmynd í 9. mgr. 16. gr. frumvarpsins. Í annan stað er lagt til að skattaðili geti óskað eftir endurákvörðun vaxtabóta telji hann sér það til hagsbóta. Skilningur meiri hlutans er að allir skuldarar fái notið allra þeirra vaxtabóta sem þeir hefðu notið með réttu ef lánskjör hefðu frá upphafi verið í samræmi við endurútreikning. Það er einnig skilningur meiri hlutans að undir ákvæðið falli lán sem tilgreind eru í c-lið 6. gr. frumvarps um uppgjör gengistryggðra lána (sjá þskj. 225 í 206. máli). Að fenginni umsögn ríkisskattstjóra er í þriðja lagi lagt til að tekið verði skýrt fram í ákvæðinu að regla þessi eigi eingöngu við um menn utan atvinnurekstrar.
4. Meiri hlutinn leggur til breytingu á fjárhæð í c-lið 11. gr. um að sterkt vín hækki aðeins um 1% og er sú breyting gerð með hliðsjón af ábendingum ÁTVR og Félags atvinnurekenda. Fjárhæðir í a- og b-lið greinarinnar standi óbreyttar.

Við meðferð málsins óskaði fjármálaráðuneytið eftir því að efnahags- og skattanefnd hlutaðist til um leiðréttingar á prósentutölum sem fram kæmu í d-lið 11. gr. og d-lið 13. gr. um upptöku áfengis- og tóbaksgjalds í komuverslunum fríhafnar þar sem ekki væri samræmi milli frumvarpstextans og athugasemda í greinargerð. Var þess óskað að hlutfallstölunni 15% í fyrrnefnda ákvæðinu yrði breytt í 10% og hins vegar að hlutfallstölunni 40% í síðarnefnda ákvæðinu yrði breytt í 20%. Meiri hlutinn fellst á fyrri breytinguna en ekki þá síðari. Meiri hlutinn telur enn fremur athugunarefni hvort yfirhöfuð standi sérstök efnisrök til tollfrjáls innflutnings tóbaks.

5. Meiri hlutinn leggur til að tilvísun í c-lið 14. gr. verði leiðrétt.
6. Í samræmi við óskir félags- og tryggingamálaráðuneytis er lagt til að við frumvarpið bætast ákvæði sem ætlað er að tryggja að ákvæði VI til bráðabirgða í lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og 14. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, haldist óbreytt árið 2011.
7. Með hliðsjón af endurmati á forsendum fjárlagafrumvarpsins leggur meiri hlutinn til að framlög til þjóðkirkjunnar sem mælt er fyrir um í 1. efnismálsl. 25. gr. frumvarpsins lækki um 1,7 millj. kr. Meiri hlutinn leggur einnig til að 2. efnismálsl. greinarinnar falli brott.
8. Meiri hlutinn leggur til að við frumvarpið bætist ný grein sem kveður á um hækkun á sérstakri uppbót skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Lagt er til að uppbótin hækki um 2,3% í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga fyrir næsta ár. Meiri hlutinn telur eðlilegt, þrátt fyrir þrönga stöðu í ríkisfjármálum, að þeir sem njóta lágmarksframfærslutryggingar fái óskertar tekjur að raungildi á næsta ári.
9. Þá leggur meiri hlutinn til nokkrar breytingar á gildistökuákvæði frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að a-liður 3. gr., sem mælir fyrir um að vaxtabætur skuli miðast við greidda vexti í stað gjaldfallinna, öðlist gildi 1. janúar 2011 og komi til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta og álagningu gjalda á árinu 2012. Þessi breyting er gerð að fengnum athugasemdum ríkisskattstjóra. Í öðru lagi er lagt til að hnykkt verði á því í ákvæði um gildistöku að 10. gr., sem varðar hækkun erfðafjárskatts, taki til álagningar erfðafjárskatts á fyrirframgreiðslu arfs vegna erfðafjárskýrslna sem berast sýslumönnum eftir gildistöku laganna. Þá leggur meiri hlutinn til að hækkanir á áfengis- og tóbaksgjaldi, kolefnisgjaldi, olíugjaldi, almennu og sérstöku kílómetragjaldi og almennu og sérstöku bensíngjaldi taki gildi um áramótin, sbr. 11.–21. gr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. des. 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm. Álfheiður Ingadóttir. Magnús Orri Schram.

Lilja Rafney Magnúsdóttir. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneytið,
tekju- og skattaskrifstofa:

Greinargerð með tillögu um tímabundna vaxtaniðurfærslu.
(16. desember 2010.)

Gerð er tillaga um að niðurgreiða vaxtakostnað vegna íbúðarhúsnæðis tímabundið árin 2011 og 2012 umfram það sem almennar vaxtabætur gefa tilefni til. Þessi niðurfærsla er óháð tekjum en með eignamörkum.

	Hámark niðurfærslu	Eignaskerðing hefst	Niðurfærslu lýkur
Einhleypir	200.000	10.000.000	20.000.000
Einstæðir foreldrar	300.000	15.000.000	30.000.000
Hjón/sambýlisfólk	300.000	15.000.000	30.000.000

Vaxtaniðurfærslan nemur 0,6% af skuld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Dreifing skulda eftir upphæð er að finna á þessari mynd:



Alls eru 97% með skuld sem er lægri en svo að vaxtaniðurfærslan takmarkist af skuldaupphæðinni og gildir það um báða hópana.

Eignaskerðing niðurfærslunnar hefur eftirfarandi áhrif:

	Hjón/einstæðir foreldrar		Einhleypir	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Niðurfærsla skerðist ekki af eignum	6.261	12%	14.813	68%
Niðurfærsla skerðist	42.777	84%	4.048	19%
Eignir of miklar	2.034	4%	2.829	13%
Alls	51.072		21.690	

Heildarúthlutun er sýnd á eftirfarandi mynd:



Flestir munu fá milli 50–100.000 krónur hvorum hópnum sem þeir tilheyra. Upplýsingar um aðra félagslega þætti þessarar úthlutunar er að finna í minnisblaði um almennar vaxtabætur.

Lagt er til að heildarupphæð beggja tegunda bóta megi ekki verða hærri en heildarvaxtakostnaður. Það ákvæði snertir ekki marga.

Heildarkostnaður við þessa aðgerð er metinn 6,0 milljarðar króna.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneytið,
tekju- og skattaskrifstofa:

Greinargerð um tillögu að vaxtabótum fyrir árin 2011 og 2012.
(16. desember 2010.)

Tillagan byggir á yfirlýsingu í kjölfar samkomulags ríkisstjórnarinnar við lánastofnanir og lífeyrissjóði um aðgerðir vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna. Þar kemur fram að sérstakri hækkun vaxtabóta verði við haldið. Í breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið fyrir 2011 sem nú liggur fyrir er ákveðið að heildarfjárveiting vegna vaxtabóta og sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu verði 17,7 milljarðar króna árið 2011 og þar af 11,7 milljarðar vegna almennra vaxtabóta að meðtalinni framlengingu sérstakrar hækkunar þeirra. Í samkomulaginu kemur fram að breyta skuli almennum vaxtabótum þannig að þær komi í auknum mæli til móts við heimili með þunga skuldabyrði og lágar og miðlungstekjur.

Tillagan að breytingu á úthlutunarreglum vaxtabóta tekur mið af þessu. Úthlutun vaxtabóta byggir í upphafi á lægstu tölu gjaldfallinna vaxta (eftir næsta ár greiddra vaxta), tilteknu hlutfalli af höfuðstóli lána eða hámarkstölu sem er breytileg eftir hjúskaparstöðu íbúðareiganda. Gerð er tillaga um að framlengt verði tímabundið ákvæði sem heimilar að vaxtahlutfallið megi vera 7% (er 5% í megintexta laganna). Aðalbreytingin er þó sú að heimilaðar hámarksvaxtagreiðslur sem útreikningur vaxtabótanna miðast við verði hækkaðar verulega. Eru þær nú miðaðar við það að einungis ¼ af hverjum hópi (hjón/sambúðarfólk, einstæðir foreldrar, einhleypir) greiðir vexti sem eru hærri en vaxtahámarkið.

Hámark vaxtagjalda	Einhleypir	Einstæðir foreldrar	Hjón og sambúðarfólk
Nú	554.364	727.762	901.158
Tillaga	800.000	1.000.000	1.200.000
Breyting	44%	37%	33%
Hlutfall hópsins með lægri vaxtagjöld en hámarkið	¾	¾	¾

Vaxtabætur skerðast frá ofangreindum hámörkum með tekjum. Í samræmi við ofangreint samkomulag er lagt til að tekjutenging verði hækkuð. Hún er nú 6% en í frumvarpinu er lagt til að tekjutengingin verði 8%.

Í tillögunni er lagt til að hámark vaxtabóta hækki umtalsvert og að þær geti numið helmingi hámarks vaxtagjaldanna fyrir hvern hóp.

Hámark vaxtabóta	Einhleypir	Einstæðir foreldrar	Hjón og sambúðarfólk
Nú	246.944	317.589	408.374
Tillaga	400.000	500.000	600.000
Breyting	62%	57%	47%

Vegna þess að hámark heimilaðra vaxtagjalda er hærra en hámark vaxtabóta hefur tekjuskerðing í útreikningi bótanna ekki áhrif fyrr en þegar hún er orðin meiri en mismunur vaxtahámarksins og hámarks vaxtabóta. Þetta sést í eftirfarandi töflu:

Áhrif tekjuskerðingar í útreikningi vaxtabóta	Einhleypir	Einstæðir foreldrar	Hjón og sambúðarfólk
Tekjur byrja að skerða mögulegar vaxtabætur			
Nú	5.123.667	6.836.217	8.213.067
Tillaga	5.000.000	6.250.000	7.500.000
Hlutfall með tekjur yfir skerðingarmörkum í tillögu	26%	10%	55%
Hámarkstekjur með vaxtabótum miðað við hæstu viðmiðun vaxtagjalda			
Nú	9.239.400	12.129.367	15.019.300
Tillaga	10.000.000	12.500.000	15.000.000
Hlutfall með tekjur yfir mörkum	3%	1%	7%

Af töflunni sést að fjórðungur einhleypra er með tekjur yfir skerðingarmörkum, 10% einstæðra foreldra en rúmlega helmingur hjóna er í þeirri stöðu og 7% er með svo miklar tekjur að þær einar nægja til að útiloka þau frá því að fá vaxtabætur. Vegna þess hversu mikið vaxtahámark og vaxtabætur eru hækkuð í tillögunni eru hámarkstekjur ekki mjög mikið breyttar frá því sem er í núgildandi reglum. Með því er komið til móts við það að fólk með millitekjur verði ekki svipt bótum.

Til þess að halda heildarupphæð vaxtabóta innan þeirra fjárheimilda sem nú eru uppi áform um er nauðsynlegt að auka eignaskerðingu þeirra umtalsvert. Eignaskerðingarákvæði laganna hafa haft sífellt minna vægi á undanförnum árum enda hafa eignamörk verið hækkuð. Nú er fasteignamat að lækka, á sama tíma og skuldir hækka um það bil með vísitölu neysluverðs. Þess ber að geta að í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að áform um almenna niðurfærslu skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis verði ekki komin til framkvæmda um áramót sem eru viðmiðunartími eignastöðu í framtölum einstaklinga.

Tillagan um eignamörk við úthlutun vaxtabóta er eftirfarandi:

Áhrif eignaskerðingar í útreikningi vaxtabóta	Einhleypir	Einstæðir foreldrar	Hjón og sambúðarfólk
Vaxtabætur byrja að skerðast			
Nú	7.119.124	7.119.124	11.390.599
Tillaga	4.000.000	4.000.000	6.500.000
Hlutfall með eignir yfir lágmarki	50%	31%	50%
Vaxtabætur er að fullu skertar			
Nú	11.390.599	11.390.599	18.244.958
Tillaga	6.400.000	6.400.000	10.400.000
Hlutfall með eignir yfir hámarki			
Nú	36%	18%	30%
Tillaga	42%	22%	42%

Verði lagafrumvarpið samþykkt mun það hafa áhrif á fjölda þeirra sem fá greiddar vaxtabætur:

Fjöldi vaxtabótaþega	Einhleypir	Einstæðir foreldrar	Hjón og sambúðarfólk
Nú	13.953	5.723	28.884
Hlutfall af öllum sem skulda	64%	84%	65%
Tillaga	10.824	4.920	22.354
Hlutfall af öllum sem skulda	50%	72%	51%

Hér fyrir aftan er nánar gerð grein fyrir ýmsum þáttum sem lýsa áhrifum þessarar tillögu á myndrænan hátt.




Einstæðir foreldrar
Vaxtabætur
Fjöldi
600.000
500.000
400.000
300.000
200.000
100.000
0
900
800
700
600
500
400
300
200
100
0
0,5
2,5
4,5
6,5
8,5
10,5
12,5
14,5
Fjöldi
Tillaga
Núgildandi reglur
Tekjur, m.kr.


Einhleypir
Vaxtabætur
Fjöldi
450.000
400.000
350.000
300.000
250.000
200.000
150.000
100.000
50.000
0
3000
2500
2000
1500
1000
500
0
0,5
1,5
2,5
3,5
4,5
5,5
6,5
7,5
8,5
9,5
Fjöldi
Tillaga
Núgildandi reglur
Tekjur, m.kr.


Hlutfall vaxtabóta af vaxtagjöldum - Allir
100%
90%
80%
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
5000
4500
4000
3500
3000
2500
2000
1500
1000
500
0
0,5 1,5 2,5 3,5 4,5 5,5 6,5 7,5 8,5 9,5 10,5 11,5 12,5 13,5 14,5
Tekjur, m.kr.
Fjöldi - hægri ás
Allar bætur
Eldri reglur
almennar bætur - tillaga


Hlutfall vaxtabóta af vaxtagjöldum - hjón
100%
90%
80%
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
5000
4500
4000
3500
3000
2500
2000
1500
1000
500
0
0,5 1,5 2,5 3,5 4,5 5,5 6,5 7,5 8,5 9,5 10,5 11,5 12,5 13,5 14,5
Tekjur, m.kr.
Fjöldi - hægri ás
Allar bætur
Eldri reglur
almennar bætur - tillaga


Hlutfall vaxtabóta af vaxtagjöldum - Einstæðir foreldrar
100%
90%
80%
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
900
800
700
600
500
400
300
200
100
0
0,5 1,5 2,5 3,5 4,5 5,5 6,5 7,5 8,5 9,5 10,5 11,5 12,5 13,5 14,5
Tekjur, m.kr.
Fjöldi - hægri ás
Allar bætur
Eldri reglur
almennar bætur - tillaga


Hlutfall vaxtabóta af vaxtagjöldum - Einhleypir
100%
90%
80%
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
3000
2500
2000
1500
1000
500
0
0,5 1,5 2,5 3,5 4,5 5,5 6,5 7,5 8,5 9,5 10,5 11,5 12,5 13,5 14,5
Tekjur, m.kr.
Fjöldi - hægri ás
Allar bætur
Eldri reglur
almennar bætur - tillaga


Hlutfall vaxtabóta af vaxtagjöldum eftir eign - Allir
100%
90%
80%
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
30000
25000
20000
15000
10000
5000
0
0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15
Nettóeign, m.kr.
Fjöldi - hægri ás
Allar bætur
Eldri reglur
almennar bætur - tillaga


Hlutfall vaxtabóta af vaxtagjöldum eftir eign - Hjón
100%
90%
80%
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
18000
16000
14000
12000
10000
8000
6000
4000
2000
0
0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15
Nettóeign, m.kr.
Fjöldi - hægri ás
Allar bætur
Eldri reglur
almennar bætur - tillaga


Hlutfall vaxtabóta af vaxtagjöldum eftir eign - Einstæðir foreldrar
100%
90%
80%
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
4000
3500
3000
2500
2000
1500
1000
500
0
0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15
Nettóeign, m.kr.
Fjöldi - hægri ás
Allar bætur
Eldri reglur
almennar bætur - tillaga


Hlutfall vaxtabóta af vaxtagjöldum eftir eign - Einhleypir
100%
90%
80%
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
9000
8000
7000
6000
5000
4000
3000
2000
1000
0
0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15
Nettóeign, m.kr.
Fjöldi - hægri ás
Allar bætur
Eldri reglur
almennar bætur - tillaga

567. Breytingartillögur [200. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (HHj, ÁI, MSch, LRM, SII).

1. 2. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 68. gr. laganna:
   a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þannig skal fjárhæð barnabóta og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 4. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.
   b. 3. mgr. fellur brott.
   c. Í stað orðanna „Til viðbótar barnabótum skv. 3. mgr. skal greiða“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: Greiða skal.
   d. Í stað „2%“ í 5. málsl. 4. mgr. kemur: 3%.
   e. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Til viðbótar barnabótum samkvæmt þessari málsgrein skal greiða tekjutengdar barnabætur með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu. Skulu þær árlega nema 61.191 kr. og skal skerðingarhlutfall þeirra vera 3% með hverju barni.
2. B- og c-liður 3. gr. falli brott.
3. Við 6. gr.
   a. Orðin „sbr. reglugerð nr. 555/2004“ í a-lið falli brott.
   b. C-liður (III.) orðist svo:
      Við endurreikning á gengistryggðum húsnæðis- og bílalánum einstaklinga utan atvinnurekstrar í lán í íslenskum krónum, sbr. dóm Hæstaréttar frá 16. júní 2010 þar sem gengistryggðir bílasamningar voru dæmdir ólögmætir, skulu inneignarvextir skuldara sem ákvarðaðir eru af þessum sökum á árunum 2010 og 2011 ekki teljast til fjármagnstekna. Endurútreikningur afborgana og vaxta af þessum sökum skal ekki hafa áhrif á áður ákvarðaðar vaxtabætur eða barnabætur hvort sem er til hækkunar eða lækkunar, nema skattaðili fari fram á endurákvörðun þeirra og skal ríkisskattstjóri þá taka til greina beiðni skattaðila um breytingu á ákvörðun um skattstofn eða skattálagningu, þó lengst sex tekjuár aftur í tímann, talið frá því ári þegar beiðni kemur fram, enda liggi verulegir hagsmunir að baki slíkri beiðni. Beiðni skal byggjast á nýjum gögnum og upplýsingum sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr. Þá skulu skilyrði 96. gr. uppfyllt ef um hækkun er að ræða. Víkja má frá þessum tímamörkum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.
      Endurútreikningur afborgana og vaxta, sbr. 1. mgr., hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur endurútreikningurinn ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr., atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006, og námslán Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sbr. 1. gr. laga nr. 21/1992.
   c. Við bætist tveir nýir stafliðir sem orðist svo:
      d. (IV.)
         Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 3. mgr. B-liðar n68. gr. skal viðmiðunarhlutfall hámarksvaxtagjalda af skuldum, sem þar er tilgreint, vera 7% við ákvörðun

vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

Þrátt fyrir ákvæði 3. málsl. 3. mgr. B-liðar 68. gr. skulu hámarksfjárhæðir vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta, sem þar eru tilgreindar, vera 800.000 kr., 1.000.000 kr. og 1.200.000 kr. við ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. skal viðmiðunarhlutfall, sem þar er tilgreint, vera 8% við ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

Þrátt fyrir ákvæði 7. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. skulu skerðingarfjárhæðir eigna að frádregnum skuldum, sem þar eru tilgreindar, vera 4.000.000 kr. og 6.500.000 kr. við ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 13. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem þar eru tilgreindar, vera 400.000 kr., 500.000 kr., 600.000 kr. og 5.000 kr. við ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

e. (V.)

Við álagningu opinberra gjalda á árunum 2011 og 2012 skal ákvarða mönnum sérstaka vaxtaniðurgreiðslu með eftirfarandi hætti:

1. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla skal vera 0,6% af skuldum vegna lána sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin eru kaup á búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003 og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð samkvæmt eldri lögum, eins og þær eru í árslok 2010 og 2011. Hjá þeim sem skattskyldir eru hluta úr ári vegna brottflutnings á tekjuárinu skal miða við skuldastöðu eins og hún var fyrir brottflutning.
2. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla getur aldrei verið hærri en 200.000 kr. á ári fyrir hvern mann og 300.000 kr. á ári fyrir einstætt foreldri og hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 62. gr., í lok tekjuárs. Hámark sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu hjá þeim sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hluta úr ári ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á árinu.
3. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla skerðist hlutfallslega fari eignir skv. 72. gr., að frádregnum skuldum skv. 1. mgr. 75. gr., fram úr 10.000.000 kr. hjá einstaklingi og 15.000.000 kr. hjá einstæðu foreldri og hjónum eða sambýlisfólki uns hún fellur niður við tvöfalda þá fjárhæð.
4. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla að viðbættum vaxtabótum skv. B-lið 68. gr. má ekki vera hærri en vaxtagjöld ársins vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin eru kaup á búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003 og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð samkvæmt eldri lögum.
5. Sérstaka vaxtaniðurgreiðslu skal greiða með jöfnum hætti og í tvennu lagi hvort gjaldárið fyrir sig 2011 og 2012. Skal fyrri greiðsla ársins fara fram 1. maí og hin síðari 1. ágúst að lokinni álagningu opinberra gjalda.
6. Um rétt til sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu gilda að öðru leyti ákvæði B-liðar

68. gr. um vaxtabætur eftir því sem við á.
7. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla samkvæmt ákvæði þessu telst ekki til skattskyldra tekna.

4. Við 11. gr.
   a. Í stað fjárhæðarinnar „104,75 kr.“ í c-lið komi: 101,74 kr.
   b. Í stað „15%“ í d-lið komi: 10%.
5. Í stað „2. tölul.“ í c-lið 14. gr. komi: 2. mgr.
6. Á eftir 23. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VI í lögunum:
   a. Í stað orðanna „1. janúar 2010 til og með 31. desember 2010“ kemur: 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2011.
   b. Í stað orðanna „laga nr. 17/2008“ kemur: laga nr. 120/2009.
7. Við 25. gr.
   a. Í stað fjárhæðarinnar „1.278 millj. kr.“ í 1. efnismálsl. komi: 1.276,3 millj. kr.
   b. 2. efnismálsl. falli brott.
8. 26. gr. orðist svo:
   Í stað ártalsins „2010“ í 14. og 15. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: 2011.
9. Á eftir XV. kafla komi nýr kafli, XVI. kafli, **Breyting á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum**, með einni nýrri grein sem orðist svo:
   Í stað fjárhæðanna „180.000 kr.“ og „153.500 kr.“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: 184.140 kr., og: 157.030 kr.“
10. 27. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:
   a. 1., 4.–5., 7.–9. og 23. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og koma til framkvæmda við álagningu 2012 og á staðgreiðsluárinu 2011 eftir því sem við á.
   b. 2. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta og álagningu gjalda á árinu 2011.
   c. 3. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og kemur til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta og álagningu gjalda á árinu 2012.
   d. 6., 22. og 26. gr. öðlast þegar gildi.
   e. 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og tekur til skipta á dánarbúum þeirra sem andast þann dag eða síðar, búskipta þeirra sem hafa heimild til setu í óskiptu búi fari þau fram eftir gildistöku laganna og álagningar erfðafjárskatts á fyrirframgreiðslu arfs vegna erfðafjárskýrslna sem berast sýslumönnum eftir gildistöku laganna.
   f. 11.–21., 24.–25. og 27.–28. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011.

568. Svar [326. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

1. *Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Ráðstöfunarfé ráðherra á fjárlögum ársins:	m.kr.
2006	5,0
2007	5,0
2008	5,0
2009	5,0
2010	3,1
Samtals	**23,1**

2. *Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Greitt af ráðstöfunarfé ráðherra árið 2006:

Móttakandi greiðslu:	Upphæð	Tilefni / Verkefni:
Skotveiðifélag Íslands	80.000	Styrkur til þátttöku félagsins í fundi hjá breska skotveiðifélaginu BASC í lok janúar 2006.
Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa	25.000	Styrkur til útgáfu fréttabréfs félagsins.
Lionsklúbbur Stykkishólms	100.000	Styrkur til uppsetningar á veðurskilti í Stykkishólmi.
Landbúnaðarháskóli Íslands	150.800	Styrkur til þátttöku í ráðstefnu um kolefnisbindingu í jarðvegi á Norðurlöndum.
Byggingatæknifræðinemar Hásk. í Reykjavík	50.000	Styrkur til útgáfu Tæknivisis, blaðs byggingatæknifræðinema á lokaári í Háskólanum í Reykjavík.
Vélhjólaþróttaklúbburinn	200.000	Styrkur til uppbyggingar akstursíþróttasvæðis við Bolöldu.
Heklusetrið ehf.	300.000	Styrkur til útgáfu fræðslubæklings um eldfjallið Heklu og umhverfi þess.
Landssamband slökkvil.og sjúkrafl.m.	75.000	Styrkur vegna móttökuhlaðs 11. þings LSS þann 1. apríl 2006.
Grundarfjarðarbær	150.000	Styrkur til samstarfsverkefnis um stöðumat og tillögur varðandi fráveitumál og lífrænan úrgang frá Sjávarútvegsfyrirtækjum í Grundarfirði.
Veraldarvinir	500.000	Styrkur vegna hreinsunar strandlengju Íslands.
Kvenfélagasamband Íslands	150.000	Stykur til landsþings Kvenfélagasambands Íslands.
Umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4*4	150.000	Styrkur til átaksverkefnisins gegn utanvegaakstri.
Jöklarannsóknarfélag Íslands	200.000	Styrkur vegna útgáfu tímaritsins Jökuls.
Örlygur Kristfinnsson/Félag áhugam.um minjasafn	250.000	Styrkur til merkinga rústa sildarverksmiðju Evangerbræðra.
Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands	100.000	Styrkur v/matvæladags MNÍ 2006.
Neytendasamtökin	300.000	Fjárveiting vegna eftirlits með grænmeti og ávöxtum og ástand kæla og frysta í matvöruverslunum.
Reykjavíkurborg (Umhverfissvið)	500.000	Stykur fyrir Evrópsku samgönguvikuna.
Umhverfisstofnun	150.000	Styrkur vegna kynningarátaks vegna banns á veiðum á blesgæs.
Umhverfisstofnun	500.000	Styrkur til að efla almenna fræðslu fyrir gesti þjóðgarðsins m.a. Til merkinga og gerð fræðsluskilta innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.
Náttúran.is (Guðrún Tryggvad)	100.000	Styrkur vegna vefsetursins Náttúran.is/Nature.is.
Fuglaverndarfélag Íslands	100.000	Áframhaldandi styrkur vegna friðunar blesgæsarinnar.
Skálkfélagið Hrókurinn	50.000	Styrkur vegna skákmaraþons fyrir grænlensk börn.
Fuglavernd	100.000	Styrkur til áframhaldandi kynningar á friðun blesgæsinnar.
Umhverfisstofnun	150.000	Styrkur til kynningarátaks vegna banns á veiðum á blesgæs.
Emmison Film ehf.	250.000	Styrkur til vinnslu á myndinni í riki fálkans.
Norrænn byggingadagur	100.000	Styrkur vegna málþings um aðgengismál.
Landssamband slökkvil.og sjúkrafl.m.	100.000	Styrkur til Brunavarnarátaks LSS 2006.
Skotveiðifélag Íslands	100.000	Styrkur til að sækja fund til Skotlands um gæsarannsóknir í Skotlandi.
Blátt áfram forvarnarverkefni	100.000	Styrkur til rekstrs Blátt áfram forvarnarverkefnis gegn kynferðisofbeldi á börnum á Íslandi.
Kvennaráðgjöfin	50.000	Styrkur til Kvennaráðgjafarinnar fyrir rekstrarárið 2006.
Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa	25.000	Styrkur til útgáfu fréttabréfs félagsins.
Fjölsmiðjan hf.	500.000	Styrkur til að kaupa pappakurlvél.
Skotveiðifélag Íslands	50.000	Styrkur til félagsins.
Samtals	**5.705.800**	

Greitt af ráðstöfunarfé ráðherra árið 2007:

Móttakandi greiðslu:	Upphæð	Tilefni / Verkefni:
Fenúr	200.000	Styrkur vegna þátttöku í aðalfundi ISWA (International Solid Waste Association).
Fjölsmiðjan	500.000	Styrkur til að kaupa pappakurlvél.
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	200.000	Styrkur til að vinna umgerð fyrir vistvænan byggingaiðnað.
NMD félagið	150.000	Styrkur til gerðar heimildamyndir um aðgengi fatlaðra að margvislegum stöðum.
Félag þjóðfr.á Íslandi Sagnfr.f. Íslands	100.000	Styrkur til landsbyggðarráðstefnunnar "Hálendi hugans" sem haldinn verður 1.-3.júní 2007.
Verkefræðinga og tæknifræðifélag Íslands	100.000	Styrkur vegna ráðstefnu félagsins um nýtingu jarðhita og fallvatna í sátt við umhverfi sem haldin verður 1.mars n.k.
Dropinn, styrkarfélag barna m/sykursýki	100.000	Styrkur vegna sumarbúða sumarið 2007 fyrir börn með sykursýki.
Samorka	60.247	Styrkur vegna Orkuþings 2006
Sól í Straumi	100.000	Styrkur.
Bandalag kvenna í Reykjavík	50.000	Styrkur vegna 90 ára afmælis bandalagsins.
Kvenfélagssamband Íslands	50.000	Styrkur vegna þátttöku í Alheimsþingi ACWW í Finnlandi 2-10. júní.
Lionsklúbburinn Keilir	20.000	Styrkur vegna endurútgáfu bókarinnar Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi.
Ungmennafélag Íslands	50.000	Styrkur til útgáfu leiðarbókar UMFÍ og greinarstúf ráðherra í bókina.
Sjálfsbjörg félag fatlaðra á höfðuborgarsv.	100.000	Styrkur fyrir hjálparmenn í ferðir fatlaðara.
Skagfirska söngsveitin í Reykjavík	50.000	Styrkur vegna söngferðalags Skagfirsku söngsveitarinnar í Reykjavík til Þýskalandsog Austurríkis í júní n.k.
Íþróttasamband lögreglumanna	60.000	Styrkur til kaupa á auglýsingu í Ferðafélaginn 2007 sem er upplýsinga og leiðbeiningarit fyrir ferðamenn á vegum úti sem Íþróttasamband lögreglumanna og íslenska lögregluforlagið gefa út.
Arkitektafélag Íslands	200.000	Styrkur vegna málstefnu um "Fjölbýli til framtíðar".
Blái herinn	250.000	Styrkur vegna umhverfisverkefna Blá hersins.
Kvenréttindafélag Íslands / Halldóra Trausta.	50.000	Styrkur vegna ráðstefnu Kvenréttindafélags Íslands 8. júní 2007.
Pálmi Albert Dungal	50.000	Styrkur til útgáfu bókar um lífríki sjávar sem byggir á ljósmyndum af lífríki sjávar og aðgengilegum stuttum fróðleik fyrir almenning.
Skálholtsskóli	50.000	Styrkur vegna umhverfismálþings á vegum íslensku Þjóðkirkjunnar í Skálholti 23. 24. júní n.k.
Háskóli Íslands /Rannsóknastofa í kv.-og kynjafr.	50.000	Styrkur vegna kynjafræðiþings í Háskóla Íslands sem fyrirhugað er að halda 9.-11.nóv. 2007.
Bókaútgáfan Hólar	59.385	Styrkur til kaupa á 10 bókum úr dýrarikinu, jurtarikinu og steinarikinu.
Hönnunarsafn Íslands	300.000	Styrkur vegna sýningar Hönnunarsafns Íslands á grænni og vistvænni hönnun sem fyrirhugað er að opna í Garðabæ 8. september 2007.
Landvernd / Bergur Sigurðsson	100.000	Styrkur vegna ljósmyndasýningarinnar "Augnablik í eldfjallagarði" sem opnuð verður 29.ágúst n.k. Í Reykjanesbæ.
Sumarhúsið og garðurinn ehf.	50.000	Styrkur til ráðstefnu sem Sumarhús og garðurinn ehf. Stendur fyrir þann 27.september n.k.undir heitinu "Trjágróður til yndis og umhverfisbóta".
Slökkviliið höfuðborgarsvæðisins bs.	25.000	Styrkur til stuðnings sjúkra- og líknarsjóði starfsmannafélags slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna.
Driving Sustainability	150.000	Þátttaka í kostnaði vegna ráðstefnu um vistvænar lausnir í samgöngum "Driving Sustainability 2007".
Samtök ferðaþjónustunnar	100.000	Stykrur til prentunar á spjöldum til að hafa inni á baðherbergjum gististaða í umhverfiskyni.
Amór Þórir Sgfússon	50.000	Stykur til þátttöku í fundi um veiðitu gæsa og svana sem haldinn verður í Petersborough í des.n.k.
Reykhavikurborg	250.000	Styrkur vegna Evrópsku samgönguvikunnar 2007.
Landvarðarfélag Íslands	100.000	Styrkur til þátttöku í Evrópuþingi landvarða "European Ranger s Training seminar sem haldið verður í Rúmeníu 17, - 21. sep.
Skotveiðifélag Íslands	50.000	Styrkur til kynningarátaks þar sem veiðimenn eru hvattir til að gæta hófs við veiðar, fylgja settum reglum og gæta fýllsta öryggis.
Landssamband slökkviliðs og sjúkraflutningsmanna	100.000	Styrkur til eldvarnarátaks LSS sem mun standa yfir 23. 31. nóv.nk.
Náttúrustofa Vestfjarða	30.000	Styrkur vegna Náttúrustofuþings á Bolungavík þann 21.nóv.'07.
Náttúruverndarsamtök Íslands	75.000	Styrkur til að sækja aðildaþing Loftlagssamning SÞ á Bali.
Landvernd	75.000	Styrkur til að sækja aðildaþing Loftlagssamning SÞ á Bali.
Samtals	**4.054.632**	

Greitt af ráðstöfunarfé ráðherra árið 2008:

Móttakandi greiðslu:	Upphæð	Tilefni / Verkefni:
Háskóli Íslands	150.000	Styrkur vegna ráðstefnu um umhverfisrétt á 100 ára afmæli lagakennslu á Íslandi.
Fenúr	200.000	Styrkur vegna þátttöku í aðalfundi ISWA sem haldinn var í Amsterdam á síðasta ári.
UMÍS ehf. / Stefán Gíslason	70.000	Styrkur vegna móttöku á 10. landráðstefnu um Staðardagskrá 21 sem haldin var á Hótel Örk 8.feb.s.l.
Framtiðarlandið / Irma Erlingsdóttir	100.000	Styrkur til útgáfu á riti um atvinnumál á Vestfjörðum sem unnið er að í framhaldi af málþinginu "Vestfirðir á teikniborðinu".
Lögverndarsj.náttúru/umhv.Bt.Landverndar	300.000	Styrkur til Lögverndarsjóðs náttúru og umhverfis vegna lögfræðilegra álitamála.
Landssamband slökkviliðs og sj.flutn.manna	75.000	Styrkur vegna 12.þings landssambands slökkviliðs- og sj.fl.manna sem haldið er 11.-12.apríl nk.
Jarðvísindastofnun Háskólans	200.000	Styrkur vegna alþjóðlegs þings eldfjallafræðinga.
Kvik kvikmyndagerð	200.000	Styrkur vegna kvikmyndagerðar um æðarfuglinn "Fólk og fuglar á Norðurkoti".
Bjarni Eyjólfur Guðleifsson	100.000	Styrkur til útgáfu bókarinnar "Sýslufjöllin - Gengið á hæsta tind í öllum sýslum landsins.
Heimir Már Pétursson, frstj. Gay Pride	100.000	Styrkur til hinsegin daga - Gay Pride in daga í Reykjavík 2008.
Félag meindýraeyða, Guðm.Óli Scheving	50.000	Styrkur vegna fyrirhugaðra breytinga hjá félaginu.
Rannsóknastofa í Kvennafræðum	100.000	Styrkur vegna funda í Róm dagana 9.-11.mars 2008.
Félag íslenskra veðurfræðinga	50.000	Styrkur til móttökuhalds á norrænu veðurfræðiþingi sem haldið verður hér á landi 2.-6.júní n.kr.
Íslenska vatnafræðinefndin, Árni Snorrason	200.000	Styrkur vegna Norrænu vatnaráðstefnunnar NORDIC WATER 2008 sem haldin verður í Reykjavík 11. - 13. ágúst n.k.
Fuglavernd	150.000	Styrkur til þátttöku í heimsþingi alþjóða fuglaverndarsamtakanna (BirdLife International - World Conservation Conferece) sem haldið verður í Buenos Aires í Argentínu 22.-27. sept.nk.
Framtiðarorka ehf.	347.000	Styrkur vegna ráðstefnunnar Driving Sustainability 2008 ásamt kaupum á þremur miðum á ráðstefnuna.
Háskóli Íslands	250.000	Styrkur vegna komu Martins Weitzmans, prófessors til landsins og fyrirlestrar sem hann mun flytja um loftlagsbreytingar 30. júní n.k.í samvinnu við ráðuneytið.
Bókaútgáfan Opna ehf.	250.000	Styrkur til útgáfu ritsins um loftlagsmál á heimsvísu.
Bryndís Friðgeirsdóttir.	100.000	Styrkur til að koma á fót Náttúruverndarsamtökum Vestfjarða.
Kvenréttindafélag Íslands	250.000	Styrkur til þátttöku í ráðstefnu um loftlagsmál og jafnrétti "Gender in Climate Change and Disaster Risk Reduction" sem haldinn er í Filipseyjum í okt.n.k.
Gallery Humar og frægð	750.000	Styrkur vegna tónleika Bjarkar og Sigur Rósar í Laugardal tileinkaðir íslenskri náttúru, nýsköpun, atvinnu og sjálfbærni.
Reykjavik, International Film Festival	500.000	Styrkur vegna Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík.
Borgþór Magnússon, NÍ	100.000	Styrkur v/15. vinnufundar alþjóðlegs rannsóknaverkefnis um áhrif loftlagsbreytinga á gróður á Norðurslóðum(ITEX) sem haldinn verður á Íslandi 9.-12. okbóber n.k.
Framkvæmdasjóður Skrúðs	100.000	Styrkur vegna varðveislu hvalbeina í Dýrafirði.
Framtiðarlandið	300.000	Styrkur til þróunar og kynningar á Náttúrukortinu.
Félag íslenskra landslagsarkitekta/Einar Sæmundss.	50.000	Styrkur vegna þátttöku fulltrúa félagsins í norrænu málþingi vegna Evrópskra landslagssáttmálans sem haldinn var í Stokkhólmi 13. - 15. sept.07.
Landssamband slökkviliðs og sj.flutn.manna	100.000	Styrkur til Eldvarnarátaks LSS sem standa 21.-28.nóv.nk.
Náttúrustofa Vesturlands	50.000	Styrkur vegna Náttúrustofuþings þann 26/9/08.
Veraldarvinir, áhugamannafélag	100.000	Styrkur til hreinsunar strandlengju Íslands.
Auðlind Náttúrusjóður	50.000	Styrkur vegna stofnfundar Auðlindar - Náttúrusjóðs.
Crymogea - Packagers and Publishers	75.000	Styrkur á útgáfu Flora Islandica með kaupum á 1 eintaki af bókinni.
Samtals	**5.417.000**	

A. Greitt af ráðstöfunarfé ráðherra árið 2009:

Móttakandi greiðslu:	Upphæð	Tilefni / Verkefni:
Landvernd	100.000	Styrkur vegna ráðstefnunnar "Orka og umhverfi" sem haldin var20. janúar 2009.
Kvenréttindafélag Íslands	80.000	Styrkur til að sækja ráðsetefnuna "Cender Climate Sustainabilitty" 13-14.mars í Khöfn.
Þrep /BÍÓ 103, Grímur Þór Vilhjálmsson	25.000	Styrkur til að sækja ráðstefnu í Berlín 27-3.febr.í tengdum við samevrópsk verkefni fyrir ungt fólk sem fjallar um umhverfismál "Jugend denkt um.welt".
HÍ / Þóra Ellen Kristjánsdóttir	300.000	Rammaáætlun
Gay Pride - Hinsegin dagar í Reykjavík	100.000	Styrkur til Hinsegin daga í Reykjavík.
Framtíðarorka ehf.	200.000	Styrkur til ráðstefnunnar Driving Sustainability 2009, aðlþjóðlegrar ráðstefnu um vistvænar lausnir í samgöngum sem haldinn er í Rvík dagana 14.-15. sept. 2009.
Náttúran er ehf.	150.000	Styrkur til gerðar Grænn Íslandskorts.
Stofnun Sæmundar Fróða við HÍ	100.000	Styrkur til alþjóðlegs námskeiðs fyrir doktorsnema í þvegfaglegu námi í umhverfis- og auðlindafræðum d.24-25. ágúst.
Dagný Ósk Ásgeirsdóttir	70.000	Styrkur til útgáfu bæklings um notkun taubleia.
Jöklarannsóknafélagið	150.000	Styrkur útgáfu tímaritsins Jökuls.
Surtseyjafélagið	50.000	Styrkur vegna aðalfundar félagsins.
Sjálfsbjörg	100.000	Styrkur fyrir hjálparmenn í ferðir fatlaðra.
Guðmundur Páll Ólafsson	400.000	Styrkur til að gefa út bókina "að fylgja vötnum".
Reykjavik International Film festival	400.000	Styrkur vegna samgönguvikunnar 2009.
Dýraverndarsamband Íslands	100.000	Styrkur vegna ársfundur Norræna dýraverndarráðsins 15.ág.n.k.
Reykjavikurb., Stýrih.Evrópskrar samg.viku	300.000	Styrkur fyrir Evrópska samgönguviku Reykjavikurborgar í september.
Icelandic Music Export	150.000	Styrkur til að halda vinnusmiðjur um græna framtíð í skapandi geiranum á ráðstefnunni You are in Control.
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	175.000	Styrkur vegna hálendisverkefnis. Mótframlag kemur frá UST.
Náttúrustofa Reykjaness	50.000	Styrkur vegna náttúrustofuþings Samtaka Náttúrustofa 6.-8. okt..
Ungt fólk að sjálfbærni	50.000	Styrkur til ferðar á ráðstefnu From Nature To Nature í Eistlandi 16.-25. okt.n.k.
SKOTVÍS	400.000	Styrkur til að vinna kynningarmynd um skynsamlegar rjúpnaveiðar.
Líffræðifélag Íslands	50.000	Styrkur til ráðstefnunnar Líffræðirannsóknir á Íslandi 6.-7. nóv. 2009.
Unicef Ísland	75.000	Styrkur vegna farar UNICEF Ísland með tvo fulltrúa á loftlagsráðstefnu barna í Kaupm.h. D. 27.nóv.-5.des.
Ómar Þ. Ragnarsson	200.000	Styrkur vegna gerðar heimildarmyndarinnar "Sköpun jarðar og ferðir til Mars".
Sigurður Reynir Gíslason	80.000	Styrkur til að kaupa 10 eintök af bókinni "Kolefnishringrásin" þegar hún kemur út.
Capacent	203.725	Úttekt á stofnanauppbyggingu umhverfisráðuneytisins og stofnana þess.
Samtals	**4.058.725**	

Greitt af ráðstöfunarfé ráðherra árið 2010:

Móttakandi greiðslu:	Upphæð	Tilefni / Verkefni:
Arkitektafélag Íslands	150.000	Styrkir AT tímaritsins um sjálfbærnir.
Háskólinn í Reykjavík	75.000	Styrkur vegna sjálfbærra samgangna.
Gekon ehf	200.000	Styrkur til kortlagningu á íslenskum jarðhitaklasa.
SagaZ Publishing House	345.082	Auglýsing í Activity Menu '10
Útflutningsskrifstofa isl.tónlistar	50.000	Styrkur til ráðstefnunnar You ar in Cobntrol - grænn vinnusmiðja 1.-2.okt.10.
Líffræðistofnun HÍ,	50.000	Styrkur til að halda ráðstefnu sem haldin er á alþjóðlegu ári líffræðilegrar fjölbreytni.
Samtals	**870.082**	

569. Breytingartillögur [79. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum, og brtt. á þskj. 533.

Frá Kristjáni L. Möller, Álfheiði Ingadóttur, Birgi Ármannssyni, Skúla Helgasyni, Ólafi Þór Gunnarssyni og Merði Árnasyni.

1. 2. tölul. brtt. á þskj. 533 falli brott.
2. 5. tölul. brtt. á þskj. 533 falli brott.
3. Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Við gildistöku laga þessara skulu umhverfisráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hrinda af stað vinnu sem miði að því að samræma gildissvið laga nr. 75/2000 um brunavarnir, með síðari breytingum, og laga nr. 60/1998 um loftferðir, með síðari

breytingum. Vinnan skal miða að því að skýra ákvæði laganna, m.a. hvað varðar viðbragðsstyrk á flugvöllum, starfsleyfisskyldu þeirra og eftirlit með þeirri starfsemi. Niðurstaða þeirrar vinnu skal kynnt umhverfisnefnd Alþingis og samgöngunefnd Alþingis eigi síðar en 15. maí 2011.

570. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Þjóðhagslegar forsendur fjárlaga hafa breyst mikið frá þjóðhagsspá sem var birt í júní síðastliðinn. Nú er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,9% á næsta ári í stað 3,2%. Í endurskoðaðri þjóðhagsspá kemur fram að fjárfesting mun dragast saman um allt að 10,3% frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir 2011. Samdráttur þessi stafar fyrst og fremst af því að ekki er lengur gert ráð fyrir framkvæmdum í Helguvík árið 2012. Innlend eftirspurn mun dragast saman um 1,6% og útflutningur um 0,8% frá fyrri spá, sjá töflu. Drifkraftar hagvaxtar virðast því verða afar veikir á næsta ári og lítið má út af bregða til að allt fari á verri veg. Fjárlagafrumvarpið virðist því allt hvíla á hnífsegg.

	Endurskoðuð þjóðhagsspá (nóvember)	Forsendur fjárlaga (júní)	Breyting
Hagvöxtur	1,9%	3,2%	-1,3%
Fjárfesting	14,9%	25,2%	-10,3%
Einkaneysla	2,6%	3,4%	-0,8%
Samneysla	-4,3%	-3,8%	-0,5%
Útflutningur	1,0%	1,8%	-0,8%
Innflutningur	2,0%	3,2%	-1,2%
Innlend eftirspurn	2,4%	4,0%	-1,6%
Kaupmáttur	3,6%	3,7%	-0,1%
Verðbólga	2,3%	3,5%	-1,2%
Launavísitala	4,4%	5,2%	-0,8%
Atvinnuleysi	7,3%	8,3%	-1,0%

Heimild: Hagstofa Íslands

Athygli vekur að þrátt fyrir að þjóðhagsforsendur séu nú mun verri en í júní er því spáð að atvinnuleysi muni dragast saman um 1%. Þetta gerist þrátt fyrir að fjárfesting verði mun minni en gert var ráð fyrir í spánni frá í júní og hefur ekki verið lægri á lýðveldistímanum. Enn meiri athygli vekur að gert er ráð fyrir að kaupmáttur breytist óverulega og er það vegna hagstæðari verðlagsforsendna. Þannig var gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga að meðalverðbólga yrði 3,5% á næsta ári en nú er gert ráð fyrir hún verði 2,3%. 1. minni hluti telur þessa spá tæpast ganga upp. Verri þjóðhagsforsendur ættu að leiða til meiri samdráttar í eftirspurn en hér er gert ráð fyrir.

Áhrif verri þjóðhagsforsendna á frumvarp til fjárlaga.

Áhrif lakari þróunar efnahagsstarfseminnar en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu hefur mikil áhrif á ríkissjóð. Það er mat Samtaka atvinnulífsins að breyttar þjóðhagsforsendur leiði til 6,1 milljarðs kr. verri afkomu ríkissjóðs en ella, sjá töflu.

	Fjárlagafrumvarp	Endurskoðuð áætlun
VLF, fjárlagafrumvarp (milljarðar kr.)	1.720	1.696
Magnbreytingar milli ára (%)	3,2%	1,9%
Verðbreytingar milli ára (%)	3,8%	3,8%
Lækkun landsframleiðslu, (milljarðar kr.)		23,4
Hlutfall skattekna í VLF (%)		26%
Lækkun skatttekna (milljarðar kr.)		6,1

Heimild: Samtök atvinnulífsins

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) er svartsýnni á hagvöxt en Hagstofa Íslands en hagvaxtarspá OECD fyrir næsta ár hljóðar upp á 1,5% sem er um 0,4% lægra en endurskoðuð spá Hagstofu Íslands. Vegna þessa metur OECD það svo að tekjur ríkissjóðs á næsta ári séu ofmetnar um 15 milljarða kr. Þá spáir Evrópusambandið því að hagvöxtur verði einungis um 0,7% á næsta ári. Ef sú spá rætist er ljóst að ástand ríkisfjármála yrði mun verra en hér er gert ráð fyrir. Miðað við sömu forsendur og áður yrðu skatttekjur ríkissjóðs allt að 27 milljörðum kr. lægri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Minni hagvöxtur mun setja tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins úr skorðum og þar með tekjuhlið þess. Ljóst er að bregðast verður við verri horfum ef halda á áætlun um umskipti í ríkisfjármálum. Það verður að gera með því að leggja áherslu á breikkun skattstofna. Auknar skattaálögur eða enn frekari niðurskurður munu festa efnahagslífið enn frekar í þeim vítahring sem það er í núna. Því varar 1. minni hluti við því að gripið verði til vanhugsaðra ráðstafana og býður um leið fram krafta sína við að ná tökum á ástandinu. Einnig er lífsnauðsynlegt að leggja áherslu á að viðhalda framleiðslugetu hagkerfisins. Rétt er að taka fram að ekki er fjallað hér um áhrif minni hagvaxtar á útgjaldahlið frumvarpsins.

Langtímaáhrif minni framleiðslugetu.

Langtímaáhrif af minnkandi framleiðslugetu íslenska hagkerfisins virðast vera vanmetin. Undanfarin tvö ár hafa um 22.500 störf tapast á vinnumarkaði. Um 13.000 einstaklingar eru nú atvinnulausir. Hver atvinnulaus leiðir til um 3 millj. kr. verri afkomu ríkissjóðs vegna bótagreiðslna og minni skatttekna og gæti afkoma ríkissjóðs því versnað um allt að 29 milljarða kr. Um 9.500 einstaklingar hafa horfið af vinnumarkaði, þeir hafa sest í helgan stein, farið á örorkubætur, flutt til útlanda eða farið í skóla. Minni fjárfesting og minnkandi vinnumarkaður hefur óhjákvæmilega í för með sér minni framleiðslugetu íslenska hagkerfisins til lengri tíma. Því er líklegt að óbreyttu að langtímahagvöxtur verði minni en ef hægt hefði verið að viðhalda framleiðslugetu hagkerfisins og þar með verði grunnur ríkisrekstrar mun veikari enn menn hafa hingað til viljað viðurkenna. Jafnframt er hér komin skýring á því af hverju atvinnuleysi hefur ekki orðið jafn mikið á Íslandi og spáð var haustið 2008. Fólk hefur í miklum mæli horfið af vinnumarkaði. Þetta er ógnvænleg þróun að mati 1. minni hluta og full ástæða til að leita allra leiða til að snúa þessari þróun við. Þá ber að geta þess, þótt möguleikinn sé e.t.v. langsóttur, að ef framleiðslugetan minnkar mikið er hætta á að strax komi til framleiðsluspennu ef hagvöxtur tekur við sér af krafti með tilsvarandi háum vöxtum sem enn slær á möguleikann til að vinna upp tapaðan hagvöxt, sjá nánar álit 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar til fjárlaganefndar í fylgiskjali II.

Áhrif skattahækkana ríkisstjórnarinnar.

Skattbyrði hefur þyngst um a.m.k. 60 milljarða kr. á ári vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar ef tillögur þessa frumvarps ná fram að ganga. Þessar skattahækkanir hafa dregið mátt úr heimilum og fyrirtækjum og nú er svo komið að skattstofnar eru farnir að dragast saman vegna mikillar skattbyrði. Brýnt er að þessari þróun verði snúið við til að hægt sé að auka umsvif á ný, endurheimta skattstofna og auka kaupmátt og lífskjör í landinu.

Gert er ráð fyrir að nýir og hækkaðir skattar skili um 8,1 milljarði kr. í auknar tekjur á næsta ári. Það er gert ráð fyrir að skatttekjur vegna úttektar á séreignarsparnaði verði 3 milljarðar kr., sjá töflu.

Sérstakar tekjuöflunaraðgerðir 2011

	Hækkun milljarðar kr.
Fjármagnstekjuskattur	1.500
Tekjuskattur lögaðila	500
Auðlegðarskattur	1.500
Erfðafjárskattur	1.000
Vörugjald á áfengi og tóbak	600
Áfengis og tóbaksgjald	800
Kolefnisgjald	1.000
Vörugjöld á bifreiðar og bifreiðagjald	200
Bankaskattur	1.000
Samtals skattahækkanir:	**8.100**
Skatttekjur vegna úttekta á séreignasparnaði	3.000
Samtals hækkun skattekna:	**11.100**

Heimild: Frumvarp til fjárlaga 2011

Fjármagnstekjuskattur.

Lögð er til hækkun á fjármagnstekjuskatti, úr 18% í 20%. Áætlað er að hækkunin muni skila 1.500 millj. kr. í auknar tekjur fyrir ríkissjóð á næsta ári. Þetta er þriðja hækkun þessa skatts á örskömmum tíma. Skatturinn var hækkaður úr 10% í 15% þann 1. janúar 2009 og í 18% þann 1. janúar 2010. Skatturinn hefur því tvöfaldast á einungis tveimur árum ef hækkunin sem nú er lögð til nær fram að ganga. Eitt af grundvallarlögmálum skattahagfræðinnar er að skatthlutföllum skuli halda sem stöðugustum til að halda óvissu um skattaframkvæmd í lágmarki. Þrjár hækkanir á tveim árum getur tæpast talist skynsamleg skattaráðstöfun.

Fjármagnstekjuskattur er lagður á nafnávöxtun fjármagns, þ.e. raunvexti að viðbættri verðbólgu. Þetta leiðir til þess að þegar verðbólga er mikil, eins og verið hefur undanfarin ár, þá heggur skatturinn í höfuðstólinn, þ.e. hann rýrnar að raungildi. Sem dæmi má nefna að ef raunvextir eru 1% og verðbólga 6% á ársgrundvelli þá leiðir 20% fjármagnstekjuskattur sem lagður er á nafnvexti til þess að höfuðstóll rýrnar um 0,33% að raunvirði en 2,53% ef verðbólga er 20%. Varpa má fram þeirri spurningu hvort það geti verið að slík skattlagning höfuðstóls sé skerðing á eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Miklar fjármagnstekjur leiða til þess að þjóðhagslegur peningalegur sparnaður minnkar vegna minni arðsemi sem aftur leiðir til hægari uppbyggingar fjármagnsstofns en ella og þar

með hagvaxtar til lengri tíma (sjá nánar kaflann um tekjuskatt lögaðila). Sparifjáreigendur flýja með sparifé sitt í eignir sem ekki eru skattlagðar eða eignir sem liggja utan hefðbundinna markaða. Jafnframt er hætta á að fjármagn muni streyma úr landi ef gjaldeyrishöft verða afnumin. Því leiða háir skattar á fjármagn til þess að erfiðara verður en ella að afnema gjaldeyrishöft. Mikilvægt er að hverfa af braut síhækkandi skatta á fjármagn þannig að þjóðhagslegur sparnaður minnki ekki.

Tekjuskattur lögaðila.

Lagt er til að tekjuskattar lögaðila verði hækkaðir í annað sinn á rétt rúmu ári, úr 15% sem hækkað var í 18% og núna í 20%. Endurtekin hækkun leiðir, eins og áður er nefnt, til aukinnar óvissu. Þetta er þvert á viðbrögð þeirra þjóða sem verst hafa orðið úti í fjármálakreppunni – þjóða þar sem stjórnmálamenn skilja að ekki er hægt að skattleggja sig út úr kreppu. Þannig hafa Írar lýst því yfir að ekki komi til greina að hækka tekjuskatt fyrirtækja, en hann er nú 12% þar í landi. Írar hafa þvert á móti auglýst í alþjóðlegum miðlum að þeir muni ekki hækka þessa skatta í þeirri von að laða að erlent fjármagn. Þá hyggjast Grikkir lækka tekjuskatt fyrirtækja til að freista þess að erlend fjárfesting aukist. Meðalskatthlutfall fyrirtækja í ESB er nú 23,5%. Með því að hækka tekjuskatt fyrirtækja færast Íslendingar nær því sem gengur og gerist í Evrópu og missa með því forskot sitt hvað varðar skattalegt hagræði. Þetta mun hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir erlenda fjárfestingu og lýsir vel þeirri helför sem ríkisstjórnin er á þegar kemur að skattamálum.

Hækkun skatta á fyrirtæki leiðir til þess að arðsemi þeirra minnkar og verðmæti hlutafjár minnkar. Þannig letja háir skattar fjárfestingu áhættufjárfesta sem leiðir til þess að sneiðist um áhættufjármagn sem aftur leiðir til minni fjárfestingar og færri starfa. Þetta er þvert á það sem stjórnvöld segjast stefna að en Grikkir og Írar skilja. Myndin sýnir samband tekjuskatts lögaðila og verðmætis hlutafjár.



Af myndinni má sjá að 0% tekjuskattur hefur engin áhrif á verðmæti hlutafjár – hlutfallslegt verðmæti er 100%. Eftir því sem skatturinn hækkar minnkar verðmæti hlutafjárins. Þannig leiðir t.a.m. 40% tekjuskattur til þess að verðmæti hlutafjár verður 60% af því sem það væri ef skatturinn væri 0%.

Með því að notfæra sér þetta samband verðmætis hlutafjár og tekjuskatts á hagnað fyrirtækja má sjá að hækkun tekjuskatts úr 10% í 20% leiðir til þess að verðmæti hlutafjár lækkar um 11%. Ef síðan fjármagnstekjuskattur er hækkaður úr 15% í 20% lækka hlutabréf vegna þess um 5% til viðbótar. Hækkun á tekjusköttum fyrirtækja og á fjármagnstekjuskatti lækka

því verðmæti hlutafjár um 16%. Þessi lækkun endurspeglar minni arðsemi hlutafjár og minni hvata til að fjárfesta í atvinnustarfsemi sem aftur speglast í minni fjármagnsstofni, minni hagvexti og að lokum lakari lífskjörum og verri afkomu ríkissjóðs. Þetta eru afleiðingar skattastefnu ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur.

Ein af grunnsetningum alþjóðahagfræðinnar er setning bandaríska hagfræðingsins Arnold Harberger um áhrif skattlagningar hagnaðar fyrirtækja á þjóðarhag. Rannsókn sem Martin Feldstein framkvæmdi sýnir með því að nota niðurstöðu Harberger að landsframleiðsla á mann minnkar um 15%–40% ef skattur á hagnað fyrirtækja er á bilinu 35%–50% til langs tíma. Minni landsframleiðsla á mann leiðir til verri lífskjara þjóðfélagsþegnanna til langs tíma. Nú eru skattar á hagnað umtalsvert lægri hér á landi en í rannsókn Feldstein en vísbendingarnar eru ótvíræðar eins og útreikningarnir hér að framan sýna. Hækkun skatta á fyrirtæki leiðir til lægri landsframleiðslu, verri lífskjara og lægri skatttekna fyrir ríkissjóð til lengri tíma litið. Ríkisstjórnin ætti að horfa til viðbragða Grikkja og Íra þegar kemur að skattlagningu fyrirtækja – ekki er hægt að skattleggja sig úr kreppu en það er hægt að skattleggja sig í kreppu.

Í umsögn Deloitte um þessa hækkun kemur fram að það sé talið „ganga gegn hagsmunum fyrirtækja að auka skattbyrði þeirra með neikvæðum ávinningi. Fyrirtæki, sem að öðru leyti væru tilbúin til fjárfestinga hérlendis sjá að óstöðugt skattaumhverfi og hækkun skatta, eykur beinan kostnað fyrirtækja og takmarkar fjárfestingargetu þeirra til þátttöku í nýjum verkefnum, gerir fjárfestingarumhverfið ekki heppilegt, hvorki fyrir innlenda eða erlenda aðila, sem vilja fjárfesta hérlendis. Þrátt fyrir að skilningur sé um að íslenska ríkið þurfi viðbótartekjur, þá mega auknar skattheimtur ekki leiða til þess að hvati einstaklinga og fyrirtækja til neyslu og fjárfestinga verði minni. Þá ber að benda á að sú hækkun sem nú er boðuð er önnur hækkunin á skömmum tíma. Skattar fyrirtækja hafa hækkað úr 15% í 18% og nú aftur er boðuð hækkun í 20%. Samtals nemur hækkunin liðlega 33% á tveimur árum. Það er mikil hækkun í 2,6% verðbólgu.“

Auðlegðarskattur.

Fyrsti skattur Íslandssögunnar var skattur á eignir fólks – tíundin. Árið 2004, eftir rúm 1000 ár, var eignarskattur lagður af á Íslandi. Í lok síðasta árs var skatturinn lögleiddur á ný. Skatturinn var vafinn í nýjar umbúðir og nefndur auðlegðarskattur. Skatturinn árið 2010 var ákvarðaður 1,25% á hreinar eignir einstaklinga yfir 90 milljónir og 120 millj. kr. hjá hjónum. Nú er lagt er til að skatturinn verði hækkaður í 1,5% og eignamörkin lækkuð í 75 millj. kr. hjá einstaklingum og 100 millj. kr. hjá hjónum. Áætlað er að skatturinn skili í heild 5.200 millj. kr. og þar af komi 1.500 millj. kr. til vegna hækkunar skatthlutfalls og lækkunar eignamarka.

Eignarskattur er ólíkur öðrum sköttum að því leyti að hann leggst á eignir en ekki tekjur. Þannig er skatturinn nánast ígildi eignaupptöku og því er hann talinn skerða eignarréttarákvæði stjórnarskrár. Nýverið lögðu stjórnvöld í Þýskalandi og Svíþjóð eignarskatta einmitt af með þeim rökum að þeir ógnuðu lögvörðum réttindum borgara landanna. Það var því eftir öðru að íslenska ríkisstjórnin skyldi innleiða á ný skatta á eignir. Líklegt er að einhverjir borgarar muni láta reyna á rétt sinn og varar 1. minni hluti við þessari tegund skattlagningar. Mögulegt er að dómsmáli mundi ljúka með endurgreiðslu eignaupptökunnar, 8.900 milljóna króna, auk vaxta og hugsanlegra skaðabóta.

Eignarskattar hafa verið á undanhaldi í Evrópu undanfarna áratugi – nú leggja einungis þrjú ríki á eignarskatta. Ástæðan er sú að þeir leiða til fjármagnsflótta, þeir eru dýrir í framkvæmd miðað við þær tekjur sem þeir gefa og þeir eru óhagkvæmir. Alvarlegasta gagnrýnin, fyrir utan eignaupptöku, lýtur að því að með því að skattleggja eignir flytji fólk heimili sitt

til landa sem ekki innheimta slíka skatta. Mörg nýleg dæmi eru um að efnaðir Íslendingar flytji til Sviss en þar eru ekki lagðir á eignarskattar auk þess sem þar geta efnaðir einstaklingar samið um tekjuskatta sína. Tæplega 1% þeirra sem greiddu auðlegðarskatt fluttu heimilisfesti sína fyrstu 11 mánuði ársins. Þetta er lægra hlutfall en flutti frá Íslandi þegar íbúafjöldinn í heild er skoðaður. Frá tekjuöflunarsjónarhóli er efnaður einstaklingur mun verðmætari en fátækur einstaklingur – hann borgar hærri skatta. Því er hér um alvarlega þróun að ræða. Jafnframt er líklegt að hækkun auðlegðarskattsins muni hrekja enn fleiri efnaða einstaklinga úr landi í framtíðinni.

Í umsögn KPMG um frumvarpið er bent á að auðlegðarskattur miðist við eignastöðu skattgreiðanda og því væri ekki tekið tillit til tekna hans eða greiðslugetu. Því gæti sú staða komið upp að ráðstöfunartekjur skattgreiðanda verði lægri en álagður auðlegðarskattur og hann gæti því neyðst til að selja eignir sínar til að standa skil á skattgreiðslum. Bent var á að í Svíþjóð og Þýskalandi hefðu slíkir skattar verið lagðir af þar sem talið var að álagning þeirra kynni að stangast á við eignarréttarákvæði stjórnarskrár.

Erfðafjárskattur.

Í gildandi lögum er erfðafjárskattur 5% en þó er maki eða sambúðaraðili undanþeginn greiðslu skattsins. Skattfrelsismörk eru 1 millj. kr. á hvert dánarbú sem eiga þó ekki við ef arfur er fyrirframgreiddur. Lagt er til í frumvarpinu að erfðafjárskattur verði hækkaður í 10%, þ.e. hann verði tvöfalt það sem hann er nú og að skattfrelsismörkin hækki í 1,5 millj. kr.

Þetta kann að leiða til þess að einhverjir munu greiða út fyrirframgreiddan arf til erfingja sinna fyrir gildistöku skattsins um áramót með 5% skatti og lækka jafnvel eignir sínar niður undir þau mörk sem 1,5% auðlegðarskatturinn mótast af. Þetta kann að gefa ríkissjóði 3,5% til 5% skatttekjur af fyrirframgreiddum arfi en rýrir tekjur hans seinna. Þá er skatturinn ósanngjarn eins og Viðskiptaráð bendir á í umsögn sinni. Þegar hefur verið greiddur skattur af því fé sem erfðafjárskatturinn nær til og er því um tvísköttun að ræða.

Áfengis- og tóbaksgjald og vörugjald á áfengi og tóbak.

Þann 1. janúar sl. var skattur á tóbak hækkaður um 10%. Helstu rökin fyrir hækkuninni voru þau að það þyrfti að stoppa í fjárlagagatið. Tóbaksgjaldið var hækkað um 10% en það sem af er ári (m.v. sölutölur ÁTVR janúar–nóvember) hefur sala á sígarettum minnkað um 12,08%, en sala á sígarettum er 92% af tóbakssölu.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir gildi verðteygni eftirspurnar þegar gjöld á vöru og þjónustu sem keypt er á frjálsum markaði eru ákvörðuð. Bæði er að fólk dregur saman neyslu sína þegar verð hækkar en einnig leitar fólk í staðkvæmdarvörur. Miklar verðhækkanir á víni hafa leitt til þessara áhrifa. Þannig hefur sala á vodka t.a.m. dregist saman um 20% eftir miklar verðhækkanir. Flaska af vodka kostar nú á bilinu 6.000–7.000 kr. í verslunum ÁTVR. Neysla á landa er talin hafa aukist mikið en flaska af honum er talinn kosta á bilinu 2.000–2.500 kr. á svörtum markaði. Fólk hefur minnkað neyslu sína á vodka eða skipt yfir í landa. Þetta er talandi dæmi um verðteygni eftirspurnar.

Minni sala á sígarettum hefur haft eftirfarandi fjárhagsleg áhrif fyrir ríkissjóð:

- Innheimt tóbaksgjald af sígarettum hefur lækkað um 147,4 millj. kr.
- Álagning ÁTVR á sígarettur hefur lækkað um 74,5 millj. kr.
- Virðisaukaskattur af sölu á sígarettum hjá ÁTVR hefur lækkað um 124,5 millj. kr.
- Virðisaukaskattur af smásölu á sígarettum hefur lækkað um 34,9 millj. kr.
- Hagnaður innflytjenda vegna sölu á sígarettum hefur lækkað um 41 millj. kr. (áætlað m.v. fast söluverð til ÁTVR) sem leiðir til lægri tekjuskatts sem þeir aðilar greiða til

ríkissjóðs (18% = 7,4 millj. kr.).
- Hagnaður smásala af sölu á sígarettum hefur lækkað um 136,7 millj. kr. sem leiðir til lægri tekjuskatts sem þeir aðilar greiða til ríkissjóðs (18% = 24,6 millj. kr.)

Samtals leiddi hækkun tóbaksgjaldsins því til 413,3 millj. kr. taps fyrir ríkissjóð.

Sala á áfengi og tóbaki í komuverslun fríhafna er undanþegin vörugjaldi og virðisaukaskatti. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að í forsendum tekjuáætlunar fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011 hefði verið reiknað með að tekið yrði upp sérstakt vörugjald á áfengi og tóbak í komuverslunum fríhafna sem ættu að skila ríkissjóði nálægt 1 milljarði kr. Þessi áform hafa nú verið tekin til endurskoðunar, enda var óttast að verslunin flyttist frá Keflavík til annarra flugvalla. Þannig hefur ríkisstjórnin skynjað áhrif aukinna skattstofna í þessu tilviki og er það vel.

Í umsögn ÁTVR um frumvarpið kemur fram að skattlagning á áfengi væri komin að þolmörkum og að hætta sé á að sala á áfengi færist í hendur bruggara og smyglara. ÁTVR telur sölu á vodka þegar hafa færst frá vínbúðunum. Samtök ferðaþjónustunnar benda á að sala áfengis hafi færst undir yfirborðið þar sem sala á landa til ungmenna hafi verið umtalsverð á síðasta ári auk þess sem aukning hefði orðið á heimatilbúnu áfengi og smygli. Þá telja samtökin að sú hækkun sem frumvarpið felur í sér muni helst skila öflugri heimilisiðnaði og neðanjarðarsölu á áfengi og að minnkandi velta muni skila sér í minni umsvifum og fækkun starfsfólks á veitingahúsum.

Kolefnisgjald.

Á síðasta ári var stigið skref í nýrri skattheimtu á sviði umhverfis- og auðlindaskatta með því að taka upp kolefnisgjald á fljótandi eldsneyti úr jarðefnum, sbr. lög um umhverfis- og auðlindaskatta, nr. 129/2009. Lagt er til í frumvarpinu að gjaldið hækki um 50% í flestum gjaldflokkum. Þessi hækkun skekkir samkeppisstöðu íslensks atvinnulífs eins og bent er á í umsögn Samtaka atvinnulífsins. Hækkun á eldsneytisverði eykur útgjöld heimila og eykur erfiðleika þeirra sem reiða sig á bifreið til að komast til og frá vinnu og til að flytja börn í leikskóla, skóla og tómstundir.

Í umsögn Samtaka atvinnulífsins og fleiri samtaka kemur fram sú skoðun þeirra að þrátt fyrir fagrar útskýringar á því hvernig gjaldið væri reiknað út hefði það ekkert með umhverfismál að gera heldur væri það fyrst og fremst til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Þá var bent á að þegar lög um umhverfis- og auðlindaskatta voru sett hefði ekki verið lagt mat á áhrif gjaldsins til minnkunar útstreymis gróðurhúsalofttegunda og það hefði ekki heldur verið gert nú þegar ætti að hækka gjaldið um 50%.

Þá ítrekuðu samtökin athugasemdir sínar um áhrif laga um umhverfis- og auðlindaskatta á útflutningsgreinarnar og bentu á að norsk fiskiskip væru undanþegin kolefnisgjaldi. Stærsti kostnaðarliður útgerðarinnar, olíukostnaður, hefði hækkað mikið sl. ár og hefði verið í sögulegu hámarki árið 2008 og væri enn hár. Samtökin sögðu íslensk stjórnvöld verða að hafa í huga að íslensk útflutningsfyrirtæki gætu ekki tekið meira á sig en erlendir samkeppnisaðilar og mótmæltu hækkun gjaldsins.

Í umsögn Deloitte var sömuleiðis bent á að flugfélög mundu ekki fara varhluta af hækkun kolefnisgjaldsins og yrði samkeppnisstaða Íslands verri með hækkun af þessu tagi. Bent var á að eldsneyti hefði mikil áhrif á kostnað við það að koma ferðamönnum til landsins.

Strætó bs. benti á að hækkað kolefnisgjald hindraði að þjónusta almenningsvagna yrði efld. Neytendasamtökin vísuðu til umsagnar sem þau sendu þegar lög um umhverfis- og auðlindaskatta voru sett og ítrekuðu andstöðu sína við þau. Samtökin töldu þá að skattlagningin bitnaði ekki aðeins hart á neytendum í formi hærra verðs heldur einnig í formi meiri greiðslubyrði verðtryggðra lána.

Bensíngjald, olíugjald og kílómetragjald.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að almennt bensíngjald, sérstakt bensíngjald og olíugjald hækki um 4% og er þessari hækkun ætlað að skila um 750 millj. kr. í ríkissjóð. Efnahags- og skattanefnd hefur jafnframt haft til umfjöllunar frumvarp fjármálaráðherra um kerfisbreytingar á bifreiðagjaldi og vörugjaldi bifreiða (197. mál) þar sem gert er ráð fyrir því að skattlagning ökutækja verði framvegis miðuð við koltvísýringslosun þeirra.

Talið er óhjákvæmilegt að þessi hækkun renni út í verðlag, m.a. með hækkandi taxta leigubifreiða líkt og fram kemur í umsögn Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra. Þá segir í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar að þessi hækkun, auk hækkunar auðlinda- og umhverfisgjalds og ný lög um bifreiðagjöld, muni reynast hópbifreiðafyrirtækjum gríðarlega þungbær. Í umsögn Bændasamtaka Íslands segir að þegar hafi verið gengið of nærri heimilum og fyrirtækjum með auknum álögum og þær hefðu áhrif á vísitölu og þar með fjármagnskostnað einstaklinga og fyrirtækja. Jafnframt er bent á að álögur á olíu og bensín væru sérstaklega íþyngjandi fyrir bændur og aðra íbúa dreifbýlis sem hefðu ekki færi á að nýta sér almenningssamgöngur líkt og þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar.

Í byrjun árs 2009 var veitt lögfest heimild sem heimilaði eigendum séreignarsparnaðar undir 60 ára að taka út allt að 1 millj. kr. af séreignarsparnaði sínum. Fjárhæðin var síðar hækkuð um 1,5 millj. kr. Samkvæmt gildandi lögum geta eigendur séreignarsparnaðar því tekið út allt að 2,5 millj. kr. af séreignarsparnaði sínum. Þessi heimild hefur valdið miklum vandræðum hjá tryggingafélögum, sem bjóða séreignasparnað á formi söfnunartrygginga þar sem rekstrarkostnaður er greiddur í byrjun tryggingar og eignin því neikvæð fyrstu árin. Hér er enn aukið að þann vanda. Samkvæmt því frumvarpi sem er til umfjöllunar hér verður hverjum rétthafa heimilt að taka út allt að 5 millj. kr. af séreignarsparnaði sínum sem verður greiddur út næstu 12 mánuði og er umsóknarfrestur til 1. apríl 2011. Þessi aukna heimild sem mælt er fyrir um í frumvarpinu hefur í för með sér að þessi sparnaður sumra heimila er eyðilagður með öllu. Útgreiðsluformið er auk þess þannig að hætta er á að sparnaðurinn verði nýttur til að halda uppi neyslu í stað þess að gagnast við uppgjör skulda. Þó munu margar fjölskyldur geta nýtt sér sparnaðinn til að standa í skilum með leigu eða afborganir af lánum. Í umsögn Félags atvinnurekenda er bent á að það hefði verið heppilegra að leggja skatt á greiðslur í séreignarsparnað, eða a.m.k. stíga stærri skref í þá átt.

Barnabætur og vaxtabætur.

Þessir bótaflokkar heyra undir skattamál og því verður að vara við skerðingu þeirra hér, sérstaklega barnabóta, sem geta verið varasamar á tímum kreppu. Í frumvarpinu er lagt til að barnabætur vegna barna yngri en sjö ára verði skertar af tekjum eins og aðrar bætur. Þá verði tekjuskerðingarhlutfall vegna eins barns hækkað úr 2% í 3% en ekki er gert ráð fyrir breytingu á skerðingarhlutfalli þegar börnin eru fleiri. Þá er lagt til að gerð verði sú breyting á útreikningi vaxtabóta að tekjutenging þeirra verði 7% í stað 6% nú. Þá er lagt til að þannig ákvarðaðar vaxtabætur verði skertar um 8% hjá öllum bótaþegum til að unnt verði að ná markmiðum um sparnað í ríkisfjármálum. Nefndinni barst athugasemd frá ríkisskattstjóra þess efnis að þessi breyting hefði í för með sér aukið flækjustig í álagningu opinberra gjalda þegar í næstu álagningu og næstu ára.

Vaxtabætur eru ásamt húsaleigubótum styrkur til búsetu þar sem vaxtabætur gagnast þeim sem skulda nógu mikið en húsaleigubætur gagnast ekki stórum fjölskyldum. 1. minni hluti hvetur til þess að þessir bótaflokkar verði teknir út úr skattalögum og fluttir í bótakerfið með skynsamlegum forsendum um eignir, tekjur og stærð fjölskyldu.

Fyrir skemmstu tilkynnti ríkisstjórnin um aðgerðir í þágu skuldugra heimila sem voru ræddar við meðferð málsins í nefndinni. Í þeim er gert ráð fyrir að kostnaður vegna vaxta af fasteignalánum verði niðurgreiddur umfram almennar vaxtabætur. Tillagan byggist á yfirlýsingu í kjölfar samkomulags ríkisstjórnarinnar við lánastofnanir og lífeyrissjóði um aðgerðir vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna. Í yfirlýsingunni kemur fram að sérstakri hækkun vaxtabóta verði haldið við. Niðurgreiðsla vaxta er óháð tekjum en er miðuð við ákveðin eignamörk og nemur 0,6% af skuld vegna öflunar húsnæðis. Áætlað er að til nýju vaxtabótanna verði varið 6 milljörðum kr. á næsta ári. Tillagan byggist á yfirlýsingu í kjölfar samkomulags ríkisstjórnarinnar við lánastofnanir og lífeyrissjóði um aðgerðir vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna. Í yfirlýsingunni kemur fram að sérstakri hækkun vaxtabóta verði haldið við. Fagna ber þessu framtaki sem er mjög í anda nýlegrar tillögu Sjálfstæðisflokksins, sjá fylgiskjal I.

Almenn hækkun krónutöluskatta.

Til viðbótar við framangreindar hækkanir eru í frumvarpinu tillögur um almenna 4% hækkun á svokölluðum krónutölusköttum í takt við verðlagsforsendum fjárlagafrumvarpsins þrátt fyrir að ný þjóðhagsspá geri ráð fyrir að verðlag muni hækka um 2,3%. Því er um 1,7% raunhækkun að ræða á öllum gjöldum á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins. Þetta leiðir til aukinnar byrðar á landsmenn, byrðar sem stjórnvöld dylja í búning verðlagshækkana sem ekki verða. Þetta mun hafa afdrifarík áhrif á hag fjölskyldna, sem margar hafa þurft að sæta missi atvinnu, lækkun launa, skertri eða niðurfelldri yfirvinnu, missi aukavinnu og stórhækkun skatta og hækkun verðbólgu sem kemur niður á neyslu og getu til að standa við fastar verðtryggðar skuldbindingar eins og leigu og afborganir af lánum. Í umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarpið er varað við framangreindri hækkun krónutöluskatta og bent á að hún auki á verðbólgu. Minnt er á að breytingar á skattalögum séu einn stærsti einstaki þátturinn í verðbólgu á þessu ári og að verði frumvarpið óbreytt að lögum sé verið að ræsa verðbólguhringekju með gamla laginu.

Niðurstaða.

Í umsögn Alþýðusambands Íslands er vísað til þess að í athugasemdum við frumvarpið sé að finna alvarlega staðreyndavillu sem lúti að því að fullyrt er að tillögur frumvarpsins muni lækka ráðstöfunartekjur heimilanna um 0,5%. Sambandið telur að hið rétta sé að frumvarpið skerði ráðstöfunartekjur heimilanna um 1%.

Fyrsti minni hluti varar við stefnu ríkisstjórnarinnar sem ætlar sér að skattleggja þjóðina út úr kreppunni. 1. minni hluti skorar á meiri hlutinn að kanna hvort þær leiðir, sem lagðar eru til í efnahagstillögum Sjálfstæðisflokksins, séu ekki vænlegri til að blása þjóðinni von í brjóst og bjartsýni og gefa henni undirstöður til að byggja framtíð sína á.

Alþingi, 14. des. 2010.

Tryggvi Þór Herbertsson, frsm. Pétur H. Blöndal.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, verja velferð með ábyrgum ríkisfjármálum, efla atvinnulífið og fjölga störfum. (Lögð fram á 139. löggjafarþingi á þskj. 156 –141. mál.) Flm.: Bjarni Benediktsson, Ólöf Nordal, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

II. Álit um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2011, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. (Fylgiskjal II með nefndaráliti á þskj. 413 í máli nr. 1 á 139. löggjafarþingi.) Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

III. Breytingartillögur við frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 og við brtt. á þskj. 217. (Þskj. 539 – 1. mál á 139. löggjafarþingi.) Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (KÞJ, ÁsbÓ, ÞKG).

571. Breytingartillaga [301. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá Pétri H. Blöndal, Árna Johnsen, Ásbirni Óttarssyni, Birgi Ármannssyni, Bjarna Benediktssyni, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Jóni Gunnarssyni, Kristjáni Þór Júlíussyni, Ólöfu Nordal, Ragnheiði E. Árnadóttur, Ragnheiði Ríkharðsdóttur, Sigurði Kára Kristjánssyni, Tryggva Þór Herbertssyni, Unni Brá Konráðsdóttur og Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

Greinargerð.

Með þessari breytingu er lagt til að 2. mgr. 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna falli brott. Þar er mælt fyrir um skyldugreiðslu opinberra starfsmanna til stéttarfélaga. Flutningsmenn telja ákvæðið fara gegn ákvæðum stjórnarskrár og brjóta mannréttindi.

572. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Í frumvarpinu er lagt til:

- Að fjármagnstekjuskattur verði hækkaðir úr 18% í 20%. Fjármagnstekjuskattur var hækkaður úr 10% í 15% 1. janúar 2009 og í 18% 1. janúar 2010. Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum hefur skatturinn því tvöfaldast á aðeins tveimur árum.
- Að tekjuskattur lögaðila verði hækkaðir úr 18% í 20%. Verði frumvarpið að lögum hefur sá skattur hækkað um liðlega 33% á tveimur árum.
- Að hinn nýi auðlegðarskattur verði hækkaður úr 1,25% í 1,5% og eignamörk einstaklinga lækkuð úr 90 millj. kr. í 75 millj. kr. og eignamörk hjóna úr 120 millj. kr. í 100 millj. kr.
- Að erfðafjárskattur verði tvöfaldaður, þ.e. hækki úr 5% í 10% og skattleysismörkin hækkuð úr 1 millj. kr. í 1,5 millj. kr.
- Að kolefnisgjald, sem komið var á með lögum nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta, hækki um nálægt 50% í flestum gjaldflokkum.
- Að barnabætur vegna barna yngri en sjö ára verði skertar af tekjum og að tekjuskerðingarhlutfall vegna eins barns verði hækkað úr 2% í 3%. Ekki er þó gert ráð fyrir breytingu á skerðingarhlutfalli þegar börnin eru fleiri en eitt.
- Að tekjutenging vaxtabóta verði 7% í stað 6% nú og að því til viðbótar verði þannig ákvarðaðar vaxtabætur síðan skertar um 8% hjá öllum bótaþegum.
- Að svokallaðir krónutöluskattar verði hækkaðir um 4%.

Til viðbótar framangreindu eru lagðar til auknar álögur á áfengi og tóbak og lagt til að bensíngjald, olíugjald og kílómetragjald hækki um 4%. Auk þess er í frumvarpinu gert ráð fyrir gjaldskrárhækkunum ýmissa stofnana og fyrirtækja ríkisins, svo sem hækkun útvarpsgjalds, hækkun vitagjalds og gjalds í framkvæmdasjóð aldraðra.

Jafnframt er gert ráð fyrir kerfisbreytingu á bifreiðagjaldi og vörugjöldum bifreiða sem á að skila 200 millj. kr. aukalega í ríkissjóð. Þannig hækka álögur á bifreiðaeigendur enn frekar. Þessi kostnaður er orðinn mjög íþyngjandi fyrir mörg heimili. Í nýrri skýrslu Hagstofunnar kemur fram að kostnaður fólks á landsbyggðinni við rekstur bifreiða er þriðjungi hærri en fólks á höfuðborgarsvæðinu. Stefna ríkisstjórnarinnar við kerfisbreytingu á vörugjöldum á bifreiðum mun auka enn frekar þetta misvægi þar sem fólk á landsbyggðinni þarf frekar að eiga vel útbúna bíla en fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar frumvarpið var lagt fram var gert ráð fyrir 4% verðbólgu á næsta ári og átti að hækka gjöldin í samræmi við þá spá. Samkvæmt nýjum forsendum og versnandi horfum í efnahagsmálum er spáð 2,3% verðbólgu. Hins vegar eru ekki gerðar tillögur um að breyta hækkun á gjöldum til samræmis við það. Þannig mun olíu- og kílómetragjald hækka að raunvirði um 1,7% á næsta ári. Almenningur mun borga hærri reikninga vegna þessarar stefnu stjórnvalda um hækkanir á gjöldum og sköttum. Í mörgum þeirra umsagna sem bárust um frumvarpið er bent á að verðlagshækkanir hækki ekki aðeins verð á vörum og þjónustu og minnki þar með ráðstöfunartekjur heimilanna heldur muni þær einnig hækka greiðslubyrði af verðtryggðum lánum og ekki er nú á það bætandi. Lán heimilanna vegna hækkunar á sköttum og gjöldum munu því hækka um 2,4 milljarða kr. líkt og Alþýðusamband Íslands

bendir á í sinni umsögn. Það er erfitt fyrir þá sem hafa talað fyrir almennri leiðréttingu á stökkbreyttum skuldum heimilanna að þurfa að horfast í augu við þá ríkisstjórn sem veitist stöðugt að heimilunum með gjaldahækkunum sem þessum.

Eina stefnan sem ríkisstjórnin virðist hafa til að auka tekjur ríkissjóðs er að hækka skatta og til þess að reyna að ná fram jöfnuði á að skera niður í stað þess að reyna að fara þriðju leiðina, að auka verðmætasköpun í samfélaginu. Þá þyrfti ekki að ganga eins hart fram gagnvart heimilum og fyrirtækjum og raun ber vitni. Í umsögn Alþýðusambands Íslands er bent á að afleiðingar óbreytts frumvarps verði þær að ráðstöfunartekjur heimilanna skerðist um 1%. 2. minni hluti telur að íslenskt atvinnulíf og íslensk heimili hljóti að hafa einhver þolmörk gagnvart endalausum skattahækkunum ríkisstjórnarinnar.

Líkt og fram kemur í áliti 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar til fjárlaganefndar um tekjugrein fjárlagafrumvarpsins þá stenst tekjuhlið fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar fyrir 2011 því miður ekki miðað við þær forsendur sem fólust í fjárlagafrumvarpinu við framlagningu þess (sjá fskj.). Talið er að samdráttur hagvaxtar frá því að frumvarpið var lagt fram geti numið allt að 20 milljörðum kr., sé miðað við nýjustu þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Þessi lækkun hefur veruleg áhrif á afkomu ríkis og sveitarfélaga, en helmingur þeirrar fjárhæðar hefði runnið til þeirra. En hér er miðað við spá Hagstofu Íslands sem er í bjartsýnni kantinum sé miðað við aðra aðila sem hafa spáð fyrir um hagþróun næsta árs. Þannig spáir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins einungis 0,7% hagvexti. Ef sú spá gengur eftir mun efnahagssamdrátturinn ekki verða 20 milljarðar kr. heldur 45–50 milljarðar kr. Þessi dökka spá Evrópusambandsins er rökstudd með þeim hætti að skuldavandi heimilanna muni bitna á innlendri eftirspurn og þannig minnka eftirspurnina í hagkerfinu með tilheyrandi afleiðingum fyrir atvinnlífið og meira atvinnuleysi heldur en ella. Hörð gagnrýni kemur þar fram á úrlausnir um skuldavanda heimilanna þar sem flækjustigið er svo hátt.

Fram hefur komið hjá Samtökum atvinnulífsins að auknar tekjur vegna skattahækkana á þessu ári séu mun minni er stjórnvöld áætluðu við gerð fjárlaga ársins 2010. Gert var ráð fyrir auknum tekjum upp á 56 milljarða kr. en niðurstaða þessa árs er sú að einungis 29 milljarðar kr. hafa skilað sér. Það vantar því um 27 milljarða kr. í ríkissjóð árið 2010. Í umræðu um skattamál fyrir síðustu áramót vöruðu framsóknarmenn við því að hækka skatta svo mikið sem raun bar vitni. Þeirri gagnrýni var vísað á bug af hálfu stjórnarflokkanna sem verða nú að horfast í augu við veruleikann – þessi efnahagsstefna gengur ekki upp.

Í tíð vinstri stjórnarinnar hafa miklar breytingar orðið á skattkerfinu. Kerfinu var gjörbreytt á nokkrum dögum í meðförum Alþingis. Það verklag sem var viðhaft þá er einsdæmi á síðari tímum í lagasetningu á svo mikilsverðu sviði sem skattkerfið er. Enda hefur það komið á daginn að mörg mistök voru gerð við lagasetninguna sem hafa verið lagfærð á þessu ári. Mikil gagnrýni umsagnaraðila um þessa stefnu ætti að gefa vísbendingu um að þjóðfélagið sé á rangri braut í þeim efnum. Fyrir utan það að hluti ríkisstjórnarinnar er beinlínis á móti erlendri fjárfestingu hefur aukið flækjustig og tíðar breytingar á skattkerfinu fælt fjárfesta frá því að koma að uppbyggingu íslensks efnahagslífs. Hvað varðar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi má benda á umsögn Deloitte um frumvarpið þar sem segir orðrétt: „Fyrirtæki, sem að öðru leyti væru tilbúin til fjárfestinga hérlendis sjá að óstöðugt skattaumhverfi og hækkun skatta, eykur beinan kostnað fyrirtækja og takmarkar fjárfestingargetu þeirra til þátttöku í nýjum verkefnum.“

Í forsendum tekjuhliðarinnar er gert ráð fyrir um 5% hækkun launa á almennum vinnumarkaði en ekki er gert ráð fyrir neinum hækkunum á launum til opinberra starfsmanna á útgjaldahliðinni. Þessi aðferð „fegrar“ bæði útgjalda- og tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins. Í

raun má velta þeirri spurningu upp hvort að verið sé vísvitandi að gefa ranga mynd af stöðu ríkisfjármála árið 2011.

Í tilefni af hækkun álaga á eldsneyti og bifreiðar benti Öryrkjabandalag Íslands á að mikilvægt væri að hafa í huga að hreyfihamlaðir hefðu ekki tök á að nýta sér kosti umhverfisvænni bifreiða en þær uppfylltu ekki kröfur um aðgengi, auk þess sem hreyfihamlaðir öryrkjar á bótum almanantrygginga hefðu ekki efni á að kaupa sér nýjar bifreiðar. Bandalagið sér ekki fram á annað en að rekstrarkostnaður bifreiða muni aukast umtalsvert. 2. minni hluti bendir á að í fjárlagafrumvarpinu er lögð til lækkun á uppbót og styrkjum vegna bílakaupa fatlaðra um 15,7%.

Varað hefur verið við því að ganga of hart fram í hækkunum á sköttum, þær bitni á heimilum og fyrirtækjum og muni jafnvel á endanum leiða til þess að skattstofnarnir minnki, vegna þess að neðanjarðarhagkerfið eflist, menn fara að svíkja undan skatti. Það er augljóst að þær breytingar sem hafa verið gerðar og þær hækkanir sem eru nú lagðar til á álögum á áfengi og tóbak leiða til þess að heimabrugg og smygl eykst. Þetta kemur m.a. fram í umsögn ÁTVR um frumvarpið þar sem segir: „ÁTVR telur að skattlagning á áfengi sé komin að þolmörkum og að hætta sé á að salan á áfengi færist frá ÁTVR í hendur smyglara og bruggara. Þessi þróun virðist þegar hafin í vodka.“ Sambærileg athugasemd barst frá Samtökum ferðaþjónustunnar en samtökin telja þá hækkun sem sé boðuð á áfengisgjaldi, og bættist við samanlagða hækkun upp á 40% frá hruni, muni að mestu skila „öflugri heimilisiðnaði og neðanjarðarsölu á áfengi. Minnkandi velta mun skila sér í minni umsvifum og fækkun starfsfólks á veitingastöðum. SAF telja að lækkun áfengisgjalds muni minnka neðanjarðarstarfsemi, efla opinbera sölu á áfengi og samtímis auka tekjur ríkissjóðs.“

Til að efla tekjur hins opinbera og fjölga störfum í íslensku samfélagi er nauðsynlegt að í líta til eftirtalinna þátta:

- skattlagningu greiðslna í séreignarlífeyrissparnað,
- aukningu í fiskveiðiheimildum,
- örvun erlendra fjárfestinga í stað þess að bregða fyrir þær fætinum,
- nýtingu orkuauðlinda til atvinnusköpunar,
- eflingu innlendar matvælaframleiðslu,
- lækka stýrivexti Seðlabanka Íslands enn frekar.

Framvinda efnahagsmála og dökkar horfur í þeim efnum hljóta að vekja upp spurningar hvort stefnan sé rétt. Ljóst er að margt í efnahagsstefnunni byggist á samkomulagi sem var gert við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn á sínum tíma. Mikilvægt er að sú stefna verði endurskoðuð hið fyrsta. 2. minni hluti telur dapurlegt að ríkisstjórnin vegi með þessum hætti að afkomu þeirra hópa í samfélaginu sem mega síst við því, afkomu barnafólks, millitekjufólks en þó sérstaklega lágtekjufólks, öryrkja og aldraðra. 2. minni hluti óttast að síauknar hækkanir á sköttum muni auka fólksflótta frá landinu en það er því miður staðreynd að um 10 manns flytjast burt frá landinu á dag.

Alþingi, 16. des. 2010.

Birkir Jón Jónsson.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal: Álit um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2011, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. Sjá III. fylgiskjal í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011, þskj. 413.

573. Fyrirspurn [390. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um vísindarannsóknir og kynjahlutfall.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hver hefur verið fjöldi og hlutfall karla og kvenna síðasta áratuginn:
   a. í rannsóknastöðum innan háskólanna,
   b. meðal styrkþega hjá sjóðum Rannís?
2. Hvernig hefur jafnréttis verið gætt við úthlutun rannsóknastyrkja á þessu tímabili?

Svar óskast sundurliðað eftir raunvísindum annars vegar og félags- og hugvísindum hins vegar.

Skriflegt svar óskast.

574. Fyrirspurn [391. mál]

til fjármálaráðherra um ríkisábyrgðir.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hverjar eru skuldbindingar ríkisins sem flokkast undir ríkisábyrgðir?
2. Hvert er mat ráðherra á því hvort til ábyrgðar ríkisins kunni að koma í einhverjum tilvikum og þá hvaða?

Svar óskast sundurliðað eftir einstökum ábyrgðarskuldbindingum, tímalengd, upphæð og mynt.

Skriflegt svar óskast.

575. Fyrirspurn [392. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um kræklingarækt og krabbaveiðar.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hver er stefna ráðherra varðandi skipulag, uppbyggingu, nýtingu og stjórnsýslu í kræklingarækt? Óskað er eftir sundurliðun eftir landsvæðum.
2. Hver er stefna ráðherra varðandi skipulag, stjórnsýslu, nýtingu og veiðar á krabbategundum? Óskað er eftir sundurliðun eftir tegundum og landsvæðum.

Skriflegt svar óskast.

576. Breytingartillaga [200. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá Eygló Harðardóttur.

Á eftir 10. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Af arfi sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga skal engan erfðafjárskatt greiða. Sama gildir um handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripi séu hlutir þessir ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

577. Breytingartillaga [79. mál]

við brtt. á þskj. 533 [Brunavarnir].

Frá Merði Árnasyni.

Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: 26. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011 nema 2.–4. málsl. b-liðar 18. gr. sem öðlast gildi 15. september 2011.

578. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum (kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja).

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ögmund Hrafn Magnússon og Sigurð Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Özur Lárusson, Sverri Hauksson og Gunnar Gunnarsson frá Bílgreinasambandinu, Gunnar Val Sveinsson, Þorstein Þorgeirsson, Bergþór Karlsson og Margeir Vilhjálmsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Grétar Pétur Geirsson og Berg Þorra Benjamínsson frá Sjálfsbjörg, Jóhann Halldórsson og Karl Gunnlaugsson frá Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttasambandi Íslands, Hannes Má Sigurðsson frá Vegagerðinni, Guðmund Ólafsson og Guðríði Ólafsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands, Gunnar Gunnarsson og Eyþór Örlygsson frá Bifhjólasamtökum lýðveldisins, Guðbrand Bogason og Jón Hauk Edwald frá Ökukennarafélagi Íslands, Hauk Eggertsson frá Landssamtökum hjólreiðamanna, Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökum Íslands, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Dofra Hermannsson frá Metanorku, Jón Björn Skúlason frá Íslenskri Nýorku og Jón Þóri Frantzson frá Íslenska gámafélaginu.

Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra, Bernhard ehf., sameiginlega frá Bifhjólasamtökum lýðveldisins, Slóðavinum, Ökukennarafélagi Íslands og Biking Viking ehf., Bílaleigu Akureyrar, Bílaleigunni Avis, Bílgreinasambandinu, Brimborg, Bændasamtökum Íslands, Félagi atvinnurekenda, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Hertz bílaleigu, Alp bílaleigu, Íslenskri Nýorku ehf., Landssambandi lögreglumanna, Landssamtökum hjólreiðamanna, Landvernd, sameiginlega frá Metanorku, Vélamiðstöðinni og Íslenska gámafélaginu, Mótorhjóla- og vélsleðaíþróttasambandi Íslands, Neytendasamtökunum, Orkustofnun, Reykjavíkurborg, Ríkharði Erni Steingrímssyni varðstjóra, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sameiginlega frá Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum ferðaþjónustunnar, Sjálfsbjörg, sýslumanninum í Bolungarvík, tollstjóra, Vegagerðinni, Viðskiptaráði Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands.

Frumvarpið.

Markmið frumvarpsins felur í sér kerfisbreytingu á skattlagningu ökutækja og er ætlað að hrinda í framkvæmd áformum stjórnvalda um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum að teknu tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga á vettvangi Evrópusambandsins. Fram kemur að þáttur vegasamgangna í losun slíkra lofttegunda hafi verið fjórðungur árið 2006. Enn fremur er markmiðið að stuðla að orkusparnaði og aukinni notkun innlendra orkugjafa og notkun vistvænna ökutækja en standa jafnframt vörð um tekjuöflun ríkissjóðs og fjármögnun vegakerfisins. Frumvarpið er byggt á skýrslu starfshóps sem falið var að vinna tillögur um samræmda skattlagningu ökutækja og eldsneytis með framangreind markmið að leiðarljósi.

Með frumvarpinu er stefnt að því að tengja skattlagningu ökutækja við skráða notkun á koltvísýringi (CO_2) á tveimur sviðum löggjafar, annars vegar í lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og hins vegar lögum um bifreiðagjald. Ein breyting er lögð til á lögum um olíugjald og kílómetragjald þess efnis að olíur sem ekki eru af jarðefnauppruna, t.d. lífdísill, skuli vera undanþegnar vörugjaldi. Samsvarandi regla er lögð til varðandi efni sem blandað er saman við bensín, t.d. metnól, sem ekki er af jarðefnauppruna. Tekið er fram að liðnum fimm árum sé skynsamlegt að endurskoða hvernig tekist hafi að ná markmiðum frumvarpsins.

Í almennum athugasemdum frumvarpsins er þess getið að stjórnvöld geti með skattlagningu ráðið miklu um samsetningu og notkun bílaflotans á sama tíma og viðurkennt er að aðgerðir stjórnvalda eigi að vera almennar og óháðar einstökum tæknilegum lausnum. Í almennum athugasemdum kemur fram að verði breytingarnar samþykktar muni innflutt ökutæki sem eru undir meðallosun (165 g CO_2) bera lægra vörugjald en þær bera nú en eyðslufrekari ökutæki muni verða dýrari, almennt séð. Með breytingunni sé því verið að skapa frekari hvatningu til notkunar vistvænna ökutækja. Að gefnum forsendum er talið að frumvarpið hafi lítils háttar áhrif á endursöluverð annars vegar minni ökutækja, til lækkunar, og hins vegar stærri ökutækja, til hækkunar.

Forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir að meðallosun nýrra ökutækja fari minnkandi á komandi árum í ljósi tækninýjunga bílaframleiðenda og aukinna krafna Evrópusambandsins á sviði umhverfismála. Tekið er fram að verði frumvarpið að lögum munu bifreiðar sem knúnar eru rafmagni verða án vörugjalds og sama gildir um aðra orkugjafa sem ekki losa gróðurhúsalofttegundir. Þá er lagt til að bifreiðar sem nota metan sem eldsneyti skuli njóta

lækkunar á vörugjöldum allt að 750.000 kr. og að greindum skilyrðum greiða lágmarksbifreiðagjald.

Lagt er til að bílaleigubifreiðar, leigubifreiðar og bifreiðar til ökukennslu njóti áfram lækkaðs vörugjalds en þó ekki bifreiðar til líkflutnings, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Hámark lækkunarinnar miðast við 750.000 kr. hámark, sbr. 3. mgr. 1. gr. Þá er gert ráð fyrir að undanþágur gildandi laga frá vörugjaldi og sértækar lækkanir gildi að mestu áfram en að ákvæðin sem þetta varða verði einfölduð og samræmd. Þessar breytingar á undanþágum eru þó ekki aðeins að forminu til heldur eru þær einnig gerðar að efni til. Þannig er í athugasemdum við frumvarpið vísað til þess að dráttarvélar, sem nú bera 10% vörugjald, verði undanþegnar vörugjöldum, sbr. h-lið 1. tölul. 2. gr. og að pallbifreiðar, sem nú bera 13% vörugjald eins og sendibifreiðar, njóti ekki sértækrar lækkunar, sbr. g-lið 2. tölul. 2. gr. Einnig er í athugasemdum gerð grein fyrir áhrifum frumvarpsins á hópbifreiðar, sbr. a-lið 3. tölul. 2. gr. og o-lið 1. tölul. sömu greinar. Undir o-lið falla m.a. almenningsvagnar.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um að álagning bifreiðagjalda ökutækja, að eigin þyngd 3.500 kg eða minni, verði látin taka mið af skráðri CO_2 losun viðkomandi ökutækis sem nemi aldrei lægri fjárhæð en 5.000 kr. Lagt er til að bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili verði 120 kr. fyrir hvert gramm á ekinn kílómetra samkvæmt skráðri kolefnislosun ökutækis hjá Umferðarstofu. Ökutæki sem losa frá 0–80 grömm kolefnis á hvern kílómetra bera aðeins lágmarksgjald en fyrir hvert umframgramm bætast 120 kr. við. Fram kemur að um helmingur ökutækja sem eru minna en 1.000 kg að þyngd muni greiða lægra bifreiðagjald eftir breytinguna en samkvæmt núgildandi reglum og þar af öll nýrri ökutæki.

Fram kemur í frumvarpinu að upplýsingar um skráða losun eigi að liggja fyrir hjá öllum ökutækjum sem sett eru á markað í dag en í þeim tilvikum þar sem slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir er fylgt ákveðinni formúlu við ákvörðun vörugjalds af ökutækjum og bifreiðagjalds. Einnig kemur fram að þar sem losun CO_2 er almennt ekki skráð fyrir ökutæki sem eru þyngri en 3.500 kg er talið að ekki séu forsendur til að breyta töku bifreiðagjalds í meginatriðum hvað þau ökutæki varðar.

Umfjöllun nefndarinnar.

Almennt voru gestir nefndarinnar samþykkir markmiðum frumvarpsins og töldu að tímasetning á framlagningu þess væri rétt þar sem innflutningur á bifreiðum væri eins og sakir standa í lágmarki. Margar athugasemdir voru þó gerðar við vörugjaldatöflu frumvarpsins, einkum vegna þeirra áhrifa sem hún gæti haft á viðskipti með ökutæki með kolefnislosun yfir meðaltali. Nefndinni bárust einnig margvísleg erindi sem snerta framhald eða upptöku nýrra undanþágu eða sértækra lækkana frá gjöldum.

Fram komu sjónarmið um að yrði málið samþykkt óbreytt mundi það leiða til hægari endurnýjunar bílaflotans sem aftur hefði óæskilegar afleiðingar fyrir öryggi vegfarenda og markmið í loftlagsmálum. Fyrirsjáanlegt væri að bílaleigur sem væru helstu innflytjendur bifreiða nú mundu þurfa að draga úr umsvifum sínum með tilheyrandi áhrifum á ferðaþjónustu í landinu og gjaldeyristekjur þjóðarbúsins. Fram kom að hlutfall stórra bifreiða af heildarbílaflotanum væri hátt á Íslandi og að í dreifbýli væri hlutfallið hærra en á höfuðborgarsvæðinu sem öðrum þræði skýrðist af landfræðilegum aðstæðum. Hækkun gjalda á meðalstórar bifreiðar og jeppa mundi því koma verr niður á íbúum landsbyggðarinnar en höfuðborgarsvæðisins. Einnig gæti breytingin komið sér illa fyrir hreyfihamlað fólk sem þyrfti á stærri bifreiðum að halda sem og aðila í atvinnurekstri.

Nefndin ræddi hvort sú aðferð við skattlagningu sem lögð væri til í frumvarpinu væri samrýmanleg markmiðum þess um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og einnig hvort nær væri að hækka álögur á jarðefnaeldsneyti í staðinn. Gagnrýni kom fram um að víðtækar undanþágur frumvarpsins væru til þess fallnar að grafa undan tilgangi þess en á móti naut það sjónarmið skilnings að þörf margra fyrir skattalegar ívilnanir hefði e.t.v. aldrei verið meiri en við ríkjandi efnahagsaðstæður. Hækkanir á eldsneyti takmörkuðu eðli málsins samkvæmt einnig möguleika fólks til að nota bifreiðar, ekki síst efnaminna fólks, en frumvarpið leiddi ekki til hækkunar á sparneytnum bifreiðum.

Loks ræddi nefndin ívilnanir sem gerðar eru í frumvarpinu varðandi metanbifreiðar og hvaða möguleika þróun þeirra hefði fyrir íslenskt samfélag. Nokkrir aðilar lögðu áherslu á mikilvægi þess að löggjafinn gætti jafnræðis milli innfluttra metanbifreiða með gerðarvottun og bensínknúinna bifreiða sem breytt hefði verið eftir á auk þess sem skorað var á nefndina að íhuga útvíkkun heimildar til endurgreiðslu á virðisaukaskatti fyrir vetnisbifreiðar og rafbíla. Aðrir gagnrýndu slíkar ívilnanir með vísan til þess að löggjöfin væri með þessu farin að gera upp á milli tæknilegra lausna sem væri andstætt tilgangi frumvarpsins.

Breytingartillögur meiri hlutans.

Meiri hlutinn leggur til breytingar sem flestar hafa að markmiði að milda áhrif frumvarpsins á notendur ökutækja sem losa umfram meðaltal og um leið draga úr verðlagsáhrifum.

1. Lögð er til breyting á vörugjaldatöflu 1. mgr. 1. gr. þannig að viðmið skráðrar losunar í flokki H verði 201-225 CO_2 í stað þess að vera 201-220 CO_2. Að óbreyttu hefðu vinsælar bifreiðar borið 60% gjald samkvæmt flokki I en bera eftir breytinguna 55% gjald.
2. Lagt er til að þak á lækkun vörugjalds í 2. og 3. mgr. 1. gr. verði hækkað úr 750.000 kr. í 1.250.000 kr. Breytingunni í 3. mgr. er ætlað að koma á móts við kröfur bílaleigufyrirtækja sem lýstu áhyggjum af áhrifum frumvarpsins á eigið fé og endursöluverð bifreiða. Breytingin á 2. mgr. sem varðar metanbifreiðar er gerð til samræmis.
3. Lagt er til að sendibifreiðar og grindarbílar geti notið sömu lækkunar á vörugjöldum og almennir fólksbílar séu þeir útbúnir sem metanökutæki, sbr. 2. mgr. 1. gr.
4. Lagt er til að keppnisbifhjól verði líkt og keppnisbifreiðar undanþegin vörugjaldi að uppfylltum greindum skilyrðum sem fram koma í l-lið 1. tölul. 2. gr. Bifhjólasamtök lýðveldisins og Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttasamband Íslands vöktu meðal annarra máls á þessari breytingu.
5. Lagt er til að grindur með hreyfli og ökumannshúsi verði undanþegnar vörugjöldum. Um er að ræða ökutæki sem framleidd eru þannig að eftir er að setja flutningsrými á ökutækið. Flutningsrýmið getur þá t.d. verið pallur eða kassi. Þessi ökutæki koma frá framleiðanda án vöruflutningarýmis og því er svo bætt við. Í c-lið 2. tölul. tillögunnar er lagt til að eftir að vöruflutningarými hefur verið bætt við beri ökutækið 13% vörugjöld.
6. Lagt er til að í f-lið 3. gr. frumvarpsins komi ákvæði um að rekstraraðilar sérútbúinna bifreiða eigi kost á því að fjárfesta í slíku ökutæki samkvæmt undanþáguflokki 1. gr. frumvarpsins að ákveðnum skilyrðum uppfylltum sem fram koma í ákvæðinu sjálfu og verða útfærð nánar í reglugerð sem ráðherra setur.
7. Lagt er til að í nýrri grein komi ákvæði um heimild til lækkaðs vörugjalds vegna ökutækis sem hefur verið breytt þannig að það nýti metan í stað bensíns eða dísilolíu. Heimildin er komin undir því að nánar greind skilyrði séu uppfyllt. Meiri hlutinn tekur fram í þessu sambandi að ábyrgð framleiðenda getur fallið úr gildi við slíkar breytingar.

8. Lagt er til að við lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. verði bætt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að notendur í vörugjaldaflokkum H, I og J skv. 1. gr. frumvarpsins njóti 20% afsláttar af vörugjöldum á árinu 2011 og 10% afsláttar á árinu 2012 en falli síðan brott á árinu 2013.
9. Lagt er til nýtt orðalag 2. efnismgr. 8. gr. en í athugasemdum við greinina segir að ökutæki sem losa 0–80 g CO_2/km mundu öll greiða 5.000 kr. í bifreiðagjald en ökutæki sem losa 81 gramm mundi greiða 5.120 kr. o.s.frv. Af höfðu samráði við fjármálaráðuneytið er lögð til sú breyting að ökutæki sem losa 0-121 g CO_2/km eigi að greiða lágmarksgjaldið, 5.000 kr., en ökutæki sem losa 122 grömm mundu greiði 5.120 kr. o.s.frv.
10. Loks mælist meiri hlutinn til þess að fjármálaráðuneytið hlutist til um breytingar á reglugerð 331/2000, um vörugjald af ökutækjum. Meiri hlutinn vill annars vegar leggja til að bílaleigum verði heimilað að selja ökutæki eftir að hafa verið með ökutækið á leigu í sex mánuði á árunum 2011 og 2012 til reynslu í stað 18 en jafnframt sé gerð krafa um að ökutæki sé ekið a.m.k 20 þús. kílómetra og að leigusamningar séu fyrir hendi vegna a.m.k 90% af akstrinum. Þó er lagt til að fjöldi seldra bifreiða samkvæmt heimildinni megi ekki vera meiri en 20% af heildarfjölda fólksbifreiða sem eru í eigu bílaleigunnar við upphaf hvers árs. Meiri hlutinn leggur jafnframt til að ráðuneytið kanni hvort hagkvæmt geti verið að lengja hámarksútleigutíma hvers ökutækis yfir vetrarmánuðina úr 45 dögum í allt að 90 daga á hverju 100 daga tímabili.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt með breytingum** sem fram koma í sérstöku þingskjali.

Þór Saari var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm. | Álfheiður Ingadóttir. | Magnús Orri Schram.

Lilja Rafney Magnúsdóttir. | Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

579. Breytingartillögur [197. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum (kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja).

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (HHj, ÁI, MSch, LRM, SII).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað talnanna „220“ og „221“ í töflu í 1. efnismgr. komi: 225, og: 226.
   b. Í stað fjárhæðarinnar „750.000 kr.“ í 2. og 3. efnismgr. komi: 1.250.000 kr.
   c. Við 2. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lækkun samkvæmt þessum lið skal jafnframt eiga við um ökutæki sem tilgreind eru í g- og h-lið 2. tölul. 4. gr.

2. Við 2. gr.
   a. 1. og 2. málsl. l-liðar 1. tölul. orðist svo: Sérsmíðaðar keppnisbifreiðar og keppnisbifhjól sem eru skráð sem slík og einungis notuð í skipulögðum keppnum og æfingum á vegum samtaka aksturíþróttamanna, svo og til aksturs til og frá slíkum atburðum. Skráningarmerki bifreiðanna og bifhjólanna skulu auðkennd sérstaklega.
   b. Við 1. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vöruflutningarýmis.
   c. Við 2. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Grindur með hreyfli og ökumannshúsi sem búið er að bæta við vöruflutningarými, sbr. q-lið 1. tölul.
3. Við 3. gr.
   a. F-liður orðist svo: 7. tölul. 2. mgr. orðast svo: Vörugjald af sérútbúnum bifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt undanþáguflokki 3. gr. miðað við skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra.

      Skilyrði fyrir því að bifreið sem er sérútbúin til fólksflutninga beri vörugjald samkvæmt þessum tölulið eru að kaupandi hennar hafi leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða skv. 10. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi, jafnframt að bifreiðin sé eingöngu notuð í tengslum við þjónustu við ferðamenn.

      Bifreið sem er sérútbúin til fólksflutninga og ber vörugjöld samkvæmt þessum tölulið skal auðkenna með sérstökum hætti í ökutækjaskrá og skal hún bera sérstök skráningarmerki og skal útlit þeirra tilgreint nánar í reglugerð um skráningu ökutækja.
   b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: 8. tölul. 2. mgr. fellur brott.
4. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

   Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Tollstjóra er heimilt að fella niður vörugjald af nýju og ónotuðu ökutæki að hámarki 1.250.000 kr. sé ökutækinu breytt fyrir nýskráningu þannig að það nýti metan í stað bensíns eða dísilolíu og breytingin sé staðfest og vottuð í skráningarskoðun ökutækisins. Til þess að ökutæki geti notið lækkaðs vörugjalds samkvæmt þessari málsgrein skal það vera útbúið að lágmarki 78 lítra metangeymi. Óheimilt er að fjarlægja eða gera breytingarbúnað ökutækis óvirkan innan fimm ára frá nýskráningu. Ökutæki sem nýtur lækkaðs vörugjalds samkvæmt þessari málsgrein getur ekki hlotið endurgreiðslu á vörugjöldum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum þessum um endurgreiðslu vörugjalda af ökutækjum sem hefur verið breytt þannig að ökutækið nýti metan í stað bensíns eða dísilolíu.
5. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

   Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald í eftirfarandi gjaldbilum gilda fyrir ökutæki sem eru innflutt og tollafgreidd á árinu 2011 og falla í þau gjaldbil sem tilgreind eru í töflu:

		Gjald í %	
Gjaldbil	**Skráð losun CO_2**	**Aðalflokkur**	**Undanþáguflokkur skv. 5. gr.**
H	201–225	45	16
I	226–250	48	20
J	yfir 250	52	24

   Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald í eftirfarandi gjaldbilum gilda fyrir ökutæki sem eru innflutt og tollafgreidd á árinu 2012 og falla í þau gjaldbil sem tilgreind eru í töflu:

Gjaldbil	Skráð losun CO_2	Gjald í % Aðalflokkur	Gjald í % Undanþáguflokkur skv. 5. gr.
H	201–225	50	18
I	226–250	54	23
J	yfir 250	59	27

6. Við 8. gr.
   a. 2. efnismgr. orðast svo:
      Bifreiðagjald ökutækis á hverju gjaldtímabili, að eigin þyngd 3.500 kg eða minna, skal vera 5.000 kr. fyrir losun allt að 121 gramms af skráðri kolefnislosun ökutækis en 120 kr. fyrir hvert gramm af skráðri losun umfram það.
   b. Í stað fjárhæðarinnar „51.800 kr.“ í 4. efnismgr. komi: 46.880 kr.

580. Breytingartillögur [191. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

Frá Þuríði Backman.

1. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2014“ í 1. gr. komi: 1. janúar 2012.
2. 2. gr. orðist svo:
   1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo: Fram til 1. janúar 2012, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 56. gr., er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð daggjöld vegna heilbrigðisþjónustu sem veitt er í hjúkrunarrýmum sjúkrahúsa og hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila.

581. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og á fund hennar komu Maríanna Jónasdóttir, Hlynur Ingason, Ingibjörg Helga Helgadóttir og Sóley Ragnarsdóttir frá fjármálaráðuneytinu, Bjarni Amby Lárusson, Jón Guðmundsson og Óskar H. Albertsson frá ríkisskattstjóra, Guðmundur Gíslason og Jón Viggó Gunnarsson frá Thor Data Center, Friðrik Þór Snorrason frá Samtökum íslenskra gagnavera, Jón Elvar Guðmundsson frá Logos lögmannsstofu, Tryggvi Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og Elín Árnadóttir og Ásta Kristjánsdóttir frá PriceWaterhouseCoopers hf.

Umsagnir bárust frá Bændasamtökum Íslands, Deloitte, Fjármálaeftirlitinu, Hagsmunasamtökum heimilanna, Jafnréttisstofu, PriceWaterhouseCoopers hf., Reykjavíkurborg, Ríkisendurskoðun, ríkislögreglustjóranum, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga,

Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum íslenskra gagnavera, Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum, skattrannsóknarstjóra ríkisins, tollstjóranum í Reykjavík, Viðskiptaráði Íslands, Bandalagi íslenskra listamanna, listakonum í Kirsuberjatrénu og Páli Garðarssyni.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að gera breytingar á ýmsum ákvæðum virðisaukaskattslaga. Meðal annars er ráðgert að skilgreina hvað teljist útflutningur á rafrænt afhentri þjónustu sem leiði þá til þess að slíkur útflutningur teljist ekki til skattskyldrar veltu, m.a. þegar um gagnaver á Íslandi er að ræða. Stefnt er að því að efla eftirlit vegna áætlana á virðisaukaskatti, stuðla að skilvirkni þess og koma þannig í veg fyrir að skattskyldir aðilar sæti ítrekuðum áætlunum með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkissjóð. Einnig er gert ráð fyrir að breyta ýmsum fjárhæðarmörkum laganna og skilgreiningum og rýmka fresti í ljósi aukins álags á stjórnsýslu skattstjóra. Þá er stefnt að því að fella niður heimildir til endurgreiðslna virðisaukaskatts vegna veitna. Að síðustu er gert ráð fyrir því að gildistími tveggja bráðabirgðaákvæða laganna verði framlengdur. Frumvarpinu er fyrst og fremst ætlað að hafa áhrif á þá aðila sem hyggjast vera á virðisaukaskattsskrá.

Í umsögnum og í máli gesta á fundum nefndarinnar komu fram ýmis sjónarmið sem nefndin tók til skoðunar og íhugaði við meðferð þingmálsins. Nokkur sjónarmið og athugasemdir tók nefndin til sérstakrar skoðunar.

Rafræn þjónustusala.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það hafi m.a. þann tilgang að skilgreina hvað teljist útflutningur á rafrænt afhentri þjónustu og teljist þar með ekki til virðisaukaskattskyldrar veltu. Stefnt sé að tvennu, þ.e. að tryggja að tiltekin rafrænt afhent þjónusta teljist ekki til skattskyldrar veltu en jafnframt að kaup á sömu þjónustu hérlendis verði virðisaukaskattskyld hér á landi. Þá muni þessi breyting gera betur fært að afmarka hvað teljist til afhendingar á rafrænni þjónustu hjá gagnaverum á Íslandi.

Í umsögnum kom m.a. fram að því væri fagnað að kveðið yrði með skýrari hætti á um hvar rafræn þjónusta teljist afhent og að áætlað væri að kveða skýrar á um hvar kaup slíkrar þjónustu frá útlöndum teljist skattskyld. Engu að síður gerðu nokkir umsagnaraðilar verulegar athugasemdir við þennan þátt frumvarpsins, m.a. við framsetningu 4. gr. Fram kom m.a. það sjónarmið að rekstrarumhverfi íslenskra gagnavera væri ekki sambærilegt við umhverfi gagnavera annars staðar í Evrópu. Þannig væri staðan sú að íslensk gagnaver og erlendir viðskipavinir þeirra væru tvískattaðir að því er virðisaukaskatt varðar, annars vegar þegar netþjónar væru fluttir til landsins og hins vegar þegar þjónusta gagnavera er flutt úr landi og seld til viðskiptavina. Fram kom það álit að með 4. gr. frumvarpsins væri verið að flækja lög um virðisaukaskatt með því að undanskilja hluta af þjónustu gagnavera og um leið hluta af starfsemi þeirra sem erfitt geti reynst að skilja frá annarri starfsemi. Bent var á að skv. b-lið 4. gr. frumvarpsins virðist gert ráð fyrir því að hýsingarþjónusta gagnavera væri skilgreind sem aðstöðuleiga og hún væri því ekki undanþegin virðisaukaskatti en gagnavinnsla væri skilgreind sem útflutt þjónusta og undanþegin sama skatti. Töldu umsagnaraðilar að með téðu fyrirkomulagi væri ójafnri stöðu íslenskra gagnvera gagnvart erlendum haldið við og þeir annmarkar sem ákvæðum 4. gr. frumvarpsins væri ætlað að bæta úr því að hluta til skildir eftir óbættir. Umsagnaraðilar bentu á að farið hefði verið eftir þeirri meginreglu við álagningu virðisaukaskatts að hann væri ekki lagður á útflutning, hvort sem um útflutning á vöru eða þjónustu væri að ræða. Rökin að baki þeirri meginreglu væru þau helst að neysla vöru og þjónustu fari þá fram erlendis og hljóti því að lúta skattareglum í viðkomandi neyslu-

landi. Mat umsagnaraðila var að framsetning 4. gr. frumvarpsins kynni að hafa þau áhrif að íslenskur gagnaveraiðnaður næði ekki að koma undir sig fótunum þar sem samkeppnisstaða væri skekkt að verulegu leyti. Lögðu umsagnaraðilar til breytingar á 4. gr. frumvarpsins og lögðu til að nefndin skoðaði þær sérstaklega í því ljósi að eðlilegt kynni að vera að fara að fordæmi nágrannalandanna.

7. desember óskaði nefndin eftir áliti iðnaðarnefndar Alþingis, m.a. hvað varðaði þennan þátt málsins. Iðnaðarnefnd fundaði um málefnið en skilaði efnahags- og skattanefnd ekki áliti.

Nefndin hefur fjallað um þennan þátt frumvarpsins í ljósi framangreindra umsagna og athugasemda. Að mati nefndarinnar verður að tryggja að rekstrarumhverfi íslenskra gagnavera verði sambærilegt við það sem gerist annars staðar í Evrópu og er það í fullu samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu. Fjármálaráðherra hefur m.a. gefið það út að mikil vinna hafi verið unnin til þess að koma til móts við eigendur gagnavera og þá sérstaklega viðskiptavini þeirra. Ráðherrann hefur þó tekið fram að lítið gagn kunni að vera af ívilnunum handa framangreindum aðilum ef alþjóðlegar eftirlitsstofnanir samþykki þær ekki. Nefndin telur að ekki verði efast um ágæti gagnavera sem kærkominnar viðbótar við íslenskan iðnað og fyrirsjáanlegt sé að starfsemi þeirra muni skila mörgum fjölbreyttum og vel launuðum störfum á íslenskan vinnumarkað.

Í ljósi framangreindra athugasemda umsagnaraðila og þeirrar afstöðu sem nefndin hafði mótað sér til málefnisins lagði nefndin út í leiðangur í þeim tilgangi að bæta samkeppnisstöðu íslenskra gagnavera þannig að þau verði jafnsett öðrum evrópskum gagnaverum hvað álagningu virðisaukaskatts varðar. Í því skyni kallaði nefndin fulltrúa fjármálaráðuneytisins á sinn fund, gerði grein fyrir afstöðu sinni og fór fram á að ráðuneytið ynni tillögur til breytinga á frumvarpinu svo að afstöðu nefndarinnar yrði mætt. Ráðuneytið vann málið áfram í samvinnu við iðnaðarráðuneytið. Niðurstöður þessarar vinnu voru að mögulegt væri að koma til móts við þann hluta af gagnrýni umsagnaraðila sem sneri að skattlagningu vegna kaupa á rafrænni þjónustu, þó með fyrirvara um afstöðu eftirlitsstofnunar EFTA. Hvað varðaði skattlagningu þess þáttar þjónustu gagnavera er felst í gjaldtöku fyrir hýsingu tölvubúnaðar var niðurstaðan aftur á móti sú að í slíkri þjónustu gæti aldrei falist útflutningur enda væri hún að fullu veitt og hennar notið hér á landi. Álit ráðuneytisins var að tilraunir til þess að skilgreina hýsingu tölvubúnaðar á annan hátt mundu brjóta gegn meginreglum um skattlagningu og þjóðréttarlegum skuldbindingum landsins.

Nefndin telur að hún hafi gengið eins langt og komist var í því að mæta sjónarmiðum umsagnaraðila og vill taka fram að hún harmar að ekki hafi verið fært að ganga lengra enda er um verulega fjárhags- og atvinnuhagsmuni að ræða. Af þeim sökum vill nefndin taka fram að hún telur hlutverki sínu hvað varðar aðstöðu gagnavera á Íslandi ekki lokið. Þrátt fyrir þær tillögur sem hér fara á eftir mun nefndin halda áfram að skoða hvernig hægt er að styðja betur við íslenskan gagnaveraiðnað þannig að hann fái staðið jafnfætis evrópskum samkeppnisaðilum við veitingu þjónustu.

Að öllu framangreindu sögðu leggur nefndin til að við frumvarpið verði bætt ákvæði, sem verði 42. gr. a. laganna, þess efnis að innflutningur á netþjónum og tengdum búnaði í eigu aðila sem eru heimilisfastir í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og ekki með fasta starfstöð hér á landi verði undanþeginn virðisaukaskatti að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Nefndin bendir á að gagnaver er almennt heiti á sérbyggðu húsrými sem hannað er fyrir búnað til upplýsingavinnslu og fyrir þá starfsemi sem því tengist. Töluverð umræða hefur

verið um rekstrarumhverfi gagnavera og hefur uppbygging þeirra ekki gengið eins hratt og vonast var eftir. Ýmis álitamál hafa verið uppi um skattalegt umhverfi þeirra og erlendra viðskiptavina þeirra og komið hefur í ljós að Ísland er ekki að öllu leyti samkeppnishæft við aðildarríki ESB þegar kemur að meðhöndlun virðisaukaskatts vegna innflutnings á búnaði erlendra viðskiptavina í gagnaver hér á landi. Tilgangur ákvæðisins er að stuðla að því að Ísland verði, í samræmi við stefnu stjórnvalda, samkeppnishæft við aðildarríki ESB að því er varðar meðhöndlun á virðisaukaskatti þegar netþjónar og tengdur búnaður er fluttur frá viðskiptavini sem er heimilisfastur í aðildarríki ESB inn í gagnaver hér á landi. Markmið frumvarpsins er að sams konar reglur gildi hér á landi og innan regluverks ESB þegar kemur að slíkum innflutningi þannig að meðhöndlun virðisaukaskatts hafi ekki áhrif á ákvarðanatöku erlends viðskiptavinar um hvort hann kaupir gagnaversþjónustu á Íslandi eða frá einhverju aðildarríkja ESB.

Skilyrði undanþágu skiptast í fimm þætti. Í fyrsta lagi að eigandi netþjónanna sé í virðisaukaskattsskyldri starfsemi í sínu heimaríki. Í öðru lagi að starfsemi eigandans væri skráningarskyld samkvæmt lögum um virðisaukaskatt væri hún rekin hér á landi. Í þriðja lagi að netþjónarnir séu gagngert fluttir til landsins til notkunar eða staðsetningar í gagnaveri sem eigandi þeirra er í viðskiptum við. Í fjórða lagi að netþjónarnir séu eingöngu nýttir af eigandanum en ekki í annarri starfsemi gagnaversins. Loks að vinnsla netþjónanna sé nýtt utan Íslands eða í þágu aðila sem ekki eru heimilisfastir eða með fasta starfsstöð hér á landi.

Í ákvæðinu er að finna skilgreiningu á hugtakinu gagnaver og er gildissvið ákvæðisins afmarkað við innflutning netþjóna og tengds búnaðar í gagnaver hér á landi. Með tengdum búnaði er átt við búnað sem er nauðsynlegur þáttur í virkni netþjónanna og nýtist eingöngu eiganda viðkomandi netþjóns. Nánar verði kveðið á um í reglugerð hvað teljist tengdur búnaður.

Með ákvæðinu er lagt til að fjármálaráðherra sé heimilt að gefa út reglugerð þar sem nánar er kveðið á um ýmis atriði sem snúa að framkvæmd undanþágunnar, þ.m.t. hvaða skyldur eru lagðar á eiganda netþjónanna varðandi upplýsingagjöf til tollstjóra og ríkisskattstjóra.

Lagt er til að ákvæðið verði endurskoðað að liðnum tveimur árum frá því að það kemur til framkvæmda. Við þá endurskoðun verður lagt mat á þá reynslu sem komin verður á framkvæmd ákvæðisins og hvaða áhrif það hefur haft á atvinnulífið.

Við samþykkt frumvarpsins verður Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tilkynnt um það og leitað staðfestingar á því að ekki sé um að ræða tilkynningarskylda ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Lagt er til að umrætt ákvæði komi til framkvæmda 1. maí 2011 og þannig gefst tími til að staðreyna hjá ESA að ákvæðið sé í samræmi við skuldbindingar Íslands vegna EES-samningsins. Komist ESA fyrr að þeirri niðurstöðu að ekki sé um tilkynningarskylda ríkisaðstoð að ræða sér nefndin ekkert því til fyrirstöðu að flýta gildistöku ákvæðisins krefjist aðstæður þess.

Eftirlit vegna áætlana á virðisaukaskatti.

Áætlað er að gerðar verði breytingar á lögum um virðisaukaskatt í þá átt að bæta skil og eftirlit með greiðslu virðisaukaskatts. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að áætluðum aðilum á virðisaukaskattsskrá hafi fjölgað verulega á síðustu árum og hafi úrræði ríkisskattstjóra til að bregðast við því verið afar takmörkuð. Mikill tími skattyfirvalda og innheimtuaðila fari í umsýslu vegna áætlaðra aðila auk þess sem verulega mikilvægt sé að virðisaukaskattsskrá gefi á hverjum tíma sem gleggsta mynd af þeim sem stunda rekstur og standa skil á skattinum. Kemur fram að markmið breytinganna sé að stuðla að betra skatt-

eftirliti og koma í veg fyrir að aðilar sæti ítrekað áætlunum. Breytingarnar eru taldar hafa það í för með sér að hvetja kaupendur vöru og þjónustu til þess að eiga eingöngu viðskipti við þá sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá.

Nokkrir umsagnaraðilar gerðu athugasemdir við umræddan þátt frumvarpsins. Um 2. gr. kom m.a. fram sú skoðun að ákvæðið væri óskýrt og matskennt en svo virtist sem með því væri lögð til heimild til að synja skráningarskyldum aðilum um skráningu á virðisaukaskattsskrá á grundvelli áætlana annarra opinberra gjalda. Bent var á að slíkt kynni að leiða til þess að þeir aðilar sem engu að síður væru virðisaukaskattsskyldir lentu í vandræðum. Ekkert kæmi í veg fyrir að slíkir aðilar gætu haldið starfsemi sinni áfram án þess að gera grein fyrir virðisaukaskatti af henni. Í því ljósi væri framkvæmd virðisaukaskattslaga gerð flóknari en ella auk þess sem hætta yrði á að sumum aðilum væri haldið utan kerfis án nokkurs eftirlits. Þá var bent á 75. gr. stjórnarskrárinnar í því samhengi að ákvæðið uppfyllti ekki þau skilyrði sem atvinnufrelsisákvæðið krefst svo að skerðing slíks frelsis geti talist lögmæt. Sambærilegar athugasemdir voru að hluta gerðar við a-lið 9. gr. en einnig að bann 4. mgr. hans væri of íþyngjandi þar sem það gæti komið í veg fyrir að einstaklingar sem hefðu verið gerðir gjaldþrota væru valdir til stjórnarsetu í fyrirtækjum. Bent var á að reglan væri of takmarkandi og eðlilegt væri að hún næði einungis til fyrirtækja þar sem aðeins einn maður væri í stjórn og gjaldþrot hans stafaði af vangreiðslu á opinberum gjöldum. Við b-lið 9. gr. voru þær athugasemdir gerðar að nú þegar væri í 27. gr. laganna kveðið á um lögbundið álag vegna áætlunar á virðisaukaskatti sé skatti eða skattskýrslu ekki skilað á tilskildum tíma. Á það var bent að samkvæmt skilningi íslenskra dómstóla væri álag á skattgreiðslur ígildi refsikenndra viðurlaga samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu. Mögulega væri verið að lögleiða heimild til refsikenndra viðurlaga og opnað fyrir það að skattaðilum yrði refsað í tvígang fyrir sama brot. Tekið var fram að vafi kynni að vera uppi um hvort slík framkvæmd bryti gegn meginreglunni um bann við tvöföldu refsinæmi skv. 4. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög um mannréttindasáttmála Evrópu.

Nefndin hefur fjallað um þennan þátt frumvarpsins í ljósi framangreindra athugasemda. Nefndin telur efni heimildarákvæðis 2. gr. frumvarpsins skýrt. Engu að síður veiti ákvæðið ríkisskattstjóra svigrúm til mats þurfi hann að taka ákvörðun um að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá. Nefndin bendir á að þrátt fyrir framangreint svigrúm hefur ríkisskattstjóri ekki fullt frelsi til að draga þá þætti sem honum hugnast inn í mat sitt enda sé hann bundinn af lágmarksreglum stjórnsýslulaga og meginreglum stjórnsýsluréttar auk málsmeðferðarreglna virðisaukaskattslaga. Af þeim sökum þurfi hann m.a. að gæta jafnræðis við slíka ákvarðanatöku ásamt því að tryggja að meðalhófsreglu sé fylgt. Þá bendir nefndin á að afhendi virðisaukaskattskyldur aðili eigi virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt á lögmæltum tíma, þá kann honum að verða gert að greiða fésekt en sé brotið stórfellt varði það refsingu skv. 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Af framangreindum sökum telur nefndin að henni sé vart fært að taka tillit til sjónarmiða um að ákveðnum aðilum kunni að verða haldið utan virðisaukaskattskerfisins enda kveða virðisaukaskattslög nokkuð skýrt á um skyldu manna til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum til ríkissjóðs. Þá bendir nefndin á að 75. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um frelsi manna til að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa en einnig að slíkt frelsi megi takmarka með lögum krefjist almannahagsmunir þess. Nefndin telur ljóst að áskilnaði atvinnufrelsisákvæðisins um lögákveðnar takmarkanir sé fullnægt verði frumvarpið að lögum enda hefur frumvarpshöfundur sett fram þær takmarkanir sem heimilt verður að setja atvinnufrelsi og hvernig það skuli gert. Þá má benda á að ríkisskattstjóra ber við töku ákvarðana sinna að taka tillit til þess hve miklar kröfur lögmætisregla

gerir hverju sinni. Þá er það mat nefndarinnar að almannahagsmunir liggi til grundvallar enda virðist sú leið sem farin er í frumvarpinu, að teknu tilliti til þeirra þátta er takmarka svigrúm ríkisskattstjóra til mats, gera það að verkum að áhrif ákvæða 2. og 9. gr. frumvarpsins verði þau að markmiðum frumvarpsins verði náð á hóflegan máta. Hvað b-lið 9. gr. frumvarpsins varðar bendir nefndin á að Hæstiréttur Íslands hefur, í máli frá 22. september 2010, talið að „engin fordæmi [séu] fyrir því frá mannréttindadómstól [Evrópu] um að það fari í bága við 4. gr. 7. viðauka mannréttindasáttmálans að stjórnvöld beiti álagi á skattstofna vegna brota á reglum um að telja fram til skatts og að sama manni sé í öðru máli gerð refsiviðurlög fyrir dómi vegna sömu málsatvika. Þvert á móti hefur sú skipan ekki verið talin andstæð fyrrnefndu ákvæði í […] ákvörðunum [dómstólsins frá] 14. september 1999 í máli Ponsetti og Chesnel gegn Frakklandi og 14. september 2004 í máli Rosenquist gegn Svíþjóð. […] Svo að til greina komi að slá því föstu að þessi skipan skattamála hér á landi fái ekki staðist vegna ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu verður að minnsta kosti að liggja skýrt fyrir að íslensk lög fari í bága við þau, eftir atvikum í ljósi dóma mannréttindadómstólsins.“

Framangreind orð réttarins virðast ekki styðja þá skoðun að gjaldtaka vegna skila á virðisaukaskattskýrslum geti falið í sér tvöfalda refsingu fyrir sama brot á lögum. Þar að auki kveður framangreindur b-liður 9. gr. á um gjald en ekki sekt og ganga skýringar sérstakra athugasemda með frumvarpinu langt í að rökstyðja þörf viðbótargjaldsins í ljósi þess viðbótarkostnaðar sem hlýst af leiðréttingum á áætlunum eftir á. Þess er aðeins getið að engin viðurlög hafi verið við vanskilum virðisaukaskattsskýrslna en þess sé vænst að gjaldið kunni að hafa einhver viðurlagaáhrif. Nefndin telur slík ummæli ekki verða til þess að líta beri á b-lið 9. gr. sem sektarákvæði og ummæli fulltrúa fjármálaráðuneytisins við meðferð málsins hafa ekki gefið tilefni til þess.

Eftirlit með virðisaukaskattskráningu viðsemjanda í viðskiptum.

Með 6. gr. frumvarpsins er ætlunin að kveða á um það með lögum að skilyrði innskattsfrádráttar verði að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað. Ákvæðið er rökstutt með því að upp hafi komið mörg tilvik þar sem skattaðilar hafi talið virðisaukaskatt til innskatts án þess að viðsemjandi hans hafi verið með opið virðisaukaskattsnúmer en þrátt fyrir það gefið út reikning með virðisaukaskattsnúmeri og ekki staðið skil á skattinum í ríkissjóð. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir slík tilfelli og fyrirbyggja tekjutap ríkissjóðs. Í umsögnum kom fram sú gagnrýni á framangreinda útfærslu að svo virðist sem ætlunin sé að gera þá kröfu til skattaðila að þeir gangi úr skugga um það við færslu innskatts vegna einstakra viðskiptavina hvort viðsemjendur þeirra hafi verið á virðisaukaskattsskrá þegar viðskiptin áttu sér stað. Sömu aðilar telja að óeðlilegt sé að yfirfæra eftirlit með slíkum hætti yfir á skattaðila enda kunni það að hafa verulega íþyngjandi áhrif og aukakostnað fyrir allt atvinnulíf.

Nefndin bendir á að umsagnaraðilar hafi ekki lagt fram tillögur að öðru fyrirkomulagi sem tryggi að markmiði ákvæðisins verði náð. Áréttar nefndin það megineinkenni virðisaukaskatts að skráður aðili skuli aðeins greiða slíkan skatt af þeim virðisauka sem verður til í rekstri hans. Af þeim sökum er skráðum aðilum aðeins gert að greiða í ríkissjóð mismun útskatts og innskatts. Þær kröfur hafa verið gerðar til þeirra sem óska frádráttar innskatts frá útskatti að þeir færi sönnur á réttmæti slíks frádráttar með því að tryggja að reikningar sem bera með sér að skattur hafi verið greiddur svari þeim kröfum sem gerðar eru til slíkra skjala. Nefndin telur að þegar framangreind framkvæmd var útfærð í lögum og reglum hafi verið litið til þess að það stæði greiðanda slíkra reikninga næst að fylgjast með því að reikningarnir

uppfylltu þær kröfur sem gerðar væru, enda væri óviðeigandi að fella slíka skyldu á útgefanda reikninganna og hvað þá á stjórnvöld sem á engan hátt gætu haft yfirsýn yfir að viðskipti ættu sér stað. Framangreind regla er í samræmi við þá meginreglu um sönnun að sönnunarbyrði hvíli á þeim sem næst stendur að tryggja sönnun. Nefndin telur að slíkt hið sama eigi við um tryggingu þess að viðskiptamenn séu skráðir á virðisaukaskattsskrá að breyttu breytanda. Að framangreindu sögðu og í ljósi hagsmuna þjóðarinnar af hagkvæmri og skilvirkri stjórnsýslu er það álit nefndarinnar að ekki verði hjá því komist að bregðast við því vandamáli sem frumvarpshöfundar lýsa í greinargerð á þann hátt sem frumvarpið gerir ráð fyrir enda hafa ekki komið fram tillögur eða hugmyndir um aðrar leiðir til lausnar þess.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna veitna.

Samkvæmt almennum athugasemdum með frumvarpinu er stefnt að því að fella niður heimildir til endurgreiðslna virðisaukaskatts vegna veitna þar sem upphaflegar forsendur slíkra heimilda séu brostnar og að því sé stefnt að styrkja hitun húsa og laugarvatns á landsbyggðinni með öðrum hætti.

Í nokkrum umsögnum voru gerðar athugasemdir við framangreind ummæli. Þannig kom fram að fyrirsjáanlegt væri að brottfall 4. mgr. 42. gr. laganna mundi hafa í för með sér aukinn kostnað við húshitun á landsbyggðinni. Bent var á að þrátt fyrir að komið væri inn á að stefnt væri að því að styrkja hitun húsa og laugarvatns á annan hátt, þá væri í engu tekið á því hvernig slíkt ætti að fara fram. Viðkomandi aðilar töldu nauðsynlegt að upplýst væri áður en frumvarpið yrði að lögum að hvaða aðgerðum væri stefnt.

Nefndin bendir á að áætlanir ríkisstjórnarinnar um að halda áfram að styrkja hitun húsa og laugarvatns komi fram í athugasemdum við frumvarpið. Hafa iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun yfirumsjón og almenna umsýslu með niðurgreiðslu húshitunar. Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneytinu er fyrirkomulag niðurgreiðslna til skoðunar í ráðuneytinu.

Ýmis ákvæði frumvarpsins.

Sú ábending kom fram hjá umsagnaraðilum að ætlunin væri með frumvarpinu að gera skylt að skila virðisaukaskattskýrslum á rafrænu formi en mikilvægt væri að halda opnum þeim möguleika að skila slíkum skýrslum á pappír og gæta þess að halda skattskyldum aðilum upplýstum. Nefndin bendir á að samkvæmt frumvarpinu er ætlunin að halda opnum þeim möguleika að skil á pappír eigi sér áfram stað að fenginni heimild ríkisskattstjóra til slíks. Nefndin væntir þess að ríkisskattstjóri muni rækja upplýsingaskyldu sína á fullnægjandi hátt.

Þá bentu nokkrir umsagnaraðilar á að ákveðið ójafnræði fælist í því að framlengja bráðabirgðaákvæði þess efnis að heimila endurgreiðslu á ⅔ hlutum virðisaukaskatts af kaupum eða leigu á hópbifreiðum en opna ekki fyrir að slíkt hið sama gildi um almenningsvagna. Aðrir fögnuðu sérstaklega framangreindri framlengingu ákvæðisins. Nefndin hefur fjallað um þessar athugasemdir en bendir jafnframt á verkefni sem fram kemur í fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012 og felst í því að stefnt verði að greiðari umferð almenningssamgangna, endurskoðun á tilhögun þeirra og fjármögnun með það m.a. að markmiði að auka hlut almenningssamgangna í þjónustu við íbúa. Álit nefndarinnar er að ekki verði horft fram hjá öllu framangreindu og því leggur nefndin til þá breytingu að heimild ákvæðis til bráðabirgða X í lögunum verði einnig látin ná til almenningsvagna frá áramótum 2010–2011.

Einnig hvöttu umsagnaraðilar nefndina til þess að framlengja tímabundna heimild til að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt að fullu af vetnisbifreiðum sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni og sérhæfðum varahlutum í þær. Nefnt var að sökum þess hve framan-

greindar bifreiðar séu dýrar í innkaupum væri ekki fyrirsjáanlegt að þær verði fluttar inn og seldar hér á landi nema til slíkrar ívilnunar komi. Þá var á það bent að hvatning til innflutnings og sölu á vetnis- og rafbílum færi vel saman við það sjónarmið að hvetja beri til notkunar umhverfisvænna ökutækja. Nefndin fagnar framkominni hvatningu og leggur til að ákvæði til bráðabirgða XI verði breytt með það fyrir augum að tryggð verði áfram tímabundin heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts af vetnisbifreiðum og sérhæfðum varahlutum í þá.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 11. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

   Á eftir 42. gr. laganna kemur ný grein er verður 42. gr. A, svohljóðandi:

   Innflutningur á netþjónum og tengdum búnaði skal vera undanþeginn virðisaukaskatti í þeim tilvikum þegar eigendur þeirra eru heimilisfastir í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og ekki með fasta starfsstöð hér á landi í skilningi 4. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með tengdum búnaði er átt við búnað sem er nauðsynlegur þáttur í virkni netþjónanna og nýtist eingöngu eiganda viðkomandi netþjóns.

   Skilyrði undanþágu skv. 1. mgr. eru:

   1. Eigandi netþjóna og tengds búnaðar sé í virðisaukaskattsskyldri starfsemi í heimaríki sínu.
   2 Starfsemi eiganda netþjóna og tengds búnaðar væri skráningarskyld samkvæmt lögum þessum væri hún rekin hér á landi.
   3. Netþjónar og tengdur búnaður sé gagngert fluttur til landsins til notkunar eða staðsetningar í gagnaveri sem eigandi þeirra er í viðskiptum við.
   4. Netþjónar og búnaður sé eingöngu nýttur af eigandanum en ekki í annarri starfsemi gagnaversins.
   5. Vinnsla netþjóna og tengds búnaðar sé nýtt utan Íslands eða í þágu aðila sem ekki eru heimilisfastir eða með fasta starfsstöð hér á landi.

   Í skilningi þessa ákvæðis er gagnaver sérútbúið húsrými sem hannað er fyrir búnað til upplýsingavinnslu og fyrir þá starfsemi sem því tengist.

   Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd og skilyrði undanþágunnar, þ.m.t. til hvaða búnaðar hún nær.

   Grein þessi skal endurskoðuð að tveimur árum liðnum frá því að hún kemur til framkvæmda.

2. 12. gr. orðist svo:

   Ákvæði til bráðabirgða X í lögunum orðast svo:

   Heimilt er að endurgreiða þeim sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi, ⅔ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða og almenningsvagna á tímabilinu frá 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2011. Endurgreiðsluheimildin vegna hópferðabifreiða er bundin við ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, eru skráð fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni og eru nýskráð á tímabilinu og búin aflvélum samkvæmt EURO 5 staðli ESB. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslunnar.

3. Á eftir 12. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2010“ í ákvæði til bráðabirgða XI í lögunum kemur: 31. desember 2011.
4. Við 14. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ákvæði 12. gr. öðlast þegar gildi en kemur til framkvæmda 1. maí 2011.

Þór Saari var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm. | Álfheiður Ingadóttir. | Birkir Jón Jónsson, með fyrirvara.

Lilja Rafney Magnúsdóttir. | Magnús Orri Schram. | Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. | Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.

582. Breytingartillaga [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana).

Frá Magnúsi Orra Schram og Álfheiði Ingadóttur.

B-liður 4. gr. orðist svo: D-liður orðast svo: rafrænt afhent þjónusta; þjónusta þessi telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð; sama gildir um sölu gagnavera á hvers kyns blandaðri þjónustu til kaupenda sem búsettir eru erlendis og hafa ekki fasta starfsstöð hér á landi.

583. Nefndarálit [339. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Meginefni fyrirliggjandi frumvarps felst í því að lengja þann tíma sem atvinnuleitendur geta verið á bótum úr þremur árum í fjögur ár. 2. minni hluti fellst á þessa breytingu á lögunum af illri nauðsyn þar sem ekkert lát virðist vera á atvinnuleysi og ekkert gengur að skapa skilyrði til þess að atvinna verði til. Endurteknar hækkanir skatta á tekjur, fjármagnstekjur

og hagnað fyrirtækja, sem og hækkanir á tryggingagjaldi, gera ekki fýsilegt fyrir einstaklinga og fyrirtæki að fjárfesta og skapa þar með atvinnu til framtíðar. Á sama tíma er farið í harkalegan niðurskurð sem leiðir til uppsagna opinberra starfsmanna sem líkur eru á að finni ekki nýtt starf í atvinnuleysinu og bætist því í hóp atvinnuleitanda. Hins vegar er mjög skaðlegt fyrir einstaklinga að vera lengi í stöðu atvinnuleitanda og sýna rannsóknir að einstaklingar í langvarandi atvinnuleysi enda oft sem öryrkjar. Brýna verður fyrir ríkisstjórninni að tryggja aðstæður til þess að atvinna geti skapast.

Eftir efnahagshrun voru sett ákvæði um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli sem gerðu fyrirtæki með t.d. tíu starfsmönnum sem þurfti að segja upp 10% starfsmanna vegna samdráttar mögulegt að segja hverjum starfsmanni upp 10% í stað þess að segja einum upp að fullu. Þetta hafði mjög marga kosti. Áfallið fyrir starfsmenn varð miklu minna, þeir héldu tengslum við vinnumarkaðinn og voru virkir, fyrirtækið hélt í verkþekkingu og reynslu starfsmanna og gat ráðið þá aftur að fullu þegar staðan batnaði. Því miður hefur þetta kerfi verið holað með því að auka það hlutfall sem fólk má minnst vera atvinnulaust í sparnaðarskyni. Hér er enn verið að auka þetta hlutfall úr 20% í 30%. 1. minni hluti gerir tillögu um að þetta ákvæði gildi einungis fyrir þá sem verða atvinnulausir eftir 1. janúar 2011. 2. minni hluti efast um að þessi breyting spari neitt vegna þess að fyrirtæki mun þá segja fólki upp 30% í stað 20% og kostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs mun aukast um 50% í því tilfelli. 2. minni hluti er eindregið á móti þessari breytingu af þessum tveimur ástæðum.

Efnahagsbatinn sem áætlað var að hæfist á þessu ári hefur látið á sér standa. Það stafar fyrst og fremst af vanhugsuðum aðgerðum í skattamálum, aðgerðaleysi við að leysa skuldavanda heimila og fyrirtækja og mótstöðu við uppbyggingu atvinnulífs. Atvinnuleysi, minni ráðstöfunartekjur og kaupmáttarrýrnun er því miður staðreynd. Við þessu verða stjórnvöld að bregðast. Skapa verður framtíðarsýn og blása fólki aftur von í brjóst, en það verður aðeins gert með því að efla atvinnustarfsemina á ný.

Frá miðju ári 2008 fram á mitt ár 2010 hafa tapast um 22.500 störf á Íslandi. Um 16.200 urðu atvinnulausir og 6.300 manns hurfu af vinnumarkaði. Lauslegir útreikningar sýna að hvert starf kostar ríkissjóð um 3 millj. kr. í bætur og tapaðar skatttekjur á ári. Þá er ekki talið til allt það framleiðslutap og óbein áhrif sem þjóðfélagið verður fyrir. Bein áhrif á ríkissjóð af töpuðum störfum eru því allt að 70 milljarðar kr. á ári.

Á næstu tveimur til þremur árum þurfa að verða til yfir 22.000 ný störf á Íslandi. Þetta þarf að gerast á sama tíma og óhjákvæmilegt er að fækka störfum hjá hinu opinbera. Verði ráðist í þær atvinnuskapandi aðgerðir sem mælt er fyrir um í þingsályktunartillögu þingmanna Sjálfstæðisflokksins (þskj. 156, 141. mál) er ljóst að draga mun verulega úr atvinnuleysi á Íslandi, ráðstöfunartekjur munu aukast og þeim sem glíma við langtímaatvinnuleysi mun fækka. 2. minni hluti telur ljóst að stjórnvöld og Alþingi eigi að snúa sér að því verkefni að skapa þær aðstæður að fleiri einstaklingar fái vinnu í stað þess að setja litla plástra á svöðusárið sem við blasir.

Frumvarp þetta hefur verið til umfjöllunar á þremur fundum nefndarinnar. Félags- og tryggingamálaráðuneytið lagði fram viðamiklar breytingartillögur við frumvarpið sem kynntar voru stuttlega í nefndinni og segja má að um gerbreytt frumvarp sé að ræða.

Í skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (þskj. 1501, 705. mál á 138 löggjafarþingi) var að finna þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti með 63 samhljóða atkvæðum þann 28. september 2010. Alþingi ályktaði að brýnt væri að starfshættir þingsins yrðu teknir til endurskoðunar. Mikilvægt sé að Alþingi verji og styrki sjálfstæði sitt og grundvallarhlutverk. Í skýrslunni segir m.a.: „Í skýrslu rannsóknarnefndar

Alþingis er sett fram gagnrýni á störf og starfshætti Alþingis sem mikilvægt er að bregðast við. Meginniðurstöður þingmannanefndarinnar varðandi Alþingi eru þær að auka þurfi sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu, leggja beri meiri áherslu á eftirlitshlutverk þingsins og auka fagmennsku við undirbúning löggjafar.

Þingmannanefndin telur brýnt að Alþingi taki starfshætti sína til endurskoðunar, verji og styrki sjálfstæði sitt og marki skýr skil á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Alþingi á ekki vera verkfæri í höndum framkvæmdarvalds og oddvitaræðis.“Málið var afgreitt frá nefndinni viku eftir að hún hélt um það sinn fyrsta fund. Lítill tími gafst því til faglegrar skoðunar, upplýstrar málefnalegrar umræðu og afgreiðslu sem þingmannanefndin lagði áherslu á að tryggja þyrfti þingmönnum færi á að gera. Telur 2. minni hluti ljóst að þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við framlagningu og vinnslu frumvarpsins séu ekki í samræmi við þingsályktunina sem allur þingheimur var sammála um og telur það ámælisvert.

Alþingi, 16. des. 2010.

Pétur H. Blöndal, frsm. Unnur Brá Konráðsdóttir.

584. Breytingartillögur [313. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (HHj, ÁI, MSch, SII, LRM).

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir orðunum „á sér stað til“ í 3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: samlagsfélags eða.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:
   a. 1. mgr. fellur brott.
   b. 3. málsl. 3. mgr. fellur brott.
3. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við 1. mgr. 55. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samsköttun skal þó falla niður með félagi sé það tekið til gjaldþrotameðferðar eða sæti slitameðferð, sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002.
4. 9. gr. orðist svo:
   Í stað orðanna „Þróunarsjóður sjávarútvegsins“ í 1. tölul. 5. mgr. 71. gr. laganna kemur: Fiskræktarsjóður.
5. Á eftir 10. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „ívilnun skv. 65. gr. og reikningsár skv. 1. mgr. 59. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: og ívilnun skv. 65. gr.
   b. Orðin „eða þeim starfsmönnum hans sem fengið hafa til þess sérstaka heimild“ í 2. mgr. falla brott.

6. Á eftir 12. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (17. gr.)
      Orðin „þar sem vinnuþáttur er samtals að lágmarki 50.000 kr.“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXV í lögunum falla brott.
   b. (18. gr.)
      6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXVI í lögunum orðast svo:
      Þegar kröfu er breytt í hlutafé í hinu skuldsetta félagi í stað eftirgjafar skal það talið fullnaðargreiðsla hennar. Aðilar geta samið um niðurfellingu á hluta kröfunnar áður en slík greiðsla með hlutafé er innt af hendi. Sé skipt á kröfu og hlutafé skal fara fram mat á verðmæti hlutafjárins og skal matsverðið miðast við þann dag þegar skiptin eiga sér stað. Skuldara ber að tekjufæra mismun á verðmæti hlutafjárins og bókfærðu verði skuldarinnar. Kröfuhafa ber eftir atvikum að tekjufæra eða gjaldfæra mismun á bókfærðu verði kröfunnar og matsverði hlutafjárins. Mat á verðmæti hlutafjár skal unnið af óháðum matsaðila þegar skipti á kröfu og hlutafé fara fram á milli eignatengdra aðila.
7. Við 13. gr.
   a. Á undan orðunum „á þremur árum“ í a-lið (I.) komi: með jöfnum hætti.
   b. Í stað 3. málsl. 1. mgr. b-liðar (II.) komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þá er skilyrði að arði sé ekki úthlutað vegna tekjuáranna 2010 til og með 2014. Ríkisskattstjóri getur heimilað skattaðila að taka þátt í samsköttun og sameiningu við aðra skattaðila eða skiptingu upp í fleiri félög að uppfylltum skilyrðum þessa ákvæðis.
   c. Við bætist nýr liður (III.), svohljóðandi:
      Þrátt fyrir brottfall 1. mgr. og 3. málsl. 3. mgr. 32. gr. skal þeim aðilum sem keypt hafa framleiðslurétt í landbúnaði fyrir 1. janúar 2011, til hagnýtingar á framleiðsluárinu 2011, heimilt að færa þann stofnkostnað niður með jöfnum fjárhæðum á fimm árum, að frádreginni þeirri niðurfærslu og árafjölda sem þegar hefur átt sér stað.
8. Við 17. gr. Orðin „Þróunarsjóður sjávarútvegsins“ í c-lið falli brott.
9. Á eftir 25. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 20. gr. laganna:
   a. Orðin „31. desember“ falla brott.
   b. Við bætist nýr málsliður svohljóðandi: Hafi einstaklingur átt lögheimili í fleiri en einu sveitarfélagi á tekjuárinu skal leggja á hann útsvar sem skiptist hlutfallslega eftir búsetutíma og skal útsvarshlutfall fyrir hvert búsetutímabil fara eftir því sem viðkomandi sveitarstjórn ákveður skv. 1. mgr. 24. gr. og ef við á 6. mgr. 24. gr.
10. Á eftir 28. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
    Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI í tollalögum, nr. 88/2005.
11. Við 38. gr. Á eftir a-lið komi nýr liður sem orðist svo: Í stað fjárhæðarinnar „5 millj. kr.“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 1 millj. kr.
12. Við 39. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.
13. Á eftir 42. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
    Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Umsóknarferli o.fl.**

14. Við 46. gr.
    a. Í stað orðanna „samanlagður kostnaður“ hvarvetna í 1.–3. tölul. 1. mgr. komi: samanlagður styrkhæfur kostnaður.
    b. Í stað orðanna „milli landamæra“ í 2. tölul. 2. mgr. komi: yfir landamæri.
15. Á eftir 48. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

    Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

    Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010 vera sem hér segir:
    1. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
    2. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
    3. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 5. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
16. Við 49. gr. Í stað orðanna „80 lítra“ í 2. mgr. komi: 78 lítra.
17. Við bætist nýr kafli, XVI. kafli, **Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum**, með einni nýrri grein, svohljóðandi:

    Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

    Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010 vera sem hér segir:
    1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
    2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
18. 58. gr. orðist svo:

    Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:
    a. 1., 6., 17., 24., 27.–31., 33.–34., 56.–57. og 59. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011,
    b. 2., 3. og 7.–9. gr., e- og f-liður 10. gr. og 14.–16., 18.–19., 23., 36.–41., 58. og 60.–68. gr. öðlast þegar gildi,
    c. 4.–5. og 42.–55. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010,
    d. A–d-liður 10. gr. og 11.–12., 20.–21. og 25. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og koma til framkvæmda við álagningu 2012 og á staðgreiðsluárinu 2011 eftir því sem við á,
    e. 13., 22., 26. og 35. gr. öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra jafnt til mála sem rannsókn er þegar hafin í og þeirra sem verða tekin til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins,
    f. 32. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og kemur til framkvæmda 1. janúar 2012 vegna útsvars á árinu 2011.

585. Breytingartillaga [313. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

Frá Eygló Harðardóttur og Birki Jóni Jónssyni.

Við 3. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við A-lið bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknastarfa, víðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, enda sé gjöfin ekki undir 50.000 kr. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falli undir þennan tölulið og hvernig skal standa að skráningu þeirra.

586. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Eyþór Björnsson frá Fiskistofu og Jónas Rúnar Viðarsson og Sigurjón Arason frá Matís ohf. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Hafnasambandi Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Matís ohf., Sjómannasambandi Íslands og Viðskiptaráði Íslands. Frumvarpið var áður lagt fram og fyrir því mælt á 138. löggjafarþingi. Var málinu þá vísað til meðferðar í nefndinni sem beiddist umsagna en afgreiddi það ekki.

Með frumvarpinu er áætlað að gera breytingar á 12. gr. laga um umgengni við nytjastofna sjávar þannig að ábyrgð á því að ganga úr skugga um að afli sem tekið er við hafi verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafla sé ekki aðeins á herðum kaupanda afla heldur á höndum allra þeirra aðila sem stunda viðskipti með afla. Að auki skuli sömu aðilum skylt að fylla út og standa skil á skýrslum um ráðstöfun aflans. Þá er áætlað að kveða á um skyldu þeirra sem vanrækja skýrsluskil til Fiskistofu til greiðslu dagsekta og þannig stefnt að því fjölga úrræðum stofnunarinnar til þess að bregðast við vanrækslu á skýrsluskilum.

Af þeim sjö aðilum sem veittu umsögn um frumvarpið gerðu sex þeirra ekki athugasemdir við efni þess eða mæltu með því að það yrði samþykkt sem lög á yfirstandandi löggjafarþingi. Einn umsagnaraðili gerði athugasemdir við að frumvarpstextinn væri ekki nægilega skýr hvað varðaði það hvaða aðila væri skylt að fylla út og skila skýrslum um ráðstöfun afla. Var á það bent að slíkur óskýrleiki kynni að leiða til aukinnar vinnu fyrir þá sem stunda viðskipti með sjávarafla. Nefndin tekur undir framangreindar áhyggjur umsagnaraðilans og leggur til að a-lið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að skyldan til að fylla út og skila ráðstöfunarskýrslum verði ekki einungis á herðum þeirra aðila sem stunda viðskipti með afla heldur einnig forsvarsmanna útgerða vegna viðskipta með afla eða afurðir vinnsluskipa.

Hvað heimild til dagsekta varðar vill nefndin minna á að dagsektir teljast til óbeinna þvingunarúrræða, þ.e. úrræða sem ætlað er að hafa áhrif á viljaafstöðu málsaðila með því að fá hann til hlýðni við boð eða bann sem hann hefur virt að vettugi. Þannig er markmið dagsekta að knýja fram ákveðna skyldu en sé málsaðila ómögulegt að gegna skyldunni þá verður dagsektum ekki beitt. Af þeim sökum fela dagsektir það í sér að þær eiga sér stað vegna athafna eða athafnaleysis í nútíðinni eða framtíðinni og sé ekki á annan veg mælt þá falla þær niður þegar málsaðili uppfyllir skyldu sína. Hafi dagsektir verið innheimtar kemur ekki til neinna endurgreiðslna þeirra þótt skyldu sé síðar fullnægt (Páll Hreinsson: Afmælisrit, Jónatan Þórmundsson sjötugur. Þvingunarúrræði stjórnvalda, bls. 373 og 384). Þá áréttar nefndin að við töku ákvarðana um að beita dagsektum gilda reglur stjórnsýslulaga, m.a. um að viðkomandi eigi rétt á að tjá sig um málið að fenginni tilkynningu um það áður en ákvörðun um beitingu dagsekta er tekin. Þá skal ákvörðun um fjárhæð dagsekta m.a. byggð á sjónarmiðum um jafnræði og meðalhóf.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU

Við 1. gr.

a. Orðin „og 2.“ í a-lið falli brott.

b. Á eftir a-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: 2. mgr. orðast svo:

Aðilar sem stunda viðskipti með afla og forsvarsmenn útgerða vegna viðskipta með afla eða afurðir vinnsluskipa skulu fylla út og skila skýrslum um ráðstöfun afla í því formi og með þeim hætti er ráðuneytið ákveður.

Ólína Þorvarðardóttir, Helgi Hjörvar og Björn Valur Gíslason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. des. 2010.

Atli Gíslason, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Sigurður Ingi Jóhannsson.
Jón Gunnarsson.	Róbert Marshall.	Ásmundur Einar Daðason.

587. Lög [185. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 202.

588. Lög [97. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu).

(Afgreidd frá Alþingi 17. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 103.

589. Lög [122. mál]

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

(Afgreidd frá Alþingi 17. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 131.

590. Lög [205. mál]

um breytingu á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 222

591. Lög [108. mál]

um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur).

(Afgreidd frá Alþingi 17. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 537.

592. Þingsályktun [389. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 17. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 558.

593. Breytingartillaga [256. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Frá Árna Johnsen.

Við 34. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skal Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vera heimilt að gera þjónustusamning við Sólheima ses. í samræmi við 6. gr. b laganna eftir því sem við á. Slíkur samningur skal ekki gilda lengur en til ársloka 2014 og fer Jöfnunarsjóðurinn með hlutverk sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á, m.a. er varðar eftirlit með gæðum þjónustu og kostnaði vegna hennar.

594. Nefndarálit [313. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Í frumvarpinu er að finna tillögur að breytingum á mörgum lögum af margvíslegu tilefni. Tekur frumvarpið til þrettán meginbreytinga á ýmsum lögum. Þá eru nokkrar tæknilegar breytingar til leiðréttingar en samtals er frumvarpið 58 greinar.

Skattur á tekjur af innlánsreikningum í erlendri mynt.

Þær breytingar sem gerðar voru á skattlagningu á þessum reikningum fyrir ári reyndust óframkvæmanlegar eins og undirritaðir bentu reyndar á. Nú er tekin upp sú skynsamlega leið að skattleggja tekjur af slíkum reikningum þegar fé er tekið út. Reikna verður með að þar sé átt við hækkun (eða lækkun) á gengi frá ársbyrjun 2009 ef innstæða var þá til staðar en annars frá því að elsta innlögn átti sér stað sem notuð er til úttektarinnar. Ef sú fjárhæð dugir ekki til er á sama hátt miðað við næstu innlögn o.s.frv. Litið skal á inngreiðslu vaxta sem venjulega innlögn. Eftir sem áður getur orðið hagnaður af einum gjaldeyrisreikningi og tap á öðrum gjaldeyrisreikningi í eigu sama manns sem eðlilegt væri að kæmu til frádráttar við

uppgjör fjármagnstekjuskatta í árslok ásamt með hugsanlegu tapi af verðtryggðum reikningum og afskrifuðum fjármagnseignum.

Söluhagnaður við sölu íbúðar látins manns.

Hér er leiðrétting á galla sem komið hefur upp þegar dánarbú fær íbúð hins látna til ráðstöfunar sem er mjög algengt. Ef dánarbúið verður að selja íbúðina kemur söluhagnaðurinn til skattlagningar á sama hátt og ef um fyrirtæki væri að ræða. Ber að fagna þessu með hliðsjón af því að þessi hagnaður (eða það sem eftir er af honum) er svo skattlagður aftur sem arfur. 1. minni hluti telur að dánarbú ættu að vera algerlega skattfrjáls þar sem einungis er um flutning á eignum á milli kynslóða að ræða sem skattlögð eru sem slík með erfðafjárskatti. Gerir 1. minni hluti tillögu að lagabreytingu í þessu skyni.

Réttur einstaklinga sem búsettir eru erlendis, og fá 75% tekna sinna frá Íslandi, til að njóta skattskyldu hér á landi.

Lagt er til að þeir einstaklingar sem búsettir eru erlendis, og fá sem nemur eigi minna en 75% heildartekna sinna á tekjuárinu frá Íslandi, geti átt rétt á því að verða skattlagðir með sama hætti og einstaklingar búsettir hér á landi, stafi meiri hluti tekna þeirra frá Íslandi. 1. minni hluti fagnar þessari breytingu enda er hún í samræmi við túlkun Evrópudómstólsins á reglum ESB-réttar um frjálsa för launþega, sem eiga sér hliðstæðu í EES-samningnum, að ríki beri að veita einstaklingum í slíkri stöðu sama skattalega hagræði og veitt er aðilum með ótakmarkaða skattskyldu í ríkinu.

Skattaleg meðferð á eftirgjöf skulda hjá lögaðilum og aðilum í sjálfstæðum atvinnurekstri.

Í 13. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar sem eru hluti af aðgerðum sem rekja má til samstarfs stjórnvalda, fjármálafyrirtækja og hagsmunasamtaka um úrlausn á skuldavanda fyrirtækja. Breytingarnar eru tímabundnar en 1. minni hluti bendir á það skilyrði sem sett er fram í ákvæðunum að fyrirtæki megi ekki vera samsköttuð á því tímabili þegar eftirgjöf skulda er tekjufærð. Staðan er hins vegar sú að fjölmörg fyrirtæki hérlendis eru samsköttuð. Það að slíta samsköttun getur haft í för með sér verulegt fjárhagslegt óhagræði og gerir 1. minni hluti athugasemdir við þetta skilyrði. Enn fremur gerir 1. minni hluti alvarlegar athugasemdir við bann við útgreiðslu arðs til 2015 í þeim fyrirtækjum sem fá felldar niður skuldir og telur 1. minni hluti að of langt sé gengið. Viðkomandi bann geti komið í veg fyrir að nýir aðilar eignist hlut í viðkomandi fyrirtækjum, en það gæti einmitt styrkt eiginfjárstöðu þeirra og aukið líkur á áframhaldandi starfsemi.

Í 31. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um heimild til niðurfellingar á tekjuskatti lögaðila sem gjaldfallið hefur fyrir 1. janúar 2010. Heimildin er tímabundin og er ætlað að koma til móts við þann vanda sem rekstraraðilar standa frammi fyrir. 1. minni hluti telur hins vegar að ákvæðið sé ófullkomið og ekki til þess fallið að leysa þann vanda sem er uppi. Í ákvæðinu er eingöngu kveðið á um heimild til niðurfellingar á tekjuskatti lögaðila en tekjuskattur er aðeins hluti af þeim gjöldum og sköttum sem fyrirtækjum ber að skila. Enn fremur bendir 1. minni hluti á að tekjuskattur er í mörgum tilfellum ekki sá hluti sem er til mestra vandræða þegar um vanskil er að ræða. 1. minni hluti gagnrýnir að ákvæðið nái ekki til annarra skatta og gjalda, til að mynda vörsluskatta, og telur að ákvæðið muni ekki hafa jafn víðtæk áhrif eins og gert er ráð fyrir í athugasemdum við frumvarpið. Telur 1. minni hluti að til lítils sé að fella niður tekjuskatt ef það eru önnur vanskil sem valda því að fyrirtæki stefni í þrot.

Greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Lagt er til að heimild til að fresta greiðslu virðisaukaskatts, staðgreiðslu opinberra gjalda, greiðslu tryggingagjalds og þing- og sveitarsjóðsgjalda án dráttarvaxta nái einnig til þeirra sem hafa verið í atvinnurekstri en hætt rekstri. 1. minni hluti tekur undir þessar ráðstafanir í ljósi þess að mjög margir hafa þurft að hætta rekstri eftir hrunið en skulda enn þessa skatta.

Þá er lagt til að einstaklingar sem sótt hafa um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara geti einnig sótt um greiðsluuppgjör vegna vangoldins virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda. Þessi breyting er jákvæð að mati 1. minni hluta því að annars gætu þessir einstaklingar ekki nýtt sér úrræði umboðsmanns skuldara, þar sem umræddir skattar kæmu annars í bakið á þeim eftir að búið er að greiða úr öðrum skuldum þeirra.

Flutningur á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

1. minni hluti fagnar flutningi á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og fellst á lækkun tekjuskatts um 1,2% og samsvarandi hækkun á útsvari sem lið í þeirri aðgerð.

Tímabundin hækkun á vikmörkum á milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða.

1. minni hluti varar við áframhaldandi keyrslu lífeyrissjóðanna á eignum sem ekki standa undir skuldbindingum sjóðanna og eru jafnvel allt niður í 85% af skuldbindingum. Eðlilegt er að beðið sé eftir því að eignir lífeyrissjóðanna jafni sig eftir hrunið en eftir því sem tíminn líður verður nauðsynleg skerðing meiri. Þannig er í reynd verið að gera upp á milli sjóðfélaga meðan á því stendur vegna þess að núverandi lífeyrisþegar fá of háan lífeyri miðað við þá aðila sem seinna fara á lífeyri og þurfa að sæta meiri skerðingu.

Það gerir þessa umræðu erfiða að opinber hluti lífeyriskerfisins, LSR og lífeyrissjóðir sveitarfélaga, er með réttindi sem tryggð eru með lögum og því hækkar iðgjald launagreiðanda eða einfaldlega kröfur á ríkissjóð (B-deild LSR) þegar eignir duga ekki fyrir skuldbindingum en almennu lífeyrissjóðirnir þurfa að skerða lífeyri og réttindi eða hækka iðgjald sem lendir á launagreiðendum sem geta þá ekki greitt eins há laun. Á sama tíma verður að hækka skatta til þess að standa undir hækkun iðgjalds og skuldbindingu ríkisins og sveitarfélaganna sem sjóðfélagar almennu lífeyrissjóðanna greiða um leið og réttindi þeirra eru hugsanlega skert. Þeir greiða því áfallið sem lífeyrissjóðirnir urðu fyrir á tvennan hátt. Segja má að það skipti í reynd ekki máli fyrir sjóðfélaga opinberu lífeyrissjóðanna hvaða ávöxtun stjórn sjóðsins nær á fé lífeyrissjóðsins.

Mikilvægt er að sátt náist um samræmingu á lífeyrisréttindum landsmanna sem fyrst þannig að lífeyrisréttindi og önnur réttindi verði metin sem hluti af launum.

Talið er að hækka þurfi iðgjald til A-deildar LSR úr 15,5% í 19,5%. Ógreidd skuldbinding B-deildar er talin vera um 400 milljarðar kr. eða rúmar 3 millj. kr. á hvert heimili í landinu. Að þeim sökum telur 1. minni hluti að stöðva þurfi inngreiðslur um sex þúsund virkra sjóðfélaga til B-deildar þannig að stöðvuð verði enn frekari vöxtur þessara gífurlegu skuldbindinga eins og hægt er. Vegna eignarréttar og uppsagnarákvæða leggur 1. minni hluti fram breytingartillögu um að ekki verði heimilt að greiða iðgjald til B-deildar LSR eftir 1. janúar 2012.

Hvað varðar faglegar kröfur til stjórnenda lífeyrissjóða tekur 1. minni hluti undir þá stefnu frumvarpsins að nauðsynlegt sé að auka þær.

Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki.

Fyrir ári voru samþykkt lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki til þess að örva almenning til kaupa á hlutabréfum í slíkum fyrirtækjum þannig að þau gætu ráðist í fjárfestingar sem

nauðsynlegar eru til þess að skapa atvinnu. Nú hefur komið í ljós að ein af þessum ráðstöfunum, að fólk geti dregið kaupverð hlutabréfa í slíkum félögum frá skattskyldum tekjum, rekst á reglur ESA um ríkisábyrgð. 1. minni hluti telur að í stað þess að fella þennan afslátt niður ætti að huga að því að veita einstaklingum almennan afslátt vegna hlutafjárkaupa eins og var í gildi fyrir mörgum árum. Þegar öll fyrirtæki á hlutafjárformi njóta slíks afsláttar er ekki um sértækan stuðning að ræða. Þannig yrði stuðlað að aukinni fjárfestingu í landinu sem er mjög mikilvægt því þannig gæti atvinna aukist í landinu ásamt öðrum atriðum sem mikilvæg eru en atvinnumissir og tekjulækkun eru einmitt einn af meginforsendubrestum fyrir stöðu heimilanna.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort ekki sé brostin forsenda fyrir öllum þeim aðgerðum sem fyrirtæki hafa farið út í til þess t.d. að fá viðurkenningu sem nýsköpunarfyrirtæki og hljóta að kosta mikið og hefur eflaust skaðað þessi fyrirtæki.

Í þessu sambandi telur 1. minni hluti að mikilvægt sé að endurvekja traust á hlutabréfum eftir að yfir 50 þúsund venjuleg heimili hafa tapað minnst 80 milljörðum kr. við fall bankanna og fjöldi fyrirtækja hefur orðið gjaldþrota. 1. minni hluti veltir fyrir sér hvaða breytingar hafa verið gerðar á hlutabréfaforminu eftir hrun sem koma í veg fyrir þær æfingar stærstu hluthafa fyrirtækja sem fréttir berast af vikulega og keyrðu fyrirtækin í þrot og ollu þessu tjóni. Erfitt er að sjá fyrir sér áhuga á hlutafjárkaupum eftir þessa almennu reynslu. 1. minni hluti gerir tillögu um að fólk geti dregið kaupverð hlutabréfa í hlutafélögum, sem skattstjóri metur hæf til þess, frá skattskyldum tekjum en ráðherra setji reglugerð um þetta efni.

1. minni hluti tekur undir aðrar þær aðgerðir sem koma fram í frumvarpinu og auka stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Hins vegar vakna margar spurningar hvað nýsköpun sé í raun og veru. Mörg tækifæri í nýsköpun hafa komið fram án þess að um eiginlegar rannsóknir og þróun sé að ræða. Má í því sambandi benda á dúkkulísuforrit og sleðahundaferðir. Margar gamlar hugmyndir eru þróaðar áfram og rannsakaðar án þess að um beina nýsköpun sé að ræða. 1. minni hluti veltir því upp hvort skilgreining á nýsköpun sé ekki allt of þröng.

Heimild til að leigja og flytja inn bílaleigubíla frá bílaleigum á EES-svæðinu.

ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur gert athugasemd við núverandi bann við tímabundnum tollfrjálsum innflutningi innlendra aðila á ökutækjum um skamman tíma. Eins og staðan er nú er aðilum sem ekki eru búsettir á Íslandi heimilt að flytja inn ökutæki tímabundið tollfrjálst og var það talið skekkja samkeppni. Lagt er til að aðilar sem búsettir eru á Íslandi megi leigja og flytja inn bílaleigubíla frá bílaleigum á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum og nota hér á landi tímabundið. Undanþágan er takmörkuð við það að hver einstök bifreið má ekki vera á landinu lengur en 42 daga í hvert sinn og hún má ekki vera á landinu lengur en 183 daga á hverju ári. Hver einstaklingur getur einungis nýtt sér þessa heimild í 42 daga á ári hverju. 1. minni hluti fagnar þessari breytingu, sem eykur möguleika og frelsi fólks á þessu sviði.

Niðurfelling stimpilgjalds af skilmálabreytingum.

Í 50. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að framlengja niðurfellingu stimpilgjalds í eitt ár í viðbót, eða til áramóta 31. desember 2011. Þær skilmálabreytingar sem um ræðir eru oft skuldbreytingar fólks sem er í mjög miklum vandræðum og neyðist til að lengja lánstíma lána eða breyta þeim á annan hátt. Oft er þetta skattlagning á neyð og fjárhagsleg vandræði. 1. minni hluti telur þessar skilmálabreytingar mjög vafasaman skattstofn og gerir tillögu um að

þessi heimild verði gerð varanleg enda hlýtur þróunin að stefna í þá átt að þessi undarlegi skattur verði að öllu leyti aflagður.

Alþingi, 16. des. 2010.

Pétur H. Blöndal, frsm. Tryggvi Þór Herbertsson.

595. Breytingartillögur [313. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar (PHB, TÞH).

1. Við 1. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við uppgjör fjármagnstekjuskatta í árslok skal leggja saman jákvæðar fjármagnstekjur og draga frá neikvæðar fjármagnstekjur og afskrifaðar eða sannanlega tapaðar fjármagnseignir.
2. Við 2. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Dánarbú greiða ekki tekjuskatt.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 6. mgr. 18. gr. laganna:
   a. Á eftir ártölunum „1990–1996“ í 1. málsl. kemur: eða 2011 eða síðar.
   b. Í stað upphæðarinnar „367.625“ í 2. málsl. kemur: 500.000.
   c. Í stað orðanna „á árinu 1997“ í 3. málsl. kemur: á árunum 1997 til 2010.
   d. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um neikvæðar fjármagnstekjur af gjaldeyris- eða verðtryggðum reikningum og aðrar fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 66. gr.
4. 50. gr. orðist svo:
   Orðin „á tímabilinu“ og orðin „til og með 31. desember 2010“ í ákvæðum til bráðabirgða II, III, V og VI í lögunum falla brott.
5. Við bætist tveir nýir kaflar, sem verða XVI. kafli, **Breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins,** með einni grein, 59. gr., og XVII. kafli, **Breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga,** með einni grein, 60. gr., er orðist svo:
   a. (59. gr.)
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er óheimilt að greiða iðgjöld í B-deild lífeyrissjóðsins eftir 1. janúar 2012.
   b. (60. gr.)
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er óheimilt að greiða iðgjöld í Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga eftir 1. janúar 2012.

596. Breytingartillaga [197. mál]

við brtt. á þskj. 579 [Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.].

Frá Helga Hjörvar.

5. tölul. orðist svo: Á eftir 6. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald í eftirfarandi gjaldbilum gilda fyrir ökutæki sem eru innflutt og tollafgreidd á árinu 2011 og falla í þau gjaldbil sem tilgreind eru í töflu:

		Gjald í %	
Gjaldbil	**Skráð losun CO_2**	**Aðalflokkur**	**Undanþáguflokkur skv. 5. gr.**
G	181–200	36	12
H	201–225	44	16
I	226–250	48	20
J	yfir 250	52	24

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald í eftirfarandi gjaldbilum gilda fyrir ökutæki sem eru innflutt og tollafgreidd á árinu 2012 og falla í þau gjaldbil sem tilgreind eru í töflu:

		Gjald í %	
Gjaldbil	**Skráð losun CO_2**	**Aðalflokkur**	**Undanþáguflokkur skv. 5. gr.**
G	181–200	41	14
H	201–225	50	18
I	226–250	54	23
J	yfir 250	59	27

597. Nefndarálit [313. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Með þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á fjölmörgum lögum er snerta hina ýmsu málaflokka. Frumvarpið er umfangsmikið, eða 58 greinar. Málið var lagt fram 30. nóvember sl. og hefur efnahags- og skattanefnd fengið mjög takmarkaðan tíma til að fara yfir það. Verklag þetta er alls ekki í takti við þau breyttu vinnubrögð sem þingmannanefndin, sem fór yfir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, boðaði fyrr í haust. Fyrst ber að nefna tímaskortinn, það hversu seint framkvæmdarvaldið leggur frumvarpið fram, og í annan stað að í frumvarpinu er að finna umfangsmikla endurskoðun á stórum málaflokkum, stefnubreytingu, sem hefði átt að fá umfjöllun í viðkomandi fagnefndum þingsins. Jafnframt hafa komið í ljós meinbugir á lagasetningu síðasta árs sem snerta breytingar á skattkerfinu enda var tímaskortur og vinnubrögðin voru eftir því. Jafnframt er komið í ljós að sú stefnubreyting sem

átti sér stað í lok síðasta árs hefur orðið þjóðfélaginu dýr. Flókið skattkerfi hefur fælt frá fjárfestingu í hagkerfinu, aukið flækjustig hefur gert eftirlit dýrara og jafnframt eru tekjur ríkissjóðs mun minni en áætlanir gerðu ráð fyrir sem má sjá á yfirliti sem fylgdi áliti 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar til fjárlaganefndar um tekjugrein fjárlagafrumvarpsins (sjá fskj.)

Annar minni hluti áréttar gagnrýni á vinnubrögð öll er varða þetta viðamikla mál. Þá telur hann jafnframt mikilvægt að tiltaka ákveðin atriði sem honum þykja einstaklega ámælisverð.

Annar minni hluti telur það ámælisvert að leggja fram grundvallarbreytingar á umhverfi nýsköpunar í formi bandorms eins og hér er gert. Iðnaðarnefnd Alþingis hefði átt að fjalla um sérstakt frumvarp þess efnis á sínum vettvangi en í þessu frumvarpi er ávarðað um mikilvæga þætti sem snerta nýsköpun í landinu án aðkomu nefndarinnar sem fer með málefni nýsköpunar og þróunar. 2. minni hluti fagnar því að endurgreiðsluhlutfallið verður hækkað úr 15% í 20% en hins vegar er nauðsynlegt að horfa til annarra breytinga. Í nefndinni náðist samkomulag um að lágmarksupphæð rannsóknar- og þróunarkostnaðar færi úr 5 millj. kr. í 1. millj. kr. 2. minni hluti vonar að þessi breyting muni leiða af sér fleiri störf og meiri nýsköpun hjá smærri fyrirtækjum í landinu. Á hinn bóginn telur 2. minni hluti nauðsynlegt að skoða hvort ganga þurfi lengra varðandi hámark kostnaðar hjá hverju fyrirtæki, sbr. 43. gr. frumvarpsins. Ekki var mögulegt að framkvæma slíka skoðun sökum tímaskorts. Þótt vissulega sé jákvætt að hámarkið sé hækkað og endurgreiðsluhlutfallið fari úr 15% í 20% vegur þessi hækkun ekki þungt fyrir stærstu nýsköpunarfyrirtækin. Íslandi á í harðri samkeppni um starfsskilyrði við lönd sem sækjast markvisst eftir því að laða til sín tæknifyrirtæki, þar sem slík fyrirtæki nýta háskólamenntað fólki í meira mæli og greiða að jafnaði hærri laun. 2. minni hluti bendir á að skýr skilaboð íslenskra stjórnvalda í formi skattalegs hvata til nýsköpunarstarfs geta vegið þungt til að hvetja stærri íslensk tæknifyrirtæki til framtíðarvaxtar hér á landi.

Við umfjöllun frumvarpsins í nefndinni fengu hugmyndir um skattafslátt vegna tímabundinnar vinnu erlendis litla umfjöllun. Í verktakagreininni hefur orðið algert hrun sl. tvö ár og starfsmönnum fækkað um 50%–60%. Íslenskum fyrirtækjum og starfsmönnum í verktakastarfsemi er því nauðsynlegt að geta fengið verkefni við sitt hæfi erlendis. Þar keppa fyrirtækin um starfsmenn fyrirtækja með heimilsfesti í ríkjum sem flest hver hafa sett lög sem leyfa að innlendur skattur af erlendum tekjum sé dreginn frá heildarskattinum. Starfsmaðurinn greiðir þá ekki tekjuskatt í heimalandinu af erlendu tekjunum en á móti eru launin oft lægri erlendis þegar um er að ræða lönd utan Evrópu og N-Ameríku. Hér á landi er slíkur frádráttur ekki leyfður. Vill 2. minni hluti skoða möguleikann á því að í lög um tekjuskatt verði tekin inn sambærileg ákvæði og gilda á Norðurlöndunum um skattaívilnun fyrir þá sem starfa að verkefnum erlendis í sex mánuði eða lengur. Þannig eigi maður sem ber skattskyldu hér á landi en aflar tekna erlendis samfellt í sex mánuði eða lengur rétt á því að heildartekjuskattur hans sé lækkaður um þá skattfjárhæð sem reiknast af erlendu tekjunum. Dvelji maður erlendis við störf lengur en 12 mánuði haldi hann rétti sínum til lækkunar á tekjuskatti jafnvel þótt launin sæti ekki skattlagningu í vinnulandinu ef skattundanþágan byggist á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum þar. Ljóst er að allir hagnast af slíkri skattaívilnun, þ.e. starfsmaðurinn eykur tekjur sínar, fyrirtækið verður samkeppnisfært með eigin starfsmenn og ríkið sparar bótagreiðslur. Þessi skattaafsláttur vegna tímabundinnar vinnu erlendis mundi tvímælalaust auðvelda íslenskum fyrirtækjum sem taka að sér framkvæmdir erlendis að hafa með sér starfsfólk að heiman og stuðla að fækkun byggingarmanna á atvinnuleysisskrá.

Annar minni hluti vill einnig vekja athygli á mikilli hækkun á staðfestingargjaldi Fiskistofu á flutningi sóknardaga, aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar milli skipa eða um 64 % hækkun. En kostnaður þessi greiðir eigandi þess skips sem flutt er frá. Lítið sem ekkert samráð hefur verið haft við atvinnugreinina um þessar breytingar enda kom tillagan um þessa hækkun fram tveimur dögum áður en málið var tekið út til 2. umræðu. Þessi hækkun mun á endanum bitna á kjörum sjómanna en þar við bætist sú stefna ríkisstjórnarinnar að afnema sjómannaafsláttinn.

Í frumvarpinu er lagt til að framlengdur verði gildistími bráðabirgðaákvæða sem heimila niðurfellingu stimpilgjalds af skilmálabreytingum fasteignveðskulda og nýrra bréfa sem gefin eru út af Íbúðalánasjóði til 1. júlí 2010, ásamt bílalánum einstaklinga til 31. desember 2011. 2. minni hluti styður þessa framlengingu en leggur það jafnframt til að þegar einstaklingar endurfjármagna skuldir sínar og flytja viðskipti sín frá einum banka til annars verði stimpilgjald einnig fellt niður. 2. minni hluti telur að nauðsynlegt sé að fella niður stimpilgjald í þessum tilvikum þar sem um sé að ræða samkeppnishamlandi gjald og í raun sé þetta skattur á eymd og erfiðleika einstaklinga sem eru að reyna að vinna sig út úr fjárhagslegum erfiðleikum.

Fram kemur í bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu að þeim rekstraraðilum sem fá eftirgefnar skuldir vegna greiðsluerfiðleika á árunum 2010 og 2011 sé ekki heimilt að úthluta arði vegna tekjuáranna 2010 til og með ársins 2014. 2. minni hluti telur að skoða þurfi betur þau áhrif sem þetta getur haft í för með sér. Mörg fyrirtæki mun endurskipuleggja rekstur sinn á næsta ári og ljóst er að gríðarlegur skuldavandi blasir við þorra íslensks atvinnulífs. Í þeirri endurreisn sem framundan er verður að telja varhugavert að setja leikreglur sem hamlar nýjum aðilum að koma að rekstri fyrirtækja sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum. Sé miðað við þessa breytingu verður það síður eftirsóknarvert að fjárfesta í slíkum fyrirtækjum sem ekki mega greiða úr arð á næstu árum.

Annar minni hluti fagnar bráðabirgðaákvæði við lög um tekjuskatt sem fram kemur í a-lið 13. gr. frumvarpsins en með ákvæðinu er lagt til að þeim aðilum sem atvinnurekstur stunda eða sjálfstæða starfsemi og selja þjónustu sé heimilt að færa til tekna á þremur árum uppsafnaða fjárhæð sem áður hafði verið frestað að færa til tekna, þ.e. á tekjuárunum 2010, 2011 og 2012. 2. minni hluti vill sérstaklega taka fram að þingmaður Framsóknarflokksins hefur lagt fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri, og eru um sambærilegar tillögu að ræða þar og lagðar eru fram hér í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Annar minni hluti vill taka fram að undirritaður er annar tveggja þingmanna sem lagt hafa fram breytingartillögu sem fjallar um frádrátt manna frá tekjum utan atvinnurekstrar, en tillagan lýtur að því að draga megi frá tekjum einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, enda sé gjöfin ekki undir 50.000 kr., en nánari útfærsla verði í reglugerð.

Alþingi, 16. des. 2010.

Birkir Jón Jónsson.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal: Álit um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2011, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. Sjá III. fylgiskjal í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011, þskj. 413.

598. Svar [40. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um vinnslu hvalafurða.

1. *Hvað var mikill hluti hvers hvals (% þyngdar) sem veiddist á vertíðinni 2009–2010 nýttur í vinnslu: a) hverrar veiddrar hrefnu, b) hverrar veiddrar langreyðar?*

Af hverri veiddri hrefnu er nýtt kjöt en innyflum og beinum er sökkt í sæ.

Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun var hlutfall nýtingar í vinnslu af hverri veiddri langreyði 100%.

2. *Hve miklar afurðir (í tonnum) fengust að meðaltali af hverju dýri: a) hrefnu, b) langreyði – og hvernig er skipting þeirra í kjöt, spik/rengi, mjöl, lýsi?*

Hrefna er eingöngu nýtt til kjötframleiðslu.

Aðeins eitt fyrirtæki stundar veiðar og vinnslu langreyðar á Íslandi. Ekki eru sérstakar reglur eða lög um opinbera upplýsingagjöf fyrirtækja í hvalveiðum eða vinnslu hér á landi. Af þessu leiðir að um upplýsingagjöf má leita leiðbeiningar í lögum um Hagstofu Íslands (nr. 163/2007) en þar segir í 10. gr.: „Við birtingu og miðlun hagskýrslna skal svo sem frekast er unnt komið í veg fyrir að rekja megi upplýsingar til tilgreindra einstaklinga eða lögaðila.“ Óumdeilt er að í þessu tilviki mundu upplýsingar um nýtingu hráefnis vera raktar til einstaks lögaðila. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands mun sú vinnuregla viðhöfð að þrjú fyrirtæki að lágmarki þurfa að vera bak við birtar upplýsingar, að öðrum kosti eru sundurliðanir sameinaðar öðrum yfirliðum til að hvorki sé hægt fyrir utanaðkomandi að rekja upplýsingar til einstakra fyrirtækja né samkeppnisaðila á markaði þar sem tvö fyrirtæki starfa að reikna út hlut hins.

3. *Ef hvalafli frá vertíðinni 2009–2010 var ekki eða að litlu leyti unninn í mjöl og lýsi, hver er þá skýringin á því?*

Um upplýsingagjöf fyrirtækja í hvalveiðum og vinnslu á Íslandi eru ekki sérstök lög eða reglugerðir. Af því leiðir að ráðuneytið getur ekki krafið einstök fyrirtæki í þessari atvinnugrein um ástæður sem gætu legið að baki ráðstöfun hráefnis til vinnslu. Hins vegar má ætla að framleiðendur hafi í huga hámörkun hagnaðar og horfi þar til verðlags einstakra afurða.

4. *Hvar voru hvalhræ á þessum tíma urðuð og hversu mörg á hverjum stað? Hversu mörg hvalhræ voru losuð í sjó?*

Samkvæmt upplýsingum fengnum frá Matvælastofnun voru engin hræ urðuð. Öllum beinagrindum og innyflum úr lönduðum hrefnum var sökkt í sjó eins og gert hefur verið í áratugi. Á árinu 2009 var landað alls 75 hrefnum og á árinu 2010 var landað alls 75 hrefnum. Allar beinagrindur og innyfli úr langreyði fóru í bræðslu.

599. Svar [322. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

1. *Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*
   - 2006: 5.000.000 kr.
   - 2007: 5.000.000 kr.
   - 2008: 5.000.000 kr.
   - 2009: 5.000.000 kr.
   - 2010: 3.100.000 kr.

2. *Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Nafn	Dags.	Fjárhæð
2005		
2 áttir ehf.	29. sept. 2005	300.000
Arnfirðingafélagið	2. maí 2005	100.000
Askja Energy Holdings ehf.	22. mars 2005	300.000
Á senunni, félag	6. jan. 2005	100.000
Brekkukot ehf.	3. feb. 2005	100.000
Ferðaleikhúsið	4. nóv. 2005	50.000
Félag ferðaþjónustubænda	29. des. 2005	200.000
Félag íslenskra aflraunamanna	16. des. 2005	150.000
Friðrik Örn Hjaltested	30. des. 2005	500.000
Frúin ehf.	2. maí 2005	200.000
Hartvig Ingólfur Ingólfsson	2. júní 2005	100.000
Háskólinn á Akureyri	16. feb. 2005	125.000
H-prent ehf.	2. maí 2005	200.000
Hvalfjörður hf.	8. sept. 2005	200.000
Jón Levi Tryggvason	17. okt. 2005	100.000
Kristinn Ólason	9. ágúst 2005	100.000
Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni	19. júlí 2005	75.000
Landsbyggðin lifi	17. okt. 2005	50.000
Landvernd	5. apríl 2005	50.000
	4. maí 2005	150.000
	24. nóv. 2005	300.000
Lionsklúbbur Stykkishólms	8. ágúst 2005	350.000
Náttúrustofa Vestfjarða	2. maí 2005	100.000
Ólafur Ólafsson	6. júní 2005	100.000
Seljum norðurljósin	3. mars 2005	200.000
Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir	20. júlí 2005	150.000
Sjómannadagsráð Reykjavíkur/Hafnarfjarðar	2. júní 2005	300.000
Starfsmannafélag S.V.R.	2. júní 2005	100.000

Nafn	Dags.	Fjárhæð
Sýningar ehf.	26. júlí 2005	373.500
	31. des. 2005	-373.500
Ungmennafélag Íslands	7. júní 2005	15.000
Yan Ping Li	16. des. 2005	300.000
Þingeyskur sagnagarður	30. des. 2005	400.000
Ævintýraklúbburinn, áhugamannafélag	2. júní 2005	10.000
2005 samtals		**5.475.000**

2006

Arney Einarsdóttir	3. maí 2006	25.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	16. maí 2006	200.000
Áki ehf. ægisferð	30. ágúst 2006	200.000
Fræðsluráð hótel- og matvælagreina	5. apríl 2006	100.000
Guðmundur Valgeir Magnússon	29. júní 2006	100.000
Hallgrímur Sveinsson	26. jan. 2006	60.000
Hálfdán Lárus Pedersen	29. júní 2006	200.000
Hollvinafélag Iðnaðarsafnsins á Akureyri	13. des. 2006	60.000
H-prent ehf.	26. apríl 2006	200.000
Hugarflug ehf.	31. jan. 2006	100.000
Icelandic Wonders ehf.	31. des. 2006	500.000
Íslenska vitafélagið	16. maí 2006	300.000
Íslenskt-kínverskt viðskiptaráð	10. jan. 2006	100.000
Kjartan Björnsson	10. feb. 2006	100.000
Landvernd	31. jan. 2006	150.000
	30. maí 2006	300.000
Menntaskólinn í Kópavogi	3. mars 2006	80.000
	15. mars 2006	350.000
	31. des. 2006	100.000
Pálína Vagnsdóttir	9. ágúst 2006	250.000
Pálmi Bergmann Almarsson	3. mars 2006	150.000
Rafn Hafnfjörð Gunnlaugsson	1. mars 2006	100.000
Safnahús Borgarfjarðar	13. nóv. 2006	150.000
Sigríður Þrúður Stefánsdóttir	3. maí 2006	25.000
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	4. jan. 2006	100.000
	2. júní 2006	100.000
Sjómannadagsráð Reykjavíkur/Hafnarfjarðar	7. sept. 2006	200.000
Skákfélagið Hrókurinn	20. jan. 2006	50.000
Skessuhorn ehf.	18. maí 2006	150.000
Skotta ehf.	4. jan. 2006	50.000
Skógræktarfélag Íslands	29. júní 2006	20.000
Sniglar, bifhjólasamtök lýðveldisins	3. mars 2006	100.000
Snorrastofa í Reykholti	3. mars 2006	200.000
Sumartónleikar og kórastefna	29. júní 2006	150.000
Taflfélag Snæfellsbæjar	3. mars 2006	200.000
Tæknivísir, félag byggingatæknifræðinema TÍ	7. mars 2006	50.000
Ungmennafélag Íslands	29. júní 2006	15.000
Verurnar ehf.	3. maí 2006	100.000
Við Djúpið, félag	27. apríl 2006	200.000
VV-222 ehf.	25. apríl 2006	250.000
2006 samtals		**5.835.000**

Nafn	Dags.	Fjárhæð
2007		
Alexandra Chernyshova	30. apríl 2007	150.000
Félag áhugamanna um víkingaverkefni	15. maí 2007	500.000
Fiskidagurinn mikli	31. júlí 2007	100.000
Geir Gestsson	30. apríl 2007	200.000
Guðmundur Guðmundsson	28. feb. 2007	50.000
Helga Brekkan	15. mars 2007	150.000
Hollvinasamtök Þórðar Halldórssonar	22. júní 2007	400.000
H-prent ehf.	7. mars 2007	150.000
Íslenska lögregluforlagið ehf.	25. maí 2007	20.292
Kammerkór Suðurlands	15. maí 2007	150.000
Kómedíuleikhúsið, áhugamannafélag	17. jan. 2007	150.000
Krabbameinsfélag Íslands	5. maí 2007	15.000
	11. okt. 2007	15.000
Kvenréttindafélag Íslands	16. jan. 2007	100.000
Landvernd	2. apríl 2007	135.000
Norðurlandsdeild TFÍ	16. jan. 2007	150.000
ORG – Ættfræðiþjónustan ehf.	18. maí 2007	100.000
Óli Örn Andreassen	2. apríl 2007	100.000
Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri	10. okt. 2007	75.000
Sadik Crnac	8. maí 2007	300.000
Samtök ferðaþjónustunnar	11. des. 2007	100.000
Sindri Páll Þorsteinsson	15. mars 2007	100.000
SÍM, samband ísl myndlistarmanna	18. maí 2007	150.000
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	20. apríl 2007	160.000
Sjómannadagsráð Ólafsvíkur	1. júlí 2007	35.737
Sjómannadagsráð Reykjavíkur/Hafnarfjarðar	11. júní 2007	200.000
Skákfélagið Hrókurinn	23. ágúst 2007	75.000
Skessuhorn ehf.	23. maí 2007	153.546
Sumartónleikar og kórastefna	9. maí 2007	100.000
Sveinn Guðmundsson	21. maí 2007	400.000
Vilhjálmur Árnason	30. apríl 2007	60.000
Örnólfur Árnason	3. des. 2007	100.000
2007 samtals		**4.644.575**
2008		
Alma Eðvaldsdóttir	23. maí 2008	150.000
Bandalag íslenskra skáta	10. sept. 2008	20.000
	24. sept. 2008	50.000
Bjarni Eyjólfur Guðleifsson	19. maí 2008	75.000
DreamVoices ehf.	14. maí 2008	100.000
Félag vélaverkfræðinema	14. maí 2008	30.000
Fiskidagurinn mikli	22. ágúst 2008	150.000
Framhaldsskólinn á Laugum	22. ágúst 2008	250.000
Gay Pride – Hinsegin dagar, félag	21. apríl 2008	100.000
Geir Gestsson	14. maí 2008	70.000
Hafliði SI 2, félagasamtök	23. júlí 2008	100.000
Helgi B Daníelsson	31. des. 2008	300.000
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	24. jan. 2008	150.000
Hörgársveit	14. jan. 2008	75.000
Íslenska lögregluforlagið ehf.	1. apríl 2008	30.000
Kvenfélagasamband Íslands	27. feb. 2008	200.000

Nafn	Dags.	Fjárhæð
Landssamband lögreglumanna	1. ágúst 2008	20.000
Lögreglukór Reykjavíkur	20. maí 2008	50.000
Mæðrastyrksnefnd Reykjavík	31. okt. 2008	100.000
Nemendafélag Lögregluskóla ríkisins	28. apríl 2008	60.000
	14. maí 2008	70.000
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	22. apríl 2008	165.000
Sjómannadagsráð Reykjavíkur/Hafnarfjarðar	2. des. 2008	150.000
Skákfélagið Hrókurinn	22. ágúst 2008	100.000
Snorri Snorrason	14. maí 2008	50.000
Styrktarfélag Samhjálpar	22. apríl 2008	25.000
	1. sept. 2008	20.000
Sumartónleikar og kórastefna	19. júní 2008	100.000
Svifflugfélag Akureyrar	7. apríl 2008	50.000
Vernd, fangahjálp	14. maí 2008	20.000
Vilhjálmur Árnason	28. apríl 2008	-60.000
Ævintýraklúbburinn, áhugamannafélag	1. sept. 2008	60.000
2008 samtals		**2.830.000**
2009		
Bandalag íslenskra skáta	19. maí 2009	20.000
	20. ágúst 2009	19.000
Emmson Film ehf.	18. maí 2009	300.000
Fjallabyggð	29. apríl 2009	70.000
Gay Pride – Hinsegin dagar, félag	29. apríl 2009	100.000
Grafarvogssókn	27. jan. 2009	300.000
Háskólinn á Akureyri	29. apríl 2009	200.000
H-prent ehf.	30. júní 2009	100.000
Hugarflug ehf.	27. jan. 2009	300.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri	24. feb. 2009	300.000
Íþróttasamband fatlaðra	5. ágúst 2009	15.000
Karlakór Dalvíkur	29. jan. 2009	400.000
Karlakór Reykjavíkur	27. jan. 2009	400.000
Kristinn H Gunnarsson	7. ágúst 2009	150.000
Orator, félag laganema	28. jan. 2009	15.000
Sigurður Ægisson	4. maí 2009	200.000
Sjóferðir Snorra ehf.	29. jan. 2009	700.000
Skákfélagið Hrókurinn	18. júní 2009	100.000
Sumartónleikar og kórastefna	8. júní 2009	100.000
Upp í vindinn, útgáfufélag	27. feb. 2009	15.000
2009 samtals		**3.804.000**
2010		
Bandalag íslenskra skáta	24. feb. 2010	20.000
Kiwanisklúbburinn Súlur	13. jan. 2010	100.000
Landssamband lögreglumanna	25. mars 2010	20.000
2010 samtals		**140.000**
Samtals 2005–2010		**22.728.575**

600. Nefndarálit [313. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneytinu, Sigurgeir Þorgeirsson og Arnór Snæbjörnsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Halldór Árnason og Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Alexander Edvardsson frá KPMG, Friðgeir Sigurðsson frá PWC, Jakob Björgvin Jakobsson og Guðmund Skúla Hartvigsson frá Deloitte, Gunnlaug Júlíusson og Tryggva Þórhallsson frá Samtökum íslenskra sveitarfélaga, Davíð Lúðvíksson og Orra Hauksson frá Samtökum iðnaðarins, Helgu Valfells frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Hallgrím Jónasson frá Rannís, Elínóru Ingu Sigurðardóttur frá Félagi kvenna í nýsköpun, Valdimar Össurarson frá Samtökum frumkvöðla og hugvitsmanna, Snorra Olsen og Eddu Símonardóttur frá tollstjóranum, Ingvar J. Rögnvaldsson, Guðrúnu J. Jónsdóttur og Elínu Ölmu Arthúrsdóttur frá ríkisskattstjóra, Bryndísi Kristjánsdóttur frá skattrannsóknarstjóra, Öldu Hrönn Jónsdóttur frá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, Helgu Jónsdóttur frá BSRB, Þórarin Eyfjörð frá SFR – stéttarfélagi, Jóhönnu Lind Elíasdóttur frá Bændasamtökunum og Sigurð Loftsson og Jóhann Nikulásson frá Landssambandi kúabænda.

Umsagnir bárust nefndinni frá Deloitte hf., embætti tollstjóra, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fiskistofu, Hafnasambandi Íslands, Íbúðalánasjóði, Jafnréttisstofu, KPMG hf., Landssambandi sumarhúsaeigenda, Landssamtökum lífeyrissjóða, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Orkustofnun, PriceWaterhouseCoopers hf., Ríkisendurskoðun, ríkissaksóknara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum frumkvöðla og hugvitsmanna, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, skattrannsóknarstjóra ríksins, Tryggingastofnun ríkisins og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum ýmissa lagabálka. Felur frumvarpið þannig í sér tillögur um breytingar á lögum um tekjuskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, lögum um tekjustofna sveitarfélaga, virðisaukaskattslögum, lögum um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, tollalögum, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum um stimpilgjald, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, lögum um stjórn fiskveiða, lögum um veiðieftirlitsgjald, og lögum um yfirskattanefnd. Á heildina litið má segja að frumvarpið stefni að breytingu á ákvæðum laga sem varða álagningu skatta og gjalda ásamt stjórnsýslu í tengslum við skattlagningu.

Efnisatriðum frumvarpsins má skipta í fimm þætti og fer hér á eftir umfjöllun um þá ásamt afstöðu og tillögum meiri hlutans um hvern þeirra. Að lokum er sérstaklega fjallað um almennar breytingar sem felast í frumvarpinu og einnig um frekari breytingar sem meiri hlutinn leggur til.

Tekjuskattur ríkisins og tekjustofnar sveitarfélaga.

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma varðandi tilfærslu þjónustu við fatlaða frá 6. júlí 2010 er í frumvarpinu ráðgert að útsvarshlutfall sveitarfélaga

verði hækkað um 1,2% og tekjuskattshlutfall ríkisins verði lækkað að sama skapi. Er hækkun á útsvarshlutfallinu ætlað að standa straum af kostnaði við þau verkefni sem bætast á könnu sveitarfélaganna við þessa breytingu og mun hækkunin líklegast nema um 10 milljörðum kr. Að sama skapi munu hlutfallstölur í tekjuskattslögunum lækka í samræmi við þetta og tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti þar af leiðandi lækka um samsvarandi fjárhæð. Heildarkostnaðaráhrif af flutningi málaflokksins eru hins vegar tilgreind og rædd í frumvarpi til breytinga á lögum um málefni fatlaðra (256. mál) sem félags- og tryggingamálanefnd hefur til meðferðar.

IV. kafli frumvarpsins tekur sérstaklega á lagabreytingum sem varða flutning á málefnum fatlaðra, þar kemur m.a. fram hvernig skipta skuli útsvarstekjum sveitarfélaga milli málefnaflokka, auk annarra breytinga sem nauðsynlegt var að gera á lögum um tekjustofna sveitarfélaga vegna flutningsins. Þá er í 25. gr. frumvarpsins sérstaklega fjallað um breytingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra og stofnun sérstaks fasteignasjóðs sem annast skal fasteignir sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða. Einnig er í kaflanum ákvæði um hækkun á hámarki útsvarshlutfallsins auk þriggja ákvæða til bráðabirgða sem skilgreina hvernig framlögum til sveitarfélaganna af fjárlögum vegna tilfærslunnar verði ráðstafað, allt fram til ársins 2014.

Flutningur á málefnum fatlaðra verður nú um áramótin og þykir meiri hlutanum því rétt að árétta að hraða þurfi vinnslu reglugerðar sem gert er ráð fyrir í tengslum við stofnun fasteignasjóðs. Að auki vill meiri hlutinn leggja til breytingu á 2. mgr. 20. gr. tekjustofnslaganna þannig að við skil á útsvari vegna íbúa sem flytjast milli sveitarfélaga innan álagningarárs sé litið til þess hvernig búseta viðkomandi skiptist á milli sveitarfélaga en að ekki sé einungis horft til íbúaskrár eins og hún er 1. desember ár hvert. Með þessu móti endurspegla skil á útsvari betur útgjöld sveitarfélagsins fyrir veitta þjónustu. Gert er ráð fyrir að gildistaka ákvæðisins verði 1. janúar 2011 en að það komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2012, þ.e. vegna útsvars 2011.

Skattumhverfi atvinnulífsins.

Í frumvarpinu er að finna breytingar sem snúa að rýmkun á skattalegum úrræðum fyrir fyrirtæki, annars vegar vegna skattalegrar meðferðar á eftirgjöf skulda og hins vegar vegna heimildar til greiðsluuppgjörs á gjaldföllnum skattskuldum fyrri ára.

a) Skattaleg meðferð á eftirgjöf skulda.

Í 13. gr. frumvarpsins er lagt til að við lögin um tekjuskatt bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem varða annars vegar frestun tekjufærslu sem var gerð á grundvelli 60. gr. laganna eins og þau voru áður en ákvæðinu var breytt með lögum nr. 128/2009 og hins vegar varðandi skattalega meðferð á eftirgjöf skulda hjá lögaðilum og aðilum í sjálfstæðum atvinnurekstri. Eftir setningu laga nr. 128/2009 kom í ljós að nokkrir þeirra aðila sem höfðu frestað tekjufærslu sinni í tíð eldri laga þurfa að tekjufæra frestunarfjárhæðina í einu lagi í skattframtali 2011. Er með breytingunni lagt til að færa megi umrædda frestunarfjárhæð til tekna á þremur árum. Á það hefur verið bent að rétt væri að tiltaka í umræddu bráðabirgðaákvæði að tekjufærslan á hinum uppsafnaða skattskylda hagnaði skuli dreifast jafnt á þau þrjú ár sem ákvæðið veitir til færslunnar. Slíka breytingartillögu nefndarinnar er því að finna í sérstöku þingskjali. Í seinna ákvæðinu til bráðabirgða er lögaðilum og aðilum í sjálfstæðum atvinnurekstri heimilað að færa á milli tekjuáranna 2010 til og með 2014 hluta eftirgjafar skulda sem er umfram yfirfæranlegt rekstrartap og rekstrartap ársins, fyrningar og niðurfærslu að teknu tilliti til skilyrða sem sett eru í ákvæðinu. Ástæða þessarar lagabreytingar er sú að nokkur

gagnrýni hefur komið fram um að ákvæðið eins og það stendur í dag hamli fjárhagslegri endurskipulagningu lífvænlegra fyrirtækja vegna tekjuskattsskuldbindingar sem myndast við eftirgjöfina. Skilyrði fyrir tilfærslu milli reikningsára sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru að allar fyrnanlegar eignir hafi verið fyrndar að fullu og niðurfærslur almennt nýttar, að arði sé ekki úthlutað vegna tekjuáranna 2010–2014 og að ekki sé um að ræða samsköttun, sameiningu eða skiptingu á sama tímabili. Í breytingunni felst því rýmkun á skilyrðum til eftirgjafar skulda svo að fleiri lögaðilar eða einstaklingar í rekstri geti nýtt sér úrræðið.

Í meðförum nefndarinnar kom hins vegar upp gagnrýni á þau skilyrði sem sett eru fyrir færslu eftirgjafar milli ára, sérstaklega vegna skilyrðanna um að skattaðili megi ekki taka þátt í samsköttun og sameiningu við aðra skattaðila né vera skipt upp í fleiri félög. Meiri hlutinn tekur undir það að skilyrði þessi séu nokkuð íþyngjandi og geti mögulega hamlað eðlilegri endurskipulagningu fyrirtækja. Leggur meiri hlutinn því til að ríkisskattstjóri geti heimilað skattaðila að taka þátt í samsköttun og sameiningu við aðra skattaðila eða skiptingu upp í fleiri félög, að uppfylltum öðrum skilyrðum ákvæðisins.

b) Greiðsluuppgjör á gjaldföllnum skattskuldum.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir breytingum á lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri, en lögunum er ætlað að vera hvati fyrir aðila í atvinnurekstri til að koma vanskilum á opinberum gjöldum í skil. Reynslan af löggjöf þessari hefur verið góð og er hér því lagt til að skilyrði fyrir greiðsluuppgjöri verði rýmkuð. Í fyrsta lagi er lagt til að núgildandi úrræði um greiðsluaðlögun nái til lögaðila og einstaklinga sem hafa verið í atvinnurekstri en ekki eingöngu til aðila sem eru í atvinnurekstri þegar sótt er um frest til greiðsluuppgjörs. Að auki er lagt til að einstaklingar sem sótt hafa um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara geti einnig sótt um greiðsluuppgjör vegna vangoldins virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda. Í annan stað felst rýmkunin í því að tollstjóra er veitt heimild til að fella niður hluta af tekjuskatti lögaðila sem fallið hefur í gjalddaga fyrir 1. janúar 2010 að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Um er að ræða tímabundna heimild sem tekur til vangoldins tekjuskatts sem gjaldfallinn var fyrir 1. janúar 2010 en tekur ekki til annarra gjalda eða skatta. Þá nær heimildin eingöngu til lögaðila eða einstaklinga sem eru í atvinnurekstri samkvæmt athugasemdum við greinina. Rétt er að benda á að í 30. gr. frumvarpsins er vísað til umsækjanda skv. 1. gr. laganna um greiðsluuppgjör en skv. 29. gr. frumvarps þessa mun slíkur umsækjandi geta verið hvort sem er lögaðili eða einstaklingur sem er eða hefur verið í atvinnurekstri. Er hins vegar gert ráð fyrir því í greinargerð með frumvarpinu að úrræði tollstjóra geti aðeins tekið til aðila sem enn eru í atvinnurekstri og þykir rétt að árétta þann skilning.

Að auki segir í 30. gr. að úrræði tollstjóra eigi jafnt við um þá sem gert hafa samninga við kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu og þá sem ekki hafa farið þá leið.

Fyrir nefndinni hefur ýmsum sjónarmiðum verið hreyft sem tengjast 6. mgr. í bráðabirgðaákvæði XXXVI við tekjuskattslögin en ákvæðið er annað tveggja sem aukið var við lögin með lögum nr. 104/2010 og fjalla um skattalega meðferð eftirgjafar skulda. Í núverandi 6. mgr. er fjallað um tilfelli þar sem kröfuhafi tekur hlutafé í skuldsettu félagi sem gagngjald fyrir kröfu í stað eftirgjafar. Túlkun þessa ákvæðis hefur verið nokkuð óljós og snýr óvissan helst að því hvort breyting kröfu í hlutafé skuli í öllum tilfellum talin fullnaðagreiðsla kröfunnar og eins snýr hún að tilfellum þar sem krafan hefur verið keypt af þriðja aðila á lægra verði en hún er skráð á í bókum skuldarans. Í þeim tilgangi að taka af öll tvímæli um túlkun ákvæðisins leggur meiri hlutinn til breytingu sem gerir ráð fyrir að aðilar geti samið um

gagnkvæma niðurfellingu kröfu áður en greiðsla með hlutafé er innt af hendi. Að lokum er lagt til að þegar skipt er á kröfu og hlutafé skuli fara fram mat á verðmæti hlutafjárins og matsverðið skuli miðast við þann dag þegar skiptin eiga sér stað. Umrætt mat skal gert af óháðum matsaðila þegar skipti á kröfu og hlutafé fara fram milli eignatengdra aðila. Er síðan tiltekið að skuldara beri að tekjufæra hjá sér mismun á verðmæti hlutafjárins og bókfærðu verði skuldarinnar. Eins er tiltekið að kröfuhafa beri eftir atvikum að tekjufæra eða gjaldfæra mismun á bókfærðu verði kröfunnar og matsverði hlutafjárins.

Lög um nýsköpunarúrræði.

Í lok síðasta árs voru samþykkt lög nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Samkvæmt lögunum fólst stuðningurinn annars vegar í skattafrádrætti hjá nýsköpunarfyrirtækjum og hins vegar í óbeinum stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki í formi skattafsláttar til einstaklinga og lögaðila sem fjárfesta í hlutabréfum nýsköpunarfyrirtækja. Úrræði þessi eiga samkvæmt lögunum að koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2011. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur, nú í nóvember síðastliðnum, gert athugasemdir við það ríkisaðstoðarkerfi sem felst í lögunum og snúa athugasemdir stofnunarinnar að því að ekki standist ákvæði EES-samningsins að útiloka opinber hlutafélög og önnur hlutafélög í eigum opinberra aðila frá gildissviði laganna. Einnig að því að skattafsláttur til lögaðila sem fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum feli í sér sjálfstæða beina ríkisaðstoð sem erfitt sé að réttlæta með vísan til 61. gr. EES-samningsins. Þá telur stofnunin að þak sem sett var á hinn óbeina stuðning til nýsköpunarfyrirtækja geri það að verkum að nýsköpunarfyrirtæki verði álitlegri fjárfestingarkostur en önnur félög.

Vegna athugasemda ESA liggja fyrir í frumvarpi þessu breytingar á lögum nr. 152/2009 sem felast í því að hlutabréfaafsláttur til einstaklinga og lögaðila er afnuminn, að staðfesting vegna skattafrádráttar skuli aðeins veitt nýsköpunarverkefnum en ekki nýsköpunarfyrirtækjum sem slíkum eins og nú er og að rannsóknir og þróun verði skilgreind í lögunum með sama hætti og gert er í leiðbeiningum ESA um ríkisstyrki vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar frá 7. febrúar 2007. Þá felst í breytingunum einnig að skýrar er kveðið á um reglur um hámark opinberra styrkja auk breytinga sem fela í sér frekari skattalegar ívilnanir svo sem að frádráttarprósenta frá álögðum tekjuskatti verði 20% í stað 15%, að hámark rannsóknar- og þróunarkostnaðar til almennrar viðmiðunar á frádrætti verði 100 millj. kr. í stað 50 millj. kr. Einnig að hámark rannsóknar- og þróunarkostnaðar til viðmiðunar frádrætti þegar um aðkeypta rannsóknar- eða þróunarþjónustu er að ræða hækki úr 75 millj. kr. í 150 millj. kr. og að við ákvörðun á skattalegu tapi samkvæmt lögunum verði fallið frá því að líta aðeins til rekstrartaps viðkomandi nýsköpunarfyrirtækis frá og með því rekstrarári sem verkefni í eigu þess hlaut staðfestingu vegna skattafrádráttar. Þá gerir frumvarpið einnig ráð fyrir niðurfellingu tveggja töluliða í 30. og 31. gr. tekjuskattslaganna sem vísa til hlutabréfaafsláttar í nýsköpunarfyrirtækjum. Rétt er að undirstrika að þegar rætt er hér um hámarksreglur um samanlagðan styrk frá opinberum aðilum er átt við styrk fyrir hvert verkefni í heild en ekki er miðað við styrkveitingar eða styrkhæfan kostnað fyrir hvert almanaksár eins og miðað er við í ákvæðum um skattafrádrátt.

Efnahags- og skattanefnd hefur farið ítarlega yfir þær breytingar sem hér eru lagðar til og rætt við ýmsa hagsmunaaðila. Telur meiri hlutinn það óheppilegt að ákvæði núverandi laga um hlutabréfaafslátt séu ekki framkvæmanleg enda hafa fjöldamörg fyrirtæki sótt um staðfestingu vegna hlutafjáraukningar vegna ársins 2010 og hafa mörg hver líklegast gert ráð fyrir hlutafjáraukningu í framhaldinu. Meiri hlutinn telur mikilvægt að leitað verði leiða til

þess að umrædd fyrirtæki geti engu síður notið hlutafjáraukningar og þar með þeirra jákvæðu breytinga sem lögin áttu að leiða af sér. Nú stendur yfir mikilvæg vinna í ráðuneytinu sem varðar stöðu nýsköpunarfyrirtækja og er óskandi að sú vinna gangi hratt og vel auk þess sem meiri hlutinn telur afar mikilvægt að úr álitamálinu varðandi ríkisstyrki fáist skorið á vettvangi ESA sem allra fyrst. Þá vill meiri hlutinn leggja til nokkrar breytingartillögur við þann hluta frumvarpsins sem varðar lögin um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Er í fyrsta lagi um að ræða tæknilegar breytingar sem varða m.a. heiti greina, tilvísanir og orðalag í ákvæðum. Þá leggur meiri hlutinn einnig til að slakað verði á skilyrðum til þess að fá staðfestingu vegna skattafrádráttar sem finna má í 5. gr. laganna um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Í 2. mgr. 5. gr. kemur fram að til þess að nýsköpunarverkefni fái staðfestingu vegna skattafsláttar þurfi m.a. að sýna fram á að a.m.k. 5 millj. kr. verði varið til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili. Í þeim tilgangi að koma til móts við minni nýsköpunarfyrirtæki og nýsköpunarverkefni leggur meiri hlutinn því til að umrætt lágmark verði lækkað í 1 millj. kr. Þá vill meiri hlutinn tiltaka sérstaklega að mikilvægt er að úrvinnslu skattafrádráttarins verði hraðað sem mest svo að hann geti nýst fyrir árið 2010 enda ljóst að mörg fyrirtæki hafa reiknað með stuðningi á grundvelli laganna. Þeim sjónarmiðum hefur verið hreyft fyrir nefndinni að með breytingum á lögunum sé ekki nægilega skýrt hvernig hagað er samspili opinberra styrkja til nýsköpunarverkefna og rekstrarkostnaðar við verkefni. Í því ljósi vill nefndin árétta að í 46. gr. segir hver samanlagður styrkur frá opinberum aðilum, að meðtöldum skattafrádrætti, megi vera hæstur og er við það miðað að hann nái mest ákveðnu hlutfalli af heildarkostnaði við verkefnið. Eru ákvæðin í 46. gr. samhljóða reglum EFTA um ríkisstyrki.

Lífeyrissjóðir.

Að tillögu efnahags- og skattanefndar var, í lok árs 2008, lagt til að vikmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða í ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissjóða, verði 15% í stað 10% eins og gert er ráð fyrir í 1. málsl. 2. mgr. 39. gr. laganna. Heimild þessi var framlengd fyrir árið 2009 með lögum nr. 130/2009 og er nú í frumvarpi þessu gert ráð fyrir áframhaldandi framlengingu fyrir árið 2010. Athygli ber að vekja á því að aðeins er um heimildarákvæði að ræða sem stjórnir lífeyrissjóða geta nýtt sér ef staða þeirra er slík. Meiri hlutinn bendir á að þegar bráðabirgðaákvæði þetta kom inn í lögin um skyldutryggingu lífeyrisréttinda með lögum nr. 171/2008 var nokkuð rætt um það sjónarmið að verið væri að fresta því að taka á vanda sjóðanna og að áhrifin af undanþágunni til lengri tíma litið gætu verið varasöm. Nefndin hefur leitað eftir upplýsingum um áhrif undanþágunnar frá fimm stærstu lífeyrissjóðum landsins. Telur meiri hlutinn rétt að hugað verði að því hvort enn frekari framlenging heimildar þessarar sé nauðsynleg, sérstaklega með tilliti til þess sjóðirnir hafa nú betri yfirsýn yfir stöðuna á eignamörkuðum.

Þá gerir frumvarpið einnig ráð fyrir leiðréttingu á ákvæði 4. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997 en því hafði verið breytt með lögum nr. 171/2008 þannig að þeir sem sinntu eignastýringu verðbréfasafna lífeyrissjóða hefðu staðist próf í verðbréfaviðskiptum og vísað til 53. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Rétt hefði hins vegar verið að vísa til 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 160/2002, og felst í 32. gr. frumvarpsins leiðrétting þess efnis.

Heimildir skattrannsóknarstjóra.

Í V. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á heimildum skattrannsóknarstjóra til að einfalda og hraða málsmeðferð gagnvart aðilum sem eru til rannsóknar og felast heimildirnar í því að skattrannsóknarstjóri ríkisins geti sjálfur leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á einkaheimilum eða á öðrum þeim stöðum sem heimildir skattalaga taka ekki til. Gert er ráð fyrir að með þessum breytingum verði meðferð máls skilvirkari og þær leiði til aukins hagræðis og einföldunar fyrir rannsóknaraðila jafnt sem þá aðila sem aðgerðin beinist gegn. Þá má geta þess að skattrannsóknarstjóri er hluti af refsivörslukerfinu og fer í störfum sínum eftir lögum um meðferð sakamála. Þá hefur hann þegar heimildir í lögum til húsleitar á starfsstöð og í birgðageymslum framtalsskyldra aðila án undangengins úrskurðar héraðsdóms. Með frumvarpinu eru skattrannsóknarstjóra þannig fengnar heimildir til þess að óska sjálfur eftir úrskurði héraðsdómara um leit og haldlagningu á heimilum og öðrum stöðum. Hann þarf því ekki að leita atbeina lögreglu og færa með því forræði rannsóknarinnar yfir til lögreglu á frumstigi þess þegar gagnaöflun stendur enn yfir. Efnahags- og skattanefnd óskaði eftir áliti allsherjarnefndar á lagabreytingum þeim sem varða heimildir skattrannsókarstjóra. Það var mat allsherjarnefndar að lagabreytingin væri eðlileg enda fælist í henni einungis breyting á því hver geti, í þágu rannsóknar máls, leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimili og öðrum stöðum samkvæmt ákvæðinu. Í engu sé verið að víkja frá kröfum um réttaröryggi með breytingu þessari.

Ýmsar aðrar breytingar.

Auk áðurnefndra breytinga eru í ákvæðum frumvarpsins lagðar til fjölmargar aðrar breytingar en þær helstu eru eftirfarandi:

Lagt er til að heimilt verði að endurgreiða vörugjöld allt að 100 þús. kr. vegna ökutækja sem ganga fyrir bensíni eða dísilolíu en er breytt til þess að ganga fyrir metani. Markmiðið er að flýta fyrir þeirri þróun að metan verði notað í daglegum samgöngum á landinu og verða gjöldin endurgreidd fyrir breytingar á 1.000 ökutækjum. Eigendur ökutækja sem þegar hafa látið breyta ökutækjum sínum til þess að nýta metan fyrir gildistöku ákvæðanna geta einnig sótt um endurgreiðsluna. Nefndin hefur rætt breytingar þessar og vill meiri hlutinn sérstaklega tiltaka að hugsanlegt er að við breytingu á hefðbundnu ökutæki geti neytendur farið á mis við framleiðendaábyrgð sem fylgir ökutækinu. Þá leggur meiri hlutinn til breytingu á 2. mgr. 49. gr. frumvarpsins þar sem segir að vörugjald skuli aðeins endurgreitt ef ökutæki er yngra en sex ára við breytingu, miðað við framleiðsluár, og sé útbúið að lágmarki 80 lítra metangeymi. Komið hefur í ljós að metangeymar eru nú í auknum mæli framleiddir úr trefjum en slíkir geymar eru framleiddir í 39 lítra einingum en ekki 40 líkt og hefðbundnir kútar. Er því rétt að leiðrétta viðmiðið þannig að það verði 78 lítrar í stað 80 lítra.

Þá eru í frumvarpinu tímabundnar undanþágur frá greiðslu stimpilgjalds við skilmálabreytingar á fasteignaveðskuldabréfum eða við útgáfu nýrra veðskuldabréfa til uppgreiðslu vanskila framlengdar til ársloka 2011.

Einnig er í frumvarpinu lagt til að gengishagnaður á innlánsreikningum í erlendri mynt og af erlendum kröfum verði tekjufærður við úttekt af reikningi. Er þannig horfið frá því að áfallinn óinnleystur gengishagnaður teljist til tekna. Meiri hlutinn leggur til að gildistaka ákvæðanna sem eru í 1. og 18. gr. frumvarpsins verði 1. janúar 2011.

Þá er lögð til réttarbót í tengslum við meðferð á söluhagnaði af íbúðarhúsnæði á þann hátt að meðferðin verði sú sama hvort sem sala íbúðarhúsnæðis fer fram úr dánarbúi eða eftir skipti dánarbús og þá af hálfu erfingjanna sjálfra.

Enn fremur er lagt til að skattaleg meðferð einstaklinga sem starfa og hafa tekjur sínar hluta ársins á Íslandi og að hluta til á Evrópska efnahagssvæðinu, auk Færeyja og Sviss, verði samræmd þannig að ef meiri hluti tekna verður til á Íslandi njóti þeir skattalegs hagræðis á hér á landi hvort sem þeir eru búsettir hérlendis eða erlendis. Meiri hlutinn vill hér tiltaka sérstaklega að mikilvægt er að reglugerð um framkvæmd þessarar heimildar verði útfærð og kynnt sem allra fyrst en samkvæmt frumvarpinu tekur ákvæðið gildi 1. janúar 2011 og kemur til framkvæmda við álagningu 2012 og á staðgreiðsluárinu 2011.

Auk þess er til bráðabirgða lagt til að frestaðar tekjufærslur verði hægt að færa til tekna á næstu þremur árum í stað þess að frestfjárhæðin færist til tekna í einu lagi í skattframtali 2011 eins og núverandi lög gera ráð fyrir.

Frumvarpið gerir síðan ráð fyrir að fjölgað verði gjaldaþrepum við greiðslu dómsmálagjalda og að bætt verði við tveimur nýjum gjaldaþrepum. Hæsta gjaldaþrepið í dag miðast við stefnufjárhæð eða áfrýjunarfjárhæð frá 30 millj. kr. og yfir. Er hér lagt til að gjaldaþrepið verði 30 millj. kr. að 90 millj. kr. og svo tvö ný stig, þ.e. frá 90 millj. kr. að 150 millj. kr. og svo frá 150 millj. kr. og af fjárhæð umfram þá fjárhæð. Tillögur þessar má rekja meðal annars til samráðs og samvinnu milli dómsmálaráðuneytis, Hæstaréttar Íslands, dómstólaráðs, Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands þar sem unnið var að því hvernig bregðast mætti við því mikla viðbótarálagi sem dómstólar landsins standa frammi fyrir og er orðið raunin nú þegar. Áætlanir gera ráð fyrir að með þessum breytingum hækki dómsmálagjöld úr 15 millj. kr. á ári í 180 millj. kr. á ári og tekjuauki fyrir ríkissjóð verði um 165 millj. kr. árlega sem gert er ráð fyrir að nýttar verði til að fjölga dómurum við Hæstarétt og héraðsdómstólana. Meiri hlutinn telur hins vegar hugsanlegt að breyting þessi geti hindrað ákveðinn hóp einstaklinga í að leita réttar síns fyrir dómstólum. Er þar helst átt við dómsmál vegna skaðabóta, slysabóta eða slíks þar sem um verulegar fjárhæðir getur verið að ræða sem falla mundu í efri þrep dómsmálagjaldsins. Nefndin leitaði til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins vegna málsins en í svari þess er tiltekið að í þeim tilfellum þar sem málsaðili fær skaðabótakröfu sína viðurkennda fyrir dómi sé honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnaðila. Umrædd dómsmálagjöld falla undir málskostnað og fengjust þannig greidd. Verði krafa aðila hins vegar ekki viðurkennd er mögulegt að óska gjafsóknar á grundvelli laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á 15. gr. laga um stjórn fiskveiða og 1., 3. og 4. gr. laga um veiðieftirlitsgjald. Felast téðar breytingar í hækkun nokkurra gjalda; gjalds fyrir tilkynningu til Fiskistofu um flutning aflamarks, gjalds fyrir veitingu veiðileyfis, gjalds fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar milli skipa og gjalds sem útgerðir skipa greiða fyrir hvern dag, eða hluta dags, sem eftirlitsmaður Fiskistofu er um borð í skipi sem hefur leyfi stofnunarinnar til að vinna afla um borð eða þegar eftirlitsmaður Fiskistofu er um borð á kostnað útgerðar samkvæmt sérstakri heimild í lögum. Meiri hlutinn bendir á að framangreind gjöld hafa ekki tekið hækkunum samkvæmt verðlagsþróun allt frá því að gjaldtaka þeirra var leidd í lög á árunum 2000–2002. Er það álit meiri hlutans að framangreindar gjaldahækkanir séu eðlilegar að teknu tilliti til þess sem fram er komið.

Aðrar tillögur sem miða helst að bættri skattframkvæmd eru breytingar í 6. gr. frumvarpsins þar sem ákvörðun ríkisskattstjóra um að synja umsóknar um annað reikningsár en almanaksár verður kæranleg til yfirskattanefndar. Í beinu framhaldi leggur meiri hlutinn til að í 1. málsl. 1. mgr. 99. gr. tekjuskattslaganna verði felld brott orðin „og reikningsár skv. 1. mgr. 59. gr.“. Með því er ákvörðun ríkisskattstjóra um annað reikningsár en almanaksár tekin undan almennu kæruheimildinni sem er að finna í 99. gr. enda hefur, með 6. gr. frum-

varps þessa, verið mótuð sérstök kæruheimild vegna þessara ákvarðana. Svo virðist því sem við vinnslu frumvarpsins hafi láðst að fella hinn almenna kærurétt niður vegna annars reikningsárs. Einnig er að finna ákvæði þar sem 30 daga frestur til endurákvörðunar að beiðni skattaðila í lögum um tekjuskatt er felldur niður, bætt er við ákvæði um eindaga og ákvæði um afdrátt staðgreiðslu af arði í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur skýrð nánar þannig að ljóst sé að skylda til afdráttar skapist þegar arðurinn er greiddur. Þá er einnig, í 9. gr. frumvarpsins lagt til að Fiskræktarsjóði verði bætt við upptalningu tekjuskattslaganna og laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur á aðilum sem undanþegnir eru fjármagnstekjuskatti. Í meðförum nefndarinnar hefur hins vegar komið í ljós að Þróunarsjóður sjávarútvegsins er ekki lengur til og flytur meiri hlutinn því þá breytingartillögu að Fiskræktarsjóður komi í stað Þróunarsjóðsins sem falli við það brott úr ákvæðinu. Sambærilega breytingu þarf því einnig að gera á 17. gr. frumvarpsins en í henni eru lagðar til frekari leiðréttingar á aðilum sem eru undanþegnir greiðslu fjármagnstekjuskatts. Að lokum er minnst á breytingar á tollalögum sem varða innflutning á bílaleigubílum og kostnaðarliði og gjöld sem hluta af tollverði. Vísast um þessi atriði og önnur sem hér hefur ekki verið fjallað um til athugasemda við frumvarpið.

Til viðbótar við framangreint leggur meiri hlutinn, að frumkvæði fjármálaráðuneytis, til breytingar á lögum sem varða skatta og gjöld og er ekki að finna í frumvarpinu. Fara þær hér á eftir:

Breytingar á lögum um tekjuskatt.

Meiri hlutinn leggur til breytingu á 3. málsl. 2. mgr. 11. gr. tekjuskattslaganna. Þar er samlagsfélagi bætt við upptalningu ákvæðisins þar sem kveðið er á um að úthlutun verðmæta til sameignarfélags þar sem einn sameigandi er hluthafi, stjórnarmaður eða starfsmaður félagsins og úthlutar verðmætum skuli teljast honum til tekna. Eru samlagsfélög þannig færð undir sömu reglur og sameignarfélög enda standi ekki rök til þess að jafnræðis sé ekki gætt með þessum tveimur félagaformum.

Þá eru lagðar til breytingar á 32. gr. sem varða greiðslumark í landbúnaði. Í breytingartillögunni felst að heimild til þess að færa niður stofnkostnað við kaup á framleiðslurétti í landbúnaði með jöfnum fjárhæðum á fimm árum er felld niður. Meiri hlutinn telur að breyting þessi geti haft jákvæð áhrif á verð framleiðsluréttar og að afnám niðurfærslunnar muni auðvelda nýliðun í mjólkurframleiðslu. Auk þess má benda á að svipað niðurfærslukerfi hefur þegar verið afnumið í sjávarútvegi og því sé eðlilegt að samræmi sé gætt milli þessara grunnstarfsgreina. Einnig hefur verið talið að réttindi samkvæmt greiðslumarki eigi eftir eðli sínu að falla undir 48. gr. laganna um ófyrnanleg réttindi. Um er að ræða verðmæti sem eyðast ekki þótt þau takmarkist af gildistíma búvörusamnings hverju sinni. Þó telur nefndin að eðlilegt sé að veita ákveðinn aðlögunartíma hvað breytinguna varðar og telur hún því eðlilegt að þeir sem hafa keypt framleiðslurétt í landbúnaði fyrir 1. janúar 2011 fái að halda áfram að færa niður stofnkostnaðinn um allt að 5 ára tímabil. Tekur undanþágan einnig til þeirra sem keyptu framleiðslurétt sem ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2011 og er til hagnýtingar á framleiðsluárinu 2011. Með þessu móti muni sérreglan fjara út í gegnum sólarlagsákvæði á stuttum tíma án þess að setja þegar orðnar fjárfestingar í uppnám.

Enn fremur leggur meiri hlutinn til breytingu á ákvæði 55. gr. þar sem fjallað er um samsköttun. Felst breytingin í því að heimild til samsköttunar með félagi falli niður sé félagið tekið til gjaldþrotameðferðar og sæti slitameðferð. Er ætlunin með ákvæðinu að kveða skýrar á um að sú heimild sem veitt er til samsköttunar hlutafélaga og einkahlutafélaga falli niður

þegar eiginlegum atvinnurekstri og störfum hefðbundinnar félagsstjórnar, þ.m.t. hluthafa, telst lokið vegna gjaldþrots eða slitameðferðar. Þar með hafi sú breyting orðið á eignarhaldi og forræði að forsendur fyrir samsköttun með sjálfstætt starfandi hlutafélagi teljist ekki vera til staðar, sbr. 2. málsl. 8. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga.

Að auki leggur meiri hlutinn til breytingu á 2. mgr. 99. gr. tekjuskattslaga þar sem vísað er til fyrirkomulags frá fyrri tíð þegar ríkisskattstjóri heimilaði að tilteknir starfsmenn skattstjóra undirrituðu úrskurði fyrir þeirra hönd. Með sameiningu skattumdæma og embættis ríkisskattstjóra er óþarfi að mæla fyrir um þennan hátt á verkstjórn í lögum. Er því um að ræða breytingu til hagræðis við skattlagningu og vinnu skattyfirvalda.

Þá leggur meiri hlutinn til breytingu á 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis XXXV við tekjuskattslögin vegna *Allir vinna* verkefnisins. Leggur meiri hlutinn til að í ákvæðinu verði 50.000 kr. lágmark reikninga samkvæmt ákvæðinu fellt niður. Svo virðist sem misskilnings hafi gætt í tengslum við 50.000 kr. lágmark reikninga þannig að deilt hefur verið um hvort hver reikningur einstaklings þurfi að nema 50.000 kr. eða hvort nægilegt sé að heildarreikningur á húsfélag til dæmis sé 50.000 kr. Er því lagt til að umrædd viðmiðunarmörk verði felld brott en fjárhagslegar afleiðingar þess fyrir ríkissjóð eru litlar. Lágmark eins og nú er í bráðabirgðaákvæðinu er til dæmis ekki að finna vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts. Þar að auki er hér um ívilnandi aðgerð að ræða sem er einnig til einföldunar á framkvæmd endurgreiðslunnar.

Viðbætur við V. og IX. kafla frumvarpsins og nýr kafli um breytingu á lögum um vörugjald, nr. 97/1987.

Í tengslum við frestun gjalddaga í tolli eru lagðar til viðbætur við frumvarpið, í fyrsta lagi viðbót við V. kafla um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, í öðru lagi viðbót við IX. kafla um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, og að lokum viðbót við lög um vörugjald, nr. 97/1987. Sammerkt með breytingunum er að þeim er ætlað að bregðast tímabundið við greiðsluerfiðleikum fyrirtækja vegna þess samdráttar sem nú er í íslensku efnahagslífi og þjóna sem nokkurs konar greiðsluaðlögun fyrir atvinnulífið. Með breytingunum er lagt til að vegna uppgjörstímabils nóvember og desember á árinu 2010 verði hefðbundnum gjalddaga aðflutningsgjalda dreift á þrjá gjalddaga á næsta ári í stað eins. Greiðsluaðlögun af sams konar meiði hefur verið lögfest áður og er markmiðið nú að styðja fyrirtæki sem eiga í greiðsluerfiðleikum inn í nýja árið. Aðgerðirnar eru einskiptisaðgerðir sem taki aðeins til fyrsta tímabils ársins 2011.

Leggur meiri hlutinn til að frumvarp þetta verði **samþykkt með breytingum** sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Þór Saari var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 2010.

Helgi Hjörvar, form., frsm. | Álfheiður Ingadóttir. | Magnús Orri Schram.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. | Lilja Rafney Magnúsdóttir.

601. Frumvarp til laga [393. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Ásbjörn Óttarsson, Kristján Þór Júlíusson, Jón Gunnarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Guðmundur Steingrímsson, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Róbert Marshall.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu og tengdum búnaði til húshitunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði laga þessara falla úr gildi að liðnum fimm árum frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Húshitunarkostnaður á landsbyggðinni hefur víða verið mjög sligandi fyrir afkomu heimila. Þrátt fyrir að allnokkru fé sé með niðurgreiðslum varið til þess að lækka kostnaðinn er hann mjög íþyngjandi. Því miður hefur þróunin orðið mjög til verri vegar á síðustu árum. Niðurgreiðslurnar sem hafa farið í það að lækka húshitunarkostnaðinn á svokölluðum „köldum svæðum“ hafa alls ekki haldið í við þróun orkukostnaðar og þess vegna hefur hann lagst með vaxandi þunga á heimilin í landinu. Þá hafa raunlaun almennt lækkað í landinu og því má ljóst vera að húshitunin tekur æ stærri toll af ráðstöfunarfé almennings sem býr á hinum „köldu svæðum“.

Sem betur fer tókst bærilega til á fyrstu árum þessarar aldar. Frá árinu 2000 til 2002/2003 lækkaði kyndingarkostnaðurinn að raungildi um fimmtung, eða því sem næst, en síðan hefur þróunin verið á verri veg. Sérstaklega á þetta við á svæðum þar sem búa 200 manns eða færri. Þar hefur húshitunarkostnaður hækkað mjög verulega.

Þróun þessi birtist mjög skýrt í svari iðnaðarráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns þessa frumvarps sem birt er sem fylgiskjal. Vekja má athygli á eftirfarandi upplýsingum. Kostnaður við að hita 180 fermetra húsnæði í dreifbýli á svæði RARIK er nú talinn vera um 238 þús. kr. Kostnaðurinn var 166 þús. kr. árið 2000 og fór lægst niður í 138 þús. kr. árið 2002 reiknað til núgildandi verðlags. Hækkunin frá árinu 2000 er því um 43%, en hvorki meira né minna en 72% sé árið 2002 tekið til viðmiðunar. Ekki er fyrirséð að þessari þróun verði snúið við, heldur þvert á móti. Á næsta ári er ætlunin að draga úr niðurgreiðslum til húshitunarkostnaðar um 13,8%. Því er ljóst að húshitunarkostnaður mun hækka á hinum „köldu svæðum“ á næsta ári.

Athyglisvert er að skoða til samanburðar þróun húshitunarkostnaðar á svæði Orkuveitu Reykjavíkur. Þar er talið að það kosti að kynda sambærilegt húsnæði um 93 þús. kr. á ári, nú eftir síðustu hækkun fyrirtækisins sem mjög var umtöluð. Árið 2000 var kostnaðurinn 100 þús. kr. og var lægstur í fyrra, eða um 72 þús. kr. á verðlagi ársins í ár.

Í þeirri tillögu til byggðaáætlunar sem liggur fyrir Alþingi er kveðið afdráttarlaust upp úr um að hitaveituvæðing á Íslandi hafi nánast náð hámarki hvað hagkvæmni varðar. Þess er

því bersýnilega ekki að vænta að jarðhitaleit verði haldið áfram að einhverju marki. Vonir um lækkun húshitunarkostnaðar með nýjum hitaveitum eru því augljóslega litlar að mati stjórnvalda. Þess í stað er bent á aðrar lausnir til umhverfisvænnar orkuöflunar sem mætti styrkja með svipuðum hætti og hitaveitur hafa verið styrktar fram að þessu. Í því sambandi er meðal annars vísað á notkun á varmadælum.

Um varmadælur hefur talsvert verið fjallað og athuganir gerðar á fýsileika á notkun þeirra. Orkusetrið á Akureyri birtir til að mynda talsverðan fróðleik um þær á heimasíðu sinni (www.orkusetur.is/varmadaelur). Þar er þessum möguleika meðal annars lýst svo: „Varmadælur hafa notið síaukinna vinsælda á norðlægum slóðum þar sem þörf er á upphitun húsa stóran hluta ársins. Í Svíþjóð eru t.d. 95% allra nýbygginga útbúnar varmadælum. Ísland hefur ákveðna sérstöðu þegar kemur að húshitun þar sem langstærsti hluti bygginga er hitaður með ódýrum jarðvarma. Um 8% notenda kynda þó hús sín með rafhitun þar sem varmadælur kæmu í sumum tilfellum til greina sem vænlegur kostur til að draga úr orkunotkun. Varmadæla samanstendur venjulega af dælubúnaði og leiðslum sem mynda lokað gas/vökvakerfi. Í gas/vökvakerfinu er ákveðið efni eða svokallaður vinnslumiðill sem breytir um fasa á leið sinni um kerfið. Við þessar fasabreytingar myndast varmaorka sem nýta má til húshitunar. Varmadæla skilar frá sér varmaorku til upphitunar en þarf til þess raforku til að knýja dælukerfið en sú raforka er þó mun minni en þyrfti við hefðbundna rafhitun. Orkuhagkvæmni varmadælu ræðst því af hlutfalli þeirrar orku sem fæst frá henni og orkunnar sem þarf til að knýja hana.“

Án þess að dómur sé lagður á það að öðru leyti er það svo að stofnkostnaður við varmadælukyndingu er talsverður, meðal annars vegna þess að þær bera margvísleg gjöld, svo sem tolla og 25,5% virðisaukaskatt. Með nýlegum breytingum á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar var opnað fyrir það að ríkið geti tekið þátt í stofnkostnaði við umhverfisvæna orkuöflun sem dregur úr rafhitun eða olíukyndingu. Þetta er sannarlega í rétta átt en þó er ljóst að betur má ef duga skal.

Stofnkostnaður er talsverður og því mun taka nokkur ár að greiða hann niður með mögulegum ávinningi í lægri húshitunarkostnaði. Hætt er við að fáir sjái sér hag í því að fjárfesta í svona búnaði. Þess vegna er eðlilegt að ríkið afnemi tolla og endurgreiði virðisaukaskatt af varmadælum, að minnsta kosti tímabundið, til þess að stuðla að lækkun húshitunarkostnaðar með þessum hætti og er það lagt til í þessu frumvarpi.

Þrátt fyrir endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa á varmadælu er ljóst að húshitunarkostnaður á ýmsum landsvæðum verður hærri en viðunandi getur talist um ókomin ár. Áfram verður því að halda með niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði þar sem hann er lægstur jafnframt því að leita annarra leiða til þess að draga úr þessum mikla og sára kostnaði sem víða birtist okkur á þessu sviði á landsbyggðinni.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um húshitunarkostnað. (Þskj. 234, 27. mál á 139. löggjafarþingi.)

602. Breytingartillögur [302. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna sameiningar ráðuneyta, sbr. lög nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Frá Róbert Marshall.

1. Við 24. gr.
   a. Orðin „og fyrirsögn“ í b-lið falli brott.
   b. E-liður verði c-liður og orðist svo: Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í fyrirsögn 5. gr. og 2. mgr. 79. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
2. Við 99. gr.
   a. Orðin „1. mgr. 17. gr.“ í b-lið falli brott.
   b. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað orðanna „dómsmálaráðherra Íslands“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
3. B-liður 191. gr. orðist svo: 8. málsl. 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum orðast svo: Hún skal skipuð fimm einstaklingum og skal forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, og fjármálaráðuneyti tilnefna einn hvert og innanríkisráðuneyti tvo.

603. Frumvarp til laga [394. mál]

um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, með síðari breytingum.

Flm: Björn Valur Gíslason, Róbert Marshall, Ólína Þorvarðardóttir,
Lilja Rafney Magnúsdóttir, Mörður Árnason, Sigmundur Ernir Rúnarsson.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Við úthlutun eða endurúthlutun á tíðniréttindum á 890,1–914,9/935,1–959,9 MHz og 880–890/925–935 MHz tíðnisviðunum fram til 31. desember 2012 skal taka gjald sem nemur 1.500.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði. Innan sömu tímamarka skal fyrir úthlutun eða endurúthlutun tíðniréttinda á 1710,1–1784,9/1805,1–1879,9 MHz tíðnisviðinu taka gjald sem nemur 500.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði. Gjaldið miðast við að tíðniréttindin séu gefin út til tíu ára. Sé tíðniréttindum úthlutað til lengri tíma, allt að fimmtán árum, eða skemmri tíma, minnst til eins árs, skal greiða hlutfallslega í samræmi við það. Gjaldið greiðist í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

I. Inngangur.

Efni þessa frumvarps á rætur að rekja til meðferðar samgöngunefndar á frumvarpi sem lagt var fram á yfirstandandi þingi (þskj. 149, 136. mál) og fjallar um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum. Því frumvarpi var vísað til nefndarinnar hinn 9. nóvember 2010. Skömmu eftir vísun frumvarpsins til nefndarinnar var það sent hópi aðila til umsagnar. Þegar umsagnarfresti lauk, 6. desember 2010, kom í ljós að umsagnaraðilar gerðu verulegar lagatæknilegar athugasemdir við efni þess. Tók nefndin í framhaldinu þá ákvörðun að fjalla um frumvarpið á ítarlegri hátt en áætlanir gerðu ráð fyrir. Er því fyrirsjáanlegt að nefndin muni ekki fjalla um málið fyrr en í byrjun árs 2011.

Á fundi nefndarinnar var henni bent á að flestar gildandi tíðniheimildir til að veita GSM/UMTS farsímaþjónustu á 900 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum falla úr gildi um miðjan febrúar 2011. Af þeim sökum bæri nauðsyn til þess að í lögum yrði kveðið á um heimildir til gjaldtöku vegna væntanlegra endurúthlutana á umræddum réttindum, svo og vegna hugsanlegra nýrra úthlutana til nýrra aðila að fjarskiptamarkaði. Meðal nefndarmanna náðist pólitísk samstaða um það að þegar litið væri til sjónarmiða um nauðsyn þess að tryggja tekjuöflun ríkissjóðs væri eðlilegt að gjaldtökuheimildir vegna tíðniúthlutana væru tryggðar. Lítur nefndin í því sambandi m.a. til umfjöllunar í skýrslu auðlindanefndar á vegum forsætisráðuneytisins frá árinu 2000 um að eðlilegt sé að endurgjald komi fyrir afnot af hlutum tíðnirófs landsins, takmarkaðri og sameiginlegri auðlind þjóðarinnar.

II. Um gjaldtökuna.

Þegar tíðniheimildir á þeim tíðnisviðum sem um ræðir í frumvarpi þessu voru fyrst gefnar út til að veita GSM-farsímaþjónustu, annars vegar til Pósts og síma hf., dags. 27. desember 1996, og hins vegar til Tals hf., dags. 23. júlí 1997, var innheimt 15.000.000 kr. lögheimilt gjald fyrir hvora heimild fyrir sig. Runnu gjöldin að öllu leyti til ríkissjóðs. Með lögum nr. 152/2000, um breytingu á lögum nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun, var bætt í lögin ákvæði til bráðabirgða sem fjallaði um gjaldtöku vegna útgáfu þriðju tíðniheimildarinnar til starfrækslu GSM-farsímanets. Var slík heimild gefin út til Íslandssíma ehf. hinn 11. ágúst 1999. Samkvæmt frumvarpi að fyrrnefndum lögum skyldi fjárhæð gjaldsins miðast við gjaldið fyrir fyrstu tvær heimildirnar en þó þannig uppfærð að hún tæki mið af breytingu á vísitölu neysluverðs. Gjaldið var því ákveðið 16.600.000 kr. þegar frumvarpið var lagt fram 1. nóvember 2000. Þessar tíðniheimildir eru nú í höndum Símans hf. og Og fjarskipta ehf. (Vodafone) og rennur gildistími þeirra út í febrúar 2011. Eðlilegt þykir að þegar réttindum þessum verður úthlutað á ný, til sömu aðila eða annarra þeirra sem eftir þeim sækjast, hvort sem slíkt verður að hluta eða heild, þá verði tekið gjald fyrir tímabundin afnot af auðlindinni líkt og upphaflega var gert. Sömu sjónarmið eiga við komi til nýrrar úthlutunar tíðniréttinda þar sem tíðniréttindum er ennþá óráðstafað á GSM/UMTS 1800 MHz tíðnisviðinu. Lagt er til að gjöld fyrir tíðniréttindin verði reiknuð út með sama hætti og gert var þegar lög nr. 152/2000 voru sett. Þannig er lagt til grundvallar að fjárhæðin 16.600.000 kr., sem er síðasta gjald sem tekið var fyrir réttindin, verði uppreiknuð með tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs til dagsins í dag. Miðað við þær forsendur er uppfærð fjárhæð 30.000.000 kr. miðað við tíðniheimild sem er 2x10 MHz að stærð (1.500.000 kr. x 20 MHz).

Þrátt fyrir að fjárhæð gjaldsins kunni að líta út fyrir að vera umtalsverð verður ekki hjá því komist að skoða fjárhæðina í samhengi við nokkrar þekktar staðreyndir. Í töflu 3 í fylgiskjali við frumvarp þetta kemur fram að framreiknuð upphæð gjaldsins, miðað við vísitölu

neysluverðs, sem hlutfall af veltu Símans nam aðeins 0,14% árið 1996, 0,10% 2004 og 0,14% 2009. Að sama skapi nam framreiknuð upphæð gjaldsins sem hlutfall af veltu Og fjarskipta ehf. árið 2006 0,24% og 0,23% árið 2009. Í samanburði við hlutfall sambærilegra gjalda af veltu erlendra fjarskiptafyrirtækja verða framangreindar hlutfallstölur að teljast verulega lágar. Eru dæmi þess að sambærilegar hlutfallstölur erlendra fyrirtækja séu umtalsvert hærri. Að þessu leyti njóta íslensk fjarskiptafyrirtæki þess í samanburði við hin erlendu að mun lægra hlutfall rekstrarkostnaðar þeirra stafar af gjaldtöku vegna tíðnileyfa.

Eins og komið hefur fram miðast fjárhæð gjaldsins nú við það gjald sem innheimt var á árunum 1996 og 1997. Skýrast krónutöluhækkanir af því að fjárhæð gjaldsins er framreiknuð miðað við vísitölu neysluverðs frá 1. nóvember 2000. Við upphaf töku gjalds fyrir tíðniheimildir var staðan sú á að GSM-þjónusta á Íslandi var á stigi frumbernsku og var hluti þjónustunnar lítill í heildartekjumyndun fyrsta fjarskiptafyrirtækisins. Frá þeim tíma hefur gjörbreyting orðið á og núna er staðan sú að stór hluti tekjumyndunar fjarskiptafyrirtækja á Íslandi er af farsímaþjónustu. Með þróun fjarskiptatækni hafa nýtingarmöguleikar þessara tíðnisviða orðið fjölbreyttari, t.d. hvað varðar möguleika til gagnaflutnings, og því hefur framlegð fyrirtækjanna af farsímaþjónustu aukist verulega og hlutfallsleg áhrif gjaldtöku á hana farið minnkandi.

Markmið laga um fjarskipti eru að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Gjaldtaka fyrir tíðniheimildir, fyrir utan árleg gjöld til að standa undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar með ljósvakanum, hefur frá upphafi verið byggð á lagaákvæðum um einskiptis gjöld fyrir nýtingarétt á tíðnisviði til ákveðins tíma, þ.e. verið bráðabirgðaákvæði í eðli sínu. Af þeim sökum hafa slík ákvæði ekki alltaf verið í löggjöf. Má sem dæmi nefna að árið 2009 úthlutaði Póst- og fjarskiptastofnun tíðniheimildum á 900 og 1800 MHz tíðnisviðunum til fjarskiptafyrirtækisins Nova ehf. án endurgjalds vegna skorts á gjaldtökuheimild. Var þá horft til þess að fyrirtækið hafði greitt hátt gjald við innkomu sína á farsímamarkað líkt og Síminn og Vodafone gerðu upphaflega fyrir tíðniheimildir til að veita GSM-farsímaþjónustu. Þá var litið til þess að sömu fyrirtæki höfðu til viðbótar fengið úthlutað tíðniheimildum á 1800 MHz tíðnisviði, án endurgjalds, til að efla og þétta útbreiðslu á GSM-farsímaþjónustu nokkrum árum áður. Var því tilhögun úthlutunarinnar til Nova réttmæt enda byggð á málefnalegum sjómarmiðum sem samræmdust markmiðum fjarskiptalaga um að tryggja jafnræði og jafna samkeppnisstöðu markaðsaðila.

Hvað varðar möguleika nýrra aðila til innkomu á fjarskiptamarkaðinn verður að horfa til þess að verðmæti tíðniheimilda á 1800 MHz tíðnisviðinu er einungis um 1/3 verðmætis tíðniheimilda á 900 MHz tíðnisviði. Munu ný fyrirtæki sem hyggja á að hefja starfrækslu GSM-þjónustu njóta þess að hafa hagstæðan möguleika til inngöngu á markaðinn í gegnum 1800 MHz tíðnisviðið þó svo að slíkum heimildum verði vart almennt úthlutað án endurgjalds, auk þess sem þau þurfa ekki endilega jafn stórar tíðniúthlutanir og tvö stærstu fyrirtækin sem starfandi eru á farsímamarkaði, t.d. veitir fjarskiptafyrirtækið IMC Ísland ehf. farsímaþjónustu eingöngu með tíðniheimild upp á 2 x 2,8 MHz af 1800 MHz tíðnisviðinu á meðan Síminn og Vodafone nýta hvort um sig 2 x 15 MHz á 900 MHz tíðnisviðinu, auk hluta af 1800 MHz tíðnisviðinu.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að fjárhæð gjalds fyrir tíðniheimildir, að teknu tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs, verulega hóflega.

III. Athugasemdir við ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldtökuheimildin samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu gerir ráð fyrir því að greitt sé hlut-

fallslega fyrir stærð tíðnisviðsins, þ.e. 1.500.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz á 900 MHz tíðnisviðinu og 500.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz á 1800 MHZ tíðnisviðinu. Rétt þykir að gjaldið miðist við að tíðniréttindi séu gefin út til tíu ára. Þá er gert ráð fyrir því að heimilt verði að úthluta tíðniréttindum til lengri tíma, allt að fimmtán árum, eða skemmri tíma, minnst til eins árs, og skuli þá greiða hlutfallslega í samræmi við það. Í ljósi breytinga á lagaumhverfi varðandi tíðnimál samkvæmt regluverki Evrópusambandsins, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/136/EB um breytingar á svokallaðri heimildatilskipun 2002/20/EB, sem mun leiða til innleiðingar og þróunar á þessu sviði hér á landi í nánustu framtíð, þykir vera eðlilegt að veita Póst- og fjarskiptastofnun svigrúm til að ákveða að tíðniréttindum skuli úthlutað eingöngu til skamms tíma. Skynsamlegt þykir að tímabinda gjaldtökuheimildina þar sem hún á fyrst og fremst við um þá endurúthlutun sem mun fara fram þegar framangreindar tíðniheimildir renna út í febrúar 2011. Einnig þykir skynsamlegt að festa ekki verðgildi þessara réttinda í lög til lengri tíma en til ársloka 2012. Gert er ráð fyrir að gjöldin renni til ríkissjóðs. Til nánari skýringar á fyrirkomulagi gjaldtökunnar er vísað til fylgiskjals við frumvarpið.

Fylgiskjal.

Gjald fyrir tíðniheimildir.

Stærð tíðnisviðs.

Verðlagning á tíðni til að starfrækja farsímanet fyrir 900 MHz þjónustu er 30.000.000 kr. miðað við 10 MHz tíðnisvið. Af því leiðir að 1 MHz tíðnisvið er verðlagt á 3.000.000 kr. Framangreind verðlagning byggist á framreikningi á 16.600.000 kr. gjaldi frá árinu 2000 miðað við vísitölu neysluverðs til núverandi verðlags.

Verðlagning á tíðni til að starfrækja farsímanet fyrir 1800 MHz þjónustu er 10.000.000 kr. miðað við 10 MHz tíðnisvið. 1 MHz tíðnisvið er verðlagt á 1.000.000 kr. Framangreind verðlagning fyrir 1.800 MHz tíðnisviðsins tekur mið af gjaldi fyrir 900 MHz þjónustu en er lækkað í samræmi við takmarkaðri nýtingarmöguleika, að því er varðar dreifingu og þéttleika fjarskiptamerkis.

Gildistími tíðniréttinda.

Annar áhrifaþáttur á verðlagningu tíðniréttinda er til hversu langs tíma þau eru úthlutuð. Þannig verður að telja eðlilegt að tekið sé lægra gjald fyrir þau tíðniréttindi sem úthlutuð eru til skemmri tíma en 10 ára í réttu hlutfalli við þann gildistíma sem um ræðir. Sé tíðniréttindum á hinn bóginn úthlutað til lengri tíma en 10 ára þykir rétt að taka hlutfallslega hærra gjald. Eru gefin upp sýnidæmi í töflum hér að neðan.

Dæmi um útreikning á tíðnigjaldi.

Tafla 1. Gjald fyrir tíðniheimild á 900 MHz tíðnisviði.

Tíðni / Ár	15	14	13	12	11	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1
2x1	4.500	4.200	3.900	3.600	3.300	3.000	2.700	2.400	2.100	1.800	1.500	1.200	900	600	300
2x2	9.000	8.400	7.800	7.200	6.600	6.000	5.400	4.800	4.200	3.600	3.000	2.400	1.800	1.200	600
2x3	13.500	12.600	11.700	10.800	9.900	9.000	8.100	7.200	6.300	5.400	4.500	3.600	2.700	1.800	900
2x4	18.000	16.800	15.600	14.400	13.200	12.000	10.800	9.600	8.400	7.200	6.000	4.800	3.600	2.400	1.200
2x5	22.500	21.000	19.500	18.000	16.500	15.000	13.500	12.000	10.500	9.000	7.500	6.000	4.500	3.000	1.500
2x6	27.000	25.200	23.400	21.600	19.800	18.000	16.200	14.400	12.600	10.800	9.000	7.200	5.400	3.600	1.800
2x7	31.500	29.400	27.300	25.200	23.100	21.000	18.900	16.800	14.700	12.600	10.500	8.400	6.300	4.200	2.100
2x8	36.000	33.600	31.200	28.800	26.400	24.000	21.600	19.200	16.800	14.400	12.000	9.600	7.200	4.800	2.400
2x9	40.500	37.800	35.100	32.400	29.700	27.000	24.300	21.600	18.900	16.200	13.500	10.800	8.100	5.400	2.700
2x10	45.000	42.000	39.000	36.000	33.000	**30.000**	27.000	24.000	21.000	18.000	15.000	12.000	9.000	6.000	3.000
2x11	49.500	46.200	42.900	39.600	36.300	33.000	29.700	26.400	23.100	19.800	16.500	13.200	9.900	6.600	3.300
2x12	54.000	50.400	46.800	43.200	39.600	36.000	32.400	28.800	25.200	21.600	18.000	14.400	10.800	7.200	3.600
2x13	58.500	54.600	50.700	46.800	42.900	39.000	35.100	31.200	27.300	23.400	19.500	15.600	11.700	7.800	3.900
2x14	63.000	58.800	54.600	50.400	46.200	42.000	37.800	33.600	29.400	25.200	21.000	16.800	12.600	8.400	4.200
2x15	67.500	63.000	58.500	54.000	49.500	45.000	40.500	36.000	31.500	27.000	22.500	18.000	13.500	9.000	4.500

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Tafla 2. Gjald fyrir tíðniheimild á 1800 MHz tíðnisviði.

Tíðni / Ár	15	14	13	12	11	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1
2x1	1.500	1.400	1.300	1.200	1.100	1.000	900	800	700	600	500	400	300	200	100
2x2	3.000	2.800	2.600	2.400	2.200	2.000	1.800	1.600	1.400	1.200	1.000	800	600	400	200
2x3	4.500	4.200	3.900	3.600	3.300	3.000	2.700	2.400	2.100	1.800	1.500	1.200	900	600	300
2x4	6.000	5.600	5.200	4.800	4.400	4.000	3.600	3.200	2.800	2.400	2.000	1.600	1.200	800	400
2x5	7.500	7.000	6.500	6.000	5.500	5.000	4.500	4.000	3.500	3.000	2.500	2.000	1.500	1.000	500
2x6	9.000	8.400	7.800	7.200	6.600	6.000	5.400	4.800	4.200	3.600	3.000	2.400	1.800	1.200	600
2x7	10.500	9.800	9.100	8.400	7.700	7.000	6.300	5.600	4.900	4.200	3.500	2.800	2.100	1.400	700
2x8	12.000	11.200	10.400	9.600	8.800	8.000	7.200	6.400	5.600	4.800	4.000	3.200	2.400	1.600	800
2x9	13.500	12.600	11.700	10.800	9.900	9.000	8.100	7.200	6.300	5.400	4.500	3.600	2.700	1.800	900
2x10	15.000	14.000	13.000	12.000	11.000	**10.000**	9.000	8.000	7.000	6.000	5.000	4.000	3.000	2.000	1.000
2x11	16.500	15.400	14.300	13.200	12.100	11.000	9.900	8.800	7.700	6.600	5.500	4.400	3.300	2.200	1.100
2x12	18.000	16.800	15.600	14.400	13.200	12.000	10.800	9.600	8.400	7.200	6.000	4.800	3.600	2.400	1.200
2x13	19.500	18.200	16.900	15.600	14.300	13.000	11.700	10.400	9.100	7.800	6.500	5.200	3.900	2.600	1.300
2x14	21.000	19.600	18.200	16.800	15.400	14.000	12.600	11.200	9.800	8.400	7.000	5.600	4.200	2.800	1.400
2x15	22.500	21.000	19.500	18.000	16.500	15.000	13.500	12.000	10.500	9.000	7.500	6.000	4.500	3.000	1.500

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Gjald sem hlutfall af veltu.

Þegar tíðniheimildir voru fyrst gefnar út í desember 1996 og síðar í júlí 1997 var gjald sem tekið var fyrir tíðniheimildir til að veita GSM-farsímaþjónustu 15.000.000 kr. Við útgáfu þriðju tíðniheimildarinnar var ákveðið að gjaldið tæki mið af breytingu vísitölu neysluverðs miðað við gjald sem tekið var í upphafi. Gjald fyrir tíðniheimild framreiknað miðað við vísitölu neysluverðs frá nóvember 2000 til núverandi verðlags, þ.e. september 2010, er 30.000.000 kr. þegar búið er að taka tillit til nálgunar.

Til samanburðar er hægt að skoða hversu mikil fjárhagsleg byrði lögð er á fjarskiptafyrirtæki út frá veltu félaga miðað við upphaflegt gjald og það borið saman við framreiknað gjald

miðað við vísitölu neysluverðs á núverandi verðlagi, en vísitala neysluverðs hækkaði um 103,0% á tímabilinu nóvember 1996 til september 2010.

Tafla 3.

	1996	1998	2000	2002	2004	2006	2008	2009
Heildarvelta Símans	10.400.000	11.830.898	16.253.079	17.251.107	19.806.111	22.038.130	21.693.555	21.060.331
Gjald fyrir tíðniheimild	15.000	15.462	16.974	18.788	19.980	22.349	27.539	30.454
Hlutfall af veltu	0,14%	0,13%	0,10%	0,11%	0,10%	0,10%	0,13%	0,14%

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Skýring: Heildarvelta ársins 1996 er án póstþjónustu.

Í töflu 3 er samanburður á gjaldi fyrir tíðniheimild framreiknað miðað við vísitölu neysluverðs í nóvember hvert ár sem hlutfall af veltu Símans, sem var fyrsta fyrirtækið til að fá afhenta tíðniheimild til að veita GSM-farsímaþjónustu. Sá samanburður sem hér er sýndur er einungis til að sýna fram á fjárhagslega byrði Símans miðað við það gjald sem áður var innheimt. Samanburðurinn er ekki að öllu leyti réttmætur þar sem velta félagsins af farsímaþjónustu var mjög lág í upphafi en fer síðan ört vaxandi. Hins vegar gefur samanburðurinn ákveðna vísbendingu um þá fjárhagslegu byrði sem lögð er á fyrirtækið við að greiða slíkt gjald. Samkvæmt töflunni er framreiknað gjald fyrir tíðniheimild sem hlutfall af veltu það sama fyrir árið 2009 og þegar það var fyrst lagt á. Það er því hægt að ályktа að 30.000.000 kr. verðlagning á tíðniheimild til þess að veita farsímaþjónustu nú sé hlutfallslega ekki meiri byrði fyrir Símann en það var í nóvember 1996.

Ekki eru til eins samanburðarhæfar upplýsingar varðandi Og fjarskipti ehf. (Vodafone), en forverar fyrirtækisins voru annar og þriðji tíðniréttthafinn á tíðnisviðinu.

Tafla 4.

	2006	2008	2009
Heildarvelta Og fjarskipta	9.429.000	12.054.000	13.515.000
Gjald fyrir tíðniheimild	22.349	27.539	30.454
Hlutfall af veltu	**0,24%**	**0,23%**	**0,23%**

Fjárhæðir eru í þús. kr.

En samkvæmt töflu 4 er hægt að draga þá ályktun að ekki sé verið að setja óhóflega byrði á fyrirtækið með þeirri gjaldtöku sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

604. Svar [153. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um innheimtu fésekta og afplánun í fangelsinu að Bitru.

1. *Hversu háar upphæðir hafa innheimst eftir að farið var að boða menn til afplánunar vararefsingar vegna ógreiddra fésekta í fangelsinu að Bitru?*

Þegar fangelsið að Bitru var opnað stóð til að taka frá fimm afplánunarrými í kerfinu svo að hægt væri að boða einstaklinga til afplánunar vararefsingar fésekta. Enginn var boðaður

til afplánunar vararefsingar á Bitru. Hins vegar afplánuðu nokkrir einstaklingar vararefsingar fésekta í fangelsinu á Akureyri og í fangaklefum lögreglunnar á Hverfisgötu eftir að fangelsið að Bitru var opnað. Þrjú til fjögur rými voru þannig notuð í nokkrar vikur undir vararefsingar en í ljósi þess erfiða ástands sem uppi er í afplánunarmálum var ekki mögulegt að halda þessum rýmum fráteknum fyrir vararefsingar fésekta. Fangelsismálastofnun getur ekki að fullu stýrt því hverjir koma inn í afplánun þar sem stofnunin þarf að taka við einstaklingum sem úrskurðaðir eru í gæsluvarðhald eða eru hættulegir og var nauðsynlegt að taka öll möguleg afplánunarrými undir hefðbundnar fangelsisrefsingar og gæsluvarðhald/lausagæslu. Engar merkjanlegar breytingar urðu á innheimtu fésekta við opnun fangelsisins að Bitru.

2. *Hafa kröfur fyrnst síðan fangelsið var opnað?*

Frá því að fangelsið að Bitru var opnað og til 15. nóvember 2010 hafa fésektir að fjárhæð 4.357.637 kr. verið afskrifaðar. Þetta eru allt sektir þar sem upprunaleg fyrningardagsetning var fyrir tveimur árum en fyrning var framlengd um tvö ár, sbr. heimild í 2. mgr. 83. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ýmsar ástæður liggja á bak við það að sektirnar fyrnast, t.d. finnast einstaklingar ekki, þeir eru fluttir af landinu eða þeim hefur verið brottvísað af landinu.

3. *Hver er upphæð óinnheimtra fjársekta sem hafa vararefsingu á bak við sig 1. nóvember?*

Fjárhæð ógreiddra sekta 10. nóvember 2010 nemur 2.921.199.739 kr.

4. *Er áætlað að fjölga úrræðum í fangelsiskerfinu vegna slíkra mála?*

Nauðsynlegt er að fjölga úrræðum í fangelsiskerfinu, bæði vegna vararefsinga og vegna afplánunar refsinga yfirleitt. Skortur á fangelsisrými fyrir vararefsingar er bagalegur og má leiða að því rök að það borgi sig fjárhagslega fyrir ríkissjóð að halda opnum plássum vegna sekta sem innheimtast þegar menn eru boðaðir. Hins vegar eru settir í forgang einstaklingar sem eru virkir í afbrotum og hlotið hafa dóm.

Það er mjög brýnt að fjölga úrræðum í fangelsiskerfinu sem allra fyrst. Það verður þó ekki gert með skynsamlegum hætti í einu vetfangi. Til marks um það má nefna að skásta skyndiúrræðið til að fjölga plássum felst í klefavistun á lögreglustöðvum. Til að gefa einhverja hugmynd um hvað það er afleitur kostur má nefna að flestir ónýttir klefar eru nú í Hafnarfirði, sex talsins. Til að nýta þá þyrfti að setja upp eins manns sólarhringsvakt á stöðinni, sem nú er ekki fyrir hendi, en lögreglustöðvar eru nú mjög óvíða mannaðar með sólarhringsvakt. Það kallar á fjóra til fimm starfsmenn og þýðir því nær einn starfsmann á móti hverjum fanga sem þar yrði vistaður. Klefar af þessu tagi eru yfirleitt án útiaðstöðu og allrar sameiginlegrar aðstöðu. Fangar þurfa því að sitja í klefum sínum allan sólarhringinn, fara á salerni í fylgd, en þeim er síðan fylgt út undir vegg í útivist. Þetta úrræði kemur því aðeins til greina í mjög skamman tíma fyrir hvern fanga. Þetta var þó gert nýlega á meðan á útboðsferli stóð, sem lauk með leigu á Bitru. Áréttað skal að Fangelsismálastofnun hefur ekki fjárveitingar fyrir neinum viðbótarrýmum og það virðist í meira lagi hæpið að nýta hugsanlegar viðbótarfjárveitingar til málaflokksins í rekstur af þessu tagi.

Það er unnt að afla viðbótarhúsnæðis fyrir Fangelsismálastofnun með útboði og hefja þar rekstur nýrrar einingar. Þess ber hins vegar að geta að ekki er raunhæft að bæta við fleiri opnum einingum í bili því að nú þegar er unnt að vista að Kvíabryggju og Bitru þá fanga sem taldir eru hæfir til afplánunar í opnu fangelsi. Það þarf að bæta við fleiri deildum með raun-

verulegri aðstöðu til innilokunar. Það mun því alltaf hafa í för með sér töluverðan kostnað að koma á laggirnar viðbótarplássi með því að nýta eldra húsnæði, auk þess sem líklegt er að rekstur verði dýr í slíkri einingu, sem ekki er hönnuð fyrir þessar þarfir.

Ráðuneytið vinnur nú að undirbúningi útboðs á nýju fangelsi, sem gert er ráð fyrir að rúmi allt að 56 fanga í samvinnu við fjármálaráðuneytið, Ríkiskaup og Fangelsismálastofnun. Reiknað er með að taka það í notkun eftir u.þ.b. tvö ár.

Raunhæfasta leiðin til að létta hratt þrýstingi af kerfinu felst í því að samþykkja sem fyrst breytingar á fullnustulögunum sem fela í sér möguleika á að taka upp rafrænt eftirlit með föngum og aukna nýtingu á samfélagsþjónustu. Dómsmálaráðuneytið vinnur að slíku frumvarpi í samráði við nefnd sem þáverandi dómsmálaráðherra, Ragna Árnadóttir, skipaði síðastliðið sumar til að fara yfir löggjöf um fullnustu refsinga og móta stefnu í fangelsismálum. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að skoða úrræði í fullnustukerfinu og framtíðarsýn afplánunar. Miðað er við að frumvarpið verði lagt fram innan skamms.

605. Svar [297. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur um frávísanir útlendinga.

1. *Hversu mörgum útlendingum hefur verið vísað frá landi við komu til Keflavíkurflugvallar frá árinu 2000, sundurliðað eftir árum?*

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum var fjöldi útlendinga sem vísað var frá landinu við komu til Keflavíkurflugvallar eftirfarandi:

Árið 2000	62
Árið 2001	103
Árið 2002	64
Árið 2003	94
Árið 2004	65
Árið 2005	49
Árið 2006	18
Árið 2007	33
Árið 2008	10
Árið 2009	36

Í tíð eldri laga nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, hafði lögreglustjóri heimild til að vísa útlendingum frá landi við komu til landsins í þeim tilvikum sem tilgreind voru í 1. mgr. 10. gr. laganna. Þar að auki hafði lögregustjóri heimild til að meina útlendingi landgöngu ef nauðsynlegt var talið af öðrum ástæðum en þeim sem þar voru raktar. Í ákvæði 4. mgr. 10. gr. laganna var tekið fram að ef útlendingur óskaði hælis mætti lögreglan eigi meina honum landgöngu enda teldist framburður hans sennilegur. Framkvæmdin var sú að ef hælisumsókn var ekki metin sennileg var henni synjað af lögreglu. Með gildistöku núgildandi útlendingalaga, nr. 96/2002, var frávísunarheimild laganna breytt á þann veg að ef útlendingur óskar hælis þá skal þá leggja málið fyrir Útlendingastofnun til meðferðar og ákvörðunar. Lögreglustjóri hefur því ekki lengur heimild til að taka ákvörðun um frávísun í þeim tilvikum er umsókn um hæli þykir ekki sennileg eins og í tíð eldri laga.

2. *Hversu margir þeirra báðu um hæli hérlendis?*

Árið 2000 sóttu fjórir um hæli af þeim einstaklingum sem var vísað frá.

Árið 2001 sótti 21 um hæli af þeim einstaklingum sem var vísað frá.

Árið 2002 sóttu tveir um hæli af þeim einstaklingum sem var vísað frá.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum var fjöldi beiðna um hæli, sem bornar voru fram í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á árunum 2000–2009, eftirfarandi:

Árið 2000	*
Árið 2001	42
Árið 2002	26
Árið 2003	34
Árið 2004	14
Árið 2005	21
Árið 2006	19
Árið 2007	5
Árið 2008	24
Árið 2009	18

* Við úrvinnslu gagna fundust ekki upplýsingar hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum um fjölda hælisleitenda fyrir árið 2000 en samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var fjórum einstaklingum sem sóttu um hæli það ár frávísað. Heildarfjöldi hælisumsókna á Íslandi árið 2000 var hins vegar 25.

Á árinu 2001 sóttu 42 einstaklingar um hæli í Flugstöð Leifs Eiríkssonar; 21 beiðni var synjað um afgreiðslu, 12 beiðnir fengu efnismeðferð og níu einstaklingar drógu beiðni sína til baka. Heildarfjöldi hælisumsókna á Íslandi árið 2001 var 53.

Á árinu 2002 sóttu 26 einstaklingar um hæli í Flugstöð Leifs Eiríkssonar; tveimur beiðnum var hafnað afgreiðslu og 10 einstaklingar drógu umsóknir sínar til baka. Útlendingastofnun tók 14 beiðnir til nánari skoðunar. Heildarfjöldi hælisumsókna á Íslandi árið 2002 var 117.

Á árinu 2003 sóttu 34 einstaklingar um hæli í Flugstöð Leifs Eiríkssonar en af þeim drógu 15 umsókn sína til baka. Heildarfjöldi hælisumsókna á Íslandi árið 2003 var 80.

Á árinu 2004 sóttu 14 einstaklingar um hæli í Flugstöð Leifs Eiríkssonar en 5 þeirra drógu umsóknir sínar til baka. Heildarfjöldi hælisumsókna á Íslandi árið 2004 var 76.

Á árinu 2005 sótti 21 einstaklingur um hæli í Flugstöð Leifs Eiríkssonar en af þeim drógu tveir þeirra beiðni sína til baka. Heildarfjöldi hælisumsókna á Íslandi árið 2005 var 87.

Á árinu 2006 sóttu 19 einstaklingar um hæli í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Heildarfjöldi hælisumsókna á Íslandi árið 2006 var 39.

Á árinu 2007 sóttu fimm einstaklingar um hæli í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Heildarfjöldi hælisumsókna á Íslandi árið 2007 var 42.

Á árinu 2008 sóttu 24 einstaklingar um hæli í Flugstöð Leifs Eiríkssonar en tveir drógu beiðni sína til baka. Heildarfjöldi hælisumsókna á Íslandi árið 2008 var 73.

Á árinu 2009 sóttu 18 einstaklingar um hæli í Flugstöð Leifs Eiríkssonar en þrír drógu beiðni sína til baka. Heildarfjöldi hælisumsókna á Íslandi árið 2009 var 35.

3. *Tíðkast að vísa útlendingum úr landi án þess að þeir fái tækifæri til að leggja inn hælisumsókn og án þess að mál þeirra sé tekið til efnislegrar skoðunar? Ef svo er, í hvaða tilfellum er það?*

Útlendingur hefur ávallt möguleika á því að sækja um hæli við komu til landsins. Óski útlendingur eftir hæli hér á landi skal leggja málið fyrir Útlendingastofnun til meðferðar og ákvörðunar, sbr. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 96/2002, um útlendinga.

Meðferð hælisumsókna hér á landi hefur tekið nokkrum breytingum á undanförnum árum sem skýrist fyrst og fremst af breytingum á lögum og reglum sem um þennan málaflokk gilda. Framkvæmdin er með þeim hætti að hlutverk lögreglu er að undirbúa mál fyrir Útlendingastofnun á upphafsstigum málsins en Útlendingastofnun fer með frekari meðferð málsins og tekur ákvörðun um í hvaða farvegi málið verði afgreitt (svo sem Dyflinnarmeðferð, flýtimeðferð, efnismeðferð). Lögregla tekur ekki slíkar ákvarðanir.

606. Svar [296. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Arndísar Soffíu Sigurðardóttur um Lögregluskóla ríkisins.

1. *Hversu miklum fjármunum er áætlað að verja árið 2011 til grunnnámsdeildar Lögregluskóla ríkisins annars vegar og framhaldsdeildar hins vegar?*

Rekstrarkostnaður grunnnámsdeildar Lögregluskóla ríkisins á árinu 2011 er áætlaður 34,6 millj. kr. Er þá ekki talinn með launakostnaður skólans en sá kostnaður færist á annað viðfang. Þá er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður framhaldsdeildar skólans árið 2011 verði 9,6 millj. kr. Rekstraráætlunin var lögð fram í október sl. og byggist á þeirri hagræðingarkröfu sem gerð hefur verið auk þess sem gert er ráð fyrir að boðaðar breytingar á lögreglunámi og kjörum lögreglunema nái fram að ganga. Frumvarp um breytingu á lögreglulögum hefur hins vegar ekki enn verið lagt fram. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að einungis sé greitt fyrir starfsnám en tvær annir verði ólaunaðar en lánshæfar frá LÍN.

2. *Hversu margir lögreglumenn sem luku námi árin 2008, 2009 og 2010 eru ekki starfandi í dag samkvæmt skipun, sbr. 4. mgr. 28. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996?*

Alls voru 114 lögreglunemar brautskráðir árin 2008, 2009 og 2010. Af þeim eru 45 skipaðir, 5 eru settir, 30 ráðnir og 34 eru ekki starfandi hjá lögreglu. Þannig eru 69 brautskráðir lögreglunemar ekki skipaðir lögreglumenn.

3. *Hversu margir einstaklingar með almennt próf lögreglumanna eru á atvinnuleysisskrá?*

Eftir því sem næst verður komist eru tveir einstaklingar með almennt lögreglupróf á atvinnuleysisskrá.

4. *Telur ráðherra að fresta eigi inntöku nýnema í Lögregluskóla ríkisins til ársins 2012 í ljósi efnahagsástandsins og niðurskurðar í almennri löggæslu?*

Undanfarin ár hefur Lögregluskóli ríkisins þróast mjög mikið og fyrirhugaðar eru frekari breytingar í sömu átt og stefnt hefur verið í síðustu ár. Í grófum dráttum má segja að smám saman hafi verið horfið frá fyrirkomulagi þar sem fastráðnir lögreglumenn voru sendir í lögregluskólann á fullum launum (og eftir atvikum dagpeningum) í því markmiði fyrst og fremst að uppfylla þarfir lögreglunnar sem vinnuveitanda til að efla starfsmenn sína til daglegra lögreglustarfa. Þess í stað hefur skólinn í vaxandi mæli tekið mið af skólastarfi

almennt, þótt enn sé mjög tekið mið af þörfum lögreglunnar við námið. Um leið telur ráðuneytið að gæði námsins hafi stöðugt farið vaxandi undanfarin ár, enda hefur ásóknin í skólann verið mikil, þrátt fyrir að dregið hafi verið úr greiðslum fyrir nemendur, en fyrirhugað er að þær verði eingöngu bundnar við starfsnám í lögreglu hér eftir. Þess verður vart að nokkur hluti nemenda sækir sér menntun í skólann án þess að vera ákveðinn í að hyggja á starf í lögreglu eftir útskrift og má hafa það til marks um að menntun í skólanum þykir hafa nokkurt almennt gildi og nýtast víða í atvinnulífinu.

Það leiðir af þessum breytingum að ekki er skynsamlegt né raunhæft að stefna fortakslaust að því að allir þeir sem útskrifast hafa úr skólanum skuli jafnóðum verða skipaðir lögreglumenn. Miklu skynsamlegra virðist vera að stefna að því að skólinn sé í stöðugum rekstri og útskrifi nógu marga lögreglumenn á hverju ári til að uppfylla þarfir lögreglunnar til lengri tíma. Reynslan sýnir að þörf lögreglunnar fyrir nýja lögreglumenn sveiflast mjög á milli ára og varasamt er að ætla sér að afleggja skólahald um lengri eða skemmri tíma vegna sveiflna í henni.

607. Svar [226. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Auðar Lilju Erlingsdóttur um rafbyssur í lögreglustarfi.

1. *Hefur ráðherra borist greinargerð um úttekt á svokölluðum rafbyssum sem fram kom í svari á 135. löggjafarþingi (þskj. 533) að ríkislögreglustjóri mundi senda ráðherra og ef svo er, hver er staða málsins?*

Ráðuneytinu barst greinargerð ríkislögreglustjóra í október 2008.

Ráðuneytið hefur haft málefnið til skoðunar um nokkurt skeið og telur að svo stöddu ekki tilefni til að búa öll lögreglulið rafstuðstækjum. Í fyrsta lagi telur ríkislögreglustjóri ekki rétt að taka rafstuðstæki í notkun, eins og sakir standa. Í öðru lagi hefði það umtalsverðan kostnað í för með sér. Í þriðja lagi er notkun rafstuðstækja umdeild og hafa mannréttindasamtök á borð við Amnesty International gagnrýnt notkun þeirra.

2. *Hver er afstaða ráðherra til þess að lögreglan taki í notkun slík tæki, í ljósi þess að þau gefa frá sér 50.000 volta rafstraum og valda miklum sársauka, auk þess sem þekkt er að slíkur rafstraumur truflar vöðva- og taugastarfsemi?*

Í umfjöllun um rafstuðstæki er nauðsynlegt að gera greinarmun á straumi og spennu. Tækin sem hafa verið til skoðunar hér á landi gefa frá sér 50.000 volta spennu. Spennan lækkar þegar maður verður fyrir rafstuðinu niður í 1.200 volt. Straumurinn sem tækið gefur frá sér er hins vegar 0,0021 amper.

Spennan sem tækið sendir frá sér hefur áhrif á skyntauga- og hreyfitaugakerfið og veldur tímabundinni tauga- og vöðvalömun (neural muscular incaptation). Sá sem fyrir skotinu verður stífnar upp og getur ekki hreyft sig á meðan tækið er í gangi.

Eins og fram kemur hér að framan telur ráðherra ekki ástæðu til að taka rafstuðstæki í notkun.

3. *Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi vopnaburð íslenskra lögreglumanna?*

Ráðherra telur að takmarka eigi vopnaburð lögreglu sem frekast er unnt. Mikilvægt er að reglur um vopnaburð lögreglu séu skýrar en þó einnig í samræmi við þarfir lögreglu.

608. Svar [220. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um mat á ávinningi Íslands af fríverslunarsamningum við Kína og Bandaríkin.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur verið lagt mat á efnahagslegan ávinning sem Ísland hefði af fríverslunarsamningum við Kína og Bandaríkin? Ef svo er, hver er niðurstaðan?

Bandaríkin.

Ekki hefur verið lagt mat á efnahagslegan ávinning sem Ísland hefði af fríverslunarsamningi við Bandaríkin. Varðandi kosti þess að gera fríverslunarsamning við Bandaríkin er vísað til skriflegs svars við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar til utanríkisráðherra um mat ráðherra á kostum þess að gera fríverslunarsamning við Bandaríkin (222. mál á yfirstandandi þingi). Í því segir að við innflutning til Bandaríkjanna frá aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, en það eru þau kjör sem Íslandi býðst í dag, leggja Bandaríkin engan toll á fjölmargar vörur. Á það meðal annars við um langflestar sjávarafurðir sem Ísland flytur út til Bandaríkjanna og nokkrar helstu landbúnaðarafurðir sem Ísland leggur áherslu á í útflutningi, svo sem lifandi hross og drykkjarvatn. Lágir tollar eru lagðir á nokkrar útflutningsvörur Íslands til Bandaríkjanna, t.d. frosið og ferskt lambakjöt, smjör, lýsi, reiðtygi, kaðla og vogir. Í nokkrum afmörkuðum tilvikum er 10–15% tollur lagður á innflutning íslenskra afurða til Bandaríkjanna, t.d. á skyr, lifur, hrogn og sælgæti. Kostir við gerð fríverslunarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna væru helst þeir að innflutningstollar sem lagðir eru á íslenskar vörur yrðu í mörgum tilfellum felldir niður. Fríðindatollur sá sem Bandaríkin bjóða þeim ríkjum sem þau hafa gert fríverslunarsamning við er í langflestum tilfellum 0% og má gera ráð fyrir að Íslandi yrðu boðin sömu kjör.

Erfitt er að segja fyrir um niðurstöðu samningaviðræðna en gera má ráð fyrir að fríverslunarsamningur við Bandaríkin gæti leitt til aukins útflutnings á ýmsum landbúnaðarafurðum og öðrum afurðum og vörum sem í dag bera toll við innflutning. Gera má ráð fyrir að Bandaríkjamenn færu fram á gagnkvæmni hvað varðar markaðsaðgang og gerðu kröfu um niðurfellingu tolla við innflutning til Íslands á landbúnaðarafurðum, m.a. kjöti og kjötvörum og jafnvel mjólkurafurðum. Yrði fallist á þær kröfur hefði það óumflýjanlega í för með sér að m.a. íslenskt kjöt, t.d. lamba-, nauta- og svínakjöt, mundi lenda í samkeppni við innfluttar bandarískar kjötafurðir. Það gæti skilað sér í lægra vöruverði og auknu vöruúrvali fyrir neytendur en jafnframt auka samkeppni við innlenda framleiðendur.

Kína.

Undanfara fríverslunarviðræðna Íslands og Kína má rekja til samkomulags sem þáverandi utanríkisráðherra Íslands og utanríkisviðskiptaráðherra Kína undirrituðu á árinu 2005. Það fól í sér að gerð yrði sameiginleg hagkvæmnikönnun um mögulegan fríverslunarsamning milli landanna. Ísland var fyrst Evrópuríkja sem Kína gerði slíkt samkomulag við. Árið 2006

lauk gerð hagkvæmnikönnunarinnar þar sem lagt var til að ríkin hæfu fríverslunarviðræður við fyrsta tækifæri, þar sem ljóst væri að bæði ríkin mundu hagnast á gerð fríverslunarsamnings.

Helstu niðurstöður hagkvæmnikönnunar milli Íslands og Kína vegna fríverslunarviðræðna.

Í hagkvæmnikönnuninni frá 2006 segir að vöruviðskipti gegni almennt mikilvægu hlutverki við að stuðla að efnahagslegri þróun í Kína og á Íslandi. Vöruviðskipti milli ríkjanna séu umtalsverð en tollar og aðrar viðskiptahindranir dragi nokkuð úr tvíhliða viðskiptum. Reiknað sé með að lækkun eða niðurfelling tolla og annarra viðskiptahindrana mundi auka vöruviðskipti og þannig hafa jákvæð áhrif á hagkerfi beggja ríkjanna. Einnig kemur fram að þjónustuviðskipti milli Kína og Íslands hafi aukist töluvert frá því sem áður var. Lagt er til að íslensk og kínversk stjórnvöld auki samstarf á sviði þjónustuviðskipta í fríverslunarsamningi. Hvað varðar fjárfestingar segir að til þess að auka fjárfestingar milli landanna skuli stjórnvöld byggja á tvíhliða fjárfestingarsamningi ríkjanna frá 1994 og reyna að greina þá fjárfestingarmöguleika sem í boði eru.

Fríverslunarviðræður Íslands og Kína.

Fríverslunarviðræður Íslands og Kína hófust í apríl 2007. Ráðuneytið telur að þau rök sem fram koma í áðurnefndri hagkvæmnikönnun eigi enn við í dag. Þess ber þó að geta að Kína hefur ekki orðið við kröfu Íslands um að tollar á tilteknum sjávarafurðum sem framleiddar eru hér á landi verði felldir niður eða lækkaðir þegar við gildistöku samnings en það skiptir töluverðu máli fyrir útflutningshagsmuni Íslands. Sama á við um kröfur Íslands á sviði þjónustuviðskipta en á því sviði ber enn nokkuð á milli samningsaðila. Í viðræðunum hefur Kína m.a. lagt fram kröfur um tímabundinn aðgang að íslenskum vinnumarkaði. Varðandi stöðuna í fríverslunarviðræðum landanna er að öðru leyti vísað til skriflegs svars við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar til utanríkisráðherra um stöðuna í fríverslunarviðræðum Íslands og Kína (221. mál yfirstandandi þings).

609. Svar [221. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um viðræður Íslands og Kína um fríverslunarsamning.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvernig standa viðræður Íslands og Kína um fríverslunarsamning?

Fríverslunarviðræður á milli Íslands og Kína hófust í apríl 2007. Fjórar samningalotur hafa verið haldnar, sú fyrsta í apríl 2007, önnur í júní 2007, sú þriðja í október 2007 og sú fjórða í apríl 2008. Enn fremur voru haldnir tveir sérfræðifundir á sviði þjónustuviðskipta árið 2008 og tæknilegur fundur í mars 2009.

Í viðræðunum hefur komið fram að talsvert ber enn á milli samningsaðila á nokkrum sviðum, t.d. hvað varðar markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir, þjónustuviðskipti og aðgang að íslenskum vinnumarkaði.

Bæði ríkin hafa lagt fram tilboð á sviði vöruviðskipta. Í tilboði Íslands er boðin niðurfelling tolla á sjávarafurðum og iðnaðarvörum, svo og lækkun eða niðurfelling tolla á tilteknum landbúnaðarvörum. Tilboð Kína felur í sér niðurfellingu tolla á vörum að undanskildum nokkrum vörutegundum. Þá hefur Kína farið fram á fimm eða tíu ára aðlögunartíma á niðurfellingu tolla af tilteknum vörutegundum, m.a. á tilteknum sjávarafurðum og iðnaðarvörum sem framleiddar eru hér á landi. Íslenska samninganefndin hefur sótt fast að fá Kína til að falla frá þeirri kröfu en án árangurs. Af Íslands hálfu hefur verið lögð rík áhersla á niðurfellingu allra tolla á sjávarafurðum og iðnaðarvörum sem framleiddar eru á Íslandi þegar við gildistöku samningsins.

Bæði ríkin hafa enn fremur gert kröfur og lagt fram tilboð á sviði þjónustuviðskipta, en þar ber enn nokkuð á milli samningsaðila. Af hálfu Kína hafa verið gerðar kröfur um tímabundinn aðgang að íslenskum vinnumarkaði.

Á fundi ráðherra með utanríkisráðherra Kína sem haldinn var í Peking í júlí 2010 tók ráðherra upp fríverslunarviðræðurnar. Á fundinum kom fram að gera mætti ráð fyrir því að næsti fundur sem tengist viðræðunum færi fram í Peking síðar á þessu ári eða byrjun næsta árs.

Á árlegum fundi sameiginlegrar nefndar Íslands og Kína um viðskiptamál sem haldinn var í Peking í byrjun nóvember 2010 vísaði fulltrúi Íslands til áðurnefnds fundar utanríkisráðherranna og áréttaði mikilvægi þess að fundur sem tengist viðræðunum yrði haldinn hið fyrsta. Íslensk stjórnvöld vænta þess að viðræður haldi áfram á næsta ári.

610. Svar [222. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um kosti fríverslunarsamnings við Bandaríkin.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjir væru kostir fríverslunarsamnings við Bandaríkin að mati ráðherra?

1. Könnun á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin.

Á undanförnum árum hefur möguleiki á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin verið vandlega kannaður, bæði á vettvangi EFTA og tvíhliða á milli Íslands og Bandaríkjanna. Niðurstaðan í báðum tilvikum varð sú að ekki væru til staðar forsendur til að hefja fríverslunarviðræður við Bandaríkin. Ræður tvennt þar mestu um. Í fyrsta lagi hafa Bandaríkin gefið skýrt til kynna að forsenda fríverslunarviðræðna, hvort sem væri við EFTA-ríkin eða Ísland, væri sú að markaðsaðgangur fyrir landbúnaðarvörur, þ.m.t. kjöt- og mjólkurvörur, yrði bættur mjög verulega frá því sem nú er. Í öðru lagi hafa Bandaríkin gefið til kynna að Ísland sé ekki ofarlega á forgangslista þeirra yfir hugsanlega samningsaðila við gerð fríverslunarsamninga, en Bandaríkin líta mjög til umfangs viðskipta við slíka forgangsröðun.

Í þessu samhengi ber að hafa í huga að það hefur verið stefna Bandaríkjanna í gegnum tíðina að leggja áherslu á að semja um viðskiptakjör við önnur ríki í fjölþjóðlegum samningum á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) fremur en með gerð tvíhliða fríverslunarsamninga. Í forsetatíð George W. Bush var þó um tíma lögð aukin áhersla á gerð fríverslunarsamninga við önnur ríki en síðan hefur hægt verulega á fríverslunarviðræðum Bandaríkjanna, einkum vegna andstöðu Bandaríkjaþings. Þrír síðustu fríverslunarsamningar

sem Bandaríkin hafa undirritað (við Suður-Kóreu, Panama og Kólumbíu) bíða enn afgreiðslu í Bandaríkjaþingi. Enn fremur er það stefna bandarískra stjórnvalda að líta einkum til ríkjanna beggja vegna Kyrrahafsins þegar kemur að næstu fríverslunarviðræðum þeirra.

Af framangreindu má ráða að fríverslunarviðræður Íslands við Bandaríkin, hvort sem er tvíhliða eða sem hluti af EFTA, geta tæpast talist raunhæfur kostur eins og sakir standa. Reynsla Svisslendinga styður þessa niðurstöðu. Í könnunarviðræðum þeirra og Bandaríkjanna um mögulegan fríverslunarsamning fyrir nokkrum árum varð niðurstaðan sú að ekki væri ástæða til að hefja formlegar fríverslunarviðræður á milli ríkjanna. Ekki voru taldar líkur á að samningar mundu nást varðandi markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur sökum krafna Bandaríkjanna í þeim efnum. Í þessu samhengi má einnig benda á að Bandaríkin beita sér fyrir verulegri lækkun eða niðurfellingu tolla á landbúnaðarvörum í Doha-lotunni innan WTO.

2. Kostir við gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin.

Vöruviðskipti.

Útflutningur á vörum frá Íslandi til Bandaríkjanna nam 21,6 milljörðum kr. fyrstu tíu mánuði ársins 2010. Útflutningurinn nam 19,4 milljörðum kr. árið 2009, 25,7 milljörðum kr. árið 2008 og 16 milljörðum kr. árið 2007. Árið 2009 var hlutfall útflutnings til Bandaríkjanna 3,9% af heildarútflutningi Íslands, 5,5% árið 2008 og 5,3% árið 2007. Innflutningur frá Bandaríkjunum til Íslands nam 32 milljörðum kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins 2010. Innflutningurinn nam 31 milljarði kr. árið 2009, 41,4 milljörðum kr. árið 2008 og 57,6 milljörðum kr. árið 2007. Árið 2009 var hlutfall innflutnings frá Bandaríkjunum 6,9% af heildarinnflutningi til Íslands, 8,0% árið 2008 og 13,4 % árið 2007. (Heimild: Hagstofa Íslands.)

Við innflutning til Bandaríkjanna frá aðildarríkjum WTO, en það eru þau kjör sem Íslandi bjóðast í dag, leggja Bandaríkin engan toll á fjölmargar vörur. Á það meðal annars við um langflestar sjávarafurðir sem Ísland flytur út til Bandaríkjanna og nokkrar helstu landbúnaðarafurðir sem Ísland leggur áherslu á í útflutningi, svo sem lifandi hross og drykkjarvatn. Lágir tollar eru lagðir á nokkrar útflutningsvörur Íslands til Bandaríkjanna, t.d. frosið og ferskt lambakjöt, smjör, lýsi, reiðtygi, kaðla og vogir. Í nokkrum afmörkuðum tilvikum er 10–15% tollur lagður á innflutning íslenskra afurða til Bandaríkjanna, t.d. á skyr, lifur, hrogn og sælgæti. Kostir við gerð fríverslunarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna væru helst þeir að innflutningstollar sem lagðir eru á íslenskar vörur yrðu í mörgum tilfellum felldir niður. Fríðindatollur sá sem Bandaríkin bjóða þeim ríkjum sem þau hafa gert fríverslunarsamning við er í langflestum tilfellum 0% og má gera ráð fyrir að Íslandi yrðu boðin sömu kjör.

Erfitt er að segja fyrir um niðurstöðu samningaviðræðna en gera má ráð fyrir að fríverslunarsamningur við Bandaríkin gæti leitt til aukins útflutnings á ýmsum landbúnaðarafurðum og öðrum afurðum og vörum sem í dag bera toll við innflutning. Gera má ráð fyrir að Bandaríkjamenn færu fram á gagnkvæmni hvað varðar markaðsaðgang og gerðu kröfu um niðurfellingu tolla við innflutning til Íslands á landbúnaðarafurðum, m.a. kjöti og kjötvörum og jafnvel mjólkurafurðum. Yrði fallist á þær kröfur hefði það óumflýjanlega í för með sér að m.a. íslenskt kjöt, t.d. lamba-, nauta- og svínakjöt, mundi lenda í samkeppni við innfluttar bandarískar kjötafurðir. Það gæti skilað sér í lægra vöruverði og auknu vöruúrvali fyrir neytendur en jafnframt auka samkeppni við innlenda framleiðendur.

Þjónustuviðskipti.

Árið 2009 nam útflutningur á þjónustu frá Íslandi til Bandaríkjanna 27,8 milljörðum kr. og innflutningur á þjónustu frá Bandaríkjunum nam 50,6 milljörðum kr. (Heimild: Hagstofa Íslands.)

Hér á landi hefur vægi þjónustuviðskipta aukist síðustu ár og má sem dæmi nefna þjónustu á sviði orkumála og hátækni. Ef gerður yrði fríverslunarsamningur við Bandaríkin sem mundi ná yfir þjónustuviðskipti gæti það haft jákvæð áhrif á viðskiptatækifæri íslenskra fyrirtækja í Bandaríkjunum. Þess ber þó að geta að ríki eru almennt treg til að opna markað sinn verulega á sviði þjónustuviðskipta nema bættur markaðsaðgangur fyrir þjónustu komi í staðinn.

611. Þingsályktun [22. mál]

um rannsókn á Íbúðalánasjóði o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 17. desember 2010.)

Alþingi ályktar að á vegum þess fari fram sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi Íbúðalánasjóðs. Rannsökuð verði starfsemi sjóðsins frá aðdraganda breytinganna á fjármögnun og lánareglum hans sem hrint var í framkvæmd á árinu 2004 og til ársloka 2010. Markmið rannsóknarinnar verði í fyrsta lagi að meta áhrifin af þessum breytingum, stefnu sjóðsins og einstökum ákvörðunum á þessum tíma á fjárhag sjóðsins og fasteignamarkaðinn í heild sinni, í öðru lagi að meta áhrifin af starfsemi Íbúðalánasjóðs á stjórn efnahagsmála og í þriðja lagi að leggja mat á hversu vel sjóðnum hefur tekist að sinna lögbundnu hlutverki sínu á þessu tímabili. Í kjölfar rannsóknarinnar fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi Íbúðalánasjóðs og fjármögnun húsnæðislánakerfisins á Íslandi.

Forsætisnefnd Alþingis verði falið að sjá um að rannsóknin fari fram í samræmi við ákvæði frumvarps til laga um rannsóknarnefndir sem hún hefur lagt fram. Forseti Alþingis skipi þriggja manna nefnd til að vinna rannsóknina og skila um hana skýrslu til Alþingis innan sex mánaða frá skipun nefndarinnar. Til rannsóknarinnar verði fengnir sjálfstæðir aðilar sem hafi sambærilegar heimildir til skýrslutöku og gagnaöflunar og rannsóknarnefnd Alþingis hafði. Ef nauðsyn krefur setji Alþingi lög til að tryggja aðgengi rannsóknarnefndar að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum.

Í rannsókninni verði m.a. skoðuð ítarlega eftirfarandi atriði auk annarra atriða sem þarfnast úttektar:

1. Breytingarnar á sjóðnum 2004, m.a. undirbúningur þeirra og áhrif á fasteignamarkað og efnahagsmál.
2. Framganga banka á lánamarkaði til fasteignakaupa og viðbrögð Íbúðalánasjóðs við aukinni samkeppni banka um íbúðalán, m.a. vegna 100% lána bankanna og uppgreiðslna á lánum sjóðsins, t.d. hækkað lánshlutfall úr 80% í 90% og hækkuð hámarkslán.
3. Hvernig sjóðurinn sinnti verkefnum sínum, sérstaklega skv. 9. tölul. 9. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998.
4. Viðbrögð sjóðsins við vaxandi þenslu á fasteignamarkaði.

5. Skuldabréfaskipti, úr húsbréfum í húsnæðisbréf, með því að binda uppgreiðslumöguleika sjóðsins.
6. Samskipti Íbúðalánasjóðs við Seðlabanka Íslands vegna lausafjár sjóðsins.
7. Kaup Íbúðalánasjóðs á greiðsluflæði lána frá bönkum og sparisjóðum með mun hærri hámarkslánsfjárhæð en reglugerð félagsmálaráðherra gerði ráð fyrir.
8. Tryggingar fyrir lánum sjóðsins þar sem lán til banka og sparisjóða voru ekki með veði.
9. Lánveitingar til byggingaverktaka, jafnvel án bankaábyrgða á ákveðnu tímabili.
10. Reglugerð félagsmálaráðherra nr. 896/2005 og hvernig hún samræmdist kröfum um áhættustýringu.
11. Viðskipti Íbúðalánasjóðs við verðbréfasjóði með verulegu tapi.
12. Helstu ástæður fyrir taprekstri sjóðsins frá 2008 og fyrirsjáanlegar afskriftir sjóðsins af ráðstöfunum sem taldar eru hér að framan.
13. Eftirlit Alþingis, ráðuneytis og stofnana á borð við Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands með starfsemi sjóðsins. Var það fullnægjandi?
14. Annað sem rannsóknarnefnd kann að komast að við rannsókn sína og telur ástæðu til að upplýsa Alþingi um.

612. Frumvarp til laga [395. mál]

um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002.

Flm.: Jón Gunnarsson, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson,
Einar K. Guðfinnsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Tryggvi Þór Herbertsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1. gr.

Í stað orðsins „átta ára“ í 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: tólf ára.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram til að breyta 12. gr. laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar en í þeim lögum er m.a. mælt fyrir um úthlutun fjár til niðurgreiðslu á kostnaði við hitun íbúðarhúsnæðis og um styrki til stofnunar nýrra hitaveitna eða yfirtöku starfandi einkaleyfisveitna.

Fyrir gildistöku laganna hafði ekki verið til staðar löggjöf um ráðstöfun fjármuna ríkisins til að minnka orkukostnað en verulegu fé er ráðstafað á ári hverju til ýmissa aðgerða svo minnka megi orkukostnað notenda á þeim landsvæðum þar sem kostnaður við hitun er mestur. Þá felast einnig styrkir til nýrra hitaveitna í lögunum en vegna niðurgreiðslna á raforku til húshitunar er hvatinn til að leita að heitu vatni á köldum svæðum ekki mikill nema styrkur komi þar á móti. Þá er kostnaður við leit að heitu vatni og uppsetningu hitaveitna gríðarlega mikill. Við setningu laganna árið 2002 var miðað við að framlag til nýrra hitaveitna mundi nema sömu fjárhæð og sem nam fimm ára niðurgreiðslum til rafhitunar á dreifi-

svæði nýju veitunnar. Með lagabreytingu árið 2004 var viðmið fjárhæðarinnar síðan hækkað í átta ára niðurgreiðslur (sjá þingskjal 350 á 130. löggjafarþingi) með eftirfarandi rökum:

„Þessi breyting er lögð til vegna þess að æskilegt er talið að stuðla að aukinni nýtingu jarðvarma til húshitunar eins víða um land og hagkvæmt þykir. Stefna stjórnvalda hefur verið að fjölga hitaveitum á landinu og er hin ráðgerða breyting hluti af þeirri stefnu. Komið hefur í ljós að á ákveðnum stöðum þar sem kannað hefur verið hvort stofna eigi hitaveitu og hverfa frá rafhitun hefur hitaveita ekki verið samkeppnisfær við niðurgreidda rafhitun. Einhugur er um að niðurgreiða rafhitun á þeim stöðum sem ekki eiga kost á öðrum leiðum til húshitunar. Jafnframt er ljóst að niðurgreiðslur til húshitunar mega ekki standa í vegi fyrir þróun og uppbyggingu kerfis til húshitunar með jarðhita. Einnig er bent á að þó að þessi hækkaða viðmiðun styrks til einstakra hitaveitna leiði til aukinna útgjalda ríkissjóðs til einstakra hitaveitna í upphafi, er breytingin til þess fallin að draga úr heildarkostnaði við niðurgreiðslu húshitunar þegar til lengri tíma er litið.“

Flutningsmenn frumvarps þessa telja að framangreind rök eigi ennþá við um styrki til nýveituframkvæmda en að nauðsynlegt sé að auka enn við styrkina, enda eru köldu svæðin sem eftir eru afar fámenn og því erfitt fyrir íbúa að standa að umfangsmiklum framkvæmdum við leit að heitu vatni og uppsetningu hitaveitu. Því er nauðsynlegt að styðja vel við bakið á íbúum þessara svæða svo að landsmenn geti sem allra flestir búið við sambærilegar aðstæður til upphitunar á íbúðarhúsnæði.

Í frumvarpinu felst að hin hækkaða viðmiðun tekur einungis til hitaveitna sem taka til starfa eftir að lagabreytingin tekur gildi. Um það hvenær hitaveita telst hafa tekið til starfa eða stækkun hennar tekin í gagnið ræður úrslitum hvenær notendur hennar eru tengdir og byrja að njóta þjónustu hitaveitunnar.

613. Frumvarp til laga [256. mál]

um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið þessara laga er að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.

Við framkvæmd laga þessara skal tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þá skulu stjórnvöld tryggja heildarsamtökum fatlaðs fólks og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðs fólks.

2. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Einstaklingur á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sé hann með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Velferðarráðherra fer með yfirstjórn málefna fatlaðs fólks samkvæmt lögum þessum. Ráðherra ber ábyrgð á opinberri stefnumótun í málaflokknum sem skal gerð í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Samráð skal haft við heildarsamtök fatlaðs fólks og aðildarfélög þeirra.

Enn fremur hefur ráðherra eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal að þjónusta, starfsemi og rekstur sveitarfélaga og annarra aðila samkvæmt lögum þessum sé í samræmi við markmið laganna, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og að réttindi fatlaðs fólks séu virt. Markmið eftirlitsins er jafnframt að safna og miðla upplýsingum til að tryggja sambærilega þjónustu við fatlaða einstaklinga í ljósi ólíkra þarfa. Ráðherra skal gera tillögur til sveitarfélaga um úrbætur á þjónustu þar sem þess er þörf og stuðla að samræmingu hennar. Enn fremur skal ráðherra hafa umsjón með gerð þjónustu- og gæðaviðmiða í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og að höfðu samráði við heildarsamtök fatlaðs fólks.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um eftirlit skv. 2. mgr. í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, þar á meðal um framkvæmd eftirlitsins og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, þar með talið gæðum þjónustunnar, sem og kostnaði vegna hennar samkvæmt lögum þessum nema annað sé tekið fram eða leiði af öðrum lögum. Enn fremur skulu sveitarfélögin hafa innra eftirlit með framkvæmd þjónustunnar, þar á meðal með framkvæmd samninga sem sveitarfélögin gera við rekstrar- eða þjónustuaðila um framkvæmd þjónustunnar, sbr. 6. gr. b.

Landinu skal skipt í þjónustusvæði þannig að á hverju þjónustusvæði séu að lágmarki 8.000 íbúar. Fámennari sveitarfélög skulu hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk skv. 1. mgr. og bera þau þá sameiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar sem og kostnaði vegna hennar nema annað sé tekið fram eða leiði af öðrum lögum. Sveitarfélögum er hafa samvinnu um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á einu þjónustusvæði er heimilt að fela einu þeirra skipulag og framkvæmd þjónustunnar og tekur það þá ákvarðanir um þjónustuna fyrir hönd annarra sveitarfélaga á svæðinu. Jafnframt er þeim heimilt að fela skipulag og framkvæmd þjónustunnar sérstökum lögaðila sem þau eiga aðild að, svo sem byggðasamlagi.

Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá íbúafjölda skv. 2. mgr. á grundvelli landfræðilegra aðstæðna, enda hafi viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög sýnt fram á getu til að veita þjónustu í samræmi við ákvæði laga þessara.

Náist ekki samkomulag milli sveitarfélaga um að mynda þjónustusvæði skv. 2. mgr. getur ráðherra, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, tekið ákvarðanir um stærð eða mörk þjónustusvæða og eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög.

5. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Meðferð persónuupplýsinga, sem unnið er með við framkvæmd laga þessara, skal samrýmast lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þess skal gætt að aðgangur að upplýsingunum sé ekki umfram það sem nauðsyn krefur, sem og að öryggi þeirra sé tryggt.

6. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Fatlaður einstaklingur á rétt á þjónustu þar sem hann kýs að búa. Sveitarfélag þar sem fatlaður einstaklingur á lögheimili tekur ákvarðanir um þjónustu við hann samkvæmt lögum þessum nema annað sé tekið fram eða leiði af öðrum lögum. Sveitarfélag sem hefur samvinnu við önnur sveitarfélög um myndun þjónustusvæðis getur falið öðru sveitarfélagi eða sérstökum lögaðila að taka ákvarðanir um þjónustu við fatlaðan einstakling fyrir sína hönd.

Umsóknir um þjónustu á grundvelli laganna, þar á meðal um þjónustu á stofnunum skv. 1.–3. tölul. 2. mgr. 9. gr. og um húsnæðisúrræði skv. 1. mgr. 10. gr., skulu sendar viðkomandi sveitarfélagi, sbr. 1. mgr., eða þeim lögaðila sem annast framkvæmd þjónustunnar á hlutaðeigandi þjónustusvæði þegar það á við. Umsókn er gild þegar fatlaður einstaklingur, forsjármaður hans eða lögráðamaður stendur að henni.

Sveitarfélög skulu starfrækja teymi fagfólks sem metur heildstætt þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu og hvernig koma megi til móts við óskir hans. Teymin skulu hafa samráð við einstaklinginn við matið og skal það byggt á viðurkenndum matsaðferðum. Þegar óskir hans lúta að þjónustu sem rekin er af öðrum en sveitarfélögum þarf að koma til samþykkis rekstraraðila áður en ákvarðanir eru teknar um að hlutaðeigandi þjónusta sé veitt honum. Enn fremur skal hafa samráð við fatlaðan einstakling og væntanlegt sambýlisfólk hans, ef við á, áður en tekin er ákvörðun um þjónustu á grundvelli 10. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að fela teymi fagfólks skv. 3. mgr. að annast mat á umönnunarþörf fatlaðra barna vegna umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

7. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Fötluðum einstaklingi er heimilt að kæra stjórnvaldsákvarðanir um þjónustu sem teknar eru á grundvelli laga þessara til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, sbr. XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála fjallar um málsmeðferð, rétt til þjónustu og hvort þjónustan er í samræmi við lög þessi, reglugerðir eða reglur hlutaðeigandi sveitarfélags sem settar eru á grundvelli laganna.

Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að tilkynning barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið afhent póstþjónustu áður en fresturinn er liðinn.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Um málsmeðferð fer skv. XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og stjórnsýslulögum.

8. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Skipulag sérhvers þjónustusvæðis skal koma fram í sérstöku stofnskjali þar sem fram kemur m.a. hvaða sveitarfélag eða sveitarfélög standa að þjónustu við fatlað fólk á svæðinu, hvernig skipulagi á samvinnu sveitarfélaganna skuli háttað, svo sem hvert sveitarfélaganna annast skipulag og framkvæmd þjónustunnar eða hvort sérstökum lögaðila, svo sem byggðasamlagi, hafi verið falið að annast skipulag og framkvæmd þjónustunnar fyrir hönd sveitarfélaganna, gerð og inntak samninga og upplýsingar um þá rekstrar- eða þjónustuaðila sem

samið hefur verið við um framkvæmd þjónustu á svæðinu. Einnig skal í stofnskjalinu koma fram hvernig innra eftirliti sveitarfélaga, þar á meðal með framkvæmd samninga skv. 6. gr. b, skuli háttað.

Sveitarfélög sem hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um að mynda eitt þjónustusvæði, sbr. 2. mgr. 4. gr., skulu jafnframt gera með sér samstarfssamning um skipulag, framkvæmd og fjármögnun þjónustu við fatlað fólk innan þjónustusvæðisins. Samningurinn öðlast ekki gildi fyrr en hann hefur fengið staðfestingu hlutaðeigandi sveitarstjórna sem standa að þjónustusvæðinu. Í samningnum skal koma fram að sveitarfélögin beri sameiginlega ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun þjónustunnar, þar á meðal gæðum hennar, og skal samningurinn kveða nánar á um form og skipulag þjónustunnar. Jafnframt skal koma fram hvernig stjórnsýslu málefna fatlaðs fólks innan sveitarfélaganna skuli háttað, þar á meðal skal samningurinn fjalla um, þegar það á við, samkomulag sveitarfélaganna um hvert sveitarfélaganna annast skipulag og framkvæmd þjónustunnar eða hvort sérstakur lögaðili annast þjónustuna fyrir hönd þeirra.

Sveitarfélög skulu senda velferðarráðuneyti afrit af stofnskjali og upplýsa ráðuneytið um þær breytingar sem kunna síðar að verða gerðar á stofnskjalinu.

9. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 6. gr. a og 6. gr. b, svohljóðandi:

a. (6. gr. a.)

Sveitarfélagi eða sveitarfélögum sem standa saman að þjónustusvæði er heimilt að veita starfsleyfi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum til handa félagasamtökum, sjálfseignarstofnunum eða öðrum einkaaðilum sem vilja hefja eða taka við rekstri þjónustustofnunar skv. 9. gr. eða húsnæðisúrræðis skv. 1. mgr. 10. gr. á þjónustusvæði þeirra.

Hafi leyfisveitandi skv. 1. mgr. falið einu sveitarfélagi eða sérstökum lögaðila, svo sem byggðasamlagi, að skipuleggja og veita þjónustu við fatlað fólk er honum heimilt að fela þeim leyfisveitinguna skv. 1. mgr.

Leyfisveitanda er heimilt að afturkalla starfsleyfi sem veitt hefur verið skv. 1. mgr. þegar rekstrar- eða þjónustuaðilinn hefur ekki sinnt kröfum um úrbætur innan tiltekinna tímamarka eða rekstrinum er verulega ábótavant að mati leyfisveitanda. Um afturköllun gilda ákvæði stjórnsýslulaga og meginreglur stjórnsýsluréttarins.

Ráðherra skal setja nánari reglur í reglugerð um skilyrði fyrir starfsleyfi skv. 1. mgr. í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

b. (6. gr. b.)

Þegar sveitarfélag eða sveitarfélög sem standa saman að þjónustusvæði veita starfsleyfi skv. 6. gr. a skal gerður samningur við þjónustu- eða rekstraraðilann þar sem mælt er ítarlega fyrir um skyldur beggja aðila og hvernig eftirliti skuli háttað. Enn fremur skal tekið fram í samningnum að stjórnsýslulög, sem og meginreglur stjórnsýsluréttar, gildi um þá stjórnsýslu sem þjónustu- eða rekstraraðili tekur að sér að annast á grundvelli samningsins.

Þjónustu- og rekstraraðili sem starfar á grundvelli samnings sem gerður hefur verið skv. 1. mgr. skal árlega skila viðsemjanda sínum ásamt velferðarráðuneyti og Ríkisendurskoðun ársreikningi undirrituðum af löggiltum endurskoðanda ásamt skýrslu um starfsemi liðins árs.

10. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Fatlað fólk skal eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ávallt skal leitast við að veita fötluðu fólki þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Reynist þjónustuþörf fatlaðs einstaklings meiri en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal hann fá þjónustu samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Veita skal fötluðu fólki þjónustu sem miðar að því að gera því kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra.
b. Í stað orðanna „fatlaðra“ í 3. málsl. kemur: fatlaðs fólks.
c. 1. málsl. 1. tölul. orðast svo: Þarfir fyrir þjónustu á heimilum sínum sem felst í því að treysta möguleika þess til sjálfstæðs heimilishalds.
d. 1. málsl. 2. tölul. orðast svo: Þarfir til hæfingar, endurhæfingar og atvinnu sem m.a. felast í því að það geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu.
e. Orðið „fatlaðra“ í 1. málsl. 3. tölul. fellur brott.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Starfrækja skal þjónustustofnanir fyrir fatlað fólk í því skyni að koma til móts við sértækar þarfir þess svo að það geti lifað sjálfstæðu lífi.
b. Í stað orðsins „fatlaðra“ í 2. tölul. 2. mgr. kemur: fyrir fatlað fólk.
c. 4. tölul. 2. mgr. fellur brott.
d. 3. og 4. mgr. orðast svo:

   Sveitarfélagi eða sveitarfélögum sem starfa saman á þjónustusvæði er heimilt að bæta við þjónustustofnunum, sameina þær eða fella niður starfsemi þeirra.

   Félagasamtök, sjálfseignarstofnun eða annar einkaaðili sem vill hefja eða taka við rekstri þjónustustofnunar skal afla leyfis skv. 6. gr. a frá hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum sem standa saman að því þjónustusvæði þar sem stofnunin er staðsett.

13. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Fatlað fólk skal eiga kost á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir eftir því sem kostur er.

Sveitarfélag eða sveitarfélög sem standa saman að þjónustusvæði skulu tryggja að framboð á húsnæðisúrræðum skv. 1. mgr. sé til staðar jafnframt því að veita þjónustu skv. 1. mgr.

Félagasamtök, sjálfseignarstofnun eða annar einkaaðili sem vill starfrækja húsnæðisúrræði eða þjónustu skv. 1. mgr. skal afla leyfis skv. 6. gr. a frá hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum er standa saman að því þjónustusvæði þar sem húsnæðisúrræðið er staðsett.

Húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk samkvæmt lögum þessum skulu vera í íbúðarbyggð, sbr. skipulagslög. Jafnframt skulu húsnæðisúrræðin staðsett nærri almennri og opinberri þjónustu sé þess nokkur kostur.

Sveitarfélag gerir húsaleigusamning við fatlaðan einstakling sem býr í húsnæðisúrræði í samræmi við ákvæði húsaleigulaga og innheimtir húsaleigu á grundvelli þess samnings.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um húsnæðisúrræði samkvæmt ákvæði þessu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, þar á meðal hvernig ákveða skuli fjárhæð húsaleigu í húsnæðisúrræðum og breytingar á þeirri fjárhæð, um rekstur heimilissjóða og greiðslur til þeirra og nánar um skipulag húsnæðisúrræða.

14. gr.

11. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

VII. kafli laganna, **Framkvæmd þjónustunnar**, og VIII. kafli, **Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**, falla brott.

16. gr.

Í stað orðanna „eða á sérhæfðum deildum, sbr. lög um leikskóla, nr. 48/1991“ í 19. gr. laganna kemur: sbr. lög um leikskóla.

17. gr.

20. gr. laganna fellur brott.

18. gr.

Í stað 3. málsl. 21. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um framkvæmd þjónustunnar á grundvelli ákvæðis þessa. Sveitarstjórnum er jafnframt heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra.

19. gr.

Í stað orðsins „fötluðum“ í 2. málsl. 22. gr. laganna og 2. málsl. 23. gr. laganna kemur: fötluðum einstaklingum.

20. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna verður: **Málefni fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra.**

21. gr.

Í stað orðsins „fötluðum“ í 1. málsl. 24. gr. laganna kemur: fötluðu fólki.

22. gr.

Síðari málsliður 25. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

1. og 2. málsl. 26. gr. laganna orðast svo: Fatlað fólk skal njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni þess til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Starfrækja skal sérstakar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, svo og dagvistarstofnanir fyrir fatlað fólk sem geta veitt þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/eða starfsþjálfun.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fötluðum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: fötluðu fólki.
b. Í stað 2. og 3. mgr. kemur ein ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um framkvæmd þjónustunnar á grundvelli ákvæðis þessa. Sveitarstjórnum er jafnframt heimilt að setja sér nánari reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra, svo sem skilyrði sem uppfylla þarf til að njóta aðstoðarinnar og viðmiðunarreglur um fjárhæð styrkja.

25. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Vinnumálastofnun annast framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða fyrir fatlað fólk samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir og greiðist kostnaður vegna vinnumarkaðsaðgerða úr ríkissjóði.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fötluðum“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. kemur: fötluðu fólki.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kostnaður vegna sérstakrar liðveislu á vinnustað greiðist úr ríkissjóði.

27. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Á hverju starfssvæði skal fötluðu fólki standa til boða vernduð vinna á almennum vinnumarkaði. Vernduð vinna getur falist í störfum sem skipulögð eru með tilliti til fötlunar. Heimilt skal jafnframt að starfrækja verndaða vinnustaði fyrir fatlað fólk. Verndaðir vinnustaðir skulu annars vegar veita fötluðu fólki launaða starfsþjálfun svo að það geti starfað á frjálsum vinnumarkaði. Hins vegar skulu þeir veita fötluðu fólki launuð föst störf.

Kostnaður vegna verndaðrar vinnu skv. 1. mgr. greiðist úr ríkissjóði.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ kemur: Vinnumálastofnun.
b. Í stað orðanna „samtök fatlaðra“ kemur: heildarsamtök fatlaðs fólks.
c. Í stað orðanna „stöðu fatlaðra“ kemur: stöðu fatlaðs fólks.

29. gr.

32. gr. laganna orðast svo:

Fatlað fólk skal eiga forgang að atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi ef hæfni þess til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja.

30. gr.

XIII. kafli laganna, **Húsnæðismál**, fellur brott.

31. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélög skulu sinna ferlimálum fatlaðs fólks með skipulögðum hætti, m.a. með gerð áætlana um endurbætur á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana í samræmi við ákvæði mannvirkjalaga og skipulagslaga sem og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

32. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélög skulu gefa fötluðu fólki kost á ferðaþjónustu. Markmið ferðaþjónustu fatlaðs fólks er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda.

Jafnframt skal fatlað fólk eiga rétt á ferðaþjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir skv. 1.–3. tölul. 2. mgr. 9. gr. og vegna annarrar sértækrar þjónustu sem því er veitt sérstaklega.

Ráðherra er heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um rekstur ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á grundvelli ákvæðis þessa. Sveitarstjórnum er jafnframt heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra. Þá er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórnir skulu setja og skal gjaldið þá taka mið af gjaldi fyrir almenningssamgöngur á viðkomandi svæði.

33. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn, sem sinna þjónustu við fatlað fólk og starfa á stofnunum fyrir fatlað fólk, skulu standa vörð um hagsmuni þess og gæta þess að réttindi þess séu virt.

34. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga skal ráðherra skipa þeim trúnaðarmenn að fengnum tillögum heildarsamtaka fatlaðs fólks. Skilyrði er að trúnaðarmenn hafi þekkingu og reynslu af málefnum fatlaðs fólks.

Trúnaðarmaður fylgist með högum fatlaðs fólks og skulu forstöðumenn viðkomandi heimila, þegar við á, veita honum nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Sé um að ræða skráðar upplýsingar um persónuleg atriði eða upplýsingar um einkafjármuni fatlaðs einstaklings skal leitað eftir samþykki hans.

Telji fatlaður einstaklingur að réttur hans sé fyrir borð borinn getur hann tilkynnt það trúnaðarmanni sem veitir honum nauðsynlegan stuðning og kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun aðstoðar trúnaðarmaður fatlaðan einstakling við að kæra málið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála þegar það á við, sbr. 5. gr. a, og metur, í samráði við einstaklinginn, hvort hann tilkynnir um málið til velferðarráðuneytis.

Telji aðstandendur fatlaðs fólks, hagsmunasamtök fatlaðs fólks eða aðrir sem láta sig hag fatlaðs fólks varða að réttur fatlaðra einstaklinga sé ekki virtur skal tilkynna það trúnaðarmanni sem kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun aðstoðar trúnaðarmaður fatlaðan einstakling við að kæra málið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála þegar það á við, sbr. 5. gr. a, og metur hvort hann tilkynnir um málið til velferðarráðuneytis.

Trúnaðarmaður veitir fötluðum einstaklingi stuðning við meðferð málsins sé þess óskað.

Kostnaður vegna trúnaðarmanna fatlaðs fólks greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um trúnaðarmenn fatlaðs fólks, svo sem um fjölda þeirra.

35. gr.

Fyrirsögn XV. kafla laganna verður: **Réttindagæsla.**

36. gr.

XVI. kafli laganna, **Framkvæmdasjóður fatlaðra**, fellur brott.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Sveitarfélög skulu fjármagna þjónustu við fatlað fólk og annan rekstrarkostnað samkvæmt lögum þessum að því leyti sem annað er ekki tekið fram eða leiðir af öðrum lögum. Jafnframt skulu sveitarfélög standa að uppbyggingu á þjónustustofnunum fyrir fatlað fólk með framlögum til stofnkostnaðar eftir því sem nauðsyn krefur.

Sveitarfélög skulu árlega gera fjárhagsáætlanir um útgjöld til málefna fatlaðs fólks í samræmi við þá þjónustu sem þeim ber að veita á grundvelli þessara laga.

Velferðarráðuneyti er heimilt að óska eftir því að sveitarfélög sendi ráðuneytinu fjárhagsáætlanir sínar skv. 2. mgr.

b. Fyrirsögn á undan greininni fellur brott.

38. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Tekjur, sem falla til vegna atvinnustarfsemi þjónustu- eða rekstraraðila sem nýtur framlaga frá sveitarfélögum eða úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, vegna framkvæmdar á þjónustu á grundvelli laga þessara skulu renna til greiðslu rekstrarkostnaðar starfseminnar. Opinber fjárframlög skulu taka mið af þessum tekjum og er umræddum aðilum skylt að veita allar þær bókhaldsupplýsingar sem þörf er á til þess að staðreyna megi tekjur og rekstrarkostnað.

39. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að ráða í störf hjá sveitarfélögum, þ.m.t. byggðasamlögum, ríki eða einkaaðilum sem unnin eru í þágu þjónustu við fatlað fólk, hvort sem þjónustan er veitt á heimili fatlaðs einstaklings, á öðrum heimilum eða stofnunum, þá sem hafa hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

Stjórnendur hjá sveitarfélögum, ríki eða einkaaðilum sem fara með þjónustu við fatlað fólk eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn umsækjandi um starf á þeirra vegum hefur hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga eða annarra ákvæða sömu laga að fengnu samþykki hans.

40. gr.

44.–53. gr. laganna ásamt fyrirsögn á undan 45. gr. falla brott.

41. gr.

55. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um framkvæmd þjónustu á grundvelli laga þessara. Sveitarstjórnum er jafnframt heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli laga þessara og leiðbeinandi reglna ráðherra. Reglur sveitarstjórna skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

42. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo:

Sérstöku samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka fatlaðs fólks skal komið á um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Markmið verkefnisins er að þróa leiðir til að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð við fatlað fólk með markvissum og árangursríkum hætti. Miða skal við að þjónustan verði skipulögð á forsendum notandans og undir verkstjórn hans um leið og hún verði sem heildstæðust milli ólíkra þjónustukerfa.

Ráðherra skal skipa sjö manna verkefnisstjórn til að leiða samstarfsverkefnið um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið skulu tilnefna sinn fulltrúann hvor og Samband íslenskra sveitarfélaga þrjá. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn í verkefnisstjórn skulu vera jafnmargir aðalmönnum og skipaðir með sama hætti.

Hlutverk verkefnisstjórnar er að móta ramma um fyrirkomulag notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar við fatlað fólk. Í því skyni munu sveitarfélög í samráði við verkefnisstjórnina leitast við að bjóða fötluðu fólki notendastýrða persónulega þjónustu til reynslu í tiltekinn tíma. Við mat á því hverjum eða hvaða hópi fatlaðs fólks skuli boðin slík þjónusta skal gæta jafnræðis.

Sveitarfélögum er heimilt að verðmeta einstaka þjónustuþætti í gjaldskrá. Sveitarfélög skulu síðan gera notendasamninga um notendastýrða persónulega aðstoð við hvern notanda eða aðila sem kemur fram fyrir hönd hans þar sem fram kemur hvaða þjónustu hlutaðeigandi þarf á að halda í daglegu lífi og verðmat þjónustunnar. Sveitarfélögum er heimilt að ráðstafa þeim fjármunum sem svara til kostnaðar vegna þjónustu hvers notanda sem veitt er á grundvelli notendasamnings um notendastýrða persónulega þjónustu til notandans með þeim hætti sem ákveðið er í notendasamningnum.

Faglegt og fjárhagslegt mat á samstarfsverkefninu skal fara fram fyrir árslok 2014 en þá skal verkefninu formlega vera lokið. Enn fremur skal ráðherra eigi síðar en í árslok 2014 leggja fram frumvarp til laga þar sem lagt verður til að lögfest verði að persónuleg notendastýrð aðstoð verði eitt meginform þjónustu við fatlað fólk og skal efni frumvarpsins m.a. taka mið af reynslu af framkvæmd samstarfsverkefnisins.

43. gr.

Við lögin bætast tíu ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (V.)

Þrátt fyrir 3. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 30. gr. skal kostnaður sem til fellur vegna sérstakrar liðveislu á vinnustað og verndaðrar vinnu á árinu 2011 skiptast milli ríkis og sveitarfélaga

í samræmi við samkomulag þeirra á milli eins og fram kemur í 1. gr. samnings þeirra um yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

b. (VI.)

Velferðarráðherra skal skipa átta manna samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks. Fjármálaráðherra, innanríkisráðherra, Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands skulu tilnefna einn fulltrúa hver og Samband íslenskra sveitarfélaga skal tilnefna þrjá fulltrúa. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður samráðsnefndarinnar. Skipun samráðsnefndarinnar skal gilda til 31. desember 2014.

Samráðsnefndin skal vera velferðarráðherra og sveitarfélögum til ráðgjafar um málefni fatlaðs fólks, hafa umsjón með framkvæmd á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk, gera tillögur um breytingar á tilhögun yfirfærslunnar eftir því sem ástæða er til, stýra endurmati yfirfærslunnar og fjalla um vafamál og álitaefni sem upp kunna að koma. Ráðherra er heimilt að fela nefndinni frekari verkefni í tengslum við yfirfærslu þjónustunnar.

Sérdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skal greiða kostnað vegna starfa samráðsnefndarinnar.

c. (VII.)

Framkvæmdasjóður fatlaðra skal lagður niður 1. janúar 2011 en frá þeim tíma tekur fasteignasjóður innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, við réttindum og skyldum sjóðsins í tengslum við fasteignir sem nýttar eru í þágu þjónustu við fatlað fólk við yfirfærsluna. Enn fremur er stjórnarnefnd um málefni fatlaðra lögð niður frá sama tíma.

d. (VIII.)

Svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra er hafa starfað á grundvelli 12. gr. laga nr. 59/1992 skulu lagðar niður 1. janúar 2011. Öll störf í yfirstjórn, umsýslu og ráðgjöf svæðisskrifstofanna eru lögð niður frá sama tíma. Um réttindi starfsmanna svæðisskrifstofanna gilda lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

e. (IX.)

Frá 1. janúar 2011 flytjast öll störf á þjónustustofnunum eða í tengslum við búsetuúrræði sem ríkið rekur á grundvelli 9. og 10. gr. laga nr. 59/1992 frá ríki til hlutaðeigandi sveitarfélaga sem taka við rekstri stofnana eða búsetuúrræða við tilfærslu þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga. Um réttindi og skyldur starfsmanna til starfa hjá hlutaðeigandi sveitarfélögum fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, samþykktum sveitarfélaga og laga nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eins og á við hverju sinni.

f. (X.)

Svæðisráð skv. 6. gr. laga nr. 59/1992 skulu lögð niður 1. janúar 2011.

g. (XI.)

Ráðherra skal leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk eigi síðar en 1. mars 2011 þar sem m.a. eru lögð til ákvæði um réttindagæslumenn fyrir fatlað fólk, persónulega talsmenn og nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk.

h. (XII.)

Lög þessi skal endurskoða í heild sinni fyrir árslok 2014, m.a. með hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðs fólks. Við þá endurskoðun skal taka mið af meginreglum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafi það ekki þegar verið gert.

i. (XIII.)

Ráðherra skal eigi síðar en 1. október 2011 leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Þar skal setja fram stefnu í málefnum fatlaðs fólk, skýra forgangsröðun verkefna, markvissa aðgerðaáætlun og skilgreinda árangursmælikvarða. Tímasettar verði m.a. aðgerðir vegna lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, aðgengismála, biðlista eftir þjónustu, atvinnumála fatlaðs fólks og samræmds mats á þjónustu.

j. (XIV.)

Persónuupplýsingar, sem svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra hafa unnið vegna þjónustu við fatlaða einstaklinga, skal flytja til þeirra aðila sem taka við þjónustunni samkvæmt lögum þessum. Upplýsingum, sem ekki eru lengur nauðsynlegar vegna þjónustu við fatlaða einstaklinga, skal hins vegar skilað til Þjóðskjalasafns í samræmi við lög um safnið. Við flutning persónuupplýsinga skal öryggis gætt og girt fyrir aðgang óviðkomandi að þeim eða að þær glatist eða breytist.

44. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um málefni fatlaðs fólks.**

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

46. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Í stað orðanna „fjögurra vikna“ í 2. málsl. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, kemur: þriggja mánaða.
2. Í stað orðanna „fjögurra vikna“ í 2. málsl. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, kemur: þriggja mánaða.

614. Lög [256. mál]

um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 613.

615. Breytingartillaga [208. mál]

við brtt. á þskj. 581 [Virðisaukaskattur].

Frá Magnúsi Orra Schram og Álfheiði Ingadóttur.

Efnismálsgrein 4. tölul. orðist svo:
Ákvæði b-liðar 4. gr. og 12. gr. öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. maí 2011.

616. Svar [319. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

1. *Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Á árunum 2006–2009 nam ráðstöfunarfé ráðherra 5 millj. kr. á ári. Ráðstöfunarfé ráðherra fyrir árið 2010 nam 3,5 millj. kr. samkvæmt fjárlögum.

2. *Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

2006	
Lögreglukór Reykjavíkur	250.000
Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna	200.000
Karlakór Reykjavíkur	250.000
Ferðaklúbburinn Flækjufótur	80.000
Íslensk-indverska viðskiptaráðið	100.000
Skákskóli Hróksins	400.000
Askur og Embla ehf.	250.000
Smákökurnar ehf.	300.000
Norræna félagið	200.000
Reykjavíkur Akademían ses	300.000
Alþjóðleg kvikmyndahátíð Rvk ehf.	500.000
Evrópusamtökin	200.000
Margrét Soffía Björnsdóttir, kynning á íslenskri list og listiðn í Kaupmannahöfn	200.000
Jazzkvartett Reykjavíkur	50.000
Háskólinn á Akureyri	1.500.000

2007	
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	500.000
V/afmælisárs Nonna	400.000
SUF	90.000
Iðntæknistofnun	200.000
Kvikmyndafélag Íslands ehf.	500.000
Kvenréttindafélag Íslands	150.000
Hjúkrun í Kenía	1.000.000
Skákskóli Hróksins	500.000
Kristín Ástgeirsdóttir v/þýðinga	200.000
Kvennakór Reykjavíkur	300.000
Kirkjukór Húsavíkur	150.000
Fiskidagurinn mikli	100.000
Jónína Elísabet – styrkur v/prestsstarfa á Kanaríeyjum	1.000.000
ORG – ættfræðiþjónusta	250.000
2008	
Sigrún Hjálmtýsdóttir, vegna íslenskrar menningardagskrár í Frakklandi	300.000
Matthildur Á. Helgadóttir, vegna þátttöku í fundi um kvennaathvörf	150.000
Kvenréttindafélagið	250.000
Gay Pride	150.000
Kvennakórinn Vox Feminae	150.000
Ljósið	500.000
2009	
Kvenréttindafélag Íslands	170.000
Seylan (ferðastyrkur vegna heimildamyndagerðar á Gasa)	500.000
Hjúkrunarfræðingar í sjálfboðavinnu í Malaví	300.000
Gay Pride – Hinsegin dagar	150.000
Kór Grafarvogskirkju	250.000
Bókafélagið Uglan	300.000
Guðmundur Páll Ólafsson	300.000
Nemendur 10. bekkjar Háteigsskóla, til styrktar nemendum af erlendum uppruna	100.000
IISD útg. á Earth Negotiations Bulletin	130.400
Félag heyrnarlausra	200.000
2010	
Kvenréttindafélag Íslands	200.000
Gunnar Sigurðsson, „Maybe I should have“	300.000
Dennis Jóhannesson, ferðastyrkur vegna Design Forum í Helsinki	100.000
Kalak	150.000
Kór Öldutúnsskóla	250.000
Gay Pride – Hinsegin dagar	150.000
Læknanemar í sjálfboðavinnu í Kenía	300.000
HÍ o.fl. Ráðstefna til heiðurs dr. Sigfúsi Johnsen eðlis- og jöklafræðingi	100.000
Íslenski dansflokkurinn	1.000.000
Félag stjórnmálafræðinema	25.000
Samtök um vestræna samvinnu (Varðberg)	150.000
Stefán Már Stefánsson, þýðingar vegna lagasjónarmiða um Icesave	216.275
Samhygð v/hjálparstarfs á Haíti	400.000
Jónas Kristjánsson vegna rannsókna á Nýfundnalandi á íslenskum minjum	100.000

617. Svar [125. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um gúmmíkurl úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum.

1. *Telur ráðherra að til greina komi af heilsufarsástæðum að banna eða takmarka notkun gúmmíkurls úr bíldekkjum, sem inniheldur krabbameinsvaldandi efni og önnur eiturefni, á leikvöllum og gervigrasvöllum hérlendis?*

Danska umhverfisstofnunin lét vinna skýrslu árið um áhrif gúmmíkurls úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum á heilsu og umhverfi. Skýrslan ber heitið *Mapping, emissions and environmental and health assessment of chemical substancies in artificial turf*.[1] Þar kemur fram að algengt sé að kurluð gúmmídekk séu notuð sem fyllingarefni á gervigrasvöllum. Dekk geta innihaldið ýmiss konar hættuleg efni, svo sem arsen, ýmsa þungmálma, PAH, PCB, þalöt og fenól og því hafa vaknað upp spurningar um möguleg heilsufarsleg og umhverfisleg áhrif. Í skýrslunni er farið yfir rannsóknir frá Noregi, Svíþjóð, Hollandi, Sviss og Frakklandi, auk rannsóknar sem skýrsluhöfundar létu gera, á heilsu og umhverfisáhrifum gúmmíkurls úr dekkjum sem notuð eru á gervigrasvöllum. Niðurstöður skýrslunnar gefa til kynna að notkun gúmmíkurls úr notuðum dekkjum á gervigrasvöllum hafi ekki áhrif á heilsu þeirra sem stunda íþróttir á slíkum völlum. Þó sé einhver hætta á að ofnæmisviðbrögð gagnvart efnum í gúmmíinu geti myndast hjá einstaklingum sem er mjög hætt við ofnæmi. Einnig kom í ljós að hættuleg efni geta komist út í umhverfið í einhverju magni gegnum sigvatn frá völlunum við verstu mögulegu aðstæður. Hægt er að koma í veg fyrir slík áhrif með viðeigandi mengunarvörnum, svo sem frárennsliskerfi. Í þessu ljósi er mikilvægt að rekstraraðilar leiksvæða og gervigrasvalla sem nota gúmmíkurl úr notuðum bíldekkjum setji fram upplýsingar fyrir notendur þessara útivistarsvæða, fyrst og fremst um að gæta að hreinlæti en líka um að bursta eða skola af líkamanum leifar af gúmmíi sem situr fast við líkama og föt til að minnka líkur á ofnæmisviðbrögðum, forðast inntöku gúmmíkurls og að ef vart verði ofnæmisviðbragða (venjulega roði á húð) skuli hætta íþróttaiðkun eða leik á vellinum. Ekki er því að mati ráðherra brýn ástæða til að banna notkun gúmmíkurls af þessu tagi á leikvöllum eða gervigrasvöllum af heilsufarsástæðum, en ástæða er til þess að hvetja eigendur nýrra leiksvæða og gervigrasvalla til að huga að öðrum mögulegum kostum en að nota kurluð gúmmídekk á slíkum svæðum. Ráðherra mun beina því til Umhverfisstofnunar að koma ábendingum um slíkt á framfæri við rekstraraðila þessara staða og vekja athygli þeirra á þeirri rannsókn sem vitnað er til hér að framan.

2. *Hvað mun taka langan tíma að skipta um efni á völlunum í ljósi fjölda þeirra valla þar sem slíkt efni er nú þegar?*

Ekki er hægt að svara því hve langan tíma tæki að skipta um efni á völlum þar sem notað er gúmmíkurl úr bíldekkjum. Nákvæmur fjöldi gervigrasvalla með gúmmíkurli úr dekkjum hér á landi liggur ekki fyrir. Um er að ræða stóra fótboltavelli innan- og utanhúss, sparkvelli við skóla og á leiksvæðum. KSÍ-sparkvellir við grunnskóla eru 111, knattspyrnuvellir í fullri stærð innan húss eru átta talsins og fjöldinn allur er af minni völlum innandyra. Gera má ráð fyrir umtalsverðum kostnaði verði gúmmíkurli úr dekkjum skipt út fyrir annars konar gúmmí

[1] http://www2.mst.dk/udgiv/publications/2008/978-87-7052-866-5/pdf/978-87-7052-867-2.pdf.

en samkvæmt dönsku skýrslunni sem minnst er á hér að framan fer verð á slíku kurli hækkandi og munurinn getur orðið allt að fjórtánfaldur.

3. *Hvaða tilmæli, reglur eða bönn gilda um þetta efni í Þýskalandi og annars staðar á Norðurlöndum?*

Ráðherra er ekki kunnugt um að notkun gúmmíkurls úr notuðum dekkjum á gervigrasvöllum sé bönnuð annars staðar á Norðurlöndunum eða í Evrópu. Í Svíþjóð voru gefin út tilmæli árið 2006 þar sem hvatt er til þess að gúmmíkurl úr notuðum dekkjum sé ekki notað á nýja gervigrasvelli og enn fremur er hvatt til þess að notað sé annars konar gúmmíkurl þegar þörf gerist til útskiptingar á gúmmíkurli úr dekkjum. Tilmæli þessi eru í samræmi við stefnu Svía um umhverfi án eiturefna („giftfri miljö"). Síðan tilmælin voru gefin út árið 2006 hefur gervigrasvöllum sem nota gúmmíkurl úr notuðum dekkjum fækkað umtalsvert eða úr 91% af heildarfjölda valla niður í um 40%.

618. Svar [192. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um friðlýst svæði og framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

1. *Hefur verið gerð áætlun um hvernig markmiðum nýafstaðins ársfundar aðildarríkja samningsins um líffræðilega fjölbreytni verður náð á Íslandi næstu 10 árin? Óskað er svars annars vegar hvað varðar markmiðið um að verndarsvæði hafsvæða verði stækkuð þannig að þau nemi 10% í heild og hins vegar að verndarsvæði á landi verði stækkuð þannig að þau nái yfir 17% af þurrlendi.*

Þetta hefur ekki verið gert enn þá, enda er frekar stutt síðan 10. aðildarríkjafundi samningsins um líffræðilega fjölbreytni lauk í Nagoya í Japan, að morgni 30. október sl., þar sem tæplega 50 ákvarðanir voru teknar um margvísleg málefni samningsins og áherslur í framkvæmd hans fram til ársins 2020. Eitt af stærri málum fundarins var ný stefnumótun fyrir samninginn með 20 markmiðum. Eitt af þessum markmiðum kveður á um að árið 2020 verði á heimsvísu búið að friða 17% þurrlendis og ferskvatnssvæða og 10% haf- og strandsvæða, einkum þeirra sem hafa sérstaka þýðingu fyrir varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og þjónustu vistkerfa. Það er rétt að ítreka að stefnan er rammi fyrir framkvæmd samningsins á heimsvísu og framkvæmd markmiðanna er sveigjanleg, tekur mið af aðstæðum í hverju landi fyrir sig og hvert ríki aðildarríki samningsins er ekki skuldbundið til þess að uppfylla þessi markmið að fullu eða skilyrðislaust.

Samþykktir aðildarríkja fundarins gera ráð fyrir því að þessum atriðum verði búið að koma inn í stefnur og framkvæmdaáætlanir ríkja fyrir árið 2012. Á vegum ráðuneytisins er nýlokið við vinnu að áætlun um framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar um líffræðilega fjölbreytni og þar sem gert er ráð fyrir að á næstu tveimur árum verði unnið að endurnýjun stefnu um líffræðilega fjölbreytni og þá verði farið yfir það hvernig niðurstöður fundarins verða færðar inn í stefnuna.

2. *Hversu mörg og hversu stór svæði í sjó hér við land eru friðlýst eða undir annarri vernd samkvæmt lögum?*

Í dag eru 39 eyjar, haf- og strandsvæði friðlýst á grundvelli laga um náttúruvernd og ná þau yfir um það bil 455.000 ha svæði. Þess ber að geta að inni í þessari tölu er umfangsmikið hafsvæði, um 280.000 ha, sem lögin um verndun Breiðafjarðar afmarka, en hafsvæði utan marka stórstraumsfjöru nýtur ekki friðunar samkvæmt lögunum að mati margra sérfræðinga.

Fjölmörg svæði sem friðuð eru sem fiskveiðistjórnarsvæði á grundvelli laga um stjórn fiskveiða og heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið stuðla að verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Þetta eru einkum svæði sem hafa verið lokuð fyrir veiðum með botnvörpu um lengri tíma. Frá áramótum 2006 hafa fimm kóralsvæði undan Suðurströndinni verið friðuð fyrir veiðum að tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar og nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði árið 2004 til þess að gera tillögur um friðun viðkvæmra hafsvæða. Í tillögum nefndarinnar var lagt til að áfram yrði unnið að undirbúningi friðunar fleiri viðkvæmra svæða í hafinu við Ísland á grundvelli grunnviðmiða og rannsókna á botngerð Íslandsmiða. Nýlegar rannsóknir á botngerð og kóralsvæðum fyrir Suðurlandi hafa leitt í ljós nokkur heilleg kóralsvæði sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til að verði friðuð.

3. *Er fyrirhugað að friðlýsa eða vernda með öðrum hætti fleiri svæði í sjó?*

Í samræmi við nýsamþykkta stefnu samningsins um líffræðilega fjölbreytni er fyrirhugað að fjölga friðlýstum svæðum í sjó í þeim tilgangi að koma upp heildstæðu neti verndarsvæða sem hafi þýðingu fyrir varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni eða viðkvæmra vistkerfa og falli að markmiðum Samningsins um líffræðilega fjölbreytni og annarra alþjóðlegra samninga, svo sem OSPAR-samningsins um vernd NA-Atlantshafsins. Þetta er áætlað að gera í samstarfi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og stofnanir ráðuneytanna og í samvinnu við hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Haldinn hefur verið samráðsfundur með fulltrúum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins í kjölfar ráðherrafundar OSPAR í september sl., þar sem farið var yfir markmið og starf OSPAR hvað varðar verndarsvæði í hafi, en þar var ákveðið að vinna frekar að þessum málum í samstarfi ráðuneytanna og viðkomandi stofnana þeirra.

4. *Hversu stór hluti þurrlendis er friðlýstur á Íslandi eða undir annarri vernd samkvæmt lögum, annars vegar með jöklum og hins vegar utan þeirra?*

Heildarflatarmál svæða sem friðlýst eru á grundvelli laga um náttúruvernd eða með sérlögum er rúmlega 2,1 millj. ha, sem samsvarar um 21% landsins. Jöklar þekja um 830.000 ha af friðlýstum svæðum, en þar er Vatnajökull fyrirferðarmestur auk Snæfellsjökuls og hluta af Hofsjökli. Utan jökla eru því friðlýst landsvæði um 1.270.000 ha að stærð.

5. *Er fyrirhugað að friðlýsa eða vernda með öðrum hætti svæði á landi?*

Í samræmi við náttúruverndaráætlun 2009–2013 er unnið að því að friðlýsa um 20 ný svæði sem mikilvæg eru fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni, einkum plantna, fugla og nokkurra hryggleysingja eða jarðfræði. Auk þess er hafinn undirbúningur að aukinni friðun birkiskóga í samræmi við tillögur nefndar um verndun og endurheimt íslenskra birkiskóga. Undirbúningur að friðlýsingu tveggja svæða er á lokastigi en það eru stækkun friðlands og búsvæðis blesgæsa við Hvanneyri og Hálsar í Berufirði sem búsvæði brunnklukku.

Eftirfarandi tafla sýnir helstu svæðin sem unnið er að því að friðlýsa í samræmi við náttúruverndaráætlun, tillögur um stærð þeirra og megintilgang friðlýsingar:

Svæði	Stærð í ha	Markmið friðunar
Snæfjallaströnd	16.540	Plöntuverndun
Eyjólfsstaðaskógur	330	Plöntuverndun
Egilsstaðaskógur	2.470	Plöntuverndun
Gerpissvæðið	15.664	Plöntuverndun
Steinadalur, stækkun VJÞ	5.160	Plöntuverndun
Undirhlíðar	19.980	Búsvæði hryggleysingja
Orravatnsrústir	7.300	Votlendi
Þjórsárver, stækkun	77.660	Votlendi
Langisjór, stækkun VJÞ	40.400	Vistgerðir og jarðfræði
Vestmannaeyjar	2.000	Sjófuglar
Austara Eylendið	4.700	Búsvæði fugla
Geysir	2.200	Jarðfræði
Álftanes og Skerjafjörður	3.700	Búsvæði fugla
Látrabjarg og Rauðisandur	48.600	Búsvæði fugla
Látraströnd og Náttfaravíkur	64.000	Plöntuverndun
Álftanes, Akrar og Löngufjörur	46.000	Búsvæði fugla
Njarðvík og Loðmundarfjörður	46.800	Plöntuverndun

6. *Hefur verið gerð áætlun um hvernig draga megi úr eyðingu búsvæða, sbr. markmið ársfundarins um 50–100% árangur fyrir 2020?*

Vinna við heildstæða áætlun um það hvernig draga megi úr eyðingu búsvæða á grundvelli samþykktar fundar aðildarríkja samningsins um líffræðilega fjölbreytni er ekki hafin, en undirbúningur að þessu starfi er að hefjast. Það er ljóst að slíka áætlun þarf að byggja á góðum gögnum um stöðu og ástand búsvæða og mati á því hvaða búsvæði eru í mestri hættu. Jafnframt þarf að afla upplýsinga um það hvar eyðing búsvæða á sér stað, hversu mikil hún er og hvernig heppilegast er að draga úr eyðingunni. Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins vinna gegn eyðingu búsvæða og endurreisn þeirra í samvinnu við bændur og sveitarfélög og fleiri aðila. Mikilvægt er að nýta starf og þekkingu þessara stofnana, auk Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og annarra rannsóknastofnana við gerð áætlunar um aðgerðir gegn eyðingu búsvæða miðað við markmið samningsins. Þetta verður einn mikilvægasti þátturinn í endurskoðun á stefnumótun stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni í kjölfar Nagoya-samþykktanna.

619. Svar [263. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.*

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi ráðuneytisins á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010. Í eftirfarandi upptalningu er undanskilinn tilflutningur starfsfólks í tengslum

við flutning efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins annars vegar og þjóðlendumál hins vegar. Einnig eru undanskildar tímabundnar ráðningar starfsfólks til afleysinga og tilflutningur starfsfólks milli skrifstofa fjármálaráðuneytisins. Í febrúar 2009 setti fjármálaráðherra ráðuneytisstjóra tímabundið og í júní sama ár áttu ráðuneytisstjórar fjármálaráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis sætaskipti. Við þann tilflutning lét settur ráðuneytisstjóri af störfum. Skipaður var skrifstofustjóri á lagasvið fjármálaráðuneytisins í desember. Ráðnir voru ellefu sérfræðingar á tímabilinu. Þrír voru ráðnir á fjárreiðu- og eignaskrifstofu, tveir á fjárlagaskrifstofu, einn var ráðinn á tekju- og skattaskrifstofu, þrír voru ráðnir til yfirstjórnar og einn á rekstrar- og upplýsingasvið. Þá stóðu þrjú ráðuneyti að ráðningu eins sérfræðings til þess að sinna verkefnum þvert á ráðuneytin.

Í fjármálaráðuneytinu starfa nú 64 starfsmenn í 63,7 stöðugildum. Um er að ræða ráðuneytisstjóra, sex skrifstofustjóra, 45 sérfræðinga, fimm ritara, einn fjölmiðlafulltrúa, fimm afgreiðslufulltrúa og einn bílstjóra. Alls starfa 32 konur og 32 karlar í ráðuneytinu. Launakostnaður með launatengdum gjöldum fyrir umrætt tímabil er samtals 877.737 þús. kr.

2. *Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?*

Laun starfsmanna í ráðuneytinu voru lækkuð í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 18. ágúst 2009 um sparnaðaraðgerðir. Lækkunin nam 3–10% og náði til þeirra starfsmanna sem höfðu heildarlaun yfir 400 þús. kr. á mánuði. Laun þeirra sem mest báru úr býtum lækkaði hlutfallslega meira en þeirra sem lægri laun höfðu. Lækkunin var framkvæmd þannig að mánaðarlaun héldust óbreytt, en föstum yfirvinnutímum og einingum var fækkað. Starfsmönnum var tilkynnt um lækkunina á sérstökum starfsmannafundi. Jafnframt var hverjum starfsmanni afhent bréf, þremur mánuðum áður en ákvörðunin tók gildi, sem innihélt útfærslu á launasamsetningu hlutaðeigandi starfsmanns.

3. *Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?*

Í eftirfarandi töflum eru upplýsingar um sérfræðikostnað fyrir umrætt tímabil, greint eftir nöfnum verksala, fjárhæðum og tilgangi. Í fyrri töflunni er bókfærður kostnaður á aðalskrifstofu ráðuneytisins og í seinni töflunni er bókfærður kostnaður á safnlið ráðuneytisins. Þar er færður kostnaður vegna ýmissa tilfallandi verkefna, þ.m.t. talið samninga um Icesave, málefni banka og sparisjóða, þjóðlendumál og upplýsingatæknimál.

Sérfræðikostnaður aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Admon ehf	Ráðgjöf	731.083
Ashurst LLP	Erlend ráðgjöf	12.477.542
Ásdís Káradóttir	Prófarkalestur	35.000
Benedikt Bogason	Lögfræðiþjónusta	360.000
Brian Patrick Fitzgibbon	Þýðingar	396.360
Capacent Fjárfestingaráðgjöf hf	Ráðgjöf	3.614.458
Eiríkur Tómasson	Lögfræðiþjónusta	272.000
GH1 hf	Ráðgjöf	459.500
Hagrannsóknir og Ráðgjöf ehf	Ráðgjöf	352.000
Háskólinn í Reykjavík ehf	Fyrirlestur	100.000
Helga Jónsdóttir	Þýðingar	600.022
Helgi Dagbjartur Áss Grétarsson	Lögfræðiþjónusta	1.508.000
Juris hf	Lögfræðiþjónusta	2.696.695
Kjörhús sf	Þýðingar	28.637
Landslög lögfræðiþjónusta ehf	Lögfræðiþjónusta	13.484.628
LEX ehf	Lögfræðiþjónusta	810.856
LM Lögmenn sf	Lögfræðiþjónusta	7.177.500
Lögmenn Höfðabakka ehf	Lögfræðiþjónusta	997.500
Lögmenn Ránargötu ehf	Lögfræðiþjónusta	3.367.500
PricewaterhouseCoopers ehf	Lögfræðiþjónusta og ráðgjöf	1.086.500
Rikke May Kristþórsson	Þýðingar	162.842
Samband íslenskra sveitarfélaga	Þátttaka í kostnaði vegna ráðgjafar	883.335
Scriptorium ehf	Þýðingar	454.125
Talnakönnun hf	Ráðgjöf	504.700
Ut vil ek ehf	Erindi	30.000
Utanríkisráðuneyti	Þýðingar	244.020
Viðar Már Matthíasson	Lögfræðiþjónusta	264.000
VSI öryggishönnun og ráðgjöf eh	Fyrirlestur	49.560
Samtals		**53.148.363**

Sérfræðikostnaður á safnlið fjármálaráðuneytisins, 09-999 Ýmislegt.

Ashurst LLP	Lögfræðiþjónusta	22.378.499
Björg Thorarensen	Lögfræðiþjónusta	288.000
Cleary Gottlieb Steen & Hamilton	Lögfræðiþjónusta	58.497.209
Erna Guðmundsdóttir	Lögfræðiþjónusta	120.000
FD-Financial Dynamics Limited	Lögfræðiþjónusta	30.643
Hawkpoint Partners Ltd	Lögfræðiþjónusta	246.284.956
Heenan Blaikie	Lögfræðiþjónusta	16.845.986
Juris hf	Lögfræðiþjónusta	43.788.585
Landslög lögfræðiþjónusta ehf	Lögfræðiþjónusta	9.899.881
Landslög slf	Lögfræðiþjónusta	5.274.000
LM Lögmenn sf	Lögfræðiþjónusta, ráðgjöf og þýðingar	7.549.700
Lögfræðiþjónusta Sig. Sigur ehf	Lögfræðiþjónusta	1.170.000
Lögheimtan ehf	Lögfræðiþjónusta	200.000
Lögmenn Suðurlandi ehf	Lögfræðiþjónusta	3.640.000
Marag ehf	Lögfræðiþjónusta	408.000
Mishcon de Reya Solicitors	Lögfræðiþjónusta	18.606.807
Admon ehf	Ráðgjöf	22.625
Arndís Ósk Jónsdóttir	Ráðgjöf	222.500
Auðkenni ehf	Ráðgjöf	148.781
Fuglar ehf	Ráðgjöf	211.194
GH1 hf	Ráðgjöf	3.522.533
Háskóli Íslands	Ráðgjöf	404.250
Juris hf	Ráðgjöf	580.125
Landform ehf	Ráðgjöf	105.314
LEX ehf	Ráðgjöf	283.500
PricewaterhouseCoopers ehf	Ráðgjöf	38.380.958
Ríkiskaup	Ráðgjöf	8.147.827
Sjónarrönd ehf	Ráðgjöf	4.356.000
Skýrr ehf	Ráðgjöf	1.370.440
Þjóðskjalasafn Íslands	Skráning á skjalasafn og þjóðlendumál	5.064.740
Óbyggðanefnd	Þjóðlendumál	11.795.288
Auðkenni ehf	Þjónusta vegna rafrænna skilríkja	24.367.575
Brian Patrick Fitzgibbon	Þýðingar	374.942
Scriptorium ehf	Þýðingar	32.875
Sigrún Birna Birnisdóttir	Þýðingar	55.104
Sigrún Kristín Baldvinsdóttir	Þýðingar	72.000
		534.500.837

4. *Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?*

Algengast er að fela sérfræðingum fjármálaráðuneytisins eða stofnana ráðuneytisins sérfræðiverkefni á ábyrgðarsviði fjármálaráðuneytisins. Jafnframt er algengt að fela starfsmönnum verkefni sem ekki er hægt að fella beint undir verksvið ráðuneytisins, t.d. ýmis tilfallandi verkefni. Hins vegar hefur á umræddu tímabili komið upp nokkur fjöldi mála þar sem talin er þörf á utanaðkomandi sérþekkingu og ráðgjöf, m.a. til þess að tryggja samráð og aðkomu hlutlausra aðila. Mest er þessi utanaðkomandi ráðgjöf í tengslum við efnahagshrunið, Icesave-viðræðurnar, uppgjör milli gömlu og nýja bankanna og málefni sparisjóða. Í veigamiklum málum hefur m.a. verið leitað til erlendra aðila til þess að tryggja alþjóðlega sérfræðiþekkingu og reynslu á viðkomandi sviðum. Eðlilegt er að leita til utanaðkomandi sérfræðinga og ráðgjafa við úrlausn slíkra verkefna og það hefur verið metið svo að ekki sé unnt að leysa þau innan ríkiskerfisins.

620. Svar [229. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar um launakjör heilbrigðisstétta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða munur er á launakjörum helstu heilbrigðisstétta, þ.e. lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, á Íslandi og í Noregi?

Samanburðarhæfar upplýsingar um launakjör ofangreinda heilbrigðisstétta eru ekki tiltækar í ráðuneytinu. Kannað var hvort opinberir aðilar á Íslandi ættu upplýsingar sem að gagni kæmu við vinnslu fyrirspurnarinnar en svo var ekki.

Hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) fengust upplýsingar um laun sérfræðilækna og hjúkrunarfræðinga á ríkisreknum sjúkrahúsum á Íslandi og í Noregi árið 2008. Ekki er hægt að fullyrða að tölurnar séu fyllilega samanburðarhæfar þar sem hóparnir sem bornir eru saman eru um margt ólíkir milli landa og ekki er tekið tillit til vinnutíma eða vinnuskipulags þeirra. Því er rétt að hafa nokkurn fyrirvara á samanburði meðfylgjandi upplýsinga.

- Upplýsingar um íslenska sérfræðilækna vísa til þeirra sem starfa á sjúkrahúsum, að meðtöldum yfirlæknum en án læknanema.
- Upplýsingar um norska sérfræðilækna vísa til sérfræðilækna, aðstoðarlækna og heimilislækna sem starfa á ríkissjúkrahúsum.
- Upplýsingar um íslenska hjúkrunarfræðinga vísa til þeirra sem starfa á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum.
- Upplýsingar um norska hjúkrunarfræðinga vísa til þeirra sem starfa á ríkissjúkrahúsum, hafa lokið háskólaprófi en eru án sérhæfingar.
- Á Íslandi er miðað við árslaun 2008 en í Noregi er miðað við laun í október 2008.

Meðfylgjandi tafla sýnir laun hópanna í Bandaríkjadölum.

Stétt	Á Íslandi	Í Noregi	Munur
Sérfræðilæknar	$ 131.895	$ 129.717	1,7%
Hjúkrunarfræðingar	$ 62.873	$ 75.498	16,7%

Launin voru einnig umreiknuð á jafnvirðisgildi (e. Purchasing Power Parity, PPP) og eru birt í næstu töflu. Jafnvirðisgildi er notað til að bera saman hlutfallslegt verðlag (laun) milli landa. Jafnvirðisgildi er umreikningstala fyrir mismunandi gjaldmiðla og notuð í stað gengis. Jafnvirðisgildi sýnir hve mikið þarf í gjaldmiðlum einstakra ríkja til að kaupa sama magn vöru og þjónustu í öðrum löndum.

Stétt	Á Íslandi	Í Noregi	Munur
Sérfræðilæknar	$PPP 92.747	$PPP 80.375	15,4%
Hjúkrunarfræðingar	$PPP 44.211	$PPP 46.780	5,5%

621. Svar [320. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

1. *Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Ráðstöfunarfé ráðherra er ákveðið á fjárlögum hvers árs. Árlegt ráðstöfunarfé fjármálaráðherra hefur verið á bilinu 5–6 millj. kr. á umræddu tímabili. Árin 2006–2009 var framlagið 6 millj. kr., en árið 2010 lækkaði það um 1 millj. kr. Jafnframt hefur fjármálaráðherra haft fjárheimildir til ráðstöfunar til sérstakra verkefna. Um er að ræða styrki til ríkisaðila eða góðgerðarmála sem nema endurgreiðslu virðisaukaskatts af innkaupum á kostnaðarsömum vörum. Þessar heimildir eru annars eðlis en hefðbundið ráðstöfunarfé ráðherra og því ekki fjallað um það nánar hér. Þá er heldur ekki fjallað sérstaklega um ráðstöfun á sérstökum fjárheimildum ríkisstjórnarinnar til ýmissa mála, þ.m.t. góðgerðarmála.

2. *Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Í eftirfarandi töflu eru upplýsingar um styrkþega og upphæðir sundurliðað eftir árum. Þrátt fyrir að gjaldfærðar fjárhæðir á árunum 2006, 2007 og 2009 séu hærri en fjárlög gera ráð fyrir, þá eru greiðslurnar innan fjárheimilda. Það skýrist af óráðstöfuðum fjárheimildum fyrri ára sem nýttar voru umrædd ár.

Styrkir af ráðstöfunarfé fjármálaráðherra 2010	
Raunvísindastofnun Háskólans	100.000
Harpa Dís Harðardóttir	200.000
Fræðsla og forvarnir	150.000
Draumasmiðjan Útgáfa ehf.	150.000
Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan	150.000
Vímulaus æska – Foreldrahús	150.000
Félag áhugamanna um íþróttir aldraðra	150.000
DreamVoices ehf.	150.000

Samtök áhugafólks um spilafíkn	200.000
Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar	700.000
Menningarfélagið Hof ses.	300.000
Félag heyrnarlausra	250.000
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	150.000
Samtals	**2.800.000**

Styrkir af ráðstöfunarfé fjármálaráðherra 2009

Hveragerðisbær	300.000
Landssamtök landeigenda á Íslandi	500.000
Bocuse d'Or Akademia Icel ehf.	200.000
Vinin ehf.	200.000
Eldstál ehf.	1.700.000
Kirkjuhvoll, heimili aldraðra	400.000
Blátt áfram, forvarnarverkefni	100.000
Landsmót UMFÍ 2009	700.000
Gay Pride – Hinsegin dagar, félag	100.000
DreamVoices ehf.	100.000
Akureyrardeild Rauða kross Íslands	200.000
Félag MND-sjúklinga	100.000
Aflið – Systursamtök Stigamóta	100.000
Félag háskólakvenna og kvenstúdenta	80.000
Töfragarðurinn ehf.	100.000
Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar	900.000
Surtseyjarfélagið	350.000
Ferðaklúbburinn Flækjufótur	200.000
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	165.000
Húsavíkursókn	100.000
Samtals	**6.595.000**

Styrkir af ráðstöfunarfé fjármálaráðherra 2008

Grettisakademían	200.000
Tryggvi Ólafsson	50.000
Karlakór Reykjavíkur	150.000
Umsjónarkennari 10. b Hellu	200.000
Svavar Sigurðsson	50.000
Hollvinir Grímsness	75.000
Ferðaklúbburinn Flækjufótur	100.000
Leirubakki – ferðaþjónusta ehf.	500.000
Kór félagsstarfs aldraðra Reykjavíkur	100.000
Handknattleikssamband Íslands	800.000
DreamVoices ehf.	250.000
Hafnarskóli	100.000
Töfragarðurinn ehf.	400.000
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	165.000
Stuðningsfélagið Kraftur	50.000
Fimleikadeild UMF Selfoss	50.000
Félag háskólakvenna og kvenstúdenta	100.000
Kvenfélagasamband Íslands	150.000
Zontaklúbbur Akureyrar	100.000
Háskólinn í Reykjavík ehf.	400.000
Særún Vogunum hestam.	250.000
Hamrahlíðarkórinn	300.000

Guðni Reynir Þorbjörnsson	200.000
Óperukór Hafnarfjarðar	300.000
Samtals	**5.040.000**

Styrkir af ráðstöfunarfé fjármálaráðherra 2007

Flensborgarskóli	1.500.000
Háskóli Íslands	300.000
Háskóli Íslands	200.000
Hveragerðisbær	300.000
Sandgerðisbær	500.000
Blái herinn, umhverfissamtök	500.000
Karlakór Keflavíkur	200.000
Félag MND-sjúklinga	750.000
Bandalag kvenna í Reykjavík	50.000
Þyrping hf.	200.000
Óperukór Hafnarfjarðar	500.000
Ferðaklúbburinn Flækjufótur	150.000
Lykilráðgjöf ehf.	1.000.000
Lúðrasveit Seltjarnarness	100.000
Kór Skálholtskirkju	250.000
Lögmenn Suðurlandi ehf.	2.000.000
Félag þjóðfræðinga á Íslandi	100.000
Skagfirska söngsveitin	250.000
Landssamband hestamannafélaga	600.000
Karlakór Reykjavíkur	150.000
Kammerkór Suðurlands	200.000
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	4.500.000
Kvískerjasjóður	1.000.000
Skotveiðifélag Íslands	500.000
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	160.000
Matvæla- og næringarfræðafél Íslands	200.000
Samtals	**16.160.000**

Styrkir af ráðstöfunarfé fjármálaráðherra 2006

Samtök áhugafólks um spilafíkn	200.000
Hið íslenska biblíufélag	250.000
Ferðaklúbburinn Flækjufótur	150.000
Samtök gegn fátækt, áhugamannafélag	150.000
Samkórinn Björk	60.000
Skákfélagið Hrókurinn	50.000
Krossinn, kristilegt félag	50.000
Lögreglukór Reykjavíkur	150.000
Kór Félags eldri borgara Reykjavíkur	200.000
Reykdalsfélagið	1.000.000
Karlakór Reykjavíkur	150.000
Jón Kristinn Óskarsson	100.000
Félag eldri borgara Önundarfirði	300.000
Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra	100.000
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	150.000
Kvenfélagasamband Íslands	60.000
Sigurgeir ljósmyndari ehf.	500.000
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	1.000.000
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	1.000.000

Taflfélag Vestmannaeyja	50.000
Karlakór Hreppamanna	100.000
Sendiráð París	200.000
Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf.	400.000
Mæðrastyrksnefnd Reykjavík	350.000
Háskólinn á Bifröst ses.	100.000
Rútur Snorrason	150.000
Ívar J. Arndal	600.000
NóNó ehf.	500.000
Guðrún Ruth Viðarsdóttir	300.000
Filmverk ehf.	250.000
Handknattleikssamband Íslands	1.750.000
Kvenréttindafélag Íslands	150.000
Aleksandra Chernyshova	200.000
Þroskahjálp á Suðurnesjum	606.000
Samtals	**11.326.000**

622. Svar [146. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um tekjutap sveitarfélaga vegna uppsagna heilbrigðisstarfsfólks.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert er áætlað tekjutap sveitarfélaga vegna lægri útsvarstekna sem fylgja uppsögnum heilbrigðisstarfsfólks sem starfar í dag á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni?

Vísað er til upplýsinga í svari heilbrigðisráðherra 8. nóvember sl. við fyrirspurn þingmannsins frá 12. október um hversu margir gætu misst vinnu á heilbrigðsstofnunum á landsbyggðinni nái niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar fram að ganga. Í svarinu kemur fram að 393 starfsmenn í 261 stöðugildi gætu misst störf sín og er þá tekið tillit til aukinna fjárveitinga til heilsugæslunnar, m.a. vegna sjúkraflutninga og aukinnar heimaþjónustu.

Miðað við meðaltalsútreikninga út frá þessari áætlun gæti lækkun útsvarstekna sveitarfélaga vegna færri heilbrigðisstarfsmanna á landsbyggðinni orðið á bilinu 150 til 200 millj. kr. Á móti því kæmu útsvarstekjur vegna þeirra sem fá önnur störf eða þeirra sem verða atvinnulausir um tíma en af þeim bótum er einnig reiknað útsvar. Gætu þær orðið á bilinu 82 til 112 millj. kr. ef reiknað er með því að allir verði atvinnulausir. Nettóáhrif yrðu þá um 80 millj. kr. lækkun miðað við þessar upphaflegu áætlanir. Þær áætlanir hafa hins vegar breyst nokkuð og því gætu áhrifin orðið jafnvel minni.

Þá ber þess að geta að dæmi eru um að heilbrigðisstarfsfólk búi á höfuðborgarsvæðinu en hafi tekjur vegna vinnu við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni og kæmi hugsanlegur missir starfa þessa hóps ekki niður á tekjum sveitarfélaga.

Af þessum sökum og vegna nýrra áætlana um samdrátt á þessu sviði er erfitt að meta með nákvæmum hætti heildaráhrif á útsvarstekjur hjá einstökum sveitarfélögum eða landsvæðum við ákvarðanir um fækkun starfsmanna hjá nokkrum starfsstéttum innan heilbrigðisgeirans.

623. Svar [324. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

1. *Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Fjárlagaliðurinn 07-199-1.10, Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra, var með 5 millj. kr. fjárheimild á ári 1996–2009. Fjárhæðin var lækkuð í 3,5 millj. kr. árið 2010 til að mæta kröfu um hagræðingu í starfsemi ráðuneytisins.

2. *Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Ráðuneytið hefur tekið saman upplýsingar um það hvernig ráðstöfunarfé ráðherra hefur verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum, viðtakanda og tilefni styrkveitingar. Árin 2007 og 2008 nýtti ráðuneytið að auki fjármuni af óskiptum safnlið til að styrkja starfsemi hjálparsamtaka og samtaka sem vinna gegn kynferðislegu ofbeldi. Þeir styrkir eru taldir hér með.

Á þeim fimm árum sem spurt er um hafa sjö ráðherrar gegnt embætti félagsmálaráðherra og frá 2008 félags- og tryggingamálaráðherra. Árni Magnússon til 7. mars 2006, Jón Kristjánsson til 15. júní 2006, Magnús Stefánsson til 24. maí 2007, Jóhanna Sigurðardóttir til 1. febrúar 2009, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir til 10. maí 2009, Árni Páll Árnason til 2. september 2010 og Guðbjartur Hannesson frá 2. september 2010.

Viðtakandi	Kr.	Skýring
2006		
Blátt áfram, forvarnaverkefni	500.000	Styrkur til forvarna og fræðslustarfs gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum
Félag um forvarnastarf læknanema	200.000	Styrkur til forvarnastarfs læknanema
Femínistafélag Íslands	100.000	Styrkur til átaksins „Karlmenn segja NEI við nauðgunum“
Íþróttasamband fatlaðra	500.000	Framlag til sumarbúða fyrir fatlaða
Kvenfélagasamband Íslands	250.000	Styrkur vegna 34. landsþings Kvenfélagasambands Íslands
Kvennaráðgjöfin	200.000	Styrkur til starfsemi Kvennaráðgjafarinnar
Kvenréttindafélag Íslands	200.000	Styrkur til þátttöku frjálsra félagasamtaka í 50. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna
Landssamband eldri borgara	400.000	Styrkur til könnunar á kjörum aldraðra
Leikhópurinn Perlan	200.000	Styrkur til starfsemi leikhópsins
Reykjavíkurdeild RKÍ	1.000.000	Styrkur til rekstrar Fjölskyldumiðstöðvarinnar
Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi	250.000	Styrkur til starfsemi samtakanna
Þroskahjálp, landssamtök	1.200.000	Styrkur til stefnumótunar um auðlesið efni
2007		
Arnfirðingafélagið	100.000	Styrkur til fjölskylduhátíðarinnar „Bíldudals grænar“
Barnaheill, félag	300.000	Ráðstefna um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum
Blátt áfram, forvarnaverkefni	500.000	Styrkur til forvarna og fræðslustarfs gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum

Viðtakandi	Kr.	Skýring
Breiðavíkursamtökin	250.000	Styrkur til að opna heimasíðu
Félag einstæðra foreldra	300.000	Styrkur í námssjóð einstæðra foreldra
Félag eldri borgara	250.000	Styrkur til starfsemi félagsins
Félag eldri borgara í Önundarfirði	200.000	Styrkur til starfsemi félagsins
Félag um forvarnastarf læknanema	100.000	Styrkur til forvarnastarfs læknanema
Félag um foreldrajafnrétti	250.000	Styrkur til starfseminnar
Fjölmennt	100.000	Styrkur til starfsemi Fjölmenntar á Selfossi
Fjölskylduhjálp Íslands	250.000	Vegna jólaúthlutunar til skjólstæðinga
Háskóli Íslands	250.000	Til rannsóknar um forvarnir, vímuefnaneyslu o.fl.
Háskólinn Akureyri	150.000	Styrkur vegna ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði
Háskólinn Bifröst	1.300.000	Styrkur til Rannsóknaseturs verslunarinnar vegna skýrsl unnar „Framleiðnimæling og ávinningur af aukinni atvinnuþátttöku eldri borgara og öryrkja“
Hestamiðstöð Reykjavíkur	200.000	Styrkur til reiðnámskeiða fyrir fötluð börn
Hjálpræðisherinn á Íslandi	250.000	Vegna jólaúthlutunar til skjólstæðinga
Hlutverk, samtök um vinnu- og verkþjálfun	200.000	Styrkur til náms- og kynnisferðar í Noregi
Íþróttasamband fatlaðra	500.000	Styrkur til verkefna á vegum sambandsins
Kvenréttindafélag Íslands	100.000	Til þátttöku á aðalfundi IAW
Lára Jóna Þorsteinsdóttir	75.000	Styrkur til rannsóknar um móttöku, nám og líðan barna af erlendum uppruna í íslenskum grunnskóla
Lionsklúbbur Patreksfjarðar	100.000	Styrkur til tækjakaupa fyrir bíónefnd klúbbsins
Mæðrastyrksnefnd Akureyrar	250.000	Vegna jólaúthlutunar til skjólstæðinga
Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar	250.000	Vegna jólaúthlutunar til skjólstæðinga
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	500.000	Vegna jólaúthlutunar til skjólstæðinga
Oleksandra Chernyshova	100.000	Styrkur til uppsetningar á óperu á Sæluviku Skagfirðinga 2007
Páll Biering	300.000	Styrkur til verkefnisins „Staðlað mat á árangri forvarna- og meðferðarstarfs unglinga“
Reykjavíkurborg	250.000	Styrkur til rannsókna á íþrótta- og félagsþátttöku barna af erlendum uppruna í Breiðholti
Risið, líknarfélag áfengissjúklinga	250.000	Styrkur vegna útgáfu bókar um 30 ára sögu félagsins
Samhjálp, félagasamtök	250.000	Styrkur til Kaffistofu Samhjálpar vegna aðstoðar við heimilislaust fólk
Samtök áhugafólks um spilafíkn	200.000	Styrkur til starfsemi félagsins
Símenntunarstöð Vesturlands	300.000	Styrkur til menntasmiðju kvenna á Vesturlandi
Sólstafir Vestfjarða	600.000	Styrkur til starfseminnar
Sjómannadagsráð Ólafsvíkur	35.000	Kveðja til sjómanna í Sjómannadagsblaði Snæfellsbæjar
Skákskóli Hróksins	500.000	Styrkur til að kynna skák fyrir grunnskólabörnum

Viðtakandi	Kr.	Skýring
2008		
ADHD-samtökin	500.000	Vegna ráðstefnu á 20 ára afmæli samtakanna
Ás – styrktarfélag	1.000.000	Styrkur til starfs- og endurmenntunar í tilefni 50 ára afmælis félagsins
Einstök börn, stuðningsfélag	250.000	Styrkur til starfseminnar
Femínistafélag Íslands	150.000	Styrkur til átaksins „Karlmenn segja NEI við nauðgunum“
Félag aðstandenda alzheimersjúklinga	100.000	Styrkur til starfsemi félagsins
Félag eldri borgara	200.000	Til ritunar á sögu Félags eldri borgara í Hafnarfirði
Félag háskólakvenna	100.000	Vegna verkefna á 80 ára afmæli
Félag MND-sjúklinga	500.000	Vegna reksturs og verkefna MND-félagsins
Fjölskylduhjálp Íslands	600.000	Vegna úthlutunar til skjólstæðinga félagsins
Geðhjálp	500.000	Vegna samstarfsverkefnis um átak í öflun sjálfboðaliða
Halaleikhópurinn	100.000	Uppsetning á leiksýningu
Háskóli Íslands	250.000	Til kaupa á sérhæfðum búnaði fyrir aðgengissetur á Háskólatorgi
Háskólinn á Bifröst ses.	500.000	Til rannsókna. Lokun félagslega íbúðakerfisins
Hestamiðstöð Reykjavíkur	200.000	Styrkur til reiðnámskeiða fyrir fötluð börn
Hjálparstarf kirkjunnar	1.300.000	Styrkur til starfseminnar
Hjálpræðisherinn á Íslandi	500.000	Vegna úthlutunar til skjólstæðinga nefndarinnar
Íþróttasamband fatlaðra	500.000	Styrkur til sumarbúða fyrir fötluð börn
Kvenréttindafélag Íslands	100.000	Styrkur til málþings á vegum Kvenréttindafélagsins
Landlæknisembættið	300.000	Styrkur til að ljúka við verkefnið „Þjóð gegn þunglyndi“
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	100.000	Styrkur til að setja upp sýningu um líf flóttamanna á Íslandi
Mannréttindaskrifstofa Íslands	100.000	Styrkur til starfsemi Mannréttindaskrifstofunnar
Mæðrastyrksnefnd Akureyrar	600.000	Vegna úthlutunar til skjólstæðinga nefndarinnar
Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar	600.000	Vegna úthlutunar til skjólstæðinga nefndarinnar
Mæðrastyrksnefnd Kópavogs	600.000	Vegna úthlutunar til skjólstæðinga nefndarinnar
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	1.200.000	Vegna úthlutunar til skjólstæðinga nefndarinnar
Nonnahús, minjasafn	100.000	Vegna sýningar um Jón Sveinsson – Nonna
NFBO – norræn samtök	200.000	Vegna ráðstefnu NFBO
Reykjavíkurdeild RKÍ	300.000	Vegna jólaúthlutunar til skjólstæðinga
Rithöfundasamband Íslands	150.000	Góugleði, bókmenntahátíð kvenna, og Fjöruverðlaun
Rífandi gangur	500.000	Vegna hestatengdrar liðveislu fyrir fötluð börn
Samhjálp, félagasamtök	300.000	Vegna aðstoðar við heimilislaust fólk
Samtök um kvennaathvarf	1.000.000	Styrkur til starfseminnar
Skáksamband Íslands	100.000	Alþjóðlegt skákmót til minningar um Bobby Fischer
Sjálfsbjörg, höfuðborgarsvæðinu	100.000	Styrkur fyrir hjálparmenn í ferðum fatlaðra
Sólstafir Vestfjarða	800.000	Styrkur til starfseminnar
Stígamót, samtök kvenna	2.425.000	Styrkur til starfseminnar. Til þátttöku að Evrópusetri um ofbeldi gegn konum
Stuðningshópur fyrir foreldra	150.000	Styrkur til stuðningshóps foreldra sem hafa misst börn til að halda ráðstefnu

Viðtakandi	Kr.	Skýring
2009		
Draumasmiðjan útgáfa ehf.	100.000	Vegna alþjóðlegrar listahátíðar heyrnarlausra
Femínistafélag Íslands	50.000	Vegna átaksins „Karlmenn segja NEI við nauðgunum“
Félag háskólakvenna/kvenstúdenta	100.000	Styrkja erlendar konur sem búsettar eru á Íslandi
Félag heyrnarlausra	500.000	Vegna 50 ára afmælis og útgáfu bókarinnar „Saga heyrnarlausra á Íslandi“
Félag MND-sjúklinga	200.000	Vegna reksturs og verkefna MND-félagsins
Fræðsla og forvarnir	250.000	Vegna fræðsluefnis fyrir nemendur í grunnskólum
Gay Pride – Hinsegin dagar, félag	100.000	Vegna Hinsegin daga í Reykjavík
Hanna Björg Sigurjónsdóttir	400.000	Námskeið fyrir seinfæra foreldra
Háskóli Íslands	250.000	Vegna rannsóknar á sjálfboðastarfi
Háskólinn á Akureyri	100.000	Vegna ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði
Hjálparstarf kirkjunnar	220.000	Styrkur til starfseminnar
Hjálpræðisherinn á Íslandi	260.000	Vegna jólaúthlutunar til skjólstæðinga
Íslenska lögregluforlagið ehf.	30.000	Til að gefa út unglingabækling
Íþróttasamband fatlaðra	500.000	Vegna sumarbúða ÍF á árinu 2009
Íþróttasamband fatlaðra	18.000	Vegna Evrópumeistaramóts fatlaðra í sundi
Jóhanna Rósa Arnardóttir	50.000	Vegna rannsóknar á leið ungmenna frá skóla til vinnu
Leikhópurinn Þíbilja	250.000	Styrkur vegna leikinnar dagskrár um atvinnu/atvinnuleysi
Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar	220.000	Vegna jólaúthlutunar til skjólstæðinga nefndarinnar
Mæðrastyrksnefnd Akureyrar	220.000	Vegna jólaúthlutunar til skjólstæðinga nefndarinnar
Mæðrastyrksnefnd Kópavogs	220.000	Vegna jólaúthlutunar til skjólstæðinga nefndarinnar
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	220.000	Vegna jólaúthlutunar til skjólstæðinga nefndarinnar
Reykjavíkur Akademían ses.	50.000	Styrkur vegna málþings
Reykjavíkurdeild RKÍ	220.000	Vegna jólaúthlutunar til skjólstæðinga
Rithöfundasamband Íslands	75.000	Góugleði, bókmenntahátíð kvenna, og Fjöruverðlaun, bókmenntaverðlaun kvenna 2009
Samhjálp, félagasamtök	220.000	Vegna aðstoðar við heimilislaust fólk
Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra	75.000	Fyrir hjálparmenn í ferðir fatlaðra
Æskan og hesturinn, áhugamannafélag	100.000	Vegna sýningarinnar „Æskan og hesturinn“
2010		
FSS – félag STK stúdenta	50.000	Vegna starfseminnar
Íþróttasamband fatlaðra	670.000	Vegna sumarbúða ÍF á árinu 2009 og vetrarólympíumóts fatlaðra 2010
Málamynd ehf.	200.000	Vegna fyrirlestrarferðar í framhaldsskóla landsins
Ný dögun, samtök um sorg/sorgarviðbrögð	100.000	Vegna stuðnings við starfsemi samtakanna 2010
Þorbergur Ólafsson	60.000	Vegna útgáfu blaðsins „Málefni aldraðra“
Æskan og hesturinn	100.000	Vegna sýningarinnar „Æskan og hesturinn“

624. Svar [329. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*
2. *Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

	Árið 2007 – fjárheimild 3.000.000 kr.
Upphæð	**Lýsing**
300.000	Styrkur til útgáfu bókar til heiðurs Guðmundi K. Magnússyni
6.000	Þroskahjálp, landssamtök
5.000	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna
100.000	Íslenski þekkingardagurinn
200.000	Námskeið, „Traust í viðskiptalífinu“
250.000	Fagráðstefna – Roots of Competitiveness
15.000	Til útgáfu 46. árgangs Hagamála
876.000	
	Árið 2008 – fjárheimild 3.000.000 kr.
Upphæð	**Lýsing**
300.000	Fóður og fjör 2008
300.000	Vefsíðan tengjumst.is
150.000	Rannsóknarsetur v. rannsóknar á íslenskri netverslun
300.000	Íslensku neytendaverðlaunin
4.300	Keypt bók Amnesty International report 2008
150.000	Verkefnið Kraftur kringum landið
75.000	Hinsegin dagar
500.000	Alþjóðleg kvikmyndahátíð
300.000	Vefsíða til kynningar og markaðsmála fyrir ísl. hestinn og ísl. hestamennsku í Danmörku
20.000	Styrkur – Norðurlandamót
15.000	Styrkur til útgáfu félagsblaðsins Hvata
50.000	Styrkur til Einstakra v. verkefnisins Samverjinn
200.000	Styrkur v. silfursýningar Kaupmannahöfn
50.000	Styrkur v. verkefnisins Unga fólkið og heimabyggðin
200.000	Styrkur í stað jólakorta
220.000	Styrkur v. þings Neytendasamtakanna
300.000	Útgáfustyrkur v. blaðsins Athygli
150.000	Styrkur v. ferðar 3. fl. UMF karla í fótbolta
3.284.300	

	Árið 2009 – fjárheimild 4.900.000 kr.
Upphæð	**Lýsing**
200.000	Fjölbrautaskóli Suðurlands v. Kínaferðar nemenda
150.000	Styrkur v. ráðstefnu á vegum Landssambands hugvitsmanna
500.000	Vinir Skálholtsréttar v. enduruppgerðar og uppbyggingar Skaftholtsréttar
300.000	Ben Media ehf.
300.000	Menningarmiðlun ehf. v. ljósmyndasýningar Sigurðar Sigmundssonar
1.450.000	
	Árið 2010 – fjárheimild 2.100.000 kr.
Upphæð	**Lýsing**
300.000	Páll Ammendrup Ólafsson v. ritg. eða rannsóknarverkefnis sem tengist efnahagshruninu
250.000	Álfrún Tryggvadóttir v. ritgerðar eða rannsóknarverkefnis sem tengist efnahagshruninu
250.000	Inga Lára Gylfadóttir v. ritgerðar eða rannsóknarverkefnis sem tengist efnahagshruninu
200.000	Högni Haraldsson v. ritgerðar eða rannsóknarverkefnis sem tengist efnahagshruninu
200.000	Hásk. á Bifröst ses. v. ritgerðar eða rannsóknarverkefnis sem tengist efnahagshruninu
1.200.000	

625. Svar [261. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.*

Innan ráðuneytisins voru nokkrar tilfærslur og starfsmannabreytingar á þessu tímabili og eru þær eftirtaldar: Ráðuneytisstjóri var fjarverandi vegna veikinda frá maí 2009 þar til hann lést í mars 2010. Var skrifstofustjóri settur ráðuneytisstjóri frá maí 2009 og til ársloka 2010. Starfsmaður ráðuneytisins í Brussel hætti störfum í ágúst 2010 og var enginn ráðinn í hans stað. Tveir lögfræðingar fóru í tímabundin leyfi, annar í mars 2009 og hinn í september 2009. Skrifstofustjóri fluttist til ráðuneytisins með verkefnum frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti í október 2010. Lögfræðingur sem var í tímabundnu leyfi kom aftur til starfa í júlí 2009. Skrifstofustjóri varð ráðherra í febrúar 2009 og lögfræðingur var settur skrifstofustjóri í hennar stað. Lögfræðingur var ráðinn tímabundið í janúar 2010 og lauk störfum í júlí 2010. Ritari ráðherra hætti í mars 2010, annar ritari færðist í hennar starf og eitt ritarastarf var lagt niður í kjölfarið. Tveir lögfræðingar voru ráðnir á tímabilinu, annar í febrúar 2009 og hinn í júní 2009. Skrifstofustjóri kom úr leyfi í júlí 2009. Þrír laganemar voru ráðnir tímabundið í maí 2010 og luku störfum í byrjun október 2010. Ráðherrabílstjóri sameiginlegur með öðru ráðuneyti var ráðinn í september 2010, en þá fluttist fyrri ráðherrabílstjóri til annars ríkisaðila.

Ársverk miðað við fyrstu tíu mánuði ársins 2010 voru 29,8 talsins og skiptust þannig að karlar voru 8,4 talsins og konur 21,4. Ársverkum hefur fækkað um 4,8 milli ára, eða 14%, þar sem árið 2009 voru þau 34,6 talsins. Heildarlaunagjöld með launatengdum gjöldum á tímabilinu janúar 2009 til loka ágúst 2010 námu samtals 488,4 millj. kr. Laun ráðherra og aðstoðarmanns ráðherra eru undanskilin, enda greidd af öðrum fjárlagalið.

2. *Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?*

Í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 18. ágúst 2009 voru laun starfsmanna ráðuneytisins lækkuð um 3–10%. Lækkunin náði til starfsmanna með heildarlaun umfram 400 þús. kr. á mánuði og útfærð með því að fækka föstum greiddum yfirvinnustundum. Starfsfólki var, með bréfi til hvers og eins, tilkynnt um lækkunina með þriggja mánaða fyrirvara.

3. *Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?*

Hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins og tveimur safnliðum að auki er samtals aðkeypt sérfræðiþjónusta að fjárhæð 41,8 millj. kr. á tímabilinu. Þar vegur langþyngst lögfræðiþjónusta vegna samningar lagafrumvarpa auk þess sem lögfræðistofu var falið með samningi sérfræðivinna vegna undirbúnings tiltekins fjölda úrskurða. Kostnaður vegna þýðinga vegur einnig þungt svo og kostnaður vegna arkitekta- og verkfræðiráðgjafar vegna undirbúnings útboðs á fangelsi. Sjá nánar eftirfarandi sundurliðun:

Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa auk safnliða ráðuneytisins.		
Fjárhæð kr.	**Verksali**	**Tilefni**
357.668	VSI öryggishönnun og ráðgjöf eh	Önnur sérfræðiþjónusta
320.000	STRÁ Starfsráðningar ehf	Önnur sérfræðiþjónusta
226.000	Ríkiskaup	Önnur sérfræðiþjónusta
830.581	Skjal ehf	Þýðendur, túlkar
550.580	Lauryda ehf	Þýðendur, túlkar
2.215.800	Háskóli Íslands	Lögfræðingar, þýðendur, túlkar
4.652.303	LEX ehf	Lögfræðingar
440.000	Lögmannsstofa Sonju Maríu H ehf	Lögfræðingar
247.000	Sáttamiðlun ehf	Önnur sérfræðiþjónusta
307.450	Markmál ehf	Þýðendur, túlkar
6.300.700	Bonafide ehf	Lögfræðingar
1.582.175	JS þýðingar ehf	Þýðendur, túlkar
2.890.925	Þýðingastofa JC ehf	Þýðendur, túlkar
246.840	Benedikt Bogason	Lögfræðingar
1.560.000	Þórhildur Líndal	Lögfræðingar
560.000	Elín Blöndal	Lögfræðingar
895.650	Hjalti Nick Zóphóníasson	Þýðendur, túlkar
362.500	Viðar Már Matthíasson	Lögfræðingar
458.640	Ellen Margrét Ingvadóttir	Þýðendur, túlkar
436.000	Kristín Benediktsdóttir	Lögfræðingar
320.000	Herdís Sigurjónsdóttir	Lögfræðingar
672.000	Jónas Jóhannsson	Lögfræðingar
2.907.697	Alex Poulsen	Nýtt fangelsi
820.762	Ríkiskaup	Nýtt fangelsi
131.630	Framkvæmdasýsla ríkisins	Nýtt fangelsi
3.826.876	Stefán Pétur Eggertsson	Nýtt fangelsi
383.500	Rekstrarfélag stjórnarráðsbygg	Verkstjórn í tölvumálum.
1.561.320	GH1 hf	Löggæslumálefni
1.809.811	Ríkiskaup	Löggæslumálefni
1.784.000	InDevelop Íslandi ehf	Löggæslumálefni
370.300	Verkfræðiþjónusta Ásverk ehf	Löggæslumálefni
1.813.801	Ýmsir undir 200 þús. Í heild	Ýmsir
41.842.509	**Samtals**	

4. *Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?*

Já, ráðuneytið hefur fyrir vinnureglu að gaumgæfa þessi verkefni í hverju tilfelli fyrir sig og er þá lagt mat á vinnuálag, hæfni og fleiri þætti sem hafa áhrif á ákvarðanatökuna hverju sinni. Langflest verkefnin eru unnin af starfsmönnum ráðuneytisins, en engu síður eru margvísleg mál þar sem leitað þarf eftir sérstakri sérfræðiþekkingu, oftast á sérsviðum lögfræðinnar, og vísast í þeim efnum til svars við 3. tölul.

626. Svar [254. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur um kærur vegna starfa lögreglu.

1. *Hversu margar kærur hafa borist sl. 5 ár frá almennum borgurum vegna starfa lögreglu? Á hvaða rökum hafa kærurnar verið reistar? Hver hafa viðbrögð ráðuneytisins verið?*

Ríkissaksóknari fer með kærumál á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans sbr. 35. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Kvörtunum eða athugasemdum vegna framgöngu og starfshátta lögreglu, þegar ekki er um refsiverða háttsemi að ræða, á ekki að beina til ríkissaksóknara heldur viðkomandi lögreglustjóra eða ríkislögreglustjóra eftir atvikum.

Eftirtaldar upplýsingar eru fengnar úr árskýrslum embættis ríkissaksóknara fyrir árin 2005–2008. Árskýrsla fyrir árið 2009 liggur ekki fyrir en tölur fengust hjá embætti ríkissaksóknara.

Undanfarin 5 ár hefur fjöldi mála sem berast embætti ríkissaksóknara verið þessi:

2005	22 mál.
2006	17 mál.
2007	29 mál.
2008	26 mál.
2009	18 mál.
Samtals	**112 mál.**

Árið 2005 bárust ríkissaksóknara 22 kærumál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð brot vegna starfa þeirra á árinu 2005. Flest kærumálin, eða 13, tengdust handtökum kærenda þannig að kærðar voru ólögmætar handtökur og/eða harðræði/líkamsárás í tengslum við handtökur og vistun í fangaklefa. Í þremur málanna var jafnframt kært fyrir að gæta ekki lögmætra aðferða við leit. Tvær kærur bárust þar sem eingöngu var kært fyrir ólögmætar aðferðir við leit. Í tveimur málum var kæruefnið líkamsárásir/harðræði lögreglumanna í tengslum við önnur afskipti lögreglu af kæranda en handtöku. Ein kæra laut að beitingu lögreglumanns á úðavopni. Í einu málanna var kærð meint refsiverð háttsemi lögreglumanna vegna rangrar skýrslugerðar. Þá var lögreglumaður kærður vegna hugsanlegrar aðildar og vitneskju að þjófnaðarmáli. Þá var lögreglumaður kærður fyrir brot í opinberu starfi og brot

á lögum um dýravernd vegna meðferðar á fíkniefnaleitarhundi og loks var lögreglumaður ákærður fyrir brot í starfi fyrir að hafa í heimildarleysi afhent tetra-talstöð til ljósmyndara í því skyni að veita honum aðgang að fjarskiptum lögreglunnar.

Árið 2006 bárust ríkissaksóknara 17 kærumál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð refsiverð brot vegna starfa lögreglunnar. Flest kærumálin, eða 10, tengdust handtökum kærenda þannig að kærðar voru ólögmætar handtökur og/eða harðræði/líkamsárás í tengslum við handtökur og vistun í fangaklefa. Eitt mál var vegna meints ofbeldis lögreglu án þess að það tengdist handtöku viðkomandi, í tveimur málum var kæruefnið meintur upplýsingaleki frá lögreglu til óviðkomandi aðila og eitt mál vegna brota á reglum um samskipti við upplýsingagjafa. Eitt mál varðaði þjófnað, eitt mál varðaði neitun á að taka við kæru og fara í heimildarleysi inn á heimili kæranda. Loks tók ríkissaksóknari til rannsóknar framkvæmd lögregluaðgerðar þegar maður sem lögreglan handtók fór í öndunar- og hjartastopp og lést.

Árið 2007 bárust ríkissaksóknara 29 kærumál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð refsiverð brot vegna starfa þeirra á árinu 2007. Stór hluti kærumálanna, eða 12, tengdust handtökum kærenda þannig að kærðar voru ólögmætar handtökur og/eða harðræði/líkamsárás í tengslum við handtökur og vistun í fangaklefa. Í fjórum málum var kært meint ofbeldi lögreglu án þess að það tengdist beint handtöku viðkomandi. Fimm kærur bárust er vörðuðu leit lögreglu, þar á meðal líkamsleit og húsleit. Tvö mál vörðuðu umferðarlagabrot í starfi. Eitt málið varðaði upplýsingaleka. Þá barst kæra manns á hendur lögreglu fyrir að hafa látið aflífa hund kæranda. Loks ákærði ríkissaksóknari einn lögreglumann fyrir brot í opinberu starfi fyrir að hafa misnotað aðstöðu sína sem varðstjóri er hann nýtti sér mannafla lögreglu, lögreglubifreiðir og talstöðvakerfi lögreglu í eigin þágu og gaf fyrirmæli um akstur með forgangsmerkjum og lét slíkan akstur viðgangast á leið sinni frá heimili sínu til Keflavíkurflugvallar í einkaerindum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um þrjú mál.

Árið 2008 bárust ríkissaksóknara 26 kærumál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð brot vegna starfa þeirra á árinu 2008. Stór hluti málanna, eða tíu, tengdust handtökum kærenda þannig að kærðar voru ólögmætar handtökur og/eða harðræði/líkamsárás í tengslum við handtökur og vistun í fangaklefa. Í fimm málum var kært meint ofbeldi/harðræði lögreglu án þess að það tengdist beint handtöku viðkomandi. Sex kærur bárust er vörðuðu inngöngu lögreglu á heimili kærenda vegna gruns um brot af þeirra hálfu. Þá barst kæra frá manni sem taldi lögreglumann hafa gerst sekan um refsiverða háttsemi í tengslum við uppsetningu og notkun á öryggismyndavélum. Eitt mál varðaði kæru manns sem hafði glatað peningum sem hann kvaðst hafa haft á sér við handtöku. Eitt mál varðaði þagnarskyldubrot, eitt mál varðaði líkamsleit. Loks var einn lögreglumaður ákærður af ríkissaksóknara fyrir brot í opinberu starfi. Hann var ákærður fyrir líkamsárás í starfi sínu sem lögreglumaður.

Árið 2009 bárust ríkissaksóknara 18 mál. Ekki liggja fyrir upplýsingar um skiptingu málanna.

Ráðuneytið hefur ekki afskipti af málum sem eru kæranleg til ríkissaksóknara skv. 35. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996.

2. *Hversu margar af kærunum hafa verið dregnar til baka? Hversu margar hafa leitt til sakfellingar, sýknu eða verið vísað frá dómi?*

Frá árinu 2005 hafa ríkissaksóknara borist 112 kærumál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð brot vegna starfa þeirra á árabilinu 2005–2009. Þar af voru 33 mál felld niður, fallið var frá saksókn í þremur málum, rannsókn var hætt í 51 máli, kæru var vísað frá í 13 málum, dómur/viðurlagaákvörðun gekk í þremur málum og níu mál voru í vinnslu um áramótin 2009–2010. Ekki liggur fyrir hve margar kærur voru dregnar til baka í þeim málum þar sem rannsókn var hætt.

627. Svar [338. mál]

dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar um útgáfu kynningarblaðs vegna kosninga til stjórnlagaþings.

1. *Var útgáfa kynningarblaðs vegna kosninga til stjórnlagaþings 27. nóvember 2010 sem prentað var í 130.000 eintökum og dreift inn á hvert heimili landsins boðin út, þ.m.t. umsjón, hönnun, prentun og dreifing? Ef útgáfan var ekki boðin út, hvað réð þeirri ákvörðun?*

Ráðuneytið fól Ríkiskaupum að gera örútboð vegna prentunar kynningarblaðsins sem tók þá til allra aðila sem eru innan rammasamningakerfis Ríkiskaupa. Aðrir verkþættir voru ekki boðnir út enda allar kostnaðaráætlunarfjárhæðir undir viðmiðunarmörkum um útboðsskyldu.

2. *Hvaða fyrirtæki unnu að útgáfu kynningarblaðsins? Hver var heildarkostnaðurinn við útgáfuna og hvað kostuðu einstakir verkþættir, umsjón með útgáfunni, hönnun blaðsins, prentun þess og dreifing?*

Eftirfarandi fyrirtæki unnu að útgáfu kynningarblaðsins:
- Hönnun: Plánetan ehf.
- Umsjón: Athygli ehf.
- Prentun: Oddi ehf. / Landsprent ehf.
- Dreifing: Íslandspóstur hf.

Kostnaður við einstaka verkþætti var eftirfarandi:
- Hönnun kynningarblaðs, umbrot kápu og fréttasíðna, ljósmynd á kápu: 814.400 kr.
- Umsjón, þ.m.t. textavinna, umbrot kynningarsíðna með frambjóðendum, myndvinnsla og prófarkalestur: 1.767.960 kr.
- Prentun: 5.670.000 kr.
- Dreifing: 2.936.116 kr.

Heildarkostnaður nam því samtals 11.188.476 kr. án virðisaukaskatts.

628. Beiðni um skýrslu [396. mál]

frá fjármálaráðherra um skiptingu ríkisútgjalda milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni, Kristjáni Þór Júlíussyni, Jóni Gunnarssyni, Ásbirni Óttarssyni, Tryggva Þór Herbertssyni, Sigurgeiri Sindra Sigurgeirssyni, Björgvin G. Sigurðssyni, Sigurði Inga Jóhannssyni, Sigmundi Erni Rúnarssyni, Unni Brá Konráðsdóttur, Ólöfu Nordal, Ragnheiði E. Árnadóttur og Róbert Marshall.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um skiptingu fjárveitinga í fjárlögum á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar á síðustu fjórum árum, þ.m.t. fjárlögum fyrir árið 2011.

Í skýrslunni komi meðal annars fram upplýsingar um:

1. Rekstrarútgjöld.
2. Fjárfestingar og stofnkostnað.
3. Skiptingu stöðugilda hjá A-, B- og C-hluta ríkissjóðs, svo og hjá opinberum hlutafélögum í eigu ríkisins, og hlutfall þeirra af íbúafjölda á einstökum landsvæðum.
4. Stuðning ríkisins við íbúðareigendur og leigjendur, svo sem í formi vaxtabóta og húsaleigubóta.
5. Styrki úr rannsókna- og þróunarsjóðum.

629. Breytingartillaga [313. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

Frá Helga Hjörvar.

Við 34. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði í 1. og 2. mgr. 24. gr. laganna skal sveitarstjórn ákveða fyrir 30. desember 2010 hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á árinu 2011, sbr. 1. mgr. 23. gr. laganna svo og 1. mgr. 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ákvörðun sveitarstjórnar skal sömuleiðis tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 30. desember 2010.

630. Nefndarálit [206. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björn Rúnar Guðmundsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Ólaf Arinbjörn Sigurðsson frá Logos lögmannsstofu, Magnús Norðdahl hrl. frá Alþýðusambandi Íslands, Marinó G. Njálsson og Arinbjörn Sigurgeirsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Gísla Tryggvason, talsmann neytenda, Steinþór Pálsson og Helga T. Helgason frá Landsbankanum, Jónínu S. Lárusdóttir og Hermann Björnsson frá Arion banka, Tómas Sigurðsson og Unu Steinsdóttur frá Íslandsbanka, Guðjón Rúnarsson og Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Halldór Jörgensson frá Lýsingu, Kjartan Georg Gunnarsson frá SP-fjármögnun, Ásu Ólafsdóttur frá Lagastofnun Háskóla Íslands, Arnór Sighvatsson, Hörpu Jónsdóttur og Sigríði Logadóttur frá Seðlabanka Íslands, Tómas Sigurðsson, Gísla Kjartansson og Guðmund Jónsson frá Fjármálaeftirlitinu, Einar Karl Hallvarðsson frá ríkislögmanni, Þórunni Önnu Árnadóttur frá Neytendastofu, Hjalta Halldórsson, Brynjar Örn Ólafsson, Ástu Helgadóttur og Lovísu Ósk Þrastardóttur frá umboðsmanni skuldara, Elías Blöndal Guðjónsson og Jóhönnu Lind Elíasdóttur frá Bændasamtökunum, Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði, Hlyn Jónsson frá slitastjórn SPRON og Frjálsa fjárfestingarbankans, Ársæl Hafsteinsson frá skilanefnd Landsbanka Íslands, Halldór Árnason frá Samtökum atvinnulífsins og Elínu Árnadóttur og Elísabetu Guðbjörnsdóttur frá PriceWaterhouseCoopers á Íslandi, Ingvar Rögnvaldsson og Elínu Ölmu Arthúrsdóttur frá ríkisskattstjóra, Hildigunni Hafsteinsdóttur frá Neytendasamtökunum og Guðmund Andra Skúlason frá Borgarahreyfingunni.

Umsagnir bárust frá talsmanni neytenda, Sigurði Hr. Sigurðssyni, dr. Elvira Méndez, ríkissaksóknara, Sveini Óskari Sigurðssyni, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Borgarahreyfingunni, Bændasamtökum Íslands, embætti tollstjóra, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Neytendastofu, PriceWaterhouseCoopers hf., Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, skilanefnd Landsbanka Íslands hf., slitastjórn SPRON og Frjálsa fjárfestingarbankans, umboðsmanni skuldara, Viðskiptaráði Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Hagsmunasamtökum heimilanna, Landsbankanum – NBIO hf., Logos lögmannsstofu, Ásu Ólafsdóttur frá Lagastofnun Háskóla Íslands, Persónuvernd, Arion banka hf. og eftirlitsnefnd um sértæka skuldaaðlögun.

Tilurð og meginefni frumvarpsins.

Almennt eru menn sammála um að brýnt sé að leysa álitaefni tengd uppgjöri gengistryggðra lána en um það er deilt hvaða uppgjörsaðferðir eigi að leggja til grundvallar og hvort það skuli gert með lagasetningu, samkomulagi stjórnvalda við lánafyrirtæki eða með málaferlum fyrir dómstólunum. Tilurð frumvarpsins má rekja til hæstaréttardóma frá miðju sumri sem lýstu gengistryggingu tilgreindra bílalánasamninga ólögmæta. Eftir uppkvaðningu dómanna vaknaði óvissa sem laut annars vegar að því hvaða áhrif ólögmætið hefði á réttindi og skyldur málsaðilanna og hins vegar hvaða lánasamningar mundu í framhaldinu þurfa

endurskoðunar við. Fyrra álitaefnið snertir réttaráhrif dómanna en samkvæmt lögum um meðferð einkamála er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila málsins. Síðara álitaefnið varðar fordæmisgildi dómanna en með því er átt við að dómsúrlausn hafi gengið um tiltekið réttaratriði og sú úrlausn verði fyrirmynd í öðru dómsmáli.

Það er hlutverk dómstóla að skera úr réttarágreiningi aðila máls á grundvelli almennra reglna sem löggjafinn hefur sett, í þessu tilviki laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Á sama tíma er viðurkennt að úrlausnir dómstóla geti haft almennt gildi að því er varðar það sem dæmt er um. Valdheimildir löggjafans og dómstóla skarast að þessu leyti. Þrátt fyrir að sett lög séu almennt talin æðri réttarheimild en fordæmi hefur þetta sett mark sitt á umfjöllun nefndarinnar vegna þeirrar óvissu sem ríkir um fordæmisgildi dómanna. Hafa sumir látið að því liggja að með samþykkt frumvarpsins sé löggjafinn að ganga inn á valdsvið dómstóla þar sem dómstólar hafi ekki skorið úr öllum álitaefnum varðandi ólögmæti gengistryggingar. Á móti hefur því verið haldið fram að löggjafinn hafi með tilliti til ákvæða stjórnarskrár umtalsvert svigrúm til að bregðast við aðkallandi efnahagsvanda.

Hæstiréttur felldi í september sl. dóm varðandi uppgjör lánasamnings, sams konar þeim sem var umfjöllunarefni þegar gengistrygging var dæmd ólögmæt. Eftir uppkvaðningu dómsins telur efnahags- og viðskiparáðuneyti í ljósi efnahagsaðstæðna að fullnægjandi forsendur séu til þess að leggja fram frumvarp sem hefur það að markmiði að hraðað verði endurútreikningi slíkra lána einstaklinga vegna húsnæðiskaupa og bílakaupa og að gætt verði samræmis við niðurstöðu Hæstaréttar. Telur ráðuneytið jafnframt að það eigi ekki að ráða úrslitum um réttarstöðu þeirra lántaka sem tilgreindir eru í 3. gr. frumvarpsins hvernig lánastofnanir hafa kosið að haga skjalagerð sinni eða málatilbúnaði í einstökum tilvikum þar sem staða lántakanna er sambærileg í ljósi þeirrar gengisáhættu sem þeir undirgengust og greinin fjallar um. Afleiðingar þeirrar áhættutöku á árunum fyrir hrun urðu til þess að einhverjir högnuðust en þegar að hruninu kom misstu margir sitt.

Undir ákvæði a-liðar 3. gr. falla aðeins lán til einstaklinga sem veitt hafa verið til kaupa á bifreið og lán sem falla undir skilgreiningu vaxtabótaákvæðis B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Hefur því verið haldið fram að umrætt vaxtabótaviðmið sé erfitt í framkvæmd af því að fjármálastofnanir eigi þess ekki kost að afla upplýsinga um hvort skilyrði vaxtabóta hafi verið uppfyllt við lántöku heldur þurfi í því efni að reiða sig á lántaka eða skattyfirvöld. Kom fram það sjónarmið að í stað umrædds vaxtabótaviðmiðs væri nær að miða afmörkun skuldbindingar sem undir ákvæði frumvarpsins fellur við lán sem veitt hefði verið með veði í fasteign eða lögheimili þannig að ekki þyrfti að taka afstöðu til þess hvernig láni hefði raunverulega verið ráðstafað. Á móti hefur verið bent á að vegna þeirrar röskunar sem frumvarpið kann að hafa för með sér sé þörf á að hafa ákvæðið skýrt afmarkað og málefnalegt. Telur ráðuneytið að það sé málefnalegt markmið að samræma og hraða uppgjöri þeirra lána sem vega hvað þyngst í heimilishaldi venjulegrar fjölskyldu, sbr. b-lið 3. gr. Tekur meiri hlutinn undir það.

Stjórnskipuleg álitaefni.

Frumvarpið hefur á fundum nefndarinnar sætt gagnrýni bæði af hálfu kröfuhafa og skuldara sem bent hafa á að samþykkt frumvarpsins varði hugsanlega skaðabótaskyldu vegna ákvæða stjórnarskrár og þess tjóns sem hvor hópur um sig kann að verða fyrir. Hefur þá einkum verið vísað til 72. gr. og 65. gr. stjórnarskrárinnar, evrópskra neytendasjónarmiða sem innleidd hafa verið í íslensk lög, alþjóðlegra mannréttindarákvæða og þess að aðilar verði sviptir rétti til að bera mál sín undir dómstóla. Hefur til að mynda verið bent á að skuldarar

hafi almennt innt greiðslur sínar af hendi í þeirri trú að um gilda samninga væri að ræða eða allt þar til dómur féll um ólögmæti gengistryggingar. Af þeirri ástæðu orki tvímælis að veita kröfuhöfum, sem alla jafna hafa ráðið samningsformi til lykta og hafa yfir að ráða sérþekkingu, heimild til að innheimta mismun vegna liðinna gjalddaga ef endurútreikningur leiðir í ljós að afborganir hafi ekki verið að fullu greiddar miðað við upphaflega samningsskilmála og það fái heldur ekki staðist að ákvarða nýja vexti af höfuðstól frá upphafsdegi samningsins. Þá sé það ekki sanngjarnt að kröfuhafi geti sett fram endurkröfu skuldara í óhag þegar sá síðarnefndi hefur greitt upp lánið áður en dómur féll um ólögmætið.

Þegar tekin er afstaða til stjórnskipulegra álitaefna af þessum toga virðist óhjákvæmilegt að leggja mat á hver þörfin sé á lagasetningu og hvort hún sé samrýmanleg umræddum dómsniðurstöðum hvað varðar þær lánategundir sem henni er ætlað taka til og þeirra aðferða við endurútreikning lánanna sem hún mælir fyrir um. Með hliðsjón af stöðu efnahagsmála, þeim fjölda heimila sem á við alvarlegan skuldavanda að etja og mikilvægi þess að leysa vandann þannig að jafnræðis sé gætt er nauðsynlegt að grípa til þeirra aðgerða sem frumvarpið felur í sér. Sérstökum áhyggjum valdi að verði ekkert að gert standi heimilin frammi fyrir kostnaðarsömum og tafsömum málaferlum með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á íslenskt hagkerfi, dómskerfi og fjármálakerfi.

Meiri hlutinn bendir á að nefndin hefur áður fjallað um álitaefni skyld þeim sem frumvarp þetta varðar, sbr. álit meiri hluta nefndarinnar um greiðsluaðlögun bílalána (þskj. 1386, 646. mál 138. löggjafarþings). Þar segir m.a.:

„Innan nefndarinnar hafa komið fram skiptar skoðanir á því hversu langt verði gengið í lausn á skuldavanda heimila án þess að litið sé til fjárhags og félagslegrar stöðu hvers og eins. Inn í þá umræðu hefur fléttast tal um svigrúm einstakra lánastofnana til almennra afskrifta á fasteignaveðlánum í því skyni að vega upp á móti þeim verðmætatilfærslum sem orðið hafa fyrir tilstuðlan verðtryggingar eða gengistryggingar og ekki verða beinlínis raktar til vilja lántakenda.

Grunnstefið í aðferðafræði stjórnvalda við lausn á skuldavanda heimila hefur verið að haga regluverkinu á þann veg að lánveitendur og lántakar eigi frumkvæði að þeirri vinnu. Með hliðsjón af meðalhófi er eðlilegt að afla ítarlegra upplýsinga um stöðu lántaka og hagi áður en samþykktar eru afturvirkar reglur um samningssambandið sem áhrif geta haft á afkomu lánveitanda og ríkissjóðs. Á sama tíma bendir sumt til þess að mikillar tregðu gæti gagnvart því að lántakar fái úrlausn sinna mála og fram hafa komið sjónarmið um að það ásamt öðru megi rekja til þess að í framkvæmd sé tímafrekt og dýrt að skoða hvert tilvik fyrir sig, ekki síst þegar mál koma til kasta dómstóla.“

Daginn eftir að tilvitnað álit var birt kvað Hæstiréttur upp dóma um ólögmæti gengistryggingar sem leiða má líkur að gildi óháð efnahag lántakanna. Eftir uppkvaðningu dómsins stendur löggjafinn því frammi fyrir öðrum aðstæðum en þegar álitið var skrifað, aðstæðum sem hafa nú verið dæmdar ólögmætar. Það varpar að hluta til ljósi á hversu flókið álitaefni frumvarp þetta varðar og hversu erfitt er að koma til móts við ýtrustu kröfur skuldara og kröfuhafa. Einnig spilar hér inn í þörfin fyrir að vernda fjármálakerfið fyrir áföllum, sem skattborgarar mundu á endanum bera kostnaðinn af, um leið og leitað er leiða til að tryggja að það afskriftasvigrúm sem stóru bankarnir fengu við uppgjör gömlu bankanna skili sér til skuldsettra heimila og fyrirtækja.

Réttarstaða einstaklinga og fyrirtækja.

Í frumvarpinu er gerður greinarmunur á réttarstöðu einstaklinga og fyrirtækja. Nefna mætti að hin síðarnefndu falla ekki undir gildissvið umræddrar 3. gr. og að auki er lagt til í 1. gr. frumvarpsins að þeim skuli heimilt að taka gengistryggð lán. Sumum hefur þótt að þessi tilhögun væri ekki í samræmi við yfirlýstan tilgang laga um vexti og verðtryggingu auk þess sem þeir hafa talið að framangreind fordæmi Hæstaréttar gæfu ekki tilefni til að álykta að ólögmæti gengistryggingar væri bundið við neytendur. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið telur með hliðsjón af jafnræðisreglu stjórnarskrár að löghelguð sjónarmið á sviði neytendaréttar og sjónarmið sem tíðkast hafa í framkvæmd lánafyrirtækja réttlæti að gerður sé greinarmunur á einstaklingum og fyrirtækjum hvað varðar meðferð og uppgjör lána. Einnig hefur komið fram á fundum nefndarinnar að til standi að bregðast við skuldavanda fyrirtækja með sérstöku samstarfi ríkis og atvinnulífsins þar sem leitast sé við að aðstoða lítil og meðalstór fyrirtæki sem talið er að eigi sér rekstrarlegan grundvöll. Fram hefur komið að aðgerðirnar geti náð til 5.000 til 7.000 fyrirtækja.

Í umsögn Fjármálaeftirlitsins er tekið fram að ekki sé ljóst hvers vegna aðilum í atvinnurekstri verði heimilt að taka gengistryggt lán þar sem áþreifanlegur munur slíkrar lántöku og erlendrar lántöku varði einungis gjaldeyrisviðskipti í tengslum við útborgun. Seðlabanki Íslands ræðir í umsögn sinni um heppilegt fyrirkomulag til að draga úr gjaldeyrisáhættu og telur að sú tilhögun að heimila fyrirtækjum en ekki einstaklingum að taka gengistryggð lán gefi tilefni til heildarendurskoðunar á lögum um vexti og verðtryggingu hvað varðar heppilegt fyrirkomulag til þess að draga úr gjaldeyrisáhættu í kerfinu. Bankinn telur enn fremur að frumvarpið eins og það er framsett eyði ekki óvissu varðandi uppgjör á gengistryggðum lánasamningum fyrirtækja og einstaklinga með rekstur á eigin kennitölu og leggur þess vegna áherslu á að ágreiningsmálum verði hraðað í gegnum dómskerfið. Tekið er fram að þrátt fyrir að öll gengistryggð lán, þ.m.t. fyrirtækjalán, yrðu dæmd ólögmæt yrðu áhrif þess á fjármálakerfið viðráðanleg sé miðað við að uppgjör samninganna fari fram í samræmi við vaxtaviðmið Hæstaréttar frá í september.

Niðurstaða Hæstaréttar um að heimila endurútreikning láns frá upphafi og miða vexti við 1. málsl. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu hefur komið mörgum á óvart. Ráðuneytið hefur ítrekað lagt áherslu á að frumvarpið sé í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar og að undirliggjandi sjónarmið sé að staða þeirra sem tekið hafi ólögmætt gengistryggt lán verði gerð sambærileg við stöðu þeirra sem tóku sams konar íslensk lán á sama tíma. Í skýringum ráðuneytisins segir enn fremur að frumvarpið mæli ekki fyrir um leiðréttingu eða breytingu vaxtaútreiknings eða vaxtaálags á of- eða vangreiðslur, heldur útreikning vaxta frá upphafi samningstímans út frá nýjum forsendum þar sem upphaflegar forsendur vaxtaútreiknings eru brostnar. Þá sé lögð til ný almenn réttarregla í 8. mgr. 2. gr. þess efnis að of- og vangreiðsla sem endurreikningur leiðir í ljós leggist við eða dragist frá nýjum endurreiknuðum höfuðstól lánssamnings. Þetta ákvæði nái til þess að endurkröfunni sé ráðstafað inn á viðkomandi lánssamning en ekki til að skuldajafna henni við aðrar kröfur milli aðila. Ráðuneytið tiltók einnig að hvers konar dráttarvextir og innheimtukostnaður sem lántaka hefði verið gert að greiða á grundvelli upphaflegra samningsskilmála ættu að koma til frádráttar endurreiknuðum höfuðstól.

Ekki er í frumvarpinu tekin afstaða til þess hvort og hversu langt aftur í tímann heimilt sé að beita endurútreikningi skv. 3. gr. frumvarpsins á samninga sem gerðir hafa verið upp fyrir dóm Hæstaréttar frá 16. júní 2010 og er því miðað við að það ráðist af almennum reglum. Meiri hlutinn bendir hins vegar á að á fundum nefndarinnar lýstu talsmenn nokkurra

lánafyrirtækja því yfir að ekki stæði til af þeirra hálfu að taka upp slíka samninga skuldara í óhag. Þá má benda á að fyrningarfrestur uppgjörskrafna er miðaður við 16. júní 2010 sem þýðir að hann rennur að óbreyttu út 16. júní 2014.

Breytingartillögur meiri hlutans.

Taka má undir tilvitnuð orð í áliti meiri hluta efnahags- og skattanefndar frá 15. júní sl. (þskj. 1386, 646. mál frá 138. löggjafarþingi), jafnvel þótt allir þeir nefndarmenn sem undir það skrifuðu hafi gert það með fyrirvara, þ.e. að kröfuhafar og skuldarar eigi að hafa frumkvæði að lausn skuldavandans en eftir allt sem á undan er gengið beri löggjafanum, undir eftirliti dómstóla, að haga regluverkinu þannig að við þá úrlausn sé gætt að almannaheill.

Meiri hlutinn leggur til og bendir á eftirfarandi:

1. Lagt er til að 1. gr. frumvarpsins falli brott en hún fjallar um heimild lögaðila og aðila í atvinnurekstri til töku gengistryggðra lána. Breytingin er lögð til með hliðsjón af umsögn Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.
2. Lögð er til breyting á orðalagi lokamálsliðar 5. mgr. 2. gr. sem ætlað er að gera framsetningu ákvæðisins skýrari varðandi heimildir skuldara til að óska eftir því að vera undanþeginn greiðslujöfnun.
3. Lagt er til að 6. mgr. 2. gr. frumvarpsins, um skuldajafnaðarrétt kröfuhafa gagnvart lögaðila, falli brott í ljósi athugasemda um að greinin sé óskýr og að óljóst sé að hvaða leyti hún víki frá almennum reglum.
4. Lögð er til breyting á a-lið 5. gr. frumvarpsins að fengnum athugasemdum Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fjármálafyrirtækja um að úrskurðarnefnd sem þar er mælt fyrir um sé ætlað það hlutverk að úrskurða um ágreining milli kröfuhafa við úrlausn á skuldavanda fyrirtækja en ekki ágreinings milli kröfuhafa og fyrirtækis í skuldaaðlögun.
5. Lagt er til, í ljósi gagnrýni sem nefndinni hefur borist um mismunandi framsetningu fjármálafyrirtækja á endurútreikningi, að ráðherra skuli setja reglugerð sem tryggi að fyrirtækin gæti samræmis í því efni.
6. Ábendingar hafa komið fram um að skýra þurfi hugtakið eignaleigusamningur í skilningi a-liðar 3. gr. frumvarpsins en með því er átt við alla undirflokka slíkra samninga, þ.e. fjármögnunarleigusamninga og kaupleigusamninga. Um skýringar á þessum hugtökum má m.a. vísa til athugasemda við 3. gr. sem fylgdu frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki (215. mál á 128. löggjafarþingi), sbr. nú lög nr. 161/2002. Þar segir: „Eignaleigu er gjarnan skipt í þrennt: fjármögnunarleigu, kaupleigu og rekstrarleigu.“ Þó hefur verið bent á að ekki sé þörf á að kveða á um rekstrarleigu í frumvarpinu þar sem a-liður 3. gr. eigi einungis við um neytendur.
7. Meiri hlutinn tekur fram að skylda til endurútreiknings samkvæmt frumvarpinu hvílir á núverandi kröfuhafa láns.
8. Innan nefndarinnar hafa komið fram sjónarmið um mikilvægi þess að árétta að með samþykkt frumvarpsins sé ekki verið að útiloka hugsanlegan betri rétt neytenda samkvæmt gildandi lögum, t.d. hugsanlegar skaðabætur úr hendi fjármálafyrirtækja. Enn fremur hefur það sjónarmið komið fram að neytendur sem hafa endurskipulagt lánaskuldbindingar sínar sem annars hefðu fallið undir a-lið 3. gr. frumvarpsins eigi rétt á endurskoðun til samræmis við fyrirmæli frumvarpsins.
9. Í tengslum við réttindi skuldara hefur athygli nefndarinnar m.a. verið vakin á ákvæði c-liðar 3. gr. frumvarpsins sem heimilar skuldara að semja um færslu á höfuðstól lánsins yfir í erlendar myntir eins og um gilt erlent lán hafi verið að ræða frá stofntíma kröfunn-

ar. Í d-lið sömu greinar eru einnig ákvæði sem rýmka heimildir skuldara til endurupptöku dóms, úrskurða um gjaldþrotaskipti og fullnustuaðgerða ef slíkar athafnir hafa farið fram á grundvelli samnings sem a-liður 3. gr. tekur til. Loks má benda á að f-liður greinarinnar gerir ráð fyrir að hafi skuldari glatað umráðum veðsettrar eignar til kröfuhafa vegna vanefnda eigi sá fyrrnefndi rétt til þess að gera upp eftirstöðvar með sérkjörum svo fremi sem eftirstöðvar, eftir að þær hafa verið endurreiknaðar, nemi hærri fjárhæð en innlausnarverðið. Um hliðstætt ákvæði hefur efnahags- og skattanefnd áður fjallað, sbr. framangreint álit meiri hlutans varðandi greiðsluaðlögun bílalána frá síðasta löggjafarþingi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt með breytingum** sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. des. 2010.

Álfheiður Ingadóttir, frsm. Magnús Orri Schram. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Kristján L. Möller. Þuríður Backman.

631. Breytingartillögur [206. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (ÁI, MSch, SII, KLM, ÞBack).

1. 1. gr. falli brott.
2. Við 2. gr.
   a. Lokamálsliður 5. efnismgr. orðist svo: Nýti skuldari sér rétt til verðtryggingar veðláns skv. 2. mgr. skal greiðslujöfnun aftur taka gildi, nema skuldari óski sérstaklega eftir að vera undanþeginn greiðslujöfnun, og skal greiðslumark skv. 3. gr. laga nr. 63/1985 taka gildi á því tímamarki sem umreikningur láns samkvæmt þessari málsgrein miðast við.
   b. 6. efnismgr. falli brott.
3. Við 3. gr. Við b-lið (XI.) bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framsetningu útreiknings á uppgjöri vegna ólögmætra vaxta og/eða verðtryggingar í reglugerð.
4. Við 5. gr.
   a. Á eftir orðunum „Komi til ágreinings“ í 1. mgr. a-liðar (6. gr.) komi: milli kröfuhafa.
   b. 2. mgr. a-liðar (6. gr.) orðist svo:

      Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar fjóra menn í úrskurðarnefndina. Skal einn skipaður samkvæmt tilnefningu frá Samtökum atvinnulífsins, einn samkvæmt tilnefningu frá Samtökum fjármálafyrirtækja, einn án tilnefningar og einn af Hæstarétti og skal hann vera formaður nefndarinnar. Formaður hefur oddaatkvæði. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

632. Fyrirspurn [397. mál]

til fjármálaráðherra um gagnaver og tekjur ríkisins af þeim.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hve umfangsmikil telur ráðherra að hýsing gagna í fyrirhuguðum gagnaverum hérlendis verði og hverjar eru tekjur ríkisins af þeirri starfsemi áætlaðar?
2. Hvert er umfangið eða þörfin fyrir hýsingu innlendra aðila?
3. Hverjar eru tekjur ríkisins af hýsingu gagna í gagnaverum hérlendis?
4. Hverjar eru virðisaukaskattstekjur af hýsingu innlendra aðila í gagnaverum hérlendis?

Skriflegt svar óskast.

633. Frumvarp til laga [398. mál]

um breytingu á varnarmálalögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ásbjörn Óttarsson, Kristján Þór Júlíusson, Jón Gunnarsson, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Róbert Marshall.

Breyting á varnarmálalögum, nr. 34/2008, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 21. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal greiða fasteignaskatt af mannvirkjum við ratsjárstöðvar á Miðnesheiði, á Stokksnesi, á Gunnólfsvíkurfjalli og á Bolafjalli.

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

2. gr.

Við c-lið 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skulu mannvirki við ratsjárstöðvar á Miðnesheiði, á Stokksnesi, á Gunnólfsvíkurfjalli og á Bolafjalli ekki vera undanþegin fasteignaskatti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem varða ratsjárstöðvar þær sem utanríkisráðherra annast umsjón með skv. 12. gr. varnarmálalaga, nr. 34/2008, og eru staðsettar á Miðnesheiði, á Stokksnesi, á Gunnólfsvíkurfjalli og á Bolafjalli.

Á grundvelli 21. gr. varnarmálalaga eru öryggis- og varnarsvæði, ásamt mannvirkjum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna þar, og starfsemi þeim tengd, undanþegin öllum opinberum gjöldum, þ.m.t. fasteignasköttum. Með frumvarpinu er lagt til að þrátt fyrir hina almennu undantekningu verði greiddur fasteignaskattur af mannvirkjum við ratsjárstöðvarnar. Er gert ráð fyrir breytingu hvað þetta varðar bæði á varnarmálalögum og á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem kveðið er á um fasteignaskatta.

Talsverðar breytingar hafa orðið á starfsemi ratsjárstöðvanna í landinu. Uppbygging þeirra út um landið var á sínum tíma fjármögnuð af Mannvirkjasjóði NATO og störfuðu við þær til skamms tíma um 10–12 menn jafnt á Bolafjalli, Stokksnesi og Gunnólfsvíkurfjalli. Í árslok 2004 var tekin ákvörðun um gjörbreytingu á rekstri stöðvanna. Nú er starfseminni að mestu stýrt frá Keflavíkurflugvelli en örfáir starfsmenn annast daglegt eftirlit á hverri stöð.

Við brottför varnarliðsins í september árið 2006 tóku bandarísk stjórnvöld að sér að kosta rekstur ratsjárstöðvanna um eins árs skeið. En frá og með 1. september 2007 hefur reksturinn verið á hendi íslenskra stjórnvalda, fyrst Ratsjárstofnunar og síðar Varnarmálastofnunar. Nú um áramótin er gert ráð fyrir að Landhelgisgæslan annist rekstur ratsjárstöðvanna.

Með því að íslensk stjórnvöld annast nú rekstur ratstjárstöðvanna hníga engin rök lengur að því að undanþiggja þær greiðslu fasteignaskatta. Hér er því lagt til að um þau gildi sams konar reglur að þessu leyti eins og aðra atvinnustarfsemi.

634. Fyrirspurn [399. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra um Evrópusambandið og stöðvun hvalveiða.

Frá Jóni Gunnarssyni.

Hyggst ráðherra á einhvern hátt bregðast við kröfum nokkurra aðildarríkja Evrópusambandsins um að banna hvalveiðar í ljósi viðræðna um aðild Íslands að sambandinu?

635. Beiðni um skýrslu [400. mál]

frá félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu skuldara á Norðurlöndum.

Frá Róbert Marshall, Ólafi Þór Gunnarssyni, Þór Saari, Birgi Ármannssyni, Vigdísi Hauksdóttur, Þráni Bertelssyni, Valgerði Bjarnadóttur, Árna Þór Sigurðssyni, Atla Gíslasyni og Sigurði Kára Kristjánssyni.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að félags- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu skuldara á Norðurlöndum og úrræði sem þeim standa til boða. Meðal þess sem fjallað verði um í skýrslunni eru eftirtalin atriði:

a. Tegundir úrræða sem eru í boði fyrir þá sem lenda í greiðsluerfiðleikum, sundurliðað eftir því hvort þau eru tímabundin eða ekki, og hversu lengi þau úrræði hafa verið í boði og hvernig þau hafa reynst.
b. Hverjir hafa nýtt sér úrræði vegna greiðsluerfiðleika, sundurliðað eftir fjölda og hvort um er að ræða einstaklinga eða einstaklinga í rekstri með ótakmarkaða ábyrgð, sundurliðað m.a. eftir aldri, félagslegum aðstæðum og fjölskyldustærð.
c. Skilyrði fyrir nýtingu úrræðanna, svo sem skilyrði um lögheimili og búsetu, ríkisborgararétt eða að skuldir séu ekki tengdar atvinnurekstri.
d. Hvort sambærileg embætti við umboðsmann skuldara eru starfrækt og ef svo er, hversu lengi þau hafa verið starfrækt. Hver eru verkefni embættanna, málafjöldi og afgreiðslutími?
e. Helstu ástæður þess að menn leita úrræðanna, t.d. félagslegar aðstæður, veikindi, atvinnumissir, efnahagslegar aðstæður í landinu.
f. Upplýsingar um þær reglur sem gilda um upphaf, lögvernd, innheimtuvernd og lok krafna.
g. Upplýsingar um reglur um verðtryggingu lána, hversu algeng þau eru og hvaða vexti lán bera.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessarar skýrslubeiðni telja nauðsynlegt að gerð verði úttekt á stöðu skuldara á Norðurlöndum til þess að unnt verði m.a. að bera saman og greina hvort og þá hvaða munur er á henni. Meðal þess sem gerð verði ítarleg grein fyrir í skýrslunni er hvaða úrræði eru í boði fyrir einstaklinga í greiðsluerfiðleikum, sem og einstaklinga sem bera ótakmarkaða ábyrgð á atvinnurekstri, hversu lengi þau hafa verið í boði og hvernig þau hafa reynst. Flutningsmenn telja einnig mikilvægt að fram komi upplýsingar um hversu hátt hlutfall þeirra sem leita úrræðanna fær lyktir sinna mála eða hvort þeir þurfa að nýta sér frekari úrræði.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að fram komi hver eru almenn skilyrði fyrir úrræðunum, t.d. varðandi lögheimili, búsetu og ríkisborgararétt, einnig hversu langt umsóknarferlið er og hversu lengi úrræðin vara. Þá sé rétt að skoða hver framfærsluviðmið eru.

Þá er þess óskað að skoðað verði hvort embætti sambærileg við umboðsmann skuldara eru starfrækt, hver reynslan af slíkum embættum hefur verið, hvaða verkefnum þau sinna og hvaða vald- og eða eftirlitsheimildir þau hafa.

Flutningsmenn telja brýnt að skoðað verði hvernig kröfur stofnast, hvernig lögvernd er háttað, hvort takmörk eru á innheimtukostnaði og hvernig kröfum lýkur. Í því sambandi verði m.a. skoðað hvernig fyrningu kröfuréttinda er háttað og fullnustugerðum. Þá telja flutningsmenn rétt að í skýrslunni komi einnig fram upplýsingar um það hvort skuldarar hafa heimild til að láta fasteign sína af hendi sem fullnustu þeirra veðkrafna sem á henni hvíla, hvernig slíku ferli er háttað og hverjar eru afleiðingar þess.

Auk framangreinds er þess m.a. óskað að skoðaðar verði reglur um verðtryggingu lána, hversu algeng þau eru og hvaða vexti lán bera.

636. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara.

Frá Þór Saari.

Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:

Við 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Verðtryggt lánsfé skv. 14. gr. skal ekki bera hærri vexti en 2%.

637. Fyrirspurn [401. mál]

til fjármálaráðherra um starfsmannahald Landsvirkjunar.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hvaða reglur gilda um ráðningu starfsfólks hjá Landsvirkjun?
2. Hversu mörg störf hafa verið auglýst hjá Landsvirkjun frá árinu 2000 og hverjir voru ráðnir í þau störf?
3. Hafa einhverjir verið ráðnir án auglýsingar á framangreindu tímabili og þá hverjir?

Skriflegt svar óskast.

638. Fyrirspurn [402. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hver er formaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og hvenær var hann skipaður?
2. Hvað fá nefndarmenn greitt fyrir setu í nefndinni og hver greiðir kostnaðinn af störfum nefndarinnar?
3. Hversu margir úrskurðir hafa fallið hjá nefndinni á árinu 2010?
4. Hver er að meðaltali málshraðinn fyrir nefndinni og er hann í samræmi við þann fjögurra vikna frest sem mælt er fyrir um í samþykktum fyrir úrskurðarnefndina?
5. Hefur nefndin ávallt skilað ársskýrslu, eins og gert er ráð fyrir í samþykktum fyrir hana?

Skriflegt svar óskast.

639. Breytingartillaga [197. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum (kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja).

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Við 1. efnismgr. 1. gr. bætist: Bifhjól samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga og jafnframt stigin bifhjól skulu falla undir gjaldbil C.
2. B-liður 3. tölul. 2. gr. falli brott.
3. Eftirtaldar breytingar verði á 3. gr.
   a. Í stað orðanna „bifreiðum sem ætlaðar eru“ í d-lið komi: bifreiðum og bifhjólum sem ætluð eru.
   b. Á eftir orðinu „bílaleigum“ í d-lið komi: og bifhjólaleigum.
   c. Á eftir orðinu „bifreiðum“ í e-lið komi: og bifhjólum.

640. Tillaga til þingsályktunar [403. mál]

um orkuskipti í samgöngum.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að vinna að því að minnka hlut jarðefnaeldsneytis í samgöngum með notkun endurnýjanlegra orkugjafa og orkusparnaði. Stefnt skal að orkuskiptum í samgöngum þar sem jarðefnaeldsneyti verði leyst af hólmi með innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum.

Með orkuskiptum í samgöngum er stuðlað að grænu hagkerfi með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, óverulegri losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum og gjaldeyrissparnaði sem nota má til uppbyggingar á innviðum, þekkingu, framleiðslugetu og nýrri atvinnustarfsemi.

Unnið verði að stefnumótun, markmiðasetningu og aðgerðaáætlun fyrir orkuskipti í samgöngum fram til 2020 og skal sú stefnumótun liggja fyrir í maí 2011. Við þá vinnu skal stefna að eftirfarandi:

1. **Forusta.**
   Ísland verði í forustu við notkun á endurnýjanlegri orku í samgöngum í heiminum. Nú er hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum á Íslandi töluvert lægra en annars staðar eða minna en 1%. Markmiðið innan ESB er 5,75% fyrir árið 2010.
2. **Mikilvægi.**
   Unnið verði markvisst og eins hratt og kostur er að því að draga úr innflutningi á jarðefnaeldsneyti með því að hvetja til orkusparnaðar og skapa hagrænar forsendur fyrir notkun ökutækja sem nota endurnýjanlega orkugjafa. Hefja skal framleiðslu og notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum sem leiða til minni losunar gróðurhúsalofttegunda, gjaldeyrissparnaðar og meira orkuöryggis.
3. **Skattaumhverfi.**
   Skattaumhverfi verði þróað áfram til að það hvetji bæði neytendur og fyrirtæki til orku-

skipta í samgöngum og til framleiðslu á endurnýjanlegum orkugjöfum til samgangna. Jafnframt felist hvati til orkusparnaðar í skattkerfinu.

4. **Orkusparnaður.**
Markvisst verði hvatt til orkusparnaðar í samgöngum, m.a. með miðlun upplýsinga til almennings, umhverfismiðuðu svæðaskipulagi, breyttu skattkerfi, eflingu almenningssamgangna og fleira í samvinnu við þá aðila sem nú þegar vinna að þessum málum, svo sem Orkusetur og sveitarstjórnir.
5. **Samstarf.**
Lykilaðgerðir sem grípa þarf til verði skipulagðar og samstaða sköpuð um þær, m.a. með klasasamstarfi með þátttöku atvinnulífs, sveitarfélaga og ríkis.
6. **Rannsóknir og þróun.**
Stuðla skal að rannsóknum, tækniþróun, nýsköpun og atvinnuþróun tengdri endurnýjanlegum orkugjöfum. Menntun og fræðsla á þessu sviði skal einnig efld.
7. **Ísland sem tilraunavettvangur.**
Ísland er ákjósanlegur vettvangur til að reyna ýmsar nýjungar í notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum í samgöngum. Efla skal þátttöku í erlendu samstarfi í því skyni að laða að þekkingu og fjármagn.
8. **Stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun.**
Efla skal stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun í tengslum við orkuskipti í samgöngum og stefnt skal að sérstakri fjármögnun verkefna á þessu sviði. Fé til verkefna sem tengjast orkuskiptum í samgöngum verði aukið.
9. **Alþjóðasamstarf.**
Ísland uppfylli allar þær skyldur og kröfur sem alþjóðasamþykktir gera til landsins varðandi losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum, orkusparnað og hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum. Jafnframt taki Ísland þátt í alþjóðlegum verkefnum á þessu sviði eftir því sem efni þykja til.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir m.a.: „Mótuð verði heildstæð orkustefna sem miði að því að endurnýjanlegir orkugjafar leysi innflutta orku af hólmi.“ Þá er áhersla lögð á metnaðarfull markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Orkuþörf í samgöngum er nú mætt með innfluttu jarðefnaeldsneyti. Sóknarfærin liggja því í að skipta innfluttum kolefnaorkugjöfum út fyrir endurnýjanlega visthæfa orku ásamt því að draga úr heildarorkunotkun.

Hinn 27. maí 2010 skipaði iðnaðarráðherra verkefnisstjórn sem meðal annars er ætlað að vinna að stefnumótun um gerð áætlunar um orkuskipti í samgöngum með áherslu á umhverfisvernd, gjaldeyrissparnað, hagkvæmni og nýsköpun (sjá vefsíðu Grænu orkunnar: (www.grænaorkan.is).

Vinna er hafin við framangreinda stefnumótun. Nauðsynleg næstu skref eru m.a. að virkja aðila og afla stuðnings við stefnumótunarvinnuna og skapa forsendur, m.a. hagræna hvata og ívilnanir til að hagkvæmt sé að hefja notkun á nýrri tækni og endurnýjanlegum orkugjöfum í samgöngum. Nokkrar lausnir hafa verið í þróun á undanförnum árum. Orkuskipti í samgöngum verða að byggjast á að þróa og taka í notkun lausnir sem henta mismunandi þörfum. Þess vegna er mjög mikilvægt að styðja við og efla nýsköpun, en ekki hvað síst atvinnuþróun, og vinna að slíku samhliða orkuskiptum. Við framleiðslu á endurnýjanlegum orkugjöfum eru margvíslegir kostir vel þekktir. Einstakar tæknilausnir eru þó enn í þróun auk

þess sem eldsneytisnýtni hefðbundinna ökutækja eykst óðfluga. Markmiðið með þessari þingsályktunartillögu er ekki að gera upp á milli tæknilausna heldur að skapa umhverfi þannig að mismunandi lausnir geti náð að dafna. Markaðurinn ræður síðan hvaða lausnir verða ráðandi í framtíðinni.

1. Forusta.

Hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum á Íslandi er nú töluvert lægra en annars staðar, eða minna en 1%. Evrópusambandið setti sér það markmið að árið 2010 kæmu 5,75% orku í samgöngum frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Þótt það markmið hafi ekki náðst að fullu hafa mörg lönd Evrópu mikið forskot á Íslendinga í þessum efnum. Evrópusambandið setur sér jafnframt það markmið að árið 2020 muni 10% orku í samgöngum koma frá endurnýjanlegum orkulindum. Ætli Ísland að vera í forustu í þessum efnum þarf að setja að lágmarki sama markmið.

Pólitískur vilji er forsenda fyrir forustu og virkri þátttöku við að innleiða endurnýjanlega orkugjafa í samgöngum. Hagrænir hvatar, svo sem skattaívilnanir, sem gera notkun og framleiðslu á endurnýjanlegri orku samkeppnishæfa, eru áhrifaríkustu tækin til að taka upp nýja orkugjafa í samgöngum.

Íslendingar umbyltu orkukerfi sínu á þriðja hluta 20. aldar og tóku í notkun endunýjanlegan visthæfan íslenskan orkugjafa, jarðhitann, til að hita íbúðarhúsnæði. Sú fjárfesting sem þá var lagt í hefur ekki aðeins stuðlað að mun betri loftgæðum og minni losun gróðurhúsalofttegunda heldur sparar hún þjóðarbúinu tugi milljarða króna í gjaldeyri á ári hverju og hefur skapað verðmæta þekkingu og reynslu. Þessi umbylting varð að verulegu leyti við erfiðar aðstæður í efnahagslífi og má þar t.d. nefna hrun síldarstofnsins, óðaverðbólgu og hátt olíuverð. Ýmsar forsendur virðast nú vera að skapast fyrir samskonar breytingu í samgöngum og gerðar voru hvað varðar húshitun. Má þar nefna þróun farartækja, lágt gengi krónunnar og framboð á innlendri orku á samkeppnishæfu verði.

Í krafti sérstöðu hvað varðar aðgang að endurnýjanlegri orku og reynslu við vinnslu hennar getur Ísland orðið mikilvæg tilraunastöð fyrir heiminn við að skipta úr jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orku í samgöngum. Einn af hvötunum er sá einstæði árangur sem náðist með hitaveituvæðingunni upp úr miðri síðustu öld og sú þróun sem síðan hefur orðið m.a. með því að nýta jarðhita einnig til að framleiða rafmagn. Aðgangur að endurnýjanlegum orkugjöfum gerir okkur kleift að minnka notkun á innfluttu jarðefnaeldsneyti hratt og nota í staðinn innlenda visthæfa orkugjafa.

Á þessu sviði liggja tækifæri fyrir Ísland til að byggja upp sjálfbæra atvinnustarfsemi og þekkingu sem flytja má til annarra landa. Aðgerðir sem skila gjaldeyrissparnaði verða mikilvægar á komandi árum. Fjölgun starfa vegna orkuskipta í samgöngum stuðlar að enn frekari þekkingu og verðmætasköpun sem aftur skapar enn fleiri tækifæri bæði á heimavelli og erlendis.

Íslendingar eru virkir þátttakendur í alþjóðlegum verkefnum þar sem unnið er að prófunum og þróun á tækni og endurnýjanlegum orkugjöfum í samgöngum. Á Íslandi er t.d. stærsti vetnisbílafloti í Evrópu. Gera þarf enn betur og virk þátttaka og forusta mun skapa Íslandi sterka ímynd sem nýtist öllum í alþjóðlegum viðskiptum.

Ísland hefur nú þegar byggt upp þekkingu á endurnýjanlegum orkugjöfum og nýtingu þeirra. Landið er því tilvalinn vettvangur til að prófa og aðlaga nýja tækni.

2. Mikilvægi.

Innflutningur farartækja knúnum hefðbundnum orkugjöfum hefur dregist saman að undanförnu. Það hefur í för með sér að landsmenn munu þurfa að endurnýja ökutæki sín á komandi árum. Við þessar aðstæður skapast tækifæri til að stuðla að því að þá gefist kostur á að kaupa ökutæki sem nota endurnýjanlega orku í stað þeirrar gömlu.

Æskilegt er að skipta um orkugjafa í samgöngum eins hratt og kostur er. Nú þegar eru til leiðir til að draga töluvert úr innflutningi á jarðefnaeldsneyti. Áætlað er að hægt sé að draga verulega úr notkun á innfluttu jarðefnaeldsneyti eða um allt að 10% á næstu fimm árum bæði með því að spara og með því að nota innlenda endurnýjanlega orkugjafa. Til þess að svo geti orðið er nauðsynlegt að innleiða hagræna hvata og efla fræðslu. Jafnframt væri hægt að leggja þá skyldu á seljendur eldsneytis að blanda visthæfu eldsneyti í hefðbundið eldsneyti líkt og gert er í Finnlandi eða skylda bensínstöðvar af ákveðinni stærð til að bjóða upp á a.m.k. eina tegund visthæfs eldsneytis líkt og gert er í Svíþjóð. Afraksturinn yrði minni losun gróðurhúsalofttegunda og aukin framleiðsla á innlendu eldsneyti, jafnframt því sem þekking eykst og til verða ný störf í anda grænnar hagstjórnar.

Allar forsendur eru til þess að orkuskipti í samgöngum geti gengið hratt fyrir sig á Íslandi. Gnægð endurnýjanlegrar orku til raforkuframleiðslu gerir það að verkum að til er næg orka sem nota má til að knýja ökutæki framtíðarinnar. Einnig eru miklir möguleikar til að framleiða metan, lífdísilolíu, metanól og fleiri orkugjafa. Tækniframfarir hafa orðið miklar en það sem helst mun hamla kaupum á nýjum og vistvænni farartækjum er hversu dýr þau eru enn þá. Lækkun kostnaðar þeirra og hagrænir hvatar munu verða stærstu áhrifavaldarnir hvað varðar hraða orkuskiptanna sem og uppbygging nýrra innviða. Ökutæki knúin metani og lífdísilolíu eru nú þegar á markaði á samkeppnishæfu verði.

Mikilvægt er að opinberir aðilar komi að uppbyggingu fjölorkustöðva og verði í fararbroddi við kaup á visthæfum farartækjum.

Sjá nánar fylgiskjal II, væntanleg tækniþróun.

3. Skattaumhverfi.

Á vegum fjármálaráðherra er unnið að breytingum á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum og eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, og stefnt er að því að breytingarnar taki gildi um áramótin 2010/2011. Breytingarnar fela í sér að álagning vörugjalds og bifreiðagjalds miðist við skráða losun koltvísýrings (CO_2) viðkomandi ökutækis. Ökutæki með enga skráða losun koltvísýrings bera þá engin vörugjöld og lægsta bifreiðagjald er 5 þús. kr. Jafnframt skulu íblöndunarefni og eldsneyti sem ekki er af jarðefnauppruna undanþegin olíugjaldi.

Verkefnisstjórn Grænu orkunnar, sem meðal annars er ætlað að vinna að stefnumótun og gerð áætlunar um orkuskipti í samgöngum, hefur kynnt sér fyrrgreindar breytingar og telur þær jákvætt skref. Verkefnisstjórnin telur hins vegar fulla þörf á að ganga lengra til að gera orkuskipti í samgöngum að raunhæfum kosti eins fljótt og auðið er og til þess að fylgja eftir markmiði ríkisstjórnarinnar um að Ísland verði í fararbroddi í innleiðingu visthæfrar orku.

Hér á eftir eru tillögur sem verkefnisstjórn Grænu orkunnar hefur mótað og lagt fyrir iðnaðarráðherra:

Lagt er til að hafin verði vinna í fjármálaráðuneytinu til þess að meta hvort hagkvæmt sé með hliðsjón af kostnaði, tækniþróun og ávinningi fyrir efnahag og umhverfi að hrinda eftirtöldum tillögum í framkvæmd.

Eftirtaldar reglur gildi um kaupendur ökutækja með enga skráða losun koltvísýrings og kaupendur ökutækja sem eingöngu geta notað endurnýjanlega orku:

1. Virðisaukaskattur verði að fullu endurgreiddur.
2. Virðisaukaskattur á sérhæfðum varahlutum verði endurgreiddur, einnig fyrir íhluti til breytinga á hefðbundnum ökutækjum á Íslandi.
3. Ívilnun vegna bifreiðagjalda verði í samræmi við fyrrgreindar breytingar, lágmark bifreiðagjalda verði þó 0 kr. fyrir bifreiðar sem losa 0 g CO_2/km.
4. Kaupendur almenningsvagna með enga skráða losun koltvísýrings og almenningsvagna sem eingöngu nota endurnýjanlega (visthæfa) orku fái virðisaukaskatt endurgreiddan að fullu.
5. Kaupendur visthæfra almenningsvagna fái 66% endurgreiðslu á virðisaukaskatti.
6. Eigendur ökutækja sem breyta ökutækjum sínum úr hreinum bensín- eða dísilbílum í visthæf ökutæki sem ganga að mestu eða öllu leyti fyrir endurnýjanlegri orku fái endurgreiðslu að upphæð 50 þús. kr.
7. Skattar á bifreiðahlunnindi lækki við notkun á visthæfum ökutækjum.
8. Endurnýjanlegt eldsneyti blandað í hefðbundið eldsneyti verði gjaldfrjálst, í samræmi við framangreindar breytingar hvað varðar hærra prósentuhlutfall. Sjá nánar í fylgiskjali I.

4. Orkusparnaður.

Einfaldasta, fljótlegasta og þjóðhagslega hagkvæmasta leiðin til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum er að minnka heildarorkunotkun eldsneytis í samgöngum. Með því að draga úr heildarorkunotkun verður auðveldara að ná öðrum markmiðum, eins og því að 10% af orkunni sé af visthæfum uppruna, þar sem þá þarf minna af vistvænni orku til að ná upp í visthæfa kvótann.

Hægt er að ná fram orkusparnaði í samgöngum með þremur meginleiðum, með því að draga úr ferðaþörf, breyta hegðun og innleiða nýja tækni. Ferðaþörf fólks ræðst af svæðaskipulagi, t.d. hversu nálægt nauðsynlegri þjónustu fólk býr. Leggja þarf áherslu á visthæf gildi í svæðaskipulagi. Breytt hegðun getur þýtt færri ferðir, vistakstur og að oftar sé hjólað, gengið eða farið með strætó. Nauðsynlegt er að hvetja til slíkrar hegðunar með því að auðvelda aðgengi að almenningssamgöngum, fjölga hjólastígum og auka upplýsingamiðlun. Vistakstur getur skilað töluverðum sparnaði, jafnvel tugum prósenta. Nauðsynlegt er að gera vistakstur hluta af ökuprófi og bjóða upp á námskeið fyrir almenning sem og atvinnubílstjóra. Ný tækni þarf ekki endilega að þýða rafbíla eða líforkubíla, sparneytnir bensín- eða dísilbílar geta stuðlað að miklum árangri í að draga úr útblæstri CO_2. Breytingar á lögum um bifreiðagjald og vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl. munu hvetja til notkunar sparneytnari ökutækja.

5. Samstarf.

Mikilvægt er að lykilaðilar bæði í einkageiranum og opinberir aðilar vinni saman að orkuskiptum í samgöngum á næstu árum. Eftir stofnun Grænu orkunnar um mitt ár 2010 hefur þegar orðið til vísir að samstarfi milli hennar og grasrótarinnar, þ.e. aðila sem vinna að þróun á ýmsum lausnum tengdum orkuskiptum í samgöngum. Græna orkan hefur sett upp vefsíðu þar sem ætlunin er að miðla upplýsingum um það sem er að gerast á sviði orkuskipta í samgöngum.

Samkvæmt erindisbréfi verkefnisstjórnar Grænu orkunnar á hún að skipuleggja og skapa samstöðu um lykilaðgerðir sem grípa þarf til þannig að áætlun um orkuskipti verði að veruleika. Verkefnisstjórn Grænu orkunnar telur að rétt sé að kanna hvort klasasamstarf í anda aðferðafræði Michael Porter geti stuðlað að öflugu samstarfi á þessu sviði sem leið til að byggja upp þekkingu og öflug fyrirtæki og stuðla að atvinnusköpun og útflutningi á þekkingu og tækni varðandi orkuskipti í samgöngum. Fyrir árslok 2010 er stefnt að fundi til að kanna grundvöll fyrir klasasamstarfi á þessu sviði með þátttöku fyrirtækja, einstaklinga og opinberra aðila. Líkur eru á að með slíku klasasamstarfi skapist góður samstarfsvettvangur sem mun auka líkur á hröðum og vel heppnuðum orkuskiptum í samgöngum og efla nýsköpun á þessu sviði.

6. Rannsóknir og þróun.

Ljóst er að á Íslandi hefur skapast veruleg þekking á endurnýjanlegri orkugjöfum á undanförnum árum. Ísland hefur verið leiðandi á sviði vetnisverkefna og rannsókna á vetni. Nokkur reynsla er komin á notkun rafbíla. Nýting á metani hefur einnig aukist og á eftir að aukast talsvert á næstu missirum. Urðun lífræns úrgangs verður bönnuð frá árinu 2013. Þá verður mikilvægt að kanna allar þær leiðir sem mögulegar eru til að nýta þann úrgang.

Ljóst er að aukin þekking stuðlar að því að orkuskipti geti gengið vel fyrir sig hér á landi. Í háskólum landsins í fyrirtækjum og hjá opinberum aðilum, t.d. í Nýsköpunarmiðstöð Íslands, er þegar að finna umtalsverða þekkingu á vistvænum orkugjöfum og ber þar fyrst og fremst að nefna þekkingu Íslendinga á raforkuframleiðslu með jarðhita og vatnsafli.

Bæði meðal rannsóknastofnana og fyrirtækja er mikill áhugi á að auka þekkingu til að undirbúa samfélagið sem best fyrir orkuskipti í framtíðinni. Auka þarf fé til rannsókna og þróunarverkefna á þessu sviði og jafnframt hvetja aðila til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Viðamiklar rannsóknaráætlanir eru í gildi bæði í Evrópu og á norrænum vettvangi sem íslensk fyrirtæki og stofnanir geta tekið þátt í. Jafnframt er innlend fjármögnun nauðsynleg. Auðvelda þarf og auka möguleika á fjármagni til rannsókna hér á landi.

Í mörgum tilvikum er Ísland ákjósanlegur vettvangur fyrir rannsóknir tengdar vistvænni orku í samgöngum, m.a. vegna smæðar sinnar, vistvænnar raforkuframleiðslu og aðgengi að vatni. Verkefnin koma þó ekki af sjálfu sér og því mikilvægt að stuðlað sé að auknum tengslum við erlend fyrirtæki og rannsóknastofnanir.

Verulega þarf að auka menntun og fræðslu varðandi innviði framtíðarinnar og mikilvægt að hið opinbera gegni ákveðnu forustuhlutverki á því sviði. Huga þarf að öryggismálum bæði fyrir innviði og nýorkubíla. Ný tækni felur í sér annars konar úrlausnarefni en nú er beitt, t.d. er háspenna í flestum rafbílum, vetni og metan eru lofttegundir sem hegða sér á allt annan hátt en bensín og olíur og því þarf að setja önnur viðmið fyrir innviði en nú er gert. Með tilliti til þessa þarf meðal annars að mennta eftirlits-, sjúkraflutninga-, björgunar- og slökkviliðsmenn.

Samtímis þarf að huga að vottun bíla og þá sérstaklega með tilliti til breytinga á þeim. Því er nauðsynlegt að auka samstarf skoðunarstöðva og opinberra aðila þannig að ströngustu kröfur séu gerðar til umferðaröryggis.

7. Ísland sem tilraunavettvangur.

Þess ber að geta að nú þegar fer fram samstarf um tilraunaverkefni af ýmsum toga á Íslandi. Innlendir aðilar hafa unnið í sameiningu að vetnisverkefnum sem hafa gefið góða raun. Einnig fer fram talsvert samstarf milli þeirra aðila sem vinna að aukinni nýtingu metans,

lífdísilolíu og raforku. Þetta samstarf hefur dregið talsvert af erlendum aðilum að borðinu og hafa þeir tekið fullan þátt í verkefnum hér á landi bæði með þekkingu, tengslaneti, tækjabúnaði og fjármagni.

Að undanförnu hefur talsvert dregið úr áhuga erlendra aðila á verkefnum hér vegna erfiðrar stöðu í efnahagslífinu. Til að glæða áhuga þeirra og tiltrú á ný er mikilvægt að bæði þeir og innlendir aðilar sjái mikinn kraft koma með nýjum verkefnum tengdum visthæfri orku. Ljóst er að margir gera sér grein fyrir þeim tækifærum sem eru fólgin í því að nýta Ísland sem tilraunavettvang. Einnig er afar verðmætt að tryggt er að öll orkan sem notuð er fyrir rafgeyma og vetnisrafbíla kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

Með skattaívilnunum og samhentum aðgerðum af hálfu hins opinbera og einkageirans mætti á skömmum tíma stórauka tiltrú erlendra aðila og hraða þannig innleiðingu visthæfs eldsneytis. Einnig er mikilvægt að hvetja innlenda aðila til að taka þátt í verkefnum á vegum ESB með erlendum samstarfsaðilum enda er mikið framboð á styrkjum frá ESB í þessum málaflokki um þessar mundir. Reynslan af slíku samstarfi um vetnisverkefnin er frábær og hafa komið um 5 milljónir evra til rannsókna og tilrauna á Íslandi í gegnum þau samstarfsverkefni.

8. Stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun.

Nýsköpun tengd orkuskiptum er þegar hafin hér á landi. Lítil sprotafyrirtæki hafa verið stofnuð og þau vinna meðal annars að breytingum á hefðbundnum bílum í metanbíla. Fyrirtæki á sviði vetnistækninnar eru starfandi og fyrsta lífdísilverksmiðjan á Íslandi hóf nýlega starfsemi á Akureyri. Einnig er undirbúningur fyrir byggingu metanólverksmiðju á Reykjanesi vel á veg kominn. Ljóst er að þessi fyrirtæki starfa í mjög erfiðu umhverfi þar sem þau keppa við aldagamla tækni sem hefur náð öflugri fótfestu í samfélaginu. Til að þessi fyrirtæki og önnur sem eru í farvatninu nái að blómstra í framtíðinni er nauðsynlegt að stórauka fé til rannsókna (sjá 6. tölul. hér að framan) og nýsköpunar. Einnig er mikilvægt að opinberir aðilar sýni viljann í verki og hefji notkun á tækninni sem allra fyrst þannig að fyrsti vísir að markaði myndist.

Miklir möguleikar eru á að skapa ný störf í nýsköpunarfyrirtækjum tengdum orkuskiptum en ljóst er að stuðningsumhverfi slíkra fyrirtækja þarf að vera öflugt. Með samhentu átaki ríkis og sveitarfélaga má efla slík fyrirtæki og þróa þannig fyrstu vaxtarsprotana.

Fræðsla og menntun er einnig mikilvæg á þessu sviði þannig að slík fyrirtæki hafi aðgang að vinnuafli sem er sérhæft á þessu sviði. Alþjóðleg samvinna getur verið afar gagnleg í því tilliti og jafnframt opnað möguleika á að fá rannsóknar- og nýsköpunarfé til landsins í nýja iðngrein.

Verkefnisstjórn Grænu orkunnar leggur til að Orkusjóður verði efldur og að styrkja- og lánarammi sjóðsins verði nýttur til að styðja við þessa nýju grein. Til þess að þetta verði að veruleika þarf að huga að eftirfarandi atriðum:

1. Ákvarða þarf fjármögnun sjóðsins og þá heildarfjárhæð sem varið skal til þessa málaflokks.
2. Kanna þarf og aðlaga ef nauðsyn þykir styrkja- og lánakerfi sjóðsins svo að það falli örugglega að settum markmiðum.
3. Gæta þarf að samkeppnissjónarmiðum.

Lagt er til að Græna orkan sjái um þetta mat í samvinnu við Orkusjóð og leggi fram tillögur snemma á árinu 2011. Einnig er mikilvægt að aukið fé verði lagt í sjóði sem vinna að og styrkja verkefni tengdum orkuskiptum í samgöngum. Jafnframt má skoða hlutverk annarra

sjóða varðandi sértæk úrræði t.d. Rannsóknasjóð, Tækniþróunarsjóð, Átak til atvinnusköpunar og Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

9. Alþjóðasamstarf.

Ísland er virkur þátttakandi í alþjóðasamfélaginu og ber sem slíkt ábyrgð og skyldur sem m.a. ná til losunar gróðurhúsalofttegunda.

Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB setti Evrópusambandið sér stefnu um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkulindum. Í tilskipuninni er að finna ákvæði um bindandi landsmarkmið varðandi hlutfall endurnýjanlegra orkulinda í orkunotkun einstakra ríkja árið 2020. Samkvæmt tilskipuninni er stefnt að því að heildarorkunotkun hvers lands dragist saman um 20% til ársins 2020. Þetta á að gerast með bættri orkunýtni og orkusparnaði. Einnig kveður tilskipunin á um að árið 2020 verði hlutur endurnýjanlegrar orku í orkunotkun samgangna í hverju landi orðinn a.m.k. 10% og er það markmið bindandi. Í tilskipuninni er hverju aðildarríki fyrir sig gert að samþykkja sérstaka aðgerðaáætlun um endurnýjanlega orku þar sem sett eru fram markmið um hlutfall orku frá endurnýjanlegum orkulindum í raforkuframleiðslu og samgöngum árið 2020.

Ráðgert er að tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 2009/28/EB verði tekin upp í EES-samninginn á fyrri hluta árs 2011 og verður hún innleidd hér á landi í framhaldi af því. Ísland er í fararbroddi varðandi nýtingu endurnýjanlegra orkulinda hvað varðar staðbundna orku. Ísland hefur þegar náð þeim tölusettu markmiðum sem tilskipunin kveður á um að hlutur endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun verði aukinn (gengið er út frá viðmiðunarárinu 2005 en þá var hlutfallið 55% á Íslandi, árið 2008 var það orðið 67%). Töluverð tækifæri geta verið fólgin í því að koma íslenskri þekkingu á þessu sviði á framfæri. Í tilskipuninni er m.a. fjallað um upprunavottorð fyrir raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum og viðskipti með þau (græn vottorð („green certificate“)). Efni tilskipunarinnar er í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, t.d. hvað varðar markmið um sjálfbærar samgöngur og mótun heildstæðrar orkustefnu sem miði að því að endurnýjanlegir orkugjafar leysi innflutta orku af hólmi.

Gæta þarf að áhrifum ákvæða tilskipunarinnar um aukinn hlut endurnýjanlegrar orku í samgöngum, sbr. framangreint 10% markmið. Kemur þar hvort tveggja til greina, lífrænt eldsneyti og raforka. Raforka er ákjósanlegur kostur sem orkugjafi í samgöngum á Íslandi hvort sem hún er nýtt beint eða geymd á rafhlöðum, en hugsanlega líka með vetni, metanól eða annað tilbúið eldsneyti sem orkubera. Nú er hlutur endurnýjanlegrar orku í öllum samgöngum á Íslandi innan við 1%. Það er því krefjandi og metnaðarfullt verkefni að ná markmiðum tilskipunarinnar og færa þetta hlutfall í 10% árið 2020. Stefna ber að því að þetta markmið náist. Þess má geta að t.d. Noregur hefur sett sér að ná þessu markmiði fyrir árið 2020.

Fylgiskjal I.

Skattaívilnanir.

Í þessum tillögum er gert ráð fyrir að breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum og eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, taki gildi um næstu áramót. Þær tillögur sem þar koma fram gera ráð fyrir því að álagning vörugjalds og bifreiðagjalds miðist við skráða losun koltvísýrings (CO2) viðkomandi öku-

tækis. Ökutæki með enga skráða losun koltvísýrings bera þannig engin vörugjöld og lægsta bifreiðagjald er 5 þús. kr. Samkvæmt lagabreytingunum skulu íblöndunarefni og eldsneyti sem ekki er af jarðefnauppruna undanþegin olíugjaldi. Verkefnisstjórn Grænu orkunnar fagnar framkomnum hugmyndum og styður þær en telur fulla þörf á að ganga lengra til að gera orkuskipti í samgöngum að raunhæfum kosti eins fljótt og auðið er.

Aukning hefur verið á CO_2-losun vegna samgangna auk þess sem heildarlosun frá Íslandi hefur aukist verulega í samanburði við losun hjá nágrannaþjóðum. Verkefnisstjórnin hvetur til þess að meðfylgjandi tillögur verði metnar og telur þær styðja við þá metnaðarfullu stefnu ríkisstjórnarinnar að vera leiðandi á þessu sviði orkuskipta í samgöngum.

Tillögur.

1. Kaupendur ökutækja með enga skráða losun koltvísýrings og ökutækja sem eingöngu geta notað endurnýjanlega[1] (visthæfa) orku fái:
   a. Virðisaukaskatt endurgreiddan að fullu.
   b. Virðisaukaskatt endurgreiddan á sérhæfðum varahlutum. Ákvæðið gildir einnig fyrir íhluti til breytinga á hefðbundnum ökutækjum á Íslandi.
   c. Ívilnun á bifreiðagjöldum í samræmi við framangreindar breytingar, nema lágmark bifreiðagjalda verði 0 kr. fyrir bifreiðar með losun upp á 0 g CO_2/km.
2. Kaupendur almenningsvagna með enga skráða losun koltvísýrings og almenningsvagna sem eingöngu geta notað endurnýjanlega (visthæfa) orku fái virðisaukaskatt endurgreiddan að fullu.
3. Kaupendur visthæfra almenningsvagna fái 66% endurgreiðslu á virðisaukaskatti.
4. Eigendur ökutækja sem breyta ökutækjum sínum úr hreinum bensín- eða dísilbílum í visthæf ökutæki sem ganga að mestu eða öllu leyti fyrir endurnýjanlegri orku fái endurgreiðslu að upphæð 50 þús. kr.
5. Skattar á bifreiðahlunnindi lækki við notkun á visthæfum ökutækjum.
6. Endurnýjanlegt eldsneyti blandað í hefðbundið eldsneyti verði gjaldfrjálst, í samræmi við framangreindar breytingar hvað varðar hærra prósentuhlutfall.

Nánari skýringar.

1. Kaupendur ökutækja með enga skráða losun koltvísýrings, 0 g CO_2/km, og ökutækja sem eingöngu geta notað endurnýjanlega (visthæfa) orku fái:
   a. Virðisaukaskatt endurgreiddan að fullu.
   b. Virðisaukaskatt af íhlutum, t.d. efnarafölum og liþíumrafgeymum, endurgreiddan að fullu, hvort sem um er að ræða varahluti eða íhluti til breytinga á ökutækjum. Mikilvægt er að enginn mismunun verði á íhlutum sem notaðir eru til breytinga á bílum á Íslandi og bílum sem fluttir eru til landsins. Þá er einnig mikilvægt að hægt verði að forskrá bíla sem á að breyta þannig að gjöld falli ekki á bílana fyrr en eftir að breyting hefur verið framkvæmd.
   c. Bifreiðagjöld í samræmi við framangreindar breytingar miðist við skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis. Bifreiðagjald verður 0 kr. fyrir þær bifreiðar sem losa 0 g CO_2/km og ökutæki sem eingöngu geta notað endurnýjanlega (visthæfa) orku.

---

[1] Mikilvægt er að allt endurnýjanlegt eldsneyti sé af rekjanlegum uppruna og að sannað sé að það dragi úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda.

2. Kaupendur almenningsvagna með enga skráða losun koltvísýrings, 0 g CO_2/km, og ökutækja sem eingöngu geta notað endurnýjanlega (visthæfa) orku fái fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti eins og önnur ökutæki.
3. Kaupendur visthæfra (sem nota a.m.k. 50% endurnýjanlega orku) almenningsvagna fái 66% endurgreiðslu á virðisaukaskatti líkt og nú er gert með hópferðabifreiðar.
4. Eigendur ökutækja sem breyta þeim úr því að ganga fyrir jarðefnaeldsneyti í að ganga fyrir endurnýjanlegri orku að mestu eða öllu leyti geta sótt um styrk að upphæð 50 þús. kr. fyrir hvert ökutæki. Styrkurinn yrði þó aldrei hærri en sem nemur tekjum ríkissjóðs af breytingunni (vsk. og vörugjöld af íhlutum og vsk af vinnu).
5. Skattlagning á bifreiðahlunnindum verði lækkuð um 25% við notkun á visthæfum ökutækjum (sem nota a.m.k. 50% endurnýjanlega orku) og um 50% ef bílar eru með 0 g CO_2/km.
6. Endurnýjanlegt eldsneyti blandað í jarðefnaeldsneyti verði gjaldfrjálst, í samræmi við framangreindar lagabreytingar. Fyrst um sinn (næstu fimm ár) yrði undanþágan meiri en sem nemur eingöngu blöndunarhlutfallinu, til dæmis tvöföld. 5% íblöndun endurnýjanlegra íblöndunarefna mundi þá leiða til 10% lækkunar gjalda.

Leiðir.

- Endurgreiðsla á virðisaukaskatti fari fram við innflutning á ökutækjum (niðurfelling gjalda) eða með umsókn eftir að breyting á ökutæki hefur farið fram.
- Endurgreiðslan fari fram í gegnum sjóð með fjárheimild á fjárlögum sem tímabundið hefur m.a. það hlutverk að styrkja innflutning á ökutækjum með enga skráða losun koltvísýrings, 0 g CO2/km, um 20,32% af innkaupsverði eftir að virðisaukaskattur hefur verið lagður á. Hægt væri að hafa hámarksfjárhæð á hverjum styrk.
- Möguleiki er að framangreindar leiðir gildi annaðhvort í ákveðinn tíma eða fyrir ákveðinn fjölda bíla, t.d. 10 þúsund bíla.
- Litið til lengri tíma: Gerð áætlun um gjaldtöku með gps-/gsm-tækni. Bílar greiða veggjöld af vegum og mannvirkjum sem notuð eru, sem og mengunargjöld. Gjöldin yrðu hærri á háannatímum og færu eftir svæðum. Eyðslufrekir bílar þyrftu að greiða hærra verð fyrir að keyra um í þéttbýliskjörnum en visthæf ökutæki.

Dæmi um áhrif.

Flest vestrænn ríki styrkja kaupendur við kaup á ökutækjum með enga skráða losun á koltvísýringi. Ljóst er að ökutæki í þessum flokki munu verða talsvert dýrari en önnur ökutæki, a.m.k. næstu 3–5 árin.



Mynd: Dæmi um skattlagningu á hefðbundið ökutæki og raf/vetnisökutæki. Verð á raf/vetnisökutæki er í samræmi við áætlanir framleiðenda. Hefðbundið ökutæki, VW Golf, er með öllum gjöldum. Raf/vetnisökutæki er án vörugjalda og án virðisaukaskatts í samræmi við framangreindar tillögur.

Lokaorð.

Ef Íslendingar ætla að gegna forustuhlutverki í orkuskiptum í samgöngum er ljóst að þörf er á fullri niðurfellingu á virðisaukaskatti á visthæfum ökutækjum. Eins og sjá má á tölunum hér að framan er fyrirséð að mikill verðmunur verður á hefðbundnum ökutækjum og ökutækjum með enga koltvísýringslosun, a.m.k. næstu árin. Þrátt fyrir að visthæfir eldsneytisgjafar séu í einhverjum tilvikum umtalsvert ódýrari en jarðefnaeldsneyti munu fáir geta tileinkað sér þessi nýju ökutæki vegna verðmunar á innkaupsverði bifreiða.

Evrópusambandið hefur gefið út tilskipun þar sem aðildarríkjum er gert skylt að sjá til þess að a.m.k. 10% af eldsneytisnotkun í landssamgöngum verði frá endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2020. Eins og staðan er nú er fráleitt að ætla sér að Íslendingar geti haldið í við ESB, hvað þá verið í forustuhlutverki í þessum efnum, nema með róttækum aðgerðum. Töluverður fjöldi ríkja hefur gripið til þess ráðs að skylda íblöndun með endurnýjanlegu eldsneyti. Slík íblöndunarskylda hefur ekki einungis þau áhrif að minnka losun koltvísýrings frá samgöngum, heldur virkar hún afar hvetjandi á fyrirtæki sem framleiða endurnýjanlegt eldsneyti og tryggir þeim starfsgrundvöll. Slík íblöndunarskylda uppfyllir því tvö markmið orkustefnu ríkisstjórnarinnar í einu, þ.e. dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og hvetur til atvinnuuppbyggingar.

Fylgiskjal II.

Væntanleg þróun tækninnar.

Það yrði langt mál að gera ítarlega grein fyrir öllu því sem gerst hefur í tækniþróun á undanförnum árum og verður hér aðeins stiklað á stóru.

Framleiðendur ökutækja gera ráð fyrir að ökutæki knúin rafmagni og vetni verði á samkeppnishæfu verði eftir nokkur ár (um eða eftir 2015). Þetta gerir okkur kleift að innleiða orkuskipti og hætta nánast innflutningi á jarðefnaeldsneyti fyrir samgöngur á næstu tuttugu árum. Forsenda fyrir því er þó að nýir bílar keyptir til landsins séu að öllu eða mestu leyti knúnir endurnýjanlegri orku. Líftími bíla á Íslandi er um 10 ár og það tekur því jafnlangan tíma að skipta út stærstum hluta flotans.

Tækniþróun hefur verið nokkuð hröð á undanförnum árum. Ljóst er að bílaframleiðendur eru sammála um að það verði enginn einn sigurvegari í náinni framtíð. Mismunandi tæknilausnir eiga við á mismunandi markaðssvæðum og eftir því hvaða auðlindir er að finna á hverjum stað. Íslendingar ættu því fyrst og fremst að meta kosti sína út frá þeim auðlindum sem hægt er að nota til að knýja bílaflota framtíðarinnar.

Nú eru metanbílar fjöldaframleiddir en úrval þeirra er nokkuð takmarkað. Þróun rafgeyma hefur einnig verið ör á undanförnum árum. Notkun slíkra bíla hefur aukist nokkuð á Íslandi á undanförnum missirum og gera má ráð fyrir að sú aukning muni halda áfram í framtíðinni.

Rafsamgöngur hafa verið fyrirferðamestar í umræðunni að undanförnu enda væntingar um tæknina miklar. Með tilkomu litþínrafgeyma hefur rými í geymunum aukist og þyngd þeirra minnkað. Verð á rafgeymum hefur einnig lækkað. Þróun efnarafala fyrir bíla hefur einnig verið talsverð. Öll helstu tæknivandamál eru úr sögunni en enn er unnið að því að draga úr kostnaði við tæknina.

Gera má ráð fyrir að fjölbreytni rafgeymabíla á markaði aukist verulega eftir 2012 og um eða eftir 2015 verði þeir orðnir samkeppnishæfir eða ódýrari í rekstri en hefðbundnir bílar. Sama gildir um vetnisrafbíla. Sjö af stærstu bílaframleiðendum heims hafa lýst því yfir að þeir muni fjöldaframleiða vetnisrafbíla frá og með árinu 2015. Bílaframleiðendur gera ráð fyrir að slíkir bílar verði orðnir að fullu samkeppnishæfir í rekstri við hefðbundna bíla á árabilinu 2015–2018. Ítarleg úttekt hefur verið unnin á þessu sviði nú nýlega þar sem allir stærstu bílaframleiðendur heims tóku þátt ásamt fjölda fyrirtækja sem vinna að uppbyggingu innviða. Skýrslan er mikið framfaraskref og lýsir vel sýn bíla- og innviðafyrirtækja á hvernig þróunin muni líklega verða. Skýrsluna má finna á eftirfarandi slóð á vef Grænu orkunnar: (www.idnadarraduneyti.is/graena-orkan/frettir/nr/3000).

Verði niðurstaðan sú að bílaflotinn verði að mestu eða öllu leyti knúinn raforku eða eldsneyti framleiddu með raforku er ljóst að næg orka er til í landinu. Ljóst er að hið opinbera þarf að stuðla að uppbyggingu innviða enda má gera ráð fyrir að fyrstu skrefin verði dýrari en hefðbundnir innviðir. Samstarf við sveitarfélög er mikilvægt enda þarf að huga að skipulagsmálum við þróun og uppbyggingu nýrra innviða.

641. Frumvarp til laga [200. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „18%“ í 1. málsl. 3. mgr. 66. gr. laganna kemur: 20%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 68. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þannig skal fjárhæð barnabóta og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 4. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.
b. 3. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðanna „Til viðbótar barnabótum skv. 3. mgr. skal greiða“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: Greiða skal.
d. Í stað „2%“ í 5. málsl. 4. mgr. kemur: 3%.
e. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Til viðbótar barnabótum samkvæmt þessari málsgrein skal greiða tekjutengdar barnabætur með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu. Skulu þær árlega nema 61.191 kr. og skal skerðingarhlutfall þeirra vera 3% með hverju barni.

3. gr.

Í stað orðsins „Gjaldfallnir“ og orðsins „gjaldfallnar“ í 1. tölul. 2. mgr. B-liðar 68. gr. laganna kemur: Greiddir; og: greiddar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Í stað „15%“ í 1. mgr. 2. tölul. kemur: 18%.
b. Í stað „10%“ í 2. mgr. 2. tölul. kemur: 15%.
c. Í stað „15%“ í a-lið 3. tölul. kemur: 18%.
d. Í stað „18%“ í b-lið 3. tölul. kemur: 20%.
e. Í stað „32,7%“ í c-lið 3. tölul. kemur: 36%.
f. Í stað „18%“ í b-lið 4. tölul. kemur: 20%.
g. Í stað „32,7%“ í c-lið 4. tölul. kemur: 36%.
h. Í stað „18%“ í a-lið 5. tölul. kemur: 20%.
i. Í stað „18%“ í b-lið 5. tölul. kemur: 20%.
j. Í stað „18%“ í 6. tölul. kemur: 20%.
k. Í stað „18%“ í a-lið 7. tölul. kemur: 20%.
l. Í stað „15%“ í b-lið 7. tölul. kemur: 18%.
m. Í stað „18%“ í a-lið 8. tölul. kemur: 20%.
n. Í stað „15%“ í b-lið 8. tölul. kemur: 18%.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað „18%“ í 1. mgr. kemur: 20%.
b. Í stað „32,7%“ í 2. mgr. kemur: 36%.
c. Í stað „18%“ í 3. mgr. kemur: 20%.
d. Í stað „18%“ í 2., 4. og 5. málsl. 4. mgr. kemur: 20%.

6. gr.

Við lögin bætast fimm ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 8. mgr. A-liðar 68. gr. um greiðslu barnabóta verður barnabótum ekki skuldajafnað á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga á árinu 2011.

b. (II.)

Þrátt fyrir h-lið ákvæðis til bráðabirgða XXXIII skal á framtalsskyldar eignir skv. 72. gr. í lok áranna 2010 og 2011 við álagningu 2011 og 2012 reikna auðlegðarskatt manna þannig: Af fyrstu 75.000.000 kr. af auðlegðarskattsstofni einstaklings og fyrstu 100.000.000 kr. af samanlögðum auðlegðarskattsstofni hjóna greiðist enginn skattur. Af auðlegðarskattsstofni yfir þeim mörkum greiðast 1,50%. Auðlegðarskattsstofn vegna áranna 2010 og 2011 skal endurreikna við álagningu opinberra gjalda 2012 og 2013 með tilliti til viðbótareigna skv. b-lið ákvæðis til bráðabirgða XXXIII. Sá mismunur sem myndast við þann endurreikning og er umfram viðmiðunarmörk 1. málsl. skal skattlagður við álagningu opinberra gjalda 2012 og 2013.

c. (III.)

Við endurreikning á gengistryggðum húsnæðis- og bílalánum einstaklinga utan atvinnurekstrar í lán í íslenskum krónum, sbr. dóm Hæstaréttar frá 16. júní 2010 þar sem gengistryggðir bílasamningar voru dæmdir ólögmætir, skulu inneignarvextir skuldara sem ákvarðaðir eru af þessum sökum á árunum 2010 og 2011 ekki teljast til fjármagnstekna. Endurútreikningur afborgana og vaxta af þessum sökum skal ekki hafa áhrif á áður ákvarðaðar vaxtabætur eða barnabætur hvort sem er til hækkunar eða lækkunar, nema skattaðili fari fram á endurákvörðun þeirra og skal ríkisskattstjóri þá taka til greina beiðni skattaðila um breytingu á ákvörðun um skattstofn eða skattálagningu, þó lengst sex tekjuár aftur í tímann, talið frá því ári þegar beiðni kemur fram, enda liggi verulegir hagsmunir að baki slíkri beiðni. Beiðni skal byggjast á nýjum gögnum og upplýsingum sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr. Þá skulu skilyrði 96. gr. uppfyllt ef um hækkun er að ræða. Víkja má frá þessum tímamörkum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.

Endurútreikningur afborgana og vaxta, sbr. 1. mgr., hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur endurútreikningurinn ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr., atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006, og námslán Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sbr. 1. gr. laga nr. 21/1992.

d. (IV.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 3. mgr. B-liðar 68. gr. skal viðmiðunarhlutfall hámarksvaxtagjalda af skuldum, sem þar er tilgreint, vera 7% við ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

Þrátt fyrir ákvæði 3. málsl. 3. mgr. B-liðar 68. gr. skulu hámarksfjárhæðir vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta, sem þar eru tilgreindar, vera 800.000 kr., 1.000.000 kr. og 1.200.000 kr. við ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. skal viðmiðunarhlutfall, sem þar er tilgreint, vera 8% við ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

Þrátt fyrir ákvæði 7. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. skulu skerðingarfjárhæðir eigna að frádregnum skuldum, sem þar eru tilgreindar, vera 4.000.000 kr. og 6.500.000 kr. við ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 13. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem þar eru tilgreindar, vera 400.000 kr., 500.000 kr., 600.000 kr. og 5.000 kr. við ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

e. (V.)

Við álagningu opinberra gjalda á árunum 2011 og 2012 skal ákvarða mönnum sérstaka vaxtaniðurgreiðslu með eftirfarandi hætti:

1. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla skal vera 0,6% af skuldum vegna lána sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin eru kaup á búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003 og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð samkvæmt eldri lögum, eins og þær eru í árslok 2010 og 2011. Hjá þeim sem skattskyldir eru hluta úr ári vegna brottflutnings á tekjuárinu skal miða við skuldastöðu eins og hún var fyrir brottflutning.
2. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla getur aldrei verið hærri en 200.000 kr. á ári fyrir hvern mann og 300.000 kr. á ári fyrir einstætt foreldri og hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 62. gr., í lok tekjuárs. Hámark sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu hjá þeim sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hluta úr ári ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á árinu.
3. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla skerðist hlutfallslega fari eignir skv. 72. gr., að frádregnum skuldum skv. 1. mgr. 75. gr., fram úr 10.000.000 kr. hjá einstaklingi og 15.000.000 kr. hjá einstæðu foreldri og hjónum eða sambýlisfólki uns hún fellur niður við tvöfalda þá fjárhæð.
4. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla að viðbættum vaxtabótum skv. B-lið 68. gr. má ekki vera hærri en vaxtagjöld ársins vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin eru kaup á búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003 og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð samkvæmt eldri lögum.
5. Sérstaka vaxtaniðurgreiðslu skal greiða með jöfnum hætti og í tvennu lagi hvort gjaldárið fyrir sig 2011 og 2012. Skal fyrri greiðsla ársins fara fram 1. maí og hin síðari 1. ágúst að lokinni álagningu opinberra gjalda.
6. Um rétt til sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu gilda að öðru leyti ákvæði B-liðar 68. gr. um vaxtabætur eftir því sem við á.
7. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla samkvæmt ákvæði þessu telst ekki til skattskyldra tekna.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað „18%“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: 20%.

8. gr.

Í stað „18%“ í 3. og 4. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 20%.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað „18%“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: 20%.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað „5%“ í 1. mgr. kemur: 10%.
b. Í stað fjárhæðarinnar „1.000.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 1.500.000 kr.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „83,54 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 86,90 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „75,14 kr.“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 78,15 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „100,73 kr.“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 101,74 kr.
d. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Af áfengi sem selt er í tollfrjálsum verslunum sem falla undir ákvæði 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005: 10% af áfengisgjaldi skv. 1.–3. tölul.
e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Geri ferðamaður, skipverji eða flugverji grein fyrir áfengi á tollafgreiðsluhliði sem er umfram tollfrjálsar heimildir skv. 5.–7. tölul. 6. gr. ber honum einungis að greiða mismun áfengisgjalds skv. 1.–3. tölul. og skv. 4. tölul. 1. mgr., enda framvísi hann greiðslukvittun sem sýni fram á að áfengið hafi verið keypt í tollfrjálsri verslun hér á landi.

12. gr.

Við 1. málsl. 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna bætist: sbr. þó 4. tölul. 1. mgr. 3. gr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „325,13 kr.“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: 347,90 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3,85 kr.“ í 2. tölul. 2. mgr. kemur: 4,12 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „11,63 kr.“ í 3. tölul. 2. mgr. kemur: 12,45 kr.

d. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Af tóbaki sem selt er í tollfrjálsum verslunum sem falla undir ákvæði 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005: 40% af tóbaksgjaldi skv. 1.–3. tölul.
e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Geri ferðamaður, farmaður eða aðrir grein fyrir tóbaki á tollafgreiðsluhliði sem er umfram tollfrjálsar heimildir skv. 2. mgr. 10. gr. ber honum einungis að greiða mismun tóbaksgjalds skv. 1.–3. tölul. og skv. 4. tölul. 2. mgr., enda framvísi hann greiðslukvittun sem sýni fram á að tóbakið hafi verið keypt í tollfrjálsri verslun hér á landi.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „408,40 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 437,00 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „20,41 kr.“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 21,85 kr.
c. Á eftir orðunum „hafa meðferðis“ í 2. mgr. kemur: sbr. þó 4. tölul. 2. mgr. 9. gr.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta.

15. gr.

Í stað fjárhæðanna „2,90 kr.“, „2,60 kr.“, „2,70 kr.“ og „3,60 kr.“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: 4,35 kr.; 3,80 kr.; 4,10 kr.; og: 5,35 kr.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er rétthafa séreignarsparnaðar heimilt á tímabilinu 1. janúar 2011 fram til 1. apríl 2011 að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar, sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla, til vörsluaðila skv. 3.–5. mgr. 8. gr. og skal greiðslum háttað eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Heimilt er á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar rétthafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem hinn 1. janúar 2011 nemur samanlagt allt að 5.000.000 kr. óháð því hvort sú heildarfjárhæð séreignarsparnaðar er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Skal sú fjárhæð greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, á 12 mánaða tímabili frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttist hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 5.000.000 kr. er að ræða.

Við ákvörðun fjárhæðar rétthafa til útborgunar skal draga frá hámarksfjárhæð, þ.e. allt að 5.000.000 kr., samanlagða fjárhæð þess séreignarsparnaðar sem þegar hefur verið greiddur út á grundvelli ákvæðisins eins og það hljóðaði fyrir 1. janúar 2011. Sé óskað eftir útgreiðslum samkvæmt ákvæði þessu fellur fyrra greiðslufyrirkomulag niður, en samanlögð heimil heildarfjárhæð útborgunar, allt að 5.000.000 kr., greiðist út í samræmi við ákvæði 2. mgr., sbr. fyrri málslið þessarar málsgreinar.

Óski rétthafi eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 2. mgr. skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Ef rétthafi á séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila skal hann gera grein fyrir því í umsókn sinni.

Vörsluaðilar séreignarsparnaðar taka ákvörðun um umsókn rétthafa skv. 2. mgr. og hafa umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans.

Skuldheimtumönnum er óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn samkvæmt þessu ákvæði, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag eftirlits og útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt, atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006.

Um afgreiðslu umsókna, sem borist hafa í gildistíð eldra ákvæðis og óafgreiddar kunna að vera, skal fara eftir ákvæði þessu, svo breyttu, frá og með gildistöku þess.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

17. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „52,77 kr.“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: 54,88 kr.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 4. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 1. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Kílómetra-gjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Kílómetra-gjald, kr.*
10.000–11.000	0,27	21.001–22.000	6,45
11.001–12.000	0,83	22.001–23.000	7,01
12.001–13.000	1,39	23.001–24.000	7,57
13.001–14.000	1,96	24.001–25.000	8,13
14.001–15.000	2,52	25.001–26.000	8,69
15.001–16.000	3,08	26.001–27.000	9,26
16.001–17.000	3,64	27.001–28.000	9,82
17.001–18.000	4,20	28.001–29.000	10,38
18.001–19.000	4,76	29.001–30.000	10,94
19.001–20.000	5,32	30.001–31.000	11,50
20.001–21.000	5,89	31.001 og yfir	12,06

b. 6. mgr. orðast svo:

Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum ökutækjum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Kílómetra-gjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Kílómetra-gjald, kr.*
5.000–6.000	7,91	18.001–19.000	20,88
6.001–7.000	8,55	19.001–20.000	21,82
7.001–8.000	9,21	20.001–21.000	22,78
8.001–9.000	9,87	21.001–22.000	23,72
9.001–10.000	10,50	22.001–23.000	24,66
10.001–11.000	11,44	23.001–24.000	25,60
11.001–12.000	12,66	24.001–25.000	26,56
12.001–13.000	13,87	25.001–26.000	27,50
13.001–14.000	15,08	26.001–27.000	28,44
14.001–15.000	16,30	27.001–28.000	29,39
15.001–16.000	17,51	28.001–29.000	30,34
16.001–17.000	18,72	29.001–30.000	31,28
17.001–18.000	19,94	30.001–31.000	32,22
		31.001 og yfir	33,18

IX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

19. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „22,94 kr.“ í 14. gr. laganna kemur: 23,86 kr.

20. gr.

Í stað fjárhæðanna „37,07 kr.“ og „39,28 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: 38,55 kr.; og: 40,85 kr.

X. KAFLI
Breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., með síðari breytingum.

21. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „17.200 kr.“ í 4. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: 17.900 kr.

XI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 132/1999, um vitamál, með síðari breytingum.

22. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „125,12 kr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: 130,12 kr.

XII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

23. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „8.400 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 8.700 kr.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VI í lögunum:

a. Í stað orðanna „1. janúar 2010 til og með 31. desember 2010“ kemur: 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2011.
b. Í stað orðanna „laga nr. 17/2008“ kemur: laga nr. 120/2009.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., með síðari breytingum.

25. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 698 kr. á mánuði árið 2011 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, með síðari breytingum.

26. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laganna skal skuldbinding ríkisins skv. 60. gr. á árinu 2011 samkvæmt sérstöku samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar vera 1.276,3 millj. kr. á árinu 2011. Framlag til Kristnisjóðs skal vera 76,3 millj. kr. á árinu 2011.

XV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

27. gr.

Í stað ártalsins „2010“ í 14. og 15. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: 2011.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

28. gr.

Í stað fjárhæðanna „180.000 kr.“ og „153.500 kr.“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: 184.140 kr., og: 157.030 kr.

XVII. KAFLI

Gildistaka.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:

a. 1., 4.–5., 7.–9. og 23. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og koma til framkvæmda við álagningu 2012 og á staðgreiðsluárinu 2011 eftir því sem við á.
b. 2. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta og álagningu gjalda á árinu 2011.
c. 3. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og kemur til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta og álagningu gjalda á árinu 2012.
d. 6., 22. og 26. gr. öðlast þegar gildi.

e. 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og tekur til skipta á dánarbúum þeirra sem andast þann dag eða síðar, búskipta þeirra sem hafa heimild til setu í óskiptu búi fari þau fram eftir gildistöku laganna og álagningar erfðafjárskatts á fyrirframgreiðslu arfs vegna erfðafjárskýrslna sem berast sýslumönnum eftir gildistöku laganna.
f. 11.–21., 24.–25. og 27.–28. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011.

642. Frumvarp til laga [313. mál]

um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Innleystur gengishagnaður af hvers konar innlánsreikningum og kröfum í erlendri mynt á því ári sem innlausn á sér stað skal færður til tekna og miðast við mismun á kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris frá 1. janúar 2010 eða síðar og á úttektar- eða greiðsludegi. Heimilt er að jafna saman gengishagnaði og gengistapi hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins.

2. gr.

Á eftir orðunum „á sér stað til“ í 3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: samlagsfélags eða.

3. gr.

Við 8. mgr. 17. gr. laganna bætist: og sölu íbúðarhúsnæðis úr dánarbúi manns enda séu uppfyllt framangreind skilyrði um eignarhaldstíma og stærðarmörk.

4. gr.

3. tölul. 1. mgr. B-liðar 30. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

12. tölul. 31. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:
a. 1. mgr. fellur brott.
b. 3. málsl. 3. mgr. fellur brott.

7. gr.

Á eftir orðunum „og/eða þeirra félaga sem“ í 1. málsl. 1. mgr. 52. gr. laganna kemur: við tóku eða.

8. gr.

Við 1. mgr. 55. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samsköttun skal þó falla niður með félagi sé það tekið til gjaldþrotameðferðar eða sæti slitameðferð, sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002.

9. gr.

Við 1. mgr. 59. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvörðun ríkisskattstjóra um synjun má skjóta til yfirskattanefndar eftir ákvæðum laga um yfirskattanefnd.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Í stað „24,1%“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 22,9%.
b. Í stað „27%“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 25,8%.
c. Í stað „33%“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 31,8%.
d. Í stað „27%“ tvívegis í 4. tölul. 1. mgr. kemur: 25,8%.
e. Í stað „1. tölul.“ í 6. tölul. 1. mgr. kemur: 1.–3. tölul.
f. Í stað „1. tölul.“ í 7. tölul. 1. mgr. kemur: 1.–3. tölul.

11. gr.

Á eftir 70. gr. laganna kemur ný grein, 70. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Tekjuskattur manna með takmarkaða skattskyldu
sem afla meiri hluta tekna sinna hér á landi.

Þeir menn sem búsettir eru í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og bera takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr., en fá sem nemur eigi minna en 75% heildartekna sinna á tekjuárinu frá Íslandi, eiga rétt á að vera skattlagðir líkt og þeir hefðu verið skattskyldir skv. 1. gr. allt tekjuárið, með þeim réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um opinber gjöld.

Sama rétt eiga þeir menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr., en hafa einungis verið heimilisfastir hér á landi hluta tekjuársins, hafi þeir dvalið í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, enda nemi tekjur þeirra frá Íslandi eigi minna en 75% heildartekna þeirra á tekjuárinu.

Heimilt er hjónum og einstaklingum í staðfestri samvist og óvígðri sambúð sem búsett eru í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum að telja fram í samræmi við ákvæði 62. gr. ef annað þeirra eða bæði eiga rétt til skattlagningar skv. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, enda nemi tekjur frá Íslandi eigi minna en 90% samanlagðra tekna þeirra á tekjuárinu og þau séu skráð saman til heimilis við lok tekjuárs.

Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar með reglugerð, m.a. um rétt maka, framtalsskil o.fl.

12. gr.

Í stað orðanna „Þróunarsjóður sjávarútvegsins“ í 1. tölul. 5. mgr. 71. gr. laganna kemur: Fiskræktarsjóður.

13. gr.

Við 2. mgr. 94. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur í þágu rannsóknar máls leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimilum og öðrum stöðum sem 2. málsl. tekur ekki til.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ívilnun skv. 65. gr. og reikningsár skv. 1. mgr. 59. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og ívilnun skv. 65. gr.
b. Orðin „eða þeim starfsmönnum hans sem fengið hafa til þess sérstaka heimild“ í 2. mgr. falla brott.

15. gr.

Orðin „sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. 101. gr. laganna falla brott.

16. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 112. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga, sbr. þó 5. mgr.

17. gr.

Orðin „þar sem vinnuþáttur er samtals að lágmarki 50.000 kr.“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXV í lögunum falla brott.

18. gr.

6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXVI í lögunum orðast svo:

Þegar kröfu er breytt í hlutafé í hinu skuldsetta félagi í stað eftirgjafar skal það talið fullnaðargreiðsla hennar. Aðilar geta samið um niðurfellingu á hluta kröfunnar áður en slík greiðsla með hlutafé er innt af hendi. Sé skipt á kröfu og hlutafé skal fara fram mat á verðmæti hlutafjárins og skal matsverðið miðast við þann dag þegar skiptin eiga sér stað. Skuldara ber að tekjufæra mismun á verðmæti hlutafjárins og bókfærðu verði skuldarinnar. Kröfuhafa ber eftir atvikum að tekjufæra eða gjaldfæra mismun á bókfærðu verði kröfunnar og matsverði hlutafjárins. Mat á verðmæti hlutafjár skal unnið af óháðum matsaðila þegar skipti á kröfu og hlutafé fara fram á milli eignatengdra aðila.

19. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 128/2009, sem breytti 60. gr. laganna, er þeim aðilum sem atvinnurekstur stunda eða sjálfstæða starfsemi og selja þjónustu og fengið höfðu heimild ríkisskattstjóra til að miða tekjuuppgjör rekstrarins við innborganir vegna seldrar þjónustu, í stað þess að miða við unna og bókfærða þjónustu, í þeim tilvikum sem vinnuþáttur hinnar seldu þjónustu var almennt yfir 70%, heimilt að færa til tekna með jöfnum hætti á þremur árum uppsafnaða fjárhæð sem áður hafði verið frestað að færa til tekna, þ.e. á tekjuárunum 2010, 2011 og 2012.

b. (II.)

Þrátt fyrir 1.–4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXVI í lögunum skal þeim rekstraraðilum sem fá eftirgefnar skuldir vegna greiðsluerfiðleika á árunum 2010 og 2011 vera heimilt í skattskilum sínum að færa á milli tekjuáranna 2010 til og með 2014 þann hluta eftirgjafarinnar sem er umfram yfirfæranlegt rekstrartap og rekstrartap ársins, fyrningar og niðurfærslu. Skilyrði fyrir yfirfærslu skv. 1. málsl. er að skattaðili hafi fyrnt að fullu að teknu tilliti til 42. gr. allar fyrnanlegar eignir sínar og nýtt mögulegar hámarksniðurfærslur á viðskiptakröfum og vörubirgðum. Þá er skilyrði að arði sé ekki úthlutað vegna tekjuáranna 2010 til og með 2014. Ríkisskattstjóri getur heimilað skattaðila að taka þátt í samsköttun og sameiningu við aðra skattaðila eða skiptingu upp í fleiri félög að uppfylltum skilyrðum þessa ákvæðis.

Standi eftir í árslok 2014 eftirgjöf skulda sem hærri er en 500 millj. kr. er skattaðila heimilt að færa það sem umfram er til tekna með jöfnum fjárhæðum á tekjuárunum 2015 til og með 2019. Sé eftirgjöf lægri en 500 millj. kr. í lok árs 2014 færist hún ekki til tekna.

Eftirgefnar skuldir sem á einhvern hátt tengjast refsiverðri háttsemi skattaðila skal tekjufæra án nokkurs frádráttar.

Að öðru leyti gildir 5.–8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXVI.

c. (III.)

Þrátt fyrir brottfall 1. mgr. og 3. málsl. 3. mgr. 32. gr. skal þeim aðilum sem keypt hafa framleiðslurétt í landbúnaði fyrir 1. janúar 2011, til hagnýtingar á framleiðsluárinu 2011, heimilt að færa þann stofnkostnað niður með jöfnum fjárhæðum á fimm árum, að frádreginni þeirri niðurfærslu og árafjölda sem þegar hefur átt sér stað.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað „24,1%“ í a-lið 1. mgr. kemur: 22,9%.
b. Í stað „27%“ í b-lið 1. mgr. kemur: 25,8%.
c. Í stað „33%“ í c-lið 1. mgr. kemur: 31,8%.

21. gr.

Við 3. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Afdráttur staðgreiðslu af þeim hluta sem telst vera laun skv. 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal fara fram á því greiðslutímabili þegar uppgjör á sér stað eða eigi síðar en í lok þess árs sem ákvörðun um úthlutun er tekin.

22. gr.

Við 2. mgr. 25. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur í þágu rannsóknar máls leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimilum og öðrum stöðum sem 2. málsl. tekur ekki til.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir tölunni „5.“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 6.
b. Á eftir orðunum „Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Íbúðalánasjóður.
c. Á eftir orðunum „Framleiðnisjóður landbúnaðarins“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Fiskræktarsjóður.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 3. og 4. málsl. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Til vaxta telst enn fremur innleystur gengishagnaður á staðgreiðsluári skv. 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003. Sama á við um innleystan gengishagnað sem fellur til frá einu greiðslutímabili til annars innan staðgreiðsluársins.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ekki skal telja gengishagnað skv. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003 til stofns til staðgreiðslu.

25. gr.

1. málsl. 4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Afdráttur staðgreiðslu af arði skal fara fram þegar hlutafélag greiðir arðinn eða eigi síðar en í lok þess árs þegar ákvörðun um úthlutun er tekin.

26. gr.

Við 2. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur í þágu rannsóknar máls leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimilum og öðrum stöðum sem 2. málsl. tekur ekki til.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

27. gr.

C-liður 8. gr. laganna orðast svo: Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert:

1. er nemi 0,77% til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla,
2. er nemi 0,95% til jöfnunar vegna málefna fatlaðra.

Við skil á staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, skal jafnframt gera Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu útsvars, sundurliðað skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. þessa stafliðar.

28. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Til greiðslu jöfnunarframlaga vegna þjónustu við fatlaða, sbr. 13. gr. a.

29. gr.

Í stað orðanna „a-, b- og c-lið 8. gr.“ í a-lið 10. gr. laganna kemur: a- og b-lið og 1. tölul. 1. mgr. c-liðar 8. gr.

30. gr.

Í stað orðanna „Tekjum Jöfnunarsjóðs skv. c-lið 8. gr.“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: Tekjum Jöfnunarsjóðs vegna reksturs grunnskóla skv. 1. tölul. 1. mgr. c-liðar 8. gr.

31. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, svohljóðandi:

Stofnuð skal sérstök deild innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra. Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra skv. 2. tölul. 1. mgr. c-liðar 8. gr. skulu renna í sérdeildina auk framlaga af fjárlögum vegna þjónustu við fatlaða.

Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra skv. 2. tölul. 1. mgr. c-liðar 8. gr. að frádregnum kostnaði tengdum flutningi málaflokksins, að viðbættum beinum framlögum af fjárlögum, skal varið til jöfnunar vegna þjónustu við fatlaða með greiðslu framlaga til einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða. Framlögin skulu reiknuð á grundvelli fjölda einstaklinga og þjónustuþarfa þeirra í hverju sveitarfélagi og á hverju þjónustusvæði og skal kveðið nánar á um útreikning þeirra í reglugerð, sbr. 18. gr. Í reglugerðinni skal leitast við að tryggja að tekjuaukning einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða endurspegli kostnaðarmun vegna ólíks fjölda fatlaðra íbúa. Í reglugerðinni skal jafnframt kveðið á um ráðstöfun framlaga vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, biðlista eftir þjónustu og breytingarkostnaðar.

Stofnaður skal sérstakur fasteignasjóður innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem annast fasteignir sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Fasteignasjóðurinn fer með réttindi og skyldur er tengjast fasteignunum. Starfsemi fasteignasjóðsins skal miða að því að tryggja sem jafnasta aðstöðu sveitarfélaga vegna fasteigna sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða. Í því skyni er fasteignasjóðnum heimilt að leigja sveitarfélögum og rekstrar- eða þjónustuaðilum fasteignir til afnota fyrir þjónustu við fatlaða. Enn fremur er fasteignasjóðnum heimilt að selja sveitarfélögum, rekstrar- og þjónustuaðilum, rekstrarfélögum félagslegs húsnæðis eða íbúum fasteignir og semja um greiðslukjör. Þá er fasteignasjóðnum heimilt að selja fasteignir á frjálsum markaði hafi sveitarfélög ekki þörf fyrir að nýta þær. Söluandvirði fasteigna og aðrar tilfallandi tekjur fasteignasjóðsins umfram gjöld skulu renna til sérdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. 1. mgr., og skulu þær nýttar til jöfnunar vegna þjónustu við fatlaða. Á sama hátt ber sérdeildin ábyrgð á rekstrarhalla fasteignasjóðsins sé um slíkt að ræða. Ráðherra er heimilt með samþykki Sambands íslenskra sveitarfélaga að leggja fasteignasjóðinn niður og skal eignum hans ráðstafað til sérdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. 1. mgr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um starfsemi fasteignasjóðsins að fenginni umsögn velferðarráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, svo sem um nýtingu tekna fasteignasjóðsins til jöfnunar vegna þjónustu við fatlaða, hvernig leigufjárhæðir skulu ákveðnar, um rekstrarform, stjórnun, leigu og sölu fasteigna og heimildir sveitarfélaga til þess að fela öðrum aðilum rekstur fasteignanna.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 20. gr. laganna:

a. Orðin „31. desember“ falla brott.
b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi einstaklingur átt lögheimili í fleiri en einu sveitarfélagi á tekjuárinu skal leggja á hann útsvar sem skiptist hlutfallslega eftir búsetutíma og skal útsvarshlutfall fyrir hvert búsetutímabil fara eftir því sem viðkomandi sveitarstjórn ákveður skv. 1. mgr. 24. gr. og ef við á 6. mgr. 24. gr.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 23. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „13,28%“ kemur: 14,48%.
b. Í stað hlutfallstölunnar „11,24%“ kemur: 12,44%.

34. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (XI.)

Í fjárlögum skal tryggja sérstök framlög vegna tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

a. Framlög á árunum 2011, 2012 og 2013 til að vega upp á móti veikri stöðu útsvarsstofnsins.
b. Framlög á árunum 2011, 2012 og 2013 vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.
c. Framlög á árunum 2012 og 2013 vegna biðlista eftir þjónustu.
d. Framlög á árunum 2011, 2012 og 2013 vegna breytingarkostnaðar, tilfærslu, aðlögunar og útfærslu þjónustunnar.

b. (XII.)

Fram til ársins 2014 eru sveitarfélög bundin af því að 0,25 prósentustig af þeirri hækkun útsvars sem þeim er tryggð vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra renni beint til þjónustu við fatlaða innan viðkomandi þjónustusvæða.

c. (XIII.)

Á árinu 2011 skulu greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða taka mið af heimildarákvæði 6. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða hvað varðar sérstakt aðlögunartímabil þar sem beinar greiðslur til sveitarfélaga og þjónustusvæða byggjast að hluta til eða öllu leyti á framreiknuðum rekstrarkostnaði ársins 2010.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

35. gr.

Við 3. mgr. 38. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur í þágu rannsóknar máls leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimilum og öðrum stöðum sem 2. málsl. tekur ekki til.

36. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI í tollalögum, nr. 88/2005.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lögaðilar og einstaklingar sem eru og hafa verið í atvinnurekstri og eru í vanskilum með virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald og þing- og sveitarsjóðsgjöld sem hafa gjaldfallið fyrir 1. janúar 2010 geta sótt um frest til greiðsluuppgjörs á þeim vanskilum til 1. júlí 2011.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Einstaklingar sem sótt hafa um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, geta sótt um greiðsluuppgjör samkvæmt lögum þessum vegna vangoldins virðisaukaskatts og afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda. Hafni umboðsmaður skuldara umsókn einstaklings um greiðsluaðlögun skal umsókn samkvæmt þessari málsgrein afgreidd í samræmi við 1. mgr.

38. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. október 2011“ í 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: 1. júlí 2012.

39. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Sérstök niðurfelling á tekjuskatti lögaðila sem gjaldfallið hefur fyrir 1. janúar 2010.

Hafi umsækjandi skv. 1. gr. fengið sértæka skuldaaðlögun samkvæmt lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, er tollstjóra heimilt að fallast á beiðni um niðurfellingu tekjuskatts að hluta, enda telji tollstjóri hagsmunum ríkissjóðs betur borgið með slíkri niðurfellingu. Umsækjanda ber að leggja fram þau gögn sem hin sértæka skuldaaðlögun byggist á ásamt öðrum þeim gögnum sem tollstjóri fer fram á.

Hafi umsækjandi skv. 1. gr. ekki fengið sértæka skuldaaðlögun samkvæmt lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, er tollstjóra heimilt að fallast á beiðni um niðurfellingu tekjuskatts að hluta, enda telji tollstjóri hagsmunum ríkissjóðs betur borgið með slíkri niðurfellingu. Umsækjanda ber að leggja fram þau gögn sem tollstjóri fer fram á.

Fallist tollstjóri á niðurfellingu tekjuskatts skv. 1. og 2. mgr. kemur slík niðurfelling til framkvæmdar þegar umsækjandi hefur uppfyllt öll önnur skilyrði laga þessara. Tollstjóri gefur út skuldabréf vegna þess hluta tekjuskatts sem ekki er felldur niður í samræmi við

ákvæði 5. gr. Niðurfelling tekjuskatts kemur þó aldrei til greina ef skattkrafa er tilkomin vegna endurákvörðunar skattyfirvalda á tekjuskatti vegna skattsvika.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

40. gr.

Í stað orðanna „staðist próf í verðbréfaviðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um verðbréfaviðskipti“ í 4. mgr. 34. gr. laganna kemur: staðist próf í verðbréfaviðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

41. gr.

Í stað ártalsins „2009“ í 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 2010.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

42. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið þessara laga er að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja með því að veita þeim rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni.

43. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um fyrirtæki sem eru eigendur rannsóknar- eða þróunarverkefna sem staðfest hafa verið af Rannsóknamiðstöð Íslands skv. 5. gr. Háskólar og opinberar stofnanir teljast ekki fyrirtæki í skilningi laga þessara.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1., 2., 3., 4., 6., 10., 11. og 13. tölul. falla brott og breytist númeraröð annarra töluliða í samræmi við það.
b. 5. tölul. orðast svo: *Nýsköpunarfyrirtæki:* Lögaðilar skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem stunda rannsóknir eða þróun samkvæmt lögum þessum.
c. 8. tölul. orðast svo: *Rannsóknar- og þróunarkostnaður:* Beinn kostnaður við verkefni sem hlotið hefur staðfestingu skv. 5. gr., svo sem vegna starfsmanna, tækja, húsnæðis, aðkeyptrar rannsóknar- og þróunarvinnu og annarra aðfanga sem eingöngu eru notuð við verkefnið.
d. 9. tölul. orðast svo: *Rannsóknir:* Skipulagðar rannsóknir eða mikilvægar athuganir sem eru til þess fallnar að stuðla að öflun nýrrar þekkingar og hæfni til þróunar á nýjum afurðum, ferlum eða þjónustu eða til að koma til leiðar umtalsverðum endurbótum á afurðum, ferlum eða þjónustu sem er til staðar. Þær ná yfir sköpun þátta í flóknum kerfum, sem nauðsynlegir eru fyrir rannsóknir, einkum almennar tæknifullgildingar, þó ekki á frumgerðum sem tilgreindar eru í 10. tölul.
e. 15. tölul. orðast svo: *Þróun:* Öflun, sameining, mótun og not fyrirliggjandi vísindalegrar, tæknilegrar, viðskiptalegrar eða annarrar viðeigandi þekkingar og færni í þeim

tilgangi að vinna að áætlunum eða ráðstöfunum og hönnun fyrir nýjar, breyttar eða endurbættar afurðir, ferla eða þjónustu. Þetta kann einnig að fela í sér, til dæmis, aðra starfsemi sem hefur að markmiði hugmyndaskilgreiningar, áætlanir og skráningu nýrra afurða, ferla og þjónustu. Slík starfsemi kann að fela í sér gerð uppkasta, teikninga, áætlana og annarra skjala, enda séu þau ekki ætluð til notkunar í atvinnuskyni.

f. Við bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð, svohljóðandi:
   1. *Lítið fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og er með árlega veltu undir 2 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 2 milljónum evra, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.
   2. *Meðalstórt fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með á bilinu 50–250 starfsmenn og er með árlega veltu undir 50 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 43 milljónum evra, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.
   3. *Stórt fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með fleiri en 250 starfsmenn, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.

45. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Umsókn um staðfestingu á rannsóknar- eða þróunarverkefni skal berast Rannís eigi síðar en 1. september ár hvert.

Umsókn skal afhent á því formi sem Rannís ákveður. Með umsókn skal fylgja greinargóð lýsing á verkefninu ásamt verk- og kostnaðaráætlun.

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Rannís ákvarðar hvort verkefni hlýtur staðfestingu samkvæmt lögum þessum. Skilyrði þess að verkefni hljóti staðfestingu er að það teljist rannsóknar- eða þróunarverkefni samkvæmt lögum þessum og einnig.
b. Í stað fjárhæðarinnar „5 millj. kr.“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 1 millj. kr.
c. 2. mgr. fellur brott.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Staðfesting verkefna.*

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

   Ef nýsköpunarfyrirtæki kaupir rannsóknar- eða þróunarvinnu af ótengdu fyrirtæki, háskóla eða stofnun til nota í eigin staðfestu rannsóknar- eða þróunarverkefni hækkar hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti skv. 10. gr.
b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

48. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Tvö eða fleiri ótengd nýsköpunarfyrirtæki geta staðið saman að verkefni og notið frádráttar skv. 10. gr. Í tilviki samstarfsverkefnis skulu upplýsingar um alla þátttakendur koma

fram í umsókn skv. 4. gr. ásamt upplýsingum um áætlaða hlutdeild hvers og eins í rannsóknar- og þróunarkostnaði.

49. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 1.–3. mgr. orðast svo:

Við mat Rannís á rannsóknar- og þróunarverkefnum má leita til ráðgefandi fagnefndar sem skipuð er þremur fulltrúum með reynslu af málefnum tengdum nýsköpun. Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Samtök atvinnulífsins tilnefna fulltrúa í fagnefndina.

Rannís skal innan tveggja mánaða frá móttöku umsóknar ákvarða hvort verkefni hlýtur staðfestingu skv. 5. gr. Tilkynna skal umsækjanda um þá ákvörðun.

Rannís skal tilkynna ríkisskattstjóra um þau rannsóknar- eða þróunarverkefni sem hlotið hafa staðfestingu skv. 5. gr. og eigendur þeirra. Samstarfsverkefni skulu aðgreind sérstaklega og upplýst um alla þátttakendur í þeim.

b. 4. mgr. fellur brott.

50. gr.

Orðin „og/eða 6.“ í 1. málsl. 9. gr. laganna falla brott.

51. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Umsóknarferli o.fl.**

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefnum sem hlotið hafa staðfestingu skv. 5. gr. á rétt á sérstökum frádrætti frá álögðum tekjuskatti sem nemur 20 hundraðshlutum af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti hjá hverju fyrirtæki skal vera 100.000.000 kr. á rekstrarári. Ef um er að ræða aðkeypta rannsóknar- eða þróunarvinnu skv. 6. gr. skal hámark kostnaðar samtals vera 150.000.000 kr. Ef um er að ræða samstarfsverkefni skv. 7. gr. skal sama hámark gilda fyrir verkefnið í heild en frádrætti skipt hlutfallslega milli fyrirtækjanna sem taka þátt í samstarfsverkefninu.

b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kostnaður sem fellur til vegna umsóknar til Rannís myndar ekki frádráttarrétt hjá nýsköpunarfyrirtæki.

53. gr.

3. málsl. 11. gr. laganna fellur brott.

54. gr.

12.–14. gr. laganna falla brott.

55. gr.

Í stað 2. mgr. 15. gr. laganna koma fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Samanlagður styrkur frá opinberum aðilum að meðtöldum skattfrádrætti samkvæmt lögum þessum skal ekki fara yfir neðangreind hlutföll vegna sama rannsóknar- eða þróunarverkefnis:

1. Þegar um lítil fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkhæfur kostnaður orðið hæstur 70% vegna rannsóknarverkefnis eða í tilviki samstarfsverkefnis 80%. Samanlagður styrkhæfur kostnaður vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 45% eða í tilviki samstarfsverkefnis 60%.
2. Þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkhæfur kostnaður orðið hæstur 60% vegna rannsóknarverkefnis eða í tilviki samstarfsverkefnis 75%. Samanlagður styrkhæfur kostnaður vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 35% eða í tilviki samstarfsverkefnis 50%.
3. Þegar um stór fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkhæfur kostnaður orðið hæstur 50% vegna rannsóknarverkefnis eða í tilviki samstarfsverkefnis 65% enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki. Samanlagður styrkhæfur kostnaður vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 25% eða í tilviki samstarfsverkefnis 40% enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki.

Skilyrði aukningar á styrkhæfi vegna sameiginlegra verkefna er að þau feli í reynd í sér samstarf milli a.m.k. tveggja óháðra fyrirtækja og eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1. ekkert eitt fyrirtæki fari með meira en 70% af hinum styrkhæfa kostnaði vegna samstarfsverkefnisins;
2. verkefnið verður að fela í sér samstarf í það minnsta eins lítils eða meðalstórs fyrirtækis eða vera yfir landamæri, þ.e. rannsóknar- og þróunarstarfsemin verður að eiga sér stað innan í það minnsta tveggja EES-landa.

Aukning á styrkhæfi er einnig heimil ef verkefnið felur í reynd í sér samstarf milli fyrirtækis og rannsóknarstofnunar, sérstaklega í sambandi við samræmingu stefnumörkunar á sviði rannsókna og þróunar, og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. rannsóknarstofnunin fer með í það minnsta 10% af hinum styrkhæfa kostnaði;
2. rannsóknarstofnunin hefur rétt til að birta niðurstöður rannsóknarverkefnisins að því marki sem þær eru tilkomnar vegna rannsókna sem stofnunin hefur hrint í framkvæmd.

Enn fremur er aukning heimil, fyrir rannsóknir eingöngu, ef niðurstöðum verkefnisins er dreift með almennum hætti á tækni- og vísindaráðstefnum eða með birtingu í vísinda- eða tækniritum eða í gegnum opin gagnasöfn (gagnagrunna þar sem hver sem er getur nálgast grunngögn úr rannsóknum), eða í gegnum ókeypis eða opinn hugbúnað.

Undirverktaka skv. 3. og 4. mgr. telst ekki samstarf í skilningi laga þessara.

IX. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

56. gr.

Við 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Af fólksbifreiðum leigðum út af bílaleigum, skráðum í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, sem innflytjandi nýtir hér á landi tímabundið í eigin þágu enda vari dvöl bifreiðarinnar hér á landi ekki lengur en 42 daga í

hvert sinn en aldrei lengur en 183 daga á hverju 12 mánaða tímabili. Hver sá sem nýtir sér heimild til tímabundins innflutnings samkvæmt þessum lið getur aldrei nýtt heimildina lengur en 42 daga á ári hverju.

57. gr.

Við 3. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kostnaðarliðir og gjöld sem um ræðir í 2. mgr. skulu innifalin í tollverði, án tillits til þess hvort kostnaðarliðirnir og gjöldin séu raunverulega greidd eða ekki, enda sé unnt að ákvarða þau á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.

58. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010 vera sem hér segir:

1. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
3. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 5. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

X. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

59. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frá og með 1. janúar 2011 er tollstjóra heimilt að endurgreiða vörugjald af ökutækjum sem hefur verið breytt þannig að ökutækið nýtir metan í stað bensíns eða dísilolíu og hefur verið skráð sem slíkt hjá Umferðarstofu.

Fjárhæð endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. skal vera 20% af kostnaði við breytinguna samkvæmt reikningi breytingaverkstæðis en þó ekki hærri en 100.000 kr. Vörugjald skal því aðeins endurgreitt að ökutæki sé yngra en sex ára við breytingu, miðað við framleiðsluár, og útbúið að lágmarki 78 lítra metangeymi.

Eigandi ökutækis skal sækja um endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. til tollstjóra á eyðublaði sem tollstjóri útbýr. Með umsókninni skal fylgja staðfesting Umferðarstofu um að ökutæki hafi verið breytt til þess að nýta metan og að faggilt skoðunarstöð ökutækja hafi vottað breytinguna. Jafnframt skal fylgja með vottorð faggiltrar skoðunarstöðvar um að ökutæki sé útbúið að lágmarki 78 lítra metangeymi.

Ef ökutæki, sem hlotið hefur endurgreiðslu, getur ekki nýtt metan sem eldsneyti vegna þess að breytingarbúnaður eða einhver hluti hans hefur verið fjarlægður eða gerður óvirkur innan tveggja ára frá því að vörugjald var endurgreitt skal eigandi ökutækis tilkynna tollstjóra og Umferðarstofu um að búnaður hafi verið fjarlægður eða gerður óvirkur og greiða upp endurgreiðsluna að fullu. Skylda til að tilkynna tollstjóra og Umferðarstofu um að búnaður hafi verið fjarlægður eða færður til að nota á annað ökutæki hvílir jafnframt á hverjum þeim sem annast slíkar breytingar fyrir einhvern annan.

Vanræki aðili að tilkynna tollstjóra innan mánaðar um að breytingarbúnaður hafi verið fjarlægður eða gerður óvirkur á einhvern hátt á því tímabili sem tilgreint er í 4. mgr. skal eigandi ökutækis greiða upp endurgreiðsluna ásamt 50% álagi.

Faggiltar skoðunarstofur ökutækja skulu kanna ástand og virkni metanbúnaðar við hverja reglubundna skoðun ökutækis.

Heimild til endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. gildir þangað til vörugjald hefur verið endurgreitt vegna breytinga á 1.000 ökutækjum. Eigendur ökutækja sem breytt hefur verið til þess að nýta metan í stað bensíns eða dísilolíu fyrir gildistöku þessa ákvæðis og hlotið hafa vottun frá faggiltri skoðunarstöð ökutækja samkvæmt reglum Umferðarstofu geta jafnframt sótt um endurgreiðslu vörugjalda.

Um eftirlit og kæruheimildir skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum, eftir því sem við getur átt.

XI. KAFLI
Breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

60. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2010“ í ákvæðum til bráðabirgða II, III, V og VI í lögunum kemur: 31. desember 2011.

XII. KAFLI
Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

61. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. C-liður 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Af stefnufjárhæð frá 30.000.000 kr. að 90.000.000 kr. . . . . 90.000 kr.
b. Á eftir c-lið 2. tölul. 1. mgr. koma tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
   d. Af stefnufjárhæð frá 90.000.000 kr. að 150.000.000 kr. . . . . 150.000 kr.
   e. Af stefnufjárhæð frá 150.000.000 kr. og fjárhæðum umfram það . . . . 250.000 kr.
c. C-liður 3. tölul. 2. mgr. orðast svo: Af áfrýjunarfjárhæð frá 30.000.000 kr. að 90.000.000 kr. . . . . 130.000 kr.
d. Á eftir c-lið 3. tölul. 2. mgr. koma tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
   d. Af áfrýjunarfjáhæð frá 90.000.000 kr. að 150.000.000 kr. . . . . 200.000 kr.
   e. Af áfrýjunarfjárhæð frá 150.000.00 kr. og fjárhæðum umfram það . . 300.000 kr.

62. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist: þar á meðal gjald fyrir þingfestingu máls skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. og gjald fyrir kæru til Hæstaréttar, sem ákveðið skal eftir ákvæðum 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. í stað gjalds skv. 1. tölul., enda sé í málinu deilt um hagsmuni sem afmarkaðir eru með tilgreindum fjárhæðum.

XIII. KAFLI
Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum.

63. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 3. málsl. 3. mgr. 15. gr. laganna kemur: 3.200 kr.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um veiðieftirlitsgjald, nr. 33/2000, með síðari breytingum.

64. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „17.500 kr.“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: 22.000 kr.

65. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.800 kr.“ í 3. gr. laganna kemur: 5.000 kr.

66. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „16.500 kr.“ í 1. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: 29.000 kr.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um yfirskattanefnd, nr. 30/1992, með síðari breytingum.

67. gr.

Við 18. gr. laganna bætist: í almennri póstsendingu eða rafrænt.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

68. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

XVII. KAFLI

Gildistaka.

69. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:

a. 1., 6., 17., 24., 27.–31., 33.–34., 56.–57. og 59. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011,
b. 2., 3. og 7.–9. gr., e- og f-liður 10. gr. og 14.–16., 18.–19., 23., 36.–41., 58. og 60.–68. gr. öðlast þegar gildi,
c. 4.–5. og 42.–55. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010,
d. A–d-liður 10. gr. og 11.–12., 20.–21. og 25. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og koma til framkvæmda við álagningu 2012 og á staðgreiðsluárinu 2011 eftir því sem við á,
e. 13., 22., 26. og 35. gr. öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra jafnt til mála sem rannsókn er þegar hafin í og þeirra sem verða tekin til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins,
f. 32. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og kemur til framkvæmda 1. janúar 2012 vegna útsvars á árinu 2011.

643. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana).

(Eftir 2. umr., 18. des.)

1. gr.

3. tölul. 4. gr. laganna orðast svo: Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir 1.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili frá því að starfsemi hefst.

2. gr.

Á eftir 5. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, 6. mgr., svohljóðandi:

Ríkisskattstjóra er heimilt að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá liggi fyrir að opinber gjöld hans séu áætluð á einhverju ári af næstliðnum þremur tekjuárum á undan því ári sem sótt er um skráningu á virðisaukaskattsskrá.

3. gr.

Í stað orðsins „vélknúinna“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: skráningarskyldra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „sérfræðiþjónusta“ í c-lið kemur: sem og gagnavinnsla og upplýsingamiðlun.
b. D-liður orðast svo: rafrænt afhent þjónusta; þjónusta þessi telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð; sama gildir um sölu gagnavera á hvers kyns blandaðri þjónustu til kaupenda sem búsettir eru erlendis og hafa ekki fasta starfsstöð hér á landi.

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „sbr. 26. gr.“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: sbr. 25. gr.

6. gr.

Við 1. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skilyrði innskattsfrádráttar er að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. Í stað „1.400.000 kr.“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: 3.000.000 kr.
b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Virðisaukaskattsskýrslu skal skila rafrænt til ríkisskattstjóra á því formi sem hann ákveður. Ríkisskattstjóri getur veitt heimild til eins árs í senn til þess að skila virðisaukaskattsskýrslu á pappír ef gildar ástæður eru fyrir hendi og metur hann í hverju tilviki fyrir sig hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 25. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „fimmtán daga“ í 1. og 3. málsl. kemur: tuttugu og eins dags.
b. Á eftir 2. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Með skattákvörðun í þessu sambandi er ekki átt við áætlanir á grundvelli 2. málsl. 2. mgr. þessarar greinar og 1. og 2. mgr. 26. gr.

9. gr.

Á eftir 27. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 27. gr. A og 27. gr. B, svohljóðandi:

a. (27. gr. A.)

Hafi skattaðili sætt áætlun virðisaukaskatts skv. 25. eða 26. gr. samfellt í tvö ár eða lengur er ríkisskattstjóra heimilt að fella hann af virðisaukaskattsskrá.

Skattaðili sem hefur verið felldur af virðisaukaskattsskrá skv. 1. mgr. getur ekki skráð sig aftur nema hann hafi gert fullnægjandi skil á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti. Í stað fullnægjandi skila á virðisaukaskatti getur ríkisskattstjóri heimilað skattaðila að leggja fram tryggingu í formi skilyrðislausrar sjálfskuldarábyrgðar banka fyrir endurákvörðuðum virðisaukaskatti skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar, að viðbættu álagi, vöxtum og öðrum innheimtukostnaði.

Skattaðili sem hefur verið skráður að nýju á virðisaukaskattsskrá skv. 2. mgr. skal nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil í að minnsta kosti tvö ár frá og með því tímabili sem skráning á sér stað að nýju og skal gjalddagi vera 15 dögum eftir að uppgjörstímabili lýkur. Hafi skattaðili gert fullnægjandi skil á þessu tímabili skal hann að því loknu standa skil á virðisaukaskatti samkvæmt almennum reglum 24. gr.

Ákvæði 3. mgr. gilda einnig um nýskráningu á virðisaukaskattsskrá skv. 5. gr. og endurskráningu skv. 2. mgr. þessarar greinar ef skattaðili sjálfur, eigandi, framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður, sé um félag að ræða, hefur orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá.

Fjármálaráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessarar greinar.

b. (27. gr. B.)

Berist virðisaukaskattsskýrsla eftir að skattaðili hefur sætt áætlun skal ríkisskattstjóri leggja á hann gjald að fjárhæð 5.000 kr. fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem hefur ekki verið skilað á réttum tíma skv. 2. mgr. 24. gr.

Fella má niður gjald skv. 1. mgr. ef skattaðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og metur ríkisskattstjóri það í hverju tilviki hvað skuli telja gildar ástæður í þessu sambandi.

Innheimtumaður ríkissjóðs annast innheimtu gjaldsins sem rennur í ríkissjóð.

10. gr.

Í stað orðanna „rannsóknarlögreglustjóra ríkisins“ í 7. mgr. 41. gr. laganna kemur: ríkislögreglustjóra.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „14 dögum“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: 30 dögum.

b. Á eftir 4. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Endurgreiðsla til byggingaraðila sem byggir íbúðarhúsnæði til sölu eða leigu og er skattskyldur skv. 2. mgr. 3. gr. má því aðeins fara fram að hann hafi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslu fyrir sama tímabil og endurgreiðslubeiðni hans tekur til og skal endurgreiðslu samkvæmt þessum málslið skuldajafna á móti álögðum virðisaukaskatti sama tímabils.
c. 4. mgr. fellur brott.

12. gr.

Á eftir 42. gr. laganna kemur ný grein er verður 42. gr. A, svohljóðandi:

Innflutningur á netþjónum og tengdum búnaði skal vera undanþeginn virðisaukaskatti í þeim tilvikum þegar eigendur þeirra eru heimilisfastir í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og ekki með fasta starfsstöð hér á landi í skilningi 4. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með tengdum búnaði er átt við búnað sem er nauðsynlegur þáttur í virkni netþjónanna og nýtist eingöngu eiganda viðkomandi netþjóns.

Skilyrði undanþágu skv. 1. mgr. eru:

1. Eigandi netþjóna og tengds búnaðar sé í virðisaukaskattsskyldri starfsemi í heimaríki sínu.
2. Starfsemi eiganda netþjóna og tengds búnaðar væri skráningarskyld samkvæmt lögum þessum væri hún rekin hér á landi.
3. Netþjónar og tengdur búnaður sé gagngert fluttur til landsins til notkunar eða staðsetningar í gagnaveri sem eigandi þeirra er í viðskiptum við.
4. Netþjónar og búnaður sé eingöngu nýttur af eigandanum en ekki í annarri starfsemi gagnaversins.
5. Vinnsla netþjóna og tengds búnaðar sé nýtt utan Íslands eða í þágu aðila sem ekki eru heimilisfastir eða með fasta starfsstöð hér á landi.

Í skilningi þessa ákvæðis er gagnaver sérútbúið húsrými sem hannað er fyrir búnað til upplýsingavinnslu og fyrir þá starfsemi sem því tengist.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd og skilyrði undanþágunnar, þ.m.t. til hvaða búnaðar hún nær.

Grein þessi skal endurskoðuð að tveimur árum liðnum frá því að hún kemur til framkvæmda.

13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða X í lögunum orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða þeim sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi, ⅔ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða og almenningsvagna á tímabilinu frá 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2011. Endurgreiðsluheimildin vegna hópferðabifreiða er bundin við ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, eru skráð fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni og eru nýskráð á tímabilinu og búin aflvélum samkvæmt EURO 5 staðli ESB. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslunnar.

14. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2010“ í ákvæði til bráðabirgða XI í lögunum kemur: 31. desember 2011.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XV í lögunum:

a. Í stað tilvísunarinnar „1. mgr. 42. gr.“ tvívegis í 1. mgr. kemur: 2. mgr. 42. gr.
b. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2011“ í 1. og 2. mgr. kemur: 1. janúar 2012.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Ákvæði b-liðar 4. gr. og 12. gr. öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. maí 2011.

644. Frumvarp til laga [196. mál]

um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

1. gr.

Markmið.

Markmið þessara laga er tvíþætt, annars vegar að afla ríkinu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins, hins vegar að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að leggja sérstakan skatt á skuldir þeirra vegna þeirrar kerfisáhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættusöm starfsemi þeirra getur haft í för með sér fyrir þjóðarbúið.

2. gr.

Skattskyldir aðilar.

Skylda til að greiða sérstakan skatt, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum, hvílir á fjármálafyrirtækjum, sem hafa fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, og öðrum aðilum sem hafa fengið leyfi til að taka við innlánum. Skattskylda þessi tekur einnig til útibúa erlendra fjármálafyrirtækja sem taka við innlánum eða hafa sambærilegar starfsheimildir og viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki.

Undanþegnir skattálagningu samkvæmt lögum þessum eru:

a. fyrirtæki sem eru stofnuð samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að öllu leyti nema annars sé getið í þeim lögum,
b. aðili skv. 1. mgr. sem sætir slitameðferð, sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

3. gr.

Skattstofn.

Stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki er heildarskuldir skattskylds aðila skv. 2. gr. í lok tekjuárs.

Heildarskuldir skv. 1. mgr. eru skuldir, sbr. 75. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eins og þær eru tilgreindar á skattframtali fjármálafyrirtækja samkvæmt þeim lögum.

Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir innan einstakra liða eða flokka við útreikning á skattstofni.

4. gr.

Gjaldhlutfall.

Gjaldhlutfall sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki er 0,041%.

5. gr.

Álagning, eftirlit, kærur, innheimta og viðurlög.

Að öðru leyti en greinir í þessum lögum fer um álagningu, eftirlit, kærur og innheimtu skatts samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. IX.–XIV. kafla þeirra laga. Varðandi viðurlög er sérstaklega vísað til XII. kafla laganna.

6. gr.

Álagður skattur.

Skattur samkvæmt lögum þessum telst ekki rekstrarkostnaður skv. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

7. gr.

Reglugerðarheimild.

Fjármálaráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

8. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010 og skulda í lok þess árs. Lög þessi skulu koma til endurskoðunar innan eins árs frá gildistöku þeirra.

645. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum (kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja).

(Eftir 2. umr., 18. des.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. og 5.

gr., skal lagt vörugjald samkvæmt aðalflokki í eftirfarandi gjaldbilum miðað við skráða losun koltvísýrings (CO_2) viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra:

Gjaldbil	Skráð losun CO_2	Gjald í % Aðalflokkur	Gjald í % Undanþáguflokkur skv. 5. gr.
A	0–80	0	0
B	81–100	10	0
C	101–120	15	0
D	121–140	20	0
E	141–160	25	5
F	161–180	35	10
G	181–200	45	15
H	201–225	55	20
I	226–250	60	25
J	yfir 250	65	30

Ef ökutæki er framleitt og skráð með metan sem aðalorkugjafa skal vörugjald ökutækisins að hámarki vera 1.250.000 kr. lægra en útreikningur skv. 1. mgr. segir til um. Lækkun samkvæmt þessum lið skal jafnframt eiga við um ökutæki sem tilgreind eru í g- og h-lið 2. tölul. 4. gr.

Lækkun á vörugjaldi sem gjaldanda hlotnast samkvæmt undanþáguflokki 1. mgr. getur aldrei numið hærri fjárhæð en 1.250.000 kr.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Vörugjald samkvæmt lögum þessum skal vera sem hér segir:

1. Ökutæki undanþegin vörugjaldi:
   a. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna og sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
   b. Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
   c. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar, kranabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd yfir 5 tonn.
   d. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru yfir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd.
   e. Dráttarbifreiðar að heildarþyngd 4 tonn eða meira sem gerðar eru til nota utan þjóðvega.
   f. Slökkvibifreiðar og sjúkrabifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
   g. Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota.
   h. Dráttarvélar.
   i. Beltabifreiðar (snjóbílar), yfir 700 kg að eigin þyngd, sérstaklega ætlaðar til aksturs í snjó.
   j. Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög.
   k. Ökutæki í eigu erlendra sendiráða, sendiræðisskrifstofa og sendiræðismanna sé slíkt skylt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sama gildir um alþjóðasamtök og alþjóðastofnanir sem hér eru.

l. Sérsmíðaðar keppnisbifreiðar og keppnisbifhjól sem eru skráð sem slík og einungis notuð í skipulögðum keppnum og æfingum á vegum samtaka akstursíþróttamanna, svo og til aksturs til og frá slíkum atburðum. Skráningarmerki bifreiðanna og bifhjólanna skulu auðkennd sérstaklega. Ráðherra setur nánari reglur um gerð og útbúnað þeirra, svo og til hvaða atburða akstursheimildin taki. Sé brotið í bága við þær reglur skal vörugjald innheimt að fullu.
m. Bifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum eða fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu, og samþykktar af Sjúkratryggingum Íslands.
n. Ökutæki sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að viðkomandi ökutæki verði einungis notuð í þágu björgunarsveita.
o. Hópferðabifreiðar sem skráðar eru fyrir 10 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni að leyfðri heildarþyngd 5 tonn eða meira.
p. Bifhjól samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga sem knúin eru af rafhreyfli að öllu leyti.
q. Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vöruflutningarýmis.

2. 13% vörugjald:
   a. Kranabifreiðar og borkranabifreiðar sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd.
   b. Yfirbyggingar, þ.m.t. ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
   c. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd, aðrir tengi- og festivagnar.
   d. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
   e. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
   f. Fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki 40 ára og eldri.
   g. Sendibifreiðar sem aðallega eru ætlaðar til vöruflutninga undir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, með sambyggt stýrishús og flutningsrými og án farþegasæta í farmrými.
   h. Grindur með hreyfli og ökumannshúsi sem búið er að bæta við vöruflutningarými, sbr. q-lið 1. tölul.
3. 30% vörugjald:
   a. Hópferðabifreiðar sem skráðar eru fyrir 10 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni að leyfðri heildarþyngd 5 tonn eða minna. Sömu ökutæki í eigu hópferða- eða sérleyfishafa eða í fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við hópferða- eða sérleyfishafa skulu bera 5% vörugjald.
   b. Bifhjól samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga og jafnframt stigin bifhjól.
   c. Önnur vélknúin ökutæki sem ekki eru sérstaklega talin upp í þessum kafla.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. mgr. og 1.–3. tölul. 2. mgr. falla brott, og breytist röð annarra liða samkvæmt því.

b. Inngangsmálsliður 2. mgr. orðast svo: Vörugjald af eftirfarandi ökutækjum skal vera sem hér greinir.
c. Í stað inngangsmálsliðar 4. tölul. 2. mgr. og töflu í sama tölulið kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt undanþáguflokki 3. gr. miðað við skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra.
d. Í stað inngangsmálsliðar 5. tölul. 2. mgr. og töflu í sama tölulið kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Vörugjald af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum skal lagt á samkvæmt undanþáguflokki 3. gr. miðað við skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra.
e. Í stað inngangsmálsliðar 6. tölul. 2. mgr. og töflu í sama tölulið kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Vörugjald af bifreiðum til ökukennslu skal lagt á samkvæmt undanþáguflokki 3. gr. miðað við skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra.
f. 7. tölul. 2. mgr. orðast svo: Vörugjald af sérútbúnum bifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt undanþáguflokki 3. gr. miðað við skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra.

   Skilyrði fyrir því að bifreið sem er sérútbúin til fólksflutninga beri vörugjald samkvæmt þessum tölulið eru að kaupandi hennar hafi leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða skv. 10. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi, jafnframt að bifreiðin sé eingöngu notuð í tengslum við þjónustu við ferðamenn.

   Bifreið sem er sérútbúin til fólksflutninga og ber vörugjöld samkvæmt þessum tölulið skal auðkenna með sérstökum hætti í ökutækjaskrá og skal hún bera sérstök skráningarmerki og skal útlit þeirra tilgreint nánar í reglugerð um skráningu ökutækja.
g. 8. tölul. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „stærð aflvélar“ í 1. mgr. kemur: skráðri koltvísýringslosun.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Þegar ekki er unnt að leggja fram gögn um skráða losun koltvísýrings (CO_2) viðkomandi ökutækis skal losun ökutækis á hvern ekinn kílómetra ákvörðuð sem 0,12 grömm á hvert kíló skráðrar eigin þyngdar ökutækisins að viðbættum 50 grömmum af koltvísýringi.

5. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tollstjóra er heimilt að fella niður vörugjald af nýju og ónotuðu ökutæki að hámarki 1.250.000 kr. sé ökutækinu breytt fyrir nýskráningu þannig að það nýti metan í stað bensíns eða dísilolíu og breytingin sé staðfest og vottuð í skráningarskoðun ökutækisins. Til þess að ökutæki geti notið lækkaðs vörugjalds samkvæmt þessari málsgrein skal það vera útbúið að lágmarki 78 lítra metangeymi. Óheimilt er að fjarlægja eða gera breytingarbúnað ökutækis óvirkan innan fimm ára frá nýskráningu. Ökutæki sem nýtur lækkaðs vörugjalds samkvæmt þessari málsgrein getur ekki hlotið endurgreiðslu á vörugjöldum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum þessum um endurgreiðslu vörugjalda af ökutækjum sem hefur verið breytt þannig að ökutækið nýti metan í stað bensíns eða dísilolíu.

6. gr.

Í stað orðanna „sprengirými aflvélar“ í 10. gr. laganna kemur: skráða koltvísýringslosun.

7. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé bensín blandað með íblöndunarefni sem ekki er af jarðefnauppruna skal sá hluti blöndunnar sem ekki er af jarðefnauppruna undanþeginn vörugjaldi.

8. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald í eftirfarandi gjaldbilum gilda fyrir ökutæki sem eru innflutt og tollafgreidd á árinu 2011 og falla í þau gjaldbil sem tilgreind eru í töflu:

		Gjald í %	
Gjaldbil	**Skráð losun CO_2**	**Aðalflokkur**	**Undanþáguflokkur skv. 5. gr.**
G	181–200	36	12
H	201–225	44	16
I	226–250	48	20
J	yfir 250	52	24

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald í eftirfarandi gjaldbilum gilda fyrir ökutæki sem eru innflutt og tollafgreidd á árinu 2012 og falla í þau gjaldbil sem tilgreind eru í töflu:

		Gjald í %	
Gjaldbil	**Skráð losun CO_2**	**Aðalflokkur**	**Undanþáguflokkur skv. 5. gr.**
G	181–200	41	14
H	201–225	50	18
I	226–250	54	23
J	yfir 250	59	27

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

9. gr.

D-liður 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Bifhjól sem hvorki telst bifreið né torfærutæki, er aðallega ætlað til fólks- eða vöruflutninga, er á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur eða fleiri hjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.

10. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili miðast við skráða losun koltvísýrings (CO_2) viðkomandi ökutækis. Skráð losun er mæld í grömmum á hvern ekinn kílómetra.

Bifreiðagjald ökutækis á hverju gjaldtímabili, að eigin þyngd 3.500 kg eða minna, skal vera 5.000 kr. fyrir losun allt að 121 gramms af skráðri kolefnislosun ökutækis en 120 kr. fyrir hvert gramm af skráðri losun umfram það.

Liggi upplýsingar um skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis ekki fyrir skal losun ökutækis ákvörðuð sem 0,12 grömm á hvert kíló skráðrar eigin þyngdar ökutækisins að viðbættum 50 grömmum af koltvísýringi.

Bifreiðagjald ökutækis, að eigin þyngd meira en 3.500 kg, á hverju gjaldtímabili er 46.880 kr. að viðbættum 2 kr. fyrir hvert kíló skráðrar eigin þyngdar ökutækis umfram 3.500 kg. Bifreiðagjald ökutækis, að eigin þyngd meira en 3.500 kg, skal þó ekki vera hærra en 73.800 kr. á hverju gjaldtímabili.

11. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Ökutæki sem framleidd eru og skráð með metan sem aðalorkugjafa eða hefur verið breytt þannig að þau geti nýtt metan og breytingin hlotið vottun skoðunarstöðvar skulu greiða lágmark bifreiðagjalds skv. 2. gr.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

12. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Olíur sem ekki eru af jarðefnauppruna skulu þó undanþegnar olíugjaldi. Hafi íblöndunarefni sem ekki er af jarðefnauppruna verið blandað gjaldskyldri olíu skal sá hluti blöndunnar sem ekki er af jarðefnauppruna undanþeginn olíugjaldi.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

646. Frumvarp til laga [206. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum.

1. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Ef samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti teljast ógild skal peningakrafan bera vexti skv. 1. málsl. 4. gr., enda eigi önnur ákvæði þessarar greinar ekki við. Hið sama á við ef samningur kveður á um verðtryggingu skuldar samhliða vaxtaákvæðum, og annað tveggja er ógilt, og skulu þá bæði ákvæði samningsins um vexti og verðtryggingu fara eftir því sem kveðið er á um í 4. gr. og því sem greinir nánar í þessari grein.

Sé lánssamningur til lengri tíma en fimm ára skal að loknu uppgjöri skv. 5. mgr. miða við lægstu vexti á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 10. gr. Um verðtryggingu skal þá miða við vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 14. gr., frá uppgjörsdegi. Afmörkun þeirra skuldbindinga sem falla undir þessa málsgrein skal vera í samræmi við skilyrði ákvæðis B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt,

nr. 90/2003. Ákvæði þessarar málsgreinar eru frávíkjanleg ef skuldari kýs að lánssamningur hans beri heldur vexti í samræmi við 4. gr. eða ef samið er um betri kjör honum til handa.

Vexti samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skal reikna frá og með stofndegi peningakröfu, nema samið verði um annað, sbr. 3. gr.

Skuldara skal heimilt að greiða peningakröfur að fullu, án uppgreiðslugjalds, teljist samningsákvæði um verðtryggingu og vexti ógild, sbr. 1. mgr., með áföllnum vöxtum skv. 1. mgr.

Kröfuhafa ber að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft vegna ólögmætra vaxta og/eða verðtryggingar. Við ákvörðun endurgreiðslu eða útreikning á stöðu skuldar skal upphaflegur höfuðstóll skuldar vaxtareiknaður samkvæmt ákvæðum 1. mgr. Frá höfuðstól og áföllnum vöxtum skal draga þær fjárhæðir sem inntar hafa verið af hendi fram að uppgjörsdegi í vexti, hvers kyns vanskilaálögur og afborganir miðað við hvern innborgunardag. Þannig útreiknuð fjárhæð myndar eftirstöðvar skuldarinnar og skulu þá upphaflegir eða síðar ákvarðaðir endurgreiðsluskilmálar gilda að því er varðar lánstíma, gjalddaga og aðra tilhögun á greiðslu skuldar, allt að teknu tilliti til þeirra breytinga sem leiðir af ákvæðum þessarar greinar. Hafi skuldari notið greiðslujöfnunar á grundvelli ákvæða laga nr. 63/1985, eða samkvæmt sérstöku samkomulagi, skal hún falla niður og fjárhæð á jöfnunarreikningi bætast við höfuðstól lánsins. Nýti skuldari sér rétt til verðtryggingar veðláns skv. 2. mgr. skal greiðslujöfnun aftur taka gildi, nema skuldari óski sérstaklega eftir að vera undanþeginn greiðslujöfnun, og skal greiðslumark skv. 3. gr. laga nr. 63/1985 taka gildi á því tímamarki sem umreikningur láns samkvæmt þessari málsgrein miðast við.

Ef útreikningur á uppgjöri skv. 5. mgr. leiðir til þess að krafa sé að fullu greidd skal lánveitandi gefa út fullnaðarkvittun, hlutast til um afléttingu veðbanda og gefa út þær yfirlýsingar sem nauðsyn krefur. Ef skuldari á að loknum útreikningi skv. 5. mgr. kröfu á lánveitanda skal lánveitandi greiða þá fjárhæð sem upp á vantar eigi síðar en 30 dögum frá því að krafa er gerð um endurgreiðslu.

Nú hafa, einu sinni eða oftar, orðið aðila- eða skuldaraskipti að lánssamningi þar sem um er að ræða ólögmæta vexti og/eða verðtryggingu. Skal þá hver skuldari eiga sjálfstæðan rétt gagnvart kröfuhafa til leiðréttingar á greiðslum þeim sem þeir inntu af hendi vegna lánsins, svo og rétt eða skyldu til leiðréttingar vegna breytinga á höfuðstól lánsins vegna áhrifa gengistryggingar. Réttindi og skyldur hvers og eins aðila skulu miðast við þann tíma sem viðkomandi var skuldari lánssamnings. Leiðrétting nær bæði til greiðslna og höfuðstóls á því tímabili samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. *Greiðsluuppgjör.* Reiknaður skal mismunur allra þeirra greiðslna sem skuldari innti af hendi og þess sem hefði átt að greiða miðað við vexti skv. 4. gr. og aðra skilmála lánssamnings.
b. *Höfuðstólsleiðrétting.* Breytingar á höfuðstól vegna ólögmætrar verðtryggingar sem reiknaður hefur verið á höfuðstól láns meðan hver aðili var skuldari láns skal koma til sérstaks uppgjörs sem miðast við dagsetningu aðilaskipta að lánssamningi og miðast réttur eða skylda hvers aðila til leiðréttingar við þann dag.

Sé aðili ekki lengur skuldari láns skal mismunur vegna greiðslna og leiðrétting höfuðstóls vegna ólögmætrar verðtryggingar koma til sérstaks uppgjörs. Sé aðili enn skuldari skal mismunur greiðslna færður á höfuðstól láns eða dreginn frá honum samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Ákvæði þessarar greinar um greiðslur úr hendi skuldara eiga, eftir því sem við á, við um greiðslur sem inntar hafa verið af hendi af öðrum aðilum fyrir skuldara, sem og ábyrgðarmönnum fjárskuldbindinga, og jafnframt greiðslur sem kröfuhafi hefur fengið vegna fulln-

ustugerða. Sanni ábyrgðarmaður eða veðeigandi rétt sinn skulu greiðslur til þeirra ganga fyrir öðrum greiðslum til skuldara við uppgjör skv. 6. og 7. mgr.

Ef ágreiningur um rétt til greiðslu rís innbyrðis á milli skuldara skv. 7. mgr. eða skuldara og þriðja manns skv. 8. mgr. skal kröfuhafi greiða uppgjörsfjárhæð inn á geymslureikning í samræmi við ákvæði laga nr. 9/1978 með þeim skilmálum að deiluaðilar sanni rétt sinn til greiðslunnar með gildu samkomulagi eða að fullnaðardómur hafi gengið um ágreining þeirra.

2. gr.

Við lögin bætast sex ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (X.)

Hafi húsnæðislán til neytanda verið greitt út í íslenskum krónum eða umbreyting úr erlendum myntum er hluti viðkomandi lánssamnings, en endurgreiðsla skuldarinnar miðast að einhverju leyti við gengi erlendra gjaldmiðla, fer um uppgjör vegna ofgreiðslu og framtíðarskilmála skuldbindingarinnar eftir því sem greinir í 18. gr. laganna. Afmörkun þeirra skuldbindinga sem falla undir þessa grein skal vera í samræmi við skilyrði ákvæðis B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Sé slíkur lánssamningur til lengri tíma en fimm ára skal þó, ef skuldari kýs, að loknu uppgjöri skv. 5. mgr. 18. gr. laganna miða vexti næstu fimm ára þar á eftir við lægstu vexti á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 10. gr. laganna. Um verðtryggingu skal þá miðað við vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 14. gr., frá uppgjörsdegi. Að liðnum fimm árum skulu vaxtakjör endurskoðuð og er þá lánveitanda heimilt að ákveða vaxtakjör sem miðast við sambærilegar lánveitingar hans á þeim tíma er til endurskoðunar kemur. Lánveitanda ber að hafa frumkvæði að uppgjöri vegna lána sem falla undir 1. málsl. þessa ákvæðis og skal slíkt uppgjör fara fram innan 90 daga frá gildistöku laga þessara. Ákvæði þetta tekur jafnframt til lánssamninga og eignaleigusamninga sem einstaklingar hafa gert við fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 161/2002, vegna kaupa á bifreið til einkanota.

b. (XI.)

Fjármálafyrirtæki sem veitt hefur lán er fellur undir ákvæði ákvæðis til bráðabirgða X skal eigi síðar en 60 dögum eftir gildistöku laga þessara senda skuldara útreikning á nýjum höfuðstól og/eða endurgreiðslu ofgreidds fjár sem af uppgjörinu leiðir. Slíkan útreikning skal jafnframt senda ábyrgðarmanni eða veðeiganda, sbr. 8. mgr. 18. gr. laganna. Sanni ábyrgðarmaður eða veðhafi ekki rétt sinn til greiðslna innan þeirra tímamarka sem fjármálafyrirtæki setur í tilkynningu skv. 1. málsl. þessa ákvæðis er fjármálafyrirtæki heimilt að færa höfuðstól til samræmis við útreikning eða endurgreiða skuldara ofgreitt fé óski hann þess. Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að fela umboðsmanni skuldara að hafa eftirlit með útreikningum fjármálafyrirtækja samkvæmt þessari grein, óska eftir upplýsingum um forsendur útreikninga og kveða á um úrbætur ef þörf krefur. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framsetningu útreiknings á uppgjöri vegna ólögmætra vaxta og/eða verðtryggingar í reglugerð.

c. (XII.)

Ef í lánssamningi er kveðið á um ólögmæta verðtryggingu í formi gengistryggingar skal með samningi kröfuhafa og skuldara vera heimilt að færa höfuðstól lánsins í erlendar myntir eins og um gilt erlent lán hafi verið að ræða frá stofntíma kröfunnar. Falla þá niður heimildir

til leiðréttingar greiðslna og höfuðstóls samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Heimild þessi gildir í 90 daga frá gildistöku laga þessara og skal staðfest með skriflegum og sannanlegum hætti.

d. (XIII.)
Ef gengið hefur dómur um kröfu samkvæmt lánssamningi með óheimilli gengistryggingu skal endurupptaka heimil skv. XXIII. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, án tillits til þess hvort tímafrestir séu liðnir samkvæmt ákvæðum 137. gr. sömu laga. Sama skal gilda um úrskurði um gjaldþrotaskipti. Skuldara er jafnframt heimilt að óska eftir endurupptöku fullnustugerða hafi slíkar gerðir farið fram á grundvelli lánssamninga sem höfðu að geyma ólögmæt ákvæði um gengistryggingu. Heimildir til endurupptöku samkvæmt þessu ákvæði falla niður að liðnum níu mánuðum frá gildistöku laga þessara.

e. (XIV.)
Fyrningarfrestur uppgjörskrafna vegna ólögmætrar verðtryggingar lánssamninga í formi gengistryggingar reiknast frá 16. júní 2010.

f. (XV.)
Leysi lánveitandi til sín veðsetta eign skuldara eða eign samkvæmt kaupleigusamningi og reynist eftirstöðvar skuldbindingar skuldara vera hærri en innlausnarverð lánveitanda, þrátt fyrir að eftirstöðvar samningsins hafi verið endurreiknaðar í samræmi við 18. gr., á skuldari rétt á að greiða eftirstöðvar skuldbindingar sinnar með eftirfarandi skilmálum:

a. Fjárhæð eftirstöðva skuldbindingar skuldara skal aldrei ákvarðast hærri en sem nemur mismun á eftirstöðvum skuldbindingar, að teknu tilliti til útreiknings skv.18. gr., og því verði sem lánveitandi hefur sannanlega fengið við endursölu bifreiðarinnar. Seljist bifreið hins vegar ekki innan sex mánaða frá því að útreikningur skv. 18. gr. lá fyrir skal miðað við matsverð bifreiðar. Skuldara er heimilt, á eigin kostnað, að óska eftir óháðu mati löggilts bifreiðasala á matsverði bifreiðar og skal við það mat tekið tillit til hæfilegs kostnaðar við sölu bifreiðarinnar. Fallist lánveitandi ekki á það mat getur hann aflað mats dómkvadds matsmanns. Frá matsverði skal draga áfallin gjöld, svo sem bifreiðagjöld, vátryggingar og stöðumælasektir, sem og áfallinn kostnað vegna vanefnda.
b. Helming eftirstöðva skuldar sinnar skv. a-lið skal skuldari eiga rétt á að greiða á allt að þremur árum gegn því að eftirstöðvar að öðru leyti falli niður. Eftirstöðvar skuldar skv. 1. málsl. skulu bera vexti og verðtryggingu skv. 4. gr. laganna.
c. Lánveitandi getur ekki leitað fullnustu vegna eftirstöðva skuldbindingarinnar í íbúðarhúsnæði skuldara þar sem hann hefur skráð lögheimili og heldur heimili.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er ráðherra heimilt að skipa nefndinni starfsmenn sem starfa á ábyrgð og undir handleiðslu nefndarinnar.
b. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, ásamt fyrirsögn, og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því. Hinar nýju greinar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

a. (6. gr.)

Úrskurðarnefnd.

Komi til ágreinings milli kröfuhafa um niðurfærslu skulda fyrirtækis við sértæka skuldaaðlögun skal heimilt að skjóta ágreiningi til úrskurðarnefndar.

Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar fjóra menn í úrskurðarnefndina. Skal einn skipaður samkvæmt tilnefningu frá Samtökum atvinnulífsins, einn samkvæmt tilnefningu frá Samtökum fjármálafyrirtækja, einn án tilnefningar og einn af Hæstarétti og skal hann vera formaður nefndarinnar. Formaður hefur oddaatkvæði. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Nefndinni er heimilt að leita sér utanaðkomandi aðstoðar frá endurskoðunar- eða ráðgjafarfyrirtækjum.

Málsaðilar skulu láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á. Ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, koma ekki í veg fyrir að nefndin fái afhent gögn. Úrskurðarnefndin skal bundin þagnarskyldu um þau gögn og upplýsingar sem hún kann að fá vitneskju um við starf sitt.

Innheimta skal gjald með málskoti til úrskurðarnefndar vegna málsmeðferðar fyrir nefndinni sem ráðherra ákvarðar með reglugerð. Gjaldið, sem rennur í ríkissjóð, skal taka mið af kostnaði af þóknun nefndarmanna, rekstur málsins fyrir nefndinni, starfsaðstöðu, sérfræðiaðstoð og gagnaöflun. Tapist mál í grundvallaratriðum skal sá aðili sem heldur fram málstað og tapar að jafnaði greiða málskostnað. Nefndin kveður á um fjárhæð og skiptingu gjalds í úrskurðarorðum sínum.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi úrskurðarnefndarinnar, m.a. um verklag við úrlausn deilumála, starfshætti, starfsstöð, starfsmenn nefndarinnar, sérfræðiaðstoð, málskotsgjöld og kostnað lögaðila, skiptingu kostnaðar og aðra þætti er lúta að starfsumhverfi nefndarinnar.

b. (7. gr.)

Kostnaður við rekstur eftirlitsnefndar skv. 4. gr. og úrskurðarnefndar skv. 6. gr. greiðist úr ríkissjóði, en lánastofnanir skv. 4. gr. laga nr. 161/2002 skulu endurgreiða þann kostnað eftir reglum sem ráðherra setur.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 100/2010, um umboðsmann skuldara.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að fela umboðsmanni skuldara að hafa eftirlit með útreikningum fjármálafyrirtækja samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XI í lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, óska eftir upplýsingum um forsendur útreikninga og kveða á um úrbætur ef þörf krefur.

IV. KAFLI
Gildistaka.
6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

647. Lög [219. mál]

um breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 557.

648. Svar [75. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um ríkisábyrgðir vegna innleystra ábyrgða föllnu bankanna þriggja.

1. *Hvað liggur til grundvallar 3.072 millj. kr. fjárheimild, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu, vegna ríkisábyrgða sem fallið geta á ríkissjóð vegna innleystra ábyrgða föllnu bankanna þriggja og hvers vegna ber ríkissjóður enn ábyrgð á þeim eftir að hafa selt bankana? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverri ábyrgð fyrir sig.*

Ríkisábyrgðasjóður hefur tekið yfir lán Landsbankans hf. og Glitnis hf. frá og með 31.12.2010 sem eru með ábyrgð ríkissjóðs. Staða þessara lána pr. árslok 2010 er áætluð 22,5 mia.kr., þar af vegna Landsbanka hf. 22,1 mia.kr. og vegna Glitnis hf. 0,4 mia.kr. Ríkisábyrgðasjóður hefur þegar lýst kröfum í þrotabú bankanna.

Fjárheimild til Ríkisábyrgðarsjóðs að fjárhæð 3.072 millj. kr. í fjárlagafrumvarpi 2011 var vegna áætlaðra greiðslna ríkissjóðs af þessum yfirteknu ábyrgðum á árinu 2010. Hér eftir munu afborganir og vextir yfirtekinna lána greiðast og færast með teknum lánum ríkissjóðs.

Umrædd lán Ríkisábyrgðasjóðs eru annars vegar tilkomin vegna yfirtöku Landsbankans á skuldbindingum sem eftir voru í Landsbankanum þegar hann var hlutafjárvæddur á sínum tíma og hins vegar vegna kaupa Landsbankans á Lánasjóði landbúnaðarins. Skuldabréfin eru gefin út af eftirtöldum aðilum:

- Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem var í eigu ríkisins og með ríkisábyrgð, sbr. lög nr. 45/1971, 11. gr.
- Lánasjóði landbúnaðarins, sem yfirtók eignir og skuldbindingar stofnlánadeildarinnar, sbr. lög nr. 68/1997, 13. gr., og bar ríkið ábyrgð á öllum skuldbindingum lánasjóðsins, sbr. 11. gr. sömu laga. Lánasjóðurinn var árið 2005 yfirtekinn af Landsbanka Íslands hf., og hélst ríkisábyrgðin á þegar útgefnum skuldbindingum.
- Landsbanka Íslands sem var í eigu og með ábyrgð ríkisins allt til 31.12.1997.

Lánin eru tekin á árunum 1989–1998. Eins og sjá má í eftirfarandi töflu eru lán Lánasjóðs landbúnaðarins langstærst eða 13,8 mia.kr. en þar á eftir kemur lán vegna Lífeyrissjóðs bankamanna (Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka/Seðlabanka) að fjárhæð 3,8 mia.kr., erlent lán tekið 1997 að jafnvirði 2,6 mia.kr., upphaflega að fjárhæð 30 milljónir USD, nú að eftirstöðvum 23 milljónir USD eftir uppkaup á árinu 2010 og önnur lán að fjárhæð 1,9 mia.kr.

	Lokagjalddagi	**m.kr.**
Lánasjóður landbúnaðarins	2011	141
Lánasjóður landbúnaðarins	2012	20
Lánasjóður landbúnaðarins	2013	31
Lánasjóður landbúnaðarins	2014	49
Lánasjóður landbúnaðarins	2015	99
Lánasjóður landbúnaðarins	2016	521
Lánasjóður landbúnaðarins	2017	805
Lánasjóður landbúnaðarins	2010	267
Lánasjóður landbúnaðarins	2021	184
Lánasjóður landbúnaðarins	2023	11.700
		13.817
Landsbanki Íslands hf.	2011	3.793
Landsbanki Íslands hf.	2011	2.600
Landsbanki Íslands hf.	2014	21
Landsbanki Íslands hf.	2021	688
Landsbanki Íslands hf.	2022	1.207
		1.916
Samtals		**22.126**

Lán Íslandsbanka eru vegna skulda Iðnlánasjóðs sem Fjárfestingarbanki atvinnulífsins tók yfir á sínum tíma þegar Iðnlánasjóður var settur inn í FBA. FBA sameinaðist síðar Íslandsbanka sem síðar varð Glitnir banki hf. Lánin eru tvö, tekin á árunum 1996 og 1997.

	Lokagjalddagi	**m.kr.**
Glitnir	2021	71
Glitnir	2022	332
Samtals		**403**

2. *Hversu háar ábyrgðir hafa verið teknar út úr bankakerfinu sem seldar voru með því á sínum tíma, en eru nú að falla á ríkissjóð eða ríkissjóður er tekinn að greiða af? Óskað er eftir sundurliðun ábyrgðanna eftir árum allt frá sölu ríkisviðskiptabankanna þriggja.*

Við fall bankanna nam uppgreiðsluverð umræddra lýstra ábyrgða eftirfarandi:
Landsbanki 20.697 millj. kr. og 30 milljónir USD.
Glitnir 382 millj. kr.

Greiðslur frá falli bankanna sundurliðast þannig:
Árið 2008 voru greiddar 41 millj. kr.
Árið 2009 voru greiddar 3.173 millj. kr.
Árið 2010 eru greiðslur áætlaðar 4.590 millj. kr.

3. *Ef þessar ábyrgðir falla allar á ríkissjóð, hvað kom þá nettó inn í ríkissjóð við söluna á bönkunum?*

Söluverð Landsbankans (í millj. kr.).

Sala 1999	3.283,0
Sala 2002	4.736,0
Sala 2002	12.300,0
Sala 2003	636,0
Heildarsöluverð Landsbanka	**20.955,0**

Söluverð FBA (í millj. kr.).

Sala 1998	4.664,8
Sala 1999	9.710,0
Heildarsöluverð FBA	**14.374,8**

Söluverð Búnaðarbanka (í millj. kr.).

Sala 1999	2.234,0
Sala 2003	11.900,0
Sala 2003	2.492,0
Heildarsöluverð Búnaðarbanka	**16.626,0**

Samtals nam söluvirði bankanna þriggja 51.956 millj. kr. á verðlagi hvers árs.

Greiðslur vegna ábyrgðanna á árunum 2008–2010 nema 7.804 millj. kr. og yfirtökuverð skulda Landsbanka og Glitnis í árslok 2010 er um 22.529 millj. kr. Samtals 30.333 millj. kr.

4. *Er ráðherra kunnugt um fleiri eða annars konar ábyrgðir hjá bönkunum sem ríkissjóður kann að vera í ábyrgð fyrir?*

Bankarnir hafa ekki lýst frekari kröfum.

5. *Hefur verið kannað hvort fleiri ábyrgðir leynist hjá bönkunum sem kunni að falla að hluta eða í heild á ríkissjóð?*

Bankarnir hafa ekki lýst frekari kröfum.

649. Svar [248. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar Steingrímssonar um markaðsátakið „Inspired by Iceland“.

1. *Hefur ráðuneytið, eða aðili á þess vegum, metið árangur átaksins „Inspired by Iceland“? Ef svo er, hver er hann?*

Í byrjun árs verður gefin út ítarleg skýrsla um *Inspired by Iceland* verkefnið þar sem lagt verður mat á árangur þess frá ýmsum hliðum.

Vegna gossins í Eyjafjallajökli og víðtækra truflana á flugi í Evrópu kom upp fordæmalaust neyðarástand í apríl sl. þar sem tók fyrir allar bókanir á ferðum til Íslands á tíma sem

þær eru hvað mestar. Samkvæmt upplýsingum frá flugfélögunum stöðvuðust bókanir á flugi nánast algjörlega og afbókanir á flugferðum til Íslands marga mánuði fram í tímann voru gríðarlegar.

Fækkun í komu ferðamanna hingað til lands í apríl á þessu ári var 22% miðað við sama mánuð árið 2009. Ef svo hefði haldið fram sem horfði varðandi afbókanir hefðu afleiðingarnar orðið geigvænlegar fyrir efnahagslífið en 20% fækkun ferðamanna á ársgrundvelli hefði þýtt tap á gjaldeyristekjum upp á 40 milljarða kr. Þótt ekki liggi fyrir heildartölur um árið 2010 má reikna með að fjöldi ferðamanna og tekjur hafi reynst vera í svipuðu horfi og 2009, sem er í samræmi við þau markmið sem sett voru við upphaf átaksins.

Snögg viðbrögð og einstakt samstarf ríkis, Icelandair, Reykjavíkurborgar, Iceland Express, Íslandsstofu (þá Útflutningsráðs), um 80 ferðaþjónustufyrirtækja og markaðsstofa landshluta eru talin hafa bjargað miklum verðmætum. Yfir sumarmánuðina var aðeins um 0,6% fækkun ferðamanna miðað við árið 2009, og októbermánuður var sá næstfjölmennasti frá upphafi með 12% aukningu frá síðasta ári.

Í lok maí, um það leyti sem átakið hófst, var gerð viðhorfsrannsókn til Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn á meðal almennings í þremur löndum. Þessi lönd voru Bretland, Þýskaland og Danmörk. Í lok ágúst var síðan gerð aftur sams konar rannsókn á sömu mörkuðum. Til samanburðar við þessar rannsóknir (tvær spurningar) var höfð viðhorfsrannsókn sem gerð var í upphafi árs 2009 á sömu mörkuðum. Niðurstöðurnar úr rannsókninni í ágúst eru afar jákvæðar fyrir íslenska ferðaþjónustu. Viðhorfin til Íslands sem áfangastaðar eru orðin svipuð ef ekki betri en fyrir gos. Niðurstöðurnar eru eftirfarandi:





Í byrjun september sl. var síðan haldinn vinnufundur með hagsmunaaðilum verkefnisins sem ráðgjafafyrirtækið Alta sá um. Hagsmunaaðilar voru afar jákvæðir í garð þess. Ferðaþjónusta bænda hafði t.d. mælt árangurinn af vefsíðunni *www.inspiredbyiceland.is* sem sýndi ótvírætt fram á aukningu á beinum bókunum. Ljóst var að náðst hefði til nýs markhóps í ferðaþjónustunni en þetta er sá hópur sem bregst hraðast við.

Óskir komu á þessum fundi frá hagsmunaaðilum um að skoða betur ákveðna markhópa sem ekki hefðu skilað sér eins vel. Því hefur nú í haust verið lögð áhersla á funda- og hvataferðamarkaðinn og auglýst á sex markaðssvæðum. Auk þess hefur verið auglýst á vefmiðlum í London og New York. Sú herferð mun ekki byrja að skila sér fyrr en í upphafi næsta árs.

Upphaflega var áætlað að *Inspired by Iceland* lyki haustið 2010. Í ljós kom að vegna varlegrar áætlanagerðar, hagstæðra samninga, vinnu- og aðstöðuframlags aðila að átakinu og gengisávinnings, voru fjármunir til ráðstöfunar sem gerðu það kleift að halda markaðsátakinu áfram fram að áramótum. Unnið er að því að fá óháðan aðila til þess að gera frekari úttekt á verkefninu þegar því lýkur og greina áhrif þess frá öðrum áhrifaþáttum, en fyrirkomulagið á því er í skoðun.

2. *Verður áframhald á átakinu?*

Í ljósi reynslunnar og með tilliti til stöðunnar í ferðaþjónustu og í atvinnumálum þjóðarinnar er brýnt að finna leiðir til þess að halda *Inspired by Iceland* áfram með þeim viðbótarkafti í markaðssetningu atvinnugreinarinnar sem það verkefni hefur haft í för með sér. Ferðaþjónustuaðilar urðu t.d. strax varir við, þegar upp kom að gos kynni að vera að hefjast í Grímsvötnum, að staðan er mjög viðkvæm og minnt skal á að ekki hefur enn verið formlega lýst yfir goslokum í Eyjafjallajökli. Því verður af þeim ástæðum einum að telja afar mikilvægt að fylgja eftir árangrinum af markaðsátakinu 2010 með áframhaldandi sókn og vörn á árinu 2011. Fjárfestingin í *Inspired by Iceland* mun nýtast áfram því mikill efniviður er fyrir hendi til þess að vinna úr og nýta, auk þess sem dýrmæt reynsla af samvinnu opinberra aðila og einkafyrirtækja kemur til góða.

Í markaðsstarfinu kringum *Inspired by Iceland* hafa orðið til ýmis verðmæti sem mikill áhugi er á, jafnt hjá opinberum aðilum sem hjá forráðamönnum ferðaþjónustufyrirtækja, að nýtist áfram til þess að kynna Ísland sem áfangastað ferðafólks. Þar má nefna yfirskrift átaksins, útlit og hönnun auglýsinga, vefborða og veggspjalda, *Inspired-vefsíðuna* sem enn fær milli 4.000 og 7.000 heimsóknir á dag, um 500 myndgerða vitnisburði erlendra ferðamanna í formi ferðasagna á *Inspired*-vefsíðunni, sögur heimsfrægra Íslandsvina af upplifun á Íslandi sem festar hafa verið á myndbönd, reynslu, alþjóðleg sambönd vegna reksturs herferðar á samfélagsmiðlum (Facebook, Twitter o.s.frv.) og þá aðferð að streyma lifandi myndum út á veraldarvefinn frá vinsælum ferðamannastöðum á Íslandi. Um er að ræða 60 milljón svokölluð innlit til að skoða myndir úr vefmyndavélum. Á fyrstu sex vikum átaksins mældust 22 milljónir svokallaðra snertinga. Nærri 300 blaðamenn hafa komið til landsins á vegum átaksins og fimmtíu þúsund skriflegar færslur tengdar því hafa birst, á árinu, m.a. almannatengslagreinar, blaðagreinar og blogg. Ríflega 46 þúsund vinir *Inspired* eru á Facebook og er það talinn vera hópur sem nauðsynlegt er að halda sambandi við. Ýmislegt fleira mætti tína til, svo sem reynslu af viðbrögðum við hættuástandi og það samvinnumódel sem skapaðist um markaðsátakið og reyndist vel. *Inspired by Iceland* hefur nú þegar unnið til alþjóðlegra markaðsverðlauna og hlotið tilnefningar til fleiri verðlauna.

Aukið framboð á flugsætum til og frá landinu, sem flugfélögin hafa boðað, mun á næstu árum skapa möguleika til þess að fjölga ferðamönnum á Íslandi og auka hlutdeild ferðaþjónustunnar í landsframleiðslu og gjaldeyristekjum enn frekar en hlutur hennar er nú rétt innan við 5% af landsframleiðslu og um 20% af gjaldeyristekjum, sem setur hana á stall með sjávarútvegi og áliðnaði.

Horfur eru á því að framboð á Íslandsferðum aukist og spurn eftir þeim verði mikil á næstu sumrum komi ekki til nýrra áfalla, en sóknarfærin felast fyrst og fremst í því að vekja áhuga á vetrarferðamennsku til Íslands. Haust- og vetrarferðamennska verður þó ekki aukin til muna nema að til komi nýjar áherslur í framboði á þjónustu og öflugt markaðsstarf. Því hefur iðnaðarráðuneytið haft frumkvæði að og lagt sérstaka rækt við vöruþróun í heilsutengdri ferðaþjónustu með áherslu á að til verði fullbúin þjónusta, vara sem hægt er að mark-

aðssetja árið um kring. Myndaður hefur verið klasi um heilsuferðaþjónustu með stuðningi ráðuneytisins og afar vandað og vel ígrundað vörumerki *Island of Health* hefur orðið til á þeim vettvangi. Undir vörumerkinu sameinast hópur fyrirtækja í ferðaþjónustu og heilbrigðisgeiranum um hugmyndavinnu, gæðaviðmið og framtíðarsýn. Hér er á ferðinni dæmi um verkefni þar sem samtímis er hugað að öllum mikilvægustu þáttum vöruþróunar.

Í desember 2010 voru í fyrsta sinn veitt hvatningarverðlaun í þessum geira.

Verði unnið markvisst að þeim málum er talið að auka megi gjaldeyristekjur um 23 milljarða kr. á næstu missirum, skapa 1.000 manns heilsársatvinnu, tryggja aukna arðsemi í ferðaþjónustu víða á landinu, og stórauka nýtingu á hótelum, bílaleigum, rútum og þjónustustöðum utan háannatíma.

3. Hvað telur ráðherra að vel hafi heppnast við átakið og hvað síður?

Mikilvægasta markmiðið náðist: að bjarga ferðamannasumrinu 2010. Umfjöllun um landið gjörbreyttist og bókanir hófust á ný. Það sem einnig er talið er hafa heppnast afar vel í verkefninu er sú samstaða sem skapaðist á innanlandsmarkaði, jafnt meðal fyrirtækja og almennings í landinu. Þjóðarátakið 3. júní 2010 tókst með eindæmum vel, en ⅓ þjóðarinnar tók þátt í því samkvæmt rannsókn sem Capacent og MMR gerðu á vegum *Inspired*. Um 90% þátttakenda lýstu ánægju með markaðsátakið og 64% af þeim sem sendu kveðju með myndbandi til vina, kunningja og viðskiptafélaga erlendis fengu jákvæð viðbrögð. Þetta er talið einsdæmi í heiminum og hefur fengið mikla athygli erlendis.

Sú nálgun að nýta samfélagsmiðla hefur einnig vakið athygli, jafnt hér innan lands sem utan, og hefur skilað sér vel. Þá hafa fjölmargir aðilar sýnt átakinu samstöðu, jafnt erlendis sem hér heima með því að dreifa efni og nýta sér hugmyndafræði átaksins til þess að koma Íslandi á framfæri sem áfangastað.

Það sem betur hefði mátt fara er að gott hefði verið að meiri tími hefði gefist til þess að skoða aðstæður á mörkuðunum og velja samskiptaleiðir og tímasetningar í samræmi við það sem hentaði á hverju svæði. Úr þessu var reynt að bæta jafnt og þétt í framkvæmd átaksins.

Inspired by Iceland var svar við neyðarástandi og markaðsátakið hófst þremur vikum eftir að ákvörðun var tekin um að efna til þess. Því þurfti að leysa úr ýmsum álitamálum í samskiptum opinberra aðila og einkaaðila með skjótum hætti en slíkt var talið óhjákvæmilegt til þess að ná markmiðum átaksins. Samvinna við erlenda söluaðila hefði einnig verið áhugaverð leið en slíkt hefði ekki gengið upp þar sem bæði var um opinbert fjármagn að ræða sem og einkafyrirtækja.

650. Svar [224. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um skuldaúrræði fyrir einstaklinga.

Til svars við fyrirspurninni óskaði efnahags- og viðskiptaráðuneytið eftir upplýsingum hjá Samtökum fjármálafyrirtækja. Tölurnar í svarinu sýna stöðuna frá 1. nóvember sl. fyrir viðskiptabanka og sparisjóði í heild. Nýrri tölur liggja ekki fyrir. Samtök fjármálafyrirtækja hafa ekki heimild til þess að birta sundurliðaðar upplýsingar fyrir einstök félög.

1. *Hve margir einstaklingar hafa fengið lán sín fryst?*
Um 2.440 einstaklingar eru með lán sín í frystingu.

2. *Hve margir einstaklingar hafa fengið leiðréttingu á höfuðstól lána sinna í bönkum og sparisjóðum og hver er heildarfjárhæð þeirrar skuldalækkunar?*
Um 3.000 einstaklingar hafa fengið leiðréttingu á höfuðstól lána sinna í bönkum og sparisjóðum og nemur heildarfjárhæð skuldalækkunar um 12 milljörðum kr.

3. *Hve margir einstaklingar hafa fengið afskrifaðar skuldir í bönkum og sparisjóðum eftir svo kallaðri 110% leið og hver er heildarfjárhæð þeirra afskrifta?*
Rúmlega 1.600 einstaklingar hafa fengið afskrifaðar skuldir í bönkum og sparisjóðum eftir svokallaðri 110%-leið sem hefur leitt til afskrifta upp á 8 milljarða kr.

4. *Hve margir einstaklingar hafa fengið sértæka skuldaaðlögun?*
Um 140 einstaklingar hafa fengið sértæka skuldaaðlögun.

651. Lög [302. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar ráðuneyta, sbr. lög nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 356 með þessum breytingum:

24. gr. hljóðar svo:
a. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: velferðarráðuneytið.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 2. og 4. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 79. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í fyrirsögn 5. gr. og 2. mgr. 79. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1., 2. og 5. mgr. 6. gr., tvívegis í 1. mgr., 2. og 9. mgr. 7. gr., tvívegis í 4. mgr. 11. gr., 4. mgr. 20. gr., 6. mgr. 21. gr., 3. mgr. 66. gr., 4. mgr. 79. gr. og 5. mgr. 84. gr. laganna kemur: ráðherra.
e. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneyti“ í 4. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
f. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytis“ í 3. mgr. 79. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

99. gr. hljóðar svo:
a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: Innanríkisráðherra.

b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 14. gr., 16. gr., tvívegis í 20. gr., 26. gr. og 27. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðanna „dómsmálaráðherra Íslands“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
d. Í stað orðsins „Dómsmálaráðuneytið“ í 26. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

191. gr. hljóðar svo:
a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
b. 8. málsl. 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum orðast svo: Hún skal skipuð fimm einstaklingum og skal forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti og fjármálaráðuneyti tilnefna einn hvert og innanríkisráðuneyti tvo.

652. Frumvarp til laga [191. mál]

um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

1. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2011“ í 2. málsl. 2. mgr. 56. gr. laganna kemur: 1. janúar 2012.

2. gr.

1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo: Fram til 1. janúar 2012, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 56. gr., er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð daggjöld vegna heilbrigðisþjónustu sem veitt er í hjúkrunarrýmum sjúkrahúsa og hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

653. Frumvarp til laga [339. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Á eftir a-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: hefur heilsu til að taka starfi eða taka þátt í virkum vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. þó 5. mgr.
b. Í stað tilvísunarinnar „skv. h-lið 1. mgr.“ í 2. mgr. kemur: skv. 1. mgr., þar á meðal um tilfallandi veikindi.
c. Í stað tilvísunarinnar „b-, d- og e-liðar“ í 4. mgr. kemur: c-, e- og f-liðar.
d. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi:
   Hinn tryggði telst vera í virkri atvinnuleit þrátt fyrir tilfallandi veikindi í allt að fimm daga samtals sem heimilt er að nýta að hámarki í tvennu lagi á hverju tólf mánaða tímabili enda hafi hinn tryggði verið skráður innan kerfisins í fimm mánuði samtals frá fyrstu skráningu á sama tímabili, sbr. 29. gr. Hinn tryggði skal tilkynna um upphaf og lok veikinda til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar. Skal hann jafnframt skila inn læknisvottorði innan viku frá því að veikindum lauk óski Vinnumálastofnun eftir því.
e. Í stað tilvísunarinnar „h-lið“ í 6. mgr., sem verður 7. mgr., kemur: i-lið.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:
a. Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: sem og sá tími er viðurlög skv. XI. kafla standa yfir.
b. Við 3. málsl. 1. mgr. bætist: og um þann tíma er tilfallandi veikindi standa yfir skv. 5. mgr. 14. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:
a. Í stað tilvísunarinnar „skv. h-lið 1. mgr. 14. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. 14. gr.
b. Orðið „vísvitandi“ í 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum:
a. Í stað hlutfallstölunnar „20%“ í 2. mgr. kemur: 30%.
b. Í stað 6. og 7. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ákvæði þetta gildir til 30. júní 2011. Þrátt fyrir 2. mgr. geta þeir sem þegar hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis þessa fyrir 1. janúar 2011 samhliða allt að 29% skertu starfshlutfalli fengið áfram greiddar atvinnuleysisbætur á gildistíma ákvæðisins.

5. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2010“ í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 30. júní 2011.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. 29. gr. getur sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hefur í fyrsta skipti fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá og með 1. mars 2008 eða síðar átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta í tólf mánuði til viðbótar frá þeim degi er tímabili skv. 1. mgr. 29. gr. lauk enda uppfylli hann áfram skilyrði laga þessara nema annað leiði af þeim.

Þrátt fyrir 30. gr. getur sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur samtals í fjögur ár skv. 1. mgr. áunnið sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins að nýju að liðnum 24 mánuðum enda hafi hann starfað á vinnumarkaði í a.m.k. sex mánuði eftir að fyrra tímabili lauk og misst starf sitt af gildum ástæðum. Hefst þá nýtt tímabil skv. 29. gr. en að öðru leyti gilda ákvæði III. og IV. kafla um skilyrði atvinnuleysistryggingar hins tryggða eftir því sem við getur átt.

Ákvæði 1. mgr. gildir til 31. desember 2011.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

7. gr.

Á eftir orðunum „fyrir aldraða rekstrarárin“ í ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum kemur: 2011.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011. Þó öðlast 1. og 2. gr. ekki gildi fyrr en 1. mars 2011.

654. Lög [79. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 451 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit, forvarnir og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.

6. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Brunamálastofnun“ tvívegis í greininni og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskildu ákvæði til bráðabirgða I og II, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Mannvirkjastofnun.
b. Á eftir 2. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Að beiðni slökkviliðsstjóra getur Mannvirkjastofnun gert úttekt á brunavörnum mannvirkja í rekstri þar sem tilteknir starfsmenn eru þjálfaðir í brunavörnum og slökkvistarfi, sbr. 3. mgr. 24. gr.

13. gr. hljóðar svo:

Á eftir orðinu „brunavörnum“ í 4. mgr. 16. gr. laganna kemur: björgunarstörfum.

21. gr. hljóðar svo:

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Mannvirkjastofnun getur krafið sveitarfélög nauðsynlegra upplýsinga um stöðu brunavarna og um búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Við gildistöku laga þessara skulu umhverfisráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hrinda af stað vinnu sem miði að því að samræma gildissvið laga nr. 75/2000, um brunavarnir, með síðari breytingum, og laga nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingum. Vinnan skal miða að því að skýra ákvæði laganna, m.a. hvað varðar viðbragðsstyrk á flugvöllum, starfsleyfisskyldu þeirra og eftirlit með þeirri starfsemi. Niðurstaða þeirrar vinnu skal kynnt umhverfisnefnd Alþingis og samgöngunefnd Alþingis eigi síðar en 15. maí 2011.

655. Frumvarp til laga [404. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Flm.: Róbert Marshall, Árni Þór Sigurðsson, Mörður Árnason,
Birgir Ármannsson, Valgerður Bjarnadóttir, Álfheiður Ingadóttir,
Sigurður Kári Kristjánssoni, Þráinn Bertelsson, Þór Saari.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abdou Samath Mbaye, f. 1981 í Senegal.
2. Agim Gashi, f. 1980 í Kósóvó.
3. Albert Perez Capin, f. 1976 á Filippseyjum.
4. Aleksandra Dragojlovic, f. 1977 í Serbíu.
5. Anna Jóhanna Fish, f. 1941 á Íslandi.
6. Babatunde Adeoye Adeleye, f. 1979 í Nígeríu.
7. Carolina Rodriguez Valencia, f. 1992 í Kólumbíu.
8. Dmitry Ovsyannikov, f. 1980 í Rússlandi.
9. Erika Valencia Sandoval, f. 1973 í Kólumbíu.
10. Eygló Hulda Nelson, f. 1949 á Íslandi.
11. Grzegorz Wardzinski, f. 1980 í Póllandi.
12. Hung The Hoang, f. 1983 í Víetnam.
13. Irene Moreno Contreras, f. 1965 í Kólumbíu.
14. Jacqueline Del Consuelo Molina, f. 1963 í Kólumbíu.
15. Jose Yandy Machado Cajide, f. 1979 á Kúbu.
16. Jóel Færseth Einarsson, f. 2010 á Indlandi.
17. Jóhanna Gunnarsdóttir Byfield, f. 1940 á Íslandi.
18. Leonora Krrutaj, f. 1984 í Serbíu.
19. Lesya Proniv, f. 1977 í Úkraínu.
20. Makrem Mazouz, f. 1974 í Túnis.

21. Maria Alejandra Molina Diez, f. 1977 í Kólumbíu.
22. Marko Milivojevic, f. 1977 í Serbíu.
23. Mihane Krrutaj, f. 1987 í Kósóvó.
24. Mohamed Ali Azghouani, f. 1975 í Marokkó.
25. Monica Ferreira Fidalgo, f. 1981 í Portúgal.
26. Muhammad Azfar Karim, f. 1975 í Pakistan.
27. Murteza Krrutaj, f. 1990 í Kósóvó.
28. Olga Zolotuskaya, f. 1972 í Rússlandi.
29. Pablo Rolando Diaz Orellana, f. 1974 í El Salvador.
30. Pawel Radwanski, f. 1985 í Póllandi.
31. Rex Rafael Armilla, f. 1977 á Filippseyjum.
32. Reynilo Paraiso Loreto, f. 1963 á Filippseyjum.
33. Santa Bahadur Gurung, f. 1978 í Nepal.
34. Sasa Arsic, f. 1975 í Serbíu.
35. Suchawalee Thipanete, f. 1987 í Taílandi.
36. Timur Zolotuskiy, f. 1968 í Rússlandi.
37. Xuan Kim Phu Thai, f. 1995 í Víetnam.
38. Xuan Thanh Bui, f. 1965 í Víetnam.
39. Yoansy Björnsson, f. 1981 á Kúbu.
40. Yusuf Koca, f. 1978 í Tyrklandi.
41. Zija Krrutaj, f. 1986 í Kósóvó.
42. Zuhra Krrutaj, f. 1955 í Serbíu.
43. Þór Magnússon, f. 1937 á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

656. Frumvarp til laga [405. mál]

um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996.

Flm.: Róbert Marshall, Árni Þór Sigurðsson, Birgir Ármannsson, Valgerður Bjarnadóttir, Vigdís Hauksdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Þráinn Bertelsson.

1. gr.

4. mgr. 38. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 49/2000, orðast svo:

Nám við grunnámsdeild Lögregluskóla ríkisins skiptist í bóknám og starfsnám. Heildarlengd námsins skal vera að lágmarki tólf mánuðir og þar af skulu a.m.k. fjórir mánuðir vera starfsnám hjá lögreglunni. Lögregluskóli ríkisins greiðir lögreglunemum mánaðarlaun í starfsnámi þeirra en viðkomandi lögreglustjóri vaktaálag og annan kostnað sem til fellur. Bóknámið er ólaunað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 138. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um nokkrar skipulagsbreytingar í lögreglu (586. mál, þskj. 977). Var því vísað til allsherjarnefndar sem m.a. kallaði eftir umsögnum um það. Frumvarpið var hins vegar ekki afgreitt frá þinginu.

Á meðal þess sem lagt var til í umræddu frumvarpi voru breytingar á 38. gr. lögreglulaga sem fjallar um inntöku nýnema og námstilhögun í Lögregluskóla ríkisins. Nefndin telur rétt að flytja tillögu um breytingu á þessu ákvæði sérstaklega þar sem slík breyting er forsenda þess að unnt verði að taka inn nýnema á næsta ári. Ákvæðinu hefur verið breytt nokkuð frá því sem lagt var til í því frumvarpi sem vísað er til hér að framan og lýsingin á fyrirkomulagi námsins gerð opnari og almennari.

Lagt er til að breyting verði gerð á fyrirkomulagi launagreiðslna til lögreglunema sem stunda nám við grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins frá því sem verið hefur frá setningu lögreglulaga. Námið á fyrstu önninni í skólanum er ólaunað en hefur verið lánshæft samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Samkvæmt gildandi lögum skal ríkislögreglustjóri sjá þeim nemum sem standast próf á fyrstu námsönninni í skólanum fyrir launaðri starfsþjálfun hjá lögreglunni. Skólinn hefur skipulagt starfsþjálfunina með samkomulagi við lögregluembætti sem hafa tekið nemendur í starfsþjálfun og greitt þeim laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna (LL). Fjárveiting hefur hins vegar aldrei verið veitt sérstaklega á fjárlögum til að standa straum af launakostnaði vegna starfsþjálfunar lögreglunema. Á lokaönn námsins hafa lögreglunemarnir fengið laun sem Lögregluskóli ríkisins greiðir.

Rekstur lögregluembætta er erfiður og fyrrgreint fyrirkomulag gengur ekki lengur vegna fjárskorts auk þess sem ávallt hefur verið sá faglegi galli á fyrirkomulaginu að fremur hefur verið litið á starfsþjálfunarnema sem afleysingamenn en nemendur sem á hinn bóginn hefur leitt til þess að Lögregluskóli ríkisins hefur átt erfitt með að fylgja eftir námskrá starfsþjálfunarannarinnar. Eðlilegt má telja að lögreglunemar fjármagni sitt nám með námslánum eins og aðrir nemar að undanskildum þeim tíma þegar þeir eru í starfsnámi.

Undanfarin ár hefur nám við Lögregluskóla ríkisins þróast mikið. Í grófum dráttum má segja að smám saman hafi verið horfið frá fyrirkomulagi þar sem fastráðnir lögreglumenn voru sendir í lögregluskólann á fullum launum (og eftir atvikum dagpeningum) til þess eins að uppfylla þarfir lögreglunnar sem vinnuveitanda til að efla starfsmenn sína til daglegra lögreglustarfa. Þess í stað hefur skólinn í vaxandi mæli tekið mið af skólastarfi almennt þótt enn sé mjög tekið mið af þörfum lögreglunnar við námið. Um leið hafa gæði námsins farið vaxandi undanfarin ár. Hefur enda ásóknin í skólann verið mikil þrátt fyrir að dregið hafi verið úr greiðslum fyrir nemendur. Þess verður vart að nokkur hluti nemenda sækir sér menntun í skólann án þess að hyggja á starf í lögreglu eftir útskrift og má hafa það til marks um að menntun í skólanum þykir hafa nokkurt almennt gildi og nýtast víða í atvinnulífinu.

Rétt þykir að stefna að því að skólinn sé í stöðugum rekstri og útskrifi nógu marga lögreglumenn á hverju ári til að uppfylla þarfir lögreglunnar til lengri tíma. Reynslan sýnir að þörf lögreglunnar fyrir nýja lögreglumenn sveiflast mjög á milli ára og varasamt er að afleggja skólahald um lengri eða skemmri tíma vegna sveiflna.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið og með tilliti til hagræðingar og betri nýtingar fjármuna er talið rétt og eðlilegt að breyta núverandi fyrirkomulagi varðandi launagreiðslur

vegna grunnnámsnema við Lögregluskóla ríkisins. Áfram er reiknað með að skólinn sjái nemendum fyrir starfsþjálfun í lögreglunni í a.m.k. fjóra mánuði og greiði þá mánaðarlaun þeirra. Hins vegar verði hætt að greiða lögreglunemum laun á meðan þeir stunda bóknám, en gert er ráð fyrir að það verði lánshæft nám samkvæmt reglum LÍN eins og bóknámið á fyrstu námsönn er nú. Til aukins sveigjanleika er skipulag námsins í þrjár annir fellt út úr lagatextanum.

Mikilvægt er að lögregluskólinn geti sem allra fyrst tekið inn nýnema á grundvelli nýrra reglna um fyrirkomulag námsins, en ekki eru fjárhagslegar forsendur til þess að taka nemendur inn í launað nám. Er því nauðsynlegt að breytingarnar taki þegar gildi.

657. Lög [200. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 641.

658. Lög [313. mál]

um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 642 með þessari breytingu:

34. gr. hljóðar svo:
Við lögin bætast fjögur ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (XI.)
Í fjárlögum skal tryggja sérstök framlög vegna tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

a. Framlög á árunum 2011, 2012 og 2013 til að vega upp á móti veikri stöðu útsvarsstofnsins.
b. Framlög á árunum 2011, 2012 og 2013 vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.
c. Framlög á árunum 2012 og 2013 vegna biðlista eftir þjónustu.
d. Framlög á árunum 2011, 2012 og 2013 vegna breytingarkostnaðar, tilfærslu, aðlögunar og útfærslu þjónustunnar.

b. (XII.)
Fram til ársins 2014 eru sveitarfélög bundin af því að 0,25 prósentustig af þeirri hækkun útsvars sem þeim er tryggð vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra renni beint til þjónustu við fatlaða innan viðkomandi þjónustusvæða.

c. (XIII.)
Á árinu 2011 skulu greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða taka mið af heimildarákvæði 6. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða hvað varðar sérstakt aðlögunartímabil þar sem beinar greiðslur til sveitarfélaga og þjónustusvæða byggjast að hluta til eða öllu leyti á framreiknuðum rekstrarkostnaði ársins 2010.

d. (XIV.)
Þrátt fyrir ákvæði í 1. og 2. mgr. 24. gr. laganna skal sveitarstjórn ákveða fyrir 30. desember 2010 hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á árinu 2011, sbr. 1. mgr. 23. gr. laganna svo og 1. mgr. 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ákvörðun sveitarstjórnar skal sömuleiðis tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 30. desember 2010.

659. Lög [208. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana).

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 643.

660. Lög [196. mál]

um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 644.

661. Lög [197. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum (kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja).

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 645.

662. Lög [206. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 646.

663. Lög [301. mál]

um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 354.

664. Lög [191. mál]

um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 652.

665. Lög [204. mál]

um breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (frestun gildistöku ákvæðis um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi).

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 221.

666. Lög [339. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 653.

667. Lög [61. mál]

um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 62.

668. Lög [394. mál]

um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 603.

669. Lög [404. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2010.)

Samhljóða þskj. 655.

670. Svar [250. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um sölu Landsbankans á fyrirtækjum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Á hvaða verði og kjörum selur Landsbankinn EJS, HugAx, Húsasmiðjuna, Icelandic Group, Plastprent, Skýrr, Teymi og Vodafone? Hvernig skiptist kaupverðið, hvert verður virði hlutafjár og skulda og hvaða skuldir verða yfirteknar? Svar óskast sundurliðað eftir fyrirtækjum.

Þar sem Bankasýsla ríkisins fer með hlut ríkissjóðs í NBI hf. – Landsbankanum óskaði ráðuneytið eftir því við Bankasýsluna að hún afhenti ráðuneytinu þær upplýsingar sem óskað var eftir. Í svari Bankasýslunnar kom fram að hún byggi ekki yfir framangreindum upplýsingum en stofnunin hefði óskað eftir því við NBI hf. – Landsbankann að umræddar upplýsingar yrðu veittar. Svar við fyrirspurn þessari byggist því á svörum NBI hf. – Landsbankans.

Gengið hefur verið frá kaupum Framtakssjóðs Íslands (FSÍ) á eignarhaldsfélaginu Vestia af NBI hf. – Landsbankanum með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Kaupverð FSÍ er 15,5 milljarðar kr. en NBI hf. – Landsbankinn heldur eftir 19% hlut í Icelandic Group í stað þess að selja félagið að fullu. FSÍ hefur kauprétt á þeim 19% hlut í allt að 12 mánuði.

Þau félög sem fylgja með í kaupum FSÍ á Vestia eru Icelandic Group, Teymi, Húsasmiðjan og Plastprent.

Samkvæmt fyrirliggjandi samningi er gert ráð fyrir því að verðmæti alls hlutafjár Icelandic Group hf. sé 13,9 milljarðar kr. en þess ber að geta að kaupverð getur lækkað vegna ákvæða um skaðleysi eða ef tilteknar forsendur varðandi rekstur félagsins breyttast.

Kaupverð annarra eignarhluta var ekki sundurliðað samkvæmt samningum en umsamið heildarkaupverð þeirra hluta er 4,25 milljarðar kr.

Með sölu á umræddum fyrirtækjum til FSÍ styrkist efnahagsreikningur NBI hf. – Landsbankans verulega sem lýsir sér í því að eigið fé bankans hækkar og eignir til sölu lækka verulega.

Fram kemur í svari NBI hf. – Landsbankans að hann telur sér almennt ekki skylt að svara fyrirspurnum alþingismanna um önnur málefni en þau sem teljast opinber. Einnig er í kaupsamningi um umræddar eignir að finna skuldbindingu um að aðilar veiti ekki upplýsingar um efni hans nema lög mæli svo fyrir eða aðilar verði sammála um að veita afmarkaðar upplýsingar um efni hans. Enn fremur ber að geta þess að ekki er unnt að veita upplýsingar um viðskiptamálefni þeirra félaga sem samningurinn tekur til.

671. Svar [343. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um öryggistíma í sjúkraflugi.

1. *Hvernig er öryggistími í sjúkraflugi skilgreindur?*

Kröfur um viðbragðstíma í sjúkraflugi eru skilgreindar í samningum um sjúkraflug. Núgildandi samningur um sjúkraflug tók gildi 1. janúar 2006. Viðbragðstími er skilgreindur sem

tími frá því að staðfest beiðni um sjúkraflug berst uns flugvél er tilbúin með allan nauðsynlegan búnað á þeim flugvelli sem sjúkraflugið er þjónustað frá. Hámarksviðbragðstími í hverju sjúkraflugi er skilgreindur eftir tegund útkalls.

Á Akureyri er staðsett sérútbúin sjúkraflugvél og skal flugrekandi ávallt geta boðið upp á viðbragð af stigi 1 með viðbragðstíma sem er hámark 35 mín.

2. *Hver er viðbragðstími í sjúkraflugi með tilliti til öryggistíma?*

Í samningi um sjúkraflug eru eftirfarandi skilgreiningar um viðbragðstíma. Útkallstegundir eru þessar:

Stig 1. Útkall af stigi 1 kallar á tafarlaus viðbrögð og er hámarksviðbragðstími 35 mín. Flugrekandi skal ávallt geta boðið upp á viðbragð af stigi 1 sem er skilgreindur sem grunnviðbragðstími. Þetta gildir allan sólarhringinn alla daga ársins enda sé flugleið fær.

Stig 2. Í því tilviki að slaka má nokkuð á kröfu um viðbragð frá stigi 1, eða allt að 6 klst., er útkallið flokkað sem stig 2.

Stig 3. Einungis er gripið til stigs 3 ef alls ekki er unnt að flytja sjúkling með áætlunarflugi. Viðbragðstími sem er meiri en 6 klst. nægir vegna slíkra útkalla og ræðst af samkomulagi milli þess sem ber ábyrgð á útkallinu og verksala.

Frá gildistöku samnings um sjúkraflug hefur orðið breyting á flokkun á viðbragðstíma. Þegar beðið er um sjúkraflug hjá Neyðarlínunni eða hjá Slökkviliði Akureyrar er bráðleikinn flokkaður eins og í sjúkraútköllum sjúkrabifreiða. Útkallsflokkunin er eftirfarandi:

F–l Lífsógn. Í því tilviki er útkallstími eins stuttur og hægt er og útkallið tekið fram yfir önnur útköll.

F–2 Möguleg lífsógn. Útkallstími innan við 35 mín. fyrir sérútbúnu sjúkraflugvélina.

F–3 Stöðugt ástand. Útkallstími 35 mín. og allt upp í 6 klst. En strax ef annar flutningur er ekki í gangi, annars um leið og honum lýkur.

F–4. Eftir samkomulagi.

3. *Hvað líður almennt langur tími frá því að kallað er eftir sjúkraflugi þangað til sjúklingur er kominn á áfangastað, sundurliðað eftir staðsetningu sjúklinga?*

Á síðasta ári voru alls farin 464 sjúkraflug frá Akureyri og Vestmannaeyjum. Staðalsjúkraflug eru öll flug sem taka allt að 2 klst. (120 mín.) frá því að flugvél fer frá heimaflugvelli uns hún kemur aftur að heimaflugvelli, þar sem 2 klst. miðast við heildarfartíma (blokktíma). Það er mismunandi hve langur tími líður frá því að kallað er eftir sjúkraflugi þar til sjúklingur er kominn á áfangastað. Veður og ástand sjúklings getur haft áhrif á heildarfartíma. Það kemur fyrir að ástand sjúklings sé þess eðlis að flugvél þurfi að bíða á flugvelli áður en unnt er að hefja sjúkraflutninginn. Ef til að mynda sjúklingur er sóttur til Egilsstaða og fluttur til Reykjavíkur er heildarfartíminn skilgreindur í mínútum frá því að beðið er um sjúkraflug þangað til flugvél er aftur komin til Akureyrar að loknu flugi með sjúklinginn til Reykjavíkur. Flugleið með sjúkling sem sóttur er til Egilsstaða getur annaðhvort verið Akureyri–Egilsstaðir–Reykjavík–Akureyri eða Akureyri–Egilsstaðir–Akureyri, það fer eftir áfangastað sjúklings. Heildarfartími getur verið frá um 130 mín. upp í um 180 mín. á flugleiðinni Akureyri–Egilsstaðir–Reykjavík–Akureyri. Heildarfartími á flugleiðinni Akureyri–Ísafjörður–Reykjavík–Akureyri er frá um 115 mín. upp í um 150 mín. í útkalli af tegund F1.

4. *Hver er þróun viðbragðstíma í sjúkraflugi sl. 5 ár?*

Kröfur um viðbragðstíma voru skilgreindar árið 2005 og hafa ekki breyst sl. 5 ár. Áður en sérútbúin sjúkraflugvél var keypt var viðbragðstími af stigi 1 45 mín., en er skilgreindur í núgildandi samningi 35 mín. frá því að staðfest beiðni berst uns flugvél er tilbúin með allan nauðsynlegan búnað á þeim flugvelli sem sjúkraflugið er þjónustað frá.

672. Svar [144. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um útgjaldaauka fyrir sjúklinga og aðstandendur sjúklinga vegna niðurskurðar á heilbrigðisstofnunum samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011.

1. *Hversu mikill útgjaldaauki í kjölfar niðurskurðar í fjárlagafrumvarpi lendir á sjúklingum vegna þeirra ferða sem þeir þurfa að greiða fyrir sökum þess að þeir þurfa að sækja þjónustu utan síns heimahéraðs til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri og er þar átt við ferðir sem ekki eru greiddar af Sjúkratryggingum Íslands?*

Í tillögum um samdrátt sem settar voru fram í fjárlagafrumvarpi var stuðst við íbúafjöldafjölda á upptökusvæðum einstakra heilbrigðisstofnana og gögn um legudaga íbúa á höfuðborgarsvæðinu og út frá því var áætluð þörf fyrir legurými á einstökum svæðum á landsbyggðinni. Grunnforsendan er því áfram sú að þörf fyrir almenna sjúkrahúsþjónustu verði mætt innan hvers svæðis og ekki verði um að ræða aukna þörf á að sækja þjónustu utan heimahéraðs. Yfirlit yfir einstakar forsendur sem notaðar voru fyrir samdrætti í fjárveitingum til sjúkrasviða heilbrigðisstofnana hefur verið birt á heimasíðu heilbrigðisráðuneytisins.

Ekki var því gert ráð fyrir að hagræðingarkröfu fjárlagafrumvarps yrði mætt með tilflutningi þjónustu, heldur með því að stytta legutíma, fækka innlögnum og hagræða með öðrum leiðum á sambærilegan hátt og þegar hefur verið gert á Landspítala og á sjúkrahúsinu á Akureyri á undanförnum árum. Eftir sem áður voru fleiri sjúkrarúm ætluð til almennrar sjúkrahúsþjónustu á landsbyggðinni, eða um 1,5 rými á hverja 1.000 íbúa, en á höfuðborgarsvæði þar sem er tæplega 1 rými á hverja 1.000 íbúa.

Í þessu sambandi er þó rétt að nefna að fjárlagafrumvarpið var endurskoðað í ljósi upplýsinga sem fram komu á fundum faghóps heilbrigðisráðherra sem haldnir voru með fagfólki og stjórnendum einstakra heilbrigðisstofnana og leitast var við að tryggja að unnt yrði að viðhalda nauðsynlegri þjónustu á hverju svæði. Í fjárlögum ársins 2011 er dregið verulega úr þeim samdrætti í fjárveitingum til heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Með þessari breytingu ætti stofnunum enn frekar að vera kleift að hagræða án þess að það leiði til meiri flutninga sjúklinga milli svæða. Ekki er því gert ráð fyrir því að sjúklingar verði fyrir útgjaldaauka vegna niðurskurðar fjárveitinga til heilbrigðisstofnana.

2. *Hversu mikill útgjaldaauki lendir á aðstandendum sjúklinga (vegna ferða, vinnutaps, gistingar og uppihalds) sem munu í kjölfar niðurskurðarins þurfa að vitja sjúklinga á sjúkrahús utan síns heimahéraðs?*

Eins og að framan greinir, var ekki gert ráð fyrir að hagræðingarkröfu fjárlagafrumvarps yrði mætt með flutningum sjúklinga út fyrir heimahérað umfram það sem nú er vegna sér-

hæfðra aðgerða og bráðatilfella. Í meðferð fjárlagafrumvarpsins var dregið verulegu úr hagræðingarkröfu og er því ekki gert ráð fyrir því að sjúklingar þurfi í auknum mæli að sækja þjónustu utan síns heimahéraðs. Ekki er því gert ráð fyrir útgjaldaauka aðstandenda af þessum sökum.

673. Svar [344. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um skurðaðgerðir.

1. *Hvað ræður því mati að öruggara sé að gera skurðaðgerðir á einum stað umfram annan?*

Ýmsir þættir hafa áhrif á öryggi skurðaðgerða en mestu ræður færni þess starfsliðs sem að þeim kemur, skurðlækna, svæfingarlækna og hjúkrunarfræðinga. Færnin er að jafnaði í samræmi við þjálfun og reynslu þessara starfsmanna sem endurspeglast í fjölda aðgerða sem þeir framkvæma. Þannig er þekkt samhengi milli fjölda skurðaðgerða og árangurs. Árangur er að jafnaði bestur á þeim stofnunum þar sem flestar aðgerðir af sama tagi fara fram og þar er minnst af fylgikvillum eða óæskilegum aukaverkunum.

2. *Getur sama skurðaðgerð verið jafnörugg þótt aðgangur að tækjum sé mismunandi ef kunnátta starfsfólks er fyrir hendi?*

Mjög mismunandi er hvaða búnað þarf til skurðaðgerða, allt frá frekar einföldum áhöldum til háþróaðs tæknibúnaðar eftir því hvers konar aðgerð á að framkvæma.

Ávallt verður að uppfylla lágmarkskröfur um búnað og aðra aðstöðu fyrir hverja aðgerð. Á það til dæmis við um sótthreinsun, vöknunarrými með viðeigandi starfsliði fyrir sjúklinga eftir aðgerðir og í stærri tilfellum gjörgæslu. Því öflugri sem viðkomandi stofnun er, t.d. með styrk margra sérgreina og stoðdeilda eins og myndgreiningar (röntgenmyndir, tölvusneiðmyndir, ómskoðun o.s.frv.) og annarra rannsóknadeilda, þeim mun betri möguleikar eru til að bregðast við óvæntum atvikum sem komið geta upp við skurðaðgerðir eða í kjölfar þeirra. Allt slíkt eykur öryggi sjúklinga. Eins og áður segir helst öryggi í hendur við fjölda skurðaðgerða, þ.e. þar sem fleiri aðgerðir af sama tagi fara fram er öryggi sjúklinga að öllu jöfnu meira.

3. *Hver er samanburður á kostnaði við algengar aðgerðir, sundurliðað eftir stofnunum þar sem skurðstofur hafa verið nýttar sl. 10 ár?*

Kostnaður við skurðaðgerðir hefur verið greindur hjá LSH en ekki hjá öðrum sjúkrahúsum. Samanburður liggur því ekki fyrir.

674. Svar [361. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um útblástur gróðurhúsalofttegunda í sjávarútvegi og landbúnaði.

1. *Hver er útblástur gróðurhúsalofttegunda í sjávarútvegi og landbúnaði og hvernig skiptist hann?*

Umhverfisstofnun heldur utan um tölfræðileg gögn hvað varðar útstreymi gróðurhúsalofttegunda og annast skýrslugerð til skrifstofu Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í Bonn. Í skýrslunni, sem unnin var árið 2010 (*National Inventory Report,* Umhverfisstofnun, 220 bls.), er gerð skilmerkileg grein fyrir útstreymi eftir margvíslegri flokkun og nær hún til áranna 1990–2008. Landbúnaðarháskóli Íslands safnar saman upplýsingum hvað varðar landbúnað og landnotkun og tekur einnig við upplýsingum frá Rannsóknastöð skógræktar ríkisins á Mógilsá og Landgræðslu ríkisins hvað varðar losun og bindingu sem tengist verkefnum þessara stofnana.

Losun er mæld í gígagrömmum af koldíoxíðígildum, þar sem gildi annarra gróðurhúsalofttegunda en koldíoxíðs er yfirfært til þeirrar einingar.

Heildarlosun í landbúnaði er um 12% af heildarlosun frá landinu, var 575 Gg árið 1990 en 566 Gg árið 2008 og hefur því dregist aðeins saman.

Gerð er grein fyrir útblæstri eftir tegundum og uppruna. Losun á metani (CH_4) var 287 Gg árið 1990 en 252 Gg árið 2008. Hláturgas (N_2O) var 288 Gg árið 1990 en 315 Gg árið 2008.

Uppruni losunar er flokkaður þannig: Gerjun (í vömb og maga) 1990 265 Gg og 2008 231 Gg. Niðurbrot búfjáráburðar 1990 er 54 Gg en 2008 49 Gg og losun úr landbúnaðarlandi (jarðvegi) 1990 256 Gg og 2008 287 Gg.

Í skýrslugjöf er tekið fram hver binding er sem tengist landnotkun, sem var fyrir skógrækt 1990 –19 Gg og 2008 –134 Gg og landgræðslu 1990 –280 Gg og 2008 –548 Gg.

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna eldsneytisnotkunar í landbúnaði er ekki skráð sérstaklega og því ekki aðgreind frá annarri losun vegna notkunar eldsneytis.

Losun í sjávarútvegi er yfirgnæfandi vegna bruna eldsneytis og er skráð sér. Heildarlosun vegna eldsneytisnotkunar árið1990 nemur 1.717 Gg og þar af vegna sjávarútvegs 655 Gg. Hliðstæðar tölur vegna ársins 2008 voru 1.906 Gg og 517 Gg. Veruleg minnkun hefur því verið í losun fiskiskipaflotans á þessu tímabili.

2. *Til hvaða aðgerða hefur ráðuneytið gripið til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og notkun jarðefnaeldsneytis í sjávarútvegi og landbúnaði?*

Náið samráð er milli ráðuneyta undir yfirstjórn umhverfisráðuneytis hvað varðar stefnumörkun og framkvæmd aðgerða við að móta og framfylgja þeim skuldbindingum sem felast í viðbrögðum við örum loftslagsbreytingum af mannavöldum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og stofnanir þess hafa tekið virkan þátt í því starfi.

Ráðuneytið hefur og tekið virkan þátt í þeim samningafundum sem verið hafa í gangi síðastliðin ár um framkvæmd samningsins og þá sérstaklega varðandi mögulegt framhald Kyoto-bókunar þegar gildistími hennar rennur út í lok ársins 2012. Eru þar miklir hagsmunir að veði.

Samráðsnefndin hefur staðið að nokkrum meginverkefnum, svo sem gerð skýrslu undir forustu Brynhildar Davíðsdóttur við Háskóla Íslands (*Möguleikar til að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi – Niðurstöður sérfræðinganefndar 2009,* 230 bls.,

Umhverfisráðuneyti 2009), sem lýsir losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og sennilegri þróun miðað við nokkra valkosti og tæknilega möguleika við að hafa áhrif á þá losun.

Starfsfólk Landbúnaðarháskóla Íslands, Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins hefur lagt mikið af mörkum bæði við að greina umfang losunar svo og að meta afleiðingar af líklegri þróun hvað varðar landbúnað og margvíslega landnotkun.

Halldór Björnsson á Veðurstofu Íslands stýrði gerð skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar (*Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi,* 118 bls., Umhverfisráðuneyti 2008).

Ríkisstjórn Íslands hefur formlega tilkynnt skrifstofu samningsins um þann ásetning að standa að svonefndu Kaupmannahafnarsamkomulagi sem samþykkt var á aðildarríkjafundi samningsins í Kaupmannahöfn í lok árs 2009. Það felur í sér að Ísland stefnir að því að ná 15% samdrætti í losun árið 2020 miðað við losun árið 1990, þó skilyrt þannig að Kyotobókunin og bókhaldsreglur hennar gildi áfram eftir 2012.

Vinnuhópur undir formennsku Huga Ólafssonar, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneyti, með þátttöku annarra ráðuneyta vann aðgerðaáætlun (*Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum,* 40 bls., Umhverfisráðuneyti 2010) sem miðar að þessu markmiði.

Í aðgerðaáætluninni kemur fram að meðal mikilvirkustu verkþáttanna sem þjóðin getur beitt til að ná settum markmiðum er að efla skógrækt og landgræðslu frá því sem nú er til að auka bindingu kolefnis í lífmassa og jarðvegi og er efling þessara verkefna mikilvæg forsenda fyrir því að ná þeim árangri sem stefnt er að.

Stærstur hluti nýskógræktar á Íslandi fer fram á vegum landshlutabundnu skógræktarverkefnanna og þótt þurft hafi að rifa seglin tímabundið á þeim vettvangi stefnir ráðuneytið að aukningu á næstu árum í samræmi við vilja Alþingis að stuðla að aukinni skógrækt í landinu sem samtímis gegnir mikilvægu hlutverki í loftslagsmálum.

Tvær af tíu lykilaðgerðum í aðgerðaáætluninni lúta að landnotkun, þ.e. efling landgræðslu og skógræktar og endurheimt votlendis. Tvær lúta að sjávarútvegi: aukin notkun lífeldsneytis á fiskiskipaflotann og aukin rafvæðing á fiskmjölsverksmiðjum, sem margar brenna enn olíu við hitun þótt hægt sé að nota rafmagn.

Í stefnumörkun stjórnvalda í loftslagsmálum frá 2007 er að finna yfirlit yfir aðgerðir sem gripið hafði verið til í samræmi við fyrri framkvæmdaáætlun í loftslagsmálum. Þar kemur m.a. fram að mikil endurnýjun hefur átt sér stað í fiskiskipaflotanum og almennt gildir að ný skip hafa betri orkunýtingu en sambærileg eldri skip, enda til mikils að vinna í þeim efnum fyrir útgerðir þegar eldsneytisverð er hátt. Sum útgerðarfyrirtæki hafa skoðað möguleika á að setja íslenskan orkusparnaðarbúnað í borð um skip sín, sem byggist á upplýsingatækni. Stjórnvöld hafa stutt við tilraunaverkefni á þessu sviði. Þá setti Hafrannsóknastofnunin upp orkusparnaðarkerfi í hafrannsóknaskipið Árna Friðriksson og dómsmálaráðuneytið gekk frá samningi um að setja slíkt kerfi í nýtt varðskip Landhelgisgæslunnar. Verið er að skipta út kælimiðlum í skipum, bæði ósoneyðandi HCFC-efni og HFC-efnum, sem valda gróðurhúsaáhrifum. Hægt er að nota ammoníak í þeirra stað, en það er ekki hættulaust og getur tekið tíma að skipta þessum efnum út.

Hvað landnotkun varðar er nefnt að árið 1996 ákvað ríkisstjórn Íslands að veita 450 millj. kr. viðbótarframlag til landgræðslu- og skógræktarverkefna til ársins 2000 til að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti og efla rannsóknir á bindingu. Auka átti árlega bindingu koldíoxíðs í gróðri um 100.000 tonn frá því sem hún var árið 1990. Átakið náði því markmiði og öðrum sem að var stefnt. Erfitt er að draga úr losun frá landbúnaði á hagkvæman hátt, en hún kemur einkum frá búfé og áburðarnotkun. Nefna má að gert er ráð fyrir að skoða betur

möguleika á að nota hauggas frá búfjáráburði til að framleiða rafmagn, eða nýta það á annan hátt.

Sjávarútvegsráðuneytið starfrækti um skeið vinnuhóp um loftslagsmál, sem skilaði yfirliti um mögulegar aðgerðir á ýmsum sviðum í sjávarútvegi.

675. Svar [216. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um fiskveiðisamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er að mati ráðherra ávinningur Íslendinga af fiskveiðisamningi við Færeyinga?*
2. *Hvaða fiskveiðisamningar eru í gildi við erlendar þjóðir? Við hverja eru samningarnir, hvert er efni þeirra og hver er gildistíminn?*
3. *Hver er að mati ráðherra ávinningur Íslendinga af samningunum?*

Hinn almenni ávinningur af samningum um veiðar úr deilistofnum er veiðistjórnun sem er forsenda sjálfbærrar nýtingar á auðlindinni.

Fiskveiðisamningur við Færeyjar.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu er gerður til eins árs í senn. Samningurinn kveður á um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir innan lögsögu ríkjanna. Færeyskum skipum er heimilt að veiða 30 þúsund lestir af loðnu innan íslenskrar lögsögu ef leyfilegur heildarafli verður a.m.k. 500 þúsund lestir. Verði heildarafli minni en 500 þúsund lestir nemur hlutdeild færeyskra skipa 5% af honum. Takmarkanir eru á hve mikið færeysk skip mega vinna til manneldis af þeim afla sem þeir veiða innan lögsögu Íslands. Að auki er færeyskum skipum heimilt að veiða allt að 10 þúsund lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningi færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Færeysk og íslensk skip hafa aðgengi að lögsögum beggja ríkja til að veiða heimildir sínar í kolmunna og norsk-íslenskri síld og getur hvort ríki um sig sett takmarkanir á fjölda veiðiskipa. Íslenskum skipum er heimilt að veiða allt að 1.300 lestir af makríl innan lögsögu Færeyja og 2.000 lestir af síld annarri en norsk-íslenskri.

Skip ríkjanna skulu hlíta þeim reglum sem eru í gildi við veiðar í lögsögu þess ríkis sem þau veiða í, t.d. varðandi aflatilkynningar og annað.

Ávinningur: Aðgengi að færeyskri lögsögu við veiðar á síld og kolmunna. Kvóti í makríl sem auðveldar veiðar á síld innan færeysku lögsögunnar. Sérstaklega er aðgengi mikilvægt til kolmunnaveiða þar sem kolmunninn hefur haldið sig sunnarlega undanfarin ár.

Á grundvelli viðræðna sem fram fóru 1976 var samþykkt fyrirkomulag sem enn er í gildi milli ríkjanna og felur í sér að færeyskum skipum eru heimilaðar línu- og handfæraveiðar á botnfiski með takmörkunum um skipafjölda, tímabilatakmörkum og svæðatakmörkunum.

Árið 2010 voru þessar heimildir 5.600 lestir af botnfiski, þó má heildarafli þorsks aldrei verða meiri en 1.200 lestir og lúðu 40 lestir.

Samningur við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins.

Samningur er gerður til eins árs í senn. Samningurinn kveður á um að Ísland úthluti ESB 3.000 lestum af karfa sem ESB getur veitt innan íslenskrar lögsögu á afmörkuðu svæði og á tilteknu tímabili. Meðafli er innifalinn í kvótanum en enginn meðafli er leyfður af þorski. Takmörkun er einnig á fjölda veiðileyfa til ESB og verksmiðjutogarar fá ekki heimild til að veiða karfakvótann. Ísland getur farið fram á að eftirlitsmaður sé um borð á kostnað útgerðar. Í staðinn fær Íslands 30 þúsund lestir af loðnu á grundvelli samnings milli ESB og Grænlands. Íslands getur veitt þann kvóta innan grænlenskrar lögsögu. Skip ríkjanna skulu hlíta þeim reglum sem eru í gildi við veiðar í lögsögu þess ríkis sem þau veiða í, t.d. varðandi aflatilkynningar og annað.

Ávinningur: 30 þúsund lestir af loðnu í skiptum fyrir 3.000 lestir af karfa.

Samningur milli Íslands, Noregs og Rússlands um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs (Smugusamningur).

Árlega hittist „Íslensk-rússneska fiskveiðinefndin“ og semur á grundvelli þessara tveggja samninga. Fyrri samningurinn ásamt tvíhliða bókun við Rússa felur í sér samkomulag um lausn á Smugudeilunni svokölluðu og þorskveiðar Íslendinga í Barentshafi.

Samningurinn gildir í fjögur ár í senn og framlengist sjálfkrafa segi aðilar honum ekki upp. Samningurinn var uppsegjanlegur 2010. Íslendingar skuldbinda sig til að stunda ekki veiðar í svokallaðri Smugu en fá 1,86% af heildaraflamarki þorsks í Barentshafi sem þeir geta veitt innan norskrar og rússneskrar lögsögu. Fari hins vegar leyfilegur heildarafli niður fyrir 350 þúsund lestir fellur kvóti Íslendinga niður. Falli kvótinn niður tvö ár í röð er íslenskum stjórnvöldum heimilt að fara fram á endurskoðun bókananna.

Íslensk skip geta veitt helming kvótans innan lögsögu Rússlands og hinn helminginn innan lögsögu Noregs. Hluta kvótans, eða 37,5%, stendur íslenskum útgerðum til boða að kaupa af Rússum á markaðsverði. Íslendingum er úthlutað árlegum kvóta í öðrum tegundum vegna meðafla við þorskveiðarnar. Meðaflakvótinn nemur 30% af þorskkvótanum. Rússnesk stjórnvöld gefa út leyfi til handa íslenskum skipum og ber útgerðum að hlíta þeim reglum sem gilda um veiðar í rússneskri lögsögu. Íslendingar skuldbinda sig til að stunda ekki loðnuveiðar í Barentshafi meðan samningurinn er í gildi.

Ávinningur: Þorskheimildirnar í Barentshafi, sem árið 2011 eru tæplega 13 þúsund lestir auk 30% meðafla.

Samningur um samstarf á sviði sjávarútvegs milli Rússlands og Íslands.

Í samningnum eru engin ákvæði um veiðiheimildir heldur almennt um samstarf ríkjanna á sviði sjávarútvegs og hafrannsókna. Samningurinn er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara.

Samningur milli Íslands, Noregs og Rússlands um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs frá 1999 (Smugusamningur).

Samningurinn ásamt tvíhliða bókun við Norðmenn felur í sér samkomulag um lausn á Smugudeilunni og þorskveiðar Íslendinga í Barentshafi. (Sjá að framan.)

Í bókun Íslands og Noregs er gert ráð fyrir að íslensk skip geti veitt helming þorskkvótans innan lögsögu Noregs norðan 62°. Norsk skip fá að veiða 500 lestir af löngu, keilu og blálöngu á línu innan íslenskrar lögsögu utan 12 sjómílna frá grunnlínum og sunnan 64°N og loðnukvóta af okkar hlut innan íslenskrar lögsögu norðan 64°30´N á tímabilinu 20. júní til

15. febrúar. Loðnukvótinn er lagaður hlutfallslega að árlegum þorskkvóta Íslendinga. Fari loðnustofninn hins vegar niður fyrir líffræðileg hættumörk fellur kvóti Norðmanna niður og skulu aðilar taka upp viðræður um endurgjald. Kveðið er á um hámarksfjölda norskra skipa sem heimilað er að veiði hverju sinni. Norskum útgerðum ber að hlíta þeim reglum sem gilda um veiðar í íslenskri lögsögu.

Ávinningur: Aðgengi að norskri lögsögu til veiða á þorskheimildum.

Samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði og landgrunnsmál.

Samkomulag um samstarf og gagnkvæmar upplýsingar varðandi veiðar og rannsóknir innan lögsögu Jan Mayen, þ.m.t. loðnustofninn.

Þríhliða samningur um loðnu við Grænland/Danmörku og Noreg.

Samningur er gerður til eins árs í senn en framlengist sjálfkrafa sé honum ekki sagt upp með a.m.k. sex mánaða fyrirvara. Í þríhliða samningnum felst að hlutdeild landanna í leyfilegum heildarafla er óbreytt frá fyrri samningi. Hlutur Íslands er 81%, hlutur Grænlands 11% og hlutur Noregs 8%. Ákvörðun um leyfilegan heildarafla er í höndum íslenskra stjórnvalda náist ekki samkomulag milli aðila þar að lútandi. Ef í ljós kemur að hlutur Noregs eða Grænlands veiðist ekki skal Íslandi heimilt að veiða það magn sem óveitt er.

Ávinningur: Samningur um veiðar úr mikilvægum deilistofni sem er forsenda sjálfbærrar nýtingar. Réttur Íslands að veiða það sem ekki veiðist af kvóta hinna.

Samningur um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands.

Samningur er gerður til eins árs í senn en framlengist sjálfkrafa sé honum ekki sagt upp með a.m.k. sex mánaða fyrirvara. Tvíhliða samningur Íslands og Grænlands nær til loðnu- og karfaveiða í lögsögu ríkjanna. Grænlenskum skipum er heimilt að stunda loðnuveiðar úr kvóta Grænlands innan íslenskrar lögsögu með svæðatakmörkunum og fram til 15. febrúar. Eftir 15. febrúar fá þeir einungis að veiða hluta af kvótanum. Íslenskum skipum er heimilt að stunda loðnuveiðar úr kvóta Íslands í lögsögu Grænlands með svæðatakmörkunum. Íslenskum og grænlenskum skipum er heimilt að veiða helming úthafskarfakvóta síns innan lögsögu hvors ríkis. Skip ríkjanna skulu hlíta þeim reglum sem eru í gildi við veiðar í lögsögu þess ríkis sem þau veiða í, t.d. varðandi aflatilkynningar og annað.

Ávinningur: Aðgengi að lögsögu Grænlands.

Tvíhliða samkomulag milli Íslands og Noregs.

Í tvíhliða samkomulagi milli Íslands og Noregs heimilar Ísland norskum skipum að veiða 35% af loðnukvóta Norðmanna í lögsögu Íslands með svæðatakmörkunum og fram til 15. febrúar. Takmörkun er á fjölda norskra skipa sem fá að stunda þessar veiðar. Íslands fær að veiða 35% af loðnukvóta sínum innan lögsögu Jan Mayen til 15. febrúar. Skip ríkjanna skulu hlíta þeim reglum sem eru í gildi við veiðar í lögsögu þess ríkis sem þau veiða í, t.d. varðandi aflatilkynningar og annað.

Ávinningur: Aðgengi að lögsögu Jan Mayen. Mikilvægt þar sem loðnan heldur sig norðarlega.

Samningur um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Samið um þessar veiðar árlega. Ísland er aðili að strandríkjasamningi um norsk-íslenska síld ásamt ESB, Noregi, Færeyjum og Rússlandi. Hlutur Íslands er 14,51%. Þessi samningur

inniheldur einnig tvíhliða samninga milli ríkja varðandi síldveiðarnar, þ.m.t. tvíhliða samninga milli Íslands og Rússlands og Íslands og Noregs. Í fyrrnefnda samningnum fá Rússar heimild til að veiða 3,36% af hlut sínum innan afmarkaðs svæðis í íslenskri lögsögu. Í síðarnefnda samningnum hafa íslensk skip heimild til að veiða allan kvóta sinn í norsk-íslenskri síld innan lögsögu Jan Mayen eða 18,6% kvótans innan norskrar lögsögu norðan 62°N. Norsk skip hafa heimild til að veiða 11,53% norsks kvóta innan íslenskrar lögsögu. Veiði Íslendingar innan við 74% af þeim afla sem þeir hafa heimild til að veiða innan norskrar efnahagslögsögu mun Noregur flytja 0,1% af heildaraflamarki í norsk-íslenskri síld til Íslands árið eftir. Skip ríkjanna skulu hlíta þeim reglum sem eru í gildi við veiðar í lögsögu þess ríkis sem þau veiða í, t.d. varðandi aflatilkynningar og annað.

Ávinningur: Veiðistjórnun á mikilvægum deilistofni. Norsk-íslenska síldin er líklega eitt besta dæmið um hversu mikilvægt er að samningur sé á milli ríkja um veiðar úr deilistofni en í mörg ár var engin sameiginleg veiðistjórnun með tilheyrandi afleiðingum.

Aðgengi að lögsögu Noregs og Jan Mayen. Eykur möguleika til veiða á lengri tíma miðað við göngu stofnsins.

Samningur um veiðar úr kolmunnastofninum.

Samið um þessar veiðar árlega. Ísland er aðili að strandríkjasamningi að kolmunnastofninum ásamt ESB, Noregi og Færeyjum. Hlutur Íslands er 17,63%.

Ávinningur: Veiðistjórnun á mikilvægum deilistofni.

676. Svar [402. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

1. *Hver er formaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og hvenær var hann skipaður?*

Áslaug Árnadóttir hdl. er núverandi formaður úrskurðarnefndarinnar. Hún var skipuð formaður nefndarinnar í maí 2010. Guðjón Ólafur Jónsson hrl. var formaður úrskurðarnefndarinnar frá því að hún var sett á stofn á árinu 2000 þar til hann óskaði eftir því að láta af störfum í lok ársins 2009. Lauk hann við afgreiðslu allra mála sem borist höfðu nefndinni fram til 1. janúar 2010.

2. *Hvað fá nefndarmenn greitt fyrir setu í nefndinni og hver greiðir kostnaðinn af störfum nefndarinnar?*

Nefndarmenn fá greiddar 6.500 kr. fyrir hvern fund sem þeir sitja, en formaður fær 8.500 kr. fyrir hvern fund. Þá er greitt sérstaklega fyrir samningu hvers úrskurðar, 28.000 kr.

Í 15. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefndina er fjallað um málskotsgjald og greiðslu kostnaðar við störf nefndarinnar. Í ákvæðinu kemur fram að viðskiptamenn greiða málskotsgjald við afhendingu kvörtunar. Gjaldið er 5.000 kr. fyrir einstaklinga, 15.000 kr. fyrir einstaklinga í atvinnurekstri og 30.000 kr. fyrir lögaðila. Aðilar fá málskotsgjald endurgreitt ef kröfur þeirra eru teknar til greina að hluta eða öllu leyti. Að öðru leyti greiða fjármálafyrirtæki, sem

aðild eiga að nefndinni, kostnað við störf nefndarinnar. Fjármálaeftirlitið greiðir kostnað sem leiðir af vistun nefndarinnar hjá stofnuninni og laun starfsmanns sem starfar fyrir nefndina í hlutastarfi.

3. *Hversu margir úrskurðir hafa fallið hjá nefndinni á árinu 2010?*

Á fyrri hluta ársins 2010 úrskurðaði nefndin í 29 af þeim 66 málum sem bárust nefndinni á árinu 2009 og ekki hafði verið lokið við að úrskurða í fyrir árslok 2009. Þá hefur nefndin úrskurðað í 26 af þeim 44 málum sem borist hafa nefndinni á árinu 2010.

Frá upphafi hafa nefndinni borist að meðaltali um 18–20 mál á ári. Á árunum 2009 og 2010 hefur málum fyrir nefndinni fjölgað mjög, en þau voru eins og áður sagði 66 á árinu 2009 og í lok desember 2010 höfðu nefndinni borist 44 mál frá ársbyrjun.

4. *Hver er að meðaltali málshraðinn fyrir nefndinni og er hann í samræmi við þann fjögurra vikna frest sem mælt er fyrir um í samþykktum fyrir úrskurðarnefndina?*

Í 9. gr. samþykkta fyrir nefndina er fjallað um málsmeðferð fyrir nefndinni. Þar segir að eftir að nefndin hefur móttekið kvörtun skuli nefndin senda gögn sem fylgja kvörtun til þess fjármálafyrirtækis er kvörtun varðar. Skal fjármálafyrirtæki senda athugasemdir til nefndarinnar innan þriggja vikna frá móttöku kvörtunar, nema lengri frestur sé veittur. Þegar athugasemdir fjármálafyrirtækis hafa borist eru þær sendar kvartanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum innan tveggja vikna. Þegar þær athugasemdir hafa borist eða fyrir liggja upplýsingar um að kvartandi hyggist ekki gera athugasemdir fær nefndin öll gögn málsins í hendur. Þegar nefndin er komin með öll gögn í hendur getur hún á grundvelli 10. gr. farið í frekari gagnaöflun og kallar nefndin í mörgum tilvikum eftir frekari gögnum frá aðilum máls. Þegar öll gögn hafa borist nefndinni byrjar fjögurra vikna frestur 11. gr. samþykktanna að líða.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um meðalmálshraða hjá nefndinni, en ljóst er að sá tími sem líður frá því að mál eru send nefndinni þar til afgreiðslu þeirra er lokið getur verið mjög mislangur. Fer málsmeðferðartíminn bæði eftir umfangi mála og skýrleika kvörtunar og þeirra gagna sem henni fylgja. Vegna mikillar fjölgunar mála fyrir nefndinni að undanförnu hefur nefndin ekki í öllum tilvikum getað lokið við gerð úrskurða innan þess fjögurra vikna frests sem mælt er fyrir um í 11. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefndina.

5. *Hefur nefndin ávallt skilað ársskýrslu, eins og gert er ráð fyrir í samþykktum fyrir hana?*

Í 3. mgr. 11. gr. samþykkta fyrir nefndina segir að nefndin útbúi ársskýrslu þar sem gerð skuli grein fyrir störfum nefndarinnar og birtir þeir úrskurðir sem nefndin telur stefnumarkandi án nafngreiningar aðila. Skal ársskýrsla gefin út fyrir lok apríl vegna næstliðins árs, nema málafjöldi gefi ekki tilefni til árlegrar útgáfu að mati nefndarinnar.

Samantekt úrskurða nefndarinnar fyrir hvert starfsár frá 2000 til 2009 er birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Ársskýrslu fyrir árið 2010 verður skilað fyrir lok apríl 2011 eins og samþykktir nefndarinnar gera ráð fyrir.

677. Svar [295. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um fjölda Íslendinga og vinnumarkaðinn.

1. *Hvað voru Íslendingar margir 1. nóvember 2010, hversu margir þeirra voru 67 ára og eldri og hversu margir 18 ára og yngri?*

Hagstofa Íslands birtir tölur um mannfjölda ársfjórðungslega og er hér miðað við mannfjölda í lok þriðja ársfjórðungs 2010 eða 1. október 2010. Þá bjuggu 318.188 á Íslandi samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Þar af voru 97.232 einstaklingar 18 ára og yngri en 36.743 sem voru 67 ára og eldri. Af þessum 318.188 einstaklingum voru Íslendingar 296.688 en erlendir ríkisborgarar voru 21.500.

2. *Hvað fluttu margir Íslendingar frá landinu frá 1. október 2008 til 1. nóvember 2010?*

Í lok þriðja ársfjórðungs 2010 eða 1. október 2010 höfðu 20.519 einstaklingar flutt frá landinu frá 1. október 2008 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Árið 2008 fluttu 9.144 frá landinu, þar af 3.294 íslenskir ríkisborgarar. Árið 2009 fluttu 10.612 frá landinu en þar af voru 4.851 íslenskur ríkisborgari. Heildartölur um brottflutta og aðflutta árið 2010, sundurgreindar eftir þjóðerni, verða birtar á vef Hagstofunnar 25. janúar 2011.

3. *Hvað fluttu margir til landsins á sama tímabili og hversu margir þeirra voru:*
   a. *íslenskir ríkisborgarar,*
   b. *ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu,*
   c. *ríkisborgarar ríkja utan svæðisins?*

Á fyrrnefndu tímabili fluttu samtals 12.576 einstaklingar til landsins samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Þar af voru:

a. 4.987 íslenskir ríkisborgarar,
b. 6.196 ríkisborgarar einhvers annars aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins,
c. 1.393 ríkisborgarar ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

4. *Hvað voru 1. nóvember sl. skráðir margir:*
   a. *opinberir starfsmenn,*
   b. *starfsmenn á almenna vinnumarkaðnum,*
   c. *í námi í framhaldsskóla og háskóla,*
   d. *atvinnulausir,*
   e. *öryrkjar?*

a. Upplýsingum um fjölda opinberra starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum er ekki safnað miðlægt. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem birtar voru á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga voru 6. október 2010 samtals 36.640 stöðugildi hjá ríki og sveitarfélögum, þar af voru 17.400 stöðugildi hjá ríki og 19.240 hjá sveitarfélögunum.

b. Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands voru 170.200 einstaklingar starfandi á innlendum vinnumarkaði á þriðja ársfjórðungi 2010. Því miður liggja ekki fyrir upplýsingar um hversu margir þeirra starfa á almennum vinnumarkaði.
c. Því miður liggja ekki fyrir tölulegar upplýsingar um hversu margir voru skráðir í nám í framhaldsskóla og háskóla 1. nóvember 2010 en Hagstofa Íslands mun 21. janúar 2011 birta tölur um fjölda nemenda í framhaldsskólum og háskólum haustið 2010. Haustið 2009 voru hins vegar 18.655 nemendur skráðir í nám við háskóla hér á landi og 30.480 nemendur skráðir í nám við framhaldsskóla.
d. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar voru að meðaltali 12.363 einstaklingar skráðir án atvinnu í nóvember 2010.
e. Samkvæmt upplýsingum hjá Tryggingastofnun ríkisins voru 16.817 einstaklingar metnir með 75% örorku eða meiri.

5. *Hvað margir Íslendingar stunda vinnu erlendis þó að nánasta fjölskylda þeirra búi hér á landi?*

Því miður liggja ekki fyrir tölulegar upplýsingar um fjölda Íslendinga sem stunda vinnu erlendis þó að nánasta fjölskylda þeirra búi hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru 1. október 2010 hins vegar 1.513 einstaklingar í þeirri stöðu að maki þeirra var með lögheimili erlendis en hvorki liggja fyrir upplýsingar um ríkisfang þeirra né tilgang dvalar maka erlendis.

678. Skýrsla [406. mál]

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framkvæmd fjarskiptaáætlunar.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Inngangur

Liðin eru fimm ár frá því að lögð voru drög að fyrstu heildstæðu stefnumótun stjórnvalda í fjarskiptamálum. Stefnumótunin var lögð fyrir Alþingi sem þingsályktunartillaga um fjarskiptaáætlun 2005–2010 og var hún samþykkt sem þingsályktun frá Alþingi 9. desember 2005.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vinnur nú að nýrri áætlun, samskiptaáætlun, og er gert ráð fyrir að fjarskiptaáætlun renni inn í hana og að hún verði lögð fram á haustþingi 2010. Samskiptaáætlun verður víðtækari og í henni verður fjallað um fjarskiptamál, póstmál og rafræn samskipti. Í henni er mörkuð stefna til næstu tólf ára og mótuð aðgerðaáætlun til næstu fjögurra ára. Samskiptaáætlun verður ennfremur samþætt ýmsum öðrum áætlunum ríkisstjórnarinnar undir merkjum sóknaráætlunar ríkisstjórnarinnar 20/20.

Í eftirfarandi sex köflum áætlunarinnar er að finna 15 meginmarkmið og 32 undirmarkmið eða verkefni sem unnið er að:

1. Forskot
2. Háhraðavæðing
3. Farsamband
4. Stafrænt sjónvarp og hljóðvarp

5. Öryggi og persónuvernd
6. Samkeppnishæfni

Í þessari framvinduskýrslu fjarskiptaáætlunar 2005–2010 er fyrst og fremst gerð grein fyrir þeirri vinnu sem átt hefur sér stað við framkvæmd á markmiðum fjarskiptaáætlunar árin 2009 til 2010.

Að gerð skýrslunnar komu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Póst- og fjarskiptastofnun og verkefnisstjórn um framkvæmd fjarskiptaáætlunar. Þá var einnig aflað upplýsinga frá öðrum ráðuneytum vegna einstakra markmiða áætlunarinnar sem eru á ábyrgð þeirra.

Fjarskiptasjóður stóð á tímabilinu fyrir umfangsmikilli uppbyggingu fjarskipta á dreifbýlum svæðum landsbyggðarinnar sem ekki gat orðið á markaðsforsendum. Ljóst er að þau verkefni sem ráðist var í hafa mikla þýðingu fyrir íbúa þeirra svæða og þá sem um þau ferðast.

Verkefni fjarskiptasjóðs snúa að uppbyggingu stofnkerfa vegna GSM farsímaþjónustu, aðgangsneta fyrir háhraðanettengingar og að dreifingu sjónvarps- og útvarpsdagskrá RÚV um gervihnött. Samið var um öll þessi verkefni í kjölfar útboðs. Samningur um dreifingu RÚV rann út í apríl 2010, uppbyggingu GSM á þjóðvegum er lokið og uppbyggingu aðgangsneta fyrir háhraðanettengingar lýkur fyrir árslok 2010. Segja má að árangur verkefna sem sett voru fram í fjarskiptaáætlun 2005–2010 sé framar vonum og hefur skipað Íslandi í fremstu röð á mörgum sviðum fjarskipta þ.m.t. aðgang almennings að háhraðanetum.

1. Framkvæmd fjarskiptaáætlunar

Verkefnisstjórn fjarskiptaáætlunar hefur yfirumsjón með framkvæmd fjarskiptaáætlunar fyrir hönd samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Verkefnisstjórnina skipa nú eftirfarandi:

– Gunnar Svavarsson, formaður
– Lára Stefánsdóttir, varaformaður
– Guðbjörg Sigurðardóttir
– Jón Baldur Lorange
– Ingólfur Freysson

Ingólfur Freysson var skipaður í stjórnina í janúar 2009 í stað Adolfs Berndsen.

Samhliða því að vera verkefnisstjórn um framkvæmd fjarskiptaáætlunar er hún stjórn fjarskiptasjóðs. Fjarskiptasjóður, sbr. lög 132/2005, hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar enda verði ekki að þeirri uppbyggingu staðið á markaðsforsendum.

Starfsmenn sjóðsins eru Ottó V. Winther og Geir Ragnarsson. Varsla og umsýsla fjarskiptasjóðs er á skrifstofu samskipta í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Skrifstofustjóri og lögfræðingur skrifstofunnar og rekstrarstjóri ráðuneytisins vinna með verkefnisstjórn fjarskiptaáætlunar og stjórn fjarskiptasjóðs.

Verkefni fjarskiptaáætlunar fellur undir verksvið fleiri en eins ráðuneytis. Nær öll eru þau á verksviði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis eða tengjast því. Póst- og fjarskiptastofnun, sem stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun, ber einnig ábyrgð á framkvæmd margra verkefna í áætluninni. Þá bera mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti sem og umhverfisráðuneyti ábyrgð á einstökum verkefnum.

1.1 Staða einstakra markmiða

Í eftirfarandi skýrslu er stuttlega gerð grein fyrir stöðu markmiða og verkefna fjarskiptaáætlunar. Flest markmiðin eru annað hvort í vinnslu eða þeim hefur verið lokið.

Rétt er að taka fram að mörg markmið áætlunarinnar eru viðfangsefni án skilgreindra mælikvarða. Staða slíkra viðfangsefna er því í flestum tilfellum „Nálgumst markmið“. Stutt yfirlit yfir stöðu einstaka verkefna er að finna í töflu 1. Ítarlegri umfjöllun er að finna í meginmáli skýrslunnar.

Tafla 1

Staða markmiða fjarskiptaáætlunar – nóvember 2010	Staða		
	Markmiði náð	Nálgumst markmið	Staða óbreytt
Forskot			
Lögð verði áhersla á að þau tækifæri sem felast í góðum fjarskiptum, góðri menntun og tækniþróun verði nýtt til að skapa störf og auka hagsæld um land allt.		X	
Íslensk fyrirtæki og stofnanir nái forskoti á aðrar þjóðir í að hagnýta fjarskiptatækni í þjónustu- og framleiðslugreinum.	X		
Skerpt verði á ímynd Íslands sem lands þar sem fjarskipti eru til fyrirmyndar og styrkt með því staða þess í samkeppni um erlendar fjárfestingar.	X		
Notuð verði bætt fjarskipti til að vega á móti jaðaráhrifum í atvinnulífi á landsbyggðinni og í alþjóðaviðskiptum.		X	
Háhraðanetvæðing			
Allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðanettengingu.	X		
Allir framhaldsskólar, háskólar og rannsóknastofnanir samnýti 2,5 Gb/s tengingu til útlanda árið 2006.	X		
Allir framhaldsskólar verði tengdir öflugu háhraðaneti.		X	
Allir grunnskólar verði tengdir öflugu háhraðaneti.		X	
Allar helstu stofnanir ríkisins verði tengdar öflugu háhraðaneti.		X	
Íslensk löggjöf um höfundarétt þróist í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar með tilliti til hagsmuna neytenda og rétthafa.		X	
Farsamband			
GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum, á helstu ferðamannstöðum.	X		
Háhraðafarþjónusta standi til boða um allt land eigi síðar en 2006.	X		
Langdræg stafræn farsímaþjónusta standi til boða um allt land og á miðum við landið eftir að rekstri NMT-kerfisins lýkur.	X		
Stafrænt sjónvarp			
Allir landsmenn hafi aðgengi að gagnvirku stafrænu sjónvarpi.		X	
Stafrænt sjónvarp um háhraðanet verði boðið árið 2005.	X		
Dreifing dagskrár RÚV til sjómanna á miðum við landið og strjálbýlum svæðum verði stafræn um gervihnött.	X		
Boðnar verði út UHF-sjónvarpstíðnir fyrir stafrænt sjónvarp á árinu 2005.	X		
Stafrænt gagnvirkt sjónvarp nái til því sem næst allra landsmanna árið 2007.	X		
Hliðrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp verði lagt niður eigi síðar en árið 2010.			X
Stjórnvöld tryggi sjónvarpsstöðvum sem hafa skyldur við almenning aðgengi að lokuðum dreifikerfum.		X	
Öryggi og persónuvernd			
Öryggi almennra fjarskiptaneta innanlands og við umheiminn verði tryggt með fullnægjandi varasamböndum.		X	
Öryggi netsins verði bætt svo að almenningur geti treyst á það í viðskiptum og daglegu lífi.		X	
Leiðbeiningum og fræðsluefni um öryggismál, neytendavernd, persónuvernd og siðferðileg álitaefni verði miðlað til neytenda.		X	
Stofnaður verði CERT-hópur (Computer Emergency Response Team) til að herða viðbrögð við óværu á netinu.	X		
Skilgreind verði skýr öryggisviðmið og lágmarksgæðakröfur vegna virkni fastaneta og farsímaneta. Eftirfylgd verði tryggð.		X	
Skilgreint verði hvaða kröfur um gæði og rekstraröryggi á að gera til netþjónustuaðila.		X	
Gert verði áhættumat um tengingu landsins við útlönd og tryggt að öryggismálum verði þannig háttað að tenging rofni ekki.		X	

Staða markmiða fjarskiptaáætlunar – nóvember 2010	Staða		
	Markmiði náð	Nálgumst markmið	Staða óbreytt
Hlutverk almannavarna hvað varðar virkni fjarsk.neta skilgr. og að vernd fjarsk.virkja verði í samræmi við kröfur stjórnvalda.		X	
Sett verði fram og framfylgt aðgerðaáætlun um hvernig megi verjast ruslpósti.	X		
Almenningur verði upplýstur um rétt sinn til friðhelgi einkalífs í fjarskiptum, þær hættur sem fjarskipti kunna að hafa í för með sér og viðbrögð við þeim.		X	
Samkeppnishæfni			
Stuðlað verði að bættu aðgengi að hagkvæmum og öruggum fjarskiptakerfum um land allt.		X	
Stuðlað verði að samkeppni milli fjarskiptaneta þar sem það er hagkvæmt.		X	
Tryggt verði að fyrirtæki geti auðveldlega veitt virðisaukandi þjónustu ofan á fyrirliggjandi net.		X	
Bæta laga- og reglugerðarumhverfi og efla eftirlit á fjarskiptamarkaði til að auka samkeppni, gagnsæi og traust.		X	
Stuðlað verði að því að jafna verð á fjarskiptaþjónustu um land allt.		X	
Gagnsæi í kostnaði við fjarskiptanotkun verði tryggt og skyldur þjónustuaðila vegna gjaldmælinga verði skilgreindar.		X	
Verð á fjarskiptatengingum til og frá landinu lækki.	X		
Sérþarfir fatlaðra í fjarskiptum í uppl.samfélaginu verði greindar og stuðlað að framboði þjónustu og búnaðar sem hentar.	X		
Breytt verði byggingarreglugerð þannig að húsbyggjanda verði skylt að sjá til þess að lögð séu ídráttarrör fyrir ljósleiðara að nýbyggingum og að öllum fjarsk.fyrirtækjum sé heimilt að leggja háhraðalagnir um lögnina að uppfylltum skilyrðum.		X	

2. Fjarskiptasjóður

2.1 Starfsemi

Hlutverk fjarskiptasjóðs er að úthluta fjármagni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta, verkefna sem stuðla að öryggi og samkeppnishæfni þjóðfélagsins á sviði fjarskipta og annarra verkefna, enda sé kveðið á um þau í fjarskiptaáætlun og ætla má að ekki verði í þau ráðist á markaðsforsendum. Allar framkvæmdir vegna verkefna fjarskiptasjóðs eru boðnar út. Með lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. nr. 133/2005 var samþykkt að leggja sjóðnum til fjármagn að fjárhæð 2.500 milljónir króna. Lögin voru felld úr gildi árið 2009 sem hluti ráðstafana vegna efnahagshrunsins en áfram voru veittir fjármunir til verkefna sjóðsins á fjárlögum. Þeir fjármunir, sem ákveðið var að leggja til fjarskiptasjóðs, eiga auk rekstrar sjóðsins fyrst og fremst að standa straum af kostnaði vegna þriggja framkvæmdaverkefna innan fjarskiptaáætlunar:

1. GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1, öðrum helstu stofnvegum og á helstu ferðamannastöðum.
2. Að allir landsmenn, sem þess óska, hafi aðgang að háhraðanettengingum.
3. Dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlla svæða verði stafræn um gervihnött.

2.2 Verkefni

2.2.1 Uppbygging GSM-farsímakerfis

Markmið fjarskiptaáætlunar varðandi uppbyggingu GSM-farsímaþjónusta er að hún verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum og á helstu ferðamannastöðum þar sem ekki er líklegt að þeim verði þjónað á markaðslegum forsendum.

Þrátt fyrir að GSM-farsímakerfið hafi ekki verið hannað sem öryggiskerfi er ljóst að almenn eign slíkra farsíma er mikilvægur liður í öryggi einstaklinga, auk þess sem farsíminn gegnir mikilvægu hlutverki í samskiptum í nútímaþjóðfélagi. Stjórn fjarskiptasjóðs ákvað að skipta GSM-verkefninu og bjóða það út í tvennu lagi. Ríkiskaup önnuðust framkvæmd útboðsins fyrir hönd fjarskiptasjóðs.

Neðangreindir samningar renna út vorið 2014. Við gerð samskiptaáætlunar þarf að meta hvort áframhaldandi aðkomu fjarskiptasjóðs sé þörf þar sem bæta þarf GSM þjónustu eftirleiðis á nýjum eða breyttum stofnvegum sem skilgreindir hafa verið eða verða skilgreindir í framtíðinni.

GSM I

Boðnir voru út vegkaflar á þjóðvegi 1, hringvegi, þar sem GSM-farsímaþjónustu naut ekki við auk fjallvega um Fróðárheiði, Steingrímsfjarðarheiði, Þverárfjall, Fagradal og Fjarðarheiði. Að auki var ákveðið að setja upp sendi í Flatey á Breiðafirði sem auk eyjarinnar nær til um helmings leiðarinnar um Barðaströnd. Verklok Símans hf. voru haustið 2008 og er kerfið í fullum rekstri.

GSM II

Síðara GSM útboð fjarskiptasjóðs náði til annarra stofnvega og helstu ferðamannastaða. Nánar er fjallað um þetta í skýrslu um framkvæmd fjarskiptaáætlunar 2007–2008. Verklok Vodafone ehf. voru haustið 2009 og er kerfið í fullum rekstri.

2.2.2 Háhraðanettengingar um landið

Markmið fjarskiptaáætlunar er að allir landsmenn, sem þess óska, hafi aðgang að háhraðanettengingum. Verkefnið miðar að uppbyggingu á háhraðanettengingum þar sem markaðsaðilar bjóða ekki þjónustu og hafa ekki áætlanir um að gera það í næstu framtíð.

Fyrirkomulag útboðs var svokölluð fegurðarsamkeppni með nokkuð ströngum lágmarksskilyrðum varðandi tækni og þjónustu. Vísað er til skýrslu um framkvæmd fjarskiptaáætlunar 2007–2008 varðandi upplýsingar um undirbúning útboðs. Verkið var boðið út í einu lagi. Útboðið var tæknilega óháð, þ.e. ekki er gerð krafa um ákveðna tækni umfram aðra.

Auglýst var eftir tilboðum í lok febrúar 2008 og voru tilboð opnuð 4. september sama ár. Alls bárust sjö tilboð frá fjórum fyrirtækjum. Samanburður á tilboðsfjárhæð og verktíma gildra tilboða sem bárust:

Bjóðandi	Fjárhæð millj kr.	Verktími í mánuðum
Síminn hf.	379	12
Nordisk Mobile á Íslandi ehf.	975	12
Og fjarskipti ehf.	1.858	16
Og fjarskipti ehf.	2.257	17
Síminn hf.	5.000	22

Tilboð Símans hf. að fjárhæð 379 millj. kr. fékk hæstu einkunn samkvæmt valtöflu. Það tilboð var því fljótlega valið af hálfu Ríkiskaupa sem var umsjónaraðili útboðsins og hófust skýringarviðræður í kjölfarið. Tafir urðu á skýringarviðræðum vegna efnahagshrunsins undir lok árs 2008. Skýringarviðræður hófust aftur í febrúar 2009. Umfang verkefnisins jókst eftir að tilboð voru opnuð, úr rúmlega 1.100 stöðum í tæplega 1.800 staði víðsvegar um landið. Ástæða þess var að í ljós kom að markaðsáform fjarskiptafyrirtækja gengu ekki eftir.

Fjarskiptasjóður og Síminn undirrituðu samning um verkefnið 25. febrúar 2009. Samningurinn er til fimm ára og tók gildi 1. mars 2009. Gengistryggð samningsupphæð er 606 milljónir króna. Stefnt var að verklokum fyrir árslok 2010.

Í nóvember 2010 er uppbyggingu lokið, sala hafin til allra staða í verkefninu og uppsetningum að ljúka. Nánari upplýsingar um verkefnið og stöðu þess er að finna á vef fjarskiptasjóðs www.fjarskiptasjodur.is.

2.2.3 Dreifing á dagskrá RÚV um gervihnött

Vísað er til umfjöllunar í skýrslu um framkvæmd fjarskiptaáætlunar 2007–2008 varðandi undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Útsendingar á dagskrá RÚV um gervihnött hófust í byrjun apríl 2007.

Samningurinn rann út 1. apríl 2010 og lauk þar með aðkomu fjarskiptasjóðs að verkefninu skv. fyrirliggjandi fjárheimildum. Ríkisstjórnin ákvað í mars 2010 að fela RÚV að framlengja samninginn og var það gert. Samningurinn var framlengdur um ár, eða til apríl 2011, á öðrum forsendum og kjörum en upprunalegi samningurinn hljóðaði upp á. Endanlegt fyrirkomulag dreifingar á dagskrám RÚV um gervihnött verður ákveðið í tengslum við framtíðarfyrirkomulag á stafrænni dreifingu RÚV um landið.

2.3 Fjármál

Framlag til fjarskiptasjóðs samkvæmt fjárlögum 2008 var 500 m. kr. og þar af 50 m. kr. vegna áætlaðra vaxtatekna. Á fjáraukalögum 2008 voru svo fjárheimildir sjóðsins lækkaðar um 57.m. kr. Eigið fé sjóðsins um áramótin 2007/2008 var 1.046,5 m. kr. Framlag til sjóðsins samkvæmt fjárlögum 2009 voru 400 m. kr. Á fjáraukalögum 2009 voru svo fjárheimildir lækkaðar um 54 m. kr. Eigið fé sjóðsins um áramótin 2008/2009 var um 836,2 m. kr. Framlag til sjóðsins samkvæmt fjárlögum 2010 voru 97 m. kr.

Yfirlit yfir rekstur sjóðsins 2006–2009 er í töflu 2.

Tafla 2

Fjarskiptasjóður	**2009**	**2008**	**2007**	**2006**
Rekstur sjóðsins				
Ferðir og fundir	591.180	1.263.750	787.647	933.139
Keypt tæki og búnaður	544.825	37.874		
Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu	31.284.720		19.257.132	18.017.609
Laun stjórnar	4.069.874	5.084.067	3.135.804	3.179.869
Rekstrarvörur	1.426.480	866.630	222.625	58.997
Tilfærslur			300.000	
Vaxtagjöld og skattar	25.986	32.985	38.819	11.072.126
Rekstur sjóðsins samtals	**37.943.065**	**7.285.306**	**23.742.027**	**33.261.740**
Verkefni sjóðsins				
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	8.100.872	10.848.223	31.391.720	13.561.456
Prentun, póstur, auglýsingar, flutningar	95.525	155.448	2.222.670	
Samningar um GSM og háhraðaverkefni	930.592.584	657.094.886	410.552.716	
Samningur um útsendingar á dagskrám RÚV	64.153.704	39.249.000	30.657.830	
Verkefni sjóðsins samtals	**1.002.942.685**	**707.347.557**	**474.824.936**	**13.561.456**
Samtals	**1.040.885.750**	**714.632.863**	**498.566.963**	**46.823.196**

3. Einstök markmið (verkefni) fjarskiptaáætlunar

Hér á eftir er gerð grein fyrir framvindu einstakra markmiða fjarskiptaáætlunar í þeirri röð sem þau eru sett fram í áætluninni. Í umfjöllun um fjarskiptasjóð hér að framan var fjallað nokkuð ítarlega um þau markmið sem hann sér um framkvæmd á og er þá í umfjöllununi hér að neðan vísað til þess. Einnig er vísað til fyrri skýrslna um frekari upplýsingar.

3.1 Forskot

- *Lögð verði áhersla á að þau tækifæri sem felast í góðum fjarskiptum, góðri menntun og tækniþróun verði nýtt til að skapa störf og auka hagsæld um land allt.*

3.1.1 Staða Íslands í samanburði við aðrar þjóðir

- *Íslensk fyrirtæki og stofnanir nái forskoti á aðrar þjóðir í að hagnýta fjarskiptatækni í þjónustu- og framleiðslugreinum.*

Hér á eftir er gerð grein fyrir stöðu fjarskiptamála hér á landi í því alþjóðlega samhengi sem horft er til í sóknaráætlun 20/20 með því að bera saman helstu mælikvarða um árangur á því sviði. Er gerð grein fyrir mælikvörðum nýrrar skýrslu Evrópusambandsins og WEF (World Economic Forum) sem ekki var fjallað um í fyrri skýrslum ráðherra.

Mælikvarðar nýrrar skýrslu Evrópusambandsins, Europe's Digital Competitiveness Report[1] sýna afar góða stöðu er varðar háhraðanettengingar og netnotkun í samanburði við 27 lönd Evrópusambandsins og Noreg.

Helstu niðurstöður skýrslunnar fyrir árið 2009:

- ADSL háhraðaþjónusta er mjög víða í boði, einnig í dreifbýli.
- Yfir 90% heimila landsins eru tengd netinu þar af 97% með háhraðanettengingum.
- Nánast öll fyrirtæki eru tengd háhraðaneti.
- Um 90% þjóðarinnar nota netið. Svíþjóð er næst á eftir með 86%.
- 82% þjóðarinnar nota netið mikið. Danmörk er næst á eftir með 72%.
- Eingöngu 6% hafa aldrei notað netið. Svíþjóð er næst á eftir með 9%.

Framboð og eftirspurn háhraðanettenginga og netnotkun er með því mesta sem þekkist miðað við samanburðarlöndin (EES ríkin). Yfirstandandi uppbygging þráðbundinna og þráðlausra aðgangsneta er líkleg til þess að styrkja þetta forskot landsins í náinni framtíð.

WEF (World Economic Forum) samanburður[2] 134 ríkja

Ísland er meðal ríkja í skýrslu sem WEF gaf út um samkeppnishæfni 134 ríkja. Nokkrir þeirra 110 mælikvarða í alls 12 flokkum sem horft er til í samanburðarskýrslu WEF fyrir árið 2010 snúa að fjarskiptum með beinum eða óbeinum hætti. Í töflu 3 má sjá niðurstöðu skýrslunnar varðandi fjarskipta- og upplýsingatæknitengda mælikvarða á Íslandi.

Tafla 3

Mælikvarði	Sæti
Fjöldi símalína á hverja 100 íbúa	7
Fjöldi farsímaáskrifta á hverja 100 íbúa	50
Hlutfall skóla með háhraðanettengingu	1
Framboð á nýjustu tækni	2
Tæknistig fyrirtækja	1
Erlend fjárfesting í tækniiðnaði og tækniyfirfærsla	82
Hlutfall netnotenda	1
Hlutfall notenda háhraðanettenginga	7
Hraði nettenginga	4

Samkeppnishæfni Íslands er varðar aðgengi að fjarskiptum og notkun á fjarskiptum og upplýsingatæki er á margan hátt framúrskarandi samkvæmt þessum samanburðartölum. Þeir þættir sem lakar standa í ofangreindum samanburði skipta litlu máli í dag gagnvart sam-

[1] Europe's Digital Competitiveness Report, ICT Country Profile (skýrsla sem gefin út í maí 2010) Samanburður EU27 + Noregur og Ísland.

[2] The Global Competitiveness 2010, World Economic Forum Geneva, Switzerland.

keppnishæfni þjóðarinnar. Þó er ekki hægt að fullyrða að lítil erlend fjárfesting hafi ekki áhrif til hins verra til lengri tíma litið ef efnahagssamdráttur verður viðvarandi.

Samanburðartölur í samræmi við fyrri skýrslur

Þrjátíu ríki innan OECD eru notuð til samanburðar. Ríkjunum er skipt í 4 flokka. Í flokki 1 eru efstu 7 ríkin, flokki 2 ríki 8 til 15, flokki 3 ríki 16 til 23 og flokki 4 ríkin í sæti 24 til 30.

Gengið er út frá því markmiði að Ísland sé í flokki 1 af OECD löndum hvað varðar framboð, verð og notkun fjarskiptaþjónustu. Ef gögn um viðkomandi þætti eru ekki tiltæk fyrir OECD lönd þá er markmiðið að Ísland hafi forskot á a.m.k. 2 af 5 Norðurlöndum.

Í töflu 4 má sjá yfirlit um stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd á árinu 2009 út frá ofangreindum markmiðum. Í samræmi við áætlunina er markmiðið að viðhalda því forskoti sem fyrir er og stuðla að úrbótum þar sem það er ekki fyrir hendi.

Tafla 4 *Staða Íslands í samanburði við önnur OECD lönd 2009*

Forskot	Fastanet talsíma	Farsímanet		Háhraðanettengingar
		Áskriftir	Kort	
Forskot	Já	Já	Já	Já
Notkun	Já	Já	Já	Já
Verð	Já	Nei	Nei	Nei

Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun.

Farsími og fastlínusími

Framboð á þjónustu og tækni

Þegar framboð á þjónustu og tækni á farsímamarkaði hér á landi eru skoðuð í samanburði við önnur norræn lönd má sjá að á öllum Norðurlöndunum er boðin þriðju kynslóðar farsímaþjónusta (UMTS) en byrjað var að bjóða upp á þá þjónustu hér á landi á fjórða ársfjórðungi 2007. Þá var að auki NMT farsímakerfi í notkun hér á landi þar til í september sl.

Af þessu má álykta að framboð farsímaþjónustu sé að hluta til meira í öðrum norrænum löndum þar sem útbreiðsla á þriðju kynslóðar farsímakerfi (UMTS) hér á landi er ekki jafnmikil og þar. Óhætt er að álykta að framboð talsímaþjónustu á fastaneti sé a.m.k. jafngott og gerist annars staðar á Norðurlöndum.

Aðgengi almennings að fjarskiptaþjónustu

Öll byggðalög á Íslandi eiga kost á fastlínu- og farsímasambandi hér á landi. Farsímakerfi Símans og Vodafone ná til um 98% landsmanna og útbreiðsla á þriðju kynslóðar farsímakerfi (3G, UMTS) er góð á Suðvesturlandi og fer ört stækkandi víðar á landsbyggðinni.

Farsími

Almennt er framboð þjónustu og tækni á farsímakerfum gott hér á landi. Ísland er í 20. sæti af 30 löndum OECD árið 2009 hvað varðar heildarfjölda farsímaáskrifta (GSM, NMT, UMTS) á hverja 100 íbúa. Á hverja 100 íbúa Íslands eru 105 farsímaáskriftir. Farsímakerfi á Íslandi ná til um 98% landsmanna og á fjórða ársfjórðungi 2007 var byrjað að bjóða upp á þriðju kynslóðar farsímakerfi (UMTS).

Fastlínusími

Framboð og þjónusta á fastlínusíma er einnig gott hér á landi og er þjónustan sú ódýrasta innan OECD. Notkun hefur farið minnkandi frá árinu 2002 eftir því sem notkun farsíma hefur aukist. Sjá töflu 5.

Tafla 5 *Verð á fjarskiptaþjónustu*

Verðsamanburður	Sæti innan OECD ár hvert				
Ár/þjónusta	**2009**	**2008**	**2007**	**2006**	**2005**
Heimilissími	1	1	1	1	1
Fyrirtækjasími	1	1	1	1	1
GSM-eftirágreitt	2	1	1	2	2
GSM-fyrirfram	1	2	2	2	1

Heimild: Teligen

Skýring: Talan 1 merkir að Ísland sé í hópi 7 landa með hagkvæmasta verðið fyrir tiltekna þjónustu.

Háhraðanettengingar

Í nóvember 2010 eiga öll lögheimili á Íslandi kost á einhvers konar háhraðanettengingu.

Hlutfall heimila með háhraðanettengingu hér á landi er í öðru sæti innan OECD.

Í verðsamanburði gagnvart öðrum löndum innan OECD kemur Ísland ekki eins vel út. Þar er Ísland í flokki 2.

Þá er minni samkeppni á milli mismunandi tegunda aðgangsneta í boði hér á landi en DSL fastlínukerfi er langalgengast.

Hlutfall ljósleiðaratenginga er ennfremur nokkru minna en hjá helstu samanburðarlöndum og er það áhyggjuefni. Hlutfall ljósleiðaratenginga verður sífellt mikilvægari mælikvarði á stöðu háhraðanettenginga á alþjóðavísu þegar markmiði um almennt aðgengi næst og áherslan færist yfir á afkastagetu tenginga.

3.1.2 Skerpt á ímynd Íslands þar sem fjarskipti eru til fyrirmyndar

- *Skerpt verði á ímynd Íslands sem lands þar sem fjarskipti eru til fyrirmyndar og styrkt með því staða þess í samkeppni um erlendar fjárfestingar.*

Nokkrum markmiðum fjarskiptaáætlunar er ætlað að stuðla að bættri ímynd Íslands á sviði fjarskipta. Eins og rakið er í síðustu skýrslu eru þau m.a. að allir landsmenn skuli eiga kost á háhraðanettengingu, langdræg stafræn farsímakerfi sem þjóni landinu öllu og miðunum verði byggð upp, allir landsmenn hafi aðgang að gagnvirku stafrænu sjónvarpi og öruggt samband fjarskipta við útlönd. Verulegur árangur hefur náðst á tímabilinu við að ná markmiðunum.

3.1.3 Bætt fjarskipti notuð í atvinnulífinu til að vega á móti jaðaráhrifum

- *Notuð verði bætt fjarskipti til að vega á móti jaðaráhrifum í atvinnulífi á landsbyggðinni og í alþjóðaviðskiptum.*

Tvö markmið fjarskiptaáætlunar stuðla einkum að þessu, þ.e. að allir landsmenn eigi kost á háhraðanettengingu og öruggt varasamband fjarskipta við útlönd. Fjallað er um þau í greinum 2.2.3 og 3.5.5.

3.2 Háhraðanetvæðing

- *Allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar ogöruggrar fjarskiptaþjónustu.*
- *Menntastofnanir verði tengdar öflugu háhraðaneti.*

3.2.1 Aðgangur landsmanna að háhraðanettengingu

- *Allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðanettengingu.*

Kveðið er á um það markmið að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðanettengingu. Þetta er eitt þeirra verkefna sem fjarskiptasjóður fékk fjármagn til að vinna að og gerð var nánari grein fyrir í kafla 2.

3.2.2 Tenging menntastofnana við útlönd

- *Allar framhaldsskóla-, háskóla- og rannsóknastofnanir samnýti 2,5 Gb/s tengingu til útlanda árið 2006.*

Rannsókna- og háskólanet Íslands, RH net, tengir saman háskóla- og rannsóknarstofnanir innanlands með allt að 1 Gb/s tengihraða. Nú er svo komið að tengihraði innanlands er að verða flöskuháls netsins en ekki útlandasambandið eins og áður var. RH-net gerði tímamótasamning við NORDUnet sem varð til þess að settur var upp 10Gbit/s tengipunktur á Íslandi í september 2009.

RH-netið er nú tengt við NORDUnet í Danmörku um Danice, í London um Farice, við Kanada í Halifax og við bandarísku rannsóknarnetin í New York um Greenland Connect og CANARIE.

Verkefnið er kostað af aðilum á Norðurlöndum, Kanada og Bandaríkjunum.

Töluverður áhugi er á því meðal annarra stofnana að tengjast þessu neti og er eitt af því sem skoðað verður við gerð samskiptaáætlunar.

Tengingar RH-nets við umheiminn:

- 10 Gb/s samband um Danice við Evrópu.
- 2,5 Gb/s samband um Farice við Evrópu.
- 4 Gb/s sambandi um Greenland Connect til Norður Ameríku.

3.2.3 Framhaldsskólar

- *Allir framhaldsskólar verði tengdir öflugu háhraðaneti (lágmörk háð stærð skóla):*
- *Árið 2006 100 – 1.000 Mb/s.*
- *Árið 2007/2008 1 Gb/s.*

FS-net er fjarskiptanet fyrir framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar og var stofnað af menntamálaráðuneytinu árið 2003. Tilgangur þess er að veita framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum bestu mögulegu netþjónustu óháð staðsetningu þeirra. Allir framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar tengjast við netið með 100 Mb/s tengihraða. FS-netið mun bjóða aðilum netsins upp á 1 GB tengingar á yfirstandandi ári (2010) án verulegs kostnaðarauka. Innan netsins er stuðningur við fjölvarp (multicast) og forgangsröðun umferðar (QoS) til að auðvelda flutning á margmiðlunarefni. FS-netið er með 100Mb/s tengingu við RIX (Reykjavík Internet Exchange) til samskipta við RH-netið, Snerpu, Vodafone og netið.

3.2.4 Grunnskólar

- *Allir grunnskólar verði tengdir öflugu háhraðneti (lágmörk háð stærð skóla):*
- *Árið 2006 10 – 100 Mb/s.*
- *Árið 2007/2008 100 – 1.000 Mb/s.*

Ljóst er að markmið um lágmarkstengihraða grunnskóla hafa ekki gengið eftir nema á þéttbýlum stöðum. Þrátt fyrir það telst staða Íslands hvað varðar hlutfall tengdra skóla það hæsta sem þekkist í heiminum. Sú staða mun styrkjast í tengslum við uppbyggingu fjarskiptasjóðs á háhraðanettengingum á svæðum utan markaðssvæða. Vonir standa til að sam-

starf grunnskóla aukist við FS netið en nokkrir eru tengdir einkum vegna símenntunar sem þar er í boði.

3.2.5 Stofnanir ríkisins

- *Allar helstu stofnanir ríkisins verði tengdar öflugu háhraðaneti (lágmörk háð stærð stofnana):*
- *Árið 2006 10 Mb/s.*
- *Árið 2007 100 – 1.000 Mb/s.*
- *Árið 2010 1 Gb/s.*

Kveðið er á um að unnið skuli að því markmiði að allar helstu stofnanir ríkisins verði tengdar öflugu háhraðaneti og eru í því sambandi nefnd ákveðin lágmörk sem háð eru stærð stofnunar.

Eins og fram kom í skýrslu um framkvæmd fjarskiptaáætlunar 2007–2008 var gerð tilraun til þess á árinu 2006 að fá stofnanir ríkisins til að taka þátt í sameiginlegu útboði á fjarskiptaþjónustu. Sú tilraun tókst ekki í það skiptið. Vegagerðin bauð þó út fjarskiptaþjónustu fyrir sig og náði góðum árangri.

Sívaxandi samkeppni og kröfur um þurftarfreka rafræna þjónustu kallar á meiri afkastagetu og eykur líkurnar á hagfelldum niðurstöðum útboða. Við þessar aðstæður eru tækifæri til þess að styrkja fjarskiptasambönd á hagkvæman hátt og ástæða til þess að hvetja opinbera aðila sem aðra til að nýta sér þau.

3.2.6 Löggjöf um höfundarétt

- *Íslensk löggjöf um höfundarétt þróist í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar með tilliti til hagsmuna neytenda og rétthafa. Framboð efnis á háhraðanetum verði aukið.*

Sjá umfjöllun í síðustu skýrslu. Alþingi samþykkti breytingar á höfundarlögum nr. 73/1972 á vorþingi 2010. Breytingarnar varða tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu 2001/29/EB, tilskipun um fullnustu hugverkaréttinda 2004/48/EB og tilskipun um þjónustu á innri markaðinum 2006/123/EB. Meðal annars var ákvæðum breytt er varða takmarkanir höfundaréttar vegna eintakagerðar í öryggis- og varðveisluskyni, söfnum eru veittar heimildir til að veita aðgang að verkum á athafnasvæði sínu með þar til gerðum búnaði, samningsumboðum rétthafasamtaka vegna ljósritunar á þann veg að þau nái jafnt til erlendra höfunda sem íslenskra og rýmkaðar eru takmarkanir á höfundarétti skv. 19. gr. í þágu notenda sem geta ekki nýtt sér venjulegt prentað mál. Enn fremur komu inn í lögin nýjar greinar sem fjalla um málsaðild samtaka vegna lögbannsaðgerða í þágu rétthafa og um rétt rétthafa og samtaka þeirra til lögbanns gegn þjónustu milliliða sem eiga þátt í höfundaréttarbrotum á netinu.

3.3 Farsamband

- *Öryggi vegfarenda verði bætt með auknu aðgengi að farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins og helstu ferðamannastöðum.*
- *Háhraðafarþjónusta verði byggð upp um allt land.*
- *Langdræg stafræn farsímakerfi til að þjóna landinu öllu og miðunum verði byggð upp.*

3.3.1 Uppbygging GSM-dreifikerfis á þjóðvegum og ferðamannastöðum

- *GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum, á*

helstu ferðamannstöðum og minni þéttbýlisstöðum, sbr. samþjónustumarkmið fyrir árið 2006.

Í áætluninni er kveðið á um það markmið að GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum, á helstu ferðamannastöðum og minni þéttbýlisstöðum. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem fjarskiptasjóður fékk fjármagn til að vinna að og gerð er nánari grein fyrir í kafla 2.

3.3.2 Háhraðafarþjónusta

- *Háhraðafarþjónusta standi til boða um allt land eigi síðar en 2006.*

Vísað er til umfjöllunar í skýrslu um framkvæmd fjarskiptaáætlunar 2007–2008 varðandi þetta efni. Við lok annars áfanga (T2) samkvæmt tíðniheimildinni þann 30. september 2009 lítur út fyrir að skuldbindingar símafyrirtækjanna samkvæmt skilmálum í kjölfar 3G útboðs náist þrátt fyrir að hægst hafi á uppbyggingunni eftir að fjármálakreppan skall á haustið 2008.

3.3.3 Arftaki NMT-kerfisins

- *Langdræg stafræn farsímaþjónusta standi til boða um allt land og á miðum við landið eftir að rekstri NMT-kerfisins lýkur.*

Vísað er til umfjöllunar í skýrslu um framkvæmd fjarskiptaáætlunar 2007–2008 varðandi útboð á 450 MHz tíðninni. Þar sem handhafi leyfisins, NMÍ, féll frá uppbyggingu langdrægs stafræns kerfis á 450 MHz tíðnisviðinu var tíðniheimildin afturkölluð 17. nóvember 2008. Í framhaldi af því var heimild Símans fyrir nýtingu 450 MHz tíðnisviðsins fyrir NMT þjónustu framlengd til loka árs 2009. Síminn hætta að reka NMT farsímaþjónustu 1. september 2010.

Bæði Síminn og Vodafone hafa unnið að því að stækka verulega þjónustusvæði GSM kerfa sinna og bjóða nú þegar þjónustu á langstærsta hluta þess svæðis sem NMT kerfið þjónaði.

3.4 Stafrænt sjónvarp og hljóðvarp

- *Allir landsmenn hafi aðgengi að gagnvirku stafrænu sjónvarpi.*
- *Útvarpað verði um gervihnött fyrir landið allt og næstu mið.*

3.4.1 Stafrænt sjónvarp um háhraðanet

- *Stafrænt sjónvarp um háhraðanet verði boðið árið 2005.*

Stafrænt sjónvarp um háhraðanet er aðgengilegt s.s um ADSL- og ljósleiðaranet Símans, ADSL-kerfi Vodafone, ljósleiðaranet Gagnaveitu Reykjavíkur og Breiðband Símans.

Ekki liggja fyrir opinberar upplýsingar um heildarfjölda þeirra sem nýta sér sjónvarp um háhraðanet. Þó er líklegt að vel yfir helmingur heimila á landinu geti nýtt sér þessa þjónustu.

3.4.2 Stafræn dreifing á dagskrá RÚV um gervihnött

- *Dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlla svæða verði stafræn um gervihnött.*

Kveðið er á um það verkefni í áætluninni að dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlla svæða verði stafræn um gervihnött. Þetta er eitt af þeim þremur verkefnum sem fjarskiptasjóður hefur fengið fjármagn til að standa straum af og er gerð nánari grein fyrir verkefninu í kafla 2.

3.4.3 UHF sjónvarpstíðnir

- *Boðnar verði út UHF-sjónvarpstíðnir fyrir stafrænt sjónvarp á árinu 2005.*

Á fyrri hluta árs 2005 auglýsti PFS útboð á UHF sjónvarpstíðnum. Umsóknir bárust frá tveimur aðilum, RÚV og 365 ljósvakamiðlum ehf. Báðir umsækjendur fengu úthlutað tíðnum 8. júlí 2005.

Uppbyggingu dreifikerfis 365 ljósvakamiðla ehf., nú Og fjarskipti ehf. (Vodafone), lauk á tilsettum tíma og er talið að það nái til um 99% landsmanna.

RÚV stóð ekki við skuldbindingar sínar um uppbyggingu stafræns dreifikerfis og var tíðniheimild RÚV afturkölluð 9. janúar 2009.

3.4.4 Stafrænt gagnvirkt sjónvarp nái til því sem næst allra landsmanna

- *Stafrænt gagnvirkt sjónvarp nái til því sem næst allra landsmanna árið 2007.*

Með gagnvirku sjónvarpi er átt við að sjónvarpsnotendur geti átt samskipti með rafrænum hætti við sjónvarpsstöðvar og sótt sér efni eftir hentugleika. Dæmi um þetta er „sjónvarp eftir pöntun“ eða gagnvirkt sjónvarp.

Sú fjarskiptaleið sem viðskiptavinur notar til þess að eiga samskipti við sjónvarpsstöð getur verið en þarf ekki að vera á sama dreifikerfi og hin eiginlega sjónvarpsdreifing. Þannig má t.d. nota farsímakerfi (GSM) eða fastlínukerfi til þess að eiga samskipti við sjónvarpsstöð óháð því hvert sjónvarpsdreifikerfið er.

Bæði Síminn og Vodafone bjóða nú upp á gagnvirkt sjónvarp um ADSL og ljósleiðaratengingar sínar. Gera má ráð fyrir að a.m.k. 85 þúsund áskrifendur hafi möguleika á að nýta sér gagnvirkt sjónvarp samkvæmt tölfræðiskýrslu PFS fyrir fyrsta helming ársins 2009. Þá má samkvæmt sömu skýrslu sjá að rúmlega 50.000 áskrifendur eru með uppsettan búnað til þess að nýta þjónustuna.

3.4.5 Hliðrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp lagt niður

- *Hliðrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp verði lagt niður eigi síðar en árið 2010.*

Stjórn Evrópusambandsins hefur lagt til að hliðrænum sjónvarpsútsendingum verði hætt í aðildarlöndum ESB fyrir lok árs 2012. Mörg aðildarlönd á borð við Svíþjóð, Danmörku og Finnland hafa þegar lagt niður hliðrænar útsendingar. Óvíst er hvenær hægt verður að leggja niður hliðrænar útsendingar á Íslandi.

Yfirfærsla rekstraraðila sjónvarpsdreifineta frá hliðrænni tækni yfir á stafræna stendur yfir. Þar má nefna ADSL Símans, Digital Ísland, gervihnattarsjónvarp o.fl.

Í skýrslu um framkvæmd fjarskiptaáætlunar 2007–2008 var gerð grein fyrir samningi á milli menntamálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins ohf. um útvarpsþjónustu RÚV í almannaþágu 23. mars 2007. Í honum var m.a. kveðið á um að gerður skuli samningur milli RÚV og menntamálaráðuneytis um útbreiðslu og þjónustu í stafrænu hljóðvarpi og sjónvarpi fyrir 31. desember 2007. Ekki varð af þeim samningi.

Og fjarskipti ehf. (Vodafone) hefur lokið við uppsetningu á stafrænu dreifikerfi á UHF tíðnisviði, sem nær nú til um 99% landsmanna. Fyrirtækið hefur nú þegar hætt hliðrænni dreifingu á fjölmörgum stöðum í dreifbýlinu en mun fyrst um sinn reka áfram hliðrænt dreifikerfi á höfuðborgarsvæðinu og ýmsum þéttbýlum stöðum úti á landi.

Sumarið 2008 ákvað ríkisstjórnin að skipa nefnd fjögurra ráðuneyta til að leggja fram tillögur um hvernig hægt verði að ná markmiðum fjarskiptaáætlunar um stafræna sjónvarpsdreifingu fyrir alla landsmenn, m.a. með tilliti til dreifingar Ríkisútvarpsins. Nefndinni var ætlað að leggja mat á framkvæmd núgildandi fjarskiptaáætlunar og stafræna miðlun mynd-

efnis, fjalla um ógnir og tækifæri í stafrænni miðlun með hliðsjón af almennri þróun og stefnumörkun stjórnvalda á Norðurlöndum og innan Evrópusambandsins. Þá var nefndinni ætlað að móta tillögur að endurskoðuðum og nýjum markmiðlum fyrir stafræna miðlun myndefnis á Íslandi og gera tillögur að fyrirkomulagi stafrænnar dreifingar á dagskrá og efni Ríkisútvarpsins.

Nefndin skilaði stöðuskýrslu í maí 2010 þar sem fjallað var um mismunandi valkosti.

3.4.6 Aðgangur að lokuðum dreifikerfum

- *Stjórnvöld tryggi sjónvarpsstöðvum sem hafa skyldur við almenning aðgengi að lokuðum dreifikerfum.*

Vísað er til umfjöllunar í skýrslu um framkvæmd fjarskiptaáætlunar 2007–2008 varðandi þetta efni.

3.5 Öryggi og persónuvernd

- *Öryggi almennra fjarskiptaneta innanlands og við umheiminn verði tryggt með fullnægjandi varasamböndum.*
- *Öryggi netsins verði bætt svo að almenningur geti treyst á það í viðskiptum og daglegu lífi.*

3.5.1 Leiðbeiningar til neytenda

- *Leiðbeiningum og fræðsluefni um öryggismál, neytendavernd, persónuvernd og siðferðileg álitaefni verði miðlað til neytenda.*

Á vef PFS, *www.pfs.is,* er mikið af upplýsingum fyrir neytendur á sviði fjarskipta og póstþjónustu. M.a. er lögð áhersla á verðupplýsingar um fjarskiptaþjónustu og að verðsamanburður milli stærstu fyrirtækjanna sé birtur mánaðarlega.

PFS opnaði fyrr á árinu vef með reiknivél fyrir neytendur. Reiknivélin hefur hlotið heitið *reiknivel.is.* Þar geta neytendur með einföldum hætti borið saman verð á þjónustu fjarskiptafyrirtækja miðað við eigin notkunarforsendur.

PFS hefur haldið úti vefnum netoryggi.is frá 2006. Vefurinn er upplýsingaveita fyrir einstaklinga og fyrirtæki um örugga netnotkun, t.d. um eldveggi, veiruvarnir og öryggisstillingar. Þá eru tenglar inn á aðra vefi sem fjalla um persónuvernd og siðferðileg álitaefni, m.a. SAFT-verkefnið og vef Persónuverndar. Lögð er áhersla á að birta nýjar upplýsingar og leiðbeiningar eftir því sem þróun netnotkunar og netglæpa nær fram að ganga.

Í nóvember 2007 var opnaður vefurinn www.netsvar.is í samstarfi PFS, SAFT verkefni Heimilis og skóla og Barnaheilla. www.netsvar.is er gagnvirkur hjálparvefur fyrir almenning þar sem fólki gefst kostur á að senda inn fyrirspurnir um hvaðeina sem tengist öruggri netnotkun og fá svör frá sérfræðingum. Hann tengist og vinnur með öðrum vefjum samstarfsaðilanna svo sem www.netoryggi.is, www.saft.is og www.barnaheill.is.

3.5.2 Vinnuhópur til að herða viðbrögð við óværu á netinu

- *Stofnaður verði vinnuhópur til að herða viðbrögð við óværu á netinu.*

Í nóvember 2010 var stofnað öryggis- og viðbragðsteymi vegna hugsanlegra netárása og er næsta skref að fá fjarskiptafyrirtæki og aðra hagsmunaaðila til samráðs.

Hlutverk öryggis- og viðbragðsteymis er að vinna að auknu öryggi á netinu til að fyrirbyggja netárásir og að samræma viðbrögð og öryggi vegna þeirra svo og viðbrögð við annarri

öryggisvá í net- og upplýsingakerfum. Teymið mun byggja mikið á alþjóðlegu samstarfi við hliðstæð teymi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið leggur áherslu á að brýnt sé að tryggja öryggi net- og upplýsingakerfa og er skipan slíks viðbragðsteymis næsta skrefið í því efni. PFS var falið að leggja fram tillögur um framkvæmd og fjármögnun. Miðað er við að auk þess að tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta þurfi að huga að regluverki vegna heimilda til inngripa vegna yfirvofandi netárása. Einnig þarf að huga að því hvernig tryggja má öryggi innan skilgreindra atvinnuvega sem reiða sig mjög á fjarskipti, til dæmis fjármálaþjónustu, orkufyrirtæki, varnarmál og stjórnsýslu.

3.5.3 Öryggisviðmið og lágmarksgæðakröfur vegna virkni fastaneta og farsímaneta

- *Skilgreind verði skýr öryggisviðmið og lágmarksgæðakröfur vegna virkni fastaneta og farsímaneta. Eftirfylgd verði tryggð.*

Í síðustu skýrslu segir frá breytingu á fjarskiptalögum nr. 81/2003 sem veitti PFS heimild til þess að setja reglur um öryggisviðmið og lágmarksgæðakröfur til fasta- og farsímaneta sem voru svo settar í framhaldi lagabreytinganna.

Í október 2009 kynnti stofnunin fyrstu aðgerðir til að fylgja eftir reglum þessum og voru spurningalistar sendir til fjarskiptafélaganna í kjölfarið. Svör hafa borist og í kjölfarið eru áætlaðar heimsóknir til félaganna til að fá nánari skýringar á þeim svörum sem ekki þóttu fullnægjandi.

3.5.4 Skilgreining krafna um gæði og rekstraröryggi til netþjónustuaðila

- *Skilgreint verði hvaða kröfur um gæði og rekstraröryggi á að gera til netþjónustuaðila.*

Með áðurnefndri breytingu á lögum um fjarskipti frá síðasta ári var stofnuninni ennfremur veitt heimild til að setja reglur sem ná til ofangreinds markmiðs. Eins og segir í skýrslu um framkvæmd fjarskiptaáætlunar 2007–2008 gaf PFS út reglur í desember 2007 um „Vernd, virkni og gæði IP fjarskiptaþjónustu“. Tóku þær gildi 1. júlí 2008. Í október 2009 kynnti stofnunin fyrstu aðgerðir til eftirfylgdar með reglum þessum og voru spurningalistar sendir til fjarskiptafélaganna í kjölfarið. Svör hafa borist og í kjölfarið eru áætlaðar heimsóknir til félaganna til að fá nánari skýringar á þeim svörum sem ekki þóttu fullnægjandi.

Hin hlið þessara mála varðar einstaka viðskiptavini fjarskiptafyrirtækja. Ljóst er að reynsla fólks af afköstum og gæðum háhraðanettenginga er mismunandi eftir landssvæði, þjónustuveitanda, tækni o.fl. Í samskiptaáætlun verður leitast við að líta nánar til þessara þátta.

3.5.5 Tengingar við útlönd

- *Gert verði áhættumat um tengingu landsins við útlönd og tryggt að öryggismálum verði þannig háttað að tenging rofni ekki. Lágmarksþjónusta og viðbragðsáætlun verði skilgreindar ef bregðast þarf við bilun eða ógn, t.d. ef tenging um sæstreng rofnar.*

Til landsins liggja nú fjórir sæstrengir Cantat-3, Farice-1, Danice og Greenland Connect. Farice liggur milli Kanada, Danmerkur, Englands og Þýskalands með greiningum til Færeyja og Íslands, en rekstur hans hófst í janúar 2004. Danice strengurinn var tekinn í notkun 2009 og liggur á milli Íslands og Danmerkur. Sæstrengurinn Greenland Connect sem er í eigu grænlensku landstjórnarinnar og símafyrirtækisins Tele-Greenland tekinn í notkun 2009 en hann liggur milli Grænlands, Kanada og Íslands.

Talið er að Cantat 3 geti dugað sem ein af varaleiðum fram til ársins 2011. Þá hefur einnig verið horft til varasambanda um gervihnetti en eftir að tengingin gegnum Skyggni var tekin niður árið 2005 anna þau sambönd vart öðru en takmarkaðri talsímaumferð. Þá hafa sambönd í gegn um gervitungl ekki reynst samkeppnishæf vegna verðlags og takmarkaðrar flutningsgetu.

Hluti þessara fjarskiptamannvirkja er þó á landi og er þar hætt á bilunum eins og komið hefur á daginn. Hefur m.a. verið ráðin bót á því vandamáli með tvöföldun Farice á hluta leiðarinnar um skosku hálöndin.

Með tilkomu hins nýja Danice sæstrengs með burðargetu upp á 5.120 Gbit/s margfaldaðist burðargeta tenginga landsins við umheiminn og tryggði um leið aukið öryggi í fjarskiptasamböndum. Þá hafa íslensku fjarskiptafyrirtækin tengt netnotendur sína við Greenlandconnect sæstrenginn sem tengir þá við Montreal í Kanada. Með tilkomu þeirra sæstrengja sem hafa bæst við á árinu 2009, þ.e. Danice og Greenland Connect hefur öryggi sambanda til og frá landinu margfaldast. Vísað er til síðustu skýrslu til nánari upplýsinga.

3.5.6 Vernd fjarskiptavirkja

- *Hlutverk almannavarna hvað varðar virkni fjarskiptaneta verði skilgreint og tryggt að vernd fjarskiptavirkja verði í samræmi við kröfur stjórnvalda.*

Vísað er til fyrrgreindra reglna PFS um „virkni almennra fjarskiptaneta“ sem fjallað er um í grein 3.5.3.

3.5.7 Aðgerðaráætlun um varnir gegn ruslpósti

- *Sett verði fram og framfylgt aðgerðaáætlun um hvernig megi verjast ruslpósti.*

Vísað er til fyrrgreindra reglna PFS um „Vernd, virkni og gæði IP fjarskiptaþjónustu“ sem fjallað er um í grein 3.5.4. Einnig er vísað til umfjöllunar í skýrslu um framkvæmd fjarskiptaáætlunar 2007–2008.

3.5.8 Upplýsa almenning um friðhelgi einkalífs í fjarskiptum og hættur þær sem fjarskipti kunna að hafa í för með sér

- *Almenningur verði upplýstur um rétt sinn til friðhelgi einkalífs í fjarskiptum, þær hættur sem fjarskipti kunna að hafa í för með sér og viðbrögð við þeim.*

PFS heldur uppi tveimur vefjum sem ætlaðir eru almenningi og innihalda m.a. upplýsingar um friðhelgi einkalífs í fjarskiptum og hættur þær sem fjarskipti kunna að hafa í för með sér. Þeir eru vefurinn *netoryggi.is* sem er uppfærður eftir því sem þróun netnotkunar og netglæpa gefur tilefni til og svo vefurinn *netsvar.is* eins og áður hefur komið fram.

PFS hefur jafnframt unnið að upplýsingaöflun um það hvar nauðsynlegt er að leggja áherslu á vitundarvakningu um örugga netnotkun almennings. Hagstofan bætti inn spurningum um öryggismál í árlegan spurningalista sinn um upplýsingatækni sem lagður var fyrir á árinu. Þær spurningar rímuðu vel við þá mælikvarða sem búið var að setja niður innan PFS, að undanteknum nokkrum atriðum. Samkomulag náðist um að bæta þessum spurningum inn í rannsókn Hagstofunnar að beiðni PFS. Niðurstöðurnar verða nýttar til stefnumótunar í vinnu PFS að vitundarvakningu meðal almennings um hvernig hægt er að auka öryggi í netnotkun.

3.6 Samkeppnishæfni

- *Unnið verði að því að bæta laga- og reglugerðarumhverfi og efla eftirlit á fjarskiptamarkaði til að auka samkeppni, gagnsæi og traust.*
- *Stuðlað verði að því að jafna verð á fjarskiptaþjónustu um land allt.*
- *Stuðlað verði að bættu aðgengi að hagkvæmum og öruggum fjarskiptakerfum um land allt.*
- *Stuðlað verði að því að fatlaðir geti nýtt sér fjarskipti í upplýsingasamfélaginu.*

Við lok fyrstu umferðar markaðsgreininga á íslenska fjarskiptamarkaðinum í lok árs 2008 var lagður grundvöllur að því með álagningu viðeigandi kvaða á fyrirtæki sem útnefnd voru með umtalsverðan markaðsstyrk, að auka til muna samkeppnisskilyrði á umræddum markaði. Eru kvaðirnar almennt til þess fallnar að jafna samkeppnistöðu aðila á markaði með því að búa til heildsölumarkað, fyrir hina ýmsu þætti fjarskiptastarfseminnar, sem bundinn er skilyrðum um gagnsæi, jafnræði aðila, kvaðir um aðgang að netum og aðstöðu og í sumum tilvikum eftirlit með gjaldskrám. Verður nánar vikið lauslega að einstökum greinum fjarskiptamarkaðarins hér að neðan og útfærslu kvaða þeim tengdum.

Á árinu 2008 var gripið til ráðstafana til þess að efla eftirlitsúrræði PFS og gera málsmeðferð fyrir kærunefnd fjarskipta- og póstmála skilvirkari. Í september voru samþykkt lög nr. 117/2008 um breytingar á lögum nr. 69/2003 um PFS. Markmið breytinganna var annars vegar að rýmka heimildir PFS til gagnaöflunar og hins vegar að breyta umtalsvert fyrirkomulagi þess hvernig ákvarðanir PFS geta sætt endurskoðun á stjórnsýslustigi, m.a. með það fyrir augum að auka skilvirkni við meðferð kærumála. Nánari upplýsingar um markaðsgreiningar og kvaðir er að finna á vef PFS, *www.pfs.is*.

3.6.1 Samkeppni milli fjarskiptaneta

- *Stuðlað verði að samkeppni milli fjarskiptaneta þar sem það er hagkvæmt.*

Eins og staðan er hér á landi eru farsímanet einkum til umfjöllunar þegar rætt er um samkeppni milli fjarskiptaneta enda fastlínunetið að mestum hluta á forræði eins fyrirtækis. Í skýrslu um framkvæmd fjarskiptaáætlunar 2007–2008 var þó getið um það að útboð af hálfu ríkisins á ljósleiðurum, sem verið höfðu á forræði NATO, gæti haft jákvæð áhrif varðandi samkeppni milli fastaneta á ýmsum sviðum.

PFS tók í lok mars 2008 þá ákvörðun að opna 900 MHz tíðnisviðið, sem til þess tíma hafði verið skilgreint til nota fyrir GSM farsímaþjónustu, fyrir UMTS tækni, þ.e. þriðju kynslóð farsíma (3G). Vegna eiginleika 900 MHz tíðnisviðsins auðveldar þessi ákvörðun 3G tíðnileyfishöfum að ná útbreiðslu á þjónustunni á landsbyggðinni og stuðlar þannig að hagkvæmari uppbyggingu á farsímanetum.

Samhliða heimild til breyttra afnota af 900 MHz tíðnisviðinu varð ljós þörf fyrir að jafna samkeppnisstöðu 3G tíðnileyfishafanna. Að loknu samráðinu birti PFS í lok ágúst 2008 fyrirætlanir sínar um framtíðarskipulag 900 MHz tíðnisviðsins, sem gerðu m.a. ráð fyrir úthlutun á tíðnum til Nova ehf. á 900 MHz tíðnisviðinu til nota fyrir GSM og UMTS farsímaþjónustu. Sú tíðniheimild var gefin út þann 22. janúar 2009. Auk þessa gerir framtíðarskipulagið ráð fyrir að í febrúar árið 2011 verði 2x10 MHz á tíðnisviðinu laus til ráðstöfunar. Gefur það PFS tækifæri til þess að úthluta tíðnum á tíðnisviðinu til nýrra aðila ef stofnunin metur að það þjóni aðstæðum á markaði og forsendur fyrir því að öðru leyti taldar hagfelldar.

Með sambærilegum hætti var ráðist í samráðsferil varðandi framtíðarskipulag á 1800 MHz tíðnisviðinu. Í júní 2009 birti stofnunin niðurstöður sínar um skipulag tíðnisviðsins, m.a. um

úthlutun á tíðnum til Nova ehf. á 1800 MHz tíðnisviðinu til nota fyrir GSM og UMTS farsímaþjónustu.

Þá hefur þróun í tækni og aðferðum við að stilla farsímasenda orðið til þess að gera útsendingu fjarskiptamerkis langdrægari. Vegna þessa, ásamt frekari uppbyggingu á farsímasendum, eru GSM/UMTS farsímanet tveggja stærstu farsímafyrirtækjanna, þ.e. Símans hf. og Vodafone, nú komin með sambærilega útbreiðslu á landsvísu eins og hið langdræga NMT farsímakerfi Símans hf. sem nú hefur verið lagt niður.

Samkvæmt framangreindu hefur orðið jákvæð þróun hvað varðar skilyrði fyrir samkeppni milli farsímaneta. Nánari upplýsingar um markaðsgreiningar og kvaðir er að finna á vef PFS, www.pfs.is.

3.6.2 Tryggt verði að fyrirtæki geti auðveldlega veitt virðisaukandi þjónustu ofan á fyrirliggjandi net

- *Tryggt verði að fyrirtæki geti auðveldlega veitt virðisaukandi þjónustu ofan á fyrirliggjandi net.*

Náðst hafa miklir áfangar í þá veru að opna aðgang að fjarskiptanetum. Kvaðir sem lagðar hafa verið á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk fela í sér skyldu til að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að sínum fjarskiptanetum á grundvelli viðmiðunartilboðs sem birt er opinberlega til að tryggja gagnsæi og jafnræði meðal aðila á markaði. Hafa viðmiðunartilboð á flestum sviðum fjarskiptamarkaðarins þegar verið birt af hálfu þeirra fyrirtækja sem bera kvaðirnar.

PFS gaf út í lok apríl 2008 endurskoðaðar reglur um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta nr. 450/2008. Tilgangurinn með því að endurskoða þessar reglur var að skerpa á skilyrðum fyrir úthlutun númera og skýra nánar ýmis skilyrði fyrir notkun símanúmera. Jafnframt þessu var íslenska númeraskipulagið uppfært í samræmi við nýjustu þróun í Evrópu um skilgreinda nýtingu á númerum, m.a. fyrir virðisaukandi þjónustu og stuttnúmer til ýmissa nota.

Þá tók gildi á árinu reglugerð um virðisaukandi þjónustu í tal- og farsímanetum. Er m.a. fjallað um skyldur fjarskiptafyrirtækja og þjónustuveitenda virðisaukandi þjónustu auk þess sem vikið er að réttindum neytenda í þessu sambandi.

3.6.3 Gagnsæi í kostnaði við fjarskiptanotkun verði tryggt og skyldur þjónustuaðila vegna gjaldmælinga verði skilgreindar

- *Gagnsæi í kostnaði við fjarskiptanotkun verði tryggt og skyldur þjónustuaðila vegna gjaldmælinga verði skilgreindar.*

Vísað er til umfjöllunar í skýrslu um framkvæmd fjarskiptaáætlunar 2007–2008 varðandi þennan lið.

PFS hefur birt reiknivél á heimasíðu stofnunarinnar til að auðvelda neytendum að bera saman verðskrár fjarskiptafélaganna. Jafnframt hefur Neytendastofa hafist handa við að leggja mat á tímamælingar, gagnamagn og hraða tenginga hjá fjarskiptafélögum.

3.6.4 Verð á fjarskiptatengingum til og frá landinu lækki

- *Verð á fjarskiptatengingum til og frá landinu lækki.*

Vegna legu landsins þar sem tengingar með sæstrengjum eru kostnaðarsamar hefur verð á fjarskiptatengingum til og frá Íslandi verið mun hærra en í þeim löndum sem við berum

okkur saman við. Mjög mikilvægt er að stuðla að því að jafna þennan mun og það forskot sem aðrar þjóðir hafa þó að óraunhæft sé að ætla að sá munur hverfi.

Fyrir liggur að verð á fjarskiptatengingum til útlanda hefur lækkað hratt undanfarin ár eins og vikið er að í skýrslu um framkvæmd fjarskiptaáætlunar 2007–2008 og heldur áfram að lækka. Á hinn bóginn ber að nefna það að þarfir fjarskiptafyrirtækja eru sífellt að aukast og þurfa þau stöðugt meira gagnamagn fyrir viðskiptavini sína. Það hefur í för með sér að raunlækkun kostnaðar fyrir útlandasamböndum fjarskiptafyrirtækja er ekki hlutfallsleg.

Með nýjum sæstrengjum til Danmerkur og Grænlands mun öryggi millilandasambanda og um leið öryggi almennings á nettengingum aukast. Ljóst er þó að vinna þarf enn meira að því marki að lækka tengigjöld til útlanda til hagsbóta fyrir íslenska neytendur og jafnframt að bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Vonir standa til þess að með nýjum net-þjónabúum og öðrum stórnotendum muni verð til almennings og minni fyrirtækja einnig lækka.

3.6.5 Sérþarfir fatlaðra í fjarskiptum í upplýsingasamfélaginu verði greindar og stuðlað að framboði þjónustu og búnaðar sem hentar þeim

- *Sérþarfir fatlaðra í fjarskiptum í upplýsingasamfélaginu verði greindar og stuðlað að framboði þjónustu og búnaðar sem hentar þeim.*

Háhraðaverkefni fjarskiptasjóðs mun gera fötluðum sem og öðrum íbúum sem búa utan þjónustusvæða markaðsaðila mögulegt að tengjast háhraðaneti. Það og aukin afkastageta opnar enn frekari möguleika í þjónustu fyrir fatlaða.

Í dag þurfa fatlaðir í mörgum tilfellum að kaupa aðstoðartæki aukalega og geta þau verið dýr eða ófáanleg. Handtæki fyrir þriðju kynslóð farsíma eykur möguleika fyrir fatlaða s.s. með myndsamtölum o.þ.h. Þetta hefur komið heyrnarlausum sérlega vel við táknmálstal. Samskipti með símunum, hvort heldur er nettengdum heimasímum/tölvum eða handtækjum sem tengjast yfir háhraðafarnet sem hafa opnað möguleika á að fá táknmálstúlkun í gegnum síma. Símar af slíkum toga eru þegar seldir á samkeppnishæfu verði og eru komnir í almenna notkun á flestum Norðurlöndunum.

Þá má nefna leiðsögutæki fyrir blinda, svipað því sem er notað í bílum, sem gefur þeim aukna möguleika á að komast leiðar sinnar. Hröð þróun á þessum tækjabúnaði hefur átt sér stað á síðustu misserum.

PFS er í reglulegu sambandi við Félag heyrnarlausra og aðra hagsmunaaðila sem hyggjast koma slíkum tækjum á markað hér á landi.

3.6.6 Breyting gerð á byggingarreglugerð

- *Breytt verði byggingarreglugerð þannig að húsbyggjanda verði skylt að sjá til þess að lögð séu ídráttarrör fyrir ljósleiðara að nýbyggingum og að öllum fjarskiptafyrirtækjum sé heimilt að leggja háhraðalagnir (t.d. ljósleiðara) um lögnina að uppfylltum skilyrðum.*

Fjallað er um kröfur til lagna í stöðlum sem byggingareglugerð kveður á um og taka þeir til þessa þáttar. Engu að síður bendir margt til þess að ástæða sé til þess að taka þetta mál upp að nýju í nýrri samskiptaáætln.

679. Frumvarp til laga [407. mál]

um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Lög nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, með síðari breytingum, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Með frumvarpi þessu er stefnt að samræmingu í gjaldamálum og tekjuöflun vegna framkvæmda og reksturs í flugmálum með hliðsjón af breyttri gjaldastefnu á þessu sviði og í ljósi alþjóðlegra þróunar og skuldbindinga sem leiðir af EES-samningnum. Með breytingunni er markvisst verið að hverfa frá skatttöku yfir í gjaldtöku sem leiðir af kostnaði við þjónustuna, þ.e. að notandinn greiði í samræmi við kostnað í ríkari mæli en nú er. Í lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum, eru settir fram tveir skattstofnar, þ.e. flugvallaskattur og varaflugvallagjald, sem felldir verða niður vegna samræmingarinnar. Ákvæði laganna er ekki lúta að skattstofnunum eru einungis þrjú, þ.e. 1.–3. gr., og þar sem efnislegt innihald þessara greina er einnig að finna í lögum um samgönguáætlun, nr. 33/2008, þykir eðlilegt að fella lögin úr gildi í heild sinni.

II.

Í 5. gr. laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála er fjallað um flugvallaskatt. Þar segir að slíkan skatt skuli greiða vegna hvers manns sem ferðast með loftfari í flutningaflugi innan lands eða frá Íslandi til annarra landa. Skatturinn er því hinn sami hvert sem ferðinni er heitið, hvort sem það er innan lands eða utan. Skatturinn nemur 382 kr. fyrir hvern farþega en undanþegin skattskyldu eru börn innan tveggja ára, skráðar áhafnir loftfara og þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli. Farþegar á aldrinum tveggja til tólf ára greiða helming skattsins. Skv. 12. gr. laganna skal flugvallaskatti varið til framkvæmda í flugmálum, reksturs flugvalla, rannsókna og sérstakra tímabundinna verkefna í flugöryggismálum samkvæmt samgönguáætlun.

Í 6. gr. laganna er fjallað um varaflugvallagjaldið en því gjaldi er ætlað að fjármagna viðbótarkostnað vegna rekstrar og viðhalds alþjóðlegra varaflugvalla á Íslandi. Gjaldið nemur 598 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast með loftfari í flutningaflugi frá Íslandi til annarra landa. Sömu aðilar eru undanþegnir varaflugvallagjaldinu og flugvallaskattinum. Skv. 12. gr. laganna skal varaflugvallagjaldi varið til að fjármagna viðbótarkostnað sem fellur til við rekstur og viðhald alþjóðlegra varaflugvalla á Íslandi. Skv. 13. gr. laganna ber að endurskoða fjárhæð varaflugvallagjaldsins á tveggja ára fresti til þess að það endurspegli raunkostnað við rekstur og viðhald alþjóðlegra varaflugvalla. Þrír flugvellir á Íslandi, þ.e. á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík, mynda varaflugvallakerfi fyrir millilandaflug sem einkum fer um Keflavíkurflugvöll.

Flugvallaskattur og varaflugvallagjald hafa þannig verið markaðar tekjur og í fjárlögum fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir því að flugvallaskattur yrði samtals 360 millj. kr. en varaflugvallagjaldið samtals 357 millj. kr.

Isavia ohf. sem sér um rekstur flugvalla á Íslandi fær hinar mörkuðu tekjur, sem flugvallaskatturinn og varaflugvallagjaldið eru, í gegnum þjónustusamning sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið gerir árlega við fyrirtækið. Með því að fella niður fyrrgreinda skattstofna mun gjaldskrá fyrirtækisins hækka sem þeim nemur. Þjónustusamningur fyrirtækisins og ráðuneytisins mun að sama skapi lækka og staða ríkissjóðs verða óbreytt. Staða farþega og flugrekenda mun einnig verða óbreytt þar sem í stað nefskatta sem greiddir eru ríkissjóði eru greidd þjónustugjöld til Isavia ohf.

III.

Í apríl 2008 skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra starfshóp sem var ætlað að endurskoða gjaldtöku flugvalla og gera tillögur til ráðherra um tilhögun á tekjuöflun til flugvalla þannig að þeir starfi í heilbrigðu viðskiptaumhverfi og í fullu samræmi við alþjóðareglur þar að lútandi. Í hópnum áttu sæti fulltrúar frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Flugmálastjórn Íslands, fjármálaráðuneytinu, Flugstoðum ohf., Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar. Hópurinn skilaði skýrslu um niðurstöður sínar í maí 2009.

Starfshópurinn var sammála um að það fyrirkomulag tekjuöflunar á flugvöllum að blanda saman nefsköttum á farþega, beinum greiðslum úr ríkissjóði og þjónustugjöldum samkvæmt gjaldskrá hafi reynst ógagnsætt og lítt til þess fallið að efla kostnaðarvitund þeirra sem greiða fyrir þjónustuna, hvort heldur væru flugrekendur eða ríkissjóður. Hópurinn lagði því til að skattar af farþegum yrðu afnumdir og að þjónustugjöld yrðu tekin upp þess í stað. Er sú tillaga í samræmi við þá almennu stefnubreytingu sem hefur orðið hjá ríkinu að taka upp þjónustugjöld í stað skatta og draga þannig úr umfangi ríkissjóðs.

IV.

Árið 2003 stefndi Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) íslenska ríkinu fyrir EFTA-dómstólinn til viðurkenningar á að flugvallagjald sem þá var innheimt samkvæmt lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum væri ólögmætt en flugvallagjaldið var lægra fyrir farþega í innanlandsflugi en fyrir farþega í millilandaflugi. Dómstóllinn kvað upp dóm 12. desember 2003 og féllst á kröfu ESA. Þannig taldi hann að mismunandi fjárhæð flugvallagjalds samræmdist ekki kröfum EES-samningsins þar sem fjárhæð gjaldsins gerði þjónustuveitendum í flugrekstri mishátt undir höfði eftir því hvort þeir byðu þjónustu til annarra EES-ríkja eða til Íslands.

Í framhaldi af niðurstöðu dómstólsins ákváðu íslensk stjórnvöld að afnema flugvallagjaldið. Það var gert með lögum nr. 95/2004, um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugvalla, nr. 31/1987. Lögunum var á sama tíma breytt þannig að lagt var á nýtt gjald, varaflugvallagjald.

ESA hefur gert athugasemdir við varaflugvallagjaldið en í maí 2005 sendi stofnunin erindi til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og óskaði svara við spurningum er lutu að kostnaðargrunni gjaldsins, notkun varaflugvalla, á hverja gjaldið væri lagt o.s.frv. Erindinu var svarað og leitaðist ráðuneytið við að rökstyðja tilvist og uppbyggingu gjaldsins. Á fundi ESA með íslenskum stjórnvöldum í maí 2006 benti ESA á að varaflugvallagjaldið stæðist ekki kröfur EES-samningsins um jafnræði á þremur sviðum: a) innanlandsfarþega og milli-

landafarþega, b) viðkomu farþega annars vegar og þeirra sem komu og fóru vegna dvalar á Íslandi hins vegar og c) farþegaflugs og vöruflutningaflugs. Þá taldi ESA hugsanlegt að ríkisstyrkjareglur hefðu verið brotnar vegna þess að varaflugvallagjald er ekki tekið af vöruflutningum. Fallist var á sjónarmið stofnunarinnar um að ekki hafi tekist með varaflugvallagjaldinu að tryggja með skýrum hætti jafnræði á milli viðskiptavina flugvalla.

ESA hefur fylgt málinu eftir og óskað upplýsinga um hvernig miðar við afnám varaflugvallagjaldsins. Eru þessi afskipti ESA ein af ástæðum þess að starfshópur um fjármögnun flugvalla var skipaður. Í ljósi athugasemda ESA þykir brýnt að afnema varaflugvallagjaldið til að alþjóðlegar skuldbindingar ríkisins séu uppfylltar.

Í skýrslu starfshóps um fjármögnun flugvalla var komist að þeirri niðurstöðu að sömu sjónarmið giltu um flugvallaskatt, eins og hann er í lögum nr. 31/1987, og varaflugvallagjald. Hópurinn taldi því heppilegt að afnema þann skatt einnig þannig að ekki verði lagður á farþega annar kostnaður en sýnt verði fram á með aðferðum notendasamráðs, gagnsæis og jafnræðis.

V.

Breytingar á formi gjaldtöku flugvalla eru þegar hafnar en samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra lagði fram vorin 2009 og 2010 frumvörp til breytinga á lögum um loftferðir, nr. 60/1998. Frumvörpin lögðu til grundvallar breytingar á fyrirkomulagi gjaldtökunnar og var m.a. lögð til lagastoð í 71. gr. laganna fyrir flugvelli til að fjármagna sig með þjónustugjöldum sem byggð væru á kostnaðargrunni. Frumvörpin urðu annars vegar að lögum nr. 15/2009 og hins vegar lögum nr. 87/2010.

Umræddar lagabreytingar voru að miklu leyti innleiðing á ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins 2009/12/EB um gjaldtöku á flugvöllum. Markmið þeirrar tilskipunar er að setja meginreglur varðandi gjaldtöku á flugvöllum innan aðildarríkja Evrópusambandsins. Tilskipunin lýtur að gjaldtöku á flugvöllum og kveður á um gagnsæi gjalda, samráð vegna gjaldtöku og jafnræði notenda.

Í 1. mgr. 71. gr. loftferðalaga er rekstraraðilum flugvalla veitt heimild til að innheimta gjöld til að standa undir rekstri flugvalla og fyrir þeirri aðstöðu, búnaði og mannvirkjum sem starfsemi tengd flugsamgöngum nýtir á flugvellinum. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ráðgert sé að rekstraraðilar flugvalla standi að gerð kostnaðargrunns að baki hverju gjaldi sem sé gagnsær og forsendur og útreikningar á gjaldtöku séu skýrir og traustir. Miðast fjárhæð hvers gjalds því við þann kostnað sem almennt hlýst af því að veita viðkomandi þjónustu. Í 71. gr. b loftferðalaga er sérstaklega kveðið á um gagnsæi við gjaldtöku og sú skylda lögð á rekstraraðila flugvallar að leggja fram sundurliðun kostnaðar sem lagður er til grundvallar gjaldtöku en slíkt ber að gera eigi sjaldnar er árlega.

Í 1. mgr. 71. gr. a loftferðalaga er lögð sú skylda á rekstraraðila flugvallar eða flugvallakerfis þar sem farþegar eru fleiri en ein milljón á ári að setja á stofn notendanefnd sem er vettvangur skoðanaskipta milli hans og notenda um málefni flugvallar. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að með notanda flugvallar er átt við einstakling eða lögaðila sem stundar flutninga í lofti á farþegum, pósti og/eða farmi til eða frá viðkomandi flugvelli. Skv. 2. mgr. sömu greinar skal notendum veitt tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á notendanefndarfundum áður en teknar eru mikilvægar ákvarðanir um rekstur þjónustu, gjaldtöku og önnur atriði sem snerta mikilvæga hagsmuni þeirra. Er notendanefndin liður í að auka gagnsæi í rekstri og gjaldtöku á flugvöllum sem eru í reynd í einokunaraðstöðu gagnvart notendum.

Í 3. mgr. 71. gr. a loftferðalaga er lagt til að notendanefndin leitist við að ná samkomulagi um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru. Náist ekki samkomulag er rekstraraðili flugvalla þó óbundinn af afstöðu notenda en notendur geta krafist frekari rökstuðnings fyrir ákvörðuninni og annars fundar til frekari viðræðna. Með breytingalögum nr. 87/2010 var m.a. bætt inn ákvæði í loftferðalögin þar sem segir að náist ekki að sætta sjónarmið innan nefndarinnar og rekstraraðili hefur tekið endanlega ákvörðun er aðilum heimilt að skjóta ágreiningi sínum til Flugmálastjórnar Íslands sem mun úrskurða um gjaldtökuna. Ákvæði þetta mun taka gildi 1. janúar 2011.

Af fyrrgreindu er ljóst að verið er að umbylta því tekjuöflunarkerfi sem rekstraraðilar flugvalla og notendur þeirra hafa búið við á Íslandi. Í stað ógagnsærra skatta kemur gagnsætt kerfi þjónustugjalda og samráðs við notendur. Brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, er liður í þeirri allsherjarbreytingu.

VI.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. apríl 2011. Mikilvægt er að lögin taki ekki gildi fyrr en Isavia ohf. hefur náð að undirbúa gjaldskrárbreytingu í samræmi við ákvæði laga um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum. Gjaldskrárbreytingin og niðurfelling skattstofnanna þurfa að eigi sér stað samtímis svo að fyrirtækið verði ekki af nauðsynlegum tekjum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að lög nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, falli úr gildi. Markmið frumvarpsins er að samræma gjaldamál og tekjuöflun vegna framkvæmda og reksturs í flugmálum með hliðsjón af breyttri gjaldastefnu á þessu sviði og í ljósi alþjóðlegrar þróunar og skuldbindinga sem leiðir af EES-samningnum. Er með breytingunni markvisst verið að hverfa frá innheimtu skatta yfir í gjaldtöku sem leiðir af kostnaði við þjónustuna. Í þessi sambandi er gert ráð fyrir að niður falli tveir skattstofnar, þ.e. flugvallaskattur og varaflugvallagjald. Tekjur ríkisins af flugvallaskatti hafa hingað til verið markaðar til framkvæmda í flugmálum, reksturs flugvalla, rannsókna og sérstakra tímabundinna verkefna í flugöryggismálum en varaflugvallagjaldinu hefur aftur á móti verið varið til að fjármagna viðbótarkostnað sem fellur til við rekstur og viðhald alþjóðlegra varflugvalla á Íslandi. Flugvallaskattur og varaflugvallagjald hafa þannig flokkast sem markaðar skatttekjur ríkissjóðs en í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að þessar tekjur skili ríkissjóði samtals 598,5 m.kr. Tekjunum er varið til að fjármagna hluta fjárheimildar á fjárlagalið *10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* en alls er gert ráð fyrir 2.626 m.kr. fjárheimild til liðarins í fjárlagafrumvarpinu.

Samkvæmt upplýsingum úr samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu er gert ráð fyrir að í stað flugvallaskatts og varaflugvallagjalds muni rekstraraðilinn, þ.e. ISAVIA ohf., hækka

núverandi gjaldskrá fyrirtækisins sem nemur a.m.k. þeim tekjum sem gert er ráð fyrir að núgildandi skattstofnar muni skila samkvæmt fjárlagafrumvarpinu auk þess sem áform eru uppi um að lagt verði á sérstakt gjald, *Passangers with Reduced Mobility (PRM)*, sem leggjast mun á alla farþega til að standa straum af auknum kostnaði vegna þjónustu við hreyfihamlaða í samræmi við Evrópureglugerð þar um. Byggjast þessi áform um þjónustugjöld á lögum nr. 60/1998, um loftferðir. Í þeim lögum segir m.a. í 71 gr. að gert sé ráð fyrir að rekstraraðila flugvallar sé heimilt að innheimta gjöld til að standa undir rekstri flugvallar og fyrir þeirri aðstöðu, búnaði og mannvirkjum sem starfsemi tengd flugsamgöngum nýtir á flugvellinum. Í þessu sambandi er gert ráð fyrir að rekstraraðilar flugvalla skuli standa að gerð kostnaðargrunns að baki hverju gjaldi sem sé gagnsær og forsendur og útreikningar á gjaldtöku séu skýrar og traustar. Gengið er út frá því að fjárhæð hvers gjalds miðist við þann kostnað sem almennt hlýst af því að veita þjónustuna. Auk fyrrgreindra þjónustugjalda er gert ráð fyrir að hluti kostnaðar við rekstur ISAVIA ohf., á fjárlagalið *10-475*, verði áfram fjármagnaður með þjónustusamningi við ríkið. Núgildandi samningur rennur út í lok yfirstandandi árs en á þessu stigi hefur ekki verið gengið frá samningi fyrir næsta ár. Í þessu sambandi er ástæða til að nefna að eigandi félagsins, þ.e. ríkið, kann að fara fram á arðgreiðslu úr félaginu. Einnig má gera ráð fyrir að beint ríkisframlag af þessum lið til starfsemi félagsins verði lækkað við afgreiðslu fjárlaga í tengslum við áform um að lækka álagningu gjalda á áfengi og tóbak í fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli frá því sem ætlað var í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011.

Í loftferðalögunum segir m.a. að rekstraraðili flugvallar eða flugvallakerfis, þar sem farþegar eru fleiri en ein milljón á ári, skuli setja á stofn notendanefnd sem sé vettvangur skoðanaskipta milli hans og notenda um málefni flugvallar en markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að auka gagnsæi í rekstri og gjaldtöku á flugvöllum. Í lögum nr. 87/2010, um breytingu á lögum um loftferðir, er m.a. gert ráð fyrir að hafi ágreiningur orðið í notendanefnd um ákvörðun rekstraraðila flugvallar um nýja eða breytta gjaldtöku er aðilum heimilt að skjóta ágreiningi sínum til Flugmálastjórnar Íslands sem tekur endanlega ákvörðun á stjórnsýslustigi. Gert er ráð fyrir að þetta ákvæði taki gildi frá og með næstu áramótum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að bæði tekjur ríkissjóðs og gjöld sem færast á fjárlagalið *10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* muni lækka um 448,9 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 þar sem gert er ráð fyrir að frumvarpið taki gildi 1. apríl 2011. Velta ríkissjóðs lækkar sem því nemur árið 2011 en afkoma ríkissjóðs verður óbreytt eftir sem áður. Á ársgrundvelli verður lækkunin á veltu tekna og gjalda nálægt 600 m.kr. eins og fyrr segir.

680. Frumvarp til laga [408. mál]

um rannsókn samgönguslysa.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir.

Rannsókn samkvæmt lögum þessum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa.

Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við samgönguslys fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála og er slík rannsókn óháð rannsóknum rannsóknarnefndar samgönguslysa samkvæmt lögum þessum.

Þegar við á skulu rannsóknir samkvæmt lögum þessum einnig ná til fyrirkomulags tilkynninga um slys, til leitar, björgunaraðgerða og annarra tengdra aðgerða sem ætlað er að draga úr afleiðingum slysa.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um rannsókn samgönguslysa og samgönguatvika er heyra undir rannsóknarnefnd samgönguslysa.

3. gr.
Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

a. *Alvarlegt flugatvik:* Flugatvik sem verður við aðstæður sem benda til þess að legið hafi við slysi.
b. *Alvarlegt umferðaratvik:* Atvik eða kringumstæður í tengslum við umferð ökutækja sem ekki er umferðarslys en getur leitt til alvarlegs slyss á vegfarendum eða tjóni á ökutækjum, umferðarmannvirkjum og umhverfi sé því ekki afstýrt.
c. *Banaslys:* Samgönguslys þegar einstaklingur lætur lífið innan 30 daga frá þeim degi er slysið varð, enda verði banamein hans að nokkru eða öllu leyti rakið til slyssins.
d. *Flugslys:* Atburður sem verður í tengslum við starfrækslu loftfars frá því að maður fer um borð í loftfarið í þeim tilgangi að fljúga með því og þar til allir eru farnir frá borði þar sem:
   1. maður lætur lífið eða hlýtur alvarleg meiðsl vegna þess að:
      – hann var um borð í loftfarinu, eða
      – hann var í beinni snertingu við einhvern hluta loftfarsins, þar á meðal hluta sem hafa losnað frá loftfarinu, eða
      – hann varð fyrir útblæstri þotuhreyfils,

      nema þegar meiðslin eiga sér eðlilegar orsakir, eru af völdum mannsins sjálfs eða

annarra eða þegar meiðsl verða á laumufarþegum sem leynast utan svæðis sem farþegar og áhöfn hafa venjulega aðgang að; eða

2. loftfar verður fyrir skemmdum eða bilun eða brestur verður í burðarvirki þess sem:
   – hefur veruleg áhrif á styrkleika þess, afkastagetu eða flugeiginleika og
   – mundi að öllu jöfnu krefjast mikillar viðgerðar eða þess að skipt væri um viðkomandi íhlut,

   nema um sé að ræða hreyfilbilun eða skemmd sem takmarkast við hreyfil, hlífar hans eða fylgibúnað eða um er að ræða skemmdir sem takmarkast við loftskrúfur, vængenda, loftnet, hjólbarða, hemla, hlífar, smádældir eða göt á ytra byrði loftfarsins; eða
3. loftfars er saknað, þ.e. þegar opinberri leit hefur verið hætt og flak hefur ekki fundist, eða engin leið er að komast að því.

e. *Flugumferðaratvik:* Flugatvik sem aðallega tengist reglum er varða flugumferðarþjónustu og þar sem loftför fara hvort fram hjá öðru í slíkri nánd að hættuástand verður eða þar sem aðrir erfiðleikar, sem orsakast af ófullnægjandi starfsaðferðum eða af því að ekki var farið eftir viðurkenndum starfsaðferðum eða af göllum í tækjabúnaði á jörðu, valda því að hættuástand verður.

f. *Orsakir:* Aðgerðir, aðgerðaleysi, atvik eða aðstæður, eða sambland af þessu, sem leiddi til slyss eða atviks.

g. *Rannsókn:* Ferli athugana sem gerðar eru í því skyni að koma í veg fyrir endurtekningu sambærilegs samgönguslyss eða samgönguatviks og felast í því að safna upplýsingum og greina þær, draga af þeim ályktanir, þar á meðal að greina orsakir, og setja fram tillögur um úrbætur í öryggismálum þegar það á við.

h. *Rannsóknarnefnd:* Rannsóknarnefnd samgönguslysa sem kveðið er á um í lögum þessum.

i. *Rannsóknarstjóri:* Sá sem hefur yfirumsjón með tilteknum flokki slysarannsókna.

j. *Samgönguslys:* Flugslys, sjóslys og umferðarslys í samræmi við orðskýringar í lögum þessum.

k. *Samgönguatvik:* Alvarlegt flugatvik, alvarlegt umferðaratvik og sjóatvik í samræmi við orðskýringar í lögum þessum.

l. *Sjóatvik:* Sá atburður, eða röð atburða, annar en sjóslys, sem gerst hefur í beinum tengslum við útgerð skips, sem stofnar í hættu öryggi skipsins, þeirra sem um borð eru eða annarra eða umhverfisins sé atburðinum ekki afstýrt. Undir sjóatvik falla ekki athafnir sem með beinum ásetningi eða athafnaleysi er ætlað að skaða öryggi skips, einstaklinga eða umhverfið.

m. *Sjóslys:* Sá atburður eða röð atburða sem í tengslum við útgerð skips leiðir til einhvers af eftirfarandi:
   1. dauðsfalls eða alvarlegra meiðsla á manni;
   2. maður fellur fyrir borð;
   3. skip ferst, ætla má að skip hafi farist eða verið yfirgefið;
   4. skemmdir verða á skipi;
   5. skip strandar eða verður ófært til siglinga eða skip lendir í árekstri;
   6. skemmdir verða í tengslum við útgerð skips á utanáliggjandi búnaði/virki skips sem gæti sett öryggi skipsins í hættu eða annað skip eða einstakling;
   7. mikil umhverfisspjöll verða eða mögulega alvarleg umhverfisspjöll sem gætu hlotist af tjóni skips eða skipa.

Undir sjóslys falla ekki athafnir sem með beinum ásetningi eða athafnaleysi er ætlað að skaða öryggi skips, einstaklinga eða umhverfið.

n. *Stjórnandi rannsóknar:* Sá sem ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og stjórn einstakrar rannsóknar auk þess að taka þátt í rannsókninni.

o. *Tillögur um úrbætur:* Tillögur í öryggisátt frá rannsóknarnefnd samgönguslysa, byggðar á upplýsingum úr tiltekinni rannsókn og settar fram í því skyni að koma í veg fyrir samgönguslys og samgönguatvik.

p. *Trúnaðarfulltrúi:* Maður sem á grundvelli menntunar og hæfis er tilnefndur af ríki til að taka þátt í rannsókn sem framkvæmd er af öðru ríki.

q. *Umferðarslys:* Þar sem a.m.k. eitt ökutæki á hreyfingu á aðild að slysi á opinberum vegi, einkavegi eða svæði sem opið er almennri umferð.

II. KAFLI
Um rannsóknarnefnd samgönguslysa.

4. gr.
Rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Rannsóknir samgönguslysa og samgönguatvika skulu vera í höndum rannsóknarnefndar samgönguslysa sem annast rannsókn á einstökum slysa- og atvikaflokkum eftir því sem nánar greinir í lögum þessum.

Rannsóknarnefndin skal ákveða sjálf hvenær efni eru til rannsóknar samgönguslysa og samgönguatvika samkvæmt lögum þessum.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal við rannsóknir sínar starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum, öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa heyrir undir innanríkisráðherra.

Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í sakamálum og skal ekki leitast við að skipta sök eða ábyrgð.

Þegar slys sem rannsóknarnefnd rannsakar verður tilefni rannsóknar að hætti laga um meðferð sakamála er rannsóknarnefnd heimilt að veita lögreglu almennar upplýsingar um rannsókn vettvangs ef við á, að undanskildum þeim sem kveðið er á um í 27. gr. Rannsóknarnefndinni er einnig heimilt að veita lögreglu aðstoð við úrlausn tæknilegra álitaefna.

5. gr.
Nefndarmenn.

Ráðherra skipar sjö menn í rannsóknarnefnd samgönguslysa til fimm ára í senn auk sex varamanna. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar og annan staðgengil hans. Formaður ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar, þ.m.t. fjárreiðum hennar, og gætir þess að starfsemi nefndarinnar sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma. Formaður ræður annað starfsfólk til nefndarinnar.

Að minnsta kosti þrír nefndarmenn skulu taka þátt í meðferð hvers máls sem til rannsóknar er.

Nefndarmenn rannsóknarnefndar skulu hafa menntun eða starfsreynslu á sviði sem nýtist við rannsóknir samgönguslysa.

6. gr.
Stjórnandi rannsóknar.

Stjórnandi rannsóknar stýrir rannsóknum einstakra slysa og atvika í umboði og á ábyrgð rannsóknarnefndar samgönguslysa. Stjórnandi rannsóknar tekur þátt í rannsókn einstakra

slysa og skal hafa sérmenntun og starfsreynslu sem nýtist við rannsóknir á sviði samgönguslysa.

7. gr.
Um hæfi.

Formaður rannsóknarnefndar samgönguslysa, rannsóknarstjórar og stjórnendur rannsókna mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga er starfa í samgöngurekstri á hlutaðeigandi sviðum eða vera í slíkum hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

8. gr.
Kostnaður.

Kostnaður við starfsemi rannsóknarnefndar samgönguslysa greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.
Þagnarskylda, nafnleynd.

Formaður og nefndarmenn rannsóknarnefndar samgönguslysa sem og starfsmenn nefndarinnar, auk annarra sem starfa í hennar þágu, skulu virða þagnarskyldu um þau atvik sem þeim verða kunn vegna starfa sinna. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og/eða almannahagsmuna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Við meðferð mála hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa skal gæta nafnleyndar þeirra sem tengjast slysi, þ.m.t. í lokaskýrslum.

10. gr.
Framsal rannsóknar.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa er heimilt að fela öðru ríki að annast rannsókn samgönguslyss og samgönguatviks að hluta til eða öllu leyti.

III. KAFLI
Rannsókn flugslysa.

11. gr.
Lögsaga við rannsókn flugslysa.

Lögsaga rannsóknarnefndar samgönguslysa við rannsókn flugslysa og alvarlegra flugatvika tekur til íslensks yfirráðasvæðis og þess svæðis sem Íslandi hefur verið falið að veita þjónustu á að því er varðar flugslys, alvarleg flugatvik og flugumferðaratvik í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar.

Nefndin skal m.a. rannsaka:

a. flugslys þar sem borgaralega skráð loftfar á hlut að máli og sem verða á eða yfir íslensku yfirráðasvæði;
b. flugslys þar sem loftfar skráð á Íslandi á hlut að máli og verða utan yfirráðasvæðis annarra ríkja eða á svæði þar sem viðkomandi ríki hefur ekki skuldbundið sig til að framkvæma rannsóknina;
c. flugslys, þar sem loftfar skráð á Íslandi á hlut að máli og verður utan íslensks yfirráðasvæðis, svo sem þegar ekki er vitað um staðsetningu flugslyss eða til að veita viðeigandi aðstoð við rannsókn annars ríkis. Haft skal samráð við erlend ríki þegar það á við;

d. flugumferðaratvik sem verða á eða yfir því svæði sem Íslandi eða veitanda flugleiðsöguþjónustu hefur verið falið að veita flugleiðsöguþjónustu á, utan íslensks yfirráðasvæðis, og skráningarríki loftfars hlutast ekki til um rannsókn.

12. gr.

Tilkynningarskylda vegna flugslysa.

Verði flugslys eða alvarlegt flugatvik samkvæmt lögum þessum ber sérhverjum sem um það veit að tilkynna það rannsóknarnefnd samgönguslysa án ástæðulauss dráttar eða ganga úr skugga um að nefndin hafi fengið vitneskju um slysið.

Sérstaka skyldu í þessu tilliti hafa:

a. Stjórnendur og eigendur eða umráðamenn loftfara.
b. Flugmálastjórn Íslands, flugrekendur, lögregla, rekstraraðilar flugvalla og veitendur flugleiðsöguþjónustu.
c. Opinberar stofnanir á sviði eftirlits með flugsamgöngum, Sjúkratryggingastofnun og tryggingafélög með starfsstöðvar hér á landi, auk annarra sem hafa fengið vitneskju um flugslys eða alvarlegt flugatvik.

Sama gildir um hvern þann sem finnur loftfar eða aðra hluti við aðstæður er benda til þess að flugslys eða alvarlegt flugatvik hafi orðið.

13. gr.

Tilkynningar til erlendra ríkja og aðila.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal tilkynna eins fljótt og verða má um flugslys eða alvarlegt flugatvik sem henni hefur orðið kunnugt um í samræmi við alþjóðaskuldbindingar.

Þegar tekið er til rannsóknar flugslys eða alvarlegt flugatvik sem varðar loftfar skráð hér á landi skal nefndin tilkynna slíkt í samræmi við alþjóðaskuldbindingar.

Berist rannsóknarnefnd tilkynning erlends ríkis um flugslys eða alvarlegt flugatvik skal hún þegar í stað hlutast til um að viðeigandi upplýsingar er varða loftfar skráð hér á landi berist til þess ríkis þar sem slysið eða atvikið átti sér stað. Tilkynna þarf erlendu ríki sem annast rannsókn á slysi er varðar loftfar skráð á Íslandi hvort rannsóknarnefndin muni skipa fulltrúa og ráðgjafa við rannsóknina.

14. gr.

Þátttaka erlendra ríkja í rannsókn máls.

Heimilt er rannsóknarnefnd samgönguslysa að veita yfirvöldum í ríki þar sem:

a. loftfar er skráð;
b. flugrekstrarleyfi viðkomandi flugrekanda er útgefið;
c. loftfar er hannað;
d. loftfar er framleitt;

rétt til að tilnefna trúnaðarfulltrúa, einn eða fleiri, til þátttöku í rannsókn máls. Skal slíkum fulltrúa heimill aðgangur að rannsókn, vettvangi, rannsóknargögnum og upplýsingum og gefinn kostur á að koma á framfæri tillögum í þágu rannsóknar. Jafnframt skal veita rétt til að kalla til ráðgjafa, einn eða fleiri, til aðstoðar trúnaðarfulltrúanum.

Ákveði skráningarríki eða ríki sem gefur út flugrekstrarleyfi flugrekanda að tilnefna ekki fulltrúa er rannsóknarnefndinni heimilt að bjóða viðkomandi flugrekanda að taka þátt í rannsókninni.

Ákveði ríki þess sem hannar loftfarið og ríki framleiðanda að taka ekki þátt í rannsókninni er rannsóknarnefndinni heimilt að bjóða viðkomandi aðila sem annaðist tegundarvottun, hönnun loftfarsins og/eða framleiðslu þess að taka þátt í rannsókninni.

Telji rannsóknarnefnd það vera rannsókn til framdráttar skal henni heimilt að bjóða einnig hönnuðum eða framleiðendum íhlutar þátttöku í rannsókn máls.

Öðrum ríkjum sem samkvæmt beiðni rannsóknarnefndar veita upplýsingar, aðstöðu eða sérfræðiþekkingu í þágu rannsóknar máls skal heimilt að tilnefna þar til bæran fulltrúa til þátttöku í rannsókn máls. Rannsóknarnefndinni skal heimilt að takmarka upplýsingagjöf og þátttöku við þau málefni sem aðstoð lýtur að.

Fulltrúar erlendra ríkja skulu bundnir þagnarskyldu um framgang og niðurstöður rannsóknar nema rannsóknarnefnd leysi þá undan slíkri þagnarskyldu sérstaklega.

Erlendum ríkjum sem hafa sérstakan áhuga á rannsókn máls þar sem ríkisborgarar þess hafa látist eða slasast alvarlega í slysi er rannsókn lýtur að skal heimilt að tilnefna þar til bæran fulltrúa til að heimsækja vettvang, fá aðgang að grunnupplýsingum, taka þátt í að bera kennsl á þá látnu, taka skýrslur af ríkisborgurum sínum sem eftir lifa og fá eintak af lokaskýrslu nefndarinnar. Sé stór hluti farþega sem slasast alvarlega eða lætur lífið erlendir ríkisborgarar skal rannsóknarnefnd heimilt að bjóða því ríki eða ríkjum þátttöku í rannsókn máls.

IV. KAFLI
Rannsókn sjóslysa.

15. gr.
Lögsaga við rannsókn sjóslysa.

Lögsaga rannsóknarnefndar við rannsókn sjóslysa og sjóatvika tekur til allra íslenskra skipa, svo og allra erlendra skipa í siglingum að og frá Íslandi þegar sjóslys eða sjóatvik varðar íslenska hagsmuni. Nefndinni er heimilt að rannsaka önnur slys eða atvik sem verða á erlendum skipum er koma til landsins eða í íslenska efnahagslögsögu ef nefndin telur ástæðu til þess eða þess er óskað af skrásetningarríki.

Nefndin skal m.a. rannsaka:

a. sjóslys þar sem skráð skip á hlut að máli og sem verða á íslensku yfirráðasvæði;
b. sjóslys þar sem skip skráð á Íslandi á hlut að máli, hvar sem það er statt í heiminum;
c. slys og önnur atvik til sjós og á vötnum sem verða á óskráðum skipum, þ.m.t. skipum undir 6 metrum að lengd;
d. slys við köfun í atvinnuskyni við strendur Íslands.

16. gr.
Tilkynningarskylda vegna sjóslysa.

Verði sjóslys eða sjóatvik samkvæmt lögum þessum ber sérhverjum sem um það veit að tilkynna það rannsóknarnefnd samgönguslysa án ástæðulauss dráttar eða ganga úr skugga um að nefndin hafi fengið vitneskju um slysið.

Sérstaka skyldu í þessu tilliti hafa:

a. Stjórnendur og eigendur eða útgerðarmenn skipa.
b. Landhelgisgæsla Íslands, lögregla, rekstraraðilar hafna, Tollstjóri og Vaktstöð siglinga.
c. Opinberar stofnanir á sviði eftirlits með skipasamgöngum, Sjúkratryggingastofnun og tryggingafélög með starfsstöðvar hér á landi, auk annarra sem hafa fengið vitneskju um slys eða atvik.

Sama gildir um hvern þann sem finnur skip eða aðra hluti við aðstæður er benda til þess að sjóslys eða sjóatvik hafi orðið.

17. gr.

Tilkynningar til erlendra ríkja og aðila.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal tilkynna eins fljótt og verða má um sjóslys eða alvarlegt sjóatvik sem verður innan íslenskrar landhelgi og/eða innan efnahagslögsögu Íslands til hlutaðeigandi ríkis þar sem skip er skráð og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Berist rannsóknarnefnd tilkynning erlends ríkis um sjóslys eða alvarlegt sjóatvik skal hún þegar í stað hlutast til um að viðeigandi upplýsingar er varða skip skráð hér á landi berist til þess ríkis þar sem slysið eða atvikið átti sér stað.

18. gr.

Þátttaka erlendra ríkja í rannsókn máls.

Heimilt er rannsóknarnefnd samgönguslysa að veita yfirvöldum í ríki þar sem skip er skráð rétt til að tilnefna trúnaðarfulltrúa, einn eða fleiri, til þátttöku í rannsókn máls. Skal slíkum fulltrúa heimill aðgangur að rannsókn, vettvangi, rannsóknargögnum og upplýsingum og gefinn kostur á að koma á framfæri tillögum í þágu rannsóknar. Jafnframt skal veita rétt til að kalla til ráðgjafa, einn eða fleiri, til aðstoðar trúnaðarfulltrúanum.

Fulltrúar erlendra ríkja skulu bundnir þagnarskyldu um framgang og niðurstöður rannsóknar nema rannsóknarnefnd leysi þá undan slíkri þagnarskyldu sérstaklega.

Erlendum ríkjum sem hafa sérstakan áhuga á rannsókn máls þar sem ríkisborgarar þess hafa látist eða slasast alvarlega í slysi er rannsókn lýtur að skal heimilt að tilnefna þar til bæran fulltrúa til að heimsækja vettvang, fá aðgang að grunnupplýsingum, taka þátt í að bera kennsl á þá látnu, taka skýrslur af ríkisborgurum sínum sem eftir lifa og fá eintak af lokaskýrslu nefndarinnar. Sé stór hluti farþega sem slasast alvarlega eða lætur lífið erlendir ríkisborgarar skal rannsóknarnefnd heimilt að bjóða því ríki eða ríkjum þátttöku í rannsókn máls.

V. KAFLI

Rannsókn umferðarslysa.

19. gr.

Lögsaga við rannsókn umferðarslysa.

Lögsaga við rannsókn umferðarslysa tekur til rannsóknar umferðarslysa og alvarlegra umferðaratvika á Íslandi.

20. gr.

Tilkynningarskylda vegna umferðarslysa.

Verði umferðarslys samkvæmt lögum þessum, skal vaktstöð samræmdrar neyðarsímsvörunar eða lögreglan svo fljótt sem verða má koma boðum um umferðarslysið til rannsóknarnefndar samgönguslysa. Stjórnandi rannsóknar skal tilkynna vaktstöð eða lögreglu svo fljótt sem kostur er hvort hann hyggist koma á vettvang slyssins.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði um málsmeðferð o.fl.

21. gr.
Vettvangur slyss.

Á vettvangi samgönguslyss má hvorki hreyfa eða flytja á brott loftfar, skip eða ökutæki, hluta þess og innihald né hrófla við ummerkjum slyssins uns vettvangsrannsókn er lokið nema með heimild rannsóknarnefndar. Án slíkrar heimildar má þó hreyfa eða flytja á brott loftfar, skip eða ökutæki, hluta þess eða innihald, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt reynist til að bjarga mönnum og verðmætum og til að afstýra spjöllum af eldi eða öðrum orsökum eða koma í veg fyrir að loftfar, skip og ökutæki, hluti þess eða innihald valdi háska.

Verði sjóslys á hafi úti eða þar sem eigi verður komist hjá því að breyta vettvangi áður en vettvangsrannsókn fer fram er skipstjóra, öðrum skipstjórnarmönnum eða þeim sem fara með stjórn á vettvangi skylt að gera ítarlega skýrslu um vettvang, tildrög slyss og hverjir voru á vettvangi við störf eða annað. Skipstjórnarmönnum eða öðrum sem fara með stjórn á vettvangi er skylt að taka til varðveislu hvers konar hluti sem bila.

Í þeim tilvikum þegar viðgerð á tæki úti á sjó er óumflýjanleg er skipstjóra eða öðrum skipstjórnarmönnum skylt að sjá um að ítarleg skýrsla sé gerð um bilunina og viðgerðina og að allir hlutir sem taka þarf burt og setja nýja í staðinn séu varðveittir. Slíkar skýrslur, svo og allir hlutir sem skylt er að taka til varðveislu um borð í skipi í sambandi við slys, skulu afhentar rannsóknarnefnd við komu til hafnar.

22. gr.
Vettvangsrannsókn.

Við vettvangsrannsókn á vegum rannsóknarnefndar samgönguslysa skal yfirstjórn hennar vera í höndum stjórnanda rannsóknar, í samráði við rannsóknarnefnd eins og unnt er.

Stjórnandi rannsóknar, rannsóknarnefndin og aðrir starfsmenn nefndarinnar skulu hafa óhindraðan aðgang að vettvangi slyss, eins þótt um staði í einkaeign sé að ræða.

Stjórnandi rannsóknar skal hafa rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu og aðra opinbera aðila, svo og björgunar- og hjálparlið.

Stjórnandi rannsóknar skal hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi. Réttur stjórnanda rannsóknar til skýrslutöku nær einnig til þeirra sem fluttir hafa verið af vettvangi eða farið þaðan sjálfir.

Þegar slys eða atvik verður tilefni rannsóknar að hætti laga um meðferð sakamála skal rannsóknarnefndin veita lögreglu upplýsingar og gögn sem varða vettvang og úrlausn tæknilegra álitaefna. Um afhendingu gagna skal fara skv. 27. gr., sbr. þó 28. gr.

23. gr.
Vörslutaka muna.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa er heimilt að taka til vörslu eða halda loftfari, skipi eða ökutæki eða hluta þeirra, búnaði og öðru sem ætla má að geti haft þýðingu við rannsókn.

Rannsóknarnefnd skal svo fljótt sem verða má og að teknu tilliti til rannsóknarhagsmuna sinna láta af hendi það sem tekið hefur verið til vörslu eða haldið skv. 1. mgr.

Hafi lögregla tekið muni til vörslu eða lagt hald á þá samkvæmt lögum um meðferð sakamála, sem þýðingu geta haft við rannsókn rannsóknarnefndar, er heimilt að krefjast þess að þeir verði ekki afhentir eiganda eða öðrum lögmætum rétthafa nema að höfðu samráði við stjórnanda rannsóknar.

24. gr.

Varðveisla rannsóknargagna.

Vernda skal sönnunargögn á vettvangi eins og mögulegt er með tilliti til aðstæðna hverju sinni. Ljósmynda skal eða varðveita með öðrum hætti þau sönnunargögn sem kunna að vera hverful, verða fjarlægð, týnast eða eyðileggjast.

Varðveita skal tryggilega þau gögn sem tekin eru í vörslu nefndarinnar svo að þau spillist ekki eða skemmist og hindra óviðkomandi aðgang að þeim sem og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir þjófnað.

25. gr.

Skýrslutökur, gagnaöflun.

Aðila máls, fyrirsvarsmanni hans og öðrum þeim sem rannsóknarnefnd samgönguslysa telur nauðsynlegt að gefi skýrslu til að upplýsa mál sem er til meðferðar er skylt að koma fyrir nefndina til að svara spurningum sem til þeirra er beint, í samræmi við ákvæði laga þessara.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa er heimilt að taka skýrslur, og hljóð- og myndrita þær, af eiganda, notanda eða umráðanda loftfars, skips eða ökutækis, stjórnanda þess, áhöfn og farþegum, flugrekendum og starfsmönnum flugleiðsöguþjónustu, flugvalla, hafna og umferðarmannvirkja og eftirlitsyfirvalda, svo og hverjum öðrum sem ætla má að búi yfir vitneskju er stuðlað geti að því að leiða í ljós orsök slyss og önnur þau atriði sem nefndin telur nauðsynlegt að varpa ljósi á.

Rannsóknarnefnd getur leitað aðstoðar rannsóknarstofnana, innlendra eða erlendra, ásamt því að kalla til starfa með nefndinni sérfræðinga á tilteknum sviðum telji hún tilefni til.

26. gr.

Upplýsingaöflun.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa getur krafist framlagningar gagna og upplýsinga, þ.m.t. frá stofnunum sem hafa eftirlit með samgöngum, lögreglu, tryggingafélögum, læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki, svo og þeim sem starfrækja flugleiðsöguþjónustu, flugvelli, hafnir og samgöngumannvirki, flugrekendum eða öðrum, eftir því sem nauðsyn þykir við rannsókn einstakra mála. Er nefndinni m.a. heimilt að krefjast þess að fá í sína vörslu upptökur, þ.m.t. upptökur fjarskipta, skráningar, bækur og önnur gögn er varða loftför, skip og ökutæki, stjórnendur og áhafnir þeirra og umferð loftfara, skipa og ökutækja. Er framangreindum aðilum skylt að láta nefndinni slíkar upplýsingar í té.

Rannsóknarnefndinni er heimilt að taka án tafar í sína vörslu flugrita loftfars, siglingarita skips og ökurita ökutækis og annast aflestur gagna og upplýsinga úr þeim.

Við aflestur og afritun samskipta sem fram koma á upptökum og við gerð skýrslna, sbr. 1. og 2. mgr., skal rannsóknarnefnd gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja fyllsta trúnað vegna upplýsinga sem þar koma fram. Afritun skal bundin við atriði sem nefndin telur hafa þýðingu við rannsókn máls en að öðrum kosti skulu aðalatriði úr skýrslum skráð.

Heimild 1. og 2. mgr. nær til persónugreinanlegra upplýsinga, þ.m.t. viðkvæmra persónuupplýsinga á borð við sjúkra- og krufningarskýrslur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur nauðsynlegar í þágu rannsóknar máls.

27. gr.

Takmarkanir á aðgengi að upplýsingum.

Óheimilt er rannsóknarnefnd samgönguslysa að veita aðgang að eftirfarandi gögnum sem nefndin aflar við rannsókn samgönguslyss og samgönguatviks eða upplýsingar um þau, sbr. þó 2.–4. mgr.:

a. upptökum eða endurriti af framburði þeirra sem nefndin yfirheyrir við rannsókn máls;
b. hvers konar skráðum fjarskiptum eða upptökum af fjarskiptum milli þeirra sem tengst hafa samgönguslysi eða samgönguatviki;
c. læknisfræðilegum gögnum og öðrum persónulegum gögnum sem varða þá sem tengst hafa samgönguslysi eða samgönguatviki;
d. upptökum af samskiptum eða skráðum samskiptum sem átt hafa sér stað í stjórnklefa loftfars eða milli flugverja innbyrðis;
e. upptökum af samskiptum og fjarskiptum á vinnustað flugumferðarstjóra eða endurriti af slíkum samskiptum;
f. upptökum af samskiptum á stjórnpalli skipa eða milli skipverja innbyrðis;
g. upptökum af samskiptum stjórnstöðvar/Vaktstöðvar siglinga og fjarskiptum við skip;
h. upptökum af samskiptum vaktstöðvar samræmdrar neyðarsímsvörunar eða lögreglu við fórnarlömb eða tilkynnendur umferðarslysa eða umferðaratvika;
i. hvers konar álitsgerðum sem aflað hefur verið í tengslum við mat á fyrirliggjandi gögnum, þ.m.t. á flugritum loftfara og siglingaritum skipa og ökuritum ökutækja.

Eingöngu skal veita umsagnaraðilum skv. 1. mgr. 33. gr. aðgang að gögnum skv. 1. mgr. að því marki sem rannsóknarnefnd telur nauðsynlegt til að þeir geti veitt umsögn og skal virða nafnleynd þeirra sem tengjast samgönguslysi eða samgönguatviki. Ef veittur er aðgangur að gögnum skv. a-lið og d–h-lið 1. mgr. skal aðgangur eingöngu ná til endurrits af afritun upptaka, sbr. 3. mgr. 26. gr.

Umsagnaraðilar og þeir sem starfa í þeirra þágu skulu virða þagnarskyldu um hvaðeina sem þeim verður kunnugt um vegna aðgangs að gögnum samkvæmt ákvæði þessu. Er umsagnaraðilum óheimilt að veita öðrum en þeim sem starfa í þeirra þágu við að veita umsögn upplýsingar um eða aðgang að slíkum gögnum.

Rannsóknarnefndin skal fella út úr lokaskýrslu beina tilvísun til gagna skv. 1. mgr. nema að því leyti sem nauðsynlegt er talið vegna greiningar á orsökum samgönguslyss og samgönguatviks.

Takmarkanir á aðgangi að upplýsingum og gögnum samkvæmt ákvæði þessu eiga einnig við upplýsingar og gögn sem rannsóknarnefndin fær afhent frá yfirvöldum annarra ríkja sem annast rannsókn samgönguslysa og samgönguatvika. Rannsóknarnefndinni er heimilt að veita rannsóknaryfirvöldum annarra ríkja aðgang að gögnum og upplýsingum samkvæmt ákvæði þessu enda sé það liður í rannsókn viðkomandi yfirvalds.

28. gr.

Dómsúrskurður.

Þrátt fyrir ákvæði 27. gr. er heimilt með dómsúrskurði að mæla fyrir um skyldu rannsóknarnefndar samgönguslysa til að veita aðgang að gögnum skv. b–i-lið 1. mgr. 27. gr. eða upplýsingar um þau ef þeirra verður ekki aflað með öðrum hætti og talið verður að aðgangur að þeim vegi þyngra á metunum en þau neikvæðu áhrif sem slíkur aðgangur gæti haft. Aðgangur að gögnum skv. d–h-lið 1. mgr. 27. gr. skal þó takmarkaður við endurrit af afritum upptaka,

sbr. 3. mgr. 26. gr. Ekki skal afhenda gögn sem geyma framburð aðila og vitna fyrir nefndinni, sbr. a-lið 1. mgr. 27. gr.

29. gr.

Tilkynning til yfirvalda.

Vakni grunur um eða verði leitt í ljós við rannsókn máls að beitt hafi verið ólögmætum aðgerðum gegn flugsamgöngum, siglingum eða umferð skal stjórnandi rannsóknar eins fljótt og verða má upplýsa viðeigandi yfirvöld um rannsókn máls.

30. gr.

Öflun gagna úr flug-, siglinga- og ökuritum til handa erlendum ríkjum.

Nú verður flugslys eða alvarlegt flugatvik utan lögsögu rannsóknarnefndar samgönguslysa, en loftfar sem um ræðir lendir hér á landi, og skal rannsóknarnefndinni þá heimilt að afla gagna úr flugrita eða taka í sína vörslu flugrita loftfars, að fenginni beiðni þar að lútandi frá því ríki sem fer með rannsókn slyssins eða atviksins.

Nú verður sjóslys eða alvarlegt sjóatvik utan lögsögu rannsóknarnefndarinnar, en skip sem um ræðir kemur hér að landi, og skal rannsóknarnefndinni þá heimilt að afla gagna úr siglingarita eða taka í sína vörslu siglingarita skips, að fenginni beiðni þar að lútandi frá því ríki sem fer með rannsókn slyssins eða atviksins.

Nú verður umferðarslys eða alvarlegt umferðaratvik utan lögsögu rannsóknarnefndarinnar, en ökutæki sem um ræðir er flutt hingað til lands, og skal rannsóknarnefndinni þá heimilt að afla gagna úr ökurita eða taka í sína vörslu ökurita ökutækis, að fenginni beiðni þar að lútandi frá því ríki sem fer með rannsókn slyssins eða atviksins.

VII. KAFLI

Skýrslugerð.

31. gr.

Bráðabirgðaskýrsla.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal heimilt að taka saman bráðabirgðaskýrslu um rannsókn samgönguslyss eða alvarlegs samgönguatviks áður en rannsókn máls er lokið til þess að koma upplýsingum á framfæri við yfirvöld og málsaðila.

32. gr.

Lokaskýrsla.

Þegar rannsókn slyss er lokið skal rannsóknarnefnd svo fljótt sem verða má gefa út lokaskýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar. Í lokaskýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyss auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um ráðstafanir til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum eða draga úr afleiðingum þeirra.

Markmiðs slysarannsókna samkvæmt lögum þessum, sbr. 1. gr., skal getið á forsíðu hverrar lokaskýrslu sem rannsóknarnefnd sendir frá sér. Jafnframt skal þess getið að ekki sé með rannsókn leitast við að skipta sök eða ábyrgð, sbr. 5. mgr. 4. gr.

Rannsóknarnefnd er heimilt að gefa út yfirlýsingu um lok rannsóknar eða ljúka rannsókn máls með bókun í stað þess að gefa út lokaskýrslu.

Lokaskýrslu um rannsókn slyss skal að jafnaði gefa út innan árs frá því að slys varð. Ljúki rannsókn ekki innan þessara tímamarka skal þá og eftir það árlega gefa út yfirlýsingu um stöðu rannsóknar.

Birta skal lokaskýrslur á heimasíðu rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Lokaskýrslu má gera á erlendu tungumáli, m.a. ef málsaðili er erlendur.

33. gr.

Umsögn.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa getur gefið þeim aðilum sem að mati nefndarinnar hafa ríkra hagsmuna að gæta kost á að tjá sig um drög að lokaskýrslu innan tilskilins frests, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Rannsóknarnefnd getur kveðið á um að umsagnaraðili skuli bundinn trúnaði um það sem fram kemur í drögum að lokaskýrslu.

34. gr.

Mikilvægar ábendingar.

Rannsóknarnefnd skal á hvaða stigi rannsóknar sem er, ef tilefni er til, vekja athygli viðkomandi aðila á atriðum sem fram hafa komið við rannsókn og mikilvægt er talið að komið sé á framfæri án tafar til að tryggja öryggi.

35. gr.

Tillögur í öryggisátt.

Rannsóknarnefnd skal gera tillögur um úrbætur í öryggismálum eftir því sem rannsókn slyss gefur tilefni til og beina tilmælum til viðeigandi aðila, innlendra sem erlendra, eftir því sem við á. Tillögurnar skal birta opinberlega.

Þeir sem tilmælum er beint til skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra og hrinda í framkvæmd ef við á. Skulu þeir án tafar og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að tilmælin bárust gera nefndinni grein fyrir því hvernig brugðist hafi verið við tilmælunum eða hvers vegna ekki hafi verið brugðist við þeim.

36. gr.

Ársskýrsla.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal gefa út heildarskýrslu um störf sín ár hvert og birta á heimasíðu sinni. Í skýrslunni skal m.a. vera að finna tölfræðilegar samantektir, auk tillagna um öryggisúrbætur.

Jafnframt skal rannsóknarnefndin semja yfirlit um hvernig tillögum hennar skv. 35. gr. hefur verið framfylgt og birta á heimasíðu sinni.

VIII. KAFLI
Endurupptaka mála, sérstakar rannsóknir.

37. gr.

Heimild til endurupptöku.

Rannsóknarnefnd er heimilt að endurupptaka mál þótt rannsókn sé lokið ef fram koma ný og mikilvæg gögn að hennar mati. Ef rannsóknarnefndin hóf ekki rannsóknina skal þó ekki endurupptaka mál fyrr en samþykki þess ríkis sem hóf hana liggur fyrir.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra falið rannsóknarnefndinni að rannsaka nánar tiltekið slys eða atvik eða sérstök atriði sem tengjast slysi eða atviki ef ný gögn eða upplýsingar koma fram eftir að rannsókn er lokið.

Um rannsóknir sem hefjast að beiðni ráðherra fer samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

38. gr.

Sérstakar rannsóknir.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa er heimilt að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni ráðherra að rannsaka atriði sem varða almennt öryggi í samgöngum.

39. gr.

Skráning og greining slysa í samgöngum.

Ráðherra er heimilt að fela rannsóknarnefnd samgönguslysa að annast skráningu og greiningu samgönguslysa og alvarlegra samgönguatvika.

Nú felur ráðherra nefndinni að annast skráningu tiltekins slysaflokks og alvarlegra atvika og skal nefndin þá birta í ársskýrslu sinni upplýsingar um slíka skráningu og greiningu eftir því sem við á.

IX. KAFLI
Reglugerðarheimild, gildistaka o.fl.

40. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um nánari framkvæmd laga þessara þar sem m.a. er kveðið á um:

a. nánari skilgreiningu samgönguslysa og alvarlegra samgönguatvika, flugslysa og alvarlegra flugatvika, sjóslysa og alvarlegra sjóatvika, umferðarslysa og alvarlegra umferðaratvika skv. 3. gr.;
b. skilyrði, tilkynningu og tilhögun framsals rannsóknar að hluta eða öllu leyti skv. 10. gr.;
c. tilkynningu um slys til erlendra aðila skv. 13. og 17. gr. og fyrirkomulag við gerð slíkra tilkynninga, efni þeirra, innihald og móttöku og meðferð samsvarandi tilkynninga frá erlendum aðilum;
d. nánari framkvæmd við rannsókn á vettvangi samgönguslyss skv. 21. og 22. gr., þ.m.t. um skyldu aðila sem fara með stjórn vettvangs til að taka til varðveislu hvers konar hluti og annað sem tengist slysi eða alvarlegu atviki, að leggja bann við notkun búnaðar sem tengist slysi eða alvarlegu atviki fyrr en rannsókn á honum hefur farið fram; skyldu aðila til að gera skýrslu um slys eða atvik í þeim tilvikum þar sem viðgerð á hlut er óumflýjanleg áður en rannsókn getur átt sér stað; skyldu til að varðveita alla hluti sem skipta þarf út fyrir nýja og skyldu aðila til að skrá slys eða atvik og afhenda rannsóknarnefnd skýrslu sína;
e. nánari tilhögun um aðgengi innlendra og erlendra aðila að rannsóknargögnum, rannsókn máls, þar á meðal um samráð við erlenda rannsóknaraðila við gerð áfangaskýrslu og lokaskýrslu;
f. framkvæmd rannsókna og verklag, þar á meðal um meðferð, rannsókn og vörslu málsgagna og gerð verklagsreglna við framkvæmd rannsóknar;
g. rekstur rannsóknarnefndar samgönguslysa, samskipti við aðra rannsóknaraðila, persónu-

skilríki með upplýsingum um réttarstöðu nefndarmanna, rannsóknarstjóra og annarra starfsmanna og heimildir þeirra í störfum;
h. nauðsynlegan útbúnað og aðstöðu;
i. þjálfunaráætlun nefndarmanna og stjórnendur rannsókna;
j. efni og form bráðabirgðaskýrslu og lokaskýrslu rannsóknarnefndarinnar, útgáfu, birtingu og dreifingu bráðabirgðaskýrslu og lokaskýrslu rannsóknarnefndarinnar og tilmæla í öryggisátt;
k. skráningu og greiningu samgönguslysa og samgönguatvika.

41. gr.
Refsiheimild.

Hver sá sem hindrar starfsmenn eða nefndarmenn rannsóknarnefndar samgönguslysa við rannsóknarstörf sín skal sæta sektum.

Hver sá sem upplýsir um innihald þeirra gagna sem fjallað er um í 27. gr. skal sæta sektum.

Brot gegn ákvæðum 12., 16. og 20. gr. varða sektum.

42. gr.
Innleiðing.

Með lögum þessum eru innleidd ákvæði tilskipunar ráðsins 94/56/EB frá 21. nóvember 1994 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum og óhöppum í almenningsflugi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/95, eins og hún birtist í EES-viðbæti nr. 43, 1995, bls. 63, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

43. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 2011. Frá sama tíma falla úr gildi lög um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum, lög um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, með síðari breytingum, og lög nr. 24/2005, um rannsóknarnefnd umferðarslysa, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipunartíma rannsóknarnefndar sjó-, flug- og umferðarslysa, sbr. lög nr. 68/2000, 35/2004 og 24/2005, lýkur við gildistöku laga þessara.

Forstöðumönnum rannsóknarnefndar sjó-, flug- og umferðarslysa skal boðið starf rannsóknarstjóra hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa þar til núverandi skipunartíma lýkur. Um störf þeirra og endurskipun fer að öðru leyti í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öðrum starfsmönnum nefndanna skal boðið starf hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta felur í sér sameiningu laga um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum, laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, með síðari breytingum, og laga nr. 24/2005, um rannsóknarnefnd umferðarslysa, í heildstæða löggjöf um slysarannsóknir í sam-

göngum. Gert er ráð fyrir að nefndirnar verði sameinaðar í eina sjö manna rannsóknarnefnd samgönguslysa sem heyri undir innanríkisráðherra.

Í júní 2007 kom samgönguráðherra á fót starfshópi með þátttöku forstöðumanna rannsóknarnefndanna til að vinna að þessu verkefni og var Andri Árnason hæstaréttarlögmaður ráðinn til að vinna með starfshópnum og semja drög að frumvarpi. Starfshópurinn leitaði víða fanga í upplýsingaöflun og var m.a. gerð greining á fyrirkomulagi samgöngurannsókna í nokkrum löndum, þar á meðal á Norðurlöndunum, í Bretlandi, Bandaríkjunum og Kanada. Sem dæmi má nefna að í Noregi er sameiginleg flugslysa-, lestarslysa-, sjóslysa- og umferðarslysanefnd, í Svíþjóð og Finnlandi eru sameiginlegar flugslysa-, lestarslysa- og sjóslysanefndir og í Danmörku er sameiginleg flugslysa- og lestarslysanefnd. Það fyrirkomulag sem lagt er til í þessu frumvarpi á sér því fordæmi annars staðar á Norðurlöndum.

Í upphafi árs 2009 voru frumvarpsdrögin endurskoðuð í samgönguráðuneytinu. Nokkuð var bætt við af ákvæðum að teknu tilliti til þjóðréttarlegra skuldbindinga og uppsetningu og kaflaskiptingu eldri draga frumvarpsins breytt með það fyrir augum að gefa frumvarpinu heildstæðara yfirbragð. Var frumvarpið í tvígang sett í umsagnarferli og er frumvarpið afrakstur framangreindrar vinnu. Nánar er fjallað um umsagnarferli frumvarpsins í hluta IV.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010 en var ekki afgreitt og er því lagt fyrir Alþingi að nýju.

II.

Markmið frumvarpsins er að auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir á Íslandi. Rannsóknir nefndarinnar skulu eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika en ekki að skipta sök eða ábyrgð. Nefndinni er ekki ætlað að rannsaka meinta refsiverða háttsemi í tengslum við samgönguslys en um slíkar rannsóknir fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála og er alls óháð rannsóknum nefndarinnar samkvæmt frumvarpi þessu.

Með sameiningu núverandi rannsóknarnefnda flugslysa, umferðarslysa og sjóslysa í eina rannsóknarnefnd verður unnt að koma þekkingu og starfskröftum sem þegar eru í hverri nefnd fyrir sig í eina sterka og öfluga sameinaða nefnd. Á þennan hátt verður unnt að efla og samnýta enn frekar þá fagþekkingu sem mikilvægt er að viðhalda í slíkum nefndum og gera nefndarmönnum kleift að nýta sér færni úr mismunandi rannsóknarflokkum til að styrkja frekari rannsóknir á sviðinu í heild. Gert er ráð fyrir að rannsóknarstjórar hafi yfirumsjón með hverjum flokki slysarannsókna fyrir sig og að rannsókn einstakra slysa verði hjá stjórnanda rannsóknar sem hefur sérþekkingu á viðkomandi sviði.

Til að tryggja að sú þekking sem til staðar er í núverandi rannsóknarnefndum glatist ekki sem og að sem minnst rót verði á þeirri rannsóknarstarfsemi sem færist undir hina nýju rannsóknarnefnd er í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins kveðið á um að forstöðumönnum núverandi rannsóknarnefnda verði boðið starf rannsóknarstjóra hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa og jafnframt skuli öðrum starfsmönnum nefndanna boðið starf hjá hinni nýju nefnd.

Í sameiningunni felst einnig rekstrarleg hagræðing og mun heildarfjöldi nefndarmanna minnka en nú eru í rannsóknarnefnd flugslysa þrír nefndarmenn, fimm í rannsóknarnefnd sjóslysa og þrír í rannsóknarnefnd umferðarslysa auk sama fjölda varamanna.

Við samningu frumvarpsins var lögð áhersla á að stuðla að einfaldri umgjörð og aðgengilegri uppbyggingu lagatextans um hina nýju rannsóknarnefnd. Byggt var í meginatriðum á þeim grunni sem þegar hafði verið skapaður í eldri löggjöf og sátt hefur ríkt um. Stjórnsýsluþættir laganna eru sameinaðir og leitast er við að fella saman sams konar ákvæði í lagabálk-

unum þremur þar sem þess er kostur. Í sérstökum kafla frumvarpsins er kveðið á um málsmeðferð o.fl., þ.m.t. vettvangsrannsókn, vörslutöku muna, skýrslutökur og gagnaöflun. Þessi ákvæði eiga það sammerkt að eiga við hvert rannsóknarsvið og því er til einföldunar og hagræðis að hafa sameiginleg ákvæði sem taka til allra rannsóknarþáttanna, í stað sérstakra ákvæða í einstökum köflum laganna um hvert rannsóknarsvið fyrir sig.

Í frumvarpinu er leitast við að innleiða alþjóðlegar kröfur og tilmæli er varða rannsóknir samgönguslysa. Í ákvæðum er varða rannsókn flugslysa og alvarlegra flugatvika er til að mynda leitast við að fullnægja kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í viðauka 13 við Chicago-samninginn um borgaralegt almenningsflug[1] auk tilskipunar ráðsins 94/56/EB um rannsóknir flugslysa. Í ákvæðum er varða rannsóknir sjóslysa og sjóatvika er leitast við að innleiða í frekari mæli en áður hefur þekkst alþjóðlegan kóða um rannsóknir sjóslysa og alvarlegra sjóatvika sem samþykktur var á þingi Alþjóðasiglingastofnunarinnar árið 2008.[2]

III.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

a. Í I. kafla er að finna almenn ákvæði um gildissvið og markmið. Gildissviðið er rannsókn samgönguslysa og samgönguatvika er heyra undir hina nýju sameinuðu rannsóknarnefnd sem lagt er til að sett verði á laggirnar með þessu frumvarpi. Nýmæli er ákvæði um orðskýringar sem settar eru fram til hægðarauka og skýringa. Markmið rannsókna er óbreytt frá gildandi lögum um nefndirnar.
b. Í II. kafla er fjallað um rannsóknarnefnd samgönguslysa, stjórnanda rannsóknar, þar á meðal skipulag, hæfi, ábyrgð og umsýslu. Ráðgert er að rannsóknarnefnd samgönguslysa annist rannsóknir og heyri beint undir innanríkisráðherra. Nefndin lýtur stjórn formanns sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Formaður ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar, þar á meðal fjárreiðum hennar, og gætir þess að reksturinn sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Rannsóknir samgönguslysa eru í höndum rannsóknarnefndar samgönguslysa sem annast rannsókn á einstökum slysaflokkum. Rannsóknarstjóri hefur yfirumsjón með tilteknum flokki slysarannsókna og stjórnandi rannsóknar stýrir einstökum rannsóknarverkefnum í umboði og á ábyrgð nefndarinnar. Þrír nefndarmenn taka þátt í rannsókn hvers máls auk viðkomandi stjórnanda rannsóknar. Rannsóknarnefndin skal starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum.
c. Í III.–V. kafla er að finna ákvæði sem snúa sérstaklega að hverjum slysaflokk fyrir sig. Ýmis nýmæli eru í köflunum sem rekja má til þjóðréttarlegra skuldbindinga sem innleiddar eru. Meðal slíkra nýmæla eru ákvæði er lúta að tilkynningum til erlendra stjórnvalda í kjölfar slyss, ákvæði um þátttöku erlendra ríkja í rannsókn máls og ákvæði um lögsögu er varðar rannsókn sjóslysa.
d. Í VI. kafla frumvarpsins er kveðið á um málsmeðferð o.fl. Ýmis nýmæli eru í kaflanum sem tilkomin eru vegna alþjóðlegra skuldbindinga svo sem ákvæði um varðveislu rannsóknargagna, ákvæði um tilkynningu til yfirvalda, komi upp grunur um að beitt hafi verið ólögmætum aðgerðum gegn öryggi samgangna, og ákvæði um öflun flugrita úr erlendu loftfari sem lendir hér á landi.

---

[1] Chicago-samningurinn: Samningur um alþjóðaflugmál (Convention on International Civil Aviation), undirritaður í Chicago 7. desember 1944.

[2] Code of the International Standards and Recommended Practices for Safety Investigation into Marine Casualty or Marine Incident (Casualty Investigation Code).

e. Í VII. kafla frumvarpsins er að finna sameiginleg ákvæði um skýrslugerð rannsóknarnefndarinnar, bæði bráðabirgðaskýrslur og lokaskýrslur rannsóknar, auk ákvæðis um gerð ársskýrslu nefndarinnar.
f. Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um heimildir til endurupptöku máls og sérstakar rannsóknir. Þá er nýmæli ákvæði er fjallar um heimild ráðherra til að fela rannsóknarnefndinni að annast skráningu samgönguslysa og alvarlegra samgönguatvika.
g. IX. kafli frumvarpsins kveður á um reglugerðarheimildir, refsiákvæði og gildistökuákvæði.

IV.

Frumvarpið var sent til umsagnar hagsmunaaðila og birt á heimasíðu ráðuneytisins seint í febrúar 2009. Bárust ráðuneytinu um tuttugu umsagnir, m.a. frá Flugmálastjórn, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, Icelandair, Umferðarstofu, Vegagerðinni, ríkislögreglustjóra og Samtökum verslunar og þjónustu. Komu fram fjölmargar góðar athugasemdir sem tekið var tillit til og frumvarpinu m.a. breytt í samræmi við þær. Í framhaldi af því var frumvarpið aftur birt á heimasíðu ráðuneytisins og gafst hagsmunaaðilum aftur tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri vegna þeirra breytinga sem orðið höfðu á frumvarpinu. Bárust ráðuneytinu aftur allnokkrar athugasemdir og var tillit tekið til margra þeirra.

Sem dæmi um breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu vegna athugasemda frá hagsmunaaðilum voru nýmæli tengd skýrslutökum og upplýsingaöflun. Var í upphaflegu drögunum að frumvarpinu lagt til að rannsóknarnefnd samgönguslysa fengi sjálfstæðar heimildir m.a. til að krefjast læknisskoðunar og lífsýnatöku á stjórnendum og áhöfn loftfars, skipa, ökutækja og farþegum og öðrum sem tengjast samgönguslysi eða alvarlegu samgönguatviki. Var kveðið á um skyldu framangreindra aðila til að undirgangast slíkar skoðanir og nefndinni heimilt að krefjast aðstoðar lögreglu við framkvæmd rannsóknanna. Einnig var að finna heimild fyrir nefndina til að krefjast þess að synjaði aðili skýrslugjafar fyrir nefndinni væri henni heimilt að krefjast þess að skýrslutakan færi fram hjá lögreglu eða fyrir dómi. Kom fram töluverð óánægja með þessar heimildir, aðallega hjá umsagnaraðilum tengdum flugsamgöngum. Þóttu ákvæðin ekki samræmast markmiðum rannsókna nefndarinnar sem eingöngu skulu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika en ekki skipta sök eða ábyrgð. Var fallist á þessi rök og heimildirnar felldar úr frumvarpsdrögunum.

Einnig komu fram eindregin tilmæli um að ákvæði 5. mgr. 4. gr., þar sem segir að skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skuli ekki beitt sem sönnunargögnum í sakamálum, yrði breytt þannig að einnig yrði óheimilt að beita skýrslunum fyrir dómstólum í einkamálum. Var því meðal annars haldið fram að slíkt væri nauðsynlegt til að fá allar upplýsingar fram og að engin hætta væri á að þær yrðu notaðar gegn aðilum í dómsmálum. Voru þessi tilmæli vandlega skoðuð en niðurstaðan varð sú að í ljósi meginreglu íslensks réttarfars um frjálst sönnunarmat dómara gæti löggjafinn ekki takmarkað vald dómstóla með almennri löggjöf sem þessari. Hins vegar er rík áhersla lögð á það að skýrslur nefndarinnar skuli ekki notaðar sem sönnunargögn í sakamálum.

Eins og áður segir var tekið tillit til fjölmargra annarra athugasemda sem bárust og höfðu þær mótandi áhrif á innihald frumvarpsins.

Við undirbúning endurframlagningar frumvarpsins var farið yfir athugasemdir sem samgöngunefnd Alþingis bárust við meðferð málsins á síðasta þingi. Þar bar hæst áhyggjur ýmissa hagsmunaaðila af því að ekki yrði næg sérfræðiþekking innan fimm manna nefndar þar sem um þrjá slysaflokka væri að ræða. Af þeirri ástæðu hefur frumvarpinu verið breytt

þannig að nefndarmönnum hefur verið fjölgað um tvo. Með því verður tryggt að í nefndinni geti verið fullnægjandi sérfræðiþekking á öllum þremur slysasviðunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er sama efnis og í gildandi lögum um rannsóknir flugslysa, sjóslysa og umferðarslysa nema orðalagi er breytt þar sem hún nær yfir öll slys í samgöngum. Kveðið er skýrt á um hinn sérstaka tilgang rannsókna slysa og alvarlegra atvika í samgöngum, þ.e. að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika með það að leiðarljósi að slys og atvik endurtaki sig ekki, dregið sé úr afleiðingum sambærilegra slysa og stuðlað að auknu öryggi í samgöngum.

Sérstaklega er tekið fram að í rannsóknum nefndarinnar skuli ekki skipta sök eða ábyrgð og hnykkt á því í 3. mgr. þar sem tekið er fram að rannsóknir á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við samgönguslys séu óháðar rannsóknum nefndarinnar og fari um þær samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Mikilvægt er að hafa í huga þennan sérstaka tilgang með rannsókn nefndarinnar með hliðsjón af 4. gr. frumvarpsins þar sem skýrt er kveðið á um að rannsókn nefndarinnar sé óháð rannsókn annarra aðila, svo sem lögreglu samkvæmt lögum um meðferð sakamála og annarra opinberra sem og einkaréttarlegra aðila.

Einnig er tekið inn ákvæði þar sem segir að rannsóknir skuli þegar við á ná til fyrirkomulags tilkynninga um slys, björgunaraðgerða og annarra tengdra aðgerða sem ætlað er að draga úr afleiðingum slysa. Sambærileg ákvæði eru í gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli. Þær rannsóknir sem greinin á við um eru rannsóknir sjóslysa, flugslysa og umferðarslysa og alvarlegra flugatvika, sjóatvika og umferðaratvika, sbr. orðskýringar í 3. gr. frumvarpsins, en um þessar rannsóknir gilda nú sérstök lög. Lagt er til að þessar rannsóknir heyri undir sérstaka nefnd, rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Nefndin er eiginleg rannsóknarnefnd samkvæmt orðanna hljóðan en ekki formleg stjórnsýslunefnd og fellur því utan gildissviðs stjórnsýslulaga. Ákvarðanir hennar eru ekki stjórnvaldsákvarðanir enda varða þær ekki réttindi og skyldur aðila og verða því ekki kærðar til æðra stjórnvalds. Nefndinni er þar að auki ætlað að starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Orðskýringar frumvarpsins eiga sér skýrar fyrirmyndir í viðauka 13 við Chicago-samninginn um flugslysarannsóknir og í Alþjóðlegum kóða um rannsóknir sjóslysa og alvarlegra sjóatvika. Til hægðarauka eru orðskýringarnar teknar upp í frumvarpið.

Um 4. gr.

Greinin er nýmæli. Hér er lagt til að komið verði á fót sérstakri nefnd um rannsókn samgönguslysa og alvarlegra samgönguatvika er heyri beint undir yfirstjórn innanríkisráðherra. Eins og háttað er með rannsóknarnefndir samkvæmt gildandi lögum er í ákvæðinu tekið fram að rannsóknarnefnd samgönguslysa skuli starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum, öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Með þessu mikilvæga ákvæði er átt við að störf nefndarinnar við rannsóknir og úrlausn einstakra mála, við gerð skýrslu um rannsókn máls

og við tillögugerð í öryggisátt sé rannsóknarnefndin óháð í störfum sínum, einkum gagnvart innlendum eftirlitsstjórnvöldum. Rannsóknir nefndarinnar eru einnig óháðar rannsóknum annarra rannsóknaraðila, ákæruvalds og dómstóla, þ.m.t. rannsókn lögreglu, opinberra eftirlitsaðila með samgöngum, vátryggingafélaga og annarra aðila.

Þá er tiltekið að nefndin ákveði sjálf hvenær efni eru til rannsóknar slysa og atvika samkvæmt lögunum að teknu tilliti til þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands. Þetta ákvæði á sér samsvörun í 8. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, og 4. gr. laga nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa.

Tilgangur rannsóknar er ekki sá að benda á ólögmætar athafnir eða athafnaleysi, skipta sök eða ábyrgð, heldur eingöngu að leiða í ljós orsakir slysa í því augnamiði að koma í veg fyrir sams konar slys og atvik og stuðla að öryggi í samgöngum. Af þeirri ástæðu er í 5. mgr. áréttað að skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skuli ekki beitt sem sönnunargögnum í sakamálum. Málsgreinin er efnislega samhljóða núgildandi lögum.

Hvað 6. mgr. varðar ber að hafa í huga að rannsókn nefndarinnar kann að fara fram samhliða rannsókn lögreglu. Því kann svo að fara að rannsóknarnefnd og lögregla deili tilteknum rannsóknargögnum, svo sem vettvangi, flaki, flugrita, siglingarita og ökurita svo einhver dæmi séu tekin, og veiti tiltekna aðstoð, eftir því sem við á vegna úrlausnar tæknilegra álitaefna. Úrvinnsla rannsóknargagna er hins vegar aðgreind og ekki er öllum gögnum rannsóknar deilt, sbr. 27. gr. frumvarpsins um takmarkanir á aðgengi að upplýsingum.

Um 5. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að rannsóknarnefndunum verði fækkað úr þremur í eina og lagt til að nefndin verði skipuð sjö nefndarmönnum. Gert er ráð fyrir því að um eiginlega rannsóknarnefnd verði að ræða. Nefndin hvorki ákvarðar rétt né skyldu manna og fellur því utan gildissviðs stjórnsýslulaga.

Áður voru í rannsóknarnefnd flugslysa þrír nefndarmenn, einnig voru fimm nefndarmenn í rannsóknarnefnd sjóslysa og þrír nefndarmenn í rannsóknarnefnd umferðarslysa auk sama fjölda varamanna. Lagt er til að ráðherra skipi einn nefndarmanna formann nefndarinnar og að hann gegni jafnframt starfsskyldum sem stjórnandi daglegs rekstrar. Samkvæmt gildandi lögum gegna forstöðumenn rannsóknarnefndanna slíkum fjárreiðu- og stjórnsýsluverkefnum. Ráðgert er að starf formanns nefndarinnar verði hlutastarf en hann mun auk nefndarformennskunnar bera ábyrgð á og stjórna daglegum rekstri nefndarinnar, þ.m.t. fjárreiðum hennar.

Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi nefndarmenn og varamenn til fimm ára í senn. Formaður nefndarinnar ræður annað starfsfólk til nefndarinnar, þ.m.t. rannsakendur.

Sem dæmi má nefna að hefðbundin rannsókn hjá rannsóknarnefnd flugslysa fer þannig fram að í það minnsta tveir rannsakendur fara á vettvang þar sem viðkomandi bakvaktarmaður verður alla jafna stjórnandi rannsóknar (IIC). Stjórnandi rannsóknarinnar fer með rannsókn málsins og skrifar drög að lokaskýrslu sem lögð er fyrir rannsóknarnefndina. Nefndarmenn fara yfir drögin áður en þau eru send til umsagnar og óska eftir því sem á vantar teljist þess þörf. Nefndarmenn veita þannig faglega aðstoð við rannsóknir, rýni á þær og gæðaeftirlit. Eftir að umsagnir hafa borist nefndinni tekur hún þær til umfjöllunar og gerir viðeigandi breytingar. Nefndin gefur að því loknu út lokaskýrslu samkvæmt gildandi lögum þótt rannsóknin sé í höndum stjórnanda rannsóknarinnar. Er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi að þetta rannsóknarfyrirkomulag muni halda sér fyrir alla slysaflokka.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkurri breytingu á fyrirkomulagi varðandi stöðu stjórn-

enda rannsókna og forstöðumanna nefndanna samkvæmt núgildandi lögum. Aflögð eru störf forstöðumanna nefndanna þriggja og þess í stað lagt til að formaður nefndarinnar axli þær skyldur sem hvíla á forstöðumönnum. Er horft til þess að með því gefist stjórnendum rannsókna frekara svigrúm til að sinna rannsóknum slysa og atvika.

Í 2. mgr. er tiltekið að minnsta kosti þrír nefndarmenn taki þátt í meðferð hvers máls. Er með því leitast við að styrkja rannsóknarvinnuna og tryggja aðkomu hluta nefndarmanna að rannsókn einstakra mála.

Í 3. mgr. er kveðið á um menntun eða starfsreynslu á sviði eða sviðum sem nýtast við rannsóknir samgönguslysa, þ.e. við flugslysarannsóknir, sjóslysarannsóknir og umferðarslysarannsóknir. Slík krafa er þegar í gildandi lögum um einstaka slysaflokka.

Um 6. gr.

Stjórnandi rannsóknar eða „Investigator in charge“ er alþjóðlegt hugtak rannsakenda við rannsóknir flugslysa. Er það í frumvarpinu látið eiga við um þá sem stýra rannsókn slysa og atvika sem falla undir lögsögu rannsóknarnefndar í umboði og á ábyrgð hennar hvort heldur sem varðar flugslys, sjóslys eða umferðarslys. Áskilin er sérmenntun og starfsreynsla sem nýtist við rannsóknir á sviði samgönguslysa.

Um 7. gr.

Í því skyni að tryggja hlutleysi og sjálfstæði nefndarinnar er í 7. gr. frumvarpsins kveðið á um hæfi formanns, rannsóknarstjóra og stjórnanda rannsóknar. Samsvarandi ákvæði um hæfi formanns rannsóknarnefndar samgönguslysa og rannsóknarstjóra er að finna í gildandi lögum um hæfi forstöðumanna og annarra starfsmanna rannsóknarnefndanna. Gert er ráð fyrir að formaður rannsóknarnefndarinnar, rannsóknarstjórar og stjórnendur rannsókna séu ekki stjórnarmenn eða starfsmenn félaga er starfa í samgöngurekstri á hlutaðeigandi sviðum og megi ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að kostnaður við starfsemi rannsóknarnefndar samgönguslysa greiðist úr ríkissjóði.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um þagnarskyldu formanns rannsóknarnefndarinnar, annarra nefndarmanna og starfsmanna nefndarinnar, auk þeirra er starfa í þágu hennar. Sambærileg ákvæði eru í gildandi lögum, sbr. 9. gr. laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, og 11. gr. laga um rannsókn umferðarslysa, nr. 24/2005.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er kveðið á um að heimilt sé rannsóknarnefnd samgönguslysa að fela öðru ríki að annast rannsókn samgönguslyss og alvarlegs samgönguatviks að hluta til eða öllu leyti. Samsvarandi ákvæði, sem áskildi heimild ráðherra, er í gildandi lögum. Í ljósi þess sjálfstæðis sem rannsóknarnefndinni er veitt, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins, og ríkrar áherslu sem lögð er á samvinnu og samstarf milli ríkja er ekki talin sérstök ástæða til að áskilja að leyfi ráðherra þurfi til þess að framselja hluta rannsóknar eða rannsókn að öllu leyti.

Um III. kafla.

Ákvæði III. kafla fjalla sérstaklega um rannsókn flugslysa. Ýmis nýmæli er að finna í kaflanum sem rekja má til þjóðréttarlegra skuldbindinga sem innleiddar hafa verið. Meðal slíkra nýmæla eru ákvæði er lúta að tilkynningum til erlendra stjórnvalda í kjölfar slyss og ákvæði um þátttöku erlendra ríkja í rannsókn máls.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er fjallað um lögsögu nefndarinnar við rannsókn flugslysa og alvarlegra flugatvika. Lögsaga nefndarinnar tekur til íslensks yfirráðasvæðis og þess svæðis sem Íslandi hefur verið falið að veita flugleiðsöguþjónustu á að því er varðar flugslys, alvarleg flugatvik og flugumferðaratvik í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar.

Um 12. gr.

Mikilvægt er starfi rannsóknarnefndar samgönguslysa að tilkynningar um slys og alvarleg atvik í samgöngum berist nefndinni fljótt og vel svo vettvangur rannsóknar spillist ekki eða rannsóknarhagsmunum verði með öðrum hætti stefnt í hættu. Í 12. gr. er bæði kveðið á um almenna og sérstaka skyldu hvað varðar tilkynningar um flugslys og alvarleg flugatvik. Ekki er ætlunin að breyta því fyrirkomulagi varðandi tilkynningar flugslysa sem mælt er fyrir um í loftferðalögum og reglugerðum tengdum þeim.

Um 13. gr.

Í viðauka 13 við Chicago-samninginn eru ákvæði er lúta að tilkynningu rannsóknarnefndar til erlendra aðila og alþjóðlegra stofnana um flugslys og alvarleg flugatvik.

Sérstök skylda er fyrir hendi varðandi tilkynningu um rannsókn í 2. mgr. þegar nefndin hefur ákveðið að taka til rannsóknar flugslys eða alvarlegt flugatvik sem varðar loftfar hér á landi.

Í 3. mgr. er kveðið á um þær aðstæður þegar nefndinni berast tilkynningar erlendra rannsóknarnefnda um að slys eða atvik sem varðar íslenskt skráð loftfar sé tekið til rannsóknar. Með viðeigandi upplýsingum er átt við almennar upplýsingar er varða skráningu, eignarhald, umráðarétt, notkun, lofthæfni o.fl. er varðar loftfarið, eftir atvikum, sem kunna að skipta máli við rannsókn máls.

Um 14. gr.

Nýmæli er í 14. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um rétt erlendra ríkja til þátttöku í rannsókn máls. Í 5. kafla í viðauka 13 við Chicago-samninginn er mælt fyrir um rétt stjórnvalda erlendra ríkja til þátttöku í rannsókn máls. Margvísleg sjónarmið geta mælt með þátttöku fulltrúa erlendra ríkja í rannsókn máls, svo sem út frá sérfræðiþekkingu og upplýsingagjöf, tengingu loftfars við ríki þar sem það er skráð, ríkisfang þolenda um borð o.s.frv.

Orðið trúnaðarfulltrúi er notað í ákvæðinu en það er þýðing á enska heitinu „Accredited Representative“ og er að finna í viðauka 13 við Chicago-samninginn. Orðið er skýrt í 3. gr. frumvarpsins.

Um IV. kafla.

Ákvæði IV. kafla fjalla sérstaklega um rannsókn sjóslysa. Ýmis nýmæli er að finna í kaflanum sem rekja má til þjóðréttarlegra skuldbindinga sem innleiddar hafa verið. Meðal slíkra nýmæla eru ákvæði er lúta að tilkynningum til erlendra stjórnvalda í kjölfar slyss og ákvæði um þátttöku erlendra ríkja í rannsókn máls.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er fjallað um lögsögu nefndarinnar varðandi rannsókn sjóslysa og sjóatvika. Ákvæðin eru að mestu samhljóða 5. gr. laga um rannsókn sjóslysa nr. 68/2000 með síðari breytingum. Í d-lið 2. mgr. er bætt við heimild nefndarinnar til að rannsaka slys við köfun í atvinnuskyni við strendur Íslands. Rannsókn á slysum við köfun annarra en atvinnukafara er því undanskilin lögsögu nefndarinnar. Í framkvæmd hefur lögregla tekið til rannsóknar flestöll slys við köfun hér við land.

Um 16. gr.

Mikilvægt er starfi rannsóknarnefndar samgönguslysa að tilkynningar um slys og alvarleg atvik í samgöngum berist nefndinni fljótt og vel svo vettvangur rannsóknar spillist ekki eða rannsóknarhagsmunum verði með öðrum hætti stefnt í hættu. Í 16. gr. er bæði kveðið á um almenna og sérstaka skyldu hvað varðar tilkynningar um sjóslys og sjóatvik.

Um 17. gr.

Í Alþjóðlegum kóða um rannsóknir sjóslysa og alvarlegra sjóslysa eru ákvæði er lúta að tilkynningu rannsóknarnefndar til erlendra aðila og alþjóðlegra stofnana um slys og atvik.

Í 2. mgr. er kveðið á um þær aðstæður þegar nefndinni berast tilkynningar erlendra rannsóknarnefnda um að slys eða atvik sem varðar íslenskt skráð skip sé tekið til rannsóknar. Með viðeigandi upplýsingum er átt við almennar upplýsingar er varða skráningu, eignarhald, umráðarétt, notkun, haffærni o.fl. er varðar skipið, eftir atvikum, sem kunna að skipta máli við rannsókn máls.

Um 18. gr.

Nýmæli er í 18. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um rétt erlendra ríkja til þátttöku í rannsókn máls. Í 10. kafla Alþjóðlegs kóða um rannsóknir sjóslysa og alvarlegra sjóatvika er mælt fyrir um að þau ríki er hafa verulegra hagsmuna að gæta skuli vera í samvinnu við það ríki sem fer með rannsókn slyss. Margvísleg sjónarmið geta mælt með þátttöku fulltrúa erlendra ríkja í rannsókn máls, svo sem út frá sérfræðiþekkingu og upplýsingagjöf, tengingu ríkis við skip þar sem það er skráð, ríkisfang þolenda um borð o.s.frv.

Um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði er lúta sérstaklega að rannsókn umferðarslysa.

Um 19. gr.

Kveðið er á um lögsögu nefndarinnar vegna rannsókna umferðarslysa hér á landi í 19. gr. Ekki er sérstaklega kveðið á um lögsögu rannsóknarnefndar umferðarslysa í gildandi lögum.

Um 20. gr.

Í ljósi fjölda ökutækja í umferð sem og fjölda óhappa eru tilkynningar vegna umferðarslysa í 20. gr. með öðrum hætti en vegna flug- og sjóslysa. Gert er ráð fyrir að stjórnandi rannsóknar tilkynni vaktstöð eða lögreglu fyrir hönd nefndarinnar svo fljótt sem kostur er hvort nefndin hyggist koma á vettvang slyssins. Samsvarandi ákvæði er í 7. gr. núgildandi laga um rannsókn umferðarslysa.

Um VI. kafla.

Ákvæði VI. kafla frumvarpsins byggjast að mestu leyti á núgildandi ákvæðum laga um rannsókn flugslysa, umferðarslysa og sjóslysa um málsmeðferð, starfsaðferðir á vettvangi, gagnaöflun og aðra upplýsingaöflun. Í kaflanum eru þó nokkur mikilvæg nýmæli sem sérstaklega er gerð grein fyrir í umfjöllun hér á eftir.

Um 21. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samsvarandi ákvæðum gildandi laga um rannsóknarnefndirnar, með fáeinum orðalagsbreytingum. Leitast er við að skerpa á meginreglunni um að ekki beri að hreyfa eða flytja á brott loftfar, skip eða ökutæki, hluta þess né innihald eða hrófla við ummerkjum slyssins uns vettvangsrannsókn er lokið nema með heimild rannsóknarnefndar. Þó er heimilt án leyfis rannsóknarnefndar að hreyfa eða flytja á brott loftfar, skip eða ökutæki að svo miklu leyti sem slíkt er nauðsynlegt til að bjarga mönnum og verðmætum og til að afstýra hvers konar spjöllum og háska.

Sérstakar aðstæður geta skapast við sjóslys og er í 2. mgr. tekið upp að mestu orðalag 7. gr. laga nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa, með nokkurri einföldun þó.

Um 22. gr.

Í greininni er fjallað um framkvæmd vettvangsrannsóknar. Yfirstjórn vettvangsrannsóknar er í höndum stjórnanda rannsóknar í samráði við rannsóknarnefnd skv. 1. mgr. Ákvæðið kveður á um víðtækar heimildir rannsóknarnefndar og starfsmanna nefndarinnar til aðgangs að vettvangi slyss, gagnasöfnunar, skýrslutöku af hugsanlegum vitnum og aðilum rannsóknar og rétt nefndarinnar til að leita sér aðstoðar. Ákvæðið á sér samsvörun í 12. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, 10. gr. laga nr. 24/2005, um rannsókn umferðarslysa, og 8. gr. laga nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa.

Í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram að stjórnandi rannsóknar skuli hafa óhindraðan aðgang að vettvangi slyss jafnvel þótt um staði í einkaeign sé að ræða og er það gert til að tryggja að töf verði ekki á að rannsókn hefjist.

Í 5. mgr. greinarinnar er áréttað að við samhliða rannsókn til að mynda lögreglu á vettvangi skal þess gætt að rannsóknargögn séu aðgengileg báðum rannsóknaraðilum.

Um 23. gr.

Í greininni er fjallað um ákvæði um vörslutöku muna er varða alla flokka rannsókna er lögin ná til. Efnislega samsvarandi ákvæði er að finna í gildandi lögum um rannsóknarnefndirnar, sbr. 13. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, 7. gr. laga um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 24/2005, um rannsókn umferðarslysa.

Um 24. gr.

Aðstæður á vettvangi samgönguslysa og samgönguatvika eru mjög mismunandi. Leitast skal við að vernda sönnunargögn eins og mögulegt er með tilliti til aðstæðna hverju sinni, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Sérstök skylda er lögð á nefndina að ljósmynda eða varðveita með öðrum hætti þau sönnunargögn sem kunna að eyðast, verða fjarlægð, týnast eða eyðileggjast. Þá er brýnt að þau gögn sem tekin eru í vörslu nefndarinnar séu varðveitt tryggilega svo að þau spillist ekki eða skemmist og hindra aðgang óviðkomandi að þeim og vernda gegn þjófnaði. Telja má fulla þörf fyrir að nefndinni sé tryggt húsnæði meðan á rannsókn stendur til varðveislu þeirra hluta, búnaðar og tækja sem nefndin tekur til frekari rannsóknar. Þá þarf

að tryggja nægjanlega að nefndin sé búin tækjum og búnaði til að tryggja varðveislu sönnunargagna.

Ákvæðið er nýmæli og á rót sína að rekja til viðauka 13 við Chicago-samninginn um rannsókn flugslysa.

Um 25. gr.

Í 1. mgr. 25. gr. er kveðið á um almenna heimild nefndarinnar til að kalla til aðila máls, fyrirsvarsmenn og aðra þá sem nefndin telur nauðsynlegt að fá til skýrslutöku. Leitast hefur verið við að samræma og sameina efnislega sambærileg ákvæði er lúta að skýrslutöku úr núgildandi lögum um rannsóknarnefndirnar í 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er almenn heimild nefndarinnar til að leita sér aðstoðar við rannsókn máls.

Um 26. gr.

Ákvæði greinarinnar tiltaka heimildir nefndarinnar til upplýsingaöflunar í þágu rannsóknar máls. Heimildir rannsóknarnefndanna samkvæmt gildandi lögum eru misvíðtækar. Er hér lagt til að heimildirnar verði samhljóða fyrir allar rannsóknir á sviði samgönguslysa og alvarlegra samgönguatvika enda eiga sams konar sjónarmið við um rannsóknir þeirra allra.

Í 1. mgr. er almenn heimild til að krefjast framlagningar gagna og upplýsinga. Tilteknir eru þeir aðilar helstir sem nefndin getur leitað til með slíka öflun upplýsinga. Þó er ekki um tæmandi upptalningu að ræða þar sem ekki verður séð fyrir öllum þeim aðstæðum sem komið geta upp í einstakri rannsókn.

Í 2. mgr. er fjallað um heimild rannsóknarnefndar til þess að taka í sína vörslu flugrita loftfars, siglingarita skips og ökurita ökutækis í samráði við lögreglu. Mikilvægt er að þeir aðilar sem sinna lögbundnu starfi við rannsóknir deili þeim rannsóknargögnum sem um er að tefla hverju sinni og komi ekki í veg fyrir eða hindri rannsókn máls.

Í 3. mgr. er lögð áhersla á trúnað sem gæta þarf um þau gögn sem nefndinni er veittur aðgangur að með vísan til 1. og 2. mgr.

Í 4. mgr. er áréttað að heimild skv. 1. og 2. mgr. taki til persónugreinanlegra upplýsinga, þ.m.t. viðkvæmra persónulegra upplýsinga.

Um 27. gr.

Miðað við eðli þeirra gagna og viðkvæmra persónulegra upplýsinga sem nefndinni er veittur aðgangur að skv. 26. gr. er mikilvægt að aðgangur að gögnum sé eins takmarkaður og frekast er unnt. Fyrirmynd 1.–4. mgr. 27. gr. frumvarpsins er að mestu ákvæði 19. gr. laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004. Sú breyting er þó gerð að d-liður 19. gr. laga um rannsókn flugslysa er í frumvarpinu d- og e-liður 1. mgr. 27. gr.

5. mgr. ákvæðisins er nýmæli og kveður á um takmarkanir á aðgengi upplýsinga þannig að þær nái einnig til upplýsinga og gagna sem nefndin fær afhent frá yfirvöldum erlendra ríkja sem annast rannsókn máls. Er horft til þess að nefndinni kann að verða veittur réttur til þátttöku í rannsókn erlendra yfirvalda á rannsókn samgönguslyss, nefndin kann að hafa framselt hluta rannsóknar til erlends ríkis eða veitt því rétt til umsagnar um niðurstöður rannsóknar. Eðlilegt er að nefndin varðveiti þann trúnað sem henni kann að vera sýndur með sama hætti og hún krefst trúnaðar um þau gögn sem hún veitir erlendum yfirvöldum aðgang að.

Í síðasta málslið 5. mgr. er áréttað að nefndinni er heimilt að veita yfirvöldum erlendra ríkja aðgang að gögnum og upplýsingum samkvæmt greininni, enda sé slík upplýsingagjöf liður í rannsókn viðkomandi yfirvalds.

Um 28. gr.

Í ákvæði þessu er kveðið á um að aðili geti fengið aðgang að upplýsingum eða gögnum sem háð eru takmörkun á aðgangi skv. 27. gr., að fengnum dómsúrskurði. Sá aðgangur er þó takmarkaður við gögn skv. b–i-lið 1. mgr. 27. gr. eða upplýsingar um slík gögn ef þeirra verður ekki aflað með öðrum hætti, sérstaklega ef ríkir hagsmunir krefjast þess og ætla má að úrslit máls velti á þeim. Ákvæðið er að mestu samhljóða ákvæði 21. gr. laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004. Þar sem sömu sjónarmið eiga við um öll samgönguslys sem falla undir frumvarpið er regla þessi lögð til óbreytt.

Greinargerð með frumvarpi til laga um rannsókn flugslysa sem lagt var fram á 130. löggjafarþingi 2003–2004 er svohljóðandi:

„Í greininni er mælt fyrir um undantekningu frá því meginsjónarmiði að gögn sem rannsóknarnefnd flugslysa aflar í tengslum við rannsókn flugslyss og vísað er til í 1. mgr. 19. gr. skuli ekki aðgengileg öðrum en þeim sem annast rannsókn flugslysa. Samkvæmt alþjóðaflugmálasáttmálanum [Chicago-samningnum], viðauka 13, gr. 5.12, er heimilt að veita aðgang að slíkum gögnum, ef dómstólar telja að afhending eða birting þeirra sé mikilvægari en þau neikvæðu áhrif sem slík birting eða afhending kunni að hafa á rannsókn þess flugslyss eða flugslysa í framtíðinni. Orðrétt hljóðar þetta svo: „The State conducting the investigation of an accident or incident shall not make following records available for purposes other than accident or incident investigation, unless the appropriate authority for the administration of justice in that State determines that their disclosure outweighs the adverse domestic and international impact such action may have on that or any future investigations [a–e-liðir][3].“ Er hér miðað við að gögn skv. 1. mgr. 19. gr. séu ekki afhent nema mælt sé fyrir um slíkt í dómsúrskurði, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt, þ.e. að gagnanna verði ekki aflað með öðrum hætti, sérstaklega ríkir hagsmunir krefjist þess og ætla megi að úrslit máls velti á gögnunum.

Ljóst er að orðalag 21. gr. er ekki orðað með sama hætti og ákvæði 5.12 í viðauka 13. Telja verður þó að við túlkun dómara á skilyrði 21. gr. beri að hafa í huga þá sérstöku hagsmuni sem tengjast rannsókn flugslysa, bæði varðandi rannsókn þess slyss sem um ræðir og þeirra framtíðarhagsmuna sem tengjast upplýsingaöflun á vegum rannsóknarnefndar flugslysa. Undanþáguákvæðið bæri því að túlka mjög þröngt.

Í ákvæðinu er tekið mið af tillögum sem gerðar hafa verið varðandi breytingu á nefndum viðauka 13, en þær tillögur miða að því að tryggja eins og frekast er unnt trúnað vegna upplýsinga sem fram koma við rannsókn flugslysa.

Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að í undantekningartilvikum geti dómari kveðið á um skyldu rannsóknarnefndar flugslysa til að veita aðgang að gögnum skv. 1. mgr. 19. gr., en þó með eftirfarandi takmörkunum: rannsóknarnefnd flugslysa verður ekki gert að leggja fram gögn sem geyma framburð aðila og vitna fyrir nefndinni, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. Að þessu leyti er litið svo á að skýrslur sem rannsóknarnefnd flugslysa tekur af aðilum og vitnum þjóni þeim tilgangi einum að vera til upplýsingar varðandi rannsókn flugslyss á vegum nefndarinnar. Telja verður það grundvallaratriði varðandi markmið slíkra rannsókna að slíkar skýrslur verði ekki undir neinum kringumstæðum hagnýttar í öðrum tilgangi. Er þá jafnframt höfð í huga meginregla íslensks réttarfars um milliliðalausa málsmeðferð fyrir dómi. Þá er kveðið á um það í ákvæðinu að í þeim undantekningartilvikum þar sem dómsúrskurður hefur mælt fyrir um skyldu rannsóknarnefndar flugslysa til að veita aðgang að gögnum skv. d-lið

---

[3] Hér a–i-liður 27. gr. frumvarpsins.

1. mgr. 19. gr. sé slíkur aðgangur takmarkaður við endurrit af upptökum en nái ekki til sjálfra upptakanna. Um fyrirkomulag á endurritun upptaka vísast til 16. gr. frumvarpsins og umfjöllunar um hana.“

Um 29. gr.

Í greininni er sú skylda lögð á stjórnanda rannsóknar að tilkynna viðeigandi yfirvöldum eins fljótt og verða má ef í ljós kemur við rannsókn eða ef grunur vaknar um að beitt hafi verið ólögmætum aðgerðum gegn flugsamgöngum, siglingum eða umferð, svo sem hryðjuverki, skemmdarverki eða athöfn sem jafna má til slíks. Ákvæðið er nýmæli. Orðin „ólögmætum aðgerðum“ eiga sér beina vísun til ensku orðanna „illegal interference“ sem þekkt er úr því regluverki sem innleitt hefur verið í íslenskan rétt og varðar siglingavernd og flugvernd. Með öðrum orðum er ákvæðið miðað við meint brot þar sem vopnum, sprengiefnum eða öðrum hættulegum hlutum er beitt til ólögmætra aðgerða gegn öryggi samgangna.

Um 30. gr.

Ákvæðið er nýmæli og á rót sína að rekja til viðauka 13 við Chicago-samninginn um rannsókn flugslysa. Hér er mælt fyrir rétti nefndarinnar til að aðstoða erlendar rannsóknarnefndir við öflun flugrita loftfars vegna flugslyss eða flugatviks sem fellur utan lögsögu nefndarinnar. Sambærilegar heimildir eru veittar vegna sjóslysa/sjóatvika og umferðarslysa/alvarlegra umferðaratvika. Talið er eðlilegt að unnt sé að aðstoða erlendar rannsóknarnefndir á sambærilegan hátt í öllum flokkum samgönguslysa.

Um 31. gr.

Bráðabirgðaskýrsla er skýrsla sem gefin er út áður en rannsókn máls er lokið til þess að koma upplýsingum á framfæri við yfirvöld og málsaðila. Í viðamiklum rannsóknum getur verið ástæða til að koma sérstaklega á framfæri þeim upplýsingum og niðurstöðum sem liggja fyrir í formi bráðabirgðaskýrslu áður en rannsókn máls lýkur formlega.

Um 32. gr.

Lagt er til að gefin verði út ein lokaskýrsla um niðurstöður rannsókna allra flokka slysa og alvarlegra samgönguatvika. Ákvæði þessarar greinar eru efnislega samhljóða ákvæðum í gildandi lögum um rannsóknarnefndirnar, sbr. 17. gr. laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2005, 14. gr. laga um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, og 12. gr. laga nr. 24/2005, um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Um 33. gr.

Þessi grein fjallar um að þeir aðilar sem að mati rannsóknarnefndar samgönguslysa hafa ríkra hagsmuna að gæta geti átt kost á að tjá sig um drög að lokaskýrslu hennar innan tilskilins frests, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega talið óþarft. Á þetta ákvæði m.a. við þegar nefndin gerir athugasemdir við fyrirkomulag öryggismála og því oft mikilvægt að veita viðkomandi stjórnvöldum eða öðrum aðilum sem ábyrgð bera á fyrirkomulaginu kost á að tjá sig um athugasemdir nefndarinnar.

Rétt þykir að taka fram að aðilar sem teljast hafa ríka hagsmuni í skilningi ákvæðisins eru ekki aðstandendur þeirra sem viðkomandi slys hefur áhrif á. Nefndin getur hins vegar nýtt þessa heimild til að kynna aðstandendum þeirra sem slasast alvarlega eða látast af völdum slysa drög að lokaskýrslu áður en hún er birt. Þá skal áréttað að hér er ekki um andmælarétt

í skilningi stjórnsýslulaga að ræða heldur einungis kynningu á skýrsludrögum áður en skýrsla er birt.

Áhersla er lögð á að í öllum tilvikum er það nefndin sem metur hvort gefa á aðilum kost á að tjá sig um lokaskýrslu áður en hún er birt eða kynna aðstandendum drög að henni fyrir birtingu.

Nefndin getur kveðið á um að umsagnaraðili og aðili sem skýrsla er kynnt fyrir skuli bundinn trúnaði um það sem fram kemur í drögum að lokaskýrslunni.

Um 34. gr.

Greinin er efnislega sambærileg 1. mgr. 18. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, um þá skyldu rannsóknarnefndar, ef tilefni er til, að vekja athygli viðkomandi aðila á atriðum sem fram hafa komið við rannsókn og mikilvægt er talið að komið sé á framfæri án tafar til að tryggja öryggi.

Um 35. gr.

Afurð rannsóknar er tilmæli rannsóknarnefndarinnar í öryggisátt, þ.e. hvaða ályktanir nefndin hefur dregið af rannsókn viðkomandi slyss og hvað hún telur mega fara betur í þágu aukins öryggis. Ákvæði þessarar greinar eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum um rannsóknarnefndirnar með lítils háttar orðalagsbreytingum. Mikilvægt er að þeir aðilar sem tilmælum um úrbætur er beint til geri nefndinni grein fyrir hvernig brugðist hafi verið við tilmælunum innan þess tímafrests sem kveðið er á um í greininni.

Um 36. gr.

Efnislega er 1. mgr. 36. gr. frumvarpsins samhljóða ákvæðum í 3. og 4. mgr. 14. gr. laga um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með viðeigandi orðalagsbreytingum. Sams konar ákvæði voru einnig í lögum um rannsókn flugslysa og umferðarslysa.

2. mgr. greinarinnar er nýmæli. Kveðið er á um skyldu rannsóknarnefndarinnar til að taka saman yfirlit um það hvernig brugðist hafi verið við tillögum hennar í öryggisátt. Opinber birting er talin stuðla að frekari eftirfylgd við tillögur nefndarinnar.

Um 37. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild til endurupptöku máls sem verið hefur til rannsóknar hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa þótt rannsókn þess sé lokið. Ákvæðið er efnislega samhljóða 23. gr. laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, 15. gr. gildandi laga um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, og 15. gr. laga um rannsókn umferðarslysa, nr. 24/2005. Rannsóknarnefndin metur það sjálfstætt hvort og hvenær ástæða sé til að taka upp rannsókn máls sem lokið er með skýrslu, sbr. 32. gr. frumvarpsins.

Heimildin til endurupptöku í 1. mgr. er tvíþætt. Annars vegar getur nefndin sjálf haft frumkvæði að endurupptöku máls. Hins vegar er mögulegt að nefndin taki upp mál samkvæmt beiðni þar um, t.d. frá aðila máls eða einhverjum sem býr yfir vitneskju um málið sem ekki hefur komið fram áður. Áskilið er að ný og mikilvæg gögn eða upplýsingar sem gefa ástæðu til endurupptöku komi fram til að unnt sé að endurupptaka mál. Nefndin metur sjálf hvað séu ný og mikilvæg gögn eða upplýsingar sem gefa ástæðu til endurupptöku.

Í 2. mgr. er þó mælt svo fyrir að ráðherra geti falið rannsóknarnefnd samgönguslysa að rannsaka nánar tiltekið slys eða atvik eða sérstök atriði sem tengjast slysi eða atviki ef ný gögn koma fram eftir að rannsókn máls er lokið. Er þetta ákvæði nær samhljóða 2. mgr. 23.

gr. laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, og var það nýmæli við setningu þeirra laga. Tilefni þessa nýmælis var að upp gátu komið tilvik þar sem þess var farið á leit við samgönguráðherra, sem yfirmann flugmála hér á landi, að leitað yrði nánari skýringa eða aflað frekari gagna um tiltekið flugslys, og þótti þá óhjákvæmilegt að ráðherra samgöngumála gæti falið nefndinni að rannsaka eða kanna frekar flugslys sem rannsókn væri lokið á, eða að rannsakað yrði frekar tiltekið atriði varðandi flugslys, án þess að sú rannsókn þyrfti að taka til allra þeirra þátta sem fyrri rannsókn náði til. Eru þessi sjónarmið enn talin gilda og eru nú einnig látin ná til sjóslysa og atvika sem og umferðarslysa.

Vegna mikilvægis þess að rannsóknarnefndin sé sjálfstæð og óháð er sérstaklega kveðið á um það í 3. mgr. að þótt rannsókn hefjist að beiðni ráðherra fari hún fram samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Um 38. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir heimild rannsóknarnefndar samgönguslysa til að rannsaka atriði sem varða almennt öryggi í samgöngum án þess að þau tengist tilgreindu slysi. Sambærilega heimild er að finna í 5. mgr. 8. gr. laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004. Hvorki er slíka heimild að finna í gildandi lögum um rannsókn sjóslysa né rannsókn umferðarslysa.

Mikilvægt getur verið að sjálfstæð og óháð nefnd láti í ljós álit sitt og komi eftir atvikum með tilmæli í öryggisátt, þó svo að ekki sé um samgönguslys eða samgönguatvik að ræða. Slíkt getur stuðlað að auknu öryggi í samgöngum.

Um 39. gr.

Í greininni er að finna nýmæli um skráningu slysa í samgöngum þar sem ráðherra er heimilt að fela rannsóknarnefnd samgönguslysa að annast skráningu og greiningu samgönguslysa og alvarlegra samgönguatvika. Fyrirmynd að ákvæðinu er að hluta til að finna í 3. mgr. 5. gr. laga um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, þar sem kveðið er á um að setja skuli sérstakar reglur um skráningu sjóslysa sem verða um borð í íslenskum skipum af hvaða stærð sem er, svo og skráningu slysa og atvika sem verða á erlendum skipum sem nefndin tekur til skoðunar. Skv. 10. gr. reglugerðar um rannsókn sjóslysa, nr. 133/2001, er rannsóknarnefnd sjóslysa falið að annast skráningu allra sjóslysa. Gert er ráð fyrir að skráning slysa í samgöngum samkvæmt frumvarpinu verði með sambærilegum hætti og gilt hefur um skráningu sjóslysa. Mælst er til þess að nefndinni verði í reglugerð heimilað að leita samráðs og samvinnu við Slysaskrá Íslands um skráningu samgönguslysa. Skráning samgönguslysa skal fara fram í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Talið er eðlilegt að kveða á um skyldu til birtingar niðurstöðu slysaskráninga í ársskýrslu samkvæmt þessari grein, í þeim tilvikum þegar ráðherra hefur falið nefndinni að annast skráningu og greiningu samgönguslysa og alvarlegra samgönguatvika.

Rétt þykir að taka fram að skv. 2. tölul. 6. gr. tilskipunar ráðsins 94/56/EB má fjölga þeim verkefnum sem rannsóknarnefnd samgönguslysa eru falin þannig að til þeirra teljist t.d. söfnun og greining gagna er varða flugöryggi, einkum í fyrirbyggjandi tilgangi, svo framarlega sem slíkt dregur ekki úr sjálfstæði nefndarinnar eða felur í sér ábyrgð á stjórnsýslu. Gert er ráð fyrir að unnt verði að fela nefndinni slíkt hlutverk með reglugerð og sambærilegt hlutverk hvað varðar t.d. söfnun og greiningu gagna er varða öryggi á sjó og umferðaröryggi.

Um 40. gr.

Hér er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja nánari fyrirmæli varðandi framkvæmd laganna með reglugerð. Til að mynda er ráðherra falið að setja ákvæði í reglugerð til nánari útfærslu á ýmsum skilgreiningum; kveða á um fyrirkomulag vegna framsals rannsóknar til annars ríkis; setja ákvæði um tilkynningu um slys til erlendra aðila; setja reglur um móttöku og meðferð samsvarandi tilkynninga frá erlendum aðilum til íslenskra yfirvalda; og setja nánari reglur um aðgengi að rannsóknargögnum, rannsókn máls, þar á meðal um samráð við erlenda rannsóknaraðila við gerð bráðabirgðaskýrslu og lokaskýrslu. Jafnframt er ráðherra falið að setja ákvæði um nánari framkvæmd við rannsókn á vettvangi samgönguslyss skv. 21. og 22. gr.

Vakin skal athygli á því að upptalning hér að framan er einungis í dæmaskyni þannig að ljóst þykir að ráðherra er veitt nokkuð rúm heimild til setningar ákvæða varðandi rannsóknir samgönguslysa enda talið rétt að unnt verði að bregðast við með nokkuð skjótum hætti reynist tilefni til. Rétt er að árétta að slíkri heimild skal þó beitt af mikilli varfærni enda skal það undirstrikað að nefndinni er ætlað að starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum við rannsóknir sínar.

Um 41. gr.

Refsiheimildarákvæði 1. mgr. 41. gr. er nýmæli og sett í ljósi þess mikilvæga starfs sem nefndin og starfsmenn hennar vinna í þágu almannaöryggis með rannsóknum sínum.

2. mgr. er nýmæli og sett vegna eðlis þeirra gagna og viðkvæmra persónulegra upplýsinga sem um ræðir.

3. mgr. er að hluta til nýmæli en í 17. gr. laga um rannsókn sjóslysa er kveðið á um að brot á tilkynningarskyldu varði sektum. Einnig er kveðið á um tilkynningarskyldu vegna flugslysa í reglugerð um tilkynningarskyldu flugslysa, alvarlegra flugatvika og atvika, nr. 53/2006. Varða brot á ákvæðum reglugerðarinnar refsingu skv. 141. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, sem kveður á um sektir eða fangelsi allt að fimm árum. Refsiheimildarákvæði er aftur á móti ekki að finna í lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa. Er þessi heimild sett í frumvarpið m.a. svo að samræmis gæti milli slysaflokka sem og vegna hins mikilvæga starfs nefndarinnar í þágu almannaöryggis.

Um 42. gr.

Með frumvarpinu eru innleidd ákvæði tilskipunar ráðsins 94/56/EB frá 21. nóvember 1994 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum og óhöppum í almenningsflugi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/95. Markmið tilskipunarinnar er að auka flugöryggi með því að stuðla að skjótri framkvæmd rannsóknar sem gerð er eingöngu í því augnamiði að koma í veg fyrir slys og óhöpp í framtíðinni. Fjallað er um stöðu rannsóknar og rannsóknaraðilanna í tilskipuninni og skýrslugerð hvað varðar slys og óhöpp auk tilmæla í öryggisátt. Aðildarríkjum er gert skylt að tryggja að framangreindum tilmælum sé fylgt og brugðist sé við þeim á viðeigandi hátt.

Um 43. gr.

Lagt er til, verði frumvarpið að lögum, að ný lög um rannsókn samgönguslysa taki gildi 1. júlí 2011. Frá og með sama tímamarki falli brott eldri lög um rannsókn sjóslysa, flugslysa og umferðarslysa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í núverandi fyrirkomulagi rannsóknarnefndanna gegna forstöðumenn þeirra einnig hlutverki rannsóknarstjóra. Í bráðabirgðaákvæðinu felst því að þeir halda áfram störfum við hina nýju nefnd sem rannsóknarstjórar. Munu þeir gegna því starfi þar til núgildandi skipunartíma þeirra lýkur. Einnig er ráðgert að aðrir starfsmenn nefndanna haldi störfum sínum hjá hinni nýju rannsóknarnefnd. Í þessu felst að 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á ekki við en samkvæmt henni er skylt að auglýsa laus til umsóknar störf hjá ríkinu. Er þetta gert til að tryggja að sem minnst rót verði á þeirri rannsóknarstarfsemi sem færist undir hina nýju rannsóknarnefnd sem og að tryggja að sú þekking sem er til staðar í núverandi rannsóknarnefndum glatist ekki. Samræmist þetta markmiðum lagasetningar þessarar þar sem slíkt hefur í för með sér hagræði sem og tryggir að gæði rannsókna minnka ekki.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa.

Markmið þessa frumvarps er annars vegar að stuðla að fækkun slysa og auknu öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir og hins vegar að ná fram hagræðingu við rannsóknir á samgönguslysum. Frumvarpið felur í sér sameiningu laga um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum, laga um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, með síðari breytingum, og laga nr. 24/2005, um rannsóknarnefnd umferðarslysa, í heildstæða löggjöf um slysarannsóknir í samgöngum. Gert er ráð fyrir að nefndirnar verði sameinaðar í eina sjö manna rannsóknarnefnd í stað þriggja áður en samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi eru nefndarmenn þessara nefnda samtals þrettán. Í frumvarpinu er jafnframt leitast við að innleiða alþjóðlegar kröfur og tilmæli er varða rannsóknir samgönguslysa. Í fjárlögum fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir samtals 12,3 m.kr. lækkun á framlögum til rannsóknarnefndanna þriggja vegna hagræðingar í samræmi við áform um sameiningu þeirra. Þar sem frumvarp um sameiningu nefndanna náði ekki fram að ganga á árinu 2010 var sú hagræðing látin ganga til baka í fjáraukalögum ársins 2010. Í fjárlögum fyrir árið 2011 er reiknað með samtals 101,8 m.kr. framlagi til nefndanna þriggja. Samkvæmt áætlun innanríkisráðuneytisins um kostnað í tengslum við frumvarp þetta er gert ráð fyrir að kostnaður vegna nefndanna verði samtals 107,4 m.kr. á árinu 2011 eða 5,6 m.kr. hærri en fjárlög gerir ráð fyrir. Stærstu kostnaðarliðirnir eru í fyrsta lagi launakostnaður sem gert er ráð fyrir að nemi samtals um 82,7 m.kr. á ári. Sá kostnaður sundurliðast þannig að gert er ráð fyrir að sex ársverk sérfræðinga og u.þ.b. eitt ársverk ritara kosti um 70 m.kr. en launakostnaður vegna sjö nefndarmanna verði um 12,7 m.kr., þar af er gert ráð fyrir að formaður nefndarinnar sé í 30% starfshlutfalli sem forstöðumaður nefndarinnar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ferða- og fundarkostnaður verði 12 m.kr. Í þriðja lagi er áætlað að kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu verði 8,1 m.kr. og í fjórða lagi er gert ráð fyrir að kostnaður vegna húsnæðis, svo sem leigu og annars kostnaðar, verði um 4,6 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs vegna rannsóknarnefndanna muni aukast um 5,6 m.kr. á ári frá forsendum fjárlaga fyrir árið 2011. Gert

er ráð fyrir að þeim útgjöldum verði mætt með tilfærslum á fjárheimildum innan útgjaldaramma innanríkisráðuneytisins. Reiknað er með að frumvarpið taki gildi um mitt ár 2011.

681. Fyrirspurn [409. mál]

til innanríkisráðherra um endurupptöku mála sem hafa verið dæmd í Hæstarétti.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hvað hafa Hæstarétti borist margar beiðnir árlega frá 1. janúar 2000 um endurupptöku máls sem hefur verið dæmt í Hæstarétti, sbr. heimild í 169. gr. laga um meðferð einkamála?
2. Hversu oft hefur endurupptaka máls verið heimiluð ár hvert á framangreindu tímabili?
3. Hvaða reglur gilda um málsmeðferð umsóknar um endurupptöku og um birtingu niðurstaðna?

Skriflegt svar óskast.

682. Fyrirspurn [410. mál]

til fjármálaráðherra um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

Hefur eftirgjöf skulda einstaklings eða lögaðila í einhverjum tilfellum verið skattlögð í samræmi við lög nr. 104/2010? Svar óskast sundurliðað eftir lánastofnunum.

Skriflegt svar óskast.

683. Fyrirspurn [411. mál]

til umhverfisráðherra um gervigrasvelli og gúmmíkurl úr notuðum dekkjum sem innihalda krabbameinsvaldandi efni og önnur eiturefni.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Telur ráðherra koma til greina að gefa út tilmæli, að fyrirmynd Svía, um að við viðhald gervigrasvalla sem eru með gúmmíkurli úr notuðum dekkjum verði ávallt notað hættulaust efni?

2. Telur ráðherra líklegt að slík tilmæli mundu fækka þeim gervigrasvöllum hérlendis þar sem notað er gúmmíkurl úr notuðum dekkjum á sama hátt og í Svíþjóð, en þar hefur slíkum völlum fækkað úr 91% í um 40% á síðustu fjórum árum?
3. Telur ráðherra koma til greina að gefa út tilmæli um að gúmmíkurl úr notuðum dekkjum sem innihalda krabbameinsvaldandi efni og önnur eiturefni verði ekki á nýjum gervigrasvöllum?
4. Hyggst ráðherra láta kortleggja hvar þeir gervigrasvellir eru þar sem notað er gúmmíkurl úr notuðum dekkjum með krabbameinsvaldandi efnum og öðrum eiturefnum? Mun ráðherra jafnframt beita sér fyrir því að þær upplýsingar verði gerðar almenningi kunnar?

Skriflegt svar óskast.

684. Fyrirspurn [412. mál]

til forsætisráðherra um stjórnsýsluskóla Stjórnarráðsins.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hvernig er hinn nýi stjórnsýsluskóli Stjórnarráðsins fjármagnaður? Hverjir stýra honum, hverjir veljast til kennslu og hverjar eru greiðslur til þeirra?

Skriflegt svar óskast.

685. Fyrirspurn [413. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við stjórnlagaþing.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hversu mikill er kostnaðurinn við stjórnlagaþing áætlaður, annars vegar ef þingið stendur í tvo mánuði og hins vegar í fjóra mánuði, og hvernig skiptist hann?

Skriflegt svar óskast.

686. Fyrirspurn [414. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við þjóðfund.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hversu mikill var kostnaðurinn við þjóðfund um stjórnarskrá sem haldinn var 6. nóvember sl. og hvernig skiptist sá kostnaður?

Skriflegt svar óskast.

687. Fyrirspurn [415. mál]

til forseta Alþingis um kostnað við stjórnlaganefnd.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hversu mikill er kostnaðurinn við stjórnlaganefnd orðinn núna, hversu mikill er áætlað að hann verði og hvernig skiptist hann?

Skriflegt svar óskast.

688. Fyrirspurn [416. mál]

til innanríkisráðherra um umferðarslys og vöruflutninga á þjóðvegum.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hve mörg umferðarslys hafa orðið sl. 10 ár á þjóðvegum landsins, sundurliðað eftir slysaflokkum:
   a. banaslys,
   b. slys sem hafa haft í för með sér alvarleg meiðsl á fólki,
   c. slys þar sem lítil meiðsl hafa orðið eða eingöngu eignatjón, og
   d. slys sem falla utan framangreindra skilgreininga?
2. Í hve mörgum þeirra umferðarslysa sem tilgreind eru í 1. tölul. hafa vöruflutningabifreiðar komið við sögu?
3. Hver er áætlaður árlegur beinn og óbeinn kostnaður íslensks samfélags vegna umferðarslysa á þjóðvegum þar sem vöruflutningabifreiðar koma við sögu?

4. Hver er hluti þess áætlaða árlega kostnaðar ríkissjóðs við viðhald og viðgerðir á þjóðvegum sem rekja má til umferðar vöruflutningabifreiða?

Skriflegt svar óskast.

689. Fyrirspurn [417. mál]

til fjármálaráðherra um eigendur banka, jöklabréf og skuldbindingar ríkissjóðs.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hverjir eru eigendur Íslandsbanka, Arion banka og Landsbanka og í hvaða hlutföllum?
2. Hvað hefur ríkissjóður tekið á sig miklar ríkisábyrgðir gagnvart þessum bönkum eftir einkavæðingu þeirra árið 2009?
3. Hverjir eru eigendur jöklabréfanna sem liggja inni í Seðlabankanum og í hvaða hlutföllum? Hvað voru háar upphæðir að baki jöklabréfunum 1. janúar 2011?
4. Hvað tók íslenska ríkið á sig miklar ríkisábyrgðir samtals eftir hrun:
   a. frá 8. október 2008 – 31. desember 2008,
   b. frá 1. janúar 2009 – 31. desember 2009,
   c. frá 1. janúar 2010 – 31. desember 2010?
5. Hvað eru miklar ríkisábyrgðir á íslenska ríkinu ásamt ríkisfyrirtækjum og fyrirtækjum í einkageiranum miðað við 1. janúar 2011 (Landsvirkjun, Íbúðalánasjóður og Seðlabanki), sundurliðað eftir:
   a. Seðlabanka,
   b. Íbúðalánasjóði,
   c. Landsvirkjun,
   d. öðrum stofnunum á vegum ríkisins,
   e. fyrirtækjum í eigu einkaaðila, fyrirtækjum í eigu einkaaðila og ríkisins, svo sem Farice-sæstrengnum, gagnaveri Verne Holding og öllu öðru sem fellur undir þennan lið?
6. Hvað skuldaði íslenska ríkið hinn 15. janúar sl. erlendum þjóðum vegna áætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hvernig eru endurgreiðslur tryggðar? Hvað er lagt að veði til að tryggja endurgreiðslur?

Skriflegt svar óskast.

690. Fyrirspurn [418. mál]

til utanríkisráðherra um starfsemi sendiráða og ræðismannsskrifstofa.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hver var fjöldi erlendra starfsmanna, ásamt fjölskyldum, í sendiráðum erlendra ríkja hér á landi 1. janúar 2009 og 1. janúar 2011, sundurliðað eftir sendiráðum?
2. Hvað unnu margir Íslendingar hjá sendiráðunum 1. janúar 2009 og 1. janúar 2011, sundurliðað eftir sendiráðum?
3. Hvaða sendiráð hér á landi eru í eigin húsnæði og hvaða sendiráð leigja húsnæði undir rekstur sinn? Hver er fermetrafjöldi húsnæðis sendiráðanna?
4. Telur ráðherra það samræmast ákvæðum um að skipta sér ekki af innanlandsmálum, sbr. 55. gr. Vínarsamningsins, þegar beinlínis er gert ráð fyrir að sendiráð Evrópusambandsins komi að kynningarmálum sambandsins hér á landi?
5. Hvað hefur Ísland stjórnmálasamband við mörg ríki og hvað eru margir sendiherrar tilnefndir og gagnvart hve mörgum löndum?
6. Í hvaða löndum rekur íslenska ríkið:
   a. sendiráð,
   b. ræðismannsskrifstofur?
7. Hvað starfa margir Íslendingar á erlendri grund í sendiráðum og ræðismannsskrifstofum Íslands?
8. Hvað starfa margir erlendir aðilar á erlendri grund í sendiráðum og ræðismannsskrifstofum Íslands?

Skriflegt svar óskast.

691. Fyrirspurn [419. mál]

til utanríkisráðherra um fjármálaeftirlit íslenskra sendiráða.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað brást í eftirliti ráðuneytisins er uppvíst varð um fjárdrátt starfsmanns íslenska sendiráðsins í Vín?
2. Hver sér um fjármálaeftirlit íslensku sendiráðanna?

Skriflegt svar óskast.

692. Fyrirspurn [420. mál]

til utanríkisráðherra um gæslu auðlinda og hagsmuna í viðræðum við Evrópusambandið.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Er útræðisréttur sjávarjarða og eignarréttur innan netlaga tryggður í samningaviðræðum við Evrópusambandið?
2. Hvaða samtök sem eiga mikilla hagsmuna að gæta í samningaviðræðum við Evrópusambandið hafa sagt sig frá undirbúningi viðræðnanna?
3. Hafa íslensk stjórnvöld skilgreint gagnvart Evrópusambandinu hvað flokkast til auðlinda hér á landi og hverjar þær eru?

Skriflegt svar óskast.

693. Fyrirspurn [421. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um réttindi sjávarjarða.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Verður útræðisréttur sjávarjarða virtur og staðfestur við þá endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem núverandi ríkisstjórn hyggst ráðast í?
2. Verða eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga tryggð við endurskoðunina?

Skriflegt svar óskast.

694. Fyrirspurn [422. mál]

til iðnaðarráðherra um valdheimildir Evrópusambandsins á sviði orkuauðlinda.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Gerir Evrópusambandið í þeim samningaviðræðum sem nú standa yfir ráð fyrir að auka valdheimildir sínar hér á landi varðandi stjórn orkuauðlinda í þágu heildarhagsmuna sambandsins?

Skriflegt svar óskast.

695. Fyrirspurn [423. mál]

til fjármálaráðherra um úrskurð Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð við gagnaver í Reykjanesbæ.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hvenær er að vænta úrskurðar Eftirlitsstofnunar EFTA um hvort í stuðningi við gagnaver í Reykjanesbæ, sbr. lög nr. 57/2010, um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, felist óeðlileg ríkisaðstoð?

Skriflegt svar óskast.

696. Fyrirspurn [424. mál]

til velferðarráðherra um bólusetningu við svínaflensu.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað keypti landlæknisembættið marga skammta af bólusetningarefni því sem notað er til að stemma stigu við svínaflensu? Hver var kostnaðurinn við kaupin? Af hverjum var efnið keypt?
2. Hvað réð því hversu mikið var keypt af bólusetningarefninu? Hvað eru margir skammtar af efninu eftir á lager og hvert er virði lagersins? Hvenær rennur efnið út?
3. Hvað hafa margir verið bólusettir með efninu?
4. Hvernig er aldurshlutfallið hjá þeim sem hafa verið bólusettir:
   a. 0–18 ára,
   b. 19–67 ára,
   c. 68 ára og eldri?
5. Hvað hafa komið upp mörg mál hjá heilbrigðisyfirvöldum um alvarleg eftirköst eftir bólusetningu?
6. Hvað hafa margir veikst af svínaflensu hér á landi í samanburði við venjulega inflúensu?

Skriflegt svar óskast.

697. Frumvarp til laga [246. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 18. jan.)

1. gr.

Í stað orðsins „tveggja“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: fimm.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Í sérlega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að fleiri en fimm dómarar skipi dóm, en fjöldi þeirra skal þó standa á oddatölu.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Hæstiréttur getur ákveðið að dómurum sé skipað í deildir í afmarkað tímabil í senn eftir fastri almennri reglu.

3. gr.

Á eftir 43. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er hljóða svo:

a. (44. gr.)
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. og 43. gr. skal tala héraðsdómara frá 1. mars 2011 vera 48, en ekki skal skipa í embætti héraðsdómara, sem losna eftir 1. janúar 2013, fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr.
b. (45. gr.)
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. skal tala hæstaréttardómara frá 1. janúar 2011 vera 12, en ekki skal skipa í embætti hæstaréttardómara, sem losna eftir 1. janúar 2013, fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. kemur þó ekki til framkvæmdar fyrr en forseti Hæstaréttar verður næst kjörinn.

698. Fyrirspurn [425. mál]

til forsætisráðherra um framvindu verkefna til stuðnings Suðurnesjum.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hver er staða þeirra verkefna sem eiga að nýtast Suðurnesjum sérstaklega og ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í Reykjanesbæ í nóvember sl. að ráðast í nú þegar? Hvaða verkefni eru hafin, hverjir hafa verið skipaðir í starfshópa, í hvaða störf hefur verið ráðið og hvenær er áætlað að verkefnunum verði lokið og niðurstaða liggi fyrir?

Skriflegt svar óskast.

699. Fyrirspurn [426. mál]

til innanríkisráðherra um flutning Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvernig hefur ráðherra staðið að því verkefni sem honum var falið á ríkisstjórnarfundi í nóvember sl., að skoða vandlega kosti þess að flytja starfsemi Landhelgisgæslu Íslands á öryggissvæðið á Miðnesheiði og láta gera hagkvæmniathugun á þeim kosti? Hefur verið skipaður starfshópur, fenginn ráðgjafi í verkefnið eða verkefnastjóri, haft samstarf við Landhelgisgæsluna o.s.frv.?
2. Hvenær mun niðurstaða liggja fyrir á hagkvæmni þess að flytja starfsemina til Suðurnesja?

Skriflegt svar óskast.

700. Fyrirspurn [427. mál]

til innanríkisráðherra um flutning Landhelgisgæslunnar á Miðnesheiði.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hver er afstaða ráðherra til þess að starfsemi Landhelgisgæslunnar verði flutt á öryggissvæðið á Miðnesheiði?

701. Fyrirspurn [428. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um strandveiðigjald.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu margir bátar voru gerðir út til strandveiða á síðasta fiskveiðiári?
2. Hve háa upphæð greiddu þessir bátar alls í strandveiðigjald, sbr. ákvæði 1. gr. laga nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald?
3. Hve miklar tekjur af strandveiðigjaldinu komu í hlut hverrar hafnar?

Svör óskast sundurliðuð eftir sveitarfélögum.

Skriflegt svar óskast.

702. Fyrirspurn [429. mál]

til umhverfisráðherra um aðild náttúrustofa að undirbúningi og framkvæmd náttúruverndaráætlunar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvernig hefur verið staðið að aðild náttúrustofa að undirbúningi og framkvæmd gildandi náttúruverndaráætlunar, sbr. ákvæði í þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009–2013?

703. Fyrirspurn [430. mál]

til forsætisráðherra um stofnun þjóðhagsstofnunar.

Frá Merði Árnasyni.

Hvað líður verkum við stofnun nýrrar þjóðhagsstofnunar, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2. september 2010?

704. Svar [323. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

1. *Hversu mikið hefur ráðstöfunarfé ráðherra verið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Eftirfarandi tafla sýnir ráðstöfunarfé ráðherra árin 2006–2010 sundurliðað eftir árum:

Ráðstöfunarfé ráðherra 2006–2010, kr.

Ár	Fjárhæð
2006	8.000.000
2007	8.000.000
2008	8.000.000
2009	8.000.000
2010	3.600.000
Samtals	**35.600.000**

2. *Hvernig hefur ráðstöfunarfénu verið varið síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum*?

Eftirfarandi er annars vegar yfirlit yfir ráðstöfun á ráðstöfunarfé ráðherra samtals í krónum árin 2006–2010 og hins vegar yfirlit yfir hvernig ráðstöfunarfénu hefur verið varið þessi sömu ár.

Ráðstöfun á ráðstöfunarfé ráðherra 2006–2010, kr.

Ár	Fjárhæð
2006	4.428.000
2007	11.359.000
2008	9.039.743
2009	7.680.000
2010	2.646.178
Samtals	**35.152.921**

Ráðstöfun á ráðstöfunarfé ráðherra á árinu 2006.

Nafn	Upphæð	Tilefni
Forvarnarstarf læknanema	200.000	Kynsjúkdómar og ótímabærar þunganir
Háskóli Íslands/Herdís Sveinsdóttir	200.000	Rannsóknarstöð Ingibjargar R. Magnúsdóttur
Brúarskóli, sérskóli	200.000	Námsferð starfsmanna til Noregs
Samtök áhugafólks um spilafíkn	100.000	Styrkur til ráðgjafarþjónustu
Íslandsdeild Norðurlandaráðs	75.000	Málþing um klámvæðingu
Ellimáladeild þjóðkirkjunnar	100.000	Sumardvöl eldri borgara á Löngumýri
Félag íslenskra fótaaðgerðafræðinga	50.000	Fræðslubæklingur um barnafætur
Guðbjörg Edda Hermannsdóttir	100.000	Bæklingur um unglinga og getnaðarvarnir
Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum	300.000	Rannsókn á klámi og kynbundnu ofbeldi
Kvenfélagasamband Íslands	200.000	34. landsþing sambandsins 2006
NN	100.000	Fjárhagserfiðleikar
NN	100.000	Fjárhagserfiðleikar
Bókaútgáfan Hólar og Krýsuvíkursamtökin	100.000	20 ára afmælisrit Krýsuvíkursamtakanna
Harpa Njálsdóttir	150.000	Lífsskilyrði, félagslegt umhverfi og heilsufar barna
Umsjónarfélag einhverfra	100.000	Ráðstefna um rannsóknir á einhverfu
Gay Pride – Hinsegin dagar	100.000	Forvarnarauglýsing
Félag lesblindra á Íslandi	50.000	Greiningarmiðstöð fyrir lesblinda
Sigurður Böðvarsson	150.000	Vefsetrið krabbamein.is
LAUF, landsamtök áhugafólks um flogaveiki	100.000	Kynningarátak um flogaveiki
Guðmundur Björgvin Gylfason	200.000	Ráðstefna um Batten sjúkdóminn
Vélhjólafélag gamlingja	200.000	Fræðsla í umferðarmálum
Háskóli Íslands/Sigrún Júlíusdóttir	100.000	Útgáfa „Heilbrigði og heildarsýn“
NN	100.000	Fjárhagserfiðleikar
Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna	50.000	Útgáfa fréttablaðs
Regnbogabörn, samtök gegn einelti	50.000	Útgáfa fréttablaðs
Forma, samtök átröskunarsjúklinga	200.000	Forvarnarfræðsla í skólum
Félag áhugafólks um Downs-heilkenni	100.000	Ráðstefna um Downs-heilkenni
Karlahópur Femínistafélags Íslands	100.000	Karlmenn segja NEI við nauðgunum
FAAS, félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga	100.000	Útgáfa bókar með upplýsingum fyrir Alzheimerssjúklinga
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	100.000	Málþing um heilsutengda ferðaþjónustu
Hugarafl	100.000	Ráðstefna um bata og valdeflingu
Sumarhúsið og garðurinn	75.000	Ráðstefnan Umhverfi og heilsa
Þorgerður Ragnarsdóttir	150.000	Erindi á ráðstefnu í Finnlandi
BUSLI, Ólafur Ág. Gíslason	50.000	Norræn ungbarnasundkennararáðstefna
Sigríður Dóra Héðinsdóttir	78.000	Útgáfa upplýsingabæklings um taugasjúkdóminn narkolepsíu
Hollvinasamtök fjórðungssjúkrahúss Neskaupstaðar	200.000	Áheitaganga BM til tækjakaupa
Samtals árið 2006	**4.428.000**	

Ráðstöfun á ráðstöfunarfé ráðherra á árinu 2007.

Nafn	Upphæð	Tilefni
Lena Rós Ásmundsdóttir, læknir	100.000	Viðurkenning fyrir framúrskarandi rannsóknarverk
Stefán Ragnar Jónsson, líffræðingur	100.000	Viðurkenning fyrir framúrskarandi rannsóknarverk
Þroskahjálp	100.000	Jólablað Þroskahjápar
Sigrún Baldursdóttir, sjúkraþjálfari	100.000	Handbók og vefsíða um vefjagigt og síþreytu
Bergljót Líndal og Erla Dóris Halldórs.	300.000	Skrifa sögu Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur
Þorbergur Ólafsson	50.000	Pappírskaup í jólablað um málefni aldraðra
Söguspekingarstifti/Bragi Þ. Ólafsson	200.000	Útgáfa á bókinni „Sá nýi yfirsetuskóli“
Blátt áfram, forvarnarverkefni/Svava Björnsdóttir	100.000	Forvarnir og fræðsla gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum
Geðvernd	100.000	Tímarit Geðverndarfélags Íslands, auglýsingastyrkur
Halldóra Eyjólfsdóttir, yfirsjúkraþj. f.h. FÍSÞ	100.000	Viðbótarútgáfa bæklings um grindarlos
Kvenréttindafélag Íslands	150.000	Afmælisráðstefna Kvenréttindafélags Íslands
Alþjóðahúsið ehf., Amal Tamimi	200.000	Útgáfa bæklings á níu tungumálum
Regnbogabörn, samtök gegn einelti	50.000	Útgáfa fréttablaðs Regnbogabarna
Ástráður, forvarnarstarf læknanema	250.000	Kynsjúkdómar og ótímabærar þunganir
Ástríður Pálsdóttir, D.Phil., Keldum	250.000	Alþjóðleg ráðstefna á Íslandi um arfgenga heila-blæðingu
Félag einstæðra foreldra	100.000	Námssjóður einstæðra foreldra
Æfintýraklúbburinn (fjölfatlaðir, þroskaheftir, einhverfir)	50.000	Stuðningur við starfsemi klúbbsins
Neistinn – styrktarfélag hjartveikra barna	50.000	Útgáfa fréttablaðs Neistans
Hringsjá – starfsþjálfun fatlaðra	200.000	Skrif á sögu starfsþjálfunar fatlaðra o.fl.
Blátt áfram, forvarnarverkefni	200.000	Ráðstefna um kynferðislegt ofbeldi á börnum
Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki	200.000	Sumarbúðir fyrir sykursjúk börn
Útskriftarárgangur sjúkraþjálfunarskorar	50.000	Útgáfa á tímaritinu Þrymli
Lífið – Samtök um líknandi meðferð	100.000	Gerð DVD-myndar um líknarmeðferð
Einstök börn	100.000	Til félagsins almennt og útgáfu á blaði
Emilíusjóðurinn	200.000	Heimildarmynd um sjúklingaöryggi á Íslandi o.fl.
Líknarfélagið Risið, áfangaheimili	200.000	Útgáfa bókar í tilefni af 30 ára afmæli félagsins o.fl.
Bjarki Birgisson, til stofnfrumurannsókna	200.000	Hjólreiðaferð um Bandaríkin til að safna fé
Ljósið, endurhæfingarmiðstöð fyrir krabba-meinsgreinda	50.000	Starfsemi félagsins, útgáfa fréttablaðsins Ljóssins
Hinsegin dagar í Reykjavík – Gay Pride	100.000	Alnæmisforvarnir
Samtök áhugafólks um spilafíkn – SÁS	100.000	Styrkur til ráðgjafaþjónustu í göngudeildarformi
Hugarfar	200.000	Styrkur til starfsemi félagsins á fyrstu skrefum þess
Einstök börn, stuðningsfélag	100.000	Gjöf í tilefni af 10 ára afmæli félagsins
Barna- og unglingageðdeild LSH	600.000	Styrkur til að kaupa geðgreiningarkerfi fyrir börn og unglinga
Félag íslenskra sjóntækjafræðinga	200.000	Samnorræn ráðstefna á Íslandi á sviði sjónfræðinnar
Bandalag kvenna í Reykjavík	100.000	Styrkur í tilefni af 90 ára afmæli
Heimildamyndin Tímamót	100.000	Styrkur vegna frumsýningar
Gigtarfélag Íslands	100.000	Þverfagleg ráðstefna um gigt og gigtarsjúkdóma
Guðmundur Rögnvaldsson, forstöðumaður, Löngumýri	200.000	Hvíldardvöl krabbameinssjúklinga að Löngumýri í Skagafirði
Samtök fólks með járnofhleðslu	300.000	Fræðslurit um sjúkdómin og til að ýta samtökunum úr vör
Karlahópur Femínistafélags Íslands	100.000	Átakið „Karlmenn segja nei við nauðgunum“
Hreyfingur, forvarnarstarf sjúkraþjálfunar-nema	200.000	Mikilvægi hreyfingar og réttrar líkamsbeitingar
Ásta Sól Kristjánsdóttir	100.000	Heimildamynd um átraskanir á Íslandi, „Lystin að lifa“
Félagsráðgjafafélag Íslands	25.000	Styrkur til útgáfu á tímariti félagsráðgjafa
ORG ættfræðiþjónustan ehf.	50.000	Stuðningur til áframhaldandi skráningar um ættir Íslendinga
Sigrún Daníelsdóttir/Megrunarlausi dagurinn	100.000	Styrkur til útgáfu blaðs í tilefni af Megrunarlausa deginum

Kvenréttindafélag Íslands	150.000	Styrkur vegna ráðstefnu Kvennréttindafélags Íslands
Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands	200.000	Styrkur vegna Matvæladags MNÍ 2007
SÍMEY/Soffía Gísladóttir, framkvæmdastjóri	250.000	Ráðstefnan „Gott, betra, best –hvernig getum við bætt líf fólks með heilabilun?“
Vímulaus æska – Foreldrahús	200.000	Styrkur til starfseminnar almennt
Svava Aradóttir, hjúkrunarfræðingur	100.000	Styrkur til þýðingar á bókinni Ný sýn á heilabilun – einstaklingurinn í öndvegi
Rannsóknasetur verslunarinnar á Bifröst	300.000	Vegna skýrslunnar Framleiðnimæling og ávinningur af aukinni atvinnuþátttöku eldri borgara og öryrkja
SAMAN-hópurinn	500.000	Íslensku lýðheilsuverðlaunin
NN	350.000	Ferðastyrkur vegna sumarleyfisferðar langveiks barns
Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga	50.000	Útgáfa fréttablaðsins Velferð
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	250.000	Kynningarmynd um hjúkrun og hjúkrunarfræðinga
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	150.000	Ráðstefnan Geðheilbrigðisþjónusta barna í dreifbýli, þjónusta, samvinna, nýjungar.
Gígja Baldursdóttir	100.000	Leiðbeinendaþjálfun við Davis Dyslexia Association International, Burlingame, Kalifornía og Cranbrook, Kent
SAMAN-hópurinn	200.000	Til að endurútgefa og dreifa upplýsingabæklingi til foreldra nýnema í framhaldsskólum í samstarfi við forvarnarfulltrúa
Geðhjálp	250.000	Vegna ráðstefnu og dagskrár í tengslum við alþjóðlega geðheilbrigðisdaginn 10. október 2007
Bókaútgafan Hólar	150.000	Til útgáfu bókar um mataræði barna
NN og eiginkona	184.000	Vegna fæðingarkostnaðar eiginkonu NN sem er af erlendum uppruna og ekki sjúkratryggð hér á landi
Hrönn Kristinsdóttir f.h. Tcfilms	300.000	Til að klára myndina, Syndir feðranna – örlög Breiðavíkurdrengja
Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum	250.000	Vegna kynjaþings í Háskóla íslands 9.–11. nóv. 2007
Undirbúningshópur, Magnús R. Jónsson	100.000	Vegna málþings um endurhæfingu hjartasjúklinga
Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	100.000	Til útgáfu á afmælisriti í tilefni af 35 ára afmæli samtakanna
Kynjafræðifélag Íslands	100.000	Vegna norrænu ráðstefnunnar „Training and Research in Sexology“
Starfsfólk gjörgæsludeildar Sjúkrahússins á Akureyri	100.000	Til útgáfu blaðs um starfsemi gjörgæsludeildar sjúkrahússins
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	100.000	Fjárstuðningur
Rannsóknahópur, Þekking barna á ofbeldi	150.000	Til útgáfu fræðsluefnis sem ætlað er börnum um ofbeldi á heimilum
Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	200.000	Styrkur til félagsins
Félag einstakra	50.000	Styrkur til félagsins
Samtals árið 2007	**11.359.000**	

Ráðstöfun á ráðstöfunarfé ráðherra á árinu 2008.

Styrkþegi	Upphæð	Tilefni
Hreyfiland ehf. (Krisztina G. Agueda)	200.000	Útgáfa fræðslubæklings/bókar fyrir starfsfólk leikskóla um leiki og æfingar sem stuðla að bættri heilsu barna
Anna Hlín Bjarnadóttir/Þór Túlinius	200.000	Til að standa staum af kostnaði við að fá sérfræðing um átröskun til landsins
Þorbergur Ólafsson f.h. tímaritsins Málefni aldraðra	50.000	Styrkur til pappírskaupa vegna blaðsins Málefni aldraðra
Hrafnista í Reykjavík og Hafnarfirði	200.000	Vegna verkefnisins „Öldubrjótur – samfélags- og verkmenntaskóli Hrafnistu“
Bergsól ehf./Berghildur E. Bernharðsdóttir/ Ásta Sól Kristjánsdóttir	250.000	Vegna mynddisksins „Lystin að lifa“

UNICEF á Íslandi	100.000	Kaup á 25 eintökum á ritinu Barnasáttmálinn
Katrín Davíðsdóttir, barnalæknir, f.h undirbúningsnefndar	300.000	Vegna ráðstefnu um leiðir til að vinna gegn vanrækslu og illri meðferð á börnum
Áhugahópur um þjónandi stjórnun, Skálholtsstaður	250.000	Vegna ráðstefnu í Skálholti um þjónandi stjórnun
Hjarta.net	100.000	Til að gera www.hjarta.net öflugri og kynna síðuna enn frekar fyrir almenningi
Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna	50.000	Til útgáfu á fréttablaðinu Neistanum
Motus	50.000	Vegna verkefnis sem fellst í því að efla heilsuvitund unglinga
Samtök psoriasis- og exemsjúklinga (SPOEX)	200.000	Til að halda helgarnámskeið fyrir nýgreinda psoriasissjúklinga
Kvenfélagasamband Íslands	100.000	Vegna norræns þings kvennfélaga á Akureyri
Bátt áfram	200.000	Vegna sýningar á brúðuleikhúsinu „Krakkarnir í Hverfinu“ í grunnskólum landsins
Stuðningshópurinn „Barni of lítið“	250.000	Vegna norrænar ráðstefnu á Íslandi fyrir fjölskyldur sem misst hafa börn
ADHD-samtökin	250.000	Vegna ráðstefnu ADHD í tilefni af 20 ára afmæli samtakanna
Megrunarlausi dagurinn	100.000	Vegna þriðja megrunarlausa dagsins
Ástráður, forvarnarstarf læknanema	250.000	Vegna verkefnisins „Læknanemar gegn kynsjúkdómum og ótímbærum þungunum
Félag íslenskra tannlæknanema	100.000	Vegna rannsóknaverkefnis um glerungseyðingu og tengsl hennar við neyslu gos-, orku- og svaladrykkja
Breiðavíkursamtökin	150.000	Til að sýna myndina „Syndir feðranna“ í framhaldsskólum á landsbyggðinni
Góðgerðarfélagið Stoð og styrkur	50.000	Til kaupa á tækjum fyrir börn á Barnaspítala Hringsins
K:AT	150.000	Til að þjálfa fagfólk í samskiptum, samhyggð og viðbrögðum í viðkvæmum aðstæðum, t.d. kynferðisbrotamálum
Fræðslusetur kirkjunnar að Löngumýri	150.000	Vegna hvíldardvalar krabbameinsjúklinga
Ungmennafélag Íslands	100.000	Vegna úrvinnslu og útgáfu á bæklingi vegna verkefnisins Gæfuspors sem ætlað er eldri borgurum
Kennaraháskóli Íslands	200.000	Vegna ráðstefnu um rannsóknarverkefni um áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma í börnum og unglingum
Hingsegin dagar í Reykjavík	100.000	Vegna auglýsinga og fræðslu um alnæmisvarnir
Megin Stoð, blað MS-félagsins	50.000	Til útgáfu blaðs MS-félagsins, Megin Stoð
Félag íslenskra fótaaðgerðafræðinga	50.000	Vegna kynningarátaks um mikilvægi heilbrigðra fóta
Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskrá	50.000	Vegna ráðstefnu ANCR sem krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands heldur
Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna	50.000	Vegna auglýsingar 17. júní til að vekja athygli almennings á þeirri vá sem fíkniefni og fíkniefnaneysla er í þjóðfélaginu
ValaMed ehf. – þjónustufyrirtæki á heilbrigðissviði	250.000	Vegna málþings um nýja aðferð við lyfjameðferð krabbameinssjúkra
Félag um skjalastjórnun	100.000	Í tilefni af tuttugu ára afmæli félagsins og gerð íorðasafns
Íþróttasamband lögreglumanna	50.000	Til útgáfu á bæklingi um hraðakstur og afleiðingar hans
Kristín J. Marteinsdóttir / Borghildur K. Magnúsdóttir	95.150	Til að sækja ráðstefnu um Ehler-Danlos Vascular Syndrome
Samhjálp	25.000	Til útgáfu á blaði þeirra
Vinnuvistfræðifélag Íslands	50.000	Vegna norrænar vinnuvistfræðiráðstefnunar NES 2008 í Reykjavík
MS-félagið	50.000	Til útgáfu á blaði félagsins, Megin Stoð
Íslensku brjóstasamtökin	100.000	Vegna alþjóðlegrar brjóstagjafaviku sem haldin var á Íslandi

Krabbameinsfélagið Framför	350.000	Til útgáfu á bókinni Cooking with Foods That Fight Cancer
Undirbúningsnefnd matvæladags MNÍ	50.000	Til að mæta kostnaði við skipulagningu og framkvæmd matvæladags
Hjartavernd og Hjartaheill	150.000	Vegna samnorræns fundar sem haldinn verður í Reykjavík
Félag sjúkraflutningamanna í Árnessýslu	100.000	Vegna áróðurs í fjölmiðlum gegn umferðarslysum
Starfsmannafélag Landspítalans	30.000	Vegna Landspítalahlaupsins
Ljósið, endurhæfingar- og stuðnigsmiðstöð	50.000	Til útgáfu á fréttablaðinu LJÓSIÐ
SPOEX – Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	50.000	Til útgáfu á kynningarblaði í tilefni af alheimsdegi psoriasis
Félag nýrnasjúkra	50.000	Til útgáfu á blaði
Samtök heilsuleikskóla	100.000	Vegna ráðstefnu samtakanna
Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna	50.000	Til útgáfu á fréttablaði Neistans
Höndin, mannúðar- og mannræktarsamtök	200.000	Vegna verkefnis um liðsinni, samhjálp og sjálfsstyrkingu
Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúkra	50.000	Til útgáfu bókar „Að endurvekja lífsneistann hjá einstaklingum með heilabilun“
Sólstafir Vestfjarða – Systursamtök Stígamóta	100.000	Vegna námskeiðahalds
Geðverndarfélag Íslands	50.000	Til útgáfu á tímariti Geðvernarfélags Íslands
Rauði kross Íslands	50.000	Til útgáfu blaðsins Hjálp
Forvarnar- og fræðslusjóðurinn „Þú GETUR“	300.000	Styrkur vegna stofnaðildar
Íslenska Fitness félagið (IFF)	50.000	Vegna Alþjóðlega Open Grand Prix mótsins FitKid og FitWoman 2008 í Laugardalshöll
Geðhjálp	50.000	Til útgáfu blaðsins OKKAR MÁL
Alnæmissamtökin á Íslandi	200.000	Í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá stofnun Alnæmissamtakanna
Landssamtök áhugafólks um flogaveiki – LAUF	50.000	Til fræðslu og upplýsingamiðlunar til félagsmanna og almennings
Sendiráð Íslands í París	150.000	Vegna tónleika Hamrahlíðarkórsins þar sem áhersla var lögð á að kynna Ísland sem bakland sterkrar heilbrigðisþjónustu og traustra fyrirtækja á sviði þjónustu við fatlaða og sjúka
Sveinn Ægir Árnason, sérsveit ríkislögreglustjóra	100.000	Til að sækja námskeið fyrir slysahjálparmenn í sérsveitum
UmMig.is	100.000	Vegna heimasíðunnar UmMig.is sem er gagnagrunnur um flest allt sem viðkemur líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu barna og unglinga
Berglind Guðmundsdóttir	200.000	Verðlaun fyrir bestu rannsókn á sviði lýðheilsu og forvarna
Þorbergur Ólafsson	50.000	Vegna pappírskaupa til útgáfu tímaritsins, Málefni aldraðra
Sigurður Guðmundsson, forseti heilbigðissviðs HÍ	200.000	Vegna fræðslumyndar um líffæragjafir
GoRed á Íslandi	250.000	Til að innleiða verkefnið
Undirbúningsnefnd um alþjóðlega fjölskylduhjúkrunarráðstefnu á Íslandi	100.000	Vegna alþjóðlegrar ráðstefnu um fjölskylduhjúkrun á Íslandi
Sigrún Huld Þorgrímsdóttir	100.000	Til útgáfu bókar sem nýtist í öldrunarþjónustu
Brynja Örlygsdóttir, lektor, hjúkrunardeild HÍ	100.000	Vegna rannsóknar Brynju og dr. Erlu Kolbrúnar Svavarsdóttur prófessors við hjúkrunardeild HÍ, á heimilsofbeldi á konum
Einstök brjóst	100.000	Til að vekja athygli og auka víðsýni almennings um brjóstið
Háskólaútgáfan/Eva Þengilsdóttir, framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands	489.593	Til útgáfu bókarinnar Stjórnun og rekstur félagasamtaka. Ráðuneytið fékk 100 eintök til dreifingar
Samtals árið 2008	**9.039.743**	

Ráðstöfun á ráðstöfunarfé ráðherra á árinu 2009.

Styrkþegi	Upphæð	Tilefni
NN	110.000	Styrkur vegna læknisaðgerðar
Sunnuhlíð, hjúkrunarheimilið	400.000	Samvinnuverkefni nemenda MK og Sunnuhlíðar til kynningar á starfsemi hjúkrunarheimilisins o.fl. sem hluta af námi
Frumtak – samtök framleiðanda frumlyfja	700.000	Vegna fræðslumyndar um hvernig á að takast á við kvíða og streitu
Geðhjálp	50.000	Til útgáfu á blaði Geðhjálpar, Okkar – Mál
Hjartaheill	50.000	Landsöfnun Hjartaheilla, sérblað Öll þjóðin – eitt hjarta
Háskóli Íslands, hjúkrunarfræðideild	100.000	Útgáfa bókar í tilefni af 90 ára afmæli Ljósmæðrafélags Íslands
Háskólinn á Akureyri	100.000	Ráðstefna um Íslenska þjóðfélagsfræði
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	50.000	Til útgáfu á blaði Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Gigtarfélag Íslands	50.000	Til útgáfu á blaðsins Gigtin
Heilaheill, félag	100.000	Til styrktar ungum foreldrum sem hafa fengið heilablóðfall
Hinsegin dagar í Reykjavík	100.000	Vegna auglýsinga og fræðslu um alnæmisvarnir
Íslensku brjóstgjafarsamtökin	100.000	Vegna alþjóðlegrar brjóstgjafarviku sem haldin er hátíðleg á Íslandi
Samtök áhugafólks um spilafíkn	200.000	Styrkur til samtakanna
Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna	50.000	Styrkur vegna auglýsingar um þá vá sem starfar af fíkniefnum og fíkniefnaneyslu. Auglýsingin birt 17. júní.
Ástráður, forvarnarstarf læknanema	200.000	Til að vinna gegn kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum
Götusmiðjan ehf.	25.000	Til útgáfu á fréttablaði Götusmiðjunnar, GATAN
Skyndihjálparhópur RKÍ á Norðurlandi	150.000	Vegna búnaðarkaupa fyrir skyndihjálparhóp RKÍ á Norðurlandi
Samtök sykursjúkra	250.000	Til útgáfu fræðslumyndar um sykursýki og meðferð við henni
Skákfélag Vinjar, athvarfs Rauða krossins	100.000	Vegna þáttöku fólks með geðraskanir í skákmóti
Félag Íslenskra fótaaðgerðarfræðinga	50.000	Vegna kynningarátaks á fagi fótaaðgerðafræðinga
Krabbameinsfélag Íslands	125.000	Vegna endurprentunar á bókinni „Krabbamein á Íslandi“
Femínistafélag Íslands	100.000	Vegna átaksins „Karlmenn segja nei við nauðgunum“
Iceland Congress, Hlíðar ehf.	200.000	Vegna ráðstefnunnar InterRAI Network of Exellence in Mental Health sem haldin verður hér á landi
Fólkvangur ehf., (Passport myndir)	250.000	Til að ljúka gerð myndarinnar „Norð Vestur“
Alþjóðanefnd læknanema	150.000	Vegna samnorrænar ráðstefnu læknanemasamtakanna (FINO)
Hjartaheill	50.000	Til útgáfu á fréttablaðinu Velferð
Íþróttasamband lögreglumanna	30.000	Til útgáfu bæklings um hraðakstur og afleiðingar hans
Félag um munnheilsu fólks með sérþarfir	150.000	Vegna norrænar ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík í ágúst sl.
Styktarsjóður Samhjálpar	20.000	Vegna reksturs Samhjálpar við Borgartún
Rannsóknasetur um forvarnir	500.000	Vegna alþjóðlegrar rannsóknar á heilsu og áhættuhegðum barna og unglinga
Kraftur, stuðningsfélag ungs fólks með krabbamein	30.000	Til útgáfu 10 ára afmælisblaðs félagsins
Rauði kross Íslands	20.000	Til útgáfu á Hjálpinni, blaði Rauða kross Íslands
Blátt áfram	250.000	Vegna forvarnarátaksins „Verndarar barna“
Íþróttasamband lögreglumanna	30.000	Til útgáfu á bæklingnum „Í umferðinni“, umferðarfræðslu fyrir yngstu nemendurna í skólum landsins

Geðhjálp	30.000	Styrkur til félagsins með því að kaupa 10 USB lykla
Ljósið	30.000	Til útgáfu á fréttablaðinu LJÓSIÐ
Rannsóknasetur í barna og fjölskylduvernd	500.000	Styrkur vegna reksturs setursins
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	30.000	Vegna árlegs eldvarnarátaks LSS
Læknablaðið	30.000	Til útgáfu afmælisblaðs í tilefni af 100 ára afmæli Læknafélags Reykjavíkur
Sólstafir Vestfjarða	150.000	Til námskeiðahalds fyrir starfsmenn heilbrigðisstétta á Vestfjörðum
Lausnin – ráðgjafarstofa	250.000	Vegna opnunar á Lausnin – ráðgjafarstofa
IT Ráðgjöf ehf.	25.000	Vegna opnunar á re18 gagnagrunninum
Íslensku brjóstgjafarsamtökin	100.000	Til að koma á laggirnar brjóstgjafarhjálp
Unifem	25.000	Til útgáfu á afmælisriti UNIFEM
Landssamtök áhugafólks um flogaveiki, LAUF	50.000	Til útgáfu á 25 ára afmælisblaði LAUF
Heimili og skóli	100.000	Vegna átaks gegn einelti
Félag íslenskra fíkiniefnalögreglumanna	25.000	Vegna auglýsingar til að vekja athygli á þeirri vá sem fíkniefni og fíkniefnaneysla er í þjóðfélaginu
Félag áhugafólks um íþróttir aldraðara, FÁÍA	100.000	Útgáfustyrkur vegna afmælis og fræðslurits FÁÍA
Fræðsla og forvarnir	100.000	Vegna vímuefnastarfs FRÆ, ráðgjöf og skipulag við forvarnir
Þroskahjálp, landsamtökin	15.000	Til útgáfu jólablaðs Þroskahjálpar
Vímulaus æska – foreldrahús	200.000	Til að efla þjónustu samtakanna
Lýðheilsustöð	300.000	Vegna ráðstefnunar „The second European Regional Safe Community Conferece“ sem haldin verður í Reykjavík 9.–10. maí 2010
Íþróttasamband Íslands	500.000	Vegna lífshlaupsins 2010 (Greitt 2010)
Hjartaheill	50.000	Til útgáfu á Velferð, fréttablaði Hjartaheilla
Samstarfshópur um vinnuvernd á Íslandi	100.000	Framlag í tilefni af sérstöku átaki gegn einelti og eineltisdegi (búið að greiða 68.658 kr. í formi greiðslu fyrir auglýsingar)
Hugarafl, Sigrún Ólafsdóttir/ Jón Gunnar Bernburg	80.000	Vegna ráðstefnu sem fjallaði um fordóma gagnvart einstaklingum með geðræn vandamál
LAUF, samtök flogaveikra	50.000	Til útgáfu á afmælisblaði Laufblaðsins
Samtals árið 2009	**7.680.000**	

Ráðstöfun á ráðstöfunarfé ráðherra á árinu 2010.

Styrkþegi	Upphæð	Tilefni
Íþróttasamband lögreglumanna	10.000	Útgáfa bæklings vegna átaksins „Eftir einn ei aki neinn“
Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna	50.000	Útgáfa á fréttablaðinu Neistanum
KFUM og KFUK	10.000	Útgáfa á blaði um sumarstarf KFUM og KFUK
Kraftur, stuðningsfélag ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstendendur þeirra	50.000	Útgáfa á fréttablaði Krafts
Málefni aldraðra, Þorbergur Ólafsson	50.000	Til útgáfu á tímaritinu Málefni aldraðra
Brjóstagjöf.is	100.000	Til að hanna kennsluefni fyrir hjúkrunarfræðinga um brjóstagjöf
Bandalag íslenskra skáta	100.000	Til að halda Góðverkadaga
Geðhjálp	15.000	Til útgáfu á blaðinu Geðhjálp
Hinsegin dagar – Gay Pride	100.000	Vegna Hinsegin daga – fræðslu um alnæmi
Veiran ehf.	100.000	Vegna Megrunarlausa dagsins 2010
Curator	25.000	Til útgáfu á tímariti hjúkrunarfræðinema
Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna	25.000	Vegna auglýsingar um þá vá sem fíkniefni og fíkniefnaneysla er í þjóðfélaginu
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	25.000	Til útgáfu á blaði samtakanna, Slökkviliðsmaðurinn
Ástráður – forvarnarstarf læknanema	200.000	Vegna forvarnarstarfs

Félag talkennara og talmeinafræðinga	25.000	Til útgáfu á tímaritinu Talmeinafræðingurinn
Kraftur, stuðningsfélag ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein	25.000	Styrkur vegna átaks til að kynna verkefni félagsins í sumar
Landssamtök áhugafólks um flogaveiki, LAUF	25.000	Til útgáfu á tímaritinu Laufblaðinu
Félagið Bárány Society	100.000	Vegna alþjóðaráðstefnu vísindamanna hér á landi sem rannsaka svima og jafnvægistruflanir
Undirbúningsnefnd alþjóðaráðstefnu um unglingalækningar	100.000	Vegna alþjóðlegarar ráðstefnu hér á landi um unglingalækningar
Heilaheill, félag	100.000	Stuðningur við félagið til þess að það geti stutt við einstaklinga og fjölskyldur
Hrafnista DAS	25.000	Vegna sérblaðs og sögusýningar í tilefni af aldarafmæli Vífilsstaðaspítala
Ólafur Ólafsson	70.000	Samantekt á greinargerð um árangur og kostnað við
Ottó J. Björnsson	80.000	heilbrigðisþjónustu 16 vestrænna ríkja
Hjartaheill – Landssamtök hjartasjúklinga	50.000	Vegna fylgiblaðs sem borið er út með Mbl. þar sem fjallað er um hjartasjúkdóma og forvarnir o.fl.
Vinnuhópur um málefni systra með Goldenhar-heilkenni	606.178	Vegna kostnaðar við vinnuhópinn
Íþróttasamband lögreglumanna	30.000	Umferðarfræðsla fyrir yngstu nemendurna
Blindrafélagið og Blindrastofan	100.000	Styrkur til Blindrastofnunnar
Skákfélagið Vinin	100.000	Styrkur til félagsins til að taka þátt í skákmótum og efla starf
Kraftur stuðningsfélag	50.000	Til útgáfu á fréttablaðinu „Kraftur“
Hjartaheill	50.000	Til útgáfu á fréttablaðinu „VELFERÐ“
Vímulaus æska – Foreldrahús	200.000	Styrkur til starfsemi Vímulausrar æsku – Foreldrahúss
FRÆ	50.000	Styrkur til starfsemi Fræðslu og forvarna – FRÆ
Samtals árið 2010	**2.646.178**	

705. Frumvarp til laga [131. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. jan.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með kæru skal fylgja málskotsgjald, að upphæð 200.000 kr., sem endurgreiðist ef málið vinnst fyrir nefndinni, og rennur gjaldið í ríkissjóð. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála tekur kæru ekki til meðferðar nema málskotsgjald fylgi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „10., 11. og 12. gr.“ í a-lið 1. mgr. kemur: bannákvæði laga þessara, sáttir eða ákvarðanir sem teknar hafa verið samkvæmt þessum lögum.
b. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða hefur skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns. Með aðstæðum er m.a. átt við atriði sem tengjast eiginleikum viðkomandi markaðar, þ.m.t. skipulag eða uppbyggingu fyrirtækja sem á honum starfa. Með háttsemi er átt við hvers konar

atferli, þ.m.t. athafnaleysi, sem á einhvern hátt hefur skaðleg áhrif á samkeppni á markaði þrátt fyrir að ekki sé brotið gegn bannákvæðum laganna.

c. 1. og 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Aðgerðir Samkeppniseftirlitsins geta falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að efla samkeppni, stöðva brot eða bregðast við athöfnum opinberra aðila sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Samkeppniseftirlitið getur beitt nauðsynlegum úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi vegna þeirra atriða sem tilgreind eru í 1. mgr. í réttu hlutfalli við það brot sem framið hefur verið eða þær aðstæður eða háttsemi sem um ræðir.

3. gr.

Á eftir 17. gr. f laganna kemur ný grein, 17. gr. g, svohljóðandi:

Fyrirtæki sem tilkynnir samruna skv. 17. gr. a skal greiða samrunagjald og nemur gjaldið 250.000 kr. fyrir hverja samrunatilkynningu. Gjaldið er greitt við afhendingu samrunatilkynningar og rennur það í ríkissjóð.

4. gr.

Á eftir orðinu „aðili“ í 1. málsl. 41. gr. laganna kemur: þ.m.t. Samkeppniseftirlitið.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

706. Frumvarp til laga [431. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum (mannvirki).

Frá umhverfisnefnd.

1. gr.

Skilgreining hugtaksins *mannvirki* í 3. gr. laganna verður svohljóðandi: Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, samgöngumannvirki, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

1. og 2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Sérstök eldhætta eða hætta á mengun frá mannvirki eða lóð þess.

Skylt er að láta fara fram sérstaka brunahönnun á mannvirki og/eða lóð þegar um er að ræða nýtt mannvirki þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða. Brunahönnun skal lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar, sé hún til staðar, að

öðrum kosti byggingarfulltrúa. Byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi skal leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt.

Sé um að ræða lóð eða mannvirki sem þegar er byggt og er í rekstri og þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða skal slökkviliðsstjóri gera úttekt á brunavörnum þess, gera kröfu um úrbætur ef ástæða er til og leggja hana fyrir eiganda eða forráðamann. Sé brunavörnum slíks mannvirkis og lóðar í veigamiklum atriðum ábótavant getur slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi gert kröfu um að gerð sé brunahönnun á mannvirkinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum. Við umfjöllun umhverfisnefndar um 79. mál, brunavarnir, á haustþingi 2010 voru lagðar til sömu breytingar sem vegna misgánings duttu út við afgreiðslu málsins og til að lagfæra það er þetta frumvarp flutt. Um breytingarnar var einhugur í nefndinni, svo sem sjá má í breytingatillögum nefndarinnar fyrir 2. umræðu um 79. mál á þskj. 352.

Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á skilgreiningu hugtaksins *mannvirki* í þeim tilgangi að samræma það skilgreiningu á hugtakinu sem fyrir liggur í gildandi lögum um mannvirki sem samþykkt voru í desember 2010 og tóku gildi 1. janúar 2011. Í öðru lagi eru í frumvarpinu lagðar til smálegar en mikilvægar breytingar á 24. gr. laganna sem fjallar um sérstaka eldhættu í mannvirkjum.

707. Tillaga til þingsályktunar [432. mál]

um göngubrú yfir Markarfljót.

Flm.: Róbert Marshall, Björgvin G. Sigurðsson, Þráinn Bertelsson, Guðmundur Steingrímsson, Árni Johnsen, Magnús Orri Schram, Ólafur Þór Gunnarsson, Ólína Þorvarðardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Eygló Harðardóttir, Helgi Hjörvar, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Margrét Tryggvadóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Kristján L. Möller, Ragnheiður E. Árnadóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þór Saari, Álfheiður Ingadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta smíða göngubrú yfir Markarfljót við Húsadal.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að gerð verði göngubrú yfir Markarfljót við Húsadal í þeim tilgangi að auðvelda og bæta aðgengi að hinni fögru náttúru Þórsmerkursvæðisins.

Á svæðið er aðeins hægt að komast á sérútbúnum bílum eftir torfærum slóðum. Þrátt fyrir þessar takmarkanir er talið að um 75–100 þúsund ferðamenn komi þangað árlega. Í nýafstöðnu eldgosi í Eyjafjallajökli lokaðist leiðin inn í Þórsmörk sem skapaði hættu fyrir ferðafólk á svæðinu auk þess sem ferðaþjónustuaðilar töpuðu viðskiptum meðan lokað var. Leiðin í Þórsmörk er almennt hættuleg og lokast oft á hverju sumri. Mjög alvarleg slys hafa orðið í ám á leiðinni. Þessar tíðu lokanir og hin alvarlegu slys hafa leitt af sér þá hugmynd að gera örugga leið í Þórsmörk með göngubrú yfir Markarfljót til móts við Húsadal.

Á síðustu mánuðum hafa möguleikar á brúarsmíði verið skoðaðir og verðtilboða leitað. Mögulegur ávinningur af brúarsmíðinni hefur einnig verið kannaður og leiddi könnunin í ljós að slík brú mundi fyrst og fremst auka mjög öryggi ferðamanna. Slík brú opnaði leið inn í Þórsmörk bæði vetur og sumar fyrir þá sem ekki eiga sérútbúna fjallajeppa, en þá yrði ekið inn Fljótshlíð og inn fyrir Þórólfsfell. Göngubrú á Markarfljóti mundi einnig opna fyrir nýjar gönguleiðir, svo sem Þórsmörk–Tindfjöll, Einhyrningsflatir–Emstrur og Markarfljótsgljúfraleið. Þar með mundi opnast ný vídd í ferðaþjónustu sem skapa mundi ný störf á svæðinu. Mætti og leggja rafstreng yfir hina nýju brú sem gerði það mögulegt að rafvæða skála ferðaþjónustuaðila.

Ljóst er að Þórsmerkursvæðið er og verður áfram með alvinsælustu útivistarsvæðum landsins á næstu árum enda er áhugi bæði innlendra og erlendra ferðamanna mikill á að skoða eldstöðvarnar á Fimmvörðuhálsi og sjá ummerkin eftir öskugosið úr toppi Eyjafjallajökuls og því afar brýnt að bæta aðgengi og öryggi ferðamanna eins vel og hægt er.

Áætlanir Vegagerðarinnar gera ráð fyrir að göngubrú yfir Markarfljót á þessum stað kosti um 50 millj. kr. Flutningsmenn tillögunnar hvetja til þess að gerð göngubrúarinnar verði unnin í samstarfi við samtökin Vini Þórsmerkur og í samræmi við hugmyndir þeirra um staðsetningu og fleira en að samtökunum standa hagsmunaaðilar á svæðinu.

708. Lög [234. mál]

um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. janúar 2011.)

Samhljóða þskj. 265.

709. Frumvarp til laga [433. mál]

um útflutning hrossa.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa að uppfylltum skilyrðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem eru sett samkvæmt þeim. Þó má ekki flytja úr landi yngri hross en fjögurra mánaða né fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur.

2. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi hross nema héraðsdýralæknir eða eftirlitsdýralæknir Matvælastofnunar hafi skoðað það í útflutningshöfn, metið það hæft til útflutnings með tilliti til dýraverndar og smitsjúkdóma og staðfest að það sé rétt merkt og uppfylli kröfur sem gerðar eru af hlutaðeigandi yfirvöldum í innflutningslandi.

Öll útflutningshross skulu vera örmerkt.

Útflytjendur hrossa greiða kostnað við skoðun útflutningshrossa í útflutningshöfn samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fenginni tillögu Matvælastofnunar.

3. gr.

Flutningsför fyrir hross við útflutning skulu vera fullnægjandi hvað alla aðstöðu og aðbúð varðar, svo sem rými, loftræstingu, brynningartæki, fóður, fóðrun og eftirlit, þannig að velferð hrossanna í flutningi sé tryggð. Matvælastofnun hefur eftirlit með að reglum um aðstöðu og aðbúð sé fylgt.

Óheimilt er að flytja hross frá Íslandi með flutningsfari sem samtímis flytur dýr frá öðrum löndum. Hafi flutningsfar áður verið notað til flutnings á dýrum erlendis skal það þrifið og sótthreinsað áður en það kemur til landsins. Matvælastofnun hefur eftirlit með að reglum um þrif og sótthreinsun sé fylgt.

Á tímabilinu 1. október til 15. maí er einungis heimilt að flytja hross til útlanda með flugvélum.

4. gr.

Matvælastofnun getur ákveðið við sérstakar aðstæður að dýralæknir sé um borð í flutningsfari og hafi yfirumsjón með gæslu hrossa í flutningi.

Flutningsaðili greiðir allan kostnað sem fellur til vegna veru dýralæknis í flutningsfari.

5. gr.

Hrossum sem eru flutt úr landi skal fylgja vottorð, hestavegabréf, frá Bændasamtökum Íslands er staðfesti uppruna, ætterni, eiganda og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru, meðal annars til að uppfylla kröfur þær sem innflutningslönd gera hverju sinni.

Útflytjendur hrossa greiða gjald fyrir kostnað við útgáfu hestavegabréfa samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands.

6. gr.

Af hverju útfluttu hrossi skal greiða 1.500 kr. gjald í stofnverndarsjóð skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Bændasamtök Íslands annast innheimtu gjaldsins.

7. gr.

Ráðherra skipar fimm manna ráðgjafarnefnd um málefni er snerta útflutning hrossa. Nefndin er samráðsvettvangur stjórnvalda og þeirra sem að þeim málefnum vinna. Bændasamtök Íslands, Félag hrossabænda, Matvælastofnun og Félag hrossaútflytjenda tilnefna einn mann í nefndina hver en ráðherra skipar formann án tilnefningar.

8. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar með talið um skoðun og merkingu útflutningshrossa, aðstöðu í útflutningshöfn og í flutnings-

fari, sóttvarnir og upplýsingar sem útflytjendum er skylt að leggja fram vegna útgáfu hestavegabréfa.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 55/2002, um útflutning hrossa, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. er heimilt til 1. nóvember 2011 að flytja út hross sem eru ekki örmerkt hafi þau verið frostmerkt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti í samráði við ráðgjafarnefnd um útflutning hrossa skv. 6. gr. laga nr. 55/2002, um útflutning hrossa. Fullt samkomulag var í nefndinni um efni frumvarpsins. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar þeirra aðila sem frumvarpið helst varðar, þ.e. Bændasamtaka Íslands, Félags hrossabænda, Matvælastofnunar og Félags hrossaútflytjenda. Ráðherra skipar formann hennar án tilnefningar.

Frumvarpi þessu er ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um útflutning hrossa, nr. 55/2002. Helstu breytingar frá núgildandi lögum eru þær að ekki verður lengur heimilt að flytja út hross sem einungis eru frostmerkt, tímabil það sem aðeins er heimilt að flytja hross út með flugvélum er lengt og gjald það sem útflytjendur hrossa greiða í stofnverndarsjóð er hækkað. Þá er í frumvarpinu að finna það nýmæli að óheimilt verður að flytja hross frá Íslandi með flutningsfari sem samtímis flytur dýr frá öðrum löndum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 1. gr. núgildandi laga.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. segir að Matvælastofnun skoði hross í útflutningshöfn í stað „héraðsdýralæknis“ áður. Er gert ráð fyrir því að Matvælastofnun geti tekið ákvörðun um hvaða dýralæknir það er sem skoðar hross áður en það er flutt út, t.d. yfirdýralæknir, héraðsdýralæknir eða eftirlitsdýralæknir.

Í 2. mgr. er kveðið á um að öll útflutningshross skuli vera örmerkt og felur það í sér þá breytingu á núgildandi lögum að ekki verður lengur heimilt að flytja út hross sem einungis eru frostmerkt. Frostmerking hrossa hefur verið á undanhaldi undanfarin ár og hefur verið bent á ýmis vandkvæði við aflestur hennar. Þykir örmerking að þessu leyti hagkvæmari auk þess sem hún er talin öruggari að því er varðar trúverðugleika upprunavottorðs. Þó er gert ráð fyrir því að heimilt sé að flytja frostmerkt hross til útlanda fram til 1. nóvember 2011, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Þykir rétt að gefa eigendum hrossa sem einungis eru frostmerkt aðlögunartíma hvað þetta varðar.

Samkvæmt 3. mgr. er líkt og áður gert ráð fyrir því að útflytjendur hrossa greiði kostnað við skoðun hrossa í útflutningshöfn. Þá má einnig geta efnislega skyldrar heimildar í 3. mgr. 37. gr. laga nr. 143/2009, sem breytir 11. gr. laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, og öðlast gildi 1. nóvember 2011. Þar segir: „Að fengnum tillögum Matvælastofnunar setur ráðherra reglur um gjald sem skal innheimt fyrir eftirlit og skoðanir héraðsdýralækna og annarra dýralækna og eftirlitsmanna sem starfa við umdæmisskrifstofur stofnunarinnar.“

Um 3. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti samhljóða 3. gr. núgildandi laga. Í 1. mgr. er að finna þá breytingu að Matvælastofnun er falið að hafa eftirlit með því að reglum um aðbúnað sé fylgt og er með því átt við þann fulltrúa stofnunarinnar sem skoðar hrossin í útflutningshöfn.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli í lögum en þar er kveðið á um að óheimilt sé að flytja hross frá Íslandi með flutningsfari sem samtímis flytur dýr frá öðrum löndum. Búa þarna að baki rök um dýrasjúkdóma og sóttvarnir. Ákvæðið var áður að finna í reglugerð um útflutning hrossa en rétt þykir að ákvæði þessa efnis sé einnig að finna í lögunum. Er embættisdýralækni falið að sjá til þess að reglum sé fylgt varðandi sótthreinsun skipa sem koma hingað til lands og hafa áður flutt dýr frá öðrum löndum.

Ákvæði 3. mgr. kveður á um að tímabil það sem einungis er heimilt að flytja hross til útlanda með flugvélum skuli vera lengra en samkvæmt núgildandi lögum. Er þannig gert ráð fyrir því að tímabilið vari frá 1. október til 15. maí í stað 1. nóvember til 15. apríl áður. Þykir rétt að stytta þann tíma sem heimilt er að flytja hross til útlanda með skipum vegna veðuraðstæðna hér við land.

Um 4. gr.

Ákvæðið er nýmæli í lögum en er hins vegar að finna í 4. gr. gildandi reglugerðar um útflutning hrossa. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að Matvælastofnun sé heimilt að ákveða í sérstökum tilvikum að dýralæknir skuli vera um borð í flutningsfari og hafa yfirumsjón með gæslu hrossa. Ákvæðið er undantekningarákvæði og ber að túlka heimildina þröngt. Með orðalaginu „við sérstakar aðstæður“ er til að mynda átt við mál þar sem svo háttar til að í fleiri en einu tilviki hafi hross drepist í umsjón flutningsaðila eða þar sem ástand hrossanna við komu á áfangastað bendir til þess að aðbúnaði þeirra í flutningsfari hafi verið ábótavant. Eðlilegt þykir að flutningsaðili greiði kostnað af veru dýralæknis í flutningsfari.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. mgr. er að mestu leyti samhljóða ákvæði 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga en rétt þykir að kveða einnig á um að í hestavegabréfi frá Bændasamtökum Íslands geti verið að finna aðrar upplýsingar en þær sem núgildandi ákvæði gerir ráð fyrir, sérstaklega ef sú krafa er gerð í innflutningslandi að þær upplýsingar komi fram.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sama efnis og ákvæði 2. mgr. 4. gr. núgildandi laga.

Með þessu frumvarpi er ekki lengur gert ráð fyrir að fagráð í hrossarækt ákvarði mörk kynbótamats sem hross þurfi að hafa til að teljast úrvalskynbótagripur. Ástæða þessa er sú að fé því sem rennur í stofnverndarsjóð, skv. 15. gr. búnaðarlaga, er nú einungis varið til styrkveitinga í hrossarækt en ekki til kaupa á úrvalskynbótagripum sem ella yrðu fluttir úr landi. Þykir því ekki ástæða til þess að ákvarða á hverju ári um framangreind mörk kynbótamats.

Um 6. gr.

Með ákvæðinu er gjald það sem útflytjendur hrossa greiða í stofnverndarsjóð hækkað úr 500 kr. af hverju útfluttu hrossi í 1.500 kr.

Um 7.–9. gr.

Ákvæðin eru að mestu leyti samhljóða 6.–8. gr. núgildandi laga.

Um 10. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um skýringu á ákvæðinu vísast til athugasemda við ákvæði 2. mgr. 2. gr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um útflutning hrossa.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um útflutning hrossa, nr. 55/2002. Helstu breytingar frá núgildandi lögum eru í fyrsta lagi að ekki er gert ráð fyrir að lengur verði heimilt að flytja út hross sem einungis eru frostmerkt. Í öðru lagi er lagt til að lengt verði það tímabil sem einungis er heimilt að flytja út hross með flugvélum. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að gjald sem útflytjendur greiða í stofnverndarsjóð verði hækkað úr 500 kr. í 1.500 kr. en sjóður þessi er í umsjón Bændasamtaka Íslands skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Miðað er við að 1.500–2.000 hross séu flutt úr landi á ári hverju og má því gera ráð fyrir að tekjur sjóðsins aukist um 1,5–2 m.kr. við þá breytingu en á árinu 2009 voru tekjurnar samtals 0,8 m.kr. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að óheimilt verði að flytja hross frá Íslandi með flutningsfari sem samtímis flytur dýr frá öðrum löndum. Í fimmta lagi lagt til að Matvælastofnun skoði hross í útflutningshöfn í stað héraðsdýralæknis áður en áfram er gert ráð fyrir að útflytjendur hrossa greiði þann kostnað.

Með fjárlögum 2003 var 0,6 m.kr. fjárheimild 04-826, Stofnverndarsjóður búfjár, felld niður. Síðan þá hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu láðst að áætla fyrir þessum mörkuðu tekjum í fjárlögum þrátt fyrir að gjöld af útfluttum hrossum hafi verið innheimt allar götur síðan. Gera má ráð fyrir að tekjur stofnverndarsjóðs, á fjárlagalið 04-826, verði samtals um 2,3 m.kr. á ársgrunni vegna hækkunar á gjaldinu í 1.500 kr. en þá er miðað við að um 1.500 hross verði flutt út á ári. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

710. Svar [387. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um lífeyristryggingar.

1. *Hversu mikið greiðir ríkið vegna lífeyristryggingar, sundurliðað milli ríkistryggða kerfisins og almenna kerfisins?*

Heildargreiðslur vegna lífeyristryggingar frá TR námu samtals 53.531 millj. kr. á árinu 2009. Ekki liggja fyrir endanlegar tölur vegna ársins 2010 en bráðabirgðatala nemur 51.991 millj. kr.

Til lífeyristryggingar ríkistryggða kerfisins teljast eftirtaldir bótaflokkar: Ellilífeyrir, örorkulífeyrir, aldurstengd örorkuuppbót, tekjutrygging, örorkustyrkur og barnalífeyrir samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar. Einnig endurhæfingarlífeyrir, heimilisuppbót og allar uppbætur á lífeyri samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð.

Lífeyrisgreiðslur frá LSR námu á árinu 2009 alls 23.358 millj. kr. Endanleg tala vegna ársins 2010 liggur ekki fyrir en bráðabirgðatala nemur 24.247 millj. kr.

Allar greiðslur úr A-deild LSR, B-deild LSR, Séreign LSR, til fyrrum embættismanna og úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga eru meðtaldar. Greiðslur úr A-deild LSR og Séreign LSR eru að fullu fjármagnaðar með iðgjöldum og er hlutur launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum því enginn. Þessar greiðslur námu alls 2.035 millj. kr. á árinu 2009. Hlutur launagreiðenda (aðallega ríkisins) í lífeyrisgreiðslum B-deildar LSR, til fyrrum embættismanna og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga, var 8.737 millj. kr. á sama ári en hlutur þessara sjóða í lífeyrisgreiðslum nam 12.585 millj. kr. á sama ári.

2. *Hversu margir lífeyrisþegar fá greiðslur vegna lífeyristryggingar frá ríkinu, sundurliðað milli ríkistryggða kerfisins og almenna kerfisins?*

Í desember 2009 fengu samtals 41.732 einstaklingar greiddan ellilífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrk eða endurhæfingarlífeyri frá TR. Bráðabirgðatala fyrir árið 2010 er 41.662 einstaklingar.

Meðalfjöldi allra lífeyrisþega hjá LSR á árinu 2009 var 13.656 manns. Bráðabirgðatala fyrir árið 2010 er 14.372 einstaklingar.

3. *Hver hefur þróun síðustu fimm ára verið í fjölda lífeyrisþega og í útgjöldum ríkisins vegna lífeyristryggingar?*

A. Fjöldi lífeyrisþega.

Fjöldi einstaklinga sem fengu greiddan ellilífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrk eða endurhæfingarlífeyri frá TR í desember ár hvert:

- Árið 2006: 41.785
- Árið 2007: 42.623
- Árið 2008: 43.816
- Árið 2009: 41.732
- Árið 2010: 41.662 (bráðabirgðatala)

Meðalfjöldi allra lífeyrisþega hjá LSR ár hvert:

- Árið 2006: 11.161
- Árið 2007: 11.791
- Árið 2008: 12.480

- Árið 2009: 13.656
- Árið 2010: 14.372 (bráðabirgðatala)

B. Útgjöld ríkisins.

Útgjöld TR ár hvert (ellilífeyrir, örorkulífeyrir, aldurstengd örorkuuppbót, tekjutrygging, örorkustyrkur, barnalífeyrir, endurhæfingarlífeyrir, heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri):

- Árið 2006: 37.622 millj. kr.
- Árið 2007: 42.564 millj. kr.
- Árið 2008: 49.137 millj. kr.
- Árið 2009: 53.531 millj. kr.
- Árið 2010: 51.991 millj. kr. (bráðabirgðatala)

Heildarútgjöld LSR ár hvert:

- Árið 2006: 15.363 millj. kr., þar af hlutur launagreiðenda 6.395 millj. kr.
- Árið 2007: 17.538 millj. kr., þar af hlutur launagreiðenda 7.075 millj. kr.
- Árið 2008: 20.099 millj. kr., þar af hlutur launagreiðenda 8.052 millj. kr.
- Árið 2009: 23.358 millj. kr., þar af hlutur launagreiðenda 8.737 millj. kr.
- Árið 2010: 24.147 millj. kr., þar af hlutur launagreiðenda 8.646 millj. kr. (bráðabirgðatölur).

711. Svar [349. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um sjúkraflutninga.

1. *Hvernig er sjúkraflutningum með sjúkrabílum háttað?*

Rauði kross Íslands leggur rekstraraðilum sjúkraflutninga til sjúkrabifreiðar og sér um rekstur þeirra samkvæmt samningi við ríkið. Rekstraraðilarnir eru ýmist heilbrigðisstofnanir eða slökkvilið sveitarfélaga. Þessir aðilar manna bifreiðarnar og halda uppi útkallsviðbúnaði á 41 bækistöð vítt og breitt um landið. Öll boðun í sjúkraflutning fer í gegnum vaktstöð samræmdrar neyðarsímsvörunar (112) hjá Neyðarlínunni ohf. Gildir þá einu hvort um bráðatilvik er að ræða eða annan flutning slasaðra eða veikra. Verklagi sjúkraflutningamanna í útkalli er lýst í skjalinu *Vinnuferlar landlæknis fyrir sjúkraflutningamenn* (2006) sem er að finna á vef landlæknisembættisins (http://www.landlaeknir.is/Pages/1055/NewsID/1619).

2. *Hver var rekstrarkostnaður sjúkrabíla á ári, 1999–2010? Hversu mikið greiddi ríkið fyrir rekstur þeirra ár hvert, hversu mikið greiddi Rauði krossinn og hversu mikið greiddu sjúklingar fyrir flutninga í sjúkrabílum?*

Í töflu er sýndur rekstrarkostnaður sjúkrabíla í milljónum króna árin 1999–2010.

1	2	3	4	5	6	7
	Greiðsla *ríkisins* *skv. samn.*	*Tekjur RKÍ vegna millist.flutn.*	Samtals *greiðsla ríkisins*	*Framlag RKÍ*	*Greiðsla sjúklinga*	*Samtals rekstrar-kostnaður*
1999	32,2	26,4	58,6	65,5	24,7	148,8
2000	33,2	31,5	64,7	41,4	23,1	129,2
2001	50,2	26,3	76,5	56,1	24,4	157,1
2002	54,1	37,8	91,9	45,2	30,5	167,6
2003	54,8	43,2	98,0	53,1	39,6	190,6
2004	56,2	44,7	100,9	51,5	41,1	193,5
2005	58,2	53,2	111,4	53,0	40,4	204,7
2006	60,4	41,7	102,1	37,0	42,0	181,0
2007	104,0	43,2	147,2	28,8	46,2	222,2
2008	115,7	45,2	160,9	17,6	48,0	226,5
2009	136,6	56,9	193,5	20,7	60,0	274,2
2010	134,1	63,3	197,4	20,4	63,9	281,7
Samtals	**889,7**	**513,3**	**1.403,0**	**490,4**	**483,9**	**2377,2**

Greiðsla ríkisins, sem sýnd er í dálki 4, er summa af greiðslu ríkisins samkvæmt samningi við Rauða krossinn (dálkur 2) og greiðslum heilbrigðisstofnana fyrir svokallaða millistofnanaflutninga (dálkur 3). Með millistofnanaflutningum er átt við flutning með inniliggjandi sjúklinga á milli sjúkrahúsa. Dálkur 5 sýnir framlag Rauða krossins og dálkur 6 greiðslu sjúklinga, sbr. reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Tölur í dálkum 3 og 6 eru sýndar án afskrifta af kröfum. Tölur fyrir árið 2010 eru bráðabirgðatölur.

3. *Er ætlunin að skera niður kostnað við sjúkraflutninga árið 2011?*

Við afgreiðslu fjárlaga 2011 var tekin ákvörðun um að standa vörð um starfsemi heilsugæslunnar eins og kostur er og fjárveitingar til sjúkraflutninga ekki lækkaðar.

712. Svar [350. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um fjölda aðgerða á spítölum og heilbrigðisstofnunum með skurðstofur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig stendur á því að munur er á tölum um fjölda aðgerða á spítölum og heilbrigðisstofnunum með skurðstofur, annars vegar í svari heilbrigðisráðherra í þingskjali 283 og hins vegar í skýrslu heilbrigðisráðuneytis um endurskipulagningu sjúkrahúsa á suðvesturhorninu frá desember 2009?

Talning aðgerðakóða á bak við hvern sjúkling er með mismunandi hætti.

Höfundar skýrslu heilbrigðisráðuneytisins um endurskipulagningu sjúkrahúsa á suðvesturhorni landsins (hér eftir nefnd Kragaskýrsla) síuðu gögnin sem notuð voru með ákveðnum hætti til að gera upplýsingar sambærilegar. Upplýsingar í þingskjali 283 byggjast á svörum

forstöðumanna viðkomandi stofnana. Munur er mismikill eftir stofnunum, en liggur í eftirfarandi þáttum:

Í Kragaskýrslu eru gögn síuð, eins og áður sagði, þannig að einungis eru taldir með aðgerðakóðar aðgerða sem framkvæma þarf á skurðstofu eins og fram kemur í neðanmálsgrein á bls. 29 í skýrslunni. Aðgerðakóðum vegna speglana, rannsókna sem tengjast skurðaðgerðum, aðgerða vegna fæðingarhjálpar, minni háttar aðgerða á húð og fleira er sleppt. Eftir standa að meðaltali 1,1–1,3 aðgerðakóðar á hvern sjúkling. Í svörum forstöðumanna, sem fram koma í þingskjali 283, eru þessir aðgerðakóðar taldir með ef gögn hafa ekki verið síuð með sama hætti og í skýrslunni. Ef kóðar vegna smærri viðvika eru taldir með má ætla að 1,8–2,0 kóðar séu á hvern sjúkling og liggur hluti skýringar á þeim mismun sem fram kemur í þingskjali 283 og Kragaskýrslu í þessu atriði.

Þá getur flokkun niður á sérgreinar verið breytileg milli sjúkrahúsa og því geta sambærilegar legur flokkast á mismunandi sérgreinar eftir sjúkrahúsum. Aðgerð sem flokkast sem kvensjúkdómaaðgerð á einu sjúkrahúsi getur flokkast sem almenn skurðlækning á öðru. Í Kragaskýrslu voru gögn unnin þannig að miðað var við sams konar flokkun aðgerða á öllum stöðum.

Mismunur sá sem fram kemur í talnaefni skýrslunnar og í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn í þingskjali 283 sýnir mikilvægi þess að samræma aðferðir við mat á afköstum sjúkrastofnana á landinu, hvort sem það snýr að skráningu eða talningu gagna. Slík samræming upplýsinga er meðal forgangsverkefna nýs velferðarráðuneytis..

713. Fyrirspurn [434. mál]

til velferðarráðherra um umönnunargreiðslur til foreldra barna með þroska- og atferlisraskanir.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hve stór hluti foreldra barna sem greinst hafa með ADHD og tengdar raskanir eða á einhverfurófinu fær umönnunargreiðslur?
2. Úr hvaða bótaflokkum eru slíkar greiðslur, hve háar eru þær og hvaða greining liggur að baki, sundurgreint eftir flokkum raskana?
3. Kemur til álita að tengja umönnunargreiðslur við minnkað starfshlutfall foreldra vegna umönnunar barnanna?
4. Hefur samfélagslegur kostnaður vegna ónægrar þjónustu við þessar fjölskyldur sem um ræðir verið metinn?

Skriflegt svar óskast.

714. Fyrirspurn [435. mál]

til velferðarráðherra um greiðsluþátttöku í tannlækniskostnaði langveikra og fatlaðra barna á spítala.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvernig er greiðsluþátttöku í tannlækniskostnaði langveikra og fatlaðra barna sem leggjast inn á spítala háttað og hvað er um mörg börn að ræða á ári að meðaltali?
2. Er barnatannlæknir fastráðinn við Barnaspítala Hringsins?

Skriflegt svar óskast.

715. Fyrirspurn [436. mál]

til velferðarráðherra um þjónustu talmeinafræðinga.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hver er munurinn á samningum talmeinafræðinga á Akureyri og í Reykjavík við Tryggingastofnun? Eru samningar öðruvísi ef um landsbyggðina er að ræða?
2. Er það rétt að sjúkratryggðir einstaklingar, hvort heldur börn eða fullorðnir, sem sækja sömu þjónustu til löggiltra talmeinafræðinga á stofu fái ekki sömu endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands samkvæmt reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nr. 1166/2007? Ef svo er, finnst ráðherra eðlilegt að íslenska ríkið mismuni sjúkratryggðum þegnum sínum á þann hátt?

Skriflegt svar óskast.

716. Tillaga til þingsályktunar [437. mál]

um legslímuflakk (endómetríósu).

Flm.: Eygló Harðardóttir, Álfheiður Ingadóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Siv Friðleifsdóttir, Höskuldur Þórhallsson.

Alþingi felur heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir átaki til að fræða um legslímuflakk (endómetríósu) og skoða möguleikann á stofnun göngudeildar fyrir konur með legslímuflakk.

Greinargerð.

Legslímuflakk eða endómetríósa, er krónískur, sársaukafullur sjúkdómur sem orsakast af því að frumur úr innra lagi legsins finnast á öðrum stöðum í kviðarholinu en legholinu. Sjúkdómurinn er meðfæddur og virðist að verulegu leyti háður erfðum. Frumurnar í legslímuflakki bregðast við mánaðarlegum hormónabreytingum líkt og þær gera á sínum eðlilega stað í leginu og blæðingar eiga sér stað inn í vefi og valda þar bólgu og örvefsmyndun með svonefndum samgróningum milli líffæra í kviðarholinu og blöðrumyndun á eggjastokkunum. Í stað þess að fara út úr líkamanum eins og við hefðbundnar blæðingar kemst blóðið ekki í burtu. Slæmir verkir tengdir tíðablæðingum koma í kjölfarið og verða oft mjög langvinnir og erfiðir. Legslímuflakk finnst á eggjastokkum, eggjaleiðurum, blöðru, ristli, legböndum og víðar. Í sjaldgæfum tilfellum hafa þessar frumur m.a. fundist í lungum, nefi, nafla og heila. Af þeim konum sem hafa sjúkdóminn eru um 60% með einkenni og um 20% með mjög sár einkenni. Sjúkdómurinn einkennist meðal annars af miklum sársauka við blæðingar, sársauka við egglos, verkjum í kviðarholi á milli blæðinga, verkjum við samfarir, þvaglát og hægðir, erfiðleikum við að verða barnshafandi og ófrjósemi, erfiðleikum á meðgöngu og við fæðingu. Talið er að allt að 5–10% kvenna í heiminum þjáist af legslímuflakki en að erfiðustu formin taki til um 2% kvenna. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Samtaka kvenna með endómetríósu þjást um 2–5% stúlkna og kvenna hér á landi af sjúkdómnum einhvern tímann á frjósemisskeiði og er því ljóst að um töluverðan fjölda er að ræða. Á 20 ára tímabili greindust um 1.400 konur með sjúkdóminn á Íslandi og þar var í meiri hluta tilvika um að ræða talsvert alvarleg sjúkdómsform. Því má reikna með að á hverjum tíma eigi nokkur hundruð kvenna í vanda vegna sjúkdómsins hér á landi, en hjá mörgum þeirra greinist sjúkdómurinn seint og ekki fyrr en óafturkræfar vefjaskemmdir hafa orðið.

Áhrif legslímuflakks geta verið miklar á líf kvenna. Upplýsingar sem safnað var saman af Endometriosis All Party Parliamentary Group í Bretlandi og kynntar voru á ráðstefnu um legslímuflakk í Maastricht árið 2005 sýna að 65% kvenna höfðu fengið ranga sjúkdómsgreiningu í upphafi og að meðalgreiningartími var 8,3 ár. Jafnframt kom fram að 78% þeirra kvenna sem þjást af legslímuflakki hafa misst að meðaltali 5,3 daga á mánuði úr vinnu sökum sjúkdómsins. Í 36% þessara tilvika hafði sjúkdómurinn veruleg áhrif á vinnugetu þeirra með eftirfarandi hætti: 41% hættu að vinna eða var sagt upp störfum, 37% minnkuðu við sig vinnu, 23% skiptu um vinnu og 6% voru á bótum. Enn fremur kom í ljós að 72% kvenna töldu sjúkdóminn hafa áhrif á samband sitt við maka með þeim hætti að í 10% tilvika leiddi sjúkdómurinn til sambandsslita, 11% kvenna átti erfitt með að sinna börnum sínum og 34% sögðu þetta hafa leitt til mikilla erfiðleika í samlífi.

Önnur alvarleg afleiðing legslímuflakks eru áhrif þess á getu kvenna til barneigna. Þekkt eru tengsl þess við ófrjósemi en aðeins nýlega hefur sjúkdómurinn þó verið tengdur við áhættu við að eignast börn fyrir tímann og aðra erfiðleika á meðgöngu. Í umfangsmikilli rannsókn við Karolinska sjúkrahúsið í Stokkhólmi kom í ljós að konur með legslímuflakk voru þriðjungi líklegri til að eignast fyrirbura en konur án sjúkdómsins. Sú staðreynd að ófrjósemi er ein afleiðing sjúkdómsins gerði það að verkum að 11,9% kvenna með legslímuflakk þurftu tilgerða æxlun (assisted reproduction technology – ART) til að verða barnshafandi, en aðeins 1,4% kvenna sem voru ekki með sjúkdóminn. Rannsóknin benti einnig til að nær tvöfalt fleiri konur með legslímuflakk fæddu með fyrirframákveðnum keisaraskurði, mögulega vegna skertrar fylgjustarfsemi. Konur með sjúkdóminn voru líklegri til að fá meðgöngueitrun og eiga við miklar blæðingar að stríða í kjölfar fæðingar.

Rangar hugmyndir hafa lengi verið ríkjandi um sjúkdóminn og upplýsingagjöf villandi, enda ekki auðvelt að útskýra sjúkdómsmyndina. Það hefur leitt til þess að minna er gert úr honum en ella. Ein ranghugmynd er að verkir séu eðlilegur hluti af lífi konunnar eða að tíðaverkir séu fyrst og fremst sálrænir. Aðrar konur fá að heyra að þær séu bara með lágan sársaukaþröskuld. Þegar þessu er haldið fram við ungar stúlkur og konur getur það fælt þær frá því að leita sér hjálpar. Einnig þekkist að læknar ráðleggi jafnvel ungum stúlkum að verða barnshafandi til að losna við sjúkdóminn. Vandinn er að meðganga og brjóstagjöf geta, líkt og hormónameðferð, dregið tímabundið úr einkennum en lækna ekki sjúkdóminn. Sama gildir um aðgerðir þegar leg og/eða eggjastokkar eru fjarlægð, en með því er oft ekki tekið á legslímuflakki utan legsins. Til að greina sjúkdóminn verður að framkvæma kviðarholsspeglun eða ómun. Meðferðin felst að hluta til í sérhæfðri lyfjameðferð, en einnig í kviðarholsspeglun þar sem afbrigðileg slímhúð er fjarlægð í aðgerðum sem nauðsynlegt er að sérstaklega þjálfað heilbrigðisstarfsfólk geri. Hormónameðferð er jafnframt oft beitt fyrir eða í kjölfar aðgerða til að stöðva blæðingar og kalla fram tímabundin tíðahvörf. Þá eru hormónagetnaðarvarnir eins og getnaðarvarnapillan og hormónalykkjur notaðar til að halda blæðingum niðri og þar með einkennum sjúkdómsins. Vegna fyrrgreindra rangra hugmynda og skorts á upplýsingum og þekkingu á sjúkdómnum meðal heilbrigðisstarfsfólks og starfsfólks skólastofnana er ekki óalgengt að það taki 5–10 ár hjá konum að fá greiningu.

Í ályktuninni er lagt til að heilbrigðisráðherra verði falið að beita sér fyrir fræðslu um sjúkdóminn. Sérstaklega mikilvægt er að upplýsa starfsfólk heilbrigðis- og skólastofnana um sjúkdóminn og þróa klínískar leiðbeiningar sem lúta að greiningu og meðferð. Stúlkur á Íslandi eru tiltölulega bráðþroska og hefjast blæðingar að meðaltali hjá þeim við 13 ára aldur. Með því að auka fræðslu um sjúkdóminn og tryggja að stúlkur fái greiningu sem fyrst má draga úr skaða, vanlíðan og verkjum. Algengt að stúlkur leiti fyrst til kennara, hjúkrunarfræðinga eða heimilislækna vegna verkja. Mikilvægt er að þessir aðilar fái fræðslu um sjúkdóminn til að stytta greiningartímann.

Árið 2003 opnaði göngudeild fyrir konur með legslímuflakk við Akademíska sjúkrahúsið í Uppsölum en það var fyrsta göngudeild sinnar tegundar í Svíþjóð þar sem safnað var saman sérhæfðu starfsfólki til að sinna konum með legslímuflakk. Miðstöðin var byggð upp að danskri fyrirmynd en í Danmörku eru starfandi sams konar göngudeildir við háskólasjúkrahúsið í Árósum og Herlev/Glostrup-sjúkrahúsið. Mikilvægt er að skoða möguleika á að byggja upp sams konar sérþekkingu á einum stað hér á landi sem heilbrigðis- og skólakerfið getur vísað konum með sjúkdóminn á og tryggt þannig sem besta meðferð við sjúkdómnum. Þá er talið mikilvægt að skurðaðgerðir vegna sjúkdómsins séu frá upphafi gerðar af læknum með sérstaka þjálfun í kviðsjártækni sem beinist að því að fjarlægja sem mest af afbrigðilegum vef í fyrstu atrennu, svo að árangur skurðaðgerða verði sem bestur og hægt sé að forðast fyrri aðstæður þar sem ófullkomnar aðgerðir leiddu til endurtekinna skurðaðgerða, jafnvel í 10–15 skipti. Heilbrigðisráðherra er í ályktuninni falið að skoða möguleikann á stofnun sams konar göngudeildar hér á landi, og þá sérstaklega fjármögnun til að tryggja mönnun og aðstöðu til að sinna konum með legslímuflakk með sem bestu móti.

Einnig þarf að skoða hvort og hvernig hægt væri að fylgjast með áhættuþáttum tengdum legslímuflakki við mæðraeftirlit, fæðingu og eftirmeðferð auk þess að efla rannsóknir á tengslum legslímuflakks, þ.m.t. faraldsfræði, erfðum, umhverfis- og lífsháttum í tengslum við sjúkdóminn, en jafnframt forvarna.

Því er hér lagt til að Alþingi feli heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir átaki um fræðslu á sjúkdómnum og skoði möguleikann á stofnun göngudeildar til meðferðar á konum með legslímuflakk.

717. Tillaga til þingsályktunar [438. mál]

um eftirlit Ríkisendurskoðunar með kostnaði við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ólöf Nordal, Ásbjörn Óttarsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Jón Gunnarsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Árni Johnsen, Atli Gíslason, Björn Valur Gíslason, Ásmundur Einar Daðason, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Gunnar Bragi Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela Ríkisendurskoðun að hafa reglulegt eftirlit með kostnaði við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og birta upplýsingar um þann kostnað ársfjórðungslega.

Greinargerð.

Hinn 16. júlí árið 2009 var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi um „að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild að ESB og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning.“ Frá þeim tíma hefur verið unnið í samræmi við tillöguna. Svokölluð rýnivinna stendur nú yfir og má búast við að eiginlegar samningaviðræður hefjist á þessu ári.

Eðlilega fellur til kostnaður vegna aðildarumsóknarinnar. Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins mat á sínum tíma að þessi kostnaður yrði um 1 milljarður kr., sem félli til á árunum 2009–2012. Þar af yrði þýðingarkostnaður tæpar 600 millj. kr. Stærstu kostnaðarliðirnir yrðu á árunum 2010 og 2011. Sjá fylgiskjal, Yfirferð fjárlagaskrifstofu á kostnaðarmati utanríkisráðuneytisins vegna aðildarumsóknar að ESB.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er fjárlagaliður 03-190-1.32, Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu, með fjárveitingu sem nemur 150 millj. kr., en ekki er að finna samsvarandi fjárlagaliði í einstökum ráðuneytum. Er þó vitað að verulegur kostnaður fellur til í öllum ráðuneytum og mörgum undirstofnunum þeirra vegna aðildarumsóknarinnar.

Gagnrýnt hefur verið að erfitt sé að afla greinargóðra upplýsinga um þann kostnað vegna aðildarumsóknarinnar og á skorti að þær upplýsingar séu aðgengilegar. Hafa þingmenn meðal annars fundið að því að örðugt sé að átta sig á kostnaðinum, enda falli hann til innan ráðuneytanna án þess að vera sérstaklega merktur aðildarumsókninni.

Nauðsynlegt er að úr þessu sé bætt. Það hlýtur að vera keppikefli stjórnvalda að upplýsingar af þessum toga séu aðgengilegar, meðal annars til þess að draga úr tortryggni. Frá sjónarhóli Alþingis er það og sjálfgefið að þessara upplýsinga sé aflað og þær gerðar aðgengilegar.

Til viðbótar þessu hefur komið fram að Evrópusambandið hafi boðið fram margvíslega fjárhagslega aðstoð, svokallaða IPA-styrki , allt að 4 milljörðum kr., sem hugsaðir eru til að

aðlaga íslenskt regluverk og íslenskt samfélag að Evrópusambandinu og reglum þess á meðan á ferlinu stendur. Til viðbótar stendur íslenskum stjórnvöldum til boða sérfræðiaðstoð, svokölluð TAIEX-aðstoð, sem Evrópusambandið stendur straum af.

Þessi mál hafa verið mjög umdeild. Fyrir liggur að nokkrir ráðherrar muni ekki sækja um styrki af þessu tagi til Evrópusambandsins, en nýjar fréttir herma að leitað verði leiða til þess að nálgast þetta fé án þess að það fari í gegnum einstök ráðuneyti. Er þá hugsunin sú að fjárins verði aflað með þeim hætti að samninganefndin við ESB sæki um styrkina fyrir Íslands hönd í stað einstakra ráðuneyta.

Ljóst er að þetta fyrirkomulag, þ.e. að hluti þess kostnaðar sem til fellur vegna ESB-umsóknar sé greiddur í gegnum sjóði Evrópusambandsins, gerir það enn örðugra en ella að átta sig á kostnaðarlegu umfangi málsins. Hvað þá að ljóst sé um hvaða verkefni sé að ræða, hvernig ákvörðun sé tekin um þau, eða þau séu skilgreind.

Varla getur verið ágreiningur um að úr þessu þurfi að bæta. Gildir þar einu hvaða skoðun menn annars hafi á aðildarumsókninni. Hér er einungis um það að ræða að jafnt þing og þjóð hafi sem skýrasta mynd af aðildarferlinu, kostnaði þess og í hverju það felst.

Eðlilegast er að fela Ríkisendurskoðun að fylgjast með þessu máli og sjá til þess að það verði kynnt með hlutlausum og óumdeildum hætti á opinberum vettvangi. Ríkisendurskoðun er sjálfstæð stofnun sem starfar á vegum Alþingis. Meginhlutverk hennar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga ríkisaðila, hafa eftirlit með og stuðla að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannafjár. Það er því ljóst að það verkefni sem hér er gert að umtalsefni fellur mjög vel að starfi stofnunarinnar.

Slíkt verkefni væri einnig mjög í anda þess sem nú er mjög umrætt, að tryggja eftirlitshlutverk Alþingis. Ekki síst í veigamiklu og umdeildu máli eins og aðildarumsóknin er sannarlega.

En í rauninni er þetta mál þó hafið yfir deilur um réttmæti umsóknarinnar um aðild að Evrópusambandinu. Þetta snýr að því að eðlilegt sé að upplýsingar af þessum toga séu opinberar og aðgengilegar og komi í veg fyrir tortryggni og getsakir um mál sem mjög margir láta sig varða.

Fylgiskjal.

Yfirferð fjárlagaskrifstofu á kostnaðarmati utanríkisráðuneytisins vegna aðildarumsóknar að ESB.

Minnisblað fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins til utanríkismálanefndar.
(8. júlí 2009.)

Utanríkisráðuneytið hefur lagt fram minnisblað um kostnaðarmat vegna þingsályktunar um aðildarumsókn að ESB. Niðurstaða ráðuneytisins er að beinn kostnaður gæti numið 300 m.kr. og um 100 m.kr. hjá öðrum ráðuneytum. Auk þess tekur utanríkisráðuneytið með þýðingarkostnað sem gæti numið samtals 590 m.kr. Samandregið áætlar utanríkisráðuneytið að þessi kostnaður dreifist þannig á næstu árin (m.kr.):

Ár	2009	2010	2011	2012	Samtals
Annar kostnaður utanríkisráðuneytisins	0	200	100	0	300
Kostnaður hjá öðrum ráðuneytum	0	50	50	0	100
Þýðingarkostnaður	50	180	180	180	590

Utanríkisráðuneytið miðar við að aðildarviðræður gætu hafist t.d. í byrjun næsta árs og þeim verði lokið um mitt ár 2011 og taki því um það bil 18 mánuði.

Annar kostnaður

Það sem utanríkisráðuneytið fellir undir annan kostnað í sínu mati má segja að sé í raun-inni beinn kostnaður vegna aðildarviðræðna við ESB. Helstu þættir sem eru taldir hafa áhrif á þennan kostnað eru; starfsmannakostnaður, ferðakostnaður, aðkeypt sérfræðiþjónusta (innlend og erlend) og tímalengd viðræðna. Utanríkisráðuneytið hefur ekki lagt fram neina skiptingu á þessum kostnaðarþáttum. Í matinu er engin sérstök sundurgreining á kostnaði sem gæti fallið til hjá öðrum ráðuneytum en talið er að það sé fyrst og fremst ferðakostnaður. Mat utanríkisráðuneytisins er því mjög gróft og með mjög miklum skekkjumörkum.

Starfsmannakostnaður: Utanríkisráðuneytið áætlar að einungis þurfi að ráða um þrjá starfsmenn aukalega til að sinna aðildarviðræðum. Raunar er um að ræða starfsmenn sem eru að störfum hjá ráðuneytinu en eru með tímabundna ráðningarsamninga sem eru að renna út. Áætlað er að um 15–20 manns muni að meðaltali koma að aðildarviðræðunum fyrir hönd íslenskra stjórnvalda og að þegar álagið er mest verði það um 35 manns, flestir frá utanríkisráðuneytinu. Til að mæta þessu gerir utanríkisráðuneytið ráð fyrir því að færa starfsfólk úr öðrum verkefnum en einnig að starfsfólk taki tímabundið á sig meira álag. Fyrirséð er dregið verður saman í vissum verkefnum t.d. vegna þróunaraðstoðar og að það ætti að gera utanríkisráðuneytinu kleift að færa mannskap yfir í aðildarviðræðurnar. Ekki liggur þó fyrir á þessu stigi hvernig ráðuneytið ætlar að gera þetta, þ.e. hvaða verkefni nákvæmlega verða lögð til hliðar til að manna aðildarviðræður. Þá er algjörlega óljóst hvernig önnur ráðuneyti geti sett mannskap í viðræðurnar, hvort að þurfi að ráða fleira af fólki eða hvort það verði líka að einhverju marki hægt með tilfærslum á verkefnum. Einnig skal bent á að í fjárlögum 2010 og 2011 mun utanríkisráðuneytið, eins og önnur ráðuneyti, þurfa að skila umtalsverðum sparnaði í rekstrarkostnaði vegna áforma um að bæta afkomu ríkissjóðs og koma jafnvægi á ríkisfjármálin. Í kostnaðarmati utanríkisráðuneytisins er ekki gert ráð fyrir áhrifum af slíkum áframhaldandi samdrætti í rekstri á árinu 2011.

Ferðakostnaður: Ekkert sérstakt mat á þessum kostnaðarlið liggur fyrir hjá utanríkisráðuneytinu miðað við fjölda ferða og má því reikna með miklum skekkjumörkum í þeim lið.

Sérfræðiþjónusta: Ekkert sérstakt mat á þessum kostnaðarlið liggur fyrir hjá utanríkisráðuneytinu. Þessi kostnaðarliður getur orðið umtalsverður. Það er þó álitamál eftir því hversu víðtæk samningsmarkmiðin verða og hversu mikið bakland sérfræðinga talin verður þörf á. Mögulegt væri að sækja að einhverju leyti í reynslu og þekkingu hinna Norðurlandanna án mjög verulegs tilkostnaðar og hafa utanríkisráðuneytinu borist tilboð um slíka aðstoð.

Tímalengd aðildarviðræðna: Í mati sínu miðar utanríkisráðuneytið við það að aðildarviðræður taki um 18 mánuði. Reynsla annarra þjóða sýnir þó að viðræðurnar gætu tekið skemmri tíma. Norðmenn luku sínum aðildarviðræðum á um það bil einu ári og önnur lönd eins og t.d. Svíar, Austurríkismenn og Finnar þurftu 14 mánuði í viðræður.

Vakin er athygli á að gengisþróun getur haft töluverð áhrif á kostnaðinn og eykur það á óvissuna, sérstaklega í ferðakostnaði og erlendri sérfræðiþjónustu.

Þýðingarkostnaður

Áætlaður þýðingarkostnaður er í raun ekki beinn kostnaður vegna aðildarviðræðnanna sem slíkra. Um þriðjungur af því væru þýðingar á efni sem ESB hefur þegar gefið út en afgangurinn vegna upptöku á nýjum sviðum regluverksins. Það er þó mat utanríkisráðuneytisins að það þurfi að hefja þessa þýðingarvinnu samhliða aðildarviðræðum. Það mat byggir t.d. á samningsrammanum fyrir Króatíu og ESB en þar kemur fram að Króatar eigi að klára allar þýðingar sem fyrst fyrir inngöngu í sambandið. Það skal þó bent á að utanríkisráðuneytið hefur ekki getað bent á neinar almennar reglur hjá ESB um að það verði að vera búið að þýða allt fyrir inngöngu. Hér virðist því vera um að ræða kostnað sem snýr fremur að inngöngu í ESB en að aðildarumsókn. Ef Íslendingar ákveða að ganga í ESB verður að fara í þessa þýðingarvinnu en ef aðild væri hafnað að afloknum viðræðum yrði ekki tilefni til að leggja í þennan þýðingarkostnað.

Utanríkisráðuneytið gerir ráð fyrir að það þurfi að ráða 24 þýðendur til viðbótar og að umfang þýðinga sé samtals um 30–50 þúsund blaðsíður.

Upplýsingar fyrir nánara kostnaðarmat

Eins og utanríkisráðuneytið bendir á í sínu mati er mikil óvissa um hvað aðildarviðræðurnar gætu að lokum kostað. Einn helsti óvissuþátturinn er hvernig eigi að skipuleggja og nálgast aðildarviðræður. Ódýrasta nálgunin væri einföld umsókn þar sem ekki væri lögð mikil áhersla á samningsmarkmið og samningsviðræður. Hinn póllinn væri að farið væri í aðildarviðræður með mjög víðtæk samningsmarkmið þar sem fátt væri undanskilið og að þau væru undirbyggð með mjög mikilli sérfræðilegri greiningu, erlendri ráðgjöf og virku baklandi. Það er að stórum hluta pólitísk álitamál hvar umfang aðildarviðræðna væri staðsett á þennan mælikvarða gagnvart kostnaðarmatinu. Lausleg skoðun bendir til að kostnaðurinn gæti orðið umtalsvert meiri miðað við að meiri þungi verði lagður í viðræðurnar. Vegna þessara álitamála og óvissuþátta og þar sem afar lítil greining á hugsanlegri framkvæmd aðildarviðræðna hefur farið fram á þessu stigi hjá utanríkisráðuneytinu liggja ekki fyrir nægilegar upplýsingar til að hægt sé að setja fram viðhlítandi kostnaðarmat. Til þess þyrfti að fá frekari svör um m.a. eftirfarandi atriði:

1. **Starfsmannakostnaður.** Gera þyrfti nánari greiningu á því hversu margir hópar (og hversu margir starfsmenn) mundu verða settir saman í sambandi við aðildarviðræður. Þá vantar upplýsingar um hvernig ráðuneytin (sérstaklega utanríkisráðuneytið) geta mætt auknu álagi vegna aðildarviðræðna, hvort þurfi að ráða inn nýtt fólk eða hvort það sé svigrúm til leggja önnur verkefni til hliðar. Einnig þarf að skoða hvort einhver dýr starfskraftur yrði sérstaklega ráðinn til að stýra aðildarumræðum eða tilteknum málefnasviðum fyrir Íslands hönd.

2. **Ferðakostnaður.** Upplýsingar vantar um hversu oft og hversu margir þurfa að ferðast t.d. til Brussel vegna aðildarviðræðna. Athuga mætti hvort ESB gæti gefið upp einhvern mælikvarða á það og skoða reynslu annarra þjóða.
3. **Aðkeypt sérfræðiþjónusta.** Upplýsingar vantar um hversu mikla sérfræðiþjónustu þarf að kaupa. Einnig þyrfti að kanna betur verð við kaup á slíkri sérfræðiþjónustu. Hvort þurfi mikið af erlendri ráðgjöf eða hvort að innlend sérfræðiráðgjöf dugi að mestu. Hvaða skýrslur og talnaefni þurfi að láta framleiða ofl. Kanna þyrfti betur möguleika á því að fá upplýsingar og ráðleggingar frá t.d. embættismönnum hjá hinum Norðurlöndunum.
4. **Reynsla annarra þjóða.** Það þyrfti að kanna nánar umfang og kostnað við aðildarviðræður hjá öðrum þjóðum. Mætti t.d. kanna það hjá Möltu og Króatíu. Nota mætti viðmið úr þeirra reynslu til að kostnaðarmeta aðildarviðræður íslendingar við ESB.

Niðurstaða

Helstu óvissuþættir í kostnaðarmati utanríkisráðuneytisins eru starfsmannakostnaður, ferðakostnaður og hversu mikill þungi verði lagður í undirbúning og framgang aðildarviðræðna. Óljóst er hvort að utanríkisráðuneytið geti látið hluta af starfsfólki sínu leggja verkefni til hliðar til að sinna aðildarviðræðum. Sérstaklega á það við um þegar álagið verður sem mest. Starfsmenn utanríkisráðuneytisins þyrftu að vera reiðubúnir til að taka á sig mjög mikið aukið álag til að það gæti gengið eftir. Mjög mikinn fjárhagsaga þyrfti til að kostnaðarmatið gæti staðist. Takmarka þyrfti mjög ferðakostnað og aðkeypta sérfræðiþjónustu í kostnaðaráætluninni og stilla í hóf undirbúningsvinnu vegna samningsmarkmiða. Afmarka þyrfti betur umfang aðildarviðræðna og greina niður í áfanga og verkefni ef leggja ætti nákvæmara mat á kostnaðinn sem af þeim gæti leitt.

718. Frumvarp til laga [439. mál]

um uppbyggingu á Vestfjarðavegi, nr. 60.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Ásbjörn Óttarsson, Gunnar Bragi Sveinsson.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að bættum samgöngum og umferðaröryggi með uppbyggingu á Vestfjarðavegi, nr. 60.

2. gr.
Veglagning.

Leggja skal veg frá Þórisstöðum í Þorskafirði, út með Þorskafirði vestanvert, um Teigsskóg og Hallsteinsnes, þvert yfir utanverðan Djúpafjörð vestur á Grónes og þaðan þvert yfir utanverðan Gufufjörð um Melanes og vestur fyrir Kraká að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Framkvæmdaraðili skal rækta birkiskóg á Vestfjörðum við sambærilegar aðstæður og eru í Teigsskógi, a.m.k. til jafns að flatarmáli við þann birkiskóg sem raskast eða verður

fyrir áhrifum við fyrirhugaða framkvæmd. Framkvæmdaraðili skal vinna áætlunina í samráði við Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins og leggja fram áætlunina áður en framkvæmdir hefjast. Í áætluninni skal gera grein fyrir hvaða efnivið er áætlað að nota við ræktunina, þ.e. hvort fyrirhugað sé að nota erfðaefni úr Teigsskógi eða annars staðar að á Vestfjörðum. Meta skal plöntunarárangur á ræktunarsvæðinu eftir að plöntun er lokið og meðan skógurinn er að ná sambærilegum vexti og í Teigsskógi og gera grein fyrir til hvaða ráðstafana er ætlað að grípa ef árangur verður ekki sá sem vænst er. Gera skal grein fyrir hvort það svæði sem valið verður bjóði upp á aðstæður til landnáms viðkomandi tegunda eða hvort fyrirhugaðar séu ráðstafanir til þess að stuðla að landnámi síðar meir, ef það reynist takmarkað.

2. Framkvæmdaraðila ber við útfærslu á vali á vegkostum að velja þann kost sem er bestur með hliðsjón af verndun Teigsskógar. Við nánari útfærslu á vegstæðinu, frágangi þess og ræsum skal leitast við að lágmarka áhrif vegagerðar á skóginn og skal framkvæmdaraðili hafa samráð um það við Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins.
3. Framkvæmdaraðili skal hanna veginn þannig að hann uppfylli skilyrði 19. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Við hliðrun á vegstæði skal hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands.
4. Í Teigsskógi frá Gröf að Hallsteinsnesi skal vegstæði skilgreint þröngt og efnisnám, skeringar og slóðagerð skulu takmörkuð við vegstæðið sjálft. Samráð skal haft við Umhverfisstofnun um efnisnám fyrir veginn og skeringar í Teigsskógi.
5. Vegna áhrifa framkvæmdanna á menningarminjar skal framkvæmdaraðili merkja og greina Fornleifavernd ríkisins frá fornminjum við vegstæðið. Framkvæmdaraðili skal hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um nánari útfærslu á staðsetningu vegstæðisins.
6. Framkvæmdaraðili skal tryggja að þverun Djúpafjarðar og Gufufjarðar takmarki ekki hefðbundin þangskurð í þeim.

Útboð framkvæmda skal fara fram árið 2010.

3. gr.

Mat á umhverfisáhrifum.

Ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eiga ekki við enda er í gildi úrskurður umhverfisráðherra frá 5. janúar 2007.

4. gr.

Gildissvið.

Þar sem þessum lögum sleppir gilda ákvæði vegalaga, nr. 80/2007, eftir því sem við á.

5. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 138. löggjafarþingi, en var eigi rætt og er því flutt að nýju.

Brýnasta verkefnið í vegamálum á Íslandi, vegagerð um Vestfjarðaveg, er í fullkomnu uppnámi og hefur svo verið um árabil. Þetta er ekki sakir fjárskorts. Á síðustu samgönguáætlun, sem gilti frá 2007 til 2010, var verulegt fjármagn, alls um 3 milljarðar kr., veitt til framkvæmda á leiðinni Svínadalur – Flókalundur. Í tillögu til þingsályktunar um nýja sam-

gönguáætlun (2009–2012,) sem liggur fyrir þinginu, er áhersla á vegagerð á þessu svæði, sem nær frá Þorskafirði að Þverá í Kjálkafirði.

Dómur Hæstaréttar í máli 671/2008 um vegagerð í Þorskafirði með þverun Djúpafjarðar og Gufufjarðar, ásamt ákvörðun Skipulagsstofnunar sem umhverfisráðherra staðfesti sjö mánuðum síðar, um að vegagerð frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði færi í umhverfismat, hefur gert það að verkum að ekkert liggur fyrir um vegagerð á þessu svæði þar sem þörfin er þó brýnust.

Við þetta verður ekki búið. Það er algjörlega óviðunandi að vegagerð á þessum slóðum geti ekki haldið áfram og það jafnvel þó að fjármagn sé til staðar. Markmið þess frumvarps sem er hér lagt fram er að rjúfa þennan grafalvarlega vítahring og heimila með lögum vegagerð á svæðinu út með Þorskafirði, með þverun Gufufjarðar og Djúpafjarðar, samkvæmt sk. tillögu B frá Vegagerðinni með þeim skilyrðum sem þáverandi umhverfisráðherra, Jónína Bjartmarz, setti í úrskurði sínum frá 6. janúar 2007.

Er það skoðun flutningsmanna að slíkur vegur þjóni hagsmunum vegfarenda best, tryggi heilsárssamgöngur Vestur-Barðastrandarsýslu með tengingu við meginþjóðvegakerfi landsins og sé í sátt við umhverfið.

Forsagan.

Allmiklar umræður fóru fram um vegagerð í Austur-Barðastrandarsýslu um og eftir síðustu aldamót. Þær höfðu þó staðið allmiklu lengur en skriður komst á umræðuna um aldamótin. Skiptar skoðanir voru um hvaða leið væri skynsamlegast að fara og voru í því sambandi athugaðir allmargir kostir. Heimamenn í Reykhólasveit og í sveitarfélögunum í Tálknafirði og Vesturbyggð voru þó einhuga um vegstæði á þessum slóðum. Var einkanlega litið til þess að með endurbættum samgöngum lægi vegurinn sem mest á láglendi til þess að tryggja öruggar heilsárssamgöngur. Þetta sjónarmið var síðan áréttað af öðrum sveitarstjórnum á Vestfjörðum og hefur komið þráfaldlega fram í ályktunum Fjórðungssambands Vestfirðinga og í vinnu og áliti fastanefndar þess um samgöngumál. Áhugasamir einstaklingar á Vestfjörðum og víðar hafa og lagt sig mjög fram í baráttunni fyrir vegagerð á þessu svæði. Ber þar helst að nefna sem fremstan meðal jafningja í þeirri baráttu Þórólf Halldórsson, fyrrverandi sýslumann á Patreksfirði.

Frá því að frumvarpið var fyrst lagt fram hafa sveitarstjórnir fjögurra sveitarfélaga á Vestfjörðum ályktað um málið. Þetta eru sveitarstjórnirnar í Ísafjarðarbæ, Vesturbyggð, Tálknafirði og Bolungarvík. Sama gerði Fjórðungsþing Vestfirðinga. Þessar ályktanir fylgja með í fylgiskjali 1.

Stefnumörkun heimamanna og sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum fól m.a. í sér að fara skyldi með veginn á þessum slóðum yfir firði, en ekki í fjarðarbotna, þar sem því yrði við komið. Átti það til dæmis við um vegagerð í Mjóafirði og Kjálkafirði. Hefur Vegagerðin sett fram tillögu um þessa leið sem nú er í umhverfismati sem vænta má að ljúki snemma á næsta ári.

Það mál mest var rætt var hins vegar hvernig skyldi standa að vegtengingu úr Þorskafirði að Melanesi sem er utan til í Gufufirði, skammt innan við Skálanes. Þar voru fyrst og fremst uppi tvö sjónarmið þó að fleiri kostir væru skoðaðir.

Í fyrsta lagi að fara með veginn fyrir Þorskafjörð, yfir Hjallháls, með nýjum og uppbyggðum vegi, ofan í Djúpafjörð, að nokkru leyti með nýju vegstæði, um Djúpafjörð og með nýju vegstæði upp á Ódrjúgsháls og með nýju vegstæði um Gufufjörð, til þess að sneiða hjá snjó-

flóðasvæðum og að Melanesi. Þessi tillaga hefur verið nefnd leið D og er nokkurn veginn á þeim slóðum þar sem núverandi vegstæði er.

Í öðru lagi var sú hugmynd sem heimamenn í Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslu sameinuðust um. Í henni fólst tillaga um að Þorskafjörður yrði þveraður, vegurinn lægi síðan frá Þórisstöðum í Þorskafirði, út með Þorskafirði vestanvert, um Teigsskóg og Hallsteinsnes, þvert yfir utanverðan Djúpafjörð vestur á Grónes og þaðan þvert yfir utanverðan Gufufjörð um Melanes og vestur fyrir Kraká Þessi tillaga hefur verið nefnd leið B.

Þriðja leiðin sem kom til álita var að fara með veginn um Hjallháls og síðan um Djúpafjörð að Grónesi sem skiptir Gufufirði og Djúpafirði og þaðan í Melanes.

Þá var sú leið skoðuð að gera jarðgöng undir Hjallháls, úr Þorskafirði í Djúpafjörð, ásamt vegi yfir Ódrjúgsháls samkvæmt nýrri veglínu og loks með öðrum jarðgöngum úr Gufufirði í Kollafjörð. Þessi leið var hins vegar slegin út af borðinu sakir kostnaðar. Í grein sem Hreinn Haraldsson, núverandi vegamálastjóri og þáverandi framkvæmdastjóri Þróunarsviðs Vegagerðarinnar, birti í ritinu *Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar*, 2. tbl. frá 2007, er komist að þeirri niðurstöðu að jarðgangaleiðin sé um 6 km styttri en um 3 milljörðum kr. dýrari en vegur á þeirri leið sem nú hefur verið ákveðin („leið B“). Það er of mikill munur til að hægt sé að taka jarðgöng með sem raunhæfan valkost. Ef einungis er miðað við göng undir Hjallháls en ekki Gufudalsháls og vegurinn færi áfram út fyrir Skálanes væri jarðgangaleiðin 3 km lengri og 2 milljörðum kr. dýrari en vegur á „leið B“ (sbr. fylgiskjal 2).

Þrjár fyrst töldu hugmyndirnar fóru í umhverfismat. Skipulagsstofnun féllst á fyrstu tillöguna með skilyrðum en hafnaði hinum tveimur vegna umhverfisáhrifa. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að fram komi að lagning vegarins samkvæmt leið B uppfyllir skilyrði 28. gr. vegalaga, nr. 80/2007, og er í samræmi við nýtt aðalskipulag fyrir Reykhólahrepp 2006–2018, sem umhverfisráðherra staðfesti 24. ágúst 2009.

Úrskurður umhverfisráðherra.

Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður til þáverandi umhverfisráðherra, Jónínu Bjartmarz, sem kvað upp úrskurð vegna málsins 5. janúar árið 2007, sem finna má á heimasíðu Umhverfisráðuneytisins, sjá meðfylgjandi:
http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/958. Ráðherrann féllst á leið B með sex skilyrðum sem voru eftirfarandi:

1. „Framkvæmdaraðili skal rækta birkiskóg á Vestfjörðum við sambærilegar aðstæður og eru í Teigsskógi a.m.k. til jafns að flatarmáli við þann birkiskóg sem raskast eða verður fyrir áhrifum við fyrirhugaða framkvæmd. Framkvæmdaraðili skal vinna áætlunina í samráði við Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins og leggja fram áætlunina áður en framkvæmdir hefjast. Í áætluninni skal gera grein fyrir hvaða efnivið er áætlað að nota við ræktunina þ.e. hvort fyrirhugað sé að nota erfðaefni úr Teigsskógi eða annars staðar á Vestfjörðum. Meta skal plöntunarárangur á ræktunarsvæðinu eftir að plöntun er lokið og meðan skógurinn er að ná sambærilegum vexti og í Teigsskógi og gera grein fyrir til hvaða ráðstafana er ætlað að grípa ef árangur verður ekki sá sem vænst er. Gera skal grein fyrir hvort það svæði sem valið verður bjóði upp á aðstæður til landnáms viðkomandi tegunda eða hvort fyrirhugaðar séu ráðstafanir til þess að stuðla að landnámi síðar meir, ef það reynist takmarkað.
2. Framkvæmdaraðila ber við útfærslu á vali á vegkostum velja þann kost sem er bestur með hliðsjón af verndun Teigsskóga. Við nánari útfærsla á vegstæðinu, frágangi þess

og ræsum skal leitast við að lágmarka áhrif vegagerðar á skóginn og skal framkvæmdaraðili hafa samráð um það við Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins.
3. Framkvæmdaraðili skal hanna veginn þannig að hann uppfylli skilyrði 19. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum og villtum fuglum nr. 64/1994. Við hliðrun á vegstæði skal hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands.
4. Í Teigsskógi frá Gröf að Hallsteinsnesi skal vegstæði skilgreint þröngt og efnisnám, skeringar og slóðagerð skulu takmörkuð við vegstæðið sjálft. Samráð skal haft við Umhverfisstofnun um efnisnám fyrir veginn og skeringar í Teigsskógi.
5. Vegna áhrifa framkvæmdanna á menningarminjar skal framkvæmdaraðili merkja og greina Fornleifavernd ríkisins frá fornminjum við vegstæðið. Framkvæmdaraðili skal hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um nánari útfærslu á staðsetningu vegstæðisins.
6. Framkvæmdaraðili skal tryggja að þverun Djúpafjarðar og Gufufjarðar takmarki ekki hefðbundin þangskurð í þeim.“

Áfrýjað til héraðsdóms og Hæstaréttar.

Niðurstaða umhverfisráðherra var kærð til dómstóla. Héraðsdómur féllst á kröfur stefnenda. Í forsendum héraðsdóms er sú niðurstaða byggð á því að ráðherra hafi við töku ákvörðunar sinnar ekki haft fullnægjandi upplýsingar um áhrif af þverun Gufufjarðar og Djúpafjarðar á strauma í fjörðunum. Málið hafi því ekki verið rannsakað nægjanlega áður en ákvörðun var tekin, sbr. kröfur sem leiðir af rannsóknarreglu stjórnsýslulaga.

Enn var málinu áfrýjað til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm sinn 22. október 2009 (mál 671/2008).

Helstu atriði hæstaréttardómsins.

Trausti Fannar Valsson, lektor í lögfræði, vann í framhaldinu lögfræðilega álitsgerð um málið að beiðni Vegagerðarinnar. Þar er niðurstaða Hæstaréttar rakin með eftirfarandi hætti:

„Í fyrsta lagi staðfestir Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að rannsókn umhverfisráðherra á umferðaröryggi hafi verið fullnægjandi.

Í öðru lagi staðfestir Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að rannsókn á umhverfisáhrifum á gróðursamfélag á landsvæðinu hafi verið fullnægjandi. Í héraðsdómi er í þessu sambandi m.a. vísað til úttektar sem Ásta L. Aradóttir vistfræðingur vann fyrir ráðuneytið um áhrif veglagningar skv. leið B á Teigsskóg.

Í þriðja lagi staðfestir Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að umhverfisráðherra hefði ekki horft framhjá lagaákvæðum sem tryggja eiga sérstaka vernd hafarnarins.

Í fjórða lagi staðfestir Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að ráðherra hafi tekið fullnægjandi afstöðu til áhrifa framkvæmdarinnar á fornminjar í Teigsskógi.

Í fimmta lagi staðfestir Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að ráðherra hafi ekki brotið gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar í úrskurði sínum með því að heimila leið B þrátt fyrir að hún hefði í för með sér mestu umhverfisspjöll þeirra valkosta sem í boði voru. Í héraðsdómi er í þessu sambandi vísað til þess að ráðherra hafi að lögum verulegt svigrúm til að takmarka umfang framkvæmdar og leggja á framkvæmdaraðila að grípa til mótvægisaðgerða eða annarra aðgerða ef hann telur að með því móti verði neikvæð umhverfisáhrif innan þeirra marka sem talin eru ásættanleg og þar með ekki umtalsverð.

Í sjötta lagi staðfestir Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að umhverfisráðherra hafi hvorki brotið gegn andmælarétti stefndu eða að rökstuðningur ráðherra hafi ekki verið fullnægjandi.

Í sjöunda lagi hafnaði Hæstiréttur því að ráðherra hefði ekki rannsakað nægjanlega áhrif sem leiddu af þverun Gufufjarðar og Djúpafjarðar á strauma í fjörðunum. Segir um þetta atriði í dómi Hæstaréttar:

„Í ljós er leitt að skýrslur um áhrif þverunar Djúpafjarðar og Gufufjarðar á strauma í fjörðunum lágu fyrir Skipulagsstofnun. Því verður fallist á með áfrýjanda að stofnunin hafi lagt mat á áhrif af þverun fjarðanna. Einnig er fallist á með áfrýjanda að ekki sé á færi dómstóla að meta hvort skýrslurnar hafi verið fullnægjandi og að ekki hafi getað ráðið úrslitum um mat á því hvort Skipulagsstofnun eða umhverfisráðherra hafi sinnt rannsóknarskyldu sinni við meðferð málsins hvernig orðalagi var háttað í matsskýrslu áfrýjanda. Ekki er annað sýnt en að ráðherra hafi í úrskurði sínum byggt á þeim gögnum og upplýsingum sem lágu fyrir í málinu. Verður því ekki fallist á að ráðherra hafi brotið gegn 10. gr. stjórnsýslulaga að þessu leyti.“

Í áttunda og síðasta lagi taldi Hæstiréttur að umhverfisráðherra hefði verið óheimilt að lögum að taka tillit til umferðaröryggis við mat á umhverfisáhrifum í úrskurði sínum. Taldi hann þátt heyra til grundvallarþáttar við veglagninguna sjálfa, en teldist ekki afleiðing hennar á umhverfi. Með vísan til þessa staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að fella bæri úr gildi úrskurð umhverfisráðherra um þann þátt sem laut að leið B í öðrum áfanga Vestfjarðavegar milli Bjarkarlundar og Eyrar í Reykhólahreppi.“

Í samræmi við evrópska umhverfislöggjöf.

Eitt atriði hefur sjaldan komið til umræðu í sambandi við vegagerðina á þessum slóðum, en mikil ástæða er til þess að vekja athygli á. Íslensk löggjöf um mat á umhverfisáhrifum byggist á ESB tilskipun 85/337/EBE, með breytingum samkvæmt tilskipunum 97/11/EB og 2003/35/EB. Í inngangi tilskipunarinnar, segir að meta verði áhrif sem framkvæmdir geta haft á umhverfið, m.a. að gera grein fyrir atriðum sem varða að vernda heilsu manna og stuðla að lífsgæðum með bættu umhverfi. Þessi tiltekna vegagerð sem eykur greiðfærni og umferðaröryggi til muna á Vestfjarðavegi samræmist því fullkomlega þeim markmiðum tilskipunarinnar að vernda heilsu manna og stuðla að lífsgæðum.

Þá er í 3. gr. tilskipunarinnar kveðið á um að í mati á umhverfisáhrifum skuli tilgreina, lýsa og meta á viðhlítandi hátt bein og óbein áhrif framkvæmda á eftirfarandi þætti: menn, dýr og plöntur; jarðveg, vatn, loft, veðurfar og landslag; samspil áðurnefndra þátta; og efnisleg verðmæti og menningararfleifð. Trauðla verður annað sagt en að ákvörðun umhverfisráðherra sem að hluta til byggðist á mikilvægi umferðaröryggis (sem afleiðingu framkvæmdar) fari fullkomlega saman við þessi ákvæði tilskipunarinnar. Í því sambandi skal og vísað til 4. viðauka tilskipunar 85/337/EBE, en þar segir að í mati á umhverfisáhrifum skuli lýsa beinum og óbeinum áhrifum, afleiddum áhrifum, samlegðaráhrifum, skammtíma og langtímaáhrifum, varanlegum og tímabundnum áhrifum og jákvæðum og neikvæðum áhrifum. Þetta vekur spurningu um hvernig sú niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 671/2008 fær staðist, að lögum um mat á umhverfisáhrifum sé „einungis ætlað að taka til mats á afleiðingum framkvæmdar fyrir umhverfið en ekki á kostum hennar sjálfrar og göllum“ í ljósi þess að íslenskum lögum um mat á umhverfisáhrifum er ætlað að fullnægja kröfum ESB um innleiðingu tilskipunar 85/337/EBE, með síðari breytingum.

Höggvið á hnútinn.

Hvernig sem á málin er litið blasir við að mikil óvissa grúfir yfir því hvort og þá hvernig haldið verði áfram við að vinna að vegagerð á leið B, eins og ósk heimamanna stendur til.

Þessi afstaða heimamanna kom skýrt fram nú síðast á geysilega fjölmennum fundi heimamanna með samgönguyfirvöldum á Patreksfirði 11. maí sl.

Brýnt er að höggvið sé á þennan hnút og óvissunni aflétt. Æskilegast væri vitaskuld að leysa þessi mál í góðri sátt. Til þess að sú sátt ríki við heimamenn er nauðsynlegt að vegurinn liggi um láglendið og fari ekki upp á hálsana, Ódrjúgsháls og Hjallháls. Því miður virðist slíkt samkomulag ekki í sjónmáli. Þess vegna er nauðsynlegt að löggjafarvaldið sjálft taki af skarið og heimili þessa vegagerð.

Við undirbúning þessa máls hefur birst okkur órofa samstaða heimamanna. Þingmenn kjördæmisins hafa mjög komið að þessu máli og hefur aldrei neitt annað komið fram en að í þeim hópi væri stuðningur við þennan vilja heimamanna. Vegagerð á þessum slóðum hefur oft verið rædd á Alþingi og hefur komið fram víðtækur vilji allra þeirra sem hafa tjáð sig um málið að vinna að lausn þess. Það hefur einnig átt við um fyrrverandi samgönguráðherra, Kristján L. Möller og Sturlu Böðvarsson. Verður því að ætla að um þetta frumvarp geti tekist víðtæk samstaða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um að ræða almenna markmiðslýsingu, sem ekki þar frekari útskýringar við.

Um 2. gr.

Greinin lýsir því hvar vegurinn, sem um ræðir í frumvarpinu, skuli liggja. Jafnframt eru tekin inn í frumvarpstextann þau skilyrði sem Jónína Bjartmarz, þáverandi umhverfisráðherra, setti fyrir því að vegurinn yrði lagður. Úrskurðurinn var kveðinn upp 5. janúar árið 2007 og má finna í heild sinni á heimasíðu umhverfisráðuneytisins frá þeim tíma. Með þessari grein er því ætlað að tryggja að vegagerð verði ekki framkvæmd á umræddum kafla nema að uppfylltum þeim skilyrðum.

Um 3.–5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Ályktanir sveitarstjórna á Vestfjörðum og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Fjórðungsþing.

Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið 3 til 4. september 2010 ályktaði: Endurbyggingu Vestfjarðavegar um Barðastrandarsýslu frá Flókalundi í Bjarkalund verður að hraða. Framkvæmdin er í óþolandi biðstöðu og stjórnvöld verða að höggva á þann hnút. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um lagningu vegarins, þar sem tillit er tekið til náttúruverndarsjónarmiða sbr. dóm Hæstaréttar nr. 671/2008. Þar er fallist á þau sex skilyrði sem umhverfisráðherra setti fram í úrskurði sínum 6. janúar 2007 og heimilar þar með lagningu vegar á láglendi í Gufudalssveit. Þá skal enn fremur minnt á að fordæmi eru fyrir því að sett séu sérstök lög um málefni sem varða almannahag.

Ísafjarðarbær.

Bæjarstjórn ísafjarðarbæjar ályktaði svo á 281. fundi sínum þann 1. júlí sl.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar vekur athygli á framkomnu frumvarpi til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi nr. 60. Bæjarstjórn lýsir sig sammála því sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þar sem segir:

„Brýnasta verkefnið í vegamálum á Íslandi, vegagerð um Vestfjarðaveg, er í fullkomnu uppnámi og hefur svo verið um árabil. Þetta er ekki sökum fjárskorts. Á síðustu samgönguáætlun, sem gilti frá 2007 til 2010, var verulegu fjármagni, alls um 3 milljörðum kr., veitt til framkvæmda á leiðinni Svínadalur – Flókalundur. Í tillögu til þingsályktunar um nýja samgönguáætlun (2009–2012), sem liggur fyrir þinginu, er áhersla á vegagerð á þessu svæði, sem nær frá Þorskafirði að Þverá í Kjálkafirði.“

Bæjarstjórn telur að með samþykkt þessa frumvarps verði stigið bráðnauðsynlegt og óhjákvæmilegt framfaraskref í samgöngumálum á sunnaverðum Vestfjörðum, þar sem jafnframt er tekið tillit til náttúrverndarsjónarmiða. Bæjarstjórn skorar á þingheim að fylkja sér að baki þessa mikilvæga samgöngumáls.

Tálknafjörður.

Sveitarstjórn Tálknafjarðar samþykkti eftirfarandi ályktun á fundi sínum 20. júlí sl. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps tekur undir bókun Ísafjarðarbæjar þar sem lýst er yfir stuðningi við frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi nr. 60. Hreppsnefnd minnir á fjölmennan íbúafund á Patreksfirði þann 11. maí 2010, þar sem þingmenn blésu íbúum þá von í brjóst að kominn væri fullur stuðningur þingmanna NV kjördæmis um að beita sér fyrir því að hin svokallaða B-leið um Gufudalssveit verði að veruleika. Mikilvægt er að draga fram að í frumvarpinu er tekið fullt tillit til náttúruverndarsjónarmiða sbr. dómur Hæstaréttar nr. 671/2008 þar sem dómurinn fellst á þau sex skilyrði sem umhverfisráðherra setti fram í úrskurði sínum 6.janúar 2007, og heimilar veglagningu í Gufudalssveit. Verður því að ætla að um þetta frumvarp geti orðið breið samstaða.

Vesturbyggð.

Bæjarráð Vesturbyggðar samþykkti eftirfarandi þann 27. júlí sl. Bæjarráð Vesturbyggðar tekur undir samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar sem og bókun Tálknafjarðarhrepps frá 20. júlí sl. hvað varðar stuðning við frumvarp til laga um uppbyggingu Vestfjarðavegar nr. 60.

Bæjarráð Vesturbyggðar lýsir yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið og bendir jafnframt á að suðursvæði Vestfjarða er sá landshluti sem býr við einna vanþróaðasta vegakerfi landsins. Afstaða íbúa Vesturbyggðar um að hin svokallaða leið B, láglendisvegur, verði farin, hefur komið afar skýrt fram, meðal annars á fjölmennum íbúafundi þann 11. maí 2010. Bæjarráð Vesturbyggðar fer fram á að þeirri óvissu sem ríkt hefur um löngu tímabærar samgöngubætur verði eytt og að höggvið verði á þann hnút sem svo rækilega hefur bundið suðursvæði Vestfjarða í fjötra fortíðar. Uppbygging samgöngubóta fyrir samfélag og atvinnulíf á svæðinu er málefni sem þolir enga bið og er því afar brýnt að breið samstaða verði um þetta frumvarp.

Bolungarvíkurkaupstaður.

Bæjarráð Bolungarvíkur samþykkti 2. nóvember sl. eftirfarandi, sem síðar var staðfest í bæjarstjórn: Bæjarráð Bolungarvíkur lýsir þungum áhyggjum yfir því hvernig málum er

komið við vegtengingu suðursvæðis Vestfjarða við hringveginn. Við blasir að suðurfirðir Vestfjarða muni næstu 5 til 7 árin búa við vegleysur og oft á tíðum algjört samgönguleysi ef ekki verður gripið til róttækra aðgerða. Bæjarráð Bolungarvíkur skorar því á Alþingismenn sem standa eiga vörð um byggð í landinu að standa sem einn að baki frumvarpi til laga sem liggur fyrir Alþingi um uppbyggingu á Vestfjaravegi nr. 60. Í frumvarpinu er tekið tillit til náttúruverndarsjónarmiða sbr. dóm Hæstaréttar nr. 671/2008. Þar er fallist á þau sex skilyrði sem umhverfisráðherra setti fram í úrskurði sínum 6. janúar 2007.

Minnt er á að Vestfirðingar standa frammi fyrir þeirri ótrúlegu staðreynd að leyfi til veglagningar um Teigskóg er í raun hafnað á þeirri forsendu að umhverfisráðherra leyfði sér í úrskurði sínum fyrir tæplega fjórum árum síðan að nefna þá staðreynd, að veglagningin yki á umferðaröryggi vegfarenda.

Nú virðist ljóst að sá hnútur sem kominn er á málið verður ekki leystur, á hann verður að höggva með lagasetningu. Bæjarráð Bolungarvíkur tekur því undir ályktun Fjórðungsþings Vestfirðinga frá 4. september varðandi þetta mál, áframhaldandi biðstaða er óþolandi. Alþingi þarf að taka afgerandi afstöðu með íbúum á Vestfjörðum og tryggja þeim öruggar samgöngur.

Með frumvarpinu var einnig fylgiskjal II: Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar. (2. tbl. 2007.)

719. Svar [257. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar um verkefni á sviði kynningarmála.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða verkefni á sviði kynningarmála hefur ríkisstjórnin, svo og einstök ráðuneyti, látið utanaðkomandi aðila vinna fyrir sig á árinu 2010? Hver er heildarkostnaðurinn við þá vinnu? Hvaða fyrirtæki hafa unnið þau verk og hverjar hafa verið greiðslur til hvers kynningarfyrirtækis fyrir sig?

Því er til að svara að fjármálaráðuneytið óskaði eftir umræddum upplýsingum frá hverju ráðuneyti fyrir sig. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytunum nam heildarkostnaður verkefna á sviði kynningarmála rúmum 84 millj. kr. Í meðfylglandi töflu eru upplýsingar um verkefnin sem um ræðir, kostnað við þau og greiðslur til hvers kynningarfyrirtækis fyrir sig. Ekki var leitað til utanaðkomandi aðila í tengslum við kynningarmál á síðasta ári hjá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Kostnaður fjármálaráðuneytisins vegur langþyngst af kostnaði ráðuneytanna til kynningarmála eða nálægt 75%. Stærstur hluti þess kostnaðar stafar af þjónustu erlendra aðila við kynningarmál, bætta ímynd landsins og fjölmiðlavöktun í tengslum við endurreisn efnahags- og fjármálakerfisins á Íslandi.

Verkefni á sviði kynningarmála á vegum ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðuneyta, 2010.

	Nánari lýsing á verkefni	Verksali	Kostnaður
Forsætisráðuneyti			
Kynning á efnahagsmálum	Undirbúningsvinna í samvinnu við fjármálaráðuneytið	Data Market ehf.	192.600
Sóknaráætlun fyrir alla landshluta	Fundur á Selfossi 21. janúar 2010	J & L ehf.	237.800
Sóknaráætlun fyrir alla landshluta	Vegna fundar á Selfossi	Ratsjá ehf.	852.604
Sóknaráætlun fyrir alla landshluta	Birting auglýsingar um niðurstöður þjóðfundar	Árvakur hf.	42.737
Sjóðurinn Gjöf Jóns Sigurðssonar	Birting auglýsingar	365 miðlar ehf.	48.216
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	Kynning á safni í Safnabók	Útgáfufélagið Guðrún ehf.	131.775
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	Auglýsingar og kynning á viðburðum á afmælisárinu	ABS media ehf.	657.190
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	Auglýsingar og kynning á viðburðum á afmælisárinu	ABS media ehf.	144.394
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	Sýning og kynning dagskrár afmælisársins í Ráðhúsinu 2010	ABS media ehf.	693.680
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	Auglýsingar og kynning á viðburðum á afmælisárinu	Íslenska auglýsingastofan ehf.	100.000
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	Auglýsingar og kynning á viðburðum á afmælisárinu	ABS media ehf.	354.767
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	Hönnun auglýsingar	2B hönnunarstofa	153.000
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	Hönnun og kynning á netinu	2B hönnunarstofa	216.750
			3.825.513
Mennta- og menningarmálaráðuneytið			
Bókamessa í Frankfurt 2011	Kynningarefni	Atli Hilmarsson ehf.	11.295
Bókamessa í Frankfurt 2011	Kynningarefni, plaköt, heimasíða, möppur o.fl. fyrir bókamessu	Fíton ehf.	2.282.135
Bókamessa í Frankfurt 2011	Hönnun á lógó fyrir myndband	Miðstræti ehf.	112.950
Bókamessa í Frankfurt 2011	Kynningarvinna	Projekt2508 GmbH., Þýskalandi	1.808.066
Bókamessa í Frankfurt 2011	Kynningarvinna og kynningaefni fyrir bókamessu	Von Hagen Design	4.278.561
Aðalskrifstofa MRN	Hönnun á innri vef ráðuneytisins	P & Ó ehf.	10.040
Aðalskrifstofa MRN	Auglýsingaborði (banner)	Ath. prentun og sýningarkerfi ehf.	45.554
			8.548.601
Utanríkisráðuneyti			
Ráðgjöf	Ráðgjöf í almannatengslum erlendis (Icesave), janúar til mars	KOM	301.194
Ráðgjöf	Ráðgjöf um notkun miðla í almannatengslum erlendis vegna Icesave	Góð samskipti	300.949
			602.143

	Nánari lýsing á verkefni	Verksali	Kostnaður
Dóms- og mannréttindaráðuneytið			
Kosningar	Vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave og kosninga til stjórnlagaþings	Athygli hf.	**4.300.000**
Félags- og tryggingamálaráðuneytið			
Kynning á úrræðum fyrir fólk í greiðsluvanda	Verkefni unnið með bönkunum vegna fólks í greiðsluerfiðleikum	H:N markaðssamskipti ehf.	508.300
Vegna skuldamála heimilanna	Kynning og fundaherferð ráðherra vegna skuldamála heimilanna	Teitur Þorkelsson	1.540.000
Vegna fyrirlestra í þágu heimilanna	Gerð skýringamynda og uppsetning vegna fyrirlestra í þágu heimilanna	Sírnir Hallgrímur Einarsson	755.968
			2.804.268
Heilbrigðisráðuneytið			
Upplýsingarmiðlun	Ýmis upplýsingarmál ráðuneytisins og samskipti við fjölmiðla	Athygli ehf.	**776.180**
Fjármálaráðuneytið			
Allir vinna	Kynning á áttaki til atvinnusköpunar	Hvíta húsið ehf.	16.196.777
Allir vinna	Kynning á átaki til atvinnusköpunar	GH1	508.275
Allir vinna	Kynning á átaki til atvinnusköpunar	ABS - fjölmiðlahús	200.300
Allir vinna	Kynning á átaki til atvinnusköpunar	Víkurfréttir ehf.	144.575
Allir vinna	Kynning á átaki til atvinnusköpunar	Verkefnisstjóri	1.700.000
Allir vinna	Kynning á átaki til atvinnusköpunar	Aðrir aðilar	256.415
Allir vinna	Þátttaka SA, ASÍ og SI	Kostnaðarþáttaka annarra	-6.562.474
Icesave og endurreisn fjármálakerfisins	Fjölmiðlavöktun, ráðgjöf í almannatengslum o.fl.	FD-Financial Dynamics Limited	27.239.665
Fjármálastofnanir	Fjölmiðlavöktun, ráðgjöf í almannatengslum o.fl.	FD-Financial Dynamics Limited	5.752.131
Fjármálastofnanir (Holland)	Fjölmiðlavöktun og ráðgjöf í almannatengslum	UTR-Huijskens	13.723.520
Fjármálastofnanir (Holland)	Ráðgjafakostnaður og vinna við útvegun funda	UTR-Sovereign	1.117.760
Fjármálastofnanir (Holland)	Fjölmiðlavöktun, ráðgjöf í almannatengslum o.fl.	UTR-Ogilvy Puplic relations	1.689.009
Fjármálastofnanir (Holland)	Ráðgjöf í almannatengslum	UTR-Kynning og markaður	719.510
			62.685.463
Umhverfisráðuneytið			
Heimasíða ráðherra	Uppsetning heimasíðu	Eskill	167.200
Samgönguvika	Vefsíðugerð vegna samgönguviku	Tólf sf.	398.406
			565.606
Heildarkostnaður			**84.107.774**

720. Svar [315. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um ákvæði laga og reglugerða um hollustuhætti sem varða matvæli.

1. *Hver er skilgreining ráðherra á hugtökunum „heimasvæði“, „lítið magn“ og „eigin not“, en í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 143/2009 (þskj. 17 á 138. löggjafarþingi) segir að samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004, um hollustuhætti sem varða matvæli, skuli ríki setja sér eigin reglur á tilteknum sviðum sem varða þetta?*

a. Hugtökin „heimasvæði“ og „lítið magn“.

Fyrirspyrjandi er hér væntanlega að vísa til 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004 en í c-lið 2. mgr. segir að reglugerðin gildi ekki um: „beina afhendingu framleiðanda á litlu magni frumframleiðsluvara til neytanda eða smásölufyrirtækis á staðnum sem afhendir vöru beint til neytenda“. Gert er ráð fyrir að ríki skuli setja reglur um þessa starfsemi og að slíkar landsbundnar reglur þurfa jafnframt að tryggja að markmiðum reglugerðarinnar verði náð.

Ákvæði reglugerðarinnar taka gildi fyrir landbúnaðarvörur 1. nóvember 2011 en hafa þegar tekið gildi vegna sjávarafurða.

Frumframleiðsluvörur eru vörur sem fást í frumframleiðslu, þ.m.t. afurðir akuryrkju, búfjár og afurðir sem fást með veiði og fiskveiði. Ákvæðið gildir um afhendingu bónda á grænmeti, ávöxtum, eggjum (hrámjólk – þar sem slík markaðsetning er leyfð), óunnu kjöti o.s.frv. beint til neytandans á býlinu, á útimarkaði (bændamarkaði) eða til smásöluverslunar á heimasvæði sem selur beint til neytandans. Rökin fyrir sérreglu 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004 eru þau að náin tengsl eru á milli framleiðandans og neytanda vörunnar. Hafa verður í huga að vinnsla frumframleiðsluvara á býlinu fellur almennt ekki undir fyrrgreint ákvæði 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004. Þannig mun vinnsla afurða, svo sem kjöts og osta úr mjólk, ekki falla undir ákvæðið. Um slíka vinnslu munu því gilda ákvæði reglugerðar (EB) nr. 852/2004 og eftir atvikum ákvæði reglugerðar (EB) nr. 853/2004.

Þannig gildir reglugerð (EB) nr. 852/2004 ekki um þá starfsemi sem tilgreind er í c-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Ísland hefur hins vegar uppfyllt kröfu um sérstakar landsreglur varðandi þessa starfsemi, enda liggur fyrir að lög nr. 93/1995, um matvæli, taka til framleiðslu og dreifingar á öllum stigum, sbr. 2. gr. þeirra, og taka lögin þar með til beinnar afhendingar framleiðanda á litlu magni frumframleiðsluvara til neytenda eða smásölufyrirtækja og þarf slík framleiðsla og dreifing að vera í samræmi við ákvæði laganna.

Ráðuneytið hefur ekki skilgreint hugtökin „heimasvæði – á staðnum“, „lítið magn“.

Hugtakið „lítið magn“.

Það er í höndum viðkomandi lands að ákveða hvað telst „lítið magn“ en taka verður tillit til gildissviðs ákvæðisins hér að ofan þegar hugtakið er skilgreint. Hugtakið þarf þannig að vera skilgreint það vítt að bændur geti selt framleiðslu sína til neytenda á býlinu sjálfu og/eða á markaði (t.d. bændamarkaði) eða til smásöluverslunar á heimasvæðinu.

Hugtakið „heimasvæði“.

Ekki liggja fyrir skýr viðmið hvað telja beri heimasvæði í skilningi 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004.

b. Hugtakið „eigin not“.

Reglugerð (EB) nr. 852/2004 gildir ekki um „frumframleiðslu til heimilisnota“ og „tilreiðslu, meðhöndlun eða geymslu matvæla til heimilisneyslu“. Í 2. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, er kveðið á um takmarkanir á gildissviði þeirra en þar segir: „Lög þessi taka til framleiðslu og dreifingar matvæla á öllum stigum. Þau taka ekki til frumframleiðslu til einkanota eða til vinnslu, meðferðar eða geymslu á matvælum til einkaneyslu.“

Hugtakið „eigin not“ skv. 2. gr. matvælalaganna er skilgreint af ráðuneytinu sem einkaneysla eða heimilisnotkun og tekur ekki til afhendingar utan heimilisnota.

2. *Hvernig samfellu og skipulag þurfa fyrirtæki að búa við til að reglur Evrópusambandsins gildi um þau, sbr. 9. tölul. aðfaraorða reglugerðarinnar? Er ekki líklegt að einstakir viðburðir, svo sem kökubasarar og bændamarkaðir, þar sem matvæli eru framreidd og seld án nokkurrar samfellu eða skipulags séu undanskildir reglunum?*

Starfsemi bændamarkaða eða kökubasara falla undir ákvæði laga nr. 93/1995, um matvæli. Reglugerð (EB) nr. 852/2004 gildir ekki um einstaklinga sem framleiða mat, til dæmis vegna kökubasara sem eru einstakir viðburðir. Gert er ráð fyrir að ríki skuli setja reglur um þessa starfsemi en um slíka framleiðslu gilda ákvæði laga nr. 93/1995 og eftir atvikum aðrar reglugerðir settar samkvæmt þeim lögum.

Samkvæmt þessu ber að fylgja reglum matvælalaganna þegar matvæli eru framleidd til sölu á mörkuðum svo dæmi sé tekið. Þannig er t.d. óheimilt að markaðssetja matvæli sem ekki eru örugg, þ.e. heilsuspillandi eða óhæf til neyslu, sbr. 8. gr. a laganna.

Lög nr. 93/1995, um matvæli, verður einnig að skýra þannig að framleiðendur matvæla sem markaðssetja þau á reglulegum mörkuðum eða tilfallandi þurfi starfsleyfi eftirlitsaðila. Í frumvarpi á þskj.17 á 138. löggjafarþingi var í I. kafla þess lagðar til breytingar á lögum um matvæli. Þar var lögð til heimild til handa ráðherra um að undanskilja aðila, sem ekki stunduðu starfsemi í ágóðaskyni frá starfsleyfis- eða tilkynningarskyldu. Í meðförum Alþingis var ákvæðið þrengt þannig að það nær einungis til aðila sem halda búfé. Framleiðendur matvæla á mörkuðum eru því eftirlitsskyldir samkvæmt lögum nr. 93/1995, um matvæli, og þurfa starfsleyfi.

3. *Hvernig reglur hyggst ráðherra setja varðandi:*
   a. *frumframleiðslu til eigin nota, svo sem um fisk, villibráð, heimaslátrun, berjatínslu og grænmeti,*
   b. *unnar afurðir úr framframleiðslu til eigin nota,*
   c. *sölu framleiðenda á litlu magni af eigin framleiðslu beint til neytenda eða í litlar verslanir á heimasvæði sem selja beint til neytenda?*

a. Frumframleiðsluvörur – heimaslátrun.

Ráðherra hyggst ekki setja reglur um frumframleiðsluvörur til eigin nota, þ.e. heimilisnota. Þetta gildir um villibráð, ber eða grænmeti til eigin nota. Lög nr. 93/1995, um matvæli, gilda ekki þar um, sbr. 2. gr.

Heimaslátrun:

Hvað heimaslátrun varðar er unnið eftir núgildandi reglum um heimildir til heimaslátrunar á lögbýlum. Um heimaslátrun almennt gilda lög nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra,

slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, en í 4. mgr. 5. gr. þeirra segir: „Eigendum lögbýla er heimilt að slátra búfé sínu á sjálfu býlinu til eigin neyslu. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur sett reglur um töku og sendingu sýna til rannsókna úr þessum sláturdýrum og afurðum samkvæmt tillögum Matvælastofnunar.“

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna segir m.a.:

„Svigrúm bænda til heimaframleiðslu, vöruþróunar og heimasölu með upprunamerkingum verði aukið og nýtt til sóknar í ferðaþjónustu.“

Samtökin *Beint frá býli* fengu á fjárlögum 2010 styrk til þriggja sérverkefna sem miðuðu að því að skoða möguleika á rýmkun laga um heimavinnslu og slátrun, könnun á núverandi verðlagningu á heimteknum sauðfjáráfurðum og bera saman lög og reglur ESB við íslenskar reglur um heimavinnslu og sölu matvæla. Vinnsla þessa sérverkefna er á lokastigum og verðum lokaskýrslum væntanlega skilað til ráðuneytisins innan skamms.

b. Unnar afurðir úr frumframleiðslu til eigin nota.

Lög nr. 93/1995, um matvæli, gilda ekki um vinnslu afurða til einkaneyslu, sbr. 2. gr. þeirra.

c. Sala framleiðenda á litlu magni af eigin framleiðslu beint til neytenda eða í litlar verslanir á heimasvæði sem selja beint til neytenda.

Lög nr. 93/1995, um matvæli, munu gilda. Um vinnslu slíkra afurða mun reglugerð (EB) nr. 852/2004 gilda og eftir atvikum reglugerð (EB) nr. 853/2004. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um breytingu á núgildandi reglum.

4. *Hvað líður gerð reglugerðar og gjaldskrár skv. 25. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með tilliti til hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu og/eða hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu?*

25. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, tekur bæði til gjaldskrár Matvælastofnunar og einnig gjaldskrár tíu heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Ráðuneytið hefur ekki afskipti af gjaldskrá heilbrigðisnefndanna en sveitarfélög bera ábyrgð á þeim gjaldskrám.

Ráðuneytið hefur staðfest almenna gjaldskrá Matvælastofnunar með reglugerð nr. 234/2010 um eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar. Skv. 2. gr. gjaldskrárinnar er gjaldinu skipt í tólf flokka eftir umfangi starfseminnar. Gjaldið er frá 7.084 kr. upp í 159.390 kr. Með þessum hætti er tekið tillit til fyrirtækja með litla framleiðslu.

Hefðbundnar aðferðir við framleiðslu, vinnslu og dreifingu hafa ekki verið skilgreindar í gjaldskránni þannig að hún tekur ekki tillit til slíkrar flokkunar.

Rétt er að nefna að þau matvælafyrirtæki sem líða fyrir landfræðilegar takmarkanir skv. d-lið 4. mgr. 25. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, greiða hið sama og aðrir fyrir akstur.

5. *Hvað líður setningu reglugerðar um framkvæmd framsals á eftirliti, sbr. 22. gr. laga um matvæli?*

Opinberum eftirlitsaðilum er heimilt að fela hver öðrum að annast tiltekin verkefni sem eru á verksviði þessara aðila samkvæmt matvælalögunum. Þetta þýðir að hvert og eitt af tíu heilbrigðiseftirlitssvæðum landsins annars vegar og Matvælastofnun hins vegar, geta framselt tiltekin verkefni sín á milli. Viðræður hafa staðið yfir milli eftirlitsaðila. Gengið hefur verið

frá fjórum samningum milli aðila og fimm aðrir eru í ferli. Gera má ráð fyrir að niðurstaða eða afstaða allra eftirlitsaðila liggi fyrir á næstu vikum. Ekki hefur náðst samkomulag milli Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Matvælastofnunar um framsal eftirlitsverkefna. Ráðuneytið hefur tekið þá afstöðu frá byrjun að hafa ekki efnisleg afskipti af viðræðum um framsal eftirlits á meðan þær viðræður standa yfir. Eftirlitsaðilum er heimilt, en ekki skylt, að framselja verkefni sín á milli og eðlilegt að vilji eftirlitsaðila ráði ferð við slíka samningsgerð. Ráðuneytið hélt fund með fulltrúum heilbrigðiseftirlitssvæðanna og Matvælastofnunar eftir að lög nr. 143/2009 höfðu verið samþykkt og hvatti til framsals verkefna milli eftirlitsaðila og lagði áherslu á að matvælafyrirtæki mættu ekki líða fyrir óvissu um framkvæmd eftirlits. Jafnframt var vakin athygli á vilja Alþingis en í nefndaráliti í meðferð málsins áréttaði nefndin að meginmarkmið með slíku framsali ætti að vera hagkvæmni þess og skilvirkni þannig að hagkvæmasti kosturinn sé valinn hverju sinni. Þess vegna er nauðsynlegt að meta hvort framsal er fjárhagslega hagkvæmt fyrir hlutaðeigandi aðila, eftirlitsþola, ríki og sveitarfélög.

Ráðuneytið hefur hug á að meta þörf fyrir reglugerðarsetningu skv. 22. gr. matvælalaganna þegar fyrir liggur niðurstaða í framangreindum viðræðum eftirlitsaðila. Slík reglugerð yrði þá sett í samráði við Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlitssvæði sveitarfélaga um framsal eftirlits.

6. *Hefur slíkt framsal átt sér stað og ef svo er, hver er þá fjöldi þeirra fyrirtækja sem hafa verið framseld og hvernig fyrirtæki eru það?*

Í þeim fjórum samningum sem búið er að ganga frá hafa 46 fyrirtæki verið framseld frá Matvælastofnun til Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

a. Fiskvinnslam, 24 fyrirtæki.
b. Kjötvinnsla, 13 fyrirtæki.
c. Mjólkurvinnsla, 7 fyrirtæki.
d. Matvælavinnsla kjöt/fiskur, 2 fyrirtæki.

721. Svar [383. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Sigurgeirs Sindra Sigurgeirssonar um framlög til kvikmyndagerðar og fleiri listgreina.

1. *Hver eru framlög í samningum við fagfélög annarra listgreina en kvikmyndagerðar, þ.e. leiklistar, tónlistar, myndlistar, hönnunar og ritlistar, samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs og tillögu ráðuneytisins fyrir næsta ár, en samkvæmt gildandi samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis við fagfélög í kvikmyndagerð eiga framlög til kvikmyndasjóða að minnka um rúm 35%?*

Eftirfarandi er yfirlit yfir samninga ráðuneytisins á árinu 2010 við fagfélög í öðrum listgreinum en kvikmyndagerð og hvert fjárframlagið er áætlað á árinu 2011:

Leiklist.

Samkomulag við Leiklistarsamband Íslands fyrir árin 2010, 2011 og 2012, dags. 9. mars 2010. Framlagið á árinu 2010 var 2,4 millj. kr. og 2,1 millj. kr. á árinu 2011.

Á fjárlögum 2010 voru 64,5 millj. kr. til starfsemi atvinnuleikhópa. Á árinu 2011 verða 58,4 millj. kr. til þessa, þar af eru 4 millj. kr. til reksturs á skrifstofu Sjálfstæðu leikhúsanna.

Tónlist.

Ekkert samkomulag er við fagfélag. Hins vegar er samkomulag við Útflutningsskrifstofu tónlistar (ÚTÓN) til þriggja ára, dags. 23. janúar 2009. Samkvæmt því nam framlagið 5 millj. kr. á árinu 2010. Í fjárlögum 2011 er gert ráð fyrir 8 millj. kr. til skrifstofunnar.

Á fjárlögum 2010 voru 45,9 millj. kr. til Tónlistarsjóðs. Á árinu 2011 verða 43,6 millj. kr. til sjóðsins. Þá fékk verkefnið tónlist fyrir alla 6,3 millj. kr. á fjárlögum 2010 og jafnhá upphæð rennur til verkefnisins á árinu 2011.

Myndlist.

Á árinu 2010 fékk Samband íslenskra myndlistarmanna 5 millj. kr. fjárframlag til reksturs. Enginn samningur hefur verið gerður. Óvíst er með framlag á árinu 2011.

Á árinu 2010 fékk Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar 14,4 millj. kr. framlag til reksturs og styrkja til myndlistarmanna samkvæmt samkomulagi dags. 4. febrúar 2010. Framlagið á árinu 2011 verður 13 millj. kr.

Á árinu 2010 var gerður samningur við Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar um framlag til þátttöku Íslands í Feneyjatvíæringnum á árinu 2011. Framlag er alls 20 millj. kr. Helmingur var greiddur á árinu 2010 og seinni helmingur verður greiddur á árinu 2011.

Hönnun.

Samningur við fagfélög á sviði hönnunar er við Hönnunarmiðstöð Íslands ehf. sem öll fagfélögin standa að, en sá samningur er frá 7. mars 2008. Á árinu 2010 var framlag ráðuneytisins 8,5 millj. kr. Gert er ráð fyrir sama framlagi á árinu 2011. Á fjárlögum 2011 eru veittar 1,5 millj. kr. til hönnunarkaupstefnu.

Ritlist.

Enginn samningur er við fagfélag, en á árinu 2010 fékk Rithöfundasamband Íslands 900 þús. kr. til reksturs og 2,9 millj. kr. til Höfundamiðstöðvar sambandsins: Skáld í skólum. Ekki liggur fyrir hversu há fjárframlögin verða á árinu 2011.

Á fjárlögum 2010 voru 42,5 millj. kr. til Bókmenntasjóðs. Á árinu 2011 verða 39,5 millj. kr. til sjóðsins.

2. *Hvers vegna er tillaga um niðurskurð til kvikmyndagerðar ekki endurskoðuð í ljósi upplýsinga í skýrslu sem Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda lét vinna í vor þar sem kemur fram að þessi niðurskurður til kvikmyndasjóða í mennta- og menningarmálaráðuneytinu leiðir til tekjutaps í fjármálaráðuneytinu sem er meira en nemur hinum meinta sparnaði?*

Ráðuneytið fékk kröfu um að draga úr framlögum til menningarmála samtals um 18% að meðaltali við gerð fjárlaga áranna 2010 og 2011. Framlög til Kvikmyndasjóðs voru lækkuð um 24% á fjárlögum 2010 miðað við fjárlög 2009, úr 590 millj. kr. í 450 millj. kr., en sjóðnum var hlíft við gerð fjárlagafrumvarps 2011. Því má segja að almennur niðurskurður

til menningarmála hafi verið verulegur en hvað mestur til kvikmyndagerðar sem var sá geiri innan menningarmála sem vaxið hafði mest á undanförnum árum. Vonir standa til að hægt verði að efla stuðning við menningarmál með batnandi horfum í efnahagsmálum. Nú eru að hefjast viðræður við fagfélög kvikmyndagerðarmanna með aðkomu kvikmyndaráðs um gerð nýs samkomulags um fjárframlög til kvikmyndagerðar til næstu ára.

722. Svar [391. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um ríkisábyrgðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar eru skuldbindingar ríkisins sem flokkast undir ríkisábyrgðir?*
2. *Hvert er mat ráðherra á því hvort til ábyrgðar ríkisins kunni að koma í einhverjum tilvikum og þá hvaða?*

Svar óskast sundurliðað eftir einstökum ábyrgðarskuldbindingum, tímalengd, upphæð og mynt.

Staða ríkisábyrgða 30. nóvember 2010.[1]

Aðilar	Upphæð	Hlutfall	Tíma-lengd	Myntir
Íbúðalánasjóður[2]	909.869.531.231	69,60%	2044	ISK
Landsvirkjun[3]	351.541.855.677	26,89%	2033	ISK, EUR, USD, GBP, JPY, CHF
Byggðastofnun	16.920.472.360	1,29%	2034	ISK, EUR, USD, JPY
Farice	6.906.459.199	0,53%	2034	ISK, EUR
Síminn hf./Skipti hf.	5.252.335.703	0,40%	2022	ISK
Ríkisútvarpið ohf.	3.686.949.844	0,28%	2023	ISK, EUR, USD, CHF
Isavia	3.654.412.221	0,28%	2034	ISK, EUR
Rafmagnsveitur ríkisins	3.061.363.177	0,23%	2023	ISK, EUR, USD
Norræni fjárfestingabankinn[4]	2.692.290.935	0,21%	2014	EUR
Kaupþing banki hf.	1.757.024.316	0,13%	2022	ISK
Íslandspóstur hf.	852.942.829	0,07%	2022	ISK
Annað	1.099.051.590	0,08%	2025	ISK, GBP, DKK
Skráðar ríkisábyrgðir samtals	**1.307.294.689.083**			

[1] Ríkissjóður tók yfir ábyrgðarskuldbindingar Lánasjóðs landbúnaðarins, Landsbanka Íslands hf. og Glitnis banka hf. um sl. áramót og eru þær því ekki meðtaldar hér.

[2] Fjárhæð fyrir Íbúðalánasjóð sýnir verðbréfaútgáfu á nafnverði með áföllnum vöxtum og verðbótum, utan húsbréf, sem eru á markaðsvirði. Tölur vegna íbúðabréfa (HFF bréfa) innifela bréf sem frátekin eru vegna samnings við aðalmiðlara, alls 44,9 ma.kr. á uppreiknuðu verði (28,7 ma.kr. að nafnverði).

[3] Fjárhæð fyrir Landsvirkjun sýnir ábyrgðarhluta ríkisins af heildarskuldum fyrirtækisins. Ábyrgðarhluti Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar af skuldum Landsvirkjunar fyrir yfirtöku ríkisins í árslok 2006 eru í gildi til loka árs 2011, en þær námu um 115,5 ma.kr. í lok nóvember 2010.

[4] Vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda (PIL).

Skipting ríkisábyrgða eftir myntum 30. nóvember 2010.

Mynt	Upphæð í ISK	Hlutfall
ISK	990.430.055.649	75,76%
USD	148.482.673.087	11,36%
EUR	145.907.991.904	11,16%
JPY	15.894.376.917	1,22%
CHF	4.645.539.334	0,36%
GBP	1.911.179.511	0,15%
DKK	22.872.681	0,00%
Samtals	**1.307.294.689.083**	

Ríkisábyrgðasjóður fer með umsýslu ríkisábyrgða. Hann tekur við upplýsingum frá þeim fyrirtækjum sem njóta ríkisábyrgða og leggur mat á tapsáhættu. Seðlabankinn, f.h. Ríkisábyrgðasjóðs, hefur umsjón með ríkisábyrgðum samkvæmt ákvæðum sérstaks samnings við fjármálaráðuneytið.

Ríkisábyrgðasjóður skal gera fjármálaráðuneytinu viðvart ef líkur eru á að ábyrgð falli á ríkissjóð. Alþingi hefur þegar veitt heimild til að styrkja eiginfjárstöðu Íbúðalánasjóðs um allt að 33 milljarða kr. vegna tapa sem orðið hafa á rekstri sjóðsins. Á þessu stigi er ekki metin tapsáhætta af öðrum ábyrgðarveitingum.

723. Svar [353. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um eiginfjárframlag til SAT eignarhaldsfélags hf.

1. *Á hvaða lagaheimild byggði ráðherra ákvörðun um að leggja SAT eignarhaldsfélagi hf. til eiginfjárframlag að upphæð 11,6 milljarðar kr.?*

Í minnisblaði Fjármálaeftirlitsins (FME) frá 29. júní 2009 kom fram að rekstur vátryggingastarfsemi Sjóvár væri með ágætum en tiltekin fjárfestingarstarfsemi og aðrar ráðstafanir fyrrverandi eigenda, stjórnar og lykilstarfsmanna hefðu komið félaginu í þrot.

Fram að þeim tíma höfðu fulltrúar frá fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka og skilanefndar Glitnis áttu í viðræðum við ráðuneytið til að leita leiða við að endurfjármagna og bjarga tryggingahluta Sjóvár. Félagið hafði áður verið í sölumeðferð og vonir stóðu til að erlendir aðilar kæmu að endurreisninni. Þegar ljóst varð að ekki næðist ásættanleg lending með þeim aðilum var leitað til stjórnvalda um aðstoð til að forða félaginu frá gjaldþroti.

Áður en ákvörðun var tekin um hvaða leiðir væru færar var leitað til FME sem fer með eftirlitshlutverk vegna vátryggingastarfsemi. FME lagði á það ríka áherslu að félagið yrði ekki sett í þrot. Voru veigamestu rök FME þau að gjaldþrot félagsins hefði „alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir fjármálastarfsemina hér á landi þ.á.m. neytendur.“ Vátryggingafélagið væri meðal þeirra fjármálafyrirtækja sem veittu ákveðna grunnþjónustu hér á landi og gegndi því mjög mikilvægu þjóðfélagslegu hlutverki. Mikilvægt væri því að mati stofnunarinnar að allt yrði gert sem unnt væri til að verja hagsmuni neytenda í þessu efni. Því studdi stofnunin og mælti eindregið með þeirri leið sem farin var til að forða félaginu frá gjaldþroti með aðkomu ríkissjóðs, Glitnis hf. og Íslandsbanka.

Það fé sem vantaði inn í sjóði Sjóvá til að gera félagið starfhæft samkvæmt skilyrðum FME nam um 16 milljörðum kr. Skilanefnd Glitnis var reiðubúin til að leggja fram um 2,8 milljarða kr. til lausnar málinu og Íslandsbanki um 1,5 milljarða kr.

Til þess að endurreisn Sjóvár yrði möguleg var það metið svo að ríkissjóður þyrfti að koma að málinu og leggja fram um 12 milljarða kr. fjárframlag. Þetta var annars vegar gert með upphaflegri kröfu Seðlabankans á hendur Askar Capital (sem framseld hafði verið ríkissjóði) samkvæmt verðtryggðum lánasamningi, upphaflega að fjárhæð um 6 milljarðar kr. með 3,0% ársvöxtum og hins vegar með um 5,6 milljarða kr. verðtryggðu skuldabréfi útgefnu af Landsvirkjun með 3,5% föstum ársvöxtum. Umsamið kaupverð á þessum eignum var samtals um 11,6 milljarðar kr.

Til viðbótar við veigamikil rök FME um þá áhættu sem mundi skapast innan fjármálakerfisins við þrot Sjóvar voru einnig eftirfarandi sjónarmið höfð til hliðjónar við ákvörðunartökuna um ríkisframlag til handa fyrirtækinu. Í fyrsta lagi var talið að færi tryggingafélagið í greiðsluþrot gæti það haft alvarleg áhrif á endurtryggingasamninga, ekki bara Sjóvár heldur einnig samninga annarra tryggingafélaga. Þetta gæti þýtt mun hærri iðgjöld sem greiða þyrfti til erlendra endurtryggjenda og þar með hækkun á iðgjöldum til innlendra aðila, þar á meðal almennings. Í öðru lagi var talið að þrot félagsins og þar með hækkun á iðgjöldum erlendra endurtryggjenda gæti dregið úr greiðsluflæði í erlendri mynt vegna hærri iðgjalda. Í þriðja lagi var talið að sú staðreynd að eitt af stærstu tryggingafélögum landsins færi í gjaldþrot hefði slæmar afleiðingar fyrir traust Íslendinga á vátryggingamörkuðum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Í fjórða lagi var samkvæmt fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka töluverður áhugi ýmissa aðila á að kaupa Sjóvá. Í fimmta lagi var talið að greiðsluþrot tryggingahluta félagsins hefði getað haft fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir ríkissjóð. Ekki var talið æskilegt að óvissa ríkti um hvort einstaklingar og lögaðilar sem hefðu tryggingar hjá félaginu og staðið að fullu skil á iðgjöldum sínum fengju bætur fyrir bótaskyld tjón sín eða fengju ekki ógreiddar slysa- og tjónbætur. Í því sambandi má geta þess að innan Evrópusambandsins er nú unnið að reglum um sjóði sem ætlað er að gegna sambærilegu hlutverki á tryggingamarkaði og tryggingasjóðir innstæðueigenda gegna á bankamarkaði. Dæmi eru til m.a. frá Danmörku og Írlandi um að stjórnvöld hafi neyðst til að grípa inn í rekstur tryggingafélaga til að koma í veg fyrir hugsanlegar afleiðingar af falli þeirra. Í sjötta og síðasta lagi voru þær kröfur, sem ríkissjóður lagði til, kröfur sem stofnast höfðu á bankakerfið vegna hruns þess. Ekki væri því verið að veita „nýjum“ fjármunum inn í umrætt félag ef svo má að orði komast heldur var um að ræða sölu á kröfum með veði í hlutabréfum í tryggingafélagi sem var í góðum rekstri en var skuldsett af öðrum ástæðum.

Stefnt var að því að selja félagið hið fyrsta en talið var líklegt að hærra verð fengist fyrir félag sem hefði verið í samfelldum rekstri.

Tillaga um aðkomu ríkissjóðs að málinu var undirbúin af forsætisráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og lögð fyrir á ríkisstjórnarfundi til kynningar og samþykktar sumarið 2009 sem samþykkti ákvörðunina í kjölfarið.

Byggt var á heimild 7.20 í 6. gr. fjárlaga 2009, sbr. einnig sambærilega heimild í fjáraukalögum 2008 sem heimilar fjármálaráðherra „að kaupa af Seðlabanka Íslands þau viðskiptabréf sem bankanum hafa verið afhent til tryggingar veðlánum bankans og annast uppgjör þeirra krafna eins og hagkvæmast þykir.“ Talið var að framangreind lagaheimild 7.20 í fjárlögum 2009 veitti ríkissjóði nægilegt svigrúm til að annast uppgjör þeirra með framangreindum hætti enda var það metið svo að þetta væri hagkvæmasti og besti kosturinn fyrir ríkissjóð við innheimtu umræddra skuldbindinga, auk þess sem gjaldþrot stórs tryggingafélags á

þessum viðkvæma tíma hefði getað valdið þjóðfélaginu stórfelldu tjóni eins og rakið er hér að framan.

2. *Af hverju voru viðskiptin ekki tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og hvernig hyggst ráðherra bregðast við athugasemdum stofnunarinnar um ríkisstyrk?*

Eins og fram kom í fréttatilkynningu frá fjármálaráðuneytinu, nr. 47/2009, og nefnt var hér að framan var sala á kröfum til endurskipulagningar Sjóvár þáttur í að hámarka verðgildi þeirra eigna sem ríkissjóður fékk við fall bankanna í október 2008. Aðkoma ríkissjóðs var sömuleiðis talin tryggja hagsmuni almennings með vísan til þeirra alvarlegra afleiðinga sem þrot tryggingafélags af þeirri stærðargráðu sem um ræddi var talið geta haft í för með sér.

Ákvæði 1. mgr. 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, takmarka möguleika aðildarríkjanna til að veita ríkisaðstoð. Til þess að ríkisaðstoð teljist lögmæt þurfa einhverjar af þeim undanþágum sem fram koma í greininni að vera uppfylltar.

Á sínum tíma töldu stjórnvöld að aðkoma ríkisins teldist ekki ríkisaðstoð, með vísan til þess að með ráðstöfununum var leitast við að hámarka verðgildi eigna sem ríkissjóður hafði eignast vegna bankahrunsins. Stuttu eftir endurskipulagningu Sjóvár á árinu 2009 hófust hins vegar samskipti við ríkisaðstoðardeild eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í tengslum við ráðstafanirnar. Í mars 2010 lét stofnunin í ljós þá skoðun sína að líklegt væri að ráðstafanirnar teldust ríkisaðstoð og þá þyrftu stjórnvöld að veita upplýsingar um réttmæti ráðstafananna. Í apríl 2010 sendu íslensk stjórnvöld ítarlegar upplýsingar til ESA um ráðstafanir tengdar flutningi á tryggingastarfsemi Sjóvár yfir í nýtt félag og aðkomu ríkissjóðs að fjármögnun hins nýja félags. Stjórnvöld tóku í svörum sínum undir þau sjónarmið að hugsanlega fælist ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins í ráðstöfununum. Ítarleg rök voru færð fyrir því að slík aðstoð væri réttlætanleg á grundvelli b-liðar 3. mgr. 61. gr. samningsins, sem kveður á um að heimilt sé að veita ríkisaðstoð til að ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis.

ESA tilkynnti 22. september 2010 að stofnunin hefði hafið svokallaða formlega rannsókn vegna málsins. Fram hefur komið að kvörtun barst stofnuninni frá samkeppnisaðila Sjóvár og með vísan til þess og einnig til umfangs málsins taldi stofnunin rétt að kanna málið nánar. Eins og gefur að skilja verður lögmæti ráðstafananna að vera hafið yfir allan vafa og í ljósi umfangs ráðstafananna er ákvörðun ESA um að hefja opinbera rannsókn á málinu skiljanleg.

Með formlegri rannsókn er stjórnvöldum veitt tækifæri til þess að koma frekari upplýsingum á framfæri við ESA til að rökstyðja réttmæti ráðstafananna, að þær hafi verið nauðsynlegar, þær hafi ekki gengið of langt og með endurskipulagningu fyrirtækisins hafi verið ráðin bót á þeim erfiðleikum sem leiddu til þess að aðkomu ríkisins var þörf. Enn fremur felst í formlegri rannsókn að lýsing á ráðstöfunum ríkisins er birt í Stjórnartíðindum ESB og þriðju aðilar, til að mynda önnur tryggingafélög á evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki ESB og önnur EFTA-ríki, fá tækifæri til þess að koma á framfæri athugasemdum við ESA vegna málsins. Þannig er formleg rannsókn til þess fallin að tryggja ítarlegt og heildrænt mat ESA á ráðstöfunum ríkisins í tengslum við Sjóvá.

Fjármálaráðuneytið hefur komið á framfæri athugasemdum og frekari upplýsingum við ESA vegna rannsóknarinnar og vonir standa til þess að stofnunin geti lokið rannsókninni á vormánuðum 2011.

724. Svar [384. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um samskipti lækna og fulltrúa lyfjaiðnaðarins.

1. Hvaða reglur gilda um samskipti lækna og fulltrúa lyfjaiðnaðarins?

Í VI. kafla lyfjalaga, nr. 93/1994, eru ákvæði sem gilda um auglýsingar og kynningar á lyfjum. Ítarlegri ákvæði um auglýsingar og kynningar lyfja eru í reglugerð nr. 328/1995, sbr. reglugerð nr. 95/2001. Þessi ákvæði í lyfjalöggjöfinni eru í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Lyfjastofnun hefur eftirlit með auglýsingum og kynningum lyfja.

Læknasamtökin og Samtök lyfjaiðnaðarins hafa sett sér siða- og umgengnisreglur sem varða meðal annars kynningar á lyfjum og samskipti lækna og lyfjafyrirtækja.

Á undanförnum árum hefur heilbrigðisráðuneytið hvatt heilbrigðisstofnanir til að setja sér reglur um umgengni við lyfjakynna og aðra sölumenn. Í þeim tilgangi setti ráðuneytið saman drög að slíkum reglum. Allflestar heilbrigðisstofnanir hafa sett sér slíkar reglur í samræmi við þau drög, til dæmis Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) sem hefur sett sér eftirfarandi reglur:

„Reglur um kynningar á tækjum, rekstrarvörum og þjónustu á HVE og samskipti kynna og starfsmanna stofnunarinnar.

Kynningar á tækjum, rekstrarvörum og þjónustu innan Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) geta haft áhrif á starfsemi og rekstur stofnunarinnar og því er nauðsynlegt að um þær gildi ákveðnar reglur og að þær reglur séu virtar. Kynningarnar geta einnig haft áhrif þótt þær fari fram utan stofnunarinnar og utan vinnutíma starfsmanna. Kynningarstarf er þó í mörgum tilvikum æskilegt og getur leitt til umbóta í meðferð sjúklinga. Eftirfarandi eru reglur HVE um kynningar á tækjum, lyfjum, rekstrarvörum og þjónustu.

1. Allar kynningar skulu vera hlutlægar, nákvæmar og málefnalegar. Í því felst m.a. að þær séu í samræmi við lög og almennar reglur. Samráð skal haft við forstjóra og innkaupastjóra, um hvernig almennt er staðið að kynningum.
2. Áður en kynning fer fram, skal aflað heimildar yfirmanns á viðkomandi deild, hvort sem um er að ræða klíníska deild eða stoðdeild.
3. Áður en kynning er samþykkt endanlega skal leggja fram dagskrá. Kynning skal haldin í samræmi við þá dagskrá og á stað sem yfirmaður deildar og kynnir hafa komið sér saman um. Yfirmaður ber ábyrgð á kynningu og veru kynnis á stofnuninni á meðan dagskrá varir og á frágangi húsnæðis að kynningu lokinni.
4. Kynning og önnur sölustarfsemi er óheimil í húsnæði sem ætlað er sjúklingum og/eða þar sem meðferð þeirra fer fram.
5. Á kynningarfundi má afhenda kynningarefni en ekki skilja slíkt eftir á almennum svæðum innan stofnunarinnar eða svæðum sem ætluð eru sjúklingum.
6. Heimilt er að afhenda starfsmanni HVE sýnishorn vöru, sé það í samræmi við eðli og inntak kynningarinnar.
7. Óheimilt er að bjóða starfsmönnum HVE gjafir eða ívilnanir í tengslum við kynningar í því augnamiði að hvetja starfsmennina til að beita sér fyrir innkaupum viðkomandi vöru. Starfsmönnum er óheimilt að þiggja slík boð.

8. Í kynningum skulu koma fram upplýsingar um verð tækis, lyfs, rekstrarvöru og þjónustu, bæði heildarverð og einingaverð eftir því sem við á.
9. Óheimilt er að afhenda lista með nöfnum og heimilisföngum starfsfólks HVE í sambandi við kynningar, nema málefnalegar ástæður liggi að baki. Slíka lista má ekki láta af hendi án samþykkis forstjóra og að undangengnu lögfræðilegu mati.
10. Almennar vanhæfisreglur stjórnsýsluréttar gilda um samskipti starfsmanna HVE við birgja og í sambandi við innkaup tækja, lyfja, rekstrarvara og þjónustu, sbr. 3. og 4. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Hér er m.a. átt við fjárhagsleg tengsl og ættartengsl.

Sérákvæði um lyf

11. Kynningar á lyfjum skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 328/1995, um lyfjaauglýsingar, með áorðnum breytingu samkvæmt reglugerð nr. 95/2001. Hafa skal hliðsjón af leiðbeinandi reglum stýrihóps um efnið, sem starfar á vegum velferðarráðuneytis, og samningi á milli Læknafélags Íslands og Samtaka verslunarinnar um samskipti lækna og lyfjafyrirtækja.
12. Lyfjanefnd HVE skal send tilkynning um allar lyfjakynningar sem fram fara innan stofnunarinnar.
13. Heimilt er að kynna lyf sem eru á lyfjalista HVE, svo og ný lyf. Þegar nýtt lyf er kynnt skal þess getið með skýrum hætti að um nýja sjúkdómsmeðferð sé að ræða, sem lyfjanefnd HVE hafi ekki fjallað um áður eða tekið afstöðu til.
14. Óheimilt er að nota sýnishorn lyfs til meðferðar sjúklings.

Kynningar utan HVE og kostun

15. Boð til starfsmanna um ferðir og/eða ráðstefnur utan HVE á vegum fyrirtækja eða umboðsaðila til að kynna tæki, lyf, rekstrarvöru eða þjónustu skal senda skriflega til næsta yfirmanns viðkomandi starfsmanns, sem tekur ákvörðun um þátttöku. Slíkar kynningar utan HVE fela ekki í sér skuldbindingar af hendi HVE um neins konar frekari viðskipti og í tengslum við utanlandsferðir er starfsmanni óheimilt að gera ráðstafanir sem skuldbinda stofnunina. Yfirmaður þess starfsmanns, sem nýtur boðsins, skal senda tilkynningu til forstjóra sem heldur skrá yfir kynningar utan HVE og þátttakendur í þeim.
16. Hóflegir styrkir frá birgjum til kostunar á ráðstefnum, utanlandsferðum o.fl. eru heimilir að fengnu samþykki framkvæmdastjóra.“

2. Telur ráðherra að herða eða skýra þurfi reglurnar?

Kynningar á lyfjum geta verið nauðsynlegur þáttur í þróun lyfjameðferðar og geta leitt til umbóta í meðferð sjúklinga. Slíkar kynningar geta hins vegar haft áhrif á heilbrigðisþjónustu, starfsemi og rekstur heilbrigðisstofnana og því er nauðsynlegt að um þær gildi ákveðnar reglur eins og þær sem getið er um í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar. Aðalatriðið er þó að þær reglur séu virtar, eins og gildir um allar reglur. Ekki er talin ástæða til að herða þær reglur sem í gildi eru en hins vegar er full ástæða til að þær séu vel kynntar og þeim sé framfylgt.

3. Getur þjóðhagslegur sparnaður falist í því að læknar leiti sér óháðra upplýsinga um lyf?

Réttar og áreiðanlegar upplýsingar um lyf skipta sköpum og aukin gæði og sparnaður geta falist í að læknar leiti slíkra upplýsinga til að tryggja rétta og skynsamlega notkun lyfja.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skilgreinir rétta og skynsamlega notkun lyfja (e. Rational Use of Medicines) með eftirfarandi hætti: „Sjúklingar fái lyf sem hæfir sjúkdómsástandi þeirra, í hæfilegum skömmtum til hæfilegs tíma á sem lægstum kostnaði bæði fyrir þá og samfélagið.“

Fjölmargir þjóðfélagslegir, heilsufarslegir og viðskiptalegir þættir hafa auk læknisfræðilegra þátta áhrif á lyfjanotkun og því er að mörgu að huga þegar sporna þarf við rangri og óskynsamlegri lyfjanotkun.

Röng og óskynsamleg notkun lyfja getur valdið alvarlegum skaða, dauðsföllum, langvarandi sjúkdómum og örorku. Misnotkun og ofnotkun lyfja veldur óþarfa kostnaði bæði fyrir sjúklinga og hið opinbera. Það er því talið eðlilegt og sjálfsagt að heilbrigðisyfirvöld og stjórnendur í heilbrigðisþjónustu allra landa reyni eftir mætti að sporna við rangri og óskynsamlegri lyfjanotkun.

Hér á landi gefur Lyfjastofnun út opinberar óháðar upplýsingar um lyf í samstarfi við Lyfjastofnun Evrópu og aðrar lyfjastofnanir í Evrópu. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og ýmsar erlendar opinberar stofnanir, svo sem NICE í Bretlandi og IRF í Danmörku, gefa einnig út óháðar upplýsingar um lyf og skynsamlega notkun þeirra. Hér á landi taka klínískar leiðbeiningar landlæknis, Landspítala og annarra heilbrigðisstofnana mið af þessum upplýsingum.

Aukin gæði og þjóðhagslegur sparnaður felst í því að læknar fylgi klínískum leiðbeiningum og leiti sér óháðra upplýsinga um lyf. Fjöldi lækna nýtir sér slíkar upplýsingar.

4. *Eru boðsferðir lyfjafyrirtækja á ráðstefnur erlendis og fyrirlestrar sem þau standa fyrir hér á landi hluti af formlegri endurmenntun lækna?*

Nei, boðsferðir lyfjafyrirtækja á ráðstefnur erlendis og fyrirlestrar sem þau standa fyrir hér á landi eru ekki hluti af formlegri endurmenntun lækna.

725. Svar [162. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um kvensjúkdómaaðgerðir á St. Jósefsspítala og víðar.

1. *Hvað voru gerðar margar kvensjúkdómaaðgerðir árin 2008, 2009 og það sem af er ári 2010 á:*
   a. *St. Jósefsspítala,*
   b. *Landspítalanum,*
   c. *sjúkrahúsinu á Akranesi og*
   d. *einkastofum?*

Tafla 1. Fjöldi kvensjúkdómaaðgerða á dag- og legudeildum 2008, 2009 og fyrstu 10 mánuði ársins 2010.

Stofnun	Fjöldi árið 2008	Fjöldi árið 2009	Fjöldi 10 mán 2010
St. Jósefsspítali	662	566	458
Landspítali	3.045	2.776	2.294
Sjúkrahúsið Akranesi	477	536	479
Einkastofur	1.953	1.952	1.627

Ekki er mögulegt að nota tölur í töflunni um fjölda aðgerða til að bera saman skilvirkni eða afköst einstakra stofnana eða stofureksturs. Um er að ræða ólíkar aðgerðir sem geta verið mjög mismiklar að umfangi.

Til að slíkur samanburður sé mögulegur þurfa að liggja fyrir upplýsingar um „vigt“ einstakra aðgerða sem mæld hefur verið með samræmdum hætti. Svör byggjast á upplýsingum frá einstökum stofnunum. Þar sem talning hefur enn ekki verið samræmd þarf að taka tölum með ákveðnum fyrirvara.

2. *Hvað kostar að meðaltali hver aðgerð í kvenlækningum á fyrrgreindum sjúkrastofnunum?*

Enn hefur ekki verið komið á samræmdri kostnaðargreiningu á heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum. Heilbrigðisráðuneytið vann að undirbúningi samræmdrar kostnaðargreiningar hjá stofnunum í framhaldi af samþykkt nýrra laga um sjúkratryggingar sem tóku gildi í október 2008. Sú vinna hefur dregist, meðal annars vegna efnahagshrunsins en í kjölfar þess hafa kraftar ráðuneytisins og stofnana þess beinst að öðrum verkefnum. Kostnaðargreining er meðal forgangsverkefna í nýju velferðarráðuneyti.

Raunhæfur samanburður á kostnaði við aðgerðir næst einungis með því að bera saman sams konar aðgerðir sem kostnaðargreindar eru með sama hætti. Landspítali er eina stofnunin af þeim sem fyrirspurnin beinist að sem greinir kostnað á einstakar tegundir aðgerða í kostnaðarbókhaldi sínu á grundvelli DRG-flokkunar. Tölur frá öðrum en Landspítala miðast við meðalkostnað allra aðgerða á kvennadeild samkvæmt kostnaðargreiningu hverrar stofnunar. Kostnaðartölur fyrir einkastofur eru greiðslur á grundvelli umsaminnar gjaldskrár. Inni í kostnaðartölum er allur kostnaður annar en húsnæðiskostnaður.

Tafla 2. Meðalkostnaður á kvensjúkdómaaðgerðir 2009.

Meðalkostnaður á aðgerð 2009	Landspítali	St. Jósefsspítali	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Einkastofur *
Dagdeild	157.415	197.992	49.978	16.555
Legudeild	657.868	206.438	384.598	

* Kostnaður við aðgerðir án viðtala.

Þar sem það safn aðgerða sem framkvæmt er á hverjum stað er mismunandi er ekki unnt að meta skilvirkni eða hagkvæmni á grundvelli talnanna. Lægri kostnað á aðgerð hjá einkastofum má skýra á grundvelli verkaskiptingar milli einkastofa og sjúkrahúsa þar sem stofur sinna smærri verkum. Tölur frá Landspítala miða við aðgerðir sem fram koma í töflu 2b.

Tafla 2b. Meðalkostnaður við aðgerðir á Landspítala 2009.

Aðgerðir LSH 2009	Tegund meðferðar	Meðalkostnaður
Dagdeild	Aðgerð v/ legsigs	193.576
	Ófrjósemisaðgerðir á konum	141.746
	Vegið meðaltal	157.415
Legudeild	Aðgerð til brjóstaminnkunar	604.668
	Aðgerð v/ legsigs	388.614
	Brottnám legs	625.651
	Vegið meðaltal	657.868

3. *Hvað er löng bið eftir aðgerðum af þessu tagi, eftir þeim sjúkrastofnunum sem fyrr greinir?*

Upplýsingar sem landlæknisembættið tekur saman eru einu samræmdu upplýsingarnar sem til eru um biðtíma eftir þjónustu. Í töflu 3 kemur fram fjöldi á biðlista eftir skurðaðgerðum og biðtími í vikum eftir aðgerðum sem tengjast kvennadeildum sjúkrahúsa og fyrirspurnin beinist að. Ekki liggja fyrir upplýsingar um bið eftir þjónustu á einkastofum.

Tafla 3. Biðlistar eftir völdum skurðaðgerðum 2010.
Fjöldi einstaklinga sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði.

Aðgerð	Stofnun	Fjöldi á biðlista í júní 2010	Fjöldi á biðlista í okt. 2010 bráðb. tölur.	Áætlaður biðtími í vikum í október 2010
Úrnám hluta brjósts	Landspítali	0	0	0,7
Aðgerðir til brjóstaminnkunar	St. Jósefsspítali-Sólvangur	14	28	26-52
Aðgerðir til brjóstaminnkunar	Landspítali*	72	72	217,3
Aðgerðir v/legsigs	Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	2	0	
Aðgerðir v/legsigs	St. Jósefsspítali-Sólvangur	80	128	26-52
Aðgerðir v/legsigs	Landspítali	10	6	4,9
Brottnám legs	Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	0	5	
Brottnám legs	St. Jósefsspítali-Sólvangur	6	17	12-24
Brottnám legs	Landspítali	9	7	5,7
Ófrjósemisaðgerðir á konum	St. Jósefsspítali-Sólvangur	0	2	3-6
Ófrjósemisaðgerðir á konum	Landspítali	2	5	10,4

Heimild: Heimasíða landlæknisembættisins.

* Áætlaður biðlisti. Hluti þeirra sem skráður er á hann er í raun ekki tilbúinn til aðgerðar, t.d. vegna þess að þær uppfylla ekki forkröfur um að léttast vegna aðgerðar.

4. *Hvert eiga sérhæfðar aðgerðir af þessu tagi að flytjast verði tekin ákvörðun um að leggja þjónustuna niður á St. Jósefsspítala?*

Sameiginlegur vinnuhópur Landspítala og St. Jósefsspítala sem undirbýr sameiningu þessara spítala vinnur nú að tillögum um staðsetningu verkefna.

5. *Eru læknar St. Jósefsspítala ráðnir í fastlaunakerfi eða starfa þeir samkvæmt gjaldskrá sérfræðilækna?*

Læknar á St. Jósefsspítala hafa verið á föstum launum frá því á vormánuðum 2010. Nokkrir læknar leigja sér aðstöðu á göngudeild en þeir eru ekki starfsmenn St. Jósefsspítala.

6. *Er St. Jósefsspítali innan fjárlaga fyrir árin 2009 og 2010 þrátt fyrir 10% sparnaðarkröfu hvort ár?*

Rekstur St. Jósefsspítala var nálægt því að vera í jafnvægi árið 2009 en kostnaður var þá um 1% yfir fjárheimildum. Samkvæmt upplýsingum úr bókhaldskerfi ríkisins er reksturinn nokkuð undir fjárheimildum árið 2010. Enn er einhver kostnaður ófærður en samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum sjúkrahússins er áætlað að rekstur verði innan fjárheimilda þegar allur kostnaður hefur verið færður til bókar. Lækkun framlaga hefur meðal annars verið mætt með því að draga saman starfsemi á spítalahluta stofnunarinnar.

7. *Hver var ástæða þess að St. Jósefsspítali var sameinaður Sólvangi og hver hefur ávinningur verið af þeirri sameiningu fyrir ríkissjóð?*

Tilgangur sameiningar var einkum sá að leita aukinnar hagræðingar í sameiginlegri yfirstjórn og samnýtingu stoðdeilda. Stjórnendur St. Jósefsspítala gera ráð fyrir að 60 millj. kr. sparnaður sem sameiningunni var ætlað að skila hafi náðst. Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á St. Jósefsspítala – Sólvangi frá nóvember 2007 kemur fram að ekki liggi fyrir upplýsingar um raunverulega hagræðingu. Ekki liggur fyrir annað formlegt mat á árangri sameiningarinnar.

726. Fyrirspurn [440. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um viðmælendur í frétta- og þjóðlífsþáttum Ríkisútvarpsins.

Frá Tryggva Þór Herbertssyni.

1. Hvaða þingmenn komu fram í:
   a. aðalfréttatíma útvarps kl. 18,
   b. aðalfréttatíma sjónvarps kl. 19,
   c. Speglinum,
   d. Silfri Egils,
   e. Kastljósi,
   á þeim tíma sem þeir gegndu ekki ráðherraembætti, og hve oft, árin 2009 og 2010?
2. Hvaða álitsgjafar aðrir en þingmenn og ráðherrar hafa komið oftar en þrisvar, og þá hve oft, í:
   a. Speglinum,
   b. Silfri Egils,
   c. Kastljósi,
   árin 2009 og 2010?

Skriflegt svar óskast.

727. Fyrirspurn [441. mál]

til innanríkisráðherra um boðunarkerfi fyrir ferðamenn á hættuslóðum.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Stendur til að kaupa boðunarkerfi í tengslum við almannavarnir sem er þeim eiginleikum gætt að senda má neyðarboð með sms-smáskilaboðum í gsm-síma allra ferðamanna, jafnt íslenskra sem erlendra, sem eru þar staddir sem náttúruhamfarir geisa eða eru yfirvofandi, með beiðni um að allir yfirgefi hættuslóðirnar hið fyrsta?
2. Ef svo er, hvenær má áætla að hægt sé að taka búnaðinn í notkun hér á landi?
3. Eru til upplýsingar um hvað slíkur búnaður kostar?
4. Er búnaðurinn þess eðlis að hægt sé að senda sms-smáskilaboð á mismunandi tungumálum eftir því frá hvaða landi eigandi símans er?
5. Er slíkur búnaður nýttur í nágrannalöndum okkar, svo sem í Noregi?

Skriflegt svar óskast.

728. Fyrirspurn [442. mál]

til innanríkisráðherra um nöfn látinna manna í opinberum skrám.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hvernig er ferlið þegar nöfn látinna manna eru felld úr opinberum skrám, svo sem þjóðskrá? Er það ferli skilvirkt miðað við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum?
2. Eru til dæmi þess að farist hafi fyrir að fella nöfn látinna manna úr skrám, svo sem þjóðskrá, og ef svo er:
   a. hver er skýring þess,
   b. um hve mörg tilfelli er að ræða og hve langur tími leið í hverju tilviki uns viðkomandi voru felldir af skrá,
   c. voru greiddar út bætur, t.d. ellilífeyrir, í þessum tilvikum eftir dánardag og þá hvernig bætur og hve háar, hvaða reglur gilda ef slíkar bætur eru greiddar út og hafa slíkar bætur endurheimst að hluta eða að fullu?

Skriflegt svar óskast.

729. Fyrirspurn [443. mál]

til velferðarráðherra um eldri borgara og kynbundna heilbrigðistölfræði.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Er kynbundinn munur meðal eldri borgara hvað varðar tíðni a) rangrar eða áhættusamrar læknismeðferðar, b) fallslysa, c) vannæringar og d) legusára? Óskað er eftir að niðurstöður verði dregnar út úr fyrirliggjandi gagnagrunnum og gagnasöfnum og settar fram sundurliðaðar.
2. Geta niðurstöður heilsufarskannana Lýðheilsustöðvar árin 2007 og 2009 undir nafninu Heilsa og líðan Íslendinga bætt við þá mynd sem gagnasöfn gefa, sbr. 28. tölul. II. kafla þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 2004?
3. Telur ráðherra mikilvægt að byggja á kynbundnum upplýsingum um eldri borgara á sem flestum sviðum heilbrigðis- og velferðarþjónustu og að efla rannsóknir með tilliti til mismunandi þarfa kynjanna í þeim hópi?
4. Hvers vegna er ekki minnst á eldri borgara í tillögu ríkisstjórnarinnar að nýrri áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára sem lögð var fram á Alþingi 30. nóvember 2010?

Skriflegt svar óskast.

730. Fyrirspurn [444. mál]

til innanríkisráðherra um útgjöld til vegaframkvæmda.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hver hafa verið útgjöld til vegaframkvæmda sl. 10 ár, þ.e. nýframkvæmda við vegi, jarðgöng og brýr, svo og viðhalds?
2. Hver hafa verið útgjöld til reksturs Vegagerðarinnar án framkvæmda sl. 10 ár, að meðtöldu samgönguráðuneyti og skyldum stofnunum, sundurliðað eftir stofnunum?
3. Hver verða sömu útgjöld vegna ársins 2011?

Skriflegt svar óskast.

731. Fyrirspurn [445. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Hver er stefna ráðherra varðandi Framleiðnisjóð landbúnaðarins?

732. Fyrirspurn [446. mál]

til velferðarráðherra um fækkun hjúkrunarrýma á öldrunarheimilum.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Hvernig var staðið að framkvæmd fækkunar hjúkrunarrýma á öldrunarheimilum á yfirstandandi fjárlagaári og hvaða viðmið lágu þar til grundvallar? Óskað er eftir sundurliðun eftir stofnunum og skýringum fyrir hverja stofnun.

Skriflegt svar óskast.

733. Fyrirspurn [447. mál]

til velferðarráðherra um fækkun starfa á heilbrigðisstofnunum.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Hvað fækkar um mörg störf vegna niðurskurðar í fjárlögum 2011? Svarið óskast sundurliðað eftir stofnunum, starfsgreinum og kyni.

Skriflegt svar óskast.

734. Fyrirspurn [448. mál]

til umhverfisráðherra um aðalskipulög sveitarfélaga.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Hvaða aðalskipulög sveitarfélaga bíða staðfestingar ráðherra? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum og eins eftir því hvenær sveitarstjórn samþykkti skipulagið, hvenær samþykkt Skipulagsstofnunar lá fyrir og hvenær skipulagið var sent til ráðherra.

Skriflegt svar óskast.

735. Lög [123. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

(Afgreidd frá Alþingi 25. janúar 2011.)

Samhljóða þskj. 132.

736. Tillaga til þingsályktunar [449. mál]

um menntun og atvinnusköpun ungs fólks.

Flm.: Skúli Helgason, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Lilja Mósesdóttir, Eygló Harðardóttir, Ólafur Þór Gunnarsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Árni Þór Sigurðsson, Oddný G. Harðardóttir, Guðmundur Steingrímsson, Þráinn Bertelsson, Ólína Þorvarðardóttir, Magnús Orri Schram, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að stýra mótun aðgerðaáætlunar sem hafi þann þríþætta tilgang að vinna bug á langtímaatvinnuleysi meðal ungs fólks, efla iðn- og tæknimenntun í samfélaginu og svara eftirspurn helstu vaxtargreina atvinnulífsins eftir vinnuafli með slíka menntun. Lögð verði áhersla á að bjóða ungum atvinnuleitendum fjölbreytt úrræði til menntunar, starfsmennta og starfsþjálfunar í iðn-, raun- og tæknigreinum. Þá verði leitað eftir samningum við atvinnurekendur um að bjóða ungum atvinnuleitendum störf að námi loknu. Aðgerðaáætlunin feli í sér töluleg markmið um fækkun langtímaatvinnulausra á árunum 2011 og 2012.

Aðgerðaáætlunin verði mótuð í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Samtök iðnaðarins, Alþýðusamband Íslands, háskóla, framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðvar, Landssamband æskulýðsfélaga og Vinnumálastofnun. Stefnt verði að því að skila niðurstöðum fyrir 1. júlí 2011.

Greinargerð.

Atvinnuleysi meðal ungs fólks á aldrinum 16–24 ára mældist 15,2% á síðasta ársfjórðungi 2010 samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands. Tölur Vinnumálastofnunar frá október 2010 sýna að 76% ungra atvinnuleitenda á aldrinum 16–25 ára eru einungis með grunnskólapróf. Haustið 2009 var 608 einstaklingum neitað um inngöngu í framhaldsskóla. Þetta er fólk á aldrinum 18–45 ára. Þegar kennitölur þeirra voru keyrðar saman við skrá Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi í september kom í ljós að 22% þeirra eru á atvinnuleysisskrá. Haustið 2010 var á fimmta hundrað nemendum neitað um inngöngu í framhaldsskóla samkvæmt upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Stjórnvöld hafa gripið til ýmiss konar úrræða til að auka virkni ungra atvinnuleitenda og hefur átakið *Ungt fólk til athafna* skilað þar ágætum árangri. Meginmarkmið þess er að virkja

unga atvinnuleitendur innan þriggja mánaða frá atvinnumissi, til að koma í veg fyrir þær alvarlegu afleiðingar sem atvinnuleysi getur haft á líf og heilsu ungs fólks. Lögð er áhersla á snemmbært inngrip með fjölbreyttum virkniúrræðum og er það gert í samstarfi við fjölmarga aðila, svo sem menntamálayfirvöld, aðila vinnumarkaðarins, fullorðinsfræðsluaðila, sjálfboðaliðasamtök, íþróttahreyfinguna og sveitarfélögin. Langtímamarkmið samfélagsins hlýtur þó að vera að tryggja ungum atvinnuleitendum úrræði til framtíðar og er það megintilgangur þessarar tillögu.

Tölur Vinnumálastofnunar frá desember 2010 sýna að 1.112 einstaklingar, eða tæp 40% atvinnuleitenda á aldrinum 16–25 ára, hafa verið án atvinnu í hálft ár sem er sú viðmiðun sem notuð er til að skilgreina langtímaatvinnuleysi. Þar af hafa 599 eða 54% verið án atvinnu lengur en heilt ár. Þetta er mikið áhyggjuefni því erlendar rannsóknir sýna að ungt fólk er sérstaklega viðkvæmt fyrir afleiðingum langtímaatvinnuleysis.

Í skýrslunni *Ungt fólk án atvinnu – virkni þess og menntun* (félags- og tryggingamálaráðuneyti, nóvember 2009) segir:

„Reynsla annarra norrænna ríkja hefur sýnt að afleiðingar atvinnuleysis eru alvarlegastar hjá þeim sem hafa hvað minnsta menntun. Að sama skapi eru afleiðingar langtímaatvinnuleysis hvað alvarlegastar fyrir ungt fólk sérstaklega þann hóp sem er að koma út á vinnumarkaðinn í fyrsta skiptið.“

Hátt hlutfall ungra atvinnulausra með litla formlega menntun er því áhyggjuefni til lengri tíma litið og mikilvægt að finna leiðir til að tryggja þeim sem í hlut eiga atvinnumöguleika til framtíðar. Enginn vafi er á því að árangursríkasta leiðin er sú að bæta menntun þessara einstaklinga sem í hlut eiga, sú leið er líklegust til að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði til lengri tíma litið.

Tillagan felur í sér að stjórnvöld, fræðsluaðilar og aðilar vinnumarkaðarins bindist samtökum um að fjölga menntaúrræðum fyrir unga atvinnuleitendur með sérstakri áherslu á iðn- og tæknimenntun. Samhliða því verði leitað samstarfs við fyrirtæki í hugverkaiðnaði og öðrum vaxtargreinum atvinnulífsins með það fyrir augum að bjóða ungum atvinnuleitendum sem hefja nám í iðn- og tæknigreinum störf að námi loknu.

Jafnframt miðar tillagan að því að auka vægi iðn- og tæknimenntunar í samfélaginu með víðtækri fræðslu til ungs fólks, m.a. um fjölbreytta kosti iðn- og tæknimenntunar og framtíðarmöguleika fólks með slíka menntun á vinnumarkaði.

Hugverkaiðnaðurinn er dæmi um eina af vaxtargreinum atvinnulífsins, þar sem mikil þörf er fyrir sérhæft starfsfólk með iðn- og tæknimenntun. Áætlað hefur verið að hugverkaiðnaðurinn á Íslandi þurfi þúsund nýja starfsmenn á ári, einkum með fyrrnefnda menntun. Vöxtur hugverkaiðnaðarins nemur yfir 10% á ári hverju og starfa nú tæplega 10 þúsund manns í þessum geira.

Mikill skortur er hins vegar á fagmenntuðu starfsfólki hér innan lands með iðn- og tæknimenntun eins og fram kemur í nýrri viðhorfskönnun Samtaka iðnaðarins meðal forsvarsmanna iðnfyrirtækja á Íslandi sem gerð var í janúar 2011. Þar kom fram veruleg þörf fyrir fjölgun starfsfólks með slíka menntun en meðal þeirra 200 iðnfyrirtækja sem þátt tóku í könnuninni kom fram þörf fyrir 11,05% fjölgun tæknimenntaðs háskólafólks og 10,65% fjölgun starfsfólks með iðn- og starfsmenntun á næstu 12 mánuðum.

Mikilvægt er að stjórnvöld bregðist hratt við þessari mannaflaþörf með markvissum aðgerðum, ella er hætt við því að stærstu fyrirtækin í hugverkaiðnaði þurfi að taka út sinn vöxt erlendis ef ekki verður breyting á framboði sérmenntaðs vinnuafls hérlendis. Sú þróun

er þegar hafin og því mikilvægt að stjórnvöld grípi nú þegar til mótvægisaðgerða til að efla vöxt atvinnugreinarinnar innan lands og skapa verðmæt störf fyrir landsmenn.

Tillagan gerir ráð fyrir víðtæku samráði ráðuneyta undir forustu forsætisráðuneytis, aðila vinnumarkaðarins, fræðslustofnana, Landssambands æskulýðsfélaga, þar sem eiga sæti m.a. námsmannahreyfingar, æskulýðsfélög og ungliðahreyfingar stjórnmálaflokka, og Vinnumálastofnunar. Gert er ráð fyrir að þetta samráð skili tillögum að aðgerðaáætlun eigi síðar en 1. júlí 2011.

737. Tillaga til þingsályktunar [450. mál]

um útiræktun á erfðabreyttum lífverum.

Flm.: Þuríður Backman, Atli Gíslason, Mörður Árnason,
Ólafur Þór Gunnarsson, Þráinn Bertelsson, Þór Saari,
Birgitta Jónsdóttir, Ólína Þorvarðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp er vinni að breytingum á lögum og reglugerðum í þeim tilgangi að banna útiræktun á erfðabreyttum lífverum eigi síðar en 1. janúar 2012.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að starfshópur sérfræðinga á vegum ríkisstjórnarinnar undirbúi breytingar á lögum og reglugerðum sem varða útiræktun á erfðabreyttum lífverum og sleppingu og dreifingu þeirra með þeim hætti. Í tillögunni felst að slík ræktun fari í kjölfarið einungis fram inni í lokuðum gróðurhúsum eða tilraunastofum, þar sem hægt verði að hafa stöðugt eftirlit með henni og tryggt sé að erfðabreytt efni sleppi ekki út í nærumhverfi ræktunarsvæðisins.

Þau lög sem málið varðar og þarfnast endurskoðunar, a.m.k. sum hver, verði þessi tillaga samþykkt eru lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/2006, og eftirfarandi reglugerðir: nr. 493/1997, um sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera, nr. 68/1998, um ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur, nr. 583/2000, um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, nr. 275/2002, um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera, og nr. 276/2002, um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera.

Hér á eftir verður leitast við að skýra betur hvað felist í ræktun á erfðabreyttum lífverum og hver rökin eru fyrir þessari tillögu.

1. Hvað eru erfðabreyttar lífverur?

Eins og segir í 4. gr. laga um erfðabreyttar lífverur er slík lífvera skilgreind sem „lífvera, önnur en maður, þar sem erfðaefninu hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við pörun og/eða náttúrulega endurröðun“. Breyting af þeim toga, sem byggist á svonefndri erfðatækni, á sér stað þegar ákveðnu geni er komið fyrir í erfðamengi annarrar lífveru í þeim tilgangi að ná fram ákveðnum eiginleika sem hún er álitin skorta.

Öldum saman hefur plöntu- og dýraræktun verið stunduð í þessum sama tilgangi með kynbótum eða náttúrulegri æxlun og eru ýmsar grænmetistegundir sem menn neyta daglega, svo sem kartöflur og paprikur, afurð þess háttar ræktunar. Erfðatækni spannar aftur á móti

ýmsar nýlegar tæknilegar og efnafræðilegar aðferðir við að koma t.d. svokallaðri genasmíð (yfirleitt samsett úr genaferju, aðfluttu geni, stýriröð og merkigeni sem veldur ónæmi gegn ákveðnu sýklalyfi) í gegnum frumuvegg lífveru til þess að splæsa henni við erfðamengi frumunnar sem tekur við henni.

Inngrip af þessum toga í erfðamengi lífvera er réttlætt með því að erfitt eða ókleift sé að ná fram sömu eiginleikum með náttúrulegri æxlun, svo sem sýklaónæmi í plöntum. Algeng rök sem eru tilfærð í þessu samhengi eru þau að styrkja og stækka þurfi ýmsar plöntutegundir sem ræktaðar eru til manneldis og draga með því úr umhverfisspjöllum af völdum skordýraeiturs eða til þess að tryggja næga fæðu í heimi þar sem að mannkyninu heldur stöðugt áfram að fjölga og milljarður þjáist nú þegar af vannæringu. Ólík afbrigði erfðabreyttra fæðuplantna á borð við hveitikorn, maís, tómata o.fl. hafa verið þróaðar, markaðssettar og ræktaðar á liðnum árum en einnig annars konar nytjaplöntur, svo sem bómull, hvort tveggja þó með misjöfnum árangri.

2. Gagnrýni á erfðatækni.

Frá því að erfðatæknin kom fram á sjónarsviðið hafa deilur staðið um hana. Hún er t.d. sögð vekja falsvonir um að geta mettað hungraða, þegar vandamál þeirra er ekki of lítil matvælaframleiðsla í heiminum heldur takmarkaður aðgangur að matvælum vegna fátæktar. Gagnrýnin á erfðatækni hefur því ekki einungis verið bundin við þá siðferðislegu sýn að ekki megi „krukka í“ náttúrunni. Þótt sú afstaða mikli e.t.v. fyrir sér upprunaleika ýmissa lífvera, plantna eða dýra, sem við neytum og umgöngumst daglega, má þó fullyrða að á hefðbundinni ræktun og erfðatækni sé eðlismunur en ekki stigsmunur. Þess vegna veiti náttúruleg æxlun og kynbætur með takmörkuðum möguleikum sínum visst öryggi sem er ekki lengur fyrir hendi, t.d. þegar er komið fyrir í plöntu genum úr framandi tegundum, svo sem bakteríu, vírus, óskyldri plöntu (matjurt eða annarri plöntu), eða dýrum á borð við fisk. Það gefur auga leið að óvissan er mun meiri um hverjar afleiðingarnar verða af slíkri ræktun en af því sem náttúruleg þróun getur gefið af sér og vakna spurningar um hvort vistkerfið geti tekist á við útbreiðslu óæskilegra afurða af þeim toga. Í því samhengi er rétt að benda á varúðarregluna í Ríó-yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1992 en hún kveður á um að ekki skuli ráðast í framkvæmd sem kunni að hafa alvarleg áhrif á umhverfið nema að sýnt sé fram á að hún hafi ekki slík áhrif.

Gagnrýnendur hafa þó ekki síður varað við of örri útbreiðslu þessarar tækni, þ.e. að henni sé beitt meira af kappi en fyrirhyggju og oftar en ekki í von um skjótfenginn gróða. Þeir telja að slíkt sé sérlega varhugavert í ljósi þess að afleiðingar erfðatækni séu enn sem komið er lítt þekktar en um leið vart afturkræfar eftir að erfðamengun hefur átt sér stað. Til samanburðar geti tekið áratugi að gera sér grein fyrir langtímaáhrifum mengunar, eða t.d. tóbaksreykinga, á menn. Eftir slíkum niðurstöðum hafa gróðafyrirtæki sem selja erfðabreyttar afurðir ekki áhuga á að bíða. Óvissan er hins vegar mikil því enn er til að mynda að miklu leyti óljóst hvernig tengslum gena innbyrðis og við efnafræðilegt umhverfi þeirra er háttað.

a. Af því leiðir að ekki er hægt að gera ráð fyrir því að gen sem gegnir ákveðnu hlutverki í einni lífveru muni gegna sama hlutverki eftir að hafa verið flutt í aðra lífveru. Þau gen sem fyrir eru í síðarnefndu lífverunni getur „aðkomugenið“ stokkað upp og þar með breytt verkaskiptingu þeirra og náttúrulegri genatjáningu lífverunnar. Erfðatækni hefur því ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér, samspil gena er nógu óljóst í lífverum sem ekki eru erfðabreyttar og því enn óskýrara í erfðabreyttum lífverum.
b. Enn fremur er erfðatæknin ónákvæm og ómarkviss, því að sjálfur genaflutningurinn er erfiðleikum bundinn: Hvorki er unnt að stjórna því hvar á DNA-keðjunni aðflutt gen

lenda né hve mörg þeirra splæsast inn í DNA-keðjuna en það hvar í keðjuna þau splæsast getur haft mikil áhrif á genatjáningu lífverunnar og haft ófyrirsjáanlegar breytingar í för með sér. Auk þess er ekki víst að hin splæstu gen haldist eins stöðug í nýju erfðamengi og þau voru í því upprunalega, erfðabreyttar lífverur geta því talist „erfðafræðilega óstöðugar“ eða „óöruggar“.

c. Eftir að nýjum og framandi genum hefur verið splæst í erfðamengi lífverunnar getur, svo beitt sé líkingamáli, stýrikerfi hennar hvorki „kveikt“ né „slökkt“ á þeim eftir þörfum, þess í stað „logar“ sífellt á þeim af fullum styrk og í öllum frumum lífverunnar meðan hún lifir, andstætt við venjulega virkni gena.

Af þessum sökum er ekki svo einfalt að endurhanna erfðamengi lífvera til þess að bæta vissa eiginleika þeirra og rétt að fara með gát í slíkri tilraunastarfsemi, það er að segja að kanna afleiðingar hennar áður en matvæli eða lyf eru framleidd með erfðatækni og sett á markað, eins og raunin hefur því miður oft verið.

3. Áhrif erfðabreyttra lífvera á umhverfið.

Þau vandkvæði sem einkenna ræktun lífvera með erfðatækni skipta máli þegar hugað er að samspili erfðabreyttra lífvera og umhverfisins. Nokkrar deilur hafa staðið um umfang þess samspils, t.d. um hvort erfðabreyttar afurðir á borð við matvæli séu skaðleg heilsunni eða „tiltölulega jafngild“ (e. substantially equivalent) afurðum sem ekki eru erfðabreyttar. Í því samhengi er rétt að benda bæði á að oft vantar upp á að tilraunir hafi farið fram á áhrifum slíkra afurða á menn og dýr auk þess sem hætt er við að langtímaumhverfisáhrif erfðabreytinga komi ekki strax í ljós. Almennt gildir þó að reynt er að koma í veg fyrir að erfðabreyttar plöntur æxlist við hefðbundnar og mengi með því umhverfið (sk. erfðamengun, e. genetic pollution), enda hafa ræktendur erfðabreyttra plantna í fjölda dómsmála, svo sem í Bandaríkjunum, verið dæmdir til hárra fjársekta fyrir að valda erfðamengun á stórum nærliggjandi svæðum. Fram til þess hafa þó engar aðferðir dugað við afmörkun þeirra og vafamál hvort þess séu nokkur tök.

Til þess að skýra þessa auðveldu útbreiðslu hefur verið bent á (2.b) óstöðugleika splæstra gena, þ.e. að þau sitji ekki kyrr í plöntum, heldur dreifist þeim mun auðveldlegar um vistkerfið. Eins og önnur gen eru hin framandi gen ekki bundin við ákveðna hluta plöntunnar, heldur eru þau í öllum hlutum hennar – fræjum, frjókornum, stilkum, laufi og rótum – og geta þeir því allir mengað umhverfið með því að dreifast á náttúrulegan hátt: með vindi, regni, fuglum og öðrum villtum dýrum og búfénaði. Vandamálið er það útbreitt að t.d. í Kanada er ekki lengur talið raunhæft að rækta maís, olíurepju eða sojabaunir án erfðabreytts efnis.

Slík þróun er vitaskuld í andstöðu við 1. gr. laga um erfðabreyttar lífverur, þar sem segir: „Markmið laga þessara er að vernda náttúru landsins, líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn hugsanlega skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Tryggja skal að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við varúðarregluna og grundvallarregluna um sjálfbæra þróun.“ Ástæða er þó til þess að spyrja hvort núgildandi lagaákvæði dugi til þess að uppfylla markmið þessara laga hér á landi.

4. Erfðabreytt ræktun á Íslandi.

Hér á landi hefur enn sem komið er ekki staðið til að rækta erfðabreyttar lífverur til manneldis eða dýraeldis þótt þær séu fluttar til landsins. Skylt verður að merkja erfðabreyttar matvörur frá og með 1. september 2011.

En þótt erfðabreyttar jurtir til manneldis séu ekki ræktaðar á Íslandi er nú hafin útiræktun á erfðabreyttum lyfjaplöntum. Í júní 2009 veitti Umhverfisstofnun ORF Líftækni tilraunaleyfi til ræktunar á erfðabreyttu byggyrki en markmið fyrirtækisins er að rækta sérvirkt prótein sem nota á við lyfja- og snyrtivöruframleiðslu. Ræktunarsvæðið átti það árið að nema 200m^2 en síðan að aukast jafnt og þétt upp í samtals 10 ha. (100.000 m^2) svæði fram til ársins 2013.

Nokkur styr hefur staðið meðal fræðimanna hér á landi um þessa ræktun, enda er vegna líffræðilega virkra efna í erfðabreyttum lyf- og iðnaðarplöntum lögð mikil áhersla á að þau sleppi ekki út í umhverfið og valdi mengun á matvælum eða fóðri, sérstaklega þar sem erfðabreytt lyf eru ræktuð í sömu tegundum og notaðar eru til framleiðslu á matvælum og fóðri (maís, soja, byggi o.fl.).

Á seinni hluta árs 2010 upphófust greinaskrif í Fréttablaðinu í kjölfar umfjöllunar þess um ORF (sjá fylgiskjöl I–VI):

Yfirlýsingar forsvarsmanna ORF Líftækni um að þeir stefndu á „stórfellda akuryrkju“ (*Fréttablaðið*, 10. júlí 2010, s. 1) að leyfinu fengnu þykja þannig illa samræmast því að einvörðungu hafi verið að ræða um tilraunaleyfi en ekki framleiðsluleyfi. Á vef Kynningarátaks um erfðabreyttar lífverur segir að hvergi í Evrópu hafi leyfi verið veitt fyrir ræktun erfðabreyttra lyfjaplantna á margra hektara svæðum, heldur í mesta lagi á hálfum hektara. (Það hindrar framkvæmdastjóra ORF þó ekki í því að hóta að flytja fyrirtækið úr landi heimili umhverfisráðherra ekki umrædda útiræktun (s. 19).) Enn fremur þykir ORF ekki hafa uppfyllt skilyrði fyrir leyfinu, þar eð á ræktunarsvæðinu var ekki að finna „rafgirðingar og net yfir ræktunarreit til að hindra aðgengi fugla og dýra“. Auk þess „var umrætt leyfi veitt þrátt fyrir að hvorki lægju til grundvallar áhættumat vegna áhrifa lyfjabyggsins á jarðveg og grunnvatn né gerð væri krafa um fóðrunartilraunir á dýrum. Hvorutveggja eru mikilvægir þættir í heildarmati á áhrifum sleppingar á umhverfi og heilsufar.“ (Fylgiskjal I.)

Þessari gagnrýni hafa tveir forsvarsmenn ORF, Björn Lárus Örvar og Einar Mäntylä, andmælt og m.a. bent á rannsóknir Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri á tíðni víxlfrjóvgunar byggs við aðrar plöntur sem hafi reynst hverfandi lítil. Því teljist útiræktun „á erfðabreyttu byggi algjörlega örugg á Íslandi“. (Fylgiskjal II.)

Fræðimönnum sem hafa blandað sér í þessa umræðu, þeim Dominique Plédel Jónsson og Söndru B. Jónsdóttur, þykja þessar skýringar ORF duga skammt. Meðal nýrra raka í þessari umræðu tiltaka þær að í rannsókn Landbúnaðarháskólans, sem eigi hlut í ORF Líftækni, hafi „ekkert verið skoðað t.d. varðandi genaflæði, áhrif á jarðveg, áhrif á dýr, svo eitthvað sé nefnt“. (Fylgiskjal III). Slíkar rannsóknir hefur ORF ekki framkvæmt og segja talsmenn þess „[e]ngin vísindaleg rök hníga að því að kanna þurfi sérstaklega áhrif mögulegrar neyslu slíkra próteina á dýr og menn enda eru þau ekki ætluð til manneldis. Éti dýr þau eru þau einfaldlega melt í meltingarvegi eins og önnur prótein.“ (Fylgiskjal II). Þessari fullyrðingu eru gagnrýnendur þeirra ósammála.

Í fyrsta lagi benda gagnrýnendurnir á að í „Bandaríkjunum og í Evrópu eru leyfi til framleiðsluræktunar erfðabreyttra plantna aðeins veitt að undangengnum fóðrunartilraunum á dýrum og mati yfirvalda á niðurstöðum þeirra“ en ORF hefur, sem fyrr segir, boðað „stórfellda akuryrkju“ á erfðabreyttu byggi. Enn fremur vísa þeir í 13 nýlegar rannsóknir sem „hafa sýnt fram á að hvorki meltingarvegur manna né dýra sundri öllu DNA úr erfðabreyttum plöntum“. Þá benda þeir á að talsmenn ORF ræði heldur ekki annars konar áhættu sem stafi af útiræktun á erfðabreyttum plöntum og láti eins og ekki sé þörf á áhættumati hvað varðar áhrif ræktunar á grunnvatn og jarðveg („erfðabreytt DNA getur haft áhrif á jarðvegsörverur og mengað vatnasvið“). Ekki sé hægt að draga þær ályktanir af tilraunum Landbúnaðar-

háskólans, sem ORF vísi til, að engin hætta sé á því að ræktun sjálffrjóvgandi tegunda eins og byggs fyrirbyggi hættu á víxlfrjóvgun, þar eð aðstæður við „stórfellda akuryrkju“ eru allt aðrar en í lokuðum tilraunastofum. „Hvarvetna í heiminum sem erfðabreyttar plöntur hafa verið ræktaðar um nokkurt skeið hafa erfðabreytt fræ sloppið út í villta náttúru þar sem þau spíra og fjölga sér. Lifun liðhlaupafræs mun aukast á Íslandi með hlýrri og styttri vetrum.“ Þegar þetta tvennt er tengt saman vakna einnig spurningar um hvort ræktun „mjög lífvirkra erfðabreyttra plantna á borð við lyfjabygg, gæti ógnað villtum og ræktuðum fiski sem þjóðin byggir afkomu sína mjög á. Fiskistofnum landsins gæti jafnvel stafað ógn af innirræktun erfðabreyttra plantna í gróðurhúsum án fastra gólfa á svæðum með háa grunnvatnsstöðu eða í nánd við ár og vötn.“ Til viðbótar þessari víðtæku hættu benda þeir á að ýmsir hópar eigi sterkra hagsmuna að gæta í þessu máli: „Fjöldi Íslendinga er á móti því að erfðabreyttum lífverum sé sleppt út í náttúru Íslands, bændur eiga þarna beinna hagsmuna að gæta, svo sem bændur í lífrænum landbúnaði sem hafa sitt lífsviðurværi af ómenguðum jarðvegi og umhverfi.“ (Fylgiskjal IV.)

Í svargrein við þessari gagnrýni hafnar Eiríkur Sigurðsson, upplýsingafulltrúi ORF Líftækni, því að hlutur Landbúnaðarháskólans í ORF Líftækni dragi úr vægi rannsókna hans á víxlfrjóvgun byggs við aðrar plöntur, sem og því að nokkur eðlismunur sé á erfðabreyttum genum og öðrum genum. Þeim sem neyta erfðabreyttra afurða geti hvorki stafað hætta af þeim né erfðaefni úr plöntum og dýrum mengað grunnvatn og jarðveg. Ekki sé heldur um neinn eðlismun að ræða „á próteinum eftir því hvort þau eru mynduð í erfðabreyttum eða óerfðabreyttum lífverum. Þau sérvirku prótein sem ORF Líftækni framleiðir í fræi erfðabreytts byggs er m.a. að finna í öllu kjöti og í mjólk. Í byggfræi hafa þau enga virkni.“ Því skapi þau „enga hættu í lífríkinu fremur en að fólki stafar hætta af því að neyta fjölbreyttra próteina í nánast allri fæðu.“ (Fylgiskjal V.)

Þessum rökum svarar loks Sandra B. Jónsdóttir með því að ítreka að ræktunarleyfið hafi verið veitt á öðrum forsendum en talsmenn ORF gefa til kynna og að eðlismunur sé á erfðabreyttum lífverum og öðrum, enda sýni nýlegar rannsóknir fram á skaðsemi af erfðamengun og neyslu erfðabreyttra efna. Þeim rökum hafi talsmenn ORF hvergi náð að svara. (Fylgiskjal VI.)

Í ljósi þeirra raka sem sett hafa verið fram gegn því að leyfa útiræktun á erfðabreyttum lífverum og þess hversu veikburða svör við þeim hafa verið, telja flutningsmenn þessarar tillögu meiri hagsmunum fórnað fyrir minni með því að leyfa slíka útiræktun og leggja því til að ræktun þeirra hér á landi takmarkist við örugg og lokuð rými á borð við rannsóknastofur og gróðurhús.

5. „Svæði án erfðabreyttra lífvera“ (e. GMO-free zones).

Ekki er hægt að segja að í þessari tillögu felist nokkur fjandskapur í garð nýsköpunarfyrirtækja eða atvinnusköpunar, eins og því miður er svo oft haldið fram í opinberri umræðu, heldur má færa rök fyrir því að bann við útiræktun erfðabreyttra lífvera sé einmitt forsenda fyrir aukinni fjölbreytni og nýjum sóknarfærum í íslenskum landbúnaði.

Á undanförnum árum hafa í Evrópu allri heilu héruðin, yfir 3.500 sveitarfélög og þúsundir bænda og matvælaframleiðenda, lýst sig opinberlega sem „svæði án erfðabreyttra lífvera“. Hér á landi hefur þessarar þróunar gætt í einhverju mæli því 1. febrúar 2006 lýsti Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands umráðasvæði sínu sem slíku svæði. Markaði sú yfirlýsing nokkur tímamót því að um var að ræða fyrsta slíka svæðið á Norðurlöndum. Nú síðast, 15. nóvember 2010, fylgdi garðyrkjubýlið Vallanes á Fljótsdalshéraði þessu fordæmi Heilsustofnunarinnar og eru því á Íslandi formlega til tvö svæði án erfðabreyttra lífvera. Fyrir hefur

Vallanes stundað lífrænan búskap en með þessu skuldbindur búið sig til þess að hvorki rækta né nota erfðabreyttar lífverur, svo sem til dýraeldis.

Í yfirlýsingu sem Vallanes sendi þegar býlið steig þetta skref eru færð rök fyrir því að fleiri ræktendur fylgi í kjölfarið. Þar segir: „Ein grundvallarforsenda fyrir hreinleika og traustri ímynd náttúru/landsvæðis er m.a. sú að það sé laust við erfðabreyttar lífverur. [...] Í ljósi sívaxandi kröfu í samfélaginu um hreinleika og að virðing sé borin fyrir umhverfinu er mér það ljúft og skylt að lýsa þessu yfir til hvatningar fyrir aðra landeigendur, framleiðendur, landfræðilega afmarkaðar byggðir og sveitarstjórnir sem víðast á landinu til að lýsa umráðasvæði sín „svæði án erfðabreyttra lífvera“ og tryggja með þeim hætti að Ísland verði ekki eftirbátur annarra landa í Evrópu sem ýmist hafa lýst þessu yfir og hafa það að markmiði sem lið í sjálfbærri þróun.“ (Fylgiskjal VII.)

Með þessari þingsályktunartillögu má segja að brugðist sé við þessari áskorun, en þó aðeins að hluta því að með henni er ekki ætlunin að koma í veg fyrir örugga inniræktun erfðabreyttra lífvera. Eins og komið hefur fram hér á undan fer erfðabreytt ræktun illa saman við matvælaframleiðslu án erfðabreyttra lífvera og verður nábýli milli þeirra ævinlega á kostnað þeirrar síðarnefndu. Með því að taka tillit til eðlilegra varúðarsjónarmiða vísindamanna á þessu sviði og gera kröfu um að ræktun með erfðabreyttum lífverum fari alfarið fram í lokuðum rýmum, svo sem gróðurhúsum og tilraunastofum, er hægt að koma til móts við alla hagsmunaaðila í stað þess að draga taum eins þeirra.

Tillögunni fylgdu eftirtalin fylgiskjöl:

I. Tíðindi um erfðabreytta stóriðju í íslenskri náttúru: Er Fréttablaðið á móti aðhaldi? (Kynningarátak um erfðabreyttar lífverur, *erfdabreytt.net*.)
II. Örugg ræktun á erfðabreyttu byggi. Björn Örvar og Einar Mäntylä. (Fréttablaðið, 24. ágúst 2010.)
III. Erfðabreytt lyfjabygg í íslenskri náttúru. Dominique Plédel Jónsson. (Fréttablaðið, 28. ágúst 2010.)
IV. Ekki sýnt fram á öryggi erfðabreytts lyfjabyggs. Sandra B. Jónsdóttir. (Fréttablaðið, 3. september 2010.)
V. Hræðsluáróður um ORF Líftækni. Eiríkur Sigurðsson. (Fréttablaðið, 22. september 2010.)
VI. Vísindarannsóknir sýna að erfðabreyttar plöntur eru ekki öruggar. Sandra B. Jónsdóttir. (Fréttablaðið, 14. október 2010.)
VII. Yfirlýsing: Vallanes – svæði án erfðabreyttra lífvera. Eymundur Magnússon. (Vallanesi, 15. nóvember 2010.)

738. Svar [390. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um vísindarannsóknir og kynjahlutfall.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur verið fjöldi og hlutfall karla og kvenna síðasta áratuginn:*
   a. *í rannsóknastöðum innan háskólanna,*
   b. *meðal styrkþega hjá sjóðum Rannís?*
2. *Hvernig hefur jafnréttis verið gætt við úthlutun rannsóknastyrkja á þessu tímabili?*

Svar óskast sundurliðað eftir raunvísindum annars vegar og félags- og hugvísindum hins vegar.

Hagstofa Íslands safnar gögnum um starfsfólk í háskólum og eru eftirfarandi upplýsingar fengnar af vef Hagstofunnar. Hér eru taldir allir starfsmenn sem starfa við kennslu í skólum á háskólastigi. Gögn eru fengin frá skólunum og frá Fjársýslu ríkisins. Upplýsingarnar ná til allra háskóla landsins.

Síðasta áratug störfuðu að meðaltali 1780 starfsmenn við kennslu við háskóla landsins. Þar af voru karlar 957 (54%) og konur 823 (46%).

Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannís, hefur með höndum daglega umsýslu helstu samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni.

Þeir sjóðir sem eru vistaðir hjá Rannís og heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti eru Rannsóknasjóður sem er þeirra langstærstur, en einnig Rannsóknanámssjóður og Tækjasjóður. Markáætlun á sviði vísinda og tækni er einnig vistuð hjá Rannís.

Árið 2003 var gerð breyting á stuðningskerfi við vísindarannsóknir. Þá voru felld úr gildi lög um Rannsóknarráð Íslands frá árinu 1994 og samþykkt lög um Vísinda- og tækniráð (nr. 2/2003) og Lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (nr. 3/2003). Gerðar voru breytingar á helstu sjóðum sem veita styrki til vísindarannsókna. Rannsóknasjóður tók þar við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs sem starfaði samkvæmt lögum um Rannsóknarráð Íslands, en Tækjasjóður tók við hlutverki Bygginga- og tækjasjóðs samkvæmt sömu lögum.

Tölur fyrir og eftir kerfisbreytinguna 2003/2004 eru ekki sambærilegar og því eru tölur hér gefnar upp fyrir árin 2004–2010.

Vert er að geta þess að einn verkefnisstjóri er skráður fyrir hverju verkefni en meðumsækjendur eru ekki taldir með í greiningu á kynjahlutfalli.

Rannsóknasjóður – kynjahlutfall (2004–2010).

Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna. Ákvörðun um styrkveitingu skal bundin hinu faglega mati.

Af 1.804 skráðum verkefnisstjórum á nýjum umsóknum í Rannsóknasjóð (2004–2010) eru 1.224 karlar (67,8%) og 508 konur (32,2%).

Karlar hafa fengið úthlutað 328 nýjum styrkjum (26,8% árangurshlutfall) en konur 151 nýjum styrk (26,0% árangurshlutfall). Það er því ekki munur á árangri karla og kvenna í Rannsóknasjóði en hins vegar sækja færri konur í sjóðinn en karlar.

Kyn verkefnisstjóra (allir styrkir)			
	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Karlar	1.222	328	26,8%
Konur	580	151	26,0%
Samtals	1.802	479	



Skipting eftir fagsviðum:

Tegund styrkja og kyn verkefnisstjóra 2004-2010																	
	Öndvegisstyrkir				Verkefnastyrkir				Rannsóknastöðustyrkir				Karlar alls	%	Konur alls	%	Alls
Fagráð	Karlar	%	Konur	%	Karlar	%	Konur	%	Karlar	%	Konur	%					
Verkfræði, tækni- og raunvísindi	8	100%	0	0%	77	88,5%	10	11,5%	5	83%	1	17%	90	89,1%	11	10,9%	101
Náttúru- og umhverfisvísindi	4	66,7%	2	33,3%	81	75,7%	26	24,3%	6	60,0%	4	40,0%	91	74,0%	32	26,0%	123
Heilbrigðis- og lífvísindi	5	100%	0	0%	60	56,1%	47	43,9%	3	50%	3	50%	68	57,6%	50	42,4%	118
Félags- og hugvísindi	5	100%	0	0%	65	58,0%	47	42,0%	9	45,0%	11	55,0%	79	57,7%	58	42,3%	137
Samtals:	22	91,7%	2	8,3%	283	68,5%	130	31,5%	23	54,8%	19	45,2%	328	68,5%	151	31,5%	479


Kyn verkefnisstjóra á umsóknum 2004-2010
600
500
400
300
200
100
0
49
300
126
320
168
294
237
311
Konur
Karlar
Verkfræði, tækni- og raunvísindi
Náttúru- og umhverfisvísindi
Heilbrigðis- og lífsvísindi
Félags- og hugvísindi


160
140
120
100
80
60
40
20
0
11
90
32
91
50
68
58
79
Konur
Karlar
Verkfræði, tækni- og raunvísindi
Náttúru- og umhverfisvísindi
Heilbrigðis- og lífsvísindi
Félags- og hugvísindi

Rannsóknarnámssjóður – kynjahlutfall 2004–2010.

Hlutverk Rannsóknarnámssjóðs er að veita styrki til rannsóknartengds framhaldsnáms. Af 266 skráðum verkefnisstjórum sem fengu úthlutað úr Rannsóknanámssjóði á árunum 2004–2010 eru 107 karlar (40,2%) og 159 konur (59,9 %). Úthlutanir eru ekki aðgreindar eftir fagsviðum.

Tækjasjóður – kynjahlutfall 2004–2010.

Hlutverk Tækjasjóðs er að veita rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði til rannsókna. Við úthlutun úr Tækjasjóði skal taka mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs á hverjum tíma. Framlag Tækjasjóðs greiðir aðeins hluta kostnaðar við fjárfestinguna.

Af 311 ábyrgðarmönnum fyrir úthlutuðum verkefnum á árunum 2004–2010 voru 244 karlar (78,4%) en 67 konur (21,6%). Öll verkefni falla undir verkfræði og raunvísindi.

Markáætlun á sviði vísinda og tækni – kynjahlutfall.

Markáætlun er talin mikilvæg leið fyrir stjórnvöld til að samstilla og byggja upp árangursríkt starf á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar. Skilgreind eru markmið á tilteknum sviðum sem njóta tímabundins forgangs að fjármagni á grundvelli vandaðra rannsóknaáætlana. Tvær markáætlanir ná til þess tíma sem hér um ræðir.

Markáætlun, erfðafræði í þágu heilbrigðis og örtækni, 2005/6 til 2009/10.

Þessi markáætlun úthlutaði til alls 31 verkefnis, 16 verkefna í erfðafræði í þágu heilbrigðis, þar voru 8 (50%) verkefnisstjórar karlmenn og 8 (50%) konur. Í örtækni var hins vegar úthlutað til 15 verkefna þar sem allir verkefnisstjórar voru karlmenn.

Markáætlun um öndvegissetur og rannsóknaklasa 2009 til 2015.

Þrjú verkefni voru valin, tveir verkefnisstjórar eru karlar (66,7%) og ein kona er verkefnisstjóri (33,3%)

Mat á umsóknum um rannsóknastyrki.

Verkefni eru metin út frá hæfi verkefnisstjóra, vísindalegu gildi verkefnisins, aðstöðu og líkum á árangri. Það á jafnt við um konur og karla. Hvað varðar Rannsóknasjóð er stjórn sjóðsins lagalega séð bundin af hinu faglega mati en tekur að auki mið af gildandi stefnu Vísinda- og tækniráðs. Konur og karlar standa að öllu leyti jafnfætis sem umsækjendur sem sést í því að árangurshlutfall kvenna er sama og karla (þ.e. hversu stór hluti umsækjenda fær úthlutað styrk). Færri konur sækja hins vegar um styrki og hefur sú staðreynd verið rædd á vettvangi Vísinda- og tækniráðs. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hyggst framkvæma tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn á þessu sviði, m.a. til að greina ástæður þess að konur sækja síður í sjóðina en karlar.

739. Svar [145. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um almenn áhrif skipulagsbreytinga á heilbrigðiskerfinu samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011.

1. *Hverjar verða mögulegar afleiðingar uppsagna heilbrigðisstarfsfólks á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni þegar horft er til búferlaflutninga innan lands og flutnings heilbrigðisstarfsfólks og fjölskyldna þeirra af landi brott?*

Fjárlög 2011 endurspegla þær aðgerðir sem grípa þarf til í ríkisfjármálum í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Í þeim felast aðhaldsaðgerðir á öllum sviðum opinbers rekstrar en eru þó ekki umfangsmeiri en í fjölda annarra ríkja sem gengið hafa í gegnum svipaðar aðstæður. Aðgerðirnar eru öllum erfiðar og sársaukafullar og þar er heilbrigðisþjónustan ekki undanskilin.

Ljóst er að efnahagsþrengingarnar hafa áhrif, meðal annars á mönnun í heilbrigðiskerfinu, og mun velferðarráðuneytið fylgjast með því hvort, og þá hvaða, áhrif það mun hafa á gæði heilbrigðisþjónustunnar og öryggi þjónustunnar um allt land.

Ekki er talið að lækkun fjárveitinga til heilbrigðisþjónustu muni hafa varanleg áhrif á gæði eða öryggi þjónustunnar en hins vegar má leiða að því líkur að álag á starfsfólk verði í mörgum tilvikum meira en áður.

Þar sem áætlaður samdráttur er mestur er ljóst að hann getur haft áhrif á atvinnustig í viðkomandi landshluta.

2. *Hver eru svæðisbundin áhrif þeirra skipulagsbreytinga sem boðaðar eru á heilbrigðiskerfinu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011? Óskað er eftir mati á m.a. áhrifum breytinganna á fólksfækkun í landshlutum (eftir kjördæmaskipan sem var við lýði 1959–1999), á þróun hagvaxtar í sömu landshlutum, á menntastofnanir, á fasteignaverð, á búsetukostnað, á önnur opinber störf í viðkomandi landshlutum o.s.frv.*

Mat á svæðisbundnum áhrifum skipulagsbreytinga er afar vandasamt og umfangsmikið verk sem velferðarráðuneytið hefur ekki ráðist í. Iðnaðarráðuneytið, sem fer með mál er varða svæða- og byggðamál, svæða- og byggðarannsóknir, atvinnuþróun og atvinnuþróunarfélög, gæti mögulega veitt svör við þessari spurningu.

Bundnar eru vonir við að sú vinna sem fjárlaganefnd Alþingis fól Byggðastofnun, þ.e. að meta samfélagsleg áhrif niðurskurðar í opinberri þjónustu eftir bankahrunið fyrir landið í heild og einnig eftir landshlutum, muni veita svör við framangreindum spurningum þingmannsins. Sú vinna á að ná til fjárlagaáranna 2009–2011.

740. Svar [342. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um hagræði við sameiningu Landspítala og Borgarspítala.

1. *Hvaða hagræði hefur falist í sameiningu Landspítala og Borgarspítala?*

Markmið sameiningar stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík var að gera starfsemina skilvirkari og hagkvæmari, auka gæði þjónustunnar og ánægju sjúklinga og styrkja rannsóknir og

kennslu innan sjúkrahússins. Með sameiningunni voru sérgreinar sameinaðar á einn stað sem gaf af sér faglega sterkari einingar með auknum möguleikum á sérhæfingu.

Í desember 2005 gaf Ríkisendurskoðun út skýrslu um árangur sameiningar sjúkrahúsanna í Reykjavík. Í skýrslunni kom fram að raunkostnaður hafi nánast staðið í stað á tímabilinu 1999–2004 að teknu tilliti til breytinga á vísitölum. Á sama tímabili fækkaði stöðugildum um 3%, engu að síður fjölgaði háskólamenntuðum starfsmönnum hlutfallslega en á móti fækkaði í hópi ófaglærðra. Íbúum á þjónustusvæði sjúkrahússins fjölgaði frá sameiningu og meðalaldurinn hækkaði. Að teknu tilliti til alls þessa telur Ríkisendurskoðun að stjórnendum spítalans hafi tekist að halda kostnaði í skefjum á umræddu tímabili. Þá segir í skýrslunni að líklegt sé að þróunin hefði orðið önnur ef sjúkrahúsin hefðu starfað áfram hvort í sínu lagi.

Í skýrslunni kemur einnig fram að á tímabilinu 1999–2004 hafi náðst árangur í því að flytja þjónustu af legudeildum yfir á dag- og göngudeildir. Jafnframt hafi afköst spítalans aukist um 9% á tímabilinu mæld í fjölda meðferða, stöðugildum starfsmanna fækkað um 3% eins og áður sagði og framleiðni vinnuafls aukist um 12,6%.

Frá 2005 hefur verið haldið áfram á sömu braut og stöðugt unnið að því að hagræða í rekstri spítalans. Rekstur hefur verið straumlínulagaður með því meðal annars að fækka stjórnendum og starfsfólki, sameina deildir, bjóða út vöru- og þjónustukaup og auka skilvirkni enn frekar, meðal annars með því að breyta þjónustu legudeilda í þjónustu dag- og göngudeilda svo eitthvað sé nefnt. Til að mynda fjölgaði komum á göngudeild um 70% á árunum 2000–2009, innlögnum fækkaði um tæp 20% og meðallegutími styttist einnig um tæp 20%. Á sama tíma fjölgaði komum á slysa- og bráðamóttökur spítalans um rúm 30%.

Þá er áhugaverður og forvitnilegur mælikvarði á starfsemi spítalans dreginn hér fram til að sýna fram á aukna starfsemi fyrir minna fé. Vísitala hinna ýmsu kostnaðarliða er mæld og borin saman. Vísitala þjónustu er mæld, en hún er þannig samsett að ein lega er vegin á móti þremur dagdeildarkomum og tólf göngudeildarkomum. Þetta er mælieining sem notuð hefur verið af ráðgjafarfyrirtækinu Ernst & Young. Til samanburðar er vísitala launakostnaðar spítalans mæld. Í ljós kemur að vísitala þjónustu fer frá því að vera 100 árið 2002 í um 120 árið 2009 og á sama tíma fellur vísitala launakostnaðar úr 100 í 97,5. Í áðurnefndri úttekt Ríkisendurskoðunar vógu legur, dagdeildar- og göngudeildarkomur vegnar jafnt. Hefði sú aðferð verið notuð til að mæla vísitölu þjónustu þýddi það mun hærri vístölu en 120 sem aðferðarfræði Ernst & Young gaf fyrir árið 2009.

Annað dæmi um hagræði af sameiningu sjúkrahúsanna tveggja er að fram á síðasta ár var rekin bráðaþjónusta bæði í Fossvogi og við Hringbraut. Með sameiningu þessara eininga í apríl á síðasta ári má ætla að náðst hafi a.m.k. um 160 millj. kr. sparnaður á ársgrundvelli. Um er að ræða beinan sparnað í rekstri bráðasviðs og afleiddan sparnað á öðrum sviðum spítalans.

2. Hvenær var árangur af sameiningunni metinn síðast?

Ávinningur af sameiningunni hefur ekki verið metinn með formlegum hætti frá því skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út. Í svari við fyrri spurningunni kemur fram að stöðugt er unnið að því að hagræða í rekstri spítalans sem borið hefur ágætis árangur. Að mati sérfræðinga á spítalinn enn töluvert inni þegar horft er til frekari hagræðingar. Í lok ársins 2008 var gerð úttekt á beinum rekstrarábata þess að flytja rekstur Landspítala í nýtt sjúkrahús við Hringbraut. Rekstrarábati var metinn 2,6 milljarðar kr. á hverju ári sem Landspítali er starfræktur á einum stað í nýju húsnæði samanborið við núverandi rekstrarumhverfi. Hagræðing af sameiningu bráðamóttaka í Fossvogi og við Hringbraut var þá meðtalin. Að auki var kostnaður

við viðhald og endurbyggingu þess gamla húsnæðis sem spítalinn er nú í metinn nálægt 900 millj. kr. að meðaltali á ári hverju næstu 20 árin. Samtals rekstrarábati af sameiningu í nýju sjúkrahúsi er því metinn 3,5 milljarðar kr. árlega eða 3,3 milljarðar kr. til viðbótar við þá hagræðingu sem þegar er komin fram með sameiningu bráðamóttaka.

741. Frumvarp til laga [451. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum (raf- og vefbækur).

Flm.: Mörður Árnason, Helgi Hjörvar, Margrét Tryggvadóttir,
Sigurður Kári Kristjánsson, Eygló Harðardóttir, Pétur H. Blöndal,
Þráinn Bertelsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 14. gr. laganna:

a. 6. tölul. orðast svo: Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, hljóðupptökur af lestri slíkra bóka, sala vefútgáfu og rafútgáfu slíkra bóka og aðgangs að hliðstæðum gagnagrunnum, og sala landakorta.
b. Á eftir orðunum „með tónlist“ í 10. tölul. kemur: eða texta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að vefbækur, rafbækur, bækur á geisladiski og landakort færist á neðra þrep virðisaukaskatts sem verði 7% af sölu þessara vara með sama hætti og af sölu hefðbundinna bóka og hljóðbóka nú. Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um vef- og rafbækur en í b-lið bækur á geisladiski sem eru keyptar og settar í drif eða hlaðið í tölvuna í eitt skipti fyrir öll.

Vefbók er bókartexti sem lesendur kaupa sér aðgang að á vefnum eða hlaða niður af öðru vefsetri. Rafbók er bókartexti sem hlaðið er í venjulegar tölvu, síma eða lestölvu, sérstakt tæki svipað tónhlöðunni eða æpoddinum, og lesinn í þeim. Til að taka af tvímæli eru í frumvarpstextanum einnig tilteknir „hliðstæðir gagnagrunnar“ þar sem útgáfuefni á vefnum eða í stafrænu formi er ekki allt jafnframt til sem prentbók.

Geisladisksbækur og vefbækur eru þegar kunnar á íslenskum bókamarkaði, einkum orðabækur, handbækur og kennslugögn af ýmsu tagi. Notkun rafbóka eykst stöðugt þótt enn um sinn hafi aðeins ein bók verið gefin út á íslensku með þeim hætti, nefnilega skáldsagan Zen og listin að viðhalda vélhjólum eftir Robert M. Pirsig í þýðingu Sigurðar A. Magnússonar, sem bókaútgáfan Edda hefur nýverið sent frá sér. Vert er að geta þess að nú í janúar opnaði Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra fyrsta rafbókavefsetur landsins, Lestu.is, þar sem í boði eru sígild bókmenntaverk, sem vef- og rafbækur, og er einnig fyrirhuguð útgáfa nýrra íslenskra bóka á vegum vefsetursins.

Raf- og vefbækur geta ekki síst komið skólafólki að gagni, létt útgjöld bæði nemenda og skólahaldara – sem fyrst og fremst eru ríki og sveitarfélög, og sparað samfélaginu veruleg gjaldeyrisútgjöld. Í skýrslu fyrir menntamálaráðuneytið frá í fyrra um Kosti og galla e-bókavæðingar í íslenska skólakerfinu segja höfundar í lokaorðum að ef ekkert verður að gert af hálfu stjórnvalda til að auka hlut stafræns námsefnis í skólum sé „ljóst að Ísland verður eftirbátur á sviði nýtækni í námsefnisgerð og námsefnisdreifingu“. Höfundar mæla eindregið með því að „e-bækur“ færist í neðra þrep virðisaukaskatts „þegar í stað“.

Landakort bera nú lægra hlutfall virðisaukaskatts þegar þau eru bundin inn eða gormuð saman sem bók en hærra hlutfall þegar þau eru gefin út á hefðbundinn hátt. Kortabók Íslands, sem margir ferðamenn og bifreiðastjórar þekkja og kom út fyrst hjá Máli og menningu árið 2000, ber 7% virðisaukaskatt en Kortamappa frá sama útgefanda, þar sem nokkurn veginn sömu kortum er raðað í hulstur eða öskju, ber 24,5% virðisaukaskatt.

Um breytingarnar sem í þessu frumvarpi felast eiga við öll sömu rök og um lægri virðisaukaskatt af sölu prentaðra bóka, hljóðbóka og hljómdiska, bæði menningarleg rök og rök af samkeppnistoga um staðkvæmdarvörur.

Tekjutap ríkissjóðs af þessum breytingum verður lítið og vinnst upp með aukinni sölu bóka og korta af öllu tagi.

Frumvarp þetta var áður flutt á 135. og 136. löggjafarþingi. Á síðarnefnda þinginu hlaut frumvarpið umræðu (þá 48. mál) og var vísað til efnahags- og skattanefndar sem leitaði um það umsagnar. Flestar umsagnanna voru afar jákvæðar, þar á meðal frá forsvarsmönnum Forlagsins, Hagþenkis, Íslenskrar málnefndar, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Neytendasamtakanna, Rithöfundasambands Íslands, Skólavefjarins, Tónastöðvarinnar og frá Einari Erni Benediktssyni tónlistar- og athafnamanni. Í nokkrum umsagnanna komu fram ábendingar um fleira menningarefni sem vert væri að hafa í lægri virðisaukaskattsflokki, svo sem nótnabækur og tónlist til stafræns niðurhals. Í umsögn ríkisskattstjóra voru ýmsar tæknilegar athugasemdir um álitamál sem umsegjandi taldi rétt að könnuð yrðu nánar.

Nefndin afgreiddi málið ekki frá sér en ræddi hins vegar efni þess, og í nefndaráliti um frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (þskj. 525) telur meiri hluti hennar fram að „á fundum nefndarinnar hafi komið fram sá skilningur fjármálaráðuneytis og skattyfirvalda að endurskoða þurfi verklag við álagningu virðisaukaskatts á sölu vef- og rafbóka, hljóðbóka, nótnabóka, landabréfa o.þ.h.“.

Fyrr á því þingi sem nú er háð var fjármálaráðherra spurður hvað þessari endurskoðun liði (175. mál). Ráðherra svaraði því til að „eftir að hafa yfirfarið þetta verklag“ væri mat hans það „að ekki [stæðu] sterk rök til að gera þarna breytingar á að svo komnu máli“. Þó væri „aldrei neitt endanlegt eða óumbreytanlegt í þeim efnum“.

Með þessu svari er í ljós komið að af hálfu framkvæmdarvaldsins er ekki fyrirhugað að bæta úr þeim augljósu menningarlegu og samkeppnislegu vanköntum sem hér er bent á, og er málið því lagt að nýju fyrir löggjafarsamkomuna til rannsóknar og umræðu.

Af þeim ástæðum er sá kostur tekinn að flytja frumvarpið óbreytt, þótt full ástæða virðist til að taka tillit til þeirra ábendinga sem borist hafa um m.a. nótnabækur og tónlist í netsölu í þessu sambandi.

Frumvarp þetta tengist þingsályktunartillögu sem flutningsmenn leggja fram samhliða um að lestölvur verði settar í annan tollflokk en nú er.

742. Fyrirspurn [452. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur af ökutækjum og umferð.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Hverjar eru tekjur ríkissjóðs af:

a. vörugjöldum af innfluttum ökutækjum,
b. vörugjöldum af eldsneyti á ökutæki,
c. sérstökum vörugjöldum af eldsneyti,
d. olíugjaldi,
e. flutningsjöfnunargjaldi,
f. bifreiðagjöldum,
g. þungaskatti,
h. virðisauka af bensíni,
i. virðisauka af dísilolíu,
j. virðisauka af bílasölu,
k. öðrum tekjuliðum sem ekki eru upptaldir en teljast mættu til komnir vegna vegaumferðar og ökutækja?

Óskað er eftir yfirliti yfir framangreindar tekjur sl. 10 ár.

Skriflegt svar óskast.

743. Fyrirspurn [453. mál]

til innanríkisráðherra um tekjur af akstri um Suðurlandsveg, Vesturlandsveg og Reykjanesbraut.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hve miklar tekjur má áætla að ríkissjóður hafi af akstri um Suðurlandsveg, Vesturlandsveg og Reykjanesbraut, miðað við fjölda bíla sem þar fer að jafnaði um og áætlaðan eldsneytiskostnað?
2. Hve miklum tekjum er áætlað að fyrirhuguð veggjöld, eða tollar, á sömu vegum skili á ári miðað við sama umferðarþunga?
3. Hvernig er áætlun fyrir næstu tíu ár miðað við spár um umferð um hvern veg?

Skriflegt svar óskast.

744. Tillaga til þingsályktunar [454. mál]

um breytta skattheimtu af lestölvum.

Flm.: Mörður Árnason, Helgi Hjörvar, Margrét Tryggvadóttir,
Sigurður Kári Kristjánsson, Eygló Harðardóttir, Pétur H. Blöndal,
Þráinn Bertelsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að hlutast til um breytingu á tollflokkun lestölva með það að markmiði að auka útbreiðslu þeirra, ekki síst í skólum.

Greinargerð.

Lestölvur eru þegar komnar í notkun á Íslandi, svo sem af gerðunum Amazon Kindle, Sony Reader og Cybook Orizon frá Bookeen. Fyrir síðustu jól kom út fyrsta rafbókin á íslensku og nú í janúar opnaði mennta- og menningarmálaráðherra fyrsta rafbókavefsetur landsins, lestu.is, þar sem á boðstólum eru bæði vef- og rafbækur á íslensku til flettingar í venjulegri tölvu eða niðurhals á lestölvu.

Ljóst er að þessi tækni gagnast ekki síst skólafólki og mæla höfundar nýrrar skýrslu, um kosti og galla e-bókavæðingar í íslenska skólakerfinu (2010), sem unnin var á vegum menntamálaráðuneytisins, með því að stjórnvöld búi sem best í haginn við útbreiðslu þessarar tækni. Verði ekkert að gert sé „ljóst að Ísland verður eftirbátur á sviði nýtækni í námsefnisgerð og námsefnisdreifingu“. Höfundarnir benda auk menntaraka á sparnað sem hlytist af aukinni notkun rafbóka í skólum landsins, fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra, og ekki síður í skólarekstrinum, einkum fyrir ríki og sveitarfélög. Þeir telja einnig að ef vel tekst til megi spara verulegan gjaldeyri.

Lestölvur – lestæki með rafblaði sem hannað er sérstaklega til að lesa rafbækur – hafa samkvæmt nýlegri ákvörðun tollstjóra tollskrárnúmerið 8543.7001, og eru flokkaðar sem heimilistæki. Þessir gripir bera því 25% vörugjöld auk 7,5% tolls. Engin vörugjöld eru þó lögð á tölvur, sbr. tollflokkinn 8471.3009. Skýringin mun vera sú að hjá tollstjóra virðist að óbreyttu ekki unnt að flokka lestölvuna sem tölvu, þ.e. sjálfvirka gagnavinnsluvél, heldur einungis sem „aflestrartæki“ sem flokka skuli sem heimilistæki.

Með samþykkt þessarar tillögu yrði ráðherra falið að hlutast til um tollskrárflokkun lestölvanna til að losa þær við áðurnefnt tollskrárnúmer og gefa þeim annað sem engin vörugjöld tengjast. Ráðherra yrði þar með falið að kanna í samráði við tollyfirvöld hvort til slíkrar nýskipanar þarf lagabreytingu, og þá hverja, en beita ella ráðherravaldi sínu til umbóta í málinu.

Flutningsmenn benda á að hægt er að miða við ákveðinn tíma ef tekin yrði upp sú skipan sem hér er lögð til, þannig að tollskrárnúmeri þessara gripa yrði breytt aftur þegar útbreiðsla þeirra er orðin almenn. Fordæmi fyrir aðgerðum af þessu tagi eru fjölmörg. Nægir að minna á að hröð tölvuvæðing hérlendis er m.a. að þakka þeirri framsýni stjórnvalda að hafa í upphafi tölvualdar í atvinnulífi og á heimilum, frá 1983 til 1987, fellt niður söluskatt og aðflutningsgjöld á tölvum og tölvubúnaði.

Rétt er að geta þess að tillaga þessi tengist frumvarpi sem flutningsmenn leggja fram samhliða um að hlutfall virðisaukaskatts á rafbækur, vefbækur o.fl. verði hið sama og á prentbækur og hljóðbækur.

745. Fyrirspurn [455. mál]

til forsætisráðherra um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.
2. Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.

Skriflegt svar óskast.

746. Fyrirspurn [456. mál]

til fjármálaráðherra um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.
2. Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.

Skriflegt svar óskast.

747. Fyrirspurn [457. mál]

til utanríkisráðherra um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.

2. Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.

Skriflegt svar óskast.

748. Fyrirspurn [458. mál]

til innanríkisráðherra um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vef-áskrift og pappírsáskrift.
2. Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.

Skriflegt svar óskast.

749. Fyrirspurn [459. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vef-áskrift og pappírsáskrift.
2. Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.

Skriflegt svar óskast.

750. Fyrirspurn [460. mál]

til iðnaðarráðherra um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.
2. Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.

Skriflegt svar óskast.

751. Fyrirspurn [461. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.
2. Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.

Skriflegt svar óskast.

752. Fyrirspurn [462. mál]

til umhverfisráðherra um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.

2. Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.

Skriflegt svar óskast.

753. Fyrirspurn [463. mál]

til velferðarráðherra um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vef-áskrift og pappírsáskrift.
2. Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.

Skriflegt svar óskast.

754. Fyrirspurn [464. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vef-áskrift og pappírsáskrift.
2. Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.

Skriflegt svar óskast.

755. Fyrirspurn [465. mál]

til fjármálaráðherra um fjárhagslega áhættu ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hversu miklum fjármunum hefur ríkissjóður varið sem hlutafjárframlagi og stofnfé til íslenskra fjármálafyrirtækja, viðskiptabanka, sparisjóða og tryggingafélaga, frá október 2009 til loka árs 2010? Hvernig skiptist hlutafjárframlagið milli einstakra fyrirtækja?
2. Hver er fjárhæð lána sem ríkissjóður hefur veitt fjármálafyrirtækjum frá október 2009 til loka árs 2010? Óskað er eftir því að sérstaklega verði tilgreint hvort um víkjandi lán sé að ræða eða ekki og hvernig ábyrgðir skiptast eftir fjármálafyrirtækjum.
3. Hefur ríkissjóður veitt ábyrgð á skuldbindingum fjármálastofnana (öðrum en innlánum) frá október 2009? Ef svo er, hvaða ábyrgðir hafa verið veittar og hver er fjárhæð þeirra?
4. Hefur ráðherra í hyggju að leggja fram hlutafé eða stofnfé í fjármálafyrirtæki á yfirstandandi ári? Hver er áætluð heildarfjárhæð og um hvaða fyrirtæki er að ræða?
5. Hefur ráðherra gert áætlun um hvernig hægt sé að losa þá fjármuni sem bundnir eru í fjármálafyrirtækjum? Ef svo er, í hverju eru þær áætlanir fólgnar?

Skriflegt svar óskast.

756. Frumvarp til laga [203. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 27. jan.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Kaupandi afla“ í 1. mgr. kemur: Aðili sem stundar viðskipti með afla.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Aðilar sem stunda viðskipti með afla og forsvarsmenn útgerða vegna viðskipta með afla eða afurðir vinnsluskipa skulu fylla út og skila skýrslum um ráðstöfun afla í því formi og með þeim hætti er ráðuneytið ákveður.
c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Hver sá sem vanrækir að veita Fiskistofu upplýsingar skv. 2. mgr. skal sæta dagsektum. Dagsektir geta numið allt að 25.000 kr. á dag eftir eðli og umfangi brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna skriflega þeim sem hún beinist að. Dagsektir eru aðfararhæfar og greiðast í ríkissjóð.

   Ákvörðun um dagsektir má kæra til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins innan fjórtán daga frá því að hún er tilkynnt þeim sem hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki

fyrr en kærufrestur er liðinn. Ef ákvörðun er kærð til ráðuneytisins falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða ráðuneytisins liggur fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

757. Tillaga til þingsályktunar [466. mál]

um lækkun húshitunarkostnaðar.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Kristján L. Möller, Ásbjörn Óttarsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Kristján Þór Júlíusson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ólafur Þór Gunnarsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Jón Gunnarsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Þuríður Backman, Árni Johnsen, Ólína Þorvarðardóttir, Guðmundur Steingrímsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að setja á laggirnar nefnd er móti tillögur um lækkun húshitunarkostnaðar á þeim svæðum þar sem hann er nú hæstur, marki stefnu um fyrirkomulag á niðurgreiðslum vegna hitunar á íbúðarhúsnæði og skoði hvernig unnt sé að stuðla að varanlegri lækkun húshitunarkostnaðar á svokölluðum „köldum svæðum“. Stefnt sé að því að þessi kostnaður verði sem næst kostnaði hjá meðaldýrum hitaveitum, eða tiltekið hlutfall af húshitunarkostnaði á orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur og hjá sambærilegum hitaveitum. Nefndin verði skipuð fulltrúum þingflokka, sveitarfélaga og orkufyrirtækja og skili tillögum sínum fyrir árslok 2011.

Greinargerð.

Húshitunarkostnaður hefur á undanförnum árum orðið æ þyngri þáttur í framfærslu heimila víða á landsbyggðinni. Talið er að um 36–37 þúsund manns búi á svokölluðum „köldum svæðum“, þ.e. svæðum þar sem húshitunarkostnaður er mestur. Allnokkru fé hefur verið varið til þess að lækka þennan kostnað og er ákvörðun um það tekin í fjárlögum hvert ár.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er varið ríflega 1,1 milljarði kr. til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis. Fram til síðustu áramóta voru í gildi lög sem kváðu á um að virðisaukaskattur vegna húshitunar væri endurgreiddur, til þess að koma í veg fyrir að þessi skattlagning lenti á heimilunum í landinu. Með lagabreytingu sem tók gildi um áramótin var horfið frá þessari endurgreiðslu, sem nam á síðasta ári um 216 millj. kr. Til þess að koma til móts við íþyngjandi áhrif af þessari lagasetningu var varið 140 millj. kr. til aukinna niðurgreiðslna og 40 millj. kr. jafnframt veittar almennt til viðbótar til niðurgreiðslnanna.

Neikvæð þróun.

Því miður hefur niðurgreiðslan undanfarin ár alls ekki dugað til þess að hamla á móti hækkandi orkuverði til heimilisnota. Þetta má sjá í svari iðnaðarráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns þessarar tillögu, sbr. þskj. 234, 27. mál yfirstandandi þings. Taka má dæmi af kostnaði við kyndingu á 180 fermetra húsnæði í dreifbýli á svæði RARIK. Hann er nú talinn vera um 238 þús. kr. á ári, um 20 þús. kr. á mánuði. Kostnaðurinn var 166 þús. kr. árið

2000, sem svarar til mánaðarlegs kostnaðar upp á tæpar 14 þús. kr. Lægstur var kostnaðurinn árið 2002, 138 þús. kr. á ári, um 11 þús. kr. á mánuði. Allar eru þessar tölur á núgildandi verðlagi og því vel samanburðarhæfar.

Hækkunin frá árinu 2000 er því um 43%, en hvorki meira né minna en 72% sé árið 2002 tekið til viðmiðunar. Árétta ber að þetta eru tölur sem mæla hækkun húshitunarkostnaðar að raungildi. Ekki er fyrirséð að þessari þróun verði snúið við, heldur þvert á móti. Á þessu ári er dregur enn úr niðurgreiðslum til húshitunarkostnaðar frá því sem var á síðasta ári. Jafnframt hafa orkufyrirtækin tilkynnt talsverðar hækkanir nú í ársbyrjun. Því er ljóst að húshitunarkostnaður muni hækka á hinum „köldu svæðum“ í ár.

Athyglisvert er að skoða til samanburðar þróun húshitunarkostnaðar á svæði Orkuveitu Reykjavíkur. Þar er talið að það kosti um 93 þús. kr. á ári að kynda 180 fermetra húsnæði, nú eftir síðustu hækkun fyrirtækisins sem mjög var umtöluð. Þetta svarar til um 8 þús. kr. mánaðarlegs húshitunarkostnaðar. Árið 2000 var kostnaðurinn 100 þús. kr. og var lægstur í fyrra, um 72 þús. kr. á verðlagi ársins í ár, um 6 þús. kr. á mánuði. Allt sömuleiðis tölur á sambærilegu og núgildandi verðlagi.

Húshitunarkostnaður með hliðsjón af kaupmætti.

Til þess að varpa frekara ljósi á þetta mál er gott að draga fram þróun kaupmáttar á þessu tímabili. Ef skoðuð er þróun kaupmáttar frá ársbyrjun 2002 og fram í nóvember sl. kemur í ljós að kaupmáttur jókst um 3,18%. Til samanburðar eru svo tölurnar um að húshitunarkostnaður hækkaði í dreifbýli á svæði RARIK um 72% á þessum tíma. Ef tímabilið frá ársbyrjun 2008 og fram í nóvember í fyrra er svo sérstaklega skoðað er niðurstaðan sú að kaupmáttur hefur minnkað um 10,7%. Frá árinu 2008 og fram í október 2010 hækkaði húshitunarkostnaður í dreifbýli á RARIK-svæðinu hins vegar um tæp 25%.

Enn má nefna að grunndagvinnulaun fiskvinnslufólks eru núna á mánuði um 189 þús. kr., regluleg laun 223 þús. kr. og regluleg heildarlaun um 328 þús. kr. Það er því ljóst að húshitunarkostnaður upp á 20 þús. kr. á mánuði tekur mjög mikið í heimilispyngju venjulegs launafólks og er 10,5% af grunndagvinnulaunum fiskverkafólks. Þegar best lét var þetta hlutfall 5,3%.

Það er því ljóst að hjá þeim tæplega 40 þúsund einstaklingum sem búa við hæst verð er húshitunarkostnaðurinn orðinn mjög íþyngjandi og verður stöðugt stærri hluti af launum almennings á þessum svæðum.

Aðrir orkukostir.

Það veldur síðan áhyggjum að nú virðist það vera orðin niðurstaðan að ekki séu miklir möguleikar á frekari jarðvarmakyndingu með hagkvæmum hætti, sbr. tillögu til þingsályktunar um byggðaáætlun. Væntingar um lækkun húshitunarkostnaðar með átaki í jarðhitaleit eru þess vegna ekki mjög burðugar. Þetta er alvarlegt vegna þess að húshitunarkostnaður er hærri þar sem notuð er raforka til húshitunar en þar sem jarðvarmi er orkugjafinn. Raforkukostnaður í þéttbýli á köldum svæðum er svipaður og annars staðar í þéttbýli á landinu en nauðsynlegt er að jafna dreifingarkostnað raforku milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Ýmis úrræði eru til sem stuðlað geta að lægri húshitunarkostnaði. Átak í frekari orkusparandi aðgerðum gæti skilað árangri. Þó verður að halda því til haga að íbúðareigendur á köldum svæðum hafa mjög margir þegar ráðist í slíkar aðgerðir, meðal annars af illri nauðsyn. Vandinn við slíkar aðgerðir er líka sá að þær eru jafnan kostnaðarsamar og skila

íbúðareigendum ábata á mjög löngum tíma. Þarna er þó sjálfsagt að halda áfram, svo sem kostur er.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp sem felur í sér heimild til þess að endurgreiða virðisaukaskatt af varmadælum, sem margir telja að geti verið liður í því að lækka húshitunarkostnað, sbr. þskj. 601, 393. mál. Þá má benda á að varmadælur bera nú þegar tolla og vörugjöld, sem einfalt er að fella niður varanlega eða tímabundið til þess að stuðla að lækkun húshitunarkostnaðar. Slíkt kallar ekki á lagaheimild, heldur breytingu á tollflokkum og reglugerðum.

Það hefur verið almennur skilningur á því að stuðla að lægra orkuverði og húshitunarkostnaði á þeim svæðum þar sem þessi kostnaður er mestur. Hefur það verið liður í byggðastefnu stjórnvalda og almennri viðleitni til þess að jafna kjör landsmanna. Ef til vill má einnig segja að þetta hafi verið hluti af því að tryggja að arður af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar renni til almennings, eins og mjög er nú rætt um. Krafan um frekari aðgerðir til lækkunar á húshitunarkostnaði er því allt eins krafa um að eigendur orkuauðlindanna njóti með beinum hætti arðs af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar.

Nauðsynlegt að leita annarra leiða.

Það fyrirkomulag að ákveða umfang niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði í fjárlögum hefur bersýnilega ekki skilað ætluðum árangri. Oftar en ekki hefur þessi liður orðið fyrir niðurskurði, jafnvel umfram almennan niðurskurð í fjárlögum. Að minnsta kosti er ljóst að þessar fjárveitingar hafa ekki megnað að hamla gegn hækkunum á töxtum til húshitunar, eins og tölur sem raktar hafa verið sýna svart á hvítu. Við verðum því einfaldlega að horfast í augu við að þetta fyrirkomulag kallar á tafarlausa endurskoðun. Húshitunarkostnaður kemur víða mjög hart niður og á einstökum svæðum er hann mjög stór hluti af heimilisútgjöldunum.

Þess vegna er mjög brýnt að þegar í stað verði farið í róttæka og gagngera endurskoðun á þessum málum, með það að markmiði að lækka húshitunarkostnað þar sem hann er þungbærastur. Leiðir að því markmiði eru þó nokkrar og geta sannarlega verið umdeildar. Hér er hins vegar um að ræða mál sem Alþingi verður að láta sig varða og freista þess að mynda víðtæka samstöðu um að leysa með viðunandi hætti, ella er hætt við að enn verr fari í byggðum sem þegar standa höllum fæti.

Með þessari þingsályktunartillögu er ætlunin að kalla til verka fulltrúa allra þingflokka, sveitarstjórnarmanna og orkufyrirtækja, skapa um málið almenna sátt og koma því þannig fyrir að húshitunarkostnaður á „köldum svæðum“ lækki en sé ekki undirorpinn árlegum ákvörðunum við fjárlagagerð hverju sinni.

Fylgiskjal I.

Húshitunarkostnaður 180 fm húsnæðis.
(Tafla úr svari iðnaðarráðherra við fyrirspurn í 27. máli yfirstandandi þings.)

	Rafhitun				Hitaveitur				Kyntar hitaveitur		
Staður	RARIK Péttbýli	RARIK Dreifbýli	OV Péttbýli	OV Dreifbýli	Reykjavík	Akureyri	Egils-staðir	Selfoss	Ísafjörður	Seyðis-fjörður /Hofn	Vest-manna-eyjar
Húsnæði	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli
Stærð	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²	180 m²
kWst/ári	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632
2000	165.216	165.216	142.616	142.616	100.131	181.219	131.804	101.776	144.724	144.216	124.580
2001	158.658	158.658	140.942	140.942	97.267	169.872	128.473	99.037	145.571	139.896	116.574
2002	137.594	137.594	138.785	138.785	96.191	151.468	125.399	97.873	143.822	141.336	115.338
2003	142.163	142.163	135.807	135.807	95.840	148.336	123.221	98.476	141.084	143.249	112.953
2004	144.635	144.635	138.322	138.322	102.898	146.688	120.592	98.682	143.015	140.768	132.728
2005	173.896	174.832	153.860	157.975	99.288	144.973	115.899	98.378	141.734	133.927	129.262
2006	166.685	170.785	152.458	159.759	92.417	129.221	108.560	96.573	147.920	136.300	122.451
2007	165.213	183.916	162.255	169.629	82.591	122.240	100.887	86.307	150.708	145.613	119.063
2008	168.847	191.415	159.465	171.282	75.247	116.997	89.298	79.330	148.893	151.946	111.811
2009	180.338	211.782	175.010	192.856	71.965	104.469	84.998	76.653	158.127	170.711	104.940
okt.10	200.645	238.196	198.334	231.320	93.483	102.255	84.317	78.913	170.436	192.585	117.263

Fylgiskjal II.

Tafla um kaupmáttarþróun.
(Unnin upp úr gögnum Hagstofu Íslands.)

	Laun	Verðlag	Kaupmáttur	
Breytingar jan. 2002 – nóv. 2010	70,3%	65,0%	3,18%	
Breytingar jan. 2008 – nóv. 2010	15,6%	29,5%	–10,74%	
Laun fullvinnandi í september 2010				
	HRL	**RL**	**RHL**	**HVT**
Iðnverkafólk í fiskvinnslu	189.000	223.000	328.000	50,7
Allir	303.000	327.000	370.000	44,6

Hrein regluleg laun (HRL) eru grunndagvinnulaun (það næsta sem við komumst dagvinnulaunum).
Regluleg laun (RL) eru hrein regluleg laun að viðbættu vaktaálagi, álagsgreiðslum, kostnaðargreiðslum og afkastatengdum bónusgreiðslum sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili. Í reglulegum launum er ekki tekið tillit til yfirvinnugreiðslna, uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna og greiðslna sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili, svo sem eingreiðslna, hvort sem þær eru greiddar samkvæmt kjarasamningum eða ekki.
Regluleg heildarlaun (RHL) eru regluleg laun að viðbættum yfirvinnulaunum, veikindalaunum og fyrirframgreiðslu vegna uppmælinga.
Heildarvinnutími (HVT).

758. Tillaga til þingsályktunar [467. mál]

um ferðamálaáætlun 2011–2020.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að stefna að eftirfarandi meginmarkmiðum í ferðamálum á tímabilinu 2011–2020:

a. að auka arðsemi atvinnugreinarinnar,
b. að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið,
c. að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar,
d. að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugu greiningar- og rannsóknarstarfi.

Þessi fjögur meginmarkmið ferðaþjónustunnar hvíli á eftirfarandi:

1. Innviðir og grunngerð.

a. Íslensk náttúra er auðlind ferðaþjónustunnar. Mikilvægt er að byggja upp, vernda og viðhalda ferðamannastöðum um allt land. Stjórnvöld og hagsmunaaðilar sameinist um leiðir til að fjármagna slíkar umbætur.
b. Uppbygging innviða ferðaþjónustunnar miði að því að vernda náttúru Íslands og ferðamálaáætlun stefni að því að innleiða hugarfar sjálfbærni og ábyrgðar á náttúru og menningu landsins.
c. Lagaumhverfi ferðamála taki mið af þeirri áætlun sem hér liggur fyrir.
d. Leyfismál í ferðaþjónustu verði tekin til gagngerrar endurskoðunar í samræmi við þær áherslur sem birtast í þessari áætlun.

2. Kannanir, rannsóknir, spár.

a. Mikilvægt er að stutt sé við þróun ferðaþjónustunnar og uppbyggingu með verulega aukinni áherslu á greiningar, rannsóknir og spár.
b. Sjálfstæði rannsókna verði tryggt en Ferðamálastofa hafi frumkvæði að og beri ábyrgð á mótun stefnu varðandi framkvæmd og úrvinnslu kannana og að gerðar séu framtíðarspár um þróun greinarinnar.
c. Í þjóðhagsreikningi liggi alltaf fyrir töluleg gögn um þróun ferðaþjónustunnar frá ári til árs.
d. Farnar verði bestu fáanlegar leiðir til að tryggja að gerðar verði samræmdar ítarlegar úttektir á auðlindum og innviðum ferðaþjónustunnar um allt land.

3. Vöruþróun og nýsköpun.

a. Vöruþróunarverkefni í ferðaþjónustu verði byggð á klasahugmyndafræði og grundvallist á sérstöðu og stefnumótun svæða.
b. Leitað verði nýrra leiða við vöruþróun með klasasamstarfi, tækni- og þekkingaryfirfærslu.

c. Stoðkerfi ferðaþjónustunnar verði einfaldað og tryggt að öflugar einingar séu til staðar út um allt land sem hafa gott faglegt bakland og næga burði til að styðja við þróun áfangastaða, vöruþróun, nýsköpun og markaðssetningu.
d. Opinbert fjármagn til vöruþróunar á sviði ferðaþjónustu fari einkum til samstarfsverkefna sem hafi meðal markmiða að lengja ferðamannatímabilið.

4. Markaðsmál.
a. Opinbert kynningarstarf tengt ferðaþjónustu taki mið af markmiðum ferðamálaáætlunar.
b. Leitað verði nýrra leiða í opinberu kynningarstarfi og einnig til að auka faglegt samstarf opinberra aðila á sviði vöruþróunar og kynningarmála.
c. Við mótun samstarfs ferðamálayfirvalda við Íslandsstofu er mikilvægt að sett séu mælanleg markmið og mælikvarðar á árangur.
d. Mælikvarðar á árangur í kynningarstarfi eru meðal annars ferðaútgjöld samkvæmt ferðaþjónustureikningum, gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum, dreifing gistinátta yfir árstíðir og landsvæði, fjöldi ferðamanna auk kannana um væntingar og upplifun ferðamanna.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Inngangur.

Nýrri stefnu í ferðamálum er ætlað að leysa af hólmi þingsályktun um ferðamál fyrir tímabilið 2006–2015 sem samþykkt var á vordögum 2005. Síðan sú ályktun var samþykkt hafa orðið miklar breytingar í ferðaþjónustunni. Ný lög um skipan ferðamála tóku gildi 1. janúar 2006 en með þeim fékk Ferðamálastofa skýrt stjórnsýsluhlutverk, málaflokkurinn fluttist í iðnaðarráðuneytið 1. janúar 2008 og jókst þá samspil greinarinnar við stofnanir og stoðkerfi þess ráðuneytis. Ferðaþjónustureikningar Hagstofunnar voru gefnir út í fyrsta sinn 10. október 2008 og nýstofnuð Íslandsstofa tók við markaðshlutverki Ferðamálastofu á erlendum vettvangi 1. júlí 2010.

Í nýbirtum ferðaþjónustureikningum (nóvember 2010) sést hve mikilvæg atvinnugrein ferðaþjónustan er orðin á Íslandi. Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum á árinu 2009 voru 155 milljarðar kr., hlutur ferðaþjónustu í vergri landsframleiðslu var 4,6% á árinu 2008, heildarumsvif fyrirtækja í ferðaþjónustu sama ár námu ríflega 209 milljörðum kr. og 9.200 manns störfuðu við ferðaþjónustu á árinu 2008 sem er 5,1% af störfum alls.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra setti á laggirnar stýrihóp um nýja ferðamálastefnu í apríl 2010 og var stefnt að því að hann lyki störfum í nóvember 2010. Ferðamálaráð var bakland stýrihópsins. Í stýrihópnum sátu, auk ferðamálastjóra sem var formaður hópsins, fulltrúar iðnaðarráðuneytis, ferðamálaráðs og Samtaka ferðaþjónustunnar: Ólöf Ýrr Atladóttir, Helga Haraldsdóttir, Erna Hauksdóttir og Svanhildur Konráðsdóttir. Starfsmaður stýrihópsins var Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, verkefnastjóri á Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Að lokinni forvinnu var viðfangsefnum ferðamálastefnu skipt í fjóra meginhluta, innviði og grunngerð, rannsóknir, vöruþróun/nýsköpun og markaðsmál. Við gerð stefnunnar er byggt á því að horft verði á hvern hluta út frá þremur þáttum: stefnumótun, fjármögnun og framkvæmd.

Við vinnuna var horft til þess hlutverks opinberrar stefnumörkunar að móta atvinnugreininni ramma sem væri hvetjandi til vöruþróunar og sóknar í markaðsmálum en setti jafnframt kröfur á þá sem í ferðaþjónustu starfa um gæði, fagmennsku og ábyrgð í starfsemi sinni.

Ferðaþjónusta er umfangsmikil og fjölbreytt atvinnugrein og er mikilvægt að opinber stefna hvetji til þess að við þróun áfangastaða og aðdráttarafls landshluta, svæða, sveitarfélaga og einstakra staða sé sérstaða þeirra dregin fram, ekki aðeins hvað varðar náttúru og umhverfi heldur ekki síður menningu, mannlíf og sögu. Brýnt er einnig að uppbygging í ferðaþjónustu verði grundvölluð á þekkingu til að greinin megi til framtíðar vera eftirsóknarverður starfsvettvangur ungs menntaðs fólks.

Mikil þróun hefur orðið í íslenskri ferðaþjónustu á undanförnum árum og áhersla verið lögð á samspil ferðaþjónustu við til dæmis heilsutengda áfangastaði, sögu, menningar- og menntatengda afþreyingu, veiði og margt fleira. Í ferðamálastefnu er ekki tekin afstaða til neins eins möguleika á þróun í ferðaþjónustu heldur er hvatt til þróunar á fjölbreyttum sviðum allt árið um kring.

Uppbygging áfangastaða, nýsköpun og vöruþróun eru forsendur þess að áfangastaðurinn Ísland sé samkeppnishæfur í alþjóðlegri samkeppni um hylli ferðamanna. Mikilvægt er að á næstu árum verði áhersla lögð á að styrkja með verulega auknum fjármunum grunnþætti eins og tölulegar upplýsingar, kannanir, rannsóknir og spár. Vöruþróun og markaðsmál þurfa að byggjast á réttum upplýsingum og framtíðarspám um þróun í ferðaþjónustu. Stuðningsumhverfi atvinnugreinarinnar þarf að vera sambærilegt öðrum atvinnuvegum á Íslandi og aðgengi að fjármagni sambærilegt.

Aðferðafræði.

Apríl 2010.

Undirbúningur og mótun verkefnis.

Farið var yfir helstu þætti verkefnisins og sett upp verkáætlun. Einnig var sett upp heimasíða verkefnisins þar sem birt voru gögn og tekið við ábendingum. Heimasíðan var kynnt stórum hópi fólks sem starfar í greininni og/eða þekkir vel til hennar.

Maí – september 2010.

Öflun gagna og greiningarvinna.

Stýrihópur hefur hist mánaðarlega til að fara yfir stöðu verkefnisins. Ákveðið var að afla gagna með tvennum hætti, annars vegar með samtölum við hagsmunaaðila og stoðkerfi ferðaþjónustunnar og hins vegar með yfirferð yfir fyrirliggjandi skýrslur og gögn. Þeirri vinnu lauk með því að greiningarskýrsla var kynnt fyrir ferðamálaráði á fundi þess 15. september 2010.

Tekin voru 42 einstaklingsviðtöl við fólk í ferðaþjónustu, stoðkerfi og hjá sveitarfélögum um allt land og eru helstu niðurstöður og áherslur þeirra viðtala í meðfylgjandi yfirliti. Áhersla var á að velja viðmælendur frá sem flestum svæðum landsins og einnig að viðmælendur spönnuðu sem víðast svið innan ferðaþjónustunnar og stoðgreina. Spurningar í viðtölunum lutu að framtíðarsýn, gildum, aðkomu stjórnvalda og stoðkerfis að greininni auk þess sem rætt var um lengingu ferðamannatímabilsins, nýsköpun, vöruþróun og markaðsmál.

September – október 2010.

Helstu niðurstöður viðtala kynntar ferðamálaráði og tekið við ábendingum.

Greiningarskýrsla var send á fjölbreyttan hóp hagsmunaaðila og aðila sem tengdir eru greininni á einhvern hátt. Greiningarskýrsla var einnig birt á vef verkefnisins og send út tilkynning í samfélagsvef um útkomu hennar.

Framtíðarsýn og stefna mótuð.

Byggt var á niðurstöðum greiningarskýrslu, viðbrögðum ferðamálaráðs og með umsögnum og rýnifundum með hagsmunaaðilum var lokaskýrsla ferðamálastefnu 2011–2020 unnin ásamt aðgerðaráætlun.

Nóvember 2010.

Lokaskýrslu skilað.

Gagnaöflun.

Gögn höfð til hliðsjónar.

Öflun gagna vegna vinnu við ferðamálaáætlun var tvenns konar, annars vegar með samantekt og rýni á fyrirliggjandi skýrslum og tölulegum gögnum ferðaþjónustunnar og hins vegar með einstaklingsviðtölum við fólk í ferðaþjónustu, stoðkerfi, kjörna fulltrúa og fulltrúa stærstu hagsmunahópa fyrirtækja í ferðaþjónustu. Upphafleg verkáætlun gerði ráð fyrir að haldinn yrði stór fundur í þjóðfundarstíl til að ná fram helstu áherslum ferðaþjónustunnar. Staða ferðaþjónustunnar í maí var þó með þeim hætti vegna eldgoss og þeirra stóru verkefna sem stór hluti lykilfólks í ferðaþjónustu þurfti að inna af hendi á vordögum að mat stýrihópsins var að gagnaöflun yrði betur fyrir komið með viðtölum.

Viðtöl.

Tekin voru 42 einstaklingsviðtöl og er listi yfir viðmælendur aftast í greinargerðinni. Leitast var við að ná til viðmælenda um allt land sem spegluðu greinina og stoðkerfi hennar sem best. Spurningar í viðtölunum lutu að framtíðarsýn, gildum, aðkomu stjórnvalda og stoðkerfis að greininni auk þess sem rætt var um lengingu ferðamannatímabilsins, nýsköpun, vöruþróun og markaðsmál. Farin var sú leið að hafa spurningar mjög opnar og fóru viðtölin fram í samtalsstíl til að gera viðmælendum kleift að koma sínum áherslum á framfæri.

Helstu niðurstöður allra hópa viðmælenda eru að mikilvægustu þættir í uppbyggingu og stefnu í ferðaþjónustu lúti að:

- fagmennsku,
- gæðum,
- minni árstíðasveiflu,
- betri dreifingu ferðamanna um landið,
- viðhalda þeirri sérstöðu Íslands sem felst í hreinni og óspilltri náttúru.

Hér eru fram komnar mjög skýrar áherslur sem leggja ættu grunn að stefnumótun og framkvæmd stefnu fyrir íslenska ferðaþjónustu á komandi árum. Þessar áherslur eru mjög í samræmi við fyrri stefnumótanir og greiningar sem komið hafa fram á síðustu árum.

Þær áherslur sem hér koma fram eru í raun mjög sambærilegar við áherslur fyrri stefnumótana í ferðaþjónustu. Mikil árstíðasveifla er vandamál ferðaþjónustu um allan heim og ekki er líklegt að á Íslandi verði þjónusta við ferðamenn á öllum stöðum allt árið frekar en víðast hvar annars staðar í heiminum.

Staðan er þannig nánast um allt land að áfangastaðir eru ekki opnir nema yfir hásumarið. Það á við um gestastofur, söfn og sýningar sem reknar eru af opinberum aðilum eða að miklu leyti styrkt af opinberum aðilum. Veitinga- og gististaðir eru í mörgum tilfellum einnig aðeins opnir yfir sumartímann og afþreying sem þróuð hefur verið miðast við sumartímann og vörurnar henta í mörgum tilfellum ekki eða eru ekki í boði nema þá.

Ferðamannatímabilið er allt frá 6–8 vikum á sumum stöðum upp í að vera gott allt frá maí til september á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi svæðum. Ljóst er að átak þarf til að lengja ferðamannatímabilið ef árangur á að nást. Við slíkt átak þarf að koma til skýr stefnumótun, t.d. innan ákveðinna svæða eða staða um að lengja markvisst tímabilið með því að opna lykilstaði fyrr á vorin og loka síðar á haustin samhliða markaðsátaki og þróun á viðeigandi afþreyingu og þjónustu miðað við árstíma.

Betri dreifing ferðamanna um landið byggist einnig á markvissri vinnu þar sem rannsóknir, yfirfærsla á þekkingu, vöruþróun og markaðssetning þurfa að spila saman til að árangur eigi að nást.

Gildi og leiðarljós.

Í viðtölunum var spurt um þau gildi sem ferðaþjónustan ætti að hafa að leiðarljósi. Heiðarleiki, gæði og sérstaða eru þau gildi sem oftast voru nefnd. Þar á eftir koma gestrisni og mikilvægi umhverfismála. Hugtökin fagmennska, hreinleiki, traust, virðing og þjónustulund komu þar á eftir. Einlægni, metnaður og sköpunarkraftur heimamanna voru einnig nefnd af nokkrum viðmælendum. Þau gildi sem minnst var á a.m.k. einu sinni voru öryggi, ábyrgð, gagnsæi, persónuleg þjónusta, samvinna, sjálfsvirðing, sköpun, trúverðugleiki og umburðarlyndi.

Töluleg gögn

Töluleg gögn um þróun ferðaþjónustu hjá Hagstofu og Seðlabanka og gögn og kannanir Ferðamálastofu voru mikilvæg grunngögn við gerð ferðamálaáætlunar 2011–2020.

Tillögur nefndar um aðkomu ríkisins að skipulagi og fjármögnun í ferðaþjónustu.

Í skýrslunni (2008) var farið yfir aðkomu ríkisins að skipulagi og fjármögnun í ferðaþjónustu og voru niðurstöður hennar skoðaðar við gerð ferðamálaáætlunar. Tillögur nefndarinnar eru á margan hátt samhljóða meginniðurstöðum þeirra viðtala sem ráðist var í innan stefnumótunarvinnunnar.

Niðurstöður þjóðfunda vegna Sóknaráætlunar 20/20.

Þjóðfundir voru haldnir í öllum landshlutum á árinu 2010. Þangað var boðið með slembiúrtaki fulltrúum allra helstu hagsmunaaðila ásamt 50–90 íbúum hvers svæðis. Á þjóðfundunum var leitast við að draga fram sóknarfæri svæðisins til framtíðar byggð á styrkleikum og lykilhæfni sem til staðar er á hverju svæði.

Meginniðurstöður þjóðfundanna um allt land eru þær að utan höfuðborgarsvæðisins vilja flestir stefna í sömu átt til framtíðar og skipar ferðaþjónustan efsta sæti í þeim tækifærum sem þjóðfundargestir um allt land sjá sem meginstyrk sinna svæða.

Þegar horft er til þeirrar áherslu á ferðaþjónustu sem fram kemur í gögnum þjóðfunda vekur það athygli hve lítið er til af gögnum þar sem nákvæmlega er skilgreint hvers konar ferðaþjónustu svæði sækjast eftir og að áherslur um þróun innan svæða og möguleikar hafa ekki verið greindir með markvissum hætti. Vitað er að til eru náttúruperlur, áhugaverðir staðir, menning og fleira en greiningar á sérstöðu vantar tilfinnanlega um allt land.

1. Núverandi staða ferðaþjónustu.

Vægi ferðaþjónustu sem atvinnugreinar hefur aukist töluvert á undanförnum árum og þegar tölur yfir útfluttar vörur og þjónustu eru skoðaðar sést að af útflutningi voru tekjur af ferðaþjónustu á síðasta ári 103 milljarðar kr. sem er vel rúm þreföldun frá árinu 2000 en þá voru þær um rúmlega 30 milljarðar kr. Hlutdeild ferðaþjónustu er því um 13% af heildarvöruútflutningi á Íslandi árið 2009. Eins og sjá má á töflum hér fyrir aftan hefur hlutdeild ferðaþjónustu í útflutningi á vörum og þjónustu haldist nokkuð stöðug þrátt fyrir að veruleg aukning hafi orðið á verðmæti útflutnings á áli og sjávarafurðum.

1.1 Gjaldeyrissköpun.

Hlutfall ferðaþjónustu í gjaldeyrissköpun atvinnuvega hefur haldist svipað í nærri 20 ár þrátt fyrir miklar breytingar í samsetningu gjaldeyrissköpunar þjóðarinnar. Ferðaþjónustan er meðal mest gjaldeyrisskapandi atvinnugreina þjóðarinnar eins og sést á töflunum hér fyrir aftan.

Útflutningur vöru og þjónustu eftir atvinnugreinum 1990, 2000 og 2009 – hlutfall.

	Sjávar-afurðir	Land-búnaður	Ál og kísiljárn	Önnur iðnaðar-framleiðsla	Annað – ýmsar vörur	Ferða-þjónusta	Aðrar samgöngu-tekjur	Önnur þjónusta
1990	56	1	10	6	2	11	6	9
2000	41	1	14	7	2	13	11	10
2009	27	1	24	8	4	13	11	11

Heimild: Hagstofan.

Útflutningur vöru og þjónustu eftir atvinnugreinum 1990, 2000 og 2009 – milljónir.								
	Sjávar-afurðir	Land-búnaður	Ál og kísiljárn	Önnur iðnaðar-framleiðsla	Annað – ýmsar vörur	Ferða-þjónusta	Aðrar samgöngu-tekjur	Önnur þjónusta
1990	69.768	1.774	11.995	6.884	2.032	13.572	8.166	10.746
2000	94.498	2.576	31.571	15.102	5.526	30.459	26.229	23.560
2009	208.624	7.741	187.517	66.226	30.747	103.666	87.678	89.049

Heimild: Hagstofan.

Ferðaútgjöld innan lands sem reiknuð eru í ferðareikningum (Tourism Satellite Accounts) eru samkvæmt Hagstofu áætlaðir 155 milljarðar kr. árið 2009. Gert er ráð fyrir að staðfestar tölur um ferðaútgjöld áranna 2007–2009 verði birtar í nýjum ferðareikningum frá Hagstofu í lok nóvember 2010.

1.2 Fjöldi ferðamanna.

Helsta mælieining á árangur í ferðaþjónustu á Íslandi síðustu ár hefur verið fjölgun ferðamanna. Heildarfjöldi erlendra farþega til Íslands árið 2009 var 493.941 en árið 2005 voru farþegar til Íslands 374.127. Ferðamönnum hefur því fjölgað um tæplega 120 þúsund á síðustu fimm árum.

Árstíðasveiflan sést glöggt á talningum í Leifsstöð og sést þar að hlutfall ferðamanna milli árstíða hefur sáralítið breyst og jafnvel hefur fjölgun ferðamanna orðið heldur meiri yfir sumarið en á öðrum tímum ársins.

Brottfarir erlendra farþega frá Leifsstöð eftir árstíðum 2005.		
	Fjöldi	**% af heild**
Vor	44.175	12,40%
Sumar	171.643	48,19%
Haust	61.658	17,31%
Vetur	78.676	22,09%

Brottfarir erlendra farþega frá Leifsstöð eftir árstíðum 2009.		
	Fjöldi	**% af heild**
Vor	62.422	13,44%
Sumar	228.730	49,24%
Haust	72.834	15,68%
Vetur	100.550	21,65%

Hlutfallsleg fjölgun farþega eftir árstíðum milli áranna 2005 og 2009.		
	Fjölgun	**% af heildar-fjölgun**
Vor	18.247	16,84%
Sumar	57.087	52,67%
Haust	11.176	10,31%
Vetur	21.874	20,18%

1.3 ***Dreifing ferðamanna eftir árstíðum og landshlutum 2009.***

Á kortinu hér fyrir neðan sést glögglega hve árstíðasveiflan er gríðarleg. Í flestum landshlutum eru um og yfir 80% gistinátta seld yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst. Hlutfall seldra gistinátta yfir veturinn nær ekki 10% í neinum landshluta utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja.

Á þessu korti eru árstíðir skilgreindar með eftirfarandi hætti:

Vor: apríl og maí.

Sumar: júní, júlí og ágúst.

Haust: september og október.

Vetur: nóvember, desember, janúar, febrúar og mars.



Heimild: Hagstofan

Framboð á gistirými minnkar verulega yfir veturinn og nýting á gistirými er betri en hlutfall seldra gistinátta gefur til kynna. Árstíðasveiflan er þó enn mjög veruleg. Nýtingartölur eru eingöngu fyrir hótel og gistiheimili.



Heimild: Hagstofan

1.4 Áherslur landshluta.

Í þessum kafla verður farið mjög lauslega yfir þær áherslur sem greina má í áherslum landshluta, sérstöðu þeirra og tækifærum. Byggt er á viðtölum við forstöðumenn markaðsstofa og vefsíðum landshluta.

1.4.1 Höfuðborgarsvæðið.

Á höfuðborgarsvæðinu er ferðaþjónustan öflugust, þar eru fjölmörg tækifæri fólgin í menningu, mannlífi og náttúru. Árstíðasveiflan er ekki eins öflug á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni og fjölmörg öflug fyrirtæki bjóða þjónustu við ferðamenn allt árið. Ný tækifæri munu felast í hinu nýja tónlistarhúsi Hörpu fyrir ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu þar sem aðstaða til ráðstefnuhalds, tónleika og viðburða verður miklu betri en áður.

1.4.2 Vesturland.

Uppbygging á sviði sögutengdrar ferðaþjónustu hefur verið áberandi á Vesturlandi. Þar er sögusvið margra af perlum Íslendingasagnanna dregið fram og gert aðgengilegt. Uppbygging tengd þeirri sérstöðu hefur verið töluverð og nefna má Landnámssetur og Reykholt. Tækifæri gætu einnig verið tengd Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og fjölbreyttri sjávartengdri afþreyingu á Snæfellsnesi auk þess sem Snæfellsnes er eina svæði landsins sem hlotið hefur alþjóðlega umhverfisvottun Earth Check samtakanna (áður Green Globe).

1.4.3 Vestfirðir.

Á Vestfjörðum hefur nokkuð áunnist við að draga fram sérstöðuna og nefna má Galdrasýningu á Ströndum, skrímslasetur á Bíldudal, melrakkasetur í Súðavík og fjölbreytta sjávartengda afþreyingu frá Ísafirði og fleiri stöðum. Tækifæri á sviði vatns- og sjávartengdrar afþreyingar, sem Vestfirðir hlutu nýlega EDEN-verðlaun Evrópusambandsins fyrir, eru þónokkur á svæðinu og mikil uppbygging hefur verið tengd sjóstangaveiði á nokkrum stöðum.

1.4.4 Norðurland.

Á Akureyri hefur mikil áhersla verið lögð á vetrarferðamennsku allra síðustu ár, t.d. með uppbyggingu í Hlíðarfjalli og ferðaþjónar við Mývatn hafa unnið að uppbyggingu vetrarferðamennsku í nokkuð mörg ár. Það var samdóma álit viðmælenda á Norðurlandi að árangur af slíku starfi á næstu árum byggðist að verulegum hluta á því að Akureyrarflugvöllur yrði nýttur sem millilandaflugvöllur í auknum mæli. Uppbygging tengd sérstöðu svæða og bæjarfélaga hefur verið töluverð á Norðurlandi og má þar nefna Vesturfarasetur á Hofsósi, síldarminjar á Siglufirði, hvalaskoðun á Húsavík, selaskoðun á Hvammstanga og margt fleira. Auk þess geta töluverð tækifæri tengd ráðstefnum, fundum og menningarviðburðum fylgt nýju menningarhúsi á Akureyri.

1.4.5 Austurland.

Unnið er að fjölbreyttum verkefnum á Austurlandi sem bæði tengjast náttúrutengdu aðdráttarafli svæðisins, svo sem uppbygging gönguleiða, aðstöðu vegna fuglaskoðunar, matartengd ferðaþjónusta og svo einnig menningartengt aðdráttarafl með fjölda viðburða allt árið. Víða hafa bæjarfélög unnið að því að draga fram sérstöðu sína og má nefna að á Borgarfirði eystra hefur mikil uppbygging orðið í tengslum við gönguferðamenn, á Seyðisfirði hefur uppbygging verið kennd við aldamótabæinn og menningu, á Djúpavogi hefur nokkuð verið unnið að uppbyggingu tengdri fuglaskoðun. Austfirðir njóta þess, sérstaklega yfir sumarið,

að þar er annar af tveimur komustöðum ferðamanna í landið og tækifæri felast í þjónustu við farþega Norrænu.

1.4.6 Suðurland.

Á Suðurlandi eru margir af þekktustu ferðamannastöðum á Íslandi og ferðaþjónustan hefur þróast með nokkuð öðrum hætti en á stöðum lengra frá höfuðborgarsvæðinu. Töluvert öflug fyrirtæki í ferðaþjónustu eru á Suðurlandi og þar eru fjölmargir afþreyingarmöguleikar fyrir ferðamenn. Á Höfn í Hornafirði hefur mikil uppbygging verið tengd matarferðamennsku, í Vestmannaeyjum hefur verið byggt upp í tengslum við verkefni eins og Pompei norðursins og með tilkomu Landeyjahafnar skapast í Eyjum og á Suðurlandi fjölbreytt tækifæri. Í uppbyggingu í tengslum við Vatnajökulsþjóðgarð gætu einnig falist töluverð tækifæri á Suður- og Suðausturlandi.

1.4.7 Reykjanes.

Einn þekktasti ferðamannastaður Íslands, Bláa lónið, er á Reykjanesi og þar hefur nokkuð verið unnið að tækifærum sem tengjast jarðfræði. Töluverð uppbygging hefur verið í ferðaþjónustu á Reykjanesi og eru þar nokkuð öflug fyrirtæki í ferðaþjónustu sem hafa burði til að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem nálægðin við millilandaflugvöll Íslands býður.

1.5 Gistinætur.

Heildarfjöldi gistinátta var 2,9 milljónir árið 2009, en það er um 6,6% aukning frá fyrra ári. Gistinóttum fjölgaði á öllum tegundum gististaða nema hótelum og gistiheimilum. Þeim fjölgaði mest á Suðurlandi, um 20%, á Vestfjörðum um 17,6%, á Norðurlandi vestra um 17,3% og á Austurlandi um 7,8%. Gistinóttum fjölgaði um 7% á Norðurlandi eystra og Suðurnesjum en á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi var fjöldi gistinátta svipaður á milli ára. (Heimild: Hagstofan.)

1.6 Gistinætur eftir landshlutum.

Á landsvísu eru flestar gistinætur seldar í júlí, 806 þúsund. Á háannatímanum júní, júlí og ágúst eru 64,52% allra gistinátta á Íslandi seld. Í apríl og maí eru 10,55% gistinátta seld og 11,05% í september og október. Yfir veturinn, nóvember til mars, eru tæplega 14% allra gistinátta seld.



1.6.1 Höfuðborgarsvæðið.

Árstíðasveiflan er ekki alveg eins skörp á höfuðborgarsvæðinu og þegar landið allt er skoðað. Þar eru 42,32% gistinátta seld yfir sumarmánuðina 3, 15,2% í apríl og maí og 16,9% í september og október. Yfir háveturinn eru 25,5% gistinátta á höfuðborgarsvæðinu seld.



1.6.2 Suðurnes.

Á Suðurnesjum eru 55,9% gistinátta seld yfir sumarmánuðina, 10,8% í apríl og maí og 13,4% í september og október. Yfir vetrarmánuðina seljast 19,8% gistinátta á Suðurnesjum.



1.6.3 Vesturland.

Á Vesturlandi eru 85,3% gistinátta seld yfir sumarmánuðina, 5,5% í apríl og maí og 4,9% í september og október. Yfir vetrarmánuðina seljast 4,2% gistinátta á Vesturlandi.



1.6.4 Vestfirðir.

Á Vestfjörðum eru 84,7% gistinátta seld yfir sumarmánuðina, 8% í apríl og maí og 4,5% í september og október. Yfir vetrarmánuðina seljast 2,8% gistinátta á Vestfjörðum.



1.6.5 Norðurland vestra.

Á Norðurlandi vestra eru 82,3% gistinátta seld yfir sumarmánuðina, 7,2% í apríl og maí og 6,2% í september og október. Yfir vetrarmánuðina seljast 4,3% gistinátta á Norðurlandi vestra.



1.6.6 Norðurland eystra.

Á Norðurlandi eystra eru 79,5% gistinátta seld yfir sumarmánuðina, 7,4% í apríl og maí og 6,5% í september og október. Yfir vetrarmánuðina seljast 6,6% gistinátta á Norðurlandi eystra.



1.6.7 *Austurland.*

Á Austurlandi eru 84,5% gistinátta seld yfir sumarmánuðina, 6,3% í apríl og maí og 6,4% í september og október. Yfir vetrarmánuðina seljast 2,8% gistinátta á Austurlandi.



1.6.8 Suðurland.

Á Suðurlandi eru 74,9% gistinátta seld yfir sumarmánuðina, 8,4% í apríl og maí og 8,7% í september og október. Yfir vetrarmánuðina seljast 8,0% gistinátta á Suðurlandi.



2. Framtíðarsýn, meginstoðir, markmið og leiðarljós ferðaþjónustu 2011–2020.

Framtíðarsýn, meginmarkmið, stoðir og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu samkvæmt viðtölum og greiningu á tölulegum gögnum.

2.1 Framtíðarsýn.

Árið 2020 er íslensk ferðaþjónusta arðbær og mikilvæg atvinnugrein þar sem gæði, fagmennska og umhverfisvitund eru höfð að leiðarljósi. Áhersla hefur verið lögð á að draga fram sérstöðu Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn með markvissri uppbyggingu og viðhaldi áfangastaða um allt land. Hvatt hefur verið til samstarfs fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisvalds við nýsköpun, vöruþróun og markaðsmál með það að markmiði að jafna álagi og stuðla að fjölbreyttu framboði á vörum og þjónustu allt árið.

2.2 Fjögur meginmarkmið.

- Að auka arðsemi atvinnugreinarinnar í efnahagslífi þjóðarinnar.
- Að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið.
- Að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar.
- Að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugu greiningar- og rannsóknarstarfi.

2.3 Fjórar stoðir.

Grunngerð og innviðir eru forsenda allrar ferðaþjónustu og því er það algert forgangsatriði að styrkja þá þætti sem allt annað byggist á. Grunngerð ferðaþjónustu lýtur meðal annars að löggjöf, leyfismálum, gæða- og öryggismálum og umhverfismálum. Þegar rætt er um innviði ferðaþjónustu hér er meðal annars átt við staði sem skilgreindir eru sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn, menningu landsins og mannauð.

Á myndinni er leitast við að sýna mikilvægi stöðugrar undirstöðu og þess að rannsóknir, vöruþróun, nýsköpun og markaðsmál byggist á heildstæðri sýn, þannig að verkefni á hverju sviði fyrir sig styðji hvert annað og hafi samlegðaráhrif.

Brýnt er að efla þessar stoðir ferðaþjónustu og tryggja að unnið sé eftir heildstæðri áætlun til framtíðar.



2.4 Fjögur leiðarljós.

Fjallað hefur verið um aukin gæði og fagmennsku í ferðaþjónustu í öllum skýrslum sem komið hafa út um íslenska ferðaþjónustu á síðustu árum. Mikilvægi samvinnu við uppbyggingu áfangastaða, mörkun sérstöðu, markaðssetningu svæða og alls landsins er samkvæmt viðtölum og innlendum og erlendum rannsóknum mjög mikið. Hér er ekki aðeins um að ræða samvinnu fyrirtækja heldur víðtæka og fjölbreytta samvinnu á milli ríkisvalds, sveitarfélaga, háskóla og fyrirtækja. Sjálfbærni, umhverfisvitund, umhverfismál, umhverfisstefna og ábyrg ferðaþjónusta eru hugtök sem komu fram í flestum viðtölum og telja viðmælendur mikilvægt að hafa umhverfisvitund og sjálfbærni að leiðarljósi við alla uppbyggingu og þróun í ferðaþjónustu.

3. Innviðir og grunngerð.

Íslensk náttúra er auðlind ferðaþjónustunnar og helsta aðdráttarafl Íslands. Þessi staðhæfing er í samræmi við niðurstöður kannana, ímyndarskýrslu frá 2008 og fyrri ferðamálaáætlanir. Aðgengi ferðamanna og upplifun á ferðamannastöðum skiptir höfuðmáli þegar kemur að uppbyggingu áfangastaða til að nýta auðlindina með sem sjálfbærustum hætti.

Grunngerð ferðaþjónustu lýtur meðal annars að löggjöf, leyfismálum, gæða- og öryggismálum og umhverfismálum. Þegar rætt er um innviði ferðaþjónustu hér er meðal annars átt við staði sem skilgreindir eru sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn, menningu landsins og mannauð.

3.1 Atvinnugreinin ferðaþjónusta.

Vægi ferðaþjónustu sem atvinnugreinar skiptir miklu máli við mótun stefnu til framtíðar. Margt bendir til að nokkur breyting hafi orðið á viðhorfum til ferðaþjónustunnar frá hruni bankanna 2008 og að vægi hennar í hugum almennings hafi aukist. Ljóst er að nokkuð skortir á að ferðaþjónustan njóti þess aukna vægis í formi stuðnings og fjárframlaga hinu opinbera.

Óvissa og óöryggi einkennir rekstrarumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja. Stutt ferðamannatímabil var sá þáttur sem var oftast nefndur þegar rætt var um rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar. Það hversu árstíðabundin viðskipti ferðaþjónustunnar eru skapar ójafnvægi og erfiðleika við mönnun, þjálfun starfsfólks og uppbyggingu fyrirtækja.

Í öllum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins er langstærstur hluti gistinátta seldur yfir sumarmánuðina, júní, júlí og ágúst. Þannig eru gistinætur þessa mánuði allt frá 74% seldra gistinátta allt árið á Suðurlandi upp í 85% á Vesturlandi. Á höfuðborgarsvæðinu eru 42,3% allra gistinátta seld yfir hásumarið og er því árstíðasveiflan minnst þar. Þó er nokkuð rætt um það í viðtölum hve erfiður rekstur fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu er í svo sveiflukenndu umhverfi. Flestir eru á því að árstíðasveiflan verði alltaf til staðar en til að stuðla að lífvænlegri rekstri fyrirtækja þurfi að líta til nýrra nálgana við þróun fjölbreyttara vöruframboðs utan háannatímans og höfða til nýrra markhópa.

3.2 Umhverfismál og sjálfbærni.

Ekki er deilt um þá staðreynd að íslensk ferðaþjónusta byggist á sérstæðri náttúru sem er helsta aðdráttarafl landsins. Þessi fullyrðing er studd niðurstöðum kannana á viðhorfum ferðamanna á Íslandi. Víða hefur landið látið á sjá vegna umferðar ferðafólks. Þetta ástand

kallar á viðhald á fjölsóttum ferðamannastöðum auk þess sem byggja þarf upp aðstöðu á stöðum sem hingað til hafa verið utan alfaraleiðar. Verði náttúran fyrir meira hnjaski en orðið er verður upplifun ferðamannsins ekki í samræmi við þá ímynd og væntingar sem gefnar eru í markaðssetningu á landinu.

Fjármögnun uppbyggingar og viðhalds á ferðamannastöðum þarf að vera trygg og hið opinbera og fyrirtæki í ferðaþjónustu þurfa saman að finna leiðir til að tryggja fjármögnun framkvæmdasjóðs fyrir ferðamannastaði. Mikilvægt er að verkefni framkvæmdasjóðs í umhverfismálum sé ekki aðeins viðbragðsáætlun til að bregðast við orðnum hlut heldur þarf að taka mið af spám um framtíðarþróun á mismunandi svæðum.

Þegar rætt er um umhverfismál ferðaþjónustu er mikilvægt að umræðan einskorðist ekki við umgengni á ferðamannastöðum. Þörf er á stefnumarkandi vinnu í hönnun og gerð bílastæða, þjónustuhúsa/snyrtinga, göngustíga, útsýnispalla, fræðsluefnis og skilta þar sem upplifun og sérstaða svæða er ávallt höfð að leiðarljósi.

3.3 Gæða- og öryggismál.

Í viðtölum og fyrri skýrslum kemur fram að mikil umræða hefur verið um mikilvægi fagmennsku og gæða í ferðaþjónustu. Margir töldu verulega vanta á þessa þætti víða í ferðaþjónustunni. Fram kom að horft er til gæðakerfis sem Ferðamálastofa vinnur nú að sem tækis til að ná árangri í að bæta gæði og fagmennsku í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja.

Þá vinnur nefnd iðnaðarráðherra nú að endurskoðun laga um skipan ferðamála og er þar horft sérstaklega til leyfismála þeirra fyrirtækja sem reka ferðaþjónustu sem talist getur hættuleg á einhvern hátt. Af þessu tilefni er farið yfir allt eftirlit Vinnueftirlits, Siglingastofnunar, Vegagerðar o.fl. til að kortleggja hvar skortur er á reglum, áætlunum og eftirliti.

Náttúran er takmörkuð auðlind og þeir sem vinna í ferðaþjónustu þurfa að vera meðvitaðir um, og þátttakendur í, að viðhalda henni. Hluti af því er þátttaka í gæðakerfi.

Ferðamálastofa hefur unnið að gæða- og umhverfiskerfi sem innleitt verður á árinu 2011. Kerfið byggist á nýsjálensku gæða- og umhverfiskerfi sem kallast Qualmark. Kerfið mun henta því sem næst allri starfsemi í ferðaþjónustu og gert er ráð fyrir að fyrirtæki eða einstaklingar með leyfi sem ekki eru orðnir aðilar að viðurkenndu gæða- og/eða umhverfiskerfi árið 2013 verði ekki kynntir í opinberu kynningarefni í ferðaþjónustu.

3.4 Leyfismál.

Svört atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu er áhyggjuefni og eftirlit með leyfisskyldri starfsemi er lítið og stundum erfitt í framkvæmd. Upplýsingar um leyfisskylda aðila eru í sumum tilfellum ekki aðgengilegar og telja margir umhverfi leyfisveitinga flókið og ómarkvisst.

Mikilvægt er að skýrt sé kveðið á um hvaða fyrirtæki þurfa að leggja fram tryggingar og að tilgangur með tryggingum sé algerlega skýr. Einnig þarf að vera skýrt hverjir þurfa að uppfylla sérstök ákvæði varðandi öryggismál.

Leyfismál ferðaskrifstofa falla undir lög um skipan ferðamála, nr. 73/2005. Ákvæði í þessum lögum varðandi leyfisveitingar til ferðaþjónustufyrirtækja eru nú í gagngerri endurskoðun þar sem m.a. er gert ráð fyrir meiri kröfum til bæði umsækjenda og þeirra sem eftirlit hafa. Mikilvægt er að hægt sé að stöðva starfsemi ef hún er leyfislaus eða uppfyllir ekki kröfur.

3.5 Aðgerðir.

3.5.1 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða.

Markmið: Markmið framkvæmdasjóðs ferðamannastaða verði að byggja upp og viðhalda ferðamannastöðum.

Víða hefur landið látið á sjá vegna umferðar ferðafólks. Þetta ástand kallar á viðhald á fjölsóttum ferðamannastöðum auk þess sem byggja þarf upp aðstöðu á stöðum sem hingað til hafa verið utan alfaraleiðar. Verði náttúran fyrir meira hnjaski en orðið er sjáum við fram á að upplifun ferðamannsins verði ekki í samræmi við þær væntingar sem byggðar eru upp í markaðsefni og að ímynd landsins skaðist. Verkefni framkvæmdasjóðs í umhverfismálum verði ekki aðeins viðbragðsáætlun til að bregðast við orðnum hlut heldur þarf að taka mið af spám um framtíðarþróun á mismunandi svæðum.

Aðgerðir:

- Stofnaður verði framkvæmdasjóður ferðamannastaða til að vernda og viðhalda ferðamannastöðum um allt land.
- Mótuð verði stefna fyrir framkvæmdasjóðinn sem byggð verði á þarfagreiningu á viðhaldi og uppbyggingu ferðamannastaða.
- Áherslur framkvæmdasjóðs taki mið af sérstöðu svæða

Árangursmat:

☑ Á árinu 2015 verði lokið framkvæmdum á fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins.

☑ Upplifun ferðamanna á viðkomandi stöðum verði mæld og mælist í samræmi við væntingar

Ábyrgð á framkvæmd:
Iðnaðarráðuneyti

Aðrir þátttakendur:
Ferðamálastofa, SAF, Samband ísl. Sveitarfélaga

Tímaáætlun: 2011-2015

3.5.2 Heildstæð skráning og yfirlit leyfa.

Markmið: Að öll leyfi sem þarf til reksturs fyrirtækja í ferðaþjónustu verði skráð, sýnileg og aðgengileg á einum stað.

Leyfi til reksturs fyrirtækja í ferðaþjónustu eru veitt af nokkrum aðilum og mikilvægt er að hægt sé að ganga bæði að upplýsingum um hvaða leyfi þarf til reksturs og einnig hverjir eru með leyfi.

Aðgerðir:

Settur verði upp gagnagrunnur þar sem leyfisveitendur hafa samstarf um að skrá veitt leyfi og einnig hægt að sækja um starfsleyfi vegna ferðaþjónustu og fylgjast með framvindu umsókna.

Árangursmat:

☑ Gagnagrunnur tilbúinn og í notkun hjá öllum aðilum

Ábyrgð á framkvæmd:
Ferðamálastofa

Aðrir þátttakendur:
Sýslumenn, Vegagerðin, Siglingastofnun ofl.

Tímaáætlun: 2012

3.5.3 Gæða- og umhverfiskerfi.

Markmið: Að gæða- og umhverfiskerfi ferðaþjónustunnar verði innleitt í smáum sem stórum fyrirtækjum.

Vinna við upptöku og innleiðingu gæðakerfis í ferðaþjónustu hefur verið í gangi frá árinu 2008. Verkefnið er samstarfsverkefni Ferðamálastofu og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Fyrirmynd kerfisins er Qualmark-kerfið frá Nýja-Sjálandi og stefnt er að innleiðingu kerfisins á árinu 2011.

Aðgerðir:

- Gæða- og umhverfiskerfi innleitt með námskeiðum og handleiðslu.
- Leyfisveitingar, gæða- og umhverfiskerfi og opinbert kynningarefni ferðaþjónustu tengist og umbuni fyrirtækjum sem eru aðilar að viðurkenndu gæða- og umhverfiskerfi með marktækum hætti.

Árangursmat:

☑ 85% fyrirtækja í ferðaþjónustu hafi innleitt gæðakerfið í lok árs 2013.

Ábyrgð á framkvæmd:
Ferðamálastofa

Aðrir þátttakendur:
Nýsköpunarmiðstöð Íslands, markaðsstofur, atvinnuþróunarfélög, Samtök Ferðaþjónustunnar, Ferðamálasamtök Íslands

Tímaáætlun: 2011-2013

4. Kannanir – rannsóknir – spár.

Þróun í ferðaþjónustu byggist á þekkingu og upplýsingum. Grunngögn um þróun ferðaþjónustu á Íslandi vantar tilfinnanlega. Mikilvægt er að hagræn áhrif ferðaþjónustu séu ljós, samspil atvinnugreinar og umhverfis og ekki síður samspil ferðaþjónustunnar við menningu og samfélag. Einnig er grunnur vöruþróunar, þróunar áfangastaða og nýsköpunar í ferðaþjónustu víða veikur þar sem upplýsingar og þekkingu vantar. Því er nauðsynlegt að efla öflun grunngagna, grunnrannsóknir og sértækar rannsóknir.

4.1 Rannsóknarfé ferðaþjónustu.

Ferðaþjónustan er ein mest gjaldeyrisskapandi atvinnugreinin á Íslandi og því vekur það athygli að aðeins 0,5% af rannsóknarfé atvinnuveganna er varið til rannsókna á sviði ferðaþjónustu. Taflan hér fyrir neðan sýnir framlag til rannsókna í nokkrum atvinnuvegum á Íslandi og sýnir glöggt hve litlu er varið til rannsókna í ferðaþjónustu.

Framlag til rannsókna í nokkrum atvinnuvegum – svar við fyrirspurn á Alþingi vorið 2010.

	2005		2007	
	millj. kr.	%	millj. kr.	%
Fiskveiðar og landbúnaður	4.153.726	36,4	4.453.352	34,9
Iðnaður	6.372.535	55,9	6.979.414	54,6
Orkuframleiðsla og dreifing	832.975	7,3	1.269.883	9,9
Ferðaþjónusta	43.986	0,4	69.721	0,5
Samtals	11.403.222	100	12.772.370	100

Heimild: Ferðamálastofa.

Ferðaþjónustan kallar eftir að aukinn kraftur verði settur í gagnaöflun og rannsóknir og bendir á að án greininga og rannsókna séu forsendur vöruþróunar, nýsköpunar og markaðssetningar mjög veikar.

4.2 Ferðaþjónustureikningar (Tourism Satellite Accounts).

Ferðaþjónustureikningar eru nú í annað sinn í vinnslu hjá Hagstofu Íslands. Í kjölfar niðurstaðna stýrihóps á vegum samgönguráðuneytis árið 2005 fór ráðuneytið þess á leit við Hagstofuna að hún ynni slíka reikninga og komu þeir út í fyrsta sinn árið 2008 fyrir árin 2000–2006. Ferðaþjónustureikningar 2007–2009 verða gefnir út í lok nóvember 2010. Sérstakir samningar hafa verið gerðir við Hagstofuna vegna þessa og greitt sérstaklega fyrir þar sem ferðaþjónustureikningar eru ekki hluti af þjóðhagsreikningum eins og eðlilegt mætti telja.

Í inngangi að ferðaþjónustureikningum 2000–2006 segir:

„Ferðaþjónusta er ekki afmörkuð atvinnugrein í venjulegri merkingu þess orðs. Í hagskýrslugerð er venjan að flokka atvinnustarfsemi eftir því hvað verið er að framleiða en ferðaþjónusta afmarkast við kaup ferðamanna og tekur þannig mið af því hver kaupir. Ferðaþjónusta gengur því þvert á atvinnugreinar sem margar hverjar eiga viðskipti við ferðamenn og sinna jafnframt öðrum viðskiptahópum og er oft erfitt að draga skörp skil þar á milli.“

Þjóðhagslegt gildi ferðaþjónustu og vægi greinarinnar í framtíðaruppbyggingu og gjaldeyrissköpun þjóðarinnar gerir mikilvægi grunngagna enn meira. Árleg útgáfa ferðaþjónustureikninga er mikilvægur þáttur í uppbyggingu greinarinnar og þarf að vera hluti þjóðhagsreikninga.

4.3 Grunngögn og yfirsýn.

Kannanir, rannsóknir og spár eru mikilvægur þáttur í þróun ferðaþjónustu til framtíðar. Því þarf að huga vel að því að þeir fjármunir sem varið er til þessara þátta nýtist sem best með samvinnu þeirra aðila sem nú þegar vinna að rannsóknum. Þá þarf að skilgreina þarfir greinarinnar með ítarlegum hætti og efla þá þætti sem þörf er á.

Rannsóknir og kannanir tengdar ferðaþjónustu eru víða stundaðar og nokkuð er birt af niðurstöðum rannsókna á vef Ferðamálastofu. Hvorki þar né á Rannsóknarmiðstöð ferðamála er þó hægt að segja að fyrir liggi heildstætt yfirlit yfir rannsóknir í ferðaþjónustu.

4.4 Úttektir á auðlindum og innviðum ferðaþjónustu.

Til að vinna markvisst að og auka árangur vöruþróunar og nýsköpunar er mikilvægt að vinna með samræmdum hætti í öllum landshlutum og gera ítarlegar úttektir á auðlindum og innviðum ferðaþjónustu.

Úttektirnar þurfa að gera skil náttúru- og menningargæðum, innviðum, samgöngum og mannauði svæða. Þessa þætti þarf að kortleggja í landfræðileg upplýsingakerfi. Slík úttekt mundi gera aðilum í ferðaþjónustu kleift að tjá með skipulögðum hætti hagsmuni sína með tækjum skipulags og landnýtingar hér á landi. Úttektin mundi einnig gefa öllum landsvæðum sambærilegan grunn, m.a. til að vinna stefnumótun og þróa vörur og áfangastaði.

Landfræðileg upplýsingakerfi gefa einnig möguleika á að leggja saman og bera saman einstök gagnasöfn og kort og eru þannig ómetanleg þegar kemur að vöruþróun, þar sem hægt er að átta sig á hvar mest aðdráttarafl og þjónusta er fyrir hendi og hvernig það er samansett, en einnig hvar þarf að skilgreina aðdráttarafl eða byggja upp þjónustu.

4.5 Aðgerðir.

4.5.1 Samþætting og stefnumörkun í öflun tölfræðilegra upplýsinga og rannsókna í ferðaþjónustu.

Markmið: Að auka skilvirkni, hagnýtingu, gæði og aðgengi að rannsóknum og hagtölum í ferðaþjónustu.

Aukið vægi ferðaþjónustu í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar gerir rannsóknir að enn mikilvægari þætti í þróun atvinnugreinarinnar. Mikilvægt er að uppbygging ferðamannastaða og nýrra áfangastaða um allt land byggi á hvað bestri þekkingu um eðli aðdráttaraflsins, þekkingu á upplifun og væntingum ferðafólks þekkingu á hugmyndum og sýni heimamanna og skilning á hvað innviðir geta borið og náttúran þolir.

Aðgerðir:

- Þarfagreining rannsókna fyrir ferðaþjónustu verði endurskoðuð með aðkomu allra hagsmunaaðila.
- Rannsóknarfé til hagnýtra rannsókna verði aukið og úthlutað með gegnsæjum hætti af Ferðamálastofu í samræmi við niðurstöður þarfagreiningar.
- Aðgengi fræðimanna að öðru rannsóknafé verði tryggt til samræmis við aðrar fræðigreinar og sjálfstæði rannsakenda þannig tryggt á sviði fræðilegra rannsókna.
- Markviss kynning á niðurstöðum rannsókna verði efld, bæði með kynningarfundum og útgáfustarfsemi.
- Markviss þekkingaryfirfærsla og niðurstöður rannsókna tengdar vöruþróun.

Árangursmat:

- ☑ Samanburður á rannsóknarfé til ferðaþjónustu og annarra greina verði unnin árlega
- ☑ Könnun á meðal ferðaþjónustufyrirtækja sýni jákvæða afstöðu á rannsóknum í ferðaþjónustu.
- ☑ Könnun sýni að ferðaþjónustuaðilar nýti sér rannsóknir í ferðaþjónustu.

Ábyrgð á framkvæmd:
Ferðamálastofa

Aðrir þátttakendur:
Rannsóknarmiðstöð ferðamála, Fræðasetur HÍ, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Íslandsstofa

Tímaáætlun: 2011-2015

4.5.2 Gerð ferðaþjónustureikninga (Tourism Satellite Accounts).

Markmið: Að fáanlegar séu upplýsingar um stöðu og þróun ferðaþjónustunnar.

Upplýsingar um þróun ferðaþjónustunnar eru forsendur markvissrar stefnumótunar rannsókna, vöruþróunar, nýsköpunar og markaðssetningar í atvinnugreininni, auk þess að vera mæla árangur aðgerða í öllum þáttum þróunar í greininni. Á síðustu árum hefur verið unnið að styrkingu upplýsingasöfnunar, t.d. með gerð ferðaþjónustureikninga (Tourism satellite accounts). Ferðaþjónustureikningar eru nú gerðir í annað sinn fyrir árin 2007–2009. Áður höfðu ferðaþjónustureikningar verið birtir árið 2008 og þá fyrir 2000–2006. Mikilvægt er að ferðaþjónusta líkt og aðrar stærri atvinnugreinar hafi greiðan aðgang að tölfræðilegum gögnum.

Aðgerðir:

- Ferðaþjónustureikningar verði unnir árlega sem hluti þjóðhagsreikninga.
- Samanburður milli landa verði aukin, en mikilvægt er fyrir atvinnugreinina ferðaþjónustu að hægt sé að bera þróun þar saman við þróun í öðrum löndum til að greina megi liðið og spá fyrir um þróun til framtíðar.

Árangursmat:

- ☑ Birting ferðaþjónustureikninga árlega

Ábyrgð á framkvæmd:
Hagstofa Íslands

Aðrir þátttakendur:
Iðnaðarráðuneyti, Ferðamálastofa

Tímaáætlun: 2011-2015

4.5.3 Samræmd úttekt og kortlagning á öllum landshlutum.

Markmið: Að til verði ítarlegar úttektir á auðlindum og innviðum ferðaþjónustu á hverju landsvæði sem kortlagðar verði í landfræðileg upplýsingakerfi (GIS).

Brýnt er að öll landsvæði hafi sambærilegan grunn til að vinna stefnumótun og þróa vörur og áfangastaði. Því er mikilvægt að vinna með samræmdum hætti í öllum landshlutum að ítarlegri úttekt á auðlindum og innviðum ferðaþjónustu.

Aðgerðir.

- Tryggt verði fjármagn til að allir landshlutar geti sótt um fé til að vinna úttekt á auðlindum og innviðum ferðaþjónustu sem kortlögð verði í samræmt landfræðilegt upplýsingakerfi. Landshlutar sameinist um gerð úttekta og svæði miðist t.d. við svæði markaðsstofa.
- Tryggð verði að fjármagni fylgi ráðgjöf til landshlutanna um framkvæmd úttektarinnar

Árangursmat:

- ☑ Framkvæmdaáætlun um úttekt í öllum landshlutum
- ☑ Úttektum verði lokið um allt landi í lok árs 2012

Ábyrgð á framkvæmd:
Ferðamálastofa

Aðrir þátttakendur:
Rannsóknarmiðstöð ferðamála, markaðsstofur, atvinnuþróunarfélög, Samtök sveitarfélaga, Náttúrustofur, Fræðasetur HÍ, Nýsköpunarmiðstöð Íslands ofl.

Tímaáætlun: 2011-2012

5. Vöruþróun – nýsköpun.

Mikil þróun hefur orðið í íslenskri ferðaþjónustu á síðustu árum. Nýjar vörur, söfn, sýningar, setur og gífurleg fjölgun viðburða um allt land hefur aukið aðdráttarafl margra svæða svo um munar. Mikilvægt er að á næstu árum verði unnið enn betur að því að nýta þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað víða um land til að búa til enn fleiri afurðir allt árið um kring.

5.1 Ferðaþjónusta í alþjóðlegri samkeppni.

Ísland er í harðri samkeppni um athygli og hylli ferðamanna við áfangastaði um allan heim. Spár World Tourism Organization benda til þess að ferðaþjónusta taki vel við sér á næsta ári eftir niðursveiflu á árunum 2008 og 2009 og að aukning verði á flestum markaðssvæðum.

Ferðaþjónusta er einn aðalhvati hins alþjóðlega hagkerfis og eitt áhrifaríkasta tæki til samfélagsþróunar um allan heim. Það er því mikilvægt að íslensk ferðaþjónusta sé vel vopnum búin í ljósi fyrirsjáanlega aukinnar samkeppni á næstu árum.

Nýsköpun er eina svarið við alþjóðlegri samkeppni. Þessi fullyrðing er studd alþjóðlegum rannsóknum og ályktunum stjórnvalda og sérfræðinga víða um heim. Allir eru sammála um að nýsköpun er gífurlega mikilvæg undirstaða hagvaxtar og almennrar velsældar. Vandinn er að það eru ekki allir sammála um nákvæma skilgreiningu nýsköpunar og allt of fá fyrirtæki, bæði hér á landi og erlendis, vinna að innleiðingu nýsköpunar með skipulögðum og

stefnumiðuðum hætti. Rannsóknir sýna að jafnvel í framsæknum fyrirtækjum með skýra stefnu eru tiltölulega fáir sem vinna eftir útfærðri nýsköpunarstefnu.[1]

Þessi vandi er einnig til staðar í ferðaþjónustunni þó mikil þróun hafi átt sér stað á síðustu árum hefur hún víða ekki verið innleidd með skipulögðum og stefnumiðuðum hætti eða verið studd með ítarlegum greiningum eða rannsóknum.

Margbreytilegar og oft óljósar hugmyndir um hvað hugtakið nýsköpun felur í sér verða til þess að umræður um áherslur og leiðir í nýsköpun verða oft ruglingslegar og ómarkvissar. Norræna nýsköpunarmiðstöðin skilgreinir hugtakið „nýsköpun“ á eftirfarandi hátt:[2]

„Nýsköpun er ný eða endurbætt aðferð eða ferli, þjónusta, vara eða skipulag, sem eykur hagræn eða samfélagsleg verðmæti. Nýsköpun er mikilvæg í öllum atvinnugreinum.“

5.2 Þekkingar- og tækniyfirfærsla.

Þörf er á vöruþróun og nýsköpun á flestum sviðum ferðaþjónustunnar og bæði í stórum og smáum fyrirtækjum. Hæfni fyrirtækja og jafnvel svæða til arðbærrar nýsköpunar veltur á hæfni þeirra til að brúa bilið á milli rannsókna- og þróunarstarfs, nýsköpunar og markaðar. Þarna eru nokkurs konar krossgötur nýsköpunar og þekkingaryfirfærslu. Með „þekkingaryfirfærslu“ er átt við að nýta niðurstöður rannsókna- og þróunarstarfs og breyta þeim í verðmætar vörur og þjónustu á samkeppnismarkaði.

Í ferðaþjónustu líkt og öðrum greinum er þessi yfirfærsla á þekkingu lykilhugtak í þróun og innleiðingu nýsköpunar. Mikilvægt er að gera fólk og fyrirtæki í ferðaþjónustu hæfari til að vinna markvisst að þekkingaryfirfærslu og nýsköpun. Ýmsar leiðir eru þekktar til að stuðla að þekkingaryfirfærslu. Þær leiðir sem reynst hafa árangursríkar hafa allar sameiginlegt meginstef; stefnumiðaða samvinnu og tengslanet.

Samstarf háskóla og atvinnulífs er mikilvægt tæki til að stuðla að þekkingaryfirfærslu í þágu nýsköpunar.

5.3 Aðkoma hins opinbera að vöruþróun og nýsköpun.

Stuðningur hins opinbera við vöruþróun og nýsköpun í ferðaþjónustu er í raun þríþættur og felst í fyrsta lagi í handleiðslu, ráðgjöf og sérfræðiþjónustu sem veitt er af starfsmönnum Nýsköpunarmiðstöðvar, atvinnuþróunarfélaganna og Ferðamálastofu út um landið. Í öðru lagi er stuðningur veittur í formi fræðslu og námskeiða til ferðaþjónustufyrirtækja jafnt og fyrirtækja í öðrum greinum á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar og Íslandsstofu og í þriðja lagi er beinn fjárhagslegur stuðningur veittur til verkefna.

Þeir sem nýta stuðningskerfi atvinnulífsins í tengslum við ferðaþjónustu eru einkum:

- *Einstaklingar:* Nýta rekstrarráðgjöf, faglega ráðgjöf við gerð viðskiptaáætlana, markaðsáætlana og uppbyggingu starfseminnar.
- *Starfandi fyrirtæki:* Nýta rekstrarráðgjöf og einnig ráðgjöf sem tengist þróun innan fyrirtækjanna, markaðsmál o.fl.
- *Hópar fyrirtækja:* Ráðgjöf og stuðningur varðandi vöruþróun, klasa og kynningarmál.

Rekstur markaðsstofa, upplýsingamiðstöðva og ferðamálasamtaka eru meðal samstarfsverkefna ríkisvalds, sveitarfélaga og fyrirtækja. Skilgreina þarf betur verkefni þessara aðila og gera skýra samstarfssamninga við þá þar sem samræmingar er gætt, fagleg yfirsýn og stuðningur í boði og jafnframt hugað að mögulegum samlegðaráhrifum.

---

[1] Wolcott, R.C. et al. 2010. *Grow from within, Mastering Corporate Entrepreneurship and Innovation.* New York. McGraw Hill.

[2] http://www.nordicinnovation.net/article.cfm?id=1-834-91.

Mikilvægt er að öflugar einingar séu til staðar um allt land sem sinna verkefnum, svo sem markaðsmálum svæða, stuðningi við fyrirtæki, verkefnisstjórn átaksverkefna, klasasamstarfi, aðstoð við útgáfu og samræmingu bæklinga svo að eitthvað sé nefnt.

Í vinnu sinni við stefnumótun í ferðaþjónustu hefur stýrihópurinn ítrekað rekið sig á að í umhverfi ferðaþjónustunnar er mikil skörun á verkefnum og að þörf er á að skýra verksvið.

5.3.1 Stoðkerfi atvinnulífsins.

Stoðkerfi atvinnulífsins um allt land kemur að stuðningi við vöruþróun og nýsköpun í ferðaþjónustu. Atvinnuþróunarfélög eru starfandi í öllum landshlutum. Flest atvinnuþróunarfélög hafa á sínum snærum ráðgjafa sem ætlað er að sinna verkefnum sem tengjast ferðaþjónustunni, rekstur samstarfsverkefna og fleira. Í einhverjum landshlutum reka samtök sveitarfélaga einnig verkefni sem tengjast ferðaþjónustunni. Nýsköpunarmiðstöð Íslands rekur átta starfsstöðvar um allt land og Ferðamálastofa er með skrifstofur í Reykjavík og á Akureyri.

Stofnanir sem koma að stuðningi við vöruþróun og nýsköpun með handleiðslu, ráðgjöf og fræðslu eru:

- Nýsköpunarmiðstöð
- Ferðamálastofa
- Markaðsstofur
- Íslandsstofa
- Atvinnuþróunarfélög
- Byggðastofnun (norræn verkefni, NPP, Nora o.fl.)

Nýsköpunarmiðstöð og Ferðamálastofa hafa frá árinu 2008 unnið sameiginlega að vöruþróunarverkefnum á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu og á sviði matartengdrar ferðaþjónustu. Á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu er um að ræða verkefni sem hlotið hefur nafnið Gáttir og hefur verið unnið að verkefnum á þessu sviði í þremur klösum á Vesturlandi, Snæfellsnesi og í Skagafirði. Verkefnið Krásir – matur úr héraði hefur stutt við vöruþróun og sinnt fræðslu til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref í þróun matvæla.

Árangur samstarfsverkefna Nýsköpunarmiðstöðvar og Ferðamálastofu hefur verið mjög góður og verkefni í matarferðaþjónustu og á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu þegar skilað afurðum og einnig skapað grunn að frekari vöruþróun.

Gátta-verkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu eru gott dæmi um samstarf stofnana þar sem þær koma að verkefni með faglega þekkingu og vinna saman með klösum á hverjum stað að skilgreindum markmiðum.

Um var að ræða tveggja ára verkefni þar sem hópar á afmörkuðum svæðum fengu fjárhagslegan stuðning til að greiða kostnað sem til féll við samstarfið svo sem aðkeypta ráðgjöf, verkefnisstjórn, ferðakostnað og fleira. Haldnir voru samráðs- og fræðslufundir sem sniðnir voru að þörfum hópanna fyrir aukna þekkingu.

Auk þessara verkefna hefur Nýsköpunarmiðstöð sinnt verkefnum tengdum faglegri uppbyggingu klasasamstarfs í ferðaþjónustu víða um land auk annarra þróunarverkefna sem studd hafa verið með styrkjum til vöruþróunar, frumkvöðlastuðningi og ráðgjafastyrkjum. Ferðamálastofa hefur sinnt ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga við uppbyggingu á ferðamannastöðum í tengslum við styrkveitingar til slíkra verkefna.

5.3.2 Fjármögnun vöruþróunar og nýsköpunar.

Fjármagn til vöruþróunar og nýsköpunar kemur úr nokkuð mörgum sjóðum. Viðmælendur á landsbyggðinni nefndu margir mikilvægi svæðisbundinna vaxtarsamninga sem leið til að fjármagna staðbundin þróunarverkefni. Á árinu 2009 var rétt tæplega 40 milljónum króna

varið úr vaxtarsamningum til samstarfsverkefna á sviði ferðaþjónustu. Heildaryfirlit yfir fjármögnun vöruþróunar liggur ekki fyrir en nokkur verkefni eru norræn eða studd af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins auk verkefna sem studd eru af fjármunum úr byggðaáætlun og átaki til atvinnusköpunar.

Ýmsir aðilar styrkja verkefni á sviði vöruþróunar og nýsköpunar í ferðaþjónustu. Má þar nefna Nýsköpunarmiðstöð Íslands (stærstur hluti styrkja af byggðaáætlun), Ferðamálastofu (umhverfisverkefni ferðaþjónustunnar), vaxtarsamninga (svæðisbundin samstarfsverkefni), menningarsamningar (svæðisbundin verkefni), Byggðastofnun m.a. norræn samstarfsverkefni, lán o.fl. Þá má nefna Framleiðnisjóð landbúnaðarins (fjármögnun breytinga á lögbýlum).

5.4 Aðgerðir.

5.4.1 Fjármögnun klasaverkefna.

Markmið: Að fjölga vörum og áfangastöðum í ferðaþjónustu.

Til að ná markmiðum ferðamálaáætlunar um aukna áherslu á vöruþróun og nýsköpun, lengingu ferðamannatímabils og aukna dreifingu ferðamanna þarf aukna samvinnu milli aðila í ferðaþjónustu, rannsóknaraðila og annarra greina. Vöruþróunarsjóði klasaverkefna í ferðaþjónustu væri ætlað að hvetja til samstarfs ferðaþjónustuaðila á fjölbreyttum sviðum og stuðla þannig að mikilvægri þekkingar- og tækniyfirfærslu.

Árangursmat:
- ☑ Árleg könnun verði gerð meðal klasaverkefna um framgang verkefnis og árangur

Ábyrgð á framkvæmd:
Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Aðrir þátttakendur:
Ferðamálastofa, atvinnuþróunarfélög, markaðsstofur, Íslandsstofa, sveitarfélög, háskólar

Tímaáætlun: 2011-2015

Meginhugmynd:
- Skilgreindur verði átakssjóður fyrir klasaverkefni í ferðaþjónustu.
- Sjóðurinn hafi 100 millj. kr. til úthlutunar á ári.
- Verkefni hefðu að markmiði samstarf ferðaþjónustu og annarra atvinnugreina.
- Markmið styrkja væri að stuðla að yfirfærslu þekkingar á fjölbreyttum sviðum.
- Styrkjum fylgi faglegur og fjárhagslegur stuðningur við klasasamstarf.
- Styrkt verði 6–8 stærri vöruþróunarverkefni árlega um allt land.
- Leiðbeinandi umgjörð verði sett fyrir klasasamstarf og staða í upphafi verkefnis verði skráð, markmið verkefnis og væntanlegur árangur.

5.4.2 Markvisst og öflugt samstarf stofnana við vöruþróun og markaðssetningu.

Markmið: Að ferðaþjónustan hafi ávallt aðgang að bestu fáanlegu ráðgjöf opinberra aðila

Nokkrar stofnanir annast nú faglegan stuðning við fyrirtæki í ferðaþjónustu og taka þátt í stefnumótandi verkefnum á því sviði út um landið. Vöruþróun og markaðsmál í ferðaþjónustu eru nátengd og til að hægt sé að þróa vöru þarf upplýsingar og greiningar á mörkuðum og markhópum.

Aðgerðir:

- Gerð verði á árinu 2011 könnun á meðal fyrirtækja í ferðaþjónustu til að kanna meðal annars:
  - hvaða stofnanir kerfisins eiga fyrirtæki í samskiptum við til að fá upplýsingar um stofnun, rekstur, nýsköpun, vöruþróun, markaðsmál og leyfi í ferðaþjónustu,
  - hvaða væntingar menn hafa til ráðgjafar og þjónustu varðandi stofnun, rekstur, nýsköpun, vöruþróun og markaðsmál í ferðaþjónustu og hvernig stofnanir mæta þessum væntingum,
  - hvað megi betur fara,
  - hugmyndir fyrirtækja um ráðgjöf varðandi nýsköpun og markaðsmál.
- Stofnanir skipti með sér verkum og/eða auki samstarf sitt í ljósi niðurstaðna könnunarinnar.
- Mikilvægt er að til staðar sé formlegur samstarfsvettvangur stofnana stoðkerfisins.
- Á árinu 2011 liggi fyrir hlutverk hverrar stofnunar gagnvart ferðaþjónustu.
- Formlegur samstarfsvettvangur allra stofnana sé orðinn til á árinu 2011 og upplýsingum um framvindu þróunarverkefna, nýsköpun, vöruþróun og markaðsmál sé miðlað með markvissum hætti.

Árangursmat:

- ☑ Kannanir á meðal fyrirtækja í ferðaþjónustu mæli aukna ánægju með stoðkerfi greinarinnar.
- ☑ Reglubundnar árangurskannanir þróunarverkefna

Ábyrgð á framkvæmd:
Ferðamálastofa

Aðrir þátttakendur:
Nýsköpunarmiðstöð Íslands, atvinnuþróunarfélög, Íslandsstofa, markaðsstofur og Byggðastofnun,

Tímaáætlun: 2011-2015

6. Markaðsmál.

6.1 Almenn kynning á Íslandi sem áfangastað.

Tímamót hafa orðið í markaðssetningu á íslenskri ferðaþjónustu með stofnun Íslandsstofu sumarið 2010. Íslandsstofa tekur þar með að sér verkefni Ferðamálastofu á sviði markaðssetningar ferðaþjónustu erlendis. Hlutverk Íslandsstofu samkvæmt lögum nr. 38/2010 er eftirfarandi:

a. að vera samstarfsvettvangur fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir til þess að efla ímynd og orðspor Íslands,
b. að veita alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir útflutningi á vöru og þjónustu,
c. að laða til landsins erlenda ferðamenn með samræmdu kynningar- og markaðsstarfi,
d. að laða erlenda fjárfestingu til Íslands, upplýsa erlenda fjárfesta um kosti Íslands og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um fjárfestingarmál,
e. að styðja við kynningu á íslenskri menningu erlendis.

6.2 Samstarf ferðamálayfirvalda við Íslandsstofu.

Á árinu 2011 mun samstarf ferðamálayfirvalda við Íslandsstofu mótast. Við mótun þess samstarfs er mikilvægt að fyrir liggi almenn stefna um áherslur hins opinbera í markaðs-

setningu ferðaþjónustu, að samræmi sé tryggt milli stefnu og þeirra verkefna sem hið opinbera styður við og að samlegð milli verkefna verði hámörkuð.

Mikilvægt er einnig að samstarf sé milli opinberra stofnana svo sem Ferðamálastofu, Nýsköpunarmiðstöðvar og Íslandsstofu til að tryggja að fjármunir til vöruþróunar og markaðssetningar séu nýttir á sem skilvirkastan hátt, hlutverk og verksvið hvers aðila sé skýrt og að sérþekking hverrar stofnunar nýtist sem best til hagsbóta fyrir heildina.

6.3 Greining á mörkuðum og tækifærum.

Mikilvægt er að tryggja aðgengi að markaðsupplýsingum, veita aðstoð við greiningu tækifæra og möguleika fyrir einstakar afurðir og svæði og bjóða upp á fræðslu til fyrirtækja um hvernig best er að ná í og nýta upplýsingar þannig að fyrirtæki, klasar og svæði geti með auðveldari hætti unnið raunhæfar áætlanir í markaðsmálum.

Greiningu á markaðstækifærum, upplýsingar um strauma og stefnur í ferðaþjónustu, þróun markaða og miðlun slíkra upplýsinga þarf að vinna í samvinnu Ferðamálastofu og Íslandsstofu til að tryggja að hin síðarnefnda geti sinnt þjónustuhlutverki sínu við ferðaþjónustuaðila.

6.4 Markaðsstofur ferðamála – fjármögnun og hlutverk.

Í hverjum landshluta er markaðsstofa sem ætlað er að sinna kynningu og markaðssetningu svæðisins. Markaðsstofur eru samstarfsverkefni ríkis (Ferðamálastofu) og sveitarfélaga. Verkefni markaðsstofa hafa verið fjölbreytt og skapast af aðstæðum á hverjum stað. Rekstrargrundvöllur þeirra er mjög mismunandi og þær því misvel í stakk búnar til að takast á við þau verkefni sem þeim eru ætluð.

Fjármunum ríkisins (Ferðamálastofu) er nú varið til þrenns konar samninga við sveitarfélög og ferðamálasamtök; vegna markaðsstofa, upplýsingamiðstöðva og ferðamálasamtaka landshlutanna. Efla mætti og samþætta þessa starfsemi með því að gerður yrði einn samningur þar sem markmið, verksvið og væntanlegur árangur væru skýrt skilgreind. Þannig mætti skilgreina landshlutamiðstöðvar (má kalla einu nafni markaðsstofur ferðamála) sem hluta af stoðkerfi ferðaþjónustunnar og skilgreina hlutverk, faglegt starf, yfirstjórn og hlutverk á sviði stefnumótunar og markaðssetningar svæða innan lands sem utan.

6.5 Mælikvarðar á árangur í markaðsmálum.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar „Útflutningsaðstoð og landkynning“ frá 2009 í kafla um framkvæmd stefnu og mat á árangri kemur eftirfarandi fram á bls. 20:

„Fátítt er að aðilar málaflokksins meti árangur af starfsemi sinni og því er óljóst hve miklum árangri hún skilar í raun. Þeir upplifa ákveðinn huglægan árangur en hlutlægt mat á árangri er af skornum skammti. Þá hefur sýnt sig að þó það komi í ljós að árangur sé lítill er ekki endilega brugðist við því með markvissum hætti.“

Við mótun samstarfs ferðamálayfirvalda við Íslandsstofu er mikilvægt að sett séu mælanleg markmið og mælikvarðar á árangur (vörður). Stefnt skal að aukningu í ferðaútgjöldum innan lands samkvæmt ferðaþjónustureikningum, aukningu í gjaldeyristekjum af erlendum ferðamönnum, betri dreifingu gistinátta yfir árstíðir og landsvæði og fjölgun ársverka í ferðaþjónustu.

Fjöldi ferðamanna er sá mælikvarði sem lengst af hefur verið nýttur til að mæla árangur í ferðaþjónustu. Fjöldi ferðamanna er hins vegar ekki mælikvarði á arðsemi greinarinnar, dreifingu ferðamanna um landið eða tekjur ríkisins af ferðaþjónustu.

Lagt er til að minni áhersla verði á að nota fjölda ferðamanna sem mælikvarða á árangur í ferðaþjónustu og meiri áhersla verði lögð á að mæla árangur í ferðaþjónustu eftir þeim alþjóðlegum mælikvörðum sem settir eru fram í ferðaþjónustureikningum (Tourism Satellite Accounts).

Mikilvægt er að markaðsstarf í ferðaþjónustu taki mið af markmiðum ferðamálaáætlunar, áfangastöðum og vörum í ferðaþjónustu um allt land og taki tillit til þolmarka svæða.

Einnig er þörf á að mæla aðra þætti sem lúta að markaðsmálum, svo sem fræðslu, viðhorf fyrirtækja í ferðaþjónustu til þjónustu á sviði markaðsmála, árangur af átaksverkefnum og fleira. Við mótun samstarfsins við Íslandsstofu þarf að taka afstöðu til mælinga og mælikvarða.

6.6 Aðgerðir.

6.6.1 Fjármögnun kynningarmála erlendis.

Markmið: Að tryggð sé öflug kynning á landinu á hverjum tíma.

Til að ná fram markmiðum ferðamálaáætlunar um að lengja ferðamannatímabilið og minnka árstíðasveiflu þurfa stjórnvöld að tryggja samfellu í framlögum til kynningarstarfs.

Aðgerðir:

Alþingi tryggi iðnaðarráðuneytinu fé á hverju ári enda verði lagt til grundvallar:

- Gerð verði á árinu 2011 kynningaráætlun/rammaáætlun Íslands til ársins 2015.
- Skilgreind verði sérstök kynningarverkefni sem fyrirtæki í ferðaþjónustu koma að fjármögnun á og fengin staðfesting á þátttöku þeirra í þeim.
- Áætlunin verði endurskoðuð árlega í ljósi árangurs og nauðsynjar á breyttum áherslum.
- Dreginn verði lærdómur af áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli 2010 og sett fram viðbragðsáætlun í kynningarmálum fyrir árslok 2011.

Árangursmat:

- ☑ Á árinu 2015 hafi náðst að fjölga ferðamönnum utan háannar um 40%.
- ☑ Að gistináttatölur sýni að allir landshlutar hafi náð x% meðalnýtingu á ársgrundvelli.
- ☑ Að kannanir á væntingum vs. upplifun sýni yfir 90% samsvörun.

Ábyrgð á framkvæmd:
Iðnaðarráðuneyti

Aðrir þátttakendur:
Íslandsstofa, Ferðamálastofa, SAF

Tímaáætlun: 2011-2015

6.6.2 Markaðssetning íslenskrar ferðaþjónustu á innanlandsmarkaði.

Markmið: Að vekja og viðhalda áhuga Íslendinga á að ferðast innan lands allan ársins hring.

Meginhugmynd:

- 30 millj. kr. verði varið árlega til þess að vekja athygli á ferðamöguleikum innan lands utan háannar með sérstökum átaksverkefnum í samvinnu við markaðsstofur, fyrirtæki og sveitarfélög.
- Hvatt verði til ferðalaga innan lands með almennri kynningu á því sem íslensk ferðaþjónusta hefur upp á að bjóða.

Árangursmat: Gögn um ferðahegðun Íslendinga.

Ábyrgð á framkvæmd:
Ferðamálastofa

Aðrir þátttakendur:
Markaðsstofur landshlutanna

Tími: 2011-2015

- Stofnað verði til samstarfs við markaðsstofur í hverjum landshluta vegna sérstakra kynningarverkefna á hverjum landshluta fyrir sig, þessum aðgerðum verði fléttað inn í samningsgerð Ferðamálastofu við markaðsstofurnar.

6.6.3 Samstarf um kynningarmál.

Markmið: Að tryggð sé öflug kynning á landinu á hverjum tíma.

Til að ná fram markmiðum ferðamálaáætlunar um að lengja ferðamannatímabilið og minnka árstíðasveiflu þurfa stjórnvöld að tryggja samfellu í framlögum til kynningarstarfs.

Aðgerðir:

- Á árinu 2011 liggi fyrir kortlagning á möguleikum heilsársferðaþjónustu á Íslandi.
- Gerð verði á árinu 2011 kynningaráætlun/rammaáætlun um kynningarmál Íslands til ársins 2015.
- Skilgreind verði sérstök kynningarverkefni sem fyrirtæki í ferðaþjónustu koma að fjármögnun á og fengin staðfesting á þátttöku þeirra í þeim.
- Áætlunin verði endurskoðuð árlega í ljósi árangurs og nauðsynjar á breyttum áherslum.
- Dreginn verði lærdómur af áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli 2010 og sett fram viðbragðsáætlun í kynningarmálum fyrir árslok 2011.

Árangursmat:

- ☑ Á árinu 2015 hafi náðst að fjölga ferðamönnum utan háannar um 40%.
- ☑ Að gistináttatölur sýni að allir landshlutar hafi náð 40% meðalnýtingu á ársgrundvelli.
- ☑ Að kannanir á væntingum vs. upplifun sýni yfir 90% samsvörun.

Ábyrgð á framkvæmd:
Iðnaðarráðuneyti

Aðrir þátttakendur:
Ferðamálastofa, SAF, Íslandsstofa

Tímaáætlun: 2011-2015

6.6.4 Samningar um markaðsstofur og upplýsingamiðstöðvar.

Markmið: Að efla kynningu og markaðssetningu svæða.

Mikilvægt er að þeir fjármunir sem Ferðamálastofa hefur úr að spila nýtist svæðunum sem best og einnig að öflugt samstarf sé milli Ferðamálastofu og sveitarfélaga um miðlun upplýsinga og markaðssetningu innan lands. Þannig sé tryggt að á hverju svæði séu reknar öflugar einingar sem sinni þeim grunnþáttum sem nýtast ferðaþjónustunni sem heild til kynningar- og markaðsmála.

Aðgerðir:

- Gerður verði einn samningur á hverju svæði milli Ferðamálastofu, sveitarfélaga og ferðamálasamtaka landshluta um rekstur markaðsstofu, upplýsingamiðstöðva.

Árangursmat:

- ☑ Samningar komnir á öllum svæðum

Ábyrgð á framkvæmd:
Ferðamálastofa

Aðrir þátttakendur:
Sveitarfélög, markaðsstofur, ferðamálasamtök, upplýsingamiðstöðvar, fyrirtæki í ferðaþjónustu

Tímaáætlun: Lokið 2011

6.6.5 Skilgreining á sérstöðu Íslands.

Markmið: Að skilgreina sérstöðu Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn.

Meginhugmynd:

Sérstaða Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn kemur oft upp sem mikilvægt atriði í þróun á vöru, markaðssetningu og sölu á Íslandi sem áfangastað ferðamanna og í ímyndarskýrslu frá árinu 2008 eru settar fram skilgreiningar á sérstöðu Íslands í heild.

Í viðtölum vegna stefnumótunar töldu margir að vernda þyrfti sérstöðu Íslands. Ekki er hægt að finna að sérstaða Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn hafi verið skilgreind. Verndun sérstöðu sem ekki hefur verið skilgreind er vandmeðfarin. Því telst mikilvægt að skilgreina sérstöðu Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn.

Árangursmat:

- ☑ Skilgreining á sérstöðu Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn sett fram og samþykkt.

Ábyrgð á framkvæmd:
Ferðamálastofa

Aðrir þátttakendur:
Íslandsstofa og SAF

Tímaáætlun: 2012

Viðtöl, umsagnir og rýnihópar.

Viðtöl.

Anna Sverrisdóttir	Vatnavinir
Arngrímur Ásgeirsson	Borgarfjörður eystri
Auður Ingólfsdóttir	Hótel Hérað
Ásbjörn Björgvinsson	Markaðsstofa Norðurlands
Ásgerður Þorleifsdóttir	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
Áslaug Alfreðsdóttir	Hótel Ísafjörður
Ásta Þorleifsdóttir	Markaðsstofa Austurlands
Berglind Hallgrímsdóttir	Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Davíð Samúelsson	Markaðsstofa Suðurlands
Edward H. Huijbens	Rannsóknarmiðstöð ferðamála
Einar Bollason	Íshestar
Elías Oddsson	Vesturferðir
Elvar Knútur Valsson	Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Erla Sigurðardóttir	Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Friðrik Pálsson	Hótel Rangá
Guðrún Helgadóttir	Háskólinn á Hólum
Gústaf Gústafsson	Markaðsstofa Vestfjarða
Halldór Halldórsson	Samband íslenskra sveitarfélaga
Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir	Hótel Bláfell, Breiðdalsvík
Inga Hlín Pálsdóttir	Íslandsstofa
Ingvi Ragnar Kristjánsson	Selhótel, Mývatn
Jón Jónsson	Menningarfulltrúi Vestfjarða
Jón Páll Hreinsson	Markaðsstofa Vestfjarða
Kjartan Ragnarsson	Landnámssetur

Klara Jónsdóttir	Bakkaflöt
Kristján Pálsson	Markaðsstofa Reykjaness
María Helena Tryggvadóttir	Akureyrarstofa
Ólína Þorvarðardóttir	Alþingismaður
Sif Gunnarsdóttir	Höfuðborgarstofa
Sigurður Atlason	Galdrasýningin á Hólmavík/Ferðamálasamtök Vestfjarða
Sigurður Steingrímsson	Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Skúli Möller	Formaður félags leiðsögumanna
Svanhildur Pálsdóttir	Hótel Varmahlíð
Sædís Íva Elíasdóttir	Atvinnuþróunarfélag Suðurlands
Sævar Skaftason	Ferðaþjónusta Bænda
Unnur Halldórsdóttir	Ferðamálasamtök Íslands/Hótel Hamar
Vilborg Júlíusdóttir	Hagstofan
Þórdís Arthúrsdóttir	All Senses Vesturlandi
Þórgnýr Dýrfjörð	Akureyrarstofa
Þórir Garðarsson	Iceland Excursions – Gray Line Iceland

Umsagnir.

Drög að stefnumótun voru kynnt á fundi ferðamálaráðs 15. september 2010 og birt á vefsíðu verkefnisins og auk þess send til umsagnar hjá fjölmörgum aðilum.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Berglind Hallgrímsdóttir	Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Elvar Knútur Valsson	Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Erla Sigurðardóttir	Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Ásbjörn Björgvinsson	Markaðsstofa Norðurlands
Kristján Pálsson	Markaðsstofa Suðurnesja
Edward H. Huijbens	Rannsóknarmiðstöð ferðamála
Vilborg Júlíusdóttir	Hagstofa Íslands
Þorleifur Þór Jónsson	Íslandsstofa

Rýnifundir.

Haldnir voru rýnifundir þar sem drög að ferðamálaáætlun voru skoðuð og unnið var að aðgerðaáætlun ferðamálaáætlunar í samræmi við þær áherslur sem fram hafa komið. Þeir sem tóku þátt í þessum rýnifundum voru:

Alda Þrastardóttir	Ferðamálastofa
Elías Gíslason	Ferðamálastofa
Elín Svava Ingvarsdóttir	Ferðamálastofa
Halldór Arinbjarnarson	Ferðamálastofa
Hermann Ottósson	Íslandsstofa
Inga Hlín Pálsdóttir	Íslandsstofa
Jón Ágúst Þorsteinsson	Ferðamálastofa
Jón Gunnar Bergþórsson	Íslandsstofa
Katrín Gylfadóttir	Ferðamálastofa
Oddný Þóra Ólafsdóttir	Ferðamálastofa
Sigríður Gróa Þórarinsdóttir	Íslandsstofa
Sunna Þórðardóttir	Ferðamálastofa

759. Fyrirspurn [468. mál]

til utanríkisráðherra um ESB-viðræður.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hvernig var háttað svörum við spurningum samninganefndar ESB til landbúnaðarhóps samninganefndar Íslands sem farið var yfir á svokölluðum rýnifundum dagana 17.–20. janúar sl.?
2. Er það rétt að sumum spurningunum hafi verið svarað munnlega en ekki skriflega eins og nær öllum öðrum spurningum samninganefndar ESB? Ef svo er, af hverju var sá háttur hafður á? Hvernig hljóðuðu þau munnlegu svör?

Skriflegt svar óskast.

760. Fyrirspurn [469. mál]

til utanríkisráðherra um viðmið og mælikvarða í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

Hvaða viðmið og mælikvarðar eru lögð til grundvallar við að ná fram meginmarkmiðum með alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands, sem skv. 1. gr. laga nr. 121/2008 eru að styðja viðleitni stjórnvalda í þróunarlöndum til að útrýma fátækt og hungri, stuðla að efnahags- og félagslegri þróun, þ.m.t. mannréttindum, menntun, bættu heilbrigði, jafnrétti kynjanna, sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu auðlinda?

Skriflegt svar óskast.

761. Frumvarp til laga [470. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Flm.: Árni Johnsen.

1. gr.

Ríkisborgararétt skal öðlast:
Madina Salamova, f. 1985 í Rússlandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi veiti rússneskættuðu konunni Madinu Salamova, sem þekkt er undir höfundarnafninu Marie Amelie, íslenskan ríkisborgararétt. Hún hefur búið í Noregi frá blautu barnsbeini en kom til Noregs sem ólöglegur innflytjandi með foreldrum sínum fyrir 25 árum frá Norður-Ossetíu í Rússlandi. Hún talar norsku reiprennandi og hefur mótast fyrst og fremst af siðum norræns samfélags. Hún er með háskólapróf og hefur því gengið í gegnum öll stig norska skólakerfisins og getið sér gott orð hvarvetna.

Á síðasta ári gaf hún út bók um líf ólöglegra innflytjenda í Noregi og byggði hana að nokkru leyti á eigin lífi. Í kjölfarið fór norska útlendingastofnunin fram á að hún yrði handtekin. Henni var síðan vísað úr landi og flutt nauðug til Rússlands þar sem hún á enga að, eftir því sem fram hefur komið í fjölmiðlum. Öðlist hún íslenskan ríkisborgararétt getur hún ráðið hvar á Norðurlöndum hún býr.

Íslendingar leggja höfuðáherslu á að verja jafnt sjálfstæði einstaklinga sem þjóða og það er mikið kappsmál fyrir Íslendinga að verja norræna samfélagið, menningu þess, tungu, drifkraft og kærleika. Mál Marie Amelie, eins og hún kallar sig, er sérstakt ef ekki einstakt og þarf að meðhöndlast sem slíkt. Hún talar einstaklega fagra norska tungu af útlendingi að vera. Íslendingar vilja leggja sérstaka áherslu á að verja norska tungu sem barn íslenskrar tungu. Íslenska tungan hefur haft þrek til að standa af sér alvarleg áhrif annarra tungumála á síðustu 1000 árum á sama tíma og önnur norræn tungumál hafa tekið stakkaskiptum.

Flutningsmenn telja það ekki stórmannlegt af frændum okkar Norðmönnum að vísa ungri konu með norskar rætur, Marie Amelie, úr landi. Þeir telja það ómanneskjulegt, ónútímalegt og í raun valdbeitingu gegn einstaklingi sem hefur í áratugi alist upp innan veggja norræna samfélagsins. Hjartahlýja hefur löngum verið Norðmönnum í blóð borin. Einstaklingur sem hefur þannig fest rætur í norræna samfélaginu um langt árabil, eins og Marie Amelie hefur gert, hlýtur að eiga mikilvægan rétt til áframhaldandi þátttöku í norræna samfélaginu.

Með þessari tillögu er lögð áhersla á íslenska orðið vinarþel, sem erfitt er að þýða á önnur tungumál, en ætti að búa í hjörtum Norðmanna. Íslendingum ætti að vera í lófa lagið að taka af skarið í þessum efnum þegar aðra skortir bæði þrek, þor og skilning á orðinu vinarþel.

762. Tillaga til þingsályktunar [471. mál]

um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

Flm.: Unnur Brá Konráðsdóttir, Ásmundur Einar Daðason, Gunnar Bragi Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

Greinargerð.

Aðdragandi, staða málsins og ábyrgð.

Alþingi ályktaði 16. júlí 2009 að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Atkvæði féllu þannig að 33 þingmenn sögðu já og 28 nei.

Af stefnuskrám ríkisstjórnarflokkanna, umræðum um aðild Íslands að Evrópusambandinu á undanförnum árum og atkvæðaskýringum ráðherra og þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er ljóst að ekki er einhugur í ríkisstjórninni um það hvort hagsmunum þjóðarinnar sé betur borgið innan eða utan Evrópusambandsins.

Umsókn um aðild að Evrópusambandinu gerbreytir áherslum Íslands í utanríkismálum. Stefnubreytingu í jafnmikilvægum málaflokki þarf að undirbúa vel og ná breiðri samstöðu, bæði á Alþingi og meðal þjóðarinnar. Stjórnvöld verða að hafa skýrt umboð til að fara af stað í aðildarviðræður. Hyggilegast hefði verið að þjóðaratkvæðagreiðsla hefði farið fram um hvort sækja skyldi um aðild en tillaga þess efnis var felld í þinginu.

Ekki er ofmælt að segja að undirbúningi málsins hefur verið ábótavant. Skoðanakannanir hafa ítrekað sýnt mikla andstöðu þjóðarinnar við aðild. Samtök atvinnulífsins o.fl. hafa ekki treyst sér til að taka afstöðu til aðildar. Breið pólitísk samstaða liggur því ekki að baki umsókninni.

Ljóst er að lítill áhugi er á því hjá ráðamönnum þjóðarinnar að axla ábyrgð á aðildarumsókninni. Þannig hafa ráðherrar ítrekað vísað ábyrgð á málinu á Alþingi og sagt að þingið hafi valdið til að stöðva umsóknina.

Fullyrt hefur verið að það sé eðlilegt að senda inn aðildarumsókn til þess að kanna hvað sé í boði fyrir Ísland. Staðreyndin er hins vegar sú að þjóðir sækja ekki um aðild að Evrópusambandinu nema vegna þess að ríkur vilji sé til þess að ganga í sambandið. Fjölmargir sérfræðingar, bæði erlendir og innlendir, hafa bent á þessa staðreynd auk þess sem þetta hefur ekki farið fram hjá ráðamönnum Evrópusambandsins.

Þegar tilkynnt er af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að mælt sé með því að hafnar verði viðræður, þá brjótast yfirleitt út fagnaðarlæti á götum úti en sú var ekki raunin hér á landi.

Utanríkisráðuneytið hefur verið tregt til að gefa upp raunverulegan kostnað við aðildarferlið en fyrir liggur að kostnaður ríkisins er a.m.k. 7 milljarðar kr. Þeim fjármunum er betur varið til brýnna verkefna í þágu íslensks samfélags og í ljósi stöðu ríkissjóðs er óverjandi að halda áfram á þessari braut.

Allt frá því að málið kom fram á Alþingi var reynt að halda fram þeim rökum að aðild að Evrópusambandinu væri það eina sem gæti komið þjóðinni til bjargar í þeim efnahagsþrengingum sem að steðja. Slíkur málflutningur stenst ekki skoðun eins og reynslan hefur nú sýnt og má því segja að umsóknin sé villuljós sem tefur fyrir úrlausn þeirra raunverulegu verkefna sem brýnt er að stjórnvöld, Alþingi og stofnanir ríkisins beini öllum kröftum sínum að.

Íslensk stjórnvöld verða sjálf að sýna frumkvæði að því að vinna þjóðina út úr þeim vanda sem hrun bankakerfisins olli. Enginn annar mun gera það fyrir okkur, ferlið verður sársaukafullt, erfitt og tímafrekt. Á endanum stöndum við sterkari eftir ef við berum gæfu til að einbeita okkur að því verkefni án þess að eyða tíma og fjármunum í að eltast við villuljós. Aðild að Evrópusambandinu er ekki lausn á efnahagsvanda Íslands.

Breyttar forsendur.

Evrópusambandið stendur frammi fyrir stærri úrlausnarefnum en það hefur gert um langa hríð. Erfitt er að lesa í spilin um það hvernig sambandið þróast á næstunni en ljóst er að miklar breytingar eru á döfinni. Efnahagserfiðleikar almennt í álfunni og spenna á myntsvæðinu, sem sextán ESB-ríki mynda, veldur því að kröfur hafa komið fram um frekari samruna, t.d. við gerð fjárlaga ríkja. Á næstu missirum og árum mun Evrópusambandið endurskoða starfshætti sína og e.t.v. gera breytingar á grunnsáttmála sínum, Lissabonsáttmálanum. Á

meðan ekki er ljóst hvernig haldið verður á málum hjá Evrópusambandinu er óráðlegt að vera í aðildarferli að sambandi sem gæti tekið grundvallarbreytingum á næstu missirum.

Stuðningsmenn aðildar Íslands að Evrópusambandinu hafa haldið því fram að eina leiðin til að tryggja efnahagslegan stöðugleika á Íslandi væri sú að ganga í sambandið og taka upp evru. Nú er ljóst að hvorki aðild að Evrópusambandinu né evran hefur tryggt efnahagslegan stöðugleika í Grikklandi, á Ítalíu, Spáni, Portúgal og Írlandi. Staða þessara ríkja er í sumum tilvikum verri en hér þrátt fyrir að þau hafi ekki þurft að glíma við bankakerfishrun líkt og Ísland.

Stuðningsmenn aðildar hafa jafnframt haldið því fram að evrunni fylgi lítil verðbólga og lágir vextir og að upptaka evru mundi þýða aukinn aga í hagstjórn. Raunin er sú að verðbólga er mjög mismunandi á evrusvæðinu og segja má að þau skiptist í tvo hópa. Grikkland er dæmi um land þar sem staðan er alvarleg. Agaleysi ríkir í hagstjórn víða á ESB-svæðinu og þá ekki síst á evrusvæðinu. Sem dæmi má nefna að reglur um halla á fjárlögum hafa verið þverbrotnar af ýmsum þjóðum, m.a. af Þjóðverjum.

Mikil umræða hefur farið af stað innan Evrópusambandsins í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar og þá sérstaklega í ljósi efnahagsvandræða Grikkja. Viðbrögð ESB-ríkjanna við þeirri upplausn sem blasir við í efnahags- og fjármálum aðildarríkjanna er að leggja til aukna miðstýringu frá Brussel. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hefur komið þeirri skoðun á framfæri að eina leiðin til þess að ná einhverjum tökum á smáríkjum sem stýra efnahagsmálum sínum á annan hátt en Þjóðverjar vilja sé að herða reglurnar og breyta sáttmálum Evrópusambandsins þannig að stóru þjóðirnar fái sterkari heimildir til þess að grípa inn í efnahagslíf einstakra aðildarríkja.

Því er ljóst að vilji er til frekari samruna innan Evrópusambandsins og að sjálfstæði þjóðanna innan sambandsins mun minnka á komandi árum. Enn frekara fullveldisafsal blasir því við aðildarþjóðum Evrópusambandsins og ljóst er að Ísland sem aðildarríki að sambandinu mundi litlu sem engu ráða um eigin málefni, hvorki hvað varðar fjárlagagerð né efnahagsmál almennt, hvað þá önnur málefni. Slík framtíðarsýn er ekki það sem íslenska þjóðin þarf á að halda í dag.

Evrópusambandið breytti undir lok síðustu aldar aðferðum sínum við að taka inn ný ríki. Sambandið gerir kröfu um að stofnanakerfi umsóknarríkja lagi sig að kröfu sambandsins í sjálfu aðildarferlinu en ekki að loknum samningum og þjóðaratkvæðagreiðslu. Evrópusambandið talar um aðlögunarferli í þessu sambandi en ekki samningaviðræður. Af þessu leiðir að þjóðin verður smátt og smátt innlimuð í Evrópusambandið án þess að hafa neitt um það að segja. Það þarf ekki að hafa mörg orð um hversu andstætt slíkt verklag er lýðræðislegum stjórnarháttum.

Niðurlag.

Mikilvægt er að nýta krafta stjórnsýslunnar og fjármagn ríkisins til þeirra brýnu verkefna sem fyrir liggja í kjölfar bankahrunsins. Það er slæmt fyrir orðspor Íslands á alþjóðavettvangi að halda áfram aðildarferlinu þegar bersýnilegt er að hugur fylgir ekki máli.

Íslandi og Evrópusambandinu er lítill greiði gerður með því að íslensk stjórnvöld efni til aðildarviðræðna á þeim hæpnu forsendum sem hér hafa verið raktar. Fyrirsjáanlegt er að aðildarsamningur verði felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu og sú niðurstaða mun ekki auka velvilja í garð Íslendinga hjá aðildarþjóðum Evrópusambandsins.

Af öllu framangreindu er ljóst að umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu er ótímabær og því hníga öll rök að því að draga hana til baka.

763. Breytingartillaga [203. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Frá Atla Gíslasyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

764. Breytingartillaga [246. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (AtlG, MÁ, VBj, ÁI, ÞrB).

Í stað orðanna „1. janúar 2011“ í b-lið 3. gr. (45. gr.) komi: 1. mars 2011.

765. Fyrirspurn [472. mál]

til innanríkisráðherra um dýpkun Landeyjahafnar.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvenær getur dýpkunarskip Íslenska gámafélagsins hafið vinnu við dýpkun Landeyjahafnar?
2. Hvernig hefur verið staðið að undirbúningi að kaupum á plógi í samvinnu við Vestmannaeyjabæ og hvenær má vænta þess að byrjað verði að nota plóginn?
3. Hvernig hefur verið staðið að undirbúningi framkvæmda á varnargarði við ósa Markarfljóts og hvenær er gert ráð fyrir að framkvæmdirnar hefjist?
4. Er undirbúningur að kaupum á sjálfvirkum dælubúnaði fyrir Landeyjahöfn hafinn og hvenær má vænta þess búnaðurinn verði tekinn í notkun?

Skriflegt svar óskast.

766. Fyrirspurn [473. mál]

til fjármálaráðherra um nefskatt og RÚV.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hversu mikið hafa einstaklingar og fyrirtæki greitt árlega í nefskatt vegna RÚV, frá því að gjaldið var tekið upp?
2. Hversu há hafa framlög úr ríkissjóði til RÚV verið á sama tíma?
3. Hvað er gert við mismuninn af nefskattinum og beinum framlögum úr ríkissjóði til RÚV, ef einhver er?
4. Hve margir hafa starfað hjá RÚV árin 2000–2011?

Skriflegt svar óskast.

767. Fyrirspurn [474. mál]

til forseta Alþingis um fund ómerktrar tölvu í húsakynnum Alþingis.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Kom forsætisnefnd saman til ákvarðanatöku þegar ómerkt tölva fannst í húsakynnum Alþingis í fyrra og ef svo er, hvaða ákvarðanir voru þá teknar?
2. Hvernig stóð á því að tölvudeild þingsins var forseta til ráðgjafar um úrbætur og næstu skref í tölvufundarmálinu?
3. Hvers vegna var ríkislögreglustjóri og starfsfólk hans ekki kallað út þegar tölvan fannst?
4. Hverjar eru ástæður þess að alþingismenn voru ekki látnir vita þegar tölvan fannst?
5. Vöknuðu einhverjar spurningar hjá forseta þegar í ljós kom að tölvan var tengd inn á netið 28. desember 2009, sama dag og umræður um Icesave hófust á ný?
6. Var formaður Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs látinn vita af tölvufundinum eins og formaður Samfylkingarinnar?
7. Hefur forseti vakið máls á því við ríkislögreglustjóra að um árás á æðstu stjórn ríkisins hafi verið að ræða?

Skriflegt svar óskast.

768. Nefndarálit [388. mál]

um frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Högna Haraldsson og Ólaf Ásgeirsson frá IFS-greiningu, Guðmund Björnsson og Valdimar Ármann frá GAM Management hf., Nökkva Bragason, Þórhall Arason og Pétur Fenger frá fjármálaráðuneyti, Gunnar H. Hall frá Fjársýslu ríkisins, Má Guðmundsson og Sigríði Logadóttur frá Seðlabanka Íslands, Ásgeir Daníelsson og Þórarin G. Pétursson frá Seðlabanka Íslands, Magnús Árna Skúlason, Eirík Svavarsson, Kristján Gíslason, Ragnar Ólafsson, Davíð Blöndal, Sigurð Hannesson og Ólaf Elíasson frá Indefence, Ragnar H. Hall hrl., Stefán Má Stefánsson prófessor og Benedikt Bogason héraðsdómara, Ólaf Darra Andrason frá ASÍ, Halldór Halldórsson og Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hannes G. Sigurðsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá Samtökum atvinnulífsins, Svein Arason frá Ríkisendurskoðun, Sigrúnu Helgadóttur, Guðrúnu Þorleifsdóttur og Eirík Elís Þorláksson frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, Guðmund Árnason, Einar Gunnarsson, Lárus Blöndal, Jóhannes Karl Sveinsson, Lee C. Buchheit, Andrew Speirs, Hrafn Steinarsson, Kristján Andra Stefánsson og Charles Williams frá samninganefnd um Icesave, Lárentsínus Kristjánsson, Einar Jónsson og Ársæl Hafsteinsson frá skilanefnd Landsbanka Íslands, Herdísi Hallmarsdóttur og Kristin Bjarnason frá slitastjórn Landsbanka Íslands og Hreiðar Bjarnason og Árna Þór Þorbjörnsson frá NBI hf.

Inntak endurgreiðslusamnings – megindrættir.

Niðurstöður viðræðnanna á milli samninganefnda Íslands, Bretlands og Hollands gera ráð fyrir að gerðir verði endurgreiðslu- og skaðleysissamningar (e. Reimbursement and Indemnity Agreements) með aðild hlutaðeigandi ríkja og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Gert er ráð fyrir að tryggingarsjóðurinn endurgreiði breskum og hollenskum stjórnvöldum þær fjárhæðir sem þau hafa lagt út en fái í staðinn framseldan samsvarandi hluta krafna þeirra í bú bankans og annist innheimtu þeirra. Gert er einnig ráð fyrir að tryggingarsjóðurinn nýti fyrst þá fjármuni sem til eru í sjóðnum til endurgreiðslu. Greiðslur verði inntar af hendi eftir því sem úthlutað er úr búi Landsbankans. Áfallnir vextir verða greiddir ársfjórðungslega fram á mitt ár 2016 en þá er búist við að úthlutun úr búi Landsbankans verði að mestu lokið. Frá þeim tíma skuldbindur ríkið sig til að standa undir eftirstöðvum skuldbindinga tryggingarsjóðsins.

Höfuðstóll endurgreiðslufjárhæðarinnar er vaxtalaus fram til 1. október 2009 en ber fasta vexti eftir það. Vextir á höfuðstól skuldbindingarinnar eru 3% gagnvart Hollandi og 3,3% gagnvart Bretlandi. Vegnir meðalvextir eru 3,2% og gilda fram til 30. júní 2016.

Höfuðstóll þeirra krafna sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta fær framseldar í bú Landsbanka Íslands hf. er um 659 milljarðar kr. miðað við gengi íslensku krónunnar 22. apríl 2009. Jafnframt samdist um það milli aðila að tryggingarsjóðurinn fengi framseldar vaxtakröfur af þeim höfuðstól sem hollensku og bresku tryggingarsjóðirnir lýstu

í búið og féllu til frá því að greitt var til innstæðueigenda í löndunum í desember 2008 og janúar 2009 fram til loka kröfulýsingarfrests. Í samningunum er jafnframt gert ráð fyrir því að ef úthlutun upp í kröfur tryggingarsjóðsins nemur hærra hlutfalli en 86% muni aðilar skipta með sér þeim fjármunum sem þannig eru til komnir. Í meginatriðum er kveðið á um að ef endurheimtur nema 87% þá fái viðsemjendur tryggingarsjóðsins 5% af andvirði vaxtakrafnanna; þegar endurheimtur nema 88% bætast önnur 5% við og svo koll af kolli allt þar til um fullar endurheimtur er að ræða en þá er gert ráð fyrir að viðsemjendur tryggingarsjóðsins hafi fengið vextina að fullu greidda. Skuldbinding um endurgreiðslu fellur niður ef endurheimtur verða 86% eða minni og hún takmarkast ávallt við þá hlutdeild sem að framan er lýst. Íslenska ríkið ber því ekki sérstaka ábyrgð á greiðslu krafna af þessum toga. Áhrif þessa samningsákvæðis á hina fjárhagslegu niðurstöðu og skuldbindingu ríkissjóðs liggja ekki fyrir fyrr en dómstólar hafa ákveðið vaxtahæð og endurheimtur eru ljósar.

Raskist áætlanirnar verulega er gert ráð fyrir að endurgreiðslutíminn lengist um eitt ár fyrir hverja 10 milljarða kr. sem eftirstöðvarnar kunna að fara yfir 45 milljarða kr. Ef eftirstöðvar verða undir 45 milljörðum kr. skulu þær gerðar upp í jöfnum ársfjórðungslegum greiðslum á 12 mánuðum frá 1. júlí 2016. Eftir það er jafnframt sett þak á árlega endurgreiðslubyrði þannig að hún verði aldrei hærri en 5% af heildartekjum ríkisins næstliðið ár en komi til þess að það hlutfall jafngildi lægri fjárhæð en 1,3% af vergri landsframleiðslu næstliðins árs skal þó hámark endurgreiðslunnar miðast við það. Endurgreiðslu eftirstöðvanna skal þó aldrei lokið á lengri tíma en 30 árum frá 2016 að telja.

Samið hefur verið um að vaxtakjör á eftirstöðvum frá þessu tímabili, þ.e. eftir 30. júní 2016, verði í samræmi við svonefnda CIRR-vexti (e. Commercial Interest Reference) en vextir þessir eru reiknaðir og birtir af OECD.

Samkvæmt þessum samningum falla niður lánssamningar sem undirritaðir voru 5. júní og 19. október 2009.

Helstu breytingar frá fyrri samningum:

1. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta endurgreiði breskum og hollenskum stjórnvöldum þær fjárhæðir sem þau hafa lagt út en fái í staðinn framseldan samsvarandi hluta krafna þeirra í bú bankans og annist um að innheimta þær.
2. Framsetning og form samninganna er annað en áður. Í stað hefðbundinna lánssamninga verða gerðir endurgreiðslu- og skaðleysissamningar. Samningarnir frá 2009 voru hefðbundnir lánssamningar milli Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta sem lántaka, Bretlands og Hollands sem lánveitenda og íslenska ríkisins sem ábyrgðaraðila. Ábyrgðarskuldbindingar stjórnvalda tóku þó ekki gildi fyrr en í júní 2016. Samningarnir frá 2010 eru hins vegar endurgreiðslu- og skaðleysissamningar milli sömu aðila. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta fellst á að endurgreiða Hollandi og Bretlandi endurgreiðslufjárhæðina og stjórnvöld fallast á að halda Bretlandi og Hollandi skaðlausum vegna vangreiddra fjárhæða ef tryggingarsjóður stendur ekki í skilum með greiðslur á útistandandi fjárhæðum. Skaðleysisskuldbindingar Íslands taka gildi um leið og endurgreiðslu- og skaðleysissamningarnir taka gildi.
3. Að teknu tilliti til hins vaxtalausa tímabils eru reiknaðir jafnaðarvextir á tímabilinu 2009–2016 2,64% í stað 5,55% áður. Jafnframt er ábyrgð ríkisins takmörkuð eins og kostur er og í raun eingöngu bundin við samtímagreiðslur vaxta fram til júní 2016 og þann hluta sem ekki hefur verið innheimtur úr búi bankans að þeim tíma liðnum.
4. Vextir á höfuðstól skuldbindingarinnar eru greiddir jafnóðum og þeir falla til frá 2011 til miðs árs 2016.

5. Inn í núverandi samninga hefur verið sett hámark á endurgreiðslur íslenska ríkisins á endurgreiðslutímabili samninganna, annars vegar með því að tengja við hámark samtals 5% af tekjum ríkissjóðs miðað við árið áður eða hins vegar 1,3% af vergri landsframleiðslu. Með þessu er tryggður ákveðinn öryggisventill gagnvart ríkissjóði.
6. Dómslögsaga er ekki lengur í ríki eins samningsaðila heldur verður unnt að vísa úrlausn ágreinings til gerðardóms er starfar samkvæmt reglum Alþjóðagerðardómsins í Haag.
7. Icesave-samningarnir sem nú liggja fyrir fela í sér verulega endurbót bæði að því er varðar fjárhæðir sem koma til greiðslu og ýmsa aðra skilmála og eru ekki lengur skuldabréf með skilmálum eins og fyrri samningar sögðu til um.
8. Gjaldfellingar- og vanefndaúrræði eru mun sanngjarnari og eðlilegri og taka betur mið af hagsmunum beggja samningsaðila.

Um bókun skuldbindinga vegna Icesave-skuldbindingar í ríkisreikningi.

Fjársýslustjóri, ríkisendurskoðandi og skrifstofustjóri fjárreiðu- og eignaskrifstofu í fjármálaráðuneyti sendu fjármálaráðherra minnisblað 29. október 2009 um meðferð Icesave-skuldbindingar í reiknishaldi ríkisins. Í minnisblaði Ríkisendurskoðunar til fjárlaganefndar frá 13. janúar 2011 kom eftirfarandi fram: „Þó svo að nýju samningarnir séu öðruvísi en eldri samningar er með frumvarpinu leitað eftir heimild til að samþykkja ábyrgð ríkisins á greiðslu afborgana og vaxta af samningunum og þar með taka á sig skuldbindingu sem henni fylgir. Aðferðafræðin sem greint var frá í minnisblaðinu frá 29. október 2009 er enn í fullu gildi.“

Efnislega voru tillögurnar þannig:

- Í upphafi skal færa sem skuldbindingu þann hluta sem talið er að þrotabú Landsbankans geti ekki skilað upp í forgangskröfur. Nota skal mat slitastjórnar í lok reikningsárs.
- Árlega skal leiðrétta skuldbindinguna með tilvísun til breyttra gengisforsendna.
- Árlega skal gjaldfæra áfallna vexti.
- Það sem eftir stendur við lok úthlutunar úr þrotabúi Landsbankans (2016) leiðréttist með tilvísun til breyttra gengisforsendna.
- Allar færslur fari um fjárlagaliðinn *09-971 Ríkisábyrgðir* og eftir atvikum sem skuld við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Endurheimtur og úthlutun úr búinu.

Skilanefnd Landsbanka Íslands hf. telur í skýrslu sinni til kröfuhafafundar bankans, sem var haldinn 9. nóvember sl., að miðað við stöðu eignasafns bankans 30. september 2010 muni úthlutun upp í forgangskröfur að heildarverðmæti um 1.319 milljarðar kr. nema um 1.138 milljörðum kr. eða um 86%. Fjárhæðir lýstra krafna í bú Landsbanka Íslands hf., þ.m.t. forgangskröfur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, eru flestar miðaðar við gengi íslensku krónunnar hinn 22. apríl 2009 og áfallna vexti til þess dags. Áfallnir vextir eftir þann dag eru eftirstæðar kröfur og fylgja viðkomandi kröfu ekki í kröfuröð. Gert er ráð fyrir að hlutur tryggingarsjóðs sem forgangskröfuhafa sé ríflega 51% af forgangskröfum eða sem nemur um 584 milljörðum kr. Íslenski tryggingarsjóðurinn fengi þannig ríflega 51% af um 360 milljarða kr. sjóði Landsbankans miðað við síðastliðin áramót og um 400 milljarða kr. sjóði miðað við áætlaða stöðu um mitt þetta ár sem gengi samkvæmt framangreindu til að greiða niður höfuðstól endurgreiðslufjárhæðarinnar. Það þýddi að tæplega þriðjungur skuldbindingarinnar yrði greiddur um leið og þessi úthlutun færi fram. Áætlanir Landsbankans gera enn fremur ráð fyrir að alls hafi innheimst sem svarar til um helmingi endurheimtuvirðis eigna bankans fyrir árslok 2013, en þá yrði meginhluti óinnleystra eigna bankans fólginn í skuldabréfi og viðbótarskuldabréfi sem gefið yrði út af nýja Landsbankanum.

Í kynningu Landsbanka Íslands hf. á áætluðu endurheimtuvirði eignasafns bankans kom fram að áhætta á endurheimtuvirði safnsins færi sífellt minnkandi eftir því sem endurheimtuvinnunni miðaði áfram. Bent var á að bankinn færi nú með fulla stjórn allra eigna, samningar við NBI hf. væru í höfn og greiðslur fyrir yfirfærðar eignir til NBI væru umsamdar. Þá væri reiðufé sífellt stærri hluti eignasafnsins og þáttur þess í hlutfalli af heildareignum mun stærri í árslok en áætlanir í ársbyrjun gerðu ráð fyrir. Með hliðsjón af framangreindu færi öryggi mats á áætluðum endurheimtum, sem ætíð væri varfærið, sífellt vaxandi og þáttur eigna með ótryggt endurheimtuvirði sífellt minnkandi.

Samningur eða dómstólaleið.

Fjárlaganefnd fól fjórum lögmönnum, þeim Stefáni Má Stefánssyni, prófessor og fyrrverandi ad hoc dómara við EFTA-dómstólinn, Benedikt Bogasyni, dómstjóra og ad hoc dómara við EFTA-dómstólinn, Stefáni Geir Þórissyni, hrl. og fyrrverandi sérfræðingi hjá ESA, og Dóru Guðmundsdóttur, fyrrverandi aðstoðarmanni dómara við EFTA-dómstólinn og ad hoc dómara, að svara ákveðnum spurningum um lögfræðileg álitamál, einkum þau er varða kosti þess og galla að leiða Icesave-deiluna til lykta fyrir dómstólum. Skýrsla þeirra fylgir með áliti þessu.

Allt frá haustinu 2008 hefur það verið markmið íslenskra stjórnvalda að semja um lausn Icesave-deilunnar jafnvel þótt lagaleg skuldbinding hafi ekki verið viðurkennd af Íslands hálfu. Við mat á því hvort samþykkja eigi það lagafrumvarp sem hér um ræðir er nauðsynlegt að meta áhættuna af því að ganga ekki til samninga og þá áhættu sem er í því fólgin að Ísland bíði lægri hlut í dómsmáli.

Ljóst er að dómstólaleiðin tryggir rétta lögfræðilega niðurstöðu þó að vafi leiki á að hún tryggi hagstæðustu niðurstöðu fyrir Ísland. Skiptar skoðanir eru á því meðal lögfræðinga hver líkleg dómsniðurstaða yrði í málinu. Jafnvel þótt dómsmál vinnist er kostnaður í því fólginn að fara dómstólaleiðina og dragist dómsmálið á langinn mun óvissan ríkja lengur og tjónið aukast sem af óleystri deilunni hlýst. Málið gæti einnig tapast sem setti að öllum líkindum Ísland í verri samningsstöðu en nú er fyrir hendi og leiddi til óhagstæðari niðurstöðu. Þá verður einnig að hafa í huga að áfellisdómur gæti haft neikvæð áhrif á samskipti Íslands við aðrar þjóðir. Víst má telja að frestun lykta deilunnar hefði einnig áhrif á möguleika ríkissjóðs, sveitarfélaga og fyrirtækja til að sækja lánsfé á erlenda lánamarkaði. Jafnframt er hugsanlegt að ágreiningur um fullnustu af Íslands hálfu í kjölfar áfellisdóms í samningsbrotamáli gæti haft áhrif á EES-samninginn gagnvart Íslandi og öðrum EFTA-ríkjum.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur þegar stofnað til samningsbrotamáls, studd af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að Íslandi sé skylt að ábyrgjast greiðslu rúmlega 20.000 evra til hvers innstæðueiganda. Leysist deilan með samningum mun ESA ekki aðhafast frekar í málinu, en verði ekki samið er líklegt að málinu verði fyrr en síðar vísað til EFTA-dómstólsins. Dómar EFTA-dómstólsins í samningsbrotamálum sem ESA höfðar eru bindandi fyrir íslenska ríkið og ríkisstjórnin er á grundvelli EES-samningsins skuldbundin til að hlíta niðurstöðu dómstólsins og bregðast við henni með viðeigandi hætti. Að öðrum kosti væri samstarfið innan EES í uppnámi.

Ef óhagstæð niðurstaða fengist í dómsmáli gætu Bretar og Hollendingar væntanlega byggt kröfur sínar beint á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta eins og þau bæri að túlka í ljósi niðurstöðu EFTA-dómstólsins og krafist greiðslu úr hendi íslenska ríkisins og fylgt þeirri kröfu eftir fyrir íslenskum dómstólum. Einnig gætu þeir á grundvelli niðurstöðu EFTA-dómstólsins krafist skaðabóta úr hendi ríkisins á þjóðréttarlegum grundvelli.

Það er álit meiri hlutans að með áfellisdómi væri samningsstaða Íslands alvarlega löskuð og að dómstólaleiðin sé ekki áhættunnar virði vegna óvissu um dómsniðurstöðuna sem gæti orðið verulega óhagstæðari fyrir land og þjóð en fyrirliggjandi samkomulag gerir ráð fyrir.

Réttarstaða Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Nefndinni hafa borist ábendingar um að í skýringu við b-lið (iii) í gr. 6.2. í fylgiskjali nr. III með frumvarpinu sé sagt að undanþáguákvæði frá jafnstöðu tryggingarsjóða landanna þriggja (pari passu) sé til komið „vegna óvissu um hvort íslenski tryggingarsjóðurinn njóti samkvæmt íslenskum lögum sérstaks forgangs (e. super priority)“. Meiri hlutinn lítur svo á að hér sé átt við íslenskan rétt í heild sinni, enda ljóst að samningarnir sjálfir miða að þessu leyti við íslensk lög í rýmri merkingu, þ.e. allar íslenskar réttarheimildir, og án takmörkunar við sett lög. Meiri hlutinn vill árétta þann skilning sinn að réttarstaða Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta við úthlutun úr búi Landsbankans byggist á íslenskum rétti og að samningarnir miða við að úthlutað sé úr búinu í samræmi við íslensk lög og þar með allar íslenskar réttarheimildir. Þetta geti skapað grundvöll undir dómsniðurstöðu sem yrði ráðandi við beitingu á samningsákvæðunum gr. 6.2. (b) (iii) í endurgreiðslusamningnum við Holland og tilsvarandi ákvæði í samningnum við Bretland. Í umfjöllun nefndarinnar hefur verið gengið út frá því að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta láti reyna á tilvist reglunnar fyrir íslenskum dómstólum og að á henni verði byggt við uppgjör samningsaðilanna svo fremi sem hún gengur ekki í berhögg við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins. Þetta þýðir að endurkrafa tryggingarsjóðsins vegna fyrstu 20.887 evra innstæðu hvers reikningseiganda gangi framar við úthlutun en við það munu kröfur á hendur tryggingarsjóðnum greiðast á undan kröfum Breta og Hollendinga af eignum bankans. Í því tilviki ætti höfuðstóllinn að greiðast að fullu af eignum bankans á skemmri tíma með samsvarandi lækkun vaxtagreiðslna. Ef þetta yrði niðurstaðan yrði gengisáhættan hverfandi.

Bent er á til samanburðar að þegar samið er um að ensk lög gildi um samningana að öðru leyti er að sjálfsögðu átt við breskan rétt í heild sinni en ekki aðeins sett lög þar í landi. Nefndinni barst jafnframt minnisblað frá Ragnari H. Hall hrl., Jóhannesi Karli Sveinssyni hrl. og Lárusi L. Blöndal hrl. til áréttingar á þessum skilningi og fylgir minnisblaðið með nefndaráliti þessu.

Icesave-samningarnir og gjaldeyrishöft.

Á fundum fjárlaganefndar hafa tengsl samninga um Icesave og gjaldeyrishafta verið rædd. Þau sjónarmið komu fram hjá umsagnaraðilum að afnám gjaldeyrishafta gætu haft neikvæð áhrif. Í kjölfarið mundi íslenska krónan veikjast verulega sem aftur hefði þau áhrif að greiðslur vegna samninganna hækkuðu að sama skapi.

Að mati Seðlabanka Íslands kemur einkum tvennt til álita er varðar áhættu af afnámi gjaldeyrishafta og samspil þess við Icesave-samningana:

1. Hugsanlegt tjón vegna gengisáhættu sem samningarnir fela í sér gæti aukist eftir því sem nafngengi krónunnar er lægra þegar kemur til útgreiðslna úr þrotabúi Landsbankans.
2. Afnám hafta gæti haft tímabundin áhrif til lækkunar á nafngengi krónunnar.

Að mati Seðlabanka Íslands hafa þessi tvö atriði vakið upp tvær spurningar:

1. Er það forsenda þess að geta metið Icesave-samningana að vita hvernig losað verður um höftin?
2. Á að bíða með að losa um höftin þar til greitt hefur verið úr þrotabúi Landsbankans?

Seðlabanki Íslands svarar báðum spurningunum neitandi og tekur meiri hlutinn undir þá skoðun Seðlabankans. Seðlabankinn bendir enn fremur á að gengisáhætta vegna samning-

anna hverfi ekki þótt dragist á langinn að staðfesta þá. Seðlabankinn telur einnig að afar ólíklegt sé að nafngengi krónunnar muni lækka verulega en ef það gerist þá verði það til skamms tíma. Mat Seðlabankans leiðir til þeirrar niðurstöðu að raungengið muni hækka er fram líða stundir og meiri líkur að losun hafta muni styrkja forsendur þess að krónan styrkist. Minnisblað Seðlabankans um Icesave-samningana og gjaldeyrishöft fylgir með nefndaráliti þessu.

Komið hefur fram hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og fjölda hagfræðinga sem gagnrýnt hafa gjaldeyrishöftin að líklegt sé að þau hafi í för með sér efnahagslegan kostnað sem verður því meiri sem þau vara lengur. Afnám þeirra muni því leiða til hærra jafnvægisraungengis til langs tíma litið.

Lánshæfismat og Icesave.

Seðlabankinn hefur tekið saman minnisblað um umsagnir matsfyrirtækja um áhrif Icesave-málsins á lánshæfismat Íslands á árinu 2010. Þar kemur m.a. fram að viðhorf matsfyrirtækjanna til Icesave virðist almennt vera á þann veg að þau telja mikilvægt að samningum verði lokið, ella gæti það haft neikvæð áhrif á lánshæfismat ríkissjóðs. Það er álit meiri hlutans að hagsmunir Íslands séu miklir þegar kemur að lánshæfismati og að samningar um Icesave-reikningana muni hafa jákvæð áhrif á mat fyrirtækjanna hvað það varðar og greiða um leið fyrir aðgangi að hagstæðum lánum fyrir Ísland og íslensk fyrirtæki.

Efnahagsleg áhrif.

Fjárlaganefnd fól fjórum aðilum að kanna sérstaklega hugsanleg efnahagsleg áhrif þess ef frumvarpið verður að lögum. Þessir aðilar voru IFS-greining, GAM Management, Seðlabanki Íslands og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Hagfræðistofnun hafði ekki tök á að veita fjárlaganefnd umsögn um málið en aðrir skiluðu ítarlegu áliti á framangreindum þáttum. Hér á eftir eru helstu niðurstöður reifaðar. Það er álit meiri hlutans að þrátt fyrir þá áhættuþætti sem nefndir eru í greiningum séu samningarnir ásættanlegir.

IFS-greining.

Að mati IFS-greiningar eru helstu efnahagslegu áhættuþættirnir þeir að gengi krónunnar haldist ekki stöðugt, að vöruskipti við útlönd verði neikvæð og að hagvöxtur og þar með atvinnusköpun aukist ekki á næstu árum. Í umsögn IFS-greiningar um frumvarpið er vakin athygli á þeirri óvissu sem ríkt hefur í efnahagsmálum þjóðarinnar. IFS-greining telur að þróun gengis íslensku krónunnar sé háð ákveðinni óvissu, m.a. vegna áforma um að aflétta gjaldeyrishöftum sem geti haft veruleg áhrif á greiðslur samkvæmt samningunum. Við mat á gengisáhættu bendir IFS-greining á að gengi íslensku krónunnar hafi styrkst að undanförnu sem er jákvætt fyrir samningana. Ef gengið veikist hins vegar til lengri tíma muni virði skuldbindinganna í íslenskum krónum aukast en þak er hins vegar á endurheimtum úr þrotabúi Landsbankans þannig að tryggingarsjóður mun ekki fá hærri upphæð til sín í krónum en 674 milljarða samkvæmt því sem samningarnir kveða á um. IFS-greining bendir einnig á að gengisáhætta samninganna nái ekki síður til breytinga á gengi breska pundsins en íslensku krónunnar ef ekki verður gripið til sérstakra aðgerða til að bregðast við því eins og segir í frumvarpinu að gert verði.

Í umsögn sinni dregur IFS-greining upp nokkrar sviðsmyndir af hagvexti út frá spá Hagstofu Íslands og áhrifum þess á getu þjóðarinnar til að standa undir erlendum skuldbindingum. Niðurstaða IFS-greiningar er sú að þeir samningar sem frumvarpið fjallar um séu mun hagstæðari en fyrri samningar og að ekki muni reyna á efnahagslega fyrirvara þeirra nema veruleg breyting verði til hins verra í efnahagsmálum þjóðarinnar. Nýju samningarnir breyti

ekki greiðsluhæfi ríkissjóðs að neinu marki, nema þá helst til batnaðar í gegnum óbein áhrif, svo sem betra lánshæfismat.

GAM Management.

Eins og aðrir umsagnaraðilar dregur GAM Management upp ólíkar myndir af þróun efnahagsmála, m.a. út frá þróun gengis, vöruskiptum við útlönd, heimtum í þrotabú Landsbankans og þróun vaxta og vaxtar landsframleiðslu. Helstu áhættuþættir vegna málsins að mati fyrirtækisins eru gengi íslensku krónunnar, þróun vaxta og heimtur í þrotabú Landsbanka Íslands. Einnig er vísað til þess í umsögninni að ekkert liggi enn fyrir um endanlega upphæð forgangskrafna í bú Landsbanka Íslands sem geti skipt miklu um heildarkostnað vegna málsins og því sé greining fyrirtækisins á samkomulaginu háð þeim fyrirvara. Fyrirtækið segir í umsögn sinni að Ísland þurfi að verða fyrir töluverðum skakkaföllum til viðbótar því sem þegar hefur gerst til að greiðslubyrði af Icesave-samkomulaginu verði íslenska ríkinu ofviða miðað við þær sviðsmyndir sem dregnar eru upp í umsögninni. Bent er á að greiðsluhæfi landsins hafi verið tryggt til skemmri tíma en til lengri tíma sé nauðsynlegt að afla erlends lausafjár með afgangi af utanríkisviðskiptum.

GAM Management segir í umsögn sinni að þó svo að greiðslubyrði Icesave-samkomulagsins sé nokkuð ljós til skemmri tíma þar sem eingöngu er um vaxtagreiðslur að ræða geti hún þróast til verri vegar ef gengi og heimtur í búið verði okkur óhagstætt. Af þeim sökum sé mikilvægt að horfa til lengri tíma varðandi hagvöxt og endurreisn efnahags- og atvinnulífs landsins. Greiðslur íslenska ríkisins vegna Icesave-samkomulagsins eru ekki það miklar að mati fyrirtækisins að þær raski hinu stóra samhengi og skuldaþoli í ríkisfjármálum landsins.

Seðlabanki Íslands.

Seðlabankinn, líkt og aðrir umsagnaraðilar, telur þrennt heyra til helstu áhættuþátta vegna samninganna, þ.e. þróun gengis, heimtur úr búi Landsbankans og þróun vaxta. Að mati bankans hefur styrking krónunnar tiltölulega lítil áhrif á núvirði greiðslna vegna samkomulagsins en gengislækkun umfram 10% hafi hins vegar veruleg áhrif. Seðlabankinn telur aftur á móti líklegra að raungengi íslensku krónunnar muni styrkjast á næstu árum en veikjast og að þar ráði mestu um góð efnahagsstjórn og lág verðbólga. Gengi krónunnar er nú vel undir meðalgengi fyrri ára þó svo að krónan hafi styrkst á undanförnum missirum.

Vegna samsetningar eigna í þrotabúi Landsbankans gætu innbyrðis breytingar á gjaldmiðlum haft töluverð áhrif á greiðslur vegna samkomulagsins. Þar ræður miklu um hver verðbólga í Bretlandi og Hollandi verður en allar spár benda til þess að lítil hætta sé á að krossgengi evru og punds verði á næstu árum sem rekja mætti til verulegrar verðbólgu í löndunum tveimur. Seðlabanki Íslands vill bregðast við þeirri hættu sem af þessu kann að stafa, m.a. með því að haga samsetningu skulda og erlendum lántökum ríkissjóðs með þeim hætti að dregið verði eins og mögulegt er úr gengisáhættu ríkissjóðs.

Að mati Seðlabanka Íslands er ljóst að nýir Icesave-samningar eru töluvert hagstæðari en fyrri samningar. Núvirði skuldbindingar íslenska ríkisins vegna samkomulagsins er að mati bankans um 69 milljarðar kr. eða sem nemur 4,3% af áætlaðri landsframleiðslu ársins 2010. Þrátt fyrir að hér sé um miklar fjárhæðir að ræða og óvissa nokkur um framtíðina er það mat bankans að væntanlega muni margt vinnast með samkomulaginu, ekki síst bætt aðgengi að alþjóðlegum fjármálamarkaði og hraðari endurreisn atvinnulífsins. Að því viðbættu að niðurstaða EFTA-dómstólsins í hugsanlegum málaferlum vegna Icesave-deilunnar gæti orðið Íslandi í óhag telur Seðlabanki Íslands sterk rök hníga til þess að leysa beri deiluna um uppgjör Icesave-reikninga Landsbanka Íslands með þeim hætti sem nú er lagt til að gert verði.

Greiðsla til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Á fundum fjárlaganefndar var rætt um að eðlilegt gæti talist að fjármálafyrirtæki bæru allan þann kostnað sem af samningunum kynni að hljótast. Í því sambandi vísaði fjárlaganefnd því til viðskiptanefndar og efnahags- og skattanefndar að þær tækju til skoðunar hvort og þá hvernig því verði við komið að íslensk fjármálafyrirtæki beri þann kostnað sem annars hefði fallið á ríkissjóð vegna málsins. Munu nefndirnar kanna þetta sérstaklega, m.a. í tengslum við umfjöllun um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sbr. þingskjal 268, 237. mál. Það er álit meiri hlutans að þessari skoðun þurfi ekki að vera lokið áður en frumvarpið sem hér er til umræðu verður að lögum þar sem um er að ræða mál sem ekki snertir samskipti við Breta og Hollendinga eða efni frumvarpsins að öðru leyti.

Breytingartillaga.

Ekki var gert ráð fyrir áhrifum af þessum samningum í fjárreiðum ríkisins í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 enda hefur Alþingi á þessu stigi ekki afgreitt frumvarp til laga um staðfestingu samninganna sem hér eru til umfjöllunar. Verði frumvarpið lögfest er því talið nauðsynlegt að í því verði veitt sérstök heimild frá Alþingi vegna þessara greiðslna á árinu 2011 þar sem fjáraukalög ársins eru alla jafna ekki afgreidd fyrr en í desember. Í fjárlögum áranna 2012–2016 þyrfti síðan að gera ráð fyrir framlögum til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna þessara skuldbindinga. Talið er heppilegasta fyrirkomulagið að þessarar heimildar vegna greiðslna á árinu 2011 verði aflað með sérstöku ákvæði í þessu frumvarpi til staðfestingar á samningunum sem hér eru til umfjöllunar en það verði síðan staðfest með fjárheimild í fjáraukalögum ársins. Í þessu sambandi er einnig vakin athygli á grein 7.1 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2011, um heimildir fjármálaráðherra, sem er svohljóðandi: „Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2011 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.“

Meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að inna af hendi greiðslur úr ríkissjóði til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á árinu 2011, allt að 26,1 milljarði kr., vegna vaxtagjalda af skuldbindingum sem kveðið er á um í samningunum fyrir árin 2009 til 2011 og vegna endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á kostnaði við greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og verði samsvarandi heimild í fjáraukalögum fyrir árið 2011.

Alþingi, 26. jan. 2011.

Oddný G. Harðardóttir, form., frsm.	Björn Valur Gíslason.	Árni Þór Sigurðsson.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Þuríður Backman.	Björgvin G. Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

Álitsgerð um drög að samkomulagi um svonefnda Icesave-reikninga í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi.

(7. janúar 2011.)

Með tölvubréfi 22. desember 2010 fól fjárlaganefnd Alþingis okkur undirrituðum að skila áliti um drög að samkomulagi um svonefnda Icesave-reikninga í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi. Til meðferðar hjá fjárlaganefnd er lagafrumvarp um heimild fyrir fjármálaráðherra til að staðfesta samninga um ábyrgð á endurgreiðslu til breska og hollenska ríkisins vegna Icesave-reikninga (þskj. 546 – 388. mál).

Aðdraganda og efni þeirra samningsdraga sem fjallað er um hér er ítarlega lýst í framangreindu frumvarpi og í fylgiskjali III með frumvarpinu sem ber heitið „Skýringar við samninga Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og íslenska ríkisins annars vegar og Hollands og Bretlands hins vegar.“ Í erindi fjárlaganefndar er þess farið á leit að við fjöllum um tiltekin atriði sem sett eru fram í stafliðum A–H. Hér á eftir fer umfjöllun okkar um þessi álitaefni.

A. Hvað tæki við ef samkomulag um Icesave verður ekki staðfest?

Ef deilu vegna Icesave-reikninga í útibúum Landsbanka Íslands hf. verður ekki lokið með samkomulagi eru eftirfarandi viðbrögð fyrirsjáanleg:

1. Bretar og Hollendingar munu mögulega hefja málsókn og halda því meðal annars fram að ríkisstjórn eða ráðherrar hafi gefið bindandi yfirlýsingar um að greiða fjárhæðir sem þeir innleystu. Þessi málsókn yrði sennilega einnig reist á því að íslenska ríkið hefði meðal annars bakað sér skaðabótaskyldu vegna yfirlýsinga ráðherra og sökum þess að íslenska ríkið hafi ekki fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt tilskipun nr. 94/14/EB um innlánatryggingakerfi og beitt innstæðueigendum á reikningum Landsbanka Íslands í Bretlandi og Hollandi ólögmætri mismunun. Mál þetta yrði væntanlega höfðað hér á landi en þó er ekki útilokað að málið yrði höfðað fyrir erlendum dómstól. Í máli af þessu tagi kynni að reyna á EES-reglur og því er hugsanlegt að viðkomandi dómstóll óskaði eftir ráðgefandi áliti frá EFTA-dómstólnum (eða eftir atvikum forúrskurði frá dómstól Evrópusambandsins). Bretar og Hollendingar myndu að öllum líkindum miða við alla þá fjárhæð sem þeir innleystu en ekki einungis við rúmlega 20.000 evrur á hvern innistæðueiganda.
2. ESA mun að öllum líkindum fara af stað með samningsbrotamál gegn Íslandi út af Icesave-deilunni. Stofnunin hefur þegar gert grein fyrir viðhorfi sínu í áminningarbréfi, dags. 26. maí 2010, og reikna má með að hún muni innan tíðar skila rökstuddu áliti. Ef Ísland verður ekki við því áliti má gera ráð fyrir að ESA muni reka mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi vegna ætlaðs brots á EES-samningnum. Þó er hugsanlegt er að ESA haldi að sér höndum ef Bretar og/eða Hollendingar höfða einkamál af þessu tilefni gegn íslenska ríkinu áður en ESA höfðar samningsbrotamál.
3. Líklegt er að Bretar og Hollendingar (og jafnvel aðrar þjóðir) muni halda uppi a.m.k. svipuðu andófi gegn Íslandi og íslenskum hagsmunum og hingað til ef samkomulag verður ekki staðfest. Það hefur birst í andstöðu þeirra við lánveitingar og aðra fyrirgreiðslu, t.d. hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Evrópska framkvæmdabankanum og

fleiri aðilum. Óljóst er hversu umfangsmiklar slíkar aðgerðir geta orðið eða hve lengi þær munu standi. Þetta gæti valdið Íslandi tjóni en hér verður ekki reynt að leggja mat á eðli eða umfang þess.

Þótt það feli ekki í sér svar við fyrrgreindri spurningu ber að hafa í huga að mál af öðrum toga eru rekin fyrir dómstólum hér á landi sem snerta stjórnskipulegt gildi neyðarlaganna, laga nr. 125/2008, auk þess sem í málunum mun reyna á samrýmanleika þeirra við EES-samninginn. Þessi mál munu halda áfram án tillits til þess hvort deilunni um Icesave verður lokið með þeim drögum að samkomulagi sem nú liggja fyrir. Eftir atvikum verður undir rekstri þessara mála aflað ráðgefandi álits frá EFTA-dómstólnum. Þá verður ekki talið útilokað að lánardrottnar gömlu bankana muni reyna að skapa sér varnarþing erlendis, t.d. með kyrrsetningum eða að reyna muni á neyðarlögin fyrir erlendum dómstólum með öðrum hætti, t.d í máli um skuldajöfnuð krafna samkvæmt samningi, sem mælir fyrir um lögsögu tiltekins ríkis. Með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með síðari breytingum (einkum breytingum með lögum nr. 130/2010 og lögum nr. 132/2010, sem tóku gildi 16. nóvember 2010), teljum við þó litlar líkur á að það muni takast. Í XII. kafla laga nr. 161/2002 er meðal annars mælt fyrir um slit fjármálafyrirtækja, og innleiða lögin tilskipun 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana sem skipar málum þannig að heimaríki hafi lögsögu og að slit lánastofnana fari í öllum meginatriðum að lögum heimaríkis, sbr. einkum 9. og 10. gr. tilskipunarinnar. Þótt undantekningar séu gerðar frá þeirri meginreglu að lög heimaríkis gildi í 20.-27. gr. tilskipunarinnar, sbr. sambærileg ákvæði 99. gr. laga nr. 161/2002, teljum við að lög og lögsaga annars ríkis taki fyrst og fremst til þess að skera úr réttarágreiningi um efnisinntak þeirra réttinda sem þar er fjallað um (s.s. varðandi tiltekin eignaréttindi) en ágreiningur um úthlutun úr búi fjármálafyrirtækis falli eftir sem áður undir íslenska lögsögu. Við teljum einnig síður líklegt að neyðarlögunum verði hnekkt, svo sem nánar verður rætt undir staflið E. Þetta álit okkar er meðal annars byggt á niðurstöðu Lagastofnunar Háskóla Íslands frá 14. nóvember 2008, auk þess sem höfð er hliðsjón af sömu niðurstöðu ESA frá 15. desember 2010 að því er varðar breytingar á forgangsröð krafna, þannig að innistæður teljist forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum við slit fjármálafyrirtækja.[1] Í þeim efnum ber þó að athuga að ESA taldi sig ekki hafa nægar upplýsingar til að taka ákvörðun um öll atriði þeirra kvartana sem stofnuninni höfðu verið sendar í kjölfar bankahrunsins og neyðarlaganna. Álitaefni um hvort íslenska ríkið hafi fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt fyrrgreindri tilskipun um slit lánastofnana að því er varðar hina föllnu banka bíður þannig ákvörðunar ESA í sérstöku máli. Að okkar mati getur þetta atriði þó ekki haft teljandi áhrif hér.

ESA komst að þeirri niðurstöðu í úrlausn sinni frá 15. desember 2010 að innistæðueigendur annars vegar og almennir kröfuhafar hins vegar væru ekki í sambærilegri stöðu og því hefðu úrræði íslenskra stjórnvalda, meðal annars að tryggja forgang innistæðna við slit fjármálafyrirtækja, umfram almennar kröfur, ekki falið í sér mismunun eða hindrun sem bryti gegn 40. gr. EES-samningsins (um frjálsa fjármagnsflutninga) né heldur 16. gr. tilskipunar

[1] Sjá 11. og 12. forsendu í niðurstöðu ESA frá 15. desember 2010.

2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana.[2] ESA tók ekki afstöðu til þess hvort ólögmæt mismunun hefði átt sér stað milli innlendra og erlendra innistæðueigenda, en í niðurstöðu sinni frá 26. maí 2010 taldi ESA að íslenska ríkið hefði brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi, einkum 3., 4., 7. og 10. gr. og/eða 4. gr. EES-samningsins (bann við mismunun) að því er varðar lágmarkstryggingu innistæðna að fjárhæð rúmlega 20.000 evrur.

B. Hvert er mat á dómstólaleiðinni, kostir og gallar?

Hér er lagt til grundvallar að með spurningunni sé átt við kosti þess og galla að semja ekki við Breta og Hollendinga en þess í stað treysta á að íslenska ríkið verði ekki talið greiðsluskylt að réttum lögum og að það verði staðfest af dómstólum.

Dómstólaleiðin tryggir lögfræðilega rétta niðurstöðu. Ekki ætti að skipta máli hvort þar er um að ræða íslenskan eða alþjóðlegan dómstól (t.d. EFTA-dómstólinn). Í þeim efnum verður að gera ráð fyrir að íslenska ríkið gæti tapað málum eins og þeim sem lýst er í staflið A. Þau sem að áliti þessu standa eru ekki á einu máli um líklega niðurstöðu af dómstólaleiðinni. Í samanburði við samningsdrög þau sem liggja fyrir má draga fram eftirfarandi möguleika:

1. *Kröfur Breta og Hollendinga teknar til greina að öllu leyti.* Ef kröfur Breta og Hollendinga um endurgreiðslu á öllum kröfum innistæðueigenda yrðu teknar til greina, ásamt áföllnum vöxtum og vöxtum á endurgreiðslukröfur (frá október 2008) til greiðsludags eru samningsdrögin mun hagstæðari íslenska ríkinu, enda eru samningsdrögin miðuð við greiðslu rúmlega 20.000 evra fyrir hvern innistæðueiganda, auk vaxta til 22. apríl 2009, í stað heildarinneignar hvers innistæðueiganda. Auk þess reiknast vextir á endurgreiðslufjárhæðina samkvæmt samningsdrögunum. Ólíklegt verður að telja að dómur um fulla endurgreiðslu gangi, þrátt fyrir að röksemdir um að yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda um fulla tryggingu innlenndra innistæðna feli í sér mismunun á grundvelli þjóðernis, hafi þar nokkuð vægi. Miðað við þær heimildir sem fyrir hendi eru, einkum áminningarbréf ESA frá 26. maí 2010, og heimildir Evrópuréttar sem þar er vísað til, verður að ætla að lagaleg afmörkun álitaefnisins miðist fyrst og fremst við þær skyldur sem leiða má af tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi, þ.e. greiðslu á rúmlega 20.000 evrum. Telja verður að erfitt geti verið að ná fram dómi um ábyrgð íslenska ríkisins á innistæðum umfram þá fjárhæð gagnvart erlendum innistæðueigendum, á grundvelli almenna ákvæðisins í 4. gr. EES-samningsins sem bannar mismunun. Það verður hins vegar að taka fram að ESA hefur ekki skorið úr um þetta álitaefni, hvorki í áminningarbréfinu, né í úrlausn sinni frá 15. desember 2010 (sbr. hér að framan).Við teljum þó ekki hægt að útiloka að dómur um fulla endurgreiðslu gengi Bretlandi og Hollandi í vil.
2. *Kröfur Breta og Hollendinga teknar til greina að því er varðar lágmarksinnistæðutryggingu hvers innistæðueiganda,* rúmlega 20.000 evrur auk vaxta.

[2] Sjá forsendur 65, 69 og 108 í niðurstöðu ESA frá 15. desember 2010.

Þessi niðurstaða er svipuð þeim forsendum sem gengið er út frá í samningsdrögunum. Þau rök sem styðja þessa niðurstöðu eru þau sem ESA hefur byggt áminningarbréf sitt á til íslenska ríkisins og framkvæmdastjórn ESB hefur tekið undir.[3] Þessi niðurstaða er möguleg. Við breytingar á tilskipun 94/19/EB með tilskipun 2009/14/EB voru reglur um innistæðutryggingar hertar, frestir styttir, skerpt á orðalagi um ábyrgð aðildarríkja og lágmark innistæðutryggingar hækkað í 50.000 evrur miðað við 30. júní 2009. Með nýlegum tillögum að frekari breytingum er gert ráð fyrir frekari hækkun lágmarkstryggingar í 100.000 evrur. Af þessum breytingum, sem og umfjöllun um málið, má ráða að samstaða sé með aðildarríkjum um nauðsyn lágmarksinnistæðutryggingar. Líklegt er að ríkisstjórnir ESB-ríkja myndu styðja málatilbúnað ESA og framkvæmdastjórnarinnar fyrir EFTA-dómstólnum.

3. *Kröfur Breta og Hollendinga ekki teknar til greina.* Slík niðurstaða myndi byggjast á þeim rökum annars vegar að tilskipun 94/19/EB leggi ekki skyldu á ríki að ábyrgjast lágmarksinnistæðutryggingu og að bótaskylda íslenska ríkisins sé heldur ekki fyrir hendi. Dómsúrlausn um þessi atriði liggur ekki fyrir, hvorki frá innlendum dómstólum, EFTA-dómstólnum, né dómstóli ESB. Þessi niðurstaða telst einnig möguleg.

Um samningsbrotamál gegn íslenska ríkinu er fjallað í staflið C.

Af framangreindu leiðir að kostirnir við að halda málaferlum til streitu eru helstir þeir að við það fæst lögfræðileg úrlausn sem hugsanlega hefði þau áhrif að íslenska ríkið þyrfti ekki að greiða. Ókostirnir eru aftur á móti þeir að málið gæti tapast sem myndi að öllum líkindum setja Ísland í verri samningsstöðu en nú er fyrir hendi og gæti leitt til óhagstæðari niðurstöðu. Hér verður einnig að gæta þess að dómsmál geta dregist á langinn með samsvarandi óvissu og tjóni fyrir alla aðila. Verður þá einnig að hafa í huga að þetta getur haft áhif á vinsamleg samskipti við þjóðir sem hlut eiga að máli.

C. Ef samningar takast ekki og gert er ráð fyrir að samningsbrotamál ESA myndi halda áfram og ganga til EFTA-dómstólsins, hver myndi vera líkleg niðurstaða EFTA-dómstólsins? Að því gefnu að þar gangi áfellisdómur, hver myndu vera líkleg lagaleg og pólitísk áhrif þess?

ESA hefur komist að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu í fyrrgreindu áminningarbréfi, dags. 26. maí 2010, að Íslandi sé skylt að greiða rúmlega 20.000 evrur til hvers innistæðueiganda. Þetta er bæði talið stafa af orðalagi tilskipunarinnar 94/19/EB um innlánatryggingakerfi og af því að Ísland hafi beitt innistæðueigendur útibúanna ólögmætri mismunun að því er þessa fjárhæð varðar við yfirtöku gömlu bankanna við gildistöku neyðarlaganna. Íslenska ríkið hefur enn ekki skilað greinargerð í þessum málum til að andmæla niðurstöðu ESA en reikna má með að það verði gert ef málinu verður ekki lokið með samkomulagi. Tekið skal fram að íslenska

[3] Sjá meðal annars bréf Michel Barnier, sem á sæti í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, til fjármálaráðherra Íslands dags. 17.08.2010.

ríkið hefur komið á framfæri þeim röksemdum sem nefndar eru í staflið B 3 og hefur ESA tekið neikvæða afstöðu til þeirra röksemda.

Við höfum farið yfir gögn málsins að því marki sem þau eru aðgengileg, en skiptar skoðanir eru meðal okkar um hver yrði líkleg dómniðurstaða í slíku máli. Sum okkar telja að talsverðar líkur séu á að slíkt mál vinnist en aðrir telja að þær líkur séu að sama skapi litlar. Við öll teljum þó að ekki verði útilokað að Íslandi verði dæmt áfall í slíku máli.

Áfellisdómur á hendur Íslandi felur í sér viðurkenningu á því að Ísland hafi brotið skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum. Slíkum dómi veður ekki áfrýjað en hann er bindandi fyrir Ísland að þjóðarétti. Aftur á móti er dómur af þessu tagi ekki aðfararhæfur, hvorki eftir efni sínu né að þjóðarrétti. Allar líkur eru hins vegar á að hann verði lagður til grundvallar, að því marki sem hann telst bindandi, í öðrum dómsmálum sem rekin kunna að verða hér á landi, svo sem nánar er rætt undir staflið D.

Við teljum að pólitísk áhrif áfellisdóms af þessu tagi kunni að verða nokkur Íslandi í óhag. Er sú ályktun byggð á fyrri reynslu um tilraunir til að setja þrýsting á Ísland til að greiða Icesave-kröfur. Hins vegar treystum við okkur ekki til að segja fyrir um hver þau verði nánar tiltekið eða hve lengi þau munu standa, t.d. varðandi aðgang að mörkuðum eða með hliðsjón af viðbrögðum annarra pólitískra stofnana innan Evrópska efnahagssvæðisins.

D. Dómar EFTA-dómstólsins eru ekki aðfararhæfir. Bregðist stjórnvöld ekki við þeim verður að ætla að Bretar og Hollendingar gætu stefnt kröfum sínum fyrir íslenska dómstóla. Hvernig yrði kröfum Breta og Hollendinga komið fyrir íslenska dómstóla og hver yrðu talin líkleg úrslit í slíku máli? Hver eru líkleg lagaleg og pólitísk áhrif áfellisdóms í slíku máli?

Gangi áfellisdómur á hendur Íslandi í samningsbrotamáli fyrir EFTA-dómstólnum mun sá dómur að öllum líkindum ganga út á dómsviðurkenningu fyrir því að Ísland hafi brotið skyldur sínar með því að ábyrgjast ekki greiðslu á rúmlega 20.000 evrum gagnvart hverjum innistæðueiganda eða með því að innleiða ekki réttilega fyrrgreinda tilskipun um innlánatryggingakerfi. Ósennilegt verður að telja að dómurinn mæli fyrir um til hvaða ráðstafana Ísland skuli grípa í því skyni að fullnægja skyldum sínum en það getur þó ráðist af kröfugerð sóknaraðila í málinu. Sem áður segir verður aðfararhæfur dómur ekki kveðinn upp, enda engin heimild fyrir því. Samkvæmt 33. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls skulu EFTA-ríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja dómum EFTA-dómstólsins. Á hinn bóginn eru engin úrræði að þjóðarétti til að knýja fram þá skyldu og EFTA-dómstóllinn hefur heldur ekki heimild til að mæla fyrir um greiðslu sekta vegna samningsbrota.

Í samræmi við ofanritað yrði Ísland að gengnum áfellisdómi í samningsbrotamáli að skilgreina skyldur sínar en ekki er sjálfgefið að þær séu augljósar í öllum atriðum, svo sem um vexti, kostnað og önnur greiðslukjör. Þó blasir við sú aðalskylda að greiða rúmlega 20.000 evrur fyrir hvern innistæðueiganda strax eða fljótlega. Í þessu tilviki yrði að semja við Breta

og Hollendinga á ný um uppgjörið og skilmála þess. Náist ekki slíkt samkomulag yrðu þessi ríki að höfða mál um kröfur sínar fyrir íslenskum dómstól til að afmarka skyldurnar endanlega og afla aðfararheimildar á hendur íslenska ríkinu. Í slíku máli myndu íslenskir dómstólar væntanlega leggja til grundvallar úrslit EFTA-dómstólsins í samningsbrotamálinu svo langt sem hann nær. Að öðru leyti kæmi í hlut dómstóla hér á landi að kveða á um endanlega niðurstöðu, þar með talið þá fjárhæð sem standa yrði skil á og greiðslukjör. Hugsanlegt er að dómstólar leituðu ráðgefandi álits EFTA-dómstóls um einhver álitamál sem gætu risið í slíkum málaferlum og snertu EES-reglur.

Útilokað er að segja með óyggjandi hætti fyrir um líklega niðurstöðu í málaferlum af þessu tagi ef til þeirra kemur. Sem endranær myndu úrslitin ráðast að öllu verulegu leyti af því hvernig málatilbúnaði yrði háttað af hálfu beggja aðila. Eins og áður segir munu þó íslenskir dómstólar væntalega leggja til grundvallar niðurstöðu EFTA-dómstólsins í samningsbrotamáli svo langt sem hún nær.

Líkleg lagaleg áhrif áfellisdóms í slíku máli eru þau að hann er bindandi fyrir aðila málsins og aðfararhæfur eftir því sem efni hans stendur til. Reynt getur á málskot eftir almennum reglum. Við sjáum okkur ekki fært að segja fyrir um pólitísk áhrif áfellisdóms í slíku máli þar sem slík áhrif fara meðal annars eftir kröfugerð og úrslitum máls miðað við hana. Auk þess mun langur tími líða þar til endanlegur dómur af þessu tagi getur legið fyrir og pólitísk staða í framtíðinni af þeim sökum óviss.

Þá verður ekki útilokað að ríkin sem hér eigi í hlut kjósi að beita öðrum aðgerðum gegn Íslandi en að reka mál hér á landi eða annars staðar um kröfur sínar. Er einnig viðbúið að önnur ríki væru reiðubúin til að veita ríkjunum einhvern atbeina í þeim efnum. Jafnframt er hugsanlegt að ágreiningur um fullnustu af Íslands hálfu í kjölfar áfellisdóms í samningsbrotamáli gæti leitt til uppsagnar á EES-samningnum eða einhverjum hluta hans gagnvart Íslandi. Einnig væri mögulegt að þessum aðgerðum yrði beint að öllum EFTA-ríkjunum til að skapa aukinn þrýsting.

E. Áhætta vegna neyðarlaga og hvaða máli skiptir nýleg ákvörðun ESA varðandi þau?

Það er grundvallaratriði í samkomulagi um Icesave að neyðarlögin haldi og sá forgangur innistæðueigenda fram yfir almennar kröfur sem þar er kveðið á um. ESA hefur fjallað um málið og komist að þeirri niðurstöðu að með þessari ákvörðun hafi Ísland ekki brotið EES-samninginn. Eins og fyrr segir teljum við ólíklegt að neyðarlögunum verði hnekkt að þessu leyti. Það álit er eins og fyrr segir meðal annars byggt á niðurstöðu Lagastofnunar Háskóla Íslands frá 14. nóvember 2008, auk þess sem höfð er hliðsjón af sambærilegri niðurstöðu ESA frá 15. desember 2010. Sjá nánar umfjöllun í staflið A.

Noregur og Lichtenstein gætu höfðað slíkt mál en telja verður með ólíkindum að til þess komi. Aðrir aðilar að EES-samningnum, t.d. Bretar eða Hollendingar, geta hins vegar ekki

höfðað mál af þessu tagi. Það er skoðun okkar að minni líkur en meiri séu á því að samningsbrotamál á þessum grundvelli verði höfðað.

Hins vegar bindur ákvörðun ESA ekki hendur þeirra einstaklinga eða fyrirtækja sem ákvæði neyðarlaganna kunna að snerta. Vitað er að hér á landi er rekinn mikill fjöldi dómsmála þar sem reyna mun á hvort umrætt ákvæði neyðarlaganna um forgang innistæðueigenda fram yfir almennar kröfur standist ákvæði stjórnarskrár og EES-samningsins. Þetta álitaefni mun því verða metið og dæmt af íslenskum dómstólum. Íslenskir dómstólar geta eftir atvikum óskað eftir því við EFTA-dómstólinn að hann láti í té ráðgefandi álit í slíku tilviki um hvort ákvæði laganna að þessu leyti fái samrýmst skuldbindingum samkvæmt EES-samningnum. Samkvæmt upplýsingum sem við höfum aflað frá slitastjórnum Kaupþings, Landsbankans og Glitnis hefur enginn aðili óskað eftir því að aflað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í þeim málum sem rekin eru gegn slitastjórnunum fyrir dómstólum hér á landi. Án tillits til þess hvort slíks álits verður leitað mun ítarlega rökstudd ákvörðun ESA vafalaust verða lögð fram fyrir dómstólnum svo og aðrar athugasemdir og skjöl sem þýðingu hafa. Það er hins vegar ekkert unnt að fullyrða hvort niðurstaða ESA muni hafi sérstaka þýðingu. Þetta mun velta á þeim lögfræðilegu rökum sem fram koma og byggt verður á. Eins og áður segir hefur Lagastofnun Háskóla Íslands fjallað um þetta álitaefni og komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ákvæði neyðarlaga stæðist ákvæði stjórnarskrárinnar.

Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að máli af þessu tagi verði ekki vísað til EFTA-dómstólsins til ráðgefandi álits. Það er á forræði íslenskra dómstóla hvort leitað verði álits og fer eftir mati þeirra á þörf fyrir slíkt álit.

Eftir að hafa kynnt okkur umrædd álit og þau lögfræðilegu rök sem þar koma fram er það skoðun okkar að hættan á því að neyðarlögunum verði hnekkt sé ekki mjög mikil en þó fyrir hendi. Þannig er ekki hægt að útiloka eða líta framhjá þeirri áhættu.

F. 40. gr. stjórnarskrárinnar og heimildir til að semja á þann hátt sem fyrir liggur.

H. Ríkisábyrgð, greiðsluskylda. Að teknu tilliti til skýrslu rannsóknanefndar Alþingis er þess óskað að fjallað verði um heimildir Alþingis samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar til þess að veita ríkisábyrgð á þeim skuldbindingum og greiðslum sem drög að samkomulaginu kveður á um.

Hér eru teknar saman þær spuningar sem fram koma í f. og h. liðum. Með spurningunum er leitað eftir svari við því hvort það standist stjórnarskrá að skuldbinda ríkissjóð með þeim hætti sem gert er í samningsdrögunum við Breta og Hollendinga.

Í 40. gr. stjórnarskrárinnar er meðal annars svo mælt að ekki megi taka lán er skuldbindi ríkið nema með *lagaheimild*. Enginn vafi er á því að ákvæðið nær til ríkisábyrgðar slíkrar sem hér er fyrirhuguð. Með þessu er verið að tryggja forræði Alþingis og þá óbeint þjóðarinnar á því hverjar kvaðir íslenska ríkið megi gangast undir.

En hvað merkir þá lagaheimild í þessu samhengi? Um það virðist vera samstaða að ein meginkrafa sem gera verði til reglu, svo að hún geti talist lagaregla, sé að hún sé skýr og

afdráttarlaus, þannig að hún taki á því álitaefni sem henni er ætlað. Oft kann að leika vafi á hvort slíkri kröfu sé fullnægt. Löggjafanum ber þó að stefna að þessu marki en dómstólar taka þá við ef regla tekur ekki á málum með þessum hætti. Ef skuldbindingar eru óljósar og ófyrirsjáanlegar, meðal annars vegna þess að ýmis síðari atvik, sem eru engan veginn fjarlæg, geta valdið því að þær muni reynast mun þungbærari en reiknað var með eða jafnvel óyfirstíganlegar með öllu, má með réttu halda því fram að reynt geti á umrætt atriði. Svipað á við um fjárveitingarvaldið. Samkvæmt 41. gr. stjórnarskrárinnar má ekkert gjald greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Við höfum farið yfir þær áhættur fyrir ríkissjóð sem felast í hinu nýja samningsuppkasti en þær eru helst þessar:

- Hvort neyðarlögin standist.
- Þróun á gengi gjaldmiðla.
- Hvað fæst upp í kröfur úr búi gamla Landsbankans.

Sem fyrr segir er það grundvallaratriði í samkomulagi um Icesave að neyðarlögin haldi og sá forgangur innistæðueigenda sem þar er kveðið á um. Afleiðingarnar yrðu mjög alvarlegar ef þeim yrði hnekkt að þessu leyti sökum þess að eignum gamla Landsbankans yrði ráðstafað upp í allar almennar kröfur á hendur bankanum.

Eins og rökstutt var í staflið E teljum við að mál hafi þróast þannig að fremur litlar líkur séu á því að neyðarlögin verði felld úr gildi með dómi þó það sé ekki útilokað. Á það bæði við um innlenda og erlenda dómstóla. Við mat á stjórnskipulegu gildi umrædds lagafrumvarps teljum við einnig rétt að litið verði til þess óhagræðis og tjóns sem leiða mun af því að ganga ekki til samninga og þeirrar áhættu sem fólgin er í því að Ísland bíði lægri hlut í samningsbrotamáli vegna Icesave. Loks teljum við að löggjafinn hafi svigrúm til að meta hvernig hann hagar ábyrgðarskuldbindingum sínum í einstökum atriðum með hliðsjón af mikilvægi þess málefnis sem fyrir liggur.

Ef litið er til gengisáhættunnar gildir það sama í þessu tilliti. Í frumvarpinu er gengið út frá tilteknum forsendum um gengisþróun sem taldar eru líklegar. Afleiðingar af frávikum frá þessu eru almennt ekki jafn alvarlegar eins og ef neyðarlögunum yrði hnekkt auk þess sem gera má ráðstafanir til að minnka þá áhættu.

Við mat á drögum að samkomulaginu um Icesave er þess einnig að gæta að gert er ráð fyrir því að leyst verði úr ágreiningi um hvort endurkrafa Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta gangi við úthlutun úr búi gamla Landsbankans framar kröfum breska og hollenska ríkisins vegna innstæðna sem þau hafa greitt innstæðueigendum á Icesave-reikningum umfram rúmlega 20.000 evrur og síðan leyst til sín. Úr þessu ágreiningsefni verður leyst fyrir íslenskum dómstólum, væntanlega að fengnu ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins. Án þess að það verði rætt ítarlega telur meir hluti okkar talsverða möguleika á því að endurkrafa Tryggingasjóðsins vegna fyrstu rúmlega 20.000 evra innistæðu hvers reikningseiganda gangi framar við úthlutun en við það munu kröfur á hendur Tryggingasjóðnum greiðast á undan

kröfum Breta og Hollendinga af eignum bankans. Í því tilviki ætti höfuðstóllinn að greiðast að fullu af eignum bankans á skemmri tíma með samsvarandi lækun vaxtagreiðslna. Ef þetta yrði niðurstaðan yrði gengisáhættan hverfandi.

Áhætta er jafnframt fólgin í því að eignir í búi gamla Landsbankans kunni að reynast minni en áætlað er. Með svipuðum hætti kann einnig að vera að forgangskröfur á hendur Landsbankanum kunni að reynast eitthvað meiri en reiknað er með. Í báðum tilvikum getur orðið minna til greiðslu skulda vegna Icesave-reikninga úr búi Landsbankans en nú er gert ráð fyrir.

Við mat á umræddum áhættum ber ennfremur að hafa í huga þá efnahagslegu fyrirvara sem samningsuppkastið gerir ráð fyrir ef mál kynnu að fara á versta veg. Þar er annars vegar gert ráð fyrir 5% af heildartekjum ríkisins og hins vegar 1,3% af vergri þjóðarframleiðslu og ræður hærri upphæðin. Hámarksendurgreiðslutími er 30 ár frá árinu 2016. Fyrirvarar þessir eru gagnlegir til að átta sig betur á þeim skuldbindingum sem fyrirhugað er að leggja á íslenska ríkið. Í sömu átt virka endurskoðuð vanefndarúrræði frá fyrri samningum, sem fjallað er um hér á eftir í staflið G. Aftur á móti er ekki mikið lögfræðilegt hald í þeim endurskoðunarákvæðum sem samningsuppkastið hefur að geyma.

Af mati okkar á áhættum samningsins verður sú ályktun einnig dregin að ekki séu þær líkur á að til þess komi að gengið verði að eignum íslenska ríkisins til fullnustu greiðslna samkvæmt samningunum að reynt geti að því leyti á álitaefni sem falla undir 40. gr. stjórnarskrárinnar. Verður þar einnig að líta til þess að í samningsdrögunum hefur verið fallist á sjónarmið íslenska ríkisins um að aldrei verði gengið að tilteknum fasteignum eða umráðarétti yfir náttúruauðlindum

Við höfum metið öll þessi atriði og komist að þeirri niðurstöðu að fyrirliggjandi frumvarp brjóti ekki gegn 40. gr. stjórnarskrárinnar né öðrum ákvæðum hennar verði frumvarpið að lögum. Hins vegar felur umrætt ákvæði stjórnarskrárinnnar það í sér að setja þarf lög um þá ríkisábyrgð sem hér er fyrirhuguð eins og gert er ráð fyrir.

G. Gjaldfellingar- og vanefndaúrræði í drögum að samkomulagi um Icesave

Við höfum borið saman vanefndaákvæði í drögum að fyrirliggjandi samkomulagi um Icesave og hliðstæð ákvæði í fyrri samningum um sama efni. Þau ákvæði fyrri samninga höfðu greinilega þann blæ að vera samin einhliða með hliðsjón af hagsmunum Bretlands og Hollands. Að sama skapi voru þessi ákvæði mjög íþyngjandi í garð Íslands. Hér má í dæmaskyni nefna að óverulegur greiðsludráttur gat haft þau áhrif að miklar fjárskuldbindingar yrðu gjaldfelldar á hendur Íslandi. Ákvæði í fyrirliggjandi drögum eru hins vegar mun sanngjarnari og eðlilegri og taka betur mið af hagsmunum beggja samningsaðila. Um þetta er rækilega fjallað í greinargerð með frumvarpinu og er vísað til þess án þess að það verði tíundað frekar hér.

Við gerum ekki athugasemdir við þessi ákvæði í samningsdrögunum.

NIÐURLAG

Það er álit okkar að meta verði kosti og galla við það að ganga til samninga á grundvelli umrædds samningsuppkasts annars vegar með hliðsjón af skilmálum þess og þeirri áhættu sem fólgin er í samkomulaginu og hins vegar með hliðsjón af þeirri áhættu og óhagræði sem leiðir af því að ganga ekki til samninga.

Samningsuppkast það sem nú liggur fyrir felur í sér verulega endurbót frá fyrri samningsdrögum bæði að því er varðar fjárhæðir sem koma til greiðslu og ýmsa aðra skilmála. Hér er þó ekki ástæða til að tíunda þetta frekar. Fyrrgreind áhætta og óhagræði annars vegar við að halda málaferlum áfram og hins vegar við ganga til samninga hafa verið skilgreindar hér að framan eftir því sem kostur er. Sanngirnismat og siðferðilegar skyldur í samskiptum siðmenntaðra ríkja kunna einnig að ráða einhverju um ferðina þegar endanleg afstaða er tekin til þess samningsuppkasts sem nú liggur fyrir. Eins og áður er bent á teljum við að ákvæði stjórnarskrárinnar séu því ekki til fyrirstöðu að ganga til samninga á forsendum samningsuppkastsins. Rétt er að taka fram að versta niðurstaða af samningnum er sú að hann getur leitt til mikilla skuldbindinga fyrir íslenska ríkið um mörg ókomin ár. Áður er að því vikið að ólíklegt er að til þess komi. Með svipuðum hætti er besta niðurstaðan sú að íslenska ríkið þurfi aðeins að greiða óverulegar fjárhæðir eða alls ekki neitt.

Reykjavík 7. janúar 2011

Stefán M. Stefánsson, prófessor,

Benedikt Bogason, héraðsdómari,

Dóra Guðmundsdóttir, aðjúnkt

Stefán Geir Þórrisson, hrl.

Fylgiskjal II.

Ábending til fjárlaganefndar Alþingis.
(Reykjavík, 20. janúar 2011.)

Við undirritaðir, Lárus L. Blöndal hrl. og Jóhannes Karl Sveinsson, hrl., sem áttum sæti í viðræðunefnd íslenskra stjórnvalda um ábyrgð á endurgreiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í Bretlandi og Hollandi, viljum eftir samráð við Ragnar H. Hall, hrl., og með hliðsjón af athugasemdum hans til nefndarinnar, koma á framfæri eftirfarandi:

(1) Ragnar H. Hall hefur bent á að í ákvæðum gr. 6.2. í fylgiskjali nr. III með frumvarpi til staðfestingar á samningunum sem áritaðir voru í London 8. desember sl. (bls. 151 í þskj.), komi fram að undanþáguákvæði frá jafnstöðu tryggingasjóða landanna þriggja (pari passu) sé til komið „vegna óvissu um hvort íslenski tryggingarsjóðurinn njóti samkvæmt íslenskum lögum sérstaks forgangs (e. super priority)“ Að mati Ragnars (og okkar Jóhannesar og Lárusar) byggir réttarstaða tryggingasjóðsins í málinu ekki á sérstakri settri lagareglu sem kveður á um sérstakan forgang og hefði því verið réttara að vísa til íslensks réttar í heild sinni eða láta við það sitja að nefna einfaldlega að niðurstaða dómstóls væri hér ráðandi án þess að tekið væri fram á hvaða réttarheimildum dómstóllinn hefði byggt niðurstöðu sína.

(2) Að mati okkar Lárusar og Jóhannesar er ljóst að samningurinn sjálfur miðar við að íslensk lög í rýmri merkingu (allar íslenskar réttarheimildir) - og án takmörkunar við sett lög - geti skapað grundvöll undir dómsniðurstöðu sem myndi vera ráðandi við beitingu á samningsákvæðunum (gr. 6.2. iii í samningi við Holland og tilsvarandi ákvæði í samningi við Bretland). Við bendum á til samanburðar, að þegar samið er um að ensk lög gildi um samningana er að sjálfsögðu átt við breskan rétt í heild sinni en ekki aðeins sett lög þar í landi.

(3) Við teljum allir sjálfsagt að fjárlaganefnd árétti þennan skilning í nefndaráliti sínu og þar með lægi fyrir skýrara lögskýringargagn en áðurnefndar skýringar með samningnum sjálfum sem vægi þyngra ef vafi teldist einhvern tímann leika á skýringu umræddra ákvæða.

Ragnar H. Hall hefur yfirfarið ofangreint og stöndum við allir undirritaðir að ábendingu þessari.

Virðingarfyllst

Jóhannes Karl Sveinsson, hrl. Ragnar H. Hall, hrl. Lárus L. Blöndal, hrl.

Fylgiskjal III.

Minnisblað um Icesave-samninginn og gjaldeyrishöft.
(Seðlabanki Íslands, 21. janúar 2011.)

Minnisblað um Icesave-samninginn og gjaldeyrishöft

Í tölvupósti frá 14. janúar sl. bað varaformaður fjárlaganefndar Seðlabanka Íslands um minnisblað um hvernig afnám gjaldeyrishafta gætu spilað saman við Icesave-samninginn.

Hvað áhættu varðar kemur hér einkum tvennt til álita. Í fyrsta lagi hvernig hugsanlegt tjón vegna gengisáhættu sem samningurinn felur í sér gæti aukist eftir því sem nafngengi krónunnar er lægra þegar kemur til útgreiðslna úr þrotabúi Landsbankans. Í öðru lagi hvort afnám hafta gæti haft tímabundin áhrif til lækkunar á nafngengi krónunnar. Þetta hefur síðan vakið tvær spurningar: (1) Er það forsenda þess að geta metið Icesave-samninginn að vita hvernig losað verður um höftin? (2) Á að bíða með að losa um höftin þar til greitt hefur verið úr þrotabúi Landsbankans?

Að mati Seðlabankans er svarið við báðum spurningum nei, eins og nánar er rökstutt í minnisblaðinu. Rétt er að benda á að gengisáhætta vegna Icesave-samningsins hverfur ekki þótt dragist á langinn að staðfesta samninginn. Reyndar er eina leiðin til að gengisáhættan hverfi sú að endanleg niðurstaða varðandi lagalega óvissu um skuldbindingar Íslands verði að þær séu engar í þessu sambandi.

Meðal annars vegna afnáms gjaldeyrishafta er mikilvægt að hafa sem gleggstar upplýsingar um þær byrðar sem gætu fylgt niðurstöðu í Icesave-málinu og hvernig gjaldeyrisstreymi vegna hans muni dreifast í tíma. Tímasetning greiðslna úr þrotabúi Landsbankans og áfanga við losun gjaldeyrishafta gæti vissulega haft áhrif á heildarkostnaðinn, en einnig þarf að horfa til þess að jákvæð áhrif sem lausn Icesave-deilunnar gæti haft á lánstraust Íslands og viðhorf erlendra fjárfesta ættu að búa í haginn fyrir afnám hafta. Vandinn við afnám hafta felst ekki síst í því að aðgengi Íslands að erlendum lánsfjármörkuðum er enn takmarkað. Að því marki sem lausn Icesave-deilunnar stuðlar að bættu aðgengi Íslands að

alþjóðlegum lánsfjármarkaði mun hún auðvelda losun hafta og draga úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum hennar.

Rétt er að hafa í huga að Icesave-samningurinn nær til mun lengri tíma en þess tímabils sem áhrifa losunar gjaldeyrishafta á gengi krónunnar gæti gætt. Því til viðbótar er alls óvíst er að áhrifin verði teljandi og reynsla annarra þjóða bendir til þess að afnám hafta geti fremur stuðlað að hærra gengi sé rétt að afnámi hafta staðið.[1] Þar skiptir einnig máli að raungengi er um þessar mundir langt fyrir neðan sögulegt meðaltal og að líkindum einnig undir jafnvægisgildi sínu.

Eigi að síður gæti tímabundinn gengislækkun, t.d. í tengslum við losun hafta, valdið aukinni byrði vegna Icesave-samningsins ef gengi krónunnar er lágt á sama tíma og umtalsverðar greiðslur eiga sér stað úr þrotabúi Landsbankans. Taka þarf tillit til þessa við útfærslu afnáms hafta. Einnig kæmi til álita að reyna eftir megni að flýta greiðslum úr þrotabúinu eða skoða aðrar leiðir til þess að draga úr þessari áhættu.

Hér á eftir eru færð frekari rök fyrir ofangreindri niðurstöðu. Rætt er um núverandi stöðu raungengis og líklega þróun til hækkunar. Afnám hafta breytir því ekki nema til skemmri tíma. Afar ólíklegt er að nafngengi krónunnar muni lækka verulega nema illa verði staðið að losun gjaldeyrishafta og þá aðeins um skamma hríð. Umtalsverð og viðvarandi lækkun nafngengis getur ekki átt sér stað nema verðbólga fari verulega úr böndum, sem tæpast gæti orðið nema meiriháttar mistök yrðu gerð við stjórn peningamála, t.d. með því að sjálfstæði Seðlabankans yrði skert eða grafið undan trúverðugleika peningastefnunnar með öðrum hætti. Ekki eru miklar vísbendingar um að slíkar hugmyndir hafi hljómgrunn.

1. Núverandi staða raungengis og líkleg þróun næstu árin

Raungengi mældist rúmlega 77 stig í lok síðasta árs og tæplega 75 stig fyrir árið í heild (miðað við vísitölu sem er sett jafnt 100 árið 2000). Eins

---

[1] Sjá t.d. í grein Glick og Hutchison (2005), „Capital controls and exchange rate instability in developing economies“, *Journal of International Money and Finance*, 24, 387-412. Í grein Bartolini og Drazen (1997), „Capital account liberalization as a signal“, *American Economic Review*, 87, 138-154, segir að í mörgum löndum hafi afnám hafta leitt til aukins nettó innflæðis fjármagns en það leiðir öllu jöfnu til hækkunar gengis. Í grein Labán og Larraín (1997), „Can a liberalization of capital outflows increase net capital inflows?“, *Journal of International Money and Finance*, 16, 415-431, eru einnig nefnd fjöldi dæma um hvernig afnám hafta hafi leitt til þess að hreint innflæði eykst.

og mynd 1 sýnir er þetta lægsta raungengi sem mælst hefur síðan árið 1914.[2]

Mynd 1
Raungengi 1914-2010



Heimild: Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson (1985), Seðlabanki Íslands.

Eins og myndin ber einnig með sér, hefur raungengi töluvert sterka tilhneigingu til að sveiflast í kringum fast meðaltal, sem er vel þekktur eiginleiki raungengis.[3] Langtímameðaltal er oft talið gefa góða vísbendingu um langtíma jafnvægisraungengi.

Ekki er hins vegar útilokað að jafnvægisgengið taki breytingum yfir tíma. Það á sérstaklega við í kjölfar fjármálakreppu eins og þeirrar sem nýlega reið yfir hér á landi. Jafnvægisraungengi gæti því tímabundið orðið nokkru lægra hér á landi en meðalraungengi undanfarinna áratuga.

---

[2] Myndin er samsett úr opinberum gögnum Seðlabankans fyrir raungengi fyrir tímabilið 1960-2010 og gögnum úr grein Jóhannesar Nordal og Ólafar Tómassonar (1984), „Frá floti til flots“, í bókinni *Klemensarbók*, ritstjóri Sigurður Snævarr, Félag viðskipta- og hagfræðinga.

[3] Þótt þessi tilhneiging virðist ótvíræð benda rannsóknir jafnframt til þess að frávik frá jafnvægisraungengi geti varið í nokkurn tíma. Sjá t.d. Obstfeld og Rogoff (2001), „The six major puzzles in international macroeconomics: Is there a common cause?” *NBER Macroeconomics Annual* 15, 339-412“.

Reynt hefur verið að meta jafnvægisraungengið í nokkrum rannsóknum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn komst að þeirri niðurstöðu í september-skýrslu sinni um íslensk efnahagsmál að gengi krónunnar hafi verið um 2-23% undir jafnvægisgengi í apríl 2010.[4] Seðlabankinn hefur einnig lagt mat á jafnvægisraungengi út frá þjóðhagslíkani bankans.[5] Samkvæmt því mati var gengi krónunnar í apríl á síðasta ári 15-20% undir langtímajafnvægisgildi. Á sama tíma var raungengið um 27% undir meðaltali tímabilsins 1980-2010 (sem er það tímabil sem matið á jafnvægisraungenginu miðar við).

Rétt er þó að hafa í huga að frá aprílmánuði á síðasta ári hefur raungengið hækkað um tæplega 10% og nafngengi um rúmlega 7% miðað við viðskiptavog. Frávik raungengis frá áætluðu jafnvægisraungengi hefur því minnkað sem því nemur frá því í apríl sl. Eftir sem áður gefa flestar aðferðirnar til kynna að raungengið sé undir jafnvægisgildi þótt sumar þeirra bendi til að það þurfi ekki að vera mikið.

Að þessu gefnu og horft til sögulegrar þróunar raungengis (sjá mynd 2) má telja ólíklegt að raungengi verði eins lágt eða lægra en það er nú um langt skeið. Eins og myndin sýnir var raungengið á síðasta ári tæplega 3 staðalfrávikum undir meðaltali tímabilsins 1980-2010, sem telst afar sjaldgæf og ólíkleg útkoma.[6]

---

[4] Þessar aðferðir byggja á því að meta það raungengi sem samsvarar ytri jöfnuði þjóðarbúsins (e. macro balance approach), það raungengi sem tryggir sjálfbærni hreinna erlendra skulda (e. external sustainability approach) og það raungengi sem samsvarar langtímasambandi raungengis og fjölda efnahagsþátta (e. equilibrium real exchange rate approach). Sjá IMF (2010), „Iceland Staff Report“ september 2010 (bls. 15), og Robert Tchaidze (2007), „Estimating Iceland‘s real equilibrium exchange rate“, IMF Working Papers nr. 07/276.

[5] Sjá Ásgeir Daníelsson o.fl. (2009), „QMM: A quarterly macroeconomic model of the Icelandic economy“, Seðlabanki Íslands Working Papers nr. 41 og Ásgeir Daníelsson (2009), „QMM: A steady state version“, Seðlabanki Íslands Working Papers nr. 44.

[6] Miðað við normaldreifingu eru um 5% líkur á atburðum sem eru meira en 2 staðalfrávikum frá meðaltali og tæplega 0,3% líkur á atburðum sem eru meira en 3 staðalfrávikum frá meðaltali. Slíkur atburður ætti því að gerast u.þ.b. 1 sinni á 370 ára fresti lúti raungengið normaldreifingu.

Mynd 2
Raungengi 1980-2010



Heimild: Seðlabanki Íslands.

2. Samspil raungengis, nafngengis og verðbólgu

Af ofangreindu má ætla að ekki sé efnahagslegar forsendur fyrir lækkun raungengis til lengri tíma. Nafngengi krónunnar mun því aðeins lækka verulega til lengri tíma að verðbólga á Íslandi verði umtalsvert meiri en í samkeppnislöndum Íslands um langa hríð. Það myndi leiða til hækkandi raungengis að óbreyttu nafngengi. Til þess að raungengi leiti aftur í langtímajafnvægi yrði þá annað hvort verðbólga að hjaðna á ný og vera minni en í samkeppnislöndunum um langt skeið eða nafngengi krónunnar að lækka.[7]

Eins og rakið er hér að ofan bendir mat á langtímajafnvægisraungengi til þess að raungengið muni hækka er fram líða stundir. Sé verðbólga svipuð hér og í nágrannalöndunum, ætti því nafngengi krónunnar að hækka sem því nemur til lengri tíma. Því aðeins að verðbólga verði meiri hér á landi

[7] Hið formlega samband nafngengis, raungengis og verðbólgu er með eftirfarandi hætti: $\Delta R = \Delta E + (\Delta P - \Delta P^*)$, þar sem ΔR er breyting raungengis, ΔE er breyting nafngengis, ΔP er verðbólga á Íslandi og ΔP^* er verðbólga í samkeppnislöndunum (hækkun R og E táknar gengishækkun). Raungengi getur því hækkað vegna þess að nafngengi hækkar eða vegna þess að verðbólga er meiri hér á landi en í samkeppnislöndunum. Til þess að raungengi sé óbreytt í langtímajafnvægi sínu þegar verðbólga er meiri hér á landi þarf því nafngengi að lækka sem samsvarar mismun verðbólgu hér og í samkeppnislöndunum.

en í samkeppnislöndunum um langt skeið mun nafngengi krónunnar lækka á sama tíma og raungengi hækkar í átt að langtímajafnvægi.[8]

Í gengisdæminu sem liggur til grundvallar mati Seðlabankans á Icesave-samningnum er byggt á spá bankans sem birtist í *Peningamálum* 2010/4 í nóvember sl. Þar er birt spá um gengi krónunnar út árið 2013. Eftir þann tíma byggist matið á reikniforsendum sem notaðar voru við gerð þjóðhagsspárinnar.

Mynd 3
Gengi krónu gagnvart evru 2008-2016
samkvæmt reikniforsendu Icesave-samnings



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Ekki er um eiginlega spá að ræða heldur framreikning út úr þjóðhagslíkani bankans. Samkvæmt nóvemberspá Seðlabankans er gert ráð fyrir smávægilegri styrkingu gengis krónunnar á spátímanum og er gengi krónu gagnvart evru í lok árs 2013 u.þ.b. 150 kr. í samræmi við undirliggjandi

[8] Til að gefa hugmynd um stærðargráðu: Ef raungengi krónunnar á eftir að hækka um 10% til ársins 2016 (sem væri ekki fjarri lagi miðað við fyrrgreint mat á jafnvægisraungengi) á sama tíma sem nafngengi krónunnar lækkar um 20%, þá þarf uppsafnaður mismunur verðbólgu hér á landi og í samkeppnislöndunum að vera um 30% sem samsvar u.þ.b. 6 prósentum meiri verðbólgu hér á landi en í öðrum löndum á hverju ári. Miðað við að verðbólgumarkmið flestra samkeppnislanda okkar er á bilinu 2-3%, þyrfti því verðbólga að vera um 8-9% á ári hér á landi að jafnaði á þessu tímabili.

hækkun raungengis eins og lýst er hér að ofan.[9] Gengisferillinn út samningstíma Icesave-samningsins er síðan tiltölulega stöðugur út allt tímabilið. Samkvæmt gengisferlinum er gengi krónunnar því rúmlega 3% hærra í árslok 2016 en það var í árslok 2010 (sjá mynd 3).

Mikilvægt er að hafa í huga að gengisferillinn felur ekki í sér að Seðlabankinn telji að gengi krónunnar verði lítið breytt allt tímabilið. Ferillinn endurspeglar einfaldlega að ástæða er til að ætla að gengi krónunnar eigi eftir að hækka á næstu árum fremur en lækka, eins og rakið er hér að ofan, varúðarsjónarmið ráði því að ekki er gert ráð fyrir eins mikilli hækkun og hægt væri að færa rök fyrir. Þekkt niðurstaða hagrannsókna um að skásta skammtímaspáin um gengi gjaldmiðla sé einfaldlega að spá óbreyttu gengi.[10] Reynslan sýnir hinsvegar að gengi gjaldmiðla getur sveiflast töluvert án þess að augljósar efnahagslegar forsendur séu þar að baki. Eðli máls samkvæmt er hins vegar nánast ómögulegt að sjá þá þróun fyrir og leggja áreiðanlegt tölulegt mat á áhættu sem því fylgir.

3. Hugsanleg áhrif afnáms gjaldeyrishafta á gengi

Miðað við ofangreinda umfjöllun er líklegra að raungengið muni hækka á næstu árum en að það lækki. Það breytir því ekki að afnám gjaldeyrishafta gæti leitt til þess að nafngengi krónunnar lækki tímabundið á meðan fjármagn sem höftin hafa bundið inn í landinu er að komast í hendur þolinmóðari fjárfesta. Greiningin hér að ofan bendir til þess að tímabundin lækkun, sem alls óvíst er að verði, vari ekki lengi. Rétt er að hafa í huga að stefna stjórnvalda er að losa um gjaldeyrishöftin með þeim hætti að ekki verði óstöðugleiki á gjaldeyrismarkaði. Það verður einnig leiðarljós við þá endurskoðun áætlunarinnar um afnám hafta sem nú fer fram.

Afnám hafta mun því aðeins breyta langtímahorfum í gengismálum að það hafi viðvarandi áhrif á þá efnahagsþætti sem ráða munu langtímajafnvægi

---

[9] Eins og fjallað er um í *Peningamálum* 2010/2 felst í gengisspám Seðlabankans tiltölulega hæg aðlögun að jafnvægisraungengi í kjölfar fjármálakreppunnar. Er þróunin svipuð og hún var í Finnlandi í kjölfar fjármálakreppunnar þar í landi á fyrri hluta tíunda áratugs síðustu aldar en nokkuð hægari en hún varð t.d. í kjölfar Asíukreppunnar á síðari hluta sama áratugs.

[10] Mikill fjöldi rannsókna hafa sýnt fram á þetta allt frá frægri rannsókn þeirra Meese og Rogoff (1983), „Empirical exchange rate models of the Seventies: Do they fit out of sample?“, *Journal of International Economics*, 14, 3-24. Obstfeld og Rogoff (2001), „The six major puzzles in international macroeconomics: Is there a common cause?" *NBER Macroeconomics Annual* 15, 339-412“, nefna þetta eina af sex megin ráðgátum alþjóðahagfræðinnar.

raungengisins. Ekki verður séð að afnám hafta muni veikja efnahagslegar forsendur svo að jafnvægisraungengið verði ekki hærra en núverandi raungengi. Í raun er líklegra að losun hafta muni styrkja forsendur þess að krónan styrkist. Eins og oft hefur komið fram hjá Seðlabankanum, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og fjölda hagfræðinga sem gagnrýnt hafa gjaldeyrishöftin, er líklegt að gjaldeyrishöft hafi í för með sér efnahagslega kostnað sem verður því meiri sem þau vara lengur. Afnám þeirra mun því fremur stuðla að hærra jafnvægisraungengið til langs tíma litið. Afnám hafta og samþætting íslensks fjármálamarkaðar við alþjóðlega fjármálamarkaði ætti einnig að stuðla að því að áhættuþóknun sem fjárfestar krefjast ofan á krónueignir umfram sambærilegar erlendar eignir minnki, að öðru óbreyttu, til lengri tíma litið.

Reynsla annarra þjóða af losun gjaldeyrishafta er með margvíslegum hætti og erfitt að greina áhrif þess frá öðrum þáttum. Hér virðist skipta miklu hvernig, í hvaða röð og hvenær losað er um höftin. Ótímabær aflétting hafta geti leitt til gengisóstöðugleika en einnig eru ýmis dæmi þess að gegni viðkomandi gjaldmiðils hafi hækkað í kjölfarið. Hér togast oft á tveir þættir, þ.e.a.s. að afnám hafta getur aukið traust á efnahagsstefnuna en um leið verður viðkomandi land verður berskjaldaðra fyrir sveiflukenndum fjármagnshreyfingum.[11]

4. Samspil Icesave-samningsins og hafta

Neikvæð gengisáhætta af Icesave-samningnum tengist að mestu leyti óvissu um þróun nafngengis næstu 1-2 ára þar sem þau verða mest ef gengi krónunnar fellur og helst lágt áður en stærstu greiðslur eiga sér stað úr búinu. Tímasetning útgreiðslna mun m.a. ráðast af niðurstöðu málaferla er varða einstakar kröfur í búið og gæti því dregist fram á næsta ár. Ráðgert er að hefja útgreiðslur úr þrotabúi Landsbankans á þessu ári. Áætlað er að rúm 40% af eignum búsins hafi endurheimst fyrir lok árs 2011 og rúm 10% í viðbót árið 2012. Gjaldeyrisáhættan er því mest á meðan verið er að greiða þessar upphæðir en minnkar síðan á næstu árum samningsins. Þegar greiðslur hafa átt sér stað úr búinu og ef eftir stendur afgangsskuld, sem ríkisjóður ábyrgist, þá mun langtímaþróun gengis krónunnar hafa áhrif á þá stærð sem ríkisjóður þarf að kosta með krónutekjum sínum. Sú áhætta er þó að hluta afleidd áhætta af ofangreindu, þ.e.a.s. gengisáhættan ræðst að töluverðu leyti af gengisþróun árin 2011-2012. Draga myndi úr ofangreindri gengisáhættu ef eignum búsins yrði úthlutað til TIF með

[11] Sjá t.d. í grein Glick, Guo og Hutchison (2004), „Currency crises, capital account liberalization, and selection bias“, *Review of Economics and Statistics*, 88, 698-714.

forgangsrétti í stað jafnstöðusamnings (*pari passu)*, þar sem þá myndi TIF greiða skuld sína hraðar niður sem lágmarkar gengisáhrif til skamms tíma.

Áætlun um afnám hafta mun taka tillit til allra þekktra þátta sem haft geta áhrif á greiðslujöfnuð og gengi krónunnar til skamms tíma. Icesave-samningurinn er einn þessara þátta. Mjög dregur úr gjaldeyrisáhættunni þegar það sem þegar hefur endurheimst verður greitt út. Tafir á því fram á næsta ár gætu haft áhrif á þann þátt afléttingar hafta sem valdið getur tímabundnum sveiflum í gegni krónunnar. Ekki er líklegt að samningurinn hafi áhrif til frekari lækkunar raungengis til langs tíma, sbr. það sem áður hefur verið nefnt í minnisblaði þessu.

Eins og nefnt er að ofan þarf að skera úr um deilumál fyrir dómstólum áður en greitt er út úr þrotabúinu. Seðlabankinn er ekki í stöðu til að meta hvenær útgreiðslur hefjast en telur æskilegt í ljósi ofangreinds að þær hefjist sem fyrst.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson
aðalhagfræðingur

Viðauki

Í þessum viðauka er gengisáhættu Icesave-samningsins lýst. Hann er efnislega samhljóma umfjöllun um gengisáhættu í umsögn bankans frá 10. janúar sl. en er ítarlegri og lýsir fleiri dæmum.

Mat á skuldbindingum sem felast í samþykkt nýs Icesave-samnings byggist á nýjasta yfirliti um heimtur eigna í þrotabúi Landsbankans sem birt er á heimasíðu slitastjórnar bankans.[12] Í yfirlitinu (glæra 10) er sýnd skipting áætlaðra inngreiðsla fyrir árin 2011-2013 og síðan fjárhæð sem áætlað er að innheimtist síðar:

Tafla 1 Áætlað sjóðsstreymi eftir gjaldmiðlum miðað við gengi 30. sept. 2010

Eining:	Sjóður	Sj. 1. fj.	4. fj.					NBI A-	NBI skil-	NBI	
ma.kr	31/12 '09	-3. fj. '10	2010	2011	2012	2013	Seinna	sk.br.	yrt sk.br.	hlutafé	Samtals
ISK	14	11	2	22	4	2	18	0	0	23	96
USD	20	19	15	17	6	17	10	83	5	0	193
EUR	53	38	16	31	10	19	123	134	9	0	432
GBP	81	45	13	14	112	11	30	49	3	0	357
CAD o.fl.	5	7	7	10	6	4	21	0	0	0	60
Eignir alls	173	120	53	93	138	53	201	267	17	23	1.138

Í þessum áætlunum um endurheimtur er miðað við að gengi krónu gagnvart helstu gjaldmiðlum sé sem hér segir:[13]

Tafla 2 Gengi nokkurra erlendra gjaldmiðla 30. sept. 2010

CAD	110,4
EUR	154,4
GBP	178,3
USD	113,4

Uppgjörsbréfin milli Nýja-Landsbankans (NBI) og þrotabús gamla Landsbankans eru sýnd sér. Fyrir liggja upplýsingar um stærsta einstaka liðinn í því uppgjöri, A-skuldabréfi að fjárhæð 871 milljón evra, 734 milljónir dollara og 275 milljónir punda. Vextir á þessu bréfi eru

[12] Sjá http://www.lbi.is/library/Opin-gogn/skyrslan/Q3_Financial_information_open_side.pdf.

[13] Sama rit bls. 5.

breytilegir, þ.e.a.s LIBOR-vextir með 1,75 prósenta álagi fram til október 2013 en þá hækkar álagið í 2,9 prósentur.

Í áætlunum um endurheimtur af bréfunum hér á eftir er gert ráð fyrir að fjárhæðir sem tilgreindar eru í yfirliti slitastjórnarinnar innheimtist jafnt alla fjórðunga ársins. Gengið er út frá sömu forsendu í áætlunum slitastjórnarinnar um innheimtur í hverjum gjaldmiðli fyrir sig. Því sem slitastjórnin áætlar að innheimtist eftir árið 2013 er skipt jafnt niður á fjórðunga áranna 2014 og 2015. Þá er gert ráð fyrir að A-skuldabréfið sem NBI hefur gefið út innheimtist í samræmi við ákvæði þess. Þessir vextir eru tiltölulega lágir nú en þó má ætla að vaxtagreiðslur af láninu fram til þriðja ársfjórðungs í ár muni nema rúmlega 27 ma.kr. Miðað við þá forsendu og aðrar forsendur í áætlun slitastjórnarinnar ætti hún að hafa til ráðstöfunar til útgreiðslu á þriðja ársfjórðungi í ár 443 ma.kr. Þar af falla í skaut Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) 51% eða 226 ma.kr.

Miðað við gengi krónu 30. september 2010 var höfuðstóll lánanna frá Bretlandi og Hollandi 610 ma.kr.[14] 226 milljarðar sem greiddir væru út á þriðja ársfjórðungi í ár nægja þannig til að greiða 37% af höfuðstól lánanna frá Bretlandi og Hollandi.

Í áætlunum slitastjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir vöxtum af eignum þrotabúsins. Einnig er gert ráð fyrir því að gengið sé fast eins og það var 30. september 2010. Í minnisblaði Seðlabankans frá 10. janúar sl. er vikið frá þessum forsendum. Gert ráð fyrir að vextir á A-skuldabréfinu verði 3,6% að meðaltali, sem jafngildir að LIBOR-vextir verði 1,85% að meðaltali fram til október 2013 en lækki þá í 0,7% að meðaltali. Þessi forsenda gefur að hlutur TIF í vaxtatekjum þrotabús Landsbankans verði 23 ma.kr. einsog gert er ráð fyrir í útreikningum í greinargerð með frumvarpinu (bls. 9). Nokkur óvissa er um það hvenær skuldabréfin verði seld en hér er gert ráð fyrir að skuldabréfin verði seld á öðrum ársfjórðungi 2016. Miðað við þá vaxtaforsendu sem hér er notuð er það hagur TIF og ríkissjóðs að skuldabréfið verði selt seint enda er hér gert ráð fyrir örlítið hærri vöxtum á skuldabréfinu en eru á lánunum frá Bretlandi og Hollandi. Munurinn er þó mjög lítill. Rétt er einnig að nefna að á síðasta ári voru vextir af skuldabréfinu innan við 3%.

Gert er ráð fyrir að aðrar skuldir NBI við þrotabú gamla Landsbankans innheimtist á tveim fyrstu fjórðungum ársins 2016.

---

[14] Hér er miðað við að lánið frá Bretlandi verði 2.275 milljónir punda og að lánið frá Hollandi verði 1.322 milljónir evra. Miðað við gengi 22. apríl 2009 sem kröfur í þrotabúið í íslenskum krónum miðast við er fjárhæðin 659 ma.kr.

Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að aðrar eignir þrotabús gamla Landsbankans en A-skuldabréfið sem NBI hefur gefið út muni bera 1,15% vexti að jafnaði. Miðað við þessa forsendu koma 10 ma.kr. af þessum vaxtatekjum þrotabúsins í hlut TIF eins og miðað er við í greinargerðinni með frumvarpinu (bls. 9). Miðað við þessa forsendu um ávöxtun er það hagur TIF að þessar eignir seljist sem fyrst.

Eins og rakið er í megintextanum, er við mat á samningnum miðað gengisforsendur í þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt var í *Peningamálum* 2010/4 fyrir tímabilið fram að árslokum 2013. Eftir þann tíma er byggt á reikniforsendum sem notaðar voru við gerð þjóðhagsspárinnar.

Meginniðurstöður

Miðað við þessar forsendur nægja endurheimtur úr þrotabúi Landsbankans til að greiða meira en allan höfuðstól lánanna í erlendri mynt. Gengisforsendurnar gera ráð fyrir að gengi krónunnar hækki og verði nokkru hærra en það var 22. apríl árið 2009 sem kröfur í erlendri mynt miðast við. Verð á evru var t.d. 169,20 kr. 22. apríl 2009 en áætlað er að það verði að meðaltali 150,37 kr. frá þriðja fjórðungi ársins 2011 til annars fjórðungs 2016. Ef miðað er við kröfur í erlendri mynt er endurheimtuhlutfallið 100,8% en ef miðað er við kröfur í krónum er hlutfallið 90,9%.

Miðað við þessar forsendur verður núvirði greiðslna TIF vegna samningsins 66,9 ma.kr. ef núvirðingin miðar við 4% vexti (sem samsvarar 4,3% af áætlaðri vergri landsframleiðslu ársins 2010) en 65,8 ma.kr. ef miðað er við 5,55% vexti (4,2% af áætlaðri vergri landsframleiðslu ársins 2010). Ef fjárhæðir greiðslanna eru lagðar saman án núvirðingar fást 69,8 ma.kr. (4,5% af áætlaðri vergri landsframleiðslu ársins 2010). Í greinargerðinni með frumvarpinu (bls. 11) er samsvarandi fjárhæð áætluð 67 ma.kr. Mismunurinn skýrist væntanlega af mismunandi forsendum varðandi tímasetningar á endurheimtum þrotabúsins og greiðslna úr þrotabúinu til TIF.

Samkvæmt greinargerðinni með frumvarpinu (bls. 11) er gert ráð fyrir að á móti þessari skuldbindingu komi 20 ma.kr. eign TIF. Samkvæmt þessu mun það sem fellur á ríkissjóð vegna Icesave-samningsins nema 20 ma.kr. lægri fjárhæð en ofangreindar tölur gefa til kynna.

Óvissa tengd gengisþróun

Gengi krónunnar

Miðað við þessar forsendur nægja endurheimtur úr þrotabúi Landsbankans til að greiða meira en allan höfuðstól lánanna í erlendri mynt. Gengisforsendurnar gera ráð fyrir að gengið hækki og verði nokkru hærra en gengið var 22. apríl árið 2009 sem kröfur í erlendri mynt miðast við. Verð á evru var t.d. 169,20 kr. 22. apríl 2009 en áætlað er að það verði að meðaltali 150,37 kr. frá þriðja fjórðungi ársins 2011 til annars fjórðungs 2016. Ef miðað er við kröfur í erlendri mynt er endurheimtuhlutfallið 100,8% en ef miðað er við kröfur í krónum er hlutfallið 90,9%.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun höfuðstóls lánanna frá Bretlandi og Hollandi miðað við forsendur í grunndæminu.

Tafla 3 Staða lána í lok tímabils miðað við forsendur í grunndæmi

		3. fj. ´11	2011	2012	2013	2014	2015	1. fj. ´16	2. fj. ´16
Lán frá Bretlandi	mGBP	1,453	1,401	1,111	960	644	335	268	0
Lán frá Hollandi	mEUR	850	820	654	568	386	209	170	0
Samtals	ma.kr.	384	370	291	251	166	88	72	0
Hlutf. af höfuðst. á gengi 30.09.'10		63%	61%	48%	41%	27%	14%	12%	0.0%

Það hefur mikil áhrif á útkomur úr fráviksdæmum þar sem reiknuð eru út áhrif þess að gengið verði annað en það er í grunndæminu hvenær gengið er látið víkja frá forsendum grunndæmisins og hvort frávikið verði varanleg. Í minnisblaði Seðlabankans frá 10. janúar er gert ráð fyrir að gengislækkunin eigi sér stað strax á fyrsta ársfjórðungi ársins í ár og lítur taflan þá þannig út:

67 ma.kr. Mismunurinn skýrist væntanlega af mismunandi forsendum varðandi tímasetningar á endurheimtum þrotabúsins og greiðslna úr þrotabúinu til TIF.

Samkvæmt greinargerðinni með frumvarpinu (bls. 11) er gert ráð fyrir að á móti þessari skuldbindingu komi 20 ma.kr. eign TIF. Samkvæmt þessu mun það sem fellur á ríkissjóð vegna Icesave-samningsins nema 20 ma.kr. lægri fjárhæð en ofangreindar tölur gefa til kynna.

Tafla 4 Núvirði greiðslna vegna Icesave og endurheimtur miðað við að gengi krónu víki frá forsendum í grunndæmi

	Gengi umfram gengi í grunndæmi (%):				
Núvirði m.v. 4% vexti, ma.kr.	-25	-10	0	10	25
Greiðslur vegna Icesave	185,9	77,2	66,9	59,0	49,5
Staðvirt greiðslur	145,5	71,9	66,9	62,4	55,8
Hlutfall af VLF 2010 (%)	9,3	4,6	4,3	4,0	3,6
Endurheimtuhlutföll, %					
Miðað við fjárhæð kröfu í kr.	100,0	100,0	90,9	83,3	74,2
Miðað við fjárhæð kröfu í erl. gjaldm.	83,0	99,8	100,8	101,6	102,9

Ef gert er ráð fyrir að lækkun gengisins m.v. forsendur í grunndæminu eigi sér stað á þriðja ársfjórðungi 2012 og verði varanleg frá þeim tíma fást hins vegar þessar niðurstöður:

Tafla 5 Núvirði greiðslna vegna Icesave og endurheimtur miðað við að gengi krónu víki frá forsendum í grunndæmi

	Gengi umfram gengi í grunndæmi (%):				
Núvirði m.v. 4% vexti, ma.kr.	-25	-10	0	10	25
Greiðslur vegna Icesave	113,0	71,3	66,9	63,3	58,9
Staðvirt greiðslur	96,5	68,8	66,9	64,9	61,9
Hlutfall af VLF 2010 (%)	6,2	4,4	4,3	4,2	4,0
Endurheimtuhlutföll, %					
Miðað við fjárhæð kröfu í kr.	100,0	96,1	90,9	86,7	81,6
Miðað við fjárhæð kröfu í erl. gjaldm.	94,4	100,4	100,8	101,2	101,8

Þótt gert sé ráð fyrir að vextir á A-skuldabréfi NBI séu eilítið hærri en vextir af lánunum frá Bretlandi og Hollandi og því sé lítið eitt hagstæðara fyrir TIF að skuldabréfið greiðist seint þá gildir það einungis ef gengið þróast þannig að endurheimtur fara ekki yfir 100% miðað við kröfuna í íslenskum krónum. Ef þetta skuldabréf yrði selt fljótlega og andvirðið greitt út mun gengisáhættan af Icesave samningnum minnka verulega. Fjárhæð skuldabréfsins er 267 ma.kr. miðað við gengi 30. september 2010. Hlutur TIF í þeirri fjárhæð er 136 ma.kr.

Gengishækkun krónunnar hefur tiltölulega lítil áhrif á núvirði greiðslnanna. Áhrif gengislækkunar umfram 10% eru hins vegar veruleg. Ástæðan er sú að gengislækkun umfram 10% veldur því að eignir þrotabúsins hækka í krónum talið og nægja til að greiða 100% af kröfum TIF í krónum. Vegna gengislækkunarinnar verða þessar greiðslur hins

vegar sífellt lægra hlutfall af höfuðstól skuldanna við Bretland og Holland í erlendum gjaldmiðli, sem er jafn fjárhæð kröfunnar í erlendum gjaldmiðli.

Þegar áhrif gengislækkunar (eða hækkunar) eru skoðuð er þó rétt að hafa í huga að líklegt er að verulegri gengislækkun fylgi svipuð hækkun á veðlagi og þar með verðbólgu (sjá frekari umfjöllun í megintextanum). Þegar grunndæmið er borið saman við dæmi þar sem gert er ráð fyrir umtalsverðri gengislækkun, sem aftur leiðir til verulegrar verðbólgu, er því rétt að taka tillit til mismunandi verðbólgu, þ.e. mismunandi verðmætis krónunnar í dæmunum. Önnur línan í töflu 4 sýnir núvirði staðvirtra greiðslna miðað við þá forsendu að verðlag breytist eins og verð erlendra gjaldmiðla. Þessi lína gefur raunhæfari mynd af áhættu sem stafar af gengisbreytingum en fyrsta línan sem sýnir núvirði greiðslanna án tillits til verðlagsáhrifa.

Krossgengi annarra gjaldmiðla

Einsog bent er á í greinargerðinni með frumvarpinu (bls. 14) er nokkur munur á gjaldmiðlasamsetningu eigna þrotabús gamla Landsbankans og skulda TIF samkvæmt samningnum. Breytingar á innbyrðis gengi (krossgengi) erlendu gjaldmiðlanna getur því einnig haft nokkur áhrif á útkomuna úr dæmunum og þar skiptir þróun krossgengis evru og punds langmestu máli.

Í útreikningunum hér fyrir ofan er gert ráð fyrir því að innbyrðis gengi erlendu gjaldmiðlanna haldist óbreytt frá því sem það var á fjórða ársfjórðungi ársins 2010. Mikil óvissa er hins vegar um þessa forsendu, eins og um forsenduna um þróun gengis krónunnar.

Eins og áður hefur komið fram þarf jafnan að verða veruleg aukning verðbólgu til að gengi gjaldmiðils lækki mikið. Verulegri breytingu krossgengis evru og punds þyrfti því að fylgja mjög frábrugðin verðbólguþróun í Bretlandi og á evrusvæðinu. Verðbólgumarkmið Englandsbanka og ECB er það sama og hefur báðum seðlabönkum gengið ágætlega að halda því um langan tíma og allar vísbendingar um verðbólguvæntingar til lengri tíma á þessum tveimur svæðu gefa til kynna að þess sé vænst að svo verði áfram. Því virðist lítil hætta á mikilli breytingu krossgengis evru og punds sem rekja má til verulega breyttra verðbólguhorfa á þessum tveimur svæðum.

Hin ástæða þess að vænta mætti verulegrar breytingar krossgengis evru og punds væri að annað hvort evran eða pundið væri langt frá jafnvægisgildi sínu þannig að vænta mætti breytingar krossgengis í gegnum aðlögun raungengis. Samkvæmt mati OECD var pundið að meðaltali árið 2010

rúmlega 1% ofmetið gagnvart bandaríkjadal, á meðan að evran var ofmetin um tæplega 6%.[15] Út frá þessu má því ætla að raungengi evru gagnvart pundi ætti eftir að lækka um rúmlega 4% til langs tíma. Ekki virðist því efnahagslegar forsendur til að ætla að verulegar breytingar verði á krossgengi evru og punds á næstu árum. Að þessu samanteknu virðist tiltölulega lítil hætta á mikilli breytingu krossgengis evru og punds til lengri tíma litið.

Þessu til viðbótar er rétt að geta þess að þótt þessum samningi fylgi nokkur gengisáhætta vegna þróunar krossgengis erlendra gjaldmiðla er það áhætta sem hægt er að bregðast við með því að haga erlendum lántökum ríkissjóðs og samsetningu erlendra eigna með þeim hætti að dregið sé úr gengisáhættu ríkissjóðs í heild. Einnig er mögulegt að kaupa gengisvarnir til að bregðast við breytingum í krossgengi erlendra mynta en kostnaður við það er mjög breytilegur.

Að lokum mun það skipta miklu máli hvernig haldið er á málum varðandi ávöxtun þeirra eigna sem þegar hafa endurheimst og eru í umsjá slitastjórnar Landsbankans. Þar munar mest um hvort eignunum sem eru í öðrum myntum en evrum og pundum sé breytt yfir í evrur og pund með hliðsjón af skuldbindingum TIF við Breta og Hollendinga.

---

[15] PPP-gildi gjaldmiðla er ávallt metið gagnvart bandaríkjadal. Sjá PPP-gagnagrunn OECD (www.oecd.org/std/ppp).

769. Tillaga til þingsályktunar [475. mál]

um höfuðborg Íslands.

Flm.: Mörður Árnason, Valgerður Bjarnadóttir, Skúli Helgason,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Helgi Hjörvar.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að ganga til viðræðna við borgarstjórann í Reykjavík um samning þar sem fram koma skyldur og réttindi Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar Íslands.

Greinargerð.

Allir vita að höfuðborg Íslendinga er í Reykjavík. Jafnan er miðað við að þetta hafi orðið þegar þar var sett niður heimastjórn árið 1904 en í Víkinni var áður háð Alþing hið nýja frá sumri 1845, og æ síðan.

Í stjórnarskrá er höfuðborgar að engu getið en þó kveðið á um að Alþingi komi „jafnaðarlega“ saman í Reykjavík, að forseti Íslands hafi aðsetur „í Reykjavík eða nágrenni“ og að stjórnarráðið sé í Reykjavík. Engin lög fjalla um höfuðborg Íslands eða höfuðstað, þótt það orð komi fyrir í lagasafninu (38. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur).

Allajafna er við það miðað um höfuðborg að hún sé aðsetur æðsta valds í ríkinu og miðstöð stjórnsýslu. Skyldur höfuðborgarinnar sem sveitarfélags eru því víðtækari en annarra sveita ríkisins þar sem íbúar hennar og leiðtogar þeirra verða í starfsháttum og skipulagi að taka tillit til þjónustuhlutverks borgarinnar við alla landsmenn. Réttindi verður höfuðborgin að hafa á móti, þar á meðal þau að samráð sé haft við stjórnendur hennar um þær ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og þings sem snerta mikilvæga hagsmuni borgarbúa, svo sem atvinnufæri, skipulag og yfirbragð.

Umræða og átök um Reykjavíkurflugvöll undanfarna áratugi hafa sýnt að nauðsynlegt er að treysta undirstöður Reykjavíkur sem höfuðborgar Íslands þannig að almenningur og forustumenn í borg og ríki geri sér glögga grein fyrir skyldum og réttindum sem fylgja höfuðborgarhlutverkinu, þar á meðal á samgöngusviði. Ákvarðanir og tillögur um flutning ýmiss konar stjórnsýslustöðva út á land hefur ekki síður skort þá umgjörð sem fælist gæti í skýrri sýn um höfuðborgarhlutverkið á okkar tímum.

Í tillögunni er forsætisráðherra falið að leita viðræðna við borgaryfirvöld um eins konar höfuðborgarsamning. Í þeim samningi yrðu reifaðar skyldur Reykjavíkurborgar og réttindi sem höfuðborgar, getið þeirra breytinga á lögum og öðrum regluramma sem samningsaðilar yrðu ásáttir um að beita sér fyrir, og kveðið á um skipulegt samráð ríkisstjórnarinnar, Alþingis og borgarstjórnar um ákvarðanir sem sérstaklega snerta stöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar.

Gert er ráð fyrir að forsætisráðherra, og eftir atvikum borgarstjóri, undirbúi viðræðurnar með athugun á stöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar og samskiptum borgarstjórnar og ríkisvalds frá upphafi aldarinnar sem leið. Einnig er eðlilegt að aðilar kanni stöðu höfuðborgar og samskiptum borgarstjórnar og ríkisvalds frá upphafi aldarinnar sem leið. Einnig er eðlilegt að aðilar kanni stöðu höfuðborgar í helstu grannlöndum í aðdraganda viðræðnanna.

770. Nefndarálit [388. mál]

um frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Fjárlaganefnd hefur nú farið yfir svo kallað Icesave mál í þriðja sinn (hér eftir Icesave III). Fyrsta afgreiðsla nefndarinnar og Alþingis sumarið 2009 endaði með höfnun breskra og hollenskra stjórnvalda á málinu. Annarri afgreiðslu fjárlaganefndar og Alþingis í desember 2009 lauk með samþykkt laga sem forseti Íslands synjaði staðfestingu og fyrstu almennu þjóðaratkvæðagreiðslunni hér á landi. Yfir 93% þeirra sem tóku þátt í þeirri atkvæðagreiðslu greiddu atkvæði gegn málinu.

Að ósk breskra og hollenskra stjórnvalda var fjármálaráðherra eindregið hvattur til þess að vinna málið áfram í góðu samráði við þá flokka á þingi sem ekki ættu aðild að ríkisstjórn. Sameiginleg samninganefnd leiddi svo málið til lykta að mestu leyti á haustdögum 2010 og til varð það frumvarp til laga sem nú er rætt.

Samningsdrögin sem undirrituð voru af hálfu samninganefndarinnar eru óumdeilanlega miklu mun hagfelldari fyrir Ísland en áðurnefndir tveir samningar sem gerðir voru og framganga samninganefndarinnar fyrir Íslands hönd hefur verið til fyrirmyndar. Sá mikli munur sem er milli nýju samningsdraganna og eldri samninga vekur hins vegar upp þá spurningu hvort ekki þurfi að fara fram sérstök og ítarleg rannsókn á tilurð fyrri samninga og markmiðum ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega fjármálaráðherra, en fyrri samningar hefðu lagt óbærilegar skuldir á ríkissjóð og þjóðarbúið í heild sinni. Framganga fjármálaráðherra og ríkisstjórnarflokkanna í málinu vekur því eðlilega upp spurningar um ábyrgð stjórnmálamanna á störfum sínum.

Álit þeirra lögmanna sem sent hafa inn umsagnir eru ekki einhliða og nokkuð víst má teljast að sú fullyrðing að Ísland sé ekki lagalega skuldbundið til að greiða Icesave sé rétt, enda er skýrt kveðið á um það í löggjöf Evrópusambandsins að ekki eigi að vera ríkisábyrgð á innstæðutryggingum. Eftir stendur að þáverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar undir forystu Geirs H. Haarde skuldbatt sig til að greiða það sem bresk og hollensk stjórnvöld lögðu út vegna Icesave-reikninganna. Miðað við þær aðstæður sem Ísland og íslenskt efnahagslíf og fjármálakerfi var í á þeim tíma verður að gera ráð fyrir að sú ákvörðun hafi verið tekin undir þrýstingi og ekki að vel athuguðu máli.

Eins og síðar kom í ljós í Icesave I og Icesave II átti að leggja óásættanlegar skuldbindingar á íslenska þjóðarbúið, vegna íslenskra stjórnvaldsákvarðana. Skuldbindingar sem það líklega hefði ekki staðið undir.

Vel rökstutt álit Peter Örebech prófessors við Háskólann í Tromsö í Noregi ætti að vera grundvallargagn í þessu máli þar sem hann hafnar því að Íslendingum beri að greiða þessa skuld. Eins og Peter Örebech segir orðrétt: *„Hann (Icesave samningurinn) ýtir undir þá tilhneigingu að veita bönkum ótakmarkaða ríkisábyrgð. Í þessu tilviki er hæpið að tala um lagaleg rök fyrir þörfinni á tryggingum og því síður verða færð sanngirnisrök fyrir henni. Ríkisstjórnir Bretlands og Hollands mundu aldrei verða við kröfum erlendra innstæðueigenda sem næmu þriðjungi af þjóðarframleiðslu ef einn af stóru bönkunum þeirra félli.“*

Þess má geta að Icesave-krafan hljóðar upp á 674 milljarða kr. miðað við kröfulýsingardag í apríl 2009. Sú upphæð nemur 45% af vergri landsframleiðslu (VLF) þess árs og 44% af áætlaðri VLF ársins 2010. Það er alveg óhætt að fullyrða að ekki nokkurt ríki í heiminum mundi takast á hendur slíka skuldbindingu vegna falls banka, að ekki sé talað um banka sem voru líklega reknir í glæpsamlegum tilgangi. Vilji og framganga þeirra ríkisstjórna Íslands sem hafa komið að þessu máli hingað til er því með öllu óskiljanleg út frá sjónarmiðum um almannahagsmuni og skýrt dæmi um stöðu yfirvalds sem einhverra hluta vegna telur sig yfir það hafið að gæta hagsmuna almennings.

Markmið Hreyfingarinnar í Icesave-málinu.

Markmið Hreyfingarinnar í þeim samningaviðræðum sem áttu sér stað var að Icesave-skuld þrotabús Landsbankans yrði ekki velt yfir á íslenska skattgreiðendur eingöngu, heldur yrðu eignir þrotabúsins sú greiðsla sem kæmi í hlut breska innstæðutryggingarsjóðsins og hollenska seðlabankans sem áður höfðu greitt innstæðutryggingar vegna Icesave-reikninganna. Ef eitthvað stæði út af að loknu uppgjöri þrotabúsins mundi sú upphæð skiptast til jafns á bresk, hollensk og íslensk stjórnvöld. Þetta markmið náðist ekki og niðurstaðan er sú að ríkissjóður Íslands ábyrgist allar greiðslur. Í samræmi við það markmið að almenningi yrði ekki gert að axla þessa greiðslubyrði hefur Hreyfingin lagt til í fjárlaganefnd að málið yrði sent til efnahags- og skattanefndar og viðskiptanefndar með ósk um að leitað yrði leiða til að fjármálafyrirtæki landsins tækju þessar greiðslur á sig.

Rökin fyrir því eru að með því yrði komið inn ákveðinni hugmyndafræði um samábyrgð samtaka í atvinnurekstri, í þessu tilfelli Samtaka fjármálafyrirtækja, sem leiðir til þess að heilar starfsgreinar hefðu hvata til þess að halda í heiðri skynsamlegt verklag. Einni yrði um ákveðna sáttaleið að ræða en það voru einmitt fjármálafyrirtæki sem báru meginábyrgð á bankahruninu og þótt núverandi fjármálafyrirtæki beri þar ekki öll sök þá bera engu að síður margir núverandi eigenda þeirra og starfsmanna beint eða óbeint ábyrgð á hvernig fór. Með því að axla þessa byrði mundu fjármálafyrirtæki leggja fram sinn skerf til þeirra nauðsynlegu sátta sem þarf að ná í samfélaginu vegna afleiðinga hrunsins. Upphæðirnar sem um er að ræða ef tekið er mið af áætlunum samninganefndarinnar eru heldur ekki hærri en svo að fyrirtæki í þessum geira munar tiltölulega lítið um þær greiðslur þar sem þær dreifast á allnokkur ár.

Tilmælin til efnahags- og skattanefndar eru að svonefndur „bankaskattur“, samkvæmt lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nr. 155/2010, verði hækkaður til að ná utan um greiðslur vegna Icesave, en gjaldið nemur nú 0,045% af heildarskuldum fjármálafyrirtækis og er samkvæmt því ætlað að skila um einum milljarði króna á ári. Tilmælin til viðskiptanefndar eru að frumvarpi til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (þskj. 268, 237. mál) verði breytt með þeim hætti að hluti greiðslna sem ætlaður er í nýstofnaðan innstæðutryggingarsjóð renni í stað þess í eldri tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og verði sá sjóður notaður til að greiða Icesave-skuldina. Innstæðutryggingarsjóðir

eru í eðli sínu samtryggingarsjóðir þar sem öll fjármálafyrirtæki greiða í sameiginlegan sjóð sem tryggir innstæður sparifjáreigenda ef eitt (eða fleiri) fyrirtæki í greininni fara í þrot. Það er því ekkert óeðlilegt við það að framtíðargreiðslur í slíkan sjóð fari til þess að greiða upp eldri skuld sjóðsins ef ekki hefur verið í honum nægilegt fjármagn á þeim tímapunkti þegar þess þurfti með.

Í báðum tilfellum er lagt til að um tímabundna ráðstöfun verði að ræða sem falli niður þegar Icesave-skuldin er uppgreidd.

Tilskipun ESB um innstæðutryggingarkerfið gerir ekki ráð fyrir ríkisábyrgð og því mun greiðslan sem fellur á íslenska ríkið stangast á við evrópskt regluverk og vera slæmt fordæmi hvað varðar ríkisstuðning við fjármálafyrirtæki.

Fjárlaganefnd samþykkti að senda áðurgreindum nefndum þessi tilmæli en ákvað svo að bíða ekki eftir áliti þeirra og tók málið út úr nefndinni í andstöðu við 1. minni hluta vegna þess. 1. minni hluta er óskiljanlegt hvers vegna þetta verklag er haft þar sem skýrt hefur komið fram í máli samninganefndarmanna að það sé engin tímapressa á málinu og 1. minni hluti telur til mikils að vinna að ná sáttum um málið í fjárlaganefnd og á Alþingi öllu. Það virðist hins vegar ekki vera áhugi á því hjá meiri hlutanum og meðferð málsins í nefndinni hefur því miður verið í ætt við slælega skrifað leikrit fremur en vinnulag sem hefur góða niðurstöðu og sátt að markmiði. Að sögn formanns nefndarinnar mun fjárlaganefnd skoða niðurstöður efnahags- og skattanefndar og viðskiptanefndar þegar málið kemur til fjárlaganefndar milli 2. og 3. umræðu og ef svo fer að niðurstaðan verði að önnur hvor þeirra leiða sem lagðar eru til verði farin mun 1. minni hluti breyta afstöðu sinni til málsins.

Verklag fjárlaganefndar og Alþingis.

Nýi Icesave-samningurinn var gerður í byrjun desember og eftir umfjöllum í ríkisstjórn taldi hún mikilvægt að hann færi sem fyrst til Alþingis. Að undirlagi ríkisstjórnarinnar beitti forseti Alþingis sér fyrir því að samkomulag næðist milli allra flokka á Alþingi um meðferð málsins þannig að hægt yrði að mæla fyrir því fyrir jólahlé þingsins. Samkomulag náðist sem kvað á um að lokinni fyrstu umræðu færi málið til fjárlaganefndar sem átti að vinna málið í sameiningu, en eins og segir orðrétt í samkomulaginu: *„Nefndin skipuleggur starf sitt í sameiningu með það að markmiði að 2. umræða geti hafist fljótlega eftir að þing kemur saman að nýju eftir áramót samkvæmt starfsáætlun, enda telji nefndin þá málið tilbúið til afgreiðslu.“* Samkomulag þetta, dagsett 16. desember 2010 og staðfest með undirskriftum forseta Alþingis og formanna þingflokka (varaformanns þingflokks Framsóknarflokks), var hins vegar rofið tveimur dögum síðar er formaður fjárlaganefndar boðaði til fundahalda í nefndinni í jólahléi Alþingis í ósamkomulagi við aðra nefndarmenn. Eftirtektarvert er að formaður fjárlaganefndar hugðist vera erlendis í fríi á sama tíma. Þrátt fyrir áköf og ítrekuð andmæli Hreyfingarinnar hélt meiri hluti nefndarinnar því til streitu að samkomulagið skyldi rofið. Með þöglu samþykki formanna annarra þingflokka var það gert og nefndin fundaði í jólahléi þingsins í fjarveru formanns. Forseti Alþingis sá heldur ekki ástæðu til að skipta sér af samningsrofinu þrátt fyrir að hafa undirritað það.

Vinna við málið í fjárlaganefnd hefur því verið á forsendum meiri hlutans sem ekki aðeins hafnaði samvinnu um málið heldur rauf undirritað samkomulag um málsmeðferðina. Það er dapurlegt að hugsa til þess að sjálft löggjafarvald þjóðarinnar skuli ástunda slík vinnubrögð og vekur óneitanlega upp spurningar um siðferðilega stöðu þess.

Samningurinn.

Hvað samninginn sjálfan varðar þá má gera ráð fyrir að hér sé ekki hægt að komast lengra þótt reynt væri, en núverandi samningur er umtalsvert hagfelldari fyrir Ísland en fyrri samningar. Eftir stendur þó að það er alls ekki útkljáð mál hvort Íslendingum beri yfirleitt nokkur skylda til að greiða kröfu Hollendinga og Breta enda ekki gert ráð fyrir ríkisábyrgð á innstæðutryggingum í tilskipun Evrópusambandsins. Eftirtektarvert er að einn samningamanna fyrir Ísland, Lee C. Buchheit, hefur sagt að persónulega telji hann að Ísland eigi ekki að greiða Icesave.

Samningurinn gerir ráð fyrir að íslenska ríkið gangist í ábyrgð fyrir endurgreiðslum til Breta og Hollendinga vegna þeirra Icesave-reikninga sem voru í útibúum Landsbankans í viðkomandi löndum. Samningurinn sjálfur er með umtalsvert lægri vöxtum en fyrri samningar en þess ber þá að geta að vextir almennt hafa farið lækkandi og vextirnir í þessum samningum eru í takt við þær vaxtalækkanir sem hafa almennt orðið. Þess má geta að svo kallaðir CIRR-vextir (commercial interest reference rate) gilda eftir árið 2016, en það 125 punkta vaxtaálag sem var í fyrri samningi er í þessum samningum fellt brott. Að teknu tilliti til vaxtahlés og áætlana um lækkun höfuðstóls samsvara áætlaðir vextir áranna 2009–2016 því að þeir væru að meðaltali 2,64%. Þessi breyting skiptir umtalsverðu máli þegar kemur að heildarendurgreiðslum. Miðað við áætlun skilanefndar Landsbankans um að eftirstöðvar verði að fullu greiddar upp í júní 2017 má áætla að heildarkostnaður verði um 67 milljarðar kr. Á móti kemur eign Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta upp á um 20 milljarða kr. þannig að miðað við bestu útkomu mun heildarkostnaður fyrir ríkissjóð verða um 47 milljarðar kr.

Núverandi samningur inniheldur einnig góða efnahagslega fyrirvara sem gera ráð fyrir að greiðslubyrði ríkissjóðs verði aldrei hærri en sem nemur 5% af tekjum miðað við fyrra ár eða 1,3% af vergri landsframleiðslu, eftir því hvor talan er hærri. Hér er um að ræða umtalsverðan öryggisventil gagnvart íslenskum skattgreiðendum þar sem þak á þessa ákveðnu skuldbindingu er sett. Hér þarf þó að horfa á Icesave í samhengi við aðrar skuldir hins opinbera, skuldir þjóðarbúsins og möguleikana á því að standa undir öllum þeim skuldbindingum samhliða Icesave-samkomulaginu.

Mat skilanefndar Landsbankans er að um 86% endurheimtur verði úr þrotabúinu. Þar er miðað við að reglubundið mat á eignum og endurheimtum þeirra í fortíðinni verði áfram svipað í framtíðinni. Mat skilanefndar hingað til hefur að mestu staðist og heimtur verið í samræmi við væntingar og því ástæða til bjartsýni hvað þennan þátt varðar. Hins vegar má ekki mikið bregða út af til þess að skuldbindingin sem lendir á ríkissjóði hækki til muna og í áhættumati GAMMA kemur fram að lækkun á endurheimtum um 10% ásamt töf á útgreiðslum úr búinu um níu mánuði leiði til þess að skuldbindingin verður 145 milljarðar kr.

Umsagnir.

Athygli vekur hversu mismunandi umsagnir eru um þau samningsdrög sem nú liggja fyrir og að ekki er varið miklum tíma í ítarlega umfjöllun um þær álögur sem leggjast á almenning í landinu vegna samþykktar samningsins nema í fáum tilvikum.

Alþýðusamband Íslands, stærsta samband verkalýðsfélaga á Íslandi, sendi inn mjög einkennilega umsögn og gerir ekki einu sinni tilraun til að greina hvað samningsdrögin þýða fyrir almenning ef samþykkt verða. Álit ASÍ er sex málsgreinar og af þeim eru fimm algerlega órökstuddar fullyrðingar eða innantómir frasar og jafnvel ótengdar efninu. Það er einkennileg aðkoma þar sem vitað er að skuldir ríkissjóðs og þjóðarbúsins í heild eru við þol-

mörk eða jafnvel yfir þeim og að auknar skuldir ríkissjóðs vegna samningsins munu kalla á skattahækkanir og frekari niðurskurð sem bitnar fyrst og fremst á félagsmönnum aðildarsamtaka ASÍ.

Álit Seðlabanka Íslands er að því er virðist fullt af þversögnum sem ganga alls ekki upp. Varðandi gengisbreytingar og áhrif þeirra setur Seðlabankinn verðbólgu sem áhrifaþátt á gengisbreytingar og snýr við þeirri orsakaröð sem gilt hefur hér á landi undanfarin ár að lækkun á gengi krónunnar leiðir til aukinnar verðbólgu en ekki öfugt. Bankinn telur í framhaldinu að takist honum að halda verðbólgumarkmiði sínu innan 2,5% muni gengið ekki lækka. Í umfjöllun sinni um raungengi ýjar Seðlabankinn að því að vegna lágs raungengis í kjölfar kreppunnar muni það hækka en gleymir að geta þess að í spám sínum um þróun raungengis næstu árin er gert áfram ráð fyrir mjög lágu raungengi (í sögulegu samhengi). Þegar vísað er í aukinn útflutning sem uppbót vegna hugsanlegrar gengislækkunar í neðanmálsgrein á bls. 4 í áliti Seðlabankans gleymist að geta þess að um aukningu í krónum er að ræða en ekki aukningu í magni útflutnings enda vandséð hvernig auka eigi magnútflutning helstu útflutningsafurða landsins, fisks og áls, bæði til skamms tíma og til lengri tíma litið. Greiðslur af Icesave eru hins vegar í erlendum myntum.

Seðlabankinn gerir heldur ekki ítarlega áhættugreiningu á efnahagslegum þáttum samningsins en skautar fremur létt yfir þau atriði sem mestu máli skipta, þ.e. endurheimtur úr búinu og gengisáhættu, og minnist ekki á önnur mikilvæg atriði, svo sem tafir á útgreiðslum vegna dómsmála og skuldaþol þjóðarbúsins.

Skuldaþolsútreikningar bankans fyrir ríkissjóð taka ekki til allra skulda hins opinbera, þ.e. undanskildar eru skuldir sveitarfélaga sem munu í auknum mæli lenda á ríkissjóði, og í þeim er ekki gert ráð fyrir að ríkisábyrgðir, sem nú nema yfir 1.300 milljörðum kr., muni að einhverju leyti falla á ríkissjóð. Það gerðist hins vegar í lok sl. árs að ríkisábyrgðir að upphæð 55 milljarðar kr. fóru inn í fjáraukalög ársins 2010 vegna fallinna eða nær fallinna ríkisábyrgða (Lánasjóður landbúnaðarins og Íbúðalánasjóður) og framundan er stórfelld aukning í ríkisábyrgðum vegna áframhaldandi uppbyggingar fjármálakerfisins. Þar er um að ræða útgjöld upp á 26 milljarða kr. vegna VBS, 12 milljarða kr. vegna Sjóvár, 20 milljarða kr. vegna Saga Capital, 6 milljarða kr. vegna Aska Capital, 5 milljarða kr. vegna Byrs, 14 milljarða kr. vegna Sparisjóðs Keflavíkur og væntanlega 3,5 milljarða kr. vegna Byggðastofnunar. Alls gerir þetta um 87 milljarða kr. án beinna heimilda en óljósar tilvísanir í neyðarlögin koma fram. Þess má geta að sá sjóður sem átti að standa undir áföllum vegna fallinna ríkisábyrgða og er í vörslu Seðlabankans, sk. Ríkisábyrgðasjóður, er tómur. Ríkissjóður hefur að auki gengist í ábyrgð fyrir a.m.k. 141 milljarði kr. vegna yfirtöku Arion Banka og Íslandsbanka á þrotabúum SPRON/Dróma annars vegar og Straums/Burðaráss hins vegar. Auk þess hefur fjármálaráðherra með yfirlýsingu gefið út að allar innstæður í bönkum og fjármálastofnunum séu með ríkisábyrgð án þess að Alþingi hafi samþykkt lög þess efnis.

Spár Seðlabankans um skuldir sem hlutfall af VLF gera einnig ráð fyrir framtíðaraukningu landsframleiðslu sem hvorki núna né í nánustu framtíð virðist raunhæft þar sem aukning VLF sem átti að koma úr virkjanaframkvæmdum og álútflutningi mun ekki ganga eftir og sú aukning í VLF sem á að koma með aukinni einkaneyslu er ólíkleg vegna slæmrar skuldastöðu heimilanna. Eins og fram hefur komið verður sú skuldastaða ekki leiðrétt sem neinu nemur af hálfu stjórnvalda.

Hvað varðar afléttingu gjaldeyrishafta virðist Seðlabankinn ekki gera ráð fyrir að það fylgi því neinn kostnaður að verja gengi krónunnar, en við afléttingu gjaldeyrishafta má gera ráð fyrir stórfelldu útstreymi gjaldeyris. Seðlabankinn var beðinn um að svara tveimur mikil-

vægum spurningum um málið. Sú fyrri hljóðaði upp á hvort það væri forsenda þess að geta metið Icesave III samningsdrögin að vita hvernig verður losað um gjaldeyrishöftin og sú síðari var hvort bíða ætti með að losa um gjaldeyrishöftin þar til greitt hefur verið úr þrotabúi Landsbankans.

Svar Seðlabankans við báðum spurningunum er nei en ekki verður séð annað en að rökstuðningur bankans með svörunum sé í besta falli einkennilegur og standist ekki hefðbundin hagfræðileg lögmál, að því marki sem má leyfa sér að tala um lögmál í fræðigreininni hagfræði yfirleitt. Þess má geta að Seðlabankinn gerir ráð fyrir hækkandi raungengi en spár bankans um hagvöxt og viðskiptajöfnuð ganga hins vegar ekki upp nema raungengið verði áfram jafn lagt og nú er.

Við aukið gjaldeyrisútstreymi vegna afnáms gjaldeyrishafta er líklegt að gengi krónunnar falli enn neðar. Gengi krónunnar verður eingöngu varið með því að eyða þeim lánum og lánalínum sem til staðar eru sem þýðir gríðarlega aukningu í skuldsetningu þjóðarbúsins og stórfellda aukningu á erlendum skuldum. Slíkri aukningu á skuldum verður að mæta með skattahækkunum og/eða frekari niðurskurði sem við núverandi skuldastöðu heimila leiðir að öllum líkindum til mikils samdráttar í einkaneyslu og þar með samdráttar í VLF. Fall á gengi krónunnar mun einnig auka skuldir heimilanna stórlega vegna þeirra verðbólgu- og verðtryggingaráhrifa sem slík þróun hefur. Bankinn gerir heldur enga tilraun til að meta áhrif af slíku útstreymi gjaldeyris en skuldaaukningin sem fylgir því að verja krónuna mun líklega leiða til þess að þanþol ríkissjóðs og þjóðarbúsins vegna skuldsetningar brestur.

IFS greining gerir ekki ráð fyrir að sveiflur í gengi og endurheimtum úr búinu séu til þess fallnar að valda búsifjum nema hugsanlega til skemmri tíma litið. Gengisáhætta er enn til staðar en efnahagslegir fyrirvarar ganga nægilega langt til að verja þjóðarbúið við langtímaáfalli. Spá IFS er þó byggð á því að hér verði hagvöxtur með rætur í aukinni erlendri fjárfestingu sem verður að gera fyrirvara við.

InDefence-hópurinn skilaði einnig inn mjög ítarlegri umsögn og veltir upp áhættunni sem fylgir lægri endurheimtum, töfum á útgreiðslum úr þrotabúinu og gjaldmiðlaáhættunni. Helstu áhersluatriði InDefence eru að lausn deilunnar þurfi að byggjast á þremur þáttum: Það komi fram að ekki sé lögbundin greiðsluskylda að baki kröfum Breta og Hollendinga, að samningar feli í sér skipta ábyrgð allra samningsaðila, og að samningar feli í sér skipta áhættu allra samningsaðila. Að mati Indefence endurspegla núverandi samningsdrög ekki þessa þætti.

GAMMA er með ítarlegustu greininguna á þeim áhættuþáttum sem skipta almenning mestu máli. GAMMA metur mjög ítarlega alla áhættuþætti og niðurstaðan er að heildarkostnaður vegna Icesave III geti verið á bilinu 26–233 milljarðar kr. Í fyrra tilfellinu er miðað við að aukinn forgangur fáist í útgreiðslur úr þrotabúinu (sk. Ragnars H. Hall ákvæði) og að gengi krónunnar styrkist um 2% ársfjórðungslega út greiðslutímann. Miðað við óbreytt gengi krónunnar er athyglisvert að sjá að endurheimtur úr búinu og tafir á útgreiðslum skipta miklu máli en 10% lakari endurheimtur og níu mánaða töf á útgreiðslum leiða til heildarkostnaðar upp á 145 milljarða kr. Ekki má teljast ólíklegt að endurheimtur úr búinu verðir lakari en gert er ráð fyrir og ekki er heldur ólíklegt að tafir vegna dómsmála seinki útgreiðslum. Í sviðsmynd GAMMA þar sem gert er ráð fyrir 10% lakari endurheimtum úr búinu, níu mánaða seinkun á fyrstu endurgreiðslu og 1% veikingu krónunnar ársfjórðungslega, fer heildarskuldin í 182 milljarða kr. og miðað við 2% lækkun krónu ársfjórðungslega fer heildarskuldin í 233 milljarða kr. Þessar tvær síðustu sviðsmyndir eru alls ekki ólíklegar og gera það að verkum að varasamt er að samþykkja þennan samning án frekari fyrirvara.

Niðurstaða.

Gengi krónunnar er mikilli óvissu háð þar sem samstarfsáætlun ríkisstjórnarinnar og AGS gerir ráð fyrir afléttingu gjaldeyrishafta og Seðlabankinn hefur lýst því yfir að gjaldeyrishöftum verði aflétt á þessu ári. Sú staðhæfing Seðlabankans að aflétting gjaldeyrishafta muni ekki leið til falls krónunnar er ekki vel rökstudd og væri það mikið ógæfuskref að aflétta höftum við þessar kringumstæður. Þó má hugsa sér aðferð, svo sem stigvaxandi skattlagningu á gjaldeyrisútstreymi, sem leiddi til þess að eitthvað kæmi upp í þann kostnað sem aflétting hafta hefur í för með sé.

Greining GAMMA á „stóru myndinni“ vekur upp ýmsar spurningar um skulda- og greiðsluþol ríkissjóðs og þjóðarbúsins í heild. Gjaldeyristekjur eru ekki líklegar til að aukast vegna hins fasta framleiðslumagns í helstu útflutningsgreinum landsins og ekki verður um aukinn afgang af vöruskiptajöfnuði né þjónustujöfnuði að ræða. Líklegra er að sá afgangur minnki um leið og hagkerfið tekur við sér sem þó er alls ekki ljóst að gerist.

Skuldaskil þrotabúsins mun hafa áhrif á greiðslujöfnuð landsins þar sem töluvert af eignum þrotabúsins upp í Icesave-kröfurnar eru í íslenskum krónum sem þarf að skipta yfir í evrur og pund svo greiðslur geti átt sér stað. Þegar haft er í huga að nú þegar má lítið út af bera til að ekki hægt sé að fá inn gjaldeyri upp í innflutning, erlenda vexti og afborganir má fastlega gera ráð fyrir að erlend skuld vegna Icesave til viðbótar, með þeirri óvissu og áhættu sem henni fylgir, geri skuldastöðu landsins enn valtari.

Skuldaþol ríkissjóðs er komið á viðkvæmt stig. Heildarskuldir ríkissjóðs í lok desember 2010 námu rétt tæplega 1.300 milljörðum kr. og greiðsluferill þeirra er mjög framhlaðinn, þ.e. vegna mikilla afborgana á næstu 3–5 árum þarf að endurfjármagna þessar skuldir sem getur reynst dýrt og jafnvel erfitt. Ríkisábyrgðir nema um 1.350 milljörðum kr. og gera má ráð fyrir aukningu á þeim vegna endurreisnar fjármálakerfisins. Þó ekki sé rétt að telja að þessar ábyrgðir með beinum skuldum ríkissjóðs eru þær skuldir fyrirtækja í eigu ríkisins og má gera ráð fyrir að þær muni falla á ríkissjóð í meira mæli en á árunum fyrir hrun. Þá eru ótaldar skuldir sveitarfélaga sem munu að einhverju leyti lenda á ríkissjóði. Ef með eru taldar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs upp á vel á þriðja hundrað milljarða króna má sjá að ríkissjóður er mjög líklega kominn í ógöngur.

Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 472 milljarðar kr. (rekstrargrunnur) á árinu 2011 en útgjöld vegna vaxta nema um 75 milljörðum kr. eða um 16% af tekjum. Ekki má teljast ólíklegt að vaxtakostnaður muni hækka enn frekar þar sem lánsfjárþörf ríkissjóðs mun frekar aukast á næstu árum en hitt.

Það þröngt hnýtta samspil sem er milli þeirra þátta efnahagslífsins sem Icesave III hefur áhrif á getur mjög auðveldlega leitt þjóðarbúið í ógöngur. Aukinn vaxtakostnaður ríkissjóðs vegna fyrirséðra lántaka getur leitt til skattahækkana eða frekari niðurskurðar sem aftur leiðir til minni ráðstöfunartekna fyrir heimilin og gerir það að verkum að ekki verður aukning á einkaneysluþætti landsframleiðslunnar. Afnám gjaldeyrishafta ásamt aukinni erlendri skuldsetningu því samfara mun einnig auka vaxtaútgjöld ríkissjóðs og lækkun á gengi krónunnar mun þýða aukna verðbólgu vegna verðhækkana á innflutningi, sem leiðir til aukinna skulda heimilanna vegna verðtryggingarinnar. Þetta samspil gerir það að verkum að mjög áhættusamt getur verið að samþykkja Icesave III óbreytt.

Þó að umsagnir matsfyrirtækja hafi alla tíð verið á sömu lund, þ.e. að það hafi góð áhrif á lánshæfismat Íslands ef Íslendingar samþykkja að greiða Icesave, þá er það álit ekki rökrétt þar sem samþykkt Icesave III hefur áhrif á skuldastöðu landsins til hins verra og eykur á áhættuna sem fylgir lánveitingum til landsins. Ólíklegt má því teljast miðað við skuldastöðu

Íslands að lánshæfismatið hækki við samþykkt Icesave III samninganna. Starfsemi matsfyrirtækjanna hefur og sætt mikilli gagnrýni undanfarin ár og ber að taka öllu sem frá þeim kemur með mikilli varúð.

Þegar haft er í huga að skuldsetning ríkissjóðs og þjóðarbúsins er við þolmörk eða komin yfir þau og að aukning skulda vegna Icesave III getur, við það sem má telja ekki ólíklegar kringumstæður, verið um 233 milljarðar kr., er ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en að of áhættusamt sé að samþykkja samninginn.

Siðferðilegt álitamál sem ekki hefur heldur verið nægilega rætt er hvort réttlætanlegt sé að velta skuldum einkafyrirtækis yfir á almenning í landinu. Í tilfelli Landsbankans hf. er um að ræða fyrirtæki sem virðist ekki eingöngu hafa staðið að rangri upplýsingagjöf til eftirlitsaðila og almennings heldur einnig tekið stöðu gegn krónunni í gjaldmiðlaskiptasamningum. Bankinn virðist einnig hafa verið hreinsaður að innan af stjórnarmönnum, eigendum og aðilum tengdum þeim, þar sem viðhorfið virtist vera að innstæður í bankanum væru eign eigenda bankans. Leiða má líkur að því að Landsbankinn hafi verið rekinn í glæpsamlegum tilgangi af eigendum og stjórnendum og það er því algerlega óforsvaranlegt að yfirvöld á Íslandi skuli ekkert hafa gert til að frysta eigur þeirra sem voru í stjórn og stóðu að ákvarðanatöku bankans.

Alþingi, 30. jan. 2011.

Þór Saari.

771. Tillaga til þingsályktunar [476. mál]

um athugun á fyrirkomulagi fraktflutninga við austurströnd Grænlands.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Atli Gíslason, Árni Johnsen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna vilja grænlensku landsstjórnarinnar til að láta meta hagkvæmni þess að breyta fyrirkomulagi vöruflutninga við austurströnd Grænlands í ljósi þeirra takmarkana sem núverandi sérleyfisfyrirkomulag hefur í för með sér fyrir byggðir þar.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 6/2010 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 24. ágúst 2010 í Tasiilaq á Grænlandi.

Siglingaáætlun útgerðarinnar Royal Arctic Line A/S er ákveðin fyrir eitt ár í senn. Núverandi fyrirkomulag fraktflutninga við austurströnd Grænlands býður upp á takmarkaðan sveigjanleika.

Fyrir byggðirnar tvær á Austur-Grænlandi, Tasiilaq og Ittoqqortoormiit, þýðir þetta annars vegar að vöruflutningaskip geta aðeins siglt fimm mánuði ársins til Tasiilaq og tvo mánuði ársins til Ittoqqortoormiit. Þessa mánuði verður að anna þörf byggðanna fyrir heilt ár. Íbúarnir verða því að notast við neysluvörur sem oft eru komnar fram yfir síðasta söludag, sem samræmist illa heilbrigðiskröfum.

Grænmeti og ávexti, sem mikil eftirspurn er eftir, þarf að flytja inn flugleiðis mestan hluta ársins, sem skilar sér í himinháu verðlagi á þeim vörum.

Einnig eru byggingarvörur fyrir þessa 7–10 mánuði keyptar inn á tilgreindu siglingatímabili. Af þessum sökum þarf að hafa vörur að andvirði nokkur hundruð milljónir króna á lager mestan hluta ársins, sem leiðir af sér allt of háan byggingarkostnað.

Samkvæmt upplýsingum frá íslenskum aðilum á sviði fraktflutninga væri hægt að sigla til beggja byggðanna á mun sveigjanlegri hátt, e.t.v. í tengslum við fraktflutninga á norðan- og norðaustanverðu Íslandi. Siglingatími frá Íslandi til beggja staðanna er í hæsta lagi einn eða tveir dagar.

Sveigjanlegra fyrirkomulag vöruflutninga gæti gefið færi á aukinni þjónustu Íslands við Grænland á þessu sviði.

772. Tillaga til þingsályktunar [477. mál]

um vestnorrænt samstarf til að bæta aðstæður einstæðra foreldra á Vestur-Norðurlöndum.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Atli Gíslason,
Árni Johnsen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hafa frumkvæði að samstarfi við Færeyjar og Grænland um að stuðla að umbótum á aðstæðum einstæðra foreldra á Vestur-Norðurlöndum. Samstarf við Færeyjar og Grænland verði aukið, m.a. með því að ríkin skiptist á hugmyndum, þekkingu og reynslu með það að markmiði að leggja fram sameiginlegar tillögur um það hvernig best væri að bæta aðstæður fjölskyldna einstæðra foreldra. Sem fyrsta skref er skorað á velferðarráðherra að skipuleggja ráðstefnu, í samvinnu við velferðarráðherra Færeyja og Grænlands, þar sem skipst verði á hugmyndum og árangursríkar aðgerðir kynntar.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 1/2010 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 24. ágúst 2010 í Tasiilaq á Grænlandi.

Fjöldi einstæðra foreldra fer vaxandi í vestnorrænu ríkjunum. Þetta er að mörgu leyti ný þróun. Nýleg könnun í Færeyjum meðal einstæðra foreldra sýnir að hluti barna þeirra elst upp við hlutfallslega fátækt.

Meðal afleiðinga af þessari þróun má nefna að börn alast upp við fátækt og samfélagið er þannig upp byggt að fjölskyldur hafa í flestum tilfellum þörf fyrir tvær fyrirvinnur til að endar nái saman. Þá er oft erfitt og í mörgum tilfellum ómögulegt fyrir einstæða foreldra að afla sér menntunar.

Í flestum tilfellum eru það mæðurnar sem eru einar með börnin. Í Færeyjum eru nú um 2000 færri konur en karlar. Þar búa ýmsar ástæður að baki, en þó er talið að hluti mismunarins liggi í því að í mörgum tilfellum hafi einstæðar mæður neyðst til að yfirgefa Færeyjar til að láta enda ná saman. Þetta hefur ýmsar óæskilegar afleiðingar í för með sér. Börnin verða oft af möguleikanum á að hitta föður sinn, afa og ömmur og aðra ástvini. Þá er vitað að því lengur sem konurnar eru í burtu frá heimalandinu þeim mun ólíklegra er að þær komi aftur til baka. Og ef mæðurnar koma ekki til baka er líklegt að börnin geri það ekki heldur.

Það er þess vegna bæði mikilvægt og þýðingarmikið að vestnorrænu ríkin skiptist á hugmyndum og upplýsingum um árangursríkar aðgerðir og komi fram með tillögur um hvernig bæta megi aðstæður einstæðra foreldra.

773. Tillaga til þingsályktunar [478. mál]

um stofnun vestnorræns sögu- og samfélagsseturs.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Atli Gíslason, Árni Johnsen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita leiða í fjárlögum til að styðja við stofnun vestnorræns sögu- og samfélagsseturs.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 2/2010 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 24. ágúst 2010 í Tasiilaq á Grænlandi.

Hópur sagnfræðinga frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi hefur um nokkurt skeið unnið að því að rannsaka og skrifa sögu Vestur-Norðurlanda að tillögu og frumkvæði Vestnorræna ráðsins.

Nú styttist í að verkefninu ljúki en sagnfræðingarnir hafa lagt til að vinnunni verði fram haldið og fylgt eftir með stofnun „Vestnorræns sögu- og samfélagsseturs“, svo sem lýst er hér á eftir.

Lögþing Færeyja hefur á nýliðnu ári veitt 200 þús. dkr. til Háskóla Færeyja til að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Styðji Grænland og Ísland verkefnið með álíka upphæð gæti setrið hafið starfsemi sína innan skamms.

Verkefnislýsing.

Markmið vestnorræns sögu- og samfélagsseturs er að stunda rannsóknir, kennslu á háskólastigi og miðlun á rannsóknarniðurstöðum á sviðum sem tengjast svæðinu. Rannsóknir fara fram í háskólum, þjóðskjalasöfnum, söfnum og öðrum viðeigandi stofnunum. Setrið stýrir samvinnunni og kennaraskiptum á milli landanna og býður háskólum og stofnunum upp á fyrirlestra og námskeið í vestnorrænum fræðum. Rannsóknarniðurstöðunum er miðlað í formi útgáfu fréttabréfa og annarrar útgáfustarfsemi, kennslubókum sem og með sýningum í söfnum vestnorrænu ríkjanna þriggja.

Tilgangur.

- Að styrkja menningartengsl milli Vestur-Norðurlanda.
- Að stuðla að framgangi rannsókna á vestnorrænni sögu, samfélagi og menningu.
- Að miðla upplýsingum til barna og ungmenna og almennings um Vestur-Norðurlönd í nútíð og þátíð.
- Að safna og geyma þekkingu um Vestur-Norðurlönd og nærsvæði þeirra.
- Að stuðla að viðgangi þekkingarstarfsemi á svæðinu.

Þátttakendur.

Helstu þátttakendur eru háskólar og æðri menntastofnanir, söfn, þjóðskjalasöfn og aðrar rannsóknastofnanir. Lagt er til að eftirfarandi stofnanir verði meginþátttakendur í samstarfinu:

Færeyjar	**Grænland**	**Ísland**
Fróðskaparsetur Føroya	Ilisimatusarfik	Háskólinn á Akureyri
Føroya Fornminnissavn	Nunatta Katersugaasivia	Háskólinn í Reykjavík
Føroya Landsskjalasavn	Allagaateqarfialu	Háskóli Íslands
		Þjóðminjasafn Íslands
		Þjóðskjalasafn Íslands

Starfsemi.

Áætlað er að meginstarfsemi setursins verði rannsóknir, kennsla og miðlun upplýsinga. Setrið hafi frumkvæði að og umsjón með rannsóknarverkefnum, kennslu og annarri miðlun. Setrið skipuleggi ráðstefnur, námskeið og fyrirlestra og haldi úti heimasíðu sem innihaldi m.a. fréttabréf og almennar upplýsingar um sögu, menningu og samfélag Vestur-Norðurlanda. Heimasíðan verði á grænlensku, íslensku, færeysku og ensku. Miðlun setursins fer fram með útgáfu fagbókmennta, kennslubóka fyrir skóla og samræmingu á sameiginlegum sýningum. Setrið mun styðja stofnun rannsóknarskóla, menntun og ráðningu fræðimanna og draga til sín meistara- og doktorsnema.

Staðsetning.

Setrið verði til að byrja með hýst hjá Fróðskaparsetri Færeyja og síðar flutt til Íslands eða Grænlands, ef ástæða þykir til.

Stjórn.

Setrið hefur stjórn skipaða fagfulltrúum frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Stjórnin ræður forstöðumann sem heyrir í daglegum rekstri undir stjórn þeirrar stofnunar þar sem setrið er hýst.

Fjármögnun.

Fjármögnun setursins verði með fjárframlögum frá vestnorrænu ríkjunum þremur. Grunnfjármögnun verður:

- laun til forstöðumanns,
- skrifstofa,
- heimasíða, þ.m.t. þýðingar,
- ferðakostnaður fyrir forstöðumann og stjórnarmeðlimi,
- kostnaður í tengslum við kennsludvalir.

Verkefni setursins fjármagnist af norrænum og öðrum sjóðum.

Samvirknisáhrif stofnunar setursins.

- Sterkt vestnorrænt svæði með aukinni samvinnu.
- Aukinn skilningur á lífsskilyrðum á Vestur-Norðurlöndum.
- Samfelldara samstarf og aukin áhrif í norræna samstarfinu.
- Betri þekking og skilningur hjá utanaðkomandi á sögu, menningu og samfélagi Vestur-Norðurlanda.

774. Tillaga til þingsályktunar [479. mál]

um eflingu samgangna milli Vestur-Norðurlanda.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Atli Gíslason,
Árni Johnsen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna vinnuhóp, í samvinnu við Færeyjar og Grænland og með mögulegri þátttöku Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA), til að vinna tillögur til eflingar innviða flug- og sjósamgangna á milli Vestur-Norðurlandanna í þágu aukins samtarfs á sviði ýmiss konar viðskipta og þjónustu auk vöru- og farþegaflutninga á milli landanna. Byggt verði á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram hjá ýmsum stofnunum á svæðinu. Skoðaðar verði sérstaklega í þessu sambandi forsendur fyrir auknum tengslum á sviði þjónustu og viðskipta á milli Vestfjarða og Austur-Grænlands.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 3/2010 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 24. ágúst 2010 í Tasiilaq á Grænlandi.

Samstarf Vestur-Norðurlandanna hefur aukist verulega undanfarin ár samhliða auknu sjálfsforræði Færeyinga og Grænlendinga innan ríkjasambands þeirra við Danmörku. Markmið Vestnorræna ráðsins, sem var stofnað 1985, er einkum að efla samráð og samvinnu ríkis- og landstjórna Vestur-Norðurlanda um mikilvæg hagsmunamál. Sjó- og flugsamgöngur gegna lykilhlutverki þegar kemur að eflingu vestnorræns samstarfs. Sem dæmi hafa Færeyingar í auknum mæli sótt sér heilbrigðisþjónustu á Íslandi á grundvelli fríverslunarsamningsins, sem Ísland og Færeyjar gerðu með sér árið 2006, og nýtt sér þar með nálægð landanna.

Skilvirkar samgöngur á milli Vestur-Norðurlandanna eru þannig forsenda aukinna þjónustuviðskipta og vöruflutninga milli landanna og það sama gildir um ferðamennsku. Nokkur samvinna hefur verið á milli Vestur-Norðurlandanna á sviði ferðamála síðan 1995 þar sem m.a. hefur verið unnið að sameiginlegri markaðssetningu svæðisins. Betri flugsamgöngur milli Íslands og Grænlands hafa m.a. stuðlað að aukinni ferðamennsku á Grænlandi. Loftferðasamningar, sem Ísland stefnir á að gera við Færeyjar og Grænland, samhliða aukinni samvinnu vestnorrænna flugfélaga og ferðaskrifstofa gæti orðið til þess að hægt yrði að bjóða upp á „vestnorræna hringinn“, flug- eða sjóleiðina milli Íslands, Færeyja og Grænlands.

Vestfirðir og Austur-Grænland.

Nokkur áhugi hefur verið á því að auka sérstaklega tengslin á milli Vestfjarða og austurstrandar Grænlands vegna landfræðilegrar nálægðar. Til dæmis liggur bærinn Ittoqqortoormiit eða Scoresbysund mun nær Ísafirði en Nuuk þaðan sem vörum er dreift til austurstrandar Grænlands. Svæðunum tveimur, austurströnd Grænlands og Vestfjörðum, má lýsa á eftirfarandi hátt:

- Ísafjarðabær samanstendur af sex sveitafélögum á norðanverðum Vestfjörðum sem voru sameinuð. Um 4.000 manns búa samtals í sveitarfélaginu sem er alls um 2.400 km^2 að stærð og með fimm þéttbýliskjarna: Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Ísafjörð og Hnífsdal.
- Austurströnd Grænlands er 2.600 km löng og skiptist annars vegar í þjóðgarð og hins vegar í svæði þar sem finna má tvo bæi og nokkrar smærri byggðir. Bæirnir tveir er hluti af austur-vestur sveitarfélaginu sem heitir í dag Kommuneqarfik Sermersooq. Austur-

ströndin samanstendur af Ittoqqortoormiit eða bænum Scoresbysund (sem er vinabær Dalvíkurbyggðar) annars vegar og bænum Tasiilaq en undir hann falla einnig fimm þorp, þ.e. Kulusuk, Sermiligaaq, Kuummiut, Tiniteqilaaq og Isortoq. 1. júní 2008 bjuggu 3.045 manns í Tasiilaq, þar af 1.908 í Tasiilaqbæ og 1.137 í þorpunum fimm. Íbúar Ittoqqortoormiit voru á sama tíma um 500. Alls búa því um 3.500 manns á svæðinu sem er alls 1.457.000 km² að stærð með þjóðgarðinum norðan við Scorebysund meðtöldum. Hann hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn og vísindamenn sem fara í rannsóknarleiðangra á svæðið.

Hugmyndir sem hafa verið settar fram um aukin tengsl Ísafjarðar og austurstrandar Grænlands lúta að þjónustu, þar með talið heilbrigðisþjónustu, við fyrirhugaða námavinnslu á austurströnd Grænlands og við rannsóknarleiðangra og ferðamennsku þar sem t.d. yrði mynduð tengsl á milli friðlandsins á Hornströndum og þjóðgarðsins á Austur-Grænlandi, samvinna á sviði menningar- og menntamála og fleira mætti telja. Í kjölfar áhugans um að efla tengslin á milli Vestfjarða og austurstrandar Grænlands hefur farið fram þó nokkur vinna við að kanna möguleikana á auknum tengslum, sbr. yfirlitið hér á eftir, og ljóst er að það eru tvær meginforsendur aukinna tengsla.

Í fyrsta lagi að millilandaflug verði heimilað á Ísafjarðarflugvelli annaðhvort með því að uppfylla skilyrði þar um eða fá undanþágu frá þeim. Austurströnd Grænlands er aðeins aðgengileg sjóleiðina um 5–8 mánuði ársins vegna hafíss. Flugsamgöngur gegna því mikilvægu hlutverki fyrir austurströnd Grænlands. Constable Point (Nerlerit Inaat (Konstabel Pynt)) flugvöllurinn á austurströnd Grænlands nálægt Scoresbysundi er alþjóðaflugvöllur þaðan sem hægt er að fara með þyrluflugi til einstakra staða á austurströndinni. Hins vegar er ekki heimilt að fljúga beint á milli Constable Point og Ísafjarðar þar sem flugvöllurinn á Ísafirði uppfyllir ekki skilyrði um millilandaflug. Það yrði því alltaf að millilenda á alþjóðaflugvelli (t.d. á Akureyri) á Íslandi og fara þaðan til Ísafjarðar sem er ekki til þess fallið að efla bein tengsl á milli svæðanna. Eins og er „stranda“ því aukin tengsl á milli Ísafjarðar og austurstrandar Grænlands á Ísafjarðarflugvelli. Því er við að bæta að flugvöllurinn er heldur ekki í stakk búinn til að taka á móti stórum birgðaflutningavélum eins og Hercules-vélum sem að öllum líkindum yrðu notaðar til birgðaflutninga vegna námavinnslu á austurströnd Grænlands. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að vera með beint farþegaflug á milli Ísafjarðar og austurstrandarinnar að því gefnu að millilandaflug yrði heimilað á Ísafirði og loftferðasamningur milli Íslands og Grænlands tæki gildi, en slíkur samningur léttir alla stjórnsýslu í tengslum við millilandaflug.

Í öðru lagi þarf að vinna að samkomulagi um aðgang að höfnum á Grænlandi við heimastjórnina en eins og er hefur grænlenska skipafélagið Royal Arctic Line einkaleyfi á siglingum með vörur til allra hafna í Grænlandi. Í því sambandi má benda á að möguleg lausn er samkomulag svipað því sem Norðmenn og Rússar eru að vinna að um gerð nokkurs konar frísvæðis milli landamærahéraða Noregs og Rússlands sem mun heimila um 40 þúsund Rússum og 9.000 Norðmönnum að fara á milli landanna án vegabréfs.

Í ljósi þeirrar samvinnu sem þegar er á milli Vestur-Norðurlandanna og áhuga á að efla þá samvinnu enn frekar leggur Vestnorræna ráðið til við ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands að stofnaður verði vinnuhópur með mögulegri þátttöku Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA) til að kortleggja flug- og sjósamgöngur á milli Vestur-Norðurlandanna með hliðsjón af þeim skýrslum sem þegar hafa verið gerðar og vinna að tillögum um eflingu innviða flug- og sjósamgangna á milli Vestur-Norðurlandanna. Í þeirri vinnu er mikilvægt, að mati Vestnorræna ráðsins, að horfa til framtíðar landanna með hliðsjón af

samstarfi á sviði ferðamennsku, fræðslu- og menningarstarfsemi, auk samstarfs á sviði viðskipta og þjónustu ýmiss konar m.a. í tengslum við fyrirhugaðan námaiðnað á Grænlandi, og aukinna siglinga á norðurslóðum, bæði vöru- og farþegaflutninga.

Yfirlit yfir greinargerðir og skýrslur sem unnar hafa verið um möguleika á auknum tengslum milli Vestur-Norðurlandanna almennt og Vestfjarða og austurstrandar Grænlands sérstaklega:

1999 og 2004: Ísland fór með formennsku í Norðurlandaráði. Í formennskuáætlun sagði að markmiðið væri að beita sér m.a. fyrir bættum samgöngum á Vestur-Norðurlöndum, einkum á sviði flugsamgangna. Það hefur gengið eftir enda hafa flugsamgöngur milli landanna batnað mikið undanfarin ár en spurning hvort ekki megi betur ef duga skal.

2003: Skýrsla norræns starfshóps um „Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi“.

2004: Skýrsla Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri (HA) fyrir samgönguráðuneytið í tengslum við formennsku Íslands í Norðurlandaráði um „Flug og sjóflutninga á Vestur-Norðurlöndum. Greining og framtíðarspá“. Höfundar Jón Þorvaldur Heiðarsson og Hjalti Jóhannesson. Í skýrslunni kemur m.a. fram að starfshópur Norðurlandaráðs, sem gaf út skýrsluna sem getið er um hér að framan, hafi beint því til Norrænu ráðherranefndarinnar að gera víðtæka úttekt á stöðu flug- og skipasamganga innan vestnorræna svæðisins og milli Vestur-Norðurlandanna og annarra ríkja, auk þess að kanna hvort unnt væri að veita styrk til þess að koma á nýrri flugleið milli Færeyja, Grænlands og Íslands. Hugmyndinni um fjárstuðning við nýja flugleið var hafnað, m.a. með þeim rökum að flugumferð milli Vestur-Norðurlandanna yrði að tengjast annarri flugumferð á svæðinu. Í kjölfarið lagði samstarfshópurinn til að kannaður yrði möguleikinn á því að gera óháða úttekt á sjó- og flugsamgöngum og innviðum vegna þeirra á svæðinu sem gæti komið til viðbótar t.d. evrópskum áætlunum um samgöngumál. Var þeim tilmælum komið á framfæri við samgönguráðherra landanna. Skýrsla HA auk vefritsins sem getið er um hér á eftir er það sem samgönguráðuneytið lét gera í kjölfarið.

2004: Ráðstefna haldin á siglingadögum á Ísafirði um siglingaleiðina milli Íslands og Austur-Grænlands og möguleika á auknum samskiptum í tengslum við ferðamál, viðskipti, heilsugæslu og skólamál. Samhliða var haldinn fundur hagsmunahópa með fulltrúum Ísafjarðarbæjar og grænlensku heimastjórnarinnar. Á þeim fundi kom m.a. fram sú hugmynd að sorp frá Austurströnd Grænlands yrði brennt á Ísafirði.

2005: Vefrit samgönguráðuneytis, 4. útgáfa, um „Flugsamgöngur á Vestur-Norðurlöndum“.

2007: Tillaga til þingsályktunar lögð fram á 133. löggjafarþingi, 2006–2007, um þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum af Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, núverandi varaformanni Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, Steingrími J. Sigfússyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur. Þar segir m.a. eftirfarandi: „Á Ísafirði er lífhöfn frá náttúrunnar hendi og þar eru mikil mannvirki. Höfnin er stór og góð aðstaða fyrir allar stærðir skipa. Ísafjörður liggur mjög vel við þegar skip sem eru að veiðum við Austur-Grænland þurfa að sækja sér þjónustu og hafa útgerðir frá Noregi og Færeyjum helst nýtt sér þjónustuna undanfarin ár. Þjónustugetan er þó miklu meiri og því vannýttir möguleikar á að þjónusta útgerð, fiskvinnslu og flutninga til Austur-Grænlands. Mikilvægt er því að koma á tengslum og samvinnu milli Vestfjarða og byggðarlaga á Austur- Grænlandi.“

2007: Skýrslan „Vestfirðir og Austur-Grænland. Úttekt á mögulegum samstarfsflötum milli Vestfjarða/Ísafjarðar og Austur-Grænlands“. Skýrslugerðin var styrkt af Ísafjarðarbæ

og fleirum. Höfundur Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir. Í niðurlagi skýrslunnar segir m.a.: „Næstu skref gætu [ ] falist í stofnun þverfaglegs vinnuhóps þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Vinnuhópurinn þyrfti að skilgreina þau verkefni sem vinna þarf, gera kostnaðaráætlun fyrir verkefnin, finna fjármagn og setja verkefnin í framkvæmd.“ Í fundargerð Ísafjarðarbæjar nr. 70 dags. 31. janúar 2007 er gerð grein fyrir skýrslunni og sagt í lokin að nefndin sem stóð að útgáfu skýrslunnar muni kanna leiðir til að koma slíkum vinnuhóp á laggirnar.

2008: Viljayfirlýsing milli utanríkisráðuneytisins og Ísafjarðarbæjar 11. ágúst undirrituð af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra og Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra og staðfest af bæjarráði um samstarf um úttekt á möguleikum þess að koma á auknum samskiptum og viðskiptum milli Grænlands og Ísafjarðarbæjar með sérstakri áherslu á Austur-Grænland. Ákveðið var að Ísafjarðarbær legði til 500.000 kr. vegna úttektarinnar á móti 500.000 kr. frá utanríkisráðuneytinu. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða tók að sér úttektina.

2008–2009: Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða skilar af sér þremur minnisblöðum um hvernig fyrirhuguð námavinnsla á Austur-Grænlandi, auk þjóðfélagsbreytinga, gætu skapað forsendur fyrir því að Ísafjörður yrði þjónustumiðstöð fyrir Austur-Grænland. Niðurstaðan er sú að Ísafjarðarhöfn komi til greina sem þjónustuhöfn. Siglingaleiðin milli Ísafjarðar og Scoresbysunds, þar sem námavinnsla er fyrirhuguð, er einum degi styttri en til Reykjavíkur (1–2 dagar í stað 2–3). Ef íslensk skip eiga að geta séð um þjónustuna þarf hins vegar að skoða aðgang að höfnum í Grænlandi en eins og er hefur grænlenska félagið Royal Artic Line sérleyfi á öllum siglingum á allar hafnir í Grænlandi. Í tengslum við námavinnslu getur flugvöllurinn á Ísafirði ekki þjónustað stórar birgðaflutningavélar, svo sem Hercules-vélar sem yrðu notaðar í tengslum við námavinnslu. Flugvöllurinn getur hins vegar tekið á móti farþegaflugi frá austurströndinni en það er háð því að Ísafjarðarflugvöllur hafi tilskilin leyfi og skilyrði til millilandaflugs. Þar sem bættar flug- og sjósamgöngur auk hafnaraðgangs á Grænlandi eru forsenda frekara samstarfs, hvort sem það er á sviði þjónustu við námavinnslu, ferðamennsku, menntamála, menningarmála eða heilbrigðisþjónustu, er ljóst að stuðningur ríkisstjórnarinnar (utanríkis- og samgönguráðuneytis) er forsenda þess að hægt sé að efla samstarf milli Ísafjarðar og austurstrandar Grænlands.

2009: Fjórðungsþing Vestfirðinga sendi frá sér ályktun þar sem skorað er á samgönguyfirvöld „að opna á ný möguleika á flugi frá Ísafjarðarflugvelli til Austur-Grænlands, með loftferðarsamningi milli Íslands og Grænlands“. Í niðurlagi segir að möguleikar Vestfirðinga á auknum samskiptum við næstu nágranna okkar í vestri séu bundnir því að flugsamgöngur verði tryggar.

2010: Í skýrslu utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál, sem lögð var fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010, segir m.a. að stefnt sé að undirritun norræns loftferðasamnings milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar á næstunni. Í tengslum við það sé ríkur áhugi á að leita eftir sams konar samningum við Færeyjar og Grænland.

Að lokum kemur fram á vef Norðurlandaskrifstofu hérlendis í umfjöllun um Norðurlöndin og Evrópusamruna að í samvinnu Norðurlandaþjóða ætti m.a. að sinna tengslum Noregs, Íslands, Færeyja og Grænlands annars vegar og Evrópusambandsins (ESB) hins vegar. Sjá nánar http://www.forsaetisraduneyti.is/nordurlandaskrifstofa/Norraen_utgafa/nr/917.

775. Tillaga til þingsályktunar [480. mál]

um samvinnu milli vestnorrænu ríkjanna um stjórn veiða úr sameiginlegum fiskstofnum.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Atli Gíslason, Árni Johnsen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á samvinnu við Færeyjar og Grænland um stjórn veiða úr sameiginlegum fiskstofnum og skorar á hana að vinna með löndunum tveimur að undirbúningi viðræðna og samstarfs við aðrar fiskveiðiþjóðir á Norður-Atlantshafi um stjórn veiða úr sameiginlegum fiskstofnum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 4/2010 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 24. ágúst 2010 í Tasiilaq á Grænlandi.

Öll vestnorrænu ríkin, Færeyjar, Grænland og Ísland, leitast við að tryggja að allar veiðar í lögsögu ríkjanna séu sjálfbærar. Ríkin þekkja öll, bæði af eigin reynslu og annarra, hvaða afleiðingar ofveiði getur haft í för með sér. Af þessum ástæðum taka löndin meginregluna um sjálfbærni alvarlega.

Löndin gera sér grein fyrir mikilvægi þess að skýrar og afgerandi reglur gildi um veiði úr fiskstofnum ríkjanna. Eitt af þeim vandamálum sem blasa við þegar staða fiskstofna hvers lands fyrir sig er metin er að tilhneiging er til ofveiði úr þeim stofnum sem eru sameiginlegir með einu eða fleiri löndum.

Í júní 2010 hélt Vestnorræna ráðið þemaráðstefnu um fiskveiðistjórnarkerfi. Meðal mikilvægustu niðurstaðna ráðstefnunnar var að til þess að tryggja sjálfbærar veiðar úr sameiginlegum fiskstofnum væri nauðsynlegt að þau lönd þar sem fiskstofnarnir halda sig vinni saman um stjórn á veiðum úr þessum stofnum og ákveði í sameiningu hversu mikið megi veiða úr þeim árlega.

Alþingi beinir því þess vegna til vestnorrænu sjávarútvegsráðherranna að koma á formlegu samstarfi um stjórn á veiðum úr sameiginlegum fiskstofnum. Skorað er á ráðherrana að semja sameiginlegar reglur um samstarf um veiðar úr sameiginlegum fiskstofnum og að þeir vinni að sameiginlegum undirbúningi fyrir viðræður og samvinnu við þriðju ríki um stjórn á veiðum úr sameiginlegum fiskstofnum. Með sameiginlegri afstöðu í viðræðum við þriðju ríki standa löndin þrjú sterkar að vígi en ef hvert land stendur eitt og út af fyrir sig.

776. Tillaga til þingsályktunar [481. mál]

um samvinnu milli ríkissjónvarpsstöðva vestnorrænu ríkjanna.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Atli Gíslason, Árni Johnsen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þráinn Bertelsson.

Alþingi ályktar að hvetja mennta- og menningarmálaráðherra f.h. Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) til að útvíkka og styrkja samstarf RÚV við KNR (Útvarp Grænlands) og ÚF (Útvarp

Færeyja) með því að auka framboð á fréttum og fréttatengdu efni frá Færeyjum og Grænlandi. Ríkisútvarpið geri sjónvarpsútsendingar frá Færeyjum og Grænlandi aðgengilegar í svo miklum mæli sem unnt er. Til lengri tíma litið verði stefnt að samstarfi milli stöðvanna um framleiðslu á efni, svo sem sjónvarpsþáttaröðum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 5/2010 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 24. ágúst 2010 í Tasiilaq á Grænlandi.

Ríkissjónvarpsstöðvar vestnorrænu ríkjanna framleiða allar fréttaefni í einhverjum mæli. Einnig eru nokkrar sjónvarpsþáttaraðir og sjónvarpsmyndir framleiddar í löndunum. Vestnorrænu ríkissjónvarpsstöðvarnar hafa unnið saman og til að mynda hafa stöðvar hvers ríkis veitt hinum aðstoð við framleiðslu fréttaefnis frá viðkomandi ríki.

Vestnorrænu ríkin eru nágrannar og eiga sér sterk menningarleg tengsl. Samgangur, m.a. ferðamennska, milli landanna er mikill og löndin eiga sér sameiginlega sögu sem og margvísleg menningarleg líkindi. Samvinna milli landanna og gagnkvæmur áhugi fer vaxandi. Verði þessari þingsályktunartillögu hrint í framkvæmd mun það ekki aðeins hafa í för með sér aukna þekkingu á nágrannaríkjunum heldur einnig uppfylla þörf og eftirspurn sem þegar er fyrir hendi.

Ekki munu felast veruleg útgjöld í framkvæmd þessarar tillögu þar sem um væri að ræða samninga um skipti á eigin framleiðslu. Þetta mætti til dæmis gera með samningi um að nota ákveðið magn af fréttaefni frá hinum vestnorrænu ríkissjónvarpsstöðvunum í hverri viku eða mánuði. Líklega mun falla til einhver kostnaður við umsýslu, þýðingar á efni og við að stofna til samstarfsins. Á móti kemur að kostnaður við sýningar á efninu (kaup á efni) yrði lítill sem enginn.

777. Frumvarp til laga [482. mál]

um breytingu á kosningalögum.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Atli Gíslason, Björgvin G. Sigurðsson,
Margrét Tryggvadóttir, Oddný G. Harðardóttir,
Róbert Marshall, Sigurður Ingi Jóhannsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 78. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kjörstjórn er einni heimilt að fara með upplýsingar og gögn úr kjörfundarstofu. Kjörstjórn er heimilt að afhenda umboðsmönnum upplýsingar og gögn úr kjörfundarstofu svo að umboðsmanni sé mögulegt að rækja lögbundið eftirlitshlutverk sitt, enda fari gögnin og upplýsingarnar ekki úr umsjón kjörstjórnar af kjörstað.

II. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kjörstjórn er einni heimilt að fara með upplýsingar og gögn úr kjörfundarstofu. Kjörstjórn er heimilt að afhenda umboðsmönnum upplýsingar og gögn úr kjörfundarstofu svo að umboðsmanni sé mögulegt að rækja lögbundið eftirlitshlutverk sitt, enda fari gögnin og upplýsingarnar ekki úr umsjón kjörstjórnar af kjörstað.

3. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til sambærilegar breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna, þ.e. ákvæðum er varða miðlun upplýsinga sem safnað er á kjördegi meðan á kjörfundi stendur. Ekki eru lagðar til breytingar á ákvæðum um söfnun og miðlun upplýsinga vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar þar sem eðlilegt getur talist að umboðsmenn hafi aðgang að þeim upplýsingum með góðum fyrirvara, sérstaklega þegar litið er til réttinda nýrra framboðslista.

Með frumvarpinu er lagt til að tekið verði skýrt fram í lögum að kjörstjórn sé einni heimilt að fara með upplýsingar og gögn úr kjörfundarstofu á kjörfundi. Þá er lagt til að kjörstjórn verði heimilað að afhenda umboðsmönnum upplýsingar og gögn úr kjörfundarstofu í þeim tilgangi að þeim sé unnt að rækja lögbundið eftirlitshlutverk sitt en áskilið að ekki verði heimilt að fara með gögnin og upplýsingarnar úr umsjón kjörstjórnar. Meðal þeirra gagna og upplýsinga sem hér um ræðir eru upplýsingar um það hverjir eru á kjörskrá og hverjir hafa greitt atkvæði á kjörstað hvernig sem haldið er utan um þær.

Flutningsmenn telja mikilvægt að virða grundvallarrétt og persónufrelsi kjósenda til þess að kjósa eða að kjósa ekki og því er frumvarpið lagt fram. Þá telja þeir mikilvægt að tryggja að upplýsingar um kjósendur fari ekki til annarra en umboðsmanna og að þær séu ekki notaðar í öðrum tilgangi en samræmist lögum. Með því að kjörstjórnir hafi umsjón með gögnunum og upplýsingum sem unnar eru upp úr gögnunum þá sé framangreint tryggt án þess að gengið sé á rétt umboðsmanna til að uppfylla skyldur sínar og fylgjast með lögmæti kosninganna. Þeir eiga meðal annars að gæta þess að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina og geta þeir átalið við kjörstjórn það sem þeir telja að sé áfátt. Þá eiga þeir rétt á að vita nafn og önnur deili á hverjum þeim sem óskar að neyta atkvæðisréttar, til þess að geta gengið úr skugga um að enginn fái að neyta atkvæðisréttar oftar en einu sinni, og hafa hjá sér kjörskrá til að merkja jafnóðum við þá sem greitt hafa atkvæði í kjördeildinni.

Í lögum um kosningar til sveitarstjórna er í 83. gr. kveðið á um að eyða skuli kjörskrám að kærufresti loknum og er það á ábyrgð yfirkjörstjórnar að slíkt sé gert. Í 104. gr. laga um kosningar til Alþingis er kveðið á um að yfirkjörstjórn skuli innsigla umbúðir og senda dómsmálaráðuneyti, nú innanríkisráðuneyti, sem geymir þær í eitt ár en eyðir þeim að þeim tíma liðnum. Í áliti Persónuverndar varðandi viðveru umboðsmanna framboðslista við kosningar o.fl. frá 10. mars 2003 í máli nr. 2002/252 kemur m.a. fram að skilja verði ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna svo að það taki jafnframt til þeirra kjörskráa sem

umboðsmenn framboðslista fá til afnota á kjörfundi og tekið fram að það sé í samræmi við þá meginreglu sem kveðið er á um í lögum um meðferð persónuupplýsinga, þess efnis að persónuupplýsingar séu ekki varðveittar í því formi að unnt sé að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur. Þá er áréttað að framangreind meginregla komi einnig fram í 26. gr. laganna sem kveður á um að þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skuli ábyrgðaraðili eyða þeim. Segir þar að málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga geti m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

Niðurstaða Persónuverndar í álitinu er sú að umboðsmönnum framboðslista sé heimil viðvera í kjördeildum og að merkja í kjörskrá við þá sem koma og nýta atkvæðisrétt sinn. Hins vegar telur Persónuvernd þeim vera óheimilt að miðla þessum upplýsingum út úr kjördeild nema slíkt sé nauðsynlegt í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því að kosning fari löglega fram, t.d. tryggja að umboðsmenn framboðslistanna geti rækt það hlutverk sitt að hafa eftirlit með því að þeir einir sem eru á kjörskrá greiði atkvæði og að enginn greiði atkvæði oftar en einu sinni.

Erfitt er að sjá í hvaða tilvikum það getur verið nauðsynlegt að umboðsmenn miðli upplýsingum úr kjördeild til að hafa eftirlit með því að þeir einir sem eru á kjörskrá greiði atkvæði og að enginn greiði atkvæði oftar en einu sinni. Ef kjósandi fær að greiða atkvæði oftar en einu sinni og setja atkvæðaseðilinn í kjörkassann þrátt fyrir athugasemdir umboðsmanna á kjörstað eða í kjördeild þá er kjörseðilinn kominn í kjörkassann. Því hljóta umboðsmenn að bregðast við þegar á kjörstað og láta bóka ágreiningsálitið í kjörbók eða bóka það sjálfir, sbr. ákvæði 94. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Flutningsmenn telja mikilvægt að leggja til þessa breytingu á lögum um kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, þ.e. að kjörstjórn verði einni heimilt að fara með gögn og upplýsingar út af kjörfundi enda virðist ákvæðið ekki eiga sér fyrirmyndir í öðrum löndum og vandséð að þörfin fyrir slík ákvæði sé meiri hér en annars staðar. Flutningsmenn telja enn fremur að með þessu verði einnig betur tryggt að yfirkjörstjórnir og ráðuneyti geti eytt gögnum og upplýsingunum, þ.e. kjörskrám o.fl., sbr. ákvæði laganna.

778. Nefndarálit [388. mál]

um frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Högna Haraldsson og Ólaf Ásgeirsson frá IFS-greiningu, Guðmund Björnsson og Valdimar Ármann frá Gamma, Nökkva Bragason, Þórhall Arason og Pétur Fenger frá fjármálaráðuneyti, Gunnar H. Hall frá Fjársýslu ríkisins, Má Guðmundsson, Ásgeir Daníelsson, Sigríði Logadóttur og Þórarin G. Pétursson frá Seðlabanka Íslands, Magnús Árna Skúlason, Eirík Svavarsson, Kristján Gísla-

son, Ragnar Ólafsson, Davíð Blöndal, Sigurð Hannesson og Ólaf Elíasson frá Indefence, Ragnar H. Hall, Stefán Má Stefánsson og Benedikt Bogason, Ólaf Darra Andrason frá ASÍ, Halldór Halldórsson og Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hannes G. Sigurðsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá Samtökum atvinnulífsins, Svein Arason frá Ríkisendurskoðun, Sigrúnu Helgadóttur, Guðrúnu Þorleifsdóttur og Eirík Elís Þorláksson frá Tryggingarsjóði innstæðueiganda og fjárfesta, Guðmund Árnason, Einar Gunnarsson, Lárus Blöndal, Jóhannes Karl Sveinsson, Lee Buchheit, Andrew Speirs, Hrafn Steinarsson, Kristján Andra Stefánsson og Charles Williams frá samninganefnd um Icesave, Lárentsínus Kristjánsson, Einar Jónsson og Ársæl Hafsteinsson frá skilanefnd Landsbanka Íslands hf., Herdísi Hallmarsdóttur og Kristin Bjarnason frá slitastjórn Landsbanka Íslands hf. og Hreiðar Bjarnason og Árna Þór Þorbjörnsson frá NBI hf.

Forsaga málsins fram að þjóðaratkvæðagreiðslu.

Deilan vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands er ein samfelld sorgarsaga. Frá því að Landsbanki Íslands hf. féll um haustið 2008 hefur smám saman komið í ljós hversu misráðið það var af stjórnendum bankans að hefja innlánasöfnun í löndunum tveimur, Bretlandi og Hollandi, á þeim tíma og forsendum sem gert var. Það var þó aðeins upphaf ógæfunnar.

Með undirritun Icesave-samninganna í júní 2009 voru gerð stærstu mistök ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur af mörgum í Icesave-deilunni. Áður hafði ríkisstjórnin rutt burt samninganefnd ríkisstjórnar Geirs H. Haarde, skipað nýja án aðkomu stjórnarandstöðuflokkanna og boðað glæsilega niðurstöðu.

Segja má að þessi samningur hafi verið ein allsherjarskuldbinding Íslendinga til að ganga að ýtrustu kröfum Breta og Hollendinga. Um algera uppgjöf var að ræða af hálfu ríkisstjórnar Íslands og með hreinum ólíkindum að hún hafi skrifað undir slíka afarkosti sem fólust í þeim samningum sem Alþingi voru kynntir sumarið 2009. Þegar sú niðurstaða leit dagsins ljós hafði ríkisstjórnin ekki meiri hluta fyrir henni og þingið tók málin í sínar hendur.

Á Alþingi liggur frammi þingsályktunartillaga frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins um að aðdragandi þess máls verði sérstaklega rannsakaður. Meiri hluti Alþingis hefur talið sig þess umkominn að ákæra fyrrverandi forsætisráðherra þjóðarinnar með óskiljanlegum og fráleitum rökum. Nær væri fyrir þá þingmenn sem samþykktu Icesave-samninginn að gera sér grein fyrir og axla ábyrgð á þeim alvarlegu mistökum sem þeir eru berir að og bera ábyrgð á.

Sjónarmið Sjálfstæðisflokksins hefur ávallt verið að standa ákveðið gegn öllum afarkostum og þvingunum af hálfu viðsemjenda okkar. Þeir sem stutt hafa að leitað yrði pólitískrar lausnar hafa ávallt gert sér grein fyrir því að ef leysa ætti úr deilunni með samningum ríkjanna þriggja mundi það ekki vera útgjaldalaust af Íslands hálfu. Grundvallaratriðið er hins vegar í samningum fullvalda ríkja að allir samningsaðilar leggi sitt af mörkum.

Í ljósi þeirrar skelfilegu stöðu sem fjármálaráðherra og forsætisráðherra höfðu komið hagsmunum þjóðarinnar í í Icesave-málinu sumarið 2009 var af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd leitast við að takmarka það tjón sem yfir þjóðinni vofði með gerð fyrirvara við ríkisábyrgðina. Í nefndaráliti á þskj. 337, 136. máli á 137. löggjafarþingi, er farið nánar yfir þær athugasemdir og þau sjónarmið sem lágu afstöðu fulltrúa sjálfstæðismanna til grundvallar. Þeir fyrirvarar sem gerðir voru leiddu til þess að setjast þurfti að nýju að samningum við Breta og Hollendinga.

Ríkisstjórnin tók upp viðræður að nýju í október 2009 án aðkomu stjórnarandstöðunnar. Sú saga er rakin í nefndaráliti á þskj. 258, 76. máli á 138. löggjafarþingi, og með Icesave-samkomulagi, sem lagt var fyrir Alþingi haustið 2009 með frumvarpi á þskj. 76, 76.

máli, var enn og aftur látið eftir kröfum viðsemjenda okkar. Þeir fyrirvarar, sem samþykktir höfðu verið í september 2009 af meiri hluta Alþingis, voru að engu orðnir.

Sjálfstæðisflokkurinn lagðist eindregið gegn ríkisábyrgð fyrir hinu nýja samkomulagi eins og m.a. má lesa um í nefndaráliti á þskj. 258, 76. máli á 138. löggjafarþingi. Í nefndarálitinu eru rakin meginrökin gegn ríkisábyrgð en einnig vakin athygli á því að forseti Íslands hafi staðfest lög nr. 92/2009 með sérstakri áritaðri tilvísun til fyrirvara Alþingis. Þar sem fyrirvarar Alþingis höfðu verið felldir brott þótti einsýnt að forseti lýðveldisins mundi, í ljósi fyrri yfirlýsingar, synja lögunum staðfestingar. Þessu var alfarið hafnað af stjórnarliðum.

Eftir lengstu umræðu þingsögunnar og hörð mótmæli þingmanna Sjálfstæðisflokksins samþykkti meiri hluti Alþingis nýtt frumvarp um heimild til fjármálaráðherra til að ábyrgjast lán vegna Icesave-samninganna með lögum nr. 1/2010.

Forsetinn synjaði lögunum staðfestingar 5. janúar líkt og varað hafði verið við.

Eins og kunnugt er voru lögin felld úr gildi í þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010 með því að 93,2% þeirra sem greiddu atkvæði voru á móti því að lögin héldu gildi sínu en 1,8% voru fylgjandi.

Það er vafalítið einsdæmi í vestrænum lýðræðisríkjum að ríkisstjórnin skuli hafa ákveðið að sitja áfram eftir að hafa gengið jafn freklega gegn vilja þjóðar sinnar í jafn mikilvægu máli og hér á við.

Skipun nýrrar samninganefndar eftir synjun forseta Íslands.

Í inngangi að greinargerð með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er rakið hvernig nýrri samninganefnd var komið á fót eftir synjun forseta Íslands í samstarfi allra flokka. Þónokkur aðdragandi var að skipan nefndarinnar og lengst af var tekist á um það milli flokkanna hvaða kröfum skyldi tefla fram ef viðræður við Breta og Hollendinga hæfust að nýju sem lengi framan af var óvíst.

Það var krafa þingflokks Sjálfstæðisflokksins að ef til nýrra samninga kæmi yrðu þeir gerðir frá grunni og á nýjum forsendum.

Um samdist að skipa nýja samninganefnd þar sem formaður var valinn sameiginlega og stjórnarandstöðuflokkarnir fengu auk þess einn fulltrúa í nefndinni, Lárus L. Blöndal hrl.

Um það ferli sem við tók hefur ekki margt komið fram opinberlega en ljóst er að það meginsjónarmið lá til grundvallar fyrir stuðningi þingflokks Sjálfstæðisflokksins við viðræðurnar að vilji til þess að leiða ágreining þjóðanna til lykta fæli ekki í sér viðurkenningu á lagalegri skyldu Íslands til að veita ríkisábyrgð fyrir skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Rök væru fyrir því að það þjónaði hagsmunum Íslands að leita pólitískrar lausnar, meðal annars vegna áhrifa þess á endurreisnarstarfið. Öllu skipti, á hinn bóginn, hvernig að slíkri lausn væri staðið og á málstað okkar Íslendinga haldið. Sterk lagaleg rök, sem fram hafa komið eftir því sem tíminn hefur liðið frá falli bankanna, eigi að móta samningslega stöðu okkar í málinu.

Samningarnir.

Eins og áður er getið um var í byrjun desember gengið frá drögum að samningi sem kynnt voru þann 9. desember sl. Þar á meðal eru drög að svokölluðum endurgreiðslu- og skaðleysissamningum um annars vegar 2,350 milljarða punda við Bretland og 1,329 milljarða evra við Holland. Nam fjárhæð þeirra 674 milljörðum kr. miðað við sölugengi 22. apríl 2009, en kröfur í þrotabú Landsbanka Íslands hf. voru festar við gengi þann dag. Gengið er út frá því að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta endurgreiði breskum og hollenskum

stjórnvöldum útlagða fjárhæð ríkjanna vegna uppgjörs á lágmarkstryggingu við innstæðueigendur Landsbankans en fái í staðinn framseldan samsvarandi hluta af kröfum þeirra í þrotabú Landsbanka Íslands hf. Skilanefnd bankans telur í skýrslu sinni til kröfuhafafundar 9. nóvember 2010 að úthlutun upp í forgangskröfur muni nema 86%. Í samningunum er gengið út frá því að greiðslur verði inntar af hendi eftir því sem úthlutað er úr búi bankans. Vextir fram á mitt ár 2016 gagnvart Hollandi verða 3% og 3,3% gagnvart Bretlandi en jafnaðarvextir að teknu tilliti til vaxtalauss tímabils verða 2,64%. Ríkið greiðir vexti fram til júní 2016 og ábyrgist þann hluta sem ekki hefur verið innheimtur úr búi bankans að þeim tíma liðnum auk vaxta sem falla á eftir þann tíma.

A. Samanburður á samningum.

Í ljósi þeirra miklu breytinga sem hafa orðið á Icesave-samningunum frá því að þeir voru fyrst lagðir fram er með ólíkindum að rifja upp framgöngu talsmanna ríkisstjórnarinnar þegar þeir reyndu að koma fyrri samningum í gegnum þingið. Þá voru stjórnarliðar tilbúnir til að skuldbinda ríkissjóð Íslands fyrir fjárhæð sem samkvæmt frumvarpinu var áætluð 489,6 milljarðar kr. Ákveðin lagaleg og efnahagsleg atriði virtust engu skipta forustumenn Íslands í samningum við Breta og Hollendinga. Reglur um rétthæð krafna við úthlutun úr þrotabúi, uppgjörsreglur samninganna, friðhelgisákvæði þeirra og lögsaga báru vitni um vanrækslu og algera uppgjöf ríkisstjórnarinnar í varðstöðu um íslenska hagsmuni. Þessum nauðungarákvæðum sér ekki lengur stað í því samkomulagi sem fyrir liggur.

Í eftirfarandi töflum getur svo að líta þann gríðarlega mun sem er á þeim fjárhagsskuldbindingum sem til umræðu hafa verið:

Áætlaður kostnaður ríkissjóðs miðað við fyrirhugaða samninga.

Kostnaður ríkissjóðs	Fyrirhugaðir samningar
Vextir (vegið meðaltal)	2,64%
Vextir greiðast frá	30. sept. 2009
Vextir til 1. janúar 2011, milljarðar kr.	26
Heildargreiðslur á samningstímanum	67
Áætlaður heildarkostnaður miðað við júní 2016, milljarðar kr.	67
Heildarkostnaður ríkissjóðs að frádregnum 20 milljarða kr. eignum tryggingarsjóðsins miðað við júní 2016, milljarðar kr.	47

Áætlaður kostnaður af fyrri Icesave-samningum sem samþykktir voru 30. desember 2009 og hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ár	Afborgun, milljarðar kr.	Vextir	Samtals
2016	25	11,0	36,0
2017	50	19,3	69,3
2018	50	16,5	66,5
2019	50	13,8	63,8
2020	50	11,0	61,0
2021	50	8,3	58,3
2022	50	5,5	55,5
2023	50	2,8	52,8
2024	25	1,4	26,4
Samtals	**400**	**89,6**	**489,6**

Miðað er við forsendur á þeim tíma sem málið var afgreitt.

Niðurstöður núverandi viðræðna gera ráð fyrir endurgreiðslu- og skaðleysissamningum í stað hefðbundinna lánssamninga. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta ábyrgist gagnvart breskum og hollenskum stjórnvöldum að þau fái endurgreiddar þær fjárhæðir sem þau hafa lagt út vegna uppgjörs lágmarkstrygginga við innstæðueigendur Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Íslenska ríkið ábyrgist þær eftirstöðvar sem mögulega verða ógreiddar í júní 2016 ásamt vöxtum sem á þær falla.

1. Um forgangskröfur.

Í nýju drögunum að samkomulagi er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á frágangi forgangskrafna en búið svo um hnúta að unnt sé að láta á það reyna fyrir íslenskum dómstólum hver réttindaröð þeirra krafna skuli vera við úthlutun. Með því er átt við að látið verður á það reyna hvort krafa tryggingarsjóðs vegna lágmarksinnstæðna gangi framar kröfum DNB og FSCS við úthlutun úr búinu.

2. Framsetning og form samninganna.

Samningarnir frá 2009 voru hefðbundnir lánssamningar milli Tryggingarsjóðs innstæðueignenda og fjárfesta sem lántaka, Bretlands og Hollands sem lánveitenda og íslenska ríkisins sem ábyrgðaraðila. Ábyrgðarskuldbindingar stjórnvalda tóku þó ekki gildi fyrr en í júní 2016.

Samningarnir frá 2010 eru endurgreiðslu- og skaðleysissamningar milli sömu aðila. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta fellst á að endurgreiða Hollandi og Bretlandi endurgreiðslufjárhæðina og stjórnvöld fallast á að halda Bretlandi og Hollandi skaðlausum vegna vangreiddra fjárhæða ef tryggingarsjóður stendur ekki í skilum með greiðslur á útistandandi fjárhæðum. Skaðleysisskuldbindingar stjórnvalda taka gildi um leið og endurgreiðslu- og skaðleysissamningarnir.

Höfuðstóll endurgreiðslufjárhæðarinnar samkvæmt samningsdrögunum frá desember 2010 er sá sami og hefði verið útistandandi samkvæmt lánssamningunum frá 2009.

3. Vextir.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta átti að greiða 5,5 % vexti á ári frá 1. janúar 2009 samkvæmt samningunum frá 2009. Engin vaxtagreiðsla hefði verið innt af hendi fyrr en 2016. Í millitíðinni áttu vextir að leggjast við höfuðstól í lok hvers árs.

Samkvæmt samningsdrögunum frá 2010 nýtur Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta vaxtalauss tímabils til 1. október 2009. Þaðan í frá og til 1. júlí 2016 eru greiddir fastir vegnir 3,2% meðalvextir af höfuðstól endurgreiðslufjárhæðarinnar, en úthlutanir til tryggingarsjóðs úr búi Landsbankans eru jafnóðum nýttar til að greiða hann niður. Að teknu tilliti til styttra vaxtatímabils og með hliðsjón af áætlaðri þróun úthlutana úr búi Landsbankans til að greiða niður höfuðstól endurgreiðslufjárhæðarinnar má þó gera ráð fyrir að vegið meðaltal vaxta verði 2,64%. Frá 1. júlí 2016 greiðir tryggingarsjóður gildandi CIRR-vexti fyrir lán til jafnlangs tíma og sem nemur endurgreiðslutímabilinu sem tryggingarsjóði ber að endurgreiða endurgreiðslufjárhæðina á (sjá nánar hér á eftir). CIRR-vextir eru vextir sem OECD birtir.

4. Afborganir.

Samkvæmt samningunum frá 2009 átti fjárhæðin sem tryggingarsjóður skuldaði 5. júní 2016 (þ.e. upphaflega lánið að viðbættum vöxtum sem legðust við höfuðstól og að frádregnum úthlutunum úr búi Landsbankans fram að þeim degi) að greiðast með ársfjórðungslegum

afborgunum á umsömdu tímabili. Það tímabil hefði getað varað til ársins 2024, 2030, 2035 eða 2040 og lengd þess fyrst og fremst ráðist af greiðsluþaki á grundvelli vergrar landsframleiðslu. Afborganir af höfuðstól á hverjum ársfjórðungslegum gjalddaga hefði takmarkast af þessu þaki við fjárhæð sem jafngilti 6% af vexti vergrar landsframleiðslu frá 2008 til viðkomandi gjalddaga. Áfallna vexti bar hins vegar að greiða að fullu óháð þessu þaki.

Samkvæmt samningsdrögunum frá 2010 er gert ráð fyrir að eftirstöðvar endurgreiðslufjárhæðarinnar 1. júlí 2016, ef einhverjar verða, séu gerðar upp í fjórum ársfjórðungslegum afborgunum sem lýkur 1. júlí 2017, ef fjárhæðin sem er útistandandi er lægri en 45 milljarðar kr. Ef eftirstöðvarnar eru hærri en 45 milljarðar kr. greiðist endurgreiðslufjárhæðin með ársfjórðungslegum afborgunum á einu ári, að viðbættu einu ári fyrir hverja 10 milljarða kr., eða hluta þeirra, sem eru umfram 45 milljarða kr. Uppgjöri eftirstöðvanna verður þó að ljúka á 30 árum, þ.e. eigi síðar en 1. janúar 2046. Hins vegar má hámark árlegrar endurgreiðslu ekki fara yfir hærri fjárhæðina af tveimur eftirtöldum: 5% af heildartekjum ríkisins næstliðið ár eða 1,3% af vergri landsframleiðslu næstliðið ár.

5. Breytingar á vanefndaúrræðum.

Í stað vanefndatilvikanna í lánssamningunum frá 2009 koma atvik sem leitt geta til uppgreiðsluskyldu í samningsdrögunum frá 2010. Þetta eru tilvik sem heimila Bretlandi og Hollandi að krefjast uppgreiðslu á endurgreiðslufjárhæðinni ef þau eiga sér stað. Helstu breytingar á þessum tilvikum eru eftirfarandi:

Samkvæmt nýju ákvæðunum þarf viðkomandi tilvik að hafa átt sér stað og vera viðvarandi þegar Bretland eða Holland ákveða að krefjast greiðslu fyrr. Samkvæmt samningunum frá 2009 áttu þau samningsbundinn rétt, þegar tilvik hafði átt sér stað, til að gjaldfella lánsfjárhæðina jafnvel þótt bætt hefði verið úr þeirri vanefnd sem orsakaði viðkomandi tilvik.

Samkvæmt samningunum frá 2009 taldist það vanefndatilvik ef tryggingarsjóði væri slitið eða hann leystur upp eða ef hann reyndist ófær um að greiða skuldir sínar. Samkvæmt nýju samningsdrögunum telst það ekki lengur vanefnd þótt annar aðili taki á sig skyldur tryggingarsjóðs og stjórnvöld staðfesta áframhaldandi gildi skaðleysisskuldbindinga sinna.

Samkvæmt fyrri samningum hefðu vanskil á öðrum erlendum lánaskuldbindingum ríkissjóðs að fjárhæð 10 milljónir sterlingspunda eða meira jafngilt vanefndum á samningunum frá 2009 og heimilað gjaldfellingu þeirra. Þessi viðmiðunarfjárhæð hefur verið hækkuð í 50 milljónir sterlingspunda, eða jafngildi þess, í samningunum frá 2010.

Samkvæmt samningunum frá 2009 gat hvers kyns misbrestur á því að farið væri að ákvæðum tilskipunar um innstæðutryggingar gagnvart innstæðueigendum hjá Landsbankanum talist vanefndatilvik. Þetta vanefndatilvik er ekki í samningunum frá 2010 enda kemur ekki til greina að telja bresk eða hollensk stjórnvöld einfær um að ákvarða hvort um slíkar misfellur sé að ræða.

Samkvæmt samningunum frá 2009 taldist það vanefndatilvik ef Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta væri ekki lengur eini tryggingarsjóður innstæðueigenda hjá Landsbankanum. Ekkert slíkt ákvæði er í nýju samningsdrögunum.

6. Jöfn meðferð á kröfuhöfum Landsbankans.

Í samningunum frá 2009 var gerð krafa um að Ísland kæmi fram við alla kröfuhafa Landsbankans á þann hátt er samræmdist almennt viðurkenndum, alþjóðlegum eða evrópskum meginreglum um meðferð kröfuhafa í alþjóðlegri slitameðferð. Ekkert slíkt ákvæði er í samningsdrögunum frá 2010.

7. Lausn deilumála.

Samkvæmt samningunum frá 2009 hefðu deilumál, sem upp kæmu, verið leyst fyrir enskum dómstólum. Deilumálum sem kunna að koma upp og tengjast samningsdrögunum frá 2010 verður hins vegar vísað til gerðardóms í samræmi við reglur Alþjóðagerðardómsins um gerðardóm í deilumálum milli aðila þar sem a.m.k. einn deiluaðila er fullvalda ríki. Hvor deiluaðili tilnefnir einn af þremur gerðardómsmönnum. Sameiginlega velja þeir gerðardómsmenn síðan þriðja gerðardómsmanninn sem verður forseti gerðardómsins.

8. Ákvæði um bestu kjör lánveitanda.

Í samningunum frá 2009 var ákvæði sem skuldbatt tryggingarsjóð og stjórnvöld til að breyta samningunum frá 2009 til að veita Hollandi og Bretlandi frekari vernd ef tryggingarsjóður eða stjórnvöld veittu öðrum viðeigandi fjármögnunaraðilum betri tryggingar eða aðra hagstæðari skilmála. Þessu ákvæði hefur verið breytt í samningsdrögunum frá 2010. Þeim tegundum viðeigandi fjármögnunar sem virkja þessa skuldbindingu hefur verið fækkað og þær taka ekki til fjármögnunar sem ráðist er í til að afla fjár til að endurfjármagna fjárhæðir sem útistandandi eru samkvæmt samningsdrögunum frá 2010.

B. Úthlutun úr þrotabúinu.

Skömmu eftir undirritun fulltrúa ríkissjóðs á samninga um greiðslu Icesave-skuldbindinganna árið 2009 birti Ragnar H. Hall hrl. stutta blaðagrein. Þar gagnrýndi hann að ekki væri í samningunum gert ráð fyrir því að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta fengi greiðslu úr þrotabúi Landsbankans hf. á undan tryggingarsjóðum Hollendinga og Breta, heldur væri gert ráð fyrir því að greiðslur skiptust hlutfallslega jafnt. Taldi Ragnar að þar sem íslenska tryggingarsjóðnum bæri að greiða fyrstur upp í hverja innstæðu þá ætti hann líka að fá fyrstur greiðslu upp í kröfuna þegar þrotabúið væri gert upp. Vísaði hann máli sínu til stuðnings til reglu á sviði gjaldþrotaréttar um forgangsrétt (e. subrogation).

Alþingi samþykkti með lögum nr. 96/2009 að bæta eftirfarandi fyrirvara við ábyrgð sína á greiðslu Icesave-skuldbindingarinnar: „Ríkisábyrgð samkvæmt lögum þessum miðast við það að um úthlutun eigna við uppgjör Landsbanka Íslands hf., eða þrotabús hans, fari samkvæmt íslenskum lögum eins og þau voru 5. júní 2009, þ.m.t. lögum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Ábyrgðin takmarkast við að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta láti á það reyna fyrir þar til bærum úrlausnaraðilum hvort kröfur hans gangi við úthlutun framar öðrum hluta krafna vegna sömu innstæðu. Verði niðurstaðan á þann veg skulu teknar upp viðræður við aðila lánasamninganna um það hvernig farið skuli með eignir úr búi Landsbanka Íslands hf. og áhrif þess á samningana og skuldbindingu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.“ Var það skilningur þingmanna að þar með væri bætt úr þeim athugasemdum sem Ragnar H. Hall gerði. Síðar reyndu stjórnarliðar að afmá téðan fyrirvara úr löggjöf en allir vita nú hvernig það fór.

Í þeim samningum sem liggja til grundvallar frumvarpinu er svokallaður Ragnars H. Hall fyrirvari meðal skilmála. Í frumvarpinu kemur eftirfarandi fram varðandi hann: „Samkvæmt samningum aðila njóta allir sjóðirnir jafnræðis við úthlutun úr búi Landsbankans og fá þannig greitt í jöfnum hlutföllum upp í þessar kröfur. Í samræmi við viðaukasamningana frá 19. október 2009 er þó með sérstökum samningum (e. Pari Passu Agreements) einnig gert ráð fyrir að íslenski tryggingarsjóðurinn geti látið reyna á það hvort kröfur sjóðsins við úthlutun eigna bús Landsbanka Íslands hf. hafi sérstakan forgang umfram kröfur annarra aðila vegna sömu innstæðu. Samkvæmt þessum samningum má úrlausn íslenskra dómstóla

um þetta atriði ekki vera í andstöðu við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins ef samningsákvæði um hlutfallslega jafna skiptingu hverrar kröfu eiga að taka breytingum. Verði komist að þeirri niðurstöðu að lagaskilningur um sérstakan forgang krafna íslenska tryggingarsjóðsins sé réttur munu ákvæði endurgreiðslusamninganna um hlutfallslega skiptingu einstakra krafna breytast sjálfkrafa. Jafnframt er gert ráð fyrir að slitastjórn Landsbankans geti ákveðið að veita slíkum kröfum forgang og hefur það sömu áhrif og að framan greinir, ef ákvörðun slitastjórnar er ekki skotið til dómstóla.“ Á fundi nefndarinnar komu fram efasemdir um að framsetning fyrirvarans í samkomulaginu væri fullnægjandi og ekki væri nægilega skýrt að niðurstaða íslensks réttar verði ráðandi samkvæmt samningunum. Við þeim ábendingum var brugðist, sbr. minnisblað Lárusar L. Blöndal, Jóhannesar Karls Sveinssonar og Ragnars H. Hall. Þar er áréttað að þetta álitaefni eigi að fara að íslenskum rétti og er þar átt við allar íslenskar réttarheimildir.

Eftir stendur engu síður eitt álitamál hvað þetta varðar. Ljóst er að forgangsreglan má ekki vera í andstöðu við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins hvað forganginn varðar til þess að fyrirvarinn haldi gildi sínu. Í 1. gr. laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið er kveðið á um að þegar mál eru rekin fyrir héraðsdómstóli þar sem þarf að taka afstöðu til skýringar á EES-samningnum og afleiddum gerðum geti dómari í samræmi við 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls kveðið upp úrskurð um að leitað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á því atriði málsins áður en málinu er ráðið til lykta. Í sérstökum athugasemdum við lagagreinina í frumvarpi því sem síðar varð að téðum lögum kemur skýrlega fram að þarna sé aðeins um heimild dómara að ræða en ekki skyldu. Hefur þetta enda verið staðfest síðar í framkvæmd dómstóla og ekki verið uppi ágreiningur um efnið meðal fræðimanna. Því vaknar sú spurning hvert gildi fyrirvarans verður ef íslenskir dómstólar hafna beiðni aðila máls um að afla slíks álits. Við meðferð málsins í fjárlaganefnd var upplýst að aðilar samkomulagsins eru sammála um að um þetta álitaefni eigi að fara að íslenskum rétti.

C. Stjórnskipulegt gildi neyðarlaganna.

Með hinum svokölluðu neyðarlögum, lögum um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, veitti Alþingi kröfum vegna innstæðna forgang skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við skipti á búum fjármálafyrirtækja. Mál eru nú rekin fyrir íslenskum dómstólum þar sem reyna kann á stjórnskipulegt gildi neyðarlaganna að þessu leyti, þ.e. hvort brotið hafi verið gegn m.a. ákvæðum um vernd eignarréttar og jafnræði með framangreindri lagasetningu. ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, gaf þá niðurstöðu út í desember sl. að neyðarlögin færu ekki gegn 40. gr. EES-samningsins að því er varðaði forgang innstæðna við búskipti. Byggðist slík niðurstaða á því að innstæðueigendur væru í annarri aðstöðu en almennir kröfuhafar og ættu því tilkall til ríkari verndar við greiðsluþrot fjármálafyrirtækja. Var það þannig niðurstaða ESA að hvorki neyðarlögin né ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins sem á þeim voru byggðar hefðu falið í sér ólögmæta mismunun gagnvart almennum kröfuhöfum fallinna fjármálafyrirtækja. Í þessu ljósi hafa umsagnaraðilar talið síður líklegt að neyðarlögunum verði hnekkt á grundvelli stjórnskipulegs gildis en taka þó fram að ekki sé hægt að líta fram hjá slíkri áhættu. Í máli gesta nefndarinnar kom einnig fram að samkomulag um Icesave-skuldbindingarnar gæti mögulega jafnvel stutt gildi þeirra. Taka verður undir orð umsagnaraðila þess efnis að það sé grundvallaratriði í samkomulagi um Icesave-skuldbindingarnar að neyðarlögin haldi og forgangur krafna innstæðna í bú fjármálastofnana verði til staðar. Verði það hins vegar niðurstaða dómstóla að ákvæði

neyðarlaganna um forgang innstæðna við búskipti haldi ekki hefði það áhrif langt út fyrir þetta svokallaða Icesave-mál þar sem búið er að greiða út úr búum Kaupþings og Glitnis allar innstæður sem forgangskröfur. Þá voru innstæður fluttar yfir í nýju bankana hér á landi á þeim grundvelli að þær væru forgangskröfur. Gera má ráð fyrir að allar þessar aðgerðir verði taldar á ábyrgð íslenska ríkisins þar sem skilanefndir bankanna störfuðu á ábyrgð þess þegar þessir fjármunir voru greiddir út.

D. Efnahagsleg áhætta.

Í því samkomulagi sem liggur fyrir milli aðila eru helstu áhættuþættirnir væntar endurheimtur og dráttur á útgreiðslum úr þrotabúi Landsbankans og gengisþróun auk mögulegrar vaxtaáhættu sem þó er metin hverfandi.

Endurheimtuáhættan felst í endurheimtuhlutfalli sem og tímasetningu greiðslna úr þrotabúinu. Fulltrúar skilanefndar og slitastjórnar Landsbanka Íslands komu fyrir fjárlaganefnd og gerðu grein fyrir stöðu búsins og líklegri þróun þess. Að þeirra mati eru áætlanir um endurheimtur og útgreiðslur úr búinu unnar af raunsæi og varfærni og hafi þær fram að þessu gengið vel eftir. Verðmæti eigna hefur frekar reynst meira en minna miðað við áætlanir.

Ef úthlutun úr þrotabúinu dregst á langinn mun það hafa áhrif til hækkunar vaxtagreiðslna. Vonir standa til að útgreiðslur geti hafist um mitt ár 2011.

Gengisáhættan felst að stærstum hluta í þróun krónunnar gagnvart erlendum myntum, sterlingspundi og evru. Hins vegar þróun dollars og evru gagnvart pundinu en sá áhættuþáttur er tilkominn vegna eignasamsetningar þrotabús Landsbankans. Fram hefur komið hjá sérfræðingum sem komu fyrir fjárlaganefnd að Seðlabanki Íslands geti með gerð skiptasamninga að mestu leyti varist áhættu vegna innbyrðis hreyfinga erlendra gjaldmiðla. Að mati sérfræðinga mætti einnig draga úr áhættu með því að auka hlutfall ríkisskulda í dollurum og lækka í pundum. Einnig bentu þeir á að fjárfesta mætti gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans í eignum í pundum til mótvægis og kaupa gjaldeyrisafleiðu sem greiðir út hagnað ef pund styrkist meira en um ákveðið prósentustig á ári gagnvart dollar eða gera skiptasamning þar sem ríkið fær greiðslu í pundum á móti því að greiða dollara.

Vaxtaáhættan felst í þróun vaxta evru og punds og er tilkomin vegna þess að nýtt vaxtaviðmið verður sett 30. júní 2016 og fer það eftir tímalengd greiðslu eftirstöðva á þeim tíma. Miðað við núverandi forsendur um endurheimtur er vaxtaáhættan hverfandi.

Hér er jafnframt ástæða til að vekja athygli á órofa tengslum traustrar efnahagsstefnu og þróunar á gengi íslensku krónunnar.

E. Valkostur við samning.

Frá upphafi Icesave-deilunnar hefur 2. minni hluti talið að engin lögmæt greiðsluskylda hvíli á ríkissjóði Íslands fyrir því að greiða svokallaða Icesave-skuld og því beri ríkissjóði enginn skylda til að gangast í ábyrgð fyrir skuldbindingum einkafyrirtækisins Landsbanki Íslands hf. Þetta álit 2. minni hluta er stutt veigamiklum rökum innlendra og erlendra lögfræðinga. Þá hafa Íslendingar ekki viðurkennt að þeim beri lagaleg skylda til að veita ríkisábyrgð á lágmarkstryggingu á innstæðum Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. Hvergi kemur fram í umþrættri innstæðutilskipun Evrópusambandsins 94/19/EB að gert sé ráð fyrir því að ríkisábyrgð gildi um lágmarkstryggingar. Þá er einnig ljóst að tilskipun ESB um innstæðutryggingar var aldrei ætlað að gilda um kerfishrun eins og varð á Íslandi í október 2008. Þennan skilning hafa m.a. innlendir og erlendir lögfæðingar staðfest, þingmenn á Evrópuþinginu sem tóku þátt í að semja tilskipunina hafa tekið undir þennan skilning, auk þess sem

finna má beinar fullyrðingar um þetta í skýrslu bankanefndar fyrir franska seðlabankann um innstæðutryggingakerfi ESB frá árinu 2000. Þrátt fyrir að engin skylda stæði til þess gáfu stjórnvöld hér á landi út pólitíska yfirlýsingu á fundi í Brussel 14. nóvember 2008 um að Ísland mundi greiða lágmarkstryggingu vegna Icesave-reikninganna sem þá nam 20.887 evrum inn á hvern reikning. Inn í hana kom eftirfarandi ákvæði 15. nóvember 2008: „Ísland hefur heitið því að virða skuldbindingar á grundvelli innstæðutryggingakerfisins gagnvart öllum tryggðum innlánshöfum. Þetta byggist á þeim skilningi að unnt verði að forfjármagna þessar kröfur fyrir tilstyrk viðkomandi erlendra ríkja og að jafnt Ísland sem þessi ríki séu staðráðin í að efna til viðræðna á næstu dögum með það að markmiði að ná samkomulagi um nánari skilmála vegna þessarar forfjármögnunar.“ Brussel-viðmiðin voru grundvöllur að pólitískri lausn Icesave-málsins og fólu m.a. í sér að fullt tillit skuli tekið til hinna fordæmislausu aðstæðna Íslands og að tryggt sé að Íslendingar geti endurreist fjármála- og efnahagskerfi sitt. Þá fela Brussel-viðmiðin það í sér að Evrópusambandið skuli vera aðili að lausn málsins. Sambandið hefur hins vegar aldrei komið að borðinu í öllu samningsferlinu.

Í máli og umsögnum þeirra sérfræðinga sem nefndin kallaði á sinn fund kom fram að hafni íslenska ríkið því að semja um greiðslu hinna svokölluðu Icesave-krafna mætti telja líklegt að eftirfarandi gæti gerst:

Í fyrsta lagi væri Bretum og Hollendingum mögulegt að hefja málsókn á hendur íslenska ríkinu, fyrir íslenskum dómstólum, á þeim grundvelli að ríkið hafi bakað sér skaðabótaskyldu, annars vegar vegna yfirlýsinga íslenskra ráðamanna og hins vegar þar sem ríkið hafi ekki fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt tilskipun 94/14/EB um innlánatryggingakerfi og beitt innstæðueigendur á reikningum Landsbanka Íslands hf. í Hollandi og Bretlandi ólögmætri mismunun. Fari viðsemjendur slíka leið ætti það að leiða til þess að lögfræðilega rétt niðurstaða fengist fram. Mat umsagnaraðila er þó að íslenska ríkið gæti hugsanlega tapað slíkum dómsmálum og að slíkt tap kynni að leiða til þess að íslenska ríkið þyrfti að greiða hærri fjárhæð vegna lágmarkstryggingannna og hærri vaxta. Ekki væri hægt að útiloka að full greiðsluskylda yrði dæmd vegna allra innstæðna. Þá var einnig bent á að mögulega yrðu kröfur Hollendinga og Breta ekki teknar til greina í slíku dómsmáli.

Í öðru lagi væri líklegt að ESA færi af stað með samningsbrotamál á hendur Íslandi fyrir EFTA-dómstólnum. Þó gæti verið að ESA héldi að sér höndum færu Bretar og Hollendingar fram með einkamál fyrir íslenskum dómstólum. Fari svo að slíkt mál verði höfðað virðast umsagnaraðilar vera á báðum áttum um hvort niðurstaða þess mundi verða íslenska ríkinu eða gagnaðilum þess í hag.

Í þriðja lagi væri líklegt að Bretar og Hollendingar héldu uppi andófi gegn Íslendingum á alþjóðavettvangi. Telur minni hlutinn að slíkt andóf gæti mögulega leitt til tjóns fyrir íslenska ríkið.

Af umsögnum þessara sérfræðinga sem fjárlaganefnd kallaði til er því ljóst að ef ekki verður samið er til staðar raunveruleg hætta á því að Íslendingum verði gert að greiða mun hærri upphæð en fyrirliggjandi samningsdrög mundu leiða til. Þessir sérfræðingar eru hins vegar ekki sammála um hversu mikil þessi áhætta er. Hvað sem því líður er ekki hægt að horfa fram hjá henni. Áhættan felst aðallega í tvennu.

Annars vegar, eins og fram kemur hér að framan, í því að til viðbótar við lágmarksinnstæðurnar sem samningsdrögin fjalla um verði Ísland látið bera ábyrgð á endurgreiðslu annarra innstæðna sem Bretar og Hollendingar leystu til sín, þ.e. umfram lágmarksinnstæður, að fjárhæð tæplega 500 milljarðar kr.

Hins vegar felst áhættan í því að Íslandi verði gert að greiða mun hærri vexti en samningsdrögin gera ráð fyrir. Til að átta sig á þýðingu vaxtanna er fróðlegt að skoða samanburð á núverandi samningsdrögum sem eru með 2,64% jafnaðarvöxtum og eldri samningum sem voru með 5,55% vöxtum en samanburðinn er að finna í greinargerð með frumvarpinu. Þegar frá hefur verið dregin greiðsla úr tryggingarsjóðnum að fjárhæð 20 milljarðar kr. er heildarkostnaður ríkisins við samningsdrögin áætlaður 47 milljarðar kr. en við gömlu samningana 218 milljarðar kr. Því kostar hækkun vaxta úr 2,64% í 5,55% 171 milljarð kr. Ef ábyrgð á greiðslum innstæðna umfram lágmarkið er sett í sama samhengi væri viðbótarkostnaður Íslands vegna þessa áhættuþáttar miðað við 5,55% vexti um 150 milljarðar kr. Samtals gæti því kostnaðurinn vegna Icesave, miðað við þessar forsendur, farið hátt í 400 milljarða kr. ef ekki verður samið. Þessir útreikningar gera auðvitað ekki annað en að varpa ljósi á hvert mögulegt umfang málsins gæti orðið ef allt gengi okkur á móti fyrir dómstólum en kostnaðurinn gæti orðið bæði hærri og lægri ef gert væri ráð fyrir öðrum forsendum um vexti og greiðslutíma.

Þegar Alþingi var stillt upp frammi fyrir þeim gríðarlegu skuldbindingum sem fyrri samningar ríkisstjórnarinnar um Icesave gerðu ráð fyrir, eða um 489 milljörðum kr., héldu sjálfstæðismenn fram því sjónarmiði að mun skynsamlegra væri að láta reyna á réttarstöðu Íslands fyrir dómstólum en ganga að afarkostum ríkisstjórnarinnar. Nú þarf að fara fram sambærilegt hagsmunamat en með hliðsjón af breyttum samningum.

F. Fjárlög ársins 2011.

Í breytingartillögu meiri hlutans er leitað eftir heimild til handa fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til að greiða allt að 26,1 milljarð kr. til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á árinu 2011. Um er að ræða vaxtagjöld fyrir árin 2009–2011 og umsýslukostnað Breta og Hollendinga vegna útgreiðslna á lágmarksinnstæðutryggingu til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í þeim löndum. Mun halli á fjárlögum aukast um samsvarandi fjárhæð en í fjárlögum 2011 var gert ráð fyrir að hallinn yrði 37,3 milljarðar kr. og verður hann því 63,4 milljarðar kr.

Eignir Tryggingarsjóðs innstæðueigenda eru í íslenskum krónum og þarf að skipta þeim yfir í pund og evrur sem og þeim greiðslum sem frá ríkissjóði koma eða alls 46,1 milljarði kr. Um er að ræða stóran hluta af hreinni eign Seðlabankans í erlendum gjaldeyri.

Afstaða 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur frá upphafi lagt á það áherslu að leitað yrði pólitískrar lausnar á þessu máli. Eins og rakið er hér að framan gegndi stjórnarandstaðan lykilhlutverki í því að koma viðræðum við Breta og Hollendinga að nýju í gang í febrúar á síðasta ári. Skýr höfnun íslensku þjóðarinnar var mikilvægt veganesti fyrir það sem fram undan var og reyndist samninganefndinni mikilvægt.

Án þjóðaratkvæðagreiðslunnar í upphafi árs 2010 sætum við Íslendingar nú uppi með óviðráðanlega skuldastöðu sem ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur var tilbúin til að leggja á þjóðina. Er það eftir öðru sem frá ríkisstjórninni kemur. Það er í sjálfu sér óskiljanlegt af hverju þeir sem samþykktu samninginn hafa ekki beðist afsökunar á því hvernig staðið var að málum. Skömm þeirra er mikil og ævarandi.

Allar hrakspár, sem á köflum hafa hreinlega verið barnalegur áróður ríkisstjórnar sem ekki er hægt að líkja við annað en óveru, hafa reynst marklaust og ómerkilegt hjal.

Eftir höfnun afarkostanna í þjóðaratkvæðagreiðslu 2010 var vilji þingflokks Sjálfstæðisflokksins enn sá að leiða málið til lykta með samningum enda yrðu slíkir samningar þannig

úr garði gerðir að fullvalda ríki gæti staðið að þeim, þar sem ekki halli á Ísland í einu og öllu eins og var í fráleitum fyrri samningum.

Það hefur alltaf legið fyrir að með samningum um þetta mál muni Ísland þurfa að taka á sig ákveðnar skuldbindingar og áhættu. Spurningin hefur snúist um það hvernig unnt væri að takmarka þá áhættu og vega hana og meta á móti því að aðhafast ekkert. Einnig þarf að skoða þessi mál í víðu samhengi og meta hvaða leið þjónar hagsmunum þjóðarinnar best til lengri og skemmri tíma litið.

Hér að framan voru raktir þeir áhættuþættir sem í því felast að semja ekki. Þótt 2. minni hluti telji áhættuna af því að við töpum dómsmálum ef til þeirra kemur ekki verulega verður ekki fram hjá því horft að ef það gerðist gætu skuldbindingar Íslands mögulega margfaldast borið saman við það samkomulag sem hér er til umfjöllunar.

Eins og fram kom hér að framan er það mat sérfræðinga að líklegt sé ef ekki verður samið að Bretar og Hollendingar muni halda uppi andófi gegn Íslendingum sem gæti leitt til tjóns fyrir íslenska ríkið og aðra íslenska hagsmuni. Að sjálfsögðu geta stjórnvöld ekki látið slíkar ógnanir ráða niðurstöðu þessa máls en hins vegar er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að jafnvel þótt sigur ynnist fyrir dómstólum gæti kostnaðurinn verið mun meiri en í fyrstu virðist.

Við samanburð á þeim samningsdrögum sem nú liggja fyrir og þeim samningum sem þjóðin felldi í þjóðaratkvæðagreiðslu í mars á síðasta ári er ljóst að mjög miklar breytingar hafa náðst fram Íslandi til hagsbóta. Vextir eru miklum mun lægri og að auki eru samningsdrögin bæði að formi og efni mun hagfelldari fyrir Ísland en fyrri samningar eins og rakið er hér fyrr í álitinu. Þegar fyrri samningar voru samþykktir á Alþingi í desember 2009 gerðu útreikningar ráð fyrir að þeir mundu kosta þjóðina 489,6 milljarða kr. og sumir umsagnaraðilar töldu nokkrar líkur á þjóðargjaldþroti yrðu þeir samþykktir. Eins og fram hefur komið er nú gert ráð fyrir að heildarkostnaður ríkissjóðs við fyrirliggjandi samningsdrög sé um 47 milljarðar kr. Þessu til viðbótar er einnig mun meira vitað um verðmæti eigna þrotabúsins og því byggjast reikniforsendur á traustari upplýsingum sem þýðir minni áhættu.

Það er út af fyrir sig markmið að ná að ljúka málum við nágranna- og vinaþjóðir í sátt en ekki fyrir dómstólum. Því snýst þetta um það hvort þessi þrjú ríki geti, án þess að nokkur lagaskylda leiði til þess, komið sér niður á sameiginlega lausn. Núverandi samningsdrög bera þess merki að nú deila ríkin með sér kostnaðinum ólíkt því sem var samkvæmt fyrri samningum. Því fela samningsdrögin í sér miklum mun minni kostnað fyrir Ísland en fyrri samningar og ekki eru væntingar um að ná megi betri samningum.

Efnahagsstefna núverandi ríkisstjórnar er sjálfstæður áhættuþáttur, m.a. vegna hættunnar sem tengist gengi íslensku krónunnar. Mistakist að laða fram nýja fjárfestingu og verði áframhaldandi órói á vinnumarkaði vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar mun það á endanum koma fram í veikara gengi íslensku krónunnar. Röng efnahagsstefna er áhættuþáttur sem stjórnarflokkarnir einir verða að bera ábyrgð á.

Þrátt fyrir þetta og að teknu tilliti til allra þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið er það mat 2. minni hluta að ekki sé ástæða til að standa gegn því samkomulagi sem nú liggur fyrir. 2. minni hluti fjárlaganefndar leggur til að málið verði **samþykkt.**

Alþingi, 2. febr. 2011.

Ásbjörn Óttarsson, frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

779. Nefndarálit [388. mál]

um frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Frá 3. minni hluta fjárlaganefndar.

1. Inngangur.

Frá upphafi Icesave-málsins hefur 3. minni hluti haft uppi hörð mótmæli gegn því að Íslendingar taki á sig þær skuldbindingar sem í því máli felast. Barist var fyrir því að öll gögn væru lögð fram, allar upplýsingar væru uppi á borðinu og að skýr og hlutlaus mynd yrði dreginn upp af þeim atriðum sem lúta að Icesave-samningunum. Því miður var sú barátta löng og strembin enda fyrirstaða þingmanna meiri hlutans hörð og óvægin. 3. minni hluti fagnar því að baráttan virðist hafa skilað árangri með betri samningum og að hagsmunum Íslendinga sé betur gætt en áður. Fá fordæmi finnast um að minni hluti alþingismanna hafi náð að stöðva mál með sambærilegum hætti og gert hefur verið í Icesave-málinu.

Veiting ríkisábyrgðar með lögum nr. 96/2009, sem breytt var með lögum nr. 1/2010, voru einhverjar stærstu ákvarðanir sem Alþingi Íslendinga hefur tekið. Þeir hagsmunir sem voru undir voru af slíkri stærðargráðu að þjóðarbúið hefði verið bundið af samningunum til a.m.k. tveggja næstu áratuga með tilheyrandi áhrifum á lífskjör þegna landsins. Munurinn á þeim samningsdrögum sem nú liggja fyrir Alþingi og þeim sem meiri hlutinn samþykkti á fyrri stigum hleypur á tugum ef ekki hundruðum milljarða kr. Má til samanburðar benda á að hörð mótmæli voru uppi og efnt var til borgarafunda víðs vegar um land þegar ríkisstjórnin boðaði til niðurskurðar í heilbrigðismálum þjóðarinnar haustið 2010 upp á u.þ.b. 4 milljarða kr. Sú upphæð er þó ekki nema brotabrot af þeim kostnaði sem fellur á Íslendinga vegna Icesave-málsins.

Eftir að forseti Íslands synjaði því að staðfesta lög nr. 1/2010 og þjóðin hafnaði þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða hefur horft til betri vegar hvað hagsmuni Íslendinga varðar, þökk sé baráttu fjölmarga aðila og samtaka hér á landi. Skiptir þar mestu að í fyrirliggjandi samkomulagi sem nú eru til umfjöllunar er tekið tillit til flestra þeirra fyrirvara sem undirritaður lagði fram sem breytingartillögur við frumvörp þau sem urðu að lögum nr. 96/2009 og 1/2010 en var hafnað. Þannig hefur verið tryggt að skorið verði úr lagalegum álitaefnum sem kunna að koma upp við framkvæmd samninganna fyrir hlutlausum dómstólum. Einnig hafa bersýnilega ósanngjörn ákvæði verið milduð, t.d. varðandi vaxtatímabil og réttarstöðu aðila við úthlutun úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf. Þá eru vextir af greiðslunum lægri auk þess sem samningsformið er með öðru og hagfelldara sniði.

Þrátt fyrir að segja megi um fyrirliggjandi samkomulag að það sé Íslendingum hagstæðara en eldri samningar eru þó ýmis atriði sem betur hefðu mátt fara. Sem dæmi má nefna að efnahagsleg áhætta hvílir enn að öllu leyti á Íslendingum en sanngjarnt hefði verið að aðilar hefðu deilt henni á milli sín. Íslendingar munu einnig taka á sig þann kostnað sem Bretar og Hollendingar urðu fyrir við það að greiða innstæðueigendum þar í landi innstæður þeirra að fullu. Ákvörðunina tóku stjórnvöld landanna án samráðs við íslensk yfirvöld og án þess að fyrir lægi lagaleg skuldbinding af Íslands hálfu. Því væri eðlilegt að þau sjálf bæru umræddan

kostnað sem hleypur á um 3 milljörðum kr. 3. minni hluti harmar að ekki hafi verið hægt að semja um framangreind atriði á hagstæðari hátt. Verður þó í því sambandi að líta til þess að eftir að óhæf samninganefnd var í tvígang send til viðræðna og undirgekkst óaðgengilega samninga, hafi samningsstaða Íslands verið veikari fyrir síðustu samningagerð. Vísar 3. minni hluti þeirri ábyrgð alfarið á hendur ríkisstjórnarflokkunum en fullvíst er að ef hagsmunum Íslands hefði verið gætt frá fyrstu mínútu í málinu væru líkur á hagstæðara samkomulagi.

3. minni hluti hefur frá upphafi málsins lýst efasemdum um að ríkisábyrgð standi að baki greiðslum úr Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta til innstæðueigenda. Þannig hefur ítrekað verið settur sá fyrirvari að fáist úr því skorið fyrir þar til bærum úrlausnaraðila að ríkisábyrgð gildi ekki, þá beri tryggingarsjóðnum ekki að greiða hærri fjárhæð en til var í sjóðnum við upphaf bankahrunsins. Sama ætti við ef löggjöf á sviði Evrópuréttar skýrðist og því þar slegið föstu að ríkisábyrgð sé ekki til staðar. Hefur 3. minni hluti talið brýnt að láta reyna á réttarstöðu Íslendinga og á það hvort ríkisábyrgð lægi á bak við innstæðutryggingarsjóði Evrópulanda.

3. minni hluti gagnrýnir að engir sambærilegir fyrirvarar eru í frumvarpinu. Telja má afar ósanngjarnt að Íslendingar þurfi að greiða skuldbindingar sem koma til með að hafa áhrif á lífskjör hér á landi reynist lagaleg greiðsluskuldbinding ekki hafa verið til staðar.

Í nefndaráliti þessu er reynt að skýra þau sjónarmið og álitamál sem uppi eru varðandi Icesave-samkomulagið. Einnig verður reynt að varpa ljósi á þá umræðu og atburði sem leiddu til þess að Icesave-samningum ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hér er þó ekki um tæmandi umfjöllun að ræða en að öðru leyti vísast til álita þáverandi 2. minni hluta fjárlaganefndar í tengslum við lög nr. 96/2009 og lög nr. 1/2010 þar sem ítarlega var farið yfir Icesave-samningana (þskj. 338 og 351 í 136. máli á 137. löggjafarþingi; þskj. 257 og 601 í 76. máli á 138. löggjafarþingi).

2. Samþykkt frumvarpsins þann 30. desember 2009.

Hinn 28. ágúst 2009 ákvað Alþingi, með setningu laga nr. 96/2009, fyrirvara við ábyrgð ríkissjóðs í tengslum við samninga um uppgjör svokallaðrar „Icesave-skuldbindingar“. Samhliða samþykkt fyrirvaranna var það skilyrði sett fyrir veitingu ríkisábyrgðarinnar af hálfu ríkissjóðs að breskum og hollenskum stjórnvöldum væru kynntir fyrirvararnir rækilega til samþykktar eða synjunar.

Þrátt fyrir að augljóst væri að Alþingi hafi með framangreindum lögum ekki veitt stjórnvöldum heimild til að leggja út í viðræður um efni og gildi framangreindra fyrirvara kom í ljós aðeins þremur mánuðum síðar að stjórnvöld voru að leggja út í leiðangur sem fól í sér breytingar. Embættismenn úr ráðuneytum Stjórnarráðsins og fulltrúar Seðlabanka Íslands ásamt óháðum sérfræðingum áttu þá óformlega fundi með fulltrúum Hollands og Bretlands. 18. október 2009 var fjárlaganefnd Alþingis kynnt afstaða aðila til fyrirvaranna og daginn eftir lagði fjármálaráðherra fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 96/2009 þar sem gerð var tillaga um verulegar breytingar á þeim fyrirvörum sem Alþingi hafði áður samþykkt.

Við framlagningu umrædds breytingarlagafrumvarps á Alþingi var ljóst að margir þingmenn voru verulega ósáttir við innihaldið. Einnig gerðu þeir athugasemdir við það að fjármálaráðherra sem farið hafði fögrum orðum um upphaflegan samning virtist tregur til að upplýsa staðreyndir málsins og sýna þingmönnum gögn sem verulega þýðingu hefðu. Enn fremur var gagnrýndur ómaklegur málflutningur stjórnarliða um afleiðingar þess ef frumvarpið yrði ekki samþykkt og sú viðleitni sem þar birtist til að halda ekki til haga þeirri stað-

reynd að íslenska ríkinu beri hvorki lagaleg né siðferðileg skylda til þess að gangast í ábyrgð fyrir skuldir einkafyrirtækis. Þá urðu uppi harðar deilur um hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Evrópusambandið hefðu fyrir tilstilli viðsemjendanna beitt sér óeðlilega gegn íslenska ríkinu í deilunni. 30. október 2009 sagði þáverandi heilbrigðisráðherra síðan af sér ráðherraembætti, að sögn í þeim tilgangi að gera ríkisstjórninni fært að tala einum rómi.

Undirritaður var fyrstur til að vekja máls á því sumarið 2009 að lagafrumvarp sem varðaði ábyrgðarskuldbindingu ríkissjóðs vegna Icesave-skuldbindinganna ætti að fara í þjóðaratkvæði. Þegar líða tók á lok hinnar þinglegu meðferðar kom aftur upp krafa um að bera frumvarpið undir þjóðaratkvæði en tillaga þar að lútandi var felld með naumum meiri hluta við 3. umræðu málsins. Fór það svo að frumvarpið var afgreitt sem lög frá Alþingi, nr. 1/2010. Andstaða þáverandi 2. minni hluta fjárlaganefndar við samþykkt frumvarpsins gerði m.a. fulltrúum InDefence kleift að safna undirskriftum um 55.160 Íslendinga, eða sem nam um 23,3% allrar íslensku þjóðarinnar. Varð það til þess að forseti Íslands synjaði lögunum staðfestingar og vísaði þeim til þjóðarinnar á grundvelli 26. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Höfðu allar þessar undirskriftir safnast á hinum skamma tíma frá 25. nóvember til 1. janúar. Jafngildir slík þátttaka því að ellefu milljónir Breta eða þrjár milljónir Hollendinga undirrituðu slíkt skjal. Þann 2. janúar 2010 afhentu fulltrúar InDefence forseta undirskriftirnar.

3. Atburðarás málsins frá samþykkt laganna.

Forseti Íslands tilkynnti 5. janúar 2010 að hann hygðist vísa lögum nr. 1/2010 til þjóðarinnar með því að synja þeim staðfestingar.

Í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar kom m.a. fram í skoðanakönnunum að mikill meiri hluti landsmanna kynni að kjósa gegn gildi laga nr. 1/2010. Tók þá að bera á því að forystumenn ríkisstjórnarinnar drægju úr þýðingu atkvæðagreiðslunnar og bentu á að fyrir lægi nýtt tilboð frá Bretum og Hollendingum, sem fæli í sér 70 milljarða kr. lægri greiðslubyrði en lög nr. 1/2010 gerðu ráð fyrir. Því snerist þjóðaratkvæðagreiðsla í raun um samning sem enginn væri að berjast fyrir.

Þjóðaratkvæðagreiðslan fór engu að síður fram 6. mars 2010 og eins og skoðanakannanir höfðu spáð töldu 98,1% þeirra kjósenda sem skiluðu gildu atkvæði að lögin ættu að missa gildi sitt. Verður annað vart talið en að með því móti hafi þjóðin lýst afstöðu sinni til málsins á mjög afgerandi hátt.

Þegar fyrir lá að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram fór fjármálaráðherra ásamt formönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks til fundar við bresk og hollensk stjórnvöld í Haag. Á þeim fundum kom fram að bresk og hollensk stjórnvöld settu ákveðin skilyrði fyrir því að samið yrði að nýju um málið. Voru skilyrðin þau að pólitísk samstaða næðist um samningana hér á landi, að fljótt yrði komist að niðurstöðu í málinu og að lágmarkstrygging innstæðna sem ríkin hefðu fjármagnað yrði endurgreidd að fullu. Samkomulag náðist um það milli allra flokka á Alþingi að freista þess að ná samningum að nýju á grundvelli breyttra forsendna.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar höfðu allt frá sumri 2009 hvatt stjórnvöld til þess að ráða vanan og óháðan sérfræðing til þess að leiða samningaviðræðurnar fyrir Íslands hönd. Það kom því gleðilega á óvart þegar ríkisstjórnin sættist á áður framkomna tillögu fulltrúa stjórnarandstöðunnar um að leita til Lee C. Buchheit, sérfræðings í alþjóðlegum lánssamningum og lögmanns frá Bandaríkjunum, um að vera samningamaður íslenskra stjórnvalda auk þess sem sæst var á að hæstaréttarlögmaðurinn Lárus Blöndal yrði meðal samninganefndarmanna. Umboð samninganefndarinnar byggðist í grunninn á þingsályktunartillögu

sem samþykkt var á Alþingi 5. desember 2008 og fól í sér að ríkisstjórninni væri falið að leiða til lykta samninga vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli svokallaðra Brussel-viðmiða.

Viðræður samninganefndarinnar við fulltrúa breskra og hollenskra stjórnvalda fóru fram í febrúar og mars 2010, en var frestað tímabundið meðan þjóðaratkvæðagreiðsla um gildi laga nr. 1/2010 fór fram. Viðræðunum var svo ekki fram haldið fyrr en í júlí og september sl. Samningsaðilarnir funduðu þó í Reykjavík í júní sl. og aftur í Haag í september sl. Að auki fóru fram nokkrir óformlegir fundir og samskipti áttu sér stað í síma og með tölvuskeytum. 8. desember náðu samninganefndin og fulltrúar viðsemjenda saman um samningsniðurstöðu. 9. desember kynnti samninganefndin fulltrúum ríkisstjórnarinnar, þingflokka og loks þjóðinni allri niðurstöður samningaviðræðanna. 15. desember sl. lagði fjármálaráðherra svo fram frumvarp það sem hér er til umfjöllunar.

Hinir nýju samningar eru frábrugðnir eldri samningum sama efnis að því leyti að í stað hefðbundinna lánssamninga voru gerðir endurgreiðslu- og skaðleysissamningar með aðild hlutaðeigandi ríkja og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF). Þannig hefur farvegi samkomulagsins verið lyft upp úr því að vera hefðbundnir einkaréttarlegir lánasamningar þar sem ríkar byrðar og skyldur eru lagðar á annan samningsaðilann. Að auki einkennast nýju samningarnir af því að um þjóðréttarlegt málefni er að ræða þar sem þeir eru færðir undir lögsögu Alþjóðagerðardómstólsins í Haag og er báðum aðilum samningsins tryggð aðkoma að skipun gerðardómara. Með samningunum er ábyrgð ríkisins og greiðsluskylda takmörkuð að verulegu leyti, vaxtakjör eru mun hagstæðari, vanefndaúrræði viðsemjendanna milduð auk þess sem skýrt er kveðið á um að tilgreindar eignir íslenska ríkisins njóti friðhelgi og að fullveldisréttur Íslands yfir auðlindum landsins skuli tryggður.

Fram kom á fundi fjárlaganefndar það mat samninganefndarmanna að vandræðagangur fulltrúa ríkisstjórnarinnar við gerð fyrri samninga hefði veikt samningsstöðuna og að ekki hafi verið mögulegt að ná hagstæðari samningum í þetta sinn.

4. Tilgangur fyrirvara í lögum nr. 96/2009 og breytingar.

Sumarið 2009 fjallaði Alþingi um frumvarp það er síðar varð að lögum um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., nr. 96/2009. Umræða um frumvarpið á Alþingi var löng og ströng og lauk henni með því að framlagt frumvarp var samþykkt með verulegum breytingum. Í þeim breytingum fólst m.a. að felldir voru inn í frumvarpið ákveðnir fyrirvarar sem meiri hluti Alþingis var sammála um að teldust nauðsynlegir. Taldi þáverandi 2. minni hluti fjárlaganefndar þó ekki gengið nægilega langt í þessum efnum þó svo að verulega hefði þokast í jákvæða átt við meðferð málsins.

Á fyrri stigum þessa máls hefur það verið ítarlega reifað hvaða hugsun bjó að baki þeim fyrirvörum sem þingið samþykkti við afgreiðslu laga nr. 96/2009, þ.e. í fyrsta lagi að setja ríkisábyrgð skilgreind tímamörk, að setja þak á greiðsluskyldu íslenska ríkisins, að reyna að fá ábyrgðinni hnekkt fyrir dómi áður en greiðslur hæfust og að tryggja forgang íslenska tryggingarsjóðsins við útgreiðslur úr búinu (fyrirvari Ragnars H. Hall). Eftir samþykkt laganna kynntu stjórnvöld umrædda fyrirvara fyrir viðsemjendunum eins og að framan er rakið og tóku þá við nýjar samningaviðræður sem leiddu til þess að gerðar voru breytingar á lögunum sem margir töldu óásættanlegar, sbr. lög nr. 1/2010. Þeim lögum var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu en í aðdraganda hennar leitaði ríkisstjórnin loks eftir því í samvinnu við

stjórnarandstöðu að fá að taka upp samningana. Er það skoðun 3. minni hluta að samráðsleysið fram að þessu hafi verið þjóðinni dýrkeypt.

5. Efnahagsleg áhættuþættir.

a. Heildarskuldbinding ríkissjóðs.

Athugasemdir frumvarpsins gera ráð fyrir að heildarskuldbindingin samkvæmt fyrirliggjandi samkomulagi til lausnar Icesave-deilunni nemi allt að 624 milljörðum kr. miðað við gengi krónu 30. september 2010. Kemur þar fram sá skilningur að samkomulagið sé hagstæðara en fyrri samningsdrög og að gefnum forsendum og spá um endurheimtur eigna verði kostnaður ríkisins um 47 milljarðar kr. Miðað við fyrri samningsdrög og sömu forsendur hefði skuldbindingin staðið í 162 milljörðum kr. þegar greiðslur ríkisins hæfust í júní 2016 en á þá fjárhæð hefðu síðan bæst vextir út endurgreiðslutímann sem staðið hefði til 2024. Hagræðið nú skýrist aðallega af lægri vöxtum sem verða 3% í tilviki Hollands og 3,3% í tilviki Breta í stað 5,55% vaxta sem áður var reiknað með. Fyrirliggjandi samkomulag gerir einnig ráð fyrir að upphafsdagur vaxta verði 1. október 2009 í stað 1. janúar 2009 sem áður var miðað við og að vextirnir verði gerðir upp í einu lagi í árslok 2010 (væntanlega nú upphaf árs 2011) og eftir það ársfjórðungslega fram á mitt ár 2016 en þá er reiknað með að skiptum verði að mestu lokið.

Undirritaður gerði við fyrri umfjöllun málsins verulegar athugasemdir við að vextir yrðu reiknaðir frá 1. janúar 2009, eins og fyrri samningsdrög gerðu ráð fyrir, og taldi að miða bæri við 23. október sama ár. Fyrirliggjandi samkomulag er í betra samræmi við það sjónarmið en fyrri samningar og mun spara ríkissjóði fjármuni sem hlaupa á milljarðatugum. Á það skal þó bent að umsagnaraðilar telja sumir að heildarskuldbinding ríkissjóðs sé meiri en athugasemdir frumvarpsins gefa til kynna. InDefence reiknar með því að heildarskuldbindingin verði 71 milljarðar kr. sem skýrist m.a. af forsendum um gengi krónunnar, öðrum en þeim sem lagðar eru til grundvallar í frumvarpinu. Heildarforgangskröfur í þrotabúið eru metnar á 1.320 milljarða kr. og eru heimtur áætlaðar 1.138 milljarðar kr. sem þýðir að úthlutun uppi í forgangskröfur gæti numið 86% samkvæmt upplýsingum frá skilanefnd Landsbanka Íslands hf. Forgangskrafa íslenska tryggingarsjóðsins, fest miðað við gengi í 22. apríl 2009, nemur að höfuðstól allt að 659 milljörðum kr. Þeir fjármunir sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta fær úthlutað úr búi Landsbankans eiga að standa undir endurgreiðslu á höfuðstól skuldarinnar og er miðað við að umræddur kostnaður ríkisins verði í formi áfallinna vaxta samkvæmt fullyrðingum sem fram koma í athugasemdum við frumvarpið. Forsendur gera ráð fyrir að greiðslu skuldarinnar ljúki árið 2016. Verði eftirstöðvar ekki að fullu greiddar á því tímamarki greiðast þær af íslenska ríkinu samkvæmt CIRR-vaxtaviðmiði og að teknu tilliti til efnahagslegra fyrirvara sem fram koma í samningnum. Fyrirvararnir gera ráð fyrir að endurgreiðslutíminn, sem rennur út í síðasta lagi 2046, ákvarðist út frá upphæð eftirstöðva og að hámarksþak verði sett á árlega greiðslubyrði ríkissjóðs. Verði fjárhæð eftirstöðvanna undir 45 milljörðum kr. greiðast þær á næstu 12 mánuðum frá 1. júlí 2016 en verði þær yfir þeim fjárhæðarmörkum lengist lánið um eitt ár fyrir hverja 10 milljarða kr. sem eru umfram. Eftirstöðvarnar greiðast ársfjórðungslega með jöfnum afborgunum sem á ári geta ekki orðið meiri en svarar til 5% heildartekna íslenska ríkisins næstliðið ár eða 1,3% af vergri landsframleiðslu næstliðins ár eftir því hvor fjárhæðin er hærri.

b. Áhættur og mat sérfræðinga.

Hinir efnahagslegu fyrirvarar bera með sér að enn er óvíst hver endanlegur kostnaður íslenska ríkisins muni verða vegna ábyrgðar á skuldbindingum íslenska tryggingarsjóðsins sem haldið er fram að risið hafi vegna uppgjörs lágmarkstrygginga viðsemjenda okkar við innstæðueigendur Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Hefur verið áréttað að í ljósi kröfu réttarríkisins um skýrleika laga séu heimildir löggjafans ekki með öllu óbundnar þegar kemur að því að skuldbinda ríkið, sbr. 40. gr. stjórnarskrár, og að brýnt sé að fara vandlega yfir þær áhættur sem í ábyrgðinni felast, ekki síst þegar hafður er í huga sá lagalegi grundvöllur sem hún er risin af. Þrátt fyrir að skyldur íslenska ríkisins séu betur afmarkaðar en í fyrri samningagerð getur ábyrgðin verið mjög íþyngjandi fyrir íslenskt þjóðarbú.

Nefndin hefur rætt helstu áhættuþætti samningsins í efnahagslegu tilliti og farið yfir sviðsmyndir sérfræðinga sem gefa til kynna getu íslenska ríkisins til þess að standa undir ábyrgð ef út af bregður. Nefna má í fyrsta lagi áætlanir um endurheimtur á eignum þrotabúsins, fjárhæð þeirra og hve hratt þeim verði úthlutað. Rætt hefur verið um verklag skilanefndar við mat á eignum þess og líkur á því að hægt verði að hefja útgreiðslur úr búinu á þessu ári vegna óleystra álitaefna um réttindaröð krafna, sbr. m.a. neyðarlögin. Lækkun á gengi krónunnar er önnur áhætta en um hana var fjallað í áliti undirritaðs í tengslum við afgreiðslu laga nr. 1/2010 (þskj. 257 í 76. máli á 138. löggjafarþingi). Skuldbinding er í sterlingspundum og evrum á sama tíma og krafa sjóðsins er fest í krónum og því getur þróun skuldarinnar annars vegar og kröfunnar hins vegar verið með ólíkum hætti. Rætt hefur verið í hvaða mynt eignir búsins eru ávaxtaðar og einnig hvaða varnir ríkinu standi til boða til þess að draga úr gengisáhættu. Þá hefur verið rætt um getu ríkisins til að afla erlends gjaldeyris, með afangi á utanríkisviðskiptum eða erlendri fjármögnun, og áhrif samkomulagsins á gjaldeyrishöft. Enn fremur hefur nefndin rætt vaxtaáhættu en á það hefur verið bent að vaxtakjör samkomulagsins eigi að endurspegla fjármögnunarkostnað viðsemjendanna og að heimilt verði að greiða höfuðstólinn niður án kostnaðar og endurfjármagna ef hagstæðir kjör bjóðast. Loks má nefna áhættu vegna skuldabréfs í erlendri mynt sem NBI gaf út við yfirtöku eigna frá þrotabúinu en í fyrrgreindu áliti er bent á að það geti skapað óeðlilegan þrýsting á gengi krónunnar til lækkunar.

Mat sérfræðinga bendir til þess að skuldin sé viðráðanleg en að ýmis atriði sem að framan er getið valdi áhyggjum, einkum vegna takmarkaðs svigrúms íslenska ríkisins til að taka á sig auknar byrðar. Fram hefur komið að framleiðsluvöxtur í helstu útflutningsgreinum muni að óbreyttu verða lítill og að til frambúðar þurfi að búa í haginn fyrir aukna fjárfestingu og hagvöxt til að ríkið geti staðið undir erlendum vaxtagjöldum sem nú um stundir soga til sín um helming af vöru- og þjónustujöfnuðnum. Grundvallaratriði í þeirri viðleitni er að aflétta gjaldeyrishöftum. Á móti geta slík áform valdið lækkun á gengi krónunnar sem gæti bent til þess að afnám haftanna tefjist á með skuldin er greidd niður. Endurheimtur þrotabúsins, sem að stórum hluta eru í erlendum gjaldmiðlum, eiga einnig mikið undir þróun markaða sem um þessar mundir er óviss vegna mikils skuldavanda margra erlendra ríkja. Óvissa er enn fremur um það hve hratt greiðslur munu berast úr þrotabúinu en ráðstöfun þess fjár inn á höfuðstól skuldarinnar mun lækka vaxtagreiðslur ríkisins að tiltölu. Vonir standa til þess að hægt verði að greiða niður þriðjung höfuðstólsins á síðari hluta þessa árs.

Að teknu tilliti til þeirra sérfræðiálita sem fjárlaganefnd hefur aflað, m.a. frá IFS greiningu og GAM Management hf., telur 3. minni hluti verulega hættu á að samkomulagið leiði til þess að gjaldeyrishöftin verði til frambúðar.

6. Lögfræðileg álitaefni.

Fulltrúar Framsóknarflokksins hafa frá upphafi málsins lagt mikla áherslu á að tilgreindum lagalegum fyrirvörum verði haldið til haga við lausn deilunnar. Hafa fjölmargar tillögur verið lagðar fram í þá átt.

a. Útgreiðslur úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf.

Í þeim fyrirvara sem kenndur hefur verið við Ragnar H. Hall og um er fjallað í áliti undirritaðs í tengslum við afgreiðslu laga nr. 1/2010 (þskj. 257 í 76. máli á 138. löggjafarþingi) er miðað við að krafa íslenska tryggingarsjóðsins sem sjóðurinn hefur leyst til sín gegn greiðslu til viðsemjendanna fáist greiddar af fjármunum þrotabúsins á undan þeim hluta kröfunnar sem eftir stendur hjá breskum eða hollenskum yfirvöldum eða eftir atvikum viðkomandi innstæðueiganda. Fyrirliggjandi samkomulag gerir hins vegar ráð fyrir, sbr. Pari Passu samninga, að kröfur þessara aðila séu jafn settar. Þó er jafnframt á því byggt að úthlutunin lúti íslenskum réttarreglum og að íslenska tryggingarsjóðnum gefist kostur á að bera ágreining um fyrirvara Ragnars H. Hall undir íslenska dómstóla. Verði komist að þeirri niðurstöðu að fyrirvarinn hafi gildi að íslenskum rétti felst í samkomulaginu að hann verði lagður til grundvallar í skiptum aðila enda verði hún ekki álitin ganga í berhögg við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins.

Við umræður í nefndinni hefur komið fram að það mundi draga úr áhættu ríkisins að verulegu leyti ef umræddur fyrirvari yrði lagður til grundvallar í skiptum aðila og því hefur verið gagnrýnt að hann sé ekki beinn hluti af fyrirliggjandi samkomulagi heldur látið þar við sitja að vísa úrlausn um þetta atriði til íslenskra dómstóla og eftir atvikum EFTA-dómstólsins. Á fundum fjárlaganefndar hefur þó komið fram að íslensku samninganefndinni hafi reynst erfitt að fá viðsemjendurna til að fallast á fyrirvarann.

Við meðferð málsins gerði Ragnar H. Hall hrl. athugasemd við orðalag í skýringum á samningunum í fylgiskjali III með frumvarpinu, bls. 151. Lagði Ragnar sérstaka áherslu á að í skýringunum, hluta 6.2, væri sérstök tilvísun til íslenskra laga og að þar væri átt við lög í rýmri merkingu, íslenskar réttarheimildir, en ekki sett lög í þrengri merkingu. Í málinu hefur verið lögð fram sameiginlega yfirlýsing þriggja hæstaréttarlögmanna, dags. 20. janúar 2011, sem staðfesta þennan skilning.

b. Almennir lagalegir fyrirvarar.

Þriðji minni hluti hefur ítrekað lagt til fyrirvara þess efnis að felli þar til bært stjórnvald eða dómstóll úrskurð sem feli í sér að engin lagaleg skuldbinding hvíli á ríkissjóði til að greiða skuldbindingar íslenska tryggingarsjóðsins vegna Icesave-reikninganna þá verði tryggt að efni samkomulagsins taki mið af þeim veruleika. Fjölmörg lögfræðileg álit, þar á meðal frá erlendum lögmannsstofum og lagaprófessorum, gefa til kynna að verulegur vafi leiki á hvort slík ríkisábyrgð sé til staðar. Hefur auk þess verið vísað til þess að í skýrslu breska fjármálaeftirlitsins (FSA) frá árinu 2009 um áhættuhorfur í fjármálakerfinu sé að finna ummæli sem styðji slíkar efasemdir.

Í álitsgerð sem samin var af fjórum lögspekingum að beiðni fjárlaganefndar, dags. 22. desember 2010, er reynt að leggja mat á áhættur samfara því að hafna samþykkt frumvarpsins og leiða ágreininginn til lykta fyrir þar til bærum dómstólum, þ.e. EFTA-dómstólnum. Sérfræðingarnir benda á að úrslit málsins mundu að verulegu leyti ráðast af málatilbúnaði aðila en í álitinu er leitað svara við því hver möguleg niðurstaða gæti orðið og þrír kostir

nefndir í því sambandi. Sjálfir eru sérfræðingarnir ekki á einu máli um hver niðurstaðan yrði en telja í besta falli að íslenska ríkið yrði sýknað af kröfum viðsemjendanna.

Í ljósi þeirrar áhættu sem samþykkt frumvarpsins hefur í för með sér hefði að mati 3. minni hluta verið þörf á að afla ítarlegri upplýsinga um hversu raunhæfur kostur það er að fá úr því skorið fyrir þar til bærum dómstólum hvort kröfur viðsemjenda okkar séu lögmætar og hvort hagsmunir þjóðarinnar yrðu best varðir með málaferlum. Má í því sambandi m.a. vísa til álits Peter Örebech til fjárlaganefndar, dags. 13. des. 2010, sem dregur í efa að samkomulagið samrýmist reglum á innri markaði EES er varða ríkisstyrki. Af álitinu má ráða að við hina lagalegu úrlausn hafi það grundvallarþýðingu að skilgreina hver sé staða íslenska tryggingarsjóðsins gagnvart íslenska ríkinu en sjálft samkomulagið virðist gera ráð fyrir að sjóðurinn, sem aðilar á fjármálamarkaði bera almennt kostnað af, sé meðskuldari sem geti átt rétt og borið skyldur. Spurningin gæti þá m.a. verið hvort úr því álitaefni væri hægt að leysa fyrir íslenskum dómstólum.

Enda þótt ýmis atriði hafi að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu um lög nr. 1/2010 horft til betri vegar varðandi lausn Icesave-málsins verður ekki fram hjá því litið að samkomulagið, sem í raun samanstendur af mörgum samningum, er torskilið og þess eðlis að möguleikar löggjafans til þess að hlutast til um breytingar á einstökum ákvæðum þess eru verulega takmarkaðir. Verði frumvarpið samþykkt má þess vegna ætla að sama tilefnið sé til þess og áður að vísa málinu í dóm þjóðarinnar.

Með vísan til framangreinds leggur 3. minni hluti til breytingu þess efnis að ábyrgð ríkisins samkvæmt frumvarpinu falli niður komist þar til bær úrskurðaraðili að þeirri niðurstöðu að ríkisábyrgð hafi ekki verið fyrir hendi á skuldbindingum íslenska tryggingarsjóðsins við fall hinna íslensku banka.

7. Pólitísk álitaefni.

Eins og áður hefur komið fram synjaði forseti Íslands því að staðfesta lög nr. 1/2010 og vísaði lögunum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í kjölfarið birtist yfirlýsing á vef forsætisráðuneytisins þar sem eftirfarandi kom m.a. fram:

> „Með ákvörðun forseta Íslands um að staðfesta ekki breytingu Alþingis á lögum nr. 96/2009, svokölluðum Icesave-lögum er þeim árangri sem náðst hefur í endurreisnaráætlun stjórnvalda teflt í mikla tvísýnu. Í viljayfirlýsingu (e. Letter of Intent) íslenskra stjórnvalda til AGS vegna efnahagsáætlunarinnar sem undirrituð var í nóvember 2008 er því heitið að Icesave-málið verði leitt til lykta með samningum og er það ein forsenda lánveitinga frá sjóðnum. Þá hafa lyktir málsins verið forsenda fyrir lánafyrirgreiðslu af hálfu Norðurlandanna. Án þessara lána er fjármögnun efnahagsáætlunarinnar ótrygg og framhald hennar óvisst.
>
> Aðilar stöðugleikasáttmálans hafa lagt á það ríka áherslu að Icesave-málið verði leitt til lykta sem fyrst á þann hátt sem fyrir liggur enda muni frekari tafir draga kraftinn úr öðrum aðgerðum og hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér.
>
> Áhöld eru um það hvort það sé pólitískt og stjórnskipulega eðlilegt að forseti beiti málskotsrétti sínum þegar um er að ræða milliríkjamál, líkt og Icesave-málið er, þar sem verið er að fylgja eftir skuldbindingum íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi. Stjórnvöld hafa kappkostað að eyða allri slíkri óvissu og leitast við að skapa traust í garð þjóðarinnar. Óvissa eða uppnám í fjármálalegum samskiptum við önnur ríki getur haft ófyrirsjáanlegar, víðtækar og mjög skaðlegar afleiðingar fyrir íslenskt samfélag.
>
> […]

Ríkisstjórn Íslands lýsir vonbrigðum með ákvörðun forseta og í ljósi þeirra alvarlegu áhrifa sem synjun forseta Íslands kann að hafa mun ríkisstjórnin nú meta stöðu mála og horfur varðandi þá endurreisnaráætlun sem hún hefur fylgt með góðum árangri.“

3. minni hluti telur að framangreind yfirlýsing endurspegli pólitísk viðhorf stjórnarmeirihlutans á Alþingi með greinargóðum hætti og þann hræðsluáróður sem einkennt hefur málflutning hans frá upphafi. Engin innistæða virðist hafa verið fyrir þess háttar yfirlýsingum eins og samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn ber vitni um. Einnig virðist mega rekja fjármögnunarvanda íslensks atvinnulífs til gjaldeyrishafta, setningu neyðarlaga og sundrungar í röðum stjórnarliða fremur en deilunnar um Icesave. Skuldsetning atvinnulífsins og sveitarfélaga er enn fremur mikið vandamál en þrátt fyrir það hafa einstök fyrirtæki og sveitarfélög nú þegar fjármagnað sig á góðum kjörum. Synjun forseta Íslands í kjölfar andstöðu við málið á þingi gaf þjóðinni tækifæri til að tjá hug sinn til málsins sem leiddi til þess að sjónarmið Íslands í þessari milliríkjadeilu fékk aukið vægi.

8. Niðurlag.

Sú barátta sem 3. minni hluti, fjölmargir einstaklingar og samtök háðu til að koma í veg fyrir að Ísland samþykkti Icesave-samningana hefur borið árangur. Fyrir liggur samningur sem er miklu betri en þeir tveir sem samþykktir voru á Alþingi með lögum nr. 96/2009 og 1/2010. Andstaðan snerist þó ekki bara um það hvort samningarnir fælu í sér drápsklyfjar á komandi kynslóðir heldur einnig hvort vinnubrögð eins og aðkoma hlutlausra sérfræðinga að málum, málefnaleg umræða og gegnsæi vinnubragða ættu að vera hluti af ferli mála á Alþingi. Sú leynd sem einkennt hefur Icesave-málið er hluti af starfsháttum sem aldrei mega sjást aftur á Alþingi.

Umræður um frumvarp það sem varð að lögum nr. 1/2010 drógust á langinn haustið 2009. Ítarlegar umræður voru nauðsynlegar til að þjóðinni gæfist kostur á að kynna sér hina flóknu efnahagslegu- og lagalegu þætti Icesave-málsins. Einnig var nauðsynlegt að svigrúm gæfist til að safna undirskriftum gegn samþykkt frumvarpsins þannig að grundvöllur yrði fyrir því að senda málið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Undirritaður stóð lengst í pontu í þeirri atrennu og sér í engu eftir þeirri baráttu. Villandi upplýsingum var haldið að þjóðinni auk þess sem stanslaus hræðsluáróður var hafður uppi um nauðsyn þess að samþykkja Icesave-samningana. Engum blöðum er um það að fletta að sá áróður var á engum rökum reistur. Staðreyndir málsins bera það með sér að hin langa umræða og andstaða minni hlutans skilaði sér í bættum samningum fyrir Íslendinga. Vonandi verður slíkra vinnubragða ekki þörf í framtíðinni.

Undirritaður hefur lagt áherslu að byggja afstöðu sína á réttum og ítarlegum upplýsingum og að fá óháða sérfræðinga til að meta alla þætti málsins. Við vinnslu málsins í fjárlaganefnd hefur að miklu leyti verið komið til móts við þær kröfur. Asi var við afgreiðslu málsins í fjárlaganefnd þó að nefndinni hefðu ekki borist öll þau álit sem óskað hafði verið eftir. Þá var ekki orðið við óskum 3. minni hluta um að greina betur áhættuna af því að leggja málið fyrir dómstóla. Var það gert þrátt fyrir að fjölmargir lögfræðingar, erlendar lögfræðistofur og virtir fræðimenn hefðu bent á að verulegur vafi léki á um greiðsluskylduna. Er það mat 3. minni hluta að meiri líkur en minni séu á því að slíkt mál myndi vinnast fyrir dómstólum. Greiddi 3. minni hluti því atkvæði gegn því að málið yrði tekið úr nefndinni.

Eins og áður hefur komið fram telur 3. minni hluti þá samninga sem nú liggja á borðinu um margt sanngjarna fyrir utan það atriði að hin efnahagslega áhætta hvílir öll á herðum Íslendinga. Er hér um veigamikið atriði að ræða sem þýtt gæti að endanlegur kostnaður ríkisins

gæti numið 233 milljörðum kr. Verður þó að líta til þess að aðgerðir ríkisstjórnarinnar höfðu á fyrri stigum veikt samningsstöðu Íslands.

Það sem eftir stendur er sú grundvallarspurning hvort Íslendingum beri yfir höfuð skylda til að taka á sig skuldir einkafyrirtækis. Undirritaður hefur þess vegna ávallt gert fyrirvara við ábyrgð ríkisins. Engan slíkan fyrirvara er að finna í frumvarpinu og því leggur 3. minni hluti til eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Fáist síðar úr því skorið fyrir þar til bærum úrlausnaraðila að ríkisábyrgð gildi ekki, þá ber Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ekki að greiða hærri fjárhæð en til var í sjóðnum við upphaf bankahrunsins. Sami fyrirvari á við ef betri réttur skapast á sviði Evrópulöggjafar, hún skýrist eða ef lagaleg skylda til að ábyrgjast innstæður minnkar eða á annan hátt liggur fyrir að ríkisábyrgð sé ekki til staðar.

Alþingi, 2. feb. 2011.

Höskuldur Þórhallsson.

Fylgiskjöl með álitinu:

1. Umsögn InDefence-hópsins. (10. janúar 2011.)
2. Umsögn IFS-greiningar. (11. janúar 2011.)
3. Umsögn GAM Management hf. (GAMMA). (10. janúar 2011.)
4. Umsögn Stefáns Más Stefánssonar, prófessors, Benedikts Bogasonar, héraðsdómara og dósents, Dóru Guðmundsdóttur, aðjúnkts, og Stefáns Geirs Þórissonar, hrl. (7. janúar 2011.)

780. Lög [203. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. febrúar 2011.)

Samhljóða þskj. 756 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

781. Svar [412. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um stjórnsýsluskóla Stjórnarráðsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig er hinn nýi stjórnsýsluskóli Stjórnarráðsins fjármagnaður? Hverjir stýra honum, hverjir veljast til kennslu og hverjar eru greiðslur til þeirra?

Síðastliðið haust hleypti forsætisráðuneytið af stokkunum verkefni sem hlaut nafnið stjórnsýsluskóli Stjórnarráðs Íslands. Á vegum skólans hefur m.a. verið boðið upp á námskeið fyrir nýja starfsmenn Stjórnarráðsins, ráðherra, aðstoðarmenn ráðherra og ráðuneytisstjóra. Á það var lögð áhersla í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem út kom á síðasta ári að fjölga þyrfti í þeim hópi starfsmanna Stjórnarráðsins sem eru vel menntaðir og þjálfaðir og hafa getu til að takast á við mjög flókin og krefjandi verkefni. Þá er í skýrslu nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda sem forsætisráðuneytið gaf út árið 1999 vakin sérstök athygli á því að ekki sé starfræktur hér á landi skóli fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkis eða sveitarfélaga eins og tíðkist í flestum grannlöndum. Áréttað er í skýrslunni að þegar nýir starfsmenn komi til starfa sem fái það hlutverk að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu borgaranna séu þeir ekki sendir á grunnnámskeið til að læra þær almennu reglur stjórnsýsluréttarins sem gilda um meðferð opinbers valds við töku stjórnvaldsákvarðana.

Markmiðið með skólanum er að bæta hér úr og auka hæfni starfsmanna Stjórnarráðs Íslands með starfstengdri fræðslu en einkum verði beint sjónum að sviðum þar sem aðrir hafa ekki boðið fram þjónustu. Kjarninn í námsframboði mun lúta að grunnfræðslu um stjórnsýslurétt, upplýsingarétt og siðareglur en einnig verða tekin fyrir önnur efni sem varða Stjórnarráðið sem heild.

Skrifstofa löggjafarmála í forsætisráðuneytinu hefur stýrt þessu verkefni. Kostnaði við verkefnið hefur verið haldið í lágmarki. Forsætisráðuneytið hefur greitt kostnað við þau námskeið sem hafa verið haldin, svo sem vegna leigu á rútu og kennslusal og vegna kaffiveitinga. Áformað er að framvegis muni hvert ráðuneyti fyrir sig alla jafna greiða væg þátttökugjöld fyrir starfsmenn sína til að mæta kostnaði.

Leiðbeinendur koma alla jafna úr röðum starfsmanna Stjórnarráðsins en einnig hafa verið fengnir sérfræðingar utan Stjórnarráðsins ef þörf krefur. Hugmyndin er að stjórnsýsluskólinn fái til liðs við sig helstu sérfræðinga á hverju sviði og starfi jafnt með öllum háskólum landsins í samræmi við áherslur þeirra. Starfsemi stjórnsýsluskólans verður þróuð áfram, m.a. í samráði við fjármálaráðuneytið, og fyrirhugaðir eru fundir með fulltrúum háskóla til þess að ræða hugsanlega samvinnu við aðra háskóla á jafnræðisgrundvelli. Eina greiðslan sem innt hefur verið af hendi til leiðbeinenda er til dr. Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors í Háskóla Íslands. Hann fékk í desember sl. greiddar 52.000 kr. fyrir fyrirlestur sem hann hélt á námskeiði fyrir ráðherra og aðstoðarmenn.

782. Svar [425. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um framvindu verkefna til stuðnings Suðurnesjum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er staða þeirra verkefna sem eiga að nýtast Suðurnesjum sérstaklega og ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í Reykjanesbæ í nóvember sl. að ráðast í nú þegar? Hvaða verkefni eru hafin, hverjir hafa verið skipaðir í starfshópa, í hvaða störf hefur verið ráðið og hvenær er áætlað að verkefnunum verði lokið og niðurstaða liggi fyrir?

Ekkert landsvæði hefur farið varhluta af þeim gífurlegu efnahagserfiðleikum sem íslenskt samfélag hefur þurft að glíma við í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Óumdeilt er þó að áfallið hefur orðið einna mest á Suðurnesjum sem birtist m.a. í meira atvinnuleysi en mælist annars staðar á landinu. Til að bregðast við þessu hefur ríkisstjórnin haft til skoðunar til hvaða ráðstafana unnt sé að grípa til að efla atvinnu og byggð á Suðurnesjum.

Leitað hefur verið eftir hugmyndum að aðgerðum frá öllum ráðuneytum ásamt því sem farið hefur verið yfir þær hugmyndir sem komu út úr vinnu við Sóknaráætlun 20/20 fyrir Suðurnes. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hrinda af stað ýmsum verkefnum til að vinna gegn fyrrgreindri þróun. Til þess að halda utan um þau verkefni og vinna í sameiningu að atvinnu-, mennta- og velferðarmálum í landshlutanum hefur verið myndaður samráðsvettvangur stjórnvalda og sveitarfélaga á svæðinu.

Fjöldi hugmynda að verkefnum var skoðaður í því samráðsferli sem verið hefur í gangi og var niðurstaðan að ellefu verkefni hafa nú þegar verið sett í ferli. Mörg verkefnanna eru ýmist frágengin eða á lokastigi af hálfu stjórnvalda.

Verkefnin sem eru hafin eru eftirfarandi:

1. *Flutningur Landhelgisgæslunnar á Suðurnes.* Hagkvæmniathugun á þeim kosti að flytja starfsemi Landhelgisgæslunnar á öryggissvæðið á Miðnesheiði er í vinnslu og er ætlunin að ljúka vinnu við hana í febrúar. Innanríkisráðuneyti fer með umsjón þessa verkefnis.
2. *Gagnaver á Suðurnesjum – bætt samkeppnisskilyrði.* Lög nr. 163/2010, um breytingu á virðisaukaskattslögum, voru sett í desember og taka gildi 1. maí nk. Þeim er ætlað að gera samkeppnisstöðu gagnavera hér á landi sambærilega við það sem gerist í löndum innan Evrópusambandsins. Verkefninu er lokið af hálfu stjórnvalda.
3. *Hersetusafn á Suðurnesjum.* Undirbúningur verkefnisins er hafinn með því að kannað er hverjir þurfi að koma að verkefninu og er ætlunin að þeir aðilar tilnefni fulltrúa í undirbúningshóp. Einnig þarf að meta hversu mikið fjármagn þarf til verkefnisins og hvaðan það verði fengið. Fjármálaráðuneyti fer með umsjón verkefnisins.
4. *Kynningar- og markaðsátak á fasteignum á gamla varnarsvæðinu.* Gerður hefur verið samstarfssamningur á milli Íslandsstofu og Þróunarfélags Keflavíkur um sérstaka kynningu á fasteignum og aðstöðu á Ásbrú og er þeirri kynningu fyrst og fremst beint að kvikmyndaiðnaðinum og möguleikum á því sviði.
5. *Sérfræðingahópur iðnaðarráðherra um atvinnumál á Suðurnesjum* skilaði framvinduskýrslu 15. desember 2010. Skýrslan og niðurstöður hennar hafa verið kynntar í ríkisstjórn og fyrir samráðsvettvangi forsætisráðherra um atvinnumál á Suðurnesjum. Í iðnaðarráðuneytinu er unnið að frekari útfærslu tveggja tillagna sem fram koma í framvinduskýrslunni. Önnur er um stofnun atvinnuþróunarfélags á Suðurnesjum og hin um

kostnaðargreiningu á hagkvæmni stórs ylvers og gerð kynningarefnis fyrir fjárfesta. Starfshópurinn lýkur störfum 1. apríl með lokaskýrslu.

6. *Langtímaverkefni um klasasamstarf fyrirtækja á sviði líforku.* Hafinn er undirbúningur með fyrirtækjum á Suðurnesjum að mótun og rekstri klasasamstarfs á sviði líforku og er markmiðið að styrkja samkeppnishæfni fyrirtækja á þessu sviði. Beitt er aðferðafræði klasasamstarfs til að vinna að samstarfsverkefnum á sviði nýsköpunar, vöruþróunar, markaðssóknar og útflutnings. Mótun sameiginlegrar stefnu og skilgreining hlutverks hagsmunaaðila, auk aðgerðaáætlunar um heildarstefnu, eru næstu skref. Iðnaðarráðuneyti fer með umsjón verkefnisins. Verkefninu hefur miðað vel áfram og er m.a. verið að skoða stofnun frumkvöðlaseturs á sviði líforku á Reykjanesi. Verkefninu hefur ekki verið settur tímarammi en það getur þróast áfram í nokkur ár með mörgum skilgreindum áföngum.
7. *Hámarkstímabil atvinnuleysisbóta í fjögur ár.* Breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 153/2010, voru samþykktar á Alþingi í desember sl. Lögin lengja hámarkstíma atvinnuleysisbóta úr þremur í fjögur ár.
8. *Velferðarmál – formlegt samstarf sveitarfélaga á Suðurnesjum.* Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri til að halda utan um formlegt samstarf sveitarfélaganna á Suðurnesjum, þ.e. Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Sandgerðis, Garðs og Voga, hvað varðar velferðarmál. Hann hefur samráð við verkefnisstjórn sem er skipuð fulltrúum sveitarfélaganna, Vinnumálastofnunar, Íbúðalánasjóðs og umboðsmanns skuldara. Til ráðgjafar og aðstoðar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og velferðarráðuneytis er Velferðarvaktin. Verkefninu er ætlað að geta verið fyrirmynd sams konar verkefna á öðrum landsvæðum.
9. *Umboðsmaður skuldara á Suðurnesjum – útibú.* Tveir lögfræðingar hafa verið ráðnir til starfa hjá útibúi umboðsmanns skuldara á Suðurnesjum og hafa þeir aðstöðu á skrifstofu sýslumannsins í Keflavík. Verið er að undirbúa úttekt á nauðungarsölum á Suðurnesjum, umfangi og ástæðum og tengslum við stöðu velferðarmála. Reiknað er með að um eitt ár taki að ljúka þeirri úttekt. Velferðarráðuneyti fer með umsjón málsins.
10. *Fiskitækniskóli Íslands, þróunar- og uppbyggingarverkefni í menntamálum.* Ráðið verður í nýja stöðu hjá Fiskitækniskóla Íslands til að taka þátt í greiningu á menntunarþörf á svæðinu og samráðsvettvangi í menntamálum á Suðurnesjum. Mennta- og menningarmálaráðuneyti fer með umsjón málsins.
11. *Þróun á nýju og fjölbreyttara námsframboði á Suðurnesjum.* Fjármagni verður varið til tveggja ára þróunar- og uppbyggingarverkefnis í menntamálum til að efla mannauð til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum. Tveir verkefnisstjórar verða ráðnir til að vinna með menntastofnunum á svæðinu og leitað hefur verið eftir tilnefningum í stýrihóp sem verður samráðsvettvangur um þessi málefni. Verkefnahópur mun starfa með aðild menntastofnana á svæðinu. Mennta- og menningarmálaráðuneyti fer með umsjón málsins.

Almennur samráðsvettvangur stjórnvalda og hagsmunaaðila á Suðurnesjum.

Haldnir hafa verið tveir samráðsfundir með fulltrúum fimm sveitarfélaga á Suðurnesjum, samtökum þeirra, fulltrúa skóla, verkalýðsfélaga og lykilaðila á svæðinu auk fulltrúa þeirra fimm ráðuneyta sem ábyrg eru fyrir verkefnunum sem talin eru hér að framan, alls um 30 manns. Forsætisráðuneytið hefur haldið utan um vettvanginn en vonir standa til að samtök sveitarfélaga á svæðinu (SSS) taki í auknum mæli við því utanumhaldi.

783. Svar [415. mál]

forseta Alþingis við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um kostnað við stjórnlaganefnd.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikill er kostnaðurinn við stjórnlaganefnd orðinn núna, hversu mikill er áætlað að hann verði og hvernig skiptist hann?

Stjórnlaganefnd var kosin af Alþingi 16. júní 2010 á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða í lögum um stjórnlagaþing, nr. 90/2010. Greiðslur til nefndarmanna eru ákveðnar af forseta Alþingis. Hverjum nefndarmanni eru greiddar 15 einingar (25.110 kr.) fyrir hvern formlegan vinnufund, sem stendur í minnst 2 stundir, og telst sú greiðsla þóknun fyrir bæði fundarsetuna og nauðsynlegan undirbúning fundarins. Formaður fær hálfu meira, eða 22,5 einingar, fyrir hvern formlegan vinnufund.

Rétt er að geta þess að í bréfi, dags. 13. júlí 2010, óskaði formaður nefndarinnar ákvörðunar forseta Alþingis um þóknun fyrir nefndina. Skorta þótti ótvíræða lagaheimild fyrir forseta til að úrskurða í málinu en eftir breytingar sem voru samþykktar á lögum um stjórnlagaþing 9. september 2010, þar sem tekinn var af vafi um úrskurðarvald forseta um greiðslur af þessu tagi, úrskurðaði forseti um greiðslur til nefndarinnar og var hann kynntur stjórnlaganefnd 15. september. Nefndin gerði athugasemdir við úrskurðinn, taldi greiðslur of lágar miðað við umfang verksins, og var hann endurskoðaður 25. október 2010 með þeirri niðurstöðu sem áður greinir.

Auk þeirra greiðslna, sem hér eru nefndar, getur nefndin falið einstökum nefndarmönnum viðbótarvinnu umfram vinnu við undirbúning funda og annað sem fylgir nefndastarfi almennt, svo sem fyrir samantektir og úrlausn afmarkaðra verkefna. Fyrir þá vinnu eru greiddar 5 einingar (8.370 kr.) á hverja vinnustund.

Heildarkostnaður við stjórnlaganefnd til ársloka 2010 er 12.074.386 kr. Byggist hann á uppgjöri fyrir vinnu fram til 16. desember 2010 og skiptist þannig:

Nefndaþóknanir til stjórnlaganefndar	8.664.624 kr.
Launatengd gjöld	1.489.547 kr.
Ferðakostnaður, gisting, fundaaðstaða	1.920.215 kr.

Eftirfarandi er yfirlit um greiðslur til einstakra nefndarmanna í stjórnlaganefnd fyrir tímabilið 16. júní til 16. desember 2010:

Aðalheiður Ámundadóttir	1.180.170 kr.
Ágúst Þór Árnason	1.180.170 kr.
Björg Thorarensen	1.129.950 kr.
Ellý Katrín J. Guðmundsdóttir	1.129.950 kr.
Guðrún Pétursdóttir, formaður	1.809.594 kr.
Njörður P. Njarðvík	1.155.060 kr.
Skúli Magnússon	1.079.730 kr.
	8.664.624 kr.

Auk greiðslna fyrir nefndastörf liggur fyrir áætlun um sérverkefni sem nokkrir nefndarmenn munu vinna fyrir utan almenn nefndastörf í samstarfi við sérfræðinga. Í fjáraukalögum 2010 voru veittar 12 millj. kr. til kaupa á sérfræðiþjónustu en reikningar yfir þá vinnu höfðu ekki borist fyrir lok janúarmánaðar sl.

Ekki liggur fyrir áætlun um kostnað við störf nefndarinnar að öðru leyti á þessu ári, 2011.

784. Fyrirspurn [483. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslubyrði íslenska ríkisins.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hver er greiðslubyrði íslenska ríkisins vegna erlendra lána árið 2011 og hvernig er fjármögnun háttað?
2. Til hvaða þarfa voru lánin þegar þau voru tekin?
3. Hver verður áætluð árleg greiðslubyrði árin 2012–2018 og hvernig verður fjármögnun háttað?

Skriflegt svar óskast.

785. Fyrirspurn [484. mál]

til umhverfisráðherra um Miðgötu í Bæjarstaðaskógi.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hefur ráðuneytið einhver áform um framkvæmdir við svokallaða Miðgötu í Bæjarstaðaskógi í Morsárdal í því átaki sem er boðað við gerð göngustíga innan þjóðgarða?

Skriflegt svar óskast.

786. Fyrirspurn [485. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um íslenska háskólanema.

Frá Lilju Mósesdóttur.

1. Hversu margir skráðir nemendur eru í íslenskum háskólum skólaárið 2010–2011 og hversu mörg nemendaígildi er gert ráð fyrir að íslenskir háskólar fái greidd skólaárið 2010–2011, skipt eftir skólum og deildum innan þeirra?
2. Hversu margir námsmenn sem stunda nám hér á landi, skipt eftir skólum og deildum innan þeirra, og hversu margir námsmenn sem stunda nám erlendis, skipt eftir löndum, þiggja lán til framfærslu frá Lánasjóði íslenskra námsmanna skólaárið 2010–2011?
3. Hversu margir námsmenn sem stunda nám hér á landi, skipt eftir skólum og deildum innan þeirra, og hversu margir námsmenn sem stunda nám erlendis, skipt eftir löndum, þiggja lán til greiðslu skólagjalda frá Lánasjóði íslenskra námsmanna skólaárið 2010–2011? Hver er heildarupphæð þessara lána?

Í öllum liðum fyrirspurnarinnar er óskað eftir samanburði við fjögur næstliðin skólaár.

Skriflegt svar óskast.

787. Breytingartillaga [431. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum (mannvirki).

Frá Merði Árnasyni.

Í stað orðsins „skilti“ í 1. gr. komi: stór skilti.

788. Tillaga til þingsályktunar [486. mál]

um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar, sbr. lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2008, að á árunum 2011–2014 skuli unnið að þróunarsamvinnu Íslands í samræmi við eftirfarandi áætlun.

Markmið Íslands með alþjóðlegri þróunarsamvinnu sé að leggja lóð sitt á vogarskálar í baráttunni gegn fátækt og fyrir bættum lífskjörum í fátækustu hlutum heimsins. Með virkri þátttöku á þessu sviði leitist Ísland við að uppfylla pólitískar og siðferðislegar skyldur sínar

sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna. Alþjóðleg þróunarsamvinna sé ein af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu.

Áhersla verði lögð á mannréttindi og jafnrétti kynjanna, frið og öryggi, ásamt baráttu gegn fátækt, félagslegu ranglæti, misskiptingu lífsgæða og hungri. Leitast verði við að tryggja innbyrðis samræmi í utanríkisstefnu Íslands með tilliti til hnattrænna efnahags-, umhverfis- og öryggismála.

Íslensk þróunarsamvinna endurspegli þau gildi sem íslenskt samfélag stendur fyrir, virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum, fjölbreytni mannlífs, umburðarlyndi, réttlæti og samstöðu. Í ljósi þessa verði lögð áhersla á:

a. Ábyrgð – að ráðvendni og gagnsæi verði höfð að leiðarljósi í þróunarstarfi og ábyrgð á framkvæmd og árangri starfsins deilt með samstarfsaðilum.
b. Árangur – að allir þættir þróunarstarfsins, stjórnun, verklag og aðferðafræði verkefna, stuðli að því að árangur þróunarsamvinnu verði sem mestur.
c. Áreiðanleika – að landi og þjóð verði aflað virðingar á alþjóðavettvangi með því að vera faglegur og traustur samstarfsaðili í þróunarstarfi.

Markmið Íslands í þróunarsamvinnu verði að styðja áætlanir um útrýmingu fátæktar á grunni sjálfbærrar þróunar og uppbyggingar á mannauði. Sérstök áhersla verði lögð á mannréttindi, jafnrétti, frið, öryggi og verkefni þar sem íslensk sérþekking og reynsla nýtist.

Framlög.

Íslensk stjórnvöld styðji markmið Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um að iðnríki skuli veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum (VÞT) til þróunarsamvinnu. Mörkuð verði sú stefna að Ísland muni á næstu tíu árum skipa sér í hóp þeirra ríkja sem leggja meira en sem nemur 0,7% af VÞT til þróunarsamvinnu. Framfylgt verði eftirfarandi áhersluatriðum:

a. Fylgt verði tímasettri áætlun um hækkun framlaga á gildistíma þessarar áætlunar, úr 0,19% í 0,23% af VÞT á tímabilinu 2011–2014, sbr. eftirgreinda töflu.
b. Hraðað verði hækkun framlaga við endurskoðun áætlunarinnar árið 2013.
c. Verði hagvöxtur meiri en nú er spáð komi framlögin til endurskoðunar.
d. Árið 2021 renni 0,7% af VÞT til þróunarmála.
e. Sérstakir fjárlagaliðir fyrir samstarf við félagasamtök, Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSÞ), Alþjóðabankann og umhverfis- og loftslagsmál verði í fjárlögum 2012.

Áætlað er að þróun framlaga á gildistíma áætlunarinnar verði sem hér segir:

	VÞT* (m.kr.)	Hlutfall af VÞT (%)	Framlög (m.kr.)
2011	1.424.712	0,19	2.765
2012	1.511.175	0,20	3.022
2013	1.610.852	0,21	3.383
2014	1.654.953	0,23	3.806

Samkvæmt Hagstofu Íslands.

Fylgt verði eftirfarandi áætlun um skiptingu framlaga eftir fjárlagaliðum:

	2011		2012		2013		2014	
	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)
Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ)	1.166,3	42	1.210,0	40	1.345,0	40	1.510,0	40
Utanríkisráðuneytið	1.599,0	58	1.637,0	54	1.805,0	53	1.990,0	52
Þar af:								
Jarðhitaskóli HSÞ	187,7	7	195,0	6				
Matvæla- og landbúnaðarst. SÞ, FAO	11,0	0	11,0	0				
Þróunaráætlun SÞ, UNDP	22,1	1	23,0	1				
Barnahjálp SÞ, UNICEF	112,4	4	120,0	4				
Sjávarútvegsskóli HSÞ	147,3	5	155,0	5				
UNIFEM/UN Women	102,0	4	115,0	4				
Mannúðarmál og neyðaraðstoð	221,4	8	170,0	6				
Íslensk friðargæsla	115,8	4	140,0	5				
Þróunarmál og hjálparstarfsemi	353,3	13	160,0	5				
Átak í lækkun skulda þróunarríkja	20,0	1	-	-				
Alþjóðabankinn	-	-	135,0	4				
Landgræðsluskóli HSÞ	-	-	67,0	2				
Umhverfis- og loftslagsmál	-	-	60,0	2				
SÞ (alm. framl., alþj. friðarg., ILO, WHO)	56,0	2	56,0	2				
Stofnfjárframlög (IDA, NDF)	250,0	9	230,0	8				
Samstarf við frjáls félagasamtök	-	-	175,0	6	233,0	7	306,0	8
SAMTALS	**2.765,3**	**100**	**3.022,0**	**100**	**3.383,0**	**100**	**3.806,0**	**100**
Hlutfall af VÞT	0,19%		0,20%		0,21%		0,23%	

Framkvæmd.

Í þróunarstarfi Íslands verði áhersla lögð á að skerpa sýn og fylgja skýrari forgangsröðun á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Framfylgt verði eftirfarandi áhersluatriðum:

I. Áherslusvið, málaflokkar og þverlæg málefni.

1. Fiskimál:

a. Virk þátttaka verði í stefnumótun alþjóðastofnana á sviði fiskimála.
b. Áhersla verði lögð á störf FAO og Alþjóðabankans.
c. Þróunarsamvinnustofnun Íslands leggi sérstaka áherslu á fiskimál í Mósambík og Úganda.
d. Stofnað verði fagteymi utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í auðlindamálum.
e. Öflugt starf verði á vegum Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Starfsemi skólans verði liður í heildarstefnu Íslands í málaflokknum.

2. Orkumál:

a. Virk þátttaka verði í stefnumótun alþjóðastofnana á sviði orkumála.
b. Stuðlað verði að aukinni fjárfestingu ríkja og þróunarstofnana í jarðhitaverkefnum til hagsbóta fyrir þróunarríki.
c. Áhersla verði lögð á störf Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankans, Norræna þróunarsjóðsins og IRENA.

d. Þróunarsamvinnustofnun Íslands starfi að orkumálum í tvíhliða og svæðisbundnu samstarfi.
e. Öflugt starf verði á vegum Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Starfsemi skólans verði liður í heildarstefnu Íslands í málaflokknum.

3. Menntun:

a. Sérstök áhersla verði á menntun og fullorðinsfræðslu í öllum samstarfslöndum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.
b. Samstarf verði við félagasamtök í menntamálum.
c. Starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi á sviði fiskimála, orkumála og landgræðslu verði liður í áherslu á menntun.
d. Stuðningur verði við UN Women og UNICEF sem lykilstofnanir sem stuðla að menntun stúlkna og kvenna.

4. Heilbrigðismál:

a. Þróunarsamvinnustofnun Íslands leggi áherslu á heilbrigðismál og hollustuhætti í Malaví og Úganda, sérstaklega mæðra- og ungbarnaheilsu.
b. Samstarf verði við félagasamtök í heilbrigðismálum.
c. Samstarf verði við UN Women sem stuðlar að bættri heilsu stúlkna og kvenna.
d. Þátttaka verði í samstarfi Norðurlanda um mikilvægi kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda.
e. Stuðningur verði við UNICEF með áhersla á heilsufar barna.

5. Stjórnarfar:

a. Stuðningur verði við verkefni UN Women á Balkanskaga, í Afganistan og Palestínu.
b. Framfylgt verði aðgerðaáætlun um konur, frið og öryggi.
c. Nám sérfræðinga frá stríðshrjáðum ríkjum verði við jafnréttisskólann.
d. Stuðningur verði við mannúðarstörf alþjóðaráðs Rauða krossins.

6. Endurreisn:

a. Framlag verði til samhæfingar endurreisnarstarfs í Afganistan.
b. Stuðningur verði við palestínska flóttamenn með framlagi til Sameinuðu þjóðanna (UNRWA/UNHCR).
c. Stuðningur verði við samhæfingu mannúðaraðstoðar í Palestínu í samstarfi við OCHA.
d. Stuðningur verði við verkefni UN Women og UNICEF.

7. *Jafnréttismál:*

a. Stofnað verði fagteymi utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands um jafnréttismál.
b. Mótuð verði jafnréttisstefna í þróunarsamvinnu byggð á endurskoðun á stefnu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Lokið: Janúar 2012.
c. Endurskoðun fari fram á aðgerðaáætlun um konur, frið og öryggi. Lokið: Mars 2011.
d. Stuðningur verði við tilraunaverkefni um jafnréttisskóla.
e. Í úttektum á þróunarverkefnum verði lagt sérstakt mat á samþættingu jafnréttissjónarmiða.
f. Jöfn staða kynjanna verði meðal starfsmanna í þróunarsamvinnu.
g. Unnið verði markvisst að jafnréttismálum og framgangi ályktana öryggisráðsins um konur, frið og öryggi á vettvangi alþjóðastofnana.

8. Umhverfismál:

a. Mótuð verði umhverfisstefna í þróunarsamsvinnu. Lokið: Apríl 2012.

b. Sérstaklega verði fjallað um sjálfbærni í umhverfismálum við undirbúning og framkvæmd þróunarverkefna.
c. Virk þátttaka verði í störfum alþjóðastofnana á sviði endurnýjanlegra orkugjafa.
d. Öflug starfsemi verði á vegum Jarðhitaskóla og Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.
e. Framlag verði til alþjóðlegs loftslagssjóðs á vegum Sameinuðu þjóðanna.
f. Stuðningur verði við smá eyþróunarríki vegna loftslagsmála.

II. Neyðar- og mannúðaraðstoð.

1. Stefnumótun og stuðningur við félagasamtök:

a. Sérstakur fjárlagaliður verði um samstarf við félagasamtök í fjárlögum frá 2012.
b. Fylgt verði núverandi verklagsreglum um umsóknir og styrkveitingar.
c. Endurskoðun verði á verklagsreglum. Lok: Ágúst 2012.
d. Ísland gerist aðili að alþjóðlegu átaki um mannúðaraðstoð innan tveggja ára.
e. Unnið verði skipulega samkvæmt verklagi og viðmiðum átaksins frá árinu 2012.

2. Stuðningur við skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA):

a. Regluleg framlög verði til OCHA. Sérstök framlög verði skapist ófyrirséð þörf.
b. Skammtímastörf sérfræðinga á vegum utanríkisráðuneytisins verði fyrir OCHA á vettvangi.
c. Virk þátttaka verði í málefnavinnu Norðurlanda um neyðaraðstoð Sameinuðu þjóðanna.

3. Stuðningur við Neyðarsjóð Sameinuðu þjóðanna (CERF):

a. Regluleg framlög verði til CERF.
b. Virk þátttaka verði í málefnavinnu Norðurlanda um neyðaraðstoð Sameinuðu þjóðanna.

4. Stuðningur við matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP):

a. Framlög verði til neyðaraðstoðar WFP þar sem þörf skapast.
b. Skammtímastörf sérfræðinga á vegum utanríkisráðuneytisins verði fyrir WFP á vettvangi.
c. Virk þátttaka verði í málefnavinnu Norðurlanda um WFP.

III. Lönd og landsvæði.

1. Afganistan:

a. Gerð verði aðgerðaáætlun fyrir 2012–2014. Lokið: Nóvember 2011.
b. Íslendingar taki þátt í norrænu samstarfi sem byggist m.a. á samnorrænni úttekt frá 2009.
c. Stuðlað verði að betri samhæfingu aðstoðar alþjóðasamfélagsins.
d. Unnið verði að málefnum kvenna.
e. Neyðar- og mannúðaraðstoð verði á vegum alþjóðastofnana og félagasamtaka.

2. Malaví:

a. Gerð verði samstarfsáætlun fyrir 2012–2014. Lokið: Okt. 2011.
b. Mannauður: Áhersla verði lögð á menntun, heilbrigðismál og hollustuhætti.

3. Mósambík:

a. Gerð verði samstarfsáætlun fyrir 2012–2014. Lokið: Október 2011.
b. Auðlindir og mannauður: Áhersla verði lögð á fiskimál og menntun.

4. Palestína:

a. Gerð verði aðgerðaáætlun fyrir 2012–2014. Lokið: Nóvember 2011.
b. Neyðar- og mannúðaraðstoð verði á vegum alþjóðastofnana og félagasamtaka.

c. Aðstoð verði við flóttamenn.
d. Aðstoð verði við konur og börn.

5. Úganda:

a. Gerð verði samstarfsáætlun fyrir 2012–2014. Lokið: Október 2011.
b. Auðlindir og mannauður: Áhersla verði lögð á fiskimál, menntun og byggðaþróun.

IV. Stofnanir.

1. Alþjóðabankinn:

a. Framlag Íslands verði vegna 16. samningalotu um endurfjármögnun IDA, 2011.
b. Átaksverkefni í jafnréttismálum (GAP). Mat verði lagt á hugsanlegt áframhald á samstarfi. Lokið: Október 2011.
c. Verkefni á sviði fiskimála (PROFISH). Mat verði lagt á hugsanlegt áframhald á samstarfi. Lokið: Júní 2011.
d. Verkefni í orkumálum (ESMAP). Mat verði lagt á hugsanlegt áframhald á samstarfi. Lokið: Október 2012.
e. Virk þátttaka verði í málefnavinnu kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í stjórn bankans.
f. Þátttaka verði í samstarfsverkefni kjördæmisins á sviði mannréttindamála.

2. UNICEF:

a. Störf íslenskra sérfræðinga verði á vettvangi.
b. Fylgt verði samstarfssamningi um skammtímastörf sérfræðinga vegna neyðarverkefna.
c. Virk þátttaka verði í málefnavinnu Norðurlanda um UNICEF.
d. Störf ungra íslenskra sérfræðinga verði fyrir UNICEF á vettvangi.
e. Samstarf verði við UNICEF á Íslandi.

3. UN Women:

a. Störf íslenskra sérfræðinga verði á vettvangi.
b. Virk þátttaka verði í málefnavinnu um jafnréttismál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.
c. Störf ungra íslenskra sérfræðinga verði fyrir UN Women.
d. Stuðningur verði við Ofbeldissjóð UN Women.
e. Samstarf verði við landsnefnd UNIFEM/UN Women á Íslandi.
f. Þátttaka verði í samstarfi Norðurlanda um UN Women.

4. Háskóli Sameinuðu þjóðanna:

a. Virk starfsemi Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og námskeiðahald á hans vegum í þróunarlöndum.
b. Virk starfsemi Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og námskeiðahald á hans vegum í þróunarlöndum.
c. Virk starfsemi Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og námskeiðahald á hans vegum í þróunarlöndum.
d. Stuðningur verði við tilraunaverkefni um jafnréttisskóla.
e. Unnið verði að undirbúningi að framtíðarfyrirkomulagi starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi á tímabilinu.

Alþjóðlegt samstarf og viðmið.

Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegar samþykktir um þróunarsamvinnu sem íslensk stjórnvöld eru aðili að verði nú sem fyrr leiðarljós þróunarsamvinnu Íslands. Framfylgt verði eftirfarandi áhersluatriðum:

1. Sameinuðu þjóðirnar:

a. Sérstök áhersla verði lögð á samstarf við undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna sem sinna áherslumálum Íslands.
b. Virk þátttaka verði í málefnavinnu gagnvart Sameinuðu þjóðunum á vegum utanríkisráðuneytisins og fastanefnda.
c. Virkt samstarf verði við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

2. OECD-samstarf:

a. Ísland verði aðili að DAC, þróunarsamvinnunefnd OECD, á framkvæmdatímabili áætlunarinnar.
b. Umbætur verði gerðar í fyrirkomulagi rekstrar og bókhalds vegna þróunarframlaga. Lokið: Desember 2011.
c. Jafningjarýni á þróunarsamvinnu Íslands fari fram fyrir endurskoðun áætlunarinnar.

3. Parísaryfirlýsingin, Accra-aðgerðaáætlunin:

a. Mótuð verði tímasett markmið í þróunarsamvinnu Íslands með tilliti til Parísaryfirlýsingarinnar og Accra-aðgerðaáætlunarinnar. Lokið: Febrúar 2012.
b. Virk þátttaka verði í starfi DAC um framgang Parísaryfirlýsingarinnar.

Stefnumörkun, innra og ytra starf.

Framfylgt verði eftirfarandi áhersluatriðum:

1. Stefnumörkun og eftirlit:

a. Endurskoðuð áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands verði lögð fyrir Alþingi árið 2013.
b. Utanríkisráðherra gefi skýrslu til Alþingis um framkvæmd áætlunarinnar á árinu 2013.
c. Regluleg skýrslugjöf verði til utanríkismálanefndar og fjárlaganefndar.

2. Samspil tvíhliða og marghliða þróunarsamvinnu:

Stofnuð verði fagteymi utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands á eftirfarandi sviðum til eflingar tvíhliða og marghliða samvinnu: i) jafnréttismál; ii) auðlindamál; iii) verklag og eftirlit.

3. Mannauðsstjórn:

a. Mótuð verði sameiginleg mannauðsstefna utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vegna starfa að þróunarmálum. Lok: Nóvember 2011.
b. Haldnir verði sameiginlegir málfundir og námskeið á vegum utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.
c. Komið verði á starfsmannaskiptum við alþjóðastofnanir og þróunarstofnanir annarra ríkja.
d. Hlutur kvenna og karla verði jafnaður samkvæmt jafnréttisstefnu í þróunarsamvinnu.

4. Samstarf við frjáls félagasamtök:

a. Hlutfall framlaga sem renna til samstarfs við félagasamtök verði hækkuð á tímabilinu.
b. Fylgt verði sameiginlegum verklagsreglum og eitt umsóknarferli verði fyrir allt samstarf stjórnvalda og félagasamtaka.
c. Stjórnvöld viðhaldi góðum samskiptum við samstarfshóp félagasamtaka.
d. Félagasamtök sæti úttektum og öðrum eftirlitsaðgerðum sem fylgt er í þróunarstarfi.

5. Samstarf við háskólasamfélagið:

Mótaðar verði áherslur um samstarf stjórnvalda og háskólasamfélagsins á sviði þróunarsamvinnu. Lokið: Maí 2012.

6. Kynning og umfjöllun:

a. Fylgt verði árlegri sameiginlegri kynningaráætlun utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.
b. Ráðstefnur og málþing verði skipulögð í samráði við félagasamtök og háskólasamfélagið.

7. Þátttaka einkaaðila í þróunarsamvinnu:

Unnin verði greining á möguleikum íslenskra aðila til þátttöku í uppbyggingu atvinnuvega í þróunarlöndum. Lok: Júní 2012.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Inngangur.

Samkvæmt 3. gr. laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2008, hér eftir nefnd þróunarsamvinnulög, sem tóku gildi 1. október 2008, skal utanríkisráðherra annað hvert ár leggja fram tillögu til þingsályktunar um áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til fjögurra ára í senn. Í áætluninni skal greint frá framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og hvernig þau skiptast á grundvelli stefnumiða Íslands í þróunarsamvinnu til lengri og skemmri tíma litið. Þá skal áætlunin fela í sér heildstætt yfirlit yfir það hvernig ráðherra hyggst ná settum markmiðum hennar. Í áætluninni skal m.a. tiltaka fyrirhugað hlutfall framlaga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu af vergum þjóðartekjum.

Skýrslan *Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014* er prentuð sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari. Skýrslan inniheldur ítarlega umfjöllun um grundvöll, forsendur og markmið þeirra áhersluatriða sem þingsályktunartillagan inniheldur.

Í þessum athugasemdum og í skýrslunni er áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands einnig nefnd Þróunarsamvinnuáætlun til styttingar.

Eitt helsta markmið þróunarsamvinnulaga er að skapa heildstæðan grundvöll fyrir alla þróunarsamvinnu Íslendinga, hvort heldur sem hún er veitt til verkefna félagasamtaka, í tvíhliða samstarfi við þróunarríki eða á marghliða grundvelli til verkefna alþjóðastofnana. Markmið laganna er einnig að skerpa áherslu á alþjóðlegar skuldbindingar, viðmið og aðferðir í þróunarstarfi sem miða að því að auka skilvirkni og árangur.

Í þróunarsamvinnulögum segir að við framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands skuli tekið mið af stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum samþykktum um þróunarsamvinnu sem íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að uppfylla. Jafnframt segir að meginmarkmið með alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands sé að styðja viðleitni stjórnvalda í þróunarlöndum til að útrýma fátækt og hungri, stuðla að efnahags- og félagslegri þróun, þ.m.t. mannréttindum, menntun, bættu heilbrigði, jafnrétti kynjanna, sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Það heyrir einnig til markmiða laganna að tryggja öryggi á alþjóðavettvangi, m.a. með því að stuðla að friði og gæta hans, vinna að uppbyggingu og gæslu friðar og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þar sem hennar er þörf.

Þróunarsamvinnulög kveða á um virka aðkomu Alþingis að umfjöllun um þróunarmál. Utanríkisráðherra skal gefa Alþingi skýrslu á tveggja ára fresti um framkvæmd Þróunarsamvinnuáætlunar, auk þess sem hann skal upplýsa utanríkismálanefnd og fjárlaganefnd reglulega um framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Samkvæmt lögunum starfa þróunarsamvinnunefnd og samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Samstarfsráðið sinnir ráðgefandi hlutverki um stefnumarkandi áherslur í þróunarsamvinnu. Í ráðinu sitja sautján fulltrúar, fimm tilnefndir í samráði við samstarfshóp íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, tveir tilnefndir í samráði við samstarfsnefnd háskólastigs-

ins og tveir í samráði við aðila vinnumarkaðarins, auk sjö fulltrúa sem kosnir eru sérstaklega af Alþingi og skipa einnig þróunarsamvinnunefnd. Formaður samstarfsráðsins er skipaður af utanríkisráðherra. Auk ráðgefandi hlutverks veitir þróunarsamvinnunefnd umsögn um þróunarsamvinnuáætlun og skal umsögnin fylgja henni til Alþingis.

Gerð áætlunar um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014.

Undirbúningur að gerð þingsályktunartillögunnar hófst á fyrri hluta árs 2009. Stofnaðir voru tveir vinnuhópar, hvor um sig skipaður starfsmönnum utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ). Vinnuhóparnir fjölluðu annars vegar um áherslusvið og markmið og hins vegar um framkvæmd og samstarfsaðila. Fjallað var meðal annars um núverandi þróunarstarf Íslands, árangur þróunarverkefna og hvernig styrkleikar Íslands í alþjóðasamstarfi nýtist best til verka á þessum vettvangi. Vinnuhóparnir skoðuðu áherslur á málaflokka, samstarfsríki og reynslu af samstarfi við einstaka alþjóðastofnanir. Þá var samvinna utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ við frjáls félagasamtök sérstakt umfjöllunarefni.

Vinnuhóparnir fjölluðu um framsetningu áætlunarinnar og hvernig hún skyldi úr garði gerð. Sambærileg áætlun hefur ekki verið unnin áður og því liggja engin fordæmi til grundvallar við gerð hennar. Áætlunin er unnin með það að markmiði að hún sé hnitmiðuð og skýr og taki mið af því að umfang þróunarstarfs Íslands er minna en gengur og gerist meðal iðnríkja. Áætlunin skal vera leiðarljós um stefnu og áherslur, en hún skal jafnframt veita leiðsögn um starf utanríkisráðuneytisins, ÞSSÍ, félagasamtaka og annarra aðila á Íslandi sem vinna með stjórnvöldum, þ.m.t. fyrir starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi sem kostuð er af stjórnvöldum.

Þróunarsamvinnulög kveða á um að áætlunin skuli fela í sér heildstætt yfirlit yfir það hvernig utanríkisráðherra hyggst ná settum markmiðum hennar. Því innihalda allir kaflarnir tillögur um aðgerðir sem byggjast á forsendum og markmiðum á hlutaðeigandi málefnasviði. Aðgerðir hafa tímasett markmið þar sem kostur er. Með aðgerðamiðaðri áætlun eru stjórnvöld betur í stakk búin til að leggja mat á framvindu og árangur þróunarstarfsins þegar hún kemur til endurskoðunar að tveimur árum liðnum.

Í áliti utanríkismálanefndar um frumvarp til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, dags. 26. maí 2008, kemur m.a. fram að nefndin ítreki mikilvægi þverpólitísks samstarfs og samstöðu, sem og langtímastefnumörkunar á sviði þróunarsamvinnu. Því taldi nefndin heppilegt að skilgreina aðkomu Alþingis að málefnum alþjóðlegrar þróunarsamvinnu með þeim hætti að skipuð væri sérstök þróunarsamvinnunefnd sem Alþingi kysi sjö fulltrúa í. Með skipan þingkjörinna fulltrúa í þróunarsamvinnunefnd sé aðkoma fulltrúa þingflokka að stefnumarkandi umræðu og ákvörðunum ráðherra um alþjóðlega þróunarsamvinnu tryggð. Utanríkismálanefnd lagði jafnframt til að þingkjörnir fulltrúar fjölluðu um heildarstefnumörkun í þróunarsamvinnu með nokkuð öðrum hætti en samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu er ætlað að gera. Taldi utanríkismálanefnd eðlilegt að vinnulag yrði með þeim hætti að þróunarsamvinnunefnd yrði kölluð saman meðan á áætlunargerð ráðherra stæði þannig að afstaða nefndarmanna kæmi skýrt fram snemma í ferlinu.

Með framangreint í huga voru fyrstu drög að áætluninni send þróunarsamvinnunefnd 3. maí 2010 og kynntu fulltrúar utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ drögin á fundi nefndarinnar 10. maí 2010. Frekari umfjöllun fór fram á fundi hennar 13. september og endurskoðuð drög lágu fyrir á fundi nefndarinnar 8. nóvember 2010. Þann sama dag var einnig fjallað um áætlunina á fundi samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Bréf formanns samstarfsráðsins til

utanríkisráðherra, dags. 3. desember 2010, um umfjöllun ráðsins er fylgiskjal III með þingsályktunartillögu þessari.

Endanleg drög, sem unnin voru á grundvelli athugasemda sem fram komu á umræddum fundum, voru send þróunarsamvinnunefnd 29. desember 2010. Samkvæmt ákvæði þróunarsamvinnulaga er umsögn nefndarinnar, dags. 5. janúar 2011, fylgiskjal II með þingsályktunartillögu þessari.

Helstu atriði þróunarsamvinnuáætlunar.

Þróunarsamvinnuætlunin er þannig upp byggð að í fyrsta kafla hennar er fjallað um skyldur Íslands í alþjóðlegu þróunarstarfi. Fram kemur að aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum er helsti grundvöllur þróunarsamvinnu Íslands. Sem fullvalda ríki í samfélagi þjóðanna tekur Ísland þátt í verkefnum Sameinuðu þjóðanna á grunni stofnsáttmála samtakanna. Vísað er til ákvæða þróunarsamvinnulaga og þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem Íslandi ber að vinna að.

Í öðrum kafla er fjallað um þau gildi og áherslur sem liggja til grundvallar þróunarstarfi Íslands. Markmið um þróun framlaga til ársins 2014 eru sett fram. Gert er ráð fyrir að á árinu 2012 nemi framlögin 0,20% af vergum þjóðartekjum. Þau hækki síðan lítillega á árinu 2013, í 0,21%, en við endurskoðun áætlunarinnar á því ári verði hraðað á hækkun framlaga. Jafnframt er þar sett fram það markmið að á næsta áratug muni Ísland uppfylla viðmið Sameinuðu þjóðanna, að 0,7% af vergum þjóðartekjum renni til þróunarsamvinnu. Í kaflanum er aukin samvinna við félagasamtök til umfjöllunar, auk áherslu á samþættingu tvíhliða og marghliða þróunarstarfs. Gerð er tillaga um aukna sundurliðun framlaga til málaflokksins í fjárlögum með sérstökum fjárlagaliðum um samstarf við félagasamtök, fyrir Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, um samstarf við Alþjóðabankann og vegna umhverfis- og loftslagsmála.

Í þriðja kafla er fjallað um meginþætti áætlunarinnar, þ.e. áherslusvið, samstarfsríki og stofnanir. Áherslusvið eru skilgreind sem auðlindamál, mannauður og störf að friðaruppbyggingu. Innan áherslusviðanna verður kastljósinu beint að fiskimálum og orkumálum, menntun og heilbrigði og stjórnarfari og endurreisnarstörfum. Auk þessa eru jafnréttismál og umhverfismál skilgreind sem þverlæg málefni. Fjallað er sérstaklega um neyðar- og mannúðaraðstoð Íslands með áherslu á störf félagasamtaka og þeirra þriggja stofnana Sameinuðu þjóðanna sem gegna lykilhlutverki á því sviði, matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP), Neyðarsjóðs Sameinuðu þjóðanna (CERF) og samræmingarskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA). Fimm lönd eru sérstaklega tilgreind sem áherslusvæði í þróunarstarfi Íslands. Þau eru Malaví, Mósambík og Úganda, þar sem ÞSSÍ sinnir verkefnum, auk áherslu á friðaruppbyggingu í Afganistan og málefni Palestínumanna. Þá eru fjórar alþjóðastofnanir tilgreindar sem lykilstofnanir í þróunarstarfi Íslands, Alþjóðabankinn, UNICEF, UN Women og Háskóli Sameinuðu þjóðanna.

Fjórði kafli fjallar um alþjóðlegt samstarf og viðmið í þróunarstarfi Íslands. Mikilvægi Sameinuðu þjóðanna er áréttað og vísað til alþjóðlegra samþykkta um árangur og skilvirkni þróunarstarfs, svokallaðrar Parísaryfirlýsingar og Accra-aðgerðaáætlunar. Fjallað er um samstarf iðnríkja sem fer fram á vettvangi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og gerð tillaga um fulla aðild Íslands að þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) á gildistíma áætlunarinnar.

Í fimmta kafla er fjallað um innra og ytra starf. Áhersla er lögð á samþættingu þróunarstarfsins með störfum sameiginlegra fagteyma utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ á þremur til-

teknum sviðum, jafnréttismálum, auðlindamálum og vegna verklags og eftirlits. Þá er gert ráð fyrir að sameiginleg mannauðsstefna verði mótuð með eflingu fagþekkingar að leiðarljósi. Fjallað er um samstarf við félagasamtök, samstarf við háskólasamfélagið, kynningarmál og aðkomu einkaaðila að þróunarsamvinnu. Síðast en ekki síst er hlutverk Alþingis við eftirlit og stefnumótun áréttað.

Fylgiskjal I.

Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014.

Efnisyfirlit.

Skammstafanir.

1. Skyldur Íslands í þróunarsamvinnu.

2. Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands.
   2.1. Gildi og áherslur.
   2.2. Framlög.
   2.3. Marghliða og tvíhliða samstarf.
   2.4. Samstarf við félagasamtök.

3. Framkvæmd.
   3.1. Áherslusvið og málaflokkar.
   3.2. Þverlæg málefni.
   3.3. Neyðar- og mannúðaraðstoð.
   3.4. Lönd og svæðasamstarf.
   3.5. Stofnanir.

4. Alþjóðlegt samstarf og viðmið.

5. Stefnumörkun, innra og ytra starf.

Skammstafanir.

CERF	United Nations Central Emergency Relief Fund – Neyðarsjóður SÞ
DAC	Development Assistance Committee – Þróunarsamvinnunefnd OECD
ESB	Evrópusambandið
ESMAP	Energy Sector Management Assistance Programme
FAO	Food and Agriculture Organization of the United Nations – Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ
HSÞ	Háskóli Sameinuðu þjóðanna
IDA	International Development Association – Alþjóðaframfarastofnunin

ILO	International Labor Organization – Alþjóðavinnumálastofnunin
IRENA	International Renewable Energy Agency
ISAF	International Security Assistance Force
NDF	Nordic Development Fund – Norræni þróunarsjóðurinn
OCHA	United Nations Office for the Coordination of Humanitarian Affairs – Samræmingarskrifstofa aðgerða SÞ í mannúðarmálum
OECD	Organization for Economic Cooperation and Development – Efnahags- og framfarastofnunin
PROFISH	Global Programme on Fisheries
SÞ	Sameinuðu þjóðirnar
UNESCO	United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization – Menningarmálastofnun SÞ
UNDP	United Nations Development Programme – Þróunaráætlun SÞ
UNHCR	Office of the United Nations High Commissioner for Refugees – Flóttamannastofnun SÞ
UNICEF	United Nations Childrens Fond, Barnahjálp SÞ
UNIFEM	United Nations Development Fund for Women – Þróunarsjóður SÞ í þágu kvenna
UNFPA	United Nations Population Fond – Mannfjöldasjóður SÞ
UNRWA	The United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees in the Near East – Flóttamannastofnun SÞ fyrir Palestínuflóttamenn
UN Women	United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women – Stofnun SÞ um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna
UTN	Utanríkisráðuneytið
WFP	World Food Programme, matvælaáætlun SÞ
WHO	World Health Organization – Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin
WTO	World Trade Organization – Alþjóðaviðskiptastofnunin
VÞT	Vergar þjóðartekjur
ÞSSÍ	Þróunarsamvinnustofnun Íslands

1. Skyldur Íslands í þróunarsamvinnu.

Markmið Íslands með alþjóðlegri þróunarsamvinnu er að leggja lóð sitt á vogarskálar í baráttunni gegn fátækt og fyrir bættum lífskjörum í fátækustu hlutum heimsins. Með virkri þátttöku á þessu sviði leitast Ísland við að uppfylla pólítískar og siðferðislegar skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna.

Mikil ábyrgð fylgir því að ráðstafa framlögum til þróunarmála, bæði gagnvart íslenskum skattborgurum og íbúum þeirra ríkja sem taka við þróunarframlögum. Vinna þarf markvisst að því að sem bestur árangur náist af þróunarstarfinu og að það nái settu marki. Miklu skiptir að framlögum sé ráðstafað samkvæmt strönguslu kröfum um gegnsæi og skilvirkni og að áreiðanleiki sé í fyrirrúmi í öllum samskiptum við samstarfsaðila.

Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2013 – nefnd þróunarsamvinnuáætlun til styttingar – er gerð á grundvelli laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2008, sem tóku gildi 1. október 2008, en þar segir í 3. gr.:

„Ráðherra leggur annað hvert ár fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi um áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til fjögurra ára í senn.

Í áætluninni skal greint frá framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og hvernig þau skiptast á grundvelli stefnumiða Íslands í þróunarsamvinnu til lengri og skemmri tíma litið. Þá skal áætlunin fela í sér heildstætt yfirlit yfir það hvernig ráðherra hyggst ná settum markmiðum hennar. Í áætluninni skal m.a. tiltaka fyrirhugað hlutfall framlaga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu af vergum þjóðartekjum.“

Alþjóðleg þróunarsamvinna er ein af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu. Áætlun þessi byggist á áherslum á mannréttindi og jafnrétti kynjanna, frið og öryggi, ásamt baráttu gegn fátækt, félagslegu ranglæti, misskiptingu lífsgæða og hungri. Leitast er við að tryggja innbyrðis samræmi í utanríkisstefnu Íslands með tilliti til hnattrænna efnahags-, umhverfis- og öryggismála.

Aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum er helsti grundvöllur þróunarsamvinnu Íslands. Sem fullvalda ríki í samfélagi þjóðanna tekur Ísland þátt í verkefnum SÞ á grunni stofnsáttmála samtakanna.

Í þúsaldaryfirlýsingunni sem samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 2000 segir að grunngildi alþjóðasamstarfs á 21. öldinni séu frelsi, jafnrétti, samstaða, umburðarlyndi, virðing fyrir náttúrunni og samábyrgð. Í yfirlýsingunni eru gefin fyrirheit um að ríki heims muni berjast fyrir friði og öryggi og ráðast sameiginlega gegn fátækt. Kveðið er á um að starfsemi SÞ að úrlausn deiluefna, endurreisnar og friðargæslustarfa verði efld. Þá fjallar hún um þau atriði sem mestu skipta til að stuðla að félagslegum framförum og ýta undir hagsæld og framfarir. Á yfirlýsingunni byggja þúsaldarmarkmiðin sem nú eru almenn viðmið í alþjóðlegu þróunarstarfi og stefnt er á að náist árið 2015.

Þúsaldarmarkmið SÞ

1. Eyða sárustu fátækt og hungri.
2. Öll börn njóti grunnskólamenntunar.
3. Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna.
4. Lækka dánartíðni barna.
5. Efla mæðravernd.
6. Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyni.
7. Vinna að sjálfbærri þróun.
8. Styrkja hnattræna samvinnu um þróun.

Með framangreint í huga og með vísan í 1. gr. þróunarsamvinnulaga fjallar áætlun þessi um heildarþátttöku Íslands í alþjóðlegu þróunarstarfi, friðargæslu og endurreisn, auk neyðar- og mannúðaraðstoðar.

Monterrey-samþykktin um fjármögnun þróunar var niðurstaða á alþjóðaráðstefnu SÞ árið 2002. Samþykktin felur í sér gagnkvæma skuldbindingu og ábyrgð þeirra ríkja sem starfa að þróunarsamvinnu, veitendur aðstoðar munu auka framlög til aðstoðar þróunarlöndum, þróunarstofnanir auka skilvirkni með aukinni samhæfingu aðgerða og viðtökuríkin stuðla að umbótum og bættum stjórnarháttum í opinberri stjórnsýslu og við framkvæmd verkefna.

Auk framangreindra samþykkta hefur Ísland fullgilt ýmsa samninga og sáttmála SÞ sem fela í sér skyldur sem hafa þýðingu fyrir áætlun þessa, þar á meðal mannréttindasamningana,

barnasáttmálann, kvennasáttmálann, eyðimerkursáttmálann, hafréttarsáttmálann og loftslagssamninginn.

2. Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands.

2.1. Gildi og áherslur.

Alþjóðleg stefnumótun í þróunarsamvinnu endurspeglar viðhorf sem byggjast á þeirri miklu reynslu sem safnast hefur í áranna rás. Reynslan kennir að þó að hægt sé að nota svipaðar aðferðir frá landi til lands verður ávallt að taka mið af staðháttum og aðstæðum sem eru mismunandi frá einu landi til annars.

Áhersla er lögð á stuðning við fátækustu ríki heims og fátækt fólk í ríkjum þar sem gæðum er misskipt. Samstarf í þágu friðar og endurreisn stríðshrjáðra samfélaga er auk þess veigamikill þáttur í þróunarsamvinnu. Þá er sjónum beint að ríkjum sem búa við veika stjórnsýslu og veikt lýðræðislegt stjórnarfar, svokölluðum þrotríkjum (e. failed states) eða óstöðugum ríkjum (e. fragile states).

Íslensk þróunarsamvinna endurspeglar þau gildi sem íslenskt samfélag stendur fyrir – virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum, fjölbreytni mannlífs, umburðarlyndi, réttlæti og samstöðu. Í ljósi þessa er lögð áhersla á:

a. **Ábyrgð** – að hafa ráðvendni og gagnsæi að leiðarljósi í þróunarstarfi og deila ábyrgð á framkvæmd og árangri starfsins með samstarfsaðilum.
b. **Árangur** – að allir þættir þróunarstarfsins – stjórnun, verklag og aðferðafræði verkefna – stuðli að því að árangur þróunarsamvinnu verði sem mestur.
c. **Áreiðanleika** – að afla landi og þjóð virðingar á alþjóðavettvangi með því að vera faglegur og traustur samstarfsaðili í þróunarstarfi.

Markmið Íslands í þróunarsamvinnu er að styðja áætlanir um útrýmingu fátæktar á grunni sjálfbærrar þróunar og uppbyggingar á mannauði. Sérstök áhersla er lögð á mannréttindi, jafnrétti, frið, öryggi og verkefni þar sem íslensk sérþekking og reynsla nýtist.

Þúsaldarmarkmiðin og alþjóðlegar samþykktir um þróunarsamvinnu sem íslensk stjórnvöld eru aðili að eru leiðarljós þróunarsamvinnu Íslands. Leitast er við að tryggja eignarhald heimamanna á verkefnum og áætlunum. Þannig festast framfarir í sessi og heimamenn bera sjálfir ábyrgð á þróun eigin samfélags. Einnig er kappkostað að auka gagnkvæman skilning og samstöðu Íslands og þróunarlanda með auknum samskiptum, m.a. á sviði menningar og viðskipta.

Helstu áhersluþættir þróunarstarfs Íslands verða sem hér segir:

a. Í tvíhliða þróunarsamvinnu ÞSSÍ verður lögð áhersla á þrjú ríki í Afríku sem Ísland hefur reynslu af samstarfi við og eru í hópi fátækustu ríkja álfunnar. Þessi ríki eru Malaví, Mósambík og Úganda. Einnig verður veitt aðstoð á vettvangi svæðasamstarfs með sérstaka áherslu á auðlindanýtingu.
b. Störf í þágu friðar munu byggjast á framlögum til alþjóðastofnana og störfum íslenskra sérfræðinga í tveimur löndum sem eru mikilvæg friði og öryggi í heiminum. Þessi lönd eru Afganistan og Palestína.[1]
c. Í marghliða þróunarstarfi verður lögð áhersla á samstarf við fjórar stofnanir sem eru sérstaklega mikilvægar á áherslusviðum þessarar áætlunar. Þessar stofnanir eru Alþjóðabankinn, Barnahjálp SÞ (UNICEF), Stofnun SÞ um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Háskóli Sameinuðu þjóðanna (HSÞ).

---

[1] Átt er við herteknu svæðin, Gaza og Vesturbakkann, þ.m.t. Austur-Jerúsalem.

d. Neyðar- og mannúðaraðstoð verður áfram mikilvægur þáttur þróunarstarfs Íslands, fyrst og fremst í samstarfi við Samræmingarskrifstofu aðgerða SÞ í mannúðarmálum (OCHA), Neyðarsjóð SÞ (CERF), Matvælaáætlun SÞ (WFP) og frjáls félagasamtök.
e. Unnið verður markvisst að samræmingu á störfum þeirra sem veita opinbera þróunaraðstoð Íslendinga og aukinni samhæfingu tvíhliða og marghliða þróunarsamvinnu.
f. Samstarf við frjáls félagasamtök verður eflt enn frekar, bæði á sviði þróunarsamvinnu og vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar.
g. Stuðlað verður að aukinni umfjöllun og skoðanaskiptum um málefni þróunarlanda og um framkvæmd þróunarsamvinnu Íslands með útgáfustarfsemi, ráðstefnum og fræðslu.

2.2. Framlög.

Íslensk stjórnvöld styðja markmið Sameinuðu þjóðanna um að iðnríki skuli veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum (VÞT) til þróunarsamvinnu. Með vísan í samþykktir allsherjarþings SÞ allt frá árinu 1970 og samþykktir SÞ um fjármögnun í þágu þróunar sem gerðar voru í Monterrey 2002 og Doha 2008 er hér mörkuð sú stefna að Ísland muni á næstu tíu árum skipa sér í hóp þeirra ríkja sem leggja meira en sem nemur 0,7% af VÞT til þróunarsamvinnu.

Nágrannaríki Íslands, Noregur, Svíþjóð og Danmörk, auk Hollands og Lúxemborgar, hafa öll veitt a.m.k. 0,7% af VÞT til þróunarsamvinnu um áraraðir. Önnur ríki hafa sett fram tímasettar áætlanir um að ná 0,7% markmiðinu, t.d. Evrópusambandsríkin sem áætla að leggja samtals 0,7% af VÞT til þróunarsamvinnu árið 2015.

Framlög Íslands til þróunarsamvinnu hækkuðu mikið á síðustu árum og námu 4,3 milljörðum króna, eða 0,36% af VÞT á árinu 2008. Í ljósi efnahagsþrenginga verður ekki hjá því komist að draga úr þróunarframlögum líkt og í öðrum útgjaldaliðum ríkisins. Áætlanir gera ráð fyrir að á árinu 2011 nemi framlögin sem svarar til 0,19% af VÞT og fari síðan á ný stigvaxandi þannig að þau nái 0,23% af VÞT á árinu 2014, sbr. yfirlitstöflu.

Við endurskoðun þróunarsamvinnuáætlunar árið 2013 verður hraðað á hækkun framlaga svo ná megi því markmiði að árið 2021 renni 0,7% af VÞT til þróunarmála.

Forsendur áætlunarinnar byggjast á fyrirliggjandi spá um hagvöxt. Verði hagvöxtur meiri koma framlögin til endurskoðunar.

		VÞT* (m.kr.)	Hlutfall af VÞT (%)	Framlög (m.kr.)
	2005	989.764	0,17	1.728
	2006	1.100.397	0,26	2.895
	2007	1.236.756	0,25	3.037
	2008	1.196.403	0,36	4.277
	2009	1.344.632	0,32	4.261
Áætlun				
	2010	1.367.001	0,23	3.238
	2011	1.424.712	0,19	2.765
	2012	1.511.175	0,20	3.022
	2013	1.610.852	0,21	3.383
	2014	1.654.953	0,23	3.806

* Vergar þjóðartekjur samkvæmt Hagstofu Íslands.

2.3. Marghliða og tvíhliða samstarf.

Tvíhliða og marghliða starf er af sama meiði og fléttast náið saman, bæði við stefnumótun og starf á vettvangi.[2] Með heildarlöggjöf um þróunarsamvinnu er lagður grunnur að því að tengja betur saman störf á tvíhliða og marghliða vettvangi. Þannig styrkist alþjóðastarf Íslands þar sem reynsla og árangur af tvíhliða samvinnu nýtist við störf innan alþjóðastofnana og öfugt.

Stjórnvöld skulu standa skil á gæðum og árangri þróunarstarfsins. Árangur, skilvirkni og vönduð og fagleg vinnubrögð eru lykilatriði við ákvarðanatöku um hvernig fjárveitingum til þróunarsamvinnu skal háttað. Reglulegt mat og úttektir á starfsemi þeirra aðila sem framkvæma þróunarverkefni er forsenda slíkra ákvarðana. Gildir þar einu hvort um er að ræða samstarf við frjáls félagasamtök, framlög til alþjóðastofnana, eða vegna tvíhliða verkefna ÞSSÍ. Markmið þróunarsamvinnulaga um heildarsýn á málaflokkinn felur í sér þá kröfu að öll þróunarsamvinna Íslands sé mæld eftir sömu mælistiku eins og frekast er unnt. Í því skyni er áríðandi að skýrir verkferlar gildi um framkvæmd úttekta og upplýsingagjöf sem stuðlar að auknu gagnsæi þróunarstarfsins.

2.4. Samstarf við félagasamtök.

Frjáls félagasamtök leggja mikið af mörkum til þróunarsamvinnu og til neyðar- og mannúðaraðstoðar. Styrkur þeirra felst oft í nálægð við grasrótina í þeim samfélögum sem þiggja aðstoð og þau geta verið mikilvægir málsvarar þjóðfélagshópa sem standa höllum fæti og minna mega sín. Stuðningur við þau grundvallast þannig á eflingu grasrótarstarfs og styrkingu lýðræðis.

Um 5% framlaga stjórnvalda til þróunarmála hafa runnið til verkefna sem unnin eru í samstarfi við félagasamtök. Þetta samstarf verður eflt á komandi árum og því verður sérstakur liður í fjárlögum frá og með 2012 ætlaður samstarfi við félagasamtök. Samstarf stjórnvalda og félagasamtaka verður einfaldað með þeim hætti að komið hefur verið á sameiginlegum verklagsreglum og einu umsóknarferli fyrir öll verkefni, hvort heldur um er að ræða neyðar- og mannúðaraðstoð sem utanríkisráðuneytið sinnir eða þróunarverkefnum sem unnin eru í samstarfi við ÞSSÍ. Auk þess mun ÞSSÍ áfram leggja áherslu á samstarf við innlend félagasamtök í samstarfsríkjum Íslands þar sem fylgt verður sömu verklagsreglum og í samstarfi við íslensk og alþjóðleg samtök. Markmið stjórnvalda er jafnframt að rammasamningar verði meðal þeirra leiða sem geta legið til grundvallar samstarfi við félagasamtök í framtíðinni.

Á árinu 2011 munu framlög til nýrra verkefna í samvinnu við félagasamtök eingöngu koma frá utanríkisráðuneytinu, en frá árinu 2012 munu framlög ætluð slíku samstarfi verða tiltekin sérstaklega í fjárlagalið eins og að framan greinir. Neyðaraðstoð vegna náttúruhamfara og annarra atburða sem krefjast skjótra viðbragða mun eftir sem áður greiðast af fjárlagalið um mannúðarmál og neyðaraðstoð, þ.m.t. þau framlög sem renna til félagasamtaka.

Helstu áhersluatriði í þróun framlaga til þróunarsamvinnu verða sem hér segir:

---

[2] Framlög til alþjóðastofnana sem eyrnamerkt eru tilteknum ríkjum eða afmörkuðum verkefnum eru kölluð „fjölþjóðleg-tvíhliða framlög“ (e. multi-bilateral) og eru talin fram sem tvíhliða framlög í tölfræði DAC.

	Forsendur	Áherslur	Aðgerðir
0,7% markmið SÞ	Á vettvangi SÞ hafa ríki heims samþykkt að 0,7% vergra þjóðartekna skuli renna til þróunarsamvinnu. Flest vestræn ríki hafa sett tímasett markmið um að ná 0,7% markmiðinu. Norðurlöndin eru meðal örlátustu ríkja heims í þróunarsamvinnu og leggja mikla áherslu á 0,7% markmiðið í málflutningi sínum.	Ísland styður 0,7% markmiðið. Ísland verði í hópi þeirra ríkja sem leggja hlutfallslega mest til þróunarmála.	Fylgt verður tímasettri áætlun um hækkun framlaga á gildistíma þessarar áætlunar, úr 0,19% í 0,23% af VÞT á tímabilinu 2011–2014. Hraðað verður á hækkun framlaga við endurskoðun áætlunarinnar árið 2013. Árið 2021 renni 0,7% VÞT til þróunarmála.
Fjárlög	Markmið þróunarsamvinnulaga er að efla hlut Alþingis að umfjöllun um þróunarmál. Aukið gagnsæi í umfjöllun og áætlanagerð í þróunarmálum. Forgangsröðun samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun endurspeglist í fjárlögum.	Auka skilvirkni og árangur þróunarsamvinnu með skýrari áætlanagerð.	Sérstakur fjárlagaliður fyrir samstarf við félagasamtök í fjárlögum 2012. Sérstakur fjárlagaliður fyrir Landgræðsluskóla HSÞ í fjárlögum 2012. Sérstakur fjárlagaliður fyrir samstarf við Alþjóðabankann í fjárlögum 2012. Sérstakur fjárlagaliður um umhverfis- og loftslagsmál í fjárlögum 2012.

Eftirfarandi áætlun um skiptingu framlaga byggist á reynslu undanfarinna ára, þar á meðal úttektum á verkefnum ÞSSÍ og störfum þeirra alþjóðastofnana sem Ísland starfar með. Ekki er tilefni til að breyta út frá þeirri meginskiptingu framlaga sem verið hefur.

Áætlun um skiptingu framlaga eftir fjárlagaliðum:

	2011		2012		2013		2014	
	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)
ÞSSÍ	1.166,3	42	1.210,0	40	1.345,0	40	1.510,0	40
UTN	1.599,0	58	1.637,0	54	1.805,0	53	1.990,0	52
Þar af:								
Jarðhitaskóli HSÞ	187,7	7	195,0	6				
Matvæla- og landbúnaðarst. SÞ, FAO	11,0	0	11,0	0				
Þróunaráætlun SÞ, UNDP	22,1	1	23,0	1				
Barnahjálp SÞ, UNICEF	112,4	4	120,0	4				
Sjávarútvegsskóli HSÞ	147,3	5	155,0	5				
UNIFEM/UN Women	102,0	4	115,0	4				
Mannúðarmál og neyðaraðstoð	221,4	8	170,0	6				
Íslensk friðargæsla	115,8	4	140,0	5				
Þróunarmál og hjálparstarfsemi	353,3	13	160,0	5				
Átak í lækkun skulda þróunarríkja	20,0	1	-	-				
Alþjóðabankinn	-	-	135,0	4				
Landgræðsluskóli HSÞ	-	-	67,0	2				
Umhverfis- og loftslagsmál	-	-	60,0	2				
SÞ (alm. framl., alþj. friðarg., ILO, WHO)	56,0	2	56,0	2				
Stofnfjárframlög (IDA, NDF)	250,0	9	230,0	8				
Samstarf við frjáls félagasamtök	-	-	175,0	6	233,0	7	306,0	8
SAMTALS	**2.765,3**	**100**	**3.022,0**	**100**	**3.383,0**	**100**	**3.806,0**	**100**
Hlutfall af VÞT	0,19%		0,20%		0,21%		0,23%	

3. Framkvæmd.

Í áætlun þessari er áhersla lögð á að skerpa sýn og fylgja skýrari forgangsröðun í þróunarstarfi Íslands á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Megináhersla verður á þrjú svið; auðlindir, mannauð og frið, og tvö þverlæg málefni; jafnrétti og umhverfi. Við framkvæmd þróunarsamvinnu verður áhersla á fimm lönd: Afganistan, Malaví, Mósambík, Palestínu og Úganda. Fjórar alþjóðastofnanir verða lykilstofnanir í marghliða þróunarsamvinnu: Alþjóðabankinn, UNICEF, UN Women og HSÞ. Neyðar- og mannúðaraðstoð verður eftir sem áður mikilvægur þáttur þróunarstarfsins með áherslu á OCHA, CERF og WFP.

Áætla má að á undanförnum árum hafi um 75% framlaga sem eyrnamerkt eru sérstökum málefnum fallið innan ramma þeirra áherslusviða og þverlægu málefna sem hér er lögð áhersla á. Áfram verður miðað við að þessu lágmarkshlutfalli verði náð við framkvæmd áætlunarinnar, auk þess sem í einstökum samstarfsríkjum verði áherslusviðin að hámarki tvö. Þau framlög og verkefni sem falla utan rammans styðja við áherslur og markmið áætlunarinnar eða eru verkefni sem talið er sérstaklega mikilvægt að Ísland styðji, svo sem aðstoð við flóttamenn og skuldaaflétting þróunarríkja.

Með þessu verður leitast við að efla skilvirkni og árangur þróunarstarfs Íslands og að það beinist í þann farveg að saman fari sérþekking og reynsla Íslendinga og þarfir samstarfsríkja.



3.1. Áherslusvið og málaflokkar.

Auðlindir.

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda er ein af grunnforsendum efnhagslegrar uppbyggingar í þróunarlöndunum.

Framfarir í fiskimálum[3] eru sérstaklega mikilvægar til að bæta lífsviðurværi íbúa margra þróunarríkja. Bætt nýting fiskstofna og bætt meðferð afla, ásamt auknu framboði fisks úr fiskeldi, eykur fæðuöryggi viðkomandi samfélaga og skapar grundvöll fyrir auknum útflutningstekjum. Uppbygging og innleiðing fiskveiðistjórnunarkerfa sem byggjast á vísindaráðgjöf skiptir einnig miklu máli við aðlögun þróunarríkja að áhrifum loftslagsbreytinga.

Fiskveiðar eru flókinn málaflokkur sem mörgum þróunarríkjum hefur reynst erfitt að byggja upp. Frá upphafi tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands hafa fiskimál verið þungamiðja starfsins. Sú áhersla þróaðist vegna óska þróunarríkja um samstarf á sviði þar sem íslensk sérþekking og reynsla er fyrir hendi. Í áranna rás hefur byggst upp góð þekking á þróunarstarfi í fiskimálum á Íslandi og er málaflokknum nú mikið sinnt bæði á tvíhliða og marghliða vettvangi.

Reykjavíkuryfirlýsingin um ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar frá 2001 kvað á um mikilvægi þróunaraðstoðar í fiskimálum. Á leiðtogafundi SÞ um sjálfbæra þróun ári síðar náðist aukin áhersla á fiskimál í störfum þróunarstofnana og hefur því aukin athygli beinst að þessum málaflokki á umliðnum árum. Með framangreint í huga mun Ísland taka áfram virkan þátt í starfi á þessum vettvangi.

Orkumál eru mikilvæg framgangi þúsaldarmarkmiðanna. UNDP bendir á að útilokað sé að ná markmiðunum nema bætt verði úr aðgengi að orku fyrir hina fátæku. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar búa um 1,6 milljarðar jarðarbúa án rafmagns og um tveir milljarðar mæta orkuþörf sinni með frumstæðum aðferðum, svo sem brennslu viðar og taðs. Notkun þessara efna til húshitunar og eldamennsku veldur mengun sem oft bitnar sérstaklega illa á konum.

Áríðandi er að styðja þróunarríki til að mæta orkuþörf sinni með nýtingu hreinna og endurnýjanlegra orkulinda þar sem þess er kostur og takmarka þar með áhrif aukinnar orkuframleiðslu á losun gróðurhúsalofttegunda.

Orkumál hafa verið vaxandi áhersluflokkur í þróunarsamvinnu Íslands á síðustu árum, en fram að þeim tíma var starfsemi Jarðhitaskóla HSÞ meginframlag Íslands til orkumála. Þátttaka Íslands á þessu sviði verður efld enn frekar, bæði á tvíhliða og marghliða grundvelli og með áframhaldandi öflugu starfi jarðhitaskólans.

Mannauður.

Grunnstoð hvers samfélags er sá auður sem felst í borgurum þess. Aukin menntun, betra heilbrigði og jafnrétti auka tækifæri hins almenna borgara til þátttöku í verðmætasköpun og velferð samfélagsins og stuðla þar með að auknum hagvexti og félagslegum framförum.

Fimm af átta þúsaldarmarkmiðum beinast að **menntun og heilbrigði.** Í framvinduskýrslum SÞ um þúsaldarmarkmiðin kemur fram að misvel hefur gengið að ná árangri við að uppfylla markmiðin. Jákvæður árangur hefur t.d. náðst við að auka skólagöngu barna og dregið hefur úr barnadauða um tæplega 30% milli áranna 1990 og 2007. Þrátt fyrir þetta er mikið verk óunnið. 72 milljónir barna ganga t.d. ekki í skóla og markmið um jafna skóla-

---

[3] Fiskimál er hér notað sem samheiti yfir fiskveiðistjórnun, fiskveiðar í sjó og vötnum, meðhöndlun og fiskvinnslu ásamt fiskeldi.

göngu stúlkna og drengja fyrir árið 2005 náðist ekki. Slakastur árangur hefur orðið á framgangi þúsaldarmarkmiðs um mæðravernd. Á hverju ári deyr meira en hálf milljón kvenna og stúlkna af völdum þungunar eða af barnsförum. Áætlað er að samdráttur í mæðradauða hafi aðeins verið um 6% milli 1990 og 2005.

Vanburðug heilbrigðisþjónusta og heilsugæsla er enn helsti vandi fátækustu landanna. Heilbrigðismál verða því áfram veigamikill þáttur í þróunarsamvinnu Íslands. Lögð verður sérstök áhersla á grunnþjónustu, hollustuhætti og bætta mæðra- og ungbarnaheilsu.

Þrátt fyrir verulegar úrbætur í aðgengi barna að grunnskólamenntun vantar töluvert upp á að alþjóðlegum þróunarmarkmiðum sé náð. Brottfall grunnskólanema er t.d. enn mikið og ólæsi fullorðinna sömuleiðis. Menntun mun því áfram vera lykilþáttur í þróunarsamvinnu Íslands. Áhersla verður lögð á menntun barna og fullorðinsfræðslu ásamt uppbyggingu fagþekkingar innan áherslusviðanna.

Friður.

Friður, öryggi og þróun eru nátengd. Friðvænlegt umhverfi er forsenda langtímauppbyggingar og efnahagslegrar framþróunar. Að sama skapi getur veikt stjórnarfar, stöðnun og óvissa í fátækum ríkjum verið uppspretta ófriðar. Stríðsátök og óstöðugleiki getur haft áhrif langt út fyrir landamæri hlutaðeigandi ríkja, t.d. með aukinni útbreiðslu sjúkdóma, vegna skipulagðrar glæpa- og hryðjuverkastarfsemi, með fólksflutningum og straumi flóttafólks.

Grunnforsendur friðar í stríðshrjáðum löndum eru traust **stjórnarfar** og **endurreisn** sem byggist á efnahags- og félagslegri þróun. Gott stjórnarfar felur m.a. í sér að hinn almenni borgari geti treyst á lög og reglu, að mannréttindi séu virt og að fylgt sé ábyrgum og gagnsæjum stjórnarháttum.

Friðaruppbygging er grundvallarþáttur í starfi Sameinuðu þjóðanna og leggur Ísland þeim málaflokki lið með margvíslegum hætti. Auk fjárframlaga til alþjóðlegrar friðargæslu SÞ[4] felst þátttaka Íslands í friðargæsluverkefnum í störfum sérfræðinga á vettvangi í stríðshrjáðum löndum. Á síðustu árum hefur skilningur og vilji á mikilvægi borgaralegra endurreisnarstarfa í stríðshrjáðum löndum farið vaxandi í alþjóðastarfi. Fellur sú áhersla vel að getu Íslands til þátttöku, enda eru allir íslenskir friðargæsluliðar borgaralegir starfsmenn. Forsendur þátttöku Íslands í friðargæsluverkefnum er að um sé að ræða aðgerðir á vegum eða í umboði SÞ.

Friðargæslustörf Íslands felast í störfum sérfræðinga á vegum alþjóðastofnana. Áhersla er lögð á aðstoð við þá sem minna mega sín, svo sem flóttamenn og börn, neyðaraðstoð, samhæfingu endurreisnarstarfs og stjórnarfar við framkvæmd ályktana öryggisráðs SÞ um konur, frið og öryggi.

---

[4] 6% almennra fjárframlaga til friðargæslu SÞ eru talin fram sem þróunaraðstoð samkvæmt viðmiðum DAC.

		Forsendur	Markmið	Aðgerðir
Auðlindir	**Fiskimál**	Framfarir í fiskimálum eru mikilvægur hlekkur í efnahagslegri þróun og tæki til að vinna að framgangi þúsaldar-markmiðsins um baráttu gegn hungri.	Auka fæðuöryggi og bæta lífsviðurværi í þróunarlöndum með sjálfbærum fiskveiðum, bættri nýtingu afla og framþróun í fiskeldi. Íslensk þekking og reynsla á fiskimálum nýtt til hagsbóta fyrir þróunarlönd.	Virk þátttaka í stefnumótun alþjóðastofnana á sviði fiskimála. Áhersla lögð á störf FAO og Alþjóðabankans. ÞSSÍ leggur sérstaka áherslu á fiskimál í Mósambík og Úganda. Stofnun fagteymis UTN og ÞSSÍ í auðlindamálum. Öflugt starf Sjávar-útvegsskóla HSÞ á Íslandi. Starfsemi skólans liður í heildarstefnu Íslands í málaflokknum.
	Orka	Mæta þarf orkuþörf þróunarríkja svo ná megi þúsaldarmarkmiðunum. Lífskjör og heilsufar íbúa þróunarlanda batnar með aukinni notkun endur-nýjanlegra orkugjafa.	Auka nýtingu endur-nýjanlegra orkugjafa í þróunarlöndum. Íslensk þekking og reynsla á sviði endurnýjanlegrar orku nýtt til hagsbóta fyrir þróunarlönd.	Virk þátttaka í stefnumótun alþjóða-stofnana á sviði orkumála. Stuðlað að aukinni fjárfestingu ríkja og þróunarstofnana í jarðhitaverkefnum til hagsbóta fyrir þróunarríki. Áhersla lögð á störf SÞ, Alþjóðabankans, Norræna þróunarsjóðsins og IRENA. ÞSSÍ starfi að orkumálum í tvíhliða og svæðisbundnu samstarfi. Stofnun fagteymis UTN og ÞSSÍ í auðlindamálum. Öflugt starf Jarðhitaskóla HSÞ á Íslandi. Starfsemi skólans liður í heildarstefnu Íslands í málaflokknum.

Mannauður	**Menntun**	Menntun er grundvöllur framfara. Þúsaldarmarkmið nr. 2 leggur áherslu á mikilvægi grunnskólamenntunar. Þúsaldarmarkmið nr. 3 leggur áherslu á að stúlkur njóti menntunar til jafns við drengi.	Efla grunnmenntun barna og fullorðinna í þróunarlöndum. Styrkja fagþekkingu á sviðum sem byggja á íslenskri sérhæfingu. Efla jafnrétti og frumkvæðisrétt kvenna með menntun og þjálfun.	Sérstök áhersla á menntun og fullorðinsfræðslu í öllum samstarfslöndum ÞSSÍ. Samstarf við félagasamtök í menntamálum. Starfsemi HSÞ á Íslandi á sviði fiskimála, orkumála og landgræðslu. UN Women og UNICEF lykilstofnanir sem stuðla að menntun stúlkna og kvenna.
	Heilbrigði	Þrjú af átta þúsaldarmarkmiðum fjalla um bætt heilsufar, með sérstaka áherslu á mæður og börn.	Bæta grunnþjónustu á sviði heilbrigðismála í þróunarlöndum. Áhersla á heilsu kvenna og barna.	ÞSSÍ leggur áherslu á heilbrigðismál og hollustuhætti í Malaví og Úganda, sérstaklega mæðra- og ungbarnaheilsu. Samstarf við félagasamtök í heilbrigðismálum. Samstarf við UN Women sem stuðlar að bættri heilsu stúlkna og kvenna. Þátttaka í samstarfi Norðurlanda um mikilvægi kyn og frjósemisheilbrigði og -réttinda. Með stuðningi við UNICEF er lögð áhersla á heilsufar barna.
Friður	**Stjórnarfar**	Þúsaldaryfirlýsing SÞ leggur áherslu á bætt stjórnarfar, og eflingu lýðræðis og mannréttinda. Bætt stjórnarfar stuðlar að efnahagslegri og félagslegri þróun. Sérstök áhersla lögð á baráttuna gegn ofbeldi gagnvart konum í þúsaldaryfirlýsingu SÞ.	Stuðla að friði í stríðshrjáðum þróunarríkjum með stuðningi við bætt stjórnarfar. Auka réttindi og bæta stöðu kvenna í stríðshrjáðum löndum.	Stuðningur við verkefni UN Women á Balkanskaga, í Afganistan og Palestínu. Framfylgja aðgerðaáætlun um konur, frið og öryggi. Nám sérfræðinga frá stríðshrjáðum ríkjum við jafnréttisskólann. Stuðningur við mannúðarstörf alþjóðaráðs Rauða krossins.
	Endurreisn	Uppbygging að loknum ófriði mikilvæg leið til að stuðla að stöðugleika. Mikilvægt að endurreisnarstörf haldist í hendur við friðaruppbyggingu. Konur og börn mikill meiri hluti fórnarlamba misnotkunar í stríðshrjáðum löndum.	Taka þátt í endurreisn í stríðshrjáðum löndum. Leggja af mörkum til bættrar samhæfingar uppbyggingarstarfa í stríðshrjáðum löndum. Stuðla að bættum hag kvenna, barna og flóttafólks í stríðshrjáðum löndum.	Framlag til samhæfingar endurreisnarstarfs í Afganistan. Stuðningur við palestínska flóttamenn með framlagi til SÞ (UNRWA/UNHCR). Styðja samhæfingu mannúðaraðstoðar í Palestínu í samstarfi við OCHA.

3.2. Þverlæg málefni.

Jafnrétti og umhverfismál eru þverlæg málefni í þessari áætlun og á allt þróunarstarf að taka mið af þeim sjónarmiðum. Reynslan sýnir að aðstoð sem grundvallast á jöfnum rétti kvenna og karla er árangursrík leið í þróunarsamvinnu. Verkefni sem byggjast á þátttöku og taka tillit til hagsmuna og sjónarmiða beggja kynja eru líklegri til að skila varanlegum árangri.

Bætt staða kvenna og aukið jafnrétti í alþjóðasamstarfi er auk þess sértækt markmið sem unnið verður að með samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í þróunarstarfi stjórnvalda. Slík samþætting felur í sér að jafnrétti verði haft að leiðarljósi við stefnumótun, gerð áætlana, verkefnaundirbúning og framkvæmd á vettvangi, sem og starfa innan alþjóðastofnana. Ályktanir öryggisráðs SÞ um konur, frið og öryggi eru auk þess mikilvægur grundvöllur þátttöku Íslands í störfum á vettvangi friðargæslu og endurreisnar.[5]

Mikilvægt er að bæði kynin hafi jöfn tækifæri til áhrifa, þátttöku og ábata af verkefnum Íslands. Stefna stjórnvalda um kynjaða hagstjórn verður einnig höfð að leiðarljósi í þróunarstarfi. Við úttektir skal meta hversu vel hefur tekist til á jafnréttissviðinu. Þá er áhersla lögð á að jafna stöðu kynjanna meðal íslenskra starfsmanna í þróunarsamvinnu, bæði útsendra og þeirra sem starfa heima. Mótuð verður heildstæð jafnréttisstefna í þróunarsamvinnu sem tekur mið af endurskoðun á stefnu ÞSSÍ frá 2004.

Þróunarsamvinna Íslands byggist á markmiðum um sjálfbæra þróun sem felur í sér að þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar skuli ekki skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum. Í þúsaldarmarkmiðunum er lögð áhersla á að ekki verði gengið á auðlindir jarðar með ósjálfbærum hætti. Sjálfbær þróun er viðmið í allri aðstoð Íslands sem vegur þyngst í verkefnum sem snúa að nýtingu auðlinda.

Mótuð verður umhverfisstefna fyrir þróunarstarf Íslands sem byggist á heildarstefnu stjórnvalda í umhverfismálum og taki mið af alþjóðlegum samþykktum er varða þróunarsamvinnu, þar á meðal niðurstöðum umhverfisráðstefnu SÞ í Ríó de Janeiro 1992 og ráðstefnunnar um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 2002.

Loftslagsbreytingar af mannavöldum hafa alvarlegar afleiðingar fyrir lífsskilyrði á jörðinni. Verði ekki brugðist við þessari þróun munu komandi kynslóðir ekki njóta sömu lífsgæða og þær sem nú lifa. Veðurfarsbreytingar sem hafa í för með sér náttúruhamfarir, t.d. vegna óvenju mikilla þurrka eða flóða, eru sérstaklega erfiðar þróunarríkjum. Á loftslagsráðstefnu SÞ sem haldin var í Cancún í desember 2010 náðist samkomulag um aðstoð til handa þróunarríkjum svo að þau geti brugðist við afleiðingum frekari hlýnunar jarðar og dregið úr útblæstri. Iðnríkin munu leggja fram 30 milljarða bandaríkjadala til þróunarsamvinnu á sviði loftslagsmála á tímabilinu 2010 til 2012. Íslensk stjórnvöld munu taka þátt í þessu samkomulagi með sérstöku framlagi á umræddu tímabili. Áhersla er lögð á að framlagið sé hrein viðbót við núverandi þróunarsamvinnu og því verður sérstakur fjárlagaliður um umhverfis- og loftslagsmál í fjárlögum frá 2012.

Sjónarmið jafnréttis- og umhverfismála verða innleidd í þróunarstarf Íslands með eftirfarandi hætti:

---

[5] Ályktanir nr. 1325, 1820, 1888 og 1889.

	Forsendur	Markmið	Aðgerðir
Jafnrétti	Aðstoð við konur stuðlar að árangursríkari þróunarsamvinnu. Aðstoð byggð á jafnrétti kynjanna styrkir framvindu þúsaldarmarkmiðanna. Konur og börn eru mikill meiri hluti fórnarlamba misnotkunar í stríðshrjáðum löndum. Þúsaldaryfirlýsingin leggur áherslu á framkvæmd kvennasáttmála SÞ.	Samþætting jafnréttissjónarmiða í öllum þróunarverkefnum. Stuðla að framkvæmd ályktana öryggisráðs SÞ um konur, frið og öryggi. Framfylgja aðgerðaáætlun um ályktun öryggisráðsins nr. 1325. Fylgt sé kynjaðri hagstjórn í þróunarsamvinnu. Auka vægi jafnréttismála í stefnumörkun og verkefnum alþjóðastofnana.	Stofnun fagteymis um jafnréttismál. Mótun jafnréttisstefnu í þróunarsamvinnu byggð á endurskoðun á stefnu ÞSSÍ. Lokið: Janúar 2012. Endurskoðun á aðgerðaáætlun um konur, frið og öryggi. Lokið: Mars 2011. Stuðningur við tilraunaverkefni um jafnréttisskóla. Í úttektum á þróunarverkefnum lagt sérstakt mat á samþættingu jafnréttissjónarmiða. Jöfn staða kynjanna meðal starfsmanna í þróunarsamvinnu. Unnið markvisst að jafnréttismálum og framgangi ályktana öryggisráðsins um konur, frið og öryggi á vettvangi alþjóðastofnana.
Umhverfi	Sjálfbær þróun í umhverfismálum er eitt þúsaldarmarkmiðanna. Alþjóðasamningur í loftslagsmálum felur í sér aukna þróunarsamvinnu. Mikil þekking og reynsla Íslendinga á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Mikil þekking og reynsla af nýtingu jarðhita, vistheimt og sjálfbærri landnýtingu. Samþykktir SÞ um umhverfismál og sjálfbæra þróun frá 1992 og 2002.	Ísland taki þátt í aðgerðum alþjóðasamfélagsins til aðstoðar þróunarríkjum í loftslagsmálum. Íslensk tækniþekking stuðli að þúsaldarmarkmiði um sjálfbæra þróun.	Mótun umhverfisstefnu í þróunarsamsvinnu. Lokið: Apríl 2012. Sérstakur fjárlagaliður vegna umhverfis- og loftslagsmála í fjárlögum 2012. Sérstaklega fjallað um sjálfbærni í umhverfismálum við undirbúning og framkvæmd þróunarverkefna. Virk þátttaka í störfum alþjóðastofnana á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Öflug starfsemi Jarðhitaskóla og Landgræðsluskóla HSÞ. Framlag til alþjóðlegs loftslagssjóðs á vegum SÞ. Stuðningur við smáeyþróunarríki vegna loftslagsmála.

3.3. Neyðar- og mannúðaraðstoð.

Neyðar- og mannúðaraðstoð Íslands miðar að því að bjarga mannslífum og draga úr þjáningu þar sem neyðarástand hefur skapast. Líkt og verkefni sem stuðla að langvarandi uppbyggingu og þróun er mikilvægt að neyðar- og mannúðaraðstoð sé veitt með ábyrgum og samhæfðum aðgerðum þar sem skilvirkni er höfð að leiðarljósi.

Aðstoð Íslands á þessum vettvangi tekur ávallt mið af þeirri þörf sem skapast hverju sinni. Aðstoðin rennur um hendur frjálsra félagasamtaka og stofnana og sjóða SÞ. Þrír aðilar gegna stærstu hlutverki á þessum vettvangi innan SÞ, WFP sem starfar á öllum helstu neyðarsvæðum í heimi, CERF sem gerir samtökunum kleift að bregðast við þegar skyndilegar hamfarir dynja á og OCHA sem samræmir aðgerðir. Félagasamtök gegna einnig lykilhlutverki á sviði neyðar- og mannúðaraðstoðar og gilda um samstarf við þau sérstakar verklagsreglur eins og að framan greinir.

Árið 2003 var ýtt úr vör alþjóðlegu átaki um mannúðaraðstoð (e. Good Humanitarian Donorship) sem felur í sér að veitendur aðstoðar fylgi verklagi og viðmiðum sem miða að vandaðri og árangursríkari aðstoð. Lögð er áhersla á að mannréttindi, mannúðarlög og lög um flóttamenn séu virt þegar mannúðaraðstoð er veitt, að SÞ sé gert kleift að framfylgja forustuhlutverki sínu og að lykilhlutverk félagasamtaka, sérstaklega Alþjóða rauða krossins og Rauða hálfmánans, sé viðurkennt. Jafnframt er lögð áhersla á að þau ríki sem styðja mannúðaraðstoð á vegum SÞ gefi vilyrði um fjárveitingar með lengri fyrirvara en nú er.

Íslensk stjórnvöld styðja áherslur alþjóðaátaksins um mannúðaraðstoð. Jafnframt hafa umbætur verið gerðar á fyrirkomulagi neyðar- og mannúðaraðstoðar utanríkisráðuneytisins. Auknar kröfur eru gerðar til þeirra verkefna sem studd eru, m.a. hvað varðar undirbúning, áætlunargerð og eftirlit, aðlögun að þörfum viðtökuríkja og um meðferð og vörslu fjármuna.

	Forsendur	**Markmið**	**Aðgerðir**
OCHA	Þekking og reynsla Íslands af samstarfi við OCHA, m.a. með störfum sérfræðinga á vegum UTN. Vönduð samhæfing aðgerða grundvöllur árangurs í hjálparstarfi. Hlutverk OCHA hefur verið eflt á síðustu árum.	Stuðla að enn betri árangri hjálparaðgerða með vel samhæfðum aðgerðum.	Regluleg framlög til OCHA. Sérstök framlög skapist ófyrirséð þörf. Skammtímastörf sérfræðinga á vegum UTN fyrir OCHA á vettvangi. Virk þátttaka í málefnavinnu Norðurlanda um neyðaraðstoð SÞ.
CERF	Hröð viðbrögð við skyndilegri neyð forsenda þess að mannslífum sé bjargað. SÞ með starfsemi í flestöllum ríkjum heims og lykilaðili í viðbrögðum við neyðarástandi.	Gera SÞ kleift að bregðast með hraði við skyndilegri neyð.	Regluleg framlög til CERF. Virk þátttaka í málefnavinnu Norðurlanda um neyðaraðstoð SÞ.
WFP	Þekking og reynsla Íslands af samstarfi við WFP. Störf sérfræðinga á vegum UTN fyrir stofnunina. Stærsti veitandi matvælaaðstoðar í heimi. Starfsemi á öllum helstu neyðarsvæðum heims. Störf WFP lykilþáttur vegna framvindu þúsaldarmarkmiða um baráttu gegn hungri. WFP hefur skýrt og vel skilgreint hlutverk. Reynsla af þjálfun íslenskra sérfæðinga á vegum WFP.	WFP sé gert kleift að veita matvælaaðstoð á neyðarsvæðum með skilvirkum og árangursríkum hætti. WFP gegni áfram lykilhlutverki vegna framvindu þúsaldarmarkmiðanna.	Framlög til neyðaraðstoðar WFP þar sem þörf skapast. Skammtímastörf sérfræðinga á vegum UTN fyrir WFP á vettvangi. Virk þátttaka í málefnavinnu Norðurlanda um WFP.
Félagasamtök	Félagasamtök mikilvægur þátttakandi við framkvæmd neyðar- og mannúðaraðstoðar. Öflugt starf félagasamtaka á Íslandi og virk þátttaka þeirra í störfum alþjóðasamtaka. Öflugt grasrótarstarf og aðstoð við þá sem minnst mega sín.	Stuðla að skilvirkari neyðaraðstoð með stuðningi við þá aðila sem best eru fallnir til að veita aðstoð hverju sinni.	Sérstakur fjárlagaliður um samstarf við félagasamtök í fjárlögum frá 2012. Fylgt núverandi verklagsreglum um umsóknir og styrkveitingar. Endurskoðun á verklagsreglum. Lok: Ágúst 2012.

Alþjóðlegt átak um mannúðaraðstoð	Alþjóðleg viðmið og verklag til að efla og auka árangur mannúðaraðstoðar.	Mannúðaraðstoð Íslands skili sem bestum árangri og sé veitt þeim sem mest eru hjálpar þurfi.	Ísland gerist aðili að alþjóðlegu átaki um mannúðaraðstoð innan tveggja ára. Unnið verður skipulega samkvæmt verklagi og viðmiðum átaksins frá árinu 2012.

3.4. Lönd og svæðasamstarf.

Áhersla verður lögð á aðstoð við þau ríki og landsvæði þar sem fátækt og neyð er hvað mest. Afganistan, Malaví, Mósambík og Úganda eru öll í hópi fátækustu þróunarríkjanna (Least Developed Countries) og mikil þörf er á efnahagslegri og félagslegri aðstoð í Palestínu. Aðstæður í öllum þessum löndum eru erfiðar, en af ólíkum toga og eru sum þeirra í hópi óstöðugra ríkja.

	Palestína	Úganda	Malaví	Afganistan	Mósambík
Lífskjaralisti SÞ (nr.)	...	143	153	155	165
Lífslíkur (ár)	73,9	54,1	54,6	44,6	48,4
Barnadauði (< 5 ár pr. 1.000)	27	135	100	257	130
Læsi (%, eldri en 15 ára)^	93,8	73,6	71,8	...	44,4
Hlutfall íbúa án vatns (%)	9	33	20	52	53

Heimild: UNDP Human Development Report (HDR) 2010, ^ HDR 2009

Í Malaví, Mósambík og Úganda ríkir meiri stöðugleiki í efnahags- og stjórnmálum en í Afganistan og í Palestínu þar sem framvinda endurreisnar og uppbyggingar litast af erfiðu ástandi á sviði öryggismála og pólitískum átökum.

Aðstoð við Afríkuríkin þrjú byggist á þeim grunni að þörfin fyrir aðstoð er mikil og ÞSSÍ hefur langa reynslu í þeim öllum. Þar sem ástand í þessum löndum er nokkuð tryggt getur samvinna við þau byggst á langtímaáætlunum sem eru unnar og framkvæmdar í samstarfi við stjórnvöld þeirra. Gerðar verða sérstakar samstarfsáætlanir þar sem aðstoð Íslands mun grundvallast á áherslum og þörfum samstarfslandanna eins og fram kemur í þróunaráætlunum hvers og eins þeirra.

Í framkvæmd þróunarstarfs verður stuðst við heimildir þróunarsamvinnulaga sem gera ÞSSÍ fært að koma að viðfangsefnum sínum með þeim aðferðum sem best henta hverju sinni, svo sem með þátttöku í verkefnastoðum (e. programmes) og sam- og körfufjármögnun í samstarfi við aðra veitendur aðstoðar. Rík áhersla verður lögð á að fylgja viðurkenndu verklagi í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Við val á viðfangsefnum verður lögð áhersla á að grundvöllur árangurs og sjálfbærni verkefna er samábyrgð og gagnkvæm geta samstarfsríkjanna til að veita og taka við aðstoð.

Gagnvart Afganistan og Palestínu munu áætlanir gera ráð fyrir breyttum þörfum eftir því sem ástand mála þróast. Í þessum löndum hafa íslensk stjórnvöld ekki stöðuga viðveru. Fyrir vikið fer aðstoðin fram í samstarfi við þær alþjóðastofnanir og félagasamtök sem þar starfa, annars vegar með framlögum til sjóða eða einstakra verkefna sem unnin eru á þeirra vegum, hins vegar með störfum íslenskra sérfræðinga á vettvangi.

Áhersla á framangreind lönd útilokar ekki að sinnt verði verkefnum gagnvart öðrum ríkjum. Þátttaka í starfi ríkjahópa getur t.d. verið mikilvæg framgangi verkefna á þeim áherslusviðum sem Ísland styður. Sérstaklega verða mótaðar áherslur og viðmið um þátttöku í svæðasamstarfi og marghliða samstarfi í fiskimálum og orkumálum. Auk þess verður

stuðningur við smáeyþróunarríki vegna neikvæðra áhrifa loftslagsbreytinga, sbr. niðurstöður loftslagsráðstefna SÞ.

Megináherslur í samstarfi við ríkin fimm eru settar fram í eftirfarandi yfirliti.

	Framkvæmd	Samstarfsaðilar	Áherslumál Íslands
Afganistan	Utanríkisráðuneytið	ISAF Norðurlöndin UN Women ESB Félagasamtök	Gerð aðgerðaáætlunar 2012–2014. Lokið: Nóvember 2011. Norrænt samstarf sem byggi m.a. á samnorrænni úttekt frá 2009. Stuðla að betri samhæfingu aðstoðar alþjóðasamfélagsins. Vinna að málefnum kvenna. Neyðar- og mannúðaraðstoð á vegum alþjóðastofnana og félagasamtaka.
Malaví	ÞSSÍ	Stjórnvöld í Malaví Héraðsstjórnvöld í Mangochi Önnur gjafaríki Félagasamtök	Gerð samstarfsáætlunar 2012–2014. Lokið: Október 2011. Mannauður: Með áherslu á menntun, heilbrigðismál og hollustuhætti.
Mósambík	ÞSSÍ	Stjórnvöld í Mósamík Héraðsstjórnvöld í Inhambane Önnur gjafaríki Félagasamtök	Gerð samstarfsáætlunar 2012–2014. Lokið: Október 2011. Auðlindir og mannauður: Með áherslu á fiskimál og menntun.
Palestína	Utanríkisráðuneytið	UNICEF UN Women UNRWA OCHA UNHCR ESB Félagasamtök	Framfylgja núverandi aðgerðaáætlun fyrir 2008–2010. Gerð aðgerðaáætlunar 2012–2014. Lokið: Nóvember 2011. Neyðar- og mannúðaraðstoð á vegum alþjóðastofnana og félagasamtaka. Aðstoð við flóttamenn. Aðstoð við konur og börn.
Úganda	ÞSSÍ	Stjórnvöld í Úganda Héraðsstjórnvöld í Kalangala Önnur gjafaríki Félagasamtök	Gerð samstarfsáætlunar 2012–2014. Lokið: Október 2011. Auðlindir og mannauður: Með áherslu á fiskimál, menntun og byggðaþróun.

3.5. Stofnanir.

Skýrari forgangsröðun endurspeglast einnig í því að sérstök áhersla verður lögð á störf fjögurra alþjóðastofnana; Alþjóðabankans, UNICEF, UN Women og HSÞ. Í því felst að auk framlaga og stuðnings við verkefni þeirra í þróunarlöndum muni íslensk stjórnvöld verða virkir þátttakendur í málefnavinnu og málflutningi á vettvangi þeirra. Framlög til þessara stofnana hafa numið um 55% af heildarframlögum Íslands til alþjóðastofnana á síðustu árum. Í þessari áætlun er stefnt að því að hækka þetta hlutfall í 75%. Framlög til annarra stofnana en þessara fjögurra taka sérstakt mið af þörf fyrir aðstoð í Afganistan og Palestínu, auk þess sem hugað verður sérstaklega að hugsanlegri þátttöku Íslands í alþjóðlegum átaksverkefnum á sviði heilbrigðismála. Nýr fjárlagaliður ætlaður samstarfi við Alþjóðabankann verður í fjárlögum frá 2011 og mun liður um skuldaafléttingu þróunarríkja falla niður frá sama tíma.

Í september 2009 samþykkti allsherjarþing SÞ sameiningu á allri starfsemi samtakanna á sviði jafnréttismála sem nú er skipt milli fjögurra deilda og undirstofnana. Markmið breyt-

inganna er að auka vægi jafnréttismála innan SÞ og efla getu samtakanna til að ná árangri á því sviði. Ísland hefur stutt sameininguna og mun leggja áherslu á stuðning við hina nýju stofnun, Stofnun SÞ um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna.

Megináherslur samstarfs Íslands við þessar fjórar lykilstofnanir eru settar fram í eftirfarandi yfirliti.

	Forsendur samstarfs	Áherslur	Aðgerðir
Alþjóðabankinn	Þekking og reynsla Íslands af samstarfi við bankann. Skilvirk starfsemi samkvæmt úttektum. Aukin áhersla bankans á orku- og fiskimál. Áhersla bankans á þúsaldarmarkmið SÞ. Ísland hefur beina aðkomu að málefnavinnu í stjórn bankans. Umfangsmikið norrænt samstarf.	Jafnréttismál og samþætting þeirra í verkefni bankans. Stuðningur bankans við þróunarlönd á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Aukin þátttaka bankans í verkefnum á sviði fiskimála. Aukin áhersla á mannréttindamál í störfum bankans.	16. samningalota um endurfjármögnun IDA, 2011. Átaksverkefni í jafnréttismálum (GAP). Mat lagt á hugsanlegt áframhald á samstarfi. Lokið: Október 2011. Verkefni á sviði fiskimála (PROFISH). Mat lagt á hugsanl. áframhald á samstarfi. Lokið: Júní 2011. Verkefni í orkumálum (ESMAP). Mat lagt á hugsanlegt áframhald á samstarfi. Lokið: Október 2012. Virk þátttaka í málefnavinnu kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í stjórn bankans. Samstarfsverkefni kjördæmisins á sviði mannréttindamála.
UNICEF	Störf UNICEF lykilþáttur í framvindu þúsaldarmarkmiða SÞ. Virkur stuðningur við UNICEF liður í stefnu Íslands í mannréttindamálum. UNICEF hefur skýrt og vel skilgreint hlutverk. Verkefni UNICEF á vettvangi skila góðum árangri. Menntun og heilbrigði barna er ein af grunnforsendum framþróunar. Mikilvægt hlutverk UNICEF í stríðshrjáðum löndum og góð reynsla af störfum Íslendinga á þeirra vegum. Virkt grasrótarstarf um UNICEF á Íslandi.	UNICEF viðhaldi hlutverki sínu sem lykilstofnun SÞ í málefnum barna. Störf UNICEF á vettvangi efld. UNICEF leiði bætta samræmingu þeirra aðila sem aðstoða börn á vettvangi. Stuðningur við núverandi umbótaferli í störfum UNICEF sem miðar að skilvirkari starfsemi og árangursmiðaðri verkefnum.	Störf íslenskra sérfræðinga á vettvangi. Samstarfssamningur um skammtímastörf sérfræðinga vegna neyðarverkefna. Virk þátttaka í málefnavinnu Norðurlanda um UNICEF. Störf ungra íslenskra sérfræðinga fyrir UNICEF á vettvangi. Samstarf við UNICEF á Íslandi.

UN Women	Þekking og reynsla Íslands af samstarfi við UNIFEM. Virk þátttaka kvenna í öllum þáttum þjóðlífs stuðlar að framförum og þróun. Þátttaka kvenna og stuðningur við þær eykur árangur þróunarverkefna. Hlutverk og umboð UN Women lykilatriði vegna framvindu þúsaldarmarkmiða SÞ. Mikilvægt hlutverk UN Women í stríðshrjáðum löndum. Virkur stuðningur við UN Women liður í stefnu Íslands í mannréttindamálum. Mikil þekking og reynsla af jafnréttismálum á Íslandi. Virkt grasrótarstarf á Íslandi.	Stuðningur við umbætur á starfsemi SÞ með aukna áherslu á jafnréttismál. Áætlanir um umbætur innan SÞ grundvallist á þekkingu og reynslu UN Women. Störf UN Women á vettvangi verði efld og gefið aukið vægi í samræmingu á þróunaraðstoð SÞ. Framkvæmd á ályktunum öryggisráðs SÞ um konur, frið og öryggi.	Störf íslenskra sérfræðinga á vettvangi. Virk þátttaka í málefnavinnu um jafnréttismál á vettvangi SÞ. Störf ungra íslenskra sérfræðinga fyrir UN Women. Stuðningur við Ofbeldissjóð UN Women. Samstarf við landsnefnd UNIFEM/UN Women á Íslandi. Þátttaka í samstarfi Norðurlanda um UN Women .
HSÞ	Þekking og reynsla Íslands af rekstri skóla á vegum HSÞ. Þekking og reynsla Íslands af samstarfi við HSÞ og orðspor Íslands innan HSÞ. Mikilvægi menntunar og vísindastarfs fyrir efnahagslega og félagslega þróun. Aukin áhersla HSÞ á samstarf við háskólasamfélagið í þróunarlöndum. Háskólasamfélagið á Íslandi hefur eflst sem skapar aukinn grundvöll fyrir samstarf við þróunarlönd.	Vönduð kennsla og þjálfun sérfæðinga sem nýtist efnahagslegri þróun heimalandsins. Efla tengsl milli HSÞ við þróunarstofnanir SÞ og tvíhliða stofnanir, þar á meðal ÞSSÍ. Auka útbreiðslu hagnýtrar þekkingar með samstarfi í þróunarlöndum. Tengja störf HSÞ við þúsaldarmarkmið SÞ.	Starfsemi jarðhitaskóla HSÞ á Íslandi og námskeið á hans vegum í þróunarlöndum. Starfsemi sjávarútvegsskóla HSÞ á Íslandi og námskeið á hans vegum í þróunarlöndum. Starfsemi landgræðsluskóla HSÞ á Íslandi og námskeið á hans vegum í þróunarlöndum. Tilraunaverkefni um jafnréttisskóla. Undirbúningur að framtíðarfyrirkomulagi starfsemi HSÞ á Íslandi á tímabilinu.

4. Alþjóðlegt samstarf og viðmið.

4.1. Sameinuðu þjóðirnar.

Aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum er grundvöllur þessarar áætlunar. Á vettvangi SÞ taka ríki heims þátt í umfjöllun um þau úrlausnarefni sem samfélag þjóðanna glímir við, allt frá öryggis- og mannréttindamálum í einstökum löndum eða landsvæðum til hnattrænna verkefna á sviði umhverfismála eða heilbrigðismála, svo dæmi séu tekin. Þátttaka í störfum SÞ verður áfram þungamiðja í framlagi Íslands til alþjóðasamstarfs og snar þáttur í almennu þróunarstarfi. Fastanefnd Íslands í New York er virkur aðili að starfi samtakanna að umhverfis-, auðlinda- og þróunarmálum, auk þess að taka þátt í starfi þeirra á sviði neyðar- og mannúðaraðstoðar, friðargæslu og friðaruppbyggingar. Fastanefnd Íslands í Genf leggur einnig sitt af mörkum á sviði neyðar- og mannúðaraðstoðar, auk þess sem stofnanir SÞ í Róm hafa sérstöku hlutverki að gegna við framkvæmd áætlunar þessarar.

4.2. Samstarf OECD-ríkja.

Þátttaka í störfum DAC, þróunarsamvinnunefnd OECD, er mikilvægur þáttur í þróunarsamvinnu Íslands. Nefndin er samstarfsvettvangur þeirra ríkja sem veita þróunaraðstoð og er meginhutverk hennar að koma á sameiginlegum viðmiðum um framkvæmd aðstoðar og veita faglegt aðhald með reglulegri jafningjarýni og úttektum. Stjórnvöld vilja taka mið af því sem best er gert á alþjóðavettvangi. Virk þátttaka á vettvangi DAC er mikilvægur liður í þeirri viðleitni. Ísland er ekki aðili að DAC, en getur tekið þátt í störfum nefndarinnar sem áheyrnaraðili. Helsta forsenda fullrar aðildar er að Ísland sé í stakk búið til að veita OECD tölulegar upplýsingar um umfang og sundurliðun framlaga eftir verklagsreglum DAC, auk þess að hafa bolmagn til þátttöku í störfum nefndarinnar og valinna vinnuhópa um einstök málefni. Ísland mun starfa samkvæmt verklagsreglum, viðmiðunum og skilgreiningum DAC. Óskað verður eftir jafningjarýni DAC á þróunarsamvinnu Íslands á tímabilinu og í kjölfar þess komi til fullrar aðildar að nefndinni.

Fjármálakerfi ÞSSÍ er þannig uppbyggt að auðvelt er að sundurliða framlög samkvæmt viðmiðum DAC og unnið er að sambærilegri aðlögun á framlögum Íslands til annarrar þróunarsamvinnu.

4.3. Parísaryfirlýsingin.

Í framhaldi af þúsaldaryfirlýsingunni hefur átt sér stað mikil stefnumótunarvinna í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Tvö lykilskjöl gefa tóninn í þeim efnum. Hið fyrra er Parísaryfirlýsingin frá 2005 sem ætlað er að skapa örvandi umgerð fyrir þróunarstarf og innleiða betur samræmd og agaðri vinnubrögð þróunarstofnana sem stuðlar að betri árangri og skilvirkni. Þar er skýrt kveðið á um að viðtökuríkið sjálft móti stefnuna og beri höfuðábyrgð á eigin þróun. Síðara lykilskjalið er Accra-aðgerðaáætlunin frá október 2008 þar sem eignarhald viðtökuríkja á þróunaráætlunum og mikilvægi samræmdra aðgerða er áréttað.

Parísaryfirlýsingin gerir ráð fyrir að veitendur aðstoðar vinni með og nýti sér stjórnsýslu viðtökuríkja eins og frekast er unnt. Leitast skuli við að efla stjórnkerfið og það undirbúið til að takast á við verkefni framtíðarinnar. Veitendur aðstoðar skuli kappkosta við að samnýta krafta sína þannig að stofnanir styðji hver aðra og hafi árangur heildarinnar að leiðarljósi. Einnig er lögð áhersla á að aðstoðin samræmist þeim þróunaráætlunum sem fyrir liggja og viðtökuríkin vinna eftir.

Breytingar sem gerðar voru með þróunarsamvinnulögum gera stjórnvöldum kleift að hefja innleiðingu markmiða yfirlýsingarinnar.

Alþjóðlegum viðmiðum og skuldbindingum verður framfylgt í þróunarstarfi Íslands með eftirfarandi hætti:

	Forsendur	Markmið	Aðgerðir
Sameinuðu þjóðirnar	Þátttaka Íslands í þróunarstarfi grundvallast á aðild að SÞ. Þróunarsamvinnuáætlun byggist á stofnsáttmála SÞ og þúsaldaryfirlýsingu SÞ. SÞ og undirstofnanir gegna lykilhlutverki í alþjóðlegu þróunarstarfi.	Styðja umbætur sem auka árangur og skilvirkni þróunar- og friðarstarfa SÞ. Stuðla að framgangi áherslumála Íslands samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun.	Sérstök áhersla lögð á samstarf við undirstofnanir SÞ sem sinna áherslumálum Íslands. Virk þátttaka í málefnavinnu gagnvart SÞ á vegum UTN og fastanefnda. Virkt samstarf við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

OECD-samstarf	DAC er samstarfsvettvangur OECD-ríkja sem veita þróunaraðstoð, setur sameiginleg viðmið um framkvæmd aðstoðar og stuðlar að faglegu aðhaldi	Íslensk þróunarsamvinna sé vönduð, fagleg og standist samanburð við það besta sem gerist á alþjóðvettvangi.	Ísland verði aðili að DAC á framkvæmdatímabili áætlunarinnar.
Alþjóðleg upplýsingagjöf	Vandaðar upplýsingar um þróunarsamvinnu er grundvöllur samanburðar milli ríkja og er liður í að auka árangur.	Ísland sé í stakk búið til að uppfylla óskir DAC um tölulega upplýsingagjöf.	Umbætur í fyrirkomulagi rekstrar og bókhalds vegna þróunarframlaga. Lokið: Desember 2011.
Jafningjarýni	Faglegt aðhald er grunnur vandaðra vinnubragða og árangurs í þróunarsamvinnu.	Að auka árangur þróunarsamvinnu Íslands og að hún standist samanburð við það besta sem gerist á alþjóðavettvangi.	Jafningjarýni á þróunarsamvinnu Íslands fari fram fyrir endurskoðun þróunarsamvinnuáætlunar.
Parísaryfirlýsingin Accra aðgerðaáætlunin	Samhæfðar aðgerðir og eignarhald viðtökuríkja styrkir árangur.	Ísland taki þátt í átaki alþjóðasamfélagsins um að auka árangur aðstoðar með framkvæmd markmiða Parísaryfirlýsingarinnar og Accra-aðgerðaáætlunarinnar.	Mótun tímasettra markmiða í þróunarsamvinnu Íslands með tilliti til Parísaryfirlýsingarinnar og Accra-aðgerðaáætlunarinnar. Lokið: Febrúar 2012. Virk þátttaka í starfi DAC um framgang yfirlýsingarinnar.

5. Stefnumörkun, innra og ytra starf.

Þróunarsamvinnulög kveða á um virka aðkomu Alþingis að umfjöllun um þróunarmál. Utanríkisráðherra skal gefa Alþingi skýrslu á tveggja ára fresti um framkvæmd áætlunar þessarar, auk þess sem hann skal upplýsa utanríkismálanefnd og fjárlaganefnd reglulega um framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Þá gegna þróunarsamvinnunefnd og samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu ráðgefandi hlutverki um stefnumarkandi áherslur í þróunarsamvinnunni.

Eitt helsta markmið þróunarsamvinnulaga er að skapa heildstæðan grundvöll fyrir alla þróunarsamvinnu Íslands, hvort heldur sem hún er veitt í beinu samstarfi við einstök þróunarríki, í samvinnu við alþjóðastofnanir eða með þátttöku frjálsra félagasamtaka. Öll aðstoð Íslands skal byggð á einum grunni, með skýr markmið að leiðarljósi. Heildstæð löggjöf felur í sér aukið samspil tvíhliða og marghliða samvinnu sem gefur íslenskum stjórnvöldum færi á að vinna með markvissari og skipulagðari hætti að framgangi þeirra áherslumála sem fram koma í áætlun þessari.

Eins og að framan greinir eiga sér stað stöðugar breytingar í stefnumótun og framkvæmd þróunarstarfs, ávallt er leitað nýrra leiða og aðferða til að bæta árangur verkefna. Þekking og reynsla þeirra starfsmanna sem vinna að þróunarmálum er grundvöllur faglegra vinnubragða. Þennan auð ber að virkja svo að Ísland geti vandað til verka við undirbúning, framkvæmd og eftirlit þróunarverkefna og tekið virkan þátt í málefnavinnu og samstarfi á vettvangi alþjóðastofnana. Mótun sameiginlegrar mannauðsstefnu utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ í þróunarmálum er því lykilþáttur í að viðhalda og efla faglegan grundvöll þróunarsamvinnunnar.

Háskóla- og fræðasamfélagið gegnir einnig mikilvægu hlutverki við að skapa frjóan jarðveg fyrir vandaða og framsækna þróunarsamvinnu. Efling kennslu, rannsókna og ráðgjafar í þróunarfræðum styrkir stoðir þróunarsamvinnunnar, skapar aukin tækifæri til samstarfs og fellur vel að áherslum Íslands á starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Aukin áhersla á kynningu og fræðslu er lykilþáttur í framtíðarsýn stjórnvalda. Opin og málefnaleg umfjöllun um þróunarmál eykur þekkingu á aðgerðum alþjóðasamfélagsins í baráttunni gegn fátækt og örbirgð og veitir stjórnvöldum mikilvægt aðhald hvernig fjármunum til málaflokksins er varið.

Framlag samfélagsins til þróunarsamvinnu er einnig mikilvægt. Grundvöllur starfsemi íslenskra félagasamtaka er virkt fjáröflunarstarf sem byggist á stuðningi einstaklinga og fyrirtækja.

Samhliða félagslegri uppbyggingu eru efnahagslegar framfarir háðar fjárfestingum í uppbyggingu atvinnuvega og sköpun atvinnutækifæra. Störf á þessu sviði eiga að byggjast á viðskiptasiðferði þar sem gagnkvæmir hagsmunir allra aðila og samfélagsleg ábyrgð er höfð að leiðarljósi. Íslenskir aðilar hafa á undanförnum árum eflt viðskiptatengsl í þróunarlöndum og tekið aukinn þátt í verkefnum sem stuðla að framþróun og hagsæld, svo sem á sviði endurnýjanlegrar orku. Í ljósi breyttra aðstæðna í íslensku efnahags- og viðskiptalífi er ástæða til að meta með hvaða hætti stjórnvöld geta best stuðlað að virkri þátttöku Íslands á þessum vettvangi.

Helstu áherslumál í innra og ytra starfi verða með eftirfarandi hætti:

	Forsendur	Markmið	Aðgerðir
Stefnumörkun og eftirlit	Lýðræðisleg umfjöllun um stefnumörkun og eftirlit með framkvæmd þróunarsamvinnu stuðlar að auknum árangri.	Stefna Íslands byggist á umfjöllun Alþingis um áherslur og forgangsröðun í þróunarsamvinnu.	Endurskoðuð þróunarsamvinnuáætlun lögð fyrir Alþingi 2013. Utanríkisráðherra gefur skýrslu til Alþingis um framkvæmd áætlunarinnar 2013. Regluleg skýrslugjöf til utanríkismálanefndar og fjárlaganefndar.
Samspil tvíhliða og marghliða þróunarsamvinnu	Þróunarsamvinna skilar auknum árangri þegar þróunarstofnanir samhæfa aðstoð sína og marghliða og tvíhliða stofnanir starfa saman.	Auka skilvirkni og skerpa framkvæmd þróunarsamvinnu Íslands. Byggja málefnavinnu Íslands innan alþjóðastofnana á reynslu og þekkingu af tvíhliða starfi. Nýta þátttöku Íslands í starfi alþjóðastofnana til eflingar á tvíhliða samvinnu.	Stofnun fagteyma UTN og ÞSSÍ á eftirfarandi sviðum til eflingar tvíhliða og marghliða samvinnu: – Jafnréttismál – Auðlindamál – Verklag og eftirlit Mótun umhverfisstefnu. Mótun jafnréttisstefnu.
Mannauðsstjórn	Vönduð þróunarsamvinna byggist á þekkingu, reynslu og þjálfun starfsmanna.	Stuðla að betri og vandaðri þróunarsamvinnu Íslands með virkri mannauðsstefnu.	Mótuð sameiginleg mannauðsstefna UTN og ÞSSÍ vegna starfa að þróunarmálum. Lok: Nóvember 2011. Sameiginlegir málfundir

		Sendiráðum og fastanefndum Íslands gert kleift að taka virkan þátt í framkvæmd áætlunar þessarar. Nýta tækifæri sem felast í ákvæði þróunarsamvinnulaga um starfsmannaskipti milli UTN og ÞSSÍ. Framfylgja jafnréttisstefnu stjórnvalda.	og námskeið á vegum UTN og ÞSSÍ. Komið á starfsmannaskiptum við alþjóðastofnanir og þróunarstofnanir annarra ríkja. Jafna hlut kvenna og karla samkvæmt jafnréttisstefnu í þróunarsamvinnu.
Samstarf við frjáls félagasamtök	Félagasamtök mikilvægur þátttakandi í framkvæmd þróunarsamvinnu og neyðar- og mannúðaraðstoðar. Félagasamtök mikilvægur málsvari þróunarríkja Öflugt grasrótarstarf félagasamtaka eflir þróunarstarf.	Frjáls félagasamtök á Íslandi eflist sem þátttakendur í alþjóðlegu þróunarsamstarfi. Stjórnvöld starfi með félagasamtökum þar sem slíkt er talið skila bestum árangri. Stjórnvöld veiti félagasamtökum aðhald við framkvæmd verkefna.	Sérstakur fjárlagaliður fyrir samstarf við félagasamtök í fjárlögum 2012. Hækkun hlutfalls framlaga sem renna til samstarfs við félagasamtök á tímabilinu. Sameiginlegar verklagsreglur og eitt umsóknarferli fyrir allt samstarf stjórnvalda og félagasamtaka. Stjórnvöld viðhaldi góðum samskiptum við samstarfshóp félagasamtaka. Félagasamtök sæti úttektum og öðrum eftirlitsaðgerðum sem fylgt er í þróunarstarfi.
Samstarf við háskólasamfélagið	Kennsla og rannsóknir á sviði þróunarsamvinnu er grundvöllur framfara og að dreginn sé lærdómur af reynslu og árangri í málaflokknum.	Treysta fræðilegar og hagnýtar stoðir þróunarsamvinnu Íslands með aukinni þátttöku háskólasamfélagsins við kennslu, rannsóknir og ráðgjöf.	Mótaðar áherslur um samstarf stjórnvalda og háskólasamfélagsins á sviði þróunarsamvinnu. Lokið: Maí 2012.
Kynning og umfjöllun	Gagnsæi sem byggist m.a. á fræðslu og upplýsingagjöf um ráðstöfun fjármuna veitir aðhald og stuðlar að vandaðri þróunarsamvinnu.	Standa fyrir virkri kynningu og upplýsingagjöf um þróunarsamvinnu Íslands.	Árleg sameiginleg kynningaráætlun UTN og ÞSSÍ. Ráðstefnur og málþing skipulögð í samráði við félagasamtök og háskólasamfélagið.
Þátttaka einkaaðila í uppbyggingu	Efnahagslegar framfarir háðar fjárfestingum í uppbyggingu atvinnuvega og sköpun atvinnutækifæra.	Ábyrg þátttaka íslenskra aðila í uppbyggingu í þróunarlöndum byggt á gagnkvæmum hagsmunum og samfélagslegri ábyrgð.	Unnin verði greining á möguleikum íslenskra aðila til þátttöku í uppbyggingu atvinnuvega í þróunarlöndum. Lok: Júní 2012.

Fylgiskjal II.

Umsögn Þróunarsamvinnunefndar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Þróunarsamvinnunefnd

5. janúar 2011

Umsögn um drög að áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands

1. Inngangur

Í lögum nr. 121 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, sem tóku gildi 1. október 2008, segir svo:

> „Ráðherra leggur annað hvert ár fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi um áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til fjögurra ára í senn. Í áætluninni skal greint frá framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og hvernig þau skiptast á grundvelli stefnumiða Íslands í þróunarsamvinni til lengri og skemmri tíma litið. Þá skal áætlunin fela í sér heildstætt yfirlit yfir það hvernig ráðherra hyggst ná settum markmiðum hennar. Í áætluninni skal m.a. tiltaka fyrirhugað hlutfall framlaga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu af vergum þjóðartekjum."

Samkvæmt ákvæðum laganna kaus Alþingi sjö fulltrúa í Þróunarsamvinnunefnd og sjö til vara.

> „Hlutverk Þróunarsamvinnunefndar er að tryggja aðkomu fulltrúa þingflokka að stefnumarkandi umræðu og ákvörðunum ráðherra um alþjóðlega þróunarsamvinnu til lengri tíma. /.../ Drög að tillögu til þingsályktunar skulu lögð fyrir Þróunarsamvinnunefnd til umsagnar og skal umsögn hennar fylgja tillögunni til Alþingis."

Það er á grundvelli þessara ákvæða sem nú er lögð fram áætlun um þróunarsamvinnu Íslands á árunum 2011 til 2014. Á sama hátt er hér lögð fram, á grundvelli sömu laga, umsögn Þróunarsamvinnunefndar um „Drög að Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2013". Í maí 2010 var fyrsta uppkast lagt fyrir fulltrúa Þróunarsamvinnunefndar og endanleg drög lágu fyrir 20. desember 2010. Í drögum að Áætlun um þróunarsamvinnu Íslands er alþjóðleg þróunarsamvinna tilgreind sem ein af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu. Í samræmi við þessa meginstefnu byggist áætlunin á áherslum á mannréttindi og jafnrétti kynjanna, frið og öryggi, samhliða baráttu gegn fátækt, félagslegu ranglæti, misskiptingu lífsgæða og hungri. Aðild að Sameinuðu þjóðunum er síðan helsti grundvöllur þróunarsamvinnu Íslands. Áætlunin endurspeglar vel þann aukna þunga sem lagður hefur verið á málaflokkinn í heild. Má í því samhengi vísa til tveggja síðustu stjórnarsáttmála. Í stjórnarsáttmála frá vorinu 2007 er tilgreint að „[m]annréttindi, aukin þróunarsamvinna og friðsamleg úrlausn deilumála verð[i] hornsteinar í íslenskri utanríkisstefnu." Í stjórnarsáttmála frá vorinu 2009 segir um utanríkismál:

> „Ríkisstjórnin leggur áherslu á baráttu fyrir mannréttindum og kvenfrelsi, friði og afvopnun og gegn fátækt, félagslegu ranglæti, misskiptingu og hungursneyð, m.a. með markvissri þróunaraðstoð. Framlag Íslands til friðargæslu í heiminum verður fyrst og fremst á sviði sáttaumleitana, uppbyggingar borgaralegra stofnana, jafnréttis- og mannúðarmála."

Hér er gengið út frá þeirri grundvallarhugmynd að það hljóti að vera meginviðmið þróunarsamvinnu Íslands að samvinnan nýtist sem best þeim sem njóta. Til þess að svo megi verða þurfa þeir fjármunir, sem í þróunarsamvinnu fara, að dreifast þannig að nýting þeirra verði sem best.

Í umsögninni er ekki farið í saumana á sérhverri grein draganna eða fjallað um þær fjárupphæðir sem þar eru tíundaðar. Í því efnahagslega ástandi sem við er að glíma í íslensku samfélagi teljum við eðlilegra að líta svo á, að því heildarfjármagni sem varið er til þróunarsamvinnu sé vel varið og vel jafnað milli áherslusviða og málaflokka. Að því sögðu er það vitaskuld skilningur okkar og vilji, að með batnandi efnahag fáist smátt og smátt aukið fé til þessa málaflokks. Þannig verði innan ekki alltof

margra ára unnt að ná því marki, að 0,7% vergra þjóðatekna verði varið til þróunarsamvinnu. Ísland styður markmið Sameinuðu þjóðanna um 0,7% takmarkið og í drögunum má finna raunhæfa áætlun um að ná því markmiði. Því hefur ítrekað verið haldið fram að þróunarsamvinna skuli vera hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu. Slík framtíðarsýn er til fyrirmyndar og við hljótum að vona að hún verði okkur leiðarljós. Hér verður ekki farið ítarlega ofan í kjölinn á áætlunardrögunum en við teljum ástæðu til að staldra við nokkra þætti.

2. ÞSSÍ – kjölfestan í þróunarsamvinnu Íslendinga

Þróunarsamvinnustofnun hefur verið og er í raun kjölfestan í þróunarsamvinnu Íslendinga. Samkvæmt drögunum er ætlunin sú, að ÞSSÍ sé ætlað að vera áfram sú þungamiðja og því ber að fagna.

Þróun gengismála hér á landi hefur gert það að verkum að miklir erfiðleikar hafa steðjað að ÞSSÍ. Stofnunin gerir allar sínar áætlanir í bandaríkjadölum, þannig að gengishrun íslensku krónunnar hefur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir starf hennar í samstarfslöndum sínum. Þrátt fyrir mikinn samdrátt í starfi hefur tekist að halda fjárhag stofnunarinnar innan sársaukamarka og ber að fagna því.

Samdrátturinn í starfi ÞSSÍ hefur gert að verkum, að ekki hefur reynst gerlegt að hefja ný verkefni, sem aftur þýðir að sá mikli mannauður sem stofnunin býr yfir leitar á önnur mið. Með því fara frá stofnuninni reynsla og þekking, sem langan tíma tekur að byggja upp á nýjan leik. Það má vonandi líta svo á að hér megi greina vatnaskil og að stofnunin geti á nýjan leik farið að huga að nýjum samstarfsverkefnum. Við teljum rétt að undirstrika, að sú stefna sem ÞSSÍ hefur starfað eftir með samstarfsþjóðum sínum hefur orðið til þess að stofnunin nýtur mikillar alþjóðlegrar virðingar og velvilja.

3. Starfsemi frjálsra félagasamtök

Hlutverk frjálsra félagasamtaka í neyðarhjálp og uppbyggingarstarfi er ótvírætt. Langflest ef ekki öll þessara samtaka byggja starf sitt á fjársöfnunum meðal almennings, eða annars konar framlögum hans, svo sem merkjasölu o.þ.h. Það segir mikið um hug íslendinga til málefna fátækari landa að velflestum félagasamtökum hefur tekist að halda sjó í efnahagsþrengingum undanfarinna ára. Það er ánægjulegt að samstarf stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka verði eflt á komandi árum og verði jafnframt einfaldað með sameiginlegum verklagsreglum og umsóknarferli.

4. Íslensk friðargæsla

Friðaruppbygging er grundvallarþáttur í starfi Sameinuðu þjóðanna og skilningur hefur aukist á mikilvægi borgaralegs endurreisnarstarfs í stríðshrjáðum löndum. Þessari viðhorfsbreytingu ber að fagna, enda gefur hún möguleika á auknu samstarfi á þessu sviði.

Nokkur ágreiningur hefur verið um upphaflegt starf Íslensku friðargæslunnar. Má þar einkum nefna friðargæslu á ófriðarsvæðum með vopnuðu liði þar sem Íslendingar fengu þjálfun erlendis í meðferð vopna og skotfæra.

Nú hefur algerlega verið horfið frá þessari framkvæmd. Friðargæslan íslenska starfar nú að friðaruppbyggingu, – stuðningsaðgerðum við borgaralegt samfélag þar sem ekki eru vopnuð átök. Þannig starfsemi má einmitt skilgreina sem „þróunarsamvinnu“.og stuðning við borgaralegt samfélag þar sem friður hefur komist á eða á svæðum sem hafa verið friðuð. Ástæða er til að hnykkja á þeirri kröfu, að allir starfsmenn á vegum Íslensku friðargæslunnar séu vopnlausir, borgaralegir starfsmenn. Ásýnd friðargæslunnar hefur því gjörbreyst og því ber að fagna.

5. Lönd og svæðasamstarf

Við teljum mikilsvert að dregin verði lærdómur af sögunni í þróunarsamvinnu Íslendinga og því rétt að kröftum stofnunarinnar verði ekki dreift um of. Það er skoðun okkar að í þróunarsamvinnu eigi að einbeita sér að málaflokkum og landsvæðum, þar sem Íslendingar hafa skapað sér sem mesta þekkingu

og velvild/virðingu. Helstu málaflokkar liggja fyrir en hvað varðar svæðasamstarf er átt við löndin í sunnanverðri Afríku. Þau þrjú lönd sem ÞSSÍ á í samvinnu við á þessu svæði, Malaví, Mósambík og Úganda eru í hópi fátækustu þróunarríkja. Þar hefur samvinna við heimamenn borið mikinn ávöxt í heilbrigðis-, atvinnu-, jafnréttis- og menntamálum, einkum grunnfræðslu barna og fullorðinsfræðslu kvenna.

Með því að beina sem mestum kröftum að þessum heimshluta, gera hann að meginvettvangi þess starfs sem beinist að þróunarsamvinnu, eru slegnar tvær flugur í einu höggi; þekking og reynsla nýtist til fullnustu og Íslendingar sníða sér stakk eftir vexti. Áherslan skuli því áfram verða á núverandi samstarfslönd. Komi síðar til þess að nýjum samstarfslöndum verði bætt við er rétt að þá verði fyrir valinu land/lönd í sunnanverðri Afríku.

6. Lokaorð

Drög að „Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2013“ fanga vel þá auknu áherslu sem lögð er á þróunarsamvinnumál í utanríkisstefnu Íslands. Tímabundnar efnahagsþrengingar setja áformum skorður og verulega hefur þurft að draga úr framlögum Íslendinga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Í drögunum eru lögð fram það sem kalla má varfærin eða raunhæf markmið um það hvernig Ísland geti aftur náð sæti meðal þjóða, sem ásættanlegt má kalla þegar kemur að framlögum til þróunarsamvinnumála. Með því er unnið í anda þeirra stefnubreytingar sem stjórnvöld hafa markað. Áherslur sem settar eru fram um þróunarsamvinnu, friðarmál og samstarf við frjáls félagasamtök eru í takt við áherslur sem greina má meðal almennings.

Það kann að þykja djarft að ræða um gildi sem íslenskt samfélag stendur fyrir eftir þau skakkaföll sem dunið hafa á þjóðinni. Þó er ástæða til að vísa hér til þeirra gilda, sem við teljum hvað best lýsa og eiga við okkar samfélag. Slíkt brýnir vonandi fólk til þess að meta að verðugleikum þau réttindi, sem litið er á sem sjálfgefin og minna um leið á skyldur okkar gagnvart fátækari íbúum heimsins.

> „Íslensk þróunarsamvinna endurspeglar þau gildi sem íslenskt samfélag stendur fyrir - virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum, fjölbreytni mannlífs, umburðarlyndi, réttlæti og samstöðu. Í ljósi þessa er lögð áhersla á;
>
> i. **Ábyrgð** – að hafa ráðvendni og gagnsæi að leiðarljósi í þróunarstarfi og deila ábyrgð á framkvæmd og árangri starfsins með samstarfsaðilum.
> ii. **Árangur** – að allir þættir þróunarstarfsins - stjórnun, verklag og aðferðafræði verkefna – stuðli að því að árangur þróunarsamvinnu verði sem mestur.
> iii. **Áreiðanleiki** – að afla landi og þjóð virðingar á alþjóðavettvangi með því að vera faglegur og traustur samstarfsaðili í þróunarstarfi.
>
> Markmið Íslands í þróunarsamvinnu er að styðja áætlanir um útrýmingu fátæktar á grunni sjálfbærrar þróunar og uppbyggingar á mannauði. Sérstök áhersla er lögð á mannréttindi, jafnrétti, frið, öryggi og verkefni þar sem íslensk sérþekking og reynsla nýtist. “

Þessi sýn verður ekki orðuð betur.

Ásgerður Flosadóttir

Drífa Hjartardóttir

Guðrún Ögmundsdóttir

Haukur Már Haraldsson

Hjálmar Jónsson

Katrín Ásgeirsdóttir

Sigríður Ólafsson

Fylgiskjal III.

Bréf formanns samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu til utanríkisráðherra um fund samstarfsráðsins 8. óvember 2010.

Hr. Össur Skarphéðinsson
Utanríkisráðherra
Utanríkisráðuneytið

Reykjavík, 3. desember, 2010

Ágæti ráðherra,

Hinn 8. nóvember sl. fór fram þriðji fundur samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Eitt mál var á dagskrá fundarins, umfjöllun um drög að áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2011- 2014.

Hermann Ingólfsson, sviðsstjóri þróunarsamvinnusviðs utanríkisráðuneytisins, kynnti drög að „Þróunarsamvinnuáætlun“ dagsett 1. nóvember 2010 og Sighvatur Björgvinsson fjalladi um drögin frá sjónarhóli Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Fulltrúar í samstarfsráði lýstu almennri ánægju með að nú hylli undir að áætlun í þróunarsamvinnu til næstu fjögurra ára verði lögð fram á Alþingi sbr. ákvæði laga. Framlagning áætlunarinnar marki ákveðin tímamót og miklu skipti að þróunarsamvinna sé einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu. Fram kom ánægja með framsetningu áætlunarinnar, þann anda sem í henni er að finna og þá hugmyndafræði sem hún lýsir. Þá sé í skjalinu sleginn réttur tónn varðandi þau gildi og áherslur sem Íslendingar vilji leggja til grundvallar þátttöku sinni í alþjóða þróunarstarfi.

Fulltrúar þökkuðu starfsmönnum utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ fyrir þá undirbúningsvinnu sem fram hefur farið á undanförnum mánuðum við gerð draganna. Eftirfarandi sjónarmið og athugasemdir komu fram í umræðum á fundinum.

Rætt var um markmið um þróun framlaga á gildistíma áætlunarinnar. Fulltrúar í ráðinu lýstu stuðningi við áform um stigvaxandi hækkun framlaga frá árinu 2012. Jákvætt sé að í áætluninni komi fram að samdráttarskeiði í þróunarsamvinnu ljúki brátt og stjórnvöld sjái fram á öflugra starf á nýjan leik. Hækkun sem lögð er til í áætluninni sé hófleg og taki tillit til efnahagsaðstæðna í íslensku samfélagi. Ekki sé ástæða til að gera athugasemd við skiptingu framlaga milli einstakra liða eins og hún er sett fram í áætluninni.

Bent var á að jafn mikilvægt sé að hugsa um gæði og umfang framlaga. Markmið Sameinuðu þjóðanna þess efnis að 0,7% vergra þjóðartekna skuli renna til þróunarmála sé að sönnu mikilvægt og ánægjulegt ef Ísland næði því, en leggja eigi áherslu á það hvernig þeim fjármunum sem fyrir liggur að verði ráðstafað sé best varið. Á hinn bóginn kom fram það sjónarmið að orðalag um 0,7% markmiðið sé veikt og áætlun um að ná því árið 2021 virðist óraunhæf miðað við að framlög muni einungis nema 0,23% af vergum þjóðartekjum á árinu 2014.

Áætlun um eflingu samstarfs stjórnvalda við frjáls félagasamtök hlaut góðan hljómgrunn meðal fulltrúa og stuðningur er við að í fjárlögum verði framvegis sérstakur liður fyrir það samstarf. Á það var bent að áætlunin mætti vera enn metnaðarfyllri um hlutverk félagasamtaka, þ.m.t. að framlög til þeirra hækki hlutfallslega enn hraðar en þar kemur fram. Í drögunum mætti einnig breyta orðalagi til að gefa hlutverki félagasamtaka enn meira vægi og þá mætti undirstrika betur

fjölbreytileika þeirra. Einnig eru stjórnvöld hvött til að koma á fyrirkomulagi um gerð rammasamninga við félagasamtök sem geti gilt til nokkurra ára í senn. Þó einhver bið verði á innleiðingu slíkra samninga mætti nefna áform um slíkt í áætluninni.

Í hópi félagasamtaka er ánægja með að grundvöllur samstarfs við stjórnvöld hefur styrkst mjög á undanförnum misserum og að nú hefur verið komið á sameiginlegum verklagsreglum ráðuneytisins og ÞSSÍ um samstarf. Vonbrigða hefur gætt í hópi félagasamtaka með að niðurskurður á framlögum til ÞSSÍ hefur leitt til þess að ekki hefur orðið framhald á samstarfi stofnunarinnar og félagasamtaka að þróunarverkefnum. Þessi þróun hefur bitnað á samstarfi íslensku samtakanna við þeirra alþjóðasamtök.

Ábending kom fram um að gæta þurfi betra jafnvægis í umfjöllun um neyðaraðstoð, þar sem stofnanir Sameinuðu þjóðanna eru ekki ávallt fyrstar til að bregðast við þegar skyndileg neyðartilfelli verða. Félagasamtök gegni oft á tíðum mikilvægara hlutverki við slíkar aðstæður og séu viðbragðsfljótari.

Fjallað var um störf Íslendinga á vettvangi á stríðshrjáðum svæðum. Fram kom að á síðasta áratug hafa á þriðja hundrað einstaklingar farið til starfa undir merkjum Íslensku friðargæslunnar til að sinna fjölbreyttum verkefnum. Í máli fulltrúa kom fram það sjónarmið að samstarf við stofnanir Sameinuðu þjóðanna sé ákjósanlegast til að sátt ríki um störf að friðaruppbyggingu og friðargæslu. Jafnframt var bent á lykilhlutverk Alþjóðaráðs Rauða krossins sem hlutlauss og óháðs aðila sem sinni mannúðaraðstoð og berjist fyrir að alþjóðleg mannúðarlög séu virt á átakasvæðum. Mikilvægi þessa starfs ætti að koma skýrt fram í áætluninni, enda styður utanríkisráðuneytið starfsemi alþjóðaráðsins með reglulegum framlögum.

Nokkur skoðanaskipti voru um aðferðafræði þróunarverkefna og spurningar vöknuðu um hlutverk samstarfsráðsins við umfjöllun um þær leiðir sem farnar verða í einstaka samstarfslöndum og innan þeirra málaflokka sem áætlunin leggur áherslu á. Ljóst er að þessi atriði verða til umfjöllunar í samstarfsáætlunum og í stefnuskjölum um jafnréttismál og umhverfismál sem áætlunin gerir ráð fyrir að mótuð verði á komandi misserum. Vilji er til að ráðið fjalli um samstarfsáætlanirnar og stefnuskjölin eftir því sem vinnu við þau vindur fram.

Að síðustu vil ég upplýsa að hinn 22. janúar sl. áttu fulltrúar í samstarfsráði óformlegan fund með Önnu Brandt, aðalfulltrúa Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í stjórn Alþjóðabankans og fyrrverandi sendiherra Svíþjóðar í Kenýa. Á fundinum fjallaði Anna um þau mál sem efst eru á baugi í alþjóðlegu þróunarstarfi. Því miður átti ég ekki kost á að sækja fundinn, en þátttakendur gerðu góðan róm að umfjöllun hennar og umræðum.

Með kveðju,

Valgerður Sverrisdóttir
formaður Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu

Afrit: Fulltrúar í Samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu

789. Tillaga til þingsályktunar [487. mál]

um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi.

Flm.: Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að setja fram markvissa, heildstæða og metnaðarfulla stefnu um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi og leggja drög að því að verkið verði unnið á næstu 10–20 árum eftir því hversu umfangsmikið það verður talið.

Greinargerð.

Kveikjan að þessari þingsályktunartillögu er grein eftir Styrmi Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóra, sem ber heitið „Risavaxið menningarverkefni sem hefja þarf vinnu við“ (Sunnudagsmogginn, 23. janúar 2011). Í greininni segir m.a.: „Snemma í janúar var frá því skýrt í Brussel að nefnd þriggja vísra manna hefði komizt að þeirri niðurstöðu að kostnaður við að koma bókasöfnum, öðrum söfnum og þjóðskjalasöfnum í stafrænt form og varðveita með þeim hætti evrópska menningararfleifð mundi nema um 100 milljörðum evra … Markmiðið með slíku verkefni væri annars vegar að auðvelda fólki aðgang að þeirri samansöfnun þekkingar sem þar væri að finna og hins vegar að koma í veg fyrir að þessi menningarverðmæti yrðu eyðilögð vegna hernaðarátaka eða náttúruhamfara. Í því sambandi var minnt á að innrás Bandaríkjanna í Írak leiddi til þess að ein milljón bóka, 10 milljónir skjala og 14 þúsund fornleifamunir eyðilögðust.“

Styrmir Gunnarsson fjallar og í grein sinni um mikilvægi þess að við Íslendingar varðveitum menningararfleifð okkar, mikilvægi þess að komandi kynslóðir geti kynnt sér og þekki sögu lands og þjóðar sem þjóðarvitund okkar byggist á að verulegu leyti.

Það er að sönnu ekki hægt að bera saman hugsanlega eyðileggingu eða glötun menningarverðmæta á Íslandi og í stríðshrjáðum löndum. Engu síður er umræðan um varðveislu menningararfleifðar okkar umhugsunarverð. Við hljótum að spyrja þeirra spurninga hvernig varðveita megi menningararfleifð okkar og gera hana aðgengilega komandi kynslóðum.

Markmið þessarar þingsályktunartillögu er annars vegar að koma í veg fyrir að menningarverðmæti glatist eða eyðileggist og hins vegar að auðvelda fólki aðgang að menningarverðmætum sem væri að finna á stafrænu formi.

Með mótun markvissrar, heildstæðrar og metnaðarfullrar stefnu þarf að tryggja að bókmenntaverk, tónverk, myndverk og önnur menningarverðmæti fyrri alda, áratuga og ára verði alltaf tiltæk almenningi á stafrænu formi.

Tækniframfarir eru hraðar og miklar og ný tæki, t.d. til lestrar, eru að ryðja sér til rúms. Má þess vænta að innan tíðar verði slík tæki orðin mjög almenn. Þess vegna þarf að hefja þetta verk og koma menningararfleifð okkar í það form sem nýjasta tækni gefur kost á.

Slíkt menningarverkefni er umfangsmikið og krefst verulegra fjármuna en með því að setja raunhæf markmið til nokkurra ára ætti verkefnið að geta orðið fjárhagslega framkvæmanlegt. Í ár verður haldið upp á 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar og í náinni framtíð eru önnur tvö stórafmæli þjóðarinnar, 100 ára afmæli fullveldis 1. desember 2018 og 1100 ára afmæli Alþingis 2030. Þjóðargjöfin gæti verið sú að hefjast handa við þetta verkefni í ár og ljúka því árið 2030.

790. Fyrirspurn [488. mál]

til fjármálaráðherra um endurgreiðslu á virðisaukaskatti.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hversu margar umsóknir bárust um 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu á byggingarstað við:
   a. nýbyggingu íbúðar- og frístundahúsnæðis í eigu einstaklinga,
   b. viðhald og endurbætur sams konar húsnæðis,
   c. nýbyggingu húsnæðis í eigu sveitarfélaga,
   d. viðhald og endurbætur húsnæðis í eigu sveitarfélaga,
   vegna áranna 2009 og 2010?
2. Hver er heildarfjárhæð endurgreiðslna samkvæmt framangreindri skiptingu og eftir gömlu skattumdæmunum eða annarri skiptingu sem gefur vísbendingu um dreifingu endurgreiðslna á milli landshluta?
3. Hver var fjöldi umsókna og heildarfjárhæð endurgreiðslna virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað á árunum 2007 og 2008?
4. Hversu mörg störf má ætla að átakið „Allir vinna“ hafi skapað á árunum 2009 og 2010?

Skriflegt svar óskast.

791. Fyrirspurn [489. mál]

til forsætisráðherra um aðstoðarmenn ráðherra ríkisstjórnarinnar, fjölmiðlafulltrúa og tímabundnar ráðningar í Stjórnarráðinu.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hversu margir eru aðstoðarmenn ráðherra ríkisstjórnarinnar?
2. Hversu margir eru fjölmiðlafulltrúar hvers ráðuneytis?
3. Hversu margir starfsmenn hvers ráðuneytis eru ráðnir tímabundið og hver eru verkefni þeirra? Var viðkomandi starf auglýst og hvenær var ráðið í viðkomandi stöður?

Skriflegt svar óskast.

792. Fyrirspurn [490. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um skipun nefndar um framtíðaruppbyggingu fjármálakerfisins.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hefur nefnd sú verið skipuð sem var ætlað það hlutverk að móta stefnu um framtíðaruppbyggingu fjármálakerfisins, m.a. með hliðsjón af ábendingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og tillögum þingmannanefndar Alþingis, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 75/2010, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki? Ef svo er ekki, hver er ástæða þess að nefndin hefur ekki enn verið skipuð?

Skriflegt svar óskast.

793. Framhaldsnefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði að nýju um málið eftir 2. umræðu þess í þinginu. Á fund nefndarinnar komu Elías Blöndal frá Bændasamtökunum, Þóra Hjaltested og Valgerður Rún Bjarnadóttir frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Arnór Snæbjörnsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og lögmennirnir Heimir Örn Herbertsson og Hörður Felix Harðarson.

Það kom einkum til umræðu í umfjöllun nefndarinnar um málið hvort heimild b-liðar 2. gr. frumvarpsins bryti í bága við 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Jafnframt var fjallað um skýrleika sömu greinar. Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar á 16. gr. laganna þar sem kveðið er á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að grípa til aðgerða. Verði frumvarpið að lögum verða þær heimildir auknar. Í b-lið 2. gr., sbr. breytingartillögu meiri hluta viðskiptanefndar, er lagt til að við lögin bætist heimild fyrir Samkeppniseftirlitið til að grípa til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem komi í veg fyrir, takmarki eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns. Í greininni felst m.a. heimild fyrir Samkeppniseftirlitið til að skipta fyrirtækjum upp án þess að sýnt hafi verið fram á að hlutaðeigandi fyrirtæki hafi brotið gegn bannreglum samkeppnislaga.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið geta samkeppnishömlur einatt átt rót sína að rekja til annarra atriða en samruna eða brota fyrirtækja á samkeppnislögum. Samkeppnishömlur geta því falist í því að fyrirtæki nýtur slíkrar yfirburðastöðu á markaði að tilvist þess takmarkar eða kemur algerlega í veg fyrir virka samkeppni.

Ljóst er að fyrirtæki og eignarhlutir í þeim njóta verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar en það haggar þó ekki heimildum löggjafans til að setja eignarréttindum almenn takmörk. Löggjafinn getur skert eignarréttindi upp að vissu marki án þess að stofnist til bótaskyldu. Með frumvarpinu eru lagðar til almennar reglur um starfsemi og starfsskilyrði

fyrirtækja. Hafa ber í huga að ef eiganda eða eigendum fyrirtækis, sem er í yfirburðastöðu á markaði, er t.d. gert að selja hluta þess þá fær hann eða þeir endurgjald fyrir þær eignir sem hafa verið látnar af hendi.

Samkvæmt eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar þarf að uppfylla tvö skilyrði svo að unnt sé að takmarka þau réttindi sem það tryggir. Annars vegar þarf að mæla fyrir um slíkar heimildir í almennum lögum og hins vegar þurfa almannahagsmunir að krefjast slíkrar takmörkunar. Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði almenn heimild til að skipta upp fyrirtækjum sem stöðu sinnar vegna koma í veg fyrir eða raska samkeppni. Í þessu lagaákvæði felast almennar takmarkanir á eignarrétti sem ná til eigenda allra fyrirtækja sem eftir atvikum komast í slíka stöðu.

Með hliðsjón af þeirri meginreglu, að ákvarðanir stjórnvalds skulu að meginstefnu eiga sér stoð í lögum og að ákvarðanir stjórnvalds mega hvorki ganga gegn lögum né stjórnvaldsfyrirmælum, eru gerðar ákveðnar kröfur til Samkeppniseftirlitsins sem er það stjórnvald sem getur beitt valdheimildinni, verði frumvarpið að lögum. Þannig verður Samkeppniseftirlitið í fyrsta lagi að sanna að skipulag eða uppbygging fyrirtækis komi í veg fyrir, takmarki eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Í öðru lagi verður eftirlitið að sanna að uppskipting fyrirtækis sé í réttu hlutfalli við þær samkeppnishömlur sem stafa af stöðu þess á markaði og að vægari aðgerðir en uppskipting geti ekki náð sama árangri (meðalhóf). Með hliðsjón af þessu síðarnefnda má benda á breytingartillögu meiri hluta viðskiptanefndar þess efnis að úrræði sem Samkeppniseftirlitið kann að beita skuli vera í réttu hlutfalli við það brot sem hefur verið framið eða þær aðstæður eða háttsemi sem um ræðir (þskj. 428). Í þessu sambandi minnir nefndin á að ákvæði stjórnsýslulaga gilda í málum af þessu tagi, svo sem rannsóknarregla 10. gr., ákvæði um upplýsinga- og andmælarétt og meðalhófsreglan. Meiri hlutinn leggur ríka áherslu á að við beitingu heimildarinnar sé gætt að meðalhófi.

Hvað varðar þá almannahagsmuni sem vísað er til í 72. gr. stjórnarskrárinnar er venjulega talið að löggjafinn eigi mat á því hvort skilyrði greinarinnar teljist uppfyllt. Löggjafinn hefur um langa hríð talið að í því felist mikilsverðir almannahagsmunir að hér á landi ríki virk samkeppni í viðskiptum og í því skyni þurfi að vera í gildi víðtækar samkeppnisreglur. Landfræðileg einangrun landsins, fámenni og tilhneiging til myndunar fákeppnismarkaða fela í sér sterk rök fyrir því að hér á landi gildi mjög öflug samkeppnislög.

Það liggur í augum uppi að það er mikill kostur að reglur séu byggðar upp á þann veg að innihald þeirra sé fastmótað enda getur framkvæmd matskenndra reglna verið ófyrirsjáanleg. Hins vegar ber á það að líta að ómögulegt er í nútímasamfélagi að sjá fyrir öll þau margbreytilegu tilvik sem geta komið upp og því kann að vera nauðsynlegt að hafa lagaákvæði matskennd.

Við umfjöllun nefndarinnar var einnig rætt um heimildir afurðastöðva í mjólkuriðnaði til að gera samninga sín á milli um verðfærslu tiltekinna afurða þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga, sbr. ákvæði búvörulaga, nr. 99/1993, sbr. lög nr. 85/2004, um breytingu á þeim. Samkvæmt sömu lögum er þeim einnig heimilt að sameinast eða eiga með sér samstarf um verkaskiptingu, án þess að það heyri undir samkeppnislög. Í nefndinni kom til umræðu hvort frumvarpið raskaði þessum heimildum á einhvern hátt. Með hliðsjón af viðteknum lögskýringarreglum telur meiri hlutinn að búvörulög víki áfram til hliðar vissum ákvæðum samkeppnislaga. Frumvarpið mun því engin áhrif hafa á greindar sérheimildir afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Eygló Harðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. febr. 2011.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Árni Þór Sigurðsson.	Valgerður Bjarnadóttir.	Margrét Tryggvadóttir.

794. Frumvarp til laga [491. mál]

um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Margrét Tryggvadóttir,
Gunnar Bragi Sveinsson, Birgitta Jónsdóttir.

1. gr.

4. og 5. tölul. 2. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

4. Ársfund, hvernig boða skuli til hans og hvaða mál skuli þar lögð fram.
5. Hlutverk stjórnar, fjölda stjórnarmanna og varamanna þeirra, kjörtímabil þessara aðila, svo og hvernig vali endurskoðanda skuli háttað.

2. gr.

2. tölul. 3. mgr. 29. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað 3. málsl. 1. mgr. koma fimm nýir málsliðir, svohljóðandi: Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir sjóðfélagar sem greitt hafa í sjóðinn fyrir síðustu áramót. Hver sjóðfélagi fer með eitt atkvæði. Einfaldur meiri hluti ræður úrslitum mála. Kosningar skulu vera leynilegar. Sjóðfélagi getur að hámarki farið með tvö atkvæði og skal þá liggja fyrir skriflegt umboð frá þeim sjóðfélaga sem framselur atkvæði sitt.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Að lágmarki sjö virkum dögum fyrir ársfund skal skýrsla stjórnar, ársreikningar, tryggingafræðilegar úttektir, fjárfestingarstefna og tillögur stjórnar vera aðgengilegar sjóðfélögum. Þessi gögn skulu jafnframt vera til staðar á ársfundi.
c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Á ársfundi skal ársreikningur vera aðgengilegur fyrir sjóðfélaga.
d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Stjórn lífeyrissjóðs skal kjörin á ársfundi af sjóðfélögum, að lágmarki ⅗ hlutum frá launþegum og að hámarki ⅖ hlutum frá sjálfstæðum atvinnurekendum, stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum fyrirtækja. Ef stjórnarmaður sem kjörinn er fyrir launþega gerist sjálfstæður atvinnurekandi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri fyrirtækis skal hann víkja og varamaður taka við. Formaður skal kosinn sérstakri kosningu af sjóðfélögum.

Á ársfundi skal jafnframt kjósa forstöðumann endurskoðunardeildar eða samþykkja val á sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila. Fráfarandi stjórn skal leggja fram tillögur um þá fyrir ársfund og sjóðfélögum er það einnig heimilt. Forstöðumaður endurskoðunardeildar skal vera löggiltur endurskoðandi eða hafa hlotið viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins. Sama gildir ef um sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila er að ræða.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stjórnarmenn og forstöðumaður endurskoðunardeildar eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. eða sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti vegna fjármálastarfsemi.
b. Orðin „nema að fengnu leyfi stjórnar“ í 1. málsl. 5. mgr. falla brott.

5. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjárfestingarstefna sjóðsins skal ætíð vera aðgengileg fyrir sjóðfélaga. Stjórn lífeyrissjóðs skal birta upplýsingar um fjárfestingar lífeyrissjóðs samkvæmt tegundarflokkun 36. gr. og 36. gr. a og sundurliða sérstaklega afleiðusamninga eftir tegund þeirra á þriggja mánaða fresti á skilmerkilegan og aðgengilegan hátt fyrir sjóðfélaga.

6. gr.

Í stað orðanna „einu ári“ í 1. málsl. 55. gr. laganna kemur: tveimur árum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 2012.

Greinargerð.

Frumvarpið þetta var áður flutt á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu (288. mál). Þá var málið sent til umsagnar og hefur nú verið tekið tillit til athugasemda í umsögnum að nokkru marki. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Alþýðusambandi Íslands, Bankasýslu ríkisins, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Hagsmunasamtökum heimilanna, Íslandsbanka, Jafnréttisstofu, Landssambandi eldri borgara, Landssamtökum lífeyrissjóða, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Tryggingastofnun ríkisins og Öryrkjabandalagi Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til formbreytingar á starfsemi lífeyrissjóða til að tryggja aukið lýðræði, gegnsæi, eftirlit og áhrif sjóðfélaga á starfsemi lífeyrissjóða.

Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára aldri til 70 ára. Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs er a.m.k. 12% af iðgjaldsstofni. Jafnframt greiðir fjöldi Íslendinga 2–4% til viðbótar í séreignarsjóði lífeyrissjóðanna

vegna lífeyrissparnaðar, auk þess sem finna má sérákvæði um lífeyrisréttindi í sérlögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningi. Sjóðirnir geyma því meginhluta sparnaðar landsmanna. Heildareignir lífeyrissjóðanna eru áætlaðar um 1.700–1.800 milljarðar kr.

Miklum fjármunum fylgir mikið vald og ábyrgð og má því fullyrða að lífeyrissjóðirnir séu meðal lykilstofnana íslensks samfélags. Traust og trúverðugleiki stofnana í samfélaginu hefur beðið mikinn hnekki á undanförnum missirum og því mikilvægt að endurvinna það og byggja upp á ný.

Flestir lífeyrissjóðir voru stofnaðir eftir að samtök launþega og atvinnurekenda sömdu um það í almennum kjarasamningum árið 1969 að greiða hluta af launum í lífeyrissjóð og að atvinnurekandi greiddi framlag á móti. Árið 1974 varð lögfest sú skylda að greitt skyldi af dagvinnulaunum launþega í lífeyrissjóð og af heildarlaunum frá árinu 1981. Þá voru sjálfstæðir atvinnurekendur einnig skyldaðir til að greiða í lífeyrissjóð.

Nú eru því 40 ár liðin frá því að Alþýðusamband Íslands gerði fyrst samning sem kvað á um að helmingur stjórnarmanna í lífeyrissjóðunum kæmi frá atvinnurekendum en helmingur frá verkalýðsfélögum. Samningurinn var endurnýjaður í desember 1995 og engar breytingar gerðar á þessari tilhögun.

Stjórnarmenn lífeyrissjóðanna á Íslandi eru í langflestum tilvikum tilnefndir annars vegar af atvinnurekendum og hins vegar af verkalýðsfélögum, í sumum tilvikum eftir kosningar á ársfundum verkalýðsfélaga. Er þetta fyrirkomulag mjög sambærilegt reglum um val á stjórnarmönnum hjá lífeyrissjóðum í nágrannalöndum okkar, sbr. niðurstöðu skýrslu sem Tryggvi Þór Herbertsson vann fyrir Landssamtök lífeyrissjóða árið 2004. Telja má á fingrum annarrar handar þá lífeyrissjóði þar sem sjóðfélagar kjósa stjórnarmenn beinni kosningu, en sem dæmi má nefna Lífeyrissjóð verkfræðinga og Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga. Einnig eru dæmi um blandað fyrirkomulag eins og Lífeyrissjóð lækna þar sem stjórn Læknafélags Íslands kýs tvo menn og ársfundur einn og Lífeyrissjóð bankamanna þar sem sjóðfélagar kjósa helming stjórnar og aðildarfyrirtæki helming eftir ákveðnum reglum. Þessir lífeyrissjóðir hafa almennt haft frekar fáa sjóðfélaga.

Eftir búsáhaldabyltinguna var krafa almennings skýr um aukið lýðræði og gagnsæi í íslensku samfélagi og stjórnkerfi.

Lýðræði er oft skipt niður í annars vegar stjórnskipunarlýðræði og ákvörðunarlýðræði. Lýðræði til að taka ákvarðanir er tæki til að aðstoða fólk við að taka ákvarðanir, jafnvel um mál sem það kann að vera ósammála um. Lýðræði sem stjórnskipan fjallar um hvernig valdi og ábyrgð er dreift í samfélagi, hvernig lykilstofnanir samfélagsins eru skipulagðar og hvernig fólk getur skipt út stjórnvöldum á friðsamlegan hátt. Borgarar þurfa að geta treyst því að vald sé ekki tengt ákveðnum forréttindum eða úthlutað útvöldum einstaklingum. Því skipta frjálsar og sanngjarnar kosningar miklu máli og að stórar ákvarðanir séu teknar með lýðræðislegum hætti. Auk frjálsra kosninga skiptir einnig opin og almenn umræða, aðgangur að upplýsingum og margvíslegt samráð máli til að tryggja trúverðugleika og traust.

Við hrun bankanna kom í ljós að ýmislegt var að athuga við grunnforsendur lýðræðisins, samfélagsinnviðina og sáttina á milli ólíkra þjóðfélagshópa hér á landi. Viðbrögð almennings voru kröftug krafa um lýðræði. Við þessari auknu lýðræðiskröfu hefur verið brugðist með frumvörpum um stjórnlagaþing, þjóðaratkvæðagreiðslur, persónukjör o.fl. Minna hefur verið gert í að tryggja aukið lýðræði í atvinnulífinu.

Eftirfarandi orð lét Vilmundur Gylfason falla í ræðu á Alþingi fyrir tæpum 30 árum: „Ég hygg að það sé mjög víða í stórum félagahreyfingum, að upphaflega sé þar gert ráð fyrir mjög verulegu lýðræði og á fyrstu árum slíkrar hreyfingar sé slíkt lýðræði virkt. Hins vegar

gerist það … [að þegar] … stórar félagslegar hreyfingar stækka og verða voldugri er auðvitað óhægara að koma slíku lýðræði við. Þróunin hefur mjög víða orðið sú, og þar má taka dæmi bæði hér af samvinnuhreyfingu og að minni hyggju verkalýðshreyfingu einnig, að í vaxandi mæli er farið út í það sem stundum er nefnt þrepalýðræði, það eru kosnir fulltrúar sem aftur kjósa fulltrúa sem aftur kjósa fulltrúa sem svo kjósa æðstu stjórn. Þetta fyrirkomulag, þó svo að á pappírnum sé það lýðræðislegt, leiðir í reynd til stöðnunar og lítilla breytinga.“

Þetta er staðan í stjórnum lífeyrissjóða í dag.

Flutningsmenn telja að þessu verði að breyta til að tryggja beint lýðræði þar sem hinn almenni sjóðfélagi hefur aukin áhrif á það sem þar er gert og axlar um leið aukna sjálfsábyrgð á eigin lífeyri.

Verkalýðshreyfingin og samtök launþega hafa í æ ríkara mæli tekið orðræðu samvinnuhreyfingarinnar upp á sína arma, líkt og kemur fram í yfirlýsingu um eflingu samvinnufélaga sem samþykkt var af allsherjarþingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 2002. Meginreglur samvinnuhreyfingarinnar eru eitt atkvæði – einn maður til að tryggja lýðræðislega stjórnun félagsmanna, frjálsa og opna aðild, að þau séu sjálfstæð og óháð og að félagsmenn beri sjálfir ábyrgð á sinni eigin efnahagslegri velferð með virkri þátttöku í stjórnun og rekstri viðkomandi félaga.

Hins vegar er ekki nóg að fagna lýðræði og gagnsæi á tyllidögum, heldur sýnir bitur reynslan af hruni íslensks efnahagslífs mikilvægi þess að sífellt sé unnið að því að tryggja lýðræði, gagnsæi og beina aðild almennings að stjórnun félaga, fyrirtækja og landsins alls.

Flutningsmenn telja að til að stórauka lýðræði innan lífeyrissjóðanna verði að gera grundvallarbreytingar á því hvernig kjósa eigi í stjórnir þeirra. Þannig verði sjóðfélagar að fá að kjósa fulltrúa í stjórnir lífeyrissjóða beinni kosningu á ársfundi og enn fremur verði helmingaskiptareglunni um að fulltrúar séu tilnefndir af samtökum launþega og samtökum atvinnurekenda vikið til hliðar. Flutningsmenn telja að til þess að tryggja lýðræði og gagnsæi í stjórn lífeyrissjóðanna verði almennir sjóðfélagar að fá tækifæri til að bjóða sig fram til stjórnarsetu að því gefnu að þeir uppfylli hæfisskilyrði til þess.

Frumvarp þetta miðar að því að auka lýðræði, auka sjálfstæði eftirlitsaðila gagnvart stjórn sem og auka gegnsæi og upplýsingaflæði til sjóðfélaga og samfélagsins um fjárfestingar lífeyrissjóða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með breytingum sem lagðar eru til á 27. gr. laganna er kveðið á um að fellt verði brott að kveðið sé á um það í samþykktum lífeyrissjóðanna hverjir eigi atkvæðisrétt á ársfundi, hvernig atkvæðisréttur sé ákveðinn og hvernig skuli staðið að vali á stjórnarmönnum og varamönnum. Nánar er fjallað um þetta atriði í athugasemdum við 3. gr.

Um 2. gr.

Í þeirri breytingu sem er lögð til á 29. gr. laganna felst að ekki verði lengur á forræði stjórnar lífeyrissjóðs að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila. Lagt er til í d-lið 3. gr. að ársfundur kjósi forstöðumann endurskoðunardeildar eða samþykki val tiltekins sjálfstæðs starfandi eftirlitsaðila.

Um 3. gr.

Umfangsmestu breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru á 30. gr. laganna. Í a-lið er lagt til að sjóðfélagar muni ekki eingöngu eiga rétt til fundarsetu á ársfundi með umræðu- og tillögurétt heldur fái þeir einnig atkvæðisrétt. Allir sjóðfélagar sem greitt hafa í viðkomandi lífeyrissjóð, fyrir síðustu áramót fyrir ársfundinn, hafa atkvæðisrétt. Með þessu er ekki átt við að félagi í sjóðnum þurfi að hafa greitt í sjóðinn næstliðið ár fyrir ársfund heldur einhvern tíma áður. Með þessu er m.a. tryggt að eldri borgarar og öryrkjar hafi atkvæðisrétt á ársfundi sjóðsins. Skal hver félagi í sjóði fara með eitt atkvæði. Kosning skal vera leynileg og er lagt til að einfaldur meiri hluti ráði úrslitum mála. Félögum sjóðs er heimilt að framselja atkvæði sitt, en þó aðeins þannig að hver og einn getur að hámarki farið með tvö atkvæði. Skal þá liggja fyrir skriflegt umboð til handa þeim sem fer með atkvæðið og mætir á ársfund til að nýta það. Flutningsmenn telja eðlilegast að framkvæmd kosninganna verði með rafrænum hætti þar sem unnt er að koma því við.

Í b-lið er lagt til að ákveðin gögn og upplýsingar fyrir ársfundi skuli liggja fyrir að lágmarki sjö virkum dögum fyrir fund með aðgengilegum hætti, t.d. í pósti, með tölvupósti eða á vefsíðu lífeyrissjóðsins. Telja flutningsmenn að með því verði tryggt að sjóðfélagar hvar sem þeir búa á landinu geti nálgast nauðsynlegar upplýsingar og undirbúið sig fyrir þátttöku á ársfundi.

Með breytingunni í c-lið er lagt til að sjóðfélagar eigi rétt á aðgangi að ársreikningi á ársfundi, ekki bara styttri útgáfu hans.

Í d-lið er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 30. gr. þar sem tilgreint verði hvernig skuli staðið að kjöri stjórnar lífeyrissjóðs. Samkvæmt gildandi lögum skal kveða á um slíkt í samþykktum viðkomandi sjóða en flutningsmenn telja nauðsynlegt að hafa almenna reglu um kjörið og leggja til að það verði gert með lögum. Þannig verði kveðið á um að launþegar skuli ætíð vera með meiri hluta í stjórn lífeyrissjóða, líkt og þeir eru í reynd í hópi sjóðfélaga, og er það tryggt með ákveðnu lágmarkshlutfalli fjölda stjórnarmanna sem koma frá sjóðfélögum sem eru launþegar og ákveðnu hámarkshlutfalli fjölda stjórnarmanna sem geta talist atvinnurekendur. Flutningsmenn telja að þessi útfærsla sé til þess fallin að tryggja lýðræði og gagnsæi í stjórnum sjóðanna. Framkvæmd þessa þarf ekki að vera flókin þar sem unnt er að leita eftir leyfi til Persónuverndar til að samkeyra fyrirtækjaskrá við félagaskrá viðkomandi sjóðs svo að unnt sé að sannreyna hvort sjóðfélagi er atvinnurekandi.

Í greininni er einnig lagt til að formaður skuli jafnframt kosinn sérstakri kosningu af sjóðfélögum.

Önnur nýbreytni sem lögð er til er að forstöðumaður endurskoðunardeildar eða sjálfstætt starfandi er kosinn sérstakri kosningu á ársfundi. Flutningsmenn telja þetta sérstaklega til þess fallið að tryggja sjálfstæði forstöðumanns endurskoðunardeildar og að hann gæti ætíð hagsmuna sjóðfélaga gagnvart bæði stjórn og starfsmönnum sjóðsins. Í greininni er einnig lagt til að fráfarandi stjórn leggi fram tillögur um þessa aðila, en einnig skal vera hægt að koma með tillögu um forstöðumann endurskoðunardeildar frá sjóðfélögum á ársfundi.

Um 4. gr.

Með breytingunum sem lagðar eru til á 31. gr. laganna eru hæfiskröfur stjórnarmanna, framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs, forstöðumanns endurskoðunardeildar eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila skýrðar enn frekar og eru breytingarnar í samræmi við nýsamþykkt lög um Bankasýslu ríkisins þar sem kveðið er á um hæfi stjórnarmanna.

Í c-lið er lagt til að tekinn verði af allur vafi af um það að framkvæmdastjóri eigi ekki að sinna sjálfstæðum atvinnurekstri samhliða störfum sínum sem æðsti stjórnandi lífeyrissjóðs. Þetta er breyting þar sem framkvæmdastjóra er þetta heimilt að fengnu leyfi stjórnar samkvæmt gildandi lögum.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til að við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein sem felur í sér að lögð verði áhersla á upplýsingagjöf til sjóðfélaga um fjárfestingar lífeyrissjóðsins á þriggja mánaða fresti. Eðlilegast væri að upplýsingarnar birtust á vefsíðu viðkomandi sjóðs og væru þannig aðgengilegar fyrir þá sem hefðu áhuga.

Um 6. gr.

Lögð er til sú breyting á 55. gr. laganna að refsing við brotum á lögunum verði þyngd úr einu ári í allt að tvö ár nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Á hverju ári greiða sjóðfélagar á milli 100–200 milljarða kr. inn í lífeyrissjóði og er langstærsti hluti iðgjaldanna skyldubundinn samkvæmt lögum. Heildarfjármunir lífeyrissjóðanna eru því rúmlega landsframleiðsla og því um gífurlega fjármuni að ræða. Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja að vel sé farið með þessa fjármuni og að lífeyrir sjóðfélaga sé nægilega vel tryggður.

Flutningsmenn telja mikilvægt að viðurlög við brotum á þeim séu í samræmi við þá hagsmuni sem í húfi eru og enn fremur í samræmi við brot á öðrum lögum er varða fjármálamarkaðinn.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

795. Lög [246. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. febrúar 2011.)

Samhljóða þskj. 697 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Á eftir 43. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er hljóða svo:

a. (44. gr.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. og 43. gr. skal tala héraðsdómara frá 1. mars 2011 vera 48, en ekki skal skipa í embætti héraðsdómara, sem losna eftir 1. janúar 2013, fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr.

b. (45. gr.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. skal tala hæstaréttardómara frá 1. mars 2011 vera 12, en ekki skal skipa í embætti hæstaréttardómara, sem losna eftir 1. janúar 2013, fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr.

796. Lög [431. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum (mannvirki).

(Afgreidd frá Alþingi 3. febrúar 2011.)

Samhljóða þskj. 706 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:
Skilgreining hugtaksins *mannvirki* í 3. gr. laganna verður svohljóðandi: Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, samgöngumannvirki, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.

797. Frumvarp til laga [388. mál]

um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

(Eftir 2. umr., 3. febr.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að staðfesta með undirritun samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á:

a. endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og
b. greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

2. gr.

Fjármálaráðherra skal semja við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta um framkvæmd samninganna skv. 1. gr., m.a. að því er varðar upplýsingagjöf til Alþingis, fjárhagsleg atriði er tengjast fullnustu samninganna, eftirlit með slitameðferð og fjárhagslega umsýslu í tengslum við úthlutanir úr búi Landsbanka Íslands hf.

3. gr.

Lög nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, að undanskilinni 5. gr. þeirra laga, gilda ekki varðandi þá ábyrgð sem lög þessi taka til.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Iðgjöldum sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta innheimtir af fjármálafyrirtækjum í samræmi við lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, eftir gildistöku laga þessara verður ekki varið til greiðslu kostnaðar af þeim skuldbindingum sem kveðið er á um í 1. gr.

Í samræmi við samning skv. 2. gr. skal Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta verja öðrum fjármunum sínum til greiðslu skuldbindinga skv. 1. gr.

II.

Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að inna af hendi greiðslur úr ríkissjóði til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á árinu 2011, allt að 26,1 milljarði kr., vegna vaxtagjalda af skuldbindingum sem kveðið er á um í samningunum fyrir árin 2009 til 2011 og vegna endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á kostnaði við greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og verði samsvarandi heimild í fjáraukalögum fyrir árið 2011.

798. Tillaga til þingsályktunar [492. mál]

um styttingu þjóðvegarins milli höfuðborgarsvæðisins og Norðausturlands með lagningu nýs vegar á svonefndri Svínavatnsleið.

Flm.: Sigmundur Ernir Rúnarsson, Tryggvi Þór Herbertsson,
Róbert Marshall, Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Jón Gunnarsson, Árni Johnsen, Þór Saari.

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að hlutast hið fyrsta til um að hafinn verði undirbúningur að gerð nýs vegar á svonefndri Svínavatnsleið (Húnavallaleið). Fjármögnun framkvæmda fari fram með töku veggjalda.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að hafinn verði undirbúningur að gerð vegar sem styttir aðalleið milli landshluta hvað mest allra raunhæfra möguleika til veglagningar hér á landi. Jafnframt verður að telja að veglagningin yrði ein arðsamasta samgönguframkvæmd

sem mögulegt er að ráðast í. Er ekki vitað til þess að stytting nokkurs vegar á landinu sé eins hagkvæm þjóðhagslega.

Lengi hefur verið horft til þessarar vegstyttingar sem hefur bæði verið nefnd Húnavallaleið og Svínavatnsleið. Áætla má að leiðin muni liggja af núverandi þjóðvegi 1 í landi Brekkukots, norðan Svínavatns og tengjast hringveginum aftur við Fagranes í Langadal. Leiðin er tæplega 17 km löng og styttir hringveginn um allt að 14 km. Áætla verður að leiðin verði að liggja yfir nokkurt votlendi í landi Orrastaða og yfir a.m.k. þrjár ár á leiðinni, Stóru-Giljá, Fremri-Laxá og Blöndu. Blöndu þarf að brúa með nokkuð stórri brú, um 156 metra langri yfir fimm brúarhöf. Brúa þarf Fremri-Laxá með 20–30 metra langri brú sem yrði að svipaðri lengd og sú sem er þar fyrir. Í stað brúar yfir Stóru-Giljá má hugsanlega setja vegræsi, sömu stærðar og nú ber ána undir hringveginn. Áætla má að þessi nýja þjóðleið mundi að einhverju leyti leysa af hólmi þá totu hringvegarins sem liggur í gegnum Blönduósbæ og er, eins og sjá má á landakortum, augljós hlykkur á þjóðleiðinni um Norðurland.

Sveitarstjórnarmenn í Austur-Húnavatnssýslu hafa ávallt lagst gegn lagningu vegar á Svínavatnsleið. Nú nýverið höfnuðu sveitarstjórnir Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps því að gera ráð fyrir vegi á þessum stað í aðalskipulagi sveitarfélaganna sem gilda á allt til ársins 2030. Hefur Skipulagsstofnun í tveimur bréfum til umhverfisráðherra, dags. 3. janúar 2011, varðandi annars vegar aðalskipulag Blönduósbæjar og hins vegar Húnavatnshrepps, lagt til að það verði staðfest án þess að gert verði ráð fyrir veginum, þó með þeim fyrirvara: „[...] að ekki verði heimilaðar framkvæmdir sem geti hindrað þau áform […] og að Blönduósbær og Vegagerðin hefji samráðsferli þar sem leitað verður leiða til að finna framtíðarlausn á legu Hringvegar í Austur-Húnavatnsssýslu áður en kemur að næstu endurskoðun aðalskipulags […].“

Í þeim bréfasamskiptum, sem frá greinir hér að framan, ber orðið „framtíðarlausn“ á góma. Öllum sem kynnt hafa sér málið má ljóst vera í hverju slík lausn felst. Framtíðin kallar á nýjan veg á þessum slóðum. Þó er hætt við, vegna innansveitarbaráttu, að sæst verði á einhverja málamiðlun sem gagnast fæstum landsmönnum öðrum en heimafólki í Austur-Húnavatnssýslu. Ef íbúar Blönduóss sitja við sinn keip gæti það leitt til þeirrar niðurstöðu að lögð yrði styttri leið meðfram Svínavatni og gerð ný brú skammt utan við núverandi brú á móts við Ártún. Það yrði mun dýrari framkvæmd en Svínavatnsleið og hefði ekki í för með sér það hagræði í innanhéraðssamgöngum sem hér er vikið að, auk þess sem þá mundu íbúar Blönduóss missa möguleika á að hafa þjónustu við veginn þar sem hann lægi ekki innan sveitarfélagsins.

Eðlilega óttast ýmsir íbúar á Blönduósi að missa spón úr aski sínum dragi að ráði úr umferð þar. Á móti kemur að á þriggja kílómetra kafla nýju norðurleiðarinnar, sem þessi þingsályktunartillaga fjallar um, milli Fagraness og marka Móbergs og Strjúgsstaða, sem verður áfram í landi Blönduósbæjar í Langadal, mætti koma upp þjónustu fyrir vegfarendur sem bætti slíkan missi upp. Má sem hliðstæðu benda á ráðstafanir sem á sínum tíma voru gerðar vegna færslu Suðurlandsvegar við Hellu yfir á nýja brú. Í því tilviki voru heimamenn styrktir til þess að koma á fót þjónustu við vegfarendur við nýju brúna. Þá er og vert að geta þess að ný brú yfir Blöndu í miðjum Langadal, nokkurn veginn miðja vegu milli brúnna yfir Blönduós og við Löngumýri verður augljós samgöngubót innan héraðs sem ætla má að styrki innri gerð samfélagsins á svæðinu.

Ekki verður fram hjá því litið að stytting hringvegarins á þessum slóðum um allt að 14 kílómetra hefði umtalsverða þýðingu fyrir atvinnu og samfélag á Norðausturlandi og fyrir þá nokkur hundruð einstaklinga sem dag hvern fara þarna um á leið sinni milli landshluta.

Leiðin gagnast jafnvel Siglfirðingum þar sem leiðin til Siglufjarðar er lengri sé farið um Þverárfjall heldur en um þennan nýja hringvegarkafla. Í þessu efni er einnig rétt að nefna að þjóðleiðin milli Reykjavíkur og Akureyrar er mest notaða vöruflutningaleið landsins. Stytting hennar úr 389 km niður í allt að 375 km, eða sem svarar 3,5% af leiðinni, getur hæglega sparað um hálfa milljón króna á ári fyrir þá flutningabíla sem oftast aka þessa leið.

Lækkun flutningskostnaðar er lífsspursmál fyrir fjöldamörg framleiðslufyrirtæki á landsbyggðinni auk þess sem slíkt er líklegt til að hafa veruleg áhrif á lífskjör almennings. Stytting þjóðleiða hefur þegar skilað umtalsverðu hagræði í þessa veru. Má þar helst benda á liðlega 40 km styttingu vegarins milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, um svonefnda Þröskulda, sem hefur lækkað flutningskostnað á þeirri leið um allt að 10% og þar með leitt til lækkunar vöruverðs. Hagsmunir flutningsaðila – og þar með framleiðenda og neytenda – eru þó hvað ríkastir á helstu þjóðleið landsins, milli Reykjavíkur og Akureyrar, en áætla má að um 500 tonn af vörum fari þar á milli á hverjum virkum degi, sem í heildina gerir ríflega 100 þús. tonn á ári. Slíkt magn er langtum meira en þekkist á öðrum helstu flutningsleiðum landsins. Hvergi á landinu, utan höfuðborgarsvæðisins, eru jafn mörg og stór framleiðslufyrirtæki og í Eyjafirði. Kostnaður þeirra við flutning framleiðsluvarnings á aðalmarkaðinn á suðvesturhorni landsins er þeim mjög íþyngjandi og léttist ekki á næstu missirum nema með styttingu vegleiða eða breyttri gjaldheimtu. Ekki er óalgengt að meðalstór framleiðslufyrirtæki á svæðinu verji um 200 millj. kr. á ári í beinan flutningskostnað, sem í reynd er herkostnaðurinn fyrir að framleiða vöru fjarri aðalmarkaðnum. Þessi kostnaður skekkir verulega samkeppnisstöðu framleiðslufyrirtækja sem eru úti á landi og ógnar rekstrargrundvelli þeirra.

Lagning Svínavatnsleiðar mun, auk styttri akstursleiðar og þar með minni aksturs, skemmri aksturstíma og minni losunar mengandi efna, án efa leiða til aukins umferðaröryggis, minni kostnaðar fyrir ökumenn, og minni flutningskostnaðar svo og fjölbreyttara leiðavals ökumanna. Leiðin er, af mörgum ástæðum, augljósasti styttingarmöguleikinn á þjóðleiðinni milli tveggja helstu þéttbýlisstaða landsins, og t.d. auðveldari og hagkvæmari en þverun Skagafjarðar. Sú leið styttir hringveginn um rúma 6 kílómetra og liggur um mun erfiðara svæði til vegagerðar en Svínavatnsleiðin, enda yfir jökulvötn og mikið mýrlendi að fara. Öðru máli gegnir um ásana vestan Langadals og nýtt brúarstæði yfir Blöndu á nýrri Svínavatnsleið. Á Mjósyndi við Fagranes er besta vaðið á Blöndu frá fornu fari og þar var ferjustaður um aldir. Holtastaðir hafa átt stóra landspildu handan árinnar. Ekki er vitað til þess að áin hafi nokkru sinni flætt þar upp á bakka, en eftir tilkomu Blönduvirkjunar er það enn ólíklegra en áður var.

Stytting hringvegarins vegna Svínavatnsleiðar minnkar umferð um einn varhugaverðasta hluta þjóðvegarins. Yst í Langadal er illræmdur vegarkafli sem með tilkomu leiðarinnar verður ekki lengur til trafala á hringveginum í slæmum vetrarveðrum. Á þessu svæði milli Björnólfsstaða og Fremstagils gerir á stundum skaðræðisveður og ófærð þegar veður er mun skaplegra annars staðar og vegurinn þar hefur oft lokast vegna ófærðar, auk þess sem þar hafa orðið slys og óhöpp. Stafar þetta af því að í norðan- og norðaustanstórhríðum stendur byljóttur vindstrengur niður Langadalsfjall og þessi vegkafli verður því líkur köflunum undir Hafnarfjalli eða Esju á Kjalarnesi hvað veðurlag varðar en að auki er oft mikil snjókoma og skafrenningur sem gerir illt verra. Með Svínavatnsleið losna menn við þennan slæma kafla.

Þótt ríkissjóður hafi ekki yfir fjármunum að ráða til að kosta gerð þessa vegar má telja líklegt að fjármagna mætti gerð hans að mestu eða öllu leyti með lánsfé sem endurgreitt yrði með gjaldtöku af þeim sem nýta sér veginn. Kostnaður við veglagninguna er áætlaður röskir

2 milljarðar kr. – og miðað við hóflegt veggjald, þó aldrei lægra en 600 kr. á hverja bifreið, án afsláttar, má búast við að framkvæmdin geti borgað sig upp á 20 árum.

Gerð þessarar nýju þjóðleiðar yrði kærkomið verkefni fyrir verktaka nú þegar lítið er um nýframkvæmdir og má í ljósi tíðarinnar búast við afar hagstæðum tilboðum. Þess má geta að um tiltölulega mannaflsfreka framkvæmd væri að ræða.

Ljóst má telja að fyrr eða síðar komi að því að leiðin milli Norðausturlands og höfuðborgarsvæðisins verði stytt og sjaldan hefur verið eins brýnt að ráðast í arðsamar og mannaflsfrekar framkvæmdir. Með mögulegum veggjöldum á hinni nýju leið mætti einnig gera ráð fyrir að ýmsir kysu að fara áfram um Blönduós í stað hinnar nýju leiðar, einkum þeir sem ekki væru á hraðferð og mundu hvort eð er líklega æja á Blönduósi. Vegfarendur hefðu því val um hvort þeir nýttu sér hinn nýja veg gegn gjaldi eða færu um Blönduós.

Með þessari þingsályktunartillögu er við það miðað að í þeirri langtímaáætlun í samgöngumálum sem leggja á fyrir Alþingi nú á vorþingi verði gert ráð fyrir gerð vegar þessa og að hann verði fjármagnaður eins og hér er lýst. Þá verði leitað samstarfs við heimamenn um sem hagfelldasta framkvæmd og hugsanlegar mótvægisaðgerðir fyrir samfélagið á Blönduósi.

Landsbyggðarfólk segir réttilega að það sé ekki einkamál Reykvíkinga hvar flugvöllur fyrir innanlandsflug sé. Sömu rök gilda um Svínavatnsleið að breyttu breytanda, það er ekki einkamál íbúa landsbyggðarinnar hvort hringvegurinn skuli hafður 14 kílómetrum lengri en hann þarf að vera.

799. Tillaga til þingsályktunar [493. mál]

um eflingu skapandi greina.

Frá menntamálanefnd.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að koma á formlegum samstarfsvettvangi með aðild fulltrúa allra stjórnmálaflokka, iðnaðarráðuneytis og fulltrúa skapandi greina sem hafi það hlutverk að ræða starfsumhverfi skapandi greina á Íslandi og móta tillögur um hvernig megi styrkja stöðu þeirra í íslensku atvinnulífi. Lagt verði mat á hvernig opinber stuðningur nýtist skapandi greinum, forsendur úthlutunar og eftirlit með ráðstöfun fjárveitinga.

Sérstaklega verði leitað leiða til að bæta rekstrarskilyrði skapandi greina á Íslandi, fjölga menntaúrræðum og störfum auk þess að ýta undir nýsköpun innan skapandi greina.

Niðurstöðum verði skilað til Alþingis fyrir 1. október 2011.

Greinargerð.

Bráðabirgðaniðurstöður nýrrar rannsóknar á hagrænum áhrifum skapandi greina á Íslandi gefa ótvírætt til kynna að þær séu burðug og vaxandi stoð í íslensku atvinnulífi. Samráðsvettvangur skapandi greina átti frumkvæði að rannsókninni sem er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Rannsóknina unnu Colin Mercer, sérfræðingur, Tómas Young, rannsakandi, og dr. Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar skapandi greina. Rannsóknin hefur leitt í ljós að heildarvelta

skapandi greina nam 191 milljarði kr. árið 2009, þar af var virðisaukaskattsskyld velta 165 milljarðar kr. og ársverk alls um 9.400 á því ári. Það svarar til tæplega 6% af heildarfjölda á vinnumarkaði. (Velta skapandi greina er umtalsvert meiri en samanlögð velta í landbúnaði og fiskveiðum, nokkru hærri en í byggingariðnaði og litlu minni en í málmframleiðslu.)

Í framhaldi af þessum niðurstöðum hefur iðnaðarráðuneytið ákveðið að leggja 4 millj. kr. í framhaldsrannsókn sem beinist fyrst og fremst að því hvernig stoðkerfi atvinnulífsins geti komið til móts við þarfir skapandi greina með sem árangursríkustum hætti. Þá verður áhersla lögð á skapandi greinar og hugverkageirann við úthlutanir atvinnuþróunarstyrkja.

Auk þess skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp með það verkefni að meta hvernig hægt væri að bæta starfsumhverfi skapandi greina og nýta þau tækifæri sem til eru, efla rannsóknir, menntun og stefnumótun og styðja við útflutningsstarfsemi. Er hópurinn skipaður fulltrúum samráðsvettvangs skapandi greina, efnahags- og viðskiptaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, Íslandsstofu, mennta- og menningarmálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis og hóf hann störf í janúar sl. Er hópnum ætlað að skila mennta- og menningarmálaráðherra tillögum um aðgerðir og úrbætur eftir því sem starfi hans vindur fram en lokaskýrsla með aðgerðaáætlun skal liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl 2011.

Frekari efling skapandi greina er samráðsverkefni sem spannar nokkrar atvinnugreinar og verksvið ráðuneyta og eitt af verkefnum samstarfsvettvangsins yrði að tryggja samráð og samstarf við eftirfylgni og framkvæmd stefnumörkunar.

Hvað eru skapandi greinar?

Í rannsókninni um hagræn áhrif skapandi greina á Íslandi eru skapandi greinar skilgreindar með eftirfarandi hætti: sjónlistir (þ.m.t. arkitektúr, hönnun, myndlist, listhandverk og handverk), sviðslistir (tónleikar, leikhús, dans o.fl.), bækur og útgáfa (bókmenntir, fjölmiðlun, útgáfa, bókasafn, gagnavarsla o.s.frv.), hljóð- og myndmiðlun (sjónvarp, útvarp, kvikmyndir, tónlistarupptökur, auglýsingar og nýmiðlar, þ.m.t. netið, tölvuleikir, samskiptaforrit o.s.frv.), menningararfur (t.d. söfn, byggingar, gagnavörslur, hefðir, venjur, sögur og siðir) og hluti ferðaþjónustu.

Frumkvæði skapandi greina.

Rannsóknin er unnin að frumkvæði samráðsvettvangs skapandi greina og fjármögnuð af fimm ráðuneytum og Íslandsstofu. Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) hefur haldið utan um framkvæmd rannsóknarinnar fyrir hönd samráðsvettvangs skapandi greina sem auk ÚTÓN samanstendur af Hönnunarmiðstöð Íslands, Kvikmyndamiðstöð Íslands, Leiklistarsambandi Íslands, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Icelandic Gaming Industry, Íslenskri tónverkamiðstöð og Bókmenntasjóði. Mennta- og menningarmálaráðuneytið er í forsvari fyrir ráðuneytin en auk þess taka þátt í verkefninu efnahags- og viðskiptaráðuneytið, fjármálaráðuneytið, iðnaðarráðuneytið og utanríkisráðuneytið.

Víðtækt samráð um stefnumótun.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipaður verði starfshópur með fulltrúum fimm ráðuneyta, Íslandsstofu og fulltrúa samráðsvettvangs skapandi greina til að móta tillögur um hvernig megi bæta starfsumhverfi skapandi greina. Með þessari tillögu til þingsályktunar er lagt til að stofnaður verði formlegur samráðsvettvangur með aðild fulltrúa allra stjórnmálaflokka og breiðri þátttöku fulltrúa skapandi greina þar sem rædd verði stefnumótun og tillögur um aðgerðir til að styrkja stöðu skapandi greina á Íslandi. Lagt er til að hinn nýi samráðsvettvangur

fái tillögur starfshóps ríkisstjórnarinnar til frekari umræðu og útfærslu. Verkefnið verði m.a. að greina stöðu skapandi greina á Íslandi, meta þörf fyrir breyttar áherslur í opinberum stuðningi við þennan geira atvinnulífsins, leggja mat á forsendur, ráðstöfun og eftirlit með opinberum fjárveitingum til málaflokksins auk þess að leggja fram og útfæra tillögur er stuðlað geti að fjölgun starfa, frekari menntaúrræðum og aukinni nýsköpun innan skapandi greina á Íslandi.

800. Svar [345. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um sérhæfingu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni.

1. *Hefur verið lagt mat á kosti þess að sérhæfa heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni í ákveðnum greinum/aðgerðum?*

Ekki hefur verið lagt mat á kosti þess að sérhæfa heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni í ákveðnum greinum en þó hefur starfsemi heilbrigðisstofnana beinst í ákveðinn farveg og víðtækari þjónusta veitt en tilgreint er í lögum, m.a. vegna sérhæfðs starfsfólks sem þar starfar. Þar má nefna meðferð við bak- og hálsmeiðslum á sjúkrasviði Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, offitumeðferðir á Heilbrigðisstofnun Austurlands og reyksíma á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.

2. *Ef svo er, hver var niðurstaðan og rökstuðningur fyrir henni?*

Ekki hefur verið lagt mat á kosti þess að sérhæfa heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni.

3. *Ef ekki, hver er ástæða þess að slíkt mat hefur ekki verið gert?*

Hlutverk heilbrigðisstofnana er skilgreint í lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, og er þar kveðið á um þá þjónustu sem þar á að veita. Þar kemur m.a. fram að í hverju heilbrigðisumdæmi skuli starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem veita almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Almenn heilbrigðisþjónusta telst vera heilsugæsla, þjónusta og hjúkrun á hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum stofnana og almenn sjúkrahúsþjónusta. Almenn sjúkrahúsþjónusta er skilgreind sem almennar lyflækningar, hjúkrun, slysamóttaka, endurhæfing og nauðsynleg stoðdeildarþjónusta. Umdæmissjúkrahús eiga auk almennrar sjúkrahúsþjónustu að veita fæðingarhjálp og aðra heilbrigðisþjónustu. Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri er ætlað að veita sérhæfða sjúkrahúsþjónustu fyrir alla landsmenn, en samband gæða og fjölda aðgerða er margsannað. Því hefur sérhæfing færst á færri staði en áður, líkt og hjá nágrannaþjóðum okkar.

801. Svar [347. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um mat á kostnaði við rekstur sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana.

1. *Er kostnaður við rekstur sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana m.a. metinn með því að bera saman sams konar þjónustu á Landspítala og öðrum stofnunum? Ef svo er, hvernig er þessi samanburður metinn og reiknaður?*

Aðferðir við mat á kostnaði og starfsemisgreiningu sjúkrastofnana eru í stöðugri þróun og áhersla er lögð á samræmdar upplýsingar og bókun kostnaðar á stofnunum til að einfalda samanburð og gera hann mögulegan.

Á Landspítala hefur kostnaður um nokkurt skeið verið greindur með fjölþjóðlegu flokkunarkerfi, DRG (Diagnosis Related Groups). Kerfið er sjúkdómsmiðað flokkunarkerfi sem á uppruna sinn að rekja til Bandaríkjanna frá því snemma á áttunda áratugnum. Það byggist á sjúkdómsgreiningum og hefur verið notað víða um heim, m.a. á Norðurlöndunum, til að flokka og kostnaðargreina alla þjónustu við sjúklinga. Það auðveldar samanburð við önnur sjúkrahús sem kostnaðargreina þjónustu sína með sama hætti, einkum erlendis. Kerfið hefur ekki verið innleitt á öðrum sjúkrahúsum hér á landi vegna smæðar þeirra og af þeim sökum var þeirri aðferð beitt við mat á kostnaði heilbrigðisþjónustu Kragasjúkrahúsanna að skilgreina svokallaðar framleiðslueiningar. Hér er átt við þjónustueiningar sem reiknaðar eru út frá mismunandi samsetningu þjónustu á legudeildum, dagdeildum og göngudeildum og eru ekki sambærilegar við framleiðslueiningar DRG-kerfisins. Fjölda framleiðslueininga er deilt upp í rekstrarkostnað, sem er til kominn vegna þjónustu við innritaðan sjúkling á viðkomandi deild, og fæst þannig meðalkostnaður við hverja framleiðslueiningu. Við samanburð þarf að hafa í huga misjafna samsetningu sjúklingahópa og ekki er hægt að bera saman kostnað framleiðslueininga milli sjúkrahúsa nema þjónustan sé sambærileg. Í skýrslu heilbrigðisráðuneytisins um endurskipulagningu sjúkrahúsþjónustu á Suðvesturhorninu, svokallaðri Kragaskýrslu, var meðalkostnaður framleiðslueininga Kragasjúkrahúsanna borinn saman við meðalkostnað framleiðslueininga á Landspítala, sem sóttur var í DRG-kerfið. Þar sem samsetning á sjúklingahópi Landspítala er nokkuð frábrugðin samsetningu sjúklingahóps á Kragasjúkrahúsunum var tekinn saman listi yfir 10–15 algengustu NCSP og NCSP+ aðgerðarkóða (NCSP: Nordic Classification of Surgical Procedures) á hverju sjúkrahúsi fyrir sig og borinn saman við sambærilegan sjúklingahóp á Landspítala. Þessari aðferð er lýst nánar í Kragaskýrslunni.

2. *Hvernig verður því mati háttað ef sambærileg þjónusta verður lögð niður á öðrum stofnunum en Landspítala og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri?*

Hlutverk sjúkrahúsa er skilgreint í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, en því hefur ekki verið breytt síðan lögin tóku gildi. Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri eru umdæmissjúkrahús í sínu heilbrigðisumdæmi ásamt því að vera sérhæfð sjúkrahús fyrir landið allt. Hluti starfsemi þeirra er sambærilegur við starfsemi annarra sjúkrahúsa og hefur verið borinn saman á þann hátt sem lýst er að framan. Eins og fram kemur í svari við 1. tölul. eru aðferðir við mat á kostnaði sjúkrahúsa í stöðugri þróun.

802. Svar [436. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um þjónustu talmeinafræðinga.

1. *Hver er munurinn á samningum talmeinafræðinga á Akureyri og í Reykjavík við Tryggingastofnun? Eru samningar öðruvísi ef um landsbyggðina er að ræða?*

Enginn munur er á samningum við talmeinafræðinga á Akureyri og í Reykjavík. Rammasamningur Sjúkratrygginga Íslands við talmeinafræðinga frá 2. febrúar 2010 er eini samningurinn á þessu sviði og stendur sá samningur öllum talmeinafræðingum á landinu til boða. Samningar sem miða að því að þjónusta fólk á landsbyggðinni eru því í engu frábrugðnir samningum sem þjóna fólki í þéttbýli. Þannig háttar málum nú að sjö talmeinafræðingar* hafa sagt sig inn á samninginn og starfa í samræmi við hann. Það er u.þ.b. þriðjungur af fjölda þeirra talmeinafræðinga sem störfuðu samkvæmt samningi þegar best lét. Gagnvart sjúklingum er munurinn sá að þeir sem leita sér þjónustu hjá talmeinafræðingum sem starfa samkvæmt samningnum njóta hærri greiðsluþátttöku sjúkratrygginga en þeir sjúklingar sem kjósa að leita þjónustu hjá þeim sem starfa utan samnings og innheimta greiðslu samkvæmt eigin taxta hverju sinni.

2. *Er það rétt að sjúkratryggðir einstaklingar, hvort heldur börn eða fullorðnir, sem sækja sömu þjónustu til löggiltra talmeinafræðinga á stofu fái ekki sömu endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands samkvæmt reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nr. 1166/2007? Ef svo er, finnst ráðherra eðlilegt að íslenska ríkið mismuni sjúkratryggðum þegnum sínum á þann hátt?*

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, tekur hún til nauðsynlegrar sjúkraþjálfunar, iðjuþjálfunar og talþjálfunar sem samið hefur verið um. Á grundvelli greinarinnar er í gildi reglugerð nr. 721/2009, um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun. Reglugerðin tryggir að allir einstaklingar sem leita sér þjónustu hjá talmeinafræðingi sem starfar samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, hvort heldur börn eða fullorðnir, njóta sömu þátttöku ríkisins í kostnaði. Skv. 38. gr. sömu laga er í sérstökum tilfellum heimilt tímabundið að endurgreiða sjúkratryggðum útlagðan kostnað á grundvelli gjaldskrár, séu samningar ekki fyrir hendi, en ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd, m.a. um tímalengd heimildarinnar og skilyrði fyrir endurgreiðslu. Vegna sjúklinga þeirra talmeinafræðinga sem ekki vilja vera aðilar að rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands er í gildi reglugerð nr. 1166/2007 til að opna heimild fyrir sjúkratryggingar til endurgreiðslu til viðkomandi sjúklinga. Það er óeðlilegt að slík reglugerð gefi sömu endurgreiðslu og greiðsluþátttaka sjúkratrygginga sem næst með samningum. Skv. 5. mgr. 40. gr. laganna skal aðili sem hyggst hefja sjálfstæðan rekstur heilbrigðisþjónustu þar sem gert er ráð fyrir að ríkið greiði kostnað sjúklings að hluta eða öllu leyti hafa gert samning við sjúkratryggingastofnunina áður en hann hefur rekstur, nema fyrir liggi einhliða ákvörðun ráðherra um greiðsluþátttöku á grundvelli sérstakrar heimildar í öðrum lögum. Slík einhliða ákvörðun ráðherra getur þó lögum samkvæmt aldrei verið nema tímabundin.

---

* Fjórir eru á Akureyri, einn í Reykjanesbæ, einn á Akranesi og einn á Sauðárkróki.

803. Svar [456. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.*
2. *Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.*

Svör við umbeðnum upplýsingum koma fram í eftirfarandi yfirliti:

Útgáfufélag	Heiti blaðs	Eintök	Kostnaður á ári
Fjármálaráðuneytið			
Viðskiptablaðið	Viðskiptablaðið	3	136.788
365 miðlar	Fréttablaðið	6	208.080
365 miðlar	DV	1	33.480
Árvakur	Morgunblaðið	6	287.280
Árvakur	Morgunblaðið, gagnasafn		166.560
Bankasýsla ríkisins			
Viðskiptablaðið	Viðskiptablaðið	2	77.520
365 miðlar	Fréttablaðið, pappír	1	37.716
Árvakur	Morgunblaðið, pappír	2	102.828
Fasteignir ríkisins			
Engin blöð		0	0
Fjársýsla ríkisins			
Árvakur	Morgunblaðið	3	141.700
Framkvæmdasýsla ríkisins			
Viðskiptablaðið	Viðskiptablaðið, pappír	1	45.600
Árvakur	Morgunblaðið, gagnasafn	einn mán.	1.922
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga			
Árvakur	Morgunblaðið	1	46.680

Útgáfufélag	Heiti blaðs	Eintök	Kostnaður á ári
Ríkiskaup			
Árvakur	Morgunblaðið	1	47.060
Viðskiptablaðið	Viðskiptablaðið, pappír	1	45.600
Ríkisskattstjóri			
Viðskiptablaðið	Viðskiptablaðið	4	112.692
Skessuhorn ehf.	Skessuhorn	1	14.476
Eyjasýn ehf.	Fréttir	1	10.126
Skattrannsóknarstjóri ríkisins			
DV	DV	1	35.280
Tollstjórinn			
DV	DV	2	66.960
Árvakur	Morgunblaðið	4	284.748
Viðskiptablaðið	Viðskiptablaðið	1	45.600
Yfirskattanefnd			
Viðskiptablaðið	Viðskiptablaðið, pappír	1	39.600

804. Svar [459. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vef-áskrift og pappírsáskrift.*
2. *Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.*

Svör við umbeðnum upplýsingum eru eftirfarandi:

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

Ein áskrift að hverju blaði og innifalin er vefáskrift

Morgunblaðið	3.990 mánaðargjald	47.880 árgjald
Fréttablaðið	5.780 mánaðargjald	69.360 árgjald
Dagblaðið	2.790 mánaðargjald	33.480 árgjald
Viðskiptablaðið	3.800 mánaðargjald	45.600 árgjald

Fjármálaeftirlitið.

Morgunblaðið	5 pappírsáskriftir, vefáskrift innifalin		
	1 áskrift að gagnasafni MBL	18.348 mánaðargjald	220.176 árgjald
Fréttablaðið	5 pappírsáskriftir	14.703 mánaðargjald	176.436 árgjald
Dagblaðið	5 pappírsáskr., vefáskrift innifalin	5.920 mánaðargjald	71.040 árgjald
Viðskiptablaðið	4 pappírsáskr., vefáskrift innifalin	11.400 mánaðargjald	136.800 árgjald

Samkeppniseftirlitið.

Ein áskrift að hverju blaði		
Morgunblaðið	4.057 mánaðargjald	48.680 árgjald
Fréttablaðið	3.120 mánaðargjald	37.448 árgjald
Dagblaðið	2.915 mánaðargjald	34.980 árgjald
Viðskiptablaðið	3.800 mánaðargjald	45.600 árgjald
Vísbending	5.399 mánaðargjald	64.785 árgjald

Einkaleyfastofan.

Ein áskrift		
Morgunblaðið	3.890 mánaðargjald	46.680 árgjald

Hagstofa Íslands.

Morgunblaðið	4 eintök, pappír	mánaðargjald 15.750	189.000 árgjald
Morgunblaðið – gagnasafnið	vefáskrift	mánaðargjald 5.242	62.904 árgjald
Viðskiptablaðið	2 eintök, pappír	árgjald 2 x 38.760	77.520 árgjald
Vísbending	1 eintak, pappír	ársfjórðungsgjald 16.237	64.948 árgjald
Sveitarstjórnarmál	2 eintök	árgjald 2 x 8.985	17.970 árgjald
Skírnir	1 eintak		8.360 árgjald
Lögbirtingablaðið	1 eintak, vefáskrift		1.500 árgjald

Seðlabanki Íslands.

Morgunblaðið	13 eintök, pappír	47.940 mánaðargjald	575.280 árgjald
Morgunblaðið	1 vefáskrift	2.318 mánaðargjald	27.816 árgjald
Morgunblaðið	1 gagnasafn	5.342 mánaðargjald	64.104 árgjald
Fréttablaðið	5 eintök, pappír	14.450 mánaðargjald	173.400 árgjald
Dagblaðið	3 eintök, pappír	8.369 mánaðargjald	100.428 árgjald
Viðskiptablaðið	10 eintök, pappír	38.000 mánaðargjald	456.000 árgjald
Vikudagur	1 eintak, pappír	1.800 mánaðargjald	21.600 árgjald
Feykir	1 eintak, pappír		14.326 árgjald
Árbók Barðastrandarsýslu	1 eintak, pappír		3.200 árgjald
Glettingur	1 eintak, pappír		3.000 árgjald
Goðasteinn	1 eintak, pappír		4.200 árgjald
Heimaslóð	1 eintak, pappír		6.840 árgjald
Húnavaka	1 eintak, pappír		3.500 árgjald
Húni	1 eintak, pappír		2.200 árgjald
Skaftfellingur	1 eintak, pappír		3.500 árgjald
Strandapósturinn	1 eintak, pappír		2.000 árgjald
Súlur	1 eintak, pappír		3.000 árgjald

805. Svar [462. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.*
2. *Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu:

Áskrift að dagblöðum		**Kostnaður á mánuði, kr.**
	Umhverfisráðuneytið	
Morgunblaðið	2 eintök, pappírsáskrift	8.558
Fréttablaðið	2 eintök, pappírsáskrift	6.033
DV	1 eintak, pappírsáskrift	2.510
Viðskiptablaðið	1 eintak, pappírsáskrift	3.800
	Landmælingar Íslands	
Skessuhorn	1 eintak, pappírsáskrift	1.752
	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	
Gagnasafn Morgunblaðsins	Mánaðarnetáskrift	2.621
	Úrvinnslusjóður	
Bændablaðið	1 eintak, pappírsáskrift	517
	Vatnajökulsþjóðgarður	
Gagnasafn Morgunblaðsins	Mánaðarnetáskrift	2.621
	Landgræðsla ríkisins	
Morgunblaðið	1 eintak, pappírsáskrift	3.953
Sunnlenska fréttablaðið	1 eintak, pappírsáskrift	1.090
	Náttúrurannsóknarstöðin Mývatni	
	Engin blöð	
	Náttúrufræðistofnun Íslands	
	Engin blöð	

Áskrift að dagblöðum		Kostnaður á mánuði, kr.
	Umhverfisstofnun	
Eyjasýn	1 eintak, pappírsáskrift	2.440
Morgunblaðið	1 eintak, pappírsáskrift + netáskrift	4.579
	Skógrækt ríkisins	
Morgunblaðið	1 eintak, pappírsáskrift	4.080
Morgunblaðið	1 vefáskrift	4.315
Viðskiptablaðið	1 eintak, pappírsáskrift	3.800
Austurglugginn	1 eintak, pappírsáskrift	1.450
	Skipulagsstofnun	
Morgunblaðið	1 eintak, pappírsáskrift	3.990
Sveitarstjórnarmál	1 eintak, pappírsáskrift	666
Skógræktarrit	1 eintak, pappírsáskrift	450
	Veðurstofa Íslands	
Morgunblaðið	1 eintak, pappírsáskrift, ritaskipti við Veðráttuna, útg. V.Í.	0
Norðurslóð	1 eintak, pappírsáskrift, ritaskipti við Veðráttuna, útg. V.Í.	0
Sunnlenska fréttablaðið	1 eintak, pappírsáskrift, ritaskipti við Veðráttuna, útg. V.Í.	0
	Mannvirkjastofnun	
Morgunblaðið	1 eintak, pappírsáskrift	4.320
Fréttablaðið	1 eintak, pappírsáskrift	2.890
Viðskiptablaðið	1 eintak, pappírsáskrift	2.980

806. Svar [401. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um starfsmannahald Landsvirkjunar.

Þar sem umbeðnar upplýsingar vörðuðu Landsvirkjun og þær lágu ekki fyrir í fjármálaráðuneytinu fór ráðuneytið fram á það við Landsvirkjun að hún tæki upplýsingarnar saman og sendi ráðuneytinu.

Hér á eftir fara svör Landsvirkjunar við fyrirspurninni.

1. *Hvaða reglur gilda um ráðningu starfsfólks hjá Landsvirkjun?*

Svo sem kunnugt er gilda sérstök lög um Landsvirkjun, lög nr. 42 frá 1983, með síðari breytingum. Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki í eigu ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Landsvirkjun telst því ekki til hefðbundinna stofnana

ríkisins. Í 1. mgr. 6. gr. laga um Landsvirkjun segir að stjórn Landsvirkjunar ráði forstjóra fyrirtækisins. Í 2. mgr. sömu greinar segir að stjórn og forstjóri fari með stjórn fyrirtækisins og í 3. mgr. sömu greinar að forstjóri annist daglegan rekstur fyrirtækisins. Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og forstjóra skulu sett í starfsreglur stjórnar Landsvirkjunar, sbr. 7. mgr. 6. gr. laganna. Slíkar reglur hefur stjórn fyrirtækisins sett. Í starfsreglunum, grein 11.9, segir um ráðningar í störf hjá fyrirtækinu: „Forstjóri ræður starfsmenn til fyrirtækisins, segir þeim upp og semur við þá um launakjör. Forstjóri skal þó hafa samráð við stjórnarformann um ráðningu og uppsögn framkvæmdastjóra einstakra sviða Landsvirkjunar.“

Þá hafa jafnframt verið settar verklagsreglur innan Landsvirkjunar um ráðningu nýrra starfsmanna. Þar segir meðal annars:

„Stjórn Landsvirkjunar ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu í samræmi við lög Landsvirkjunar nr. 42/1983 með síðari breytingum, sameignarfélagssamning Landsvirkjunar og starfsreglur stjórnar Landsvirkjunar.

Framkvæmdastjórar hver á sínu sviði ráða deildarstjóra.

Framkvæmdastjórar hver á sínu sviði ráða jafnframt alla aðra starfsmenn að fenginni tillögu viðkomandi deildarstjóra.

Deildarstjórar gera tillögu til framkvæmdastjóra um ráðningu nýrra starfsmanna hver í sinni deild að fenginni umsögn viðkomandi undirmanns í þeim tilvikum sem það á við.

Stjórnandi ákveður aðferð við ráðningu sem er auglýst innanhúss eða utanhúss og gætir þess að fá samþykki forstjóra ef ekki á að auglýsa utanhúss. Staðfesting á samþykki forstjóra er send til varðveislu á starfsmannasviði.“

Almenn regla Landsvirkjunar er sú að auglýsa laus störf hjá fyrirtækinu, en frávik má þó finna frá þeirri reglu, eins og fram kemur á ráðningayfirliti áranna 2000–2010 í fskj. I. Nánari lýsingu á ráðningaferli fyrirtækisins má finna í verklagsreglum Landsvirkjunar um ráðningar og starfslok, sjá fskj. II.

2. *Hversu mörg störf hafa verið auglýst hjá Landsvirkjun frá árinu 2000 og hverjir voru ráðnir í þau störf?*

Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram í hversu mörg störf hefur verið ráðið hjá Landsvirkjun frá upphafi árs 2000 til ársloka 2010. Jafnframt kemur fram hvaða störf hafa verið auglýst og hver ekki. Á framangreindu tímabili var ráðið í 170 störf, þar af voru 98 störf auglýst bæði utan húss og innan og 12 innan húss. Þá er á meðfylgjandi yfirliti ekki getið um ráðningar í tímabundin störf og sumarstörf námsfólks enda eru sumarstörfin einnig tímabundin. Sumarstörfin eru þó almennt auglýst á vef fyrirtækisins.

3. *Hafa einhverjir verið ráðnir án auglýsingar á framangreindu tímabili og þá hverjir?*

Á tímabilinu hafa 60 einstaklingar verið ráðnir án auglýsingar, svo sem fram kemur í meðfylgjandi yfirliti. Sú aðferð brýtur ekki í bága við starfsreglur stjórnarinnar, sbr. áður tilvitnaða grein 11.9. Rétt er að taka fram að frá miðju ári 2008 var verklagi við ráðningar breytt á þann hátt að allar lausar stöður eru auglýstar a.m.k. innan húss.

Fylgiskjal I.

Ráðningar Landsvirkjunar 2000–2010.

Nafn	Starfsheiti	Byrj. dags.	Augl. innan	Augl. utan	Ekki auglýst	Aths.
2000						
Páll Garðar Pálsson	tæknifræðingur Búrfelli	3.1.2000			x	
Sigfús Jóhannesson	tæknifræðingur, kerfisstjórn	10.1.2000		x		
Anna Elín Bjarkadóttir	sérfræðingur, bókasafni	3.4.2000		x		
Björn Stefánsson	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	12.5.2000			x	
Elín Pálsdóttir	yfirmaður launamála	12.5.2000		x		
Lárus Guðmundsson	sérfræðingur, tölvudeild	3.7.2000		x		
Svava Ásdís Sigurðardóttir	skrifstofumaður, innkaupum	31.7.2000		x		
Ragnhildur Vigfúsdóttir	deildarstjóri, starfsþróun	22.8.2000		x		
Guðlaugur Þórarinsson	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	1.12.2000			x	
Svanhildur Arnmundsdóttir	tækniteiknari	1.12.2000			x	
Baldur Bragason	sérfræðingur, tölvudeild	29.12.2000		x		
2001						
Bjarni Bjarnason	framkvæmdastjóri orkusviðs	1.1.2001			x	
Ófeigur Hjaltested	innkaupafulltrúi	12.1.2001		x		
Ásgeir Eggertsson	vefstjóri	22.1.2001		x		
Ásbjörn S Þorleifsson	yfirmaður áhættustýringar	1.2.2001		x		
Jóhann Kröyer	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	1.2.2001			x	
Óli Fjalar Böðvarsson	rafvirki, Sogi	1.2.2001		x		
Magni Hagalín Sveinsson	rafvirki, Sogi	5.2.2001		x		
Pálmi Haraldsson	gjaldeyrismiðlari, fjármáladeild	8.2.2001		x		
Helgi Óskar Óskarsson	yfirmaður viðskiptaáætlana	26.3.2001		x		
Hallgrímur Halldórsson	verkfræðingur, kerfisstjórn	10.5.2001		x		
Guðmundur Valsson	yfirmaður upplýsingakerfa, kerfisstjórn	15.6.2001		x		
Rán Jónsdóttir	stöðvarstjóri OAB	1.7.2001		x		
Sveinbjörn Júlíusson	rafvirki, Hrauneyjafossi	1.10.2001		x		
Georg Pálsson	aðstoðarstöðvarstjóri Tungnaár-svæðis	1.10.2001		x		
Oddný Ó. Sverrisdóttir	innkauparitari	2.10.2001		x		
Einar Mathiesen	deildarstjóri aflstöðvadeildar	15.10.2001		x		
Árni Benediktsson	deildarstjóri tæknideildar	15.10.2001			x	
Ásgeir Geirsson	yfirmaður notendaþjónustu, tölvudeild	25.10.2001		x		
Indriði Hauksson	vélfræðingur, Blöndu	1.11.2001		x		
Guðfinna Stefánsdóttir	ritari starfsmannasviðs	2.11.2001		x		
Hildur Hrólfsdóttir	verkfræðingur á flutningssviði	3.12.2001			x	
2002						
Árni Gunnarsson	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	2.1.2002			x	
Bjarni Pálsson	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	2.1.2002			x	
Sigvaldi K Jónsson	rafeindavirki, fjarskiptamálum	3.1.2002		x		
Anna Kr. Davíðsdóttir	matráður, stjórnstöð	8.2.2002			x	
Guðlaug Jónsdóttir	húsvörður, stjórnstöð	8.2.2002			x	
Einar Kristjánsson	sérfræðingur, fjármáladeild	13.3.2002			x	
Árni Stefánsson	yfirmaður netrekstrar	12.4.2002		x		
Árni Benediktsson	deildarstjóri vélbúnaðardeildar	1.5.2002			x	
Ólöf Nordal	yfirmaður heildsölu	2.5.2002		x		
Guðlaugur Sigurgeirsson	yfirmaður upplýsingakerfa,	8.5.2002		x		

Nafn	Starfsheiti	Byrj. dags.	Augl. innan	Augl. utan	Ekki auglýst	Aths.
	kerfisstjórn					
Guðrún Steinarsdóttir	innkaupamaður	20.8.2002		x		
Stefán Pétursson	framkvæmdastjóri fjármálasviðs	1.9.2002			x	
Örn Marinósson	skrifstofustjóri á skrifst. forstjóra	1.9.2002			x	
Kristján Gunnarsson	deildarstjóri fjármáladeildar	1.9.2002			x	
Pétur Ingólfsson	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	1.9.2002			x	
Helgi Sigurjónsson	aðstoðarstöðvarstjóri Tungnaár-svæðis	2.9.2002		x		
Ásbjörg Kristinsdóttir	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	16.9.2002			x	
Hulda Katla Sæbergsdóttir	bakvinnsla, fjármáladeild	27.9.2002		x		
Ragnar Guðmannsson	flutningsvakt fjargæslu	1.11.2002			x	
Ómar Imsland	deildarstjóri grunnnets	6.12.2002			x	
2003						
Andrés Bjarnason	vélfræðingur, Laxá	1.1.2003		x		
Arthur Pétursson	matreiðslumeistari H-68	2.1.2003		x		
Lúðvík Ögmundsson	öryggisstjóri	10.1.2003		x		
Hulda Pjetursdóttir	yfirmaður lánamála	17.1.2003			x	Auglýst áður án árangurs
Jóel Sverrisson	vélfræðingur, Búrfelli	1.2.2003		x		
Ófeigur Hjaltested	deildarstjóri þjónustudeildar	1.4.2003		x		
Kristján Kristinsson	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	7.4.2003		x		
Einar Erlingsson	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	23.4.2003		x		
Sverrir Sigursveinsson	sérfræðingur, reikningshaldi	14.5.2003			x	
Hrönn Hjálmarsdóttir	kynningarfulltrúi Kárahnjúka-virkjunar	19.5.2003		x		
Ásdís B Jónsdóttir	innkaupafulltrúi	3.6.2003		x		
Aðalsteinn Guðmannsson	séfræðingur, grunnneti	14.8.2003		x		
Ingvar Hafsteinsson	stöðvarstjóri Mývatnssvæðis	1.9.2003		x		
Bjarni Már Júlíusson	deildarstjóri tæknideildar	1.9.2003		x		
Gerða T. Pálsdóttir	skrifstofumaður, innkaupum	2.9.2003		x		
Katrín Gróa Jóhannsdóttir	aðstoð, mötuneyti H-68	4.9.2003			x	
Sigrún Ólafsdóttir	matráðskona, stjórnstöð	12.9.2003		x		
Ína Karlotta Árnadóttir	skrifstofumaður, þjónustudeild	1.10.2003			x	
Kristján Halldórsson	sérfræðingur, kerfisstjórn	1.10.2003			x	
Martha Eiríksdóttir	yfirmaður markaðsmála, kerfis-stjórn	10.10.2003			x	
2004						
Árni Stefánsson	deildarstjóri eignastýringar flutningasviðs	1.1.2004			x	
Óli Grétar Blöndal Sveinsson	deildarstjóri rannsóknardeildar VF-sviðs	15.5.2004			x	
Stefán Svavarsson	aðstoðardeildarstjóri reikningshalds	1.9.2004			x	
Eiríkur Sigurjón Svavarsson	yfirmaður heildsölu	15.9.2004		x		
Guðrún Edda Baldursdóttir	skrifstofumaður, innkaupum	22.9.2004			x	Fengnir umsækjendur á skrá hjá Mannafli
2005						
Ragnar Þórhallsson	sérfræðingur, rannsóknardeild	25.1.2005			x	
Hildur Ríkarðsdóttir	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	1.4.2005			x	Auglýst áður án árangurs
Sólveig Dagmar Bergsteinsdóttir	aðstoðarkynningarfulltrúi Kárahnjúka	13.4.2005			x	

Nafn	Starfsheiti	Byrj. dags.	Augl. innan	Augl. utan	Ekki auglýst	Aths.
Guðni Árnason	stöðvarvörður Búrfelli	23.5.2005		x		
Valgeir Jónasson	stöðvarvörður Búrfelli	30.5.2005			x	Hafði áður verið í afleysingum
Edward Westlund	sérfræðingur, reikningshaldi	6.6.2005			x	
Kristín S Konráðsdóttir	deildarstjóri reikningshalds	13.6.2005			x	Auglýst áður án árangurs
Þorgerður Marinósdóttir	sérfræðingur, reikningshaldi	16.9.2005			x	
Garðar Héðinsson	stöðvarvörður Laxá og Kröflu	10.10.2005		x		
Ármann Jónsson	yfirmaður áhættustýringar	1.12.2005		x		
2006						
Rúnar Sigurðsson	verkefnisstjóri á Kárahnjúkum	1.1.2006	x			
Ásgerður Ágústsdóttir	skrifstofumaður FI	19.1.2006			x	
Ormar Gylfason Líndal	gjaldeyrismiðlari FF	1.2.2006			x	Auglýst áður án árangurs
Guðmundur R Stefánsson	stöðvarstjóri Blöndu	1.3.2006		x		
Daði Viðar Loftsson	vinnslustjóri Þjórsársvæðis	15.3.20006		x		
Helgi Bjarnason	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	1.4.2006			x	
Gunnar Örn Gunnarsson	deildarstjóri viðskiptaþróunar	1.5.2006		x		
Óskar Þorsteinsson	stöðvarvörður Sogi	1.6.2006		x		
Sigurður Guðni Guðnason	verkefnalóðs, tæknideild	1.6.2006		x		
Jónas Sigurgeirsson	viðhaldsstjóri Blöndu	1.6.2006		x		
Grímur Lúðvíksson	stöðvarvörður Sogi	15.6.2006		x		
Georg Pálsson	stöðvarstjóri Fljótsdalsstöðvar	1.8.2006			x	
Kristjana Pálsdóttir	ræsting Laxá	1.8.2006			x	
Margét Þórisdóttir	símavarsla H-68	20.9.2006		x		
Ingvar Sigurðsson	yfirmaður mötuneytis H-68	1.10.2006		x		
Hermann Jóhannesson	verkefnisstjóri, tæknideild	3.10.2006			x	
Pétur Pétursson	innkaupastjóri	1.10.2006			x	Auglýst áður án árangurs
Margrét Svavarsdóttir	bókari, reikningshaldi	14.11.2006		x		
Sindri Óskarsson	stöðvarvörður, Fljótsdal	1.12.2006		x		
Sverrir H Sveinbjörnsson	stöðvarvörður, Fljótsdal	1.12.2006		x		
2007						
Ágúst Jónsson	stöðvarvörður, Fljótsdal	1.1.2007		x		
Einar Kristjánsson	deildarstjóri hagdeildar	1.1.2007			x	
Laufey B Hannesdóttir	sérfræðingur, rannsóknardeild	1.1.2007			x	hafði unnið sem verktaki í málaflokknum
Jóhann S. Bjarnason	viðhaldsstjóri Sogi	1.1.2007		x		
Sigurbjörg Einarsdóttir	eldhús H-68	12.1.2007	x			auglýst innanhúss / vinna.is
Ragnhildur Ágústsdóttir	eldhús H-68	15.1.2007	x			auglýst innanhúss/ vinna.is
Dagbjartur Jónsson	stöðvarvörður, Fljótsdal	5.2.2007		x		
Hermann Unnsteinn Emilsson	viðhaldsstjóri Fljótsdal	1.4.2007			x	
Ívar G Jóhannsson	stöðvarvörður, Fljótsdal	12.3.2007		x		
Sigurþór Örn Arnarson	stöðvarvörður, Fljótsdal	12.3.2007		x		
Vihjálmur Jónsson	stöðvarvörður, Fljótsdal	12.3.2007		x		
Unnur María Þorvaldsdóttir	yfirmaður heildsölu	1.4.2007		x		
Magnús Gehringer	yfirmaður erlendrar viðskiptaþróunar	2.5.2007		x		
Davíð Ólafur Ingimarsson	yfirmaður lánamála, fjármáladeild	1.6.2007		x		
Guðmundur Björnsson	sérfræðingur, viðskiptaborði	15.6.2007		x		hafði áður unnið sem nemi
Steinar Guðjónsson	stöðvarvörður, Sogi	14.8.2007			x	
Steinn Hafliðason	sérfræðingur, hagdeild	1.9.2007			x	
Magnea Friðriksdóttir	bókari, reikningshaldi	31.10.2007		x		

Nafn	Starfsheiti	Byrj. dags.	Augl. innan	Augl. utan	Ekki auglýst	Aths.
Benedikt H Ingvarsson	stöðvarvörður, Búrfelli	1.11.2007			x	upphaflega ráðinn til afleysinga
Bjarki Pálsson	stöðvarvörður, Búrfelli	10.12.2007		x		
2008						
Agnar Olsen	skrifstofustjóri skrifst. forstjóra	1.1.2008			x	
Gunnhildur Kjartansdóttir	skrifstofumaður, starfsmannasviði	4.1.2008		x		
Margrét Jónsdóttir	ræstingar, Sogi	7.1.2008			x	
Árni Benediktsson	þróunarstjóri orkusviðs	1.2.2008			x	
Einar Mathiesen	framkvæmdastjóri orkusviðs	1.2.2008			x	
Guðfinna Stefánsdóttir	gjaldkeri	1.2.2008			x	
Guðrún Kristjánsdóttir	símvörður H-68	1.2.2008			x	
Jóhann Þór Jóhannsson	sérfræðingur, áhættustýringu	13.5.2008			x	hafði unnið áður sem nemi
Bryndís Hannesdóttir	sérfræðingur, reikningshaldi	28.5.2008		x		
Ágúst Rafnsson	sérfræðingur, tölvudeild	9.6.2008		x		
Jón Sveinsson	yfirmaður lögfræðimála	15.6.2008		x		
Anna Elín Bjarkadóttir	deildarstjóri upplýsinga-miðstöðvar	1.7.2008			x	
Sverre Jakobsson	sérfræðingur, fjármáladeild	1.8.2008		x		
Valdimar J. Björnsson	stöðvarvörður Blöndu	1.8.2008		x		
Þórhalla Valgeirsdóttir	ræstingar Kröflu	1.8.2008		x		
Hrafnhildur Tryggvadóttir	sérfræðingur á upplýsingamiðstöð	15.8.2008		x		
Þóra María Guðjónsdóttir	skrifstofumaður, starfsmannasviði	15.8.2008			x	hafði unnið áður sem nemi
Hrefna Sigurgeirsdóttir	ræstingar Laxá	2.10.2008		x		
Árni Óðinsson	stíflueftirlits- og vatnamælinga-maður á Kárahnúkasvæði	15.12.2008		x		
2009						
Valdemar Sveinsson	húsvörður/bílstjóri H-68	1.1.2009	x			
Eggert Guðjónsson	deildarstjóri viðskiptaborðs orkusviðs	1.2.2009	x			
Geir Arnar Marelsson	lögfræðingur	1.2.2009		x		
Steinn Ágúst Steinsson	stöðvarstjóri Mývatnssvæðis	1.6.2009		x		
Hörður Arnarson	forstjóri	15.10.2009		x		
Vésteinn Vésteinsson	viðhaldsstjóri, Kröflu	1.11.2009	x			
2010						
Aníta Júlíusdóttir	skrifstofumaður aflstöðvadeildar	15.1.2010		x		
Snæfríður Einarsdóttir	stöðvarvörður Laxá og Kröflu	1.2.2010		x		
Sigurður Guðni Sigurðsson	deildarstjóri aflstöðvadeildar	15.2.2010		x		
Gústaf Jóhannsson	stöðvarvörður, Kröflu	15.2.2010	x			
Anna Guðný Hermanns-dóttir	verkefnalóðs, tæknideild	19.2.2010		x		
Magnús Bjarnason	framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs	1.4.2010		x		
Þórólfur Nielsen	sérfræðingur, markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs	17.3.2010		x		
Ragna Sara Jónsdóttir	yfirmaður samskiptasviðs	8.3.2010	x			Einnig rætt við utanhússaðila hjá Capacent
Sindri Óskarsson	viðhaldsstjóri, Fljótsdal	15.5.2010	x			
Þórdís Steinsdóttir	sérfræðingur, hagdeild	15.4.2010	x			Einn ums. um stöðu sérfræðings á markaðssviði
Finnur Freyr Magnússon	stöðvarvörður, Fljótsdal	1.6.2010		x		
Jón Arnar Emilsson	verkefnisstjóri, tæknideild	1.6.2010		x		
Rafnar Lárusson	framkvæmdastjóri fjármálasviðs	15.11.2010		x		
Óli Grétar Sveinsson	framkvæmdastjóri þróunarsviðs	8.10.2010		x		

Nafn	Starfsheiti	Byrj. dags.	Augl. innan	Augl. utan	Ekki auglýst	Aths.
Ragnhildur Ágústsdóttir	móttaka og símsvörun	1.11.2010	x			
Gunnlaugur Ásgeirsson	stöðvarvörður, Búrfelli	25.11.2010		x		
Hrefna Garðarsdóttir	aðstoð í mötuneyti H-68	29.10.2010		x		
Ragna Árnadóttir	skrifstofustjóri á skrifstofu forstjóra	29.11.2010	x			Einnig rætt við utanhússaðila hjá Capacent
Samtals		**170**	**12**	**98**	**60**	

Fylgiskjal II.

VKL-14
Ráðning og starfslok

Landsvirkjun

1. Tilgangur og umfang

Að lýsa verklagi við ráðningu, móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna og starfslokum hjá Landsvirkjun og dótturfyrirtækjum.

2. Ábyrgðarskipting

Stjórn ber ábyrgð á ráðningu forstjóra.

Forstjóri ber ábyrgð á ráðningu framkvæmdastjóra og starfsmanna á skrifstofu forstjóra. Hann ráðfærir sig við framkvæmdastjóra starfsmannasviðs óski hann eftir að ráða framangreinda starfsmenn án auglýsinga utanhúss.

Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á ráðningu starfsmanna innan síns sviðs og móttöku og þjálfun deildarstjóra.

Deildarstjórar bera ábyrgð á móttöku og þjálfun starfsmanna innan deildar.

Starfsmannasvið ber ábyrgð á að viðhalda ráðningaferli Landsvirkjunar og koma að ráðningu, móttöku og þjálfun starfsmanna þar sem þess er krafist. Sviðið ber einnig ábyrgð á að tilkynna viðkomandi skriflega um starfslok vegna aldurs.

Viðkomandi yfirmaður ber ábyrgð á framkvæmd móttöku og þjálfunar starfsmanns.

3. Ráðningarform

Starfsmenn Landsvirkjunar skiptast í eftirfarandi flokka eftir því sem þeir eru ráðnir:

- Fastráðna starfsmenn, sem ráðnir eru í varanlega stöðu með a.m.k. þriggja mánaða uppsagnarfresti til að vinna þar aðalstarf sitt gegn reglulegum launagreiðslum og eru því opinberir sýslunarmenn, sem njóta réttinda og bera skyldur starfsmanna ríkisins.
- Stöðuráðna starfsmenn, sem ráðnir eru með skemmri uppsagnarfresti en þriggja mánaða í varanlega stöðu til að vinna þar aðalstarf sitt gegn reglulegum launagreiðslum.
- Lausráðna starfsmenn, sem ráðnir eru tímabundið, til skemmri tíma en eins árs svo sem til afleysinga og sumarvinnu, ennfremur þeir sem ráðnir eru til ákveðinna tímabundinna verkefna þótt til lengri tíma sé.

4. Ráðning nýrra starfsmanna

Stjórn Landsvirkjunar ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu í samræmi við lög Landsvirkjunar nr. 42/1983 með síðari breytingum, sameignarfélagssamning Landsvirkjunar og starfsreglur stjórnar Landsvirkjunar.
Framkvæmdastjórar hver á sínu sviði ráða deildarstjóra.

Framkvæmdastjórar hver á sínu sviði ráða jafnframt alla aðra starfsmenn að fenginni tillögu viðkomandi deildarstjóra.

Deildarstjórar gera tillögu til framkvæmdastjóra um ráðningu nýrra starfsmanna hver í sinni deild að fenginni umsögn viðkomandi undirmanns í þeim tilvikum sem það á við.

Starfsmannasvið setur upp og viðheldur ráðningarferlum fyrir stjórnendur. Þar er leiðbeint um hvernig farið er að lögum og kjarasamningum við ráðningar starfsmanna, hvernig störf

Ráðning og starfslok VKL-14

eru auglýst ofl.
Stjórnendur (sbr hér að ofan) fara eftir ráðningarferlum við fast- og lausráðningar starfsmanna skv. flæðiriti í kafla 4 "Flæðirit um fastráðningu" og kafla 5 "Flæðirit um lausráðningu".
Stjórnandi óskar eftir heimild til fast- eða lausráðningar starfsmanna með því að fylla út EYD-169 "Starfsgreining", og sendir viðkomandi yfirmanni. Viðkomandi yfirmaður samþykkir eða hafnar umsókn um að setja af stað ráðningarferli með áritun sinni á eyðublaðið. Áritaða eintakið er vistað í skjalavistunarkerfi (Focal) LV og kræka með les- og skrifaðgangi send til starfsmannasviðs.
Stjórnandi ákveður aðferð við ráðningu sem er auglýst innanhúss eða utanhúss og gætir þess að fá samþykki forstjóra ef ekki á að auglýsa utanhúss. Staðfesting á samþykki forstjóra er send til varðveislu á starfsmannasviði.
Störf, sbr. 1. og 2. tl. 3. gr., skal að jafnaði auglýsa með tveggja vikna fyrirvara hið skemmsta. Heimilt er að taka til greina umsóknir sem berast eftir að liðinn er umsóknarfrestur.
Stjórnandi fyllir út EYD-170 "Fyrirhuguð ráðning starfmanns" og kynnir sér minnisatriði um skorður á ráðningu á eyðublaðinu. Áritaða eintakið er vistað í skjalavistunarkerfi (Focal) LV og kræka með les- og skrifaðgangi send til starfsmannasviðs.

Stjórnandi gerir starfslýsingu EYD-171 "Starfslýsing", byggða á starfsgreiningu og vistar í skjalavistunarkerfi (Focal) LV og sendir kræku með les- og skrifaðgangi til starfsmannasviðs.

Stjórnandi tekur ákvörðun um að hversu miklu leyti aðstoðar starfsmannasviðs og ráðningarþjónustu er óskað við gerð auglýsingar og mat og val á umsækjendum.

Stjórnandi leitar eftir samþykki viðkomandi framkvæmdastjóra þegar umsækjandi hefur verið valinn og af því fengnu sér starfsmannasvið um formsatriði við ráðningu.

Nýir starfsmenn sem ráðnir eru í störf samkv. 1. og 2. tl. 3. gr., skulu almennt ráðnir til reynslu í a.m.k. þrjá mánuði, og skal gerður við þá skriflegur ráðningarsamningur. Lausráðnir starfsmenn fá ráðningarbréf.

Móttaka starfsmanns og nýliðaþjálfun er sameiginlegt verkefni starfsmannasviðs og stjórnanda sbr.

GAT-159 "Móttaka nýrra starfsmanna"

GAT-160 "Flutningur starfsmanns milli starfa

GAT 263 "Móttaka lausráðinna starfsmanna".

EYD-201 "Tilkynning um nýjan starfsmann eða tilflutning í starfi"

EYD-255 "Tímabundin ráðning"

5. Aukastörf

Fastráðnum og stöðuráðnum starfsmönnum, sbr. 1. og 2. tl. 3. gr., er óheimilt án leyfis forstjóra að taka að sér störf fyrir aðra, enda kunni störfin að áliti forstjóra að vera ósamrýmanleg stöðu hlutaðeigandi starfsmanns.

Fastráðinn eða stöðuráðinn starfsmaður þarf ennfremur leyfi forstjóra til að taka þátt í atvinnurekstri og til að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis.

Starfsmönnum er óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart Landsvirkjun.

6. Starfslok

Almennur gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 3 mánuðir en í einstaka kjarasamningum er hann lengri hafi ákveðnum lífaldri verið náð.

Forstjóri hefur rétt til að segja starfsmanni upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í

Ráðning og starfslok VKL-14

ráðningarsamningi. Ráðning starfsmanns, sem ráðinn er tímabundið, fellur úr gildi við lok gildistíma án sérstakrar uppsagnar.

Skylt er að veita starfsmanni áminningu í samræmi við ákvæði 21. gr. laga nr. 70/1996 og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp störfum ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna sem þar eru tilgreindar. Áminning leiðir þannig ekki óhjákvæmilega til uppsagnar. Annars er ekki skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi, þar á meðal ef uppsögn stafar af öðrum ástæðum, svo sem þeirri að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri fyrirtækisins.

{...}

Starfsmanni skal þó jafnan segja upp störfum þannig að starfslok miðist við næstu mánaðamót eftir að hann nær 70 ára aldri.

Við lok ráðningar er fylgt verklagi samkvæmt gátlista GAT- 250 "Starfslok".

807. Svar [428. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um strandveiðigjald.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir bátar voru gerðir út til strandveiða á síðasta fiskveiðiári?*
2. *Hve háa upphæð greiddu þessir bátar alls í strandveiðigjald, sbr. ákvæði 1. gr. laga nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald?*
3. *Hve miklar tekjur af strandveiðigjaldinu komu í hlut hverrar hafnar?*

Svör óskast sundurliðuð eftir sveitarfélögum.

Bátar gerðir út til strandveiða.

Bátar sem stunduðu strandveiðar á síðasta fiskveiðiári voru 748 talsins.

Landanir og afli óslægt. Strandveiðar 2010.

Svæði	Fjöldi leyfa	Fjöldi báta með löndun	Fjöldi landana	Afli samtals
A	239	237	3.277	2.126.398
B	165	164	2.845	1.508.484
C	159	156	3.143	1.636.322
D	185	181	2.267	1.083.438
	748	**738**	**11.532**	**6.354.642**

Ekki er unnt að sundurliða upplýsingarnar eftir sveitarfélögum, þar sem margir bátanna landa afla í fleiri en einu sveitarfélagi innan svæðis.

Strandveiðigjald.

Veiðigjald strandveiðibáta vegna landaðs afla var 16.683.788 kr. alls og að auki greiddu þeir 37.400.000 kr. í sérstakt veiðigjald sem kom í hlut hafna.

Hlutur hafna í strandveiðigjaldi samkvæmt tölum Fiskistofu kemur fram í eftirfarandi töflu.

Hlutur hafna í strandveiðigjaldi.

Nr. hafnar	Heiti hafnar	Strandveiðigjald, kr.	Hlutfall	Samtals strandveiðigjald	Sveitarfélag	Samtals veiðigjald	Veiðigjald, kr.	Hlutfall
1	Vestmannaeyjar	413.853	1,11%				184.616	1,11%
11	Þorlákshöfn	226.387	0,61%				100.989	0,61%
13	Grindavík	574.447	1,54%				256.256	1,54%
17	Sandgerði	1.939.125	5,18%				865.026	5,18%
21	Keflavík	403.167	1,08%				179.849	1,08%
27	Hafnarfjörður	647.116	1,73%				288.672	1,73%
31	Kópavogur	10.950	0,03%				4.885	0,03%
33	Reykjavík	377.678	1,01%				168.478	1,01%
35	Akranes	686.595	1,84%				306.284	1,84%
38	Arnarstapi	955.668	2,56%				426.314	2,56%
42	Rif	1.122.772	3,00%		Snæfellsbær		500.858	3,00%
43	Ólafsvík	1.818.096	4,86%	3.896.536	10,42%	1.738.208	811.036	4,86%
45	Grundarfjörður	1.090.249	2,92%				486.350	2,92%
47	Stykkishólmur	907.633	2,43%				404.886	2,43%
55	Brjánslækur	112.509	0,30%				50.189	0,30%
57	Patreksfjörður	1.911.987	5,11%		Vesturbyggð		852.919	5,11%
61	Bíldudalur	813.386	2,17%	2.837.882	7,59%	1.265.952	362.844	2,17%
59	Tálknafjörður	775.463	2,07%				345.927	2,07%
69	Bolungarvík	1.659.583	4,44%				740.325	4,44%
63	Þingeyri	345.483	0,92%				154.117	0,92%
65	Flateyri	274.799	0,73%				122.585	0,73%
67	Suðureyri	819.024	2,19%		Ísafjarðarbær		365.359	2,19%
73	Ísafjörður	838.981	2,24%	2.278.288	6,09%	1.016.323	374.261	2,24%
77	Norðurfjörður	533.433	1,43%				237.960	1,43%
79	Drangsnes	473.862	1,27%				211.385	1,27%
81	Hólmavík	295.518	0,79%				131.828	0,79%
83	Hvammstangi	24.130	0,06%				10.764	0,06%
85	Blönduós	6.404	0,02%				2.857	0,02%
87	Skagaströnd	2.146.706	5,74%				957.625	5,74%

Nr. hafnar	Heiti hafnar	Strandveiðigjald, kr.	Hlutfall	Samtals strandveiðigjald	Sveitarfélag	Samtals veiðigjald	Veiðigjald, kr.	Hlutfall
89	Sauðárkrókur	481.215	1,29%		Sveitarfélagið Skagafjörður		214.665	1,29%
91	Hofsós	391.922	1,05%	873.137	2,33%	389.498	174.833	1,05%
93	Siglufjörður	1.229.715	3,29%		Fjallabyggð		548.564	3,29%
95	Ólafsfjörður	508.148	1,36%	1.737.863	4,65%	775.244	226.680	1,36%
101	Dalvík	544.224	1,46%				242.773	1,46%
103	Árskógssandur	11.628	0,03%		Dalvíkurbyggð		5.187	0,03%
104	Hauganes	4.626	0,01%	560.478	1,50%	250.024	2.064	0,01%
97	Grímsey	2.122.907	5,68%		Akureyrarbær		947.009	5,68%
107	Akureyri	53.272	0,14%	2.176.179	5,82%	970.773	23.764	0,14%
111	Grenivík	27.349	0,07%				12.200	0,07%
115	Húsavík	1.435.873	3,84%				640.530	3,84%
117	Kópasker	338.074	0,90%		Norðurþing		150.811	0,90%
119	Raufarhöfn	755.408	2,02%	2.529.355	6,76%	1.128.321	336.980	2,02%
121	Þórshöfn	498.776	1,33%		Langanesbyggð		222.499	1,33%
123	Bakkafjörður	926.653	2,48%	1.425.428	3,81%	635.870	413.371	2,48%
125	Vopnafjörður	307.669	0,82%				137.248	0,82%
129	Borgarfjörður eystri	364.384	0,97%				162.548	0,97%
131	Seyðisfjörður	411.458	1,10%				183.548	1,10%
133	Mjóifjörður	15.918	0,04%				7.101	0,04%
135	Neskaupstaður	803.800	2,15%				358.567	2,15%
137	Eskifjörður	332.679	0,89%				148.405	0,89%
141	Fáskrúðsfjörður	268.259	0,72%		Fjarðabyggð		119.668	0,72%
143	Stöðvarfjörður	1.399.823	3,74%	2.820.480	7,54%	1.258.190	624.448	3,74%
145	Breiðdalsvík	547.942	1,47%				244.432	1,47%
147	Djúpivogur	835.083	2,23%				372.523	2,23%
149	Hornafjörður	578.188	1,55%				257.924	1,55%
	Samtals	**37.400.000**	**100%**				**16.683.788**	**100,00%**

808. Svar [255. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um eftirlit og bótasvik.

1. *Hvað hafa sparast háar upphæðir við að uppvíst hefur orðið um bótasvik hjá Vinnumálastofnun eftir að eftirlitsdeild hennar hóf störf, sundurgreint eftir helstu tegundum bótasvika?*

Eftirlitsdeild Vinnumálastofnunar tók formlega til starfa í byrjun október 2009. Taflan sýnir áætlaðan sparnað vegna starfsemi deildarinnar á tímabilinu október 2009 – september 2010 og er sparnaðurinn sundurgreindur eftir tegundum verkþátta.

Áætlaður sparnaður á tímabilinu október 2009 – september 2010.

Verkþættir	Áætlaður sparnaður
Ábendingar um bótasvik	143.436.324 kr.
Staðfest atvinnuleit erlendis frá	161.749.778 kr.
Virkt eftirlit	246.464.206 kr.
Eftirlitsferðir	23.367.872 kr.
Samkeyrsla við nemendaskrár skóla	109.759.040 kr.
Samkeyrsla við Fangelsismálastofnun	15.108.917 kr.
Samtals	**699.886.137 kr.**

Heimild: Vinnumálastofnun.

2. *Hvar er opinberum aðilum hér á landi heimilt að afla upplýsinga sem nýst gætu til að upplýsa bótasvik? Er t.d. heimilt í þessu skyni að fá upplýsingar frá opinberum stofnunum, bönkum, vinnuveitendum, heimili bótaþega og vinnustöðum?*

Opinberir aðilar hafa misjafnar og mismiklar heimildir lögum samkvæmt til að afla upplýsinga sem nýst gætu til að upplýsa ætlaða misnotkun á opinberum greiðslukerfum.

Í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, með síðari breytingum, er mælt fyrir um heimildir Vinnumálastofnunar til að afla upplýsinga sem nýst gætu til að upplýsa ætlaða misnotkun innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Í lögunum er meðal annars kveðið á um að skattyfirvöld, Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingastofnunin, Innheimtustofnun sveitarfélaga, hlutaðeigandi lífeyrissjóðir, Fangelsismálastofnun, viðurkenndar menntastofnanir innan hins almenna menntakerfis og skólar á háskólastigi skuli láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna, sbr. 4. mgr. 9. gr. laganna. Vinnumálastofnun er jafnframt heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðilum vegna einstakra umsókna um atvinnuleysisbætur þegar ástæða er til að mati stofnunarinnar, sbr. 5. mgr. sömu greinar. Bönkum er hins vegar ekki skylt að veita Vinnumálastofnun upplýsingar. Þá hefur Vinnumálastofnun ekki heimildir til að afla upplýsinga á heimilum þeirra sem fá greiddar atvinnuleysisbætur.

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir frekari upplýsingum frá fyrrverandi vinnuveitanda umsækjenda um atvinnuleysisbætur og skattyfirvöldum til að staðreyna þær upplýsingar er fram koma í vottorði vinnuveitanda, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

Þá er eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins skylt að senda upplýsingar þær sem fram koma á vinnustaðaskírteini til Vinnumálastofnunar þannig að stofnuninni sé unnt

að kanna hvort hlutaðeigandi atvinnurekandi eða viðkomandi starfsmaður starfi í samræmi þau lög sem stofnuninni er ætlað að annast framkvæmd á, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, nr. 42/2010.

3. *Hvernig eru þessar eftirlitsheimildir frábrugðnar heimildum í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi?*

Noregur.

Ákvæði um eftirlitsheimildir systurstofnunar Vinnumálastofnunar í Noregi, Arbeids- og velferdsetaten, eru hvað víðtækust og eru heimildum stofnunarinnar gerð sérstök skil í lögum um almannatryggingar þar í landi (n. lov om folketrygd). Í 1. mgr. 21-4. gr. laganna segir:

Arbeids- og velferdsetaten [...] har rett til å innhente de opplysninger som er nødvendige for å kontrollere om vilkårene for en ytelse er oppfylt eller har vært oppfylt i tilbakelagte perioder eller for å kontrollere utbetalinger etter en direkte oppgjørsordning. Opplysninger kan innhentes fra helsepersonell, andre som yter tjenester forutsatt at de gjør det for trygdens regning, arbeidsgiver, tidligere arbeidsgiver, postoperatør, utdanningsinstitusjon, barnetilsynsordning, offentlig virksomhet, pensjonsinnretning, forsikringsselskap og annen finansinstitusjon. Den som blir pålagt å gi opplysninger, plikter å gjøre dette uten godtgjørelse.

Skylda til að láta af hendi upplýsingar nær samkvæmt þessu til heilbrigðisstarfsmanna, annarra sem veita þjónustu á kostnað opinberra greiðslukerfa, vinnuveitenda, fyrri vinnuveitenda, póstþjónustu, menntunarstofnana, leikskóla, opinberra stofnana, lífeyrissjóða, tryggingafélaga og annarra fjármálastofnana. Skylda þessara aðila til upplýsingagjafar gengur framar þagnarskyldu sem kann að hvíla á þeim og upplýsingarnar skal veita án endurgjalds.

Jafnframt getur Arbeids- og velferdsetaten krafist upplýsinga frá öðrum en þeim sem nefndir eru í 1. mgr. 21-4. gr. laganna. Þetta á við ef rökstuddur grunur (n. rimelig grunn) liggur fyrir um að ólögmætar bótagreiðslur hafi verið inntar af hendi eða muni verða inntar af hendi auk þess sem upplýsingarnar verða að vera nauðsynlegar til þess að ljóstra upp um eða takmarka slíkar ólögmætar greiðslur. Upplýsingar, sem aflað er í þessu skyni, geta ýmist varðað þá sem fá bæturnar greiddar eða aðra, sbr. 1. mgr. 21-4a. gr. laganna.

Arbeids- og velferdsetaten getur jafnframt krafist þess að læknir skoði sjúkling eða taki í viðtal í þeim tilgangi að fá fram þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að meta hvort skilyrði laganna séu uppfyllt, sbr. 2. mgr. 21-4. gr. laganna:

Helsepersonell plikter etter krav fra Arbeids- og velferdsetaten [...] å underske eller intervjue en pasient og gi de erklæringer og uttalelser som er nødvendige for å kunne vurdere rettigheter og plikter etter loven her. Det samme gjelder andre som yter tjenester, forutsatt at de gjør det for trygdens regning, og andre særskilt sakkyndige. [...]

Arbeids- og velferdsetaten getur einnig lagt þá skyldu á tiltekna aðila, meðal annars heilbrigðisstofnanir og fangelsi, að þeir veiti reglubundnar upplýsingar um þá sem koma inn á viðkomandi stofnanir og þá sem fara þaðan út, sbr. 4. mgr. 21-4. gr. laganna:

Arbeids- og velferdsetaten kan pålegge helseinstitusjoner, fengsler og boformer for heldøgns omsorg og pleie å gi rutinemessige meldinger om innskriving og utskriving av klienter. Skoler kan pålegges å gi rutinemessige meldinger når elever har fravær som kan skyldes utenlandsopphold.

Enn fremur getur stofnunin hvenær sem er rannsakað fyrirtæki án undanfarandi aðvörunar. Á þetta við um þær atvinnugreinar þar sem telja má að auðvelt geti reynst fyrir þá

sem þar starfa að misnota opinber greiðslukerfi, sbr. 2. mgr. 21-4a. gr. norsku almannatryggingalaganna.

Arbeids- og velferdsdirektoratet eller særskilt utpekte enheter innen Arbeids- og velferdsetaten kan til enhver tid foreta stedlig kontroll i virksomheter uten forutgående varsel. Slik kontroll kan foretas i bransjer som erfaringsmessig er utsatt for trygdemisbruk, og forøvrig ved konkret mistanke om dette. Klage etter forvaltningsloven § 15 skal ikke medføre at stedlig kontroll utsettes, og det kan kreves bistand av politiet til å gjennomføre kontrollen. Under kontrollen kan det kreves at arbeidstakere identifiserer seg for å kontrollere om vedkommende er innmeldt i arbeidstakerregisteret eller mottar trygdeytelser som er uforenlige med arbeidsforholdet. Det kan også kreves innsyn i og kopi av dokumenter som kan avdekke eller hindre urettmessige utbetalinger fra trygden. Helseopplysninger kan likevel bare innhentes etter reglene i § 21-4, jf. § 21-4 c.

Þá er lífeyrissjóðum, tryggingafélögum og öðrum fjármálastofnunum heimilt að eigin frumkvæði að upplýsa Arbeids- og velferdsetaten um aðstæður sem hafa í för með sér eða geta haft í för með sér ólögmætar bótagreiðslur, sbr. 1. mgr. 21-4b. gr. norsku almannatryggingalaganna.

Pensjonsinnretninger, forsikringsselskaper og andre finansinstitusjoner kan av eget tiltak og uten hinder av taushetsplikt informere Arbeids- og velferdsetaten om forhold som har medført eller kan medføre urettmessig utbetaling av trygdeytelser.

Loks er barnaverndarnefndum, félagsþjónustu og stofnunum sveitarfélaga á grundvelli lov om introduksjonsordning og norskopplæring for nyankomne innvandrere (introduksjonsloven) skylt að safna upplýsingum og gera Arbeids- og velferdsetaten viðvart um aðstæður sem hafa þýðingu við framkvæmd norsku almannatryggingalaganna.

Danmörk.

Eftirlitsheimildum systurstofnana Vinnumálastofnunar í Danmörku, Arbejdsdirektoratet og Arbejdskasse, er öðruvísi farið en í Noregi og ekki er tekið á þeim í lögum um atvinnuleysistryggingar (d. lov om arbejdsløshedsforsikring). Þegar fjallað er um eftirlitsheimildir stjórnvalda, þar á meðal Arbejdsdirektoratet og Arbejdskassene, verður meðal annars að líta til dönsku stjórnsýslulaganna (d. forvaltningsloven) og dönsku réttaröryggislaganna (d. lov om retssikkerhed og administration på det sociale område). Vegna ákvæða um þagnarskyldu er meginreglan sú að umsækjandi um atvinnuleysisbætur eða sá sem fær greiddar slíkar bætur verður að gefa samþykki sitt fyrir upplýsingagjöf á milli stjórnvalda, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. dönsku stjórnsýslulaganna. Enn fremur er heimilt að veita upplýsingar á milli stjórnvalda ef lagaheimild stendur til þess, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 28. gr. laganna. Ákvæði 2. mgr. 11. gr. a dönsku réttaröryggislaganna leiðir í raun til þess að stjórnvald getur fengið allar nauðsynlegar upplýsingar frá öðrum stjórnvöldum án samþykkis umsækjanda um atvinnuleysisbætur eða þess sem fær greiddar slíkar bætur.

Myndigheden kan uden samtykke til brug for behandlingen af en enkelt sag eller til brug for generel kontrol kræve oplysninger om økonomiske forhold om den, der ansøger om eller får hjælp, og dennes ægtefælle eller samlever, fra andre offentlige myndigheder samt fra arbejdsløshedskasser. Tilsvarende oplysninger kan indhentes om andre husstandsmedlemmer. Oplysninger kan samkøres og sammenstilles med data fra myndighedens egne, andre myndigheders og arbejdsløshedskassers it-systemer, når dette er nødvendigt for at kontrollere, om betingelserne for at yde hjælp er opfyldt, herunder med henblik på efterfølgende kontrol af, om der er sket fejl eller misbrug i forbindelse med ydelse af hjælp. Oplysningerne

kan indhentes, selv om den person, som oplysningerne vedrører, ikke bor i den kommune, som indhenter oplysningerne.

Enn fremur er í dönsku stjórnsýslulögunum mælt fyrir um að sé stjórnvöldum heimilt að veita upplýsingar, t.d. á grundvelli framangreindrar 2. mgr. 11. gr. a dönsku réttaröryggislaganna, þá ber þeim skylda til að gera slíkt, sbr. 31. gr. laganna.

I det omfang en forvaltningsmyndighed er berettiget til at videregive en oplysning, skal myndigheden på begæring af en anden forvaltningsmyndighed videregive oplysningen, hvis den er af betydning for myndighedens virksomhed eller for en afgørelse, som myndigheden skal træffe.

Það er jafnframt ítrekað að starfsmönnum er ekki heimilt að afla sér upplýsinga sem ekki hafa þýðingu fyrir viðkomandi mál, sbr. 32. gr. laganna.

Hvað varðar upplýsingaöflun frá einstaklingum eða einkaaðilum verður lagaheimild að vera til staðar en þó eru vissar undantekningar á því, m.a. varðandi heimildir stjórnvalda til að fara inn í fyrirtæki án dómsúrskurðar í því skyni að afla upplýsinga um laun og vinnuaðstæður sem kunna að hafa áhrif á rétt einstaklinga til greiðslna frá stjórnvöldum. Stjórnvöldum er hins vegar ekki heimilt að fara inn á heimili fólks í því skyni að afla upplýsinga, sbr. 12. gr. a dönsku réttaröryggislaganna:

Kommunen har til enhver tid uden retskendelse adgang til en virksomheds lokaler m.v. samt på arbejdssteder uden for virksomhedens lokaler med henblik på at kontrollere de oplysninger om borgernes løn- og arbejdsforhold, som ligger til grund for udbetaling af ydelser i sager, der er omfattet af denne lov. Det er den kommune, som virksomheden ligger i, der kan foretage kontrollen. Kommunen har ikke uden retskendelse adgang til at foretage kontrollen i private hjem.

Þá er stjórnvöldum heimilt að óska eftir upplýsingum úr tekjuskrá einstaklings ef það er nauðsynlegt til að leysa verkefni viðkomandi stjórnvalds, sbr. lov om indkomstregister. Þannig geta stjórnvöld nálgast upplýsingar um laun, greiðslur frá hinu opinbera og námsstyrki svo að eitthvað sé nefnt.

Svíþjóð.

Í lögum um atvinnuleysistryggingar í Svíþjóð (s. lag om arbetslöshetsförsäkring) er ekki heldur að finna ákvæði um eftirlitsheimildir systurstofnana Vinnumálastofnunar, Arbetsförmedlingen og Arbetslöshetskassa. Í reglugerð um atvinnuleysistryggingar (s. förordning om arbetslöshetsförsäkring) er reyndar mælt fyrir um upplýsingaskyldu á milli Arbetsförmedlingen og Arbetslöshetskassa auk þess sem kveðið er á um upplýsingaskyldu á milli þessara tveggja stofnana og försäkringskassan, pensionsmyndigheten auk centrala studiestödsnämnden. Stofnanirnar eiga að upplýsa hverja aðra um þann stuðning sem einstaklingur þiggur frá hverri og einni. Þá eiga sýslumenn rétt á tilteknum upplýsingum um einstakling sem þiggur stuðning, sbr. 20.–25. gr. b reglugerðarinnar.

Í Svíþjóð tóku nýverið gildi lög (s. lag om underrättelseskyldighet vid felaktiga utbetalningar från välfärdssystemen) sem mæla fyrir um skyldu tiltekinna stjórnvalda til að tilkynna öðrum stjórnvöldum um fyrirliggjandi grun um ranglega greiddar bætur, sbr. 3. gr. laganna. Lögin taka meðal annars til Arbetsförmedlingen og Arbetslöshetskassa, sbr. 2. gr. laganna:

Underrättelseskyldighet enligt lagen gäller för Migrationsverket, Försäkringskassan, Pensions-myndigheten, Skatteverket, Kronofogdemyndigheten, Centrala studiestödsnämnden,

Arbetsförmedlingen och arbetslöshetskassorna. Skyldigheten gäller dock inte i Skatteverkets brottsbekämpande verksamhet.

Rétt er að nefna í þessu samhengi að árið 2007 tóku gildi í Svíþjóð lög um bótasvik (s. bidragsbrottslagen) sem eiga sérstaklega við um bótasvik og taka við þar sem ákvæðum sænsku hegningarlaganna sleppir.

Jafnframt er rétt að taka fram að þrátt fyrir framangreint er meginreglan í Svíþjóð samt sem áður sú að þagnarskylda gildir á milli opinberra stofnana, sbr. 3. gr. sekretesslagen:

Gäller enligt denna lag sekretess för uppgift som förekommer hos viss myndighet, får uppgiften inte röjas för annan myndighet i andra fall än som anges i denna lag eller i lag eller förordning till vilken denna lag hänvisar.

Finnland.

Við vinnslu svarsins reyndist ekki unnt að afla upplýsinga frá Finnlandi.

809. Svar [410. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur eftirgjöf skulda einstaklings eða lögaðila í einhverjum tilfellum verið skattlögð í samræmi við lög nr. 104/2010? Svar óskast sundurliðað eftir lánastofnunum.

Lög nr. 104/2010, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (skattaleg meðferð á eftirgjöf skulda), tóku gildi 2. júlí 2010. Fyrstu mögulegu merki um virkni þeirra munu væntanlega sjást við komandi álagningarvinnslu skattframtala 2011. Ekki er því unnt að veita umbeðin svör við fyrirspurninni á þessum tímapunkti.

810. Tillaga til þingsályktunar [494. mál]

um heildarúttekt á starfsemi æskulýðs- og ungmennasamtaka á Íslandi.

Frá menntamálanefnd.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að láta gera óháða heildarúttekt á ráðstöfun opinberra fjárveitinga til starfsemi æskulýðs- og ungmennasamtaka á Íslandi. Þar komi m.a. fram hlutfallsleg skipting fjármuna milli rekstrar- og stjórnunarkostnaðar annars vegar og verkefna sem nýtast ungmennum beint hins vegar. Jafnframt komi fram upplýsingar um það hve mörgum ungmennum viðkomandi samtök þjóna og á hvaða landsvæðum, hver sé hlutur ungs fólks, greint eftir kynjum þar sem kostur er, í stefnumótun og ákvarðanatöku innan viðkomandi samtaka og hvernig mati á árangri af starfi samtakanna sé

háttað. Loks verði þessar upplýsingar bornar saman við skipan, starfsemi og fjármögnun æskulýðssamtaka annars staðar á Norðurlöndum.

Niðurstöður úttektarinnar verði nýttar við stefnumótun stjórnvalda í æskulýðsmálum og liggi fyrir eigi síðar en 1. september 2011.

Greinargerð.

Í 3. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007, kemur fram að ríki og sveitarfélög skuli stuðla að því að ungt fólk eigi þess kost að starfa að æskulýðsmálum við sem fjölbreyttust skilyrði.

Töluverðu fjármagni er á ári hverju varið til æskulýðsmála á Íslandi, en framlög til málaflokksins námu 199,4 millj. kr. í fjárlögum ársins 2010. Hins vegar er skortur á heildstæðum upplýsingum um hvernig því fjármagni er varið og hve mikið skilar sér í eiginlegri þátttöku ungs fólks.

Nú á tímum mikils atvinnuleysis og niðurskurðar má teljast eðlilegt að skoðað sé hvernig fjármagni er varið og sérstaklega þegar litið er til þess hlutverks sem æskulýðsstarf getur haft við að koma í veg fyrir óæskileg langtímaáhrif á ungt fólk án atvinnu.

Um helmingur heimsbyggðarinnar er fólk undir 29 ára aldri og er ungt fólk (15–29 ára) á landsvísu um 20% þjóðarinnar. Þessi hópur verður að hafa tækifæri til að taka þátt í stefnumörkun á öllum sviðum samfélagsins þar sem hagsmunir ungs fólks eru í húfi. Mikilvægt er að leita leiða til að virkja ungt fólk í auknum mæli við mótun stefnu í æskulýðsmálum. Þá er brýnt að beita þarfagreiningu til grundvallar stefnumótun og ráðstöfun fjárveitinga í málaflokknum.

Lagt er til að í úttekt á starfsemi æskulýðssamtaka á Íslandi verði gert yfirlit yfir þróun fjárveitinga til slíkra samtaka og ráðstöfun þeirra undanfarinn áratug. Þar komi m.a. fram hvaða félög starfa að æskulýðsmálum á Íslandi, á hvaða svæðum og hvernig fjárveitingar ríkisins hafa skipst milli þeirra á undanförum árum. Veitt verði yfirlit yfir hlutfallslega skiptingu fjármuna milli skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar annars vegar og framlaga til verkefna sem nýtast ungmennum beint hins vegar. Upplýst verði hver sé hlutur ungs fólks, greint eftir kynjum þar sem kostur er, í stefnumótun og ákvarðanatöku viðkomandi samtaka og hvernig mati á árangri af starfi samtakanna sé háttað. Leitað verði fyrirmynda erlendis varðandi leiðir til að byggja upp öflugt æskulýðsstarf með virkri þátttöku ungs fólks í stefnumótun og framkvæmd.

811. Svar [355. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Steingrímssonar um póstsamgöngur við afskekktar byggðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að áfram verði haldið að keyra póst til afskekktra byggða á Íslandi? Ef svo er, til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa til að tryggja póstsamgöngur, í ljósi tíðinda undanfarið um misbrest á póstdreifingu til afskekktra staða?

Eftirfarandi löggjöf gildir um póstþjónustu:

– lög um póstþjónustu, nr. 19/2002,

– reglugerð um alþjónustu, nr. 364/2003,
– reglur um afgreiðslustaði, nr. 504/2003.

Sá lagarammi sem settur hefur verið um póstþjónustu, hvað varðar réttindi og skyldur Íslandspósts og þá um leið réttindi og skyldur notenda þjónustunnar á m.a. rót sína að rekja til þeirra tilskipana sem settar hafa verið á vettvangi Evrópusambandsins og íslensk stjórnvöld hafa með EES-samningnum skuldbundið sig til þess að innleiða á grundvelli hans.

Markmið laga um póstþjónustu er að tryggja hagkvæma og virka póstþjónustu um land allt og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu, þ.e. svokallaðri alþjónustu. Þá er og kveðið á um að þjónustan eigi að vera á viðráðanlegu verði.

Innan hugtaksins alþjónusta, er t.d. aðgangur að afgreiðslustað, ýmsar tegundir póstsendinga, svo sem bréf, bögglar upp að 20 kg, ábyrðarsendingar, fjármunasendingar o.s.frv.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur lagt þær kvaðir á Íslandspóst að fyrirtækið sinni alþjónustu um allt land og því til viðbótar fer fyrirtækið með einkarétt ríkisins til dreifingar á pósti upp að 50 g.

Þá hefur einnig verið lögð sú kvöð á fyrirtækið að 85% af þeim pósti sem póstlagður er sem A-póstur skuli kominn til viðtakanda deginum eftir póstlagningu og er afhendingarhraðinn mældur af óháðum aðila.

Samkvæmt 21. gr. laga um póstþjónustu skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður hindri slíkt.

Framangreindar meginreglur er vert að hafa í huga og skoða í samhengi þegar fjallað er um þá þjónustu sem Íslandspósti er skylt að veita í hverju einstöku tilfelli.

Nokkrar tölulegar staðreyndir.

Núna ber Íslandspóstur út póst til 122.204 heimila og tæplega 10.000 fyrirtækja. Af þessum rúmlega 120.000 heimilum fá 157 heimili (0,11%) ekki borinn út póst fimm sinnum í viku heldur tvisvar eða þrisvar sinnum í viku. Ástæður þess eru einkum samgöngur, t.d. ef Íslandspóstur er háður flugsamgöngum til að koma pósti til skila.

Núna eru 73 afgreiðslustaðir á landinu öllu, þar af 61 afgreiðslustaður fyrir utan höfuðborgarsvæðið og 11 á höfuðborgarsvæðinu. Póst- og fjarskiptastofnun hefur gefið Íslandspósti heimild til að loka alls 12 afgreiðslustöðum á landsbyggðinni. Í þeim tilvikum hefur landpóstur tekið við þeirri þjónustu sem áður var innt af hendi á hefðbundnum afgreiðslustað. Á síðustu 10 árum hefur fjórum afgreiðslustöðum verið lokað á höfuðborgarsvæðinu.

Fimm daga þjónusta.

Með núgildandi lögum um póstþjónustu, nr. 19/2002, kom það nýmæli að öllum landsmönnum var tryggður réttur til fimm daga þjónustu, nema kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður hindruðu það, sbr. 21. gr. laganna. Nánari útfærsla á þessu ákvæði er í 10 gr. reglugerðar um alþjónustu. Eftir að núgildandi lög voru sett fór Íslandspóstur í það átak að breyta landpóstaleiðum sem áður höfðu verið í tveggja eða þriggja daga þjónustu í fimm daga þjónustu. Þeirri vinnu lauk á árinu 2004.

Íslandspóstur dreifir til um 6.500 heimila (4.850 lögbýli + 1.650 í minni þéttbýliskjörnum) á landinu öllu með landpóstum. Ef miðað er við að þau 157 heimili sem ekki fá fimm daga þjónustu í dag, séu þjónustuð af landpóstum þá eru það 2,42% af heimilum landsins í dreifbýli sem ekki fá fimm daga þjónustu heldur þjónustu tvisvar eða þrisvar í viku.

Staðsetning bréfakassa.

Í áratugi hafa bréfakassar í dreifbýli verið staðsettir fjarri íbúðarhúsum, mislangt eftir aðstæðum. Hliðstætt fyrirkomulag er í flestum löndum Evrópu. Með reglugerð nr. 364/2003, um alþjónustu, voru sett ákveðin viðmiðunarmörk sem leggja skal til grundvallar þegar staðsetning bréfakassa er ákveðin, sbr. 16. gr. reglugerðarinnar. Eins og fram hefur komið eru 4.850 lögbýli á landinu sem Íslandspóstur þjónar. Á undanförnum árum hefur verið unnið í því af hálfu Íslandspósts að samræma staðsetningu bréfakassa í dreifbýli þannig að allir fái hliðstæða eða svipaða þjónustu, en nokkur brögð hafa verið að því að staðsetning bréfakassanna hafi ekki verið samræmd.

Í ljósi þess að 4.850 heimili (lögbýli) fá póst afhentan í bréfakassa sem staðsettur er við heimreið verður ekki séð annað en að núverandi reglur hafi reynst nokkuð vel en sex ágreiningsmál hafa komið til kasta Póst- og fjarskiptastofnunar þar sem reynt hefur á túlkun reglugerðarinnar. Á árinu 2009 voru það mál nr. 4, 6 og 18 og á árinu 2010 mál nr. 31, 32 og 35.

Rétt er að geta þess að farið er með allar skráðar sendingar heim að bæjum. Það er því einungis hinn almenni póstur sem settur er í bréfakassa.

Ekki verður séð miðað við samantektina hér að framan að ágreiningur um skilning og túlkun á reglunum sé mikill miðað við þann mikla fjölda heimila sem Íslandspóstur þjónar. Þá verður heldur ekki séð að sá fjöldi sem ekki fær fimm daga þjónustu sé óeðlilegur ef tekið er mið af því hversu dreifbýlt landið er og samgöngur oft erfiðar yfir vetrartímann.

Með hliðsjón af framangreindum upplýsingum telur ráðuneytið ekki nægar ástæður til, að svo stöddu, að breyta þeirri löggjöf og/eða reglugerðum sem í dag gilda um póstþjónustu hvað varðar dreifingu pósts.

812. Svar [364. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um umferð og vegtolla.

1. *Hversu mikil er umferð að meðaltali á degi hverjum á:*
   a. *þjóðvegi 41 (Reykjanesbraut),*
   b. *Suðurlandsvegi til Selfoss, og*
   c. *Vesturlandsvegi að Hvalfjarðargöngum?*

Vegur	**Kafli**	**Umferð ÁDU 2009**
		(bílar/sólarhring)
Reykjanesbraut	Á Strandarheiði	10.300
Suðurlandsvegur	Neðan Lögbergs	8.600
Suðurlandsvegur	Í Svínahrauni	7.900
Suðurlandsvegur	Á Hellisheiði	6.700
Suðurlandsvegur	Vestan Biskupstungnabrautar	7.200
Vesturlandsvegur	Sunnan Grundarhverfis	7.000
Vesturlandsvegur	Norðan Grundarhverfis	6.100

2. *Hvar í heiminum er GPS-tækni notuð til vegtollunar?*

Eftirfarandi svar er einungis dæmi um hvar GPS-tækni er notuð til að mæla staðsetningu og ekna vegalengd ökutækja með það að markmiði að innheimta vegtolla:

Þýskaland	Hraðbrautir og nokkrir aðalvegir (flutningabílar >12 tn).
Slóvakía	Hraðbrautir og aðalvegir (vöru- og fólksflutningabílar > 3,5 tn).
Singapúr	(Áætlað 2010).
Holland	Gerðar hafa verið vel heppnaðar tilraunir með GPS-mælingar á staðsetningu og ekinni vegalengd ökutækja í því skyni að innheimta vegtolla. Fyrirhugað var að hefja innheimtu vegna stórra bíla 2012 og allra bíla 2017 en þeirri ákvörðun var slegið á frest fyrir þingkosningarnar í Hollandi sl. vor.
Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.	

Það verður að horfa til þeirrar stöðu sem við erum í um þessar mundir en afar takmarkað fé er til ráðstöfunar til nýframkvæmda.

Í fjögurra ára samgönguáætlun 2009–2012 sem afgreidd var frá Alþingi á síðasta þingi er gert ráð fyrir að notendagjöld verði notuð til að greiða fyrir tilteknar samgönguframkvæmdir.

813. Svar [366. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um kostnað við vegagerð og tekjur af samgöngum.

1. *Hvað hefur lagning þjóðvegar 41 (Reykjanesbrautar) kostað íslenska ríkið, framreiknað frá upphafi framkvæmda, sundurliðað eftir framkvæmdaárum?*
2. *Hvað kostuðu Héðinsfjarðargöng, framreiknað frá upphafi framkvæmda, sundurliðað eftir framkvæmdaárum?*

Í töflu hér á eftir er tekinn saman kostnaður við annars vegar Héðinsfjarðargöng og hins vegar við framkvæmdir á Reykjanesbraut frá árinu 2000 til dagsins í dag. Efri hluti töflunnar er á verðlagi hvers árs, en neðri hlutinn er uppfærður til meðalverðlags 2010 með byggingarvísitölu. Framkvæmdir við Reykjanesbraut hófust reyndar upp úr 1960 en það tímabil sem hér er tekið er um það bil tímabilið sem nær yfir tvöföldun brautarinnar.

3. *Hversu miklar tekjur fær íslenska ríkið af samgöngum og samgöngutækjum að meðaltali á ári hverju, sundurliðað eftir flokkum?*

Innanríkisráðherra byggir svar sitt á því að átt sé við tekjur af ökutækjum og getur eingöngu upplýst um tekjur Vegagerðarinnar af mörkuðum tekjustofnum sínum, bensíngjaldi, olíugjaldi og kílómetragjaldi. Aðrar tekjur ríkisins af ökutækjum eru á forræði fjármálaráðuneytisins.

Innheimtar markaðar tekjur 2009:

Bensíngjald	7.730 millj. kr.
Olíugjald	6.204 millj. kr.
Kílómetragjald	973,8 millj. kr.
Samtals:	14.907,8 millj. kr.

Héðinsfjarðargöng og tvöföldun Reykjanesbrautar 2000-2010

vegur	kafli	Framkvæmd	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002
Héðinsfjarðargöng:											
81	01S	Héðinsfjarðarvegur	3.017.602.678	2.207.296.924	3.396.787.111	2.255.011.447	973.524.723	53.597.839	0	0	0
82	071	Ólafsfjarðarós	0	0	0	0	0	415.073	2.391.491	67.562.288	0
792	021	Fjarðará í Siglufirði	0	0	0	0	0	352.265	30.131.161	0	0
Reykjanesbraut:											
41	02S	Færsla Sæbrautar	0	0	0	0	493.477	3.194.214	0	0	0
41	03S	Færsla Sæbrautar	0	0	8.556.114	77.609.821	169.966.886	22.606.366	1.744.546	0	0
41	11G	Gatnamót v/Stekkjarbakka	0	3.588.954	7.242	2.151.690	13.804.272	9.638.695	86.346.695	730.161.984	0
41	11S	Gatnamót v/Breiðholtsbraut	0	0	18.105	57.135	5.826.691	7.622.021	-2.094.285	5.529.538	178.754.438
41	12G	Gatnamót v/Vífilsstaðaveg	-53.920.652	174.672.433	855.590.551	6.064.946	0	0	0	0	0
41	12K	Gatnamót v/Arnarnesveg	12.040.744	151.384.010	963.807.301	0	0	0	0	0	0
41	12S	Garðabær, gatnamót v/Urriðaholt	14.099.322	147.691.521	181.557.744	537.793.103	1.101.801.697	39.359.454	32.389.752	82.539	14.940.572
41	14S	Hafnarfjörður	37.872.348	37.029.816	8.583.649	8.109.173	14.616.580	149.319.601	668.616.762	426.464.079	0
41	15S	Hafnarfjörður	345.370	1.657.506	1.973.416	299.827	18.873.197	14.287.131	543.544.651	0	0
41	16S	Vatnsleysustrandarv-Grindavíkurv	26.446.418	308.582.641	1.325.281.246	681.211.776	653.344.725	31.675.541	147.875	0	0
41	18S	Frárein við Fitjar	1.638.345	0	0	0	0	0	0	0	0
41	21S	Gatnamót við Grænás	57.014.631	13.131.441	7.953.938	0	0	0	0	0	0
Byggingarvísitala:			508,3	488,5	424,1	370,7	338,0	314,4	297,2	285,5	276,2

Á meðalverðlagi 2010

vegur	kafli	Framkvæmd	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002
Héðinsfjarðargöng:											
81	01S	Héðinsfjarðarvegur	3.017.602.678	2.296.763.616	4.071.178.704	3.092.048.337	1.464.031.410	86.653.249	0	0	0
82	071	Ólafsfjarðarós	0	0	0	0	0	671.061	4.090.158	120.286.904	0
792	021	Fjarðará í Siglufirði	0	0	0	0	0	569.517	51.533.207	0	0
Reykjanesbraut:											
41	02S	Færsla Sæbrautar	0	0	0	0	742.113	5.164.182	0	0	0
41	03S	Færsla Sæbrautar	0	0	10.254.828	106.417.783	255.604.048	36.548.396	2.983.690	0	0
41	11G	Gatnamót v/Stekkjarbakka	0	3.734.422	8.680	2.950.375	20.759.501	15.583.170	147.678.415	1.299.969.655	0
41	11S	Gatnamót v/Breiðholtsbraut	0	0	21.700	78.343	8.762.447	12.322.752	-3.581.847	9.844.708	328.967.708
41	12G	Gatnamót v/Vífilsstaðaveg	-53.920.652	181.752.298	1.025.457.857	8.316.191	0	0	0	0	0
41	12K	Gatnamót v/Arnarnesveg	12.040.744	157.519.943	1.155.159.753	0	0	0	0	0	0
41	12S	Garðabær, gatnamót v/Urriðaholt	14.099.322	153.677.789	217.603.870	737.416.332	1.656.940.244	63.633.621	55.396.066	146.951	27.495.629
41	14S	Hafnarfjörður	37.872.348	38.530.717	10.287.830	11.119.214	21.981.088	241.409.520	1.143.532.638	759.270.373	0
41	15S	Hafnarfjörður	345.370	1.724.688	2.365.214	411.120	28.382.385	23.098.437	929.622.295	0	0
41	16S	Vatnsleysustrandarv-Grindavíkurv	26.446.418	321.090.187	1.588.400.041	934.070.531	982.529.952	51.210.806	252.910	0	0
41	18S	Frárein við Fitjar	1.638.345	0	0	0	0	0	0	0	0
41	21S	Gatnamót við Grænás	57.014.631	13.663.688	9.533.098	0	0	0	0	0	0

814. Frumvarp til umferðarlaga. [495. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laganna er að vernda líf og heilsu vegfarenda með auknu umferðaröryggi þar sem jafnræðis er gætt milli vegfarenda, óháð samgöngumáta, og tillit tekið til umhverfissjónarmiða við skipulagningu umferðar.

2. gr.
Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um umferð á vegum, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Ákvæði laganna gilda einnig, eftir því sem við á, um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um náttúruvernd um akstur utan vega.

Ákvæði laganna gilda einnig, eftir því sem við á, um reiðmenn og þá sem teyma eða reka búfé.

Ákvæði laganna um reiðhjól gilda einnig, eftir því sem við á, um rafknúna hjólastóla og lítil vél- eða rafknúin ökutæki.

Ákvæði laganna um gangandi vegfarendur gilda einnig um þann sem er á skíðum, hjólaskíðum, skautum, hjólaskautum eða svipuðum tækjum, sem og um þann sem rennir sér á sleða eða dregur með sér eða leiðir tæki eða hjól. Þau gilda og um fatlaðan einstakling sem sjálfur ekur hjólastól eða samsvarandi tæki.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Aðalljós:* Akstursljós vélknúinna ökutækja sem stjórnað er með rofa ásamt skiptirofa á milli lágra og hárra ljósgeisla.
2. *Aðrein:* Hluti vegar sem sérstaklega er ætlaður til aðlögunar að umferð á þeim vegi sem ekið er inn á.
3. *Akbraut:* Sá hluti vegar sem fyrst og fremst er ætlaður fyrir umferð ökutækja.
4. *Akrein:* Hver og ein af samhliða reinum, hvort sem akreininni er skipt að endilöngu með yfirborðsmerkingum eða ekki.
5. *Akstur á einkalandi:* Akstur ökutækja á afmörkuðum einkalóðum, jörðum og vinnusvæðum utan almennrar umferðar.
6. *Akstur á afmörkuðum, skilgreindum svæðum:* Sérhæfður akstur ökutækja á afmörkuðum, skilgreindum og merktum svæðum utan almennrar umferðar, t.d. í ökugerði og aksturskeppnissvæði.
7. *Akstur utan umferðar:* Akstur ökutækja á snjó eða hjarni á svæðum opnum almenningi.
8. *Almenn umferð:* Öll meðferð ökutækja og önnur umferð samkvæmt lögum þessum á vegum sem opnir eru almenningi.

9. *Almennir stígar:* Stígar, svo sem göngu-, hjóla- og reiðstígar, sem merktir eru í samræmi við notkun þeirra og ætlaðir eru til frjálsrar umferðar og haldið við af fé ríkis eða sveitarfélaga.
10. *Almenningsvagn:* Ökutæki sem sérstaklega er útbúið til fólksflutninga og notað til reglubundins áætlunaraksturs samkvæmt fyrir fram ákveðnum akstursleiðum.
11. *Ásþungi:* Þungi sem flyst á veg af hjólum á einum ás ökutækis.
12. *Beltabifhjól:* Bifhjól, búið beltum og eftir atvikum stýrimeið/stýrihjóli og innan við 400 kg að eigin þyngd. Beltabifhjól er aðallega ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki á snjó og hjarni.
13. *Beygjurein:* Hluti vegar sem sérstaklega er ætlaður til beygju á vegamótum.
14. *Létt bifhjól (létthjól):* Vélknúið ökutæki á tveimur hjólum með sprengirými ekki yfir 50 cm^3 sé það búið brunahreyfli og ekki hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst.
15. *Bifhjól:* Vélknúið ökutæki sem hvorki telst bifreið né torfærutæki, er aðallega ætlað til fólks- eða vöruflutninga á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur eða fleiri hjólum með sprengirými yfir 50 cm^3 sé það búið brunahreyfli og hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst.

    Ákvæði laganna um bifhjól eiga við um létt bifhjól og bifhjól, nema annað sé tekið fram.
16. *Bifreið:*
    a. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til farþega- eða farmflutninga, og eftir atvikum til að draga annað ökutæki, er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og er hannað til hraðari aksturs en 30 km á klst., eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.
    b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til farþega- eða farmflutninga og/eða til að draga annað ökutæki, er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.
17. *Breytt ökutæki:* Bifreið eða bifhjól þar sem búið er að breyta veigamiklum þáttum, svo sem stýrisbúnaði, hemlabúnaði, aflrás, hjólum, grind og yfirbyggingu, frá upprunalegri útfærslu framleiðanda sem ekki eru til leiðbeiningar um frá framleiðanda.
18. *Dráttarvél:* Vélknúið ökutæki sem aðallega er hannað til að draga annað ökutæki og draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki, er á hjólum og/eða beltum og er eigi hannað til hraðari aksturs en 40 km á klst.
19. *Eftirvagn:* Ökutæki sem hannað er til að vera dregið af vélknúnu ökutæki, þ.m.t.:
    a. eftirvagn sem aðallega er ætlaður til farþega- og vöruflutninga,
    b. eftirvagn sem búinn er áfestum vélum og tækjum,
    c. hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagn.
20. *Eigin þyngd:* Þyngd ökutækis, sem tilbúið er til notkunar, að meðtöldum búnaði sem því fylgir að jafnaði, eldsneyti, smurolíu, kælivatni, varahjóli, verkfærum og þess háttar.
21. *Farstarfsmaður:* Starfsmaður flytjanda, það er ökumaður og aðrir í áhöfn hóp- eða vörubifreiðar sem aðstoða ökumann við önnur störf en akstur og einnig sá sem er í bifreið til þess að leysa ökumanninn af þegar hann tekur hvíld.
22. *Flytjandi:* Skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis eða sá sem hefur það að láni og notar það til fólks- eða farmflutninga á vegum í atvinnuskyni og ekur því sjálfur eða ökumaður í hans þjónustu.
23. *Fólksbifreið:* Bifreið sem aðallega er ætluð til fólksflutninga og gerð er fyrir átta farþega eða færri.

24. *Frárein:* Hluti vegar sem sérstaklega er ætlaður til aðskilnaðar frá umferð á þeim vegi sem ekið er af.
25. *Gangbraut:* Sérstaklega merktur hluti vegar með umferðarljósum, yfirborðsmerkingum eða skiltum sem er ætlaður gangandi og hjólandi vegfarendum til að komast yfir akbraut.
26. *Gangstétt:* Sá hluti vegar til hliðar við akbraut sem er ætlaður gangandi og hjólandi vegfarendum.
27. *Göngugata:* Vegur sem aðallega er ætlaður gangandi vegfarendum. Umferð annarra ræðst af merkingum, svo og þjónustuumferð sem getur verið heimiluð á tilteknum tímum sólarhrings á göngugötu.
28. *Heildarþyngd:* Þyngd ökutækis með ökumanni, farþegum, farmi og viðfestum vinnutækjum. Leyfð heildarþyngd ökutækis er sú heildarþyngd sem leyfð er við skráningu þess.
29. *Hliðarvagn:* Ökutæki á einu hjóli sem tengt er við hlið bifhjóls á tveimur hjólum og aðallega er ætlað til fólks- eða farmflutninga.
30. *Hópbifreið:* Bifreið sem ætluð er til flutnings fleiri en átta farþega, einnig þótt bifreiðin sé jafnframt ætluð til annarra nota.
31. *Hringtorg:* Vegamót þar sem hringlaga svæði er í miðjunni með akbraut umhverfis.
32. *Hættuljós:* Samhæft blikk allra stefnuljósa ökutækja. Hættuljós eru með sérstökum rofa merktum með þríhyrningi í flestum gerðum ökutækja.
33. *Lagning ökutækis:* Kyrrstaða ökutækis, með eða án ökumanns, sem stendur lengur yfir en þarf til að hleypa farþegum inn eða út, lesta það eða losa.
34. *Reiðhjól:* Ökutæki sem knúið er áfram með stig- eða sveifarbúnaði og búið er til aksturs í almennri umferð.

    Undir flokkinn reiðhjól fellur einnig samkvæmt lögunum:

    a. Rafknúinn hjólastóll sem eigi er hannaður til hraðari aksturs en 15 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu.
    b. Lítið rafknúið ökutæki sem hannað er til aksturs á hraða frá 8 km á klst. upp í 25 km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur m.a. rafknúið hlaupahjól sem búið er stigbretti, er á hjólum og með stöng að framan sem á er stýri.
35. *Sérsmíðað ökutæki:* Vélknúið ökutæki sem smíðað er sérstaklega eða sett saman úr hlutum mismunandi framleiðenda og merkt þannig.
36. *Sérrein:* Akrein sem einungis er ætluð ákveðinni tegund umferðar, svo sem bifreiða í forgangsakstri og akstri almenningsvagna, leigubifreiða og vistvænna ökutækja. Umferðarmerki gefa til kynna leyfilegan akstur á sérrein.
37. *Stefnuljós:* Blikkandi merkjaljós á hornum ökutækja með sérstökum rofa.
38. *Stöðvun ökutækis:* Stutt stöðvun sem ökumaður ákveður sjálfur að gera á akstri sínum og ekki er tilkomin vegna annarrar umferðar, umferðarmerkja, fyrirmæla lögreglu eða þess háttar.
39. *Vegamót:* Þar sem vegir mætast eða skerast eða vegur greinist.
40. *Vegöxl:* Sá hluti vegar sem liggur milli akbrautar og vegbrúnar.
41. *Vegfarandi:* Hver sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.
42. *Vegur:* Akbraut, stígur, brú, torg, húsasund, bifreiðastæði, vegslóði eða þess háttar sem notað er til almennrar umferðar.
43. *Vélknúið ökutæki:* Ökutæki búið aflvél til að knýja það áfram.
44. *Viðvörunarþríhyrningur:* Viðvörunarmerki í formi þríhyrnings með endurskini.

45. *Vistgata:* Sérmerkt svæði með blandaðri umferð akandi og gangandi vegfarenda með 15 km hámarkshraða á klst. þar sem gangandi vegfarendur njóta forgangs.
46. *Vinnuvél:*
    a. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til sérstakra verka, er búið áfestum tækjum eða vélum og er á hjólum og/eða beltum.
    b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða farmflutninga eða til að draga annað ökutæki, er á hjólum og er eigi hannað til hraðari aksturs en 30 km á klst. Bifhjól getur ekki talist vinnuvél.
    c. Vélknúið ökutæki sem stjórnað er af gangandi manni.
47. *Vörubifreið:* Bifreið sem aðallega er ætluð til farmflutninga, er með leyfða heildarþyngd meiri en 3,5 tonn og er að hámarki fyrir sex farþega.
48. *Þéttbýli:* Svæði afmarkað með sérstöku merki sem táknar þéttbýli.
49. *Ökutæki:* Tæki á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori.

Ráðherra er heimilt að ákvarða í reglugerð nánari skilgreiningar á hugtökum samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Reglur fyrir alla umferð.

4. gr.
Tillitssemi, almenn aðgæsluskylda og óþarfa hávaði.

Vegfarandi skal sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum og þannig að eigi trufli eða tefji umferð að óþörfu. Hann skal og sýna þeim sem býr eða staddur er við veg tillitssemi og skal haga hraða og akstursháttum að öðru leyti þannig að eigi valdi óþarfa ónæði.

Sérstaka tillitssemi skal sýna börnum, öldruðum og þeim sem bera auðkenni fatlaðra eða eru sýnilega sjón- eða heyrnarskertir, fatlaðir eða sjúkir þannig að hái þeim í umferðinni. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um auðkenni fatlaðra.

Ökumaður vélknúins ökutækis skal haga meðferð þess og akstri þannig að frá því stafi eigi hávaði eða loftmengun að óþörfu, m.a. með því að hafa það ekki í gangi lengur en nauðsynlegt er.

Um viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða vegna umferðar ökutækja fer eftir reglum um gerð og búnað ökutækja.

Veghaldari skal gera ráðstafanir í samráði við viðkomandi skólayfirvöld og lögreglu til að vernda börn gegn hættu í umferðinni á leið þeirra til og frá skóla.

5. gr.
Leikir o.fl.

Eigi má stökkva af eða upp í ökutæki á ferð eða vera utan á ökutæki á ferð.

Eigi má draga vagn, sleða eða þess háttar aftan í ökutæki, sbr. þó 69. gr. Eigi má hanga í ökutæki á ferð eða draga með ökutæki á vegi þann sem er á skíðum, hjólaskíðum, skautum, hjólaskautum eða svipuðum tækjum.

Eigi má vera að leik á vegi þannig að til óþægindа verði fyrir umferð.

6. gr.

Óhreinkun vegar o.fl.

Eigi má henda út úr ökutæki á ferð, skilja eftir á vegi eða strengja yfir opinn veg í leyfisleysi neitt það sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir aðra vegfarendur.

Ef hlutur sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferð fellur eða rennur af ökutæki á veg skal ökumaður sjá til þess að hluturinn sé þegar fjarlægður. Ef það er eigi unnt skal vara vegfarendur við með merkjum eða á annan hátt þar til það sem hættu eða óþægindum veldur hefur verið fjarlægt.

7. gr.

Fyrirmæli og leiðbeiningar fyrir umferð.

Ökumanni er óheimilt að aka gegn rauðu umferðarljósi.

Vegfarandi skal fara eftir fyrirmælum og leiðbeiningum um umferð sem gefnar eru til kynna með umferðarmerkjum, umferðarljósum, merkingum á yfirborði vegar, hljóðmerkjum eða öðrum hætti á eða við veg, sbr. 85. gr. Fyrirmæli og leiðbeiningar þessar gilda framar almennum umferðarreglum.

Fyrirmæli gefin með umferðarljósum gilda framar fyrirmælum um biðskyldu eða stöðvunarskyldu samkvæmt umferðarmerki.

Vegfarandi skal án tafar fara eftir fyrirmælum og leiðbeiningum um umferð sem lögregla eða sá annar sem ráðherra hefur heimilað að stjórna umferð gefur og gilda þau framar öðrum slíkum sem gefin eru á annan hátt.

8. gr.

Rekstur búfjár.

Eigi má án leyfis lögreglu reka búfé á vegi.

Rekstri búfjár skulu ætíð fylgja nægilega margir gæslumenn.

Búfé skal vikið fljótt og greiðlega úr vegi ef þess gerist þörf vegna annarrar umferðar.

9. gr.

Vistgata.

Um vistgötu ber að aka hægt og eigi hraðar en 15 km á klst. Ökumaður skal sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Gangandi vegfarandi má eigi hindra för ökutækis að óþörfu.

Vistgötu skal merkja sérstaklega. Vélknúnum ökutækjum má ekki leggja í vistgötu nema á merktum stæðum.

10. gr.

Almennar reglur um forgangsakstur.

Ökumaður ökutækis í forgangsakstri skal nota sérstök hljóð- eða ljósmerki við akstur og skulu aðrir vegfarendur þá víkja úr vegi í tæka tíð. Ökumaður skal gefa til kynna með stefnumerkjum hvert hann hyggst víkja, draga úr hraða og gæta varúðar gagnvart öðrum vegfarendum. Ökumaður skal einungis nema staðar ef nauðsyn ber til og þá utan akbrautar. Hljóð- og ljósmerki má eingöngu nota þegar nauðsyn ber til og er stjórnanda ökutækis skylt að taka tillit til annarra vegfarenda. Notkun hljóð- eða ljósmerkja við forgangsakstur dregur ekki úr skyldu ökumanns til að sýna tillitssemi og viðhafa varúð gagnvart öðrum vegfarendum.

Vélknúið ökutæki, sem í einstakt skipti er notað til forgangsaksturs og er greinilega auðkennt að framan með hvítri veifu, er við þann akstur jafnsett ökutæki skv. 1. mgr. Stjórnandi ökutækisins skal tilkynna lögreglu um aksturinn svo fljótt sem auðið er að honum loknum. Notkun hvítrar veifu í öðrum tilvikum en fjallað er um í þessari grein er bönnuð.

Við forgangsakstur samkvæmt þessari grein er ökumanni heimilt, ef brýna nauðsyn ber til, að víkja frá ákvæðum IV. kafla um umferðarreglur fyrir ökumenn vélknúinna ökutækja og V. kafla um ökuhraða, enda gæti hann sérstaklega ákvæða 2. mgr. 7. gr. um að fylgja fyrirmælum og leiðbeiningum fyrir umferð sem gefnar eru með umferðarmerkjum og umferðarljósum.

Ökumaður í forgangsakstri skal ávallt fara eftir leiðbeiningum sem lögreglan gefur við umferðarstjórn. Við akstur á móti rauðu eða gulu ljósi á gatnamótum þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum skal ökumaður draga svo mikið úr hraða að hann geti tafarlaust stöðvað ökutæki sitt fyrir umferð úr þverstæðri átt.

Ökutæki á vegum forsetaembættisins, Alþingis og ráðuneyta, þegar það er í fylgd lögreglu í tengslum við opinberar heimsóknir og þess háttar, getur fallið undir 1., 3. og 4. mgr. án þess að það sé sérstaklega skráð til slíks aksturs.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um forgangsakstur, þar á meðal skráningu ökutækja til forgangsaksturs, um notkun sérstakra hljóð- eða ljósmerkja við slíkan akstur og um námskeið fyrir þá sem sinna forgangsakstri.

11. gr.

Bann við aðkomu að slys- eða brunastað og við því að rjúfa eða hindra lögmæta hópgöngu.

Óviðkomandi má eigi koma svo nærri slys- eða brunastað að hann hamli björgunar- eða slökkvistarfi, þar á meðal akstri að og frá staðnum.

Vegfarandi má eigi rjúfa eða hindra á annan hátt lögmæta hópgöngu nema með leyfi lögreglu.

12. gr.

Skemmdir á umferðarmerkjum.

Eigi má án leyfis nema brott eða breyta umferðarmerki.

Sá sem á hlut að því að skemma umferðarmerki skal strax lagfæra það ef kostur er. Annars ber honum að tilkynna lögreglunni þegar um atburðinn og gera nauðsynlegar ráðstafanir til viðvörunar öðrum vegfarendum.

13. gr.

Skyldur vegfarenda við umferðaróhapp.

Vegfarandi, sem á hlut að umferðarslysi eða öðru umferðaróhappi, skal þegar nema staðar, hvort sem hann á sök á því eða ekki. Hann skal veita slösuðum mönnum og dýrum, eftir því sem við á, hverja þá hjálp sem honum er unnt og taka að öðru leyti þátt í aðgerðum sem óhappið gefur tilefni til. Hver sá sem hlut á að umferðaróhappi eða hefur verið sjónarvottur að því skal gefa upplýsingar um nafn, kennitölu og heimilisfang og upplýsingar um ökutæki ef við á ef þess er óskað af öðrum þeim sem hlut á að óhappinu eða hefur orðið fyrir tjóni.

Ef maður hefur látist eða slasast í umferðarslysi skal sá sem átti hlut að því tilkynna lögreglunni um slysið svo fljótt sem auðið er. Ef tjón hefur orðið á eignum og enginn er við-

staddur til að taka við upplýsingum sem um ræðir í 1. mgr. skal tjónvaldur tilkynna það tjónþola eða lögreglunni svo fljótt sem auðið er.

Hafi maður látist eða slasast alvarlega í umferðarslysi má eigi raska vettvangi eða fjarlægja ummerki sem þýðingu geta haft fyrir rannsókn þess. Ef ökutæki veldur verulegri hættu fyrir umferðina skal þó færa það úr stað.

III. KAFLI
Umferðarreglur fyrir gangandi vegfarendur.

14. gr.
Notkun gangstétta, göngustíga o.fl.

Gangandi vegfarandi skal nota gangstétt, göngustíg eða göngugötu. Vegöxl og akbraut má nota ef gangstétt eða göngustígur er ekki til staðar. Sé gengið eftir vegöxl eða akbraut skal að jafnaði gengið við vinstri vegarbrún í gönguátt og ekki fleiri en tveir samhliða. Gangandi vegfarandi má þó nota gagnstæða vegarbrún ef hann væri annars í hættu eða sérstakar aðstæður mæla með því.

15. gr.
Ganga yfir akbraut.

Gangandi vegfarandi sem ætlar yfir akbraut skal hafa sérstaka aðgát gagnvart ökutækjum sem nálgast. Hann skal fara yfir akbrautina án óþarfrar tafar.

Þegar farið er yfir akbraut skal nota gangbraut ef hún er nálæg. Sama á við um göng og brú fyrir gangandi vegfarendur. Að öðrum kosti skal ganga þvert yfir akbraut og að jafnaði sem næst vegamótum.

Þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum má einungis ganga yfir akbraut þegar grænt ljós er fyrir umferð gangandi vegfarenda eða lögreglan gefur til kynna með merkjagjöf að umferð gangandi sé heimil.

IV. KAFLI
Umferðarreglur fyrir ökumenn.

16. gr.
Notkun akbrauta og sérreina.

Ökumaður skal aka á akbraut. Bannað er að aka eftir gangstétt, göngustíg eða göngugötu, sbr. þó 2. mgr. 26. gr. og 4. mgr. 41. gr.

Þar sem sérstakar reinar eru fyrir mismunandi tegundir ökutækja skal ökumaður nota þá rein sem ökutæki hans er ætluð.

Sveitarstjórn, eða Vegagerðinni þegar um þjóðveg er að ræða, er heimilt að ákveða hvaða ökutæki megi almennt eða í einstökum tilvikum aka á sérreinum og skal sú ákvörðun tilgreind með umferðarmerkjum. Við ákvörðunina skal þess m.a. gætt að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, skilvirkni samgangna og umferðaröryggis vegfarenda.

17. gr.
Hvar skal aka á vegi.

Ökumaður skal vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti.

Ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skal vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess.

Þegar ökutæki er ekið á 60 km hraða á klst. eða meira skal bil á milli ökutækja vera eigi skemmra en 50 metrar við bestu aðstæður. Utan þéttbýlis skal ökutæki sem háð er sérstökum hraðareglum skv. 36. gr. auk þess vera svo langt frá næsta ökutæki á undan að þeir sem fram úr aka geti án hættu komist á milli þeirra.

Aka skal hægra megin við umferðareyju og þess háttar sem komið er fyrir á akbraut. Þó má aka vinstra megin ef það er gefið til kynna með umferðarmerki eða ekið er á akbraut með einstefnuakstri.

18. gr.

Akstur á vegamótum og í beygjum og hringtorgum.

Ökumaður sem ætlar að beygja á vegamótum skal ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Hann skal sérstaklega gefa gaum að umferð óvarinna vegfarenda, svo og umferð sem á móti og á eftir kemur, og gefa stefnumerki í samræmi við fyrirhugaða akstursstefnu.

Við hægri beygju ber að aka sem næst hægri brún akbrautar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Við vinstri beygju skal aka sem næst miðlínu akbrautar og á akbraut með einstefnuakstri eins nálægt vinstri brún og unnt er. Beygjuna skal taka þannig að þegar ökutækið kemur út af vegamótunum sé það hægra megin á akbrautinni sem beygt er inn á.

Tveir ökumenn sem koma úr gagnstæðum áttum á vegamót og ætla báðir að beygja til vinstri skulu aka vinstra megin hvor fram hjá öðrum þegar þeir mætast ef það er unnt án hættu eða óþæginda.

Þar sem ein beygjuakrein er inn á akbraut með tvær eða fleiri reinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu skal beygjan tekin svo sem hentugast er með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

Ökumaður sem nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri reinar í akstursstefnu sína skal í tæka tíð færa ökutæki sitt á þá rein sem er hentugust með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar. Þar sem tvær beygjureinar eru inn á akbraut með tvær eða fleiri reinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu skal sá sem velur hægri rein í beygju koma inn á rein lengst til hægri á akbraut sem ekið er inn á.

Ökumaður sem ekur að hringtorgi skal veita þeim sem eru í torginu forgang. Í hringtorgi sem skipt er í tvær reinar skal ökumaður velja hægri rein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum og að jafnaði á vinstri rein, innri hring, ætli hann að aka fram hjá einum eða fleiri gatnamótum. Ökumaður á ytri hring skal veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu. Óheimilt er að skipta um rein við hringtorg eða á milli ytri og innri hrings í hringtorgi.

19. gr.

Að snúa ökutæki, aka aftur á bak og skipta um akrein.

Áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skal hann ganga úr skugga um það að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra.

Áður en ökumaður ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar skal hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Sama gildir ef ökumaður ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess.

Ökumaður á aðrein skal aðlaga hraða ökutækis síns umferð á þeirri akrein sem hann ætlar inn á og fara af aðreininni strax og það er unnt án hættu eða óþarfa óþæginda. Ökumaður á akrein sem umferð af aðrein ætlar inn á skal auðvelda þeirri umferð akstur inn á akreinina.

Frárein skal nota strax og hún byrjar.

Þar sem tvær samhliða akreinar renna saman í eina á vegi skulu ökumenn aka þannig að eitt ökutæki fari í senn af hvorri akrein eftir því sem við verður komið og umferðarmerki gefa það til kynna.

20. gr.

Akstur við biðstöð almenningsvagna o.fl.

Ökumaður sem í þéttbýli nálgast biðstöð þar sem almenningsvagn hefur numið staðar skal draga úr hraða, færa sig yfir á vinstri akrein eða nema staðar ef nauðsyn ber til ef ökumaður almenningsvagnsins hefur gefið merki um að hann ætli að aka af stað. Ökumaður almenningsvagnsins skal eftir sem áður sýna sérstaka aðgát til að draga úr hættu.

Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. gildir ekki þegar hámarkshraði á vegi er meiri en 50 km á klst. Við þær aðstæður skal ökumaður færa sig yfir á næstu akrein til vinstri í tæka tíð ef aðstæður leyfa.

Ökumaður sem nálgast merkta skólabifreið sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út skal viðhafa sérstaka aðgát. Sama á við þegar skólabifreið er ekið frá slíkum stað.

21. gr.

Þegar ökutæki mætast.

Þegar ökutæki mætast skal þeim ekið hægra megin hvoru fram hjá öðru og þess gætt að nægilegt hliðarbil sé milli þeirra. Aka ber varlega og sýna öðrum vegfarendum tillitssemi og nema staðar ef nauðsyn ber til. Ef hindrun er á hluta vegar skal sá ökumaður nema staðar þeim megin á akbrautinni sem hindrunin er. Ef ökutæki mætast þar sem vegur er svo mjór að hvorugt kemst fram hjá hinu áhættulaust skal sá ökumaður sem fyrstur kemur að njóta forgangs, en sá sem síðar kemur að skal, ef kostur er, nema staðar, aka út af vegi eða aftur á bak.

Mæta má ökutæki í vegavinnu eins og best hentar, enda sé sýnd full aðgæsla.

22. gr.

Almennar reglur um framúrakstur.

Aka skal vinstra megin fram úr ökutæki. Þó skal aka hægra megin fram úr ökutæki ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Hjólreiðamaður má fara hægra megin fram úr öðrum ökutækjum en reiðhjólum, nema ökutækið á undan beygi til hægri eða undirbúi greinilega hægri beygju.

Ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki skal ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega að:

a. akrein sú sem nota á til framúraksturs sé án umferðar á móti á nægilega löngum kafla og að ekki sé annað er hindri framúraksturinn,
b. sá sem á undan er hafi ekki gefið merki um að hann ætli að beygja til vinstri eða aka fram úr öðru ökutæki sem á undan er,
c. sá sem á eftir ekur hafi ekki byrjað akstur fram úr honum, og
d. hann geti komist inn í umferðarstrauminn á ný án óþæginda fyrir aðra þegar framúrakstri lýkur. Þetta á þó eigi við um framúrakstur á akrein þar sem mótumferð er óheimil.

Sá sem ekur fram úr skal hafa nægilegt hliðarbil milli ökutækis síns og þess sem ekið er fram úr. Sá sem ekið hefur vinstra megin fram úr skal aka til hægri á ný svo fljótt sem unnt er án hættu eða óþæginda. Hann þarf þó ekki að aka til hægri ef ætlunin er að aka þá þegar fram úr enn öðru ökutæki og skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi.

Í þéttri umferð ökutækja á tveimur eða fleiri akreinum í sömu akstursstefnu þar sem hraðinn ræðst af þeim sem á undan fara má aka hægra megin fram úr ökutæki á annarri akrein. Þegar þannig stendur á má ekki skipta um akrein nema þess þurfi til að beygja á vegamótum, aka af akbraut, stöðva ökutæki eða leggja því.

Aka má fram úr ökutæki ef öðru ökutækjanna er ekið á akrein sem ætluð er sérstakri tegund umferðar.

Aka má fram úr ökutæki í vegavinnu á þann hátt sem hentugastur er, enda sé sýnd full aðgæsla.

23. gr.

Aðgæsluskylda ökumanns við framúrakstur.

Þegar ökumaður verður þess var að ökumaður sem á eftir kemur ætlar að aka fram úr vinstra megin skal hann vera eins langt til hægri og unnt er og gefa stefnumerki til hægri þegar hann telur að öðrum sé óhætt að aka fram úr. Má hann ekki auka hraðann eða torvelda framúraksturinn á annan hátt.

Ef ökutæki er ekið hægt eða er fyrirferðarmikið og akbraut er mjó eða bugðótt eða umferð kemur á móti skal ökumaður gæta sérstaklega að umferð sem kemur á eftir. Ef það getur auðveldað framúrakstur skal hann aka til hliðar eins fljótt og unnt er, draga úr hraða og nema staðar ef þörf krefur.

24. gr.

Bann við framúrakstri.

Eigi má aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Sama gildir þegar komið er að gangbraut eða á henni. Óheimilt er að aka fram úr öðru ökutæki þegar óbrotin miðlína (hindrunarlína) er langsum á milli akbrauta þar sem ekið er í gagnstæðar áttir. Sama gildir um akstur þeim megin við heila línu þar sem hálf- eða fullbrotnar línur eru hinum megin langsum á milli akbrauta.

Heimilt er þó að aka fram úr öðru ökutæki ef skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi og:

a. ökutækin eru á akbraut með tveimur eða fleiri akreinum í akstursstefnu þeirra,
b. aka skal hægra megin fram úr vegna ökutækis sem beygt er til vinstri,
c. umferð á vegamótum er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum,
d. umferð við gangbraut er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, enda sé nægilegt útsýni yfir gangbrautina, eða
e. umferð hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr.

Eigi má aka fram úr öðru ökutæki þegar vegsýn er skert vegna hæðar eða beygju á vegi, nema unnt sé að aka fram úr á akrein þar sem umferð á móti er óheimil.

Ákvæði greinarinnar á ekki við um akstur fram úr reiðhjóli.

25. gr.

Skylda til að veita öðrum forgang.

Ökumaður skal hafa sérstaka aðgát við vegamót.

Ökumaður, sem ætlar að aka inn á eða yfir veg, skal veita umferð ökutækja á þeim vegi úr báðum áttum forgang ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu.

Nú ætlar ökumaður að aka inn á veg af bifreiðastæði, lóð eða landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði eða af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi eða yfir gangstétt eða af vegöxl og skal hann þá veita umferð í veg fyrir leið hans forgang.

Þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum skal sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang.

Ökumaður sem á að veita öðrum forgang skal gefa greinilega til kynna að hann muni veita forgang með því að draga úr hraða í tæka tíð eða nema staðar. Hann má því aðeins aka áfram að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir önnur ökutæki miðað við hvar þau eru á vegi og hver fjarlægð þeirra er og hraði.

Þegar ökumaður ætlar að beygja til vinstri á vegamótum ber honum að veita umferð sem á móti kemur forgang, svo og gangandi vegfarendum og hjólreiðamönnum sem fara þvert yfir akbraut þá sem hann ætlar að fara á. Sama á við um akstur yfir eða af akbraut þar sem eigi eru vegamót.

Ökumaður, sem nálgast eða ekur inn á vegamót, skal haga akstri sínum þannig að hann valdi ekki umferð á veginum sem hann fer yfir óþarfa óþægindum ef hann neyðist til að nema þar staðar.

Á vegamótum, þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum, má ökumaður eigi aka inn á vegamótin á grænu ljósi ef honum má vera ljóst af aðstæðum í umferðinni að hann muni eigi komast yfir vegamótin áður en grænt ljós kviknar fyrir umferð úr þverstæðri átt.

26. gr.

Sérstakar skyldur gagnvart gangandi vegfarendum.

Ökumaður sem mætir eða ekur fram hjá gangandi vegfaranda skal gefa honum tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými á veginum.

Ökumaður sem ætlar að aka yfir gangstétt eða göngustíg eða að aka út á akbraut frá lóð eða svæði við veginn skal bíða meðan gangandi vegfarandi fer fram hjá. Sama á við um akstur inn á eða yfir göngugötu.

Við akstur á göngugötu skal ökumaður sýna sérstaka aðgát og tillitssemi gagnvart gangandi vegfaranda.

Við beygju á vegamótum má ökumaður ekki valda gangandi vegfaranda sem fer yfir akbraut þá sem beygt er inn á hættu eða óþægindum. Sama á við um akstur yfir akbraut eða af henni þar sem ekki eru vegamót.

Við gangbraut þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum skal ökumaður bíða eftir gangandi vegfaranda sem er á gangbrautinni á leið yfir akbrautina þótt umferð sé að öðru leyti heimil í aksturssstefnu ökumannsins. Ef gangbrautin er við vegamót og ökumaður kemur að henni úr beygju á vegamótunum skal hann aka hægt og bíða meðan gangandi vegfarandi sem er á gangbrautinni eða á leið út á hana kemst fram hjá.

Ökumaður sem nálgast gangbraut þar sem umferð er ekki stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum skal aka þannig að það valdi ekki gangandi vegfaranda á gangbrautinni eða á leið út á hana hættu eða óþægindum. Skal ökumaður nema staðar, ef nauðsynlegt er, til að veita hinum gangandi færi á að komast yfir akbrautina.

Ökumaður skal forðast, svo sem unnt er, að stöðva ökutæki á gangbraut.

27. gr.

Stöðvun ökutækis og lagning þess.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því þannig að valdið geti hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð.

Á vegi má einungis stöðva ökutæki eða leggja því hægra megin. Þar sem einstefnuakstur er má þó setja aðrar reglur, sbr. 1. mgr. 81. gr. Utan þéttbýlis má stöðva ökutæki eða leggja því vinstra megin, ef nauðsyn krefur vegna sérstakra aðstæðna. Stöðva skal ökutæki eða leggja því við ystu brún akbrautar og samhliða henni eða utan hennar, ef unnt er.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á gangstétt, göngustíg eða göngugötu, nema annað sé ákveðið, sbr. 1. mgr. 81. gr. Sama á við um umferðareyjar og svipaða staði.

Þegar ökumaður yfirgefur vélknúið ökutæki skal hann stöðva vél þess og búa svo um að það geti ekki runnið sjálfkrafa eða aðrir látið það fara af stað.

Opna skal dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við þegar farið er í eða úr ökutæki, svo og við fermingu og affermingu.

28. gr.

Sérstakar reglur um bann við stöðvun eða lagningu ökutækis.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því:

a. á gangbraut eða í minna en 5 metra fjarlægð áður en að henni er komið,
b. á vegamótum eða í minna en 5 metra fjarlægð frá næstu brún akbrautar á þvervegi,
c. þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós,
d. í göngum, undir brú eða á brú,
e. í eða við blindhæð eða beygju eða annars staðar þar sem vegsýn er skert,
f. þar sem akbraut er skipt í akreinar með óbrotinni miðlínu eða deililínu langsum á milli akreina, þar sem ekið er í gagnstæðar áttir, eða með heilli línu langsum á milli akreina, þar sem eru hálf- eða fullbrotnar línur hinum megin eða svo nálægt slíkri línu að torveldi akstur inn á rétta akrein,
g. á hringtorgi.

Að undanskildum þeim ökutækjum sem stæði eru ætluð er bannað að stöðva eða leggja ökutæki í eftirtöldum stæðum:

a. á merktu stæði fyrir bifreið fatlaðra,
b. á biðstöð almenningsvagns eða í minna en 15 m fjarlægð frá henni, nema annað sé gefið til kynna með umferðarmerkjum,
c. á merktu stæði fyrir leigubifreið, vörubifreið og hópbifreið,
d. á merktu stæði ætluðu bifreið til rafhleðslu,
e. á merktu stæði ætluðu sjúkrabifreið,
f. á merktu stæði ætluðu reiðhjóli, og
g. á merktu stæði ætluðu bifhjóli.

Eigi má leggja ökutæki:

a. að hluta eða í heild fyrir framan innkeyrslu að húsi eða lóð,
b. við hlið ökutækis sem stendur við brún akbrautar, annars en reiðhjóls,
c. þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum, og
d. við vatnshana slökkviliðs.

Ákvæði 27. gr. og þessarar greinar eiga, eftir því sem við á, við um eftirvagna.

29. gr.

Undantekningar vegna ökutækja í vegavinnu.

Ákvæði 27. og 28. gr. gilda ekki um ökutæki í vegavinnu, enda sé nauðsynlegt að stöðva það eða leggja því vegna vinnunnar og fullnægjandi varúðarráðstafanir gerðar. Sama á við um ökutæki lögreglu, slökkviliðs, sjúkraflutningaliðs eða sambærilegra aðila.

30. gr.

Bann við akstri, stöðvun eða lagningu ökutækis í þéttbýli utan vega.

Í þéttbýli má ekki í heimildarleysi aka, stöðva eða leggja vélknúnu ökutæki utan vega á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja.

Þetta gildir þó ekki um akstur vegna óhjákvæmilegrar þjónustu, sjúkraflutninga, aksturs lögreglu og slökkviliðs eða annars sambærilegs aksturs.

31. gr.

Skyldur ökumanns þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum.

Nú stöðvast ökutæki vegna umferðaróhapps, vélarbilunar eða annarra orsaka á stað þar sem bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því. Skal þá flytja það á viðeigandi stað eins fljótt og unnt er, nema annað leiði af 3. mgr. 13. gr. Hafi ökutæki stöðvast á þannig stað eða svo að hætta eða óþægindi stafi af fyrir umferðina skal ökumaður gera ráðstafanir með hættuljósi og viðvörunarþríhyrningi til að vara aðra vegfarendur við þar til það hefur verið flutt brott.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um viðvörunarbúnað ökutækis sem stöðvast í sérstökum tilvikum og notkun hans.

32. gr.

Merki og merkjagjöf.

Þegar nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir eða til að afstýra hættu skal ökumaður gefa hljóð- eða ljósmerki eða á annan hátt vekja athygli annarra vegfarenda á hættunni. Merki skal gefa þannig að sem minnstum óþægindum valdi og ekki að nauðsynjalausu. Hljóðmerki í tengslum við framúrakstur má einungis nota utan þéttbýlis. Hljóðmerki má eigi nota lengur en nauðsyn ber til. Þegar myrkur er skal ökumaður vélknúins ökutækis gefa ljósmerki í stað hljóðmerkis, nema um yfirvofandi hættu sé að ræða. Ljósmerki skal gefa með því að blikka aðalljósum.

Ökumaður skal með góðum fyrirvara veita öðrum vegfarendum upplýsingar um breytingu á fyrirhugaðri akstursstefnu sinni. Upplýsingar eru veittar með því að gefa stefnumerki með stefnuljósi á vélknúnu ökutæki, en annars með því að rétta út hönd.

Stefnumerki skal gefa áður en ökumaður:

a. beygir á vegamótum,
b. ekur inn á og eftir frárein,
c. ekur af aðrein og inn á veg,
d. ekur að eða frá brún vegar,
e. skiptir um akrein,
f. ekur fram úr öðru ökutæki,
g. vill gefa öðrum til kynna að honum sé óhætt að aka fram úr,
h. ekur inn í eða út úr bifreiðastæði,
i. ekur út úr hringtorgi,

j. ekur á ytri hring torgs fram hjá gatnamótum af torginu, og
k. breytir akstursstefnu við akstur aftur á bak.

Í öðrum tilvikum en greinir í a–k-lið 3. mgr. skal ökumaður enn fremur á sama hátt gefa stefnumerki ef hann má ætla að slíkt geti komið öðrum vegfarendum að gagni eða stuðlað að gagnkvæmum skilningi vegfarenda á milli um akstursstefnu.

Ökumaður, sem ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess, skal gefa merki öðrum til leiðbeiningar. Merkið skal gefa með hemlaljósi eða hættuljósi á vélknúnu ökutæki, en annars með því að rétta upp hönd.

Merki skv. 2.–4. mgr. skal gefið tímanlega og á greinilegan og ótvíræðan hátt áður en stefnu ökutækis er breytt, snögglega dregið úr hraða þess eða það er stöðvað. Merkjagjöf skal hætt þegar hún á ekki lengur við.

Merkjagjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu.

33. gr.

Ljósanotkun.

Við akstur vélknúins ökutækis skulu lögboðin aðalljós eða önnur ökuljós ávallt vera tendruð.

Við akstur annarra ökutækja en vélknúinna í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum og þegar birta er vegna veðurs eða af öðrum ástæðum ófullnægjandi, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið, skulu lögboðin ljós vera tendruð.

Nota skal háan ljósgeisla þegar vegsýn ökumanns nægir ekki til að aka örugglega með lágum ljósgeisla miðað við ökuhraða.

Háan ljósgeisla má eigi nota:

a. þegar ekið er um nægilega vel lýstan veg,
b. þegar ekið er á móti öðru ökutæki, þannig að valdið geti ökumanni þess glýju, eða
c. þegar ekið er svo skammt á eftir öðru ökutæki að valdið geti ökumanni þess óþægindum.

Nota skal lágan ljósgeisla þegar ekki er skylt eða heimilt að nota háan ljósgeisla.

Í þoku, péttri úrkomu eða skafrenningi má nota þokuljós í stað eða ásamt lágum ljósgeisla. Hjálparljós má eigi nota til annars en þau eru ætluð.

Ljósstyrkur framvísandi aðalljósa má að hámarki vera 225.000 cd. Ljós má eigi nota þannig að valdið geti öðrum vegfarendum glýju.

Eigi má nota annan ljósabúnað eða glitmerki en boðið er eða heimilað í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um auðkenningu ökutækja sem eigi skulu búin ljósum.

34. gr.

Hættuljós og viðvörunarþríhyrningar.

Ef nokkur kostur er skulu hættuljós og stöðuljós vera tendruð ef ökutæki er stöðvað eða því er lagt á akbraut. Ávallt skal setja upp viðvörunarþríhyrning.

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir mega önnur ljós en þar greinir eigi vera tendruð.

Ljós þurfa eigi að vera tendruð á reiðhjóli eða bifhjóli án hliðarvagns ef því er lagt samhliða ystu brún vegar.

V. KAFLI
Ökuhraði.

35. gr.
Almennar reglur.

Ökuhraða skal jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skal þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, birtu, ástand ökutækis og hleðslu, svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. Hraðinn má þó aldrei vera meiri en hámarkshraði sá sem ákveðinn hefur verið á vegi. Ökumaður skal haga akstri þannig að hann hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir og áður en komið er að hindrun. Þegar skipt er frá háum ljósgeisla í lágan skal aðlaga ökuhraða hinni breyttu vegsýn.

Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður:

a. í þéttbýli,
b. þegar útsýn er takmörkuð vegna birtu eða veðurs,
c. við vegamót, í hringtorgum og í beygjum,
d. áður en komið er að gangbraut,
e. við blindhæð eða annars staðar þar sem vegsýn er skert,
f. þegar hætta er á að ljós valdi glýju,
g. þegar ökutæki mætast á mjóum vegi,
h. þegar vegur er blautur eða háll,
i. þegar ökutæki nálgast almenningsvagn eða merkta skólabifreið sem numið hefur staðar til þess að hleypa farþegum inn eða út,
j. þegar ökutæki nálgast barn á eða við veg,
k. þegar ökutæki nálgast aldraðan eða fatlaðan vegfaranda eða vegfaranda sem ber auðkenni sjónskertra,
l. þegar ökutæki nálgast búfé á eða við veg, eða þar sem vegavinna fer fram, og
m. þar sem umferðaróhapp hefur orðið.

Ökumaður má eigi að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu.

Þegar vegur er blautur skal ökumaður, eftir því sem unnt er, aka þannig að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum.

36. gr.
Almennar hraðatakmarkanir.

Hraðamörk á vegum skulu ákveðin að teknu tilliti til m.a. umhverfissjónarmiða, skilvirkni samgangna og umferðaröryggis vegfarenda.

Í þéttbýli má ökuhraði ekki vera meiri en 50 km á klst., nema sérstakar ástæður mæli með hærri hraðamörkum og umferðarmerki gefi það til kynna.

Utan þéttbýlis má ökuhraði ekki vera meiri en 80 km á klst. á vegum með malarslitlagi og vegum með einni akrein með bundnu slitlagi, en 90 km á klst. á öðrum vegum með bundnu slitlagi.

Á fáförnum vegum með bundnu slitlagi og tveimur akreinum má ökuhraði vera allt að 100 km á klst.

Ákveða má hærri hraðamörk á vegum, þó eigi meira en 110 km á klst., ef akstursstefnur eru aðgreindar og aðstæður að öðru leyti leyfa, enda mæli veigamikil umferðaröryggissjónarmið eigi gegn því.

Ákveða má lægri hraðamörk þar sem æskilegt þykir til öryggis eða af öðrum ástæðum.

Á afmörkuðum bifreiðastæðum og í bílastæðahúsum skal ökuhraði ákveðinn að hámarki 15 km á klst.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum Vegagerðarinnar, nánari ákvæði um þær tegundir vega þar sem heimilt er að ákveða minni eða aukinn hámarkshraða, þar á meðal um rafræna stjórnun hraða á vegum.

37. gr.

Um lægri hámarkshraða ökutækis.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um sérstakan lægri hámarkshraða vélknúins ökutækis en segir í 36. gr. ef þess er þörf vegna hönnunar ökutækisins.

VI. KAFLI

Sérreglur um aksturíþróttir og aksturskeppni.

38. gr.

Leyfisveitingar og almennar reglur um aksturskeppni.

Leita skal leyfis Umferðarstofu til að halda aksturskeppni á lokuðum eða afmörkuðum, skilgreindum svæðum. Ef um aksturskeppni á þjóðvegi er að ræða skal leita samþykkis Vegagerðarinnar. Ef um aksturskeppni utan vega er að ræða skal leita samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar.

Við allan undirbúning og framkvæmd aksturskeppni ber að taka tillit til þess að keppnin og annar akstur keppenda valdi eigi öðrum verulegum óþægindum eða hættu eða skemmdum á vegi eða náttúruspjöllum.

Keppnishaldari er ábyrgur fyrir skemmdum á vegum og öðrum mannvirkjum, svo og á náttúru, sem hljótast af aksturskeppni eða öðrum akstri keppenda eða starfsmanna við keppni.

Umferðarstofu er heimilt að víkja frá ákvæðum umferðarlaga um hámarkshraða að því er varðar ökutæki er taka þátt í aksturskeppni á vegi, enda verði þá umferð annarra ökutækja þar bönnuð og aðrar viðeigandi öryggisráðstafanir gerðar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um aksturíþróttir og framkvæmd aksturskeppni, svo og um gerð verklagsreglna á grundvelli alþjóðlegra reglna um aksturíþróttir sem hafðar skulu til hliðsjónar við veitingu leyfa, og um lágmarksaldur ökumanna miðað við ökutæki.

39. gr.

Akstur barna á æfingasvæði og í skemmtigörðum.

Umferðarstofu er heimilt að leyfa starfsemi þar sem akstur barna fer fram á þar til gerðum æfingasvæðum.

Börn frá 5 ára aldri mega aka rafbílum sem sérstaklega eru hannaðir fyrir börn. Með sama hætti mega börn sem náð hafa 10 ára aldri eða eru a.m.k. 140 sm á hæð aka öðrum gerðum vélknúinna leiktækja á sérstökum svæðum í skemmtigörðum.

40. gr.

Undanþága til æfinga og keppni vegna aldurs.

Að fengnu leyfi Umferðarstofu er heimilt að víkja frá ákvæðum laga þessara um ökuskírteini og um lágmarksaldur ökumanna við æfingar og keppni á lokuðum svæðum eða af-

mörkuðum svæðum utan vega. Undanþága þessi gildir þó ekki um þann sem sviptur hefur verið ökurétti.

Undanþága að því er varðar þann sem ekki hefur náð 18 ára aldri er háð skriflegu samþykki foreldris eða annars forsjármanns.

Nánari ákvæði um lágmarksaldur ökumanna samkvæmt þessari grein miðað við ökutæki koma fram í reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

VII. KAFLI.
Sérreglur fyrir reiðhjól og bifhjól.

41. gr.
Reiðhjól.

Hjólreiðamenn skulu hjóla í einfaldri röð. Þar sem nægilegt rými er mega tveir þó hjóla samhliða ef það er unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Ef gefið er merki um framúrakstur mega hjólreiðamenn eigi hjóla samhliða, nema aðstæður leyfi eða nauðsyn krefji.

Hjólreiðamaður skal hjóla á hjólastíg eða hægra megin á akrein þeirri sem lengst er til hægri og ætluð er almennri umferð. Akreinina við hlið hennar má þó nota til framúraksturs ef eigi er unnt að fara fram úr hægra megin.

Hjólreiðamaður, sem nálgast vegamót og ætlar að fara til vinstri, má fara beint áfram inn á vegamótin og beygja þá fyrst þegar það er unnt án óþæginda fyrir aðra umferð.

Heimilt er að hjóla á gangstétt, göngustíg og göngugötu, enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum eða sveitarstjórn hefur ekki sérstaklega lagt bann við því. Þegar gangstétt eða göngustíg hefur verið skipt upp með miðlínu í rein fyrir gangandi vegfarendur annars vegar og hjólreiðamenn hins vegar skal hjólað á viðeigandi rein. Ef hjólastígur er samhliða göngustíg er einungis heimilt að hjóla á hjólastígnum. Hjólreiðamaður á gangstétt, göngustíg eða göngugötu skal víkja fyrir gangandi vegfarendum.

Hjólreiðamaður skal að jafnaði hafa fætur á fótstigum og a.m.k. aðra hönd á stýri.

Ganga skal þannig frá reiðhjóli sem er lagt að eigi stafi hætta eða truflun af.

Umferðarstofa setur reglur um gerð og búnað reiðhjóla þar sem m.a. komi fram kröfur um hemlabúnað og hljóð-, ljós- og glitmerki reiðhjóla.

42. gr.
Börn og reiðhjól.

Barn yngra en 7 ára má eigi hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.

Vanur hjólreiðamaður, sem náð hefur 15 ára aldri, má reiða barn yngra en 7 ára, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búið að því stafi eigi hætta af hjólteinunum. Á reiðhjóli má eigi flytja fleiri farþega en það er ætlað til.

Eigi má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólinu og gefið viðeigandi merki. Eigi má heldur flytja á reiðhjóli hluti sem valdið geta öðrum vegfarendum óþægindum.

43. gr.
Almennar reglur um akstur bifhjóla.

Bifhjóli má eigi aka samhliða öðru ökutæki, nema þegar ekið er samhliða öðru bifhjóli á sömu akrein í þéttbýli, enda sé hámarkshraði þar eigi meiri en 60 km á klst. og aðstæður leyfa slíkt.

Bifhjóli má eigi aka á gangstétt eða göngustíg, nema skilyrði 2. mgr. 26. gr. eigi við.

Á bifhjóli og hliðarvagni þess má eigi flytja fleiri farþega en ökutækið er ætlað til.

Óheimilt er að flytja farþega á léttu bifhjóli nema ökumaður sé 20 ára eða eldri, enda sé bifhjólið til þess ætlað.

Barn sem er 150 sm eða lægra að líkamshæð má ekki vera farþegi á bifhjóli.

Ökumaður og farþegi bifhjóls skulu að jafnaði hafa báða fætur á fótstigum eða fóthvílum, báðar hendur á stýri og bæði (öll) hjól bifhjólsins á vegi þegar það er á ferð.

VIII. KAFLI
Bann við akstri undir áhrifum áfengis, ávana- og fíkniefna o.fl.

44. gr.
Veikindi, áfengisáhrif o.fl.

Ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ellihrumleika, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

Eigi má fela manni í því ástandi sem um ræðir í 2. mgr. stjórn ökutækis.

Enginn má neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við stjórn vélknúins ökutækis.

Tóbaksreykingar eru bannaðar við stjórn bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

45. gr.
Bann við ölvunarakstri.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum áfengis.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,20‰, en er minna en 1,20‰, eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér nemur 0,1 milligrammi í lítra lofts, en er minna en 0,60 milligrömm, eða ökumaður er undir áhrifum áfengis þótt vínandamagn í blóði hans eða útöndun sé minna telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér nemur 0,60 milligrömmum í lítra lofts eða meira telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki.

Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

Það leysir ökumann ekki undan sök þótt hann ætli vínandamagn minna en um ræðir í 2. og 3. mgr.

Enginn má hjóla eða reyna að hjóla eða stjórna eða reyna að stjórna hesti ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna að hann geti eigi stjórnað hjólinu eða hestinum örugglega.

Eigi má fela manni í því ástandi sem að framan greinir stjórn ökutækis.

46. gr.

Bann við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Mælist ávana- og fíkniefni skv. 1. mgr. í blóði ökumanns telst hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega.

Enginn má hjóla eða reyna að hjóla eða stjórna eða reyna að stjórna hesti ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna skv. 1. mgr.

Eigi má fela manni sem er undir áhrifum ávana- og fíkniefna skv. 1. mgr. stjórn ökutækis.

47. gr.

Tilkynningarskylda vegna gruns um ölvunarakstur o.fl.

Þegar maður hefur neytt áfengis á veitingastað og veitingamaður eða starfsmenn hans vita eða hafa ástæðu til að ætla að hann sé stjórnandi ökutækis og að hann sé vegna áfengisneyslu ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega ber þeim að reyna að hindra hlutaðeigandi í því að aka ökutækinu með því m.a. að gera lögreglunni viðvart.

Eigi má selja eða afhenda ökumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað sem þarf til aksturs ef hann er augljóslega undir áhrifum áfengis eða undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Skylt er afgreiðslumanni sem veit eða hefur ástæðu til að ætla að ökumaður ætli að aka ökutækinu að reyna að koma í veg fyrir brotið með því m.a. að gera lögreglunni viðvart.

48. gr.

Öndunarpróf, öndunarsýni, blóðsýni o.fl.

Ökumanni vélknúins ökutækis er skylt að kröfu lögreglu að gangast undir öndunarpróf og láta í té svita- og munnvatnssýni með þeim hætti sem lögregla ákveður ef:

a. ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr., sbr. 45. og 46. gr.,
b. ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum þessara laga eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim, enda sé þar kveðið á um heimild til töku öndunar-, svita- eða munnvatnssýna,
c. hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á því eða ekki, eða
d. hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit.

Lögreglan getur fært ökumann til rannsóknar á öndunar-, svita- og munnvatnssýni eða til blóð- og þvagrannsóknar og þess háttar ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr., sbr. 45. og 46. gr., eða hann neitar lögreglunni um að gangast undir öndunarpróf eða láta í té svita- eða munnvatnssýni eða er ófær um það. Liggi fyrir grunur um önnur brot en akstur undir áhrifum áfengis getur lögreglan auk þess fært ökumann til læknisskoðunar. Sama á við þegar grunur er um akstur undir áhrifum áfengis og sérstakar ástæður mæla með því.

Lögregla annast töku öndunar-, svita- og munnvatnssýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða lífeindafræðingur annast töku blóðsýnis og eftir atvikum munnvatns-, svita- og þvagsýnis. Aðrar rannsóknir og klínískt mat skal framkvæmt af lækni eða hjúkrunarfræðingi. Ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr. Neiti ökumaður er heimilt að beita valdi við framkvæmd rannsóknar, sbr. þó 4. mgr.

Um þvagrannsókn skv. 2. mgr. fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála nema fyrir liggi ótvírætt samþykki ökumanns.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um töku sýna og rannsókn skv. 1.–3. mgr. Vegna kostnaðar við töku og rannsókn öndunarsýnis skal sá sem sakfelldur er greiða 20.000 kr. gjald sem telst til sakarkostnaðar.

49. gr.

Upplýsingaskylda o.fl.

Eiganda eða umráðamanni ökutækis er skylt, þegar lögreglan krefst þess, að gera grein fyrir hver hafi stjórnað því á tilteknum tíma.

Eigi má fela stjórn ökutækis þeim sem hefur ekki réttindi til að stjórna þess konar ökutæki samkvæmt ákvæðum XI. kafla.

IX. KAFLI
Aksturs- og hvíldartími ökumanna sem annast farþega- og farmflutninga þungra ökutækja í atvinnuskyni.

50. gr.

Um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl.

Í þágu umferðaröryggis skal ökumaður við akstur í farþega- og farmflutningum í atvinnuskyni á ökutækjum yfir 3,5 tonnum að heildarþyngd njóta nægjanlegrar hvíldar til að geta sinnt störfum sínum. Í því skyni skal kveðið á um hámark daglegrar, vikulegrar og tveggja vikna vinnuskyldu ökumanns og skyldu hans til hvíldar eða til að gera hlé á akstri.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, sbr. 1. mgr., ökurita o.fl. þar sem m.a. skal kveðið á um:

a. ökutæki og þá flutninga sem reglurnar taka til,
b. lágmarksaldur ökumanna sem sjá um þá flutninga sem reglurnar taka til,
c. leyfilegan aksturstíma ökumanns, sbr. 1. mgr., og skyldu hans til að gera hlé á akstri og til að taka hvíld frá akstri miðað við daglegan, vikulegan og tveggja vikna akstur,
d. skyldu til notkunar ökurita sem er búnaður ökutækis þar sem m.a. eru skráðar og geymdar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns auk hraða ökutækis,
e. skyldu til að varðveita í ökuritaskífum, ökurita, á ökuritakorti eða með öðrum hætti upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma,
f. skyldu til afhendingar gagna með upplýsingum sem skráðar eru og varðveittar, sbr. d- og e-lið,
g. útgáfu, efni og form ökuritakorts sem er lykill að rafrænum ökurita og í eru varðveittar rafrænar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns,
h. skyldu flytjanda til að leita til viðurkennds viðgerðarmanns eða verkstæðis til uppsetningar og skoðunar á ökurita,
i. gjald fyrir ökuritakort,
j. skyldu ökumanns og flytjanda til að fylgja reglum sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein,
k. hvernig með skuli fara þegar tveir eða fleiri ökumenn skipta með sér akstri sem fellur undir grein þessa.

51. gr.

Frávik frá aksturs- og hvíldartíma.

Sé umferðaröryggi ekki teflt í tvísýnu er ökumanni heimilt að víkja frá reglum sem settar eru á grundvelli c-liðar 2. mgr. 50. gr. varðandi aksturstíma þurfi hann að ná hentugum áfangastað, enda sé það nauðsynlegt til að tryggja öryggi fólks eða til þess að koma í veg fyrir tjón á ökutæki eða farmi.

Noti ökumaður þessa heimild skal hann í síðasta lagi við komu á áfangastað gera sérstaka grein fyrir ástæðum frávika á ökuritaskífu eða á útprentun úr rafrænum ökurita.

52. gr.

Skipulag vinnutíma, ábyrgð flytjanda og notkun ökurita.

Flytjandi skal skipuleggja störf ökumanns þannig að honum sé kleift að fara eftir reglum sem ráðherra setur á grundvelli 50. gr. og hafa eftirlit með því að eftir þeim sé farið í starfseminni. Með sama hætti skulu ökumaður og flytjandi sjá til þess að ökuriti sé notaður og að fylgt sé reglum um notkun hans og um varðveislu gagna sem varða aksturs- og hvíldartíma.

Óheimilt er að miða laun ökumanns sem annast farþega- og farmflutninga á vegum í atvinnuskyni samkvæmt þessum kafla við ekna vegalengd eða flutt magn af farmi séu greiðslur þess eðlis að þær geti stofnað umferðaröryggi í hættu. Jafnframt er óheimilt að veita ökumanni kaupauka eða launauppbót í þessum tilvikum.

53. gr.

Farstarfsmenn.

Farstarfsmönnum er skylt að haga vinnutíma og vinnutilhögun í samræmi við reglur sem ráðherra setur. Flytjandi ber ábyrgð á því að skrá vinnutíma farstarfsmanna.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipulag vinnutíma farstarfsmanna sem annast farþega- og farmflutninga á vegum í atvinnuskyni. Í reglunum skal m.a. kveðið á um:

a. ökutæki og þá flutninga sem reglurnar taka til,
b. skilgreiningu vinnustaðar, vinnutíma og hvíldartíma,
c. skyldu til skráningar vinnutíma og
d. skyldu til varðveislu gagna í a.m.k. tvö ár frá því að viðkomandi tímabili lýkur.

X. KAFLI

Notkun farsíma og annars fjarskiptabúnaðar í akstri.

54. gr.

Notkun farsíma og annars fjarskiptabúnaðar.

Ökumanni vélknúins ökutækis er við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar. Jafnframt er ökumanni óheimilt að senda eða lesa smáskilaboð eða nota farsíma á annan hátt meðan á akstri stendur.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um notkun fjarskiptabúnaðar og annars búnaðar sem valdið getur truflun við akstur, þar á meðal um bann eða takmarkanir á notkun hans meðan á akstri stendur.

XI. KAFLI
Ökuskírteini og ökupróf.

55. gr.
Skilyrði til að mega stjórna ökutæki.

Enginn má stjórna bifreið eða bifhjóli nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini sem ríkislögreglustjórinn gefur út. Ríkislögreglustjórinn getur falið sýslumönnum að annast útgáfu ökuskírteina.

Veita má ökuskírteini til aksturs bifreiðar þeim sem:

a. er fullra 18 ára,
b. hefur nægilega andlega og líkamlega færni, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar, og uppfyllir kröfur um sjón,
c. hefur hlotið verklega og bóklega kennslu í ökuskóla sem hefur starfsleyfi og fengið þjálfun í akstri í ökugerði, hafi enn fremur sannað með prófi að hann hafi næga aksturshæfni og nauðsynlega þekkingu á ökutækinu og meðferð þess og umferðarlöggjöf,
d. hefur fasta búsetu hér á landi.

Ráðherra er heimilt að setja ákvæði í reglugerð um leyfi fatlaðs manns sem er fullra 15 ára til að hljóta ökuskírteini til að mega stjórna hægfara vélknúnu ökutæki sem er sérstaklega hannað fyrir fatlaðan einstakling.

Ökumanni með bráðabirgðaskírteini sem er yngri en 20 ára er óheimilt að aka breyttu ökutæki. Þetta á þó ekki við um ökutæki sem er sérútbúið er fyrir fatlaðan ökumann.

Neita má þeim um ökuskírteini sem háður er notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljóvgandi efna. Bera má ákvörðun um þetta undir dómstóla samkvæmt reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

Ökumaður skal hafa ökuskírteini meðferðis við akstur og framvísa því sé þess krafist af lögreglu eða eftir atvikum eftirlitsmanni skv. XVI. kafla.

Ríkislögreglustjóri skal halda skrá um ökuskírteini og ökuferil samkvæmt reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði m.a. um:

a. efni og form ökuskírteinis,
b. skilyrði til útgáfu ökuskírteinis og endurnýjun,
c. nánari kröfur skv. b- og d-lið 2. mgr., og
d. akstursmat skv. 57. gr. og námsheimild skv. 66. gr.

56. gr.
Ökuréttindaflokkar.

Ökuréttindaflokkar eru:

1. AM-flokkur. Létt bifhjól á tveimur, þremur og fjórum hjólum. Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 16 ára.
2. A1-flokkur. Bifhjól á tveimur og þremur hjólum. Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 18 ára.
3. A2-flokkur. Bifhjól á tveimur hjólum. Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 20 ára.
4. A-flokkur. Bifhjól á tveimur og þremur hjólum. Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 22 ára með því skilyrði að hann hafi a.m.k. í tvö ár haft ökuskírteini fyrir A2-flokk eða hann sé orðinn 24 ára.
5. B-flokkur.
   (1) Bifreið sem er gerð er fyrir átta farþega eða færri auk ökumanns og er 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd með:

a. eftirvagn sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd eða
b. eftirvagn sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd enda sé vagnlest 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd.

(2) Bifhjól á fjórum eða fleiri hjólum.

Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 18 ára.

6. Farþegaflutningar í atvinnuskyni. Bifreið í B-flokki til slíkra flutninga enda fullnægi ökumaður skilyrðum um viðbótarnám og próf. Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 20 ára.
7. BE-flokkur. Bifreið í B-flokki með eftirvagn sem er ekki meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd. Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 18 ára.
8. C1-flokkur. Bifreið sem gerð er fyrir átta farþega eða færri auk ökumanns og er 7.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd með eftirvagn. Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 18 ára.
9. Vöruflutningar í atvinnuskyni. Bifreið í C1-flokki til slíkra flutninga enda fullnægi ökumaður skilyrðum um viðbótarnám og próf. Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 18 ára.
10. C1E-flokkur. Bifreið í:
    a. C1-flokki með eftirvagn sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd og má leyfð heildarþyngd vagnlestar ekki vera meira en 12.000 kg,
    b. B-flokki með eftirvagn sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd og má leyfð heildarþyngd vagnlestar ekki vera meiri en 12.000 kg.
11. C-flokkur. Bifreið sem gerð er fyrir átta farþega eða færri auk ökumanns og er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd með eftirvagn sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd, þ.m.t. til vöruflutninga í atvinnuskyni. Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 21 árs.
12. CE-flokkur. Bifreið í C-flokki með eftirvagn sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd. Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 21 árs.
13. D1-flokkur. Bifreið sem er ekki lengri en 8 m og gerð fyrir 16 farþega eða færri auk ökumanns með eftirvagn sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd. Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 21 árs.
14. Farþegaflutningar í atvinnuskyni. Bifreið í D1-flokki til slíkra flutninga enda fullnægi ökumaður skilyrðum um viðbótarnám og próf. Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 21 árs.
15. D1E-flokkur. Bifreið í D1-flokki með eftirvagn sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd. Ökuskírteini fyrir D1E-flokk má veita þeim sem er orðinn 21 árs.
16. D-flokkur. Bifreið sem gerð er fyrir fleiri en átta farþega auk ökumanns með eftirvagn sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd, þ.m.t. til farþegaflutninga í atvinnuskyni. Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 23 ára.
17. DE-flokkur. Bifreið í D-flokki með eftirvagn sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd. Ökuskírteini má veita þeim sem er orðinn 23 ára.
18. T-flokkur. Dráttarvél. Ökuskírteini fyrir T-flokk má veita þeim sem er orðinn 16 ára.

Ráðherra setur reglur um:

a. hámarksvélarafl ökutækja í tilteknum flokki,
b. hvaða öðrum vélknúnum ökutækjum ökuskírteini í tilteknum flokki veitir einnig rétt til að stjórna,
c. fyrir hvaða flokka skuli vera það skilyrði að umsækjandi um ökuskírteini skuli hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk.

57. gr.

Bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini til byrjanda og önnur ökuréttindi.

Ökuskírteini fyrir A1-, A2-, A- og B-flokk til byrjanda eru tvenns konar:

1. Bráðabirgðaskírteini.
2. Fullnaðarskírteini sem er gefið út fullnægi byrjandi eftirtöldum skilyrðum:
   a. hafi haft bráðabirgðaskírteini samfellt í eitt ár, farið í akstursmat og fengið að því loknu staðfestingu ökukennara þar að lútandi,
   b. hafi ekki á síðustu 12 mánuðum fengið punkt í punktakerfi vegna umferðarlagabrots eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna akstursbanns eða sviptingar.

Fullnægi byrjandi ekki skilyrðum b-liðar 2. tölul. 1. mgr. má endurnýja bráðabirgðaskírteini að loknum gildistíma þess. Fullnægi hann hins vegar skilyrðum b-liðar 2. tölul. 1. mgr. og fari í akstursmat, sbr. a-lið 2. tölul., má gefa út fullnaðarskírteini.

58. gr.

Gildistími ökuskírteinis.

Gildistími ökuskírteinis skal ákveðinn frá útgáfudegi þess.

Gildistími bráðabirgðaskírteinis er þrjú ár fyrir A1-, A2-, A- og B-flokk. Gildistími fullnaðarskírteinis er fimmtán ár fyrir sömu flokka, sbr. þó 3. mgr. varðandi B-flokk, en þó fyrir umsækjanda sem orðinn er 60 ára tíu ár, 65 ára fimm ár, 70 ára fjögur ár, 71 árs þrjú ár, 72 ára tvö ár og 80 ára eða eldri eitt ár. Ökuskírteini fyrir AM- og T-flokk skal gefa út til sama tíma.

Gildistími ökuskírteinis er fimm ár fyrir:

a. farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir B-flokk,
b. C1- og C-flokk, þar með talið til vöruflutninga í atvinnuskyni,
c. D1- og D-flokk, þar með talið til farþegaflutninga í atvinnuskyni,
d. réttindi til aksturs í atvinnuskyni sem fylgdu eldri ökuréttindum.

Fyrir umsækjanda sem orðinn er 70 ára er gildistími ökuskírteinis fjögur ár, sbr. 1. mgr., fyrir umsækjanda sem er 71 árs þrjú ár, fyrir umsækjanda sem er 72 ára tvö ár og fyrir umsækjanda sem er 80 ára eða eldri eitt ár.

59. gr.

Stjórnendur dráttarvéla og vinnuvéla.

Enginn má stjórna dráttarvél, nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða til að mega stjórna bifreið. Eigi þarf ökuskírteini til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan almennrar umferðar, enda sé ökumaður fullra 16 ára.

Enginn má stjórna vinnuvél í almennri umferð nema hann hafi til þess ökuréttindi.

Stjórnandi vinnuvélar skal auk þess hafa lokið tilskildu námi í meðferð slíkra tækja.

Ákvæði laganna um ökuskírteini gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um stjórnendur vinnuvéla og dráttarvéla.

60. gr.

Erlend ökuskírteini.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um þau skilyrði sem þeir sem dveljast hér á landi og hafa eigi íslenskt ökuskírteini þurfa að fullnægja til að mega stjórna vélknúnu ökutæki, þ.m.t. hvaða skilyrði handhafi erlends ökuskírteinis þarf að uppfylla til að fá íslenskt ökuskírteini.

Ráðherra getur ákveðið að ökuskírteini útgefið á Evrópska efnahagssvæðinu gildi einnig eftir að handhafi þess hefur sest að hér á landi, samkvæmt nánari reglum. Með sama hætti

getur ráðherra ákveðið að ökuskírteini útgefið í öðru ríki gildi hér á landi, enda séu íslensk ökuskírteini jafnframt tekin gild í því ríki.

61. gr.

Afturköllun ökuréttinda.

Útgefandi ökuréttinda getur afturkallað ökuréttindi ef hlutaðeigandi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að öðlast ökuskírteini eða ef ökumaður hafnar að undirgangast læknisrannsókn skv. 2. mgr.

Ef læknir eða lögregla telur að vafi leiki á því að handhafi ökuréttinda fullnægi skilyrðum b-liðar 2. mgr. 55. gr. skal gera trúnaðarlækni Umferðarstofu viðvart án tafar. Stendur þagnarskylda læknis því ekki í vegi. Eins fljótt og unnt er skal trúnaðarlæknir óska eftir því að hlutaðeigandi komi til læknisrannsóknar. Við þá rannsókn skal meta þá líkamlegu og andlegu þætti sem áhrif hafa á akstursháfni og koma nánar fram í reglum sem ráðherra setur í reglugerð, að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra og landlækni. Trúnaðarlæknir getur ákveðið að handhafi ökuréttinda fari í verklegt hæfnispróf að lokinni læknisrannsókn. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipun trúnaðarlæknis Umferðarstofu, einn eða fleiri, hæfiskröfur þeirra o.fl.

Nú fullnægir handhafi ökuréttinda ekki skilyrðum b-liðar 2. mgr. 55. gr. að mati trúnaðarlæknis Umferðarstofu, eða hlutaðeigandi neitar að taka þátt í læknisrannsókn eða prófi sem nauðsynlegt er til að taka ákvörðun samkvæmt þessari grein um hvort skilyrði til að mega stjórna ökutæki séu enn uppfyllt, og skal útgefandi ökuréttinda þá afturkalla ökuréttindin þegar í stað.

Sá sem sviptur hefur verið ökuréttindum um lengri tíma en eitt ár öðlast eigi ökuréttindi að nýju að loknum sviptingartíma, nema hann standist próf í umferðarlöggjöf, akstri og meðferð ökutækis. Ökupróf má ekki fara fram fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

Byrjandi sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn skv. 55. gr. og sviptur er ökuréttindum öðlast eigi ökuréttindi að nýju að loknum sviptingartíma fyrr en hann hefur sótt sérhæft ökunám vegna akstursbanns skv. 3. mgr. 107. gr. og staðist ökupróf að nýju.

Sá sem misst hefur ökuréttindi vegna sviptingar, akstursbanns eða afturköllunar skal afhenda lögreglunni ökuskírteini sitt.

Heimilt er að taka gjald vegna þess kostnaðar sem hlýst af starfi trúnaðarlæknis Umferðarstofu.

62. gr.

Starfsleyfi ökuskóla.

Ökunám skal fara fram í ökuskóla sem hefur fengið til þess starfsleyfi hjá Umferðarstofu.

Ökuskóli skal m.a. uppfylla eftirtalin skilyrði til að hljóta starfsleyfi:

a. að forstöðumaður skólans hafi starfsleyfi sem ökukennari,
b. að a.m.k. fimm ökukennarar starfi við skólann, sem launamenn eða sem verktakar,
c. að fyrir liggi staðfestar kennsluskrár fyrir þá flokka ökuréttinda sem skólinn óskar starfsleyfis fyrir,
d. að ökuskólinn hafi aðstöðu til bóklegrar og verklegrar kennslu, og
e. að ökuskólinn hafi starfsábyrgðartryggingu.

Ökuskóla er heimilt að framkvæma ökupróf að uppfylltum nánari skilyrðum m.a. um óháða prófdómendur í samræmi við reglugerð skv. 65. gr.

Starfsleyfi skal binda við kennslu fyrir einn flokk ökutækja eða fleiri.

Fyrir útgáfu starfsleyfis skal ökuskóli greiða leyfisgjald sem Umferðarstofa innheimtir samkvæmt gjaldskrá sinni.

Starfsleyfi skal veita til fimm ára í senn. Lok starfsleyfis skal miða við áramót.

63. gr.

Starfsleyfi ökukennara.

Umferðarstofa gefur út starfsleyfi ökukennara til ökukennslu.

Starfsleyfi ökukennara til að annast ökukennslu má aðeins veita þeim sem:

a. hefur náð 24 ára aldri,
b. hefur a.m.k. fimm ára reynslu af akstri ökutækja í þeim flokki sem hann annast kennslu,
c. hefur stundað nám fyrir ökukennara í viðkomandi flokki og lokið prófum sem því námi fylgja, og
d. fullnægir kröfum um líkamlegt og andlegt hæfi sem gerðar eru til ökumanna sem annast farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Áður en starfsleyfi er útgefið skal Umferðarstofa kanna að umsækjandi uppfylli öll skilyrði sem gerð eru við útgáfu starfsleyfis til ökukennslu.

Starfsleyfi til ökukennslu gildir í fimm ár, þó ekki lengur en hlutaðeigandi hefur ökuréttindi í viðkomandi flokki. Endurnýja má starfsleyfi ökukennara til allt að fimm ára í senn uppfylli hann skilyrði til útgáfu starfsleyfis og hafi sótt starfstengd námskeið, í samræmi við ákvæði í reglugerð skv. 65. gr.

64. gr.

Afturköllun starfsleyfis ökukennara og ökuskóla.

Umferðarstofa getur svipt ökukennara og ökuskóla starfsleyfi ef skilyrðum fyrir útgáfu starfsleyfis er ekki lengur fullnægt. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

Ökukennari eða ökuskóli sem sviptur hefur verið starfsleyfi sínu getur því aðeins öðlast það að nýju að sýnt sé fram á að skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis séu uppfyllt. Leita skal umsagnar hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en starfsleyfi er veitt að nýju.

65. gr.

Starfsskyldur ökuskóla og ökukennara.

Ökuskólar og ökukennarar skulu haga starfsemi sinni í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna sem ráðherra setur í reglugerð þar sem m.a. er kveðið á um:

a. nánara inntak starfsleyfis ökuskóla, sbr. 62. gr., og ökukennara, sbr. 63. gr.,
b. málsmeðferð við útgáfu og afturköllun á starfsleyfi ökukennara og ökuskóla, sbr. 64. gr.,
c. framkvæmd ökunáms og ökuprófa,
d. fyrirkomulag á aðstöðu ökuskóla til bóklegrar og verklegrar ökukennslu,
e. aðgang að viðeigandi ökutæki til kennslu,
f. kröfur til kennslufræðilegrar ráðgjafar,
g. árlega skýrslugjöf ökuskóla til Umferðarstofu,
h. kynningar- og leiðbeiningarskyldu ökuskóla gagnvart nemendum,
i. eftirlit Umferðarstofu með ökukennslu og ökuskólum, og
j. starfstengd námskeið ökukennara.

66. gr.
Kennsluakstur.

Kennsluakstur á bifreið má því aðeins fara fram að við hlið nemanda sitji ökukennari sem uppfyllir ákvæði 63. gr. laga þessara sem þá telst stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandi telst þó stjórnandi við prófakstur. Nú óskar maður sem hefur ökuskírteini eftir að æfa sig í akstri á ný í viðurkenndri kennslubifreið hjá ökukennara, og telst þá ökukennari stjórnandi bifreiðarinnar. Ákvæði 44.–46. og 48. gr. eiga þó ávallt einnig við um nemandann.

Kennsluakstur á bifhjóli má aðeins fara fram undir leiðsögn og eftirliti ökukennara.

Ökukennari ber ábyrgð á að kennsluakstur fari fram á þeim stöðum og þannig að eigi stafi hætta af. Hann skal og gæta þess að eigi stafi óþörf eða veruleg truflun af kennsluakstrinum.

Kennsluakstur má eigi fara fram fyrr en tólf mánuðum áður en nemandi hefur aldur til að fá ökuskírteini útgefið og að fenginni námsheimild frá lögreglustjóra. Skal nemandi þá fullnægja skilyrðum b-liðar 2. mgr. 55. gr. og má ekki vera svo ástatt um hann að 5. mgr. 55. gr. eigi við. Sá sem sviptur hefur verið ökurétti má eigi hefja kennsluakstur fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út. Synjun lögreglustjóra á veitingu námsheimildar má kæra til ráðherra.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um kennsluakstur á afmörkuðum, skilgreindum svæðum (ökugerðum). Má þar m.a. kveða á um að kennsluakstur fari fram án þess að ökukennari sitji við hlið nemanda.

67. gr.
Æfingaakstur.

Nemanda í grunnökunámi sem hlotið hefur nauðsynlegan undirbúning á vegum ökuskóla er heimilt að æfa akstur bifreiðar með leiðbeinanda í stað ökukennara, enda hafi leiðbeinandinn fengið til þess leyfi lögreglustjóra. Engum má veita leyfi sem leiðbeinanda nema hann:

a. hafi náð 24 ára aldri,
b. hafi gild ökuréttindi til að stjórna þeim flokki ökutækja sem æfa á akstur með og hafi a.m.k. fimm ára reynslu af að aka þannig ökutæki,
c. hafi ekki á undangengnum tólf mánuðum verið sviptur ökuleyfi.

Leyfi skal gefið út á nafn nemanda og leiðbeinanda og til tiltekins tíma, mest fimmtán mánaða. Leyfið fellur sjálfkrafa úr gildi þegar nemandi hefur öðlast ökuréttindin. Heimilt er að afturkalla leyfi ef sérstaklega stendur á. Leiðbeinandi skal hafa leyfið meðferðis við æfingaakstur og sýna það þegar lögreglan krefst þess.

Bifreið sem notuð er til æfingaaksturs með leiðbeinanda skal sérstaklega auðkennd til æfingaaksturs. Óheimilt er að nota merkið við annan akstur en æfingaakstur með leiðbeinanda.

Æfingaakstur á bifhjóli skal fara fram á lokuðu, afmörkuðu aksturssvæði þar sem ekki er önnur umferð og leiðbeinandinn getur haft stöðugt eftirlit með nemandanum og veitt honum nauðsynlegar leiðbeiningar.

Æfingaakstur skal fara fram með hliðsjón af þjálfun nemandans og leiðbeiningum sem Umferðarstofa gefur út. Um æfingaakstur með leiðbeinanda gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, ákvæði 66. gr.

Leiðbeinanda er óheimilt að taka endurgjald fyrir starf sitt.

XII. KAFLI
Um ökutæki.

68. gr.
Öryggi, gerð og búnaður ökutækis.

Ökutæki skal svo gert og því haldið í þannig ástandi að nota megi án þess að af því leiði hættu eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi og það valdi ekki óþarfa hávaða eða mengun.

Eigandi eða umráðamaður ber ábyrgð á að ökutæki sé í lögmæltu ástandi skv. 1. mgr. og í samræmi við þær reglur sem Umferðarstofa setur á grundvelli 5. mgr. þessarar greinar. Þegar umráð ökutækis byggjast á eignarleigusamningi eða öðrum samsvarandi samningi um hlutaðeigandi ökutæki ber umráðamaður þess einn ábyrgðina samkvæmt þessari málsgrein.

Ökumaður skal gæta þess sérstaklega að stýrisbúnaður, hemlar og ljósabúnaður ökutækis séu í lögmæltu ástandi og virki örugglega. Sama á við um eftirvagn, svo og tengingu ökutækis og eftirvagns og tengibúnað.

Verði starfsmaður verkstæðis þess var að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis sem þar er til viðgerðar eða breytinga sé verulega áfátt skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því. Skal yfirmaður verkstæðis gera eiganda ökutækisins viðvart og tilkynna til lögreglu verði eigi úr bætt.

Umferðarstofa setur reglur um gerð og búnað ökutækis þar sem kveðið er á um hvaða tæknilegar kröfur ökutæki og íhlutir þess þurfi að uppfylla til að tryggja megi örugga notkun þess. Í reglunum skal m.a. kveðið á um hvaða áletranir og merki skuli setja á ökutæki vegna skráningar eða eftirlits. Þá er heimilt að kveða á um bann á viðskiptum með tiltekna hluti eða búnað í ökutæki eða til verndar ökumanni eða farþegum ef þeir uppfylla ekki skilyrði reglna sem settar eru skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar eða notkun þeirra mundi leiða til hættu eða verulegra óþægindi fyrir ökumann eða aðra vegfarendur. Þá er heimilt að kveða á um undanþágur frá kröfum enda sé nægjanlegt öryggi tryggt með öðrum hætti.

69. gr.
Tenging og dráttur ökutækis.

Við bifreið og bifhjól má tengja einn eftirvagn. Við dráttarvél og vinnuvél má tengja tvo eftirvagna.

Við bifhjól og reiðhjól má tengja hliðarvagn sem skal þá vera hægra megin við ökutækið.

Við létt bifhjól má eigi tengja eftirvagn eða hliðarvagn.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um drátt ökutækja, þ.m.t. tengingu eftirvagna, reiðhjóla og hliðarvagna, og um hvað flytja megi með ökutækjum þessum, svo og undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. við akstur á tilteknum svæðum.

70. gr.
Skráning.

Áður en vélknúið ökutæki, sem ætlað er til notkunar á vegi í almennri umferð eða á snjó eða hjarni, er tekið í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það. Sama á við um eftirvagn bifreiðar eða dráttarvélar. Eigi þarf þó að skrá eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvélar sem aðeins er notuð utan vegar. Einnig skal skrá vinnuvél og eftirvagn hennar ef vinnuvélin er notuð til aksturs á vegi.

Áður en beltabifhjól, sbr. skilgreiningu í 3. gr., er tekið í notkun skal það skráð og skráningarmerki sett á það.

Ráðherra getur í reglugerð mælt fyrir um skráningu annarra ökutækja en þeirra sem skráningarskyld eru skv. 1. og 2. mgr. Ráðherra getur einnig ákveðið að eigi þurfi að skrá skráningarskylt ökutæki sem ekki er notað í almennri umferð. Skal þá kveða á um hvar nota megi ökutækið.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skráningu ökutækis og eigenda þess, m.a. um:

a. tilkynningu eigendaskipta,
b. skráningarmerki,
c. skráningarskírteini sem ávallt skal fylgja ökutækinu,
d. tímabundinn akstur skráningarskylds ökutækis án skráningar,
e. gjald fyrir viðurkenningu á gerð ökutækis og búnaði þess,
f. gjald fyrir skráningu og skráningarmerki.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um notkun ökutækis sem skráð er erlendis og ökutækis í eigu erlends ríkis, þar á meðal hvernig og hvenær beri að skrá það hér á landi.

71. gr.
Einkamerki.

Eigandi bifreiðar eða bifhjóls hefur heimild til þess að velja tiltekna bókstafi og tölustafi á skráningarmerki ökutækisins (einkamerki).

Fyrir rétt til einkamerkis skal greiða 50.000 kr., auk gjalds fyrir skráningu og skráningarmerki. Réttur til einkamerkis gildir í átta ár. Skráður eigandi ökutækis skal fram að 65 ára aldri greiða sama gjald vegna endurnýjunar á rétti til einkamerkis. Fyrir skráningu á flutningi einkamerkis af einu ökutæki á annað í samræmi við reglur sem ráðherra setur á grundvelli 3. mgr. þessarar greinar skal greiða sama gjald og fyrir skráningu eigendaskipta að ökutæki.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um heimild til að velja einkamerki á ökutæki samkvæmt þessari grein.

72. gr.
Skoðun ökutækis.

Ökutæki, skráð hér á landi, skal færa til reglubundinnar almennrar skoðunar (aðalskoðunar) í samræmi við reglur sem ráðherra setur á grundvelli 3. mgr. Ákvæðið gildir þó ekki um dráttarvél.

Eigandi (umráðamaður) ökutækis ber ábyrgð á því að ökutæki sé fært til skoðunar í samræmi við 1. mgr. Þegar umráð ökutækis byggist á eignarleigusamningi um hlutaðeigandi ökutæki ber umráðamaður þess einn ábyrgðina samkvæmt þessari málsgrein.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og tíðni aðalskoðunar skv. 1. mgr. Þá setur ráðherra þar ákvæði um skilyrði annarra tegunda skoðunar, þar á meðal skoðunar við afhendingu skráningarmerkja, skráningarskoðunar, vegaskoðunar, skoðunar ökutækis sem skráð er til flutnings á hættulegum farmi (ADR-skoðunar), skoðunar vegna breytingar á ökutæki og endurskoðunar. Í reglugerð um skoðun ökutækja skal ráðherra einnig mæla fyrir um hvernig skoðun skuli fara fram, um skoðunarstofur og endurskoðunarverkstæði og um álagningu og innheimtu vanrækslugjalds, sbr. 5.–7. mgr. þessarar greinar.

Reynist ástand ökutækis, sem lögreglan stöðvar, ekki vera í lögmæltu ástandi má krefjast þess að ökutækið skuli fært til sérstakrar skoðunar hjá skoðunarstofu.

Eigandi (umráðamaður) ökutækis, sbr. 2. mgr., skal við aðalskoðun eða endurskoðun greiða sérstakt vanrækslugjald er renni í ríkissjóð:

a. við aðalskoðun ef ökutæki hefur ekki verið fært til aðalskoðunar fyrir lok annars mánaðar frá því er ökutækið skyldi fært til aðalskoðunar, og
b. við endurskoðun ef ökutæki er ekki fært til endurskoðunar þegar liðinn er mánuður frá lokum þess mánaðar er ökutækið skyldi fært til endurskoðunar.

Vanrækslugjald skal vera að fjárhæð 15.000 kr. Sé gjaldið greitt og ökutæki fært til skoðunar, eftir atvikum aðalskoðunar eða endurskoðunar, innan mánaðar frá því að það var lagt á lækkar gjaldið í 7.500 kr. Heimilt er að hækka gjaldið um allt að 100% verði það ekki greitt við skoðun eða endurskoðun sé þess krafist. Gjaldið getur að hámarki orðið 30.000 kr. Heimilt er ráðherra að hækka fjárhæð í samræmi við breytingar á verðlagi.

Vanrækslugjald nýtur lögveðs í viðkomandi ökutæki með sama hætti og gjald skv. 1. mgr. 110. gr., sbr. 2. mgr. 111. gr., en fellur þó ekki niður við eigendaskipti. Um fullnustuaðgerðir vegna innheimtu gjaldsins fer eftir 3. og 4. mgr. 111. gr.

73. gr.

Bann við notkun ökutækis.

Nú kemur í ljós að skráningarskylt ökutæki er til hættu fyrir umferðaröryggi eða er eigi fært til skoðunar þegar krafist er, og getur þá lögreglan tekið af því skráningarmerki án frekari viðvörunar.

XIII. KAFLI
Um notkun öryggis- og verndarbúnaðar.

74. gr.

Öryggisbelti og annar öryggis- og verndarbúnaður í bifreiðum.

Hver sá sem situr í sæti bifreiðar sem búið er öryggisbelti skal nota beltið þegar bifreiðin er á ferð.

Ökumaður skal sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum 150 sm á hæð eða lægra. Ef slíkur búnaður er ekki í bifreið skal nota öryggisbelti fyrir barnið.

Barn sem er 150 sm á hæð eða lægra má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem búin er uppblásanlegum öryggispúða fyrir framan sætið.

Barn yngra en þriggja ára má ekki vera farþegi í fólks-, sendi- eða vörubifreið nema hún sé með viðeigandi öryggis- og verndarbúnaði ætluðum börnum, sbr. 2. mgr.

Eigi er skylt að nota öryggis- eða verndarbúnað þegar ekið er aftur á bak eða við akstur á bifreiðastæði eða við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv. 1.–4. mgr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um flokkun, gerð og notkun öryggis- og verndarbúnaðar fyrir ökumann og farþega ökutækis. Þar skal m.a. kveðið á um skyldu til að tilkynna farþegum um skyldubundna notkun öryggisbelta. Ráðherra setur þar jafnframt reglur um undanþágu frá skyldu til að nota slíkan búnað, m.a. við sérstakan akstur.

75. gr.

Öryggis- og verndarbúnaður á bifhjólum.

Hver sá sem er á ferð á bifhjóli eða öðru vélknúnu ökutæki sem er opið og án verndarbúnaðar skal nota hlífðarhjálm ætlaðan til slíkra nota. Ökumaður ber ábyrgð á að farþegi noti hlífðarhjálm.

Ökumaður og farþegi sem falla undir 1. mgr. skulu nota annan hlífðarfatnað og búnað við akstur eftir því sem við á.

Eigi er skylt að nota hlífðarhjálm við akstur bifhjóls á bifreiðastæði eða við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Hver sá sem situr í sæti bifhjóls sem búið er öryggisbelti og veltigrind skal nota beltið þegar bifhjólið er á ferð.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um flokkun, gerð og notkun hlífðarfatnaðar og annars hlífðarbúnaðar ökumanns og farþega bifhjóls og vélknúins ökutækis án verndarbúnaðar.

Ráðherra getur sett ákvæði í reglugerð um undanþágu frá notkun hlífðarhjálms við sérstakar aðstæður.

76. gr.

Öryggis- og verndarbúnaður við hjólreiðar o.fl.

Barn yngra en 15 ára skal nota hlífðarhjálm við hjólreiðar.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við þegar barn hefur fengið læknisvottorð sem undanþiggur það notkun hlífðarhjálms af heilsufars- eða læknisfræðilegum ástæðum.

Lögregla og foreldrar skulu vekja athygli barna á skyldu skv. 1. mgr.

Ráðherra er heimilt að setja ákvæði í reglugerð um öryggis- og verndarbúnað hjólreiðamanna og annarra óvarinna vegfarenda.

XIV. KAFLI

Flutningur, hleðsla, þyngd og stærð ökutækja.

77. gr.

Hleðsla ökutækja, flutningur farms og öryggisráðstafanir við flutning á farþegum.

Farm ökutækis skal skorða tryggilega og festa við ökutækið. Gæta skal þess að farþegar eða farmur byrgi eigi útsýn ökumanns eða tálmi notkun stjórntækja ökutækis. Farmi skal þannig komið fyrir að eigi byrgi lögboðinn ljósa- eða merkjabúnað ökutækis eða skráningarmerki þess.

Farþega má eigi flytja svo marga eða á þann hátt að það valdi þeim eða öðrum hættu.

Farm skal flytja þannig að eigi hafi í för með sér hættu fyrir menn eða valdi munatjóni. Þess skal enn fremur gætt að eigi sé hætta á að farmur dragist eftir akbraut eða falli á hana eða valdi rykmekki eða svipuðum óþægindum, umferðartruflun eða óþarfa hávaða.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hleðslu og frágang farms og skyldu til að breiða yfir farm, svo og hvernig auðkenna skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm. Þá getur ráðherra sett reglur í reglugerð um öryggisráðstafanir við flutning á farþegum.

78. gr.

Flutningur á hættulegum farmi.

Við flutning á hættulegum farmi skal fara eftir reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. Flutningur telst hvers konar tilfærsla á hættulegum farmi á landi þ.m.t. lestun, losun og geymsla farmsins í ökutækinu og annað sem fram fer meðan á flutningi stendur og er þáttur í flutningi farmsins, þar á meðal geymsla í vörugeymslu.

Hver sem kemur að flutningi á hættulegum farmi skv. 1. mgr. skal sýna varúð og standa þannig að verki að sem minnst hætta sé á líkams- og heilsutjóni, svo og eignatjóni eða umhverfisspjöllum. Áður en hættulegur farmur er fluttur skal ganga úr skugga um að umbúðir og merking farmsins sé fullnægjandi. Ökutæki og búnaður, sem notaður er við flutninginn,

skal vera í þannig ástandi að ekki stafi hætta af. Ekki má afhenda hættulegan farm til flutnings þeim sem ljóst er að ekki hefur kunnáttu eða búnað til þess að flytja farminn svo fyllsta öryggis sé gætt.

Lögreglan hefur eftirlit með flutningi á hættulegum farmi. Umferðarstofa gætir þess að búnaður ökutækis sé í samræmi við reglur skv. 5. mgr. þegar ökutæki er skráð til flutnings á hættulegum farmi.

Umferðarstofa skal birta samning Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi á vegum (ADR) og viðauka hans á vefsvæði sínu. Heimilt er að birta enska útgáfu af viðaukum samningsins, og skulu þeir uppfærðir jafnóðum og breytingar verða á þeim. Heimilt er að vísa til samningsins og viðauka hans í reglum um flutning á hættulegum farmi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um flutning á hættulegum farmi skv. 1. mgr., þar á meðal um flokkun hættulegs farms, öryggisbúnað, ábyrgð og skyldur, öryggisráðgjafa, réttindi (ADR-réttindi) sem ökumaður skal hafa til að annast flutning á hættulegum farmi og eftirlit.

79. gr.
Akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja.

Ökumaður ökutækis, sem fjallað er um í reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. þessarar greinar, skal sýna sérstaka varúð í umferðinni með tilliti til stærðar og þyngdar ökutækisins og skal víkja greiðlega fyrir öðrum og nema staðar ef þörf krefur.

Ökumaður ökutækis skv. 1. mgr. skal við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínu eða við svipaðar aðstæður ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að hætta stafi af eða eignatjón.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eða í reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. þessarar greinar getur veghaldari leyft meiri ásþunga og heildarþyngd ökutækja á einstökum vegarköflum, svo og ákveðið minni ásþunga eða heildarþyngd á öðrum, hvort tveggja miðað við burðarþol brúar eða vegar.

Vegagerðin getur veitt undanþágu frá reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. þessarar greinar þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Leyfi veghaldara skal fylgja ökutækinu við flutninginn.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um hámark breiddar, lengdar og hæðar ökutækja, með og án farms, þar á meðal um akstur sérstaklega breiðra, langra eða hárra ökutækja. Reglur þessar skulu einnig taka til samtengdra ökutækja. Í reglunum getur ráðherra m.a. kveðið á um í hvaða tilvikum kalla verður til aðstoð lögreglu við flutning á vegum. Þá skal í reglum þessum kveðið á um hámark ásþunga og heildarþyngdar ökutækja, með og án farms.

Heimilt er að innheimta gjald vegna kostnaðar við veitingu undanþágu og eftirlit með að skilyrði séu uppfyllt, svo og aðstoð lögreglu og Vegagerðarinnar við flutning sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur.

XV. KAFLI
Umferðarstjórn, umferðarmerki o.fl.

80. gr.
Umferðarstjórn.

Lögreglan stjórnar umferð þar sem hún telur þess þörf.

Við vegavinnu, og þar sem skemmd hefur orðið á vegi þannig að hætta stafi af fyrir umferð, getur veghaldari eða sá sem hefur með höndum vegavinnu stjórnað umferð, eftir því sem nauðsynlegt er, þar á meðal beint henni fram hjá vinnusvæði.

Ráðherra getur í reglugerð sett ákvæði um merkjagjöf við umferðarstjórn, þar á meðal um heimild annarra en lögreglunnar til að stjórna umferð.

81. gr.

Sérákvæði um notkun vega, hraðamörk o.fl.

Veghaldari getur kveðið á um varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar að höfðu samráði við sveitarstjórn, þegar það á við, og lögreglu, m.a. um:

a. stöðvun og lagningu ökutækis,
b. hvar umferð skuli hafa forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr.,
c. einstefnuakstur,
d. gangbrautir,
e. bann við tiltekinni umferð, og
f. aðrar takmarkanir á umferð um veg.

Á þjóðvegum ákveður Vegagerðin hraðamörk skv. 2.–4. mgr. 36. gr.

Hraðamörk á þjóðvegum í þéttbýli skulu þó ákveðin að fenginni umsögn sveitarstjórnar og lögreglu. Á öðrum vegum ákveður sveitarstjórn hraðamörkin að fenginni umsögn lögreglu.

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skal veghaldari gefa til kynna með umferðarmerkjum. Ákvörðun varðandi stöðvun eða lagningu ökutækja, sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafla, skal birta á vefsíðu Vegagerðarinnar eða með öðrum tryggum hætti.

82. gr.

Takmörkun eða bann umferðar um stundarsakir.

Veghaldari getur, í samráði við lögreglu og almannavarnanefnd, þegar það á við, takmarkað eða bannað umferð um stundarsakir á vegi sem hættulegur er vegna skemmda eða af öðrum orsökum þar til viðgerð er lokið eða hætta liðin hjá.

Sveitarstjórn og Vegagerðinni, þegar um þjóðveg er að ræða, er heimilt að takmarka eða banna umferð um stundarsakir á vegi eða svæði þegar mengun er yfir heilsufarsmörkum eða hætta er talin á að svo verði. Til grundvallar slíku banni skal liggja fyrir rökstuðningur fyrir takmörkun umferðar vegna mengunar, studdur mæliniðurstöðum og mengunarspám.

Takmarkanir á umferð vegna mengunar frá ökutækjum geta t.d. falist í breytingum á hámarkshraða, takmörkun á umferð stærri ökutækja eða takmörkun almennrar umferðar með því að heimila tilteknum bifreiðum akstur á ákveðnum svæðum eftir oddatölu/jafnri endatölu eða sambærilegum endabókstaf skráningarmerkja. Upplýsingar um slíkar takmarkanir skulu gefnar með umferðarmerkjum og auglýsingum á opinberum vettvangi, svo sem á vefsíðu Vegagerðarinnar eða með öðrum tryggum hætti.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða gjald allt að 20.000 kr. vegna notkunar negldra hjólbarða á nánar tilteknum svæðum, fyrir ákveðið tímabil eða ákveðið skipti að höfðu samráði við Vegagerðina.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um úrræði og við hvaða kringumstæður grípa megi til takmarkana, sbr. 2. og 3. mgr. Kveða skal á um nánari kröfur, viðmið og fyrirkomulag gjaldtöku vegna notkunar negldra hjólbarða skv. 4. mgr. í reglugerð sem ráðherra setur.

83. gr.

Stöðukort og stöðureitir.

Ráðherra getur ákveðið að þar sem heimild til lagningar ökutækja er tímabundin megi því aðeins leggja ökutæki að notuð séu sérstök stöðukort. Ráðherra setur reglur um stöðukort og notkun þeirra.

Í þéttbýli er sveitarstjórn heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

84. gr.

Stæðiskort fyrir hreyfihamlaða.

Handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða er heimilt, í tengslum við flutning á þeim, að leggja ökutæki hvar sem er á landinu í bifreiðastæði sem ætlað er fyrir fatlaða og auðkennt með þar til gerðu umferðarmerki.

Handhafa stæðiskorts skv. 1. mgr. er jafnframt heimilt að leggja ökutæki í gjaldskylt bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu, enda sé þá gætt ákvæða 3.–5. mgr. þessarar greinar.

Þegar ökutæki er lagt í bifreiðastæði skal stæðiskorti komið fyrir innan við framrúðu þannig að framhlið þess sjáist vel að utan.

Skylt er að sýna stæðiskort við eftirlit. Heimilt er lögreglumanni eða stöðuverði sem annast eftirlit með stöðvunarbrotum að leggja hald á stæðiskort til bráðabirgða ef grunur leikur á misnotkun þess.

Ef stöðuvörður verður var við misnotkun stæðiskorts skal hann gera viðkomandi lögreglustjóra viðvart.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum 27. og 28. gr. um stöðvun og lagningu ökutækis, þar á meðal reglum um notkun stöðureita og gjald fyrir þá, sbr. 110. gr.

85. gr.

Umferðarmerki o.fl.

Veghaldari skal sjá um að setja upp umferðarmerki samkvæmt lögum þessum.

Eigi má án leyfis veghaldara setja merki á eða við veg.

Kostnað vegna merkja skv. 1. mgr. skal veghaldari greiða, nema um annað sé um samið.

Um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa og hljóðmerkja og annarra merkja á eða við veg til stjórnunar á eða leiðbeiningar fyrir umferð, svo og hvað þau tákna og hvenær megi frá þeim víkja, skal kveðið á í reglugerð sem ráðherra setur.

86. gr.

Merking vegna framkvæmda við veg.

Þar sem vegavinna fer fram eða vegi er raskað af öðrum ástæðum þannig að hætta stafi af er þeim sem stjórnar verki skylt að sjá um að staðurinn verði merktur á fullnægjandi hátt. Veghaldari ber ábyrgð á merkingum vega en getur með samningi falið þeim sem annast framkvæmd við veg að setja upp fullnægjandi merkingar.

Leyfi veghaldara þarf til að geyma á vegi muni, tæki eða vegagerðarefni sem getur haft í för með sér óþægindi eða hættu fyrir umferðina, nema sérstakar ástæður geri geymslu til bráðabirgða nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka muni, tæki eða efni út fyrir akbraut skal þeim komið fyrir eins utarlega á henni og unnt er og staðurinn auðkenndur viðvörunarmerkjum.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmdir á eða við veg, m.a. um gerð öryggisáætlunar og ábyrgð veghaldara og verktaka við að tryggja öryggi á framkvæmdarstað.

87. gr.

Auglýsingaskilti við veg.

Spjöld, auglýsingar, ljósaskilti og þess háttar má eigi setja á eða í tengslum við merki við veg eða á vegi skv. 1. mgr. 85. gr.

Hluti, sem um ræðir í 1. mgr. og sjást frá vegi, getur lögreglustjóri, að kröfu veghaldara, látið fjarlægja ef þeir líkjast merkjum skv. 1. mgr. 85. gr. eða geta að öðru leyti verið villandi eða valdið óþægindum fyrir umferð.

XVI. KAFLI

Eftirlit lögreglu og Vegagerðarinnar með ástandi og hleðslu ökutækja o.fl.

88. gr.

Eftirlit með ástandi, stærð, þyngd og hleðslu ökutækja.

Lögreglu er heimilt að stöðva ökutæki og skoða ástand þess, stærð, þyngd og hleðslu, þar á meðal hvort gætt hafi verið ákvæða 78. gr. um flutning á hættulegum farmi, sbr. 3. mgr. þeirrar greinar. Reynist ökutæki ekki vera í lögmæltu ástandi má krefjast þess að það verði fært til sérstakrar skoðunar.

Telji lögregla við eftirlit skv. 1. mgr. ástæðu til að ætla að í akstri ökutækis, sem er meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd, hafi verið brotið gegn ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, 68. gr. um búnað slíkra ökutækja, 77. gr. um hleðslu ökutækja, flutning farms og öryggisráðstafanir við flutning á farþegum, og 3. og 4. mgr. 79. gr. um akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja, eða reglugerða settra á grundvelli þessara ákvæða, skal lögregla að jafnaði kalla til eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Skal þá farið með athugun máls með þeim hætti sem greinir í 89. og 90. gr.

89. gr.

Eftirlit Vegagerðarinnar með akstri þungra ökutækja.

Eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar er heimilt að stöðva akstur ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd við eftirlit í því skyni að kanna hvort fylgt hafi verið ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, 68. gr. um búnað slíkra ökutækja, 77. gr. um hleðslu ökutækja, flutning farms og öryggisráðstafanir við flutning á farþegum og 79. gr. um akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja eða reglugerða settra á grundvelli þessara ákvæða.

Ökumanni ökutækis til farþega- eða farmflutninga er skylt að stöðva ökutæki þegar eftirlitsmaður Vegagerðarinnar gefur stöðvunarmerki, sbr. 1. mgr. Ökumanni er skylt að hlíta því að eftirlitsmaður skoði stærð, heildarþyngd, ásþunga og búnað ökutækis, sem og hleðslu þess, frágang og merkingu farms, og geri aðrar athuganir sem nauðsynlegar kunna að vera vegna eftirlits samkvæmt þessari grein. Þá skal ökumaður veita eftirlitsmanni aðgang að upplýsingum sem varðveittar eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti eða með öðrum hætti.

Ef við eftirlit samkvæmt þessari grein vaknar grunur um brot á reglum sem vísað er til í 1. mgr. er eftirlitsmanni Vegagerðarinnar heimilt að banna frekari för ökutækis til að hindra áframhaldandi brot þar til lögregla kemur á vettvang. Ökumaður skal hlíta slíku banni um frekari för þar til því hefur verið aflétt. Óhlýðnist ökumaður banni eftirlitsmanns skal það þegar tilkynnt til lögreglu.

Reynist heildarþyngd eða ásþungi ökutækis meiri en heimilt er ber ökumanni að fara eftir fyrirmælum eftirlitsmanns um að létta ökutækið eða gera aðrar ráðstafanir um áframhaldandi akstur ökutækis krefjist eftirlitsmaður þess.

90. gr.

Upplýsingaskylda og andmælaréttur vegna eftirlits Vegagerðarinnar.

Ökumaður eða flytjandi skal að kröfu Vegagerðarinnar afhenda þau gögn sem nauðsynleg þykja við athugun einstaks máls skv. 89. gr., þar á meðal gögn með upplýsingum sem skráðar eru og varðveittar í samræmi við reglur sem ráðherra setur á grundvelli d- og e-liðar 50. gr. Þetta gildir jafnt við eftirlit á vegum og í starfsstöð flytjanda, hvort sem gögnin eru afhent á staðnum eða send eftirlitsaðila. Neiti flytjandi eða ökumaður að afhenda gögn skal kalla til atbeina lögreglu.

Áður en Vegagerðin tekur ákvörðun um hvort skilyrði séu til að ákvarða stjórnvaldssekt skv. 92. gr. skal hún gefa aðila málsins kost á að tjá sig um mál. Skal Vegagerðin að öðru leyti gæta ákvæða stjórnsýslulaga.

91. gr.

Framkvæmd eftirlits Vegagerðarinnar.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um hæfi og þjálfun eftirlitsmanna, einkennisbúnað, skilríki, tækjabúnað og framkvæmd eftirlits, svo og málsmeðferð skv. 89. og 90. gr.

XVII. KAFLI

Stjórnvaldssektir vegna brota á ýmsum reglum um akstur þungra ökutækja.

92. gr.

Stjórnvaldssektir Vegagerðarinnar.

Vegagerðin leggur stjórnvaldssektir á þá ökumenn sem aka ökutækjum sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd sem brjóta gegn:

a. ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem annast fólks- eða farmflutninga í atvinnuskyni, sbr. þó 2. mgr. 93. gr.,
b. 68. gr. um búnað slíkra ökutækja,
c. 77. gr. um hleðslu ökutækja, flutning farms og öryggisráðstafanir við flutning á farþegum, og
d. 3. og 4. mgr. 79. gr. um akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til brots á ákvæðum í reglugerðum samkvæmt lögum þessum sem settar eru um þau atriði sem greinir í a–d-lið þeirrar málsgreinar.

Vegagerðin getur einnig ákvarðað lögaðila sem annast fólks- eða farmflutninga í atvinnuskyni stjórnvaldssekt ef ökumaður á vegum hans sætir sektum skv. 1. mgr., enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

Stjórnvaldssekt getur numið allt að 300.000 kr. og skal nánar kveða á um sektarfjárhæðir vegna einstakra brota í reglugerð sem ráðherra setur. Skal við ákvörðun um fjárhæð sektar hafa hliðsjón af eðli og umfangi brots, hvað brot hafa staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Stjórnvaldssekt sem ákveðin er samkvæmt þessari grein rennur í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við eftirlit, álagningu og innheimtu sektarinnar. Sé stjórnvaldssekt ekki greidd innan mánaðar frá ákvörðun Vegagerðarinnar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Heimilt er að kæra ákvörðun Vegagerðarinnar um stjórnvaldssekt til ráðherra innan mánaðar frá því slík ákvörðun var tilkynnt aðila. Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð í málinu innan tveggja mánaða frá því að kæra berst.

Veita skal 25% afslátt af fjárhæð stjórnvaldssektar ef sektin er greidd að fullu innan 30 daga frá dagsetningu ákvörðunar.

Ákvörðun Vegagerðarinnar um að leggja stjórnvaldssekt á lögaðila sem annast fólks- eða farmflutninga í atvinnuskyni er aðfararhæf. Kæra til ráðherra skv. 5. mgr. þessarar greinar frestar aðför en úrskurður ráðherra er aðfararhæfur. Við aðför samkvæmt ákvörðunum Vegagerðarinnar eða ráðherra skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fara samkvæmt lögum um aðför.

93. gr.

Vísun máls til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum skv. 92. gr. og refsingu skv. XVIII. kafla skal Vegagerðin vísa þeim hluta málsins sem varðar refsiábyrgð til lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Ef ökumaður hefur tvívegis áður sætt stjórnvaldssektum á grundvelli a-liðar 1. mgr. 92. gr. á undangengnum þremur árum og er á ný grunaður um slíkt brot skal Vegagerðin vísa máli hans til lögreglu.

Við framvísun máls til lögreglu skv. 1. eða 2. mgr. skal Vegagerðin láta fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Vegagerðarinnar um að vísa máli til lögreglu.

Ekki er heimilt að nota upplýsingar sem maður hefur veitt Vegagerðinni sem sönnunargagn í sakamáli sem rannsakað er af lögreglu eða höfðað er gegn honum vegna brota sem varða refsingu skv. XVIII. kafla laga þessara.

XVIII. KAFLI

Refsingar.

94. gr.

Brot er varða sektum.

Sá skal sæta sektum sem brýtur gegn 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 6.–13. gr., 16.–34. gr., 38.–40. gr., 41. gr. og 2. og 3. mgr. 42. gr., 43. gr., 3. mgr. 48. gr., 50. gr., 54. gr., 66.–67. gr., 69. gr., 70. gr., 74. gr., 1. og 4. mgr. 75. gr., 78. gr. og 1. og 2. mgr. 79. gr., 2. mgr. 85. gr., 86.–87. gr. eða 1. mgr. 90. gr. eða ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim ákvæðum.

Nú hefur ökumaður tvívegis áður sætt stjórnvaldssektum á grundvelli a-liðar 1. mgr. 92. gr. á síðastliðnum þremur árum og brýtur að nýju gegn ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, og skal hann þá sæta sektum samkvæmt þessari grein.

Eigi skal refsa skv. 1. mgr. fyrir brot, sem tilgreind eru í 1. mgr. 110. gr., að a-lið 2. mgr. 28. gr. undanskildum, sbr. b-lið 1. mgr. 110. gr., nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum fyrir umferðina.

Heimilt er að gera skráðum eiganda eða umráðamanni vélknúins ökutækis sekt, ef það hefur verið notað við brot gegn ákvæðum 35. eða 36. gr. um hraðakstur, án þess að sýnt sé fram á ásetning eða gáleysi eiganda eða umráðamanns ef brot ökumanns varðar ekki punktum skv. 2. mgr. 100. gr., enda sé aksturinn myndaður í löggæslumyndavél og ökumaðurinn hefur ekki notað ökutækið í algjöru heimildarleysi.

Ef skilyrði 4. mgr. eru fyrir hendi og lögaðili er eigandi ökutækis er heimilt að gera honum sekt samkvæmt reglum II. kafla A almennra hegningarlaga.

95. gr.

Brot er varða sektum eða fangelsi.

Sá skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sem brýtur gegn 35.–37. gr., 44.–49. gr., 55. gr. eða 59. gr. eða ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt þessum ákvæðum.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis ítrekað brot gegn 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, og vínandamagn í blóði hans hefur í bæði skiptin verið 2‰ eða meira eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér verið 1,00 milligramm í lítra lofts eða meira og skal hann þá sæta fangelsi eigi skemur en 30 daga.

Við ákvörðun sektar vegna brots gegn 35. og 36. gr. skal höfð hliðsjón af aukinni áhættu sem hraðabrotið hefur í för með sér. Á vegi þar sem leyfður hámarkshraði er 90 km á klst. eða meiri skal sekt ákveðin hærri en ella. Sama gildir um ákvörðun sektar vegna hraðabrots við akstur:

a. bifreiðar sem er minna en 3,5 tonn að heildarþyngd með eftirvagn, þ.m.t. tjaldvagn og hjólhýsi,
b. vörubifreiðar,
c. almenningsvagns og hópbifreiðar, og
d. bifhjóls með hliðarvagni eða skráningarskyldum eftirvagni.

Við ákvörðun sektar vegna brots gegn 35. og 36. gr., sbr. 3. mgr., skal sekt ákveðin hærri en ella þegar hraðinn er 140 km á klst. eða meiri.

Við ákvörðun sektar vegna brota gegn 35. og 36. gr., sbr. 3. mgr., skal sekt ákveðin mun hærri en ella þegar ekið er meira en tvöfalt hraðar en heimilt er.

96. gr.

Brot eiganda eða lögaðila.

Ef brot, sem greinir í 94. eða 95. gr. eða í ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja eiganda ökutækis eða stjórnanda í starfi skal honum einnig refsað fyrir brotið.

97. gr.

Sektarreglugerð ráðherra.

Sektir allt að 500.000 kr. fyrir brot skv. 94. og 95. gr. og ákvæðum reglugerða settra samkvæmt þeim skulu ákveðnar í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Í reglugerðinni skal tilgreint hvaða tegunda brota hún tekur til og hvaða sekt og önnur viðurlög skuli koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt er að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar ef veigamikil rök mæla með því.

98. gr.

Fullkomin samlagning sekta.

Þegar ákvörðun sektar vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum sem tilgreind eru í 94. eða 95. gr. eða í ákvæðum í reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim skal sektin vera samtala sekta vegna hvers brots um sig, enda rúmist refsingin innan sektarmarka almennra hegningarlaga.

99. gr.

Afsláttur af sektarfjárhæð.

Veita skal sakborningi allt að 25% afslátt af sektarfjárhæð sem lögreglustjóri hefur ákvarðað ef sakborningur greiðir sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs eða undirritun sektargerðar sem sakborningur hefur gengist skriflega undir.

Heimilt er að veita sakborningi sem hefur tekjur undir hálfum öðrum lágmarkslaunum allt að 25% afslátt af upphaflegri sektarfjárhæð. Við útreikning skal miðað við tekjur sem fram koma á skattskýrslu síðasta almanaksárs fyrir brotið.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um afslátt af sektarfjárhæð vegna umferðarlagabrota.

100. gr.

Almennar reglur um sviptingu ökuréttar.

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki sem ökuskírteini þarf til ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur slíks ökutækis eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns vélknúins ökutækis, varhugavert að hann stjórni vélknúnu ökutæki. Getur svipting náð til ákveðins flokks ökuréttinda skv. 56. gr. eða sviptingar ökuréttar í heild.

Nú hefur maður á þriggja ára tímabili gerst sekur um þrjú eða fleiri brot á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim og náð tilteknum punktafjölda samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota, og skal hann þá sviptur ökurétti í þrjá mánuði til viðbótar þeirri sviptingu ökuréttar sem við síðasta brotinu kann að liggja. Ráðherra setur, að fenginni umsögn ríkissaksóknara, reglugerð um punktakerfi vegna umferðarlagabrota, þar á meðal um hvaða vægi einstök brot skuli hafa í punktum talið við ákvörðun um beitingu sviptingar ökuréttar vegna uppsöfnunar punkta.

Svipting ökuréttar skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en einn mánuð, eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni.

Þegar ekið er meira en tvöfalt hraðar en heimilt er skal svipting ökuréttar eigi ákvörðuð skemur en í þrjá mánuði.

Svipting ökuréttar felur í sér sviptingu ákveðins réttar samkvæmt ökuskírteini og réttar til að öðlast ökuskírteini.

101. gr.

Svipting ökuréttar vegna ítrekaðra brota gegn reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.

Nú hefur ökumaður tvívegis áður sætt stjórnvaldssektum á grundvelli a-liðar 1. mgr. 92. gr. og brýtur að nýju gegn ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, og er þá heimilt að svipta hann ökurétti til farþega- og farmflutninga í samræmi við ákvæði 100. gr.

102. gr.

Svipting ökuréttar vegna ölvunar- eða vímuefnaaksturs.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. eða 46. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 48. gr. og skal hann þá sviptur ökurétti. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa sviptingu ökuréttar vegna brots á ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. þeirrar greinar, eða 46. gr.

Hafi stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. þeirrar greinar, og vínandamagn í blóði hans er undir 0,50‰ eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér er minna en 0,25 milligrömm í lítra lofts skal hann ekki sviptur ökurétti við fyrsta brot.

Neiti stjórnandi vélknúins ökutækis að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 48. gr. skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en eitt ár.

Hafi stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en eitt ár og sex mánuði og allt að tveimur árum og sex mánuðum eftir alvarleika brots og vínandamagni í blóði ökumanns eða vínandamagni í lofti sem hann andar frá sér.

Hafi stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 46. gr. skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en sex mánuði og allt að tveimur árum eftir alvarleika brots og magni ávana- og fíkniefna í blóði ökumanns.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn 45. gr. og vínandamagn í blóði hans er yfir 2‰ eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér fer yfir 1,00 milligramm í lítra lofts og skal hann þá sviptur ökurétti eigi skemur en þrjú ár.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. eða 46. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 48. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota og skal svipting ökuréttar þá eigi vara skemur en þrjú ár og allt að fimm árum eftir alvarleika brots og magni vínanda eða ávana- og fíkniefna í ökumanni við síðara brotið. Varði síðara brotið við 3. mgr. 45. gr. skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en fimm ár. Ef 2. mgr. þessarar greinar á við um fyrra brot ökumanns skal svipting ökuréttar fara eftir reglum 1. mgr., nema ákvæði 4. og 6. mgr. eigi við um síðara brot ökumanns.

Ökumaður skal ekki beittur viðurlögum skv. 1. mgr., sbr. 5. mgr., ef:

a. hann hefur meðferðis við stjórn ökutækis vottorð læknis er sýnir fram á að hann sé haldinn tilteknum sjúkdómi eða ástandi og þurfi af þeim orsökum að neyta þeirra efna sem í blóði hans mælist og
b. hann sýnir fram á að hann hafi fengið útgefið lyfjakort frá sjúkratryggingastofnuninni, sbr. lög um sjúkratryggingar, vegna neyslu þeirra efna sem í blóði hans mælist, og
c. sýnt er fram á, með mati læknis að undangenginni læknisskoðun sem fram fer að beiðni lögreglu í framhaldi af stöðvun ökutækis, að hann hafi verið hæfur til að stjórna ökutækinu örugglega.

Tekið skal fram í vottorði læknis skv. a-lið 8. mgr. að sjúklingurinn sé þrátt fyrir sjúkdóm sinn og lyfjainntöku fullkomlega fær um að stjórna ökutæki.

103. gr.

Bráðabirgðasvipting.

Nú telur lögreglustjóri skilyrði til sviptingar ökuréttar vera fyrir hendi, og skal þá svipta ökumann ökurétti til bráðabirgða svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun þessa má bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð sakamála, og skal lögreglustjóri leiðbeina ökumanni um þann rétt þegar ákvörðun er birt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma.

104. gr.
Áhrif áfrýjunar.

Áfrýjun dóms, þar sem kveðið er á um sviptingu ökuréttar, frestar ekki verkun hans að því leyti. Þó getur dómari ákveðið með úrskurði að áfrýjun fresti framkvæmd sviptingar ef sérstaklega stendur á.

105. gr.
Brot erlendis.

Nú hefur íslenskur ríkisborgari eða maður með fasta búsetu hér á landi sætt sviptingu ökuréttar eða refsingu erlendis fyrir verknað sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað sviptingu ökuréttar og má þá svipta hann þeim rétti í sérstöku opinberu máli. Koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæði 100.–104. gr.

106. gr.
Endurveiting ökuréttar.

Nú hefur maður verið sviptur ökurétti um lengri tíma en þrjú ár og getur þá lögreglustjóri, þegar svipting hefur staðið í þrjú ár, heimilað að honum skuli veittur ökuréttur að nýju. Hafi maður verið sviptur ökurétti ævilangt má þó eigi veita ökurétt að nýju fyrr en svipting hefur staðið í fimm ár.

Endurveitingu ökuréttar skv. 1. mgr. má heimila þegar sérstakar ástæður mæla ekki gegn því. Við mat á umsókn vegna endurveitingar skal m.a. litið til þess að viðkomandi hafi sýnt reglusemi og að ekki séu lengur fyrir hendi þær ástæður sem ökuleyfissviptingin byggðist á. Við matið skal litið til eftirfarandi þátta:

a. brotaferils samkvæmt sakavottorði frá sviptingu,
b. háttsemi samkvæmt málaskrá lögreglu,
c. útistandandi sekta og sakarkostnaðar enda eigi hann rót í málarekstri vegna sviptingarinnar og umsækjandi er gjaldfær,
d. aðstæðna umsækjanda að öðru leyti.

Ef umsækjandi hefur á sviptingartímabilinu gerst sekur um brot gegn 55. gr. lengist tími til endurveitingar um sex mánuði fyrir hvert brot, þó að hámarki um tvö ár.

Ef umsækjandi hefur erlendis orðið vís að ölvunarakstri, verið sviptur ökurétti eða hlotið dóm vegna annarra brota á umferðarlögum, sem hefðu haft áhrif á endurveitingu ef framin væru hér á landi, skal litið til þeirra við ákvörðun um endurveitingu.

Heimilt er að kæra synjun lögreglustjóra á endurveitingu ökuréttar til ráðherra. Um málsmeðferðina fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um endurveitingu ökuréttar, um námskeið fyrir þá sem sviptir hafa verið ökurétti og málsmeðferð við endurveitingu ökuréttar að afloknu námskeiði.

107. gr.
Akstursbann.

Lögreglustjóri skal banna byrjanda, sem hefur fengið bráðabirgðaökuskírteini í fyrsta sinn, að aka hafi hann fengið fjóra eða fleiri punkta samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Akstursbanni skal eingöngu beitt einu sinni á gildistíma bráðabirgðaskírteinis.

Þegar skilyrði 1. mgr. fyrir akstursbanni eru fyrir hendi skal svo fljótt sem unnt er banna byrjanda að aka. Með akstursbanni eru afturkölluð þau ökuréttindi sem bráðabirgðaskírteinið veitir og nýtur byrjandi þá sömu stöðu og sá sem ekki hefur lokið ökunámi.

Akstursbannið gildir þar til byrjandinn hefur sótt sérhæft ökunám vegna akstursbanns og staðist ökupróf að nýju. Námskeið vegna sérhæfðs ökunáms skal haldið reglulega og eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti, enda sé þess þörf. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun námskeiðs, þar á meðal um fjölda þátttakenda og markmið og lengd námskeiðs.

Ákvörðun lögreglustjóra um akstursbann má kæra til ráðherra innan eins mánaðar frá því að ákvörðunin var tilkynnt byrjanda. Heimilt er að bera úrskurð ráðherra undir dómstóla samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

108. gr.

Haldsréttur í ökutækjum.

Nú er ökumaður vélknúins ökutækis búsettur erlendis og ökutæki það sem brotið var framið með skráð erlendis, og getur þá lögreglan lagt hald á ökutækið þar til makleg sekt, málskostnaður, gjald vegna stöðvunarbrota, skaðabætur eða iðgjald fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu hefur verið greitt eða trygging fyrir greiðslu sett. Ef greiðsla hefur eigi farið fram innan tveggja mánaða frá endanlegri niðurstöðu máls má leita fullnustu í ökutækinu.

Þegar hald er lagt á ökutæki skv. 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga um meðferð sakamála um hald á munum. Hald skal því aðeins lagt á að þess sé þörf til að tryggja framangreinda greiðslu. Hafi ökumaður notað ökutæki í algeru heimildarleysi má eigi leggja hald á það.

Ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt gagnvart ökumönnum sem búsettir eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð nema að því er varðar gjald vegna stöðvunarbrota.

109. gr.

Upptaka ökutækja.

Þegar um stórfelldan eða ítrekaðan ölvunarakstur er að ræða sem ekki fellur undir 2. mgr. þessarar greinar, stórfelldan eða ítrekaðan akstur manns sem sviptur hefur verið ökurétti eða manns sem ekki hefur öðlast ökuréttindi, stórfelldan eða ítrekaðan hraðakstur eða akstur sem telst sérlega vítaverður að öðru leyti má gera upptækt vélknúið ökutæki sem ökuskírteini þarf til að stjórna og notað er við brotið nema það sé eign manns sem ekkert er við brotið riðinn. Við sömu aðstæður og með sömu skilyrðum má gera upptækt vélknúið ökutæki sem ökuskírteini þarf til að stjórna og er eign þess sem hefur framið brotið, enda þótt ökutækið hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.

Gera skal ökutæki upptækt þegar eigandi þess hefur verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna eða undir áhrifum áfengis sem hefur í för með sér sviptingu ökuréttar og vínandamagn í blóði er 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lítra lofts sem hann andar frá sér nemur 0,60 milligrömmum eða meira, og viðkomandi hefur tvisvar síðustu þrjú árin fyrir brotið verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna eða áfengis þar sem vínandamagn í blóði hefur mælst 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lítra lofts sem hann andar frá sér hefur numið 0,60 milligrömmum eða meira og sem hefur haft í för með sér sviptingu ökuréttar. Gera skal ökutæki upptækt enda þótt það hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.

Víkja má frá ákvæði 2. mgr. í undantekningartilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með því.

Ökutæki sem gert er upptækt skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið skal hann þó eiga forgang til andvirðisins ef bætur fást ekki á annan hátt.

110. gr.

Álagning og innheimta gjalds vegna brota gegn lögunum.

Leggja má gjald á vegna brota á:

a. ákvæðum 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 27. gr.,
b. ákvæðum 28. gr.,
c. banni við stöðvun eða lagningu ökutækis sem gefið er til kynna með umferðarmerki,
d. banni við stöðvun eða lagningu ökutækis sem sett er skv. 81. gr., enda þótt bannið sé ekki gefið til kynna með umferðarmerki,
e. öðrum ákvæðum um stöðvun eða lagningu sem sett eru skv. 81. gr. eða 1. mgr. 83. gr., og
f. reglum um notkun stöðureita skv. 2. mgr. 83. gr.

Gjaldið skal lagt á með skriflegri tilkynningu sem fest skal við ökutækið eða afhent ökumanni. Lögreglan annast álagningu og innheimtu gjalds skv. 1. mgr.

Ráðherra getur ákveðið að á tilteknum svæðum fari álagning gjalds skv. 1. mgr. að öllu leyti eða að hluta fram með aðstoð sérstakra stöðuvarða. Hann getur og ákveðið, að ósk sveitarstjórnar, að álagning og innheimta gjalds skv. 1. mgr. fari að öllu leyti eða að hluta fram á vegum sveitarfélagsins. Gjald samkvæmt þessari grein skal renna til samgöngumála í viðkomandi sveitarfélagi.

Ákvörðun um álagningu gjalds verður ekki borin undir æðra stjórnvald.

Ráðherra ákveður fjárhæð gjalds sem á er lagt skv. 1. mgr., en það má eigi nema hærri fjárhæð en 20.000 kr. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags getur sveitarstjórn þó ákveðið fjárhæðina í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Verði á lagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests hækkar það um 50%.

Ráðherra setur nánari reglur um hvernig gjaldið skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest og ráðstöfun gjaldsins til umferðaröryggismála. Má þar m.a. ákveða að á lagt gjald, sem eigi er greitt innan nánar tiltekins frests, hækki um 100%.

111. gr.

Ábyrgð á álagningu gjalds, lögveðsréttur o.fl.

Gjald, sem lagt hefur verið á skv. 1. mgr. 110. gr., hvílir á þeim sem ábyrgð ber á stöðvun ökutækis eða lagningu. Eigandi ökutækis eða umráðamaður ber einnig ábyrgð á greiðslu gjaldsins ef það greiðist ekki innan tilskilins frests, nema sannað verði að ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi.

Gjaldið nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum réttindum í ökutækinu, en fellur niður við eigendaskipti hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né mátt vita um lögveðið. Lögveðið gengur þá á eftir kröfum um opinber gjöld sem tryggð eru með veði í ökutækinu hafi veðinu verið þinglýst áður en gjaldið var lagt á.

Verði álagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests skal senda eiganda ökutækisins eða umráðamanni, á sannanlegan hátt, tilkynningu um að krafist verði aðfarar eða nauðungarsölu að tilteknum tíma liðnum, enda hafi greiðsla þá eigi verið innt af hendi. Einnig skal honum gefinn kostur á að koma að mótbárum eða vörnum innan sama tíma.

Verði gjaldið ekki greitt innan frests skv. 3. mgr. og engar mótbárur eða varnir hafa verið hafðar uppi má krefjast nauðungarsölu á lögveðinu til lúkningar gjaldinu án undangengins fjárnáms. Einnig má krefjast fjárnáms hjá þeim sem ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins skv. 1. mgr. án undangengins dóms eða sáttar.

112. gr.

Brottflutningur ökutækja.

Heimilt er lögreglu að flytja eða láta flytja brott ökutæki sem stendur þannig að brjóti í bága við reglur um stöðvun eða lagningu ökutækja eða að öðru leyti þannig að það valdi truflun á umferð, snjómokstri eða vinnu við veg. Sama á við um skráningarskylt ökutæki sem skilið hefur verið eftir án skráningarmerkja og ökutæki sem telja verður að eigandi hafi látið af hendi yfirráðarétt að, enn fremur ökutæki sem stendur á einkalóð eða opinberri lóð þannig að valdi eiganda eða umráðamanni hennar tjóni eða óþægindum eða gegn banni hans. Standi ökutækið á svæði sem ekki er ætlað til almennrar umferðar skal það því aðeins flutt á brott að eigandi eða umráðamaður lóðar krefjist þess.

Ökutæki skal færa til geymslu á tryggan stað sem lögreglan vísar á, nema ökumaður eða eigandi (umráðamaður) sé viðstaddur og flytji það þegar á brott eða vísi á annan geymslustað. Er geymsla ökutækisins á ábyrgð eiganda. Kostnað vegna flutnings og geymslu skal ökumaður greiða. Ef ökumaður er óþekktur eða greiðir ekki þrátt fyrir áskorun þar um ber eigandi (umráðamaður) ökutækisins jafnframt ábyrgð á greiðslu kostnaðarins, nema ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Heimilt er að halda ökutæki í geymslu til tryggingar greiðslu kostnaðar. Kostnað má innheimta með lögtaki.

Lögreglustjóri skal tilkynna eiganda ökutækis um flutning þess, hvenær hann fór fram og hvar ökutækið er í geymslu. Í tilkynningu skal jafnframt koma fram að verði ökutækið eigi sótt innan tiltekins frests og áfallinn kostnaður greiddur verði það selt. Ef eigandi er óþekktur má selja ökutækið einum mánuði eftir að það var fjarlægt.

Að loknum fresti skv. 3. mgr. skal selja ökutækið við nauðungarsölu eða til niðurrifs ef ætla má að hærra verð fáist þannig. Söluandvirði rennur í ríkissjóð. Eigandi ökutækisins getur þó innan árs frá því sala fór fram krafist greiðslu á söluandvirðinu að frádregnum kostnaði við flutning, geymslu og sölu ökutækisins.

Ákvæði 3. og 4. mgr. um geymslu og sölu ökutækja gilda, eftir því sem við á, um önnur ökutæki í vörslu lögreglu.

Ráðherra getur ákveðið, að fenginni ósk sveitarstjórnar, að framkvæmd ákvæða í grein þessari fari, eftir því sem við á, að öllu leyti eða að hluta fram á vegum sveitarfélagsins. Hann getur og sett nánari reglur um framkvæmdina, þar á meðal um greiðslu geymslukostnaðar.

XIX. KAFLI

Stjórnsýsla umferðarmála.

113. gr.

Yfirstjórnarvald á sviði umferðarmála.

Ráðherra fer með yfirstjórn umferðarmála.

Umferðarstofa annast stjórnsýslu á sviði umferðarmála í samræmi við lög þessi.

114. gr.

Verkefni Umferðarstofu.

Verkefni Umferðarstofu eru að:

a. annast skráningu ökutækja og aðra umsýslu varðandi skráningu ökutækja, gerð þeirra og búnað,
b. veita starfsleyfi til að stunda ökukennslu og leyfi til að starfrækja ökuskóla og hafa umsjón með ökunámi og eftirlit með framkvæmd ökuprófa og ökukennslu og gerð námskráa,

c. hafa eftirlit með starfsemi skoðunarstofa,
d. annast fræðslu og upplýsingamiðlun um umferðarmál, þar á meðal eiga samráð við sveitarfélög um framkvæmd fræðsluskyldu þeirra,
e. að setja reglur um gerð og búnað ökutækja,
f. styðja aðgerðir sem stuðlað geta að bættu umferðaröryggi,
g. vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál,
h. annast skráningu umferðarslysa,
i. sinna þróunarverkefnum á starfssviði sínu,
j. annast rekstur á tölvu- og upplýsingakerfum,
k. annast útgáfu handbókar með reglugerðum á sviði umferðarmála og nánari skýringum á ákvæðum þeirra,
l. annast gerð skoðunarhandbókar, og
m. annast önnur verkefni sem Umferðarstofu eru falin samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvörðun ráðherra.

Umferðarstofu er heimilt að fela félögum, samtökum eða stofnunum á sviði umferðarmála framkvæmd ákveðinna verkefna sem henni tilheyra samkvæmt reglum sem ráðherra setur í reglugerð. Þetta gildir þó ekki um valdheimildir Umferðarstofu til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna.

Umferðarstofa skal hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem tengjast starfsemi hennar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starf og hlutverk Umferðarstofu.

115. gr.

Stjórn og starfslið Umferðarstofu.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarstofu til fimm ára í senn.

Framkvæmdastjóri stjórnar rekstri Umferðarstofu og gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

116. gr.

Gjöld sem renna til Umferðarstofu.

Til Umferðarstofu rennur gjald vegna:
a. skráningar ökutækja,
b. skráningarmerkis,
c. viðurkenningar á gerð,
d. einkamerkis,
e. innheimtu umferðaröryggisgjalds,
f. starfsleyfis og eftirlits með ökuskólum og ökukennurum,
g. umsýslu ökuprófa,
h. eftirlits með skoðunarstofum ökutækja,
i. leyfisveitinga og eftirlits með akstursíþróttasvæðum, aksturskeppnum og ökugerðum,
j. önnur gjöld sem Umferðarstofa innheimtir samkvæmt gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra.

Við ákvörðun gjalda skv. 1. mgr. skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, búnaðar og tækja, stjórnunar- og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu í þágu

umferðar- og umferðaröryggismála auk ferða og uppihalds. Fjárhæð gjalda skal taka mið af þeim kostnaði sem almennt hlýst af þeirri þjónustu sem Umferðarstofa veitir.

Leggja skal á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarstofu, að fjárhæð 400 kr., og greiðist það við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um innheimtu gjaldsins og um skil þess í ríkissjóð.

Sértekjur Umferðarstofu af þjónustu- og verksamningum, svo og af rannsóknastarfsemi og þróunarverkefnum, renna óskiptar til hennar.

XX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

117. gr.
Umferðarfræðsla og sértæk fræðsluskylda sveitarfélaga.

Umferðarfræðsla skal fara fram í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Mennta- og menningarmálaráðherra ákveður að fenginni umsögn Umferðarstofu nánari tilhögun fræðslu skv. 1. mgr. í aðalnámskrá samkvæmt ákvæðum laga um grunnskóla, leikskóla og framhaldsskóla.

Sveitarstjórnum ber að fræða almenning um þær sérreglur er gilda á hverjum stað.

118. gr.
Þjóðréttarlegar skuldbindingar á umferðarsviðinu.

Við setningu reglna og reglugerða samkvæmt lögum þessum skal ráðherra á hverjum tíma taka mið af þjóðréttarlegum skuldbindingum á sviði umferðarmála.

119. gr.
Sameining reglugerða.

Ráðherra getur ákveðið að setja eina almenna reglugerð um umferðarmál þar sem fram koma þau fyrirmæli samkvæmt lögum þessum sem setja skal í reglugerð.

120. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast 1. janúar 2012. Þó tekur ákvæði 78. gr. um flutning á hættulegum farmi gildi við birtingu, svo og ákvæði 3. mgr. 110. gr. um að gjald á grundvelli brota á lögunum, sbr. 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, skuli renna til samgöngumála í viðkomandi sveitarfélagi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi umferðarlög, nr. 50/1987, með síðari breytingum. XIII. kafli þeirra laga, um fébætur og vátryggingu, sbr. 88.–99. gr., heldur þó gildi sínu þar til Alþingi hefur samþykkt sérstök lög um lögmæltar ökutækjatryggingar o.fl.

Reglugerðir og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, skulu þó halda gildi sínu, að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir hafa verið gefnar út.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 55. gr. má veita þeim ökuréttindi sem verða fullra:

a. 17 ára, á árinu 2012,
b. 17 ára og þriggja mánaða, á árinu 2013,
c. 17 ára og sex mánaða, á árinu 2014,

d. 17 ára og níu mánaða, á árinu 2015.

Ökunám má hefja 12 mánuðum áður.

Þrátt fyrir ákvæði 56. gr. um ökuréttindaflokka gilda ákvæði reglugerðar um ökuskírteini nr. 501/1997 eða sambærileg ákvæði um ökuréttindaflokka fram til 1. janúar 2013.

Þrátt fyrir ákvæði 58. gr. skal gildistími ökuskírteinis, annars en bráðabirgðaskírteinis, sem gefið hefur verið út fyrir 1. janúar 2013, vera sem hér greinir:

a. Ökuskírteini fyrir A1-, A-, M-, B-, BE- og T-flokk gildir þar til skírteinishafi er orðinn 70 ára. Sama á við um ökuskírteini fyrir C1-, C-, C1E-, CE-, D1-, D-, D1E- og DE-flokk þegar slík réttindi fylgja eldri ökuréttindum. Ökuskírteini samkvæmt þessum lið skal þó endurnýja í síðasta lagi 31. desember 2032. Fari endurnýjun þess ekki fram fyrir þann tíma skal lögreglustjóri afturkalla ökuskírteinið.
b. Ökuskírteini fyrir C1-, C-, C1E-, CE-, D1-, D-, D1E- og DE-flokk og ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir B-flokk gilda til tíu ára frá útgáfudegi.
c. Ökuskírteini til vöruflutninga í atvinnuskyni fyrir C1- og C-flokk og til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir D1- og D-flokk gilda til fimm ára frá útgáfudegi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hinn 1. nóvember 2007 skipaði samgönguráðherra í nefnd um endurskoðun umferðarlaga. Í nefndina voru skipuð þau Róbert R. Spanó, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sem jafnframt var formaður, Birna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur í samgönguráðuneyti, Gunnar Narfi Gunnarsson, lögfræðingur í dómsmálaráðuneyti, Jón Haukur Edwald, Ökukennarafélagi Íslands, Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu, Kolbrún Sævarsdóttir, saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara, Ólafur Guðmundsson, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, og Signý Sigurðardóttir, Samtökum verslunar og þjónustu.

Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar var henni falið að taka gildandi umferðarlög, nr. 50/1987, með síðari breytingum, til heildarendurskoðunar og semja frumvarp til nýrra umferðarlaga á grundvelli tillagna nefndarinnar. Í því augnamiði og með hliðsjón af erindisbréfi nefndarinnar hefur við endurskoðunina og gerð þessa frumvarps verið lagt til grundvallar að stefna bæri að eftirfarandi markmiðum:

Í fyrsta lagi að færa gildandi ákvæði til nútímalegra horfs með því að taka mið af reynslu síðastliðinna tveggja áratuga og þróun í umferðarmálum.

Í öðru lagi að lagfærð yrðu þau ákvæði í gildandi ákvæðum sem eru óskýr eða haldin annmörkum, einkum að teknu tilliti til breytinga á mannvirkjagerð í umferðinni og á umferðarmenningunni.

Í þriðja lagi að stuðla að frekari aðlögun umferðarlöggjafar að alþjóðlegum samningum um umferðarmál, m.a. með hliðsjón af þeirri þróun sem hefur orðið á alþjóðavettvangi frá samningu gildandi laga.

Í fjórða lagi að taka til athugunar hvort og þá að hvaða marki gera skuli breytingar á þeirri almennu framsetningu gildandi laga að ráðherra sé veitt víðtækt vald til að setja nánari fyrirmæli um einstök atriði í stjórnvaldsfyrirmæli og jafnframt að leitast verði við að lögfesta í ríkari mæli í umferðarlögunum sjálfum grundvallarefnisreglur á einstökum sviðum. Samhliða því verði leitast við að útfæra reglugerðarheimildir ráðherra sem eftir standa með heildstæðari og skýrari hætti.

Í fimmta lagi lagi að taka til skoðunar og gera tillögur um tilteknar efnisbreytingar á ákvæðum gildandi laga, einkum um viðurlög við brotum á umferðarlögum, með það í huga

að gera þær hátternisreglur sem gilda í umferðinni skilvirkari og að auka varnaðaráhrif þeirra.

Við endurskoðunina og gerð frumvarpsins aflaði nefndin umfangsmikilla gagna um stöðu umferðarmála á Íslandi, á Norðurlöndum og í öðrum ríkjum Evrópu.

Þá átti nefndin fjölmarga fundi með fulltrúum ýmissa hagsmunaaðila á sviði umferðarmála hér á landi og tók á móti helstu sérfræðingum þjóðarinnar á þessu sviði til að veita nefndinni upplýsingar og til að setja fram ábendingar.

Umferðarlaganefnd skilaði drögum að frumvarpi til umferðarlaga til ráðherra með bréfi dags. 5. júní 2009. Frumvarpið var síðan sett á vef ráðuneytisins til almennrar umsagnar með fresti til 15. september 2009 til að gera athugasemdir við það. Að lokinni vinnu við athugasemdir sem bárust var frumvarpið sett að nýju til umsagnar á vef ráðuneytisins með fresti til 26. nóvember 2009 og jafnframt sent til ráðuneyta og stofnana sem koma að umferðarmálum til umsagnar.

Fjölmargar athugasemdir bárust við frumvarpið, m.a. frá eftirtöldum eftirtöldum aðilum: Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, umhverfis- og samgöngusviði, Vís – Vátryggingafélagi Íslands, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjármálafyrirtækja, sýslumanninum í Borgarfirði, Sambandi ungra sjálfstæðismanna, rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, Landssamtökum hjólreiðamanna, Slóðavinum, rannsóknarnefnd umferðarslysa, Vinnueftirlitinu, Vegagerðinnni, Umferðarstofu, Forvarnahúsi, ÖBÍ – Öryrkjabandalagi Íslands, Ökukennarafélaginu, umhverfisráðuneytinu, Landssambandi hestamanna, Samtökum atvinnulífsins, Bifhjólasamtökum lýðveldisins Sniglunum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Akureyrarbæ, sýslumanninum á Blönduósi, sýslumanninum í Bolungarvík, Samtökum verslunar og þjónustu, Umferðarstofu, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dóms- og mannréttindaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu. Auk þess hafa fjölmargir einstaklingar sent inn athugasemdir við frumvarpsdrögin.

Við gerð frumvarpsins hefur verið tekið mið af niðurstöðum nefndarinnar, svo og athugasemdum sem bárust ráðuneytinu, og breytingar gerðar á upphaflegum frumvarpsdrögunum til samræmis við framkomnar athugasemdir. Enn fremur hefur orða- og hugtakanotkun verið samræmd í frumvarpinu.

II. Helstu breytingar frá gildandi lögum.

Helstu stefnumið frumvarpsins og meginbreytingar frá gildandi umferðarlögum eru eftirfarandi:

- Sett er fram markmiðsgrein í 1. gr. frumvarpsins, en það er nýmæli í umferðarlögum hér á landi.
- Gildissvið umferðarlaga er gert skýrara og byggt á þeirri grundvallarstefnumörkun að meginákvæði laganna eigi í aðalatriðum við um umferð á vegum sem ætlaðir eru vélknúnum ökutækjum sem eru skráningarskyld.
- Viðhaldið er þeirri stefnumörkun, sem sögulega hefur verið lögð til grundvallar hér á landi og í Danmörku, að í upphafi laganna sé að finna ítarlegt ákvæði þar sem öll helstu orð og hugtök sem fram koma í lögunum eru skilgreind. Ný og endurskoðuð hugtök í 3. gr. eru m.a.: Aðalljós, aðrein, akstur á einkalandi, akstur á afmörkuðum skilgreindum svæðum, akstur utan umferðar, almenn umferð, almennir stígar, almenningsvagn, beltabifhjól, beygjurein, endurskoðuð skilgreining á léttu bifhjóli og bifhjóli, breytt ökutæki, endurskoðuð skilgreining á eftirvagni, fólksbifreið, frárein, endurskoðuð skilgreining á gangbraut, göngugata, hringtorg, hættuljós, sérsmíðað ökutæki, sérrein, stefnuljós,

stöðvun ökutækis, vegöxl, viðvörunarþríhyrningur, vörubifreið og endurskoðuð skilgreining á þéttbýli. Niður falla skilgreiningar á hugtökunum tengitæki og torfærutæki. Skilgreiningu á hugtakinu vegur er breytt þannig að í stað „götuslóða“ kemur hugtakið „vegslóði“.

– Ákvæði gildandi laga um neyðarakstur eru gerð mun ítarlegri og fellur nú slíkur akstur undir hugtakið forgangsakstur, sbr. 10. gr.
– Sveitarstjórn, og Vegagerðinni þegar um er að ræða þjóðveg, ber að taka ákvarðanir um útfærslu á sérreinum með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum, skilvirkni samgangna og umferðaröryggi vegfarenda, sbr. 16. gr.
– Sett eru fram viðmið um hversu langt bil skuli vera milli ökutækja á vegi miðað við akstur á 60 km hraða á klst., sbr. 17. gr.
– Nýmæli um akstur í hringtorgum, sbr. 18. gr.
– Ákvæði um varúðarskyldu við biðstöð almenningsvagna kemur í stað sambærilegs ákvæðis í gildandi lögum um hópbifreiðar, sbr. 20. gr.
– Ákvæði um að þegar ökutæki mætast skuli sá ökumaður víkja sem betur fær því við komið er breytt þannig að sá sem kemur fyrr að hindrun skuli víkja fyrir þeim sem seinna kemur að, sbr. 21. gr.
– Samspil og uppbygging ákvæða laganna um framúrakstur, sbr. 22.–24., er einfölduð frá gildandi lögum. Lagt er bann við því að aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að gatnamótum og enn fremur er lagt bann við að aka fram úr þar sem er óbrotin miðlína, sbr. 24. gr.
– Ákvæði um bann við stöðvun og lagningu ökutækis eru færð til nútímalegra horfs, sbr. 28. gr.
– Ákvæði um hámarksljósastyrk framvísandi ljósa mega að hámarki vera 225.000 cd (candella), sbr. 33. gr.
– Ákvæði um skyldu til að hafa stöðuljós og hættuljós tendruð ef ökutæki stöðvast á akbraut og að ávallt skuli setja upp viðvörunarþríhyrning, sbr. 34. gr.
– Ákvæði um að hraði ökutækis megi aldrei vera meiri en hámarkshraði, hvernig sem aðstæður til aksturs er að öðru leyti, sbr. 35. gr.
– Reglur um að hámarksökuhraði í þéttbýli skuli vera 50 km á klst. nema annað sé gefið til kynna með umferðarmerkjum, sbr. 36. gr.
– Reglur um hámarkshraða utan þéttbýlis eru rýmkaðar og ökuhraði á akbraut með bundnu slitlagi og fleiri en einni akrein er samræmdur í 90 km á klst., sbr. 36. gr. Hámarkshraði skal ákveðinn með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum, skilvirkni samgangna og umferðaröryggi vegfarenda.
– Ákvæði VI. kafla um aksturíþróttir og aksturskeppni eru mun ítarlegri en í gildandi lögum. Umferðarstofu er falin umsýsla með leyfisveitingum og þess háttar, sbr. 38.–40. gr.
– Ákvæði um hjólreiðamenn eru færð til nútímalegra horfs, sbr. 41. og 42. gr.
– Ákvæði um að heimilt sé að aka bifhjóli samhliða öðru bifhjóli þar sem hámarkshraði er 60 km á klst. eða minna, enn fremur að barn verði að vera 150 sm á hæð eða hærra til að mega vera farþegi á bifhjóli og að ekki megi „prjóna“ á bifhjóli, sbr. 43. gr.
– Gildissvið ákvæða umferðarlaga um bann við ölvunarakstri og akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna eru annars vegar rýmkuð og hins vegar gerð skýrari. Þannig er leyfilegt áfengismagn í blóði ökumanns lækkað úr 0,5‰ í 0,2‰, sbr. 45. gr. Sjá nánar almennar athugasemdir í VII. kafla hér síðar.
– Ávana- og fíkniefni skulu mæld í blóði ökumanns en ekki blóði eða þvagi eins og er í gildandi lögum, sbr. 2. mgr. 46. gr.

- Bann við að afhenda eða selja ökumanni véknúins ökutækis eldsneyti, sé hann augljóslega undir áhrifum áfengis, nær einnig til þess sem er augljóslega undir áhrifum ávana- og fíkniefna, sbr. 47. gr.
- Reglur um framkvæmd öndunarprófs og sýnatöku vegna gruns um ölvunarakstur eða akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna eru gerðar fyllri, sbr. 48. gr.
- Efnisákvæði ESB-reglna um aksturs- og hvíldartíma ökumanna í farþega- og farmflutningum á ökutækjum yfir 3,5 tonnum eru tekin upp í lögin í IX. kafla, sbr. 50.–53. gr.
- Ákvæði um bann við notkun farsíma er skerpt, sbr. 54. gr.
- Gerð er sú breyting frá gildandi ákvæðum umferðarlaga að einstaklingur þurfi að vera fullra 18 ára til að heimilt sé að veita honum ökuskírteini til að aka bifreið, sbr. 55. gr. Samkvæmt gildandi lögum er lágmarksaldurinn 17 ár.
- Ökuréttindaflokkar eru nú tilgreindir í heild í lögunum, sbr. 56. gr. Jafnframt er fellt úr lögunum hugtakið „aukin ökuréttindi“. Ákvæði 56. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2013 að því er varðar ný ökuréttindi í samræmi við tilskipun 2006/126/EB, sbr ákvæði til bráðabirgða.
- Ákvæði um gildistíma eldri ökuskírteina er skilgreindur í 57. gr.
- Gildistími almenns ökuskírteinis verður 15 ár miðað við þau ökuskírteini sem gefin eru út frá og með 1. janúar 2013, sbr. 58. gr.
- Lágmarksaldur til að mega stjórna dráttarvél er hækkaður úr 15 árum í 16 og áskilið er að stjórnandi vinnuvélar hafi sótt tilskilin námskeið, sbr. 59. gr.
- Ákvæðum gildandi umferðarlaga um skilyrði til að viðhalda fullnaðarskírteini er breytt með það í huga að setja á laggirnar raunhæfara og skilvirkara kerfi við mat á akstursshæfni ökumanna. Trúnaðarlækni Umferðarstofu verður falið að meta akstursshæfni ökumanna, svo sem vegna aldurs og sjúkdóma, sbr. 61. gr.
- Þungamiðja ökunáms flyst yfir til ökuskóla, sbr. 62. gr., og ákvæði laganna um ökukennslu, ökuskóla og ökukennara eru að öðru leyti færð til nútímalegra horfs, sbr. 63.–67. gr.
- Umferðarstofu er veitt heimild til að setja reglur um gerð og búnað ökutækja, sbr. 68. gr.
- Ákvæði um skráningu nær í meginatriðum til allra ökutækja sem ætluð eru til notkunar á vegi, svo og til beltabifhjóla sem einkum eru notuð á snjó og hjarni, sbr. 70. gr. Þetta á einnig við um vinnuvélar og hvers konar eftirvagna. Ráðherra er veitt heimild til að setja reglugerð um skráningu annarra ökutækja.
- Gjald fyrir einkamerki er hækkað úr 25.000 kr. samkvæmt gildandi lögum í 50.000 kr., sbr. 71. gr.
- Börnum 15 ára og yngri verður gert skylt að nota hlífðarhjálm við hjólreiðar, en nú er sú skylda einungis í reglum nr. 631/1999.
- Settar eru ítarlegri reglur um flutning á hættulegum farmi á landi en eru í núverandi lögum, sbr. 78. gr.
- Hlutverk Vegagerðarinnar í aðstoð vegna flutnings á vegum er aukið og leggur Vegagerðin mat á þörf fyrir aðstoð lögreglu, sbr. 79. gr.
- Heimilt verður að takmarka umferð þegar mengun telst yfir viðmiðunarmörkum. Jafnframt verður sveitarstjórnum heimilt að leggja á gjald vegna notkunar nagladekkja að höfðu samráði við Vegagerðina, sbr. 82. gr.
- Eftirlitshlutverk Vegagerðarinnar vegna aksturs ökutækja til farþega- og farmflutninga yfir 3,5 tonnum verður aukið, sbr. 89. gr.
- Vegagerðinni verður veitt heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna ýmissa brota á reglum um aksturs- og hvíldartíma í farþega- og farmflutningum allt að 300.000 kr., sbr. 92. gr.

- Ákvæði XIII. kafla gildandi laga um fébætur og vátryggingu eru afnumin með það í huga að sett verði sérlög um ökutækjatryggingar, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða um að XIII. kafli haldi gildi sínu þar til ný lög taka gildi um lögmæltar ökutækjatryggingar.
- Almenn refsiregla gildandi laga er afnumin og kveðið á um með skýrum hætti með sérstöku tilvísunarkerfi hvaða hátternisreglur laganna varða refsingu. Er þannig lagt til grundvallar að sumar hátternisreglur laganna séu þess eðlis að ekki standi til þess rök að til refsiábyrgðar stofnist ef út af þeim er brugðið. Ákvæði laganna sem varða sektum eru þannig talin upp í 1. mgr. 94. gr.
- Heimilt verður að láta eiganda eða umráðamann ökutækis sæta refsiábyrgð á hlutlægum grundvelli, þ.e. án þess að sýnt sé fram á sök hlutaðeigandi. Á það við þegar hraðakstursbrot er numið í löggæslumyndavél, sbr. 4. mgr. 94. gr.
- Ítrekaður ölvunarakstur, þegar vínandamagn í blóði hefur í bæði skiptin verið yfir 2‰ eða vínandamagn í lítra lofts 1,00 milligramm eða meira, skal varða fangelsi eigi skemur en í 30 daga, sbr. 2. mgr. 95. gr.
- Hámarkssekt vegna umferðarlagabrota er hækkuð úr 300.000 krónum í núgildandi lögum í allt að 500.000 kr., sbr. 97. gr.
- Ákvæði um akstursbann eru gerð ítarlegri, sbr. 107. gr.
- Gerðar eru verulegar breytingar á framsetningu gildandi ákvæða um heimildir ráðherra til að útfæra nánar einstakar efnisreglur í umferðarlögum með setningu almennra stjórnvaldsfyrirmæla, einkum reglugerða. Er því leitast við að fækka reglugerðarheimildum og gera þær sem eftir standa fyllri og skýrari.
- Ákvæði 115. gr. gildandi laga um Umferðarráð í núverandi mynd verður afnumið, sjá nánar umfjöllun í niðurlagi IV. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið.
- Ráðherra verður heimilt að samræma reglugerðir á umferðarsviðinu í eina reglugerð, sbr. 119. gr.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi á 138. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Ögmundur Jónasson, núverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, hefur gert nokkrar breytingar á því og eru þessar helstar:

- Skilgreiningu á hugtakinu „vegur“ er breytt þannig að í stað þess að „merkt vegslóð“ teljist til vegar er lagt til að „vegslóði“ teljist til vegar í skilningi laganna.
- Ákvæði 56.–58. gr. um ökuréttindaflokka, ökuskírteini og gildistíma ökuskírteinis eru einfölduð.
- Lagt er til að lækka megi sektir vegna umferðarlagabrota um allt að 25% frá upphaflegri sektarfjárhæð í samræmi við fjárhag sakbornings.
- Fellt er út ákvæði í 110. gr. þess efnis að gjald sem sveitarfélag innheimtir vegna brota á lögunum skuli renna til umferðaröryggismála, en í stað þess er gert ráð fyrir að gjaldið renni til samgöngumála í því sveitarfélagi þar sem það er innheimt.

III. Aukið umferðaröryggi.

Umtalsverður árangur hefur náðst í baráttunni gegn umferðarslysum hér á landi á undanförnum árum þrátt fyrir mikla aukningu umferðar og fjölgun ökutækja á götum landsins. Með aukinni áherslu á að draga úr ölvunarakstri, lækkun ökuhraða og aukinni notkun öryggisbúnaðar í ökutækjum hefur marktækur árangur náðst í fækkun umferðarslysa. Önnur atriði sem máli skipta í þessu sambandi eru öruggari ökutæki, betri umferðarmannvirki, öflugri löggæsla, markvissara forvarnarstarf o.fl. En betur má ef duga skal, langtímatakmark stjórnvalda er að útrýma banaslysum og alvarlegum slysum í umferðinni og er þessu frumvarpi ætlað að stuðla að því að svo verði.

Á árunum 2004 til 2008 létust að jafnaði 20 manns á ári í umferðarslysum hér á landi, en fimm ár þar á undan (1999–2003) létust að jafnaði tæplega 26 á ári. Árið 2007 létust 15 manns í umferðarslysum, 12 árið 2008 og 17 árið 2009 og er það í fyrsta sinn frá því formleg slysaskráning hófst árið 1967 að dánartíðni er jafn lág þrjú ár í röð. Á árunum 2004 til 2008 slösuðust að jafnaði 158 manns alvarlega á hverju ári en fimm ár þar á undan (1999–2003) voru þeir 172 að jafnaði á ári. Um 75% þeirra sem látast í umferðarslysum hér á landi látast á þjóðvegum í dreifbýli og tæplega 50% þeirra sem slasast alvarlega í umferð hér á landi slasast á þjóðvegum í dreifbýli. Milli 30 og 40% þeirra sem látast á þjóðvegum í dreifbýli látast í árekstrum bíla úr gagnstæðum akstursáttum og sama hlutfall í útafakstri. Um 50–55% þeirra sem slasast alvarlega á þjóðvegum í dreifbýli slasast í útafakstri en um 20–25% í árekstrum bíla úr gagnstæðum áttum.



Mynd 1. Fjöldi slysa með meiðslum 2002–2008.Umferðarstofa.

Efnahagsleg áhrif umferðarslysa eru gífurleg en talið er að um 1–5% af vergri þjóðarframleiðslu ríkja heims glatist í kjölfar umferðarslysa. Eru þá ótalin öll þau félagslegu og tilfinningalegu áhrif sem slysin hafa á samfélagið í heild sinni. Í skýrslu Línuhönnunar frá árinu 2006, sem unnin var með styrk frá RANNUM og Reykjavíkurborg, kemur fram að kostnaður vegna umferðarslysa sem metin var til 11–15 milljarða kr. fyrir árið 1995 í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ, samsvaraði 21 til 29 milljörðum kr. á árinu 2005 ef núvirt væri með hliðsjón af meðalvísitölu launa árin 1995 til 2005.

Til að ná megi því markmiði umferðaröryggisáætlunar stjórnvalda að fækka umferðarslysum er nauðsynlegt að allir taki höndum saman um að láta þetta takmark verða að veruleika. Með frumvarpi þessu eru lagt til að viðurlög við umferðarlagabrotum, svo sem hraðakstursbrotum og akstri undir áhrifum áfengis eða ávana- og fíkniefna, verði hert, ökuleyfisaldur hækkaður, leyfilegt áfengismagn í blóði lækkað, að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga varðandi aðgerðir til að auka umferðaröryggi verði gerð skýrari og að reglur um stöðvun og lagningu ökutækis verði hertar, svo nokkuð sé nefnt. Með þessu er leitast við að skapa umhverfi til að fækka slysum í umferðinni og koma í veg fyrir þann mannlega harmleik sem þeim oft á tíðum fylgir og minnka jafnframt fjárútgjöld hins opinbera og einkaaðila vegna umferðarslysa.



Mynd 2. Fjöldi alvarlegra slysa og banaslysa 2002–2008. Umferðarstofa.

Ljóst er að umferðarlög leggja fyrst og fremst skyldur á herðar vegfarendum í umferðinni þar sem mannleg mistök eru meginorsök umferðarslysa. Auk metnaðarfullrar lagaumgjarðar eru það verkefni stjórnvalda að halda uppi virku eftirliti með öryggi í umferðinni og bæta umhverfi vega með öruggari samgöngumannvirkjum og leitast þannig við að fækka alvarlegum afleiðingum umferðarslysa með öruggara vegakerfi. Í raun má segja að það sé sameiginleg ábyrgð allra þeirra sem eiga á einhvern hátt að koma að umferð á vegum, í eiginlegri og óeiginlegri merkingu, að stuðla að útrýmingu alvarlegra umferðarslysa og banaslysa í umferðinni.

IV. Ný viðhorf í umferðaröryggismálum og umferðarmenningu.

Eins og áður hefur komið fram var frumvarp til nýrra umferðarlaga tvívegis sett á vef ráðuneytisins til kynningar. Það sem margar af þeim athugasemdum sem bárust eiga sammerkt er að í þeim er lögð áhersla á að taka verði tillit til þess að samgöngumunstur á landi hafi breyst á undanförnum árum. Reiðhjólaeign landsmanna hafi margfaldast, svo og fjöldi bifhjóla á götum landsins, og auk þess hafi gangandi vegfarendum farið fjölgandi. Þetta leiði til þess að auka beri áherslu á að umhverfissjónarmiða sé gætt við skipulagningu umferðar á landi. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá vori 2009 segir orðrétt í kafla um umhverfi og auðlindir: „Unnin verði áætlun um sjálfbærar samgöngur í samvinnu við sveitarfélögin, með það að markmiði að draga úr þörf fyrir einkabílinn. Í slíkri stefnu verði almenningssamgöngur um allt land stórefldar og fólki auðveldað að komast leiðar sinnar gangandi eða á reiðhjóli. Almenningssamgöngur verði sjálfsagður hluti samgönguáætlunar.“ Enn fremur er vert að nefna að árið 2007 nam útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum 1.017 þúsund tonnum CO_2-ígilda eða 23% af heildarútstreymi á Íslandi. Samgöngur voru þá næststærsta uppsprettan á eftir útstreymi frá iðnaði og efnanotkun. Vegasamgöngur vógu þyngst og var útstreymi frá þeim 934 þúsund tonn CO_2-ígilda eða tæp 92% af útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum á landi. Milli áranna 1990 og 2007 jókst útstreymi frá vegasamgöngum um 81% og varð sú aukning aðallega eftir árið 2002. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á þessi sjónarmið.

Hafa breytingar á meðförum frumvarpsins í ráðuneytinu m.a. mótast af stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á sviði samgangna og umhverfismála og athugasemdum sem borist hafa og varða umhverfisþætti umferðar. Í ýmsum greinum frumvarpsins koma fram áherslur á umhverfismál, svo sem í markmiðsgrein frumvarpsins, 4. gr. um takmörkun á hávaða frá ökutækum, í 16. gr. um að umhverfissjónarmið skuli m.a lögð til grundvallar við ákvarðanir um notkun sérreina, í 36. gr. að umhverfissjónarmið skulu hafa ákveðið vægi í ákvörðunum um hraðamörk á vegum og um mengun frá ökutækjum, sbr. 68. gr., og í 82. gr. frumvarpsins er stefnumótandi ákvæði um aðgerðir til að draga úr mengun af völdum ökutækja.

Í 82. gr. frumvarpsins er stefnumótandi ákvæði um aðgerðir til að draga úr mengun af völdum ökutækja og heimild til álagningar gjalds vegna notkunar negldra hjólbarða. Til grundvallar þessu ákvæði liggur skýrsla starfshóps samgönguráðuneytis og umhverfisráðuneytis, „Mótvægisaðgerðir gegn svifryki, aðgerðir gegn sóti frá díselvélum og malbiksögnum frá nagladekkjum“, sem gefin var út í apríl 2007. Þar er m.a. fjallað um notkun negldra hjólbarða. Bent er á að negldir hjólbarðar eigi stóran þátt í að hraða sliti á götum, sérstaklega malbiki. Enn fremur eigi þeir ótvírætt stóran hlut í tilurð svifryks úr malbiki sem yfirleitt mælist yfir 50% af heildarmagni svifryks í Reykjavík. Ávinningur af því að draga úr notkun negldra hjólbarða felist m.a. í eftirtöldum atriðum:

1. Minna sliti á götum.
2. Minna svifryki.
3. Minni kostnaði við hreinsun gatna og niðurfalla.
4. Minni eyðslu eldsneytis.
5. Minni umferðarhávaða næst vegi.

Bent er á að á móti þessum ávinningi vegi hins vegar umferðaröryggissjónarmið í vissum tilfellum þar sem negldir hjólbarðar geti aukið öryggi við sérstakar aðstæður. Því megi gera ráð fyrir að einhver málamiðlun þurfi að eiga sér stað ef ákveðið verður að taka gjald af notkun negldra hjólbarða, en óhjákvæmilega muni það leiða til þess að dregið verði úr notkun nagladekkja. Niðurstaða starfshópsins er engu síður að hugað verði að gjaldtöku fyrir

notkun negldra hjólbarða, en lagt er til að samráð verði haft við umhverfisráðuneytið vegna umhverfisþáttarins.

Í frumvarpi þessu hefur verið leitast við að gera valdmörk á milli stjórnvalda, einkum ráðherra, lögreglustjóra og sveitarstjórna, skýrari og einfaldari. Þetta felst m.a. í því að draga úr stjórnsýsluhlutverki lögreglunnar og láta slík verkefni í hendur Umferðarstofu, Vegagerðarinnar og sveitarstjórna, eftir því sem við á. Þykir eðlilegra að það sé á höndum þessara aðila að útfæra heimildir á grundvelli laganna, t.d. umsýslu vegna aksturskeppna, sbr. VI. kafla um akstursíþróttir og aksturskeppni á vegum, ákvarðanir um hraðamörk á vegum og uppsetningu umferðarmerkja, svo nokkuð sé nefnt. Það er hins vegar hlutverk lögreglu að grípa inn í ef ekki er farið að ákvæðum laganna. Ákvæði XVII. kafla frumvarpsins um stjórnvaldssektir Vegagerðarinnar byggjast þó á nokkuð öðrum forsendum, en þar er um sérhæft eftirlit að ræða sem rök mæla með að Vegagerðin hafi með höndum að fullu, en að kæra megi niðurstöðu um stjórnvaldssekt til ráðuneytisins.

Eins og frumvarp þetta ber með sér er aukin áhersla lögð á að greina mismunandi hópa vegfarenda og réttindi þeirra og skyldur í umferðinni. Gengið er út frá því að umferðarmerki segi í auknum mæli til um fyrir hvaða hópa vegfarenda tiltekinn vegur er og um notkun hans og er sveitarstjórnum gefið visst frjálsræði að þessu leyti. Gera má ráð fyrir að þetta leggi auknar kvaðir á veghaldara um að setja umferðarmerki upp og halda þeim við. Með auknum fjölbreytileika í samgöngumáta í framtíðinni er viðbúið að mismunandi hópar vegfarenda komi til með að nota sama veg í auknum mæli, þar sem erfitt verður að koma því við að hver hópur „hafi sinn veg fyrir sig“. Slíkt fyrirkomulag kallar á breytta umferðarhegðun og umferðarmenningu vegfarenda sem óneitanlega mun gera auknar kröfur um tillitssemi í umferðinni.

Umferðarlög miða að því að skapa þannig leikreglur að vegfarendur komist á sem öruggastan hátt frá einum stað til annars í umferðinni án tillits til samgöngumáta. Í samræmi við þá þróun sem orðið hefur að því marki að efla fjölbreytni í samgöngum er lögð á það áhersla í frumvarpinu að jafnræðis sé gætt gagnvart þátttakendum í umferðinni, en áhersla á vélknúin ökutæki í umferðinni er engu síður enn mikil eðli máls samkvæmt.

Starfshópi sem falið var að gera tillögu að framtíðarskipan stofnana samgöngumála skilaði skýrslunni „Framtíðaskipan stofnana samgöngumála, greining og valkostur“ útgefinni í júní 2009, en skýrslan var unnin að frumkvæði Kristjáns L. Möller ráðherra. Í skýrslunni kemur fram að ráð sem heyra undir ráðuneytið séu fjölmenn og einkum vísað til Umferðarráðs í því sambandi. Draga megi í efa að svo fjölmenn ráð starfi með skilvirkum hætti. Nefndin leggur til að skoðaður verði vel sá kostur að fela samgönguráði að annast nauðsynlegt samráð við hagsmunaaðila í stað þess fyrirkomulags sem nú er. Jafnframt er lagt til að stofnanirnar sjálfar setji saman samráðshópa, kjósi þær svo, eða skipuleggi samráð um ýmis sérmál og tæknileg úrlausnarefni með öðrum hætti. Jafnframt verði samgönguþing vettvangur samráðs hagsmunaaðila. Á grundvelli þessara sjónarmiða er ekki lagt til í frumvarpinu að ákvæði 115. gr. gildandi umferðarlaga um Umferðarráð haldi gildi sínu. Það þýðir þó ekki að samráðsvettvangur um umferðarmál verði lagður niður, fremur að hugað verði að nýrri skipan þessara mála þegar frumvarp þetta verður að lögum.

V. Alþjóðleg samvinna á umferðarsviðinu.

Ljóst er að verulegar breytingar hafa orðið á þróun umferðar, eiginleikum ökutækja og umferðarmenningu á síðastliðnum tveimur áratugum eða frá því að gildandi lög, umferðarlögin frá 1987, voru sett. Eins og jafnan hefur verið ítrekað við setningu almennra laga á þessu sviði, sjá nánar umfjöllun um sögulega þróun umferðarlöggjafar hér á landi í VI. kafla,

er ljóst að hátternisreglur um umferð á vegum, form- og efnisskilyrði fyrir réttindum til að aka vélknúnum ökutækjum og um skilyrði fyrir eiginleikum slíkra tækja o.s.frv., koma einungis að vissu marki inn á atriði eins og um ástand vega, merkingu þeirra, umferðarleiðbeiningar og skipulag vega og samgangna í einstökum byggðarlögum. Um slík atriði er að meginstefnu til fjallað í öðrum lögum, einkum vegalögum, sbr. nú lög nr. 80/2007, sem tóku gildi 1. janúar 2008, og skipulags- og byggingarlögum, nú lög nr. 73/1997. Þá er skipulag samgangna og vegagerð einnig viðfangsefni við mótun samgönguáætlunar, sbr. lög nr. 33/2008, um samgönguáætlun, og við gerð vegáætlunar sem er vegáætlunarkafli samgönguáætlunar, sbr. 16. gr. vegalaga. Við gerð þessa frumvarps hefur þó verið leitast við að tryggja að heildstætt samræmi sé á milli efnisákvæða í umferðarlögum og ákvæðum fyrrgreindra laga um skipulag samgangna og veghald. Endurskoðun nefndarinnar á ákvæðum umferðarlaga hefur hins vegar á ný fært heim sanninn um nauðsyn þess að leitast verði við að taka stefnumótun á sviði mannvirkjagerðar og samgangna á Íslandi til heildarathugunar með það í huga að móta samræmd viðmið um þessi efni, m.a. á grunni alþjóðlegra staðla og reglna.

Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að gildandi umferðarlögum kemur fram, eins og nánar verður rakið í II. kafla, að ein af ástæðum þess að eldri umferðarlög sættu endurskoðun var sú „að nauðsynlegt [hefði verið], m.a. vegna aukinna samskipta þjóða í milli, að samræma umferðarlög hér á landi eftir því sem kostur [væri] umferðarlöggjöf annarra þjóða og alþjóðasamninga um umferð“. Litið var m.a. til alþjóðasamnings um umferð á vegum frá 1968. Þá var jafnframt litið til breytinga á reglum annars staðar á Norðurlöndum, en sú endurskoðun byggði á tillögum norrænnar nefndar, Nordisk Vejtrafik Komite (NVK), sem gert hafði tillögur að samnorrænum umferðarreglum er byggðust m.a. á alþjóðlegri samvinnu um umferðarmál. (Alþt. 1986, A-deild, bls. 898.) Var það í samræmi við það sem áður hafði tíðkast við samningu eldri umferðarlaga hér á landi, þ.e. að líta til umferðarlöggjafar annarra þjóða og alþjóðasamninga, sjá t.d. Alþt. 1938, A-deild, bls. 120, Alþt. 1940, A-deild, bls. 231–232, og Alþt. 1956, A-deild, bls. 469. Þannig var t.d. í almennum athugasemdum við frumvarp það sem síðar varð að stofni til að umferðarlögum, nr. 26/1958, höfð hliðsjón af samningi um umferð á vegum frá 1949 sem Ísland varð síðar aðili að.

Á undanförnum árum og áratugum hefur alþjóðleg samvinna á sviði umferðarmála aukist mjög og örar breytingar hafa orðið á alþjóðlegum reglum á þessu sviði. Á þetta ekki hvað síst við á EES-svæðinu, en Ísland hefur undirgengist skuldbindingar á sviði umferðarmála á grundvelli EES-samningsins. Æskilegt þykir, m.a. vegna sjónarmiða um umferðaröryggi, að samræmi sé á milli umferðarlaga og helstu alþjóðasamninga og viðmiða um umferðarmál. Eins og að framan er rakið hefur eitt af markmiðum yfirstandandi endurskoðunar á gildandi umferðarlögum, nr. 50/1987, verið það að stuðla að frekari aðlögun umferðarlöggjafar að alþjóðlegum samningum um umferðarmál, m.a. með hliðsjón af þeirri þróun sem hefur orðið á alþjóðavettvangi frá samningu gildandi laga.

Íslenska ríkið hefur gerst aðili að tveimur alþjóðasamningum um umferðarmál, annars vegar alþjóðasamningi um bifreiðaumferð (International Convention on Motor Traffic) sem undirritaður var í París 24. apríl 1926 og hins vegar samningi um umferð á vegum (Convention on Road Traffic) sem undirritaður var í Genf 19. september 1949. Þrátt fyrir að íslenska ríkið hafi ekki gerst aðili að öðrum alþjóðasamningum um umferðarmál hefur, sem fyrr segir, sögulega verið höfð hliðsjón af alþjóðlegu samstarfi við samningu frumvarpa að umferðarlögum. Samningurinn um umferð á vegum (Convention on Road Traffic), sem undirritaður var í Vín 8. nóvember 1968 og litið var til við samningu frumvarps til gildandi umferðarlaga, kom í stað fyrrnefndra samninga sem íslenska ríkið hefur gerst aðili að, sbr. 48. gr. samn-

ingsins. Við samninginn hefur verið gerður viðbótarsamningur Evrópuríkja (European Agreement Supplementing the Convention on Road Traffic) sem var undirritaður 1. maí 1971. Báðir þessir samningar hafa sætt reglubundnum breytingum, m.a. til að halda í við hraða tækniþróun á þessu sviði og aukna samfélagslega þörf fyrir umferðaröryggi og umhverfisvernd.

Á vettvangi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (United Nations Economic Commission for Europe, UNECE) hafa verið gerðir ýmsir alþjóðasamningar fyrir utan fyrrnefnda samninga frá 1968 og 1971. Meðal þeirra er samningur um umferðarmerki (Convention on Road Signs and Signals) sem undirritaður var 8. nóvember 1968 í Vín. Einnig hefur verið gerður viðbótarsamningur Evrópuríkja við hann (European Agreement supplementing the Convention on Road Signs and Signals) sem undirritaður var 1. maí 1971. Við viðbótarsamninginn var bætt bókun um vegamerkingar (Protocol on Road Marking, additional to the European Agreement supplementing the Convention on Road Signs and Signals) sem var undirrituð 1. mars 1973. Þessir sáttmálar hafa einnig sætt reglubundnum breytingum. Jafnframt er rétt að minnast á samninginn um alþjóðlegar samræmdar tæknikröfur fyrir ökutæki, búnað og hluti sem eru settir og/eða notaðir í ökutæki (Agreement concerning the Establishment of Global Technical Regulations for Wheeled Vehicles, Equipment and Parts which can be fitted and/or be used on Wheeled Vehicles) sem undirritaður var 25. júní 1998. Við samningu þessa frumvarps hefur eins og kostur er verið tekið mið af þessum alþjóðasamningum og þeim breytingum sem gerðar hafa verið við þá.

Með 2. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, öðlaðist m.a. meginmál samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) lagagildi hér á landi. Í 6. kafla samningsins er fjallað um flutningastarfsemi. Endurspegla ákvæði kaflans 74.–85. gr. Rómarsamningsins. Ákvæði 2. mgr. 47. gr. EES-samningsins vísar í XIII. viðauka sem hefur að geyma sérstök ákvæði um allar tegundir flutninga. Þá hefur fjöldi ESB-gerða á umferðarsviðinu verið tekinn upp í EES-samninginn. Hafa þær haft að geyma margvíslegar reglur sem tengjast umferðarlöggjöf, t.d. tæknikröfur til ökutækja, reglur um ökuskírtini, öryggi og gerð ökutækja til farþega- og farmflutninga, gagnkvæm viðurkenning skírteina, samræming á reglum um vinnutíma o.fl. Æskilegt þykir að samræmdar skilgreiningar og reglur gildi, eins og mögulegt er, um þessi atriði á EES-svæðinu.

VI. Söguleg þróun umferðarlöggjafar á Íslandi.

Fyrstu lögboðnu umferðarreglur hér á landi voru í lögum um vegi, nr. 57/1907. Þegar bifreiðaumferð hófst hér voru síðan sett bifreiðalög nr. 21/1914. Árið 1940 voru í fyrsta sinni hér á landi sett sérstök umferðarlög, nr. 110/1940. Einnig voru þá sett ný bifreiðalög, nr. 75/1940. Hvor tveggja þessi lög höfðu að geyma ný ákvæði um umferð þar sem ákveðið var að taka upp hægri handar umferð hér á landi 1. janúar 1941. Til þess kom þó aldrei að þau ákvæði kæmu til framkvæmda. Ástæðan var sú að breskur her kom hingað til lands og jókst umferð mjög á vegum landsins. Var búist við að breytingin gæti valdið sérstakri slysahættu sem ekki var fyrirsjáanleg þegar lögin voru sett. Voru gefin út bráðabirgðalög þar sem gildistöku laganna frá 1940 var frestað um óákveðinn tíma. Ári síðar voru sett ný umferðarlög, nr. 24/1941, þar sem miðað var við vinstri umferð en samhliða þeim lögum voru bifreiðalögin, nr. 23/1941, sett.

Í frumvarpi því er varð að umferðarlögum, nr. 24/1941, er rakið að gildandi ákvæði um umferð hafi þótt með öllu ónóg þar sem þá var komin umferð bæði á götum og vegum. Þá þótti réttara að setja heldur sérstök umferðarlög en að fella nauðsynleg ákvæði inn í vegalög og bifreiðalög. Í frumvarpinu væru tekin þau ákvæði sem nauðsyn þætti að væru í lögum og

hefði verið höfð hliðsjón af umferðarlöggjöf annarra Norðurlanda. Þá væri jafnframt gert ráð fyrir því að „allmiklu ítarlegri ákvæði [kæmu] í reglugerð og [yrðu] teknar í hana einnig þær sérreglur, sem settar [væru] samkvæmt ákvæðum bifreiðalaganna“. Yrði reglugerðin „aðalleiðarvísir alls almennings um allt varðandi umferð á vegum og götum“. Þá var vikið að því að þá væri á landinu vinstri handar umferð og hafi fyrst verið kveðið á um þetta fyrirkomulag í vegalögunum frá 1907.

Árið 1955 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til þess að gera tillögur um endurskoðun löggjafar um umferðarmál og bifreiðamál, svo og reglugerða um sömu málefni. Á þeim grunni voru umferðarlögin frá 1941 afnumin með setningu nýrra umferðarlaga, nr. 26/1958, sbr. 90. gr. síðarnefndu laganna. Með þeim lögum voru einnig felld úr gildi bifreiðalögin frá 1941, en í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að umferðarlögunum frá 1958 er rakið að framangreind nefnd, sem dómsmálaráðherra hafði skipað til að semja frumvarpið, hefði komist að þeirri niðurstöðu að „bezt [færi] á því, að ein heildarlög [yrðu] sett um alla umferð, enda [væri] það í samræmi við lög á Norðurlöndum og tillögur hinnar samnorrænu nefndar“. Nefndin var sammála um að rétt væri að hafa norræna löggjöf til fyrirmyndar íslenskum umferðarlögum eftir því sem við gæti átt, enda væri það í samræmi við „meginstefnu íslenskrar löggjafar“. Fjöldi ákvæða hefði þó verið tekinn óbreyttur að efni til úr eldri íslenskum lögum og íslenskir staðhættir og umferðarþróun ávallt verið höfð í huga. Í því sambandi tók nefndin fram að henni væri mikill vandi á höndum, einkum hvað varðaði umferð í þéttbýli, vegna hins ört vaxandi fjölda vélknúinna ökutækja. Hins vegar væri jafnljóst að ekki yrði úr þessu bætt með umferðarlöggjöf, nema að litlu leyti. Þannig skipti mjög miklu máli ástand vega, merking þeirra, umferðarleiðbeiningar, byggingaskipulag í bæjum og fræðsla barna og fullorðinna um umferðarmál. Þótt ýmsar umbætur hefðu verið gerðar á þessum sviðum væru þær engan veginn nægilegar enn sem komið væri. Þess væri því ekki að vænta að breyting á umferðarlöggjöfinni einni gæti valdið straumhvörfum í þessum efnum. Hér ylti fyrst og fremst á framkvæmd laganna, aðstöðu þeirri sem þeim er um framkvæmdina ættu að sjá væri sköpuð og góðri samvinnu stjórnvalda og almennings.

Hinn 13. maí 1964 var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta hefja hið allra fyrsta undirbúning að því að upp yrði tekinn hægri handar akstur á Íslandi. Eftir samþykkt þingsályktunarinnar sendi dómsmálaráðuneytið umferðarlaganefnd ályktunina og óskaði þess, með skírskotun til fyrri greinargerðar nefndarinnar, að hún léti í té endurnýjaða greinargerð um þær aðgerðir sem nauðsynlegar væru til þess að komið yrði á hægri umferð hér á landi svo og yfirlitsáætlun um kostnað sem því væri samfara. Umferðarlaganefnd skilaði álitsgerð 4. febrúar 1965. Á þeim grundvelli voru á árinu samþykkt lög nr. 65/1966, um hægri handar umferð, en ákvæði laganna um þá skipan komu eigi til framkvæmda, sbr. 17. gr. laganna, fyrr en á þeim degi apríl-, maí- eða júnímánaðar 1968, sem dómsmálaráðherra mundi ákveða, að fenginni tillögu sérstakrar framkvæmdanefndar sem sett var á laggirnar samkvæmt lögunum. Lög nr. 65/1966 voru síðar felld inn í umferðarlög, nr. 40/1968, en þau lög héldu gildi sínu þar til gildandi umferðarlög, nr. 50/1987, voru sett.

Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að gildandi umferðarlögum kemur fram að tilgangur endurskoðunar á þágildandi umferðarlögum frá 1968 hafi verið tvíþættur: Annars vegar var talið ljóst að umferðarlögin væru á ýmsum sviðum orðin ófullkomin og sums staðar beinlínis úrelt. Hins vegar væri nauðsynlegt, m.a. vegna aukinna samskipta þjóða í milli, að samræma umferðarlög hér á landi eftir því sem kostur væri umferðarlöggjöf annarra þjóða og alþjóðasamningum um umferð. Þessi tvö atriði réðu mestu um breytingar þær sem fólust í lögunum.

Samkvæmt frumvarpi til laganna átti það að gera íslenska ríkinu kleift að gerast aðili að alþjóðasamningi um umferð sem gerður var í Vínarborg 8. desember 1968. Við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af breytingum sem þá höfðu verið gerðar á umferðarlögum annars staðar á Norðurlöndunum, en sú endurskoðun byggði á tillögum norrænnar nefndar, Nordisk Vejtrafik Komite (NVK), sem gert hafði tillögur um samnorrænar umferðarreglur er byggðust m.a. á alþjóðlegri samvinnu um umferðarmál. Þá var við samningu frumvarpsins einnig tekið tillit til aðstæðna hér á landi. Leitaði umferðarlaganefnd í upphafi starfs síns eftir ábendingum og óskum frá aðilum, stofnunum og samtökum sem láta sig umferðarmál varða á einn eða annan hátt og bárust henni mörg svör með gagnlegum ábendingum og tillögum.

Með lögfestingu gildandi umferðarlaga frá 1987 var uppsetningu laganna breytt verulega frá því sem áður var í umferðarlögum. Var lögunum skipt í fleiri kafla og hverjum kafla skipt upp með millifyrirsögnum. Átti fyrirkomulag þetta að auðvelda mjög uppflettingu og lestur. Þá var röð einstakra kafla breytt. Var það einkum gert með tilliti til áhersluatriða. Þannig voru umferðarreglur fyrst teknar fyrir, þá reglur um ökumenn, síðan ákvæði um ökutæki o.s.frv.

Núgildandi umferðarlög hafa tekið margvíslegum breytingum frá gildistöku, en þau hafa oftsinnis verið endurskoðuð í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins og má þar helst nefna samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Er rétt að gera nú í stórum dráttum grein fyrir þeim breytingum á gildandi lögum sem gerðar hafa verið frá gildistöku þeirra.

Með lögum nr. 62/1988 var skráningarkerfi ökutækja breytt og stofnað var hlutafélag með þátttöku ríkissjóðs og ýmissa hagsmunaaðila sem tengdust bifreiðaeign og þjónustu. Var umræddu hlutafélagi, sem hlaut nafnið Bifreiðaskoðun Íslands hf., falið að annast lögbundna skoðun og skráningu ökutækja. Áður hafði Bifreiðaeftirlit ríkisins haft umsjón með mörgum þeirra starfa sem hinu nýja hlutafélagi voru falin. Enn fremur var bætt við ákvæðum sem lögðu á almenna skyldu til notkunar bílbelta við akstur sem og til notkunar öryggisbúnaðar fyrir börn undir 6 ára aldri, sbr. lög nr. 55/1990. Loks var framkvæmd ökuprófa færð til Umferðarráðs, sbr. lög nr. 12/1992. Þá voru gerðar nokkrar breytingar á lögunum til samræmis við réttarfarsbreytingarnar sem tóku gildi 1. júlí 1992.

Almenn endurskoðun laganna fór fram með lögum nr. 44/1993 og laut að ýmsum tæknilegum hliðum löggjafarinnar. Má þar helst nefna endurskoðun ákvæða um akstur utan vega í þéttbýli, notkun ökuljósa og alþjóðlega samræmingu ökuréttindaflokka. Þá var m.a. lagt til að ráðherra yrði heimilað að setja reglur um æfingaakstur á bifreið án löggilts ökukennara en undir leiðsögn sérstaks leiðbeinanda. Enn fremur var ákvæðum um skoðun ökutækja breytt á þann veg að settar voru almennar reglur um viðurkenningu (faggildingu) skoðunarstöðva. Þá var kveðið á um skyldunotkun hlífðarhjálms við akstur torfærutækis sem og að heimilt yrði að svipta fólk rétti til að öðlast ökuréttindi til jafns við sviptingu ökuréttinda.

Með lögum nr. 37/1996 var dómsmálaráðherra veitt heimild til að setja reglur um notkun sérstakra skráningarmerkja (einkamerkja). Lög nr. 138/1996 kváðu m.a. á um heimild ráðherra til setningar reglna um stofnun og starfsemi sérstakra ökuskóla. Með lögum nr. 48/1997 voru m.a. lögfestar reglur um notkun tæknibúnaðar til mælingar áfengismagns í útöndunarlofti ökumanna.

Nánari útfærsla á nýrri framkvæmd hvað varðaði ölvunarakstur var gerð með lögum, nr. 23/1998, nánar tiltekið um greiðslu sakarkostnaðar hins sakfellda og aðgerðir gagnvart ósamvinnuþýðum sakborningum. Þá var núgildandi innheimtukerfi umferðarsekta (punktakerfi) komið á fót með lögum nr. 57/1997. Lagt var bann við notkun farsíma og annars konar fjarskiptabúnaðar án notkunar handfrjáls búnaðar með lögum nr. 91/2001. Settar voru reglur

um fullnaðarskírteini og akstursmat að undangengnu bráðabirgðaskírteini með lögum nr. 83/2002.

Yfirstjórn umferðarmálaflokks var færður frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis, sbr. lög nr. 132/2003. Lög nr. 84/2004 höfðu að geyma ákvæði varðandi innheimtu gjalda í stað sekta vegna vanrækslu á að færa ökutæki til skoðunar, sem og ákvæði um aksturs- og hvíldartíma í farþega- og farmflutningum, sbr. einnig lög nr. 66/2006. Einnig var lagt til í sömu lögum að svipting ökuréttar vegna ölvunar við akstur tæki mið af áfengismagni í blóði og svipting vegna ítrekunar ölvunar við akstur yrði lengd. Með lögum 69/2007 var kveðið á um þyngingu viðurlaga vegna hraðaksturs sem og aukið aðhald varðandi akstur bráðabirgðaskírteinishafa. Þá var kveðið á um að hægt yrði að gera vélknúið ökutæki upptækt við stórfelld umferðarlagabrot. Með lögum nr. 83/2007 var kveðið á um lögbundinn lágmarkshlífðarbúnað bifhjólafólks. Loks var með lögum nr. 65/2008 lagt sérstakt vanrækslugjald á þá sem ekki færa ökutæki sín til skoðunar innan tiltekins tíma.

VII. Breytingar á ákvæðum um leyfilegt hámarksmagn vínanda í blóði.

1. Ölvunarakstur sem orsakavaldur umferðarslysa.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði grundvallarbreyting á gildissviði banns við ölvunarakstri. Lagt er til að leyfilegt hámarksmagn vínanda í blóði ökumanns verði lækkað úr 0,5‰ (prómill), sbr. 45. gr. gildandi laga, í 0,2‰, sjá 45. gr. frumvarpsins. Lækkun þessi á m.a. rætur að rekja til tillagna umferðaröryggisáætlunar fyrir árin 2002–2012. Í breytingunni felst sú afdráttarlausa stefna yfirvalda að áfengi og akstur vélknúinna ökutækja fari ekki saman.

Í skýrslu frá 2006, sem gefin er út á vegum Evrópusambandsins og varðar áfengisneyslu í Evrópu (Alcohol in Europe), kemur fram yfirlýsing þess efnis að þjóðir skuli stefna að því að hafa refsimörk 0,5 prómill eða lægri; rannsóknir sýni að séu ökumenn með 0,2–0,4 prómill í blóði aukist slysahætta þrefalt. Ljóst er að ölvunarakstur er önnur algengasta orsök banaslysa í umferðinni á Íslandi á eftir hraðakstri (sjá mynd 3). Samkvæmt slysaskrá Umferðarstofu olli ölvunarakstur tæplega 70 slysum með meiðslum árið 2007:

	Fjöldi	%
Hraðakstur	36	19
Ölvunarakstur	31	16
Bílbelti ekki notað	25	13
Ökumaður sofnar undir stýri	10	5
Biðskylda ekki virt	10	5

Mynd 3. Fimm algengustu orsakir banaslysa í umferðinni 1998–2006. Skýrsla rannsóknarnefndar umferðarslysa 2006.

Rannsóknir á ökuhæfni ökumanna sem hafa neytt áfengis sýna flestar fram á að 0,5‰ áfengis í blóði hafi veruleg áhrif á aksturshæfni ökumanna og auki líkindi á slysum. Þegar ökumaður er undir áhrifum áfengis stórskerðist viðbragðsgeta hans. Ökumaður, sem hefur 0,5‰ áfengismagn í blóði sínu, er almennt 150 sinnum líklegri til að lenda í banaslysi en ef hann væri allsgáður og er um 30 sinnum líklegri til að verða fyrir alvarlegu líkamstjóni. Skiptar skoðanir eru um áhrif „minni háttar áfengismagns“ í blóði, þ.e. þegar áfengismagn í blóði er undir 0,5‰. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að marktækur munur er á hæfni þeirra ökumanna sem hafa 0,2‰ áfengismagn í blóði og þeirra sem ekki hafa neytt áfengis. Þeir sem neytt höfðu áfengis, þótt í litlum mæli væri, gerðu fleiri mistök við prófanir. Fyrir

hver 0,2‰ sem áfengi eykst í blóði ökumanns tvöfaldast slysahættan. Rannsóknir hafa sýnt fram á að mjög lítið magn áfengis í blóði truflar samhæfðar sjálfvirkar hreyfingar líkamans og dregur úr almennri akstursháefni til muna.

Við undirbúning og gerð þessa frumvarps leitaði nefnd samgönguráðherra álits þeirra Jakobs Kristinssonar dósents og Kristínar Magnúsdóttur, deildarstjóra hjá rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, um hver yrðu áhrif þess að lækka leyfilegt hámark áfengis í blóði ökumanns úr 0,5% í 0,2% og óskaði eftir að teknar yrðu í því efni saman fyrirliggjandi rannsóknir fræðimanna. Skýrsla þeirra Jakobs og Kristínar er dagsett 25. mars 2009. Samantekt niðurstaðna þeirra kemur fram á bls. 7 en þar er eftirfarandi:

„1. Etanól skerðir hæfni manna til þess að leysa af hendi flókin verkefni á borð við það að aka bifreið, jafnvel þótt styrkur þess í blóði sé lægri en 0,5%. Áhrif þess eru þó lítil og minnka með lækkandi styrk.

2. Fremur líklegt er að lækkun vanhæfismarkanna í Svíþjóð úr 0,5% í 0,2% hafi leitt til aukins umferðaröryggis. Erfitt er samt að meta hve mikil [áhrifin] urðu.

3. Skýrsluhöfundar koma ekki auga á nein tæknileg eða mælingarfræðileg vandamál samfara því að lækka vanhæfismörkin í 0,2%.

4. Ef vanhæfismörkin verða lækkuð í 0,2% hér á landi verður að gera hliðarráðstafanir, sem lúta að akstri undir áhrifum lyfja. Í því sambandi mætti hugsanlega nota sænsku umferðarlögin sem fyrirmynd.“

2. Áhættutaka ökumanna.

Áfengi hefur mismunandi áhrif á einstaklinga. Magn áfengis í blóði einskorðast ekki aðeins við fjölda þeirra drykkja sem ökumaður neytir heldur er slíkt mat mjög aðstæðu- og persónubundið. Almennir áhrifaþættir á borð við kyn og líkamsgerð ökumanns, skipta miklu, sem og sértækari áhrifaþættir. Má þar t.d. nefna syfju og almenna þreytu ökumanns, sem og hvenær ökumaður neytti síðast matar eða áfengis, svo dæmi séu nefnd. Samkvæmt upplýsingum frá rannsóknarnefnd umferðarslysa hefur núgildandi hámarksmagn áfengis í blóði veitt ökumönnum rúmt svigrúm til áfengisneyslu og jafnvel hvatt til áhættutöku af hálfu ökumanna. Eðlilegt er að gera þá kröfu til ökumanna að þeir neyti engra áfengra drykkja áður en þeir setjast undir stýri. Fjöldi fólks stendur nú í rangri trú um að neysla takmarkaðs áfengismagns skerði ekki akstursháefni. Þó er ljóst að ökumenn geta ekki undir almennum kringumstæðum vitað hversu mikil áhrif neysla áfengis hefur á líkama þeirra hverju sinni. Nauðsynlegt er að bregðast við þessum vanda með því að eyða allri óvissu á meðal ökumanna hvað þetta varðar. Hafa erlendar rannsóknir, m.a. frá Svíþjóð, Ástralíu og Bandaríkjunum, sýnt fram á að hertar reglur um hámarksmagn áfengis í blóði hafi þau áhrif að ökumenn halda síður út í umferð eftir áfengisneyslu.

3. Ákvæði norskra og sænskra hegningarlaga um hámark leyfilegs áfengismagns í blóði.

Í flestum ríkjum Vestur-Evrópu er miðað við sama leyfilega hámarksmagn áfengis í blóði og hér á landi samkvæmt gildandi umferðarlögum eða 0,5‰. Aðeins tvö ríki hafa lækkað umrætt hámarksmagn niður í 0,2‰, þ.e. Svíþjóð og Noregur. Til þeirra ríkja hefur verið horft við þá tillögugerð sem hér er rædd.

3.1. Svíþjóð.

Ákvæði 4. gr. sænsku umferðarbrotalaganna (Lag om straff för vissa traffikkbrott nr. 1951:649) var breytt árið 1990, og urðu Svíar þar með fyrstir þjóða til að lækka hámark leyfilegs áfengismagns í blóði úr 0,5 ‰ niður fyrir 0,2 ‰. Í skýrslu, sem gefin var út af hálfu

sænskra umferðaryfirvalda árið 1997 (Utvärdering av 1990 års reform av trafikkbrotslagen), kom fram að á árunum 1990–1993 fækkaði öllum umferðarslysum á sænskum vegum um 4%. Þá fækkaði öllum banaslysum um 8% á sama tímabili. Framkvæmd var samanburðarrannsókn í kjölfar lagabreytinganna sem staðfesti að árið 1991 hafði fjöldi þeirra sem hættu við akstur vegna ótta við að hafa neytt áfengis í of miklu magni þrefaldast frá því sem var fyrir breytingarnar árið 1987. Má í ljósi þessa draga þá ályktun að áðurnefnd lagabreyting hafi haft jákvæð áhrif á umferðaröryggi og umferðarmenningu þar í landi. Því til stuðnings vísast einnig til niðurstaðna þeirra Jakobs Kristinssonar dósents og Kristínar Magnúsdóttur, deildarstjóra hjá rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, sem að framan eru raktar, um að „[fremur] líklegt [sé] að lækkun vanhæfismarkanna í Svíþjóð úr 0,5% í 0,2% hafi leitt til aukins umferðaröryggis“.

3.2. Noregur.

Norðmenn hafa fylgt fordæmi Svía hvað varðar lækkun leyfilegs hámarksmagns áfengis í blóði. Í greinargerð frumvarps til laga nr. 79 frá árinu 2000, sem breyttu núgildandi umferðarlögum (vegtraffikklov nr. 4, 10. juni 1965), kemur fram að áfengisneysla ökumanna sé mesta ógn við umferðaröryggi þar í landi. Um 40% ökumanna, sem létu lífið í umferðarslysum fyrir lagabreytinguna, hafi verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna.

4. Ályktanir og niðurstöður.

Brýn þörf er á framlagi ökumanna í þágu þess að auka umferðaröryggi, hvort sem það er í eigin þágu eða annarra, og koma í veg fyrir þau fjölmörgu dauðsföll og alvarlegu umferðarslys sem árlega verða vegna ölvunaraksturs. Ökumaður þarf ávallt að vera vakandi og allsgáður til að geta brugðist rétt við hættum sem upp geta komið við akstur. Áhrif áfengis draga verulega úr hæfni ökumanns til að greina merki um ýmsar hættur líkt og fyrr hefur komið fram. Ein stærsta ógnin sem almennt umferðaröryggi stendur frammi fyrir hér á landi felst í fjölda þeirra ökumanna sem telja sig færa um að neyta áfengis og stýra vélknúnu ökutæki. Reglulega taka margir ökumenn þá áhættu að halda út í umferð eftir áfengisneyslu, ómeðvitaðir um raunveruleg áhrif áfengis á skynfæri og aksturshæfni þeirra. Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið er þannig lagt til með þessu frumvarpi að bann við ölvunarakstri í umferðarlögum hér á landi byggist á sambærilegu fyrirkomulagi og tekið hefur verið upp í Svíþjóð og Noregi, þ.e. að hámarksmagn áfengis verði lækkað úr 0,5‰ í 0,2‰. Nái tillögur frumvarpsins fram að ganga má vænta þess, m.a. í ljósi reynslu Svía, að áhættuhegðun tengd áfengisneyslu minnki talsvert meðal íslenskra ökumanna.

VIII. Lágmarksaldur til að öðlast ökuréttindi verði hækkaður úr 17 árum í 18 ár.

1. Ungir ökumenn og slysahætta.

Umferðarslys eru algengasta dánarorsök ungs fólks á aldrinum 15–24 ára innan OECD-ríkja en rúmlega 35% þeirra sem láta lífið á þessu aldursbili farast í umferðarslysum. Á öðrum Norðurlöndum, þ.e. Danmörk, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi, er lágmarksaldur til að öðlast ökuréttindi 18 ár. Hið sama á við um ýmis önnur Evrópulönd, til að mynda Holland, Belgíu, Frakkland og Þýskaland. Ljóst er að 17 ára nýliðar á meðal ökumanna eiga af öllum aldurshópum þátt í flestum umferðarslysum hér á landi. Samkvæmt skýrslum rannsóknarnefndar umferðarslysa lentu 17 ára ökumenn á Íslandi í 576 umferðarslysum á árinu 2007. Það eru 60% fleiri slys en hjá 18 ára ökumönnum sem áttu aðild að 361 umferðarslysi sama ár. Rannsóknir hafa sýnt að þótt tillit sé tekið til ekinna kílómetra í hverjum aldurshópi er óhappatíðni nýliða (17–19 ára) í umferðinni allt að 6–8 sinnum hærri en ökumanna á aldrin-

um 24–26 ára. Um er að ræða nánast algilt vandamál í löndum þar sem þátttaka nýrra ökumanna í umferðinni er mikil. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að 17 ára ökumenn lenda í alvarlegustu umferðarslysunum, þ.e. banaslysum og slysum sem leiða til líkamlegra meiðsla.



Mynd 4. Aldur orsakavalda í umferðarslysum á Íslandi árið 2007.
Heimild: Umferðarstofa.

Aldur	Banaslys	Alvarleg slys
17	8	41
18	6	30
19	4	24
20	5	25
21	2	15
22	2	14
23	4	15
24	3	15

Mynd 5. Aldur orsakavalda í umferðarslysum á Íslandi árin 2002–2006.
Heimild: Umferðarstofa.

Erlendis hafa viðamiklar rannsóknir verið gerðar á akstursheg̃un ungra ökumanna. Er þá skoðuð slysatíðni þeirra sem taka bílpróf 17 ára og borin saman við tíðni þeirra sem taka bílpróf 18 ára að teknu tilliti til ekinna kílómetra.



Mynd 6. Aldur, reynsla og tíðni óhappa. Heimild: Maycock o.fl., 1991.

Efsta línan táknar aldur einstaklinga er þeir taka ökupróf og eru merktir inn á hana bókstafir sem tákna próftöku við 17 ára aldur (A), próftöku við 20 ára aldur (B) o.s.frv. Sé litið til stöðu 17 ára ökumanns sést að óhappatíðni hans er mest í fyrstu, rúmlega 0,6 óhöpp á ári, en fellur mjög skarpt eftir því sem hann öðlast meiri reynslu af akstri. Einnig má sjá að byrjunartíðni óhappa lækkar eftir því sem ökumaður er eldri þegar hann öðlast fyrst ökuréttindi. Búast má við því að þeir sem öðlast ökuréttindi 18 ára valdi 6% færri slysum en þeir sem öðlast ökuréttindi 17 ára. Enn fremur mundu 20 ára nýliðar valda 17% færri slysum sé sá hópur borinn saman við þá sem taka bílpróf 17 ára. Rannsóknir sýna einnig að auknum þroska, sem og hærri aldri einstaklinga, fylgir minni tilhneiging til þess að sækja í áhættusama iðkun á borð við hrað- og ölvunarakstur.

2. 18 ára ökumenn eru hæfari nýliðar.

Gerðar hafa verið ýmsar rannsóknir sem snerta hækkun aldurs til að öðlast ökuréttindi. Á mynd 7 sést metinn ávinningur þess að hækka lágmarksaldur úr 17 árum í 18 ár, 18 árum í 19 ár, o.s.frv.

Breyting	Tegund óhappa	Besti árangur %	Óvissa
17–18 ár	Öll óhöpp og slys	-7	(-15%; +1%)
18–19 ár	Öll óhöpp og slys	-6	(-17; +4)
19–20 ár	Öll óhöpp og slys	-6	(-22; +13)
20–21 ár	Öll óhöpp og slys	-5	(-29; +27)

Mynd 7. Metinn ávinningur hækkunar bílprófsaldurs. Heimild: Elvik o.fl., 1997.

Ef litið er á áætluð áhrif hækkunar bílprófsaldurs úr 17 árum í 18 ár gæti það valdið fækkun allt að 7% allra slysa og óhappa. Samkvæmt áliti rannsóknarnefndar umferðarslysa er unnt að áætla í ljósi framangreindra rannsókna að hlutfallsleg fækkun umferðarslysa meðal nýliða yrði 5–9% ef tillögur frumvarpsins verða að veruleika. Þó er ljóst að heill árgangur ökumanna mun að sama skapi hverfa af götum og vegum landsins. Slíkt hefur ekki einungis áhrif á slysatíðni 17 ára ökumanna heldur einnig annarra ökumanna sem kynnu að verða mótaðilar

í slysum. Draga mundi úr heildarfjölda ekinna kílómetra og þar af leiðandi heildarfjölda slysa og slasaðra á Íslandi.

3. Ályktanir og niðurstöður.

Í ljósi þess sem að framan er rakið er lagt til með frumvarpinu að aldur til að öðlast ökuréttindi verði hækkaður úr 17 árum í 18 ár. Í þessu sambandi er einnig vert að benda á að einstaklingar öðlast lögræði við 18 ára aldur, þ.e. sjálfræði og fjárforræði, sbr. 1. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997. Núgildandi fyrirkomulag veldur því vandkvæðum að ýmsu leyti þegar ökumaður undir 18 ára aldri lendir í slysi sem veldur honum eða öðrum teljanlegu fjártjóni. Þá getur 17 ára ökumaður ekki borið fjárhagslega ábyrgð á ökutæki sínu án þess að aðkoma forráðamanns sé nauðsynleg. Einnig er rétt að taka fram að þegar 17 ára ungmenni veldur alvarlegu umferðarslysi eða banaslysi þarf lögregla eftir atvikum að gefa barnaverndaryfirvöldum kost á að fylgjast með rannsókn máls eða jafnvel að veita fulltrúa kost á að vera viðstaddur skýrslutöku í slíkum málum, sbr. 1. og 2. mgr. 18. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Framangreind breyting á núgildandi fyrirkomulagi mun án efa valda töluverðum breytingum á samgönguháttum 17 ára vegfarenda. Ljóst er að atvinnutækifæri og menntunarmöguleikar ýmissa ungmenna kynnu að skerðast við umræddar breytingar, sér í lagi þar sem almenningssamgöngur eru oft af skornum skammti í íslensku dreifbýli.

Engum dylst að ábyrgð sú sem ökuréttindum fylgir er mikil og rík skylda er lögð á herðar ólögráða einstaklingum með því að veita þeim ökuréttindi. Í ljósi framangreindra atriða er ljóst að umferð á íslenskum vegum yrði í heild sinni öruggari ef lágmarksaldur til að öðlast ökuréttindi yrði hækkaður um eitt ár frá því sem nú er.

IX. Á að tekjutengja sektir vegna brota á umferðarlögum?

1. Almennt.

Á undanförnum árum hefur skapast umræða hér á landi um hugsanlega tekjutengingu viðurlaga með beinum hætti vegna brota á umferðarlögum. Ástæður þessa má m.a. rekja til þess að fordæmi er fyrir slíku fyrirkomulagi í nágrannaríkjum, svo sem í Finnlandi, Danmörku, Svíþjóð og Þýskalandi. Einnig hefur því verið haldið fram að núgildandi fyrirkomulag sektargreiðslna þjóni ekki tilgangi sínum gagnvart hátekjufólki og til sé hópur fólks hér á landi sem virðir einstök ákvæði umferðarlaga að vettugi sökum þess að fjárhæðir sekta og gjalda hafa ekki teljanleg áhrif á fjárhag þess. Helst mætti þar nefna umferðarlagasektir vegna aksturs undir áhrifum áfengis og vímuefna eða hraðaksturs svo dæmi séu nefnd. Ljóst er að ef slíkt háttalag nær fótfestu í íslenskri umferðarmenningu munu bæði almenn sem og sérstök varnaðaráhrif viðurlaga vegna umferðarlagabrota fara þverrandi. Sé vilji fyrir breytingum á núgildandi fyrirkomulagi eru ýmsar leiðir færar. Annars vegar væri unnt að hækka fjárhæð sekta töluvert en um leið gera ráð fyrir möguleikum á hlutfallslegri lækkun sekta og gjalda með tilliti til tekjulágra einstaklinga. Slíkt fyrirkomulag er nú fyrir hendi í Danmörku. Einnig væri hægt að ganga svo langt að láta sektir og greiðslur vegna umferðarlagabrota alfarið miðast við árstekjur sektargreiðanda en slíkt fyrirkomulag þekkist í Finnlandi. Áður en lengra er haldið er rétt að gera grein fyrir fyrirkomulagi beggja landa hvað umferðarsektir varðar.

2. Danmörk.

Í sektarreglugerð þeirri, sem sett er skv. 17. kafla a dönsku umferðarlaganna nr. 1058/2008, skulu sektir vegna brota á umferðarreglum almennt samanstanda af upphæð deilanlegri með 500 DKR, sbr. 1. mgr. 118. gr. a laganna. Á þeirri meginreglu eru þó undantekningar.

Í 2. mgr. sama ákvæðis segir að einstaklingar með sérstaklega lágar tekjur geta hlotið lægri sektir á grundvelli skertrar greiðslugetu en þær skuli þó aldrei geta orðið lægri en 300 DKR. Þegar sá sem gerist brotlegur við dönsk umferðarlög hefur ekki náð 18 árum í aldri er hin almenna regla sú að sá hinn sami greiði aðeins helming umræddrar sektar sem þó getur aldrei náð lægri upphæð en 300 DKR. Sjálfstætt mat á greiðslugetu þess einstaklings fer þá ekki fram enda er gengið út frá því að börn og ungmenni hafi ekki háar tekjur ef einhverjar. Hinn brotlegi ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi uppfyllt almenn skilyrði þess að falla í hóp tekjulágra. Í þeim tilfellum þar sem umferðarlagabrot felst í akstri undir áhrifum áfengis- og vímuefna eða akstri á sviptingartíma vegna slíkra brota getur sá brotlegi þó ekki notið áðurnefndra ívilnana á grundvelli aldurs eða tekna. Enn fremur geta tekjulágir einstaklingar ekki notið ívilnana vegna greiðslu fullra sekta gerist þeir brotlegir við 1. mgr. 56. gr. dönsku umferðarlaganna.

3. Finnland.

Finnar eru brautryðjendur í beinni tekjutengingu sekta vegna umferðarlagabrota og á fyrirkomulagið rætur að rekja til ársins 1921. Umferðarsektir eru þar alfarið tekjutengdar og miðast upphæð sérhverrar sektar við tekjur sektargreiðanda sem byggðar eru á nýjasta skattframtali. Umferðarsektir í Finnlandi ráðast þar af leiðandi alfarið af alvarleika brotsins, tekjum þess sem gerist brotlegur og eftir atvikum fjölskyldustærð hans ef við á. Engri almennri sektarreglugerð er til að dreifa þar í landi heldur notast yfirvöld við sérstakar reiknieiningar sem gefa tegund og alvarleika brotsins til kynna. Sem dæmi má nefna að sektargreiðsla vegna aksturs gegn rauðu ljósi telst ígildi 10 reiknieininga. Eru tekjur þess brotlega ákvarðaðar samkvæmt skattframtali og sérstakur hluti mánaðarlauna ákvörðuð. Er sú upphæð því næst margfölduð með reiknieiningunum 10. Einnig er tekið mið af því hversu mörgum aðilum hinn brotlegi þarf að framfleyta, og lækkar sektin hlutfallslega eftir því. Að því loknu fæst heildarupphæð sektargreiðslunnar. Eðli málsins samkvæmt geta finnskar umferðarsektir orðið gífurlega háar enda eru engin sektarhámörk tiltekin. Vitað er til þess að sérstaklega tekjuháir sektargreiðendur séu að inna af hendi fleiri tugi þúsunda evra. Þó hafa verið sett lágmarksviðmið fyrir hraðakstursbrot en sektir vegna þeirra geta aldrei numið lægri upphæð en 115 evrum.

4. Ályktanir og niðurstöður.

Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 101/1976 og 2. gr. laga nr. 140/1998, skal eftir því sem við á, þegar fjárhæð sektar er ákveðin, höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings, afkomu, framfærsluskyldu, öðrum atriðum er orka á greiðslugetu hans og þeim fjárhagslega ávinningi eða sparnaði sem leiddi af brotinu eða stefnt var að með því. Ákvæði þetta gildir í öllum tilvikum þegar fjársektir eru ákveðnar hvort sem er samkvæmt hegningarlögum eða sérrefsilögum, enda komi ekki annað fram eða verði leitt af ákvæðum sérrefsilaga. Ljóst er að í gildandi umferðarlögum er ekki að finna ákvæði sem beinlínis gerir ráð fyrir að horft sé til sambærilega sjónarmiða og rakin eru í 1. mgr. 51. gr. hegningarlaga við ákvörðun fjársektar vegna brota á umferðarlögum. Gildandi umferðarlög gera því að meginstefnu til ráð fyrir að sektir vegna umferðarlagabrota taki mið af broti hverju sinni og séu að verulegu leyti staðlaðar á grundvelli sektarreglugerðar sem ráðherra setur skv. 4. mgr. 100. gr. gildandi laga.

Ljóst er að staðlaðar sektir hafa að jafnaði þungbærari áhrif á einstaklinga með takmarkaða greiðslugetu en þá sem teljast efnameiri. Slíkt fyrirkomulag, sem tekur fyrst og fremst mið af eðli háttseminnar og brotsins, felur hins vegar í sér verulega samræmingu og hagræði

út frá sjónarmiðum um saknæmi brots og þeirri hættu sem það hefur haft í för með sér. Í eðli sínu fælist tekjutenging umferðarlagasekta á finnska vísu í sér nokkra styrkingu á réttarvitund borgaranna gagnvart viðurlögum vegna brota á umferðarlögum. Ljóst er þó að slík bein tekjutenging umferðarlagasekta fæli í sér umfangsmiklar breytingar á því fyrirkomulagi sem þekkist hér á landi og hefur ýmsa ókosti. Helst ber þar að nefna að innheimta sektar í hverju tilviki tæki sem fyrr segir mið af tekjum þess brotlega og fæli í sér umfangsmeiri útreikninga en þegar tíðkast. Að auki getur umrætt fyrirkomulag leitt til ósamræmis. Verði greiðandi sektar fyrir atvinnumissi eða annars konar tekjuskerðingu gæti skattframtal síðastliðins árs ekki endurspeglað raunverulega greiðslugetu hans. Rétt er að nefna í þessu sambandi að torvelt hefur reynst í framkvæmd að veita erlendum ríkisborgurum sem aka á finnskum vegum umferðarsektir þar sem upplýsingar um skattgreiðslu þeirra liggja ekki fyrir hjá þarlendum stjórnvöldum. Að lokum má nefna að tekjutenging sekta virðist ekki hafa haft teljanleg áhrif á almennt umferðaröryggi í Finnlandi enda er tíðni umferðarlagabrota áþekk því sem gerist hjá öðrum Norðurlandaþjóðum.

Með hliðsjón af framansögðu er lagt til með þessu frumvarpi að ekki verði gerðar efnislegar breytingar á grunnforsendum þess viðurlagakerfis sem nú gildir hér á landi að öðru leyti en því að heimilt verði að lækka sektarfjárhæð um allt að 25% framvísi sakborningur skattaframtali síðasta almanaksárs. Miðað er við að tekjur hans séu innan við hálf önnur lágmarkslaun eins og þau koma fram í samningum Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins. Í samræmi við meginmarkmið frumvarpsins um að auka varnaðaráhrif viðurlaga vegna umferðarlagabrota eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á gildandi ákvæðum sem fela í sér að refsingar fyrir brot á lögunum verða almennt hertar. Um inntak þeirrar breytingar er ítarlega fjallað í athugasemdum við XVIII. kafla frumvarpsins um refsingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rétt þykir að setja markmiðsákvæði í lögin, en slíkt hefur ekki verið gert í fyrri umferðarlögum. Meginmarkmið frumvarpsins er að vernda líf og heilsu vegfarenda með hámarksumferðaröryggi hér á landi og er byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur og jafnframt litið til umheimsins um nýjungar í frumvarpinu sem ætlað er efla enn frekar umferðaröryggi en nú er. Á undanförnum árum hafa umhverfissjónarmið fengið meira vægi í samgöngumálum á landi og endurspeglast sú þróun í frumvarpinu. Því er jafnframt ætlað að tryggja visst jafnræði milli mismunandi ferðamáta í umferðinni eftir því sem við verður komið.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. gr. gildandi umferðarlaga er efnislega samhljóða 1. gr. eldri umferðarlaga nr. 40/1968. Þar er lögð til sú meginregla að ákvæði laganna gildi, nema annað sé sérstaklega tekið fram, um umferð á vegum. Þar sem vegur er fyrir sérstaka tegund umferðar er tekið fram að ákvæði laganna gildi „eftir því sem við [eigi]“. Þá gildi ákvæði laganna loks einnig, „eftir því sem við á“, um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

Í 3. og 5. gr. a gildandi laga er einnig að finna ákvæði sem lúta í eðli sínu að gildissviði laganna. Skv. 3. gr. gilda ákvæði um umferð ökutækja einnig, „eftir því sem við á“, um reiðmenn og þá sem teyma eða reka búfé, sbr. 2. gr. laga nr. 44/1993. Ákvæði um gangandi vegfarendur gildi einnig um þann sem er á skíðum, skautum, hjólaskautum eða svipuðum tækjum, enn fremur um þann sem rennir sér á sleða eða dregur með sér eða leiðir tæki eða hjól. Þau gilda og um fatlaðan mann sem ekur hjólastól.

Með 3. gr. laga nr. 44/1993 var lögfest nýtt ákvæði í umferðarlög, 5. gr. a, sem ber fyrirsögnina „Akstur utan vega“. Hefur því ákvæði síðan verið breytt enn með 2. gr. laga nr. 66/2006. Samkvæmt gildandi 1. mgr. 5. gr. a má í þéttbýli ekki í heimildarleysi aka, stöðva eða leggja vélknúnu ökutæki utan vega á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um náttúruvernd um akstur utan vega, eins og tilgreint er í 5. gr. a gildandi laga.

Með 2. gr. frumvarpsins er í fyrsta lagi leitast við að steypa saman í eitt almennt gildissviðsákvæði framangreindum ákvæðum 1., 3. og 5. gr. a gildandi laga. Þá er leitast við að einfalda fyrirmæli um gildissvið umferðarlaga þannig að skýrt liggi fyrir til hvaða atriða lögin taka. Skv. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að meginreglan verði sú að ákvæði laganna gildi um umferð á vegum, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Í 2. mgr. 2. gr. er síðan lagt til grundvallar að ákvæði laganna gildi einnig eftir því sem við á um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

Í öðru lagi er í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins einnig lagt til að ákvæði laganna gildi eftir því sem við á um reiðmenn og þá sem teyma eða reka búfé.

Með 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði það nýmæli til áréttingar að ákvæði laganna um reiðhjól, sbr. einkum sérreglur um það efni í 41. og 42. gr. frumvarpsins, gildi einnig, eftir því sem við á, um rafknúna hjólastóla og lítil vél- eða rafknúin ökutæki, eins og þessi síðastnefndu hugtök eru sérstaklega skilgreind í 3. gr. frumvarpsins. Er með þessu tekið af skarið um að sérreglur gildi um þessar tegundir ökutækja, enda hvorki rétt né heppilegt að um þau gildi að öllu leyti sömu reglur og um hefðbundnar tegundir vélknúinna ökutækja.

5. mgr. 2. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 2. mgr. 3. gr. gildandi laga, en lagt er til ákvæðið gildi einnig um ökumann sem ekur tæki samsvarandi hjólastól.

Um 3. gr.

Greinin svarar til 2. gr. gildandi umferðarlaga og hefur að geyma skilgreiningu hugtaka sem notuð eru í frumvarpinu og talin þurfa sérstakrar skýringar við. Má þar nefna hugtök sem snúa að nýmælum í frumvarpi þessu og varða atriði sem ekki er að finna í gildandi lögum. Enn fremur hafa verið gerðar breytingar á ýmsum skilgreiningum gildandi umferðarlaga, sem og nýmælum bætt við.

Við endurskoðun á skilgreiningum hefur í frumvarpinu verið fylgt þeirri stefnu að setja einungis fram skilgreiningar á hugtökum sem fram koma í einstökum ákvæðum frumvarpsins.

Til hagræðingar er hugtökum raðað eftir stafrófsröð, líkt og í gildandi umferðarlögum.

Fyrst ber að nefna það nýmæli að skilgreina sérstaklega notkun vélknúinna tækja. Gerður er greinarmunur á akstri í almennri umferð og akstri utan umferðar að því marki sem unnt er. Í almennri umferð er gert ráð fyrir því að öll vélknúin ökutæki sem þar eru notuð séu skráningarskyld og öll notkun í samræmi við umferðarlög. Almenn umferð er skilgreind sem akstur á vegum sem opnir eru almenningi. Sérstaklega er síðan tekið á akstri á sérstökum svæðum utan umferðar og á einkalöndum. Þar er ekki gerð krafa um að öll ökutæki séu skráð og vísað til nánari reglna í reglugerð, t.d. hvað varðar akstursíþróttir, æfinga- og kennslusvæði o.s.frv. Með þessu er leitast við að aðlaga íslenska löggjöf því fyrirkomulagi sem fyrirfinnst í nágrannalöndum þar sem umferðarlögin eiga að mestu leyti við í almennri umferð.

Almennir stígar eru skilgreindir í frumvarpinu og er mið tekið af ákvæði vegalaga um sama efni. Þá er göngugata skilgreind sérstaklega, en slíkar götur eru víða erlendis þar sem einungis er leyfð umferð gangandi vegfarenda og eftir atvikum hjólandi, en umferð vél-

knúinna ökutækja eingöngu á tilteknum tímum dags inn á svæðið til að ferma og afferma ökutæki.

Lagt er til að breytt verði á skilgreiningum á bifhjóli og að nokkru á léttu bifhjóli með hliðsjón af tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/24/EB og að ekki verði gerð krafa um ákveðna þyngd bifhjóla eins og er í núgildandi skilgreiningum.

Lagt er til að stöðvun ökutækis verði sérstaklega skilgreind í lögum.

Sem dæmi um skilgreiningu sem hefur verið felld út er *torfærutæki* þar sem hér var um að ræða séríslenska skilgreiningu sem nú er óþörf með þeim aðgreiningum á umferð sem getið er hér að framan. Hins vegar er beltabifhjól nú skilgreint, en slík tæki eru einkum notuð á snjó og hjarni, og skráningarskylt skv. 70. gr. Í núgildandi reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004 er beltabifhjól flokkað sem torfærutæki.

Þá eru gerðar breytingar á skilgreiningu á hugtakinu vegur, þannig að í stað orðsins „götuslóði“ er lagt til að komi „vegslóði“. Hér er í raun um þrengingu á hugtakinu „vegur“ að ræða, en með tilliti til framfara í gerð umferðarmannvirkja og þróun umferðar hér á landi þykir rétt að hugtakið nái yfir svæði sem á einhvern hátt hefur verið þróað sem vegur til umferðar ökutækja. Er þetta í samræmi við skilgreiningu á vegi sem unnið er að á vegum umhverfisráðuneytisins í tengslum við endurskoðun náttúruverndarlaga.

Nokkrar nýjar skilgreiningar eru jafnframt teknar upp í þessu frumvarpi vegna breyttra umferðarmannvirkja og nýjunga sem komið hafa frá því að fyrri lög voru sett fyrir rúmum 20 árum. Af þessum skilgreiningum má nefna *aðreinar, fráreinar* og *beygjureinar, viðvörunarþríhyrningar, aðal-* og *stefnuljós, hættuljós,* og *breytt ökutæki og sérsmíðuð,* svo nokkuð sé nefnt. *Almenningsvagn* er einnig ný skilgreining sem lagt er til að lögfest verði og felur í sér skírskotun til ákveðinnar notkunar fólksflutningabifreiða fremur en gerð.

Í gildandi umferðarlögum er skortur á skilgreiningum varðandi umferðarmannvirki sem komið hafa fram eftir að þau lög voru sett. Í því efni má nefna *hringtorg* og nú á síðustu missirum hafa komið fram akreinar fyrir sérstaka umferð, sem hér er lagt til að nefndar verði sérreinar, sem engin ákvæði voru um áður Þar sem umferðarskipulag í þéttbýli er í örri þróun þykir ekki rétt að takmarka skilgreininguna við ákveðna tegund umferðar, en dæmi um ökutæki sem eðlilegt er að nota megi *sérreinar* má nefna bifreiðar í forgangsakstri, almenningsvagna, leigubifreiðar, vistvæn ökutæki, ökutæki með ákveðinn lágmarksfjölda farþega og reiðhjól.

Lagt er til að skilgreiningar á eftirvagni og tengitæki verði sameinaðar. Aðgreining á tengitæki og eftirvagni hefur einkum byggst á því að á tengitæki sé áfest vél eða tæki, t.d. loftpressa eða annað tæki, en á eftirvagni sé farmur. Þar sem sömu lögmál gilda um tengitæki og eftirvagn þykja ekki efni standa til þeirrar aðgreiningar sem verið hefur hingað til í gildandi lögum.

Sérstaklega má einnig benda á nánari skilgreiningar á því sem varðar aðra umferð en á *vélknúnum ökutækjum*, þ.e. umferð gangandi, hjólandi o.s.frv.

Með 2. mgr. er lagt til að ráðherra geti í reglugerð kveðið nánar á um inntak þeirra skilgreininga sem fram koma í frumvarpi þessu.

Um 4. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. greinarinnar eru að mestu samhljóða 1.–3. mgr. 4. gr. gildandi laga, en lagt er til að fyrirsögn greinarinnar breytist og taki betur mið af inntaki hennar. Þá er lagt til í 5. mgr. að veghaldara verði gert að gera ráðstafanir til að vernda börn gegn hættu í umferðinni til og frá skóla í samráði við skólayfirvöld og lögreglustjóra. Í gildandi lögum er

þetta sameiginlega á forræði veghaldara og lögreglustóra í samráði við viðkomandi skólayfirvöld.

Þá er lagt til að ákvæði 35. gr. gildandi laga um óþarfa hávaða o.fl. við akstur vélknúins ökutækis verði færð undir 4. gr., enda eru þær reglur í eðli sínu sambærilegar við þær efnisreglur um tillitssemi og aðgætni sem síðarnefnda ákvæðið fjallar um.

4. mgr. er nýmæli sem felur í sér áréttingu á að viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða frá ökutækjum samkvæmt umferðarlögum fari eftir reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004, en reglur þessar byggjast á viðmiðum um hávaða frá ökutækjum sem fram koma í gerðum Evrópusambandsins sem innleiddar hafa verið hér á landi.

Um 5. gr.

Ákvæði 5. gr. er efnislega samhljóða 6. gr. gildandi laga, en í 2. mgr. er bætt við hjólaskautum í upptalningu á tækjum sem óheimilt er að draga mann á.

Um 6. gr.

Réttara þykir að skipa ákvæði um óhreinkun vegar í kafla frumvarpsins um almenna umferð og er lagt til að 1. og 2. mgr. 77. gr. gildandi laga verði færðar undir 6. gr. frumvarpsins. Þá er bætt við í 1. mgr. banni við að henda úr ökutæki á ferð einhverju því sem valdið getur öðrum vegfarendum hættu, svo og banni við því að strengt sé í leyfisleysi yfir opinn veg eitthvað það sem valdið getur hættu fyrir vegfarendur sem leið eiga um veginn. Er hér einkum litið til þess að óvörðum vegfarendum, t.d. þeim sem ferðast um á reiðhjólum og bifhjólum, geti stafað hætta af slíku athæfi.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í grundvallaratriðum samhljóða 5. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að lögfest verði sérstaklega í 1. mgr. greinarinnar bann við því að ekið sé gegn rauðu umferðarljósi. Þessi regla er ekki beinlínis orðuð í gildandi umferðarlögum heldur er um hana mælt í 34. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum, sem sett er einkum á grundvelli 84. gr. laganna. Á þeim grundvelli er vegfaranda skylt að hlíta því banni skv. 1. mgr. 5. gr. gildandi laga, sbr. t.d. Hrd. 30. nóvember 2006 í máli nr. 163/2006. Eðlilegt er og rétt að grundvallarregla af þessu tagi um breytni í almennri umferð sé lögfest með skýrum og ótvíræðum hætti í lögunum sjálfum.

Í 5. gr. gildandi laga er eingöngu fjallað um leiðbeiningar til vegfarenda um umferð en lagt er til að skerpt verði á ákvæðinu í heild sinni þannig að vegfarendur skuli fara eftir bæði fyrirmælum og leiðbeiningum á grundvelli greinarinnar og að það skuli gert án tafar.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 78. gr. gildandi laga, en réttara þykir að hafa hana undir kaflanum um almenna umferð. Þó er 2. málsl. 2. mgr. gildandi laga tekin út, en ekki þykir þörf á að tilgreina að gæslumaður skuli fara fyrir rekstri ef vænta má umferðar ökutækja um veginn.

Um 9. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga, en gerðar eru ákveðnar breytingar á uppsetningu ákvæðisins. Lagt er til að fellt verði út sérstakt ákvæði í upphafsmálslið 2. mgr. 7. gr. gildandi laga um að heimilt sé að dveljast og vera að leik á vistgötu sem óþarfi er að hafa í lögum. Þá er lagt til að gerð verði sú breyting, frá því sem nú gildir

skv. 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. að fortakslaus hámarkshraði á vistgötu verði 15 km á klst., en nú er ákvæðið orðað þannig að ekki skuli „að jafnaði“ ekið hraðar en það. Í samræmi við þetta er lagt til að lokamálsliður 2. mgr. 7. gr. gildandi laga, um að eigi megi aka hraðar en á venjulegum gönguhraða þegar gangandi vegfarandi er nærri, verði felldur brott, enda ákvæðið ekki nægilega skýrt. Kveðið er á um forgang gangandi vegfaranda umfram ökutæki í vistgötu. Loks er lagt til að felldur verði brott síðari málsliður 4. mgr. 7. gr. gildandi laga, um að bann ákvæðisins um lagningu ökutækja, nema á sérstaklega merktum stæðum, eigi ekki við um reiðhjól, en þess í stað er lagt til að bann við lagningu nema á merktum stæðum einskorðist við vélknúin ökutæki.

Um 10. gr.

Lagt er til að gerðar verði talsverðar breytingar frá gildandi ákvæði 8. gr. umferðarlaga um neyðarakstur.

Í fyrsta lagi er lagt til að horfið verði frá því að nota hugtakið „neyðarakstur“ um þann akstur sem hér um ræðir og tekið upp hugtakið „forgangsakstur“. Lýsir það betur þeirri tegund aksturs sem ákvæðið fjallar um. Þá er með 1. mgr. leitast við að skilgreina forgangsakstur þannig að ljóst þyki í hvaða tilvikum ákvæðið á við. Er þá m.a. horft til 1. gr. reglna nr. 634/2004 um neyðarakstur, en jafnframt er leitast við að færa þróun á framkvæmd reglnanna inn í lögin eins og nánar verður rakið síðar.

Í öðru lagi er lagt til að 3. mgr. 7. gr. áðurgreindrar reglugerðar nr. 643/2004 verði bætt við í lok 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins, að breyttu breytanda. Í regluákvæðinu er kveðið á um að notkun hljóð- eða ljósmerkja við neyðarakstur dragi ekki úr skyldu ökumanns að sýna tillitssemi og viðhafa varúð gagnvart öðrum vegfarendum.

Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði 1. og 2. mgr. 7. gr. reglna nr. 643/2004, sem fjalla um tilteknar hátternisreglur (umferðarreglur) í neyðarakstri verði í heild sinni teknar upp í 10. gr. frumvarpsins sem 3. og 4. mgr. Varða þær í fyrsta lagi heimild ökumanns í forgangsakstri til að láta hjá líða að fylgja tilteknum ákvæðum umferðarlaga, ef brýna nauðsyn ber til, enda gæti hann samtímis sérstakrar varúðar. Í öðru lagi mæla þær fyrir um skyldu ökumanns við þessar aðstæður til að fara ávallt eftir merkjum lögreglu við umferðarstjórn og skyldu hans til að draga úr hraða við akstur á móti rauðu eða gulu ljósi á gatnamótum. Reglur þessar eru af því tagi að nauðsynlegt er að hafa þær í lögum en ekki einungis í almennum stjórnvaldsfyrirmælum.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir í 5. mgr. að sömu meginreglur og fram koma í 1., 3. og 4. mgr. gildi um akstur í tengslum við opinberar heimsóknir og þess háttar sé aksturinn í fylgd lögreglu. Byggist þetta ákvæði á 3. mgr. 1. gr. reglna um neyðarakstur nr. 643/2004.

Í fimmta lagi er lagt til að í 6. mgr. verði mælt fyrir um heimild ráðherra til að setja nánari fyrirmæli um forgangsakstur í reglugerð, þar á meðal um skráningu ökutækja til forgangsaksturs, um notkun sérstakra hljóð- eða ljósmerkja við slíkan akstur og um námskeið fyrir þá sem sinna forgangsakstri.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 4. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Með 2. mgr. er lagt til að sú breyting verði frá 5. mgr. 8. gildandi laga að afnumið verði bann við að hindra för líkfylgdar. Slíkur akstur fer jafnan fram án atbeina lögreglu. Þessi regla er jafnframt talin óheppileg nú á tímum þar sem umferðarþungi hefur aukist og hægur akstur líkfylgdar getur eftir atvikum skapað hættu fyrir aðra hraðari umferð. Hins vegar er lagt til að niðurlagsákvæði 5. mgr. 8. gr. gildandi laga verði einfaldað. Í 2. mgr. 11. gr.

frumvarpsins er þannig ítrekað að vegfarandi megi eigi rjúfa eða á annan hátt hindra lögmæta hópgöngu, nema með leyfi lögreglu. Ekki er þörf á að skilgreina frekar einstakar tegundir slíkrar hópgöngu.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar er efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að mestu samhljóða 10. gr. gildandi laga. Bætt er við skyldu þess sem hefur verið sjónarvottur að eða átt aðild að umferðaróhappi að gefa upp kennitölu, sé þess óskað, og þess sem á aðild að umferðaróhappi að gefa upplýsingar um ökutæki, þegar það á við.

Um 14. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við 11. gr. gildandi laga en orðalag hennar einfaldað og fært til nútímalegra horfs. Þá bætt við hana ákvæði um notkun göngugötu.

Lagt er til að 2. mgr. gildandi laga verði felld niður þar sem of miklar hömlur eru með henni lagðar á ökumenn bifhjóla og reiðhjóla með því að banna þeim að leiða hjól sín á gangstétt, gangstíg eða vegöxl. Um flutning á farmi vísast til 77. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar er efnislega samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Ákvæði 1. mgr. og 2. mgr. eru efnislega samhljóða 13. gr. gildandi laga, að því undanskildu að lagt er til að bannað verði að aka á göngugötu. Þó er tekið fram í niðurlagi 1. mgr. að undantekningu frá reglum um bann við akstri á gangstétt, göngustíg og göngugötu sé að finna í 2. og 3. mgr. 26. gr. og 4. mgr. 41. gr. frumvarpsins, sbr. nú 4. mgr. 39. gr. gildandi laga.

Þá er lagt til í 3. mgr. að sveitarstjórn eða Vegagerðinni þegar um þjóðveg er að ræða verði heimilt að kveða á um hvaða ökutæki megi nota einstakar sérreinar, hvort sem er varanlega eða á ákveðnum tíma dags. Hugtakið sérrein er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins og vísast um það til sérstakra athugasemda við það ákvæði. Er þetta nýmæli nauðsynlegt vegna þeirrar þróunar við skipulag umferðar, einkum í þéttbýli, vegna aukins umferðarþunga, að gera í ríkari mæli ráð fyrir að tiltekinn hluti stærri akbrauta sé einskorðaður við sérstaka tegund umferðar sem eigi að hafa forgang miðað við eðli akstursins. Hér koma t.d. til álita bifreiðar í forgangsakstri, sbr. 10. gr., almenningsvagnar, sbr. 20. gr., leigubifreiðar, bifreiðar með ákveðinn fjölda farþega og vistvænar bifreiðar, svo nokkuð sé nefnt. Víða erlendis hefur hjólreiðamönnum verið heimilað að nota sérreinar á tilteknum stöðum eða á ákveðnum tímum, að því tilskildu að sú ráðstöfun verði ekki talin valda hættu eða röskun á umferðaröryggi.

Í samræmi við markmið 1. gr. frumvarpsins, svo og það að verið er að ákveða skipulagningu umferðar, þ.e. greiða fyrir ákveðinni tegund umferðar og jafnframt að takmarka rétt annarra til að nota ákveðnar akreinar, þykir rétt að fram komi í greininni hvaða viðmið skuli lögð til grundvallar við ákvörðun á því hvaða ökutæki megi nota ákveðnar sérreinar. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

Um 17. gr.

Ákvæðið er að meginstefnu til samhljóða gildandi 14. gr. umferðarlaga. Þó er lagt til í fyrsta lagi að 2. mgr. verði felld brott, enda er hún óþörf. Í öðru lagi er lagt til í 3. mgr. að meginregla 1. málsl. 3. mgr. 14. gr. verði nánar útfærð með nánar skilgreindri viðmiðun um bil á milli ökutækja eftir hámarkshraða á akbraut. Ef ekið er hægar en 60 km á klst. gildir meginreglan um að ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skuli vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Ef ekið er á 60 km á klst. eða meiri hraða er lagt til að lögfest verði sú regla að bil á milli ökutækja skuli vera eigi skemmra en 50 metrar. Er hér höfð nokkur hliðsjón af þeim viðmiðum og venjum sem myndast hafa í ökunámi og ökukennslu.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um akstur á vegamótum í beygjum og hringtorgum. Lagt er til að gerðar verði verulegar breytingar frá 15. gr. gildandi laga um þetta efni, auk þess sem lögfest verði nýmæli um akstur í hringtorgum, sem ekki er að finna í gildandi lögum. Með ákvæðum 18. gr. frumvarpsins er þannig í samræmi við eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins leitast við að laga gildandi reglur að þeim breytingum sem orðið hafa á umferðarmannvirkjum frá því að gildandi lög voru sett ásamt því að gera þessar reglur skýrari.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að gerð verði sú áherslubreyting að bætt verði við skyldu þess sem beygir að huga að umferð óvarinna vegfarenda, þ.e. gangandi og hjólandi. Veruleg aukning hefur orðið á notkun reiðhjóla sem samgöngutækis, samhliða aukinni áherslu stjórnvalda á hjólastíga og bættan aðbúnað hjólreiðafólks. Einnig er bætt við að huga þurfi að umferð sem á móti kemur en ekki einungis umferð sem fer í sömu átt. Á þetta einkum við þá sem taka vinstri beygju í veg fyrir umferð á móti.

Í 2. mgr. er grunnreglan um staðsetningu ökutækis í hægri og vinstri beygju að mestu óbreytt hvað varðar akbraut þar sem ein akrein er í hvora akstursstefnu. Þó er í 3. mgr. lagt til að þegar tveir ökumenn mætast báðir í vinstri beygju verði mælt svo fyrir að þá „[skuli] þeir aka vinstra megin hvor fram hjá öðrum“, sem er orðin meginreglan í umferð í dag, í stað þess að þeim sé það heimilt eins og mælt er fyrir í gildandi lögum.

Í 4. mgr. er fjallað um þau tilvik þar sem ein beygjurein er inn á akbraut, með tvær eða fleiri reinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu. Þá skal samkvæmt málsgreininni taka beygjuna sem hentugust er með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

Í fyrri málslið 5. mgr. er að fjallað um þau tilvik þegar ökumaður nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri reinar í akstursstefnu sína. Er þá gert ráð fyrir að ökumaður skuli í tæka tíð færa ökutæki sitt á þá rein sem er hentugust með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar. Í síðari málslið er hins vegar vikið að þeim tilvikum þar sem tvær beygjureinar eru inn á akbraut með tvær eða fleiri reinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu en þá skal sá sem velur hægri rein í beygju koma inn á rein lengst til hægri á akbraut sem ekið er inn á. Er þetta ákvæði nýmæli og er tilkomið vegna þeirrar breytingar í mannvirkjagerð gatna að í dag eru fjölmörg gatnamót með fleiri en eina akrein í hverja akstursstefnu, hægri, vinstri og beint. Í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir þessu. Hugsunin bak við síðari málslið 5. mgr. er því sú að oft og tíðum þarf ökumaður að velja akreinar og skipuleggja akstur um gatnamót með það í huga hvernig aka þarf um næstu gatnamót á eftir. Óvissa og ósamræmi hefur skapast þar sem tvær beygjureinar koma inn í akbraut með þremur akreinum og því nauðsynlegt að skapa ákveðna og skýra reglu í því. Yfirborðsmerkingar á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar eru nú í samræmi við síðari málslið 5. mgr.

Kveðið er á um nýmæli í 6. mgr. greinarinnar og fjallar hún um akstur í hringtorgum. Engum slíkum ákvæðum er til að dreifa í gildandi lögum eins og að framan er rakið. Gerð hringtorga er nú orðin verulega algengur þáttur í mannvirkjagerð, einkum í þéttbýli hér á landi. Ljóst er að talsvert skortir á að gætt sé samræmis við ákvörðunartöku um staðsetningu og fyrirkomulag hringtorga. Er ljóst að mikilvægt er til framtíðar að hugað verði að því að skapa yfirsýn og stefnumörkun hvað gerð hringtorga varðar. Það skal hins vegar ítrekað að ekki er fjallað um viðmið og staðla við mannvirkjagerð og veghald í umferðarlögum. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að umferðarlög kveði með skýrum hætti á um þær umferðarreglur sem eiga að gilda við akstur í hringtorgum. Í 6. mgr. 18. gr. frumvarpsins eru því settar fram tillögur að reglum um það efni sem taka við af þeim viðmiðum og venjum sem horft hefur verið til í ökunámi og ökukennslu. Þá hefur einnig verið horft til reglna í lögum annarra ríkja. 6. mgr. skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 19. gr.

Ákvæði 1.–4. mgr. eru samhljóða 17. gr. gildandi laga að frátöldum örlitlum orðalagsbreytingum.

5. mgr. er nýmæli, en þar er lagt til að þegar tvær akreinar þrengjast og verða að einni akrein eigi ökumenn, eftir því sem við verður komið, að fara til skiptis inn í þrenginguna. Sífellt algengara er að slíkar þrengingar séu gerðar á akbrautum til að draga úr umferðarhraða, vegna vegavinnu eða af öðrum ástæðum og er mikilvægt að umferð á báðum akreinum gangi sem greiðast fyrir sig. Áskilið er að slíkur „fléttuakstur“ sé gefinn til kynna með umferðarmerki.

Um 20. gr.

Greinin svarar til 18. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að hugtakið „almenningsvagn“ komi í stað orðsins „hópbifreið“. Þessi breyting hefur það að markmiði að afmarka þá tegund bifreiða sem fyrirmæli ákvæðisins fjalla um, sbr. skilgreiningu á hugtakinu almenningsvagn sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins. Samkvæmt skilgreiningunni á almenningsvagni tekur þetta ákvæði nú einungis til þeirra hópbifreiða sem eru í reglubundnum áætlunarakstri á fyrir fram skipulögðum akstursleiðum, svo sem strætisvagna, flugrútna o.s.frv.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði það nýmæli að skylda ökumanns skv. 1. mgr. til að draga úr hraða og, ef nauðsyn krefur, færa sig yfir á vinstri akrein eða nema staðar þegar hann nálgast biðstöð almenningsvagna eigi ekki við á vegi þar sem hámarkshraði er meiri en 50 km á klst. Þar sem hámarkshraði er yfir 50 km á klst. er skv. 2. mgr. lagt til það fyrirkomulag að ökumaður færi sig í tæka tíð yfir á næstu akrein til vinstri til að auðvelda almenningsvagni að komast út í umferðina, ef aðstæður leyfa. Leggja verður til grundvallar að umferðarhraði á vegum í þéttbýli, þar sem leyfilegur hámarkhraði er 60 eða 70 km á klst., sé að jafnaði með þeim hætti að hætta geti skapast ef krafist er að ökumenn fylgi þeirri skyldu þar að draga úr hraða eða jafnvel nema staðar vegna aksturs almenningsvagns frá biðstöð.

Um 21. gr.

Greinin er í öllum meginatriðum samhljóða 19. gr. gildandi laga. Samkvæmt gildandi 3. málsl. 1. mgr. er reglan sú að ef ökutæki mætast þar sem vegur er svo mjór að hvorugt kemst fram hjá hinu áhættulaust skuli sá ökumaður „sem betur fær því við komið“ aka út af vegi eða aftur á bak. Þessi efnisregla er of óáþreifanleg að efni til. Er því lagt til að tekin verði upp

fortakslausari viðmiðun þannig að orðalaginu „sem betur fær því við komið“ verði breytt í „sem fyrstur kemur að skuli njóta forgangs, en sá sem síðar kemur að“ skuli „ef kostur er, nema staðar, aka út af vegi eða aftur á bak“.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 19. gr. gildandi laga.

Um 22. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er fjallað um framúrakstur í ákvæðum 20.–24. gr. Lagt er til að uppbygging og samspil ákvæðanna verði einfaldað. Ákvæði 22. gr. muni nú bera undirfyrirsögnina „Almennar reglur um framúrakstur“, 23. gr. undirfyrirsögnina „Aðgæsluskylda ökumanns við framúrakstur“. Ákvæði 24. gr. beri áfram fyrirsögnina „Bann við framúrakstri“, en hún verði gerð að undirfyrirsögn. Gildandi ákvæði 23. gr. er fært undir 22. gr. og gert þar að 4. og 5. mgr. Er 22. gr. frumvarpsins að öðru leyti samhljóða gildandi ákvæðum 20. og 23. gr. umferðarlaga. Þá er gildandi 24. gr. færð undir 24. gr., sbr. einnig nánar umfjöllun um síðarnefndu greinina hér síðar.

Um 23. gr.

Ákvæðið er samhljóða 21. gr. gildandi laga, sbr. þó nýja fyrirsögn greinarinnar sem fjallað er um í athugasemdum við 22. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að lögfest verði sú regla, sem er í samræmi við venju við akstur hér á landi, að ökumaður gefi stefnumerki til hægri þegar hann telur að öðrum sé óhætt að aka fram úr sínu ökutæki.

Um 24. gr.

Ákvæðið er í meginatriðum samhljóða 22. gr. gildandi laga. Þó er tveimur málsliðum bætt við 1. mgr. Í fyrsta lagi er kveðið þar skýrt á um bann við því að aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni. Þar með er fyrri málsliður 24. gr. gildandi laga færður undir 24. gr., enda er hann í eðli sínu einnig fyrirmæli um bann við framúrakstri. Óheppilegt er að hafa bannreglur af þessu tagi um sama efni í tveimur aðskildum ákvæðum.

Í 3. málsl. 1. mgr. er lagt til að lögfest verði sú regla, sem nú er ekki að finna í umferðarlögum, að óheimilt sé að aka fram úr öðru vélknúnu ökutæki þegar óbrotin miðlína (hindrunarlína) er langsum á milli akbrauta þar sem ekið er í gagnstæðar áttir. Er gert ráð fyrir að akstur framúr reiðhjóli falli ekki undir þessa reglu. Sama gildir um akstur þeim megin við heila línu þar sem eru hálf- eða fullbrotnar línur hinum megin langsum á milli akbrauta. Við afmörkun á orðalagi þessa ákvæðis er höfð hliðsjón af ákvæðum um merkingar á yfirborði vega í II. kafla reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum. Um merkingar langsum eftir akbraut er fjallað í 23. gr. reglugerðarinnar. Hugtakið „miðlína“ er notað yfir merkingu sem aðskilur umferð í gagnstæðar áttir. Skulu þær vera 100 mm breiðar og skiptast þær í a. óbrotna línu (hindrunarlínu), b. hálfbrotna línu, c. hálfbrotna línu við hliðina á heilli línu, d. fullbrotna línu og e. fullbrotna línu við hliðina á heilli línu. Sem fyrr greinir gerir 3. málsl. 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins ráð fyrir því að bannreglan gildi um þær tegundir miðlína sem fjallað er um í a-, c- og e-liðum að framan, enda er í þeim tilvikum við það miðað að hættulegt sé að aka yfir óbrotna línu eða þeim megin frá sem heila línan er.

Ákvæði síðari málsliðar 1. mgr. 22. gr. gildandi laga er gert að 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins. Þar eru talin upp þau tilvik þar sem heimilt er að aka fram úr öðru ökutæki enda séu skilyrði til framúraksturs að öðru leyti fyrir hendi. Ekki er hróflað við þeirri upptalningu að öðru leyti en því sem leiðir af áðurnefndri sameiningu gildandi 22. gr. við 24. gr. frumvarpsins. Þannig er nú lagt til að d-liður 2. mgr. 24. gr. kveði á um heimild til að aka fram

úr öðru ökutæki við gangbraut sem stjórnað er af lögreglu eða með umferðarljósum, enda sé nægilegt útsýni yfir gangbrautina. Þessa undanþágureglu er nú að finna í síðari málslið 24. gr. gildandi laga.

Um 25. gr.

Ákvæði greinarinnar er efnislega samhljóða 25. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 26. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 27. gr. gildandi laga. Það skal ítrekað að ávallt verður að túlka og beita ákvæðum 27. og 28. gr. frumvarpsins, er lúta að stöðvun vélknúins ökutækis og lagningu þess, með hliðsjón af heimild 110. gr. frumvarpsins til að leggja á gjald vegna brota á tilteknum hátternisreglum í ákvæðum 27. og 28. gr. Hvað varðar 27. gr. frumvarpsins er viðhaldið þeirri reglu gildandi laga, sem verður nú í 3. mgr. 27. gr., sbr. 110. gr. frumvarpsins, að heimilt sé að leggja á gjald þegar ökutæki er stöðvað eða því lagt á gangstétt, göngustíg eða göngugötu, nema lögreglustjóri hafi ákveðið annað á grundvelli 81. gr.

Um 28. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í grundvallaratriðum samhljóða 28. gr. gildandi laga, en þó eru gerðar talsverðar breytingar á uppsetningu ákvæðisins og lagt til að reglur um bann við stöðvun eða lagningu ökutækis nái yfir fleiri tilfelli en í gildandi lögum.

Í fyrsta lagi er gerð betur grein fyrir hugtakinu „miðlína“ í f-lið 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins. Er þá horft til útfærslu merkinga langsum eftir akbraut skv. II. kafla reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum. Sjá nánar athugasemd við 24. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi er í a–g-lið 2. mgr. talin upp þau stæði þar sem ekki má leggja eða stöðva ökutæki, að undanskildum þeim ökutækjum sem stæðin eru ætluð. Ákvæði c–d-liðar 2. mgr. eru nýmæli (að undanteknu banni við stöðvun og lagningu í stæði leigubifreiðar í c-lið). Hugtakið „almenningsvagn“ er sett í b-lið 2. mgr., sjá almennt um þessa orðalagsbreytingu athugasemdir við 3. og 20. gr. frumvarpsins. Hópbifreið og vörubifreið eru settar ásamt með leigubifreið í c-lið 2. mgr.

Í þriðja lagi er lagt til að gerð verði breyting á orðalagi gildandi b-liðar 2. mgr. 28. gr. Í ákvæði gildandi laga er mælt fyrir um að eigi megi leggja ökutæki „þar sem ekið er að eða frá húsi eða lóð eða þannig að torveldi akstur þangað eða þaðan“. Þetta orðalag er óskýrt og hefur valdið óvissu í framkvæmd. Lagt er til að orðalagið verði skýrara með því að beinlínis sé lagt bann við að leggja ökutæki „að hluta eða í heild fyrir framan innkeyrslu að húsi eða lóð“. Ekki er þannig áskilið að ökutækinu sé að öllu leyti lagt fyrir framan innkeyrslu. Nægilegt sé að það sé a.m.k. staðsett þar að hluta og ökutækið torveldi með því akstur inn í eða út af innkeyrslunni.

Í fjórða lagi er ákvæði a-liðar 2. mgr. 28. gr. gildandi laga um bann við lagningu ökutækis á brú flutt yfir í d-lið 1. mgr., en ekki þykir ástæða til að aðgreina hvort ökutæki sé stöðvað eða því lagt undir brú eða á brú.

Samkvæmt 110. gr. frumvarpsins verður 28. gr. frumvarpsins grundvöllur gjaldtöku ef út af er brugðið. Óheimil stöðvun og lagning ökutækis á stæðum sem falla undir 2. og 3. mgr. er háttsemi sem leiðir í flestum tilvikum til óþæginda og röskunar í umferðinni fyrir aðra

vegfarendur sem bregðast verður við. Er það breyting frá gildandi ákvæði 28. gr., sbr. 108. gr. umferðarlaga þar sem einungis háttsemisreglur á grundvelli a-, b-, h- i- og j-liðar 1. mgr. (að undanskildum vörubifreiðum og hópbifreiðum) eru grundvöllur gjaldtöku. Nánar verður gerð grein fyrir þessu fyrirkomulag í athugasemdum við gjaldtökuheimild 110. gr. frumvarpsins.

Um ráðstafanir vegna lagningar ökutækis á grundvelli 4. mgr. fer eftir 112. gr. frumvarpsins.

Um 29. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða 29. gr. gildandi laga, en nær nú einnig til sambærilegra aðila þeim sem þar eru taldir upp.

Um 30. gr.

Greinin er að meginstefnu til samhljóða 5. gr. a gildandi laga, en eðlilegt þykir að ákvæði þetta sé fært í IV. kafla.

Um 31. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar eru samhljóða 1. mgr. 30. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að skýrt verði mælt fyrir um það í ákvæðinu að við þær aðstæður sem þar er fjallað um beri ökumanni að gera ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við með því að nota hættuljós og að setja upp viðvörunarþríhyrning.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 30. gr. gildandi laga.

Um 32. gr.

Ákvæði greinarinnar er efnislega samhljóða 31. gr. gildandi umferðarlaga en með breyttu orðalagi. Þó er það nýmæli í k-lið 3. mgr. að gefið skuli stefnumerki við akstur afturábak þegar breytt er um aksturssstefnu en slíkt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

Í 5. mgr. er lagt til að mælt sé fyrir um að ökumaður, sem ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess, skuli gefa merki öðrum til leiðbeiningar og að merkið skuli gefa með hemlaljósi eða hættuljósi. Samkvæmt gildandi ákvæði er slík merkjagjöf bundin við hemlaljós, en í samræmi við þá breytingu, sem lögð er til með 34. gr. frumvarpsins, sjá nánar hér síðar, er gerð tillaga um að slíkt merki geti einnig verið með hættuljósi.

Í 6. mgr. er skerpt á ákvæðinu um að ökumaður skuli á greinilegan og ótvíræðan hátt gefa merki um fyrirhugaða breytingu á aksturssstefnu eða hraðalækkun þannig að áskilið er að merki skuli gefið tímanlega.

Um 33. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 32. gr. gildandi laga, en með breyttu orðalagi. Lagt er til að gerðar verði tvær efnislegar breytingar á ákvæðinu:

Í 1. mgr. 32. gr. gildandi laga segir að við akstur vélknúins ökutækis skuli lögboðin ljós eða önnur viðurkennd „ökuljós“ „jafnan“ vera tendruð. Við lögfestingu 32. gr. gildandi laga var ákveðið að ljósanotkun við akstur bifreiðar og bifhjóls skyldi lögboðin allan sólarhringinn. Með breytingalögum nr. 44/1993 var síðan ákveðið í ljósi jákvæðrar reynslu af framangreindu nýmæli að leggja til samsvarandi reglu um akstur allra vélknúinna ökutækja. Er lagt til með 1. mgr. 33. gr. frumvarpsins að þessu ákvæði verði lítillega breytt þannig að skýrt sé tekið fram að „aðalljós“ skuli „ávallt“ vera tendruð. Er því með skýrari hætti áréttuð gildandi efnisregla um ljósanotkun við akstur vélknúinna ökutækja allan sólarhringinn. Þá

er í öðru lagi tekið með ótvíræðum hætti fram að skyldan tekur til tendrunar lögboðinna „aðalljósa“. Er þá horft til skilgreiningar þessa hugtaks í 1. tölul. greinar 7.01 í reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, með áorðnum breytingum. Jafnframt er lagt til að notað sé orðið „vegsýn“ í stað „sjónsvið“ í 3. mgr. sem er nákvæmara orðalag.

Um skilgreiningu á þokuljósi og hjálparljósi í 6. mgr. vísast til skilgreininga þar um í athugasemdum við 6. gr. laga nr. 44/1993, um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, að því undanskildu að hættuljós eru nú skilgreind sérstaklega, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Í 7. mgr. 32. gr. gildandi laga er mælt fyrir um bann við því að nota ljós þannig að valdið getið öðrum vegfarendum glýju. Er lagt til að þessu almenna viðmiði verði viðhaldið, en að í fyrri málslið 7. mgr. 33. gr. frumvarpsins komi skýr og ótvíræð regla í þessum efnum þar sem kveðið verði á um að ljósstyrkur framvísandi akstursljósa megi að hámarki vera 225.000 cd (candella). Er þá lögfest sú regla um ljósstyrk háljósa sem nú fram kemur í 1. tölul. greinar 7.01 í reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, með áorðnum breytingum.

Um 34. gr.

Lagt er til að gerð verði efnisbreyting frá 33. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. 33. gr. gildandi laga er svo fyrir mælt að stöðuljós skuli vera tendruð ef ökutæki er stöðvað eða því er lagt á vegi í myrkri eða dimmviðri. Í síðari málsliðum sömu málsgreinar er síðan að finna undantekningar frá þessari reglu, sbr. einnig í 3. mgr. greinarinnar. Lagt er til annars vegar að lögfest verði skýr og fortakslaus regla um að stöðuljós og hættuljós skuli, ef nokkur kostur er, vera tendruð ef ökutæki er stöðvað eða því er lagt á akbraut. Fyrirvarinn miðast aðeins við þau tilvik þegar ekki er fært að tendra stöðuljós og hættuljós vegna rafmagnsleysis ökutækis. Tillagan gerir hins vegar ráð fyrir að ávallt skuli setja upp viðvörunarþríhyrning. Eiga þessar reglur við hvort sem um rökkur eða birtu er að ræða og óháð því hvort um akbraut er að ræða í péttbýli eða utan péttbýlis. Kyrrstæð bifreið á akbraut veldur ávallt hættu í umferð. Þá er rétt að við slíkar aðstæður sé mælt fyrir um notkun hættuljósa og viðvörunarþríhyrninga, en þau hugtök eru skilgreind í 3. gr. Þá má vísa til skýrgreiningar á hættuljósum í 9. tölul. greinar 7.01 í reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, með áorðnum breytingum.

Um 35. gr.

Ákvæði greinarinnar svarar til 36. gr. gildandi laga. Í 3. málsl. 1. mgr. er lagt til að það nýmæli verði lögfest að hraði ökutækis megi aldrei verða meiri en hámarkshraði sá sem ákveðinn hefur verið á vegi. Þar með er tekinn af allur vafi um það að færa megi rök fyrir því að aðstæður geti skapast við akstur á vegi þannig að réttlætt geti akstur yfir hámarkshraða.

Í c-lið 2. mgr. er bætt við tilvísun til hringtorga hvað varðar þá sérstöku skyldu ökumanns að aka nægilega hægt miðað við aðstæður. Horft er til þeirra nýmæla um akstur á hringtorgum sem fram koma í 18. gr. frumvarpsins. Þá er hugtakinu hópbifreið í i-lið 2. mgr. 36. gr. gildandi laga breytt í almenningsvagn í samræmi við þá breytingu á hugtakanotkun að þessu leyti sem lögð er til með 3. og 20. gr. frumvarpsins.

Um 36. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í meginatriðum í samræmi við 37. gr. gildandi laga með eftirtöldum breytingum:

Í fyrsta lagi eru í 1. mgr. tilgreind sömu atriði og fram koma í 16. gr. frumvarpsins, sem leggja beri til grundvallar við ákvörðun á hraðamörkum, þó svo að ekki sé um tæmandi upp-

talningu að ræða. Ábyrgð þeirra sem taka slíkar ákvarðanir er mikil og því brýnt að litið sé til tilgreindra sjónarmiða við þá ákvörðun.

Í öðru lagi er kveðið á um að þar sem ekki eru sérstakar leiðbeiningar og merkingar um annað megi ökuhraði í þéttbýli ekki vera meiri en 50 km á klst. Í 1. mgr. 37. gildandi laga segir að ökuhraði í þéttbýli megi ekki vera meiri en 50 km á klst. Með tilliti til þess að stofnbrautir liggja í gegnum þéttbýli þar sem réttlætanlegt getur verið að hámarkshraði sé yfir 50 km á klst. þykir rökréttara að mæla svo fyrir að hámarksökuhraði í þéttbýli sé 50 km á klst. nema annað sé gefið til kynna með umferðarmerkjum.

Í þriðja lagi er í 3. mgr. lagt til að viðhaldið verði þeirri reglu 2. mgr. gildandi 37. gr. umferðarlaga að utan þéttbýlis megi ökuhraði ekki vera meiri 80 km á klst., en þessi regla þó bundin við vegi með malarslitlagi og vegi með bundnu slitlagi með eina akrein. Um aðra vegi með bundnu slitlagi gildi áfram meginreglan um 90 km hámarkshraða á klst.

Í fjórða lagi er lagt til að gerð verði sú meginbreyting á frá gildandi 3. og 4. mgr. 37. gr. gildandi laga að ákveða megi hærri hraðamörk á tilteknum vegum en greinir í 2. og 3. mgr., þó eigi meiri en 110 km á klst. Samkvæmt núgildandi efnisákvæði er heimildin bundin við 100 km á klst., en hún hefur ekki verið nýtt í framkvæmd. Áfram verða þó gerðar strangar kröfur til nýtingar þessarar heimildar, þ.e. að aðstæður leyfi slíkan hraða og hann sé æskilegur til að greiða fyrir umferð. Þá mega veigamikil umhverfisöryggisjónarmið ekki mæla gegn nýtingu heimildarinnar. Það yrði verkefni ráðherra, að fengnum tillögum Vegagerðarinnar, skv. 8. mgr. þessarar greinar, að setja nánari efnisreglur um þær tegundir vega sem hér koma til greina. Ljóst er að þar er fyrst og fremst átt við svokallaða „2x1“ eða „2x2 vegi“ utan þéttbýlis þar sem eru tvær akbrautir í eina átt og ein akbraut í gagnstæða átt eða tvær akbrautir í gagnstæðar áttir með vegriði milli akstursleiða. Í því sambandi getur ráðherra ákveðið á grundvelli reglugerðarheimildar 8. mgr. að hámarkshraða á slíkum vegum verði stjórnað með rafrænum skiltum sem búin verða sjálfvirkum skynjurum með tilliti til veðurs og annarra aðstæðna.

Í fimmta lagi er lagt til að gerð verði sú grundvallarbreyting frá gildandi lögum að almennt gildi sömu reglur um ökuhraða, sbr. 36. gr. frumvarpsins, um bifreiðar sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd og bifreiðar með eftirvagna. Fyrir utan hópbifreiðar, sem falla í fyrrnefnda flokkinn, er skv. 1. og 2. mgr. 38. gr. gildandi laga mælt svo fyrir að bifreiðum, sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd, svo sem flutningabifreiðum, sé óheimilt að aka hraðar en 80 km á klst. Hér takast á tvenns konar sjónarmið, annars vegar um að takmarka eins og kostur er hraða stærri og þyngri bifreiða, og bifreiða með eftirvagna, vegna hættueiginleika þeirra, og hins vegar um að leitast eins og kostur er við að samræma hraða bifreiða á þjóðvegum landsins m.a. með það að markmiði að draga úr framúrakstri. Ef hámarkshraði á vegum er mismunandi eftir stærð og þyngd ökutækja eykst tilhneiging ökumanna annarra bifreiða sem heimilt er að aka hraðar til að aka fram úr hægfara bifreiðum. Á þetta sjónarmið við hvort sem um er að ræða bifreiðar sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd, eða bifreiðar með eftirvagna sem gert er að fara hægar en aðrar bifreiðar. Hvað varðar ökumenn stærri bifreiða sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd ber einnig að horfa til þess að almennt er um reynslumikla ökumenn að ræða sem stunda akstur í atvinnuskyni. Að öllu virtu er hér lagt til grundvallar að rök standi til þess að samræma hámarksaksturshraða stærri og minni bifreiða og bifreiða sem aka með eftirvagna fremur en að viðhalda þeirri aðgreiningu á milli þessara bifreiða sem er að finna í 37. og 38. gr. gildandi laga. Í þessu sambandi skal einnig horft til þess að skv. 70. gr. frumvarpsins er lagt til að allir eftirvagnar, svo og hjólhýsi og tjaldvagnar séu skráningarskyldir.

Í sjötta lagi er lagt til það nýmæli í 7. mgr. að hámarkshraði á aðgreindum bifreiðastæðum sé að hámarki 15 km á klst., en slysatölur sýna að mörg umferðarslys eiga sér stað á slíkum stöðum.

Um 37. gr.

Hér er kveðið á um reglugerðarheimild ráðherra til að ákveða sérstakan lægri hámarkshraða vélknúins ökutækis en greinir í 36. gr. ef talin er þörf á vegna hönnunar ökutækisins.

Um VI. kafla.

Lagt er til að lögfestur verði nýr VI. kafli þar sem verði að finna sérreglur um aksturs-íþróttir og aksturskeppni. Skv. 1. mgr. 34. gr. gildandi laga, sbr. 9. gr. laga nr. 44/1993, 2. gr. laga nr. 138/1996 og 1. gr. laga nr. 123/2003, getur ráðherra sett reglur um akstursíþróttir á sérstökum afmörkuðum svæðum utan vega. Um slíkar reglur er fjallað í reglugerð nr. 507/2007 um akstursíþróttir og aksturskeppni. Í 2. mgr. 34. gr. er mælt svo fyrir að eigi sé heimilt að efna til aksturskeppni nema með leyfi lögreglustjóra. Eigi má án samþykkis vegamálastjóra heimila keppni á þjóðvegi og án samþykkis sveitarstjórnar utan vega.

Í 3. mgr. 34. gr. er ráðherra síðan veitt heimild til að setja nánari reglur um aksturskeppni, þar á meðal um eftirlit, greiðslu kostnaðar o.fl. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um fébótaábyrgð og vátryggingu, svo og ákvæðum um hámarkshraða, enda sé vegur þá lokaður annarri umferð eða keppni fari fram á afmörkuðu svæði utan vega.

Helstu efnisreglur um akstursíþróttir og aksturskeppni hafa því ekki verið lögfestar í gildandi lögum. Ráðherra er á hinn bóginn veitt víðtæk heimild til að setja reglur um þessi efni. Í ljósi þeirrar almennu stefnumörkunar frumvarpsins, sbr. I. kafla hér að framan, um að leitast eins og kostur er við að taka meginhátternisreglur á einstökum sviðum upp í lögin sjálf er með ákvæðum 38.–40. gr. frumvarpsins lagt til að grundvallarákvæði um akstursíþróttir og aksturskeppni, sem nú koma einungis fram í reglugerð nr. 507/2007, verði lögfest. Er hér einnig horft til álits umboðsmanns Alþingis frá 29. desember 2006 í máli nr. 4700/2006. Þar benti umboðsmaður á það að þótt gildandi ákvæði 34. gr. umferðarlaga hafi veitt ráðherra nokkurt svigrúm til að ákvarða efni þeirra reglna sem honum væri heimilt að setja um akstursíþróttir og aksturskeppni hlytu þær reglur að þurfa að standa í málefnalegu sambandi við þau markmið sem byggju að baki umferðarlögum. Af lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins leiddi því jafnframt að mati umboðsmanns, að við setningu stjórnvaldsfyrirmæla bæri ráðherra að gæta þess að þau ættu sér stoð í og samræmdust gildandi lögum. Með þetta í huga er sem fyrr greinir lagt til með ákvæðum í VI. kafla frumvarpsins að helstu efnisreglur um leyfisveitingar, almennar reglur um aksturskeppni á vegi og utan vega af þessu tilefni verði lögfestar. Á hinn bóginn verður ráðherra áfram veitt heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd þessara ákvæða, sbr. 5. mgr. 38. gr. frumvarpsins

Um 38. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. er fjallað um leyfisveitingar Umferðarstofu til að halda aksturskeppni á lokuðum skilgreindum svæðum. Í 3. gr. reglugerðar nr. 507/2007 er þessi heimild í höndum lögreglu, en í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda um að draga úr stjórnsýsluhlutverki lögreglunnar er lagt til að Umferðarstofu verði falið að annast leyfisveitingar og annað utanumhald um aksturskeppnir. Á sama hátt sér Vegagerðin um leyfisveitingar vegna aksturskeppni á þjóðvegi, sbr. 2. málsl. 1. gr., og sveitarstjórn í þeim tilvikum þegar halda á aksturskeppni utan vega, sbr. 3. málsl. 1. gr.

Í 2. og 3. mgr. er að finna almennar reglur um aksturskeppni og ábyrgð keppnishaldara. Eru þær að nokkru marki efnislega samhljóða 7. gr. reglugerðar nr. 507/2007 þar sem vikið er að hátternisreglum sem hafa það að markmiði að vernda öryggi manna og koma í veg fyrir skemmdir á vegi, mannvirkjum eða á náttúru.

Í 4. mgr. er Umferðarstofu, veitt heimild til að víkja frá ákvæðum umferðarlaga um hámarkshraða að því er varðar ökutæki er taka þátt í aksturskeppni á vegi, enda verði þá umferð annarra ökutækja þar bönnuð og aðrar viðeigandi öryggisráðstafanir gerðar.

Með 5. mgr. er ráðherra falið að setja í reglugerð nánari ákvæði um akstursíþróttir og aksturskeppni, þar á meðal um framkvæmd löggæslueftirlits, framkvæmd aksturskeppni, um gerð verklagsreglna á grundvelli alþjóðlegra reglna um akstursíþróttir sem hafðar skulu til hliðsjónar við veitingu leyfa og um lágmarksaldur miðað við ökutæki.

Um 39. gr.

Í greininni er fjallað um akstur barna á æfingasvæði og í skemmtigörðum. Eru ákvæðin samhljóða 19. og 20. gr. reglugerðar nr. 507/2007, að því undanskildu að lagt er til að Umferðarstofu verði falin umsjón með leyfisveitingum í samræmi við ákvæðið.

Um 40. gr.

Í greininni er fjallað um undanþágur frá ákvæðum laganna í tilefni af æfingum og keppni vegna aldurs. Er ákvæðið efnislega samhljóða 21. gr. reglugerðar nr. 507/2007, með þeirri undantekningu að Umferðarstofu verði falið að heimila undanþágu frá ákvæðum um ökuskírteini og lágmarksaldur ökumanna við æfingar og keppnir á lokuðum svæðum, að höfðu samráði við lögreglustjóra. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um lágmarksaldur samkvæmt greininni miðað við ökutæki, en slík ákvæði er nú að finna í a–e-lið 4. mgr. 21. gr. reglugerðar nr. 507/2007.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla eru sérreglur fyrir reiðhjól og bifhjól. Það skal áréttað að með 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er ráðgert að ákvæði laganna um reiðhjól gildi einnig, eftir því sem við á, um rafknúna hjólastóla og lítil vél- eða rafknúin ökutæki, eins og þau hugtök eru skilgreind í 3. gr. frumvarpsins. Á þetta ákvæði reynir því einkum við framkvæmd 41.–43. gr. frumvarpsins í þessum kafla.

Einn af mikilvægum þáttum íslenskrar umferðarmenningar og þróunar hennar á undanförnum árum er fólginn í vaxandi fjölda fólks sem hefur valið sér reiðhjólið sem samgöngutæki. Í frumvarpinu er lagt til grundvallar að það eigi að vera eitt af markmiðum laganna að styðja við þessa þróun með því að gera reglur um réttindi, skyldur og öryggi hjólreiðamanna skýrari og fyllri. Ganga á út frá því að hjólreiðamenn séu virkir og sýnilegir þátttakendur í umferðinni og að því sé hugað að eðlilegu samspili á milli almennrar umferðar vélknúinna ökutækja og umferðar hjólreiðamanna. Við gerð frumvarpsins hefur á þessum grundvelli verið horft til athugasemda og ábendinga sem fram hafa komið af hálfu Landssambands hjólreiðamanna.

Um 41. gr.

Ákvæði 1., 2. og 5. mgr. eru samhljóða samsvarandi málsgreinum 39. gr. gildandi laga. Þó er bætt við 2. mgr. ákvæði um að hjólreiðamaður skuli hjóla á hjólastíg, þ.e. ef hann er til staðar.

Í samræmi við þær forsendur sem greinir að framan í athugasemdum við VII. kafla er hins vegar lagt til að gerðar verði ákveðnar breytingar frá gildandi ákvæði á 3., 4. og 7. mgr. og orðalag ákvæðisins að öðru leyti fært til nútímalegra horfs.

Í fyrsta lagi er lagt til í 3. mgr. að orðalag 1. málsl. 3. mgr. 39. gr. gildandi laga verði gert skýrara.

Í öðru lagi er í 1. málsl. 4. mgr. bætt við heimild til að hjóla á göngugötu, en það er í samræmi við þau sjónarmið sem koma fram í IV. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið að vegfarendum beri í auknum mæli að deila vegi, en undir þeim kringumstæðum reynir sérstaklega á tillitssemi vegfarenda.

Í þriðja lagi er lagt til að lögfest verði það nýmæli í 2. málsl. 4. mgr. að einungis sé heimilt að hjóla á viðeigandi rein þegar gangstétt eða göngustíg hefur verið skipt upp með miðlínu í reinar fyrir gangandi vegfarendur annars vegar og hjólreiðamenn hins vegar. Er nauðsynlegt að setja slíka reglu þar sem í vöxt færist að beinlínis sé gert ráð fyrir hjólandi vegfarendum á gangstéttum og göngustígum. Enn fremur er gert ráð fyrir því að þar sem sérstakur hjólastígur er lagður nálægt göngustíg skuli hjólreiðamaður nota hjólastíginn.

Í fjórða lagi er lagt til að með 6. mgr. verði gerðar breytingar á gildandi ákvæði 7. mgr. 39. gr. Ekki er talin ástæða til að skylda hjólreiðamenn að læsa reiðhjóli, enda aðstæður að þessu leyti með mismunandi hætti víða um land. Verður það að vera ákvörðun hvers hjólreiðamanns fyrir sig hvaða varúðarráðstafanir hann viðhefur um öryggi hjólsins. Á hinn bóginn er ítrekuð sú gildandi regla að ganga skuli þannig frá reiðhjóli sem lagt er að eigi stafi hætta eða truflun af.

Í fimmta lagi er í 7. mgr. lagt til Umferðarstofa setji reglur um gerð og búnað reiðhjóla og er þetta ákvæði í samræmi við niðurlag 68. gr. frumvarpsins varðandi reglur um gerð og búnað annarra ökutækja.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 40. gr. gildandi umferðarlaga að undanskildum fyrri málslið 2. mgr. Vakin er athygli á því að við gerð frumvarpsins var rætt um þá tillögu að gildandi ákvæði 1. mgr. 40. gr. um lágmarksaldur barna til að hjóla á akbraut yrði hækkaður úr 7 ára í 12 ára aldur. Við heildstætt mat á þessari tillögu verður að hafa í huga að ekki hafa komið fram vísbendingar um að gildandi regla, sem styðst við áralanga reynslu í íslensku samfélagi og telja verður í samræmi við almenna samfélagsvitund um þroska og stöðu barna, hafi reynst varhugaverð. Þá fer hjólreiðastígum fjölgandi og er börnum almennt tamt að nota þá. Þá kæmi breyting af þessu tagi illa við börn á fámennari þéttbýlissvæðum.

Í stað fortakslauss banns við því að flytja farþega á reiðhjóli eins og er í gildandi lögum, að undanskilinni heimild til að hafa barn í sérstökum stól á reiðhjóli, er í fyrri málslið 2. mgr. lagt til að flytja megi farþega á reiðhjóli sé það sérstaklega útbúið til þess. Reiðhjól á markaði eru afar fjölbreytt og þykja ekki efni til að banna að flytja farþega, ef búnaður reiðhjólsins leyfir slíkt.

Um 43. gr.

Ákvæði greinarinnar hefur tekið talsverðum breytingum frá 41. og 42. gr. gildandi umferðarlaga. Lagt er til að lögfest verði það nýmæli að heimilt sé að aka bifhjóli samhliða öðru bifhjóli á sömu akrein í þéttbýli, enda sé hámarkshraði eigi meiri en 60 km á klukkustund. Ekki er talin ástæða til að setja hömlur við því að slíkur akstur eigi sér stað þegar aðstæður með tilliti til umferðar leyfa.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 41. gr. gildandi laga.

3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 41. gr. gildandi laga, en felld er niður skylda farþega til að sitja klofvega.

4. mgr. er nýmæli um að flytja megi farþega á léttu bifhjóli enda sé ökumaðurinn 20 ára eða eldri og bifhjólið til þess gert. Þykir rétt að víkja frá fyrri reglu sem bannaði þetta m.a. til að gæta samræmis við aðrar heimildir í frumvarpinu til að flytja farþega á óvörðum ökutækjum.

5. mgr. er nýmæli, en ekki hafa verið reglur í lögum um takmarkanir á því að barn megi vera farþegi á bifhjól, öðru en léttu bifhjóli. Rétt þykir að miða við 150 sm líkamshæð að lágmarki sem er í samræmi við 74. gr. frumvarpsins varðandi lágmarkshæð barns í sambandi við sérstakan öryggis- og verndarbúnaðar í bifreið.

6. mgr. er samhljóða 1. mgr. 42. gr. gildandi laga en bætt er við greinina að farþegi bifhjóls skuli hafa báðar fætur á fótstigum og ökumanni bifhjóls er gert að hafa hjól bifhjólsins að jafnaði á veginum þegar það er á ferð. Er hér vísað til þess að svokallað „prjón“ við akstur bifhjóls getur verið mikið hættuspil og er þessu ákvæði ætlað að banna slíkt hátterni.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla eru ákvæði um bann við akstri undir áhrifum áfengis og ávana- og fíkniefna. Um stefnumarkandi breytingar á ákvæðum þessa kafla vísast til umfjöllunar í kafla IV. í almennum athugasemdum.

Um 44. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 44. gr. gildandi laga.

Um 45. gr.

Almenn framsetning greinarinnar um bann við ölvunarakstri er í meginatriðum sambærileg þeirri sem er að finna í 45. gr. gildandi laga. Í samræmi við þá almennu stefnumörkun frumvarpsins að rýmka gildissviðs banns við ölvunarakstri er lagt til að gerð verði sú breyting á 2. mgr. að ef vínandamagn í blóði ökumanns er meira en 0,20‰, eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér nemur 0,1 milligrammi í lítra lofts, verði hann ekki talinn geta stjórnað ökutækinu örugglega, enda sé vínandamagnið í blóði minna en 1,20‰ eða 0,60 milligrömm í lítra lofts. Um rök fyrir þessari breytingu vísast til ítarlegrar umfjöllunar í VII. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið. Þó skal ítrekað að eins og fram kemur í 2. mgr. 102. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir því að svipting ökuréttar komi til við fyrsta brot þegar vínandamagn í blóði er 0,20‰ til 0,49‰ (eða vínandamagn í lofti nemur 0,1 til 0.245 milligrömmum í lítra lofts).

Um 46. gr.

Greinin fjallar um bann við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Er ákvæðið að meginstefnu til í samræmi við 45. gr. a gildandi laga. Þó er lagt til að gerð verði sú grundvallarbreyting frá gildandi ákvæði að mæling á tilvist ávana- og fíkniefna, sem grundvöllur að ályktun um að ökumaður teljist undir áhrifum slíkra efna og því óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega, fari aðeins fram á blóði ökumanns. Verði þannig felld niður tilvísun til þess að mæling í þvagi geti verið nægur grundvöllur í þessum efnum. Er hér á því byggt að þegar ávana- og fíkniefni, eða óvirkt umbrotsefni þess, mælist aðeins í þvagi ökumanns, en ekki í blóði, sé almennt í reynd rétt að álykta að slíks efnis hafi verið neytt, en að ekki sé lengur um að það að ræða að ökumaður sé undir áhrifum efnisins þannig að hann teljist óhæfur til að stjórna ökutækinu örugglega. Í dómi Hæstaréttar frá 19. júní 2006 í máli nr. 260/2008

byggði Hæstiréttur niðurstöðu sína á því að tilvist óvirkra umbrotsefna ávana- og fíkniefna í þvagi ökumanns væri hins vegar samkvæmt gildandi 45. gr. a umferðarlaga, ein og sér, nægur grundvöllur þess að fært væri að álykta að ákæði hefði verið undir áhrifum efnisins og því óhæfur til að stjórna ökutækinu örugglega í merkingu ákvæðisins. Það er því ljóst að ekki er að þessu leyti samhengi á milli framsetningar 45. gr. a gildandi laga og þeirra vísindalegu ályktana sem með réttu verða dregnar af þvagmælingu um akstursháfni ökumanns. Á því er byggt við gerð þessa frumvarps að það sé ekki ætlunin með lögmæltu banni í umferðarlögum við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna að leggja refsingu við neyslu slíkra efna, enda verði ekki staðreynt með mælingu á blóði ökumanns að slík neysla hafi í reynd haft áhrif á hæfni hans til aksturs. Á þeim forsendum er sem fyrr greinir lagt til að fellt verði úr 2. mgr. greinarinnar að mæling á tilvist ávana- og fíkniefna „í þvagi“ ökumanns geti, ein og sér, talist viðhlítandi grundvöllur til stofnunar refsiábyrgðar. Er því nú það eitt áskilið að mæling á blóði ökumanns leiði í ljós að hann hafi fyrir aksturinn neytt ávana- og fíkniefna, sem bönnuð eru á íslensk yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefna og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Það skal áréttað að hér er lagt til grundvallar að eyðutilvísun 1. mgr. frumvarpsins, sem er samhljóða framsetningunni í gildandi 45. gr. a, til laga um ávana- og fíkniefni og reglugerða settra samkvæmt þeim lögum feli í sér stjórnskipulega viðhlítandi heimild, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar, fyrir refsinæmi banns við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna samkvæmt umferðarlögum. Hefur enda þessi löggjafarháttur ekki sætt athugasemdum í dómaframkvæmd Hæstaréttar.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. gildandi laga, en gerð er smávægileg orðalagsbreyting með því að orðinu „þjónar“ er skipt út með orðinu „starfsmenn“, sem telja verður eðlilegra í þessu samhengi. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því að tilkynningarskylda skv. 2. mgr. nái til þess að ökumaður sé undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

Þá er lagt til með 94. og 95. gr. frumvarpsins, eins og nánar verður rakið síðar, að gerð verði sú breyting hér á að háttsemi í formi athafnaleysis, sem þessi grein mælir fyrir um, varði ekki refsingu. Með ákvæðinu er þó mælt sem fyrr fyrir um það að þeir sem ákvæðið tekur til sinni lögboðinni skyldu að gera ráðstafanir til að hamla því að ölvaður ökumaður aki ökutæki, m.a. með því að gera lögreglunni viðvart. Ekki er hins vegar talið rétt að virtu eðli þessarar skyldu að refsiábyrgð geti stofnast á hendur þessum aðilum ef út af er brugðið. Er það og í samræmi við réttarframkvæmd.

Um 48. gr.

Greinin er í meginatriðum samhljóða 47. gr. gildandi laga, en þó er lagt til að gerðar verði tilteknar efnisbreytingar.

Gildandi ákvæði var lögfest í núverandi mynd með 6. gr. laga nr. 66/2006. Var þá lögð til sú breyting á þágildandi ákvæði að ökumanni var gert skylt að kröfu lögreglu að gangast undir öndunarpróf. Jafnframt var lagt til það nýmæli að ökumanni yrði gert skylt að láta í té munnvatnssýni undir ákveðnum kringumstæðum.

Þær breytingar sem gerðar voru á 47. gr. gildandi laga með 6. gr. laga nr. 66/2006 voru tilkomnar vegna tillögu starfshóps sem dómsmálaráðherra skipaði og skilaði skýrslu í febrúar árið 2001. Í skýrslunni var m.a. lagt til að lögreglu yrði heimilað að taka munnvatnssýni til að kanna hvort ökumaður væri undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Í skýrslunni er m.a. eftirfarandi tekið fram: „Skaðleg áhrif áfengis á hæfni ökumanns eru vel þekkt. Síðustu ár hefur

aukin athygli beinst að akstri undir áhrifum fíkniefna með tilliti til umferðaröryggis. Erfitt er að segja til um ætlaðan fjölda ökumanna sem aka eða hafa ekið undir áhrifum fíkniefna eða lyfja, vegna skorts á prófun ökumanna. Hins vegar er ljóst að fjöldi þeirra hefur aukist undanfarin ár og er talið að í Noregi hafi fjöldi þeirra sem aka undir áhrifum fíkniefna eða lyfja fimmfaldast á síðastliðnum 10–15 árum.“ Í fyrrnefndri skýrslu starfshópsins kom enn fremur eftirfarandi fram: „Komið hafa fram nýjar aðferðir við að mæla hvort ökumaður er undir áhrifum ávana- og fíkniefna, aðrar en með blóð- eða þvagsýni. Þróuð hafa verði tæki til að greina hvort ökumaður sé undir áhrifum ýmissa ávana- og fíkniefna með töku munnvatnssýnis. Er þessi aðferð einföld í framkvæmd og er gerð af lögreglumanni á staðnum í stað þess að færa ökumann til læknis til rannsóknar. Í Belgíu og Sviss eru í almennri notkun tæki til slíkra mælinga. Slík tæki eru þó ekki lögfull sönnun þess að ökumaður sé ekki undir áhrifum og reynist sýnið jákvætt þarf að færa ökumann til blóð- eða þvagrannsóknar til nánari greiningar og staðfestingar. Með þessu er hins vegar hægt að leiða í ljós hvort ástæða sé til að færa ökumann til slíkrar rannsóknar og þannig hægt að komast hjá því að sýni séu send í dýrar rannsóknir sem ekki reynast svo jákvæð. Slíkar mælingar myndu auðvelda eftirlit lögreglu, spara verulega tíma hjá lögreglu, starfsfólki heilsugæslu og rannsóknarstofu, og þeirri kvöð oft létt af ökumanni að vera færður til frekari rannsóknar.“

Samkvæmt 1. mgr. getur lögreglumaður í þeim tilvikum sem upp eru talin krafist þess að ökumaður vélknúins ökutækis gangist undir öndunarpróf og láti í té munnvatnssýni eftir atvikum ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 45. gr. og 46. gr., vegna neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða neyslu ávana- og fíkniefna samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni, ef hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki, eða hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit. Jafnframt er lögreglu heimilt að gera ökumanni að gangast undir slík próf ef talin er ástæða til að ætla að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, enda sé þar kveðið sérstaklega á um heimild til töku öndunar- eða munnvatnssýna.

Í samræmi við þetta er viðhaldið því fyrirkomulagi gildandi laga í 2. mgr. að lögreglumaður geti fært ökumann til rannsóknar á svita- og munnvatnssýni, auk öndunarsýnis eins og var fyrir gildistöku laga nr. 66/2006, eða til blóð- og þvagrannsóknar, ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr., 45. gr. eða 46. gr., eða hann neitar að láta framkvæma öndunarpróf eða láta í té munnvatnssýni eða er ófær um það. Ljóst er hins vegar vegna þeirrar grundvallarbreytingar sem gerð er með 46. gr. frumvarpsins, sbr. hér að framan, að ekki verður lengur þörf á að framkvæma þvagrannsókn ef grunur leikur á akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Kemur þá blóðrannsókn aðeins til greina ef staðreyna á hvort akstur hafi verið í andstöðu við 46. gr.

Samkvæmt 3. mgr. annast lögregla töku öndunar-, svita- og munnvatnssýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða lífeindafræðingur annast töku blóðsýnis og eftir atvikum þvag-, svita- og munnvatnssýnis. Er þetta ákvæði að efni til samhljóða 3. mgr. 47. gr. gildandi laga. Er sem fyrr talið eðlilegt að heimild til töku munnvatnssýnis sé bæði til handa lögreglu og fyrrgreindum heilbrigðisstarfsmönnum svo unnt sé að framkvæma þessar rannsóknir á síðari stigum gerist þess þörf. Þær heimildir sem lögregla hefur til að rannsaka hvort ökumaður er undir áhrifum ávana- og fíkniefna felast hins vegar einungis í því að færa hann til töku á blóðsýni sé ástæða til að ætla að ökumaður sé undir áhrifum. Öndunarsýni koma ekki að gagni í þessu skyni, auk þess sem þvagsýna er ekki lengur þörf, sbr. 46. gr. frumvarpsins. Jafnframt er lagt til í 3. mgr. að aðrar rannsóknir og klínískt mat skuli framkvæmdar af lækni eða hjúkrunarfræðingi.

Samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 47. gr. gildandi laga er ökumanni skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr. Álitamál hefur verið hvort í þessu felist heimild til að framkvæma blóð- eða þvagsýnatöku með valdbeitingu. Í þessu sambandi skal tekið fram að skv. 2. mgr. 78. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, verður líkamsrannsókn í formi lífsýnatöku, þar á meðal blóð- og þvagsýnatöku, aðeins ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki þess sem í hlut á. Fól þetta ákvæði í sér breytingu frá eldra ákvæði 2. mgr. 93. gr. laga nr. 19/1991 þar sem rannsóknara var rétt að framkvæma líkamsrannsókn án dómsúrskurðar ef brýn hætta var á að bið eftir úrskurði ylli sakarspjöllum. Rök standa til þess að ekki verði að öllu leyti gerðar jafnstrangar kröfur til rannsóknaraðgerða skv. 48. gr. frumvarpsins og gerðar eru skv. 2. mgr. 78. gr. laga nr. 88/2008, enda hefur skilvirk refsivarsla grundvallarþýðingu við rannsókn og eftirlit lögreglu vegna ölvunaraksturs og aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að kveða með skýrari hætti á um heimild til að beita ökumann valdi ef hann neitar að hlíta rannsókn skv. 2. mgr. og er lagt til að um það verði mælt í lokamálslið 3. mgr.

Ein tegund líkamsrannsóknar skv. 2. mgr. er þvagrannsókn sem felur í sér verulegt inngrip í líkama manns, eins og dæmin sanna. Þvagrannsókn er úrræði sem notað þarf í minna mæli vegna framangreindrar breytingar í 46. gr. Að þessu virtu, og í ljósi eðlis þessa rannsóknarúrræðis, er lagt til með 4. mgr. að þvagrannsókn verði aðeins beitt, án ótvíræðs samþykkis ökumanns, að fyrir liggi úrskurður dómara samkvæmt lögum um meðferð sakamála, sbr. nú lög nr. 88/2008. Er þá horft til grundvallarreglu 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs og þeirra sjónarmiða sem búa að baki áðurnefndri 2. mgr. 78. gr. laga nr. 88/2008. Ekki er heldur viðurhlutamikið né of tímafrekt að óska eftir úrskurði dómara við þessar aðstæður þannig að gætt sé réttaröryggis þess sem í hlut á.

Í 1. mgr. 102. gr. frumvarpsins er, eins og í gildandi lögum, mælt svo fyrir að neiti maður um að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 48. gr. skuli hann sviptur ökurétti, auk þess sem lagt er hér til að slík neitun teljist sjálfstætt brot á lögunum skv. 94. gr. frumvarpsins. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að refsiákvæði af þessu tagi fer ekki í bága við stjórnarskrárvarinn rétt manns til að fella ekki á sig sök. Rétturinn til að fella ekki á sig sök er nátengdur eða felst í réttinum til réttlátrar málsmeðferðar og að hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, sbr. 1. og 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Einn mikilvægasti þáttur reglunnar um að maður skuli teljast saklaus þar til sekt er sönnuð er sá grundvöllur sem sakfelling byggist á. Við málsmeðferð í máli sakbornings skal þannig gæta hlutleysis og aðeins byggja á sönnunargögnum sem voru lögð fyrir dómstólinn og eru lögmæt en ekki fengin með þvingun. Gera verður þannig greinarmun á rétti sakbornings til að tjá sig ekki um sakargiftir annars vegar og hins vegar skyldu hans til að veita atbeina sinn við öflun sönnunargagna sem eiga sjálfstæða tilveru án tillits til vilja sakbornings og fengin eru frá honum með þvingun, svo sem skjöl, blóð-, öndunar- og þvagsýni, sjá dóma Mannréttindadómstóls Evrópu frá 17. desember 1996 í máli Saunders gegn Bretlandi og frá 5. janúar 2006 í máli Schmidt gegn Þýskalandi. Þannig er t.d. upphaflegt markmið réttarins til að neita að tjá sig að sporna við því að maður verði þvingaður til að játa sök við yfirheyrslur hjá lögreglu og að upplýsingar sem fengnar eru fram með slíkri þvingun verði ekki lagðar til grundvallar við ákvörðun um sekt manns en með því skapast hætta á að menn verði ranglega sakfelldir, sjá dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 14. febrúar 2000 í máli John Murray gegn Bretlandi. Þegar gögn, svo sem lífsýni, eru hins vegar hlutlæg í eðli sínu eiga þessi sömu rök ekki við.

Að öllu þessu virtu er, sem fyrr greinir, lagt til að viðhaldið verði því fyrirkomulagi, sbr. 3. mgr. 47. gr. og 102. gr. gildandi laga, að neitun ökumanns á að hlíta rannsókn skv. 2. mgr. 48. gr. frumvarpsins, sbr. 3. mgr., teljist sjálfstætt brot og geti nú varðað sekt, sbr. 1. mgr. 94. gr., og sviptingu ökuréttar, sbr. 1. mgr. 102. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um gjaldtökuheimild vegna kostnaðar við töku sýna og rannsókn skv. 1.–3. mgr. Ákvæðið er samhljóða 4. mgr. 47. gr. gildandi laga, en lagt er til að upphæðin verði 20.000 kr. í stað 15.000 kr. í gildandi lögum.

Um 49. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 58. gr. gildandi laga. Rétt er hins vegar að færa ákvæðið, sem fjallar um upplýsingaskyldu eigenda (umráðamanns) ökutækis gagnvart lögreglu, framar í lögin og þá hér í kafla um bann við ölvunarakstri og akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla eru reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem annast fólks- eða farmflutninga í atvinnuskyni, en ákvæði um þessi efni er nú að finna í 44. gr. a og 44. gr. b gildandi laga, sbr. 3. laga nr. 84/2004 og 3. og 4. gr. laga nr. 66/2006. Réttara er og heppilegra að ákvæði þessi, sem hafa að geyma refsinæmar hátternisreglur er varða tiltekna tegund ökutækja, séu staðsett í sérstökum kafla og í ítarlegri útfærslu en í gildandi lögum.

Framsetning gildandi 44. gr. a umferðarlaga er með þeim hætti að ráðherra er veitt víðtækt vald til að setja reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem annast fólks- og farmflutninga á vegum í atvinnuskyni, ökurita o.fl., þar sem m.a. skuli kveðið á um nánar tilgreind atriði sem talin eru upp í ákvæðinu. Með 3. gr. laga nr. 66/2006 var gerð heildstæð breyting á reglugerðarheimild 44. gr. a umferðarlaga í það horf sem nú gildir og þá einkum í ljósi dóms Hæstaréttar frá 28. október 2004 í máli nr. 251/2004. Var ætlunin einkum sú að styrkja eins og kostur væri lagastoð gildandi reglugerðar um aksturs- og hvíldartíma ökumanna vegna þeirra athugasemda sem fram höfðu komið um þetta atriði, m.a. í áðurnefndum dómi. Hvað sem því líður er ljóst að gildandi 44. gr. a og 44. gr. b umferðarlaga byggjast sem fyrr á þeirri meginstefnumörkun að það sé á valdi ráðherra að setja einstakar efnisreglur um þau atriði sem tilgreind eru í ákvæðunum.

Í samræmi við eitt af meginmarkmiðum fyrirliggjandi frumvarps hefur við samningu þess verið tekin afstaða til þess hvort og þá að hvaða marki rétt sé að umferðarlögin sjálf hafi að geyma þær hátterniskröfur sem gera verður til þeirra ökumanna sem annast farþega- eða farmflutninga í atvinnuskyni og þá í ljósi skuldbindinga íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem ákvæði þessi byggjast á. Við akstur ökutækja til farþega- og farmflutninga á vegum reynir mikið á ökumanninn og því er mikilvægt að reglur um slíkan akstur og lögboðna hvíld ökumanns séu þannig úr garði gerðar að ökumanni sé gert að hvílast með hæfilegu millibili.

Hefur sú leið verið farin að setja fram ítarlegri reglur en nú eru í gildandi lögum, en ekki þykja efni til að taka inn allar hátternisreglur sem er að finna í reglum um aksturs- og hvíldartíma atvinnubílstjóra sem voru fyrst innleiddar í íslenskan rétt í framhaldi af gildistöku EES-samningsins 1993. Þessar reglur byggjast á reglugerð EB nr. 3820/85/EBE, frá 20. desember 1985, um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum, reglugerð (EB) nr. 3821/85, frá 20. desember 1985, um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum, tilskipun ráðsins nr. 88/599/EBE, frá 23. nóvember 1988, um staðlaðar aðferðir við eftirlit með framkvæmd reglugerðar nr. 3820/85/EBE,

og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/15/EB, frá 11. mars 2002, um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum.

Nú hefur reglugerð nr. 561/2006, frá 15. mars 2006, um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutning á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins nr. 2135/98/EB og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 gengið í gildi og leyst fyrri reglugerð af hólmi. Jafnframt hefur tilskipun 88/599/EBE verið felld úr gildi en í hennar stað kemur tilskipun ráðsins 2006/22/EB um sama efni.

Um 50. gr.

1. mgr. er nýmæli, en í henni koma fram þau sjónarmið sem reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna byggjast á, þ.e. að þær séu settar í þágu umferðaröryggis. Jafnframt eru tiltekin þau tímabil sem miðað er við varðandi akstur og hvíld ökumanns í farþega- og farmflutningum ökutækja yfir 3,5 tonn.

Reglugerðarheimild í 2. mgr. byggist á 1. mgr. 44. gr. a gildandi laga.

Um 51. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði samhljóða ákvæði og fram kemur í 13. gr. reglugerðar nr. 662/2006 um heimild ökumanns til að víkja frá reglum aksturs- og hvíldartíma, þ.e. að heimilt verði að víkja frá reglum sem settar verða á grundvelli 50. gr. frumvarpsins varðandi leyfilegan aksturstíma þar til daglega hvíld skuli taka, enda sé það nauðsynlegt til að tryggja öryggi fólks, ökutækis eða farms þess. Ítrekuð er sú forsenda að slíkt frávik tefli ekki umferðaröryggi í tvísýnu.

Um 52. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að lögfest verði almenn skylda flytjanda til að skipuleggja störf ökumanns þannig að honum sé kleift að fara eftir ákvæðum 50. gr. um aksturs- og hvíldartíma. Þessa skyldu er nú að finna í 12. gr. reglugerðar nr. 662/2006.

Síðari málsliður 1. mgr. byggist á 2. mgr. 44. gr. a gildandi laga, en ökumaður og flytjandi skulu sjá til þess að ökuriti sé notaður í þeim ökutækjum sem falla undir reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.

2. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 44. gr. a gildandi laga.

Um 53. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 44. gr. b gildandi laga.

Um 54. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 47. gr. a gildandi laga sem lögfest var með 1. gr. laga nr. 91/2001, um breytingu á umferðarlögum. Lagt er til að ákvæðið verði gert skýrara með því að tekið verði af skarið í nýjum málslið um að einnig sé lagt bann við því að ökumaður sendi eða lesi smáskilaboð eða nýti aðra notkunarmöguleika farsímans, svo sem leiki, myndavélar, tölvupósthólf o.s.frv. á meðan á akstri stendur. Um forsendur fyrir þessari breytingu má vísa til þeirra löggjafarsjónarmiða sem fram koma í lögskýringargögnum að baki breytingalögum nr. 91/2001.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 47. gr. a gildandi laga, en þó er lagt til að gerðar verði ákveðnar orðalagsbreytingar til skýringarauka.

Um XI. kafla.

Í kaflanum er finna efnisreglur um ökupróf, ökuskírteini, ökukennara og ökunám. Rétt er að ákvæðum þessum sé safnað saman í einn, sjálfstæðan kafla í lögunum, en þessi ákvæði eru nú hluti af VII. kafla gildandi laga um ökumenn. Hefur þessi framsetning hvort tveggja það að markmiði að vera til hagræðis og að auka skýrleika.

Í tengslum við heildarendurskoðun umferðarlaga, sem nánar er gerð grein fyrir í almennum athugasemdum við frumvarp þetta, skipaði samgönguráðherra í febrúar 2008 starfshóp til að fjalla um málefni ökunáms og ökukennslu hér á landi. Nefndin skilaði af sér skýrslu af þessu tilefni í september 2008. Þar koma fram tillögur starfshópsins í 25 liðum ásamt nánari greinargerð um hvern lið. Þá fylgdi með uppkast að nýrri reglugerð um ökunám, ökupróf og endurmenntun ökumanna. Við gerð þessa frumvarps hefur að nokkru marki verið horft til skýrslu starfshópsins, einkum varðandi breytingar á ákvæðum gildandi laga um ökunám og ökukennslu eins og nánar verður gerð grein fyrir í athugasemdum við 62.–65. gr.

Um 55. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir, eins og verið hefur, að ríkislögreglustjóri gefi út ökuskírteini. Jafnframt er gert ráð fyrir í síðari málslið 1. mgr. að ríkislögreglustjóri geti falið sýslumönnum að annast útgáfu ökuskírteina og er þetta breyting frá 1. mgr. 48. gr. gildandi laga.

Með a-lið 2. mgr. er lagt til að gerð verði sú grundvallarbreyting frá fyrirkomulagi gildandi laga að maður þurfi að verða orðinn fullra 18 ára til þess að veita megi honum ökuskírteini til að aka bifreið, enda fullnægi hann einnig kröfum um líkamlegt og andlegt heilbrigði, sbr. b-lið sömu greinar, hafi hlotið kennslu í ökuskóla og sannað aksturshæfni sína og þekkingu með prófi, sbr. c-lið 2. mgr., og uppfylli kröfur um búsetuskilyrði, sbr. d-lið. Um forsendur og rök fyrir þessari breytingu vísast nánar til ítarlegrar umfjöllunar í VIII. kafla í almennum athugasemdum.

Ákvæði b-liðar er breytt þannig að einungis megi veita þeim ökuskírteini sem er til þess nægilega andlega og líkamlega hæfur, sbr. þó 3. mgr., og hefur fullnægjandi sjón. Ákvæði gildandi laga um heyrn þykir ekki eiga við þar sem mat verður að fara fram hverju sinni á því hvort skert heyrn valdi því fortakslaust að viðkomandi teljist ekki hæfur til að stjórna ökutæki. Öðru máli gegnir hins vegar um sjón ökumanns.

C-liður 2. mgr. er samhljóða c-lið 2. mgr. 48. gr. gildandi laga að því undanskildu að gerð er krafa um kennslu í ökuskóla, en þar undir fellur kennsla ökukennara með starfsleyfi. Enn fremur er áskilið að viðkomandi hafi fengið þjálfun í akstri í ökugerði sem er liður í ökukennslu.

Með d-lið 2. mgr. er lagt til að lögfest verði sú meginregla að maður verði að hafa fasta búsetu hér á landi til að geta fengið ökuskírteini. Er þetta í samræmi við ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 501/1997 um ökuskírteini, með síðari breytingum. Þetta skilyrði er þess eðlis að um það verður að vera mælt í lögum. Á hinn bóginn er í niðurlagi ákvæðisins enn gert ráð fyrir því að um undanþágur frá búsetuskilyrðinu verði sem fyrr nánar fjallað í reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

Reglugerðarheimild 3. mgr. er efnislega samhljóða 49. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr er nýmæli sem byggist á sömu löggjafarsjónarmiðum og framangreind breyting á aldurslágmarki til að hljóta ökuréttindi. Mælt er svo fyrir að 18 og 19 ára ökumönnum verði bannað að aka breyttum ökutækjum. Skv. 3. gr. frumvarpsins er breytt ökutæki skilgreint þannig að um sé að ræða ökutæki þar sem veigamiklum atriðum, svo sem stýrisbúnaði, hemlabúnaði, aflrás, hjólum, grind og yfirbyggingu hefur verið breytt frá upprunalegri útfærslu framleiðanda og sem ekki eru til leiðbeiningar um frá framleiðanda. Akstur ökutækja,

sem fullnægja öllum almennum kröfum um gerð og búnað ökutækja, eins og þau eru ákveðin af framleiðanda, er einn og sér vandasamur, ekki síst fyrir unga ökumenn sem eru að hefja akstursferil sinn og skortir því þjálfun og færni við akstur bifreiða. Er því og brýnt og nauðsynlegt út frá almannahagsmunum að girða fyrir akstur 18 og 19 ára ökumanna á breyttum ökutækjum sem víkja frá upprunalegri útfærslu framleiðanda, oft með þeim hætti að draga úr þeim eiginleikum ökutækisins sem upprunalega hafa haft það að markmiði að tryggja öryggi við aksturinn. Þetta gildir þó ekki um breytt ökutæki sem sérstaklega er útbúið til aksturs fyrir fatlaðan ökumann.

Ákvæði 5. mgr. er samhljóða 3. mgr. 48. gr. gildandi laga.

Ákvæði 6. mgr. er samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 48. gr. gildandi laga, en þó er gert ráð fyrir að ökumaður framvísi ökuskírteini ef eftirlitsmaður Vegagerðarinnar, sbr. XVI. kafla, krefst þess í tengslum við eftirlit með akstri ökutækja til farþega- og farmflutninga yfir 3,5 tonnum.

Reglugerðarheimild í 7. mgr. er samhljóða 2. mgr. 52 gr. gildandi laga.

Reglugerðarheimild í 8. mgr. tekur mið af þeim breytingum sem orðið hafa varðandi ökuskírteini.

Um 56. gr.

Grein þessi er nýmæli þar sem lagt er til að ökuréttindaflokkar og aldursmörk fyrir hvern flokk komi fram í umferðarlögum. Byggist þetta sjónarmið á því að ökuréttindi eru í raun grunnundirstaða þess hvaða ökutæki ökumaður megi aka og því liggi rök fyrir því að hafa flokkana í umferðarlögum. Með þessum reglum er stefnt að því að samræma ökuréttindi í löndum Evrópska efnahagssvæðisins, m.a. til að auðveldara sé að ferðast innan svæðisins akandi og stunda atvinnustarfsemi sem útheimtir ökuréttindi.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við tilskipun nr. 2006/126/EB um ökuskírteini, nánar tiltekið 4. gr., sem leysir af hólmi í áföngum tilskipun 91/439/EBE um sama efni. Skv. 16. gr. tilskipunarinnar ber aðildarríkjum að leiða þessar reglur í landslög fyrir 19. janúar 2011.

Í greininni er annars vegar skilgreint ökutæki fyrir hvern ökuréttindaflokk og aldursmörk fyrir hvern flokk. Hins vegar er kveðið á um að ráðherra setji reglur um hámarksvélarafl ökutækja í tilteknum flokki, hvaða öðrum vélknúnum ökutækjum ökuskírteini í tilteknum flokki veitir einnig rétt til að stjórna og fyrir hvaða flokka skuli gilda það skilyrði að umsækjandi um ökuskírteini skuli hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk.

Helsta nýmælið frá gildandi lögum varðandi ökuréttindaflokkana er ákvæði um hærri aldursmörk til að mega öðlast ökuskírteini fyrir A1-, A2- og A-flokk, svo og C1-, C-, D1- og D-flokk.

Greinin skýrir sig að mestu leyti sjálf en rétt þykir að skýra eftirfarandi atriði nánar:

AM-flokkur: Samkvæmt tilskipun 2006/126/EB mega aldursmörk vera frá 14 til 18 ára. Hækkun aldursmarka í 16 er í samræmi við hækkun lágmarksaldurs fyrir B-flokk í 18 ár.

A1-, A2- og A-flokkur: Samkvæmt tilskipun nr. 2006/126/EB er lágmarksaldur fyrir A1-flokk 16 ár en má vera á bilinu 16–18 ár. Krafa er gerð um tveggja ára mun á lágmarksaldri milli A1- og A2-flokks annars vegar og milli A2- og A-flokks hins vegar. Samkvæmt umferðarlögum er lágmarksaldur 17 ár fyrir A1-flokk. Hækkun á aldursmörkum í 18 ár er í samræmi við þá hækkun á aldursmörkum fyrir B-flokk sem er úr 17 árum í 18. Hafa verður í huga að A-flokkur veitir réttindi til að stjórna bifhjóli sem aka má á allt að 100 km hraða, en reynslan sýnir að slysahætta á bifhjóli er meiri en á bifreið.

C1- og C1E-flokkur: Sá sem sækir um ökuskírteini fyrir C1- og C1E- flokk þarf samkvæmt gildandi umferðarlögum og frumvarpinu að hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk.

Samkvæmt gildandi umferðarlögum er aldursmark fyrir B-flokk 17 ár en 18 ár samkvæmt frumvarpinu. Þannig getur byrjandi samkvæmt lögunum í fyrsta lagi fengið fullnaðarskírteini 18 ára en19 ára samkvæmt frumvarpinu.

Samkvæmt tilskipun 2006/126/EB eru aldursmörk fyrir C1- og C1E- flokk 18 ár. Þar af leiðir að viðkomandi getur ekki, samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, fengið ökuskírteini fyrir C1- og C1E- flokk fyrr en hann er orðinn 19 ára.

Um 57. gr.

Í greininni er fjallað um bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini og er hún efnislega samhljóða 51. gr. gildandi laga varðandi kröfur til byrjanda vegna útgáfu fullnaðarskírteinis. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 58. gr.

Í þessari grein er fjallað um gildistíma ökuskírteinis og er lagt til að slíkar grundvallarreglur séu lögfestar í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um ökuskírteini 2006/126/EB.

Í 3. mgr. er það nýmæli að 70 ára reglan varðandi gildistíma almenns ökuskírteinis er afnumin og er lagt til að meginreglan verði sú að gildistíminn verði 15 ár. Í tilskipun 2006/126/EB hafa aðildarríki EES-samningsins val um að ökuskírteini gildi í 10 til 15 ár. Að vel athuguðu máli er lagt til að gildistími ökuskírteinis hér á landi verði 15 ár þegar ákvæði tilskipunarinnar koma til framkvæmda hér á landi, en lagt er til að miðað verði við 1. janúar 2013 til hagræðis í stað 19. janúar 2013 eins og segir í tilskipuninni. Jafnframt eru settar fram reglur um gildistíma fullnaðarskírteinis sem skírteinishafi fær eftir 60 ára aldur. 15 ára gildistíminn á við um öll ökuskírteini sem gefin eru út eftir 1. janúar 2013, hvort sem um er að ræða ný eða endurútgefin ökuskírteini, t.d. ef ökuskírteini hefur glatast.

Í 4. mgr. eru ákvæði um gildistíma ökuskírteinis vegna farþega- og farmflutninga í atvinnuskyni, en slík réttindi skulu gefin út til fimm ára frá útgáfudegi miðað við tilskipun 2006/126/EB. Jafnframt eru settar fram reglur um gildistíma slíks ökuskírteinis eftir 70 ára aldur skírteinishafa.

Um 59. gr.

Í greininni er fjallað um skilyrði til að stjórna dráttarvélum og vinnuvélum í umferð. Er hún að nokkru marki sambærileg við 55. gr. gildandi laga, en þar sem torfærutæki teljast ekki samkvæmt ákvæðum frumvarpsins til sjálfstæðs flokks vélknúinna ökutækja er lagt til að ákvæði þau um stjórnendur slíkra tækja, sem er að finna í 55. gr. gildandi laga, verði felld brott. Þá verði lágmarksaldur til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan almennrar umferðar hækkaður úr 15 árum í 16 ár í 1. mgr., sbr. sömu málsgrein 55. gr.

Í 2. mgr. er áréttuð sú regla, sem er að finna í fyrra málslið 2. mgr. 55. gr. gildandi laga, að enginn megi stjórna vinnuvél nema hann hafi gilt ökuskírteini, þannig að reglan gildir nú í almennri umferð.

Í 3. mgr. er lagt til það nýmæli í umferðarlögum að stjórnandi vinnuvélar skuli hafa lokið tilskildu námi í meðferð slíkra tækja. Er þá m.a. litið til þess að hér sé um mismunandi flókin tæki að ræða og að tryggt verði að vera að stjórnandi vinnuvélar hafi nauðsynlega kunnáttu til verksins, án tillits til ökuréttinda viðkomandi.

Um 60. gr.

Greinin byggir á 52. og 54. gr. gildandi laga. Lagt er til að lögfest verði það nýmæli að ráðherra geti ákveðið að ökuskírteini útgefið í öðru ríki gildi hér á landi, enda séu íslensk

ökuskírteini jafnframt gild í því ríki. Slíkar reglur gilda um ökuskírteini sem gefin eru út á Evrópska efnahagssvæðinu. Er þá áskilið að fyrir liggi gagnkvæm viðurkenning ökuréttinda á milli Íslands og annars ríkis, en sambærilegt ákvæði er nú í reglugerð um ökuskírteini nr. 501/1997.

Um 61. gr.

Greinin er í meginatriðum samhljóða 53. gr. gildandi laga. Þó er lagt til í 2. mgr. að lögfest verði nýmæli sem ætlað er að tryggja enn frekar að raunhæft og virkt læknisfræðilegt eftirlit sé með því að ökumenn fullnægi skilyrðum b-liðar 2. mgr. 55. gr. um að vera líkamlega og andlega hæfir til að stjórna ökutæki. Lagt er til að mælt verði fyrir um þá skyldu læknis að gera trúnaðarlækni Umferðarstofu viðvart án tafar ef hann telur að vafi leiki á því að handhafi ökuréttinda fullnægi ekki umræddum skilyrðum b-liðar 2. mgr. 55. gr. Þar sem læknir eru bundinn þagnarskyldu um málefni sjúklinga sinna skv. 1. mgr. 15. gr. læknalaga, nr. 53/1988, og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, er sérstaklega lögboðið að þessi þagnarskylda standi umræddri tilkynningarskyldu ekki í vegi. Er þá m.a. horft til 2. mgr. 15. gr. læknalaga þar sem segir að þagnarskylda læknis „[gildi] ekki bjóði lög annað eða sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar“, og til 1. mgr. 13. gr. laga um réttindi sjúklinga, þar sem segir að „[þagnarskylda] skv. 12. gr. [nái] ekki til atvika sem starfsmanni í heilbrigðisþjónustu ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum“. Í þeim tilvikum beri starfsmanni í heilbrigðisþjónustu skylda til að koma upplýsingum um atvikið á framfæri við þar til bær yfirvöld, sbr. síðari málslið 1. mgr. 13. gr. laga nr. 74/1997. Hér vegast á annars vegar brýnir almannahagsmunir af því að þeir ökumenn, sem vafi leikur á að fullnægi lögmæltum heilbrigðiskröfum, séu ekki undir stjórn ökutækis og hins vegar hagsmunir einstaklinga af því að eiga í trúnaðarsambandi við lækni. Nauðsynlegt er að gera lækni það kleift að gera trúnaðarlækni viðvart ef vafi leikur á um aksturshæfni ökumanns. Eðlilegt er hins vegar að endanlegt mat á því hvort á skorti að ökumaður sé líkamlega og andlega hæfur til að stjórna ökutæki sé í höndum sérstaks trúnaðarlæknis Umferðarstofu, en ekki persónulegs læknis hlutaðeigandi. Að fenginni tilkynningu læknis skal trúnaðarlæknir Umferðarstofu, eins fljótt og unnt er, óska eftir því að hlutaðeigandi ökumaður komi til læknisrannsóknar. Við þá rannsókn skal meta þá líkamlegu og andlegu þætti sem áhrif hafa á aksturshæfni og koma nánar fram í reglum sem ráðherra setur í reglugerð, að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra og landlækni. Trúnaðarlæknir getur ákveðið að handhafi ökuréttinda fari í verklegt ökupróf að lokinni læknisrannsókn. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um skipun trúnaðarlæknis Umferðarstofu, einn eða fleiri, hæfniskröfur þeirra o.fl.

Ákvæði 3. mgr. er byggt á 2. og 3. málsl. 1. mgr. 53. gr. gildandi laga, en gerðar eru ákveðnar efnis- og orðalagsbreytingar sem taka mið af nýmæli 2. mgr. sem gerð er grein fyrir hér að framan. Þá er lagt til að útgefanda ökuréttinda sé skylt að afturkalla ökuréttindi ef svo háttar til sem segir í ákvæðinu.

Gert er ráð fyrir að gjald vegna þjónustu trúnaðarlæknis verði í samræmi við þann kostnað sem hlýst af starfseminni.

Um 62. gr.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum við XI. kafla frumvarpsins hefur við endurskoðun gildandi laga verið sérstaklega horft til reglna um ökunám og ökukennslu. Starfshópur sem skipaður var á vegum samgönguráðherra skilaði af sér skýrslu um það efni í september 2008 sem höfð hefur verið að nokkru til hliðsjónar við gerð þessa frumvarps.

Um ökukennara og ökuskóla er nú fjallað í 56. gr. gildandi laga, en þar er að finna sjálfstæðar efnisreglur í 1.–4 mgr. Í 5. mgr. er síðan mælt svo fyrir að ráðherra setji nánari reglur um tilhögun ökukennaranáms og prófs, um löggildingu, endurnýjun hennar, starfsemi ökukennara og gjald fyrir ökukennaranám og próf og löggildingu. Þá geti ráðherra sett reglur um stofnun og starfsemi ökuskóla, sbr. 7. mgr. Um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla fer þannig nánar eftir reglugerð nr. 327/1999. Þá er gert ráð fyrir því í a-lið 1. mgr. 52. gr. gildandi laga að ráðherra setji reglur um ökunám og ökukennslu.

Með 62. gr. frumvarpsins er lagt til að gerð verði sú grundvallarbreyting á fyrirkomulagi ökukennslu hér á landi að hún skuli nú fara fram í ökuskólum sem hlotið hafa til þess starfsleyfi Umferðarstofu. Verði þannig að meginstefnu til horfið frá því að ökukennsla verði áfram á forræði og ábyrgð hvers einstaks ökukennara fyrir sig heldur sé það verkefni ökuskóla að annast ökunám, bæði hinn bóklega og verklega hluta.

Samkvæmt 7. mgr. 56. gr. gildandi laga getur ráðherra sett reglur um stofnun og starfsemi ökuskóla. Um það efni er nú fjallað í 11.–17. gr. reglugerðar nr. 327/1999 um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla, með síðari breytingum. Í samræmi við fyrrgreinda grundvallarbreytingu er hér lagt til að meginreglur um starfsleyfi ökuskóla komi fram í lögunum sjálfum og er við útfærslu þeirra tekið að nokkru mið af tillögum áðurgreinds starfshóps samgönguráðherra um ökunám, ökukennslu og ökuskóla frá því í september 2008.

Samkvæmt 1. mgr. er lagt til að Umferðarstofa veiti ökuskólum starfsleyfi til að annast ökunám.

Í 2. mgr. er að finna þau skilyrði sem ökuskóli þarf að uppfylla til að fá útgefið starfsleyfi.

Samkvæmt 3. mgr. verður ökuskóla heimilt að framkvæma ökupróf að uppfylltum skilyrðum sem nánar verða sett í reglugerð skv. 65. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 4. mgr. skal starfsleyfi bundið við kennslu fyrir einn flokk ökutækja eða fleiri, en samkvæmt þessu getur ökuskóli sótt um starfsleyfi fyrir fleiri en einn flokk ökutækja, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum 2. mgr. fyrir hvern flokk fyrir sig. Er þetta ákvæði að meginstefnu til samhljóða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 327/1999, en ráðgert er að nánari lýsing á mismunandi flokkum ökutækja komi áfram fram í reglugerð sem ráðherra setur.

Samkvæmt 5. mgr. skal ökuskóli við útgáfu starfsleyfis greiða leyfisgjald sem Umferðarstofa innheimtir samkvæmt gjaldskrá sinni. Er það gjald þjónustugjald og verður upphæð þess því að miða við þann kostnað sem hlýst af málsmeðferð Umferðarstofu við útgáfu leyfisins.

Samkvæmt 6. mgr. skal starfsleyfi veitt til fimm ára í senn. Lok starfsleyfis skal miða við áramót.

Um 63. gr.

Með greininni er lagt til að gerðar verði ákveðnar efnisbreytingar frá 1. mgr. 56. gr. laga hvað varðar starfsleyfi ökukennara. Er hér sem fyrr greinir horft að nokkru leyti til þeirra tillagna sem fram koma í skýrslu starfshóps samgönguráðherra um ökukennslu, ökupróf, starfsleyfi ökukennara og starfsleyfi ökuskóla. Í 1. mgr. er lagt til að mælt verði svo fyrir að Umferðarstofa gefi út starfsleyfi til ökukennslu, en nánar er mælt fyrir um umsókn og skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis í 2. mgr.

Í 2. mgr. eru talin upp þau skilyrði sem sá er sækir um starfsleyfi til að annast ökukennslu þarf að uppfylla. Í fyrsta lagi verður hann skv. a-lið 2. mgr. að hafa náð 24 ára aldri. Er þannig lagt til að lágmarksaldur til að hljóta starfsleyfi sé hækkað um þrjú ár, en skv. a-lið 2. mgr. 56. gr. gildandi laga er lágmarksaldurinn 21 ár. Er hér annars vegar horft til tillögu a-liðar 2. mgr. 55. gr. frumvarpsins um hækkun almenns lágmarksaldurs til að hljóta öku-

skírteini úr 17 árum í 18 ár og hins vegar til þess að æskilegt þykir að ökukennari hafi a.m.k. fimm ára reynslu af akstri bifreiða og bifhjóla, sbr. b-lið 2. mgr. 63. gr. Er það jafnframt breyting frá b-lið 2. mgr. 56. gr. gildandi laga þar sem aðeins er krafist þriggja ára reynslu af akstri bifreiða. Í c-lið 2. mgr. 63. gr. er auk þess gert að skilyrði að hlutaðeigandi hafi stundað nám fyrir ökukennara í viðkomandi flokki og lokið prófum sem því námi fylgja. Þá er í d-lið 2. mgr. áskilið að sá er æskir starfsleyfis sem ökukennari þurfi að fullnægja kröfum um líkamlegt og andlegt hæfi sem gerðar eru til ökumanna sem annast farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Samkvæmt 3. mgr. skal Umferðarstofa, áður en starfsleyfi er útgefið, kanna að umsækjandi uppfylli öll skilyrði sem gerð eru við útgáfu starfsleyfis til ökukennslu. Þessi regla kemur ekki fram í gildandi lögum.

Lagt er til í 4. mgr. að starfsleyfi til ökukennslu gildi í fimm ár, þó ekki lengur en hlutaðeigandi hefur ökuréttindi. Þá er í ákvæðinu mælt fyrir um skilyrði fyrir endurnýjun starfsleyfis sem er sumpart samhljóða síðari málslið 4. mgr. 56. gr. gildandi laga. Þó er jafnframt áskilið að hlutaðeigandi ökukennari hafi sótt starfstengd námskeið sem nánar eru tilgreind í reglugerð, settri á grundvelli j-liðar 65. gr. frumvarpsins.

Um 64. gr.

Samkvæmt 6. mgr. 56. gr. gildandi laga getur útgefandi ökukennararéttinda hvenær sem er svipt mann ökukennararéttindum ef ástæða þykir til. Þetta ákvæði er ófullnægjandi og ekki í samræmi við þær lagaáskilnaðarkröfur sem leiðir af atvinnufrelsisákvæði 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Með 64. gr. frumvarpsins er því lagt til að lögfest verði skýrt ákvæði um að farið skuli að stjórnsýslulögum við meðferð slíkra mála, en hér eiga einkum við meginreglur 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um andmælarétt og tilkynningarskyldu stjórnvalds um meðferð máls.

Þá er í 2. mgr. jafnframt ráðgert að málið skuli sent hlutaðeigandi lögreglustjóra til umsagnar áður en starfsleyfi er veitt að nýju.

Um 65. gr.

Greinin fjallar um almenna skyldu ökukennara og ökuskóla til að haga starfsemi sinni í samræmi við ákvæði laganna og reglna sem ráðherra setur í reglugerð. Er þetta ákvæði samsvarandi 18. gr. reglugerðar nr. 327/1999. Er og ráðgert að í reglugerð sem ráðherra setur verði m.a. mælt fyrir um inntak starfsleyfa ökuskóla og ökukennara, um framkvæmd ökuprófa, um málsmeðferð við útgáfu starfsleyfis til ökuskóla og ökukennara og afturköllun slíkra starfsleyfa, um framkvæmd ökuprófa, aðstöðu ökuskóla til bóklegrar og verklegrar ökukennslu aðgang að viðeigandi ökutæki til kennslu, um kröfur til kennslufræðilegrar ráðgjafar, um árlega skýrslugjöf ökuskóla til Umferðarstofu og um kynningar- og leiðbeiningarskyldu ökuskóla gagnvart nemendum, eftirlit Umferðarstofu með ökukennslu og ökuskólum og starfstengd námskeið og endurmenntun ökukennara. Er hér að nokkru leyti tekið mið af þeim atriðum sem fram koma í 11.–17. gr. reglugerðar nr. 327/1999.

Um 66. gr.

Greinin fjallar um kennsluakstur undir handleiðslu ökukennara og er efnislega samhljóða 1.–3. mgr. 57. gr. gildandi laga. Hugtakanotkun hefur hér verið nokkuð á reiki og er í frumvarpinu talið rétt að gera greinarmun á kennsluakstri undir handleiðslu ökukennara sem hefur útgefið starfsleyfi sem nú er fjallað um í framangreindum 1.–3. mgr. 57. gr. gildandi laga,

og hins vegar æfingaakstri sem fram fer undir leiðsögn og eftirliti leiðbeinanda, en um það efni er fjallað í nýmæli 67. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er lagt til að lögfest verði það nýmæli að ökunemi þurfi, áður en hann hefur kennsluakstur, að sækja um námsheimild hjá lögreglustjóra. Fer þá fram mat á því hvort ökunemi fullnægi m.a. heilbrigðisskilyrðum b-liðar 2. mgr. 55. gr. og hvort svo sé ástatt um hann sem greinir í 5. mgr. 55. gr., en námsheimild verður ekki gefin út ef svo er að mati lögreglustjóra. Synjun námsheimildar má kæra til ráðuneytis. Er um að ræða stjórnvaldsákvörðun og ber því að fara að reglum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, við úrlausn slíkra mála.

Ákvæði 5. mgr. er að meginstefnu til samhljóða 5. mgr. 57. gr. gildandi laga, þó að gættri breyttri hugtakanotkun.

Um 67. gr.

Samkvæmt 6. mgr. 57. gr. gildandi laga getur ráðherra sett reglur um æfingaakstur án löggilts ökukennara, þar á meðal um lágmarksþjálfun nemanda, enda hafi leiðbeinandinn náð 24 ára aldri, hafi gild réttindi til að stjórna þeim flokki ökutækja og hafi a.m.k. fimm ára reynslu af að aka þannig ökutæki. Um þetta efni er þannig fjallað í 30. og 31. gr. reglugerðar nr. 501/1997 um ökuskírteini, með síðari breytingum, og 2. lið í IV. viðauka við reglugerðina.

Í greininni er nú lagt til að lögfestar verði skýrar efnisreglur um æfingaakstur með leiðbeinanda.

Samkvæmt 1. mgr. er nemanda í grunnökunámi sem hlotið hefur nauðsynlegan undirbúning hjá ökukennara á vegum ökuskóla heimilt að æfa akstur bifreiðar með leiðbeinanda í stað ökukennara, enda hafi leiðbeinandinn fengið til þess leyfi lögreglustjóra. Felld er niður 5. mgr. 57. gr. gildandi laga að ekki megi fara fram æfingaakstur vegna aukinna ökuréttinda, en æfingaakstur er eingöngu heimill í tengslum við grunnökunám. Skilyrði til að veita leyfi til leiðbeinanda samkvæmt greininni er að hann hafi a. náð 24 ára aldri, b. hafi gild ökuréttindi til að stjórna þeim flokki ökutækja sem æfa á akstur með og hafi a.m.k. fimm ára reynslu af að aka þannig ökutæki, og c. hafi ekki á undangengnum tólf mánuðum verið án ökuskírteinis vegna ökuleyfissviptingar. Er þetta ákvæði í að meginstefnu til í samræmi við 2. mgr. 2-liðar IV. viðauka við reglugerð nr. 501/1997.

Í 2. og 3. mgr. er fjallað um tímalengd leyfis til leiðbeinanda og um merkingar ökutækis sem notað er til æfingaaksturs.

Í 4. mgr. er það nýmæli að kveðið er á um að æfingaakstur á bifhjóli skuli fara fram á lokuðu, afmörkuðu svæði þar sem ekki er önnur umferð og leiðbeinandinn getur haft stöðugt eftirlit með nemandanum og veitt honum nauðsynlegar leiðbeiningar.

Í 5. mgr. er mælt svo fyrir að æfingaakstur skuli fara fram með hliðsjón af þjálfun nemandans og leiðbeiningum sem Umferðarstofa gefur út. Um æfingaakstur með leiðbeinanda gildi að öðru leyti, eftir því sem við á, ákvæði 66. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 7. mgr. er lagt bann við því að leiðbeinandi taki endurgjald fyrir starf sitt. Leiðbeinendur hafa aðeins leyfi til að sinna æfingaakstri tímabundið og er gjarnan um að ræða foreldra eða önnur skyldmenni sem sinna þessu hlutverki. Ekki er því ætlast til þess að leiðbeinendur veiti reglubundna þjónustu í þessum efnum og taki fyrir hana þóknun. Hafi hlutaðeigandi áhuga á slíku ber honum að æskja starfsleyfis sem ökukennari í samræmi við reglur þar um.

Um XII. kafla.

Í þessum kafla er fjallað almennt um kröfur til gerðar, búnaðar og skráningar ökutækja, eins og gert er í VIII. kafla gildandi laga. Með tilliti til þess að í gildandi ákvæðum VIII. kafla er að verulegu leyti að finna reglugerðarheimildir ráðherra til að setja nánari fyrirmæli um þessi efni er lagt til að ákvæði kaflans sæti þónokkrum efnisbreytingum. Lagt er til að Umferðarstofu verði falið að setja reglur um gerð og búnað ökutækja enda lúta þær fyrst og fremst að tæknilegum kröfum sem gerðar eru til ökutækja.

Um 68. gr.

Ákvæði 1.–4. mgr. eru efnislega samhljóða 59. gr. gildandi laga. Þó eru gerðar ákveðnar orðalagsbreytingar á 2. mgr. og ítrekað að eigandi eða umráðamaður ökutækis beri ábyrgð á því að ökutækið sé í lögmæltu ástandi skv. 1. mgr. og í samræmi við reglur sem Umferðarstofa setur um gerð og búnað ökutækja á grundvelli 5. mgr. greinarinnar. Þá er lagt til í síðari málslið 2. mgr. að lögfest verði það nýmæli að þegar umráð ökutækis byggist á eignarleigusamningi um hlutaðeigandi ökutæki beri umráðamaður þess einn ábyrgðina skv. 2. mgr. Er þá horft til þess sem er tíðkanlegt að ökutæki er keypt með því að gerður er um kaupin eignarleigusamningur við fjármálafyrirtæki sem skráð er sem eigandi ökutækisins, en kaupandi telst þá aðeins umráðamaður. Við þær aðstæður er eðlilegt að hin lögbundna skylda til að haga ástandi ökutækisins í samræmi við gildandi reglur hvíli á umráðamanni. Er þessi tillaga einnig í samræmi við samsvarandi tillögu sem lögð er til í 72. gr. frumvarpsins um skyldu til að færa ökutæki til reglubundinnar skoðunar.

Það nýmæli er í 5. mgr. ákvæðisins að gert er ráð fyrir að Umferðarstofu verði falið að setja reglur um gerð og búnað ökutækja. Þar er gert ráð fyrir að tæknikröfur til gerðar og búnaðar ökutækja, sem að mestu leyti byggjast á gerðum Evrópusambandsins og miða að samræmingu krafna um gerð og búnað ökutækja á Evrópska efnahagssvæðinu, verði settar í reglur sem Umferðarstofu er falið að útfæra.

Um 69. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 62. gr. gildandi laga. Breytingar markast af því að tengitæki fellur nú undir skilgreiningu á eftirvagni, sbr. 3. gr., og er því fellt út úr greininni.

Um 70. gr.

Greinin fjallar um skráningarskyldu ökutækja. Lagt er til að gerð verði breyting frá fyrirkomulagi 63. gr. gildandi laga. Byggt verði á því meginstefnumiði að öll vélknúin ökutæki, sem ætluð eru til notkunar á vegum í almennri umferð, sbr. 1. gr. frumvarpsins, svo og á snjó eða hjarni, séu skráð og á þau sett viðeigandi skráningarmerki. Á það líka við um vinnuvélar og eftirvagna sem eru minni en 750 kg að heildarþyngd (jeppakerrur). Þá verði viðhaldið gildandi reglum um að sama gildi um dráttarvél, eftirvagn bifreiðar eða dráttarvélar, svo og hjólhýsi og tjaldvagn. Eigi þurfi þó að skrá eftirvagn bifreiðar eða dráttarvélar sem alfarið eru notaðar utan opinberra vega. Sérstök athygli er vakin á því að gert er ráð fyrir að eftirvagn minni en 750 kg að heildarþyngd (jeppakerra) og vinnuvél sem notuð er á vegi í almennri umferð verði skráð, gagnstætt því sem er í gildandi umferðarlögum. Með þessu fyrirkomulagi er lagður grundvöllur að vátryggingarskyldu slíkra ökutækja sem miðast fyrst og fremst við notkun þess en ekki eiginleika eða tegund.

Í 2. mgr. er tekið fram að beltabifhjól skuli vera skráningarskylt. Undir það hugtak fellur bifhjól, búið beltum og eftir atvikum stýrimeið/stýrihjóli sem er innan við 400 kg að eigin þyngd, en slík ökutæki eru einkum ætluð til aksturs á snjó eða hjarni. Í reglugerð nr. 822/

2004 um gerð og búnað ökutækja er beltabifhjól flokkað sem torfærutæki en samkvæmt gildandi lögum má ekki aka torfærutæki á vegi, og er ekki gert ráð fyrir að breyting verði á því fyrirkomulagi.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir þeim möguleika að ráðherra geti í reglugerð mælt fyrir um skráningu annarra ökutækja en þeirra sem skráningarskyld eru skv. 1. og 2. mgr. Ráðherra geti og ákveðið að ekki þurfi að skrá skráningarskyld ökutæki, sem nær eingöngu eru notuð utan almennrar umferðar. Skuli þá kveða á um það svæði þar sem nota má ökutækið.

4. mgr. er efnislega samhljóða 64. gr. gildandi laga.

Í 5. mgr. er kveðið á um reglugerðarheimild ráðherra vegna notkunar ökutækis sem skráð er erlendis og ökutækis í eigu erlends ríkis, þar á meðal hvernig og hvenær beri að skrá það hér.

Um 71. gr.

Greinin er að meginstefnu til samhljóða 64. gr. a gildandi laga um heimild eiganda ökutækis til að velja tiltekna bókstafi og tölustarfi á skráningarmerki ökutækisins, þ.e. svokölluð einkamerki. Gert er ráð fyrir að heimildin sjálf komi fram í 1. mgr. greinarinnar, en nú kemur hún aðeins fram í 34. gr. reglugerðar nr. 751/2003 um skráningu ökutækja, með síðari breytingum. Áfram verður ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einkamerki, sbr. 3. mgr. Ákvæði 2. mgr. er að mestu samhljóða 2. mgr. 64. gr. a gildandi laga. Lagt er til að gjaldið hækki úr 25.000 kr. í 50.000 kr. en það hefur verið óbreytt frá því að lög nr. 36/1996, um breytingu á umferðarlögum, tóku gildi vorið 1996.

Það skal tekið fram að með 4. gr. laga nr. 69/2007 var bætt við ákvæði 64. gr. a gildandi laga nýjum 2. og 3. málsl. 2. mgr. þar sem mælt var svo fyrir að réttur til einkamerkis gildi í átta ár og að skráður eigandi ökutækis skuli fram að 65 ára aldri greiða sama gjald vegna endurnýjunar á rétti til einkamerkis. Áður var aðeins gert ráð fyrir því í c-lið 4. mgr. 26. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja, nr. 751/2003, að réttur til einkamerkis skyldi endurnýjaður á átta ára fresti og að fyrir endurnýjun skyldi greiða sérstakt gjald. Var talið að af lögmætisreglu íslensks réttar leiddi að nauðsynlegt væri að slíkt ákvæði væri í umferðarlögum. Var þessi breyting gerð til samræmis við álit umboðsmanns Alþingis frá 13. febrúar 2007 í máli nr. 4843/2006. Þá þótti sanngjarnt að ökumenn 65 ára og eldri væru undanþegnir gjaldi vegna endurnýjunar á rétti til einkamerkis. Tekið er fram í lögskýringargögnum sem eru að baki lögum nr. 69/2007 að frá 65 ára aldri fái ökumenn ökuskírteini útgefin til ákveðins tíma og eftir 80 ára aldur sé þeim gert að endurnýja ökuskírteini sitt árlega. Með hliðsjón af framangreindu þótti eðlilegt að einstaklingar á þessu aldursskeiði þyrftu ekki að greiða fyrir rétt til einkamerkis þar sem ökuskírteini þeirra gildir í skemmri tíma en átta ár.

Um 72. gr.

Í greininni er fjallað um skyldu til að færa ökutæki til reglubundinnar skoðunar, sbr. 67. gr. gildandi laga, sbr. breytingu með lögum nr. 65/2008.

Ákvæði 1. mgr. 67. gr. gildandi laga mælir aðeins fyrir um heimild ráðherra til að setja reglur um skoðun skráningarskyldra ökutækja, þar á meðal um hverjir annist skoðun þeirra, hve oft, hvar og hvenær almenn skoðun skuli fara fram og að öðru leyti um framkvæmd hennar. Þessi framsetning er ófullnægjandi, enda er nauðsynlegt að skylda til að færa ökutæki til skoðunar sé lögbundin, ekki síst þegar sérstakt gjald getur komið til vegna vanrækslu á að gæta þeirrar skyldu, sbr. 2.–4. mgr. 67. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 65/2008. Með þetta í huga er lagt til að lögfest verði fortakslaus og hlutlæg skylda í 1. mgr. til að færa ökutæki, skráð hér á landi, til reglubundinnar almennrar skoðunar (aðalskoðunar).

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði með skýrum hætti á um það að eigandi (umráðamaður) ökutækis beri ábyrgð á því að ökutæki sé fært til skoðunar í samræmi við 1. mgr. Í samræmi við þær röksemdir, sem fram koma í athugasemdum við 68. gr., er þó sérstaklega gert ráð fyrir því að þegar umráð ökutækis byggjast á eignarleigusamningi um hlutaðeigandi ökutæki beri umráðamaður þess einn ábyrgðina samkvæmt þessari málsgrein. Er þetta ákvæði í samræmi við 2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 8/2009.

Með 3. mgr. er lagt til að ráðherra verði falið að setja í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði aðalskoðunar skv. 1. mgr. Þá setji ráðherra þar ákvæði um skilyrði annarra tegunda skoðunar, þar á meðal skoðunar við afhendingu skráningarmerkja, skráningarskoðunar, vegaskoðunar, skoðunar ökutækis sem skráð er til flutnings á hættulegum farmi (ADR-skoðunar), skoðunar vegna breytingar á ökutæki og endurskoðunar. Í reglugerðinni skuli ráðherra einnig mæla fyrir um hvernig skoðun skuli fara fram, um skoðunarstofur og endurskoðunarverkstæði og um álagningu og innheimtu vanrækslugjalds, sbr. 5.–7. mgr. greinarinnar. Um þessi efni er nú fjallað í áðurnefndri reglugerð nr. 8/2009 um skoðun ökutækja og er með ákvæði þessu leitast við að styrkja lagagrundvöll þeirra efnisákvæða sem fram koma í reglugerðinni.

Með 4. mgr. er lögfest sú heimild lögreglu að krefjast þess að ökutæki, sem stöðvað er, sé fært til sérstakrar skoðunar hjá skoðunarstofu reynist ástand ökutækisins ekki vera í lögmæltu ástandi. Kemur þetta ákvæði nú fram í 14. gr. reglugerðar nr. 8/2009 en rétt er að það sé lögfest.

Í 5.–7. mgr. er fjallað um svokallað vanrækslugjald, en um það er nú fjallað í 2.–4. mgr. 67. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 65/2008. Í ákvæðum frumvarpsins er þó lagt til að gerðar verði ákveðnar breytingar á gildandi ákvæðum. Þannig er með a-lið 5. mgr. skýrt tekið fram að leggja skuli á umrætt gjald við aðalskoðun eða endurskoðun ef ökutæki er ekki fært til aðalskoðunar fyrir lok annars mánaðar frá því er ökutækið skyldi fært til aðalskoðunar samkvæmt ákvæðum reglugerðar, sbr. 3. mgr. 72. gr. frumvarpsins. Þá er með b-lið 5. mgr. lagt til að sama gildi ef ökutæki er ekki fært til endurskoðunar þegar liðinn er mánuður frá lokum þess mánaðar er ökutækið skyldi fært til endurskoðunar samkvæmt ákvörðun skoðunarmanns samkvæmt ákvæðum reglugerðar, sbr. 3. mgr. 72. gr. frumvarpsins.

Með 1. málsl. 6. mgr. er áfram lagt til að vanrækslugjald nemi 15.000 kr. Með 2. málsl. er lagt til að skýrt verði mælt fyrir um að lækka skuli gjaldið í 7.500 kr. sé gjaldið greitt og ökutæki fært til skoðunar, eftir atvikum aðalskoðunar eða endurskoðunar, innan mánaðar frá því að það var lagt á. Í 3. málsl. 6. mgr. er áfram gert ráð fyrir því að heimilt sé að hækka gjaldið um allt að 100% verði það ekki greitt við skoðun eða endurskoðun sé þess krafist. Gjaldið geti þó að hámarki orðið 30.000 kr., sbr. 3. mgr. 67. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 65/2008.

Ákvæði 7. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 67. gr. gildandi laga.

Um 73. gr.

Greinin er samhljóða 69. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að í stað „löggæslumanns“ sé við það miðað að „lögreglan“ hafi ein þá heimild til að taka skráningarmerki af ökutæki við þær aðstæður sem fjallað er um í ákvæðinu. Er það ekki breyting frá framkvæmd gildandi laga.

Um 74. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 71. gr. gildandi laga. Þess skal getið að á grundvelli 7. mgr. 71. gr. gildandi laga hefur ráðherra sett reglugerð nr. 348/2007 um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum sem m.a. er sett til innleiðingar á tilskipun ráðsins nr. 91/671/EBE frá 16. desember 1991 um skyldubundna notkun öryggisbelta- og aðhaldsbúnaðar fyrir

börn í ökutækjum og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/20/EB um breytingu á áðurgreindri tilskipun frá 1991. Í 5. gr. reglugerðar nr. 348/2007 er fjallað í sex liðum um undanþágur frá notkun öryggisbeltis.

.

Um 75. gr.

Lagt er til að gerð verði sú breyting á gildandi lögum að ákvæði núgildandi 72. gr. taki í grein þessari til bifhjóla og allra annarra vélknúinna ökutækja á ferð sem eru opin og án verndarbúnaðar, svo sem beltabifhjóla. Þar sem gert er ráð fyrir því að ákvæðið eigi aðeins við um þau tæki sem eru án verndarbúnaðar tekur ákvæðið ekki til blæjubíla, þótt opnir séu, sem búnir eru öryggisbeltum, sbr. 74. gr. frumvarpsins.

Í fyrri málslið 1. mgr. er lagt til að hver sá sem er á ferð á bifhjóli eða öðru vélknúnu ökutæki án verndarbúnaðar, skuli nota hlífðarhjálm sem sérstaklega er ætlaður til slíkra nota og er það óbreytt frá 1. mgr. 72. gr. Ekki þykir þörf á að tiltaka að sama eigi við um þann sem er á hliðarvagni bifhjóls (eða eftirvagni tengitækis).

Í síðari málslið 1. gr. er lagt til að ökumaður, sbr. 1. málsl., beri ábyrgð á að farþegi noti hlífðarhjálm, en í 2. mgr. gildandi laga nær ákvæðið einungis til farþega sem eru 15 ára eða yngri.

Við umfjöllun um 2. mgr. ber að hafa í huga að með a-lið 1. gr. laga nr. 83/2007 var tveimur nýjum málsliðum bætt við í 1. mgr. 72. gr. gildandi laga. Þar er svo fyrir mælt að hver sá sem sé á bifhjóli skuli nota viðurkenndan lágmarkshlífðarfatnað ætlaðan til slíkra nota. Sama sé um þann sem er á hliðarvagni, eftirvagni eða tengitæki bifhjóls. Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 83/2007 er m.a. rakið að Bifhjólasamtökin Sniglarnir hafi barist fyrir umræddri lagabreytingu enda hafi bifhjólum á undanförnum árum fjölgað mjög hér landi sem annars staðar. Með bættu vegakerfi og auknum hraða hafi alvarlegum slysum og banaslysum fjölgað í umferðinni. Við þessu þurfi að bregðast með öllum tiltækum ráðum. Slys á ökumönnum og farþegum geti orðið mjög alvarleg. Vörn sem bifhjól veiti í slysum sé ekki í líkingu við þá vörn sem ökumenn og farþegar bifreiða hljóti af sínum ökutækjum. Þegar bifhjólaslys verði kastist bifhjólafólk nær undantekningarlaust af bifhjólinu og lendi á götunni eða í nánasta umhverfi. Af þessu leiði að hlífðarfatnaður sé mikilvægasti öryggisbúnaður bifhjólafólks og geti skipt sköpum um meiðsli ef slys verður.

Eftir að þessi ákvæði komu inn í gildandi umferðarlög hafa forsvarsmenn bifhjólamanna breytt um stefnu og fært fyrir því rök að lögbundin skylda til að klæðast hlífðarfatnaði við almennan akstur bifhjóla sé í raun óframkvæmanleg og hafa þeir því sett sig upp á móti slíku ákvæði í umferðarlögum. Engu síður er það mat hagsmunaaðila að æskilegt sé að bifhjólamenn klæðist slíkum fatnaði og er stöðugum áróðri haldið uppi af hálfu samtaka bifhjólamanna í þessu skyni. Að þeirra mati eiga önnur sjónarmið hins vegar við um akstur óvarinna ökumanna í atvinnuskyni eða þeirra sem taka þátt í keppnisþróttum tengdum slíkum tækjum.

Að teknu tilliti til framangreindra röksemda og að vandlega skoðuðu máli er lagt til í 2. mgr. að ökumaður og farþegi sem falla undir 1. mgr. skuli, eftir því sem við á, nota annan hlífðarfatnað og búnað (þ.e. annan en hlífðarhjálm). Rétt þykir að gera greinarmun á fortakslausri skyldu til að nota hlífðarhjálm í 1 mgr. annars vegar og notkun á hlífðarfatnaði og búnaði eftir því sem við á hins vegar, sbr. 2. mgr. Með þessu er áréttað að ökumaður og farþegi bifhjóls skuli klæðast þeim búnaði sem hæfir viðkomandi akstri og fellur slíkur fatnaður og búnaður þannig í flokk með öryggisbúnaði og verndarbúnaði. Ekki er gert ráð fyrir að brot á 2. mgr. leiði til sektargreiðslu.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 72. gr. gildandi laga.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 5. mgr. 72. gr. gildandi laga með þeirri breytingu að krafa um notkun öryggisbeltis á bifhjóli eigi við um bifhjól sem eru með veltigrind.

Gert er ráð fyrir í 5. mgr. að ráðherra setji nánari reglur um flokkun, notkun og kröfur til hlífðarfatnaðar og annars hlífðarbúnaðar ökumanna og farþega bifhjóla og annarra vélknúinna ökutækja án verndarbúnaðar, sbr. 2. mgr. Í því sambandi ber að líta til þess að hlífðarfatnaður og búnaður sem fellur undir 2. mgr. eru t.d. hlífðarhanskar, öryggisskór og skyggni (visor), en flestir staðlar sem gilda um fatnað og búnað bifhjólamanna ná eingöngu til útbúnaðar atvinnu- og keppnisökumanna.

Ákvæði 6. mgr. er samhljóða 4. mgr. 72. gr. gildandi laga.

Um 76. gr.

Samkvæmt 72. gr. a gildandi laga, sbr. 22. gr. laga nr. 44/1993 og 1. gr. laga nr. 132/2003, getur ráðherra sett reglur um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar. Í reglum nr. 631/1999 um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar barna er slík skylda lögð á börn yngri en 15 ára. Með 76. gr. frumvarpsins er lagt til að efnisákvæði framangreindra reglna nr. 631/1999 verði lögfestar í samræmi við eitt af meginmarkmiðun frumvarpsins um að helstu hátternisreglur, sem nú er aðeins að finna í stjórnvaldsfyrirmælum, séu lögbundnar.

2. og 3. mgr. eru óbreyttar frá orðalagi í 2. gr. reglna nr. 631/1999.

4. mgr. er nýmæli, en lagt er til að ráðherra verði veitt heimild til að setja ákvæði í reglugerð um hvers konar öryggis- og verndarbúnað hjólreiðamanna og annarra óvarinna vegfarenda. Hér gæti t.d. verið um að ræða frekari útfærslu á notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar, svo og um endurskinsfatnað og annan búnað til að gera gangandi og hjólandi vegfarendur sýnilegri í umferðinni og um kröfur til slíks búnaðar. Undir þennan lið fellur enn fremur heimild til að kveða á um endurskin fyrir hestamenn og hesta í reglugerð, en samsvarandi reglugerðarheimild er í 7. mgr. 32. gr. gildandi laga. Tekið skal fram að bifhjólamenn geta fallið undir hugtakið „óvarðir vegfarendur“ en reglur um hlífðar- og verndarbúnað þeirra er að finna í 75. gr. frumvarpsins.

Um XIV. kafla.

Kaflinn fjallar um flutning á farmi, hleðslu ökutækis og þyngd þess og stærð, sbr. X. kafla gildandi laga. Lagt er til að gerðar verði ákveðnar grundvallarbreytingar á ákvæðum kaflans eins og nánar verður rakið í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 77. gr.

Ákvæði greinarinnar svara að meginstefnu til 73. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að lögfestur verði nýr málsliður í upphafi 1. mgr. þar sem mælt er fyrir um þá almennu skyldu að farm ökutækis skuli skorða tryggilega og festa við ökutækið. Kemur þessi meginregla nú fram í fyrri málslið 2. gr. reglugerðar nr. 554/2003 um hleðslu, frágang og merkingu farms. Sem fyrr er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um hleðslu og frágang farms og skyldu til að breiða yfir farm og svo og hvernig auðkenna skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm, sbr. fyrri málslið 4. mgr. greinarinnar. Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð um öryggisráðstafanir við flutning á farþegum, sbr. nú 74. gr. gildandi laga.

Um 78. gr.

Samkvæmt 5. mgr. 73. gr. gildandi laga getur ráðherra sett reglur um flutning hættulegra efna eða tækja, þar á meðal um skyldu til að kaupa vátryggingu er bæti tjón vegna flutnings þeirra, sbr. nú reglugerð nr. 984/2000 um flutning á hættulegum farmi, með síðari breytingum. Engar sérstakar hátternisreglur um þessi efni koma fram í gildandi lögum. Lagt er til að á því verði gerð breyting.

Í fyrri málslið 1. mgr. 78. gr. frumvarpsins er lagt til að mælt verði almennt fyrir um að um flutning á hættulegum farmi á landi skuli fara eftir reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. greinarinnar Þá er í síðari málslið sömu málsgreinar skilgreint hvað felst í hugtakinu „flutningur“ samkvæmt fyrri málsliðnum.

Í 2. mgr. er lögð varúðarskylda á þá sem flytja hættulegan farm í merkingu 1. mgr. Þá er gert skylt að huga að því, áður en hættulegur farmur er fluttur, að umbúðir og merking farmsins sé fullnægjandi. Ökutæki og búnaður, sem notaður er við flutninginn, skulu jafnframt vera í þannig ástandi að ekki stafi hætta af. Þá má ekki afhenda hættulegan farm til flutnings þeim sem ljóst er að ekki hefur kunnáttu eða búnað til þess að flytja farminn svo fyllsta öryggis sé gætt.

Í 3. mgr. er að finna meginákvæði um eftirlit með flutningi á hættulegum farmi. Samkvæmt fyrri málslið verður það verkefni lögreglu að hafa eftirlit með sjálfum flutningnum á hættulegum farmi og er það undantekning frá ákvæðum 89. gr. frumvarpsins um að eftirlit með hleðslu, frágangi og merkingu farms sé í höndum eftirlitsmanna Vegagerðarinnar, sjá nánar skýringar við það ákvæði. Umferðarstofa gætir þess að búnaður ökutækis sé í samræmi við reglur skv. 5. mgr. þegar ökutæki er skráð til flutnings á hættulegum farmi.

Í 4. mgr. er það nýmæli að lagt er til að samningur Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi á landi, ADR-samningurinn svokallaði, verði birtur á vefsvæði Umferðarstofu ásamt viðaukum A og B sem skulu uppfærðir jafnóðum og þeir breytast, en það er á tveggja ára fresti. Þannig er tryggt að nýjasta útgáfa samningsins og viðaukanna sé ætíð aðgengileg fyrir þá sem koma að flutningi á hættulegum farmi á landi.

Eftir sem áður verður áfram að gera ráð fyrir reglusetningarheimild ráðherra um flutning á hættulegum farmi, m.a. á grundvelli þjóðréttarlegra skuldbindinga íslenska ríkisins á þessu sviði. Er þannig mælt svo fyrir í 5. mgr. 78. gr. frumvarpsins að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um flutning á hættulegum farmi skv. 1. mgr., þar á meðal um flokkun hættulegs farms, öryggisbúnað, ábyrgð og skyldur, öryggisráðgjafa, réttindi (ADR-réttindi) sem ökumaður skal hafa til að annast flutning á hættulegum farmi og eftirlit. Eru þetta mun ítarlegri efnisheimildir en er nú að finna í 5. mgr. 73. gr. gildandi laga.

Um 79. gr.

Í greininni er að finna sérstakar reglur um akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja. Um þessi efni er nú fjallað í 75. og 76. gr. gildandi laga og reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja.

Samkvæmt 1. mgr. er lögð sú almenna skylda á ökumann ökutækis, sem fjallað er um í reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. greinarinnar, að sýna sérstaka varúð í umferðinni með tilliti til stærðar og þunga ökutækisins og skuli hann víkja greiðlega fyrir öðrum og nema staðar ef þörf krefur. Með þessari framsetningu er gert ráð fyrir því, eins og nú er, að í reglum sem ráðherra setur komi fram nánari flokkanir á þeim tegundum ökutækja með tilliti til lengdar, breiddar, hæðar og þunga sem lúta þeim sérstöku efnisreglum sem fram koma í greininni.

Samkvæmt 2. mgr. skal ökumaður ökutækis skv. 1. mgr. við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínu eða við svipaðar aðstæður ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að hætta stafi af eða eignatjón. Er um að ræða samsvarandi reglu og fram kemur í 2. mgr. 75. gr. gildandi laga.

Ákvæði 3. og 4. mgr. eru efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 76. gr. gildandi laga, að því undanskildu að í 4. mgr. er lagt til að það verði í höndum Vegagerðarinnar einnar, en ekki veghaldara, ef um annan aðila er að ræða, að veita undanþágur frá reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. Er það og í samræmi við það eftirlits- og sektarhlutverk sem Vegagerðinni verður fengið á þessu sviði með ákvæðum XVI. og XVII. kafla frumvarpsins.

Í 5. mgr. er að finna reglugerðarheimild ráðherra þar sem saman er mælt fyrir um þær heimildir sem nú er að finna í 1. og 3. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. gildandi laga. Jafnframt er gert ráð fyrir að það verði í höndum Vegagerðarinnar að meta þörf á aðstoð lögreglu við flutning og kalla hana til ef þörf krefur.

Í 6. mgr. er kveðið á um heimild til gjaldtöku vegna kostnaðar við veitingu undanþágu og eftirlit með að skilyrði séu uppfyllt og enn fremur vegna aðstoðar lögreglu og Vegagerðarinnar við flutning sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Um 80. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 79. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að gerð verði smávægileg breyting á orðalagi þannig að heimild lögreglu til að stjórna umferð þar sem hún telur þess þörf verði fortakslausari í lagatextanum.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 1. mgr. 80. gr. gildandi laga.

Reglugerðarheimildir 2. og 3. mgr. 79. gr. og 2. mgr. 80. gr. gildandi laga er nú að finna saman í 3. mgr. greinarinnar.

Um 81. gr.

Hér er í fyrsta lagi lagt til að felld verði niður ákvæði 1. mgr. 81. gr. gildandi laga sem mælir fyrir um að vegamálastjóri ákveði hvaða þjóðvegir utan þéttbýlis skuli teljast til aðalbrauta þar sem umferð hefur forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr. laganna. Ljóst er að hugtakið „aðalbraut“ á sér hvorki skírskotun í gildandi lögum að öðru leyti né í vegalögum, nr. 80/2007, sbr. 8. gr. þeirra laga um þjóðvegi. Þá er í annan stað ekki ástæða til að hafa ákvæði af þessu tagi í umferðarlögum sem í eðli sínu kveður á um heimildir veghaldara til að skilgreina eðli og tegund vegar utan þéttbýlis.

Í 1. mgr. er ákvæði 2. mgr. 81. gr. gildandi laga, en lagt til að það sé veghaldari sem kveði á um varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar að höfðu samráði við sveitarstjórn og lögreglu.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Vegagerðin ákveði hraðamörk skv. 36. gr., ef um þjóðveg utan þéttbýlis er að ræða, en í þéttbýli skal veghaldari leita umsagnar sveitastjórnar og lögreglu skv. 3. mgr.. Ef ákvörðun um hraðamörk lýtur að þjóðvegi sem fer um fleiri en eitt lögregluumdæmi, sbr. 6. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, ber að óska eftir umsögnum frá hlutaðeigandi lögreglustjórum.

Í 4. mgr. er lagt til að varanlegar ákvarðanir um stöðvun og lagningu ökutækja, sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafla, megi birta á vefsíðu Vegagerðarinnar eða með öðrum tryggum hætti.

Um 82. gr.

Ákvæði 1. mgr. er að hluta til samhljóða 82. gr. gildandi laga, en lagt er til að það verði samræmt 2. mgr. 48. gr. vegalaga, nr. 80/2007, þar sem eðlilegt er að regla af þessu tagi, sem felur í sér heimild veghaldara til að hafa áhrif til takmörkunar eða banns við umferð á vegi, komi fram í umferðarlögum. Jafnframt er lagt til að veghaldari hafi samráð bæði við lögreglu og almannavarnanefnd, þegar það á við, vegna ákvörðunar um takmörkun eða bann við umferð um stundarsakir á vegi, sem hættulegur er vegna skemmda eða af öðrum orsökum, þar til viðgerð er lokið. Í lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, er fjallað um starfsemi almannavarnanefnda og vísast til þeirra laga um aðkomu almannavarnanefndar að ákvörðunum sem falla undir 1. mgr.

Það nýmæli er lagt til í 2. mgr. að sveitarstjórn og Vegagerðin geti bannað umferð um stundarsakir vegna mengunar sem er yfir leyfilegum mörkum samkvæmt viðmiðum. Er hér aðallega átt við svifryksmengun. Eins og fram kemur í IV. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið orsakar umferð ökutækja um 20% af heildarútblæstri gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Í þéttbýli hefur ítrekað komið upp sú staða að mengun frá útblæstri ökutækja fer yfir leyfileg mörk. Því þurfa veghaldari eða sveitarstjórn að hafa möguleika á að grípa til ráðstafana til að draga úr slíkri mengun til að vernda heilsu almennings. Til grundvallar slíkum takmörkunum verða þó að liggja haldbærir útreikningar sérfræðinga á þörf fyrir slíkar umferðartakmarkanir.

Í 3. mgr. eru talin upp úrræði og takmarkanir sem unnt er að grípa til í því skyni að draga úr mengun frá ökutækjum, en lögð skal áhersla á að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða og er gert ráð fyrir heimild til nánari útfærslu á ákvæðinu í reglugerð, sbr. 5. mgr.

4. mgr. er nýmæli en þar er lagt til að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða gjald allt að 20.000 kr. sem lagt er á eiganda eða umráðamann ökutækis sem ekur með negldum hjólbörðum. Þessu ákvæði er ætlað annars vegar að minnka notkun negldra hjólbarða til að koma í veg fyrir mengun vegna svifryks og hins vegar að standa straum af kostnaði sveitarfélags vegna slits á götum sem óhjákvæmilega á sér stað við notkun negldra hjólbarða. Sjá nánar umfjöllun um notkun negldra hjólbarða í IV. kafla almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Gert er ráð fyrir að ökumenn ökutækja sem aka inn á svæði þar sem gjaldskylda er fyrir hendi geti keypt leyfi fyrir einstakt skipti í stað þess að þurfa að kaupa leyfi fyrir það tímabil sem notkun negldra hjólbarða er heimil.

Í 5. mgr. er kveðið á um reglugerðarheimild ráðherra til takmörkunar á umferð vegna mengunar og frekari útfærslu á 1.–3. mgr., sbr. athugasemdir hér að ofan, svo og reglugerð sem ráðherra setur vegna gjaldtöku á notkun negldra hjólbarða.

Um 83. gr.

Ákvæðið fjallar um stöðukort og stöðureiti og er efnislega samhljóða 83. gr. gildandi laga.

Um 84. gr.

Í 78. gr. a gildandi laga er mælt fyrir um heimild ráðherra til að setja reglur um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja, þar á meðal reglum um notkun stöðureita og gjald fyrir hana. Á þeim grundvelli hefur verið sett reglugerð nr. 369/2000 um útgáfu og notkun stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, með síðari breytingum.

Með ákvæði þessu er lagt til að lögfest verði nýmæli þar sem í lögunum sjálfum verði mælt fyrir um helstu efnisreglur um stæðiskort fyrir hreyfihamlaða, enda fela þessar reglur í sér undanþágur frá almennum reglum um bann við stöðvun og lagningu ökutækja. Koma þessar reglur nú fram í áðurnefndri reglugerð nr. 369/2000, en áfram verður gert ráð fyrir því

að ráðherra hafi heimild til að mæla nánar fyrir um þessi atriði í reglugerð, sbr. 6. mgr. greinarinnar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. er samhljóða 1. gr. reglugerðar nr. 369/2000.

Um 85. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. samsvarar 85. gr. gildandi laga, en lagt er til að veghaldari komi í stað lögreglustjóra í greininni. Í 4. mgr. er að finna þá reglugerðarheimild um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa, hljóðmerkja o.fl. sem er að finna í 84. gr. gildandi laga.

Um 86. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 86. gr. gildandi laga og fjallar um skyldu þess sem stjórnar vegavinnu að merkja stað á fullnægjandi hátt. Í 2. málsl. er kveðið upp úr um að veghaldari beri ábyrgð á merkingum vega, en hann geti með samningi falið þeim sem annast framkvæmd við veg að setja upp fullnægjandi merkingar. Það skal ítrekað, sbr. athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins, að hugtakið veghaldari er skilgreint í 6. tölul. 3. gr. vegalaga, nr. 80/2007, þannig: „Sá aðili sem hefur veghald vegar.“ Þá eru veghaldarar nánar upp taldir í 13. gr. sömu laga þannig að Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og sveitarfélög veghaldarar sveitarfélagsvega en eigendur einkavega hafi veghald þeirra.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 3. mgr. 77. gr. gildandi laga að breyttu breytanda.

Í 3. mgr. er lagt til að mælt verði svo fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmdir á eða við veg, m.a. um gerð öryggisáætlunar og um ábyrgð veghaldara og verktaka við að tryggja öryggi á framkvæmdarstað.

Um 87. gr.

Ákvæðið er samhljóða 87. gr. gildandi laga, en lagt er til að notað verði orðið „ljósaskilti“ í stað „ljósabúnaðar“ í 1. mgr. sem þykir gleggra.

Um XVI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um hið almenna vegaeftirlit lögreglu með ástandi, stærð, þyngd og hleðslu ökutækja. Þá er í annan stað að finna efnisreglur um hið sértæka eftirlit Vegagerðarinnar með akstri ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd. Vegagerðin hefur frá gildistöku laga 84/2004, um breytingu á umferðarlögum, haft eftirlit með akstursog hvíldartíma ökumanna og notkun ökurita í því sambandi, svo og með heildarþyngd og ásþunga ökutækja. Eftirlitið hefur að verulegu leyti farið fram í samvinnu við lögregluna þegar stöðva þarf ökutæki og taka skýrslur af ökumönnum. Með lögum nr. 66/2006 var þetta eftirlitshlutverk Vegagerðarinnar styrkt frekar, sbr. 68. gr. gildandi laga, þannig að stofnunin hefur haft á hendi sérhæft eftirlit með tilteknum skýrt afmörkuðum þáttum. Er gildandi heimild bundin við eftirlit sem krefst tiltekins búnaðar og þekkingar á ökutækjum og flutningum, svo sem vigtun ökutækja, álestur og úrvinnslu gagna úr ökuritum og skoðun á frágangi farms og hleðslu.

Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 66/2006, sem fólu í sér tilteknar breytingar á gildandi umferðarlögum, er rakið að mikilvægt sé að umferðareftirlit á þjóðvegum sé öflugt, ekki síst vegna aukins fjölda ökutækja og aukinna farmflutninga. Miklir hagsmunir séu af því að þungatakmarkanir séu virtar. Of þungar bifreiðar á vegum geti valdið skemmdum á yfirborði og/eða burðarlagi vega. Viðgerð geti verið afar kostnaðarsöm og sé því nauðsynlegt að koma í veg fyrir skemmdir með eftirliti með þunga farmflutningabifreiða.

Með frumvarpi þessu er framangreindri löggjafarstefnu viðhaldið og leitast við að efla enn frekari þátt Vegagerðarinnar í hinu sérhæfða eftirliti sínu með akstri ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn af leyfðri heildarþyngd á vegum landsins. Er þá enn horft til þess sem segir í framangreindum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 66/2006, að skv. 3. gr. tilskipunar 96/96/EB skuli sérhvert aðildarríki taka upp tæknilegt eftirlit á vegum þannig að markmiðum 1. gr. verði náð að því er varðar farmflutningabifreiðir, sem falla undir tilskipunina, með tilliti til innlendra reglna sem eiga við um slík ökutæki samkvæmt tilskipun 96/96/EB. Ákvæði tilskipunarinnar voru innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 680/2002 sem breyting á reglugerð um skoðun ökutækja, nr. 378/1998. Hagkvæmt sé að eftirlit beinist að öllum þeim atriðum sem skoða ber samkvæmt gildandi reglum þegar ökumaður farmflutningabifreiðar hefur sinnt stöðvunarmerki lögreglu eða eftirlitsmanns á vegum úti. Er í því sambandi átt við reglur um þungatakmarkanir, aksturs- og hvíldartíma og frágang farms.

Það er ljóst að gildandi fyrirkomulag, sem lögfest var upphaflega með lögum nr. 84/2004 og síðan breytt í núverandi horf með lögum nr. 66/2006, sbr. 68. gr. gildandi laga, hefur ekki gengið sem skyldi. Fyrir liggur að hið sérhæfða eftirlit Vegagerðarinnar hefur ekki náð tilgangi sínum að fullu sökum þess að gildandi lög gera ráð fyrir að öll mál, þar sem grunur leikur á um brot á þeim reglum sem Vegagerðinni er ætlað að fylgjast með skv. 68. gr. gildandi laga, skuli send lögreglu í hefðbundinn farveg sakamála.

Að þessu virtu er með ákvæðum í þessum kafla frumvarpsins og XVII. kafla um stjórnvaldssektir Vegagerðarinnar vegna ýmissa brota ökumanna sem aka ökutækjum sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd lagt til að gerð verði sú grundvallarbreyting frá gildandi lögum að brot á ákvæðum laganna um aksturs- og hvíldartíma ökumanna um stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækja, um búnað slíkra ökutækja og um hleðslu, frágang og merkingu farms, að undanskildum hættulegum farmi, sbr. 78. gr., skuli almennt séð ekki sæta viðurlögum í formi refsinga, þ.e. fjársekta eða fangelsis, heldur varði slík brot stjórnvaldssektum sem ákveðnar verða af Vegagerðinni í samræmi við eftirlitshlutverk hennar samkvæmt þessari grein. Með því er lagt til að refsikennd viðurlög við brotum af þessum tagi séu sett í farveg hefðbundinna stjórnsýslumála þar sem upphafleg stjórnvaldsákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar sé tekin hjá Vegagerðinni, en að sú ákvörðun sé síðan kæranleg til samgönguráðherra. Er þá horft til þess að brot á umræddum reglum eru í eðli sínu byggð á tiltölulega fastmótuðum og hlutlægum reglum. Þá verður talið að almennu réttaröryggi sé viðhaldið með því að Vegagerðinni verður nú við framkvæmd þessara mála til undirbúnings ákvörðun um hvort leggja skuli á stjórnvaldssekt að fylgja reglum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, m.a. um rannsókn mála og um andmælarétt og upplýsingarétt aðila máls, ásamt óskráðum meginreglum stjórnsýsluréttar, sbr. 2. mgr. 90. gr. frumvarpsins. Má einnig vænta þess að mál af þessu tagi fái með þessu fyrirkomulagi skjótvirkari afgreiðslu. Þá er tryggt að ákvörðun Vegagerðarinnar um álagningu stjórnvaldssektar geti hverju sinni fengið endurskoðun á grundvelli stjórnsýslukæru hjá viðkomandi ráðuneyti, eins og fyrr greinir, sbr. nánar 6. mgr. 92. gr. frumvarpsins. Ef aðili máls er áfram ósáttur við lúkningu slíkra mála getur hann í samræmi við grundvallarreglur íslensks réttar, sbr. 60. gr. og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, skotið máli til dómstóla eða leitað til umboðsmanns Alþingis, sbr. lög nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Um 88. gr.

Ákvæði 1. mgr. er að meginstefnu til samhljóða 1. mgr. 68. gr. gildandi laga. Þó er áréttað að lögreglan hefur eftirlit með því hvort gætt hafi verið reglna 78. gr. um flutning á hættulegum farmi, sbr. 3. mgr. þeirrar greinar. Ekki er hróflað við því fyrirkomulagi samkvæmt

gildandi lögum að almennt umferðareftirlit í þéttbýli og á þjóðvegunum sé sem fyrr eitt af meginviðfangsefnum lögreglunnar.

Ákvæði 2. mgr. tekur mið af þeirri kerfisbreytingu sem rakin er í meginatriðum í athugasemdum við XVI. kafla. Er þannig gert ráð fyrir því að skýr skil verði á milli hins almenna vegaeftirlits lögreglu er lýtur að ástandi, stærð, þyngd og hleðslu ökutækja og hins sértæka eftirlits Vegagerðarinnar með akstri ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd. Að undanskildu eftirliti með flutningi á hættulegum farmi, sbr. 78. gr. frumvarpsins, verður það verkefni eftirlitsmanna Vegagerðarinnar að hafa eftirlit með því hvort gætt hafi verið ákvæða IX. kafla frumvarpsins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, 68. gr. frumvarpsins um búnað ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd, 77. gr. frumvarpsins um hleðslu ökutækja, flutning farms og öryggisráðstafanir við flutning á farþegum og 3. og 4. mgr. 79. gr. frumvarpsins um akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja, eða reglugerða settra á grundvelli þessara ákvæða.

Ákvæði 2. mgr. gerir þannig ráð fyrir því að telji lögregla við framkvæmd hins almenna vegaeftirlits skv. 1. mgr. að ástæða sé til að ætla að í akstri ökutækis, af þeirri gerð sem hér um ræðir, hafi verið brotið gegn framangreindum ákvæðum skuli lögregla kalla til eftirlitsmenn Vegagerðarinnar. Fer þá um athugun einstakra mála af hálfu Vegagerðarinnar með þeim hætti sem greinir í 89.–91. gr. frumvarpsins.

Um 89. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hið sértæka eftirlit Vegagerðarinnar með akstri ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd.

Ákvæði 1. mgr. tekur að nokkru marki mið af 2. mgr. 68. gr. gildandi laga, en hér er gerð tillaga um að heimild eftirlitsmanna Vegagerðarinnar til að stöðva ökutæki af þeirri gerð sem hér um ræðir verði víðtækari en nú er að því leyti að það taki samkvæmt frumvarpsgreininni einnig til athugunar á búnaði slíkra ökutækja, sbr. 68. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. og 3. mgr. er að meginstefnu til samhljóða 4. mgr. 68. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að skylda ökumanns vöruflutninga- eða hópbifreiðar verði víðtækari að því leyti að honum beri skylda til að hlíta því að gerðar verði aðrar þær athuganir af hálfu eftirlitsmanna sem nauðsynlegar kunna að vera vegna eftirlits samkvæmt þessari grein. Ljóst er hins vegar að þeirri heimild verður að beita af varfærni og gæta verður þess að ekki sé gengið lengra hverju sinni en nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 155/2007, um stærð og þyngd ökutækja. Samkvæmt ákvæðinu ber ökumanni að fara eftir fyrirmælum eftirlitsmanns um að létta ökutækið eða gera aðrar ráðstafanir um áframhaldandi akstur þess reynist heildarþyngd eða ásþungi ökutækisins meiri en heimilt er.

Um 90. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um upplýsingaskyldu og andmælarétt ökumanns og flytjanda í tilefni af eftirliti Vegagerðarinnar.

Í 1. mgr. er lagt til að lögfest verði sú fortakslausa skylda ökumanns eða flytjanda að láta Vegagerðinni í té þau gögn sem nauðsynleg þykja til athugunar einstakra mála skv. 2. mgr. 89. gr. Málsgreinin er að öðru leyti samhljóða 5. mgr. 68. gr. gildandi laga, sbr. 12. gr. laga nr. 66/2006.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli sem tekur mið af nýju hlutverki Vegagerðarinnar skv. XVI. kafla frumvarpsins. Ber stofnuninni að gefa aðilum málsins kost á að gæta andmæla áður en tekin er ákvörðun um stjórnvaldssekt skv. 92. gr. frumvarpsins. Er hér um að ræða áréttingu

á grundvallarreglu stjórnsýsluréttar um andmælarétt aðila máls, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, en ákvarðanir Vegagerðarinnar á grundvelli 92. gr. frumvarpsins eru ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í merkingu 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Er þannig einnig áréttað í 2. mgr. 90. gr. að Vegagerðin skuli að öðru leyti gæta ákvæða stjórnsýslulaga við undirbúning slíkra ákvarðana.

Um 91. gr.

Ákvæðið er að meginstefnu til samhljóða 6. mgr. 68. gr. gildandi laga, sbr. 12. gr. laga nr. 66/2006. Áfram er við það miðað að ráðherra setji nánari reglur í reglugerð um hæfi og þjálfun eftirlitsmanna, einkennisbúnað, skilríki, tækjabúnað og framkvæmd eftirlits skv. 89. og 90. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að skýrar reglur liggi fyrir um þessi atriði þannig að eftirlit samkvæmt greininni verði faglegt og virkt, ekki síst með það í huga að eftirlitið er liður í undirbúningi ákvarðana um álagningu stjórnvaldssekta. Þá er lagt til með greininni að reglugerðarheimild ráðherra taki einnig til setningar nánari reglna um málsmeðferð Vegagerðarinnar skv. 89. og 90. gr. frumvarpsins.

Um XVII. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um heimildir Vegagerðarinnar til að leggja á stjórnvaldssektir vegna ýmissa brota við akstur ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd. Um þau löggjafarsjónarmið sem ákvæði kaflans styðjast við vísast til almennra athugasemda að baki XVI. kafla.

Það fyrirkomulag sem lagt er til í þessum kafla, þ.e. að brot á ákvæðum laganna um aksturs- og hvíldartíma ökumanna og þess háttar varði stjórnvaldssektum er í samræmi við þróun á þessu sviði þar sem ekki er um hefðbundin brot á umferðarlögum að ræða. Er það fyrirkomulag sem gerð er tillaga um í samræmi við framkvæmd þessara mála í ýmsum öðrum löndum, svo sem í Noregi, Þýskalandi og Bretlandi, en þar fer VOSA (The Vehicles and Operator Services Agency) með framkvæmd eftirlits og fullnustu á þessu sviði.

Um 92. gr.

Með 1. mgr. er mælt fyrir um það verkefni Vegagerðarinnar að ákvarða stjórnvaldssektir á hendur þeim ökumönnum sem aka ökutækjum sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd sem brotið hafa gegn reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, sbr. IX. kafli frumvarpsins, 68. gr. um búnað slíkra ökutækja, 77. gr. um hleðslu ökutækja, flutning farms og öryggisráðstafanir við flutning á farþegum og 3. og 4. mgr. 79. gr. um akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja.

Það skal tekið fram að lagt er til að í þeim tilvikum þegar ökumaður hefur tvívegis áður sætt stjórnvaldssektum á grundvelli a-liðar 1. mgr. 92. gr. frumvarpsins á þremur undanförnum árum og er á ný grunaður um slíkt brot falli heimild Vegagerðarinnar til að leggja á stjórnvaldssektir niður, sbr. 2. mgr. 93. gr. frumvarpsins. Þriðja brot ökumanns gegn ákvæðum um aksturs- og hvíldartíma ökumanns verði þannig talið refsivert brot sem varði sektum á grundvelli XVIII. kafla frumvarpsins, sbr. ákvæði 2. mgr. 94. gr. frumvarpsins, sem nánar verður gerð grein fyrir síðar.

Með 2. mgr. er gert ráð fyrir því að heimild Vegagerðarinnar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 1. mgr. nái einnig til brota á ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt lögunum um þau atriði sem greinir í a–d-lið. Það er enda ljóst að um framangreind atriði er að verulegu leyti gert ráð fyrir nánari útfærslu ráðherra með stjórnvaldsfyrirmælum.

Samkvæmt 3. mgr. nær heimild Vegagerðarinnar til álagningar stjórnvaldssekta einnig til þess að ákvarða lögaðila sem annast fólks- eða farmflutninga í atvinnuskyni slíka sekt ef ökumaður á vegum lögaðilans sætir sektum skv. 1. mgr., enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Er þetta ákvæði að nokkru marki sambærilegt við síðari málslið 3. mgr. 100. gr. gildandi laga, en er eðli máls samkvæmt víðtækara að efni til þar sem hér er ekki gert ráð fyrir hefðbundinni fjársekt til handa lögaðila vegna refsiverðrar háttsemi ökumanns heldur er um að ræða stjórnvaldssektir sem teljast til refsikenndra viðurlaga. Er þá gengið út frá því að ef brot skv. 1. mgr. þessarar greinar eigi sér stað í atvinnurekstri, og brot hefur orðið til hagsbóta fyrir lögaðila eða getur orðið til hagsbóta fyrir slíkan aðila, sé rétt, að öðrum skilyrðum uppfylltum, að heimilt verði að leggja stjórnvaldssekt á lögaðilann við þær aðstæður. Er þá við það miðað að lögaðilinn geti í rekstri sínum leitast við að tryggja að ökumenn á hans vegum fari að þeim reglum sem mælt er fyrir um í a–d-lið 1. mgr. og reglugerðum sem settar eru samkvæmt lögunum um þau atriði sem þar greinir.

Með 4. mgr. er ráðgert að stjórnvaldssektir Vegagerðarinnar geti numið allt að 300.000 kr. og skuli nánar kveða á um sektarfjárhæðir vegna einstakra brota í reglugerð sem ráðherra setur. Ljóst er að fastmótaðar reglur í þessum efnum í reglugerð, sem taka skulu mið af eðli og umfangi brota, hvað brot hafa staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða, girða fyrir sjálfstætt mat Vegagerðarinnar á þeim fjárhæðum stjórnvaldssekta sem við eiga í hverju tilviki.

Í 5. mgr. er fjallað um innheimtu sekta.

Í 6. mgr. er að finna heimild til að kæra ákvarðanir Vegagerðarinnar um stjórnvaldssektir til ráðherra innan mánaðar frá því að slík ákvörðun var tilkynnt aðila. Er því um að ræða styttri kærufrest en almennt gildir í stjórnsýslunni, en nauðsynlegt er að mál þessi fái skjótvirkan framgang innan stjórnsýslukerfisins. Í samræmi við þetta er í síðari málslið sömu málsgreinar gert ráð fyrir því að ráðherra skuli kveða upp úrskurði í tilefni af kæru vegna ákvörðunar Vegagerðarinnar um stjórnvaldssekt innan tveggja mánaða frá því kæra berst.

Samkvæmt 7. mgr. er Vegagerðinni veitt heimild til að gefa ökumanni eða lögaðila kost á allt að 25% afslætti af fjárhæð stjórnvaldssektar ef sektin er greidd að fullu innan 30 daga frá dagsetningu ákvörðunar. Er rétt og eðlilegt að sambærilegt hagræði fyrir ökumann og lögaðila eigi hér við eins og þegar um almennar fjársektir er að ræða. Er þetta og sama regla og fram kemur í 9. mgr. 100. gr. gildandi laga.

Í 8. mgr. er fjallað um aðfararhæfi ákvarðana Vegagerðarinnar um stjórnvaldssektir á hendur lögaðila sem annast farþega- eða farmflutninga í atvinnuskyni.

Um 93. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um samspil málsmeðferðar Vegagerðarinnar skv. XVII. og XVIII. kafla frumvarpsins og almennrar málsmeðferðar lögreglu, og þá einkum um þau tilvik þegar Vegagerðinni ber að vísa máli til lögreglu.

Í 1. mgr. er ráðgert að þegar meint brot á lögunum varða bæði stjórnvaldssektum skv. 92. gr. frumvarpsins og refsingu samkvæmt ákvæðum XVIII. kafla skuli Vegagerðin vísa þeim hluta málsins sem varðar refsiábyrgð til lögreglu. Er hér er m.a. horft til þess fyrirkomulags sem nú gildir skv. 2. mgr. 42. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, sbr. 5. gr. laga nr. 52/2007.

Eins og fyrr er rakið er gert ráð fyrir því að þriðja brot ökumanns á undangengnum þremur árum gegn ákvæðum um aksturs- og hvíldartíma ökumanns verði talið refsivert brot sem varði sektum á grundvelli XVIII. kafla frumvarpsins, sbr. a-lið 1. mgr. 92. gr. frumvarpsins. Er því með 2. mgr. þessarar greinar lagt til að í þeim tilvikum þegar grunsemdir vakna hjá Vegagerðinni um þriðja brot ökumanns gegn þessum ákvæðum skuli Vegagerðin vísa máli

hans til lögreglu sem fer þá með rannsókn þess í samræmi við almennar reglur um meðferð sakamála. Er þannig gert ráð fyrir því í 2. mgr. 94. gr. og 101. gr. frumvarpsins, sem nánar verða raktar hér síðar, að þriðja brot ökumanns gegn reglum um aksturs- og hvíldartíma geti varðað fjársektum og eftir atvikum sviptingu ökuréttar.

Samkvæmt 3. mgr. skal Vegagerðin við framvísun máls skv. 1. eða 2. mgr. láta lögreglu í té afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Við ákvörðun Vegagerðarinnar um framvísun máls gilda ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki. Er hér því lagt til að tekið verði upp sambærilegt fyrirkomulag að þessu leyti og nú er að finna í 4. mgr. 42. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, sbr. 5. gr. laga nr. 52/2007.

Með 4. mgr. er leitast við að girða fyrir að upplýsingar, sem maður hefur veitt Vegagerðinni, verði notaðar sem sönnunargagn í sakamáli sem rannsakað er af hálfu lögreglu eða höfðað er gegn honum vegna brota sem varða refsingu skv. XVIII. kafla frumvarpsins. Er hér að nokkru leyti horft til framsetningar ákvæðis 2. mgr. 42. gr. a samkeppnislaga, nr. 44/2005, sbr. 6. gr. laga nr. 57/2007.

Um XVIII. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði um refsingar vegna brota gegn ákvæðum frumvarpsins. Ljóst er að umferðarlöggjöf er í eðli sínu sérrefsilöggjöf þar sem leitast er við með boðum og bönnum að hafa áhrif á breytni vegfarenda í umferðinni, einkum þeirra sem aka vélknúnum ökutækjum, einnig eftir atvikum annarra, svo sem þeirra er fara um á reiðhjólum og gangandi vegfarenda. Með lögfestingu refsireglna á sviði umferðarmála er þannig brugðist við þeirri eðlislægu hættu fyrir líf manna og heilbrigði sem stafar af umferð ökutækja. Í samræmi við eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins, um að herða á reglusetningu á sviði umferðarmála, er þannig lagt til að refsireglum á þessu sviði verði breytt í því skyni að auka varnaðaráhrif refsinganna með hærri fjársektum og lengri sviptingartíma ökuréttar. Með ákvæðum í þessum kafla er því að verulegu leyti vikið skýrt og afdráttarlaust frá gildandi dómvenjum á þessu sviði, eins og nánar verður vikið að í skýringum við einstök ákvæði.

Helstu breytingar á ákvæðum um refsingar, sem gerð er tillaga um í þessu frumvarpi eru þessar:

Horfið er frá núverandi fyrirkomulagi um notkun almennrar refsireglu og tekin upp sértæk refsiregla með beinum tilvísunum til hátternislýsinga sem varða annars vegar sektum og hins vegar sektum og fangelsi, sjá 94. og 95. gr.

Lagt er til að lögfest verði sérákvæði um hlutlæga refsiábyrgð eiganda vélknúins ökutækis vegna brota gegn tilgreindum ákvæðum frumvarpsins þegar aksturinn er myndaður í löggæslumyndavél, sjá 4. mgr. 94. gr.

Ítrekaður ölvunarakstur, þegar vínandamagn í blóði hefur í bæði skiptin verið yfir 2‰ eða vínandamagn í lítra lofts 1,00 milligramm eða meira, skal varða fangelsi eigi skemur en í 30 daga, sjá 2. mgr. 95. gr.

Lagt er til að sektarfjárhæðir verði að vissu marki tekjutengdar þannig að sakborningar sem eru með minna en hálf önnur lágmarkslaun eins og þau eru skilgreind í samningum Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins geti fengið 25% afslátt af sektarfjárhæð.

Lagt er til að núverandi fyrirkomulag um sektarreglugerð ráðherra verði óbreytt en þó verði heimilt að mæla þar fyrir um sektir allt að 500.000 kr., sjá 97. gr.

Tímalengd sviptingar ökuréttar vegna brota gegn bannákvæðum laganna um ölvunarakstur og vímuefnaakstur verði aukin, sjá 102. gr.

Verulegar breytingar eru gerðar á ákvæði um endurveitingu ökuréttar, sjá 106. gr.

Breytingar eru gerðar á ákvæði um akstursbann byrjanda sem fengið hefur bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, sjá 107. gr.

Nánar verður gerð grein fyrir einstökum breytingartillögum, sem tilgreindar eru hér að framan, í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 94. gr.

Núverandi fyrirkomulag á refsireglum XIV. kafla gildandi laga er í grundvallaratriðum byggt þannig upp að í 1. mgr. 100. gr. er að finna almenna refsireglu sem gerir ráð fyrir að fyrir hvers kyns brot á lögunum, eða reglum settum samkvæmt þeim, varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Það er einkenni slíkra almennra refsireglna að enginn greinarmunur er gerður í slíkum ákvæðum á milli einstakra hátternislýsinga heldur er þar að finna eyðutilvísun án nánari afmörkunar. Með 94. gr. frumvarpsins er lagt til að horfið verði frá slíkri framsetningu, enda er hún bæði lagatæknilega óheppileg auk þess sem hún kann að valda vandkvæðum í framkvæmd út frá sjónarmiðum um skýrleika refsiheimilda.

Samkvæmt 1. mgr. skal sá sæta sektum sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim:

1. 4. gr. um tillitssemi og leyfilegan hávaða vegna umferðar ökutækja.
2. 1.–2. mgr. 5. gr. um háttsemi í eða á ökutæki eða á vegi.
3. 6. gr. um bann við að henda út úr ökutæki eða skilja eftir á vegi eða strengja yfir veg það sem hættu getur valdið fyrir aðra vegfarendur.
4. 7. gr. um bann við akstri gegn rauðu umferðarljósi og í andstöðu við leiðbeiningar og fyrirmæli um umferð.
5. 8. gr. um bann við rekstri búfjár.
6. 9. gr. um hraða og umferð á vistgötum.
7. 10.–13. gr. um forgangsakstur, um bann við aðkomu að slys- eða brunastað og við því að rjúfa eða hindra lögmæta hópgöngu, um skemmdir á umferðarmerkjum og um skyldur vegfarenda við umferðaróhöpp.
8. 16.–34. gr. sem mæla fyrir um almennar umferðarreglur fyrir ökumenn.
9. 38.–40. gr. sem mæla fyrir um sérreglur um akstursíþróttir, aksturskeppni og torfærutæki.
10. 41. gr. og 2. og 3. mgr. 42. gr. um umferðarreglur fyrir hjólreiðamenn.
11. 43. gr. um akstur bifhjóla.
12. 3. mgr. 48. gr. um að neita að veita atbeina sinn við rannsókn skv. 2. mgr. sömu greinar.
13. 50. gr. um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.
14. 54. gr. um notkun farsíma og annars fjarskiptabúnaðar í akstri.
15. 66. og 67. gr. um kennsluakstur og æfingaakstur.
16. 69. gr. um tengingu og drátt ökutækja.
17. 70. gr. um skráningu ökutækja.
18. 74. gr. og 1. og 4. mgr. 75. gr. um öryggisbelti og annan öryggis- og verndarbúnað í akstri ökutækis og bifhjóls.
19. 78. gr. um flutning á hættulegum farmi.
20. 1. og 2. mgr. 79. gr. um akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja.
21. 2. mgr. 85. gr. um bann við því án leyfis lögreglustjóra eða Vegagerðarinnar að setja umferðarmerki á eða við veg.
22. 86. og 87. gr. um merkingu við veg og auglýsingaskilti við veg.
23. 1. mgr. 90. gr. um upplýsingaskyldu ökumanns og flytjanda í tilefni af eftirliti Vegagerðarinnar.

Í 2. mgr. 94. gr. er fjallað um þau tilvik þegar ökumaður hefur tvívegis áður sætt stjórnvaldssektum á þremur undangengnum árum vegna brota gegn ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, sbr. a-lið 2. mgr. 92. gr. frumvarpsins, og brýtur að nýju gegn ákvæðum sama kafla. Er gert ráð fyrir að þá skuli hlutaðeigandi hljóta hefðbundna fjársekt, sbr. nánar í athugasemdum við 93. og 94. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 100. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er lagt til að lögfest verði það nýmæli að heimilt verði að gera skráðum eiganda eða umráðamanni vélknúins ökutækis sekt, ef það hefur verið notað við brot gegn 35. eða 36. gr. laga þessara, án þess að sýnt sé fram á ásetning eða gáleysi hans, ef brot ökumanns varðar ekki punktum skv. 2. mgr. 100 gr., enda sé aksturinn myndaður í löggæslumyndavél og ökumaðurinn hefur ekki notað ökutækið í heimildarleysi. Er hér um svokallaða hlutlæga refsiábyrgð að ræða. Er þessi heimild háð því skilyrði að fyrir liggi að hraðakstursbrot, sem myndað er í löggæslumyndavél, varði ekki ökumann ökutækisins punktum samkvæmt punktakerfi 2. mgr. 100. gr. frumvarpsins og reglugerð ráðherra. Ef svo er kemur hlutlæg ábyrgð eiganda eða umráðamanns ökutækis á þessum grundvelli ekki til greina. Aðalábyrgðin verður því sem fyrr reist á saknæmi ökumanns sem sætir sektum, sbr. 1. mgr. 95. gr., og eftir atvikum sviptingu ökuréttar skv. 100. gr., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Þessi tillaga um refsiábyrgð í formi hlutlægrar refsiábyrgðar eiganda vélknúins ökutækis hefur kosti og galla. Kostir hennar eru einkum þeir að með henni verður eftirlit og úrlausn brota gegn ákvæðum um akstursshraða gert skilvirkara í framkvæmd. Til að staðreyna brot á hlutlægum grundvelli, að öðrum skilyrðum uppfylltum, þarf aðeins að ganga úr skugga um hver er skráður eigandi eða umráðamaður þess vélknúna ökutækis sem myndað hefur verið í löggæslumyndavél og sætir hann sektum óháð því hvort hann hefur sjálfur eða annar maður ekið í umrætt sinn. Það er skilyrði samkvæmt ákvæðinu að umrætt ökutæki sé ekki notað í heimildarleysi og þá í þeirri merkingu að ekki liggi fyrir að ökutækið hafi verið tekið ófrjálsri hendi, sbr. einkum 244. gr. eða 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, og eigandinn eða umráðamaður því sviptur virkum eignarráðum þess með ólögmætum hætti. Hafi eigandi eða umráðamaður þannig lánað öðrum ökutækið til notkunar eru hlutlæg skilyrði ákvæðisins uppfyllt þótt lántaki fari út fyrir heimildir sínar við notkun þess. Með þessu fyrirkomulagi er eiganda eða umráðamanni ökutækis gert skylt að hafa virka umsjón og eftirlit með ökutæki sínu, t.d. gagnvart nánum aðstandendum, svo sem maka eða börnum, og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru svo að það sé ekki notað með þeim hætti sem fer í bága við framangreindar reglur umferðarlaga. Gallar hlutlægrar refsiábyrgðar felast einkum í því að um er að ræða frávik frá hefðbundinni tilhögun refsiábyrgðar þar sem jafnan er áskilið að sá er sætir refsiábyrgð hafi sýnt er saknæma háttsemi. Þó er ljóst að hlutlæg ábyrgð er heimil að íslenskum rétti, enda sé skýrlega mælt fyrir um hana í lögum, sbr. Hrd. 2000, bls. 280. Dæmi um hlutlæga refsiábyrgð er t.d. að finna í 3. mgr. 170. gr. tollalaga, nr. 88/2005, en það ákvæði er þó byggt á öðrum löggjafarsjónarmiðum en hér eiga við.

Eiganda eða umráðamanni vélknúins ökutækis verður aðeins gerð sekt á grundvelli 4. mgr., enda er ekki fullnægt skilyrðum 100. gr. um sviptingu ökuréttar nema sýnt sé fram á saknæmi hans sem ökumanns. Hafi eigandi verið ökumaður í umrætt sinn, og brot hans varðar ekki punktum, er ábyrgðin valkvæð að því leyti að velja má á milli þess að sekta hann á grundvelli 5. mgr. eða á grundvelli 1. mgr., enda sé sýnt fram á að hefðbundnum saknæmisskilyrðum sé fullnægt.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir því að sé skilyrðum 3. mgr. fullnægt, og lögaðili er eigandi ökutækis, sé heimilt að gera honum sekt samkvæmt reglum II. kafla A almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Um 95. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sá skuli sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim:

1. 35.–37. gr. um ökuhraða.
2. 44.–49. gr. um bann við ölvunarakstri og vímuefnaakstri.
3. 55. gr. um skilyrði þess að mega stjórna ökutæki.
4. 59. gr. um skilyrði þess að mega stjórna dráttarvél og vinnuvél.

Ekki er lagt til að hámarkstími fangelsisrefsingar samkvæmt frumvarpinu verði lengdur og því miðað við tveggja ára fangelsi eins og er skv. 1. mgr. 100. gr. gildandi laga. Á hinn bóginn er það stefnumið frumvarpsins með þeirri breyttu framsetningu á refsireglum umferðarlaga, sem hér er gerð tillaga um, að í ríkari mæli verði gripið til fangelsisrefsingar vegna alvarlegra brota gegn þeim ákvæðum sem talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar. Er það og í samræmi við þá auknu lengd sviptingartíma ökuréttar vegna ölvunar- og vímuefnaaksturs sem nánar er mælt fyrir um í 100. gr. frumvarpsins. Í þessu sambandi verður og að ítreka það samspil sem er á milli ákvæða umferðarlaga um ökuhraða og um bann við ölvunar- og vímuefnaakstri, þegar veruleg hætta skapast af akstri eða brot er að öðru leyti alvarlegt, og þeirra ákvæða almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem eiga sérstaklega við um akstur vélknúins ökutækis, svo sem 1. mgr. 165. gr., sbr. 167. gr., og 168. gr.

Lagt er til að við c-lið 3. mgr. verði bætt almenningsvagni, sbr. skýringu í 3. gr. frumvarpsins.

Í samræmi við framangreind stefnumið um að herða skuli refsingar fyrir alvarleg brot gegn ákvæðum umferðarlaga, einkum um ökuhraða og um ölvunar- og vímuefnaakstur, er lagt til í 2. mgr. greinarinnar að þegar stjórnandi vélknúins ökutækis hefur ítrekað brot gegn 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, og vínandamagn í blóði hans hefur í bæði skiptin verið 2‰ eða meira eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér verið 1,00 milligramm í lítra lofts eða meira, skuli hann þá sæta fangelsi eigi skemur en 30 daga. Samkvæmt ríkjandi dómvenju er gert ráð fyrir því að ökumaður sem brotið hefur af sér í þriðja skipti gegn bannákvæðum gildandi laga um ölvunarakstur skuli sæta fangelsi í 30 daga. Með fyrrgreindu nýmæli er ekki ætlunin að hrófla að meginstefnu til við þeirri dómvenju, en lagt til að það frávik verði gert frá henni að í þeim tilvikum þegar ökumaður hefur í annað skipti brotið gegn banni við stórfelldum ölvunarakstri, sbr. 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr., og vínandamagn í blóði hefur í bæði skiptin verið 2‰ eða meira eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér verið 1,00 milligramm í lítra lofts eða meira, skuli hann þá þegar sæta fangelsi eigi skemur en í 30 daga. Er þá lagt til grundvallar að akstur vélknúins ökutækis undir slíkum kringumstæðum sé til þess fallinn að valda gífurlegri hættu, enda ökumaður með öllu ófær um að stjórna ökutæki. Er því með þessari tillögu leitast við að auka varnaðaráhrif fangelsisrefsinga við þessar aðstæður.

Ákvæði 3.–5. mgr. er samhljóða 5.–7. mgr. 100. gr. gildandi laga, að breyttu breytanda.

Um 96. gr.

Ákvæðið fjallar um refsiábyrgð eiganda ökutækis eða stjórnanda í starfi og er samhljóða fyrri málslið 3. mgr. 100. gr. gildandi laga.

Um 97. gr.

Í þessar grein er fjallað um sektarreglugerð ráðherra, sbr. nú 4. mgr. 100. gr. gildandi laga, en lagt er til að ráðherra geti í sérstakri reglugerð ákveðið að fengnum tillögum ríkissaksóknara sektir allt að 500.000 kr. fyrir þau brot sem nánar er mælt fyrir um í 94. og 95. gr. frum-

varpsins og ákvæðum reglugerða settra samkvæmt þeim. Í reglugerðinni skal tilgreint hvaða tegund brota hún tekur til og hvaða sekt og önnur viðurlög skuli koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt verður að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar ef veigamikil rök mæla með því.

Með ákvæði þessu er þannig lagt til að viðhaldið verði því fyrirkomulagi sem nú hefur verið við lýði allt frá gildistöku laga nr. 57/1997 þar sem heimild til setningar sérstakrar reglugerðar um sektir vegna brota á ákvæðum umferðarlaga var fyrst lögfest. Rétt er að gera stuttlega grein fyrir þeim röksemdum sem bjuggu að baki upptöku þessa fyrirkomulags og því hvernig það hefur reynst á þeim rúma áratug sem það hefur verið við lýði.

Í frumvarpi því sem varð að áðurnefndum lögum nr. 57/1997 er ítarlega fjallað um forsendur þær sem búa að baki reglugerðarheimild ráðherra til að ákvarða sektir allt að tiltekinni fjárhæð vegna brota á umferðarlögum. Í athugasemdum við 3. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 57/1997 og lögfesti heimild fyrir ráðherra til að mæla fyrir um sektir vegna umferðarlagabrota í reglugerð kemur m.a. fram að með þessu sé stefnt að því að refsingar vegna umferðarlagabrota verði staðlaðar í ríkara mæli en nú er með þeim hætti að sektir fyrir tiltekin brot, þá upphaflega allt að fjárhæð 100.000 kr., yrðu tilteknar í reglugerð sem verði bindandi fyrir lögreglu og dómstóla. Þó yrði heimilt að víkja frá staðlaðri refsingu til hækkunar eða lækkunar ef veigamikil rök mæltu með því. Þessu næst er rakið að það sé alkunn staðreynd að í flestum málum sé sekt ákveðin án nokkurs tillits til greiðslugetu og jafnvel eftir taxtabundnum sjónarmiðum, svo sem vegna umferðarlagabrota og fíkniefnabrota.

Í athugasemdunum er síðan m.a. rakið að þegar um er að ræða brot sem refsað er fyrir með tiltölulega lágum sektarfjárhæðum mæli fleiri rök með því að hafa staðlaðar refsingar en á móti. Rök fyrir stöðluðum refsingum séu m.a. þessi:

- Mikilvægt sé að jafnræðis sé gætt innan hvers umdæmis og milli umdæma þannig að svipuð eða sams konar refsing komi fyrir brot sömu tegundar hvort sem hún er ákvörðuð af lögreglu eða dómstólum.
- Ökumenn geti betur séð fyrir hvaða afleiðingar brot þeirra hafa.
- Sakborningur sætti sig betur við fjárhæð sektar ef hann veit að um staðlaða refsingu er að ræða. Erfitt geti reynst og tímafrekt fyrir þann sem ákvarðar sekt að fá réttar upplýsingar um raunverulegar eignir og tekjur brotamanns og önnur þau atriði sem talin eru upp í 51. gr. almennra hegningarlaga. Komi þar margt til, svo sem vanframtaldar tekjur og eignir og aðrar félagslegar aðstæður en fram koma í opinberum gögnum.
- Fjárhæðir slíkra sekta séu ekki svo háar að greiðsla þeirra gangi nærri greiðslugetu sakbornings eða skerði framfærslugetu hans.
- Umferðarlagabrot sömu tegundar séu oftast tiltölulega lík hvert öðru.

Að baki framangreindri lagabreytingu lá sú forsenda að brot á umferðarlögum væru fyrirferðarmest þeirra brota sem upplýst væru hér á landi og sektarrefsing lægi við. Ljóst er að þessi grundvallarforsenda hefur ekki breyst frá gildistöku laga nr. 57/1997. Vegna fjölda þessara mála er enn mikilvægt að meðferð þeirra sé einföld og samræmi í niðurstöðum.

Með ákvæði 97. gr. frumvarpsins er því lagt til, sem fyrr greinir, að mælt sé fyrir um útfærslu á almennum sektarheimildum 94. og 95. gr. frumvarpsins með reglugerð. Í reglugerðinni verði sem fyrr ekki sjálfstæðar efnisreglur eða refsiákvæði heldur tilvísun til einstakra boð- og bannreglna í lögunum sem heimilt verði að leggja sektir við og sektir og önnur viðurlög tilteknar innan refsiramma umferðarlaga og almennra hegningarlaga. Það hefur sýnt sig að sektarreglugerð ráðherra á sviði umferðarlagabrota stuðlar að meira gagnsæi refsinga og miðar að því að efla réttaröryggi borgaranna og tryggja jafnræði þeirra í milli. Þá veita niðurlagsákvæði greinarinnar sem fyrr lögreglustjórum nægjanlegt svigrúm til að víkja frá

sektarákvæðum reglugerðarinnar ef atvik eru með þeim hætti að ósanngjarnt þykir að ákvarða sekt samkvæmt þeim.

Það skal tekið fram að þótt lagt hafi verið til grundvallar með lögum nr. 57/1997 að dómstólar yrðu bundnir af sektarreglugerðum ráðherra hafa dómstólar ekki talið sig bundna af þeim við úrlausn sakamála á sviði gildandi laga, sbr. *Hrd. 14. janúar 1999 í máli nr. 425/1998 og Hrd. 30. maí 2002, nr. 138/2002.* Í þessum dómum er á því byggt að skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar beri dómstólum að meta viðurlög sjálfstætt á grundvelli umferðarlaga og megi þeir þá m.a. líta til ákvarðana lögregluyfirvalda á þessu sviði og leiðbeininga ríkissaksóknara. Með 97. gr. frumvarpsins er ekki hróflað við þessari afstöðu, enda byggist hún á stjórnskipulegum valdheimildum dómstóla. Þá er einnig haft í hug að dómstólar hafa í reynd dæmt nær undantekningarlaust á grundvelli þeirra stöðluðu refsinga sem fram hafa komið í sektarreglugerðum ráðherra.

Um 98. gr.

Ákvæðið fjallar um fullkomna samlagningu sekta sem ákvarðaðar eru vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum sem tilgreind eru í 94. eða 95. gr. frumvarpsins eða ákvæðum í reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Er það samhljóða 8. mgr. 100. gr. gildandi laga að efni til.

Um 99. gr.

1. mgr. fjallar um afslátt af sektarfjárhæð og er samhljóða 9. mgr. 100. gr. gildandi laga.

2. mgr. er nýmæli en sanngjarnt þykir að binda sektargreiðslur að einhverju leyti við fjárhag sakbornings. Lagt er til að miðað verði við að sá sem gerist brotlegur við umferðarlög og hefur tekjur undir hálfum öðrum lágmarkslaunum, eins og þau eru skilgreind í samningi milli Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins hverju sinni, geti notið allt að 25% afsláttar af upphaflegri sektarfjárhæð sé eftir því leitað. Samkvæmt fyrrnefndum samningi eru lágmarkslaun 165.000 kr. á mánuði frá og með 1. janúar 2010. Framlögð gögn um laun byggjast á skattaframtali ársins áður en umferðarlagabrot átti sér stað.

Um 100. gr.

Ákvæðið hefur að geyma almennar reglur um sviptingu ökuréttar og er að því leyti samhljóða 101. gr. gildandi laga. Í síðari málslið 1. mgr. er lagt til að svipting geti náð til ákveðinna flokka ökuréttinda. Einkum er horft í því sambandi til sviptingar ökuréttar vegna brots á aksturs- og hvíldartímareglum, en í slíku tilviki getur verið réttlætanlegt að almenn ökuréttindi standi óhreyfð.

Í 2. mgr. er fjallað um sérstakt punktakerfi vegna umferðarlagabrota sem getur legið til grundvallar sviptingu ökuréttar. Er lagt til að þessu kerfi sem reynst hefur vel í framkvæmd verði viðhaldið, en rétt er því að gera nokkra grein fyrir þeim röksemdum sem bjuggu að baki því þegar það var lögfest með lögum nr. 57/1997.

Í athugasemd við 4. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 57/1997 kemur fram að með ákvæðinu sé lagður lagagrundvöllur að þýðingarmikilli nýbreytni í viðurlagakerfi vegna umferðarlagabrota. Punktakerfi vegna umferðarlagabrota sé ætlað að skapa þann varnað að umferðarlagabrotum fækki og umferðaröryggi aukist. Fyrirbyggjandi áhrif punktakerfisins séu grundvölluð á því að uppsöfnun punkta vegna umferðarlagabrota leiði til sviptingar ökuréttar í þrjá mánuði. Gert sé ráð fyrir að reglum um punktakerfi verði hagað þannig að einungis síbrotamenn í umferðinni sem ekki láta segjast missi ökuréttinn. Ákvörðunum um punktafjölda fyrir einstök brot verði hagað þannig að tiltölulega fáir ökumenn á hverjum tíma

verði sviptir ökurétti vegna punktakerfisins. Þessu næst er rakið að umferðarlagabrot séu algengustu brot sem komi til kasta lögreglu. Svipting ökuréttar vegna slíkra brota sé það úrræði sem mest varnaðaráhrif hafi. Með punktakerfi vegna umferðarlagabrota sé átt við að tiltekin brot á umferðarlögum samsvari einum eða fleiri punktum. Við hvert brot sem ökumaður gerist sekur um fær hann tiltekinn fjölda punkta sem færast ásamt upplýsingum um brotið í punktakerfið. Mikilvægt sé að punktakerfið verði einfalt, sanngjarnt, án undanþágna og skapi viðbótarvarnað en dragi ekki úr varnaðaráhrifum annarra viðurlaga samkvæmt umferðarlögum. Gert er ráð fyrir að reglur um punktakerfi hafi m.a. að geyma eftirfarandi efnisatriði:

- Þegar sakborningur lýkur máli með greiðslu sektar, gengst undir lögreglustjórasátt um greiðslu sektar og önnur viðurlög eða máli lýkur með sakfellingu samkvæmt dómi eða viðurlagaákvörðun og niðurstaðan er skráð í málaskrá lögreglu færast einn eða fleiri punktar í punktakerfi.
- Hvert brot samsvari einum til fjórum punktum eftir alvarleika brotsins.
- Ölvunarakstursbrot og brot sem felst í því að aka sviptur ökurétti falla utan punktakerfis þar sem viðurlög við slíkum brotum fela í sér ítrekunaráhrif sem þykja skapa nægan varnað.
- Akstur yfir hámarkshraða og önnur brot sem varðað geta sviptingu ökuréttar verði innan punktakerfis.
- Punktar haldi gildi sínu í punktakerfinu næstu þrjú árin eftir að brot er framið án tillits til þess hvenær málsmeðferð lauk hjá lögreglu eða fyrir dómi.
- Verði maður á þriggja ára tímabili uppvís að brotum á umferðarlögum sem jafngilda samtals 12 punktum skal hann sviptur ökurétti í þrjá mánuði vegna uppsöfnunar brota.
- Þegar þriggja ára fresturinn er reiknaður út skal miða við þær dagsetningar þegar brot eru framin en ekki hvenær gengist er undir sekt eða sakfellt er fyrir dómi. Þannig getur svipting komið til vegna brota sem eldri eru en þriggja ára ef brot sem til meðferðar er var framið innan þriggja ára frá fyrsta broti af þeim sem samtals jafngilda 12 punktum. Punktarnir þurrkast því ekki út ef málsmeðferð er ekki lokið í máli vegna brots sem framið var innan þriggja ára markanna og fyllt gæti 12 punkta.
- Punktarnir þurrkist út þegar sakborningur hefur verið sviptur ökurétti vegna uppsöfnunar punkta.
- Viðvörun verði gefin út til ökumanns þegar hann hefur náð átta punktum á þriggja ára tímabili. Þó að slík viðvörnun farist fyrir eða berist ekki ökumanni í hendur hefur það ekki áhrif á sviptingu ökuréttar ef ökumaður nær síðar 12 punktum.

Þá er í athugasemdum rakið að gert hafi verið ráð fyrir að punktarnir færðust í punktakerfið þegar umferðarlagabrot hefðu verið staðreynd. Svipting á grundvelli uppsafnaðra punkta yrði ákveðin af lögreglustjóra eða dómara samhliða refsingu og öðrum viðurlögum sem ákveðin eru vegna þess brots sem til meðferðar er hverju sinni.

Við samningu þessa frumvarps er sem fyrr greinir lagt til grundvallar að áfram skuli byggt á framangreindu punktakerfi við úrlausn mála um brot á umferðarlögum, enda hafi það í grundvallaratriðum gefist vel og stuðlað að auknum varnaðaráhrifum viðurlaga í formi sviptingar ökuréttar fyrir þessi brot.

Um 101. gr.

Ákvæðið er nýmæli og tekur mið af þeirri sérreglu um ítrekað brot ökumanns gegn ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem nánar er rakið í athugasemdum við 92.–94. gr. frumvarpsins. Ljóst er að svipting ökuréttar í þessum tilvikum getur

haft í för með sér verulegt inngrip í atvinnuréttindi hlutaðeigandi ökumanns, en lagt er til að ökumaður missi einungis ökuréttindi til farþega- og farmflutninga í atvinnuskyni á ökutækjum yfir 3,5 tonn við slíkt brot, nema um mjög vítaverð brot séu að ræða, sbr. 100. gr.

Um 102. gr.

Ákvæðið hefur að geyma sérreglur um sviptingu ökuréttar vegna ölvunar- eða vímuefnaaksturs og er að meginstefnu til samhljóða 102. gr. gildandi laga. Í samræmi við þau stefnumið sem nánar eru rakin í athugasemdum við XVIII. kafla er á hinn bóginn lagt til að sviptingartími vegna alvarlegra eða stórfelldra brota gegn ölvunarakstursákvæðum umferðarlaga verði að jafnaði lengdur. Er þannig með þeim breytingum, sem hér verða nánar raktar, vikið með skýrum og afdráttarlausum hætti frá þeim dómvenjum sem myndast hafa á undanförnum árum og áratugum við túlkun og framkvæmd 102. gr. gildandi laga.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 102. gr. gildandi laga, að breyttu breytanda.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði nýmæli sem tekur mið af þeirri grundvallarbreytingu á gildissviði ölvunarakstursákvæða umferðarlaga sem ítarlega er rökstudd í IV. kafla almennra athugasemda við frumvarpið. Þannig er ekki gert ráð fyrir að stjórnandi vélknúins ökutækis, sem brotið hefur gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. þeirrar greinar, og vínandamagn í blóði hans er undir 0,50‰ eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér er minna en 0,25 milligrömm í lítra lofts, sé sviptur ökurétti við fyrsta brot.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 102. gr. gildandi laga.

Með ákvæði 4. mgr. er lagt til að lágmarkssviptingartími í þeim tilvikum þegar stjórnandi vélknúins ökutækis hefur brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, verði lengdur um sex mánuði, úr einu ári í eitt ár og sex mánuði, og hámarkssviptingartími í þessum tilvikum lengdur úr tveimur árum í tvö ár og sex mánuði. Áfram er við mat á lengd sviptingar í einstökum tilvikum miðað við alvarleika brots og vínandamagn í blóði ökumanns eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér.

Í 5. mgr. er lagt til að lágmarkssviptingartími vegna brota gegn 46. gr. frumvarpsins um bann við vímuefnaakstri verði lengdur úr þremur mánuðum í sex mánuði en að hámarkssviptingartími verði enn tvö ár.

Í 6. mgr. er lagt til að lágmarkssviptingartími vegna stórfelldra brota gegn 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, vari eigi skemur en þrjú ár og er það aukning um eitt ár frá 5. mgr. 102. gr. gildandi laga. Hér er vísað til þeirrar röksemda sem búa að baki 2. mgr. 95. gr. frumvarpsins.

Í 7. mgr. er fjallað um ítrekuð brot gegn bannákvæðum um ölvunar- og vímuefnaakstur. Er þar lagt til að lágmarkssviptingartími vegna ítrekaðra brota gegn 45. eða 46. gr. verði þrjú ár og er það aukning um eitt ár frá 6. mgr. 102. gr. gildandi laga. Er lagt til að þessi regla eigi sem fyrr einnig við um þau tilvik þegar stjórnandi vélknúins ökutækis neitar að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 48. gr. frumvarpsins. Viðhaldið er þeirri reglu að hámarkssviptingartími við þessar aðstæður sé fimm ár eftir alvarleika brots og magni vínanda eða ávana- og fíkniefna í ökumanni við síðara brotið.

Í annan stað er lagt til í 7. mgr. að varði síðara brotið við 3. mgr. 45. gr. skuli svipting ökuréttar eigi vara skemur en fimm ár. Er það aukning um tvö ár frá 6. mgr. 102. gr. gildandi laga og er það veruleg breyting sem rökstyðja verður sérstaklega. Í þessum tilvikum hefur stjórnandi vélknúins ökutækis áður sætt sektum og sviptingu ökuréttar vegna brota gegn bannákvæðum um ölvunarakstur og gerist á ný sekur um ölvunarakstur sem telst stórfelldur. Í samræmi við meginmarkmið frumvarpsins er gert ráð fyrir að hlutaðeigandi verði að sæta sviptingu ökuréttar í fimm ár. Verður að telja að þetta nýmæli muni auka verulega á varn-

aðaráhrif viðurlaga í þessum málaflokki og fela í sér skýr skilaboð löggjafans um að ítrekuð brot af þessu tagi séu með öllu óásættanleg.

Með lokamálslið 7. mgr. greinarinnar er tekið tilliti þeirra tilvika sem falla undir sérreglu 2. mgr. þegar vínandamagn í blóði stjórnanda vélknúins ökutækis við fyrsta brot er undir 0,50‰ eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér er minna en 0,25 milligrömm í lítra lofts. Ef hann gerist á ný sekur um ölvunarakstur skal að meginreglu fara eftir fyrirmælum 1. mgr. greinarinnar hvað varðar sviptingu ökuréttar og er þannig í reynd gengið út frá því að fyrra brotið hafi ekki strangt tiltekið ítrekunaráhrif.

Ákvæði 8. mgr. eru samhljóða 8. mgr. 102. gr. gildandi laga.

Um 103. gr.

Hér er fjallað um bráðabirgðasviptingu ökuréttar og er að meginstefnu til samhljóða sömu grein gildandi laga.

Um 104. gr.

Hér er fjallað um réttaráhrif áfrýjunar dóms þar sem kveðið er á um sviptingu ökuréttar. Ákvæðið er samhljóða sömu grein gildandi laga.

Um 105. gr.

Hér er fjallað um réttaráhrif umferðarlagabrota erlendis af hálfu íslenskra ríkisborgara og manna búsettra hérlendis. Er það samhljóða sömu grein gildandi laga.

Um 106. gr.

Ákvæðið fjallar um endurveitingu ökuréttar en um þetta efni er nú fjallað í 1. mgr. 106. gr. gildandi laga. Lagt er til að ákvæðið verði mun ítarlega en er í gildandi lögum og að lögfestar verði að nokkru marki þær efnisreglur um endurveitingu ökuréttinda sem nú koma fram í reglugerð nr. 706/2004.

Í 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 106. gr. gildandi laga.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli og tekur mið af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 706/2004 og gerir ráð fyrir að endurveitingu ökuréttar skv. 1. gr. megi heimila þegar sérstakar ástæður mæla ekki gegn því. Þá er nánar tiltekið að við mat á umsókn vegna endurveitingar skuli m.a. litið til þess að viðkomandi hafi sýnt reglusemi og að ekki séu lengur fyrir hendi þær ástæður sem ökuleyfissviptingin byggðist á. Við matið skuli litið til eftirfarandi þátta: a. brotaferils samkvæmt sakavottorði frá sviptingu, b. háttsemi samkvæmt málaskrá lögreglu, c. útistandandi sekta og sakarkostnaðar enda eigi hann rót í málarekstri vegna sviptingarinnar og umsækjandi er gjaldfær og d. aðstæður umsækjanda að öðru leyti. Eru þetta að meginstefnu til sömu sjónarmið og koma fram í 2. gr. reglugerðar nr. 706/2004.

Þessi framsetning á 2. mgr. 106. gr. frumvarpsins er töluvert frábrugðin að efni til 2. mgr. 106. gr. gildandi laga, en þar segir nú að endurveitingu skuli því aðeins heimila að sérstakar ástæður mæli með því. Með 2. mgr. 106. gr. frumvarpsins er því matsgrundvelli ákvörðunar um endurveitingu ökuréttinda breytt efnislega þannig að slíka endurveitingu megi veita á grundvelli tiltekinna sjónarmiða og að umsókn verði aðeins synjað að sérstakar ástæður mæli með því. Ljóst er að þær ástæður verða að vera í málefnalegu og beinu samhengi við þau sjónarmið sem koma til mats við töku ákvörðunar lögreglustjóra um hvort orðið verði við umsókn, sbr. 2. mgr. 106. gr.

Í 3. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar umsækjandi hefur gerst sekur um brot gegn 55. gr. frumvarpsins á sviptingartímabilinu með því að aka sviptur ökuréttindum. Lagt er til að tími

til endurveitingar lengist um sex mánuði fyrir hvert brot, að þó að hámarki um 18 mánuði. Gengur þessi tillaga lengra en fram kemur nú í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 706/2004, en þar er gert ráð fyrir að tíminn lengist um þrjá mánuði fyrir hvert brot, þó að hámarki um eitt ár. Er þessi breyting í samræmi við meginstefnumið frumvarpsins um að auka varnaðaráhrif brota á umferðarlögum.

Í 4. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar umsækjandi hefur erlendis orðið vís að ölvunarakstri, verið sviptur ökurétti eða hlotið dóm vegna annarra brota á umferðarlögum sem hefðu haft áhrif á endurveitingu ef framin væru hér á landi. Er þá gert ráð fyrir að litið skuli til þeirra við ákvörðun um endurveitingu. Er þessi regla samhljóða þeirri sem fram kemur í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 706/2004. Ganga verður út frá því að við þetta mat megi horfa til íslenskra laga og dómaframkvæmdar um sams konar brot.

Ákvæði 5. og 6. mgr. eru efnislega samhljóða 3. mgr. 106. gr. gildandi laga en bætt er við heimild ráðherra til setningar reglugerða um námskeið fyrir þá sem sviptir hafa verið ökurétti og málsmeðferð við endurveitingu ökuréttar að afloknu námskeiði.

Um 107. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um akstursbann sem felur í sér afturköllun bráðabirgðaskírteinis byrjanda, þ.e. ökumanns með bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, en um það er nú fjallað í 106. gr. a gildandi laga. Það ákvæði var lögfest með 8. gr. laga nr. 69/2007, um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum. Í athugasemdum við 6. gr. frumvarp þess sem síðar varð að lögum nr. 69/2007 (varð 8. gr.) sagði m.a. að þegar akstursbanni væri beitt yrði „byrjandi, ökumaður með bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, í sömu stöðu og sá sem ekki hefur lokið ökunámi. Byrjandinn [hefði] misst ökuréttinn og [yrði] að fara í sérstakt ökunám og taka ökupróf til þess að öðlast hann á ný. […] Tillaga að reglum um akstursbann [væri] samin með hliðsjón af 127. gr. dönsku umferðarlaganna.“

Eftir gildistöku 106. gr. a gildandi laga setti samgönguráðherra reglugerð nr. 612/2007, sem breytti reglugerð nr. 501/1997 um ökuskírteini, og mælti m.a. fyrir um nýja grein, 58. gr. a, þar sem fram koma ákvæði um akstursbann. Greinin er efnislega samhljóða 106. gr. a umferðarlaga. Með 9. gr. reglugerðar nr. 612/2007 var bætt við nýjum viðauka, XI. viðauka, við reglugerð um ökuskírteini. Sá viðauki bar yfirskriftina „Sérstakt námskeið vegna akstursbanns“.

Með 107. gr. frumvarpsins eru lagðar til ákveðnar breytingar á ákvæði 106. gr. a gildandi laga um akstursbann í ljósi reynslunnar. Er markmið þessara breytinga að gera ákvæðið skýrara og þar með að auka virkni þess í framkvæmd.

Í síðari málslið 2. mgr. er áréttað að staða byrjanda, sem sætt hefur akstursbanni, er sú sama og manns sem ekki hefur lokið ökunámi, en þetta er nú aðeins tekið fram í athugasemdum við framangreinda 8. gr. laga nr. 69/2007. Hefur þetta m.a. þau áhrif að ekki er farið með mál, þar sem byrjandi í akstursbanni ekur bifreið, með sama hætti og mál þeirra sem sviptir hafa verið ökurétti heldur fer um slík tilvik eftir þeim reglum sem gilda um þá sem ekki hafa lokið ökunámi. Það athugast að þetta á þó aðeins við í því eina tilviki sem heimilt er að beita akstursbanni á gildistíma bráðabirgðaskírteinis, sbr. síðari málslið 1. mgr., sem er samhljóða síðari málslið 1. mgr. 106. gr. a gildandi laga.

Í 106. gr. a gildandi laga er tímalengd sviptingar ökuréttinda vegna akstursbanns ekki afmörkuð beint eða óbeint með öðrum hætti en þeim að hún skuli vara þangað til tveimur skilyrðum er fullnægt, þ.e. að sá sem sætir akstursbanni hafi (1) lokið sérstöku námskeiði og (2) staðist ökupróf að nýju. Ljóst er að það að uppfylla síðara skilyrðið er almennt séð á forræði þeirra sjálfra sem sæta akstursbanni. Fyrra skilyrðið er það á hinn bóginn ekki. Í

ákvæði gildandi laga er ekki að finna nánari afmörkun á því hvenær það skilyrði kemur fram, þ.e. um hvenær slík námskeið skuli haldin. Skilyrðið um lok sérstaks námskeiðs hefur hins vegar grundvallarþýðingu þegar lagt er mat á endanlega lengd afturköllunar bráðabirgðaskírteinis byrjanda. Með vísan til þessa er með 3. mgr. greinarinnar lagt til að lögfest verði sú regla að sérhæft ökunám vegna akstursbanns skuli halda reglulega og eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti, enda sé þess þörf. Er þá til hliðsjónar horft til 3. mgr. 3. tölul. XI. viðauka við reglugerð nr. 501/1997 um ökuskírteini. Vegna eðlis akstursbanns, sem refsikenndra viðurlaga sem eru afar íþyngjandi fyrir byrjanda, sbr. Hrd. 28. apríl 2008, mál nr. 179/2008, er nauðsynlegt að skýrt liggi fyrir í ákvæðinu hvenær byrjandi, sem sætt hefur akstursbanni, eigi möguleika á því að sækja sérhæft ökunám til að öðlast ökuréttindi að nýju. Áfram er þó gert ráð fyrir því að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun hins sérhæfða ökunáms vegna akstursbanns, m.a. um fjölda þátttakenda og markmið þess og lengd.

Samkvæmt 3. mgr. 106. gr. a gildandi laga má bera ákvörðun um akstursbann undir dómstóla samkvæmt lögum um meðferð sakamála, og skal lögreglustjóri leiðbeina byrjanda um þann rétt þegar ákvörðun er birt. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að ákvörðun lögreglustjóra um akstursbann er stjórnvaldsákvörðun, sbr. áðurnefndan dóm Hæstaréttar frá 28. apríl 2008. Það er meginregla í íslenskum rétti að aðili máls geti kært stjórnvaldsákvarðanir til æðra stjórnvalds ef því er til að dreifa, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Er þannig stuðlað að réttaröryggi borgaranna og skapað aukið hagræði fyrir aðila máls svo að ekki sé, a.m.k. í fyrstu atrennu, nauðsynlegt að fara dómstólaleiðina til að íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun á borð við akstursbann verði endurskoðuð. Er því lagt til í 4. mgr. að lögfest verði kæruheimild til dómsmálaráðherra vegna ákvarðana lögreglustjóra samkvæmt þessari grein. Þó er kærufrestur takmarkaður við einn mánuð frá því að ákvörðun var tilkynnt byrjanda. Á hinn bóginn er áfram gert ráð fyrir því að aðili máls geti ákveðið að bera úrskurð ráðherra undir dómstóla á grundvelli þeirrar málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála eins og gert var án athugasemda í títtnefndum dómi Hæstaréttar frá 28. apríl 2008. Rétt er að taka fram að í samræmi við orðalag greinarinnar er áskilið að úrskurður dómsmálaráðherra liggi fyrir áður en heimilt er að bera ákvörðun um akstursbann undir dómstóla. Er og rétt að aðili máls tæmi hér kæruleiðir innan stjórnsýslunnar áður en dómstólaleiðin er farin á grundvelli þess réttarfarshagræðis sem lög um meðferð sakamála hafa í för með sér.

Um 108. gr.

Ákvæðið fjallar um haldsrétt í ökutækjum og er samhljóða 107. gr. gildandi laga.

Um 109. gr.

Ákvæðið hefur að geyma sérreglu um upptöku ökutækja sem er samhljóða 107. gr. a gildandi laga sem lögfest var með 9. gr. laga nr. 69/2007. Ekki er talin þörf á því að gera breytingar á þessu ákvæði, en almennt er talið að sú reynsla sem komin er á gildandi ákvæði sé jákvæð.

Um 110. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um álagningu og innheimtu gjalds vegna brota gegn tilgreindum ákvæðum laganna, einkum um stöðvun og lagningu ökutækja, en það er að því leyti samhljóða 108. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er lagt til í b-lið að ákvæði 28. gr. frumvarpsins um stöðvun og lagningu ökutækja verði grundvöllur gjaldtöku. Í greinargerð með 108. gr. gildandi laga sem samsvarar 110. gr. segir að eigi verði refsað fyrir þau brot nema þau hafi haft í för með sér hættu fyrir

aðra eða valdið óþarfa óþægindum. Hér er því stigið skrefi lengra og gert ráð fyrir að leggja megi á gjald vegna stöðvunar og lagningar á grundvelli 28. gr., nema augljóst sé að brotið hafi ekki valdið hættu eða óþarfa óþægindum.

Í lokamálslið 3. mgr. 108. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að gjald samkvæmt greininni renni til þess að standa straum af gerð og rekstri bifreiðastæða og bifreiðageymslna til almenningsnota, en lagt er til í frumvarpinu að þetta ákvæði verði fellt brott og að gjaldið renni til samgöngumála. Byggist þetta sjónarmið á forsendum frumvarpsins um jafnræði milli mismunandi samgöngumáta og að eðlilegra sé því að það renni til samgöngumála almennt í viðkomandi sveitarfélagi.

Í 5. mgr. greinarinnar er lagt til að heimild ráðherra til að ákveða fjárhæð gjalds, sem á er lagt skv. 1. mgr., verði afmörkuð nánar þannig að gjaldið geti eigi numið hærri fjárhæð en 20.000 kr. Er það og betur í samræmi við lögmætisreglu íslensks réttar og almennar kröfur til framsals valds af þessu tagi af hálfu löggjafans.

Um 111. gr.

Ákvæðið fjallar um ábyrgð á álagningu gjalds sem lagt hefur verið á skv. a–f-lið 1. mgr. 110. gr. frumvarpsins, lögveðsrétt o.fl. Er það samhljóða 109. gr. gildandi laga.

Um 112. gr.

Ákvæðið fjallar um brottflutning ökutækja og er samhljóða 110. gr. gildandi laga.

Um XIX. kafla.

Í kaflanum er fjallað um stjórnsýslu umferðarmála, en ákvæði kaflans taka að nokkru leyti mið af ákvæðum í XV. kafla gildandi laga.

Um 113. gr.

Ákvæði 1. mgr. er nýmæli þar sem lagt er til að mælt verði með skýrum hætti fyrir um yfirstjórnunarvald ráðherra í umferðarmálum eins og um þau er fjallað í frumvarpinu. Er það og til áréttingar á því stjórnarfarslega yfirstjórnunar- og eftirlitshlutverki með umferð og eftirliti með ökutækjum sem ráðherra er falið með ákvæði 3. tölul. 9. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 111. gr. gildandi laga.

Um 114. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um verkefni Umferðarstofu, en ákvæði þessa efnis er nú að finna í 1. mgr. 112. gr. gildandi laga. Með b-lið 1. mgr. er bætt við ákvæðið því hlutverki Umferðarstofu að veita starfsleyfi til starfrækslu ökuskóla, sbr. 62. gr. frumvarpsins, og til að stunda ökukennslu, sbr. 63. gr., og annast gerð námskráa. Þá er í d-lið tekið fram að Umferðarstofu beri við framkvæmd fræðsluhlutverks síns að eiga samráð við sveitarfélög um framkvæmd fræðsluskyldu þeirra skv. 117. gr. frumvarpsins. Í e-lið 1. mgr. er tekið fram að Umferðarstofu beri að annast setningu á reglum um gerð og búnað ökutækja sem er nýmæli. Í k-lið er lagt til að lögfest verði það nýmæli að Umferðarstofu beri að annast gerð handbókar um almenna reglugerð um umferðarmál, sbr. 119. gr. frumvarpsins, og nánari skýringar á ákvæðum hennar. Er þá lagt til grundvallar að velji ráðherra að nýta heimild þá sem fram kemur í 119. gr. frumvarpsins, um að setja eina almenna reglugerð um umferðarmál, verði sú skylda Umferðarstofu virk að annast gerð handbókar með reglum og reglugerðum á

umferðarsviðinu þar sem fram komi nánari skýringar á ákvæðum þeirra. Vísast að öðru leyti um þetta efni til skýringa við 119. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. er að efni til byggt á 2. mgr. 112. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að ákvæðið verði gert mun skýrara með því að heimild sú til ytra valdframsals, sem hér er mælt fyrir um, taki til þess að Umferðarstofa feli félögum, samtökum eða stofnunum á sviði umferðarmála framkvæmd ákveðinna verkefna sem tilheyra stofnuninni. Þau verkefni sem Umferðarstofa felur öðrum verða að vera skýrt afmörkuð og ákveðin. Þá er áfram gert ráð fyrir því að efni og umfang þessarar heimildar verði nánar afmarkað í reglum sem ráðherra setur í reglugerð. Hins vegar er lagt til að lögfest verði það nýmæli í síðari málslið 2. mgr. að heimild fyrri málsliðarins gildi ekki um valdheimildir Umferðarstofu til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna. Er þá átt við ákvarðanir í merkingu 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Ákvæði 4. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 112. gr. gildandi laga en lagt er til að fellt verði út ákvæði er kveður á um að ráðherra staðfesti skipurit Umferðarstofu og skiptingu í starfsdeildir, en eðlilegra er að þetta verkefni sé hjá framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

Um 115. gr.

Í greininni er fjallað um skipan og starfslið Umferðarstofu og er hún samhljóða 113. gr. gildandi laga.

Um 116. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 114. gr. gildandi laga, sbr. einkum þá breytingu sem gerð var á ákvæðinu með 10. gr. laga nr. 69/2007, m.a. í ljósi álits umboðsmanns Alþingis frá 25. nóvember 2005, máls nr. 4189/2004. Þó er bætt við f–i-lið til samræmis við breytingar á frumvarpi þessu frá gildandi lögum.

Um 117. gr.

Greinin er sumpart samhljóða 116. og 117. gr. gildandi laga um fræðsluskyldur sveitarfélaga og um að kennsla í umferðarreglum fari fram í grunnskólum. Þó er lagt til að gerðar verði ákveðnar efnisbreytingar á þessum ákvæðum.

Með 1. mgr. er áréttað að umferðarfræðsla skuli fara fram í grunnskólum, leikskólum og framhaldsskólum. Greinin er því einungis að hluta til samhljóða 1. málsl. 117. gr. gildandi laga.

Samkvæmt 2. og 3. málsl. 117. gr. gildandi laga setur menntamálaráðherra, að fenginni umsögn Umferðarstofu, reglugerð um tilhögun umferðarfræðslu og prófkröfur. Ráðherra getur og með sama hætti sett reglur um slíka fræðslu í öðrum skólum. Með 2. mgr. er lagt til að ákvæði þessi verði gerð skýrari. Þannig er tekið fram að mennta- og menningarmálaráðherra ákveði að fenginni umsögn Umferðarstofu nánari tilhögun umferðarfræðslu í leikskólum, grunnskólum og framhaldskólum í aðalnámskrá samkvæmt ákvæðum laga nr. 91/2008, um grunnskóla, laga nr. 90/2008, um leikskóla, og laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 90/2008 setur menntamálaráðherra leikskólum aðalnámskrá sem er endurskoðuð reglulega. Í henni koma fram helstu markmið leikskólastarfs og uppeldis- og menntunarhlutverk leikskóla. Í aðalnámskrá leikskóla skal m.a. leggja áherslu á gildi leiks í öllu leikskólastarfi. Einnig skal fjallað um markmið fyrir námssvið leikskólans, foreldrasamstarf, þróunarstarf, mat á leikskólastarfi og tengsl leikskóla og grunnskóla. Í aðalnámskrá skal skilgreina hæfniþætti á námssviðum leikskólans í samræmi við

aldur og þroska barna. Um aðalnámskrá í grunnskólum er nú fjallað í 24. gr. laga nr. 91/2008.

Fyrsta málsgrein kveður upp úr um það að umferðarfræðsla skuli kennd í leik-, grunn- og framhaldsskólum og er þannig áréttuð sú mikilvæga stefna gildandi laga að umferðarfræðsla á fyrstu skólastigum sé þýðingarmikill þáttur í forvörnum og öryggismálum á sviði umferðarmála. Með því að taka það sérstaklega fram að mennta- og menningarmálaráðherra skuli ákveða tilhögun umferðarfræðslu í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla er lögð enn ríkari áhersla á það að slík fræðsla sé reglulegur liður í skólastarfinu.

Um umferðarfræðslu í framhaldsskólum gilda að vissu marki önnur lögmál þar sem skólaskyldu lýkur með grunnskóla. Í lögum um framhaldsskóla er aukin áhersla lögð á forvarnarstarf, en með þeirri hækkun bílprófsaldurs sem lögð er til í frumvarpi þessu er mikilvægt að umferðarfræðsla fari fram á framhaldsskólastigi.

Í 1. mgr. 116. gr. gildandi laga er fjallað um fræðsluskyldur sveitarfélaga. Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild sveitarfélaga til að skipa umferðarnefnd til þess að stuðla að umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélagi. Loks er í 3. mgr. mælt svo fyrir að sveitarstjórn og sveitarstjórnir setji nánari reglur um skipun og starfssvið umferðarnefnda.

Með 3. mgr. þessarar greinar er lagt til að ákvæði um fræðsluskyldu sveitarfélaga verði einfölduð. Afnumin verði hin almenna fræðsluskylda sveitarfélaga, sem er í höndum Umferðarstofu, sbr. d-lið 114. gr. frumvarpsins, en í staðinn viðhaldið því fyrirkomulagi að sveitarfélagi sé skylt að fræða almenning um þær sérreglur er gilda á hverjum stað. Að þessu virtu er lagt til að ákvæði 2. og 3. mgr. 116. gr. gildandi laga verði afnumin, enda eðlilegra að það sé á forræði hvers sveitarfélags fyrir sig að skipuleggja innan ramma sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, hvernig það annast þær sértæku fræðsluskyldur sem eftir standa. Það skal ítrekað að skv. d-lið 114. gr. frumvarpsins ber Umferðarstofu að eiga samráð við sveitarfélög við framkvæmd fræðsluskyldu þeirra samkvæmt þessari grein.

Um 118. gr.

Samkvæmt greininni skal ráðherra við setningu reglugerða samkvæmt lögunum á hverjum tíma taka mið af þjóðréttarlegum skuldbindingum á sviði umferðarmála. Er því ráðgert að ráðherra leitist eins og kostur er við að innleiða þjóðréttarreglur á þessu sviði með stjórnvaldsfyrirmælum og þá þannig að gætt sé samræmis á milli landa sem slík fyrirmæli mæla eftir atvikum fyrir um. Með þessu ákvæði er einnig tryggt að heildarreglusetning hér á landi á sviði umferðarmála sé, eins og kostur er, að efni til nánar útfærð í reglum sem taka mið af íslenskum aðstæðum, enda sé samkvæmt hlutaðeigandi þjóðréttarreglu svigrúm fyrir íslensk stjórnvöld til að horfa til slíkra atriða.

Um 119. gr.

Með greininni er ráðherra veitt heimild til að ákveða að setja eina almenna reglugerð um umferðarmál þar sem fram koma þau fyrirmæli samkvæmt lögum þessum sem setja skal í reglugerð. Gæti það fyrirkomulag bæði verið til hagræðis og skýringarauka, svo og gerð handbókar skv. k-lið 114. gr. frumvarpsins þar sem reglur og reglugerðir á umferðarsviðinu væru settar fram á heildstæðan hátt.

Um 120. gr.

Lagt er til að ný umferðarlög taki gildi 1. janúar 2012. Falli þá um leið úr gildi umferðarlög, nr. 50/1987, með síðari breytingum. Nauðsynlegt þykir að nokkur tími líði frá samþykkt

frumvarpsins á Alþingi þar til lögin taka formlega gildi, enda þarf í millitíðinni að fara fram víðtækt og markvisst kynningarstarf af hálfu stjórnvalda auk þess sem þær stjórnkerfisbreytingar sem lögin gera ráð fyrir þarf að undirbúa.

Brýnt þykir, m.a. vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga, að ákvæði 78. gr. frumvarpsins, um flutning á hættulegum farmi, gangi í gildi sem fyrst og er því lagt til að það taki gildi við samþykkt frumvarpsins á Alþingi.

Þar sem ákvæði 3. mgr. 108. gr. núgildandi laga um að gjöld vegna umferðarlagabrota skuli renna til gerðar og reksturs bifreiðastæða og bifreiðageymslna þykir ekki samræmast markmiðsákvæðum frumvarpsins er lagt til að ákvæði 3. mgr. 110. gr. frumvarpsins um að þessi gjöld renni til samgöngumála í viðkomandi sveitarfélagi taki gildi við samþykkt frumvarpsins.

XIII. kafli gildandi umferðarlaga um fébætur og vátryggingar hefur verið á forræði efnahags- og viðskiptaráðuneytisins frá 1. janúar 2004 þegar umferðarmál fluttust úr dóms- og kirkjumálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Hefur verið unnið að frumvarpi til laga um lögmæltar ökutækjatryggingar í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og er gert ráð fyrir að það verði samþykkt á Alþingi á sama tíma og þetta frumvarp. Til að slá varnagla við því ef töf verður á samþykkt frumvarpsins er mælt svo fyrir að XIII. kafli laganna haldi gildi sínu þar til frumvarp þess efnis hefur verið samþykkt af Alþingi.

Í 3. mgr. er áréttað að reglugerðir, sem settar eru samkvæmt gildandi lögum, haldi gildi sínu við gildistöku nýrra laga, uns nýjar reglugerðir hafa verið settar á grundvelli ákvæða frumvarpsins. Er það og eðli máls samkvæmt háð því að ákvæði gildandi reglugerða hafi næga stoð í ákvæðum nýrra laga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er fjallað um aðlögunartíma sem nauðsynlegur er vegna breytinga til hækkunar á lágmarksaldri þeirra sem hljóta ökuréttindi, sbr. a-lið 2. mgr. 55. gr. frumvarpsins. Skv. 1. mgr. er lagt til að aðlögunartími verði fjögur ár. Er þá hvort tveggja horft til hagsmuna og væntinga þeirra ungmenna sem hafa nú miðað við það að geta öðlast ökuréttindi 17 ára. Þá er ekki síst með bráðabirgðaákvæði þessu tekið tillit til hagsmuna ökukennara. Gera má ráð fyrir að skemmri aðlögunartími hefði í för með sér a.m.k. 50% samdrátt á sviði ökukennslu í ljósi þess að heill árgangur ungra ökunema sem ellegar hefði hafið ökunám verður að bíða til 17 ára aldurs í stað 16 ára aldurs samkvæmt gildandi lögum.

Þar sem gildistími ökuskírteinis, sbr. 58. gr. frumvarpsins, verður 15 ár (til samræmis við ákvæði tilskipunar 2006/126/EB), þarf að taka af öll tvímæli varðandi gildistíma eldri skírteina, en nýjar reglur taka gildi 1. janúar 2013 eins og fram kemur í greininni. Nauðsynlegt er því að setja sambærilegt ákvæði þar að lútandi í ákvæði til bráðabirgða. Í tilskipun 2006/126/EB er aðildarríkum gefinn frestur til 2033 til að fullnægja öllum kröfum sem fram koma í tilskipuninni eins og fram kemur í ákvæðinu og er miðað við að við lok dags 31. desember 2032 verði öll ökuskírteini útgefin á grundvelli eldri réttinda fallin brott.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til umferðarlaga.

Markmiðið með frumvarpi þessu er einkum að færa gildandi lög til nútímalegra horfs með því að taka mið af reynslu og þróun í umferðarmálum undanfarinna ára. Þá er frumvarpinu ætlað að stuðla að frekari aðlögun umferðarlöggjafar að alþjóðlegum samningum um umferðarmál, m.a. með hliðsjón af þeirri þróun sem hefur orðið á alþjóðavettvangi frá samningu gildandi laga.

Talið er að eftirfarandi breytingar á gildandi lögum sem lagðar eru til í frumvarpinu geti haft áhrif á tekjur og gjöld ríkissjóðs.

Í fyrsta lagi er lagt til í frumvarpinu að mælt verði fyrir um skyldu læknis til að gera trúnaðarlækni Umferðarstofu viðvart ef hann telur vafa leika á því að handhafi ökuréttinda fullnægi tilteknum skilyrðum og jafnframt kveðið á um að heimilt skuli vera að taka gjald vegna kostnaðar sem hlýst af starfi trúnaðarlæknisins. Miðað við að allt að fimmtíu málum verði vísað til trúnaðarlæknis Umferðastofu á ári og að gjald fyrir hverja læknisskoðun yrði allt að 10 þús. kr. má gera ráð fyrir að tekjur af gjaldinu yrðu um 0,5 m.kr. til að standa undir þessum kostnaði.

Í öðru lagi er lagt til að gildistími örkuskírteinis verði 15 ár í stað þess að það gildi til 70 ára aldurs. Taki lögin gildi 1. janúar 2012 reynir þó ekki á þetta fyrr en 1. janúar 2026 og í flestum tilvikum ekki fyrr en 19. janúar 2033 varðandi ökuskírteini sem samkvæmt gildandi lögum voru gefin út til 70 ára aldurs viðkomandi ökumanns. Áætlað er að þetta hafi óveruleg áhrif á tekjur og útgjöld ríkissjóðs af útgáfu ökuskírteina.

Í þriðja lagi er lagt til að leita skuli leyfis Umferðarstofu til að halda aksturkeppni á tilgreindum svæðum gegn nýju gjaldi til stofnunarinnar. Ekki eru forsendur til að meta áhrif ákvæðisins en það ætti að koma nánar fram við undirbúning tilhlítandi reglugerðar.

Í fjórða lagi er kveðið á um gjald vegna afgreiðslu starfsleyfa til ökuskóla og ökukennara en Umferðarstofu er ætlað að gefa út slík starfsleyfi. Í landinu hafa nú 35 ökuskólar starfsleyfi til fimm ára í senn og um 200 ökukennarar hafa nú löggildingu lögreglustjóra sem gefin er út til fimm ára í senn. Ekki er áætlað að þetta ákvæði hafi í för með sér útgjöld umfram tekjur af leyfisveitingum.

Í fimmta lagi er kveðið á um skráningarskyldu eftirvagna að heildarþyngd 750 kg eða minna og vinnuvéla gegn 2.500 kr. gjaldi. Áætlað er að um þrjú þúsund eftirvagnar séu óskráðir í dag en mun minna er um óskráðar vinnuvélar. Áætlað er að útgjöld Umferðarstofu vegna skráningar aukist um 2,5 m.kr. næstu þrjú árin en verði svo óveruleg eftir það. Nýju skráningargjöldin eiga að standa undir kostnaðinum.

Í sjötta lagi er lagt til að Vegagerðin geti lagt á stjórnvaldssektir, allt að 300.000 kr., vegna brota á reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem annast fólks- og farmflutninga í atvinnuskyni. Gert er ráð fyrir að sektin renni í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við eftirlit, álagningu og innheimtu sektarinnar.

Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir að sektir vegna umferðarlagabrota, sem renna í ríkissjóð, geti numið allt að 500.000 kr. í stað 300.000 kr. samkvæmt gildandi lögum.

Í áttunda lagi er lagt til að heimilt verði að veita sakborningi allt að 25% afslátt af sektarfjárhæð sýni hann fram á það með skattframtali að tekjur hans hafi verið undir fjárhæð sem svarar til einna og hálfra mánaðarlauna samkvæmt lágmarkstaxta í samningum Starfsgreina-

sambandsins og Samtaka atvinnulífsins. Sú viðmiðunarfjárhæð væri í dag um 248 þús. kr. á mánuði miðað við núgildandi kjarasamninga. Með ákvæði þessu er því í raun verið að gera ráð fyrir að umferðarsektir verði tekjutengdar og að í slíkum tilvikum geti afsláttur orðið 50% þegar við bætist afsláttur sem veittur er þegar greitt er innan tilskilins frests. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um afslátt af sektarfjárhæð vegna umferðarlagabrota. Þessa tillögu frumvarpsins má telja óvanalega og vekur hún upp spurningar um fordæmisgildi og samræmi við aðra sektarinnheimtu sem ríkið hefur tekjur af og hvaða áhrif hún kann að hafa á hvata til að forðast brot á lögum. Framkvæmd og umsýsla sektarinnheimtu er í höndum lögregluembætta á landinu og Innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar á Blönduósi. Gera má ráð fyrir að umsýsla hjá embættunum vegna þessa muni að einhverju leyti aukast við þessa breytingu á framkvæmdinni en ekki virðist þó ástæða til að ætla að kostnaður við það verði umtalsverður.

Í tengslum við undirbúning frumvarpsins hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið haft til skoðunar áform um að fjölga öryggismyndavélum. Þær áætlanir miðast við að myndavélum verði fjölgað um tíu á ári hverju næstu þrjú árin þannig að þær verði orðnar samtals 40 árið 2014. Stofnkostnaður við hverja öryggismyndavél er um 20 m.kr. og er áætlað að árlegur rekstrarkostnaður fyrir 40 vélar sé um 57 m.kr. á ári. Þessar áætlanir fela því í sér að stofnkostnaðarútgjöld ríkissjóðs mundu aukast um 200 m.kr. á ári næstu þrjú árin og að rekstrarkostnaður aukist um 13 m.kr. á fyrsta ári eftir gildistöku laganna, 23 m.kr. á öðru ári og 33 m.kr. á þriðja ári og eftirleiðis. Samtals gera því þessi áform ráð fyrir að útgjöld vegna stofnkostnaðar aukist um 600 m.kr. og vegna rekstrarkostnaðar um 33 m.kr. á þessum þremur árum. Framgangur þessara áforma mun fara eftir því hvaða fjárheimildir verða fyrir hendi til að standa undir útgjöldunum. Óvissa er um hvort fjölgun öryggismyndavéla mundi skila ríkissjóði auknum sektartekjum til lengri tíma litið.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að útgjöld aukist um 3 m.kr. en að á móti komi jafnmiklar rekstartekjur af gjaldtöku þannig að afkoma ríkissjóðs verði óbreytt eftir sem áður. Þá er hugsanlegt að hækkun hámarkssekta hafi í för með sér auknar tekjur fyrir ríkissjóð en engar forsendur eru til að spá fyrir um það auk þess sem á móti vegur tekjutap sem leiðir af tillögu um að umferðalagasektir verði tekjutengdar.

815. Skýrsla [496. mál]

umhverfisráðherra, Svandísar Svavarsdóttur, um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Þann 5. nóvember 2010 samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, sem á að tryggja að Ísland geti staðið við líklegar skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fram til 2020. Áætlunin var unnin af verkefnisstjórn undir formennsku umhverfisráðuneytisins, en einnig sátu í henni fulltrúar frá forsætisráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu, samgönguráðuneytinu, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í aðgerðaáætluninni er lagt til að tíu aðgerðir verði settar í forgang í því skyni að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi fram til 2020. Þrjár eru á sviði samgangna og tvær á sviði sjávarútvegs. Áfram á að stuðla að öflugri bindingu kolefnis með skógrækt

og landgræðslu og hefja á markvisst átak til endurheimtar votlendis. Tvær aðgerðanna eru almennar hagrænar aðgerðir, sem hafa áhrif á fjölmarga geira: Uppsetning viðskiptakerfis með losunarheimildir og skattur á losun kolefnis. Þá á að efla rannsóknir og nýsköpun í loftslagsvænni tækni, en Íslendingar standa þar framarlega á mörgum sviðum. Með þessum lykilaðgerðum telur verkefnisstjórnin að Ísland geti staðið við líklegar skuldbindingar Íslands á alþjóðavísu fram til ársins 2020. Einnig eru lagðar til fleiri aðgerðir og áhersla lögð á að reynt verði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í öllum helstu geirum.

Losun gróðurhúsalofttegunda hefur aukist á Íslandi frá 1990 og ljóst er að það er mikið verkefni að snúa þeirri þróun við. Í heild nam losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi 4881 Gg (tæplega 4,9 milljónum tonna) árið 2008 og hafði aukist um 43% frá 1990. Ef binding kolefnis með skógrækt og landgræðslu er tekin með í reikninginn var nettólosun 4510 Gg á árinu 2008 og hafði aukist um 32% frá 1990. Þetta jafngildir að losun hafi verið um 15,6 tonn af CO2-ígildum á hvern íbúa árið 2008, sem er nokkuð hærra en í ríkjum ESB (9,9 tonn) og í Noregi (11,3 tonn) og aðeins yfir meðaltali í OECD-ríkjum, þar sem hún er tæplega 15 tonn á íbúa. Losun á mann á Íslandi er 14,4 tonn þegar tekið er tillit til kolefnisbindingar.

Umhverfisráðherra telur mikilvægt að kynna aðgerðaáætlunina fyrir Alþingi og fá umfjöllun um hana á vettvangi þingsins. Hér er um að ræða tæki stjórnvalda til að hafa áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda, sem aftur varðar samgöngur, landnotkun, atvinnustarfsemi, efnahag og ímynd Íslendinga á alþjóðavettvangi. Loftslagsmál snerta flest svið samfélagsins með einum eða öðrum hætti og því er mikilvægt að efna til lifandi umræðu um þau mál.

Áætluninni verður fylgt eftir og hún endurskoðuð reglulega, m.a. með tilliti til gangs mála í alþjóðlegum loftslagsviðræðum og innleiðingu tilskipana Evrópusambandsins í loftslagsmálum í gegnum EES-samninginn. Því er talið rétt að gera stuttlega grein fyrir gangi þeirra viðræðna hér í þessum inngangi að aðgerðaáætluninni.

Nokkurt bakslag varð í alþjóðlegum samningaviðræðum um loftslagsmál þegar mistókst að ná bindandi alþjóðlegu samkomulagi á fundi leiðtoga í Kaupmannahöfn í desember 2009, eins og stefnt hafði verið að. Hið svokallaða Kaupmannahafnarsamkomulag sem gert var á fundinum á milli leiðtoga og fulltrúa nokkurra ríkja er ekki lagalega bindandi og ófullkomið að margra mati, þótt einnig megi segja að það hafi forðað því að Kaupmannahafnarfundurinn skilaði engum árangri. Ríkjum heims var boðið að styðja samkomulagið og hefur Ísland gert það eins og flest iðnríkin og stærstu þróunarríkin. Samkomulagið var þó ekki staðfest af þingi Loftslagssamnings S.þ. og hafa samningaviðræður haldið áfram á árinu 2010 með það að markmiði að ganga frá bindandi samkomulagi, sem taki við þegar fyrsta skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar lýkur í lok árs 2012.

Staðan nú fyrir 16. aðildarríkjaþing Loftslagssamningsins, sem haldið verður í Mexíkó í desember, er að mörgu leyti svipuð og fyrir Kaupmannahafnarfundinn. Viðamiklir samningstextar liggja fyrir, en ágreiningsatriðin eru mörg og sum stór. Nokkuð hefur miðað áfram varðandi einstök atriði, svo sem tækniaðstoð, fjármögnun og samvinnu varðandi aðlögun að loftslagsbreytingum, en grundvallarágreiningur er um nokkur lykilatriði. Bandaríkin vilja ekki gerast aðilar að Kýótó-bókuninni og önnur þróuð ríki eru treg að fallast á að taka á sig strangari skuldbindingar á öðru tímabili Kýótó nema Bandaríkin taki á sig sambærilegar skuldbindingar og stór og ört vaxandi þróunarríki á borð við Kína og Indland axli stærri ábyrgð. Flest þróunarríki eru treg til að taka á sig skuldbindingar af neinu tagi, en telja að þróuð ríki verði að ganga lengra í minnkun losunar og stórauka styrki til þróunarríkja til að bregðast við loftslagsbreytingum og taka upp loftslagsvænni tækni. Nær útilokað er talið að ná lagalega bindandi samkomulagi í Mexíkó, en ef ekki tekst að brúa bilið að einhverju leyti

þar minnka líkur á því að ná slíku samkomulagi 2011 á 17. aðildarríkjaþingi Loftslagssamningsins.

Ísland tilkynnti á ráðstefnunni í Kaupmannahöfn að Ísland væri reiðubúið að vinna að sameiginlegu markmiði með Evrópusambandinu um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 30% til 2020, sem hluta af nýju alþjóðlegu samkomulagi. Ísland hefur óskað eftir því við ESB að taka á sig slíkt sameiginlegt markmið og hefur ráðherraráð ESB samþykkt þá beiðni og falið framkvæmdastjórninni að ganga frá samkomulagi við Ísland þess efnis. Þetta hefur þann kost í för með sér fyrir Ísland að þurfa ekki mögulega að búa við tvöfalt kerfi skuldbindinga eftir 2012, þar sem Ísland þarf hvort sem er að taka upp stóran hluta loftslagsreglna ESB í gegnum EES-samninginn. Stóriðjufyrirtæki og flugstarfsemi munu þá falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, en þurfa ekki að taka á sig aukalegar skuldbindingar í nýju alþjóðasamkomulagi, heldur búa við sömu skilyrði og sambærileg starfsemi í Evrópu.

Óháð því hvort gengið verður frá lagalega bindandi samkomulagi á vettvangi Loftslagssamningsins fyrr eða seinna er ljóst að krafa verður áfram gerð til Íslands eins og annarra þróaðra ríkja að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Aðgerðaáætlunin tekur mið af líklegum skuldbindingum á alþjóðavísu og samkvæmt EES-samningnum, en nauðsynlegt er að endurskoða hana í ljósi aðstæðna þegar línur taka að skýrast í þeim efnum á komandi misserum.

Meðfylgjandi er aðgerðaáætlunin í heild, eins og verkefnisstjórnin skilaði henni til umhverfisráðherra.

Samantekt

Í Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna er lögð skylda á ríki heims að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda og gera áætlanir í því skyni. Í Kýótó-bókuninni er að finna tölulegar skuldbindingar um takmörkun losunar fyrir Ísland og tæplega 40 önnur þróuð ríki fyrir tímabilið 2008–2012. Nú standa yfir samningaviðræður um skuldbindingar ríkja eftir árið 2012. Ísland hefur sett fram almenna stefnumörkun um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 50–75% til 2050 og hefur gefið vilyrði á alþjóðlegum vettvangi um að taka þátt í sameiginlegu átaki með ríkjum Evrópusambandsins um 30% samdrátt í losun til 2020. Ekki hefur þó verið gengið frá lagalega bindandi alþjóðasamkomulagi og óvissa ríkir í viðræðunum, en víst er að áfram verða gerðar kröfur á íslensk stjórnvöld um að taka virkan þátt í hnattrænu átaki í loftslagsmálum og hafa trúverðuga stefnu um að draga úr losun.

Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á Íslandi í því skyni að standa við stefnu stjórnvalda og skuldbindingar í loftslagsmálum.

Í aðgerðaáætluninni er lagt til að tíu sk. lykilaðgerðir verði settar í forgang. Tvær þeirra eru almenns eðlis: Uppsetning viðskiptakerfis með losunarheimildir og skattur á losun kolefnis. Þrjár eru á sviði samgangna og tvær á sviði sjávarútvegs. Áfram á að stuðla að öflugri bindingu kolefnis með skógrækt og landgræðslu og hefja á markvisst átak til endurheimtar votlendis. Þá á að efla rannsóknir og nýsköpun í loftslagsvænni tækni, þar sem Íslendingar standa framarlega á mörgum sviðum. Saman eiga þessar tíu aðgerðir að geta leitt til þess að Ísland geti staðið við líklegar alþjóðlegar skuldbindingar sínar til 2020.

Ekki er víst að þessar lykilaðgerðir skili allar tilætluðum árangri og því er að finna í áætluninni fleiri tillögur um aðgerðir. Hvatt er til þess að reynt verði að draga úr nettólosun í öllum helstu geirum, þótt ljóst sé að ekki sé hægt að grípa til allra mögulegra aðgerða á sama tíma.

Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi nam 4881 Gg árið 2008 og hafði aukist um 43% frá 1990. Ef binding kolefnis með skógrækt og landgræðslu er tekin með í reikninginn var nettólosun 4510 Gg 2008 og hafði aukist um 32% frá 1990. Þetta jafngildir að losun hafi verið um 15,6 tonn af CO2-ígildum á hvern íbúa árið 2008 (14,4 tonn ef binding er dregin frá), en hún var 13,4 tonn árið 1990.



Í áætluninni er að finna líkan af þeirri þróun sem vænst er að losun GHL geti fylgt til 2020, í heild og í einstökum geirum (samgöngum, sjávarútvegi o.s.frv.), sbr. meðfylgjandi töflur. Töflurnar hér að neðan sýna þrennt: 1) þróun losunar utan stóriðju 1990–2008 og væntingar verkefnisstjórnar til þróunar losunar til 2020, 2) sams konar töflu um bindingu kolefnis með skógrækt og landgræðslu og 3) þróun losunar frá stóriðju til 2008 og spá um mögulega þróun til 2020 samkvæmt tveimur sviðsmyndum. Þessar töflur eru gagnleg viðmið fyrir eftirfylgni áætlunarinnar. Ef þróun losunar fylgir þessum væntingum í stórum dráttum á Ísland að geta staðið við skuldbindingar sínar. Ef þróunin verður mjög á annan veg – í heild eða í einstökum geirum – þarf að skoða hvort hægt er að grípa til frekari aðgerða. Helsta ástæðan fyrir því að stóriðjan er aðskilin frá annarri losun er sú að önnur stjórntæki verða notuð til að hafa áhrif á losun frá henni, eins og fjallað er um nánar síðar.







Helsti tilgangur áætlunarinnar er að hjálpa stjórnvöldum að tryggja að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar til 2020. Ekki liggur fyrir vissa hvað það varðar, þar sem ekki hefur verið gengið frá samkomulagi um 2. skuldbindingartímabil Kýótó-bókunarinnar, eða annað fyrirkomulag alþjóðlegra skuldbindinga innan Loftslagssamningsins. Það er hins vegar líklegt að Ísland taki á sig sameiginlegt markmið með ríkjum Evrópusambandsins í nýju alþjóðasamkomulagi og skuldbindingar Íslands verða þá einkum gagnvart reglum ESB, sem sumar verða teknar upp í gegnum EES-samninginn, en aðrar samkvæmt sérstöku samkomulagi Íslands við ESB.

Líklegt er að skuldbindingar Íslands verði í framtíðinni tvískiptar, þannig að stóriðja verði undir reglum viðskiptakerfis ESB, en gerð verði krafa um tölulegan samdrátt í losun í öðrum geirum. Þetta er útskýrt nánar hér að neðan og í kafla 2.2.

Talið er raunhæft að stefna að því að losun frá einstökum geirum geti þróast eins og eftirfarandi tafla sýnir til ársins 2020:

Geiri	Losun 1990 (Gg)	Losun 2008 (Gg)	Losun 2020 (Gg)	Breyting 1990–2020 (%)	*Breyting 2005–2020 (%)*	Breyting 2008–2020 (%)
Stóriðja (ál og járnblendi)	**761**	**1857**	**1742–2918**	**+129–283%**	***+115–261%***	**-6 til +57%**
Samgöngur	609	974	750	+23%	***-12%***	-23%
Sjávarútvegur	789	589	450	-43%	***-39%***	-24%
Landbúnaður	575	566	450	-22%	***-10%***	-21%
Meðferð úrgangs	180	221	200	+11%	***+3%***	-9%
Orkuframleiðsla	123	228	220	+79%	***+33%***	-4%
Annað	366	446	350	-4%	***-27%***	-22%
Samtals án stóriðju	**2654**	**3024**	**2420**	**-9%**	***-16%***	**-20%**
Kolefnisbinding	0	-371	-775			
Samtals án stóriðju og með bindingu	**2654**	**2653**	**1645**	**-38%**	***-32%***	**-38%**

Ef horft er fyrst til stóriðjunnar, sést að losun frá henni hefur aukist yfir 140% frá 1990 til 2008. Slíkt þarf vart að koma á óvart, þar sem mikil aukning hefur orðið á stóriðju síðan 1990 með tilkomu nýrra álvera á Grundartanga og Reyðarfirði og stækkun álversins í Straumsvík og Járnblendiverksmiðjunnar. Spár um losun frá stóriðju árið 2020 eru miðaðar við tvö spátilvik Umhverfisstofnunar, en eru ekki markmið sem verkefnisstjórnin setur fram.

Þegar litið er á losun utan stóriðju sést að hún hefur aukist um 14% frá 1990 til 2008. Ef frádráttur vegna bindingar kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu er talin með í þessu samhengi væri nettólosun nær óbreytt árið 2008 og hún var 1990. Þegar litið er til losunar árið 2020 er um að ræða væntingar verkefnisstjórnarinnar um þróun losunar, að teknu tilliti til mótvægisaðgerða. Talið er að losun geti minnkað um 19% til 2020 miðað við 2008, en um 8% miðað við 1990. Þegar binding kolefnis með skógrækt og landgræðslu er tekin með í reikninginn sést að nettólosun gæti orðið 38% minni árið 2020 en 1990, ef stóriðjan er ekki tekin með.

Losun frá stóriðju mun lúta öðrum reglum en önnur losun GHL frá Íslandi. Hún mun falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, þar sem fyrirtæki munu fá úthlutað heimildum úr samevrópskum potti og þurfa að afla sér heimilda úr sama potti ef upp á vantar.

Kröfur til Íslands varðandi aðra losun en frá stóriðju verða líklega þær að Ísland þarf að draga úr losun um u.þ.b. 30% til 2020 miðað við árið 2005. Spá verkefnisstjórnarinnar um losun utan stóriðju benda til að með aðgerðum verði hægt að draga úr losun um 16% til 2020, miðað við árið 2005 og um 32% ef binding er talin með. Miðað við ofangreint mat á áhrifum aðgerða ætti Ísland að geta staðið við kröfur um 30% samdrátt í losun. Þar munar langmest um aðgerðir á sviði landnotkunar og bindingar kolefnis, sem sýnir mikilvægi skógræktar og landgræðslu í loftslagsstefnu Íslands.

Hér að neðan er stutt yfirlit yfir efni skýrslunnar eftir köflum og undirköflum.

Í 2. kafla er fjallað um bakgrunn og forsendur aðgerðaáætlunarinnar. Möguleikar Íslendinga til þess að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda eru á margan hátt ólíkir því sem gerist hjá flestum öðrum ríkjum sem hafa tekið á sig tölulegar skuldbindingar samkvæmt Kýótó-bókuninni. Ísland hefur samkvæmt úttekt sérfræðinganefndar minni möguleika en flest ríki til að draga úr losun vegna eldsneytisbrennslu og iðnferla, vegna hás hlutfalls endurnýjanlegrar orku í orkubúskapnum. Þó eru verulegir möguleikar til að draga úr losun frá samgöngum á hagkvæman hátt og einnig frá sjávarútvegi, en þeir eru meiri óvissu bundnir. Þá

eru möguleikar til bindingar kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu óvíða meiri.

Aðgerðaáætlunina sjálfa er að finna í 3. kafla. Í undirkafla 3.1. er losun gróðurhúsalofttegunda greind eftir helstu geirum – samgöngum, stóriðju, sjávarútvegi o.s.frv. – og reynt að meta gróflega möguleika á að draga úr losun eða takmarka hana í hverjum geira fyrir sig til ársins 2020. Vart er hægt að búast við því að losun muni þróast á nákvæmlega þann hátt sem lýst er í líkaninu og ekki er rétt að reyna að binda losun frá einstökum atvinnugreinum eða geirum við þau markmið sem þar eru sett fram. Líkanið á hins vegar að vera gagnlegt tæki fyrir stjórnvöld til að fylgjast með hvort þróun mála verður með þeim hætti sem þar er lýst og leita skýringa á því ef svo er ekki, svo sem hvort ekki hafi verið gripið til nægilegra aðgerða eða hvort forsendur hafi verið rangar eða þær breyst.

Ekki eru allar aðgerðir jafnar; þær skila mismiklum árangri, eru misdýrar og skila mismiklum ávinningi í viðbót við ávinninginn fyrir loftslagið. Samkvæmt tillögum verkefnisstjórnarinnar verður lögð áhersla á tíu lykilaðgerðir, sem eru listaðar í undirkafla 3.2., til að draga úr nettólosun GHL á Íslandi fram til 2020. Með þeirri áherslu er horft til þess að erfitt er að hafa yfirsýn yfir tugi aðgerða á flestum sviðum samfélagsins og farsælt að setja nokkrar í forgang sem líklegar eru til þess að skila mestum árangri og á sem hagkvæmastan hátt. Verkefnisstjórnin telur að ef vel tekst til varðandi þessar lykilaðgerðir eigi Ísland að geta staðið við líklegar skuldbindingar sínar gagnvart alþjóðlegum reglum til ársins 2020. Hins vegar er æskilegt að grípa til enn fleiri aðgerða en aðeins þessara lykilaðgerða og í undirkafla 3.3. er að finna lista yfir aðrar aðgerðir, sem verkefnisstjórnin telur vænlegar til skoðunar. Þessi listi yfir aðgerðir er eins konar „matseðill“, sem stjórnvöld geta forgangsraðað og valið úr, en tæpast er raunhæft að grípa til allra aðgerða á sama tíma. Settur verður upp hugmyndabanki á netinu, þar sem almenningi gefst kostur á að setja inn tillögur.

Samtals eiga lykilaðgerðirnar að leiða til þess að nettólosun verði 1330–1570 Gg (þús. tonna) minni árið 2020 en væri án aðgerða, en þar munar langmest um aðgerðir á sviði skógræktar og landgræðslu. Til að setja þá tölu í samhengi má nefna að losun árið 2008 nam 4.881 Gg, þannig að ávinningurinn af aðgerðunum samsvarar um 27–32% minnkun í losun, ef gert væri ráð fyrir óbreyttri losun frá 2008 og engri bindingu. Í þessari tölu er ekki gert ráð fyrir hugsanlegum samdrætti í losun frá framræstum mýrum með endurheimt votlendis.

Í undirkafla 3.4. er fjallað um framkvæmd og eftirfylgni áætlunarinnar. Þar er lagt til að áætlunin verði endurskoðuð strax árið 2012, þegar framtíðarskuldbindingar Íslendinga liggja ljósar fyrir og að regluleg eftirfylgni verði með framkvæmd áætlunarinnar. Einnig er fjallað um fjármögnun aðgerða í loftslagsmálum og lagt til að hluti þeirra tekna sem fást með kolefnisgjaldi og uppboðum á heimildum til kolefnislosunar renni til verkefna á sviði loftslagsmála.

AÐGERÐAÁÆTLUN Í LOFTSLAGSMÁLUM

1. Inngangur

Verkefnisstjórn um gerð aðgerðaáætlun í loftslagsmálum var skipuð 2. júlí 2009. Í skipunarbréfi hópsins stendur eftirfarandi:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að láta vinna aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem taki mið af langtímastefnumörkun ríkisstjórnarinnar og væntanlegum skuldbindingum Íslands varðandi losun gróðurhúsalofttegunda í væntanlegum nýjum alþjóðasamningi og samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Verkefnisstjórn á vegum umhverfisráðuneytisins mun stýra gerð áætlunarinnar. Til grundvallar starfi verkefnisstjórnarinnar liggur auk þess

nýútkomin skýrsla sérfræðinganefndar frá júní 2009 sem ber heitið „Möguleikar til að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi“.

Verkefnisstjórnin sem skipuð er fulltrúum stjórnvalda skal vinna að verkinu í nánu samráði við alla hagsmunaaðila málsins utan stjórnsýslunnar svo sem samtök atvinnulífsins, fulltrúa atvinnugreina, umhverfisverndarsamtök og viðkomandi sérfræðistofnanir. Verkefnisstjórnin skal skila tillögum að aðgerðaáætlun til umhverfisráðherra eigi síðar en 1. apríl 2010.“

Í verkefnisstjórninni sitja: Hugi Ólafsson, umhverfisráðuneyti, formaður, Erna Bjarnadóttir, Bændasamtökum Íslands, fulltrúi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, Ellý Katrín Guðmundsdóttir, Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sigrún Ólafsdóttir, forsætisráðuneyti, Sigurður Örn Guðleifsson, samgönguráðuneyti, Sigurður Guðmundsson, fjármálaráðuneyti og Sveinn Þorgrímsson, iðnaðarráðuneyti. Starfsmaður verkefnisstjórnarinnar er Hrafnhildur Bragadóttir, Umhverfisstofnun.

Verkefnisstjórnin hélt 18 fundi og hafði samráð við fjölmarga aðila við gerð aðgerðaáætlunarinnar. Drög að áætluninni voru birt opinberlega í desember 2009 og lokadrög að áætluninni voru send til umsagnar fjölmargra aðila í mars 2010. Áætlunin er þó að sjálfsögðu á ábyrgð verkefnisstjórnarinnar, en ástæða er til að þakka fyrir góðar tillögur sem lagðar voru fram munnlega og skriflega.

2. Forsendur aðgerðaáætlunar

2.1. Leiðarljós

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum þarf að taka tillit til margs: alþjóðlegs eðlis loftslagsvandans, stefnu stjórnvalda, greiningar á tæknilegum möguleikum, kostnaðar og aðstæðna í þjóðfélaginu. Verkefnisstjórnin ákvað að setja ákveðin leiðarljós við mótun tillagna sinna, sem eru eftirfarandi:

1. **Alþjóðlegar skuldbindingar:** Þar sem loftslagsbreytingar eru hnattrænt vandamál skiptir meginmáli að aðgerðir Íslands séu hluti af hnattrænu átaki til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda. Aðgerðaáætlun á að miða að því að stjórnvöld geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands eftir að fyrsta skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar lýkur árið 2020.
2. **Metnaður:** Ísland á að vera í fararbroddi í viðleitni við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á öllum sviðum samfélagsins. Á sumum sviðum, svo sem orkuframleiðslu, er þetta þegar raunin, en í öðrum, svo sem í samgöngum, er þetta markmið fjarlægt. Ísland hefur alla burði til að vera fyrirmyndarríki í loftslagsmálum og jafnvel að verða með fyrstu ríkjum sem teljast kolefnishlutlaus. Slíkt getur hjálpað til við að reisa orðspor Íslands og jafnvel haft efnahagslegan ávinning í för með sér í formi sparnaðar og útflutnings á loftslagsvænni tækni.
3. **Hagkvæmni:** Í ljósi efnahagsþrenginga er rétt að einblína fyrst á þær aðgerðir sem kosta minnst, eru hagkvæmastar og skila mestum hliðarávinningi. Smám saman verður hægt að grípa til fleiri aðgerða samhliða því að efnahagslífið kemst á réttan kjöl, en jafnframt ætti kostnaður við aðgerðir að minnka ef tekst að ná víðtækari þátttöku í alþjóðlegu samkomulagi.
4. **Sveigjanleiki:** Aðgerðaáætlun á að vera sveigjanleg og verkefnisstjórnin hefur því reynt að skilgreina mögulegar aðgerðir á sem flestum sviðum, sem ríkisstjórn á hverjum tíma getur gripið til í ljósi aðstæðna og hugsanlegra breyttra forsendna.

5. **Forgangsröðun:** Þótt áætlunin sé heildstæð og taki til allra þátta losunar og bindingar er ljóst að aðgerðir á nokkrum afmörkuðum sviðum – einkum í samgöngum, sjávarútvegi og á sviði kolefnisbindingar – geta skilað mestum árangri og því rétt að einblína á markvissar aðgerðir á þessum sviðum.
6. **Framtíðarsýn:** Áætlunin skoðar einkum aðgerðir sem líklegar eru til þess að vera árangursríkar á næsta áratug eða svo, til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, en einnig er hvatt til þess að átak verði gert í rannsóknum og þróunarstarfi á ýmsum sviðum loftslagsvænnar tækni, þar sem óvenju mörg athyglisverð verkefni á því sviði eru í gangi eða bígerð á Íslandi. Ljóst er að þetta getur styrkt ímynd Íslands sem fyrirmyndarríkis í loftslagsmálum og lagt grunninn að árangursríkum aðgerðum eftir 2020.
7. **Almenn þátttaka og samvinna:** Þessi aðgerðaáætlun er unnin fyrir stjórnvöld í því skyni að auðvelda þeim að standa við alþjóðlegar skuldbindingar og ná settum markmiðum og því er fyrst og fremst reynt að skilgreina aðgerðir sem stjórnvöld – ríki og sveitarfélög – geta gripið til. En stjórnvöld eru ekki ein um að hafa áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda; þar skiptir þátttaka atvinnulífsins, félagasamtaka og alls almennings verulegu máli. Samvinna þessara aðila skiptir miklu máli til að ná árangri með markvissum hætti. Vistvænn lífstíll, svo sem í samgöngum og innkaupum, getur stuðlað að sparnaði og bættri heilsu jafnframt minni losun koldíoxíðs. Baráttan gegn loftslagsmálum er mál allra og því skipta fræðsla og aðrar aðgerðir til að virkja sem flesta miklu máli. Ísland hefur barist fyrir því í alþjóðlegum samningaviðræðum að ákvæði um jafnrétti karla og kvenna í ákvarðanatöku séu sett inn í samningstexta. Dæmi um skort á jafnrétti er oft auðveldast að finna í þróunarríkjum, en það þarf einnig að huga að jafnrétti og virkri þátttöku kvenna í loftslagsmálum á Íslandi.

2.2. Alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og stefna stjórnvalda

Ísland er aðili að bæði loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna (United Framework Convention on Climate Change) og Kýótó-bókuninni við hann. Markmið þessara samninga er að hægja á styrkaukningu gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu svo að koma megi í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af manna völdum. Samkvæmt Kýótó-bókuninni ber Íslandi að halda losun gróðurhúsalofttegunda á tímabilinu 2008–2012 innan marka sem jafngilda 10% umfram losun hér á landi árið 1990. Ísland nýtur þó aukinna heimilda til að losa koldíoxíð vegna sérstaks ákvæðis (ákvörðunar nr. 14/CP.7) sem samþykkt var af aðildarríkjum loftslagssamningsins í Marrakess árið 2001. Sú heimild er þó eingöngu bundin við losun vegna nýrrar stóriðjustarfsemi eða stækkunar starfandi stóriðjufyrirtækja og er háð ýmsum skilyrðum, svo sem að viðkomandi starfsemi leiði til hlutfallslega mikillar aukningar á heildarlosun landsins, endurnýjanleg orka sé nýtt til framleiðslunnar og að notast sé við bestu tækni og bestu framleiðsluaðferðir sem völ er á. Á grunni þessara sérstöku heimilda á grunni Kýótó-bókunarinnar var komið á fót kerfi um úthlutun losunarheimilda til stóriðjufyrirtækja, með lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda.

Ísland er einnig bundið af ýmsum reglum Evrópusambandsins á sviði loftslagsmála. Þar ber fyrst að nefna að í október árið 2007 varð tilskipun 2003/87/EB um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (Emissions Trading System) hluti af EES-samningnum. Nær engin staðbundin starfsemi hér á landi fellur þó undir gildissvið viðskiptakerfisins eins og er og hefur kerfið því ekki verið innleitt að fullu í íslenska löggjöf. Engu að síður er fyrirséð að kerfið mun hafa talsverð áhrif á Íslandi á næstu árum, því að samkvæmt nýlegum breytingum á tilskipun 2003/87/EB mun flugstarfsemi heyra undir kerfið frá árinu 2012 og álframleiðsla

og járnblendi frá árinu 2013. Ef breytingarnar verða teknar upp í EES-samninginn má búast við að viðskiptakerfið muni ná yfir meira en 40% losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi innan fárra ára.

Viðskiptakerfið er lykilstjórntæki ESB til að ná markmiðum þess um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda, en ESB stefnir að a.m.k. 20% samdrætti í losun fyrir árið 2020 miðað við árið 1990. Fjölmargar reglur hafa að auki verið samþykktar um losun sem fellur utan viðskiptakerfisins og má ætla að margar þeirra muni hafa talsverð áhrif á réttarumhverfi loftslagsmála hér á landi á næstu árum. Sem dæmi má nefna að um þessar mundir er unnið að innleiðingu reglna um takmarkanir á notkun og sölu flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda, m.a. í kælikerfum skipa og loftræstingum bifreiða. Auk þess er fyrirhugað að innleiða svonefndan orku- og loftslagspakka ESB, sem felur m.a. í sér reglur um nýtingu endurnýjanlegra orkuauðlinda, orkunýtni bifreiða og niðurdælingu koldíoxíðs í jarðlög.

Að óbreyttu myndi Ísland taka á sig loftslagsskuldbindingar bæði í gegnum EES-samninginn og nýtt alþjóðlegt samkomulag. Slíkt gæti orðið flókið, sérstaklega þegar þess er gætt að stór hluti losunar Íslands fellur undir sérákvæði í Kýótó-bókuninni og mun innan skamms einnig falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Ísland hefur rætt við ESB um þessa stöðu og möguleika á að koma í veg fyrir tvöfalt kerfi skuldbindinga. Íslensk stjórnvöld óskuðu síðan eftir því að sá möguleiki yrði skoðaður að Ísland tæki á sig sameiginlega skuldbindingu með aðildarríkjum ESB í nýjum alþjóðasamningi í loftslagsmálum. Ísland yrði með því þátttakandi í heildarfyrirkomulagi ESB á sviði loftslagsmála, þ.e. bæði viðskiptakerfinu og ákvörðun ESB um dreifingu sameiginlegrar skuldbindingar á tímabilinu 2013–2020. Framkvæmdastjórn ESB féllst á þessa tillögu Íslands í desember 2009 og að hefja viðræður um gerð formlegs samnings þess efnis. Með slíku samkomulagi myndi óvissa um framtíðarskuldbindingar Íslands minnka, en þær eru ekki síst tengdar sérákvæðinu sem nú er að finna í Kýótó-bókuninni.

Líklegar skuldbindingar Íslands innan ramma nýs alþjóðasamkomulags og tvíhliða samnings Íslands við ESB væru tvíþættar. Annars vegar myndi losun frá stóriðju falla alfarið undir viðskiptakerfi ESB og fá úthlutað heimildum úr sameiginlegum evrópskum potti út frá ákveðnum viðmiðum um losun í viðkomandi iðnaði; þessi losun væri í raun utan beinnar stýringar íslenskra stjórnvalda. Hins vegar myndi Ísland líklega þurfa að draga úr losun í öðrum geirum en stóriðju um u.þ.b. 30% til 2020, miðað við árið 2005. Á móti þessu kæmi binding kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu. Þótt alþjóðlegar skuldbindingar Íslands til 2020 séu ekki ákveðnar fremur en annarra ríkja, þar sem ekki tókst að ganga frá samkomulagi í Kaupmannahöfn 2009 eins og til stóð, miðar þessi aðgerðaáætlun við það að gefa stjórnvöldum verkfæri til að standa við líklegar kröfur sem gerðar verða til Íslands eins og að framan greinir.

Ríkisstjórnin samþykkti almenna stefnumörkun í loftslagsmálum í febrúar 2007. Þar var ákveðið það langtímamarkmið að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda um 50–75% fyrir 2050 miðað við losun ársins 1990, en markmið til skemmri tíma voru ekki sett. Markmiðinu skyldi ná með sem hagkvæmustum hætti og tilgreinir stefnumörkunin í því skyni ýmsar aðgerðir í mismunandi geirum samfélagsins, svo sem í samgöngum, sjávarútvegi, landbúnaði og meðhöndlun úrgangs. Ekki voru sett markmið um samdrátt í losun til skemmri tíma, enda voru þá nýhafnar alþjóðlegar samningaviðræður um framhald Kýótó-bókunarinnar, þar sem ríki heims freistuðu þess að setja slík markmið.

Í viðbót við stefnumörkun ríkisstjórnar hafa sum sveitarfélög innleitt loftslagssjónarmið í stefnumörkun sína. Má þar nefna að Reykjavíkurborg hefur samþykkt loftslagsog loftgæða-

stefnu, þar sem m.a. er sett það markmið að dregið verði úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda um 35% til ársins 2020 og 73% til ársins 2050 miðað við losunina 2007.

2.3. Stjórntæki til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda

Stjórnvöld hafa mörg stjórntæki til þess að stuðla að eða framkvæma aðgerðir til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda. Sumar eru beinar **framkvæmdir**, svo sem skógrækt og landgræðsla á vegum opinberra aðila, kaup ríkisfyrirtækja á loftslagsvænum bílum eða vegaframkvæmdir sem stytta akstur á milli byggða. **Opinber innkaup** skipta miklu máli í loftslags- og umhverfisstefnu. Flestar aðgerðir eru þó þess eðlis að hafa áhrif á ákvarðanir og starfsemi atvinnulífs og almennings, svo sem **reglusetning**, **fræðsla**, stuðningur við **rannsóknir og þróun**, skattar, niðurgreiðslur og aðrar **hagrænar aðgerðir**.

Hagfræðiathuganir benda flestar til þess að markvissar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda borgi sig til lengri tíma litið, þar sem aðgerðaleysi verði dýrara en að takast á við vandann, vegna þess að afleiðingar loftslagsbreytinga verða geigvænlegri eftir því sem lengur dregst að ráðast að rót vandans. Í nýlegri athugun Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) segir: „metnaðarfull og markviss stefna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er efnahagslega skynsamleg“.[1]

Því fer hins vegar fjarri að allar aðgerðir borgi sig eða séu jafn skynsamlegar frá hagfræðilegum sjónarhóli. OECD leggur til að blöndu af ýmsum stjórntækjum sé beitt – reglusetningu, fræðslu, rannsóknum og þróun á loftslagsvænni tækni o.s.frv. – en leggur höfuðáherslu á að skýr verðmyndun sé á kolefni og losunarheimildum: „Verðmyndun á losun GHL, beint með kolefnissköttum eða – sem er líklega betra – með kerfi framseljanlegra losunarheimilda, er nauðsynlegur hluti markvissrar stefnumörkunar. Slík verðmyndun leiðir til hagkvæmra aðgerða til að draga úr losun og skapar hvata til að þróa og taka í notkun nýja tækni. Hagkvæmni aðgerða er nauðsynleg til að skapa víðtæka sátt um árangursríka loftslagsstefnu.“

Kolefnisskattar og kvótakerfi á losun hafa hvort sína kosti og galla. Kosturinn við kolefnisskatta er að þeir eru einfaldir í framkvæmd og þeir skapa nokkra vissu um verð á kolefni fram í tímann, sem er gagnlegt fyrir atvinnulífið. Gallinn við þá er að ekki er tryggt að þeir beri tilætlaðan árangur um minnkun losunar. Helsti kosturinn við kerfi losunarheimilda er að hægt er að setja tölulegt markmið um minnkun losunar og fylgja því eftir, en kostnaður fyrirtækja er þá breytilegur og ekki auðveldlega fyrirsjáanlegur. Ef heimildir eru settar á markað fer verð þeirra eftir því hversu vel fyrirtækjum gengur að draga úr losun og hversu hratt og vel gengur að innleiða nýja loftslagsvæna tækni. Kerfi losunarheimilda er líklegt til að hvetja til snemmbúinna aðgerða, þar sem líklegt er að verð á heimildum hækki í framtíðinni þegar kröfur um samdrátt verða strangari.

Verðmyndun á kolefni og losun GHL með kolefnissköttum eða kvótakerfi er gagnlegur grunnur aðgerða, að mati hagfræðinga, en á ekki alltaf við og hægt er að beita margvíslegum öðrum aðgerðum. Flest reglusetning, svo sem skilyrði um notkun ákveðinnar tækni, hefur þó yfirleitt falinn kostnað í för með sér og getur því verið óhóflega íþyngjandi í geirum sem búa við kolefnisskatta eða kvótakerfi. Norðmenn telja að um 70% af losun GHL í Noregi falli undir annaðhvort kolefnisskatt eða viðskiptakerfi með losunarheimildir og hafa þá stefnu að vera ekki með sérstaka reglusetningu í geirum sem falla þar undir, en beita reglusetningu frekar í geirum þar sem ekki er auðvelt að beita hagrænum stjórntækjum.

Víðtæk alþjóðleg þátttaka skiptir höfuðmáli við að draga úr losun GHL, til að skapa pólitíska sátt um aðgerðir og auka hagkvæmni þeirra. Eftir því sem fleiri þjóðir taka virkan þátt

---

[1] Climate Change Mitigation – What do we do? OECD, 2008.

er hægt að búa til hagkvæmari markað fyrir kolefni og loftslagsvæna tækni og lausnir og kostnaður við að draga úr losun lækkar. Ef einungis hluti ríkja tekur þátt í aðgerðum er ekki einungis verið að mismuna ríkjum, heldur er hætta á að það grafi undan árangri með því að mengandi starfsemi flytji frá ríkjum sem setja strangar reglur um losun til ríkja með veikar eða engar reglur. Þetta á einkum við um ríki sem búa við svipað þróunarstig, því augljóslega er ósanngjarnt að setja sömu kvaðir á fátækustu ríki heims og t.d. ríki OECD. Mikill hagvöxtur og aukning í losun í mörgum þróunarríkjum hefur vakið upp kröfur um að slík ríki taki á sig auknar byrðar í loftslagsmálum. Deilur um sanngjarna skiptingu byrða er eitt helsta ágreiningsefni í samningaviðræðum um loftslagsmál og ljón í vegi nýs hnattræns samkomulags.

Því fer þó fjarri að ríki þurfi að halda að sér höndum þótt slíkt samkomulag sé ekki í höfn. Margar aðgerðir borga sig í sjálfu sér eins þótt loftslagsávinningurinn sé ekki tekinn með í reikninginn. Aðrar kosta lítið og geta talist hagkvæmar þegar aðrir kostir, svo sem minnkun á heilsuspillandi mengun eða uppgræðsla illa farins lands, eru teknir með í reikninginn. Hagkvæmni stærðarinnar ræður þó miklu; eftir því sem fleiri taka þátt er auðveldara að beina kröftunum að hagkvæmustu kostunum á heimsvísu. Því getur þátttaka Íslands í sameiginlegum evrópskum markaði með losunarheimildir verið gagnleg og þess vegna er þátttaka í loftslagssamningi S.þ. og alþjóðlegri samvinnu í loftslagsmálum nauðsynlegur grunnur að starfi Íslands í loftslagsmálum. Vinna að aðgerðum heima fyrir og virk þátttaka í alþjóðlegri samvinnu styðja hvort annað.

2.4. Greining á möguleikum Íslands til að draga úr nettólosun

Árið 2009 kom út skýrsla sérfræðinganefndar, sem skipuð var á grunni stefnumótunar stjórnvalda árið 2007 og ber heitið: Möguleikar til að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Skýrslan er umfangsmikil og ítarleg greining á tæknilegum möguleikum Íslendinga til að draga úr losun og auka bindingu og hefur að auki að geyma mat á kostnaði við hverja aðgerð. Hún gefur stjórnvöldum tækifæri á að forgangsraða aðgerðum betur en áður, þannig að hagkvæmustu kostirnir og þeir sem skila mestum árangri séu valdir fremur en hinir. Óhætt er að segja að niðurstöður sérfræðinganefndarinnar hafi markað tímamót í stefnumörkun í loftslagsmálum á Íslandi, því ekki hefur áður verið til staðar jafn ítarleg fagleg greining á þeim kostum sem eru í boði og kostnað við hvern og einn, þótt úttektir á raunhæfum mögulegum aðgerðum hafi verið til áður og má þar sérstaklega geta skýrslu Landverndar frá 2005.

Niðurstöður sérfræðinganefndarinnar sýna að hægt er að draga umtalsvert úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Nefndin skoðaði tvö spátilvik, miðað við mismunandi mögulega þróun nýrrar stóriðju og komst að því að í tilvikinu þar sem ekki var gert ráð fyrir mikilli aukningu stóriðju væri hægt að draga úr losun um 34% miðað við 1990 og 50% miðað við 2007. Í hinu tilvikinu, með verulegri aukningu á stóriðju, væri hægt að draga úr losun um 21% miðað við 2007, en losunin væri þá um 3% hærri en árið 1990. Þessar niðurstöður miðuðu við að gripið yrði til allra mótvægisaðgerða sem skoðaðar væru, óháð kostnaði. Slíkt er auðvitað ekki raunhæft, en margar aðgerðir reyndust vera hagkvæmar í sjálfu sér eða fremur ódýrar. Þannig eiga aðgerðir sem skila af sér hreinum fjárhagslegum ábata að geta dregið úr losun um 4% árið 2020 miðað við óbreytta þróun og aðgerðir sem kosta 0–20 evrur að draga úr losun um önnur 19%.

Spyrja má hvort niðurstöður sérfræðinganefndarinnar séu ekki nægur grunnur fyrir aðgerðir stjórnvalda. Því svarar nefndin sjálf þannig: „Túlka ber niðurstöðurnar sem mat á tæknilegum möguleikum til að draga úr útstreymi en hvort af þeim aðgerðum verður fer m.a.

eftir kostnaði, hagþróun, innleiðingu tækninnar auk stjórnvaldsaðgerða. Því getur verið mikill munur á þeim tæknilegu möguleikum sem settir eru fram og þeim samdrætti sem síðar verður.“ Segja má að aðgerðaáætlunin taki við þar sem greiningu sérfræðinefndarinnar sleppir og hún miði að tvennu: 1) Að setja þá möguleika sem taldir eru bestir og hagkvæmastir í búning beinna aðgerða, sem tilgreindir ábyrgðaraðilar hafi með hendi og 2) að tengja greiningu á möguleikum við stefnu stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, þannig að stjórnvöld hafi fyrir hendi „pakka“ af forgangsröðuðum aðgerðum, sem geri þeim kleift að ná markmiðum sínum. Í næsta kafla eru settar fram tillögur að ýmsum aðgerðum, en í 7. kafla er skilgreindur „pakki“ með níu sk. lykilaðgerðum, sem eiga að tryggja að Ísland standi við líklegar skuldbindingar sínar á alþjóðavísu til 2020. Skýrsla sérfræðinganefndarinnar er áfram í fullu gildi sem ítarleg og góð greining á möguleikum Íslands til að draga úr nettólosun og hagkvæmni einstakra aðgerða.

3. Aðgerðir og eftirfylgni

3.1. Markmið eftir geirum til 2020

Hér er að finna markmið um losun frá einstökum geirum til 2020, byggt á spám um líklega þróun losunar og greiningu á mögulegum aðgerðum til að draga úr losun. Ljóst er að erfitt er að spá nákvæmlega um þróun losunar á tíu ára tímabili, því þar þarf bæði að skoða líklega þróun án aðgerða og að meta líkleg áhrif væntanlegra aðgerða. Þannig sveiflast aflabrögð frá ári til árs, sem veldur sveiflum í losun óháð því hversu sparneytinn fiskiskipaflotinn er eða búinn loftslagsvænni tækni.

Það er ekki raunhæft að ætla að ákveða bindandi losunarkvóta fyrir einstaka geira; þær tölur og gröf sem hér eru birt eru ekki hugsuð sem bindandi markmið, heldur sem gagnleg viðmiðun fyrir stjórnvöld og aðra til að skoða og meta árangur á komandi áratug. Líklegt er að losun í sumum geirum verði meiri en reiknað var með, jafnvel þótt gripið verði til aðgerða, en einnig gæti losun minnkað hraðar í öðrum t.d. vegna örari tækniþróunar en gert er ráð fyrir hér. En þótt líkan af áætlaðri losun áratug fram í tímann verði seint fullkomið er það gagnlegt tæki fyrir stjórnvöld sem reyna að hafa áhrif á losun í átt til minnkunar. Ef þróunin verður verulega ólík því sem sett er fram í líkaninu – í heild eða í einstökum geirum – kallar það á skýringar á ástæðum og greiningu á því hvað hægt er að gera betur.

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir losun árið 2020, annars vegar eins og hún er talin verða samkvæmt spá Umhverfisstofnunar, en hins vegar eins og hún er talin geta orðið samkvæmt væntingum verkefnisstjórnarinnar um árangur aðgerða. Umhverfisstofnun gerði tvær spár út frá mismunandi forsendum um hagvöxt o.fl. Alls er vonast til að aðgerðir til að draga úr losun GHL valdi því að losun verði um 550–800 Gg minni árið 2020 en verið hefði án aðgerða. Þá er reiknað með að kolefnisbinding með skógrækt og landgræðslu geti skilað 775 Gg ávinningi árið 2020, þannig að heildarávinningur aðgerða verði 1330–1570 Gg.

	Spá um losun GHL án aðgerða 2020 (tvö tilvik), Gg	Væntingar um losun GHL með aðgerðum 2020, Gg	Mismunur, Gg
Samgöngur	847–940	750	97–190
Sjávarútvegur	569–596	450	119–146
Landbúnaður	500	450	50
Meðferð úrgangs	271	200	71
Orkuframleiðsla	216–217	220	3–4
Stóriðja	1742–2918	1592–2818	100–150
Annað	472–542	350	122–192
Samtals	**4617–5984**	**4012–5238**	**555–796**
Kolefnisbinding	-775	-775	
Samtals með bindingu	**3842–5209**	**3237–4463**	**1330–1571**

Hér á eftir verður fjallað um þróun losunar í einstökum geirum til 2020.

Samgöngur

Losun frá samgöngum var 621 Gg árið 1990 og 974 Gg tonn árið 2008 og jókst um 57% á því tímabili. Í spá Umhverfisstofnunar um þróun losunar til 2050 er reiknað með að losun frá samgöngum geti orðið á bilinu 847–940 Gg árið 2020 með óbreyttri þróun. Almennt reikna flest ríki með því að erfiðara sé að draga úr losun frá samgöngum en í mörgum öðrum geirum, svo sem orkuframleiðslu til rafmagns og hitunar. Hér á landi er þessu öfugt varið, orkuframleiðsla er að langmestu leyti með endurnýjanlegum orkugjöfum, en hér er hlutfallslega einn stærsti floti einkabíla í nokkru ríki og hátt hlutfall eyðslufrekra bíla. Ísland er með hæstu skráða CO2 meðaltalslosun nýskráðra fólksbíla af öllum löndum á hinu evrópska efnahagssvæði og þrátt fyrir að meðaltalslosunin hafi lækkað á síðustu árum hefur heildarlosun aukist. Reiknað er með að lykilaðgerðir á sviði samgangna skili þeim árangri að losun frá samgöngum verði um 40–140 Gg minni en ella árið 2020. Með almennri þróun í átt til loftslagsvænni bíla, lykilaðgerðum og öðrum aðgerðum er talið raunhæft að losun vegna samgangna geti verið undir 750 Gg árið 2020, sem væri 23% minnkun losunar frá 2008 (21% aukning miðað við 1990).



Meðferð úrgangs

Losun frá úrgangi var 180 Gg árið 1990 og 221 Gg tonn árið 2008 og jókst um 23% á því tímabili. Í spá sérfræðinganefndar er gert ráð fyrir að losun frá úrgangi verði um 271 Gg árið 2020. Almenn stefna og lagasetning stjórnvalda í úrgangsmálum miðar að því að draga úr magni úrgangs sem fer til urðunar og að auka hlutfall endurvinnslu; hvort tveggja stuðlar jafnframt að minni losun metans, sem er helsta gróðurhúsalofttegundin frá úrgangi. Með þessari þróun og með aðgerðum er talið raunhæft að losun vegna meðferðar úrgangs geti verið undir 200 Gg árið 2020, sem væri 10% minnkun losunar frá 2008 (11% aukning miðað við 1990).



Sjávarútvegur

Losun frá sjávarútvegi var 789 Gg árið 1990 og 589 Gg tonn árið 2008 og dróst því saman um 25% á því tímabili. Í spá Umhverfisstofnunar er gert ráð fyrir að losun frá sjávarútvegi verði 569–596 Gg með óbreyttri þróun. Í sjávarútvegi eru áhugaverð tækifæri til minnkunar losunar, m.a. með rafvæðingu fiskimjölsverksmiðja og aukinni notkun lífeldsneytis á skipaflotann. Átak í þessum efnum væri að mörgu leyti brautryðjendaverk og þarfnast góðs undirbúnings. Með ofangreindum lykilaðgerðum og fleiri aðgerðum er talið raunhæft að losun frá sjávarútvegi geti verið undir 450 Gg árið 2020, sem er 24% minnkun losunar frá 2008 (43% minnkun frá 1990).



Stóriðja

Losun frá stóriðju (framleiðslu áls og járnblendis) var 761 Gg árið 1990 og 1857 Gg tonn árið 2008 og jókst um 144% á því tímabili. Mikil óvissa er um þróun losunar frá stóriðju til 2020, sem helgast einkum af óvissu varðandi uppbyggingu nýrrar stóriðju á næstu árum. Mikil breyting verður á lagalegu umhverfi losunar GHL frá stóriðju um áramótin 2012/2013. Þá falla úr gildi íslensk lög sem ná yfir þessa losun, en losun frá framleiðslu áls og járnblendis fellur undir viðskiptakerfi ESB um losun GHL. Losunarheimildum verður þá úthlutað miðlægt af ESB til einstakra stóriðjufyrirtækja og þurfa þau að halda sig innan þeirra heimilda, eða kaupa ella heimildir innan kerfisins. Stóriðja hefur þá skýran ramma fyrir sína losun og hvata til að draga úr henni og ekki er þörf á sértækum aðgerðum íslenskra stjórnvalda til að draga úr losun á þessu sviði. Hins vegar er mögulegt fyrir opinbera aðila að taka þátt í samstarfsverkefnum við stóriðjufyrirtæki á sviði nýsköpunar eða t.d. notkun viðarkurls í stað kola í framleiðsluferlum. Hér er reiknað með að stóriðjufyrirtækin sjálf muni draga úr losun sem nemur 100–150 Gg frá því sem ella hefði verið árið 2020 til að mæta kröfum viðskiptakerfisins, en vegna fyrrgreindrar óvissu er erfitt að segja til um líklegt umfang losunar frá stóriðju árið 2020. Samkvæmt tveimur sviðsmyndum Umhverfisstofnunar gæti losun frá stóriðju numið 1742 eða 2918 Gg árið 2020 að gefnum tveimur ólíkum forsendum. Ef reiknað væri með þeim sviðsmyndum og væntingum um minnkun losunar um 100–150 Gg gæti losun frá stóriðju árið 2020 verið á bilinu 1592–2818 Gg, sem væri á bilinu -14% til +52% breyting á losun frá 2008 (109–270% aukning frá 1990).



Landbúnaður og kolefnisbinding

Losun frá landbúnaði var 573 Gg árið 1990 og 566 Gg tonn árið 2008 og dróst því saman um 1% á því tímabili. Í spá Umhverfisstofnunar er gert ráð fyrir að losun frá landbúnaði verði um 500 Gg árið 2020. Það er talið raunhæft að losun vegna landbúnaðar geti verið undir 450 Gg árið 2020, sem væri 20% minnkun losunar frá 2008 (21% frá 1990). Þá er vonast til að losun frá framræstu votlendi minnki um 50–100 Gg árið 2020 vegna aðgerða við endurheimt votlendis. Með óbreyttum framlögum til bindingar með skógrækt og landgræðslu gæti hún numið um 775 Gg árið 2020. Ljóst er að til skamms tíma gæti verið um varnarbaráttu að ræða til að halda umfangi skógræktar og landgræðslu óbreyttu, vegna niðurskurðar

í ríkisfjármálum og hækkaðs áburðarverðs, en æskilegt er til lengri tíma litið að efla aðgerðir á þessum sviðum vegna ávinnings í loftslagsmálum og á öðrum sviðum.





Orkuframleiðsla

Losun frá orkuframleiðslu var 123 Gg árið 1990 og 228 Gg tonn árið 2008 og jókst um 85% á því tímabili. Hún er nær öll tengd jarðvarmavirkjunum. Væntanlega verður aukning í virkjun jarðvarma til 2020, en óvíst hvað hún verður mikil. Í spá Umhverfisstofnunar er gert ráð fyrir að losun frá orkuframleiðslu verði 216–217 Gg árið 2020. Ýmis nýsköpunarverkefni miða að því að draga úr losun frá jarðvarmavirkjunum, en óvissa er um hvaða árangri þau skila, einkum til skemmri tíma. Í þessari áætlun verður gert ráð fyrir að losun verði nálægt spá Umhverfisstofnunar, eða um 220 Gg árið 2020, sem myndi þýða 4% samdrátt frá 2008 (79% aukningu frá 1990). Hafa ber í huga í þessu samhengi að losun frá jarðvarmavirkjunum er ekki stór hluti heildarlosunar og að virkjun jarðhita getur talist jákvæð frá loftslagssjónar-

miðum, þar sem hún fer til að knýja starfsemi sem að öðrum kosti myndi hugsanlega nota jarðefnaeldsneyti.



Aðrir geirar

Hluti af losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi fellur ekki undir ofangreinda geira. Þar má nefna losun vegna efnanotkunar, eldsneytisbrennslu í vinnuvélum vegna mannvirkjagerðar og ýmis konar iðnaðar utan stóriðju, svo sem frá Sementsverksmiðjunni. Slík losun nam 366 Gg 1990 og 446 Gg árið 2008. Hægt er að grípa til svipaðra aðgerða á þessum sviðum og í mörgum ofangreindum geirum, svo sem að nota lífeldsneyti eða aðra loftslagsvæna orkugjafa á vinnuvélar eða rafmagn í stað jarðefnaeldsneytis í iðnaði. Kolefnisgjald og hvatar til tækniþróunar eiga að hafa áhrif á þessum sviðum eins og öðrum. Reiknað er með að hægt verði að draga svipað úr losun miðað við 2008 og í samgöngugeiranum, þannig að hún verði um 350 Gg árið 2020, sem þýðir 27% samdrátt á því tímabili (5% miðað við 1990).



3.2. Lykilaðgerðir

Loftslagsmál tengjast flestum atvinnugreinum og samfélagsgeirum og því er nauðsynlegt að samþætta loftslagsmarkmið inn í stefnumörkun og aðgerðir sem víðast. Ríkisstjórn, sveitarfélög, atvinnulíf og einstaklingar geta öll haft áhrif í þá átt að úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Í skýrslu sérfræðinganefndar eru tilteknar 38 aðgerðir sem geta skilað samdrætti í nettólosun og í næsta undirkafla er að finna lista yfir ýmsar mögulegar ákvarðanir sem stjórnvöld geta tekið til að hrinda þeim eða öðrum aðgerðum í framkvæmd, eða hvetja til þeirra. Þessar aðgerðir skila þó mismiklum árangri og eru mismunandi dýrar, allt frá því að skila hagnaði upp í að vera allt of kostnaðarsamar í náinni framtíð til þess að réttlætanlegt sé að hrinda þeim í framkvæmd. Það er líka misjafnt hvort annar ávinningur er af aðgerðum, svo sem á heilsu, sem getur haft áhrif á forgangsröðun aðgerða. Verkefnisstjórnin leggur því til að lögð verði áhersla á nokkrar markvissar aðgerðir sem skila mestum árangri á sem hagkvæmastan hátt. Slík forgangsröðun krefst þess ekki að aðrar aðgerðir verði lagðar til hliðar, en hún ætti að hjálpa stjórnvöldum að beina kröftum fyrst þangað þar sem líklegast er að þeir komi að gagni.

Meðfylgjandi eru tíu aðgerðir sem verkefnisstjórnin leggur til að verði meginviðfangsefni stjórnvalda á komandi árum. Sameiginlega eiga þær að stuðla að því að Ísland geti staðið við væntanlegar skuldbindingar sínar gagnvart alþjóðasamfélaginu fram til ársins 2020.

A. **Innleiðing viðskiptakerfis með losunarheimildir**

Ísland er nú þegar þátttakandi í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (Emissions Trading System), ásamt öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Engin starfsemi á Íslandi fellur hins vegar undir kerfið, en það mun breytast á næstu árum, þegar flugstarfsemi kemur inn (2012) og stóriðja, þ.m.t. ál- og járnblendiframleiðsla (2013). Stóriðja býr nú þegar við skyldu til að útvega sér losunarheimildir samkvæmt íslenskum lögum; sérstök nefnd úthlutar ókeypis heimildum samkvæmt ákvæðum laganna upp að ákveðnum mörkum, en stóriðjufyrirtækjum er skylt að afla sér heimilda umfram þau mörk. Þessar heimildir í íslenskum lögum taka aftur mið af skuldbindingum Íslands og heimildum í Kýótó-bókuninni. Gildistími laganna er til ársloka 2012, en í ársbyrjun 2013 falla íslensk stóriðjufyrirtæki undir viðskiptakerfi ESB. Það er því ljóst að þá verður um kerfisbreytingu að ræða, sem stjórnvöld og viðkomandi fyrirtæki þurfa að undirbúa vel, þar sem forsendur og reglur í viðskiptakerfinu eru ólíkar þeim sem nú er að finna í lögum um losun gróðurhúsalofttegunda.

Það er mat íslenskra stjórnvalda að viðskiptakerfi ESB sé eðlilegt regluumhverfi fyrir stóriðjufyrirtæki og þau eigi að búa við sambærileg skilyrði og önnur evrópsk fyrirtæki í sömu grein hvað loftslagsmál varðar. Hins vegar vakna spurningar um hvaða áhrif losun frá stóriðju kann að hafa á alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, þar sem Ísland er sjálfstæður aðili að Kýótó-bókuninni og í viðræðum um framhald hennar, en ESB-ríkin hyggjast taka á sig sameiginlega skuldbindingu gagnvart nýjum alþjóðasamningi. Viðskiptakerfið er því einfaldlega hluti af innri framkvæmd ESB á alþjóðlegum skuldbindingum ESB-ríkjanna, en í tilviki Íslands gætu komið upp árekstrar milli alþjóðlegra skuldbindinga og evrópskra reglna. Ef t.d. ákvörðun 14/CP.7, eða hið svokallaða íslenska ákvæði, væri framlengt, þyrftu stóriðjufyrirtæki bæði að hlíta skilyrðum þess og viðskiptakerfis ESB, sem gæti skapað árekstra. Ef ákvæðið væri ekki framlengt gæti Ísland hins vegar lent í þeirri stöðu að ríkið hefði ekki nægar heimildir fyrir stóriðju í alþjóðlega kerfinu, þótt þær væru fyrir hendi í evrópska viðskiptakerfinu.

Íslensk stjórnvöld telja mikilvægt að Ísland og íslensk fyrirtæki búi ekki við tvöfalt kerfi skuldbindinga eftir 2012. Stjórnvöld hafa átt í viðræðum við ESB um lausn á þeim vanda.

Einfaldasta lausnin væri sú að Ísland tæki upp reglur ESB í heild varðandi losun gróðurhúsalofttegunda og tæki síðan á sig sameiginlegar skuldbindingar með ESB gagnvart nýju alþjóðasamkomulagi. Sú lausn væri hagfelldust fyrir Ísland að teknu tilliti til allra sjónarmiða, að mati samninganefndar Íslands um loftslagsmál. Nú liggur fyrir að ESB hefur samþykkt hugmyndir Íslands í þessa veru, þótt ekki verði hægt að ganga frá endanlegu samkomulagi fyrr en nýtt alþjóðlegt samkomulag liggur fyrir.

Þetta hefur grundvallarþýðingu í för með sér varðandi aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum, bæði varðandi losun frá stóriðju og aðra losun. Varðandi stóriðju, þá verður hún fyrst og fremst undir samevrópskum reglum um losun og úthlutun heimilda, en ekki séríslenskum reglum. Það er því lítil ástæða fyrir stjórnvöld að skoða reglusetningu til að tryggja minnkun losunar frá stóriðju, því viðskiptakerfið skapar innbyggðan hvata til þess og ef fyrirtæki ná ekki að draga úr losun þurfa þau að kaupa heimildir á evrópskum markaði. Samkvæmt mati sérfræðinganefndar eru fremur takmarkaðir möguleikar á því að draga úr losun frá starfandi stóriðju á Íslandi fram til 2020, en sjálfsagt að fyrirtæki grípi til þeirra aðgerða sem þar eru nefnd. Innleiðing viðskiptakerfis ESB mun skapa hvata fyrir fyrirtækin að gera það og skoða aðrar aðgerðir til að draga úr losun. Hún er því langstærsta einstaka aðgerðin sem er til það fallin að draga úr losun frá stóriðju.

Ábyrgð og árangur: Umhverfisráðuneytið ber ábyrgð á innleiðingu viðskiptakerfis með losunarheimildir. Reiknað er með að stóriðjufyrirtæki dragi úr losun sem nemi um **100–150 Gg** árið 2020 umfram það sem annars hefði verið vegna aðgerða sem þau grípa til vegna hvata sem viðskiptakerfi ESB hefur í för með sér.

B. **Kolefnisgjald**

Árið 2009 var lagt á kolefnisgjald af fljótandi jarðefnaeldsneyti, sem notað er innanlands á ökutæki og skipaflotann.[2] Gert er ráð fyrir að á ársgrundvelli skili gjaldið rúmlega 2,5 milljörðum kr. til ríkissjóðs. Gjaldið er sjálfstæð viðbót við þau vörugjöld sem fyrir eru á dísilolíu og bensíni. Gjaldtakan byggist á kolefnisinnihaldi hverrar tegundar eldsneytis fyrir sig. Þar af leiðandi verður skatturinn hærri á dísilolíu en t.d. bensín þar sem kolefnisinnihald í einum lítra af dísilolíu er meira en í einum lítra af bensíni. Setning kolefnisgjaldsins er fyrsti liður í áætlun stjórnvalda um samræmingu í skattlagningu ökutækja og eldsneytis með það markmið að leiðarljósi að hvetja til notkunar vistvænna ökutækja, orkusparnaðar, minni losunar gróðurhúsalofttegunda og aukinnar notkunar á innlendum orkugjöfum. Í greinargerð með frumvarpi um lög um umhverfis- og auðlindaskatta segir að stefnt sé að því að næsta skref verði í formi frumvarps til laga um breytingar á lögum um vörugjald af ökutækjum og eldsneyti og bifreiðagjald, þar sem lagt verði til að skattlagning ökutækja verði byggð á losun á koldíoxíði.

Ábyrgð og árangur: Fjármálaráðuneytið ber ábyrgð á innleiðingu og útfærslu kolefnisgjalds. Ekki liggur fyrir mat á því hversu mikil áhrif kolefnisgjaldið kann að hafa á losun gróðurhúsalofttegunda, en slíkt mat er auðvitað mikilli óvissu bundið. Hér verður gert ráð fyrir því að kolefnisgjaldið muni leiða til **50–100 Gg** minni losunar en ella væri árið 2020.

C. **Breytt kerfi skatta og gjalda á bíla og eldsneyti**

Íslendingar eiga nú einn stærsta bílaflota heims á mann og líklega þann eyðslufrekasta.

---

[2] Kolefnisgjaldið er nú 2,90 kr. á hvern lítra dísilolíu, 2,60 kr. á hvern lítra af bensíni, 2,70 kr. á hvern lítra flugvéla- og þotueldsneytis og 3,10 kr. á hvern lítra svartolíu. Það miðast við 50% af verði losunarheimilda á Evrópska efnahagssvæðinu

Finna má rök fyrir að þetta sé skiljanlegt út frá dreifðri byggð og rysjóttu veðurfari, sem kalli á stór ökutæki, en það er þó langt í frá að ekki sé svigrúm til þess að draga úr losun frá bílum án þess að það skapi erfiðleika fyrir einstaklinga eða þjóðarbúið varðandi samgöngur. Eyðslufrekur bílafloti kallar á mun meiri innflutning eldsneytis en ella, sem kemur heimilum og þjóðarbúinu illa í erfiðu efnahagsástandi. Hægt er að sýna fram á að hægt væri að búa við töluvert sparneytnari bílaflota en nú er, eins þótt samsetning hans á milli jeppa, fólksbíla o.s.frv. myndi lítið breytast.

Það er margt sem ræður vali einstaklinga við kaup á bíl. Reikna má með að efnahagslegir þættir – bæði kaupverð bílsins og eldsneytisnotkun – muni vega enn þyngra í náinni framtíð en þeir hafa gert á undanförnum árum. Það er því mikilvægt, ef ríkisvaldið vill draga úr losun frá bílasamgöngum, að breyta sköttum og gjöldum á bíla og eldsneyti í þá átt að hvetja til hraðari breytinga en ella á bílaflotanum. Nefnd sem vann að tillögum þessa efnis hefur skilað niðurstöðum sínum og er búist við að frumvarp byggt á þeim verði kynnt árið 2010.

Fræðsla er líka mikilvæg til að efla vitund fólks um loftslagsvæna valkosti og sparneytni bíla. Settur hefur verið upp öflugur og aðgengilegur vefur á vegum Orkuseturs, þar sem hægt er að skoða eldsneytiseyðslu allra tegunda fólksbíla og bera saman bíla í einstökum stærðarflokkum út frá sparneytni. Reikna má með því að fólk nýti sér slíkar upplýsingar í auknum mæli til að draga úr útgjöldum. Aukin umhverfisvitund ætti einnig að hvetja til þess að fólk íhugi loftslagsvænni samgöngukosti. Fræðsluherferð samfara breytingum á skattkerfi væri æskileg til að efla áhrif hennar.

Í skýrslu sérfræðinganefndar er gert ráð fyrir því að ef hlutur sparneytinna bíla verði 20% meiri en hann hefði verið ella árið 2020 muni það skila sér í því að losun verði um 4%, eða um 20 Gg minni en hún hefði verið miðað við óbreytta þróun. Í greinargerð nefndar sem samdi frumvarpsdrög er gert ráð fyrir að sparnaður geti orðið enn meiri ef hlutur sparneytinna bíla eykst mjög hratt.

Ábyrgð og árangur: Fjármálaráðuneytið ber ábyrgð á fyrirkomulagi skatta og gjalda á bíla og eldsneyti. Reiknað er með að vegna lítils innflutnings á bílum muni breytt kerfi skatta og gjalda á þessu sviði hafa lítil áhrif fyrst í stað, en aukast svo. Það ásamt efldri fræðslu og upplýsingagjöf muni skila **20–100 Gg** minni losun árið 2020 en hefði verið með óbreyttri þróun.

D. **Notkun ríkis og sveitarfélaga á sparneytnum og vistvænum ökutækjum**

Almennar aðgerðir til að hvetja til kaupa á sparneytnum og loftslagsvænum bílum eru mikilvægar, en ekki skiptir síður máli að opinberir aðilar gangi á undan með góðu fordæmi í eigin rekstri og innkaupum. Með því að setja reglur og markmið um kaup á loftslagsvænum og sparneytnum bílum í rekstri sínum geta ríki og sveitarfélög sýnt vilja sinn í verki. Fyrsta skrefið væri að taka saman yfirlit yfir kaup á opinberum bílum og setja síðan markmið til nokkurra ára um kaup á loftslagsvænum bílum. Sem dæmi um raunhæft verkefni á þessu sviði má nefna að nú er talið að framleitt sé nægilegt metan úr hauggasi hjá Sorpu til að knýja um 4.000 fólksbíla. Dreifikerfi fyrir metan er til staðar á höfuðborgarsvæðinu og m.a. sorpbílar Reykjavíkurborgar ganga fyrir metani, en megninu af gasinu er brennt. Skoða þarf í þessu samhengi grannt hvort ekki sé hægt að nota metan eða annað loftslagsvænt eldsneyti á bifreiðar ríkis og sveitarfélaga sem einkum eru ætlaðar til innanbæjaraksturs.

Ábyrgð og árangur: Fjármálaráðuneytið, umhverfisráðuneytið og sveitarfélög bera ábyrgð á að stuðla að auknum kaupum og notkun á sparneytnum og loftslagsvænum bílum. Ekki hefur verið metinn mögulegur árangur af stefnumörkun hins opinbera varðandi loftslagsvæna bíla, enda fer það eftir hvaða markmið verða sett.

E. **Efling göngu, hjólreiða og almenningssamgangna sem valkosts í samgöngum**

Sérfræðinganefnd um möguleika til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda telur eflingu göngu og hjólreiða vera kost sem borgi sig óháð ávinningi í loftslagsmálum. Líklega er þjóðhagslegur ávinningur enn meiri en þar kemur fram, því ekki er talinn með heilsufarslegur ávinningur, en það er óumdeilt að aukin hreyfing hefur jákvæð áhrif á heilsu manna. Efling almenningssamgangna og aðrar aðgerðir sem auðvelda fólki að draga úr notkun einkabílsins og jafnvel að taka upp bíllausan lífstíl sem raunhæfan valkost, geta dregið enn meira úr losun. Í útreikningum sérfræðinganefndarinnar er reiknað með að lagt sé í fjárfestingu í hjólreiða- og göngustígum, en sú fjárfesting borgi sig með sparnaði í eldsneytiskostnaði, þar sem fólk muni í auknum mæli nýta sér hjólreiðar og göngu sem samgöngumáta. Ljóst er að fleiri þættir en eingöngu stígagerð hafa áhrif á samgöngumáta, svo sem veðurfar, menningarlegir þættir og hvatning. Því þarf átak til að efla göngu og hjólreiðar að vera margþætt, svo sem með aukinni fræðslu og því að hægja á umferðarhraða á ákveðnum götum, en ljóst er að vilji sveitarfélaga til að efla veg hjólreiða og göngu með gerð stíga getur verið mikil lyftistöng í þeim efnum.

Ábyrgð og árangur: Sveitarfélög og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið bera höfuðábyrgð á aðgerðum sem eiga að efla þátt göngu, hjólreiða og almenningssamgangna. Reiknað er með að efling göngu og hjólreiða skili þeim ávinningi að losun verði **20–40 Gg** minni árið 2020 en hún hefði ella verið. Efling almenningssamgangna getur skilað enn meiri ávinningi.

F. **Notkun lífeldsneytis á fiskiskipaflotann**

Í skýrslu sérfræðinganefndar kemur fram að miklir möguleikar eru fólgnir í því að breyta eldsneytisnotkun fiskiskipaflotans þannig að hann noti jurtaolíu eða annað lífrænt eldsneyti í stað þess að nota svartolíu eða gasolíu. Tæknilega væri unnt að minnka losun um allt að 70% á þennan hátt á tiltölulega einfaldan hátt. Kostnaður við að nota jurtaolíu í stað svartolíu eða gasolíu var áætlaður um 2900–5200 krónur á tonn af CO2, Þetta gæti þýtt árlegan kostnað á bilinu 150–900 m kr. miðað við 50–170 Gg samdrátt í losun.

Litlar breytingar þarf að gera á vélum skipa sem brenna svartolíu en meiri breytinga er þörf á díselvélum. Þrátt fyrir þetta er óvíst um hagkvæmni lífeldsneytis. Sama gildir um framleiðslu eldsneytis á skip með iðnaðarferlum, en kannanir á því eru í gangi t.d. varðandi framleiðslu á dímethyl eter (DME), sem unnið er að í samvinnu iðnaðarráðuneytisins, Heklu og Mitsubishi Heavy Industries.

Töluvert hefur borið á gagnrýni á lífeldsneyti vegna þess að ávinningur af notkun þess er dreginn í efa, auk þess sem bent er á að það geti haft óæskilegar aukaverkanir svo sem með hækkun matvælaverðs ef ræktarland fyrir matvæli er tekið undir eldsneytisframleiðslu. Tryggja þarf að lífeldsneyti sem notað er sé eins loftslagsvænt og unnt er og skoða hugsanlegar reglur ESB og nýtt alþjóðasamkomulag hvað það varðar. Skoða þarf kostnað við breytingar á skipum og vegna hærra verðs á lífeldsneyti en jarðefnaeldsneyti. Meta þarf möguleika á að nota tímabundna efnahagslega hvata til að nota lífeldsneyti, af þeim sökum. Skoða ber reynslu af notkun lífeldsneytis á skip erlendis. Nauðsynlegt er að undirbúa þessa aðgerð af kostgæfni til að tryggja hámarks hagkvæmni og að lífeldsneyti skili raunverulegum loftslagsávinningi, en ef vel tekst til væri hér um brautryðjendastarf að ræða á heimsvísu.

Ábyrgð og árangur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og iðnaðarráðuneytið bera höfuðábyrgð á framkvæmd þessarar aðgerðar. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kemur einnig að málinu vegna verkefna um þróun lífeldsneytis. Reiknað er með að notkun lífeldsneytis á fiskiskip gæti hafist innan 3 ára ef hagkvæmni reynist viðunandi. Sé svo gæti notkunin vaxið og losun minnkað um allt að 70% til 2020. Nauðsynlegt er talið að gera ráð

fyrir að þessi þróun verði hægari en í þeirri spá, þannig að losun dragist saman um a.m.k. 20% vegna þessarar aðgerðar. Þetta myndi skila minnkaðri losun á bilinu **50–170 Gg** árið 2020 miðað við óbreytta þróun.

G. **Rafvæðing fiskimjölsverksmiðja**

Íslenskur sjávarútvegur hefur verið í fararbroddi við að rafvæða fiskimjölsframleiðslu, en stærstur hluti hennar fer þó fram með brennslu olíu, eins og tíðkast víðast hvar í heiminum og flestar verksmiðjur eru með tvöfalt kerfi olíu og rafmagns. Æskilegt er að rafvæða alla fiskimjölsframleiðslu á Íslandi fyrir 2020. Það myndi þýða að Ísland yrði fyrsta landið í heiminum sem væri með fiskimjölsiðnað sem losaði lítið sem ekkert af gróðurhúsalofttegundum. Ýmis ljón eru í veginum til þess að svo megi verða: Flutningsgeta raforkukerfisins þarf að vera næg, breyta þarf búnaði í sumum verksmiðjum, tryggja þarf afhendingaröryggi raforkunnar og rafmagnsverð þarf að vera hagstætt miðað við olíu. Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda hefur áætlað að kostnaður til fjárfestinga í verksmiðjunum væri 1,4 milljarður króna, en að auki væri kostnaður falinn í eflingu á raforkukerfinu. Á móti kemur að árlega myndi sparast um 1,5 milljarður í gjaldeyri og til langs tíma felst hreinn efnahagslegur ávinningur í rafvæðingu fiskimjölsframleiðslu. Rafvæðing fiskimjölsverksmiðja krefst vandlegs undirbúnings í samvinnu stjórnvalda, orkufyrirtækja og iðnaðarins, þar sem m.a. þarf að fara yfir þörf og ávinning af styrkingu dreifikerfisins á völdum stöðum, reglur um dreifingu og sölu rafmagns og mögulegar efnahagslegar aðgerðir til að hvetja til rafvæðingar.

Ábyrgð og árangur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og iðnaðarráðuneytið bera ábyrgð á að stuðla að rafvæðingu fiskimjölsverksmiðja. Reiknað er með að a.m.k. helmingur og í mesta lagi nær öll fiskimjölsframleiðsla á Íslandi fari fram með rafmagni árið 2020 og þá sparist losun um **25–50 Gg** miðað við það sem ella hefði orðið.

H. **Aukin skógrækt og landgræðsla**

Skógrækt og landgræðsla hafa verið lykilaðgerðir í loftslagsstefnu Íslands til þessa. Skylt er að bókfæra ávinning af skógrækt í Kýótó-bókuninni, en landgræðsla er meðal aðgerða sem eru valkvæðar í bókuninni. Reiknað er með að binding kolefnis í gróðri og jarðvegi með skógrækt og landgræðslu verði áfram hornsteinn í aðgerðum Íslands til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda, enda eru þessar aðgerðir taldar fremur hagkvæmar í skýrslu sérfræðinganefndarinnar. Þar við bætist að margvíslegur annar árangur getur náðst með skógrækt og landgræðslu, svo sem vörn gegn uppblæstri og jarðvegseyðingu, endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og þeirrar auðlindar sem felst í gróðri og jarðvegi, nytjar af timbri o.fl. afurðum og styrking byggðar. Skógrækt og landgræðsla eiga sér enda meira en aldarlanga sögu á Íslandi og má segja að ávinningur af bindingu kolefnis sé viðbót við annað sem fæst með slíkum aðgerðum.

Í skýrslu sérfræðinganefndar kemur fram að óbreytt skógrækt og landgræðsla muni að óbreyttu skila meiri ávinningi við bindingu kolefnis en í dag, eða um 775 Gg árið 2020. Ástæðan fyrir þessu er að eldri svæði halda áfram að binda kolefni í mörg ár og jafnvel áratugi frá aðgerðum og reiknað er með að stöðugt ný svæði séu tekin undir skógrækt og landgræðslu. Fá önnur ríki hafa jafn rúma möguleika til þessa og Ísland, þar sem mikil gróðureyðing hefur verið um aldir og því mikið af skemmdu og gróðursnauðu landi.

Hægt er að auka bindingu með skógrækt og landgræðslu á tvennan hátt. Í fyrsta lagi er hægt að breyta aðferðum og tegundavali þannig að binding á hverja flatarmálseiningu aukist frá því sem nú er. Vert er að skoða möguleika á þessu, en jafnframt þarf að gæta þess að önnur markmið með skógrækt og landgræðslu líði ekki fyrir slíkt. Í öðru lagi er einfaldlega

hægt að auka umfang skógræktar og landgræðslu til þess að auka bindingu kolefnis, en það er eitt þeirra tækja sem stjórnvöld geta haft hvað mest bein áhrif á.

Ljóst er að erfitt getur verið að efla skógrækt og landgræðslu í þeim efnahagsþrengingum sem nú eru og hugsanlega þarf að draga úr aðgerðum tímabundið. Hér verður gert ráð fyrir að umfang aðgerða á sviði skógræktar og landgræðslu muni að lágmarki haldast óbreytt, en það er mjög langt í land áður en möguleikar Íslands til bindingar kolefnis með skógrækt og landgræðslu tæmast. Skógrækt og landgræðsla eru jafnframt þær aðgerðir sem stjórnvöld geta stýrt best með minnstri óvissu. Þannig væri hægt að auka umfang skógræktar og landgræðslu ef minni árangur næðist en ella við að draga úr losun frá eldsneytisbrennslu, iðnferlum og meðferð úrgangs. Einnig væri hægt að auka umfang þessara aðgerða ef stjórnvöld vilja ná metnaðarfyllri markmiðum í loftslagsmálum fyrr en ella. Tvenns þarf að gæta í því samhengi. Í fyrsta lagi er ætlast til þess að ríki sýni viðleitni til þess að draga úr losun jafnframt bindingaraðgerðum, þannig að mikill árangur í bindingu má ekki verða til þess að slaka á kröfum um samdrátt í losun. Í öðru lagi er ljóst að ávinningur með skógrækt og landgræðslu er jafnvel enn meiri á öðrum sviðum en í loftslagsmálum, enda hefur verið unnið að uppgræðslu örfoka og skaddaðs lands í yfir hundrað ár, löngu áður en mönnum var loftslagsógnin almennt ljós.

Skógrækt og landgræðsla hafa mikil sýnileg áhrif á land og lífríki og með þeim er byggð upp auðlind sem styrkir byggðir og getur orðið undirstaða nýrrar atvinnuuppbyggingar. Aukin áhersla á bindingu kolefnis í nafni loftslagsmála má ekki verða til þess að gefinn sé afsláttur af öðrum markmiðum með skógrækt og landgræðslu. Áætlanir um skógrækt og landgræðslu eiga að miða að því að hámarka árangur á öllum sviðum og lágmarka möguleg óæskileg áhrif aðgerða. Góð áætlunargerð í skógrækt og landgræðslu, þar sem gætt er að öllum þáttum, eykur möguleika stjórnvalda til að efla aðgerðir á þessu sviði með skömmum fyrirvara til að ná loftslagsmarkmiðum.

Ábyrgð og árangur: Umhverfisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið bera höfuðábyrgð á eflingu landgræðslu og skógræktar til að binda kolefni úr andrúmsloftinu. Reiknað er með að skógrækt og landgræðsla skili að lágmarki um **775 Gg** bindingu árið 2020.

I. **Endurheimt votlendis**

Nýlegar vísindarannsóknir hafa leitt í ljós að veruleg losun koldíoxíðs er frá framræstu votlendi á Íslandi. Jafnframt virðist ljóst að hægt er að draga úr þessari losun og jafnvel stöðva alveg með því að endurheimta votlendi. Sérfræðinganefndin taldi að kostnaður við samdrátt í losun með endurheimt votlendis væri lágur, eða um 150–575 kr. á tonn af CO2-ígildum, sem myndi þýða að 100 Gg minnkun á losun myndi aðeins kosta um 15–60 milljónir króna. Ísland hefur lagt fram tillögu í þeim alþjóðlegu samningaviðræðum sem nú standa yfir um að endurheimt votlendis verði valkvæð landnotkunaraðgerð, svipað og skógrækt og landgræðsla, til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda. Óháð því hvort þessi tillaga nái fram að ganga er ljóst að verulegur ávinningur getur orðið af endurheimt votlendis og að auki er slík endurheimt æskileg af öðrum orsökum, svo sem til að vernda líffræðilega fjölbreytni, þar sem meirihluti votlendis á láglendi hefur verið ræstur fram. Vel þarf að undirbúa slíkar aðgerðir og koma á fót góðu yfirliti yfir bæði óraskað og framræst votlendi og hvatakerfi til endurheimtar og gera áætlun um endurheimt. Ljóst er að meirihluti framræsts votlendis er nú nýttur til landbúnaðar og annarra nota og óvíst hversu mikill hluti þess hentar til endurheimtar. Huga þarf að mörgu í því samhengi, svo sem vatnsmiðlun. Í forgangi verða svæði þar sem lítil eða engin landbúnaðarnot eru nú og verulegur ávinningur gæti verið fyrir líf-

fræðilega fjölbreytni. Ekki er búist við því að mikil endurheimt verði fyrir árið 2020, en hér þarf að horfa til lengri tíma.

Ábyrgð og árangur: Umhverfisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið bera höfuðábyrgð á þessari aðgerð. Reiknað er með að endurheimt votlendis skili **50–100 Gg** minnkaðri losun árið 2020.

J. **Efldar rannsóknir og nýsköpun í loftslagsmálum**

Mikilvægur þáttur í því að ná settum markmiðum í loftslagsmálum er aukin áhersla á rannsóknir og þróun á umhverfisvænum lausnum. Íslendingar hafa nú þegar náð umtalsverðum árangri á þessu sviði og áhugaverðar verkefnahugmyndir hafa litið dagsins ljós. Erlendir samkeppnissjóðir sem Íslendingar eiga aðild að hafa umhverfisvænar þróunaráætlanir sem fram til þessa hafa verið lítið nýttar. Mikilvægt er að efla kynningu á þessum tækifærum og hvetja til aukinna rannsókna og nýsköpunar. Þau verkefni sem unnið hefur verið að eru mjög fjölbreytt og hvetja til aukinna rannsókna og nýsköpunar. Þau eru úr ólíkum áttum, sem er skýr vísbending um að hvarvetna er að finna sóknarfæri fyrir hagkvæmar og atvinnuskapandi grænar lausnir.

Fjölmörg verkefni eru nú gangi eða í undirbúningi sem má flokka til nýsköpunar í loftslagsvænni tækni og vísindum þeim tengdum. Sum þeirra eru svipaðs eðlis og verkefni erlendis, en nokkur eru frumkvöðlaverkefni á heimsvísu. Meðal áhugaverðra nýsköpunarverkefna má nefna:

- Niðurdæling á koldíoxíði á Hellisheiði
- Framleiðsla metanóls úr útblæstri á Reykjanesskaga
- Framleiðsla eldsneytis með þörungum á Hellisheiði
- Tilraunaverkefni um djúpborun til að auka orkuvinnslugetu háhitasvæða
- Tilraunir með vetni sem eldsneyti í bílum og skipum
- Vinnsla metans úr hauggasi og notkun þess m.a. á bíla
- Upplýsingatækni sem dregur úr eldsneytisnotkun í skipum
- Rannsóknir á möguleikum nýrra tegunda veiðarfæra og umbætur á hefðbundnum veiðarfærum, sem leiða til eldsneytissparnaðar og minni losunar

Reikna má með að verkefni á borð við þau sem að framan greinir geti orðið drjúgt framlag til loftslagsmála. Auk þeirra hefur um nokkurra ára skeið verið unnið að þróun vistvænna aðferða við framleiðslu áls, þar sem myndun CO2 verði nánast úr sögunni. Þegar það gengur eftir verða kaflaskil í losun GHL á Íslandi. Þá er einnig líklegt að í auknum mæli verði unnt að kalla fram samlegðaráhrif mismunandi lausna. Sem dæmi um þetta eru ráðagerðir um raforkuframleiðslu á lögbýlum, þar sem raforka (eða metan úr fjóshaugnum) sem er umfram búsþörf væri notuð til að framleiða afurðir úr úrgangi, t.d. stönglum og hreti repju sem nýttist síðan með öðru í dýrafóður, f.d. fiskifóður. Eftir því sem þekkingu á grænum lausnum vindur fram mun þróun og nýsköpun verða stöðugt hraðari.

Ábyrgð og árangur: Iðnaðarráðuneytið ber ábyrgð á þessum lið í aðgerðaáætlun. Reiknað er með að mjög megi auka árangur í þróun og innleiðingu umhverfisvænna lausna á næstu árum. Reynslan sýnir að tíminn frá upphafi þróunar til markaðssetningar getur verið allmörg ár, þannig að áhrifa nýrra lausna fer að gæta í mjög vaxandi mæli á síðari hluta áratugarins. Nýsköpun og innleiðing loftslagsvænnar tækni er hluti af aðgerðum í öllum geirum, þar á meðal sumum ofangreindum lykilaðgerðum. Það er næsta ómögulegt að áætla með einhverri vissu hversu miklum árangri markviss og öflugur stuðningur við nýsköpun á sviði loftslagsvænnar tækni, utan þeirra aðgerða, gæti skilað árið 2020. Hér verður reiknað með að einhver

af ofangreindum verkefnum og kannski önnur sem eru enn skemur komin á veg verði farin að skila árangri sem má meta sem **100–200 Gg** minni losun en ella árið 2020.

3.3. Aðrar aðgerðir

Fyrir utan ofangreindar tíu lykilaðgerðir er hægt að grípa til fjölmargra aðgerða til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda. Þar væri auðvelt að tína til tugi eða jafnvel hundruð tillagna, þar sem losun GHL tengist stórum hluta mannlegrar starfsemi. Í þessum kafla er að finna lista yfir ýmsar mögulegar aðgerðir sem stjórnvöld geta gripið til og verkefnisstjórnin telur áhugaverðar. Reynt er að setja allar aðgerðir í þann búning að tilgreindur sé einn eða fleiri ábyrgðaraðilar og útlistuð fyrstu skref sem þarf að taka til að hrinda aðgerðinni í framkvæmd. Óvíst er að árangur við lykilaðgerðir verði eins og vonast er til á öllum sviðum og því er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að hafa „matseðil“ af öðrum mögulegum leiðum til að minnka losun. Bæta má við þennan lista þegar áætlunin er endurskoðuð og uppfærð og boðið verður upp á að senda inn fleiri aðgerðir í hugmyndabanka á vefnum.

Aðgerð: Rannsóknir og þróun á lífrænu eldsneyti
Ábyrgð: Iðnaðarráðuneytið
Lýsing: Í þeim tilgangi að flýta og efla þróun á vistvænu eldsneyti ákvað Tækniþróunarsjóður á árinu 2009 að auglýsa einn öndvegisstyrk sem byðist öflugum rannsóknaklasa sem legði stund á þróun umhverfisvæns eldsneytis. Fyrir valin varð verkefni sem er að greina möguleika á og þróa framleiðslu allra helstu lífeldsneytistegunda á Íslandi úr innlendu hráefni. Verkefninu er skipt í þrjá meginþætti:

- Í fyrsta lagi að meta hvaða tegundir lífmassa, sem falla til eða hægt er að rækta hérlendis, henta til framleiðslu á lífeldsneyti sem og hvaða tækni, sem nú þegar er til staðar, gæfi hámarks heimtur eldsneytis úr ólíkum gerðum hráefnis.
- Í öðru lagi verða gerðar tilraunir með framleiðslu á lífeldsneyti úr völdu hráefni. Áhersla verður bæði lögð á líffræðilegar sem og eðlis- og efnafræðilegar framleiðsluaðferðir. Þróuð verður notkun hitakærra örvera til metan- og vetnisframleiðslu auk notkunar tækni erfðaverkfræðinnar til framleiðslu annarrar kynslóðar etanóls úr flóknum lífmassa. Einnig verður könnuð gösun sorps og framleiðsla FT eldsneytis úr syngasi sem þannig fæst.
- Í þriðja lagi verður lagt mat á magn lífeldsneytis sem hægt er að framleiða úr innlendum lífmassa á Íslandi næstu áratugi. Spáin verður borin saman við nýjustu eldsneytisspá Orkuspánefndar og þannig lagt mat á mögulegt hlutfall innlends lífræns eldsneytis af heildareldsneytisnotkun Íslendinga í framtíðinni. Einnig verður lagt mat á samdrátt losunar gróðurhúsalofttegunda við aukna framleiðslu/ notkun lífeldsneytis. Í ljósi niðurstaðna úr öðrum hlutum verkefnisins verða valin framleiðsluferli „frumhönnuð“ (conceptual designed) og sú vinna lögð til grundvallar frummati á hagkvæmni framleiðslu álitlegra lífeldsneytistegunda hérlendis. Þessi gögn verða síðan kynnt fjárfestum í lok verkefnisins.

Haldnar verða tvær ráðstefnur um framvindu og áfanga verkefnisins og möguleika Íslands hvað varðar framleiðslu á lífrænu eldsneyti.

Aðgerð: Upplýsinga- og fræðsluátak til almennings um kaup á sparneytnari bílum
Ábyrgð: Iðnaðarráðuneytið
Lýsing: Öflugur upplýsingavefur hefur verið settur upp hjá Orkusetri, með upplýsingum um

eldsneytiseyðslu allra bílategunda sem eru á markaðnum á Íslandi nú. Hugmyndir eru uppi um að efla hann enn frekar og gera notendavænni, m.a. á þann veg að notendur geti stimplað inn bílnúmer sín og séð hvað billinn eyðir. Upplýsingavefur Orkuseturs verður efldur og kynntur betur sem tæki fyrir almenning til að finna sparneytnari bíla og önnur ráð til að draga úr eldsneytisnotkun og mengun og spara þar með útgjöld og minnka losun CO2.

Aðgerð: Samgöngustefna opinberra aðila
Ábyrgð: Umhverfisráðuneytið
Lýsing: Margar opinberar stofnanir og fyrirtæki greiða sérstaklega fyrir bílnotkun og leggja til bílastæði fyrir starfsmenn sína. Nokkrar stofnanir og einkafyrirtæki hafa hins vegar gert víðtækari samgöngustefnu, sem miðar að því að hvetja til vistvænni ferðamáta, svo sem með því að greiða strætókort fyrir þá starfsmenn sem að jafnaði nota strætó í ferðir til og frá vinnu, eða andvirði strætókorts til þeirra sem ganga eða hjóla til vinnu eða koma með öðrum í bíl. Rétt er að safna saman dæmum um stefnumörkun af þessu tagi á einn stað til að gera þau sýnilegri og hvetja aðrar stofnanir til að móta svipaða stefnu.

Aðgerð: Endurskoðun á sköttum og gjöldum á almenningssamgöngur
Ábyrgð: Fjármálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, sveitarfélög
Lýsing: Strætó bs. o.fl. hafa bent á leiðir til að styrkja rekstrargrundvöll almenningssamgangna í þéttbýli og á landsvísu með því að breyta ýmsum sköttum og gjöldum. Rétt er að fara gaumgæfilega yfir þau atriði sem bent hefur verið á í þessu sambandi og leita leiða til að finna sanngjarnar lausnir sem styðja við almenningssamgöngur.

Aðgerð: Efldur hlutur vistvænna samgöngumáta í samgönguáætlun
Ábyrgð: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Lýsing: Umhverfissjónarmið hafa orðið fyrirferðarmeiri í samgönguáætlun á síðari árum, en skoða má leiðir til að efla enn hlut vistvænna samgöngumáta í henni. Sérstaklega má skoða möguleika á að styrkja þátt hjólreiða, með því að gera ráð fyrir hjólreiðastígum sem víðast, bæði á sérstökum brautum og á bættum vegöxlum og öryggissvæðum akbrauta. Skoða má fleiri atriði, svo sem að útbúa veghönnunarreglur fyrir reiðhjól á götum og stígum.

Aðgerð: Gerð og tenging hjólastíga, einkum á höfuðborgarsvæðinu
Ábyrgð: Sveitarfélög
Lýsing: Hjólreiðar í þéttbýli hafa farið vaxandi á síðari árum, m.a. vegna bætts kerfis hjólreiðastíga og vitundarvakningar á borð við átakið Hjólað í vinnuna. Verulega vantar þó upp á að til sé gott kerfi hjólreiðastíga, sem geri hjólreiðar að ákjósanlegum valkosti í hugum margra. Ekki síst á það við um tengingar hjólreiðastíga sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Aðgerð: Hvatning til eflingar hjólreiða og göngu
Ábyrgð: Félagasamtök, styrkt af ráðuneytum og sveitarfélögum
Lýsing: Efling hjólreiða og göngu var af sérfræðinganefnd talin ein af þeim leiðum til minnkunar á losun sem skiluðu beinum hagnaði. Þá var samt ekki tekinn með í reikninginn sá ávinningur sem felst í betri heilsu þeirra sem velja að fara skemmri eða lengri ferðir gangandi eða hjólandi í stað þess að fara á bíl. Það er því augljóst að verulegur ávinningur getur falist í því fyrir einstaklinga og þjóðarbúið að hlutur göngu og hjólreiða vaxi. Bætt aðstaða hjólreiðamanna með stígagerð og öðrum aðgerðum, svo sem lækkuðum umferðarhraða og fjölgun reiðhjólastanda, skiptir miklu í þessu sambandi, en reynslan sýnir að fræðsluátök á

borð við Hjólað í vinnuna skipta ekki síður máli. Fræðsluátak til að hvetja til aukinna hjólreiða og göngu og veita fólki upplýsingar um búnað o.fl., auk kennslu valinna hópa í hjólafærni gæti því skilað árangri.

Aðgerð: Orkuskiptaáætlun
Ábyrgð: Iðnaðarráðuneytið
Lýsing: Mótuð verður heildstæð orkuskiptaáætlun sem hafi eftirfarandi markmið:
1. Endurnýjanlegir orkugjafar leysi jarðefnaeldsneyti í samgöngum af hólmi.
2. Minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum hafi veigamikla þýðingu fyrir loftslagsmarkmið Íslands.
3. Nýsköpun sem byggir á umhverfisvænni tækni eflist.

Stefnt verður að því að Ísland verði í fararbroddi á heimsvísu í vistvænum og sjálfbærum samgöngum. Það hefur mikilvæga þýðingu fyrir efnahagsþróun landsins og er jafnframt markvert framlag til umhverfis og loftslagsmála. Þróun og framleiðsla á hverskonar vistvænum lausnum verður mikilvæg burðarstoð atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Gerð verður metnaðarfull þverfagleg stefna og framkvæmdaáætlun, sem fái einkennandi heiti og merki sem virki sem sameiningartákn fyrir stefnuna og aðgerðir hennar. Sköpuð verði breið samstaða meðal almennings, atvinnulífs og opinberra aðila um mótun orkuskiptastefnu, útfærslu hennar og framkvæmd. Fyrirtæki, skólar og opinbert stuðningsumhverfi myndi þekkingarklasa um þróun nýrra lausna sem geti eflt samkeppnisstöðu landsins og aukið hróður þess. Opinber stefna um menntun, rannsóknir og nýsköpun taki mið af þessum markmiðum og stuðli að framgangi þeirra.

Aðgerð: Samflots-kerfi
Ábyrgð: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Lýsing: Víða tíðkast að samstarfsfólk skiptist á að nýta ferðir í einkabílum til og frá vinnustað til að spara eldsneyti og draga úr kostnaði. Sums staðar erlendis eru sett upp formleg kerfi samflots á bifreiðum t.d. á vegum sveitarfélaga, með vefsíðum þar sem fólk sem vantar far eða farþega til að deila kostnaði getur sammælst um ferðir. Skoða má hvort slík kerfi henta hér á landi og e.t.v. setja upp tilraunaverkefni á þessu sviði.

Aðgerð: Aukin gasvinnsla á urðunarstöðum
Ábyrgð: Sveitarfélög
Lýsing: Hauggasi, sem samanstendur einkum af metani, er nú safnað á urðunarstaðnum á Álfsnesi og hluti þess er nýttur sem eldsneyti á bíla, en öðru brennt. Slík gasvinnsla er ekki stunduð á urðunarstöðum á landsbyggðinni, en rétt er að skoða möguleika á því, meta kostnað og ávinning og hefja gasvinnslu þar sem hægt er að koma því við. Á komandi árum verður bannað að urða lífrænan úrgang, sem er undirstaða gasmyndunar á urðunarstöðum. Það verður þó áfram hægt að vinna gas úr stórum urðunarstöðum um nokkra hríð.

Aðgerð: Metangerð úr lífrænum úrgangi
Ábyrgð: Sveitarfélög
Lýsing: Innan skamms verður bannað að urða lífrænan úrgang, sem þarf þá að endurvinna. Nokkrar aðferðir eru mögulegar til þess, en gasgerð er samkvæmt rannsóknum besta lausnin út frá loftslagssjónarmiðum. Hliðarafurðir gasgerðar eru lífrænn jarðvegsbætir, sem m.a. er hægt að nota til landgræðslu og kolsýra, sem mætti t.d. nota í gróðurhús eða iðnað. Stuðningur við eflda gasgerð getur falist m.a. í að styrkja markaði fyrir afurðir hennar, svo sem að

kaupa metan á bíla og vinnutæki (sjá hér að ofan) og lífrænan jarðvegsbæti í stað innflutts áburðar við uppgræðslu.

Aðgerð: Bætt meðferð úrgangs
Ábyrgð: Sveitarfélög
Lýsing: Bætt flokkun á úrgangi getur dregið úr losun GHL við meðferð úrgangs, en tryggja þarf að flokkunin þjóni tilgangi við bætta endurvinnslu og gasgerð. Einnig þarf að hafa í huga að aukin flokkun getur þýtt aukna hirðutíðni og því þarf að skoða allan ferilinn þegar hagkvæmni flokkunar frá loftslagssjónarmiðum er skoðuð.

Aðgerð: Samráðsnefnd sjávarútvegs um aðgerðir í loftslagsmálum
Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Lýsing: Litlar fyrirmyndir eru erlendis frá um aðgerðir í loftslagsmálum í sjávarútvegi, þar sem hann vegur yfirleitt lítið í losun flestra ríkja. Íslenskur sjávarútvegur er því að sumu leyti í frumkvöðlahlutverki hvað þetta varðar og má benda á að íslenskar fiskimjölsverksmiðjur eru í fararbroddi í heiminum við að skipta úr olíubrennslu í rafvæðingu, eldsneytissparnaðarbúnaður Marorku hefur verið tekinn í notkun í sumum fiskiskipum og hér fara fram athyglisverðar rannsóknir á veiðarfærum, sem gætu leitt til minni eldsneytisnotkunar við veiðar. Samráð og regluleg samskipti aðila á þessu sviði geta hjálpað til við að ryðja loftslagsvænni tækni og aðferðum braut. Um nokkurt skeið var starfrækt loftslagsnefnd sjávarútvegsins, sem vann gott starf og skilaði m.a. ýmsum tillögum og stöðuskýrslum um sjávarútveg og loftslagsmál og samanburð við önnur ríki. Rétt er að tryggja að þetta samstarf haldi áfram til að móta nýjar hugmyndir um aðgerðir í loftslagsmálum og ræða um hvernig hraða megi innleiðingu aðgerða sem þegar eru hafnar.

Aðgerð: Rafmagn til skipa í höfnum
Ábyrgð: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, iðnaðarráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, sveitarfélög
Lýsing: Átak hefur verið gert til þess að skapa aðstöðu fyrir skip til að tengjast landrafmagni í höfnum og þurfa þau þ.a.l. ekki að keyra ljósavélar og brenna olíu; talið er að þetta spari um 18 Gg af CO2 á ári. Talið er að takmarkaður ávinningur sé af frekari aðgerðum af þessu tagi, en rétt er að skoða hvort enn sé hægt að koma landrafmagni til hafna sem ekki búa við það í dag eða bæta þá aðstöðu sem nú er.

Aðgerð: Skrúfuskipti í skipum
Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Lýsing: Rannsóknir benda til að þvermál skipsskrúfna í togveiðiskipum sé minna en hagkvæmast sé m.t.t. olíunotkunar. Það er þó nokkuð dýrt að skipta um skrúfur miðað við ávinninginn sem af því hlýst, samkvæmt niðurstöðum sérfræðinganefndar 2009. Rétt er að gera greinargerð um hagkvæmni þess að skipta um skrúfur í togveiðiskipum og skoða hvort einhverjar reglur eru óþarflega hamlandi fyrir notkun stærri skrúfna. Annars er réttara að láta útgerðir meta hagkvæmni þess að skipta um skrúfur m.v. sparnað sem af því hlýst við eldsneytiskostnað.

Aðgerð: Stuðningur við þróun loftslagsvænnar tækni í minni skipum
Ábyrgð: Sjóðir til rannsókna og tækniþróunar
Lýsing: Mikil þróun hefur verið í loftslagsvænni tækni í smærri skipum. Rétt er að skoða

hvort hægt sé að styðja þróun og innleiðingu slíkrar tækni frekar, m.a. með því að sjóðir á sviði rannsókna og tækniþróunar leggi áherslu á að styðja við slíka þróun.

Aðgerð: Minnkun á metanlosun frá mykju
Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Lýsing: Töluvert útstreymi metans er frá mykju í landbúnaði. Gasinu má oft safna saman í haughúsum og brenna það eða nota til rafmagnsframleiðslu. Þetta er gert að einhverju leyti í dag, en skoða má hvort hægt er að gera átak, byggt á þeirri reynslu og tækni sem nú er til.

Aðgerð: Bindingaráætlun í skógrækt
Ábyrgð: Umhverfisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Lýsing: Binding kolefnis með skógrækt skilar nú þegar verulegri bindingu kolefnis og íslenskir vísindamenn hafa byggt upp góða þekkingu til að mæla slíka bindingu. Misjafnt er hversu mikil binding er eftir aðstæðum á hverjum stað. Hægt er að gera áætlun um að forgangsraða skógræktarverkefnum þannig að fremur verði ráðist í verkefni sem stuðla að mikilli kolefnisbindingu en önnur sem skila minni árangri. Hafa verður þó í huga að kolefnisbinding er ekki megintilgangur skógræktar, heldur hefur hún margvíslegan tilgang, svo sem að byggja upp auðlind til viðarframleiðslu og annarra nytja, efla byggð í dreifbýli, skapa aðstöðu til útivistar og að endurheimta vistkerfi og efla líffræðilega fjölbreytni. Hugsanleg breytt forgangsröðun til að auka þátt kolefnisbindingar má ekki verða til þess að vanrækja verkefni sem eru mikilvæg í öðru skyni.

Aðgerð: Bindingaráætlun í landgræðslu
Ábyrgð: Umhverfisráðuneytið
Lýsing: Binding kolefnis með landgræðslu skilar nú þegar verulegri bindingu kolefnis og íslenskir vísindamenn hafa byggt upp góða þekkingu til að mæla slíka bindingu, sem er að mörgu leyti brautryðjendaverk á heimsvísu. Misjafnt er hversu mikil binding er eftir aðstæðum á hverjum stað. Hægt er að gera áætlun um að forgangsraða landgræðsluverkefnum þannig að fremur verði ráðist í verkefni sem stuðla að mikilli kolefnisbindingu en önnur sem skila minni árangri. Hafa verður þó í huga að kolefnisbinding er ekki megintilgangur landgræðslu, heldur sá að stöðva gróðureyðingu og efla nytjaland og lífríki og breytt forgangsröðun til að auka þátt kolefnisbindingar má ekki verða til þess að vanrækja verkefni sem eru mikilvægust í því skyni.

Aðgerð: Skógumhirða sem skilar bindingu
Ábyrgð: Umhverfisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Lýsing: Skylt er að telja fram nýræktun og eyðingu skóga í loftslagsbókhaldi Kýótó-bókunarinnar og hefur Skógrækt ríkisins haft yfirumsjón með að byggja upp vísindalegan grunn fyrir það bókhald. Að auki eru nokkrar aðgerðir varðandi landnotkun valkvæðar í Kýótó-bókuninni, en á fyrsta skuldbindingartímabilinu hefur Ísland aðeins valið landgræðslu. Umhirða skóga er önnur valkvæð aðgerð, sem kallar á gott yfirlit yfir bindingu og tap kolefnis í grónum skógum. Skógrækt ríkisins telur að á næsta skuldbindingartímabili ættu að vera forsendur til þess að Ísland geti valið skógumhirðu og telur að Ísland gæti talið sér u.þ.b. 35 Gg til tekna fyrir árið 2008 undir þessum lið. Nokkur óvissa ríkir um framhald Kýótó-bókunarinnar og bókhaldsreglna á 2. skuldbindingartímabili, en ef nægileg vísindaleg þekking er til staðar til að meta kolefnisbókhald í skógumhirðu er rétt að halda því til haga og skoða möguleika á að velja þann kost á nýju skuldbindingartímabili. Hafa ber í huga í þessu sambandi, eins

og með endurheimt votlendis, að ávinningurinn með aðgerðum í landnotkun sem draga úr nettólosun koma andrúmsloftinu til góða óháð reiknireglum í alþjóðasamningum.

Aðgerð: Framleiðsla viðarkurls til iðnaðar úr íslenskum skógum
Ábyrgð: Umhverfisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Lýsing: Nokkuð magn innfluttra kola er notað í Járnblendiverksmiðjunni og víðar í iðnaði á Íslandi. Verksmiðjan hefur um nokkurt skeið notað úrgangstimbur í stað kola að hluta, sem er jákvætt frá loftslagssjónarmiðum. Viðarkurl úr skógum er enn betra hráefni og er kolefnishlutlaust, en hefur til þessa þótt of dýrt til þessara nota. Nú hafa forsendur að nokkru breyst og farið er að nota kurl úr grisjuðum viði úr skógum landsins. Skoða ber áframhaldandi verkefni á þessu sviði og mögulega ræktun iðnviðar í nágrenni stóriðjuvera sem nota kol.

Aðgerð: Tilraunaverkefni í niðurdælingu
Ábyrgð: Orkuveita Reykjavíkur
Lýsing: Orkuveita Reykjavíkur hefur undirbúið tilraunaverkefni um niðurdælingu á koldíoxíði í jarðlög, þar sem það á að kristallast í steindum. Verkefnið er frumkvöðlastarf á heimsvísu og getur gefið vísbendingar um hvort slíkar aðgerðir séu mögulegar í stærri stíl hér á landi og annars staðar þar sem eru basaltjarðlög.

3.4. Endurskoðun, eftirfylgni og fjármögnun

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum þarfnast reglulegs mats og endurskoðunar, með hliðsjón af þróun losunar, möguleikum sem ný tækni býður upp á og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Mikil óvissa er á alþjóðavettvangi eftir að mistókst að ná bindandi samkomulagi á 15. aðildarríkjaþingi loftslagssamnings S.þ. í Kaupmannahöfn 2009, eins og stefnt hafði verið að. Fæstir búast við því að slíkt samkomulag náist 2010, en margir vilja stefna að samþykkt bindandi samnings á 17. aðildarríkjaþinginu í lok árs 2011, enda ljóst að það má ekki dragast mikið lengur en það, ef ekki á að tefla ávinningi Kýótó-bókunarinnar og því kerfi skuldbindinga sem byggir á henni í tvísýnu.

Ísland hefur skilgreint og tilkynnt markmið sitt innan ramma Kaupmannahafnarsamkomulagsins, þ.e. að stefna að 30% samdrætti í nettólosun gróðurhúsalofttegunda til 2020, miðað við 1990, í samvinnu við ríki ESB. Það markmið byggir á því að ríkin 28 taki á sig sameiginlegt markmið í nýju alþjóðasamkomulagi og Ísland taki upp regluverk ESB í loftslagsmálum í heild. Vilji beggja aðila liggur fyrir hvað það varðar, en ganga þarf frá gagnkvæmu samkomulagi í tengslum við gerð nýs alþjóðasamnings. Reikna má því með að skýrari mynd verði komin varðandi alþjóðlegt kerfi losunarskuldbindinga um áramótin 2011/2012 og þá jafnframt stöðu Íslands innan þess. Því er eðlilegt að meta á árinu 2012 hvort endurskoðunar sé þörf á aðgerðaáætluninni og ákvarða jafnframt hvenær næst sé þörf á endurskoðun til að tryggja framkvæmd þeirra aðgerða sem lagðar hafa verið til og leggja jafnframt til nýjar aðgerðir.

Stýrihópur um gerð aðgerðaáætlunar lýkur störfum sínum með skilum á tillögum sínum til ríkisstjórnar. Samráð er eftir sem áður á milli ráðuneyta í samninganefnd um loftslagsmál, þar sem eiga sæti öll ráðuneyti sem eru í stýrihópnum og utanríkisráðuneytið að auki, en hins vegar er þar enginn fulltrúi frá sveitarfélögum. Stofna mætti sérstaka samráðsnefnd til að sjá um eftirfylgni aðgerðaáætlunarinnar, eða víkka út starfsvið samninganefndarinnar þannig að hún sæi bæði um samráð í alþjóðlegum samningaviðræðum og eftirfylgni með aðgerðaáætlun. Eftirfylgni myndi einkum felast í að fara yfir stöðu mála varðandi lykilaðgerðir og aðrar aðgerðir í loftslagsmálum og rýna árlega í tölur um þróun nettólosunar sem Ísland skilar til

Loftslagssamnings S.þ. og meta hvort stefnir í rétta átt út frá þeim væntingum um minnkun losunar sem hér eru kynntar.

Sá listi sem hér er lagður fram um aðgerðir er auðvitað ekki tæmandi listi yfir aðgerðir sem stjórnvöld og aðrir geta gripið til og hafa áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Sjálfsagt er að nýta sér þekkingu sem til er í samfélaginu og nýjar hugmyndir. Í því skyni verður opnað fyrir tillögur á heimasíðu umhverfisráðuneytisins, en óskað verður eftir að þær verði settar fram á sama hátt og tillögur í þessari áætlun, þ.e. að setja lýsandi heiti á tillöguna, tilgreina ábyrgðaraðila og lýsa tillögunni í stuttu máli. Þessi tillögubrunnur verður svo aðgengilegur stjórnvöldum og öðrum, sem vilja leita nýrra leiða til að draga úr losungróðurhúsalofttegunda.

Sumar aðgerðir á sviði loftslagmála eru hagkvæmar í sjálfu sér og enn fleiri geta talist hagkvæmar ef ýmis konar hliðarávinningur, svo sem í formi minnkunar á heilsuspillandi mengun, eru teknar með í reikninginn. Flestar aðgerðir hafa þó einhvern útlagðan kostnað í för með sér fyrir stjórnvöld eða samfélagið. Ljóst er að til skamms tíma verður fjármögnun aðgerða erfið, jafnvel þeirra sem eiga að skila nettóhagnaði til lengri tíma, vegna niðurskurðar í ríkisútgjöldum og erfiðs efnahagsástands. Þetta mun hafa áhrif á forgangsröðun aðgerða, en á ekki að koma í veg fyrir að hægt verði að hrinda sumum aðgerðum í framkvæmd strax og hefja undirbúning að öðrum.

Til lengri tíma litið er æskilegt að setja aukið fjármagn til aðgerða á sviði loftslagsmála, bæði lykilaðgerða sem hér eru taldar upp, sem annarra. Mengunarbótareglan segir að eðlilegt sé að þeir sem losi gróðurhúsalofttegundir greiði fyrir slíkar aðgerðir. Það er því eðlilegt að setja a.m.k. hluta þeirra tekna sem fást með kolefnisgjaldi og uppboðum á heimildum til kolefnislosunar til verkefna á sviði loftslagsmála. Hluti af slíkum tekjum gæti farið til að styðja við nýsköpun á sviði loftslagsvænnar tækni, sem gæti skilað efnahagslegum ávinningi til lengri tíma, þar sem ljóst er að eftirspurn eftir loftslagsvænum lausnum fer vaxandi á heimsvísu. Þá ber að gæta að því að vaxandi krafa verður á Ísland um að styðja þróunarríki til að draga úr losun og aðlagast loftslagsbreytingum og er m.a. gert ráð fyrir stórauknum framlögum til þróunarríkja bæði til skemmri og lengri tíma í Kaupmannahafnarsamkomulaginu.

Gert er ráð fyrir því að hluti af tekjum sem skapast við uppboð á heimildum í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir verði notaður til að fjármagna aðgerðir á sviði loftslagsmála. Stýrihópurinn telur einnig rétt að hluti af tekjum af kolefnisgjaldi renni til loftslagsmála. Vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs er e.t.v. ekki auðvelt að gera það á næstu árum, en helst þyrfti slík fjármögnun að geta hafist ekki síðar en 2013. Lagt er til að þeir sem sjá um eftirfylgni áætlunarinnar skoði fjármögnun aðgerða til skemmri og lengri tíma sérstaklega, en sú rýni er einkum á ábyrgð fjármálaráðuneytisins, auk umhverfisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins.

816. Svar [446. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um fækkun hjúkrunarrýma á öldrunarheimilum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig var staðið að framkvæmd fækkunar hjúkrunarrýma á öldrunarheimilum á yfirstandandi fjárlagaári og hvaða viðmið lágu þar til grundvallar? Óskað er eftir sundurliðun eftir stofnunum og skýringum fyrir hverja stofnun.

Vegna efnahagsþrenginga ríkissjóðs hafa stjórnvöld þurft að minnka umsvif og lækka fjárveitingar sem ætlaðar eru til reksturs öldrunarheimila. Meginforsendur sem lágu til grundvallar fyrir fækkun rýma árið 2011 voru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi voru fjárveitingar vegna ónotaðra öldrunarrýma felldar niður.

Í öðru lagi var reynt að fækka frekar dvalarrýmum en hjúkrunarrýmum í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að auka heimahjúkrun til að hjálpa öldruðum að vera lengur heima og draga þannig úr þörf fyrir dvalarrými.

Í þriðja lagi var reynt að beina niðurskurði meira að stærri öldrunarheimilum og þá sérstaklega þeim heimilum þar sem unnið er að því að fækka fjölbýlum eða ljóst að ráðast þurfi í slíkar aðgerðir. Talið var að stærri heimilin myndu frekar ráða við niðurskurðinn en smærri öldrunarheimili.

Í fjórða lagi var öldrunarrýmum fækkað þar sem fjöldi öldrunarrýma var umfram metna þörf á viðkomandi þjónustusvæði.

Í fimmta lagi var tekið mið af fækkun öldrunarrýma á árunum 2009 og 2010.

Eftirfarandi tafla sýnir fækkun hjúkrunarrýma eftir öldrunarheimilum og heilbrigðisstofnunum fyrir árið 2011:

Fækkun hjúkrunarrýma	**Hjúkrunarrými, breyting 2010–2011**
Hrafnista, Reykjavík	-17
Grund, Reykjavík	-6
Hjúkrunarheimilið Skjól	-2
Hlévangur, Reykjanesbæ	-1
Garðvangur, Garði	-1
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	-1
Naust, Þórshöfn	-2
Höfði, Akranesi	-2
Barmahlíð, Reykhólum	-2
Dalbær, Dalvík	-1
Öldrunarstofnun Akureyrar	-6
Kumbaravogur, Stokkseyri	-1
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	-1
Holtsbúð, Garðabæ	-1
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	-4
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	
Akranesi	-4
Hvammstanga	-1
Heilbrigðisstofnunin, Blönduósi	-5
Heilbrigðisstofnunin, Sauðárkróki	
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	
Siglufirði	-7
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	-5
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	-6
Fækkun samtals	**-76**
Fjölgun hjúkrunarrýma	
Norðurþing, Hvammur, Húsavík	12
Reykjanesbær, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	20
Fjölgun samtals	**32**
Nettó breyting	**-44**

Í sumum tilfellum voru fleiri en ein ástæða fyrir fækkun hjúkrunarrýma á öldrunarheimilum, en þær eru í meginatriðum eftirfarandi:

Fjárveitingar vegna 34 ónotaðra öldrunarrýma voru felldar niður hjá Heilbrigðisstofnun Suðausturlands, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Blönduóss, Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki, Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, Holtsbúð í Garðabæ og Kumbaravogi á Stokkseyri.

Fækkað var um 25 hjúkrunarrými hjá stærri öldrunarheimilum og þá sérstaklega hjá þeim heimilum þar sem unnið er að því að fækka fjölbýlum. Talið var að stærri heimilin gætu frekar ráðið við niðurskurðinn en smærri öldrunarheimili. Þau heimili sem falla hér undir eru Hrafnista í Reykjavík, Grund í Reykjavík, Öldrunarstofnun Akureyrar og Hjúkrunarheimilið Skjól í Reykjavík.

Hjúkrunarrýmum var fækkað um 15 á þeim hjúkrunarheimilum þar sem fjöldi hjúkrunarrýma var umfram metna þörf á viðkomandi þjónustusvæði. Metin þörf er heildarfjöldi aldraðra á hjúkrunarheimilum og á biðlistum, reiknaður sem hlutfall af heildarfjölda aldraðra á landinu. Hlutfallið er síðan heimfært á upptökusvæði öldrunarheimila og sýnir á jafnréttisgrundvelli hvar fjöldi hjúkrunarrýma er umfram reiknað viðmið og hvar skortur er á hjúkrunarrýmum. Þau heimili sem falla hér undir eru Hjúkrunarheimilið Lundur á Hellu, Naust á Þórshöfn, Höfði á Akranesi, Barmahlíð á Reykhólum, Öldrunarstofnun Akureyrar og Dalbær á Dalvík.

Fjölgað var um 32 hjúkrunarrými á tveimur stöðum á landinu þar sem skortur á hjúkrunarrýmum er mestur. Á Suðurnesjum var fjölgað um 20 hjúkrunarrými og um 12 hjúkrunarrými í Norðurþingi, en þar var 12 dvalarrýmum breytt í 12 hjúkrunarrými.

Fækkun hjúkrunarrýma á Hlévangi í Reykjanesbæ og Garðvangi í Garði var endurmetin þar sem metin þörf er mun meiri en fjöldi hjúkrunarrýma á svæðinu. Hlévangur og Garðvangur fá tvö af þeim 20 hjúkrunarrýmum sem fjölgað var um á Suðurnesjum.

817. Svar [455. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.*
2. *Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.*

Heiti ráðuneytis/stofnunar	Pappírs-áskrift	Eintök	Vefáskrift	Kostnaður á mánuði
Forsætisráðuneytið				
Morgunblaðið og áskrift að gagnasafni	já	1	já	7.050
Fréttablaðið	já	2	já	6.033
DV	já	1	já	2.940
Viðskiptablaðið	já	1	já	3.800
Umboðsmaður barna				
Morgunblaðið	já	1	já	4.579

Heiti ráðuneytis/stofnunar	Pappírs-áskrift	Eintök	Vefáskrift	Kostnaður á mánuði
Óbyggðanefnd				
– kaupir engin blöð				
Ríkislögmaður				
– kaupir engin blöð				
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum				
Sunnlenska fréttablaðið	já	1		2.037
Rafræn áskrift að Morgunblaðinu og gagnasafni			já	4.871

818. Svar [362. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um heimilislækna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað starfa margir heimilislæknar á landinu, í hversu mörgum stöðugildum og hvað vantar marga heimilislækna til að fylla stöðugildin? Svar óskast sundurliðað eftir heilsugæslustöðvum.

Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir fjölda heimilislækna á landinu og hversu marga lækna vantar, sundurliðað eftir heilsugæslustöðvum. Tölurnar eru fengnar frá rekstraraðilum heilsugæslu í landinu. Þar kemur fram að á landinu starfa nú 220 læknar við heilsugæslu í 200,45 stöðugildum. Þau stöðugildi sem ekki eru setin teljast 26,3. Ekki verða til sérstök stöðugildi til viðbótar þessum vegna Læknavaktarinnar eða annarrar vaktþjónustu heimilislækna.

Almennt eru þessar stöður ætlaðar sérfræðingum í heimilislækningum. Talan endurspeglar því nokkurn veginn þá vöntun sem er á sérfræðingum í þeirri grein til að stöður séu fullmannaðar hér á landi.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (15 stöðvar)	**Fjöldi starfandi lækna**	**Setin stöðugildi**	**Laus stöðugildi**	**Samtals stöðugildi**
Heilsugæslan Árbæ	5	5	2	7
Heilsugæslan Efra-Breiðholti	7	6	1	7
Heilsugæslan Efstaleiti	4	4	1	5
Heilsugæslan Glæsibæ	5	4,15	0	4,15
Heilsugæslan Grafarvogi	10	8	1	9
Heilsugæslan Hlíðum	5	5	0	5
Heilsugæslan Miðbæ	6	5,6	0	5,6
Heilsugæslan Mjódd	6	6	1	7
Heilsugæslan Kópavogi – Hamraborg	5	5	0	5
Heilsugæslan Kópavogi – Hvammur	6	6	0	6
Heilsugæslan Garðabæ	7	6,85	0	6,85
Heilsugæslan Fjörður	6	6	0	6
Heilsugæslan Sólvangi	9	9	0	9
Heilsugæsla Mosfellsumdæmis	5	5	1	6
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	8	8	1	9
Samtals	**94**	**89,6**	**8**	**97,6**

Heilbrigðisstofnun Vesturlands (9 stöðvar)	**Fjöldi starfandi lækna**	**Setin stöðugildi**	**Laus stöðugildi**	**Samtals stöðugildi**
Heilsugæslustöðin Akranesi	4	4	1	5
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	4	2,2	0,8	3
Heilsugæslustöðin Búðardal[1]	1	1	1	2
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	1	1	0	1
Heilsugæslustöðin Stykkishólmi	2	1	1	2
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	2	1	1	2
Heilsugæslustöðin Hólmavík	1	1	0	1
Heilsugæslustöðin Hvammstanga	2	1	1	2
Samtals	**17**	**12,2**	**5,8**	**18**

[1]Mannar heilsugæslustöð á Reykhólum.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (6 stöðvar)	**Fjöldi starfandi lækna**	**Fjöldi stöðugilda**	**Laus stöðugildi**	**Samtals stöðugildi**
Heilsugæslustöðin Ísafirði[1]	4	4	0	4
Samtals	**4**	**4**	**0**	**4**

[1] Mannar allar aðrar stöðvar/sel sem tilheyra Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði (3 stöðvar)	**Fjöldi starfandi lækna**	**Setin stöðugildi**	**Laus stöðugildi**	**Samtals stöðugildi**
Heilsugæslustöðin Patreksfirði[1]	2	1,5	0	1,5
Samtals	**2**	**1,5**	**0**	**1,5**

[1]Mannar heilsugæslustöðina/selið á Tálknafirði og Bíldudal.

Heilbrigðisstofnunin Blönduósi (2 stöðvar)	**Fjöldi starfandi lækna**	**Setin stöðugildi**	**Laus stöðugildi**	**Samtals stöðugildi**
Heilsugæslustöðin Blönduósi[1]	2	1,4	1	2,4
Samtals	**2**	**1,4**	**1**	**2,4**

[1]Mannar heilsugæslustöðina á Skagaströnd.

Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki (2 stöðvar)	**Fjöldi starfandi lækna**	**Setin stöðugildi**	**Laus stöðugildi**	**Samtals stöðugildi**
Heilsugæslustöðin Sauðárkróki[1]	4	4	0	4
Samtals	**4**	**4**	**0**	**4**

[1]Mannar heilsugæslustöðina á Hofsósi.

Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar (2 stöðvar)	**Fjöldi starfandi lækna**	**Setin stöðugildi**	**Laus stöðugildi**	**Samtals stöðugildi**
Heilsugæslustöðin Siglufirði	2	2	0	2
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	1	1	0	1
Samtals	**3**	**3**	**0**	**3**

Heilsugæslan á Akureyri (2+2 stöðvar)	**Fjöldi starfandi lækna**	**Setin stöðugildi**	**Laus stöðugildi**	**Samtals stöðugildi**
Heilsugæslustöðin á Akureyri[1]	11	11,5	0,7	12,2
Heilsugæslustöðin Dalvík	2	2	0	2
Samtals	**13**	**13,5**	**0,7**	**14,2**

[1]Mannar heilsugæslustöðina á Grenivík og heilsugæsluselið í Hrísey.

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga (6 stöðvar)	**Fjöldi starfandi lækna**	**Setin stöðugildi**	**Laus stöðugildi**	**Samtals stöðugildi**
Heilsugæslustöðin Húsavík[1]	3	2,1	0	2,1
Heilsugæslustöðin Kópaskeri[2]	1	1	0	1
Heilsugæslustöðin Þórshöfn	1	1	0	1
Samtals	**5**	**4,1**	**0**	**4,1**

[1] Mannar heilsugæslusel að Laugum og í Reykjahlíð.
[2] Mannar heilsugæslustöðina á Raufarhöfn.

Heilbrigðisstofnun Austurlands (12 stöðvar)	**Fjöldi starfandi lækna**	**Setin stöðugildi**	**Laus stöðugildi**	**Samtals stöðugildi**
Heilsugæslustöðin Egilsstöðum[1]	4	4	1	5
Heilsugæslan Vopnafirði	1	1	0	1
Heilsugæslan Seyðisfirði	2	1,6	0	1,6
Heilsugæslan Fjarðabyggð[2]	3	3	1	4
Heilsugæslustöðin Neskaupsstað[3]	3	1,5	0	1,5
Heilsugæslustöðin Djúpavogi[4]	1	1	0	1
Samtals	**14**	**12,1**	**2**	**14,1**

[1] Mannar sel á Borgarfirði eystra.
[2] Mannar sel á Stöðvarfirði og stöðvar á Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði og Eskifirði.
[3] Þrír læknar sjúkrahússins sinna heilsugæslunni.
[4] Mannar sel á Breiðdalsvík.

Heilbrigðisstofnun Suðausturlands (1 stöð)	**Fjöldi starfandi lækna**	**Setin stöðugildi**	**Laus stöðugildi**	**Samtals stöðugildi**
Heilsugæslustöðin Höfn	2	2	0	2
Samtals	**2**	**2**	**0**	**2**

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (9 stöðvar)	**Fjöldi starfandi lækna**	**Setin stöðugildi**	**Laus stöðugildi**	**Samtals stöðugildi**
Heilsugæslustöðin Selfossi	6	5,25	0	5,25
Heilsugæslustöðin Hveragerði	3	1,8	0	1,8
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	1	1	0	1
Heilsugæslustöðin Laugarási	2	2	0	2
Heilsugæslan Rangárþingi (Hvolsvöllur og Hella)	4	3	0	3
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	1	1	0	1
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	1	0,5	0,5	1
Samtals	**18**	**14,55**	**0,5**	**15,05**

Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja (1 stöð)	**Fjöldi starfandi lækna**	**Setin stöðugildi**	**Laus stöðugildi**	**Samtals stöðugildi**
Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	4	3,8	0	3,8
Samtals	**4**	**3,8**	**0**	**3,8**

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (2 stöðvar)	**Fjöldi starfandi lækna**	**Setin stöðugildi**	**Laus stöðugildi**	**Samtals stöðugildi**
Heilsugæslustöðin Reykjanesbæ	12	9,1	6,9	16
Heilsugæslustöðin Grindavík	2	2	0	2
Samtals	**14**	**11,1**	**6,9**	**18**

Annað	Fjöldi starfandi lækna	Setin stöðugildi	Laus stöðugildi	Samtals stöðugildi
Heilsugæslan Salahverfi	7	6,6	1,4	8
Heilsugæslan Lágmúla	5	5	0	5
Heilsugæslulæknar utan heilsugæslustöðva	12	12	0	12
Samtals	**24**	**23,6**	**1,4**	**25**
ALLS	**220**	**200,45**	**26,3**	**226,75**

819. Fyrirspurn [497. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um hlutdeild norræns og bandarísks sjónvarpsefnis í dagskrá RÚV.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hver hefur verið hlutdeild sjónvarpsefnis frá Norðurlöndum sl. 5 ár í dagskrá RÚV, sundurliðað eftir löndum, og hver hefur þróunin verið með bandarískt efni á sama tímabili?
2. Hver var innkaupskostnaður þess norræna dagskrárefnis (hlutdeild 7,5%) sem RÚV sýndi á síðasta ári?

3. Hvert var áhorfið á eftirtalda norræna þætti á síðasta ári: Glæpurinn 2 (Forbrydelsen 2), Hvaleyjar (Hvaler), Berlínaraspirnar (Berlinpoplene), Ljósmæðurnar (Barnmorskorna) og Himinblámi (Himmelblå)?
4. Hver var innkaupskostnaður þess bandaríska dagskrárefnis (hlutdeild 26,1%) sem RÚV sýndi á síðasta ári?
5. Hvert var áhorfið á eftirtalda bandaríska þætti á síðasta ári: Ljóta Betty (Ugly Betty), Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives), Bræður og systur (Brothers and Sisters), Lífsháski (Lost), Sporlaust (Without a Trace), Læknamiðstöðin (Private Practice), Bráðavaktin (ER), Skólaklíkur (Greeks), Að duga eða drepast (Make it or Break it), Leitandinn (Legends of the Seekers) og Castle (Castle)?
6. Áformar RÚV að sýna meira af norrænu efni en verið hefur hin síðari ár?

Skriflegt svar óskast.

820. Fyrirspurn [498. mál]

til forseta Alþingis um öryggismyndavélar og verklagsreglur um boðun lögreglu.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hvaða lagaákvæði og reglur gilda um upptökur með öryggismyndavélum Alþingis?
2. Hversu lengi eru upptökur úr öryggismyndavélum Alþingis varðveittar?
3. Hver tekur ákvarðanir um varðveislu gagna úr öryggiskerfum þingsins?
4. Hvaða verklagsreglur gilda um boðun lögreglu til aðstoðar öryggisvörslu á Alþingi og eru mismunandi viðbúnaðarstig skilgreind í þeim reglum?

Skriflegt svar óskast.

821. Fyrirspurn [499. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um upplýsingamennt í grunnskólum.

Frá Jónínu Rós Guðmundsdóttur.

Hyggst ráðherra vinna gegn þeirri þróun að í grunnskólum er nú sums staðar dregið verulega úr upplýsingamennt, einkum í starfsemi skólasafna og vinnu við tölvur og kennslu á þær?

822. Fyrirspurn [500. mál]

til umhverfisráðherra um úthlutun veiðileyfa til ferðaþjónustuaðila á hreindýraveiðisvæðum.

Frá Jónínu Rós Guðmundsdóttur.

Er fyrirhugað að úthluta ferðaþjónustuaðilum á hreindýraveiðisvæðum veiðileyfum til að tryggja stöðugleika í þessari grein ferðaþjónustu?

823. Fyrirspurn [501. mál]

til umhverfisráðherra um aðgengi almennings að Vatnajökulsþjóðgarði.

Frá Jónínu Rós Guðmundsdóttur.

1. Er unnið eftir markvissri áætlun að bættu aðgengi almennings að Vatnajökulsþjóðgarði?
2. Hver er staðan í gerð stíga og merkinga innan þjóðgarðsins og gerð korta af svæðum innan hans?

824. Fyrirspurn [502. mál]

til innanríkisráðherra um rekstur innanlandsflugs.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Hvaða leiðir sér ráðherra fyrir sér til að efla rekstur innanlandsflugs hér á landi?

825. Fyrirspurn [503. mál]

til innanríkisráðherra um stöðu rannsóknar embættis sérstaks saksóknara.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hver er staðan á rannsókn embættis sérstaks saksóknara á grun um refsiverða háttsemi í tengslum við bankahrunið? Hve margir hafa nú stöðu grunaðra? Hve margir hafa verið yfirheyrðir?
2. Er hætt við að mál einhverja manna, sem tengjast rannsókninni, fyrnist áður en rannsókn lýkur? Hvenær er þess að vænta að rannsókninni ljúki?

826. Fyrirspurn [504. mál]

til innanríkisráðherra um varastöð ríkislögreglustjóra á Akureyri.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Hvað líður stofnun varastöðvar ríkislögreglustjóra á Akureyri?

827. Fyrirspurn [505. mál]

til velferðarráðherra um skólatannlækningar.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Telur ráðherra koma til greina að hefja skólatannlækningar að nýju á Íslandi?
2. Liggja fyrir rannsóknir á því hversu tannheilsu skólabarna hefur hrakað frá því að skólatannlækningar voru aflagðar?
3. Hefur verið gerð kostnaðargreining á því að hefja skólatannlækningar að nýju?
4. Hvernig er þessum málum almennt háttað annars staðar á Norðurlöndunum?

828. Fyrirspurn [506. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um beitingu reiknilíkans við fjárveitingar til framhaldsskóla.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Er hægt að beita sama reiknilíkani við fjárveitingar til fjölmennustu og fámennustu framhaldsskóla landsins?

829. Tillaga til þingsályktunar [507. mál]

um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Róbert Marshall, Birgir Ármannsson, Birkir Jón Jónsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Kristján L. Möller, Sigurður Ingi Jóhannsson, Höskuldur Þórhallsson.

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að vinna og leggja fyrir Alþingi frumvarp sem veiti lögreglunni sambærilegar heimildir og lögregla í öðrum norrænum ríkjum hefur til að rannsaka og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða gegn skipulagðri glæpastarfsemi (forvirkar rannsóknarheimildir).

Greinargerð.

Í nútímasamfélagi er eðli og umfang skipulagðrar glæpastarfsemi breytt frá því sem áður var. Starfsemi lögreglunnar þarf að taka mið af þessari þróun. Almennt ratar glæpastarfsemi sem á sér stað í nágrannaríkjum okkar einnig til Íslands og mörg dæmi eru þessu til staðfestingar. Nefna má mansal, en fjarstæðukennt virtist fyrir fáum árum að það mundi rata hingað til lands. Dæmi um alvarlega og skipulagða glæpastarfsemi sem borið hefur á í nágrannaríkjum okkar og að einhverju leyti hér á landi er mansal, fíkniefnainnflutningur, aukin umsvif skipulagðra glæpagengja og hryðjuverkaógn. Vegna aukinnar hörku og útsmoginna aðferða sem notaðar eru við skipulagða glæpastarfsemi hafa nágrannaríki okkar aukið heimildir lögreglu til að sporna við henni. Í þeim felst að lögreglan fær heimild til að safna upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila þótt ekki liggi fyrir rökstuddur grunur um tiltekið afbrot sem framið hefur verið. Rannsókn fer fram áður en brot er framið og markmiðið er að koma í veg fyrir brot. Rannsóknin beinist að atferli sem talið er ógna almenningi, öryggi ríkisins og sjálfstæði þess. Lögreglan í Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Danmörku telur að þessar heimildir hafi verið ómetanlegar í baráttunni gegn m.a. skipulagðri glæpastarfsemi, jafnt innlendri sem erlendri, mansali, fíkniefnainnflutningi og hryðjuverkaógn, svo að hið helsta sé nefnt.

Nýlega kom danska og sænska lögreglan í veg fyrir fyrirhuguð fjöldamorð á starfsfólki Jyllandsposten, að sögn vegna slíkrar rannsóknarvinnu. Hér á landi hafa þessar heimildir verið kallaðar forvirkar rannsóknarheimildir (e. proactive investigation). Rannsóknarheimildir þessar eru nýttar til að rannsaka og fyrirbyggja alvarlega og skipulagða glæpastarfsemi.

Slík starfsemi er oft skipulögð af glæpamönnum þvert á landamæri. Í umræðu um auknar rannsóknarheimildir lögreglu hafa komið fram varúðarsjónarmið hvað varðar beitingu heimildanna. Til að gæta allrar varúðar er rétt að skýrt eftirlit fylgi beitingu þeirra. Það gæti verið í höndum eftirlitsnefndar sem Alþingi kysi eða sérstakrar deildar innan dómstóls nema hvort tveggja sé. Þannig væri komið á ströngu aðhaldskerfi gagnvart beitingu heimildanna. Engin rök eru til þess að lögreglan á Íslandi hafi minni og þrengri heimildir en lögregla annars staðar á Norðurlöndunum.

Íslenska lögreglan hefur bent á að slíkar heimildir skorti hér á landi eins og fram hefur komið í skýrslum greiningardeildar Ríkislögreglustjóra þrjú undangengin ár, í júní 2008, febrúar 2009 og mars 2010, sem bera heitið *Mat ríkislögreglustjóra á skipulagðri glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum*. Skýrslan frá 2010 er fylgiskjal með tillögu þessari. Einnig hefur Ríkisendurskoðun bent á að þessar heimildir vanti, sbr. skýrslu hennar í nóvember 2007 sem bar heitið *Ráðstafanir gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna – stjórnsýsluúttekt*, en þar segir „Svigrúm yfirvalda til að stunda sértæka eftirgrennslan er takmarkað ef þau hafa ekki heimildir til að beita svokölluðum forvirkum rannsóknaraðferðum (e. proactive investigation). Hafi yfirvöld slíkar heimildir mega þau fylgjast með og safna upplýsingum um einstaklinga jafnvel þótt ekki liggi fyrir rökstuddur grunur um brot. Erlendis eru slíkar heimildir yfirleitt bundnar við tilteknar löggæslustofnanir sem háðar eru sérstöku eftirliti.“

Tveir fyrrverandi dómsmálaráðherrar hafa fært rök fyrir því að rétt sé að gera lögreglunni kleift að beita forvirkum rannsóknaraðferðum. Á sínum tíma vann þáverandi dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, talsverða undirbúningsvinnu við gerð lagafrumvarps um m.a. forvirkar rannsóknarheimildir. Á síðasta ári ráðgerði Ragna Árnadóttir, þáverandi dómsmálaráðherra, svo að fela réttarfarsnefnd að vinna tillögur að frumvarpi um forvirkar rannsóknarheimildir. Ástæða þessa voru upplýsingar sem hún fékk um stöðu mála, sbr. viðtal í Fréttablaðinu 16. ágúst 2010:

> „„Sjálf hef ég til þessa verið mikil efasemdamanneskja og talið að það ætti fremur að halda að sér höndum í þessum efnum heldur en hitt. En eftir að hafa fengið ákveðnar greiningar, upplýsingar og gögn, meðal annars um skipulagða glæpastarfsemi hér á landi, tel ég mér ekki stætt á öðru en að bregðast við.“ Ragna undirstrikar að forvirkum rannsóknarheimildum verði að fylgja skýrt eftirlit. Það geti verið í höndum þingnefndar eða sérstakrar deildar innan dómstóls, nema hvort tveggja sé.“

Einnig segir í sama viðtali:

> „„Í aðgerðaáætlun gegn mansali sem samþykkt var á Alþingi síðastliðið vor eru beinlínis áform um hvort lögregla eigi að fá þessar heimildir til að stemma stigu við mansali,“ segir ráðherra, en minnir á að skipulögð brotastarfsemi hafi fleiri hliðar, svo sem fíkniefnaviðskipti, vændi og fleira. […] „Mansal hefur verið fjarlægt okkar tilveru til þessa, en fyrr í sumar gengu tveir dómar í Hæstarétti þar sem einstaklingar voru dæmdir fyrir slík brot. Hverjum hefði dottið þetta í hug fyrir örfáum árum?“ spyr Ragna. „Því er það mjög slæmt, eins og lögreglan hefur bent á, að hún skuli hafa lakari heimildir en gerist og gengur í kringum okkur, því þá verðum við eftirbátur annarra. Í tilvikum skipulagðrar glæpastarfsemi, sem þekkir engin landamæri, er mjög slæmt að lögreglan skuli vera misjafnlega í stakk búin til að takast á við hana. Við viljum ekki hleypa hér að starfsemi sem getur ekki þrifist annars staðar.“

Í aðgerðaráætlun gegn mansali frá árinu 2009 segir m.a. (sbr. þskj. 754 í 440. máli á 136. löggjafarþingi):

„Aðgerð 13: Heimildir lögreglu til forvirkra rannsókna verði metin og áhersla lögð á að nýta til fulls rannsóknarheimildir sakamálaréttarfars.

Í tengslum við rannsókn og kortlagningu mansalsmála hér á landi og tengsl við erlenda og skipulagða brotastarfsemi verði þörf lögreglu fyrir heimildir til forvirkra rannsókna metin. Með slíkum heimildum væri unnt að kortleggja betur af hálfu lögreglu umfang starfseminnar og umsvif einstakra aðila og skapa um leið betri grundvöll undir að sækja þá aðila til saka sem skipuleggja og eru á bak við skipulagða glæpastarfsemi á borð við mansal. Þá er lögð áhersla á að lögregla nýti til fulls rannsóknarheimildir sem þegar eru fyrir hendi og er beitt meðal annars við rannsókn fíkniefnabrota.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.“

Áform Rögnu Árnadóttur, fyrrum dómsmálaráðherra, um að vinna framangreint frumvarp um forvirkar rannsóknarheimildir náðu ekki fram að ganga.

Flutningsmenn telja að tímabært sé að veita lögreglunni á Íslandi sambærilegar heimildir og lögreglan annars staðar á Norðurlöndum býr við hvað varðar úrræði til að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Ljóst er að með þessum heimildum yrði samstarf íslensku lögreglunnar við lögreglulið annarra landa mun markvissara og líkur ykjust á að unnt yrði að hemja skipulagða glæpastarfsemi. Til að ná árangri gegn skipulagðri glæpastarfsemi, sem oft teygir anga sína þvert yfir landamæri, er nauðsynlegt að lögreglulið ríkjanna hafi sambærilegar heimildir. Afbrotamenn geta ferðast hindrunarlítið milli landa í Evrópu og mikil hætta er á að þeir leiti þangað sem viðbúnaður lögreglu er lakari og refsingar jafnvel vægari en í öðrum löndum álfunnar. Öryggi almennings og friður fyrir afbrotamönnum er mikilvægt velferðarmál sem vert er að undirstrika. Að mati flutningsmanna er ábyrgðarlaust að veita lögreglunni ekki heimildir til forvirkra rannsókna. Óásættanlegt er að fljóta sofandi að feigðarósi í þessum málum og grípa ekki til aðgerða fyrr en það er jafnvel orðið of seint með tilheyrandi alvarlegum afleiðingum fyrir öryggi almennings.

Fylgiskjal.

Mat ríkislögreglustjóra á skipulagðri glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum.

(Mars 2010.)

Inngangur:

Eitt af hlutverkum greiningardeildar ríkislögreglustjóra, sem tók til starfa 1. janúar 2007, er að vinna stefnumiðaða greiningu (e. „strategic analysis“) varðandi skipulagða glæpastarfsemi og ógn af hryðjuverkum til lengri tíma. Mat þetta ber að vinna á víðtækum grunni sem taki mið af þróun mála hérlendis og erlendis. Jafnframt er greiningardeild ætlað að segja til um líklega framtíðarþróun á þessum tilgreindu sviðum.

Greiningardeild hefur lokið við gerð ítarlegrar skýrslu samkvæmt þessari forskrift fyrir árið 2010. Skýrslan er trúnaðarmál en hér fer á eftir stytt og opinber útgáfa hennar.

Við gerð þessa mats er stuðst við upplýsingar sem greiningardeild hefur aflað og úr gagnabönkum lögreglu. Spurningalisti var sendur öllum lögregluliðum í landinu. Upplýsing-

ar frá erlendum samstarfsaðilum greiningardeildar komu einnig að góðum notum. Sú samvinna sem deildin á við erlenda aðila verður sífellt mikilvægari.

Við vinnslu skýrslunnar er einkum stuðst við skilgreiningar og aðferðafræði sem Evrópulögreglan, Europol, hefur þróað.

Tilgangurinn með gerð matsins er að upplýsa stjórnvöld og almenning um stöðu mála. Lögregla mun hér eftir sem hingað til leggja ríka áherslu á að tryggja sem best öryggi borgaranna og vinna gegn starfsemi af þeim toga sem lýst er í skýrslunni.

Helstu niðurstöður:

Hrun fjármálakerfisins haustið 2008 er tímamótaviðburður í sögu íslensku þjóðarinnar. Hruninu fylgja mestu efnahagsörðugleikar sem Íslendingar hafa glímt við á síðari tímum. Erfitt efnahagsástand og mikið atvinnuleysi mun á næstu árum setja mark sitt á þá skipulögðu glæpastarfsemi sem haldið er uppi á Íslandi. Umskiptum þessum fylgir að nýir möguleikar munu skapast fyrir afbrotamenn.

Embætti sérstaks saksóknara vinnur nú að umfangsmiklum rannsóknum á því hvort einstaklingar eða lögaðilar hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og í kjölfar atburða er leiddu til hruns íslenska fjármálakerfisins.

Í desembermánuði 2009 var einnig frá því greint að Seðlabankinn hefði til athugunar brot sem kynnu að vera stórtæk og alvarleg gegn gjaldeyrisreglum er innleiddar voru í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra gerði í janúarmánuði 2010 húsleitir og yfirheyrði fjóra menn í tengslum við málið.

Ekki liggur því fyrir hvort þau hugsanlegu afbrot sem vísað er til hér að ofan geti fallið undir hugtakið „skipulögð glæpastarfsemi“ eins og það er skilgreint af hálfu Evrópulögreglunnar (Europol). Samkvæmt þeirri skilgreiningu þurfa eftirfarandi fjórir liðir ávallt að eiga við:

- Til þarf að koma samvinna fleiri en tveggja einstaklinga.
- Starfsemin þarf að standa yfir í langan eða óskilgreindan tíma.
- Grunur þarf að liggja fyrir um alvarlegt afbrot.
- Markmið viðkomandi eru auðgun og/eða völd.

Auk ofangreindra liða þurfa einhverjir tveir af eftirtöldum liðum að eiga við til að unnt sé að ræða um afbrot sem „skipulagða glæpastarfsemi“ samkvæmt skilgreiningu Europol:

1. Hver þátttakandi þarf að hafa fyrirfram ákveðið verkefni.
2. Starfsemin lúti einhvers konar skipulagi og stjórnun.
3. Starfsemin þarf að vera alþjóðleg.
4. Þátttakendur þurfa að beita ofbeldi eða öðrum aðferðum sem henta þykja til ógnunar.
5. Skipulag starfseminnar þarf að vera svipað því og þekkist í viðskiptum og rekstri.
6. Viðkomandi þurfa að stunda peningaþvætti.
7. Viðkomandi leitist við að hafa áhrif á stjórnmál, fjölmiðla, opinbera stjórnsýslu, réttarkerfið eða hagkerfið.

Mansal og vændi:

Fyrir liggur að skipulagt vændi með aðkomu þriðja aðila sem hefur fjárhagslegan ábata af starfseminni færist í vöxt á Íslandi. Alvarleg mansalsmál sem tengdust vændisstarfsemi komu til kasta lögreglu á árinu 2009.

Mál þessi eru mjög í takt við þá þróun sem greiningardeild hefur varað við í skýrslum sínum á undanliðnum árum. Gera ber ráð fyrir því að mansalsmál og skipulagt vændi með milligöngu þriðja aðila verði fyrirferðarmeiri á verkefnaskrá lögreglunnar.

Fyrirliggjandi upplýsingar benda til þess að mansal sé að festast í sessi sem og önnur skipulögð brotastarfsemi. Vísbendingar eru um að menn búsettir hér, Íslendingar eða erlendir ríkisborgarar, komi að þessum skipulagða vændisinnflutningi, ýmist sem „einyrkjar“ eða í samvinnu við erlenda glæpahópa.

Mansal eða verslun með fólk er þekkt fyrirbæri um allan heim og er talin vera sú glæpastarfsemi, sem er í hvað örustum vexti. Grunur um mansal á Íslandi hefur löngum verið tengdur nektardansstöðum og vændi.

Efnahagsörðugleikar eru líklegir til að ýta undir slíka starfsemi. Verslun með fólk, einkum konur, og smygl á fólki er ábatasöm starfsemi. Mat glæpahópa er almennt það, að slík starfsemi feli ekki í sér mikla áhættu og má ætla að þessi tegund glæpastarfsemi verði umfangsmeiri. Þessi starfsemi tengist oftar en ekki fíkniefnaverslun og skjalafalsi.

Rannsóknir tengdar mansali og smygli á fólki munu fá aukið vægi innan íslensku lögreglunnar. Slíkt mun kalla á aukið alþjóðlegt samstarf.

Innflutningur og framleiðsla fíkniefna:

Í fyrri skýrslum hefur greiningardeild vakið athygli á að hrun fjármálakerfisins og miklir efnahagsörðugleikar muni að líkindum leiða til þess að aukin áhersla verði lögð á ræktun kannabis og framleiðslu örvandi efna hér á landi.

Lögregla hefur á síðustu mánuðum stöðvað kannabisræktun á fjölmörgum stöðum. Í mörgum tilfellum hefur verið um stórtæka og þaulskipulagða starfsemi að ræða. Beinar sannanir liggja ekki fyrir um útflutning fíkniefna frá Íslandi. Grunur er fyrir hendi að slíkt hafi staðið til. Umfang kannabisræktunar sem lögregla stöðvaði á árinu 2009 styður þá tilgátu að hluti framleiðslunnar hafi verið ætlaður til útflutnings.

Vakin er athygli á því að efni hafa verið haldlögð sem teljast ólögleg fíkniefni víða í Evrópu en hafa ekki hlotið slíka flokkun á Íslandi. Um er að ræða efni skyld amfetamíni. Vera kann að efni þessi séu nýtt til framleiðslu á amfetamíni hér á landi.

Óvissa á vettvangi gjaldeyrismála veldur því að erfitt er að segja fyrir um líklega framtíðarþróun. Þótt gjaldeyrishöft séu í gildi eru upplýsingar greiningardeildar á þann veg að innflytjendur fíkniefna eigi ekki í teljandi erfiðleikum með að komast yfir erlendan gjaldeyri.

Um leið liggur fyrir að verð á fasteignum, fyrirtækjum og lausamunum ýmsum hefur fallið og á líklega eftir að falla enn frekar. Þetta hefur í för með sér þá hættu að hagnaði af fíkniefnaviðskiptum verður í auknum mæli varið til fjárfestinga. Slíkar fjárfestingar, einkum kaup á fyrirtækjum, geta þannig gert einstaklingum og glæpahópum fært að fela starfsemi sína á bakvið lögmætan atvinnurekstur sem aftur eykur möguleika þeirra t.a.m. á sviði fíkniefnainnflutnings og peningaþvættis.

Fíkniefnasmygl getur oftar en ekki af sér annars konar skipulagða glæpastarfsemi. Má þar nefna peningaþvætti, skjalafals, vændi, fjárkúgun og ógnanir. Samstarf íslenskra og erlendra glæpamanna kann því að verða víðtækara.

Sú hætta er fyrir hendi að til átaka komi með skipulögðum glæpahópum vegna samkeppni við erfiðari aðstæður á markaði. Minni fjármunir eru í umferð en áður, skuldir manna hafa hækkað og sú hætta er fyrir hendi að til átaka komi við innheimtu þeirra.

Skipulögð innbrot og þjófnaðir:

Fyrir liggur að innlendir og erlendir hópar stunda skipulögð innbrot og þjófnaði hér á landi. Vitað er að erlendir afbrotamenn koma gagngert til Íslands í þeim tilgangi að skipuleggja og fremja þjófnaði.

Á árinu 2009 bar mjög á skipulögðum þjófnuðum og innbrotum. Nokkuð dró úr þeirri starfsemi undir lok ársins. Innlendir þjófahópar, þ.e.a.s. hópar sem eiga uppruna sinn hér á landi og eru einkum skipaðir íslenskum ríkisborgurum, og erlendir hópar láta til sín taka á höfuðborgarsvæðinu og utan þess m.a. á Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi og í umdæmum lögreglunnar á Selfossi, Hvolsvelli og í Borgarnesi. Hvað erlenda hópa varðar ber mest á litháískum og pólskum hópum. Í mörgum tilvikum er um þaulskipulagða starfsemi að ræða. Upplýst hefur verið í nokkrum tilvikum um áform um að flytja þýfið úr landi.

Hvað varðar þjófnaði/hnupl í verslunum benda fyrirliggjandi upplýsingar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu til þess að þess háttar brotum íslenskra ríkisborgara fari fjölgandi. Hlutfall erlendra ríkisborgara fari að sama skapi minnkandi. Þróunin hefur verið öfug hvað innbrot varðar; þar fer hlutur erlendra ríkisborgara vaxandi. Ítrekað skal að þetta á við um höfuðborgarsvæðið.

Greiningardeild telur að skipuleg innbrot og þjófnaðir verði áfram fyrirferðarmikil á verkefnalista lögregluliðanna í landinu. Slík starfsemi er engan veginn bundin við höfuðborgarsvæðið þótt hún sé að sönnu mest að umfangi þar. Erlendir glæpahópar eru öflugir og skera sig frá hinum íslensku að því marki að sérhæfing er meiri innan hópanna bæði hvað varðar starfsemi og verkaskiptingu.

Tengsl þýfis- og fíkniefnamarkaðanna eru mjög mikil. Í mörgum tilfellum eru á ferð aðilar sem komast þurfa yfir verðmæti til að greiða fíkniefnaskuldir.

Vélhjólagengi:

Íslenski vélhjólaklúbburinn MC Iceland hefur hlotið viðurkenningu sem „stuðningsklúbbur“ Hells Angels hér á landi. Þar með hefur hópur manna á Íslandi stofnað til formlegra tengsla við alþjóðleg glæpasamtök. Fyrir liggur að félagar í MC Iceland stefna að fullri aðild að Hells Angels-samtökunum. Hells Angels í Noregi stjórna inngönguferli íslenska klúbbsins.

Alls staðar þar sem Hells Angels hafa náð að skjóta rótum hefur aukin skipulögð glæpastarfsemi fylgt í kjölfarið. Skipulögð glæpastarfsemi beinist gegn almannahagsmunum enda hafa afbrot sem henni fylgja áhrif á samfélagið og öryggi almennings.

Ríkislögreglustjórar Norðurlandanna mótuðu þá skýru stefnu fyrir allnokkrum árum að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi mótorhjólagengja. Embætti ríkislögreglustjóra á Norðurlöndum vinna í sameiningu að þessu markmiði sem mörgum öðrum. Ríkislögreglustjóri hefur frá árinu 2002 lagt fyrir lögreglustjóra á Íslandi að framfylgja þessari stefnu. Í samræmi við þetta hefur ítrekað komið til þess á undanliðnum árum að félögum í Hells Angels hafi verið meinuð landganga við komu sína til Íslands.

Koma foringja Hells Angels í Noregi hingað til lands í febrúarmánuði 2010 er til marks um þá áherslu sem samtökin leggja á að festa sig hér í sessi. Lögregluyfirvöld á Norðurlöndum sem og stjórnmálamenn hafa hvatt Íslendinga til að bregðast af hörku við þessari ógn.

Innheimta skulda, hótanir, „handrukkanir“ og fjárkúgun:

Í því erfiða efnahagsástandi sem nú ríkir er sú hætta fyrir hendi að svokölluðum „handrukkunum“, þ.e. innheimtu skulda með hótun um eða beitingu ofbeldis, muni fjölga. Fram til þessa hefur þess háttar „innheimtustarfsemi“ aðallega tengst fíkniefnaskuldum en nú eru vísbendingar um að slíkum aðferðum sé einnig beitt við innheimtu annarra og hefðbundnari skulda þegar viðtekin úrræði hafa ekki skilað árangri.

Upplýsingar eru fyrir hendi um að útlendingar, einkum aðflutt verkafólk, sæti í einhverjum tilvikum fjárkúgunum, oft af hendi samlanda sinna. Ástæða er til að ætla að í einhverjum

tilvikum sé viðkomandi gert að greiða gjald fyrir að hafa fengið vinnu. Um þetta skortir fyllri upplýsingar og erfitt er að afla þeirra sem kann að segja sitt um þá ógn sem þetta fólk telur sig standa frammi fyrir. Fregnir berast af líkamsárásum og hótunum sem ekki eru kærðar til lögreglu.

Skipulögð glæpastarfsemi utan höfuðborgarsvæðisins:

Ljóst er að umfang skipulagðrar glæpastarfsemi er mest á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar sem borist hafa greiningardeild frá öðrum umdæmum lögreglu sýna hins vegar að því fer fjarri að skipulögð starfsemi af þessum toga sé bundin við höfuðborgarsvæðið. Fullyrða má að þess háttar starfsemi fari vaxandi utan höfuðborgarinnar.

Fjársvik og peningaþvætti:

Undanfarin ár hefur lögregla fengist við nokkur mál er varða fjársvik með greiðslukortum og þjófnaði á upplýsingum um greiðslukortanúmer. Í þeim málum sem upplýst hafa verið hafa erlendir ríkisborgarar nær eingöngu komið við sögu og vísbendingar um að í flestum tilvikum hafi þeir verið tengdir skipulagðri brotastarfsemi sem stýrt sé erlendis frá.

Þótt fjármálakerfið hafi hrunið haustið 2008 ber að vara við þeirri ályktun að þar með heyri hætta á misnotkun þess sögunni til. Greiningardeild telur ríkjandi ástand um margt hagstætt stórtækum aðilum á vettvangi peningaþvættis.

Hryðjuverkaógn á Íslandi:

Hættan á aðgerðum hryðjuverkamanna gegn ákveðnum skotmörkum eða viðburðum á Íslandi hefur verið metin frekar lítil á undanliðnum árum. Hættustig á Íslandi hefur talist sambærilegt við það sem er í gildi á öðrum Norðurlöndum. Hryðjuverkaógnin er hnattræn og viðvarandi. Um mögulega hryðjuverkaógn á Íslandi gildir almennt að jafn fráleitt er að gera mikið úr henni og að hafna með öllu.

Niðurstaða ógnarmats er að hættustigið í byrjun árs 2010 er metið lágt. Mat þetta byggist á því að ekki eru fyrirliggjandi ákveðnar upplýsingar af neinu tagi um að verið sé að skipuleggja eða undirbúa hryðjuverkaaðgerðir gegn skotmörkum eða viðburðum hérlendis. Hafa ber í huga að ekki er unnt að útiloka að hér á landi fari fram undirbúningur hryðjuverka sem í ráði er að fremja erlendis. Nauðsynlegt er því að yfirvöld haldi vöku sinni.

Við hættumat vegna hugsanlegra aðgerða hryðjuverkamanna á Íslandi ber að taka fram að lögreglan býr ekki yfir forvirkum rannsóknarheimildum innan þessa málaflokks og má því ekki safna upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila liggi ekki fyrir rökstuddur grunur um tiltekið afbrot. Möguleikar lögreglunnar á Íslandi til þess að fyrirbyggja hryðjuverk eru því ekki þeir sömu og á hinum Norðurlöndunum. Þessu fylgir einnig að íslenska lögreglan hefur mun takmarkaðri upplýsingar um mögulega ógn eða hættulega einstaklinga sem kunna að fremja hryðjuverk eða taka þátt í að fjármagna slíka starfsemi.

830. Svar [458. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Fyrirspurni hljóðar svo:

1. *Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.*
2. *Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum.

Blaðaáskriftir:

Stofnun	Heiti dagblaðs	Pappírsáskrift, fjöldi eintaka	Vef-áskrift	Kostnaður á mánuði, kr.	Heiti héraðsfréttablaðs	Pappírsáskrift, fjöldi eintaka	Vef-áskrift	Kostnaður á mánuði, kr.
Sýslumannsembættið Vestmannaeyjum					Fréttir	1		1.750
Innanríksiráðuneytið Skuggasundi	Morgunblaðið	3	1	15.157				
Innanríksiráðuneytið Skuggasundi	Fréttablaðið	3		8.670				
Innanríksiráðuneytið Skuggasundi	DV	1		2.940				
Innanríksiráðuneytið Skuggasundi	Viðskiptablaðið	3	1	11.400				
Sýslumaðurinn á Ísafirði					Bæjarins besta	1		2.687
Ríkissaksóknari	Morgunblaðið	1	0	3.990				
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	Morgunblaðið	1		4.080				
Sýslumaðurinn Hvolsvelli					Sunnlenska	1		990
Sérstakur saksóknari	Morgunblaðið	1		4.579				
Sérstakur saksóknari	Viðskiptablaðið	1		4.000				
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	Morgunblaðið	17		61.240				
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	Morgunblaðið		1	2.790				
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	DV	12		27.895				
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	Viðskiptablaðið	2		7.599				
Sýslumaðurinn í Kópavogi	Morgunblaðið	1		4.579				
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	Morgunblaðið		1	2.508				
Sýslumaður Snæfellinga					Skessuhorn	1		1.880
Landhelgisgæsla Íslands	Morgunblaðið	1	2	4.279				
Persónuvernd	Morgunblaðið	1		3.990				
Persónuvernd	DV	1		2.510				
Persónuvernd	Viðskiptablaðið	1		3.300				
FMS aðalskrifst. 06-501-101	Morgunblaðið	1		3.990				
FMS aðalskrifst. 06-501-101	DV	1		2.790				
FMS Hegningarhús, 06-501-121	Morgunblaðið	3		3.996				
FMS Kópavogsbraut, 06-501-125	Morgunblaðið	2		7.796				
FMS Litla-Hrauni. 06-501-127	Morgunblaðið	5		15.563	Sunnlenska fréttablaðið	2		2.280
FMS Bitru,06501-128	Morgunblaðið	3		6.482				
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Morgunblaðið	1		4.180				
Ríkislögreglustjórinn	Morgunblaðið	4	0	17.306				
Ríkislögreglustjórinn	Mbl. – gagnasafn		1	2.811				
Ríkislögreglustjórinn	Viðskiptablaðið	1	0	3.800				

Stofnun	Heiti dagblaðs	Pappírsáskrift, fjöldi eintaka	Vef-áskrift	Kostnaður á mánuði, kr.	Heiti héraðsfréttablaðs	Pappírsáskrift, fjöldi eintaka	Vef-áskrift	Kostnaður á mánuði, kr.
Neytendastofa	Morgunblaðið	2		6.609				
Neytendastofa	Neytendablaðið	2		783				
Neytendastofa	Fréttablaðið	1		3.143				
Neytendastofa	Dagblaðið	1		2.790				
Neytendastofa	Viðskiptablaðið	1		3.800				
Héraðsdómur Reykjavíkur	Morgunblaðið	1	0	4.579				
Þjóðskrá Íslands	Morgunblaðið	1		4.579				
Þjóðskrá Íslands	Morgunblaðið		1	2.621				
Vegagerðin	Morgunblaðið	1	1	3.990	Bæjarins besta	1		1.007
Vegagerðin	DV	1		2.790	Feykir	2		5.038
Vegagerðin					Skarpur	1		1.800
Vegagerðin					Skessuhorn	1		1.880
Vegagerðin					Sunnlenska fréttaveitan	1		1.090
Vegagerðin					Austurglugginn	2		2.800
Vegagerðin					Vikudagur	1		1.990
Umferðarstofa	Morgunblaðið	1		4.300				
Umferðarstofa	Viðskiptablaðið	1		3.800				
Siglingastofnun	DV		1	1.490	Fréttir	1		1.220
Siglingastofnun	Morgunblaðið		1	2.218	Austurglugginn	1		1.400
Siglingastofnun					Feykir	1		1.305
Siglingastofnun					Víkurfréttir	1		708
Siglingastofnun					Bæjarins besta	2		2.790
Siglingastofnun					Norðurslóð	1		417
Siglingastofnun					Kópavogspósturinn	1		0
Siglingastofnun					Kópavogsblaðið	1		0
Flugmálastjórn Íslands	mbl.is		1	4.934				
Póst- og fjarskiptastofnun	Morgunblaðið	1		4.180				
Póst- og fjarskiptastofnun	Viðskiptablaðið	1		3.800				
Rannsóknanefnd sjóslysa	Morgunblaðið		1	2.218				
Samtals		**86**	**13**	**306.844**		**24**	**0**	**33.032**

831. Tillaga til þingsályktunar [508. mál]

um norræna hollustumerkið Skáargatið.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Þuríður Backman, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Margrét Tryggvadóttir, Mörður Árnason.

Alþingi ályktar að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra beiti sér fyrir því að unnt verði að taka upp norræna hollustumerkið Skráargatið á matvörur sem framleiddar eru hérlendis.

Greinargerð.

Svíar tóku upp hollustumerkið Skráargatið árið 1989 og var markmiðið að auðvelda fólki að velja holl matvæli. Merkið reyndist svo vel að fyrir nokkrum árum ákváðu Danir og Norðmenn einnig að nota merkið. Til að fá Skráargatið þarf matvara að uppfylla ákveðnar kröfur um magn salts, sykurs, fitu, mettaðrar fitu og trefja og einungis hollasta varan (eða hollustu vörurnar) í hverjum flokki geta fengið merkið. Varan þarf með öðrum orðum að standast þau hollustuviðmið sem sett eru fyrir hvern vöruflokk (sjá fylgiskjal). Sælgæti, gos eða aðrar matvörur sem teljast óhollar geta ekki fengið Skráargatið. Markmiðið með merkinu er að gefa neytendum færi á að velja hollan mat án mikillar fyrirhafnar. Merkið er auðþekkjanlegt og reynsla frænda okkar á Norðurlöndum sýnir að neytendur þekkja merkið og treysta því en frá árinu 2008, þegar notkun hófst í Danmörku og Noregi, er Skráargatið nánast orðið samnorrænt hollustumerki. Finnar íhuga nú upptöku þess eða samræmingu við eigið hollustumerki, Hjartamerkið svonefnda. Íslensk stjórnvöld hafa hins vegar ekki tekið þátt í þessu samstarfi. Neytendasamtökin hafa frá 2008 ítrekað skorað á stjórnvöld að taka merkið upp en auk þeirra hafa m.a. Lýðheilsustöð, Manneldisráð, talsmaður neytenda og umboðsmaður barna hvatt til þess að merkið verði tekið upp. Í skýrslu faghóps forsætisráðherra um að efla lýðheilsu frá 2005 er mælt með upptöku slíks merkis og bent sérstaklega á jákvæða reynslu Svía af Skráargatinu.

Norðurlandabúar standa allir frammi fyrir svipuðum áskorunum hvað varðar lífsstíl og mataræði og telja stjórnvöld flestra norrænna ríkja brýnt að vinna gegn offitu og lífsstíls- og velmegunarsjúkdómum sem tengjast henni. Þau hafa lagt áherslu á að bæta mataræði, m.a. með því að auðvelda fólki að velja holla matvöru. Offita er að verða eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál Íslands, en samkvæmt upplýsingum frá OECD þjáist fimmtungur landsmanna af alvarlegustu tegund ofþyngdar og eru Íslendingar orðnir fjórða feitasta þjóð Evrópu, á eftir Bretum, Írum og Möltubúum.

Nýlega sendu Neytendasamtökin fjórðu áskorun sína til yfirvalda og telja brýnt að íslenskir framleiðendur noti merkið á vörur sínar. Skráargatið er á vörum sem fluttar eru hingað til lands frá Skandinavíu en íslenskir neytendur þekkja merkið ekki og hafa þess vegna af því lítið gagn. Skýtur það skökku við á sama tíma og sífellt er verið að hvetja til aukinnar hollustu og heilbrigðara lífernis. Upptaka merkisins hér á landi ætti að vera einföld. Líklegast er að Matvælastofnun mundi veita leyfi til notkunar merkisins. Merkið er valkvætt, þ.e. framleiðendur geta sótt um að fá merkið á matvöru og uppfylli hún skilyrðin fær framleiðandinn leyfi til að nota merkið sér að kostnaðarlausu.

Skráargatið er skráð vörumerki í Svíþjóð og eign matvælastofnunarinnar þar í landi, Livsmedelsverket. Livsmedelsverket hefur gefið Noregi og Danmörku heimild til að nota merkið. Í löndunum þremur eru notuð sömu einkunnarorðin, „Auðvelt/létt að velja hollustu/hollara“

(d. Nemt at vælge sundere). Skráargatið er fyrsta hollustumerkið sem stjórnvöld fleiri en eins ríkis standa að.

Fylgiskjal.

Um Skráargatið.

(Af heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar, *www.norden.org*.)

Í dag er auðveldara fyrir norræna neytendur að neyta hollrar fæðu. Stjórnvöld í Noregi, Svíþjóð og Danmörku hafa tekið höndum saman um að nota Skráargatið sem sameiginlegt matvælamerki. Skráargatið auðveldar neytendum að velja holl matvæli. Þökk sé Skráargatinu geta neytendur á einfaldan hátt séð hvaða vörur eru hollar.

Skráargatið sem norrænt matvælamerki.

Skráargatið hefur verið notað í Svíþjóð í 20 ár og er vel þekkt af sænskum neytendum. Með því að ákveða viðmið fyrir ákveðnar fæðutegundir hefur skráargatið orðið merki fyrir matvæli sem innihalda minni fitu, salt og sykur og meira af heilu korni og trefjum. Matvælaframleiðendum er frjálst að nota skráargatið, en vörur sem merktar eru með Skráargatinu verða að uppfylla ákveðin næringarviðmið, sem gilda fyrir hvern flokk matvæla.

Sameiginlegar merkingar matvara á Norðurlöndunum eru eðlilegar þar sem neysluvenjur og innkaupamynstur á Norðurlöndunum eru mjög lík. Stjórnvöld í löndunum þremur hafa samþykkt nýjar reglur sem byggjast á þeim sem gilda um notkun Skráargatsmerkisins í Svíþjóð. Í starfi sínu hafa stjórnvöld byggt á samstarfi sem þegar er í gangi innan Norrænu ráðherranefndarinnar, meðal annars með því að fylgja Norrænu næringarráðunum.

Tekið er tillit til ólíkra neysluvenja hvers lands fyrir sig í reglunum og hefur því samstarfið leitt til úrbóta bæði hvað varðar framleiðsluvöruflokkana og skilgreind viðmið. Stungið hefur verið upp á tveimur nýjum framleiðsluvöruflokkum, kröfur til magns heilkorns í brauði og kornvöru auknar, sama á við um kröfur hvað varðar tilbúinn mat, viðmið fyrir matvæli unnin úr fiski þróuð og kröfur hvað varðar sykurtegundir og salt auknar. Sjá kvikmynd danska matvælaeftirlitsins um Skráargatið.

Sameiginlegt norrænt matvælamerki á Norðurlöndum eykur vægi sameiginlegrar áætlunar, Norrænu framkvæmdaáætlunarinnar um næringu og hreyfingu, vegna þess að merkið auðveldar neytendum að velja hollt mataræði á einfaldan hátt. Jafnframt kemur þetta Norðurlöndunum til góða við afnám stjórnsýsluhindrana á sviði verslunar milli landanna. Þegar vara er merkt Skráargatinu tryggja sameiginleg viðmið að samkomulag er milli landanna um vöruna. Þetta auðveldar starf jafnt fyrirtækja og smásöluverslana.

Enn sem komið er, eru það einungis Svíþjóð, Noregur og Danmörk sem taka þátt í verkefninu, en hugmyndafræðin að baki merkinu er viðurkennd í öllum norrænu ríkjunum. Finnsk stjórnvöld nota merkið ekki í dag, en velta því fyrir sér hvort hægt sé að nota viðmið Skráargatsins ásamt þeim viðmiðum sem þegar eru notuð í tengslum við finnska matvælamerkið Hjartamerkið. Ísland getur tekið þátt í samstarfinu á seinni stigum, sem mun auka breidd norræna samstarfsins.

– Skráargatið er jákvæð merking sem beinir sjónum neytenda að hollum matvælum innan hvers framleiðsluflokks fyrir sig.

– Skráargatið er öllum frjálst að nýta sér að kostnaðarlausu.
– Vörur sem merktar eru með Skráargatinu verða að uppfylla kröfur sem settar hafa verið.
– Kröfurnar felast í viðmiðum um trefjainnihald, salt, sykur, fitu og mettaða fitu í hverjum framleiðsluvöruflokki.

Heimild: Matvælastofnunin (*http://www.slv.se/*).

832. Nefndarálit [405. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum (afnám launagreiðslna lögreglunema í grunnnámi).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ögmund Jónasson innanríkisráðherra, Ragnhildi Hjaltadóttur, Þórunni Hafstein og Bryndísi Helgadóttur frá innanríkisráðuneyti, Arnar Guðmundsson frá Lögregluskóla ríkisins, Snorra Magnússon og Steinar Adolfsson frá Landssambandi lögreglumanna og Hlöðver Bergmundsson og Guðrúnu Agnarsdóttur frá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Umsagnir um frumvarpið bárust frá Landssambandi lögreglumanna, Lánasjóði íslenskra námsmanna, Lögregluskóla ríkisins og ríkislögreglustjóranum. Þá lagði Mörður Árnason, nefndarmaður, fram tíu spurningar til umsagnaraðila og innanríkisráðuneytis og var þeim svarað skriflega.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á launagreiðslum lögreglunema í grunnnámi sem er þrjár annir eða tólf mánuðir í heild. Lagt er til að fjórir mánuðir skuli vera launað starfsnám í stað tveggja anna, þ.e. átta mánaða, og að nemendur geti þess í stað sótt um námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna fyrir átta mánuði í stað einnar annar, fjögurra mánaða.

Nefndin fjallaði á fundum sínum um fjölmörg atriði frumvarpsins, m.a. tildrög þess að nefndarmenn í allsherjarnefnd fluttu málið í desember sl. en það var hluti af frumvarpi dómsmála- og mannréttindaráðherra sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi. Þar voru lagðar til skipulagsbreytingar hjá lögreglu og einnig breyting á ákvæðum um greiðslur til lögreglunema í starfsnámi. Frumvarpið varð ekki útrætt á því þingi.

Fyrir nefndinni kom fram að lögregluskólinn hefur ekki tekið til starfa á þessu ári þar sem talið er nauðsynlegt, m.a. vegan kjarasamninga, að það liggi ljóst fyrir gagnvart nemendum hvernig náminu verði hagað, þar á meðal hvort breytingar verða gerðar á launagreiðslum til þeirra í grunnnámi. Einnig kom fram að breytingin sem lögð er til í frumvarpinu er forsenda þess að unnt sé að taka nýja nemendur inn í skólann vegna þeirra niðurskurðarkrafna sem gerðar eru til skólans en ekki er gert ráð fyrir því í rekstraráætlunum skólans að lokaönnin verði launuð. Þá var einnig bent á erfiða rekstrarstöðu lögregluembætta sem hafa ekki fengið fjármuni til að greiða nemendum í starfsnámi laun fyrir lokaönnina.

Fyrir nefndinni kom fram að fyrirkomulagið hefur verið þannig að á lokaönn hafa nemendur fengið greitt samkvæmt kjarasamningum það vaktaálag sem nemur meðaltali þess vaktaálags sem allur nemendahópurinn hefur fengið greitt á starfsnámsönninni. Það fyrirkomulag væri mjög óhentugt fyrir skólann sem kemur ekki að því að ákveða umfang vaktavinnu lögreglunemanna í starfsnáminu heldur er það ákveðið innan viðkomandi lögreglu-

embætta. Verði frumvarpið að lögum verður sparnaður skólans við að lokaönnin er ólaunuð um 28–30 millj. kr. vegna allra nemendanna, sem eru um 20 talsins. Fyrirkomulagið vegna þess hluta sem verður launaður verður þannig að lögregluskólinn greiðir mánaðarlaun nemanna en lögreglustjóraembættin önnur lögbundin kjör, svo sem vegna yfirvinnu og álags þegar það á við um vinnutímann (vaktaálag). Telur nefndin þá tilhögun eðlilega og tekur nefndin undir sjónarmið Landssambands lögreglumanna um að hinn faglegi þáttur starfsnámsins verði betur tryggður og skipting ábyrgðar skólans og embættanna mun sanngjarnari.

Nefndin fjallaði um áhrif breytinganna á Lánasjóð íslenskra námsmanna og líklegan útgjaldaauka en fram kom að viðbótarkostnaður vegna 20 nemenda í námi í eina önn rúmaðist innan fjárlaga til sjóðsins fyrir skólaárið 2010–2011 og að ólaunaði hluti námsins sé lánshæfur samkvæmt heimild í úthlutunarreglum sjóðsins.

Nefndin fjallaði einnig um skipulag lögreglunámsins og hvernig þeir nemendur sem hefðu lokið öðrum hluta námsins, þ.e. launaða starfsnáminu, kæmu út úr tekjureglum Lánasjóðsins. Kom fram að þar sem hinn launaði hluti námsins er önnur önn hefðu starfslaunin í þeim hluta áhrif á lánsrétt í þriðja hluta samkvæmt reglum sjóðsins.

Samkvæmt 29. gr. lögreglulaga skulu allir lögreglumenn sem eru skipaðir eða ráðnir til starfa vinna heit þegar þeir hefja störf. Samkvæmt upplýsingum frá lögregluskólanum er hefð fyrir því að áður en lögreglunemar hefja starfsnám vinni þeir heitið með formlegri athöfn í Lögregluskólanum. Lögreglunemar fara með lögregluvald skv. 8. tölul. 9. gr. lögreglulaga, sbr. einnig 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 1051/2006, þegar þeir gegna almennum löggæslustörfum í starfsnámi undir stjórn lögreglumanna. Fyrir nefndinni kom fram að ekki verður unnt að kalla menn inn til vinnu á þriðja hluta námsins eftir þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Fyrir nefndinni komu fram þau sjónarmið hjá Landssambandi lögreglumanna að fagleg rök séu að baki þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Miklar kröfur séu gerðar til starfa lögreglu og því mikilvægt að efla lögreglunámið enn frekar og að færa það á æðra skólastig (háskólastig). Óhjákvæmilegur liður í þeirri vegferð sé að bóknámið verði ólaunað líkt og gildir um allt annað nám, hvort sem um er að ræða nám á akademísku háskólastigi eða nám á fagháskólastigi. Þá verði með breytingunum unnt að auka sveigjanleika til breytinga í náminu og tekur nefndin undir að það er til bóta.

Nefndin telur mikilvægt að grunnnámsdeild Lögregluskólans verði rekin þrátt fyrir lækkaðar fjárveitingar þar sem nauðsynlegt er að viðhalda skólanum og þeirri þekkingu sem þar er, sem og að fjölga menntuðum lögreglumönnum. Nefndin telur breytingarnar eðlilegar í ljósi þeirrar þróunar sem þarf að eiga sér stað við að styrkja skólann faglega og efla námið enn frekar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 14. febr. 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Atli Gíslason.	Mörður Árnason, með fyrirvara.
Birgir Ármannsson.	Valgerður Bjarnadóttir.	Vigdís Hauksdóttir.
Álfheiður Ingadóttir.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Þráinn Bertelsson.

833. Breytingartillaga [388. mál]

við frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Frá Þór Saari, Margréti Tryggvadóttur, Birgittu Jónsdóttur,
Höskuldi Þórhallssyni, Vigdísi Hauksdóttur og Eygló Harðardóttur.

Við 1. gr.

a. Á eftir orðinu „heimilt“ komi: að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. 2. mgr.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla um heimild ráðherra skv. 1. mgr. skal fara fram svo fljótt sem verða má. Um framkvæmd og tilhögun slíkrar atkvæðagreiðslu fer að öðru leyti eftir lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

834. Framhaldsnefndarálit [388. mál]

um frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Frá 3. minni hluta fjárlaganefndar.

Þriðji minni hluti hefur ítrekað lagt til fyrirvara þess efnis að felli þar til bært stjórnvald eða dómstóll úrskurð sem feli í sér að engin lagaleg skuldbinding hvíli á ríkissjóði til að greiða skuldbindingar íslenska tryggingarsjóðsins vegna Icesave-reikninganna þá verði tryggt að efni samkomulagsins taki mið af þeim veruleika. Fjölmörg lögfræðileg álit, þar á meðal frá erlendum lögmannsstofum og lagaprófessorum, gefa til kynna að verulegur vafi leiki á hvort slík ríkisábyrgð sé til staðar. Hefur auk þess verið vísað til þess að í skýrslu breska fjármálaeftirlitsins (FSA) frá árinu 2009 um áhættuhorfur í fjármálakerfinu sé að finna ummæli sem styðji slíkar efasemdir.

Í álitsgerð sem samin var af fjórum lögspekingum að beiðni fjárlaganefndar, dags. 22. desember 2010, er reynt að leggja mat á áhættur samfara því að hafna samþykkt frumvarpsins og leiða ágreininginn til lykta fyrir þar til bærum dómstólum. Sérfræðingarnir benda á að úrslit málsins mundu að verulegu leyti ráðast af málatilbúnaði aðila en í álitinu er leitað svara við því hver möguleg niðurstaða gæti orðið og þrír kostir nefndir í því sambandi. Sjálfir eru sérfræðingarnir ekki á einu máli um hver niðurstaðan yrði en telja í besta falli að íslenska ríkið yrði sýknað af kröfum viðsemjendanna.

Í ljósi þeirrar áhættu sem samþykkt frumvarpsins hefur í för með sér hefði að mati 3. minni hluta verið þörf á að afla ítarlegri upplýsinga um hversu raunhæfur kostur það er að fá úr því skorið fyrir þar til bærum dómstólum hvort kröfur viðsemjenda okkar séu lögmætar og hvort hagsmunir þjóðarinnar yrðu best varðir með málaferlum. Því var hafnað í fjárlaganefnd af meiri hluta nefndarinnar.

Undirritaður hefur lagt áherslu á að byggja afstöðu sína á réttum og ítarlegum upplýsingum og fá óháða sérfræðinga til að meta alla þætti málsins. Við vinnslu málsins í fjárlaganefnd var fyrir 2. umræðu að miklu leyti komið til móts við þær kröfur en við vinnslu málsins fyrir 3. umræðu var annað uppi á teningnum. Sterkar vísbendingar höfðu komið fram sem drógu í efa að heimtur úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf. yrðu jafngóðar og áður hafði verið talið. Er það fyrst og fremst af þeirri ástæðu að vafi leikur á hvort NBI hf. geti staðið undir afborgunum af skuldabréfi á milli bankanna. Heimildum ber ekki saman um þetta atriði og nauðsynlegt hefði verið að kanna stöðuna betur, ekki síst í ljósi þess að efnahags- og viðskiptaráðherra fullyrti á fundum nefndarinnar að eiginfjárstaða stóru bankanna þriggja væri slæm. 3. minni hluti gagnrýnir harðlega að meiri hluti nefndarinnar skuli hafa látið undir höfuð leggjast að rannsaka stöðuna betur í ljósi hinna miklu hagsmuna sem eru í húfi.

Eins og áður hefur komið fram telur 3. minni hluti þá samninga sem nú liggja á borðinu um margt sanngjarna fyrir utan það atriði að hin efnahagslega áhætta hvílir öll á herðum Íslendinga. Er hér um veigamikið atriði að ræða sem felur í sér að endanlegur kostnaður ríkisins gæti numið 233 milljörðum kr.

Það sem eftir stendur er sú grundvallarspurning hvort Íslendingum beri yfir höfuð skylda til að taka á sig skuldir einkafyrirtækis. Undirritaður hefur þess vegna ávallt gert fyrirvara við ábyrgð ríkisins. Engan slíkan fyrirvara er að finna í frumvarpinu og hefur 3. minni hluti lagt fram breytingartillögu þess efnis, sbr. þskj. 779.

Alþingi, 15. febr. 2011.

Höskuldur Þórhallsson.

835. Framhaldsnefndarálit [388. mál]

um frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Fjárlaganefnd hefur nú farið yfir svokallað Icesave-mál í þriðja sinn. Fyrsta afgreiðsla nefndarinnar og Alþingis sumarið 2009 endaði með höfnun breskra og hollenskra stjórnvalda á málinu. Önnur afgreiðsla fjárlaganefndar og Alþingis í desember 2009 endaði með synjun forseta Íslands á staðfestingu laganna og fyrstu almennu þjóðaratkvæðagreiðslunni hér á

landi á lýðveldistímanum. Í þeirri atkvæðagreiðslu greiddu yfir 93% kjósenda atkvæði gegn málinu.

Að ósk breskra og hollenskra stjórnvalda var fjármálaráðherra eindregið hvattur til þess að vinna málið áfram í góðu samráði við þá flokka á þingi sem ekki eiga aðild að ríkisstjórn. Sameiginleg samninganefnd leiddi svo málið til lykta að mestu leyti á haustdögum 2010 og til varð frumvarp til laga (þskj. 546 – 388. mál).

Samningsdrögin sem undirrituð voru af hálfu samninganefndarinnar eru óumdeilanlega miklu mun hagfelldari fyrir Ísland en áðurnefndir tveir fyrri samningar sem gerðir voru og framganga samninganefndarinnar fyrir Íslands hönd hefur verið til fyrirmyndar. Því ber þó að halda til haga að aðalsamningamaðurinn fyrir Íslands hönd og einn mesti sérfræðingur heims á þessu sviði, Lee C. Buchheit, hefur haldið því fram opinberlega að Íslendingar ættu ekki að borga Icesave-kröfur Breta og Hollendinga. Hann hafi hins vegar verið ráðinn til að ná samningum og það hafi hann gert.

Álit þeirra lögmanna sem sent hafa inn umsagnir um málið eru ekki einhliða og telja má nokkuð víst að sú fullyrðing að Ísland sé ekki lagalega skuldbundið til að greiða Icesave sé rétt, enda er skýrt kveðið á um það í löggjöf Evrópusambandsins að það eigi ekki að vera ríkisábyrgð á innstæðutryggingum.

Vel rökstutt álit Peters Örebech, prófessors við Háskólann í Tromsö í Noregi ætti að vera grundvallargagn í þessu máli þar sem hann hafnar því að Íslendingum beri að greiða þessa skuld. Eins og Peter Örebech segir orðrétt: *„Hann (Icesave-samningurinn) ýtir undir þá tilhneigingu að veita bönkum ótakmarkaða ríkisábyrgð. Í þessu tilviki er hæpið að tala um lagaleg rök fyrir þörfinni á tryggingum og því síður verða færð sanngirnisrök fyrir henni. Ríkisstjórnir Bretlands og Hollands mundu aldrei verða við kröfum erlendra innstæðueigenda sem næmu þriðjungi af þjóðarframleiðslu ef einn af stóru bönkunum þeirra félli.“*

Þess má geta að Icesave-krafan hljóðar upp á 674 milljarða kr. miðað við kröfulýsingardag í apríl 2009. Sú fjárhæð nemur 45% af vergri landsframleiðslu þess árs og 44% af áætlaðri VLF ársins 2010. Það er alveg óhætt að fullyrða að ekki nokkurt ríki í heiminum mundi takast á hendur slíka skuldbindingu vegna falls banka, að ekki sé talað um banka sem voru líklega reknir í glæpsamlegum tilgangi. Vilji og framganga þeirra ríkisstjórna Íslands sem hafa komið að þessu máli hingað til er því með öllu óskiljanleg út frá sjónarmiðum almannahagsmuna og skýrt dæmi um stöðu yfirvalds sem einhverra hluta vegna telur sig yfir það hafið að gæta hagsmuna almennings.

Markmið Hreyfingarinnar í Icesave.

Markmið Hreyfingarinnar í þeim samningaviðræðum sem áttu sér stað var að Icesave-skuld þrotabús Landsbankans yrði ekki velt yfir á íslenska skattgreiðendur eingöngu, heldur yrðu eignir þrotabúsins sú greiðsla sem kæmi í hlut breska innstæðutryggingasjóðsins og hollenska seðlabankans sem áður höfðu greitt innstæðutryggingar vegna Icesave-reikningana. Ef eitthvað stæði út af að loknu uppgjöri þrotabúsins mundi sú fjárhæð skiptast til jafns á bresk, hollensk og íslensk stjórnvöld. Þetta markmið náðist ekki og niðurstaðan er að ríkissjóður Íslands ábyrgist allar greiðslur. Í samræmi við það markmið að almenningi yrði ekki gert að axla þessa greiðslubyrði lagði Hreyfingin til í fjárlaganefnd að málið yrði sent til efnahags- og skattanefndar og viðskiptanefndar með ósk um að leitað yrði leiða til að fjármálafyrirtæki landsins tækju á sig þessar greiðslur.

Rökin fyrir því eru að með því yrði komið inn ákveðinni hugmyndafræði um samábyrgð samtaka í atvinnurekstri, í þessu tilfelli Samtaka fjármálafyrirtækja, sem leiðir til þess að

heilar starfsgreinar hafi hvata til þess að halda í heiðri skynsamlegt verklag. Hér yrði einnig um ákveðna sáttaleið að ræða en það voru einmitt fjármálafyrirtæki sem báru meginábyrgð á bankahruninu og þótt núverandi fjármálafyrirtæki beri þar ekki öll sök þá bera engu að síður margir núverandi eigendur þeirra og starfsmenn beint eða óbeint ábyrgð á því hvernig fór. Með því að axla þessa byrði mundu fjármálafyrirtæki leggja fram sinn skerf til þeirra sátta sem nauðsynlega þarf að ná í samfélaginu vegna afleiðinga hrunsins. Fjárhæðirnar sem um er að ræða, ef tekið er mið af áætlunum samninganefndarinnar, eru heldur ekki hærri en svo að fyrirtæki í þessum geira munar lítið um þær greiðslur þar sem þær dreifast á allnokkur ár. Tilmælin til efnahags- og skattanefndar voru að svonefndur „bankaskattur“ (sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 155/2010) yrði hækkaður til að ná utan um greiðslur vegna Icesave, en gjaldið nemur nú 0,045% af heildarskuldum fjármálafyrirtækis og er samkvæmt því ætlað að skila um 1 milljarði kr. á ári. Tilmælin til viðskiptanefndar voru að frumvarpi til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (þskj. 268 – 237. mál) yrði breytt með þeim hætti að hluti greiðslna sem ætlaður er í nýstofnaðan innstæðutryggingarsjóð renni í stað þess í eldri tryggingarsjóðinn og verði sá sjóður notaður til að greiða Icesave-skuldina. Innstæðutryggingarsjóðir eru í eðli sínu samtryggingarsjóðir þar sem öll fjármálafyrirtæki greiða í sameiginlegan sjóð sem tryggir innstæður sparifjáreigenda ef eitt (eða fleiri) fyrirtæki í greininni fara í þrot. Það væri því ekkert óeðlilegt við það að framtíðargreiðslur í slíkan sjóð fari til þess að greiða upp eldri skuld sjóðsins ef ekki hefur verið í honum nægilegt fjármagn á þeim tímapunkti sem þurfti.

Í báðum tilfellum var lagt til að um tímabundna ráðstöfun yrði að ræða sem félli niður þegar Icesave-skuldin yrði upp greidd.

Fjárlaganefnd samþykkti að senda áðurgreindum nefndum þessi tilmæli en meiri hlutinn ákvað svo að bíða ekki eftir áliti þeirra og tók málið út úr nefndinni og til 2. umræðu í andstöðu við fulltrúa Hreyfingarinnar og Framsóknarflokks og í hróplegu ósamræmi við það samkomulag sem formenn þingflokka höfðu undirritað um meðferð málsins 16. desember 2010.

Umsagnir.

Afdrif málsins í efnahags- og skattanefnd voru þau að nefndin fjallaði ekki efnislega um málið heldur var boðað til aukafundar í nefndinni með skömmum fyrirvara og nefndarálit meiri hlutans kynnt. Það álit er vægast sagt mjög einkennilegt og ber keim af mikilli vanþekkingu á málinu öllu sem og einföldum atriðum eins og meðferð skatttekna ríkissjóðs og er slíkt eftirtektarvert þar sem að hér er um að ræða efnahags- og skattanefnd Alþingis. Nefndin gerir enga tilraun til að meta kostnað fjármálastofnana af hækkun bankaskattsins með tilliti til hagnaðar þeirra frá hruni heldur segir nefndin að „sú tekjuöflunarleið ríkissjóðs geti orðið viðskiptavinum bankanna til tjóns ef hún leiddi til hækkunar á þjónustugjöldum. Með hliðsjón af erfiðri skuldastöðu heimila og fyrirtækja er því ástæða til að fara varlega í hækkun skattsins.“ Hafa ber er í huga að hagnaður stóru bankanna þriggja árið 2009 var um 51 milljarður kr. og fyrir árið 2010 með beinum framreikningi fyrstu þriggja ársfjórðunga ársins um 47 milljarðar kr. fyrir allt árið. Þetta er fimmföld sú fjárhæð árlega sem tillaga Hreyfingarinnar hljóðaði upp á að yrði notuð til að greiða í Icesave-hítina.

Efnahags- og skattanefnd kemur einnig með þá furðulegu staðhæfingu að vegna þess að almennt hafi dregið úr sérmerkingum skatttekna til sérstakra útgjaldaliða væri með einhverjum hætti verið að fara illa með það umboð sem Alþingi hefur til skattlagningar. Staðreyndin er hins vegar sú að allt er morandi í sérmerktum skatttekjum ríkissjóðs. Einnig vísar nefndin

til þess að skattar á fjármálafyrirtæki verði hér eftir sem hingað til lagðir á frá einu ári til annars og háðir þingvilja hverju sinni. Það er því eins og meiri hluti efnahags- og skattanefndar hafi hreint enga hugmynd um skattastefnu ríkisstjórnarinnar og þær áætlanir sem þar eru uppi um að greiða niður skuldir ríkissjóðs á næstu árum, þrátt fyrir að hafa sjálf afgreitt slíka skatta. Álit þetta er því sögulegt plagg sem mun verða geymt til minningar um vinnubrögð þess Alþingis sem mistókst að reisa Ísland úr hruninu og verður minnisvarði þess hvers vegna svo fór.

Álit meiri hluta viðskiptanefndar er að einhverju leyti sama marki brennt þar sem fyrsta staðhæfingin um hvers vegna eigi ekki að nota innstæðutryggingarsjóðsfyrirkomulagið til að greiða Icesave er í þá veru að starfandi fjármálafyrirtæki eigi ekki hlut að máli hvað varðar starfsemi hins fallna Landsbanka. Það á almenningur í landinu náttúrlega ekki heldur og kannski enn síður þar sem núverandi eigendur a.m.k. tveggja af þremur stóru bönkunum eru í eigu þeirra sem spiluðu með í braskinu og fjöldinn allur af sama starfsfólkinu og vann þar fyrir hrun og tók líka þátt í braskinu er þar enn við störf. Það kom skýrt fram í framsögu meiri hlutans að ekki yrði unnt að búa til trúverðugt innstæðutryggingarkerfi á Íslandi vegna smæðar efnahagskerfisins og hlutfallslegrar stærðar stóru bankanna þriggja.

Einnig er athyglisvert að stuðst er við mat Fjármálaeftirlitsins sem telur að hækkun á bankaskattinum muni leiða af sér aukinn vaxtamun hjá fjármálafyrirtækjum. Þetta þýðir að Fjármálaeftirlitið telur að það sé til einhvers konar lágmarkshagnaður fjármálafyrirtækja á samkeppnismarkaði, eins konar fasti sem mun ekki breytast, nema þá væntanlega upp á við. Gott hefði verið að fá að vita hvaðan Fjármálaeftirlitinu kemur slík speki því þetta er fáheyrt og gengur þvert gegn öllum venjulegum kenningum hagfræðinnar. Einnig hefði verið gott að fá að vita hvers vegna það ágætlega menntaða fólk sem er í meiri hluta viðskiptanefndar tekur undir þessa staðhæfingu. Til þess var hins vegar enginn tími enda átti að afgreiða málið út úr fjárlaganefnd samdægurs.

Meiri hluti viðskiptanefndar telur hins vegar að ef farin verði sú leið að starfandi fjármálafyrirtæki greiði Icesave-kröfurnar þá sé þó betra að framkvæma það með skattlagningu. Þetta er mjög athyglisvert vegna þess að tveir nefndarmanna sem skrifa undir álitið, Magnús Orri Schram og Valgerður Bjarnadóttir, skrifuðu líka undir álit efnahags- og skattanefndar þar sem skattlagningaleiðinni var í raun hafnað.

Eins og fram kemur í áliti annars af minni hlutum viðskiptanefndar (Margrétar Tryggvadóttur og Eyglóar Harðardóttur) þá var samanlagður hagnaður stóru bankanna þriggja, Arion banka, Íslandsbanka og Landsbanka Íslands fyrir árið 2009 og fyrstu níu mánuði ársins 2010 samtals 86 milljarðar kr. Það er áttföld sú fjárhæð sem hækkun svokallaðs bankaskatts hefði samkvæmt tillögu Hreyfingarinnar kostað á hverju ári og þess ber að geta að hér er um að ræða hagnað í hagkerfi sem enn er lamað eftir stórkostlegt hrun efnahagslífsins. Slíkur hagnaður verður að ofsagróða með sama áframhaldi þegar fram líða stundir og alls ekki hægt að sjá fyrir sér að fjármálafyrirtæki muni finna fyrir neinum eymslum vegna greiðslu á Icesave.

Í álitinu kemur einnig fram að rannsókn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á innstæðutryggingarsjóðum ESB-ríkjanna leiddi í ljós að eignir innstæðutryggingarsjóða dugðu að meðaltali aðeins fyrir um 0,7% af innstæðum. Áætlanir fyrir svokallað „Stórt áfall“ (e. High impact) á fjármálakerfið þýða að innstæðutryggingarsjóðir þurfi að greiða sem svarar til 3,24% af innstæðunum. Hér á Íslandi lentu hins vegar um 85% innstæðna í uppnámi. Í umfjölluninni kom skýrt í ljós að trúverðugt innstæðutryggingakerfi á Íslandi verði í raun aldrei að veruleika vegna innbyrðis stærðarhlutfalla þriggja stóru bankanna annars vegar og annarra fjármálastofnana hins vegar. Þetta er rétt, ekki síst þegar haft er í huga að stóru bankarnir þrír

eru einnig með fjárfestingarbankastarfsemi undir sama hatti og innstæður sem þýðir einfaldlega að innstæðurnar munu alltaf lúta lögmálum spilavíta.

Það er því vandséð hvers vegna fjárlaganefnd velur ekki þá leið að láta hluta þess eina prósents af innstæðum sem eiga að renna í gagnslausan innstæðutryggingarsjóð renna í staðinn til greiðslu Icesave og reyna með því með mjög einföldum hætti að stuðla að sátt í samfélaginu og stöðva þá ósvinnu að almenningur í landinu verði með beinum hætti látinn greiða skuldir einkafyrirtækis. Fyrirtækis sem ýmislegt bendir til að hafi að auki verið rekið í glæpsamlegum tilgangi.

Meðferð meiri hluta fjárlaganefndar á áliti beggja minni hluta viðskiptanefndar var einnig mjög ámælisverð og hreinlega móðgun við fólkið sem flutti álitin og áfellisdómur um meðferð þingmála, en minni hlutarnir fluttu álit sín þegar meiri hluti fjárlaganefndar var þegar búinn að ákveða á fundi þá um morguninn að taka málið út úr nefndinni síðar sama dag. Vinnulag fjárlaganefndar, sem 1. minni hluti hefur oft líkt við leikrit, hefur því haldið áfram í Icesave-málinu allt til loka þess í nefndinni.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið nefnir í minnisblaði sínu að megintilgangur frumvarps um innstæðutryggingarsjóði sé að byggja upp trúverðugt innstæðutryggingakerfi hér á landi. Í minnisblaðinu er einnig vísað til þessa að stóru bankarnir þrír séu kerfislega mjög mikilvægir. Þegar haft er í huga að áðurnefndir þrír bankar eru ekki eingöngu viðskiptabankar og því mikilvægir sem slíkir, heldur einnig fjárfestingarbankar og því þar að auki eðlis síns vegna mjög áhættusöm fyrirtæki, er erfitt að sjá annað en þversögn í þessari tilraun Íslendinga til að byggja upp fjármálakerfið að nýju, tilraun sem ýmislegt bendir í raun til að hafi nú þegar mistekist.

Seðlabanki Íslands skilaði inn drögum að mjög merkilegri skýrslu, „Hvað skuldar þjóðin“, sem gerir mjög heiðarlega tilraun til að meta skuldastöðu þjóðarbúsins í ljósi þeirra óvissuþátta sem enn eru uppi vegna hruns efnahagskerfisins. Þar sem skýrslan er enn trúnaðarmál er ekki hægt að rekja einstök atriði hennar hér að öðru leyti en að upplýsingarnar eru nánast ætíð settar fram sem hlutföll af VLF og mjög erfitt er að hendar reiður á því hvenær á að inna hvaða greiðslur af hendi og hvernig á að fjármagna þær. Skýrslan, sem er 42 blaðsíður að lengd og mikil náma mikilvægra upplýsinga, fékkst hins vegar ekki rædd efnislega í fjárlaganefnd og ekki er lengur hægt að leggja mat á innihaldið með tilliti til Icesave þar sem nefndin hefur hafnað frekari umfjöllun um málið. Umfjöllunin hér á eftir er því að mestu byggð á eldri skýrslum Seðlabankans og ríkissjóðs sem ekki eru gerð skil í áðurnefndum drögum.

Við fyrstu sýn virðast skuldaþolsútreikningar Seðlabankans fyrir ríkissjóð hvorki taka til allra skulda hins opinbera, þ.e. undanskilja skuldir sveitarfélaga sem munu í auknum mæli lenda á ríkissjóði, né gera þeir ráð fyrir að ríkisábyrgðir sem nú nema yfir 1.300 milljörðum kr. muni að einhverju leyti falla á ríkissjóð. Það gerðist hins vegar í lok sl. árs að ríkisábyrgðir að fjárhæð 55 milljarðar kr. fóru inn í fjáraukalög ársins 2010 vegna fallinna eða nær fallinna ríkisábyrgða (Lánasjóður Landbúnaðarins og Íbúðalánasjóður) og framundan er stórfelld aukning í ríkisábyrgðum vegna áframhaldandi uppbyggingar fjármálakerfisins. Þar er um að ræða útgjöld upp á 26 milljarða kr. vegna VBS, 12 milljarða kr. vegna Sjóvár, 20 milljarða kr. vegna Saga Capital, 6 milljarða kr. vegna Aska Capital, 5 milljarða kr. vegna Byrs, 14 milljarða kr. vegna Sparisjóðs Keflavíkur og væntanlega 3,5 milljarða kr. vegna Byggðastofnunar. Alls gerir þetta um 87 milljarða kr. án beinna heimilda en óljósar tilvísanir í neyðarlögin eru notaðar. Þess má geta að Ríkisábyrgðasjóður, sem átti að standa undir áföllum vegna fallinna ríkisábyrgða og er í vörslu Seðlabankans, er tómur. Ríkissjóður hefur að auki gengist í ábyrgð fyrir a.m.k. 141 milljarði kr. vegna yfirtöku Arion Banka og Íslands-

banka á þrotabúum SPRON/Dróma annars vegar og Straums/Burðaráss hins vegar. Auk þess hefur fjármálaráðherra gefið út þá yfirlýsingu að allar innstæður í bönkum og fjármálastofnunum séu með ríkisábyrgð án þess að Alþingi hafi samþykkt lög þess efnis.

Spár Seðlabankans um skuldir sem hlutfall af VLF gera einnig ráð fyrir framtíðaraukningu landsframleiðslu sem að svo stöddu og í nánustu framtíð virðast ekki raunhæfar þar sem aukning VLF sem átti að koma úr virkjanaframkvæmdum og álútflutningi munu ekki ganga eftir og sú aukning VLF sem á að koma með aukinni einkaneyslu er ólíkleg vegna slæmrar skuldastöðu heimilanna. Eins og fram hefur komið verður sú skuldastaða ekki leiðrétt sem neinu nemur af hálfu stjórnvalda.

Hvað varðar afléttingu gjaldeyrishafta virðist Seðlabankinn ekki gera ráð fyrir að það fylgi því neinn kostnaður að verja gengi krónunnar, en við afléttingu gjaldeyrishafta má gera ráð fyrir stórfelldu útstreymi gjaldeyris.

Við aukið gjaldeyrisútstreymi í kjölfar afnáms gjaldeyrishafta er líklegt að gengi krónunnar falli enn frekar. Gengi krónunnar verður eingöngu varið með því að eyða þeim lánum og lánalínum sem til staðar eru sem þýðir gríðarlega aukningu í skuldsetningu þjóðarbúsins og stórfellda aukningu á erlendum skuldum. Slíkri aukningu á skuldum verður að mæta með skattahækkunum og/eða frekari niðurskurði sem við núverandi skuldastöðu heimila leiðir að öllum líkindum til mikils samdráttar í einkaneyslu og þar með VLF. Fall á gengi krónunnar mun einnig stórlega auka skuldir heimilanna vegna þeirra verðbólgu- og verðtryggingaráhrifa sem slík þróun hefur. Bankinn gerir heldur enga tilraun til að meta áhrif af slíku útstreymi gjaldeyris en skuldaaukningin sem fylgir því að verja krónuna mun líklega leiða til þess að þanþol ríkissjóðs og þjóðarbúsins vegna skuldsetningar brestur.

Nýja skýrslan sem áður var vísað til, þ.e. drögin, reynir að gera grein fyrir stöðu þjóðarbúsins í umhverfi sem er enn mjög óljóst og vegna þeirrar óvissu grípur Seðlabankinn til nýrra vinnubragða og orðalags sem ekki hefur verið notað áður við mat á greiðsluhæfi ríkja, svo sem að undanskilja ákveðnar risastórar skuldir að gefnum ákveðnum forsendum og hugtakið „dulinn viðskiptajöfnuður“ er notað óspart um eitthvað sem gæti hugsanlega verið. Vegna hinna nýju vinnubragða og orðanotkunar er skýrslan að langmestu leyti óhæf til samanburðar milli landa og því erfitt að átta sig á hver staða Íslands sé í alþjóðlegum samanburði eða hvort hún er að batna eða versna. Skuldirnar eru hins vegar gríðarlegar og ekki er gerð tilraun til að greina frá því hvernig eigi að greiða þær til baka nema með mjög óljósu fræðilegu orðalagi á stöku stað.

Við slíkar aðstæður verður að meta það að Seðlabankinn gerir þó góða tilraun til að meta stöðu þjóðarbúsins en það hefði þó átt að vera algert grundvallaratriði hjá fjárlaganefnd að gefa nefndarmönnum færi á að rýna skýrsluna, bera hana undir aðra og að ekki sé talað um að ræða hana efnislega á fundi áður en málið var tekið út úr nefndinni.

Verklag fjárlaganefndar og Alþingis.

Það verklag sem hófst í fjárlaganefnd með einhliða riftun meiri hlutans á samkomulagi forseta Alþingis og formanna þingflokka, sem undirritað var 16. desember, hélt áfram fram á loksprettinn. Álit efnahags- og skattanefndar var ekki tekið fyrir efnislega og farið var með álit minni hluta viðskiptanefndar eins og hvern annan óþarfa eins og áður sagði. Sú mikla skýrsla sem Seðlabankinn lagði fram um skuldastöðu þjóðarinnar fékk heldur ekki neina efnislega umfjöllun í nefndinni. Vinna við málið í fjárlaganefnd hefur því verið á forsendum meiri hlutans sem hafnaði ekki aðeins samvinnu um málið heldur rauf undirritað samkomulag um málsmeðferðina. Það er dapurlegt að hugsa til þess að sjálft löggjafarvald þjóðarinnar

skuli ástunda slík vinnubrögð og vekur óneitanlega upp spurningar um siðferðilega stöðu þess. Fúsk við lagasetningu er að því er virðist einnig að verða helsta einkennismerki ríkisstjórnarflokkanna sem, nú með fulltingi Sjálfstæðisflokks, halda að þeir hafi rétt fyrir sér af því einu að þeir eru svo miklu fleiri.

Niðurstaða.

Ekki hafa komið fram sannfærandi rök í meðferð fjárlaganefndar í þessari umferð í þá veru að frumvarp fjármálaráðherra sem skuldbindur ríkissjóð til greiðslu innstæðna á Icesave-reikningunum sé annað en hið mesta feigðarflan og, enn sem komið er, er GAMMA með ítarlegustu greininguna á þeim áhættuþáttum sem skipta almenning mestu máli. GAMMA metur mjög ítarlega alla áhættuþætti og niðurstaða þeirra er að heildarkostnaður vegna Icesave III geti verið á bilinu 26 milljarðar kr. til 233 milljarðar kr. Í fyrra tilfellinu er miðað við að aukinn forgangur fáist í útgreiðslur úr þrotabúinu (svokallað Ragnars H. Hall ákvæði) og að gengi krónunnar styrkist um 2% ársfjórðungslega út greiðslutímann. Miðað við óbreytt gengi krónunnar er athyglisvert að sjá að það eru endurheimtur úr búinu og tafir á útgreiðslum sem skipta miklu máli en 10% lakari endurheimtur og níu mánaða töf á útgreiðslum leiða til heildarkostnaðar upp á 145 milljarða kr. Ekki má teljast ólíklegt að endurheimtur úr búinu verði lakari en gert er ráð fyrir og ekki er heldur ólíklegt að tafir vegna dómsmála seinki útgreiðslum. Í sviðsmynd GAMMA, þar sem gert er ráð fyrir 10% lakari endurheimtum úr búinu, níu mánaða seinkun á fyrstu útgreiðslum og 1% veikingu krónunnar ársfjórðungslega, fer heildarskuldin í 182 milljarða kr. og miðað við 2% lækkun krónu ársfjórðungslega fer heildarskuldin í 233 milljarða kr. Þessar tvær síðustu sviðsmyndir eru alls ekki ólíklegar og gera það að verkum að ekki er hægt að samþykkja þennan samning án frekari fyrirvara.

Gengi krónunnar er mikilli óvissu háð þar sem samstarfsáætlun ríkisstjórnarinnar og AGS gerir ráð fyrir afléttingu gjaldeyrishafta og Seðlabankinn hefur lýst því yfir að gjaldeyrishöftum verði aflétt á þessu ári. Sú staðhæfing Seðlabankans að aflétting gjaldeyrishafta muni ekki leiða til fjármagnsflótta og falls krónunnar er ekki vel rökstudd. Hvað svo sem verður um afdrif þessa frumvarps í þingsal væri það mikið ógæfuskref að aflétta gjaldeyrishöftum við þessar kringumstæður.

Þar sem um er að ræða opinn tékka á greiðslur til Breta og Hollendinga frá íslenskum almenningi, greiðslur sem eingöngu verða greiddar með aukinni skattheimtu eða frekari niðurskurði í heilbrigðis-, velferðar- og menntamálum, telur 1. minni hluti það alveg einboðið að þjóðin sjálf fái að ákveða hvort farið verður í þessa vegferð. Breytingartillögu Hreyfingarinnar um að lögin tækju gildi að afloknu samþykki meiri hluta þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu var hins vegar hafnað af fulltrúum Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar og ekki studd af fulltrúm Sjálfstæðisflokks.

Hreyfingin mun því gera aðra tilraun til að vísa málinu til þjóðarinnar til ákvörðunar, þar sem það á heima, með breytingartillögu við frumvarpið við 3. umræðu.

Alþingi, 14. febr. 2011.

Þór Saari.

836. Svar [460. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.*
2. *Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.*

Eftirfarandi er yfirlit yfir hvaða blöð og héraðsfréttablöð keypt eru í áskrift hjá iðnaðarráðuneyti og stofnunum þess.

Á árinu 2010 var heildarkostnaður ráðuneytisins og stofnana þess vegna blaðaáskrifta, dagblaða og héraðsfréttablaða 1.662.062 kr. Sundurgreiningu á kostnaði eftir blöðum og áskriftargerðum er að finna í yfirlitinu.

Blaðaáskriftir	**Fjöldi áskrifta**	**Kostnaður á ári**
Iðnaðarráðuneyti:		
Morgunblaðið	2	191.280 kr.
DV	2	70.560 kr.
Viðskiptablaðið	2	182.376 kr.
Fréttablaðið	2	144.792 kr.
Bændablaðið	2	148.800 kr.
Kirkjuritið	1	2.290 kr.
Tímarit lögfræðinga	1	6.153 kr.
Úlfljótur, tímarit laganema	1	2.900 kr.
Frjáls verslun	1	10.517 kr.
Stjórmál og stjórnsýsla	1	3.800 kr.
Samtals:		**763.468 kr.**
Ferðamálastofa:		
Morgunblaðið	1	53.628 kr.
Vikudagur	1	21.600 kr.
Samtals:		**75.228 kr.**
Nýsköpunarmiðstöð Íslands:		
Skarpur, héraðsfréttablað	1	21.600 kr.
Morgunblaðið	1	95.640 kr.
Viðskiptablaðið	2	182.376 kr.
Samtals		**299.616 kr.**
Byggðastofnun:		
Skessuhorn	1	20.868 kr.
Bæjarins besta	1	16.740 kr.
Feykir	1	13.200 kr.
Austurglugginn	1	16.800 kr.
Fréttir / Eyjasýn	1	14.280 kr.
Sunnlenska fréttablaðið	1	26.160 kr.
Bæjarpósturinn	1	16.800 kr.

Blaðaáskriftir	Fjöldi áskrifta	Kostnaður á ári
Vikudagur	1	21.600 kr.
Viðskiptablaðið	1	45.600 kr.
Bændablaðið	1	74.400 kr.
Morgunblaðið	1	51.300 kr.
Samtals		**317.748 kr.**
Rafræn áskrift		
Iðnaðarráðuneyti:		
Gagnasafn mbl.is	1	22.680 kr.
Dómasafn	1	88.128 kr.
Lögbirtingablaðið	1	1.500 kr.
Áskrift Þjóðarpúls	1	14.558 kr.
Samtals		**126.866 kr.**
Ferðamálastofa:		
Lögbirtingablaðið	2	3.000 kr.
Byggðastofnun:		
Árvakur / gagnasafn	1	39.180 kr.
Lögbirtingablað	1	1.500 kr.
Samtals		**40.680 kr.**
Orkustofnun:		
Árvakur / gagnasafn	1	29.456 kr.
Lögbirtingablað	2	6.000 kr.
Samtals		**35.456 kr.**

837. Breytingartillaga [388. mál]

við frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Frá Þór Saari, Margréti Tryggvadóttur og Birgittu Jónsdóttur.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Ríkisstjórnin skal þegar í stað grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana sem þarf til að endurheimta það fé sem safnaðist inn á Icesave-reikningana. Í þeim tilgangi skal ríkisstjórnin fyrir 15. maí 2011 hafa frumkvæði að samstarfi við þar til bæra aðila, m.a. yfirvöld í Bretlandi, Hollandi og Evrópusambandinu, og óska aðstoðar þeirra við að rekja hvert innstæðurnar af Icesave-reikningunum voru fluttar. Ríkisstjórnin skal fyrir 1. ágúst 2011 semja áætlun um hvernig reynt verður að endurheimta það fé sem kann að finnast.

Í því skyni að lágmarka ríkisábyrgð samkvæmt lögum þessum skal ríkisstjórnin einnig gera ráðstafanir, í samráði við þar til bæra aðila, til þess að þeir sem kunna að bera fjárhagsábyrgð á þeim skuldbindingum sem stofnast hafa vegna Icesave-reikninganna verði látnir bera það tjón.

838. Fyrirspurn [509. mál]

til iðnaðarráðherra um kynjahlutfall styrkþega nýsköpunar- og þróunarsjóða.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hversu margir og háir hafa styrkir úr nýsköpunar- og þróunarsjóðum iðnaðarráðuneytisins verið síðasta áratuginn og hvernig hafa þeir skipst milli karla og kvenna?
2. Hvernig hefur jafnréttis verið gætt við úthlutun styrkjanna?

Svar óskast sundurliðað eftir sjóðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

839. Fyrirspurn [510. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um vísindarannsóknir og kynjahlutfall.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hversu margir og háir hafa styrkir úr sjóðum Rannís verið síðasta áratuginn og hvernig hafa þeir skipst milli karla og kvenna? Svar óskast sundurliðað eftir raunvísindum annars vegar og félags- og hugvísindum hins vegar.

Skriflegt svar óskast.

840. Fyrirspurn [511. mál]

til velferðarráðherra um niðurskurð mannafla heilbrigðisstofnana.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hver er áætlaður raunniðurskurður mannafla heilbrigðisstofnana árið 2011, sundurliðað eftir starfsstéttum?
2. Hver eru áætluð áhrif niðurskurðar sem var frestað til ársins 2012 á mannafla heilbrigðisstofnana, sundurliðað eftir starfsstéttum?

Skriflegt svar óskast.

841. Fyrirspurn [512. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Reykjavíkurhöfn.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvert er starfssvið félaga sem heita Austurhöfn-TR, Portus, Ago, Situs, Totus, Hospes, Custos og Hringur? Hverjir eru eigendur þeirra? Hver er fjöldi starfsmanna hjá hverju þessara félaga og hver var velta félaganna árin 2009 og 2010? Af hverju nægir ekki eitt félag?
2. Hverjir sátu í stjórnum fyrrgreindra félaga árin 2009 og 2010? Hvað fengu þeir í þóknun fyrir stjórnarsetu þessi ár, alls, hver og einn, og samtals í hverju félagi fyrir sig?
3. Hver er nú opinber kostnaðaráætlun Hörpu fullbyggðrar? Hver var upphafleg kostnaðaráætlun?
4. Hvernig er Hörpuframkvæmdin fjármögnuð? Hvaða lán hafa fyrrnefnd félög, Reykjavíkurborg og ríkissjóður tekið vegna byggingarinnar, og með hvaða kjörum?
5. Hver er áætlaður styrkur ríkis og borgar til framkvæmdarinnar? Hvað verður hann reiddur fram á mörgum árum?
6. Hver er viðbótarkostnaður vegna breytinga árið 2010 á fyrri hönnun innanhúss (Ago)?
7. Hver er lóðarkostnaður, framkvæmdakostnaður í umhverfi hússins, kostnaður við gatnagerð og kostnaður við bílahús?
8. Hver er heildarkostnaður við glerhjúpinn og undirstöður hans? Hver er þar af hönnunar- og verkfræðikostnaður við hjúpinn?
9. Hver ber kostnað við tjón á suðurhluta hjúpsins? Hvernig skiptist hann milli aðila?
10. Hver er áætlaður kostnaður við árleg þrif á glerhjúpnum (saltstorka, ryk og önnur óhreinindi)?
11. Hver annast kostnaðareftirlit með Hörpuframkvæmdinni? Liggja fyrir upplýsingar þaðan um einstaka verkþætti?
12. Hvað hafa margir starfsmenn unnið að Hörpu (í mannárum) og hvernig skiptast störfin milli starfsmanna á Íslandi og starfsmanna erlendis eða aðkominna?
13. Hvar liggja frammi teikningar að Hörpu (aðal- og séruppdrættir)? Af hverju hafa ekki allir uppdrættir legið frammi hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík?
14. Hver eru fyrirhuguð verklok við hvern verkþátt framkvæmdarinnar? Hvernig hafa upphafsáætlanir um framkvæmdahraða staðist?

Skriflegt svar óskast.

842. Svar [469. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur um viðmið og mælikvarða í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða viðmið og mælikvarðar eru lögð til grundvallar við að ná fram meginmarkmiðum með alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands, sem skv. 1. gr. laga nr. 121/2008 eru að styðja viðleitni stjórnvalda í þróunarlöndum til að útrýma fátækt og hungri, stuðla að efnahags- og félagslegri þróun, þ.m.t. mannréttindum, menntun, bættu heilbrigði, jafnrétti kynjanna, sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu auðlinda?

Aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum (SÞ) er helsti grundvöllur þróunarsamvinnu okkar. Meðal grunnviðmiða alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands eru svokölluð þúsaldarmarkmið SÞ, sem sett voru árið 2000 á grunni þúsaldaryfirlýsingar SÞ. Önnur grundvallarsamþykkt SÞ á þessu sviði er hin svokallaða Monterrey-samþykkt um fjármögnun þróunar frá 2002. Samþykktin felur í sér gagnkvæma skuldbindingu og ábyrgð þeirra ríkja sem starfa að þróunarsamvinnu, veitendur aðstoðar samþykktu að auka framlög, þróunarstofnanir að auka skilvirkni með aukinni samhæfingu og viðtökuríkin að stuðla að umbótum og bættum stjórnarháttum í opinberri stjórnsýslu og við framkvæmd verkefna.

Ísland er jafnframt aðili að alþjóðlegum samþykktum sem gerðar hafa verið um árangur og skilvirkni þróunarstarfs; Parísaryfirlýsingunni og Accra-aðgerðaáætluninni. Parísaryfirlýsingunni (2005) er ætlað að skapa örvandi umgerð fyrir þróunarstarf og innleiða betur samræmd og agaðri vinnubrögð þróunarstofnana sem stuðla að betri árangri og skilvirkni. Þar er kveðið á um að viðtökuríkið sjálft móti stefnuna og beri höfuðábyrgð á eigin þróun. Í Accra-aðgerðaáætluninni (2008) er eignarhald viðtökuríkja á þróunaráætlunum og mikilvægi samræmdra aðgerða áréttað.

OECD-ríkin eiga einnig með sér umfangsmikið samstarf í þróunarsamvinnu sem fer að miklu leyti fram á vettvangi þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC). Meginhlutverk nefndarinnar er að koma á sameiginlegum viðmiðum um framkvæmd aðstoðar og veita faglegt aðhald með reglulegri jafningjarýni og úttektum. Ísland er ekki aðili að DAC, en reglur og viðmið nefndarinnar hafa í auknum mæli verið innleidd í þróunarstarf Íslands. Stefnt er að fullri aðild að nefndinni á næstu missirum.

Að lokum skal tekið fram að skv. 3. gr. laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2008, skal utanríkisráðherra annað hvert ár leggja fram tillögu til þingsályktunar um áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til fjögurra ára í senn. Í áætluninni skal greint frá framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og hvernig þau skiptast á grundvelli stefnumiða Íslands í þróunarsamvinnu. Þá skal áætlunin m.a. fela í sér heildstætt yfirlit yfir það hvernig ráðherra hyggst ná settum markmiðum og tiltaka fyrirhugað hlutfall framlaga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu af vergum þjóðartekjum. Í samræmi við framangreint hefur utanríkisráðherra lagt fram tillögu til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014, sbr. þskj. 788 á yfirstandandi löggjafarþingi, en þar er að finna greinargóðar upplýsingar um hvernig þátttöku Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu er háttað.

843. Fyrirspurn [513. mál]

til forsætisráðherra um styrki og lánveitingar til íslensks atvinnulífs.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

1. Hverjar eru þær nefndir og ráð sem úthluta styrkjum til íslensks atvinnulífs og hver var kostnaðurinn við rekstur þeirra árið 2010?
2. Hversu miklum fjármunum var úthlutað í formi styrkja og lánveitinga árið 2010?
3. Hversu miklum fjármunum var úthlutað til stofnana og fyrirtækja í eigu hins opinbera árið 2010?
4. Telur ráðherra að nægjanleg yfirsýn sé við núverandi fyrirkomulag eða mætti gera kerfið markvissara?

Skriflegt svar óskast.

844. Fyrirspurn [514. mál]

til fjármálaráðherra um mannauðsstefnu.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að mannauðsstefnu verði fylgt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins?

845. Fyrirspurn [515. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um rekstrarstöðu sauðfjárræktenda og mjólkurframleiðenda?

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hyggst ráðherra bregðast við erfiðri rekstrarstöðu íslenskra sauðfjárræktenda og mjólkurframleiðenda.

846. Fyrirspurn [516. mál]

til iðnaðarráðherra um djúpborunarverkefni á jarðhitasvæðum.

Frá Birki Jóni Jónssyni.

Hver er staðan á djúpborunarverkefnum á jarðhitasvæðum hérlendis?

847. Fyrirspurn [517. mál]

til fjármálaráðherra um lækkun flutningskostnaðar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Eru áform um að grípa til aðgerða sem stuðli að lækkun flutningskostnaðar?
2. Er ætlunin að lækka gjöld og álögur á vöruflutninga til þess að stuðla að lægri flutningskostnaði á landsbyggðinni?

848. Breytingartillaga [388. mál]

við frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Frá Pétri H. Blöndal.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Bera skal heimild fjármálaráðherra skv. 1. mgr. undir þjóðaratkvæði svo fljótt sem verða má og eigi síðar en sex vikum frá gildistöku laganna. Heimildin skal veitt sé meiri hluti gildra atkvæða fyrir því.

849. Fyrirspurn [518. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um varðveislu menningararfsins á stafrænu formi.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvað hefur verið gert á vegum ráðuneytisins og stofnana þess til að varðveita menningararfinn á stafrænu formi og gera hann aðgengilegan?

Skriflegt svar óskast.

850. Fyrirspurn [519. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um kennaramenntun.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

1. Hverjar eru megináherslur Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Kennaradeildar Háskólans á Akureyri við mótun kennaramenntunar?
2. Hvernig endurspeglar kennaranámið samfellu á milli skólastiga?

851. Fyrirspurn [520. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um eflingu kennarastarfsins.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvað hyggst ráðherra gera til eflingar kennarastarfsins á leik-, grunn- og framhaldsskólastiga?

852. Fyrirspurn [521. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um eflingu iðn- og tækninám.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

Hvaða leiðir sér ráðherra fyrir sér til að efla iðn- og tækninám hér á landi?

853. Svar [418. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um starfsemi sendiráða og ræðismannsskrifstofa.

1. *Hver var fjöldi erlendra starfsmanna, ásamt fjölskyldum, í sendiráðum erlendra ríkja hér á landi 1. janúar 2009 og 1. janúar 2011, sundurliðað eftir sendiráðum?*

Erlendir starfsmenn í sendiráðum erlendra ríkja.

	Fjöldi erlendra starfsmanna	
	1. janúar 2009	1. janúar 2011
Bandaríkin	16	24
Bretland	3	5
Danmörk	4	4
Evrópusambandið	-	11
Finnland	3	2
Frakkland	8	8
Indland	12	10
Japan	4	3
Kanada	2	1
Kína	11	13
Noregur	5	4
Rússland	36	43
Svíþjóð	5	4
Þýskaland	7	8

2. *Hvað unnu margir Íslendingar hjá sendiráðunum 1. janúar 2009 og 1. janúar 2011, sundurliðað eftir sendiráðum?*

Íslendingar sem starfa hjá erlendu sendiráðunum.

	Fjöldi íslenskra starfsmanna	
	1. janúar 2009	1. janúar 2011
Bandaríkin	38	36
Bretland	9	11
Danmörk	1	1
Evrópusambandið	-	5
Finnland	5	4
Frakkland	4	4
Indland	0	1
Japan	2	3
Kanada	4	4
Kína	0	0
Noregur	1	1
Rússland	0	0
Svíþjóð	2	1
Þýskaland	3	3

3. *Hvaða sendiráð hér á landi eru í eigin húsnæði og hvaða sendiráð leigja húsnæði undir rekstur sinn? Hver er fermetrafjöldi húsnæðis sendiráðanna?*

Fermetrafjöldi húsnæðis sendiráðanna.

		Húsnæði *
Bandaríkin	531 m^2	Eign
Bretland	260 m^2	Leigt
Danmörk	300 m^2	Eign
Evrópusambandið **	568 m^2	Leigt
Finnland	274 m^2	Eign
Frakkland	399 m^2	Eign
Indland	330 m^2	Leigt
Japan	765 m^2	Leigt
Kanada	426 m^2	Leigt
Kína	700 m^2	Eign
Noregur	601 m^2	Eign
Rússland	671 m^2	Eign
Svíþjóð	328 m^2	Eign
Þýskaland	599 m^2	Leigt

* Skrifstofa sendiráðs („chancery“), samkvæmt upplýsingum sendiráðanna sjálfra.
** Notar heitið „sendinefnd“, en hefur stöðu sendiráðs.

4. *Telur ráðherra það samræmast ákvæðum um að skipta sér ekki af innanlandsmálum, sbr. 55. gr. Vínarsamningsins, þegar beinlínis er gert ráð fyrir að sendiráð Evrópusambandsins komi að kynningarmálum sambandsins hér á landi?*

Sendiráð ESB fellur eins og önnur sendiráð undir Vínarsamninginn um stjórnmálasamband frá 18. apríl 1961. Spurning háttvirts fyrirspyrjanda lýtur að því hvort starfsemi umrædds sendiráðs sé í samræmi við „55. gr. Vínarsamningsins“. Þá myrkvast málið. Hvorki löglærðum embættismönnum ráðuneytisins né ráðherra hefur tekist að finna umrædda 55. grein í Vínarsamningnum um stjórnmálasamband. Fyrirspyrjandi hefur að líkindum farið samningavillt og er að vitna til 55. greinar í öðrum samningi, sem líka er kenndur við Vín. Sá er frá 24. apríl 1963 og er um ræðissamband. Sú grein er aftur efnislega samhljóða 41. grein Vínarsamningsins um stjórnmálasamband sem fjallar um starfsemi sendiráða, þarmeð þess sendiráðs sem hæstvirtur þingmaður spyr um. 41. grein samningsins frá 18. apríl ætti því að vera andlag spurningar hæstvirts fyrirspyrjanda. Fremur en vísa þessum hluta fyrirspurnarinnar til móðurhúsanna tekur ráðherra sér það bessaleyfi að byggja svar sitt á þeirri niðurstöðu.

Greinarnar kveða á um hvernig samræma skuli friðhelgisrétt sendiráða og ræðisskrifstofa því að þau starfi í samræmi við lög og reglur móttökuríkisins, sem og skilgreiningu samningsins sjálfs og þjóðarétt. Ráðuneytið fær hins vegar ekki séð að aðkoma sendiráðs ESB að kynningarmálum sambandsins hér á landi stangist á nokkurn hátt við efnisatriði þessara greina.

Þvert á móti er rétt að vísa háttvirtum fyrirspyrjanda á e-lið 1. mgr. 3. gr. Vínarsamningsins um stjórnmálasamband. Umræddur töluliður kveður á um að það sé viðfangsefni sendiráða að „efla vinsamleg samskipti milli sendiríkisins og móttökuríkisins og auka efnahagsleg, menningarleg og vísindaleg samskipti þeirra“. Utanríkisráðherra telur að umrætt sendiráð sé augljóslega að fylgja þeirri mikilvægu reglu eftir. Segja má á kjarnyrtri íslensku að sú starfsemi falli að e-lið 1. mgr. 3. gr. Vínarsamningsins eins og flís við rass. Svar ráðherra við fyrrgreindri spurningu háttvirts fyrirspyrjanda er því játandi.

Því má við bæta að löng hefð er fyrir starfsemi sendiráða af þessu tagi. Má af því tilefni nefna öflugt sendiráð eins og það sem Bandaríkin hafa árum saman rekið af miklum þrótti. Á þess vegum hefur um langt skeið verið rekin öflug upplýsinga- og kynningarstarfsemi sem

miðar að því að koma málstað og menningu Bandaríkjanna á framfæri. Sendiráðið rekur meðal annars sérstakan kynningarfulltrúa í því skyni. Ráðherra telur þetta fyllilega samræmast tilvitnuðu lagaákvæði og vera auk þess hrósvert af hálfu viðkomandi ríkis. Skoði háttvirtur fyrirspyrjandi hvernig Íslendingar hafa sjálfir túlkað þetta ákvæði Vínarsamningsins virðist nákvæmlega sama uppi á teningnum með starfsemi íslenskra sendiráða. Íslenskir ráðherrar, sem meðal annars hafa komið úr flokki hæstvirts fyrirspyrjanda, hafa litið svo á að gildur þáttur í að uppfylla e-lið 1. mgr. 3. gr. umrædds samnings felist í að kynna málefni Íslands í gistiríkinu. Þannig hefur íslenskum sendiskrifstofum erlendis um langt árabil verið falið að kynna íslensk málefni hvort sem er á sviði stjórnmála, viðskipta eða menningar í gistiríkjum sínum, sem og eftir atvikum í öðrum umdæmisríkjum. Á sama hátt hafa sendiráð erlendra ríkja á Íslandi skyldum að gegna við að kynna sín málefni. Hefur slík kynningarstarfsemi ekki talist vera afskipti af innanlandsmálum heldur þvert á móti eðlilegur og – að mati ráðherra – æskilegur hluti af starfsemi sendiráða. Utanríkisráðuneytið hefur ekki ástæðu til að ætla að öðru muni gegna um fyrirhugað kynningastarf sendiráðs Evrópusambandsins á Íslandi og óskar sendiráðinu velfarnaðar á því sviði.

Í hröðum erli dags getur það hent bestu menn og konur að villast á samningum og ráðuneytið telur síður en svo eftir sér að beita skapandi túlkun til að greiða úr flækjum sem af því kunna að spinnast. Ráðuneytið hvetur þó til þess í fullri vinsemd að undirbúningur fyrirspurna sé vandaður til að greiða fyrir skjótum og skýrum svörum. Það er jafnan reiðubúið til að veita tæknilega ráðgjöf ef það mætti skýra fyrirspurnir og að sama marki gera svör ráðuneytisins greinarbetri.

5. *Hvað hefur Ísland stjórnmálasamband við mörg ríki og hvað eru margir sendiherrar tilnefndir og gagnvart hve mörgum löndum?*

Ísland hefur stofnað til stjórnmálasambands við 186 ríki auk einnar alþjóðastofnunar, Evrópusambandsins. Samkvæmt forsetaúrskurði frá 20. janúar 2010 fara sendiskrifstofur Íslands erlendis með fyrirsvar gagnvart 186 ríkjum og eru sendiherrar í viðkomandi sendiskrifstofum tilnefndir sendiherrar gagnvart viðkomandi gistiríki og umdæmisríkjum. Utanríkisráðuneytið fer með fyrirsvar gagnvart 63 ríkjum en í þeim tilvikum er fyrirsvarið ekki á hendi sendiherra.

6. *Í hvaða löndum rekur íslenska ríkið:*
   a. *sendiráð,*
   b. *ræðismannsskrifstofur?*

Íslenska ríkið rekur sendiráð í 15 löndum; Þýskalandi, Belgíu, Finnlandi, Danmörku, Bretlandi, Rússlandi, Noregi, Frakklandi, Svíþjóð, Austurríki, Kanada, Bandaríkjunum, Indlandi, Kína og Japan. Umdæmisskrifstofur Þróunarsamvinnustofnunar Íslands gegna einnig hlutverki sendiráðs, sbr. 1. tölulið a í forsetaúrskurði nr. 6/2010, um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur. Þær eru nú í þremur löndum: í Malaví, Mósambík og Úganda. Rekstri umdæmisskrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar í Namibíu var hætt í lok árs 2010, en hún gegndi einnig hlutverki sendiráðs samkvæmt forsetaúrskurði. Einnig er rétt að geta fastanefnda Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu í Brussel, hjá alþjóðastofnunum í Genf og hjá Sameinuðu þjóðunum í New York. Tvær síðar töldu fastanefndirnar fara jafnframt með sendiráðsstörf gagnvart nokkrum ríkjum.

Þá rekur íslenska ríkið aðalræðisskrifstofur í Kanada, Færeyjum og Bandaríkjunum. Jafnframt eru 248 kjörræðismenn Íslands erlendis, en þeir reka skrifstofur sínar fyrir eigin reikning.

7. *Hvað starfa margir Íslendingar á erlendri grund í sendiráðum og ræðismannsskrifstofum Íslands?*

Flutningsskyldir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem eru nú við störf í sendiskrifstofum Íslands erlendis, eru 52. Staðarráðnir starfsmenn í sendiskrifstofum erlendis, sem eru íslenskir ríkisborgarar, eru 29.

8. *Hvað starfa margir erlendir aðilar á erlendri grund í sendiráðum og ræðismannsskrifstofum Íslands?*

Staðarráðnir starfsmenn í sendiskrifstofum erlendis, sem eru ríkisborgarar annars ríkis, eru 41.

854. Svar [414. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um kostnað við þjóðfund.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikill var kostnaðurinn við þjóðfund um stjórnarskrá sem haldinn var 6. nóvember sl. og hvernig skiptist sá kostnaður?

Ráðuneytið leitaði til skrifstofu Alþingis um þær upplýsingar sem fyrirspyrjandi óskar eftir. Samkvæmt þeim upplýsingum nam kostnaður við þjóðfundinn 63,5 millj. kr. og skiptist með eftirfarandi hætti:

	Gjaldaliðir	**Upphæð**
1	Þóknun þjóðfundarfulltrúa	16.152.500
2	Ferðakostnaður fulltrúa utan höfuðborgarsvæðis	4.739.981
3	Dvalarkostnaður fulltrúa utan höfuðborgarsvæðisins	4.138.800
4	Þjálfun starfsfólks fundar og starfsþóknanir þess	3.617.500
5	Laugardalshöllin, leiga, gólf, þrif o.þ.h.	3.946.217
6	Leiga á húsgögnum, búnaður, umgjörð	2.423.627
7	Tækniumgjörð og þjónusta	10.078.720
8	Kostnaður við úrtakið, skráningargrunnur, símaver, póstur á fulltrúa	2.372.558
9	Kynningar- og auglýsingarkostnaður. Vefsíðugerð/umsjón, borgarafundir	6.342.073
10	Fundarkerfið, gögn, úrvinnsla gagna	4.195.735
11	Matur og veitingar	5.193.313
12	Ýmis kostnaður og ófyrirsjáanlegt (5%)	324.004
	Samtals kostnaður við þjóðfundinn	**63.525.028**

855. Svar [413. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um kostnað við stjórnlagaþing.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikill er kostnaðurinn við stjórnlagaþing áætlaður, annars vegar ef þingið stendur í tvo mánuði og hins vegar í fjóra mánuði, og hvernig skiptist hann?

Ráðuneytið leitaði til skrifstofu Alþingis um þær upplýsingar sem fyrirspyrjandi óskar eftir. Fjárhagsáætlun fyrir stjórnlagaþing miðast við að á þinginu sitji 31 fulltrúi. Kostnaðurinn skiptist með eftirfarandi hætti:

	Fjöldi mánaða	**2 mán.**	**4 mán.**
	Kostnaðarliðir	**Upphæð**	**Upphæð**
1	Þóknun/laun þingfulltrúa	41.917.500	83.835.000
2	Laun starfsfólks þingsins	33.120.000	49.680.000
3	Ýmis rekstrarkostnaður (10% af launum)	7.503.750	13.351.500
4	Dvalarkostnaður fulltrúa utan höfuðborgarsvæðis	7.976.400	15.952.800
5	Ferðakostnaður fulltrúa utan höfuðborgarsvæðis	1.735.200	3.470.400
6	Aðkeypt sérfræðiaðstoð við þingið	12.480.000	24.960.000
7	Ýmis kostnaður nefnda þingsins	3.000.000	6.000.000
8	Vinnustöðvar þingfulltrúa, uppsetning og búnaður	14.125.000	19.125.000
9	Vinnustöðvar starfsfólks og blaðamanna – uppsetning og búnaður	9.040.000	12.240.000
10	Ýmis tæknibúnaður, innréttingar og uppsetning	46.880.000	71.240.000
11	Húsnæðiskostnaður þingstaðar	16.800.000	16.800.000
12	Mötuneyti	1.995.000	3.990.000
13	Rekstur skrifstofu og undirbúningur fram að þingi	20.525.000	20.525.000
14	Stjórnlaganefnd og starfsmaður	19.164.000	19.164.000
15	Aðkeypt sérfræðiþjónusta stjórnlaganefndar	12.000.000	12.000.000
16	Annað ófyrirséð (10%)	23.626.185	36.033.370
	Áætlaður heildarkostnaður, kr.	**271.888.035**	**408.367.070**

Í fjárhagsáætluninni var gert ráð fyrir að kostnaður við tveggja mánaða þinghald yrði 260 millj. kr. en ef heimild um framlengingu þingsins yrði nýtt var áætlað að kostnaður ykist um 70 millj. kr. fyrir hvern mánuð. Mismunurinn skýrist af fjárveitingu til kaupa á sérfræðiþjónustu fyrir stjórnlaganefnd. Kostnaður við þá nefnd fellur undir kostnað við stjórnlagaþing.

856. Lög [388. mál]

um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda

í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. febrúar 2011.)

Samhljóða þskj. 797.

857. Fyrirspurn [522. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um stúdentspróf.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvernig hefur ráðuneytið notfært sér hina heildstæðu löggjöf á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi til að fjölga þeim sem taka stúdentspróf á skemmri tíma en fjórum árum?

858. Fyrirspurn [523. mál]

til innanríkisráðherra um framkvæmdir í vegamálum á Suðvesturhorninu.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

1. Hvenær hefjast stórframkvæmdir í vegamálum á Suðvesturhorninu?
2. Hvernig hyggst ráðherra auka hlut Suðvesturhornsins hvað varðar nýframkvæmdir í vegamálum?

859. Fyrirspurn [524. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um sveigjanleg skólaskil.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra tryggja sveigjanleg skólaskil á milli skólastiga?

860. Fyrirspurn [525. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um fjarnám unglinga.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvernig stendur á því að vikið er frá lögbundnum ákvæðum um fjarnámskosti unglinga?

861. Fyrirspurn [526. mál]

til innanríkisráðherra um aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn mansali.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hvernig gengur að framkvæma þær aðgerðir, 25 talsins, er felast í aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn mansali sem var samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar 17. mars 2009?

862. Fyrirspurn [527. mál]

til velferðarráðherra um þróun fóstureyðinga.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hver hefur þróun fóstureyðinga verið hér á landi síðustu 10 árin og hvernig er þróunin hér miðað við önnur Norðurlandaríki?

863. Fyrirspurn [528. mál]

til velferðarráðherra um vottunarkerfi um jafnrétti á vinnumarkaði.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hvenær lýkur gerð staðals sem nýst getur sem undirstaða vottunar um jafnrétti á vinnumarkaði hvað varðar laun, ráðningar og uppsagnir, sbr. viljayfirlýsingu félags- og tryggingamálanráðherra, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 2008?

864. Fyrirspurn [529. mál]

til velferðarráðherra um tóbaksnotkun.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hvernig hefur þróast hér á landi síðustu sjö árin:
   a. notkun munntóbaks,
   b. notkun neftóbaks,
   c. reykingar?
2. Hvaða hópar nota helst þessi ávanabindandi nikótínefni, sundurgreint á sama hátt?
3. Hverjar eru helstu aðgerðir stjórnvalda til að draga úr notkun þessara efna, sundurgreint á sama hátt?

4. Hve mikið fækkaði hjartaáföllum í kjölfar banns við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum?

Skriflegt svar óskast.

865. Beiðni um skýrslu [530. mál]

frá mennta- og menningarmálaráðherra um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur, Jónínu Rós Guðmundsdóttur, Skúla Helgasyni, Lilju Mósesdóttur, Eygló Harðardóttur, Margréti Tryggvadóttur, Oddnýju G. Harðardóttur, Ragnheiði Ríkharðsdóttur og Þráni Bertelssyni.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að mennta- og menningarmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun og úrræði sem þeim standa til boða í skólakerfinu, bæði á leik- og grunnskólastigi. Ráðherra leiti eftir upplýsingum úr velferðarráðuneyti þar sem við á. Meðal efnis skýrslunnar verði eftirfarandi:

a. Hversu mörg börn eða ungmenni hafa verið greind með tal- eða málþroskaröskun hér á landi á síðustu 15 árum.
b. Hvaða þjónusta og úrræði eru í boði fyrir börn og ungmenni með tal- og málþroskaröskun innan skólakerfisins, bæði á leik- og grunnskólastigi, og hvernig þessum málum er háttað í grannríkjum.
c. Hvenær greining fer fram og hvenær ákvörðun er tekin um að grípa til aðgerða vegna tal- og málþroskaröskunar, þ.e. hvort um snemmtæka íhlutun vegna tal- og málþroskaröskunar er að ræða.
d. Hvaða úrræði eru til fyrir ungmenni með tal- og málþroskaröskun þegar grunnskólastigi sleppir.
e. Hvernig ábyrgð, skipulagi og eftirliti með málaflokknum í heild er háttað.
f. Hvort og hvernig ríki og sveitarfélög vinna saman að því að tryggja börnum og ungmennum með tal- og málþroskaröskun nauðsynlega þjónustu.
g. Hvernig þjónusta við börn og ungmenni með tal- og málþroskaröskun er samræmd milli landshluta og byggðarlaga.
h. Í hverju þjónusta talmeinafræðinga við börn með tal- og málþroskaröskun á leik- og grunnskólastigi er fólgin og með hvaða hætti kostnaður skiptist milli ríkis, sveitarfélaga og forráðamanna og jafnframt hvernig fyrirkomulagi samninga við Sjúkratryggingar Íslands er háttað og hver er heildarkostnaður vegna þessa málaflokks.

Greinargerð.

Sennilega er ekkert mikilvægara í lífi manneskju en að geta átt samskipti við aðrar manneskjur. Grunnurinn að hæfninni til samskipta er lagður í frumbernsku. Þróun máls, tals og skilnings fléttast saman í samskiptahæfni.

Tal- og málþroskaröskun getur komið upp hjá börnum sem þjást af hljóðkerfisröskun, hafa mikil framburðarfrávik, stama, hafa fengið kuðungsígræðslu eða hafa skarð í vör, eru með hása rödd eða eru haldin alvarlegum þroskafrávikum. Einnig getur verið um að ræða sértæka málþroskaröskun (e. Specific Language Impairment) þar sem börn skilja ekki málið og geta ekki lært að tala eins og jafnaldrar. Tal- og málþroskaröskun getur leitt til námserfiðleika, hegðunarvandamála og andlegra erfiðleika. Á Íslandi er áætlað að um 200–500 börn í hverjum árgangi þurfi aðstoð vegna tal- og málþroskaröskunar.

Menntamálanefnd telur mikilvægt að gerð verði úttekt á stöðu og þróun þjónustu við börn og ungmenni með tal- og málþroskaröskun. Það er afar mikilvægt að grípa snemma til ráðstafana þegar grunur vaknar um að þróun máls sé ekki eins og eðlilegt má teljast hjá barni og reyna með því að lágmarka áhrif röskunarinnar. Til þess að hægt sé að grípa rétt inn í málið þarf sérfræðiþekkingu til, svo og gott samstarf allra sem tengjast barninu.

Sérfræðingur á sviði málþroska, talmeinafræðingur, þarf að greina vandann og gera áætlun um þjálfun. Það er á fáum sviðum mikilvægara en á málsviði að vera meðvitaður um frávik svo hægt sé að grípa snemma inn í. Með því móti er unnt að reyna að koma í veg fyrir að samskipti við fjölskyldu, félaga og aðra skerðist. Fagna þarf því sérstaklega að nám í talmeinafræði á meistarastigi er nú hafið við Háskóla Íslands en verulega hefur vantað talmeinafræðinga til starfa hér á landi.

Með skýrslubeiðni þessari óskar menntamálanefnd eftir því að mennta- og menningarmálaráðuneytið upplýsi um þá þjónustu og þau úrræði sem eru í boði fyrir börn og ungmenni með tal- og þroskafrávik í skólakerfinu, hvernig hátti með greiningu á tal- og málþroskaröskun og hvernig ríki og sveitarfélög vinna saman að þjónustu í málaflokknum. Einnig er óskað eftir því að fjallað verði um snemmtæka íhlutun og þjónustu talmeinafræðinga ásamt úrræðum þegar grunnskólastigi sleppir.

Þroskuð málhljóð og hljóðavitund ásamt þáttum er varða minni og vinnslu eru grundvöllur lestrarnáms, lestrarfærni og lesskilnings. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi góðrar lestrarfærni og lesskilnings í samfélagi nútímans þar sem stöðugt þarf að vinna úr upplýsingum. Ekki verður hér heldur fjölyrt um áhrif skerts málþroska á ritun og nám í erlendum tungumálum.

Í Bretlandi hefur verið tekin saman greinargóð skýrsla um þjónustu við börn og ungmenni með tal- og málþroskaröskun. Sú skýrsla var unnin undir forustu þingmannsins Johns Bercow (The Bercow Review of Services for Children and Young People (0–19) with Speech, Language and Communications Needs). Skýrsluna er hægt að nálgast á vefsíðu þingmannsins (http://www.johnbercow.co.uk/the_bercow_report). Í niðurstöðum hennar eru settar fram 40 tillögur að úrbótum á breska kerfinu en kerfið er gagnrýnt harðlega í skýrslunni. Þar er meðal annars talað um að snemmtæk íhlutun og frumkvæði að meðferð um leið og komið er auga á vandann sé gríðarlega mikilvægt til þess að hámarka möguleika barna til að ná árangri og færni í tjáningu. Einnig er þar talað um að samfella í þjónustu og skipuleg þjálfun út frá fyrir fram ákveðinni áætlun sé nauðsynleg til þess að takast á við tal- og málþroskaröskun. Í skýrslunni kemur og fram að niðurstaða klínískra rannsókna styðji þá kenningu að fái börn ekki snemma aðstoð við tal- og málþroskaröskun geti það leitt til námserfiðleika, hegðunarvandamála og andlegra erfiðleika auk þess sem talið er að vandinn geti stuðlað að því að ungmenni leiðist út í glæpi.

Menntamálanefnd telur mikilvægt, m.a. í ljósi niðurstaðna umræddrar skýrslu, að tal- og málþroskaröskun sé skoðuð heildstætt hér á landi. Nauðsynlegt sé að greina umfang vandans, greina hvernig unnið er úr málum og meta hvaða leiðir eru færar til úrbóta.

866. Svar [332. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um réttindi fatlaðs fólks.

1. *Hvenær má vænta þess að framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla verði kynnt?*

17. desember síðastliðinn var samþykkt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, og eru breytingalögin nr. 152/2010. Samkvæmt 43. gr. þeirra var bætt ákvæði til bráðabirgða XIII við lög um málefni fatlaðra. Þar er kveðið á um að ráðherra skuli eigi síðar en 1. október 2011 leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Í henni skal sett fram stefna í málefnum fatlaðs fólks þar sem meðal annars verða tímasettar aðgerðir vegna lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, aðgengismála, biðlista eftir þjónustu, atvinnumála fatlaðs fólks og samræmds mats á þjónustu.

2. *Hvernig miðar endurskoðun laga og reglugerða með tilliti til innleiðingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks?*

Í byrjun árs 2008 skipaði þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra nefnd sem skyldi kanna hvort lög og reglugerðir hér á landi uppfylltu kröfur sem lagðar eru á þau ríki sem fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og var undirritaður að hálfu Íslands 30. mars 2007. Nefndin skilaði áliti í byrjun árs 2010 og lagði þá fram tillögur í 13 liðum sem tryggt gætu að íslensk lög og reglugerðir uppfylltu kröfur samningsins. Tillögur nefndarinnar hafa verið til umfjöllunar í ráðuneytinu en jafnframt hefur formlega og óformlega verið leitað eftir athugasemdum hjá hagsmunaaðilum og öðrum þeim sem láta sig málið varða.

Á grundvelli tillagna nefndarinnar og þeirra athugasemda sem hafa borist hefur ráðuneytið haft málið til skoðunar og á árinu verður fullgildingin undirbúin. Ekki er ennþá ljóst hvenær þeirri vinnu lýkur.

3. *Hvenær hyggst ráðherra leggja fram frumvarp um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks?*

Í lögunum nr. 152/2010 er kveðið svo á um að velferðarráðherra skuli fyrir 1. október 2011 leggja fram tillögu til þingsályktunar þar sem meðal annars verða tímasettar aðgerðir vegna lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Velferðarráðuneytið gerir ráð fyrir því að nákvæm tímasetning lögfestingar liggi fyrir eigi síðar en 1. október næstkomandi.

867. Svar [424. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um bólusetningu við svínaflensu.

1. *Hvað keypti landlæknisembættið marga skammta af bólusetningarefni því sem notað er til að stemma stigu við svínaflensu? Hver var kostnaðurinn við kaupin? Af hverjum var efnið keypt?*

27. júlí 2009 fór heilbrigðisráðherra þess formlega á leit við sóttvarnalækni að keyptir yrðu 300.000 skammtar af inflúensubóluefninu Pandemrix® frá GSK. Fjöldi skammta var ákveðinn í ljósi þess að þá var gert ráð fyrir að bólusetja þyrfti hvern einstakling tvisvar til að fá fullnægjandi vörn en reyndin varð sú að ein bólusetning dugði í flestum tilfellum. Þetta leiddi til þess að unnt var að bólusetja mun fleiri og hraðar gegn svínainflúensunni en upphaflega var gert ráð fyrir. Kostnaður vegna kaupa á bóluefnunum nam 381 millj. kr. miðað við þáverandi gengi.

2. *Hvað réð því hversu mikið var keypt af bólusetningarefninu? Hvað eru margir skammtar af efninu eftir á lager og hvert er virði lagersins? Hvenær rennur efnið út?*

Það var mat sóttvarnalæknis að framleiðsla bóluefnis gegn nýjum stofni inflúensu gæti tekið þrjá til sex mánuði frá upphafi heimsfaraldurs inflúensu þar til að afhendingu kæmi. Búast mátti við að faraldurinn hefði borist til landsins þegar til afhendingar efnisins kæmi og því var mælt með að keypt yrði bóluefni fyrir helming landsmanna miðað við að bólusetja þyrfti hvern mann tvisvar.

Heimsfaraldrar inflúensu ganga í bylgjum. Hefði allt bóluefni verið uppurið miðað við að hver maður hefði verið bólusettur tvisvar hefði þurft að panta fleiri skammta bóluefnis fyrir veturinn 2010–2011. Vakin er athygli á því að önnur bylgja svínainflúensunnar barst til landsins í lok desember 2010. Á lager eru um 150.000 skammtar. Fólk sem ekki var bólusett í fyrravetur hefur verið hvatt til að láta bólusetja sig. Það er því enn of snemmt að fullyrða hve mikið af bóluefninu verður á endanum eftir á lager og hvers virði hann verður þá. Hver bóluefnisskammtur kostar 7 evrur.

Hluti bóluefnisins (mótefnavaki) rennur út 31. október 2011 en annar hluti þess (ónæmisglæðir) 31. október 2012.

3. *Hvað hafa margir verið bólusettir með efninu?*

Í janúar 2011 höfðu 150.289 einstaklingar verið fullbólusettir.

4. *Hvernig er aldurshlutfallið hjá þeim sem hafa verið bólusettir:*
   a. *0–18 ára,*
   b. *19–67 ára,*
   c. *68 ára og eldri?*

0–18 ára: 40.875 einstaklingar bólusettir af 85.318 alls eða 48%.
10–67 ára: 89.238 einstaklingar bólusettir af 201.496 alls eða 44%.
68 ára og eldri: 20.176 einstaklingar bólusettir af 30.816 alls eða 66%.

5. *Hvað hafa komið upp mörg mál hjá heilbrigðisyfirvöldum um alvarleg eftirköst eftir bólusetningu?*

Vitað er um tvö tilfelli sem flokkast sem alvarleg en þau tengdust bráðaofnæmi fyrir bóluefninu. Báðum einstaklingum farnaðist vel. Eftirköst eftir bólusetningu gegn svínainflúensu eru sambærileg við það sem sést eftir aðrar bólusetningar hér á landi.

6. *Hvað hafa margir veikst af svínaflensu hér á landi í samanburði við venjulega inflúensu?*

Komuhlutfall þeirra sem leituðu til heilsugæslustöðva vegna svínainflúensu var fjórum til fimm sinnum hærra en við venjulega árstíðabundna inflúensu. Talið er að um 60.000

manns hafi veikst af svínainflúensu. Mikilvægt er að hafa í huga að svínainflúensan leggst fyrst og fremst þungt á ungt fólk (<60 ára) en árstíðabundna inflúensan leggst fyrst og fremst þungt á gamalt fólk.

Um 170 manns voru lagðir inn á sjúkrahús með staðfesta svínainflúensu haustið 2009. Af þeim þurftu 22 að leggjast inn á gjörgæsludeild og lágu margir þar í öndunarvélum vikum saman. Álag á gjörgæsludeild Landspítalans var gríðarlegt. Jafnframt er talið að bólusetningin haustið 2009 hafi komið í veg fyrir um 15–20.000 tilfelli af svínainflúensu, 60–80 sjúkrahúsinnlagnir og 6–8 tilfelli á gjörgæslu, en bóluefnið hefur um 90% virkni.

Önnur bylgja svínainflúensunnar er að sækja í sig veðrið um þessar mundir. Þegar hefur ung kona um þrítugt, sem ekki hefur verið bólusett, verið lögð inn á gjörgæsludeild Landspítalans til meðferðar í öndunarvél. Vonir standa til þess að hinar umfangsmiklu bólusetningar haldi aftur af þessari bylgju inflúensunnar.

868. Fyrirspurn [531. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um hækkun verðtryggðra lána íslenskra heimila og fyrirtækja.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hve mikið hafa verðtryggð lán íslenskra heimila hækkað á tímabilinu 1. febrúar 2009 til 1. febrúar 2011, í krónum annars vegar og prósentum hins vegar, vegna skattahækkana og annarra aukinna álaga af hálfu ríkisins sem hafa áhrif á vísitölu neysluverðs?
2. Hve mikið hafa verðtryggð lán íslenskra fyrirtækja hækkað á tímabilinu 1. febrúar 2009 til 1. febrúar 2011, í krónum annars vegar og prósentum hins vegar, vegna skattahækkana og annarra aukinna álaga af hálfu ríkisins sem hafa áhrif á vísitölu neysluverðs?

Skriflegt svar óskast.

869. Frumvarp til laga [532. mál]

um breytingu á lögum nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Heimilt er að nota hinn almenna þjóðfána í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu, enda sé vara eða starfsemi sú sem í hlut á íslensk að uppruna og fánanum ekki óvirðing gerð.
b. Á eftir 1. málsl. 4. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Ráðuneytið veitir leyfi til að nota þjóðfánann í vörumerki sem skal skrásetja.

c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um skilyrði fyrir notkun fánans samkvæmt ákvæði þessu.

Ráðherra sker úr um álitaefni og ágreining sem upp kann að koma um leyfilega notkun fánans samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt.

Frumvarp þetta var lagt fram á 138. löggjafarþingi en fékk ekki endanlega afgreiðslu. Frumvarpið er nú lagt fram í annað skipti með þeirri breytingu að horfið er frá því að fella niður leyfisskyldu fyrir notkun fánans í vörumerkjum sem skal skrásetja. Er breytingin í samræmi við ábendingu og að höfðu samráði við Einkaleyfastofu, sbr. umsögn Einkaleyfastofu til allsherjarnefndar Alþingis á 138. löggjafarþingi, um að það væri æskilegra og í betra samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt Parísarsamþykkt um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar að samþykki stjórnvalds þyrfti fyrir notkun þjóðfánans í skrásett vörumerki. Umsagnir sem bárust allsherjarnefnd voru almennt jákvæðar og er frumvarpið því lagt fram óbreytt að öðru leyti en fyrr greinir.

Gildandi lög um þjóðfána Íslendinga eru að stofni til frá árinu 1944. Hefur saga fánans verið nátengd sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og síðar fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar. Árið 1995 var skipuð nefnd til að endurskoða lög nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, einkum verndarákvæði þeirra í 12. gr. en einnig önnur ákvæði sem sett höfðu verið fánanum til verndar. Í framhaldi af vinnu nefndarinnar var lögunum breytt með lögum nr. 67/1998. Ein helsta breyting laganna fólst í því að forsætisráðuneytið öðlaðist heimild til að veita leyfi til notkunar fánans í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða í auglýsingu á vörum enda væri starfsemi sú sem í hlut ætti að gæðum samkvæmt því sem ráðuneytið mælti fyrir um í reglugerð og fánanum ekki óvirðing gerð. Voru rök fyrir þessari heimild m.a. þau að auka þyrfti frjálsræði um notkun fánans með sérstöku tilliti til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu. Tillaga að reglugerð fylgdi frumvarpinu en hún var þó aldrei sett, aðallega vegna þess að örðugt reyndist að skilgreina hlutlægar gæðaviðmiðanir sem nýst gætu til að uppfylla þetta skilyrði laganna á viðunandi hátt. Hefur því ekki verið hægt að verða við beiðnum um sérstakt leyfi til að nota fánann. Markmið þeirra breytinga sem lagðar eru til í þessu frumvarpi er að gera möguleikann á notkun þjóðfánans til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu aðgengilegri en áður hefur verið. Má ætla að notkun fánans í slíkum tilvikum geti verið til þess fallin að efla atvinnulíf og efnahag landsmanna og verka sem jákvætt skref í endurreisn á íslensku efnahagslífi. Má í þessu sambandi líta til framkvæmdar í Danmörku en þar hefur danski fáninn um langt skeið verið mikið notaður í markaðssetningu á dönskum vörum án þess að til þess hafi þurft sérstakt leyfi. Hefur notkun fánans í þessum tilgangi haft jákvæða þýðingu fyrir danska framleiðslu, svo sem í landbúnaði, og verið ákveðinn mælikvarði á gæði. Þrátt fyrir þá erfiðleika sem mætt hafa mörgum íslenskum fyrirtækjum síðustu missirin hefur framleiðsla á íslenskum afurðum eflst og dafnað og ber að styðja við þann vöxt. Áfram verður þó að hafa það að leiðarljósi að í engu sé skert virðing við fánann, hvorki í orði né verki.

2. Nánar um efnisatriði frumvarpsins.

Ákvæði 4. mgr. 12. gr. laganna fjallar m.a. um heimild til notkunar á fánanum á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu. Sú breyting er gerð á málsgreininni að í stað þess að leyfi þurfi hjá forsætisráðuneyti til notkunar fánans í þessum tilgangi er heimildin orðin almenn en að uppfylltum skilyrðum. Þá er fellt á brott það skilyrði að starfsemi sú sem í hlut á sé að gæðum samkvæmt því sem ráðuneytið mælir fyrir um með reglugerð. Í staðinn segir að starfsemi sú sem í hlut eigi sé „íslensk að uppruna“ og áfram þarf hún að vera þannig að fánanum sé ekki óvirðing gerð. Markmið þessarar breytingar er að auka möguleika á notkun fánans, íslenskri framleiðslu og þjónustu til framdráttar. Þrátt fyrir að skilyrði um gæði sé fellt á brott er sú krafa eðli máls áfram til staðar, samofin því að fánanum sé ekki óvirðing gerð. Sama á við um orðalagið „íslensk að uppruna“. Orðalagið er nýtt í lögunum og leggur þær skyldur á herðar þeim sem nota fánann að það sé ekki gert á röngum forsendum eða villandi máta. Þannig má gera ráð fyrir að það feli í sér að matvæli teljist íslensk að uppruna ef t.d. grænmeti og ávextir eru ræktaðir hér á landi, kjöt er af íslenskum húsdýrum eða villibráð og mjólkurvörur úr íslenskri mjólk. Ekki nægi að vörurnar séu innfluttar en pakkaðar hér á landi. Öðru máli kann að gegna um annan varning sem geti vel talist íslenskur þó úr erlendu hráefni sé, t.d. framleiðsla á íslenskri hönnun, húsgögnum eða fatnaði, o.s.frv. Þá er lagt til að forsætisráðherra fái sérstaka heimild til að setja nánari reglur um skilyrði fyrir notkun fánans samkvæmt ákvæðinu og tiltekið að það sé hlutverk forsætisráðherra að skera úr um álitaefni og ágreining sem upp kann að koma um leyfilega notkun fánans samkvæmt framangreindu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem gera möguleikann á notkun þjóðfánans til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu aðgengilegri en áður hefur verið.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

870. Frumvarp til laga [533. mál]

um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.
Þjóðtunga – opinbert mál.

Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.

2. gr.
Íslenskt mál.

Þjóðtungan er sameiginlegt mál landsmanna. Stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.

Allir sem eru búsettir hér á landi skulu eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi svo sem nánar er mælt fyrir um í sérlögum.

3. gr.
Íslenskt táknmál.

Íslenskt táknmál er fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra og afkomenda þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Skulu stjórnvöld hlúa að því og styðja.

Hver sem hefur þörf fyrir táknmál skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst.

4. gr.
Málstefna.

Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skulu sjá til þess að hún sé notuð. Um málstefnu og stöðu íslenskrar tungu skal leitað samvinnu við Íslenska málnefnd, sbr. 5. gr.

Íslenska ríkið stuðlar að þróun, rannsóknum, kennslu og útbreiðslu íslensks táknmáls og styður að öðru leyti við menningu, menntun og fræðslu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda. Um málstefnu og stöðu íslensks táknmáls skal leitað samvinnu við málnefnd um íslenskt táknmál, sbr. 6. gr.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fylgist með því hvernig lögum þessum er framfylgt og getur krafið einstakar stjórnsýslustofnanir um skýrslur þar að lútandi.

5. gr.
Íslensk málnefnd.

Ráðherra skipar Íslenska málnefnd og er skipunartími nefndarinnar fjögur ár. Í Íslenskri málnefnd eiga sæti 18 menn. Auk þess er nefndinni heimilt að bjóða mönnum, einum eða tveimur, setu í nefndinni ef hún telur það nefndarstarfinu til gagns. Hver eftirtalinna tilnefnir einn mann í málnefndina: háskólaráð Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, hugvísindasvið Háskóla Íslands, menntavísindasvið Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum

fræðum fyrir hönd orðanefnda, Bandalag þýðenda og túlka, Staðlaráð Íslands, Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga og Hagþenkir. Ráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. Íslensk málnefnd skiptir með sér verkum.

Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli og gera tillögur til ráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og ráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki ráðherra.

Skrifstofa Íslenskrar málnefndar er í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ráðherra setur reglugerð um nánari starfsemi Íslenskrar málnefndar.

6. gr.

Málnefnd um íslenskt táknmál.

Ráðherra skipar fimm menn til setu í málnefnd um íslenskt táknmál til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Við skipun nefndarinnar skal haft samráð við hugvísindasvið Háskóla Íslands, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og hagsmunasamtök heyrnarlausra hér á landi. Ráðherra velur formann og varaformann málnefndar um íslenskt táknmál.

Hlutverk málnefndar um íslenskt táknmál er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvað eina er varðar íslenskt táknmál og stuðla að eflingu íslensks táknmáls og notkun þess í íslensku þjóðlífi.

Skrifstofa málnefndar um íslenskt táknmál er í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ráðherra setur reglugerð um nánari starfsemi málnefndar um íslenskt táknmál.

7. gr.

Opinbert mál stjórnvalda.

Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannaþjónustu.

8. gr.

Túlkun og táknmálstúlkun hjá stjórnvöldum.

Um rétt til að fá túlka- og táknmálstúlkaþjónustu og skyldur dómstóla til að leita aðstoðar túlka og táknmálstúlka fer samkvæmt lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála.

Stjórnvöld skulu leitast við að tryggja að sá sem skilur ekki íslensku geti fengið úrlausn erinda sinna og tileinkað sér efni skjala og skilríkja sem skipta hann máli.

9. gr.

Málfarsstefna ríkis og sveitarfélaga.

Mál það sem er notað í starfsemi ríkis og sveitarfélaga eða á vegum þeirra skal vera vandað, einfalt og skýrt.

10. gr.
Íslenskur fræðiorðaforði.

Stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að íslenskur fræðiorðaforði á ólíkum sviðum eflist jafnt og þétt, sé öllum aðgengilegur og notaður sem víðast.

11. gr.
Opinbert mál á alþjóðavettvangi.

Íslenska er opinbert mál Íslands á alþjóðavettvangi.

12. gr.
Skyldur ríkis og sveitarfélaga og staða íslensks táknmáls.

Ríki og sveitarfélög skulu tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli. Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á því að varðveita íslenskt táknmál, þróa það og stuðla að notkun þess. Lögð verði áhersla á að fræðiheiti á ólíkum sviðum í íslensku táknmáli nái að þróast og séu notuð.

Íslenskt táknmál er jafnrétthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.

13. gr.
Gildistaka, brottfellt lagaákvæði.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara fellur 9. gr. laga nr. 40/2006, um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði almenn rammalög um íslensku. Með því er fylgt eftir þingsályktun um íslenska málstefnu sem Alþingi samþykkti 12. mars 2009 og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að samþykkja tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu.

Alþingi lýsir yfir stuðningi við það meginmarkmið tillagna Íslenskrar málnefndar að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.“

Til að fylgja eftir þingsályktuninni skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknmálsins 6. maí 2009. Í nefndinni sátu Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen prófessor, varaformaður, Sigurður Líndal, prófessor emerítus, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti. Með nefndinni störfuðu jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir lögfræðingur og Guðrún Margrét Guðmundsdóttir. Í skipunarbréfi nefndarinnar var hlutverki hennar lýst þannig að henni væri ætlað að setja fram tillögur sem ætlað væri að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi. Nefndin skilaði tillögum sínum í skýrslu sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út í maí 2010. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að hún taki undir það markmið í málstefnu að tryggja beri að íslensk tunga verði áfram það tungumál sem sameini íbúa landsins óháð uppruna, að tryggður verði réttur íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna og erlendra ríkisborgara, sem fá hér dvalar- eða atvinnuleyfi, til kennslu í íslensku svo að þeir eigi þess kost að taka fullan þátt í íslensku samfélagi á íslensku. Þá er brugðist við tillögum Íslenskrar málnefndar um að lagaleg staða íslensks táknmáls verði tryggð. Í skýrslu nefndarinnar er vikið að stöðu íslenskunnar á ólíkum sviðum samfélagsins,

í skólakerfinu, í tölvuheiminum, í atvinnulífinu, innan háskólanna, í fjölmiðlum, í listum og í þýðingum og túlkun, einnig er fjallað um íslensku sem erlent mál og sem annað mál. Þá er í skýrslunni fjallað um stöðu íslenskunnar í stjórnsýslunni. Sérstök umfjöllun er um notkun ensku, þar á meðal innan háskóla. Ítarleg grein er gerð fyrir íslensku táknmáli í skýrslunni og helstu þáttum sem því við koma. Táknmálið á ekki stoð í lögum nú en nefndin leggur áherslu á að hver sem þörf hafi fyrir táknmál skuli eiga þess kost að læra, tileinka sér og nota táknmálið, jafnskjótt sem máltaka hefst og viðkomandi einstaklingur hefur þroska til. Þeir sem þess þurfa geti þannig notað íslenskt táknmál eftir því sem aðstæður frekast leyfa í daglegu lífi sínu og þannig litið á táknmálið sem móðurmál sitt.

Frumvarpið er byggt á tillögum nefndar um lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknmálsins. Stuðst var við þá vinnu og ný sænsk lög sem birt voru í þýðingu í skýrslu nefndarinnar. Nefndin taldi að setning laga um íslenska tungu væri mjög til þess fallin að styrkja stöðu íslenskrar tungu á öllum sviðum samfélagsins. Í slíkum lögum ætti að undirstrika skyldur stjórnvalda til þess að vinna að varðveislu íslenskrar tungu og þróun, nothæfni og aðgengi manna að málinu. Jafnframt skyldi þar koma fram hvernig lögunum skyldi framfylgt og hverjir bæru þá skyldu. Þá skyldu lögin mæla fyrir um notkun íslenskrar tungu innan stjórnkerfis ríkisins, Alþingis, dómstóla og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Þá skyldi setja í lög ákvæði um íslenskt táknmál sem styrkti lagalega stöðu þeirra sem notuðu táknmál. Þar skyldi mælt fyrir um ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á að tryggja aðgang að íslensku táknmáli hverjum þeim sem þörf hefði á því. Í kjölfarið væri unnt að setja nánari ákvæði um slíkar skyldur í ýmsum lögum, einkum á sviði menntamála.

Í samræmi við framangreint er tilgangur frumvarpsins að festa í lög stöðu íslenskrar tungu, mæla fyrir um varðveislu hennar, þróun, nothæfni og aðgengi manna. Jafnframt eru í frumvarpinu ákvæði um hvernig markmiðum þess verði náð og hverjir beri þá skyldu. Þá eru fyrirmæli um notkun íslenskrar tungu innan stjórnkerfis ríkisins, Alþingis, dómstóla og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Loks hefur frumvarpið að geyma ákvæði um íslenskt táknmál og stöðu þess sem fyrsta máls heyrnarlausra.

Í mörgum ríkjum hafa verið sett lög um tungumál og þá sérstaklega þar sem tungumál eru fleiri en eitt og nauðsyn ber til að kveða á um hvert eða hver skuli vera opinber mál ríkisins og hver skuli vera staða annarra tungumála. Nú er engu slíku til að dreifa hér á landi en eigi að síður er það mat margra að allan vara þurfi að hafa á vegna þess hversu allt umhverfi verður sífellt alþjóðlegra, jafnt á sviði atvinnu- sem menningarlífs.

Ákvæði sem lúta að íslenskri tungu eru á víð og dreif í lögum. Eigi að síður var það mat nefndarinnar að almenn löggjöf um tunguna væri nauðsynleg henni til styrktar, jafnt innan lands sem á alþjóðavettvangi. Slíkri löggjöf til fyllingar mætti síðan setja sérákvæði í einstök lög.

Sérstakt álitaefni var hvort ástæða væri til að mæla í stjórnarskrá fyrir um stöðu tungunnar sem opinbers máls íslenska ríkisins. Ákvæði sem lúta að tungumálum er að finna í stjórnarskrám 158 ríkja en einungis í 26 stjórnarskrám er tungumála að engu getið. Í mörgum stjórnarskrám Evrópuríkja er berum orðum mælt fyrir um hvaða tungumál sé opinbert mál ríkisins. Tillögur um slíkt stjórnarskrárákvæði bárust nefndinni frá Háskólanum í Reykjavík, Sýslumannafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Íslenskri málnefnd. Nefndin taldi ekki tímabært að svo stöddu að setja slíkt ákvæði í stjórnarskrá. Hins vegar taldi nefndin rétt að huga að því þegar íslenska stjórnarskráin yrði endurskoðuð og þá hvort setja ætti önnur ákvæði um grunneinkenni þjóðarinnar, þjóðfána, skjaldarmerki, þjóðsöng svo að dæmi séu nefnd.

Við undirbúning frumvarpsins var haft samráð við helstu hagsmunaaðila á sviði íslenskrar tungu og táknmálsins. Tillaga að frumvarpinu var send þeim til umsagnar í október 2010 og bárust umsagnir frá fjórum aðilum (Íslenskri málnefnd, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Lagastofnun Háskóla Íslands). Við endanlegan frágang frumvarpsins var tekið tillit til þeirra þannig að íslensku táknmáli er að tillögu Íslenskrar málnefndar og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra veitt aukið vægi sem fyrsta tungumáli þess hluta þjóðarinnar sem reiðir sig á það til tjáningar og samskipta (3. gr.), nefndarmönnum í Íslenskri málnefnd er að tillögu Íslenskrar málnefndar fjölgað úr 15 í 18 (5. gr.) og lagt er til að sett verði á fót málnefnd fyrir íslenskt táknmál (6. gr.) að tillögu Íslenskrar málnefndar og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessu ákvæði er almenn yfirlýsing um stöðu íslenskrar tungu sem þjóðtungu Íslendinga og opinbers máls íslenska ríkisins. Nánari fyrirmæli um hvað það felur í sér er í 2. gr. Slík almenn yfirlýsing hefur einkum gildi við túlkun ákvæða í þessum lögum sem öðrum.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. segir hvað það merki að íslenska sé tunga íslensku þjóðarinnar og þá opinbert mál íslenska ríkisins. Þessu fylgir að íslensk tunga eigi að vera fullkomið mál í þeim skilningi að það sé nothæft og notað á öllum sviðum samfélagsins, innan stjórnsýslunnar, fyrir dómstólum, á vettvangi stjórnmála, í menntakerfinu, nánar tiltekið í skólum landsins allt til stúdentsprófs og í grunnnámi á háskólastigi, almennt í menningarlífi og á öllum sviðum atvinnulífs, þar á meðal á vinnumarkaði. Í þessu felst að stuðla beri að því að íslenska sé almennt notuð í samskiptum manna innan afmarkaðra starfshópa en þó einkum við þá sem standa utan við þá. Sem dæmi má nefna hópa sérfræðinga sem nota gjarnan eigið tungutak sem almenningur skilur ekki og málfar þeirra er ekki alltaf vandað en torvelt kann að vera að fylgja úrbótakröfum eftir. Hins vegar má krefjast þess að menn vandi málfar sitt í samskiptum við þá sem eru utan starfshópsins og þá ekki síst þegar máli er beint til alls almennings.

Samkvæmt þessu á hverjum þeim sem býr og starfar hér á landi að nægja að hafa vald á íslensku til eðlilegrar þátttöku í málefnum þjóðfélagsins, til að geta rækt þar skyldur sínar og gætt réttinda sinna. Ákvæðið tekur til íslenskra ríkisborgara eins og þeir eru skilgreindir í lögum nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt, og erlendra ríkisborgara sem búa hér á landi.

Af þessu leiðir að þeim sem búa hér á landi skal gefinn kostur á að læra íslensku eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. Þeim sem hér búa og hafa ekki náð fullnægjandi tökum á íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi skal veitt aðstoð við þýðingar, eftir atvikum með aðstoð túlka. Fyrirvari er gerður um almenna þátttöku og er þá sérstaklega átt við hvers konar samskipti við fyrirsvarsmenn ríkis og sveitarfélaga og almenn samskipti við landsmenn svo sem í viðskiptum og þátttöku í félagsstarfi. Hins vegar á greinin ekki við um sérstaka þátttöku eins og framboð til trúnaðarstarfa, þýðingar á ritum og fyrirlestrarhald, svo að dæmi séu nefnd. Um búsetu skal þjóðskrá lögð til grundvallar.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að íslenskt táknmál hljóti opinbera viðurkenningu sem mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga. Með því er íslensku táknmáli gert jafnhátt undir höfði í samskiptum og íslenskri tungu. Áréttað er að þeir sem þurfi á táknmáli að halda, hvort sem það er fyrsta mál eða þegar sú þörf kemur upp síðar á ævinni, skuli eiga þess kost að læra, tileinka sér og nota táknmálið. Í ákvæðinu er við það miðað að þeir Íslendingar sem þurfa geti tileinkað sér íslenskt táknmál án hindrunar og notað það eftir því sem aðstæður frekast leyfa í daglegu lífi sínu þannig að þeir megi líta á það sem móðurmál sitt. Um búsetu er miðað við það sem greinir í þjóðskrá.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um sérstaka ábyrgð almannastofnana, ríkis og sveitarfélaga, á því hvernig íslenska er notuð og hvernig hún þróast. Einkum og sér í lagi ber starfsmönnum slíkra stofnana að gæta íslenskrar tungu á þeim sviðum sem starfsemi stofnunar nær til þannig að hún sé í reynd virk sem þjóðtunga og þróist í samræmi við það. Með almannastofnun er átt við stjórnsýslustofnanir ríkis og sveitarfélaga og stofnanir sem veita almenna þjónustu. Einnig er mælt fyrir um að stofnanir þær sem hlut eiga að máli leiti samstarfs við Íslenska málnefnd um leiðbeiningar og stuðning en ætla má að slíkt hlutverk verði nánar útfært í reglugerð um Íslenska málnefnd.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skyldu íslenska ríkisins til að styðja við þróun, rannsóknir, kennslu og útbreiðslu íslensks táknmáls og menningu, menntun og fræðslu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um það hlutverk nefndar um íslenskt táknmál að vera til ráðgjafar varðandi mótun málstefnu og stöðu íslenska táknmálsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að fylgjast með framkvæmd laganna. Er þar gert ráð fyrir ráðuneytið geti kallað eftir skýrslum frá opinberum stofnunum um framkvæmd laganna.

Um 5. gr.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 40/2006, um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, starfar Íslensk málnefnd innan vébanda stofnunarinnar. Með lögunum voru fimm stofnanir sem sinna íslenskum fræðum sameinaðar, svo sem nánar er fyrir mælt í ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum.

Eðlilegra þykir að ákvæði um málnefndina sé í lögum um íslenska tungu og að hún starfi sjálfstætt samkvæmt ákvæðum þeirra. Því er hér lagt til að ákvæði 9. gr. laga nr. 40/2006 verði fært inn í lagafrumvarp þetta og verði 5. gr. Áfram er gert ráð fyrir því að Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gegni því hlutverki sem lýst er í c-lið 3. gr. laganna en þar segir að stofnunin skuli stuðla að aukinni þekkingu á íslenskri tungu, eflingu hennar og varðveislu í ræðu og riti og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli, þar á meðal um íðorð og nýyrði.

Við skipan Íslenskrar málnefndar er lögð áhersla á að hún sé skipuð fulltrúum þeirra sviða samfélagsins er mest fást við tungumálið í daglegum störfum sínum. Með nokkrum rétti mætti halda því fram að sá hópur sé einsleitur og því er talið eðlilegt að Íslenskri málnefnd sé heimilt að bjóða einum eða tveimur mönnum setu í nefndinni til að víkka svið hennar og laga að aðstæðum og viðfangsefnum hverju sinni. Taka má sem dæmi að ef Íslensk málnefnd hefði hugsað sér að vinna sérstaklega að máli og málnotkun í fjölmiðlum þá gæti hún fengið

til liðs við sig tvo viðbótarfulltrúa úr fjölmiðlum. Einnig mætti hugsa sér viðbótarfulltrúa úr atvinnulífi eða af öðrum sviðum, allt eftir viðfangsefnum Íslenskrar málnefndar hverju sinni.

Breytingar eru á skipan Íslenskrar málnefndar og var þeim fjölgað sem eru skipaðir í nefndina. Þýðingar eru mikilvægur þáttur í íslensku samfélagi enda er brýnt að Íslendingar eigi kost á skjótri og traustri miðlun fjölbreytilegra texta á milli ólíkra menningarheima. Túlkun er líka mikilvægur og vaxandi þáttur með auknum alþjóðlegum samskiptum og því er lagt til að Bandalag þýðenda og túlka eigi fulltrúa í Íslenskri málnefnd. Litið er til þess hversu mikilvægt íðorðastarf og rækt við sérfræðimál er fyrir vöxt og viðgang íslensku og því er lagt til að Staðlaráð Íslands fái einn fulltrúa í Íslenskri málnefnd. Þar sem almenningsbókasöfn eru íslenskri tungu afar mikilvæg og gegna veigamiklu málræktarhlutverki með hvatningu til bóklestrar er lagt til að almenningsbókasöfn fái fulltrúa í Íslenskri málnefnd með tilnefningu frá Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræðinga. Íslensk málnefnd hefur birt stefnuskrá fyrir árin 2006–2010 og þar segir:

„Á tímum hraðvaxandi alþjóðasamskipta þar sem notkun erlendra tungumála, einkum ensku, verður æ ríkari þáttur í íslensku samfélagi er brýnt að tryggja stöðu íslenskrar tungu. Eitt af mikilvægustu verkefnum Íslenskrar málnefndar er að vinna markvisst að því að íslenska haldi gildi sínu í þessu breytta umhverfi og verði áfram nothæf og notuð á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.“

Þetta er í fullu samræmi við markmið frumvarpsins.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að starfandi verði málnefnd um íslenskt táknmál sem er ætlað það meginhlutverk að vinna að eflingu íslensks táknmáls, styrkja stöðu þess og virðingu og beita sér fyrir aðgerðum til varðveislu þess. Í þessu felst m.a. að vinna að samræmi í táknanotkun og annarri stöðlun íslensks táknmáls sem tjáningarmiðils eftir því sem eðlilegt þykir og skynsamlegt getur talist. Málnefnd um íslenskt táknmál er ætlað að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvað eina er varðar íslenskt táknmál, til að mynda skal leita umsagnar málnefndarinnar áður en settar eru reglugerðir eða annars konar fyrirmæli um íslenskt táknmál að svo miklu leyti sem einstök atriði heyra ekki undir aðra samkvæmt öðrum lögum. Lagt er til að skrifstofa málnefndar um íslenskt táknmál verði í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, líkt og skrifstofa Íslenskrar málnefndar.

Um 7. gr.

Hér er orðuð almenn regla sem segja má að hafi gilt þótt einungis hafi verið fest í lög á sviði dómsýslu og réttarfars. Um Alþingi má þó minna á að í 43. gr. tilskipunar um stiftun sérlegrar ráðgefandi samkomu fyrir Ísland, er á að nefnast Alþing, frá 8. mars 1843, er sú meginregla orðuð að íslenska sé mál þingsins.

Reglan í ákvæðinu felur annars í sér að íslenska skuli notuð hvarvetna í opinberri sýslu, jafnt í skriflegum sem munnlegum samskiptum. Hér er orðuð meginregla sem kann þó að vera óhjákvæmilegt að víkja frá við sérstakar aðstæður.

Samkvæmt þessu ber að þýða skjöl sem koma til kasta Alþingis á erlendum málum. Í lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála, er svo fyrir mælt að þingmálið sé íslenska, sbr. 10. gr., og í 12. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, er enn fremur mælt fyrir um túlkaþjónustu. Sama á við um stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga þótt ekki styðjist það við bein lagafyrirmæli.

Þessi meginregla tekur almennt til notkunar tungumálsins við meðferð mála, töku ákvarðana og við framkvæmdir sem verulegu máli skipta í starfsemi ríkisins. Þetta á við hvers konar pólitískar ákvarðanir, rekstur mála fyrir dómstólum og meðferð mála í stjórnsýslunni. Samkvæmt þessu skal íslenska notuð í lögum og lögskýringargögnum, dómum og úrskurðum dómstóla, úrskurðum stjórnvalda, bókunum, fundargerðum, við setningu reglugerða, í starfsskýrslum og öðrum áþekkum gögnum svo að það helsta sé nefnt. Starfsemi Alþingis lýtur þessu ákvæði en í núgildandi lögum er hvergi mælt fyrir um að íslenska sé mál þingsins enda væntanlega talið svo sjálfsagt að ekki þurfi að taka það fram. Öðru máli gegnir um réttarfarslög eins og áður er tekið fram. Engin ákvæði eru um íslenska tungu í stjórnsýslulögum en þó má ætla að í opinberri sýslu hljóti að reyna á notkun hennar vegna samskipta við erlendar þjóðir og fjölda manna sem búsettir eru á Íslandi og kunna ekki íslensku.

Með orðunum framkvæmdir og almannaþjónusta er einkum átt við starfsemi sem ríki og sveitarfélög standa að og aðra starfsemi sem er kostuð af almannafé eða nýtur styrks að hluta eða öllu leyti þótt einkaaðilar standi að henni. Sem dæmi má nefna verktöku við opinberar framkvæmdir, rekstur skóla og sjúkrastofnanir.

Ef gera á undantekningu frá meginreglunni verður að vera til þess sérstök heimild í lögum. Þegar þörf er á að texti sé birtur á öðru máli en íslensku skal það gert með þýðingu á íslenska frumtextanum. Á mörgum sviðum, einkum í stjórnsýslunni, hljóta samskipti að fara fram á öðrum málum og má hér nefna samskipti íslenskra yfirvalda og yfirvalda einstakra erlendra ríkja og samskipti við alþjóðastofnanir og samtök, munnleg samskipti milli stjórnvalda og borgaranna, t.d. á sviðum sem snúa að erlendum mönnum búsettum hér.

Í 2. mgr. 4. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, segir að heimilt sé að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar og annarrar sérhæfingar.

Einnig má benda á lög um loftferðir, nr. 60/1998, þar sem segir í 140. gr. að Flugmálastjórn skuli í flugmálahandbók birta ákvarðanir þær sem teknar eru á grundvelli laganna og settar eru samkvæmt þeim. Þessar ákvarðanir skuli vera „á íslensku eða ensku eftir því sem við á“. Í reglugerð nr. 326/2000, um flugmálahandbók, er nánar mælt fyrir um þetta en þar segir að heimilt skuli að „birta tæknilega staðla á ensku eingöngu“.

Sérstakt viðfangsefni eru sendiráð Íslands og sendifulltrúar erlendis. Dæmi eru um að við sendiráð og aðrar opinberar skrifstofur erlendis starfi fólk sem er ekki mælt á íslenska tungu. Þá er óhjákvæmilegt að nota annað mál en íslensku á þeim vettvangi, jafnvel innan sendiráðs og sendiskrifstofu. Hér er því vandkvæðum bundið að setja almenn fyrirmæli um á hvaða sviðum skuli nota íslensku. Þetta verður að vega og meta hverju sinni.

Um 8. gr.

Um 1. mgr. má vísa til athugasemda við 7. gr. frumvarpsins þar sem í réttarfarslögum er mælt fyrir um þjónustu túlka.

Í 2. mgr. segir að stjórnvöld skuli leitast við að veita þeim sem skilur ekki íslensku nauðsynlega þjónustu. Rétt er og eðlilegt að stjórnvald meti það hverju sinni hvernig að skuli staðið, svo sem hvort starfsmenn geti leyst úr eða kalla þurfi til túlka.

Hér má minna á Norðurlandasamning um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi frá 17. júní 1981 en Ísland gerðist aðili að samningnum 17. júní 1987.

Um 9. gr.

Í starfsemi ríkis og sveitarfélaga er sjálfsagt að allur almenningur skilji það tungutak sem notað er í textum sem eiga að vera aðgengilegir öllum, svo sem í lögum og öðrum almennum fyrirmælum, í dómum og úrskurðum dómstóla, í úrlausnum stjórnvalda og við aðrar ákvarðanir sem fyrirsvarsmenn stjórnvalda taka.

Ákvæðið á sérstaklega við um samskipti yfirvalda og annarra sem hafa með höndum opinbera sýslu sem snertir almenning á þeim sviðum sem starfsemi þeirra nær til. Skýr og skilmerkilegur texti er sérstaklega brýnn í dómum, úrskurðum og öðrum athöfnum dómstóla og enn fremur í þeim ákvörðunum stjórnvalda sem snerta einstaklinga. Í slíkum textum er mál jafnan formlegt og jafnvel tæknilegt en þá er mikilvægt að vandað sé til framsetningar.

Skýrt orðfæri er ekki takmarkað við ritaðan texta heldur einnig talað mál. Hér er einkum haft í huga hvernig orðum er hagað við umræður innan stofnana þjóðfélagsins, svo sem við umræður á Alþingi, við munnlegan málflutning og aðra meðferð mála fyrir dómstólum og innan stjórnvaldsstofnana ríkis og sveitarfélaga. Með orðunum vandað mál er átt við að fylgt skuli viðteknum hefðum og reglum, greinargóðu orðavali, réttum beygingum og eðlilegri orðaskipan. Með kröfu um að mál skuli vera einfalt er átt við að það skuli vera sem næst venjulegu vönduðu talmáli og með kröfu um að það sé skiljanlegt er átt við að málfari skuli hagað þannig að viðtakandi megi skilja.

Um 10. gr.

Mikilvæg forsenda þess að íslenska verði nothæf sem opinbert mál íslenska ríkisins er að stöðugt sé unnið að orðasmíð sem fylgir framvindu mála í vísindum og fræðum, þar á meðal tækniþróun, á öllum sviðum og þá þannig að íslensk fræðiorð séu notuð. Eðli málsins samkvæmt hvílir skyldan til að sjá til þess að íslenskur fræðiorðaforði á ólíkum sviðum eflist jafnt og þétt, sé öllum aðgengilegur og notaður sem víðast, einkum hjá æðstu stjórnvöldum hvers stjórnsýslusviðs. Auk þess hvílir þessi skylda á oddvitum fræðasamfélagsins í heild og þá sérstaklega stjórnendum háskóla og einstakra stofnana þeirra, enn fremur á stjórnendum sjálfstæðra rannsóknarstofnana og fræðasetra.

Sér til fulltingis geta stjórnvöld leitað til Íslenskrar málnefndar, sbr. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um að íslenska sé opinbert mál Íslands á alþjóðavettvangi. Staða tungumáls, sem nýtur réttarstöðu opinbers máls í ríki, skiptir einnig máli utan lands og þá í alþjóðlegum samskiptum. Íslenska hefur hingað til í reynd verið opinbert mál Íslands bæði innan lands og á alþjóðavettvangi þótt ekki styðjist það við bein lagafyrirmæli. Þegar fyrirhugað er að lögfesta stöðu íslenskrar tungu sem þjóðtungu Íslendinga er rétt að tekið sé fram í lögunum að íslenska sé opinbert mál Íslands á alþjóðavettvangi. Hér er miðað við að fulltrúar Íslands komi þannig fram fyrir hönd ríkisins í tvíhliða eða marghliða samskiptum við önnur ríki og alþjóðastofnanir.

Notkun íslensku á alþjóðavettvangi er raunhæft viðfangsefni en hún ræðst af framkvæmd og hefðum sem mótast hafa á hverju samskiptasviði. Nær ávallt er íslenska smáþjóðarmál og fulltrúar Íslendinga í samskiptum við önnur ríki og á alþjóðavettvangi verða nær alltaf að notast við eitthvert hinna útbreiddari tungumála – oftast ensku.

Tilgangurinn með þessu ákvæði er að minna á að íslensku beri að nota þegar hin opinberu mál þátttökulanda eru notuð, t.d. við gerð lagatexta og þjóðréttarsamninga. Með því er ekkert

sagt um það hvort og að hve miklu leyti íslenska sé opinbert mál innan hinna mörgu alþjóðasamtaka. Sú er hvergi raunin en innan Evrópusambandsins hefði hún þó slíka stöðu. Ekki er tilgangurinn með þessu lagafrumvarpi að íslensku verði haldið fram í alþjóðlegum samskiptum umfram það sem verið hefur. Tilgangurinn er sá að færa í lög þau viðhorf til málnotkunar sem hingað til hafa verið ráðandi í samskiptum ríkja og árétta það sem jafnan er tekið fram um tungumál í alþjóðasamningum.

Hér má sem dæmi nefna 129. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, fylgiskjal I, sbr. lög nr. 2/1993. Þar segir að samningurinn sé gerður í einu frumriti á tungumálum sem síðan eru talin upp, þar á meðal er íslenska. Tekið er fram að hver þessara texta sé jafngildur. Þessu næst segir að textar gerða, sem vísað sé til í viðaukunum, séu jafngildir á þeim tungumálum sem þar eru talin upp eins og þeir birtast í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og skuli með tilliti til jafngildingar gerðir á íslensku og norsku og birtir í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Þessi ákvæði eru ítarlegri en almennt gerist og þjóðtungunum gert hærra undir höfði en almennt er tíðast. Ákvæði sem lúta að tungumálum samningsaðila eru í flestum milliríkjasamningum, jafnt alþjóðasamningum sem samningum milli einstakra ríkja. Í alþjóðasamningum er mælt fyrir um tungur stórþjóða, áður oftast ensku og frönsku en nú tungur helstu stórþjóða, en í tvíhliða samningum eru talin upp mál samningsaðila og þá jafnframt tekið fram að báðir eða allir textar séu jafngildir. Í slíkum ákvæðum birtist sú regla að íslenska sé opinbert mál Íslands á alþjóðavettvangi.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu ríkis og sveitarfélaga til að veita hverjum og einum aðgang að íslensku táknmáli. Nánari ákvæði um það hvernig standa skuli að því að fullnægja þessum skyldum er að finna í ýmsum lögum, einkum á sviði menntamála. Einnig er kveðið á um ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á að hlúa að íslensku táknmáli, þróun þess og notkun. Þá er kveðið á um jafna stöðu íslensks táknmáls og íslenskrar tungu til samskipta.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Markmið frumvarpsins er að festa í lög ákvæði um stöðu íslenskrar tungu og mæla fyrir um varðveislu hennar, þróun, nothæfi og aðgengi að henni. Þá er frumvarpinu einnig ætlað að skýra stöðu íslensks táknmáls, m.a. sem fyrsta máls heyrnarlausra, og að það verði gert jafnrétthátt íslensku í samskiptum manna í millum.

Í frumvarpinu er kveðið á um notkun íslenskrar tungu innan Alþingis, dómstóla og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Þá er kveðið á um að íslenska táknmálið sé jafnrétthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum og að stjórnvöld skuli tryggja þeim sem þörf hafa fyrir það aðgang að íslensku táknmáli. Einnig er í frumvarpinu mælt fyrir um að stjórnvöld leitist við

að tryggja aðstoð við þá einstaklinga sem ekki skilja íslensku við að skilja gögn sem skipta þá máli. Hins vegar er ekki kveðið á um rétt þeirra sem nota táknmál eða útlendinga sem ekki skilja íslensku til aðstoðar heldur felur frumvarpið í sér almenn stefnumið sem útfærð eru í öðrum lögum á einstökum málasviðum, eins og t.d. í löggjöf um meðferð einkamála og sakamála, löggjöf um skólamál, lögum um félagsþjónustu og stjórnsýslulögum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að í Íslenskri málnefnd verði nefndarmönnum fjölgað um fjóra eða í 19 en í dag eiga 15 manns sæti í nefndinni. Enn fremur kveður frumvarpið á um að skipa eigi fimm menn til setu í málnefnd um íslenska táknmálið. Frumvarpið gerir ráð fyrir að nefndirnar hafi skrifstofu hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum líkt og Íslensk málnefnd hefur nú og má ætla að útgjaldaaukning vegna þeirra verði óveruleg og rúmist innan núverandi fjárheimildar stofnunarinnar. Um er að ræða kostnað við þóknanir vegna fjölgunar nefndarmanna sem samtals gætu aukist árlega um allt að 1,5 m.kr.

Ekki er ástæða til að ætla að ákvæði frumvarpsins um réttindi til náms í íslensku og íslensku táknmáli og rétt til túlkaþjónustu fyrir þá sem ekki skilja íslensku þurfi beinlínis að hafa í för með sér breytingar á núverandi framkvæmd. Áætlað er að um 300 einstaklinar noti táknmál sem fyrsta mál. Kostnaður ríkissjóðs vegna túlkaþjónustu við þennan hóp dreifist víða um samfélagið og fer að mestu í gegnum Samskiptamiðstöð heyrnarlausra en framlög til hennar á fjárlögum nema rúmlega 60 m.kr. á yfirstandandi ári. Þá má ætla að kostnaður ríkissjóðs vegna túlkaþjónustu við erlenda ríkisborgara nemi nú um 50 m.kr. á ári., auk þess sem ríkissjóður veitir árlega um 120 m.kr. til íslenskukennslu handa útlendingum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má því ætla að útgjöld ríkissjóðs aukist um allt að 1,5 m.kr. á ársgrunni. Telja má að slík minni háttar breyting rúmist í rekstrarveltu Stofnunar Árna Magnússonar þótt mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi ekki gert sérstaklega ráð fyrir því í forsendum fjárveitinga í fjárlögum ársins 2011.

871. Svar [193. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um sáttamiðlun.

1. *Er ráðherra sammála niðurstöðu nefndar um mat á árangri tilraunar með sáttamiðlun í sakamálum og ef svo er, hyggst ráðherra hrinda tillögum nefndarinnar í framkvæmd?*

Ráðherra er sammála því að árangur af tilraunaverkefninu hafi verið góður. Með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar er það mat ráðherra að sáttamiðlun ætti að geta orðið varanlegur hluti af íslenska réttarkerfinu. Því hefur verið beint til ríkissaksóknara að beita úrræðinu áfram, til samræmis við framkvæmd á tilraunatímabilinu, þar á meðal að sömu brot og tilraunaverkefnið náði til verði andlag sáttamiðlunar. Hefur því enn fremur verið beint til ríkissaksóknari að hann kynni fyrirmæli sín um sáttamiðlun að nýju fyrir lögregluumdæmum landsins og hvetji til notkunar á úrræðinu. Með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar ber að geta þess að stefnumótun í málefnum ósakhæfra ungmenna er utan verkefnasviðs innanríkisneytisins en lokaskýrsla nefndarinnar um tilraunaverkefnið hefur verið send velferðarráðuneytinu til kynningar.

2. *Telur ráðherra ástæðu til að heimildir til sáttamiðlunar nái til fleiri brotaflokka en tilraunin tók til?*

Að svo stöddu telur ráðherra ekki ástæðu til að víkka út heimild úrræðisins svo það nái til fleiri brotaflokka en tilraunin tók til.

3. *Hefur ráðherra hug á að beita sér fyrir því að ákvæði um sáttamiðlun verði tekin upp í lög?*

Sáttamiðlun í opinberum málum hefur lagastoð í ákvæði 146. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Þar segir í b-lið 3. mgr. að falla megi frá saksókn ef sakborningur og brotaþoli hafa komist að samkomulagi og sakborningur efnt það fyrir sitt leyti. Að mati ráðherra er ótímabært að leggjast í umfangsmikla vinnu við laga- og/eða reglugerðarbreytingar vegna úrræðsins að svo stöddu, æskilegra er að fá meiri reynslu á úrræðið áður en slík vinna hefst. Að tveimur árum liðnum verði gerð úttekt á framkvæmd og nýtingu sáttamiðlunar, og að nýju metin þörf á frekari lagabreytingum.

872. Svar [461. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

1. *Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.*

Á tímabilinu frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2010 hafa ráðuneytið og stofnanir þess verið áskrifendur að eftirfarandi dagblöðum og héraðsfréttablöðum:

Dagblöð í áskrift	**Stofnun**	**Fjöldi eintaka**	**Vef-áskrift**	**Pappírs-áskrift**
Bændablaðið	Borgarholtsskóli	1		1
Bændablaðið	Verkmenntaskólinn á Akureyri	1		1
Bændablaðið	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1		1
	Samtals:	*3*		
DV	Háskólinn á Akureyri	1		1
DV	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1		1
DV	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	1		1
	Samtals:	*3*		
Fréttablaðið	Borgarholtsskóli	3		3
Fréttablaðið	Háskólinn á Akureyri	1		1
Fréttablaðið	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1		1
Fréttablaðið	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	1		1
Fréttablaðið	Verkmenntaskólinn á Akureyri	1		1
	Samtals:	*7*		
Fréttatíminn	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1		1
	Samtals:	*1*		

Dagblöð í áskrift	Stofnun	Fjöldi eintaka	Vef-áskrift	Pappírs-áskrift
Lögbirtingablaðið	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	1	1	
Lögbirtingablaðið	Lánasjóður íslenskra námsmanna	2	1	2
	Samtals:	*3*		
Morgunblaðið	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	2		2
Morgunblaðið	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	2	1	2
Morgunblaðið	Háskóli Íslands	5		5
Morgunblaðið	Iðnskólinn í Hafnarfirði	1	1	1
Morgunblaðið	Íslenski dansflokkurinn	1		1
Morgunblaðið	Kvikmyndasafn Íslands	1	1	1
Morgunblaðið	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1		1
Morgunblaðið	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1		1
Morgunblaðið	Menntaskólinn á Ísafirði	1	1	1
Morgunblaðið	Rannsóknamiðstöð Íslands	1	1	1
Morgunblaðið	Þjóðmenningarhúsið	1	1	1
Morgunblaðið	Þjóðskjalasafn Íslands	1	1	1
	Samtals:	*18*		
Morgunblaðið + gagnagrunnur	Borgarholtsskóli	1	1	1
Morgunblaðið + gagnagrunnur	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	1	1	1
Morgunblaðið + gagnagrunnur	Fjölbrautaskóli Suðurlands	1	1	1
Morgunblaðið + gagnagrunnur	Fjölbrautaskóli Vesturlands	1	1	1
Morgunblaðið + gagnagrunnur	Háskólinn á Akureyri	3	1	2
Morgunblaðið + gagnagrunnur	Hólaskóli – Háskólinn á Hólum	1	1	1
Morgunblaðið + gagnagrunnur	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	6	1	6
Morgunblaðið + gagnagrunnur	Menntaskólinn að Laugarvatni	1	1	1
Morgunblaðið + gagnagrunnur	Menntaskólinn við Hamrahlíð	1	1	1
Morgunblaðið + gagnagrunnur	Menntaskólinn við Sund	2	1	2
Morgunblaðið + gagnagrunnur	Verkmenntaskólinn á Akureyri	1	1	1
Morgunblaðið + gagnagrunnur	Þjóðminjasafnið	1	1	1
	Samtals:	*20*		
Viðskiptablaðið	Háskólinn á Akureyri	1		1
Viðskiptablaðið	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1		1
Viðskiptablaðið	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	6		6
	Samtals:	*8*		
Samtals		**63**		

Héraðsfréttablöð í áskrift	Stofnun	Fjöldi eintaka	Pappírs-áskrift
Austurglugginn	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1	1
Austurglugginn	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1	1
Árbók Þingeyinga	Þjóðminjasafnið	1	1
Árnesingur	Þjóðminjasafnið	1	1
Ársrit Sögufélags Ísfirðinga	Þjóðminjasafnið	1	1
Bæjarins besta	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	2	2
Dagskráin (útg. á Selfossi)	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1	1
Feykir	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	2	2
Feykir	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	3	3
Feykir	Hólaskóli – Háskólinn á Hólum	1	1
Fréttir (útg. í Vestmannaeyjum)	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	2	2
Glettingur	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1	1
Glettingur	Þjóðminjasafnið	1	1
Goðasteinn	Þjóðminjasafnið	1	1

Héraðsfréttablöð í áskrift	Stofnun	Fjöldi eintaka	Pappírs-áskrift
Hellan	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	2	2
Hellan	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	1	1
Norðurslóð	Þjóðminjasafnið	1	1
Norðurslóð	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1	1
Skaftfellingur	Þjóðminjasafnið	1	1
Skagfirðingabók	Þjóðminjasafnið	1	1
Skarpur	Framhaldsskólinn á Laugum	1	1
Skarpur	Framhaldsskólinn á Húsavík	1	1
Skarpur	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	2	2
Skessuhorn	Menntaskóli Borgarfjarðar	1	1
Skessuhorn	Fjölbrautaskóli Vesturlands	1	1
Skessuhorn	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1	1
Skessuhorn	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	1	1
Sunnlenska fréttablaðið, 9 mán.	Menntaskólinn að Laugarvatni	1	1
Sunnlenska fréttablaðið	Fjölbrautaskóli Suðurlands	1	1
Sunnlenska fréttablaðið	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1	1
Súlur – norðlenskt tímarit	Þjóðminjasafnið	1	1
Vikudagur	Verkmenntaskólinn á Akureyri	1	1
Vikudagur	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	2	2
Vikudagur	Menntaskólinn á Tröllaskaga	1	1
Vikudagur	Háskólinn á Akureyri	2	2
Samtals		**44**	

2. *Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.*

Á árinu 2010 greiddu ráðuneytið og stofnanir þess samtals 2.400.847 kr. fyrir áskrift að dagblöðum og 526.464 kr. fyrir áskrift að héraðsfréttablöðum er sundurliðast þannig:

Dagblöð í áskrift árið 2010	kr./ár
Bændablaðið	12.400
DV	91.340
Fréttablaðið	110.082
Fréttatíminn	0
Lögbirtingablaðið	4.500
Morgunblaðið	781.765
Morgunblaðið + gagnagrunnur	1.045.211
Viðskiptablaðið	355.549
Samtals	**2.400.847**

Héraðsfréttablöð í áskrift árið 2010	kr./ár
Austurglugginn	17.400
Árbók Þingeyinga	2.800
Árnesingur	2.500
Ársrit Sögufélags Ísfirðinga	2.600
Bæjarins besta	34.860
Dagskráin (útg. á Selfossi)	0
Feykir	86.564
Fréttir (útg. í Vestmannaeyjum)	24.180
Glettingur	6.000
Goðasteinn	4.440

Héraðsfréttablöð í áskrift árið 2010	kr./ár
Hellan	18.000
Norðurslóð	5.260
Skaftfellingur	3.500
Skagfirðingabók	5.000
Skarpur	79.200
Skessuhorn	76.140
Sunnlenska fréttablaðið	41.050
Súlur – norðlenskt tímarit	116.970
Samtals	**526.464**

873. Tillaga til þingsályktunar [534. mál]

um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Atli Gíslason, Oddný G. Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Eygló Harðardóttir, Róbert Marshall, Árni Johnsen, Margrét Tryggvadóttir.

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að hefja undirbúning að flutningi Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar.

Greinargerð.

Fyrir nokkru sendu allir tíu þingmenn Suðurkjördæmis og oddvitar meiri hluta og minni hluta í sveitarstjórnum á Suðurnesjum, áskorun til ríkisstjórnarinnar um að taka ákvörðun um flutning Landhelgisgæslunnar á Suðurnes. Þar var hvatt til þess að lokið yrði hið fyrsta við skoðun á kostum þess að flytja starfsemi Landhelgisgæslunnar á Suðurnes og að þær væntingar sem Suðurnesjayfirlýsing ríkisstjórnarinnar vakti um flutninginn næðu fram að ganga.

Umræða um flutning stofnunarinnar í hentugt og rúmgott húsnæði á Ásbrú á Vallarheiði hefur staðið um nokkurra missira skeið. Að mati flutningsmanna fylgja fjölmargir kostir því að flytja starfsemi Landhelgisgæslunnar á Suðurnesin, nánar tiltekið á Ásbrú. Slæmt atvinnuástand á svæðinu þrýstir á að öllum ákvörðunum sem tengjast starfsemi þar sé hraðað sem kostur er. Miklu skiptir að tekin verði ákvörðun og óvissu um framgang málsins verði eytt.

Á Ásbrú er afar heppileg aðstaða fyrir starfsemi Landhelgisgæslunnar til framtíðar. Þar er húsnæði, flugbrautir, góð hafnaraðstaða og stoðkerfi sem fullnægir þörfum Landhelgisgæslunnar að öllu leyti. Stórt og fullkomið flugskýli er á Ásbrú en árið 2000 var það endurnýjað. Njarðvíkurhöfn getur strax tekið við skipaflota Landhelgisgæslunnar. Frá Reykjanesbæ er stutt á aðalstarfssvæði Landhelgisgæslunnar, hafsvæðið í kringum Ísland. Þá má ætla að aukin starfsemi Landhelgisgæslunnar í kjölfar breytinga á starfsemi Varnarmálastofnunar kalli á stærra húsnæði og nálægð við þau tæki og tól sem heyra undir hana.

Með flutningi Landhelgisgæslunnar á Suðurnes mundi ríkisvaldið sýna í verki stuðning við eflingu atvinnulífs þar auk þess að gera Landhelgisgæsluna að enn öflugri stofnun til hagsbóta fyrir landsmenn alla.

Flutningur Landhelgisgæslunnar á Suðurnes mundi hafa í för með sér margvísleg samlegðaráhrif vegna verkefna sem Varnarmálastofnun sinnti áður og þarf að sinna á öryggis-

svæðinu á Reykjanesi. Landhelgisgæslan er borgaraleg stofnun sem hefur ein íslenskra stofnana möguleika á því að skapa sér trúverðugleika og traust á þessum vettvangi. Stofnunin er því best til þess fallin að sinna samstarfi við aðrar öryggisstofnanir og hefur af því áratuga reynslu.

Með samþættingu verkefna munu möguleikar Landhelgisgæslunnar til að sinna leit og björgun í samstarfi við nágrannaþjóðir margfaldast. Það hefur háð Landhelgisgæslunni að hafa ekki verið með viðeigandi tengimöguleika sem eru til staðar suður frá á sviði leitar og björgunar, öryggis- og löggæslu og umhverfisverndar og auðlindagæslu við stofnanir nágrannaríkja sem flestar eru sjóherir eða stofnanir á vegum hers.

Flutningur verkefna sem Varnarmálastofnun sinnti til Landhelgisgæslunnar tryggir störf þeirra starfsmanna sem þar eru nú þar sem samlegð við gæsluna er með þeim hætti að vel fer saman. Ef af þessu verður munu störfin því ekki flytjast til annarra aðila með tilheyrandi fækkun starfa í Reykjanesbæ.

Þá skiptir máli að á Suðurnesjum fengi Landhelgisgæslan aðstöðu til að sameina alla sína starfsemi og koma sér fyrir til framtíðar á einum stað. Nú er stofnunin með starfsemina dreifða í leiguhúsnæði á mörgum stöðum. Aðstaða fyrir alla starfsemi gæslunnar getur verið í byggingum á varnarsvæðinu og þar er landsvæði sem hægt er að laga að þörfum stofnunarinnar.

Möguleikar eru því fyrir hendi til að skapa mun betri aðstöðu en gæslan býr við á Reykjavíkurflugvelli. Mannvirkin sem um ræðir eru í rekstri og með því að nýta þau undir starfsemi gæslunnar næðist mikil fjárhagsleg hagræðing fyrir ríkið. Hér má nefna stóra flugskýlið 831 en einnig byggingar 126, 127 og 128. Þær má nýta fyrir flugvélar, þyrlur og viðhald. Auk þess er á svæðinu einkar góð hafnaraðstaða: Njarðvíkurhöfn, Keflavíkurhöfn og Helguvíkurhöfn. Úttekt á nauðsynlegum breytingum á hafnaraðstöðu liggur fyrir.

Landhelgisgæslan er nú þegar með aðstöðu á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli sem hún nýtir m.a. fyrir sprengjueyðingarsveitina.

Hætt er við því að um kostnað verði að ræða en ekki hagræðingu ef einungis yrði flutt núverandi starfsemi gæslunnar og ekki kæmi til samlegð vegna nýrra verkefna. Því er nauðsynlegt að þau verkefni sem áður heyrðu undir Varnarmálastofnun og verður haldið áfram verði falin Landhelgisgæslunni.

874. Framhaldsnefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Frá minni hluta viðskiptanefndar.

Við 2. umræðu málsins óskuðu fulltrúar minni hlutans eftir því að frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra um breytingar á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum, gengi til viðskiptanefndar milli 2. og 3. umræðu. Ástæðan fyrir beiðninni var sú að minni hluti nefndarinnar taldi nauðsynlegt að nefndin aflaði sér álits sérfræðinga á sviði samkeppnisréttar á þessu umdeilda frumvarpi.

Við meðferð málsins í viðskiptanefnd komu til fundar við nefndina þeir Hörður Felix Harðarson, hæstaréttarlögmaður og aðjúnkt í samkeppnisrétti við lagadeild Háskóla Íslands, og Heimir Örn Herbertsson, hæstaréttarlögmaður og aðjúnkt við lagadeild Háskólans í

Reykjavík. Veittu þeir nefndinni munnlega umsögn um frumvarpið en skiluðu síðan skriflegri umsögn til nefndarinnar 28. janúar sl., sem fylgir framhaldsnefndaráliti þessu sem fylgiskjal.

Í umsögn sérfræðinganna kemur fram hörð gagnrýni á efni frumvarpsins og þá einkum á það matskennda ákvæði frumvarpsins sem felur í sér mestar breytingar á núgildandi samkeppnislögum, þ.e. b-lið 2. gr. frumvarpsins sem heimilar Samkeppniseftirlitinu að brjóta upp fyrirtæki þó ekki liggi fyrir að nein brot hafi átt sér stað gegn ákvæðum samkeppnislega heldur aðeins ef aðstæður, að mati Samkeppniseftirlitsins, eru með þeim hætti að ætla megi að samkeppni sé ekki fullkomlega virk. Taka sérfræðingarnir því undir þá megingagnrýni sem minni hlutinn hefur sett fram um efni frumvarpsins.

Aðgangshindranir og hröð málsmeðferð.

Í upphafi er rétt að geta þess að í umsögn sérfræðinganna er bent á tvö atriði sem þeir telja öðru fremur að gætu orðið til þess að efla samkeppni eða draga úr þeim aðstæðum sem standa samkeppni helst fyrir þrifum.

Annars vegar benda þeir á að á mörgum mörkuðum hérlendis séu ýmsar hindranir í vegi fyrir því að fyrirtæki geti keppt óhindrað sín á milli um viðskipti við neytendur. Hindranir af þessu tagi, sem sérfræðingarnir nefna aðgangshindranir, séu í flestum eða mörgum tilfellum lykilskýring á því hvernig einstök fyrirtæki geti náð svo sterkri stöðu á markaði að óheppilegt geti talist fyrir framgang samkeppni á honum. Aðgangshindranir af þessu tagi eigi sér mjög oft uppruna í ákvæðum laga eða ákvörðunum stjórnvalda sjálfra. Markvisst afnám slíkra aðgangshindrana af hendi löggjafans og stjórnvalda mundi efla samkeppni mun betur og hraðar en sú aðgerð að fela Samkeppniseftirlitinu þær óljósu heimildir sem í frumvarpinu felast og hér hafa verið nefndar.

Hins vegar benda sérfræðingarnir á að í núgildandi samkeppnislöggjöf séu nokkrar meginreglur hverra skörp og skýr beiting sé úrslitaatriði um hvort samkeppnislögin hafi jákvæð áhrif á samkeppni og þróun markaða eða ekki. Þegar á það reyni hvort fyrirtæki hafi raskað samkeppni með ólögmætu samráði sín á milli eða með misnotkun á markaðsráðandi stöðu sé afar brýnt að niðurstöður fáist um slík álitaefni bæði skjótt og vel. Fyrirtækjum sé nauðsynlegt að vita án dráttar hvernig talið er rétt að túlka og beita þeim leikreglum sem samkeppnislögin byggist á gagnvart raunverulegum aðstæðum á markaði, samningum og hvers kyns markaðsfærslu. Staðreyndin sé hins vegar sú að það geti tekið mörg ár að fá niðurstöðu í slík mál hjá Samkeppniseftirlitinu. Fram kom á fundi nefndarinnar að dæmi væru um að það tæki jafnvel 2–4 ár að fá niðurstöðu í málum sem Samkeppniseftirlitið hefði haft til meðferðar. Slík staða sé með ólíkindum og ef samkeppnislögunum er ætlað að gera gagn og ná í alvöru þeim markmiðum sem lögin stefna að, þ.e. að tryggja hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta með eflingu virkrar samkeppni, neytendum og landsmönnum öllum til hagsbóta, þá sé það langbrýnasta verkefni Alþingis að búa svo um hnútana að Samkeppniseftirlitið geti lokið þeim rannsóknum og athugunum sem lögin útheimta og tekið í öllum tilvikum ákvarðanir í málum sem varða bannreglur laganna innan fárra mánaða í mesta lagi.

Undir þessi sjónarmið tekur minni hlutinn.

Heimild Samkeppniseftirlitsins til að brjóta fyrirtæki upp.

Minni hlutinn hefur helst gagnrýnt það ákvæði frumvarpsins sem heimilar Samkeppniseftirlitinu að skipta fyrirtækjum upp eða fyrirskipa breytingar á skipulagi þeirra án þess að þau hafi gerst sek um brot á samkeppnislögum.

Í umsögn sérfræðinganna er þetta ákvæði frumvarpsins gagnrýnt harðlega og lýsa þeir

miklum efasemdum um að þessi breyting á samkeppnislögunum muni verða til bóta og færa fyrir þeim efasemdum ýmsar ástæður.

Þar vegur þyngst sá alvarlegi fyrirvari fræðimannanna við að uppskiptingarákvæði frumvarpsins standist ákvæði stjórnarskrár Íslands sem verndar eignarrétt, sbr. 72. gr. hennar.

Í umsögn sérfræðinganna segir um þetta atriði: „Hafa verður í huga að fyrirtæki geta náð mikilli markaðshlutdeild eða sterkri markaðsstöðu í huga neytenda með aðgerðum og háttsemi sem er fyllilega lögmæt og eðlileg. Það liggur í eðli samkeppninnar að ekki gengur öllum jafnvel að mæta þörfum viðskiptavina og neytenda og hlutdeild fyrirtækja á markaði breytist eðlilega í samræmi við slíkt. Fyrirhuguð heimild til íhlutunar í aðstæður sem raskað getur samkeppni er ekki takmörkuð á neinn hátt né veitir frumvarpið neina leiðsögn um við hvaða aðstæður nákvæmlega kemur til greina að henni verði beitt, hvaða sjónarmiðum skuli beitt við slíkt mat eða annað. Galopin og matskennd heimild af þessu tagi þar sem ofurtrú er lögð á óskeikulleika stjórnvalds og þar sem útilokað er að gera sér grein fyrir því, með lestri lagatextans, hvenær beitt verður er alls ekki í anda þess réttaröryggis og þeirrar festu sem ríkja þarf um eignarréttindi manna eins og þau eru vernduð í stjórnarskrá. Í öllu falli telja undirritaðir að gera þyrfti rækilega grein fyrir því í greinargerð með frumvarpi þessu hvernig ákvæðin teljast samþýðanleg stjórnarskrá. Þótt heimildir SKE samkvæmt margnefndu lagaákvæði nái ekki til þess að taka eignir eignarnámi án þess að endurgjald komi fyrir þá verður vart deilt um það að handstýrðar breytingar á atferli eða skipulagi fyrirtækis, svo sem með uppskiptingu þess, eru til þess fallnar að hafa veruleg áhrif á verðmæti þeirra. Í raun verður telja að heimildin ein og sér muni hafa áhrif á verðmæti fyrirtækja sem hugsanlega gætu fallið undir hana. Með lögfestingu heimildarinnar verður til óvissuþáttur sem fjárfestar hljóta að þurfa að horfa til.“

Þá gagnrýna sérfræðingarnir í umsögn sinni að uppskiptingarheimild frumvarpsins sé „afar opin“ og feli í sér „óljósa og matskennda reglu“. Þeir benda á að ákvæði samkeppnislaga séu nú þegar að mörgu leyti afar óljós og matskennd og að erfitt sér fyrir stjórnendur fyrirtækja í mjög mörgum tilvikum að gera sér grein fyrir stöðu þeirra gagnvart ákvæðum laganna og nefna í því sambandi ákvæði 11. gr. samkeppnislaga um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Ályktanir um hvort fyrirtæki sé í markaðsráðandi stöðu séu byggðar á mjög matskenndum sjónarmiðum um skilgreiningu markaða og mati á efnahagslegum styrk fyrirtækja á þeim sem gífurlega erfitt geti verið fyrir stjórnendur fyrirtækja að glöggva sig á fyrirfram. Sú óvissa sem af þessu skapast um rekstur fyrirtækja sé mjög óheppileg og feli að sjálfsögðu í sér ágalla á því regluverki sem í samkeppnislögunum felast þótt vera kunni að slíkt sé að einhverju marki óhjákvæmilegt þegar lög af þessu tagi eigi í hlut. Engin ástæða sé hins vegar til þess að auka þessa óvissu verulega með lögfestingu þeirrar heimildar sem hér um ræðir. Mjög brýnt væri að útskýra og afmarka mun nánar, bæði í lagatextanum sjálfum og í greinargerð með frumvarpinu, hvaða aðstæður það teldust vera sem réttlætt gætu beitingu heimildarinnar, hvers konar málsmeðferð þyrfti að eiga sér stað áður en að slíku kæmi, hvaða markaðir það væru sem frumvarpshöfundar teldu að kynnu að sæta slíkri athugun yrði frumvarpið samþykkt o.s.frv. Þá benda sérfræðingarnir á að það sé síður en svo augljóst hvort samkeppni sé virk eða skert á mörgum mörkuðum eða hvað valdi því að markaðir og/eða fyrirtæki hegði sér eða virki með þessum hætti eða hinum. Orsakir og afleiðingar leikist oft á með mjög flóknum hætti og oft sé einfaldlega ekki hægt að greina með neinni fullnægjandi vissu hvers vegna markaði virki eins og þeir virki. Að ætla Samkeppniseftirlitinu að meta þetta og greina og grípa til íþyngjandi íhlutunar gegn fyrirtækjum, og þá um leið eigendum þeirra, án þess að nein lög hafi verið brotin og án neinnar leiðsagnar feli í sér oftrú á getu stjórnvaldsins, hversu vel mannað og skipulagt það teljist annars vera.

Minni hlutinn hefur ítrekað bent á að sé það á annað borð mat löggjafans að aðstæður í atvinnulífinu séu með þeim hætti nauðsynlegt sé að veita Samkeppniseftirlitinu víðtækari valdheimildir en finna má í núgildandi samkeppnislögum verði að gera þá lágmarkskröfu að valdheimildin sé skilgreind með skýrum hætti í lögunum þannig að útfært sé nákvæmlega í lagatexta við hvers konar aðstæður heimildin verði virk, svo sem með vísan til markaðshlutdeildar yfir ákveðnum mörkum, tilgreindri samþjöppun á markaði eða öðrum þeim mælikvörðum sem almennt eru lagðir til grundvallar í samkeppnisrétti. Sú skoðun minni hlutans byggist á því sjónarmiði að sníða beri stjórnvöldum skýran lagaramma og að tryggt sé að stjórnvöld misbeiti ekki valdi sínu heldur gæti meðalhófs við beitingu valds. Mikilvægt sé að hafa þessi meginsjónarmið að leiðarljósi jafnvel þó svo að margt hafi aflaga farið í íslensku viðskiptalífi á síðustu missirum og árum og að framferði forsvarsmanna ýmissa fyrirtækja hafi verið mjög ámælisverð. Sú leið er hins vegar ekki farin í frumvarpinu heldur er lagt til að lögfest verði matskennd, óljós og óskýr heimild til þess að brjóta upp fyrirtæki sem heimilt er að beita án þess að brotið hafi verið gegn samkeppnislögum og í raun án allrar leiðsagnar löggjafans um með hvaða hætti henni skuli beitt.

Minni hlutinn bendir á að með því að veita stjórnvaldi svo matskenndar og óskýrar valdheimildir, sem eru verulega íþyngjandi fyrir þá aðila sem þeim þurfa að sæta, megi færa fyrir því sterk rök að löggjafinn sé að framselja Samkeppniseftirlitinu völd til þess að hlutast til um eigarréttindi og atvinnuréttindi, sem varin eru af ákvæðum stjórnarskrár, umfram lagaheimildir. Í því sambandi er full ástæða til að vísa til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 15/2000, Stjörnugrís hf. gegn íslenska ríkinu, en í því máli var m.a. tekist á um heimildir löggjafans til að framselja vald til handhafa framkvæmdarvaldsins.

Forsaga þess máls var sú að í 6. gr. laga nr. 63/1993 var umhverfisráðherra fengið vald til þess að ákveða, að fengnu áliti skipulagsstjóra, að tilteknar framkvæmdir skyldu háðar mati samkvæmt lögunum, ef hann teldi þær kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Sú heimild sem lagt er til að Samkeppniseftirlitinu verði fengin í frumvarpinu til þess að brjóta upp fyrirtæki er í eðli sínu sambærileg þeirri valdheimild. Í niðurstöðu dóms Hæstaréttar í fyrrgreindu máli sagði eftirfarandi:

„Í 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er kveðið á um friðhelgi eignarréttar og í 75. gr. hennar um atvinnufrelsi [...] Má hvorugt skerða nema með lagaboði að því tilskildu, að almenningsþörf krefji. Þessi fyrirmæli stjórnarskrárinnar verða ekki túlkuð öðruvísi en svo, að hinum almenna löggjafa sé óheimilt að fela framkvæmdarvaldshöfum óhefta ákvörðun um þessi efni. Löggjöfin verður að mæla fyrir um meginreglur, þar sem fram komi takmörk og umfang þeirrar réttindaskerðingar, sem talin er nauðsynleg. [...] Umhverfisráðherra hefur því í raun fullt ákvörðunarvald um það, hvort tiltekin framkvæmd [...] skuli sæta mati á umhverfisáhrifum samkvæmt 6. gr., en slík ákvörðun getur haft í för með sér umtalsverða röskun á eignarráðum og atvinnufrelsi þess, er í hlut á. Svo víðtækt og óheft framsal löggjafans á valdi sínu til framkvæmdarvaldsins stríðir gegn framangreindum mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og er ólögmætt.“

Í ljósi fyrrgreindrar niðurstöðu Hæstaréttar Íslands hníga sterk rök í þá átt að með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar sé löggjafinn að framselja vald sitt með ólögmætum hætti til Samkeppniseftirlitsins.

Umsögn Harðar Felix Harðarsonar hrl. og Heimis Arnar Herbertssonar hrl. um frumvarp þetta fylgir framhaldsnefndaráliti þessu sem fylgiskjal. Í vandaðri og ítarlegri umsögn sinni tefla sérfræðingarnir fram fjölmörgum öðrum röksemdum í gagnrýni sinni á þetta ákvæði frumvarpsins en þeim sem hér hefur verið getið. Í öllu falli komast þeir að þeirri niðurstöðu afar varhugavert sé að fela samkeppnisyfirvöldum völd til að handstýra einstökum mörkuð-

um. Heimildir Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar samkvæmt núgildandi samkeppnislögunum séu afar víðtækar og að engin þörf sé á að auka þær. Þær breytingar á samkeppnislögunum sem frumvarpið mælir fyrir um séu ekki til bóta á núverandi löggjöf.

Málskotsheimild Samkeppniseftirlitsins.

Minni hlutinn hefur gagnrýnt það ákvæði frumvarpsins sem veitir Samkeppniseftirlitinu heimild til þess að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla. Byggist sú gagnrýni á því að með því að veita slíka heimild sé vikið frá þeirri meginreglu íslensks stjórnsýsluréttar að lægra settu stjórnvaldi beri að hlíta ákvörðunum æðra setts stjórnvalds og geti þarf af leiðandi ekki hlutast til um að fá úrskurðum æðra setts stjórnvalds hnekkt fyrir dómstólum.

Undir þessa gagnrýni minni hlutans taka sérfræðingarnir í samkeppnisrétti sem viðskiptanefnd leitaði álits hjá. Í umsögn þeirri segjast þeir ekki sá neina ástæðu til þess að víkja frá þeirri meginreglu að lægra sett stjórnvald þurfi að hlíta niðurstöðu þess æðra. Þeir vísa til þeirrar óvissu sem er samfara löngum málsmeðferðartíma hjá samkeppnisyfirvöldum, sem vikið hefur verið að hér að framan. Segja sérfræðingarnir að með því að veita Samkeppniseftirlitinu heimild til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndarinnar til dómstóla sé enn aukið á óvissuna sem fyrir er. Fyrirtæki þurfi því að sæta því að vera áfram í fullkominni óvissu um starfsemi sína til nokkurra ára, þrátt fyrir að mál þeirra kunni að hafa lokið með hagfelldum hætti með niðurstöðu æðra setts stjórnvalds. Segja fræðimennirnir að fyrir heimild af þessum toga þyrftu að minnsta kosti að vera afar veigamikil rök, sem ekki sé að finna í greinargerð með frumvarpinu.

Niðurstaða.

Minni hlutinn hefur ítrekað bent á allar þær breytingar á núgildandi samkeppnislögum sem lagðar eru til í frumvarpinu séu íþyngjandi fyrir fyrirtækin í landinu. Slík stefnumörkun er að mati minni hlutans einkar ámælisverð þar sem flest fyrirtæki landsins búa í kjölfar efnhaghagshrunsins sem hér verð við miklar þrengingar. Við slíkar aðstæður telur minni hlutinn að stjórnvöldum beri fremur að styðja við bakið á fyrirtækjum landsins en að gera rekstrarumhverfi þeirra enn erfiðara en nú er.

Minni hlutinn lýsir sig andsnúinn ákvæðum frumvarpsins og þá einkum því sem veitir Samkeppniseftirlitinu heimildir til þess að brjóta upp fyrirtæki án þess þau hafi gerst sek um brot á samkeppnislögum eða öðrum lögum. Uppskiptingarheimildin er til að mynda mun víðtækari en þær heimildir sem framkvæmdastjórn ESB og eftirlitsstofnun EFTA geta gripið til. Heimildin gengur alltof langt og væri afar íþyngjandi fyrir íslenskt viðskiptalíf. Þá er heimildin, eins og hún er útfærð í frumvarpinu, alltof matskennd, óljós og opin og brýtur svo freklega í bága við almenn sjónarmið íslensks réttar um skýrleika lagaákvæða að á hana er ekki hægt að fallast. Þar við bætist að þeir sérfræðingar á sviði samkeppnisréttar sem nefndin hefur leitað til hafa með rökstuddum hætti sett sterka fyrirvara við að ákvæði frumvarpsins standist ákvæði stjórnarskrár Íslands auk þess sem dómafordæmi Hæstaréttar Íslands bendir til þess að með frumvarpinu sé löggjafinn að framselja Samkeppniseftirlitinu völd með ólögmætum hætti.

Í umræðum um samkeppni og samkeppnislög er mikilvægt að hafa það í huga að velgengni í viðskiptum er ekki neikvæð. Það er eðlilegt og leiðir af eðli samkeppninnar að þeir sem bjóða betri vöru, verð og þjónustu en samkeppnisaðilarnir nái sterkri stöðu á þeim markaði sem þeir starfa á. Raunar er það svo að markaðsráðandi staða einstakra fyrirtækja er ekki óheimil samkvæmt núgildandi samkeppnislögum. Misnotkun slíkrar stöðu er það hins

vegar. Þó að minni hlutinn telji fákeppni í eðli sínu óheppilega verður engu að síður í því sambandi að hafa í huga þær sérstöku aðstæður sem uppi eru á Íslandi. Vegna smæðar íslenska markaðarins og smæðar íslensku þjóðarinnar er því miður líklega óhjákvæmilegt að á einhverjum mörkuðum ríki fákeppni af einhverju tagi þar sem ekki er rekstrargrundvöllur fyrir mörg fyrirtæki. Á öðrum mörkuðum hefur átt sér stað samþjöppun vegna stærðarhagkvæmni og vegna þess að fyrirtækjum hefur gengið misjafnlega vel í samkeppninni. Raunar er það svo að slík samþjöppun einskorðast ekki við fámenna markaði heldur er til staðar á mörgum sviðum í öllum stærstu hagkerfum heims. Engu að síður verða stjórnvöld að horfast í augu við það að þeim hefur á umliðnum árum mistekist að koma í veg fyrir að sömu fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypur verði markaðsráðandi á mörgum mörkuðum, þrátt fyrir að hafa fram til þessa nægar lagaheimildir til þess að koma í veg fyrir slíkt. En vegna hinna sérstöku aðstæðna sem hinn íslenski markaður og þau fyrirtæki sem á honum starfa búa við verða þau viðkvæmari gagnvart þeim valdheimildum sem í frumvarpinu er lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði fengnar og eru mjög umdeildar, matskenndar og óskiljanlegar. Þá er ekki síður ástæða til þess að geta þess hversu óeðlilegt og ósanngjarnt það er að eigendur og stjórnendur fyrirtækja, sem náð hafa miklum árangri á markaði og fylgt í einu og öllu þeim lagareglum sem um starfsemi þeirra gildir, þurfi engu að síður að sæta því að fyrirtæki þeirra sé skipt upp á grundvelli ákvæða frumvarpsins.

Minni hlutinn bendir á að verði heimildin lögfest séu verulegar líkur á að hún leiði til þess að framtíðarverðmæti íslenskra fyrirtækja rýrni og dragi úr líkum á því að fyrirtæki gangi kaupum og sölum milli aðila í íslensku viðskiptalífi og muni hafa skaðleg áhrif á endurreisn íslensks efnahagslífs. Verulegar líkur séu á að kaupendur og fjárfestar haldi að sér höndum ef þeir mega eiga von á því að fyrirtæki sem fjárfest er í verði skipt upp eftir að kaupin hafa átt sér stað. Ákvæði frumvarpsins muni jafnframt hafa neikvæð áhrif á fjárfestingar fyrirtækjanna sjálfra og draga úr áhuga erlendra aðila á að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Þá megi gera ráð fyrir að afleiðingar lögfestingar frumvarpsins verði þær að fjármálastofnanir verði tregari til en áður til þess að veita fyrirtækjum og fjárfestum lánafyrirgreiðslur af ótta við að þau veð sem standa að baki lántökum rýrni. Enn fremur má leiða að því líkur að við slíkar aðstæður muni aukast fjármögnunar- og vaxtakostnaður fyrirtækja sem ráðast í lántökur.

Við lokaafgreiðslu þessa frumvarps er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að Ísland nýtur takmarkaðs trausts nú um stundir. Það vantraust snýr ekki síst að fjármálastofnunum, fyrirtækjum og stjórnvöldum. Minni hlutinn telur að verði frumvarpið að lögum í óbreyttri mynd muni þetta vantraust aukast og gera uppbyggingu atvinnulífsins erfiðari. Frumvarpið kunni að leiða til minni fjárfestingar, draga úr hagvexti og auka atvinnuleysi. Ávinningurinn af samþykkt frumvarpsins er hins vegar afar óljós og raunar er það svo að sérfræðingar á sviði samkeppnisréttar telja að þær breytingar á samkeppnislögunum sem frumvarpið mælir fyrir um séu ekki til bóta.

Í ljósi þess sem að framan greinir, þeirra sjónarmiða sem fram koma í nefndaráliti minni hlutans, sbr. þskj. 434, og annarra röksemda sem minni hlutinn hefur fært fram um alla efnisþætti frumvarpsins við meðferð þess á Alþingi leggst minni hlutinn gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 22. feb. 2011.

Sigurður Kári Kristjánsson, frsm. Guðlaugur Þór Þórðarson.

Með álitinu var fylgiskjal: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005. Hörður Felix Harðarson, Heimir Örn Herbertsson. (28. janúar 2011.)

875. Svar [447. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um fækkun starfa á heilbrigðisstofnunum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað fækkar um mörg störf vegna niðurskurðar í fjárlögum 2011? Svarið óskast sundurliðað eftir stofnunum, starfsgreinum og kyni.

Fyrirspurnin var send öllum heilbrigðisstofnunum og fylgja samantekin svör þeirra hér í töflu 1.

Tafla 1

	Fækkun starfsmanna eftir kyni[1]		Fækkun stöðugilda eftir kyni[2]		Fækkun stöðugilda eftir starfsgreinum					Fækkun stöðug. alls
Stofnun:	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Læknar	Hjúkrunarfræðingar	Sjúkraliðar	Starfsm. í umönnun	Annað	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1	10	1,0	9,7		2,4	0,5	4,4	3,4	10,7
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	3	32	1,7	16,1	0,7	5,6	7,0		4,5	17,8
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja										0,0
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	4	7	1,5	4,8				4,8	1,5	6,3
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	1	11	1,0	13,1		0,8	4,6		8,7	14,1
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	3	10	2,0	9,0	1,0	5,0			5,0	11,0
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	1	3	1,0	2,9			0,2	1,6	2,1	3,9
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	1	10	1,4	8,5		1,4		5,2	3,3	9,9
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	1	1	0,5	1,0					1,5	1,5
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki		2	1,0	6,0	1,0	1,0	1,0	2,0	2,0	7,0
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum		6		4,5		1,5	1,0	1,0	1,0	4,5
Samtals	***15***	***92***	***11,1***	***75,6***	***2,7***	***17,7***	***14,3***	***19,0***	***33,0***	***86,7***

[1] *Fjöldi starfsmanna í 10-100% starfi sem missa vinnuna alfarið.*

[2] *Talin með lækkun stöðugilda þar sem starf verður áfram að hluta. Lækkun stöðugildis úr 100% í 50% er 0,5.*

Til frekari skýringa og samanburðar fylgja í töflu 2 upplýsingar úr svari á þskj. 138 51. máli á yfirstandandi löggjafarþingi um heildarfjölda starfsmanna og stöðugilda á hverri stofnun, ásamt svörum heilbrigðisstofnana nú um fækkun stöðugilda og reiknuðu hlutfalli þeirra af heildarfjölda stöðugilda.

Tafla 2

Stofnun:	Heildarfjöldi starfsmanna[1]	Fjöldi stöðugilda í dagvinnu[2]	Fækkun stöðugilda alls	Fækkun stöðugilda alls %
Heilbrigðisstofnun Austurlands	364	254	10,7	4,2%
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	379	247	17,8	7,2%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	296	212	0,0	0,0%
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	159	119	6,3	5,3%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	469	295	14,1	4,8%
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	159	103	11,0	10,7%
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	70	50	3,9	7,8%
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	96	56	9,9	17,6%
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	46	29	1,5	5,2%
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	145	105	7,0	6,6%
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	102	69	4,5	6,5%
Samtals	***2.285***	***1.539***	***86,7***	***5,6%***

1 *Fjöldi kennitalna á launaskrá, skv. launakerfi ríkisins m.v. maímánuði 2010*
2 *Dagvinnustöðugildi*

876. Svar [463. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

1. *Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.*

Árið 2010 keyptu velferðarráðuneytið (áður heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið) og stofnanir áskriftir að 18 dagblöðum og héraðsfréttablöðum. Samtals voru keyptar 152 áskriftir að þessum blöðum. Um sundurliðun á blaðaáskriftum stofnana vísast til svars við 2. tölul. fyrirspurnarinnar.

2. *Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.*

Árið 2010 greiddu velferðarráðuneytið (áður heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið) og stofnanir þess alls 4.438.521 kr. fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð. Greiðslurnar sundurliðast með eftirfarandi hætti eftir blöðum og hver keypti þau:

	Fjöldi áskrifta	Fjárhæð, kr.
1) Morgunblaðið, pappírsáskrift		
Heilbrigðisráðuneytið	5	261.850
Félags- og tryggingamálaráðueytið	5	195.684
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	4	191.520
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	2	102.916

	Fjöldi áskrifta		Fjárhæð, kr.	
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	2,5		213.950	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	3		140.340	
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	8		373.440	
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	1		54.948	
Sjúkrahúsið á Akureyri	1		47.250	
Landlæknisembættið	1		47.880	
Lýðheilsustöð	1		46.546	
Barnaverndarstofa	3		109.101	
Vinnumálastofnun	7		377.747	
Geislavarnir ríkisins	1		49.252	
Jafnréttisstofa	1		52.668	
Ríkissáttasemjari	1		52.668	
Umboðsmaður skuldara	2		34.604	
Íbúðalánasjóður	3		160.284	
St. Jósefsspítali – Sólvangur	10		154.054	
Tryggingastofnun ríkisins	1		54.948	
	62,5	62,5	2.721.650	2.721.650
2) Morgunblaðið, gagnasafn, rafræn áskrift				
Heilbrigðisráðuneytið	1		53.600	
Félags- og tryggingamálaráðueytið	1		33.732	
Sjúkratryggingar Íslands	1		27.600	
Barnaverndarstofa	1		31.452	
Vinnumálastofnun	1		27.600	
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð	1		28.800	
Tryggingastofnun ríkisins	1		32.652	
	7	7	235.436	235.436
3) DV, pappírsáskrift				
Heilbrigðisráðuneytið	4		78.420	
Félags- og tryggingamálaráðueytið	1		32.502	
Geislavarnir ríkisins	1		30.490	
Sjúkratryggingar Íslands	1		33.480	
Barnaverndarstofa	4		22.320	
Vinnumálastofnun	1		33.280	
Umboðsmaður skuldara	1		5.730	
Jafnréttisstofa	1		33.480	
Trygingastofnun ríkisins	1		34.625	
	15	15	304.327	304.327
4) Fréttablaðið, pappírsáskrift				
Heilbrigðisráðuneytið	1		37.701	
Félags- og tryggingamálaráðueytið	4		97.379	
Barnaverndarstofa	1		37.716	
Jafnréttisstofa	1		34.680	
Ríkissáttasemjari	1		34.680	
Tryggingastofnun ríkisins	1		63.711	
	9	9	305.867	305.867
5) Viðskiptablaðið, pappírsáskrift				
Heilbrigðisráðuneytið	1		38.760	
Félags- og tryggingamálaráðueytið	1		45.600	
Umboðsmaður skuldara	1		2.940	
Íbúðalánasjóður	2		91.188	
Tryggingastofnun ríkisins	1		41.800	
	6	6	220.288	220.288

	Fjöldi áskrifta		Fjárhæð, kr.	
6) Vísbending, pappírsáskrift				
St. Jósefsspítali – Sólvangur	1		54.419	
Heilbrigðisráðuneytið	1		54.268	
	2	2	108.687	108.687
7) Lögbirtingablaðið, rafræn áskrift				
Heilbrigðisráðuneytið	1		3.000	
Félags- og tryggingamálaráðueytið	1		1.500	
	2	2	4.500	4.500
8) Bæjarins besta, héraðsfréttablað				
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	3		66960	
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	1		36240	
Vinnumálastofnun	1		15552	
	5	5	118752	118.752
9) Feykir, héraðsfréttablað				
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	1		14.540	
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	7		86.510	
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	4		31.308	
Íbúðalánasjóður	1		31.308	
Vinnumálastofnun	1		11.317	
	14	14	174.983	174.983
10) Skarphéðinn, héraðsfréttablað				
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	2	2	46.500	46.500
11) Austurglugginn, héraðsfréttablað				
Heilbrigðisstofnun Austurlands	15		44.096	
Vinnumálastofnun	1		17.400	
	16	16	61.496	61.496
12) Glettingur, héraðsfréttablað				
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1	1	3.000	3.000
13) Sunnlenska fréttablaðið, héraðsfréttablað				
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	1		16.200	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	1		2.037	
Vinnumálastofnun	1		9.900	
	3	3	28.137	28.137
14) Norðurslóð, héraðsfréttablað				
Heilsugæslustöðin Dalvík	1	1	5.000	5.000
15) Sveitarstjórnarmál				
Lýðheilsustöð	1	1	8.985	8.985
16) Eyjasýn, héraðsfréttablað				
Vinnumálastofnun	1	1	14.030	14.030
17) Vikudagur, héraðsfréttablað				
Vinnumálastofnun	1	1	18.190	18.190
18) Skessuhorn				
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	2		39.000	
Vinnumálastofnun	1		19.693	
	3	3	58.693	58.693
Samtals		**151,5**		**4.438.521**

	Fjöldi áskrifta	Fjárhæð, kr.

Eftirfarandi stofnanir velferðarráðuneytisins kaupa engin blöð eða rafrænar áskriftir:
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
Landspítali
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
Heilsugæslustöðin Dalvík
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands
Lyfjastofnun
Vinnueftirlit ríkisins
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

877. Svar [448. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um aðalskipulög sveitarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða aðalskipulög sveitarfélaga bíða staðfestingar ráðherra? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum og eins eftir því hvenær sveitarstjórn samþykkti skipulagið, hvenær samþykkt Skipulagsstofnunar lá fyrir og hvenær skipulagið var sent til ráðherra.

Aðalskipulög sem bíða staðfestingar ráðherra eru eftirfarandi:

Nafn sveitarfélags	Samþykkt sveitarstjórnar	Samþykkt Skipulagsstofnunar	Sent til ráðherra	Athugasemdir
Húnavatnshreppur	6. október 2010 (Endanleg gögn bárust Skipulagsstofnun 15. nóvember 2010.)	3. janúar 2011	4. janúar 2011	Staðfesting bíður niðurfellingar svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu.
Blönduósbær	16. september 2010 (Endanleg gögn bárust Skipulagsstofnun 15. nóvember 2010.)	3. janúar 2011	4. janúar 2011	Staðfesting bíður niðurfellingar svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu.
Skagaströnd	26. ágúst 2010	13. desember 2010	16. desember 2010	Staðfesting bíður niðurfellingar svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu.
Skútustaðahreppur (breyting á aðalskipulagi)	9. febrúar 2010 (Endanleg gögn bárust Skipulagsstofnun 15. mars 2010.)	16. mars 2010	19. mars 2010	Staðfesting bíður breytinga á svæðisskipulagi miðhálendisins sem barst ráðuneytinu 17. janúar 2011.

878. Svar [484. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Vidgísar Hauksdóttur um Miðgötu í Bæjarstaðaskógi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur ráðuneytið einhver áform um framkvæmdir við svokallaða Miðgötu í Bæjarstaðaskógi í Morsárdal í því átaki sem er boðað við gerð göngustíga innan þjóðgarða?

Umhverfisráðuneytið sér ekki um eða hefur frumkvæði að framkvæmdum við göngustíga, heldur er skipulagning og framkvæmdir við göngustígagerð í höndum stofnana ráðuneytisins sem hafa umsjón með friðlýstum svæðum, Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarði. Umhverfisráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Vatnajökulsþjóðgarði um áform um framkvæmdir á svokallaðri Miðgötu og er svarið byggt á þeim upplýsingum.

Miðgata liggur um Skaftafellsheiði vestanverða í u.þ.b. 200 m h.y.s. frá bænum í Hæðum, um Forviðarbrekku og vestur úr og var nýtt í tengslum við sauðfjárbúskap fyrr á tímum. Gatan er víða að gróa upp og þyrfti að ryðja burt trjágróðri, en þar eru tré nokkuð hávaxin, til að gera hana aðgengilega. Allar gönguleiðir í þjóðgarðinum voru að miklu leyti skipulagðar eða ákvarðaðar af fyrrum bónda og þjóðgarðsverði Ragnari Stefánssyni, en Miðgata er ekki meðal þeirra leiða sem merktar hafa verið í bæklingi eða á kortum þjóðgarðsins. Það er mat sérfræðinga þjóðgarðsins að þar sem Miðgata liggur um viðkvæmt svæði með þykkum jarðvegi og moldarbörðum og opnum moldarflögum mundi göngustígagerð auka hættu á rofi. Þar sem jarðvegsþekja er rofin við aðstæður sem þessar, svo sem með göngustíg, eykst möguleiki á rofi af völdum rigningar og frostverkana. Einnig gæti það aukið hættu á jarðskriði á sumum stöðum. Til að fyrirbyggja jarðvegs- og gróðurskemmdir sem þessar þyrfti að leggja í kostnaðarsamar lagfæringar á leiðinni, t.d. með mikilli vinnu við pallasmíð.

Fjöldi gesta í Skaftafelli er mikill og því mikið álag á göngustígum þar. Starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs leggja mikla og vandaða vinnu við að skipuleggja og ákvarða gönguleiðir og þurfa að taka tillit til staðhátta og fjölda gesta. Meðal þess sem horft er til við ákvörðun og skipulag er að gönguleiðakerfið endurspegli fjölbreytileika landsins, að leiðirnar geti annað fjölda göngumanna án þess að náttúran beri skaða af og að nýjar gönguleiðir bæti við upplifun gesta, hvort heldur er útsýni, náttúru- eða menningarminjar, miðað við þær leiðir sem til staðar eru. Á hverju ári er mikil vinna við viðhald göngustíga í Skaftafelli en brýnt er að halda þeim sómasamlega við. Fyrirliggjandi eru aðkallandi lagfæringar á göngustígum á Skaftafellsheiði og ekki talið tímabært að fara í lagningu nýrra stíga, eins og Miðgötu, sem ekki koma til með að bæta við þá upplifun ferðamanna sem nú er til staðar í skipulögðum gönguleiðum í Skaftafelli að mati starfsmanns þjóðgarðsins.

Í Skaftafelli eru uppi áform um að bæta tveimur gönguleiðum við núverandi stígakerfi en það eru göngustígar sem áður hafa verið opnir en loka þurfti m.a. vegna gróðurskemmda. Annars vegar er um að ræða göngustíg sem liggur um Miðheiði frá Skerhól að Sjónarnípu og hins vegar er um að ræða svokallaða Neðstugötu.

879. Svar [161. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um presta á launaskrá hjá Biskupsstofu.

1. *Hvað eru margir prestar á launaskrá hjá Biskupsstofu?*
138 prestar eru á launaskrá hjá biskupi Íslands.

2. *Hvað eru margir prestar starfandi þar sem bíða þess að komast á eftirlaun og hve margir hafa mætingarskyldu og fasta stöðu við embættið?*
Tveir prestar fara á eftirlaun á þessu ári. Prestar skipuleggja vinnutíma sinn sjálfir og þar með talið fasta viðveru í sínu prestakalli. Aðeins einn sóknarprestur hefur fasta viðveruskyldu á Biskupsstofu en það er sóknarprestur í Þingvallaprestakalli, sem er jafnframt verkefnastjóri á helgihalds- og tónlistarsviði Biskupsstofu. Á Biskupsstofu vinna einnig fleiri prestar en þeir sinna ekki prestsþjónustu. Þeir hafa mætingarskyldu eins og aðrir fastir starfsmenn.

3. *Hvað eru margir prestar skráðir í sérverkefni hjá Biskupsstofu og hver eru sérverkefnin sem þeir sinna?*
Tveir sérþjónustuprestar sinna verkefnum á Biskupsstofu. Annar þeirra sinnir eftirfarandi verkefnum í þágu Helgisiðastofu: þýðingarverkefnum og staðfærslu predikunarleiðbeininga fyrir presta. Hinn sinnir m.a. rannsóknum á keltneskri kristni og menningu, verkefnum á vegum helgisiðanefndar sem tengjast endurskoðun handbókar og sálmabókar, helgihaldi á Þingvöllum ásamt sóknarpresti, ritstörfum tengdum vef kirkjunnar og starfsþjálfun guðfræðinema, auk þess sem hann messar og predikar í forföllum og sinnir öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun biskups.

4. *Hver er aldur þessara presta?*
Annar er fæddur árið 1944 en hinn árið 1948.

5. *Hver er launakostnaður Biskupsstofu vegna presta sem hafa ekki fast brauð en eru þó á launaskrá á ársgrundvelli?*
Laun og launatengd gjöld prests eru um 8 millj. kr. á ári. Gert er ráð fyrir að hér sé verið að vísa til starfa sérþjónustuprestanna tveggja við Biskupsstofu en ekki annarra prestvígðra starfsmanna. Áætlaður launakostnaður þeirra er því um 16 millj. kr.

880. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hafstein S. Hafsteinsson frá fjármálaráðuneyti, Ingva Má Pálsson frá iðnaðarráðuneyti, Kristján Gunnarsson og Jón Sveinsson frá Landsvirkjun, Gústaf Adolf Skúlason frá Samorku og Svein Arason og Lárus

Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun, Pál Gunnar Pálsson og Snorra Stefánsson frá Samkeppniseftirlitinu, Sigríði Logadóttur og Sigurð G. Thoroddsen frá Seðlabanka Íslands og Tryggva Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Byggðastofnun, Landsvirkjun, Ríkisábyrgðasjóði, Ríkisendurskoðun, Ríkisútvarpinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samkeppniseftirlitinu, Samorku, Samtökum atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) við núverandi fyrirkomulag eigendaábyrgðar Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. ákvörðun, dags. 8. júlí 2009. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun (þskj. 205, 188. mál) og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur (þskj. 222, 205. mál), sbr. nú lög nr. 144/2010.

Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að markmið þess sé að koma til móts við ákvörðun ESA og tryggja að fyrir þær skuldbindingar Landsvirkjunar sem ríkisábyrgð er á, sem og aðra aðila sem falla undir 1. mgr. 6. gr. laga um ríkisábyrgðir, sé greitt hæfilegt gjald. Ríkisábyrgðargjaldinu er ætlað að svara að fullu til þeirrar ívilnunar sem viðkomandi aðili nýtur, á grunni ábyrgðarinnar, í formi hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án ríkisábyrgðar.

Við umfjöllun um málið var gagnrýnt að gjaldtakan yrði látin taka til annarra aðila en umrædd ákvörðun ESA varðar, þ.e. aðila eins og Ríkisútvarpsins og Byggðastofnunar sem lögum samkvæmt njóta ábyrgðar ríkissjóðs. Samband íslenskra sveitarfélaga telur að álögur frumvarpsins á starfsemi tilgreindra stofnana sem sinna mikilvægu almannaþjónustuhlutverki muni hafa neikvæð áhrif á íbúa landsins. Leggur sambandið til að gjaldtakan verði bundin við opinber orkufyrirtæki sem starfa á samkeppnismarkaði.

Efasemdir komu einnig fram um hvert raunverulegt hagræði sé af töku ríkisábyrgðar ef gjaldið sem greiða þarf fyrir svarar að fullu til þeirrar ívilnunar sem í ábyrgðinni felst eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Var rætt hvort slíkar ábyrgðir mundu þar með leggjast niður. Fram kom sá skilningur að við núverandi rekstrarskilyrði gæti veiting ríkisábyrgðar samt sem áður haft þýðingu við öflun lánsfjár og verið hagstæðari kostur en þeir vextir sem í boði væru ef ríkisábyrgð væri ekki fyrir hendi.

Loks komu fram sjónarmið um að þörf væri á að taka til skoðunar gjaldtökuheimildina út frá kröfum stjórnarskrár um gildi skattlagningarheimildar þar sem viðmið er áhrif hefðu á útreikningi gjaldsins væru ekki nægilega skýrt afmörkuð auk þess sem ákvörðun gjaldsins væri í höndum ótilgreinds óháðs aðila. Í skýringum fjármálaráðuneytis er á það bent að erfitt sé að heimfæra umrædda gjaldtöku undir hefðbundna skilgreiningu skatta og þjónustugjalda. Nefndin tekur undir það og telur að þau viðmið sem liggja til grundvallar gjaldtökunni endurspegli óbeint þá áhættu sem í ábyrgð ríkisins felst.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þór Saari gerir fyrirvara við álitið.
Lilja Rafney Magnúsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. febr. 2011.

Helgi Hjörvar, form., frsm. | Tryggvi Þór Herbertsson. | Álfheiður Ingadóttir.

Magnús Orri Schram. | Birkir Jón Jónsson. | Pétur H. Blöndal.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. | Þór Saari, með fyrirvara.

881. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hafstein S. Hafsteinsson frá fjármálaráðuneyti, Ingva Má Pálsson frá iðnaðarráðuneyti, Kristján Gunnarsson og Jón Sveinsson frá Landsvirkjun, Gústaf Adolf Skúlason frá Samorku og Svein Arason og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun, Pál Gunnar Pálsson og Snorra Stefánsson frá Samkeppniseftirlitinu, Sigríði Logadóttur og Sigurð G. Thoroddsen frá Seðlabanka Íslands og Tryggva Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Landsvirkjun, Ríkisendurskoðun, Samkeppniseftirlitinu, Samorku og Seðlabanka Íslands.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) við núverandi fyrirkomulag eigendaábyrgða Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. ákvörðun, dags. 8. júlí 2009. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um ríkisábyrgðir (þskj. 204, 187. mál) og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur (þskj. 222, 205. mál), sbr. nú lög nr. 144/2010.

Í frumvarpinu er lagt til að eigendaábyrgð ríkisins sem leiðir af lögbundnu rekstrarformi Landsvirkjunar verði ekki lengur ótakmörkuð heldur verði ábyrgðin takmörkuð í skilningi laga um gjaldþrotaskipti. Þá er lagt til að nýjar lántökur sem ætlað er að njóta ríkisábyrgðar verði háðar samþykki fjármálaráðherra og greiðslu hæfilegs ríkisábyrgðargjalds. Lagt er til að ríkisábyrgð vegna annarra skuldbindinga en lánaskuldbindinga sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku frumvarpsins falli niður.

Spurningar komu fram um hvort hægt væri að reka fyrirtækið áfram í búningi sameignarfyrirtækis eftir samþykkt frumvarpsins og hvaða áhrif óvissa um félagagrundvöllinn hefði á samkeppnisaðila og viðsemjendur þess. Fram kemur í umsögn Landsvirkjunar að með frumvarpinu verði öll helstu einkenni fyrirtækisins sem sameignarfélags afnumin og að tilefni sé til að íhuga hvort eðlilegra sé að breyta félagaformi fyrirtækisins í hlutafélag. Fjármálaráðuneytið telur að sú aðgerð hefði verið viðurhlutameiri og telur að ákvæði laga um

sameignarfélög muni gilda um starfsemi félagsins þar sem sérlögum um Landsvirkjun sleppi.

Ríkisendurskoðun telur að huga þurfi að viðeigandi heimild í fjárlögum ár hvert til handa fjármálaráðherra til að samþykkja ef á reyndi ábyrgð skv. 2. gr. frumvarpsins. Vísar nefndin í því sambandi til 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, þar sem m.a. kemur fram að í frumvarpi til fjárlaga skuli leitað heimilda til lántöku, lánveitinga og ríkisábyrgða á fjárlagaárinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

4. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þór Saari gerir fyrirvara við álitið.
Lilja Rafney Magnúsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. febr. 2011.

Helgi Hjörvar, form., frsm. | Tryggvi Þór Herbertsson. | Álfheiður Ingadóttir.

Magnús Orri Schram. | Birkir Jón Jónsson. | Pétur H. Blöndal.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. | Þór Saari, með fyrirvara.

882. Svar [474. mál]

forseta Alþingis við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um fund ómerktrar tölvu í húsakynnum Alþingis.

1. *Kom forsætisnefnd saman til ákvarðanatöku þegar ómerkt tölva fannst í húsakynnum Alþingis í fyrra og ef svo er, hvaða ákvarðanir voru þá teknar?*

Nei.

2. *Hvernig stóð á því að tölvudeild þingsins var forseta til ráðgjafar um úrbætur og næstu skref í tölvufundarmálinu?*

Tölvudeild skrifstofu þingsins sér um rekstur tölvukerfis Alþingis og þar á meðal um öryggi þess. Tölvudeild þingsins gerði því strax tillögur um auknar varnir gegn tengingum í tölvukerfið eftir að málið kom upp. Á þær tillögur var fallist og þær hafa verið framkvæmdar. Frekari úttekt á öryggismálum stendur nú yfir.

3. *Hvers vegna var ríkislögreglustjóri og starfsfólk hans ekki kallað út þegar tölvan fannst?*

Haft var samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu þegar tölvan fannst. Hún annast gæslu hússins og er í nær daglegu sambandi við þingvörsluna. Mat um það hvort tilkynna ætti ríkislögreglustjóra um tölvufundinn lá hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

4. *Hverjar eru ástæður þess að alþingismenn voru ekki látnir vita þegar tölvan fannst?*

Þessari spurningu hefur forseti áður svarað í yfirlýsingu sem gefin var í þingsalnum 20. janúar sl. en þar segir m.a.:

„Það voru mjög eindregin tilmæli frá tölvudeildinni að mál þetta yrði að svo komnu ekki gert opinbert af öryggisástæðum. Með þetta í huga, svo og að engar vísbendingar komu frá lögreglu né frá skrifstofu þingsins sem nokkuð væri á byggjandi, ákvað ég að láta málið liggja til að koma ekki af stað vangaveltum eða grunsemdum sem ættu sér enga stoð. Ekkert virðist heldur benda til þess að mati tölvudeildar að nokkur hafi komist í gögn þingmanna.“

5. *Vöknuðu einhverjar spurningar hjá forseta þegar í ljós kom að tölvan var tengd inn á netið 28. desember 2009, sama dag og umræður um Icesave hófust á ný?*

Nei.

6. *Var formaður Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs látinn vita af tölvufundinum eins og formaður Samfylkingarinnar?*

Nei. Forsætisráðherra var að ósk lögreglu látinn vita um atburðinn í öryggisskyni sem yfirmaður Stjórnarráðsins en ekki sem formaður stjórnmálaflokks.

7. *Hefur forseti vakið máls á því við ríkislögreglustjóra að um árás á æðstu stjórn ríkisins hafi verið að ræða?*

Nei. Hins vegar héldu forsætisnefnd og fulltrúar þingflokka fund um málið með yfirmönnum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

883. Svar [365. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um úttektir á umferðaröryggi.

1. *Hvaða jarðgöng hérlendis hafa sætt úttekt með tilliti til umferðaröryggismála? Hvaða jarðgöng hafa ekki sætt slíkri úttekt og hvers vegna?*

Í neðangreindri töflu eru sýnd veggöng á Íslandi sem eru í notkun. Spölur ehf. rekur Hvalfjarðargöng 5,8 km en hin eru í umsjón Vegagerðarinnar, samtals 37,5 km.

	Lengd (km)	Opnun	Umferð 2006 ÁDU
Strákagöng	0,8	1967	250
Oddsskarðsgöng	0,6	1977	490
Múlagöng	3,4	1990	395
Breiðadals- og Botnsheiðargöng	9,1	1996	616
Hvalfjarðargöng*)	5,8		5.100
Fáskrúðsfjarðargöng	5,9	2005	600
Almannaskarðsgöng	1,3	2005	390

	Lengd (km)	Opnun	Umferð 2006 ÁDU
Göng í vinnslu:			
Héðinsfjarðargöng I	3,9	2010	400*)
Héðinsfjarðargöng II	7,1	2010	400*)
Bolungarvíkurgöng	5,4	2010	800*)

*) áætlað

Nýjustu göngin, á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur og milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, uppfylla öryggisbúnað reglugerðar nr. 992/2007, um öryggiskröfur fyrir jarðgöng. Reglugerðin er byggð á Evróputilskipun nr. 54/2004 um öryggi í jarðgöngum. Þessi reglugerð skapar þann ramma sem unnið er eftir hér á landi eins og annars staðar í Evrópu um öryggi í jarðgöngum. Þar sem reglugerðinni sleppir er miðað við norskan jarðgangastaðal sem nefnist *Handbok 021 vegtunneler* útgáfa 2010, en í þá útgáfu hafa ákvæði tilskipunarinnar verið innleidd. Gerðar hafa verið áhættugreiningar í framangreindum göngum sem segja má að sé eins konar öryggisúttekt sem gerð er fyrir fram.

Árin 2007–2008 var gerð úttekt á búnaði allra vegganga á landinu miðað við fyrrgreinda reglugerð og í framhaldi af því hafa verið gerðar kostnaðaráætlanir um nauðsynlegar endurbætur í hverjum göngum fyrir sig.

Um Fáskrúðsfjarðargöng og Almannaskarðsgöng er það að segja að lítið vantar upp á búnað þeirra miðað við reglugerðina. Fyrir þau var gerð áhættugreining fyrir opnun. Fáskrúðsfjarðargöng eru mjög svipuð Bolungarvíkurgöngum að lengd, umferð um þau er svipuð sem og aðstæður í umhverfi ganganna.

Múlagöng og göng undir Breiðadals- og Botnsheiði eiga margt sameiginlegt. Göngin eru að mestu einbreið og umferð í einbreiða hluta ganganna undir Breiðadalsheiði er nánast sú sama og umferð um Múlagöng. Hurðir eru á báðum þessum göngum til að koma í veg fyrir frost inni í þeim. Við þessar hurðir verða nokkur óhöpp en flest minni háttar, algengt er að ekið sé á hurðirnar. Búnaður í göngunum er mun ófullkomnari en þeim sem áður eru nefnd og þarf að endurnýja hann að hluta auk viðbóta.

Strákagöng og Oddsskarðsgöng eru elstu göngin, mjög þröng en stutt. Þar er öryggisbúnaður ófullkomnastur en göngin eru jafnframt styst. Hurðir eru einnig á þessum göngum. Vegna þrengsla er almennt ekið hægt í þessum göngum og þau eru það stutt að ekki er talið að þau séu mjög hættuleg, og staðfesta slysatölur það.

Á næstu árum þarf að endurbæta eldri göngin með auknum búnaði. Unnið er að því að því verði lokið árið 2014 eins og reglugerðin kveður á um.

Fylgst er grannt með umferðaróhöppum og slysum í göngunum og í meðfylgjandi töflu með nýlegri samantekt má sjá fjölda óhappa. Sem betur fer eru slys í göngunum ákaflega fátíð, enda umferðin mjög lítil í samanburði við jarðgöng erlendis almennt.

Úttekt sem Euro TAP gerði á Hvalfjarðargöngum sl. sumar hefur verið mikið í umræðunni, m.a. vegna þess að Hvalfjarðargöng fengu lága einkunn. Úttekt þessi er gerð af samtökum félaga bifreiðaeigenda í mörgum Evrópulöndum. Könnunin er fyrst og fremst athugun á búnaði ganga og er þá miðað við þær kröfur sem félagið hefur sjálft skilgreint og lagt fram. Ekki er til dæmis miðað við kröfur í Evróputilskipun um öryggi í göngum eins og opinberar reglugerðir landanna miða við, eins og t.d. hér á landi.

Ekki er tekið neitt tillit til umferðar (meðalfjölda bíla á dag) þegar búnaður ganganna er tekinn út en það er ekki talið rökrétt í umfjöllun sérfræðinga sem t.d. unnu að undirbúningi

Evrópureglugerðarinnar. Það liggur í hlutarins eðli að áhættan hlýtur að aukast með meiri umferð. Í þessari úttekt var raunar líka metið það sem kallast „risk“ eða áhætta vegfarenda, og þar fengu Hvalfjarðargöng viðunandi einkunn, því að þau eru þrátt fyrir allt með tiltölulega litla umferð á Evrópumælikvarða og alls ekki illa búin. Lítið var á þetta minnst í fréttum af þessari úttekt.

Þau göng sem nýbúið er að opna uppfylla þær reglur sem fara á eftir og áhættugreiningar sýna að þau eru öruggari fyrir vegfarendur en vegakerfið almennt. Það þýðir hins vegar ekki að slaka megi á neinum öryggiskröfum þar sem einstök slys í jarðgöngum, þótt ólíkleg séu, geta haft alvarlegar afleiðingar, ekki síst með tilliti til bruna í stórum bifreiðum. Brunavarnir eru því stór þáttur í öryggisviðbúnaði allra vegganga.

Samkvæmt þeim reglum sem gilda hér á landi og í flestum öðrum Evrópuríkjum eru það yfirvöld vegamála, hjá okkur Vegagerðin, sem eiga að fylgjast með og gera úttekt á öryggi jarðganga í vegakerfinu. Eins og fram hefur komið hefur á undanförnum árum verið gerð úttekt á öryggisbúnaði allra vegganga í landinu og unnið er að því að undirbúa úrbætur til að þau uppfylli reglugerð sem um þetta gilda í síðasta lagi árið 2014, í samræmi við ákvæði reglugerðarinnnar.

Í töflunni hér á eftir má sjá slysatíðni í íslenskum göngum 2000–2007.

	Hvalfjörður	Almanna-skarð	Breiðadals- og Botnsheiði	Strákar	Ólafsfjarðar-múli	Oddskarð	Fáskrúðs-fjörður	Samtals
Fjöldi óhappa	87	0	38	6	14	13	3	161
Fjöldi óhappa með meiðslum	12	0	3	0	2	0	1	18
Fjöldi ára skoðuð	8	3	8	8	8	8	3	46
Umferð 2007, ÁDU	5579	324	720	257	576	530	645	8631
Lengd ganga, km	5,8	1,3	9,16	0,8	3,4	0,64	5,9	27
Milljónir ekinna km	94,5	0,5	19,3	0,6	5,7	1,0	4,2	126
Óhappatíðni (á milljón ekna km)	0,92	0	1,97	9,99	2,45	13,13	0,72	1,28
Óhappatíðni með meiðslum (á milljón ekna km)	0,13	0	0,16	0	0,35	0	0,24	0,14
Fjöldi óhappa á munnasvæðum	41	0	9	0	4	6	0	60
Fjöldi óhappa á miðsvæði inni í göngunum	46	0	29	6	10	7	3	101
Fjöldi óhappa með meiðslum á munnasvæði inni í göngunum	2	0	0	0	0	0	0	2
Fjöldi óhappa með meiðslum á miðsvæði inni í göngunum	10	0	3	0	2	0	0	15
Lengd miðsvæðis ganga, km	5,5	1,0	8,9	0,5	3,1	0,3	5,6	24,9
Milljónir ekinna km, miðsvæði	89,60	0,35	18,63	0,38	5,21	0,53	3,96	118,65
Milljónir ekinna km, munnasvæði	1,63	0,04	0,21	0,08	0,17	0,15	0,07	2,34
Tíðni slysa með meiðslum á munnasvæði ganga (á milljón ekna km).	1,23	0	0	0	0	0	0	0,85
Tíðni slysa með meiðslum á miðsvæði ganga (á milljón ekna km).	0,11	0	0,16	0	0,38	0	0	0,13

2. *Mun Ísland taka þátt í umferðaröryggisúttekt Sameinuðu þjóðanna: „Decade of Action for Road Safety“? Ef svo er, hvert mun þá framlag Íslendinga verða?*

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákvað á fundi sínum 2. mars 2010 að helga áratuginn 2011–2020 átaki til að auka umferðaröryggi í heiminum. Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni WHO var falið að hafa yfirumsjón með verkefninu. Ljóst er að á grundvelli verkefnisins

verður aðaláherslan lögð á fækkun umferðarslysa í þróuðu ríkjunum, en um 90% allra umferðarslysa í heiminum eiga sér stað þar. Engu að síður er aldrei nóg að gert í áróðri fyrir fækkun umferðarslysa hvar sem er og mun innanríkisráðuneytið, ásamt undirstofnunum þess á umferðarsviði og í samvinnu við velferðarráðuneytið, beita sér fyrir því að athygli verði vakin hér á landi á þessu merka verkefni og mikilvægi þess í hnattrænu samhengi. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvernig þátttöku Íslands í verkefninu verður háttað að öðru leyti, en samráð verður haft við velferðarráðuneytið um nánari útfærslu á því.

3. *Hvaða samgöngubætur hafa verið gerðar á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2000, sundurliðað eftir árum?*

Mörg eftirtalinna verkefna voru nokkur ár í framkvæmd, en þau eru færð á það ár, sem þau voru tekin í notkun.

Árið 2010:
- Kringlumýrarbraut/Bústaðavegur, undirgöng fyrir gangandi undir rampa.
- Lenging strætóreinar á Miklubraut austan Skeiðarvogs.
- Breikkun Vesturlandsvegar í Mosfellsbæ frá Hafravatnsvegi að Álafossvegi.
- Bústaðavegur/Reykjanesbraut, lokun vinstri beygju á annatíma.
- Vegrið sett upp á Hafnarfjarðarvegi og Miklubraut.
- Nesbraut, sérrein fyrir strætó vestan Kringlumýrarbrautar.

Árið 2009:
- Álftanesvegur/Bessastaðavegur, gert hringtorg.
- Kringlumýrarbraut/Suðurlandsbraut og Kringlumýrarbraut/Borgartún, lagfæring og fjölgun fasa í umferðarljósum.
- Bústaðavegur/Flugvallavegur, breikkun gatnamóta og fjölgun fasa í umferðarljósum.
- Vegrið sett upp á Hafnarfjarðarvegi.

Árið 2008:
- Hafnarfjarðarvegur/Nýbýlavegur, breikkun Nýbýlavegar og tenging af Hafnarfjarðarvegi.
- Reykjanesbraut/Arnarnesvegur, gerð mislægra gatnamóta.
- Reykjanesbraut/Vífilsstaðavegur, gerð mislægra gatnamóta.
- Nesbraut (Miklabraut), gerð sérreinar fyrir strætó frá Skeiðarvogi að Kringlumýrarbraut.
- Hafravatnsvegur við Krikahverfi í Mosfellsbæ, gert hringtorg.
- Holtavegur, lagfæringar gatnamóta við Miklagarð

Árið 2007:
- Umferðarstýring, unnið var á árunum 2005–2007 að samtengingu umferðarljósa og fyrsti áfangi miðlægrar stýringar tekinn í notkun.
- Vegrið sett upp í Ártúnsbrekku.

Árið 2006:
- Hringvegur/Nesbraut (Vesturlandsvegur/Suðurlandsvegur), mislæg gatnamót gerð að mestu og tekin í notkun.
- Hringvegur, gerð undirganga í Ullarnesbrekku í Mosfellsbæ.
- Færsla Sæbrautar milli Laugarnesvegar og Kambsvegar.

– Reykjanesbraut/Urriðaholtsvegur (við IKEA), gerð mislægra gatnamóta.
– Reykjanesbraut, breikkun frá Fífuhvammsvegi að Kaplakrika.
– Hafnarfjarðarvegur, gerð göngubrúar yfir Kópavogslæk.
– Hallsvegur, lögn vegar frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi.
– Breiðholtsbraut/Vatnsendahvarf, stefnugreining gatnamóta með umferðarljósum.

Árið 2005:
– Hringvegur/Norðlingavað, gerð hringtorgs.
– Hringvegur, breikkun frá Víkurvegi að Skarhólabraut í Mosfellsbæ.
– Færsla Hringbrautar í Reykjavík ásamt tveimur göngubrúm.
– Miklabraut/Kringlumýrarbraut, breikkun gatnamótanna.
– Arnarnesvegur, breikkun og hringtorg við Bæjarbraut/Fífuhvammsveg.

Árið 2004:
– Reykjanesbraut, breikkun frá Kaplakrika að Lækjargötu í Hafnarfirði.
– Arnarnesvegur lagður frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi í Kópavog.

Árið 2003:
– Reykjanesbraut/Stekkjarbakki, gerð mislægra gatnamóta auk göngubrúar yfir Reykjanesbraut og undirganga undir Stekkjarbakka.
– Reykjanesbraut, breikkun frá Lækjargötu að Kaldárselsvegi í Hafnarfirði auk göngubrúar og undirganga.

Árið 2002:
– Hringvegur/Breiðholtsbraut, gerð hringtorgs.
– Hringvegur/Víkurvegur, gerð mislægra gatnamóta.
– Hringvegur/Skarhólabraut, gerð hringtorgs.
– Hafnarfjarðarvegur, breikkun eystri akbrautar í Kópavogsgjá.
– Hafnarfjarðarvegur, göngubrú á Hraunsholti.
– Nesbraut (Miklabraut), göngubrú hjá Kringlunni.
– Sundagarðar, gerð hringtorgs við vöruhótel Eimskips.

Árið 2001:
– Reykjanesbraut/Breiðholtsbraut, gerð mislægra gatnamóta.
– Fjarðarbraut í Hafnarfirði, gerð hringtorgs við Strandgötu.

Árið 2000:
– Hringvegur breikkaður frá Nesbraut(Suðurlandsvegi) að Víkurvegi.
– Reykjanesbraut breikkuð frá Breiðholtsbraut að Fífuhvammsvegi.
– Nesbraut breikkuð um eina akrein til austurs frá Kringlumýrarbraut að Grensásvegi.

4. *Hvaða staðlar og viðmiðanir eru lagðar til grundvallar ákvörðunum sænskra umferðaryfirvalda til að gera 2+2 vegi annars vegar og 2+1 vegi hins vegar?*

Í þeim aðferðum sem Svíar nota til að ákvarða hvort vegur á að vera 2+2 eða 2+1 er tekið tillit til hlutverks og staðsetningar vegarins í vegakerfinu í samræmi við skipulagsáætlanir og þróun byggðar auk annarra umferðartæknilegra forsendna, svo sem áætlaðrar hönnunarumferðar, viðmiðunarhraða og samsetningar umferðar. Einnig er tekið tillit til umferðar-

öryggis, umhverfisaðstæðna, stofnkostnaðar, viðhalds og rekstrarkostnaðar. Þannig er horft til ýmiss konar samfélagslegs kostnaðar þegar ákvörðun um kennisnið vegarins er tekin.

Til að gefa gróft yfirlit um umferðarrýmd vega í dreifbýli má styðjast við eftirfarandi:

Hefðbundinn tveggja akreina vegur hefur umferðarrýmd um 10.000–15.000 ökutæki/sólarhring en krafa um breikkun vegar kemur þó oft fram við 8.000–12.000 ökutæki á sólarhring. Hámarksumferðarrýmd 2+1 vegar er 15.000–20.000 ökutæki á sólarhring en hámarksumferðarrýmd 2+2 vegar er um 45.000–55.000 ökutæki á sólarhring. Hönnunarumferð er yfirleitt áætluð umferð 20 árum eftir opnun mannvirkis. Niðurstaða sænskra yfirvalda er sú að umferðaröryggi sé svipað á 2+2 vegum og 2+1 vegum. Hins vegar eru 2+1 vegir mun ódýrari en 2+2 vegir og valið því yfirleitt einfalt þegar 2+1 vegir anna umferðinni og sami umferðarhraði gildir.

884. Svar [363. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Valgerðar Bjarnadóttur um námskeið fyrir þá sem sæta akstursbanni.

1. *Hefur ráðuneytinu borist beiðni um endurgreiðslu kostnaðar við sérstakt námskeið fyrir þá sem sæta akstursbanni skv. 106. gr. a umferðarlaga, í samræmi við niðurstöðu álits umboðsmanns Alþingis nr. 5234/2008 frá 31. desember 2009?*

Ráðuneytinu hafa borist alls þrjár beiðnir um endurgreiðslu kostnaðar við sérstakt námskeið fyrir þá sem sæta akstursbanni samkvæmt 106. gr. a umferðarlaga.

2. *Ef svo er, hver voru viðbrögð ráðuneytisins við erindinu?*

Viðbrögð ráðuneytisins voru þau að hafna öllum þeim beiðnum sem fram hafa komið þar sem ráðuneytið féllst ekki á niðurstöðu umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5234/2008. Í stuttu máli var niðurstaða ráðuneytisins að ekki yrði ráðið af lögum eða lögskýringargögnum að hið sérstaka ökunám teldist til lögmæltrar opinberrar þjónustu. Þar af leiðandi yrði ekki gerður sérstakur greinarmunur á hinu almenna ökunámi annars vegar og hinu sérstaka ökunámi hins vegar hvað varðar heimildir til gjaldtöku vegna námsins. Að þessu leyti var því ekki fallist á niðurstöðu umboðsmanns Alþingis samkvæmt áliti hans í máli nr. 5234/2008, þótt ráðuneytið féllist á að núgildandi lagaumhverfi á þessu sviði mætti vera skýrara.

Varðandi forsendur ráðuneytisins vísast til meðfylgjandi greinargerðar, dags. 11. maí 2010, sem send var umboðsmanni Alþingis og þeim sem kröfðust endurgreiðslu kostnaðar við sérstaka námskeiðið.

3. *Hvaða ráðstafanir hefur ráðuneytið gert varðandi framkvæmd þessara sérstöku námskeiða í framhaldi af áliti umboðsmanns?*

Í ljósi afstöðu ráðuneytisins hefur það ekki talið tilefni til sérstakra ráðstafana. Þó þykir ráðuneytinu rétt að geta þess að í frumvarpi til nýrra umferðarlaga er ákvæðið um akstursbann nokkuð ítarlegra en núgildandi ákvæði, sbr. 107. gr. frumvarpsins. Þar er talað um sérhæft ökunám í stað sérstaks námskeiðs. Samkvæmt frumvarpinu skulu til að mynda námskeið vegna sérhæfðs ökunáms haldin reglulega og eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti, enda sé þess þörf. Áfram er þó gert ráð fyrir því að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun hins sérhæfða ökunáms.

Fylgiskjal.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið:

Greinargerð vegna lögmætis gjaldtöku fyrir sérstakt námskeið á grundvelli 106. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987.
(11. maí 2010.)

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar dags. 12. febrúar 2010 í máli nr. 5234/2008 er varðar kvörtun Ásdísar Erlu Ásgrímsdóttur vegna upphæðar gjalds fyrir sérstakt námskeið sem henni væri að lögum skylt að sækja til að fá akstursbanni aflétt og öðlast aftur ökuréttindi.

Var erindi Ásdísar lokið með áliti yðar dags. þann 31. desember 2009. Niðurstaða yðar var að viðhlítandi lagaheimild væri ekki til staðar fyrir ráðuneytið til að ákveða að þeir sem sættu akstursbanni stæðu sjálfir undir kostnaði af því að sækja sérstakt námskeið í merkingu 106. gr. a umferðarlaga. Vísuðuð þér til skyldna stjórnvalda til endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda samkvæmt lögum nr. 29/1995. Þá beinduð þér þeim tilmælum til ráðuneytisins að það leitaði leiða til að rétta hlut Ásdísar, kæmi fram um það beiðni frá henni og gera að öðru leyti viðhlítandi ráðstafanir í tilefni af álitinu varðandi framkvæmd sérstakra námskeiða samkvæmt 106. gr. a umferðarlaga, a.m.k. þar til niðurstaða heildarendurskoðunar þeirra fengist á vettvangi Alþingis. Með bréfi yðar dags. 12. febrúar sl. óskuðuð þér eftir upplýsingum um hvort framangreint álit umboðsmanns hafi orðið tilefni til einhverra sérstakra ráðstafana hjá ráðuneytinu og ef svo væri í hverju þær fælust.

Í tilefni af áliti yðar hefur ráðuneytið tekið til gaumgæfilegar skoðunar lagagrundvöll sérstaks námskeiðs vegna akstursbanns á grundvelli 106. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987, og komist að gagnstæðri niðurstöðu við álit yðar, byggðri á eftirfarandi röksemdarfærslu.

1. Almennt um heimildir hins opinbera til innheimtu þjónustugjalda.

Það er meginregla íslensks réttar að opinber þjónusta skuli veitt landsmönnum að kostnaðarlausu nema lög mæli fyrir um annað (d. gratisprincippet). Almenningur verður þannig ekki látinn standa straum af einstökum kostnaðarliðum í rekstri hins opinbera án skýrrar lagaheimildar, sbr. t.d. SUA 2002, bls. 179, nr. 3350/2001 (gíró-gjald Ríkisútvarpsins), SUA 1999, bls. 191, nr. 2219/1997 (tollheimta og tolleftirlit) og UA 31. desember 2003, nr. 3805/2003 (próftökugjald við læknadeild HÍ).

Sú regla að lagastoð þurfi til gjaldtöku af hálfu hins opinbera byggist á þeirri grundvallarreglu að stjórnsýslan sé lögbundin, þ.e. lögmætisreglunni, en verður einnig leidd af þeirri skýringarreglu að íþyngjandi stjórnvaldsathafnir verði almennt að byggjast á skýrri lagaheimild. Af eðli gjaldtöku, sem íþyngjandi er fyrir gjaldandann, leiðir því að stjórnvöld geta almennt ekki innheimt þjónustugjöld nema þau hafi fengið til þess skýra lagaheimild frá löggjafanum. Slíkar lagaheimildir verða því ekki skýrðar rúmt, sjá SUA 2001, bls. 172, nr. 2534/1998 (löggilding voga), UA 31. desember 2003, nr. 3805/2003 (próftökugjald við læknadeild HÍ). Með þessari kröfu um lagaheimild tryggir meginreglan þannig atbeina löggjafans til gjaldtökunnar og kemur í veg fyrir að auknar byrðar verði lagðar á almenning án þess að löggjafinn hafi tekið til þess afstöðu og vilji hans standi til þess. Hvaða þjónusta fellur innan gjaldtökuheimildar ræðst af túlkun þeirra lagaheimilda sem veita hinu opinbera heimild til að taka þjónustugjald.

Ákveðnar undantekningar kunna að vera frá meginreglunni um að gjaldtaka hins opinbera verði að eiga sér skýra stoð í lögum, sbr. t.d.: (i) þegar um er að ræða samninga um þjónustu sem hægt er að kaupa á almennum markaði; (ii) þegar um er að ræða gjald fyrir ólögmælta aukaþjónustu, sjá til hliðsjónar UA 31. desember 2003, nr. 3805/2003 (próftökugjald við læknadeild HÍ); (iii) þegar um er að ræða viss skaðleysissjónarmið, sjá UA 13. mars 1995, nr. 1041/1994 (hundagjald), sbr. hins vegar til hliðsjónar SUA 2001, bls. 177, nr. 2878/1999 (innheimta fasteignagjalda) og SUA 2002, bls. 179, nr. 3350/2001 (gírógjald Ríkisútvarpsins); og (iv) þegar starfsemi opinbers aðila fer alfarið fram á einkaréttareglum grundvelli og í samkeppni við einkaaðila, sjá SUA 1993:208 (Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa), sjá hins vegar t.d. Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. lög nr. 139/2001.

2. Lagastoð gjaldtöku vegna hins sérstaka námskeiðs.

Í 3. mgr. 53. gr. umferðarlaga segir: „Byrjandi, sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn skv. 51. gr. og sviptur er ökurétti, öðlast eigi ökurétt að nýju að loknum sviptingartíma fyrr en hann hefur sótt sérstakt námskeið skv. 106. gr. a og staðist ökupróf að nýju.“

Samkvæmt 1. mgr. 106. gr. a umferðarlaga skal lögreglustjóri banna byrjanda, sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, að aka hafi hann fengið fjóra eða fleiri punkta samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Akstursbanni skal eingöngu beitt einu sinni á gildistíma bráðabirgðaskírteinis. Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar þá eru með akstursbanni afturkölluð ökuréttindin sem bráðabirgðaskírteinið veitir. Akstursbannið gildir þar til byrjandinn hefur sótt sérstakt námskeið og staðist ökupróf að nýju. Ráðherra setur reglur um tilhögun námskeiðs sbr. reglugerð nr. 612/2007 um breytingu á reglugerð nr. 501/1997.

Samkvæmt c-lið 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga er það eitt af skilyrðum þess að veita megi manni ökuskírteini að hann hafi „hlotið kennslu löggilts ökukennara og sannað með prófi að hann hafi næga akstursháfni og nauðsynlega þekkingu á ökutækinu og meðferð þess og umferðarlöggjöf“. Ráðherra er falið að setja reglur um ökunám og ökukennslu, sbr. a-lið 1. mgr. 52. gr. sömu laga, og um gjald fyrir próf, akstursmat og ökuskírteini, sbr. d-lið sömu málsgreinar.

Í áliti yðar kemur fram að af þessum ákvæðum megi ráða að gjaldheimild sé til staðar vegna „ökuprófa“ sem séu liður „í almennri ökukennslu til að öðlast ökuskírteini“, en hvergi sé hins vegar tekið fram að gjaldheimild sé til staðar vegna „sérstaks námskeiðs“. Ráðuneytið telur ljóst að heimilt er að taka gjald fyrir almenna kennslu löggilts ökukennara, sbr. c-lið 2. mgr. 48. gr. og a-lið 1. mgr. 52. gr. umferðarlaga Í áliti yðar komist þér að því að sá lagagrundvöllur eigi ekki við um hin sérstöku námskeið. Í þessu sambandi vísið þér til eftirfarandi atriða: Í fyrsta lagi sé akstursbann sérstakt úrræði samkvæmt 106. gr. a umferðarlaga sem feli í sér „refsikennd viðurlög sem séu afar íþyngjandi“, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 28. apríl 2008 í máli nr. 179/2008. Í öðru lagi séu markmið almenns ökunáms og sérstaks námskeiðs vegna akstursbanns ekki að öllu leyti hin sömu. Í meginatriðum vísið þér þar til þess að hið fyrrnefnda miði almennt að því að undirbúa nemanda fyrir próftöku til að sanna næga akstursháfni og nauðsynlega þekkingu á ökutækinu og umferðarlöggjöf. Hið síðarnefnda hafi hins vegar sértækari markmið sem eigi að einhverju leyti samstöðu með sjónarmiðum um endurhæfingu eða betrun einstaklinga sem hafa gerst sekir um lögbrot og taki einnig mið af umferðarlagabrotum þeirra sem sitja námskeiðið.

Af d-lið 1. mgr. 52. gr. umferðarlaga, sem kveður á um að ráðherra skuli setja gjald fyrir próf, akstursmat og ökuskírteini, má ráða að vilji löggjafans standi almennt til þess að innheimt verði gjöld vegna ökuprófa. Af lögunum, sbr. einnig c-lið 2. mgr. 48. gr. og a-lið 1.

mgr. 52. gr., verður hins vegar ekki ráðið, a.m.k. skýrlega, að nein lögbundin gjaldtökuheimild sé til staðar vegna hins sérstaka námskeiðs. Slík niðurstaða verður heldur ekki ráðin af breytingalögum nr. 69/2007 og lögskýringargögnum með þeim. Af þessu leiðir jafnframt að lagastoð telst ekki vera til staðar. Ræðst lögmæti gjaldtöku þ.a.l. af því hvort hér teljist vera um opinbera þjónustu að ræða eða ekki, sbr. hér að framan.

3. Telst sérstakt námskeið vegna akstursbanns til „lögmæltrar opinberrar þjónustu“?

Niðurstaða varðandi lögmæti gjaldtöku vegna umrædds sérstaks námskeiðs verður að teljast ráðast af því hvort um lögmælta opinbera þjónustu sé að ræða eða ekki. Sé ekki um að ræða opinbera þjónustu, heldur þjónustu á einkaréttarlegum grundvelli, þarf ekki sérstaka lagastoð til gjaldtökunnar.

Í áliti yðar segir um þetta atriði: „Af ákvæði 106. gr. a umferðarlaga og tilvitnuðum lögskýringargögnum að baki ákvæðinu verður ekki önnur ályktun dregin að mínu áliti en að stjórnvöldum sé falið að sjá til þess að skipulagt sé „sérstakt námskeið“ fyrir þá sem settir eru í akstursbann með því að bráðabirgðaskírteini þeirra eru afturkölluð. Framkvæmd slíks námskeiðs er því ótvírætt verkefni sem stjórnvöldum er að lögum falið að sinna, þótt ekki sé útilokað að heimilt kunni að vera að fela einkaaðilum framkvæmd slíks verkefnis, enda sé réttarstaða þeirra sem þurfa að sitja slík námskeið ekki skert eða að öðru leyti gerð lakari með aðkomu einkaaðila.“

Samkvæmt þessu er það því niðurstaða yðar að um lögmælta opinbera þjónustu sé að ræða, en sé sú forsenda rétt verður þá jafnframt að fallast á þá niðurstöðu yðar að gjaldtakan vegna hennar eigi sér ekki nægilega skýra lagastoð.

Að mati ráðuneytisins er hins vegar ekki hægt að fallast á þá niðurstöðu yðar að framkvæmd hins sérstaka námskeiðs sé „ótvírætt verkefni sem stjórnvöldum er að lögum falið að sinna“. Samkvæmt 2. mgr. 106. gr. a eru með akstursbanni afturkölluð ökuréttindin sem bráðabirgðaskírteinið veitir. Akstursbannið gildir þar til byrjandinn hefur sótt sérstakt námskeið og staðist ökupróf að nýju. Ráðherra setur reglur um tilhögun námskeiðs, sbr. reglugerð nr. 612/2007. Í athugasemdum í greinargerð með lögum nr. 69/2007 segir eftirfarandi um þá frumvarpsgrein sem varð að 106. gr. a. umferðarlaga: „Reynslan sýnir að flestir ungir ökumenn standa sig vel í umferðinni. Sumum þeirra verður ýmislegt á, þeir gæta sín ekki nægilega vel, hættir til að líta á ökutækið sem leiktæki í umferðinni, aka glannalega og skortir reynslu og yfirvegun. Þeim verður að veita aðhald. Tillaga að reglum um akstursbann er liður í þeirri viðleitni. Þegar akstursbanni er beitt verður byrjandi, ökumaður með bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, í sömu stöðu og sá sem ekki hefur lokið ökunámi. Byrjandinn hefur misst ökuréttinn og verður að fara í sérstakt ökunám og taka ökupróf til þess að öðlast hann á ný.“ Í reglugerð nr. 612/2007, um breytingu á reglugerð nr. 501/1997, segir að sérstakt námskeið skuli fara fram á vegum Umferðarstofu eða þess sem hún felur framkvæmdina.

Af orðalagi lagaákvæðisins, sem og lögskýringargögnum, verður ekki annað ráðið en að þeim ökumönnum sem er gert að sæta akstursbanni sé skylt að fara aftur í ökunám þar sem hegðun þeirra í umferðinni hefur sýnt framá, að þeir hafi ekki öðlast nægilega færni til að sinna því ábyrgðarmikla hlutverki að aka bifreið. Það að námskeiðið sé að nokkru leyti byggt upp á annan hátt en grunnökunámið breytir því ekki að um ökunám er að ræða, sem ætlað er að gera þá er það sitja að betri ökumönnum. Sá sem sætt hefur akstursbanni hefur hins vegar um það val að sitja slíkt námskeið eða taka ákvörðun um að láta þar við sitja í ökuferli sínum og öðlast þar með ekki ökuleyfi að nýju. Það er því ekki skylda að sitja slík námskeið og því er það fjarri lagi að í sérstöku námskeiði vegna akstursbanns felist refsikennd viðurlög. Hins vegar má segja að refsikennd viðurlög felist í því að ökuskírteini þess sem gert er að sæta

akstursbanni er afturkallað. Í þessu sambandi er vert að geta þess að í námskrá vegna ökunáms sem gildir frá 1. mars 2010 er áréttað, að ökunámi ljúki formlega með akstursmati þegar bráðabirgðaskírteini er endurnýjað í fullnaðarskírteini. Því er sérstaka námskeiðið viðbót við almenna ökunámið þar sem farið er yfir sérvalin atriði sem þeir sem námskeiðin sitja teljast þurfa að ná betri tökum á í akstri sínum. Þjálfun í ökugerði, sem krafa er gerð um fyrir ökunema frá og með 1. janúar 2010, skal ennfremur fara fram áður en fullnaðarskírteini er gefið út.

Telja verður að „almennt“ ökunám geti vart flokkast til lögmæltrar opinberrar þjónustu. Slík niðurstaða verður raunar ekki ráðin af lögum, hvorki umferðarlögum né öðrum lögum. Þótt bifreiðar gegni vissulega veigamiklu hlutverki í nútímasamfélagi og ökunám lúti aðkomu hins opinbera að ákveðnu leyti þá verður ekki séð að það eitt fái breytt framangreindu. Sú staðreynd að ökunám hefur athugasemdalaust verið í umsjón einkaaðila, þ.e. svokallaðra ökuskóla, er jafnframt að einhverju leyti vísbending um að ökunám eigi sér einkaréttarlegan grundvöll, þótt það að námið sé í höndum einkaréttarlegra aðila hafi vissulega ekki úrslitaþýðingu í því sambandi. Hlýtur það engu að síður að hafa þýðingu sem lögskýringarsjónarmið í þessu sambandi.

Kemur þá næst til álita hvort einhver greinarmunur sé á hinu sérstaka ökunámi annars vegar og almennu ökunámi hins vegar í þessu tilliti, þ.e. hvort hið sérstaka ökunám geti flokkast til lögmæltrar opinberrar þjónustu. Í áliti yðar segir meðal annars að markmið almenns ökunáms og sérstaks námskeiðs vegna akstursbanns séu ekki að öllu leyti hin sömu. Almennt ökunám miði að því að undirbúa nemanda fyrir próftöku til að sanna næga aksturshæfni og nauðsynlega þekkingu á ökutækinu og umferðarlöggjöf. Hið sérstaka ökunám hafi hins vegar sértækari markmið sem ættu að einhverju leyti samstöðu með sjónarmiðum um endurhæfingu eða betrun einstaklinga sem hefðu gerst sekir um lögbrot og tækju einnig mið af umferðarlagabrotum þeirra sem sætu námskeiðið.

Fallast má á það að ákveðinn greinarmunur kunni að vera á hinu almenna ökunámi annars vegar og hinu sérstaka ökunámi hins vegar. Á hitt er þó að líta að þótt ráða megi af umferðarlögum að þeir ökumenn sem sæta akstursbanni þurfi að sækja sértækt ökunám þá verður ekki afdráttarlaust ráðið af lögunum eða lögskýringargögnum að slíkt nám teljist sérstaklega til lögmæltrar opinberrar þjónustu. Hefði vilji löggjafans staðið til þess að gera einhvern sérstakan greinarmun á almennu ökunámi og sérstöku ökunámi í þessu tilliti, þ.e. þannig að hið sérstaka ökunám teldist til lögmæltrar opinberrar þjónustu gagnstætt því sem telja verður að gildi um hið almenna ökunám, mætti færa rök að því að slíkan löggjafarvilja hefði einmitt þurft að vera hægt að ráða skýrlega af lögskýringargögnum, en slíkt er ekki raunin. Má jafnframt halda því fram að ákvæði laga sem fela í sér skyldu ríkisins til að veita þjónustu, með tilheyrandi skuldbindingu, þurfi að vera skýr að slíku leyti, sér í lagi ef um er að ræða þjónustu sem alla jafna hefur verið veitt á einkaréttarlegum grundvelli.

Verður jafnframt að telja að enda þótt hið sérstaka ökunám hafi vissan samfélagslegan tilgang, þ.m.t. eflingu umferðaröryggis sem hlýtur að teljast í þágu almannahagsmuna, þá verði ekki fram hjá því horft að ökunám teljist í eðli sínu ekki til opinberrar þjónustu. Ekki sé slíkur sjáanlegur greinarmunur á hinu almenna og sérstaka ökunámi að það fái breytt framangreindu. Er þá meðal annars horft til þess að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum þá eru meginmarkmið hins almenna og sérstaka ökunáms nákvæmlega hin sömu. Í reynd virðist hið sérstaka ökunám fela í sér ákveðna endurtekningu á hinu almenna ökunámi, þótt meiri áhersla sé lögð á tiltekin atriði.

Vegna tilvísunar til hæstaréttarmálsins nr. 178/2008, þá verður að telja að akstursbannið sem slíkt séu hin refsikenndu viðurlög. Enda þótt akstursbannið gildi þar til byrjandi hefur

sótt sérstakt námskeið og staðist ökupróf að nýju, sbr. 2. mgr. 106. gr. a. umferðarlaga, þá verður ekki endilega ráðið að það skapi hinu sérstaka námskeiði einhverja sérstöðu í þessu samhengi þannig að úrslitaþýðingu geti haft. Er þá meðal annars horf til þess að hið sérstaka námskeið og ökupróf því samfara er fyrst og fremst afleiðing af akstursbanni. Nánar tiltekið, hafi ökumaður þurft að sæta akstursbanni þá verður hann einfaldlega að fara aftur í ökunám og taka ökupróf að nýju þar sem grundvöllurinn fyrir útgáfu hins upphaflega ökuskírteinis er brostinn. Sá sem hefur þurft að sæta akstursbanni er að þessu leyti eins settur og ef hann hafði aldrei fengið ökupróf og sótt ökunám.

Þá verður að líta til þess að samkvæmt reglugerð nr. 612/2007, um breytingu á reglugerð nr. 501/1997, er kveðið á um að sérstakt námskeið skuli fara fram á vegum Umferðarstofu eða þess sem hún felur framkvæmdina. Þetta orðalag kann vissulega að benda til þess að veiting hins sérstaka námskeiðs teljist til opinberrar þjónustu. Fyrr greint reglugerðarákvæði þarf þó ekki endilega að breyta niðurstöðunni varðandi framangreint. Í því sambandi má í fyrsta lagi benda á að það hvort um lögmælta opinbera þjónustu sé að ræða eða ekki hlýtur fyrst og síðast að ráðast af túlkun á almennum lögum. Það að ráðherra ákveði með reglugerð að fela hinu opinbera framkvæmd tiltekinnar þjónustu leiðir þannig ekki sjálfkrafa til þess að um lögmælta opinbera þjónustu sé að ræða, þ.e. verði sú niðurstaða ekki leidd af almennum lögum. Virðist niðurstaða yðar enda fyrst og síðast styðjast við 106. gr. a. umferðarlaga, fremur en reglugerðina, enda þótt þér túlkið hin almennu lög með öðrum hætti en fallist er endilega á. Að þessu leyti er því jafnframt, eftir atvikum, um nokkurs konar ólögmælta aukaþjónustu að ræða. Í annan stað þá segir aðeins í reglugerðinni að hið sérstaka námskeið skuli fara fram á vegum Umferðarstofu eða þess sem hún felur framkvæmdina, en það þarf ekki að þýða að námið sem slíkt teljist til opinberrar þjónustu. Slíkt hlýtur alltaf að einhverju leyti að ráðast af eðli námsins sem slíks líkt og áður hefur verið rakið. Í tengslum við framangreint má jafnframt árétta að ákveðnar undantekningar eru á þeirri meginreglu að gjaldtaka vegna opinberrar þjónustu verði að eiga sér skýra stoð í lögum, meðal annars þegar um er að ræða þjónustu sem er að einhverju leyti einkaréttarlegs eðlis og þegar um er að ræða gjald fyrir ólögákveðna aukaþjónustu. Er slíkt jafnframt til marks um að meginreglan um skýrleika lagastoðar á fyrst og fremst við um lögákveðna þjónustu sem telst jafnframt í eðli sínu opinbers réttar eðlis.

Í tengslum við framangreinda röksemdarfærslu ber að hafa í huga að enda þótt ökunámið sem slíkt sé ekki opinbers réttar eðlis þá þarf það ekki að þýða að prófraunin sjálf, þ.e. ökuprófið sem slíkt, sé ekki opinbers réttar eðlis. Nánar tiltekið þá má gera greinarmun á prófrauninni sem slíkri annars vegar og námi til undirbúnings prófrauninni hins vegar. Hér má t.d. til samanburðar benda á að prófnefnd verðbréfaviðskipta hefur umsjón með prófi í verðbréfaviðskiptum samkvæmt 53. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hins vegar hafa háskólastofnanir, stundum fleiri en ein samtímis, boðið upp á námskeið til undirbúnings prófi í verðbréfaviðskiptum. Verður það nám eða námskeiðshald t.d. vart talið til opinberrar þjónustu. Ætla verður að tekið sé tillit til þessa í tengslum við gjaldtökuheimildir vegna slíks náms, sbr. og t.d. til samanburðar 18. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun vátrygginga.

4. Orðnotkun.

Fallast má á að hugtakið „sérstakt námskeið vegna akstursbanns“ er óheppilegt og að nokkru leyti misvísandi. Í 107. gr. frumvarps til nýrra umferðarlaga er fjallað um akstursbann. Er í frumvarpinu vísað til „sérhæfðs ökunáms vegna akstursbanns“ í stað „sérstaks námskeiðs vegna akstursbanns“ eins og er í núgildandi lögum til að leggja áherslu á að um ökunám er að ræða sem lýtur sömu lögmálum og almennt ökunám.

5. Niðurstaða.

Með vísan til alls framangreinds verður að telja að ekki verði ráðið af lögum eða lögskýringargögnum að hið sérstaka ökunám teljist til lögmæltrar opinberrar þjónustu. Þar af leiðandi verði ekki gerður sérstakur greinarmunur á hinu almenna ökunámi annars vegar og hinu sérstaka ökunámi hins vegar hvað varðar heimildir til gjaldtöku vegna námsins. Að þessu leyti er því ekki fallist á niðurstöðu yðar samkvæmt áliti í máli nr. 5234/2008, þó fallast megi á að núgildandi lagaumhverfi á þessu sviði mætti vera skýrara.

Með vísan til þessa hefur ráðuneytið hafnað kröfu Ásdísar Erlu um endurgreiðslu kostnaðar vegna hins sérstaka námskeiðs og henni bent á að sækja rétt sinn fyrir dómstólum kjósi hún svo. Erindi annarra aðila sem sótt hafa um endurgreiðslu á sama grundvelli hafa verið afgreidd á sama hátt. Af sömu ástæðum telur ráðuneytið ekki ástæðu til sérstakra ráðstafana í tilefni af áliti yðar hvað varðar framkvæmd sérstakra námskeiða á grundvelli 1. mgr. 106. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir Brynjólfur Hjartarson

885. Svar [420. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um gæslu auðlinda og hagsmuna í viðræðum við Evrópusambandið.

1. *Er útræðisréttur sjávarjarða og eignarréttur innan netlaga tryggður í samningaviðræðum við Evrópusambandið?*

Evrópusambandið kemur ekki að setningu reglna innan 12 sjómílna landhelgi aðildarríkja heldur fara aðildarríki sambandsins sjálf með það reglusetningarvald. Því verður ekki séð að möguleg aðild Íslands að Evrópusambandinu hafi nein áhrif á gildandi rétt um nýtingu útræðisréttar sjávarjarða né eignarrétt innan netlaga.

2. *Hvaða samtök sem eiga mikilla hagsmuna að gæta í samningaviðræðum við Evrópusambandið hafa sagt sig frá undirbúningi viðræðnanna?*

Engin hagsmunasamtök hafa sagt sig frá undirbúningi viðræðna.

3. *Hafa íslensk stjórnvöld skilgreint gagnvart Evrópusambandinu hvað flokkast til auðlinda hér á landi og hverjar þær eru?*

Rétt er að hafa í huga að eignarhald á og yfirráð yfir náttúruauðlindum á borð við jarðhita, olíu, heitt og kalt vatn o.s.frv. er í höndum aðildarríkja Evrópusambandsins en ekki sambandsins sjálfs þó að ákvæði innri markaðar Evrópusambandsins kveði á um þætti er lúta að fjárfestingum, samkeppnismálum, umhverfismálum o.fl. Þannig hafa t.d. Bretar og Hollendingar full yfirráð yfir olíuauðlindum sínum í Norðursjó, Finnar ráða að fullu yfir þeirri náttúruauðlind sem finnsku skógarnir eru, og Ungverjar hafa einir yfirráð yfir þeim jarðhitaauðlindum sem þar finnast.

Gera má ráð fyrir að fjallað verði um þætti sem snúa að auðlindanýtingu í 13. kafla um sjávarútveg og 15. kafla um orkumál. Málefni sem tengjast nýtingu sjávarspendýra verða til

umfjöllunar í 27. kafla um umhverfismál þar sem náttúruverndarlöggjöf stendur utan EES-samningsins. Að svo komnu máli hefur hvorki verið talin þörf á að skilgreina sérstaklega gagnvart Evrópusambandinu hvað Íslendingar telja flokkast til auðlinda né hverjar þær eru í samhengi samningaviðræðnanna. Hins vegar er rétt að minna á að í nefndaráliti utanríkismálanefndar Alþingis er sérstaklega fjallað um orku- og auðlindamál, þ.m.t. sjávarútvegsmálin. Þau atriði sem þar eru tilgreind mynda grundvöll þeirrar afstöðu sem mun verða mótuð af Íslands hálfu gagnvart Evrópusambandinu að því er varðar auðlindamál.

886. Svar [416. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um umferðarslys og vöruflutninga á þjóðvegum.

1. *Hve mörg umferðarslys hafa orðið sl. 10 ár á þjóðvegum landsins, sundurliðað eftir slysaflokkum:*
   a. *banaslys,*
   b. *slys sem hafa haft í för með sér alvarleg meiðsl á fólki,*
   c. *slys þar sem lítil meiðsl hafa orðið eða eingöngu eignatjón, og*
   d. *slys sem falla utan framangreindra skilgreininga?*
2. *Í hve mörgum þeirra umferðarslysa sem tilgreind eru í 1. tölul. hafa vöruflutningabifreiðar komið við sögu?*

Í eftirfarandi töflum er miðað við heil tíu ár frá og með desember 2000 til og með nóvember 2010 þar sem desember 2010 hefur ekki verið skráður enn.

Spurt er um þjóðvegi landsins en ekki er ljóst hvort átt er við öll slys, slys í dreifbýli eða öll slys á vegum sem Vegagerðin ber ábyrgð á. Hér eru því sett fram þrenns konar svör miðað við framangreint.

Öll slys á landinu.

	Fjöldi slysa	Slys þar sem vörubílar komu við sögu
Banaslys	175	28
Alvarleg meiðsl á fólki	1.372	90
Lítil meiðsl eða eingöngu eignatjón	7.550	433
Annað	65.795	5.419
Beinn árlegur kostnaður		37,3 milljarðar kr.

Öll slys á vegum Vegagerðarinnar; vegir í dreifbýli og stofnvegir í kaupstöðum.

	Fjöldi slysa	Slys þar sem vörubílar komu við sögu
Banaslys	156	27
Alvarleg meiðsl á fólki	883	68
Lítil meiðsl eða eingöngu eignatjón	4.707	305
Annað	25.810	2793
Beinn árlegur kostnaður		29 milljarðar kr.

Slys í dreifbýli eingöngu.

	Fjöldi slysa	Slys þar sem vörubílar komu við sögu
Banaslys	128	23
Alvarleg meiðsl á fólki	615	51
Lítil meiðsl eða eingöngu eignatjón	2.465	192
Annað	10.228	1.545
Beinn árlegur kostnaður		21,9 milljarðar kr.

3. *Hver er áætlaður árlegur beinn og óbeinn kostnaður íslensks samfélags vegna umferðarslysa á þjóðvegum þar sem vöruflutningabifreiðar koma við sögu?*

	Slysatölur			Kostnaðartölur		
1. des. 2000 – 30. nóv. 2010	**Slys alls**	**Slys þar sem vörubifreiðar koma við sögu**	**Hlutfall**	**Kostnaður á atvik 2005 (þús. kr.)**	**Kostnaður á atvik 2010 (þús. kr.)**	**Kostnaður vegna vörubílaslysa (millj. kr.)**
Öll slys						
Banaslys	175	28	16,0%	389.148	546.293	15.296
Alvarleg slys	1.372	90	6,6%	60.392	84.779	7.630
Slys með litlum meiðslum	7.550	433	5,7%	9.607	13.486	5.840
Óhöpp án meiðsla	65.795	5.419	8,2%	1.123	1.576	8.543
Samtals	**74.892**	**5.970**	**8,0%**			**37.309**
Slys á vegum Vegagerðar						
Banaslys	156	27	17,3%	89.148	546.293	14.750
Alvarleg slys	883	68	7,7%	60.392	84.779	5.765
Slys með litlum meiðslum	4.707	305	6,5%	9.607	13.486	4.113
Óhöpp án meiðsla	25.810	2.793	10,8%	1.123	1.576	4.403
Samtals	**31.556**	**3.193**	**10,1%**			**29.031**
Slys í dreifbýli						
Banaslys	128	23	18,0%	389.148	546.293	12.565
Alvarleg slys	615	51	8,3%	60.392	84.779	4.324
Slys með litlum meiðslum	2.465	192	7,8%	9.607	13.486	2.589
Óhöpp án meiðsla	10.228	1.545	15,1%	1.123	1.576	2.436
Samtals	**13.436**	**1.811**	**13,5%**			**21.914**

Kostnaðartölur eru byggðar á skýrslu Línuhönnunar um kostnað vegna umferðarslysa frá 2006 en fjárhæðir eru uppfærðar miðað við verðlag 2010. Sú skýrsla var byggð á framreikningum úr skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði árið 1996. Í skýrslunni er tekið tilliti til vanskráningar, þ.e. skráningarhlutfall slysa er áætlað.

Kostnaði vegna umferðarslysa má skipta í samfélagsleg slysaútgjöld og persónulegt slysatjón. Samfélagsleg slysaútgjöld eru útgjöld sem falla beint á samfélagið, t.d. í formi löggæslu og læknisþjónustu en persónulegt slysatjón er tjón sem slysþolar og aðstandendur verða fyrir og er það að talsverðu leyti huglægt.

- *Samfélagsleg slysaútgjöld:* Sá kostnaður sem samfélagið greiðir vegna umferðarslysa í formi bóta, þjónustu o.s.frv.
- *Persónulegt slysatjón:* Sú upphæð sem greiða þyrfti einstaklingi þannig að hann væri jafn vel settur fyrir umferðaróhapp og eftir það.

Skýrsla Hagfræðistofnunar HÍ „Kostnaður vegna umferðarslysa á Íslandi“ kom út árið 1996. Þar var metinn kostnaður vegna umferðarslysa á verðlagi ársins 1995 og var skýrslan unnin að beiðni Vegagerðarinnar, umferðarráðs, landlæknisembættisins og slysavarnaráðs.

Í skýrslunni voru færð rök fyrir því að kostnaður vegna umferðarslysa á Íslandi væri mun meiri en eldri kannanir höfðu leitt í ljós og að kostnaðurinn næmi um 11–15 milljörðum íslenskra króna árlega á verðlagi ársins 1995. Á verðlagi ársins 2005 samsvarar þetta 21–29 milljörðum íslenskra króna árlega ef núvirt er með hliðsjón af meðalvísitölu launa 1995 og 2005.

Þessi skýrsla er eina viðmiðið sem notað er nú til útreikninga á kostnaði vegna umferðarslysa. Útreikningarnir eru að sjálfsögðu takmarkaðir að því leyti að forsendurnar eru allar frá 1995.

4. *Hver er hluti þess áætlaða árlega kostnaðar ríkissjóðs við viðhald og viðgerðir á þjóðvegum sem rekja má til umferðar vöruflutningabifreiða?*

Ekki eru tiltækar ítarlegar upplýsingar um niðurbrot vega eftir mismunandi umferðarflokkum. Þungaumferð er talin vera um 8% af heildarumferð. Þungaumferðin er samsett af um 6% vöruflutningaumferð og 2% annarri þungaumferð.

Fjárveiting til viðhalds vega árið 2011 er 4.679 millj. kr. Gróflega má áætla að rekja megi rúmlega helming af þessum kostnaði til vöruflutningabifreiða.

Ef horft er til allrar þungaumferðar má áætla að rekja megi um tvo þriðju af þessum kostnaði til hennar.

887. Framhaldsnefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin sendi frá sér álit um frumvarp til breytinga á raforkulögum, nr. 65/2003, 15. desember síðastliðinn. Málið komst ekki á dagskrá þingsins fyrir þinghlé og varð frumvarpið því ekki að lögum. Þar sem frekari upplýsingar hafa fengist og umræður hafa skapast um efni frumvarpsins hefur nefndin tekið það aftur til skoðunar og skilar framhaldsnefndaráliti. Nefndin hefur fengið á fund sinn Kristján Skarphéðinsson og Ingva Má Pálsson frá iðnaðarráðuneytinu, Guðlaugu Sigurðardóttur og Þórð Guðmundsson frá Landsneti ásamt Ívari Þorsteinssyni frá Orkustofnun. Þá fékk nefndin skriflegar umsagnir frá Orkustofnun, Landsneti, Samkeppniseftirlitinu og Póst- og fjarskiptastofnun.

Nefndin tók til frekari skoðunar atriði sem varða tekjumörk og gjaldskrármál flutningsfyrirtækisins, sbr. 6. gr. frumvarpsins, m.a. að því er varðar meðferð og skilgreiningu á upp söfnuðum gengishagnaði hjá flutningsfyrirtækinu og áhrif hans á setningu komandi tekjumarkatímabila. Meðal þess sem nefndin kynnti sér var hvort gengishagnaður sem myndaðist í kjölfar þess að gjaldskrá stóriðju var færð í bandaríkjadali árið 2007 en tekjumörkin voru áfram í íslenskum krónum væri tekjur í skilningi raforkulaga. Það var niðurstaða sérfræðinga sem nefndin ráðfærði sig við að ekki væri hægt að líta öðruvísi á en að gengishagnaður væri tekjur í skilningi bæði raforkulaga og bókhaldslaga. Í því samhengi vekur nefndin athygli á heimild í 3. mgr. 12. gr. raforkulaga til þess að færa of- eða vanteknar tekjur milli ára við árlegt uppgjör tekjumarka. Nefndin leggur til tvenns konar viðbótarbreytingar á 6. gr. frumvarpsins sem lúta að tekjumörkum flutningsfyrirtækisins. Annars vegar er lagt til að í stað

þess að kveða á um að við mat á vegnum fjármagnskostnaði skuli taka tillit til „áhættuálags fyrir stórnotendur“, eins og lagt var til í fyrri breytingartillögu, skuli setningin orðuð á þann hátt að við mat á vegnum fjármagnskostnaði skuli „m.a. taka tillit til rekstraráhættu flutningsfyrirtækisins“. Í öllum útreikningum á vegnum fjármagnskostnaði (WACC) er reiknuð ávöxtunarkrafa fjármagns sem endurspeglar eðli og áhættu þess rekstrar sem um ræðir. Á það jafnt við um útreikninga á fjármagnskostnaði fyrir stórnotendur sem dreifiveitur. Er því lögð til þessi breyting á orðalagi til að undirstrika að slíkt áhættumat er einn af mörgum þáttum sem koma til skoðunar við útreikninga á vegnum fjármagnskostnaði og að ekki er um það að ræða að með frumvarpinu sé lagt sérstakt áhættuálag á stórnotendur. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að arðsemisviðmiðunin byggist á vegnum fjármagnskostnaði í samræmi við það sem tíðkast í svipuðum rekstri í öðrum Evrópulöndum.

Hins vegar er lagt til að kveðið verði á um að hinir sérfróðu aðilar, sem skv. 6. gr. frumvarpsins er falið að leggja mat á hver sé eðlileg arðsemi flutningsfyrirtækisins, skuli hafa samráð við helstu hagsmunaaðila þegar það mat er unnið. Þessir hagsmunaaðilar eru framleiðendur raforku, neytendur, stórnotendur, dreifiveitur og Landsnet. Hinir sérfróðu aðilar eru, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, óháðir aðilar með sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Til að tryggja vandaðan undirbúning er nauðsynlegt að fulltrúar notenda flutningskerfisins hafi tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum og skoðunum á framfæri við hina óháðu aðila. Er það jafnframt til þess fallið að öllum staðreyndum sé haldið til haga við mat á eðlilegri arðsemi flutningsfyrirtækisins. Er því með breytingartillögunni lagt til skyldubundið samráð við framangreinda aðila.

Eins og frumvarpið var lagt fram á sl. haustþingi var gert ráð fyrir að lögin mundu öðlast þegar gildi og ákvæði þess um tekjumörk kæmu til framkvæmda 1. janúar 2011. Þar sem frumvarpið varð ekki að lögum fyrir áramót leggur nefndin til að sérstaklega verði tiltekið að frumvarpið nái til setningar tekjumarka frá og með árinu 2011. Með því verður árið 2011 inni í hinum nýju tekjumarkaviðmiðum. Að sama skapi leggur nefndin til að í bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu komi ártalið 2010 í stað 2009, þar sem talað er um uppsafnaðar ofteknar tekjur í „árslok 2009“. Jafnframt leggur hún til að þegar sú tala liggur fyrir, þ.e. uppsafnaðar umframtekjur síðustu ára sem koma til endurgreiðslu á næstu 10 árum, verði hún bundin við bandaríkjadali miðað við gengi þess tíma þegar talan liggur fyrir. Þar sem markmiðið með ákvæðum frumvarpsins er að gera umhverfi stórnotenda stöðugra með því að minnka gengisáhættu og áhrif gengisbreytinga telur nefndin mikilvægt að hafa fjárhæð hinna uppsöfnuðu tekna í sömu mynt.

Í d-lið 3. gr. frumvarpsins er tiltekið að flutningsfyrirtækið megi ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að það geti rækt skyldur sínar samkvæmt lögum. Hins vegar er flutningsfyrirtækinu heimilað að eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og því er heimilt að bjóða út umframflutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða, svo fremi sem samkeppni sé ekki raskað. Fyrir nefndinni var hreyft þeim sjónarmiðum að ákjósanlegt væri að flutningsfyrirtækjum væri heimilað að stofna sameiginlega sérstakt félag um fjarskiptakerfi. Tilgangur slíks félags væri eingöngu sá að sinna þörfum raforkukerfisins og yrði félagið nokkurs konar öryggisfjarskiptafélag sem ekki mundi starfa á almennum markaði. Hjá Landsneti kemur fram að slíkt félag mundi ekki sinna öðrum verkefnum en þeim sem starfsemi orkufyrirtækjanna krefst og að umframflutningsgeta yrði boðin án þjónustu. Gerir Landsnet ráð fyrir að tekjur vegna leigu á umframgetu yrðu óverulegar og þannig væri horft til þess þjóðhagslega hagræðis sem felst í samnýtingu og að hægt yrði að opna fjarskiptaþjónustu inn á afskekkta staði og auðvelda þannig samkeppnisaðilum

að selja þjónustu sína. Leitast yrði við að byggja upp fjarskiptakerfið á hagkvæman hátt samhliða stækkun og endurnýjun raforkukerfisins. Gert er ráð fyrir að slíkt félag yrði í jafnri eigu Landsnets og Landsvirkjunar og að greiðslur fyrir veitta þjónustu mundi skiptast svo til jafnt á milli þeirra. Þá er á síðari stigum gert ráð fyrir að önnur orkufélög geti gerst eigendur að félaginu á jafnræðisgrunni. Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að á grundvelli 5. tölul. 4. mgr. 9. gr. raforkulaganna hvíli sú skylda á Landsneti að annast og tryggja öryggi í raforkukerfinu og má leiða af því að einn hluti þess sé að tryggja örugg fjarskipti vegna starfsemi þess kerfis. Telur stofnunin því eðlilegt að fyrirtækinu sé tryggður með einum eða öðrum hætti réttur til að reka öryggisfjarskiptakerfi raforkukerfisins. Slík starfsemi þurfi eftir sem áður að samræmast almennum kröfum raforkulaga og sérlögum á sviði fjarskiptamála.

Nefndin leitaði eftir mati Póst- og fjarskiptastofnunar á tillögu þessari. Í umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar kemur fram að skoða þurfi stofnun fyrirtækis um umframflutningsgetu í ljósi 36. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, og túlkunar á ákvæðinu. Þá tiltekur stofnunin að mikilvægt sé að fjarskiptastarfsemi Landsnets verði innan þess ramma sem fjarskiptalöggjöfin markar og að sú starfsemi sem lýtur að sölu umframgetu falli undir fjarskiptalögin. Í ljósi upplýsinga sem nefndin fékk er það mat hennar að heimild þessi sé til hagsbóta enda muni hún auka öryggi í rekstri fjarskiptakerfa raforkukerfisins ásamt því að leiða til hagræðingar vegna samlegðaráhrifa. Leggur hún því til viðbót við 3. gr. frumvarpsins á þann hátt að flutningsfyrirtæki sé heimilað að eiga hlut í fjarskiptafélagi sem hafi það hlutverk að reka öryggisfjarskiptakerfi raforkukerfisins. Nefndin fékk einnig umsögn frá Samkeppniseftirlitinu um frumvarpið. Í umsögninni kemur fram að þessar breytingar feli í sér að mögulegir keppinautar sameinist um rekstur fjarskiptafélags og geti slíkt samstarf farið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið getur skv. 15. gr. samkeppnislaga veitt undanþágu frá slíku samstarfi og telur Samkeppniseftirlitið eðlilegt að skýrt verði kveðið á um að slík undanþága sé forsenda stofnunar félagsins. Með þeim hætti er tryggt að stofnun félags um öryggisfjarskiptakerfi raforkukerfisins leiði ekki til röskunar á samkeppni, notendum raforku til tjóns. Nefndin tekur heilshugar undir þessi sjónarmið og leggur til breytingar þar að lútandi. Með þeim breytingum er tekinn af allur vafi um að samkeppni verði ekki raskað þrátt fyrir að flutningsfyrirtækinu verði heimilað, að uppfylltum þessum skilyrðum, að eiga hlut í fjarskiptafélaginu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Við 3. gr.
   a. Við d-lið bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að fengnu leyfi Samkeppniseftirlitsins, skv. 15. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, að eiga hlut í, ásamt öðrum, fjarskiptafélagi sem hefur það hlutverk að reka öryggisfjarskiptakerfi raforkukerfisins. Félaginu skal vera heimilt að bjóða út umframflutningsgetu, ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða, svo fremi sem samkeppni sé ekki raskað.
   b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað orðanna „skv. 3. mgr.“ í 7. mgr. kemur: um stofnun flutningsfyrirtækisins.
2. Á eftir a-lið 4. gr. komi nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað tilvísunarinnar „12. gr.“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: 12. gr. a.

3. Við 6. gr.
   a. Á eftir 2. málsl. 2. tölul. 3. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Við mat á vegnum fjármagnskostnaði skal m.a. taka tillit til rekstraráhættu flutningsfyrirtækisins. Kveða skal nánar á um mat á vegnum fjármagnskostnaði í reglugerð.
   b. Við 2. tölul. 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við mat hinna sérfróðu aðila ber þeim að hafa samráð við framleiðendur raforku, neytendur, stórnotendur, dreifiveitur og Landsnet.
4. Í stað orðanna „sbr. ákvæði 3. mgr. 12. gr.“ í 4. efnismgr. 10. gr. komi: sbr. ákvæði 3. mgr. 12. gr. a.
5. Í stað orðanna „koma til framkvæmda 1. janúar 2011“ í 17. gr. komi: ná til setningar tekjumarka frá og með árinu 2011.
6. Við ákvæði til bráðabirgða II bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Uppsafnaðar ofteknar tekjur í árslok 2010 skulu færðar í bandaríkjadali miðað við gengi þess dags þegar samtala oftekinna tekna liggur fyrir.

Alþingi, 21. febr. 2011.

Kristján L. Möller, form., frsm.	Gunnar Bragi Sveinsson.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.
Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.	Jón Gunnarsson.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.
Lilja Mósesdóttir.	Magnús Orri Schram.	Tryggvi Þór Herbertsson.

888. Tillaga til þingsályktunar [535. mál]

um heimild til staðfestingar tveggja ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn annars vegar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008, um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Banda lagsins taki til flugstarfsemi, og hins vegar ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/450/EB frá 8. júní 2009, um ítarlega túlkun á flugstarfseminni sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á tveimur ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar er varða breytingar á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn annars vegar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008, um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi, og hins vegar ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/450/EB frá 8. júní 2009, um ítarlega túlkun á flugstarfseminni sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.

Með tilskipun 2008/101/EB er flugstarfsemi felld undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda, sem er meginstjórntæki ESB á sviði loftslagsmála. Tilskipun 2008/101/EB, sem og ákvörðun 2009/450/EB sem tengist framkvæmd þeirrar tilskipunar, falla innan gildissviðs EES-samningsins og verða því teknar upp í samninginn. Enda þótt samningaviðræðum EFTA-ríkjanna við framkvæmdastjórn ESB um upptöku tilskipunarinnar í samninginn hafi lokið í september 2010 hefur tafist á vettvangi ESB að ljúka málinu og er enn beðið staðfestingar ráðherraráðsins áður en hægt verður að taka hana formlega upp í samninginn.

Innleiðing umræddra gerða hér á landi kallar á lagabreytingar. Vegna tafa sem orðið hafa á upptöku umræddrar tilskipunar í EES-samninginn og afar skammra tímafresta sem kveðið er á um í henni er nauðsynlegt að ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku gerðanna í samninginn geti tekið gildi þegar í stað, m.ö.o. að ekki verði settur stjórnskipulegur fyrirvari af hálfu einstakra EES/EFTA-ríkja. Því er lagt til að Alþingi heimili ríkisstjórninni fyrir fram að staðfesta þær tvær ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem kveðið verður á um upptöku gerðanna í samninginn.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðanna sem hér um ræðir, en þær fela ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Drög að ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir eru prentuð sem fylgiskjöl með tillögu þessari ásamt gerðunum sjálfum.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara og samþykki Alþingis.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Innleiðing tilskipunar 2008/101/EB hér á landi kallar á lagabreytingar, og ákvörðun 2009/450/EB tengist framkvæmd tilskipunarinnar og hefur því ekki heldur lagastoð sem stendur. Sem áður segir eru ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem kalla á lagabreytingar almennt teknar með stjórnskipulegum fyrirvara og í kjölfarið leitað heimildar Alþingis fyrir staðfestingu ákvörðunarinnar. Setning stjórnskipulegs fyrirvara af hálfu eins samningsaðila EES-samningsins hefur í för með sér að viðkomandi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast ekki gildi fyrr en að liðnum tilteknum tíma frá því er viðkomandi ríki lýsir því yfir að það aflétti fyrirvaranum.

Tilskipun 2008/101/EB kveður á um að tímafrestir flugrekenda til að sækja um losunarheimildir án endurgjalds og til skila á staðfestum gögnum um losun séu til 31. mars nk. Innlendir flugrekendur, sem og erlendir aðilar sem annast hafa flug til og frá Íslandi, hafa því einungis frest til þess tíma til að skila inn slíkum umsóknum og gögnum. Sömu tímamörk eiga við um aðra flugrekendur á svæðinu og þá sem fljúga til annarra ríkja á svæðinu. Þá stendur til að framkvæmdastjórn ESB gefi út uppfærðan lista yfir flugrekendur sem falla undir kerfið og hvaða ábyrgðarríki þeir tilheyra eins fljótt og unnt er eftir að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hefur tekið gildi. Þessi listi mun taka til allra EES-ríkjanna, þ.m.t. Íslands, og er forsenda þess að flugrekendur og ríkin viti hvaða flugrekendur falli undir hvaða ríki.

Af þessum sökum er mikilvægt að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku tilskipunarinnar öðlist gildi um leið og hún verður tekin, þ.e. að ekkert EES/EFTA-ríkjanna þriggja setji stjórnskipulegan fyrirvara við ákvörðunina, en slíkt frestar gildistöku ákvörðunarinnar þar til eftir að fyrirvaranum hefur verið aflétt. Sama á við um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku ákvörðunar 2009/450/EB enda tengist hún framkvæmd tilskipunar 2008/101/EB. Því er leitað fyrirframheimildar Alþingis fyrir því að ríkisstjórnin staðfesti þær ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar er kveða á um upptöku umræddra gerða í EES-samninginn án stjórnskipulegs fyrirvara. Drög að endanlegum textum ákvarðananna eins og þau liggja fyrir nú (á ensku) eru meðfylgjandi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008, um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi.

Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (ETS) hefur verið virkt innan ESB frá árinu 2005. Viðskiptakerfið er meginstjórntæki ESB á sviði loftslagsmála og er ætlað að mynda hagrænan hvata til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sambandinu. Viðskiptakerfið (tilskipun 2003/87/EB) var tekið inn í EES-samninginn árið 2007 og EFTA ríkin hafa verið þátttakendur í því frá árinu 2008. Þar sem sú starfsemi á Íslandi sem hefði átt að falla innan kerfisins var sérstaklega undanþegin því með ákvörðum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 hefur kerfið (skráningarkerfi, gagna- og skýrsluskil, eftirlit, vottun o.fl.) ekki enn verið sett á fót hér á landi. Þátttaka Íslands í kerfinu hefur takmarkast við upplýsinga- og skýrsluskil til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Nú liggur fyrir að viðskiptakerfið mun taka miklum breytingum á næstu árum. Frá og með 1. janúar 2012 fellur allt flug innan ESB og til og frá ríkjum ESB (EES) undir kerfið, samkvæmt tilskipun 2008/101/EB, og frá og með 1. janúar 2013 mun kerfið bæði ná yfir fleiri tegundir staðbundins iðnaðar og fleiri tegundir gróðurhúsalofttegunda en það gerir nú. Auk þess að fella fleiri tegundir starfsemi undir kerfið fela þessar breytingar í sér að öll ákvarðanataka innan kerfisins verður miðlægari. Þannig verður einn sameiginlegur pottur losunarheimilda fyrir allt svæðið og ákvarðanir um úthlutun munu byggja á árangursviðmiðum sem verða þau sömu fyrir allt svæðið. Vegna hinnar auknu samræmingar (e. harmonisation) í kerfinu er mikilvægt að Ísland nái að fylgja sömu tímafrestum og önnur ríki á svæðinu þannig að tryggt verði að íslensk fyrirtæki sitji við sama borð og fyrirtæki annars staðar á EES-svæðinu þegar kemur að úthlutun losunarheimilda án endurgjalds.

Tilskipuninni er ætlað að draga úr losun koldíoxíðs frá flugstarfsemi innan Evrópusambandsins. Í því skyni er flug innan sambandsins, sem og flug inn og út úr sambandinu, fellt undir viðskiptakerfið. Tilskipunin felur í sér það takmark að draga úr losun frá flugstarfsemi um 3% á tímabilinu 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 og um 5% á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 miðað við árlega meðaltalslosun í sambandinu viðmiðunarárin 2004–2006.

Undir gildissvið tilskipunarinnar fellur allt flug innan sambandsins og flug til og frá sambandinu. Nokkrar tegundir flugstarfsemi eru undanskildar, þ.á m. flutningur þjóðhöfðingja og ríkisstjórna frá ríkjum utan bandalagsins, hernaðar-, tollgæslu- og löggæsluflug, leitar- og björgunarflug, flug með minna en 5.700 kg flugtaksþunga og flugstarfsemi aðila sem stunda flugrekstur í atvinnuskyni ef þeir fara annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili af þremur samliggjandi fjögurra mánaða tímabilum eða ef flugferðir þeirra leiða til losunar sem nemur minna en 10.000 tonnum á ári.

Sérhver flugrekandi sem fellur undir gildissvið tilskipunarinnar heyrir undir tiltekið ábyrgðarríki, þ.e. það ríki sem ber ábyrgð á að framkvæma kröfur tilskipunarinnar gagnvart viðkomandi flugrekanda. Þegar um er að ræða flugrekanda með gilt flugrekstrarleyfi útgefið af aðildarríki er ábyrgðarríkið það ríki sem gaf viðkomandi flugrekstrarleyfi út. Í öllum öðrum tilvikum, þ.e. þegar um er að ræða flugrekanda utan ESB, er ábyrgðarríki það ríki sem rekja má stærstan hluta áætlaðrar losunar viðkomandi flugrekanda til á viðmiðunarári. Viðmiðunarárið er 2006, nema þegar um er að ræða flugrekendur sem hófu starfsemi eftir 1. janúar 2006, en þá er viðmiðunarárið fyrsta almanaksárið eftir að starfsemin hefst. Þegar rætt er um að losun megi „rekja til“ ríkis er átt við að viðkomandi loftfar hafi lent eða tekið á loft

á yfirráðasvæði ríkisins. Flugrekendur geta flust milli ábyrgðarríkja að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Vakin skal athygli á því að ákvæði tilskipunarinnar um ábyrgðarríki kunna að valda því að auk flugrekenda sem hafa flugrekstrarleyfi útgefið á Íslandi muni Ísland bera ábyrgð á framkvæmd tilskipunarinnar gagnvart flugrekendum utan ESB sem millilenda á Íslandi. Samkvæmt óbirtum lista framkvæmdastjórnar ESB munu yfir 160 flugrekendur falla undir ábyrgð Íslands þegar tilskipunin verður hluti af EES-samningnum.

Heildarfjöldi losunarheimilda vegna flugstarfsemi á hverju tímabili tilskipunarinnar er ákveðinn af framkvæmdastjórn sambandsins á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga um losun aðildarríkja á viðmiðunarárunum 2004–2006. Ákvæðið hefur í för með sér að ákvarða þarf á vettvangi stofnana EES-samningsins hversu margar losunarheimildir bætast við heildarpottinn við útvíkkun kerfisins til EES/EFTA-ríkjanna. Nauðsynlegt er því að taka ákvörðun um aðlögun þessa ákvæðis að EES-samningnum og er gert ráð fyrir því í þeim drögum að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem nú liggja fyrir. Bent skal á að hér er um athyglisvert nýmæli að ræða, en upprunalega tilskipunin um viðskiptakerfið gerir ráð fyrir að hvert aðildarríki ákveði heildarlosun á yfirráðasvæði sínu frá starfsemi sem getið er í viðauka I á tímabilinu 2008–2012 með landsbundinni úthlutunaráætlun (NAP). Markmið breytingarinnar er að auka miðstýringu sambandsins og einsleitni við framkvæmd viðskiptakerfisins. Í þessari nálgun felst einnig að reglur um úthlutun losunarheimilda eru að miklu leyti samræmdar, eins og hér verður nánar lýst.

Stærstum hluta losunarheimildanna, eða 85%, skal úthluta endurgjaldslaust til flugrekenda. Skal úthlutunin byggjast á svonefndu árangursviðmiði (e. benchmark) sem skilgreint er sem losunarheimildir á tonn-kílómetraeiningu. Árangursviðmiðið fyrir fyrstu tvö tímabil tilskipunarinnar er fundið út með því að deila fjölda losunarheimilda sem úthluta skal endurgjaldslaust í Evrópusambandinu með samtölu tonn-kílómetraeininga árið 2010 hjá þeim flugrekendum sem sóttu um losunarheimildir. Með þessum hætti er flugrekendum sem notast við sparneytnustu tæknina umbunað þar sem þeir fá úthlutað fleiri losunarheimildum en aðrir og geta selt hugsanlegar umframheimildir á sameiginlega markaðnum.

Á fyrstu tveimur tímabilum tilskipunarinnar, 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 annars vegar og 2013–2020 hins vegar, skal bjóða upp 15% af heildarfjölda losunarheimilda í Evrópusambandinu. Hlutfall þetta kann að aukast á tímabilum þar á eftir við almenna endurskoðun tilskipunarinnar. Hlutdeild aðildarríkjanna í þeim losunarheimildum sem ber að bjóða upp skal vera í réttu hlutfalli við hlutdeild viðkomandi ríkis í heildarmagni losunar frá flugrekstri í öllum aðildarríkjum á tilteknu viðmiðunarári, sem er árið 2010 fyrir fyrstu tvö tímabilin, sbr. 3. mgr. 3. gr. d. Þetta ákvæði er byggt á þeirri forsendu að losun í bandalagsríkjunum sé reiknuð sem ein heild. Gert er ráð fyrir að hlutdeild aðildarríkjanna hvers um sig verði tilgreind í sérstakri ákvörðun (e. decision). Ákvæðið hefur í för með sér að taka þarf ákvörðun um aðlögun þessa ákvæðis að EES-samningnum hvað varðar hlutfall EES/EFTA-ríkjanna.

Nánari reglur um tilhögun uppboðs hafa verið settar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar. Mælst er til þess í tilskipuninni að tekjum af uppboði verði varið til aðgerða sem tengjast baráttunni gegn hlýnun jarðar. Sem dæmi um slíka ráðstöfun teknanna má nefna að þeim mætti verja til reksturs kerfisins.

Á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 og á þeim tímabilum sem eftir fara skulu 3% af heildarfjölda losunarheimilda í sambandinu tekin frá og sett í sérstakan varasjóð fyrir flugrekendur sem hefja starfsemi eða auka losun sína um tiltekið magn eftir að fjöldi losunarheimilda fyrir viðkomandi tímabil er ákveðinn. Úthlutun losunarheimilda úr sjóðnum

skal vera endurgjaldslaus og byggjast á tilteknum árangursviðmiðum sem skilgreind eru í tilskipuninni. Losunarheimildir sem ekki er úthlutað úr sjóðnum skulu boðnar upp af aðildarríkjum.

Að öðru leyti en að ofan greinir gilda að meginstefnu til sömu eða sambærilegar reglur um þátttöku flugrekstrar í viðskiptakerfinu og eiga við um staðbundinn iðnað sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB. Á það m.a. við um eftirlit, skráningu losunarheimilda, skýrslugjöf, vottun upplýsinga og viðurlög við vanefndum.

Vakin skal athygli á því að ýmis atriði varðandi framkvæmd tilskipunar 2008/101/EB hafa enn ekki verið til lykta leidd innan sambandsins. Framkvæmdastjórninni er í mörgum ákvæðum falið vald til að setja nánari reglur, ýmist í formi reglugerða eða ákvarðana. Slíkar reglur, sem varða m.a. framkvæmd uppboðs, vottun upplýsinga og rekstur skráningarkerfis, verða teknar upp í EES-samninginn þegar þar að kemur.

4. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/450/EB frá 8. júní 2009, um ítarlega túlkun á flugstarfseminni sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.

Ákvörðun framvkæmdastjórnarinnar 2009/450/EB kveður á um nánari túlkun á því hvaða flugstarfsemi fellur innan gildissviðs viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (ETS), sbr. I viðauka við tilskipun 2003/87/EB eins og henni var breytt með tilskipun 2008/101/EB. Ákvörðunin útfærir nánar ákvæði viðaukans um hvaða flugstarfsemi fellur innan gildissviðs tilskipunarinnar og hvaða flugstarfsemi er undanþegin.

5. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Umhverfisráðherra fyrirhugar að leggja fram á yfirstandandi löggjafarþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda, til innleiðingar á gerðum Evrópusambandsins sem varða viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda, þ.m.t. tilskipun 2008/101/EB og ákvörðun 2009/450/EB. Í frumvarpinu verður þannig að finna grundvallarákvæði um viðskiptakerfið, ákvæði er varða útvíkkun kerfisins til flugstarfsemi og ákvæði um losunarleyfi til iðnaðarins.

Yfirvöld á sviði umhverfismála hafa kynnt innlendum flugrekstraraðilum efni tilskipunar 2008/101/EB og þær skyldur sem henni fylgja. Flestir íslenskir flugrekendur hafa svo tekið þátt í undirbúningi vegna útvíkkunar kerfisins til flugstarfsemi þó að reglur þar um séu ekki enn komnar í íslensk lög. Fjöldi annarra flugrekenda, aðallega frá löndum utan EES, mun síðan falla undir ábyrgð Íslands samkvæmt tilskipuninni. Þessir aðilar munu því þurfa að skila inn svokölluðum eftirlitsáætlunum til Umhverfisstofnunar auk skýrslna um losun gróðurhúsalofttegunda og umsóknum um úthlutun losunarheimilda. Þegar tilskipun 2008/101/EB verður komin inn í EES samninginn verður gefinn út listi yfir flugrekendur sem fljúga innan EES og undir hvaða umsjónarríki þeir skulu heyra.

Fylgiskjal I.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. [.../...]

frá [...]

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. [.../...] frá [...] ([3]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19 nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi ([4]).

3) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkin munu starfa náið saman að ákvarðanatökuferlinu.

4) Samningsaðilar hafa gefið út sameiginlega yfirlýsingu þar sem m.a. er lögð áhersla á að þeir muni gera sitt ítrasta til að tryggja að ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem fella sérhverja ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins inn í samninginn, verði samþykktar og öðlist gildi með skjótum hætti.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Liður 21al (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB) í XX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

([3]) Stjtíð. ESB L …, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. ..., d. m. ártal, bls. xx.
([4]) Stjtíð. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3.

„– **32008 L 0101**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 (Stjtíð. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3).“

2. Eftirfarandi stafliðir bætist við á eftir staflið b) í aðlögunarákvæðunum:

„ba) Þegar tilskipunin verður felld inn í samninginn er engin flugstarfsemi, eins og hún er skilgreind í tilskipuninni, stunduð á yfirráðasvæði Liechtensteins. Liechtenstein mun fara að ákvæðum tilskipunarinnar þegar hlutaðeigandi flugstarfsemi verður stunduð á yfirráðasvæði þess.

bb) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 4. mgr. 3. gr. c:

„Sameiginlega EES-nefndin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í samningnum og samkvæmt tölugögnum frá Eftirlitsstofnun EFTA í samvinnu við Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu, taka ákvörðun um sögulega losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum innan EES með því að bæta viðeigandi tölum, sem varða flug innan yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og milli þeirra og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa, við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þegar sú síðarnefnda verður felld inn í EES-samninginn.“

bc) Önnur undirgrein í 4. mgr. 3. gr. d falli brott.

bd) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. mgr. 3. gr. e og 4. mgr. 3. gr. f:

„Eigi síðar en þann sama dag skulu EFTA-ríkin senda umsóknir, sem þeim hafa borist, til Eftirlitsstofnunar EFTA, sem skal koma þeim án tafar til framkvæmdastjórnarinnar.“

be) Eftirfarandi undirgreinar bætist við í 3. mgr. 3. gr. e.:

„Sameiginlega EES-nefndin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í samningnum og samkvæmt tölugögnum frá Eftirlitsstofnun EFTA í samvinnu við Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu, taka ákvörðun um heildarfjölda losunarheimilda innan EES, fjölda losunarheimilda sem verður boðinn upp, fjölda losunarheimilda í sérstökum varasjóði og fjölda losunarheimilda án endurgjalds með því að bæta viðeigandi tölum, sem varða flug innan yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og milli þeirra og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa, við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þegar sú síðarnefnda verður felld inn í EES-samninginn.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða viðmiðunina fyrir EES. Framkvæmdastjórnin skal vinna máið með Eftirlitsstofnun EFTA í ákvarðanatökuferlinu. Útreikningur og birting af hálfu EFTA-ríkjanna samkvæmt 4. mgr. 3. gr. e skal fara fram eftir að sameiginlega EES-nefndin hefur tekið ákvörðun um að fella ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar inn í EES-samninginn.“

bf) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 5. mgr. 3. gr. f:

„Framkvæmdastjórnin skal ákveða viðmiðunina fyrir EES. Framkvæmdastjórnin skal vinna máið með Eftirlitsstofnun EFTA í ákvarðanatökuferlinu. Útreikningur og birting af hálfu EFTA-ríkjanna samkvæmt 7. mgr. 3. gr. f skal fara fram eftir að sameiginlega EES-nefndin hefur tekið ákvörðun um að fella ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar inn í EES-samninginn.““

3. Eftirfarandi stafliðir bætist við á eftir staflið i) í aðlögunarákvæðunum:

„ia) Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 12. mgr. 16. gr.:

„13. EFTA-ríkin skulu senda allar beiðnir skv. 5. og 10. mgr. 16. gr. til Eftirlitsstofnunar EFTA, sem skal koma þeim án tafar til framkvæmdastjórnarinnar.“

ib) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 18. gr. a:

„Umráðendum loftfara skal endurúthluta til EFTA-ríkjanna á árinu 2011, eftir að flugrekandinn hefur uppfyllt skuldbindingar sínar fyrir árið 2010. Upphaflega ábyrgðarríkið getur samþykkt nýjan tímafrest fyrir endurúthlutun umráðenda loftfara sem upphaflega var úthlutað til aðildarríkis á grundvelli viðmiða sem getið er í stafl. b), eftir að flugrekandinn hefur lagt fram skýra beiðni þar um innan sex mánaða frá því að framkvæmdastjórnin samþykkir skrá yfir umráðendur loftfara innan EES, sem mælt er fyrir um í stafl. b) í 3. mgr. 18. gr. a. Í því tilviki skal endurúthlutun fara fram eigi síðar en árið 2020 að því er varðar viðskiptatímabilið fyrir losunarheimildir sem hefst 2021.“

ic) Í stafl. b) í 3. mgr. 18. gr. a bætist orðin „á öllu EES“ við á eftir orðunum „umráðenda loftfara“.

id) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 18. gr. b:

„Til að sinna verkefnum sínum geta EFTA-ríkin og Eftirlitsstofnun EFTA óskað eftir aðstoð Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu eða annarrar hlutaðeigandi stofnunar og gert viðeigandi samninga við slíkar stofnanir.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/101/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel ... .

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
NN
formaður.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila

vegna ákvörðunar nr. [.../...] um að fella tilskipun 2008/101/EB inn í samninginn

„Í tilskipun 2008/101/EB kemur fram að nota skuli tekjur af uppboði á losunarheimildum til flugsamgangna til að glíma við loftslagsbreytingar. Beiting EFTA-ríkjanna á þessu ákvæði er með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins.

Að því er varðar ákvarðanir um viðmiðanir skv. 3. mgr. 3. gr. e og 5. mgr. 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB, með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 2008/101/EB, munu samningsaðilar gera sitt ítrasta til að tryggja að ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem fella sérhverja ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins inn í samninginn, verði samþykktar og öðlist gildi með skjótum hætti. Til þess að tryggja einsleitni EES og sameiginlegs kerfis þess fyrir viðskipti með losunarheimildir skal sameiginlegt og hliðstætt ferli samningsaðila vera undanfari þeirra ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem skulu felldar inn í EES-samninginn, með skriflegri málsmeðferð ef nauðsyn krefur.

Til þess að kerfið fyrir viðskipti með losunarheimildir á EES-svæðinu fyrir alla umráðendur loftfara, sem málið varðar, verði gagnsætt mun framkvæmdastjórnin kveða á um sérstök ákvæði í ákvörðunum sínum um framkvæmd tilskipunar 2008/101/EB, þar sem vísað verður til þess að ákvarðanirnar nái til EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að EES, í gegnum ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar.“

(*) [Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.] [Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.]

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

SKÝRING

Upptaka tilskipunar 2008/101, um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi, í EES-samninginn

Viðeigandi gerð:
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi[1].

Viðeigandi ákvæði:
3. gr. c (4. mgr.), 3. gr. d (4. mgr.), 3. gr. e (2. mgr.), 3. gr. f (4. mgr.), 3. gr. e (3. mgr.), 3. gr. f (5. mgr.), 16. gr., 18. gr. (1. mgr. og 3. mgr. b) og 18. gr. b.

Almennar athugasemdir:
Í drögum að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar er lagt til að tilskipun 2008/101/EB verði felld inn í EES-samninginn í því skyni að útvíkka kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir frá flugsamgöngum þannig að það nái til alls EES-svæðisins en jafnframt að virða, eftir því sem unnt er, meginreglur tveggja stoða kerfis samningsins. Fylgja skal venjulegri málsmeðferð samkvæmt EES-samningnum við að fastsetja sögulega losun frá flugi á öllu EES-svæðinu, heildarfjölda losunarheimilda á EES-svæðinu, svo og heildarfjölda losunarheimilda sem bjóða skal upp á öllu EES-svæðinu, sem setja skal í sérstakan varasjóð og sem úthluta skal án endurgjalds.

Að því er varðar viðmiðanirnar skulu ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar taka til viðmiðana á öllu EES-svæðinu, sem ákvarða skal í nánu samstarfi við Eftirlitsstofnun EFTA. Útreikningur og birting á úthlutun losunarheimilda til umráðenda loftfara, sem falla undir ábyrgð EFTA ríkjanna, á grundvelli þessara viðmiðana skulu fara fram í kjölfar þess að ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar upp í EES-samninginn.

Í þessari lausn felst að eftirfarandi ákvörðunarferli þarf að fara fram í nánu samstarfi á milli framkvæmdastjórnarinnar, Eftirlitsstofnunar EFTA og EES-EFTA-ríkjanna. Í samstarfinu felst að samningsaðilar gera ráð fyrir sérstökum ákvæðum í ákvörðunum sínum. eftir því sem við á, við beitingu tilskipunar 2008/101/EB, þar sem vísað verður til samsvarandi ákvarðana hinna samningsaðilanna í því skyni að mynda gagnsætt viðskiptakerfi með losunarheimildir á EES-svæðinu fyrir alla flugrekendur sem eiga í hlut.

i) 4. mgr. 3. gr. c
Framkvæmdastjórnin ákvarðar sögulega losun frá flugi fyrir ESB-27 (A) eins og gert er ráð fyrir í tilskipuninni,og nær þannig yfir flug innan ESB, milli aðildarríkja ESB og þriðju landa og milli aðildarríkja ESB og EES-EFTA-ríkja.

---

[1]Stjtíð. EB L 8, 13.1.2009, bls. 3.

Eftirlitsstofnun EFTA, í samræmi við upplýsingar frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu, kveður á um umfang sögulegrar losunar frá flugi á öllu EES-svæðinu á grundvelli flugs innan yfirráðasvæða EES-EFTA-ríkjanna og flugs milli EES-EFTA-ríkjanna og þriðju landa (B).

Sameiginlega EES-nefndin fastsetur sögulega losun frá flugi á öllu EES-svæðinu með því að samþykkja ákvörðun þar sem gert er ráð fyrir upptöku ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar, að viðbættri sögulegri losun frá flugi sem kveðið er á um fyrir EES-EFTA-ríkin, og leggur með því móti saman tölur (A) og (B).

Aðlögunartexti skýrir að venjuleg málsmeðferð samkvæmt EES-samningnum á við og að viðbótartölum frá EES-EFTA-ríkjunum verður bætt við með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, á grundvelli tölugagna sem Eftirlitsstofnun EFTA leggur fram í nánu samstarfi við Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu.

ii) 3. mgr. 3. gr. e
Á grundvelli (A) mun framkvæmdastjórnin ákvarða fjölda losunarheimilda sem úthlutað verður til rekstraraðila vegna flugs innan upphaflegs ESB-gildissviðs kerfisins:
– heildarfjölda losunarheimilda,
– fjölda losunarheimilda sem boðnar verða upp,
– fjölda losunarheimilda í sérstökum varasjóði (þetta á við um tímabilið sem hefst 1. janúar 2013 og tímabil þar á eftir),
– fjölda losunarheimilda án endurgjalds.

Á grundvelli (B) mun Eftirlitsstofnun EFTA, í nánu samstarfi við Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu, ákvarða fjölgun losunarheimilda í tengslum við flug sem bætast við kerfið vegna útvíkkunar kerfisins svo það nái til til EES-EFTA-ríkjanna fyrir sérhvern eftirtalinna flokka losunarheimilda:
– heildarfjölda losunarheimilda,
– fjölda losunarheimilda sem boðnar verða upp,
– fjölda losunarheimilda í sérstökum varasjóði (þetta á við um tímabilið sem hefst 1. janúar 2013 og tímabil þar á eftir),
– fjölda losunarheimilda án endurgjalds

Sameiginlega EES-nefndin ákvarðar fjölda losunarheimilda, sem eru í umsjá EES-30, sem úthlutað verður til umráðenda með því að bæta EES-EFTA-tölunum við ESB-tölurnar þegar viðkomandi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er felld inn í EES-samninginn:
– heildarfjölda losunarheimilda á öllu EES-svæðinu,
– fjölda losunarheimilda sem boðnar verða upp á öllu EES-svæðinu,
– fjölda losunarheimilda á öllu EES-svæðinu í sérstökum varasjóði (þetta á við um tímabilið sem hefst 1. janúar 2013 og tímabil þar á eftir),
– fjölda losunarheimilda án endurgjalds á öllu EES-svæðinu (C).

Framkvæmdastjórnin skal ákveða viðmiðanirnar fyrir EES-30 (einnig þegar um er að ræða 5. mgr. 3. gr. f), og skal þannig starfa í nánu samráði við Eftirlitsstofnun EFTA í ákvarðanatökuferlinu. Útreikningur og birting á úthlutun losunarheimilda til umráðenda loftfara, sem

falla undir ábyrgð EFTA-ríkjanna, á grundvelli þessara viðmiðana skulu fara fram í kjölfar þess að ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar upp í EES-samninginn.

Í drögum að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar er gert ráð fyrir sameiginlegri yfirlýsingu þar sem samningsaðilarnir ítreka skuldbindingar sínar um að tryggja skjótt samþykki og gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um viðmiðanir eru felldar inn.

iii) 3. mgr. 3. gr. d
Fjöldi losunarheimilda sem hvert EES-30 fyrir sig býður upp er í réttu hlutfalli við hlutfall þess af heildarlosuninni sem rakin er til flugsamgangna fyrir allt EES-30 á árinu 2010.

Rök og tillögur um lausnir vegna aðlögunar:

Engin flugstarfsemi sem við á í Liechtenstein
Engin flugstarfsemi, eins og hún er skilgreind í tilskipuninni, er nú stunduð í Liechtenstein. Því er gerð tillaga um aðlögunartexta þar sem þetta er skýrt og jafnframt tilgreint að Liechtenstein muni fara að ákvæðum tilskipunarinnar þegar hlutaðeigandi flugstarfsemi verður stunduð á yfirráðasvæði þess.

4. mgr. 3. gr. d – Eyrnamerking á tekjum:
Mál er varða ráðstöfun fjármuna falla utan gildissviðs EES-samningsins. Eyrnamerking á tekjum fellur þar af leiðandi utan gildissviðs samningsins. EES-EFTA-ríkin eru þó reiðubúin, að svo miklu leyti sem það takmarkast við beitingu tilskipunar 2008/101/EB, að hlíta ákvæðum 4. mgr. 3. gr. d, til að tryggja einsleita beitingu EES-kerfsins á sviði flugsamgangna, sem varðar einnig umráðendur frá þriðju löndum. Í samræmi við þá grein skal það vera á valdi ríkjanna að ákvarða notkun tekna sem koma til vegna uppboða á losunarheimildum. Tekjur skulu nýttar til að berjast gegn loftslagsbreytingum eins og tilgreint er í greininni og teljast fullnægjandi ef fjárveitingar í þessu skyni eru hærri en sem nemur tekjunum sem aflað er. Í drögum að ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar er gert ráð fyrir aðlögunartexta sem skýri að þetta feli ekki í sér neinar kvaðir um skýrslugjöf svo og sameiginlegri yfirlýsingu þar sem ítrekað er að upptaka þessa ákvæðis í EES-samninginn sé óháð gildissviði samningsins.

2. mgr. 3. gr. e og 4. mgr. 3. gr. f
Til að ferlið verði eins mikið í samræmi við tveggja stoða kerfið og unnt er munu EES-EFTA-ríkin afhenda framkvæmdastjórninni umsóknir, sem þeim hafa borist, fyrir milligöngu Eftirlitsstofnunar EFTA. Gert er ráð fyrir aðlögunartexta hvað þetta varðar.

16. gr. – Flugrekstrarbann:
EES-EFTA-ríkin leggja til að sama nálgun verði viðhöfð og gert er ráð fyrir að því er varðar „svarta listann“ á sviði öryggis í almenningsflugi. Í slíkum tilvikum samþykkir framkvæmdastjórnin bann á yfirráðasvæði ESB-27, sem víkkað er út til EES-svæðisins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem viðkomandi gerð framkvæmdastjórnarinnar er felld inn í EES-samninginn. Meðan slíkrar upptöku er beðið og í ljósi þess hve brýnt er að beita

banni á sviði öryggis í almenningsflugi hafa EES-EFTA-ríkin þó skuldbundið sig til að beita banninu samtímis í aðildarríkjum ESB.

Að því er varðar 16. gr. eru aðstæður hins vegar ekki jafnbrýnar og bráðabirgðabeiting ekki nauðsynleg. Því gildir venjulega málsmeðferðin við upptöku gerða. Þetta felur í sér að framkvæmdastjórnin mun samþykkja bann fyrir yfirráðasvæði ESB-27, sem mun einungis ná til EES-30 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er felld inn í EES-samninginn. Ekki er þörf á að gera ráð fyrir aðlögunartexta þar sem kveðið er á um að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar gildi ekki um EES-EFTA-ríkin áður, þar eð þetta er meginregla sem leiðir af tveggja stoða kerfinu.

Að því er varðar beiðnir EES-EFTA-ríkjanna skv. 5. og 10. mgr. 16. gr. er lagður til aðlögunartexti þar sem gert er ráð fyrir að slíkar beiðnir verði sendar framkvæmdastjórninni fyrir milligöngu Eftirlitsstofnunar EFTA.

1. mgr. 18. gr. a:
Framkvæmdastjórnin lagði til aðlögunina þar sem settar eru fram reglur varðandi endurúthlutun til EFTA-ríkjanna á umráðendum loftfara.

b-liður 3. mgr. 18. gr. a:
Gert er ráð fyrir aðlögunartexta sem ætlað er að tryggja að framkvæmdastjórnin birti lista varðandi alla rekstraraðila sem falla undir gildissvið kerfisins, þ.e. lista sem nær til alls EES-svæðisins.

18. gr. b – Aðstoð frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu eða annarri hlutaðeigandi stofnun:
EES-EFTA-ríkin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu, á sama hátt og framkvæmdastjórnin, geta treyst á sérþekkingu tiltekinnar stofnunar við beitingu tilskipunar 2008/101/EB. Því er gert ráð fyrir aðlögunartexta þess efnis að Eftirlitsstofnun EFTA geti óskað eftir aðstoð Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu eða annarrar hlutaðeigandi stofnunar.

Tilskipun 2008/101/EB – ákvörðunarferli

	ESB	EFTA	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
1			Tilskipun 2008/101/EB felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
2	Framkvæmdastjórnin ákvarðar sögulega losun frá flugi fyrir ESB 27 ágúst 2010	ESA leggur fram tölu um sögulega losun til viðbótar frá flugi fyrir EES-EFTA 3	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um sögulega losun frá flugi
3	Umráðendur loftfara afhenda umsóknir um losunarheimildir án endurgjalds til ábyrgðarríkja sinna fyrir 31. mars 2011		
4	ESB-ríki senda umsóknir til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 30. júní 2011	EES-EFTA-ríkin senda umsóknir til ESA fyrir 30. júní 2011 ESA sendir þær áfram til framkvæmdastjórnarinnar	
5	Framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun um fjölda losunarheimilda fyrir ESB 27 (heildarmagn, losunarheimildir sem boðnar verða upp, sérstakur varasjóður, losunarheimildir án endurgjalds) fyrir 30. september 2011	ESA leggur fram tölur um aukningu losunarheimilda til EES-EFTA 3 (heildarmagn, losunarheimildir sem boðnar verða upp, sérstakur varasjóður, losunarheimildir án endurgjalds)	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu felld inn í EES-samninginn
6	Framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun um viðmiðun á EES-svæðinu fyrir 30. september 2011[2]		Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðmiðun á EES-svæðinu felld inn í EES-samninginn
7	Aðildarríki ESB og EES-EFTA-ríkin reikna og birta úthlutun losunarheimilda til umráðenda loftfara innan þriggja mánaða frá þeim degi er framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðunina um fjölda losunarheimilda og viðmiðanir á EES-svæðinu		
8	Aðildarríki ESB og EES-EFTA-ríkin gefa út losunarheimildir til umráðenda loftfara fyrir 28. febrúar 2012 og 28. febrúar á hverju ári eftir það		

[2]Þrátt fyrir að ákvörðunin um fjölda losunarheimilda og ákvörðunin um viðmiðun séu formlega ein og sama ákvörðunin í tilskipuninni, aðgreinum við þær hér til skýringar.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/101/EB

frá 19. nóvember 2008

um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins ([4]) er komið á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins til að stuðla að því að dregið verði úr losun þeirra á kostnaðarhagkvæman og efnahagslega skilvirkan hátt.

2) Lokamarkmið rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC), sem var samþykkt af hálfu Evrópubandalagsins með ákvörðun ráðsins 94/69/EB ([5]), er að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu stöðugum undir tilteknum gildum þannig að komið verði í veg fyrir hættulegar veðurfarsbreytingar af mannavöldum.

3) Á fundi leiðtogaráðsins í Brussel 8. og 9. mars 2007 var lögð áhersla á mikilvægi þess að ná því stefnumótandi markmiði að hitastig á heimsvísu hækki ekki um meira en 2°C miðað við það sem var fyrir iðnbyltinguna. Nýjustu niðurstöður vísindarannsókna, sem birtar voru í fjórðu matsskýrslu milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPCC), sýna jafnvel enn skýrar fram á að neikvæð áhrif loftlagsbreytinga hafa sífellt alvarlegri áhættu í för með sér fyrir vistkerfi, matvælaframleiðslu og heilbrigði manna og öryggi og þau minnka líkur á að ná fram sjálfbærri þróun og þúsaldarmarkmiðum í þróunarmálum. Til að halda markmiðinu um 2°C innan seilingar þarf að koma á stöðugleika í styrkleika gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu við um 450 milljónarhluta jafngildiseininga koltvísýrings, sem hefur í för með sér að losun gróðurhúsalofttegunda verður að ná hámarki á næstu 10 til 15 árum og veruleg losun lofttegunda á heimsvísu verður að minnka fyrir árið 2050 um a.m.k. 50% miðað við losunina árið 1990.

4) Leiðtogaráðið lagði áherslu á að Evrópusambandið skuli einsetja sér að breyta Evrópu í afar orkunýtið hagkerfi með lítilli losun gróðurhúsalofttegunda og, þar til hnattrænt og ítarlegt samkomulag hefur verið gert eftir árið 2012, skuldbundið sig á tiltekinn og óháðan hátt til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins eigi síðar en árið 2020 niður í a.m.k. 20% niður fyrir losunina sem var árið 1990. Takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna flugsamgangna er mikilvægt framlag í tengslum við þessa skuldbindingu.

5) Leiðtogaráðið lagði áherslu á að Evrópusambandið hafi einsett sér að ná hnattrænu heildarsamkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir árið 2012 sem væru áhrifaríkk, skilvirk og eðlileg viðbrögð af þeirri stærðargráðu sem nauðsynleg er til að takast á

([1]) Stjtíð. ESB C 175, 27.7 2007, bls. 47.
([2]) Stjtíð. ESB C 305, 15.12 2007, bls. 15.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 13. nóvember 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. apríl 2008 (Stjtíð.ESB C 122 E, 20.5.2008, bls. 19) og afstaða Evrópuþingsins frá 8. júlí 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum). Ákvörðun ráðsins frá 24. október 2008.
([4]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10. 2003, bls. 32.
([5]) Stjtíð. ESB L 33, 7.2. 1994, bls. 11.

við loftslagsbreytingar. Sambandið studdi 30% minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda í Evrópusambandinu fyrir árið 2020 miðað við losunina árið 1990 sem framlag sitt til hnattræns heildarsamkomulags fyrir tímabilið eftir árið 2012, að því tilskildu að önnur iðnríki skuldbindi sig til sambærilegrar minnkunar á losun og efnahagslega þróaðri þróunarlönd leggi nægilega mikið af mörkum í samræmi við ábyrgð sína og getu hverju sinni. Sá góði árangur, sem náðist á 13. ráðstefnu aðildarríkja að UNFCCC á Balí í desember 2007, er Evrópusambandinu hvatning til að halda áfram að leiða samningaviðræður um metnaðarfullan alþjóðasamning sem hefur það markmið að hitastig á heimsvísu hækki ekki um meira en 2°C. Evrópusambandið mun leitast við að tryggja að í slíkum alþjóðasamningi felist ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna flugsamgangna, og í þessu tilfelli ætti framkvæmdastjórnin að taka til athugunar hvaða breytingar þurfi að gera á þessari tilskipun þar sem hún gildir um umráðendur loftfara.

6) Evrópuþingið samþykkti 14. febrúar 2007 ályktun um loftslagsbreytingar ([1]) þar sem vísað er til þess markmiðs að meðalhækkun hitastigs á heimsvísu verði ekki meiri en 2°C miðað við það sem var fyrir iðnvæðingu, og þar sem Evrópusambandið er hvatt til að sinna áfram forystuhlutverki sínu í samningaviðræðunum í því markmiði að koma á fót alþjóðlegum ramma um loftslagsbreytingar eftir árið 2012 og viðhalda miklum metnaði í viðræðum við alþjóðlega samstarfsaðila Sambandsins í framtíðinni, og lögð var áhersla á nauðsyn þess að ná fram fyrir árið 2020 heildarminnkun á losun í öllum iðnríkjum sem nemur 30% miðað við losunina árið 1990 í því markmiði að ná fram 60 til 80% minnkun fyrir árið 2050.

7) Samkvæmt UNFCCC er öllum aðilum skylt að setja fram og framkvæma landsbundnar og, eftir því sem við á, svæðisbundnar áætlanir sem fela í sér ráðstafanir til að draga úr loftslagsbreytingum.

8) Samkvæmt Kýótóbókuninni við UNFCCC, sem samþykkt var fyrir hönd Evrópubandalagsins með ákvörðun ráðsins 2002/358/EB ([2]), er þess krafist að iðnríki leitist við að takmarka eða draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, sem ekki falla undir Montreal-bókunina og stafa af flugsamgöngum, á vettvangi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

9) Bandalagið er ekki aðili að Chicago-samningnum um alþjóðlegt almenningsflug (Chicago-samningurinn) frá 1944 en hins vegar eru öll aðildarríki aðilar að samningnum og Alþjóðaflugmálastofnuninni. Í samvinnu við önnur ríki innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar halda aðildarríki áfram að styðja starf sem miðar að því að þróa ráðstafanir, m.a. markaðstengd stjórntæki, til að draga úr loftslagsbreytingum vegna flugsamgangna. Á sjötta fundi nefndar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um umhverfisvernd á sviði flugmála (ICAO Committee on Aviation Environmental Protection) árið 2004 var samþykkt að kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir, sem tengdist flugmálum sérstaklega og væri byggt á nýjum lagagerningi á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, væri ekki nægilega álitlegur kostur og því ekki vert huga frekar að því. Af þessum sökum samþykkti 35. þing Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem haldið var í september 2004, ályktun A35-5 þar sem ekki var lagður til nýr lagagerningur heldur hvatt til opinna viðskipta með losunarheimildir og að ríki geti tekið losun sem stafar af alþjóðlegum flugsamgöngum upp í kerfi sín fyrir viðskipti með losunarheimildir. Í viðbæti L við ályktun A36-22, sem samþykkt var á 36. þingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í september 2007, eru samningsríki hvött til að hrinda ekki í framkvæmd kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir að því er varðar umráðendur loftfara í öðrum samningsríkjum nema á grundvelli gagnkvæms samkomulags milli ríkjanna. Með hliðsjón af því að í Chicago-samningnum er á skýran hátt viðurkenndur réttur hvers samningsaðila til að beita, án mismununar, eigin loftferðalögum og -reglum að því er varðar loftför allra ríkjanna gerðu aðildarríki Evrópubandalagsins og fimmtán önnur Evrópuríki fyrirvara við þessa ályktun og áskildu sér rétt til þess, samkvæmt Chicago-samningnum, að samþykkja og beita markaðstengdum ráðstöfunum, án mismununar, gagnvart öllum umráðendum loftfara í öllum ríkjum sem bjóða flugþjónustu til yfirráðasvæðis þeirra, frá því eða innan þess.

10) Í sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála, sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB ([3]), er kveðið á um að Bandalag-

([1]) Stjtíð. ESB C 287 E, 29.11.2007, bls. 344.
([2]) Stjtíð. ESB L 130, 15.5. 2002, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 242, 10.9. 2002, bls. 1.

ið skuli tilgreina og grípa til sértækra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna flugsamgangna ef Alþjóðaflugmálastofnunin hefur ekki samþykkt slíkar aðgerðir eigi síðar en árið 2002. Í ályktunum sínum frá október 2002, desember 2003 og október 2004 hefur ráðið ítrekað hvatt framkvæmdastjórnina til að leggja til aðgerðir sem miða að því að draga úr loftslagsbreytingum sem stafa af millilandaflutningum í lofti.

11) Stefnu og ráðstöfunum skal hrundið í framkvæmd innan einstakra aðildarríkja og á vettvangi Bandalagsins í öllum geirum hagkerfis Bandalagsins til að draga megi eins mikið úr losun og þörf krefur. Ef áhrif loftslagsbreytinga vegna fluggeirans halda áfram að aukast með núverandi hraða munu þær vega verulega upp á móti skerðingu í öðrum geirum í tengslum við baráttuna gegn loftslagsbreytingum.

12) Í orðsendingu sinni til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna og svæðanefndarinnar frá 27. september 2005, „Að draga úr loftslagsbreytingum vegna flugsamgangna“ („Reducing the Climate Change of Aviation“), setti framkvæmdastjórnin fram áætlun um að draga úr loftslagsáhrifum vegna þessara samgangna. Þar eð áætlunin var hluti af heildstæðum ráðstöfunum var í henni lagt til að flugsamgöngur féllu undir kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og kveðið á um stofnun vinnuhóps um flugsamgöngur með þátttöku allra hagsmunaaðila, sem væri þáttur í öðrum áfanga Evrópuáætlunarinnar um loftslagsbreytingar og verkefni hans væri að kanna leiðir til að fella flugsamgöngur inn í kerfi Bandalagsins. Í ályktunum sínum frá 2. desember 2005 féllst ráðið á það að frá efnahags- og umhverfissjónarmiðum virtist besta lausnin vera sú að fella fluggeirann undir kerfi Bandalagsins og það fór þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram lagafrumvarp þess efnis eigi síðar en í lok ársins 2006. Í ályktun sinni frá 4. júlí 2006 um að draga úr loftslagsbreytingum vegna flugsamgangna ([1]) viðurkenndi Evrópuþingið að viðskipti með losunarheimildir geti hugsanlega verið hluti af heildstæðum ráðstöfunum gegn áhrifum flugsamgangna á loftslag, séu þau útfærð á viðeigandi hátt.

13) Heildstæðar ráðstafanir skulu einnig fela í sér rekstrar- og tæknilegar ráðstafanir. Framfarir á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar samkvæmt áætluninni um samevrópska loftrýmið og SESAR-áætluninni gætu stuðlað að aukningu á heildarnýtni eldsneytis um allt að 12%. Rannsóknir á nýrri tækni, m.a. aðferðum til að bæta eldsneytisnýtni loftfara, geta dregið enn frekar úr losun vegna flugsamgangna.

14) Markmiðið með breytingunum, sem gerðar eru á tilskipun 2003/87/EB með þessari tilskipun, er að draga úr loftslagsbreytingum, sem rekja má til flugsamgangna, með því að fella losun frá flugstarfsemi inn í kerfi Bandalagsins.

15) Umráðendur loftfara hafa öðrum fremur beina stjórn á því hvaða tegundir loftfara eru í rekstri og hvernig þeim er flogið og skulu því bera ábyrgð á því að staðið sé við skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, m.a. þá skuldbindingu að vöktunaráætlun sé gerð, að losun sé vöktuð í samræmi við áætlunina og að gefin sé skýrsla um losunina. Auðkenni umráðanda loftfars getur verið ICAO-kennimerki eða annað viðurkennt kennimerki sem notað er til að auðkenna flugið. Ef auðkenni umráðanda loftfars er óþekkt skal líta á eiganda loftfarsins sem umráðanda þess nema hann færi sönnur á það á hver sé umráðandi loftfarsins.

16) Til að komast hjá röskun á samkeppni og bæta skilvirkni í umhverfismálum skal losun frá allri flugumferð að og frá flugvöllum í Bandalaginu talin með frá og með árinu 2012.

17) Bandalagið og aðildarríki þess skulu halda áfram að leita eftir samkomulagi um hnattrænar ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum. Kerfi Bandalagsins getur verið fyrirmynd að viðskiptum með losunarheimildir um allan heim. Bandalagið og aðildarríki þess skulu áfram halda sambandi við þriðju aðila við framkvæmd þessarar tilskipunar og hvetja þriðju lönd til að grípa til samsvarandi ráðstafana. Ef þriðja land samþykkir ráðstafanir sem hafa a.m.k. jafnmikil áhrif og þau sem þessi tilskipun hefur í för með sér í þá átt að draga úr loftslagsbreytingum vegna flugumferðar til Bandalagsins skal framkvæmdastjórnin, eftir að hafa ráðfært sig við þriðja landið, vega og meta þá kosti sem tiltækir eru til að samspil kerfis Bandalagsins og ráðstafana þriðja landsins verði sem ákjósanlegast. Með kerfum um viðskipti með losunarheimildir, sem verið er að þróa í þriðju löndum, er að skapast ákjósanlegt samspil við kerfi Bandalagsins m.t.t. umfangs flugsam-

([1]) Stjtíð. ESB C 303 E, 13.12.2006, bls. 119.

gangna í þessum löndum. Tvíhliða samningar um tengingu kerfis Bandalagsins við önnur viðskiptakerfi í því skyni að búa til sameiginlegt kerfi eða um að höfð verði hliðsjón af samsvarandi ráðstöfunum til að komast hjá tvöfaldri lagasetningu gætu orðið skref í átt að hnattrænum samningi. Ef slíkir tvíhliða samningar eru gerðir getur framkvæmdastjórnin breytt því hvers konar flugstarfsemi fellur undir kerfi Bandalagsins og m.a. breytt heildarfjölda losunarheimildanna sem gefinn verður út til handa umráðendum loftfara.

18) Í samræmi við meginregluna um betri lagasetningu skulu tilteknar flugferðir vera undanskildar kerfi Bandalagsins. Til að komast enn frekar hjá óhóflegri stjórnsýslulegri byrði skulu umráðendur loftfars í flutningaflugi, sem fara færri en 243 flugferðir á þremur fjögurra mánaða tímabilum í röð, vera undanþegnir kerfi Bandalagsins. Þetta kæmi flugrekendum, sem sinna takmarkaðri þjónustu innan gildissviðs kerfis Bandalagsins, til góða, m.a. flugrekendum frá þróunarlöndum.

19) Í flugi fer fram losun á koltvísýringi, köfnunarefnisoxíðum, vatnsgufu og súlfat- og sótögnum og þannig hafa flugsamgöngur áhrif á loftslagið í heiminum. Milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar (IPCC) hefur áætlað að heildaráhrif flugsamgangna á loftslag séu nú tvisvar til fjórum sinnum meiri en áhrifin frá koltvísýringslosuninni einni. Nýleg rannsókn á vegum Bandalagsins gefur til kynna að heildaráhrif flugsamgangna á loftslag gætu verið u.þ.b. tvöfalt meiri en áhrif koltvísýrings eingöngu. Í hvorugri þessara áætlana er þó tekið tillit til áhrifa klósiga, en um þau ríkir mikil óvissa. Í samræmi við 2. mgr. 174. gr. sáttmálans byggist umhverfisstefna Bandalagsins á varúðarreglunni. Þar til frekari framfarir hafa orðið á sviði vísinda skal taka eins mikið tillit til allra áhrifa vegna flugsamgangna og unnt er. Um losun köfnunarefnisoxíðs verður fjallað í annarri löggjöf sem framkvæmdastjórnin mun gera tillögu um árið 2008. Stuðla skal að rannsóknum á myndun flugslóða og klósiga og takmarkandi ráðstöfunum, sem eru árangursríkar, m.a. ráðstöfunum á sviði rekstrar og tækni.

20) Til að komast hjá röskun á samkeppni skal mæla fyrir um samræmdar aðferðir við úthlutun í því skyni að ákvarða heildarfjölda þeirra losunarheimilda, sem gefa skal út, og úthluta heimildum til umráðenda loftfara. Tilteknu hlutfalli losunarheimilda verður úthlutað með uppboði í samræmi við reglur sem framkvæmdastjórnin setur. Koma skal á fót sérstökum varasjóði losunarheimilda til að tryggja nýjum umráðendum loftfara aðgang að markaðinum og aðstoða umráðendur loftfara ef fjöldi tonnkílómetra í starfsemi þeirra eykst hratt. Áfram skulu gefnar út losunarheimildir til þeirra umráðenda loftfara sem hætta rekstri þar til tímabilinu, sem losunarheimildir án endurgjalds hefur verið úthlutað fyrir, lýkur.

21) Rétt er að hlutfall losunarheimilda, sem eru gefnar út án endurgjalds til allra umráðenda loftfara sem taka þátt í kerfi Bandalagsins, verði að fullu samræmt til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir umráðendur loftfara, enda munu reglur eins aðildarríkis gilda um hvern umráðanda loftfars að því er varðar allt flug hans til ESB, innan þess og frá því, auk þess sem um hann gilda ákvæði um bann við mismunun í tvíhliða samningum um flugþjónustu við þriðju lönd.

22) Flugsamgöngur eiga sinn þátt í heildaráhrifum á loftslagsbreytingar af völdum starfsemi manna og takmarka má umhverfisáhrif af losun gróðurhúsalofttegunda frá loftförum með ráðstöfunum til að sporna við loftslagsbreytingum í ESB og þriðju löndum, einkum þróunarlöndum, og til að fjármagna rannsóknir og þróun m.t.t. takmörkunar og aðlögunar, einkum að því er varðar flugtækni og flutninga í lofti. Ákvarðanir um opinber útgjöld hvers lands um sig eru mál aðildarríkjanna, í samræmi við dreifræðisregluna. Án þess að það hafi áhrif á þá stöðu skal nota tekjur af uppboði á losunarheimildum, eða samsvarandi fjárhæð, svo fremi ráðandi meginreglur fjárlaga aðildarríkjanna, t.d. um einingu (unity) og algildi (universality), krefjist þess, til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, aðlagast áhrifum af loftslagsbreytingum í ESB og þriðju löndum og til að fjármagna rannsóknir og þróun til takmörkunar og aðlögunar, ásamt því að standa straum af stjórnsýslukostnaði við kerfi Bandalagsins. Tekjum af uppboðum skal einnig varið til flutninga sem valda lítilli losun. Ágóðanum af uppboðunum skal einkum varið til að fjármagna framlög til alþjóðlega sjóðsins fyrir orkunýtni og endurnýjanlega orku og til ráðstafana til að koma í veg fyrir skógeyðingu og greiða fyrir aðlögun í þróunarlöndum. Þau ákvæði þessarar tilskipunar, sem varða ráðstöfun tekna, skulu ekki hafa áhrif á neinar ákvarðanir um ráðstöfun tekna af uppboðum á losunarheimildum í tengslum við almenna alls-

herjarendurskoðun á tilskipun 2003/87/EB.

23) Ákvæði um ráðstöfun fjár frá uppboðunum skulu tilkynnt framkvæmdastjórninni. Slíkar tilkynningar losa aðildarríki þó ekki undan þeirri skyldu, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að tilkynna um tilteknar, landsbundnar ráðstafanir. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á niðurstöður úr hvers kyns síðari tíma málsmeðferðum í tengslum við ríkisaðstoð sem kann að verða veitt í samræmi við 87. gr. og 88. gr. sáttmálans.

24) Til að auka kostnaðarhagkvæmni kerfis Bandalagsins skulu umráðendur loftfara geta notað einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar frá starfsemi sem er rekin á grundvelli verkefnistengdra aðgerða, upp að samræmdu hámarki, til að uppfylla skyldu sína um að skila inn losunarheimildum. Notkun eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga skal vera í samræmi við viðmiðanirnar fyrir viðurkenningu á notkun í kerfinu fyrir viðskipti sem settar eru fram í þessari tilskipun. Meðaltal hundraðshlutanna, sem aðildarríkin hafa tilgreint vegna notkunar eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga á fyrsta skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar, er u.þ.b. 15%.

25) Í ályktunum fundar leiðtogaráðsins í Brussel 13. og 14. mars 2008 féllst ráðið á, með skírskotun til hnattræns samhengis samkeppnismarkaða, að áhættan á kolefnisleka sé áhyggjuefni sem þurfi að greina og bregðast við sem fyrst í nýju tilskipuninni um kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir þannig að unnt verði að grípa til viðeigandi ráðstafana ef alþjóðlegar samningaviðræður reynast árangurslausar. Alþjóðasamningur sé enn besta leiðin til að fjalla um þetta efni.

26) Til að létta stjórnsýslubyrði af umráðendum loftfara skal eitt aðildarríki bera ábyrgð á hverjum umráðanda loftfars. Aðildarríkjum er gert að tryggja að umráðendur loftfara, sem fengu útgefið rekstrarleyfi í því aðildarríki, eða umráðendur loftfara, sem eru án rekstrarleyfis eða eru frá þriðju löndum og losun á þeirra vegum á viðmiðunarári má að mestu rekja til viðkomandi aðildarríkis, uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun. Ef umráðandi loftfars uppfyllir ekki kröfurnar í þessari tilskipun og aðrar ráðstafanir ábyrgðarríkisins til framfylgdar duga ekki til að tryggja að kröfurnar séu uppfylltar skulu aðildarríkin standa saman um aðgerðir. Ábyrgðarríkið skal því geta farið fram á það við framkvæmdastjórnina að hún ákveði að setja flugrekstrarbann innan Bandalagsins á viðkomandi umráðanda loftfara, eigi það ekki annars úrkosti.

27) Til að viðhalda heilleika bókhaldskerfisins fyrir kerfi Bandalagsins í ljósi þess að losun frá alþjóðlegu flugi fellur ekki undir skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt Kýótóbókuninni skal einungis nota losunarheimildir, sem úthlutað hefur verið til fluggeirans, til að uppfylla þær skyldur sem lagðar eru á umráðendur loftfara um að skila inn losunarheimildum samkvæmt þessari tilskipun.

28) Til að tryggja að allir umráðendur loftfara fái sömu meðhöndlun skulu aðildarríki fylgja samræmdum reglum við stjórn á þeim umráðendum loftfara, sem þau bera ábyrgð á, í samræmi við tilteknar viðmiðunarreglur sem framkvæmdastjórnin tekur saman.

29) Til að vernda heilleika kerfis Bandalagsins í umhverfislegu tilliti skulu einingar, sem umráðendur loftfara skila inn, einungis reiknaðar með í tengslum við það hvort markmiðum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er náð þar sem tillit er tekið til þessarar losunar.

30) Evrópustofnunin um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) býr e.t.v. yfir upplýsingum sem gætu gagnast aðildarríkjum eða framkvæmdastjórninni við að leysa af hendi þær skyldur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

31) Ákvæðin í kerfi Bandalagsins sem varða vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun og viðurlög við brotum rekstraraðila gilda einnig um umráðendur loftfara.

32) Framkvæmdastjórnin skal endurskoða framkvæmd tilskipunar 2003/87/EB í tengslum við flugstarfsemi í ljósi reynslunnar af beitingu hennar og gefa síðan Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu.

33) Við endurskoðun á því hvernig framkvæmd tilskipunar 2003/87/EB reynist í tengslum við flugstarfsemi skal taka tillit til þess að lönd, þar sem aðrar greinar flutninga eru hvorki fullnægjandi né sambærilegar, eru mjög háð flugsamgöngum í skipulagslegu tilliti og reiða sig því mjög á flutninga í lofti og að í þessum löndum vegur framlag ferðaþjónustugeirans til vergrar landsframleiðslu þungt. Sérstaka áherslu skal leggja á að draga úr eða jafnvel leysa öll vandamál sem koma upp í tengslum við aðgengi og samkeppnishæfni ystu svæða

Bandalagsins, eins og tilgreint er í 2. mgr. 299. gr. sáttmálans, og vandamál sem varða skyldur um opinbera þjónustu í tengslum við framkvæmd þessarar tilskipunar.

34) Yfirlýsing ráðherra um flugvöllinn á Gíbraltar, sem samþykkt var í Córdoba 18. september 2006 á fyrsta ráðherrafundi samráðsvettvangs um Gíbraltar, mun koma í stað sameiginlegrar yfirlýsingar um flugvöllinn á Gíbraltar, sem gefin var í London 2. desember 1987, og ef henni er fylgt í einu og öllu er litið svo á að yfirlýsingunni frá 1987 sé einnig fylgt.

35) Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

36) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja ráðstafanir vegna uppboðs á losunarheimildum sem ekki er skylt að gefa út án endurgjalds, til að samþykkja nákvæmar reglur um rekstur sérstaka varasjóðsins fyrir tiltekna umráðendur loftfara og verklagsreglur í tengslum við óskir til framkvæmdastjórnarinnar um að hún ákveði að setja flugrekstrarbann á tiltekinn umráðanda loftfara og til að breyta flugstarfseminni, sem tilgreind er í I. viðauka, ef þriðja land innleiðir ráðstafanir til að draga úr áhrifum á loftslagsbreytingar vegna flugsamgangna. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, m.a. með því að bæta við þessa tilskipun nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með athugun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

37) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

38) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([2]) eru aðildarríkin hvött til að taka saman, fyrir sig og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana og að birta þær.

39) Því ber að breyta tilskipun 2003/87/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/87/EB

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 2003/87/EB:

1. Eftirfarandi fyrirsögn komi á undan 1. gr.:

„I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI“

2. Eftirfarandi mgr. er bætt við 2. gr.:

„3. Beiting þessarar tilskipunar gagnvart flugvellinum á Gíbraltar telst hvorki hafa áhrif á lagalega stöðu Konungsríkisins Spánar né Breska konungsríkisins að því er varðar ágreining um yfirráðarétt yfir landsvæðinu þar sem flugvöllurinn er.“

3. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) „losun“: losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið frá upptökum í stöð eða losun frá loftfari í flugstarfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka, á lofttegundunum sem eru tilgreindar í tengslum við viðkomandi starfsemi,“

b) eftirfarandi liðir bætist við:

„o) „umráðandi loftfars“: aðili sem rekur loftfar og stundar um leið flugstarfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka, eða eigandi loftfarsins ef aðilinn er óþekktur eða ekki tilgreindur af eiganda þess,

p) „umráðandi loftfars í flutningaflugi“: umráðandi sem býður almenningi, gegn greiðslu, áætlunarflug eða óreglubundið flug vegna flutninga á farþegum, vörum eða pósti,

([1]) Stjtíð. ESB L 184, 17.7. 1999, bls. 23.

([2]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12 2003, bls. 1.

q) „ábyrgðarríki“: aðildarríkið sem ber ábyrgð á stjórnun kerfis Bandalagsins að því er varðar umráðanda loftfars í samræmi við a-lið 18. gr.,

r) „losun sem rakin er til flugsamgangna“: losun frá öllum flugferðum sem falla undir flugstarfsemina, sem tilgreind er í I. viðauka, og hefjast á flugvelli innan yfirráðasvæðis aðildarríkis eða hefjast í þriðja landi og lýkur á slíkum flugvelli,

s) „söguleg losun frá flugi“: meðaltal árlegrar losunar á almanaksárunum 2004, 2005 og 2006 frá loftförum sem annast flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka.“

4. Eftirfarandi kafli bætist við á eftir 3. gr.:

„II. KAFLI

FLUGSAMGÖNGUR

3. gr. a

Gildissvið

Ákvæði þessa kafla gilda um úthlutun og útgáfu losunarheimilda í tengslum við flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka.

3. gr. b

Flugstarfsemi

Eigi síðar en 2. ágúst 2009 skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni sem um getur í 2. mgr. 23. gr., taka saman viðmiðunarreglur um ítarlega túlkun á flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka.

3. gr. c

Heildarfjöldi losunarheimilda til flugsamgangna

1. Að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 skal heildarfjöldi þeirra losunarheimilda, sem skal úthluta til umráðenda loftfara, jafngilda 97% af sögulegri losun frá flugsamgöngum.

2. Að því er varðar tímabilið sem um getur í 2. mgr. 11. gr. og hefst 1. janúar 2013 og, ef ekki eru gerðar neinar breytingar í kjölfar endurskoðunar 4. mgr. 30. gr., fyrir hvert tímabil þar á eftir skal heildarfjöldi þeirra losunarheimilda, sem skal úthluta til umráðenda loftfara, jafngilda 95% af sögulegri losun frá flugsamgöngum, margfölduðum með fjölda ára á tímabilinu. Heimilt er að endurskoða hlutfallið við almenna endurskoðun þessarar tilskipunar.

3. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða heildarfjölda losunarheimilda sem skal úthluta til umráðenda loftfara í samræmi við 4. mgr. 30. gr.

4. Eigi síðar en 2. ágúst 2009 skal framkvæmdastjórnin ákvarða sögulega losun frá flugsamgöngum á grundvelli bestu, fáanlegu gagna, m.a. mats sem byggist á raunverulegum upplýsingum um flugumferð. Nefndin, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., skal taka ákvörðunina til athugunar.

3. gr. d

Aðferð við að úthluta losunarheimildum vegna flugsamgangna með uppboði

1. Á því tímabili, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. c, skal bjóða upp 15% af losunarheimildum.

2. Frá 1. janúar 2013 skal bjóða upp 15% af losunarheimildum. Heimilt er að auka hlutfallið við almenna endurskoðun þessarar tilskipunar.

3. Samþykkja skal reglugerð sem í eru ítarleg ákvæði um uppboð aðildarríkja á losunarheimildum, sem ekki skal gefa út án endurgjalds, í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar eða 8. mgr. 3. gr. f. Fjöldi losunarheimilda, sem hvert aðildarríki býður upp á hverju tímabili, skal vera í réttu hlutfalli við hlutdeild aðildarríkisins í heildarlosun sem rakin er til flugsamgangna fyrir öll aðildarríkin fyrir viðmiðunarárið sem kemur fram í skýrslu skv. 3. mgr. 14. gr. og er sannprófuð skv. 15. gr. Fyrir tímabilið, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. c, skal viðmiðunarárið vera 2010 og fyrir hvert síðara tímabil, sem um getur í 3. gr. c, skal viðmiðunarárið vera almanaksárið sem lýkur 24 mánuðum áður en tímabilið hefst sem tengist uppboðinu.

Sú reglugerð, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, með því að auka við hana, skal samþykkt í samræmi við stjórnsýslumeðferðina með athugun sem um getur í 3. mgr. 23. gr.

4. Aðildarríkin skulu ákveða hvernig tekjum af uppboði á losunarheimildum er ráðstafað. Nota ætti þessar tekjur til að bregðast við loftslagsbreytingum í ESB og þriðju löndum, m.a. til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, aðlagast áhrifum af loftslagsbreytingum í ESB og þriðju löndum, einkum þróunarlöndum, fjármagna rannsóknir og þróun með tilliti til takmörkunar og aðlögunar, einkum að því er varðar flugtækni og flutninga í lofti, draga úr losun með flutningum

sem valda lítilli losun og til að standa undir kostnaði við stjórnun á kerfi Bandalagsins. Ágóðanum af uppboðunum skal einnig varið til að fjármagna framlög í alþjóðlega sjóðinn fyrir orkunýtni og endurnýjanlega orku og ráðstafanir til að koma í veg fyrir skógeyðingu.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir sem þau grípa til samkvæmt þessari málsgrein.

5. Upplýsingar sem eru veittar framkvæmdastjórninni samkvæmt þessari tilskipun leysa aðildarríkin ekki undan tilkynningarskyldunni sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.

3. gr. e

Úthlutun og útgáfa losunarheimilda til handa umráðendum loftfara

1. Hverjum umráðanda loftfars er heimilt að sækja um að fá úthlutað losunarheimildum, sem úthluta skal án endurgjalds, fyrir hvert þeirra tímabila sem um getur í 3. gr. c. Unnt er að sækja um með því að leggja fyrir lögbært yfirvald í ábyrgðarríkinu sannprófaðar upplýsingar um tonnkílómetra fyrir flugstarfsemina sem tilgreind er í I. viðauka og hefur verið rekin á vegum viðkomandi umráðanda loftfars á vöktunarárinu. Að því er varðar þessa grein skal vöktunarárið vera almanaksárið sem lýkur 24 mánuðum áður en tímabilið, sem það tengist, hefst í samræmi við IV. og V. viðauka eða, í tengslum við tímabilið sem um getur í 1. mgr. 3. gr. c, árið 2010. Leggja skal fram umsókn a.m.k. 21 mánuði áður en tímabilið, sem hún tengist, hefst eða, í tengslum við tímabilið sem um getur í 1. mgr. 3. gr. c, eigi síðar en 31. mars 2011.

2. Aðildarríkin skulu senda umsóknir, sem þeim hafa borist skv. 1. mgr., til framkvæmdastjórnarinnar a.m.k. 18 mánuðum áður en tímabilið, sem umsóknin tengist, hefst eða, í tengslum við tímabilið sem um getur í 1. mgr. 3. gr. c, eigi síðar en 30. júní 2011.

3. Að minnsta kosti 15 mánuðum áður en tímabilið, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. c, hefst eða, í tengslum við tímabilið, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. c, eigi síðar en 30. september 2011, skal framkvæmdastjórnin reikna út og samþykkja ákvörðun sem varðar:

a) heildarfjölda losunarheimilda sem skal úthluta fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við 3. gr. c,

b) fjölda losunarheimilda sem skal bjóða upp fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við 3. gr. d,

c) fjölda losunarheimilda í sérstökum varasjóði fyrir umráðendur loftfara á viðkomandi tímabili í samræmi við 1. mgr. 3. gr. f,

d) fjölda losunarheimilda sem skal úthluta án endurgjalds á viðkomandi tímabili með því að draga fjölda losunarheimilda, sem um getur í b- og c-lið, frá heildarfjölda losunarheimilda sem er ákveðinn skv. a-lið og

e) þá viðmiðun sem skal nota til að úthluta losunarheimildum án endurgjalds til handa umráðendum loftfara ef umsóknir hafa verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 2. mgr.

Viðmiðunin, sem um getur í e-lið og tilgreind er sem losunarheimildir á tonnkílómetra, skal reiknuð með því að deila í fjölda losunarheimildanna, sem um getur í d-lið, með summu tonnkílómetranna, sem tilgreindir voru í umsóknunum sem lagðar voru fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 2. mgr.

4. Innan þriggja mánaða frá því að framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun skv. 3. mgr. skal hvert ábyrgðarríki reikna og birta:

a) heildarfjölda úthlutaðra losunarheimilda á tímabilinu til hvers umráðanda loftfars, sem lögð hefur verið inn umsókn fyrir til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr., en hann er reiknaður með því að margfalda tonnkílómetrana í umsókninni með viðmiðuninni sem um getur í e-lið 3. mgr., og

b) úthlutun losunarheimilda til hvers umráðanda loftfars fyrir hvert ár, sem er ákvarðað með því að deila í heildarúthlutun losunarheimilda til hans fyrir tímabilið, sem er reiknað samkvæmt a-lið, með fjölda þeirra ára á tímabilinu sem umráðandinn annast flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka.

5. Eigi síðar en 28. febrúar 2012 og 28. febrúar á hverju ári eftir það skal lögbært yfirvald í ábyrgðarríkinu gefa út þann fjölda losunarheimilda til hvers umráðanda loftfars sem honum er úthlutað á því ári samkvæmt þessari grein eða 3. gr. f.

3. gr. f

Sérstakur varasjóður fyrir tiltekna umráðendur loftfara

1. Á hverju tímabili, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. c, skulu 3% af heildarfjölda losunarheimilda, sem úthluta skal, lögð í sérstakan varasjóð fyrir umráðendur loftfara:

a) sem hefja flugstarfsemi, sem fellur undir I. viðauka, að loknu vöktunarárinu sem gögn um tonnkílómetra voru lögð fram fyrir skv. 1. mgr. 3. gr. e að því er varðar tímabil sem um getur í 2. mgr. 3. gr. c eða

b) ef tonnkílómetrum þeirra fjölgar að meðaltali um meira en 18% á ári frá vöktunarárinu, sem gögn um tonnkílómetra voru lögð fram fyrir skv. 1. mgr. 3. gr. e að því er varðar tímabil sem um getur í 2. mgr. 3. gr. c, til annars almanaksárs þess tímabils

og ef starfsemi þeirra samkvæmt a-lið eða önnur starfsemi samkvæmt b-lið er ekki að öllu eða einhverju leyti framhald á flugstarfsemi sem áður hefur verið á vegum annars umráðanda loftfars.

2. Umráðandi loftfars, sem uppfyllir skilyrði skv. 1. mgr., getur sótt um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds úr sérstaka varasjóðnum með því að senda umsókn til lögbærs yfirvalds í ábyrgðarríkinu. Leggja skal fram umsókn fyrir 30. júní á þriðja ári tímabilsins, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. c, sem hún á við um.

Ekki skal úthluta umráðanda loftfars skv. 1. mgr. b meira en 1 000 000 losunarheimildum.

3. Í umsókn skv. 2. mgr. skulu koma fram

a) sannprófaðar upplýsingar um tonnkílómetra í samræmi við IV. og V. viðauka að því er varðar flugstarfsemina sem er tilgreind í I. viðauka og sem umráðandi loftfars annast á öðru almanaksári tímabilsins sem um getur í 2. mgr. 3 gr. c og sem umsóknin á við um,

b) gögn sem staðfesta að viðmiðanirnar um hæfi skv. 1. mgr. séu uppfylltar og

c) upplýsingar, ef um er að ræða umráðendur loftfara sem falla undir 1. mgr. b, um:

i. aukningu í tonnkílómetrum, sem gefin er upp í hundraðshlutum, á vegum viðkomandi umráðanda loftfars frá vöktunarárinu, sem gögn um tonnkílómetra voru lögð fram fyrir skv. 1. mgr. 3. gr. e að því er varðar tímabil sem um getur í 2. mgr. 3. gr. c, til annars almanaksárs þess tímabils,

ii. raunverulega aukningu, í tonnkílómetrum, frá viðkomandi umráðanda loftfars frá vöktunarárinu, sem gögn um tonnkílómetra voru lögð fram fyrir skv. 1. mgr. 3. gr. e að því er varðar tímabil sem um getur í 2. mgr. 3. gr. c, til annars almanaksárs þess tímabils,

iii. raunverulega aukningu í tonnkílómetrum, sem er umfram hundraðshlutann, sem tilgreindur er í 1. mgr. b, frá viðkomandi umráðanda loftfars frá vöktunarárinu, sem gögn um tonnkílómetra voru lögð fram fyrir skv. 1. mgr. 3. gr. e að því er varðar tímabil sem um getur í 2. mgr. 3. gr. c, til annars almanaksárs þess tímabils.

4. Eigi síðar en sex mánuðum eftir að fresturinn til að sækja um skv. 2. mgr. rennur út skulu aðildarríki leggja umsóknir, sem þau hafa móttekið samkvæmt þeirri málsgrein, fyrir framkvæmdastjórnina.

5. Eigi síðar en 12 mánuðum eftir að fresturinn til að sækja um skv. 2. mgr. rennur út skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun um viðmiðun sem notuð verður til að úthluta losunarheimildum án endurgjalds til þeirra umráðenda loftfara sem lagðar voru inn umsóknir fyrir til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr.

Með fyrirvara um 6. mgr. skal reikna viðmiðunina út með því að deila í fjölda losunarheimildanna í varasjóðnum með summu:

a) uppgefinna tonnkílómetra fyrir umráðendur loftfara sem falla undir 1. mgr. a og er að finna í umsóknum sem lagðar voru fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við a-lið 3. mgr. og 4. mgr. og

b) raunverulegrar aukningar í tonnkílómetrum sem er umfram hundraðshlutann sem tilgreindur er í 1. mgr. b fyrir umráðendur loftfara sem falla undir 1. mgr. b og er að finna í umsóknum sem lagðar voru fyrir framkvæmdastjórnin í samræmi við iii-lið c-liðar 3. mgr. og 4. mgr.

6. Viðmiðunin, sem um getur í 5. mgr., skal ekki hafa þau áhrif að árleg úthlutun á tonnkílómetra verði meiri en árleg úthlutun á tonnkílómetra til umráðenda loftfara skv. 4. mgr. 3. gr. e.

7. Innan þriggja mánaða frá því að framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun skv. 5. mgr. skal hvert ábyrgðarríki reikna og birta:

a) úthlutun losunarheimilda úr sérstaka varasjóðnum til hvers umráðanda loftfars sem aðildarríkið lagði inn umsókn fyrir í samræmi

við 4. mgr. Þessa úthlutun skal reikna með því að margfalda viðmiðunina, sem um getur í 5. mgr., með:

i. uppgefnum tonnkílómetrum, sem er að finna í umsókninni sem lögð var fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við a-lið 3. mgr. og 4. mgr., ef um er að ræða umráðanda loftfars sem fellur undir a-lið 1. mgr.,

ii. raunverulegri aukningu í tonnkílómetrum, ef um er að ræða umráðanda loftfars sem fellur undir b-lið 1. mgr., sem er umfram hundraðshlutann sem tilgreindur er í b-lið 1. mgr. og er að finna í umsókninni sem lögð var fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við iii.-lið c-liðar 3. mgr. og 4. mgr. og

b) úthlutun losunarheimilda til hvers umráðanda loftfars á hverju ári, en hún skal ákvörðuð með því að deila í úthlutun á losunarheimildum samkvæmt a-lið með fjölda heilla almanaksára sem eftir eru af tímabilinu sem um getur í 2. mgr. 3. gr. c og sem úthlutunin á við um.

8. Aðildarríkin skulu bjóða upp þær losunarheimildir í sérstaka varasjóðnum sem ekki hefur verið úthlutað.

9. Framkvæmdastjórnin getur sett nákvæmar reglur um starfsemi sérstaka varasjóðsins samkvæmt þessari grein, m.a. um mat á því hvort hæfisviðmiðanir séu uppfylltar skv. 1. mgr. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með athugun sem um getur í 3. mgr. 23. gr.

3. gr. g

Áætlanir um vöktun og skýrslugjöf

Ábyrgðarríkið skal sjá til þess að sérhver umráðandi loftfars leggi vöktunaráætlun fyrir lögbært yfirvald í ábyrgðarríkinu þar sem gerð er grein fyrir ráðstöfunum til að vakta og gefa skýrslu um losun og uppgefna tonnkílómetra vegna umsóknar skv. 3. gr. e og að lögbært yfirvald hafi samþykkt áætlanirnar í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem voru samþykktar skv.14. gr.“

5. Eftirfarandi fyrirsögn og grein bætist við:

„III. KAFLI

STAÐBUNDNAR STÖÐVAR

3. gr. h

Gildissvið

Ákvæði þessa kafla gilda um leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda og úthlutun og útgáfu losunarheimilda í tengslum við starfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka, að undanskilinni flugstarfsemi.“

6. Í stað e-liðar 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„e) skylda til að skila inn losunarheimildum, öðrum en þeim sem gefnar eru út skv. II. kafla, sem jafngilda heildarlosun stöðvarinnar á hverju almanaksári, staðfest í samræmi við 15. gr., innan fjögurra mánaða frá lokum þess árs.“

7. Eftirfarandi fyrirsögn bætist við á eftir 11. gr.:

„IV. KAFLI

ÁKVÆÐI UM FLUGSAMGÖNGUR OG STAÐBUNDNAR STÖÐVAR“

8. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 11. gr. a:

„1 a. Á tímabilinu, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. c, er umráðendum loftfara heimilt að nýta einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar sem svara til allt að 15% af þeim fjölda losunarheimilda sem þeir skulu skila inn skv. 2. mgr. a í 12. gr.

Á síðari tímabilum skal endurskoða hundraðshluta eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga, sem heimilt er að nýta í tengslum við flugstarfsemi, í tengslum við almenna endurskoðun þessarar tilskipunar og taka tillit til þróunar alþjóðlegs fyrirkomulags í tengslum við loftslagsbreytingar.

Framkvæmdastjórnin skal birta þennan hundraðshluta a.m.k. sex mánuðum áður en hvert tímabil, sem um getur í 3. gr. c, hefst.“

9. Í 2. mgr. 11. gr. b komi orðið „starfsemi“ í stað orðsins „stöðvar“.

10. Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 2. mgr. bætast við orðin „umráðendur loftfara geti uppfyllt skuldbindingar sínar skv. 2. mgr. a eða“ á eftir orðunum „þannig að“,

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Ábyrgðarríki skulu sjá til þess að eigi síðar en 30. apríl ár hvert skili sérhver umráðandi loftfars inn fjölda losunarheimilda sem jafngildir heildarlosun fyrra almanaksárs

frá flugstarfsemi á vegum umráðandans sem er tilgreind í I. viðauka, eins og sannprófað hefur verið í samræmi við 15. gr. Aðildarríki skulu sjá til þess að losunarheimildir, sem skilað er inn í samræmi við þessa málsgrein, séu síðan afturkallaðar.“

c) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríki skulu sjá til þess að rekstraraðili hverrar stöðvar skili inn, eigi síðar en 30. apríl ár hvert, fjölda losunarheimilda, öðrum en heimildum sem gefnar eru út skv. II. kafla, sem samsvarar losun stöðvarinnar á fyrra almanaksári, eins og sannprófað er í samræmi við 15. gr., og að losunarheimildirnar séu síðan afturkallaðar.“

11. Í 3. mgr. 13. gr. komi orðin „2. mgr. a eða 3. mgr. 12. gr.“ í stað orðanna „3. mgr. 12. gr.“.

12. Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í fyrsta málslið 1. mgr.:

i. bætast við orðin „og uppgefnum tonnkílómetrum í tengslum við umsókn skv. 3. gr. e eða 3. gr. f“ á eftir orðunum „skýrslugjöf um hana“,

ii. orðin „eigi síðar en 30. september 2003“ falli brott.

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hver rekstraraðili eða umráðandi loftfars gefi lögbæru yfirvaldi skýrslu um losun stöðvarinnar eða, frá 1. janúar 2010, loftfarsins, sem hann starfrækir, á almanaksárinu eftir lok þess, í samræmi við viðmiðunarreglurnar.“

13. Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:

„15. gr.

Sannprófun

Aðildarríkin skulu sjá til þess að skýrslur, sem rekstraraðilar og umráðendur loftfara leggja fram skv. 3. mgr. 14. gr., séu sannprófaðar í samræmi við viðmiðanirnar í V. viðauka og hugsanleg ítarleg ákvæði sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við þessa grein og að lögbæru yfirvaldi sé gerð grein fyrir því.

Hafi skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars ekki verið sannprófuð og talin fullnægjandi í samræmi við viðmiðanirnar í V. viðauka og hugsanleg, ítarleg ákvæði, sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við þessa grein, fyrir 31. mars ár hvert skulu aðildarríkin sjá til þess að rekstraraðilanum eða umráðanda loftfarsins verði ekki heimilt frekara framsal losunarheimilda fyrr en skýrsla frá rekstraraðilanum eða umráðanda loftfars hefur verið sannprófuð og talin fullnægjandi.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt ítarleg ákvæði um sannprófun skýrslna sem umráðendur loftfara leggja fram skv. 3. mgr. 14. gr. og umsókna skv. 3. gr. e og 3. gr. f, þ.m.t. sannprófunaraðferðir sem sannprófendum ber að nota, í samræmi við stjórnsýslumeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.“

14. Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr. falli orðin „eigi síðar en 31. desember 2003“ brott.

b) Í stað 2. og 3. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að birt séu nöfn þeirra rekstraraðila og umráðenda loftfara sem gera sig seka um brot á kröfum um innskil á nægilega mörgum losunarheimildum samkvæmt þessari tilskipun.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hver sá rekstraraðili eða umráðandi loftfars sem ekki skilar, í síðasta lagi 30. apríl ár hvert, inn nægum losunarheimildum sem svara til losunar á hans vegum á fyrra ári, greiði sekt fyrir umframlosun. Sekt fyrir umframlosun skal vera 100 evrur fyrir hvert tonn af koltvísýringsígildi sem losað er og rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars hefur ekki skilað inn losunarheimildum fyrir. Greiðsla sektar fyrir umframlosun skal ekki leysa rekstraraðila eða umráðanda loftfars undan þeirri skyldu sinni að skila inn losunarheimildum sem jafngilda umframlosuninni þegar hann skilar inn losunarheimildum í tengslum við næsta almanaksár.“

c) eftirfarandi liðir bætist við:

„5. Ef umráðandi loftfars uppfyllir ekki kröfur þessarar tilskipunar og ef aðrar ráðstafanir til framfylgdar hafa ekki tryggt að farið sé að þeim getur ábyrgðarríkið farið fram á það við framkvæmdastjórnina að hún setji flugrekstrarbann á viðkomandi umráðanda loftfars.

6. Í beiðni frá ábyrgðarríki skv. 5. mgr. skulu koma fram:

a) gögn sem færa sönnur á að umráðandi loftfars hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun,

b) upplýsingar um aðgerðir til framfylgdar sem aðildarríkið hefur gripið til,

c) rök fyrir setningu flugrekstrarbanns á vettvangi Bandalagsins og

d) tillaga að gildissviði flugrekstrarbanns á vettvangi Bandalagsins og hvers kyns skilyrðum sem setja skal.

7. Þegar beiðni eins og þeirri sem um getur í 5. mgr. er beint til framkvæmdastjórnarinnar skal framkvæmdastjórnin tilkynna það hinum aðildarríkjunum fyrir milligöngu fulltrúa þeirra í nefndinni sem um getur í 1. mgr. 23. gr., í samræmi við starfsreglur nefndarinnar.

8. Áður en ákvörðun er samþykkt í kjölfar beiðni í samræmi við 5. mgr. skal, þegar það er viðeigandi og raunhæft, hafa samráð við yfirvöld sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með viðkomandi umráðanda loftfars. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu ætíð, ef því verður við komið, hafa slíkt samráð í sameiningu.

9. Þegar framkvæmdastjórnin vegur og metur hvort samþykkja eigi aðgerðir í kjölfar beiðni skv. 5. gr. skal hún greina viðkomandi umráðanda loftfars frá mikilvægum staðreyndum og forsendum sem slík ákvörðun byggist á. Viðkomandi umráðandi loftfars skal fá frest í 10 virka daga frá afhendingu upplýsinganna til að leggja skriflegar athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina.

10. Að beiðni aðildarríkis getur framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni sem um getur í 2. mgr. 23. gr., samþykkt ákvörðun um að setja flugrekstrarbann á viðkomandi umráðanda loftfars.

11. Hvert aðildarríki skal framfylgja, á yfirráðasvæði sínu, öllum ákvörðunum sem samþykktar eru skv. 10. mgr. Það skal tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ráðstafanir sem gerðar eru til að hrinda slíkum ákvörðunum í framkvæmd.

12. Eftir því sem við á skal setja nákvæmar reglur um málsmeðferðina sem um getur í þessari grein. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með athugun sem um getur í 3. mgr. 23. gr.“

15. Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„18. gr. a

Ábyrgðarríki

1. Að því er varðar umráðanda loftfars skal ábyrgðarríkið vera:

a) aðildarríkið sem gaf út flugrekstrarleyfi til viðkomandi umráðanda loftfars, þegar um er að ræða umráðanda loftfars með gilt flugrekstrarleyfi sem aðildarríki hefur gefið út í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum (*) og

b) í öllum öðrum tilvikum aðildarríkið með mestu losunina, sem rakin er til flugsamgangna, frá flugferðum á vegum viðkomandi umráðanda loftfars á viðmiðunarárinu.

2. Ef ekkert af losuninni, sem rakin er til flugsamgangna og er frá flugi á vegum umráðanda loftfars sem fellur undir 1. mgr. b þessarar greinar, verður rakið til ábyrgðarríkisins fyrstu tvö ár einhvers tímabils sem um getur í 3. gr. c skal færa umráðanda loftfars yfir á annað ábyrgðarríki að því er varðar næsta tímabil. Nýja ábyrgðarríkið skal vera aðildarríkið með mestu losunina sem rakin er til flugsamgangna og er frá flugferðum á vegum viðkomandi umráðanda loftfars á fyrstu tveimur árum fyrra tímabils.

3. Á grundvelli bestu, fáanlegu upplýsinga skal framkvæmdastjórnin:

a) birta, fyrir 1. febrúar 2009, skrá yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka þann 1. janúar 2006 eða eftir þann dag og tilgreina ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfara í samræmi við 1. mgr. og

b) uppfæra skrána, fyrir 1. febrúar á hverju ári eftir það, þannig að hún taki til umráðenda loftfara sem hafa síðan stundað flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka.

4. Í samræmi við málsmeðferðina í stjórnsýslunni sem um getur í 2. mgr. 23. gr. getur framkvæmdastjórnin þróað viðmiðunarreglur um stjórnun ábyrgðarríkja að því er varðar umráðendur loftfara samkvæmt þessari tilskipun.

5. Að því er varðar 1. mgr. merkir „viðmiðunarár“ fyrsta almanaksár starfsemi að því er varðar umráðanda loftfars sem hóf starfsemi í Bandalaginu eftir 1. janúar 2006 og í öllum öðrum tilvikum almanaksárið sem hefst 1. janúar 2006.

18. gr. b

Aðstoð frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu

Til að uppfylla skyldur sínar skv. 4. mgr. 3. gr. c og 18. gr. a getur framkvæmdastjórnin óskað eftir aðstoð Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu eða annarrar hlutaðeigandi stofnunar og gert viðeigandi samninga við slíkar stofnanir.

(*) Stjtíð. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.“

16. Ákvæðum 3. mgr. 19. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað síðasta málsliðar komi eftirfarandi:

„Í reglugerðinni skulu einnig vera ákvæði um notkun og greiningu eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga í kerfi Bandalagsins og um vöktun á notkuninni, ásamt ákvæðum þar sem tillit er tekið til upptöku flugstarfsemi í kerfi Bandalagsins.“

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„Reglugerðin um staðlað og varið skráningarkerfi skal tryggja að losunarheimildir, einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar, sem umráðendur loftfara skila inn, færist yfir á afskriftareikning aðildarríkjanna fyrir fyrsta skuldbindingartímabil Kýótóbókunarinnar, en aðeins að því marki að losunarheimildirnar, einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningarnar samsvari losun sem kemur fram í heildartölum hvers lands um sig í landsskrám aðildarríkjanna fyrir það tímabil.“

17. Í stað 3. mgr. 23. gr. komi eftirfarandi:

„3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.“

18. Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„*25. gr. a*

Ráðstafanir þriðja lands til að draga úr loftslagsbreytingum vegna flugsamgangna

1. Ef þriðja land samþykkir ráðstafanir til að draga úr loftslagsbreytingum vegna flugferða sem hefjast í því landi og lýkur í Bandalaginu skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við þriðja landið og aðildarríkin í nefndinni, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., vega og meta þá valkosti sem eru tiltækir til að stuðla að sem bestu samspili milli kerfis Bandalagsins og ráðstafana þriðja landsins.

Ef nauðsyn krefur getur framkvæmdastjórnin samþykkt breytingar í því skyni að undanskilja flugferðir frá þriðja landinu, sem um ræðir, frá flugstarfseminni sem er tilgreind í I. viðauka eða stuðla að öðrum breytingum á flugstarfseminni sem er tilgreind í I. viðauka og sem krafist er samkvæmt fjórðu undirgrein. Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með athugun, sem um getur í 3. mgr. 23. gr.

Framkvæmdastjórnin getur lagt tillögur um aðrar breytingar á þessari tilskipun fyrir Evrópuþingið og ráðið.

Framkvæmdastjórnin getur einnig, eftir því sem við á, beint tilmælum til ráðsins í samræmi við 1. mgr. 300. gr. sáttmálans um að hefja samningaviðræður í því skyni að gera samning við hlutaðeigandi þriðja land.

2. Bandalagið og aðildarríki þess skulu halda áfram að leita eftir samkomulagi um hnattrænar ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum. Í ljósi slíks samkomulags skal framkvæmdastjórnin vega og meta hvort nauðsynlegt sé að gera breytingar á þessari tilskipun að því er varðar umráðendur loftfara.“

19. Ákvæðum 28. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„b) ber ábyrgð á innskilum losunarheimilda, öðrum en þeim sem gefnar eru út skv. II. kafla, sem jafngilda heildarlosun stöðvanna í hópnum, þrátt fyrir ákvæði eliðar 2. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 12. gr. og“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Fulltrúi hópsins skal sæta viðeigandi viðurlögum brjóti hann í bága við kröfur um innskil nægilegra margra losunarheimilda, annarra en þeirra sem gefnar eru út skv. II. kafla, sem svara til heildarlosunar stöðvanna í hópnum, þrátt fyrir ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 16. gr.“

20. Eftirfarandi mgr. er bætt við 30. gr.:

„4. Eigi síðar en 1. desember 2014 skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli vöktunar og fenginnar reynslu af beitingu þessarar tilskipunar, endurskoða framkvæmd þessarar tilskipunar í tengslum við flugstarfsemi í I. viðauka og getur hún lagt tillögur fyrir Evrópuþingið og ráðið skv. 251. gr. sáttmálans, eftir því sem við á. Framkvæmdastjórnin skal einkum taka eftirfarandi til athugunar:

a) áhrif og afleiðingar þessarar tilskipunar að því er varðar heildarframkvæmd á kerfi Bandalagsins,

b) starfsemi markaðarins með losunarheimildir er varða flugsamgöngur, einkum að því er varðar hugsanlega markaðsröskun,

c) ávinning af kerfi Bandalagsins í umhverfismálum og hversu mikið þurfi að draga úr heildarfjölda losunarheimilda, sem skal úthlutað til umráðenda loftfara skv. 3. gr. c, í samræmi við heildarmarkmið ESB að því er varðar minnkun losunar,

d) af kerfi Bandalagsins á fluggeirann, þ.m.t. samkeppnismál, einkum með tilliti til áhrifa af þeirri stefnu sem í loftslagsmálum sem er rekin utan ESB að því er varðar flugsamgöngur,

e) hvort halda skuli áfram með sérstakan varasjóð fyrir umráðendur loftfara, að teknu tilliti til líklegrar samleitni vaxtarhraða í greininni í heild,

f) áhrif kerfis Bandalagsins á það hversu háð eyjar, landlukt svæði, jaðarsvæði og ystu svæði Bandalagsins eru flugsamgöngum í skipulagslegu tilliti,

g) hvort finna ætti farveg (gateway system) til að greiða fyrir viðskiptum með losunarheimildir milli umráðenda loftfara og rekstraraðila stöðva en sjá jafnframt til þess að engar millifærslur yrðu til þess að fleiri losunarheimildir yrðu framseldar frá umráðendum loftfara til rekstraraðila stöðva en öfugt,

h) áhrif undanþáguviðmiðana, sem tilgreindar eru í I. viðauka, að því er varðar staðfestan hámarksflugtaksmassa og fjölda flugferða á ári á vegum umráðanda loftfars,

i) áhrif þess að tilteknar flugferðir, sem farnar eru innan ramma um skyldur um opinbera þjónustu, sem settar eru fram í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang Bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan Bandalagsins (*), eru undanþegnar kerfi Bandalagsins,

j) þróun sem stuðlar að skilvirkni flugsamgangna, m.a. hugsanlega þróun í framtíðinni, og einkum framþróun í þá átt að uppfylla markmið Ráðgefandi ráðs fyrir rannsóknir á flugmálum í Evrópu (ACARE) um að þróa og kynna tækni sem draga mun úr eldsneytisnotkun um 50% eigi síðar en 2020 og hvort nauðsynlegt sé að grípa til fleiri ráðstafana til að auka skilvirkni,

k) þróun í tengslum við vísindalegan skilning á áhrifum á loftslagsbreytingar vegna flugslóða og klósiga af völdum flugsamgangna í því skyni að leggja til skilvirkar ráðstafanir til að draga úr áhrifunum.

Framkvæmdastjórnin skal síðan leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið.

_____

(*) Stjtíð. EB L 240, 24.8.1992, bls. 8.“

21. Eftirfarandi fyrirsögn bætist við á eftir 30. gr.:

„V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI“

22. Ákvæðum I., IV. og V. viðauka skal breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 2. febrúar 2010. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það aðildarríkjunum.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 19. nóvember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
H.-G. PÖTTERING
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
J.-P. JOUYET
forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I., IV. og V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar:

„FLOKKAR STARFSEMI SEM ÞESSI TILSKIPUN GILDIR UM“

b) Eftirfarandi bætist við 2. lið á undan töflunni :

„Frá 1. janúar 2012 skal taka með allar flugferðir sem lýkur eða hefjast á flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkis sem sáttmálinn gildir um.“

c) Eftirfarandi flokkur starfsemi bætist við:

„Flugsamgöngur Flugferðir sem hefjast eða lýkur á flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkis sem sáttmálinn gildir um. Þessi starfsemi felur ekki í sér: a) flugferðir sem eingöngu eru til flutninga, í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamanna hans, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra landa, annarra en aðildarríkja, ef þær eru rökstuddar með viðeigandi stöðuvísi á flugáætluninni, b) herflug herloftfara og toll- og lögregluflug, c) flug í tengslum við leit og björgun, flug í tengslum við slökkvistarf, flug í mannúðarskyni og sjúkraflug, sem viðurkennt er af viðeigandi, lögbæru yfirvaldi, d) flug sem er eingöngu samkvæmt sjónflugsreglum eins og þær eru skilgreindar í 2. viðauka við Chicago-samninginn, e) flug sem endar á flugvellinum þar sem loftfarið tók flugið og þar sem engin lending á sér stað í millitíðinni, f) æfingaflug, eingöngu að því er varðar öflun vottorðs eða áritunar ef um flugáhafnir er að ræða, þar sem þetta er rökstutt með viðeigandi athugasemd í flugáætluninni, ef flugið er hvorki til farþega- eða farmflutninga né vegna staðsetningar eða flutnings á loftfarinu, g) flug sem er eingöngu vegna vísindarannsókna eða til að skoða, prófa eða votta loftför eða búnað, hvort sem er í lofti eða á jörðu niðri, h) flug loftfara með staðfestan hámarksflugtaksmassa sem er minni en 5700 kg, i) flugferðir sem farnar eru innan ramma um skyldur um opinbera þjónustu, sem settar eru fram í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2408/92, eins og tilgreint er í 2. mgr. 299. gr. sáttmálans, eða á flugleiðum þar sem flutningsgetan, sem í boði er, er ekki meiri en 30 000 sæti á ári og	Koltvísýringur

j) flug sem félli undir þessa starfsemi ef ekki væri fyrir tilstilli þessa liðar og er á vegum umráðanda loftfars í flutningaflugi sem annast annaðhvort

– færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld, fjögurra mánaða tímabil eða

– flugferðir þar sem heildarlosun á ári er minni en 10 000 tonn.

Flugferðir, sem eingöngu eru til flutninga, í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamanna hans, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra aðildarríkis, má ekki undanskilja að því er varðar þennan lið.“

2. Texta IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi fyrirsögn bætist við á eftir fyrirsögn viðaukans:

„A-HLUTI – Vöktun og skýrslugjöf í tengslum við losun frá staðbundnum stöðvum“

b) eftirfarandi liðir bætist við:

„B-HLUTI – Vöktun og skýrslugjöf í tengslum við losun frá flugstarfsemi

Vöktun á losun koltvísýrings

Vakta skal losun með útreikningum. Reikna skal losun með eftirfarandi formúlu:

Eldsneytisnotkun × losunarstuðull

Eldsneyti, sem aukaaflstöð notar, skal falla undir eldsneytisnotkun. Miða skal við raunverulega eldsneytisnotkun í hverri flugferð þegar unnt er og skal hún reiknuð með eftirfarandi formúlu:

Magn eldsneytis í geymum loftfars eftir að áfyllingu eldsneytis fyrir flugið er lokið – magn eldsneytis í geymum loftfars eftir að áfyllingu eldsneytis fyrir næsta flug er lokið + magn eldsneytis sem dælt er í geyminn fyrir síðarnefnda flugið.

Ef upplýsingar um raunverulega eldsneytisnotkun liggja ekki fyrir skal nota staðlaða, stigskipta aðferð til að áætla eldsneytisnotkunina á grundvelli bestu, fáanlegu upplýsinga.

Nota skal sjálfgefna losunarstuðla milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPCC) úr leiðbeiningum nefndarinnar um skrár eða síðari uppfærslum á leiðbeiningunum nema losunarstuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi og tilgreindir eru af viðurkenndum, óháðum rannsóknarstofum sem nota viðurkenndar greiningaraðferðir, séu nákvæmari. Losunarstuðull fyrir lífmassa skal vera núll.

Sérstakir útreikningar skulu gerðir fyrir hvert flug og hverja tegund eldsneytis.

Skýrslugjöf um losun

Hver umráðandi loftfars skal láta eftirfarandi upplýsingar koma fram í skýrslu sinni skv. 3. mgr. 14. gr.:

A. Upplýsingar um umráðanda loftfars, þ.m.t.:

– heiti umráðanda loftfars,

– ábyrgðarríki,

– heimilisfang, m.a. póstnúmer og land, auk heimilisfangs tengiliðar í ábyrgðarríkinu, sé það annað,

– skráningarnúmer loftfaranna og tegundir þeirra loftfara sem notuð eru á tímabilinu, sem fellur undir skýrsluna, til flugstarfseminnar sem tilgreind er í I. viðauka og er á vegum umráðandans,

– númer flugrekandaskírteinis og flugrekstrarleyfis sem flugstarfsemin, sem tilgreind er í I. viðauka og er á vegum umráðandans, var stunduð samkvæmt og heiti yfirvalds sem gefur þau út,

– heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og netfang tengiliðar og

- heiti eiganda loftfarsins.

B. Fyrir hverja tegund eldsneytis sem losun er reiknuð fyrir:

- eldsneytisnotkun,
- losunarstuðull,
- samantekin heildarlosun frá öllu flugi á tímabilinu, sem fellur undir skýrsluna, sem flugstarfsemin, sem tilgreind er í I. viðauka og er á vegum umráðandans, tekur til,
- samantekin losun frá:
  - öllu flugi á tímabilinu, sem fellur undir skýrsluna, og sem flugstarfsemin, sem tilgreind er í I. viðauka og er á vegum umráðandans, tekur til, ef það hefur hafist á flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkis og ef því hefur lokið á flugvelli á yfirráðasvæði sama aðildarríkis,
  - öllu öðru flugi á tímabilinu, sem fellur undir skýrsluna, sem flugstarfsemin, sem tilgreind er í I. viðauka og er á vegum umráðandans, tekur til,
- samantekin losun frá öllu flugi á tímabilinu, sem fellur undir skýrsluna, sem flugstarfsemin, sem tilgreind er í I. viðauka og er á vegum umráðandans, tekur til, og sem
  - hefur hafist í tilteknu aðildarríki og
  - hefur lokið í tilteknu aðildarríki en hófst í þriðja landi,
- óvissuþættir.

Vöktun á upplýsingum um tonnkílómetra að því er varðar 3. gr. e og 3. gr. f

Þegar sótt er um úthlutun losunarheimilda í samræmi við 1. mgr. 3. gr. e eða 2. mgr. 3. gr. f skal reikna umfang flugstarfsemi í tonnkílómetrum með eftirfarandi formúlu:

tonnkílómetrar = vegalengd × farmþungi

þar sem:

„vegalengd“ er stórbaugsbogi milli brottfararflugvallar og komuflugvallar auk 95 km fasts viðbótarstuðuls og

„farmþungi“ er heildarmassi vöru, pósts og farþega.

Um útreikning á farmþunga gildir eftirfarandi:

- fjöldi farþega er sá fjöldi fólks, sem er um borð, að frátöldum flugverjum,
- umráðandi loftfars getur valið um að nota annaðhvort raunverulega massann eða staðalmassa fyrir farþega og skráðan farangur í massa- og jafnvægisskrá sinni fyrir viðkomandi flug eða staðalgildið 100 kg fyrir hvern farþega og skráðan farangur hans.

Skýrslugjöf vegna upplýsinga um tonnkílómetra að því er varðar 3. gr. e og 3. gr. f

Hver umráðandi loftfars skal láta eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn sinni skv. 1. mgr. 3. gr. e eða 2. mgr. 3. gr. f:

A. Upplýsingar um umráðanda loftfars, þ.m.t.:

- heiti umráðanda loftfars,
- ábyrgðarríki,
- heimilisfang, m.a. póstnúmer og land, auk heimilisfangs tengiliðar í ábyrgðarríkinu, sé það annað,

– skráningarnúmer loftfaranna og tegundir þeirra loftfara sem notuð eru á árinu, sem fellur undir umsóknina, til flugstarfseminnar sem tilgreind er í I. viðauka og er á vegum umráðandans,

– númer flugrekandaskírteinis og flugrekstrarleyfis sem flugstarfsemin, sem tilgreind er í I. viðauka og er á vegum umráðandans, var stunduð samkvæmt og heiti yfirvalds sem gefur þau út,

– heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og netfang tengiliðar og

– heiti eiganda loftfarsins.

B. Upplýsingar um tonnkílómetra:

– fjöldi flugferða um hvert flugvallarpar,

– fjöldi farþegakílómetra á hvert flugvallarpar,

– fjöldi tonnkílómetra á hvert flugvallarpar,

– aðferð sem er valin til útreiknings á massa farþega og skráðs farangurs,

– heildarfjöldi tonnkílómetra fyrir allt flug á árinu, sem skýrslan á við um, sem flugstarfsemin, sem tilgreind er í I. viðauka og er á vegum umráðandans, tekur til.“

3. Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi fyrirsögn bætist við á eftir fyrirsögn viðaukans:

„A-HLUTI – Sannprófun á losun frá staðbundnum stöðvum“

b) eftirfarandi liðir bætist við:

„B-HLUTI – Sannprófun Á LOSUN FRÁ FLUGSTARFSEMI

13. Almennu meginreglurnar og aðferðirnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, gilda um sannprófun á skýrslum frá flugi sem fellur undir flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka.

Í því sambandi gildir eftirfarandi:

a) í 3. mgr. lesist tilvísunin í rekstraraðila sem um væri að ræða tilvísun í umráðanda loftfars og í c-lið þeirrar málsgreinar lesist tilvísunin í stöð sem um væri að ræða tilvísun í loftfarið sem notað er til flugstarfseminnar sem skýrslan tekur til,

b) í 5. mgr. lesist tilvísunin í stöð sem um væri að ræða tilvísun í umráðanda loftfars,

c) í 6. mgr. lesist tilvísunin í starfsemi, sem fram fer í stöðinni, sem um væri að ræða tilvísun í flugstarfsemi sem skýrslan tekur til og sem er á vegum umráðanda loftfars,

d) í 7. mgr. lesist tilvísunin í staðinn, þar sem stöðin er, sem um væri að ræða tilvísun í staðina sem umráðandi loftfars notar til að stunda flugstarfsemina sem skýrslan tekur til,

e) í 8. og 9. mgr. lesist tilvísunin í upptök losunar í stöðinni sem um væri að ræða tilvísun í loftfarið, sem umráðandi loftfars ber ábyrgð á, og

f) í 10. og 12. mgr. lesist tilvísunin í rekstraraðila sem um væri að ræða tilvísun í umráðanda loftfars.

Viðbótarákvæði um sannprófun skýrslna um losun frá flugi

14. Sannprófandinn skal sérstaklega ganga úr skugga um að:

a) tekið hafi verið tillit til alls flugs sem fellur undir flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka. Við þetta verkefni skal sannprófandinn nota tímaáætlanir og önnur gögn um flugumferð á vegum umráðanda loftfars, m.a. gögn frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu sem umráðandinn hefur óskað eftir,

b) heildarsamræmi sé milli gagna um samantekna eldsneytisnotkun og gagna um eldsneyti sem er keypt eða útvegað á annan hátt fyrir loftfarið sem notað er við flugstarfsemina.

Viðbótarákvæði um sannprófun upplýsinga um tonnkílómetra sem lagðar eru fram skv. 3. gr. e og 3. gr. f

15. Almennu meginreglurnar og aðferðirnar við sannprófun losunarskýrslna skv. 3. mgr. 13. gr., eins og þær eru settar fram í þessum viðauka, gilda, eftir atvikum, einnig á hliðstæðan hátt um sannprófun upplýsinga um tonnkílómetra í flugi.

16. Sannprófandinn skal einkum ganga úr skugga um að einungis hafi verið tekið tillit til flugferða, sem raunverulega hafa verið farnar og falla undir flugstarfsemina sem tilgreind er í I. viðauka og sem umráðandi loftfars ber ábyrgð á, í umsókn umráðandans skv. 1. mgr. 3. gr. e og 2. mgr. 3. gr. f. Við þetta verkefni skal sannprófandinn nota gögn um flugumferð á vegum umráðanda loftfars, m.a. gögn frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu sem umráðandinn hefur óskað eftir, Auk þess skal sannprófandinn staðfesta að farmþunginn, sem umráðandi loftfars gaf upp, samsvari skrám um farmþunga sem umráðandinn heldur af öryggisástæðum.“

Fylgiskjal III.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. [.../...]

frá [...]

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. [.../...] frá [...] ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/450/EB frá 8. júní 2009 um ítarlega túlkun á flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB [ÓOPINBER ÞÝÐING Á TITLI.] (Commission Decision 2009/450/EC of 8 June 2009 on the detailed interpretation of the aviation activities listed in Annex I to Directive 2003/87/EC of the European Parliament and of the Council) ([2]).

([1]) Stjtíð. ESB …, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. ..., d. m. ártal, bls. xx.
([2]) Stjtíð. ESB L 149, 12.6.2009, bls. 69.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21ap (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/381/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„21apa. **32009 D 0450**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/450/EB frá 8. júní 2009 um ítarlega túlkun á flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB [ÓOPINBER ÞÝÐING Á TITLI.] (Commission Decision 2009/450/EC of 8 June 2009 on the detailed interpretation of the aviation activities listed in Annex I to Directive 2003/87/EC of the European Parliament and of the Council) (Stjtíð. ESB L 149, 12.6.2009, bls. 69).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/450/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi ... , að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. …/… frá …[um að fella tilskipun 2008/101/EB inn í samninginn], hvort sem ber upp síðar. Hafi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. …/… frá … [um að fella tilskipun 2008/101/EB inn í samninginn] þegar öðlast gildi og hafi tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins ekki borist, öðlast ákvörðun þessi gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel ... .

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
NN
formaður.

(*) [Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.] [Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.]

Fylgiskjal IV.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 8. júní 2009

um ítarlega túlkun á flugstarfseminni sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB

(tilkynnt með númeri C(2009) 4293)

(Texti sem varðar EES)

(2009/450/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 3. gr. b.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi ([2]) fellur flugstarfsemi innan kerfis fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins.

2) Skilgreiningin á flugstarfsemi og einkum undanþágurnar sem eru tilgreindar í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB byggjast fyrst og fremst á undanþágunum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1794/2006 frá 6. desember 2006 um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu ([3]), en þessar undanþágur eru í samræmi við undanþágur Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu.

3) Í 2. viðbæti við verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu – rekstrarstjórnun flugumferðar, sem Alþjóðaflugmálastofnunin ([4]), samþykkti, er lýsing á fyrirmynd Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að eyðublaði fyrir flugáætlun og veittar leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðsins. Flugáætlunina er unnt að nota til að greina þau flug sem falla undir gildissvið Bandalagskerfisins.

4) Þeirri túlkun á flugstarfsemi sem kemur fram í þessari ákvörðun skal beitt í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/589/EB frá 18. júlí 2007 um að setja viðmiðunarreglur um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([5]).

5) Túlkun á skyldum um opinbera þjónustu skal beitt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (endurútgefin) ([6]).

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar um loftslagsbreytingar sem um getur í 23. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ítarleg túlkun á þeirri flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er sett fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. júní 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.
([2]) Stjtíð. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3.
([3]) Stjtíð. ESB L 341, 7.12.2006, bls. 3.
([4]) PANS-ATM, skjal 4444.
([5]) Stjtíð. ESB L 229, 31.8.2007, bls. 1.
([6]) Stjtíð. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3.

VIÐAUKI

Leiðbeiningar um ítarlega túlkun á þeirri flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB

1. SKILGREINING Á FLUGSTARFSEMI

1. „Flug“: einn flugleggur sem er flug eða röð fluga sem hefjast á flugvélastæði loftfarsins og lýkur á flugvélastæði loftfarsins.

2. „Flugvöllur“: tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum og búnaði, sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til afnota við komu og brottför loftfara og hreyfingar þeirra á jörðu niðri.

3. Ef umráðandi loftfars stundar flugstarfsemi, sem er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, fellur hún undir kerfi Bandalagsins, óháð því hvort starfsemin er á skrá yfir umráðendur loftfara sem framkvæmdastjórnin birti skv. 3. mgr. 18. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

2. TÚLKUN Á UNDANÞÁGUNUM

4. Í flokknum „Flug“ undir flokkum starfsemi í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er tilgreint hvaða tegundir flugs eru undanþegnar kerfi Bandalagsins.

2.1. **Undanþága samkvæmt undirlið a**

5. Þessa undanþágu skal eingöngu túlka í tengslum við flugið.

6. Nánustu vandamenn eru eingöngu maki, sambýlismaður/-kona sem jafngildir maka, börn og foreldrar.

7. Ráðherrar eru þeir sem sitja í ríkisstjórn eins og tilgreint er í stjórnartíðindum viðkomandi lands. Þeir sem sitja í héraðsstjórn eða staðbundinni stjórn lands uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt þessum undirlið.

8. Opinber sendiför er sendiför þar sem viðkomandi aðili er í opinberum erindagjörðum.

9. Flug til staðsetningar eða flutninga á loftfarinu fellur ekki undir þessa undanþágu.

10. Gert er ráð fyrir að flug, sem aðalskrifstofa Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, sem sér um að innheimta leiðargjöld (e. Eurocontrol's Central Route Charges Office), hefur tilgreint að séu undanþegin leiðargjöldum (hér á eftir nefnt CRCO-undanþágukóðinn) með kóðanum „S“, séu flug sem eru eingöngu til flutninga, í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamanna hans, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra ríkisstjórnar og eru rökstudd með viðeigandi stöðuvísi á flugáætluninni.

2.2. **Undanþágur samkvæmt undirlið b**

2.2. 1. Herflug

11. Herflug er flug í beinum tengslum við hernaðarstarfsemi.

12. Herflug skráðra almenningsloftfara fellur ekki undir þessa undanþágu. Á sama hátt er almenningsflug herloftfara ekki undanþegið samkvæmt undirlið b.

13. Gert er ráð fyrir að flug með CRCO-undanþágukóðann „M“ eða „X“ sé herflug sem nýtur undanþágu.

2.2.2. *Toll- og lögregluflug*

14. Toll- og lögregluflug skráðra almenningsloftfara og herloftfara nýtur undanþágu.

15. Gert er ráð fyrir að flug með CRCO-undanþágukóðann „P“ sé toll- og lögregluflug sem nýtur undanþágu.

2.3. **Undanþágur samkvæmt undirlið c**

16. Með tilliti til eftirfarandi flokka flugs falla flug til staðsetningar eða flutninga á loftfarinu og flug sem eru eingöngu að flytja búnað og starfsfólk, sem tekur beinan þátt í að veita tengda þjónustu, undir undanþáguna. Enn fremur er í þessum undanþágum ekki gerður greinarmunur á flugi þar sem notuð eru tilföng frá opinberum aðilum eða einkaaðilum.

2.3.1. *Leitar- og björgunarflug*

17. Flug í tengslum við leit og björgun er flug þar sem leitar- og björgunarþjónusta stendur til boða. Leitar- og björgunarþjónusta felst í framkvæmd neyðarvöktunar (e. distress monitoring), samskiptum, samræmingu og leitar- og björgunarstörfum, fyrstu læknishjálp (e. initial medical assistance) eða brottflutningi af læknisfræðilegum ástæðum með notkun tilfanga frá opinberum aðilum eða einkaaðilum, þ.m.t. samstarfsloftför, skip og önnur för og búnaður.

18. Gert er ráð fyrir að flug með CRCO-undanþágukóðann „R“ og flug sem er auðkennt með STS/SAR í reit 18 í flugáætluninni sé leitar- og björgunarflug sem nýtur undanþágu.

2.3.2. *Flug til slökkvistarfa*

19. Flug til slökkvistarfa er flug sem er eingöngu til slökkvistarfa úr lofti, sem felur í sér notkun loftfara og annarra tilfanga í lofti til að berjast gegn eldi sem breiðist út.

20. Gert er ráð fyrir að flug sem er auðkennt með STS/FFR í reit 18 í flugáætluninni sé flug til slökkvistarfa sem nýtur undanþágu.

2.3.3. *Flug í mannúðarskyni*

21. Flug í mannúðarskyni er flug sem er eingöngu starfrækt í mannúðarskyni og er til að flytja starfsfólk til neyðaraðstoðar og flytja neyðarbirgðir, s.s. mat. fatnað, skýli, læknisfræðileg áhöld og önnur áhöld, meðan neyðarástand og/eða hamfarir standa yfir eða eftir það og/eða er notað til að flytja fólk á brott frá stað þar sem lífi þess eða heilbrigði er ógnað vegna slíks neyðarástands og/eða hamfara á öruggan stað í sama ríki eða í öðru ríki sem er tilbúið til að taka á móti slíkum einstaklingum.

22. Gert er ráð fyrir að flug með CRCO-undanþágukóðann „H“ og flug sem er auðkennt með STS/HUM í reit 18 í flugáætluninni sé flug í hjálpar- og mannúðarskyni sem nýtur undanþágu.

2.3.4. *Sjúkraflug*

23. Sjúkraflug er flug sem þjónar eingöngu þeim tilgangi að stuðla að neyðarlæknishjálp, þar sem tafarlaus og skjótur flutningur er nauðsynlegur, og með því er flutt heilbrigðisstarfsfólk, sjúkragögn, þ.m.t. búnaður, blóð, líffæri og lyf, eða veikir eða særðir einstaklingar og aðrir einstaklingar sem tengjast málinu beint.

24. Gert er ráð fyrir að flug sem er auðkennt með STS/MEDEVAC eða STS/HOSP í reit 18 í flugáætluninni sé sjúkraflug sem nýtur undanþágu.

2.4. **Undanþága samkvæmt undirlið f**

25. Gert er ráð fyrir að flug með CRCO-undanþágukóðann „T“ og flug sem er auðkennt með RKM/„þjálfunarflug“ (e. training flight) í reit 18 í flugáætluninni njóti undanþágu samkvæmt undirlið f.

2.5. **Undanþágur samkvæmt undirlið g**

26. Með tilliti til eftirfarandi flokka flugs falla flug til staðsetningar eða flutninga á loftfarinu ekki undir undanþáguna.

2.5.1. *Flug sem er eingöngu vegna vísindarannsókna*

27. Í þessum flokki er undanskilið flug sem er einungis í þeim tilgangi að framkvæma vísindarannsóknir. Vísindarannsóknirnar skulu framkvæmdar að hluta til eða að öllu leyti meðan á flugi stendur til þess að undanþágan gildi. Flutningur á vísindamönnum eða rannsóknarbúnaði nægir í sjálfu sér ekki til þess að flugið njóti undanþágu.

2.5.2. *Flug sem er eingöngu til að skoða, prófa eða votta loftför eða búnað, hvort sem er í lofti eða á jörðu niðri*

28. Gert er ráð fyrir að flug með CRCO-undanþágukóðann „N“ og flug sem er auðkennt með STS/FLTCK í reit 18 í flugáætluninni njóti undanþágu samkvæmt undirlið g.

2.6. **Undanþága samkvæmt undirlið i (flug vegna skyldu um opinbera þjónustu)**

29. Undanþágu fyrir flug vegna skyldna um opinbera þjónustu innan ystu svæða skal túlka þannig að hún gildi um þau svæði sem eru tilgreind í 2. mgr. 299. gr. EB-sáttmálans og að eingöngu sé um að ræða flug vegna skyldu um opinbera þjónustu innan eins ysta svæðis og flug milli tveggja ystu svæða.

2.7. **Undanþága samkvæmt undirlið j (minniháttarreglan)**

30. Allir flugrekendur sem stunda flutningaflug skulu hafa gilt flugrekandaskírteini skv. I. hluta 6. viðauka við Chicago-samninginn. Flugrekendur sem eru án flugrekandaskírteinis eru ekki „flugrekendur sem stunda flutningaflug“.

31. Við beitingu minniháttarreglunnar er mat á því hvort flugið er viðskiptatengt eða ekki tengt flugrekanda en ekki því flugi sem um er að ræða. Þetta felur einkum í sér að flug, sem flugrekandi í atvinnuflugi annast, skal tekið til greina þegar tekin er ákvörðun um hvort umræddur flugrekandi fellur innan viðmiðunarmarka um undanþágu eða ekki, jafnvel þótt þessi flug séu ekki farin gegn greiðslu.

32. Einungis skal taka til greina flug sem hefst eða lýkur á flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkis sem fellur undir sáttmálann þegar tekin er ákvörðun um hvort umráðandi loftfarsins fellur innan viðmiðunarmarka um undanþágu að því er varðar minniháttarregluna eða ekki. Flug sem nýtur undanþágu samkvæmt undirliðum a–j skal ekki taka til greina í sama tilgangi.

33. Flug flugrekanda sem stundar flutningaflug og starfrækir færri en 243 flug á hverju tímabili í þrjú samfelld, fjögurra mánaða tímabil njóta undanþágu. Fjögurra mánaða tímabilin eru: Janúar til apríl, maí til ágúst, september til desember. Staðbundinn brottfarartími flugsins ákvarðar á hvaða fjögurra mánaða tímabili skal taka flugið til greina þegar tekin er ákvörðun um hvort umráðandi loftfarsins fellur innan viðmiðunarmarka um undanþágu að því er varðar minniháttarregluna eða ekki.

34. Flugrekandi í atvinnuflugi sem starfrækir 243 flug eða fleiri á hverju tímabili fellur undir kerfi Bandalagsins fyrir allt almanaksárið þar sem viðmiðunarmörkin um 243 flug nást eða farið er yfir þau.

35. Flugrekandi í atvinnuflugi sem starfrækir flug þar sem heildarlosun á ári er 10 000 tonn eða meiri á ári fellur undir kerfi Bandalagsins fyrir allt almanaksárið þar sem viðmiðunarmörkin um 10 000 tonn nást eða farið er yfir þau.

889. Fyrirspurn [536. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um skólagjöld og lán til greiðslu skólagjalda.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hversu margir skólar sem viðurkenndir eru af ráðuneytinu, á öllum skólastigum, taka skólagjöld af nemendum á skólaárinu 2010–2011 og hvaða skólar eru það?
2. Hvaða þjónustu við nemendur eða efniskostnaði er skólagjöldum ætlað að standa undir?
3. Hversu há eru gjöldin hjá viðkomandi skólum á yfirstandandi skólaári og hver voru þau næstu fjögur skólaár þar á undan?
4. Hver var áætluð heildarfjárhæð útlána Lánasjóðs íslenskra námsmanna til greiðslu skólagjalda sömu skólaár?

Skriflegt svar óskast.

890. Fyrirspurn [537. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkuöryggi á Vestfjörðum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvenær verða lagðar fram tillögur ráðgjafarhóps iðnaðarráðherra, sem skipaður var 26. október 2009, um leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum?

891. Svar [440. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Tryggva Þórs Herbertssonar um viðmælendur í frétta- og þjóðlífsþáttum Ríkisútvarpsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða þingmenn komu fram í:*
   a. *aðalfréttatíma útvarps kl. 18,*
   b. *aðalfréttatíma sjónvarps kl. 19,*
   c. *Speglinum,*
   d. *Silfri Egils,*
   e. *Kastljósi,*

   á þeim tíma sem þeir gegndu ekki ráðherraembætti, og hve oft, árin 2009 og 2010?

2. *Hvaða álitsgjafar aðrir en þingmenn og ráðherrar hafa komið oftar en þrisvar, og þá hve oft, í:*
   a. *Speglinum,*
   b. *Silfri Egils,*
   c. *Kastljósi,*
   árin 2009 og 2010?

Leitað var til Ríkisútvarpsins um svör við fyrirspurninni og fylgja þau hér á eftir. Vakin er athygli á því að hér er farin sú leið að taka saman alla viðmælendur í viðkomandi þáttunum fremur en að fara út í skilgreiningar á hugtakinu „álitsgjafi“.

Svar Ríkisútvarpsins ohf.

Vísað er til fyrirspurnar Tryggva Þórs Herbertssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, til mennta- og menningarmálaráðherra um viðmælendur í frétta og þjóðlífsþáttum Ríkisútvarpsins.

Hafa ber í huga að við talningu á hversu oft þingmenn komu fram í fréttum eða þáttum að miðað er við að viðkomandi sitji á þingi þegar útsendingin fór fram.

Einnig ber að hafa í huga að kosningar til Alþingis fóru fram 2009 og á því ári störfuðu þrjár ríkisstjórnir. Það getur haft töluverð áhrif á það hvort sá sem kemur fram falli undir það að vera þingmaður eða ráðherra.

1 A. *Hvaða þingmenn komu fram í eftirtöldum þáttum á þeim tíma sem þeir gegndu ekki ráðherraembætti, og hve oft:*
a. *aðalfréttatíma útvarps kl. 18 árið 2010,*
b. *aðalfréttatíma sjónvarps kl. 19 árið 2010,*
c. *Speglinum árið 2010,*
d. *Silfri Egils árið 2010,*
e. *Kastljósi árið 2010.*

Svar RÚV við spurningu 1A lið a, b, c, d og e vegna ársins 2010:

Nafn þingmanns	**Kvöldfréttir útvarps**	**Sjöfréttir sjónvarps**	**Spegillinn**	**Silfur Egils**	**Kastljós**
Atli Gíslason	3	11	1		2
Álfheiður Ingadóttir		2			
Árni Johnsen		1			
Árni Þór Sigurðsson	12	14			3
Ásbjörn Óttarsson	4	1			2
Ásmundur Einar Daðason	4	5		1	1
Ásta R. Jóhannesdóttir	3	8	1		
Birgir Ármannsson	1	4			1
Birgitta Jónsdóttir	4	17		4	5
Birkir Jón Jónsson	1	9			

Nafn þingmanns	Kvöldfréttir útvarps	Sjöfréttir sjónvarps	Spegillinn	Silfur Egils	Kastljós
Bjarni Benediktsson	30	79	3	3	10
Björgvin G. Sigurðsson	3	5			
Björn Valur Gíslason	15	9	1	2	4
Einar K. Guðfinnsson	3	8			1
Eygló Harðardóttir	4			1	1
Guðbjartur Hannesson	1	2	1		1
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir	1	6		1	1
Guðlaugur Þór Þórðarson	3	9			3
Guðmundur Steingrímsson	2	3			1
Gunnar Bragi Sveinsson	4	9		2	1
Helgi Hjörvar	5	5			2
Höskuldur Þór Þórhallsson	4	3			1
Illugi Gunnarsson	1	5	2		2
Jón Gunnarsson		4			
Jónína Rós Guðmundsdóttir	1	1			
Kristján L. Möller	4	3			
Kristján Þór Júlíusson	5	4			
Lilja Mósesdóttir	14	17	1	3	2
Lilja Rafney Magnúsdóttir	1	1			
Magnús Orri Schram	4	4		1	3
Margrét Tryggvadóttir	3	7		3	1
Mörður Árnason	2	2	1	1	2
Oddný G. Harðardóttir	2	2			
Ólína Þorvarðardóttir	2	1		1	4
Ólöf Nordal	5	9		2	2
Pétur H. Blöndal	3	4		2	2
Ragnheiður E. Árnadóttir	8	7			2
Ragnheiður Ríkharðsdóttir	6	4	1		1
Róbert Marshall	2	4			3
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson	26	49	3	2	8
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir	4	4		1	2
Sigurður Ingi Jóhannsson	2	2			1
Siv Friðleifsdóttir	3	4			1

Nafn þingmanns	Kvöldfréttir útvarps	Sjöfréttir sjónvarps	Spegillinn	Silfur Egils	Kastljós
Skúli Helgason	4	6	1		
Tryggvi Þór Herbertsson	2	2		1	3
Unnur Brá Konráðsdóttir	2	3			2
Valgerður Bjarnadóttir		2		1	
Vigdís Hauksdóttir	2	6			2
Þorgerður K. Gunnarsdóttir	3	6			1
Þór Saari	9	22	1	2	3
Þórunn Sveinbjarnardóttir	3	6			2
Þráinn Bertelsson	2	3			1
Þuríður Backman	1	1	1		
Ögmundur Jónasson	3	7	1	1	3

Ath. varaþingmenn eru ekki á listanum.

1B. Hvaða þingmenn komu fram í eftirtöldum þáttum á þeim tíma sem þeir gegndu ekki ráðherraembætti, og hve oft:

a. aðalfréttatíma útvarps kl. 18 árið 2009,
b. aðalfréttatíma sjónvarps kl. 19 árið 2009,
c. Speglinum árið 2009,
d. Silfri Egils árið 2009,
e. Kastljósi árið 2009.

Svar RÚV við spurningu 1B lið a, b, c, d og e vegna ársins 2009:

Nafn þingmanns	Kvöldfréttir útvarps	Sjöfréttir sjónvarps	Spegillinn	Silfur Egils	Kastljós
Arnbjörg Sveinsdóttir	1	1			
Atli Gíslason	7	4	2	1	3
Ágúst Ólafur Ágústsson	1	1			
Álfheiður Ingadóttir	5	10	1	1	2
Ármann Kr. Ólafsson	1	1			
Árni Johnsen	1	4			
Árni M. Mathiesen	3	4			
Árni Páll Árnason	1	6	2	1	2
Árni Þór Sigurðsson	7	10	2		4
Ásbjörn Óttarsson	2	1			
Ásmundur Einar Daðason	1	2			2
Ásta Möller	3	4			
Ásta R. Jóhannesdóttir	11	21			
Birgir Ármannsson	8	19			2

Nafn þingmanns	Kvöldfréttir útvarps	Sjöfréttir sjónvarps	Spegillinn	Silfur Egils	Kastljós
Birgitta Jónsdóttir	5	14			3
Birkir Jón Jónsson	7	12	2		2
Bjarni Benediktsson	36	70	1	2	8
Björgvin G. Sigurðsson	2	6			1
Björn Bjarnason	2	5			
Björn Valur Gíslason	1	4			1
Einar K. Guðfinnsson	4	2			
Eygló Harðardóttir	5	4	2	2	2
Geir H. Haarde	9	22	2		
Grétar Mar Jónsson	2	1			1
Guðbjartur Hannesson	10	16	2		4
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir	4	7		1	3
Guðjón A. Kristjánsson	7	9			4
Guðlaugur Þór Þórðarson	8	12			4
Guðmundur Steingrímsson		1			1
Gunnar Bragi Sveinsson	1	6			2
Gunnar Svavarsson		1			
Helga Sigrún Harðardóttir		2			
Helgi Hjörvar	1	6			5
Höskuldur Þór Þórhallsson	14	24	1		3
Illugi Gunnarsson	6	7	4	1	3
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir	3	10	1		
Jón Bjarnason	17	14	3		2
Jón Gunnarsson	1				
Jón Magnússon	1	1			
Jónína Rós Guðmundsdóttir		1			
Karl V. Matthíasson					1
Katrín Jakobsdóttir		1	3	1	3
Katrín Júlíusdóttir					2
Kjartan Ólafsson			1		
Kristinn H. Gunnarsson	2	1			
Kristján L. Möller	2	4			1
Kristján Þór Júlíusson	7	10			3
Lilja Mósesdóttir	2	10	2	2	2
Lúðvík Bergvinsson	2	5	1		
Magnús Orri Schram					1
Margrét Tryggvadóttir	4	5		1	3
Ólína Þorvarðardóttir	1			2	1

Nafn þingmanns	Kvöldfréttir útvarps	Sjöfréttir sjónvarps	Spegillinn	Silfur Egils	Kastljós
Ólöf Nordal	6	8	1	1	1
Pétur H. Blöndal	2	11			3
Ragnheiður E. Árnadóttir	3	4			2
Ragnheiður Ríkharðsdóttir	2	9		1	
Róbert Marshall	1				
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson	19	43	2	1	4
Sigmundur Ernir Rúnarsson	1	4		1	1
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir	3	5		1	3
Sigurður Ingi Jóhannsson	1	1			1
Sigurður Kári Kristjánsson	4	8			1
Siv Friðleifsdóttir	5	9		1	2
Skúli Helgason		2			
Steingrímur J. Sigfússon	6	12			
Steinunn Valdís Óskarsdóttir	3				
Sturla Böðvarsson	3	2			
Svandís Svavarsdóttir			4		
Tryggvi Þór Herbertsson	4	7	1	1	2
Unnur Brá Konráðsdóttir				1	
Valgerður Bjarnadóttir	1	1			1
Valgerður Sverrisdóttir	3	6			
Vigdís Hauksdóttir		3			
Þorgerður K. Gunnarsdóttir	8	18		1	3
Þór Saari	13	25	1	3	5
Þórunn Sveinbjarnardóttir		2			
Þráinn Bertelsson	3	4		2	
Ögmundur Jónasson	3	8	2		

Ath. varaþingmenn eru ekki á listanum.

2A. Hvaða álitsgjafar aðrir en þingmenn og ráðherrar hafa komið oftar en þrisvar, og þá hve oft, í:

a. Speglinum árið 2010,

Svar RÚV við spurningu 2Aa:

Þórólfur Matthíasson	10
Grétar Þór Eyþórsson	9
Gunnar Helgi Kristinsson	8
Vilhjálmur Bjarnason	7
Eiríkur Bergmann Einarsson	7

Guðni Th. Jóhannesson	6
Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir	5
Stefanía Óskarsdóttir	5
Friðrik Ó. Friðriksson	5
Katrín Ólafsdóttir	5
Birgir Guðmundsson	4
Magnús Árni Skúlason	4
Friðrik Már Baldursson	4
Vilhjálmur Egilsson	4

b. Silfri Egils árið 2010,

Svar RÚV við spurningu 2Ab:

Eiríkur Bergmann Einarsson	5
Sigrún Davíðsdóttir	5
Eva Joly	5
Páll Vilhjálmsson	4

c. Kastljósi árið 2010.

Svar RÚV við spurningu 2Ac:

Jón Gnarr Kristinsson	6
Vilhjálmur Bjarnason	4
Guðni Th. Jóhannesson	4

2B. Hvaða álitsgjafar aðrir en þingmenn og ráðherrar hafa komið oftar en þrisvar, og þá hve oft, í:

a. Speglinum árið 2009,

Svar RÚV við spurningu 2Ba:

Þórólfur Matthíasson	15
Vilhjálmur Bjarnason	12
Ólafur Ísleifsson	9
Birgir Guðmundsson	8
Einar Mar Þórðarson	8
Gunnar Helgi Kristinsson	7
Gylfi Zoëga	7
Indriði Þorláksson	7

Jón G. Hauksson	7
Gylfi Arnbjörnsson	6
Katrín Ólafsdóttir	6
Benedikt Jóhannesson	5
Eiríkur Tómasson	5
Grétar Þór Eyþórsson	5
Ragnar H. Hall	5
Ágúst Þór Árnason	4
Benedikt Sigurðarson	4
Einar Árnason	4
Jóhanna K. Eyjólfsdóttir	4
Júlíus Vífill Ingvarsson	4
Ólafur Þór Hauksson	4

b. Silfri Egils árið 2009,

Svar RÚV við spurningu 2Bb:

Ólafur Arnarson	7
Andri Geir Arinbjarnarson	4
Gunnar Smári Egilsson	4
Páll Ásgeir Ásgeirsson	4

c. Kastljósi árið 2009.

Svar RÚV við spurningu 2Bc:

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir	6
Ástþór Magnússon*	5
Gylfi Arnbjörnsson	5
Björn Þorri Viktorsson	4
Indriði Þorláksson	4
Selma Björnsdóttir	4

*var í forsvari fyrir Lýðræðishreyfinguna í aðdraganda Alþingskosninganna 2009.

892. Svar [442. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um nöfn látinna manna í opinberum skrám.

1. *Hvernig er ferlið þegar nöfn látinna manna eru felld úr opinberum skrám, svo sem þjóðskrá? Er það ferli skilvirkt miðað við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum?*

Samkvæmt lögum um þjóðskrá og almannaskráningu skila sýslumenn dánarvottorðum sem þeim berast til Þjóðskrár Íslands. Ferlið er þannig að þegar sýslumaður fær dánarvottorð í hendur frá venslamanni hins látna veitir hann heimild til útfarar og sendir vottorðið svo fljótt sem kostur er til Þjóðskrár Íslands. Jafnframt þessu hefur tíðkast til margra ára það verklag milli Þjóðskrár og flestra sýslumannsembætta að þau upplýsa Þjóðskrá daglega um öll dánarvottorð sem þeim berast og senda lista yfir hina látnu í lok hvers vinnudags. Þjóðskrá Íslands tekur þá hinn látna að jafnaði samdægurs af íbúaskrá eða næsta dag.

2. *Eru til dæmi þess að farist hafi fyrir að fella nöfn látinna manna úr skrám, svo sem þjóðskrá, og ef svo er:*
   a. *hver er skýring þess,*
   b. *um hve mörg tilfelli er að ræða og hve langur tími leið í hverju tilviki uns viðkomandi voru felldir af skrá,*
   c. *voru greiddar út bætur, t.d. ellilífeyrir, í þessum tilvikum eftir dánardag og þá hvernig bætur og hve háar, hvaða reglur gilda ef slíkar bætur eru greiddar út og hafa slíkar bætur endurheimst að hluta eða að fullu?*

Svar við a- og b-lið er sem hér segir: Í öllum löndum sem Þjóðskrá Íslands þekkir til eiga stjórnvöld í erfiðleikum með að fylgjast með skráningum fólks eftir brottflutning úr heimalandi. Fáir alþjóðlegir samningar eru um skipti slíkra upplýsinga milli ríkja. Eftir því sem lengra líður frá brottflutningi eru meiri líkindi til þess að breytingar verði á högum fólks, t.d. að það taki upp nýtt ríkisfang og/eða breyti nafni sínu. Í mörgum tilvikum rofna tengsl algjörlega við heimalandið. Árum saman hefur Þjóðskrá Íslands reynt að fylgjast með andlátum Íslandinga erlendis eins og mögulegt er. Beitt hefur verið þeim aðferðum sem flest lönd þekkja, t.d. öflun upplýsinga fyrir tilstuðlan utanríkisþjónustunnar. Þannig berast Þjóðskrá mörg dánarvottorð. Enn fremur búa Íslendingar vel hvað varðar tilkynningar andláta í dagblöðum og iðulega láta ættingjar Þjóðskrá vita af andláti sinna nánustu erlendis. Í öllum þessum tilvikum verður Þjóðskrá Íslands að gæta þess að fella fólk ekki af skrá fyrr en dánarvottorð eða óyggjandi gögn liggja fyrir um andlátið. Símhringing einhvers um andlát ættingja erlendis eða upplýsingar um slíkt í ættfræðiritum er eitt og sér ekki nægjanlegt til brottfellingar af skrá. Í tímans rás hefur orðið til listi yfir einhvern fjölda fólks á skrá sem er látinn erlendis. Hjá flestum þjóðum eru skrár um brottflutta íbúa viðkomandi lands ekki aðgengilegar almenningi með sama hætti og hér á landi. Þessi vandi er því ekki sýnilegur víða. Þjóðskrá Íslands þarf e.t.v. að huga að breyttri dreifingu upplýsinga um brottflutta íbúa.

Alla tíð hefur verið ágæt samvinna milli Þjóðskrár og þeirra stjórnvalda hér á landi sem þurfa á upplýsingum að halda um látið fólk. Í þeirri umræðu hefur ekki komið fram að fólk skráð í útlöndum „njóti“ réttinda úr íslenska kerfinu eftir andlát. Aftur á móti er eitt þekkt dæmi um greiðslur vegna einstaklings sem skráður var með lögheimili hér á landi en látinn erlendis. Það mál er af allt öðrum toga. Þess má geta að stjórnvöld í sumum löndum, sem greiða út bætur til fólks sem flutt er úr landi, krefjast þess reglulega að viðkomandi sanni með vottorði frá búsetulandinu að hann sé á lífi.

Svar við c-lið heyrir ekki undir innanríkisráðherra.

893. Svar [472. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um dýpkun Landeyjahafnar.

1. *Hvenær getur dýpkunarskip Íslenska gámafélagsins hafið vinnu við dýpkun Landeyjahafnar?*

Dýpkunarskip Íslenska gámafélagsins kom til landsins 10. febrúar 2011 og hóf dýpkun um leið og færi gafst eða 16. febrúar. Síðan hefur sjólag verið erfitt og ekki hægt um vik með dýpkun.

2. *Hvernig hefur verið staðið að undirbúningi að kaupum á plógi í samvinnu við Vestmannaeyjabæ og hvenær má vænta þess að byrjað verði að nota plóginn?*

Kaup á plógi eru í undirbúningi og er meðal annars verið að meta hvaða breytingar þarf að gera á Lóðsinum frá Vestmannaeyjum sem gert er ráð fyrir að dragi hann. Jafnframt er verið að meta breytingar á sandburði en hann hefur minnkað verulega frá því sem hefur verið undanfarið. Hugsanlega verður ekki þörf fyrir plóginn.

3. *Hvernig hefur verið staðið að undirbúningi framkvæmda á varnargarði við ósa Markarfljóts og hvenær er gert ráð fyrir að framkvæmdirnar hefjist?*

Framkvæmdaleyfi fékkst fyrir varnargarðinn um miðjan desember 2010. Framkvæmdir hófust í byrjun janúar og er gert ráð fyrir að þeim ljúki um mánaðarmótin febrúar mars 2011.

4. *Er undirbúningur að kaupum á sjálfvirkum dælubúnaði fyrir Landeyjahöfn hafinn og hvenær má vænta þess búnaðurinn verði tekinn í notkun?*

Verið er að meta breytingar á sandburði í og við Landeyjahöfn. Hann hefur minnkað mikið og líklega má það rekja til þess að sandströndin er að jafna sig eftir þann mikla framburð sem kom með gosinu í Eyjafjallajökli. Sandburður verður þá mun minni en undafarið og nær þeim áætlunum sem gerðar voru upphaflega. Fari svo þarf að endurmeta þörf á þessum dælubúnað.

894. Nefndarálit [348. mál]

um frv. til l. um rannsóknarnefndir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Hlöðversdóttur og Þórhall Vilhjálmsson, aðallögfræðing Alþingis, Þórð Sveinsson frá Persónuvernd og Margréti Steinarsdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Umsagnir um frumvarpið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Jafnréttisstofu, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Persónuvernd.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði almenn lög um rannsóknarnefndir og málsmeðferð fyrir þeim, en með hugtakinu rannsóknarnefnd er átt við sérstaklega skipaða rannsóknarnefnd sem falið er að rannsaka tiltekin málsatvik í mikilvægum málum sem almenning varða og tengjast meðferð opinbers valds.

Skipun rannsóknarnefndar.

Nefndin fjallaði á fundum sínum um fjölmörg atriði frumvarpsins sem byggist á tillögum starfshóps um eftirlitshlutverk Alþingis. Lagt er til að forseti Alþingis skipi rannsóknarnefnd ef Alþingi samþykkir ályktun þar um. Fyrir nefndinni kom fram að á Norðurlöndum fellur slíkt verkefni yfirleitt undir framkvæmdarvaldið en í ljósi reynslunnar af rannsóknarnefnd Alþingis, sem hafði það verkefni að rannsaka aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða hér, hafi verið skýr krafa um að Alþingi hefði þetta hlutverk. Er það hluti af þeirri umræðu sem verið hefur undanfarið og sérstaklega eftir bankahrunið að efla Alþingi gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Í tillögu til ályktunar um skipun rannsóknarnefndar skal kveðið á um hvað rannsaka á, hvernig haga skal rannsókninni og um fjölda nefndarmanna. Fyrir nefndinni kom fram að mjög mikilvægt er að vanda til umboðs rannsóknarnefndar enda lagður grunnur að verkefninu í umboðinu og á því skal vinnan byggjast. Þá var einnig bent á mikilvægi þess að skoða vel hæfi þeirra sem skipa skal í nefndina, þ.e. bæði almennt og sérstakt, en í frumvarpinu er vísað sérstaklega til þess að tekið skuli mið af hæfisreglum stjórnsýslulaga. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að verði samþykkt tillaga til þingsályktunar um skipun rannsóknarnefndar skal forseti Alþingis velja formann og afmarka nánar umboð nefndarinnar, hvort tveggja að höfðu samráði við forsætisnefnd og þá nefnd sem fjallaði um tillöguna um skipun nefndarinnar og lagði til að hún yrði samþykkt.

Hvenær er réttlætanlegt að skipa rannsóknarnefnd?

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um hvenær réttlætanlegt sé að skipa rannsóknarnefnd. Samkvæmt 1. gr. er lagt til að unnt verði að skipa rannsóknarnefnd til að rannsaka tiltekin málsatvik í mikilvægum málum sem almenning varða og tengjast meðferð opinbers valds. Með þessari afmörkun eru samkvæmt greinargerð með frumvarpinu sett ákveðin mörk við því hvenær skipa skal rannsóknarnefnd og að slíkt skuli aðeins gert þegar einsýnt er að ekki sé unnt að notast við hefðbundin rannsóknarúrræði. Mat á því hvenær slíkt er réttlætanlegt er í höndum Alþingis. Málið þarf að hafa almennt mikilvægi og tengjast meðferð opinbers valds. Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að mál getur haft almenna þýðingu án þess að beinast að grun um tiltekið brot. Þá getur verið óljóst að hverjum grunur beinist en rannsókn getur t.d. beinst að því hvort kerfislæg vandamál séu til staðar í stjórnkerfinu. Þá getur verið uppi krafa um óhlutdrægni og sjálfstæði gagnvart stjórnvöldum, sérstaklega þegar grunur leikur á að stjórnmálamenn hafi átt þátt í eða geti hugsanlega borið ábyrgð á máli sem komið hefur upp eða þegar nauðsynlegt er að skapa sérstaka fjarlægð milli stjórnvalda og þess sem málið rannsakar í því skyni að eyða tortryggni. Loks getur mál varðað upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart þinginu eða aðrar embættisfærslur hans. Nefndin leggur áherslu á að úrræðið verði notað sparlega og einungis þegar önnur úrræði duga ekki.

Sérstakt úrræði.

Fyrir nefndinni var bent á að úrræðið er mjög sérstakt og brýnt að farið sé varlega með það, það verði notað af varfærni, einungis í undantekningartilfellum og við sérstakar aðstæður. Þá kom fram að til þess að úrræðið eigi við verði að vera ákveðin þyngd í málinu og enn fremur ákveðin sátt um málið. Nefndin tekur fram að þetta sérstaka úrræði er ekki hentugt til að leysa pólitískan ágreining.

Verkefni rannsóknarnefndar er afmarkað í 4. gr. frumvarpsins en þar segir að verkefnið skuli skýrt afmarkað í umboði rannsóknarnefndarinnar. Meginhlutverk hennar er að afla upplýsinga og gera grein fyrir málsatvikum í tilteknu máli en nefndin getur einnig gert í skýrslu

sinni tillögur um breytingu á lögum, reglugerðum eða stjórnsýsluframkvæmd eftir því sem rannsókn gefur tilefni til. Nefndin tekur fram að hlutverk nefndarinnar er ekki að dæma heldur einungis að upplýsa mál eins og tekið var fram í frumvarpi til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða þar sem kveðið var á um skipun sérstakrar rannsóknarnefndar á vegum Alþingis sem skyldi leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna. Um skipun þeirrar nefndar skapaðist mikil sátt og þverpólitísk samstaða innan sem utan þings.

Aðgangur að gögnum máls.

Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um gagnaöflun og skýrslugjöf fyrir rannsóknarnefnd. Þar kemur fram að skylt er að afhenda rannsóknarnefndum þau gögn sem þær kalla eftir en skýrslugjöf fyrir þeim er frjáls. Skylda til afhendingar gagna er þó ekki fyrir hendi ef ætla má að í henni geti falist játning eða vísbending um að sá sem beðinn er um að afhenda gögn hafi framið refsiverðan verknað eða þar geti falist atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Sama á við ef ætla má að afhending gagna hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern sem er nákominn aðila, skyldur eða tengdur.

i. Hagsmunamat.

Í 7. gr. er fjallað um rétt aðila sem til rannsóknar er að gögnum máls, enda skaði aðgangurinn ekki rannsóknarhagsmuni eða hagsmuni þriðja manns. Fyrir nefndinni komu fram ábendingar frá Persónuvernd um að í slíkum gögnum geta m.a. verið persónuupplýsingar um einstakling sem rannsókn beinist að. Telur stofnunin að í þessu felist að hagsmunir þess sem er til rannsóknar, af aðgangi, eiga ávallt að víkja ef hagsmunir þriðja aðila skaðast af því að veita aðganginn. Ekki sé að finna neina takmörkun á aðganginum með vísan til þess hversu veigamiklir hagsmunirnir séu og má því skilja ákvæðið svo að jafnvel mjög smávægilegir hagsmunir geti réttlætt synjun um aðgang. Telur Persónuvernd eðlilegt að þessari nálgun verði breytt þannig að ákvæðið geri ráð fyrir hagsmunamati, þ.e. að sá sem er til rannsóknar geti fengið aðgang ef hagsmunir hans eru veigameiri en hagsmunir af synjun um aðgang og vísar til þess að í upplýsingalögum er gert ráð fyrir slíku hagsmunamati. Nefndin bendir á að í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að rannsóknarnefndin meti sjálf hvenær upplýsingar eru þess eðlis að rétt sé að upplýsa tiltekna einstaklinga um þær á grundvelli ákvæðisins en tekur engu síður undir að nauðsynlegt sé að kveða skýrt á um þetta í frumvarpinu og leggur því til að við 2. mgr. 7. gr. bætist: Heimilt er að takmarka aðgang að gögnum ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, enda vegi þeir hagsmunir sem mæla með því að upplýsingunum sé haldið leyndum þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnunum. Þá leggur nefndin til smávægilega orðalagsbreytingu á 1. málsl. greinarinnar til samræmis við þessa breytingu.

ii. Aðgangur þriðja manns að rannsókn lokinni.

Í 11. gr. frumvarpsins er m.a. tekið fram að ákvæði upplýsingalaga og ákvæði 18.–21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gildi ekki um störf rannsóknarnefndar. Ákvæðin lúta að rétti aðila til aðgangs að gögnum um sig og rétti einstaklinga til vitneskju og fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga. Tekið er fram í 2. mgr. 11. gr. að takmörkunin falli niður gagnvart þeim sem rannsókn lýtur að þegar henni lýkur. Bendir Persónuvernd á að gera megi ráð fyrir að í gögnum rannsóknarnefnda geti verið upplýsingar um fleiri aðila, þar á meðal aðra einstaklinga en þá sem eru til rannsóknar. Telur hún að ekki verði séð að rök standi til þess að þeir öðlist ekki rétt samkvæmt umræddum ákvæðum að

rannsókn lokinni. Nefndin fellst á þau sjónarmið og leggur til að kveðið verði skýrt á um það í frumvarpinu og leggur til að við 2. mgr. bætist: Um réttindi annarra til aðgangs að gögnum rannsóknarnefndar þar á meðal þeirra sem komið hafa fyrir rannsóknarnefnd, veitt upplýsingar eða rannsóknarnefnd hefur aflað upplýsinga um, fer samkvæmt 4. mgr. 10. gr. að gættum ákvæðum 18. og 21. gr. laga nr. 77/2000. Þá leggur nefndin einnig til smávægilegar lagfæringar á orðalagi og fyrirsögn greinarinnar vegna þessara breytinga.

Hlutverk þingnefndarinnar.

Ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir því að í þingsköpum verði einni af fastanefndum þingsins falið að fara með eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Á yfirstandandi þingi hefur verið unnið að samningu frumvarps um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Er þar m.a. kveðið á um það að ein af fastanefndum þingsins verði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sem fari með eftirlitshlutverk þess. Byggist frumvarpið í öllum aðalatriðum á frumvarpi því sem forseti Alþingis flutti og lagt var fram á síðasta löggjafarþingi, þskj. 1433, 686. mál.

Frumvarp til breytinga á þingsköpum hefur ekki verið lagt fram og telur nefndin því rétt að leggja til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða þess efnis að allsherjarnefnd fari með hlutverk þingnefndarinnar samkvæmt frumvarpinu, þ.e. fjalli um tillögur um skipun rannsóknarnefnda, leggi mat á og geri tillögu til Alþingis um hvenær rétt sé að skipa rannsóknarnefnd, svo og eftir atvikum að taka skýrslur slíkrar nefndar til umfjöllunar, gefa þinginu álit sitt um þær og gera tillögur um frekari aðgerðir þingsins. Verði samþykktar breytingar á þingsköpum Alþingis á yfirstandandi þingi og á nefndakerfinu og stofnuð stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd telur nefndin eðlilegt að hún taki við þessu hlutverki af allsherjarnefnd og taki þar með við skýrslum rannsóknarnefnda sem kunna að hafa verið skipaðar á grundvelli tillagna allsherjanefndar eða annarra nefnda og samþykktar Alþingis. Hún gefi síðan þinginu álit sitt um þær og geri tillögur um frekari aðgerðir þingsins. Nauðsynlegt verði því að afnema bráðabirgðaákvæðið samhliða breytingum á þingsköpum.

Afturköllun rannsóknar o.fl.

Nefndin tekur sérstaklega fram í ljósi athugasemda sem fram komu við meðferð málsins að Alþingi, í krafti almennra valdheimilda sinna, getur ætíð afturkallað rannsókn sem farin er af stað, sett slíka nefnd af áður en hún lýkur störfum eða breytt því sem rannsaka á eða hvernig haga skuli rannsókninni. Það verður þó einungis gert með sama hætti og samþykkt er að skipa nefnd, þ.e. með því að samþykkja tillögu til þingsályktunar sem rædd hefur verið við tvær umræður og tekin til umfjöllunar í nefnd.

Þá komu fram ábendingar frá Jafnréttisstofu um að rétt væri að vísa til jafnréttislaga í ákvæði um skipun rannsóknarnefnda, þ.e. að um skipan þeirra fari eftir ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Var bent á að það væri í samræmi við tilvísun til stjórnsýslulaga í 3. gr. frumvarpsins þar sem segir að um sérstakt hæfi nefndarmanna fari eftir sömu reglum og fram komi í 3. gr. stjórnsýslulaga. Nefndin bendir á að jafnréttislög eru almenn lög sem ber að fara eftir og á því ekki að vera þörf á að taka það sérstaklega fram að þau gildi um skipunina. Með vísan til stjórnsýslulaga er hins vegar tekið fram að um sérstakt hæfi nefndarmanna fari eftir sömu reglum og í 3. gr. þeirra laga og er það sértækari tilvísun.

Nefndin telur mjög mikilvægt að sett verði almenn lög um rannsóknarnefndir og málsmeðferð fyrir þeim. Ljóst er að krafa um rannsóknir á ýmsum málum tengdum bankahruninu sem varð árið 2008 er enn rík og liggja nú þegar fyrir Alþingi nokkrar tillögur til þingsályktunar um skipun rannsóknarnefnda. Nefndin telur mikilvægt að byggja upp traust í samfélag

inu og að með setningu almennra laga um rannsóknarnefndir sé stigið ákveðið skref í þá átt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali

Valgerður Bjarnadóttir og Vigdís Hauksdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álitinu.

Alþingi, 21. febr. 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Atli Gíslason.	Mörður Árnason.
Birgir Ármannsson.	Álfheiður Ingadóttir.	Sigurður Kári Kristjánsson.

Þráinn Bertelsson.

895. Breytingartillögur [348. mál]

við frv. til l. um rannsóknarnefndir.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 7. gr.
   a. Orðin „eða hagsmuni þriðja manns“ í 2. mgr. falli brott.
   b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að takmarka aðgang að gögnum ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, enda vegi þeir hagsmunir sem mæla með því að upplýsingunum sé haldið leyndum þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnunum.
2. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „um störf rannsóknarnefndar“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: á meðan rannsóknarnefnd er að störfum.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Þegar rannsóknarnefnd hefur lokið störfum skulu þeir sem rannsókn hefur beinst að njóta réttinda samkvæmt ákvæðum 18.–21. gr. laga nr. 77/2000 og 9. gr. upplýsingalaga, enda hafi ákæruvaldið ekki tekið mál viðkomandi til meðferðar sem sakamál. Fer þá um rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt ákvæðum laga um meðferð slíkra mála. Um réttindi annarra til aðgangs að gögnum rannsóknarnefndar, þar á meðal þeirra sem hafa komið fyrir rannsóknarnefnd, veitt upplýsingar eða rannsóknarnefnd hefur aflað upplýsinga um, fer skv. 4. mgr. 10. gr. að gættum ákvæðum 18. og 21. gr. laga nr. 77/2000.
   c. Fyrirsögn á undan greininni orðist svo: *Lagatengsl, gildistaka o.fl.*
3. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Allsherjarnefnd fer með verkefni þingnefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Skal allsherjarnefnd fjalla um tillögur um skipun rannsóknarnefnda, leggja mat á og gera tillögu til Alþingis um hvenær rétt er að skipa rannsóknarnefnd, svo og eftir atvikum að taka skýrslur slíkrar nefndar til umfjöllunar, gefa þinginu álit sitt um þær og gera tillögur um frekari aðgerðir þingsins.

896. Fyrirspurn [538. mál]

til umhverfisráðherra um álversframkvæmdir í Helguvík.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

Hvert er viðhorf ráðherra til álversframkvæmda í Helguvík?

897. Svar [468. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhanssonar um ESB-viðræður.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig var háttað svörum við spurningum samninganefndar ESB til landbúnaðarhóps samninganefndar Íslands sem farið var yfir á svokölluðum rýnifundum dagana 17.–20. janúar sl.?*
2. *Er það rétt að sumum spurningunum hafi verið svarað munnlega en ekki skriflega eins og nær öllum öðrum spurningum samninganefndar ESB? Ef svo er, af hverju var sá háttur hafður á? Hvernig hljóðuðu þau munnlegu svör?*

Einstök aðildarlönd ESB, sem mynda samningahóp sambandsins þegar kemur til samningaviðræðna, koma ekki að rýnivinnunni, sem er andlag spurningar hæstvirts þingmanns. Það er því misskilningur að landbúnaðarhópur samninganefndar Íslands hafi hitt samninganefnd ESB, eða átt við hana samskipti, á rýnifundum 24.–27. janúar sl. Rýnifundirnir, og rýnivinnan öll, er gagnvart framkvæmdastjórninni einni og framangreindir fundir voru með sérfræðingum og embættismönnum hennar.

Rýnivinnan fer að mestu leyti fram á tveimur fundum. Undirstrika ber, að rýnifundirnir eru einungis tæknilegs eðlis, og til að undirbúa eiginlega samninga en eru *ekki* samningafundir. Í upphafi rýnifundanna var það skýrt tekið fram og ítrekað síðar á fundunum. Á fyrri fundinum um landbúnaðarmál útskýrðu sérfræðingar framkvæmdastjórnar ESB landbúnaðarlöggjöf sambandsins og skýrðu sérstaklega álitaefni sem fram komu í íslenskum augum. Á þeim síðari fóru sérfræðingar Íslands rækilega yfir íslenska landbúnaðarkerfið og skýrðu aðstæður hér á landi, auk þess að draga skýrt fram þá þætti sem Íslendingar telja að þurfi um að ræða í íhöndfarandi samningaviðræðum. Hið síðasttalda er hin eiginlega „flöggun“ álitaefna.

Til að auðvelda vinnu og einfalda yfirferð við landbúnaðarkaflann, sem er einna flóknastur af þeim viðfangsefnum sem undir eru, sendi framkvæmdastjórnin íslenskum stjórnvöldum í lok fyrri rýnifundar, líkt og varðandi aðra samningskafla, leiðbeiningar um spurningar og atriði sem hún taldi æskilegt að yrðu tekin til umræðu á síðari fundinum. Tilgangurinn var að stuðla að því að sem ítarlegust og skýrust mynd lægi fyrir í lok rýnivinnunar.

Upplýsingarnar voru að mestu leyti teknar saman af fagráðuneytinu, undirstofnunum og sérfróðum hagsmunaaðilum en það ráðuneyti sem er ábyrgt fyrir aðildarviðræðunum samræmdi framsetningu og kom á framfæri einsog í öðrum tilvikum. Sú leið var farin, m.a. með tilliti til hagsmuna sem tengjast sjálfum samningaviðræðunum, að senda einungis með óformlegum hætti bakgrunnsupplýsingar sem vörðuðu tölfræði eða beinar lýsingar á íslenska

landbúnaðarkerfinu. Aðrir þættir, sem vörðuðu undirbúning og/eða áætlanir um framkvæmd löggjafar á sviði landbúnaðarmála, voru aðeins reifaðir munnlega á grundvelli þeirra fjögurra greinargerða sem unnar voru af hálfu íslenska landbúnaðarhópsins, og haft að ströngu leiðarljósi það umboð sem hópurinn hafði frá Alþingi og ríkisstjórn. Þannig var mjög skýrt komið á framfæri af Íslands hálfu að meginstefnan væri sú að stjórnsýslu- eða lagabreytingar yrðu ekki framkvæmdar nema fyrir lægi að þjóðin hefði goldið aðildarsamningi jáyrði í þjóðaratkvæðagreiðslu. Tíminn þangað til yrði nýttur til kortlagningar, gerð vinnuáætlana og annars undirbúnings sem miðaði að því að hrinda nauðsynlegum breytingum í framkvæmd í tæka tíð eftir að þjóðin hefði gert uppskátt um vilja sinn til aðildar.

Í anda þess gagnsæis sem utanríkisráðherra kappkostar að viðhafa um aðildarvinnuna má benda hæstvirtum fyrirspyrjanda á að umræddum fundi var varpað til Íslands þar sem þeim fulltrúum í samningahópi um landbúnaðarmál sem ekki voru viðstaddir, þar á meðal fulltrúa hagsmunasamtaka, gafst tækifæri til að fylgjast vendilega með öllu sem fram fór á fundinum. Sama viðhorf liggur til grundvallar því að 27. janúar sl. birti utanríkisráðuneytið á heimasíðu sinni yfirlýsingu sem formaður sendinefndar flutti munnlega á fundinum, að ógleymdum greinargerðunum fjórum, auk þess sem þær glærukynningar sem þar voru fluttar, ásamt öðru efni sem miðlað var, hafa verið birtar á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.

898. Svar [485. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Lilju Mósesdóttur um íslenska háskólanema.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir skráðir nemendur eru í íslenskum háskólum skólaárið 2010–2011 og hversu mörg nemendaígildi er gert ráð fyrir að íslenskir háskólar fái greidd skólaárið 2010–2011, skipt eftir skólum og deildum innan þeirra?*
2. *Hversu margir námsmenn sem stunda nám hér á landi, skipt eftir skólum og deildum innan þeirra, og hversu margir námsmenn sem stunda nám erlendis, skipt eftir löndum, þiggja lán til framfærslu frá Lánasjóði íslenskra námsmanna skólaárið 2010–2011?*
3. *Hversu margir námsmenn sem stunda nám hér á landi, skipt eftir skólum og deildum innan þeirra, og hversu margir námsmenn sem stunda nám erlendis, skipt eftir löndum, þiggja lán til greiðslu skólagjalda frá Lánasjóði íslenskra námsmanna skólaárið 2010–2011? Hver er heildarupphæð þessara lána?*

Í öllum liðum fyrirspurnarinnar er óskað eftir samanburði við fjögur næstliðin skólaár.

Nemendur í íslenskum háskólum.

Bent er á að allar upplýsingar um fjölda skráðra nemenda í háskólum má finna á vef Hagstofunnar. Þar er að finna aðgengilegar upplýsingar um skráða nemendur eftir skólum, fræðasviðum, námsbrautum, prófgráðum og kyni. Skráning Hagstofunnar nær aðeins yfir haustönn 2010, tölur fyrir vorönn liggja ekki fyrir. Þá nær skráning Hagstofunnar aðeins til skóla og námsbrauta en ekki eru til aðgengilegar upplýsingar um skráða nemendur eftir deildum og skólum. Hafa ber í huga að þær upplýsingar sem Hagstofan birtir um fjölda skráðra nemenda haustið 2010 eru bráðabirgðatölur og ekki nákvæmar. Nemendur sem eru skráðir á fleiri en eina námsbraut og/eða skóla geta verið margtaldir og einhverjir skila sér ekki í nám. Endan-

legar tölur yfir eintalda nemendur fyrir skólaárið 2010–2011 liggja ekki fyrir fyrr en í september 2011. Til að gæta samræmis í samanburði á milli ára eru þó birtar upplýsingar um fjölda skráðra nemenda í meðfylgjandi töflum.

Fjöldi skráðra nemenda í íslenskum háskólum.

	2007	2008	2009	2010
Háskóli Íslands	9.586	11.847	12.785	13.619
Kennaraháskóli Íslands	2.241	–	–	–
Háskólinn á Akureyri	1.305	1.352	1.496	1.483
Háskólinn á Bifröst	744	727	627	554
Háskólinn í Reykjavík	2.907	2.974	2.890	2.834
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	286	294	338	379
Listaháskóli Íslands	380	429	425	465
Hólaskóli, háskólinn á Hólum*	121	112	144	213

* Stór hluti nemenda á Hólum stundar nám á sérskólastigi.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Fjöldi nemendaígilda í íslenskum háskólum.

	2008	2009	2010	2011
Háskóli Íslands	6.050	7.980	8.635	8.645
Kennaraháskóli Íslands	1.610	–	–	–
Háskólinn á Akureyri	1.348	1.400	1.421	1.300
Háskólinn á Bifröst	510	610	610	570
Háskólinn í Reykjavík	2.180	2.310	2.325	2.265
Listaháskóli Íslands	378	382	383	383
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	–	–	–	290
Hólaskóli, háskólinn á Hólum*	–	–	–	190

Heimild: Frumvarp til fjárlaga 2007–2011. Hér er um að ræða fjölda nemendaígilda sem gert er ráð fyrir að greiða fyrir samkvæmt forsendum í frumvarpi til fjárlaga ár hvert.

Rétt er að fram komi að nemendaígildi telja fjölda nemenda í fullu námi, þ.e. nemenda sem skila 60 ECTS-einingum á skólaári. Miðað er við að nemandi þreyti próf en ekki er tekið tillit til námsárangurs á prófum. Þannig geta fleiri en einn nemandi verið að baki einu nemendaígildi. Fjölda nemendaígilda sem greitt er fyrir á fjárlögum er skipt á svokallaða reikniflokka náms en ekki ákveðnar deildir innan hvers skóla. Upplýsingar um fjölda nemendaígilda sem greitt er fyrir á hverju fjárlagaári eru birtar í frumvarpi til fjárlaga ár hvert. Fjárveiting til skólanna tekur mið af fjölda ársnema á fjárlagaárinu en ekki skólaári.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, framfærslulán.

Endanlegar upplýsingar um fjölda lánþega hjá LÍN á yfirstandandi skólaári munu ekki liggja fyrir fyrr en í haust. Umsóknarfrestur vegna námslána á vorönn 2011 rennur ekki út fyrr en 1. maí og vegna sumarannar 2011 ekki fyrr en 1. júlí. Umsóknarfrestur vegna námslána á haustönn 2010 var í desember. Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um fjölda námsmanna sem fá lán til framfærslu eftir skólum eða deildum innan þeirra. Slíkar upplýsingar liggja þó fyrir varðandi skólagjaldalán.

Fjöldi lánþega hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

	Skólaárið 2007–2008	Skólaárið 2008–2009	Skólaárið 2009–2010	Skólaárið 2010–2011
Fjöldi lánþega hjá LÍN	12.235	12.235	12.393	12.323
þar af erlendis	2.615	2.626	2.413	2.509

* Áætlaður fjöldi námsmanna skv. forsendum fjárlaga 2011.

Heimild: Lánasjóður íslenskra námsmanna (drög að ársskýrslu 2009–2010).

Sundurliðaðar upplýsingar um fjölda námsmanna erlendis á yfirstandandi skólaári liggja ekki fyrir. Á heimasíðu Hagstofu Íslands er að finna upplýsingar um fjölda námsmanna erlendis eftir löndum. Nýjustu fyrirliggjandi upplýsingar eru yfir fjölda námsmanna erlendis haustið 2009. Upplýsingar Hagstofunnar um fjölda námsmanna erlendis koma frá Lánasjóði íslenskra námsmanna og því er eingöngu um námsmenn sem þiggja námslán að ræða. Frekari upplýsingar er að finna á vef Hagstofunnar.

Fjöldi námsmanna erlendis eftir löndum eða álfum 2006–2009 er sem hér segir:

Nemendur í námi erlendis eftir löndum 2006–2009.

	2006	2007	2008	2009
Alls	2.307	2.341	2.379	2.129
Danmörk	1.109	1.117	1.036	938
Noregur	47	63	53	56
Svíþjóð	143	138	153	155
Finnland	6	5	5	2
Bretlandseyjar	302	295	381	281
Þýskaland	59	52	44	53
Holland	77	80	87	89
Frakkland	18	21	24	24
Ítalía	48	56	54	34
Spánn	39	47	42	33
Ungverjaland	43	53	66	65
Önnur lönd Evrópu	55	52	59	67
Bandaríkin og Kanada	343	334	335	316
Mið- og Suður-Ameríka	2	1	0	0
Miðausturlönd, Asía og Eyjaálfa	15	27	40	15
Afríka	1	0	0	1

Heimild: Hagstofa Íslands. Einungis er safnað upplýsingum um námsmenn erlendis sem fá námslán hjá LÍN. Ekki kemur fram hvort nemendur á sérskólastigi eru taldir með en upplýsingarnar eru birtar undir kafla merktur „háskólar".

Lánasjóður íslenskra námsmanna, lán til greiðslu skólagjalda.

Um 3.000 námsmenn þiggja lán til greiðslu skólagjalda frá Lánasjóði íslenskra námsmanna vegna náms á Íslandi og um 1.000 námsmenn vegna náms erlendis. Heildargreiðslur vegna veittra skólagjaldalána námu ríflega 2,5 milljörðum kr. skólaárið 2008–2009 og skiptist sú fjárhæð nokkuð jafnt milli náms á Íslandi og náms erlendis. Endanlegt uppgjör vegna skólaársins 2009–2010 liggur ekki fyrir en horfur eru á að heildargreiðslur vegna skólagjaldalána nemi 2,3 milljörðum kr.

Fyrir liggur nokkuð ítarleg sundurliðun á veittum skólagjaldalánum vegna náms á Íslandi bæði eftir skólum og námsbrautum innan þeirra. Nýjustu fyrirliggjandi upplýsingar eru þó fyrir skólaárið 2008–2009. Ítarlegar upplýsingar um veitt skólagjaldalán vegna náms erlendis eftir löndum liggja fyrir.

Skólagjaldalán innanlands 2006–2009.

Skólagjaldalán 2009.

Fjöldi	Samtals skólagjöld 2009	Stig	Skóli nr.	Heiti skóla	Grein nr.	Heiti gráðu
1	135.000	10	47	Atli Ingólfsson	8610	Tónsmíðar
7	2.545.000	10	2	Fjölbrautaskólinn í Ármúla	3719	Heilsunudd
2	625.000	10	32	Flugskóli Íslands	6801	Flugnám
3	3.500.001	10	4	Fótaaðgerðaskóli Íslands	3710	Fótaaðgerðafræði
1	250.000	10	5	Háskóli Íslands	245	Ökukennaranám
15	4.787.000	10	2	Háskólinn á Bifröst	5017	Frumgreinar, staðnám
11	4.469.400	10	2	Háskólinn á Bifröst	5009	Frumgr./fullt fjarnám
71	5.647.000	10	28	Háskólinn í Reykjavík	5008	Frumgreinar
2	10.000	10	1	Hólaskóli	6311	Ferðamálafræði
6	30.000	10	1	Hólaskóli	4750	Hrossarækt
46	18.357.500	10	3	Keilir	264	Einkaþjálfari
5	2.225.000	10	3	Keilir	6801	Flugnám
16	8.605.000	10	3	Keilir	6811	Flugumferðarstjórn
19	4.830.000	10	3	Keilir	6812	Flugþjónn
2	755.000	10	3	Keilir	5008	Frumgreinar
89	28.237.500	10	3	Keilir	5012	Frumgr./félagsvísindi
26	8.555.000	10	3	Keilir	5013	Frumgr./hugvísindi
63	29.917.980	10	3	Keilir	5016	Frumgr./raunvísindi
22	7.627.500	10	3	Keilir	5014	Frumgr./viðskiptad.
9	6.025.000	10	3	Keilir	5959	Frumkvöðlanám
154	141.945.640	10	42	Kvikmyndaskóli Íslands	2051	Kvikmyndagerð
14	1.635.000	10	2	Menntaskólinn í Kópavogi	6311	Ferðamálafræði
9	6.905.000	10	2	Menntaskólinn í Kópavogi	6312	Hótelstjórn
4	740.000	10	2	Menntaskólinn í Kópavogi	6341	Leiðsögn
13	3.315.000	10	2	Myndlistaskólinn á Akureyri	8013	Grafísk hönnun
10	2.252.500	10	2	Myndlistaskólinn á Akureyri	8201	Myndlist
17	2.235.000	10	45	Myndlistaskólinn í Reykjavík	8213	Mótun
9	5.937.333	10	3	Snyrti-Akademían	3710	Fótaaðgerðafræði
52	45.228.696	10	3	Snyrti-Akademían	7131	Snyrtifræði
13	3.045.000	10	21	Söngskólinn í Reykjavík	8801	Sönglist
7	3.185.000	10	23	Tónlistarskóli F.Í.H.	231	Hljóðfærakennaranám
19	11.057.500	10	46	Tækniskólinn	6801	Flugnám
1	105.000	10	46	Tækniskólinn	2612	Flugrekstrarfræði
4	2.895.000	10	46	Tækniskólinn	6811	Flugumferðarstjórn
14	1.780.000	10	46	Tækniskólinn	2055	Hljóðupptaka
1	105.000	10	46	Tækniskólinn	2680	Rekstur og stjórnun
1	22.500	30	5	Háskóli Íslands	6311	Ferðamálafræði
1	22.500	30	5	Háskóli Íslands	98	Uppeldis- og menntunarfr.
7	3.486.200	30	2	Háskólinn á Bifröst	753	Alþjóðafræði
43	21.250.800	30	2	Háskólinn á Bifröst	2425	HHS
72	34.973.561	30	2	Háskólinn á Bifröst	2633	Viðskiptafr./fjarnám
95	39.087.000	30	2	Háskólinn á Bifröst	2601	Viðskiptafræði
88	40.653.000	30	2	Háskólinn á Bifröst	2222	Viðskiptalögfræði
2	207.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	6111	Byggingaiðnfræði

Fjöldi	Samtals skólagjöld 2009	Stig	Skóli nr.	Heiti skóla	Grein nr.	Heiti gráðu
80	18.275.500	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5021	Byggingatæknifræði
1	80.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2664	Fjármál og rekstur
43	10.015.500	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5535	Fjármálaverkfræði
19	4.233.500	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5505	Hátækniverkfræði
55	12.534.358	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5475	Heilbrigðisverkfræði
19	4.580.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5532	Hugbúnaðarverkfræði
5	853.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5381	Iðnaðarverkfræði
12	780.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	6112	Iðnfræði / fullt nám
80	19.791.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	252	Íþróttafræði
131	29.145.500	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2201	Lögfræði
5	853.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2666	Markaðsfr. & alþj.við.
1	35.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	6711	Rafiðnfræði
29	6.327.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5041	Rafmagnstæknifræði
73	16.714.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5502	Rekstrarverkfræði
24	5.388.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	3301	Sálarfræði
18	3.571.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	4025	Stærðfræði/kennslufr.
107	22.104.154	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2801	Tölvufræði
37	8.076.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5121	Véla-/orkutæknifræði
197	44.002.840	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2601	Viðskiptafræði
29	6.999.129	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2667	Viðskiptafræði/vinna
19	7.554.559	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2642	Viðskiptasmiðjan
9	45.000	30	1	Hólaskóli	6311	Ferðamálafræði
31	8.205.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8001	Arkitektúr
2	550.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8245	Fjöltækni
7	1.925.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8310	Fræði og framkvæmd
46	11.290.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8013	Grafísk hönnun
11	2.865.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8615	Hljóðfæral./söngur
9	2.155.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8012	Iðnhönnun
3	825.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8402	Listdans
45	11.380.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8243	Málun
19	5.225.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8241	Textíll
2	550.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8600	Tónlistarfræði
17	4.035.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8616	Tónsmíði/tónfræði
21	5.295.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8023	Vöruhönnun
2	466.800	30	41	Söngskóli Sigurðar Demetz	8801	Sönglist
13	3.575.000	44	37	Listaháskóli Íslands	8301	Leiklist
13	7.215.000	70	5	Háskóli Íslands	3983	Fjölskyldumeðferð
36	43.889.829	70	5	Háskóli Íslands	2674	MBA-nám
1	79.482	70	5	Háskóli Íslands	57	Menntunarfræði
1	805.000	70	5	Háskóli Íslands	2218	Opinber stefnum.&stj.
43	42.445.703	70	5	Háskóli Íslands	2679	Verkefnastjórnun
8	4.585.500	70	2	Háskólinn á Bifröst	2604	Alþjóðaviðskipti
3	982.000	70	2	Háskólinn á Bifröst	803	Evrópufræði
7	3.465.000	70	2	Háskólinn á Bifröst	2670	Hagvísindi
43	23.400.000	70	2	Háskólinn á Bifröst	2201	Lögfræði
13	6.842.250	70	2	Háskólinn á Bifröst	2065	Menningarstjórnun
1	501.000	70	2	Háskólinn á Bifröst	2224	Skattaréttur
7	2.938.500	70	2	Háskólinn á Bifröst	3112	Stjórnun heilbr.þjón.
12	4.106.988	70	2	Háskólinn á Bifröst	2601	Viðskiptafræði
1	805.500	70	2	Háskólinn á Bifröst	2222	Viðskiptalögfræði
13	2.232.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	101	Kennslufræði
10	3.638.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	714	Lýðh. og kennslufræði

Fjöldi	Samtals skólagjöld 2009	Stig	Skóli nr.	Heiti skóla	Grein nr.	Heiti gráðu
22	13.446.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	713	Lýðheilsufræði
134	73.466.812	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2201	Lögfræði
1	651.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	1011	Máltækni
61	92.804.452	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2674	MBA-nám
3	1.115.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	5366	Orkuvísindi
7	3.513.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2801	Tölvufræði
53	25.815.200	70	28	Háskólinn í Reykjavík	5301	Verkfræði
117	71.923.271	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2601	Viðskiptafræði
10	936.000	70	37	Listaháskóli Íslands	101	Kennslufræði
8	2.000.000	70	37	Listaháskóli Íslands	104	Listkennsla
1	275.000	70	37	Listaháskóli Íslands	9345	Sköpun/miðlun/frumkv.
4	1.100.000	70	37	Listaháskóli Íslands	8616	Tónsmíði/tónfræði

Skólagjaldalán 2008.

Fjöldi	Samtals skólagjöld 2008	Stig	Skóli nr.	Heiti skóla	Grein nr.	Heiti gráðu
9	3.555.000	10	2	Fjölbrautaskólinn í Ármúla	3719	Heilsunudd
2	610.000	10	43	Fjöltækniskóli Íslands	6853	Sjávarútvegsbraut
24	14.650.000	10	32	Flugskóli Íslands	6801	Flugnám
17	15.075.000	10	5	Háskóli Íslands	245	Ökukennaranám
32	16.848.400	10	2	Háskólinn á Bifröst	5009	Frumgr./fullt fjarnám
15	5.946.245	10	2	Háskólinn á Bifröst	5002	Undirbúningsdeild
17	51.000	10	28	Háskólinn í Reykjavík	5008	Frumgreinar
2	10.000	10	1	Hólaskóli	6311	Ferðamálafræði
13	65.000	10	1	Hólaskóli	4750	Hrossarækt
50	18.232.500	10	3	Keilir	264	Einkaþjálfari
4	1.980.000	10	3	Keilir	6811	Flugumferðarstjórn
24	5.500.000	10	3	Keilir	6812	Flugþjónn
85	32.377.500	10	3	Keilir	5008	Frumgreinar
50	14.126.750	10	3	Keilir	5012	Frumgr./félagsvísindi
12	3.667.500	10	3	Keilir	5013	Frumgr./hugvísindi
18	6.363.500	10	3	Keilir	5016	Frumgr./raunvísindi
27	9.307.500	10	3	Keilir	5014	Frumgr./viðskiptad.
19	15.770.000	10	3	Keilir	5959	Frumkvöðlanám
128	113.747.172	10	42	Kvikmyndaskóli Íslands	2051	Kvikmyndagerð
8	1.005.000	10	2	Menntaskólinn í Kópavogi	6311	Ferðamálafræði
7	3.535.000	10	2	Menntaskólinn í Kópavogi	6312	Hótelstjórn
6	995.000	10	2	Menntaskólinn í Kópavogi	6341	Leiðsögn
15	2.550.000	10	2	Myndlistaskólinn á Akureyri	8013	Grafísk hönnun
11	1.705.000	10	2	Myndlistaskólinn á Akureyri	8201	Myndlist
11	1.310.500	10	45	Myndlistaskólinn í Reykjavík	8213	Mótun
16	13.623.005	10	3	Snyrti-Akademían	3710	Fótaaðgerðafræði
54	41.877.088	10	3	Snyrti-Akademían	7131	Snyrtifræði
10	2.550.000	10	21	Söngskólinn í Reykjavík	8801	Sönglist
1	130.280	10	23	Tónlistarskóli F.Í.H.	8686	Hljóðfæraleikur
1	115.500	10	23	Tónlistarskóli F.Í.H.	8801	Sönglist
6	2.232.500	10	46	Tækniskólinn	6801	Flugnám
10	5.050.000	10	46	Tækniskólinn	6811	Flugumferðarstjórn
8	1.665.000	10	46	Tækniskólinn	2055	Hljóðupptaka
3	515.000	10	46	Tækniskólinn	2680	Rekstur og stjórnun

Fjöldi	Samtals skólagjöld 2008	Stig	Skóli nr.	Heiti skóla	Grein nr.	Heiti gráðu
56	27.107.300	30	2	Háskólinn á Bifröst	2425	HHS
70	30.258.850	30	2	Háskólinn á Bifröst	2633	Viðskiptafr./fjarnám
100	50.014.675	30	2	Háskólinn á Bifröst	2601	Viðskiptafræði
78	38.866.191	30	2	Háskólinn á Bifröst	2222	Viðskiptalögfræði
3	687.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	6111	Byggingaiðnfræði
90	17.844.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5021	Byggingatæknifræði
63	13.629.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5535	Fjármálaverkfræði
13	2.801.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5505	Hátækniverkfræði
53	10.006.750	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5475	Heilbrigðisverkfræði
20	4.134.750	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5532	Hugbúnaðarverkfræði
20	4.032.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5381	Iðnaðarverkfræði
63	14.016.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	252	Íþróttafræði
135	26.698.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2201	Lögfræði
6	1.100.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2666	Markaðsfr. & alþj.við.
3	550.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	6711	Rafiðnfræði
34	7.512.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5041	Rafmagnstæknifræði
84	16.787.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5502	Rekstrarverkfræði
2	321.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2665	Stjórnun &starfsm.mál
13	2.840.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	4025	Stærðfræði/kennslufr.
89	16.863.750	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2801	Tölvufræði
38	7.541.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5121	Véla-/orkutæknifræði
226	47.251.500	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2601	Viðskiptafræði
45	10.716.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2667	Viðskiptafræði/vinna
13	4.589.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2642	Viðskiptasmiðjan
2	10.000	30	1	Hólaskóli	6311	Ferðamálafræði
35	7.260.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8001	Arkitektúr
3	720.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8245	Fjöltækni
15	3.600.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8310	Fræði og framkvæmd
41	9.412.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8013	Grafísk hönnun
12	2.737.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8615	Hljóðfæral./söngur
11	2.640.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8012	Iðnhönnun
5	1.057.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8402	Listdans
50	11.332.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8243	Málun
17	3.937.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8241	Textíll
5	1.057.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8600	Tónlistarfræði
22	4.952.612	30	37	Listaháskóli Íslands	8616	Tónsmíði/tónfræði
20	4.800.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8023	Vöruhönnun
4	705.500	30	41	Söngskóli Sigurðar Demetz	8801	Sönglist
18	4.320.000	44	37	Listaháskóli Íslands	8301	Leiklist
1	1.317.942	70	5	Háskóli Íslands	701	Félagsfræði
49	49.217.851	70	5	Háskóli Íslands	2674	MBA-nám
1	1.305.000	70	5	Háskóli Íslands	2218	Opinber stefnum.&stj.
42	41.695.000	70	5	Háskóli Íslands	2679	Verkefnastjórnun
34	14.151.250	70	2	Háskólinn á Bifröst	2670	Hagvísindi
65	42.061.250	70	2	Háskólinn á Bifröst	2201	Lögfræði
1	237.000	70	2	Háskólinn á Bifröst	2065	Menningarstjórnun
9	4.706.250	70	2	Háskólinn á Bifröst	3112	Stjórnun heilbr.þjón.
43	17.971.000	70	2	Háskólinn á Bifröst	2601	Viðskiptafræði
3	1.731.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	101	Kennslufræði
12	5.603.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	714	Lýðh. og kennslufræði
24	11.965.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	713	Lýðheilsufræði
119	58.944.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2201	Lögfræði

Fjöldi	Samtals skólagjöld 2008	Stig	Skóli nr.	Heiti skóla	Grein nr.	Heiti gráðu
78	98.850.305	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2674	MBA-nám
1	1.355.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	5366	Orkuvísindi
3	1.644.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	4025	Stærðfræði/kennslufr.
9	4.571.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2801	Tölvufræði
27	11.183.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	5301	Verkfræði
131	75.874.803	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2601	Viðskiptafræði
14	1.152.000	70	37	Listaháskóli Íslands	101	Kennslufræði
3	577.500	70	37	Listaháskóli Íslands	8616	Tónsmíði/tónfræði

Skólagjaldalán 2007.

Fjöldi	Samtals skólagjöld 2007	Stig	Skóli nr.	Heiti skóla	Grein nr.	Heiti gráðu
3	1.125.000	10	2	Fjölbrautaskólinn í Ármúla	3719	Heilsunudd
3	725.000	10	43	Fjöltækniskóli Íslands	2680	Rekstur og stjórnun
2	440.000	10	43	Fjöltækniskóli Íslands	6853	Sjávarútvegsbraut
28	18.210.726	10	32	Flugskóli Íslands	6801	Flugnám
15	7.776.541	10	2	Háskólinn á Bifröst	5009	Frumgr./fullt fjarnám
46	19.350.865	10	2	Háskólinn á Bifröst	5002	Undirbúningsdeild
2	10.000	10	1	Hólaskóli	6311	Ferðamálafræði
11	55.000	10	1	Hólaskóli	4750	Hrossarækt
2	10.000	10	1	Hólaskóli	4755	Reiðkennsla
102	34.652.000	10	3	Keilir	5008	Frumgreinar
1	254.000	10	3	Keilir	5016	Frumgr./raunvísindi
71	67.381.132	10	42	Kvikmyndaskóli Íslands	2051	Kvikmyndagerð
5	510.000	10	2	Menntaskólinn í Kópavogi	6311	Ferðamálafræði
4	1.920.000	10	2	Menntaskólinn í Kópavogi	6312	Hótelstjórn
7	1.065.000	10	2	Menntaskólinn í Kópavogi	6341	Leiðsögn
11	1.405.000	10	2	Myndlistaskólinn á Akureyri	8013	Grafísk hönnun
9	1.305.000	10	2	Myndlistaskólinn á Akureyri	8201	Myndlist
5	575.000	10	45	Myndlistaskólinn í Reykjavík	8213	Mótun
8	8.962.672	10	3	Snyrti-Akademían	3710	Fótaaðgerðafræði
58	48.879.686	10	3	Snyrti-Akademían	7131	Snyrtifræði
9	1.985.000	10	21	Söngskólinn í Reykjavík	8801	Sönglist
6	1.108.930	10	23	Tónlistarskóli F.Í.H.	231	Hljóðfærakennaranám
1	126.000	10	24	Tónlistarskólinn í Reykjavík	8686	Hljóðfæraleikur
1	45.500	10	24	Tónlistarskólinn í Reykjavík	8801	Sönglist
71	34.017.750	30	2	Háskólinn á Bifröst	2425	HHS
46	18.651.589	30	2	Háskólinn á Bifröst	2633	Viðskiptafr./fjarnám
102	53.785.650	30	2	Háskólinn á Bifröst	2601	Viðskiptafræði
82	45.626.475	30	2	Háskólinn á Bifröst	2222	Viðskiptalögfræði
3	60.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	6111	Byggingaiðnfræði
64	12.096.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5021	Byggingatæknifræði
57	10.491.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5535	Fjármálaverkfræði
1	535.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5505	Hátækniverkfræði
33	6.286.987	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5475	Heilbrigðisverkfræði
20	3.196.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5532	Hugbúnaðarverkfræði
31	5.901.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5381	Iðnaðarverkfræði
51	10.539.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	252	Íþróttafræði
144	26.725.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2201	Lögfræði
3	929.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2666	Markaðsfr. & alþj.við.

Fjöldi	Samtals skólagjöld 2007	Stig	Skóli nr.	Heiti skóla	Grein nr.	Heiti gráðu
2	170.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	6711	Rafiðnfræði
31	5.645.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5041	Rafmagnstæknifræði
63	12.525.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5502	Rekstrarverkfræði
1	211.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2665	Stjórnun &starfsm.mál
13	2.103.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	4025	Stærðfræði/kennslufr.
72	13.240.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2801	Tölvufræði
23	4.469.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5121	Véla-/orkutæknifræði
239	41.322.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2601	Viðskiptafræði
40	8.550.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2667	Viðskiptafræði/vinna
10	50.000	30	1	Hólaskóli	6311	Ferðamálafræði
35	6.967.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8001	Arkitektúr
8	1.680.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8245	Fjöltækni
11	2.310.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8310	Fræði og framkvæmd
38	6.960.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8013	Grafísk hönnun
14	2.685.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8615	Hljóðfæral./söngur
6	1.005.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8012	Iðnhönnun
6	1.132.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8402	Listdans
47	9.105.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8243	Málun
19	3.448.125	30	37	Listaháskóli Íslands	8241	Textíll
5	922.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8600	Tónlistarfræði
16	3.135.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8616	Tónsmíði/tónfræði
25	4.867.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8023	Vöruhönnun
7	975.000	30	41	Söngskóli Sigurðar Demetz	8801	Sönglist
1	105.000	30	24	Tónlistarskólinn í Reykjavík	8611	Tónfræði
15	3.045.000	44	37	Listaháskóli Íslands	8301	Leiklist
61	54.580.574	70	5	Háskóli Íslands	2674	MBA-nám
38	35.899.967	70	5	Háskóli Íslands	2679	Verkefnastjórnun
32	13.697.050	70	2	Háskólinn á Bifröst	2670	Hagvísindi
47	26.717.500	70	2	Háskólinn á Bifröst	2201	Lögfræði
34	17.721.000	70	2	Háskólinn á Bifröst	2601	Viðskiptafræði
1	535.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	101	Kennslufræði
14	6.330.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	714	Lýðh. og kennslufræði
25	10.805.445	70	28	Háskólinn í Reykjavík	713	Lýðheilsufræði
106	49.595.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2201	Lögfræði
70	78.993.763	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2674	MBA-nám
8	3.574.874	70	28	Háskólinn í Reykjavík	4025	Stærðfræði/kennslufr.
9	4.235.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2801	Tölvufræði
1	245.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	5301	Verkfræði
87	46.215.666	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2601	Viðskiptafræði
4	400.000	70	37	Listaháskóli Íslands	101	Kennslufræði

Skólagjaldalán 2006.

Fjöldi	Samtals skólagjöld 2006	Stig	Skóli nr.	Heiti skóla	Grein nr.	Heiti gráðu
5	1.525.000	10	43	Fjöltækniskóli Íslands	2680	Rekstur og stjórnun
2	310.000	10	43	Fjöltækniskóli Íslands	6853	Sjávarútvegsbraut
19	9.996.707	10	32	Flugskóli Íslands	6801	Flugnám
49	20.711.250	10	2	Háskólinn á Bifröst	5002	Undirbúningsdeild
2	49.500	10	1	Hólaskóli	6311	Ferðamálafræði
31	29.193.514	10	42	Kvikmyndaskóli Íslands	2051	Kvikmyndagerð

Fjöldi	Samtals skólagjöld 2006	Stig	Skóli nr.	Heiti skóla	Grein nr.	Heiti gráðu
9	715.000	10	2	Menntaskólinn í Kópavogi	6311	Ferðamálafræði
22	3.134.000	10	2	Menntaskólinn í Kópavogi	6341	Leiðsögn
11	1.185.000	10	2	Myndlistaskólinn á Akureyri	8013	Grafísk hönnun
12	1.380.000	10	2	Myndlistaskólinn á Akureyri	8201	Myndlist
4	340.000	10	15	Nýi tónlistarskólinn	8801	Sönglist
56	44.703.487	10	3	Snyrti-Akademían	7131	Snyrtifræði
6	4.167.500	10	40	Snyrtiskólinn	7131	Snyrtifræði
8	1.515.000	10	21	Söngskólinn í Reykjavík	8801	Sönglist
8	1.318.300	10	23	Tónlistarskóli F.Í.H.	231	Hljóðfærakennaranám
2	252.000	10	24	Tónlistarskólinn í Reykjavík	8686	Hljóðfæraleikur
2	206.000	10	24	Tónlistarskólinn í Reykjavík	8801	Sönglist
1	65.000	30	5	Háskóli Íslands	2601	Viðskiptafræði
77	45.787.375	30	2	Háskólinn á Bifröst	2425	HHS
43	16.213.518	30	2	Háskólinn á Bifröst	2633	Viðskiptafr./fjarnám
105	51.469.325	30	2	Háskólinn á Bifröst	2601	Viðskiptafræði
119	62.028.450	30	2	Háskólinn á Bifröst	2222	Viðskiptalögfræði
7	675.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	6111	Byggingaiðnfræði
46	7.280.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5021	Byggingatæknifræði
2	240.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2664	Fjármál og rekstur
43	6.645.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5535	Fjármálaverkfræði
1	455.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5505	Hátækniverkfræði
27	3.955.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5475	Heilbrigðisverkfræði
7	1.115.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5532	Hugbúnaðarverkfræði
24	3.760.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5381	Iðnaðarverkfræði
40	6.450.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	252	Íþróttafræði
135	20.995.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2201	Lögfræði
4	590.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2666	Markaðsfr. & alþj.við.
2	350.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	6711	Rafiðnfræði
20	3.280.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5041	Rafmagnstæknifræði
46	7.230.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5502	Rekstrarverkfræði
2	130.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2665	Stjórnun &starfsm.mál
4	700.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	4025	Stærðfræði/kennslufr.
73	10.967.461	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2801	Tölvufræði
27	3.674.000	30	28	Háskólinn í Reykjavík	5121	Véla-/orkutæknifræði
244	37.337.500	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2601	Viðskiptafræði
35	6.773.555	30	28	Háskólinn í Reykjavík	2667	Viðskiptafræði/vinna
34	5.557.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8001	Arkitektúr
11	1.755.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8245	Fjöltækni
13	2.227.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8310	Fræði og framkvæmd
34	5.895.631	30	37	Listaháskóli Íslands	8013	Grafísk hönnun
14	2.182.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8615	Hljóðfæral./söngur
4	607.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8012	Iðnhönnun
4	607.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8402	Listdans
42	7.110.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8243	Málun
18	3.127.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8241	Textíll
5	900.000	30	37	Listaháskóli Íslands	8600	Tónlistarfræði
20	3.262.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8616	Tónsmíði/tónfræði
20	3.487.500	30	37	Listaháskóli Íslands	8023	Vöruhönnun
5	495.000	30	41	Söngskóli Sigurðar Demetz	8801	Sönglist
1	37.500	30	27	Tækniháskóli Íslands	6011	Iðnrekstrarfræði
22	3.735.000	44	37	Listaháskóli Íslands	8301	Leiklist
47	37.463.120	70	5	Háskóli Íslands	2674	MBA-nám

Fjöldi	Samtals skólagjöld 2006	Stig	Skóli nr.	Heiti skóla	Grein nr.	Heiti gráðu
39	35.259.393	70	5	Háskóli Íslands	2679	Verkefnastjórnun
1	10.378	70	5	Háskóli Íslands	1007	Þýðingafræði
25	9.991.700	70	2	Háskólinn á Bifröst	2670	Hagvísindi
1	248.750	70	2	Háskólinn á Bifröst	2671	Hagvísindi/vinna
34	17.025.766	70	2	Háskólinn á Bifröst	2201	Lögfræði
30	13.905.056	70	2	Háskólinn á Bifröst	2601	Viðskiptafræði
12	3.977.845	70	28	Háskólinn í Reykjavík	714	Lýðh. og kennslufræði
18	6.940.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	713	Lýðheilsufræði
106	44.702.802	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2201	Lögfræði
66	72.574.945	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2674	MBA-nám
10	3.919.138	70	28	Háskólinn í Reykjavík	4025	Stærðfræði/kennslufr.
1	455.000	70	28	Háskólinn í Reykjavík	5001	Tæknifræði
9	3.375.857	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2801	Tölvufræði
44	21.215.619	70	28	Háskólinn í Reykjavík	2601	Viðskiptafræði
15	1.252.500	70	37	Listaháskóli Íslands	101	Kennslufræði

Skólagjaldalán eftir löndum 2006–2009.

Land	Mynt	Samtals skólagjöld	Fjöldi lánþega
Skólagjaldalán 2009			
Austurríki	EUR	48.741	9
Ástralía	AUD	179.029	17
Bandaríkin	USD	3.031.712	226
Belgía	EUR	37.705	6
Danmörk	DKK	1.517.322	36
Eistland	EUR	4.349	1
Ekvador	USD	822	1
England	GBP	1.733.779	225
Frakkland	EUR	70.520	12
Holland	EUR	190.822	81
Írska lýðveldið	EUR	4.739	1
Ítalía	EUR	298.398	39
Japan	JPY	787.263	1
Kanada	CAD	374.785	34
Kína	USD	58.015	6
Kosta Ríka	USD	21.495	1
Noregur	NOK	468.053	10
Nýja-Sjáland	AUD	20.963	2
Portúgal	EUR	500	1
Pólland	EUR	31.296	4
Rússland	EUR	5.054	2
Sameinuðu arabísku furstadæmin	USD	14.700	1
Skotland	GBP	325.795	41
Slóvakía	EUR	22.674	5
Spánn	EUR	292.464	39
Suður-Afríka	EUR	2.329	2
Sviss	CHF	192.445	17
Svíþjóð	SEK	228.650	5
Tékkland	EUR	47.966	5
Tæland	EUR	7.008	1
Ungverjaland	EUR	461.113	68

Land	Mynt	Samtals skólagjöld	Fjöldi lánþega
Wales	GBP	26.132	5
Þýskaland	EUR	88.942	22
Heildarsumma			*926*

Skólagjaldalán 2008			
Austurríki	EUR	33.646	8
Ástralía	USD	506.902	33
Bandaríkin	USD	3.235.665	238
Belgía	EUR	27.869	7
Danmörk	DKK	1.854.434	44
Eistland	EUR	8.699	3
England	GBP	2.364.634	281
Finnland	EUR	7.024	2
Frakkland	EUR	142.245	20
Holland	EUR	185.887	67
Indland	USD	3.616	1
Írska lýðveldið	EUR	14.124	2
Ítalía	EUR	429.043	53
Japan	JPY	1.300.486	2
Kanada	CAD	319.285	31
Kína	USD	7.647	2
Kosta Ríka	USD	25.526	2
Lettland	EUR	6.862	1
Lúxemborg	EUR	8.362	1
Malasía	USD	20.526	4
Noregur	NOK	117.155	5
Nýja-Sjáland	USD	36.076	3
Pólland	EUR	16.454	4
Rússland	EUR	11.007	4
Skotland	GBP	412.899	49
Slóvakía	EUR	13.665	3
Spánn	EUR	284.597	41
Sviss	CHF	127.309	16
Svíþjóð	SEK	257.334	6
Tékkland	EUR	45.861	5
Tæland	EUR	3.201	1
Ungverjaland	EUR	397.694	64
Wales	GBP	26.411	3
Þýskaland	EUR	66.386	23
Heildarsumma			*1.029*

Skólagjaldalán 2007			
Austurríki	EUR	21.701	5
Ástralía	USD	482.340	35
Bandaríkin	USD	2.419.978	233
Belgía	EUR	1.004	1
Danmörk	DKK	3.303.393	55
Egyptaland	EUR	1.478	1
Eistland	EUR	5.270	2
England	GBP	1.350.217	199
Finnland	EUR	2.059	1
Frakkland	EUR	99.183	14
Holland	EUR	158.664	57
Írska lýðveldið	EUR	13.018	2

Land	Mynt	Samtals skólagjöld	Fjöldi lánþega
Ísrael	EUR	5.459	1
Ítalía	EUR	331.732	55
Japan	JPY	2.432.044	3
Kanada	CAD	344.873	35
Kína	USD	36.985	5
Lettland	EUR	2.959	1
Malasía	USD	34.217	6
Noregur	NOK	125.145	5
Nýja-Sjáland	USD	98.214	10
Pólland	EUR	7.518	2
Rússland	EUR	9.980	4
Skotland	GBP	314.071	44
Slóvakía	EUR	10.750	2
Spánn	EUR	294.497	44
Suður-Afríka	EUR	907	1
Sviss	CHF	135.166	17
Svíþjóð	SEK	160.005	4
Tékkland	EUR	23.883	4
Ungverjaland	EUR	279.674	51
Þýskaland	EUR	44.500	17
Heildarsumma			*916*
Skólagjaldalán 2006			
Austurríki	EUR	9.063	1
Ástralía	USD	237.142	17
Bandaríkin	USD	2.030.141	123
Belgía	EUR	1.867	3
Danmörk	DKK	953.877	9
Egyptaland	EUR	7.689	1
England	GBP	909.260	109
Frakkland	EUR	59.961	4
Holland	EUR	27.870	18
Írska lýðveldið	EUR	42.242	4
Ísrael	EUR	1.200	1
Ítalía	EUR	41.522	5
Japan	JPY	825.786	1
Kanada	CAD	129.374	15
Kína	USD	25.215	2
Kosta Ríka	USD	17.374	1
Lettland	EUR	2.513	1
Nýja-Sjáland	USD	45.278	4
Rússland	EUR	6.270	1
Skotland	GBP	394.434	44
Spánn	EUR	71.503	8
Sviss	CHF	53.689	6
Svíþjóð	SEK	157.781	1
Tékkland	EUR	48.315	3
Ungverjaland	EUR	66.591	14
Wales	GBP	12.497	3
Þýskaland	EUR	19.560	5
Heildarsumma			*404*

899. Svar [422. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um valdheimildir Evrópusambandsins á sviði orkuauðlinda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Gerir Evrópusambandið í þeim samningaviðræðum sem nú standa yfir ráð fyrir að auka valdheimildir sínar hér á landi varðandi stjórn orkuauðlinda í þágu heildarhagsmuna sambandsins?

Formlegar samningaviðræður við Evrópusambandið hefjast ekki fyrr en lokið er svokallaðri rýnivinnu, þar sem löggjöf Íslands og löggjöf ESB er borin saman í því skyni að finna út hvar ber á milli og hvað þarf að semja um. Þessi rýnivinna stendur nú yfir og er síðasti rýnifundur áætlaður 17. júní nk. Þegar rýnivinnu er lokið hefjast svo eiginlegar samningaviðræður um einstaka kafla löggjafar ESB þar sem samningsafstaða Íslands og ESB er lögð fram. Aðilar skiptast á samningsafstöðu þar til sameiginleg niðurstaða hefur náðst þannig að loka megi viðræðum með formlegum hætti, kafla fyrir kafla.

Á þessum tímapunkti er því ekki unnt að segja til um hver samningsafstaða ESB verður á sviði orkumála þegar til formlegra samningaviðræðna kemur, að lokinni rýnivinnu. Þess ber hins vegar að geta að ein af grundvallarreglum í orkustefnu Evrópusambandsins er að virða beri sjálfsákvörðunarrétt aðildarríkja þegar kemur að nýtingu orkuauðlinda í eigu þeirra.[1]

Í 2. mgr. 194. gr. Lissabon-sáttmála Evrópusambandins frá 2008 eru valdmörk Evrópusambandsins og aðildarríkja skilgreind með formlegum hætti hvað varðar orkumál og orkuauðlindir. Í málsgreininni er kveðið á um að Evrópuþingið og ráðið skuli, á grundvelli hefðbundins lagasetningarferils (e. codecision), samþykkja þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að ná markmiðum 1. mgr. 194. gr. að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina (e. Economic and Social Committee) og svæðanefndina (e. Committee of the Regions). Í 2. mgr. 194. gr. er tekið fram að slíkar aðgerðir skuli ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkis til að ákveða skilyrði fyrir nýtingu orkuauðlinda þess, val aðildarríkis á mismunandi orkugjöfum og almenna samsetningu orkujafnaðar.[2]

Almennt er því ekki litið svo á að orkuauðlindin sé sameiginleg auðlind ESB-ríkjanna heldur er forræði á nýtingu orkuauðlindar hvers aðildarríkis háð sjálfsákvörðunarrétti þess.

---

[1] „Fully respect Member States sovereignty over primary energy sources.“ (Council conclusions: „A New Energy Policy for Europe“ – Contribution of the Energy Ministers to the 2006 Spring European Council. 6878/06.) Á fundum leiðtogaráðs ESB (European Council) 23.–24. mars 2006 og 8.–9. mars 2007 var ítrekað að virða beri sjálfsákvörðunarrétt aðildarríkjanna varðandi nýtingu orkuauðlinda.

Sjá: http://www.consilium.europa.eu/ueDocs/cms_Data/docs/pressData/en/ec/89013.pdf (bls. 16) og http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/07/st07/st07224.en07.pdf (bls. 11).

[2] „Member State's right to determine the conditions for exploiting its energy resources, its choice between different energy sources and the general structure of its energy supply“.

900. Nefndarálit [109. mál]

um till. til þál. um úttekt á gerð göngubrúar yfir Ölfusá við Selfoss.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið sem hefur áður verið flutt á 132. löggjafarþingi (38. mál), 133. löggjafarþingi (46. mál) og 138. löggjafarþingi (108. mál). Umsagnir bárust um málið á fyrri löggjafarþingum frá Ferðafélaginu Útivist, rannsóknarnefnd umferðarslysa, ríkislögreglustjóra, Sveitarfélaginu Árborg, Umferðarráði, Vegagerðinni, Ferðamálaráði Íslands, lögreglustjóranum á Selfossi og Torfa G. Sigurðssyni verkfræðingi.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að Alþingi feli innanríkisráðherra að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Gert er ráð fyrir því að slík úttekt á framkvæmdinni og kostnaðarmat liggi fyrir 1. mars 2011.

Umsagnaraðilar ýmist fagna tillögunni eða gera ekki athugasemdir við efni hennar. Þó hafa þeir bent á að verulega knappur tími sé áætlaður til verksins. Í umsögn Vegagerðarinnar kemur m.a. fram að lagt hafi verið mat á möguleika þess að byggja léttari brú utan á núverandi brú en niðurstaða þess mats hafi verið að slíkt væri ekki skynsamlegt í ljósi burðarþols. Af þeim sökum telji Vegagerðin að horfa verði til annarra kosta. Þá bendir Vegagerðin á að unnið sé að undirbúningi vegna færslu hringvegarins norður eða austur fyrir þéttbýlið á Selfossi og smíði nýrrar brúar. Í umsögn Torfa G. Sigurðssonar verkfræðings er vakin athygli á að Kristján Helgi Hafsteinsson hafi unnið lokaverkefni í byggingarverkfræði við Háskólann í Reykjavík sem fjallaði um möguleika á göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss.

Nefndin telur að veruleg þörf sé á að gera úttekt á því hvaða kostir eru raunhæfir þegar kemur að brúun Ölfusár við Selfoss. Af umsögnum umsagnaraðila má sjá að þættir sem tengjast umferðaröryggi gangandi vegfarenda og samgöngum íbúa innan bæjar á Selfossi eru meðal grunnforsendna hvatningarorða þeirra. Nefndin bendir þó á að samkvæmt upplýsingum í athugasemdum við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012 (þskj. 973 í 582. máli á 138. löggjafarþingi) hafa átt sér stað umræður um aðkomu lífeyrissjóðanna eða annarra fjárfesta að fjármögnun framkvæmda, þeirra á meðal nýrrar brúar yfir Ölfusá. Kostnaður við slíka framkvæmd er áætlaður um 2.800 milljarðar kr. og gert ráð fyrir að hægt sé að hefja framkvæmdir á árinu 2013. Það er álit nefndarinnar að ekki verði komist hjá því að taka tillit til mögulegra samlegðarkosta við úttektargerðina. Þá telur nefndin rétt að taka tillit til framkominna athugasemda við tímafrest til að ljúka við gerð úttektarinnar.

Í ljósi alls framangreinds leggur nefndin til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað dagsetningarinnar „1. mars 2011“ komi: 1. febrúar 2012.

Ólína Þorvarðardóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson og Guðmundur Steingrímsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. febr. 2011.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Róbert Marshall.	Árni Johnsen.
Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Ásbjörn Óttarsson.	Mörður Árnason.

901. Lög [131. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 23. febrúar 2011.)

Samhljóða þskj. 705.

902. Lög [405. mál]

um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996.

(Afgreidd frá Alþingi 23. febrúar 2011.)

Samhljóða þskj. 656.

903. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Ingimar Jóhannsson og Sigríður Norðmann frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og Orri Vigfússon frá Norður-Atlantshafslaxasjóðnum (e. The North Atlantic Salmon Fund). Umsagnir bárust frá Bændasamtökum Íslands, Landssamtökum veiðifélaga, Orra Vigfússyni, Veiðimálastofnun og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tveimur greinum laga um lax- og silungsveiði. Annars vegar er lagt til að gildistími innlausnarréttar skv. 10. gr. laganna verði framlengdur um fimm ár, þ.e. til 30. júní 2016 en samkvæmt gildandi ákvæði er innlausnarrétturinn tímabundinn og gildir til 30. júní 2011. Hins vegar er lögð til sú breyting á 44. gr. laganna að

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði veittur réttur til að tilnefna einn þriggja nefndarmanna í matsnefnd. Samkvæmt gildandi ákvæði greinarinnar er gert ráð fyrir að tveir nefndarmenn matsnefndar séu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Matsnefnd leggur mat á og úrskurðar um ágreining um arðskrár, hvar um sé að tefla sjó, straumvatn, stöðuvatn, á, ós, ósasvæði, kvísl, ál eða takmörk fiskihverfis og önnur þau mál sem henni eru með lögum fengin.

Flestir umsagnaraðilar gerðu ýmist ekki athugasemdir við frumvarpið eða hvöttu til þess að það yrði samþykkt óbreytt. Einn umsagnaraðili benti á að greinargerð frumvarpsins innihéldi lítinn efnislegan rökstuðning fyrir þeim breytingum sem það fæli í sér. Þannig væri aðeins upplýst að nú væri til meðferðar mál til ákvörðunar hjá ráðuneytinu sem varðaði innlausn á grundvelli 10. gr. laganna.

Í 1. mgr. 9. gr. lax- og silungsveiðilaga kemur fram sú meginregla að óheimilt sé að skilja veiðirétt að nokkru leyti eða öllu frá fasteign. Í sérstökum athugasemdum við lagagreinina í frumvarpi því er síðar varð að téðum lögum kemur m.a. fram að þessi fortakslausa tilhögun þyki í samræmi við það meginmarkmið frumvarpsins að kveða á um eignarhald veiðiréttar í ferskvatni og þær takmarkanir sem sá réttur sætir. Þá kemur fram að meginreglunni sé m.a. ætlað að tryggja áframhaldandi sjálfstæði og rekstrargrundvöll þeirra jarða sem byggja afkomu sína, að öllu leyti eða hluta, á veiðinytjum. Þess utan telja frumvarpshöfundar ljóst að takmarkalaus uppskipting veiðiréttar einstakra jarða á fleiri hendur geti stefnt í hættu því markmiði frumvarpsins að tryggja skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu þeirrar auðlindar sem fiskstofnar ferskvatna eru.

Nefndin tekur undir þá gagnrýni sem fram hefur komið á 1. gr. frumvarpsins að greinin feli í sér tiltölulega lítt rökstudda framlengingu heimildar til íþyngjandi innlausnar veiðiréttinda. Álit nefndarinnar er að mjög knýjandi rök þurfi til þess að víkja frá áætlunum löggjafans við setningu núgildandi lax- og silungsveiðilaga um stuttan gildistíma ákvæðis 10. gr. laganna. Öðrum kosti væri dregið úr líkum á því að markmiðum laganna yrði náð. Telur nefndin rök af þeirri gerð hvorki hafa verið færð fram við framlagningu frumvarpsins né á seinni stigum málsins. Vekur nefndin athygli á þeirri kröfu réttarríkisins að lög eigi að vera stöðug enda verði borgurunum með því móti gert kleift að sjá fyrir með nokkurri vissu undir hvaða tilvikum yfirvöld muni beita valdi sínu og þeir geti skipulag líf sitt með hjálp slíkrar vitneskju (Garðar Gíslason: *Eru lög nauðsynleg?,* bls. 142–145). Að auki bendir nefndin á að við skerðingu réttinda með lögum ber almennt að gæta þess að sú leið sem valin er samræmist því markmiði sem að er stefnt og að ekki sé gengið of langt við útfærslu þeirrar leiðar. Telur nefndin að sá tími sem eftir er af gildistíma ákvæðis um innlausnarrétt ætti að nægja stjórnvöldum til þess að leiða til lausnar þær kröfur um innlausn sem þegar hafa verið fram lagðar. Þá ætti þeim sem hyggja á framlagningu slíkra krafna að vera slíkt fært á hinum sama tíma.

Á fundi nefndarinnar kom það sjónarmið fram að rétt kynni að vera að útfæra 2. gr. frumvarpsins á þann hátt að allir nefndarmenn matsnefndar skv. 44. gr. lax- og silungsveiðilaga væru óháðir hagsmunaaðilum. Var nefnt að slíkt væri ef til vill fært með því að allir nefndarmenn væru skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands. Var á það bent að ekki gæti talist eðlilegt að hagsmunaaðilar tækju þátt í tilnefningu nefndarmanna sem ættu að skera úr um réttindi manna sem hefðu hliðstæða hagsmuni og þeir sjálfir. Væri þeim með því móti gert fært að láta fulltrúa sinn taka þátt í sköpun fordæmisgefandi framkvæmdar sem kynni að ná til þeirra eigin réttinda.

Nefndin hefur tekið framangreint sjónarmið til skoðunar. Í almennum athugasemdum við frumvarpið kemur fram að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra beri ábyrgð á lax- og sil-

ungsveiðimálum hér á landi. Þá er á það bent að meiri hluti laxveiðiáa landsins sé í eigu bænda og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti fari með yfirstjórn landbúnaðarmála hér á landi. Þá hafi aðalfundur Landssambands veiðifélaga 2010 beint því til stjórnar félagsins að hún beitti sér fyrir skoðun á lax- og silungsveiðilögum, m.a. varðandi skipun í matsnefnd skv. 44. gr. laganna. Á fundi nefndarinnar var vakin athygli á því að fyrir kæmi að kvartanir bærust til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra vegna matskostnaðar fyrir matsnefnd og ráðherra hefði engin tök á að bregðast við slíkum athugasemdum. Að auki kom fram að aðilar sem Landssamband veiðifélaga hefur tilnefnt til nefndarstarfa í gegnum tíðina hafi búið yfir þekkingu sem nauðsynleg sé til þess að slík nefnd reynist starfi sínu vaxin.

Nefndin telur að þrátt fyrir að e.t.v. sé að einhverju leyti óheppilegt að matsnefnd skv. 44. gr. lax- og silungsveiðilaga sé ekki skipuð mönnum sem þiggja tilnefningu sína frá óháðum aðilum þá sé nauðsynlegt að Landssamband veiðifélaga hafi þá aðkomu að skipun hennar að tryggt sé að nægileg sérfræðiþekking sé til staðar í nefndinni og enn fremur að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipi einn fulltrúa.

Að öllu framansögðu leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. falli brott.
2. 3. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ólína Þorvarðardóttir, Róbert Marshall og Ásmundur Einar Daðason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. febr. 2011.

Atli Gíslason, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Sigurður Ingi Jóhannsson.
Björn Valur Gíslason.	Jón Gunnarsson.	Valgerður Bjarnadóttir.

904. Álit fjárlaganefndar [539. mál]

á skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárhagsstöðu Sveitarfélagsins Álftaness.

Með bréfi dags. 6. september 2010 vísaði forseti Alþingis umræddri skýrslu til fjárlaganefndar. Fjárlaganefnd hefur fjallað um skýrsluna og fengið til fundar við sig eftirfarandi gesti frá Ríkisendurskoðun: Lárus Ögmundsson yfirlögfræðing, Jón Loft Björnsson skrifstofustjóra og Þóri Óskarsson deildarstjóra.

Í skýrslunni kemur fram að í árslok 2009 námu skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins samtals 7.256 m.kr. Skuldirnar höfðu sjöfaldast á fjórum árum. Þar segir einnig:

„Í samningi Ríkisendurskoðunar við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) er kveðið á um að stofnunin skuli meta hvaða

einstakar ákvarðanir stjórnenda hafi leitt sveitarfélagið í þá fjárhagslegu stöðu sem það nú er í, hvort umræddar ákvarðanir hafi verið í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og hvort upplýsingaskyldu hafi verið sinnt með lögmætum hætti.“

Að mati Ríkisendurskoðunar hafa eftirfarandi ákvarðanir haft afgerandi áhrif á þá stöðu sem sveitarfélagið er komið í, þ.e. hafa með beinum eða óbeinum hætti leitt til þess að sveitarfélagið komst í greiðsluþrot:

1. Ákvarðanir sem teknar voru 21. desember 2006, 20. febrúar og 8. nóvember 2007 um byggingu sundlaugar og íþróttamannvirkja með samningum við Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. Samningarnir fela í sér sölu sveitarfélagsins á eldri fasteignum auk lóðar til eignarhaldsfélagsins, byggingu nýrra mannvirkja og leigu sveitarfélagsins á þeim til þrjátíu ára. Heildarskuldbinding vegna þessara samninga er 2,9 ma.kr. á núvirði.
2. Ákvörðun sveitarstjórnar frá 28. maí 2009 um að gera skuldbindandi samning við Búmenn hsf. um leigu á miðstöð vegna þjónustu við aldraða en samningurinn er til 50 ára og nemur skuldbinding hans 926 m.kr. á núvirði.
3. Ákvörðun sveitarstjórnar frá 28. maí 2009 um að semja við Ris ehf. um byggingu þjónustuhúsnæðis. Samningurinn er til 30 ára og er áætlað að skuldbinding vegna hans sé um 200 m.kr. að núvirði.
4. Á árinu 2006 var tekin ákvörðun um 313 m.kr. lántöku í erlendri mynt sem jók hlutfall erlendra lána úr 29% í um 46% af heildarskuldum sveitarfélagsins. Veiking krónunnar á árinu 2008 hækkaði skuldir sveitarfélagsins en gengishækkun lána á tímabilinu 2005–2009 nam samtals 594 m.kr. Innlend verðtryggð lán hækkuðu um 347 m.kr. Samtals hækkuðu lán sveitarfélagsins um 941 m.kr. vegna gengis- og verðlagsbreytinga. Enn fremur er þess getið að á árinu 2009 var tekið bankalán að fjárhæð 200 m.kr. sem ætlað var til gatnaframkvæmda þótt ljóst væri að fjárhagsstaða sveitarfélagsins væri orðin mjög slæm.
5. Ýmsar ákvarðanir sveitarfélagsins urðu til þess að hækka mjög rekstrarkostnað og má þar nefna eftirfarandi: að taka unglingadeild grunnskólans heim til Álftaness í stað þess að halda áfram samstarfi í skólamálum við Garðabæ. Lítill agi virðist hafa verið á rekstri sveitarfélagsins og iðulega var farið fram úr fjárhagsáætlunum. Ekki var brugðist við með nógu afgerandi hætti við ítrekuðum ábendingum endurskoðenda um að skatttekjur dygðu ekki fyrir rekstri málaflokka.

Fjárlaganefnd tekur undir eftirfarandi niðurstöðu Ríkisendurskoðunar:

„Draga má þann lærdóm af þessu að allar fjármálareglur um sveitarstjórnarstigið, t.d. reglur sem setja skorður við því með hvaða hætti sveitarfélög geta stofnað til skuldbindinga, þurfi að vera strangari. Um leið þarf eftirlit með fjárhagsstöðu sveitarfélaga að vera virkt til að tryggt sé að eftir slíkum reglum sé farið og hægt sé að bregðast tímanlega við ef svo er ekki. Mikilvægt er að búa svo um hnúta að EFS geti að eigin frumkvæði látið gera fjárhagsúttektir á sveitarfélögum en þurfi ekki að bíða eftir að þau leiti sjálf eftir aðstoð hjá nefndinni. Þegar er búið að setja afdráttarlausar reglur um bókhaldslega meðferð leigusamninga þannig að þeim sé ekki haldið utan við efnahagsreikning. Sveitarstjórnarlögum var breytt sl. vor annars vegar til að tryggja að yfirvöld fái fjármálaupplýsingar frá sveitarfélögum ársfjórðungslega og hins vegar til að bæta aðgang EFS að upplýsingum úr bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Frekari breytingar í þessum efnum munu væntanlegar því fljótlega verður kynnt frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga sem meðal annars felur í sér endurskoðun á fjármálakafla laganna og ákvæðum um starfsemi EFS. Í því sambandi verður tekið mið af væntanlegum tillögum samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál.“

Það er álit fjárlaganefndar að nýta verði reynslu Sveitarfélagsins Álftaness sem lærdóm til að koma í veg fyrir að fleiri sveitarfélög eða ríkissjóður komi sér í slíkar ógöngur. Samkvæmt upplýsingum sem fram koma, m.a. í skýrslu samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál eru of mörg sveitarfélög í fjárhagsvanda. Þar segir orðrétt: „Níu af tíu fjölmennustu sveitarfélögum landsins skipa sér á bekk með 25 skuldsettustu sveitarfélögunum þar sem skuldir eru yfir 100% af tekjum viðkomandi sveitarfélags.“ Miklar skuldbindingar sem hvíla á mörgum sveitarsjóðum geta sett fjárhagslegt sjálfstæði þeirra í hættu. Fjárlaganefnd telur það verulegt áhyggjuefni að fjárhagsvandi sveitarfélaga kunni að hafa áhrif á ríkissjóð ef ekki tekst að koma rekstri sveitarfélaganna á réttan kjöl.

Líta verður á opinber fjármál í heild þegar staða þeirra er metin en ekki aðeins á þann hluta sem snýr að ríkisfjármálum. Sveitarfélögin fara með um 30% af útgjöldum hins opinbera. Auka þarf eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og sjá til þess að farið sé eftir þeim reglum sem um sveitarfélög gilda. Í því sambandi vantar heimild til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga til stjórnsýsluúttektar og innri endurskoðunar á sveitarfélögum með svipuðum hætti og Ríkisendurskoðun hefur heimild til skoðunar á rekstri ríkisins.

Mikið virðist skorta á að sum sveitarfélög nýti fjárhagsáætlanir sem stjórntæki og of algengt er að farið sé á skjön við þær. Til að stuðla að því að forsendur fjárhagsáætlana bæði ríkis og sveitarfélaga séu sem áreiðanlegastar og í samræmi er nauðsynlegt að þær byggist á sömu efnahagsspánni. Spáin þarf því að taka til landsins í heild ásamt spá fyrir einstök landsvæði þar sem tekjur sveitarfélaga sveiflast mjög eftir efnahagsástandi hverju sinni. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um stjórn opinberra fjármála þarf að eiga sér stað sem fyrst.

Mörg skuldsett sveitarfélög seldu eignir sínar og gerðu skuldbindandi leigusamninga vegna notkunar þeirra til lögbundinna verkefna. Einnig gerðu sum þeirra leigusamninga um nýbyggingar, svo sem sundlaugar, þjónustubyggingar fyrir aldraðra og fyrir skrifstofur bæjarins eins og tilfellið var um Sveitarfélagið Álftanes. Skuldbindingarnar komu ekki fram í efnahagsreikningum fyrr en eftir nýlegar breytingar á framsetningu. Fyrir vikið var skuldbindingin ekki sýnileg við gerð langtímaáætlana sveitarfélaganna eða við mat á skuldastöðu. Mikilvægt er að þegar slíkir leigusamningar eru gerðir og varða opinbert fé, hvort sem um er að ræða ríki eða sveitarfélög, sé gerð grein fyrir leigusamningum í fjárhagsáætlunum til skemmri og lengri tíma og jafnframt sé gerð grein fyrir markmiðum og þeim ávinningi sem nást á með leigusamningunum.

Á sama tíma og fjárhagsleg staða Sveitarfélagsins Álftaness var neikvæð stóð það eins og áður sagði í nýframkvæmdum og gerði leigusamninga sem skuldbatt sveitarfélagið áratugi fram í tímann. Þessi óábyrga meðferð fjármuna sveitastjórnarinnar leiddi síðan m.a. til þess að íbúar þurfa að greiða aukaálag á útsvar og að þola skerta þjónustu. Það er álit fjárlaganefndar að samhliða virkara eftirliti og bættum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sé óhjákvæmilegt að ræða hlutverk, ábyrgð og skyldur kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn.

Fjárlaganefnd telur að öll samskipti ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál verði að vera í föstum skorðum, eftirlit skilvirkt, fjármálareglur skýrar og að þær takmarki möguleika sveitarfélaga á skuldsetningu.

Alþingi, 24. nóvember 2010.

Kristján Þór Júlíusson. Ásbjörn Óttarsson. Höskuldur Þórhallsson.

Sigmundur Ernir Rúnarsson. Björn Valur Gíslason. Björgvin G. Sigurðsson.

Ásmundur Einar Daðason. Þór Saari.

905. Frumvarp til laga [540. mál]

um virkjun neðri hluta Þjórsár.

Flm.: Jón Gunnarsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Einar K. Guðfinnsson, Pétur Blöndal, Guðlaugur Þór Þórðarson, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Kristján Þór Júlíusson, Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Iðnaðarráðherra skal veita Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir virkjanir í neðri hluta Þjórsár og skal Landsvirkjun hefja framkvæmdir hið fyrsta.

2. gr.

Þeir virkjanakostir sem skal nýta, sbr. 1. gr., og hafa þegar verið metnir út frá umhverfisáhrifum eru:

a. Hvammsvirkjun, 82 MW að afli.
b. Holtavirkjun, 53 MW að afli.
c. Urriðafossvirkjun, 130 MW að afli.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var lagt fram á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Í því er lagt til að ráðist verði í framkvæmdir við virkjun neðri hluta Þjórsár í þeim tilgangi að efla atvinnulíf á sunnanverðu landinu. Verði frumvarpið að lögum skal hið fyrsta hefja framkvæmdir við þær þrjár virkjanir sem eru kenndar við Urriðafoss, Holt og Hvamm og nýta orkuna þaðan til uppbyggingar atvinnulífs á sunnanverðu landinu. Þessi áform um virkjanir hafa þegar uppfyllt öll skilyrði umhverfissjónarmiða og hagkvæmnissjónarmiða. Virkjanirnar hafa þegar farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum án athugasemda, verið í tvígang settar í rammaáætlun og komið vel út í bæði skiptin, eru fjárhagslegar hagkvæmar og ýta undir íslenskt atvinnulíf.

Sterk rök hníga að því að rétt sé að fullnýta tiltekið svæði áður en haldið er inn á ný svæði. Fjárfestingarstofa hefur lýst því yfir að fjöldamörg verkefni séu í undirbúningi, t.d. á sviði gagnavera og smærri iðnaðar. Landsvirkjun tilkynnti 9. nóvember 2007 að stjórn fyrirtækisins hefði ákveðið að orkan úr neðri hluta Þjórsár ætti að fara til annarra verkefna en stóriðju. Í tilkynningunni segir: „Stjórn Landsvirkjunar telur mikilsvert að fyrirtækið fái sem hæst verð fyrir raforkuna, dreifi áhættu og auki fjölbreytni viðskiptavina sinna. Landsvirkjun hefur því ákveðið að hefja viðræður um raforkusölu við fyrirtæki sem hyggjast byggja upp netþjónabú á Íslandi. Einnig eru í undirbúningi viðræður við fyrirtæki á sviði kísilhreinsunar fyrir sólarrafala. Ekki er enn hægt að greina frá því hver þessi fyrirtæki eru. Líkleg staðsetning þessarar starfsemi verður á Suðurlandi og Reykjanesi. Áhersla Landsvirkjunar á netþjónabú og sólarkísil byggist á því að vænta má hærra raforkuverðs í þeim viðskiptum en við aðra stórkaupendur. Landsvirkjun mun þess vegna ekki ganga til samningaviðræðna að sinni við fyrirtæki sem hyggja á bygginu nýrra álvera á Suður- eða Vesturlandi.“

Staðan í íslensku efnahagslífi er allt önnur nú en haustið 2007 og það er brýnna en nokkru sinni fyrr að tryggja orku til fjölbreyttra verkefna eins og vísað er til í framangreindri samþykkt stjórnar Landsvirkjunar. Mikilvægt er að Landsvirkjun endurskoði þessa samþykkt frá árinu 2007 og líti til allra mögulegra kosta þegar kemur að sölu raforku frá þessum svæðum. Landsvirkjun verður eins og aðrir að endurmeta stöðu sína í ljósi þeirra alvarlegu afleiðinga sem aukið atvinnuleysi hefur á samfélagið. Allra leiða verður að leita til að vinna bug á því þjóðarböli sem atvinnuleysi er. Augljóst er að ekki verður farið í uppbyggingu verkefna í orkufrekum iðnaði á sunnanverðu landinu nema orka frá Þjórsá sé tryggð.

Ríkisstjórnin hefur ekki komið sér saman um hvernig haga skuli orkunýtingu í landinu þrátt fyrir að hafa kveðið á um eftirfarandi í stöðugleikasáttmálanum frá 25. júní 2009: „Ríkisstjórnin mun greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda sbr. þjóðhagsáætlun, svo sem framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. Undirbúningsvinnu verði hraðað vegna áforma sem tengjast fjárfestingu í meðalstórum iðnaðarkostum, svo sem gagnaverum og kísilflöguframleiðslu. Kappkostað verður að engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember 2009.

Einnig verði unnið skipulega að úrvinnslu áforma um aðrar stórfjárfestingar í atvinnulífinu þannig að taka megi ákvarðanir sem fyrst um hugsanlegan framgang þeirra. […] Sveitarfélög og önnur stjórnvöld tryggi að farið verði að tímafrestum við gerð skipulags og allar leyfisveitingar og greitt verði fyrir nýjum fjárfestingum eins og kostur er.“

29. janúar 2010 synjaði umhverfisráðherra skipulagsbreytingum sem snúa að virkjunum í neðri Þjórsá staðfestingar. Annars vegar var um að ræða tillögu Skeiða- og Gnúpverjahrepps um breytingu á aðalskipulagi hreppsins og hins vegar aðalskipulag Flóahrepps 2006–2018, en ráðherra samþykkti skipulagið að öðru leyti en því sem laut að virkjunum í neðri hluta Þjórsár. Þessar ákvarðanir ráðherra höfðu alvarlegar afleiðingar á áform um virkjun í neðri hluta Þjórsár. Í ljósi hæstaréttardóms nr. 579/2010 þar sem ákvörðun ráðherra var dæmd ólögleg er nauðsynlegt og eðlilegt að Alþingi taki af allan vafa í málinu og kveði á um virkjun neðri hluta Þjórsár, enda hníga öll rök að því að ráðist verði í framkvæmdirnar sem fyrst.

Skráð atvinnuleysi í janúar 2011 var 8,5% samkvæmt heimildum Vinnumálastofnunar eða að meðaltali 13.458 manns. Á sama tíma á árinu 2010 var atvinnuleysi 9%. Þá eru ótalin þúsund manna sem flust hafa burt af landinu. Það er brýnt að sporna við atvinnuleysi með öllum tiltækum ráðum og skynsamleg nýting orkuauðlindanna er mikilvægt lóð á vogarskálarnar. Aðilar vinnumarkaðarins kalla mjög eftir því að ákvarðanir verði teknar á þessu sviði og

síðast 29. mars 2010 hvatti miðstjórn Alþýðusambands Íslands til þess að áfram verði haldið í orkunýtingu.

Í ljósi gríðarlegs atvinnuleysis og þess hversu brýn þörf er fyrir atvinnuuppbyggingu hér á landi er rétt að ráðast í þessar framkvæmdir enda hafa viðamiklar rannsóknir verið gerðar. Ekki er unnt að selja orku sem ekki er til og við munum fæla frá landinu þá sem vilja fjárfesta hér á landi ef ekki er unnt að virkja hér. Flutningsmenn telja að lokum rétt að árétta að hér verði hvergi slakað á kröfum í umhverfismálum enda hefur þegar farið fram mat á umhverfisáhrifum þessara verkefna og þau hafa komið afar vel út úr rammaáætlun. Ekki skal heldur slakað á umhverfiskröfum til væntanlegra notenda raforkunnar.

906. Frumvarp til laga [60. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 6. tölul. orðast svo: *Flutningskerfi:* Raflínur og mannvirki þeim tengd sem eru nauðsynleg til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna. Skil milli virkjunar og flutningsfyrirtækis eru við innkomandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtæki á því vélaspenni, eldingavara og tengingu við tengivirki. Með sama hætti eru skil milli flutningsfyrirtækis annars vegar og dreifiveitna/stórnotenda hins vegar við útgangandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins.
b. 17. tölul. orðast svo: *Stórnotandi:* Notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári.
c. 19. tölul. orðast svo: *Tekjumörk:* Hámark leyfilegra árlegra tekna flutningsfyrirtækis og dreifiveitna til að mæta kostnaði. Þau skulu sett til fimm ára en uppfærð árlega eftir á miðað við breytingar á viðmiðum tekjumarka eins og þau eru tilgreind í 12. og 17. gr.

2. gr.

Í stað „7 MW“ í 2. málsl. 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: 10 MW.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 1. mgr. orðast svo: Flutningsfyrirtækið skal vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins skulu vera dreifiveitur, stórnotendur, virkjanir og þeir aðilar sem hafa leyfi samkvæmt lögum þessum til að stunda viðskipti með raforku.
c. 3. og 4. mgr. falla brott.
d. 5. mgr. orðast svo:
   Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt öðrum lögum. Því er þó heimilt að:

a. reka raforkumarkað,
b. eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og bjóða út umframflutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða, svo fremi samkeppni sé ekki raskað,
c. selja út sérfræðiþekkingu fyrirtækisins ef eftir því er leitað, svo fremi samkeppni sé ekki raskað,
d. að fengnu leyfi Samkeppniseftirlitsins, skv. 15. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, að eiga hlut í, ásamt öðrum, fjarskiptafélag sem hefur það hlutverk að reka öryggisfjarskiptakerfi raforkukerfisins. Félaginu skal vera heimilt að bjóða út umframflutningsgetu, ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða, svo fremi sem samkeppni sé ekki raskað.

Fyrirtækinu ber að halda reikningum vegna þeirrar starfsemi sem getið er í a–c-lið aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr. Stjórn flutningsfyrirtækisins skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku.

e. Í stað orðanna „skv. 3. mgr.“ í 7. mgr. kemur: um stofnun flutningsfyrirtækisins.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ef reisa á línur“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: fyrir nýjum raflínum.
b. Í stað tilvísunarinnar „12. gr.“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: 12. gr. a.
c. Við 3. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Greiða þeim dreifiveitum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Kveðið skal á um fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð.

5. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Í sérstökum tilvikum má sækja um leyfi ráðherra til að reisa sjálfstætt flutningsvirki og flytja raforku beint frá virkjun til notanda, enda tengist hvorki virkjun né notandi flutningskerfinu beint eða um dreifiveitu. Leita skal umsagnar flutningsfyrirtækis og eftir atvikum viðkomandi dreifiveitu varðandi slíkar tengingar áður en leyfi er veitt.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tekjumörk flutningsfyrirtækisins.

Markmið með setningu tekjumarka er að hvetja til hagræðingar í rekstri flutningsfyrirtækisins og tryggja að tekjur þess séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem því er falið að veita, að teknu tilliti til arðsemi. Til að ná fram hagræðingu og skilvirkni í rekstri flutningsfyrirtækisins eru tekjumörk afmörkuð í tímabil, tekjumarkatímabil.

Orkustofnun setur flutningsfyrirtækinu tekjumörk vegna kostnaðar við flutning á raforku. Tekjumörk skulu vera tvískipt, þ.e. vegna flutnings á raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnotenda hins vegar. Tekjumörk skulu ákveðin fyrir fram til fimm ára í senn og uppfærð árlega miðað við breytingar á viðmiðum sem tilgreind eru í 3. mgr. Við setningu tekjumarka skal taka tillit til kostnaðar vegna rekstrar og fjárfestinga vegna flutnings til dreifiveitna annars vegar og til stórnotenda hins vegar. Starfsemi flutningsfyrirtækisins skv. 5. mgr. 8. gr., sem ekki er nauðsynleg vegna rekstursins, er undanskilin við ákvörðun

tekjumarka. Sama gildir um orkukaup vegna tapa í flutningskerfinu og aðföng vegna kerfisþjónustu.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Rekstrarkostnaði sem tengist flutningsstarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun. Við ákvörðun rekstrarkostnaðar við setningu tekjumarka skal taka tillit til meðalrekstrarkostnaðar síðustu fimm ára með eins árs töf að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og áhrifa nýrra stórra fjárfestinga á rekstrarkostnað flutningsfyrirtækisins. Þegar stórar fjárfestingar bætast við fastafjármuni flutningsfyrirtækisins skal skipting rekstrarkostnaðar milli tekjumarka annars vegar fyrir stórnotendur og hins vegar fyrir dreifiveitur uppfærð. Við setningu nýrra tekjumarka skal liggja fyrir endurskoðuð skipting rekstrarkostnaðar á milli stórnotenda og dreifiveitna.
2. Arðsemi flutningsfyrirtækisins af flutningsstarfsemi skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði, að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld en að frádregnum sköttum (EBIT að frádregnum sköttum) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs flutningskerfisins auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum. Við mat á vegnum fjármagnskostnaði skal m.a. taka tillit til rekstraráhættu flutningsfyrirtækisins. Kveða skal nánar á um mat á vegnum fjármagnskostnaði í reglugerð. Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir voru 31. desember 2004 og miðast við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum sem hafa komið til eftir þann tíma eða síðar kunna að koma til, afskriftum þeirra og endurmati eins og það er á hverjum tíma. Stærri fjárfestingar skulu teljast til fastafjármuna frá þeim tíma sem þær fara í notkun en minni fjárfestingar skulu taldar til fastafjármuna frá þeim tíma sem fjárfestingin á sér stað. Eignastofn vegna tekjumarka fyrir stóriðju skal vera í bandaríkjadölum. Eignir sem voru í eignagrunni 31. júlí 2007 skulu metnar miðað við virði og gengi þann dag. Þegar eignastofn vegna tekjumarka fyrir stóriðju er færður í krónur við uppgjör tekjumarka skal miðað við meðalgengi bandaríkjadals fyrir uppgjörsárið. Skipting eignastofns á milli tekjumarka annars vegar fyrir stórnotendur og hins vegar fyrir dreifiveitur skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Á grundvelli þessa töluliðar skal arðsemi ákvörðuð að fengnu mati sérfróðra aðila. Við mat hinna sérfróðu aðila ber þeim að hafa samráð við framleiðendur raforku, neytendur, stórnotendur, dreifiveitur og Landsnet.
3. Afskriftum af fastafjármunum, sbr. 2. tölul.
4. Sköttum.

Náist ekki markmið þessara laga um skilvirkni í rekstri flutningsfyrirtækisins með afmörkun tekjumarkatímabila er Orkustofnun heimilt að setja flutningsfyrirtækinu hagræðingarkröfu fyrir nýtt tekjumarkatímabil, að fengnu mati sérfróðra aðila, eftir að flutningsfyrirtækinu hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um slíkar fyrirætlanir. Slík hagræðingarkrafa skal byggjast á sjónarmiðum sem byggt er á í sambærilegum rekstri um hvað telst skilvirkni í rekstri, studd af undangengnu hagrænu mati. Orkustofnun skal tilkynna flutningsfyrirtækinu með tveggja mánaða fyrirvara ef framkvæma á slíkt mat og skal því lokið eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir upphaf viðkomandi tekjumarkatímabils.

Eigi síðar en 15. september árið áður en ný tekjumörk taka gildi skal Orkustofnun setja tekjumörk fyrir flutningsfyrirtækið fyrir næsta tekjumarkatímabil.

Eigi síðar en 1. maí ár hvert skal flutningsfyrirtækið skila Orkustofnun rekstrarupplýsingum vegna fyrra árs. Eigi síðar en 1. ágúst ár hvert skal Orkustofnun skila uppfærðum tekjumörkum og uppgjöri vegna fyrra árs til flutningsfyrirtækisins sem og viðeigandi rökstuðningi fyrir breytingum ef einhverjar eru. Í uppgjöri tekjumarka við lok hvers árs skulu bornar saman rauntekjur og uppfærð tekjumörk ársins.

Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur samkvæmt tekjumörkum milli ára við árlegt uppgjör tekjumarka en uppsafnaðar of- eða vanteknar tekjur skulu aldrei nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum hvers uppgjörsárs. Komi í ljós við uppgjör tekjumarka að uppsafnaðar ofteknar tekjur eru umfram þessi mörk skal ná hlutfallinu niður fyrir tilskilin mörk eigi síðar en fyrir lok næsta árs á eftir. Óheimilt er að flytja vanteknar tekjur umfram framangreind viðmið milli ára.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um tekjumörkin, m.a. um setningu þeirra og uppgjör, afskriftareglur, arðsemismarkmið, útreikning vegins fjármagnskostnaðar, mat fastafjármuna, skiptingu eignagrunns og rekstrarkostnaðar, kröfur um hagræðingu og um mat sérfróðra aðila skv. 2. tölul. 3. mgr. og 4. mgr. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um með hvaða hætti tekið er tillit til almennra verðbreytinga og gengis gjaldmiðla, auk annarra atriða sem ákvæði þetta kveður á um.

7. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, 12. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.

Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 12. gr. Gjaldskráin skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda sem skal ákvörðuð í bandaríkjadölum.

Byggt skal á því að verðlagning flutningsfyrirtækisins vegna flutnings til dreifiveitna sé í samræmi við meðalkostnað að teknu tilliti til sjónarmiða um arðsemi. Gjaldskrá fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi á afhendingarstöðum, sbr. 6. tölul. 3. gr., skal miðast við að raforka sé afhent á 66 kV spennu. Ef orka frá flutningskerfi er afhent til dreifiveitna á hærri spennu ber að lækka gjaldtöku með tilliti til þess. Með sama hætti skal taka tillit til afhendingaröryggis við gjaldtöku fyrir úttekt á einstökum afhendingarstöðum. Gjaldskrá fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðisins auk þess sem móttekið er beint frá virkjun innan dreifiveitusvæðisins, sbr. þó 3. mgr. Ekki skal greitt af notkun í einangruðum kerfum innan dreifiveitusvæða sem ekki njóta tengingar við flutningskerfið.

Greiða skal úttektargjald til flutningsfyrirtækisins vegna framleiðslu virkjana sem tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu sem hér segir:

1. Vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1,42 MW skal ekki greiða úttektargjald til flutningsfyrirtækisins.
2. Vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1,42–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 60% fulls úttektargjalds við efri mörkin.
3. Vegna orku frá virkjun sem er 3,1–10 MW skal greiða 60% fulls úttektargjalds.

Varaaflsstöðvar sem eru nýttar þegar truflanir koma upp í raforkukerfinu skulu undanþegnar greiðslum til flutningskerfisins.

Sé orka afhent beint til stórnotenda, frá virkjun sem nýtur tengingar við flutningskerfið, án þess að orkan fari um flutningskerfið og án þess að flutningskerfið taki þátt í kostnaði við tengingu notandans skal greiðsla úttektargjalds til flutningskerfis nema 60% af úttektargjaldi

til stórnotenda. Heimilt er að veita frekari afslátt af úttektargjaldi ef úttekt stórnotandans er alfarið háð því að orkan komi frá virkjuninni. Í öllum tilvikum skal greiða fyrir kerfisþjónustu samkvæmt gildandi gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.

Notandi sem í framleiðslu sinni er algjörlega háður því að fá aðrar afurðir jarðhitavirkjunar en aðeins raforku getur óskað heimildar til beinnar tengingar við virkjunina skv. 5. gr. enda þótt hann nái ekki stórnotendaviðmiðinu. Gjald fyrir úttekt þessa fer skv. 5. mgr.

Flutningsfyrirtækinu er heimilt að afhenda raforku til stórnotenda á 66 kV eða lægri spennu enda standi sérstök gjaldtaka undir viðbótarkostnaði.

Flutningsfyrirtækið skal einnig setja gjaldskrá fyrir kerfisþjónustu og töp í flutningskerfinu sem tekur mið af kostnaði ásamt hæfilegri þóknun.

Eigi síðar en sex vikum fyrir fyrirhugaða gildistöku skal gjaldskrá flutningsfyrirtækisins send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við flutningsfyrirtækið innan þriggja vikna frá móttöku. Gjaldskráin tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Flutningsfyrirtækið skal birta gjaldskrána opinberlega.

Krefjast skal greiðslu ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfi veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins. Með sama hætti skal taka tillit til þess ef tenging leiðir til hagkvæmari uppbyggingar eða nýtingar flutningskerfisins.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um gjaldskrá auk þeirra atriða sem ákvæði þetta kveður á um.

8. gr.

Við 13. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þó er flutningsfyrirtæki heimilt að flytja/dreifa rafmagni á sérleyfissvæði dreifiveitu til stórnotenda sem fá raforku afhenta á lægri spennu en 132 kV.

9. gr.

Við 3. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Greiða þeim notendum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Kveðið skal á um fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð.

10. gr.

17. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tekjumörk dreifiveitna.

Markmið með setningu tekjumarka er að hvetja til hagræðingar í rekstri dreifiveitna og tryggja að tekjur þeirra séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem þeim er falið að veita, að teknu tilliti til arðsemi. Til að ná fram hagræðingu og skilvirkni í rekstri dreifiveitu eru tekjumörk afmörkuð í tímabil, tekjumarkatímabil.

Orkustofnun skal setja dreifiveitum tekjumörk vegna kostnaðar við dreifingu raforku. Ef heimilað er að hafa í gildi sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæði, sbr. 2. mgr. 17. gr. a, skulu sérstök tekjumörk sett vegna dreifingar raforku í þéttbýli annars vegar og í dreifbýli hins vegar. Tekjumörk skulu ákveðin fyrir fram til fimm ára í senn og uppfærð árlega miðað við breytingar á grunnforsendum. Við setningu tekjumarka skal taka tillit til kostnaðar vegna rekstrar og fjárfestinga.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Rekstrarkostnaði sem tengist dreifingu fyrirtækisins á rafmagni, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, kostnaði vegna flutnings um flutningskerfið, kostnaði við orkutap, almennum

rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun í dreifikerfinu. Við ákvörðun rekstrarkostnaðar við setningu tekjumarka skal taka tillit til rekstrarkostnaðar síðustu fimm ára með eins árs töf, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og áhrifa nýrra stórra fjárfestinga á rekstrarkostnað dreififyrirtækisins.

2. Arðsemi dreifiveitu af dreifingu raforku skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði, að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld en að frádregnum sköttum (EBIT að frádregnum sköttum) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs dreifiveitunnar auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum. Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir voru 31. desember 2004 og miðast við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum sem hafa komið til eftir þann tíma eða síðar kunna að koma til, afskriftum þeirra og endurmati eins og það er á hverjum tíma. Fjárfestingar skulu teljast til fastafjármuna frá þeim tíma sem fjárfestingin á sér stað. Á grundvelli þessa töluliðar skal arðsemi ákvörðuð að fengnu mati sérfróðra aðila.
3. Afskriftum af fastafjármunum, sbr. 2. tölul.
4. Sköttum.

Náist ekki markmið þessara laga um skilvirkni í rekstri dreifiveitu með afmörkun tekjumarkatímabila er Orkustofnun heimilt að setja viðkomandi dreifiveitu hagræðingarkröfu fyrir nýtt tekjumarkatímabil, að fengnu mati sérfróðra aðila, eftir að dreifiveitunni hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um slíkar fyrirætlanir. Slík hagræðingarkrafa skal byggjast á sjónarmiðum sem byggt er á í sambærilegum rekstri um hvað telst skilvirkni, studd af undangengnu hagrænu mati. Orkustofnun skal tilkynna dreifiveitunni með tveggja mánaða fyrirvara ef framkvæma á slíkt mat og skal því lokið eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir upphaf viðkomandi tekjumarkatímabils.

Eigi síðar en 15. september árið áður en ný tekjumörk taka gildi skal Orkustofnun setja tekjumörk fyrir dreifiveitur fyrir næsta tekjumarkatímabil.

Eigi síðar en 1. maí ár hvert skal hver dreifiveita skila Orkustofnun rekstrarupplýsingum vegna fyrra árs. Eigi síðar en 1. september ár hvert skal Orkustofnun skila uppfærðum tekjumörkum og uppgjöri vegna fyrra árs til viðkomandi dreifiveitu sem og viðeigandi rökstuðningi fyrir breytingum ef einhverjar eru. Í uppgjöri tekjumarka við lok hvers árs skulu bornar saman rauntekjur og uppfærð tekjumörk ársins.

Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur samkvæmt tekjumörkum milli ára við árlegt uppgjör tekjumarka en uppsafnaðar of- eða vanteknar tekjur skulu aldrei nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum hvers uppgjörsárs. Komi í ljós við uppgjör tekjumarka að uppsafnaðar ofteknar tekjur eru umfram þessi mörk skal ná hlutfallinu niður fyrir tilskilin mörk eigi síðar en fyrir lok næsta árs á eftir. Óheimilt er að flytja vanteknar tekjur umfram framangreind viðmið milli ára.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um tekjumörkin, m.a. um setningu þeirra og uppgjör, afskriftareglur, arðsemismarkmið, útreikning vegins fjármagnskostnaðar, mat fastafjármuna, skiptingu eignagrunns og rekstrarkostnaðar, kröfur um hagræðingu, gæði dreifiveitu og um mat sérfróðra aðila skv. 2. tölul. 3. mgr. og 4. mgr. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um með hvaða hætti tekið er tillit til almennra verðbreytinga og gengis gjaldmiðla, auk annarra atriða sem ákvæði þetta kveður á um.

11. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gjaldskrá dreifiveitna.

Hver dreifiveita skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 17. gr. Sama gjaldskrá skal gilda á veitusvæði hverrar dreifiveitu fyrir úttekt á lágspennu, þ.e. 230–400 V spennu. Ef orka frá dreifiveitu er afhent á annarri spennu er heimilt að taka tillit til þess í gjaldskrá. Með sama hætti er við gjaldtöku heimilt að taka tillit til annars mismunar á þjónustu.

Dreifiveitum er heimilt að sækja um leyfi til Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður vegna dreifingar er sannanlega hærri en í þéttbýli. Það er skilyrði fyrir heimild til sérstakrar dreifbýlisgjaldskrár að notkun á viðkomandi dreifbýlissvæði sé a.m.k. 5% af heildarnotkun dreifiveitusvæðisins. Með umsókn um skiptingu gjaldskrár skulu fylgja upplýsingar um landfræðilega afmörkun svæða, landnotkun og fjölda íbúa á viðkomandi svæði, auk gagna sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu til notenda á svæðinu sé hærri en til annarra.

Eigi síðar en fjórum vikum fyrir fyrirhugaða gildistöku skal gjaldskrá dreifiveitu send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við dreifiveitu innan tveggja vikna frá móttöku. Gjaldskrá tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Dreifiveita skal birta gjaldskrána opinberlega.

Dreifiveitu er skylt að greiða virkjun sem tengist henni og er undir 3,1 MW þann ávinning, að hluta eða að fullu, sem felst í því að þurfa ekki að greiða úttektargjald að fullu til flutningskerfisins, sbr. ákvæði 3. mgr. 12. gr. a, með eftirfarandi hætti:

1. Greiða skal virkjun undir 0,3 MW að fullu hreinan ávinning veitunnar af niðurfellingu úttektargjaldsins.
2. Fyrir virkjun sem er 0,3–3,1 MW skal minnka greiðsluna hlutfallslega þar til ekkert er greitt sé virkjunin 3,1 MW eða stærri.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um gjaldskrá auk þeirra atriða sem ákvæði þetta kveður á um.

12. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein, 18. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Leyfi til að reka raforkumarkað.

Leyfi ráðherra þarf til þess að reka raforkumarkað. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa. Leyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Umsækjandi skal sýna fram á fjárhagslegan styrkleika og þekkingu á raforkumarkaði til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar. Nánar skal kveðið á um skilyrði leyfisveitingar og starfsemi raforkumarkaðar í reglugerð.

13. gr.

Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: Samkeppniseftirlitið.

14. gr.

Í stað orðsins „Samkeppnisstofnunar“ í fyrirsögn 27. gr. laganna kemur: Samkeppniseftirlitsins.

15. gr.

Í stað orðanna „og 1. mgr. 18. gr.“ í 32. gr. laganna kemur: 1. mgr. 18. gr. og 18. gr. a.

16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I, III–XI, XIV og XV í lögunum falla brott.

17. gr.

Viðauki við lögin, **Afhendingarstaðir til dreifiveitna úr flutningskerfi skv. 6. tölul. 3. gr.**, fellur brott.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði a-liðar 3. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2015 og ákvæði 6., 7., 10. og 11. gr. ná til setningar tekjumarka frá og með árinu 2011.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis, sveitarfélaga, Landsnets, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK ohf. og Orkubús Vestfjarða. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um kaup ríkis eða sveitarfélaga á hlut orkufyrirtækja í flutningsfyrirtækinu.

Nefndin skal skila tillögum eigi síðar en 31. desember 2012.

II.

Ef uppsafnaðar ofteknar tekjur nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum í árslok 2010 skal flutningsfyrirtækið eða dreifiveita eftir því sem við á setja gjaldskrá sína ár hvert frá og með árinu 2011 og þar til hlutfallið er komið undir 10% þannig að hlutfall uppsafnaðra oftekinna tekna lækki. Skulu uppsafnaðar ofteknar tekjur ekki nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum við lok árs 2020. Ef uppsafnaðar vanteknar tekjur nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum í árslok 2010 er heimilt að setja gjaldskrá þannig að hlutfallið lækki niður fyrir 10% fyrir lok árs 2020, þó þannig að tekjur hvers árs fari ekki meira en 3% fram úr uppfærðum tekjumörkum þess árs af þessum orsökum. Uppsafnaðar ofteknar tekjur í árslok 2010 skulu færðar í bandaríkjadali miðað við gengi þess dags þegar samtala oftekinna tekna liggur fyrir.

907. Svar [331. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar.

1. *Hefur framkvæmdaraðili Kárahnjúkavirkjunar uppfyllt þau 20 tölusettu skilyrði sem sett voru í úrskurði umhverfisráðherra 20. desember 2001 um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar og ef svo er, hvernig var þeim framfylgt?*

Í úttekt Umhverfisstofnunar á framkvæmd skilyrða í úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar frá 20. desember 2001 sem unnin var að beiðni umhverfisráðherra á sl. ári kemur fram að af þeim tuttugu skilyrðum sem sett voru fram í úrskurði ráðuneytisins á sínum tíma hafi fjórtán skilyrði verið að fullu uppfyllt, fimm skilyrði

verið uppfyllt að því marki sem hægt er þar sem þau ná yfir lengra tímabil og eitt skilyrði hafi verið uppfyllt að hluta. Varðandi hvernig skilyrðum hefur verið framfylgt vísast til umræddrar úttektar Umhverfisstofnunar sem er meðfylgjandi.

2. *Telur ráðherra að fullnægjandi bakgrunnsupplýsinga hafi verið aflað um ástand náttúrufars og lífríkis á áhrifasvæðum framkvæmdanna áður en þær hófust?*

Með vísan til skilyrða ráðuneytisins í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hefur þeirra gagna sem krafist var verið aflað en niðurstöður hluta rannsókna hafa ekki verið birtar með formlegum hætti.

3. *Komu upp tilvik eða aðstæður á framkvæmdatíma sem kölluðu á frekari rannsóknir en þær sem mat á umhverfisáhrifum byggðist á?*

Ekki er kunnugt um að upp hafi komið atvik sem beinlínis kölluðu á frekari rannsóknir en þær sem gerð var grein fyrir í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

4. *Hafa komið fram ábendingar um nauðsyn frekari rannsókna eða lengri vöktunartíma en fram kemur í skilyrðunum og ef svo er, hvaða ábendingar?*

Ekki hafa komið fram ábendingar um nauðsyn frekari rannsókna eða lengri vöktunartíma en fram kemur í skilyrðum mats á umhverfisáhrifum. Í þremur skilyrðum af tuttugu var gerð krafa um tíu ára vöktunartíma sem ekki er liðinn. Í svörum Landsvirkjunar, varðandi framkvæmd skilyrða, kemur fram að ákveðið verði í samráði við rannsóknaraðila, að liðnum þeim tíma sem ráðherra krafðist, hvort tíu ára tíminn, sem kveðið er á um í skilyrðum, sé nægilegur eða hvort ástæða verði til frekari vöktunar eða rannsókna.

5. *Hvernig hefur verið fylgst með náttúrufari og lífríki á áhrifasvæði Hálslóns og Kárahnjúkavirkjunar að framkvæmdum loknum?*

Varðandi vöktun á völdum fuglastofnum við Lagarfljót gerði Landsvirkjun samninga við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Austurlands um vöktun fuglastofna á svæðinu. Kveðið var á um tíu ára vöktun í skilyrðum ráðherra en að liðnum þeim tíma munu rannsóknaraðilar meta hvort þörf sé á frekari vöktun samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun.

Landsvirkjun gerði samning við Hafrannsóknastofnunina um vöktun botndýralífs í Héraðsflóa. Skýrsla um grunnrannsóknir kom út í ágúst 2007 og er áformað að endurtaka rannsóknirnar að tíu árum liðnum þar sem áhrif á botndýralíf geta verið lengi að koma fram. Rannsóknir munu verða endurteknar enn síðar reynist þess þörf.

Hvað varðar vöktun hreindýra hefur til viðbótar við hefðbundna vöktun Náttúrustofu Austurlands verið unnið að viðbótarvöktun. Í því felst kortlagning á burðarsvæði hreindýra, rannsóknir á gróðri á sumarbeitarsvæðum og vöktun hugsanlegra breytinga vegna beitar og rannsóknir á fari hreindýra með GPS-tækjum.

Landsvirkjun hefur einnig gert samstarfssamning við Landgræðsluna að framkvæmdum loknum varðandi leiðir til að draga úr og verjast áfoki úr Hálslóni og eins varðandi gróðurstyrkingu við Hálslón og tilraunasáningu melgresis. Þá gerðu sömu aðilar með sér samning vegna uppgræðsluaðgerða þar sem Landgræðslan tók að sér að afla upplýsinga, grunnkortlagningu og að halda gagnagrunn um framkvæmd verkefna.

Á árunum 2008–2009 vöktuðu starfsmenn Landsvirkjunar uppfok af ströndum Hálslóns. Einnig hafa farið fram rannsóknir á áhrifum uppfoks frá Hálslóni. Áform eru um frekari vöktun og stofnaður hefur verið verkefnahópur sem fylgist með þróun strandar lónsins og ákveður hvernig skuli bregðast við þróuninni með mótvægisaðgerðum sem vernda gróðurinn.

Landsvirkjun hyggst vakta strönd Hálslóns áfram í samræmi við skilyrði nr. 4 í úrskurði ráðuneytisins.

Stofnaður hefur verið Landbótasjóður Norður-Héraðs (nú Fljótsdalshéraðs) sem hefur það hlutverk að annast uppgræðslu og landbótaverkefni. Niðurstöður af framkvæmdum á vegum sjóðsins má sjá í ársskýrslum. Ráðgjafanefnd sjóðsins gerir landgræðsluáætlun og verkáætlun komandi árs og gerir sjóðsstjórn grein fyrir framgangi verkefna og hvort markmiðum hafi verið náð. Aðgerðir á vegum sjóðsins hafa staðið frá árinu 2003. Í Fljótsdalshreppi hefur verið stofnaður sambærilegur sjóður sem er þó nokkru minni. Markmið sjóðanna er að græða upp land a.m.k. til jafns við það sem tapast undir Hálslón, en uppgræðsluaðgerðir eru í höndum heimamanna með fjármagni frá Landsvirkjun.

6. *Hafa leyfisskyld efni, eða efnasambönd sem geta haft skaðleg áhrif á lífríkið, verið notuð til þess að hefta fok af bökkum Hálslóns og/eða til þess að þétta aðrennslisgöng virkjunarinnar? Ef svo er, hvaða efni hafa verið notuð og hvernig var staðið að leyfisveitingum og vöktun vegna þeirra?*

Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST) hafa Landsvirkjun og Landgræðslan leitað eftir samþykki Heilbrigðisnefndar Austurlands vegna nota á efnum á bökkum Hálslóns. Tekið er sérstaklega fram að efnunum sé ekki ætlað að hefta allt fok, heldur að koma í veg fyrir áfok, þ.e. að sandur eyði gróðri með áfoki. HAUST hefur veitt samþykki fyrir því að Landgræðslan og Landsvirkjun noti eftirfarandi efni: trjákvoðu, Flobond, þaramjöl, Soiltac og Emulsion (bikþeytu). HAUST tekur sérstaklega fram að heilbrigðisfulltrúi hafi farið u.þ.b. tvisvar sinnum árlega á vettvang og skoðað efnanotkunina og einnig hefur Landsvirkjun sent HAUST greinargerðir um efnanotkun á bökkum Hálslóns. Svo virðist sem nú hafi verið horfið frá notkun annarra efna en bikþeytunnar.

Varðandi notkun bergþéttiefna við gangagerð var ekki sótt um eða gefin út leyfi fyrir notkun bergþéttiefna samkvæmt upplýsingum frá HAUST. Gangagerðin sjálf er ekki leyfisskyld starfsemi samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Heilbrigðisfulltrúi HAUST skoðaði birgðir af efnum í geymslu í reglubundnu eftirliti með starfsstöðvum á virkjanasvæði og gekk eftir að öryggisblöð væru við geymslur til að starfsmenn gætu brugðist rétt við ef kæmi til mengunarslysa. Í nokkrum tilfellum voru gerðar athugasemdir við geymslur.

Mest var um að ræða efnavöru frá fyrirtækinu SIKA. Tæmandi listi yfir efni notuð við bergþéttingu á Kárahnjúkasvæðinu er ekki fyrirliggjandi hjá HAUST en HAUST fylgdist reglulega með fráveitu frá göngunum. Leki frá gangagerðinni varð mun meiri en við var búist og olíumengun í fráveituvatni allnokkur. HAUST mælti með því að sérstaklega yrði fylgst með Glúmsstaðadalsá vegna álags af seti og olíumengun. Landsvirkjun hefur falið Náttúrustofu Austurlands það verk og er lokaskýrsla væntanleg í kjölfar skoðunar sumarið 2011.

7. *Telur ráðherra, að fenginni reynslu af þeim vatnsárum sem virkjunin hefur verið í rekstri, vera þörf á viðvarandi mótvægisaðgerðum og ef svo er, hverjar eru þær þá helstar?*

Þær mótvægisaðgerðir sem eru nauðsynlegastar eru aðgerðir til að draga úr jarðvegsrofi og áfoki úr Hálslóni, þ.e. uppsetning verkfræðilegra áfoksvarna og aðrar aðgerðir til að draga úr jarðvegsrofi og áfoki og reglulegt viðhald og mat á virkni þeirra.

Fylgiskjal.

Úttekt Umhverfisstofnunar á framkvæmd skilyrða í úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar frá 20. desember 2001

Umhverfisstofnun hefur borist erindi umhverfisráðherra, dags. 30. mars 2010 þar sem þess er óskað að stofnunin geri úttekt á því hvernig þeim 20 skilyrðum sem umhverfisráðherra setti í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar frá 21. desember 2001 hefur verið framfylgt.

Við úttektina óskaði Umhverfisstofnun eftir umsögn Landsvirkjunar um hvort og jafnframt hvernig skilyrðum sem umhverfisráðherra setti í úrskurð um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar frá 21. desember 2001 hafi verið framfylgt. Jafnframt var með bréfum dagsettum 29. júlí 2010 óskað eftir umsögn leyfisveitenda og mati á því hvort skilyrðin hafi verið uppfyllt og með hvaða hætti. Einnig var óskað eftir upplýsingum um með hvaða hætti eftirlit fór fram og hvort beita hafi þurft þvingunarráðstöfunum. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um hvort framkvæmdaraðili hafi uppfyllt þau skilyrði sem leyfisveitendur settu umfram skilyrði umhverfisráðherra, hafi þau einhver verið. Leyfisveitendurnir voru þrír, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað og iðnaðarráðuneyti.

Í svörum iðnaðarráðuneytis dags. 29. september 2010 kemur fram að iðnaðarráðuneytið hafi skipað samstarfsnefnd eftirlitsaðila sem skipuð var fulltrúum iðnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis, Orkustofnunar, Fljótsdalshrepps, Fljótsdalshéraðs og Landsvirkjunar sem hélt nokkra fundi þar sem farið var yfir ýmis atriði tengd eftirliti með framkvæmdunum og því hvernig Landsvirkjun uppfyllti skilyrði fyrir framkvæmdum. Jafnframt kemur fram á að fundi samráðsnefndarinnar þann 2. september 2010 hafi verið farið yfir greinargerð Landsvirkjunar dagsett 12. apríl 2010 auk þess sem nefndarmönnum gafst færi á að skoða ýmis virkjunarmannvirki og mótvægisaðgerðir Landsvirkjunar vegna framkvæmdanna m.a. á grundvelli skilyrða umhverfisráðherra.

Hér á eftir er gerð grein fyrir hverju skilyrði fyrir sig og farið yfir svör framkvæmdaraðila, afstöðu leyfisveitenda og að lokum umfjöllun Umhverfisstofnunar og niðurstaða. Svör iðnaðarráðuneyti eru að finna í kafla II. enda var í svörum þeirra ekki tekin sérstök afstaða til einstakra þátta.

I. Skilyrði mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar.

Skilyrði 1:
Framkvæmdaraðila er gert að falla frá framkvæmdum við Hafursárveitu, Laugafellsveitu og Bessastaðaárveitu og Gilsárvötn. Framkvæmdaraðila er heimilt að breyta hönnun aðrennslisganga frá Hálslóni að stöðvarhúsi í Fljótsdal til að vega upp á móti minni orkuvinnslugetu vegna þessa skilyrðis og skilyrðis nr. 2.

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Landsvirkjun féll frá viðkomandi veitum og breytti hönnun ganga og telur sig hafa uppfyllt skilyrðið."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Vísað er í svar LV um tæknilega útfærslu. Ekki verður séð að breytt hönnun aðrennslisganga hafi haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Þær veitur sem skilyrðið vísar til eru utan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshéraðs."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Í virkjunarleyfi fyrir allt að 750 MW Kárahnjúkavirkjun sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti gaf út þann 2. september 2002 (fylgiskjal 3) kemur fram að í lögum nr. 38/2002 og uppdráttum af fyrirhuguðum mannvirkjum var fallið frá framkvæmdum við umræddar veitur.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili uppfyllt skilyrðið.

Skilyrði 2:
Framkvæmdaraðila er gert að falla frá framkvæmdum við Sultarrana- og Fellsárveitu. Jafnframt endurskoði framkvæmdaraðili fyrirkomulag á yfirfalli stíflu við Kelduá í þeim tilgangi að draga eins og kostur er úr þeim umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.
Framkvæmdaraðili skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands kanna gróður og fuglalíf í lónstæði fyrirhugaðs Kelduárlóns áður en framkvæmdir við annan áfanga hefjast.

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Breytingar voru gerðar á yfirfalli Kelduárlóns í þá veru að það var staðsett fast við stífluna að austanverðu með stuttri frárennslisleið, í stað þess að í upphafi var gert ráð fyrir því vestan stíflu með lengri frárennslisleið. Endurskoðun flóðareikninga gaf enn fremur tilefni til að minnka yfirfallið miðað við upphaflegar áætlanir.
Þar með telur Landsvirkjun sig hafa uppfyllt skilyrðið.

Landsvirkjun samdi við NÍ um rannsóknirnar og telur sig hafa uppfyllt skilyrðið.
Von er á skýrslu frá NÍ í vor."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Svör LV eru talin fullnægjandi og breyting sem gerð var í samræmi við skilyrði.
Ekki er lagt mat á úttekt (NÍ) um könnun á áhrifum á gróður og fuglalíf í lónstæði Kelduárslóns, þar sem skýrslan hefur ekki borist sveitarfélaginu."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Þær veitur sem skilyrðið vísar til eru utan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshéraðs."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Í virkjunarleyfi fyrir allt að 750 MW Kárahnjúkavirkjun sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti gaf út þann 2. september 2002 (fylgiskjal 3) kemur fram að fallið var frá framkvæmdum við Sultarrana- og Fellsárveitu og líkt og segir í svörum Landsvirkjunar voru gerðar breytingar á yfirfalli Kelduárlóns í samræmi við skilyrðið.
Tveir samningar hafa verið gerðir milli Landsvirkjunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna skilyrðis 2 um rannsóknir á fuglum. Sá fyrri var gerður þann 1. júlí 2005 og tók til þeirra verkhluta sem unnir voru á árinu 2005 (fylgiskjal 5). Seinni samningurinn var gerður þann 24. nóvember 2008 og náði til þeirra verkhluta sem unnir voru á árunum 2005-2008 (fylgiskjal 6). Markmið beggja samninganna voru rannsóknir og vöktun á völdum fuglastofnum á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar. Rannsóknirnar voru þríþættar, (1) fuglalíf í lónstæði Kelduárlóns, (2) vöktun á völdum fuglastofnum við Lagarfljót og á Úthéraði og (3) vöktun á heiðagæsavarpi og fjaðrafellistöðum heiðagæsa á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar.
Skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands um niðurstöður rannsókna hefur ekki verið gefin út. Varðandi gróðurrannsóknir kemur fram í fyrri samningnum sem gerður var milli Landsvirkjunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands (fylgiskjal 5) að Náttúrufræðistofnun mat það sem svo að til væru góð gögn um gróður sem Kelduárveita (Kelduárlón) gæti haft áhrif á. Er það mat Umhverfisstofnunar að síðari hluti skilyrðis um að kannaður skuli gróður og fuglalíf í lónstæði fyrirhugaðs Kelduárlóns áður en framkvæmdir við annan áfanga hefjist sé uppfylltur þrátt fyrir að skýrsla um niðurstöður rannsókna hafi ekki verið gefin út enda óumdeilt að þær fóru fram áður en framkvæmdir við annan áfanga hófust þó svo skýrsla hafi enn ekki verið gefin út og ekki eru sett sérstök tímamörk á útgáfu skýrslu.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið.

Skilyrði 3:
Fyrirkomulagi á yfirfalli úr Hálslóni eins og það er staðsett og hannað við stíflu í Desjárdal er hafnað. Hönnun aðalstíflu við Hálslón skal breyta þannig að yfirfallsvatn úr lóninu verði leitt í Hafrahvammagljúfur.

Breytt hönnun og fyrirkomulag stíflumannvirkja skal ekki leiða til meiri heildaráhrifa á umhverfi en sú hönnun og útfærsla sem framkvæmdaraðili fyrirhugar samkvæmt matsskýrslu, þ.e. kostur 2. Staðsetningu og gerð stíflumannvirkja verði ekki breytt meira en þörf krefur til að fullnægja ofangreindu skilyrði.

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Landsvirkjun breytti hönnun í samræmi við skilyrðið og telur sig hafa uppfyllt skilyrðið."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Er utan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Tilhögun yfirfalls vegna Kárahnjúkavirkjunar var breytt með þeim hætti að yfirfall var ekki um Desjárdal. Sú breyting sem gerð var á hönnun fól í sér að yfirfallsmannvirki voru hönnuð við aðalstífluna. Á vegum Fljótsdalshéraðs fór fram umfjöllun um nýja hönnun yfirfallsmannvirkja. Sérstaklega var sjónum beint að hugsanlegu rofi í Hafrahvammagljúfri. Fljótsdalshérað hefur byggt á því að framkvæmdaaðila hafi tekist að mæta umræddu skilyrði. Eðli máls samkvæmt þarf þó að huga að mannvirkjunum til framtíðar þar sem miklir kraftar verka á þau."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Í virkjunarleyfi fyrir allt að 750 MW Kárahnjúkavirkjun (fylgiskjal 3) segir: „Þá hefur fyrirkomulagi á yfirfalli úr Hálslóni verið breytt þannig að yfirfallsvatni verður veitt um göng framhjá Kárahnjúkastíflu í Dimmugljúfur neðan stíflunnar, svo sem kveðið er á um í úrskurði umhverfisráðherra." Umhverfisstofnun telur að fyrri hluti skilyrðisins hafi verið uppfylltur að fullu sbr. virkjanaleyfi og að breytt hönnun og fyrirkomulag stíflumannvirkja hafi ekki leitt til meiri heildaráhrifa á umhverfi en sú hönnun og útfærsla sem framkvæmdaraðili fyrirhugar samkvæmt matsskýrslu.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið.

Skilyrði 4:
Aðgerðir framkvæmdaraðila til að minnka jarðvegsrof og áfok úr Hálslóni skulu miðast við að hvergi myndist áfoksgeirar meðfram jöðrum Hálslóns í hönnunarstormi með 50-100 ára endurkomutíma.
Í samræmi við það skal framkvæmdaraðili vinna heildstæða áætlun sem sýnir nákvæma útfærslu aðgerða og mat á virkni þeirra. Aðgerðirnar skulu m.a. fela í sér eftirfarandi atriði:

a) Stjórnun vatnsborðsbreytinga í Hálslóni, þ.e. forgangsröðun við fyllingu lóna.
b) Uppsetningu og virkni verkfræðilegra rof- og áfoksvarna miðað við hönnunarstorm með 50-100 ára endurkomutíma.

c) Stjórnun og aðgerðir vegna stöðvunar áfoksgeira, gróðurverndar og uppgræðslu á svæðum sem verða fyrir áhrifum.
d) Sívirkt eftirlit og mat á virkni mótvægisaðgerðanna.

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Landsvirkjun hefur í samvinnu við Landgræðslu ríkisins tekið saman greinargerð um stöðu rofvarna við Hálslón (LV-2010/049) þar sem gerð er grein fyrir því hvernig Landsvirkjun hefur unnið að því að uppfylla skilyrði nr. 4.
Er hér vísað til þeirrar greinargerðar en jafnframt gefið stutt yfirlit um hvernig ofangreind skilyrði hafaverið uppfyllt.

a) Stjórnun vatnsborðs
Á vorin er snjóa og ís hefur leyst úr lónstæðinu verður að jafnaði nokkuð langt í að lónið fyllist, sem áætlað er að verði að jafnaði í ágústmánuði annað hvert ár.

Til að minnka þann tíma sem strönd Hálslóns er á þurru hefur verið ákveðið að geyma vatnsforða Landsvirkjunar í Hálslóni, en hann var áður geymdur í Þórisvatni. Þá mun Hálslón fá forgang varðandi vatnssöfnun ár hvert, þegar séð er að öll lón Landsvirkjunar muni fyllast.

b) Áfoksvarnir
Þær áfoksvarnir sem nú hafa verið settar upp eru fullnægjandi miðað við útreikninga Verkfræðistofunnar Vatnaskil á því hversu mikils áfoks megi vænta í „hönnunarstormi".

c) Stöðvun áfoksgeira, gróðurvernd og uppgræðsla
Landgræðslan og Landbúnaðarháskóli Íslands hafa staðið að umfangsmiklum tilraunum varðandi uppgræðslu með melgresi og áburðargjöf til styrkingar gróðurs. Þá er hafin uppgræðsla gróðurvana lands við Hálslón í samvinnu við Landgræðsluna.

d) Sívirkt eftirlit og mat á virkni mótvægisaðgerðanna
Landsvirkjun hefur unnið að þróun mótvægisaðgerða og nauðsynlegum rannsóknum í nánu samstarfi við Landgræðslu ríkisins og Landbúnaðarháskóla Íslands. Vísast til umfjöllunar um þau mál til áður nefndrar greinargerðar.

Landsvirkjun hefur nú unnið að gerð og þróun mótvægisaðgerða og margvíslegum tilraunum til að uppfylla skilyrði 4 frá árinu 2002 og gerð mótvægisaðgerða frá árinu 2005. Hefur þessi starfsemi verið umfangsmikil og hafa fjölmargir sérfræðingar Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins komið að þessu verki, auk erlendra sérfræðinga.

Kostnaður vegna rannsókna og áfoksvarna er orðinn um 490 mkr á núverandi verðlagi og í sumar er áætlað að kosta 65 mkr til vöktunar, rannsókna og aðgerða á strönd Hálslóns. Ströndin verður vöktuð áfram í samræmi við skilyrðið.

Landsvirkjun telur sig hafa uppfyllt þetta skilyrði."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Er utan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps. Bent er á að mikilvægt sé að áfram verði hugað vel að þessu skilyrði enda miklir hagsmunir í húfi að skaðlegar afleiðingar af foki verði sem minnstar meðal annars á gróðri í afrétti sveitarfélagsins á Vesturöræfum."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Á vegum Fljótsdalshéraðs hefur verið fylgst með vinnu á þessu sviði s.s. með umfjöllun um áætlanir framkvæmdaaðila sem lýst er í skýrslu LV og framkvæmdir á grundvelli þeirra. Fljótsdalshérað telur að Landsvirkjun hafi tekist að mæta þessu skilyrði. Árangur af aðgerðum á grundvelli áætlana skipta þó mestu máli að áliti Fljótsdalshéraðs. Það mun tíminn leiða í ljós, en ekki er unnt að draga almennar ályktanir af þeim 2-3 vatnsárum sem liðin eru í rekstri virkjunarinnar."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Landsvirkjun hefur átt samstarf við fjölmarga aðila vegna skilyrðis 4, m.a. Landgræðslu ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands, Jarðfræðistofuna Stuðul og Verkfræðistofu Austurlands og hafa verið gerðir fjölmargir samstarfssamningar vegna þess.

a) Í skýrslunni *Staða rofvarna við Hálslón* (fylgiskjal 7) segir að dregið hafi verið úr vatnsborðsbreytingum í Hálslóni, og þar með þeim tíma sem strönd Hálslóns er á þurru, frá upphaflegum áætlunum um 10 m með því að geyma varavatnsforða Landsvirkjunar í Hálslóni í stað Þórisvatns líkt og áður var gert.

b) Við hönnun verkfræðilegra áfoksvarna var stuðst við mat Verkfræðistofunnar Vatnaskil sem unnið var á árunum 2003-2007. Niðurstöðum þess er lýst í skýrslunni *Hálslón. Reikningar á vindrofi á bökkum Hálslóns* (fylgiskjal 8). Þar er gerð grein fyrir hversu mikils áfoks má vænta í hönnunarstormi og hvar á ströndinni. Þeim verkfræðilegu áfoksvörnum sem settar hafa verið upp er lýst í skýrslunni *Staða rofvarna við Hálslón* (fylgiskjal 7). Á árunum 2005-2006 voru grafnar gryfjur til að taka við foksandi sem borist getur af ströndinni yfir mesta áfokssumar á 50 ára tímabili. Árið 2008 var bætt við fleiri gryfjum og árið 2009 var hluti sandgryfjanna sem höfðu skemmst í öldurót lagfærðar og strandbakkinn neðan þeirra varinn grjóti þar sem þörf var á. Einnig hafa verið settar upp fokgirðingar og hafa Landsvirkjun og Landgræðsla ríkisins gert með sér fjölda samninga og samkomulaga vegna þeirra. Í samkomulagi sem Landsvirkjun og Landgræðsla ríkisins gerðu sín á milli þann 19. janúar 2004 (fylgiskjal 9) tekur Landgræðslan að sér upplýsingaöflun og rannsóknir á virkni fokgirðinga. Í öðru

samkomulagi milli sömu aðila, gert þann 1. júlí 2005 um samstarf og rannsóknir á virkni fokgirðinga við Hálslón (fylgiskjal 10), tekur Landgræðslan að sér innkaup á fokgirðingarefni, uppsetningu á girðingum og rannsóknir á virkni þeirra. Niðurstöðum þessara rannsókna er lýst í skýrslunni *Rannsóknir á virkni fokgirðinga – Lokaskýrsla til Landsvirkjunar* sem gefin var út í mars árið 2008 (fylgiskjal 11). Þann 16. júní 2009 gerðu Landsvirkjun og Landgræðsla ríkisins svo samning um uppsetningu rofvarnargirðingar og gróðurstyrkingu við Hálslón (fylgiskjal 12). Settar voru upp fokgirðingar beggja megin við Kringilsá sumarið 2009 en þegar skýrslan *Staða rofvarna við Hálslóni* (fylgiskjal 7) kom út hafði ekki reynt á virkni girðinganna. Í sömu skýrslu kemur fram að sumarið 2010 var áætlað að gera tilraun með að nota jarðvegsbindiefni til að binda sandinn efst á ströndinni þannig að minna reyni á fokgirðingar ef til aftakaveðra kæmi.

c) Árið 2003 gerðu Landsvirkjun og Landgræðsla ríkisins með sér samkomulag um samstarf vegna uppgræðsluaðgerða á virkjunarsvæði við Kárahnjúka (fylgiskjal 13). Samkomulagið fól í sér að Landgræðslan tók að sér upplýsingaöflun og grunnkortlagningu á fyrirhuguðum uppgræðslusvæðum og að halda skrá yfir þær aðgerðir sem unnar eru á uppgræðslusvæðinu.
Frá árinu 2005 hefur Landsvirkjun unnið að þróun aðferða til að binda jarðveg þannig að hann verði rofþolinn. Til þess hefur Landsvirkjun haft samráð við Olivier Berney, sérfræðing hjá FAO, Landgræðsluna, Björn Sigurbjörnsson, Verkfræðistofu Austurlands og Jarðvegsstofuna Stuðul (fylgiskjal 7). Olivier Berney skilaði m.a. greinargerð sem fjallaði um hvernig hindra mætti rof á strönd Hálslóns með vökvun og í kjölfarið var gerð greinargerð með tillögum um hvaða möguleika skyldi skoða varðandi jarðvegsbindingu strandarinnar, *Hefting áfoks úr Hálslóni með vökvun lónstæðis* (fylgiskjal 14). Árið 2007 skilaði Berney skýrslu ásamt Óla Metúsalemssyni (Verkfræðistofu Austurlands) og Birni Jóhannssyni (Jarðfræðistofunni Stuðli), *Kárahnjúkar HEP Mitigating Wind Erosion around Hálslón Reservoir by Irrigation* (fylgiskjal 15) þar sem gerðar voru tillögur um aðferðir sem reyna skyldi. Í kjölfar þess gerði Landsvirkjun samning við Landsgræðslu ríkisins þann 1. nóvember 2007 þess efnis að Landgræðslan tók að sér rannsóknir á virkni jarðvegsbindiefna og vökvunar til að draga úr áfoki úr Hálslóni (fylgiskjal 16). Þann 2. nóvember 2006 gerðu sömu aðilar með sér samkomulag um samstarf um rannsóknir á virkni bindiefna til að hefta áfok úr Hálslóni (fylgiskjal 17) og þann 21. maí 2008 var gerður annar samningur um framkvæmd vökvunar til að hefta áfok úr Hálslóni (fylgiskjal 18). Ennfremur var gerður samningur, dags. 29. júlí 2009, milli sömu aðila um rofvarnaraðgerðir við Hálslón (fylgiskjal 19) þar sem fram kemur að Landgræðslan mun hafa yfirumsjón fyrir hönd Landsvirkjunar með þeim framkvæmdum og rannsóknum sem unnar verða til að draga úr og verjast áfoki úr Hálslóni í samstarfi við Verkfræði- og jarðfræðistofuna Stuðul.

Eftir þessa vinnu hefur Landsvirkjun yfir að ráða bindiefninu bikþeytu sem bindur jarðveginn vel og fundist hefur hentug leið til að dreifa því sé um takmarkað svæði að ræða (fylgiskjal 7). Í júní 2010 gerðu sömu aðilar svo með sér samning nr. 1071 í framhaldi af nokkrum samstarfssamningum um rofvarnaraðgerðir við Hálslón 2010 (fylgiskjal 20) þar sem fram kemur að Landgræðslan muni hafa yfirumsjón fyrir hönd Landsvirkjunar með þeim framkvæmdum og rannsóknum sem unnar verða til að draga úr og verjast áfoki frá Hálslóni í samstarfi við verkfræði- og jarðfræðistofuna Stuðul. Á sama tíma gerðu sömu aðilar með sér annan samning um gróðurstyrkingu við Hálslón (fylgiskjal 21) þar sem fram kemur að Landgræðsla ríkisins mun fyrir hönd Landsvirkjunar sjá um gróðurstyrkingu á austurströnd Hálslóns ofan við Desjárstíflu. Landsvirkjun hefur, fyrst í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og síðar Landgræðsluna, staðið fyrir tilraunasáningum á melgresi á völdum svæðum og hafa verið gerðir tveir samningar um rannsóknir á melgresi við Hálslón (fylgiskjöl 22 og 23) milli Landsvirkjunar og Landgræðslu ríkisins. Tilgangur rannsóknanna er að kanna hvort unnt sé að stöðva framrás áfoksgeira sem berst inn á gróið land í aftakaveðri með því að sá melgresi í hann. Gert er ráð fyrir að umræddum rannsóknum ljúki árið 2011.
Árið 2009 var borið á 255 ha svæði austan við Hálslón til að styrkja gróður sem fyrir var á svæðinu með það að markmiði að staðargróður myndi geta tekið við hugsanlegu áfoki úr Hálslóni. Landgræðslan hafði umsjón með verkinu og fylgdist með framkvæmd þess. Áformað var að endurtaka áburðargjöfina sumarið 2010 með minni skammti af áburði auk þess að bera á ný svæði, u.þ.b. 100 ha, sem ákveðin verða í samráði við Landgræðsluna (fylgiskjal 7).

d) Sumrin 2008 og 2009 var uppfok af strönd Hálslóns skráð af starfsmönnum Landsvirkjunar. Jafnframt hefur Victor Helgason jarðfræðingur notað loftmyndir til að sjá meginupptök moldroks á Norðausturlandi í því skyni að átta sig á hversu mikil áhrif uppfokið af strönd Hálslóns hefur. Áformað er að halda áfram vöktun strandar Hálslóns með tilliti til rofs og hafa verið settar fram tillögur um vöktun (fylgiskjal 7). Jafnframt hefur verið stofnaður verkefnahópur sem fylgist með þróun strandar Hálslóns og ákveður hvernig brugðist skuli við þróuninni með mótvægisaðgerðum sem vernda gróðurinn. Í skýrslunni *Staða rofvarna við Hálslón* (fylgiskjal 7) eru settar fram tillögur um vöktun. Þær eru meðal annars að kanna hvort nýir uppfoksstaðir hafi myndast, taka loftmyndir til að fá heildarmynd af breytingunum, gera vöktunaráætlun um svæðið kringum Kringilsá o.fl.

Framkvæmdaraðili hefur útbúið heildstæða áætlun í samræmi við liði a til d í skilyrði 4. Umhverfisstofnun metur það svo að þeir hafi uppfyllt kröfur skilyrðisins um nægilegan undirbúning til að tryggja eins og unnt er að ekki myndist áfoksgeirar. Hins vegar er ljóst að sífellt verður að vinna í þessari áætlun miðað við reynslu af framkvæmdum. Því er um að ræða skilyrði sem er í eðli sínu þannig að það krefst áframhaldandi vinnu þannig að aðgerðir

framkvæmdaraðila tryggi að hvergi myndist áfoksgeirar meðfram jöðrum Hálslóns í hönnunarstormi með 50-100 ára endurkomutíma. Framkvæmdaraðili hefur unnið heildstæða áætlun sem sýnir útfærslu aðgerða og mat á virkni þeirra auk þess sem hafnar eru aðgerðir til samræmis við lið a-d. Umhverfisstofnun tekur undir með Fljótsdalshéraði ekki sé hægt að draga almennar ályktanir af þeim 2-3 vatnsárum sem liðin eru í rekstri virkjunarinnar hvernig árangur verði af verkefninu, um sé að ræða langtímaverkefni sem framkvæmdaraðili þarf að sinna til framtíðar.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið að því marki sem hægt er.

Skilyrði 5:
Framkvæmdaraðili skal tryggja að umfang og eðli rofs og annarrar röskunar gróðurs á áhrifasvæði virkjunarinnar utan Hálslóns verði ekki meira með tilkomu hennar að teknu tilliti til mótvægisaðgerða en það er áður en framkvæmdir hefjast. Í samræmi við það skal framkvæmdaraðili vinna áætlun um aðgerðir svo sem uppgræðslu- og landbótaaðgerðir á áhrifasvæði virkjunarinnar utan Hálslóns og viðmiðunarmörk fyrir rof og þá röskun sem áhrif framkvæmdarinnar miðast við.

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Í greinargerð Landsvirkjunar með stjórnsýslukæru kemur fram að sérstakar nefndir hafi verið skipaðar af sveitarstjórn Norður-Héraðs og Landsvirkjunar sem unnið hafa að tillögum að uppgræðslu. Þær aðgerðir sem lagðar til eru eftirfarandi:

a) Uppgræðsla um 20 km^2 af aurum Jökulsár á Dal í Jökulsárhlíð og Hróarstungu.
b) Uppgræðsla áreyra í Jökulsá á Dal milli Hvannár og Hjarðarhaga (1-2 km^2).
c) Uppgræðsla áreyra neðan Hnitasporðs (um 2 km^2).
d) Stöðvun gróðureyðingar ofan við samfelldan gróður í dölum og daladrögum á Vesturöræfum og Brúardölum.

Í umfjöllun ráðuneytis um þetta skilyrði segir:

> *Ráðuneytið telur mikilvægt að bæta eins og kostur er fyrir það gróðurlendi sem fer undir Hálslón. Ráðuneytið tekur undir með framkvæmdaraðila um að fyrirtækið komi að aðgerðum í landbótum til að vega á móti áhrifum Hálslóns á gróður og vistgerðir og í því sambandi ber að leggja áherslu á að græða upp rofjaðra, moldir og mela ofan við samfelldan gróður í dölum og daladrögum á Vesturöræfum og Brúardölum.*

Með bréfi 3. maí 2002 fór Landsvirkjun fram á að sveitarstjórn Norður Héraðs skipaði mann í þriggja manna ráðgjafanefnd með Landsvirkjun og Landgræðslunni til að móta tillögur um framkvæmd ofangreindra verkefna. Bréfinu fylgdu drög að starfslýsingu. Þessi nefnd var síðan

skipuð í tengslum við heildarsamkomulag milli N-Héraðs og Landsvirkjunar um ýmis mál sem tengjast Kárahnjúkavirkjun. Í því samkomulagi fólst m.a. ákvörðun um framlag til uppgræðslu- og landbótaverkefna.

Til þess að annast þessi uppgræðslu- og landbótaverkefni hefur N-Hérað stofnað sjóð; Landbótasjóður N-Héraðs. Framlag til hans er umsamið framlag Landsvirkjunar að viðbættum öðrum framlögum sem honum kann að áskotnast auk vaxta af óráðstöfuðu fé sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara, skipuðum af sveitarstjórn til fjögurra ára í senn. Með sjóðsstjórn starfar sú þriggja manna ráðgjafanefnd sem skipuð var í samræmi við áðurnefndan samning N-Héraðs og Landsvirkjunar. Mun ráðgjafanefndin vinna landgræðsluáætlun til lengri tíma fyrir sjóðsstjórn en auk þess leggja árlega fram tillögur að verkáætlun hvers komandi árs ásamt rökstuddri kostnaðaráætlun. Ráðgjafanefndin mun auk þess í lok hvers árs gera sjóðsstjórninni grein fyrir framgangi verkefna og hvort markmiðum sjóðsins hefur verið náð.

Aðgerðir eru annars vegar samkvæmt árlegum áætlunum sjóðsins og hins vegar styrkir til bænda vegna aðgerða á þeirra lendum, en þær aðgerðir eru minniháttar miðað við þær fyrrnefndu. Aðgerðirnar felast í dreifingu áburðar og grasfræs, og hafa staðið frá 2003.

Alls hefur verið dreift (2008) um 1.300 tonnum af áburði og um 4.300 kg af fræi. Hin síðari ár hefur áburði fyrst og fremst verið dreift á svæði þar sem uppgræðsla var þegar hafin, en nýgræður eru rösklega 2.000 ha. Árið 2007 hófst uppgræðsla á áreyrum Jöklu á Héraði, og voru þar notuð um 3.100 kg af fræi, en um 1.200 hafa farið á heiðarlöndin.

Landbótasjóður gerir árlega grein fyrir aðgerðum liðins ár og kostnaði við þær ásamt áætlun fyrir komandi ár [sbr. Ársskýrsla Landbótasjóðs Norður Héraðs frá 2008 – *innsk. Umhverfisstofnunar*].

Í texta þeim sem fylgir skilyrði umhverfisráðuneytisins er eingöngu fjallað um Hálslón, en Landsvirkjun hefur gert ráðstafanir til að bæta einnig fyrir tap gróðurlenda vegna Ufsar- og Kelduárlóns og rask sem hlýst af framkvæmdum við Jökulsár- og Hraunaveitu.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hefur stofnað hliðstæðan sjóð; Landbótasjóður Fljótsdalshrepps. Þessi sjóður er minni en sá fyrrnefndi.

Úthlutun úr sjóðnum hófst 2007 og hefur verið veitt bændum til uppgræðslu á þeirra lendum.

Auk þessara samninga við sveitarfélögin um framkvæmd aðgerða, hefur Landsvirkjun gert samkomulag við Landgræðslu ríkisins um samstarf vegna uppgræðsluaðgerða á virkjunarsvæði við Kárahnjúka. Framlag Landgræðslunnar felst m.a. í að afla upplýsinga, grunnkortlagningu og

að halda gagnagrunn um framkvæmd verkefnanna. Innifalið í þessum samningi er kostnaður af þátttöku Landgræðslunnar í ráðgjafanefnd.

Þar með telur Landsvirkjun sig hafa uppfyllt skilyrðið."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Að svo miklu leyti sem skilyrðið snýr að Fljótsdalshreppi telur sveitarfélagið að LV hafi uppfyllt sína skyldu. Stofnaður var sjálfseignasjóður árið 2003 fyrir framlag frá Landsvirkjun vegna skerðingar og rýrnunar gróðurlendis innan marka Fljótsdalshrepps vegna byggingar og reksturs Kárahnjúkavirkjunar. Hlutverk sjóðsins er að veita framlög og standa fyrir uppgræðslu og landbótum innan marka Fljótsdalshrepps.
Fyrsta úthlutunarár úr sjóðnum var árið 2007. Sjóðurinn skilar árlega ársskýrslu og ársreikningi til Ríkisendurskoðunar. Rétt er að fram komi að Landbótasjóður Fljótsdalshrepps er langtum minni að vöxtum en Landbótasjóður Norður-Héraðs og því eðlilegt að sjóðirnir og framkvæmd gróðurbóta sé með mismunandi hætti.
Þá gerðu sveitarstjórn og LV með sér samkomulag um aðgerðir vegna vatnsborðshækkunar í Fljótsdal vegna veitu Jökulsár á Dal yfir í Fljótsdal. Mótvægisaðgerðir beindust að láglendi í dalnum og höfðu að markmiði að aðstaða til búskapar á jörðum sem fyrir áhrifum af hækkun vatnsborðs versnaði ekki. LV og landeigendur gerðu með sér nánari samning um hvernig að framkvæmdum skyldi staðið. Framkvæmdum er lokið."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Í skýrslu LV er vísað til stofnunar Landbótasjóðs Norður-Héraðs, m.a. byggt á framlögum frá Landsvirkjun, með markmið um uppgræðslu- og landbætur. Auk starfa stjórnar sjóðsins hefur sérstök ráðgjafarnefnd um uppgræðslu starfað með sjóðnum. Ráðgjafarnefndin hefur mótað stefnu í uppgræðslu sem Landbótasjóðurinn vinnur að.

Fljótsdalshérað telur að framkvæmdaraðila hafi tekist vel að mæta umræddu skilyrði. Sem dæmi má nefna að áhrif virkjunarinnar og samspil við veðurfarslega þætti leiddu til foks af eyrum Jökulsár á Dal á láglendi. Einn þáttur í mótvægisaðgerðum hefur snúið að tilraunum til uppgræðslu áreyranna."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Líkt og fram kemur í svörum Landsvirkjunar um framkvæmd skilyrða í úrskurðarorðum umhverfisráðherra kemur fram að sérstakar nefndir voru skipaðar af sveitastjórn Norður-Héraðs (nú Fljótsdalshérað) sem unnu tillögur að uppgræðslu. Í greinargerð um efnislega þætti stjórnsýslukærunnar (fylgiskjal 25) kemur fram að slíkar uppgræðsluaðgerðir eru á forræði heimamanna með þátttöku Landsvirkjunar og á hennar kostnað. Í kjölfar þess að nefndirnar voru stofnaðar var Landbótasjóður Norður-Héraðs stofnaður fyrir framlag Landsvirkjunar með það að aðalmarkmiði að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapast undir Hálslón

auk þess að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal. Framkvæmdir Landbótasjóðs árið 2008 fólust í dreifingu á áburði og fræi á lítt gróið land og styrkingu á eldri sáningum og áburðardreifingu. Þeim aðgerðum er nánar lýst í ársskýrslu Landbótasjóðs Norður-Héraðs frá 2008 (fylgiskjal 26). Fengist var við sömu verkefni árið 2009 og er þeim nánar lýst í ársskýrslu Landbótasjóðs Norður-Héraðs frá 2009 (fylgiskjal 27).
Eins og fram kemur í svörum Landsvirkjunar og Fljótsdalshrepps hefur verið stofnaður hliðstæður sjóður í Fljótsdalshreppi; Landbótasjóður Fljótsdalshrepps, sem er þó mun minni en Landbótasjóður Norður-Héraðs.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið.

Skilyrði 6:
Framkvæmdaraðili skal gera viðbragðs- og aðgerðaáætlun við neyðarástandi. Í áætluninni skal gera grein fyrir eftirfarandi atriðum:

a) Helstu neyðaraðstæðum sem upp kunna að koma
b) Svæði, mannfjölda og verðmæti sem geta verið í hættu við slíkar aðstæður
c) Aðgerðir til að bregðast við slíkum aðstæðum
d) Aðgerðir til að vara við, vernda, stýra, rýma eða annars sem talið er nauðsynlegt til að vernda líf og verðmæti.

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Gert var áhættumat mannvirkja Kárahnjúkavirkjunar, sem fyrst var útgefið 2001 (LV-2001/006), en síðar endurskoðað vegna nýrrar þekkingar á jarðfræði svæðisins árið 2006 (LV-2006/054). Samhliða áhættumatinu var unnin skýrsla um möguleg flóð vegna stíflurofs stíflna Kárahnjúkavirkjunar (LV-2001/010), sem einnig var endurskoðað árið 2006 (LV-2006-055). Í niðurstöðum er tiltekið að unnin yrði viðbragðsáætlun Landsvirkjunar vegna stíflurofs í samvinnu við almannavarnir (LV-2006/056) og að komið verði upp farsímasambandi á mögulegu flóðasvæði, sem nú er komið á. Sett hafa verið upp viðvörunar- og upplýsingaskilti á svæðinu.

Í áhættumatinu koma fram upplýsingar um alla þá þætti sem krafist er að gerð sé grein fyrir í „Viðbragðs og aðgerðaráætlun við neyðarástandi“. Í viðbragðsáætluninni koma fram nánari upplýsingar um aðgerðir Landsvirkjunar.

Í kjölfar áhættumatsins kom út skýrsla um viðbragðsáætlun Landsvirkjunar (LV-2006/0056) og einnig ritaðar og uppfærðar ýmsar leiðbeiningar, viðbragðsáætlanir og gátlistar sem lúta að forvörnum, svo sem er varða stíflueftirlit og vöktun boða frá stíflum Hálslóns. Skjöl þessi eru vistuð í gæðakerfi Landsvirkjunar og uppfærð reglulega.

Áhættumatið var kynnt Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra (AVD) og íbúum svæðisins. Viðbragðsáætlunin var unnin í samvinnu við AVD, sem hafði forgöngu um kynningu hennar fyrir almannavarnanefnd svæðisins. AVD og almannavarnanefnd svæðisins unnu síðan sínar áætlanir í kjölfarið.

Æfing viðbragðsáætlunar Landsvirkjunar, með þátttöku neyðarstjórnar og starfsmanna Landsvirkjunar, almannavarna svæðisins, AVD og íbúa svæðisins var haldin vorið 2007. Í kjölfar æfingarinnar var viðbragðsáætlunin uppfærð og unnið að frekar uppbyggingu upplýsingagjafar á svæðinu.

Þar með telur Landsvirkjun sig hafa uppfyllt skilyrðið."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Ólokið er við viðbragðsáætlanir/rýmingaráætlanir vegna stíflurofs hvað varðar Kelduár- og Ufsarlón sem eru í Fljótsdalshreppi. Ekki er til heildstæð viðbragðs- og neyðaráætlun í Fljótsdal varðandi mögulegt stíflurof. Símasambandi (gsm) ábótavant og ekki hægt að byggja á því við boðun vegna neyðarástands. Eins og þetta horfir við sveitarfélaginu er ekki ljóst að þetta skilyrði hafi verið uppfyllt að fullu. Ekki er tekin afstaða til þess hver eða hverjir bera ábyrgð á þeim þáttum sem ólokið er."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„ Landsvirkjun hefur átt samráð við Fljótsdalshérað og almannavarnarnefnd svæðisins varðandi viðbragðsáætlun vegna stíflurofs Hálslóns. Í skýrslu LV er gerð grein fyrir þeim áætlunum sem það starf hefur grundvallast á. Fljótsdalshérað telur að tekist hafi að uppfylla skilyrðið að því er varðar Fljótsdalshérað, en áréttar að nauðsynlegt sé að viðhalda virkni viðbragðsáætlunar. Eftirfylgni með því verður í höndum almannavarnarnefndar og framkvæmdaraðila. Af hálfu Fljótsdalshéraðs hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu GSM-sambands á mögulegu áhrifasvæði stíflurofs, enda verði með því stuðlað að öruggri framkvæmd viðbragðsáætlunar."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Árið 2001 var gefin út skýrslan Kárahnjúkavirkjun – Mat á áhættu vegna mannvirkja. Þar er gerð grein fyrir helstu neyðaraðstæðum sem upp kunna að koma og helstu ástæðum. Í skýrslunni er jafnframt lagt mat á hættu fólks á mögulegu flóðasvæði. Áhættumatið var endurskoðað í kjölfar nýrrar þekkingar á jarðfræði svæðisins og gefin út skýrslan Kárahnjúkavirkjun – Mat á áhættu vegna mannvirkja – Endurskoðun árið 2006 (fylgiskjal 28). Þar er gerð grein fyrir þeim atburðum sem taldir eru geta ógnað öryggi stíflumannvirkjanna, afleiðingum hugsanlegs stíflurofs og flóða af þeirra völdum. Loks er gerð grein fyrir viðbúnaði og viðbrögðum og viðbúnaði vegna mögulegs stíflurofs og flóða af þess völdum.
Árið 2006 gaf Landsvirkjun einnig út skýrsluna Neyðarstjórn Landsvirkjunar. Skýrsla vinnuhóps um viðbragðsáætlun vegna rofs stíflna Kárahnjúkavirkjunar (fylgiskjal 29) þar sem fjallað er um

atriði sem kveðið er á um í skilyrðinu. Fram kemur að skjölin sem skýrslan byggir á eru vistuð í gæðakerfi Landsvirkjunar og uppfærð reglulega.
Umhverfisstofnun óskaði eftir afstöðu Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra til fram kominna upplýsinga og kemur fram í svörum þeirra að áhættumat Landsvirkjunar var kynnt Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra og íbúum svæðisins. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur síðan verið í samstarfi við almannavarnayfirvöld og sveitarfélög á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar og Landsvirkjun um gerð viðbragðsáætlana. Sú vinna hófst með gerð viðbragðsáætlunar vegna Hálslóns og lauk vinnu við þá áætlun árið 2007 og hefur hún verið kynnt. Sú áætlun var uppfærð árið 2009 (fylgiskjal 30). Að sögn Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra er vinna við gerð viðbragðsáætlunar fyrir Kelduár- og Ufsarlón enn í gangi, en stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið í desember n.k. Umhverfisstofnun óskaði eftir athugasemdum framkvæmdaraðila varðandi viðbragðsáætlun fyrir Kelduár- og Ufsarlón. Í þeim kemur fram að framkvæmdaraðili hefur látið vinna viðbragðsáætlun vegna Kelduársstíflu og Ufsarstíflu sbr. LV-2005/056 bls. 30-33 (fylgiskjal 54). Umhverfisstofnun minnir á að skilyrðið kveður á um skyldu framkvæmdaraðila til að gera viðbragðs- og aðgerðaáætlun en að opinberir aðilar hafa jafnframt ríkum skyldum að gegna við gerð þeirra. Samvinna hefur verið milli lögbærra aðila um framkvæmd þessa skilyrðis. Umhverfisstofnun lítur svo á að Landsvirkjun hafi lokið sínum þætti við gerð viðbragðsáætlana og því uppfyllt framangreint skilyrði.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið.

Skilyrði 7:
Ekki er fallist á fyrirhugað efnisnám í Hvannstóðsfjöllum. Framkvæmdaraðili skal tilgreina annan mögulegan efnistökustað, t.d. í Lambafellstagli.
Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili í samráði við Náttúruvernd ríkisins vinna nákvæma áætlun um námur, haugsvæði og vega- og slóðagerð og með hliðsjón af þeim breytingum sem felast í þessum úrskurði leitast við að lágmarka enn frekar umhverfisáhrif framkvæmdanna. Í áætluninni skal gerð grein fyrir staðsetningu, umfangi, fyrirkomulagi, nýtingu og frágangi efnistökustaða og haugsvæða og allra vega og vegslóða. Efnistöku- og notkunarstaðir og magn efnis skal tilgreint.

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Efni í grjótvörn var tekið í Lambafellstöglum í samræmi við úrskurð umhverfisráðherra.

Fyrir efnisnámi og haugsetningu er gerð nánari grein í skýrslum sem unnar voru í samvinnu við Umhverfisstofnun, annars vegar vegna fyrri áfanga virkjunarinnar og hins vegar fyrir framkvæmdir vegna Fljótsdals og Hraunaveitu. Umhverfisstofnun tilnefndi tengilið og eftirlitsmann, en undir hann eru borin öll frávik frá upphaflegum áætlunum um efnistöku og frágang.

Þar með telur Landsvirkjun sig hafa uppfyllt skilyrðið."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Þegar aðalframkvæmdaleyfi var gefið út hafði skilyrði ekki verið uppfyllt vegna Kelduár- og Hraunaveitu og var því gert að skilyrði af hálfu sveitarfélagsins að óheimilt væri að hefja framkvæmdir við umræddar veitur fyrr en skilyrðið hvað þær varðaði hefði verið uppfyllt. LV skilaði fullnægjandi skýrslu vegna þessa áður en framkvæmdir á hófust við veiturnar og því hefur bæði skilyrði úrskurðarins og sérstakt skilyrði sveitarfélagsins verið uppfyllt."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Um framkvæmd þessa skilyrðis er vísað til framkvæmdaleyfis Norður Héraðs, en áætlanir samkvæmt skilyrðinu lágu fyrir við útgáfu framkvæmdaleyfisins. Efnisnám fór ekki fram í Hvannstóðsfjöllum."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Í skýrslunni *Kárahnjúkavirkjun, fyrri áfangi. Vegir, aðstaða verktaka, námur og haugsvæði* (fylgiskjal 31), sem unnin er í samvinnu við Umhverfisstofnun (Náttúruvernd ríkisins) árið 2002 er gerð grein fyrir áætlun um landnotkun, legu vega, vinnubúða og haugsvæða í tengslum við vegakerfi, Hálslón (Kárahnjúkastíflu, yfirfall úr Hálslóni, Sauðárdalsstíflu, Desjárstíflu), aðrennslisgöng (1, 2 og 3), stöðvarhús og frárennslisskurð. Gerð er grein fyrir aðkomuvegum, aðstöðu verktaka, haugsvæðum, námum, staðsetningu náma og magni efnis sem áætlað er að nota úr hverri námu. Jafnframt er gerð grein fyrir verklagi sem áætlað er í þeim tilgangi að lágmarka umhverfisáhrif. Í skýrslunni er tekið fram að við frágang náma sem ekki lúta að sérákvæðum verði farið að leiðbeiningum í ritinu „Námur – Efnistaka og frágangur". Í skýrslunni er jafnframt lýst hvernig frágangi vega, vinnuvega og haugsvæða skal vera háttað. Áætlun um efnistöku- og notkunarstaði og magn efnis er tilgreint í skýrslunni.
Í umræddri skýrslu er tilgreindur nýr efnistökustaður í Lambafellstagli í stað Hvannstóðsfjalla í samræmi við skilyrði 7.

Í skýrslunni *Kárahnjúkavirkjun, Ufsarveita og Hraunavegur. Vegir, aðstaða verktaka, námur og haugsvæði* (fylgiskjal 32) sem gefin var út árið 2004 er fjallað sérstaklega um Ufsarveitu og Hraunaveg. Helstu mannvirki Ufsarveitu eru Jökulsárgöng, inntak í Ufsarlóni, Ufsarstífla, yfirfall og botnrás en Hraunavegur liggur frá Fljótsdalsheiðarvegi og austur á hraun. Í skýrslunni er gerð grein fyrir fyrirkomulagi mannvirkja, vinnubúða og aðstöðu verktaka, efnistöku og haugsetningu og gerð áætlun um staðsetningu, umfang, fyrirkomulag, nýtingu og frágang efnistökustaða og haugsvæða auk vega og vegslóða.

Í skýrslunni *Kárahnjúkavirkjun, Jöfnunarstrokkur á Hólsufs. Vegir, námur og haugsvæði* (fylgiskjal 33) er gerð áætlun um námur, haugsvæði og vega- og slóðagerð vegna gerð

þrýstijöfunarstrokks á Hólsufs uppi af Fljótsdal yfir aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar. Í skýrslunni er gerð grein fyrir fyrirkomulagi mannvirkja, efnistöku og haugsetningu. Jafnframt er gerð áætlun um staðsetningu, umfang, fyrirkomulag, nýtingu og frágang efnistökustaða, haugsvæða og vegar.

Í skýrslunni *Kárahnjúkavirkjun, Hraunaveita. Vegir, aðstaða verktaka, námur og haugsvæði* (fylgiskjal 34) er gerð grein fyrir fyrirkomulagi mannvirkja, vinnubúða og aðstöðu verktaka, efnistöku og haugsetningu. Þá er jafnframt lýst því verklagi sem beita skal til að halda umhverfisáhrifum framkvæmdanna í lágmarki. Í skýrslunni er gerð grein fyrir efnistöku og haugsetningu og gerð áætlun um staðsetningu, umfang, fyrirkomulag, nýtingu og frágang efnistökustaða og haugsvæða auk vega og vegslóða.

Framkvæmdaraðili vann í samráði við Umhverfisstofnun (Náttúruvernd ríkisins) að áætlun um námur, haugsvæði og vega- og slóðagerð vegna þessa skilyrðis auk þess sem gerðir voru samningar um eftirlit til að lágmarka enn frekar umhverfisáhrif framkvæmdanna. Í umsögn leyfisveitenda kemur fram það mat að ákvæði skilyrðisins hafi verið uppfyllt og tekur Umhverfisstofnun undir það mat.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið.

Skilyrði 8:
Framkvæmdaraðili skal lækka klapparhaftið ofan Lagarfljótsvirkjunar um 1 m áður en rekstur virkjunarinnar hefst. Framkvæmdaraðili skal hafa samráð við Náttúruvernd ríkisins og skipulagsvöld um framkvæmdina. Verði ekki ráðist í síðari áfanga virkjunarinnar innan 10 ára frá lokum fyrri áfanga skal framkvæmdaraðili rýmka farveg Lagarfljóts við Straum.

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Markmið með því að fjarlægja klapparhaftið er að greiða auknu rennsli í Lagarfljóti leið um mannvirki Lagarfossvirkjunar, svo að af því hlytist ekki hækkun vatnsborðs ofan Lagarfoss umfram það sem leyfi er fyrir vegna reksturs Lagarfossvirkjunar.

Með samningi frá 12. janúar 2007 tóku Rafmagnsveitur ríkisins að sér að fjarlægja klapparhaftið á kostnað Landsvirkjunar, og skyldi því lokið vorið 2007 eða áður en Kárahnjúkavirkjun tekur til starfa. Klapparhaftið hefur verið fjarlægt.

Þar með telur Landsvirkjun sig hafa uppfyllt skilyrðið."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:

„Er utan sveitafélagsmarka Fljótsdalshrepps en ljóst að það hefði haft neikvæð áhrif á láglendi í Fljótsdal ef skilyrðið hefði ekki verið uppfyllt. Einnig er bent á að rýmkun farvegs við Straum hefði væntanlega jákvæð áhrif samhliða lækkun klappahaftsins en samkvæmt skilyrðinu þurfti ekki að koma til þess væri ráðist í síðari áfanga virkjunarinnar innan 10 ára frá lokum fyrri áfanga. Eins og kunnugt er var virkjunin reist í einum áfanga og reyndi því ekki á þennan hluta skilyrðisins með beinum hætti."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Umrætt skilyrði féll utan við staðarmörk Norður Héraðs sem upphaflega veitti framkvæmdaleyfi vegna Kárahnjúkavirkjunar. Þess skal hins vegar getið að við útgáfu Fljótsdalshéraðs á framkvæmdaleyfi vegna stækkunar Lagarfossvirkjunar í eigu Rarik, var fjallað sérstaklega um ábyrgð Landsvirkjunar á framkvæmdum varðandi klapparhaftið. Umræddu skilyrði hefur verið mætt að hálfu framkvæmdaraðila."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Með samningi sem Landsvirkjun og RARIK gerðu þann 12. janúar 2007 (fylgiskjal 35) tók RARIK að sér að lækka klapparhaftið ofan Lagarfljótsvirkjunar um 1m áður en rekstur Kárahnjúkvirkjunar hófst. Ekki var nauðsynlegt að rýmka farveg Lagarfljóts við Straum þar sem báðum áföngum við byggingu virkjunarinnar hefur þegar verið lokið.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið.

Skilyrði 9:
Framkvæmdaraðili skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands standa fyrir vöktun á völdum fuglastofnum við Lagarfljót, á Úthéraði og á Héraðssandi á fyrstu 10 árum á starfstíma virkjunarinnar til að staðreyna að áhrif breytinga á vatnafari á lífríki sé innan þeirra marka sem gert var ráð fyrir í matsskýrslu.

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Í matsskýrslu er lagt til að fylgst verði með gróðurframvindu við aura Jökulsár á Dal, á strandsvæðum Héraðsflóa og á láglendissvæðum með Lagarfljóti og bökkum og eyrum frá Lagarfossi að ósum við Héraðsflóa. Enn fremur á eyrum og algrónu landi með farvegi Jökulsár í Fljótsdal yst á Fljótsdal.

Margar af þeim breytingum sem úrskurðurinn höfðar til koma líklega að takmörkuðu leyti fram innan 10 ára frá gangsetningu virkjunar, svo sem gróðurbreytingar af völdum landbrots eða vegna breytinga á grunnvatni. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að nánari úttekt verði gerð sömu ár og úttekt er gerð við Lagarfljót vegna Lagarfossvirkjunar.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur séð um rannsóknir og vöktun fuglastofna á virkjunarsvæðinu.

Í úttekt sem gerð var á líklegum áhrifum vatnsborðsbreytinga á gróður og landbrot við Lagarfljót utan við Lagarfoss var talið að ekki væri að vænta verulegra breytinga sem rekja mætti til Kárahnjúkavirkjunar. Landbrot væri nú þegar talsvert þar sem Lagarfljót bugðast um láglendið neðan við Steinboga. Meginástæða þessa er að virkjunin mun ekki valda miklum breytingum á algengu hárennsli í fljótinu. Fljótið mun þó leggja við mun hærri vatnsstöðu en var fyrir virkjun, en það gæti breytt fyrrnefndum forsendum. Mælisnið voru sett út á þessu svæði og fylgst verður með breytingum á farveginum og afleiddum gróðurbreytingum.

Víðtæk vöktun á grunnvatni hefur verið í gangi síðan árið 2000, bæði á Úthéraði og í Fljótsdal.

Landsvirkjun telur sig hafa uppfyllt skilyrðið eins og unnt er en eðli máls samkvæmt verður unnið áfram að því næstu árin.

Von er á skýrslu um rannsóknirnar í vor. Áætlanir um vöktun verða endurskoðaðar í kjölfar þess og metið hvort þörf er á að halda þeim áfram lengur en þau 10 ár sem áskilið er í úrskurðinum og hvernig eftir því hvaða stofnar eiga í hlut."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Skýrsla varðandi vöktun fuglastofna ekki komin út og því ekki tekin afstaða varðandi þetta skilyrði."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Samkvæmt upplýsingum Fljótsdalshéraðs er heildarskýrsla varðandi vöktun fuglastofna ekki komin út. Sveitarfélagið hefur fengið í hendur afmarkaðri skýrslur, s.s. um hávellutalningar á Lagarfljóti, frá mars 2010. Mat á því hvort skilyrði hafi verið mætt takmarkast við það að um er að ræða vöktunarverkefni."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Þann 1. júlí 2005 gerðu Landsvirkjun og Náttúrufræðistofnun Íslands samning um ráðgjöf (fylgiskjal 5). Efni samningsins var rannsóknir og vöktun á völdum fuglastofnum á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar. Samningurinn náði til þeirra verkhluta sem vinna átti á árinu 2005 en í samningnum kemur fram að þegar hafi verið samið um þá verkþætti sem unnir voru árið 2004. Hluti þessa samnings var gerður vegna skilyrðis nr. 2 um rannsóknir í fyrirhuguðu lónstæði Kelduárlóns.
Þann 24. nóvember 2008 gerðu sömu aðilar annan samning (fylgiskjal 6) með það að markmiði að ljúka uppgjöri á rannsóknum og vöktun á völdum fuglastofnum á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar. Samningurinn náði til þeirra verkhluta sem unnir voru á árunum 2005-2008 á grundvelli fyrri samnings, dags. 1. júlí 2005.

Landsvirkjun og Náttúrustofa Austurlands gerðu með sér samning um ráðgjafaþjónustu, dags. 13. maí 2009, og hafa verið gerðir tveir viðaukar við þann samning um vöktun fuglastofna. Í þeim fyrri, dags. 16. nóvember 2009 (fylgiskjal 36) er kveðið á um vöktun skúms á Úthéraði og hávellu á Lagarfljóti, en í þeim síðari, dags. 1. júní 2010 (fylgiskjal 37), vöktun hávellu á Lagarfljóti auk vöktunar á heiðagæs. Gagnaöflun í fyrra verkefninu er lokið en skýrsla hefur ekki verið gefin út og því síðara skal ljúka 28. febrúar 2011 með skilum á skýrslu.
Líkt og fram kemur í svörum Landsvirkjunar er ætlunin að endurskoða áætlanir um vöktun og meta hvort þörf er á að halda þeim lengur áfram en þau 10 ár sem áskilið er í skilyrðinu, og hvernig eftir því hvaða stofnar eiga í hlut. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi uppfyllt það skilyrði að standa að vöktun á völdum fuglastofnun í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið að því marki sem hægt er.

Skilyrði 10:
Framkvæmdaraðili nýti yfirfallsvatn á skipulegan hátt á ferðamannatíma og leitist við að ná meðalrennsli í farveg Jökulsár í Fljótsdal og Kelduár í júlí og ágúst í góðum vatnsárum. Í lakari vatnsárum skal framkvæmdaraðili leggja áherslu á að hafa rennsli á ferðamannatíma í farvegi Jökulsár í Fljótsdal og síðan Kelduá eftir því sem yfirfallsvatn dugar til.

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Markmið þessa skilyrðis er að ferðamenn geti sem oftast notið fossa í Jökulsá í Fljótsdal og Kelduá. Landsvirkjun mun hleypa viðkomandi ám óskiptum í sína fyrri farvegi jafnskjótt og yfirgnæfandi líkur eru á að Hálslón fyllist. Landsvirkjun hefur látið gera rekstrarlíkan til að leiðbeina sér um það hvenær það er óhætt, og taka líkanreikningarnir mið af því að heildarkerfi Landsvirkjunar sé keyrt á hagkvæmasta hátt miðað við ástand vatnsbúskapar allra vatnsaflsvirkjana Landsvirkjunar.

Þar með telur Landsvirkjun sig hafa uppfyllt skilyrðið."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Ekki annað séð en LV hafi leitast við að uppfylla skilyrðið."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Umrætt skilyrði snýr ekki með beinum hætti að svæði innan staðarmarka Fljótsdalshéraðs. Framkvæmd skilyrðisins hefur þó áhrif hvar yfirfallsvatn kemur fram á Fljótsdalshéraði, þ.e. í Jökulsá á Dal eða utar við Lagarfljót."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Í skýrslunni *Kárahnjúkar Hydroelectric Project, Waterways Operational Manual* (fylgiskjal 36) er sett fram áætlun um hvenær mögulegt er að loka Ufsarveitu í þeim tilgangi að yfirfallsvatn renni í Jökulsá á Fljótsdal án þess að það hamli því að Hálslón fyllist. Þegar Ufsarveita er lokuð rennur vatnið óskipt niður í Jökulsá í Fljótsdal. Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að viðkomandi ám verður hleypt óskiptum í sína fyrri farvegi jafnskjótt og yfirgnæfandi líkur eru á að Hálslón fyllist og er rekstrarlíkanið notað til að taka ákvarðanir um það. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi leitast við að nýta yfirfallsvatn á skipulegan hátt á ferðamannatíma og leitast við að ná meðalrennsli í farveg Jökulsár í Fljótsdal og Kelduár í júlí og ágúst í góðum vatnsárum.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið.

Skilyrði 11: *Áður en fyllt verður í Hálslón skal framkvæmdaraðili í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands ljúka rannsóknum á þeim setlögum sem mynduðust í fornu jökullóni sunnan Kárahnjúka. Framkvæmdaraðili skal jafnframt láta rannsaka og kortleggja öskulög í jarðvegi sem hverfa munu í Hálslón beggja vegna Jökulsár sunnan Kárahnjúka og á Fljótsdalsheiði. Niðurstöður rannsóknanna skulu birtar innan tveggja ára frá því að vatni er hleypt í Hálslón.*

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Í samræmi við úrskurðinn samdi Náttúrufræðistofnun Íslands tillögur að frekari rannsóknum til að varpa ljósi á myndun þeirra og rofsögu.

Með samningi við viðkomandi sérfræðinga hefur skilyrðið verið uppfyllt að því leyti að rannsóknum var lokið áður en fyllt var í lónið. Hins vegar hefur dregist úr hömlu hjá viðkomandi aðilum að birta niðurstöðu þrátt fyrir eftirrekstur.

Von er á ítarlegri skýrslu um þessar rannsóknir í vor."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi: „Ekki innan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps"

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Vísað er til framkvæmdaleyfis Norður Héraðs. Við útgáfu (aðal) framkvæmdaleyfis lágu fyrir rannsóknaráætlanir í samræmi við skilyrðin. Það var álit sveitarstjórnar Norður Héraðs að með gerð rannsóknaráætlunar væri skilyrðinu mætt að ákveðnu marki. Vísað er til skýrslu LV varðandi framvindu skýrslugerðar."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:

Í lok árs 2005 var gerður viðauki við samning um ráðgjafaþjónustu, dags. 15. mars 2001, milli Landsvirkjunar og Almennu verkfræðistofunnar (fylgiskjal 39). Með viðaukanum tekur Almenna verkfræðistofan að sér að framkvæma þær rannsóknir í tengslum við skilyrði 11 sem Náttúrufræðistofnun Íslands lagði til í samstarfi við Íslenskar orkurannsóknir og Raunvísindastofnun Háskólans. Samningar við þá rannsóknaraðila voru einnig lagðir fram (fylgiskjöl 39)
Gefin hefur verið út áfangaskýrsla um kortlagningu sethjalla í Hálslóni (fylgiskjal 40) þar sem þeim rannsóknum sem farið höfðu fram í mars 2006 er lýst. Ekki hefur verið gefin út lokaskýrsla. Í skilyrðinu er tiltekið að birta skuli niðurstöðu rannsókna innan tveggja ára frá því að vatni er hleypt á Hálslón. Vatni var hleypt á Hálslón 28 september 2006 og lauk því fresti til að birta framangreinda skýrslu 28. september 2008, sá hluti skilyrðis umhverfisráðuneytis sem snýr að birtingu rannsókna hefur því ekki verið uppfylltur.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið að hluta.

Skilyrði 12: *Framkvæmdaraðili skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands sjá til þess að jarðhitasvæðið við Sauðárfoss ásamt hrúðurbreiðunum verði rannsakað. Niðurstöður rannsóknanna skulu birtar innan tveggja ára frá því að vatni er hleypt í Hálslón.*

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Náttúrufræðistofnun lagði til eftirfarandi hátt á jarðhitarannsóknum:

- Jarðhitastaðir skuli kortlagðir, og augu og lindasvæði staðsett með GPS
- Lýsing staða og ljósmyndun
- Hitastig, rennsli og sýni af útfellingum til efnagreininga
- Sýni af jarðhitavökva verði efnagreind

Rannsóknirnar voru gerðar af reyndum sérfræðingum Íslenskra orkurannsókna. Þær eru mjög ítarlegar og tengdust rannsóknum á sprungum og sprungukerfum sem fram koma í Dimmugljúfrum og á hluta gangaleiðar. Í skýrslunni er hver og volgra skilgreind sem jarðhitastaður. Jarðhitastaðir sem greinilega eru tengdir, þ.e. raða sér eftir sprungu eða eru á afmörkuðum línum og stutt á milli, eru teknar saman í jarðhitaþyrpingu. Rennsli var mælt eða áætlað eftir atvikum. Svæðið sem jarðhitinn er að koma upp á er um 40 km langt og nær niður fyrir Brú á Jökuldal.

Jarðhita í Hrafnkelsdal hafði áður verið gerð skil.

Þar með telur Landsvirkjun sig hafa uppfyllt skilyrðið."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Ekki innan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps"

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Vísað er til framkvæmdaleyfis Norður Héraðs. Við útgáfu (aðal) framkvæmdaleyfis lágu fyrir rannsóknaráætlanir í samræmi við skilyrðin. Það var álit sveitarstjórnar Norður Héraðs að með gerð rannsóknaráætlunar væri skilyrðinu mætt að ákveðnu marki. Vísað er til skýrslu LV varðandi framvindu skýrslugerðar."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Í maí 2008 var gefin út skýrslan *Jarðhiti við Kárahnjúka og í nágrenni þeirra* (fylgiskjal 41). Skýrslan var unnin af Íslenskum orkurannsóknum fyrir Landsvirkjun. Í skýrslunni er lýst ítarlegum rannsóknum á jarðhita á Kárahnjúkasvæðinu sem fram fóru á árunum 2004-2007 í samræmi við skilyrði 12 að tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið.

Skilyrði 13: *Framkvæmdaraðili skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands sjá til þess að flikrubergið í gljúfri Jökulsár verði rannsakað. Niðurstöður rannsóknanna skulu birtar innan tveggja ára frá því að vatni er hleypt í Hálslón.*

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2001 um jarðfræðilegar náttúruminjar á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar er m.a. eftirfarandi.
Í gljúfri Jökulsár á móts við Lindur kemur fram flikrubergslag á alllöngum kafla í bergveggnum. Þetta eru líklega einu ummerkin um virkni megineldstöðvar sem hefur grafist í jarðlagastaflanna vestan við, í átt að gosbeltinu. Flikrubergið hefur þannig ótvírætt vísindalegt gildi.

Rannsóknum lokið. Það sem tilsýndar virtist vera flikruberg reyndist við nánari skoðun vera móberg af algengri gerð.

Þar með telur Landsvirkjun sig hafa uppfyllt skilyrðið."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Ekki innan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps"

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Vísað er til framkvæmdaleyfis Norður Héraðs. Við útgáfu (aðal) framkvæmdaleyfis lágu fyrir rannsóknaráætlanir í samræmi við skilyrðin. Það var álit sveitarstjórnar Norður Héraðs að með gerð rannsóknaráætlunar væri skilyrðinu mætt að ákveðnu marki. Vísað er til skýrslu LV varðandi framvindu skýrslugerðar."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Í mars 2003 gaf Náttúrufræðistofnun Íslands út skýrsluna *Túfflag á fyrirhuguðu lónstæði Hálslóns Flikruberg eða móberg við Lindur?* sem unnin var fyrir Landsvirkjun (fylgiskjal 42). Niðurstaða skýrslunnar er sú að lagið sem um ræðir er ekki flikruberg, heldur móberg af einni algengustu tegund sem finnst á Íslandi.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið.

Skilyrði 14: *Framkvæmdaraðili skal tryggja að göng séu vöktuð meðan á byggingu þeirra stendur til að finna og stöðva leka um sprungur, sem leiða umtalsvert vatn. Slíkar sprungur skal einangra til að koma í veg fyrir lekann, svo framkvæmdirnar valdi ekki marktækum áhrifum á núverandi grunnvatnsstöðu.*

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Á byggingartíma tengist slík vöktun framkvæmd gangagerðarinnar. Mikilvægt er að minnka sem kostur er innrennsli grunnvatns í göngin þar sem það tefur verkið. Í tengslum við framkvæmdina hefur verið borað niður í grunnvatn til að fylgjast með áhrifum virkjunar á grunnvatnsstöðu í grennd aðrennslisganganna.

Meðan á borun ganganna stóð féll grunnvatnsborð, en eftir að vatni var hleypt á göngin hafa þær breytingar gengið til baka að mestu leyti.

Landsvirkjun telur sig hafa uppfyllt skilyrðið."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Vísað í skýringar LV. Framkvæmdartíma lokið og kemur því ekki frekar til álita."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Vísað er til skýrslu LV. Á framkvæmdatíma kom til umfjöllunar hjá Fljótsdalshéraði mál varðandi leka í tengslum við göng og stíflur og átti sveitarfélagið góð samskipti við framkvæmdaraðila vegna þess. Í tengslum við þessa vöktun var Heilbrigðisstofnun Austurlands gert viðvart. Að mati Fljótsdalshéraðs var umræddu skilyrði mætt á framkvæmdatíma. Framkvæmdatíma er lokið og kemur skilyrðið ekki frekar til álita."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Líkt og fram kemur í svörum Landsvirkjunar tengist vöktun ganga framkvæmd gangagerðarinnar. Í tengslum við framkvæmdina hafa farið fram viðamiklar grunnvatnsmælingar á Kárahnjúkasvæðinu frá árinu 1998 og til dagsins í dag. Þeim mælingum hefur verið lýst í nokkrum skýrslum (fylgiskjöl 43-45). Framkvæmdaraðili á framkvæmdartíma stóð fyrir vöktun og greip til aðgerða með það að markmiði að framkvæmdir yllu ekki marktækum áhrifum á

grunnvatnsstöðu. Meðan á borun ganganna stóð féll grunnvatnsyfirborð en eftir að vatni var hleypt á göngin hefur grunnvatnsyfirborð í flestum tilfellum hækkað og oft náð fyrri hæð. Í nágrenni Hálslóns sveiflast grunnvatnshæð oft með lónshæðinni.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið.

Skilyrði 15: *Framkvæmdaraðili skal í samráði við Hafrannsóknarstofnunina láta vakta á fyrstu 10 árum starfstíma virkjunarinnar dæmigerð botndýrasamfélög í Héraðsflóa.*

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Aurburður til strandar í Héraðsflóa kemur til með að minnka um 7-8 milljón tonna/ári eftir virkjun. Búast má við því að kornastærðardreifing sets á strandsvæðum muni breytast einkum á dýptarbilinu 30 til 160 m. Hafrannsóknarstofnun tók að sér rannsóknir á grunnástandi botndýralífs á Héraðsflóa. Við vöktun er mikilvægt að unnt sé að greina náttúrulegan breytileika í botndýrasamfélaginu, því að þegar kemur að því að greina breytingar sem rekja má til breyttrar gerðar strandar verður að vera hægt að greina þar á milli. Af þeim sökum voru einnig tekin sýni við svipaðar aðstæður í nálægum flóum, nefnilega á Vopnafirði og Borgarfirði eystri.

Botngerð á Héraðsflóa og Borgarfirði er svipuð, en heldur meira ber þó á fínum kornastærðum í Borgarfirði. Vopnafjörður er með heldur hærra hlutfall af fínu seti og þar er kolefnisinnihald setsins sínu hæst. Á öllum svæðunum ríkja tegundir burstaorma sem taka æti af yfirborðinu. Algengt var einnig samfélag burstaorma sem grafa sig niður og taka æti úr setinu. Fánan skiptist í aðalatriðum í þessar tvær samfélagsgerðir. Heildarniðurstaða rannsóknanna er sú að lífríki flóanna sé líkt, og sömu tegundir einkennandi á öllum stöðunum.

Í úrskurðinum er gert ráð fyrir að vakta á fyrstu 10 árum eftir að virkjun tekur til starfa, en eðlilegt er að gefa strandsvæðunum tíma til að svara hugsanlegum breytingum af völdum breytts framburðar og endurtaka rannsóknirnar að 10 árum liðnum (2016), og síðan ef ástæða þykir til að enn öðrum 10 árum liðnum o.s.frv.

Eðli máls samkvæmt hefur ekki verið unnt að framkvæma rannsóknirnar, enda eiga þær að fara fram eftir nokkur ár skv. skilyrðinu. Landsvirkjun mun uppfylla þetta skilyrði í fyllingu tímans."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Ekki innan sveitafélagsmarka Fljótsdalshrepps"

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Skilyrðið varðar rannsóknir utan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshéraðs, en sveitarfélagamörk ná að takmörkuðu leyti á haf út."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Þann 6. febrúar 2006 gerðu Landsvirkjun og Hafrannsóknarstofnun með sér samning um rannsóknir – Áhrif breytinga á setframburði fallvatna til Héraðsflóa á botndýralíf í flóanum Grunnástand (fylgiskjal 46). Markmið samningsins var að kanna grunnástand botndýralífs í Héraðsflóa og nærliggjandi viðmiðunarsvæðum þannig að hægt sé að fylgjast með breytingum á samfélagsgerð botndýra í Héraðsflóa og meta hvort þær gerist af náttúrulegum orsökum eða vegna tilkomu Kárahnjúkavirkjunar. Rannsóknir skyldu hefjast vorið 2006 og ljúka með skýrslu um rannsóknirnar haustið 2006. Í ágúst árið 2007 kom út skýrslan *Kárahnjúkavirkjun. Botndýralíf í Héraðsflóa. Grunnástand fyrir virkjun Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal* (fylgiskjal 47).
Líkt og fram kemur í svörum Landsvirkjunar er áformað að endurtaka rannsóknirnar að 10 árum liðnum og síðan ef ástæða þykir til að enn öðrum 10 árum liðnum.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið að því marki sem hægt er.

Skilyrði 16: *Hönnun allra stærri verkfræðilegra framkvæmda, svo sem rofvarna á strönd Hálslóns, skal miða að því að lágmarka sjónræn áhrif á víðerni.*

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Í hönnunarhópunum tveimur sem sáu um hönnun virkjunarinnar var landslagsarkitekt sem sá um landslagshönnun þar sem hennar var þörf. Samráð var við eftirlitsmann Umhverfisstofnunar um þessi atriði."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Að því leyti sem framkvæmdir hafa verið innan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps telur sveitarfélagið að LV hafi uppfyllt skilyrðið. Tekið skal fram að sveitarstjórn átti samstarf við LV um hvernig tilhögun og útliti nokkurra mannvirkja skyldi háttað og niðurstöður af því samstarfi ásættanlegar að mati aðila. Má í því sambandi nefna listaverk sem LV lét gera utan um rör upp úr loftunarholum á Fljótsdalsheiði og hefur fyrirtækið hlotið lof fyrir hversu vel tókst til."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Að því leyti sem framkvæmdir hafa verið innan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshéraðs telur sveitarfélagið að LV hafi uppfyllt skilyrðið. Tekið skal fram að sveitarfélagið átti samstarf við LV um hvernig tilhögun og útliti nokkurra mannvirkja skyldi háttað, t.a.m. varðandi aðstöðuhús á aðalvirkjunarsvæði við Hálslón og frágang umhverfis á svæðinu. Niðurstöður samstarfs um þessa þætti voru ásættanlegar að mati aðila."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Umhverfisstofnun bendir á að um er að ræða mjög matskennt skilyrði. Við mat á hvort skilyrðið sé uppfyllt horfir Umhverfisstofnun fyrst og fremst til hvort framkvæmdaraðili hafi unnið að lágmörkun á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar og hvort leitað hafi verið leiða til að draga úr þeim. Eins og fram kemur í athugasemdum Landsvirkjunar var haft samráð við eftirlitsmann Umhverfisstofnunar um aðgerðir til að lágmarka sjónræn áhrif auk þess sem landslagsarkitekt vann með hönnuðum virkjunarinnar þar sem þess var þörf. Leyfisveitendur telja jafnframt að framkvæmdaraðili hafi uppfyllt það skilyrði að við hönnun hafi verið reynt að lágmarka sjónræn áhrif á víðerni. Framkvæmdin er hins vegar mjög viðamikil og aldrei hægt að koma í veg fyrir sjónræn áhrif á víðerni enda var ekki gert skilyrði um slíkt heldur einungis að reynt yrði að lágmarka sjónræn áhrif á víðerni.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið.

Skilyrði 17: *Framkvæmdaraðili skal í samráði við Náttúrustofu Austurlands standa að nauðsynlegri viðbótarvöktun hreindýra á fyrstu 10 árum á starfstíma virkjunarinnar til að staðreyna að áhrif virkjunarinnar á hreindýrastofninn sé ekki meiri en gert er ráð fyrir í matsskýrslu.*

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Megin inntak þessa skilyrðis er að framkvæmdaraðila beri að standa straum af kostnaði af þörf fyrir viðbótarvöktun hreindýrastofnsins sem er tilkominn vegna virkjunarinnar.

Í tillögum sem NA setti fram í maí 2004 um viðbótarvöktun, telur stofan að þótt ekkert sé minnst á vöktun á framkvæmdartíma í úrskurði ráðherra sé skynsamlegt að hefja þegar vöktun tiltekinna þátta og afla gagna sem nýtast til samanburðar við þau gögn sem aflað verður eftir að lónin fyllast. Á þessi sjónarmið var fallist og var hluta af viðbótarvöktun hrint í framkvæmd á framkvæmdartímanum.

1. Kortlagning burðarsvæða hreindýra. Svæðin sem þessi vöktun nær til eru fyrst og fremst Vesturöræfi, Kringilsárrani, Undir Fellum, Fljótsdalsheiði, auk Múla og Hrauna í einstaka árum, en þau síðarnefndu eru oftar en ekki á kafi í snjó á burðartíma. Ætla má að álag á þessi svæði muni aukast vegna skerðingar burðarsvæða í Hálsi og Kringilsárrana. Þessar rannsóknir eru gerðar af landi og með talningu úr flugvél.
2. Rannsóknir á gróðri á sumarbeitarsvæðum og vöktun hugsanlegra breytinga vegna beitar.
3. Náttúrustofa Austurlands hefur ítrekað lagt til að merkja nokkur dýr með GPS tækjum og fylgjast með ferðum þeirra. Landsvirkjun hefur verið í vafa um að gagnsemi þessarar aðferðar væri í nokkru eðlilegu samræmi við kostnaðinn af þeim. Tækni við rannsóknir af þessu tagi hefur hins vegar fleygt fram með lækkun kostnaðar og urðu Náttúrustofan og Landsvirkjun ásátt um það vorið 2008 að leita til utanaðkomandi sérfræðinga til að fara

yfir áætlanir Náttúrustofunnar. Eftir að áætlun um slíkar rannsóknir hafði verið rýnd samþykkti Landsvirkjun að styrkja þær.

Verkfræðistofnun HÍ (VHÍ) hefur árlega frá 1993 flogið yfir hluta af burðarsvæðum hreindýra á Vesturöræfum, í Hálsi og í Kringilsárrana í maí; í upphafi til að kanna áhrif árferðis á notkun þessara burðarsvæða. Í samvinnu við NA var svæðið þar sem flugtalningar fóru fram stækkað nokkuð frá og með 2005, þegar kerfisbundin kortlagning burðarsvæða hófst.

Þessar mælingar teljast til viðbótarvöktunar og eru kostaðar af Landsvirkjun. Landsvirkjun stendur einnig straum af meirihluta kostnaðar við að fylgjast með háttarlagi hreindýra með því að koma fyrir GPS sendum á nokkrum dýrum. Það verkefni hófs vorið 2009.

Hefðbundin vöktun Náttúrustofu Austurlands hefur fyrst og fremst falist í eftirfarandi:

- Könnun (úr lofti eða af jörðu niðri) í apríllok og byrjun maí á hlutfalli hyrndra og kollóttra kúa sem segir til um frjósemi í hjörðinni.
- Flugtalningu í fyrstu viku júlí til að kanna fjölda, dreifingu og nýliðun.
- Gagnasöfnun úr veiðinni í ágúst til 15. september til að fylgjast með líkamlegu ástandi dýranna.
- Aldurs- og kynjasamsetning á fengitíma (20. september – 20. október) sem er forsenda kynbundins veiðikvóta.
- Dagbókarfærsla um hagagöngu hreindýra allan ársins hring er forsenda mats á ágangi.

Náttúrustofa Austurlands hefur tekið saman helstu þætti og niðurstöður hreindýrarannsókna í tveimur skýrslum.

Landsvirkjun telur sig hafa uppfyllt skilyrðið."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Sveitarfélaginu hafa borist gögn um að rannsóknir séu í gangi. Rannsóknartíma er ekki lokið."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Sveitarfélagið hefur fylgst með framgangi vöktunarverkefnisins, s.s. með skýrslum sem hafa verið unnar. Rannsóknartíma er ekki lokið en Fljótsdalshérað telur að umræddu skilyrði hafi verið mætt."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Í maí 2004 gerði Náttúrustofa Austurlands samantekt um viðbótarvöktun á hreindýrum vegna úrskurðar umhverfisráðherra um Kárahnjúkavirkjun (fylgiskjal 48). Í janúar 2009 gaf Náttúrustofa Austurlands út skýrsluna *Staða hreindýrarannsókna á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar 2008. Helstu vöktunarþættir og rannsóknir frá 2001, mat á áhrifum virkjunarinnar og tillögur um framtíðarvöktun* (fylgiskjal 49) sem unnin var í samvinnu við

Landsvirkjun. Þar kemur fram að Náttúrustofa Austurlands hefur vaktað Snæfellshjörðina, sem er talin verða fyrir mestum áhrifum frá Kárahnjúkavirkjun, með hefðbundnum hætti á framkvæmdatíma og til viðbótar hefur Landsvirkjun kostað burðarrannsóknir á árunum 2005-2008 á Snæfellsöræfum og hreindýratalningar Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands frá 1993. Í skýrslunni eru settar fram tillögur Náttúrustofu Austurlands sem miða að því að hægt verði að uppfylla skilyrði ráðherra. Jafnframt kemur kemur Landsvikjun að rannsóknum á hagagöngu og fari hreindýra með GPS tækjum hófst það verkefni vorið 2009. Framkvæmdaraðili hefur haft samráð við Náttúrustofu Austurlands um nauðsynlega viðbótarvöktun hreindýra á fyrstu 10 árum starfstíma virkjunarinnar og varð samkomulag um í hvaða viðbótarrannsóknir var farið. Viðbótarvöktun skal standa yfir fyrstu tíu árin frá starfstíma virkjunarinnar og er það mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdaraðili hafi uppfyllt skilyrðið að því marki sem hægt er vegna eðlis skilyrðisins.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið að því marki sem hægt er.

Skilyrði 18: *Framkvæmdaraðili skal sjá til þess að farvegur Jökulsár í Fljótsdal verði ávallt skolaður í kjölfar aurskolunar með rennsli sem sé a.m.k. jafnt því hámarksrennsli sem notað var við útskolun aursins. Útskolunin skal standa yfir í a.m.k. 4 klst.*

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Í matsskýrslu kom fram að ætlunin væri að tæma aur úr Ufsarlóni seinni hluta sumars eftir að Hálslón er orðið fullt. Skilyrði ráðherra ber að lesa í þessu ljósi, þ.e. að séð skuli til þess að sá aur sem skolað yrði úr Ufsarlóni setjist ekki að í farvegi árinnar. Í athugasemdum framkvæmdaaðila kom fram að hann hygðist haga skolun þannig, að rennsli verði ekki meira en 150 m^3/s og aldrei meira en 100 m^3/s þegar mikill aur er í vatninu.

Eftir nánari skoðun Landsvirkjunar á heppilegu fyrirkomulagi aurskolunar mun hún fara fram miklu tíðar. Að jafnaði er áætlað að Hálslón sé fullt í 40 daga árlega. Á því tímabili gefst færi á að skola aur úr Ufsarlóni.

Landsvirkjun telur að með ofangreindum hætti verði skilyrðið uppfyllt."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Ekki hefur reynt á skilyrðið. Aurskolun Ufsarlóns er ekki hafin, en samkvæmt áætlun LV á að skola út aur árið 2010. Því er ekki á þessu stigi hægt að leggja mat á hvort breyting á áætlun framkvæmdaraðila um skolun sé jákvæð, en þess er vænst að svo sé. Sveitarstjórn hefur álitið aurskolunina geta haft neikvæð áhrif og því mikilvægt að beitt sé öllum tiltækum aðferðum til að dragar úr neikvæðum afleiðingum hennar."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Umrætt skilyrði varðar svæði sem fellur utan staðarmarka Fljótsdalshéraðs."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Líkt og fram kemur í svörum Landsvirkjunar túlkar framkvæmdaraðili skilyrðið með þeim hætti að séð skuli til þess að sá aur sem skolað er úr Ufsarlóni setjist ekki í farvegi árinnar. Í skýrslunni *Kárahnjúkar Hydroelectric Project. Waterways Operation Manual revision* (fylgiskjal 38) er sett fram líkan sem sýnir fram á að áætlað er að Hálslón sé fullt 40 daga árlega og á því tímabili gefst færi á að skola úr Ufsarlóni. Fyrsta skolun úr Ufsarlóni fór fram í september 2010. Við skolunina var rennsli aldrei meira en u.þ.b. 85 m^3/sek meðan á lækkun og aurskolun stóð. Hámarksrennsli við útskolunina þegar vatnsborð er undir 610 m.y.s. fór mest í u.þ.b. 60 m^3/s. Útskolun á sér síðan stað næstu daga á eftir meðan náttúrulegt rennsli er í ánni, en á þeim tíma fór það mest í um 100 m^3/s og var yfir 85 m^3/sek í 24 klst. samfleytt 3.- 4. september og aftur 4.- 5. september. Umhverfisstofnun telur að framvkæmdaraðili hafi uppfyllt skilyrðið um að sjá til þess að farvegur Jökulsár í Fljótsdal verði ávallt skoðaður í kjölfar aurskolunar með rennsli sem sé a.m.k. jafn því hámarksrennsli sem notað var við útskolun aursins og að útskolun standi yfir í a.m.k. 4 tíma. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi uppfyllt skilyrðið í fyrstu aurskoluninni sem fram hefur farið en krafa er um að farið sé að kröfum skilyrðisins í öllum aurskolunum á rekstrartíma virkjunarinnar og telst því framkvæmdaraðili hafa uppfyllt skilyrðið að því marki sem hægt er.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið að því marki sem hægt er.

Skilyrði 19: *Framkvæmdaraðili skal í samvinnu við Minjavörslu Austurlands gera áætlun um reglulega vöktun þeirra fornminja sem eru í hættu og tilkynna Fornleifavernd ríkisins ef hætta er talin á að fornminjar muni raskast vegna framkvæmdanna.*

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Þessi skilyrði eru í samræmi við fyrirheit um rannsóknir og vöktun í matsskýrslu framkvæmdaaðila. Frekari rannsóknir hafa farið fram í samráði við Fornleifavernd ríkisins á framkvæmdatíma, og tekið á nýjum uppgötvunum, svo sem minjum frá upphafsöldum Íslandsbyggðar, sem Páll Pálsson frá Aðalbóli rakst á í Hálsi gegnt Sauðá.

Nokkrar fornminjar fara forgörðum vegna framkvæmda, og ýmsar minjar munu breytast, svo sem vöð og ferjustaðir. Fjöldi minjastaða eru þannig staðsett að þau gætu verið í hættu ef óvarlega er farið og vatnsborðsbreytingar verða aðrar en áætlað er. Nálgun úttektar tók mið af þessu. Nákvæm úttekt var gerð á þeim sem fóru forgörðum og í sumum tilfellum fór fram uppgröftur, aðrar voru skráðar og mældar inn. Ekki er talin þörf á vöktun, staðfest af Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 10. desember 2007.

Þar með telur Landsvirkjun sig hafa uppfyllt skilyrðið."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi:
„Sveitarfélaginu er kunnugt um að rannsóknir fóru fram og telur ekki ástæðu til athugasemda varðandi þetta skilyrði ef Fornleifavernd ríkisins hefur ekki talið ástæðu til vöktunar minja sem kunna að vera í hættu."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Sveitarfélagið vísar til skýrslu LV um málið. Fljótsdalshérað telur ekki ástæðu til athugasemda varðandi þetta skilyrði, ef Fornleifavernd ríkisins hefur ekki talið ástæðu til vöktunar minja."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Það var mat Fornleifaverndar ríkisins að ekki væri nauðsynlegt að grípa til sérstakra mótvægisaðgerða vegna þeirra 18 minjastaða sem talið var að gætu orðið fyrir raski vegna breytinga á vatnsborði vegna Kárahnjúkavirkjunar. Það var staðfest með bréfi frá Fornleifavernd til Landsvirkjunar dags. 10. desember 2007 (fylgiskjal 50).

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið.

Skilyrði 20: *Framkvæmdaraðili skal sjá til þess að bergganginum, Tröllkonustíg, í Valþjófsstaðarfjalli verði hlíft við raski þannig að ásýnd hans verði ekki breytt.*

Í svörum Landsvirkjunar varðandi framkvæmd skilyrða segir eftirfarandi:
„Þessu skilyrði þurfti ekki að fullnægja, því ekkert í lýsingu á tilhögun virkjunar sem matsskýrslan fjallaði um snerti Tröllkonustíg að neinu leyti. Skilyrðið var því byggt á misskilningi."

Í svörum Fljótsdalshrepps segir eftirfarandi: „Tekið er undir skýringu LV um að skilyrðið hafi byggt á misskilningi."

Í svörum Fljótsdalshéraðs segir eftirfarandi:
„Umrætt skilyrði varðar svæði sem fellur utan staðarmarka Fljótsdalshéraðs."

Umfjöllun Umhverfisstofnunar:
Tröllkonustígur reyndist vera utan áhrifasvæðis virkjunarinnar.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar: Framkvæmdaraðili hefur uppfyllt skilyrðið.

II. Framkvæmd skilyrða álit iðnaðarráðuneytis

Í svörum iðnaðarráðuneytis við erindi Umhverfisstofnunar varðandi framkvæmd skilyrða í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar segir eftirfarandi: „ Með meðfylgjandi bréfi, dags. 12. apríl 2010, (sjá fylgiskjal 53) sendi Landsvirkjun iðnaðarráðuneyti greinargerð yfir stöðu á framkvæmd skilyrða þeirra sem umhverfisráðherra setti í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar auk skýrslu um stöðu rofvarna við Hálslón. Í bréfinu kemur fram að Landsvirkjun telji flest skilyrðin að fullu uppfyllt en þar sem um er að ræða langtímarannsóknir og vöktun gefur greinargerðin yfirlit yfir þær rannsóknir sem lokið er og forsendur vöktunaráætlana. Samstarfsnefnd eftirlitsaðila, sem skipuð er fulltrúum iðnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis, Orkustofnunar, Fljótsdalshrepps, Fljótsdalshéraðs og Landsvirkjunar, hélt fund 2. september sl. þar sem farið var yfir greinargerðina auk þess sem nefndarmönnum gafst færi á að skoða ýmis virkjunarmannvirki og mótvægisaðgerðir Landsvirkjunar vegna framkvæmdanna, m.a. á grundvelli skilyrða umhverfisráðherra. Ráðuneytið telur að á fundinum hafi fengist staðfest að öll skilyrði vegna framkvæmdarinnar hafi verið uppfyllt að fullu eða séu á þessum tímapunkti í eðlilegum farvegi af hálfu Landsvirkjunar. Hins vegar virðist sem dregist hafi að Náttúrufræðistofnun skilaði skýrslum um niðurstöður umsaminna rannsókna fyrir fyrirtækið. Ráðuneytið telur að vel hafi tekist til við að uppfylla skilyrði vegna framkvæmdarinnar en varðandi það með hvaða hætti skilyrði umhverfisráðherra voru uppfyllt vísar ráðuneytið til greinargerðar Landsvirkjunar.“

III. Eftirlit með framkvæmdum

Með bréfi sem Umhverfisstofnun sendi leyfisveitendum vegna framkvæmda skilyrða umhverfisráðherra í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar frá 20. desember 2001 var óskað eftir upplýsingum um með hvaða hætti eftirlit með framkvæmd skilyrðanna hefur farið fram hjá leyfisveitendum og hvort beita hafi þurft þvingunaraðgerðum.

Fljótsdalshreppur

Í svari Fljótsdalshrepps við erindi Umhverfisstofnunar segir eftirfarandi:
„Eftirlit með framkvæmdum þeim sem Fljótsdalshreppur gaf leyfi fyrir samkvæmt framangreindu fór fram með ýmsum hætti.

Sveitarstjórn og ráðgjafar hennar áttu fundi með reglubundnum hætti með fulltrúum framkvæmdaaðila þar sem farið var yfir stöðu framkvæmda og með hvaða hætti skilyrðum í framkvæmdaleyfum hafði verið mætt auk þess farnar voru reglulegar vettvangsferðir. Þá sinnti bygginganefnd og byggingafulltrúi sveitarfélagsins eftirliti þar sem við átti.

Í upphafi framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun var komið á laggirnar sérstakri eftirlitsnefnd vegna virkjunarinnar þar sem átti sæti meðal annarra fulltrúi Fljótsdalshrepps. Meginverkefni

þessarar eftirlitsnefndar var að fylgjast með því hvernig framkvæmdaaðili uppfyllti þau skilyrði sem honum voru sett í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar.

Haft var samstarf við Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Brunavarnir á Héraði um þá þætti sem snúa að þessum stofnunum.

Fljótsdalshreppur telur fyrir sitt leyti að samstarf við framkvæmdaaðila og aðra eftirlitsaðila hafi verið með ágætum og að almennt hafi verið tekið tillit til athugasemda og sjónarmiða sveitarfélags. Sveitarfélagið þurfti ekki að beita framkvæmdaaðila eða verktaka sem störfuðu hans vegum þvingunarúrræðum.

Fljótsdalshreppur telur að í þeim tilvikum sem sett voru sérstök skilyrði (önnur skilyrði en fram komu í úrskurði um umhverfismat) í framkvæmdaleyfum sveitarfélagsins að þá hafi þeim skilyrðum verið mætt af hálfu framkvæmdaaðila."

Fljótsdalshérað
Í svörum Fljótsdalshéraðs við erindi Umhverfisstofnunar segir eftirfarandi: „ Í upphafi framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun skipaði iðnaðarráðuneytið sérstaka eftirlitsnefnd vegna virkjunarinnar þar sem átti sæti, meðal annarra fulltrúi Norður Héraðs og síðar Fljótsdalshéraðs. Meginverkefni þessarar eftirlitsnefndar var að fylgjast með því hvernig framkvæmdaaðili uppfyllti þau skilyrði sem honum voru sett í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Fljótsdalshérað hefur fylgst með vinnu nefndarinnar í gegnum fulltrúa sína og með því að kynna sér gögn sem lögð hafa verið fram í starfi nefndarinnar. Þannig er vísað til skýrslu LV frá febrúar 2006, nr. LV 2006/031.

Fulltrúar Norður Héraðs, þ.m.t. sveitarstjórn, og ráðgjafar sveitarfélagsins áttu fundi með reglubundnum hætti með fulltrúum framkvæmdaaðila þar sem farið var yfir stöðu framkvæmda og með hvaða hætti skilyrðum í framkvæmdaleyfum hafði verið mætt. Fulltrúar á vegum sveitarfélagsins fóru í vettvangsferðir um framkvæmdasvæðið. Innan stjórnsýslu Norður Héraðs starfaði sérstök Virkjunarnefnd, þar sem fram fór umfjöllun um málefni virkjunarframkvæmda. Að öðru leyti fór umfjöllun um málefni virkjunarinnar fram undir viðeigandi málefnanefndum, s.s. skipulags- og byggingarnefnd.

Við sameiningu sveitarfélaganna tók nýtt sveitarfélag við hlutverki Norður Héraðs, en samskipti við framkvæmdaaðila breyttust með hliðsjón uppbygging nefnda- og starfsmannakerfis hins nýja sveitarfélags. Á vegum stjórnsýslu Fljótsdalshéraðs var sett á laggirnar dreifbýlis- og hálendisnefnd, sem fjallaði m.a. um málefni virkjunarframkvæmda og átti regluleg samskipti við fulltrúa framkvæmdaaðila. Málefnanefndir sveitarfélagsins komu að umfjöllun um virkjunarframkvæmdirnar í samræmi við verksvið hverrar og einnar, t.d. umhverfis- og náttúrverndarnefnd og skipulags- og byggingarnefnd. Starfsmenn á málefnasviðum nefnda hafa

jafnframt unnið að málinu, einkum héraðsfulltrúi (síðar héraðs- og umhverfisfulltrúi) og skipulags- og byggingarfulltrúi, s.s. að samskiptum við framkvæmdaaðila, ferðum á framkvæmdasvæði o.s.frv.

Ákveðnir eftirlitsþættir varðandi framkvæmdir hafa fallið undir verksvið Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Brunavarna á Héraði. Stofnanirnar eru byggðasamlög sem Norður Hérað og Fljótsdalshérað hafa staðið að. Mál sem upp hafa komið varðandi framkvæmdir og falla undir verksvið þessara stofnana, hefur verið vísað til þeirra.

Fljótsdalshérað telur fyrir sitt leyti að samstarf við framkvæmdaaðila og aðra eftirlitsaðila hafi verið með ágætum og að almennt hafi verið tekið tillit til athugasemda og sjónarmiða sveitarfélags. Sveitarfélagið hefur ekki þurft að beita framkvæmdaaðila eða verktaka sem störfuðu á hans vegum þvingunarúrræðum vegna framkvæmdarinnar.

Fljótsdalshérað telur að í þeim tilvikum sem sett voru sérstök skilyrði (önnur skilyrði en fram komu í úrskurði um umhverfismat) í framkvæmdaleyfum sveitarfélagsins að þá hafi þeim skilyrðum verið mætt af hálfu framkvæmdaaðila.

Iðnaðarráðuneyti

Í svörum iðnaðarráðuneytis við erindi Umhverfisstofnunar segir eftirfarandi: „Varðandi eftirlit vegna virkjunarleyfis þá fól iðnaðarráðherra Orkustofnun með bréfi, dags. 11. mars 2003, að fylgjast með að leyfishafi uppfyllti skilyrði í samræmi við virkjunarleyfið. Þá var Orkustofnun einnig falið að hafa eftirlit með framkvæmdum og rekstri virkjunarinnar í samræmi við 14. kafla vatnalaga svo og önnur lög eftir því sem við á. Ráðuneytinu bárust tvær skýrslur frá Orkustofnun um eftirlit með framkvæmd virkjunarleyfis fyrir Kárahnjúkavirkjun, dags. 6. maí 2004 og 2. maí 2005, og eru þær meðfylgjandi (sjá fylgiskjal 53). Að ósk sveitarstjórna Norður-Héraðs og Fljótsdalshrepps var einnig komið á laggirnar ofangreindri samráðsnefnd sveitarfélaga, iðnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis, Landsvirkjunar og Orkustofnunar til að samræma vöktun og eftirlit með framkvæmdum. Nefndin hélt nokkra fundi þar sem farið var yfir ýmis atriði tengd eftirliti með framkvæmdunum og því hvernig Landsvirkjun væri að uppfylla skilyrði fyrir framkvæmdum. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að beita hafi þurft þvingunarúrræðum í tengslum við eftirlit með framkvæmdunum."

Umhverfisstofnun

Við upphaf framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun var gerður samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Umhverfisstofnunar hins vegar með samningi dags. 12 nóvember 2003 um sérstakt eftirlit Umhverfisstofnunar með byggingu Kárahnjúkavirkjunar í samræmi við 2. mgr. 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd (fylgiskjal 51).
Samningurinn var síðan endurnýjaður milli sömu aðila 21. júní 2010 (fylgiskjal 52). Þar kemur fram í 1. gr. eftirfarandi: "aðilar eru sammála um að Umhverfisstofnun haldi uppi sérstöku

eftirliti með frágangi Landsvirkjunar við Hraunaveitu og Kárahnjúkavirkjun í samræmi við 2. mgr. 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í hinu sérstaka eftirliti felst að frágangur verði með ásættanlegum hætti að framkvæmdum loknum".

Eftirliti var háttað þannig að á byggingatíma var farið reglulega í eftirlitsferðir um vinnusvæði. Ef ástæða þótti til vegna breytinga á framkvæmdum eða frávikum voru farnar eftirlitsferðir til að skoða aðstæður og til að meta áhrif viðkomandi breytinga. Eftirlit hefur aukist eftir því sem liðið hefur nær lokum framkvæmda. Undanfarin tvö ár hefur frágangur vinnusvæða staðið yfir og hefur eftirlit aukist í samræmi við ofangreindan samning.

Umhverfisstofnun telur að á byggingatíma hafi Landsvirkjun upplýst um allar breytingar og frávik sem orðið hafa á framkvæmdinni. Umhverfisstofnun hefur unnið að frágangi í samvinnu við Landsvirkjun. Umhverfisstofnun telur að Landsvirkjun hafi leitast við að fara að ábendingum Umhverfisstofnunar varðandi frágang við Kárahnjúkavirkjun og Hraunaveitu.

IV. Niðurstaða

Við mat Umhverfisstofnunar á framkvæmd skilyrða í úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar frá 20. desember 2001 hefur verið stuðst við gögn frá framkvæmdaraðila og leyfisveitendum auk þess sem leitað hefur verið til annarra aðila eftir atvikum.

Umhverfisstofnun telur að gera verði ríkar kröfur um skýrleika skilyrða sem sett eru í stjórnvaldsákvörðunum til þess að unnt sé að meta framkvæmd þeirra með skýrum hætti. Eðli þeirra skilyrða sem sett voru í umræddum úrskurði umhverfisráðherra eru nokkuð mismunandi, frá því að vera kröfur um rannsóknir, eftirlit með rannsóknarþáttum, breytingum á hönnun og til þess að vera kröfur um langtímavöktun og framkvæmdir. Í nokkrum tilvikum eru skilyrðin nokkuð matskennd en stofnunin hefur þá skoðað sérstaklega hvort formskilyrði séu uppfyllt og síðan lagt almennt mat á hvort markmið hafi náðst.

Í sumum skilyrðum umhverfisráðherra var gerð sú krafa til framkvæmdaraðila að hafa samráð við ákveðnar stofnanir. Í flestum tilvikum fór samráð þannig fram að gerðir voru formlegir samningar við viðkomandi stofnun um að hún gerði drög að rannsóknaráætlun eða að viðkomandi stofnun vann verkið eða hluta þess. Í ljósi þess tímaramma sem verkinu var gefinn tók Umhverfisstofnun þá ákvörðun að óska ekki sérstaklega eftir staðfestingu frá þeim stofnunum sem framkvæmdaraðila bar að hafa samráð við um hvernig samráði var háttað þar sem ljóst er af fylgigögnum að haft var formlegt samband við viðkomandi stofnanir. Ekki var því gerð úttekt á hvers eðlis samráðið við viðkomandi stofnanir var að öðru leyti.

Umhverfisstofnun telur að af þeim tuttugu skilyrðum sem sett voru í úrskurði Umhverfisráðuneytisins dagsettum 21. desember 2001 um mat á umhverfisáhrifum

Kárahnjúkavirkjunar hafi fjórtán skilyrði verið að fullu uppfyllt. Fimm skilyrði hafa verið uppfyllt að því marki sem hægt er þar sem þau ná yfir lengra tímabil og eitt skilyrði hefur verið uppfyllt að hluta.

908. Svar [340. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um fyrirmynd breytinga á heilbrigðiskerfinu.

1. *Hver er fyrirmynd þeirra breytinga sem boðaðar eru á heilbrigðiskerfinu í fjárlagafrumvarpinu þar sem gert er ráð fyrir að nýtt kerfi byggist á svokölluðum heilsugæslusjúkrahúsum og háskólasjúkrahúsum?*

Í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, er kveðið á um skipulag heilbrigðisþjónustu hér á landi. Henni er í aðalatriðum skipt í almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu. Landinu er skipt í heilbrigðisumdæmi samkvæmt reglugerð nr. 785/2007. Fyrirmyndin er ekki sótt til einhvers eins ákveðins ríkis en þetta skipulag sem byggist annars vegar á stigskiptingu heilbrigðisþjónustu eftir sérhæfingu og hins vegar á svæðaskiptingu er það sem almennt er við lýði á Vesturlöndum og hefur lengi verið. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er ekki gert ráð fyrir breytingum á þessu skipulagi.

Í skipulagi sem þessu eru *háskólasjúkrahús* að jafnaði þær stofnanir sem búa yfir mestri sérhæfingu eða eins og segir í 10. tölul. 4. gr. laga nr. 40/2007: „Sjúkrahús sem veitir þjónustu í nær öllum viðurkenndum sérgreinum læknisfræði og hjúkrunarfræði, með áherslu á rannsóknir, þróun og kennslu.“ Háskólasjúkrahús eru eðli málsins samkvæmt stórar stofnanir og öflugar. Landspítalinn er eina sjúkrahúsið í þeim flokki hér á landi. Hugtakið *heilsugæslusjúkrahús* er hvorki skilgreint í lögum né reglugerðum en hefur stundum verið notað óformlega um heilbrigðisstofnanir þar sem heilsugæslulæknar bæði annast heilsugæslu og veita almenna sjúkrahúsþjónustu. Þetta á við um ýmsar hinna smærri heilbrigðisstofnana.

Ýmis millistig eru til í sérhæfingu sjúkrahúsa. Sjúkrahúsið á Akureyri er skilgreint sem *kennslusjúkrahús* samkvæmt lögum nr. 40/2007 en það er næsta stig sérhæfingar á eftir háskólasjúkrahúsi. *Umdæmissjúkrahús* skulu samkvæmt sömu lögum vera í hverju heilbrigðisumdæmi en auk almennrar sjúkrahúsþjónustu veita þau vissa sérhæfða þjónustu, svo sem einfaldar skurðaðgerðir og fæðingarhjálp. Dæmi um slík sjúkrahús eru á Akranesi, Ísafirði, í Neskaupstað og Vestmannaeyjum.

2. *Hefur reynslan af slíku kerfi verið metin og yfirfærð á Ísland?*

Þetta kerfi hefur þótt gefast vel hér á Íslandi sem annars staðar. Löng reynsla og góð hefur fengist af því að læknar heilsugæslu annist jafnframt sjúklinga á minni sjúkrahúsum.

909. Svar [409. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um endurupptöku mála sem hafa verið dæmd í Hæstarétti.

1. *Hvað hafa Hæstarétti borist margar beiðnir árlega frá 1. janúar 2000 um endurupptöku máls sem hefur verið dæmt í Hæstarétti, sbr. heimild í 169. gr. laga um meðferð einkamála?*
2. *Hversu oft hefur endurupptaka máls verið heimiluð ár hvert á framangreindu tímabili?*

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað frá Hæstarétti er umbeðnar upplýsingar að finna í meðfylgjandi töflu.

Ár	Fjöldi beiðna	Fjöldi beiðna sem var hafnað	Fjöldi beiðna sem voru samþykktar	Fjöldi beiðna sem voru afturkallaðar
2000	4	3	0	1
2001	4	1	1	2
2002	4	4	0	0
2003	3	2	0	1
2004	4	4	0	0
2005	3	3	0	0
2006	6	5	0	1
2007	1	0	1	0
2008	3	3	0	0
2009	3[1]	2	0	0
2010	6	5	1	0

[1] Eitt þeirra mála sem barst árið 2009 er enn til meðferðar.

3. *Hvaða reglur gilda um málsmeðferð umsóknar um endurupptöku og um birtingu niðurstaðna?*

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað frá Hæstarétti gilda samkvæmt 3. mgr. 169. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, ákvæði 1.–3. mgr. 168. gr. sömu laga um umsókn og endurupptöku, meðferð umsóknar, ákvörðun um hana og áhrif endurupptöku. Í 1. mgr. 168. gr. kemur fram að beiðni um endurupptöku skuli vera skrifleg og að í henni skuli rökstyðja ítarlega þær ástæður sem þykja standa til endurupptöku og að gögn skuli fylgja umsókninni eftir þörfum. Hæstiréttur getur synjað umsókn þegar í stað ef beiðni er bersýnilega ekki á rökum reist, sbr. 2. mgr. 168. gr. Að öðrum kosti skal Hæstiréttur senda beiðnina og fylgigögn til gagnaðila sem fær þá frest til að skila skriflegri greinargerð um viðhorf sín til endurupptökubeiðninnar. Samkvæmt 3. mgr. 168. gr. ákveður Hæstiréttur hvort af endurupptöku verði. Fallist Hæstiréttur á beiðni skal hann um leið taka afstöðu til þess hvort áhrif fyrri dóms falli niður meðan málið er rekið. Samkvæmt 2. mgr. 169. gr. getur aðili ekki sótt um endurupptöku máls skv. 1. mgr. nema einu sinni. Af þessum sökum beinir Hæstiréttur því jafnan til umsækjenda að rökstyðja umsókn sína betur ef talið er tilefni til.

Samkvæmt 1. málslið 5. mgr. 7. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 getur Hæstiréttur falið þremur eða fimm dómurum að taka afstöðu til einstakra flokka erinda, svo sem umsókna um áfrýjunarleyfi eða endurupptöku máls. Algengast er að þrír dómarar Hæstaréttar fjalli um beiðnir um endurupptöku máls, en í einstaka tilvikum hafa fleiri dómarar takið þátt í meðferð

slíkra erinda. Niðurstaða dómaranna um hvernig afgreiða beri umsókn um endurupptöku er skráð í gerðabók réttarins en umsækjendum og gagnaðilum er sent endurrit af ákvörðuninni í pósti.

910. Frumvarp til laga [541. mál]

um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (LMós, MSch, SkH, AtlG, VBj).

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 6. gr., 1. málsl. 4. mgr. 6. gr., 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. og 1. málsl. 6. mgr. 7. gr. um greiðslu gjalds til sjóðsins eigi síðar en 1. mars ár hvert skal á árinu 2011 greiða gjaldið eigi síðar en 1. júní 2011.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 1. mgr. 6. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta er mælt fyrir um að viðskiptabankar og sparisjóðir skuli eigi síðar en 1. mars ár hvert greiða Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta gjald sem nemi 0,15% tryggðra innstæðna þeirra á næstliðnu ári. Í 2. mgr. 7. gr. laganna er sambærilegt ákvæði er varðar aðildarfyrirtæki, þ.e. fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðra sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf, en þeim ber fyrir sama tíma að greiða gjald til sjóðsins sem nemur samtals 20 millj. kr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að greiðslu gjaldsins verði frestað um þrjá mánuði á árinu 2011, þ.e. til 1. júní 2011. Verði frumvarpið að lögum munu áðurnefnd fyrirtæki því ekki þurfa að greiða gjaldið fyrir þann tíma sem gildandi lög kveða á um. Ástæða frestunarinnar er sú að viðskiptanefnd hefur til meðferðar frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra til nýrra heildarlaga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (237. mál) en það hefur ekki verið afgreitt frá nefndinni.

911. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (kyrrsetning eigna).

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sóleyju Ragnarsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Bryndísi Kristjánsdóttur skattrannsóknarstjóra, Snorra Olsen frá tollstjóra,

Halldór Árnason frá Samtökum atvinnulífsins, Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði, Evu Helgadóttur frá Lögmannafélagi Íslands og Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Hagsmunasamtökum heimilanna, KPMG hf., Persónuvernd, ríkislögreglustjóra, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, skattrannsóknarstjóra ríkisins, Viðskiptaráði Íslandi og Þórði Bogasyni, Lögmönnum Höfðabakka.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar hæstaréttardóms nr. 372/2010 og var fyrst lagt fram á 138. löggjafarþingi (þskj.1456, 693 mál). Í umræddum dómi var komist að þeirri niðurstöðu að 6. mgr. 113. gr. tekjuskattslaga væri ekki fullnægjandi lagaheimild til kyrrsetningar vegna ætlaðra brota gegn lögum um virðisaukaskatt. Tilvitnað lagaákvæði var samþykkt með breytingalögum nr. 23/2010 og er í frumvarpinu lagt til að hliðstæð heimild gildi varðandi virðisaukaskatt og staðgreiðsluskil.

Í áliti efnahags- og skattanefndar í tengslum við afgreiðslu frumvarps til laga nr. 23/2010 kemur fram að úttekt Ríkisendurskoðunar hafi gefið skattrannsóknarstjóra tilefni til að óska eftir því að embættinu yrðu færðar heimildir til að beiðast kyrrsetningar. Mál til meðferðar séu þess eðlis að rannsókn geti tekið langan tíma og þýðingu hafi fyrir markmið rannsóknar að varna því að eignir sakbornings sem ætla má að geti staðið undir greiðslu væntanlegra skattkrafna, sakarkostnaðar og sekta verði skotið undan. Rannsóknaraðilar eigi að hafa þær heimildir sem nauðsynlegar eru til þess að þeir nái lögmætum markmiðum sínum en á sama tíma verði að gæta þess að þær heimildir fullnægi meðalhófi og öðrum kröfum réttarríkisins.

Sumir telja að dómurinn gefi tilefni til að endurskoða hvort heimildir sem skattrannsóknarstjóra voru veittar með lögum nr. 23/2010 fullnægi kröfum réttarríkisins. Hefur komið fram það sjónarmið að umræddar heimildir séu of matskenndar og að kveða þurfi nánar á um skilyrði þess að þeim sé beitt, ekki í síst þegar haft er í huga að þeim á að beita á grundvelli væntanlegrar kröfu en ekki kröfu sem hefur verið staðreynd og sé lögvarin. Með hliðsjón af réttlátri málsmeðferð sé ástæða til að skýra nánar hvaða gögn skattrannsóknarstjóri og tollstjóri þurfi að færa fram fyrir sýslumanni til stuðnings beiðni um kyrrsetningu og fjárhæð meintrar kröfu. Vegna hinna eignarréttarlegu takmarkana og óhagræðis sem ætla má að beiting úrræðisins hafi fyrir gerðarþola og eftir atvikum hans nánustu sé enn fremur þörf á að marka kyrrsetningu ákveðinn gildistíma og undanskilja fjármuni kyrrsetningu sem gera megi ráð fyrir að hann þurfi á að halda til að standa undir nauðsynlegum útgjöldum. Það geti auk þess haft slæmar afleiðingar í för með sér fyrir gerðarþola ef skuldheimtumenn beiðast gjaldþrotaskipta í tilefni árangurslausrar kyrrsetningar.

Við umfjöllun málsins hafa enn fremur komið fram sjónarmið um að úrræðið sem ætlað er að taka til fyrirsvarsmanna sem taldir eru með saknæmum hætti hafa gerst sekir um brot í rekstri lögaðila geti almennt haft óæskileg áhrif á vilja til stjórnarmennsku í félögum. Einnig hafa komið fram sjónarmið um að ekki sé rökrétt að kyrrsetja eignir til tryggingar greiðslu væntanlegra sekta og sakarkostnaðar þar sem sektir og sakarkostnaður séu ekki fjármunir sem gerðarþoli hefur eignað sér á kostnað ríkisins eins og í tilviki undanskota frá skatti.

Fulltrúar fjármálaráðuneytisins og skattrannsóknarstjóra hafa áréttað að framsetning frumvarpsins taki mið af 88. gr. laga um meðferð sakamála og að mestu varði að heimildinni verði beitt í samræmi við meðalhóf. Ekkert í dómnum gefi til kynna að þessa hafi ekki verið gætt við meðferð málsins. Lögreglan hafi beitt tilvitnuðu lagaákvæði um árabil í alvarlegum efnahagsbrotamálum og til stendur að heimild skattrannsóknarstjóra verði bundin við stórfelld skattalagabrot, sbr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Ekkert standi því í vegi að stofnanirnar viðhafi samráð við meðferð úrræðisins en þó má ætla að það geti tafið málsmeðferð ef skattrannsóknarstjóri þarf að afla heimildar lögreglu í hvert og eitt skipti. Skattrannsóknarstjóra

beri við rannsókn máls að gæta laga um meðferð sakamála eftir því sem við getur átt auk þess sem reglugerð um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna gerir ráð fyrir að vísa beri máli til opinberrar rannsóknar svo fljótt sem kostur er. Við umfjöllun málsins hafa nefndinni verið afhent drög að verklagsreglum embættisins sem varða heimild til kyrrsetningar, dags. í september 2010.

Meiri hlutinn leggur til þá breytingu á texta frumvarpsins að heimildin eigi einungis við þegar ætluð brot eru talin varða við 262. gr. almennra hegningarlaga. Einnig vekur meiri hlutinn athygli á að ákvæði frumvarpsins mæla fyrir um heimild gerðarþola til að bera lögmæti kyrrsetningar undir dómstóla. Þá hefur fulltrúi réttarfarsnefndar bent á að um andlag kyrrsetningar og um heimildir til að ljúka kyrrsetningu án árangurs gilda samkvæmt almennum reglum sambærileg ákvæði og um fjárnám, sbr. 15. gr. laga nr. 31/1990. Að öðru leyti vísar meiri hlutinn til fyrra álits við lög nr. 23/2010.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. efnismgr. 1., 2. og 3. gr. bætist: enda megi ætla að meint refsiverð háttsemi varði við 262. gr. almennra hegningarlaga.
2. Á eftir III. kafla komi nýr kafli, IV. kafli, **Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt,** með einni nýrri grein, 4. gr., svohljóðandi:
   Við 1. málsl. 6. mgr. 113. gr. laganna bætist: enda megi ætla að meint refsiverð háttsemi varði við 262. gr. almennra hegningarlaga.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (kyrrsetning eigna).

Pétur H. Blöndal og Þór Saari voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. febr. 2011.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Magnús Orri Schram.
Birkir Jón Jónsson.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

912. Beiðni um skýrslu [542. mál]

frá velferðarráðherra um fæðingar- og foreldraorlof.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Ólafi Þór Gunnarssyni, Pétri H. Blöndal,
Jónínu Rós Guðmundsdóttur, Guðmundi Steingrímssyni,
Ásmundi Einari Daðasyni, Unni Brá Konráðsdóttur,
Þórunni Sveinbjarnardóttur og Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að velferðarráðherra flytji Alþingi skýrslu um fæðingar- og foreldraorlof. Meðal þess sem óskað er eftir að fram komi í skýrslunni er eftirfarandi:

1. Upplýsingar um töku fæðingarorlofs eftir kyni og hvort, og þá hvaða, breytingar hafi orðið í þeim efnum á síðustu árum auk upplýsinga um áhrif fæðingarorlofs og fæðingarorlofskerfisins á jafnrétti á vinnumarkaði og launamun kynjanna.
2. Áhrif skerðingar á hámarksgreiðslur fæðingarorlofs,
   a. úr 480 þús. kr. í 400 þús. kr., sbr. lög nr. 173/2008,
   b. úr 400 þús. kr. í 350 þús. kr., sbr. lög nr. 70/2009,
   c. úr 350 þús. kr. í 300 þús. kr., sbr. lög nr. 120/2009,
   á orlofstöku foreldra, m.a. með tilliti til
      i. lengdar orlofs,
      ii. kyns foreldris,
      iii. tekna foreldris.
3. Upplýsingar um töku foreldraorlofs, m.a. með tilliti til:
   a. kyns foreldris,
   b. tekna foreldris,
   c. aldurs barns.
4. Áhrif sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði á töku fæðingarorlofs, með tilliti til lengdar orlofsins, tekna foreldris eða kyns foreldris.
5. Hvernig staðið hefur verið að fjármögnun fæðingarorlofskerfisins hingað til.
6. Upplýsingar um núverandi og áætlaða fjárþörf Fæðingarorlofssjóðs sem og fjárþörf sjóðsins ef ekki hefði komið til þeirra skerðinga sem vísað er til í 2. lið beiðninnar.
7. Leiðir til að tryggja fjármögnun fæðingarorlofskerfisins.
8. Úttekt á því hvaða reglur gilda í nágrannalöndum um takmörkun á því að báðir foreldrar taki fæðingarorlof á sama tíma.
9. Yfirlit yfir í hversu miklum mæli foreldrar hér á landi taka fæðingarorlof á sama tíma.
10. Fjárhagsleg áhrif á Fæðingarorlofssjóð ef sá tími sem báðir foreldrar geta verið í fæðingarorlofi á sama tíma yrði takmarkaður.
11. Upplýsingar um hvort unnið sé að áframhaldandi þróun fæðingar- og foreldraorlofs út frá sjónarhorni barnsins.

Greinargerð.

Samhljóða skýrslubeiðni var flutt á síðasta löggjafarþingi og samþykkt af Alþingi 4. mars 2010 (þskj. 727, 411. mál á 138. þingi). Skv. 2. mgr. 46. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, skal ráðherra ljúka skýrslugerð innan 10 vikna. Skýrsla barst þó ekki frá félags- og tryggingamálaráðherra og er því beiðni þessi nú endurflutt.

Alþingi samþykkti 18. desember 2009 breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, sbr. lög nr. 120/2009 (274. mál á 138. þingi). Í nefndaráliti meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar um málið eru tiltekin nokkur atriði sem rædd voru í nefndinni og ástæða þótti til að kanna nánar. Í álitum bæði minni hluta og meiri hluta nefndarinnar má einnig lesa áhyggjur nefndarmanna af frekari skerðingu á orlofinu og hvaða áhrif þær geti haft á fæðingarorlofskerfið og launamun kynjanna. Þá liggja enn ekki fyrir upplýsingar um áhrif þeirra aðgerða og skerðinga sem þegar hefur verið gripið til á töku orlofs og jafnréttisgrundvöll fæðingarorlofskerfisins. Af þessum sökum er óskað eftir því að velferðarráðherra flytji Alþingi skýrslu um fæðingar- og foreldraorlof þar sem m.a. verði tilteknar almennar upplýsingar um töku fæðingarorlofs á undanförnum árum, auk þess sem þar komi fram upplýsingar um áhrif fæðingarorlofskerfisins á vinnumarkað, launamun kynjanna og jafnrétti.

Þá er þess óskað að farið verði yfir áhrif þeirra skerðinga sem þegar hafa verið gerðar á töku fæðingarorlofs foreldra á síðustu missirum og hvort breytingar hafi orðið þar á sem rekja megi til skerðinganna. Er sérstaklega beðið um að skoðaðir verði ákveðnir þættir, þ.e. lengd orlofsins, kyn foreldris og tekjur. Í jafnréttisáætlun til fjögurra ára sem félags- og tryggingamálanefnd hefur nú umfjöllunar (þskj. 401, 334. mál) er lagt til að farið verði í það verkefni að kanna töku feðra á fæðingarorlofi og áhrifum þess á verkaskiptingu ungra foreldra á heimilum og atvinnuþátttöku kvenna og karla. Sérstaklega verði könnuð áhrif niðurskurðar á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði á töku feðra á fæðingarorlofi. Hér er því um sambærilega könnun að ræða og óskað er eftir í skýrslubeiðninni. Tímaáætlun verkefnis er þó tiltekin 2010–2012. Flutningsmenn telja mikilvægt að löggjafinn sem þegar hefur samþykkt beiðni um framangreindar upplýsingar fái þær hið fyrsta enda hefur nokkuð verið rætt um frekari skerðingar á fæðingarorlofi og ekki hægt að fara í upplýsta umræðu um það án þess að metin verði áhrif fyrri skerðinga. Gera verður ráð fyrir að unnt verði að vinna frekar með upplýsingar úr skýrslu ráðherra og hægt verði að nýta þær áfram í vinnu við framangreint verkefni.

Auk upplýsinga um töku fæðingarorlofs er talið nauðsynlegt að fá upplýsingar um töku foreldraorlofs, hvort algengt sé að foreldrar taki slíkt orlof, hversu gamalt barn sé ef og þegar foreldraorlof er tekið og hvort einstakir þættir ráði einhverju um töku orlofsins, svo sem kyn foreldris og tekjur. Enn fremur væri áhugavert að vita hvort verið sé að skoða hvernig fæðingar- og foreldraorlof ásamt framlagi sveitarfélaga og atbeina vinnuveitenda geti lengt þann tíma sem börn geta verið heima í umsjón foreldra sinna án fjárhagslegra fórna fjölskyldunnar.

Þá er óskað eftir því að í skýrslunni verði skoðað hvort ástand á vinnumarkaði í kjölfar efnahagshrunsins hafi haft áhrif á töku fæðingarorlofs og hvort merkja megi breytingar á lengd orlofs eða hvort dregið hafi úr töku orlofs hjá ákveðnum tekjuhópi eða kyni. Að auki er óskað upplýsinga um fjárþörf Fæðingarorlofssjóðs, sem og hver fjárþörfin hefði verið ef ekki hefði komið til skerðinga. Þá verði farið yfir fjármögnun Fæðingarorlofssjóðs.

Auk framangreinds er þess m.a. óskað að skoðuð verði samtímis taka fæðingarorlofs hjá foreldrum. Hvað þennan síðasttalda þátt varðar telja flutningsmenn beiðninnar rétt að skoðuð verði löggjöf nágrannaríkja og hvort þar séu í gildi reglur sem takmarka skörun fæðingarorlofs hjá foreldrum. Þá verði metin þörf á slíkum reglum hér á landi, m.a. á grundvelli fjárhagslegra áhrifa slíkra reglna á Fæðingarorlofssjóð.

913. Fyrirspurn [543. mál]

til innanríkisráðherra um kostnað við Landsdóm o.fl.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hver er áætlaður kostnaður við Landsdóm á þessu ári?
2. Hver er áætlaður kostnaður við saksókn í tengslum við Landsdóm nú í ár og á síðasta ári?
3. Er möguleiki á að einhver kostnaður leggist til á næsta ári?
4. Býr ráðuneytið sig undir fleiri landsdómsmál á næstunni, t.d. út af framgöngu ráðherra í aðdraganda Icesave-málsins?

Skriflegt svar óskast.

914. Frumvarp til laga [544. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2010 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2010, frá 1. október 2010, um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2010, frá 1. október 2010, um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum.

Í tilskipun 2006/123 um þjónustuviðskipti á innri markaðnum (þjónustutilskipuninni) er kveðið á um að þjónustuveitendur eigi að geta sótt rafrænt um leyfi til að stunda starfsemi sína. Ákvörðun 2009/767/EB fjallar um notkun rafrænna undirskrifta í tengslum við þjónustutilskipunina en það eru gögn í rafrænu formi sem fylgja eða tengjast rökrænt öðrum rafrænum gögnum og eru notuð til að sannprófa frá hverjum hin síðarnefndu gögn stafa.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu

EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum.

Ákvörðun 2009/767 fjallar sem áður segir um notkun rafrænna undirskrifta í tengslum við þjónustutilskipunina. Í ákveðnum tilfellum er leyfisveitanda heimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi noti rafræna undirskrift til að auðkenna sig er hann sækir um leyfi til að veita þjónustu í gegnum upplýsinga- og þjónustuveituna, sem kveðið er á um í þjónustutilskipuninni, í samræmi við tilskipun 1993/93 um rafrænar undirskriftir. Aðildarríkin skulu setja upp, viðhalda og birta „traustlista“ (trusted list) þar sem fram koma upplýsingar um vottunaraðila er gefa út rafrænar undirskriftir. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hver sjái um að setja upp og viðhalda traustlistanum.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Innleiðing ákvörðunarinnar kallar á breytingu á lögum nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir. Lagabreytingin er ekki umfangsmikil. Nauðsynlegt þykir hins vegar að lögfesta umgjörð um fyrrgreindan traustlista en gert er ráð fyrir að Neytendastofa annist uppsetningu og viðhald hans. Gert er ráð fyrir að frumvarp þess efnis verði tilbúið til framlagningar á vorþingi 2011.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2010

frá 1. október 2010

um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) X. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2010 frá 2. júlí 2010 ([3]) .

2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum ([4]), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 18.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/739/EB) í X. viðauka við samninginn:

„1b. **32009 D 0767**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 36), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 18.“

([3]) Stjtíð. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 40, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 9.
([4]) Stjtíð. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 36.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/767/EB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 18, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson
formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 16. október 2009

um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum

(tilkynnt með númeri C(2009) 7806)

(Texti sem varðar EES)

(2009/767/EC)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum ([1]), einkum 3. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sú skuldbinding um einföldun stjórnsýslu, sem lögð er á aðildarríkjunum í II. kafla tilskipunar 2006/123/EB, einkum í 5. og 8. gr. hennar, felur í sér skyldu til að einfalda málsmeðferð og formsatriði sem gilda um að fá aðgang að og að stunda þjónustustarfsemi og skyldu til að tryggja að þjónustuveitendum sé unnt að ljúka slíkri málsmeðferð með auðveldum hætti og ganga frá formsatriðum með fjarmiðlun og með rafrænum hætti fyrir milligöngu „upplýsinga- og þjónustumiðstöðva“.

2) Það verður að vera unnt að ljúka málsmeðferðinni og ganga frá formsatriðum yfir landamæri aðildarríkjanna fyrir milligöngu „upplýsinga- og þjónustumiðstöðva“ eins og sett er fram í 8. gr. tilskipunar 2006/123/EB.

3) Til að verða við skuldbindingunni um að einfalda málsmeðferð og formsatriði og að auðvelda notkun „upplýsinga- og þjónustumiðstöðva“ yfir landamæri, skal rafræn málsmeðferð byggjast á einföldum lausnum, þ.m.t. að því er varðar notkun rafrænna undirskrifta. Þegar talið er nauðsynlegt, að undangengnu viðeigandi áhættumati á raunverulegri málsmeðferð og formsatriðum, að gætt sé fyllsta öryggis eða að nauðsynlegt sé að undirskrift sé ígildi eiginhandarundirskriftar, er hægt, vegna tiltekinnar málsmeðferðar eða formsatriða, að krefjast rafrænnar undirskriftar af hálfu þjónustuaðila, sem byggist á viðurkenndu skilríki, með eða án öruggs undirskriftarbúnaðar.

4) Ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir var komið á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir ([2]). Til að auðvelda skilvirka notkun yfir landamæri á þróuðum, rafrænum undirskriftum, sem byggjast á viðurkenndu skilríki, skal auka traust á þessum rafrænu undirskriftum óháð því í hvaða aðildarríki undirritandinn eða vottunaraðilinn, sem gefur út hið viðurkennda skilríki, hefur staðfestu. Þessu markmiði er hægt að ná með því að gera þær upplýsingar sem þarf til að fullgilda rafræna undirskrift aðgengilegri á áreiðanlegu formi, einkum upplýsingar er varða vottunaraðila sem sæta eftirliti eða hljóta faggildingu í aðildarríki og þá þjónustu sem þeir veita.

5) Nauðsynlegt er að tryggja að aðildarríki geri þessar upplýsingar aðgengilegar almenningi á sameiginlegu sniði til að auðvelda notkun þeirra og tryggja viðeigandi nákvæmnistig þannig að móttakandinn geti fullgilt rafrænu undirskriftina.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Notkun og samþykki rafrænnar undirskriftar

1. Ef það er réttlætanlegt á grunni viðeigandi mats á áhættunni, sem um er að ræða, og í samræmi

([1]) Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36.

([2]) Stjtíð. EB L 13, 19. 1. 2000, bls. 12.

við 1. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2006/123/EB, geta aðildarríki farið fram á það við þjónustuaðila, til þess að ljúka tiltekinni málsmeðferð og formsatriðum fyrir milligöngu upplýsinga- og þjónustumiðstöðva, skv. 8. gr. tilskipunar 2006/123/EB, að hann noti þróaðar, rafrænar undirskriftir sem byggjast á viðurkenndu skilríki, með eða án öruggs undirskriftarbúnaðar, samkvæmt skilgreiningum og ákvæðum tilskipunar 1999/93/EB.

2. Aðildarríki skulu samþykkja hvers konar þróaðar, rafrænar undirskriftir, sem byggjast á viðurkenndu skilríki, með eða án öruggs undirskriftarbúnaðar, til þess að ljúka málsmeðferðinni og formsatriðunum, sem um getur í 1. mgr., án þess að það hafi áhrif á möguleika aðildarríkjanna til að takmarka þetta samþykki við þróaðar rafrænar undirskriftir, sem byggjast á viðurkenndu skilríki og eru gerðar með öruggum undirskriftarbúnaði, svo framarlega að þetta sé í samræmi við áhættumatið sem um getur í 1. mgr.

3. Aðildarríkin skulu ekki gera skylt að samþykkt þróaðrar, rafrænnar undirskriftar, sem byggist á viðurkenndu skilríki, með eða án öruggs undirskriftarbúnaðar, sé háð kröfum sem hindra notkun þjónustuveitenda á rafrænni málsmeðferð fyrir milligöngu upplýsinga- og þjónustumiðstöðva.

4. Ákvæði 2. mgr. kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki geti samþykkt aðrar rafrænar undirskriftir en þróaðar, rafrænar undirskriftir sem byggjast á viðurkenndu skilríki, með eða án öruggs undirskriftarbúnaðar.

2. gr.

Samning, viðhald og birting áreiðanlegra skráa

1. Sérhvert aðildarríki skal semja, viðhalda og birta, í samræmi við tækniforskriftir, sem settar eru fram í viðaukanum, „áreiðanlega skrá“ sem inniheldur lágmarksupplýsingar um þá vottunaraðila sem gefa út viðurkennd skilríki til handa almenningi og sem aðildarríkin hafa eftirlit með eða veita faggildingu.

2. Aðildarríki skulu a.m.k. semja og birta útgáfu af áreiðanlegu skránni sem er læsileg mönnum, í samræmi við forskriftirnar sem settar eru fram í viðaukanum.

3. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þann aðila sem ber ábyrgð á því að semja, halda við og birta áreiðanlegu skrána, staðnum þar sem hún er birt og hvers konar breytingum á henni.

3. gr.

Beiting

Ákvörðun þessi gildir frá 28. desember 2009.

4. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. október 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

915. Tillaga til þingsályktunar [545. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2009 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2009, frá 3. júlí 2009, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, samninga um orlofskosti til langs tíma, endursölu- og skiptasamninga.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2009, frá 3. júlí 2009, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, samninga um orlofskosti til langs tíma, endursölu- og skiptasamninga.

Tilskipun 2008/122/EB varðar vernd neytenda að því er varðar tiltekna þætti samninga um nýtingu fasteigna á skiptileigugrunni (e. time share), langtímasamninga um orlofstilboð, endursölu- og skiptasamninga.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur

verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, samninga um orlofskosti til langs tíma, endursölu- og skiptasamninga.

Tilskipunin varðar vernd neytenda að því er varðar tiltekna þætti samninga um nýtingu fasteigna á skiptileigugrunni (e. time share), langtímasamninga um orlofstilboð, endursölu- og skiptasamninga. Tilskipunin kemur í stað tilskipunar 94/47/EB um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni, en sú tilskipun var innleidd hér á landi með lögum nr. 23/1997, um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis.

Tilskipun 2008/122/EB felur í sér umtalsverðar breytingar frá eldri tilskipun. Þannig kveður nýja tilskipunin á um fulla samræmingu reglna í ríkjum ESB/EES á tilteknum sviðum hennar, en eldri tilskipunin kvað einungis á um lágmarkskröfur sem löggjöf ríkjanna þyrfti að uppfylla. Á þessum sviðum ber ríkjum ESB/EES því að innleiða reglur sem eru í fullu samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

Gildissvið Evrópureglna er jafnframt víkkað út frá því sem gilti samkvæmt eldri tilskipuninni. Þannig taka nýju reglurnar til samninga sem vara í lengri tíma en eitt ár, en í eldri tilskipun var miðað við þriggja ára lágmarkstíma. Nýju reglurnar taka einnig til nýrra tegunda af orlofsvörum sem komið hafa á markað að undanförnu, svo sem langtímasamninga um orlofstilboð, endursölu- og skiptasamninga. Upplýsingaskylda seljanda er jafnframt víkkuð út frá því sem kveðið var á um í eldri tilskipuninni, með það að markmiði að hjálpa neytandanum að taka upplýsta ákvörðun um kaupin. Þá er réttur neytenda aukinn að ýmsu öðru leyti, svo sem með banni við eingreiðslu vegna langtímasamninga og rétti neytenda til að falla frá samningi innan 14 daga frá gerð samnings án þess að gefa upp ástæðu og án þess að það leiði til aukins kostnaðar fyrir neytandann.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Vegna innleiðingar ákvæða tilskipunarinnar í íslenskan rétt er stefnt að því að breyta ákvæðum í lögum nr. 23/1997, um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis. Ekki er gert ráð fyrir því að þær lagabreytingar muni hafa í för með sér umtalsverðan kostnað eða stjórnsýslulegar afleiðingar hér á landi.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 86/2009

frá 3. júlí 2009

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009 frá 5. febrúar 2009 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, langtímasamninga um orlofstilboð, endursölu- og skiptasamninga ([2]).

3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/122/EB fellur úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB ([3]), en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 7b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB) í XIX. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32008 L 0122**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, langtímasamninga um orlofstilboð, endursölu- og skiptasamninga (Stjtíð. ESB L 33, 3.2.2009, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/122/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 53, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 16, 19.3.2009, bls. 24.
([2]) Stjtíð. ESB L 33, 3.2.2009, bls. 10.
([3]) Stjtíð. EB L 280, 29.10.1994, bls. 83.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júlí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes
formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/122/EB

frá 14. janúar 2009

um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, samninga um orlofskosti til langs tíma, endursölu- og skiptasamninga

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Frá því að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni ([3]) var samþykkt hefur skiptileiga þróast og nýir sambærilegir orlofskostir komið á markaðinn. Þessir nýju orlofskostir og tiltekin viðskipti sem tengjast skiptileigu, s.s. endursölusamningar og skiptisamningar, falla ekki undir tilskipun 94/47/EB. Að auki hefur reynslan af beitingu tilskipunar 94/47/EB sýnt að uppfæra þarf eða skýra nánar sum viðfangsefni, sem þegar hefur verið fjallað um, til að koma í veg fyrir að þróaðir verði kostir í því skyni að sniðganga þessa tilskipun.

2) Þær gloppur, sem nú er að finna í löggjöfinni, valda umtalsverðri röskun á samkeppni og skapa alvarleg vandamál fyrir neytendur og hindra þannig snurðulausa starfsemi innri markaðarins. Því skal ný uppfærð tilskipun koma í stað tilskipunar 94/47/EB. Þar eð ferðaþjónusta gegnir æ mikilvægara hlutverki í efnahagslífi aðildarríkjanna skal hvetja til meiri vaxtar og framleiðni í atvinnugreinum með skiptileigu og orlofskostum til langs tíma með því að samþykkja tilteknar sameiginlegar reglur.

3) Til að auka réttarvissu og til að neytendur og fyrirtæki geti fyllilega nýtt sér ávinninginn af innri markaðnum verður að samræma viðkomandi lög aðildarríkjanna frekar. Því skal samræma til fulls tiltekna þætti markaðssetningar, sölu og endursölu á skiptileigu og orlofskostum til langs tíma svo og réttindaskipta sem leiðir af skiptileigusamningum. Aðildarríkin skulu ekki fá leyfi til að viðhalda eða innleiða ákvæði í landslöggjöf sína sem víkja frá þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Ef ekki er um nein slík samræmd ákvæði að ræða er aðildarríkjunum frjálst að viðhalda eða setja löggjöf í hverju aðildarríki fyrir sig í samræmi við lög Bandalagsins. Þannig ættu aðildarríkin t.d. að geta viðhaldið eða innleitt ákvæði um áhrif þess að nýta réttinn til að falla frá lagalegum tengslum, sem eru utan gildissviðs þessarar tilskipunar eða ákvæða, sem kveða á um að ekki megi eiga sér stað neinar skuldbindingar milli neytanda og seljanda skiptileigu eða orlofskosta til langs tíma, og ekki heldur greiðslur milli þessara aðila fyrr en neytandinn hefur undirritað lánssamning til að fjármagna kaup á þessari þjónustu.

4) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á beitingu aðildarríkja, í samræmi við lög Bandalagsins, á ákvæðum þessarar tilskipunar á sviðum sem falla ekki undir gildissvið hennar. Aðildarríki geta því viðhaldið eða innleitt ákvæði í landslög, sem samsvara ákvæðum þessarar tilskipunar eða vissum ákvæðum hennar, um viðskipti sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

5) Hinir ýmsu samningar, sem falla undir þessa tilskipun, skulu vera skýrt skilgreindir þannig

([1]) Stjtíð. ESB C 44, 16.2.2008, bls. 27.
([2]) Álit Evrópuþingsins frá 22. október 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 18. desember 2008.
([3]) Stjtíð. EB L 280, 29.10. 1994, bls. 83.

að komið verði í veg fyrir að ákvæði hennar séu sniðgengin.

6) Að því er varðar þessa tilskipun ber ekki að skilja skiptileigusamninga þannig að þeir nái yfir margfaldar bókanir á gistiaðstöðu, þ.m.t. hótelherbergi, að svo miklu leyti sem margfaldar bókanir fela ekki í sér réttindi og skuldbindingar umfram þær sem hljótast af aðskildum pöntunum. Né heldur ber að skilja skiptileigusamninga svo að um sé að ræða venjulega leigusamninga þar eð þeir síðarnefndu eiga einungis við um eitt stakt samfellt gistitímabil en ekki um mörg tímabil.

7) Að því er varðar þessa tilskipun skulu samningar um orlofskosti til langs tíma ekki teljast taka til venjulegrar vildarþjónustu, sem veitir afslátt á dvöl í framtíðinni á hótelum í hótelkeðjum, þar eð aðild að kerfinu er ekki fengin gegn þóknun eða neytandinn greiðir þóknunina fyrst og fremst í þeim tilgangi að fá afslátt eða annan ávinning í tengslum við gistiaðstöðu.

8) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á ákvæði tilskipunar ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka ([1]).

9) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum (tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti) ([2]) eru misvísandi, ágengir og aðrir óréttmætir viðskiptahættir fyrirtækja gagnvart neytendum bannaðir. Að teknu tilliti til eðlis kostanna og viðskiptahátta í tengslum við skiptileigusamninga, samninga um orlofskosti til langs tíma, endursölu- og skiptasamninga, er rétt að innleiða ítarlegri og nákvæmari ákvæði um upplýsingakröfur og söluviðburði. Gera skal neytendum skýra grein fyrir viðskiptalegum tilgangi boða á söluviðburði. Ákvæði um upplýsingar sem eru veittar áður en samningur er gerður og um sjálfan samninginn skulu útskýrð nánar og uppfærð. Neytendum skal gert kleift að nálgast upplýsingarnar á auðveldan hátt á þessum tíma svo þeir geti kynnt sér þær áður en gengið er frá samningnum.

10) Neytendur skulu eiga þann rétt, sem seljendur skulu ekki neita þeim um, að fá upplýsingar sem veittar eru áður en samningur er gerður og samninginn á tungumáli sem þeir velja sjálfir og hafa þekkingu á. Til að auðvelda framkvæmd og framfylgd samningsins skulu aðildarríki auk þess fá leyfi til að ákveða að neytendum séu látnar í té fleiri tungumálaútgáfur af samningnum.

11) Til að neytendum gefist kostur á að skilja til fulls réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum skal þeim veittur frestur sem gerir þeim kleift að falla frá samningnum án þess að þurfa að réttlæta þá ákvörðun og þeim að kostnaðarlausu. Nú sem stendur er þessi frestur mislangur í aðildarríkjunum og reynslan sýnir að tímabilið, sem kveðið er á um í tilskipun 94/47/EB, er ekki nógu langt. Þar af leiðandi skal lengja frestinn til að ná fram öflugri neytendavernd og meira gagnsæi fyrir neytendur og seljendur. Samræma skal lengd frestsins, fyrirkomulagið og áhrifin af því að nýta réttinn til þess að falla frá samningi.

12) Neytendur skulu hafa raunhæf úrræði ef seljendur fara ekki eftir ákvæðunum um upplýsingar sem veittar eru áður en samningur er gerður eða um samninginn, einkum ákvæðunum þar sem mælt er fyrir um að samningurinn skuli innihalda allar tilskildar upplýsingar og að neytandinn skuli fá afrit af samningnum við gerð hans. Auk úrræðanna, sem til eru í landslögum, skulu neytendur fá frestinn til að falla frá samningi framlengdan hafi seljandi ekki veitt upplýsingar. Rétturinn til að falla frá samningi skal vera neytendum að kostnaðarlausu meðan á framlengdum fresti stendur, án tillits til þeirrar þjónustu sem þeir kunna að hafa notið. Þó að fresturinn til að falla frá samningi renni út kemur það ekki í veg fyrir að neytendur leiti úrræða í samræmi við landslög vegna vanefnda á upplýsingakröfunum.

13) Reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti ([3]) skal gilda við útreikning á tímabilunum sem fjallað er um í þessari tilskipun.

([1]) Stjtíð. EB L 158, 23.6. 1990, bls. 59.
([2]) Stjtíð. EB L 149, 11.6. 2005, bls. 22.
([3]) Stjtíð. EB L 124, 8.6. 1971, bls. 1.

14) Skýra skal bann við fyrirframgreiðslum til seljanda eða þriðja aðila, áður en frestinum til að falla frá samningi lýkur, nánar til að auka neytendavernd. Að því er varðar endursölusamninga skal bannið við fyrirframgreiðslu gilda þar til raunveruleg sala á sér stað eða endursölusamningnum er sagt upp, en aðildarríkjum skal áfram vera frjálst að setja reglur um möguleika og fyrirkomulag á lokagreiðslum til miðlara við uppsögn endursölusamninga.

15) Að því er varðar samninga um orlofskost til langs tíma ætti að vera hægt ákveða verðið, sem greiða skal samkvæmt áætlun um greiðslu í áföngum, með þann möguleika til hliðsjónar að aðlaga megi síðari fjárhæðir eftir fyrsta árið til að tryggja að raunvirði afborgana haldist, t.d. til að mæta verðbólgu.

16) Í því tilviki þegar neytandi fellur frá samningi og fjárhæðin er að öllu leyti eða að hluta greidd neytanda með láni frá seljanda eða þriðja aðila á grundvelli samkomulags milli þessa þriðja aðila og seljanda, skal segja upp lánssamningnum neytandanum að kostnaðarlausu. Hið sama gildir um samninga fyrir aðra tengda þjónustu sem seljandi eða þriðji aðili veitir á grundvelli samkomulags milli þess þriðja aðila og seljandans.

17) Neytendur skulu ekki sviptir þeirri vernd, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, þegar lög aðildarríkis gilda um samninginn. Ákvarða skal hvaða lög gilda um samninginn í samræmi við reglur Bandalagsins um alþjóðlegan einkamálarétt, einkum reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um samningsbundnar skyldur (Róm I) ([1]). Samkvæmt þeirri reglugerð geta lög þriðja lands átt við, einkum þegar seljendur reyna markvisst að ná til neytenda sem eru í orlofi í öðru landi en þar sem þeir hafa búsetu. Að því gefnu að slíkir viðskiptahættir séu algengir á svæðinu sem fellur undir þessa tilskipun, og að samningarnir feli í sér umtalsverðar fjárhæðir, skal veita aukna vernd við tilteknar sértækar aðstæður, einkum þegar dómstólar í einhverju aðildarríki hafa lögsögu að því er varðar samninginn, til að tryggja að neytandinn sé ekki sviptur þeirri vernd sem hann hefur samkvæmt þessari tilskipun. Þetta endurspeglar þá sérstöku þörf fyrir neytendavernd sem leiðir af dæmigerðum flóknum samningum til langs tíma sem skipta máli fjárhagslega og falla undir þessa tilskipun.

18) Í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 44/2001 frá 22. desember 2000 um dómsvald og viðurkenningu á og fullnustu dóma í einkamálum og viðskiptamálum ([2]) skal ákveða hvaða dómstólar hafa lögsögu í málum er varða málefni sem falla undir þessa tilskipun.

19) Til að tryggja að sú vernd, sem neytendum er veitt með þessari tilskipun, komi að fullu gagni, einkum þannig að seljendur fullnægi kröfum um upplýsingar, bæði áður en samningur er gerður og í samningnum, er nauðsynlegt að aðildarríkin mæli fyrir um viðurlög við brotum á þessari tilskipun sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

20) Nauðsynlegt er að tryggja að einstaklingar eða stofnanir, sem samkvæmt landslögum hafa lögmætra hagsmuna að gæta í málinu, hafi lagaleg úrræði til þess að hefja málsmeðferð vegna brota á þessari tilskipun.

21) Nauðsynlegt er að þróa viðeigandi og árangursríka úrlausnarmeðferð í aðildarríkjunum til að leysa deilumál neytenda og seljenda. Í þessu skyni skulu aðildarríki hvetja til þess að opinberar stofnanir eða einkafyrirtæki séu stofnuð til að annast lausn deilumála utan dómstóla.

22) Aðildarríkin skulu sjá til þess að neytendur séu upplýstir nægilega um ákvæði landslaga til löggleiðingar þessari tilskipun og hvetja seljendur og reglusetningaraðila til að veita neytendum upplýsingar um siðareglur sínar á þessu sviði. Neytendasamtök skulu upplýst um og taka þátt í samningu siðareglna með það fyrir augum að ná fram öflugri neytendavernd.

23) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og fram kemur í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að afnema hindranir á innri markaðnum og ná fram öflugri almennri neytendavernd.

24) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í Evrópusáttmála um

([1]) Stjtíð. EB L 177, 4.7. 2008, bls. 6.

([2]) Stjtíð. EB L 12, 16.1. 2001, bls. 1.

verndun mannréttinda og mannfrelsis og sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

25) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([1]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að semja og birta sínar eigin töflur sem, eftir því sem kostur er, sýna samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafananna.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilgangur og gildissvið

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að stuðla að eðlilegri starfsemi innri markaðarins og ná öflugri neytendavernd með samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna að því er varðar tiltekna þætti markaðsetningar, sölu og endursölu langtímaleigusamninga og samninga um orlofskosti til langs tíma sem og skiptasamninga.

2. Tilskipun þessi gildir um viðskipti milli seljanda og neytenda.

Tilskipun þessi er með fyrirvara um landslög:

a) um almenn úrræði í samningalögum,

b) um skráningu á fasteignum og lausafjármunum og miðlun fasteigna,

c) um staðfestuskilyrði, fyrirkomulag leyfisveitinga eða leyfisskilyrði og

d) um skilgreiningu á lagalegri stöðu réttindanna sem samningarnir, sem falla undir þessa tilskipun, fjalla um.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skiptileigusamningur“: samningur, sem gildir lengur en í eitt ár, sem veitir neytanda rétt gegn þóknun til þess að nota gistiaðstöðu í eina nótt eða fleiri í eitt dvalartímabil eða fleiri,

b) „samningur um orlofskost til langs tíma“: samningur sem gildir lengur en í eitt ár, sem veitir neytandanum gegn þóknun rétt á því að fá afslátt, eða annan ávinning í tengslum við gistiaðstöðu eina og sér eða með ferðum eða annarri þjónustu,

c) „endursölusamningur“: samningur þar sem seljandi aðstoðar neytanda við að selja eða kaupa skiptileigu eða orlofskost til langs tíma gegn þóknun,

d) „skiptisamningur“: samningur, þar sem neytandi tekur þátt í skiptikerfi gegn þóknun, sem heimilar honum aðgang að næturgistingu eða annarri þjónustu í skiptum fyrir að veita öðrum einstaklingum leyfi til hagnýta sér tímabundið réttindin sem leiða af skiptileigusamningi hans,

e) „seljandi“: einstaklingur eða lögaðili sem vinnur að markmiðum er varða atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein hans og hver sá sem kemur fram í nafni seljanda eða fyrir hönd hans,

f) „neytandi“: einstaklingur sem vinnur að markmiðum sem liggja utan við atvinnugrein, fyrirtæki, iðju eða sérgrein hans,

g) „fylgisamningur“: samningur sem gildir um kaup neytandans á þjónustu, sem tengist skiptileigusamningi eða samningi um orlofskost til langs tíma, og sem seljandi eða þriðji aðili lætur í té á grundvelli samkomulags milli þess þriðja aðila og seljandans,

h) „varanlegur miðill“: sérhvert tæki sem gerir neytanda eða seljanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að hægt sé að nálgast þær til að fletta upp í þeim síðar, í hæfilegan tíma eftir tilgangi upplýsinganna og sem gerir kleift að afrita óbreyttar þær upplýsingar sem geymdar eru,

i) „siðareglur“: samkomulag eða reglubálkur, sem leiðir ekki af lögum eða stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkis, þar sem skilgreind er hegðun seljenda sem skuldbinda sig til að fara eftir reglunum að því er varðar tiltekna viðskiptahætti eða viðskiptasvið,

j) „reglusetningaraðili“: sérhver aðili, þ.m.t. seljandi eða hópur seljenda, sem ber ábyrgð á gerð og endurskoðun siðareglna og/eða á því að fylgjast með því að þeir, sem hafa skuldbundið sig til þess, fari eftir reglunum.

2. Við útreikning á lengd skiptileigusamnings eða samnings um orlofskost til langs tíma, eins og hann er skilgreindur í a- og b-lið 1. mgr., eftir því sem við á, skal taka tillit til samningsákvæða sem leyfa sjálfkrafa endurnýjun eða framlengingu.

([1]) Stjtíð. ESB C 321, 16.2.2008, bls. 1.

3. gr.

Auglýsingastarfsemi

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að í öllum auglýsingum sé tilgreint að mögulegt sé að fá upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og hvar hægt er að fá þær.

2. Ef bjóða á neytanda í eigin persónu skiptileigusamning, samning um orlofskost til langs tíma, endursölu- eða skiptisamning á kynningu eða söluviðburði, skal seljandi gera skýra grein fyrir viðskiptatilgangi og eðli viðburðarins í boðinu.

3. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., skulu vera neytandanum aðgengilegar á hvaða tíma sem er meðan viðburðurinn stendur yfir.

4. Skiptileigu eða orlofskost til langs tíma skal ekki markaðssetja eða selja sem fjárfestingu.

4. gr.

Upplýsingar sem veittar eru áður en samningur er gerður

1. Seljandinn skal, með nægum fyrirvara áður en neytandinn er bundinn samningi eða tilboði, veita neytandanum á skýran og auðskiljanlegan máta nákvæmar og fullnægjandi upplýsingarnar sem hér segir:

a) ef um er að ræða skiptileigusamning: á stöðluðu upplýsingaeyðublaði, eins og sett er fram í I. viðauka, og upplýsingarnar sem um getur í 3. hluta þess eyðublaðs,

b) ef um er að ræða samning um orlofskost til langs tíma: á stöðluðu upplýsingaeyðublaði. eins og sett er fram í II. viðauka, og upplýsingarnar sem um getur í 3. hluta þess eyðublaðs,

c) ef um er að ræða endursölusamning: á stöðluðu upplýsingaeyðublaði, eins og sett er fram í III. viðauka, og upplýsingarnar sem um getur í 3. hluta þess eyðublaðs,

d) ef um er að ræða skiptisamning: á stöðluðu upplýsingaeyðublaði, eins og sett er fram í IV. viðauka, og upplýsingarnar sem um getur í 3. hluta þess eyðublaðs.

2. Seljandinn skal veita upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. án endurgjalds, á pappír eða öðrum varanlegum miðli sem neytandinn hefur greiðan aðgang að.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., séu á tungumáli eða einu af tungumálum aðildarríkisins, þar sem einstaklingurinn er búsettur eða ríkisborgari, að vali neytandans, að því tilskildu að það sé opinbert tungumál Bandalagsins.

5. gr.

Samningur um skiptileigu, samningur um orlofskost til langs tíma eða endursölu eða skiptisamningur

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að samningurinn sé skriflegur, á pappír eða öðrum varanlegum miðli, og á tungumáli eða einu af tungumálum aðildarríkis, þar sem neytandinn er búsettur eða er ríkisborgari, að vali neytandans, að því tilskildu að það sé opinbert tungumál í Bandalaginu.

Þó getur aðildarríkið þar sem neytandinn er búsettur að auki krafist eftirfarandi:

a) í öllum tilvikum, að samningurinn sé lagður fram til neytandans á tungumáli eða einu af tungumálum aðildarríkisins, að því tilskildu að það sé opinbert tungumál í Bandalaginu.

b) ef um er að ræða skiptileigusamning, sem varðar eina ákveðna fasteign, skal seljandinn láta neytandanum í té vottaða þýðingu á samningnum á tungumáli eða einu af tungumálum aðildarríkisins þar sem fasteignin er, að því tilskildu að það sé opinbert tungumál í Bandalaginu.

Aðildarríkið, þar sem seljandi er með sölustarfsemi, getur í öllum tilvikum krafist þess að samningurinn sé látinn neytandanum í té á tungumáli eða á einu af tungumálum aðildarríkisins, að því tilskildu að það sé opinbert tungumál í Bandalaginu.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. skulu vera óaðskiljanlegur hluti samningsins og þeim skal ekki breytt nema samningsaðilarnir samþykki annað sérstaklega eða breytingarnar séu til komnar vegna óvenjulegra og ófyrirsjáanlegra aðstæðna, sem ekki eru á valdi seljandans, og ekki hefði verið hægt að komast hjá þrátt fyrir ýtrustu kostgæfni.

Tilkynna skal neytandanum um þessar breytingar, á pappír eða öðrum varanlegum miðli sem hann hefur greiðan aðgang að, áður en samningurinn er gerður.

Í samningnum skal sérstaklega kveða á um allar slíkar breytingar.

3. Auk upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. skal eftirfarandi koma fram í samningnum:

a) auðkenni, búsetustaður og undirskrift allra aðila og

b) dagsetning og staður þar sem samningurinn er gerður.

4. Áður en samningur er gerður skal seljandi á skilmerkilegan hátt vekja athygli neytandans á rétti hans til þess að falla frá samningnum, á því hversu langur fresturinn er, sem um getur í 6. gr. og banninu við fyrirframgreiðslu meðan fresturinn, sem um getur í 9. gr. varir.

Neytandinn skal undirrita samsvarandi samningsákvæði sérstaklega. Í samningnum skal vera sérstakt staðlað eyðublað til að falla frá samningi, eins og það er sett fram í V. viðauka, ætlað til að auðvelda beitinguna á réttinum til að falla frá samningi skv. 6. gr.

5. Neytandinn skal fá eitt eða fleiri afrit af samningnum við gerð hans.

6. gr.

Réttur til að falla frá samningi

1. Auk þeirra úrræða, sem neytandinn hefur samkvæmt landslögum í þeim tilvikum þegar ákvæði þessarar tilskipunar eru brotin, skulu aðildarríki tryggja að neytandinn fái frest í 14 almanaksdaga til að falla frá samningi um skiptileigu, samningi um orlofskosti til langs tíma, endursölu- eða skiptisamningi, án þess að tilgreina nokkra ástæðu.

2. Frestur til að falla frá samningi reiknast:

a) frá þeim degi þegar samningurinn eða bindandi bráðabirgðasamningur er gerður eða

b) frá þeim degi þegar neytandinn fær samninginn eða bindandi bráðabirgðasamning í hendur, ef sá dagur er síðar en dagurinn sem um getur í a-lið.

3. Frestur til að falla frá samningi rennur út:

a) eftir eitt ár og 14 almanaksdaga frá þeim degi sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, hafi sérstakt staðlað eyðublað til að falla frá samningi, sem gerð er krafa um skv. 4. mgr. 5. gr. ekki verið fyllt út af seljanda og afhent neytanda skriflega á pappír eða öðrum varanlegum miðli,

b) eftir þrjá mánuði og 14 almanaksdaga frá þeim degi sem um getur í 2. mgr., þessar greinar, hafi upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., þ.m.t. staðlaða upplýsingaeyðublaðið í I. til IV. viðauka sem nota á, ekki verið afhent neytandanum skriflega á pappír eða öðrum varanlegur miðli.

Að auki skulu aðildarríkin kveða á um hæfileg viðurlög í samræmi við 15. gr., einkum í þeim tilvikum að seljandinn hafi, þegar afturköllunartímabil rann út, látið hjá líða að uppfylla upplýsingakröfurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun.

4. Ef seljandi hefur fyllt út sérstakt staðlað eyðublað til að falla frá samningi, eins og gerð er krafa um í 4. mgr. 5. gr. og afhent það neytandanum skriflega á pappír eða öðrum varanlegum miðli, innan eins árs frá þeim degi sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skal frestur til að falla frá samningi hefjast frá og með þeim degi þegar neytandinn tekur við því eyðublaði. Það sama á við þegar neytandi hefur tekið við upplýsingunum, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. þ.m.t. staðlaða upplýsingaeyðublaðið í I. til IV. viðauka sem nota á, skriflega á pappír eða öðrum varanlegum miðli, innan þriggja mánaða frá þeim degi sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skal frestur til að falla frá samningi hefjast frá og með þeim degi þegar neytandinn tekur við slíkum upplýsingum.

5. Í þeim tilvikum þegar neytanda er boðinn skiptisamningur ásamt og samtímis skiptileigusamningi gildir einungis einn frestur til að falla frá samningi skv. 1. mgr. fyrir báða samningana. Frestur til að falla frá samningi fyrir báða samningana skal reikna út samkvæmt ákvæðum 2. mgr. sem gilda um skiptileigusamninga.

7. gr.

Fyrirkomulag á nýtingu réttar til að falla frá samningi

Ef neytandi hyggst nýta sér rétt til að falla frá samningi skal hann tilkynna seljanda um þá ákvörðun á pappír eða öðrum varanlegum miðli áður en fresturinn til að falla frá samningnum rennur út. Neytandinn getur notað staðlaða eyðublaðið til að falla frá samningi, sbr. V. viðauka, sem seljandinn hefur lagt fram í samræmi við 4. mgr. 5. gr. Frestur telst virtur ef tilkynningin er send áður en fresturinn til að falla frá samningi rennur út.

8. gr.

Áhrif af nýtingu réttar til að falla frá samningi

1. Nýti neytandi sér rétt til að falla frá samningi bindur það enda á þá skyldu samningsaðila að standa við hann.

2. Nýti neytandi sér rétt til að falla frá samningi skal hann hvorki bera af því kostnað né vera skyldugur til að greiða nokkurt gjald fyrir þá þjónustu sem kann að hafa verið veitt áður en hann féll frá samningnum.

9. gr.

Fyrirframgreiðsla

1. Í tengslum við samninga um skiptileigu, orlofskosti til langs tíma og skiptisamninga skulu aðildarríki tryggja bann við öllum fyrirframgreiðslum, tryggingum, geymslu peninga á reikningum, beinum skuldarviðurkenningum eða hvers konar öðrum greiðslum frá neytanda til seljanda eða þriðja aðila áður en frestinum til að falla frá samningi lýkur skv. 6. gr.

2. Í tengslum við endursölusamninga skulu aðildarríkin tryggja bann við öllum fyrirframgreiðslum, tryggingum, geymslu peninga á reikningum, beinum skuldarviðurkenningum eða hvers konar öðrum greiðslum frá neytanda til seljanda eða þriðja aðila áður en sala fer fram eða fallið er frá endursölusamningi á annan hátt.

10. gr.

Sértæk ákvæði um samninga um orlofskosti til langs tíma

1. Að því er varðar samninga um orlofskosti til langs tíma skulu greiðslur inntar af hendi samkvæmt áætlun um greiðslu í áföngum. Banna skal að greiða umsamið verð á annan hátt en tilgreint er í áætluninni um greiðslu í áföngum. Greiðslunum, að meðtöldu hugsanlegu aðildargjaldi skal dreift á jafnháar árlegar afborganir. Seljandinn skal senda skriflega greiðslubeiðni á pappír eða öðrum varanlegum miðli, a.m.k. 14 almanaksdögum fyrir hvern gjalddaga.

2. Frá og með annarri afborgun getur neytandi sagt samningi upp án viðurlaga, með því að tilkynna seljanda það innan 14 almanaksdaga frá viðtöku greiðslubeiðni fyrir hverja afborgun. Þessi réttur skal ekki hafa áhrif á réttinn til að segja upp samningnum samkvæmt gildandi landslögum.

11. gr.

Uppsögn fylgisamninga

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að þegar neytandi nýtir sér rétt til að falla frá samningi um skiptileigu eða orlofskost til langs tíma sé öllum skiptasamningum sem honum fylgja eða öllum öðrum fylgisamningum sjálfkrafa sagt upp neytanda að kostnaðarlausu.

2. Með fyrirvara um 15. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánasamninga fyrir neytendur ([1]), þar sem seljandi eða þriðji aðili lánar alla fjárhæðina eða hluta hennar á grundvelli samkomulags milli þriðja aðila og seljanda, skal segja upp lánasamningnum neytanda að kostnaðarlausu ef hann nýtir sér uppsagnarrétt sinn á skiptileigusamningi, samningi um orlofskost til langs tíma, endursölu- eða skiptisamningnum.

3. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um ítarlegar reglur varðandi uppsögn slíkra samninga.

12. gr.

Ákvæði þessarar tilskipunar og beiting í alþjóðlegum málum eru ófrávíkjanleg

1. Aðildarríki skulu sjá til þess, þegar gildandi lög um samninginn eru lög aðildarríkis, að neytendur geti ekki afsalað sér þeim rétti sem þeir hafa samkvæmt þessari tilskipun.

2. Þegar gildandi lög eru lög þriðja lands skal neytandinn ekki sviptur þeirri vernd, sem þessi tilskipun veitir, eins og hún er framkvæmd í aðildarríki vettvangsins ef:

– einhver þeirra fasteigna sem um ræðir er innan yfirráðasvæðis aðildarríkis eða

– í þeim tilvikum að samningur tengist ekki beint fasteign, seljandinn stundar viðskipta- eða atvinnustarfsemi í aðildarríki eða á einhvern annan hátt beinir slíkri starfsemi til aðildarríkis og samningurinn fellur innan ramma slíkrar starfsemi.

13. gr.

Dóms- og stjórnsýsluúrlausn

1. Með hagsmuni neytenda í huga skulu aðildarríki sjá til þess að til séu fullnægjandi og skilvirk úrræði til að tryggja að seljendur fari að ákvæðum þessarar tilskipunar.

2. Meðal þeirra úrræða, sem um getur í 1. mgr., skulu vera ákvæði sem einn eða fleiri eftirtalinna aðila geta, eins og ákvarðast af landslögum, nýtt sér til að hefja mál fyrir dómstólum eða þar til bærum stjórnsýslustofnunum til að tryggja að ákvæðum landslaga sé beitt til framkvæmdar þessarar tilskipunar:

a) opinberir aðilar og yfirvöld eða fulltrúar þeirra,

b) neytendasamtök sem hafa lögmæta hagsmuni af því að vernda neytendur,

---

([1]) Stjtíð. EB L 177, 4.7. 2008, bls. 6.

c) fagfélög sem hafa lögmæta hagsmuni af því að grípa til slíkrar aðgerðar.

14. gr.

Neytendaupplýsingar og úrlausn utan dómstóla

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að veita neytendum upplýsingar um landsbundin lög til lögleiðingar þessari tilskipun og skulu, eftir því sem við á, hvetja seljendur og reglusetningaraðila til að veita neytendum upplýsingar um siðareglur sínar.

Framkvæmdastjórnin skal hvetja til þess á vettvangi Bandalagsins, einkum meðal fagaðila, samtaka og stofnana, að samdar verði siðareglur sem miða að því að greiða fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar í samræmi við lög Bandalagsins. Hún skal einnig hvetja seljendur og atvinnusamtök þeirra til að upplýsa neytendur um slíkar reglur, þ.m.t., eftir því sem við á, með sérstökum merkingum.

2. Aðildarríki skulu hvetja til þess að komið verði á viðeigandi og skilvirkri málsmeðferð við að fjalla um kvartanir og leita lausna utan réttar í deilumálum neytenda samkvæmt þessari tilskipun og skulu, eftir því sem við á, hvetja seljendur og atvinnusamtök þeirra til að upplýsa neytendur um aðgengi að slíkri málsmeðferð.

15. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríki skulu kveða á um hæfileg viðurlög í þeim tilvikum þegar seljandi uppfyllir ekki ákvæði landslaga sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun.

2. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

16. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 23. febrúar 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 23. febrúar 2011.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

17. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa tilskipun og leggja skýrslu um málið fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 23. febrúar 2014.

Ef nauðsyn ber til skal hún gera frekari tillögur um aðlögun hennar að þróun mála á þessu sviði.

Framkvæmdastjórnin getur farið fram á upplýsingar frá aðildarríkinu og stjórnvöldum í hverju aðildarríki fyrir sig.

18. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 94/47/EB falli úr gildi. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VI. viðauka.

19. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

20. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 14. janúar 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	A. VONDRA
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

STAÐLAÐ UPPLÝSINGAEYÐUBLAÐ FYRIR SKIPTILEIGUSAMNINGA

1. hluti:

Auðkenni, búsetustaður og réttarstaða seljanda eða seljenda sem verða aðilar að samningnum:
Stutt lýsing á kostinum (t.d. lýsing á fasteign): Nákvæmar upplýsingar um eiginleika og inntak réttindanna:
Nákvæmar upplýsingar um á hvaða tímabili er unnt að nýta sér réttindin sem samningurinn fjallar um og, ef þörf krefur, hversu lengi það fyrirkomulag varir: Frá hvaða degi neytandi getur nýtt sér samningsréttindi sín: Ef samningurinn varðar tiltekna eign á byggingarstigi, dagurinn þegar gistiaðstaða og þjónustuaðstaða verða fullfrágengnar/aðgengilegar:
Verðið sem neytandinn þarf að greiða fyrir réttindin: Yfirlit yfir skyldubundinn viðbótarkostnað sem greiða skal samkvæmt samningnum, tegund kostnaðar og upplýsingar um fjárhæð (t.d. árgjöld, önnur reglubundin gjöld, sérstakar álögur, staðbundnir skattar):
Samantekt lykilþjónustu sem neytandinn hefur aðgang að (t.d. rafmagn, vatn, viðhald, sorphirða) og upplýsingar um þá fjárhæð sem neytandinn þarf að greiða fyrir slíka þjónustu. Samantekt aðstöðu sem neytandinn hefur aðgang að (t.d. sundlaug eða gufubað): Er þessi aðstaða innifalin í þeim kostnaði sem er tilgreindur hér að framan? Ef ekki, tilgreinið það sem er innifalið og hvað þarf að greiða fyrir:
Er mögulegt að ganga inn í skiptikerfi? Ef já, hvað heitir skiptikerfið? Upplýsingar um kostnað vegna aðildar/skipta:
Hefur seljandi undirritað siðareglur og ef svo er, hvar er hægt að nálgast þær?

2. hluti:

Almennar upplýsingar:

- Neytandinn hefur rétt til að falla frá þessum samningi án þess að tilgreina nokkra ástæðu innan 14 almanaksdaga frá gerð samningsins eða annarra bindandi bráðabirgðasamninga eða við viðtöku þeirra samninga ef það á sér stað síðar.

- Á meðan fresturinn til að falla frá samningi varir eru allar fyrirframgreiðslur frá neytanda bannaðar. Bannið varðar allar greiðslur, þ.m.t. greiðslur, ábyrgðaveitingar, geymsla peninga á reikningum, bein skuldarviðurkenning o.s.frv. Þetta nær ekki aðeins yfir greiðslur til seljanda heldur einnig til þriðju aðila.

- Neytandinn skal ekki bera neinn kostnað eða skyldur aðrar en þær sem eru tilgreindar í samningnum.

- Samkvæmt alþjóðlegum einkamálarétti getur samningurinn fallið undir önnur lög en þess aðildarríkis þar sem neytandinn er búsettur eða þar sem hann er venjulega heimilisfastur og mögulegum ágreiningi getur verið vísað til annarra dómstóla en aðildarríkisins þar sem neytandinn er búsettur eða venjulega heimilisfastur.

Undirritun neytanda:

3. hluti:

Viðbótarupplýsingar sem neytandinn á rétt á og þess getið hvar er hægt að nálgast þær nákvæmlega (t.d. í hvaða kafla almenns kynningarbæklings) ef það er ekki tekið fram hér að aftan:

1. UPPLÝSINGAR UM RÉTTINDIN SEM ERU KEYPT

- Skilyrðin fyrir nýtingu réttindanna, sem felast í samningnum, á yfirráðasvæði aðildarríkisins eða aðildarríkjanna þar sem viðkomandi eign eða eignir eru og upplýsingar um hvort þessi skilyrði hafa verið uppfyllt eða, ef þau hafa ekki verið uppfyllt, hvaða skilyrði eru óuppfyllt.

- Ef samningurinn veitir réttindi til að nýta gistiaðstöðu, sem valin er úr hópi fleiri en einnar gistiaðstöðu, upplýsingar um takmarkanir á möguleikum neytandans til að nota hvaða gistiaðstöðu sem er úr hópnum á hvaða tíma sem er.

2. UPPLÝSINGAR UM EIGNIRNAR

- Ef samningurinn varðar ákveðna fasteign, nákvæm og sundurliðuð lýsing á þeirri eign og staðsetningu hennar. Ef samningurinn varðar margar eignir (margir dvalarstaðir), viðeigandi lýsing á eignunum og staðsetningu þeirra. Ef samningurinn varðar aðra gistiaðstöðu en fasteign, viðeigandi lýsing á vistaverunum og aðstöðunni.

- Þjónusta (t.d. rafmagn, vatn, viðhald, sorphirða) sem neytandinn hefur eða mun hafa aðgang að og skilyrði þar að lútandi.

- Eftir atvikum, sameiginleg aðstaða, s.s. sundlaug, gufubað o.s.frv., sem neytandinn hefur aðgang að eða gæti haft aðgang að og skilyrði þar að lútandi.

3. VIÐBÓTARKRÖFUR VARÐANDI GISTIAÐSTÖÐU Á BYGGINGARSTIGI (eftir atvikum)

- Hversu langt bygging gistiaðstöðunnar er komin og hversu vel miðar að ganga frá þjónustulögnum sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að taka fasteignina ínotkun (hvort búið er að tengja gas, rafmagn, vatn og síma) og alls konar aðstöðu sem neytandinn mun hafa aðgang að.

- Hvenær gistiaðstaðan verður tilbúin og búið að ganga frá þjónustulögnum sem gera hana starfhæfa að fullu (gas, rafmagn, vatn og sími) og raunsætt mat á því hvenær öll aðstaða, sem neytandi mun hafa aðgang að, verður tilbúin.

- Fjöldi byggingaleyfa og nafn eða nöfn og fullt heimilisfang eða heimilisföng lögbærs yfirvalds eða yfirvalda.

- Trygging fyrir því að gengið verði til fulls frá gistiaðstöðunni eða trygging fyrir endurgreiðslu á innborgunum ef frágangi gistiaðstöðunnar verður ekki lokið og, eftir því sem við á, með hvaða skilyrðum þessi trygging er sett.

4. UPPLÝSINGAR UM KOSTNAÐ

- Nákvæm og viðeigandi lýsing á öllum kostnaði sem tengist skiptileigusamningnum, hvernig þessi kostnaður reiknast á neytandann og hvernig og hvenær heimilt er að hækka slíkan kostnað, aðferðir við útreikning á fjárhæð gjalda sem fylgja nýtingu á eigninni, lögboðin gjöld (t.d. skattar og álögur) og stjórnunarkostnaður (t.d. rekstur, viðhald og viðgerðir).

- Eftir atvikum, upplýsingar um hvort einhver gjöld, veðlán, kvaðir eða einhver önnur skráð veð á hvíla á gistiaðstöðunni.

5. UPPLÝSINGAR UM UPPSÖGN SAMNINGS

- Eftir því sem við á, upplýsingar um fyrirkomulag á uppsögn fylgisamninga og afleiðingar slíkrar uppsagnar.

- Skilyrði fyrir uppsögn samnings, afleiðingar uppsagnar og upplýsingar um ábyrgð neytanda á kostnaði sem gæti hlotist af slíkri uppsögn.

6. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

- Upplýsingar um hvernig skipulagi á viðhaldi og viðgerðum eignarinnar og stjórnun hennar og rekstri er háttað, þ.m.t. hvort og hvernig neytandinn getur haft áhrif á og tekið þátt í ákvörðunum um þessi mál.

- Upplýsingar um hvort hægt er að gerast aðili að endursölukerfi á samningsbundna réttinum, upplýsingar um viðkomandi kerfi og upplýsingar um kostnað varðandi endursölu í gegnum þetta kerfi.

- Upplýsingar um eitt tungumál eða fleiri sem hægt er að nota til að eiga samskipti við seljandann vegna samningsins, t.d. í tengslum við stjórnunarákvarðanir, kostnaðaraukningu og meðferð fyrirspurna og kvartana.

- Eftir atvikum, hvort hægt er að leysa deilumál utan dómstóla.

Kvittun fyrir viðtöku upplýsinga:

Undirritun neytanda:

_____

II. VIÐAUKI

STAÐLAÐ UPPLÝSINGAEYÐUBLAÐ FYRIR SAMNINGA UM ORLOFSKOSTI TIL LANGS TÍMA

1. hluti:

Auðkenni, búsetustaður og réttarstaða seljanda eða seljenda sem verða aðilar að samningnum:
Stutt lýsing á kostinum: Nákvæmar upplýsingar um eiginleika og inntak réttindanna:
Nákvæmar upplýsingar um á hvaða tímabili er unnt að nýta sér réttindin sem samningurinn fjallar um og, ef þörf krefur, hversu lengi það fyrirkomulag varir: Frá hvaða degi neytandi getur nýtt sér samningsréttindi sín:
Verðið sem neytandinn þarf að greiða fyrir kaup á réttindunum, þ.m.t. allur frekari kostnaður sem neytandinn getur búist við að falli til vegna þeirra réttinda að fá aðgang að gistiaðstöðu, ferðum og hvers konar tengdum kostum eða þjónustu eins og tilgreint er: Í áætluninni um greiðslu í áföngum eru fastsettar jafnháar afborganir til að greiða þetta verð fyrir hvert ár meðan samningurinn varir og gjalddagar þeirra. Eftir fyrsta árið má aðlaga síðari fjárhæðir til að tryggja að raungildi þessara afborgana haldist, t.d. taki mið af verðbólgu. Yfirlit yfir skyldubundinn viðbótarkostnað sem greiða skal samkvæmt samningnum, tegund kostnaðar og upplýsingar um fjárhæðir (t.d. árlegt aðildargjald):
Samantekt lykilþjónustu sem neytandinn hefur aðgang að (t.d.afsláttur á hóteldvöl og flugferðum): Er hún innifalinn í þeim kostnaði sem er tilgreindur hér að framan? Ef ekki, tilgreinið það sem er innifalið og hvað þarf að greiða fyrir (t.d. þriggja nátta dvöl sem er innifalin í árlega aðildargjaldinu, greiða þarf sérstaklega fyrir alla aðra gistingu):
Hefur seljandi undirritað siðareglur og ef svo er, hvar er hægt að nálgast þær?

2. hluti:

Almennar upplýsingar: – Neytandinn hefur rétt til að falla frá þessum samningi án þess að tilgreina nokkra ástæðu innan 14 almanaksdaga frá gerð samningsins eða annarra bindandi bráðabirgðasamninga eða við viðtöku þeirra samninga ef það á sér stað síðar. – Á meðan fresturinn til að falla frá samningi varir eru allar fyrirframgreiðslur frá neytanda bannaðar. Bannið varðar allar greiðslur, þ.m.t. greiðslur, ábyrgðaveitingar, geymsla peninga á reikningum, bein skuldarviðurkenning o.s.frv. Þetta nær ekki aðeins yfir greiðslur til seljanda heldur einnig til þriðju aðila.

- Neytandinn hefur rétt til að segja samningnum upp án þess að það hafi í för með sér sektir, með því að tilkynna seljanda það innan 14 almanaksdaga frá viðtöku greiðslubeiðni fyrir hverja árlegra afborgun fyrir sig.

- Neytandinn skal ekki bera neinn kostnað eða skyldur aðrar en þær sem eru tilgreindar í samningnum.

- Samkvæmt alþjóðlegum einkamálarétti getur samningurinn fallið undir önnur lög en þess aðildarríkis þar sem neytandinn er búsettur eða þar sem hann er venjulega heimilisfastur og mögulegum ágreiningi getur verið vísað til annarra dómstóla en aðildarríkisins þar sem neytandinn er búsettur eða venjulega heimilisfastur.

Undirritun neytanda:

3. hluti:

Viðbótarupplýsingar sem neytandinn á rétt á og þess getið hvar er hægt að nálgast þær nákvæmlega (t.d. í hvaða kafla almenns kynningarbæklings) ef það er ekki tekið fram hér að aftan:

1. UPPLÝSINGAR UM RÉTTINDIN SEM ERU KEYPT

- Viðeigandi og rétt lýsing á afsláttum sem gilda um bókanir í framtíðinni, útskýrð með dæmum af nýlegum tilboðum,

- Upplýsingar um takmarkanir á möguleika neytandans til að nýta réttindin, s.s. takmarkað framboð eða tilboð sem grundvallast á reglunni um að fyrstir koma fyrstir fá, tímamörkum á sérstökum kynningar- og sértilboðum.

2. UPPLÝSINGAR UM UPPSÖGN SAMNINGS

- Eftir því sem við á, upplýsingar um fyrirkomulag á uppsögn fylgisamninga og afleiðingar slíkrar uppsagnar.

- Skilyrði fyrir uppsögn samnings, afleiðingar uppsagnar og upplýsingar um ábyrgð neytanda á kostnaði sem gæti hlotist af slíkri uppsögn.

3. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

- Upplýsingar um eitt tungumál eða fleiri sem hægt er að nota til að eiga samskipti við seljandann vegna samningsins, t. d. í tengslum við meðferð fyrirspurna og kvartana.

- Eftir atvikum, hvort hægt er að leysa deilumál utan dómstóla.

Kvittun fyrir viðtöku upplýsinga:

Undirritun neytanda:

III. VIÐAUKI

STAÐLAÐ UPPLÝSINGAEYÐUBLAÐ FYRIR ENDURSSÖLUSAMNINGA

1. hluti:

Auðkenni, búsetustaður og réttarstaða seljanda eða seljenda sem verða aðilar að samningnum:
Stutt lýsing á þjónustunni (t.d. markaðssetningu)
Gildistími samningsins:
Verðið sem neytandinn þarf að greiða fyrir þjónustuna: Yfirlit yfir skyldubundinn viðbótarkostnað sem greiða skal samkvæmt samningnum, tegund kostnaðar og upplýsingar um fjárhæðir (t.d. staðbundnir skattar, gjald fyrir þjónustu lögbókanda, auglýsingakostnaður):
Hefur seljandi undirritað siðareglur og ef svo er, hvar er hægt að nálgast þær?

2. hluti:

Almennar upplýsingar:

- Neytandinn hefur rétt til að falla frá þessum samningi án þess að tilgreina nokkra ástæðu innan 14 almanaksdaga frá gerð samningsins eða annarra bindandi bráðabirgðasamninga eða við viðtöku þessara samninga ef það á sér stað síðar.

- Allar fyrirframgreiðslur frá neytanda eru bannaðar þar til raunveruleg sala hefur farið fram eða endursölusamningnum hefur verið sagt upp. Bannið varðar allar greiðslur, þ.m.t. greiðslur, ábyrgðaveitingar, geymsla peninga á reikningum, bein skuldarviðurkenning o.s.frv. Þetta nær ekki aðeins yfir greiðslur til seljanda heldur einnig til þriðju aðila.

- Neytandinn skal ekki bera neinn kostnað eða skyldur aðrar en þær sem eru tilgreindar í samningnum.

- Samkvæmt alþjóðlegum einkamálarétti getur samningurinn fallið undir önnur lög en þess aðildarríkis þar sem neytandinn er búsettur eða þar sem hann er venjulega heimilisfastur og mögulegum ágreiningi getur verið vísað til annarra dómstóla en aðildarríkisins þar sem neytandinn er búsettur eða venjulega heimilisfastur.

Undirritun neytanda:

3. hluti:

Viðbótarupplýsingar sem neytandinn á rétt á og þess getið hvar er hægt að nálgast þær nákvæmlega (t.d. í hvaða kafla almenns kynningarbæklings) ef það er ekki tekið fram hér að aftan: Skilyrði fyrir uppsögn samningsins, afleiðingar uppsagnar og upplýsingar um ábyrgð neytanda á kostnaði sem gæti hlotist af slíkri uppsögn. Upplýsingar um eitt tungumál eða fleiri sem hægt er að nota til að eiga samskipti við seljandann vegna samningsins, t.d. í tengslum við meðferð fyrirspurna og kvartana. Eftir atvikum, hvort hægt er að leysa deilumál utan dómstóla.

Kvittun fyrir viðtöku upplýsinga:

Undirritun neytanda:

IV. VIÐAUKI

STAÐLAÐ UPPLÝSINGAEYÐUBLAÐ FYRIR SKIPTISAMNINGA

1. hluti:

Auðkenni, búsetustaður og réttarstaða seljanda eða seljenda sem verða aðilar að samningnum:
Stutt lýsing á kostinum: Nákvæmar upplýsingar um eiginleika og inntak réttindanna:
Nákvæmar upplýsingar um á hvaða tímabili er unnt að nýta sér réttindin sem samningurinn fjallar um og, ef þörf krefur, hversu lengi það fyrirkomulag varir: Frá hvaða degi neytandi getur nýtt sér samningsréttindi sín:
Verðið sem neytandinn þarf að greiða fyrir aðild að skiptisamningnum: Yfirlit yfir skyldubundinn viðbótarkostnað sem greiða skal samkvæmt samningnum, tegund kostnaðar (t.d. endurnýjunargjöld, önnur reglubundin gjöld, sérstakar álögur, staðbundnir skattar):
Samantekt lykilþjónustu sem neytandinn hefur aðgang að: Er hún innifalin í þeim kostnaði sem er tilgreindur hér að framan? Ef ekki, tilgreinið það sem er innifalið og hvað þarf að greiða fyrir (tegund kostnaðar og upplýsingar um fjárhæðir, t.d. áætlað verð sem ber að greiða fyrir sérstök viðskipti, þ.m.t. öll viðbótargjöld):
Hefur seljandi undirritað siðareglur og ef svo er, hvar er hægt að nálgast þær?

2. hluti:

Almennar upplýsingar:

- Neytandinn hefur rétt til að falla frá þessum samningi án þess að tilgreina nokkra ástæðu innan 14 almanaksdaga frá gerð samningsins eða annarra bindandi bráðabirgðasamninga eða við viðtöku þeirra samninga ef það á sér stað síðar. Í þeim tilvikum þegar neytanda er boðinn skiptisamningur ásamt og samtímis skiptileigusamningi gildir einungis einn frestur til að falla frá samningi fyrir báða samningana.

- Á meðan fresturinn til að falla frá samningi varir eru allar fyrirframgreiðslur frá neytanda bannaðar. Bannið varðar allar greiðslur, þ.m.t. greiðslur, ábyrgðaveitingar, geymsla peninga á reikningum, bein skuldarviðurkenning, o.s.frv. Þetta nær ekki aðeins yfir greiðslur til seljanda heldur einnig til þriðju aðila.

- Neytandinn skal ekki bera neinn kostnað eða skyldur aðrar en þær sem eru tilgreindar í samningnum.

- Samkvæmt alþjóðlegum einkamálarétti getur samningurinn fallið undir önnur lög en þess aðildarríkis þar sem neytandinn er búsettur eða þar sem hann er venjulega heimilisfastur og mögulegum ágreiningi getur verið vísað til annarra dómstóla en aðildarríkisins þar sem neytandinn er búsettur eða venjulega heimilisfastur.

Undirritun neytanda:

3. hluti:

Viðbótarupplýsingar sem neytandinn á rétt á og þess getið hvar er hægt að nálgast þær nákvæmlega (t.d. í hvaða kafla almenns kynningarbæklings) ef það er ekki tekið fram hér að aftan:

1. UPPLÝSINGAR UM RÉTTINDIN SEM ERU KEYPT

- Útskýringar á því hvernig skiptikerfið virkar. Möguleikar og fyrirkomulag skiptanna, upplýsingar um virði skiptileigunnar sem neytandanum er úthlutað í skiptikerfinu og raunveruleg dæmi um skiptimöguleika.

- Upplýsingar um fjölda tiltækra dvalarstaða og fjölda aðila að skiptikerfinu, þ.m.t. takmarkanir á aðgengi að sérstakri gistiðastöðu sem neytandinn velur, t.d. á háannatíma þegar hugsanlega þarf að bóka með löngum fyrirfara, sem og upplýsingar um hvers konar takmarkanir á valinu sem leiðir af skiptileigaréttindunum sem neytandinn lagði inn í skiptikerfið.

2. UPPLÝSINGAR UM EIGNIRNAR

- Stutt viðeigandi lýsing á eignunum og staðsetningu þeirra, ef samningurinn varðar aðra gistiaðstöðu en fasteignir, viðeigandi lýsing á vistarverunum og aðstöðunni, lýsing á því hvar neytandinn getur fengið frekari upplýsingar.

3. UPPLÝSINGAR UM KOSTNAÐ

- Upplýsingar um skyldur seljanda til að veita upplýsingar, áður en skipti eru skipulögð og fyrir hverja tillögu um skipti, um öll viðbótargjöld sem neytandinn er ábyrgur fyrir vegna skiptanna.

4. UPPLÝSINGAR UM UPPSÖGN SAMNINGS

- Eftir því sem við á, upplýsingar um fyrirkomulag á uppsögn fylgisamninga og afleiðingar slíkrar uppsagnar.

- Skilyrði fyrir uppsögn samnings, afleiðingar uppsagnar og upplýsingar um ábyrgð neytanda á kostnaði sem gæti hlotist af slíkri uppsögn.

5. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

- Upplýsingar um eitt tungumál eða fleiri sem hægt er að nota til að eiga samskipti við seljandann vegna samningsins, t. d. í tengslum við meðferð fyrirspurna og kvartana.

- Eftir atvikum, hvort hægt er að leysa deilumál utan dómstóla.

Kvittun fyrir viðtöku upplýsinga:

Undirritun neytanda:

V. VIÐAUKI

SÉRSTAKT STAÐLAÐ UPPSAGNAREYÐUBLAÐ TIL AÐ AUÐVELDA BEITINGU RÉTTAR TIL AÐ FALLA FRÁ SAMNINGI

Réttur til að falla frá samningi

Neytandinn hefur rétt til að falla frá þessum samningi án þess að tilgreina nokkra ástæðu innan 14 almanaksdaga.

Réttur til að falla frá samningi hefst (útfyllist af seljanda áður en neytandinn fær eyðublaðið).

Ef neytandi hefur ekki fengið þetta eyðublað hefst frestur til að falla frá samningi þegar neytandinn hefur fengið eyðublaðið, en honum lýkur í öllum tilvikum eftir eitt ár og 14 almanaksdaga.

Ef neytandi hefur ekki fengið allar tilskildar upplýsingar hefst frestur til að falla frá samningi þegar neytandinn hefur fengið upplýsingarnar, en honum líkur í öllum tilfellum eftir þrjá mánuði og 14 almanaksdaga.

Til að nýta rétt til að falla frá samningi skal neytandinn tilkynna það til seljanda, nota nafn og heimilisfang sem er tilgreint hér að aftan, á varanlegum miðli (t.d. ritað bréf sem sent er með pósti eða tölvupósti). Neytandinn getur notað þetta eyðublað en það er ekki skyldubundið.

Ef neytandi nýtir rétt til að falla frá samningi ber hann ekki ábyrgð á neinum kostnaði.

Auk réttarins til að falla frá samningi geta samningalög hvers ríkis kveðið á um neytendarétt, t.d. til að segja upp samningi ef því er sleppt að veita einhverjar upplýsingar.

Bann við fyrirframgreiðslum

Meðan frestur til að falla frá samningi varir eru allar fyrirframgreiðslur frá neytanda bannaðar. Bannið varðar allar greiðslur, þ.m.t. greiðslur, ábyrgðaveitingar, geymsla peninga á reikningum, bein skuldarviðurkenning, o.s.frv.

Þetta nær ekki aðeins yfir greiðslur til seljanda heldur einnig til þriðju aðila.

Tilkynning um uppsögn

- Til (nafn og heimilisfang seljanda) (*):
- Ég/við (**) tilkynni/tilkynnum hér með að ég/við (**) falli/föllum frá samningnum.
- Dagsetning undirritunar samningsins(*):
- Nafn neytanda/neytenda (***):
- Heimilisfang eða heimilisföng neytanda/neytenda (***):
- Undirritun neytanda/neytenda (einungis ef þetta eyðublað er á pappírsformi) (***):
- Dagsetning (***):

(*) Útfyllist af seljanda áður en neytandinn fær eyðublaðið.

(**) Strikið yfir það sem á ekki við.

(***) Útfyllist af neytandanum/neytendunum ef þetta eyðublað er notað til að falla frá samningnum.

Kvittun fyrir viðtöku upplýsinga:

Undirritun neytanda:

VI. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA MILLI ÁKVÆÐA ÞESSARAR TILSKIPUNAR OG TILSKIPUNAR 94/47/EB

Tilskipun 94/47/EB	Þessi tilskipun
Fyrsta málsgrein 1.gr.	1. mgr. 1. gr. og fyrsta undirgrein, 2. mgr. 1. gr.
Önnur málsgrein 1. gr.	—
Þriðja málsgrein. 1. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 1. gr.
Fyrsti undirliður 2. gr.	a-liður 1. mgr. 2. gr.
—	b-liður 1. mgr. 2. gr. (nýtt)
—	c-liður 1. mgr. 2. gr. (nýtt)
—	d-liður 1. mgr. 2. gr. (nýtt)
Annar undirliður 2. gr.	—
Þriðji undirliður 2. gr.	e-liður 1. mgr. 2. gr.
Fjórði undirliður 2. gr.	f-liður 1. mgr. 2. gr.
—	g-liður 1. mgr. 2. gr. (nýtt)
—	h-liður 1. mgr. 2. gr. (nýtt)
—	i-liður 1. mgr. 2. gr. (nýtt)
—	j-liður 1. mgr. 2. gr. (nýtt)
—	2. mgr. 2. gr. (nýtt)
1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 4. gr.
2. mgr. 3. gr.	2. mgr. 5. gr.
3. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
—	2. mgr. 3. gr. (nýtt)
—	3. mgr. 3. gr. (nýtt)
—	3. mgr. 4. gr. (nýtt)
Fyrsti undirliður 4. gr.	Fyrsta undirgrein, 1. mgr. 5. gr. og fyrsta undirgrein 2. mgr. 5. gr.
Annar undirliður 4. gr.	3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr.
—	2. mgr. 4. gr. (nýtt)
—	4. mgr. 5. gr. (nýtt)
—	5. mgr. 5. gr. (nýtt)
Inngangsmálsliður 1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 6. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 6. gr.
Annar undirliður 1. mgr. 5. gr.	3. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 6. gr.
Þriðji undirliður 1. mgr. 5. gr.	3. mgr. 6. gr.
—	5. mgr. 6. gr. (nýtt)

Tilskipun 94/47/EB	Þessi tilskipun
2. mgr. 5. gr.	7. gr.
—	1. mgr. 8. gr. (nýtt)
3. mgr. 5. gr.	2. mgr. 8. gr.
4. mgr. 5. gr.	2. mgr. 8. gr.
6. gr.	1. mgr. 9. gr.
—	2. mgr. 9. gr. (nýtt)
—	1. mgr. 10. gr. (nýtt)
—	2. mgr. 10. gr. (nýtt)
—	1. mgr. 11. gr. (nýtt)
Fyrsta málsgrein 7.gr.	2. mgr. 11. gr.
Önnur málsgrein 7. gr.	3. mgr. 11. gr.
8. gr.	1. mgr. 12. gr.
9. gr.	2. mgr. 12. gr.
10. gr.	13. og 15. gr.
11. gr.	—
—	1. mgr. 14. gr. (nýtt)
—	2. mgr. 14. gr. (nýtt)
12. gr.	16. gr.
—	17. gr. (nýtt)
—	18. gr. (nýtt)
—	19. gr. (nýtt)
13. gr.	20. gr.
Viðauki	I. viðauki
a-liður í viðaukanum	a-liður 3. mgr. 5. gr. og 1. reitur 1. hluta I. viðauka
b-liður í viðaukanum	Þriðji rammi 1. hluta I. viðauka og fyrstir undirliður 1. liðar 3. hluta I. viðauka
c-liður í viðaukanum	Annar reitur 1. hluta I. viðauka og fyrsti undirliður 2. liðar 3. hluta I. viðauka
d-liður 1. liðar, í viðaukanum	Fyrsti undirliður 3. liðar, 3. hluta, I. viðauka
d-liður 2. liðar, í viðaukanum	Fjórði reitur 1. hluta I. viðauka og annar undirliður 3. liðar 3. hluta I. viðauka
d-liður 3. liðar, í viðaukanum	Þriðji undirliður 3. liðar 3. hluta, I. viðauka
d-liður 4. liðar í viðaukanum	Fyrsti undirliður 3. liðar 3. hluta I. viðauka
d-liður 5. liðar í viðaukanum	Fjórði undirliður 3. liðar 3. hluta I. viðauka
e-liður í viðaukanum	Sjötti reitur 1. hluta I. viðauka og annar undirliður 2. liðar 3. hluta I. viðauka

Tilskipun 94/47/EB	Þessi tilskipun
f-liður í viðaukanum	Sjötti reitur 1. hluta I. viðauka og þriðji undirliður 2. liðar 3. hluta I. viðauka
g-liður í viðaukanum	Fyrsti undirliður 6. liðar 3. hluta I. viðauka
h-liður í viðaukanum	Fjórði reitur 1. hluta I. viðauka
i-liður í viðaukanum	Fimmti og sjötti reitur 1. hluta I. viðauka og fyrsti undirliður 4. liðar 3. hluta I. viðauka
j-liður í viðaukanum	Þriðji undirliður 2. hluta I. viðauka
k-liður í viðaukanum	Sjöundi reitur 2. hluta I. viðauka og annar undirliður 6. liðar 3. hluta I. viðauka
l-liður í viðaukanum	Fyrsti og þriðji undirliður 2. hluta I. viðauka, fyrsti undirliður 5. liðar 3. hluta I. viðauka og V. viðauki (nýtt)
m-liður í viðaukanum	b-liður 3. mgr. 5. gr.
—	Áttundi reitur 1. hluta I. viðauka (nýtt)
—	Annar undirliður 2. hluta I. viðauka (nýtt)
—	Fjórði undirliður 2. hluta I. viðauka (nýtt)
—	Annar undirliður 1. liðar 3. hluta I. viðauka (nýtt)
—	Annar undirliður 4. liðar 3. hluta I. viðauka (nýtt)
—	Annar undirliður 5. liðar 3. hluta I. viðauka (nýtt)
—	Þriðji undirliður 6. liðar 3. hluta I. viðauka (nýtt)
—	Fjórði undirliður 6. liðar 3. hluta I. viðauka (nýtt)
—	II. til V. viðauki (nýtt)

916. Fyrirspurn [546. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við sölu Landsbanka Íslands og samninganefnd Íslands vegna nýjustu Icesave-samninganna.

Frá Birni Vali Gíslasyni.

1. Hver var kostnaður við sölu Landsbanka Íslands, þ.m.t. vegna aðkeyptrar sérfræðivinnu?
2. Hver er kostnaður við störf þeirrar samninganefndar sem vann að gerð nýjustu Icesave-samninganna?

917. Lög [541. mál]

um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febrúar 2011.)

Samhljóða þskj. 910.

918. Svar [392. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um kræklingarækt og krabbaveiðar.

1. *Hver er stefna ráðherra varðandi skipulag, uppbyggingu, nýtingu og stjórnsýslu í kræklingarækt? Óskað er eftir sundurliðun eftir landsvæðum.*

Fyrir Alþingi liggur frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til laga um skeldýrarækt, en um er að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga um skeldýrarækt sem munu þá einnig gilda um kræklingaeldi og kræklingarækt, sbr. þskj. 218, 201. mál. Í frumvarpinu koma fram ákvæði sem áformað er að verði rammi utan um skipulag og stjórnsýslu í greininni og einnig stefna ráðherra varðandi þau atriði, en frumvarpið var unnið í samráði við hagsmunaaðila sem áttu sæti í vinnuhóp sem skipaður var af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 26. nóvember 2008, eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Þar kemur einnig fram að engin lög hafi gilt um þessa atvinnugrein og er þetta því fyrsta lagasetning um skeldýrarækt hér á landi.

Með frumvarpinu eru gerðar töluverðar breytingar á inntaki og framkvæmd stjórnsýslu og eftirlits með starfsemi á sviði skeldýraræktar. Útgáfa leyfa til kræklingaræktar og eftirlit með atvinnugreininni hefur hingað til verið hjá Fiskistofu. Eftirlit með starfsemi á sviði skeldýraræktar, einkum kræklingaræktar, er hins vegar aðallega eftirlit með heilnæmi og hollustuháttum, þ.e. matvælaeftirlit sem fer eftir lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um það efni og er með nokkuð öðrum hætti en samkvæmt lögum um fiskeldi. Er því gert ráð fyrir að önnur stofnun annist framkvæmd laganna, bæði útgáfu leyfa og eftirlit, þ.e. Matvælastofnun.

Hins vegar er gert ráð fyrir að Fiskistofa annist áfram framkvæmd og eftirlit með starfsemi á sviði fiskeldis eins og verið hefur. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ýmsar stofnanir og aðilar verði umsagnaraðilar um tilteknar ákvarðanir samkvæmt frumvarpinu og einnig við setningu stjórnvaldsfyrirmæla sem sett kunna að verða um ýmis framkvæmdaatriði samkvæmt frumvarpinu.

Frumvarpið er í sjö köflum. Í I. kafla eru ákvæði um gildissvið o.fl. Í II. kafla er fjallað um hvernig stjórnsýsla samkvæmt frumvarpinu skuli vera og einnig ákvæði um svæðaskiptingu skeldýraræktar og heimild til að banna skeldýrarækt á ákveðnum svæðum. Gert er ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fari með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum en að framkvæmd stjórnsýslunnar verði eins og áður segir að öðru leyti í höndum Matvælastofnunar, sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Þá er áfram gert ráð fyrir að Fiskistofa fari með eftirlit með veiðum skeldýra til áframhaldandi ræktunar, vigtun og skráningu sjávarafla, í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem um það gilda á hverjum tíma. Í III. kafla frumvarpsins er fjallað um leyfisveitingar, heilnæmiskannanir, afturköllun leyfa o.fl. Í IV. kafla frumvarpsins eru ákvæði um starfsemi við skeldýraræktina, þ.e. um mannvirki og búnað, merkingar o.fl., svo og ákvæði um eftirlit með starfseminni og hvaða ráðstafanir þurfi að gera við lok starfsemi, t.d. að fjarlægja mannvirki, búnað o.fl.

Að öðru leyti skal áréttað að skeldýrarækt, þ.m.t. kræklingarækt er ný atvinnugrein hér á landi sem hefur átt misjöfnu gengi að fagna á þeim tíma sem hún hefur starfað en stefna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er sú að þessi atvinnugrein geti eflt atvinnulíf og byggð í landinu og þannig skilað þjóðarbúinu umtalsverðum tekjum, svo sem raunin hefur orðið hjá öðrum þjóðum. Með gildistöku laga þessara er ætlunin því að stuðla eftir föngum að möguleikum til skeldýraræktar, m.a. kræklingaræktar, og setja þeirri atvinnugrein jafnframt skýrar reglur og umgjörð.

Þá skal upplýst að í 5. gr. frumvarpsins er heimild til þess að skipta kræklingrækt eftir landsvæðum en þar sem frumvarpið hefur enn ekki verið samþykkt sem lög af Alþingi hefur ráðherra ekki enn ákveðið hvort hann muni beita þeirri heimild eða hvernig rétt sé að haga slíkri skiptingu kræklingaræktar á milli landsvæða.

2. *Hver er stefna ráðherra varðandi skipulag, stjórnsýslu, nýtingu og veiðar á krabbategundum? Óskað er eftir sundurliðun eftir tegundum og landsvæðum.*

Hin almenna stefna er að allar veiðar séu sjálfbærar og stundaðar með ábyrgum hætti.

Samkvæmt reglugerð nr. 611, 25. júní 2007, um takmarkanir á heimild til veiða á kröbbum, eru allar veiðar á kröbbum í gildrur í fiskveiðilandhelgi Íslands óheimilar. Ráðuneytinu er þó heimilt að veita tímabundin leyfi til tilraunaveiða á kröbbum. Allar umsóknir sem berast ráðuneytinu um leyfi til krabbaveiða eru sendar Hafrannsóknastofnuninni til umsagnar og fer ráðuneytið eftir þeirri umsögn við útgáfu tilraunaleyfa.

Líkt og um önnur leyfi til tilraunaveiða þarf skipið að hafa almennt veiðileyfi í atvinnuskyni og uppfylla öll skilyrði sem þau leyfi krefjast, t.a.m. um færslu og skil á afladagbókum og vigtun og skráningu afla. Einnig ber að senda ráðuneytinu og Hafrannsóknastofnuninni sérstaka greinargerð um gang tilraunaveiðanna.

Ekki hefur verið mótuð frekari stefna varðandi krabbaveiðar.

919. Svar [421. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um réttindi sjávarjarða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Verður útræðisréttur sjávarjarða virtur og staðfestur við þá endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem núverandi ríkisstjórn hyggst ráðast í?*
2. *Verða eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga tryggð við endurskoðunina?*

Hentugt er að svara þessari fyrirspurn í einu lagi. Í upphafi er rétt að gera nokkra grein fyrir þeim réttindum sem hér er um að tefla. Í fornlögum segir að svo skuli almenningar vera sem að fornu hafa verið, bæði hið efra og hið ytra. Veiðar í svonefndum hafalmenningum, þ.e. í sjó utan netlaga, voru um aldir taldar frjálsar. Á hinn bóginn átti landeigandi einn alla veiði í netlögum.[1] Á 20. öld voru reistar margvíslegar takmarkanir við veiðum innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sem hafa gengið nærri því að afnema hina fornu meginreglu um almannarétt til fiskveiða. Alkunna er að árin 1984–1991 var komið á fót svonefndu aflamarkskerfi (kvótakerfi). Um eignarheimildir í netlögum sjávarjarða, m.a. í ljósi þessara breytinga, hefur gerst fjallað Skúli Magnússon í grein í *Lögbergi* árið 2003.[2] Nokkur réttarþróun hefur orðið síðan greinin var skrifuð, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 31. október 2007 í máli nr. 554/2007 og frávísunarúrskurð fjórðu aðaldeildar Mannréttindadómstóls Evrópu um kæru nr. 40169/05 í máli Björns Guðna Guðjónssonar gegn Íslandi.

Vegna fyrirspurnarinnar verður bent á það að ráðherra ákvað að veita Samtökum eigenda sjávarjarða aðild að starfshópi um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða sem skilaði skýrslu dags. 6. september 2010. Í skýrslunni segir að frá upphafi hafi áherslur og málflutningur fulltrúa samtakanna í starfshópnum verið „sjálfstætt mál sem þarfnaðist sérstakrar umfjöllunar og afgreiðslu“. Helstu sjónarmiðum samtakanna er lýst í skýrslunni. Meiri hluti starfshópsins áleit að „skynsamlegt og gagnlegt gæti reynst“ að ráðherra skipaði sérstaka nefnd sem fengi það eina hlutverk að draga fram öll þau gögn sem „kunna að varða þetta einstaka en um leið flókna mál, og vinna með þau á þann hátt að komast megi nær niðurstöðu í málinu. Tekið verði tillit til þeirrar niðurstöðu sem fæst við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.“ Málefnið væri „of sérhæft og umfangsmikið til að leiða það til lykta innan [hópsins].“ Í bókun stjórnar Samtaka eigenda sjávarjarða, sem prentuð er sem fylgiskjal við skýrsluna, er nánar greint frá sjónarmiðum samtakanna.[3]

Ráðherra hefur ekki skipað sérstaka nefnd samkvæmt ábendingu meiri hluta starfshópsins og að beiðni Samtaka eigenda sjávarjarða. Að því leyti sem endurskoðunin snertir skýrlega málefni eigenda sjávarjarða verður engu að síður leitast við að hlýða á sjónarmið þeirra og taka tillit til þeirra. Með vísan til framangreinds getur ráðuneytið ekki að svo stöddu gefið frekari svör um afstöðu til sjónarmiða þeirra.

---

[1] Sjá t.d.: Óbyggðanefnd: *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum*. Reykjavík 8. janúar 2010, bls. 42–46.

[2] Skúli Magnússon: „Íslensk fiskveiðistjórn og réttur eigenda sjávarjarða.“ *Lögberg. Rit Lagastofnunar Háskóla Íslands*. Ritstjórar Stefán Már Stefánsson og Viðar Már Matthíasson. Reykjavík 2003, bls. 683–730.

[3] Skýrsla starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. Álitamál, greiningar, skýrslur og valkostir við breytingar á stjórn fiskveiða. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gaf út. Reykjavík 2010, bls. 66 og 90–91.

920. Svar [489. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um aðstoðarmenn ráðherra ríkisstjórnarinnar, fjölmiðlafulltrúa og tímabundnar ráðningar í Stjórnarráðinu.

Forsætisráðuneytið hefur tekið saman heildarsvar við fyrirspurninni sem byggist á upplýsingum frá hverju ráðuneyti fyrir sig. Þær upplýsingar eru á ábyrgð viðkomandi ráðherra. Óski fyrirspyrjandi eða aðrir alþingismenn eftir frekari eða ítarlegri upplýsingum en fram koma í upplýsingum frá einstökum ráðuneytum, er rétt að athugasemdum og/eða nýrri fyrirspurn sé beint til viðkomandi ráðherra.

Svör við eftirfarandi spurningum afmarkast við upplýsingar um þá starfsmenn sem eru ráðnir og á launaskrá í Stjórnarráðinu

1. *Hversu margir eru aðstoðarmenn ráðherra ríkisstjórnarinnar?*

Aðstoðarmenn ráðherra í skilningi 15. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, eru tíu talsins, einn hjá hverjum ráðherra.

2. *Hversu margir eru fjölmiðlafulltrúar hvers ráðuneytis?*

Fjölmiðlafulltrúar starfa hjá sjö ráðuneytum. Hjá utanríkisráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, velferðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti starfar einn fjölmiðlafulltrúi í hverju ráðuneyti, í innanríkisráðuneyti starfa tveir fjölmiðlafulltrúar.

3. *Hversu margir starfsmenn hvers ráðuneytis eru ráðnir tímabundið og hver eru verkefni þeirra? Var viðkomandi starf auglýst og hvenær var ráðið í viðkomandi stöður?*

Upplýsingar er að finna í meðfylgjandi yfirliti yfir þá starfsmenn sem ráðnir hafa verið tímabundið og eru á launaskrá viðkomandi ráðuneyta, auk tímabils ráðningar viðkomandi. Einnig kemur fram í yfirlitinu hvort staða hefur verið auglýst og ástæður tímabundinnar ráðningar með vísan til reglna nr. 464/1996 sem settar eru á grundvelli starfsmannalaga, nr. 70/1996.

Ekki eru tilteknir þeir sem hafa verið endurskipaðir eða fluttir til í starfi samkvæmt ákvæðum starfsmannalaga, nr. 70/1996, enda hafi þeir áður verið skipaðir til starfa í Stjórnarráðinu á grundvelli auglýsingar.

Grundvöllur heimilda í lögum og reglum þar sem viðkomandi var ráðinn án auglýsingar sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum.

Starfsmaður	Verkefni	Var starfið auglýst?	Tímabundið verkefni, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. regla	Afleysing vegna orlofs	Afleysing vegna veikinda	Afleysing vegna barnsburðarleyfis	Afleysing vegna námsleyfis	Afleysing vegna leyfis til starfa á vegum alþjóða- stofnana o.þ.h.	Tímabil ráðningar
Forsætisráðuneytið									
Sigurður Snævarr	Efnahagsráðgjafi ráðherra	já							01.09.2010 - 31.08.2012
Elín Ósk Helgadóttir	Lögfræðingur á skrifstofu löggjafarmála	já							14.05.2010 - 13.05.2011
Steinunn Halldórsdóttir	Sérfr. á skrifst. stjórnsýslu- og samfélagsþróunar	nei	x						01.01.2011 - 28.02.2011
Mennta- og menningarmálaráðuneytið									
Berglind Rós Magnúsdóttir	Ráðgjafi ráðherra	nei	x						01.06.2009-31.12.2011
Tryggvi Björgvinsson	Sérfræðingur	nei	x						01.01.2011-30.06.2011
Kristrún Birgisdóttir	Sérfræðingur	nei	x						01.01.2011-31.03.2011
Utanríkisráðuneytið									
Eva M. Kristjánsdóttir	Stjórnarráðsftr. viðskiptasviði	nei					x		23.08.10-31.08.11
Ingólfur Friðriksson	Sérfræðingur á viðskiptasviði	já							13.05.09-12.05.11
Díana Jóhannsdóttir	Þýðandi	já							20.10.09-19.04.11
Ragnhildur Sigurðard	Þýðandi	já							20.01.09-19.04.11
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið									
Bjarni Harðarson	Upplýsingafulltrúi	já							1.10.10-31.03.11
Grímur Valdimarsson	Sérst. verkefni á matvælasviði	nei	x						15.01.11-31.03.11
Innanríkisráðuneytið									
Svanhildur Þorbjörnsdóttir	Lögfræðingur	já						x	01.09.2010 - 31.08.2011
Einar Arnason	Sérfræðingur	nei	x						01.01.2011 - 30.05.2011
Velferðarráðuneytið									
Bryndís Þorvaldsdóttir	Sérfræðingur á skrifstofu velferðarþjónustu	1)							01.03.2010-28.02.2011
Jón Baldursson	Sérfræðingur á skrifstofu velferðarþjónustu	1)							01.03.2010-28.02.2011
Lovísa Lilliendahl	Verkefnisstjóri á Suðurnesjum	já							06.01.2011-05.01.2012
Kristín Magnadóttir	Matráður, skrifstofa rekstrar og innri þjónustu	2)							01.07.2010-31.03.2011
Ingunn Björnsdóttir	Sérfræðingur á skrifstofu gæða og forvarna	nei	x						06.04.2010-31.03.2011
Guðrún Þórey Gunnarsdóttir	Sérfræðingur á skrifstofu yfirstjórnar	2)							16.08.2010-30.06.2011
Guðlín Steinsdóttir	Lögræðingur á skrifstofu réttindaverndar	2)							01.12.2010-30.11.2011

Fjármálaráðuneytið									
Arnaldur F. Axfjörð	Verkefni á sviði upplýsingatækni	já							01.02.2010-28.02.2011
Katrín Anna Guðmundsdóttir	Verkefni á sviði jafnréttismála	já							03.12.2010-31.10.2011
Iðnaðarráðuneytið									
Þórir Hrafnsson	Upplýsingafulltrúi	já							18.01.2011-30.06.2011
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið									
Steindór Grétar Jónsson	Sérfræðingur á rekstrarskrifstfu	nei	x			x			09.09.2010-01.06.2011
Þórhalla Rein Aðalgeirsdóttir	Stjórnarráðsfulltrúi	nei	x			x			10.01.2011-10.01.2012
Umhverfisráðuneytið									
Guðríður Þorvarðardóttir	Náttúruverndarmál	nei	x						01.01.2011-31.12.2011

Athugasemdir og skýringar

1) Var auglýst innan Landspítala sem tímabundin störf vegna afleysinga. Þessar stöður hafa nú verið auglýstar.
2) Ráðning vegna tímabundins leyfis fastráðsins starfsmanns frá störfum

921. Frumvarp til laga [547. mál]

um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Íbúðalánasjóði er heimilt að færa niður veðkröfur sjóðsins á hendur einstaklingum að uppfylltum skilyrðum ákvæðis þessa enda sé uppreiknuð staða veðkrafna 1. janúar 2011 umfram 110% af verðmæti fasteignar í eigu lántaka eða maka hans. Heimild þessi á við um veðkröfur í eigu sjóðsins vegna lána einstaklinga sem var stofnað til vegna kaupa eða byggingar fasteigna 31. desember 2008 eða fyrr. Heimildin á einnig við um veðkröfur vegna lána sem veitt hafa verið til skuldbreytinga á framangreindum lánum. Heimildin á ekki við um veðkröfur vegna endurbótalána sem voru umfram verðmæti hinnar veðsettu eignar við lánveitingu.

Heimilt er að færa niður veðkröfur skv. 1. mgr. um allt að 4 millj. kr. hjá einstaklingum og um allt að 7 millj. kr. hjá hjónum, sambýlisfólki og einstæðum foreldrum enda sé veðkrafan á veðrétti umfram 110% af verðmæti eignar og lántaki eða maki hans eigi ekki aðrar aðfararhæfar eignir með veðrými sem svarar að hluta eða öllu leyti til fyrirhugaðrar niðurfærslu veðkröfu. Sé veðrými á aðfararhæfri eign í eigu lántaka eða maka hans skal lækka niðurfærslu veðkröfu sem því nemur.

Við verðmat fasteigna samkvæmt ákvæði þessu skal miða við fasteignamat eða markaðsverð þeirra, hvort sem er hærra. Telji Íbúðalánasjóður skráð fasteignamat fyrir 2011 ekki gefa rétta mynd af verðmæti eignar skal hann á eigin kostnað afla verðmats löggilts fasteignasala. Sé fasteign ekki fullbyggð skal Íbúðalánasjóður ávallt afla verðmats löggilts fasteignasala á eigin kostnað.

Ef uppreiknuð staða kröfunnar 1. janúar 2011 er enn umfram 110% af verðmæti fasteignar í eigu lántaka eða maka hans eftir niðurfærslu skv. 2. mgr. og greiðslubyrði lántaka og maka hans vegna íbúðalána er meiri en nemur 20% af samanlögðum tekjum lántaka og maka hans skv. 7. gr. tekjuskattslaga, nr. 90/2003, og fjármagnstekjum fyrir árið 2010 er Íbúðalánasjóði heimilt að færa niður veðkröfur sjóðsins enn frekar að teknu tilliti til aðstæðna lántaka og maka hans, þar á meðal greiðslugetu, tekna, skulda- og eignastöðu, sbr. þó 5. mgr. Við mat á tekjum skal undanskilja úttekt séreignarsparnaðar sem og aðrar óreglulegar tekjur, svo sem einstaka styrki eða sérstakar greiðslur sem geta ekki talist til reglulegra tekna.

Niðurfærsla á veðkröfum sjóðsins á hendur einstaklingum samkvæmt ákvæði þessu miðast við að staða veðkröfunnar við niðurfærslu verði aldrei lægri en 110% af verðmæti fasteignar eða að greiðslubyrði lántaka og maka hans vegna kröfunnar verði ekki lægri en nemur 18% af samanlögðum tekjum lántaka og maka hans skv. 7. gr. tekjuskattslaga, nr. 90/2003, og fjármagnstekjum fyrir árið 2010. Við mat á tekjum skal undanskilja úttekt séreignarsparnaðar sem og aðrar óreglulegar tekjur, svo sem einstaka styrki eða sérstakar greiðslur sem geta ekki talist til reglulegra tekna. Heildarfjárhæð niðurfærslu samkvæmt ákvæði þessu getur þó aldrei orðið meiri en nemur 15 millj. kr. hjá einstaklingum og 30 millj. kr. hjá hjónum, sambýlisfólki og einstæðum foreldrum.

Lántaki skal sækja um niðurfærslu veðkrafna samkvæmt ákvæði þessu til Íbúðalánasjóðs ef kröfur sjóðsins eru aftast í veðröð íbúðalána sem hvíla á fasteigninni. Sé þörf á niðurfærslu af hálfu fleiri kröfuhafa á grundvelli samkomulags lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verk-

lagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila miðlar Íbúðalánasjóður upplýsingum til þeirra eða tekur við upplýsingum frá öðrum lánveitendum. Umsókn skulu fylgja öll gögn sem Íbúðalánasjóður telur nauðsynleg. Í umsókn skal umsækjandi staðfesta að allar upplýsingar séu veittar samkvæmt bestu vitund.

Komi síðar í ljós að upplýsingar sem lágu til grundvallar niðurfærslu samkvæmt ákvæði þessu reyndust rangar skal Íbúðalánasjóður afturkalla ákvörðun sína um niðurfærslu.

Velferðarráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um framkvæmd ákvæðis þessa, þar á meðal um mat á greiðslubyrði lántaka og maka hans, mat á tekjum og verðmat fasteigna.

Íbúðalánasjóði er heimilt að taka við umsóknum á grundvelli ákvæðis þessa til og með 30. júní 2011.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er liður í aðgerðum stjórnvalda vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna í landinu. Í desember 2010 náði ríkisstjórnin samkomulagi við lánastofnanir og lífeyrissjóði um víðtækar aðgerðir til úrlausnar á skulda- og greiðsluvanda heimilanna. Aðgerðirnar byggðust á umfangsmiklu samráði við hagsmunaaðila og sameiginlegri greiningu þeirra á umfangi vandans og mögulegum úrræðum til lausnar. Eitt af meginatriðum samkomulagsins voru aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila þar sem ákveðið var að færa niður skuldir til samræmis við verðmæti íbúðarhúsnæðis. Í skýrslu sérfræðingahóps um skuldavanda heimilanna kemur fram að þegar lán eru umfram eðlilegt veðrými eykst áhætta lánastofnana á að þau verði á endanum afskrifuð auk þess sem slík yfirveðsetning kann að valda því að greiðsluvilji eigenda dvíni. Markmið þessarar niðurfærslu skulda er því að draga úr yfirveðsetningu eigna og lækka greiðslubyrði heimila og þannig stuðla að minni vanskilum við lánastofnanir.

Kostnaður við niðurfærslu Íbúðalánasjóðs vegna þessara aðgerða er áætlaður 21,8 milljarðar kr. Í áætlunum sjóðsins kemur fram að líklega kunni kostnaðurinn að verða lægri þar sem ýmsir þættir geti komið til lækkunar. Má meðal annars nefna að áætlanir sjóðsins taka mið af fasteignamati en sjóðurinn mun miða við verðmat fasteignasala í tilvikum þar sem talið er að fasteignamat íbúðarhúsnæðis gefi ekki rétta mynd af markaðsverði húsnæðisins. Má því gera ráð fyrir að í slíkum tilfellum lækki afskriftir sjóðsins sem nemi mismun verðmats fasteignasala og fasteignamats eignarinnar. Í mati sjóðsins á afskriftum kemur einnig fram að hluti þess sem afskrifast á grundvelli frumvarps þessa hefði ella komið til afskrifta á árunum 2011–2013. Þannig er áætlað að nettókostnaður við niðurfærslu skulda á grundvelli frumvarps þessa verði um 7 milljörðum kr. lægri en sú fjárhæð sem hér kemur fram eða tæplega 15 milljarðar kr. Jafnframt þarf að hafa í huga að Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir og fjármálastofnanir bjóða upp á margs konar önnur úrræði vegna skuldavanda heimilanna sem samanlagt geta leitt til minni vanskila á komandi árum.

Rétt er að leggja áherslu á að framangreindar áætlanir eru afar mikilli óvissu háðar. Fyrstu viðbrögð markaðarins við aðgerðunum benda til þess að framangreindur kostnaður kunni að vera varlega áætlaður en gert er ráð fyrir að meira en minna verði afskrifað. Þar verður reynslan að skera úr. Sömuleiðis er rétt að hafa í huga að þær afskriftir eða niðurfærsla skulda af lánum Íbúðalánasjóðs sem hér hafa verið tilfærðar eru eingöngu áætlanir en ekki staðreyndir. Endanleg niðurstaða um afskriftaþörf og þar með framlög úr ríkissjóði liggur ekki fyrir fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Ekki er því um eiginleg útgjöld ríkissjóðs eða

skuldbindingar að ræða á þessu stigi heldur áætlanir fram í tímann sem eru mikilli óvissu háðar eins og fyrr segir.

Í kjölfar aðgerða stjórnvalda frá desember 2010 var gert samkomulag 15. janúar 2011 meðal lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila þar sem fjallað er um nánari útfærslu þessara aðgerða. Íbúðalánasjóður er aðili að fyrrnefndu samkomulagi með fyrirvara um að sjóðurinn fái heimildir að lögum til niðurfærslu veðlána í samræmi við samkomulagið. Er því lagt til í frumvarpi þessu að Íbúðalánasjóði verði heimilt að færa niður veðkröfur sjóðsins á hendur einstaklingum að uppfylltum nánari skilyrðum sem koma fram í frumvarpinu enda sé uppreiknuð staða krafnanna 1. janúar 2011 umfram 110% af verðmæti fasteignar í eigu lántaka eða maka hans. Er því brýnt að þeir sem geta ekki greitt af lánum sínum sæki um sem fyrst þar sem uppsöfnuð vanskil frá 1. janúar 2011 standa utan við niðurfærsluna. Talið er nauðsynlegt að miða við ársbyrjun 2011 svo flýta megi fyrir nauðsynlegri aðlögun veðskulda að veðrými og greiðslugetu. Jafnframt þykir nauðsynlegt að koma í veg fyrir aukin vanskil lántakenda eingöngu í því skyni að auka möguleika á niðurfellingu skulda.

Niðurfærsla veðskulda samkvæmt frumvarpi þessu á við um veðkröfur í eigu sjóðsins sem stofnað var til vegna kaupa eða byggingar fasteigna 31. desember 2008 eða fyrr. Í framangreindu samkomulagi lánveitenda á íbúðalánamarkaði er eingöngu gert ráð fyrir að niðurfærsla taki til veðkrafna sem uppfylla skilyrði um stofn til vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Þannig er þess krafist að fasteignin sé þinglýst eign lántaka eða maka hans. Lánveitingar Íbúðalánasjóðs til einstaklinga eru alfarið bundnar við eignir til heimilisnota og því er ekki talin þörf á því að telja nánar upp þær tegundir lána sem heimildin nær til. Enn fremur er í samkomulagi lánveitenda á íbúðalánamarkaði miðað við að stofnað hafi verið til viðkomandi veðkrafna í lok árs 2008 eða tæpum þremur mánuðum eftir fall fjármálakerfisins í október sama ár enda má gera ráð fyrir að nokkur tími líði frá því að samningar komast á um kaup á fasteignum og þar til gengið er frá lánveitingu eða yfirtöku lána. Ekki er lagt til að sjóðnum verði heimilt að færa niður veðkröfur sem stofnað var til á árinu 2009 eða síðar vegna lána til kaupa eða bygginga fasteigna en í upphafi árs 2009 var orðið ljóst að gera mátti ráð fyrir miklum verðlækkunum á íbúðarhúsnæði. Þá eiga heimildir Íbúðalánasjóðs til niðurfærslu samkvæmt frumvarpi þessu ekki við um lán sem Íbúðalánasjóður hefur veitt til endurbóta fasteigna og voru yfir verðmæti eignarinnar við lánveitingu enda eru slík lán ekki veitt á sömu forsendum og önnur lán. Við lánveitingu til endurbóta fasteigna er ekki gerð krafa um að veðrými sé á eigninni eftir almennum reglum sjóðsins. Slíkt lán getur numið allt að 80% af kostnaði við endurbætur svo framarlega sem umsækjandi uppfyllir skilyrði um greiðslugetu og áhvílandi lán á eigninni fara ekki yfir hámarkslán sjóðsins. Umsækjendum ætti því að vera ljóst við lánveitingu að veðsetning eignarinnar getur farið yfir verðmæti hennar.

Þau skilyrði eða takmarkanir á heimildum Íbúðalánasjóðs til niðurfærslu skulda sem lagðar eru til í frumvarpi þessu eru efnislega samhljóða framangreindu samkomulagi lánveitenda. Enn fremur er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur í reglugerð um framkvæmdina sem byggist á samkomulaginu. Í frumvarpi þessu er því lagt til að Íbúðalánasjóður geti fært niður veðskuldir heimila sem eru veðsett umfram 110% af verðmæti fasteignar um allt að 4 millj. kr. fyrir einstaklinga og allt að 7 millj. kr. fyrir hjón, sambýlisfólk og einstæða foreldra á grundvelli síðasta skattframtals og yfirlýsingar lántaka um eignir og skuldir enda sé veðkrafan á veðrétti umfram 110% af verðmæti fasteignar og lántaki eða maki hans eigi ekki aðrar aðfararhæfar eignir með veðrými sem svarar að hluta eða öllu leyti til fyrirhugaðrar niðurfærslu veðkröfu. Ekki þykir eðlilegt að færa niður kröfur ef lántaki eða maki hans

á aðrar aðfararhæfar eignir, sbr. lög um aðför, nr. 90/1989, með nægjanlegt veðrými til að svara fjárhæð þeirra. Séu slíkar eignir til staðar koma þær ekki í veg fyrir niðurfærslu en séu til staðar óveðsettar eignir er gert ráð fyrir að verðmæti þeirra dragist frá hugsanlegri niðurfærslu. Þær eignir sem koma til greina eru aðfararhæfar eignir samkvæmt lögum um aðför en undanþegnir eru munir sem nauðsynlegir þykja til heimilishalds. Þannig er ekki gert ráð fyrir að verðmæti innbús dragist frá niðurfærslu krafna nema alveg sérstaklega standi á. Til þess að flýta fyrir afgreiðslu mála er ekki gert ráð fyrir að eignastaða umsækjenda verði skoðuð umfram það sem fram kemur á skattframtali og yfirlýsing umsækjanda um eignir gefur tilefni til.

Sé uppreiknuð staða kröfunnar, miðað við 1. janúar 2011, enn umfram 110% af verðmæti fasteignar í eigu lántaka eða maka hans eftir niðurfærslu um 4 millj. kr. hjá einstaklingum og 7 millj. kr. hjá hjónum, sambýlisfólki og einstæðum foreldrum og greiðslubyrði lántaka og maka hans vegna íbúðalána er yfir 20% af samanlögðum tekjum lántaka og maka hans skv. 7. gr. tekjuskattslaga, nr. 90/2003, og fjármagnstekjum fyrir árið 2010 getur lántaki óskað eftir frekari niðurfærslu veðkrafna. Niðurfærsla veðskulda getur þó aldrei leitt til þess að veðsetningin verði lægri en 110% af verðmati fasteignar eða greiðslubyrði lántaka og maka hans vegna íbúðalána minni en 18% af samanlögðum tekjum þeirra skv. 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, og fjármagnstekjum fyrir árið 2010. Gert er ráð fyrir að úttekt séreignarsparnaðar sem og aðrar óreglulegar tekjur, svo sem einstakir styrkir eða sérstakar greiðslur sem ekki geta talist til reglulegra tekna, verði undanskildar enda gefa þær ekki rétta mynd af framtíðartekjum lántaka og maka hans. Hins vegar falla hér launauppbætur, svokallaðir bónusar, undir tekjur skv. 7. gr. laga um tekjuskatt. Heildarfjárhæð niðurfærslu samkvæmt frumvarpi þessu getur þó aldrei orðið meiri en nemur 15 millj. kr. fyrir einstakling og 30 millj. kr. fyrir hjón, sambýlisfólk og einstæða foreldra að undangenginni ítarlegri könnun á eignum og skuldum lántaka og maka hans. Er þá átt við að hafi einstaklingur fengið veðkröfu sína færða niður um 4 millj. kr. á grundvelli 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins getur viðkomandi eingöngu fengið niðurfærslu sem nemur að hámarki 11 millj. kr. til viðbótar á grundvelli 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins séu önnur skilyrði uppfyllt. Á sama hátt geta hjón, sambýlisfólk og einstæðir foreldrar fengið veðkröfur sínar færðar niður að hámarki um 23 millj. kr. til viðbótar á grundvelli 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins eftir að hafa fengið 7 millj. kr. niðurfærslu á grundvelli 2. mgr. 1. gr. að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Í samkomulagi lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila er gert ráð fyrir að sá lánveitandi íbúðaláns sem stendur aftast í veðröð sjái um afgreiðslu umsóknar um niðurfærslu veðskulda enda er líklegast að hann þurfi að færa niður kröfur sínar. Hafi verið sótt um niðurfærslu til Íbúðalánasjóðs og þörf reynist á aðkomu fleiri kröfuhafa á grundvelli samkomulags lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila frá 15. janúar 2011 mun sjóðurinn sjá um samskipti við þá á grundvelli umsóknar lántaka. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að aðrir kröfuhafar beini umsókn til Íbúðalánasjóðs reynist þörf á aðkomu sjóðsins til niðurfærslu krafna. Kröfuhafar munu samræma vinnubrögð við afgreiðslu umsókna og leysa úr hugsanlegum ágreiningi sín á milli. Gert er því ráð fyrir að umsóknir verði samræmdar þannig að umsækjandi sæki einungis um hjá þeim kröfuhafa íbúðaláns sem stendur aftast í veðröðinni en þurfi ekki að fara á milli kröfuhafa til þess að fá niðurfærslu veðkrafna samkvæmt þessu úrræði. Til þess að flýta fyrir niðurfærslu krafna er að jafnaði ekki gert ráð fyrir ítarlegri gagnaöflun eða könnun á eignastöðu og högum umsækjanda. Með umsókn þarf því að fylgja yfirlýsing um eignastöðu hlutaðeigandi. Í ljósi þessa þykir ástæða til að taka fram að komi síðar í ljós að upplýsingar sem lágu til grundvallar niðurfærslu samkvæmt frumvarpi þessu hafa reynst

rangar afturkallar Íbúðalánasjóður fyrri ákvörðun sína um niðurfærslu samkvæmt almennum reglum.

Gert er ráð fyrir að heimilt verði að taka við umsóknum um niðurfærslu veðskulda til og með 30. júní 2011 enda þótt gera verði ráð fyrir að sjóðurinn kunni að þurfa nokkru lengri tíma að ljúka afgreiðslu þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lagaákvæðum til að koma fram ráðstöfunum stjórnvalda í þágu heimila í landinu sem telja má yfirskuldsett vegna húsnæðislána. Um er að ræða hluta af ráðstöfunum til að bregðast við skulda- og greiðsluvanda heimilanna sem ríkisstjórnin gerði samkomulag um við helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. lánastofnanir og lífeyrissjóði, eftir að gerð hafði verið umfangsmikil greining á vandanum og tillögur til lausnar höfðu verið birtar af vinnuhópi sem ríkisstjórnin skipaði sl. haust. Gert er ráð fyrir að þessar aðgerðir til lækkunar á íbúðaskuldum geti numið allt að 100 mia.kr. og að þær snerti með beinum hætti fjárhag um 60 þúsund heimila. Eitt af markmiðum þessara ráðstafana er jafnframt að stuðla að minni vanskilum heimila við lánastofnanir en ella hefði orðið með því að draga úr yfirveðsetningu fasteigna og greiðslubyrði af veðlánum. Það ætti einnig að leiða til þess að örva eftirspurn í hagkerfinu þar sem heimilin sem í hlut eiga verða ekki jafnaðþrengd af skuldsetningu.

Í samræmi við framangreint samkomulag er lagt til í frumvarpinu að Íbúðalánasjóði verði heimilt að uppfylltum tilteknum skilyrðum að færa niður og afskrifa veðkröfur á hendur einstaklingum með yfirveðsettar eignir. Miðað er við að eftir þær ráðstafanir fari uppreiknaðar veðkröfur 1. janúar 2011 þó ekki niður fyrir 110% af verðmæti fasteignar. Eingöngu verður heimilt að afskrifa skuldir sem stofnað var til vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til og með 31. desember 2008. Samkvæmt frumvarpinu tekur heimildin ekki til lána sem tekin voru til endurbóta á húsnæði.

Hámarksfjárhæðir sem hægt verður að fá afskrifaðar samkvæmt frumvarpinu eru 4 m.kr. hjá einstaklingum og 7 m.kr. hjá hjónum og einstæðum foreldrum. Sett er sem skilyrði að skuldari eigi ekki aðrar eignir sem aðfararhæfar eru og hafa veðrými. Séu slíkar eignir fyrir hendi eru fyrirhugaðar niðurfærslur lækkaðar sem því nemur. Ef veðsetning eignar eftir niðurfærslu miðað við þessi hámörk er enn yfir 110% af verðmati og greiðslubyrði lántakenda er yfir 20% af heildartekjum þeirra er lagt til í frumvarpinu að Íbúðalánasjóði verði heimilt að færa kröfur enn frekar niður. Lagt er til að hámörk fyrir afskrift við þessar aðstæður verði 15 m.kr. fyrir einstaklinga og 30 m.kr. fyrir hjón, sambýlisfólk og einstæða foreldra. Einnig eru í frumvarpinu sett skilyrði um að afskrift skulda geti ekki leitt til þess að veðsetning fari niður fyrir 110% af verðmæti fasteignar eða að greiðslubyrði af skuldum verði lægri en 18% af tekjum.

Gert er ráð fyrir að lántakandi sæki um niðurfærslu lána til Íbúðalánasjóðs ef kröfur sjóðsins eru aftast í veðröðinni en annars til viðkomandi kröfuhafa sem beini umsókninni til sjóðs-

ins reynist þörf fyrir aðkomu hans að niðurfærslunni. Með umsókn skulu fylgja öll gögn sem Íbúðalánasjóður telur nauðsynleg, svo sem yfirlýsing um eignastöðu, en til að flýta fyrir lækkun krafna er almennt ekki gert ráð fyrir ítarlegri gagnaöflun vegna umsókna. Þá verður sjóðnum heimilt samkvæmt frumvarpinu að afturkalla ákvörðun um afskriftir lána komi í ljós að rangar upplýsingar hafi verið veittar.

Í lögum um húsnæðismál er þess ekki krafist að lán Íbúðalánasjóðs séu á fyrsta veðrétti. Hins vegar mega samanlögð lán á fyrri veðréttum og lán sjóðsins ekki fara yfir hámarkslán sjóðsins og 90% af matsverði íbúðar. Í kjölfar efnahagshrunsins, sem leiddi í senn til hárrar verðbólgu og lækkandi matsverðs fasteigna, eru mörg þessara lána nú komin yfir þessi mörk. Samkomulagið gerir ráð fyrir að afskriftir fari fyrst fram á þeim lánum sem eru á aftasta veðrétti og síðan á þeim sem framar standa í röðinni. Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði eru um 70% þeirra sem mundu fá niðurfærslu lána í skilum með lánin en sjóðurinn áætlar að 11.400 fasteignir séu yfirveðsettar og þar af muni eigendur um 9.160 íbúða njóta góðs af afskriftum lána samkvæmt frumvarpinu. Mismunurinn skýrist af þeim hliðarskilyrðum sem kveðið er á um í samkomulaginu, einkum varðandi lausan veðrétt á öðrum aðfararhæfum eignum og lánum annarra lánastofnana sem eru aftar í veðröðinni.

Íbúðalánasjóður áætlar að afskriftar þörf vegna frumvarpsins gæti að hámarki orðið um 27,1 mia.kr. Mat sjóðsins byggist á lánasafni sjóðsins í lok desember 2010 að viðbættum upplýsingum frá Reiknistofu bankanna um lán á veðréttum á undan og eftir lánum sjóðsins. Talsverð óvissa ríkir um mat á þessari fjárhæð en sjóðurinn telur þetta mat sitt á afskriftaþörfinni þó vera í hærri kantinum. Það gæti haft nokkur áhrif til lækkunar að útreikningarnir byggjast á fasteignamati en heimilt verður að óska eftir verðmati frá fasteignasala sem í mörgum tilvikum yrði hærra og kann þar með að leiða til lægri afskrifta. Í matinu er einnig reiknað með að allir sem hafa rétt til þess muni sækja um niðurfellingu skulda en sjóðurinn telur óvíst að sú verði reyndin. Þá má nefna að þegar sjóðurinn keypti fasteignaveðlán af viðskiptabönkunum voru 20% af kaupverðinu sem átti að greiðast fimm árum síðar sett í varasjóð til að mæta að hluta afskriftum af lánunum þegar að því kæmi. Íbúðalánasjóður telur að 110% afskriftaleiðin sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir falli undir það samkomulag. Ekki hefur verið gengið formlega frá því á milli aðila og hefur því ekki verið reiknað með því í áætluninni á þessu stigi. Verði afskriftirnar teknar úr þessum varasjóði má gera ráð fyrir að fjárhæðin lækki um tæpa 1,5 mia.kr. og að hámarksafskriftir sjóðsins væru þá á bilinu 25,6–27,1 mia.kr. Endanlegar tölur um afskriftir vegna þessa úrræðis munu ekki liggja fyrir fyrr en seint á þessu ári að því gefnu að afgreiðsla umsókna gangi jafngreiðlega og vonir standa til.

Verði frumvarpið samþykkt mun Íbúðalánasjóður færa niður lánin og afskrifa þau í reikningum sínum fyrir árið 2010. Um er að ræða endanlegar afskriftir vegna 110% leiðarinnar hjá einstaklingum, ólíkt almennum afskriftum sem geta verið færðar til baka í þeim tilvikum sem innheimtur verða á kröfum síðar. Gert er ráð fyrir að afskrifa þannig 21,8 mia.kr., eða sem svarar til um 80% af hámarksfjárhæð metinna afskrifta. Ástæðan fyrir því að hámarksfjárhæðin væri ekki öll afskrifuð er að úrvinnsla á fyrstu 360 umsóknunum sem borist hafa til sjóðsins leiðir í ljós að fyrrnefnd hliðarskilyrði um aðrar veðhæfar eignir o.fl. hafa í för með sér að afskriftaþörfin verður í reynd u.þ.b. 20% lægri að meðaltali. Ef ekki hefði komið til þessa úrræðis er talið að sjóðurinn hefði þurft að afskrifa um 7 mia.kr. hjá einstaklingum á næstu þremur árum. Má því telja að lögfesting frumvarpsins auki afskriftaþörf sjóðsins um 14,8 mia.kr., nettó.

Íbúðalánasjóður er starfræktur í eigu og á ábyrgð ríkisins. Sjóðurinn heyrir til C-hluta fjárlaga og er eignarhlutur í honum færður í efnahagsreikning A-hluta ríkissjóðs en bókfært

verðmæti hans var 7,1 mia.kr. í ríkisreikningi ársins 2009. Afskriftum hjá sjóðnum vegna samkomulagsins um 110% leiðina og annarra óvanalegra afskrifta sem mundu ella skerða eigið fé sjóðsins verður óhjákvæmilega að mæta með auknum fjárframlögum úr ríkissjóði. Miklir fjárhagslegir hagsmunir eru því af bæði mati á áhrifum þessara tilteknu aðgerða á afskriftaþörf Íbúðalánasjóðs og heildarmynd af fjárhagsstöðu sjóðsins og hvernig áætlað er að framvinda hennar verði til næstu ára, þ.m.t. hugsanleg eiginfjárþörf frá ríkissjóði. Í því sambandi ætti vönduð viðskiptaáætlun að gegna lykilhlutverki á svipaðan hátt og átti við vegna hlutdeildar ríkisins í endurfjármögnun bankakerfisins. Í fjáraukalögum fyrir árið 2010 var veitt heimild til að efla eiginfjárstöðu Íbúðalánasjóðs um allt að 33 mia.kr. þannig að hún gæti orðið allt að 5% af áhættugrunni sjóðsins og til að sjóðnum væri þar með gert kleift að mæta afskriftaþörf vegna útistandandi lánveitinga og áhrifum af ráðstöfunum vegna skuldavanda heimilanna. Það framlag var byggt á mati á fjárþörf með hliðsjón af viðskipta- og rekstraráætlun Íbúðalánasjóðs fyrir árin 2010–2013 sem unnin var fyrir Fjármálaeftirlitið um mitt sl. ár með aðkomu vinnuhóps á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Meginniðurstaða viðskiptaáætlunarinnar var að miðað við grunntilvik gætu heildarafskriftir lána orðið um 18 mia.kr. á tímabilinu. Þar af var áætlað að afskrifa þyrfti á tímabilinu um 11,5 mia.kr. af lánum til einstaklinga og um 6,5 mia.kr. af lánum til lögaðila. Miðað við þessa útkomu var talin þörf fyrir um 22 mia.kr. framlag úr ríkissjóði til að sjóðurinn gæti á næstu árum náð markmiði um 5% eiginfjárhlutfall. Í tengslum við undirbúning samkomulags um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna sl. haust var áætlað að afskriftakostnaður hans við 110% leiðina gæti orðið um 12 mia.kr. samkvæmt gróflegu mati sem gert var með fyrirvörum um skekkjumörk. Heimild til framlags í fjáraukalögum ársins 2010 var því í stórum dráttum samsett úr þessum tveimur þáttum þar sem miðað var við að um 11 mia.kr. gætu gengið til að mæta afskriftum vegna 110% úrræðisins og um 22 mia.kr. til að mæta öðrum afskriftum og efla eiginfjárstöðu í samræmi við viðskiptaáætlunina. Í þessu sambandi var talið að niðurfærsla hjá yfirskuldsettum heimilum hjá lánastofnunum ætti að geta orðið til þess að afskriftir sem ella hefðu fallið til gætu orðið nokkru minni.

Við mat á fjárhagsáhrifum þessa frumvarps, sem einnig verður að skoða í samhengi við fyrri ákvarðanir um framlög ríkisins til Íbúðalánasjóðs, hefur ekki verið unnt að styðjast við uppfærða og endurskoðaða viðskiptaáætlun þar sem hún liggur ekki fyrir af hálfu sjóðsins á þessu stigi. Gerir það fjármálaráðuneytinu afar erfitt um vik að meta málið heildstætt auk þess sem margvíslegir óvissuþættir eru til staðar varðandi þróun ýmissa lykilþátta fyrir fjárhagsstöðu sjóðsins, t.d. vanskil, húsnæðisverð, útlánaeftirspurn, fjármögnunarkjör o.fl. Sjóðurinn hefur þó látið vinna nýtt mat á afskriftaþörf fyrir tímabilið 2010–2013 til að meta áhrif af 110% leiðinni. Þótt talsverð óvissa felist í þeirri áætlanagerð má þó ætla að þar komi fram allgóðar vísbendingar um þróun mála miðað við þær forsendur sem gengið er út frá. Sjóðurinn telur meiri líkur á að áætlunin feli í sér ofmat en vanmat á afskriftaþörf þar sem ýmsir þættir séu metnir með varfærnum hætti og að útkoma þeirra gæti orðið hagstæðari en reiknað er með. Eins og áður segir gerir þessi áætlun ráð fyrir að afskriftir á lánum einstaklinga vegna 110% úrræðisins verði samtals 21,8 mia.kr. í ársreikningi 2010. Heildarafskriftaþörf Íbúðalánasjóðs á árinu 2010 er hins vegar áætluð um 36,6 mia.kr. Í þeirri fjárhæð eru auk afskrifta vegna 110% leiðarinnar teknar inn almennar og sértækar afskriftir vegna einstaklinga samtals 6,4 mia.kr. og afskriftir lögaðila sem áætlaðar eru um 8,4 mia.kr. Þá gerir sjóðurinn ráð fyrir að þær afskriftir muni lækka lán í vanskilum úr 50 mia.kr. í 45 mia.kr. Að því gefnu er áætlað að afskriftir á árunum 2011–2013 þurfi að nema alls um 11,8 mia.kr. en þar af verði 7,8 mia.kr. vegna einstaklinga og 4 mia.kr. vegna lögaðila. Ný áætlun Íbúðalánasjóðs felur því í sér að afskriftaþörfin gæti orðið allt að 48,4 mia.kr. samtals á árunum 2010–2013. Sam-

kvæmt þeirri viðskiptaáætlun sem unnin var sl. haust var heildarafskriftaþörfin á þessu tímabili hins vegar metin á um 18 mia.kr. og nemur hækkunin á matinu því 30,4 mia.kr. eða sem svarar til rúmlega 150%.

Til skýringar á þessari miklu hækkun vegur þyngst fyrrnefnt mat á 14,8 mia.kr. afskriftum vegna 110% úrræðisins. Í því sambandi hefur Íbúðalánasjóður einnig bent á að fyrra mat á áhrifum af 110% úrræðinu hafi verið verulega vanmetið, eða sem nemur um 9,8 mia.kr. Það skýrist m.a. af því að notuð hafi verið ófullkomin gögn í útreikninga en auk þess hafi ýmsar forsendur breyst, svo sem að 10% lækkun hafi orðið á fasteignamati og vísitala neysluverðs hafi hækkað en einnig hafi á þeim tíma skort upplýsingar um áhvílandi lán annarra á fyrri veðréttum. Í annan stað má nefna að sjóðurinn gerir nú ráð fyrir að afskriftir vegna lögaðila hækki um 5,9 mia.kr. og verði 12,4 mia.kr. í stað 6,5 mia.kr. í fyrri áætlun. Mest munar um 7 mia.kr. áformaða varúðarafskrift með því móti að lán lögaðila sem eru búin að vera lengi yfir 90 daga í vanskilum verði færð niður í fasteignamat. Útlán Íbúðalánasjóðs til lögaðila eru einkum til komin vegna leiguíbúða. Um er að ræða lán sem veitt hafa verið vegna átaks sem miðað hefur að því að fjölga leiguíbúðum á markaði, svo sem til leiguíbúða fyrir námsmenn og tekjulága hópa en einnig fyrir almennan markað. Lánin eru ýmist veitt með eða án niðurgreiðslu vaxta og greiðir þá ríkissjóður mismuninn af útlánavöxtum og markaðsvöxtum. Ástæður greiðsluerfiðleika lögaðila eru m.a. þær að íbúðir eru hálfbyggðar og aðrar standa auðar vegna samdráttar á fasteignamarkaði eftir efnahagshrunið 2008. Oft og tíðum hefur eigið fé lögaðilanna ekki verið nægjanlegt til að mæta þessum breytingum á markaði. Þrátt fyrir þessa stöðu er í fjárlögum ársins 2011 ennþá gert ráð fyrir 3 mia.kr. lánveitingum fyrir 150 nýjum íbúðum með framlagi úr ríkissjóði fyrir niðurgreiddum vöxtum líkt og á síðasta ári. Því til viðbótar gera fjárlögin ráð fyrir lánveitingum á vegum sjóðsins vegna leiguíbúða á almennum markaði sem nemi 8,5 mia.kr. Ljóst virðist að með þeim umtalsverðu afskriftum á skuldum lögaðila vegna leiguíbúða sem áformaðar eru þarf að endurskoða fjár- og greiðsluheimildir gildandi fjárlaga þar sem sá vaxtamunur sem áætlað hefur fyrir mun taka talsverðum breytingum frá því sem ætlað var. Loks má nefna að Íbúðalánasjóður telur nú að fyrri tölur um afskriftaþörf hafi verið verulega vanáætlaðar í ljósi nýrri upplýsinga um lán í 90 daga vanskilum á fjórða ársfjórðungi 2010. Vanskil hjá sjóðnum hafa aukist mjög hratt frá árinu 2007 til þessa árs, eða úr um 4,3 mia.kr. í um 50 mia.kr.

Á grundvelli þessara áætlana gerir Íbúðalánasjóður ráð fyrir að eigið fé sjóðsins í ársreikningi 2010 eftir framangreindar afskriftir og að teknu tilliti til 33 mia.kr. framlags úr ríkissjóði verði um 7,3 mia.kr. Svarar það til um 2% af áhættugrunni og væri nær óbreytt frá síðasta árshlutareikningi.

Verði afskriftaþörf Íbúðalánasjóðs jafnmikil á tímabilinu og ný áætlun sjóðsins gerir ráð fyrir er vandséð annað en að það kynni að auka umtalsvert þörf fyrir eiginfjárframlög frá ríkissjóði jafnvel þótt einungis væri ætlunin að viðhalda óbreyttu eiginfjárhlutfalli.

Þar sem nú er gert ráð fyrir að eigin fé sjóðsins aukist lítið eða ekkert í tengslum við þessar ráðstafanir og miðað við 33 mia.kr. framlag úr ríkissjóði má ætla að gjaldfæra þurfi í ríkisreikningi fyrir árið 2010 afskrift sem svari til nánast alls fjárframlags ríkisins sem þegar hefur verið heimilað að veita til sjóðsins. Kæmi það fram sem aukin útgjöld og rekstrarhalli hjá ríkissjóði sem því næmi á árinu 2010. Að óbreyttu má telja að verði þörf fyrir aukin eiginfjárframlög á komandi árum muni það á sama hátt leiða til sambærilegra afskrifta í rekstrarreikningi ríkissjóðs. Við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum má gera ráð fyrir að fjármagna þurfi eiginfjárframlög ríkisins með lántökum. Vaxtakostnaður af því framlagi sem ákveðið hefur verið gæti numið um 1,1 mia.kr. á ári miðað við vaxtakjör á þeim skuldabréfaflokki sem notaður hefur verið til að leggja til framlög til fjármálastofnana. Þar

af má segja að um 480 m.kr. séu vegna metinnar 14,8 mia.kr. hækkunar á afskriftaþörf sjóðsins í tengslum við þessar sérstöku ráðstafanir í þágu yfirskuldsettra heimila. Í forsendum vaxtaáætlunar fjárlaga ársins 2011 hefur verið gert ráð fyrir vaxtakostnaðinum af eiginfjárframlaginu. Þá má gera ráð fyrir að einhver kostnaður hljótist af umsýslu vegna niðurfærslna og afskrifta lána hjá sjóðnum en ekki er gert ráð fyrir að lántakendur þurfi að greiða fyrir afgreiðsluna.

922. Svar [464. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.*
2. *Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.*

Í meðfylgjandi töflu má sjá allar áskriftir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og stofnana þess, en samtals greiða ráðuneytið og stofnanir 1.756.847 kr. á ári.

Stofnun	Fjöldi pappírsáskrifta	Fjöldi vefáskrifta	Kostnaður á ári
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið			
Viðskiptablaðið	1	0	102.328
Fiskifréttir	1	0	44.304
DV	1	0	29.700
Fréttablaðið	4	0	123.816
Skessuhorn	1	0	17.952
Eiðfaxi	1	0	13.728
Morgunblaðið	4	1	215.040
Samtals			**546.868**

Stofnun	Fjöldi pappírs-áskrifta	Fjöldi vefáskrifta	Kostnaður á ári
Hafrannsóknastofnunin			
Viðskiptablaðið/Fiskifréttir	7	0	319.200
Skessuhorn	1	0	13.912
Morgunblaðið	2	0	100.308
Ægir sjómannablað	6	0	49.800
Samtals			**483.220**
Fiskistofa			
Viðskiptablaðið	7	0	319.200
Ægir sjómannablað	2	0	16.600
Frjáls verslun	1	0	10.517
Morgunblaðið	1	0	52.104
Útvegsblaðið	1	0	5.000
Lögbirtingablaðið	0	1	1.500
Samtals			**404.921**
Matvælastofnun			
Bændablaðið	1	0	6.200
Sunnlenska	1	0	11.508
Morgunblaðið	2	0	102.696
Samtals			**120.404**
Héraðs- og Austurlandsskógar			
Austurglugginn	1	0	16.800
Samtals			**16.800**
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna			
Morgunblaðið	1	0	42.240
Viðskiptablaðið	1	0	45.600
Samtals			**87.840**
Matís ohf.			
Morgunblaðið	1	0	47.121
Viðskiptablaðið	1	0	38.084
Bændablaðið	1	0	11.589
Samtals			**96.794**
Veiðimálastofnun		Engar áskriftir	
Verðlagsstofa skiptaverðs		Engar áskriftir	
Hagþjónusta landbúnaðarins		Engar áskriftir	
Norðurlandsskógar		Engar áskriftir	
Skjólskógar á Vestfjörðum		Engar áskriftir	
Suðurlandsskógar		Engar áskriftir	
Vesturlandsskógar		Engar áskriftir	
Samtals greitt fyrir áskriftir			**1.756.847**

923. Svar [417. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um eigendur banka, jöklabréf og skuldbindingar ríkissjóðs.

1. *Hverjir eru eigendur Íslandsbanka, Arion banka og Landsbanka og í hvaða hlutföllum?*

Íslandsbanki hf.	
Ríkissjóður	5%
Kröfuhafar/skilanefnd Glitnis hf.	95%
Landsbanki hf.	
Ríkissjóður	81,3%
Landskil, dótturfélag Landsbanka Íslands hf.	18,7%
Arion banki hf.	
Ríkissjóður	13%
Kaupskil, dótturfélag Kaupþings banka hf.	87%

2. *Hvað hefur ríkissjóður tekið á sig miklar ríkisábyrgðir gagnvart þessum bönkum eftir einkavæðingu þeirra árið 2009?*

Ríkissjóður hefur ekki tekið á sig aðrar ábyrgðir vegna Íslandsbanka, Arion banka og Landsbanka eftir einkavæðingu þeirra á árinu 2009 en þær sem felast í veitingu víkjandi lána við fjármögnun þeirra.

3. *Hverjir eru eigendur jöklabréfanna sem liggja inni í Seðlabankanum og í hvaða hlutföllum? Hvað voru háar upphæðir að baki jöklabréfunum 1. janúar 2011?*

Engin „jöklabréf“ liggja inni í Seðlabankanum. Útistandandi bréf eru 16 mia.kr. Meiri hluti þeirra fellur í gjalddaga í febrúar, apríl og maí 2011. Eitt skuldabréf að fjárhæð 3 mia.kr. er með gjalddaga á árinu 2017. Upplýsingar um jöklabréf má nálgast í Markaðsupplýsingum Lánamála ríkisins á slóðinni lanasysla.is.

4. *Hvað tók íslenska ríkið á sig miklar ríkisábyrgðir samtals eftir hrun:*
   a. *frá 8. október 2008 – 31. desember 2008,*
   b. *frá 1. janúar 2009 – 31. desember 2009,*
   c. *frá 1. janúar 2010 – 31. desember 2010?*

Frá 8. október 2008 til 31. desember 2008:
Landsvirkjun: Engar lántökur á tímabilinu.
Íbúðalánasjóður: Útgáfa nam 17 mia.kr.

Frá 1. janúar 2009 til 31. desember 2009:
Farice ehf.: Ábyrgð á láni að fjárhæð 5 mia.kr.
Landsvirkjun: Lántaka 71,4 mUSD og 622 m.kr. Yfirtekin lán 10,5 mUSD.
Íbúðalánasjóður: Útgáfa 16,5 mia.kr.

Frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2010:
Farice ehf.: Ábyrgð á láni að fjárhæð 2,7 mEUR.
Landsvirkjun: Lántaka 7,5 mia.kr. og 150 mUSD. Yfirtekið lán 5,5 mUSD.
Íbúðalánasjóður: Útgáfa nam 46,4 mia.kr.

Upplýsingar um stöðu ríkisábyrgða má nálgast í Markaðsupplýsingum Lánamála ríkisins.

5. *Hvað eru miklar ríkisábyrgðir á íslenska ríkinu ásamt ríkisfyrirtækjum og fyrirtækjum í einkageiranum miðað við 1. janúar 2011 (Landsvirkjun, Íbúðalánasjóður og Seðlabanki), sundurliðað eftir:*
   a. *Seðlabanka,*
   b. *Íbúðalánasjóði,*
   c. *Landsvirkjun,*
   d. *öðrum stofnunum á vegum ríkisins,*
   e. *fyrirtækjum í eigu einkaaðila, fyrirtækjum í eigu einkaaðila og ríkisins, svo sem Farice-sæstrengnum, gagnaveri Verne Holding og öllu öðru sem fellur undir þennan lið?*

a) Seðlabankinn:
Seðlabankinn er sjálfstæð stofnun með eigin fjárhag. Ríkissjóður ber eigendaábyrgð vegna skuldbindinga Seðlabanka. Stöðu Seðlabanka má sjá í ársreikningum bankans. Samkvæmt síðustu ársskýrslu bankans var eigið fé hans 77,9 mia.kr. án endurmats eigna en 82,9 mia. kr. með endurmati. Meðtalið er skuldabréf útgefið af ríkissjóði vegna yfirtöku veð- og daglána að fjárhæð 161 mia.kr.

b) Íbúðalánasjóður:
Staða lána Íbúðalánasjóðs í árslok 2010 var 910,6 mia.kr. Er þá meðtalin útgáfa íbúðabréfa vegna samnings við aðalmiðlara um verðbréfalánafyrirgreiðslu 44,7 mia.kr. Verg ábyrgð ríkissjóðs er þannig 865,9 mia.kr.

c) Landsvirkjun:
Staða lána Landsvirkjunar í árslok 2010 var 348,4 mia.kr. Reykjavíkurborg og Akureyrarbær bera ábyrgð á móti ríkissjóði á 50% af lántökum félagsins sem stofnað var til fyrir árslok 2006 og nam hlutur þessara sveitarfélaga í árslok 2010 rúmum 115,6 mia.kr. Verg ábyrgð ríkissjóðs er því 233 mia.kr.

d) Aðrar stofnanir á vegum ríkisins:
C-hluta stofnanir ríkissjóðs utan Íbúðalánasjóðs: Í árslok 2010 námu skuldir þessara aðila 17,3 mia.kr., þ.a. Byggðastofnunar 17 mia.kr.
E-hluta stofnanir ríkissjóðs utan Landsvirkjunar: Í árslok 2010 námu skuldir 11,2 mia.kr., þ.a. Isavia 3,6 mia.kr., RÚV 3,7 mia.kr. og RARIK 3,1 mia.kr.

e) Fyrirtæki í eigu einkaaðila, fyrirtæki í eigu einkaaðila og ríkisins, svo sem Farice-sæstrengurinn, gagnaver Verne Holding og allt annað sem fellur undir þennan lið:
Í árslok 2010 námu skuldir 12,6 mia.kr., þ.a. Farice 7,3 mia.kr. og NIB 2,7 mia.kr.
Engin ríkisábyrgð er vegna gagnavers Verne Holding.

6. *Hvað skuldaði íslenska ríkið hinn 15. janúar sl. erlendum þjóðum vegna áætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hvernig eru endurgreiðslur tryggðar? Hvað er lagt að veði til að tryggja endurgreiðslur?*

		15. janúar 2011
Færeyjar	300 mDKK	6.281 m.kr.
Danmörk	240 mEUR	37.423 m.kr.
Svíþjóð	247,5 mEUR	38.593 m.kr.
Finnland	160 mEUR	24.949 m.kr.
Pólland	204,8 mPLN	8.197 m.kr.
		115.443 m.kr.

Lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Noregs til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands eru veitt beint til Seðlabanka og eru ekki hluti af skuldum ríkissjóðs. Lán ríkissjóðs eru tekin með ábyrgð ríkissjóðs en á móti þeim stendur eign í gjaldeyrisforða sem varðveittur er í Seðlabanka Íslands.

924. Svar [483. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um greiðslubyrði íslenska ríkisins.

1. *Hver er greiðslubyrði íslenska ríkisins vegna erlendra lána árið 2011 og hvernig er fjármögnun háttað?*

Á árinu 2011 eru þrjú erlend lán á gjalddaga, samtals að fjárhæð 775 milljónir evra, eða jafnvirði 123 milljarða kr. Gert er ráð fyrir endurfjármögnun lánanna í samræmi við stefnu ríkisins í lánsfjármögnun í erlendum gjaldmiðlum. Andvirði 713 milljóna evra var á sínum tíma veitt til Seðlabanka Íslands og spegla gjalddagar veittu lánanna lán ríkissjóðs.

2. *Til hvaða þarfa voru lánin þegar þau voru tekin?*

Í nóvember 2006 tók ríkissjóður 1 milljarðs evru lán og veitti andvirði lánsins til Seðlabanka Íslands til styrkingar gjaldeyrisforða bankans. Staða þess láns, eftir uppkaup skulda 2010, er 638 milljónir evra. Í september 2008 tók ríkissjóður 300 milljóna evru lán í sama tilgangi. Staða þess láns eftir uppkaup 2010 er 75 milljónir evra. Þá er 61,5 milljóna evra afborgun af 401,5 milljóna evra skuldabréfi sem ríkissjóður gaf út 2010 í tengslum við kaup á eignavörðum skuldabréfum Avens B.V. (Landslux Notes).

3. *Hver verður áætluð árleg greiðslubyrði árin 2012–2018 og hvernig verður fjármögnun háttað?*

Endurgreiðsluferil erlendra lána 2011–2025 má sjá á eftirfarandi mynd:



Fjármögnun verður í samræmi við stefnu ríkisins um lánsfjármögnun í erlendum gjaldmiðlum sem miðast við að stuðla að reglubundnum aðgangi að alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og að viðhalda aðgengi að fjölbreyttum hópi fjárfesta. Með því er stefnt að reglubundinni útgáfu markaðsskuldabréfa ríkissjóðs á erlendum mörkuðum þar sem megintilgangurinn er að endurfjármagna útistandandi markaðsskuldabréf og lán sem tengjast efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Reglubundinni útgáfu skuldabréfa á alþjóðlegum mörkuðum er enn fremur ætlað að auka vitund fjárfesta um ríkissjóð Íslands sem útgefanda.

925. Svar [498. mál]

forseta Alþingis við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um öryggismyndavélar og verklagsreglur um boðun lögreglu.

1. *Hvaða lagaákvæði og reglur gilda um upptökur með öryggismyndavélum Alþingis?*

Rafræn vöktun með öryggismyndavélum á vegum Alþingis er í þágu öryggis og eignavörslu. Um vöktunina fer samvæmt lögum 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. einkum 6. tölul. 2. gr., 4. gr., 2. mgr. 9. gr., 24. gr. og 5. mgr. 37. gr. laganna, og reglum nr. 837/2006, um rafræna vöktun.

2. *Hversu lengi eru upptökur úr öryggismyndavélum Alþingis varðveittar?*

Um varðveislu efnis sem til verður með upptöku öryggismyndavéla á vegum Alþingis fer skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, sbr. einkum 3. tölul. ákvæðisins og reglur nr. 837/2006, sbr. einkum 7. gr. reglnanna. Upplýsingar sem til verða við rafræna vöktun eru ekki varðveittar lengur en málefnalegar ástæður leyfa og aldrei lengur en 90 daga.

3. *Hver tekur ákvarðanir um varðveislu gagna úr öryggiskerfum þingsins?*

Þegar um er að ræða slys eða meintan refsiverðan verknað eru afrit gagna úr öryggismyndavélum afhent lögreglu. Ákvörðun um slíkt taka stjórnendur þingvörslu í samráði við skrifstofustjóra Alþingis.

4. *Hvaða verklagsreglur gilda um boðun lögreglu til aðstoðar öryggisvörslu á Alþingi og eru mismunandi viðbúnaðarstig skilgreind í þeim reglum?*

Þingvarsla Alþingis annast öryggisgæslu í húsnæði Alþingis. Á hennar vegum er gætt að eignum þingsins og sinnt gæslu með aðgangi almennings að þingpöllum og öðru húsnæði þingsins. Auk þingvarða er lögreglumaður ávallt á vakt á þingfundartíma. Að öðru leyti fer um samvinnu við lögreglu eftir aðstæðum hverju sinni.

926. Frumvarp til laga [548. mál]

um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson,
Margrét Tryggvadóttir, Birgitta Jónsdóttir.

I. KAFLI

Markmið rannsóknar.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis leiti sannleikans um aðdraganda og orsök rekstrarerfiðleika og gjaldþrots íslenskra sparisjóða. Þá skal hún leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um starfsemi sparisjóða á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því. Nefndin skal í þessu skyni:

a. Varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir rekstrarerfiðleika margra íslenskra sparisjóða, sem leiddu m.a. til gjaldþrots Sparisjóðs Mýrasýslu, SPRON og Byrs Sparisjóðs og nauðsynlegrar endurfjármögnunar Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Bolungarvíkur, Sparisjóðs Svarfdæla, Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis.
b. Meta starfshætti sparisjóðanna á undanförnum árum og varpa ljósi á hverjar séu helsu orsakir mismunandi árangurs rekstrar þeirra. Meðal annars verði fjármögnun og útlánastefna þeirra skoðuð, eignarhald, aukning stofnfjár, greiðslur arðs, kaup og sala stofnfjár, hlutafélagavæðing þeirra sem og aðrir þættir sem kunna að skipta máli.
c. Gera úttekt á lagaramma og öðru starfsumhverfi sparisjóðanna og bera saman við starfsumhverfi sambærilegra fjármálafyrirtækja í nágrannalöndunum.
d. Leggja mat á hvernig staðið hafi verið að endurskoðun hjá sparisjóðunum og öðru eftirliti með starfsemi þeirra og kynningu á niðurstöðum þess eftirlits.
e. Koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu sem miða að því að gera sparisjóðum kleift að starfa á þeim samfélagslegu og rekstrarlegu forsendum sem þeir voru stofnaðir um.
f. Gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur leikur á um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og gera jafnframt grein fyrir þeim málum í skýrslu til Alþingis.

g. Skila Alþingi skýrslu um rannsóknina ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að láta vinna í þágu rannsóknarinnar.

II. KAFLI
Skipan rannsóknarnefndarinnar og störf hennar.

2. gr.

Skipa skal nefnd þriggja manna til að rannsaka og leggja mat á þau atriði sem tilgreind eru í 1. gr. Forseti Alþingis skal leggja fram tillögu um nefndarmenn fyrir forsætisnefnd og skal skipan nefndarmanns vera samþykkt með ⅔ atkvæða.

Formaður skal vera lögfræðingur og að lágmarki einn nefndarmaður skal vera hagfræðingur, löggiltur endurskoðandi eða háskólamenntaður sérfræðingur, sem hefur víðtæka þekkingu á starfsemi sparisjóða, efnahagsmálum og starfsemi fjármálamarkaða.

Rannsóknarnefndin getur skipað sérstaka vinnuhópa með fulltrúum innlendra og/eða erlendra sérfræðinga sem séu nefndinni til aðstoðar eða sinni ákveðnum rannsóknarverkefnum.

3. gr.

Rannsóknarnefnd er í störfum sínum óháð fyrirmælum frá öðrum, þar með talið Alþingi. Nefndarmenn skulu jafnframt vera óhlutdrægir og óvilhallir gagnvart þeim stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og öðrum sem nefndin hefur til athugunar. Sama á við um starfsmenn og aðstoðarmenn rannsóknarnefndarinnar að öðru leyti.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer samkvæmt reglum 3. gr. og 4. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

III. KAFLI
Framkvæmd rannsóknar.

4. gr.

Nefndin tekur ákvörðun um hvernig haga skuli rannsókninni, þar á meðal um nánari afmörkun rannsóknarefnisins innan þess ramma sem umboð hennar og lög þessi leyfa, hvernig framkvæmd rannsóknar skuli hagað með það að markmiði að mál það sem til athugunar er verði sem best upplýst. Nefndin kallar í því skyni eftir þeim upplýsingum um málið sem hún telur nauðsynlegar.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar. Rannsóknarnefnd ákveður hvort fundir nefndarinnar séu opnir eða lokaðir. Halda skal fundargerð um það sem fram fer á fundunum.

Við ákvarðanir nefndarinnar um framkvæmd rannsóknarinnar ræður afl atkvæða úrslitum mála. Verði ágreiningur um einstök atriði í niðurstöðum hennar geta einstakir nefndarmenn gert sérstaklega grein fyrir afstöðu sinni í bókun. Nefndin getur ákveðið að hluti nefndarmanna komi fram fyrir hönd nefndarinnar á fundum eða við skýrslutökur af þeim sem nefndin kallar fyrir sig.

IV. KAFLI
Rannsóknarheimildir og málsmeðferð.

5. gr.

Sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, er skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té upplýsingar og gögn sem hún fer fram á. Með gögnum er m.a. átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga og önnur gögn sem nefndin óskar eftir í þágu rannsóknarinnar, hvort sem þau eru prentuð (skrifleg) eða á rafrænu formi.

Skylda til afhendingar gagna skv. 1. mgr. er þó ekki fyrir hendi ef ætla má að í henni geti falist játning eða vísbending um að sá sem beðinn er um að veita upplýsingarnar eða afhenda gögnin hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Sama á við ef ætla má að afhending gagnanna hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern þann sem tengist viðkomandi með þeim hætti sem segir í 1. og 2. mgr. 117. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/ 2008.

6. gr.

Rannsóknarnefnd getur kallað einstaklinga til skýrslugjafar og skulu þeir sem gefa skýrslu segja satt og rétt frá fyrir nefndinni. Formaður stýrir skýrslutökum en getur falið öðrum nefndarmanni það. Þá getur hann falið starfsmanni nefndarinnar, eða öðrum er vinna að rannsókninni, að beina spurningum að þeim sem gefur skýrslu. Taka skal upp á hljóð- eða myndband það sem fram fer við skýrslutöku eða varðveita það með öðrum tryggilegum hætti.

Ef þeir sem kallaðir eru fyrir rannsóknarnefnd til skýrslutöku verða ekki við ósk nefndarinnar þar um getur nefndin óskað þess að héraðsdómari kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni telji hún það nauðsynlegt í þágu rannsóknar málsins. Um kvaðningu og skýrslugjöf og aðra framkvæmd skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Ákveða má að skýrsla sé gefin fyrir luktum dyrum.

7. gr.

Einstaklingur getur skorast undan að svara spurningu ef ætla má að í svari hans geti falist játning eða bending um að hann hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Sama á við ef ætla má að svar hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern þann sem tengist viðkomandi með þeim hætti sem segir í 1. og 2. mgr. 117. gr. laga um meðferð sakamála.

8. gr.

Skylt er að verða við kröfu rannsóknarnefndar um að veita upplýsingar þó að þær séu háðar þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, sérstökum reglum um utanríkismál, öryggi ríkisins eða fundargerðir ríkisstjórnar og ráðherrafunda og fundargerðir nefnda Alþingis. Sama gildir um upplýsingar sem óheimilt er að lögum að veita fyrir dómi nema með samþykki ráðherra, forstöðumanns eða annars yfirmanns viðkomandi, jafnt hjá hinu opinbera sem einkafyrirtæki.

Lögmaður, endurskoðandi eða annar aðstoðarmaður verður þó ekki krafinn upplýsinga, sem honum hefur verið trúað fyrir út af rannsókn nefndarinnar, nema með leyfi þess sem í hlut á. Ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. ásamt 3. og 4. mgr. 119. gr. laga um meðferð sakamála gilda enn fremur um upplýsingagjöf þeirra sem þar eru tilgreindir. Dómari sker úr um upplýsingaskyldu þeirra og verður mál af því tagi rekið skv. 3. mgr.

Nú verður ágreiningur um upplýsingaskyldu samkvæmt ákvæðum þessara laga og getur rannsóknarnefndin þá leitað úrskurðar héraðsdóms á grundvelli XV. kafla laga um meðferð sakamála. Lögregla skal veita nefndinni liðsinni við að framfylgja slíkum dómsúrskurði. Heimilt er að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar innan þriggja sólarhringa frá uppkvaðningu hans.

9. gr.

Sá sem er til rannsóknar á rétt á aðstoðarmanni að eigin vali og á eigin kostnað á öllum stigum rannsóknar. Í undantekningartilfellum getur nefndin ákveðið að kostnaður við störf

aðstoðarmanns skuli greiddur af nefndinni. Ákvörðun nefndarinnar þar um má kæra til forseta Alþingis innan þriggja vikna frá því að hún var kunngjörð þeim sem í hlut á.

10. gr.

Sá sem er til rannsóknar er skal, svo fremi að ekki skaði rannsóknarhagsmuni eða hagsmuni þriðja manns, hafa aðgang að gögnum málsins og vera upplýstur um þau atriði sem eru til skoðunar hjá nefndinni hvað hann varðar og teljast mikilvæg fyrir mál hans.

Þeim sem fjallað er um í skýrslu nefndarinnar skal að skýrslutöku og gagnaöflun lokinni, með hæfilegum fyrirvara, gert kleift að tjá sig skriflega um þau atriði sem nefndin hyggst leggja til grundvallar í skýrslu sinni og varða hann.

11. gr.

Stjórnvöld skulu veita alla nauðsynlega aðstoð sem nefndin óskar eftir við störf sín. Þá skal nefndin, ef hún óskar, fá aðgang að gögnum og skýrslum sem sérfróðir aðilar á vegum stjórnvalda hafa unnið að um málefni sem falla undir starf nefndarinnar.

Rannsóknarnefndin getur við rannsókn máls gert athuganir á starfsstað opinberrar stofnunar, fyrirtækis, samtaka fyrirtækja eða í öðru húsnæði og lagt hald á gögn þegar nefndin telur það nauðsynlegt í þágu rannsóknarinnar. Við framkvæmd aðgerða samkvæmt þessari grein skal fylgja ákvæðum laga um meðferð sakamála, um leit og hald á munum. Rannsóknarnefndinni er heimilt að leita atbeina lögreglu við framkvæmd leitar.

12. gr.

Rannsóknarnefnd er heimilt í þágu rannsóknar að beita ákvæði 73. gr. laga um meðferð sakamála til að varna því að gögnum sé fargað og skal lögregla framfylgja þeirri ákvörðun.

V. KAFLI
Þagnarskylda.

13. gr.

Þagnarskylda skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sbr. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hvílir á nefndarmönnum og öðrum er vinna að rannsókn um þær upplýsingar sem nefndinni berast og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt nefndin hafi lokið störfum. Rannsóknarnefnd er þó heimilt að afhenda upplýsingar og gögn til sérfræðilegra ráðgjafa í þeim mæli sem nauðsynlegt er. Sama á við ef nefndin telur afhendingu slíkra upplýsinga nauðsynlega vegna gagnkvæmrar miðlunar upplýsinga og samstarfs við aðila erlendis sem sinna hliðstæðum rannsóknum við rannsókn nefndarinnar. Afhendi nefndin upplýsingar á grundvelli þessara heimilda hvílir þagnarskylda á þeim sem fær gögnin afhent.

Nefndin getur undanþegið þá sem annars eru háðir þagnarskyldu slíkri skyldu þegar þeir tjá sig, afhenda gögn eða leggja með öðrum hætti fram upplýsingar fyrir rannsóknarnefndinni.

Ákvæði 1. mgr. skal ekki standa því í vegi að rannsóknarnefnd geti birt upplýsingar sem annars væru háðar þagnarskyldu ef nefndin telur slíkt nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður sínar. Nefndin skal þó því aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.

VI. KAFLI
Grunur um refsiverða háttsemi.

14. gr.

Vakni grunur við rannsókn nefndarinnar um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað tilkynnir hún ríkissaksóknara um það og tekur hann ákvörðun um hvort rannsaka beri málið í samræmi við lög um meðferð sakamála.

Ef nefndin telur að ætla megi að opinber starfsmaður hafi gerst brotlegur við starfsskyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eða eftir ákvæðum annarra laga sem gilda um störf hans skal hún tilkynna viðkomandi forstöðumanni þar um og hlutaðeigandi ráðuneyti.

Nefndinni er ekki skylt að gefa viðkomandi kost á að tjá sig sérstaklega um þá ákvörðun hennar að senda mál til ríkissaksóknara, forstöðumanns eða ráðuneytis skv. 1. og 2. mgr.

Um ábyrgð ráðherra fer samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð.

Upplýsingar um þau mál sem greinir í 1. og 2. mgr. skulu birtar í skýrslu nefndarinnar.

Ekki er heimilt að nota upplýsingar sem einstaklingur hefur veitt nefndinni sem sönnunargagn í sakamáli sem höfðað er gegn honum.

VII. KAFLI
Upplýsingagjöf meðan nefndin starfar.

15. gr.

Rannsóknarnefnd ákveður sjálf hvaða upplýsingar eða tilkynningar hún birtir opinberlega um störf sín þar til hún hefur skilað lokaskýrslu sinni. Sama gildir um aðgang að gögnum sem nefndin aflar.

Rannsóknarnefnd getur veitt forseta Alþingis upplýsingar um framgang rannsóknarinnar meðan á henni stendur og getur forseti í tilefni af slíkri upplýsingagjöf og að höfðu samráði við forsætisnefnd gert Alþingi grein fyrir fram komnum upplýsingum ef æskilegt þykir.

VIII. KAFLI
Skýrsla nefndar og afgreiðsla hennar.

16. gr.

Rannsóknarnefnd skilar forseta Alþingis skriflegri skýrslu með rökstuddum niðurstöðum rannsóknar sinnar eigi síðar en 1. september 2012. Rannsóknarnefnd getur ákveðið að skila sérstökum skýrslum um einstaka hluta rannsóknarinnar eða áfangaskýrslum og skal haga meðferð þeirra á sama hátt og lokaskýrslu.

Forsætisnefnd ákveður hvaða nefnd fjallar um skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Sú nefnd sem fjallar um skýrsluna skal móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar. Nefndin skal skila tillögum sínum eigi síðar en sex mánuðum eftir að umfjöllun hennar hefst.

Með birtingu lokaskýrslu lýkur störfum rannsóknarnefndarinnar.

Að rannsókn nefndarinnar lokinni skulu gögn, sem aflað hefur verið við rannsóknina, færð Þjóðskjalasafni Íslands. Um aðgang að þeim fer samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga og laga um Þjóðskjalasafn.

IX. KAFLI
Greiðslur, gildistaka o.fl.

17. gr.

Forsætisnefnd Alþingis ákveður greiðslur til nefndarmanna og ákveður önnur starfskjör þeirra. Þá ákveður hún þóknun til þeirra sem nefndin skipar í vinnuhóp.

Rannsóknarnefndin hefur heimild til að setja sjálf frekari reglur um starfshætti sína, þar á meðal um þátttöku vinnuhópa í rannsókninni. Kostnaður af starfi nefndarinnar, þar með talið sérfræðinga sem hún ræður, greiðist úr ríkissjóði.

18. gr.

Ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996, og 18.–21. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, gilda ekki um störf rannsóknarnefndar. Sama gildir um ákvæði stjórnsýslulaga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nema sérstaklega sé til þeirra vísað í þessum lögum. Ekki er unnt að bera fram kvörtun um störf nefndarinnar við umboðsmann Alþingis.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu þeir sem rannsókn hefur beinst að njóta réttinda samkvæmt ákvæðum 18.–21. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og 9. gr. upplýsingalaga að rannsókn lokinni, enda hafi ákæruvaldið ekki tekið mál viðkomandi til meðferðar sem sakamál. Fer þá um rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt ákvæðum laga um meðferð slíkra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er forsætisnefnd Alþingis falið að skipa nefnd til að rannsaka starfsemi íslenskra sparisjóða. Þegar hafa tvær tillögur til þingsályktunar verið fluttar í þeim tilgangi að hefja rannsókn á aðdraganda falls nokkurra íslenskra sparisjóða (þskj. 1033, 603. mál og þskj. 1537, 705. mál á 138. löggjafarþingi). Hinn 28. september 2010 samþykkti Alþingi ályktun um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010 (705. mál á 138. löggjafarþingi) þar sem meðal annars er kveðið á um að á vegum Alþingis skuli fara fram sjálfstæð og óháð rannsókn á aðdraganda og orsökum falls sparisjóða á Íslandi frá því að viðskipti með stofnfé voru gefin frjáls. Í kjölfar þess fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi sparisjóðanna.

Í mars 2009 tók Fjármálaeftirlitið yfir rekstur SPRON og Sparisjóðabankans, þjónustubanka sparisjóða um allt land. Allar innstæður viðskiptavina SPRON og nb.is voru færðar til Arion banka og gefið út skuldabréf sem var tryggt með veði í öllum eignum SPRON. 22. júlí 2009 skipaði Fjármálaeftirlitið bráðabirgðastjórn yfir Sparisjóði Mýrasýslu, en sjóðurinn hafði þá átt í miklum erfiðleikum í lengri tíma. Mánuðina fyrir bankahrunið 2008 höfðu verið upp hugmyndir um að Kaupþing legði til nýtt stofnfé í sparisjóðinn og eignaðist 70% eignarhlut í honum, aðrir fjárfestar legðu fram frekara stofnfé og færu með um 10% eignarhlut en Borgarbyggð héldi um 20% eignarhlut. Þær áætlanir náðu ekki fram að ganga fyrir hrunið í október 2008. Í apríl 2009 tók Nýja Kaupþing yfir lánasafn Sparisjóðs Mýrasýslu og varð jafnframt eigandi meiri hluta stofnfjár þriggja norðlenskra sparisjóða, þ.e. sparisjóða Siglufjarðar og Skagafjarðar, sem saman mynda Afl sparisjóð, og Sparisjóðs Ólafsfjarðar. Stofnfé þessara sparisjóða hafði áður verið að mestu í eigu Sparisjóðs Mýrasýslu. 22. apríl 2010 tók svo Fjármálaeftirlitið yfir starfsemi Byrs – sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík. Þær ákvarðanir voru teknar eftir að stjórnir sjóðanna höfðu farið fram á að Fjármálaeftirlitið tæki yfir starfsemi þeirra þar sem samningaviðræðum við kröfuhafa lauk án árangurs. Í byrjun árs 2011 lauk svo endurfjármögnun Sparisjóðs Bolungarvíkur, Sparisjóðs Svarfdæla, Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis þar sem ríkið endurfjármagnaði og tók yfir meiri hluta stofnfjár sjóðanna.

Af þessu má sjá að sparisjóðirnir hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum í undangengnum áföllum á fjármálamörkuðum heimsins og voru merki þess orðin ljós fyrir október 2008 og setningu neyðarlaganna. Bankasýsla ríkisins hefur komið að endurfjármögnun þessara sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Þrátt fyrir þessu miklu áföll innan sparisjóðakeðjunnar á síðustu árum er ekki fjallað sérstaklega um málefni sparisjóðanna í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008. Þar er þó bent á að það verðskuldi slíka rannsókn. Undir það tók síðan Alþingi með samþykkt framangreindrar þingsályktunartillögu þingmannanefndar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Í rannsókn sem þessari er mikilvægt að farið verði töluvert aftur í tímann og skoðaðar breytingar á lagaumhverfi sparisjóðanna og rekstrarformi þeirra og ákvarðanir eftirlitsaðila og túlkun þeirra á gildandi reglum um starfsumhverfi þeirra og eru því lögð til skýr markmið og lýsing á verkefnum rannsóknanefndarinnar.

Nauðsynlegt er að metið verði hvaða áhrif framangreint hafi haft á stöðu sparisjóðanna og rekstur almennt og jafnframt með tilliti til þeirra samfélagssjónarmiða sem þeir störfuðu eftir. Rannsóknin á ekki að einskorðast við aðdraganda hrunsins í október 2008 heldur taka einnig til tímans eftir hrun enda eru áhrif hrunsins enn að koma í ljós hjá sparisjóðum um allt land.

Ekki þykir ráðlagt að bíða eftir samþykkt sérstakra laga um rannsóknarnefndir, þótt tillit sé tekið til frumvarps um rannsóknanefndir, þar sem afgreiðsla þess getur dregist auk þess sem nauðsynlegt er að afmarka með skýrum hætti verkefni og verklýsingu rannsóknarnefndarinnar umfram það sem gert er í ályktun þingmannanefndarinnar.

927. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Einarsson, Guðríði Þorsteinsdóttur, Áslaugu Einarsdóttur og Unu Björk Ómarsdóttur frá velferðarráðuneyti, Geir Gunnlaugsson landlækni og Harald Briem staðgengil landlæknis, Margréti Björnsdóttur, forstjóra Lýðheilsustöðvar, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Sæmund Runólfsson frá áfengis- og vímuvarnaráði, Ingu B. Árnadóttur frá tannverndarráði, Kristin Tómasson frá slysavarnaráði, Guðlaugu B. Guðjónsdóttur frá tóbaksvarnaráði og Ingu Þórsdóttur frá manneldisráði.

Þá bárust umsagnir frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, tóbaksvarnaráði, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Tryggingastofnun, svæðisskrifstofum málefna fatlaðra á Vestfjörðum og Suðurlandi, Kvenfélagasambandi Íslands, Samtökum skólamanna um bindindisfræðslu, Lýðheilsustöð, landlækni, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Samtökum fjármálafyrirtækja, Hjartavernd, Félagi um lýðheilsu, Prestafélagi Íslands, Brautinni – bindindisfélagi ökumanna, Bandalagi íslenskra skáta, sóttvarnalækni, Félagi lýðheilsufræðinga, áfengis- og vímuvarnaráði, manneldisráði, Lyfjastofnun, Hagstofu Íslands, Læknafélagi Ís-

lands, heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, Bandalagi háskólamanna og Samstarfsráði um forvarnir.

Frumvarpinu er ætlað að sameina Lýðheilsustöð og landlæknisembættið í eitt embætti, embætti landlæknis og lýðheilsu, sem ætlað er að vinna að eflingu lýðheilsu og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu. Meginmarkmið með sameiningu þessara tveggja stofnana er að starfrækja eitt öflugt embætti á sviði lýðheilsu- og heilbrigðismála. Vonast er til þess að sameining þessara stofnana skapi tækifæri til að styrkja og efla starf þeirra enn frekar en nú er.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að frumvarpið hafi verið unnið í nánu og góðu samstarfi við starfsmenn landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar, hlutverk stofnananna falli vel saman og samlegðaráhrif sameiningarinnar séu margvísleg. Nýja embættið muni taka við öllum verkefnum sem landlækni og Lýðheilsustöð er falið að sinna samkvæmt gildandi löggjöf og það muni því sinna leyfisveitingum, sóttvörnum, ráðgjöf, eftirliti, upplýsingaöflun, gæðamálum, skýrslugerð, forvörnum, heilsueflingu og lýðheilsu. Sameinuðu embætti er þannig ætlað að standa vörð um heilbrigði og velferð þjóðarinnar. Við umfjöllun nefndarinnar fengu nokkur álitamál mesta umfjöllun. Þar var um að ræða nýtt heiti embættisins, fagráðin, hinn nýja lýðheilsusjóð sem áður var Forvarnasjóður og þá leið sem valin var þegar ákvörðun um sameiningu var tekin.

Nefndin fjallaði mikið um nafn nýja embættisins. Að mati meiri hlutans er ljóst að nafnið *embætti landlæknis og lýðheilsu* gengur ekki upp, hvorki málfarslega né lagalega. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að mikil áhersla hefur verið lögð á að halda orðinu *lýðheilsa* inni í nafni embættisins. Eftir að hafa farið ítarlega yfir málið var ljóst að ekki væri hægt að koma til móts við þær óskir af málfarslegum ástæðum. Meiri hlutinn leggur því til breytingar á skipulagi embættisins þannig að um verði að ræða stofnun sem landlæknir veitir forstöðu. Leggur meiri hlutinn til að stofnunin heiti *Landlæknir – lýðheilsa* og forstöðumaður hennar verði landlæknir en lögin beri heitið *lög um landlækni og lýðheilsu*. Jafnframt leggur meiri hlutinn til breytingar á frumvarpinu þannig að lögin verði felld inn í lög um landlækni, nr. 41/2007, og endurútgefin með nýja lagaheitinu. Bendir meiri hlutinn jafnframt á að í 4. gr. frumvarpsins er ljóst að meginhlutverk nýju stofnunarinnar verður m.a. að annast forvarna- og heilsueflingarverkefni, að efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa og styðja við menntun á sviði lýðheilsu. Er það skilningur meiri hlutans að lýðheilsuþátturinn muni skipa það stórt hlutverk hjá embætti landlæknis eftir sameininguna, að hann komi fram í daglegri umfjöllun.

Að mati meiri hlutans er ljóst að fagráð þau sem starfað hafa við Lýðheilsustöð, allt frá stofnun hennar 2003, hafa gegnt mikilvægu hlutverki í forvarnastarfi stofnunarinnar. Samkvæmt gildandi lögum um Lýðheilsustöð, nr. 18/2003, gegna fagráðin hlutverki sérfræðiráða og skylt er að skipa þau. Í a-lið 6. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að landlækni sé heimilt að setja á fót fagráð á einstökum verksviðum embættisins. Telur meiri hlutinn nauðsynlegt að tekið verði fram í lögunum að landlæknir skuli skipa fagráð og leggur til breytingar um það. Jafnframt kom fram við umfjöllun nefndarinnar að mikilvægt væri að tryggja áfram starfsemi þeirra fagráða sem nú þegar eru starfandi við Lýðheilsustöð og tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið. Með þeirri breytingu sem verður við sameiningu stofnananna er ástæða til að ætla að ný fagráð verði mynduð og þau taki breytingum eftir því sem heilsufar þjóðarinnar þarfnast og áherslur liggja í lýðheilsustarfi á hverjum tíma. Það er skoðun meiri hlutans að nauðsynlegt sé fyrir nýju stofnunina að halda tengingu við frjáls félagasamtök í forvarnastarfi og þeirri sérþekkingu sem þar er að finna og nýta krafta þeirra til markviss forvarnastarfs. Með þeim breytingum sem meiri hlutinn leggur til er tryggt að sú tenging haldist við nýju stofnunina. Við umfjöllun nefndarinnar komu fram þau sjónarmið

að nauðsynlegt væri að setja reglugerð um skipan fagráða. Að mati meiri hlutans getur slík reglugerð verið þung í vöfum og jafnvel komið í veg fyrir að fagráðin taki breytingum eftir áherslum í heilbrigðisþjónustu og í samfélaginu. Meiri hlutinn leggur hins vegar til að reglur um skipan fagráða verði send ráðherra til staðfestingar, til að tryggja enn frekar að staðið verði faglega að skipaninni.

Nefndin fjallaði um hinn nýja lýðheilsusjóð skv. b-lið 6. gr. frumvarpsins. Í máli fulltrúa fagráðanna kom m.a. fram að meta þyrfti hvernig best væri að standa að úthlutun fjármuna úr sjóðnum í forvarnastarf. Að mati meiri hlutans er heppilegast að stjórn sjóðsins verði skipuð fjórum fulltrúum sem tilnefndir verði af fagráðum, tveimur fulltrúum embættisins og formanni sem skipaður verði af ráðherra. Jafnframt leggur meiri hlutinn til breytingar á því hvernig staðið verði að úthlutun þannig að í reglugerð ráðherra verði sett ákveðin viðmið vegna starfseminnar og úthlutunar styrkja til mismunandi málaflokka, svo sem forvarnastarfs, lýðheilsustarfs og rekstrar, en við umfjöllun nefndarinnar kom í ljós að hluti af upphæð Forvarnasjóðsins hafi verið notaður í rekstur Lýðheilsustöðvar. Því er nauðsynlegt að skýrar reglur liggi fyrir, bæði um hvernig stjórn sjóðsins verði skipuð og hvernig staðið verði að úthlutun. Meiri hlutinn telur jafnframt að með þeim breytingum sem hann leggur til verði tryggt að fjölbreytt sjónarmið og/eða fulltrúar frjálsra félagasamtaka, þar sem það á við, geti komið að starfsemi sjóðsins eins og mikilvægt er í forvarnastarfi.

Nefndin ræddi einnig fjármögnun sjóðsins, en fyrirhugað er að sá hluti af áfengisgjaldi sem áður rann til Forvarnasjóðs renni til lýðheilsusjóðs og einnig hlutfall af brúttósölu tóbaks. Meiri hlutinn telur að með setningu reglugerðar um starfsemi og úthlutun úr lýðheilsusjóði sé horft til tekjustofna sjóðsins og tryggt að drýgstum hluta hans verði úthlutað til forvarna- og lýðheilsustarfs á viðkomandi sviði. Að mati meiri hlutans er einnig nauðsynlegt að leita fleiri tekjustofna til að fjármagna sjóðinn, en meðal annars komu upp hugmyndir um að lagt yrði sérstakt „tappagjald“ á gosdrykkjarflöskur og það mundi renna óskert í sjóðinn til úthlutunar. Tappagjald af gosflöskum eða gjald af sætum drykkjum gæti nýst vel til forvarna í tannverndar- og manneldismálum eða lýðheilsustarfi á þessum mikilvægu sviðum heilsueflingar á komandi árum. Meiri hlutinn bendir einnig á að mikilvægt er að tryggja frekari framlög til sjóðsins ef hann á að fá frekari verkefni í framtíðinni en á sama tíma er nauðsynlegt að slík framlög verði sérmerkt úthlutun.

Í umsögn sóttvarnalæknis komu fram athugasemdir um að í 10. gr. frumvarpsins væri kveðið á um að öll störf hjá landlæknisembættinu og Lýðheilsustöð verði lögð niður 1. janúar 2011. Starfsmönnum landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar skuli boðið starf hjá hinu nýja embætti frá og með sama tíma. Ef engin breyting sé gerð á sóttvarnalögum og starfsemi sóttvarnalæknis samkvæmt frumvarpinu sé nokkuð sérstakt að leggja starf hans niður. Meiri hlutinn telur að um misskilning sé að ræða. Ekki hafi staðið til að gera neinar breytingar á lögum um sóttvarnir né stöðu sóttvarnalæknis hjá landlæknisembættinu. Sóttvarnalæknir haldi því sömu stöðu hjá nýju stofnuninni og engar breytingar séu gerðar á erindisbréfi hans. Meiri hlutinn telur hins vegar rétt að staða sóttvarnalæknis innan stjórnkerfisins verði tryggð með skýrari hætti en með erindisbréfi.

Við umfjöllun nefndarinnar kom í ljós að skýra þarf frekar flutning dánarmeinaskrár og hvernig lögum um dánarvottorð er háttað. Samkvæmt 10. gr. laga um dánarvottorð, krufningar o.fl., nr. 61/1998, sendir sýslumaður Hagstofu Íslands dánarvottorð. Í raun hefur það verið svo að Þjóðskrá Íslands hefur áframsent dánarvottorð til Hagstofu Íslands sem lögum samkvæmt er ábyrgðaraðili að almannaskráningu. Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu er komið í veg fyrir að Þjóðskrá Íslands fái dánarvottorð send, en almannaskráning byggist m.a. á tilkynningum um mannslát. Meiri hlutinn leggur til breytingar á 17.

gr. frumvarpsins til að tryggja að Þjóðskrá Íslands geti áfram sinnt því lögbundna hlutverki sem hún hefur.

Að mati meiri hlutans er flutningur dánarmeinaskrár til nýrrar stofnunar, Landlæknis – lýðheilsu, mjög tímabær og þarfur og tekur meiri hlutinn undir athugasemdir umsagnaraðila um að enginn eðlislægur munur sé á þeirri skrá og öðrum sem landlæknir heldur. Meiri hlutinn telur ríka ástæðu til að halda skrár á landsvísu með upplýsingum sem verða til á ýmsum sviðum heilbrigðisþjónustunnar og eru mjög verðmætar sem rannsókna- og matstæki. Með því að efla og fjölga þeim skráningum sem nýrri stofnun er falið að hafa umsjón með er unnt að afla nýrrar þekkingar sem mögulega getur nýst sjúklingum og haft mikið forvarnagildi. Meiri hlutinn telur því mikilvægt að haldið verði áfram ítarskráningu dánarmeina eins og verið hefur um langan tíma. Telur meiri hlutinn eðlilegt að dánarmeinaskrá flytjist til nýju stofnunarinnar en leggur jafnframt áherslu á að Hagstofa Íslands geti óskað eftir gögnum til opinberrar hagskýrslugerðar um dánarmein og andvana fædd börn og telur meiri hlutinn mikilvægt að stofnanirnar komi sér saman um skilvirka verkferla hvað það varðar. Við umræðu í nefndinni kom skýrt fram að tímabært sé að endurskoða lög um dánarvottorð, meðal annars með tilliti til þess fyrirkomulags sem er á skráningu andláts.

Meiri hlutinn leggur einnig til að breytingar verði gerðar á frumvarpinu í þá átt að Landlækni – lýðheilsu verði heimilt að taka til varðveislu gagnasöfn um sjúkdóma sem stofnað var til fyrir setningu tölvulaga. Til að mynda getur verið um að ræða gagnasöfn sem einstakir heilbrigðisstarfsmenn hafa byggt upp á liðnum áratugum, fyrir setningu tölvulaga. Þessi gagnasöfn eru sum hver ekki í virkri notkun en gætu nýst áfram til rannsókna síðar meir. Meiri hlutinn leggur hins vegar áherslu á að meðferð allra upplýsinga úr slíkum skrám verði með heimild Persónuverndar og Vísindasiðanefndar.

Við umfjöllun nefndarinnar var gagnrýnt að ekki hefði farið fram kostnaðargreining um mögulega hagræðingu af sameiningu landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar var ekki eingöngu horft á mögulegan sparnað af sameiningunni, heldur frekar að sameiningin mundi styrkja starf beggja stofnana og nýja embættið væri betur í stakk búið til að mæta hugsanlegum sparnaðarkröfum í framtíðinni. Samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu er gert ráð fyrir eðlilegri hagræðingarkröfu á nýju stofnunina og að rekstur hennar verði innan fjárheimilda.

Í umsögn var þeirri skoðun komið á framfæri að ef til vill væri eðlilegt að fresta sameiningu landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar og horfa til stærri sameiningar, t.d. sameiningar landlæknisembættisins, Lýðheilsustöðvar, Lyfjastofnunar, lyfjagreiðslunefndar, vísindasiðanefndar, Geislavarna og jafnvel Heyrnar- og talmeinastöðvar. Meiri hlutanum var kunnugt um að umræða um víðtækari sameiningu stofnana og nefnda en hér er lögð til hefur farið fram og telur mikilvægt að henni verði haldið áfram út frá faglegum og rekstrarlegum forsendum og bendir á að skýrslur hafi verið unnar um hugmyndir um frekari sameiningar. Meiri hlutinn telur hins vegar að sameining landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar sé mikilvægt fyrsta skref í frekara sameiningarferli. Nauðsynlegt sé hins vegar að meta stöðu nýja embættisins innan þriggja ára frá sameiningu, hverju sameiningin hafi áorkað, hvað hefði mátt betur fara og hvort hugsanlega sé hægt að ráðast í enn frekari sameiningar á sviðinu með það að markmiði að efla stofnunina enn frekar. Meiri hlutinn vill beina sjónum að samsvarandi stofnunum annars staðar á Norðurlöndunum í þeirri vinnu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. febr. 2011.

Þuriður Backman, form., frsm. Jónína Rós Guðmundsdóttir. Skúli Helgason.

Siv Friðleifsdóttir, með fyrirvara. Ólafur Þór Gunnarsson. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

928. Breytingartillögur [190. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar (ÞBack, JRG, SkH, SF, ÓGunn, SII).

1. 2. gr. orðist svo:
   2. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

   Landlæknir – lýðheilsa.

   Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Landlæknir – lýðheilsa, undir yfirstjórn velferðarráðherra.

   Landlæknir veitir stofnuninni forstöðu. Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn að fengnu mati nefndar skv. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hann skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði, þekkingu á sviði lýðheilsu og víðtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar.

   Landlæknir ber ábyrgð á að stofnunin sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Landlæknir ræður starfsfólk stofnunarinnar.
2. Við 3. gr. bætist nýr liður sem orðist svo: Í stað orðsins „landlæknis“ í 2. tölul. kemur: Landlæknis – lýðheilsu.
3. Við 4. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Hlutverk stofnunarinnar er m.a. eftirfarandi.
   b. Í stað orðsins „embættisins“ í a- og m-lið 1. mgr., 2. og 3. mgr. komi: stofnunarinnar.
   c. Í stað orðsins „embættinu“ í n-lið 1. mgr. komi: stofnuninni.
   d. Í stað orðsins „Landlækni“ í 3. mgr. komi: Landlækni – lýðheilsu.
   e. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Meginhlutverk stofnunarinnar.*
4. 6. gr. orðist svo:
   Á eftir I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Fagráð og lýðheilsusjóður**, með tveimur nýjum greinum sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:
   a. (4. gr. a.)

   Fagráð.

   Landlæknir skal setja á fót fagráð á helstu verksviðum stofnunarinnar, þ.m.t. á sviði áfengis- og vímuvarna og tóbaksvarna, sem í eiga sæti sérfróðir aðilar og fulltrúar stofnana og félagasamtaka á viðkomandi sviði. Fagráð skulu vera stofnuninni til ráðgjafar.

   Landlæknir setur reglur um skipan fagráða sem ráðherra staðfestir.

b. (4. gr. b.)

Lýðheilsusjóður.

Starfrækja skal lýðheilsusjóð sem hefur það hlutverk að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., bæði innan og utan stofnunarinnar.

Stjórn lýðheilsusjóðs ráðstafar fé úr sjóðnum í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 4. mgr. Stjórn sjóðsins skipa sjö fulltrúar, fjórir tilnefndir af fagráðum, tveir fulltrúar Landlæknis – lýðheilsu og formaður, sem skipaður er af ráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Til lýðheilsusjóðs rennur hlutfall af innheimtu áfengisgjaldi í samræmi við ákvæði laga um gjald af áfengi og tóbaki, hlutfall af brúttósölu tóbaks í samræmi við ákvæði laga um tóbaksvarnir og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um ráðstöfun fjár úr lýðheilsusjóði. Í reglugerð skulu sett ákveðin viðmið við úthlutun styrkja til mismunandi málaflokka, svo sem forvarna- og lýðheilsustarfs. Jafnframt skulu sett viðmið vegna ráðstöfunar fjármagns úr sjóðnum til verkefna og reksturs viðkomandi málaflokka innan stofnunarinnar.

5. 7. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. 2. mgr. orðast svo:

Stofnunin getur gefið út faglegar leiðbeiningar til heilbrigðisstarfsmanna, heilbrigðisstofnana og þeirra sem sinna lýðheilsustarfi, þar á meðal leiðbeiningar sem miða að nálgun og lausn vandamála í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma. Leiðbeiningarnar skulu kynntar heilbrigðisstarfsmönnum og þeim sem sinna lýðheilsustarfi og vera aðgengilegar almenningi.

c. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 3. mgr. kemur: Stofnunin.

6. Á eftir 7. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (8. gr.)

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Landlæknis – lýðheilsu.
b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. málsl. 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 2.–6. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
c. Í stað orðsins „hann“ í 3. málsl. 2. mgr. og 5. mgr. kemur: hún; og í stað orðsins „hans“ í 6. mgr. kemur: hennar.

b. (9. gr.)

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 2. málsl. 1. mgr. og sama orðs hvarvetna í 1.–3. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
c. Í stað orðsins „hann“ í 2. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. kemur: hún.

7. Við 8. gr.

a. Á undan a-lið komi þrír nýir stafliðir sem orðist svo:

a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. Í stað orðsins „Hann“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: Stofnunin.
c. Í stað orðsins „landlæknis“ í 4. málsl. 1. mgr. og sama orðs hvarvetna í 2., 3., 5., 6. og 7. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.

b. Á eftir a-lið komi fjórir nýir stafliðir sem orðist svo:

e. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stofnuninni er heimilt að taka til varðveislu gagnasöfn um sjúkdóma sem stofnað var til fyrir setningu tölvulaga. Meðferð upplýsinga úr slíkum gagnasöfnum verði með heimild Persónuverndar og vísindasiðanefndar.
f. 4. mgr. orðast svo:
Stofnunin er ábyrgðaraðili þeirra skráa sem hún skipuleggur.
g. Í stað orðsins „honum“ í 1. málsl. 5. mgr. og 3. málsl. 6. mgr. kemur: henni; og í stað orðsins „hann“ í 1. og 3. málsl. 6. mgr. kemur: hún.
h. Í stað orðsins „embættisins“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: stofnunarinnar.

8. Á eftir 8. gr. komi fjórar nýjar greinar, svohljóðandi:
a. (11. gr.)
Í stað orðanna „landlækni“ og „landlæknis“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: Landlækni – lýðheilsu; og: stofnunarinnar.
b. (12. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „landlækni“ í 1. mgr. kemur: Landlækni – lýðheilsu.
b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. málsl. 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 2.–6. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
c. Í stað orðsins „hann“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: hún.
c. (13. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 2. mgr. kemur: stofnunarinnar; og í stað orðsins „Landlæknir“ í 3. mgr. kemur: Stofnunin.
d. (14. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „Landlækni“ og „hans“ í 1. mgr. kemur: Landlækni – lýðheilsu; og: stofnunarinnar.
b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 4. mgr., 1., 4. og 5. málsl. 5. mgr. og 6. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
c. Í stað orðsins „hans“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: hennar.
d. Í stað orðanna „landlækni sjálfum“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: stofnuninni sjálfri.
e. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Kvörtun til Landlæknis – lýðheilsu.*

9. Á eftir 9. gr. komi átta nýjar greinar, svohljóðandi:
a. (16. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. Í stað orðsins „Landlæknir“ 1. málsl. 2. mgr. kemur: Stofnunin.
c. Í stað orðanna „telji hann“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: telji hún.
d. Í stað orðsins „landlækni“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: stofnuninni.
e. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Eftirlit Landlæknis – lýðheilsu með heilbrigðisstarfsmönnum.*
b. (17. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „landlæknir var“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa vör.

b. Í stað orðanna „skal hann“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skal stofnunin.
c. Í stað orðsins „landlæknis“ í 2. málsl. 1. mgr. og 3. mgr. kemur: stofnunarinnar; og í stað orðsins „landlæknir“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: stofnunin.

c. (18. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „landlæknis“ og „hann“ í 1. mgr. kemur: Landlæknis – lýðheilsu; og: stofnunin.
b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 3., 5. og 6. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.

d. (19. gr.)
Í stað orðsins „landlæknis“ í 16. gr. laganna kemur: Landlæknis – lýðheilsu.

e. (20. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „Landlæknir getur“ í 1. málsl. kemur: Landlæknir – lýðheilsa getur.
b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 2. málsl. kemur: Stofnunin.

f. (21. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. málsl. 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 2. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.

g. (22. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „landlæknir“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 2. málsl. 1. mgr. og sama orðs hvarvetna í 3.–4. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
c. Í stað orðanna „getur hann“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: getur hún.

h. (23. gr.)
Í stað orðsins „Landlæknir getur“ í 20. gr. laganna kemur: Landlæknir – lýðheilsa getur.

10. Við 10. gr.
a. Í stað orðanna „1. janúar 2011“ í 1. mgr. a-liðar komi: 1. maí 2011.
b. Í stað orðanna „hinu nýja embætti“ í 1. mgr. a-liðar komi: hinni nýju stofnun.
c. Í stað orðanna „embætti landlæknis og lýðheilsu“ í 2. mgr. a-liðar komi: embætti forstöðumanns stofnunarinnar.
d. Í stað orðanna „Embætti landlæknis og lýðheilsu“ í b-lið komi: Landlæknir – lýðheilsa.
e. Í stað orðanna „1. janúar 2011“ í b-lið komi: 1. maí 2011.

11. 11. gr. orðist svo:
Heiti laganna verður: **Lög um landlækni og lýðheilsu.**

12. 13. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2011.
Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál I. kafla þeirra inn í lög um landlækni, nr. 41 27. mars 2007, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

13. Við 14. gr. Í stað orðanna „lög um embætti landlæknis og lýðheilsu“ komi: lög um landlækni og lýðheilsu.

14. Við 15. gr.
    a. Í stað orðanna „embætti landlæknis og lýðheilsu“ í b-lið komi: Landlækni – lýðheilsu.
    b. Í stað orðanna „lög um embætti landlæknis og lýðheilsu“ í c-lið komi: lög um landlækni og lýðheilsu.
15. 16. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

    a. Í stað orðanna „Embætti landlæknis“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
    b. Í stað orðanna „Við embætti landlæknis“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Hjá Landlækni – lýðheilsu.
    c. Í stað orðanna „embætti landlæknis“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: Landlækni – lýðheilsu.
16. 17. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Breyting á lögum nr. 61/1998, um dánarvottorð, krufningar o.fl.

    a. Í stað orðsins „landlæknir“ í 1. gr. laganna kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
    b. 5. og 6. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

        Sýslumaður sendir dánarvottorð svo fljótt sem kostur er til Þjóðskrár Íslands. Jafnskjótt og andlát hefur verið skráð í þjóðskrá, ásamt nauðsynlegum upplýsingum, sendir Þjóðskrá Íslands dánarvottorðið til Landlæknis – lýðheilsu.

        Hagstofa Íslands semur skýrslur um dánarorsakir og andvana fædd börn hér á landi. Landlæknir – lýðheilsa skal afhenda Hagstofunni þau gögn sem hún óskar eftir og nauðsynleg eru í þeim tilgangi.
    c. 11. gr. laganna orðast svo:

        Fæðist barn andvana skal ekki ritað dánarvottorð, en um það skal tilkynnt til Þjóðskrár Íslands og Landlæknis – lýðheilsu.
    d. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: Landlæknis – lýðheilsu.
    e. 4. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Hvernig Þjóðskrá Íslands og Landlækni – lýðheilsu verði tilkynnt um andvana fædd börn.
17. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna nýrrar stofnunar, Landlæknis – lýðheilsu.

929. Nefndarálit [378. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1996, um mannanöfn, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur frá innanríkisráðuneyti og Skúla Guðmundsson frá Þjóðskrá Íslands.

Umsagnir bárust frá Bahái-samfélaginu, mannanafnanefnd og Siðmennt, félagi siðrænna húmanista.

Með frumvarpinu er lagt til að mál er varða mannanöfn verði afgreidd á einum stað hjá Þjóðskrá Íslands í stað þess að þau séu afgreidd þar eða í innanríkisráðuneyti. Markmiðið með frumvarpinu er að einfalda alla málsmeðferð við nafnbreytingar. Áfram verði þó heimilt fyrir ráðherra að veita nafnbreytingu samhliða veitingu íslensks ríkisborgararéttar.

Nefndin fjallaði um málið og telur að með breytingunum verði stjórnsýsla þessara mála einfölduð gagnvart borgurunum og umsóknir afgreiddar hjá Þjóðskrá Íslands sem er lægra sett stjórnvald. Breytingin er því í samræmi við meginreglur stjórnsýslulaga um að réttaröryggi borgaranna sé betur tryggt þegar þeir geta skotið ákvörðun lægra setts stjórnvalds, þ.e. Þjóðskrár Íslands, til ráðuneytis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. gr. komi: ráðherra.
2. 5. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Róbert Marshall, Valgerður Bjarnadóttir, Vigdís Hauksdóttir og Þráinn Bertelsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álitinu.

Alþingi, 28. febr. 2011.

Atli Gíslason, varaform., frsm. | Mörður Árnason. | Birgir Ármannsson.

Álfheiður Ingadóttir. | Sigurður Kári Kristjánsson.

930. Tillaga til þingsályktunar [549. mál]

um skipun stjórnlagaráðs.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir.

Alþingi ályktar að fela forseta Alþingis, að höfðu samráði við forsætisnefnd Alþingis, að skipa 25 manna stjórnlagaráð sem fái það verkefni að taka við og fjalla um skýrslu stjórnlaganefndar og gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Bjóða skal þeim sæti í ráðinu sem landskjörstjórn úthlutaði sæti í kosningu til stjórnlagaþings 27. nóvember 2010, sbr. auglýsingu nr. 929/2010, en að öðrum kosti þeim sem næstir voru í röðinni, sbr. upplýsingar um niðurstöður talningar sem landskjörstjórn hefur birt, en þó þannig að kynjahlutföll raskist ekki.

Stjórnlagaráð taki sérstaklega til umfjöllunar eftirfarandi þætti:

1. Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar.
2. Skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra.
3. Hlutverk og stöðu forseta lýðveldisins.

4. Sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds.
5. Ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan.
6. Lýðræðislega þátttöku almennings, m.a. um tímasetningu og fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal um frumvarp til stjórnarskipunarlaga.
7. Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála.
8. Umhverfismál, þar á meðal um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda.

Stjórnlagaráð getur ákveðið að taka til umfjöllunar fleiri þætti en getið er að framan.

Stjórnlagaráð skili tillögum sínum til Alþingis í formi frumvarps til stjórnarskipunarlaga fyrir lok júní 2011.

Um skipulag og starfshætti stjórnlagaráðs fer eftir starfsreglum sem stjórnlagaráð setur og forseti Alþingis staðfestir.

Forseti Alþingis sjái stjórnlagaráði fyrir starfsaðstöðu, starfsliði og nauðsynlegri sérfræðiaðstoð. Kostnaður vegna stjórnlagaráðs greiðist úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.

Greinargerð.

Með samþykkt laga nr. 90/2010, um stjórnlagaþing, náðist breið samstaða á Alþingi um að unnið yrði að endurskoðun stjórnarskrárinnar með gagnsæjum og lýðræðislegum hætti með því markmiði að unnt væri að ljúka heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar á þessu kjörtímabili.

Með samþykkt laganna skapaðist einnig breið sátt um tiltekið endurskoðunarferli. Fyrst skyldi haldinn þjóðfundur með þátttöku 1.000 einstaklinga valinna með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Þá skyldi stjórnlaganefnd kosin af Alþingi fjalla um niðurstöður þjóðfundar. Stjórnlagaþing kosið beinni kosningu átti síðan að fjalla um tillögur stjórnlaganefndar. Því næst tæki Alþingi við og afgreiddi stjórnarskrárfrumvarp á tveimur þingum með almennum kosningum á milli í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Áður en ný stjórnarskrá tæki gildi yrði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögurnar. Ekki var ákveðið endanlega við undirbúning laga nr. 90/2010 hvenær sú þjóðaratkvæðagreiðsla skyldi fara fram en gert var ráð fyrir að stjórnlagaþing hefði tillögurétt í þeim efnum. Í þingsályktunartillögu þessari er sömuleiðis gert ráð fyrir að stjórnlagaráð setji fram tillögu um þetta efni, sbr. 6. tölul. 2. mgr. tillögugreinarinnar.

Þjóðfundurinn sem var haldinn í byrjun nóvember 2010 þótti takast vel og hefur stjórnlaganefnd síðan unnið úr því sem þar kom fram og er skýrsla hennar tilbúin til afhendingar. Kosning til stjórnlagaþings fór fram 27. nóvember sl. Frambjóðendur voru 522 og fengu 25 efstu afhent kjörbréf frá landskjörstjórn í kjölfar þeirra. Miðað var við að stjórnlagaþing kæmi saman 15. febrúar sl. og hafði húsnæði verið tekið á leigu og innréttað í því augnamiði og ráðning starfsfólks var vel á veg komin.

Með ákvörðun hinn 25. janúar 2011 ógilti Hæstiréttur Íslands kosningu þá til stjórnlagaþings sem fram hafði farið. Sú ákvörðun er bindandi og endanleg. Ekki kom því til þess að stjórnlagaþing yrði sett af hálfu forseta Alþingis 15. febrúar sl. eins og til stóð.

Forsætisráðherra ákvað í kjölfar samráðs við alla þingflokka að setja á fót samráðshóp til að greina stöðuna og meta hvaða leið væri vænlegust til að ljúka því verkefni að endurskoða stjórnarskrána á þessu kjörtímabili. Samráðshópurinn telur að nokkrar leiðir komi til álita til að bregðast við þeirri óvæntu stöðu sem upp er komin. Í ljósi þess að kosning til stjórnlagaþings er ekki stjórnarskrárbundin og stjórnlagaþingið fyrst og fremst ráðgefandi er ljóst að Alþingi getur, þrátt fyrir ákvörðun Hæstaréttar, tekið ákvörðun um hvort kosið verði að nýju eða önnur leið farin til að halda áfram endurskoðunarferlinu. Samráðshópurinn var

þeirrar skoðunar að sú leið sem yrði fyrir valinu þyrfti að uppfylla tvö grundvallarskilyrði, annars vegar að ákvörðun Hæstaréttar væri á engan hátt dregin í efa eða vefengd. Hins vegar þyrfti leiðin að vera vænleg til þess að ná því markmiði að ljúka endurskoðun stjórnarskrárinnar í samræmi við það endurskoðunarferli sem sátt hefur náðst um á þessu kjörtímabili. Tvær leiðir voru taldar vænlegastar í þessu sambandi og uppfylla framangreind skilyrði: annars vegar uppkosning og hins vegar að lög um stjórnlagaþing yrðu felld úr gildi en Alþingi samþykkti þess í stað þingsályktun um skipun stjórnlagaráðs.

Eftir að hafa vegið og metið kosti ólíkra leiða var það niðurstaða meiri hluta samráðshópsins að vænlegast sé með hliðsjón af öllum aðstæðum að Alþingi komi með ákveðnari hætti inn í endurskoðunarferlið þegar á þessu stigi með skipun stjórnlagaráðs og leysi þannig þann hnút sem endurskoðunarferlið er komið í. Með þessu nýtist jafnframt sá undirbúningur allur sem lagt hefur verið í og tafir á endurskoðunarferlinu verða litlar sem engar. Þannig verði þeim sem hlutu kosningu 27. nóvember 2010, sem síðar var ógilt, falið ráðgefandi hlutverk við Alþingi. Það er mat meiri hluta samráðshópsins að með þessu sé niðurstaða og ákvörðun Hæstaréttar ekki með nokkrum hætti vefengd enda sé það fyrst og fremst skylda Alþingis og stjórnvalda að virða ákvörðun Hæstaréttar með því að gæta þess í framtíðinni að þeir annmarkar sem upp komu við framkvæmd þessara kosninga endurtaki sig ekki við framkvæmd kosninga í framtíðinni. Ákvörðun um að fara þessa leið er byggð á því mati að þótt umboð þeirra sem hlutu kosningu til setu á stjórnlagaþingi sé ekki lengur fyrir hendi verði ekki dregið í efa að þeir njóti ákveðins trausts kjósenda til að taka þátt í því verkefni að endurskoða stjórnarskrána. Ekkert bendir til að misferli hafi átt sér stað við kosninguna né að annmarkarnir á framkvæmdinni hafi haft áhrif á niðurstöðu hennar, enda þótt þeir hafi verið verulegir að áliti Hæstaréttar.

Ákveði einhver hinna 25 einstaklinga sem mestan stuðning hlutu í kosningunum að taka ekki skipan í stjórnlagaráð er gert ráð fyrir að þá verði næsta manni á lista yfir þá sem síðast voru útilokaðir við talningu atkvæða í kosningunni, sbr. lista yfir niðurstöðu talningar í kosningum sem birtur er á heimasíðu landskjörstjórnar, boðið sæti í ráðinu, þó þannig að kynjahlutföll raskist ekki. Þessi leið er byggð á því að líklegt sé að mikilvægt innlegg komi frá þessum hópi inn í endurskoðunarferlið sem muni nýtast Alþingi við mótun nýrrar og vandaðrar stjórnarskrár.

Við nánari afmörkun og útlistun á verkefnum stjórnlagaráðs er eðlilegt að litið verði til athugasemda sem fylgdu frumvarpi til laga um stjórnlagaþing sem og til framhaldsnefndarálits allsherjarnefndar um frumvarp til laga um stjórnlagaþing sem fulltrúar allra flokka á Alþingi stóðu að.

Gert er ráð fyrir því að áður samþykktar fjárheimildir vegna stjórnlagaþings verði færðar með fjáraukalögum til að mæta kostnaði vegna stjórnlagaráðs.

Þrír þingmenn af fjórum sem skipuðu meiri hluta samráðshópsins flytja þingsályktunartillögu þessa.

Fylgiskjal.

Álit
meiri hluta samráðshóps um viðbrögð við ákvörðun Hæstaréttar um ógildingu kosninga til stjórnlagaþings.

24. febrúar 2011

I. Um skipun hópsins.

Í kjölfar þess að Hæstiréttur ákvað að ógilda kosningu til stjórnlagaþings sem fram fór 27. nóvember sl. skipaði forsætisráðherra, að höfðu samráði við formenn þeirra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi, samráðshóp um viðbrögð við ákvörðun Hæstaréttar. Var hópnum falið að greina þá stöðu sem upp var komin og meta hvaða leið væri vænlegust til þess að ljúka því verkefni að endurskoða stjórnarskrána. Starfshópurinn var skipaður einum fulltrúa frá hverjum þingflokki auk formanns sem skipaður var af forsætisráðherra án tilnefningar. Hópinn skipuðu:

- Ágúst Geir Ágústsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, formaður – skipaður án tilnefningar.
- Álfheiður Ingadóttir, alþingismaður – skipuð samkvæmt tilnefningu Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs.
- Birgitta Jónsdóttir, alþingismaður – skipuð samkvæmt tilnefningu Hreyfingarinnar, Margrét Tryggvadóttir til vara.
- Höskuldur Þórhallsson, alþingismaður – skipaður samkvæmt tilnefningu Framsóknarflokksins.
- Pétur H. Blöndal, alþingismaður – skipaður samkvæmt tilnefningu Sjálfstæðisflokksins, Birgir Ármannsson til vara.
- Valgerður Bjarnadóttir, alþingismaður – skipuð samkvæmt tilnefningu Samfylkingarinnar.

Með hópnum störfuðu Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, og Elín Ósk Helgadóttir, lögfræðingur í forsætisráðuneytinu.

Að áliti þessu standa Ágúst Geir Ágústsson, Álfheiður Ingadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Höskuldur Þórhallsson og Valgerður Bjarnadóttir. Birgir Ármannsson skilar séráliti.

II. Forsaga málsins.

Með samþykkt laga nr. 90/2010, um stjórnlagaþing, náðist breið samstaða á Alþingi um að unnið yrði að endurskoðun stjórnarskrárinnar með gagnsæjum og lýðræðislegum hætti með því markmiði að unnt væri að ljúka heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar á þessu kjörtímabili.

Með samþykkt laganna skapaðist einnig breið sátt um tiltekið endurskoðunarferli. Fyrst skyldi haldinn þjóðfundur með þátttöku 1.000 einstaklinga valinna með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Þá skyldi stjórnlaganefnd kosin af Alþingi fjalla um niðurstöður þjóðfundar. Stjórnlagaþing kosið beinni kosningu átti síðan að fjalla um tillögur stjórnlaganefndar. Því næst tæki Alþingi við og afgreiddi stjórnarskrárfrumvarp á tveimur þingum með almennum kosningum á milli í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Áður en ný stjórnarskrá tæki gildi yrði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögurnar, en ekki var ákveðið endanlega við undirbúning laga nr. 90/2010 hvenær sú þjóðaratkvæðagreiðsla skyldi fara fram en gert var ráð fyrir að stjórnlagaþing hefði tillögurétt í þeim efnum, sbr. 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2010.

Þjóðfundurinn sem haldinn var í byrjun nóvember 2010 þótti takast vel og hefur stjórnlaganefnd síðan unnið úr því sem þar kom fram og er skýrsla hennar tilbúin til afhendingar. Kosning til stjórnlagaþings fór fram 27. nóvember sl. Frambjóðendur voru 523 og fengu 25 efstu afhent kjörbréf frá landskjörstjórn í kjölfar þeirra. Miðað var við að stjórnlagaþing kæmi saman 15. febrúar sl. og hafði húsnæði verið tekið á leigu og innréttað í því augnamiði og ráðning starfsfólks var vel á veg komin.

Með ákvörðun hinn 25. janúar 2011 ógilti Hæstiréttur Íslands kosningu þá til stjórnlagaþings sem fram hafði farið. Sú ákvörðun er bindandi og endanleg. Ekki kom því til þess að stjórnlagaþing yrði sett af hálfu forseta Alþingis 15. febrúar sl. eins og lög stóðu til.

III. Mögulegar leiðir til viðbragða.

Nefndin skoðaði einkum fjórar leiðir til að bregðast við ákvörðun Hæstaréttar. *Í fyrsta lagi* að kosningin yrði endurtekin með sömu frambjóðendum, með öðrum orðum að uppkosning færi fram. *Í öðru lagi* að lög um stjórnlagaþing yrðu tekin til heildarendurskoðunar bæði hvað varðar skipulag þingsins og kosningafyrirkomulag. *Í þriðja lagi* að Alþingi skipaði þá 25 einstaklinga, sem náðu kjöri í kosningum, í stjórnlagaráð sem hefði áþekkt hlutverk og stjórnlagaþinginu var ætlað. *Í fjórða lagi* var skoðuð sú leið að endurtelja atkvæðin í kosningunum enda væri talið að með því mætti koma í veg fyrir báða þá annmarka sem Hæstiréttur taldi verulega í ákvörðun sinni.

1. *Uppkosning – kosning endurtekin með sömu frambjóðendum.*

Út frá lagalegu sjónarmiði má segja að þessi leið sé eðlilegust. Væri hér um að ræða stjórnarskrárbundnar kosningar, hvort sem það væru forsetakosningar eða alþingiskosningar, þá yrði þessi leið farin enda felur niðurstaða um ógildingu kosningar aðeins í sér kröfu um að kosningin verði endurtekin og þá einungis með þeim lagfæringum sem nauðsynlegar eru til að lagfæra þá annmarka sem leiddu til ógildingar á fyrri kosningu. Þannig var þessi leið t.d. farin þegar kjósa þurfti upp á nýtt í sveitarstjórnarkosningum í Borgarbyggð árið 2002 eftir ógildingu kosninga þar. Sú staðreynd hins vegar að hér er um að ræða ráðgefandi stjórnlagaþing veitir Alþingi og stjórnvöldum svigrúm til að meta það hvernig skuli bregðast við niðurstöðu Hæstaréttar um ógildingu kosningarinnar.

Uppkosning er tiltölulega einföld leið og unnt er að boða til nýrra kosninga með skömmum fyrirvara. Ætla verður að unnt sé að efna til uppkosningar án lagabreytinga enda snúa þeir annmarkar sem Hæstiréttur taldi að hefðu verið á kosningunni að framkvæmd hennar en ekki að lagareglunum sem um kosningarnar giltu. Verður í raun litið svo á, að óbreyttum lögum, að sú skylda geti hvílt á þeim stjórnvöldum sem sjá um framkvæmd kosninga að hlutast til um að ný kosning fari fram. Eftir sem áður verður talið varlegra að Alþingi breyti í því tilfelli viðeigandi ákvæðum laganna og ákveði nýjar dagsetningar, þ.e. fyrir nýjan kjördag og dagsetningu fyrir samkomutíma þingsins.

Ljóst er að nýjar kosningar kosta umtalsvert fé. Í kjölfar ákvörðunar forseta Íslands þann 20. febrúar sl. um að synja Icesave-lögunum staðfestingar er ljóst að efnt verður til almennrar þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Kemur þá til álita að samhliða þeirri kosningu fari fram uppkosning til stjórnlagaþings í hagræðingarskyni. Að mati samráðshópsins yrði það þó ekki gert án lagabreytinga sem yrðu að njóta víðtæks stuðnings á Alþingi.

2. Lög um stjórnlagaþing tekin til heildarendurskoðunar.

Sá möguleiki var ræddur í samráðshópnum að lög um stjórnlagaþing yrðu tekin til heildarendurskoðunar. Sú endurskoðun gæti þá bæði tekið til skipulags stjórnlagaþingsins sem og

til kosningafyrirkomulagsins. Ókostur þessarar leiðar er að hún er ekki í samræmi við hið lagalega sjónarmið sem lýst er að ofan og gengur lengra en nauðsynlegt er með hliðsjón af dómi Hæstaréttar. Þá er ljóst að heildarendurskoðun mundi taka umtalsverðan tíma og raska því endurskoðunarferli sem sátt náðist um á Alþingi við samþykkt laga um stjórnlagaþing. Auk þess er ljóst að þessi leið er kostnaðarsamari en aðrar leiðir enda mundi fyrri undirbúningur þá ekki nýtast nema að takmörkuðu leyti. Kostnaðarauki færi þó eftir því hversu miklar breytingar yrðu gerðar á skipulagi stjórnlagaþings og því kosningakerfi sem notað yrði. Þá mundi sá möguleiki að halda nýjar kosningar til stjórnlagaþings samhliða þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-lögin glatast.

3. Stjórnlagaþing skipað af Alþingi.

Þessi leið felst í því að þeir 25 einstaklingar sem hlutu kosningu til stjórnlagaþings, sem nú hefur verið ógild, verða skipaðir af Alþingi til setu í stjórnlaganefnd eða stjórnlagaráði og verði falið áþekkt hlutverk og mælt er fyrir um í lögum um stjórnlagaþing.

Þessi leið er einföld og felur í sér litla röskun og hefur minnstan kostnað í för með sér. Stjórnlagaráð gæti hafið störf fljótlega og undirbúningur vegna þingsins mundi nýtast að fullu.

Forsenda þessarar leiðar er það mat að þrátt fyrir þá annmarka sem Hæstiréttur telur að hafi verið á framkvæmd kosninganna þá verði lýðræðislegt umboð þeirra fulltrúa sem náðu kjöri í kosningunum í reynd ekki dregið í efa með gildum rökum enda lúti annmarkarnir sem Hæstiréttur bendir á að formgöllum við framkvæmd kosningarinnar sem hafi einungis fræðilega geta valdið því að unnt hefði verið að rjúfa leynd yfir því hvernig einstakir kjósendur vörðu atkvæði sínu. Ekki hafi verið sýnt fram á eða bent á að tilvik þess efnis hafi í reynd komið upp. Með slíkri ákvörðun væri ekki með nokkru móti véfengd niðurstaða Hæstaréttar enda yrði tekið fullt tillit til hennar við framkvæmd kosninga hér á landi framvegis. Í þessu sambandi skiptir enn og aftur höfuðmáli að hér er um ráðgefandi stjórnlagaþing að ræða sem Alþingi hefur á forræði sínu. Ef um bindandi stjórnlagaþing væri að ræða sem færi með stjórnskipunarvald samkvæmt stjórnarskrá væri uppkosning samkvæmt leið 1 að öllum líkindum eina færa leiðin. Útfæra má þessa leið með þeim hætti að lög um stjórnlagaþing verði felld úr gildi en Alþingi samþykki þess í stað þingsályktun um skipun stjórnlagaráðs.

4. Endurtalning atkvæða.

Í fjórða lagi var skoðuð sú leið að brugðist yrði við niðurstöðu Hæstaréttar með þeim hætti að endurtelja atkvæðin í kosningunum enda væri talið að með því mætti koma í veg fyrir báða þá annmarka sem Hæstiréttur taldi verulega í ákvörðun sinni. Eftir að Hæstiréttur hafnaði endurupptökubeiðni sem byggði á þessum rökum verður þessi leið ekki talin tæk.

IV. Tillaga meiri hluta samráðshópsins.

Eftir að hafa vegið og metið kosti og galla ólíkra leiða er það niðurstaða meiri hluta samráðshópsins að vænlegast sé með hliðsjón af öllum aðstæðum að Alþingi komi með ákveðnari hætti inn í endurskoðunarferlið þegar á þessu stigi með skipun stjórnlagaráðs með þingsályktun, sbr. leið 3 hér að framan, og leysi þannig þann hnút sem endurskoðunarferlið er komið í. Við skipun í ráðið er rétt að þeim sem hlutu mestan stuðning í kosningum þann 27. nóvember 2010 til stjórnlagaþings, sem síðar var ógilt með ákvörðun Hæstaréttar 25. janúar 2011, verði boðið að taka sæti í ráðinu sem fái það verkefni að taka við og fjalla um skýrslu stjórnlaganefndar og gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands,

nr. 33/1944. Með þessu nýtist jafnframt sá undirbúningur allur sem lagt hefur verið í og tafir á endurskoðunarferlinu verða litlar sem engar.

Það er mat meiri hluta samráðshópsins að með þessu sé niðurstaða og ákvörðun Hæstaréttar ekki með nokkrum hætti véfengd enda sé það fyrst og fremst skylda Alþingis og stjórnvalda að virða niðurstöðu Hæstaréttar með því að gæta þess í framtíðinni að þeir annmarkar sem upp komu við framkvæmd kosninganna 27. nóvember 2010 endurtaki sig ekki við framkvæmd kosninga í framtíðinni. Ákvörðun um að fara þessa leið er byggð á því mati að þótt umboð þeirra sem hlutu kosningu til setu á stjórnlagaþingi sé ekki lengur fyrir hendi verði ekki dregið í efa að þeir njóti ákveðins trausts kjósenda til að taka þátt í því verkefni að endurskoða stjórnarskrána. Ekkert bendir til að misferli hafi átt sér stað við kosninguna né að annmarkar á framkvæmdinni hafi haft áhrif á niðurstöðu hennar, enda þótt þeir hafi verið verulegir að áliti Hæstaréttar. Ákveði einhver hinna 25 einstaklinga sem mestan stuðning hlutu í kosningunum að taka ekki skipan í stjórnlagaráð er gert ráð fyrir að þá verði næsta manni á lista yfir þá sem urðu efstir í kosningunni boðið sæti í ráðinu þó þannig að kynjajafnræði raskist ekki. Þessi tillaga er byggð á því að líklegt sé að mikilvægt innlegg komi frá þessum hópi inn í endurskoðunarferlið sem muni nýtast Alþingi við mótun nýrrar og vandaðrar stjórnarskrár.

Í þingsályktun er rétt að fram komi þeir þættir sem stjórnlagaráð skal sérstaklega taka til umfjöllunar, svo sem:

1. Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar.
2. Skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra.
3. Hlutverk og stöðu forseta lýðveldisins.
4. Sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds.
5. Ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan.
6. Lýðræðislega þátttöku almennings, m.a. um tímasetningu og fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal um frumvarp til stjórnarskipunarlaga.
7. Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála.
8. Umhverfismál, þar á meðal um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda.

Þá er einnig rétt að fram komi að stjórnlagaráð geti ákveðið að taka til umfjöllunar fleiri þætti en hér er getið.

Meiri hluti samráðshópsins leggur áherslu á að í þingsályktun komi fram að stjórnlagaráð skuli skila tillögum sínum til Alþingis í formi frumvarps til stjórnarskipunarlaga eigi síðar en fyrir lok júnímánaðar 2011. Þá er rétt að fram komi að um skipulag og starfshætti stjórnlagaráðs fari eftir starfsreglum sem stjórnlagaráð setur. Starfsreglur stjórnlagaráðs skulu staðfestar af forseta Alþingis, forseti Alþingis sjái stjórnlagaráði fyrir starfsaðstöðu, starfsliði og nauðsynlegri sérfræðiaðstoð og að kostnaður vegna stjórnlagaráðs greiðist úr ríkissjóði.

Samhliða þingsályktun um skipun stjórnlagaráðs telur meiri hluti samráðshópsins rétt að flytja frumvarp til laga um brottfall laga um stjórnlagaþing. Verkefni stjórnlagaráðs verði eftir sem áður sambærilegt því verkefni sem stjórnlagaþingi var ætlað að sinna og jafnframt er gert ráð fyrir að starfsaðstæður og starfskjör ráðsmanna verði sambærileg.

Við nánari afmörkun og útlistun á verkefnum stjórnlagaráðs er eðlilegt að litið verði til athugasemda sem fylgdu frumvarpi til laga um stjórnlagaþing sem og til framhaldsnefndar

álits allsherjarnefndar um frumvarp til laga um stjórnlagaþing sem fulltrúar allra flokka á Alþingi stóðu að.

Ágúst Geir Ágústsson,
Álfheiður Ingadóttir,
Birgitta Jónsdóttir,
Höskuldur Þórhallsson,
Valgerður Bjarnadóttir.

931. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (reglugerðarheimild).

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Elínu R. Jónsdóttur frá Einkaleyfastofu. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Félagi umboðsmanna einkaleyfa og vörumerkja og Viðskiptaráði Íslands.

Tilgangur frumvarpsins er sá að heimild ráðherra til að ákveða gjöld sem taka mið af kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna einkaleyfamálefna og þeirrar þjónustu sem veitt er verði gerð skýrari og færð betur til samræmis við þær kröfur sem eru gerðar til innheimtu þjónustugjalda.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og leggur til að það verði **samþykkt óbreytt.**

Sigurður Kári Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. febr. 2011.

Lilja Mósesdóttir, form., frsm. Magnús Orri Schram. Guðlaugur Þór Þórðarson.

Skúli Helgason. Eygló Harðardóttir. Atli Gíslason.

Valgerður Bjarnadóttir. Margrét Tryggvadóttir.

932. Frumvarp til laga [187. mál]

um breyting á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 1. mars.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna hljóðar svo:

Aðilar skv. 1. mgr. skulu greiða í ríkissjóð ábyrgðargjald af þeim skuldbindingum þeirra sem ríkisábyrgð er á. Ábyrgðargjald skal svara að fullu til þeirrar ívilnunar sem viðkomandi aðili nýtur, á grunni ríkisábyrgðar, í formi hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án ríkisábyrgðar. Ábyrgðargjald samkvæmt málsgrein þessari skal ákveðið á grundvelli mats óháðs aðila á lánskjörum með og án ríkisábyrgðar og skal gjaldið reiknað af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, sbr. 8. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

933. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 1. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Hvor eigandi um sig er í einfaldri ábyrgð fyrir þeim skuldbindingum fyrirtækisins sem heimilaðar eru skv. 9. gr., en um innbyrðis skiptingu á ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum. Ábyrgð eigenda nær ekki til annarra skuldbindinga fyrirtækisins.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi fram beiðni um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti skulu ákvæði laga um gjaldþrotaskipti, eins og þau eru á hverjum tíma, eiga við um Landsvirkjun með sama hætti og um félag með takmarkaða ábyrgð.

2. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og gangast í ábyrgð fyrir greiðslum í sama skyni. Nýjar lántökur, sem njóta skulu ábyrgðar eigenda skv. 2. mgr. 1. gr., eru háðar samþykki fjármálaráðherra.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ábyrgðir eigenda á lánaskuldbindingum Landsvirkjunar, svo og skuldbindingum samkvæmt langtímarafmagnssamningum Landsvirkjunar við orkufrek fyrirtæki sem nýta raf-

magnið í eigin þágu, sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu eins og til þeirra er stofnað og þar til þær eru að fullu efndar eða einstakir samningar falla niður. Greiða ber árlega ríkisábyrgðargjald, sbr. lög nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, af þeim lánaskuldbindingum, svo og skuldbindingum samkvæmt langtímarafmagnssamningum Landsvirkjunar við orkufrek fyrirtæki sem nýta rafmagnið í eigin þágu, frá og með gildistöku laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

934. Lög [60. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 1. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 906.

935. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um landlækni, nr. 41/2007, með síðari breytingum, og um brottfall laga um Lýðheilsustöð, nr. 18/2003, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.

Frá minni hluta heilbrigðisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Einarsson, Guðríði Þorsteinsdóttur, Áslaugu Einarsdóttur og Unu Björk Ómarsdóttur frá velferðarráðuneyti, Geir Gunnlaugsson landlækni og Harald Briem, staðgengil landlæknis, Margréti Björnsdóttur, forstjóra Lýðheilsustöðvar, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Sæmund Runólfsson frá áfengis- og vímuvarnaráði, Ingu B. Árnadóttur frá tannverndarráði, Kristin Tómasson frá slysavarnaráði, Guðlaugu B. Guðjónsdóttur frá tóbaksvarnaráði og Ingu Þórsdóttur frá manneldisráði.

Þá bárust umsagnir frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, tóbaksvarnaráði, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Tryggingastofnun, svæðisskrifstofum málefna fatlaðra á Vestfjörðum og Suðurlandi, Kvenfélagasambandi Íslands, Samtökum skólamanna um bindindisfræðslu, Lýðheilsustöð, landlækni, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Samtökum fjármálafyrirtækja, Hjartavernd, Félagi um lýðheilsu, Prestafélagi Íslands, Brautinni – bindindisfélagi ökumanna, Bandalagi íslenskra skáta, sóttvarnalækni, Félagi lýðheilsufræðinga, áfengis- og vímuvarnaráði, manneldisráði, Lyfjastofnun, Hagstofu Íslands, Læknafélagi Íslands, heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, Bandalagi háskólamanna og samstarfsráði um forvarnir.

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að ekki hafi verið skoðað hver fjárhagslegur ávinningur væri að slíkri sameiningu. Sú staðhæfing að ekki hafi eingöngu verið horft á mögulegan sparnað af sameiningunni heldur að með stofnun nýs embættis yrði það frekar í stakk búið

til að mæta hugsanlegum sparnaðarkröfum í framtíðinni er ekki boðleg við þessar aðstæður. Samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu er gert ráð fyrir eðlilegri sparnaðarkröfu á nýju stofnunina og að stofnunin muni verða innan þeirra fjárheimilda. Fram kemur samkvæmt athugasemdum frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að val heilbrigðisráðuneytis á húsnæði fyrir hina nýju stofnun kunni að hafa í för með sér að leigja þurfi meira húsnæði en þörf er á samkvæmt mati og að leiguverð geti orðið töluvert hærra en það húsnæði sem hagstæðast þótti í útboði. Jafnframt kemur fram að 17 ár eru eftir af samningi um núverandi húsnæði landlæknisembættisins og að hin nýja stofnun geti hugsanlega endurleigt húsnæðið en líklegt sé að leiguverð verði lægra en núverandi greiðslur til eigenda þess.

Frumvarpinu er ætlað að sameina landlæknisembættið og Lýðheilsustöð í eitt embætti, embætti landlæknis og lýðheilsu, sem ætlað er að vinna að eflingu lýðheilsu og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu. Markmiðið er eins og segir í 1. gr: „Markmið laga þessara er að stuðla að heilbrigði landsmanna, m.a. með því að efla lýðheilsustarf og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og stuðla að því að lýðheilsustarf og heilbrigðisþjónusta byggist á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.“

Aðdragandi þessa frumvarps er að 26. ágúst 2009 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra, Ögmundur Jónasson, nefnd undir forustu Stefáns Ólafssonar sem ætlað var að leggja fram tillögur um breytta skipan stjórnsýslustofnana heilbrigðisráðuneytisins. Nefndin skilaði áfangaskýrslu í nóvember 2009. Lokaskýrslu var síðan skilað til þáverandi heilbrigðisráðherra, Álfheiðar Ingadóttur, í janúar 2010. Þessi umrædda skýrsla hefur ekki verið kynnt í heilbrigðisnefnd né heldur aðrar tillögur um sameiningar stofnana. Svo virðist sem skýrslan hafi ekki fengið almenna umræðu innan faghópa heilbrigðisstofnana og mætti því ætla að hún ein og sér væri ekki traustur grunnur til að byggja frumvarpið á.

Í mars 2010 skipaði sami ráðherra undirbúningshóp á vegum ráðuneytisins til að hrinda í framkvæmd hluta af tillögum skýrslunnar, þ.e. þeim er sneru að sameiningu landlæknis og Lýðheilsustöðvar, og var verkstjórn falin forstjóra Lýðheilsustöðvar, Margréti Björnsdóttur, og landlækni, Geir Gunnlaugssyni. Það er því rangt sem fram hefur komið í umræðum um málið að það sé fram komið vegna óska starfsmanna þessara tveggja stofnana. Að vinnu við gerð frumvarpsins sem hófst í mars á síðasta ári komu heilbrigðisráðuneytið, landlæknir og forstjóri Lýðsheilsustöðvar en einnig fengu starfsmenn beggja stofnana tækifæri til að koma með tillögur og athugasemdir.

Hið nýja embætti, eins og ráð er gert fyrir í frumvarpinu, mun taka við öllum verkefnum sem landlækni og Lýðheilsustöð eru falin samkvæmt núgildandi löggjöf. Minni hlutinn telur að í frumvarpi þessu hefði verið nauðsynlegt að leggja mun ríkari áherslu á eftirlitsþátt stofnunarinnar og hvernig hann skarast við aðrar stjórnsýslustofnanir á heilbrigðissviði. Það er mat minni hlutans að sá þáttur þurfi aukna athygli bæði nú og í náinni framtíð. Þar má nefna að upplýsingar um starfsemina eru t.d. ekki samræmdar á milli heilbrigðisstofnana sem gerir allan samanburð erfiðan, sem og hvers kyns stefnumótun.

Minni hlutinn vill benda á að í frumvarpi þessu er sagt að sameina eigi Lýðheilsustöð og landlæknisembættið í eitt embætti. En í raun er verið að fella niður lög um Lýðheilsustöð og breyta lögum um landlæknisembættið og því er hér fremur um að ræða flutning Lýðheilsustöðvar undir landlæknisembættið en sameiningu.

Minni hlutinn vill taka fram að í umfjöllun nefndarinnar um nafngift hins nýja embættis komu ýmsir lagalegir vankantar í ljós og því er lagt til í nefndaráliti meiri hlutans að um nýja stofnun verði að ræða en ekki nýtt embætti, en forstöðumaður hinnar nýju stofnunar, Landlæknir – lýðheilsa, verði landlæknir og lögin beri heitið lög um landlækni og lýðheilsu. Í ljósi þessa telur minni hlutinn að íhuga verði gaumgæfilega hvort ekki færi betur á að

standa þannig að málum að leggja niður landlæknisembættið og Lýðheilsustöð og setja ný lög um stofnun hinnar nýju stofnunar á heilbrigðissviði í stað þess að gera fyrirhugaðar breytingar á lögum um landlæknisembættið. Minni hluti bendir einnig á að fleiri heilbrigðisstéttir en læknar gætu verið í forustu slíkrar stofnunar og því ekki rétt að binda til framtíðar stöðu forstöðumanns við lækni.

Samkvæmt gildandi lögum um Lýðheilsustöð, nr. 18/2003, gegna fagráð stofnunarinnar hlutverki sérfræðiráða og er skylt að skipa í þau. Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er landlækni skv. 6. gr. heimilt að setja á fót slík fagráð en ekki skylt.

Þegar stofnun Lýðheilsustöðvar var til umræðu í þinginu árið 2003 kom eftirfarandi fram í nefndaráliti meiri hluta heilbrigðisnefndar: „Í frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði Lýðheilsustöð og er markmið hennar að efla lýðheilsu með því að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa í þjóðfélaginu með skipulegum og viðurkenndum aðferðum. Lýðheilsustöðinni er m.a. ætlað að efla og samræma lýðheilsustarf, annast fræðslu til almennings um heilbrigði og heilsueflingu í samstarfi og samvinnu við landlækni og aðra eftir því sem við á og styðja starfsemi stofnana og frjálsra félagasamtaka til eflingar lýðheilsu. Lagt er til að áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnanefnd starfi innan Lýðheilsustöðvar og verði sérfræðiráð hennar. Einnig er gert ráð fyrir að ýmis heilsueflingar- og forvarnaverkefni verði flutt til hennar, m.a. tannverndarráð, gigtarráð og Árvekni.

Við umfjöllun málsins var rætt um hlutverk fagráða þeirra sem starfa hjá landlæknisembættinu. Fagráðin voru sett á fót í upphafi ársins 2000 í þeim tilgangi að vera landlækni til ráðgjafar um áherslur í forvarnastarfi, heilsuvernd og heilsueflingu á ýmsum sviðum heilsugæslu. Er fagráðunum ætlað að gera tillögur til landlæknis um áherslur í heilsuvernd á hverjum tíma, m.a. við gerð klínískra leiðbeininga, kynningu og fræðslu fyrir fagfólk og gerð fræðsluefnis fyrir almenning. Fagráðin eru því vettvangur nýrra hugmynda og þróunarstarfs landlækni til ráðgjafar varðandi þróun á viðkomandi sérsviðum. Starfandi eru átta fagráð, um geðvernd, heilsueflingu, heilsuvernd aldraðra, heyrnarvernd, mæðravernd, sjónvernd, ung- og smábarnavernd og vinnuvernd, auk stýrihóps um sjálfsvígsforvarnir. Lítur meiri hlutinn svo á að við mótun hlutverks Lýðheilsustöðvar verði skerpt á verkaskiptingu milli þessara aðila, annars vegar á hlutverkum fagráða sem starfa hjá landlækni og hins vegar fagráðum sem starfa hjá Lýðheilsustöð.“

Minni hlutinn vill árétta í ljósi þessa mikilvægi fagráða og tekur því undir álit meiri hlutans um að tekið verði fram í lögunum að skipa skuli fagráð og treystir því jafnframt að áfram eigi að nýta sérþekkingu sem til er innan frjálsra félagasamtaka og þann mikla auð sem felst í starfi þeirra.

Í b-lið 6. gr. frumvarpsins er fjallað um nýjan lýðheilsusjóð og leggur minni hlutinn áherslu á að bundið verði í reglugerð að í stjórn slíks sjóðs sitji ávallt fulltrúar fagráða og hinna frjálsu félagasamtaka sem geri tillögur um veitingu styrkja úr sjóðnum, skýrar gagnsæjar reglur verði settar þar um og að ekki verði heimilt að setja fé úr sjóðnum í rekstur.

Í umfjöllun nefndarinnar var fjármögnun sjóðsins rædd og fram kom að fyrirhugað er að sá hluti áfengisgjalds sem áður rann til tóbaksvarna- og forvarnasjóðs renni til lýðheilsusjóðs og einnig hlutfall af brúttósölu tóbaks. Minni hlutinn tekur undir álit meiri hlutans um að tryggja verði frekari framlög til lýðheilsusjóðsins svo að hann standi undir merkjum forvarna á sviðum heilsueflingar í framtíðinni.

Í umsögn sóttvarnalæknis til nefndarinnar kemur fram ítrekun á að skýra þurfi vel stjórnsýslustöðu sóttvarnalæknis og að gerður sé greinarmunun á eftirliti og framkvæmd. Minni hlutinn leggur ríka áherslu á að til að tryggja sérstöðu sóttvarnalæknis þurfi að koma til

breytingar á 10. gr. frumvarpsins þar að lútandi og hyggst minni hluti leggja fram slíka breytingartillögu.

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega það vinnuferli sem farið hefur í gang og tengist hugsanlegum starfsmönnum fyrirhugaðrar nýrrar stofnunar. Minni hlutinn mótmælir jafnframt því sem fram er sett í 10. gr. frumvarpsins en þar sem segir að ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 skuli ekki gilda um ráðstöfun starfa. Það hlýtur að vera umhugsunarvert fyrir löggjafarvaldið að binda í ný lög að ekki skuli farið að eldri lögum.

7. gr. er svohljóðandi:

„Laust embætti skal auglýsa í Lögbirtingablaði og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en tvær vikur frá útgáfudegi blaðsins. Þó er heimilt að skipa mann eða setja í embætti skv. 2. mgr. 23. gr. eða setja í forföllum skv. 1. málsl. 24. gr. eða flytja hann til í embætti skv. 36. gr. án þess að embættið sé auglýst laust til umsóknar.

Önnur störf skulu auglýst opinberlega samkvæmt reglum sem settar skulu af fjármálaráðherra. Forstöðumanni stofnunar er heimilt að setja sérreglur um það hvernig auglýsa skuli störf hjá stofnuninni, enda sé það gert opinberlega og reglurnar hljóti staðfestingu fjármálaráðherra. Í reglum samkvæmt þessari málsgrein má mæla svo fyrir að störf þar sem ekki er krafist tiltekinnar sérmenntunar eða sérhæfingar þurfi ekki að auglýsa opinberlega.

Skylt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.“

Fram hefur komið að starfsmönnum þeirra stofnana sem til stendur að sameina hefur verið tilkynnt um sameininguna og er það vel. Samhliða fer í gang nokkurs konar ráðningarferli áður en frumvarpið er orðið að lögum og er vísað til a-liðar 10. gr. frumvarpsins um að ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gildi ekki og þess vegna sé ekki heimilt að auglýsa, stöður hvorki opinberlega né á innra neti stofnananna. Þetta svokallaða ráðningarferli hefst áður en ljóst er hvort hugsanlegar breytingar verði gerðar á frumvarpinu og þá hverjar. Þetta vinnulag er döpur byrjun fyrir nýja stofnun, gagnsæi og fagleg vinnubrögð eru hér fyrir borð borin. Ljóst er að ekki liggja fyrir starfslýsingar hinna nýju starfa, hvorki starfa yfirmanna né annarra. Fram hefur einnig komið að framkvæmdarstjóri BHM gerði í bréfi til landlæknis og forstjóra Lýðheilsustöðvar athugasemdir, m.a. við ferlið, um að BHM telji rétt að auglýsa stöður a.m.k. yfirmanna opinberlega og að lágmarki innan stofnunarinnar þannig að öllum þeim sem áhuga hafi gefist kostur á að sækja um slíkar stöður og að fyrir liggi hvaða kröfur eru gerðar til starfsins. Sömuleiðis kemur fram í bréfi BHM að ef verið sé að vinna eftir ósamþykktu lagafrumvarpi kalli það á önnur viðbrögð sem send verði velferðarráðherra. Vinnulag sem þetta er algerlega óásættanlegt gagnvart starfsmönnum beggja núverandi stofnana og gagnvart löggjafarvaldinu sem enn er með frumvarpið í vinnslu. Slíkt vinnulag ber ekki vott um faglega nálgun í sameiningu tveggja stofnana og er ekki til þess fallið að skapa traust.

Alþingi, 28. febr. 2011.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, frsm. Guðlaugur Þór Þórðarson.

936. Breytingartillögur [190. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.

Frá minni hluta heilbrigðisnefnar (RR, GÞÞ).

1. 10. gr. orðist svo:
   Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   a. (I.)
   Öll störf hjá landlæknisembættinu og lýðheilsustöð eru lögð niður frá og með 1. janúar 2012. Auglýsa skal öll störf hjá hinni nýju stofnun Landlæknir – lýðheilsa. Velferðarráðherra skipar sóttvarnalækni við nýja stofnun, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 70/1996.
   b. (II.)
   Hin nýja stofnun Landlæknir – lýðheilsa tekur frá 1. janúar 2012 annars vegar við eignum landlæknisembættisins og hins vegar við eignum Lýðheilsustöðvar sem og réttindum og skyldum þeirra að því er varðar framkvæmd laga sem falla undir málefnasvið þeirra á þeim tíma.
2. 13. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012.

937. Fyrirspurn [550. mál]

til fjármálaráðherra um uppsagnir ríkisstarfsmanna.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hvað hefur mörgum ríkisstarfsmönnum verið sagt upp störfum frá ársbyrjun 2009 til ársloka 2010 vegna aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum?
2. Hvernig hafa þessar uppsagnir skipst á milli kynja?
3. Hvernig hafa þessar uppsagnir skipst á milli kjördæma?
4. Hvernig hafa þessar uppsagnir skipst á milli starfsgreina (skólar, heilbrigðisstofnanir o.s.frv.)?
5. Hvað hefur mörgum starfsmönnum verið sagt upp í stjórnsýslunni (í ráðuneytum)?

938. Fyrirspurn [551. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um fækkun bænda.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hvað hefur orðið mikil fækkun í hópi bænda á Íslandi á árabilinu 2000–2010?

2. Hvar á landinu (eftir kjördæmum) hefur fækkunin orðið mest?
3. Í hvaða þremur greinum landbúnaðar hefur fækkunin orðið mest?
4. Hvað hefur afkoma bænda versnað/batnað mikið á tímabilinu?

939. Fyrirspurn [552. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um þjónustu dýralækna.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Að hve miklu leyti mun opinber þjónusta dýralækna úti á landi skerðast þegar störf héraðsdýralækna hjá Matvælastofnun verða lögð niður, sbr. boðaðar breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002?
2. Verða gerðar undanþágur á því að héraðsdýralæknir megi ekki sinna lækningum með fram opinberum eftirlitsstörfum?
3. Verða gerðar aðrar undanþágur vegna aðstæðna héraðsdýralækna á Íslandi?
4. Hvaða hlutverk munu landshlutasamtök hafa við greiningu og ráðgjöf á breyttri dýralæknaráðgjöf úti á landi?
5. Hvernig verður fámennum en víðfeðmum landsvæðum bætt upp skerðing á opinberri dýralæknaþjónustu eftir breytingarnar?

940. Fyrirspurn [553. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um afskriftir í fjármálakerfinu.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hverjar hafa verið árlegar heildarafskriftir í fjármálakerfinu sl. 5 ár?
2. Hversu miklar voru þessar afskriftir hjá lögaðilum annars vegar og einstaklingum hins vegar?
3. Hvernig skiptust afskriftirnar á milli fyrirtækja og einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar?
4. Hvernig skiptust afskriftirnar á milli helstu atvinnugreina og hverjar voru þessar afskriftir sem hlutfall af heildarútlánum til viðkomandi atvinnugreina?

Skriflegt svar óskast.

941. Fyrirspurn [554. mál]

til umhverfisráðherra um verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Gáfu stjórnvöld í aðdraganda stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs og vinnslu verndaráætlunar fyrir hann fyrirheit um að hefðbundnum nytjum, svo sem veiðinytjum á grundvelli sjálfbærrar nýtingar, yrði viðhaldið innan þjóðgarðsins? Ef svo er, í hverju voru þau fyrirheit fólgin og í hvaða skýrslum eða öðrum gögnum koma þau fram?
2. Var haft samráð við útivistarhópa, svo sem Skotveiðifélag Íslands (Skotvís) og Ferðaklúbbinn 4x4, við gerð verndaráætlunar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð? Ef svo er, í hverju fólst það samráðsferli?
3. Hver er að mati ráðherra ástæða þess að útivistarhópar, svo sem Skotvís og Ferðaklúbburinn 4x4, líta svo á að þeir hafi verið blekktir og telja að samráðsferlið hafi verið algerlega ófullnægjandi?
4. Mun ráðherra beita sér í því að ná sáttum við þá útivistarhópa, svo sem Skotvís og Ferðaklúbbinn 4x4, sem eru óánægðir með núverandi verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð? Kemur til greina að endurskoða áætlunina?

Skriflegt svar óskast.

942. Frumvarp til laga [555. mál]

um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum (setning í prestsembætti).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Nú er sóknarpresti eða presti veitt lausn frá embætti, leyfi frá störfum eða hann forfallast af öðrum ástæðum og getur þá biskup Íslands falið öðrum presti að gegna embættinu til allt að eins árs í senn.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2015.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á kirkjuþingi 2010 var samþykkt þingsályktun um að beina þeim tilmælum til ráðherra að flytja frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem heimilaði biskupi að fela presti að gegna embætti sóknarprests eða annars prests þegar embætti sóknarprests eða annars prests losnar af tilgreindum ástæðum. Fór kirkjuráð

þess á leit við ráðherra með bréfi, dags. 23. nóvember 2010, að flytja slíkt frumvarp. Með bréfinu fylgdi frumvarp þetta sem samþykkt var á kirkjuþingi 2010.

Í frumvarpi þessu er byggt á því sjónarmiði að eðlilegt geti talist, miðað við hið ríka aðhald í fjármálum kirkjunnar, að fresta að auglýsa laust til umsóknar embætti sóknarprests eða prests, sem losnar af ástæðum þeim sem greinir í ákvæðinu, en fela í stað þess sóknarpresti í öðru prestakalli eða öðrum presti að gegna embættinu um tiltekinn tíma. Er hér litið til þess að um sé að ræða prestakall sem kunni að verða sameinað grannprestakalli á grundvelli stefnumörkunar kirkjuþings um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma frá árinu 2000. Í stefnumörkun þessari eru sett fram almenn viðmið um stærð prestakalla. Um málsmeðferð samkvæmt starfsreglum kirkjuþings vegna tillagna um breytingar á prestakallaskipan fer samkvæmt ákvæði 3. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1027/2007 en þar segir að tillögur um breytingar á skipan sókna og prestakalla skuli fá umsögn á aðalsafnaðarfundum viðkomandi sókna og þær því næst bornar upp á héraðsfundi, sem sendir þær biskupafundi, sem býr málið til kirkjuþings. Málsmeðferð getur samkvæmt þessu tekið allt að eitt ár, einkum ef tillaga að breytingum kemur fyrst fram á kirkjuþingi. Í því tilviki verður slík tillaga ekki afgreidd á því þingi heldur verður tillagan að fara fyrir aðalsafnaðarfundi og héraðsfund og að því búnu fyrir næsta kirkjuþing á eftir. Þeirri breytingu sem hér er lögð til er ætlað að skapa svigrúm í þeirri vinnu sem nú fer fram hjá kirkjunni vegna þeirrar hagræðingarkröfu sem ríkið hefur gert á hendur kirkjunni en óhjákvæmilegt er að leita allra leiða til að spara kirkjunni útgjöld. Með fyrrgreindri lagabreytingu er kirkjunni gert kleift að hagræða ef þær aðstæður skapast að embætti losnar vegna starfsloka prests eða af öðrum ástæðum. Eins og fyrr segir á þetta eingöngu við þar sem ástæða þykir til að endurskoða prestakallaskipan á grundvelli framangreindrar stefnumótunar kirkjuþings.

Öll laus embætti skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Hinar sérstöku aðstæður sem nú eru uppi í íslensku þjóðfélagi kalla á undantekningar hvað þetta varðar. Ekki er að finna heimild, hvorki í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, né í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, til þess að setja mann tímabundið í embætti sem er laust í skilningi 7. gr. starfsmannalaga, né heldur að fela sóknarpresti eða presti í einu embætti að gegna einnig öðru embætti. Í 24. gr. starfsmannalaga er ákvæði sem mælir fyrir um setningu í embætti við tilteknar aðstæður. Þar er einungis að finna heimild til setningar í embætti í stað embættismanns sem fellur frá, vegna fjarveru hans um lengri tíma eða vegna veikinda. Er því nauðsynlegt að fengin sé þessi heimild sem lögð er til í frumvarpi þessu.

Með nýju ákvæði til bráðabirgða er lagt til að þegar embætti sóknarprests eða annars prests þjóðkirkjunnar losnar af þeim ástæðum að viðkomandi lætur af embætti eða forfallast af öðrum ástæðum megi biskup setja tímabundið annan prest til að gegna embættinu. Miðað er við að setning í embættið geti aldrei verið lengri en til eins árs í senn. Ef ekki er að ári liðnu búið að sameina umrætt prestsembætti öðru prestsembætti er heimilt að setja aftur í embættið. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir að sett sé í embætti til skemmri tíma en eins árs. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæðið gildi lengur en til 1. janúar 2015, en þá er miðað við að jafnvægi hafi skapast í fjármálum þjóðkirkjunnar.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en afar brýnt er að framangreint ákvæði komi til framkvæmda sem fyrst.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ef sóknarpresti eða öðrum presti þjóðkirkjunnar er veitt lausn frá embætti eða leyfi frá störfum eða hann forfallast af öðrum ástæðum geti biskup Íslands falið öðrum presti að gegna embættinu til allt að eins árs í senn. Þjóðkirkjan eins og aðrir þeir aðilar sem fjármagna starfsemi sína með framlögum úr ríkissjóði hefur þurft að grípa til margvíslegra aðhaldsaðgerða til að draga úr kostnaði. Með frumvarpi þessu er verið að bregðast við og er þetta einn þátturinn í því að aðlaga starfsemina að lækkuðum fjárveitingum. Er fyrirsjáanlegt að nauðsynlegt verði að sameina prestaköll og hefur kirkjuþing markað stefnu um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma frá árinu 2000.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð heldur muni það gera þjóðkirkjunni betur kleift að mæta þeim aðhaldsmarkmiðum sem sett eru í fjárlögum.

943. Fyrirspurn [556. mál]

til forsætisráðherra um greiðslur til nefnda á vegum Stjórnarráðsins.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

Hverjar hafa greiðslur til nefnda á vegum ráðuneytanna verið síðustu fimm ár, skipt eftir ráðuneytum, nefndum og árum?

Skriflegt svar óskast.

944. Frumvarp til laga [348. mál]

um rannsóknarnefndir.

(Eftir 2. umr., 2. mars.)

Skipun rannsóknarnefndar.

1. gr.

Með rannsóknarnefnd er í lögum þessum átt við sérstaklega skipaða nefnd sem falið er að rannsaka tiltekin málsatvik í mikilvægum málum sem almenning varða og tengjast meðferð opinbers valds.

Forseti Alþingis skipar rannsóknarnefnd ef Alþingi samþykkir ályktun þar um. Í tillögu til ályktunar skal kveðið á um hvað rannsaka á, hvernig haga skal rannsókninni og um fjölda nefndarmanna. Ef tillaga um skipan rannsóknarnefndar kemur ekki frá þeirri þingnefnd sem fer með eftirlit Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu skal vísa henni til þeirrar nefndar til athugunar og skal nefndin gefa þinginu álit sitt um hana áður en greidd eru atkvæði um tillöguna við síðari umræðu.

Forseti Alþingis skal tryggja rannsóknarnefnd þann mannafla, sérfræðiaðstoð og aðbúnað sem er nauðsynlegur við rannsóknina.

2. gr.

Rannsóknarnefnd skal skipuð a.m.k. þremur nefndarmönnum. Heimilt er þó að fela einum einstaklingi rannsókn máls ef rök mæla með því. Forseti Alþingis velur formann og afmarkar umboð nefndarinnar, hvort tveggja í samráði við forsætisnefnd og að fengnum tillögum þeirrar nefndar sem fer með eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Formaður rannsóknarnefndar skal vera lögfræðingur. Fari einn maður með rannsókn máls skal hann enn fremur vera lögfræðingur.

Sé rannsóknarnefnd falið að meta lögfræðileg atriði sem geta varpað ljósi á það hvort einstaklingar skuli sæta ábyrgð skulu nefndarmenn vera þrír hið minnsta.

Sjálfstæði og hæfi nefndarmanna.

3. gr.

Rannsóknarnefnd er í störfum sínum óháð fyrirmælum frá öðrum, þar með talið Alþingi. Skulu nefndarmenn jafnframt vera óhlutdrægir og óvilhallir gagnvart þeim stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og öðrum sem nefndin hefur til athugunar. Sama á við um starfsmenn og aðstoðarmenn rannsóknarnefndarinnar að öðru leyti.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir sömu reglum og fram koma í 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ber nefndarmanni að víkja sæti að því marki sem hann tengist einstaklingi, stofnun eða einkafyrirtæki sem rannsókn nefndarinnar beinist að.

Verkefni rannsóknarnefnda.

4. gr.

Verkefni rannsóknarnefndar skal skýrt afmarkað í umboði hennar, sbr. 1. mgr. 2. gr.

Meginhlutverk rannsóknarnefndar er að afla upplýsinga og gera grein fyrir málsatvikum í tilteknu máli, sbr. 1. mgr. 1. gr., en einnig getur nefndin í skýrslu sinni gert tillögu um breytingu á lögum, reglugerðum eða stjórnsýsluframkvæmd eftir því sem rannsóknin gefur tilefni til.

Rannsóknarnefnd má fela að meta lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á það hvort grundvöllur sé fyrir því að einstaklingar eða lögaðilar skuli sæta ábyrgð og skal nefndin þá eftir atvikum vísa slíkum málum til ákæruvaldshafa ef hún telur ástæðu til. Rannsóknarnefnd skal þó aðeins meta lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á hvort grundvöllur sé fyrir því að ráðherrar sæti ábyrgð ef Alþingi fer sérstaklega fram á álit nefndarinnar um það efni. Skal slík beiðni þá skýrt afmörkuð í umboði nefndarinnar.

Framkvæmd rannsóknar.

5. gr.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar. Rannsóknarnefnd metur sjálf hvort fundir nefndarinnar séu opnir eða lokaðir. Rannsóknarnefnd skal færa gerðabók á fundum sínum.

Rannsóknarnefnd skal leitast við að upplýsa mál eins vel og unnt er. Nefndin ákveður sjálf, innan þess ramma sem umboð hennar og lög þessi leyfa, hvernig framkvæmd rannsóknar skal hagað með það að markmiði að mál það sem til athugunar er verði sem best upplýst. Nefndin kallar í því skyni eftir þeim upplýsingum um málið sem hún telur nauðsynlegar.

Við ákvarðanir nefndarinnar um framkvæmd rannsóknarinnar ræður afl atkvæða úrslitum mála. Verði ágreiningur um einstök atriði í niðurstöðum hennar geta einstakir nefndarmenn gert sérstaklega grein fyrir afstöðu sinni í bókun.

Gagnaöflun og skýrslugjöf fyrir rannsóknarnefnd.

6. gr.

Sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, er skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Með gögnum er m.a. átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga og önnur gögn sem nefndin óskar eftir í þágu rannsóknarinnar, hvort sem þau eru prentuð (skrifleg) eða á rafrænu formi.

Skylda til afhendingar gagna skv. 1. mgr. er þó ekki fyrir hendi ef ætla má að í henni geti falist játning eða vísbending um að sá sem beðinn er um að afhenda gögnin hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Sama á við ef ætla má að afhending gagnanna hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern þann sem tengist viðkomandi með þeim hætti sem segir í 1. og 2. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Rannsóknarnefnd getur kallað einstaklinga til skýrslugjafar og skulu þeir sem gefa skýrslu segja satt og rétt frá fyrir nefndinni. Formaður stýrir skýrslutökum en getur falið öðrum nefndarmanni það. Þá getur hann falið starfsmanni nefndarinnar, eða öðrum er vinna að rannsókninni, að beina spurningum að þeim sem gefur skýrslu. Taka skal upp á hljóð- eða myndband það sem fram fer við skýrslutöku eða varðveita það með öðrum tryggilegum hætti.

Ef þeir sem kallaðir eru fyrir rannsóknarnefnd til skýrslutöku verða ekki við ósk nefndarinnar þar um getur nefndin óskað þess að héraðsdómari kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni telji hún það nauðsynlegt í þágu rannsóknar málsins. Um kvaðningu og skýrslugjöf og aðra framkvæmd skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Ákveða má að skýrsla sé gefin fyrir luktum dyrum.

Réttarstaða einstaklinga fyrir rannsóknarnefnd.

7. gr.

Sá sem til rannsóknar er á rétt á aðstoðarmanni að eigin vali á öllum stigum rannsóknar. Ef rök mæla sérstaklega með því getur nefndin ákveðið að kostnaður við störf aðstoðarmanns skuli greiddur af nefndinni. Ákvörðun nefndarinnar þar um má kæra til forseta Alþingis innan þriggja vikna frá því að hún var kunngjörð þeim sem í hlut á.

Sá sem til rannsóknar er skal, á meðan það ekki skaðar rannsóknarhagsmuni, hafa aðgang að gögnum málsins og vera upplýstur um þau atriði sem til skoðunar eru hjá nefndinni hvað hann varðar og teljast mikilvæg fyrir mál hans. Heimilt er að takmarka aðgang að gögnum ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, enda vegi þeir hagsmunir sem mæla með því að upplýsingunum sé haldið leyndum þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnunum.

Þeim sem fjallað er um í skýrslu nefndarinnar skal að skýrslutöku og gagnaöflun lokinni, með hæfilegum fyrirvara, gert kleift að tjá sig skriflega um þau atriði sem nefndin hyggst leggja til grundvallar í skýrslu sinni og varða hann.

Þagnarskylda.

8. gr.

Þagnarskylda skv. 18. gr. laga nr. 70/1996, sbr. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hvílir á nefndarmönnum og öðrum er vinna að rannsókn um þær upplýsingar sem nefndinni berast og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt nefndin hafi lokið störfum. Rannsóknarnefnd er þó heimilt að afhenda upplýsingar og gögn til sérfræðilegra ráðgjafa í þeim mæli sem nauðsynlegt er. Sama á við ef nefndin telur afhendingu slíkra upplýsinga nauðsynlega vegna gagnkvæmrar miðlunar upplýsinga og samstarfs við aðila erlendis sem sinna hliðstæðum rannsóknum og nefndin. Afhendi nefndin upplýsingar á grundvelli þessara heimilda hvílir þagnarskylda á þeim sem fær gögnin afhent.

Í umboði nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 2. gr., er unnt að undanþiggja þá sem annars eru háðir þagnarskyldu slíkri skyldu, þegar þeir tjá sig, afhenda gögn eða leggja með öðrum hætti fram upplýsingar fyrir rannsóknarnefndinni.

Ákvæði 1. mgr. skal ekki standa því í vegi að rannsóknarnefnd geti birt upplýsingar sem annars væru háðar þagnarskyldu ef nefndin telur slíkt nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður sínar. Nefndin skal þó því aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.

Upplýsingagjöf nefndar á starfstíma.

9. gr.

Rannsóknarnefnd ákveður sjálf hvaða upplýsingar eða tilkynningar hún birtir opinberlega um störf sín þar til hún hefur skilað lokaskýrslu sinni. Sama gildir um aðgang að gögnum sem nefndin aflar.

Rannsóknarnefnd getur veitt forseta Alþingis upplýsingar um framgang rannsóknarinnar meðan á henni stendur og getur forseti í tilefni af slíkri upplýsingagjöf og að höfðu samráði við forsætisnefnd gert Alþingi grein fyrir fram komnum upplýsingum ef æskilegt þykir.

Óheimilt er að veita aðgang að gögnum frá opinberum stofnunum sem rannsóknarnefnd hefur fengið afhent við rannsókn nema með samþykki nefndarinnar.

Skýrsla og starfslok rannsóknarnefndar.

10. gr.

Rannsóknarnefnd skilar forseta Alþingis skriflegri skýrslu með rökstuddum niðurstöðum rannsóknar sinnar þegar henni er lokið. Rannsóknarnefnd getur ákveðið að skila sérstökum skýrslum um einstaka hluta rannsóknarinnar eða áfangaskýrslum og skal haga meðferð þeirra á sama hátt og lokaskýrslu.

Forseti skal þegar í stað senda þeirri nefnd Alþingis sem fer með eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu lokaskýrslu nefndarinnar sem tekur ákvörðun um hvort hún skuli strax tekin til efnislegrar meðferðar í nefndinni eða að lokinni umræðu í þinginu. Skal nefnd sú sem fer með eftirlitshlutverk Alþingis að lokinni umfjöllun um skýrsluna gefa þinginu álit sitt um hana og leggja fram tillögur um úrvinnslu og meðferð niðurstaðna hennar.

Með birtingu lokaskýrslu lýkur störfum rannsóknarnefndarinnar.

Að rannsókn nefndarinnar lokinni skulu gögn, sem aflað hefur verið við rannsóknina, færð Þjóðskjalasafni Íslands. Um aðgang að þeim fer samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga og laga um Þjóðskjalasafn.

Lagatengsl, gildistaka o.fl.

11. gr.

Ákvæði upplýsingalaga og ákvæði 18.–21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda ekki á meðan rannsóknarnefnd er að störfum. Sama gildir um ákvæði stjórnsýslulaga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nema sérstaklega sé til þeirra vísað í þessum lögum. Ekki er unnt að bera fram kvörtun um störf nefndarinnar við umboðsmann Alþingis.

Þegar rannsóknarnefnd hefur lokið störfum skulu þeir sem rannsókn hefur beinst að njóta réttinda samkvæmt ákvæðum 18.–21. gr. laga nr. 77/2000 og 9. gr. upplýsingalaga, enda hafi ákæruvaldið ekki tekið mál viðkomandi til meðferðar sem sakamál. Fer þá um rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt ákvæðum laga um meðferð slíkra mála. Um réttindi annarra til aðgangs að gögnum rannsóknarnefndar, þar á meðal þeirra sem hafa komið fyrir rannsóknarnefnd, veitt upplýsingar eða rannsóknarnefnd hefur aflað upplýsinga um, fer skv. 4. mgr. 10. gr. að gættum ákvæðum 18. og 21. gr. laga nr. 77/2000.

12. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allsherjarnefnd fer með verkefni þingnefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Skal allsherjarnefnd fjalla um tillögur um skipun rannsóknarnefnda, leggja mat á og gera tillögu til Alþingis um hvenær rétt er að skipa rannsóknarnefnd, svo og eftir atvikum að taka skýrslur slíkrar nefndar til umfjöllunar, gefa þinginu álit sitt um þær og gera tillögur um frekari aðgerðir þingsins.

945. Frumvarp til laga [557. mál]

um breytingu á lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010.

Flm.: Atli Gíslason, Mörður Árnason, Birgir Ármannsson, Valgerður Bjarnadóttir, Álfheiður Ingadóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Árni Þór Sigurðsson.

1. gr.

Orðin „sveitarstjórna eða“ í 3. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Að þjóðaratkvæðagreiðslu lokinni senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana, ónotaða og ónýtta kjörseðla sem og utankjörfundaratkvæði sem ekki skulu tekin til greina, sbr. e–h-lið 1. mgr. 91. gr. laga um kosningar til Alþingis, auk nauðsynlegra kjörgagna. Skulu yfirkjörstjórnir senda gögnin til landskjörstjórnar í þeim umbúðum sem mælt er fyrir um í lögum um kosningar til Alþingis.

b. Lokamálsliður 2. mgr. fellur brott.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Landskjörstjórn úrskurðar um gildi atkvæða sem eru haldin einhverjum annmörkum og utankjörfundaratkvæði sem ekki voru tekin til greina, sbr. e–h-lið 1. mgr. 91. gr. laga um kosningar til Alþingis, og skal afl atkvæða ráða úrslitum.

3. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:
Að lokinni talningu atkvæða lýsir landskjörstjórn úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar og tilkynnir ráðuneytinu þar um.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo:
Til þess að spurning eða tillaga sem er borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þarf hún að hafa hlotið meiri hluta gildra atkvæða í atkvæðagreiðslunni.

5. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Séu slíkir verulegir ágallar á framkvæmd atkvæðagreiðslunnar getur Hæstiréttur ákveðið að hún fari aftur fram.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nauðsynlegar lagfæringar á lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna sem tengjast auknu hlutverki landskjörstjórnar við framkvæmd þeirra samanborið við hlutverk hennar við alþingiskosningar. Samkvæmt lögunum er gert ráð fyrir að talning atkvæða fari fram á einum stað og hefur landskjörstjórn það hlutverk með höndum. Hlutverk yfirkjörstjórna eins og það er við alþingiskosningar færist því að mestu leyti yfir til landskjörstjórnar samkvæmt lögunum.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 3. mgr. 4. gr. laganna um að ekki verði unnt að halda þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða kosningum til sveitarstjórna. Er þessi breyting lögð til þar sem kjörskrárgerð er ekki með sama hætti við þessar tvennar kosningar. Ákvæði laga um kosningarrétt við þjóðaratkvæðagreiðslu eru hliðstæð ákvæðum laga um kosningar til Alþingis og kjör forseta Íslands en ólík ákvæðum laga um kosningarrétt til sveitarstjórna.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 9. gr. laganna til að kveða með skýrari hætti á um verksvið landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna við atkvæðagreiðsluna. Ákvæði laganna gera ráð fyrir að landskjörstjórn skipi umboðsmenn andstæðra fylkinga sem gæta skulu öndverðra sjónarmiða við atkvæðagreiðsluna og talninguna og að landskjörstjórn úrskurði um gildi atkvæða sem haldin eru einhverjum annmörkum. Því þykir rétt að taka af öll tvímæli um að það sé hlutverk landskjörstjórnar að úrskurða um ágreining er orðið getur um tiltekin atriði er varða utankjörfundaratkvæði, sbr. e–h-lið 1. mgr. 91. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Í 9. gr. laganna er kveðið á um hlutverk landskjörstjórnar við talningu atkvæða, meðferð atkvæða og úrskurðarvald um gildi ágreiningsseðla en einnig að nokkru leyti í 10. gr. laganna. Nauðsynlegt er því að leggja til í 3. gr. frumvarpsins nýtt orðalag á 1. mgr. 10. gr. og fella þannig út tvítekningar.

Í 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 11. gr. laganna um að skýrt verði kveðið á um að til þess að þjóðaratkvæðagreiðsla teljist samþykkt þurfi meiri hluti gildra atkvæða þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni að fylgja tillögunni. Nefndin telur nauðsynlegt að taka þetta skýrt fram þar sem annars er unnt að líta svo á að auðir seðlar og ógildir geti verið túlkaðir sem andvígir tillögunni að þessu leyti.

Í 5. gr. eru lagðar til lagfæringar á orðalagi síðari málsliðar 3. mgr. 13. gr. laganna sem tengist þeirri tilhögun að talning atkvæða fer fram á einum stað og því er ekki unnt að láta atkvæðagreiðsluna fara aftur fram í einstöku kjördæmi, eins og segir í lögunum. Telji Hæstiréttur að slíkir verulegir ágallar séu á framkvæmd atkvæðagreiðslunnar sem ætla má að hafi haft áhrif á niðurstöður hennar getur hann ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan fari aftur fram á landinu í heild.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi enda nauðsynlegt þar sem stuttur tími er til þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 13/2011 sem forseti synjaði undirritunar og varða heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

946. Frumvarp til laga [558. mál]

um skattaívilnanir í þágu tilgreindra félagasamtaka.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Birkir Jón Jónsson, Siv Friðleifsdóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við A-lið 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Einstakar gjafir til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa enda sé gjöfin ekki undir 50.000 kr. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ekki skal greiða erfðafjárskatt af arfi, gjafaarfi, dánargjöfum, fyrirframgreiddum arfi og gjöfum til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.

3. gr.

Lögin öðlast þegar gildi. 1. gr. kemur til framkvæmda við álagningu árið 2012 vegna tekjuársins 2011. 2. gr. gildir um skipti á dánarbúum þeirra sem andast 1. janúar 2011 eða síðar.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til skattaívilnanir sem hugsaðar eru í þágu frjálsra félagasamtaka á sviði menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga. Er lagt til að einstaklingi verði heimilt að draga gjafir til slíkra félagasamtaka frá skatti. Einnig er lagt til að slíkum samtökum verði ekki gert að greiða erfðafjárskatt af arfi, gjafaarfi, dánargjöfum og fyrirframgreiddum arfi sem þeim áskotnast.

Frjáls félagasamtök sinna fræðslu almennings, efla menningar- og listalíf, inna af hendi margs konar samfélagsþjónustu og halda á lofti málstað einstakra þjóðfélagshópa. Félagasamtök eru jafnfjölbreytt og þau eru mörg, en sem dæmi um frjáls félagasamtök sem snerta líf flestra Íslendinga má nefna Landsbjörg, Heimili og skóla, Kvenfélagasamband Íslands og Rauða kross Íslands.

Á grundvelli þess mikilvæga samfélagslega hlutverks sem frjáls félagasamtök gegna hafa þau lengi fengið ýmsar undanþágur frá skattgreiðslum, sérstaklega frá greiðslu tekjuskatts og eignarskatts, enda má gera ráð fyrir að opinberir aðilar þyrftu sjálfir að sinna verkefnum þeirra ef félagasamtökin gerðu það ekki.

Íslensk félagasamtök njóta þó ekki sömu skattaívilnana og algengt er í samanburðarlöndunum, t.d. undanþágu frá greiðslu fjármagnstekjuskatts, erfðafjárskatts og endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðföngum. Stærsti munurinn felst þó í því að einstaklingum hér á landi er ekki leyfilegt að draga gjafir til góðgerðafélaga frá skattskyldum tekjum sínum líkt og almennt er heimilt í löndum Evrópu og Norður-Ameríku. Einnig hafa frjáls félagasamtök greitt fullan erfðafjárskatt af dánargjöfum sem þeim hefur verið ánafnað.

Á undanförnum áratugum hafa skattaívilnanir stjórnvalda fyrst og fremst beinst að fyrirtækjum sem eru á markaði í hagnaðarskyni. Sífellt hefur hallað á starfsemi sem rekin er á grundvelli ákveðinna hugsjóna, svo sem frjáls félagasamtök og samvinnufélög. Má þar nefna afnám ákvæða um frádrátt frá skattskyldum tekjum einstaklinga vegna gjafa til góðgerðafélaga árið 1979, ákvörðun um að félagasamtök skyldu greiða fjármagnstekjuskatt árið 1996 og álagning erfðafjárskatts á gjafir til líknarfélaga vorið 2004.

Flutningsmenn telja ekki rétt skilaboð til samfélagsins að hagkvæmara sé að græða sjálfur en að gefa náunganum, að auðdýrkun og fésýsla sé metið meira en vinnan, þekkingin og framtakið og maðurinn sjálfur. Frjáls félagasamtök hafa ekki farið varhluta af kreppunni. Framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum hafa dregist saman, auk þess sem hið opinbera hefur minna getað stutt við starfsemi þeirra með beinum styrkjum. Á sama tíma hefur álag og eftirspurn eftir þjónustu frjálsra félagasamtaka aukist.

Með breyttum skattareglum, sérstaklega hvað varðar góðgerða- og líknarfélög, er hægt að bæta starfsumhverfi frjálsra félagasamtaka umtalsvert. Starfsemin efldist og þau yrðu betur í stakk búin að hlaupa undir bagga með ríki og sveitarfélögum við þessar erfiðu efnahagsaðstæður.

947. Fyrirspurn [559. mál]

til innanríkisráðherra um ákvarðanir Hæstaréttar um endurupptöku mála.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hve margar af þeim 32 beiðnum um endurupptöku máls fyrir Hæstarétti sem synjað var 2000–2010 (sbr. þskj. 909, 409. mál) voru afgreiddar af þremur dómurum og hve margar af fimm dómurum við réttinn?
2. Hvernig var staðið að vali dómara sem ákváðu að synja endurupptöku máls? Hafði einn dómari eða fleiri í hverju tilviki dæmt það mál sem óskað var endurupptöku á?
3. Hver er skýringin á því að ákvarðanir Hæstaréttar um endurupptöku máls og synjun um endurupptöku máls eru ekki birtar opinberlega?
4. Telur ráðherra ástæðu til að breyta lögum eða verklagi við ákvörðun um endurupptöku mála sem Hæstiréttur hefur dæmt?

Skriflegt svar óskast.

948. Frumvarp til laga [560. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Birkir Jón Jónsson, Guðmundur Steingrímsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Siv Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

1. gr.

Við 35. gr. laganna bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

11. Skuldabréf og tryggingarbréf sem eru tryggð með veði í fasteign og eru gefin út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði.
12. Kaupsamningar sem eru gefnir út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði.
13. Afsöl sem eru gefin út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði.

2. gr.

35. gr. a laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 136. löggjafarþingi af Jóni Magnússyni, Guðjóni A. Kristjánssyni og Grétari Mar Jónssyni. Með því er lagt til að skuldabréf og tryggingarbréf sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði skuli vera stimpilfrjáls samkvæmt lögum nr. 36/1978 og því ekki greitt stimpilgjald af slíkum skjölum.

Þá er einnig lagt til að kaupsamningar og afsöl sem gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði skuli vera stimpilfrjáls og því ekki greitt stimpilgjald af þeim skjölum. Lagt er til að þrír nýir töluliðir bætist við 35. gr. laganna, þ.e. 11.–13. tölul., en jafnframt falli brott 35 gr. a, sbr. lög nr. 59/2008.

Frumvarpið er í samræmi við efnahagstillögur framsóknarmanna sem kynntar voru í febrúar 2009. Þar voru lagðar til ýmsar tillögur til að takast á við efnahagsvanda heimila og fyrirtækja. Ein af tillögunum var að stimpilgjöld lána vegna fasteignaviðskipta yrðu afnumin að fullu til að styðja betur við viðskipti á fasteignum. Áður hafði ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar í stjórnarsáttmála sínum lagt áherslu á að afnema stimpilgjöld í fasteignaviðskiptum þegar aðstæður leyfðu. Í framhaldi af því var lagt fram stjórnarfrumvarp um breytingar á lögum um stimpilgjald þar sem kveðið var á um að skuldabréf og tryggingarbréf, sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði einstaklings, skyldu vera stimpilfrjáls að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Frumvarpið fékk fullnaðarafgreiðslu sem lög frá Alþingi, lög nr. 59/2008. Þau kveða á um að tiltekin skjöl séu stimpilfrjáls, svo sem nánar er kveðið á um. Í stað þess að breyta 35. gr. laga um stimpilgjald, eins og hér er lagt til, var samþykkt ný grein, 35. gr. a. Með frumvarpi þessu er lagt til að breytingalögin verði í raun felld brott, sbr. 2. gr., og þess í stað bætist ný ákvæði við 35. gr. laga um stimpilgjald.

Þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á 35. gr. felast í nýjum töluliðum, 11., 12. og 13. tölul. Í 11. tölul. er kveðið á um að skuldabréf og tryggingarbréf, sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði, verði stimpilfrjáls. Sú meginbreyting verður þá að stimpilgjöld falla niður af öllum skuldabréfum og tryggingarbréfum vegna fasteignakaupa og skiptir þá ekki máli hvort um kaup á fyrstu íbúð eða síðari íbúðum er að ræða. Þá skiptir ekki máli hvort viðkomandi aðili á íbúð og/eða íbúðir fyrir eða ekki. Eins og að framan greinir falla samkvæmt breytingunni sem hér er lögð til stimpilgjöld niður af öllum skuldabréfum og tryggingarbréfum sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði. Í 12. tölul. er kveðið á um að kaupsamningar sem gefnir eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði séu stimpilfrjálsir. Í 13. tölul. er kveðið á um að afsöl sem gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði séu stimpilfrjáls.

Með samþykkt frumvarps þessa verða skjöl sem varða almenn fasteignaviðskipti með íbúðarhúsnæði stimpilfrjáls. Ekki verða þá greidd stimpilgjöld af skjölum vegna kaupa eða sölu íbúðarhúsnæðis eða skuldabréfa og/eða tryggingarbréfa sem gefin eru út vegna kaupanna.

Tekið skal fram sérstaklega að verði frumvarpið að lögum leiðir af sjálfu sér að ákvæði laga nr. 59/2008 falla brott en ákvæði þeirra eru óþörf þegar 35. gr. hefur verið breytt svo sem hér er lagt til. Með þessu frumvarpi eru lagðar til einfaldar almennar reglur fyrir fólkið í landinu sem auðvelt er að framfylgja og þarf ekki flókið eftirlit eða skoðun hjá þinglýsingardómurum þegar þær breytingar sem frumvarpið felur í sér hafa náð fram að ganga.

Með samþykkt frumvarps þessa verður starf við þinglýsingar einfaldað og hægt er að fella niður flókið kerfi eftirlits með borgurunum. Frumvarpið felur í sér heildstæðar reglur um afnám stimpilgjalds á löggerninga sem varða íbúðakaup. Þá verða ákvæði um stimpilfrjáls skjöl mun einfaldari en nú er nái frumvarpið fram að ganga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þeir þrír nýju töluliðir sem er lagt er til í 1. gr. frumvarpsins að bætist við 35. gr. laganna hafa samkvæmt orðanna hljóðan það í för með sér að skuldaskjöl, kaupsamningar og afsöl í viðskiptum með íbúðarhúsnæði verða stimpilfrjáls. Með þessum ákvæðum verður auk þess heldur meiri hvati fyrir fólk að þinglýsa löggerningum um íbúðarkaup þegar þau hafa átt sér stað. Slíkt eykur öryggi á markaðnum. Undanfarið hefur það iðulega gerst að kaupendur fasteigna hafa dregið að þinglýsa löggerningum um fasteignakaup sín vegna hárra stimpilgjalda.

Um 2. gr.

Með því að þeir þrír töluliðir, sem lagðir eru til í 1. gr., verði samþykktir sem viðbót við núverandi ákvæði 35. gr. laga um stimpilgjald verður 35. gr. a laganna óþörf. Ákvæði 35. gr. a eru sérákvæði, sbr. lög nr. 59/2008. Ákvæði 35. gr. a fela í sér að tiltekin skjöl sem þinglýst er við kaup einstaklings á fyrstu íbúð, með frekari skilyrðum sem kveðið er á um í lögunum, eru stimpilfrjáls. Með samþykkt frumvarps þessa er almennt kveðið á um að þau skjöl sem tilgreind eru í frumvarpinu, sbr. 1. gr., verði stimpilfrjáls og nær það þá yfir þau skjöl sem fjallað er um í lögum nr. 59/2008. Ákvæði 35. gr. a laga um stimpilgjald yrðu því óþörf þar sem ákvæði 1. gr. frumvarpsins eru mun víðtækari en núverandi 35. gr. a laganna.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

949. Frumvarp til laga [561. mál]

um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gildissvið og orðskýringar.

Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki þar um.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Almenningur:* Sá hluti vatns sem liggur fyrir utan netlög landareigna.
2. *Áveita:* Mannvirki sem er notað til þess að veita vatni á land.
3. *Bakki:* Fast takmark á farvegi straumvatns, legi stöðuvatns eða strandsjávarbotns, svo sem klettar, gróið land eða eyrar sem vatn fellur ekki yfir í meðalvexti eða sjór við meðalstórstraumsflóð.
4. *Búsþarfir:* Notkun vatns við búrekstur og annan atvinnurekstur á sviði landbúnaðar með réttindum og skyldum samkvæmt ábúðarlögum.
5. *Eignarland:* Landsvæði, þ.m.t. innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi lands fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

6. *Farvegur:* Vatnsleg sem vatnsfall rennur eftir, hvort heldur af manna völdum eða náttúru.
7. *Fasteign:* Afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.
8. *Háflæði:* Mesta rennsli eða hækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð.
9. *Heimilisþarfir:* Þarfir til venjulegs heimilishalds.
10. *Iðja:* Iðnaður, annar en handiðn.
11. *Landareign:* Fasteign, þ.e. afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.
12. *Lágflæði:* Minnsta rennsli eða lækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð.
13. *Mannvirki:* Hvers konar framkvæmdir og manngerðir hlutir sem skeytt er við fasteign, þ.m.t. í, við eða yfir vatni, t.d. hús, brú, girðing, virkjun eða stíflugarður.
14. *Mengun:* Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.
15. *Merkivatn:* Vatn það sem ræður landamerkjum.
16. *Miðlunarlón:* Stöðuvatn sem er manngert að öllu leyti eða hluta og rennsli er stýrt í og/eða úr.
17. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns eða vatnsfalls sem fasteign liggur að.
18. *Orkunýting:* Hvers konar hagnýting vatns samkvæmt lögum þessum til framleiðslu á orku, fyrst og fremst raforku.
19. *Orkuver:* Land eða lóð, hús og önnur mannvirki, ásamt tækjum til afnota við orkuvinnslu eða breytingar einnar tegundar orku í aðra.
20. *Rennsli:* Hreyfing vatns, hvort heldur er af manna völdum eða náttúru.
21. *Straumvatn:* Yfirborðsvatn sem í er greinilegur straumur þegar enginn vöxtur er í því.
22. *Stöðuvatn:* Vatn sem sýnist slétt í logni og straumlaust að sjá enda þótt flætt geti gegnum það.
23. *Vatnsból:* Mannvirki, t.d. brunnar, eða virkjaðar lindir, eða náttúruleg vatnsleg þar sem vatn er tekið eða nytjað á staðnum.
24. *Vatnsfall:* Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að breytilegur sé eftir tíma og stað, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við.
25. *Vatnsflæði:* Rennsli vatns sem vatnsmagn á tímaeiningu, í l/sek eða m^3/sek.
26. *Vatnsleg:* Lægð í landi, sem vatn stendur í, vatnsfall eða stöðuvatn, ásamt tilheyrandi botni og bökkum allt að vatnsborðsstöðu við háflæði. Lönd sem flæðir yfir ofan háflæðis teljast ekki til vatnslegs.
27. *Vatnsmiðlun:* Geymsla á vatni til þess að breyta náttúrulegu vatnsmagni vatnsfalls eða til stýringar á rennsli vatns.
28. *Vatnsnýting:* Vatnstaka, veiting eða virkjun vatns til heimilis- eða búsþarfa, í arðsemisskyni eða til að verja fasteign spjöllum.
29. *Vatnsveita:* Mannvirki til að flytja vatn til notenda.
30. *Þjóðlenda:* Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

2. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna orðast svo: **Gildissvið og orðskýringar.**

3. gr.

2. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Vatnsréttindi.

Landareign hverri, þ.m.t. þjóðlendu, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni sem á henni er á þann hátt sem lög þessi heimila.

Landeigendur sem hafa aðgang að sama vatni eiga sama rétt til þess í hlutfalli við þá nýtingu sem er gerleg á eða fyrir landi þeirra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Númer málsgreina falla brott og skulu málsgreinar hvarvetna annars staðar í lögunum vera ónúmeraðar.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Merki landareigna í lækjum og ám.*

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. málsl. 4. mgr. orðast svo: Nú fylgja fasteign eyjar, hólmar eða sker fyrir landi annarrar fasteignar, og er sundið mjórra en 230 metrar, og ræður þá miðlína sundsins merkjum.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Reglur um merki við stöðuvötn gilda einnig um miðlunarlón eftir því sem við getur átt.
c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Merki landareigna við stöðuvötn.*

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sama megin“ kemur „sömu megin“.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Landamerki milli fasteigna sem liggja að vatni sömu megin.*

7. gr.

6. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Réttur til vatns þegar merkivötn skilja fasteignir.

Þar sem merkivötn skilja fasteignir er hvorri rétt að nota vatnið að jöfnu eftir þörfum sínum. Dreifist vatn þannig í farvegi að ekki skiptist til helminga um miðlínu skal hvorri fasteign þó fylgja jafn réttur til vatnsins.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. A-liður 2. mgr., sem verður 1. tölul. 2. mgr., orðast svo: að breyta vatnsbotni, straumstefnu, vatnsmagni eða vatnsflæði, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð.
b. B-liður 2. mgr. verður 2. tölul. 2. mgr.
c. Í stað orðanna „að veita vatni úr landi sínu í annarra land“ í c-lið 2. mgr., sem verður 3. tölul. 2. mgr., kemur: að veita vatni af einni fasteign á fasteign annarra.
d. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Forn farvegur.*

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2. og 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ef til þess þarf afnot af annarri fasteign eru þau heimil en þá getur eigandi þeirrar fasteignar krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem verkið bakar honum. Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur getur ráðherra heimilað eignarnám í þessu skyni.
b. 2. mgr. fellur brott.
c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Heimild til að fella vatnsfall í fornan farveg eða koma honum í samt lag.*

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fara skal um jarðvatn, hveri, laugar, ölkeldur, regnvatn og leysingavatn, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slík minni háttar vötn sem ekki hafa stöðugt afrennsli ofanjarðar svo sem hér segir, enda sé ekki önnur lögmæt skipun á gerð. Um hveri, laugar og ölkeldur gilda þó þær takmarkanir að landeiganda er óheimilt að spilla slíkum náttúrufyrirbærum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti nema það sé nauðsynlegt talið til varnar því landi eða landsnytjum að fengnu leyfi Orkustofnunar.

b. 4. mgr. orðast svo:

Nú verður breyting á farvegi, vatnsflæði eða vatnsmagni af völdum náttúrunnar eða þriðja manns, og verður þeim mein að sem land eiga að, og skal þeim þá rétt að færa vatnið í samt lag en gera skal það innan árs frá lokum þess árs er breytingin varð. Ef til þess þarf afnot af annarri landareign eru þau heimil að fengnu leyfi Orkustofnunar en þá getur eigandi þeirrar fasteignar krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem verkið bakar honum. Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur getur ráðherra heimilað eignarnám í þessu skyni.

c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Minni háttar vötn.*

11. gr.

10. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Aðgangsröð að vatni á landareign.

Aðgangsröð að vatni er þessi eftir mikilvægi:

1. heimilisþörf,
2. búsþörf,
3. þörf atvinnurekstrar á landareigninni, annars en búrekstrar, svo sem iðnaðar og iðju,
4. áveituþörf,
5. orkuþörf.

12. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Réttur til vatnstöku til heimilis- og búsþarfa og til sunds og baða.

Öllum er heimilt að taka vatn til heimilisþarfa og bús þar sem landeiganda er meinlaust, svo og að nota vatn til sunds og baða, enda fari það eigi í bága við lög, samþykktir eða annað lögmætt skipulag.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 3. mgr. fellur brott.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Vatnstaka á eigin landareign.*

14. gr.

13. gr. laganna fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Frágangur brunna og annarra vatnsgeyma.*

15. gr.

14. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skylda til þátttöku í vatnsveitu, áveitu, vatnsmiðlun eða vörnum gegn vatnságangi.

Nú eiga menn fasteign í sameign og vill meiri hluti stofna til vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa á eigninni, koma þar á fót samáveitu, stofna til vatnsmiðlunar eða verjast ágangi vatns og getur þá sá eða þeir sem eiga meiri hluta fasteignarinnar ákveðið að ráðast í framkvæmdir, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í kostnaði öllum af þeim ef talið verður að fasteigninni muni verða meira hagræði af framkvæmdunum en kostnaðinum nemur.

16. gr.

15. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Leyfi til að skilja vatnsréttindi frá landareign og skipting vatnsréttinda við sölu hluta landareignar.

Ekki má skilja við landareign vatnsréttindi til heimilis- og búsþarfa nema með leyfi Orkustofnunar.

Nú eru vatnsréttindi framseld án þess að eignarréttur að landareign sé jafnframt framseldur og fer þá um réttarvernd þeirra samkvæmt ákvæðum þinglýsingalaga er varða fasteignir.

Nú er framseldur hluti landareignar sem liggur að vatni eða á og eru vatnsréttindi innifalin í kaupunum nema öðruvísi sé kveðið á um. Þó skal sá hluti landareignar sem eftir stendur hafa næg vatnsréttindi til að fullnægja heimilis- og búsþörfum og næg og endurgjaldslaus landsafnot til hagnýtingar þeim.

Ef sameignarlandi er skipt skulu hverjum eignarhluta fylgja, svo sem frekast er kostur, næg vatnsréttindi til að fullnægja heimilis- og búsþörfum og næg og endurgjaldslaus landsafnot til hagnýtingar þeim.

17. gr.

16. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Ráðstöfunarheimildir opinberra aðila.

Ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu þeirra er óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti rétt til umráða og hagnýtingar á því vatni sem hefur að geyma virkjanlegt afl umfram 10 MW.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að framselja réttindi til ríkis, sveitarfélags eða félags sem er alfarið í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og er sérstaklega stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.

Ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu, sbr. 2. mgr., er heimilt að veita tímabundið afnotarétt að réttindum skv. 1. mgr. Handhafi tímabundins afnotaréttar skal eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.

Við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur skal gæta jafnræðis. Þá skal gæta þess að ákvörðunin stuðli að hagkvæmri nýtingu auðlindanna og fjárfestinga í mannvirkjum.

Forsætisráðherra skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 3. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.

18. gr.

17. gr. laganna fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju.*

19. gr.

18. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Ef vatn er of lítið til að fullnægja þörfum skv. 17. gr.

Nú er vatn of lítið til að fullnægja þeim þörfum sem í 17. gr. segir og á þá hver sú landareign sem tilkall hefur til þess vatns sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Um rétthæð einstakra vatnsnota vísast til 10. gr.

Ef vatn sem veitt er um sömu veitutæki er notað til að fullnægja fleiri en einni af þeim þörfum sem í 1. mgr. segir skal fara um það vatn sem það væri allt haft til að fullnægja rétthæstu þörfinni.

20. gr.

19. gr. laganna fellur brott.

21. gr.

24. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

25. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Heimild sveitarstjórnar til vatnsveitugerðar.

Sveitarstjórn er rétt að taka það vatn sem hún þarf til vatnsveitu úr brunnum, uppsprettum eða vötnum í landareignum annarra manna, enda séu þær ekki sviptar því vatni sem þeim er metið nauðsynlegt til þeirra þarfa sem í þessum kafla getur, nema þeim sé séð fyrir því með öðrum hætti, þeim ekki óhagfelldari.

Rétt er eiganda eða öðrum rétthafa þeirrar landareignar sem vatn er tekið úr skv. 1. mgr. að leggja til sín og á sinn kostnað vatnsæðar úr vatnsveitu sveitarfélagsins, enda greiði hann aukakostnað af því, nema öðruvísi semji.

Haga skal vatnsveitu svo að spjöll verði sem minnst vegna hennar. Ef spjöll verða skal bæta þau að fullu.

23. gr.

26. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skylda landeiganda til að láta af hendi land og landsafnot til vatnsveitugerðar.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot hvar sem er og hvenær sem er í þarfir vatnsveitu sveitarfélags, svo og mannvirki, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir.

Ef nauðsynlegt þykir til þess að koma í veg fyrir mengun vatns sem tekið er til vatnsveitu handa sveitarfélagi, þá er mönnum jafnskylt að láta af hendi land og láta í té landsafnot og mannvirki, svo og að þola eignarkvaðir, óhagræði og takmarkanir sem í 1. mgr. segir, gegn fullum bótum.

24. gr.

27. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Eignarnámsheimild o.fl.

Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur vegna þeirra þarfa sem greinir í 25. og 26. gr. getur ráðherra heimilað eignarnám.

Um vatnsveitur sveitarfélaga fer að öðru leyti samkvæmt lögum sem um þær gilda á hverjum tíma.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Nú vilja aðrir en sveitarfélög koma sér upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum sínum á vatni skv. 17. gr. og geta þá eigendur þeirra fasteigna sem nota ætla vatnsveituna gert með sér félag er nefnist vatnsveitufélag. Um félagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem fyrirmæli þessa kafla taka ekki til þess.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. 3. mgr. orðast svo:

   Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 25.–27. gr. og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga eftir því sem við getur átt.

d. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Vatnsveitufélag.*

26. gr.

30. gr. laganna fellur brott.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Orðin „eftir mati, nema samkomulag verði“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.

b. 2. mgr. orðast svo:

   Eigandi fasteignar eða annar rétthafi má gera brunn eða annað vatnsból í landi annars manns ef svo er ástatt sem í 1. mgr. segir.

c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Réttur til þess að afla sér vatns af fasteign annars manns.*

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Beita má ákvæðum 2. mgr. 25. gr. ef vatn er tekið skv. 1. mgr. þessarar greinar.
c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Taka vatns af fasteign annars manns í vatnsveitu til þarfa eigin fasteignar skv. 17. gr.*

29. gr.

33. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Eignarnámsheimild.

Náist ekki samningar um framkvæmdir og/eða bætur vegna þeirra þarfa sem greinir í 31. og 32. gr. getur ráðherra heimilað eignarnám.

30. gr.

34. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Síðari þátttaka í vatnsveitu.

Hverjum þeim sem ekki hefur í öndverðu tekið þátt í vatnsveitu samkvæmt þessum kafla er rétt að gera það síðar, enda verði það metið að vatn sé til þess nægilegt og að það valdi eiganda veitunnar ekki verulegu óhagræði að öðru leyti. En hlíta skal hann þeim ákvæðum sem sett eru eða sett verða um notkun vatnsins og meðferð veitunnar. Svo skal hann og greiða endurgjald fyrir vatnsnotin.

31. gr.

35. gr. laganna fellur brott.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „(15. gr. a–b)“ kemur: sbr. 1.–3. tölul. 10. gr.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Hagnýting vatns í áveituskyni.*

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. Lokamálsliður greinarinnar fellur brott.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Ef merkivötn skilja landareignir.*

34. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „(15. gr. a–b)“ í 1. málsl. kemur: sbr. 1.–3. tölul. 10. gr.
b. 2. málsl. fellur brott.
c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Réttur til áveitu fylgir landareign.*

35. gr.

39. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Aðgangur að vatni og landi annars manns til áveituþarfa.

Nú er ekki nógu mikið, nógu gott eða nógu auðtekið vatn fyrir hendi innan landareignar til áveitu á hana sjálfa og er þá eiganda hennar eða öðrum rétthafa rétt að krefjast áveituvatns eftir þörfum úr öðrum landareignum, með þessum takmörkunum:

1. að enginn sé fyrir það sviptur vatni til þarfa skv. 17. gr. né neinum bakaðir óhæfilegir erfiðleikar um útvegun slíks vatns, né því spillt fyrir neinum svo að veruleg óþægindi séu að,
2. að ekki þurfi að nota sama vatn til áveitu á þá landareign sjálfa sem vatnið er tekið í, nema arður af notkun þess til áveitu þar yrði mun minni en arður af notkun þess til þeirrar áveitu utan landareignarinnar sem vatnsins er krafist til.

Ef taka vatns er heimil samkvæmt þessari grein en talið er að af henni stafi auknir erfiðleikar um útvegun vatns til þarfa skv. 17. gr. eða spjöll á því vatni eða skaði að vatnstökunni að öðru leyti þá skulu koma fullar bætur fyrir.

Með sama hætti og greinir í 1. mgr. eru manni heimil afnot af landi annars manns til að koma upp, halda við eða starfrækja áveitu. Ef tjón það sem verkið í heild sinni bakar öðrum en áveitueiganda er metið mun minna en hagnaður sá sem áveitueigandi hefur af því, og ekki er talið hallkvæmara að framkvæma verkið með öðrum hætti en til er stofnað, skulu landsafnotin heimiluð, en meta skal fullar bætur fyrir.

Ef ekki nást samningar um framkvæmd og/eða bætur samkvæmt þessari lagagrein getur ráðherra heimilað eignarnám.

36. gr.

40. gr. laganna fellur brott.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

   Nú telur einhver sér mein að áveitu annars manns og samkomulag næst ekki og getur þá sá er telur sig verða fyrir skaða krafist bóta. Nú verður talið að skaði sé að áveitunni fyrir viðkomandi, en þó mun minni þeim hag sem hinn hefur af henni, og skal áveitan þá engu síður heimil, en fullar bætur koma fyrir.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Ef ekki nást samningar um framkvæmd og/eða bætur skv. 2. mgr. getur ráðherra heimilað eignarnám.

c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Tillitsskylda.*

38. gr.

42. gr. laganna fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Áveitufélag.*

39. gr.

43. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Óhagræði eða takmarkanir vegna samáveitu.

Þegar löggilt áveitusamþykkt hefur verið sett eru allir landeigendur og aðrir rétthafar á því svæði sem áveitunni er ætlað að ná til skyldir að leyfa landsafnot til mannvirkja er áveituna varða, svo sem land undir skurði og efni úr landinu, hvort sem er grjót eða önnur jarðefni,

í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o.s.frv., og yfir höfuð að þola allar þær kvaðir, óhagræði eða takmarkanir sem áveitan hefur í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir. Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur getur ráðherra heimilað eignarnám í þessu skyni.

40. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. Lokamálsliður greinarinnar fellur brott.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Kostnaður af samáveitu.*

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Ef einhver vill gerast þátttakandi í samáveitu eftir að henni hefur verið komið á, með þeim hætti að hann fái vatn til áveitu á land sitt, þá á hann rétt til þess verði það talið bagalaust.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Síðari þátttaka í samáveitu.*

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. 2. og 3. mgr. falla brott.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Nánar um kostnað af samáveitu.*

43. gr.

47. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Lögveð til handa áveitufélagi.

Greiði eigandi einhverrar þeirrar landareignar sem áveita á að ná til samkvæmt samþykkt ekki hlutdeild sína í sameiginlegum kostnaði eignast áveitufélag lögveð í fasteign hans til tryggingar kröfunni. Lögveðið nær einnig til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfunni ef því er að skipta.

44. gr.

48. gr. laganna fellur brott.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fallvatn“ í 2. mgr. kemur: vatnsfall.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Orkunýtingarréttur landeiganda.*

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna:

a. Orðin „enda séu ekki gerðar skemmdir á landi annarra manna um nauðsyn fram“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. 3. mgr. orðast svo:

   Ef nauðsyn þykir á vera getur ráðherra heimilað eignarnám.
c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Heimild til framkvæmda.*

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „rennsli“ í 2. mgr. kemur: vatnsflæði.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Merkivötn skilja fasteignir.*

48. gr.

52. gr. laganna fellur brott.

49. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Nú eiga menn í félagi, í öðrum tilvikum en þegar merkivötn skilja fasteignir, tilkall til orku úr sama vatnsfalli og verða þeir ekki ásáttir hvernig það skuli notað til orkuvinnslu og getur þá ráðherra með eignarnámi heimilað að þeir sem eiga tilkall til meira en helmings vatnsorkunnar, talinnar eftir vatnsflæði og fallhæð, leysi til sín tilkall minni hlutans.
b. Í stað orðsins „fallvatnsins“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: vatnsfallsins.
c. Í stað tilvísunarinnar „samkvæmt 1. lið“ í 2. mgr. kemur: skv. 1. mgr.
d. 3. mgr. fellur brott.
e. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Ef menn eiga tilkall til orku úr sama vatnsfalli án þess merkivötn skilji að fasteignir.*

50. gr.

67. gr. laganna, sem flyst í VI. kafla laganna, orðast svo ásamt fyrirsögn:

Mannvirki varðar tvær fasteignir.

Nú vill eigandi annars vatnsbakka merkivatns gera mannvirki í vatni til vatnsnýtingar, þ.m.t. orkunýtingar, og þarf að nota til þess land hinum megin og skal hann þá bjóða eiganda þess lands að gera mannvirki með sér og nota vatnið að réttri tiltölu.

Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í mannvirkjagerð og getur ráðherra þá heimilað eignarnám til afnota af landi hans til að framkvæma verkið og nota vatnið.

51. gr.

68. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Stíflugerð til vatnsmiðlunar.

Leita skal leyfis Orkustofnunar til vatnsmiðlunar eða breytinga á henni ef flatarmál miðlunarlóns að því loknu er 1.000 fermetrar eða stærra við hæstu vatnsstöðu. Framkvæmdaraðili skal láta fylgja með umsókn sinni til Orkustofnunar fullnægjandi gögn um undirlag, gerð og frágang fyrirhugaðrar stíflu. Gildir það einnig ef miðlunarlón er minna en 1.000 fermetrar og stífluframkvæmdin tilkynningarskyld skv. 144. gr. Ef framkvæmd vatnsmiðlunar er liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skal miðlunarleyfið talið hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög.

Ráðherra getur heimilað eignarnám ef þörf krefur í þágu framkvæmdar samkvæmt grein þessari.

Leyfi skv. 1. mgr. fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan þriggja ára frá útgáfu þess.

52. gr.

69.–74. gr. laganna falla brott.

53. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna orðast svo: **Mannvirkjagerð, miðlun vatns, varnir lands, þurrkun o.fl.**

54. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VII. kafla laganna:

a. 75. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

Breyting á vatnsfarvegi.

Heimilt er fasteignareiganda og vatnafélögum, að fengnu leyfi Orkustofnunar og eftir atvikum leyfi Fiskistofu skv. V. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynleg eru í því skyni að verja land eða landsnytjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns. Heimilt er að binda leyfið skilyrðum sem þykja nauðsynleg vegna almannahagsmuna.

Heimilt er viðeigandi stjórnvaldi hverju sinni að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr., að fengnu leyfi Orkustofnunar, enda sé það gert til að verja fasteignir eða önnur mannvirki sem varða almannaheill.

Nú þarf sá sem ætlar að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. eða stjórnvald skv. 2. mgr. afnot af fasteignum annarra manna í þessu skyni og getur þá ráðherra veitt heimild til eignarnáms ef ekki semst með aðilum.

Um varnir gegn ágangi vatna fer að öðru leyti samkvæmt gildandi lögum um varnir gegn landbroti.

b. 76. og 77. gr. falla brott.

c. Greinar kaflans flytjast í VI. kafla laganna.

d. Fyrirsögn kaflans fellur brott.

55. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VIII. kafla laganna:

a. 78. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

Heimild manns til að veita vatni af fasteign sinni.

Maður má veita bagalegu vatni af landi sínu í rásir og farvegi, þó að mein verði að á landi því er við tekur, enda megi hann ekki losna við það með öðrum hentugum hætti. Með sama skilorði má maður og veita vatni í skurði í landi annarra eða grafa þar skurði í því skyni, en jafnan skal þá skurðum svo langt fram haldið að ekki verði verulegt tjón á landi annarra manna. Bæta skal tjón sem hlýst af veitunni, en taka skal þó til greina gagn þeirra sem krefjast bóta af skurðum.

Við framkvæmdir skv. 1. mgr. skal forðast að raska tjörnum og vötnum.

Ef skurðir um landareign annars manns eru honum einnig til gagns er honum skylt að taka þátt í kostnaði af skurðgreftri og viðhaldi skurðanna.

Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur samkvæmt þessari lagagrein getur ráðherra heimilað eignarnám.

b. 79. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

Niðurlagning mannvirkis.

Niðurlagning mannvirkis samkvæmt þessum kafla, þ.m.t. stöðvun á viðhaldi, er háð samþykki Orkustofnunar. Við niðurlagningu skal umhverfið fært eins og kostur er til fyrra horfs. Eigandi mannvirkis skal leggja áætlun um niðurlagningu fyrir Orkustofnun til samþykktar þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig verkið verði framkvæmt.

Orkustofnun getur sett þau skilyrði fyrir leyfi sem eru nauðsynleg til að koma í veg fyrir hættu eða tjón fyrir einstaklinga og almenning.

c. 80. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

Aðgæsluskylda.

Mannvirki og framkvæmdir allar samkvæmt lögum þessum skal gera þannig úr garði að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns nema honum sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum.

d. 81. og 82. gr. falla brott.

e. Greinar kaflans flytjast í VI. kafla laganna.

f. Fyrirsögn kaflans fellur brott.

56. gr.

83. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Bann við óhreinkun vatna.

Óheimilt er að menga vötn eða láta í þau eða svo nærri þeim að hætt sé við að í þau berist efni, hlutir og lífverur sem spilla mundu eðlis- eða efnaástandi vatnsins, lífríki þess og nánasta umhverfi.

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá banni 1. mgr. í samræmi við lög þar að lútandi.

Undanþágu skv. 2. mgr. má taka aftur bótalaust hvenær sem er eða breyta skilyrðum, ef nauðsynlegt er með tilliti til hagsmuna almennings eða einstakra manna.

Nýja undanþágu þarf til hverrar þeirrar breytingar sem frekari spjöll geta af hlotist, þótt áður hafi verið veitt undanþága skv. 2. mgr.

57. gr.

84. og 85. gr. laganna falla brott.

58. gr.

99. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Stofnun vatnafélaga.

Heimilt er fasteignareigendum að stofna félag um vatnsveitu, áveitu, vatnsorkuvinnslu, vatnsmiðlun, varnir við ágangi vatns eða annað sem lögmætan tilgang hefur samkvæmt lögum þessum.

59. gr.

100. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Stofnfundarboð.

Þeir fasteignareigendur sem stofna vilja vatnafélag skv. 99. gr. skulu boða til stofnfundar eigendur, og eftir atvikum aðra rétthafa, þeirra fasteigna sem ætla má að aðild gætu átt að félaginu. Komi til löglegrar stofnunar félagsins telst kostnaður allur af fundarboði, fundarhaldi, uppdráttum að fyrirhuguðum framkvæmdum og mannvirkjum o.s.frv. til stofnkostnaðar.

60. gr.

101. gr. laganna fellur brott.

61. gr.

102. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Efni samþykktar.

Þegar ákveðið hefur verið að stofna félag skal samþykkt þess sett svo fljótt sem unnt er. Í samþykkt skulu vera ákvæði um:

1. nafn félags, heimilisfang þess og varnarþing,
2. verkefni félags,
3. skipun félagsstjórnar, hversu fjölmenn hún skuli vera, hvernig skuli kjósa hana, hvert vald hennar skuli vera og starfssvið, ef stjórn er skipuð fleiri mönnum en einum, hve langan tíma kjör skuli gilda,
4. eigendur hvaða fasteigna taki þátt í félaginu, sem og aðrir rétthafar, og um atkvæðisrétt á félagsfundum,
5. reikninga og bókhald félagsins og endurskoðun,
6. hvernig boða skuli til félagsfunda, hvenær þeir teljist lögmætir, hvaða mál þeir skuli úrskurða og hvert vald þeir hafi að öðru leyti,
7. hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess sem félagsskapurinn hefur í för með sér,
8. hvaða kvaðir eða eignarhöft leggjast á fasteignir þær sem þátt taka í félagsskapnum,
9. félagsgjöld og hvernig þau verði ákveðin,
10. hvaða reglum skuli eftir farið ef breyta á samþykktum félagsins,
11. inntöku nýrra félaga, sbr. 110. gr.,
12. heimild til úrsagnar úr félagi, sbr. 111. gr.,
13. hvernig fara skuli um félagsslit, hvert atkvæðamagn þurfi til þeirra og hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins.

Í samþykktum skal kveðið svo á að afl atkvæða ráði úrslitum. Ef sérstök ástæða þykir til má ákveða í samþykkt að aukinn meiri hluta þurfi til ákvörðunar um einstök félagsmálefni, önnur en þau sem sérstaklega er um mælt í lögum þessum.

Gildi samþykkta vatnafélags er háð staðfestingu iðnaðarráðherra.

62. gr.

103.–109. gr. laganna falla brott.

63. gr.

110. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Nýir félagar.

Rétt er að taka nýja menn í félag ef lögmætur félagsfundur samþykkir.

Hverjum þeim sem ekki hefur í upphafi tekið þátt í vatnsveitufélagi eða áveitufélagi í þeim tilgangi sem tilgreindur er skv. 29. gr. og 42. gr. er heimilt að gera það síðar, enda liggi fasteign hans með þeim hætti að þátttaka hans valdi ekki verulegu óhagræði.

Ef veruleg breyting verður á skyldum félaga vegna töku nýrra félagsmanna eða verkefni félaga breytist verulega fyrir þá sök skal fara með málið sem breytingar á samþykktum félagsins.

Nú bætist nýr aðili í félag og skal hann þá greiða að sínum hluta og frá þeim tíma hlutdeild í stofnkostnaði þau gjöld sem á félögum hvíla og með sama hætti sem aðrir félagar nema öðruvísi semji. Kosta skal hann sjálfur þær framkvæmdir sem eru nauðsynlegar sérstaklega hans vegna til þess að geta notað mannvirki félagsins.

64. gr.

111. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Úrsögn úr félagi og ábyrgð á skuldum.

Félagi getur sagt sig úr vatnafélagi og skal hann þá fá greiddan stofnkostnað sinn að því leyti sem verðmæti hlutar hans er meira en nemur kostnaði og tjóni af brottför hans.

Ef félagi segir sig úr félagi ábyrgist hann þau gjöld sem á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum félagsins til þess tíma er hann fer úr félaginu.

Eignir félags standa fyrir skuldum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð umfram löglega ákveðna hlutdeild sína í félaginu.

65. gr.

112. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Slit félags.

Félagi skal slíta:

1. ef félagar samþykkja það samkvæmt fyrirmælum samþykktar félags,
2. ef félagar eru aðeins tveir og annar krefst þess,
3. ef það kemur síðar í ljós að ekki er unnt að ná því takmarki sem félag setti sér eða það er svo miklum örðugleikum bundið að erfitt þykir að halda félagsskapnum áfram.

Ef helmingur félaga eða meira krefst þess er skylt að kjósa skilanefnd til að standa fyrir skiptum félags og fer um vald hennar sem skilanefndar við slit hlutafélags.

Ef eignir félags hrökkva ekki fyrir skuldum skal því sem á vantar skipt á félaga að réttri tiltölu við félagsgjöld hvers um sig, eins og þau hafa verið ákveðin samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu félagsákvæði. Hver félagi ábyrgist einungis sinn hluta.

Um skiptin fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl.

66. gr.

113. og 114. gr. laganna falla brott.

67. gr.

115. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Heimild til að fara um vötn og til afnota af vatnsbökkum.

Öllum er heimil för, þ.m.t. á farartækjum, um vötn, einnig á ísi, með þeim takmörkunum sem lög kveða á um. Umhverfisráðherra getur í reglugerð sett takmarkanir við umferð vélknúinna báta og annarra vélknúinna farartækja um vötn og vatnasvæði.

Allir sem fara um vötn eða nota þau til sunds og baða hafa rétt til þeirra afnota af vatnsbökkum sem eru nauðsynleg vegna umferðar um vötn en gæta skulu þeir varkárni og forðast að valda skemmdum á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatni eða við það.

68. gr.

116. gr. laganna fellur brott.

69. gr.

117. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Aðgæsluskylda og bætur fyrir tjón vegna umferðar um vötn.

Öllum sem nota vötn til umferðar er skylt að gæta þess að gera sem minnstar skemmdir á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatni eða við það.

Eigendur landareigna eða aðrir rétthafar eiga rétt til bóta fyrir tjón sem umferð á vatni veldur beinlínis á landi við vatnið eða á löglega gerðum og vel viðhöldnum mannvirkjum í vatni eða við það, svo og á löglega settum veiðitækjum, enda þótt tjónið sé hvorki að kenna ásetningi né ógætni. Bætur greiðast ekki fyrir tjón af því, þótt mannvirki þau sem fyrir skemmdum hafa orðið verði ekki notuð, nema tjón beri að bæta samkvæmt almennum skaðabótareglum.

70. gr.

118.–120. gr. laganna falla brott.

71. gr.

131.–138. gr. laganna falla brott.

72. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla laganna fellur brott.

73. gr.

139. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Eignarnám.

Eignarnám sem ráðherra heimilar samkvæmt lögum þessum getur tekið til vatnsréttinda, lands, mannvirkja, aðstöðu og annarra réttinda landeiganda. Ávallt skal þess freistað að ná samkomulagi við landeiganda eða rétthafa áður en til eignarnáms kemur.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli laga þessara fer eftir almennum reglum.

74. gr.

140. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Endurgjald.

Við ákvörðun eignarnámsbóta skal koma til frádráttar sérhagur viðkomandi fasteignar af framkvæmdum. Að öðru leyti fer um endurgjald fyrir eignarnumin réttindi eftir almennum reglum.

75. gr.

141. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Bótaákvæði.

Eigandi mannvirkis við vatn, eða sá sem stendur fyrir framkvæmdum við vatn, ber ábyrgð á tjóni sem af framkvæmdunum hlýst án tillits til þess hvort tjón verði rakið til saknæmrar háttsemi eða ekki:

1. ef ráðist er án leyfis í framkvæmdir sem eru leyfisskyldar samkvæmt lögum þessum,
2. ef staðið er þannig að framkvæmdum að ekki fullnægi áskilnaði 80. gr.,
3. ef brestur verður á viðhaldi mannvirkis.

Leyfi til framkvæmdar sem valdið getur umtalsverðu tjóni má binda því skilyrði að framkvæmdaraðili leggi fram tryggingu vegna hugsanlegrar bótaábyrgðar.

76. gr.

142. gr. laganna fellur brott.

77. gr.

Fyrirsögn XV. kafla laganna orðast svo: **Eignarnám og bætur.**

78. gr.

143. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Yfirstjórn.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum nema öðruvísi sé fyrir mælt í þeim.

Orkustofnun fer með stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem þau mæla ekki fyrir um annað. Orkustofnun er iðnaðarráðherra, umhverfisráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um vatnsnýtingu og vatnamál á verksviði stofnunarinnar.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem eru teknar á grundvelli laga þessara sæta kæru til iðnaðarráðherra.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn umhverfis- og vatnsverndar samkvæmt lögum þessum. Umhverfisráðherra er heimilt að fela Umhverfisstofnun stjórnsýslu þar að lútandi. Stjórnvaldsákvarðanir Umhverfisstofnunar sem eru teknar á grundvelli laga þessara sæta kæru til umhverfisráðherra.

79. gr.

144. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tímafrestir vegna leyfisveitinga og tilkynningarskylda.

Ef um leyfisskylda framkvæmd samkvæmt lögum þessum er að ræða skal ákvörðun viðkomandi stjórnvalds um að veita leyfi eða synja leyfis liggja fyrir innan átta vikna frá því að tilkynning um fyrirhugaða framkvæmd barst stjórnvaldinu.

Skylt er að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir sem er fyrirhugað að ráðast í og tengjast vatni og vatnafari, þar á meðal framkvæmdir sem ekki eru sérstaklega leyfisskyldar samkvæmt þessum lögum eða öðrum.

Ekki er þó skylt að senda tilkynningu skv. 1. mgr. þegar Fiskistofu er send skrifleg umsókn um framkvæmd í eða við veiðivatn skv. V. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Fiskistofa skal þegar henni berst umsókn um leyfi fyrir framkvæmdum þegar í stað senda Orkustofnun afrit af öllum slíkum umsóknum.

Orkustofnun er heimilt að setja skilyrði fyrir starfsemi og framkvæmdum sem taldar eru nauðsynlegar af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að framkvæmdir eða starfsemi geti spillt þeirri nýtingu sem fram fer í eða við vatn eða möguleikum á að nýta vatn síðar. Slík skilyrði skulu vera í samræmi við markmið laganna, reglugerðir og vatnastjórnunaráætlun samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Heimild Orkustofnunar til þess að setja slík skilyrði nær þó ekki til starfsemi og framkvæmda á friðlýstum svæðum sem háðar eru leyfi Umhverfisstofnunar.

Orkustofnun skal gera tilkynningarskyldum aðila grein fyrir því innan fjögurra vikna frá því að tilkynning barst stofnuninni hvort hún hyggst banna tilkynntar framkvæmdir, setja skilyrði fyrir þeim skv. 4. mgr. eða gera aðrar athugasemdir við framkvæmdir þær sem tilkynntar hafa verið. Berist athugasemdir Orkustofnunar ekki tilkynningarskyldum aðila innan frestsins skal líta svo á að engar athugasemdir séu gerðar við fyrirhugaðar framkvæmdir. Ákveði Orkustofnun að setja tilkynningarskyldum aðila skilyrði skv. 4. mgr. skal ákvörðun liggja fyrir innan fjögurra vikna frá lokum fjögurra vikna frests samkvæmt þessari málsgrein.

Iðnaðarráðherra skal í reglugerð, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, setja nánari fyrirmæli um framkvæmd tilkynningarskyldu, útfærslu skilyrða sem setja má fyrir framkvæmdum og önnur atriði samkvæmt þessari grein.

80. gr.

145. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Eftirlit og úrræði.

Sé leyfisskyld framkvæmd samkvæmt lögum þessum hafin án leyfis getur viðkomandi stjórnvald stöðvað hana tafarlaust. Sama á við ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu samkvæmt lögum þessum. Ef staðið er þannig að framkvæmd eða starfsemi að ekki samrýmist lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða útgefnu leyfi skal viðkomandi stjórnvald veita framkvæmdaraðila skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef þá er ekki farið að fyrirmælum er heimilt að stöðva framkvæmd eða starfsemi og beita dagsektum þar til úr hefur verið bætt. Dagsektir geta numið 10.000–500.000 kr. Við ákvörðun dagsekta skal tekið tillit til eðlis vanrækslu eða brots og þeirra hagsmuna sem eru í húfi. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt þeim sem hún beinist að á sannanlegan hátt. Dagsektir renna í ríkissjóð.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða stjórnvöld við aðgerðir skv. 1. mgr.

Heimilt er leyfisveitanda að afturkalla leyfi sem gefið er út samkvæmt lögum þessum ef um ítrekaða vanrækslu leyfishafa er að ræða eða ljóst er að hann getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu.

Heimilt er að mæla fyrir um að sá sem staðið hefur að óheimilum framkvæmdum skv. 1. eða 3. mgr. fjarlægi mannvirki og færi umhverfið til fyrra horfs. Ef slíkri skyldu er ekki sinnt innan þeirra tímamarka sem stjórnvöld ákveða er heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins brotlega. Skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða úr ríkissjóði en innheimtur síðar hjá hlutaðeigandi.

Áður en gripið er til úrræða skv. 3. mgr. og 4. mgr. skal veita skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

Dagsektir skv. 1. mgr. og krafa um endurgreiðslu kostnaðar skv. 4. mgr. eru aðfararhæfar.

81. gr.

146. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gjaldtaka.

Fyrir leyfi sem stjórnvöld veita á grundvelli þessara laga og fyrir eftirlit sem þeim er falið er heimilt að innheimta gjald. Gjaldið skal vera í samræmi við gjaldskrá sem staðfest skal af viðkomandi ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjald skv. 1. mgr. má ekki vera hærra en nemur kostnaði við undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar þjónustu, útgáfu leyfis og eftirlit.

82. gr.

147.–150. gr. laganna falla brott.

83. gr.

Fyrirsögn XVI. kafla laganna orðast svo: **Stjórnsýsla.**

84. gr.

151. og 152. gr. laganna falla brott.

85. gr.

Fyrirsögn XVII. kafla laganna fellur brott.

86. gr.

153. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta fyrir brot á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans.

87. gr.

154. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Reglugerðir.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um starfrækslu vatnafélaga.

Á sama hátt er umhverfisráðherra heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að því leyti sem stjórnsýsla samkvæmt þeim er undir hann sett.

88. gr.

Fyrirsögn XVIII. kafla laganna orðast svo: **Ýmis ákvæði.**

89. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2011. Vatnalög, nr. 20/2006, með síðari breytingum, taka ekki gildi og falla niður við gildistöku laga þessara. Við gildistöku laga þessara falla jafnframt úr gildi lög nr. 31/ 2007, um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti.

Vatnafélög sem starfrækt eru við gildistöku laga þessara skv. XI. kafla laga nr. 15/1923 skulu laga starfsemi sína að lögum þessum fyrir 1. janúar 2012.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan iðnaðarráðherra og á sér nokkurn aðdraganda svo sem nánar verður rakið hér á eftir. Að gerð frumvarps þessa komu Ástráður Haraldsson, hrl. og dósent við lagadeild Háskólans á Bifröst, Karl Axelsson, hrl. og dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur hjá Samtökum atvinnulífsins, áður skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu, Ingvi Már Pálsson, lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu, og Dýrleif Kristjánsdóttir hdl. Efnisskipan athugasemda við frumvarp þetta er með þeim hætti að í inngangi í I. kafla og í II. kafla um endurskoðun vatnalaga hér á eftir verður fjallað almennt um málaflokkinn, löggjafarþróun og réttarframkvæmd frá öndverðu til okkar daga. Í III. kafla verður nánari grein gerð fyrir efni og framsetningu gildandi vatnalaga, nr. 15/ 1923, en í IV. kafla athugasemdanna verður vikið að þeirri leið sem hér er lögð til með því að vatnalög, nr. 15/1923, haldi enn um sinn gildi sínu en að á þeim verði gerðar nauðsynlegar breytingar.

I. Inngangur.

Deilur hér á landi um vatn, vatnsnot og vatnsréttindi eru ekki nýjar af nálinni og spanna nú a.m.k. heila öld. Í bændasamfélagi fyrri tíma stóðu menn hins vegar lengst af frammi fyrir tiltölulega fábreyttum vandamálum vegna auðlindanýtingar. Hér var stundaður landbúnaður

og fiskveiðar í sjó sem höfðu ekki í för með sér deilur með tilliti til nýtingar og vatnsréttinda, nema að takmörkuðu leyti.

Segja má að upphaf tuttugustu aldar marki vatnaskil hvað þetta varðar þegar augu manna tóku að opnast fyrir þeim verðmætum sem fólust í fallvötnum landsins. Þessi áhugi kristallaðist í þeim átökum sem urðu í aðdraganda að setningu vatnalaga árið 1923 og að nokkru leyti aftur á Alþingi í aðdraganda að setningu nýrra vatnalaga, nr. 20/2006. Umræða og átök 20. aldar vegna auðlinda og auðlindanýtingar hafa svo eins og kunnugt er snúið að fleiri auðlindum en þeim jarðrænu. Er nærtækt í því sambandi að nefna til sögunnar fiskveiðiauðlindina og þær deilur sem staðið hafa um nýtingu hennar.

Ágreiningur hefur verið um hvað skuli leggja til grundvallar í umræðunni. Flutningsmenn þess frumvarps sem varð að lögum nr. 20/2006 héldu fram að þróun síðustu áratuga hafi í sívaxandi mæli styrkt einkaréttarleg sjónarmið. Andstæðingar frumvarpsins sögðu á hinn bóginn að afstaða til vatnsréttinda væri að breytast í þá átt að draga úr slíkum áherslum en þess í stað að styrkja almannarétt og að litið væri á vatn sem mannréttindi sem væri sameign.

Vatn er ein af undirstöðum lífs á jörðinni. Áratugurinn 2005–2015 er alþjóðlegur áratugur aðgerða í vatnsmálum á vegum Sameinuðu þjóðanna undir yfirskriftinni „Vatn fyrir lífið“. Á alheimsvísu fer þörfin fyrir vatn vaxandi og víða er skorts farið að gæta enda er vatn ekki ótakmörkuð auðlind. Ísland er auðugt að vatni, bæði að magni og gæðum. Ábyrgð þeirra sem landið byggja er mikil að fara vel með auðlindina og umgangast hana af virðingu þannig að svo verði áfram. Sjálfbær nýting vatns með almannahagsmuni að leiðarljósi er markmið allrar lagasetningar sem tengist vatni.

II. Endurskoðun vatnalaga.

Unnið hefur verið að endurskoðun vatnalaga síðan 2001. Veturinn 2002–2003 lá fyrir í drögum efni í frumvarp til nýrra vatnalaga sem Eyvindur G. Gunnarsson, nú lektor við lagadeild HÍ, vann að tilhlutan iðnaðarráðherra. Í þeim frumvarpsdrögum var þess freistað að staðfæra eins og kostur væri gildandi vatnalög, nr. 15/1923, við nútímann. Ekki kom þó til þess að það frumvarp væri lagt fram.

II.1 Vatnalög, nr. 20/2006.

Þann 20. mars 2003 skipaði iðnaðarráðherra nefnd sérfræðinga og hagsmunaaðila undir formennsku Karls Axelssonar, hrl. og dósents við lagadeild HÍ, til þess að skila nýju frumvarpi til vatnalaga til ráðherra. Afrakstur þeirrar vinnu var lagður fram í formi frumvarps til vatnalaga á 131. löggjafarþingi en það varð ekki útrætt. Það frumvarp var síðan að lokinni nokkurri endurskoðun lagt fram á 132. löggjafarþingi og samþykkt sem lög frá Alþingi nr. 20/2006. Markmiðið með setningu þeirra laga var að samræma ákvæði gildandi vatnalaga annarri auðlindalöggjöf sem sett hafði verið á þeim tíma sem liðinn var frá gildistöku þeirra, auk þess sem talið var að einstakir kaflar og ákvæði laganna væru úrelt eða betur fyrir komið annars staðar í lögum. Þá var talið nauðsynlegt að taka stjórnsýslu vatnamála til endurskoðunar. Með lögum nr. 20/2006 er mælt fyrir um neikvæða skilgreiningu eignarréttar að vatni og vatnsréttindum og það talið leiða til einföldunar að telja ekki lengur upp með jákvæðum og næsta tæmandi hætti sérhverja heimild til vatnsnota sem fyrir hendi væri heldur ganga út frá því að öll nýting vatns sé fasteignareiganda heimil svo framarlega sem ekki eru settar við henni sérstakar skorður. Undir lögin heyrir vatn í öllum sínum myndum og birtingarformum, þ.m.t. yfirborðsvatn, grunnvatn og jarðhiti. Þá er horfið frá þeirri tilhögun að safna saman á einn stað heildarsafni allra reglna sem lúta að vatni og vatnsnotum. Reglum laganna er þannig öðru fremur ætlað að endurspegla þær meginreglur sem gilda um eignar-

hald að vatni, með tilliti til hins sérstaka eðlis þess. Reglur um stjórn og nýtingu auðlinda yrðu eftir sem áður í sérstakri auðlindalöggjöf, og heimild til raforkuvinnslu vatnsorku lyti eftir sem áður reglum raforkulaga. Reglur um rétthæð einstakra vatnsnota eru einfaldaðar. Ákvæði um vatnsveitur og áveitur eru einfölduð til muna, ákvæði um vatnsnot til iðnaðar og iðju án orkunýtingar felld út í heild sinni og ákvæði um vatnsmiðlanir, mannvirkjagerð, ráðstafanir gegn landbroti og ágangi vatns og almenn ákvæði um vatnsvirki einfölduð verulega miðað við vatnalögin frá 1923. Þá eru ákvæði um óhreinkun vatna og holræsi felld brott í heild sinni enda um þau mál fjallað í annarri löggjöf. Reglur um vatnafélög eru einfaldaðar og ekki lengur gert ráð fyrir skylduaðild að slíkum félögum enda talið að slíkt brjóti að óbreyttu í bága við fyrirmæli í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár, sbr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994. Ákvæðum um umferðarrétt og almannarétt er ætlaður sess í náttúruverndarlögum og loks er öll stjórnsýsla samkvæmt lögunum einfölduð til muna og falin Orkustofnun og iðnaðarráðherra. Þá eru ákvæði laganna um eignarnám og eignarnámsframkvæmd færð til nútímahorfs.

Bæði í aðdraganda og kjölfar vatnalaga, nr. 20/2006, var tekist á um grundvallaratriði laganna varðandi inntak vatnsréttinda. Skiptar skoðanir voru um hvort vatn væri að fullu í einkaeign á fasteignum eða hvort samfélagsleg sjónarmið ættu að vega þyngra í reglusetningu um aðgengi að vatni og ráðstöfun vatnsréttinda. Einnig var tekist á um verndarþáttinn og hvort skilja bæri með afgerandi hætti milli nýtingar og verndar eins og lögin gerðu ráð fyrir. Ágreiningurinn átti sér að ýmsu leyti samsvörun í þeim deilum sem risu í aðdraganda setningar gildandi vatnalaga í upphafi þriðja áratugar 20. aldar. Kallað var eftir heildstæðri endurskoðun vatnalöggjafar og í því sambandi einkum vísað til þess löggjafarstarfs sem fram yrði að fara í kjölfar upptöku vatnatilskipunar ESB í EES-samninginn. Við aðra umræðu um frumvarp það sem varð að vatnalögum, nr. 20/2006, náðu þingflokkar samkomulagi um að gildistöku hinna nýju vatnalaga yrði frestað til 1. nóvember 2007 og að iðnaðarráðherra skipaði nefnd sem kanna skyldi samræmi laganna við önnur þau lagaákvæði íslensks réttar sem vatn og vatnsréttindi varða, þar á meðal fyrirhugað frumvarp umhverfisráðherra til vatnsverndarlaga sem byggjast mundi á vatnatilskipun ESB.

II.2 Tillögur nefndar frá 2009 til nýrra vatnalaga.

Í janúar 2008 var framangreind nefnd skipuð og sátu í henni fulltrúar allra flokka á þingi, auk fulltrúa umhverfis- og iðnaðarráðuneyta. Var Lúðvík Bergvinsson lögfræðingur og þá alþingismaður formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði skýrslu og tillögum til iðnaðarráðherra í september 2008. Í niðurstöðum nefndarinnar kom fram að talin væri þörf á nokkurri endurbót á vatnalögunum frá 2006. Lutu tillögur nefndarinnar einkum að fimm þáttum. Í fyrsta lagi taldi nefndin nauðsynlegt að endurskoða orðalag réttindaákvæðis 4. gr. vatnalaga, nr. 20/2006, og tryggja að fullnægjandi tillit yrði tekið til hagsmuna almennings. Í öðru lagi var það mat nefndarinnar að kveða þyrfti með skýrum hætti á um þær heimildir sem rétt þætti að almenningur hefði gagnvart vatni (almannaréttur). Í þriðja lagi lagði nefndin til að markmiðsákvæði vatnalaga, nr. 20/2006, yrði endurskoðað með það í huga að það endurspeglaði betur fjölþætt hlutverk vatnalöggjafar. Í fjórða lagi áleit nefndin nauðsynlegt að mörk þeirra heimilda sem VII. kafli vatnalaga, nr. 20/2006, mælir fyrir um, þ.e. heimildir landeigenda til vatnaframkvæmda, yrðu skýrð með hliðsjón af grundvallarreglu 13. gr. laganna um forna farvegi. Í fimmta lagi lagði nefndin til að fram færi endurskoðun á stjórnsýsluákvæðum vatnalaga, nr. 20/2006, sem miðaði að því í fyrsta lagi að tryggja að við meðferð mála samkvæmt lögunum yrði litið til ólíkra hagsmuna sem við vatnsauðlindina eru tengdir; í öðru lagi að ákvæðin yrðu gerð skýrari og að betur yrði hugað að samræmi við stjórnsýsluákvæði

annarra laga á þessu sviði; og í þriðja lagi að skipulag stjórnsýslu vatnamála yrði gert heildstæðara og í því sambandi yrði tekið mið af ákvæðum vatnatilskipunar ESB. Nefndin lagði til að gildistöku vatnalaga, nr. 20/2006, yrði frestað og að skipuð yrði nefnd til að vinna að endurskoðuninni í samræmi við framangreindar tillögur.

Þann 28. október 2008 voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006, sbr. lög nr. 127/2008. Fólu þau í sér að gildistöku vatnalaga var frestað til 1. júlí 2010 en gildistöku þeirra hafði áður verið frestað til 1. nóvember 2008. Skv. 2. gr. laganna skyldi iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra og forsætisráðherra, skipa nefnd sem falið yrði að endurskoða ákvæði laganna í samræmi við fram komnar tillögur. Í ágúst 2009 skipaði iðnaðarráðherra fimm manna nefnd sem falið var að fullvinna frumvarp til nýrra vatnalaga. Var Lúðvík Bergvinsson formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði frumvarpi til nýrra vatnalaga til iðnaðarráðherra 1. desember 2009. Ákveðið var að það frumvarp þyrfti frekari umfjöllun og vinnslu, þá sér í lagi vegna ákvæða um vatnsréttindi og vatnsvernd. Á sama tíma var ákveðið að sá hluti frumvarpsins sem sneri að vatnsvernd færi inn í frumvarp sem umhverfisráðherra hafði til vinnslu um stjórn vatnamála, sbr. frumvarp þess efnis sem nú liggur fyrir Alþingi. Af þessum sökum var frumvarpið ekki lagt fram á Alþingi.

Með lögum nr. 79/2010 var gildistöku vatnalaga, nr. 20/2006, enn frestað og nú til 1. október 2011. Í greinargerð með þeim lögum kemur fram að vatnalög, nr. 15/1923, séu í gildi og verði áfram með frestun á gildistöku laga nr. 20/2006. Þau lög verði síðan leyst af hólmi með nýjum vatnalögum, byggðum á fyrrgreindu frumvarpi sem skilað var ráðherra í desember 2009. Iðnaðarráðherra hafi kynnt frumvarpsdrögin, sem nú sé unnið að í ráðuneytinu, fyrir iðnaðarnefnd ásamt minnisblaði um þau skilgreindu atriði sem þarfnist frekari skoðunar og vinnslu áður en hægt sé að leggja frumvarpið fram á Alþingi. Til að ljúka þeirri vinnu hafi iðnaðarráðherra leitað til hæstaréttarlögmannanna Karls Axelssonar og Ástráðs Haraldssonar. Þeir muni í sameiningu fara yfir frumvarpsdrögin út frá minnisblaði ráðherra í samráði við lögfræðinga ráðuneytisins og hópinn sem vann drögin.

III. Vatnalög nr. 15/1923.

Allt fram til 20. aldar var byggt á reglum Jónsbókar um vatnsréttindi. Þegar tekist hafði að vinna raforku úr vatnsafli komu til sögunnar ný og mikilvæg afnot af rennandi vatni og skilyrði til að gera það arðberandi. Leiddi það til þess að um og upp úr aldamótunum 1900 fór áhugi ýmissa manna, bæði innlendra og erlendra, að vakna á því að kaupa eða leigja vatnsaflsréttindi hér á landi. Margir óttuðust því að þessi auðlind gæti glatast ef ekki væri farið gætilega.

Með samþykkt svokallaðra Fossalaga á Alþingi 1907, þ.e. laga nr. 55/1907, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum o.fl., átti að koma í veg fyrir að útlendingar næðu yfirráðum yfir vatnsafli hér á landi. Þau voru fyrsti þýðingarmikli lagabálkurinn sem bannaði að meginstefnu eignar- og afnotarétt útlendinga á íslenskum fossum. Konungur eða umboðsmaður hans skyldi veita undanþágu (leyfi) þar sem þess væri þörf. Þær mátti veita um ákveðinn tíma og með skilyrðum um notkun vatnsafls. Fossalögin þóttu ekki ná tilgangi sínum þegar fram í sótti og leiddi það til þess að árið 1917 skipaði ríkisstjórnin samkvæmt áskorun Alþingis fimm manna nefnd til að semja nýja löggjöf um vatnsréttindi en nefndin gekk undir nafninu Fossanefndin.

Í lok janúar 1919 kom upp djúpstæður ágreiningur í Fossanefndinni um það hvort vatnsréttindi almennt væru, eða ættu að vera, í eigu þeirra einstaklinga sem eignarrétt ættu að landinu undir vatninu, eða hvort vatnsréttindi væru að öllu leyti í ríkiseign og einstaklingum aðeins heimil þau afnot sem lög leyfðu sérstaklega. Ágreiningur þessi varð til þess að

nefndin klofnaði í meiri hluta og minni hluta. Meiri hlutinn taldi öll vatnsréttindi vera ríkiseign, en minni hlutinn taldi hins vegar vatnsréttindi vera háð eignarumráðum landeigenda. Sjónarmið bæði meiri og minni hluta Fossanefndar áttu rætur að rekja til mismunandi stjórnmálaviðhorfa og voru lagaleg rök sótt til íslenskra laga að fornu og nýju. Má því segja að deilan í Fossanefndinni hafi verið ágreiningur bæði af stjórnmálalegum og lagalegum toga.

Í frumvarpi meiri hluta Fossanefndar til vatnalaga var lagt til grundvallar að mælt yrði fyrir um yfirráð ríkisins yfir vatni og nytjum þess. Ríkið skyldi hafa umráð yfir öllu vatni, bæði straumvatni og stöðuvatni, að undanskildu eftirfarandi: a) vatn skyldi landeigendum frjálst til heimilis, jarðræktar og smáiðnaðar, b) yfir minni háttar vatni skyldu heimiluð sérstök yfirráð landeigenda, svo sem yfir lindarvatni, tjörnum, leysinga- og dýjavatni o.s.frv., c) til landsgæða skyldu teljast laugar, hverir og ölkeldur, og d) vatn sem hefði verið virkjað eða veitt úr farvegi til notkunar samkvæmt heimild í lögum eða samkvæmt löglegu leyfi eða sérleyfi skyldi teljast í einkaumráðum, enda væri það ekki komið aftur í eðlilegan farveg.

Frumvarp minni hluta Fossanefndar byggðist á því að landi hverju fylgdi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni sem á því væri, hvort sem það væri rennandi eða kyrrt, með þeim takmörkunum sem lög, venjur eða aðrar heimildir hefðu í för með sér.

Þar sem Fossanefndin náði ekki samkomulagi og útséð þótti um að Alþingi gæti sjálft samið lög sem nytu stuðnings meiri hluta þingmanna var Einari Arnórssyni, prófessor, falið að semja nýtt frumvarp til vatnalaga. Frumvarp hans var lagt fram á Alþingi árið 1921 en varð ekki að lögum fyrr en tveimur árum síðar, þ.e. vatnalögum, nr. 15/1923.

Við samningu frumvarpsins studdist Einar Arnórsson að formi til við frumvarp meiri hluta Fossanefndar frá 1919 og þá þannig að fasteignareigandi ætti eingöngu þær heimildir til vatns sem lögin tilgreindu sérstaklega. Lögin fela því í sér upptalningu á því hverjar hagnýtingarheimildir fylgja eignarrétti að landareign þegar um meiri háttar vötn er að ræða. Þar er á hinn bóginn um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir, sem máli geta skipt, þar á meðal heimild til orkuvinnslu.

Menn eru ekki á eitt sáttir um það hvor stefnan hafi efnislega orðið ofan á í frumvarpi Einars Arnórssonar, þ.e. stefna og skoðun minni hluta eða meiri hluta Fossanefndar. Um hitt verður hins vegar ekki deilt að um þá niðurstöðu sem kristallast í vatnalögunum, nr. 15/1923, hefur skapast rík sátt í samfélaginu og það er hvorki tilviljun hve lengi lögin hafa haldið gildi sínu né hve fá dómsmál hafa í raun verið rekin á þessu réttarsviði.

Vatnalög, nr. 15/1923, hafa þannig um árabil verið helsta réttarheimildin um vatnsréttindi hér á landi. Í ýmsum öðrum lögum er fjallað um vatnsréttindi með einum eða öðrum hætti, þ.m.t. fyrirmæli auðlindalaga um jarðhita og grunnvatn. Tiltölulega fáar breytingar hafa verið gerðar á vatnalögunum á þeim tíma sem liðinn er frá setningu þeirra. Má segja að lögin hafi staðist vel tímans tönn enda þótt þau séu komin nokkuð til ára sinna. Á þeim tíma sem liðinn er frá setningu vatnalaga hafa hins vegar orðið miklar samfélagsbreytingar, tækniframfarir hafa orðið og vægi umhverfisverndar hefur aukist til muna svo fátt eitt sé nefnt. Þá miða vatnalögin að sumu leyti að því að leysa önnur vandamál en þau sem eru efst á baugi nú á dögum. Má því segja að tímabært hafi verið að endurskoða lögin.

Hafa verður í huga að vatnalögin voru á sínum tíma heildarlöggjöf um vatnsréttindi og falla því bæði innan sviðs allsherjarréttar og einkaréttar. Lögin taka jafnt til einkaréttarlegra hagsmuna eigenda vatnsréttinda og almannahagsmuna. Reglur allsherjarréttarins eru fyrst og fremst settar til verndar samfélagslegum hagsmunum, t.d. náttúruverndar, en reglur einkaréttarins eru settar til verndar tilteknum einstaklingshagsmunum, þótt engan veginn sé flokkun þessi einhlít. Við samningu frumvarps þessa hefur verið tekið tillit til þess að sett hefur verið ýmiss konar löggjöf á sviði allsherjarréttar sem tekur til vatns. Engu að síður er ljóst

að vatnalög geta ekki einungis tekið til einkaréttarlegra hagsmuna heldur hljóta samfélagslegir hagsmunir að vega þungt. Hagsmunir samfélagsins af hagkvæmri nýtingu vatns og skynsamlegri stjórn þeirrar auðlindar sem felst í vatni eru miklir. Þrátt fyrir það ber þó í vatnalögum langmest á vatnsréttindum fasteignareiganda þar sem flest vatnsnot sem nú tíðkast eru veitt honum. Lýsing á vatnsréttindum vatnalaga verður því fyrst og fremst lýsing á vatnsréttindum fasteignareiganda.

Þrátt fyrir það sem að framan greinir eru vatnsréttindum eiganda fasteignar settar ýmsar veigamiklar takmarkanir í lögum. Eru það takmarkanir af grenndarréttarlegum toga, reglur um verndun vatna, takmörkun á heimild fasteignareiganda til að ráðstafa vatnsréttindum til annarra, áskilnaður um leyfi til ákveðinna vatnsnota, lögheimilaðar kvaðir um hagnýtingu vatns til hagsbóta fyrir fasteign, eignarnámsheimildir vatnalaga og aðrar takmarkanir af umhverfisréttarlegum toga.

Vatnalög, nr. 15/1923, skiptast í átján kafla og höfðu þau upphaflega að geyma 155 greinar. Þau hafa að mestu leyti staðið óbreytt frá 1923. Eins og áður segir hafa orðið miklar breytingar frá gildistöku laganna, bæði hvað varðar þau málefni sem lögin taka til sem og á almennri stjórnsýslu. Þá skarast ýmis önnur löggjöf við vatnalögin, einkum á sviði umhverfisréttar, sem gerir þetta svið réttarins óglöggt yfirlits í dag. Eftir því sem hagsmunir af notkun vatns hafa aukist hefur hættan á hagsmunaárekstrum orðið meiri. Það skal þó áréttað að meginskipan vatnalaga hefur reynst afar vel og því margt sem styður það að áfram sé skynsamlegt að byggja á þeirri samfélagslegu sátt sem ríkt hefur um skipan vatnsréttinda samkvæmt lögunum frá 1923.

IV. Um inntak frumvarps þessa.

IV.1 Almennt.

Hér að framan er því lýst hvernig áformað var sumarið 2010 að standa að áframhaldandi frestun á gildistöku vatnalaga, nr. 20/2006, og smíði nýrrar vatnalöggjafar, sbr. athugasemdir við frumvarp til laga nr. 79/2010. Við framhald vinnu við málið kom sá flötur hins vegar fljótlega til skoðunar að gera fremur nauðsynlegar úrbætur á lögum nr. 15/1923 og láta þau að öðru leyti halda gildi sínu. Varð sú leið á endanum ofan á og birtist þannig í frumvarpi þessu. Ástæður þess að lagt er til að þessi leið verði farin eru nokkrar. Svo sem nánar er rakið að framan reyndust vatnalögin, nr. 15/1923, sannkölluð sáttargjörð eftir hatrömm átök áranna þar á undan þar sem tókust á fulltrúar sameignarstefnunnar og séreignarstefnunnar. Að sönnu var tekist á um auðlindamál alla tuttugustu öldina en þær deilur náðu ekki nema að takmörkuðu leyti til vatnalaga. Þessi sátt, og að sínu leyti styrkur vatnalaganna, birtist enn fremur í þeirri staðreynd að lögin eru skýr og tæmandi í allri framsetningu og umgjörð enda hefur tiltölulega sjaldan reynt á túlkun þeirra fyrir dómstólum.

Í aðdraganda og kjölfar vatnalaga, nr. 20/2006, risu upp deilur og ýmis álitamál í tengslum við inntak vatnsréttinda fasteignareiganda. Er nánari umfjöllun um þau atriði að finna í umfjöllun um 3. gr. frumvarps þessa í athugasemdum við einstakar greinar, og vísast til þess.

Samhliða þessu hafa áherslur í auðlindamálum breyst á undanförnum árum og missirum. Sem dæmi þess má nefna að í skýrslu nefndar forsætisráðherra, frá því í mars 2010, um fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu íslenska ríkisins, var lagt til að settar yrðu heildstæðar reglur um nýtingu allra náttúruauðlinda í eigu íslenska ríkisins. Til þess að því markmiði verði náð telja margir rétt að sett verði ákvæði í stjórnarskrá um eignarhald og heimildir til nýtingar á náttúruauðlindum í eigu ríkisins. Það er raunar alllangt um liðið frá því að hugmyndir um ákvæði í stjórnarskrá um náttúruauðlindir komu fyrst fram. Upphaflega lutu þær að því að tryggja að í stjórnarskrá væri ákvæði um sameign þjóðarinnar

á auðlindum sjávar. Smám saman hefur þeirri hugmynd þó vaxið fiskur um hrygg að gera eigi slíkt ákvæði þannig úr garði að það taki til allra náttúruauðlinda. Þar yrði markaður sá rammi sem gilti um allar þær auðlindir sem ríkið á eða hefur forræði yfir og eftir atvikum mætti skilgreina sem þjóðareign eða sameign þjóðar á grundvelli tillagna auðlindanefndar frá árinu 2000. Um einstakar auðlindir og nýtingu þeirra yrðu síðan í hverju tilviki sett sérstök lög sem tækju tillit til séreðlis og breytileika hverrar auðlindar, þó ávallt innan þess ramma sem stjórnarskráin markaði almennt um auðlindir. Með þessu væri auðlindaumræðan sett í almennara og heildstæðara samhengi í stað þess að einblína svo mjög á einstakar auðlindir og sértækar lausnir við nýtingu hverrar þeirra, eins og raunin hefur verið undanfarna áratugi. Við þessa umfjöllun ber þó að gera þann fyrirvara að hún tekur öðru fremur mið af auðlindum ríkisins í víðtækasta skilningi en heimildum ríkisins til sambærilegrar reglusetningar um auðlindir í einkaeigu er að sjálfsögðu sniðinn annar og þrengri stakkur, m.a. vegna verndar slíkra réttinda skv. 72. gr. stjórnarskrár. Allt að einu er ljóst að gangi áform í þessa veru eftir þá mun það eftir atvikum hafa áhrif á alla auðlindanýtingu og stýringu hennar sem og verndaráform. Þar eru vatnalög ekki undanskilin. Það er hins vegar ljóst að endanleg útfærsla hugmynda í þessa veru á nokkuð í land. Meðan þessi grundvallarvinna stendur yfir er því talið farsælast að fara þá leið sem hér er lögð til. Að öllu framangreindu virtu er með frumvarpi þessu lagt til að búið verði við vatnalögin frá 1923 og það fyrirkomulag sem sú löggjöf grundvallar um vatnsnot, rétt fasteignareiganda til vatns o.s.frv. Um þá skipan ætti að geta orðið áframhaldandi sátt en þá raunar undir því fororði að til smíði nýrrar, heildstæðrar vatnalöggjafar komi í fyllingu tímans. Unnið er að yfirferð annarrar löggjafar á þessu sviði, svo sem lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með það fyrir augum að samræma réttarreglur á þessu sviði í þeim anda sem lagt er til með frumvarpi þessu. Endurskoðun laganna til framtíðar litið yrði þá hluti af nýsmíði við lagasetningu á vettvangi auðlindaréttar.

Þess ber hins vegar að geta að þó svo að vandað hafi verið til vatnalaganna frá 1923 og þau enst vel er hinu ekki að neita að frá gildistöku þeirra hafa orðið gríðarlegar samfélagslegar breytingar og lögin um margt fremur sniðin að því að leysa vandamál bændasamfélags 19. aldar en þau álitaefni sem eru efst á baugi nú á dögum. Allt að einu er það svo að framangreindar deilur á þessu réttarsviði hafa fyrst og fremst tengst inntaki vatnsréttinda einkaaðila, þ.e. fasteignareigenda, og heimildum þeirra annars vegar en samfélagslegum réttindum hins vegar. Um þessa þætti, sem og nokkrar þýðingarmestu meginreglur á sviði vatnsréttar, er fyrst og fremst fjallað í fyrstu fimm af átján köflum laganna en aðrir kaflar þeirra taka til annarra atriða, svo sem mannvirkjagerðar, almannaréttar, mengunar, stjórnsýslu o.s.frv. Með hliðsjón af þessu markmiði eru því aðeins lagðar til óverulegar efnislegar breytingar á fyrstu fimm köflum laganna þar sem fjallað er um nokkrar grundvallarreglur og svo inntak vatnsréttinda fasteignareigenda. Ákvæðum laganna í köflum sex til og með átján er hins vegar safnað saman, þau einfölduð mikið og þeim að hluta til breytt í grundvallaratriðum.

Það er sannarlega ekki venjuleg tilhögun við lagasmíð að staðfæra næstum 90 ára gamla löggjöf að nútímanum. Í þessu tilviki þykir það hins vegar farsælasta leiðin og til þess falin að viðhalda sátt um málaflokkinn.

IV.2 Fyrirkomulag stjórnsýslu vatnamála samkvæmt frumvarpinu.

Stjórnsýsla núgildandi vatnalaga einkennist af því að við setningu laganna var stjórnsýsla málaflokksins á höndum atvinnumálaráðherra og var honum ætlað umfangsmikið hlutverk. Síðar komu til breytingar. Bæði féll málaflokkurinn að hluta undir umhverfisráðherra, auk iðnaðarráðherra, og stofnað var til sérstakra stjórnsýslustofnana sem falið var hlutverk á

þessu sviði. Nægir þar að nefna Orkustofnun. Þetta leiddi smám saman til þess að ákvæði laganna um stjórnsýslu málaflokksins urðu brotakennd og að hluta ósamstæð. Þörfin fyrir gagngera endurskoðun stjórnsýsluákvæða laganna var því orðin brýn.

Við gerð vatnalaganna frá 2006 annars vegar og þess frumvarps sem unnið var fyrir iðnaðarráðherra á árinu 2009 hins vegar eru farnar nokkuð ólíkar leiðir við útfærslu stjórnsýslu, leyfi og samspil við umhverfisþátt vatnamála. Segja má að í vatnalögunum frá 2006 sé farin nokkuð einfaldari leið hvað þetta varðar. Gert er ráð fyrir að öll meginstjórnsýsla sé á hendi Orkustofnunar en sem endranær kæruleið til ráðherra. Þá er gert ráð fyrir að tilteknar framkvæmdir séu sérstaklega leyfisskyldar en allar aðrar framkvæmdir í og við vötn séu hins vegar tilkynningarskyldar og Orkustofnun þá ætlaður lögákveðinn tími til þess að setja þeim skorður eða skilyrði sé talin þörf á slíku. Samhliða þessu gildi síðan önnur lagafyrirmæli sem eftir atvikum setja skilyrði um leyfi til framkvæmda og er þá horft til lax- og silungsveiðilaga, skipulagslaga, mannvirkjalaga, fyrirmæla af vettvangi mengunarlöggjafar o.s.frv.

Í frumvarpinu frá 2009 er hins vegar gert ráð fyrir umfangsmeira fyrirkomulagi við veitingu leyfa með svokölluðum vatnaframkvæmdaleyfum sem sveitarfélögin fari með. Umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun var samkvæmt frumvarpinu ætlað umfangsmikið stjórnsýsluhlutverk en eftir sem áður gert ráð fyrir aðkomu Orkustofnunar og iðnaðarráðuneytis á öðrum sviðum. Þá er þar ráðgert að leiða í lög í sérstökum kafla fyrirmæli um vatnsvernd og ætlunin með því er að innleiða meginþætti vatnatilskipunar ESB (2000/60/EB). Tilskipun þessi tekur til vatnafars og vatnabúskapar í víðasta skilningi þar sem lögð er áhersla á umhverfið og verndun þess. Tilskipunin tekur m.a. til notkunar og meðhöndlunar á vatni sem kann að leiða til mengunar eða rýrt getur gæði vatns og umhverfi þess. Þarf þá að kveða á um stjórn vatnsnotkunar, rannsóknir og vöktun á vatnsgæðum og vatnafari til þess að stuðla að vernd vatns og sjálfbærri nýtingu. Á yfirstandandi þingi (139. löggjafarþingi 2010–2011) hefur umhverfisráðherra lagt fram frumvarp um stjórn vatnamála (298. mál) í því skyni að innleiða vatnatilskipun ESB. Markmið þess frumvarps er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa, votlendis og vistkerfa sem beint eru háð vatni til að stuðla að því að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem byggist á langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Til að ná fram framangreindum markmiðum skal vinna vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlun.

Þessir tveir lagabálkar, þ.e. vatnalög og lög um stjórn vatnamála, munu því mynda heildstæða umgjörð um nýtingu og verndun vatns, verði frumvörpin að lögum. Við gerð frumvarps þessa um breytingu vatnalaga, nr. 15/1923, er farin einfaldari leið hvað varðar stjórnsýslu vatnamála en í frumvarpinu frá 2009. Eru stjórnsýsluákvæði frumvarpsins meira í ætt við þau sem lagt er upp með í vatnalögunum, nr. 20/2006. Eftir sem áður er þó stuðst við þá miklu vinnu sem liggur frumvarpinu frá 2009 til grundvallar og í einstökum tilvikum byggt á tillögum úr því frumvarpi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að meginstjórnsýsla sé á hendi Orkustofnunar en eftir sem áður séu framkvæmdir í og við vötn háðar leyfum og eftir atvikum eftirliti samkvæmt til dæmis skipulagslögum, mannvirkjalögum og lögum um lax- og silungsveiði og þar með aðkomu þeirra stjórnvalda sem þar er gert ráð fyrir að komi að málum. Þær framkvæmdir sem tengdar eru vatni og vatnafari, en eru ekki sérstaklega leyfisskyldar samkvæmt vatnalögum eða öðrum lögum, eru tilkynningarskyldar til Orkustofnunar samkvæmt frumvarpinu. Dæmi um slíka framkvæmd er t.d. minni háttar malarnám úr á ef ekki er um veiðivatn að ræða. Ljóst er að einhverjar auknar fjárheimildir þurfa að koma til svo Orkustofnun geti sinnt þessu aukna hlutverki. Ekki er þó talið að umfang þessarar stjórnsýslu verði mikið. Í frumvarpinu er þó sérstaklega gert ráð fyrir aðkomu stjórnvalda á sviði

umhverfismála annarra en Orkustofnunar en jafnframt lagt upp með að frumvarpið skarist sem minnst við framangreint frumvarp umhverfisráðherra til laga um stjórn vatnamála. Er unnið eftir þeirri meginhugsun að á meðan breytt vatnalög fjalla fyrst og fremst um atriði sem lúta að notum og nýtingu vatns og heimildum þar að lútandi gildi samhliða löggjöf af umhverfisréttarlegum toga þar sem markmiðið snýst öðru fremur um vernd vatna og vistkerfis þeirra í öllum sínum myndum. Sameiginlegt takmark laga af þessum vettvangi verður þá það að tryggja rétt almennings til vatns, skýra heimildir fasteignareigenda og ríkis til vatnsnota af ýmsum toga en stuðla jafnframt að því að sú nýting eigi sér öll stað með sjálfbærum hætti til skemmri og lengri tíma litið þar sem vernd vatns sé ávallt í öndvegi. Um tilhögun stjórnsýslu Orkustofnunar og samspil hennar og annarra stjórnvalda er nánar fjallað í almennum athugasemdum með breytingum á XVI. kafla laganna.

IV.3 Önnur efnisatriði frumvarpsins.

Um einstakar breytingar og efnisþætti frumvarpsins er þess svo auk þess að geta að í fjölmörgum ákvæðum vatnalaga er að finna vísun til hlutverks matsmanna sem gjarnan er þá ætlað að skera úr ágreiningi sem rísa kann, t.d. vegna framkvæmda sem heimilar eru samkvæmt lögunum. Orðalagið er þá gjarnan „ef ágreiningur verður, þá skulu matsmenn skera úr“ eða „enda sé tjón það, er af verkinu hlýst, bætt eftir mati, nema samkomulag verði“ eða jafnvel „nema það sé nauðsynlegt talið samkvæmt matsgerð“. Þessi framsetning samrýmist illa hugmyndum manna um hlutverk dómkvaddra matsmanna samkvæmt núgildandi réttarfari. Þannig er litið svo á að heimildir aðila til að óska eftir dómkvaðningu matsmanna fari eftir almennum reglum. Niðurstaða slíkra matsmanna, sem eftir atvikum kann að sæta endurskoðun samkvæmt yfirmati, hefur sönnunargildi við úrlausn dómstóla eftir þeim reglum sem almennar réttarfarsreglur geyma. Það að taka fram í hverju tilviki í lögum að um niðurstöðu fari eftir mati eins og gert er í vatnalögum er þannig í besta falli þýðingarlaust en getur jafnvel verið villandi. Því er lagt til að vísan til hlutverks matsmanna í einstökum efnisgreinum vatnalaga verði felld brott og látið nægja að byggja á því sem sjálfsagt er, að almennar reglur gildi hér eins og endranær. Samhliða þessari grundvallarbreytingu eru reglur um eignarnám efldar og skýrðar og almennt gert ráð fyrir því að náist ekki samkomulag um inngrip í eignarréttarlegar heimildir manna þurfi að jafnaði að koma til eignarnáms. Styrkir þetta skýrleika í allri framkvæmd sem og réttaröryggi.

Sem fyrr segir er með frumvarpinu lagt til að reglur gildandi vatnalaga um vatnafélög verði einfaldaðar til muna og ekki verði lengur gert ráð fyrir skylduaðild að slíkum félögum enda verður að telja að slíkt brjóti að óbreyttu í bága við fyrirmæli í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár, sbr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lagagildi hefur hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, nema í þeim undantekningartilvikum sem ráðgerð eru í 2. mgr. 74. gr. i.f. og telja verður t.a.m. að nái óhjákvæmilega til veiðifélaga samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006. Að óbreyttu fæst ekki séð, þar á meðal í ljósi reynslunnar, að slík knýjandi nauðsyn útheimti heimild til skylduaðildar að öðrum þeim félögum sem stofnuð eru um einstök vatnsnot, enda önnur úrræði þá tiltæk til verndar einstaklings- og almannahagsmunum.

Í heild er tilhögun frumvarpsins því með þeim hætti að lagt er til að gerðar verði nokkrar breytingar á I. kafla laganna sem í dag geymir orðskýringar. Bætt er við skilgreiningum á hugtökum, sem og gildissviðsákvæði. Þá eru einstakar greinar skýrðar nánar með fyrirsögnum og er sú sama tilhögun viðhöfð í öllum greinum frumvarpsins. Þá eru lagðar til nokkrar lagfæringar og einfaldanir á II. kafla laganna um vatnsréttindi en ákvæði kaflans haldast hins vegar óbreytt í öllum aðalatriðum. Sama má segja um III. kafla um vatnsnotkun

til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar, IV. kafla um áveitur og V. kafla um vatnsorku. Lagt er til að felld verði brott nokkur ákvæði sem þykja sannarlega úrelt og nokkur önnur sameinuð og einfölduð. Framangreindir kaflar laganna mynda meginumgjörðina um inntak vatnsréttinda sem og helstu meginreglur réttarsviðsins. VI. kafli um vatnsmiðlun, VII. kafli um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna, VIII. kafli um þurrkun lands og XIV. kafli um almenn ákvæði um vatnsvirki eru sameinaðir í einn kafla og einfaldaðir og styttir. Ákvæði IX. kafla um óhreinkun vatna og XI. kafla um vatnafélög eru einnig einfölduð og stytt, sem og ákvæði XII. kafla um umferðarrétt. Loks er lagt til að ákvæði laganna um stjórnsýslu, bótaákvarðanir, málsmeðferð og refsingar, sem nú eru í XV.–XVIII. kafla, verði einfölduð og breytt í grundvallaratriðum, sbr. framangreint. Þá hafa öll ákvæði laganna um eignarnám og eignarnámsframkvæmd verið færð til nútímahorfs.

Sumar þær breytingar sem lagðar eru til á frumvarpinu fela ekki í sér neina efnislega breytingu heldur er t.d. orðalagi breytt á einstaka stað til nútímahorfs. Þá er í frumvarpinu lagt til að númer málsgreina, sem eru í flestum greinum vatnalaga, en þó ekki öllum, verði felld brott. Ekki er samræmi hvað þessa tilhögun varðar í vatnalögum. Slík númer fremst í málsgreinum tíðkast auk þess ekki við nútímalagasetningu.

Þar sem um nokkuð umfangsmiklar breytingar er að ræða á 90 ára gömlum lögum fylgir frumvarpinu, til glöggvunar, skjal þar sem tekin hafa verið saman ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, eins og þau munu líta út verði frumvarp þetta að lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um breytingartillögur við I. kafla.

I. kafli gildandi vatnalaga, nr. 15/1923, hefur aðeins að geyma eina grein þar sem eru orðskýringar. Lagt er til að við kaflann verði bætt ákvæði sem kveður á um gildissvið laganna og að það ákvæði verði í fyrri málsgrein 1. gr. en orðskýringar í seinni málsgreininni. Lagt er til að úr 1. gr. laganna hverfi skýringar nokkurra hugtaka þar sem gert er ráð fyrir að þau verði ekki lengur notuð í lögunum en við bætast skýringar hugtaka sem ýmist eru nú þegar í lögunum eða bætast við með frumvarpi þessu. Í heild mun orðskýringum fjölga verði frumvarp þetta að lögum.

Um 1. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á 1. gr. vatnalaga. Lagt er til að heiti greinarinnar verði „Gildissvið og orðskýringar“. Eins er lagt til að í 1. mgr. 1. gr. komi ákvæði um gildissvið vatnalaga í þá veru að lögin taki til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki þar um. Í gildandi vatnalögum er ekki að finna ákvæði um gildissvið þeirra laga.

Í frumvarpsgreininni er að finna þær skilgreiningar hugtaka sem lagt er til að verði í 2. mgr. 1. gr. Sumar þeirra eru efnislega samhljóða þeim skilgreiningum sem fram koma í 1. gr. gildandi vatnalaga. Nokkrum skilgreiningum hefur verið bætt við, bæði skilgreiningum á hugtökum sem notuð eru í gildandi vatnalögum en einnig nýjum skilgreiningum. Felldar eru út skilgreiningar hugtaka sem eru í gildandi vatnalögum en munu ekki lengur vera þar verði frumvarpið að lögum og þannig ekki lengur hafa þýðingu.

Hugtakið *almenningur* vatns er skilgreint með hefðbundnum hætti, þ.e. sem sá hluti vatns sem liggur fyrir utan netlög fasteignar. Orðalagi skilgreiningarinnar er því breytt frá gildandi lögum en efnisleg merking er hin sama. Netlög eru svo aftur skilgreind sem vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem fasteign liggur að.

Áveita er skilgreind í samræmi við almenna málvenju, þ.e. sem mannvirki sem notað er til þess að veita vatni á land.

Bakki er skilgreindur sem fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettar, gróið land eða eyrar sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti. Rétt þótti að bæta þessari skilgreiningu við enda kemur orðið bakki fyrir í lögunum og miðast t.d. netlög við bakka.

Hugtakið *búsþarfir* er ekki skilgreint í vatnalögum. Í 15. gr. laganna er þó sem dæmi um búsþarfir nefnt að vatna skepnum, ullarþvottur og fiskþvottur. Afmörkun hugtaksins í þessu frumvarpi hefur enn þýðingu vegna til að mynda reglna um forgangsröð að vatni, sbr. 11. gr. frumvarpsins, vegna takmörkunar á heimild til að skilja vatnsréttindi frá landareign, sbr. 16. gr. frumvarpsins, og vegna heimildar til að sækja vatn til heimilis- og búsþarfa á aðra landareign, sbr. 31. gr. vatnalaga og 27. gr. frumvarps þessa. Í frumvarpi þessu er hugtakið skilgreint sem notkun vatns við búrekstur og annan atvinnurekstur á sviði landbúnaðar með réttindum og skyldum samkvæmt ábúðarlögum. Má hafa hliðsjón af þeirri starfsemi sem fellur undir hugtakið ábúð eins og það er skilgreint í ábúðarlögum, nr. 80/2004, þ.e. afnotaréttur af jörð eða jarðahluta til búrekstrar eða annars atvinnurekstrar á sviði landbúnaðar með réttindum og skyldum samkvæmt þeim lögum.

Með *eignarlandi* er átt við landsvæði, þ.m.t. innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Þetta er sama skilgreining og fram kemur í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Farvegur er skilgreindur sem vatnsleg sem vatnsfall rennur eftir, hvort heldur af manna völdum eða náttúru. Merki liggja í farvegi þar sem vötn deila löndum, en farvegum er einnig breytt við vatnabreytingar eins og vatnaveitur þegar vatni er veitt af mannavöldum úr fornum farvegi og til annars staðar en það áður féll. Farvegir eru ekki alltaf glöggir og geta verið breytilegir, einkum að auravötnum, en með aurum er átt við farvegasvæði þar sem vatnsföll liggja ekki í stöðugum farvegi árum saman heldur rása um aurana. Þar er merkingarlítið að miða landamerki við farvegi heldur þarf þar að fylgja öðrum reglum. Er þá oft miðað við merki þar sem farvegur hefur verið að fornu á einhverjum tilteknum tíma.

Hugtakið *fasteign* kemur víða fyrir í frumvarpinu og hefur þá merkingu sem almennt er lögð til grundvallar í íslensku lagamáli, þ.e. afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt. Fasteign er í frumvarpinu notað jöfnum höndum orðinu landareign en skilgreiningu þess hugtaks er breytt frá gildandi lögum.

Með *háflæði* er átt við mesta rennsli eða hækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð. Ekki er átt við aftakaflóð, sem koma óreglulega og eru ekki árviss en geta flætt langt upp yfir bakka, sbr. orðalag 1. mgr. 3. gr. laganna, „og sé ekki vöxtur í vatni“. Ekki er að finna skilgreiningu á orðinu í gildandi vatnalögum. Háflæði er hér skilgreint í tengslum við skilgreininguna á vatnslegi, en kemur að öðru leyti ekki fyrir í frumvarpinu. Skilgreint háflæði afmarkar þannig farvegi vatnsfalla að öðru jöfnu vel, nema auravatna.

Heimilisþarfir eru skilgreindar sem þarfir til venjulegs heimilishalds. Heimilisþarfir eru ekki skilgreindar í gildandi vatnalögum en sem dæmi um heimilisþarfir er í 15. gr. gildandi laga nefnt þegar vatn er notað til drykkjar, suðu, þvotta, böðunar, til að vökva garða og til varnar eldsvoða. Þessi dæmaupptalning fellur brott verði frumvarp þetta að lögum en mundi engu síður falla undir það sem átt væri við með venjulegu heimilishaldi þó að fleira falli þar undir.

Hugtakið *iðja* er skilgreint með sama hætti og í gildandi vatnalögum sem iðnaður annar en handiðn. Ekki er talin þörf frekari útskýringa á hugtakinu.

Landareign er hér skilgreind sem fasteign, þ.e. afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt. Hugtakið landareign er notað í vatnalögum en í yngri lögum hefur fasteignarhugtakið yfirleitt leyst það af hólmi. Þar sem hér er aðeins um breytingalög að ræða þótti ekki ástæða til þess að fella hugtakið úr lögunum en þess í stað er því nú léð inntak til samræmis við hugtakið fasteign.

Hugtakið *lágflæði* er hér skilgreint sem minnsta rennsli eða lækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð. Hér er átt við einkennandi rennsli (vatnsflæði) og vatnsborðsstöðu fyrir vatnsföll og stöðuvötn. Flest vatnsföll, sem hafa fastan farveg, hafa einkennandi hámarks- og lágmarksrennsli sem á sér stað árvisst og reglulega. Að vísu eru áraskipti að því hversu mikið eða lítið slíkt rennsli verður, en þó fer oft nærri milli ára hversu lágt eða hátt vatn stendur árvisst og reglulega. Vatnsstaða og lega stöðuvatna við lágflæði er viðmiðun fyrir netlög og landamerki í vötnunum. Hér er um nákvæmari skilgreiningu að ræða en þá sem er að finna í gildandi vatnalögum.

Mannvirki er hér skilgreint sem hvers konar framkvæmdir og manngerðir hlutir sem skeytt er við fasteign, þ.m.t. í, við eða yfir vatni, t.d. hús, brú, girðing, virkjun eða stíflugarður. Hér er lögð til grundvallar sama afmörkun og inntak og í nýsamþykktum mannvirkjalögum, nr. 160/2010, en þar er mannvirki skilgreint sem hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja samkvæmt þeim lögum teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögunum. Heppilegt samræmi felst í því að leggja sama skilning til grundvallar þótt orðalag sé ekki jafn yfirgripsmikið.

Með *mengun* er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Jafnframt tekur hugtakið einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta. Þetta er alþjóðleg skilgreining mengunar og er hana einnig að finna í 5. mgr. 3. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hugtakið *merkivatn* er hér skilgreint til samræmis við hefðbundna málvenju, þ.e. vatn það sem landamerkjum ræður. Orðið kemur fyrir í gildandi vatnalögum, en er ekki skilgreint sérstaklega.

Miðlunarlón er skilgreint sem stöðuvatn sem er manngert að öllu leyti eða hluta og rennsli er stýrt í og/eða úr. Reglur um stöðuvötn gilda einnig um miðlunarlón að svo miklu leyti sem unnt er, sbr. b-lið 5. gr. frumvarpsins.

Netlög eru skilgreind sem vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns eða vatnsfalls sem fasteign liggur að. Efnislega sömu skilgreiningu er einnig að finna í öðrum lögum.

Orkunýting er hér skilgreind sem hvers konar hagnýting vatns samkvæmt lögum þessum til framleiðslu á orku, fyrst og fremst raforku. Í þessu felst breyting á þeirri orku, fallorku eða staðarorku, sem í vatni er, í aðra tegund orku. Orðið kemur fyrir í gildandi vatnalögum en er ekki skilgreint sérstaklega.

Orkuver er hér skilgreint með sama hætti og í gildandi vatnalögum.

Rennsli er ekki skilgreint í gildandi vatnalögum. Hér er það skilgreint sem hreyfing vatns, hvort heldur er af manna völdum eða náttúru.

Straumvatn er skilgreint sem yfirborðsvatn sem í er greinilegur straumur þá er enginn vöxtur er í því. Orðið kemur fyrir í gildandi vatnalögum en er ekki skilgreint sérstaklega.

Stöðuvatn er ný skilgreining í frumvarpinu. Það er skilgreint sem vatn sem er slétt í logni og straumlaust að sjá, enda þótt flætt geti gegnum það. Rétt þykir hins vegar að byggja á hugtakinu vatn sem heildarhugtaki í lögunum.

Vatnsból voru við setningu vatnalaga annaðhvort brunnar eða opin vatnsból og voru fyrst og fremst nýtt til heimilis- og búsþarfa, þ.e. til neyslu- og nytjavatnstöku og til brynningar. Þetta hefur breyst. Yfirleitt eru mannvirki tengd vatnsbólum, þar á meðal borholur, þó að enn séu opin vatnsból nýtt til brynningar. Vatnsból eru ekki skilgreind í gildandi vatnalögum en ástæða þykir til þess nú og er miðað við að vatnsból séu mannvirki, t.d. brunnar, eða virkjaðar lindir, eða náttúruleg vatnsleg þar sem vatn er tekið eða nytjað á staðnum. Miðað er við náttúrulega uppkomu vatns, ekki borun eða meiri háttar mannvirkjagerð sem ætlað er að koma vatni upp á yfirborðið enda fellur slík nýting vatns undir lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Einhverja hagræðingu kann að þurfa, eins og í kringum brunna, en engar meiri háttar tilfæringar.

Vatnsfall er ný skilgreining í frumvarpinu. Það er skilgreint sem rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við. Straumur er yfirleitt sýnilegur í vatnsfalli og þar með stefna rennslis þess (straumvatn). Í gildandi vatnalögum er orðið „fallvatn“ skilgreint fyrir þann hluta vatnsfalls sem hagkvæmt getur verið að virkja í einu lagi. Lagt er til að þessi skilgreining verði felld niður þar sem vatnsfall og fallvatn eru nánast sömu merkingar samkvæmt almennri málvenju, enda er hún óþörf því að virkjað er fall vatns (það er staðarorka þess) og er því eðlisfræðilega miklu nær að tala um fall vatns í stað fallvatns. Vatnsfallið, tiltekið og nafngreint, er eftir sem áður virkjað sem slíkt. Vatnsföll geta verið tímabundin og myndast þá oftast í farvegum sínum í vorleysingum (leysingavötn) eða stórrigningum. Jökulkvíslar margar eru einungis til að sumarlagi, en má þó kalla árvissar.

Orðið *vatnsleg* er notað í gildandi vatnalögum en er ekki skilgreint þar. Hér er orðið skilgreint sem lægð í landi sem vatn stendur í, vatnsfall eða stöðuvatn, ásamt tilheyrandi botni og bökkum allt á vatnsborðsstöðu við háflæði. Hér er vatnið sjálft ekki aðalatriði heldur landslagsfyrirbærið sem vatnið stendur í. Þá er sérstaklega tekið fram í 2. málsl. að lönd sem flæðir yfir ofan háflæðis teljist ekki til vatnslegs.

Hugtakið *vatnsflæði* er skilgreint sem rennsli vatns sem vatnsmagn á tímaeiningu, í l/s eða m^3/s.

Vatnsmiðlun er skilgreind sem geymsla á vatni til þess að breyta eðlilegu vatnsmagni straumvatns (vatnsfalls) eða til stýringar á rennsli vatns. Samkvæmt gildandi lögum tekur vatnsmiðlun aðeins til geymslu á vatni í því skyni að breyta eðlilegu vatnsmagni straumvatns. Sú viðbót sem lögð er til þykir eðlileg og í samræmi við það sem tíðkast í raun.

Hugtökin *vatnsnot* og *vatnsnýting* koma bæði fyrir í frumvarpinu og eru sömu merkingar, þ.e. vatnstaka, veiting eða virkjun vatns til heimilis- og búsþarfa, í arðsemisskyni eða til að verja fasteign spjöllum.

Orðið *vatnsveita* er skilgreint sem mannvirki til að flytja vatn til notenda. Er þetta í samræmi við almenna notkun orðsins, en gagnlegt er að skilgreina það fyrir þessi not til aðgreiningar frá öðrum veitumannvirkjum og veituframkvæmdum sem eru til annarra nota, svo sem áveitum, vatnaveitum til virkjunar eða til varnar landspjöllum og öðru slíku.

Þjóðlenda er skilgreind með sama hætti og í lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sem landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Verði frumvarpið að lögum falla brott skilgreiningar eftirfarandi orða: fallvatn, frumdrættir, fullnaðardrættir, hérað, iðjuver, iðjuhöldur, orkuveita, sérleyfi, vatnsvirki og vatnsvirkjari. Þessi orð munu ekki vera í vatnalögunum verði frumvarp þetta að lögum.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að við fyrirsögn I. kafla verði bætt orðinu „gildissvið“ og fyrirsögn kaflans verði „Gildissvið og orðskýringar“. Samkvæmt frumvarpinu verður nýrri málsgrein um gildissvið laganna bætt við 1. gr. þeirra og er eðlilegt að það komi fram í fyrirsögn kaflans.

Um breytingartillögur við II. kafla.

Í samræmi við markmið frumvarps þessa eru ekki lagðar til neinar grundvallarbreytingar á II. kafla vatnalaga. Þannig skiptir lykilmáli að framsetning 2. gr. laganna um inntak vatnsréttinda fasteignareiganda helst óbreytt frá gildandi lögum. Nokkur ákvæði II. kafla laganna eru felld brott þar sem þau eru ekki talin hafa þýðingu lengur og önnur sameinuð til hægðarauka. Þá er gert ráð fyrir þremur nýjum greinum í kaflann sem ekki fela þó í sér nein efnisleg nýmæli en þykja til þess fallin að treysta frekar þann grundvöll sem vatnalögin eru reist á.

Um 3. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 2. gr. laganna.

Í 1. mgr. gildandi vatnalaga kemur fram sú meginregla laganna að rétturinn til umráða og hagnýtingar á vatni sem er á fasteign tilheyrir þeirri fasteign á þann hátt sem lög þessi heimila. Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um þá breytingu eina að þessi meginregla eigi einnig við í þjóðlendum.

Framangreind meginregla nær til allra helstu hagnýtingarheimilda sem máli skipta, þar á meðal réttarins til orkuvinnslu skv. 49. gr. laganna. Sú afmörkun á inntaki eignarráða vatnsréttinda fasteignareiganda, sem birtist í meginreglu þessari, hefur þó sérstöðu í samanburði við almenna skilgreiningu eignarréttarhugtaksins. Ástæðan er sú að hér er á jákvæðan og ítarlegan hátt kveðið á um það hvað felist í tilteknum heimildum fasteignareiganda að vatni. Þessi tilhögun á sér sögulegar forsendur, svo sem rakið er hér að framan, og felur í sér þá leið sem Einar Arnórsson mótaði til þess að brúa bil meirihluta- og minnihlutamanna í Fossanefndinni í aðdraganda setningar vatnalaga árið 1923. Um þessa útfærslu hefur verið góð sátt í íslensku samfélagi allt frá gildistöku vatnalaga. Með lögtöku 4. gr. vatnalaga, nr. 20/2006, var hins vegar tekin upp svokölluð neikvæð skilgreining á inntaki vatnsréttinda með því að mælt er fyrir um að fasteign hverri, þ.m.t. þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur og þá eðli málsins samkvæmt aðeins með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum eða réttindum þriðja manns. Var raunar sérstaklega áréttað í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 20/2006 að með þessu væri aðeins um formbreytingu að ræða en ekki efnislega breytingu á inntaki eignarráða fasteignareiganda yfir vatni miðað við það sem gilti samkvæmt lögunum frá 1923. Svo sem alkunna er og nánar er rakið hér að framan hefur hins vegar ekki náðst sátt um þessa leið laganna frá 2006. Í frumvarpi því sem unnið var fyrir iðnaðarráðherra og er frá því í desember 2009 var inntak þessa sama réttar skýrt á þá leið að landareign hverri, þ.m.t. þjóðlendu, fylgi umráða- og hagnýtingarréttur að því vatni sem á henni fyndist með þeim takmörkunum sem leiddi af lögum

eða réttindum annarra. Um þessa nálgun hefur ekki heldur náðst sátt. Í samræmi við tilætlan og markmið frumvarps þessa er því lagt til að engar breytingar verði gerðar á tilhögun og framsetningu vatnalaga hvað þetta varðar og að 2. gr. laganna standi óbreytt með þeirri eðlilegu breytingu sem leiðir af því að auk hefðbundinna fasteigna/landareigna nái regla laganna jafnframt til þjóðlendna. Engin breyting verður því á inntaki og stöðu vatnsréttinda frá þeim grundvelli sem lagður var með vatnalögunum 1923 og mótast hefur frekar í réttarframkvæmd á þeim hartnær 90 árum sem liðin eru.

Í 2. mgr., sem er ný að efni, er fjallað um sameign á vatni. Ákvæðið kveður á um það að fasteignareigendur sem aðgang hafa að sama vatni hafi sama rétt til þess í hlutfalli við þá nýtingu sem er gerleg á eða fyrir landi þeirra. Hafa verður í huga við skýringu þessa ákvæðis að mönnum er skylt að nýta vatn svo til annarra þarfa en heimilis- og búsþarfa að öðrum verði sem minnstur bagi að eða skerðing á nýtingu vatns sem þeir hafa rétt til. Sams konar reglu er ekki að finna í gildandi vatnalögum, en þau sjónarmið sem hún byggist á koma engu síður fram í ákvæðum laganna.

Lagt er til að 2.–6. mgr. gildandi greinar falli brott. Vísað er til 17. gr. frumvarpsins en þar kemur fram að þessi ákvæði verða í sérstakri grein sem verður 16. gr. Betur þykir fara á því að hafa takmarkanir þær á ráðstöfunarheimildum opinberra aðila sem er að finna í ákvæðum þessum í sérstakri grein í lok kafla um almenn ákvæði um vatnsréttindi frekar en í þeirri grein sem fjallar um hver vatnsréttindi fylgja fasteign. Á reglan jafnframt meiri samstöðu með 16. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til breyting á15. gr. laganna. Hin nýja 15. gr. felur efnislega í sér að sameinaðar eru reglur 15. og 16. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um aðrar takmarkanir á framsali vatnsréttinda og takmörkunum þar að lútandi.

Um 4. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að fyrirsögn 3. gr. vatnalaga verði „Merki landareigna í lækjum og ám.“ Það þykir til hægðarauka fyrir lesendur að lýsandi fyrirsögn sé á öllum greinum laganna.

Þá er lagt til að númer málsgreina verði felld brott. Svo sem fyrr segir er í frumvarpi þessu lagt til að númer sem standa fremst í flestum málsgreinum vatnalaga, en þó ekki öllum, verði felld brott. Ekki er samræmi alls staðar hvað þessa tilhögun varðar í vatnalögum. Slík númer fremst í málsgreinum tíðkast auk þess ekki við nútímalagasetningu. Grein þessi þarfnast ekki að öðru leyti skýringa.

Um 5. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 4. gr. laganna.

Í a-lið eru lagðar til breytingar á orðalagi 2. málsl. 4. mgr. 4. gr. laganna til nútímahorfs. Efnislegt inntak málsgreinarinnar verður óbreytt.

Með b-lið er bætt við ákvæði um að reglur um merki við stöðuvötn gildi einnig um miðlunarlón eftir því sem við getur átt. Rétt þykir að kveða skýrlega á um þetta í lögum þó leiða megi slíka reglu af eðli máls og gengið sé út frá því að aðrar reglur um stöðuvötn gildi um miðlunarlón eftir því sem við getur átt.

Um 6. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 5. gr. laganna. Með a-lið er lögð til breyting á orðalagi til nútímahorfs án þess að í því felist efnisleg breyting á inntaki greinarinnar. B-liður greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Lagt er til í greininni að 6. gr. vatnalaga verði felld brott í heild sinni en þar er nú gert ráð fyrir sérstakri aðkomu matsmanna sem ekki er í samræmi við þá breyttu tilhögun stjórnsýslu og réttarfars sem miðað er við í frumvarpi þessu og fjallað er um hér að framan. Í staðinn komi ný 6. gr. um rétt til vatns þegar merkivötn skilja fasteignir. Ákvæðið felur í sér eðlilega reglu um réttarstöðu þeirra sem eiga land að merkivatni. Að hluta til er sambærileg regla í 51. gr. vatnalaga en ástæða þykir til að ljá henni almennari þýðingu en hún hefur þar í tengslum við orkunýtingu.

Um 8. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 7. gr. laganna. Í a-lið er lagt til að orðinu „vatnsflæði“ verði bætt við upptalningu 1. tölul. 2. mgr. þannig að ekki fari á milli mála að bannregla ákvæðisins eigi einnig við um breytingar á vatnsflæði en um skýringar á hugtakinu vísast til 1. gr. frumvarps þessa. Orðalagsbreyting sú sem lögð er til með c-lið greinarinnar felur ekki í sér efnislegar breytingar.

Um 9. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 8. gr. vatnalaga. Þar er fjallað um heimild til að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag.

Í a-lið er í fyrsta lagi felldur brott lokamálsliður 1. mgr. 8. gr. vatnalaga þar sem segir að ef ágreiningur verði skuli matsmenn skera úr. Það er í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu um að öll slík sérákvæði um matsmenn verði felld brott enda gilda almennar reglur á sviði réttarfars um mat á nauðsyn og þar fram eftir götunum. Nánar er um þessa almennu breytingu fjallað í almennum athugasemdum við frumvarpið. Í öðru lagi er lagt til að í stað þess málsliðar sem felldur verður brott komi ákvæði þess efnis að náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur geti ráðherra heimilað eignarnám í þessu skyni.

Í b-lið er lagt til að 2. mgr. 8. gr. gildandi vatnalaga verði felld brott. Hún þykir í ljósi fenginnar reynslu óþörf og í raun til þess fallin að rýra þann ríka rétt sem menn eiga til þess að fella vatnsfall á ný í fornan farveg. Ljóst er af lokamálsgrein 8. gr. gildandi vatnalaga að sá sem rétt hefur skv. 1. mgr. hefur þann rétt í 20 ár. Eftir það skal litið svo á að það ástand sem á komst við breytingu farvegar hafi frá fornu verið svo. Eðlilegt er að beðið sé þann tíma á enda áður en nokkuð er aðhafst miðað við hið nýja ástand.

Um 10. gr.

Með greininni er lögð til ný 9. gr. en hún felur í sér sameiningu 9. og 10. gr. gildandi vatnalaga, sem fjalla um minni háttar vötn og hvernig með þau megi fara.

A-liður greinarinnar felur í fyrsta lagi í sér að hverum, laugum og uppsprettum, sem nú eru í 10. gr., er bætt við upptalninguna á minni háttar vötnum, sbr. 1. mgr. 9. gr. Þannig tekur fyrirvarinn um að unnt sé að gera aðra lögmæta skipun á en fram kemur í greininni um það hvernig með minni háttar vötn skuli fara einnig til þeirra. Takmarkanir varðandi meðferð á hverum, laugum og ölkeldum eru færðar úr a-lið 10. gr. og í 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. Þar verður tiltekið, eins og nú er í 10. gr., að landeiganda sé óheimilt að spilla slíkum náttúrufyrirbærum með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti nema það sé talið nauðsynlegt til varnar landi eða landsnytjum. Mat á nauðsyn þessa á samkvæmt frumvarpinu undir Orkustofnun og leyfi stofnunarinnar er nauðsynlegt til þess að hefjast megi handa. Í gildandi lögum er kveðið á um að mat á nauðsyn skuli fara fram með matsgerð. Eðlilegra þykir að

slíkt mat eigi undir hið sérfróða stjórnvald, Orkustofnun. Það er enn fremur í samræmi við þá almennu stefnu sem fram kemur í frumvarpinu að almennar réttarfarsreglur og eftir atvikum leyfisveiting stjórnvalda taki við af sértækum ákvæðum um matsmenn, ýmist dómkvadda eða ekki. Nánar er fjallað um þetta í almennum athugasemdum við frumvarpið. Tekið skal fram að þessi heimild til að spilla framangreindum náttúrufyrirbærum yrði aldrei nýtt nema að gættri hinni almennu heimild náttúruverndarlaga.

Ekki eru lagðar til breytingar á 2. og 3. mgr. 9. gr. vatnalaga

Í b-lið þessarar greinar frumvarpsins er að finna reglu sem er nú í 4. mgr. (merkt 3. mgr.) 9. gr. vatnalaga og fjallar um heimild til þess að fella minni háttar vötn á ný í fornan farveg eða vatnsleg. Lokaorð málsgreinarinnar, „enda sé tjón það, er af verkinu hlýst, bætt eftir mati, nema samkomulag verði“, eru felld brott. Þau þykja óþörf enda gilda um mat á tjóni og bótum vegna þess almennar reglur og jafnframt óþarft að taka fram að unnt sé að komast að samkomulagi um slíkt. Hins vegar er gert ráð fyrir því að ráðherra sé heimilt að beita eignarnámi í því skyni að unnt sé að grípa til aðgerða í samræmi við heimild greinarinnar náist ekki um það samkomulag milli aðila. Fjallað er um eignarnáms- og bótaákvæði í XV. kafla laganna og vísast þangað um skýringar, sbr. 79.–82. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þær. Þá er bætt við orðinu „vatnsflæði“ í upptalningu 4. mgr. til samræmis við hugtaknotkun annars staðar í frumvarpi þessu.

Þá fela þessar breytingar jafnframt í sér að b-liður 10. gr. gildandi vatnalaga fellur brott. Við byggingu sundlauga nú á dögum er án undantekninga notast við heitt vatn úr iðrum jarðar en það fellur undir gildissvið laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. B-liður 10. gr. á þannig ekki við lengur og rétt að fella hann úr gildi.

Um 11. gr.

Með greininni er lagt til að nýrri 10. gr. verði bætt við lögin. Greinin kveður á um aðgangsröð að vatni á landareign þegar vatn er ekki nægilegt til allra þeirra nota sem þörf er á eða hugur stendur til. Í hinni nýju grein er gert ráð fyrir meginreglu um aðgangsröð eftir mikilvægi þannig að vatnstaka til heimilisþarfa gangi framar búsþörfum, vatnstaka til búsþarfa gangi framar þörf atvinnurekstrar á landareign, annars en búrekstrar, svo sem iðnaðar og iðju, þörf atvinnurekstrar á landareign gangi framar áveituþörf og áveituþörf gangi framar orkuþörf. Lögfesting þessarar sérstöku reglu felur ekki í sér efnislega breytingu frá gildandi lögum.

Um 12. gr.

Þessi grein frumvarpsins varðar breytingar á 11. gr. laganna. Efnislegar breytingar á gildandi 11. gr. laga eru að í stað þess að tiltekin sé heimild til sunds og umferðar um vötn, einnig á ísi, er nú tiltekin heimild til sunds og baða. Blæbrigðamunur er á sundi og böðum og þótti ástæða til að bæta þessari heimild við lögin. Hins vegar er felld brott úr 11. gr. heimild til umferðar um vötn. Hana er hins vegar að finna í 115. gr. laganna og vísast þangað um frekari skýringar þar að lútandi.

Um 13. gr.

Grein þessi varðar breytingar á 12. gr. laganna. Þær breytingar skýra sig sjálfar að öðru leyti en því að felld er brott 3. mgr. gildandi laga um að ágreiningur um það hvort fyrirtæki fari í bága við fyrirmæli 1. og 2. mgr. þessarar greinar skuli til lykta leiddur með matsgerð og vísast um skýringar á því til athugasemda hér að framan, sbr. og kafla IV.3 almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 14. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er aðeins kveðið á um hver fyrirsögn 13. gr. vatnalaga skuli vera og þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Um 15. gr.

Með greininni er lagt til að 14. gr. gildandi vatnalaga verði felld brott í heild sinni. Grein þessi varðar ístöku af vatni og þykir nú óþörf enda miðuð við aðrar aðstæður en nú, en áður tíðkaðist að nota ís af vatni til kælingar matvæla. Færi svo ólíklega að það kæmi til slíks leiðir af sjálfu sér að réttur til töku íss fylgir öðrum eignarráðum fasteignarinnar sem hluti af heimildum vegna heimilis- og búsþarfa.

Í nýrri 14. gr. er hins vegar gert ráð fyrir ákvæði sem varðar skyldu sameigenda til að taka þátt í gerð vatnsveitu, áveitu eða landþurrkunarframkvæmdum. Með greininni eru fyrirmæli 30., 48. og 82. gr. vatnalaga sameinuð í einni grein. Greinin varðar réttarstöðu sameigenda að sömu fasteigninni og heimildir meiri hlutans til að taka ákvarðanir um gerð vatnsveitu, áveitu eða til landþurrkunar á henni. Er minni hlutanum skylt að taka tiltölulega þátt í kostnaði en það er þó skilyrði að fasteigninni verði meira hagræði af framkvæmdum en sem kostnaðinum nemur. Hér er um ræða aðlögun á reglum vatnalaga að reglum sem þróast hafa í íslenskum rétti um óskipta sameign.

Um 16. gr.

Með greininni er lögð til ný 15. gr. en hún felur í sér sameiningu 15. og 16. gr. gildandi vatnalaga.

Í 1. mgr. hinnar nýju 15. gr. er mikilvæg regla um rétt landareignar til vatns. Þar segir að ekki megi skilja við fasteign vatnsréttindi til heimilis- og búsþarfa nema með leyfi Orkustofnunar. Um er að ræða töluverðar breytingar á innihaldi reglunnar í samanburði við 15. gr. gildandi vatnalaga, en þar segir að rétt landareignar til vatns, sem á henni er til: a. heimilisþarfa, svo sem til drykkjar, suðu, þvotta, böðunar, til að vökva garða og til varnar við eldsvoða, b. búsþarfa, svo sem til að vatna skepnum, ullar- og fiskþvottar, og c. jarðræktar, svo sem til vökvunar túna og áveitu, megi eigi skilja við eignina, nema sérstök lagaheimild komi til. Ekki þykir ástæða til að halda í upptalningu 15. gr. gildandi vatnalaga, enda eru orðin heimilis- og búsþarfir skilgreind í 1. gr. frumvarpsins og ber að leggja þær skilgreiningar til grundvallar.

2. mgr. hinnar nýju 15. gr. svarar efnislega til 16. gr. gildandi vatnalaga, en þar segir í 1. mgr. að séu vatnsréttindi af hendi látin án þess að eignarréttur að landi sé jafnframt látinn fari eftir „reglum um landkaup“. Með tilvitnuðu orðalagi er m.a. vísað til reglna um þýðingu þinglýsingar þegar um sölu eða veðsetningu vatnsréttinda er að ræða. Hefur orðalagi greinarinnar verið breytt til samræmis við þetta og er hún nú orðuð svo að þegar vatnsréttindi eru framseld án þess að eignarréttur að fasteign sé jafnframt framseldur þá fari um réttarvernd þeirra samkvæmt ákvæðum þinglýsingalaga er varða fasteignir. Um skilning og skýringu á reglu þessari má svo sérstaklega vísa til dóms Hæstaréttar frá 14. maí 2009 í málinu nr. 562/2008 sem varðaði mat á stöðu vatnsréttinda sem seld höfðu verið frá jörð við neðri Þjórsá.

Í 3. mgr. kemur fram að láti maður af hendi hluta landareignar sem liggi að vatni eða á séu vatnsréttindi falin í kaupinu nema öðruvísi sé um samið, en þó skuli sá hluti fasteignar sem eftir stendur hafa næg vatnsréttindi til að fullnægja heimilis- og búsþörfum og næg og endurgjaldslaus landsafnot til hagnýtingar á þeim. Er þetta í samræmi við það sjónarmið að

heimilis- og búsþarfir séu grunnþarfir sem tryggja þarf að fylgi fasteignum eftir því sem kostur er.

Í 4. mgr. segir að sé sameignarlandi skipt skuli hverjum eignarhluta fylgja, svo sem frekast er kostur, næg vatnsréttindi til að fullnægja heimilis- og búsþörfum og næg og endurgjaldslaus landsafnot til hagnýtingar á þeim. Hér er orðalag með nokkuð öðrum hætti en í 3. mgr. 16. gr. gildandi vatnalaga. Ekki er þó ætlunin að gera neina efnisbreytingu að þessu leyti.

Um 17. gr.

Með greininni er lögð til ný 16. gr. um ráðstöfunarheimildir opinberra aðila. Um skýringar á ákvæði þessu vísast til athugasemda við 3. gr. frumvarps þessa og til frumvarps þess sem varð að lögum nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði. Er ákvæðið samhljóða 2. gr. núgildandi vatnalaga, eins og þeirri grein var breytt með 11. gr. laga nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, að því frátöldu að ekki er kveðið á um til hversu langs tíma opinberum aðilum er heimilt að veita tímabundinn afnotarétt til umráða og hagnýtingar á vatni. Í núgildandi lögum er kveðið á um að það skuli vera til allt að 65 ára í senn. Ástæða þess að enginn árafjöldi er tiltekinn í ákvæðinu er sú að fyrirhugað er að leggja fram á yfirstandandi þingi frumvarp til laga þar sem lagt verður til að hámarkslengd leyfilegs leigutíma á nýtingarrétti auðlinda verði stytt frá því sem nú er, ásamt endurskoðun á möguleika til framlengingar eða endurnýjunar slíkra samninga sem mundi tengjast frammistöðu leigutaka og umgengni hans um auðlindina. Gert er ráð fyrir að í þinglegri meðferð þess frumvarps sem hér er lagt fram verði gerðar breytingar á þessu ákvæði frumvarpsins, að því er varðar hámarkstíma afnotaréttar til umráða og hagnýtingar á vatni, til samræmis við framangreint frumvarp þegar það kemur fram.

Um breytingartillögur við III. kafla.

Í III. kafla vatnalaga er fjallað um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar. Engar grundvallarbreytingar eru lagðar til á efni og ákvæðum kaflans en þess þó freistað að skýra og einfalda einstök ákvæði hans. Í þessum kafla laganna er að finna ýmsar grundvallarreglur sem fjalla um réttarstöðuna við vatnsnot til manneldis og búrekstrar, þ.m.t. nokkur grundvallarákvæði varðandi vatnsveitur, stofnun þeirra og réttarstöðu. Þá eru í þessum kafla ákvæði um vatnsnot til annars atvinnurekstrar en búrekstrar, þ.e. iðnaðar og iðju án orkunýtingar í skilningi V. kafla. Það er þó áhorfsmál hversu raunhæfa þýðingu þau ákvæði hafi.

Um 18. gr.

Með greininni er lögð til fyrirsögn 17. gr. vatnalaga og þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 19. gr.

Með greininni er lögð til ný 18. gr. og að fyrirsögn hennar verði „Ef vatn er of lítið til að fullnægja þörfum skv. 17. gr.“. Hin nýja 18. gr. felur í sér sameiningu 18. og 19. gr. gildandi laga í eina grein.

Í 1. mgr. hinnar nýju 18. gr. er sett fram regla um forgangsröð í þeim tilvikum þar sem ekki er nægt vatn til að fullnægja þörfum skv. 17. gr., þ.e. til heimilis- og búsþarfa og til iðnaðar og iðju. Reglan er af nábýlisréttarlegum toga og varðar réttarstöðu nágrannaeigna þegar vatn er af skornum skammti. Gert er ráð fyrir að allar þær landareignir sem tilkall hafa til sama vatns eigi jafnan rétt til vatnsins eftir þörfum sínum. Ákvæði þetta er efnislega

samhljóða 1. mgr. 18. gr. gildandi laga. Um rétthæð einstakra vatnsnota er vísað til greinar sem verður 10. gr. laganna, sbr. 11. gr. frumvarpsins, verði frumvarp þetta að lögum.

Ákvæði 2. mgr. hinnar nýju 18. gr. er efnislega og nær orðrétt samhljóða ákvæði því sem nú er í 1. mgr. 19. gr. laganna.

Í 19. gr. frumvarpsins felst einnig að 2. og 3. mgr. 18. gildandi vatnalaga falla brott ásamt 2. mgr. 19. gr. Lagt er til með frumvarpi þessu að sérákvæði vatnalaga um mat og matsmenn séu felld brott, sbr. kafla IV.3 almennra athugasemda við frumvarp þetta. Slíkt ákvæði er að finna í 2. mgr. 18. gr. gildandi vatnalaga. Í 3. mgr. 18. gr. gildandi laganna er að finna heimild til handa ráðherra til þess að mæla fyrir um að vatnsveituvirkjum verði breytt, þau lögð niður eða afnot þeirra takmörkuð, þó að undangengnu mati. Slík heimild þykir óþörf. Þar sem 2. mgr. 19. gr. laganna vísar til 2. og 3. mgr. 18. gr. þeirra er óhjákvæmilegt að hún verði einnig felld brott.

Um 20. gr.

Með greininni er gildandi 19. gr. felld brott, sbr. það sem fram kemur í athugasemdum við 19. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um að 24. gr. vatnalaga falli brott en þar eru ákvæði um reglugerðarheimildir, um sumt sértæk og úrelt. Almennar reglugerðarheimildir til handa iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra verða samkvæmt frumvarpi þessu í 154. gr. laganna verði frumvarpið að lögum.

Um 22. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 25. gr. vatnalaga.

Lagðar eru til smávægilegar orðalagsbreytingar á 1. mgr. 25. gr. en ákvæðið er efnislega sömu merkingar og 1. mgr. 25. gr. gildandi laga.

Þá eru lagðar til orðalagsbreytingar á 2. mgr. 25. en efnislega er ákvæðið sömu merkingar og 2. mgr. 25. gr. Í stað orðsins „notanda“ landareignar er lagt til orðið „rétthafi“. Nokkuð ljóst ætti að liggja fyrir hver er rétthafi að landi annar en eigandi. Notandi þykir óljóst hugtak og ekki með öllu víst að allir sem „nota“ land eigi að hafa slíkan rétt sem hér um ræðir. Seinni málsliður 2. mgr. fellur brott en óþarft þykir að kveða sérstaklega á um það að hlíta skuli löglegum fyrirmælum um vatnsveitu.

Í fyrri málslið 3. mgr. felst að í stað þess að kveðið sé á um það sérstaklega að haga skuli vatnsveitu svo að spjöll verði sem minnst á atvinnu manna og eða veiðitækjum, ef veiði er í vatninu, verði kveðið á um að henni skuli haga þannig að spjöll verði sem minnst vegna hennar. Þannig kann fleira að falla undir ákvæðið en atvinna manna og veiðitæki.

Lagt er til að 4. mgr. 25. gr. gildandi laga, um að skorið skuli úr ágreiningi með mati, verði felld brott. Vísað er til kafla IV.3 almennra athugasemda við frumvarp þetta um ástæður þess að lagt er til að þetta og önnur sértæk ákvæði um að skorið skuli úr ágreiningi með mati séu felld brott.

Um 23. gr.

Með greininni er lögð til ný 26. gr. en hún felur í sér sameiningu 26. og 27. gr. gildandi laga, um skyldu til að láta af hendi land og landsafnot til vatnsveitugerðar kaupstaðar, með þeim hætti að ákvæði 26. gr. verður áfram í 1. mgr. 26. gr. en ákvæði 27. gr. verður 2. mgr. 26. gr. Auk orðalagsbreytinga sem ekki hafa áhrif á efnislegt inntak ákvæðanna eru felld

brott ákvæði um mat sem þykja óþörf, sbr. umfjöllun í kafla IV.3 almennra athugasemda við frumvarpið.

Auk þess sem óhjákvæmilegt er að orðinu „kaupstað“ verði breytt í „sveitarfélag“ er lagt til að orðið „mengun“ komi í stað orðsins „óhreinkun“ í 2. mgr. 26. gr. eins og hún verður verði frumvarpið að lögum. Mengun er alþjóðlegt hugtak og er skilgreint í 1. gr. frumvarps þessa.

Um 24. gr.

Í greininni er lagt til að komi ný grein, 27. gr., um eignarnámsheimild til handa ráðherra vegna þarfa vatnsveitu sveitarfélags, sbr. 22. gr. frumvarpsins. Skv. 73. gr. frumvarpsins, en þar eru lagðar til breytingar á 139. gr. vatnalaga, getur eignarnám tekið til vatnsréttinda, lands, mannvirkja, aðstöðu og annarra réttinda landeiganda. Um nánari skýringar er vísað til athugasemda við þá grein frumvarpsins.

Lagt er til að í 2. mgr. 27. gr. verði hnykkt á því, til áréttingar og leiðbeiningar, að um vatnsveitur sveitarfélaga fari að öðru leyti samkvæmt lögum sem um þær gilda á hverjum tíma.

Um 25. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 29. gr. vatnalaga.

Í 1. mgr. þeirrar greinar er kveðið á um rétt annarra en sveitarfélaga, eigenda þeirra fasteigna er ætla sér að nota vatnsveitu til að fullnægja þörfum sínum skv. 17. gr. laganna, til að gera með sér sérstakt félag er nefnist vatnsveitufélag. Fram kemur að um félagið skuli fara samkvæmt ákvæðum XI. kafla laganna að því leyti sem fyrirmæli III. kafla taka ekki til þess. XI. kafli vatnalaga fjallar um vatnafélög.

Fellt er brott ákvæði gildandi 2. mgr. 29. gr. Ekki þykir sérstök þörf á að taka fram að stjórn vatnsveitufélags semji samþykktir þess, þar á meðal gjaldskrá.

Þá er lagt til að orðalagi 3. mgr. verði breytt, í fyrsta lagi að tilvísun til ákvæða 20.–27. gr. vatnalaga verði felld brott en í staðinn komi tilvísun til ákvæða 25.–27. gr. en sú breyting leiðir af þeim breytingum sem lagðar eru til á fyrrnefndu ákvæðunum. Í öðru lagi er lagt til að bætt verði við málsgreinina að einnig skuli farið eftir lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, eftir því sem við getur átt.

Um 26. gr.

Með greininni er lagt til að 30. gr. laganna falli brott. Þá tilhögun leiðir af 15. gr. frumvarpsins um nýja 14. gr. þar sem gert er ráð fyrir ákvæði sem varðar skyldu sameigenda til að taka þátt í gerð vatnsveitu, áveitu eða landþurrkunarframkvæmdum. Með greininni eru fyrirmæli 30., 48. og 82. gr. vatnalaga sameinuð í einni grein. Vísast til athugasemda við 15. gr. frumvarpsins.

Um 27. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 31. gr. laganna sem fjallar um rétt til þess að afla sér vatns af fasteign annars manns.

Með a-lið er lagt til að lokaorð 1. málsl. 1. mgr. 31. gr. verði felld brott, þ.e. „eftir mati, nema samkomulag verði“. Það er í samræmi við það sem lagt er til almennt í frumvarpi þessu, að sérákvæði um mat nema samkomulag náist verði felld brott. Um skýringar vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Með b-lið eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 31. gr. laganna. Þær fela í sér að felldur er brott seinni málsliður málsgreinarinnar er varðar bætur fyrir þær framkvæmdir sem ákvæðið heimilar. Hann er óþarfur, sbr. 1. mgr. greinarinnar.

Um 28. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 32. gr. laganna.

Lagt er til að ákvæði 2. mgr. 32. gr. verði fellt brott. Þar er heimild til lögnáms, þ.e. eignarnáms, vegna framkvæmda á grundvelli 25.–27. gr. vatnalaga. Samsvarandi heimild til eignarnáms verður að finna í 33. gr. laganna, sbr. 29. gr. frumvarpsins, verði frumvarp þetta að lögum.

Um 29. gr.

Í greininni er lagt til að 33. gr. gildandi laga verði felld brott. Þar er sérstök heimild til vatnstöku vegna námuvinnslu, verksmiðjuiðnaðar eða annarrar iðju og jafnframt til lands og landsafnota sem henni tengjast. Grein þessi verður að teljast úrelt. Eðlilegt er að um vatnsnot vegna slíkrar starfsemi sé samið, annaðhvort við sveitarfélag eða beint við landeiganda.

Í stað þess er lagt til að í nýrri 33. gr. verði eignarnámsheimild til handa ráðherra ef samningar um þær framkvæmdir sem 31. og 32. gr. fjalla um nást ekki. Almenn ákvæði um eignarnám er að finna í XV. kafla laganna, sbr. 73. og 74. gr. frumvarps þessa, og er vísað til þeirra greina og athugasemda við þær um nánari skýringar.

Um 30. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 34. gr. vatnalaga. Um skýringar vísast til kafla IV.3 almennra athugasemda við frumvarpið. Smávægilegar orðalagsbreytingar eru jafnframt lagðar til en þær hafa engin áhrif á efnislegt inntak ákvæðisins.

Um 31. gr.

Í greininni er lagt til að 35. gr. laganna verði felld brott. Þar er mælt fyrir um að vatnsveitur sem gerðar hafa verið með heimild í eldri lögum skulu sæta þeim reglum sem þar segir en að fyrirmæli 34. gr. skuli einnig taka til þeirra. Þess er ekki að vænta að slíkar vatnsveitur séu til og því rétt að fella greinina brott.

Um breytingartillögur við IV. kafla.

Í IV. kafla vatnalaga er fjallað um áveitur. Að sönnu eru áveitur og áveitugerð ekki raunhæfasta álitaefnið varðandi vatnsnot nú á tímum. Ekki þykir þó ástæða til þess að hrófla við þeim grundvelli sem lagður var með vatnalögunum frá 1923 þar sem áveitur og áveituþörf eru meðal þeirra vatnsnota sem sérstaka umfjöllun fá. Ekki eru lagðar til veigamiklar breytingar á fyrirmælum IV. kafla laganna en þess þó freistað að stytta hann, einfalda og skýra.

Um 32. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 36. gr. vatnalaga. Breytingarnar þarfnast ekki skýringa en greinin er efnislega óbreytt.

Um 33. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 37. gr. laganna. Með a-lið er lagt til að lokamálsliður greinarinnar falli brott. Í þessum lið segir að ef vatn er svo lítið að ekki nægi báðum eða

öllum skuli ákveða skipti og notkun þess með mati. Það er í samræmi við það sem lagt er til almennt í frumvarpi þessu, að slík sérákvæði um mat verði felld brott en um ágreining fari samkvæmt almennum reglum. Um skýringar vísast til kafla IV.3 almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 34. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 38. gr. vatnalaga. Með a-lið er lagt til að þar sem vísað er til þess að vatn sé tekið til neyslu með tilvísun í a- og b-lið 15. gr. laganna sé í þess stað vísað til 1., 2. og 3. tölul. nýrrar 10. gr. sem fjallar sérstaklega um aðgangsröð að vatni á landareign. Þótt efnislega sé ekki um breytingu að ræða er nauðsynlegt að breyta tilvísuninni þar sem í frumvarpi þessu er lagt til að 15. gr. verði breytt.

Um 35. gr.

Með greininni er lögð til ný 39. gr. en hún felur í sér sameiningu 39. og 40. gr. gildandi vatnalaga. Eðlilegt er að ákvæði sem varða það ástand þegar vatn til áveituþarfa er takmarkað sé komið fyrir í einni grein. Gildandi 1. mgr. 39. gr. laganna verður óbreytt að því frátöldu að í stað orðsins „notandi“ landareignar verður orðasambandið „annar rétthafi“ viðhaft. Nokkuð ljóst ætti að liggja fyrir hver er rétthafi að landi annar en eigandi. Notandi þykir óljóst hugtak og ekki með öllu víst að allir sem „nota“ land eigi að hafa slíkan rétt sem hér um ræðir.

Frumvarpsgreinin felur síðan í sér að fyrri málsliður 2. mgr. 39. gr. fellur brott. Ákvæði þess málsliðar fjallar um hvernig með skuli fara ef ágreiningur rís um hvort taka vatns fari í bága við takmarkanir þær sem taldar eru í 1. mgr. Í samræmi við breytingar þær sem lagðar eru til með frumvarpi þessu, að um ágreining skuli fara samkvæmt almennum reglum, er lagt til að þetta sérákvæði verði fellt brott. Sjá nánar kafla IV.3 almennra athugasemda við frumvarp þetta. Seinni málsliður málsgreinarinnar er efnislega óbreyttur.

Ákvæði 40. gr. um afnot af landi annars manns til þess að koma upp, halda við eða starfrækja áveitu eru færð í 3. mgr. 39. gr. Efnislega er ákvæðinu breytt með því að ekki er gert ráð fyrir því að matsgerð fari fram ef samkomulag næst eigi eins og nú er kveðið á um í fyrri málslið 40. gr. laganna.

Með 4. mgr. er bætt við eignarnámsheimild til handa ráðherra ef samningar nást ekki um framkvæmdir samkvæmt greininni eða bætur vegna þeirra.

Um 36. gr.

Í greininni er lagt til að 40. gr. laganna verði felld brott. Þar sem lagt er til hér að framan í 35. gr. frumvarpsins að efni 39. og 40. gr. verði sameinað í nýja 39. gr. er óhjákvæmilegt að fella brott 40. gr.

Um 37. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 41. gr. laganna.

Í a-lið eru lagðar til breytingar á orðalagi 2. mgr. með þeim hætti að ekki verði í málsgreininni vísað til matsgerðar eða matsnefndar. Að öðru leyti er efni hennar óbreytt. Þetta er í samræmi við breytingar þær sem lagðar eru til með frumvarpi þessu, að um ágreining skuli fara samkvæmt almennum reglum og sérákvæði er gera ráð fyrir mati verði felld brott. Sjá nánar kafla IV.3 almennra athugasemda við frumvarp þetta um rök fyrir þessum breytingum.

Með b-lið greinarinnar er lagt til að nýrri 3. mgr. verði bætt við 41. gr. laganna. Þar er kveðið á um eignarnámsheimild ráðherra ef ekki nást samningar um framkvæmd og/eða bætur samkvæmt lagagreininni.

Um 38. gr.

Með greininni er lögð til fyrirsögn 42. gr. laganna og þarfnast það ekki skýringa.

Um 39. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 43. gr. laganna. Í fyrsta lagi eru lagðar til nokkrar orðalagsbreytingar á greininni. Í stað orðsins „leiguliðar“ er lagt til að orðasambandið „aðrir rétthafar“ komi í staðinn og í stað orðsins „áveituverk“ verði orðið „áveita“ notað. Í því felst fyrst og fremst breyting málsfars til nútímahorfs. Þó er ljóst að merking orðasambandsins „aðrir rétthafar“ er rýmra en orðsins „leiguliðar“. Þá er lagt til að felld sé brott sú takmörkun sem felst í orðunum „á afnotarétti“ þar sem í greininni er kveðið á um að þeir aðilar sem um ræðir skuli þola allar þær kvaðir, óhagræði eða takmarkanir sem áveitan hefur í för með sér. Slík takmörkun sem felst í orðunum „á afnotarétti“ hefur enga efnislega þýðingu og ákvæði því skýrara ef hún er felld brott. Að lokum er lagt til að felldur verði brott lokamálsliður greinarinnar þess efnis að náist ekki samkomulag um bætur skuli ákveða þær með mati. Í þess stað komi ákvæði um eignarnámsheimild til handa ráðherra náist ekki samkomulag um framkvæmd og/eða bætur vegna hennar. Þessi breyting er í samræmi við breytingar þær sem lagðar eru til með frumvarpi þessu, að um ágreining skuli fara samkvæmt almennum reglum og sérákvæði er gera ráð fyrir mati verði felld brott. Sjá nánar kafla IV.3 almennra athugasemda við frumvarp þetta um rök fyrir þessum breytingum.

Um 40. gr.

Í greininni eru lagðar til smávægilegar breytingar á 44. gr. laganna.

Um 41. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 45. gr. vatnalaga. Í a-lið er lagt til að lokaorðum fyrri málsliðar verði breytt þannig að í stað orðanna „ef það er að dómi matsmanna bagalaust“ komi „verði það talið bagalaust“. Þetta er í samræmi við aðrar breytingar sem gerðar eru í frumvarpinu þess efnis að sérákvæði um mat og matsmenn verði felld brott úr vatnalögum. Ef ágreiningur verður um einstök atriði og hann fæst ekki jafnaður með samningum verður úr honum leyst í samræmi við almennar reglur.

Um 42. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 46. gr. vatnalaga.

Í a-lið er lagt til að 2. og 3. mgr. 46. gr. verði felldar brott. Í 2. mgr. er heimild til handa sveitarstjórn að ábyrgjast lán sem stjórn áveitufélags eða landþurrkunar- og áveitufélags telur nauðsynlegt vegna stofnkostnaðar. Slík heimild er ekki í samræmi við það sem nú þykir æskilegt varðandi fjárstjórn sveitarfélaga. Að sama skapi þykir ákvæði 3. mgr. óþarft. Um úrræði vegna vanefnda ábúanda er nú mælt fyrir í 37. gr. ábúðarlaga, nr. 80/2004.

Um 43. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 47. gr. vatnalaga. Í gildandi ákvæði er heimild til þess að landareign sé tekin „lögnámi“, þ.e. eignarnámi, neiti eigandi hennar að greiða kostnað vegna samáveitu. Eignarnámsheimild þessi stenst trauðla ákvæði 72. gr. stjórnarskrár.

Lagt er til að áveitufélag eignist lögveð í fasteign þess eiganda sem ekki greiðir kostnað af samáveitu og að lögveðið nái til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfunni ef því er að skipta. Slík heimild er sambærileg þeirri sem er að finna í lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, ef eigandi greiðir ekki hlutdeild sína í sameiginlegum kostnaði.

Um 44. gr.

Í greininni er lagt til að 48. gr. laganna verði felld brott. Í 15. gr. frumvarpsins er lögð til ný 14. gr. sem tekur til þess er menn eiga landareign í félagi og vilji meiri hlutans stendur til þess að ráðast í tilteknar framkvæmdir, m.a. veita á hana vatni. Vísast til 15. gr. frumvarpsins um frekari skýringar en vegna hinnar nýju 14. gr. verður 48. gr. óþörf.

Um breytingartillögur við V. kafla.

Í V. kafla vatnalaga er fjallað um notkun vatnsorku. Ekkert í umhverfi vatnamála hefur breyst viðlíka frá gildistöku vatnalaga, nr. 15/1923, og þáttur orkunýtingar vatnsafls. Allt að einu standa flest grundvallarákvæði V. kafla vatnalaga enn fyrir sínu sem meginreglur hvað orkunýtingu yfirborðsvatns varðar. Þeim til viðbótar koma nú hins vegar ákvæði annarra laga og ber þar hæst raforkulög, nr. 65/2003. Sem fyrr er þess þó freistað með frumvarpi þessu að skýra og skerpa reglur kaflans.

Um 45. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 49. gr. vatnalaga.

Í a-lið er lagt til að í stað orðsins „fallvatn“ í 2. mgr. 49. gr. vatnalaga komi orðið „vatnsfall“. Vísað er til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins til skýringar á því, nánar tiltekið þær athugasemdir sem fram koma við hugtakið vatnsfall.

Um 46. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 50. gr. vatnalaga.

Í a-lið er lagt til að lokaorð fyrri málsliðar 1. mgr. falli brott, þ.e. „enda séu ekki gerðar skemmdir á landi annarra manna um nauðsyn fram. Slíkar „skemmdir“ á landi annars manns yrðu ekki gerðar án samþykkis viðkomandi. Fáist ekki slíkt samþykki reynir á hvort framkvæmdin sé þess eðlis að ástæða sé til að beita eignarnámi enda er í 3. mgr. greinarinnar gert ráð fyrir að ráðherra hafi þá heimild. Í b-lið er lagt til að orðinu „lögnámi“ verði breytt í „eignarnám“ enda það orð sem almennt er notað.

Um 47. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 51. gr. vatnalaga.

Í a-lið er lagt til að í stað orðsins „rennsli“ í 2. mgr. greinarinnar komi orðið „vatnsflæði“. Vísað er til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins til skýringar á því, nánar tiltekið þær athugasemdir sem fram koma við bæði þessi hugtök, rennsli og vatnsflæði.

Um 48. gr.

Í greininni er lagt til að 52. gr. laganna falli brott en hún á við um þá aðstöðu þegar mannvirkjagerð vegna orkunýtingar varðar tvær fasteignir sem eru hvor sínum megin við vatnsfall og í eigu mismunandi aðila. Eðlilegt þykir að ákvæði þessa efnis séu í kafla um mannvirki og er því lagt til í 50. gr. frumvarpsins að ákvæði þessa efnis verði í nýrri 67. gr. í VI. kafla laganna.

Um 49. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 53. gr. vatnalaga.

Í a-lið eru lagðar til minni háttar breytingar á fyrri málslið 1. mgr. 53. gr. en greinin fjallar um það þegar menn eiga í félagi, í öðrum tilvikum en þegar merkivötn skilja fasteignir, tilkall til orku úr sama vatnsfalli og verða ekki ásáttir hvernig það skuli notað til orkuvinnslu. Vert er að árétta að með orðunum „í félagi“ er vísað til þess að „menn eiga land í sameign, þar er vatnsrjettindi fylgja, eða tilkall í fjelagi til vatnsorku með eða án lands, auk farvegarins“ eins og þetta er nánar skýrt í athugasemdum við 53. gr. frumvarps þess er varð að vatnalögum, nr. 15/1923. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir því að ráðherra geti með leyfi heimilað að þeir sem tilkall eiga til meira en helmings vatnsorkunnar, talinnar eftir vatnsmagni og fallhæð, leysi til sín tilkall minni hlutans. Með frumvarpi þessu er lagt til að slíkt geti gerst með því að ráðherra heimili eignarnám í þessu skyni. Er sú tilhögun í betra samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til stjórnsýslunnar nú og um réttaröryggi. Þá er jafnframt til samræmis við hugtakanotkun í frumvarpi þessu lagt til að í stað orðsins „vatnsmagn“ í 1. mgr. komi „vatnsflæði“. Um skýringu hugtaksins vísast til 1. gr. frumvarpsins.

Í b- og e-lið greinarinnar er svo lagt til að í stað orðsins „fallvatn“ komi orðið „vatnsfall“. Um skýringar hér að lútandi vísast til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins, nánar tiltekið þær athugasemdir sem fram koma við hugtakið vatnsfall. C-liður þarfnast ekki skýringa. Í d-lið er lagt til að 3. mgr. 53. gr. verði felld brott, þ.e. að ágreiningi um atriði sem greinin fjallar um skuli ráða til lykta með mati. Þetta er í samræmi við aðrar breytingar sem gerðar eru í frumvarpinu þess efnis að sérákvæði um mat og matsmenn verði felld brott úr vatnalögum. Ef ágreiningur verður um einstök atriði og hann fæst ekki jafnaður með samningum verður úr honum leyst í samræmi við almennar reglur réttarfars.

Um breytingartillögur við VI. kafla.

Verði frumvarp þetta að lögum verður í VI. kafla að finna ákvæði úr V. kafla um stíflugerð, VI. kafla um vatnsmiðlun, VII. kafla um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna, VIII. kafla um þurrkun lands og XIII. kafla um almenn ákvæði um vatnsvirki. Lagt er til að fyrirsögn VI. kafla verði „Mannvirkjagerð, miðlun vatns, varnir lands, þurrkun o.fl.“. Inntak margra ákvæða þessara kafla er hið sama, að breyttu breytanda, og það leiðir til einföldunar að safna þeim saman í einn kafla. Eftir standa þá VII., VIII. og XIII. kaflar tómir. Slíkt er þó ekki einsdæmi en nefna má að X. kafli vatnalaga er tómur, þ.e. þar eru engin ákvæði.

Ástæða er til þess að taka fram að víða er í breytingartillögum frumvarps þessa gert ráð fyrir að leyfi Orkustofnunar þurfi til að koma. Ef viðkomandi framkvæmd er leyfisskyld samkvæmt öðrum lögum, t.d. mannvirkjalögum, kemur leyfi Orkustofnunar til viðbótar en ekki í stað leyfis samkvæmt viðkomandi lögum hverju sinni. Nægilegt þykir að taka það fram hér og því er slíka athugasemd ekki að finna við hverja grein þar sem slíkt kemur til álita.

Um 50. gr.

Í greininni er lagt til að 67. gr. laganna, sem nú stendur tóm í V. kafla þeirra, falli undir VI. kafla þeirra og að efni hinnar nýju 67. gr., en fyrirsögn hennar er „Mannvirki varðar tvær fasteignir“, svari til efnis núverandi 52. gr. vatnalaga. Sjá einnig athugasemdir við 48. gr. frumvarps þessa. Greinin varðar þá aðstöðu þegar mannvirki varðar tvær fasteignir sem eru hvor sínum megin við vatnsfall og í eigu mismunandi aðila. Eðlilegt þykir að ákvæði þessa efnis séu í kafla um mannvirki.

Sú grein sem hér er lögð til, 67. gr., er nokkuð einfölduð miðað við 52. gr. gildandi laga. Í 1. málsl. 1. mgr. eru gerðar nokkrar orðalagsbreytingar til nútímahorfs en með þeim er

einnig ætlunin að ákvæðið sé skýrara. Tiltekið er í ákvæðinu að átt sé við annan vatnsbakka merkivatns, þá er orðinu „stíflu“ breytt í „mannvirki“ og í stað þess að aðeins sé tiltekið að framkvæmdin sé til orkunýtingar segir „til vatnsnýtingar, þ.m.t. orkunýtingar“. Ljóst er að fleiri tilvik kunna að falla undir þessa reglu en undir reglu 52. gr. gildandi laga.

Þá er lagt til að 2. málsl. málsgreinarinnar falli brott. Þar er fjallað um mat ef ágreiningur verður. Tillaga um að fella brott þennan málslið er í samræmi við aðrar breytingar sem gerðar eru í frumvarpinu þess efnis að sérákvæði um mat og matsmenn verði felld brott úr vatnalögum. Ef ágreiningur verður um einstök atriði og hann fæst ekki jafnaður með samningum verður úr honum leyst í samræmi við almennar reglur réttarfars.

Þá er einnig lagt til að 2. mgr. verði breytt. Þar er um það fjallað þegar eigandi annars vatnsbakkans vill ekki taka þátt í mannvirkjagerð. Núverandi 52. gr. gerir þá ráð fyrir að með leyfi ráðherra megi framkvæma verkið og tiltölulega umfangsmiklum reglum um hvernig með hugsanleg síðari not og kostnaðarþátttöku skuli farið. Greinin gerir þannig ráð fyrir að leyfi ráðherra nægi til þess að framkvæmdir megi fara fram á landi þess manns sem ekki vill taka þátt í stíflugerð. Það stenst vart grundvallarreglur eignarréttar og því er í nýrri 2. mgr. 67. gr. gert ráð fyrir að vilji eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í mannvirkjagerð þar sem nauðsynleg eru afnot af landi hans geti ráðherra heimilað eignarnám séu skilyrði þess fyrir hendi.

Um 51. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 68. gr. vatnalaga, sem varðar stíflugerð til vatnsmiðlunar. Gert er ráð fyrir að grein þessi leysi af hólmi allar þær greinar sem nú eru í VI. kafla vatnalaga og fjalla um vatnsmiðlun en greinin á sér að nokkru hliðstæðu í 70. gr. gildandi vatnalaga.

Samkvæmt greininni þarf skilyrðislaust leyfi Orkustofnunar til vatnsmiðlunar eða breytinga á henni ef flatarmál miðlunarlóns að því loknu er 1.000 fermetrar eða stærra við hæstu vatnsstöðu. Þó skal miðlunarleyfið talið hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum ef framkvæmd vatnsmiðlunar er liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu. Sú viðmiðun sem hér er lögð til grundvallar tekur mið af b-lið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, sem kveður á um að stöðuvötn og tjarnir, 1.000 fermetrar að stærð eða stærri, njóti sérstakrar verndar og að forðast skuli röskun þeirra eins og kostur er.

Hér er ástæða til að benda á að þótt ekki þurfi leyfi fyrir stíflugerð til vatnsmiðlunar er slík framkvæmd tilkynningarskyld til Orkustofnunar samkvæmt þeim tillögum að stjórnsýslu sem lagðar eru til með frumvarpi þessu, sbr. 79. gr. frumvarps þessa þar sem er tillaga um orðalag 144. gr. laganna. Hvort sem gerð stíflu er leyfisskyld eða aðeins tilkynningarskyld skal framkvæmdaraðili láta fylgja umsókn/tilkynningu fullnægjandi gögn um undirlag, gerð og frágang fyrirhugaðrar stíflu. Ákvæði um leyfi eða tilkynningu til Orkustofnunar, áður en að stíflugerð kemur til veitu vatns eða vatnsmiðlunar, er fyrst og fremst ætlað að fyrirbyggja flóðahættu vegna mögulegs stíflurofs og auka þannig öryggi almennings og forða tjóni. Með því að farið sé yfir gögn um undirlag, gerð og frágang fyrirhugaðrar stíflu er tryggt eins og kostur er af opinberri hálfu að slík hætta skapist ekki. Þá getur stofnunin sett skilyrði fyrir framkvæmd, sbr. fyrrnefnda 79. gr. frumvarpsins. Rétt er að taka fram að þessi tilkynningarskylda eða eftir atvikum umsókn til Orkustofnunar kemur til viðbótar en ekki í stað nauðsynlegra leyfa sem kann að vera þörf fyrir á grundvelli mannvirkjalaga.

Tekið er fram að leyfi til stíflugerðar sé hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum ef um er að ræða virkjun vatnsfalls til raforkuframleiðslu og skuli þá leita leyfis í samræmi

við þau lög. Sérstakt leyfi til stíflugerðar kæmi þá aðeins til álita í því tilfelli að ekki sé þörf á virkjunarleyfi vegna viðkomandi framkvæmdar, en yrði ella hluti af því.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti heimilað eignarnám ef þörf krefur í þágu framkvæmdar samkvæmt þessari grein.

Að lokum er framkvæmdaraðila settur þriggja ára frestur til að hefja framkvæmdir áður en leyfi fellur úr gildi, og er þar miðað við meðalhóf í ljósi nýrra aðstæðna og aukinnar þekkingar sem kann að skapast með tímanum.

Um 52. gr.

Í greininni er lagt til að 69., 70., 71., 72., 73. og 74. gr. laganna verði felldar brott. Eins og fram kemur í athugasemdum við 51. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að 68. gr. komi í stað þessara greina. Þó skal tekið fram að ákvæði um niðurlagningu mannvirkis, sem nú eru í 74. gr. vatnalaga, verða í 79. gr. laganna, sem einnig verður að finna í VI. kafla, Mannvirkjagerð, miðlun vatns, varnir lands, þurrkun o.fl., verði frumvarp þetta að lögum.

Um 53. gr.

Í greininni er lagt til að fyrirsögn VI. kafla vatnalaga verði breytt.

Um 54. gr.

Í greininni er lagt til að fyrirsögn VII. kafla laganna, Um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna, falli brott. Kaflinn stendur þá eftir tómur, áfram sem VII. kafli. Þetta er eðlilegt þar sem ákvæði sem að þessu lúta verða samkvæmt frumvarpi þessu í VI. kafla laganna sem fær heitið „Mannvirkjagerð, miðlun vatns, varnir lands, þurrkun o.fl.“

Um a-lið.

Lagðar eru til breytingar á 75. gr. laganna auk þess sem lagt er til að hún falli undir VI. kafla.

Með breytingum þeim sem lagðar eru til í frumvarpinu er greinin rýmkuð. Með 1. mgr. er verið að verja hagsmuni fyrir ágangi vatna. Auk fasteignareiganda er vatnafélögum heimiluð sú framkvæmd sem mælt er fyrir um í ákvæðinu, að veittu leyfi Orkustofnunar. Við mat á því hvort leyfi skuli veitt skal Orkustofnun m.a. horfa til þess hvort tjón eða hætta sé búin eign annars manns eða réttindum vegna framkvæmda í samræmi við 1. mgr. eða af þeim mundu stafa óhæfilegar tálmanir á umferð eða tjón eða hætta hagsmunum almennings. Jafnframt er skilyrði að aflað hafi verið leyfi Fiskistofu í samræmi við 33. gr. lax- og silungsveiðilaga, þegar það á við, þ.e. þegar um mannvirkjagerð í veiðivötnum er að ræða. Þá er mælt svo fyrir um að Orkustofnun sé heimilt að binda slíkt leyfi skilyrðum sem nauðsynleg þykja vegna almannahagsmuna.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir almennri heimild til að grípa undir þessum kringumstæðum inn í vatnafar þegar hætta er á spjöllum sem varða almannahagsmuni. Gert er ráð fyrir að slíkar framkvæmdir séu á hendi stjórnvalda, en það getur verið misjafnt hvaða stjórnvald um er að ræða eftir því hver atvik máls eru, en leyfi Orkustofnunar þarf engu síður til að koma.

Ákvæði 3. mgr. kveður á um heimild ráðherra til að heimila eignarnám í þágu framkvæmda skv. 1. og 2. mgr.

Í 4. mgr. er loks kveðið á um það að um varnir gegn ágangi vatna fer að öðru leyti samkvæmt gildandi lögum um varnir gegn landbroti.

Vert er að árétta að ákvæði þessarar greinar gildir þó að sjálfsögðu með þeim takmörkunum sem leiða kann af öðrum lögum, þar á meðal vegna friðlýsingar.

Um b-lið.

Lagt er til að 76. og 77. gr. laganna falli brott. Eins og fram er komið er lagt til að 75. gr. verði rýmkuð að efni til þannig að með þeirri breytingu sem lögð er til mun greinin verja þá hagsmuni sem nú er fjallað um í VII. kafla vatnalaga. Þá þykja ákvæði 76. og 77. gr. óþörf og úrelt.

Til að gæta samræmis við útgáfu laganna með breytingum þurfa ákvæðin þó að halda sér og falla undir VI. kafla þannig að töluröð ákvæða laganna riðlist ekki. Við sameiningu ákvæða úr V. kafla um stíflugerð, VI. kafla um vatnsmiðlun, VII. kafla um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna, VIII. kafla um þurrkun lands og XIII. kafla um almenn ákvæði um vatnsvirki í einn kafla, VI. kafla, var reynt að gæta að því að hinar nýju greinar um vatnsmiðlun, varnir lands o.s.frv. hefðu númer sem væru sem næst þeim númerum sem ákvæðin hafa í núgildandi lögum. Talið var að slíkt auðveldaði samanburð og yfirsýn yfir breytingar.

Um 55. gr.

Með greininni er lagt til að heiti VIII. kafla laganna, Um þurrkun lands, verði fellt brott. Um þurrkun lands er samkvæmt frumvarpinu fjallað í VI. kafla, 78. gr., og brottfelling þessi því eðlileg. Þessi kafli mun því verða tómur og aðeins kaflanúmerið standa eftir. Þannig hefur verið staðið að breytingum á vatnalögum fram að þessu, sbr. m.a. X. kafla. Þannig þykir við hæfi að halda þessum sið. Það leiðir einnig til þess að samanburður við gildandi vatnalög verður auðveldari.

Um a-lið.

Lagðar eru til breytingar á 78. gr. laganna auk þess sem lagt er til að hún falli undir VI. kafla.

Gert er ráð fyrir að ákvæði 1. mgr. 78. gr. vatnalaga verði óbreytt efnislega frá gildandi lögum. Reglan varðar fyrst og fremst innbyrðis samskipti eigenda nágrannaeigna. Hún tryggir mönnum réttinn til þess að losna við óæskilegt vatn af fasteignum sínum. Reglan tengist mjög umhverfismálum, en hér er um að ræða framkvæmdir sem í vissum tilvikum geta fallið undir lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, og lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Til viðbótar komi síðan ný 2. og 3. mgr. og leysi 78. gr. síðan, þannig úr garði gerð, í heild af hólmi ákvæði VIII. kafla um þurrkun lands og á brott falla þá ákvæði 79. gr. til og með 82. gr. í núverandi mynd enda óþörf og úrelt að því marki sem þeirra sést ekki staður í 78. gr. í breyttri mynd.

Lagt er til að gildandi 2. mgr. verði felld brott en í stað hennar komi ný 2. mgr. þar sem er mælt fyrir um að við framkvæmdir skv. 1. mgr. skuli forðast að raska tjörnum og vötnum. Gildandi 2. mgr. varðar fráveitur og um aðgang að þeim gilda nú lög nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, og því rétt að fella brott gildandi 2. mgr. Vart þarf að skýra efni hinnar nýju greinar en minnt er á að tjarnir og stöðuvötn, 1.000 m^2 að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar skv. b-lið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Með ákvæði því sem hér er lagt til eru tjarnir og vötn vernduð frekar vegna framkvæmda sem fjallað er um í 1. mgr.

Þá er lagt til að við bætist ný 3. mgr. þar sem kveðið er á um að ef skurðir um landareign annars manns eru honum einnig til gagns sé honum skylt að taka þátt í kostnaði af skurðgreftri og viðhaldi skurðanna. Þetta er eðlileg regla sem nú er í 1. mgr. 79 gr. vatnalaga og ekki þarfnast skýringa.

Loks er lagt til að ný 4. mgr. bætist við greinina þar sem mælt er fyrir um að náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur samkvæmt lagagreininni geti ráðherra heimilað eignarnám. Lögnámsheimild er nú í 81. gr. vatnalaga. Þó að ekki sé það tekið fram berum

orðum í greininni er eðlilegt að við mat eignarnámsbóta sé tekið tillit til þess hvort viðkomandi fasteignir hafa hag af framkvæmdinni.

Um b-lið.

Hér eru lagðar til breytingar er varða 74. gr. gildandi vatnalaga. Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæðið falli undir VI. kafla laganna og verði þar 79. gr. laganna. Greinin kveður á um það að niðurlagning mannvirkis, þ.m.t. stöðvun á viðhaldi, sé háð samþykki Orkustofnunar. Við niðurlagningu skal umhverfið fært eins og kostur er til fyrra horfs. Þá segir að eigandi mannvirkis skuli leggja áætlun um niðurlagningu fyrir Orkustofnun til samþykktar þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig verkið verði framkvæmt. Eðlilegt þykir að hafa ákvæði af þessu tagi, en nefna má að skv. 74. gr. gildandi vatnalaga þarf leyfi ráðherra til niðurlagningar vatnsmiðlunar. Orkustofnun getur jafnframt sett þau skilyrði fyrir leyfi til niðurlagningar sem nauðsynleg eru til að koma í veg fyrir hættu eða tjón fyrir einstaklinga og almenning.

Um c-lið.

Í greininni er lagt til að 80. gr. gildandi laga verði felld undir VI. kafla þeirra. Efni hennar verður allt annað en í gildandi lögum. Fyrirsögn hennar verður „Aðgæsluskylda“ og kveðið verður á um það að mannvirki og framkvæmdir allar samkvæmt þessum lögum skuli þannig úr garði gera að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á fasteignum annarra manna, nema þeim sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum. Hér er um að ræða almenna aðgæsluskyldu, en reglan á sér m.a. fyrirmynd í 2. mgr. 24. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu

Um d-lið.

Lagt er til að 81. og 82. gr. gildandi laga verði felldar á brott. Efni þessara ákvæði verður að finna í öðrum greinum laganna verði frumvarpið að lögum, sbr. m.a. 54. gr. frumvarpsins um eignarnámsheimild og 58. gr. frumvarpsins og áfram um vatnafélög. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringar.

Um breytingartillögur við IX. kafla.

IX. kafli fjallar um óhreinkun vatna. Verði frumvarp þetta að lögum stendur aðeins eftir ein grein í þeim kafla, 83. gr. laganna. Ekki er ætlunin að breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu leiði til efnislegra breytinga á reglum um óhreinkun vatna. Sérstök ástæða er þó til að taka fram að í samræmi við nútímahugtakanotkun er notað hugtakið mengun, en það er alþjóðlegt hugtak sérstakrar merkingar, sbr. skilgreiningu þess í 1. gr. frumvarpsins. Mengun tekur ekki til þess er menn losa sig við hluti í vötn, gömul dekk eða annað rusl, eða þess að lífverum er sleppt í vötn. Því er lagt til að fyrirsögn kaflans haldi sér og að skilja beri óhreinkun vatna víðari skilningi en mengun vatna. Það að menga vötn er þannig hluti af því að óhreinka vötn.

Um 56. gr.

Með greininni er lögð til ný 83. gr. en hún felur í sér að 83. og 84. gr. gildandi laga verði sameinaðar í eina grein. Í 1. mgr. 83. gr. núgildandi laga er lagt bann við að láta í vötn frá iðjuverum eða sleppt um vötn í skurði eða aðrar veitur nokkra þá hluti fasta, fljótandi eða loftkennda sem spilla mundu botni vatns eða bakka eða vatninu sjálfu svo hættulegt sé mönnum eða búpeningi eða spilli veiði í vatninu. Einnig er bannað að láta slík efni á ís eða svo nærri vatni að hætt sé við að þau berist í vatnið. Ákvæðið er að hluta atviksbundið og tekur sérstaklega til losunar frá iðjuverum. Í 84. gr. laganna er hins vegar að finna ákvæði sem bannar aðra losun efnanna en þá sem kveðið er á um í 83. gr. Í gildandi löggjöf, sbr. m.a.

lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er ekki vísað til iðjuvera heldur atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun. Bann við óhreinkun vatna samkvæmt núgildandi lögum er allt að einu ekki bundið við óhreinkun sem stafar frá atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun. Ekki er ætlunin að breyta þessu réttarástandi og því þykir rétt að halda hinu almenna banni við óhreinkun vatna sem er að finna í núgildandi 1. mgr. 83. gr., sbr. 84. gr., en ekki er að finna annars staðar almennt bann við óhreinkun vatna í íslenskum rétti.

Hugtakanotkun er að hluta breytt til nútímahorfs og því lagt bann við mengun vatna í 1. mgr. 83. gr. Mengun er skilgreind í orðskýringum í 1. gr. frumvarps þessa, sbr. 1. gr. laganna. Er þar um að ræða alþjóðlega skilgreiningu og er sömu skilgreiningu að finna í lögum nr. 7/1998 og fleiri bálkum á umhverfissviði. Skilgreiningin vísar ekki sérstaklega til lífvera eða hluta sem fljóta, t.d. plastbrúsa, eða sökkva vegna meiri eðlisþyngdar en vatn, t.d. járnaskrans af ýmsu tagi, og því er nauðsynlegt að taka sérstaklega fram að bannað sé að láta slíka hluti í vatn eða svo nærri því að það geti valdið umræddu áhrifum á vatn eða nánasta umhverfi þess. Með nánasta umhverfi vatns er m.a. átt við botn og bakka og allt það umhverfi vatnsins sem borið getur mengun í vatnið, t.d. ís sem er það nálægt að þegar hann bráðnar mengar hann vatnið. Í frumvarpinu er lagt til að hugtakið óhreinkun taki auk mengunar til fyrrnefnds, þ.e. lífvera og hluta, og sé þannig víðtækara en mengun.

Í 2. mgr. núgildandi laga er heimild til handa ráðherra til þess að veita undanþágu frá banni við losun frá iðjuverum, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Um slíkar undanþágur vísast m.a. til ákvæða laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerða og starfsleyfa á grundvelli tilvitnaðra laga. Að öðru leyti geymir 2. mgr. 83. gr. núgildandi laga almenna skaðabótareglu.

Í 2. mgr. hinnar nýju 83. gr. er kveðið á um að umhverfisráðherra geti veitt undanþágu frá banni því sem mælt er fyrir um í 1. mgr. í samræmi við lög þar að lútandi Ljóst er að ýmis starfsemi getur haft í för með sér losun mengandi efna í einhverjum mæli. Slíkar heimildir eru sem fyrr segir alla jafna veittar þegar gefið er út starfsleyfi fyrir starfsleyfisskyldri starfsemi á grundvelli reglugerða sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 7/1998. Enga bótareglu er að finna í tillögum að breyttri 83. gr. Verði frumvarpið að lögum fer um bótaskyldu eftir almennum reglum og sérreglu 141. gr., sbr. 75. gr. frumvarps þessa.

Í 3. mgr. greinarinnar er, eins og í núgildandi 4. mgr. 83. gr., kveðið á um að unnt sé að taka aftur bótalaust þær undanþágur sem veittar eru á grundvelli 2. mgr. hvenær sem er eða breyta skilyrðum ef nauðsyn þykir til vera vegna hagsmuna almennings eða einstakra manna. Þessi heimild styður m.a. við heimild 2. mgr. 5. gr. a í lögum nr. 7/1998. Þar segir að endurskoða megi efni starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna. Þær forsendur sem taldar eru upp í 2. mgr. 5. gr. a eru breytingar á rekstrinum, tækniþróun eða breytingar á reglum um mengunarvarnir. Ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, leggja ekki sérstakt bann við umhverfismengun en slíkar reglur er m.a. að finna í einstökum reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli laganna en þær eiga fyrst og fremst við um bann við losun tiltekinna mengandi efna í ákveðna viðtaka. Vegna þessa er mælt með því að þegar farið verður í smíði nýrrar, heildstæðrar vatnalöggjafar eins og lagt er upp með í almennum athugasemdum við frumvarp þetta verði lög nr. 7/1998 jafnframt tekin til endurskoðunar.

Í 4. mgr. segir, eins og í núgildandi 5. mgr. 83. gr., að nýja undanþágu þurfi til hverrar þeirrar breytingar sem frekari spjöll geta af hlotist, þótt áður hafi verið veitt leyfi skv. 2. mgr. Þetta ákvæði undirstrikar enn frekar hversu rík vatnsverndin er samkvæmt lögunum.

Um 57. gr.

Í greininni er lagt til að 84. og 85. gr. gildandi laga verði felldar brott. Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um breytingartillögur við XI. kafla.

Í XI. kafla vatnalaga er fjallað um vatnafélög og starfsemi þeirra. Gilda þessar almennu reglur um öll slík félög nema sérákvæði séu um einstök þeirra. Hér er um að ræða allítarlegar reglur um þessa tegund félagsskapar en þar sem reglum þessum sleppir gilda almennar reglur félagaréttar um vatnafélög. Vatnafélög geta haft raunhæfa þýðingu nú á tímum þrátt fyrir að miklar samfélagsbreytingar hafi átt sér stað. Eins og greinir í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er gert ráð fyrir þeim breytingum með frumvarpi þessu að afbrigðum vatnafélaga fækki frá ákvæðum gildandi vatnalaga. Þá hefur nokkrum ákvæðum verið sleppt sem ekki virðist ástæða til að hafa í lögum. Þá skal áréttað að sú grundvallarbreyting hefur nú orðið á að skylduaðild að vatnafélögum er afnumin. Að öðru leyti vísast hér um til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 58. gr.

Greinin felur í sér breytingu á orðalagi 99. gr. gildandi laga. Við setningu gildandi vatnalaga voru í 99. gr. talin upp þau félög sem þá töldust hafa raunhæft gildi hér á landi en öðrum félögum sleppt, t.d. fleytifélögum og félögum í því skyni að halda uppi umferð á vötnum. Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir félögum um vatnsveitur, áveitur, vatnsorkuvinnslu, vatnsmiðlun, varnir gegn ágangi vatns eða annað sem lögmætan tilgang hefur samkvæmt lögum þessum. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir félögum um orkuver og orkuveitu, sbr. c-lið 1. mgr. 99. gr., og holræsi, sbr. g-lið 1. mgr. 99. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Um 59. gr.

Greinin felur í sér breytingu á orðalagi 100. gr. gildandi vatnalaga. Í frumvarpsgreininni er fjallað um fundarboð til stofnunar vatnafélags. Er þeim fasteignareigendum sem stofna vilja vatnafélag skylt að boða til stofnfundar eigendur og eftir atvikum aðra rétthafa þeirra fasteigna sem ætla má að aðild gætu átt að félaginu.

Um 60. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 61. gr.

Regla 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar er samhljóða ákvæði 1. mgr. 102. gr. gildandi vatnalaga. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. er sett til þess að ekki vanti nauðsynleg ákvæði í samþykktir vatnafélaga. Upp eru talin öll helstu atriði sem fram eiga að koma í samþykktum í því skyni að auðveldara sé að semja þær. Sú breyting er frá gildandi lögum að í samþykktum félagsins skuli vera ákvæði um inntöku nýrra félaga skv. 110. gr. og heimild til úrsagnar úr félagi, sbr. 111. gr.

Í 1. málsl. 2. mgr. er mælt fyrir um að einfaldan meiri hluta þurfi til að ráða málum til lykta nema öðruvísi sé fyrir mælt. Í 2. málsl. 2. mgr. er heimild til að kveða svo á í samþykkt að aukinn meiri hluta þurfi til að ráða tilteknum málum til lykta.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að gildi samþykkta félagsins sé háð staðfestingu iðnaðarráðherra.

Um 62. gr.

Með greininni er ráðgert að fella á brott ýmis ákvæði um vatnafélög sem nú teljast óþörf eða reglur þær sem fram koma í 103., 104., 105., 106., 107., 108. og 109. gr. laganna. Þess skal þó getið að ráðgert er að regla 4. mgr. 106. gr. flytjist í 3. mgr. 111. gr., sbr. 64. gr. frumvarpsins. Greinin þarfnast ekki að öðru leyti skýringa.

Um 63. gr.

Greinin svarar að mestu til 110. gr. gildandi vatnalaga. Þessi grein er til tryggingar því að ekki verði teknir nýir menn í félagsskapinn ef það veldur verulegum breytingum á verkefni hans eða skyldum félagsmanna.

Ákvæði 1. mgr. varðar heimild til að taka nýja menn í vatnafélag.

Regla 2. mgr. varðar síðari þátttöku í vatnsveitu eða samáveitu, nánar tiltekið ákvæði um innbyrðis samskipti nágrannaeigna. Þar kemur fram að hverjum þeim sem ekki hefur tekið í upphafi þátt í framkvæmdum sé rétt að gera það síðar, enda valdi það ekki verulegu óhagræði. Telja verður eðlilegt að hafa ákvæði sem þetta þar sem vatnsveitur eða samáveitur eru í einkaeign, en augljós hagræðissjónarmið búa að baki reglunni.

Í 3. mgr. kemur fram að verði veruleg breyting á skyldum félaga vegna töku nýrra félagsmanna eða verkefni félaga breytist verulega af þeim sökum skuli fara með málið sem breytingar á samþykktum félagsins. Rétt er að taka fram að ekki þykir ástæða til að halda þeirri reglu að ráðherra skeri úr ágreiningi um efni 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar eins og 2. mgr. 110. gr. gildandi vatnalaga gerir ráð fyrir. Eðlilegt er að slíkur ágreiningur verði leystur fyrir almennum dómstólum.

Í 4. mgr. segir að bætist nýr maður í félag skuli hann þá greiða að sínum hluta og frá þeim tíma hlutdeild í stofnkostnaði þau gjöld sem á félögum hvíla og með sama hætti sem aðrir félagar nema öðruvísi semji. Kosta skuli hann sjálfur þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru sérstaklega hans vegna til þess að geta notað mannvirki félagsins.

Um 64. gr.

Greinin felur í sér breytingar á ákvæði 111. gr. gildandi vatnalaga auk þess sem í niðurlagi greinarinnar hefur ábyrgðarreglu 4. mgr. 106. gr. gildandi laga verið komið fyrir. Í 1. mgr. kemur fram að maður megi segja sig úr félagi en þá skuli hann fá greiddan stofnkostnað sinn að því leyti sem verðmæti hlutar hans er meira en nemur kostnaði og tjóni af brottför hans. Hér er um að ræða verulegar breytingar frá reglu 111. gr. gildandi vatnalaga, en þar segir að maður megi segja sig úr félagi, ef a) ⅔ hlutar félagsmanna samþykkja á lögmætum félagsfundi og b) svo reynist að landareign hans verður að mun meiri kostnaður af félagsskapnum en öðrum landareignum samanborið við hagnaðinn eða hagræðið. Hér er aftur á móti byggt á því að maður geti hvenær sem er sagt sig úr félagi og er það í samræmi við ríkjandi viðhorf um félagafrelsi. Þess verður þó að gæta að tryggja eðlilega hagsmuni þess sem segir sig úr félagi sem og þeirra aðila sem áfram eru í félagsskapnum og er við það miðað í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar.

Í 2. mgr. er regla sem mælir svo fyrir að segi maður sig úr félagi ábyrgist hann þau gjöld sem á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum félagsins til þess tíma er hann fer úr félaginu. Í 111. gr. gildandi vatnalaga kemur fram að verði ágreiningur megi skjóta honum til ráðherra. Engin slík heimild er í þessari grein til slíks málskots enda er ekki gert ráð fyrir neinu eftirlitshlutverki ráðherra í tengslum við vatnafélög. Af þessu leiðir að leysa verður úr einkaréttarlegum ágreiningi aðila að vatnafélagi fyrir almennum dómstólum.

3. mgr. svarar sem fyrr segir til 4. mgr. 106. gr. gildandi vatnalaga. Í greininni kemur fram að eignir félags standi fyrir skuldum þess og enginn félagsmaður beri ábyrgð umfram löglega ákveðna hlutdeild sína í félaginu.

Um 65. gr.

Í greininni hefur með breytingum á 112. gr. verið safnað saman nokkrum reglum úr niðurlagsákvæðum XI. kafla sem fjalla um slit vatnafélags.

Ákvæði 1. mgr. svarar að mestu til 1. mgr. 112. gr. gildandi vatnalaga. Í 1. mgr. koma fram skilyrði þess að slíta félagi. Þar segir að slíta megi félagi í þremur tilvikum, þ.e. a) ef félagar samþykkja það samkvæmt fyrirmælum samþykktar sinnar, b) ef félagar eru aðeins tveir og annar krefst þess og c) ef það kemur síðar í ljós að ekki er unnt að ná því takmarki sem félagið setti sér eða það er svo miklum örðugleikum bundið að erfitt þykir að halda félagsskapnum áfram.

Felld er brott 2. mgr. 112. gr. um að ágreiningi um það hvort skilyrði félagsslita skv. c-lið 1. mgr. séu fyrir hendi sé ráðið til lykta með matsgerð. Þá er heldur engin málskotsheimild eins og í gildandi vatnalögum sem kveður á um það að skjóta megi mati úttektarmanna undir ráðherra til fullnaðarúrskurðar. Er það í samræmi við þá staðreynd að ráðherra er ekki ætlað hlutverk í tengslum við vatnafélög. Fer núna um úrlausn ágreinings vegna skilyrða félagsslita vatnafélags eftir almennum reglum, þ.m.t. réttarfarsreglum.

Ákvæði 2.–4. mgr. svara að mestu til 113. gr. gildandi vatnalaga. Skv. 2. mgr. sér skilanefnd um skipti vatnafélags ef tilskilinn meiri hluti félagsmanna krefst þess og um vald hennar vísast til hlutafélagalaga um skilanefnd við slit hlutafélags. Í 3. mgr. er mælt fyrir um það hvernig með skuli fara þegar eignir félagsins hrökkva ekki fyrir skuldum. Í 4. mgr. er vísað til laga um skipti á dánarbúum o.fl. að því leyti sem ákvæði frumvarpsins mæla ekki á annan veg.

Um 66. gr.

Í greininni er lagt til að 113. og 114. gr. laganna falli brott. Það er í samræmi við að í 65. gr. frumvarpsins er lagt til að nokkrum niðurlagsgreinum XI. kafla verði safnað saman í 112. gr. laganna. 113. og 114. gr. laganna verða þannig óþarfar.

Um breytingartillögur við XII. kafla.

Í XII. kafla vatnalaga er fjallað um umferðarrétt um vötn. Svo sem fyrr greinir er í 11. gr. gildandi vatnalaga almennt ákvæði um vatnsréttindi almennings. Þar segir m.a. að öllum sé heimilt að nota vatn til sunds og umferðar, einnig á ísi, enda fari það eigi í bága við lög, samþykktir eða annað lögmætt skipulag. Með 12. gr. frumvarps þessa eru lagðar til smávægilegar breytingar á þeirri grein, sbr. athugasemdir við þá grein frumvarpsins. Réttur almennings til umferðar um vötn er svo útfærður frekar í XII. kafla.

Um 67. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á 115. gr. vatnalaga.

Greinin er byggð á 119. gr. gildandi vatnalaga. Í fyrsta lagi er lagt til að fyrirsögn hennar verði „Heimild til að fara um vötn og til afnota af vatnsbökkum“. Þá er lagt til að hún skuli orðast svo að öllum sé heimil för, þ.m.t. á farartækjum, um vötn, einnig á ísi, með þeim takmörkunum sem lög kveða á um. Einnig er kveðið á um heimild fyrir umhverfisráðherra til að setja í reglugerð almennar takmarkanir við umferð vélknúinna báta og annarra vélknúinna farartækja um vötn og vatnasvæði. Slík heimild er nýmæli í vatnalögum. Fátt var um

vélknúin farartæki á vötnum við setningu laganna árið 1923 en á því sviði hafa miklar breytingar orðið. Eins og fram kemur í skilgreiningu hugtaksins „mengun“ í 1. gr. frumvarpsins nær það til bæði efnafræðilegra og eðlisfræðilegra þátta og má í þessu sambandi sérstaklega benda á að hávaði fellur undir mengunarhugtakið.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um rétt til afnota af vatnsbökkum í þeim mæli sem nauðsynlegt er vegna þeirrar nýtingar vatna sem 1. mgr. 115. gr. heimilar en einnig vegna heimildar skv. 11. gr. til sunds og baða. Áréttað er að umferð um vatnsbakka fylgir aðgæsluskylda svo komið sé í veg fyrir skemmdir á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatni eða við það.

Um 68. gr.

Með greininni er lagt til að 116. gr. gildandi laga falli brott. Um samgöngumál er fjallað í öðrum lögum. Greinin þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 69. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 117. gr. vatnalaga. Fyrirsögn greinarinnar verði „Aðgæsluskylda og bætur fyrir tjón vegna umferðar um vötn.“ Þá er lagt til að í 1. mgr. verði bætt við þeirri almennu aðgæsluskyldu sem nú er í 1. mgr. 119. gr. laganna. Þá er lagt til að smávægilegar breytingar verði gerðar á reglu 117. gr., sem verður þá 2. mgr. 117. gr., á þá leið að í stað „notenda“ landareigna verði stuðst við orðalagið „aðra rétthafa“ að landareign. Jafnframt er fellt brott að réttur til bóta sé samkvæmt mati nema um semji. Það er í samræmi við aðrar breytingar sem gerðar eru í frumvarpinu þess efnis að sérákvæði um mat og matsmenn verði felld brott úr vatnalögum. Ef ágreiningur verður um einstök atriði og hann fæst ekki jafnaður með samningum verður úr honum leyst í samræmi við almennar reglur réttarfars.

Um 70. gr.

Í greininni er lagt til að 118., 119. og 120. gr. laganna verði felldar brott. Ákvæði þessi þykja ekki eiga við lengur. Greinin þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 71. gr.

Um þessa grein vísast til athugasemda við 72. gr. frumvarpsins.

Um 72. gr.

Í greininni er lagt til að felld verði brott fyrirsögn XIV. kafla, „Almenn ákvæði um vatnsvirki.“ Ákvæði hér að lútandi munu, ef frumvarpið verður að lögum, flytjast í aðra kafla, sbr. VI. og XV. kafla laganna. Greinin þarfnast ekki frekari skýringar.

Um breytingartillögur við XV. kafla.

Gildandi ákvæði XV. kafla taka fyrst og fremst til ákvörðunar bóta vegna eignarnáms og tilhögun greiðslna þar að lútandi. Efnislega er þess freistað með frumvarpinu að skýra og einfalda reglur laganna og færa þær nær gildandi réttarframkvæmd. Er ákvæðum kaflans nú ætlað að taka almennt til framkvæmdar og tilhögunar eignarnáms samkvæmt lögunum í heild sinni en samhliða er lagt til að einstök sérákvæði verði felld brott. Er með þessu stuðst við þá tilhögun sem byggt er á í vatnalögum, nr. 20/2006, sem og í frumvarpi iðnaðarráðherra frá haustinu 2009. Helstu breytingarnar felast í því að ákvörðunarvald um eignarnám og hversu víðtækt það skuli vera er í höndum viðkomandi ráðherra og með því er aflögð sú verkaskipting milli ráðherra og dómkvaddra matsmanna sem vatnalög, nr. 15/1923, gera ráð

fyrir. Þá er gert ráð fyrir að um framkvæmd eignarnáms fari eftir almennum reglum, þ.e. lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms. Jafnframt eru ýmsar sérreglur vatnalaga, nr. 15/1923, um þetta afnumdar, þar á meðal um matsmenn eignarnámsbóta, tilhögun greiðslna, efnislegar forsendur bótaákvarðana, kostnað eignarnámsþola af matsmáli, umráðatöku eignarnema o.fl. Þá er lagt til að í 141. gr. verði tekið upp sérstakt bótaákvæði sem svarar að sínu leyti til 136. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Um 73. gr.

Með greininni er lagt til að í 139. gr. vatnalaga verði tekin upp ný og breytt regla. Þannig hagar til að í ýmsum ákvæðum vatnalaga, sem og frumvarps þessa, er kveðið á um að ráðherra geti heimilað eignarnám vegna framkvæmda og vatnsnýtingar. Í þessari grein er kveðið á um það til hvaða eigna og réttinda slíkt eignarnám getur náð. Þar segir einnig að ávallt skuli freistað að ná samkomulagi við landeiganda eða rétthafa áður en til eignarnáms kemur en það verður að telja eðlilega reglu, sérstaklega í ljósi Hrd. 1998, bls. 985.

Í 2. mgr. er áréttað að um framkvæmd eignarnáms sem heimilað er á grundvelli laganna fari eftir almennum reglum. Um þetta efni gilda nú lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

Um 74. gr.

Með þessari grein er lögð til nokkur breyting og einföldun á frádráttarreglu 140. gr. gildandi vatnalaga, vegna ákvörðunar eignarnámsbóta. Byggist reglan á því sjónarmiði sem lagt hefur verið til grundvallar í íslenskum rétti að við ákvörðun eignarnámsbóta beri ekki að taka til greina sérstaka verðhækkun þeirrar eignar sem tekin er eignarnámi. Áréttað er að öðru leyti fari um endurgjald fyrir eignarnumin verðmæti eftir almennum reglum þar um.

Um 75. gr.

Með greininni er lagt til að í 141. gr. vatnalaga verði tekin upp almenn bótaregla. Í vatnalögum er að finna margvíslegar bótareglur en í mörgum þeirra er kveðið á um bætur sem hafa fremur einkenni eignarnámsbóta en hefðbundinna skaðabóta. Í 136. gr. vatnalaga, sem stendur í þeim kafla laganna sem fjallar um vatnaframkvæmdir (XIV. kafla), er að finna samsafn skaðabótareglna sem fela í sér frávik frá almennum reglum á því sviði. Er þar í 1. mgr. fjallað um ábyrgð vegna tjóns sem hlýst af verki sem framkvæmt er án leyfis þar sem leyfis er krafist samkvæmt lögunum. Í 2. mgr. 136. gr. er kveðið á um ábyrgð vegna tjóns sem hlýst af því að vatnsvirki eða vatnaframkvæmd fullnægir ekki sanngjörnum kröfum um öryggi eða skilyrðum í leyfi eða brestur verður á viðhaldi vatnsvirkis. Í báðum ákvæðunum er kveðið á um ábyrgð án tillits til sakar. Í 4. mgr. 136. gr. er fjallað um ábyrgð vegna tjóns sem skapast af niðurlagningu vatnsvirkis en sérreglu um bótaábyrgð vegna niðurlagningar vatnsmiðlunarvirkja er að finna í 3. mgr. 74. gr. laganna.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er byggt á sama grundvelli og framangreind ákvæði gildandi vatnalaga. Er kveðið skýrt á um bótaábyrgð vegna tjóns sem skapast við tilteknar aðstæður og mælt fyrir um að ábyrgðin sé óháð sök. Þykir ástæða til að hnykkja á ábyrgð við þessar aðstæður og mæla fyrir um hlutlæga ábyrgð, einkum vegna vandkvæða við sönnun saknæmis sem gjarnan fylgja slíkum málum. Bótaskylda samkvæmt ákvæðinu er bundin við þrenns konar tilvik. Í fyrsta lagi ef ráðist er án leyfis í framkvæmdir sem skylt er að afla leyfis fyrir samkvæmt frumvarpinu. Í öðru lagi ef staðið er þannig að framkvæmdum að ekki fullnægi þeim öryggiskröfum sem 80. gr. mælir fyrir um, en þar er kveðið á um að mannvirki og framkvæmdir allar samkvæmt lögunum skuli þannig úr garði gera að af þeim stafi hvorki

hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns nema honum sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum. Í þriðja lagi stofnast bótaábyrgð á tjóni sem hlýst af því að brestur verður á viðhaldi mannvirkis. Ábyrgð skv. 1. mgr. hvílir á eiganda mannvirkis eða þeim sem annars stendur fyrir framkvæmdum við vatn.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild til að setja það sem skilyrði fyrir leyfi til framkvæmdar samkvæmt frumvarpinu að framkvæmdaraðili leggi fram tryggingu vegna hugsanlegrar bótaábyrgðar. Þetta er þó bundið við stærri framkvæmdir sem haft geta í för með sér umtalsvert tjón. Sambærilegt ákvæði er að finna í 18. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (8. tölul.), og í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis (6. tölul.).

Þar sem reglum greinarinnar sleppir gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.

Rétt er að benda á að á yfirstandandi þingi (139. löggjafarþingi 2010–2011) hefur umhverfisráðherra lagt fram frumvarp til laga um umhverfisábyrgð (299. mál) sem felur í sér innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins um umhverfisábyrgð í því skyni að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ráða bót á þeim (2004/35/EB). Markmið tilskipunarinnar er að setja ramma um ábyrgð vegna umhverfistjóns, þar á meðal tjóns á vatnsgæðum og vistgerðum.

Um 76. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 77. gr.

Með greininni er mælt fyrir um breytt heiti á XV. kafla gildandi vatnalaga.

Um breytingartillögur við XVI. kafla.

Gert er ráð fyrir því að nýr XVI. kafli frumvarpsins leysi af hólmi ákvæði XVI. og XVII. kafla gildandi vatnalaga. Kaflinn hefur að geyma ákvæði um málsmeðferð og yfirstjórn vatnamála, sem gert er ráð fyrir að breytist frá gildandi lögum. Hér er lagt til að yfirstjórn málaflokksins skiptist með tilteknum hætti á milli tveggja ráðherra, iðnaðar- og umhverfisráðherra. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn umhverfis- og vatnsverndar og annist framkvæmd tiltekinna greina frumvarpsins en að öðru leyti lúti lögin yfirstjórn iðnaðarráðherra. Breytingin felur í sér frávik frá þeirri hefð sem verið hefur við lýði í íslenskri lagasetningu að framkvæmd einstakra laga sé á forræði eins ráðherra. Með þessu móti er þess freistað að samræma sem best stjórnsýslu vatnamála þó að lagaákvæði þar að lútandi verði eftir sem áður í a.m.k. tvennum lögum, sbr. frumvarp umhverfisráðherra um stjórn vatnamála, auk ákvæða úr mengunarlöggjöf og víðar.

Hvað hlutverk Orkustofnunar áhrærir í stjórn vatnamála byggist það á því að hún er stofnun sem heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar í hans umboði með jarðrænar auðlindir og náttúrulegar forsendur þeirra, í þessu tilviki vatnsauðlindina. Þetta hlutverk lýtur því að stýringu á nýtingu vatnsauðlindarinnar og aðgerðum nýtingunni tengdum, í samræmi við markmið laganna og annarra löglegra fyrirmæla. Þessu fylgir annars vegar upplýsingaskylda nýtenda um nýtingu og fyrirhugaðar framkvæmdir og hins vegar eftirlit með aðgerðum gagnvart vatni sem breytt geta vatnafari og nýtingu vatnsauðlindarinnar, fyrst og fremst gerð mannvirkja og vatnaveitingar. Gert er ráð fyrir að Orkustofnun geti sett skilyrði um framkvæmd eða starfsemi í vötnum af tæknilegum ástæðum eða til að tryggja nýtingu í samræmi við markmið laganna, eða til að þau samræmist skilyrðum laganna, reglugerðum eða öðrum heimildum. Hér er m.a. sérstaklega minnt á þær áætlanir sem gera á samkvæmt frumvarpi um stjórn vatnamála sem lagt hefur verið fram á Alþingi svo sem rakið hefur verið.

Afskipti Orkustofnunar í samræmi við framangreint felast m.a. í því að eftirlit Orkustofnunar með vatnaaðgerðum snýr í fyrsta lagi að leyfisskyldum aðgerðum, í öðru lagi að þeim sem skilyrði hafa verið sett fyrir og í þriðja lagi er eftirlit heimilt með öllum aðgerðum ef tilefni gefast. Tilkynningarskylda hvílir svo á þeim sem nýta vatn og ráðast í framkvæmdir í vatni, skv. 79. gr. frumvarpsins. Allar fyrirhugaðar framkvæmdir skal tilkynna. Orkustofnun getur sett skilyrði um nýtingu eða mannvirki ef þess er talin þörf, en hefur annars ekki bein afskipti af þessum gerðum, t.d. með leyfisveitingu eða umsögn, nema um leyfisskyldar aðgerðir sé að ræða samkvæmt vatnalögum eða öðrum lögum eða reglum. Er við það miðað að stofnunin hafi stuttan frest til að gera athugasemdir við fyrirhugaða nýtingu eða framkvæmdir. Orkustofnun hefur þannig það hlutverk að fylgjast með öllum framkvæmdum tengdum vötnum. Tilkynningarskyldan þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að gera stofnuninni kleift að hafa viðunandi yfirlit um nýtingu vatnsauðlindarinnar svo að hún geti lagt mat á fyrirhugaða nýtingu, þar á meðal leyfisskylda nýtingu.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til á XVI. kafla er auk þess gert ráð fyrir ákvæði með nánari fyrirmælum um eftirlitshlutverk og úrræði þeirra stjórnvalda sem um er að tefla sem og heimild til gjaldtöku vegna veittra leyfa.

Um 78. gr.

Með greininni er lagt til að í 143. gr. vatnalaga verði fjallað um forræði stjórnsýslu samkvæmt vatnalögum. Skv. 3. og 4. tölul. 7. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 177/2007, fer iðnaðarráðuneytið með mál er varða orku, þar á meðal grunnrannsóknir á orkulindum, nýtingu orku og orkufyrirtæki og jarðrænar auðlindir á landi og á hafsbotni. Þetta þýðir að vatnsnýting fellur undir verkefnasvið iðnaðarráðuneytis og hefur verið litið svo á að framkvæmd gildandi vatnalaga, nr. 15/1923, sé í meginatriðum í verkahring þess ráðuneytis. Það á þó ekki við um alla þætti þeirra og er framkvæmd sumra kafla laganna nú í höndum umhverfisráðuneytis, svo sem IX. kafla um óhreinkun vatna.

Í 1. mgr. er kveðið á um að iðnaðarráðherra fari með yfirstjórn vatnamála að því leyti sem þau mál koma til framkvæmda á grundvelli laganna nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögunum.

Samkvæmt 2. mgr. fer Orkustofnun með stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögunum. Þetta gildir að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í lögunum. Orkustofnun fer því með veigamikið hlutverk í stjórnsýslu vatnamála og gegnir jafnframt mikilvægu ráðgjafarhlutverki, svo sem rakið er hér að framan.

Í 3. mgr. er að finna kæruheimild til ráðherra vegna stjórnvaldsákvarðana Orkustofnunar. Um meðferð máls fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Rétt er að taka fram að framkvæmdir tengdar vötnum geta verið háðar leyfi eða skilyrðum fleiri stjórnvalda en Orkustofnunar. Það breytir þó í engu heimild aðila til að bera stjórnvaldsákvörðun Orkustofnunar undir iðnaðarráðherra.

Í 4. mgr. segir að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn umhverfis- og vatnsverndar samkvæmt lögunum. Í 11. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands er fjallað um hlutverk umhverfisráðuneytis. Þar kemur fram að ráðuneytið fer með ýmis mál er varða vatn og vatnsvernd. Meðal verkefna umhverfisráðuneytisins er náttúruvernd, þar á meðal vernd vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni, umhverfisvöktun, mengunarvarnir, skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum og gerð landnýtingaráætlana, rannsóknir á vatnafari landsins og fyrirhleðslur til varnar ágangi vatns. Vegna þessa er mikilvægt að samræmi sé í framkvæmd á grundvelli annars vegar vatnalaga og hins vegar þeirrar löggjafar sem vatnamál varða í víðtækum skilningi en eru á forræði umhverfisráðherra. Loks er lagt til að umhverfisráðherra verði heimilt

að fela Umhverfisstofnun stjórnsýslu. Í lokamálslið er að finna kæruheimild til ráðherra vegna stjórnvaldsákvarðana Umhverfisstofnunar.

Um 79. gr.

Í greininni, sem breytir 144. gr. vatnalaga, er grein gerð fyrir fresti sem Orkustofnun hefur til að taka ákvörðun um hvort veita skuli leyfi fyrir leyfisskyldri framkvæmd eða synja um slíkt leyfi. Þá er einnig í öðrum tilvikum gert ráð fyrir þeirri skyldu að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir sem fyrirhugað er að ráðast í og tengjast vatni og vatnafari. Þörfin á tilkynningarskyldunni byggist á því að framkvæmdir geta haft veruleg og óafturkræf áhrif á vötn og vatnsréttindi annarra og skert nýtingarhagsmuni og almannahag fyrir utan önnur spjöll sem þeim geta fylgt. Auk þess er talin þörf á tilkynningarskyldu vegna hlutverks Orkustofnunar samkvæmt lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun. Tilkynningarskylda getur tæplega talist mjög íþyngjandi fyrir hinn tilkynningarskylda aðila, en lausung og losarabragur við framkvæmdir geta komið illa niður á mörgum stöðum og hjá mörgum aðilum. Orkustofnun eru því ætlaðar heimildir til að setja skilyrði fyrir framkvæmdum og starfsemi í vötnum, m.a. ef þess er talin þörf af tæknilegum ástæðum eða vegna varðveislu nýtingarmöguleika vatnsins. Hér er um heimild að ræða en ekki skyldu og tekið mið af því að heimild verði ekki beitt nema að gefnu tilefni eins og nánar er kveðið á um hér síðar. Framkvæmdir þessar geta verið leyfis- eða eftirlitsskyldar samkvæmt öðrum lögum og af hálfu annarra aðila, sbr. t.d. lög um mannvirki, nr. 160/2010, náttúruverndarlög, nr. 44/1999, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, lög um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, o.fl. Almannahagsmunir og nauðsyn góðrar og skipulegrar umgengni við vötn í tengslum við nýtingu þeirra kalla á stjórnsýslu og eftirlit Orkustofnunar á þann afmarkaða hátt sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í 1. mgr. er kveðið á um almennan frest Orkustofnunar til meðferðar leyfisumsóknar í tilviki leyfisskyldrar framkvæmdar. Frestur stofnunarinnar er þá átta vikur til þess að gera annað tveggja, gefa út leyfið eða synja um útgáfu þess. Eiga hér við almenn sjónarmið með sambærilegum hætti og þegar um leyfisveitingar stjórnvalda er að ræða. Fari Orkustofnun fram yfir þann frest gilda þar um reglur stjórnsýsluréttarins, þ.m.t. um málskot til ráðherra.

Í 2. mgr. er svo grein gerð fyrir þeirri sérstöku reglu að allar framkvæmdir tengdar vötnum séu tilkynningarskyldar þó að þær séu ekki leyfisskyldar samkvæmt ákvæðum vatnalaga eða öðrum lögum, t.d. mannvirkjalögum. Enginn eðlismunur er á þeim framkvæmdum sem leyfisskyldar kunna að vera samkvæmt öðrum lögum. Sama nauðsyn er því á tilkynningarskyldu í þeim tilvikum. Rökin fyrir reglu 2. mgr. eru einkum þau að Orkustofnun eru falin viðamikil verkefni í lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun. Má þar að nefna að skv. 2. gr. laganna er hlutverk Orkustofnunar m.a. 1) að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál, 2) að standa fyrir rannsóknum á orkubúskap þjóðarinnar, á orkulindum landsins og hafsbotnsins og á öðrum jarðrænum auðlindum þannig að unnt sé að meta þær og veita stjórnvöldum ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra, 3) að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings, o.fl. Þykir tilkynningarskylda 2. mgr. nauðsynleg í ljósi þessa hlutverks Orkustofnunar. Til greina hefði komið að hafa allar framkvæmdir tengdar vötnum, stórar og smáar, leyfisskyldar. Aðferðafræði þessarar greinar gengur hins vegar skemur og ætti að ná öllum sömu markmiðum og næðust með skilyrðislausu ákvæði um leyfi.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ekki þurfi að tilkynna Orkustofnun sérstaklega um framkvæmdir er snerta veiðivötn í skilningi lax- og silungsveiðilaga, nr. 61/2006. Slíkar fram-

kvæmdir eru háðar leyfi Fiskistofu og er í málsgreininni kveðið á um að þegar sótt er um leyfi til framkvæmda til Fiskistofu skuli Fiskistofa senda Orkustofnun afrit af slíkum umsóknum. Orkustofnun getur þá ef hún telur ástæðu til sett skilyrði fyrir framkvæmdinni í samræmi við 4. mgr.

Ákvæði 1. málsl. 4. mgr. felur í sér heimild til handa Orkustofnun að setja skilyrði fyrir framkvæmdum sem talin eru nauðsynleg af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að framkvæmdir geti spillt þeirri nýtingu sem fram fer í vatni eða möguleikum á að nýta vatn síðar. Þess er áður getið að sú leið var ekki talin heppileg í frumvarpinu að binda allar framkvæmdir tengdar vötnum, stórar sem smáar, við leyfi Orkustofnunar. Þetta ákvæði styðst aftur á móti við þau rök að þó að framkvæmd sé lögum samkvæmt ekki leyfisskyld geti þær aðstæður verið fyrir hendi að sama þörf sé á að Orkustofnun setji skilyrði fyrir framkvæmdum og væru þær leyfisskyldar. Má hér sérstaklega nefna að Orkustofnun ber skv. 3. mgr. 28. gr. frumvarps til laga um stjórn vatnamála að tryggja að leyfi sé í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í vatnastjórnunaráætlun. Þótt framkvæmd sé ekki leyfisskyld, aðeins tilkynningarskyld, kann Orkustofnun að setja henni skilyrði samkvæmt þessari málsgrein og er vatnastjórnunaráætlun eitt af því sem þá er tekið mið af. Hér er því um að ræða stjórnsýsluákvörðun Orkustofnunar sem tekin verður á grundvelli þeirra aðstæðna sem lýst er í ákvæðinu.

Í 3. málsl. 4. mgr. kemur fram að ákvæði 1. málsl. 4. mgr. gildi ekki um framkvæmdir á friðlýstum svæðum þar sem Umhverfisstofnun hefur forræði. Umhverfisstofnun skal þó leita álits Orkustofnunar um framkvæmdir skv. 1. mgr. en verði ágreiningur milli Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar um skilyrði fyrir framkvæmdum sker umhverfisráðherra úr.

Í 5. mgr. er ákvæði sem setur Orkustofnun þrönga fresti til þess að taka ákvörðun um hvort hún ætli sér að nýta heimild 4. mgr. til þess að setja skilyrði fyrir framkvæmdum í vatni þegar ekki er lögákveðið að um leyfisskylda framkvæmd sé að ræða. Í fyrsta lagi skal stofnunin greina tilkynningarskyldum aðila frá því innan fjögurra vikna frá því að tilkynning barst henni hvort sett verða skilyrði fyrir framkvæmdum eða gerðar aðrar athugasemdir við framkvæmdir þær sem tilkynntar hafa verið. Í öðru lagi er það svo að tilkynni Orkustofnun tilkynningarskyldum aðila innan frestsins að hún hyggist setja einhver skilyrði fyrir framkvæmdum byrjar nýr fjögurra vikna frestur að líða að loknum fjögurra vikna frestinum.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um skyldu til setningar reglugerðar enda nauðsynlegt að þau efnislegu og formlegu skilyrði sem mælt er fyrir um í greininni séu nánar útfærð í reglugerð.

Um 80. gr.

Með greininni er lagt til að í 145. gr. vatnalaga verði lögfest úrræði viðkomandi stjórnvalds ef ekki er farið að lögum og reglum við vatnaframkvæmdir og starfsemi í eða við vötn eða brotið gegn skilyrðum sem sett eru fyrir leyfisskyldum framkvæmdum. Ákvæðið felur m.a. í sér breytta og nánari útfærslu á ákvæði 135. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, þar sem kveðið er á um heimild ráðherra, ef nauðsyn þykir, til að stöðva ólögmætar framkvæmdir, fyrirskipa endurbætur eða láta vinna þær, eða rífa mannvirki, allt á kostnað eiganda.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild fyrir viðkomandi stjórnvald til að stöðva framkvæmd sem leyfis er krafist til samkvæmt frumvarpinu ef leyfi hefur ekki verið fengið fyrir henni. Sama heimild á við í þeim tilvikum sem framkvæmd er ekki tilkynnt í samræmi við reglur laganna. Síðan er kveðið á um það að ef staðið er þannig að framkvæmd eða starfsemi að ekki samrýmist ákvæðum vatnalaga, reglugerðum eða útgefnu leyfi skal stjórnvald veita framkvæmdaraðila skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Gert er ráð fyrir að þetta séu ávallt fyrstu viðbrögð stjórnvalds við brotum eða vanrækslu framkvæmdaraðila. Sinni

framkvæmdaraðili ekki slíkum tilmælum hefur stjórnvald tvenns konar úrræði. Annars vegar getur það stöðvað framkvæmdina eða starfsemina þar til úr hefur verið bætt og hins vegar beitt dagsektum til að knýja á um úrbætur. Dagsektir skulu renna í ríkissjóð. Eftirlitsaðili getur jafnvel beitt báðum úrræðum samtímis.

Samkvæmt 2. mgr. er lögreglu skylt að aðstoða stjórnvöld við aðgerðir skv. 1. mgr. Sambærilegt ákvæði er í 4. mgr. 55. gr. mannvirkjalaga, nr. 160/2010.

Í 3. mgr. greinarinnar er kveðið á um að heimilt sé að fella niður leyfi samkvæmt lögunum og banna framkvæmdir eða starfsemi ef leyfishafi brýtur ítrekað eða stórfellt gegn skilmálum leyfis. Þegar vísað er til þess að leyfishafi geti ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu er t.d. átt við ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta.

4. mgr. fjallar um úrræði til að færa umhverfi til fyrra horfs ef því hefur verið raskað með óheimilum framkvæmdum. Gert er ráð fyrir að stjórnvöld geti mælt fyrir um að óheimil mannvirki verði fjarlægð og umhverfið fært til fyrra horfs. Sambærilega heimild er að finna í 2. mgr. 55. gr. mannvirkjalaga, nr. 160/2010. Jafnframt er kveðið á um heimild stjórnvalda til að láta vinna verk á kostnað hins brotlega ef slíkum fyrirmælum er ekki sinnt innan tímamarka.

Það ber að árétta að ávallt skal veita skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta áður en þvingunarúrræðum skv. 3. og 4. mgr. er beitt. Er þetta áréttað í 5. mgr. greinarinnar.

Í 6. mgr. er loks mælt fyrir um að kröfur um dagsektir og kostnað samkvæmt greininni séu aðfararhæfar.

Um 81. gr.

Með greininni sem felur í sér efni nýrrar 146. gr. vatnalaga er kveðið á um gjaldtökuheimild stjórnvalda vegna útgáfu leyfa samkvæmt lögunum og fyrir eftirlit sem stjórnvaldi er falið. Gjaldið er í eðli sínu þjónustugjald og má því ekki vera hærra en nemur kostnaði við undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, útgáfu leyfis og eftirlitið.

Um 82. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa umfram það að í núgildandi ákvæðum 147.–150. gr. vatnalaga eru ákvæði um framkvæmd mats á grundvelli laganna sem ekki hafa þýðingu lengur með breyttri stjórnsýslu og einfaldaðri eignarnámsframkvæmd.

Um 83. gr.

Með greininni er mælt fyrir um breytt heiti á XVI. kafla gildandi vatnalaga, sbr. skýringar hér að framan.

Um 84. gr.

Felld eru brott ákvæði 151. og 152. gr. vatnalaga sem fjalla um eldri stjórnsýsluhætti.

Um 85. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um breytingartillögur við XVIII. kafla

Heiti XVIII. kafla laganna er breytt en þar er safnað saman ákvæðum um refsingar, heimild til setningar reglugerðar og ákvæði um gildistöku.

Um 86. gr.

Með greininni eru gerðar verulegar breytingar á refsiheimild 153. gr. vatnalaga. Samkvæmt því er heimilt að ákvarða lögaðila sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Erfitt getur reynst að sanna að skilyrði refsiábyrgðar séu fyrir hendi ef um refsiábyrgð lögaðila væri vísað til II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Rétt er að taka fram að viðurlagaákvæði þetta ber að túlka til samræmis við ákvæði II. kafla A almennra hegningarlaga.

Í fyrsta lagi verður fésekt ákveðin með hliðsjón af almennum hegningarlögum, m.a. 51. gr. sem mælir svo fyrir að þegar fjárhæð sektar er ákveðin skuli eftir því sem við á höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings, afkomu, framfærsluskyldu, öðrum atriðum er orka á greiðslugetu hans og þeim fjárhagslega ávinningi eða sparnaði sem leiddi af brotinu eða stefnt var að með því.

Í öðru lagi verður hugtakið lögaðili í viðurlagaákvæði frumvarpsins túlkað með hliðsjón af 19. gr. b almennra hegningarlaga, enda engin sérregla lögð til í frumvarpinu, en í athugasemdum við 19. gr. b segir að gildandi sérrefsilagaheimildir um refsiábyrgð lögaðila verði skýrðar til samræmis við ákvæðið þannig að refsiábyrgðin taki til þeirra lögaðila sem ákvæðið afmarkar nema annað sé sérstaklega tekið fram í sérrefsilögunum.

Í þriðja lagi skal tekið fram að öfugt við 19. gr. a og 19. gr. b verður 19. gr. c ekki beitt um tilvik sem falla undir viðurlagaákvæði frumvarpsins. Um það vísast til þess sem áður segir, að viðurlagaákvæði frumvarpsins miðar við hlutræna refsiábyrgð lögaðila. Heimilt er að víkja frá að refsiábyrgð lögaðila sé bundin því skilyrði að staðreynt hafi verið að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður lögaðilans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Um þetta segir í athugasemdum við 19. gr. c í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 140/1998, um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, að ákvæði um slík frávik verði þó að vera skýr. Þannig sé t.d. ekki gert ráð fyrir því að ákvæðið felli úr gildi sérrefsilagaákvæði um að gera megi lögaðila fésekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Af þessum ummælum er ljóst að viðurlagaákvæði frumvarpsins stenst fyllilega kröfur almennra hegningarlaga.

Um 87. gr.

Með greininni er gert ráð fyrir að í 154. gr. vatnalaga verði almenn heimild til setningar reglugerða til handa iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Greinin þarfnast ekki að öðru leyti sérstakra skýringa.

Um 88. gr.

Greinin felur í sér breytingu á kaflaheiti og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 89. gr.

Mælt er fyrir um að verði frumvarpið samþykkt taki breytt vatnalög gildi 1. júlí 2011. Frá sama tíma falli vatnalög, nr. 20/2006, niður og öðlist því ekki gildi. Þá falli jafnframt úr gildi lög nr. 31/2007, um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir að starfandi vatnafélög lagi starfsemi sína að lögunum breyttum fyrir 1. janúar 2012.

Fylgiskjal I.

Vatnalög, nr. 15/1923, eftir breytingar samkvæmt frumvarpi.

I. kafli. Gildissvið og orðaskýringar.

1. gr. *Gildissvið og orðskýringar.*

Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki þar um.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Almenningur:* Sá hluti vatns sem liggur fyrir utan netlög landareigna.
2. *Áveita:* Mannvirki sem er notað til þess að veita vatni á land.
3. *Bakki:* Fast takmark á farvegi straumvatns, legi stöðuvatns eða strandsjávarbotns, svo sem klettar, gróið land eða eyrar sem vatn fellur ekki yfir í meðalvexti eða sjór við meðalstórstraumsflóð.
4. *Búsþarfir:* Notkun vatns við búrekstur og annan atvinnurekstur á sviði landbúnaðar með réttindum og skyldum samkvæmt ábúðarlögum.
5. *Eignarland:* Landsvæði, þ.m.t. innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi lands fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
6. *Farvegur:* Vatnsleg sem vatnsfall rennur eftir, hvort heldur af manna völdum eða náttúru.
7. *Fasteign:* Afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.
8. *Háflæði:* Mesta rennsli eða hækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð.
9. *Heimilisþarfir:* Þarfir til venjulegs heimilishalds.
10. *Iðja:* Iðnaður, annar en handiðn.
11. *Landareign:* Fasteign, þ.e. afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.
12. *Lágflæði:* Minnsta rennsli eða lækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð.
13. *Mannvirki:* Hvers konar framkvæmdir og manngerðir hlutir sem skeytt er við fasteign, þ.m.t. í, við eða yfir vatni, t.d. hús, brú, girðing, virkjun eða stíflugarður.
14. *Mengun:* Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.
15. *Merkivatn:* Vatn það sem ræður landamerkjum.
16. *Miðlunarlón:* Stöðuvatn sem er manngert að öllu leyti eða hluta og rennsli er stýrt í og/eða úr.
17. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns eða vatnsfalls sem fasteign liggur að.
18. *Orkunýting:* Hvers konar hagnýting vatns samkvæmt lögum þessum til framleiðslu á orku, fyrst og fremst raforku.
19. *Orkuver:* Land eða lóð, hús og önnur mannvirki, ásamt tækjum til afnota við orkuvinnslu eða breytingar einnar tegundar orku í aðra.

20. *Rennsli:* Hreyfing vatns, hvort heldur er af manna völdum eða náttúru.
21. *Straumvatn:* Yfirborðsvatn sem í er greinilegur straumur þegar enginn vöxtur er í því.
22. *Stöðuvatn:* Vatn sem sýnist slétt í logni og straumlaust að sjá enda þótt flætt geti gegnum það.
23. *Vatnsból:* Mannvirki, t.d. brunnar, eða virkjaðar lindir, eða náttúruleg vatnsleg þar sem vatn er tekið eða nytjað á staðnum.
24. *Vatnsfall:* Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að breytilegur sé eftir tíma og stað, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við.
25. *Vatnsflæði:* Rennsli vatns sem vatnsmagn á tímaeiningu, í l/sek eða m^3/sek.
26. *Vatnsleg:* Lægð í landi, sem vatn stendur í, vatnsfall eða stöðuvatn, ásamt tilheyrandi botni og bökkum allt að vatnsborðsstöðu við háflæði. Lönd sem flæðir yfir ofan háflæðis teljast ekki til vatnslegs.
27. *Vatnsmiðlun:* Geymsla á vatni til þess að breyta náttúrulegu vatnsmagni vatnsfalls eða til stýringar á rennsli vatns.
28. *Vatnsnýting:* Vatnstaka, veiting eða virkjun vatns til heimilis- eða búsþarfa, í arðsemisskyni eða til að verja fasteign spjöllum.
29. *Vatnsveita:* Mannvirki til að flytja vatn til notenda.
30. *Þjóðlenda:* Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

II. kafli. Almenn ákvæði um vatnsréttindi.

2. gr. *Vatnsréttindi.*

Landareign hverri, þ.m.t. þjóðlendu, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni sem á henni er á þann hátt sem lög þessi heimila.

Landeigendur sem hafa aðgang að sama vatni eiga sama rétt til þess í hlutfalli við þá nýtingu sem er gerleg á eða fyrir landi þeirra.

3. gr. *Merki landareigna í lækjum og ám.*

Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hvort land í miðjan farveg, og sé ekki vöxtur í vatni, nema önnur lögmæt skipun sé þar á gerð.

Eigi breytast merki, þótt farvegur breytist.

4. gr. *Merki landareigna við stöðuvötn.*

Nú liggur landareign að stöðuvatni, og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka, er hann verður talinn áframhald af, 115 metra út í vatn (netlög).

Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 metrar á breidd, þá skal miðlína þess ráða merkjum, nema önnur lögmæt skipun hafi verið á gerð.

Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði, þá fylgir vatnsbotn landi sem þurrt land væri.

Ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni, þá fylgja þeim netlög sem áður segir. Nú fylgja fasteign eyjar, hólmar eða sker fyrir landi annarrar fasteignar, og er sundið mjórra en 230 metrar, og ræður þá miðlína sundsins merkjum.

Jafnan skal miða við lágflæði í vatni.

Ef breyting verður á vatnsbotni, þá skulu netlög vera sem áður voru þau.

Reglur um merki við stöðuvötn gilda einnig um miðlunarlón eftir því sem við getur átt.

5. gr. *Landamerki milli fasteigna sem liggja að vatni sömu megin.*

Nú liggja tvær fasteignir eða fleiri að vatni sömu megin, og skulu þá netlög hverrar um sig ákveðin svo, ef eigi hefir áður verið skipun á gerð, að hver botndepill fylgi þeim bakka, sem hann er næstur.

6. gr. *Réttur til vatns þegar merkivötn skilja fasteignir.*

Þar sem merkivötn skilja fasteignir er hvorri rétt að nota vatnið að jöfnu eftir þörfum sínum. Dreifist vatn þannig í farvegi að ekki skiptist til helminga um miðlínu skal hvorri fasteign þó fylgja jafn réttur til vatnsins.

7. gr. *Forn farvegur.*

Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.

Óheimilt er manni, nema sérstök heimild eða lagaleyfi sé til þess:

1. að breyta vatnsbotni, straumstefnu, vatnsmagni, eða vatnsflæði, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð,
2. að gerstífla straumvatn eða gera mannvirki í vatni eða yfir því,
3. að veita vatni af einni fasteign á fasteign annarra, ef tjón eða hætta er af því búin eign annars manns eða réttindum, óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta að nokkru ráði fyrir hagsmuni ríkis eða almennings.

8. gr. *Heimild til að fella vatnsfall í fornan farveg eða koma honum í samt lag.*

Nú breytist farvegur án þess af mannavöldum sé, og er þá landeiganda hverjum, sem mein verður að breytingunni, rétt að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Ef til þess þarf afnot af annarri fasteign eru þau heimil en þá getur eigandi þeirrar fasteignar krafist bóta fyrir tjón og óþægindi, sem verkið bakar honum. Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur getur ráðherra heimilað eignarnám í þessu skyni.

…

Nú hefir sama ástand haldist í 20 ár eða lengur, og skal þá um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo.

9. gr. *Minni háttar vötn.*

Fara skal um jarðvatn, hveri, laugar, ölkeldur, regnvatn og leysingavatn, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slík minni háttar vötn, sem ekki hafa stöðugt afrennsli ofanjarðar, svo sem hér segir, enda sé ekki önnur lögmæt skipun á gerð. Um hveri, laugar og ölkeldur gilda þó þær takmarkanir að landeiganda er óheimilt að spilla slíkum náttúrufyrirbærum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé nauðsynlegt talið til varnar því landi eða landsnytjum og að fengnu leyfi Orkustofnunar.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér slíkt vatn eða ráðstafa því með öðrum hætti, enda fari það eigi í bága við ákvæði 15. gr., stífla frárennsli úr því, hlaða upp bakka þess eða gera garð um það, ræsa það fram ofanjarðar eða neðan og bera ofan í það, án þess að hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem eigi er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

Landareign, sem lægra liggur, fylgir skylda til að hlíta því, að vatnið renni um hana í þeim farvegi og með þeim hætti, er náttúran hefir markað því.

Nú verður breyting á farvegi, vatnsflæði eða vatnsmagni af völdum náttúrunnar eða þriðja manns, og verður þeim mein að sem land eiga að, og skal þeim þá rétt að færa vatnið í samt

lag, en gera skal það innan árs frá lokum þess árs, er breytingin varð. Ef til þess þarf afnot af annarri landareign eru þau heimil að fengnu leyfi Orkustofnunar en þá getur eigandi þeirrar fasteignar krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem verkið bakar honum. Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur getur ráðherra heimilað eignarnám í þessu skyni.

Ef vatn liggur á tveim landareignum eða fleiri, þá má enginn landeigandi fara svo með það, að hinum verði mein að.

10. gr. *Aðgangsröð að vatni á landareign.*

Aðgangsröð að vatni er þessi eftir mikilvægi:

1. heimilisþörf,
2. búsþörf,
3. þörf atvinnurekstrar á landareigninni, annars en búrekstrar, svo sem iðnaðar og iðju,
4. áveituþörf,
5. orkuþörf.

11. gr. *Réttur til vatnstöku til heimilis- og búsþarfa og til sunds og baða.*

Öllum er heimilt að taka vatn til heimilisþarfa og bús þar sem landeiganda er meinlaust, svo og að nota vatn til sunds og baða enda fari það eigi í bága við lög, samþykktir eða annað lögmætt skipulag.

12. gr. *Vatnstaka á eigin landareign.*

Gera má maður brunna og vatnsból á landareign sinni, en gæta skal hann þess, að eigi sé minnkuð eða heft aðsókn vatns að brunnum annarra manna eða vatnsbólum, nema eigi sé annars kostur eða vatnsból yrði ella mun dýrara eða vatnsaðdrættir erfiðari.

Eigi má heldur gera önnur mannvirki, ef ætla má, að þau hafi slíkar verkanir sem mælt var.

…

13. gr. *Frágangur brunna og annarra vatnsgeyma.*

Skylt er mönnum að ganga svo frá brunnum og öðrum vatnsgeymum, að mönnum, skepnum og landi annarra manna stafi eigi hætta af.

14. gr. *Skylda til þátttöku í vatnsveitu, áveitu, vatnsmiðlun eða vörnum gegn vatnságangi.*

Nú eiga menn fasteign í sameign og vill meiri hluti stofna til vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa á eigninni, koma þar á fót samáveitu, stofna til vatnsmiðlunar eða verjast ágangi vatns og getur þá sá eða þeir sem eiga meiri hluta fasteignarinnar ákveðið að ráðast í framkvæmdir enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í kostnaði öllum af þeim, ef talið verður að fasteigninni muni verða meira hagræði af framkvæmdunum en kostnaðinum nemur.

…

15. gr. *Leyfi til að skilja vatnsréttindi frá landareign og skipting vatnsréttinda við sölu hluta landareignar.*

Ekki má skilja við landareign vatnsréttindi til heimilis- og búsþarfa nema með leyfi Orkustofnunar.

Nú eru vatnsréttindi framseld án þess að eignarréttur að landareign sé jafnframt framseldur og fer þá um réttarvernd þeirra samkvæmt ákvæðum þinglýsingalaga er varða fasteignir.

Nú er framseldur hluti landareignar sem liggur að vatni eða á og eru vatnsréttindi innifalin í kaupunum nema öðruvísi sé kveðið á um. Þó skal sá hluti landareignar sem eftir stendur hafa næg vatnsréttindi til að fullnægja heimilis- og búsþörfum og næg og endurgjaldslaus landsafnot til hagnýtingar þeim.

Ef sameignarlandi er skipt skulu hverjum eignarhluta fylgja, svo sem frekast er kostur, næg vatnsréttindi til að fullnægja heimilis- og búsþörfum og næg og endurgjaldslaus landsafnot til hagnýtingar þeim.

16. gr. *Ráðstöfunarheimildir opinberra aðila.*

Ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum, sem alfarið eru í eigu þeirra, er óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti rétt til umráða og hagnýtingar á því vatni sem hefur að geyma virkjanlegt afl umfram 10 MW.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að framselja réttindi til ríkis, sveitarfélags eða félags sem er alfarið í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og er sérstaklega stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.

Ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu, sbr. 2. mgr., er heimilt að veita tímabundið afnotarétt að réttindum skv. 1. mgr. Handhafi tímabundins afnotaréttar skal eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.

Við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur skal gæta jafnræðis. Þá skal gæta þess að ákvörðunin stuðli að hagkvæmri nýtingu auðlindanna og fjárfestinga í mannvirkjum.

Forsætisráðherra skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 3. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.

III. kafli. Um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar.

17. gr. *Vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju.*

Eiganda landareignar, er vatnsréttindi fylgja, er rétt að veita til sín vatni, sem um hana rennur eða á henni er, um föst veitutæki til heimilis- og búsþarfa á eigninni eða til iðnaðar og iðju, sem á henni er rekin, enda sé ekki meira vatni veitt en þörf er á, eða vatni því, sem afgangs verður, veitt í vatnslegið svo nærri upptökum veitunnar, að öðrum, sem tilkall eiga til vatnsins, verði sem minnst tjón eða bagi að.

18. gr. *Ef vatn er of lítið til að fullnægja þörfum skv. 17. gr.*

Nú er vatn of lítið til að fullnægja þeim þörfum sem í 17. gr. segir og á þá hver sú landareign sem tilkall hefur til þess vatns, sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Um rétthæð einstakra vatnsnota vísast til 10. gr.

Ef vatn sem veitt er um sömu veitutæki er notað til að fullnægja fleiri en einni af þeim þörfum sem í 1. mgr. segir skal fara um það vatn sem það væri allt haft til að fullnægja rétthæstu þörfinni.

…

19. gr. …

20.–21. gr. …

22. gr. …

23. gr. …

24. gr. …

25. gr. *Heimild sveitarstjórnar til vatnsveitugerðar.*

Sveitarstjórn er rétt að taka það vatn sem hún þarf til vatnsveitu úr brunnum, uppsprettum eða vötnum í landareignum annarra manna, enda séu þær ekki sviptar því vatni sem þeim er metið nauðsynlegt til þeirra þarfa sem í þessum kafla getur, nema þeim sé séð fyrir því með öðrum hætti, þeim ekki óhagfelldari.

Rétt er eiganda eða öðrum rétthafa þeirrar landareignar sem vatn er tekið úr skv. 1. mgr. að leggja til sín og á sinn kostnað vatnsæðar úr vatnsveitu sveitarfélagsins, enda greiði hann aukakostnað af því, nema öðruvísi semji.

Haga skal vatnsveitu svo að spjöll verði sem minnst vegna hennar. Ef spjöll verða skal bæta þau að fullu.

…

26. gr. *Skylda landeiganda til að láta af hendi land og landsafnot til vatnsveitugerðar.*

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot hvar sem er og hvenær sem er í þarfir vatnsveitu sveitarfélags, svo og mannvirki, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir.

Ef nauðsynlegt þykir til þess að koma í veg fyrir mengun vatns sem tekið er til vatnsveitu handa sveitarfélagi, þá er mönnum jafnskylt að láta af hendi land og láta í té landsafnot og mannvirki, svo og að þola eignarkvaðir, óhagræði og takmarkanir, sem í 1. mgr. segir, gegn fullum bótum.

27. gr. *Eignarnámsheimild o.fl.*

Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur vegna þeirra þarfa sem greinir í 25. og 26. gr getur ráðherra heimilað eignarnám.

Um vatnsveitur sveitarfélaga fer að öðru leyti samkvæmt lögum sem um þær gilda á hverjum tíma.

28. gr. …

29. gr. *Vatnsveitufélag.*

Nú vilja aðrir en sveitarfélög koma sér upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum sínum á vatni skv. 17. gr. og geta þá eigendur þeirra fasteigna sem nota ætla vatnsveituna gert með sér félag er nefnist vatnsveitufélag. Um félagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem fyrirmæli þessa kafla taka ekki til þess.

…

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 25.–27. gr. og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga eftir því sem við getur átt.

30. gr. …

31. gr. *Réttur til þess að afla sér vatns af fasteign annars manns.*

Ef maður getur ekki aflað sér vatns í landareign sinni til heimilis- og búsþarfa, eða þar er að mun kostnaðarsamara eða bagameira að afla þess en af landareign annars manns, þá er honum rétt að afla þess þaðan, enda sé þar vatn afgangs frá heimilis- og búsþörfum. Er honum rétt að fara yfir land annars manns í því skyni, en gera skal hann svo lítinn usla sem unnt er og bæta tjón á landi eða vatnsbóli og kosta gerð þess og viðhald að sínum hluta.

Eigandi fasteignar eða annar rétthafi má gera brunn eða annað vatnsból í landi annars manns, ef svo er ástatt sem í 1. mgr. segir.

32. gr. *Taka vatns af fasteign annars manns í vatnsveitu til þarfa eigin fasteignar skv. 17. gr.*

Nú þarf maður að taka vatn af landi annars manns í vatnsveitu til þarfa eignar sinnar, skv. 17. gr., og er honum það rétt, enda sé vatn nægt, er eigi sé notað til samkynja þarfa þeirrar eignar.

…

Beita má ákvæðum 2. mgr. 25. gr. ef vatn er tekið skv. 1. mgr. þessarar greinar.

33. gr. *Eignarnámsheimild.*

Náist ekki samningar um framkvæmdir og/eða bætur vegna þeirra þarfa sem greinir í 31. og 32. gr. getur ráðherra heimilað eignarnám.

34. gr. *Síðari þátttaka í vatnsveitu.*

Hverjum þeim sem ekki hefur í öndverðu tekið þátt í vatnsveitu samkvæmt þessum kafla er rétt að gera það síðar, enda verði það metið að vatn sé til þess nægilegt og að það valdi eiganda veitunnar ekki verulegu óhagræði að öðru leyti. En hlíta skal hann þeim ákvæðum sem sett eru eða sett verða um notkun vatnsins og meðferð veitunnar. Svo skal hann og greiða endurgjald fyrir vatnsnotin.

35. gr. …

IV. kafli. Um áveitur.

36. gr. *Hagnýting vatns í áveituskyni.*

Landeiganda er heimilt að hagnýta sér vatn, sem er á landareign hans eða um hana rennur, til áveitu í ræktunarskyni á hana sjálfa eftir þörfum, enda sé enginn sviptur með því neysluvatni, sbr. 1.–3. tölul. 10. gr. né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um útvegun neysluvatns né því spillt fyrir neinum, svo að veruleg óþægindi séu að.

37. gr. *Ef merkivötn skilja landareignir.*

Þar sem merkivötn skilja landareignir, er hvorri rétt að nota vatnið eftir þörfum sínum. Þarfir skv. 17. gr. ganga fyrir áveituþörf.

38. gr. *Réttur til áveitu fylgir landareign.*

Réttur til hagnýtingar á vatni til áveitu verður ekki frá landareign skilinn, sbr. þó 37. gr., nema vatnið sé tekið til neyslu, sbr. 1.–3. tölul. 10. gr. eða til áveitu á aðrar landareignir skv. 39. gr.

39. gr. *Aðgangur að vatni og landi annars manns til áveituþarfa.*

Nú er ekki nógu mikið, nógu gott eða nógu auðtekið vatn fyrir hendi innan landareignar til áveitu á hana sjálfa, og er þá eiganda hennar eða öðrum rétthafa rétt að krefjast áveituvatns eftir þörfum úr öðrum landareignum, með þessum takmörkunum:

1. að enginn sé fyrir það sviptur vatni til þarfa skv. 17. gr. né neinum bakaðir óhæfilegir erfiðleikar um útvegun slíks vatns, né því spillt fyrir neinum, svo að veruleg óþægindi séu að,
2. að ekki þurfi að nota sama vatn til áveitu á þá landareign sjálfa sem vatnið er tekið í, nema arður af notkun þess til áveitu þar yrði mun minni en arður af notkun þess til þeirrar áveitu utan landareignarinnar, sem vatnsins er krafist til.

Ef taka vatns er heimil samkvæmt þessari grein en talið er að af henni stafi auknir erfiðleikar um útvegun vatns til þarfa skv. 17. gr. eða spjöll á því vatni eða skaði að vatnstökunni að öðru leyti þá skulu koma fullar bætur fyrir.

Með sama hætti og greinir í 1. mgr. eru manni heimil afnot af landi annars manns til að koma upp, halda við eða starfrækja áveitu. Ef tjón það sem verkið í heild sinni bakar öðrum en áveitueiganda er metið mun minna en hagnaður sá, sem áveitueigandi hefur af því, og ekki er talið hallkvæmara að framkvæma verkið með öðrum hætti en til er stofnað, skulu landsafnotin heimiluð, en meta skal fullar bætur fyrir.

Ef ekki nást samningar um framkvæmd og/eða bætur samkvæmt þessari lagagrein getur ráðherra heimilað eignarnám.

40. gr. …

41. gr. *Tillitsskylda.*

Áveitum skal haga svo, að ekki sé neinum til baga veitt meira vatni úr fornum farvegi en nota þarf. Svo skal veita á land og af landi, að öðrum sé sem minnst mein að, og fella vatn aftur í fornan farveg, ef unnt er, og svo nærri upptöku sem gerlegt þykir.

Nú telur einhver sér mein að áveitu annars manns og samkomulag næst ekki og getur þá sá er telur sig verða fyrir skaða krafist bóta. Nú verður talið að skaði sé að áveitunni fyrir viðkomandi en þó mun minni þeim hag sem hinn hefur af henni, og skal áveitan þá engu síður heimil, en fullar bætur koma fyrir.

Ef ekki nást samningar um framkvæmd og/eða bætur skv. 2. mgr. getur ráðherra heimilað eignarnám.

42. gr. *Áveitufélag.*

Nú þykir hentugt að stofna og starfrækja áveitu í ræktunarskyni á fleiri landareignir í einu lagi, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, gert með sér áveitufélag. Um félagsstofnunina fer eftir ákvæðum XI. kafla. Lög félagsins nefnast áveitusamþykkt, en áveitan nefnist samáveita.

43. gr. *Óhagræði eða takmarkanir vegna samáveitu.*

Þegar löggilt áveitusamþykkt hefur verið sett eru allir landeigendur og aðrir rétthafar á því svæði sem áveitunni er ætlað að ná til skyldir að leyfa landsafnot til mannvirkja er áveituna varða, svo sem land undir skurði og efni úr landinu, hvort sem er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o.s.frv., og yfir höfuð að þola allar þær kvaðir, óhagræði eða takmarkanir sem áveitan hefur í för með sér, enda komi fullar

bætur fyrir. Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur getur ráðherra heimilað eignarnám í þessu skyni.

44. gr. *Kostnaður af samáveitu.*

Kostnaði öllum af samáveitu skal stjórn hennar jafna niður á landareignir þær, sem áveitan nær yfir, aðallega eftir stærð þess lands, er vatn næst yfir. Þó skal taka tillit til þess, hvernig land liggur við áveitunni og hver not geta orðið af henni fyrir það, í samanburði við aðrar landareignir.

45. gr. *Síðari þátttaka í samáveitu.*

Ef einhver vill gerast þátttakandi í samáveitu eftir að henni hefur verið komið á, með þeim hætti að hann fái vatn til áveitu á land sitt, þá á hann rétt til þess verði það talið bagalaust. En skylt er honum þá að taka þátt í kostnaði öllum af áveitunni, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að réttri tiltölu við aðra aðilja.

46. gr. *Nánar um kostnað af samáveitu.*

Nú er samþykkt gerð um samáveitu, og skal þá hver landeigandi greiða stofnkostnað og árlegan kostnað af samáveitunni eða þeim hluta, sem eftir niðurjöfnun samkvæmt 44. gr. kemur á landareign hans.

…

…

47. gr. *Lögveð til handa áveitufélagi.*

Greiði eigandi einhverrar þeirrar landareignar sem áveita á að ná til samkvæmt samþykkt ekki hlutdeild sína í sameiginlegum kostnaði eignast áveitufélag lögveð í fasteign hans til tryggingar kröfunni. Lögveðið nær einnig til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfunni ef því er að skipta.

48. gr. …

V. kafli. Um notkun vatnsorku.

49. gr. *Orkunýtingarréttur landeiganda.*

Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

Um leyfi til að virkja vatnsfall fer samkvæmt raforkulögum.

50. gr. *Heimild til framkvæmda.*

Rétt er eiganda landareignar að gera stíflu í vatnsfarvegi og veita vatni úr eðlilegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnsorkunota samkvæmt 49. gr. Eigi má veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, en öllu skal því veitt í fornan farveg áður en landareigninni sleppir, nema samlög séu milli fleiri landareigna um orkuvinnslu.

…

Ef nauðsyn þykir á vera getur ráðherra heimilað eignarnám.

51. gr. *Merkivötn skilja fasteignir.*

Þar sem merkivötn skilja landareignir, hafa eigendur beggja jafnan rétt til að nota vatn úr þeim samkvæmt 49. og 50. gr.

Nú nægir merkivatn ekki báðum landareignum, og hefir þá eigandi hvorrar fyrir sig rétt til svo mikils af vatnsorkunni, sem svarar hálfu vatnsflæði merkivatnsins og fallhæð þeirri, sem er fyrir landi hans, enda hafi ekki önnur lögmæt skipun verið á gerð.

52. gr. …

53. gr. *Ef menn eiga tilkall til orku úr sama vatnsfalli án þess merkivötn skilji að fasteignir.*

Nú eiga menn í félagi, í öðrum tilvikum en þegar merkivötn skilja fasteignir, tilkall til orku úr sama vatnsfalli og verða þeir ekki ásáttir hvernig það skuli notað til orkuvinnslu og getur þá ráðherra með eignarnámi heimilað að þeir sem eiga tilkall til meira en helmings vatnsorkunnar, talinnar eftir vatnsflæði og fallhæð, leysi til sín tilkall minni hlutans. Þetta er þó því skilyrði bundið, að hagnýting vatnsfallsins í heild sinni sé að mun hallkvæmari en hagnýting hluta innleysenda út af fyrir sig, og að ekki sé skertur réttur þriðja manns, er hann kann að hafa fengið yfir vatnsréttindunum áður en lausnar var krafist.

Sá hluti vatnsorkuréttar, er maður leysir til sín skv. 1. mgr, skal metinn sem hluti alls réttarins. Þó skal taka til greina, hvort sá hluti virkjunarkostnaðar, sem sérstaklega varðar innleysta vatnsorkuréttinn, er tiltölulega mikill eða lítill.

…

54.–66. gr. …

VI. kafli. Mannvirkjagerð, miðlun vatns, varnir lands, þurrkun o.fl.

67. gr. *Mannvirki varðar tvær fasteignir.*

Nú vill eigandi annars vatnsbakka merkivatns gera mannvirki í vatni til vatnsnýtingar, þ.m.t. orkunýtingar, og þarf að nota til þess land hinum megin og skal hann þá bjóða eiganda þess lands að gera mannvirki með sér og nota vatnið að réttri tiltölu.

Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í mannvirkjagerð og getur ráðherra þá heimilað eignarnám til afnota af landi hans til að framkvæma verkið og nota vatnið.

68. gr. *Stíflugerð til vatnsmiðlunar.*

Leita skal leyfis Orkustofnunar til vatnsmiðlunar eða breytinga á henni ef flatarmál miðlunarlóns að því loknu er 1.000 fermetrar eða stærra við hæstu vatnsstöðu. Framkvæmdaraðili skal láta fylgja með umsókn sinni til Orkustofnunar fullnægjandi gögn um undirlag, gerð og frágang fyrirhugaðrar stíflu. Gildir það einnig ef miðlunarlón er minna en 1.000 fermetrar og stífluframkvæmdin tilkynningarskyld skv. 144. gr. Ef framkvæmd vatnsmiðlunar er liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skal miðlunarleyfið talið hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög.

Ráðherra getur heimilað eignarnám ef þörf krefur í þágu framkvæmdar samkvæmt grein þessari.

Leyfi skv. 1. mgr. fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan þriggja ára frá útgáfu þess.

…

69.–74. gr. …

75. gr. *Breyting á vatnsfarvegi.*

Heimilt er fasteignareiganda og vatnafélögum, að fengnu leyfi Orkustofnunar og eftir atvikum leyfi Fiskistofu skv. V. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynleg eru í því skyni að verja land eða landsnytjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns. Heimilt er að binda leyfið skilyrðum sem þykja nauðsynleg vegna almannahagsmuna.

Heimilt er viðeigandi stjórnvaldi hverju sinni að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr., að fengnu leyfi Orkustofnunar, enda sé það gert til að verja fasteignir eða önnur mannvirki sem varða almannaheill.

Nú þarf sá sem ætlar að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. eða stjórnvald skv. 2. mgr. afnot af fasteignum annarra manna í þessu skyni og getur þá ráðherra veitt heimild til eignarnáms ef ekki semst með aðilum.

Um varnir gegn ágangi vatna fer að öðru leyti samkvæmt gildandi lögum um varnir gegn landbroti.

76.–77. gr. …

78. gr. *Heimild manns til að veita vatni af fasteign sinni.*

Maður má veita bagalegu vatni af landi sínu í rásir og farvegi, þó að mein verði að á landi því er við tekur, enda megi hann ekki losna við það með öðrum hentugum hætti. Með sama skilorði má maður og veita vatni í skurði í landi annarra eða grafa þar skurði í því skyni, en jafnan skal þá skurðum svo langt fram haldið að ekki verði verulegt tjón á landi annarra manna. Bæta skal tjón sem hlýst af veitunni, en taka skal þó til greina gagn þeirra sem krefjast bóta af skurðum.

Við framkvæmdir skv. 1. mgr. skal forðast að raska tjörnum og vötnum.

Ef skurðir um landareign annars manns eru honum einnig til gagns er honum skylt að taka þátt í kostnaði af skurðgreftri og viðhaldi skurðanna.

Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur samkvæmt þessari lagagrein getur ráðherra heimilað eignarnám.

79. gr. *Niðurlagning mannvirkis.*

Niðurlagning mannvirkis samkvæmt þessum kafla, þ.m.t. stöðvun á viðhaldi, er háð samþykki Orkustofnunar. Við niðurlagningu skal umhverfið fært eins og kostur er til fyrra horfs. Eigandi mannvirkis skal leggja áætlun um niðurlagningu fyrir Orkustofnun til samþykktar þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig verkið verði framkvæmt. Orkustofnun getur sett þau skilyrði fyrir leyfi sem nauðsynleg eru til að koma í veg fyrir hættu eða tjón fyrir einstaklinga og almenning.

80. gr. *Aðgæsluskylda.*

Mannvirki og framkvæmdir allar samkvæmt þessum lögum skal gera þannig úr garði að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns nema honum sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum.

VII. kafli …

VIII. kafli …

IX. kafli. Um óhreinkun vatna.

83. gr. *Bann við óhreinkun vatna.*

Óheimilt er að menga vötn eða láta í þau eða svo nærri þeim að hætt sé við að í þau berist efni, hlutir og lífverur sem spilla mundu eðlis- eða efnaástandi vatnsins, lífríki þess og nánasta umhverfi.

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá banni 1. mgr. í samræmi við lög þar að lútandi.

Undanþágu skv. 2. mgr. má taka aftur bótalaust hvenær sem er eða breyta skilyrðum, ef nauðsynlegt er með tilliti til hagsmuna almennings eða einstakra manna.

Nýja undanþágu þarf til hverrar þeirrar breytingar, sem frekari spjöll geta af hlotist, þótt áður hafi verið veitt undanþága skv. 2. mgr.

84.–85. gr. …

X. kafli. …

XI. kafli. Um vatnafélög.

99. gr. *Stofnun vatnafélaga.*

Heimilt er fasteignareigendum að stofna félag um vatnsveitu, áveitu, vatnsorkuvinnslu, vatnsmiðlun, varnir við ágangi vatns eða annað sem lögmætan tilgang hefur samkvæmt lögum þessum.

100. gr. *Stofnfundarboð.*

Þeir fasteignareigendur sem stofna vilja vatnafélag skv. 99. gr. skulu boða til stofnfundar eigendur, og eftir atvikum aðra rétthafa, þeirra fasteigna sem ætla má að aðild gætu átt að félaginu. Komi til löglegrar stofnunar félagsins telst kostnaður allur af fundarboði, fundarhaldi, uppdráttum að fyrirhuguðum framkvæmdum og mannvirkjum o.s.frv. til stofnkostnaðar.

101. gr. …

102. gr. *Efni samþykktar.*

Þegar ákveðið hefur verið að stofna félag skal samþykkt þess sett svo fljótt sem unnt er. Í samþykkt skulu vera ákvæði um:

1. nafn félags, heimilisfang þess og varnarþing,
2. verkefni félags,
3. skipun félagsstjórnar, hversu fjölmenn hún skuli vera, hvernig skuli kjósa hana, hvert vald hennar skuli vera og starfssvið, ef stjórn er skipuð fleiri mönnum en einum, hve langan tíma kjör skuli gilda,
4. eigendur hvaða fasteigna taki þátt í félaginu, sem og aðrir rétthafar og um atkvæðisrétt á félagsfundum,
5. reikninga og bókhald félagsins og endurskoðun,
6. hvernig boða skuli til félagsfunda, hvenær þeir teljist lögmætir, hvaða mál þeir skuli úrskurða og hvert vald þeir hafi að öðru leyti,
7. hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess sem félagsskapurinn hefur í för með sér,
8. hvaða kvaðir eða eignarhöft leggjast á fasteignir þær sem þátt taka í félagsskapnum,
9. félagsgjöld og hvernig þau verði ákveðinn,

10. hvaða reglum skuli eftir farið ef breyta á samþykktum félagsins,
11. inntöku nýrra félaga, sbr. 110. gr.,
12. heimild til úrsagnar úr félagi, sbr. 111. gr.,
13. hvernig fara skuli um félagsslit, hvert atkvæðamagn þurfi til þeirra og hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins.

Í samþykktum skal kveðið svo á að afl atkvæða ráði úrslitum. Ef sérstök ástæða þykir til má ákveða í samþykkt að aukinn meiri hluta þurfi til ákvörðunar um einstök félagsmálefni, önnur en þau sem sérstaklega er um mælt í lögum þessum.

Gildi samþykkta vatnafélags er háð staðfestingu iðnaðarráðherra.

103. gr.–109. gr. …

110. gr. *Nýir félagar.*

Rétt er að taka nýja menn í félag ef lögmætur félagsfundur samþykkir.

Hverjum þeim sem ekki hefur í upphafi tekið þátt í vatnsveitufélagi eða áveitufélagi í þeim tilgangi sem tilgreindur er skv. 29. gr. og 42. gr. er heimilt að gera það síðar, enda liggi fasteign hans með þeim hætti að þátttaka hans valdi ekki verulegu óhagræði.

Ef veruleg breyting verður á skyldum félaga vegna töku nýrra félagsmanna eða verkefni félaga breytist verulega fyrir þá sök skal fara með málið sem breytingar á samþykktum félagsins.

Nú bætist nýr aðili í félag og skal hann þá greiða að sínum hluta og frá þeim tíma hlutdeild í stofnkostnaði þau gjöld sem á félögum hvíla og með sama hætti sem aðrir félagar nema öðruvísi semji. Kosta skal hann sjálfur þær framkvæmdir sem eru nauðsynlegar sérstaklega hans vegna til þess að geta notað mannvirki félagsins.

111. gr. *Úrsögn úr félagi og ábyrgð á skuldum.*

Félagi getur sagt sig úr vatnafélagi og skal hann þá fá greiddan stofnkostnað sinn að því leyti sem verðmæti hlutar hans er meira en nemur kostnaði og tjóni af brottför hans.

Ef félagi segir sig úr félagi ábyrgist hann þau gjöld sem á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum félagsins til þess tíma er hann fer úr félaginu.

Eignir félags standa fyrir skuldum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð umfram löglega ákveðna hlutdeild sína í félaginu.

112. gr. *Slit félags.*

Félagi skal slíta:

1. ef félagar samþykkja það samkvæmt fyrirmælum samþykktar félags,
2. ef félagar eru aðeins tveir og annar krefst þess,
3. ef það kemur síðar í ljós að ekki er unnt að ná því takmarki sem félag setti sér, eða það er svo miklum örðugleikum bundið að erfitt þykir að halda félagsskapnum áfram.

Ef helmingur félaga eða meira krefst þess er skylt að kjósa skilanefnd til að standa fyrir skiptum félags og fer um vald hennar sem skilanefndar við slit hlutafélags.

Ef eignir félags hrökkva ekki fyrir skuldum skal því sem á vantar skipt á félaga að réttri tiltölu við félagsgjöld hvers um sig, eins og þau hafa verið ákveðin samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu félagsákvæði. Hver félagi ábyrgist einungis sinn hluta.

Um skiptin fer annars samkvæmt ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl.

113.–114. gr. …

XII. kafli. Um almenna umferð um vötn.

115. gr. *Heimild til að fara um vötn og til afnota af vatnsbökkum.*

Öllum er heimil för, þ.m.t. á farartækjum, um vötn, einnig á ísi, með þeim takmörkunum sem lög kveða á um. Umhverfisráðherra getur í reglugerð sett takmarkanir við umferð vélknúinna báta og annarra vélknúinna farartækja um vötn og vatnasvæði.

Allir sem fara um vötn eða nota þau til sunds og baða hafa rétt til þeirra afnota af vatnsbökkum sem eru nauðsynleg vegna umferðar um vötn en gæta skulu þeir varkárni og forðast að valda skemmdum á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatni eða við það.

116. gr. …

117. gr. *Aðgæsluskylda og bætur fyrir tjón vegna umferðar um vötn.*

Öllum sem nota vötn til umferðar er skylt að gæta þess að gera sem minnstar skemmdir á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatni eða við það.

Eigendur landareigna eða aðrir rétthafar eiga rétt til bóta fyrir tjón sem umferð á vatni veldur beinlínis á landi við vatnið eða á löglega gerðum og vel viðhöldnum mannvirkjum í vatni eða við það, svo og á löglega settum veiðitækjum, enda þótt tjónið sé hvorki að kenna ásetningi né ógætni. Bætur greiðast ekki fyrir tjón af því, þótt mannvirki þau sem fyrir skemmdum hafa orðið verði ekki notuð, nema tjón beri að bæta samkvæmt almennum skaðabótareglum.

118. gr.–120. gr. …

XIII. kafli. …

XIV. kafli. …

XV. kafli. Eignarnám og bætur.

139. gr. *Eignarnám.*

Eignarnám sem ráðherra heimilar samkvæmt lögum þessum getur tekið til vatnsréttinda, lands, mannvirkja, aðstöðu og annarra réttinda landeiganda. Ávallt skal þess freistað að ná samkomulagi við landeiganda eða rétthafa áður en til eignarnáms kemur.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum.

…

140. gr. *Endurgjald.*

Við ákvörðun eignarnámsbóta skal koma til frádráttar sérhagur viðkomandi fasteignar af framkvæmdum. Að öðru leyti fer um endurgjald fyrir eignarnumin réttindi eftir almennum reglum.

141. gr. *Bótaákvæði.*

Eigandi mannvirkis við vatn, eða sá sem stendur fyrir framkvæmdum við vatn, ber ábyrgð á tjóni sem af framkvæmdunum hlýst án tillits til þess hvort tjón verði rakið til saknæmrar háttsemi eða ekki:

1. ef ráðist er án leyfis í framkvæmdir sem eru leyfisskyldar samkvæmt lögum þessum,
2. ef staðið er þannig að framkvæmdum að ekki fullnægi áskilnaði 80. gr.,
3. ef brestur verður á viðhaldi mannvirkis.

Leyfi til framkvæmdar sem valdið getur umtalsverðu tjóni má binda því skilyrði að framkvæmdaraðili leggi fram tryggingu vegna hugsanlegrar bótaábyrgðar.

…

142. gr. …

XVI. kafli. Stjórnsýsla.

143. gr. *Yfirstjórn.*

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum nema öðruvísi sé fyrir mælt í þeim.

Orkustofnun fer með stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem þau mæla ekki fyrir um annað. Orkustofnun er iðnaðarráðherra, umhverfisráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um vatnsnýtingu og vatnamál á verksviði stofnunarinnar.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem eru teknar á grundvelli laga þessara sæta kæru til iðnaðarráðherra.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn umhverfis- og vatnsverndar samkvæmt lögum þessum. Umhverfisráðherra er heimilt að fela Umhverfisstofnun stjórnsýslu þar að lútandi. Stjórnvaldsákvarðanir Umhverfisstofnunar sem eru teknar á grundvelli laga þessara sæta kæru til umhverfisráðherra.

144. gr. *Tímafrestir vegna leyfisveitinga og tilkynningarskylda.*

Ef um leyfisskylda framkvæmd samkvæmt lögum þessum er að ræða skal ákvörðun viðkomandi stjórnvalds um að veita leyfi eða synja leyfis liggja fyrir innan átta vikna frá því að tilkynning um fyrirhugaða framkvæmd barst stjórnvaldinu.

Skylt er að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir sem er fyrirhugað að ráðast í og tengjast vatni og vatnafari, þar á meðal framkvæmdir sem ekki eru sérstaklega leyfisskyldar samkvæmt þessum lögum eða öðrum.

Ekki er þó skylt að senda tilkynningu skv. 1. mgr. þegar Fiskistofu er send skrifleg umsókn um framkvæmd í eða við veiðivatn skv. V. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Fiskistofa skal þegar henni berst umsókn um leyfi fyrir framkvæmdum þegar í stað senda Orkustofnun afrit af öllum slíkum umsóknum.

Orkustofnun er heimilt að setja skilyrði fyrir starfsemi og framkvæmdum sem taldar eru nauðsynlegar af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að framkvæmdir eða starfsemi geti spillt þeirri nýtingu sem fram fer í eða við vatn eða möguleikum á að nýta vatn síðar. Slík skilyrði skulu vera í samræmi við markmið laganna, reglugerðir og vatnastjórnunaráætlun samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Heimild Orkustofnunar til þess að setja slík skilyrði nær þó ekki til starfsemi og framkvæmda á friðlýstum svæðum sem háðar eru leyfi Umhverfisstofnunar.

Orkustofnun skal gera tilkynningarskyldum aðila grein fyrir því innan fjögurra vikna frá því að tilkynning barst stofnuninni hvort hún hyggst banna tilkynntar framkvæmdir, setja skilyrði fyrir þeim skv. 4. mgr. eða gera aðrar athugasemdir við framkvæmdir þær sem tilkynntar hafa verið. Berist athugasemdir Orkustofnunar ekki tilkynningarskyldum aðila innan frestsins skal líta svo á að engar athugasemdir séu gerðar við fyrirhugaðar framkvæmdir. Ákveði Orkustofnun að setja tilkynningarskyldum aðila skilyrði skv. 4. mgr. skal ákvörðun liggja fyrir innan fjögurra vikna frá lokum fjögurra vikna frests samkvæmt þessari málsgrein.

Iðnaðarráðherra skal í reglugerð, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, setja nánari fyrirmæli um framkvæmd tilkynningarskyldu, útfærslu skilyrða sem setja má fyrir framkvæmdum og önnur atriði samkvæmt þessari grein.

145. gr. *Eftirlit og úrræði.*

Sé leyfisskyld framkvæmd samkvæmt lögum þessum hafin án leyfis getur viðkomandi stjórnvald stöðvað hana tafarlaust. Sama á við ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu samkvæmt lögum þessum. Ef staðið er þannig að framkvæmd eða starfsemi að ekki samrýmist lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða útgefnu leyfi skal viðkomandi stjórnvald veita framkvæmdaraðila skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef þá er ekki farið að fyrirmælum er heimilt að stöðva framkvæmd eða starfsemi og beita dagsektum þar til úr hefur verið bætt. Dagsektir geta numið 10.000–500.000 kr. Við ákvörðun dagsekta skal tekið tillit til eðlis vanrækslu eða brots og þeirra hagsmuna sem eru í húfi. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt þeim sem hún beinist að á sannanlegan hátt. Dagsektir renna í ríkissjóð.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða stjórnvöld við aðgerðir skv. 1. mgr.

Heimilt er leyfisveitanda að afturkalla leyfi sem gefið er út samkvæmt lögum þessum ef um ítrekaða vanrækslu leyfishafa er að ræða eða ljóst er að hann getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu.

Heimilt er að mæla fyrir um að sá sem staðið hefur að óheimilum framkvæmdum skv. 1. eða 3. mgr. fjarlægi mannvirki og færi umhverfið til fyrra horfs. Ef slíkri skyldu er ekki sinnt innan þeirra tímamarka sem stjórnvöld ákveða er heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins brotlega. Skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða úr ríkissjóði en innheimtur síðar hjá hlutaðeigandi.

Áður en gripið er til úrræða skv. 3. mgr. og 4. mgr. skal veita skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

Dagsektir skv. 1. mgr. og krafa um endurgreiðslu kostnaðar skv. 4. mgr. eru aðfararhæfar.

146. gr. *Gjaldtaka.*

Fyrir leyfi sem stjórnvöld veita á grundvelli þessara laga og fyrir eftirlit sem þeim er falið er heimilt að innheimta gjald. Gjaldið skal vera í samræmi við gjaldskrá sem staðfest skal af viðkomandi ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjald skv. 1. mgr. má ekki vera hærra en nemur kostnaði við undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar þjónustu, útgáfu leyfis og eftirlit.

147. gr.–150. gr. …

XVII. kafli. …

XVIII. kafli. Ýmis ákvæði.

153. gr. *Viðurlög.*

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta fyrir brot á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans.

…

154. gr. *Reglugerðir.* Iðnaðarráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um starfrækslu vatnafélaga.

Á sama hátt er umhverfisráðherra heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að því leyti sem stjórnsýsla samkvæmt þeim er undir hann sett.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á vatnalögum, nr. 15 frá 1923, og að jafnframt verði felld úr gildi lög nr. 31/2007, um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti. Þá er lagt til að vatnalög, nr. 20/2006, með síðari breytingum, taki ekki gildi og falli niður frá og með 1. júlí 2011. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar á fyrsta kafla laganna sem í dag geymir orðskýringar. Bætt er við skilgreiningum á hugtökum, sem og gildissviðsákvæði. Þá eru einstakar greinar skýrðar nánar með fyrirsögnum og á það við um allar greinar frumvarpsins. Þá eru lagðar til nokkrar lagfæringar og einfaldanir á öðrum kafla laganna um vatnsréttindi en ákvæði kaflans haldast hins vegar óbreytt í öllum aðalatriðum. Sama má segja um þriðja kafla um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar, fjórða kafla um áveitur og fimmta kafla um vatnsorku. Þá er lagt til að felld verði brott nokkur ákvæði sem þykja algerlega úrelt og nokkur önnur sameinuð og einfölduð. Framangreindir kaflar laganna mynda meginumgjörðina um inntak vatnsréttinda sem og helstu meginreglur réttarsviðsins. Sjötti kafli um vatnsmiðlun; sjöundi kafli um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna; áttundi kafli um þurrkun lands og fjórtándi kafli um almenn ákvæði um vatnsvirki eru sameinaðir í einn kafla, mjög einfaldaðir og styttir. Ákvæði níunda kafla um óhreinkun vatna og ellefta kafla um vatnafélög eru einfölduð og stytt, sem og ákvæði tólfta kafla um umferðarrétt. Loks er lagt til að ákvæði laganna um stjórnsýslu, bótaákvarðanir, málsmeðferð og refsingar sem nú eru í fimmtánda til átjánda kafla verði einfölduð og þeim breytt í grundvallaratriðum.

Verkefni Orkustofnunar munu að einhverju leyti aukast þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að tilkynna beri stofnuninni um allar framkvæmdir sem fyrirhugað er að ráðast í og tengjast vatni og vatnafari. Umfang þessara verkefna hefur þó ekki verið metið sérstaklega og hefur verið gert ráð fyrir að kostnaðarauki vegna þessa verði ekki verulegur og rúmist innan fjárlagaramma ráðuneytisins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

950. Svar [356. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um stöðu Íbúðalánasjóðs.

1. *Hver er fjárhæð áætlaðra framlaga í afskriftarsjóð útlána Íbúðalánasjóðs árin 2010–2012, sundurliðuð eftir árum?*

Fjármálaeftirlitið sendi erindi til Íbúðalánasjóðs þar sem óskað var eftir að sjóðurinn gerði viðskipta- og rekstraráætlanir fyrir árin 2010–2013 í samræmi við viljayfirlýsingu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og stjórnvalda frá apríl 2010. Í áætlun sjóðsins sem unnin var sumarið 2010 var stuðst við tilteknar grunnforsendur sem og forsendur sem gerðu ráð fyrir langvarandi efnahagslægð.

Íbúðalánasjóður hefur endurreiknað afskriftaþörf sjóðsins fyrir árin 2011–2013 byggða á því reiknilíkani sem notað var til grundvallar viðskipta- og rekstraráætlunar 2010–2013. Samkvæmt niðurstöðu þeirra útreikninga er áætlað að framlög vegna einstaklinga, lögaðila og lánasamninga við fjármálastofnanir í afskriftasjóð 2011 verði á bilinu 3,6–5,7 milljarðar kr. og 4,5–6,9 milljarðar kr. fyrir árið 2012. Eru þetta lægri og hærri mörk á mögulegri afskriftaþörf sjóðsins út frá ákveðnum forsendum um vanskil. Framlög ársins 2010 eru í samræmi við það sem yfirstandandi vinna við uppgjör sjóðsins fyrir árið 2010 gerir ráð fyrir eða 7,8 milljarðar kr. en sú fjárhæð tekur hvorki mið af sérstakri varúðarniðurfærslu vegna lögaðila né niðurfærslu skulda yfirveðsettra heimila. Það er mat Íbúðalánasjóðs að í þessum endurútreikningum felist mikil óvissa um þróun lánasafns sjóðsins í ljósi víðtækra aðgerða lánastofnana til aðstoðar skuldsettum heimilum og því ber að taka þeim með fyrirvara. Þá er verið að móta úrræði til lausnar vanda lögaðila og afla ítarlegri upplýsinga um stöðu þeirra. Gera má ráð fyrir að skýrari mynd af stöðu útlánasafnsins muni liggja fyrir á þriðja ársfjórðungi 2011.

Íbúðalánasjóður er aðili að samkomulagi lánveitenda á íbúðamarkaði frá desember 2010 og janúar 2011 með fyrirvara um að sjóðurinn fái heimildir að lögum til niðurfærslu veðlána í samræmi við samkomulagið. Í samkomulaginu voru samþykkt úrræði til handa þeim heimilum í landinu sem eru í greiðsluerfiðleikum og/eða með yfirveðsettar fasteignir. Samtals nemur áætluð heildarafskrift þeirra aðgerða um 21,8 milljörðum kr. og verður sú fjárhæð færð á afskriftareikning fyrir árið 2010. Til viðbótar gerir Íbúðalánasjóður ráð fyrir að færa 7 milljarða kr. í varúðarafskrift vegna lána lögaðila og verður sú fjárhæð einnig færð á afskriftareikning fyrir árið 2010. Eru þessi lán lögaðila einkum til leigufélaga þar sem saman fara vanskil í langan tíma og vaxandi rekstrarvandi.

2. *Hversu miklum fjármunum tapaði Íbúðalánasjóður árin 2000–2010, sundurliðað eftir árum, vegna kaupa á skuldabréfum og aðildar að vaxtaskiptasamningum?*

Eftirfarandi tafla sýnir það tap sem hefur orðið vegna kaupa á skuldabréfum og vaxtaskiptasamningum á tímabilinu 2000–2010. Tap vegna skuldabréfakaupa er 8.574 millj. kr. og tap vegna vaxtaskiptasamninga 2.215 milljónir króna en þessar upplýsingar hafa áður komið fram í ársreikningum sjóðsins fyrir árin 2008 og 2009. Ekkert tap hefur verið fært vegna skuldabréfakaupa eða vaxtaskiptasamninga fyrir árið 2010. Þær tölur eru þó ekki endanlegar þar sem vinnu við ársuppgjör er ólokið og ekki liggur fyrir hvort sjóðurinn þurfi að færa inn tap vegna ársins 2010 en einstök mál eru í skoðun að hálfu sjóðsins.

Ár	Framlag í afskrifta-reikning v. skuldabréfa-kaupa (m.kr.)	Framlag í afskrifta-reikning v. vaxtaskipta-samninga (m.kr.)
2000	0	0
2001	0	0
2002	0	0
2003	0	0
2004	0	0
2005	0	0
2006	0	0
2007	0	0
2008	5.890	1.985
2009	2.684	230
2010	0	0

Samtals nemur tap þessara þátta rúmlega 1% af núverandi heildareignum sjóðsins, í einu mesta fjármála- og efnahagshruni hér á landi. Einnig ber að geta þess að hér er aðeins sýnt það tap sem varð en ekki sá fjárhagslegi hagnaður sem orðið hefur af því vegna þessara þátta.

Til viðbótar má nefna að á árunum 2004–2006, eftir breytingar á fjármögnunarkerfi Íbúðalánasjóðs, urðu gífurlegar uppgreiðslur hjá Íbúðalánasjóði í kjölfar þess að fjármálastofnanir komu í auknum mæli inn á íbúðalánamarkaðinn. Uppgreiðslur lána námu samtals um 237 milljörðum kr. á tímabilinu. Skapaði þetta verulegan vanda fyrir Íbúðalánasjóð enda jafngiltu uppgreiðslurnar um helmingi efnahagsreiknings hans á þeim tíma. Sjóðurinn varð að bregðast við eftir þeim leiðum sem færar voru og til að viðhalda ákvæðum og viðmiðunum reglugerðar nr. 544/2004, um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs, sem og ákvæðum fjár- og áhættustýringarstefnu sem gerð er á grunni ákvæða reglugerðarinnar.

Þá hefur sjóðurinn einnig það lagalega hlutverk að gæta jafnvægis í inn- og útgreiðslum sjóðsins, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum. Með þessu leitaðist sjóðurinn því m.a. við að kaupa greiðsluflæði íbúðalána sem voru í vörslu banka og sparisjóða, draga út húsbréf í aukaútdráttum eins og kostur var og gera vaxtaskiptasamninga í áhættustýringarskyni til að stýra vaxtaáhættu sjóðsins, eins og greint er frá í ársreikningum hans. Með þessu náði sjóðurinn að jafna meðallíftíma eigna og skulda vel innan þeirra viðmiðunarmarka sem tilgreind voru í fjár- og áhættustýringarstefnu hans, koma á jafnvægi milli eigna og skulda og á greiðsluflæði þar á milli og ná fram ávöxtun sem nauðsynleg var til að viðhalda rekstri og eiginfjárhlutfalli sjóðsins. Á þessum tíma skiptu vaxtaáhætta og vaxtatekjur sjóðsins hann miklu máli enda minnkaði vaxtamunur útlána og fjármögnunar umtalsvert við uppgreiðslurnar. Sjóðurinn leitaði á þessum tíma til Seðlabankans vegna ávöxtunar á lausu fé en þeir vextir sem voru í boði voru umtalsvert lægri en fengust í bankakerfinu. Jafnframt samrýmdist það heldur ekki því regluverki sem gilti um áhættustýringu sjóðsins að geyma allt lausafé hans hjá Seðlabankanum á þessum tíma, enda hefði það viðhaldið því ójafnvægi sem sjóðurinn var að vinna gegn. Því leitaði sjóðurinn með lausafjár- og áhættustýringu sína í bankakerfið, þar sem m.a. voru keypt greiðsluflæði íbúðalána banka og sparisjóða, skuldabréf af innlendum fjármálastofnunum og gerðir vaxtaskiptasamningar við innlend fjármálafyrirtæki til að stýra vaxtaáhættu sjóðsins. Einnig ber þessa að geta að sjóðurinn þarf að hafa tiltekið lausafé samkvæmt fjár- og áhættustýringarstefnu sinni til að mæta framtíðarskuldbindingum og nettóútlánum til lengri tíma. Hefur sú fjárhæð numið tugum milljörðum króna eftir tímabilum. Þar sem vaxtamunur milli bankakerfisins annars vegar og Seðlabankans hins vegar var umtalsverður á þessum tíma má ætla að þær vaxtatekjur sem

sjóðurinn hefur fengið vegna ávöxtunar lausafjár í bankakerfinu hafi skilað sjóðnum milljörðum króna umfram það sem fengist hefði hjá Seðlabankanum. Þá má ætla að sú umframávöxtun sem sjóðurinn hefur fengið við að kaupa greiðsluflæði íbúðalána banka og sparisjóða nemi um 10 milljörðum kr. Því má ætla að hefði sjóðurinn ekkert aðhafst til að bregðast við þessum aðstæðum hefði hann ekki starfað í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 544/2004 og líkur á að eiginfjárhlutfall hans hefði verið komið undir viðmiðunarmörk fyrir október 2008. Á þeim tíma var ljóst að innlánskröfur nytu forgangs samkvæmt neyðarlögunum, nr. 125/2008, og því lækkaði verðmæti skuldabréfa í eigu sjóðsins, sem var hluti af lausafjárstöðu hans, umtalsvert. Engin skerðing var hins vegar á innlánskröfum sjóðsins sem einnig var hluti af lausafjárstöðu hans. Sjóðurinn gat hins vegar ekki, frekar en aðrir, séð það fyrir að skuldabréfum yrði raðað neðar í forgangsröð en innlánum eða að vaxtaskiptasamningum yrði haldið eftir í gömlu bönkunum.

3. *Af hvaða aðilum keypti Íbúðalánasjóður þau skuldabréf sem sjóðurinn tapaði á árin 2000–2010 og hverjir voru útgefendur þeirra bréfa?*

Íbúðalánasjóður keypti skuldabréfin af SPRON og Straumi-Burðarási fjárfestingarbanka hf., sem jafnframt voru útgefendur bréfanna og voru heimilaðir mótaðilar samkvæmt fjár- og áhættustýringarstefnu sjóðsins sem gerð er eftir reglugerð nr. 544/2004, um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs, með síðari breytingum.

4. *Hverjir eru og voru gagnaðilar Íbúðalánasjóðs að þeim vaxtaskiptasamningum sem sjóðurinn tapaði á árin 2000–2010?*

Mótaðilar vaxtaskiptasamninga Íbúðalánasjóðs, sem gerðir voru í samræmi við fjár- og áhættustýringarstefnu sjóðsins, voru Landsbanki Íslands og Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki hf.

5. *Hversu mikið reiðufé keypti Íbúðalánasjóður af Seðlabanka Íslands árin 2000–2010, sundurliðað eftir árum, og hversu mikið af öðrum fjármálastofnunum?*

Íbúðalánasjóður hefur hvorki keypt reiðufé af Seðlabanka Íslands né öðrum fjármálastofnunum.

6. *Hvaða einstaklingar og lögaðilar veittu Íbúðalánasjóði sérfræðiaðstoð á árunum 2000–2008, í hverju fólst sú aðstoð og hve mikið greiddi sjóðurinn fyrir hana, sundurliðað eftir einstökum sérfræðingum?*

Eins og áður hefur komið fram í fyrra svari ráðherra vegna þessarar spurningar þá sundurliðast greiðslur vegna sérfræðikostnaðar með virðisaukaskatti sem hér segir:

Sérfræðikostnaður	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001
Endurskoðendur	23,5	12,6	10,2	8,3	12,9	10,3	7,4	10,4
Lögmenn	20,3	12,6	13,6	13,1	12,5	5,1	0,9	0,2
Fjármálaeftirlit	15,9	10,0	7,5	5,1	1,3	0,9	0,8	0,5
Matsfyrirtæki	12,7	20,8	15,9	13,3	16,6	0,0	0,0	0,0
Fjármálaráðgjöf	15,3	20,5	25,3	25,8	45,9	4,4	4,0	0,6
Annað	13,0	24,9	13,9	14,4	13,1	12,2	16,4	17,5
Samtals	100,7	101,4	86,3	80,0	102,3	32,9	29,5	29,2

Íbúðalánasjóður telur sig ekki hafa heimild til að veita nánari upplýsingar um greiðslur þessar þar sem þær tengjast fjármálum þriðja aðila.

7. *Hversu mikið má áætla að eigið fé og eiginfjárhlutfall Íbúðalánasjóðs verði á árunum 2010–2012, sundurliðað eftir árum, leggi íslenska ríkið sjóðnum ekki til aukið fé?*

Miðað við yfirstandandi vinnu við uppgjör Íbúðalánasjóðs fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir að eigið fé sjóðsins, að teknu tilliti til afskrifta eins og nánar er getið um í svari við 1. tölul. en án tillits til áhrifa rekstrarreiknings á eigið fé, verði um 7,3 milljarðar kr. Endanlegt eigið fé sjóðsins í árslok 2010 og eiginfjárhlutfall mun ekki liggja fyrir fyrr en uppgjöri er lokið.

Varðandi eigið fé og eiginfjárhlutfall sjóðsins í lok árs 2011 og 2012 þá hafa ekki verið gerðir endurútreikningar í reiknilíkaninu sem notað var til grundvallar viðskipta- og rekstraráætlun 2010–2013. Bíður sá endurútreikningur þar til óvissu þeirri sem fram kemur í svari við 1. tölul. hefur að mestu verið eytt, þannig að stefnt er að því að það verði gert á þriðja ársfjórðungi þessa árs. Er það mat Íbúðalánasjóðs að þessi óvissa sé það mikil að útreikningar á þessum tíma mundu verða marklausir.

8. *Hvað gerir ráðherra ráð fyrir að fjárframlag ríkissjóðs til Íbúðalánasjóðs verði hátt á næstu þremur til sex árum?*

Einungis var gert ráð fyrir eiginfjárframlagi á árunum 2010–2011. Í áætlunum sjóðsins er gert ráð fyrir að viðsnúningur verði í rekstri sjóðsins á árunum 2014–2015 og að eftir það komi sjóðurinn til með að skila eðlilegum lágmarkshagnaði. Eins og áður hefur komið fram þá hefur verið ákveðið að fara í afskriftir á ákveðnum hluta útlána Íbúðalánasjóðs í tengslum við aðgerðir til aðstoðar skuldsettum heimilum. Þær aðgerðir hafa áhrif á fjárhæð þess framlags sem sjóðurinn þarf að fá frá ríkissjóði. Eins og þegar hefur komið fram er nokkur óvissa um umfang áhrifa af þeim aðgerðum sem fjármálastofnanir standa að til úrlausnar á vanda skuldsettra heimila. Enn fremur stendur yfir nánari útfærsla á leiðum til að bregðast við vanda lögaðila sem eiga í greiðsluerfiðleikum hjá sjóðnum. Útreikningar á frekari framlögum til sjóðsins frá ríkissjóði eru því mjög ónákvæmir en gert er ráð fyrir að frekari útreikningar verði gerðir á þriðja ársfjórðungi 2011.

9. *Hvernig er gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður ráðstafi u.þ.b. 1.100 íbúðum sem sjóðurinn er eigandi að, hversu hátt hlutfall þeirra er í útleigu og hversu hátt hlutfall þeirra telur ráðherra að sjóðurinn geti selt á næstu tveimur til fjórum árum?*

Af þeim rúmlega 1.100 íbúðum sem Íbúðalánasjóður átti í lok febrúar 2011 eru um 400 íbúðir í útleigu, rúmlega 200 eignir eru á ýmsum byggingarstigum en um 500 íbúðir eru á samþykkisfresti eða standa auðar.

Íbúðalánasjóður er að skoða hvaða leið skuli farin til ráðstöfunar á þessum íbúðum en eins og er eru allar íbúðir sem standa tómar skráðar til sölu á almennum markaði. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að starfandi er samráðshópur á vegum velferðarráðuneytisins sem er að skoða húsnæðisstefnu til framtíðar og gæti niðurstaða þess hóps haft áhrif á þessa vinnu. Starfshópnum er meðal annars ætlað að kanna leiðir til að efla leigu- og búseturéttarkosti og sitja í honum aðilar vinnumarkaðarins, fulltrúar þingflokkanna, fulltrúar úr ráðuneytum auk fulltrúa frá Íbúðalánasjóði, Landssamtökum lífeyrissjóðanna, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum fjármálafyrirtækja, stýrihópi um velferðarvakt og Öryrkjabandalagi Íslands.

10. *Hvaða skyldum hefur Íbúðalánasjóður að gegna sem virkasti lánveitandinn á innlendum fasteignamarkaði eins og ráðherra vísaði til í svari við 5. lið fyrirspurnar um stöðu Íbúðalánasjóðs á þingskjali 229 í 89. máli?*

Hlutverk Íbúðalánasjóðs er að aðstoða landsmenn til að geta búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og nota til þess lánveitingar sínar. Í því sambandi tryggir Íbúðalánasjóður framboð lánsfjár til fjármögnunar á kaupum á húsnæði til að búa í og tryggir að það framboð nái til allra landsmanna, hvar á landinu sem er og í samstarfi við sveitarfélög landsins að það sé óháð efnahag landsmanna.

11. Hvaða lögaðilum lánaði Íbúðalánasjóður fé til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði og hvaða einstaklingar og lögaðilar eru eigendur lánþeganna nú?

Helstu aðilar sem Íbúðalánasjóður lánar fé til bygginga eða kaupa leiguhúsnæði eru: húsnæðissamvinnufélög, rekstrarfélög dvalarheimila, byggingarfélög námsmanna, sveitarfélög, hlutafélög og sjálfseignarstofnanir. Nánari upplýsingar um einstaka aðila telur Íbúðalánasjóður sig ekki geta veitt þar sem sjóðnum er ekki heimilt að veita upplýsingar um einstaka lántakendur.

Hvað varðar síðari hluta spurningarinnar eru því miður ekki til upplýsingar um eigendabreytingar á félögum sem fengið hafa fyrirgreiðslu frá Íbúðalánasjóði og kerfi sjóðsins heldur ekki utan um slíkar upplýsingar.

12. Hver er heildarfjöldi og heildarupphæð veittra lána Íbúðalánasjóðs frá upphafi árs 2007, sundurliðað eftir mánuðum og verkefnum Íbúðalánasjóðs skv. 9. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998?

	Útl. skv. 1. tl.		**Útl. skv. 2. tl.**	
	Almenn útlán	**Fj.**	**Önnur útlán**	**Fj.**
jan.07	3.458.362.364	366	782.482.401	70
feb.07	3.445.240.800	377	962.560.469	85
mar.07	4.434.518.248	473	487.578.080	38
apr.07	4.650.931.522	503	601.898.256	69
maí.07	5.167.833.302	553	787.064.883	62
jún.07	6.003.988.463	626	1.194.789.862	75
júl.07	5.717.501.657	609	632.095.138	48
ágú.07	4.451.805.612	470	903.761.199	61
sep.07	4.162.535.206	475	1.411.262.666	110
okt.07	5.292.747.762	550	1.308.024.229	136
nóv.07	4.637.309.994	505	2.180.560.090	204
des.07	3.368.291.371	388	1.784.339.499	127
jan.08	3.464.959.962	360	1.046.098.562	68
feb.08	2.376.166.331	276	452.765.797	39
mar.08	2.718.982.977	281	889.965.202	70
apr.08	3.376.064.297	324	811.230.802	51
maí.08	3.749.841.831	383	952.169.398	66
jún.08	4.133.827.521	366	852.035.911	105
júl.08	6.870.998.729	607	1.863.009.445	114
ágú.08	4.326.644.887	396	1.324.463.647	117
sep.08	5.579.303.613	493	2.372.841.779	156
okt.08	4.342.122.668	392	1.679.139.975	151
nóv.08	3.231.659.584	295	1.092.265.932	107
des.08	4.229.119.463	340	2.465.497.089	175
jan.09	2.174.801.419	204	1.374.558.386	110
feb.09	2.268.806.735	213	1.075.984.194	99

	Útl. skv. 1. tl.		Útl. skv. 2. tl.	
	Almenn útlán	**Fj.**	**Önnur útlán**	**Fj.**
mar.09	1.881.253.655	178	625.167.755	103
apr.09	1.921.708.227	182	924.580.044	132
maí.09	1.812.378.181	189	723.606.224	45
jún.09	1.923.166.689	180	703.881.720	45
júl.09	1.750.875.870	173	694.310.903	50
ágú.09	1.468.691.218	149	116.669.370	10
sep.09	1.844.761.227	184	1.069.678.259	104
okt.09	1.527.528.326	164	276.806.984	19
nóv.09	1.458.042.852	161	956.182.559	98
des.09	1.481.542.250	168	633.085.247	72
jan.10	735.616.679	99	1.400.478.798	102
feb.10	1.372.560.426	152	250.655.447	23
mar.10	1.756.923.729	191	1.278.796.140	66
apr.10	813.607.162	97	463.751.038	18
maí.10	1.334.794.992	156	680.882.633	65
jún.10	1.594.215.196	182	306.879.575	86
júl.10	1.760.841.737	177	1.035.260.496	62
ágú.10	1.656.312.214	164	67.453.951	2
sep.10	1.858.327.737	195	1.973.837.219	134
okt.10	2.026.227.600	189	470.368.415	42
nóv.10	1.852.840.149	213	164.989.562	11
des.10	1.743.733.671	175	261.015.226	14

Skv. 3. tölul.:			
Mánuður/ár	**Seljandi lánasafns**	**Fjárhæð (millj. kr.)**	**Fjöldi lána**
Mars 2009	Sparisjóðurinn í Keflavík	9.951	1.151
Júní 2009	BYR Sparisjóður	2.708	596
Júlí 2009	Sparisjóður Bolungarvíkur	477	61
Ágúst 2009	Sparisjóður Bolungarvíkur	426	43
Apríl 2010	Drómi/Frjálsi fjárfestingarbankinn	15.267	2.378

951. Frumvarp til laga [562. mál]

um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Margrét Tryggvadóttir.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við framtalsgerð árin 2011–2016 skulu framtalsskyldir aðilar að teknu tilliti til 75. gr. tilgreina allar skuldaeftirgjafir sem þeir hafa fengið, óháð því hvort þær teljist til tekna eða ekki, á því formi og með þeim hætti sem ríkisskattstjóri ákveður.

Í álagningarskrá og skattskrá, sbr. 98. gr., skal á umræddu tímabili tilgreina þær skuldaeftirgjafir sem gjaldandi hefur þegið og eru að fjárhæð 100 millj. kr. eða meira ásamt upplýsingum frá hverjum þær stafa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikil tortryggni ríkir í samfélaginu um starfsemi fjármálastofnana, afskriftir og niðurfærslur lána. Afskrifaðar skuldir hafa verið kallaðar eitruð epli samfélagsins, þar sem þeir sem fá afskrifað eru þeir sem hafa færst of mikið í fang. Kaupmaðurinn á horninu eða einyrkinn fær litla sem enga aðstoð hjá fjármálafyrirtækjum á meðan hundruð milljóna og jafnvel tugmilljarðar króna eru strikaðir út hjá eignarhaldsfélögum með litla starfsemi.

Forsenda þess að dregið verði úr tortryggni og vantrausti er að meðferð fjármálastofnana á lánum viðskiptavina verði gerð lýðræðisleg og gagnsæ. Allt upp á borðið er krafa samfélagsins en bankarnir hafa borið fyrir sig bankaleynd þegar kemur að því að upplýsa hvaða fyrirtæki og einstaklingar fá afskrifað.

Erfitt getur verið að lesa úr ársreikningum fyrirtækja hversu mikið hefur verið afskrifað. CreditInfo hefur þó byggt upp kerfi sem greinir upplýsingar sem fram koma í ársreikningum, en þær munu ekki liggja fyrir fyrr en eftir tvö til þrjú ár. Þá verður fyrst hægt að sjá meðaltal afskriftanna, hæstu og lægstu afskriftirnar og greint hvers konar fyrirtæki fengu mest afskrifað. Einnig verður þá hægt að sjá hvort fyrirtækin fara í þrot þrátt fyrir skuldaniðurfellingar.

Með þessu frumvarpi er lagt til að skattkerfið verði nýtt til að auka gagnsæið og flýta því að upplýsingar verði birtar um hverjir hafi fengið skuldaeftirgjafir yfir 100 millj. kr., óháð því hvort þær teljist til tekna eða ekki. Upplýsingar um skuldaeftirgjafir verða þannig tilgreindar á því formi og með þeim hætti sem ríkisskattstjóri ákveður. Upplýsingarnar um þá sem hafa fengið skuldaeftirgjafir að fjárhæð 100 millj. kr. eða meira verða svo birtar með álagningarskrá og skattskrá.

Ákvæðið gildir fyrir árin 2011–2016, enda er það von flutningsmanna að þá verði skuldaaðlögun einstaklinga og fyrirtækja að mestu lokið og hin eitruðu epli hreinsuð út.

Því má halda fram með tilliti til einkahagsmuna þeirra aðila sem í hlut eiga að óeðlilegt sé að birta opinberlega upplýsingar um veittar skuldaeftirgjafir þar sem upplýsingarnar varða einn þátt sem áhrif hefur á niðurstöðu álagningar. Á móti vegur brýn samfélagsleg nauðsyn af því að skuldauppgjör einstaklinga og fyrirtækja fari fram með réttlátum og gagnsæjum hætti.

Í auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 1/2011 um skil á upplýsingum á árinu 2011, vegna framtalsgerðar o.fl., skv. 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, kemur fram í 8. tölul. að allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga skuli veita upplýsingar um fjárhæð eftirgefinna eða afskrifaðra lána að hluta eða öllu leyti.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Afskriftir – eitruð epli samfélagsins. (Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, Fréttatíminn, 22. október 2010.)

952. Tillaga til þingsályktunar [563. mál]

um mat á skilaverði eignasafns Landsbanka Íslands hf.

Flm.: Gunnar Bragi Sveinsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Eygló Harðardóttir, Höskuldur Þórhallsson,Vigdís Hauksdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að ráða, í samráði við formenn stjórnmálaflokka, tvö óháð ráðgjafarfyrirtæki til að meta skilaverð eignasafns Landsbanka Íslands hf.

Greinargerð.

Sunnudaginn 20. febrúar sl. tilkynnti forseti Íslands að hann hygðist ekki undirrita lög um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi. Með þeirri ákvörðun er hið margumrædda Icesave-mál á ný komið til afgreiðslu þjóðarinnar. Í þeim tilgangi að skýra betur stöðuna sem uppi er og til þess að íslenska þjóðin geti tekið upplýsta ákvörðun í Icesave-deilunni þarf að tryggja að sem mest af upplýsingum liggi fyrir og þær séu aðgengilegar öllum.

Einn af þeim þáttum sem nauðsynlegt er að skoða nánar og ekki hefur verið lagt mat á með sjálfstæðum hætti af opinberum aðilum er áætlað skilaverð eigna Landsbanka Íslands hf. Þar hefur einungis verið stuðst við mat skilanefndar bankans. Endanlegt skilaverð eignasafns Landsbankans skiptir hvað mestu þegar rætt er um hversu háar fjárhæðir af endurgreiðslu til breska og hollenska ríkisins kunni að lenda á íslenskum skattgreiðendum. Jafnframt þyrfti að leggja mat á hvenær útgreiðslur helstu eigna gætu hafist.

Þingsályktunartillaga þessi gerir því ráð fyrir að Alþingi feli fjármálaráðherra að ráða, í samráði við formenn stjórnmálaflokkanna, tvo óháða sérfræðinga eða fyrirtæki til að leggja sjálfstætt mat á skilaverð safnsins. Nokkur fyrirtæki eru þekkt í þessum efnum, svo sem McKinsey & Company og Oliver Wyman. Mikilvægt er að samráð verði haft við alla stjórnmálaflokka um val á sérfræðingum.

953. Frumvarp til laga [564. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, með síðari breytingum.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Guðmundur Steingrímsson, Ólína Þorvarðardóttir, Mörður Árnason, Ólafur Þór Gunnarsson, Birgitta Jónsdóttir.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að greftra lík í lögmætum kirkjugarði, sbr. 5. gr., brenna þau í viðurkenndri líkbrennslustofnun (bálstofu), sbr. 7. gr., eða viðhafa þurrfrystingu við greftrun, sbr. 7. gr. a.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Óheimilt er að greftra lík eða brenna það nema það sé í kistu og hjúpað líkklæðum eða öðrum klæðnaði. Þó skal heimilt að veita einstökum trúfélögum leyfi til að búa lík til greftr-

unar innan sinna vébanda samkvæmt eigin hefðum, enda samrýmist það lögum og góðum siðum.

3. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna orðast svo: **Um greftrun líka, líkbrennslu og þurrfrystingu líka.**

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Með kirkjugörðum í lögum þessum er átt við afmarkað grafarsvæði.

Þar sem þörf krefur er heimilt að afmarka sérstaka reiti fyrir einstök trúarbrögð og einnig óvígðan reit.

Í nýjum kirkjugörðum er skylt að gera ráð fyrir óvígðum reit og sérstökum reitum fyrir önnur trúarbrögð en kristin.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, svohljóðandi:

Þurrfrysting líka hér á landi má eingöngu fara fram í stofnunum sem ráðuneytið löggildir.

Búa ber um þurrfryst lík í umhverfisvænni kistu sem skylt er að grafa í lögmætum kirkjugarði, sbr. 5. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðis þessa.

6. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna orðast svo: **Um kirkjugarða og grafreiti og friðhelgi þessa, svo og líkbrennslustofnanir og þurrfrystingu.**

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2011.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Annars vegar er um að ræða breytingar til að heimila þurrfrystingu líka við greftrun og hins vegar eru lagðar til breytingar á lögunum vegna mismunandi trúar- og lífsskoðana, en með auknum fjölda manna sem aðhyllast önnur trúarbrögð en kristna trú er nauðsynlegt að setja ákvæði í lög um að lík skuli jarðsett, brennt í kistu eða að þurrfrysting sé viðhöfð. Einnig er að finna í frumvarpinu ákvæði um að skylt verði að taka frá afmarkaða grafreiti í kirkjugörðum fyrir aðila sem aðhyllast önnur trúarbrögð en kristni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt verði hér á landi að viðhafa þurrfrystingu við greftrun til að draga úr umhverfismengun. Þekkt er að umhverfismengun af völdum greftrunar geti fyrst og fremst stafað af því efni sem kistur eru smíðaðar úr. Þrátt fyrir breytingar sem gerðar hafa verið á reglugerð um kistur, duftker, greftrun og líkbrennslu getur niðurbrot líkama hins látna tekið langan tíma, meðal annars vegna aðskotaefna sem eru í líkamanum. Má þar nefna kvikasilfur í tönnum, járnpinna og mjaðmakúlur. Með umhverfisvænni greftrun er dregið úr mengun af greftrun og líkbrennslu.

Þurrfrysting fer þannig fram að lík er fryst niður í –18°C. Kistunni með líkinu er sökkt í fljótandi köfnunarefni og við það verður líkaminn frauðkenndur. Eftir það er kistan sett á bretti og hrist til en við hristinginn verður líkið nánast að dufti. Með því að setja duftið í segulsvið er unnt að skilja kvikasilfur og aðra málma frá. Eftir þann aðskilnað eru eftir 5–30 kg af dufti sem loks er sett í umhverfisvæna kistu sem búin er til úr maíssterkju eða kartöflu-

sterkju og hún síðan grafin. Á 6–12 mánuðum aðlagast kistan jarðveginum og með því að gróðursetja tré á leiðið mun það soga í sig næringarefnin sem losna úr læðingi.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að lögfesta að lík skuli jarðsett eða brennt í kistu þó svo að slíkt hafi verið talið sjálfsagt hingað til. Með auknum fjölda einstaklinga sem aðhyllast önnur trúarbrögð en kristni er talið nauðsynlegt að setja slík ákvæði í lög þar sem sums staðar er talið nægjanlegt að sveipa lík klæðum áður en það er jarðsett. Til að koma til móts við mismunandi trúar- og lífsskoðanir er lagt til að heimilt verði að veita einstökum trúfélögum leyfi til að búa lík til greftrunar innan sinna vébanda samkvæmt eigin hefðum, enda samrýmist það lögum og góðum siðum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á ákvæðinu og viðbætur sem verða að teljast nauðsynlegar í ljósi þess að íbúum hér á landi, sem eru annarrar trúar en kristinnar, hefur fjölgað mjög á undanförnum árum. Er því eðlilegt að hugað verði að því hvernig koma eigi til móts við beiðnir um að lík verði jarðsett í afmörkuðum reit fyrir tiltekin trúarbrögð, eða jafnvel í óvígðum reit. Enn fremur er kveðið á um að í nýjum kirkjugörðum verði skylt að gera ráð fyrir óvígðum reit og sérstökum reit fyrir önnur trúarbrögð en kristin.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að þurrfrysting líka megi eingöngu fara fram í stofnunum sem ráðuneytið löggildir. Er það sama fyrirkomulag og er vegna líkbrennsla og er réttast að um slíkar aðferðir gildi sömu reglur þar sem ekki er um hefðbundna greftrun að ræða. Í greininni er kveðið á um að búa beri um þurrfryst lík í umhverfisvænum kistum sem skylt er að grafa í lögmætum kirkjugarði.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. september 2011. Þar sem þurrfrysting er ný leið í greftrun og nauðsynlegt verður að setja nánari reglur um framkvæmd hennar er mikilvægt að ætla hæfilegan tíma svo að reglurnar verði tilbúnar við gildistöku laganna.

954. Fyrirspurn [565. mál]

til innanríkisráðherra um framsal einstaklinga til annarra ríkja.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu margir einstaklingar hafa verið framseldir (afhentir) til annarra ríkja á grundvelli alþjóðasamninga sl. fimm ár? Hversu mörgum slíkum beiðnum hefur verið hafnað á sama tímabili?

2. Hversu margar framsalsbeiðnir hefur íslenska ríkið sett fram sl. fimm ár? Hversu mörgum af þeim hefur verið hafnað?

Svar óskast sundurliðað eftir árum og einnig eftir ríkisfangi einstaklinganna sem beiðnirnir snúast um.

Skriflegt svar óskast.

955. Fyrirspurn [566. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um innstæður í lánastofnunum 30. september 2008.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hversu háar voru innstæður í íslenskum útibúum viðskiptabankanna þriggja 30. september 2008?
2. Hversu háar voru innstæður í sparisjóðunum á Íslandi 30. september 2008?
3. Hversu háar voru innstæður í erlendum útibúum viðskiptabankanna þriggja 30. september 2008?
4. Hversu há fjárhæð var í Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta 30. september 2008?
5. Hversu há var sú upphæð innstæðna sem Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta bar að bæta 30. september 2008 samkvæmt lögum? Hér er átt við heildarinnstæðu einstaklinga og lögaðila að fjárhæð 20.887 evrur (3.047.000 kr.).
6. Hversu há var sú upphæð innstæðna sem stjórnvöld ákváðu að tryggja umfram lögbundna tryggingu 30. september 2008?

Skriflegt svar óskast.

956. Frumvarp til laga [567. mál]

um breytingu á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Gunnarsson, Sigurður Kári Kristjánsson,
Tryggvi Þór Herbertsson, Ólöf Nordal.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Undanþegin greiðslu erfðafjárskatts eru félög, sjóðir og stofnanir sem hér eiga heimili ef þessir aðilar verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 1. gr. gildandi laga um erfðafjárskatt kemur fram meginreglan um að erfingjar skuli greiða erfðafjárskatt af arfi sem þeim hlotnast. Í frumvarpi þessu er lagt til að félög, sjóði og stofnanir sem hér eiga heimili skuli undanþiggja skyldu til greiðslu erfðafjárskatts af arfi sem þeim hlotnast ef þessir aðilar „verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum“. Tilvitnað skilyrði á sér fyrirmynd í 4. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003 og greiða lögaðilar sem undir það falla ekki tekjuskatt.

957. Frumvarp til laga [568. mál]

um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum (gjafsókn).

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Atli Gíslason, Birgitta Jónsdóttir, Eygló Harðardóttir, Helgi Hjörvar, Ólöf Nordal, Siv Friðleifsdóttir, Þór Saari, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 126. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Gjafsókn verður aðeins veitt ef málstaður umsækjanda gefur nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er að auki fullnægt:

a. að fjárhag umsækjanda sé þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, enda megi teljast eðlilegt að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé,
b. að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um skilyrði gjafsóknar, þ.m.t. hvenær nægilegt tilefni sé til veitingar gjafsóknar, þau atriði sem líta ber til við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda og heimildir til takmörkunar á gjafsókn skv. 1. mgr. 127. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var flutt á 137. löggjafarþingi og miðar að því að auka möguleika almennings á gjafsókn óháð fjárhagsstöðu umsækjanda. Málið náði ekki fram að ganga og er því endurflutt nú. Með frumvarpinu er lögð til breyting á 126. gr. laga um meðferð einkamála um gjafsókn. Einnig felur það í sér reglugerðarheimild fyrir ráðherra til að kveða nánar á um skilyrði gjafsóknar.

Þegar einkamálalögin voru samþykkt árið 1991 voru skilyrði gjafsóknar skv. 126. gr. laganna þau hin sömu og lögð eru til með 1. gr. frumvarpsins, þ.e. að gjafsókn yrði aðeins veitt ef nægilegt tilefni væri til málshöfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða væri fullnægt: að efnahag umsækjanda væri þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, sbr. a-lið 1. mgr., eða úrlausn máls hefði verulega almenna þýðingu eða varðaði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagsmuni umsækjanda, sbr. b-lið 1. mgr.

Á 131. löggjafarþingi voru samþykkt lög nr. 7/2005, sem breyttu ákvæðum um gjafsókn í einkamálalögum, nr. 91/1991, og þjóðlendulögum, nr. 58/1998. Sú breyting var þá gerð að

fellt var brott skilyrði gjafsóknar skv. b-lið 1. mgr. 126. gr., að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Ákvæðið hafði þá verið í lögunum í um 12 ár án nokkurra vandkvæða í framkvæmd. Ástæða lagabreytingarinnar var sögð sú að ákvæðið væri afar víðtækt og ekki forsvaranlegt að kosta málshöfðun eða málsvörn einstaklinga af almannafé á grundvelli svo almenns ákvæðis.

Efni núgildandi ákvæðis þrengir verulega að möguleikum almennings til þess að leita réttar síns með málshöfðun gagnvart stjórnvöldum og opinberum aðilum í málum sem geta varðað einstaklinga og almenning miklu. Slíkar takmarkanir eru í andstöðu við hefðir sem hafa verið að þróast í öðrum lýðræðisríkjum. Með frumvarpinu er því lagt til að fella umrætt skilyrði aftur inn í ákvæðið. Sú rýmkun sem lögð er til í frumvarpinu mun fela í sér að gjafsókn verður möguleg í málum sem eru mikilsverð réttlætismál fyrir hagsmuni einstaklinga og almennings, svo sem mál sem varða heimtu skaðabóta fyrir varanlega örorku þegar örorka er mikil en aflahæfi verulega skert, mál er varða lífeyrisréttindi, atvinnuréttindi og eignarréttindi, mál er varða bætur fyrir missi framfæranda, mál vegna læknamistaka, mál um réttindi varðandi friðhelgi einkalífs og önnur mál er varða hefðbundin mannréttindi. Þá gæti gjafsókn skv. b-lið 1. mgr. 126. gr. verið veitt í málum einstaklinga gagnvart stjórnvöldum.

Gert er ráð fyrir að áfram verði inni reglugerðarheimild til að kveða nánar á um skilyrði málsóknar. Á grundvelli laga nr. 7/2005 gaf dómsmálaráðherra út reglugerð nr. 45/2008 þar sem kveðið var nánar á um skilyrði gjafsóknar. Verði frumvarpið að lögum þarf að gera breytingar á 5. gr. reglugerðarinnar um mat á tilefni til veitingar gjafsóknar fyrir héraðsdómi í samræmi við víkkun á heimild til gjafsóknar.

958. Lög [187. mál]

um breyting á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 932.

959. Lög [188. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 933.

960. Tillaga til þingsályktunar [569. mál]

um Reykjavíkurflugvöll sem framtíðarmiðstöð innanlandsflugs.

Flm.: Jón Gunnarsson, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Einar K. Guðfinnsson, Kristján Þór Júlíusson, Tryggvi Þór Herbertsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja viðræður við Reykjavíkurborg um breytingar á aðalskipulagi borgarinnar með það að markmiði að miðstöð fyrir innanlandsflug verði til frambúðar á Reykjavíkurflugvelli.

Greinargerð.

Brýnt er að marka stefnu um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Sú óvissa sem ríkir um framtíð flugvallarins kemur sér illa fyrir hagsmunaaðila og brýnt er að henni verði eytt svo fljótt sem verða má. Nú stendur yfir vinna við endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkurborgar og því mikilvægt að Alþingi árétti vilja sinn í þessu mikilvæga máli. Vísað er til gildandi samgönguáætlunar sem gerir ráð fyrir áframhaldandi rekstri flugvallarins á núverandi stað og byggingu samgöngumiðstöðvar sem þjóni innanlandsfluginu. Jafnframt er vísað til samkomulags sem unnið hefur verið að á vegum samgönguyfirvalda og stjórnenda höfuðborgarinnar. Vegna þeirrar óvissu sem hefur skapast við frestun framkvæmda við samgöngumiðstöðina er tillagan flutt.

Meginhlutverk Reykjavíkurflugvallar er að vera miðstöð innanlandsflugs auk þess sem hann þjónar mikilvægu hlutverki sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug. Flugvöllurinn hefur verið miðstöð innanlandsflugs í rúm 60 ár. Hann er vel staðsettur með tilliti til veðurfars og annarra þátta sem snerta flug að og frá flugvellinum og er nýting hans góð.

Hlutverk Reykjavíkurflugvallar sem varaflugvallar fyrir innanlandsflug og millilandaflug er mjög mikilvægt og þá sérstaklega fyrir millilandaflugið.

Varaflugvöllur í Reykjavík sparar töluvert fé við flugrekstur og hefur auk þess mikla þýðingu fyrir öryggi flugsamgangna til og frá landinu sem og innan lands.

Verði innanlandsflug flutt til Keflavíkurflugvallar er enginn varaflugvöllur á þéttbýlasta svæði landsins. Reiknað er með að við þær aðstæður yrði að byggja varaflugvöll á Suðurlandi vegna öryggis í flugsamgöngum milli landa og innan lands.

Fyrir flugfarþega er staðsetning flugvallarins mjög hentug, stutt er að sækja í mennta- og stjórnsýslustofnanir og miðju borgarinnar, sem og í aðalsjúkrahús landsins. Flugvöllurinn sjálfur er nýlega endurbyggður en nýja flugstöð vantar tilfinnanlega og sumar byggingar flugrekenda eru orðnar gamlar. Úr því verður að bæta hið fyrsta, ekki síst með tilliti til mikilvægs hlutverks vallarins varðandi uppbyggingu ferðaþjónustu.

Fjölbreytt störf, mörg tengd ferðaþjónustu, flugrekstri og kennslu, fylgja starfsemi á Reykjavíkurflugvelli. Áætla má að um sé að ræða allt að 1.000 störf sem tengjast starfseminni beint og óbeint. Staðsetning vallarins í Reykjavík er því mjög mikilvæg fyrir atvinnulíf á höfuðborgarsvæðinu.

Flutningur miðstöðvar innanlandsflugs til Keflavíkurflugvallar væri veruleg afturför í flugsamgöngum innan lands. Áhrif þess á ferðaþjónustu og tengsl landsbyggðar við höfuðborgarsvæðið eru óásættanleg.

961. Frumvarp til lokafjárlaga [570. mál]

fyrir árið 2009.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 2009 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	5,9	5,9
Menntamálaráðuneyti	292,7	285,7
Utanríkisráðuneyti	28,5	22,0
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	141,1	112,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	280,0	263,3
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	397,9	392,4
Heilbrigðisráðuneyti	84,9	94,5
Fjármálaráðuneyti	160,4	8,4
Samgönguráðuneyti	-43,6	-37,2
Iðnaðarráðuneyti	48,1	30,6
Viðskiptaráðuneyti	-91,4	-111,9
Umhverfisráðuneyti	-207,6	-269,2
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**1.096,9**	**797,3**

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

2. gr.

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2009 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	15,6	15,6
Forsætisráðuneyti	45,4	45,4
Menntamálaráðuneyti	-91,6	-91,6
Utanríkisráðuneyti	-44,2	-44,2
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	116,5	116,5
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-236,3	-236,3
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	2.156,6	2.156,6
Heilbrigðisráðuneyti	190,5	190,5
Fjármálaráðuneyti	-13.827,3	112,6
Samgönguráðuneyti	61,9	61,9
Iðnaðarráðuneyti	76,7	76,7
Viðskiptaráðuneyti	11,6	11,6
Umhverfisráðuneyti	29,1	29,1
Vaxtagjöld ríkissjóðs	5.072,8	0,0
Samtals	**-6.422,7**	**2.444,4**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2009 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

m.kr.

Sundurliðun 1

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

01 Forsætisráðuneyti

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	5,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	5,9

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**5,9**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**5,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Háskóli Íslands 129,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 129,8

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 4,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,9
Viðskiptahreyfingar 0,8

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri 9,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 9,4

02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands . . . . . -5,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -5,8

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum 2,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,5

	m.kr.
02-223 Námsmatsstofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Námsmatsstofnun	1,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,3
02-301 Menntaskólinn í Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Reykjavík	0,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,4
02-302 Menntaskólinn á Akureyri	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Akureyri	0,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,3
02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni	-0,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-0,1
02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð	11,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	11,1

	m.kr.
02-305 Menntaskólinn við Sund	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn við Sund	0,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,7
02-306 Menntaskólinn á Ísafirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Ísafirði	3,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	3,5
02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum	2,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,6
02-308 Menntaskólinn í Kópavogi	
Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Kópavogi	3,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	3,1
02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík	0,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,4

	m.kr.
02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	33,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	33,7
02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla	71,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	71,2
02-352 Flensborgarskóli	
Almennur rekstur:	
1.01 Flensborgarskóli	2,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,3
02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	8,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	8,1
02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands	0,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,8

	m.kr.
02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,1
02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	5,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	5,4
02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands	2,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,2
02-358 Verkmenntaskóli Austurlands	
Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskóli Austurlands	2,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,7
02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri	21,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	21,6

	m.kr.
02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	10,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	10,5
02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	1,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,4
02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík	0,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,5
02-363 Framhaldsskólinn á Laugum	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Laugum	0,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,1
02-365 Borgarholtsskóli	
Almennur rekstur:	
1.01 Borgarholtsskóli	6,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	6,7

	m.kr.
02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga	
Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga	0,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,5
02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	
Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	1,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,0
02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Iðnskólinn í Hafnarfirði	1,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,0
02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	3,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	3,0
02-977 Höfundarréttargjöld	
Almennur rekstur:	
1.11 Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélaga	-33,4
1.13 Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	-13,5
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	1,9
Almennur rekstur samtals	-45,0
Gjöld samtals	**-45,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-51,2
Viðskiptahreyfingar	6,2
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**292,7**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**285,7**
Viðskiptahreyfingar	**7,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	28,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	22,0
Viðskiptahreyfingar	6,5
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**28,5**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**22,0**
Viðskiptahreyfingar	**6,5**

m.kr.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

04-215 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	13,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	12,6
Viðskiptahreyfingar	0,6

04-234 Matvælastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Matvælastofnun	25,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	32,0
Viðskiptahreyfingar	-6,1

04-413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins

Almennur rekstur:	
1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins	-13,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-24,0
Viðskiptahreyfingar	10,5

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Búnaðarsjóður	89,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	95,4
Viðskiptahreyfingar	-5,5

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:	
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara	-2,1

	m.kr.
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	1,2
Almennur rekstur samtals	-0,9
Gjöld samtals	**-0,9**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-0,9
04-827 Fóðursjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Fóðursjóður	10,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-16,9
Viðskiptahreyfingar	27,2
04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	
Stofnkostnaður:	
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	13,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	12,1
Viðskiptahreyfingar	1,6
04-843 Fiskræktarsjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Fiskræktarsjóður	2,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,5
04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**141,1**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**112,8**
Viðskiptahreyfingar	**28,3**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:

1.01 Stjórnartíðindi	21,5

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	22,2
Viðskiptahreyfingar	-0,7

06-106 Þjóðskrá

Almennur rekstur:

1.01 Þjóðskrá	45,7

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	45,7

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.10 Fastanefndir	1,0

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	1,0

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:

1.90 Landhelgisgæsla Íslands	2,7

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	2,7

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:

1.05 Lögbirtingablað	2,5

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	1,7
Viðskiptahreyfingar	0,8

	m.kr.
06-601 Fasteignaskrá Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignaskrá Íslands	206,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	149,9
Viðskiptahreyfingar	56,2
06-801 Neytendastofa	
Almennur rekstur:	
1.01 Neytendastofa	0,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	40,1
Viðskiptahreyfingar	-39,6
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**280,0**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**263,3**
Viðskiptahreyfingar	**16,7**

m.kr.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 16,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 10,5
Viðskiptahreyfingar 5,5

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra 10,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 10,2

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 84,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 84,2

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur 175,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 175,5

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.11 Fæðingarorlofssjóður 112,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 112,0

	m.kr.
07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**397,9**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**392,4**
Viðskiptahreyfingar	**5,5**

m.kr.

08 Heilbrigðisráðuneyti

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	21,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	20,7
Viðskiptahreyfingar	0,7

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Landlæknir	-2,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-2,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
1.90 Forvarnasjóður	7,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	4,7
Viðskiptahreyfingar	2,3

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	3,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,9
Viðskiptahreyfingar	2,5

08-373 Landspítali

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali	1,8

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,8

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjastofnun	51,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	66,8
Viðskiptahreyfingar	-15,1

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkrasvið	0,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,2

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkrasvið	0,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,1

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkrasvið	0,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,3

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkrasvið	0,9

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,9
08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur	
Almennur rekstur:	
1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	0,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,1
08 Heilbrigðisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**84,9**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**94,5**
Viðskiptahreyfingar	**-9,6**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	2,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,3
Viðskiptahreyfingar	0,1

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	3,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	3,3

09-262 Tollstjórinn

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn	45,3
1.45 Tollafgreiðslukerfi	20,1
Almennur rekstur samtals	65,4
Gjöld samtals	**65,4**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	54,3
Viðskiptahreyfingar	11,1

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	83,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-77,1
Viðskiptahreyfingar	161,0

	m.kr.
09-984 Fasteignir ríkissjóðs	
Almennur rekstur:	
1.11 Rekstur fasteigna	5,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	25,6
Viðskiptahreyfingar	-20,2
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**160,4**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**8,4**
Viðskiptahreyfingar	**152,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	5,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	5,5

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umferðarstofa	4,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	4,8

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	7,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	4,5
Viðskiptahreyfingar	2,8

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Íslands	32,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	19,0
Viðskiptahreyfingar	13,1

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:	
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	-175,1

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-163,4
Viðskiptahreyfingar	-11,7

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	27,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	42,6
Viðskiptahreyfingar	-15,5

10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu	54,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	49,8
Viðskiptahreyfingar	4,9

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-43,6**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-37,2**
Viðskiptahreyfingar	**-6,4**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:	
1.10 Samtök iðnaðarins	39,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	25,5
Viðskiptahreyfingar	13,5

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.19 Staðlaráð	6,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,9
Viðskiptahreyfingar	4,0

11-501 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálastofa	2,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,2

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**48,1**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**30,6**
Viðskiptahreyfingar	**17,5**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.15 Fastanefndir	1,9
1.20 Rafræn viðskipti	0,3
1.23 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	10,8
1.24 Endurskoðendaráð	13,0
Almennur rekstur samtals	26,0
Gjöld samtals	**26,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	10,6
Viðskiptahreyfingar	15,4

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	11,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	6,6
Viðskiptahreyfingar	5,0

12-431 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	-7,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-7,1
Viðskiptahreyfingar	0,1

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður olíuvara	-122,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-122,0

	m.kr.
12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-91,4**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-111,9**
Viðskiptahreyfingar	**20,5**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:

1.01 Umhverfisstofnun	13,0

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	15,0
Viðskiptahreyfingar	-2,0

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður

Almennur rekstur:

1.01 Vatnajökulsþjóðgarður	0,4

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	0,4

14-231 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Landgræðsla ríkisins	6,0

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	6,0

14-241 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Skógrækt ríkisins	4,1

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	4,1

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:

1.10 Úrvinnslusjóður	-60,8

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	-78,4
Viðskiptahreyfingar	17,6

	m.kr.
14-289 Endurvinnslan hf.	
Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun	-209,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-214,3
Viðskiptahreyfingar	4,6
14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga	
Almennur rekstur:	
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín	10,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	10,4
14-310 Landmælingar Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	7,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	7,4
14-321 Brunamálastofnun ríkisins	
Almennur rekstur:	
1.01 Brunamálastofnun ríkisins	21,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-19,8
Viðskiptahreyfingar	41,4
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-207,6**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-269,2**
Viðskiptahreyfingar	**61,6**

m.kr.

Sundurliðun 2

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	-5,3
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	5,3
Gjöld samtals	**0,0**

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	11,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,7

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	3,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,9

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**15,6**
Greitt úr ríkissjóði	**15,6**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	30,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,7

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.16 Nefnd um þróun Evrópumála	7,4
1.29 Félag um rekstur fyrrverandi varnarsvæða	1,0
Almennur rekstur samtals	8,4
Gjöld samtals	**8,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,4

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	1,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,9

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður barna	4,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,4

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**45,4**
Greitt úr ríkissjóði	**45,4**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.80 Vísindastarfsemi	3,7
1.90 Háskólastarfsemi	4,9
1.91 Háskólar, óskipt	2,3
Almennur rekstur samtals	10,9
Gjöld samtals	**10,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,9

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.18 Námsefnisgerð	19,4
1.21 Nám tannsmiða	-0,1
1.23 Raungreina- og nýsköpunarkeppnir	-0,1
1.28 Mat á skólastarfi	11,3
1.29 Forvarnastarf í skólum	1,8
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	5,1
Almennur rekstur samtals	37,4
Gjöld samtals	**37,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,4

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	16,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,0

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskóli Austurlands	6,8

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,8

02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	0,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,2

02-911 Náttúruminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Náttúruminjasafn Íslands	4,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,3

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:	
1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	8,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,8

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið	-60,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-60,0

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.20 Iðnsaga Íslands	3,0
1.21 Tónlistarsaga Íslands	1,6
Almennur rekstur samtals	4,6
Gjöld samtals	**4,6**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,6

02-985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun

Almennur rekstur:	
1.01 Landsskrifstofa menntaáætlana ESB	22,1
1.90 Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB	-22,1
1.91 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun	-134,2
Almennur rekstur samtals	-134,2
Gjöld samtals	**-134,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-134,2

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:	
1.18 Æskulýðsrannsóknir	2,7
1.90 Æskulýðsmál	-0,1
Almennur rekstur samtals	2,6
Gjöld samtals	**2,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,6

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.15 Skólaíþróttir	0,8
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	-0,8
1.90 Ýmis íþróttamál	1,0
Almennur rekstur samtals	1,0
Gjöld samtals	**1,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,0

	m.kr.
02-995 Tungutækni	
Stofnkostnaður:	
6.51 Verkefnissjóður tungutækni	-0,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,4
02-999 Ýmislegt	
Almennur rekstur:	
1.81 Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	1,5
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	8,5
Almennur rekstur samtals	10,0
Stofnkostnaður:	
6.91 Þróunarmál í upplýsingatækni	0,4
Gjöld samtals	**10,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,4
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-91,6**
Greitt úr ríkissjóði	**-91,6**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	-2,5
1.15 Heimssýning í Aichi í Japan	3,5
1.21 Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	1,9
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	4,4
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	13,3
Almennur rekstur samtals	20,6
Gjöld samtals	**20,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,6

03-213 Varnarmál

Almennur rekstur:	
1.01 Varnarmál	0,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,3

03-300 Sendiráð Íslands

Stofnkostnaður:	
6.25 Sendiherrabústaður í Berlín	-0,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,1

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	-0,5
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	2,4

	m.kr.
1.22 Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	16,0
Almennur rekstur samtals	17,9
Gjöld samtals	**17,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,9

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.11 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	51,3
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	-11,7
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	-2,6
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	3,7
1.39 Evrópuráðið	-11,6
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	-70,5
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	-77,1
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	-39,8
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	-29,5
1.72 EFTA-dómstóllinn	-4,1
1.73 Þróunarsjóður EFTA	28,0
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	22,0
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	-1,0
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	60,0
Almennur rekstur samtals	-82,9
Gjöld samtals	**-82,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-82,9

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-44,2**
Greitt úr ríkissjóði	**-44,2**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	18,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,9

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	17,1
1.49 Úrskurðarnefndir	-1,8
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	-2,7
1.52 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	-3,0
1.53 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	0,7
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	-0,6
Almennur rekstur samtals	9,7
Gjöld samtals	**9,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,7

04-215 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	51,1
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	-6,1
Gjöld samtals	**45,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,0

04-405 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastofnun	1,2

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	-1,2
Gjöld samtals	**0,0**

04-423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:	
1.01 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	4,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,7

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:	
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki	38,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,2

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**116,5**
Greitt úr ríkissjóði	**116,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	-35,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-35,1

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Námsleyfi lögfræðinga	2,8
1.40 Alþjóðasamstarf	-1,9
1.51 Innheimta meðlaga	-5,1
Almennur rekstur samtals	-4,2
Gjöld samtals	**-4,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-4,2

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum	-133,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-133,2

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	0,1
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	-2,5
Almennur rekstur samtals	-2,4
Gjöld samtals	**-2,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,4

	m.kr.
06-235 Bætur brotaþola	
Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	-41,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-41,4
06-341 Áfengis- og fíkniefnamál	
Almennur rekstur:	
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	-4,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-4,7
06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi	
Almennur rekstur:	
1.20 Löggæsla	1,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,0
06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	
Almennur rekstur:	
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	-11,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-11,8
06-705 Kirkjumálasjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	1,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,6

	m.kr.
06-707 Kristnisjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Kristnisjóður	-4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-4,0
06-735 Sóknargjöld	
Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1,3
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	-6,8
Almennur rekstur samtals	-5,5
Gjöld samtals	**-5,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-5,5
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	
Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	3,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,4
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-236,3**
Greitt úr ríkissjóði	**-236,3**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga	1,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,9

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkissáttasemjari	10,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,8

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt

Stofnkostnaður:	
6.38 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,8
6.85 Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	13,9
Stofnkostnaður samtals	14,7
Gjöld samtals	**14,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,7

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnarnefnd málefna fatlaðra	3,0
1.80 Starfsþjálfun	1,5
1.83 Liðveisla við fólk sem er háð öndunarvélum	48,4
1.90 Ýmis verkefni	68,9
Almennur rekstur samtals	121,8
Gjöld samtals	**121,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	121,8

	m.kr.
07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	
Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	4,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,7
07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	
Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra- og feðralaun	3,0
1.15 Umönnunargreiðslur	17,1
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	4,0
1.25 Dánarbætur	-4,6
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	194,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	-3,2
1.41 Heimilisuppbót	74,8
1.51 Frekari uppbætur	146,8
1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega	353,9
1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa	152,0
Almennur rekstur samtals	937,8
Gjöld samtals	**937,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	937,8
07-827 Lífeyristryggingar	
Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	122,1
1.15 Örorkulífeyrir	-23,5
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	2.094,8
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	29,3
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	179,6
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	31,4
1.31 Örorkustyrkur	-12,1
1.35 Barnalífeyrir	30,7
1.91 Annað	-1.337,6
Almennur rekstur samtals	1.114,7
Gjöld samtals	**1.114,7**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.114,7

07-831 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra	-16,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-16,2

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	0,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,3

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	-216,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-216,1

07-983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	67,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	215,1
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	-22,5
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	17,4

	m.kr.
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	51,8
1.41 Framlög og styrkir	-2,4
1.45 Starfsmenntasjóður	-27,9
1.81 Vaxtatekjur	-15,4
Almennur rekstur samtals	216,1
Gjöld samtals	**216,1**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	216,1

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	27,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,4

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.11 Fæðingarorlofssjóður	-142,3
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	42,0
Almennur rekstur samtals	-100,3
Gjöld samtals	**-100,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	42,0
Innheimt af ríkistekjum	-142,3

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	-30,4
1.55 Átak í vímuvarnamálum	3,0
1.90 Ýmis framlög	-0,6
Almennur rekstur samtals	-28,0
Gjöld samtals	**-28,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-28,0
07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.156,6**
Greitt úr ríkissjóði	**2.298,9**
Innheimt af ríkistekjum	**-142,3**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðisráðuneyti

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	-671,6
1.15 Lyf	-184,0
1.16 Lyf með S-merkingu	-1.261,6
1.21 Hjálpartæki	437,3
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	-19,0
1.31 Þjálfun	38,5
1.35 Tannlækningar	296,1
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	-10,4
1.45 Brýn meðferð erlendis	-445,4
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	-31,5
1.55 Sjúkradagpeningar	62,5
1.91 Annað	-50,3
Almennur rekstur samtals	-1.839,4
Gjöld samtals	**-1.839,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1.839,4

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	50,2
1.15 Bætur til framfærslu	50,7
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	36,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	-31,1
Almennur rekstur samtals	105,8
Gjöld samtals	**105,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	69,8
Innheimt af ríkistekjum	36,0

08-209 Sjúklingatrygging

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatrygging	22,7

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,7

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal	0,1
1.90 Ýmis starfsemi	3,4
Almennur rekstur samtals	3,5
Gjöld samtals	**3,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,5

08-386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:	
1.10 Vistun ósakhæfra afbrotamanna	-0,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,3

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	-10,2
1.44 Átak í vímuvarnamálum	-1,0
1.71 Norræni lýðheilsuháskólinn	11,5
1.73 Bláa lónið, húðmeðferðir	-0,1
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	-5,5
Almennur rekstur samtals	-5,3
Gjöld samtals	**-5,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-5,3

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	48,3

	m.kr.
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	494,3
1.83 Greiðslur frá vistmönnum	513,2
Almennur rekstur samtals	1.055,8
Gjöld samtals	**1.055,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.055,8

08-405 Hrafnista, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	9,0
1.11 Dvalarrými	84,4
Almennur rekstur samtals	93,4
Gjöld samtals	**93,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,4

08-406 Hrafnista, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	5,9
1.11 Dvalarrými	31,2
1.15 Dagvist	1,8
Almennur rekstur samtals	38,9
Gjöld samtals	**38,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,9

08-407 Grund, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	18,3
1.11 Dvalarrými	63,7
Almennur rekstur samtals	82,0
Gjöld samtals	**82,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	82,0

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	11,3
1.15 Dagvist	0,4
Almennur rekstur samtals	11,7
Gjöld samtals	**11,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,7

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	15,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,9

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-8,4
1.15 Dagvist	-1,4
Almennur rekstur samtals	-9,8
Gjöld samtals	**-9,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-9,8

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	8,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,7

	m.kr.
08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-4,8
1.71 Endurhæfingardeild	0,5
Almennur rekstur samtals	-4,3
Gjöld samtals	**-4,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-4,3
08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-4,0
08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	5,4
1.11 Dvalarrými	10,8
Almennur rekstur samtals	16,2
Gjöld samtals	**16,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,2
08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	0,7
1.11 Dvalarrými	6,5
1.15 Dagvist	4,4
Almennur rekstur samtals	11,6
Gjöld samtals	**11,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,6

	m.kr.
08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	3,7
1.11 Dvalarrými	0,8
1.15 Dagvist	0,6
Almennur rekstur samtals	5,1
Gjöld samtals	**5,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,1
08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	11,8
1.11 Dvalarrými	10,5
1.15 Dagvist	3,9
Almennur rekstur samtals	26,2
Gjöld samtals	**26,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,2
08-418 Seljahlíð, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-45,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-45,1
08-421 Víðines	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	0,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,4

	m.kr.
08-423 Höfði, Akranesi	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-0,9
1.11 Dvalarrými	11,1
1.15 Dagvist	0,7
Almennur rekstur samtals	10,9
Gjöld samtals	**10,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,9
08-424 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	9,6
1.11 Dvalarrými	8,9
Almennur rekstur samtals	18,5
Gjöld samtals	**18,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,5
08-425 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-3,3
1.11 Dvalarrými	8,3
Almennur rekstur samtals	5,0
Gjöld samtals	**5,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0
08-426 Fellaskjól, Grundarfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	14,3
1.11 Dvalarrými	5,8
Almennur rekstur samtals	20,1
Gjöld samtals	**20,1**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,1

08-427 Jaðar, Ólafsvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	21,1
1.11 Dvalarrými	-0,9
1.15 Dagvist	1,7
Almennur rekstur samtals	21,9
Gjöld samtals	**21,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21,9

08-428 Fellsendi, Búðardal

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	10,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,3

08-429 Barmahlíð, Reykhólum

Almennur rekstur:	
1.11 Dvalarrými	-1,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,1

08-433 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-3,4
1.11 Dvalarrými	2,9
1.15 Dagvist	1,1
Almennur rekstur samtals	0,6
Gjöld samtals	**0,6**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,6

08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-3,8
1.11 Dvalarrými	48,5
1.15 Dagvist	46,6
Almennur rekstur samtals	91,3
Gjöld samtals	**91,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	91,3

08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-7,8
1.11 Dvalarrými	0,8
Almennur rekstur samtals	-7,0
Gjöld samtals	**-7,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-7,0

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	2,9
1.11 Dvalarrými	6,2
Almennur rekstur samtals	9,1
Gjöld samtals	**9,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,1

	m.kr.
08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	42,5
1.11 Dvalarrými	2,0
1.15 Dagvist	0,9
Almennur rekstur samtals	45,4
Gjöld samtals	**45,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,4
08-439 Hjallatún, Vík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	2,2
1.11 Dvalarrými	0,9
Almennur rekstur samtals	3,1
Gjöld samtals	**3,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,1
08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	47,9
1.11 Dvalarrými	10,4
Almennur rekstur samtals	58,3
Gjöld samtals	**58,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	58,3
08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	15,1
1.11 Dvalarrými	47,2

	m.kr.
1.17 Geðrými	13,2
Almennur rekstur samtals	75,5
Gjöld samtals	**75,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,5

08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	10,9
1.11 Dvalarrými	4,0
1.15 Dagvist	4,5
Almennur rekstur samtals	19,4
Gjöld samtals	**19,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,4

08-443 Holtsbúð, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	7,4
1.15 Dagvist	4,7
Almennur rekstur samtals	12,1
Gjöld samtals	**12,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,1

08-444 Vífilsstaðir, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-0,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,7

	m.kr.
08-447 Sóltún, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-17,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-17,9
08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur	
Almennur rekstur:	
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur	62,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	62,6
08-470 Vesturhlíð, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Vesturhlíð, Reykjavík	10,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,2
08-472 Hlíðabær, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Hlíðabær, Reykjavík	2,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,0
08-473 Lindargata, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Lindargata, Reykjavík	1,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,2

	m.kr.
08-474 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	
Almennur rekstur:	
1.10 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	9,2
Stofnkostnaður:	
6.21 Húsnæði	-14,5
Gjöld samtals	**-5,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-5,3
08-475 Múlabær, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Múlabær, Reykjavík	6,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,9
08-476 Fríðuhús, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Fríðuhús, Reykjavík	-0,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,1
08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar	
Almennur rekstur:	
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar	148,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	148,5
08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	70,0
1.11 Sjúkrasvið	-60,0

	m.kr.
1.21 Hjúkrunarrými	-10,0
Almennur rekstur samtals	0,0
Gjöld samtals	**0,0**

08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	101,0
1.11 Sjúkrasvið	-101,0
Almennur rekstur samtals	0,0
Gjöld samtals	**0,0**

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	440,0
1.11 Sjúkrasvið	-1.080,0
1.21 Hjúkrunarrými	640,0
Almennur rekstur samtals	0,0
Gjöld samtals	**0,0**

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	110,0
1.11 Sjúkrasvið	-110,0
Almennur rekstur samtals	0,0
Gjöld samtals	**0,0**

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	70,0
1.11 Sjúkrasvið	-335,0
1.21 Hjúkrunarrými	265,0
Almennur rekstur samtals	0,0
Gjöld samtals	**0,0**

	m.kr.
08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands	
Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-43,0
1.11 Sjúkrasvið	43,0
Almennur rekstur samtals	0,0
Gjöld samtals	**0,0**
08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur	
Almennur rekstur:	
1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	175,0
1.21 Hjúkrunarrými	-175,0
Almennur rekstur samtals	0,0
Gjöld samtals	**0,0**
08 Heilbrigðisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**190,5**
Greitt úr ríkissjóði	**154,5**
Innheimt af ríkistekjum	**36,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	71,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71,3

09-103 Fjársýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	54,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	54,3

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	4,8
1.30 Þungaskattur	16,0
Almennur rekstur samtals	20,8
Gjöld samtals	**20,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,8

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	126,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	126,3

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	2.525,3

	m.kr.
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	-340,1
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	122,3
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	27,2
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	56,0
1.10 Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara	2.199,2
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	129,7
Almennur rekstur samtals	4.719,6
Gjöld samtals	**4.719,6**
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	4.719,6

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	-229,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-229,6

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	222,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	222,5

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:	
1.11 Afskriftir skattkrafna	-17.551,2
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-17.551,2

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	-386,7

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-386,7

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:	
1.11 Barnabætur	435,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	435,5

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:	
1.11 Vaxtabætur	-329,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-329,3

09-831 Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega

Almennur rekstur:	
1.11 Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega	5,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,4

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins	15,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,4

09-971 Ríkisábyrgðir

Stofnkostnaður:	
6.01 Ríkisábyrgðir	-1.121,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1.121,4

	m.kr.
09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur	
Stofnkostnaður:	
6.11 Tapaðar kröfur	81,3
6.15 Tjónabætur	-5,6
Stofnkostnaður samtals	75,7
Gjöld samtals	**75,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-5,6
Viðskiptahreyfingar	81,3
09-976 Lánaumsýsla ríkissjóðs	
Almennur rekstur:	
1.01 Lánaumsýsla ríkissjóðs	-1,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,1
09-979 Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár	
Almennur rekstur:	
1.04 Eignarhaldsfélagið FARICE	-626,5
1.05 Ríkisútvarpið OHF	-563,1
Almennur rekstur samtals	-1.189,6
Gjöld samtals	**-1.189,6**
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-1.189,6
09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	
Stofnkostnaður:	
6.91 Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga	-0,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,9

	m.kr.
09-989 Launa- og verðlagsmál	
Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	954,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	954,5
09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir	
Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	36,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,5
09-991 Aðflutningsgjöld af útflutningi notaðra ökutækja	
Almennur rekstur:	
1.11 Aðflutningsgjöld af útflutningi notaðra ökutækja	110,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	110,9
09-994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	
Almennur rekstur:	
1.01 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	-58,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-58,2
09-999 Ýmislegt	
Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	17,9
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	1,4
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	-60,2
1.31 Lífeyrissjóður bænda	-0,7
1.45 Ýmsar nefndir	5,5

	m.kr.
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	3,4
1.60 Dómkröfur	-24,1
1.61 Bætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn	125,0
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	2,2
1.90 Ýmis verkefni	121,6
Almennur rekstur samtals	192,0
Gjöld samtals	**192,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	192,0
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-13.827,3**
Greitt úr ríkissjóði	**342,2**
Innheimt af ríkistekjum	**-229,6**
Viðskiptahreyfingar	**-13.939,9**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	17,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fastanefndir	-4,8
1.18 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	1,4
Almennur rekstur samtals	-3,4
Gjöld samtals	**-3,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-3,4

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	47,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,4

10-336 Hafnarframkvæmdir

Stofnkostnaður:	
6.81 Vestmannaeyjaferja	0,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,1

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Íslands	2,5

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,5
10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	
Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	-1,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,7
10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**61,9**
Greitt úr ríkissjóði	**61,9**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	2,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	2,3

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:

1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	65,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	65,5

11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Almennur rekstur:

1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	8,9

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	8,9

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**76,7**
Greitt úr ríkissjóði	**76,7**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	5,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,7

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Rafræn viðskipti	0,3
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	5,6
Almennur rekstur samtals	5,9
Gjöld samtals	**5,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,9

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**11,6**
Greitt úr ríkissjóði	**11,6**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.40 Alþjóðastofnanir	-8,1
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	-0,1
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	0,1
Almennur rekstur samtals	-8,1
Gjöld samtals	**-8,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-8,1

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:	
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	37,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,2

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**29,1**
Greitt úr ríkissjóði	**29,1**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	5.072,8
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	5.072,8
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**5.072,8**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**5.072,8**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur. Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á fjárheimildum vegna frávika í ríkistekjum stofnana frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga 2009 og gerðar tillögur um niðurfellingar á stöðu fjárheimilda í lok ársins. Frumvarpið er einnig til staðfestingar á niðurstöðum ríkisrekstrarins samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2009. Með frumvarpinu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður um afgangsheimildir og umframgjöld í rekstri ríkissjóðs á árinu 2009 og er vísað til greinargerðar í fjárlögum og fjáraukalögum og skýringa í ríkisreikningi fyrir árið 2009 um framvindu ríkisfjármála það ár. Einnig liggur fyrir skýrsla Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2009.

Í fylgiskjali 2 með frumvarpinu er yfirlit yfir talnagrunn frumvarpsins. Yfirlitið sýnir uppruna allra fjárheimilda ársins 2009 bæði fyrir ríkissjóð í heild og einstök viðfangsefni. Þar er um að ræða fluttar stöður fjárheimilda frá fyrra ári, fjárlög, fjáraukalög, millifærðar heimildir innan ársins og breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna samkvæmt þessu frumvarpi. Því næst eru tilfærð útgjöld samkvæmt ríkisreikningi og loks fjárheimildastaða í árslok, þ.e. mismunur fjárheimilda og reikningsfærðra útgjalda. Heildarfjárheimildir til ráðstöfunar á árinu 2009 voru 590.962,5 m.kr., útgjöld samkvæmt ríkisreikningi urðu 578.781,6 m.kr. og staða fjárheimilda í árslok er því jákvæð um 12.180,9 m.kr. Taflan hér á eftir sýnir heildarsamtölur fyrir uppruna fjárheimilda, reikningsfærð útgjöld og árslokastöðu samkvæmt fylgiskjali 2.

Rekstrargrunnur, m.kr.	M.kr.
Flutt frá fyrra ári	21.245,6
Fjárlög	555.640,9
Fjáraukalög	12.979,1
Millifært	0,0
Lokafjárlög	1.096,9
Alls heimildir	590.962,5
Reikningur	578.781,6
Staða í árslok	**12.180,9**

Í lokafjárlögum 2008 voru felldar niður háar afgangsheimildir sem safnast höfðu upp á árum þar á undan á ýmsum fjárlagaliðum m.a. vegna framkvæmda sem ekki hafði orðið af og einnig rekstrarfjárheimildir sem ekki höfðu verið nýttar og voru umfram tiltekið hlutfall af fjárlagaveltu. Var þar um að ræða hluta af aðgerðum til að styrkja umgjörð ríkisfjármálanna. Einnig var þar sett fram það viðmið að í almennum stofnanarekstri og reglubundnum rekstrarverkefnum yrði almennt sett hámark á flutning afgangsheimilda milli ára sem næmi 4% af fjárlagaveltu viðkomandi stofnana og verkefna en þó þannig að til lengri tíma litið yrði heimilt að safna upp afgangsheimildum sem næmu allt að 10% af fjárlagaveltu liðins árs. Tilgangur þess að setja takmarkanir á flutning afgangsheimilda milli ára var að koma í

veg fyrir að heimilt yrði að efna til umtalsverðra útgjalda umfram fjárlög enda auka útgjöld, sem efnt er til á grundvelli ónotaðra fjárheimilda frá fyrri árum, kostnað og skuldasöfnun ríkissjóðs á sama hátt og útgjöld sem byggja á fjárveitingum ársins. Við undirbúning frumvarpsins var farið yfir allar slíkar afgangsstöður með fagráðuneytum miðað við að flutningur afgangsheimilda í rekstri takmarkaðist við þessi viðmið nema sérstakar ástæður hefðu verið taldar til annars. Við þá yfirferð kom í ljós að í mörgum tilvikum voru málsatvik með þeim hætti að ráðuneyti töldu nauðsynlegt að flytja meiri afgangsheimildir til ársins 2009 og varð niðurstaðan sú að í mjög mörgum tilvikum var yfirfærsla miðuð við fyrrgreint 10% hámark og í nokkrum tilvikum meira.

Við undirbúning þessa frumvarps til lokafjárlaga fyrir árið 2009 hefur verið miðað við að yfirfærsla afgangsheimilda í almennum stofnanarekstri og viðvarandi rekstrarverkefnum verði ekki umfram 10% af fjárlagaveltu nema sérstakar ástæður séu taldar til annars. Farið hefur verið yfir þau tilvik með fagráðuneytum þar sem afgangsstöður fjárheimilda eru yfir því viðmiði. Við þá yfirferð kom í ljós að málsatvik voru í nokkrum tilvikum með þeim hætti að ráðuneyti töldu nauðsynlegt að flytja meiri afgangsheimildir til ársins 2010. Dæmi um slík tilvik er ef framkvæmd verkefnis hefur frestast yfir áramót eða stofnað hefur verið til skuldbindinga á grundvelli fenginna fjárheimilda sem ekki hafa verið gjaldfærðar á árinu eða ef ráðuneyti hefur heimilað stofnun ráðstöfun á geymdri fjárheimild í tiltekið verkefni og ef ljóst má vera að öðrum kosti stefni rekstur á árinu 2010 í verulegan halla. Að öðru leyti hefur, eins og jafnan áður við undirbúning lokafjárlaga, verið farið yfir alla fjárlagaliði og tillögur um flutning eða niðurfellingar ákveðnar með hliðsjón af málsatvikum skv. sömu viðmiðunarreglum og áður. Nánari grein er gerð fyrir þeim hér á eftir í kaflanum *Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok*.

Lagagreinar og sundurliðanir. Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum ráðuneyta vegna frávika markaðra skatttekna og annarra ríkistekna stofnana frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga. Í sundurliðun 1 í frumvarpinu er nánara yfirlit yfir þá fjárlagaliði þar sem breytingar á fjárveitingum af þessum sökum eru lagðar til samkvæmt 1. gr., ýmist til hækkunar eða lækkunar. Er hér leitað eftir heimild Alþingis fyrir ráðstöfun á ríkistekjum stofnana og verkefna í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt uppgjöri ríkisreiknings eða hver metin fjárþörf við skil ríkissjóðs á þessum tekjum til viðkomandi reyndist vera. Slíkar breytingar á fjárheimildum ríkisaðila og ráðstöfun á ríkistekjum verður að ákvarða með lögum á Alþingi á sama hátt og í fjárlögum og fjáraukalögum. Stuðst er við sömu vinnureglur og í fyrri lokafjárlögum um uppgjör fjárheimilda vegna markaðra skatttekna og annarra ríkistekna stofnana. Byggt er á eftirfarandi vinnureglum:

1. Almennt er miðað við að mismunur á álögðum tekjum samkvæmt ríkisreikningi og áætluðum tekjum fjárlaga og fjáraukalaga leiði til jafn mikillar breytingar á fjárheimildum ársins.

2. Í nokkrum tilvikum, þar sem lög ákvarða útgjöld óháð tekjum, er breyting fjárheimildar þó miðuð við skil teknanna frá ríkissjóði til stofnana, enda hefur þá verið lagt mat á fjárþörfina innan ársins við skil ríkissjóðs á tekjunum. Sú regla á t.d. við um útgjöld vegna atvinnuleysisbóta, útgjöld Fæðingarorlofssjóðs og útgjöld Ábyrgðasjóðs launa. Í slíkum tilvikum kann fjárþörf að hafa verið metin meiri eða minni en álagðar tekjur ársins.
3. Í ákveðnum tilvikum eru ekki lagðar til breytingar á fjárheimildum frá því sem ákveðið var af Alþingi í fjárlögum og fjáraukalögum þótt ríkistekjur stofnana hafi orðið meiri eða minni en áætlað var. Hér er yfirleitt um að ræða tilvik þar sem ekki er beint samband milli útgjaldaþarfar stofnunar og fjármögnunar á þann hátt að sveiflur í tekjum hafi beinlínis áhrif á kostnað, eða að útgjaldaheimildir eru ákvarðaðar út frá verkefnum án tillits til hugsanlegra breytinga í fjármögnum með ríkistekjum. Þar má t.d. nefna framlög til vegagerðar og annarra stofnkostnaðarverkefna og þau tilvik þegar tekjustofnar hafa verið skertir með lögum eða fjárlög ekki heimilað að tekjunum væri að fullu ráðstafað til gjaldahliðar eins og fram kemur í viðskiptahreyfingum á tekjuliðum í séryfirlitum 3 og 4 í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til niðurfellingar á fjárheimildastöðum ráðuneyta.Getur þar bæði verið um að ræða afgangsheimildir og útgjöld umfram fjárheimildir. Í sundurliðun 2 í frumvarpinu er nánara yfirlit yfir þær stöður fjárheimilda á einstökum fjárlagaliðum sem lagt er til að falli niður samkvæmt 2. gr., umframgjöld með neikvæðu formerki og afgangsheimildir með engu formerki. Í inngangskafla er fjallað um nýleg viðmið varðandi flutning á afgangsheimildum í rekstri. Að öðru leyti er eins og áður stuðst við þá meginreglu að árslokastaða fjárlagaliðar falli niður ef útgjöld hans ráðast með beinum hætti af öðrum lögum en fjárlögum. Dæmi um slíkt eru útgjöld á lið almannatrygginga. Sama gildir um stöður fjárlagaliða þar sem útgjöld ráðast af hagrænum breytingum, svo sem vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar, eða ef útgjöld eru ekki þáttur í rekstri tiltekins ábyrgðaraðila, svo sem útgjöld á sameiginlegum launa- og verðlagslið fjárlaga. Eins er við það miðað að stöður verkefna sem er lokið verði felldar niður, og er þessi afgreiðsla með sama hætti og verið hefur um langt árabil.

Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu eru sýndar fyrirhugaðar breytingar á fjárheimildum ársins 2010 vegna stöðu fjárheimilda í árslok 2009 sem ráðgert er að falli ekki niður heldur flytjist yfir til ársins 2010, svonefndar yfirfærslur milli ára.

Áður en takmörkun á yfirfærslu afgangsheimilda við tiltekið hámark var tekin upp voru fjárheimildastöður aðila oftast annað hvort felldar niður með öllu eða yfirfærðar að fullu til næsta árs. Sami aðili kom því yfirleitt ekki bæði fyrir í yfirliti lokafjárlaga um niðurfelldar stöður í sundurliðun 2 og yfirliti um stöður sem yfirfærast til næsta ára í fylgiskjali 1. Takmörkun á yfirfærslu afgangsheimilda fjölgar hins vegar þeim tilvikum þar sem afgangsheimild fellur niður að hluta og yfirfærist til næsta árs að hluta. Af þeim sökum fjölgar mjög aðilum sem eru bæði tilgreindir í sundurliðun 2 og fylgiskjali 1.

Staða fjárheimilda í árslok. Í fylgiskjali 2 með frumvarpinu er lögð fram heildarskrá yfir fjárheimildastöður ríkisaðila í A-hluta, bæði þeirra sem áttu afgang á fjárheimildum og þeirra þar sem útgjöld voru umfram fjárheimildir. Eins og fyrr sagði er staða fjárheimilda í árslok 2009 jákvæð um 12.180,9 m.kr. og svarar það til rétt rúmlega 2% af heildarfjárheimildum ársins. Þessi staða skiptist í 41.272,8 m.kr. afgangsheimildir og 29.091,9 m.kr. umframgjöld. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir stöðu ráðuneyta gagnvart fjárheimildum í árslok. Afgangsheimildir og umframgjöld í töflunni eru samanlagðar árslokastöður allra fjárlagaliða frumvarpsins, annars vegar fjárlagaliða sem hafa jákvæða fjárheimildastöðu í árslok og hins vegar liða sem hafa neikvæða stöðu í árslok.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Afgangs-heimildir	Umfram-gjöld	Staða í árslok
00 Æðsta stjórn ríkisins	279,1	0,0	279,1
01 Forsætisráðuneyti	599,9	-8,2	591,7
02 Menntamálaráðuneyti	4.235,4	-1.159,5	3.075,9
03 Utanríkisráðuneyti	947,6	0,0	947,6
04 Landbúnaðarráðuneyti	2.825,7	-1,8	2.823,9
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1.244,3	-521,1	723,2
07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti	3.453,8	-376,5	3.077,3
08 Heilbrigðisráðuneyti	3.767,7	-6.100,1	-2.332,4
09 Fjármálaráðuneyti	9.871,0	-20.867,5	-10.996,5
10 Samgönguráðuneyti	4.686,5	-27,2	4.659,3
11 Iðnaðarráðuneyti	1.305,6	-10,4	1.295,2
12 Viðskiptaráðuneyti	429,6	0,0	429,6
14 Umhverfisráðuneyti	2.553,8	-19,6	2.534,2
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs	5.072,8	0,0	5.072,8
Samtals	**41.272,8**	**-29.091,9**	**12.180,9**

Sé litið til þess hvaða fjárlagaliðir það eru þar sem frávik milli fjárheimilda og útgjalda eru hvað mest kemur í ljós að oft er þar um að ræða ýmsa stofnkostnaðarliði, tilfærsluliði og óreglulega liði fremur en eiginlega rekstrarliði. Útgjöld þessara liða eru oft á tíðum lögbundin, hagræn eða kerfislæg og ráðast ekki af fjármálastjórn tiltekins aðila og ríkissjóður kemst ekki hjá að greiða eða gjaldfæra útgjöldin á árinu. Sem dæmi má nefna útgjöld almannatrygginga, lífeyrisskuldbindingar og vaxtagjöld. Leitast er við að endurskoða fjárheimildir slíkra liða í fjáraukalögum hvers árs en yfirleitt er um að ræða flókið samspil margra áhrifaþátta sem erfitt getur verið að spá fyrir um, eða þá að gjaldfærsla í ríkisreikningi ræðst af ákvörðunum um forsendur reikningshaldslegs uppgjörs eftir að árið er liðið.

Mesta frávik milli fjárheimilda og gjalda á árinu 2009 er vegna afskrifta skattkrafna. Í fjárlögum hafði verið gert ráð fyrir 10.000 m.kr. gjaldaheimild á fjárlagalið *09-711 Afskriftir skattkrafna*. Í ríkisreikningi kemur fram að afskriftir skattkrafna hafi verið óvenjuháar á árinu 2009 og numið alls 29.996 m.kr. eða 6,8% af heildartekjum ársins. Þar af færðust 27.551 m.kr. hjá fjármálaráðuneyti en 2.445 m.kr. hjá stofnunum.

Afgangsheimildir í árslok eru mestar 5.072,8 m.kr. á fjárlagaliðnum *19-801 Vaxtagjöld*, því næst 4.719,6 m.kr. á liðnum *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun*, þá 3.629,8 m.kr. á liðnum *10-212 Samgönguverkefni*, 1.434,5 m.kr. á liðnum *14-381 Ofanflóðasjóður*, 1.114,7 m.kr. á liðnum *07-827 Lífeyristryggingar* og 1.055,8 m.kr. á liðnum *08-401 Öldrunarstofnanir, almennt*. Af samtals 41.272,8 m.kr. afgangsheimildum í árslok standa 17.027,2 m.kr. eða 41% á þessum 6 fjárlagaliðum.

Útgjöld umfram fjárheimildir eru mest 17.551,2 m.kr. á fjárlagalið *09-711 Afskriftir skattkrafna*, því næst 2.974,2 m.kr. á liðnum *08-373 Landspítali*, þá 1.839,4 m.kr. á liðnum *08-206 Sjúkratryggingar*, 1.189,6 m.kr. á liðnum *09-979 Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár* og 1.121,4 m.kr. á liðnum *09-971 Ríkisábyrgðir*. Af samtals 29.091,9 m.kr. umframgjöldum í árslok standa 24.675,8 m.kr. eða 85% á þessum 5 liðum.

Almennt má segja að staðan í árslok í fylgiskjali 2 með þessu frumvarpi ásamt dálki yfir framlög í fjáraukalögum gefi til kynna hvernig viðkomandi ráðuneytum og stjórnendum stofnana hefur tekist til við að fylgja eftir ákvörðunum Alþingis í fjárlögum. Að öðru leyti er vísað til skýringa í ríkisreikningi og ársskýrslum einstakra stofnana varðandi ástæður fyrir uppsöfnun afgangsheimilda eða útgjalda umfram fjárheimildir.

Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok. Í inngangskafla hér á undan er fjallað um nýleg viðmið sem takmarka flutning afgangsheimilda yfir áramót við tiltekið hlutfall af fjárlagaveltu. Að öðru leyti byggjast tillögur um ráðstafanir á fjárheimildastöðum einstakra stofnana og verkefna í árslok á sömu viðmiðunarreglum og áður þar sem einkum er litið til þess hvort útgjöldin eru lögbundin eða kerfislæg eða frekar á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila. Meginreglan er sú að afgangsheimildum og umframgjöldum í rekstri stofnana sem eru innan framangreindra viðmiða er ráðstafað til næsta árs. Sama gildir um afgangsheimildir til fjárfestingar þegar framkvæmdum er ólokið. Staða fjárheimilda á liðum fyrir tilfærsluframlög, t.d. framlög til almannatrygginga, fellur hins vegar almennt niður í árslok enda eru þau útgjöld í flestum tilvikum lög- eða samningsbundin og verður ekki stýrt nema með breytingum þar á. Sama gildir um fjárlagaliði þar sem útgjöldin ráðast af hagrænum eða reikningshaldslegum þáttum og lúta ekki fjármálastjórn tiltekins stjórnsýsluaðila, svo sem lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna.

Tilgangur með yfirfærslu á fjárheimildastöðum milli ára er einkum að hvetja ráðuneyti og stofnanir til aðhalds og styrkari fjármálastjórnar til lengri tíma litið. Gerist það með því móti að útgjöld umfram fjárveitingar eru ekki hvort tveggja í senn heimiluð og felld niður við áramót, heldur koma umframgjöld almennt til lækkunar á fjárheimildum næsta árs. Hafi t.d. meiru verið ráðstafað til rekstrarumsvifa stofnunar en ákveðið var í fjárlögum þá losnar stofnunin ekki undan þeirri fjárhagsstöðu við áramót, heldur verður að vinna hallann upp með framlögum komandi ára. Á sama hátt er afgangur af fjárveitingum sem til er kominn vegna frestunar á framkvæmd verkefna eða hagræðingar í rekstri ekki felldur niður í árslok heldur fluttur yfir á næsta ár, en þó upp að tilteknu hámarki af veltu, og getur þannig nýst til

verkefna viðkomandi stofnunar á því ári. Tilgangur með yfirfærslum er því einnig sá að gera starfsemi ráðuneyta og stofnana sveigjanlegri með því að veita þeim svigrúm til að hnika útgjöldum til í tíma, t.d. þegar fresta þarf framkvæmd verkefna til næsta árs. Við ákvörðun um flutning á ónotuðum fjárheimildum milli ára er þó mikilvægt að farið sé vandlega yfir málavexti í hverju tilviki því ekki er tilefni til að yfirfæra afgangsheimildir ef fjárþörf er ekki fyrir hendi eða t.d. þegar afgangur hefur myndast vegna þess að fjárveitingar hafa verið ofáætlaðar eða umfang þjónustu skert. Tillögur fjármálaráðuneytis um ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok byggjast á eftirfarandi vinnureglum:

1. Almennt

1.1. Ráðstöfun á stöðu heimilda er bundin við viðkomandi fjárlagaliði og þá skiptingu á viðfangsefni sem þar er gerð. Er því ekki heimilt að ráðstafa afgangi eða umframgjöldum milli ára af einum fjárlagalið á annan eða t.d. frá stofnkostnaði til reksturs.

1.2. Staða fjárheimilda er almennt felld niður í árslok á lög- og samningsbundnum liðum, t.d. vegna tilfærsluframlaga lífeyristrygginga, þar sem útgjöld ráðast fremur af ákvæðum laga en fjármálastjórn í starfsemi eða verkefnum sem lúta ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila og hægt er að stýra án breytinga á lögum.

1.3. Heimildastaða fellur niður í árslok ef viðkomandi verkefni er lokið. Hins vegar fellur hún ekki niður þegar starfsemi er endurskipulögð, t.d. með samruna stofnana.

1.4. Heimildastaða í árslok sem er innan við 100 þús. kr. fellur niður.

2. Afgangsheimildir

2.1. Afgangsheimild liðar í árslok sem nemur allt að 10% af veltu kemur til viðbótar fjárveitingum næsta árs. Afgangur getur þó einungis færst yfir tvenn áramót við frestun á framkvæmd verkefna.

2.2. Afgangsheimild fellur niður í árslok hafi verulega verið dregið úr þjónustu frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, vegna breytinga á forsendum, eða ef verkefni mun ekki koma til framkvæmda að hluta eða að fullu vegna óvissu um umfang þess.

2.3. Afgangsheimild fellur niður ef sýnt þykir að kostnaður við verkefni hafi verið ofmetinn í fjárlögum.

2.4. Afgangur aukafjárveitingar getur færst til næsta árs þegar um er að ræða afmarkað verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka við og gjaldfæra fyrir áramót.

3. Umframgjöld

3.1. Umframgjöld liða í árslok dragast að jafnaði frá fjárveitingum næsta árs nema einhver liðanna í 1.2–1.4 eigi fremur við.

3.2. Umframgjöld falla ekki niður þótt starfsemi færist milli fjárlagaliða eða ráðuneyta.

Eins og áður hefur komið fram er heildarstaða fjárheimilda í árslok 2009 jákvæð um 12.180,9 m.kr. og skiptist staðan í 41.272,8 m.kr. afgangsheimildir og 29.091,9 m.kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða. Í lokafjárlögum eru þessar stöður annað hvort felldar niður eða yfirfærðar til næsta árs. Í samræmi við það er í 2. gr. frumvarpsins, sbr. sundurliðun 2, lagt til að í árslok falli niður 6.422,7 m.kr. neikvæð fjárheimildastaða. Sú staða skiptist í 17.279,3 m.kr. afgangsheimildir og 23.702 m.kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða. Í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins er nánar fjallað um fjárheimildastöður sem gert er ráð fyrir að falli niður í árslok.

Í fylgiskjali 1 er skrá yfir fjárheimildir sem gert er ráð fyrir að flytjist yfir til ársins 2010. Samkvæmt því aukast rekstrarfjárheimildir um 9.971,8 m.kr., tilfærsluheimildir um 888,2 m.kr., heimildir til viðhaldsframkvæmda um 574,1 m.kr. og stofnkostnaðarheimildir um 7.169,5 m.kr. Samtals nemur því hrein aukning nýrra heimilda á árinu 2010 vegna þessara ráðstafana 18.603,6 m.kr. umfram skerðingu en það svarar til 3,2% af heildarheimildum fjárlaga 2010. Staðan skiptist þannig að yfirfærðar afgangsheimildir einstakra fjárlagaliða eru samtals 24.129,1 m.kr. og yfirfærð umframgjöld samtals 5.525,5 m.kr. Til samanburðar má nefna að í lokafjárlögum 2008 var 21.245,6 m.kr. jákvæð fjárheimildastaða yfirfærð til ársins 2009. Fjárheimildastaða sem yfirfærist til 2010 því 2.642 m.kr. lægri en staðan sem flutt var til 2009.

Af ónotuðum fjárheimildum sem gert er ráð fyrir að yfirfærist til ársins 2010 munar mest um 3.629,8 m.kr. heimild á lið *10-212 Samgönguverkefni*, í öðru lagi 1.434,5 m.kr. á liðnum *14-381 Ofanflóðasjóður*, í þriðja lagi 972,5 m.kr. á lið *09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll* vegna reksturs og umsjónar ásamt framkvæmdum við breytingar á mannvirkjum og hreinsun á svæðinu, í fjórða lagi 806,4 m.kr. á lið *02-201 Háskóli Íslands* og í fimmta lagi 632,6 m.kr. á lið *04-413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins*. Af samtals 24.129,1 m.kr. afgangsheimildum sem gert er ráð fyrir að yfirfærist til ársins 2010 standa 7.475,8 m.kr. eða 31% á þessum 5 fjárlagaliðum.

Af gjöldum umfram fjárheimildir sem gert er ráð fyrir að yfirfærist til ársins 2010 munar mest um -2.974,2 m.kr. á lið *08-373 Landspítali*, í öðru lagi -585,2 m.kr. á lið *08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu*, í þriðja lagi -229,6 m.kr. á lið *02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands*, í fjórða lagi -223,4 m.kr. á lið *08-397 Lyfjastofnun* og í fimmta lagi -162,9 m.kr. á lið *06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum*. Af samtals 5.525,5 m.kr. umframgjöldum sem gert er ráð fyrir að yfirfærist til ársins 2010 standa 4.175,3 m.kr. eða 75% á þessum 5 fjárlagaliðum.

Mismunandi framsetning fjárheimilda í lokafjárlögum og ríkisreikningi. Þegar tölur um fjárheimildir í lokafjárlögum og ríkisreikningi eru skoðaðar þarf að hafa í huga að framsetning þeirra getur verið mismunandi. Í ríkisreikningi 2009 eru fjárheimildir stofnana sýndar með tvenns konar hætti. Annars vegar í ritinu *Ársreikningar ríkisaðila* þar sem sýnd er fjárheimild ársins samkvæmt fjárlögum, fjáraukalögum og millifærslum. Hins vegar í

ritinu *Heildaryfirlit* þar sem í rekstrarreikningi ríkissjóðs og í séryfirlitum 2 og 5 eru einnig tilgreindar fluttar fjárheimildir frá fyrra ári. Samkvæmt séryfirliti 5 í ríkisreikningi, *Heildarfjárheimildir ársins hjá ráðuneytum og stofnunum*, í ritinu *Heildaryfirlit* námu fluttar fjárheimildir frá fyrra ári alls 21.665 m.kr. Fjárheimildir sem tilgreindar eru í reikningum einstakra A-hluta stofnana í ritinu *Ársreikningar ríkisaðila* eru því lægri sem þessari fjárhæð nemur en þær heimildir sem tilgreindar eru í rekstrarreikningi ríkissjóðs og séryfirlitum reikningsins. Í fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum eru fjárheimildir einstakra verkefna aftur á móti ætíð settar fram sem nánari sundurliðun á heildartölum rekstraryfirlits ríkissjóðs, þ.e. í öllum tilvikum eru innifaldar allar fjárheimildir sem Alþingi veitir. Hafa verður þetta í huga þegar fjárheimildir einstakra verkefna í lokafjárlögum og ríkisreikningi eru bornar saman. Rekstrarreikningar A-hluta aðila í ríkisreikningi sýna þannig stöðu stofnana gagnvart fjárheimildum sem veittar eru í fjárlögum og fjáraukalögum ársins og draga fram hvort stofnun er að auka eða ganga á eigið fé innan ársins. Uppsöfnuð staða fjárheimildar í árslok á hins vegar að koma fram í höfuðstól stofnunarinnar í efnahagsreikningi. Fjárheimildastöður lokafjárlaga innifela hins vegar heildarfjárheimildir að teknu tilliti til afgangs eða halla frá fyrra ári og breytinga á fjárheimildum ársins vegna frávika í ríkistekjum. Árslokastöður lokafjárlaga eru því ætíð heildarfjárheimildir að frádregnum gjöldum ríkisreiknings og sýna uppsafnaða fjárheimildastöðu stofnana í árslok.

Nýting lántökuheimilda á árinu 2009. Í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2009 var ríkissjóði heimilað að taka að láni allt að 475 milljarða kr. skv. 1. tölulið 5. gr. og endurlána þar af allt að 113,5 milljarða kr. skv. 2. tölulið. Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2009 námu langtímalántökur ríkissjóðs 427,7 milljörðum kr. og voru lántökur því 47,3 milljörðum kr. innan heimilda. Veitt ný löng lán ríkissjóðs námu alls um 73,6 milljörðum kr. og voru því 37,2 milljörðum kr. innan heimilda. Nánari skýringar á lánsfjármálum og samanburður við heimildir eru í ríkisreikningi og skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun reikningsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávika markaðra skatttekna og annarra ríkistekna sem markaðar eru stofnunum frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga. Er þar leitað eftir heimild Alþingis fyrir því að ráðstafa þessum tekjum til viðkomandi verkefna eða stofnana, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt reikningsuppgjöri eða hver metin fjárþörf reyndist vera í samræmi við verklagsreglur sem lýst er hér að framan í kaflanum *Lagagreinar og sundurliðanir*. Í samræmi við það er í frumvarpinu gert ráð fyrir að fjárheimildum verði af

þessum sökum breytt um 1.096,9 m.kr., nettó, til hækkunar frá því sem ákveðið var í fjárlögum og fjáraukalögum. Hækkun á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða nemur samtals 1.738,8 m.kr. en lækkun á heimildum annarra liða er samtals 641,9 m.kr.

Tekjufrávik sem leiða til mestrar hækkunar á fjárheimildum eru í fyrsta lagi 206,1 m.kr. á liðnum *06-601 Fasteignaskrá Íslands* sem að stærstum hluta eru vegna tekna af gjaldi fyrir fyrirspurnir úr þinglýsingarhluta fasteignaskrár og greiðslur frá sveitarfélögum og vátryggingarfélögum fyrir afnot af matahluta fasteignaskrárinnar. Í öðru lagi 175,5 m.kr. á liðnum *07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður* vegna meiri fjárþarfar sjóðsins en reiknað var með í fjárlögum og fjáraukalögum. Í þriðja lagi 129,8 m.kr. á liðnum *02-201 Háskóli Íslands* vegna tekna af innritunargjöldum. Í fjórða lagi 112 m.kr. á liðnum *07-989 Fæðingarorlof* vegna meiri fjárþarfar sjóðsins en reiknað var með í fjárlögum og fjáraukalögum. Í fimmta lagi 89,9 m.kr. á liðnum *04-818 Búnaðarsjóður* vegna tekna af búnaðargjaldi. Af samtals 1.738,8 m.kr. hækkun á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða vegna ríkistekjufrávika eru 713,3 m.kr. eða 41% á þessum 5 fjárlagaliðum.

Tekjufrávik sem leiða til mestrar lækkunar á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða eru í fyrsta lagi 209,7 m.kr. á liðnum *14-289 Endurvinnslan hf.* vegna minni tekna af skilagjaldi og umsýsluþóknun en reiknað hafði verið með í fjárlögum og fjáraukalögum. Í öðru lagi 175,1 m.kr. á liðnum *10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* vegna minni tekna af flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi. Í þriðja lagi 122 m.kr. á liðnum *12-811 Flutningssjóður olíuvara* vegna minni tekna af flutningsjöfnunargjaldi á olíuvörur. Í fjórða lagi 60,8 m.kr. á liðnum *14-287 Úrvinnslusjóður* vegna minni tekna af úrvinnslugjaldi. Í fimmta lagi 45 m.kr. á liðnum *02-977 Höfundarréttargjöld* vegna minni tekna af höfundarréttargjöldum. Af samtals 641,9 m.kr. lækkun á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða vegna ríkistekjufrávika eru 612,6 m.kr. eða 95% á þessum 5 fjárlagaliðum. Nánara yfirlit um breytingar á fjárheimildum einstakra stofnana og verkefna vegna frávika ríkistekna frá fjárlögum og fjáraukalögum er í sundurliðun 1.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru lagðar til niðurfellingar á fjárheimildastöðum í árslok. Ný viðmið sem tekin voru upp í lokafjárlögum 2008 um hámark á flutningi afgangsheimilda í rekstri leiða til þess að í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að niður falli nokkur hluti af ónotuðum fjárheimildum ýmissa aðila sem fram til þess tíma höfðu yfirleitt verið fluttir óskertir yfir áramót. Í þeim tilvikum þar sem afgangsheimild liðar er að hluta til felld niður og að hluta yfirfærð til næsta árs eru niðurfelldar stöður ýmist settar fram sem önnur gjöld eða tilfærslur og ræður í því efni tegundaskipting á fjárveitingu viðkomandi verkefnis í fjárlögum. Tegundaskipting á þeim hluta afgangsheimildarinnar sem yfirfærist til næsta árs tekur mið af því.

Eins og jafnan áður er gert ráð fyrir að niður falli fjárheimildastöður á liðum þar sem útgjöldin eru lög- eða samningsbundin og fela einnig í mörgum tilvikum í sér tiltekin

bótaréttindi einstaklinga þannig að útgjöldum verður ekki stýrt innan ársins nema með breytingu á viðkomandi lögum eða samningum. Sama gildir um liði þar sem útgjöldin eru hagræns eða kerfislægs eðlis og lúta ekki fjármálastjórn tiltekins stjórnsýsluaðila. Einnig eru felldar niður stöður einstakra viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna þar sem framkvæmdum er lokið. Varðandi nánari skýringar vísast í viðmiðunarreglur um þessar ráðstafanir sem lýst er hér að framan í kaflanum *Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok*.

Á rekstrargrunni falla niður 6.422,7 m.kr. gjöld umfram heimildir, nettó, en á greiðslugrunni falla niður 2.444,4 m.kr. heimildir umfram útgjöld, nettó. Munurinn á milli rekstrargrunns og greiðslugrunns hvað varðar niðurfelldar fjárheimildastöður er því 8.867,1 m.kr. og er hann að mestu leyti af tvennum toga. Annars vegar vegna niðurfellingu 17.551,2 m.kr. umframgjalda á liðnum *09-711 Afskriftir skattkrafna* og niðurfellingu 1.189,6 m.kr. umframgjalda á liðnum *09-979 Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár*, en í báðum þessum tilvikum er um að ræða reikningshaldslegar gjaldfærslur sem hafa engin áhrif á greiðslur úr ríkissjóði. Hins vegar af niðurfellingu 4.719,6 m.kr. afgangsheimildar á liðnum *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun* og niðurfellingu 5.072,8 m.kr. afgangsheimildar á liðnum *19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs* þar sem í báðum tilvikum er um að ræða niðurfellingu gjaldaheimildar án samsvarandi greiðsluheimildar úr ríkissjóði.

Framangreind -6.422,7 m.kr. nettóstaða sem lagt er til að falli niður skiptist í 17.279,3 m.kr. afgangsheimildir og 23.702 m.kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða. Fyrir utan áðurnefnda 5.072,8 m.kr. afgangsheimild sem fellur niður á liðnum *19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs* og 4.719,6 m.kr. á liðnum *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun* munar mest um niðurfellingu 1.114,7 m.kr. afgangsheimildar á liðnum *07-827 Lífeyristryggingar* og 954,5 m.kr. á liðnum *09-989 Launa- og verðlagsmál.* Einnig falla niður stöður á rekstrarviðfangsefnum öldrunarstofnana hjá heilbrigðisráðuneyti, samtals 1.903,5 m.kr. heimildir umfram útgjöld, á sama hátt og gert var þegar fjárveitingar til þessara verkefna voru á fjárlagaliðum almannatrygginga og laga um félagslega aðstoð. Aðrar stöður afgangsheimilda sem falla niður eru lægri. Eins má nefna að fyrir utan áðurnefnd 17.551,2 m.kr. umframgjöld sem falla niður á liðnum *09-711 Afskriftir skattkrafna* og 1.189,6 m.kr. á liðnum *09-979 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun* munar mest um niðurfellingu 1.839,4 m.kr. umframgjalda á lið *08-206 Sjúkratryggingar* og 1.121,4 m.kr. á lið *09-971 Ríkisábyrgðir*. Aðrar stöður umframgjalda sem falla niður eru lægri. Nánari skipting á niðurfelldum fjárheimildastöðum í árslok er í sundurliðun 2.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
Samtals öll ráðuneyti		**9.971,8**	**888,2**	**574,1**	**7.169,5**	**18.603,6**
00 Æðsta stjórn ríkisins		***222,3***	***-6,3***	***-3,2***	***50,7***	***263,5***
00-101	**Embætti forseta Íslands**	**21,0**		**5,7**		**26,7**
101-1.01	Almennur rekstur	6,0				6,0
101-1.81	Opinberar heimsóknir	15,0				15,0
101-5.20	Laufásvegur 72, viðhald			5,7		5,7
00-201	**Alþingi**	**108,7**	**-5,3**	**-8,9**	**4,1**	**98,6**
201-1.01	Alþingiskostnaður	62,6				62,6
201-1.03	Fastanefndir	6,2				6,2
201-1.04	Alþjóðasamstarf	27,1	-0,2			26,9
201-1.06	Almennur rekstur	-6,3	-1,9			-8,2
201-1.07	Sérverkefni	2,4	-3,2			-0,8
201-1.10	Rekstur fasteigna	16,7				16,7
201-5.20	Fasteignir			-8,9		-8,9
201-6.01	Tæki og búnaður				4,1	4,1
00-205	**Framkvæmdir á Alþingisreit**				**46,6**	**46,6**
205-6.55	Framkvæmdir á Alþingisreit				46,6	46,6
00-207	**Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008**	**24,5**				**24,5**
207-1.01	Rannsóknarnefnd	24,5				24,5
00-610	**Umboðsmaður Alþingis**	**14,3**	**-0,4**			**13,9**
610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	14,3	-0,4			13,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
00-620	**Ríkisendurskoðun**	**53,8**	**-0,6**			**53,2**
620-1.01	Ríkisendurskoðun	53,8	-0,6			53,2
01 Forsætisráðuneyti		***63,3***	***227,8***	***32,9***	***222,3***	***546,3***
01-101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**26,1**	**4,9**		**-0,1**	**30,9**
101-1.01	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	26,1	4,9			31,0
101-6.11	Bifreiðar				-0,1	-0,1
01-190	**Ýmis verkefni**	**-36,3**	**223,3**			**187,0**
190-1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	-9,0	10,2			1,2
190-1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,4				3,4
190-1.18	Stjórnarskrárnefnd	15,8				15,8
190-1.19	Efnahagsrannsóknir	9,8	26,8			36,6
190-1.22	Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum	4,6				4,6
190-1.23	Hrafnseyri		26,5			26,5
190-1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	-2,3	16,3			14,0
190-1.51	Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðs	27,8	-0,4			27,4
190-1.56	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn	-1,6				-1,6
190-1.90	Ýmis verkefni	-84,8	143,9			59,1
01-199	**Ráðstöfunarfé**		**4,0**			**4,0**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		4,0			4,0
01-201	**Fasteignir forsætisráðuneytis**			**30,5**		**30,5**
201-5.29	Fasteignir forsætisráðuneytis			30,5		30,5
01-203	**Fasteignir Stjórnarráðsins**	**0,1**			**146,3**	**146,4**
203-1.01	Almennur rekstur	0,1				0,1
203-6.25	Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins				146,3	146,3

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
01-241	**Umboðsmaður barna**	**7,5**	**-2,5**			**5,0**
241-1.01	Umboðsmaður barna	7,5	-2,5			5,0
01-253	**Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn**	**-1,5**	**5,4**			**3,9**
253-1.01	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	-1,5	5,4			3,9
01-261	**Óbyggðanefnd**	**24,5**				**24,5**
261-1.01	Óbyggðanefnd	24,5				24,5
01-271	**Ríkislögmaður**	**18,0**				**18,0**
271-1.01	Ríkislögmaður	18,0				18,0
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	**-0,3**	**-7,3**	**2,4**	**-3,0**	**-8,2**
902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-0,3	-7,3			-7,6
902-5.01	Fasteignir			2,4		2,4
902-6.01	Nýframkvæmdir				-3,0	-3,0
01-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta**	**25,2**			**79,1**	**104,3**
996-1.01	Rafræn þjónustuveita hins opinbera	25,2				25,2
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta				79,1	79,1
02 Menntamálaráðuneyti		***3.814,6***	***-1.274,5***	***-73,3***	***700,7***	***3.167,5***
02-101	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**1,5**	**7,7**			**9,2**
101-1.01	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1,5	7,7			9,2
02-199	**Ráðstöfunarfé**	**-1,2**	**6,0**			**4,8**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-1,2	6,0			4,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-201	**Háskóli Íslands**	**2.702,7**	**-1.014,7**	**-201,9**	**-679,7**	**806,4**
201-1.01	Háskóli Íslands	2.718,4	-1.107,2			1.611,2
201-1.13	Háskólasjóður	-15,7	92,5			76,8
201-5.50	Fasteignir			-201,9		-201,9
201-6.50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup				-679,7	-679,7
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	**6,0**	**-20,9**			**-14,9**
202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	6,0	-20,9			-14,9
02-203	**Raunvísindastofnun Háskólans**	**94,9**	**-121,5**			**-26,6**
203-1.01	Raunvísindastofnun Háskólans	94,9	-121,5			-26,6
02-209	**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**	**33,6**	**-26,5**			**7,1**
209-1.01	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	33,6	-26,5			7,1
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	**-136,1**	**57,4**			**-78,7**
210-1.01	Háskólinn á Akureyri	-136,1	57,4			-78,7
02-216	**Landbúnaðarháskóli Íslands**	**-259,2**	**29,6**			**-229,6**
216-1.01	Landbúnaðarháskóli Íslands	-259,2	29,6			-229,6
02-217	**Hólaskóli - Háskólinn á Hólum**	**-203,7**	**9,0**	**34,0**	**90,8**	**-69,9**
217-1.01	Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	-203,7	9,0			-194,7
217-5.01	Viðhald fasteigna			34,0		34,0
217-6.20	Fasteignir og lóðir				90,8	90,8
02-223	**Námsmatsstofnun**	**-27,2**	**1,0**			**-26,2**
223-1.01	Námsmatsstofnun	-27,2	1,0			-26,2
02-231	**Rannsóknamiðstöð Íslands**	**57,0**	**-58,6**			**-1,6**
231-1.01	Rannsóknamiðstöð Íslands	99,1	-115,8			-16,7
231-1.05	Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda	-42,1	57,2			15,1

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-234	**Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora**	**-13,9**	**27,8**			**13,9**
234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	13,2				13,2
234-1.12	Launatengd gjöld	-27,1	27,8			0,7
02-235	**Markáætlun á sviði vísinda og tækni**				**180,3**	**180,3**
235-6.60	Markáætlun á sviði vísinda og tækni				180,3	180,3
02-236	**Rannsóknasjóður**	**-38,5**	**110,2**			**71,7**
236-1.10	Rannsóknasjóður	-38,5	110,2			71,7
02-238	**Tækjasjóður**				**111,4**	**111,4**
238-6.60	Tækjasjóður				111,4	111,4
02-239	**Rannsóknarnámssjóður**	**4,8**	**-83,3**			**-78,5**
239-1.01	Rannsóknarnámssjóður	4,8	-83,3			-78,5
02-269	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			**58,4**	**187,7**	**246,1**
269-5.21	Viðhald			58,4		58,4
269-6.02	Tilraunastöð Háskólans að Keldum				3,4	3,4
269-6.09	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum				121,8	121,8
269-6.10	Háskólinn á Akureyri				47,2	47,2
269-6.15	Kennaraháskóli Íslands				10,6	10,6
269-6.28	Listaháskóli Íslands				4,7	4,7
02-299	**Háskóla- og rannsóknastarfsemi**	**408,0**	**-350,0**			**58,0**
299-1.80	Vísindastarfsemi	18,9	-14,9			4,0
299-1.90	Háskólastarfsemi	289,8	-245,8			44,0
299-1.91	Háskólar, óskipt	99,3	-89,3			10,0
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	**43,8**	**-4,0**			**39,8**
301-1.01	Menntaskólinn í Reykjavík	43,8	-4,0			39,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	**106,5**	**-99,2**			**7,3**
302-1.01	Menntaskólinn á Akureyri	106,5	-99,2			7,3
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	**12,3**	**-1,2**			**11,1**
303-1.01	Menntaskólinn að Laugarvatni	12,3	-1,2			11,1
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	**61,8**	**-2,8**			**59,0**
304-1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð	61,8	-2,8			59,0
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	**2,0**	**-0,2**			**1,8**
305-1.01	Menntaskólinn við Sund	2,0	-0,2			1,8
02-306	**Menntaskólinn á Ísafirði**	**10,1**	**-3,7**			**6,4**
306-1.01	Menntaskólinn á Ísafirði	10,1	-3,7			6,4
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	**19,2**	**-3,5**			**15,7**
307-1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum	19,2	-3,5			15,7
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	**71,2**	**-27,2**			**44,0**
308-1.01	Menntaskólinn í Kópavogi	71,2	-27,2			44,0
02-309	**Kvennaskólinn í Reykjavík**	**19,0**	**-2,9**			**16,1**
309-1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík	19,0	-2,9			16,1
02-316	**Fasteignir framhaldsskóla**	**75,2**	**-26,5**	**20,5**		**69,2**
316-1.05	Fasteignir skóla	75,2	-26,5			48,7
316-5.21	Viðhald			20,5		20,5
02-318	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður**				**285,7**	**285,7**
318-6.00	Framhaldsskólar í Reykjavík				-72,5	-72,5
318-6.07	Menntaskólinn á Egilsstöðum				20,0	20,0

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
318-6.52	Flensborgarskóli				-69,7	-69,7
318-6.53	Fjölbrautaskóli Suðurnesja				-48,4	-48,4
318-6.54	Fjölbrautaskóli Vesturlands				16,5	16,5
318-6.56	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra				34,7	34,7
318-6.58	Verkmenntaskóli Austurlands				34,5	34,5
318-6.60	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ				50,0	50,0
318-6.63	Framhaldsskólinn á Laugum				0,3	0,3
318-6.70	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ				87,7	87,7
318-6.72	Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð				3,0	3,0
318-6.90	Byggingarframkvæmdir, óskipt				121,7	121,7
318-6.95	Tæki og búnaður, óskipt				107,9	107,9
02-319	**Framhaldsskólar, almennt**	**752,0**	**-679,1**			**72,9**
319-1.11	Sameiginleg þjónusta	25,2	-19,7			5,5
319-1.12	Orlof kennara	21,4	-13,5			7,9
319-1.14	Sérkennsla	42,5	-44,7			-2,2
319-1.15	Prófkostnaður	-6,5	-0,1			-6,6
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	10,9	-12,0			-1,1
319-1.17	Námsskrárgerð	-2,8	15,5			12,7
319-1.18	Námsefnisgerð	153,9	-136,7			17,2
319-1.20	Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	1,5				1,5
319-1.24	Iðnnemasamband Íslands		0,3			0,3
319-1.26	Verkefnasjóður skólasamninga	15,9	-7,6			8,3
319-1.28	Mat á skólastarfi	12,4	-3,6			8,8
319-1.29	Forvarnastarf í skólum	0,9	1,1			2,0
319-1.30	Endurmenntun	-34,7	37,5			2,8
319-1.39	Nám í listdansi	90,4	-85,4			5,0
319-1.41	Framkvæmd nýrrar skólastefnu	8,7	4,7			13,4
319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	412,3	-414,9			-2,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-350	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**	**-92,3**	**-3,2**			**-95,5**
350-1.01	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-92,3	-3,2			-95,5
02-351	**Fjölbrautaskólinn Ármúla**	**66,5**	**-14,3**			**52,2**
351-1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla	66,5	-14,3			52,2
02-352	**Flensborgarskóli**	**-37,1**	**-9,7**			**-46,8**
352-1.01	Flensborgarskóli	-37,1	-9,7			-46,8
02-353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**	**71,4**	**-1,5**			**69,9**
353-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	71,4	-1,5			69,9
02-354	**Fjölbrautaskóli Vesturlands**	**-60,2**	**-1,9**			**-62,1**
354-1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands	-60,2	-1,9			-62,1
02-355	**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**	**5,6**	**-0,2**			**5,4**
355-1.01	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	5,6	-0,2			5,4
02-356	**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**	**2,7**	**-2,3**			**0,4**
356-1.01	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	2,7	-2,3			0,4
02-357	**Fjölbrautaskóli Suðurlands**	**15,0**	**-11,2**			**3,8**
357-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurlands	15,0	-11,2			3,8
02-358	**Verkmenntaskóli Austurlands**	**33,1**	**-10,7**			**22,4**
358-1.01	Verkmenntaskóli Austurlands	33,1	-10,7			22,4
02-359	**Verkmenntaskólinn á Akureyri**	**72,8**	**-53,8**			**19,0**
359-1.01	Verkmenntaskólinn á Akureyri	72,8	-53,8			19,0
02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	**18,3**	**-16,1**			**2,2**
360-1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	18,3	-16,1			2,2

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	**8,2**	**-0,5**			**7,7**
361-1.01	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	8,2	-0,5			7,7
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	**8,2**	**-0,1**			**8,1**
362-1.01	Framhaldsskólinn á Húsavík	8,2	-0,1			8,1
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	**4,2**	**-0,4**			**3,8**
363-1.01	Framhaldsskólinn á Laugum	4,2	-0,4			3,8
02-365	**Borgarholtsskóli**	**47,1**	**-22,2**			**24,9**
365-1.01	Borgarholtsskóli	47,1	-22,2			24,9
02-367	**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**	**-31,1**	**-1,3**			**-32,4**
367-1.01	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	-31,1	-1,3			-32,4
02-368	**Menntaskóli Borgarfjarðar**	**-2,8**				**-2,8**
368-1.01	Menntaskóli Borgarfjarðar	-2,8				-2,8
02-370	**Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ**	**5,1**				**5,1**
370-1.01	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	5,1				5,1
02-372	**Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð**	**0,6**				**0,6**
372-1.01	Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð	0,6				0,6
02-430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra**	**1,2**				**1,2**
430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	1,2				1,2
02-441	**Fullorðinsfræðsla fatlaðra**	**0,1**				**0,1**
441-1.01	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	0,1				0,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-451	**Símenntun og fjarkennsla**	**71,1**	**-20,2**			**50,9**
451-1.10	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	-0,2				-0,2
451-1.11	Símenntun og fjarkennsla	15,6	-12,7			2,9
451-1.19	Námsframboð og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarstöðvun	-1,2	72,3			71,1
451-1.22	Fræðslumiðstöð Vestfjarða		0,8			0,8
451-1.26	Þekkingarnet Austurlands		-4,4			-4,4
451-1.31	Fræða- og þekkingarsetur	-8,0	10,4			2,4
451-1.32	Háskólasetur Vestfjarða		-4,4			-4,4
451-1.33	Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar		9,9			9,9
451-1.41	Íslenskukennsla fyrir útlendinga	64,9	-92,1			-27,2
02-504	**Tækniskólinn**	**26,4**				**26,4**
504-1.01	Tækniskólinn	26,4				26,4
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	**-68,4**				**-68,4**
514-1.01	Iðnskólinn í Reykjavík	-68,4				-68,4
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	**-4,7**	**-0,1**			**-4,8**
516-1.01	Iðnskólinn í Hafnarfirði	-4,7	-0,1			-4,8
02-541	**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík**	**0,1**				**0,1**
541-1.01	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	0,1				0,1
02-551	**Hússtjórnarskólinn Hallormsstað**	**2,3**				**2,3**
551-1.01	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	2,3				2,3
02-720	**Grunnskólar, almennt**	**23,5**	**48,7**			**72,2**
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	23,5	25,4			48,9
720-1.34	Sprotasjóður	-8,7	29,8			21,1
720-1.37	Endurmenntun	11,2	-8,8			2,4
720-1.70	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarver	-2,5	2,3			-0,2

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-725	**Námsgagnastofnun**	**32,9**	**0,9**			**33,8**
725-1.01	Námsgagnastofnun	32,9	0,9			33,8
02-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**	**-175,7**	**480,0**			**304,3**
872-1.01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-175,7	480,0			304,3
02-884	**Jöfnun á námskostnaði**	**-20,1**	**110,8**			**90,7**
884-1.01	Jöfnun á námskostnaði	-20,1	85,7			65,6
884-1.10	Skólaakstur		25,1			25,1
02-901	**Fornleifavernd ríkisins**	**-6,3**	**10,0**			**3,7**
901-1.01	Fornleifavernd ríkisins	-6,3	10,0			3,7
02-902	**Þjóðminjasafn Íslands**	**30,9**	**13,4**	**4,8**		**49,1**
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	20,6	4,6			25,2
902-1.10	Byggða- og minjasöfn	10,3	8,8			19,1
902-5.21	Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins			4,8		4,8
02-903	**Þjóðskjalasafn Íslands**	**-40,2**	**8,9**			**-31,3**
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	-38,1	6,6			-31,5
903-1.11	Héraðsskjalasöfn	-2,1	2,3			0,2
02-904	**Þjóðmenningarhúsið**	**3,4**	**-0,1**	**6,0**		**9,3**
904-1.01	Þjóðmenningarhúsið	3,4	-0,1			3,3
904-5.21	Fasteignir			6,0		6,0
02-905	**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**	**51,0**	**2,7**			**53,7**
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	51,0	2,7			53,7
02-906	**Listasafn Einars Jónssonar**	**9,5**				**9,5**
906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	9,5				9,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-907	**Listasafn Íslands**	**-3,9**	**-3,5**			**-7,4**
907-1.01	Listasafn Íslands	-19,7	-0,5			-20,2
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	15,8	-3,0			12,8
02-908	**Kvikmyndasafn Íslands**	**9,3**				**9,3**
908-1.01	Kvikmyndasafn Íslands	9,3				9,3
02-909	**Blindrabókasafn Íslands**	**-15,8**	**14,5**			**-1,3**
909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	-15,8	14,5			-1,3
02-911	**Náttúruminjasafn Íslands**	**2,7**				**2,7**
911-1.01	Náttúruminjasafn Íslands	2,7				2,7
02-913	**Gljúfrasteinn - Hús skáldsins**	**2,1**	**-0,1**	**4,9**	**12,8**	**19,7**
913-1.01	Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	2,1	-0,1			2,0
913-5.21	Viðhald			4,9		4,9
913-6.21	Framkvæmdir				12,8	12,8
02-918	**Safnasjóður**	**20,8**	**-16,6**			**4,2**
918-1.10	Safnasjóður	20,8	-16,6			4,2
02-919	**Söfn, ýmis framlög**	**-19,9**	**87,2**		**12,0**	**79,3**
919-1.90	Söfn, ýmis framlög	-8,5	14,8			6,3
919-1.98	Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	-11,4	72,4			61,0
919-6.90	Söfn, ýmis stofnkostnaður				12,0	12,0
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**				**399,4**	**399,4**
969-6.03	Þjóðskjalasafn Íslands				-10,3	-10,3
969-6.21	Endurbætur menningarstofnana				32,3	32,3
969-6.23	Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík				5,4	5,4
969-6.73	Þjóðleikhúsið				7,1	7,1

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
969-6.82	Geymsluhúsnæði safna				118,7	118,7
969-6.95	Menningarhús				232,3	232,3
969-6.96	Byggðasöfn				13,9	13,9
02-972	**Íslenski dansflokkurinn**	**24,5**	**-13,5**			**11,0**
972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	24,5	-13,5			11,0
02-973	**Þjóðleikhúsið**	**-11,6**	**14,5**			**2,9**
973-1.01	Þjóðleikhúsið	-11,6	14,5			2,9
02-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**	**5,2**	**-37,0**			**-31,8**
974-1.01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	5,2	-37,0			-31,8
02-978	**Listasjóðir**	**-10,8**	**178,5**			**167,7**
978-1.01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	-10,8	178,5			167,7
02-979	**Húsafriðunarnefnd**	**-47,7**	**-0,1**		**55,6**	**7,8**
979-1.01	Húsafriðunarnefnd	-47,7	-0,1			-47,8
979-6.10	Húsafriðunarsjóður				55,6	55,6
02-980	**Listskreytingasjóður**				**7,5**	**7,5**
980-6.01	Listskreytingasjóður				7,5	7,5
02-981	**Kvikmyndamiðstöð Íslands**	**-44,7**	**136,1**			**91,4**
981-1.01	Kvikmyndamiðstöð Íslands	-12,9	4,7			-8,2
981-1.10	Kvikmyndasjóðir	-31,8	131,4			99,6
02-982	**Listir, framlög**	**13,2**	**77,0**			**90,2**
982-1.18	Bókmenntasjóður	-5,3	49,0			43,7
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa	-6,6	14,0			7,4
982-1.25	Tónlistarsjóður	-3,2	8,1			4,9
982-1.28	Barnamenningarsjóður	-3,2	9,3			6,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
982-1.57	Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011	33,1	-12,2			20,9
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila	-1,6	1,9			0,3
982-1.90	Listir		6,8			6,8
982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt		0,1			0,1
02-983	**Ýmis fræðistörf**	**2,5**	**19,8**			**22,3**
983-1.10	Fræðistörf	-16,5	18,2			1,7
983-1.11	Styrkir til útgáfumála	0,1	6,3			6,4
983-1.17	Launasjóður höfunda fræðirita	-5,2	4,4			-0,8
983-1.20	Iðnsaga Íslands	-1,6	6,6			5,0
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands	-2,7	5,7			3,0
983-1.52	Skriðuklaustur	30,6	-33,2			-2,6
983-1.54	Fornleifasjóður	-2,2	11,8			9,6
02-984	**Norræn samvinna**	**25,5**	**-13,7**			**11,8**
984-1.98	Ýmis verkefni menntamálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu	25,5	-13,7			11,8
02-985	**Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun**	**-63,7**	**9,4**			**-54,3**
985-1.01	Landsskrifstofa menntaáætlana ESB	-7,0	9,5			2,5
985-1.90	Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB	-56,7	-0,1			-56,8
02-988	**Æskulýðsmál**	**-14,3**	**27,5**			**13,2**
988-1.10	Æskulýðsráð ríkisins	-2,1	-0,1			-2,2
988-1.18	Æskulýðsrannsóknir	-10,7	11,4			0,7
988-1.19	Æskulýðssjóður	-1,5	16,2			14,7
02-989	**Ýmis íþróttamál**	**-5,3**	**18,5**		**6,0**	**19,2**
989-1.15	Skólaíþróttir	-0,5	0,8			0,3
989-1.16	Íþróttasjóður	-4,8	13,2			8,4
989-1.17	Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri		3,8			3,8
989-1.90	Ýmis íþróttamál		0,7			0,7

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
989-6.56	Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði				6,0	6,0
02-999	**Ýmislegt**	**72,4**	**-1,5**		**31,2**	**102,1**
999-1.13	Útvarpsréttarnefnd	-1,6	-2,5			-4,1
999-1.81	Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESC	1,1	-0,7			0,4
999-1.90	Ýmis framlög	7,9	7,8			15,7
999-1.98	Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	65,0	-6,1			58,9
999-6.90	Ýmis stofnkostnaðarframlög				31,2	31,2
03 Utanríkisráðuneyti		***723,3***	***158,5***	***68,8***	***41,2***	***991,8***
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**58,7**	**0,5**		**5,4**	**64,6**
101-1.01	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	58,7	0,5			59,2
101-6.01	Tæki og búnaður				5,4	5,4
03-111	**Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis**	**49,5**	**-0,1**			**49,4**
111-1.01	Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	49,5	-0,1			49,4
03-190	**Ýmis verkefni**	**128,9**	**-10,5**			**118,4**
190-1.13	Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	-5,7	3,0			-2,7
190-1.16	Heimssýningin EXPO 2010 í Shanghai í Kína	119,0	0,4			119,4
190-1.21	Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	0,1	0,2			0,3
190-1.23	Mannréttindamál		0,9			0,9
190-1.25	Hafréttarstofnun Íslands	7,3	-6,7			0,6
190-1.26	Nám í heimskautarétti	6,2				6,2
190-1.31	Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	1,5				1,5
190-1.90	Ýmis verkefni	0,5	-8,3			-7,8
03-214	**Varnarmálastofnun**	**94,6**	**-0,2**		**2,6**	**97,0**
214-1.01	Varnarmálastofnun	94,6	-0,2			94,4
214-6.01	Tæki og búnaður				2,6	2,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
03-300	**Sendiráð Íslands**	**56,2**	**-17,5**	**68,8**	**33,2**	**140,7**
300-1.01	Sendiráð Íslands	56,2	-17,5			38,7
300-5.21	Viðhald fasteigna			68,8		68,8
300-6.01	Tæki og búnaður				42,0	42,0
300-6.21	Fasteignir				-8,8	-8,8
03-390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**	**417,4**	**-373,5**			**43,9**
390-1.01	Almennur rekstur	29,0	-32,6			-3,6
390-1.11	Þróunaraðstoð	388,4	-340,9			47,5
03-391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**	**-229,9**	**526,7**			**296,8**
391-1.10	Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	-159,4	233,4			74,0
391-1.12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP		15,7			15,7
391-1.15	Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna		8,1			8,1
391-1.21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM		43,5			43,5
391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð	-0,2	40,2			40,0
391-1.90	Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	-70,3	185,8			115,5
03-401	**Alþjóðastofnanir**	**147,9**	**33,1**			**181,0**
401-1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN		5,4			5,4
401-1.11	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar		21,9			21,9
401-1.13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO		9,9			9,9
401-1.19	Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (WB)		32,5			32,5
401-1.85	Alþjóðleg friðargæsla	58,0	-41,1			16,9
401-1.87	Íslensk friðargæsla	89,9	4,5			94,4
04	***Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti***	***1.925,9***	***266,8***	***31,9***	***482,8***	***2.707,4***
04-101	**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**48,7**	**1,2**			**49,9**
101-1.01	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	48,7	1,2			49,9

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-190	**Ýmis verkefni**	**90,1**	**-22,5**		**5,1**	**72,7**
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	-0,3				-0,3
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	4,4	-3,2			1,2
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	32,4	2,7			35,1
190-1.34	Eldi sjávardýra		0,4			0,4
190-1.35	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	-4,6	6,8			2,2
190-1.36	Matvælasetur	7,1	-7,0			0,1
190-1.90	Ýmis verkefni	-1,0	10,0			9,0
190-1.98	Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis	52,1	-32,2			19,9
190-6.42	Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna				5,1	5,1
04-199	**Ráðstöfunarfé**		**0,2**			**0,2**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		0,2			0,2
04-215	**Fiskistofa**	**83,4**	**-0,1**			**83,3**
215-1.01	Fiskistofa	83,4	-0,1			83,3
04-217	**Verðlagsstofa skiptaverðs**	**5,2**	**-3,8**			**1,4**
217-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs	5,2	-3,8			1,4
04-234	**Matvælastofnun**	**25,5**	**15,7**	**31,9**	**-3,1**	**70,0**
234-1.01	Matvælastofnun	25,5	15,7			41,2
234-5.90	Dýralæknisbústaðir			31,9		31,9
234-6.11	Bifreiðar				-3,1	-3,1
04-331	**Héraðs- og Austurlandsskógar**	**105,7**	**-78,9**			**26,8**
331-1.01	Héraðs- og Austurlandsskógar	105,7	-78,9			26,8
04-332	**Suðurlandsskógar**	**-1,4**	**6,0**			**4,6**
332-1.01	Suðurlandsskógar	-1,4	6,0			4,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-334	**Vesturlandsskógar**	**-12,1**	**32,9**		**-2,5**	**18,3**
334-1.01	Vesturlandsskógar	-12,1	32,9			20,8
334-6.11	Bifreiðar				-2,5	-2,5
04-335	**Skjólskógar á Vestfjörðum**	**-3,0**	**5,5**			**2,5**
335-1.01	Skjólskógar á Vestfjörðum	-3,0	5,5			2,5
04-336	**Norðurlandsskógar**	**54,3**	**-52,7**			**1,6**
336-1.01	Norðurlandsskógar	54,3	-52,7			1,6
04-401	**Hafrannsóknastofnunin**	**227,5**	**-123,2**			**104,3**
401-1.01	Hafrannsóknastofnunin	227,5	-123,2			104,3
04-405	**Veiðimálastofnun**	**2,2**	**19,4**			**21,6**
405-1.01	Veiðimálastofnun	2,2	19,4			21,6
04-411	**Matvælarannsóknir**	**29,1**				**29,1**
411-1.01	Matvælarannsóknir	29,1				29,1
04-413	**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**	**692,2**	**-59,6**			**632,6**
413-1.10	Verkefnasjóður sjávarútvegsins	692,2	-59,6			632,6
04-414	**Sjávarspendýrasjóður**	**1,8**	**1,7**			**3,5**
414-1.10	Sjávarspendýrasjóður	1,8	1,7			3,5
04-415	**Sjóður til síldarrannsókna**	**95,1**	**119,4**			**214,5**
415-1.10	Sjóður til síldarrannsókna	95,1	119,4			214,5
04-416	**Veiðarfærarannsóknir**	**1,4**	**3,3**			**4,7**
416-1.10	Veiðarfærarannsóknir	1,4	3,3			4,7
04-417	**Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs**	**-29,8**	**42,1**			**12,3**
417-1.10	Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	-29,8	42,1			12,3

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-421	**Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins**	**7,6**			**39,0**	**46,6**
421-1.01	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	7,6				7,6
421-6.10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins				39,0	39,0
04-423	**Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**	**18,1**	**-0,3**			**17,8**
423-1.01	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	18,1	-0,3			17,8
04-426	**Húsbyggingarsjóður**	**211,5**				**211,5**
426-1.10	Húsbyggingarsjóður	211,5				211,5
04-481	**Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar**	**1,2**				**1,2**
481-1.01	Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	1,2				1,2
04-483	**Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar**	**45,2**	**-40,0**			**5,2**
483-1.11	Bændur græða landið	50,1	-40,0			10,1
483-1.15	Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar	-4,9				-4,9
04-487	**Hagþjónusta landbúnaðarins**	**1,9**	**-0,7**			**1,2**
487-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	1,9	-0,7			1,2
04-801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**		**96,6**			**96,6**
801-1.07	Óframleiðslutengdur stuðningur		96,6			96,6
04-805	**Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**		**-0,2**			**-0,2**
805-1.11	Gæðastýring		0,4			0,4
805-1.15	Nýliðunar- og átaksverkefni		-0,6			-0,6
04-807	**Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu**	**101,8**	**-103,4**			**-1,6**
807-1.01	Beinar greiðslur til bænda		0,6			0,6
807-1.05	Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	101,8	-104,0			-2,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-821	**Framleiðnisjóður landbúnaðarins**	**64,2**	**57,3**			**121,5**
821-1.01	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	64,2	57,3			121,5
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**				**354,3**	**354,3**
831-6.20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins				354,3	354,3
04-840	**Stuðningur við fiskeldi**	**-0,3**	**4,2**			**3,9**
840-1.01	Stuðningur við fiskeldi	-0,3	4,2			3,9
04-843	**Fiskræktarsjóður**	**8,0**	**369,6**			**377,6**
843-1.10	Fiskræktarsjóður	8,0	369,6			377,6
04-891	**Sérstakar greiðslur í landbúnaði**	**50,8**	**-22,9**		**90,0**	**117,9**
891-1.14	Átak í hrossarækt	50,9	-38,9			12,0
891-1.91	Loðdýrafóður	-0,1	16,0			15,9
891-6.92	Bygging reiðhalla, reiðskemma og reiðskála				90,0	90,0
06	***Dóms- og kirkjumálaráðuneyti***	***653,9***	***26,4***	***110,6***	***168,6***	***959,5***
06-101	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**9,5**	**-9,3**			**0,2**
101-1.01	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	9,5	-9,3			0,2
06-102	**Stjórnartíðindi**	**-6,6**				**-6,6**
102-1.01	Stjórnartíðindi	-6,6				-6,6
06-103	**Lagasafn**	**5,6**				**5,6**
103-1.10	Útgáfa lagasafns	5,6				5,6
06-106	**Þjóðskrá**	**46,0**	**-0,8**			**45,2**
106-1.01	Þjóðskrá	46,0	-0,8			45,2

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-190	**Ýmis verkefni**	**-66,7**	**81,0**			**14,3**
190-1.10	Fastanefndir	2,9	-1,3			1,6
190-1.11	Námsleyfi lögfræðinga	0,8	-0,4			0,4
190-1.25	Tilkynningaskylda íslenskra skipa	-85,6	64,1			-21,5
190-1.26	Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum		0,3			0,3
190-1.27	Slysavarnafélagið Landsbjörg		15,0			15,0
190-1.45	Mannréttindamál		4,3			4,3
190-1.90	Ýmislegt	1,7	5,5			7,2
190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	13,5	-6,5			7,0
06-201	**Hæstiréttur**	**-0,2**	**-0,1**			**-0,3**
201-1.01	Hæstiréttur	-0,2	-0,1			-0,3
06-210	**Héraðsdómstólar**	**59,1**	**-1,2**			**57,9**
210-1.01	Héraðsdómstólar	59,1	-1,2			57,9
06-251	**Persónuvernd**	**18,8**	**-0,5**			**18,3**
251-1.01	Persónuvernd	18,8	-0,5			18,3
06-301	**Ríkissaksóknari**	**-0,9**	**-0,2**			**-1,1**
301-1.05	Ríkissaksóknari	-0,9	-0,2			-1,1
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	**-33,7**	**-46,3**		**97,6**	**17,6**
303-1.01	Ríkislögreglustjóri	41,9	-46,1			-4,2
303-1.11	Rekstur lögreglubifreiða	-75,6	-0,2			-75,8
303-6.11	Bifreiðar				97,6	97,6
06-305	**Lögregluskóli ríkisins**	**44,5**				**44,5**
305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	44,5				44,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-309	**Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008**	**64,3**			**-2,5**	**61,8**
309-1.01	Sérstakur saksóknari	64,3				64,3
309-6.11	Bifreiðar				-2,5	-2,5
06-310	**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**	**-68,6**	**-3,1**			**-71,7**
310-1.01	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	-68,6	-3,1			-71,7
06-312	**Lögreglustjórinn á Suðurnesjum**	**-151,5**	**-11,4**			**-162,9**
312-1.01	Yfirstjórn	77,1	-4,6			72,5
312-1.20	Löggæsla	-228,6	-6,8			-235,4
06-325	**Samræmd neyðarsvörun**	**12,6**	**-0,7**			**11,9**
325-1.10	Samræmd neyðarsvörun	12,6	-0,7			11,9
06-390	**Ýmis löggæslu- og öryggismál**	**51,4**	**-17,8**			**33,6**
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	57,9	-17,8			40,1
390-1.18	Viðbótartryggingar lögreglumanna	-6,5				-6,5
06-391	**Húsnæði löggæslustofnana**				**5,9**	**5,9**
391-6.21	Fasteignir				5,9	5,9
06-395	**Landhelgisgæsla Íslands**	**95,3**	**-16,7**	**54,5**	**-8,3**	**124,8**
395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	95,3	-16,7			78,6
395-5.41	Viðhald skipa og flugfarkosta			54,5		54,5
395-6.01	Tæki og búnaður				-8,3	-8,3
06-396	**Landhelgissjóður Íslands**				**52,3**	**52,3**
396-6.41	Landhelgissjóður Íslands				52,3	52,3
06-397	**Schengen-samstarf**	**5,6**	**57,7**			**63,3**
397-1.01	Schengen-samstarf	5,6	57,7			63,3

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-398	**Útlendingastofnun**	**-29,2**	**-0,5**			**-29,7**
398-1.01	Útlendingastofnun	-29,2	-0,5			-29,7
06-411	**Sýslumaðurinn í Reykjavík**	**9,0**				**9,0**
411-1.01	Sýslumaðurinn í Reykjavík	9,0				9,0
06-412	**Sýslumaðurinn á Akranesi**	**14,5**				**14,5**
412-1.01	Yfirstjórn	12,5				12,5
412-1.20	Löggæsla	2,0				2,0
06-413	**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**	**2,1**				**2,1**
413-1.01	Yfirstjórn	7,7				7,7
413-1.20	Löggæsla	-5,6				-5,6
06-414	**Sýslumaður Snæfellinga**	**13,2**				**13,2**
414-1.01	Yfirstjórn	17,4				17,4
414-1.20	Löggæsla	-4,2				-4,2
06-415	**Sýslumaðurinn í Búðardal**	**4,0**				**4,0**
415-1.01	Sýslumaðurinn í Búðardal	4,0				4,0
06-416	**Sýslumaðurinn á Patreksfirði**	**0,4**				**0,4**
416-1.01	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	0,4				0,4
06-417	**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**	**0,3**				**0,3**
417-1.01	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	0,3				0,3
06-418	**Sýslumaðurinn á Ísafirði**	**5,7**				**5,7**
418-1.01	Yfirstjórn	5,4				5,4
418-1.20	Löggæsla	0,3				0,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-419	**Sýslumaðurinn á Hólmavík**	**3,7**				**3,7**
419-1.01	Sýslumaðurinn á Hólmavík	3,7				3,7
06-420	**Sýslumaðurinn á Blönduósi**	**35,0**				**35,0**
420-1.01	Yfirstjórn	5,6				5,6
420-1.05	Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	21,3				21,3
420-1.20	Löggæsla	8,1				8,1
06-421	**Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**	**-4,8**	**-0,2**			**-5,0**
421-1.01	Yfirstjórn	3,2	-0,2			3,0
421-1.20	Löggæsla	-8,0				-8,0
06-422	**Sýslumaðurinn á Siglufirði**	**9,6**	**-0,1**			**9,5**
422-1.01	Sýslumaðurinn á Siglufirði	9,6	-0,1			9,5
06-424	**Sýslumaðurinn á Akureyri**	**20,4**				**20,4**
424-1.01	Yfirstjórn	30,5				30,5
424-1.20	Löggæsla	-10,1				-10,1
06-425	**Sýslumaðurinn á Húsavík**	**3,6**				**3,6**
425-1.01	Yfirstjórn	16,7				16,7
425-1.20	Löggæsla	-13,1				-13,1
06-426	**Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**	**18,0**				**18,0**
426-1.01	Yfirstjórn	11,9				11,9
426-1.20	Löggæsla	6,1				6,1
06-428	**Sýslumaðurinn á Eskifirði**	**25,1**				**25,1**
428-1.01	Yfirstjórn	21,5				21,5
428-1.20	Löggæsla	3,6				3,6

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-429	**Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**	**5,2**				**5,2**
429-1.01	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	5,2				5,2
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	**13,3**				**13,3**
430-1.01	Yfirstjórn	1,9				1,9
430-1.05	Lögbirtingablað	11,4				11,4
06-431	**Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**	**22,2**				**22,2**
431-1.01	Yfirstjórn	11,1				11,1
431-1.20	Löggæsla	11,1				11,1
06-432	**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**	**5,3**				**5,3**
432-1.01	Yfirstjórn	8,8				8,8
432-1.20	Löggæsla	-3,5				-3,5
06-433	**Sýslumaðurinn á Selfossi**	**8,3**	**-0,1**			**8,2**
433-1.01	Yfirstjórn	-11,8	-0,1			-11,9
433-1.20	Löggæsla	20,1				20,1
06-434	**Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ**	**10,1**	**-0,6**			**9,5**
434-1.01	Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	10,1	-0,6			9,5
06-436	**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**	**9,0**	**-0,2**			**8,8**
436-1.01	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	9,0	-0,2			8,8
06-437	**Sýslumaðurinn í Kópavogi**	**21,1**	**-2,5**			**18,6**
437-1.01	Sýslumaðurinn í Kópavogi	21,1	-2,5			18,6
06-490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**	**5,1**	**-2,4**			**2,7**
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	5,1	-2,4			2,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-491	**Húsnæði og búnaður sýslumanna**			**11,9**	**22,9**	**34,8**
491-5.01	Viðhald húseigna			11,9		11,9
491-6.01	Tæki og búnaður				7,7	7,7
491-6.28	Húsnæði sýslumannsins á Eskifirði				2,8	2,8
491-6.60	Upplýsingakerfi sýslumanna				12,4	12,4
06-501	**Fangelsismálastofnun ríkisins**	**16,2**	**17,4**	**44,2**	**-9,2**	**68,6**
501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	16,2	17,4			33,6
501-5.01	Viðhald fangelsisbygginga			44,2		44,2
501-6.11	Bifreiðar				-9,2	-9,2
06-591	**Fangelsisbyggingar**				**9,9**	**9,9**
591-6.10	Stofnframkvæmdir				9,9	9,9
06-601	**Fasteignaskrá Íslands**	**269,0**	**-21,3**			**247,7**
601-1.01	Fasteignaskrá Íslands	269,0	-21,3			247,7
06-701	**Þjóðkirkjan**	**-6,1**	**-2,3**			**-8,4**
701-1.01	Biskup Íslands	-6,1	-2,3			-8,4
06-733	**Kirkjugarðar**		**8,9**			**8,9**
733-1.11	Kirkjugarðar		8,9			8,9
06-801	**Neytendastofa**	**56,1**	**-0,3**			**55,8**
801-1.01	Neytendastofa	56,1	-0,3			55,8
06-805	**Talsmaður neytenda**	**4,0**				**4,0**
805-1.01	Talsmaður neytenda	4,0				4,0

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti		*283,6*	*293,1*	*-89,4*	*433,4*	*920,7*
07-101	**Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-10,6**	**1,5**		**0,5**	**-8,6**
101-1.01	Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-10,6	1,5			-9,1
101-6.10	Bifreiðar				0,5	0,5
07-190	**Ýmis verkefni**	**28,1**	**26,1**			**54,2**
190-1.10	Fastanefndir	0,4	-2,3			-1,9
190-1.12	Eftirlit með greiðslum almannatrygginga	0,2				0,2
190-1.23	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	2,9				2,9
190-1.90	Ýmislegt	24,6	28,4			53,0
07-302	**Ríkissáttasemjari**	**6,8**	**-0,2**			**6,6**
302-1.01	Ríkissáttasemjari	6,8	-0,2			6,6
07-313	**Jafnréttisstofa**	**65,2**	**-16,0**			**49,2**
313-1.01	Jafnréttisstofa	65,2	-16,0			49,2
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	**10,3**	**-14,2**		**-1,8**	**-5,7**
331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	10,3	-14,2			-3,9
331-6.11	Bifreiðar				-1,8	-1,8
07-400	**Barnaverndarstofa**	**72,1**	**-2,0**		**-13,4**	**56,7**
400-1.01	Almennur rekstur	35,3	-1,8			33,5
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	36,8	-0,2			36,6
400-6.11	Bifreiðar				-13,4	-13,4
07-505	**Öldrunarstofnanir, almennt**				**317,2**	**317,2**
505-6.27	Jaðar, Ólafsvík				52,9	52,9
505-6.82	Hjúkrunarheimili í Kópavogi				136,6	136,6

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
505-6.86	Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík				27,7	27,7
505-6.99	Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt				100,0	100,0
07-515	**Framkvæmdasjóður aldraðra**				**130,1**	**130,1**
515-6.21	Stofnkostnaður og endurbætur				130,1	130,1
07-700	**Málefni fatlaðra**	**63,3**	**-25,9**			**37,4**
700-1.01	Stjórnarnefnd málefna fatlaðra	1,3				1,3
700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	1,7				1,7
700-1.80	Starfsþjálfun	28,3	-24,8			3,5
700-1.83	Liðveisla við fólk sem er háð öndunarvélum	10,3	-1,8			8,5
700-1.90	Ýmis verkefni	21,7	0,7			22,4
07-701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**	**-130,7**	**199,4**			**68,7**
701-1.01	Almennur rekstur	-130,7	199,3			68,6
701-1.30	Verndaðir vinnustaðir		0,1			0,1
07-702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**	**-69,0**	**59,7**			**-9,3**
702-1.01	Almennur rekstur	-59,0	67,9			8,9
702-1.61	Dagvistun Keflavík	5,9	-9,7			-3,8
702-1.89	Þjónusta á vegum félagasamtaka	-15,9	1,5			-14,4
07-703	**Málefni fatlaðra, Vesturlandi**	**10,3**	**3,6**			**13,9**
703-1.01	Almennur rekstur	10,3	3,6			13,9
07-704	**Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**	**21,6**	**3,5**		**-3,1**	**22,0**
704-1.01	Almennur rekstur	21,6	3,5			25,1
704-6.01	Tæki og búnaður				-3,1	-3,1
07-705	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**	**-3,5**				**-3,5**
705-1.10	Svæðisráð	0,5				0,5
705-1.86	Samningur við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um málefni fatla	-4,0				-4,0

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-706	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**	**-2,6**	**-3,5**			**-6,1**
706-1.10	Svæðisráð	-2,1				-2,1
706-1.85	Samningur við Norðurþing um þjónustu við fatlaða	1,0				1,0
706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	-1,5	-3,5			-5,0
07-707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**	**-3,3**	**37,7**			**34,4**
707-1.01	Almennur rekstur	0,9	37,7			38,6
707-1.30	Verndaðir vinnustaðir	-4,2				-4,2
07-708	**Málefni fatlaðra, Suðurlandi**	**-19,4**	**45,8**			**26,4**
708-1.01	Almennur rekstur	-19,6	45,8			26,2
708-1.72	Skaftholt	0,2				0,2
07-750	**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**	**55,7**	**-2,6**			**53,1**
750-1.01	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	55,7	-2,6			53,1
07-755	**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta**	**-101,6**	**106,9**			**5,3**
755-1.01	Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	-101,6	106,9			5,3
07-795	**Framkvæmdasjóður fatlaðra**	**130,5**	**-53,2**	**-89,4**	**5,2**	**-6,9**
795-1.01	Almennur rekstur	130,5	-53,2			77,3
795-5.21	Viðhald fasteigna			-89,4		-89,4
795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra				5,2	5,2
07-821	**Tryggingastofnun ríkisins**	**58,3**	**-3,9**		**-1,3**	**53,1**
821-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	58,3	-3,9			54,4
821-6.01	Tæki og búnaður				-1,3	-1,3
07-980	**Vinnumálastofnun**	**-101,6**	**97,8**			**-3,8**
980-1.01	Vinnumálastofnun	-101,6	97,8			-3,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-981	**Vinnumál**	**-3,7**	**5,5**			**1,8**
981-1.10	Félagsdómur	0,5	-0,2			0,3
981-1.13	Kjararannsóknarnefnd		1,3			1,3
981-1.90	Ýmislegt	-4,2	4,4			0,2
07-999	**Félagsmál, ýmis starfsemi**	**207,4**	**-172,9**			**34,5**
999-1.44	Athvarf fyrir heimilislausa		-0,2			-0,2
999-1.47	Félagsþjónusta við nýbúa		0,1			0,1
999-1.48	Fjölmenningarsetur á Ísafirði	4,2	-5,0			-0,8
999-1.49	Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna	158,8	-154,2			4,6
999-1.60	Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	-5,4	-6,0			-11,4
999-1.98	Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis	49,8	-7,6			42,2
08 Heilbrigðisráðuneyti		***-2.064,3***	***552,1***	***-668,6***	***-342,1***	***-2.522,9***
08-101	**Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**12,8**	**16,0**			**28,8**
101-1.01	Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	12,8	16,0			28,8
08-202	**Sjúkratryggingastofnun**	**32,9**				**32,9**
202-1.01	Sjúkratryggingastofnun	32,9				32,9
08-301	**Landlæknir**	**70,9**	**-22,3**			**48,6**
301-1.01	Landlæknir	70,9	-22,3			48,6
08-305	**Lýðheilsustöð**	**-365,1**	**395,9**			**30,8**
305-1.01	Lýðheilsustöð	-309,5	279,4			-30,1
305-1.90	Forvarnasjóður	-55,6	116,5			60,9
08-324	**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**	**1,7**	**8,2**		**7,3**	**17,2**
324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	1,7	8,2			9,9
324-6.10	Fasteign				7,3	7,3

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	**14,5**	**-8,2**			**6,3**
327-1.01	Geislavarnir ríkisins	14,5	-8,2			6,3
08-340	**Málefni fatlaðra**	**-10,6**	**11,6**		**11,6**	**12,6**
340-1.10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	3,8				3,8
340-1.20	Sjálfsbjörg Akureyri	-14,7	11,3			-3,4
340-1.40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	0,3				0,3
340-1.90	Ýmis starfsemi		0,3			0,3
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda				11,6	11,6
08-358	**Sjúkrahúsið á Akureyri**	**68,8**	**-2,1**	**-39,1**	**35,6**	**63,2**
358-1.01	Sjúkrahúsið á Akureyri	68,8	-2,1			66,7
358-5.01	Fasteign			-39,1		-39,1
358-6.01	Tæki og búnaður				60,8	60,8
358-6.50	Nýbygging				-25,2	-25,2
08-373	**Landspítali**	**-1.172,9**	**-155,0**	**-629,5**	**-1.016,8**	**-2.974,2**
373-1.01	Landspítali	-1.172,9	-155,0			-1.327,9
373-5.60	Viðhald			-629,5		-629,5
373-6.01	Tæki og búnaður				-687,2	-687,2
373-6.70	Nýframkvæmdir				-329,6	-329,6
08-376	**Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans**				**199,2**	**199,2**
376-6.21	Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans				199,2	199,2
08-379	**Sjúkrahús, óskipt**	**-41,2**	**63,5**		**101,4**	**123,7**
379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	-41,2	63,5			22,3
379-6.50	Stofnkostnaður				101,4	101,4
08-383	**Sjúkrahótel**	**1,8**				**1,8**
383-1.01	Sjúkrahótel	1,8				1,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-384	**Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn**	**-8,8**	**-0,1**			**-8,9**
384-1.01	Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	-8,8	-0,1			-8,9
08-397	**Lyfjastofnun**	**-220,0**	**-3,4**			**-223,4**
397-1.01	Lyfjastofnun	-220,0	-3,4			-223,4
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	**181,1**	**234,3**		**12,9**	**428,3**
399-1.16	Lyfjagreiðslunefnd	-0,3				-0,3
399-1.17	Vísindasiðanefnd	-5,8	-0,1			-5,9
399-1.30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	3,9	-3,2			0,7
399-1.31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	24,5				24,5
399-1.35	Hjartavernd, rannsóknarstöð	-58,8	59,8			1,0
399-1.38	Félagið Heyrnarhjálp		0,4			0,4
399-1.40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	1,8	-1,0			0,8
399-1.43	Viðbúnaður gegn farsóttum	303,7				303,7
399-1.55	Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	-6,3	50,0			43,7
399-1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	-120,2	122,7			2,5
399-1.90	Ýmis framlög	-15,9	12,4			-3,5
399-1.98	Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	54,5	-6,7			47,8
399-6.91	Upplýsingatæknimál				12,9	12,9
08-500	**Heilsugæslustöðvar, almennt**	**87,3**	**5,5**		**58,7**	**151,5**
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	52,7	5,5			58,2
500-1.13	Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva	34,6				34,6
500-6.01	Tæki og búnaður				31,5	31,5
500-6.21	Bygging heilsugæslustöðva				27,2	27,2
08-501	**Sjúkraflutningar**	**20,6**				**20,6**
501-1.11	Sjúkraflutningar	13,7				13,7

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
501-1.12	Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	0,1				0,1
501-1.15	Sjúkraflug	6,8				6,8
08-506	**Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**	**-592,0**	**6,8**			**-585,2**
506-1.01	Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	-592,0	6,8			-585,2
08-508	**Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu**	**8,0**				**8,0**
508-1.01	Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	8,0				8,0
08-522	**Heilsugæslustöðin Borgarnesi**	**-7,4**	**-0,5**			**-7,9**
522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-7,4	-0,5			-7,9
08-524	**Heilsugæslustöðin Ólafsvík**	**-4,6**	**-0,3**			**-4,9**
524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-4,6	-0,3			-4,9
08-525	**Heilsugæslustöðin Grundarfirði**	**-0,2**				**-0,2**
525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	-0,2				-0,2
08-526	**Heilsugæslustöðin Búðardal**	**6,4**				**6,4**
526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	6,4				6,4
08-551	**Heilsugæslustöðin Ólafsfirði**	**-2,3**				**-2,3**
551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	-2,3				-2,3
08-552	**Heilsugæslustöðin Dalvík**	**10,0**				**10,0**
552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	10,0				10,0
08-588	**Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi**	**4,4**				**4,4**
588-1.01	Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	4,4				4,4
08-700	**Heilbrigðisstofnanir**				**248,0**	**248,0**
700-6.01	Tæki og búnaður				34,3	34,3
700-6.55	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði				-91,6	-91,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
700-6.61	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga				8,5	8,5
700-6.87	Heilbrigðisstofnun Suðurlands				16,5	16,5
700-6.91	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja				24,7	24,7
700-6.99	Bygging heilbrigðisstofnana, óskipt				255,6	255,6
08-711	**Heilbrigðisstofnunin Akranesi**	**56,1**				**56,1**
711-1.01	Heilsugæslusvið	22,1				22,1
711-1.11	Sjúkrasvið	37,6				37,6
711-1.21	Hjúkrunarrými	-3,6				-3,6
08-715	**St. Franciskusspítali, Stykkishólmi**	**14,0**				**14,0**
715-1.01	Heilsugæslusvið	34,6				34,6
715-1.11	Sjúkrasvið	-85,1				-85,1
715-1.21	Hjúkrunarrými	64,5				64,5
08-721	**Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**	**6,5**				**6,5**
721-1.01	Heilsugæslusvið	4,9				4,9
721-1.11	Sjúkrasvið	0,1				0,1
721-1.21	Hjúkrunarrými	1,5				1,5
08-726	**Heilbrigðisstofnun Vestfjarða**	**6,8**				**6,8**
726-1.01	Heilsugæslusvið	33,3				33,3
726-1.11	Sjúkrasvið	-8,6				-8,6
726-1.21	Hjúkrunarrými	-17,9				-17,9
08-735	**Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**	**-0,7**				**-0,7**
735-1.01	Heilsugæslusvið	-6,0				-6,0
735-1.11	Sjúkrasvið	40,6				40,6
735-1.21	Hjúkrunarrými	-35,3				-35,3

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-741	**Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**	**-6,7**				**-6,7**
741-1.01	Heilsugæslusvið	-26,9				-26,9
741-1.11	Sjúkrasvið	17,5				17,5
741-1.21	Hjúkrunarrými	2,7				2,7
08-745	**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**	**23,0**				**23,0**
745-1.01	Heilsugæslusvið	-2,2				-2,2
745-1.11	Sjúkrasvið	15,1				15,1
745-1.21	Hjúkrunarrými	10,1				10,1
08-751	**Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**	**48,8**				**48,8**
751-1.01	Heilsugæslusvið	32,2				32,2
751-1.11	Sjúkrasvið	56,9				56,9
751-1.21	Hjúkrunarrými	-40,3				-40,3
08-755	**Heilbrigðisstofnunin Siglufirði**	**32,6**				**32,6**
755-1.01	Heilsugæslusvið	15,8				15,8
755-1.11	Sjúkrasvið	7,1				7,1
755-1.21	Hjúkrunarrými	9,7				9,7
08-761	**Heilbrigðisstofnun Þingeyinga**	**-5,7**				**-5,7**
761-1.01	Heilsugæslusvið	2,0				2,0
761-1.11	Sjúkrasvið	-22,9				-22,9
761-1.21	Hjúkrunarrými	15,2				15,2
08-777	**Heilbrigðisstofnun Austurlands**	**12,1**				**12,1**
777-1.01	Heilsugæslusvið	81,6				81,6
777-1.11	Sjúkrasvið	-21,5				-21,5
777-1.21	Hjúkrunarrými	-48,0				-48,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-781	**Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**	**-6,5**				**-6,5**
781-1.01	Heilsugæslusvið	18,3				18,3
781-1.11	Sjúkrasvið	-34,9				-34,9
781-1.21	Hjúkrunarrými	10,1				10,1
08-787	**Heilbrigðisstofnun Suðurlands**	**-117,1**	**-7,8**			**-124,9**
787-1.01	Heilsugæslusvið	-231,7	-7,6			-239,3
787-1.11	Sjúkrasvið	85,1	-0,2			84,9
787-1.21	Hjúkrunarrými	29,5				29,5
08-791	**Heilbrigðisstofnun Suðurnesja**	**-101,0**				**-101,0**
791-1.01	Heilsugæslusvið	-138,3				-138,3
791-1.11	Sjúkrasvið	68,3				68,3
791-1.21	Hjúkrunarrými	-31,0				-31,0
08-795	**St. Jósefsspítali, Sólvangur**	**-122,6**	**10,0**			**-112,6**
795-1.11	St. Jósefsspítali, Sólvangur	90,9	10,0			100,9
795-1.21	Hjúkrunarrými	-213,5				-213,5
09	***Fjármálaráðuneyti***	***1.646,1***	***387,2***	***679,7***	***117,8***	***2.830,8***
09-101	**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**75,8**	**-6,8**			**69,0**
101-1.01	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	75,8	-6,8			69,0
09-103	**Fjársýsla ríkisins**	**130,1**	**-21,2**		**44,5**	**153,4**
103-1.01	Almennur rekstur	48,9	-21,2			27,7
103-1.43	Tekjubókhaldskerfi	32,9				32,9
103-1.47	Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	48,3				48,3
103-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi				11,2	11,2
103-6.47	Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins				33,3	33,3

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-199	**Ráðstöfunarfé**		**0,1**			**0,1**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		0,1			0,1
09-201	**Ríkisskattstjóri**	**91,4**	**6,4**		**0,8**	**98,6**
201-1.01	Almennur rekstur	-22,5	-1,6			-24,1
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	18,5	8,0			26,5
201-1.41	Skattvinnslukerfi	95,4				95,4
201-6.01	Tæki og búnaður				-3,0	-3,0
201-6.41	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi				3,8	3,8
09-202	**Skattstofan í Reykjavík**	**14,8**	**-6,7**			**8,1**
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	14,8	-6,7			8,1
09-203	**Skattstofa Vesturlands**	**2,1**	**-0,1**			**2,0**
203-1.01	Skattstofa Vesturlands	2,1	-0,1			2,0
09-204	**Skattstofa Vestfjarða**	**4,1**				**4,1**
204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	4,1				4,1
09-205	**Skattstofa Norðurlands vestra**	**6,2**	**-0,4**			**5,8**
205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	6,2	-0,4			5,8
09-206	**Skattstofa Norðurlands eystra**	**19,7**	**-0,2**			**19,5**
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	19,7	-0,2			19,5
09-207	**Skattstofa Austurlands**	**5,3**				**5,3**
207-1.01	Skattstofa Austurlands	5,3				5,3
09-208	**Skattstofa Suðurlands**	**1,4**	**-0,8**			**0,6**
208-1.01	Skattstofa Suðurlands	1,4	-0,8			0,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-209	**Skattstofa Vestmannaeyja**	**-0,4**				**-0,4**
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	-0,4				-0,4
09-211	**Skattstofa Reykjaness**	**25,2**	**-3,3**			**21,9**
211-1.01	Skattstofa Reykjaness	25,2	-3,3			21,9
09-214	**Yfirskattanefnd**	**21,0**				**21,0**
214-1.01	Yfirskattanefnd	21,0				21,0
09-215	**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**	**23,3**	**-3,1**			**20,2**
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	23,3	-3,1			20,2
09-262	**Tollstjórinn**	**124,2**	**-2,1**		**-39,1**	**83,0**
262-1.01	Tollstjórinn	113,9	-2,1			111,8
262-1.45	Tollafgreiðslukerfi	10,3				10,3
262-6.01	Tæki og búnaður				-39,1	-39,1
09-901	**Framkvæmdasýsla ríkisins**	**19,2**	**-4,7**			**14,5**
901-1.01	Framkvæmdasýsla ríkisins	19,2	-4,7			14,5
09-905	**Ríkiskaup**	**56,9**	**-9,8**			**47,1**
905-1.01	Ríkiskaup	56,9	-9,8			47,1
09-977	**Bankasýsla ríkisins**	**34,4**				**34,4**
977-1.01	Bankasýsla ríkisins	34,4				34,4
09-980	**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól**	**20,4**			**-11,3**	**9,1**
980-1.01	Rekstur húsnæðis	16,3				16,3
980-1.05	Rekstur tölvukerfis	4,1				4,1
980-6.21	Húsnæði				-22,7	-22,7
980-6.41	Tölvubúnaður				11,4	11,4

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**			**372,4**		**372,4**
981-5.21	Viðhald stjórnarráðsbygginga			85,4		85,4
981-5.25	Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti			287,0		287,0
09-984	**Fasteignir ríkissjóðs**	**-56,9**	**-1,6**	**307,3**		**248,8**
984-1.01	Yfirstjórn	-1,3	-1,6			-2,9
984-1.11	Rekstur fasteigna	-55,6				-55,6
984-5.21	Viðhald fasteigna			307,3		307,3
09-985	**Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll**	**972,5**				**972,5**
985-1.01	Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll	972,5				972,5
09-990	**Ríkisstjórnarákvarðanir**		**30,0**			**30,0**
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		30,0			30,0
09-999	**Ýmislegt**	**55,4**	**411,5**		**122,9**	**589,8**
999-1.11	Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	-115,0	180,0			65,0
999-1.13	Kjarasamningar	16,5	-0,1			16,4
999-1.15	Kjararannsóknir	18,6				18,6
999-1.45	Ýmsar nefndir	3,0				3,0
999-1.49	Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	0,7				0,7
999-1.65	Kjararáð	2,9				2,9
999-1.66	Yfirfasteignamatsnefnd	-12,9				-12,9
999-1.67	Þjóðlendumál	-13,8	15,0			1,2
999-1.75	Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	-44,9	235,9			191,0
999-1.90	Ýmis verkefni	169,3	-19,3			150,0
999-1.94	Þróunarmál í upplýsingatækni	31,0				31,0
999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins				23,1	23,1
999-6.49	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis				44,6	44,6
999-6.95	Þróunarmál í upplýsingatækni				55,2	55,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10 Samgönguráðuneyti		*1.196,2*	*-845,1*	*454,6*	*3.791,7*	*4.597,4*
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**46,3**	**-3,3**			**43,0**
101-1.01	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	46,3	-3,3			43,0
10-190	**Ýmis verkefni**	**16,9**	**-6,4**		**102,0**	**112,5**
190-1.36	Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reykjavíkurflugvelli	1,4				1,4
190-1.98	Ýmis framlög samgönguráðuneytis	15,5	-6,4			9,1
190-6.43	Græni trefillinn - stígagerð				102,0	102,0
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	**176,3**	**-26,9**			**149,4**
211-1.01	Almennur rekstur	88,1	-4,6			83,5
211-1.05	Umdæmi og rekstrardeildir	88,2	-22,3			65,9
10-212	**Samgönguverkefni**	**811,0**	**-745,9**	**436,7**	**3.128,0**	**3.629,8**
212-1.07	Þjónusta	449,7	-400,4			49,3
212-1.11	Styrkir til ferja og sérleyfishafa	328,3	-314,6			13,7
212-1.13	Styrkir til innanlandsflugs	-0,3	-1,9			-2,2
212-1.21	Rannsóknir	33,3	-29,0			4,3
212-5.10	Viðhald			436,7		436,7
212-6.10	Framkvæmdir				3.128,0	3.128,0
10-251	**Umferðarstofa**	**12,7**				**12,7**
251-1.01	Umferðarstofa	12,7				12,7
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**73,7**	**0,2**		**30,9**	**104,8**
335-1.01	Almennur rekstur	72,9	0,2			73,1
335-1.11	Vaktstöð siglinga	0,8				0,8
335-6.60	Vitabyggingar				5,7	5,7
335-6.80	Sjóvarnargarðar				25,2	25,2

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10-336	**Hafnarframkvæmdir**	**128,8**	**-98,4**		**156,7**	**187,1**
336-1.01	Almennur rekstur	128,8	-98,4			30,4
336-6.70	Hafnabótasjóður				74,6	74,6
336-6.72	Landeyjahöfn				76,4	76,4
336-6.73	Tollaðstaða á Seyðisfirði				0,3	0,3
336-6.74	Lendingabætur				0,6	0,6
336-6.76	Ferjubryggjur				4,8	4,8
10-381	**Rannsóknanefnd sjóslysa**	**13,3**			**-4,1**	**9,2**
381-1.01	Rannsóknanefnd sjóslysa	13,3				13,3
381-6.11	Bifreiðar				-4,1	-4,1
10-471	**Flugmálastjórn Íslands**	**47,5**				**47,5**
471-1.01	Flugmálastjórn Íslands	47,5				47,5
10-475	**Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**	**-237,8**	**11,9**	**17,9**	**183,8**	**-24,2**
475-1.01	Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	-237,8				-237,8
475-1.11	Keflavíkurflugvöllur		0,1			0,1
475-1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO		11,8			11,8
475-5.41	Viðhald			17,9		17,9
475-6.41	Framkvæmdir				183,8	183,8
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**-3,2**	**1,9**			**-1,3**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	-3,2	1,9			-1,3
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**109,6**	**-32,2**			**77,4**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	109,6	-32,2			77,4
10-513	**Jöfnunarsjóður alþjónustu**	**1,1**	**54,0**			**55,1**
513-1.10	Jöfnunarsjóður alþjónustu	1,1	54,0			55,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10-521	**Fjarskiptasjóður**				**194,4**	**194,4**
521-6.41	Fjarskiptasjóður				194,4	194,4
11 Iðnaðarráðuneyti		***351,6***	***866,9***			***1.218,5***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**23,0**				**23,0**
101-1.01	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	23,0				23,0
11-205	**Nýsköpunarmiðstöð Íslands**	**255,6**	**-196,7**			**58,9**
205-1.01	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	255,6	-196,7			58,9
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**2,6**	**28,2**			**30,8**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	2,6	28,2			30,8
11-242	**Tækniþróunarsjóður**	**80,8**	**182,6**			**263,4**
242-1.10	Tækniþróunarsjóður	80,8	182,6			263,4
11-251	**Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi**	**-0,6**	**-9,8**			**-10,4**
251-1.10	Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	-0,6	-9,8			-10,4
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	**50,2**	**9,5**			**59,7**
299-1.10	Fastanefndir	2,0				2,0
299-1.15	Fjárfestingarstofan		0,1			0,1
299-1.19	Staðlaráð	-10,3	8,2			-2,1
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	8,3	-8,5			-0,2
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar		30,2			30,2
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál		9,6			9,6
299-1.98	Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis	50,2	-30,1			20,1
11-301	**Orkustofnun**	**-42,4**	**321,9**			**279,5**
301-1.01	Orkustofnun	-42,4	321,9			279,5

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
11-399	**Ýmis orkumál**	**188,3**	**-52,3**			**136,0**
399-1.12	Jarðhitaleit	115,6	-30,8			84,8
399-1.22	Vistvænir orkugjafar	29,0	-7,5			21,5
399-1.24	Notendur utan samveitna	48,9	-47,3			1,6
399-1.98	Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	-5,2	33,3			28,1
11-401	**Byggðaáætlun**	**-9,9**	**276,7**			**266,8**
401-1.10	Byggðaáætlun	-9,9	276,7			266,8
11-411	**Byggðastofnun**		**2,3**			**2,3**
411-1.10	Byggðastofnun		-3,3			-3,3
411-1.11	Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni		5,6			5,6
11-501	**Ferðamálastofa**	**-40,9**	**79,1**			**38,2**
501-1.01	Ferðamálastofa	-52,4	28,0			-24,4
501-1.05	Landkynningarskrifstofur erlendis	-85,1	109,3			24,2
501-1.11	Ferðamálasamtök landshluta	-2,5	14,7			12,2
501-1.13	Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu	-1,3	17,0			15,7
501-1.15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	-19,6	24,6			5,0
501-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	120,0	-114,5			5,5
11-599	**Ýmis ferðamál**	**-155,1**	**225,4**			**70,3**
599-1.44	Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	-96,2	114,2			18,0
599-1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	-58,8	76,3			17,5
599-1.53	Ferðaþjónusta á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti		23,0			23,0
599-1.90	Ýmis ferðamál	5,1				5,1
599-1.98	Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis	-5,2	11,9			6,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
12	*Viðskiptaráðuneyti*	*330,4*	*87,6*			*418,0*
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**27,8**	**-5,6**			**22,2**
101-1.01	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	27,8	-5,6			22,2
12-190	**Ýmis verkefni**	**-2,0**	**87,6**			**85,6**
190-1.10	Neytendasamtökin		-5,4			-5,4
190-1.15	Fastanefndir	-2,0				-2,0
190-1.20	Rafræn viðskipti	-0,4	1,2			0,8
190-1.23	Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	-6,8	80,4			73,6
190-1.24	Endurskoðendaráð	15,5				15,5
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	-8,3	11,4			3,1
12-199	**Ráðstöfunarfé**		**4,9**			**4,9**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		4,9			4,9
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	**183,1**	**5,2**			**188,3**
402-1.01	Fjármálaeftirlitið	183,1	5,2			188,3
12-411	**Samkeppniseftirlitið**	**6,0**	**-0,6**			**5,4**
411-1.01	Samkeppniseftirlitið	6,0	-0,6			5,4
12-431	**Einkaleyfastofan**	**37,9**	**-3,5**			**34,4**
431-1.01	Einkaleyfastofan	37,9	-3,5			34,4
12-501	**Hagstofa Íslands**	**77,6**	**-0,4**			**77,2**
501-1.01	Hagstofa Íslands	77,6	-0,4			77,2

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14 Umhverfisráðuneyti		*824,9*	*147,7*	*30,1*	*1.502,4*	*2.505,1*
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**16,8**	**4,8**			**21,6**
101-1.01	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	16,8	4,8			21,6
14-190	**Ýmis verkefni**	**66,1**	**29,8**			**95,9**
190-1.10	Fastanefndir	11,5	-2,3			9,2
190-1.12	Samvinnunefnd um miðhálendið	-0,8				-0,8
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	3,5	-6,8			-3,3
190-1.35	Umhverfisvöktun	-5,9	18,3			12,4
190-1.36	Rannsóknir og útrýming á mink	57,7	-29,9			27,8
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	-0,3	0,6			0,3
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	9,3	-7,9			1,4
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	-14,5	8,0			-6,5
190-1.90	Ýmis verkefni		-1,0			-1,0
190-1.98	Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	5,6	50,8			56,4
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**5,7**	**-1,6**		**-3,9**	**0,2**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	5,7	-1,6			4,1
202-6.11	Bifreiðar				-3,9	-3,9
14-211	**Umhverfisstofnun**	**66,5**	**24,0**	**45,2**	**-8,5**	**127,2**
211-1.01	Umhverfisstofnun	66,5	-0,9			65,6
211-1.11	Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink		24,9			24,9
211-5.41	Þjóðgarðar og friðlýst svæði			45,2		45,2
211-6.11	Bifreiðar				-8,5	-8,5
14-212	**Vatnajökulsþjóðgarður**	**52,2**	**-14,6**		**13,2**	**50,8**
212-1.01	Vatnajökulsþjóðgarður	52,2	-14,6			37,6
212-6.41	Framkvæmdir				13,2	13,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-231	**Landgræðsla ríkisins**	**82,8**	**35,9**	**-13,6**	**-5,9**	**99,2**
231-1.01	Landgræðsla ríkisins	106,0	-61,5			44,5
231-1.90	Fyrirhleðslur	-23,2	97,4			74,2
231-5.01	Viðhald fasteigna			-13,6		-13,6
231-6.01	Tæki og búnaður				-5,9	-5,9
14-241	**Skógrækt ríkisins**	**-61,3**	**56,1**	**-1,5**	**27,9**	**21,2**
241-1.01	Skógrækt ríkisins	-61,3	56,1			-5,2
241-5.01	Viðhald fasteigna			-1,5		-1,5
241-6.20	Fasteignir				27,9	27,9
14-243	**Hekluskógar**	**2,9**	**-2,3**			**0,6**
243-1.01	Hekluskógar	2,9	-2,3			0,6
14-281	**Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**				**4,6**	**4,6**
281-6.51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga				4,6	4,6
14-287	**Úrvinnslusjóður**	**487,8**	**-1,0**			**486,8**
287-1.01	Almennur rekstur	15,1	-1,0			14,1
287-1.10	Úrvinnslusjóður	472,7				472,7
14-301	**Skipulagsstofnun**	**-3,5**	**7,1**			**3,6**
301-1.01	Skipulagsstofnun	-3,5	7,1			3,6
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	**-2,0**	**-4,5**			**-6,5**
303-1.13	Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	-2,0	-4,5			-6,5
14-310	**Landmælingar Íslands**	**5,4**	**18,8**		**-3,3**	**20,9**
310-1.01	Landmælingar Íslands	5,4	18,8			24,2
310-6.11	Bifreiðar				-3,3	-3,3

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2010 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2009

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**14,6**	**0,3**			**14,9**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	14,6	0,3			14,9
14-381	**Ofanflóðasjóður**	**13,1**	**-2,0**		**1.423,4**	**1.434,5**
381-1.01	Almennur rekstur	13,1	-2,0			11,1
381-6.60	Ofanflóðasjóður				1.423,4	1.423,4
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-21,6**	**8,5**			**-13,1**
401-1.01	Náttúrufræðistofnun Íslands	-21,6	8,5			-13,1
14-403	**Náttúrustofur**		**1,8**			**1,8**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað		0,4			0,4
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum		0,2			0,2
403-1.12	Náttúrustofa Bolungarvík		0,4			0,4
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi		0,2			0,2
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki		0,2			0,2
403-1.15	Náttúrustofa Sandgerði		0,2			0,2
403-1.16	Náttúrustofa Húsavík		0,2			0,2
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**9,3**	**-1,5**			**7,8**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	9,3	-1,5			7,8
14-412	**Veðurstofa Íslands**	**90,1**	**-11,9**		**54,9**	**133,1**
412-1.01	Almennur rekstur	84,3	-11,9			72,4
412-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	5,8				5,8
412-6.01	Tæki og búnaður				54,9	54,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
Samtals öll ráðuneyti		**21.245,6**	**555.640,9**	**12.979,1**	**0,0**	**1.096,9**	**590.962,5**	**578.781,6**	**12.180,9**
00 Æðsta stjórn ríkisins		***317,1***	***3.783,2***	***8,0***	***18,0***		***4.126,3***	***3.847,2***	***279,1***
00-101	**Embætti forseta Íslands**	**4,6**	**189,5**		**0,9**		**195,0**	**168,3**	**26,7**
101-1.01	Almennur rekstur	-6,5	163,7		0,9		158,1	157,4	0,7
101-1.81	Opinberar heimsóknir	1,1	24,8				25,9	10,9	15,0
101-5.20	Laufásvegur 72, viðhald	10,0	1,0				11,0		11,0
00-201	**Alþingi**	**82,6**	**2.234,8**	**91,0**	**10,6**		**2.419,0**	**2.320,4**	**98,6**
201-1.01	Alþingiskostnaður	31,7	843,0	75,5	5,1		955,3	892,7	62,6
201-1.02	Framlög til þingflokka		65,0				65,0	65,0	
201-1.03	Fastanefndir	1,2	15,2				16,4	10,2	6,2
201-1.04	Alþjóðasamstarf	3,6	104,7	-22,0			86,3	59,4	26,9
201-1.06	Almennur rekstur	36,6	854,5	3,0	5,1		899,2	907,4	-8,2
201-1.07	Sérverkefni	1,8	51,3		0,2		53,3	54,1	-0,8
201-1.10	Rekstur fasteigna	7,7	264,5	10,9	0,2		283,3	266,6	16,7
201-5.20	Fasteignir		14,0	3,0			17,0	25,9	-8,9
201-6.01	Tæki og búnaður		22,6	20,6			43,2	39,1	4,1
00-205	**Framkvæmdir á Alþingisreit**	**139,2**	**252,0**	**-150,0**			**241,2**	**194,6**	**46,6**
205-6.55	Framkvæmdir á Alþingisreit	139,2	252,0	-150,0			241,2	194,6	46,6
00-207	**Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 200**	**30,0**	**150,0**	**60,0**			**240,0**	**215,5**	**24,5**
207-1.01	Rannsóknarnefnd	30,0	150,0	60,0			240,0	215,5	24,5
00-301	**Ríkisstjórn**		**242,9**	**15,0**	**1,9**		**259,8**	**248,1**	**11,7**
301-1.01	Ríkisstjórn		242,9	15,0	1,9		259,8	248,1	11,7

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
00-401	**Hæstiréttur**		**134,7**	**-8,0**	**1,0**		**127,7**	**123,8**	**3,9**
401-1.01	Hæstiréttur		134,7	-8,0	1,0		127,7	123,8	3,9
00-610	**Umboðsmaður Alþingis**	**12,2**	**122,9**		**0,7**		**135,8**	**121,9**	**13,9**
610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	12,2	122,9		0,7		135,8	121,9	13,9
00-620	**Ríkisendurskoðun**	**48,5**	**456,4**		**2,9**		**507,8**	**454,6**	**53,2**
620-1.01	Ríkisendurskoðun	48,5	456,4		2,9		507,8	454,6	53,2
01 Forsætisráðuneyti		***660,8***	***2.221,1***	***-1.125,2***	***39,7***	***5,9***	***1.802,3***	***1.210,6***	***591,7***
01-101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**35,0**	**309,9**	**-4,5**	**9,4**		**349,8**	**288,2**	**61,6**
101-1.01	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	35,0	309,9	-4,5	7,1		347,5	285,8	61,7
101-6.11	Bifreiðar				2,3		2,3	2,4	-0,1
01-190	**Ýmis verkefni**	**271,7**	**253,9**	**24,0**	**46,0**		**595,6**	**400,2**	**195,4**
190-1.11	Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0	14,0				18,0	18,0	
190-1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	17,5					17,5	16,3	1,2
190-1.16	Nefnd um þróun Evrópumála	-0,6	10,6				10,0	2,6	7,4
190-1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	2,3	5,3				7,6	4,2	3,4
190-1.18	Stjórnarskrárnefnd	20,0					20,0	4,2	15,8
190-1.19	Efnahagsrannsóknir	37,6	49,9				87,5	50,9	36,6
190-1.20	Jafnréttissjóður		10,0	-10,0					
190-1.22	Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og trygging	12,0	18,4				30,4	25,8	4,6
190-1.23	Hrafnseyri	12,5	22,9		4,0		39,4	12,9	26,5
190-1.25	Vesturfarasetrið á Hofsósi		28,0				28,0	28,0	
190-1.27	Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal		2,0				2,0	2,0	
190-1.29	Félag um rekstur fyrrverandi varnarsvæða	1,6					1,6	0,6	1,0
190-1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	8,1	6,4				14,5	0,5	14,0
190-1.42	Grænlandssjóður								

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
190-1.51	Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja al	2,5	30,2	-1,0			31,7	4,3	27,4
190-1.56	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðahei	3,6	29,6		0,1		33,3	34,9	-1,6
190-1.90	Ýmis verkefni	150,6	23,6	35,0	41,9		251,1	192,0	59,1
190-5.25	Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum		3,0				3,0	3,0	
01-199	**Ráðstöfunarfé**	**4,4**	**5,0**		**-3,5**		**5,9**		**5,9**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	4,4	5,0		-3,5		5,9		5,9
01-201	**Fasteignir forsætisráðuneytis**	**20,7**	**108,7**	**5,0**	**19,3**		**153,7**	**123,2**	**30,5**
201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	-2,3	56,3	5,0	19,3		78,3	78,3	
201-5.29	Fasteignir forsætisráðuneytis	23,0	52,4				75,4	44,9	30,5
01-203	**Fasteignir Stjórnarráðsins**	**208,7**	**25,0**		**-33,1**		**200,6**	**54,2**	**146,4**
203-1.01	Almennur rekstur	1,0	6,0				7,0	6,9	0,1
203-6.25	Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins	207,7	19,0		-33,1		193,6	47,3	146,3
01-231	**Norræna ráðherranefndin**		**272,3**	**-272,3**					
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis		53,4	-53,4					
231-1.61	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar		218,9	-218,9					
01-241	**Umboðsmaður barna**	**9,4**	**39,6**	**-0,6**	**0,2**		**48,6**	**39,2**	**9,4**
241-1.01	Umboðsmaður barna	9,4	39,6	-0,6	0,2		48,6	39,2	9,4
01-251	**Þjóðmenningarhúsið**		**103,0**	**-103,0**					
251-1.01	Þjóðmenningarhúsið		103,0	-103,0					
01-253	**Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn**	**2,3**	**14,6**	**-0,5**			**16,4**	**12,5**	**3,9**
253-1.01	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	2,3	14,6	-0,5			16,4	12,5	3,9
01-255	**Gljúfrasteinn - Hús skáldsins**		**35,5**	**-35,5**					
255-1.01	Gljúfrasteinn - Hús skáldsins		33,0	-33,0					
255-5.21	Viðhald		2,5	-2,5					

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
01-261	**Óbyggðanefnd**	**7,8**	**99,4**	**-1,5**	**-2,2**		**103,5**	**79,0**	**24,5**
261-1.01	Óbyggðanefnd	7,8	99,4	-1,5	-2,2		103,5	79,0	24,5
01-271	**Ríkislögmaður**	**13,2**	**66,0**	**-1,0**	**0,4**		**78,6**	**60,6**	**18,0**
271-1.01	Ríkislögmaður	13,2	66,0	-1,0	0,4		78,6	60,6	18,0
01-401	**Hagstofa Íslands**		**727,9**	**-727,9**					
401-1.01	Hagstofa Íslands		727,9	-727,9					
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	**-14,9**	**82,5**	**-0,7**	**3,2**	**5,9**	**76,0**	**84,2**	**-8,2**
902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-10,4	49,5	-0,7	3,2	5,9	47,5	55,1	-7,6
902-5.01	Fasteignir	1,9	2,0				3,9	1,5	2,4
902-6.01	Nýframkvæmdir	-6,4	31,0				24,6	27,6	-3,0
01-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg ver**	**102,5**	**77,8**	**-6,7**			**173,6**	**69,3**	**104,3**
996-1.01	Rafræn þjónustuveita hins opinbera	14,2	39,8	-0,7			53,3	28,1	25,2
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verke	88,3	38,0	-6,0			120,3	41,2	79,1
02 Menntamálaráðuneyti		***3.984,4***	***58.801,0***	***841,6***	***905,2***	***292,7***	***64.824,9***	***61.749,0***	***3.075,9***
02-101	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**0,7**	**655,1**	**-6,6**	**4,3**		**653,5**	**644,3**	**9,2**
101-1.01	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	0,7	655,1	-6,6	4,3		653,5	644,3	9,2
02-199	**Ráðstöfunarfé**	**5,9**	**12,0**		**-13,1**		**4,8**		**4,8**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,9	12,0		-13,1		4,8		4,8
02-201	**Háskóli Íslands**	**431,0**	**9.958,3**	**-115,8**	**366,4**	**129,8**	**10.769,7**	**9.963,3**	**806,4**
201-1.01	Háskóli Íslands	1.177,3	9.426,6	-115,8	366,4	129,8	10.984,3	9.373,1	1.611,2
201-1.13	Háskólasjóður	9,7	116,7				126,4	49,6	76,8
201-5.50	Fasteignir	-5,8	40,0				34,2	236,1	-201,9
201-6.50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	-750,2	375,0				-375,2	304,5	-679,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	**-9,3**	**202,5**	**3,8**	**7,8**	**4,7**	**209,5**	**224,4**	**-14,9**
202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	-9,3	202,5	3,8	7,8	4,7	209,5	224,4	-14,9
02-203	**Raunvísindastofnun Háskólans**	**-42,6**	**390,3**		**6,3**		**354,0**	**380,6**	**-26,6**
203-1.01	Raunvísindastofnun Háskólans	-42,6	390,3		6,3		354,0	380,6	-26,6
02-209	**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðu**		**279,3**		**10,9**		**290,2**	**283,1**	**7,1**
209-1.01	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum		279,3		10,9		290,2	283,1	7,1
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	**-101,2**	**1.460,9**	**-17,8**	**8,4**	**9,4**	**1.359,7**	**1.438,4**	**-78,7**
210-1.01	Háskólinn á Akureyri	-101,2	1.460,9	-17,8	8,4	9,4	1.359,7	1.438,4	-78,7
02-216	**Landbúnaðarháskóli Íslands**	**-265,7**	**551,4**		**41,4**	**-5,8**	**321,3**	**550,9**	**-229,6**
216-1.01	Landbúnaðarháskóli Íslands	-265,7	551,4		41,4	-5,8	321,3	550,9	-229,6
02-217	**Hólaskóli - Háskólinn á Hólum**	**-69,8**	**267,7**		**6,3**	**2,5**	**206,7**	**276,6**	**-69,9**
217-1.01	Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	-172,4	245,5		6,3	2,5	81,9	276,6	-194,7
217-5.01	Viðhald fasteigna	29,8	4,2				34,0		34,0
217-6.20	Fasteignir og lóðir	72,8	18,0				90,8		90,8
02-223	**Námsmatsstofnun**	**-29,9**	**129,2**		**0,7**	**1,3**	**101,3**	**127,5**	**-26,2**
223-1.01	Námsmatsstofnun	-29,9	129,2		0,7	1,3	101,3	127,5	-26,2
02-225	**Háskólinn á Bifröst**		**347,5**	**-3,5**	**4,3**		**348,3**	**348,3**	
225-1.01	Háskólinn á Bifröst		347,5	-3,5	4,3		348,3	348,3	
02-227	**Háskólinn í Reykjavík**		**2.172,9**	**-21,7**	**34,6**		**2.185,8**	**2.185,8**	
227-1.01	Háskólinn í Reykjavík		2.172,9	-21,7	34,6		2.185,8	2.185,8	
02-228	**Listaháskóli Íslands**		**667,7**	**-6,7**	**10,7**		**671,7**	**671,7**	
228-1.01	Listaháskóli Íslands		667,7	-6,7	10,7		671,7	671,7	

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-231	**Rannsóknamiðstöð Íslands**	**-10,8**	**178,5**		**18,9**		**186,6**	**188,2**	**-1,6**
231-1.01	Rannsóknamiðstöð Íslands	-10,3	158,5		0,4		148,6	165,3	-16,7
231-1.05	Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda	-0,5	20,0		18,5		38,0	22,9	15,1
02-234	**Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora**	**12,5**	**179,2**	**92,5**	**-270,3**		**13,9**		**13,9**
234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	12,0	151,4	92,5	-242,7		13,2		13,2
234-1.12	Launatengd gjöld	0,5	27,8		-27,6		0,7		0,7
02-235	**Markáætlun á sviði vísinda og tækni**	**177,8**	**315,0**				**492,8**	**312,5**	**180,3**
235-6.60	Markáætlun á sviði vísinda og tækni	177,8	315,0				492,8	312,5	180,3
02-236	**Rannsóknasjóður**	**36,9**	**815,0**				**851,9**	**780,2**	**71,7**
236-1.10	Rannsóknasjóður	36,9	815,0				851,9	780,2	71,7
02-238	**Tækjasjóður**	**317,8**	**115,0**				**432,8**	**321,4**	**111,4**
238-6.60	Tækjasjóður	317,8	115,0				432,8	321,4	111,4
02-239	**Rannsóknarnámssjóður**	**-83,4**	**100,0**				**16,6**	**95,1**	**-78,5**
239-1.01	Rannsóknarnámssjóður	-83,4	100,0				16,6	95,1	-78,5
02-269	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk**	**558,9**	**340,0**	**-5,0**			**893,9**	**647,8**	**246,1**
269-5.21	Viðhald	53,6	10,0	-5,0			58,6	0,2	58,4
269-6.02	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	25,4	20,0				45,4	42,0	3,4
269-6.09	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	250,0					250,0	128,2	121,8
269-6.10	Háskólinn á Akureyri	211,0	290,0				501,0	453,8	47,2
269-6.15	Kennaraháskóli Íslands	14,2	20,0				34,2	23,6	10,6
269-6.28	Listaháskóli Íslands	4,7					4,7		4,7
02-299	**Háskóla- og rannsóknastarfsemi**	**31,4**	**239,5**	**69,7**	**-13,1**		**327,5**	**258,6**	**68,9**
299-1.15	Nýsköpunarsjóður		20,0		5,0		25,0	25,0	
299-1.25	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna		14,5				14,5	14,5	

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
299-1.31	Rannsókna- og háskólanetið	10,0					10,0	10,0	
299-1.73	Reykjavíkurakademían		18,0				18,0	18,0	
299-1.80	Vísindastarfsemi	5,5	29,0		0,1		34,6	26,9	7,7
299-1.90	Háskólastarfsemi	13,6	124,3	34,7	40,5		213,1	164,2	48,9
299-1.91	Háskólar, óskipt	2,3	33,7	35,0	-58,7		12,3		12,3
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	**30,7**	**500,8**		**28,4**	**0,4**	**560,3**	**520,5**	**39,8**
301-1.01	Menntaskólinn í Reykjavík	30,7	500,8		28,4	0,4	560,3	520,5	39,8
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	**-10,0**	**495,7**		**47,9**	**0,3**	**533,9**	**526,6**	**7,3**
302-1.01	Menntaskólinn á Akureyri	-10,0	495,7		47,9	0,3	533,9	526,6	7,3
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	**-0,8**	**157,1**		**2,1**	**-0,1**	**158,3**	**147,2**	**11,1**
303-1.01	Menntaskólinn að Laugarvatni	-0,8	157,1		2,1	-0,1	158,3	147,2	11,1
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	**60,4**	**720,2**		**68,4**	**11,1**	**860,1**	**801,1**	**59,0**
304-1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð	60,4	720,2		68,4	11,1	860,1	801,1	59,0
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	**-3,3**	**419,7**		**25,0**	**0,7**	**442,1**	**440,3**	**1,8**
305-1.01	Menntaskólinn við Sund	-3,3	419,7		25,0	0,7	442,1	440,3	1,8
02-306	**Menntaskólinn á Ísafirði**	**-25,2**	**263,6**		**12,2**	**3,5**	**254,1**	**247,7**	**6,4**
306-1.01	Menntaskólinn á Ísafirði	-25,2	263,6		12,2	3,5	254,1	247,7	6,4
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	**10,4**	**256,3**		**18,5**	**2,6**	**287,8**	**272,1**	**15,7**
307-1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum	10,4	256,3		18,5	2,6	287,8	272,1	15,7
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	**3,9**	**752,8**		**42,0**	**3,1**	**801,8**	**757,8**	**44,0**
308-1.01	Menntaskólinn í Kópavogi	3,9	752,8		42,0	3,1	801,8	757,8	44,0
02-309	**Kvennaskólinn í Reykjavík**	**13,0**	**319,9**		**27,8**	**0,4**	**361,1**	**345,0**	**16,1**
309-1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík	13,0	319,9		27,8	0,4	361,1	345,0	16,1

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-316	**Fasteignir framhaldsskóla**	**154,6**	**87,8**	**-33,5**	**96,1**		**305,0**	**235,8**	**69,2**
316-1.05	Fasteignir skóla	30,7	77,8	-23,5	-15,2		69,8	21,1	48,7
316-5.21	Viðhald	123,9	10,0	-10,0	111,3		235,2	214,7	20,5
02-318	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður**	**542,2**	**699,0**	**-140,9**	**-95,0**		**1.005,3**	**719,6**	**285,7**
318-6.00	Framhaldsskólar í Reykjavík	-46,8	240,0		300,0		493,2	565,7	-72,5
318-6.01	Menntaskólinn í Reykjavík		50,0	-30,0	-20,0				
318-6.03	Menntaskólinn á Laugarvatni		25,0		-25,0				
318-6.07	Menntaskólinn á Egilsstöðum	20,0					20,0		20,0
318-6.52	Flensborgarskóli	-69,7					-69,7		-69,7
318-6.53	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	-48,4					-48,4		-48,4
318-6.54	Fjölbrautaskóli Vesturlands	-3,6	20,0	-10,0			6,4	-10,1	16,5
318-6.56	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	24,9	25,0				49,9	15,2	34,7
318-6.58	Verkmenntaskóli Austurlands	34,5					34,5		34,5
318-6.59	Verkmenntaskólinn á Akureyri		45,0				45,0	45,0	
318-6.60	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	50,0	40,0	-40,0			50,0		50,0
318-6.63	Framhaldsskólinn á Laugum	27,3	15,0	-15,0			27,3	27,0	0,3
318-6.70	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	36,1	85,0				121,1	33,4	87,7
318-6.72	Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð		33,0	-26,4			6,6	3,6	3,0
318-6.90	Byggingarframkvæmdir, óskipt	410,7	32,0		-300,0		142,7	21,0	121,7
318-6.92	Héraðsskólahúsið á Laugarvatni		50,0		-50,0				
318-6.95	Tæki og búnaður, óskipt	107,2	39,0	-19,5			126,7	18,8	107,9
02-319	**Framhaldsskólar, almennt**	**138,6**	**1.722,9**	**58,2**	**-754,3**		**1.165,4**	**1.055,1**	**110,3**
319-1.11	Sameiginleg þjónusta	-0,4	129,8	-29,9	-16,1		83,4	77,9	5,5
319-1.12	Orlof kennara	12,6	172,7		-170,4		14,9	7,0	7,9
319-1.14	Sérkennsla	23,4	39,1		-13,6		48,9	51,1	-2,2
319-1.15	Prófkostnaður	-6,7	105,0	-10,0	0,1		88,4	95,0	-6,6
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	0,1	26,5		0,1		26,7	27,8	-1,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
319-1.17	Námsskrárgerð	21,5	48,4	-10,0	0,3		60,2	47,5	12,7
319-1.18	Námsefnisgerð	22,7	172,0	-49,9	1,1		145,9	109,3	36,6
319-1.20	Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	9,6	198,6		-206,7		1,5		1,5
319-1.21	Nám tannsmiða	-0,6	13,7		0,5		13,6	13,7	-0,1
319-1.23	Raungreina- og nýsköpunarkeppnir	-0,6	3,6		1,0		4,0	4,1	-0,1
319-1.24	Iðnnemasamband Íslands	0,3	6,0				6,3	6,0	0,3
319-1.26	Verkefnasjóður skólasamninga	30,2	28,9		0,1		59,2	50,9	8,3
319-1.28	Mat á skólastarfi	5,2	88,2	-5,0	0,4		88,8	68,7	20,1
319-1.29	Forvarnastarf í skólum	0,6	6,4				7,0	3,2	3,8
319-1.30	Endurmenntun	-0,7	36,3		0,2		35,8	33,0	2,8
319-1.33	Myndlistarskólinn Akureyri		23,1				23,1	23,1	
319-1.34	Myndlistarskólinn í Reykjavík		24,1		11,2		35,3	35,3	
319-1.35	Myndlistarskólinn í Kópavogi		8,4				8,4	8,4	
319-1.38	Menntun á sviði kvikmyndagerðar		43,3		0,3		43,6	43,6	
319-1.39	Nám í listdansi	3,8	118,6		-20,7		101,7	96,7	5,0
319-1.41	Framkvæmd nýrrar skólastefnu	9,6	134,1	-35,0	-19,2		89,5	71,0	18,5
319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	8,0	296,1	198,0	-322,9		179,2	181,8	-2,6
02-350	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**	**-112,2**	**903,5**		**81,2**	**33,7**	**906,2**	**1.001,7**	**-95,5**
350-1.01	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-112,2	903,5		81,2	33,7	906,2	1.001,7	-95,5
02-351	**Fjölbrautaskólinn Ármúla**	**84,1**	**797,0**		**39,2**	**71,2**	**991,5**	**939,3**	**52,2**
351-1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla	84,1	797,0		39,2	71,2	991,5	939,3	52,2
02-352	**Flensborgarskóli**	**-30,7**	**479,9**		**60,5**	**2,3**	**512,0**	**558,8**	**-46,8**
352-1.01	Flensborgarskóli	-30,7	479,9		60,5	2,3	512,0	558,8	-46,8
02-353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**	**69,3**	**658,7**		**28,0**	**8,1**	**764,1**	**678,2**	**85,9**
353-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	69,3	658,7		28,0	8,1	764,1	678,2	85,9

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-354	**Fjölbrautaskóli Vesturlands**	**-48,7**	**451,1**		**22,3**	**0,8**	**425,5**	**487,6**	**-62,1**
354-1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands	-48,7	451,1		22,3	0,8	425,5	487,6	-62,1
02-355	**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**	**18,0**	**173,6**		**10,2**	**1,1**	**202,9**	**197,5**	**5,4**
355-1.01	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	18,0	173,6		10,2	1,1	202,9	197,5	5,4
02-356	**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**	**6,7**	**311,2**		**16,3**	**5,4**	**339,6**	**339,2**	**0,4**
356-1.01	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	6,7	311,2		16,3	5,4	339,6	339,2	0,4
02-357	**Fjölbrautaskóli Suðurlands**	**11,5**	**642,4**		**33,2**	**2,2**	**689,3**	**685,5**	**3,8**
357-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurlands	11,5	642,4		33,2	2,2	689,3	685,5	3,8
02-358	**Verkmenntaskóli Austurlands**	**8,5**	**205,3**		**7,8**	**2,7**	**224,3**	**195,1**	**29,2**
358-1.01	Verkmenntaskóli Austurlands	8,5	205,3		7,8	2,7	224,3	195,1	29,2
02-359	**Verkmenntaskólinn á Akureyri**	**9,8**	**1.011,6**		**62,8**	**21,6**	**1.105,8**	**1.086,8**	**19,0**
359-1.01	Verkmenntaskólinn á Akureyri	9,8	1.011,6		62,8	21,6	1.105,8	1.086,8	19,0
02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	**-4,7**	**455,8**		**29,5**	**10,5**	**491,1**	**488,9**	**2,2**
360-1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-4,7	455,8		29,5	10,5	491,1	488,9	2,2
02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	**13,5**	**121,8**		**25,7**	**1,4**	**162,4**	**154,7**	**7,7**
361-1.01	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	13,5	121,8		25,7	1,4	162,4	154,7	7,7
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	**12,8**	**134,0**		**2,9**	**0,5**	**150,2**	**142,1**	**8,1**
362-1.01	Framhaldsskólinn á Húsavík	12,8	134,0		2,9	0,5	150,2	142,1	8,1
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	**-1,3**	**154,5**		**4,8**	**0,1**	**158,1**	**154,3**	**3,8**
363-1.01	Framhaldsskólinn á Laugum	-1,3	154,5		4,8	0,1	158,1	154,3	3,8
02-365	**Borgarholtsskóli**	**64,1**	**850,9**		**51,2**	**6,7**	**972,9**	**948,0**	**24,9**
365-1.01	Borgarholtsskóli	64,1	850,9		51,2	6,7	972,9	948,0	24,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-367	**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**	**-18,4**	**192,2**		**22,8**	**0,5**	**197,1**	**229,5**	**-32,4**
367-1.01	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	-18,4	192,2		22,8	0,5	197,1	229,5	-32,4
02-368	**Menntaskóli Borgarfjarðar**	**32,2**	**97,3**	**51,8**	**-0,4**		**180,9**	**183,7**	**-2,8**
368-1.01	Menntaskóli Borgarfjarðar	32,2	97,3	51,8	-0,4		180,9	183,7	-2,8
02-369	**Menntaskólinn Hraðbraut**	**-30,2**	**168,2**		**1,2**		**139,2**	**139,2**	
369-1.01	Menntaskólinn Hraðbraut	-30,2	168,2		1,2		139,2	139,2	
02-370	**Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ**		**51,3**		**0,3**	**1,0**	**52,6**	**47,3**	**5,3**
370-1.01	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ		51,3		0,3	1,0	52,6	47,3	5,3
02-372	**Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð**		**23,6**		**-20,1**		**3,5**	**2,9**	**0,6**
372-1.01	Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð		23,6		-20,1		3,5	2,9	0,6
02-430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarsk**	**0,2**	**68,5**		**0,4**		**69,1**	**67,9**	**1,2**
430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertr	0,2	68,5		0,4		69,1	67,9	1,2
02-441	**Fullorðinsfræðsla fatlaðra**	**4,9**	**248,1**		**10,0**		**263,0**	**262,9**	**0,1**
441-1.01	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	4,9	248,1		10,0		263,0	262,9	0,1
02-451	**Símenntun og fjarkennsla**	**180,7**	**1.151,6**	**-26,8**	**4,2**		**1.309,7**	**1.258,8**	**50,9**
451-1.10	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	-0,1	88,5				88,4	88,6	-0,2
451-1.11	Símenntun og fjarkennsla	7,5	11,4	-5,0	1,0		14,9	12,0	2,9
451-1.12	Námskeið og ráðgjöf		507,1	-21,8			485,3	485,3	
451-1.13	FS-net, símenntunarstöðvar		15,2		-15,2				
451-1.15	Mímir, símenntun		14,0				14,0	14,0	
451-1.19	Námsframboð og starfsþjálfun í framhaldsskólum	130,8			-20,0		110,8	39,7	71,1
451-1.20	Háskólasetur í Vestmannaeyjum		24,5				24,5	24,5	
451-1.21	Símenntunarstöð á Vesturlandi		21,4				21,4	21,4	
451-1.22	Fræðslumiðstöð Vestfjarða		23,4				23,4	22,6	0,8

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
451-1.23	Farskóli Norðurlands vestra	4,0	26,3				30,3	30,3	
451-1.24	Símenntunarstöð Eyjafjarðar		18,4				18,4	18,4	
451-1.25	Þekkingarsetur Þingeyinga		32,5				32,5	32,5	
451-1.26	Þekkingarnet Austurlands		42,0		19,2		61,2	65,6	-4,4
451-1.27	Fræðslunet Suðurlands		21,4				21,4	21,4	
451-1.28	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum		21,4				21,4	21,4	
451-1.29	Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja		21,4				21,4	21,4	
451-1.30	Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík		14,0				14,0	14,0	
451-1.31	Fræða- og þekkingarsetur	35,1	62,7		-0,8		97,0	94,6	2,4
451-1.32	Háskólasetur Vestfjarða		48,1		19,2		67,3	71,7	-4,4
451-1.33	Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar	8,0	9,9				17,9	8,0	9,9
451-1.41	Íslenskukennsla fyrir útlendinga	-4,6	128,0		0,8		124,2	151,4	-27,2
02-504	**Tækniskólinn**		**1.721,3**		**225,4**		**1.946,7**	**1.920,3**	**26,4**
504-1.01	Tækniskólinn		1.721,3		225,4		1.946,7	1.920,3	26,4
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**							**68,4**	**-68,4**
514-1.01	Iðnskólinn í Reykjavík							68,4	-68,4
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	**82,4**	**603,9**		**24,1**	**1,0**	**711,4**	**716,2**	**-4,8**
516-1.01	Iðnskólinn í Hafnarfirði	82,4	603,9		24,1	1,0	711,4	716,2	-4,8
02-541	**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík**	**0,4**	**28,1**		**2,6**		**31,1**	**31,0**	**0,1**
541-1.01	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	0,4	28,1		2,6		31,1	31,0	0,1
02-551	**Hússtjórnarskólinn Hallormsstað**	**0,3**	**27,1**		**2,7**		**30,1**	**27,8**	**2,3**
551-1.01	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	0,3	27,1		2,7		30,1	27,8	2,3
02-581	**Verslunarskóli Íslands**		**953,1**		**42,8**		**995,9**	**995,9**	
581-1.01	Verslunarskóli Íslands		953,1		42,8		995,9	995,9	

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-720	**Grunnskólar, almennt**	**-12,5**	**211,0**	**-22,0**	**0,4**		**176,9**	**104,7**	**72,2**
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	-9,3	75,4	-12,0			54,1	5,2	48,9
720-1.34	Sprotasjóður	-11,8	59,2	-10,0	0,3		37,7	16,6	21,1
720-1.37	Endurmenntun	8,8	23,7		0,1		32,6	30,2	2,4
720-1.70	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósı	-0,2	52,7				52,5	52,7	-0,2
02-725	**Námsgagnastofnun**	**30,2**	**436,8**		**0,9**		**467,9**	**434,1**	**33,8**
725-1.01	Námsgagnastofnun	30,2	436,8		0,9		467,9	434,1	33,8
02-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		**6.985,0**	**315,0**			**7.300,0**	**6.995,7**	**304,3**
872-1.01	Lánasjóður íslenskra námsmanna		6.985,0	315,0			7.300,0	6.995,7	304,3
02-884	**Jöfnun á námskostnaði**	**45,0**	**700,2**	**-50,0**			**695,2**	**604,5**	**90,7**
884-1.01	Jöfnun á námskostnaði	23,8	638,7	-50,0			612,5	546,9	65,6
884-1.10	Skólaakstur	21,2	61,5				82,7	57,6	25,1
02-901	**Fornleifavernd ríkisins**	**1,9**	**91,9**	**1,3**	**0,7**		**95,8**	**92,1**	**3,7**
901-1.01	Fornleifavernd ríkisins	1,9	91,9	1,3	0,7		95,8	92,1	3,7
02-902	**Þjóðminjasafn Íslands**	**55,5**	**463,6**	**-5,0**	**2,1**		**516,2**	**467,1**	**49,1**
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	24,4	345,1		2,1		371,6	346,4	25,2
902-1.10	Byggða- og minjasöfn	10,5	48,5				59,0	39,9	19,1
902-5.21	Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	20,6	70,0	-5,0			85,6	80,8	4,8
02-903	**Þjóðskjalasafn Íslands**	**83,5**	**298,8**		**1,6**		**383,9**	**415,2**	**-31,3**
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	73,7	283,7		1,5		358,9	390,4	-31,5
903-1.11	Héraðsskjalasöfn	9,8	15,1		0,1		25,0	24,8	0,2
02-904	**Þjóðmenningarhúsið**	**16,1**		**101,5**	**1,0**		**118,6**	**109,3**	**9,3**
904-1.01	Þjóðmenningarhúsið	10,1		101,5	1,0		112,6	109,3	3,3
904-5.21	Fasteignir	6,0					6,0		6,0

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-905	**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**	**41,0**	**664,2**		**61,7**		**766,9**	**713,2**	**53,7**
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	41,0	664,2		61,7		766,9	713,2	53,7
02-906	**Listasafn Einars Jónssonar**	**10,2**	**17,9**		**0,1**		**28,2**	**18,7**	**9,5**
906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	10,2	17,9		0,1		28,2	18,7	9,5
02-907	**Listasafn Íslands**	**-3,4**	**165,4**		**2,5**		**164,5**	**171,9**	**-7,4**
907-1.01	Listasafn Íslands	-22,4	159,7		2,5		139,8	160,0	-20,2
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	19,0	5,7				24,7	11,9	12,8
02-908	**Kvikmyndasafn Íslands**	**4,8**	**52,5**		**2,3**		**59,6**	**50,3**	**9,3**
908-1.01	Kvikmyndasafn Íslands	4,8	52,5		2,3		59,6	50,3	9,3
02-909	**Blindrabókasafn Íslands**	**-11,9**	**83,4**		**9,4**		**80,9**	**82,2**	**-1,3**
909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	-11,9	83,4		9,4		80,9	82,2	-1,3
02-911	**Náttúruminjasafn Íslands**	**3,1**	**26,9**		**0,1**		**30,1**	**23,1**	**7,0**
911-1.01	Náttúruminjasafn Íslands	3,1	26,9		0,1		30,1	23,1	7,0
02-913	**Gljúfrasteinn - Hús skáldsins**	**17,4**		**35,0**	**0,2**		**52,6**	**32,9**	**19,7**
913-1.01	Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	-1,7		32,5	0,2		31,0	29,0	2,0
913-5.21	Viðhald	6,3		2,5			8,8	3,9	4,9
913-6.21	Framkvæmdir	12,8					12,8		12,8
02-918	**Safnasjóður**	**2,9**	**105,9**		**0,1**		**108,9**	**104,7**	**4,2**
918-1.10	Safnasjóður	2,9	105,9		0,1		108,9	104,7	4,2
02-919	**Söfn, ýmis framlög**	**94,7**	**315,0**	**18,0**	**-10,0**		**417,7**	**329,6**	**88,1**
919-1.10	Listasafn ASÍ		3,0				3,0	3,0	
919-1.11	Nýlistasafn		8,9				8,9	8,9	
919-1.12	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar		9,4				9,4	9,4	
919-1.14	Hönnunarmiðstöð Íslands		10,0		-10,0				

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
919-1.15	Hönnunarsafn Íslands		10,3				10,3	10,3	
919-1.90	Söfn, ýmis framlög	7,3	51,5	8,0			66,8	60,5	6,3
919-1.98	Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	70,4	109,9	10,0			190,3	120,5	69,8
919-6.45	Víkinganaust í Reykjanesbæ		20,0				20,0	20,0	
919-6.90	Söfn, ýmis stofnkostnaður	17,0	92,0				109,0	97,0	12,0
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaðu**	**644,3**	**275,9**	**6,2**			**926,4**	**527,0**	**399,4**
969-6.03	Þjóðskjalasafn Íslands	10,2	20,0				30,2	40,5	-10,3
969-6.21	Endurbætur menningarstofnana	-16,6	54,9		0,7		39,0	6,7	32,3
969-6.23	Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík	5,4	50,0				55,4	50,0	5,4
969-6.73	Þjóðleikhúsið	8,1	20,0				28,1	21,0	7,1
969-6.82	Geymsluhúsnæði safna	70,0	70,0	-21,0			119,0	0,3	118,7
969-6.83	Lækningaminjasafn Íslands		25,0				25,0	25,0	
969-6.95	Menningarhús	560,0	8,0	30,0	-0,7		597,3	365,0	232,3
969-6.96	Byggðasöfn	7,2	28,0	-2,8			32,4	18,5	13,9
02-971	**Ríkisútvarpið**		**2.945,0**	**570,0**			**3.515,0**	**3.575,0**	**-60,0**
971-1.10	Ríkisútvarpið		2.945,0	570,0			3.515,0	3.575,0	-60,0
02-972	**Íslenski dansflokkurinn**	**10,9**	**121,9**		**0,7**		**133,5**	**122,5**	**11,0**
972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	10,9	121,9		0,7		133,5	122,5	11,0
02-973	**Þjóðleikhúsið**	**-7,3**	**719,8**		**6,6**		**719,1**	**716,2**	**2,9**
973-1.01	Þjóðleikhúsið	-7,3	719,8		6,6		719,1	716,2	2,9
02-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**	**-37,1**	**652,2**		**19,0**	**3,0**	**637,1**	**668,9**	**-31,8**
974-1.01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	-37,1	652,2		19,0	3,0	637,1	668,9	-31,8
02-977	**Höfundarréttargjöld**		**98,0**			**-45,0**	**53,0**	**53,0**	
977-1.11	Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélag		77,0			-33,4	43,6	43,6	
977-1.13	Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - My		15,9			-13,5	2,4	2,4	

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
977-1.14	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við		1,0				1,0	1,0	
977-1.15	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við j		4,1			1,9	6,0	6,0	
02-978	**Listasjóðir**	**135,4**	**362,4**		**2,8**		**500,6**	**332,9**	**167,7**
978-1.01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	135,4	362,4		2,8		500,6	332,9	167,7
02-979	**Húsafriðunarnefnd**	**16,7**	**148,5**		**0,5**		**165,7**	**157,9**	**7,8**
979-1.01	Húsafriðunarnefnd	-47,5	28,7		0,5		-18,3	29,5	-47,8
979-6.10	Húsafriðunarsjóður	64,2	119,8				184,0	128,4	55,6
02-980	**Listskreytingasjóður**	**10,1**	**7,1**				**17,2**	**9,7**	**7,5**
980-6.01	Listskreytingasjóður	10,1	7,1				17,2	9,7	7,5
02-981	**Kvikmyndamiðstöð Íslands**	**241,0**	**667,7**		**0,3**		**909,0**	**817,6**	**91,4**
981-1.01	Kvikmyndamiðstöð Íslands	23,2	77,7		0,3		101,2	109,4	-8,2
981-1.10	Kvikmyndasjóðir	217,8	590,0				807,8	708,2	99,6
02-982	**Listir, framlög**	**147,3**	**918,6**		**54,0**		**1.119,9**	**1.029,7**	**90,2**
982-1.14	Bókasafnssjóður höfunda		30,0				30,0	30,0	
982-1.17	Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	7,0	18,0		3,0		28,0	28,0	
982-1.18	Bókmenntasjóður	64,0	50,0				114,0	70,3	43,7
982-1.22	Starfsemi áhugaleikfélaga		25,9		3,0		28,9	28,9	
982-1.23	Bandalag íslenskra leikfélaga		7,5				7,5	7,5	
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa	5,3	71,1				76,4	69,0	7,4
982-1.25	Tónlistarsjóður	2,6	54,0				56,6	51,7	4,9
982-1.27	Tónlist fyrir alla		7,9				7,9	7,9	
982-1.28	Barnamenningarsjóður	3,2	4,9				8,1	2,0	6,1
982-1.29	Íslenska tónverkamiðstöðin		12,6				12,6	12,6	
982-1.30	Íslenska óperan		175,7				175,7	175,7	
982-1.45	Samningar við sveitarfélög um menningarmál		279,0		68,0		347,0	347,0	
982-1.57	Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011	56,9	25,0				81,9	61,0	20,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
982-1.70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþ	1,8	50,4				52,2	52,2	
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila	0,5					0,5	0,2	0,3
982-1.80	Listahátíð í Reykjavík		36,0				36,0	36,0	
982-1.90	Listir	4,3	52,2				56,5	49,7	6,8
982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt	1,7	18,4		-20,0		0,1		0,1
02-983	**Ýmis fræðistörf**	**26,7**	**143,3**	**3,5**	**0,2**		**173,7**	**146,8**	**26,9**
983-1.10	Fræðistörf	2,3	12,1		-2,8		11,6	9,9	1,7
983-1.11	Styrkir til útgáfumála	4,9	41,6				46,5	40,1	6,4
983-1.17	Launasjóður höfunda fræðirita	-1,5	13,3		0,1		11,9	12,7	-0,8
983-1.20	Iðnsaga Íslands	12,8	0,1		-4,0		8,9	0,9	8,0
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands	5,8	2,8				8,6	4,0	4,6
983-1.23	Hið íslenska bókmenntafélag		10,0				10,0	10,0	
983-1.52	Skriðuklaustur	-9,4	20,2	3,5	6,9		21,2	23,8	-2,6
983-1.53	Snorrastofa		20,7				20,7	20,7	
983-1.54	Fornleifasjóður	11,8	22,5				34,3	24,7	9,6
02-984	**Norræn samvinna**	**8,6**	**23,5**				**32,1**	**20,3**	**11,8**
984-1.90	Norræn samvinna		9,0				9,0	9,0	
984-1.98	Ýmis verkefni menntamálaráðuneytis á sviði norr	8,6	14,5				23,1	11,3	11,8
02-985	**Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir**	**-68,9**	**1.540,0**		**186,0**		**1.657,1**	**1.845,6**	**-188,5**
985-1.01	Landsskrifstofa menntaáætlana ESB		24,6				24,6		24,6
985-1.90	Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB	-68,9	45,5		0,1		-23,3	55,6	-78,9
985-1.91	Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og		1.469,9		185,9		1.655,8	1.790,0	-134,2
02-988	**Æskulýðsmál**	**23,9**	**226,9**				**250,8**	**235,0**	**15,8**
988-1.10	Æskulýðsráð ríkisins	4,5	2,9				7,4	9,6	-2,2
988-1.12	Ungmennafélag Íslands		115,1				115,1	115,1	
988-1.13	Bandalag íslenskra skáta		33,6				33,6	33,6	
988-1.14	Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni		4,0				4,0	4,0	

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
988-1.15	Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi		4,0				4,0	4,0	
988-1.17	Landssamband KFUM og KFUK		33,6				33,6	33,6	
988-1.18	Æskulýðsrannsóknir	4,6	6,7				11,3	7,9	3,4
988-1.19	Æskulýðssjóður	14,8	8,8				23,6	8,9	14,7
988-1.90	Æskulýðsmál		18,2				18,2	18,3	-0,1
02-989	**Ýmis íþróttamál**	**40,9**	**400,0**				**440,9**	**420,7**	**20,2**
989-1.10	Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	4,0	177,9				181,9	181,9	
989-1.11	Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands		60,0				60,0	60,0	
989-1.12	Ólympíunefnd fatlaðra		3,0				3,0	3,0	
989-1.14	Íþróttasamband fatlaðra		22,6				22,6	22,6	
989-1.15	Skólaíþróttir	1,0	3,0		-0,9		3,1	2,0	1,1
989-1.16	Íþróttasjóður	7,1	17,9				25,0	16,6	8,4
989-1.17	Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri		3,8				3,8		3,8
989-1.20	Glímusamband Íslands		6,4				6,4	6,4	
989-1.21	Skáksamband Íslands		16,8				16,8	16,8	
989-1.22	Launasjóður stórmeistara í skák		18,1				18,1	18,9	-0,8
989-1.25	Skákskóli Íslands		8,5				8,5	8,5	
989-1.29	Afrekssjóður ÍSÍ		30,0				30,0	30,0	
989-1.30	Bridgesamband Íslands		13,5				13,5	13,5	
989-1.31	Lyfjaeftirlit		12,0				12,0	12,0	
989-1.90	Ýmis íþróttamál	18,8	6,5		0,9		26,2	24,5	1,7
989-6.56	Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði	10,0					10,0	4,0	6,0
02-995	**Tungutækni**							**0,4**	**-0,4**
995-6.51	Verkefnissjóður tungutækni							0,4	-0,4
02-999	**Ýmislegt**	**185,5**	**473,3**	**-29,6**	**26,8**		**656,0**	**543,5**	**112,5**
999-1.13	Útvarpsréttarnefnd	4,1	11,0		0,1		15,2	19,3	-4,1
999-1.81	Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Same		4,3				4,3	2,4	1,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
999-1.90	Ýmis framlög	31,7	116,7		10,1		158,5	142,8	15,7
999-1.98	Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	85,8	138,2	-15,0	5,1		214,1	146,7	67,4
999-6.90	Ýmis stofnkostnaðarframlög	69,7	203,1	-14,6			258,2	227,0	31,2
999-6.91	Þróunarmál í upplýsingatækni	-5,8			11,5		5,7	5,3	0,4
03 Utanríkisráðuneyti		***633,6***	***12.256,9***	***-1.001,6***	***791,5***	***28,5***	***12.708,9***	***11.761,3***	***947,6***
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**35,9**	**1.030,4**	**75,8**	**16,1**		**1.158,2**	**1.093,6**	**64,6**
101-1.01	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	35,9	1.030,4	75,8	16,1		1.158,2	1.099,0	59,2
101-6.01	Tæki og búnaður							-5,4	5,4
03-111	**Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis**	**16,0**	**164,5**	**50,0**	**1,1**		**231,6**	**182,2**	**49,4**
111-1.01	Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	16,0	164,5	50,0	1,1		231,6	182,2	49,4
03-190	**Ýmis verkefni**	**67,2**	**120,3**		**52,8**		**240,3**	**101,3**	**139,0**
190-1.11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	-3,1	6,0				2,9	5,4	-2,5
190-1.13	Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EI	-3,5	2,5				-1,0	1,7	-2,7
190-1.15	Heimssýning í Aichi í Japan	3,8					3,8	0,3	3,5
190-1.16	Heimssýningin EXPO 2010 í Shanghai í Kína	70,0	70,0		52,7		192,7	73,3	119,4
190-1.21	Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	2,2	2,7				4,9	2,7	2,2
190-1.23	Mannréttindamál	1,2	4,0				5,2	4,3	0,9
190-1.24	Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptah		7,4				7,4	3,0	4,4
190-1.25	Hafréttarstofnun Íslands	0,6	6,7				7,3	6,7	0,6
190-1.26	Nám í heimskautarétti		6,2				6,2		6,2
190-1.31	Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	1,3	14,8		0,1		16,2	1,4	14,8
190-1.90	Ýmis verkefni	-5,3					-5,3	2,5	-7,8
03-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
03-213	**Varnarmál**	**10,5**			**12,8**		**23,3**	**23,0**	**0,3**
213-1.01	Varnarmál	10,5			12,8		23,3	23,0	0,3
03-214	**Varnarmálastofnun**		**1.227,0**	**-50,0**	**-9,0**		**1.168,0**	**1.071,0**	**97,0**
214-1.01	Varnarmálastofnun		1.197,0	-50,0	-9,0		1.138,0	1.043,6	94,4
214-6.01	Tæki og búnaður		30,0				30,0	27,4	2,6
03-300	**Sendiráð Íslands**	**68,7**	**4.539,3**	**-1.992,0**	**370,3**		**2.986,3**	**2.845,7**	**140,6**
300-1.01	Sendiráð Íslands	21,2	2.469,3	-10,0	370,3		2.850,8	2.812,1	38,7
300-5.21	Viðhald fasteigna	37,1	45,0				82,1	13,3	68,8
300-6.01	Tæki og búnaður	10,4	43,0				53,4	11,4	42,0
300-6.21	Fasteignir		1.982,0	-1.982,0				8,8	-8,8
300-6.25	Sendiherrabústaður í Berlín							0,1	-0,1
03-390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**	**-8,2**	**1.642,7**	**-20,0**	**127,3**		**1.741,8**	**1.697,9**	**43,9**
390-1.01	Almennur rekstur	-30,1	118,7	-10,0	26,2		104,8	108,4	-3,6
390-1.11	Þróunaraðstoð	21,9	1.524,0	-10,0	101,1		1.637,0	1.589,5	47,5
03-391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**	**278,0**	**1.731,6**	**-100,0**	**94,7**		**2.004,3**	**1.689,6**	**314,7**
391-1.10	Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	60,5	232,4	-12,0			280,9	206,9	74,0
391-1.11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóð		9,2		0,7		9,9	10,4	-0,5
391-1.12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP		42,6		3,1		45,7	30,0	15,7
391-1.13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF		149,8		10,8		160,6	158,2	2,4
391-1.15	Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	8,1	182,0	-8,0			182,1	174,0	8,1
391-1.21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þró	53,4	133,8		9,6		196,8	153,3	43,5
391-1.22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Her	40,6					40,6	24,6	16,0
391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð	22,5	379,3	-40,0	27,2		389,0	349,0	40,0
391-1.90	Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	92,9	602,5	-40,0	43,3		698,7	583,2	115,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
03-401	**Alþjóðastofnanir**	**165,5**	**1.395,9**	**1.078,9**	**130,4**		**2.770,7**	**2.672,6**	**98,1**
401-1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN		100,5		7,2		107,7	102,3	5,4
401-1.11	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar			218,9	30,2		249,1	175,9	73,2
401-1.13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UN		16,6		1,2		17,8	7,9	9,9
401-1.15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA		13,7		1,0		14,7	26,4	-11,7
401-1.16	Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO		5,8		1,1		6,9	9,5	-2,6
401-1.19	Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (WB)	32,5					32,5		32,5
401-1.35	Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið		11,3		1,5		12,8	9,1	3,7
401-1.39	Evrópuráðið		60,1		8,2		68,3	79,9	-11,6
401-1.40	Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD		72,5		9,9		82,4	152,9	-70,5
401-1.41	Atlantshafsbandalagið, NATO		87,6		11,9		99,5	176,6	-77,1
401-1.70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA		82,5		11,3		93,8	133,6	-39,8
401-1.71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA		131,9		18,1		150,0	179,5	-29,5
401-1.72	EFTA-dómstóllinn		43,0		5,9		48,9	53,0	-4,1
401-1.73	Þróunarsjóður EFTA		88,7	860,0			948,7	920,7	28,0
401-1.75	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE		45,3		6,2		51,5	29,5	22,0
401-1.81	Samningur um bann við tilraunum með kjarnavop		2,3		0,2		2,5	3,5	-1,0
401-1.85	Alþjóðleg friðargæsla		260,4		14,5		274,9	258,0	16,9
401-1.87	Íslensk friðargæsla	133,0	313,7		2,0		448,7	354,3	94,4
401-1.91	Átak í lækkun skulda þróunarríkja		60,0				60,0		60,0
03-611	**Útflutningsráð Íslands**		**400,2**	**-44,3**		**28,5**	**384,4**	**384,4**	
611-1.10	Útflutningsráð Íslands		400,2	-44,3		28,5	384,4	384,4	
04	***Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti***	***2.464,4***	***17.546,8***	***1.621,4***	***35,7***	***141,1***	***21.809,4***	***18.985,5***	***2.823,9***
04-101	**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalsl**	**45,0**	**479,7**	**-8,0**	**2,5**		**519,2**	**450,4**	**68,8**
101-1.01	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifs	45,0	479,7	-8,0	2,5		519,2	450,4	68,8

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
04-190	**Ýmis verkefni**	**77,1**	**384,7**	**-15,0**	**23,1**		**469,9**	**387,5**	**82,4**
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	8,0	1,8		-9,8			0,3	-0,3
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	-3,3	2,0		9,8		8,5	7,3	1,2
190-1.21	Landþurrkun		4,5				4,5	4,5	
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilrauni	30,0	38,6	-5,0	-10,7		52,9	17,8	35,1
190-1.33	Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins		20,6	-5,0	1,5		17,1		17,1
190-1.34	Eldi sjávardýra	0,4	19,1				19,5	19,1	0,4
190-1.35	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	1,7	16,0				17,7	15,5	2,2
190-1.36	Matvælasetur	0,4	6,8		0,1		7,3	7,2	0,1
190-1.49	Úrskurðarnefndir	-1,4	0,8		3,5		2,9	4,7	-1,8
190-1.51	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO		7,1		0,8		7,9	10,6	-2,7
190-1.52	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMC		13,1		2,6		15,7	18,7	-3,0
190-1.53	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, IC		50,5		5,3		55,8	55,1	0,7
190-1.54	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC		11,0		0,5		11,5	12,1	-0,6
190-1.90	Ýmis verkefni		55,8		19,5		75,3	66,3	9,0
190-1.98	Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðune	32,0	132,0				164,0	144,1	19,9
190-6.41	Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum		5,0	-5,0					
190-6.42	Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna	9,3					9,3	4,2	5,1
04-199	**Ráðstöfunarfé**		**9,0**		**-8,8**		**0,2**		**0,2**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		9,0		-8,8		0,2		0,2
04-215	**Fiskistofa**	**42,7**	**815,2**	**-18,0**	**5,1**	**13,2**	**858,2**	**729,9**	**128,3**
215-1.01	Fiskistofa	42,7	815,2	-18,0	5,1	13,2	858,2	723,8	134,4
215-6.11	Bifreiðar							6,1	-6,1
04-217	**Verðlagsstofa skiptaverðs**	**11,1**	**15,4**		**0,1**		**26,6**	**25,2**	**1,4**
217-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs	11,1	15,4		0,1		26,6	25,2	1,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
04-234	**Matvælastofnun**	**27,8**	**970,2**	**-17,0**	**4,3**	**25,9**	**1.011,2**	**941,2**	**70,0**
234-1.01	Matvælastofnun	-1,1	966,2	-17,0	4,3	25,9	978,3	937,1	41,2
234-5.90	Dýralæknisbústaðir	28,9	4,0				32,9	1,0	31,9
234-6.11	Bifreiðar							3,1	-3,1
04-331	**Héraðs- og Austurlandsskógar**	**25,3**	**134,9**		**0,3**		**160,5**	**133,7**	**26,8**
331-1.01	Héraðs- og Austurlandsskógar	25,3	134,9		0,3		160,5	133,7	26,8
04-332	**Suðurlandsskógar**	**-4,3**	**108,0**		**0,3**		**104,0**	**99,4**	**4,6**
332-1.01	Suðurlandsskógar	-4,3	108,0		0,3		104,0	99,4	4,6
04-334	**Vesturlandsskógar**	**6,9**	**58,8**		**0,1**		**65,8**	**47,5**	**18,3**
334-1.01	Vesturlandsskógar	6,9	58,8		0,1		65,8	45,0	20,8
334-6.11	Bifreiðar							2,5	-2,5
04-335	**Skjólskógar á Vestfjörðum**	**2,1**	**46,0**		**0,1**		**48,2**	**45,7**	**2,5**
335-1.01	Skjólskógar á Vestfjörðum	2,1	46,0		0,1		48,2	45,7	2,5
04-336	**Norðurlandsskógar**	**4,3**	**99,8**		**0,3**		**104,4**	**102,8**	**1,6**
336-1.01	Norðurlandsskógar	4,3	99,8		0,3		104,4	102,8	1,6
04-401	**Hafrannsóknastofnunin**	**101,6**	**1.514,0**	**5,0**	**6,1**		**1.626,7**	**1.522,4**	**104,3**
401-1.01	Hafrannsóknastofnunin	101,6	1.514,0	5,0	6,1		1.626,7	1.522,4	104,3
04-405	**Veiðimálastofnun**	**19,9**	**101,0**		**0,6**		**121,5**	**99,9**	**21,6**
405-1.01	Veiðimálastofnun	19,9	101,0		0,6		121,5	98,7	22,8
405-6.11	Bifreiðar							1,2	-1,2
04-411	**Matvælarannsóknir**	**15,0**	**437,8**	**-7,0**			**445,8**	**416,7**	**29,1**
411-1.01	Matvælarannsóknir	15,0	437,8	-7,0			445,8	416,7	29,1

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
04-413	**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**	**397,1**	**35,0**			**-13,5**	**418,6**	**-214,0**	**632,6**
413-1.10	Verkefnasjóður sjávarútvegsins	397,1	35,0			-13,5	418,6	-214,0	632,6
04-414	**Sjávarspendýrasjóður**	**3,1**					**3,1**	**-0,4**	**3,5**
414-1.10	Sjávarspendýrasjóður	3,1					3,1	-0,4	3,5
04-415	**Sjóður til síldarrannsókna**	**197,4**					**197,4**	**-17,1**	**214,5**
415-1.10	Sjóður til síldarrannsókna	197,4					197,4	-17,1	214,5
04-416	**Veiðarfærarannsóknir**	**4,7**					**4,7**		**4,7**
416-1.10	Veiðarfærarannsóknir	4,7					4,7		4,7
04-417	**Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfa**	**5,8**	**335,0**				**340,8**	**328,5**	**12,3**
417-1.10	Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	5,8	335,0				340,8	328,5	12,3
04-421	**Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins**	**42,5**	**10,4**				**52,9**	**6,3**	**46,6**
421-1.01	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	11,0					11,0	3,4	7,6
421-6.10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	31,5	10,4				41,9	2,9	39,0
04-423	**Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**	**20,5**	**60,8**		**0,4**		**81,7**	**59,2**	**22,5**
423-1.01	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	20,5	60,8		0,4		81,7	59,2	22,5
04-426	**Húsbyggingarsjóður**	**190,0**					**190,0**	**-21,5**	**211,5**
426-1.10	Húsbyggingarsjóður	190,0					190,0	-21,5	211,5
04-481	**Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar**		**168,5**		**0,7**		**169,2**	**168,0**	**1,2**
481-1.01	Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar		168,5		0,7		169,2	168,0	1,2
04-483	**Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar**	**5,0**	**63,3**		**0,3**		**68,6**	**63,4**	**5,2**
483-1.11	Bændur græða landið	5,0	37,9		0,2		43,1	33,0	10,1
483-1.15	Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar		25,4		0,1		25,5	30,4	-4,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
04-487	**Hagþjónusta landbúnaðarins**	**0,7**	**25,6**		**0,2**		**26,5**	**25,3**	**1,2**
487-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	0,7	25,6		0,2		26,5	25,3	1,2
04-801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**		**5.634,0**				**5.634,0**	**5.537,4**	**96,6**
801-1.01	Beinar greiðslur til bænda		4.589,0				4.589,0	4.589,0	
801-1.02	Lífeyrissjóður bænda		209,0				209,0	209,0	
801-1.05	Kynbóta- og þróunarstarfsemi		136,0				136,0	136,0	
801-1.06	Gripagreiðslur		542,0				542,0	542,0	
801-1.07	Óframleiðslutengdur stuðningur		158,0				158,0	61,4	96,6
04-805	**Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**	**-0,2**	**4.137,0**				**4.136,8**	**4.137,0**	**-0,2**
805-1.01	Beinar greiðslur til bænda		2.080,0				2.080,0	2.080,0	
805-1.02	Lífeyrissjóður bænda		116,0				116,0	116,0	
805-1.11	Gæðastýring	0,4	1.088,0				1.088,4	1.088,0	0,4
805-1.12	Ullarnýting		364,0				364,0	364,0	
805-1.13	Markaðsstarf og birgðahald		340,0				340,0	340,0	
805-1.14	Svæðisbundinn stuðningur		52,0				52,0	52,0	
805-1.15	Nýliðunar- og átaksverkefni	-0,6	97,0				96,4	97,0	-0,6
04-807	**Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu**	**17,3**	**413,0**				**430,3**	**431,9**	**-1,6**
807-1.01	Beinar greiðslur til bænda	24,8	223,1				247,9	247,3	0,6
807-1.05	Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	-10,2	161,3				151,1	153,3	-2,2
807-1.08	Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og er	2,7	28,6				31,3	31,3	
04-811	**Bændasamtök Íslands**		**617,8**	**-14,6**			**603,2**	**603,2**	
811-1.11	Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt		502,8	-14,6			488,2	488,2	
811-1.13	Þróunarverkefni og markaðsverkefni		115,0				115,0	115,0	
04-818	**Búnaðarsjóður**		**320,0**			**89,9**	**409,9**	**409,9**	
818-1.10	Búnaðarsjóður		320,0			89,9	409,9	409,9	

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
04-821	**Framleiðnisjóður landbúnaðarins**	**113,6**	**158,9**				**272,5**	**151,0**	**121,5**
821-1.01	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	113,6	158,9				272,5	151,0	121,5
04-824	**Verðmiðlun landbúnaðarvara**			**405,0**		**-0,9**	**404,1**	**404,1**	
824-1.10	Verðmiðlun landbúnaðarvara			93,0		-2,1	90,9	90,9	
824-1.11	Verðtilfærslugjald á mjólk			312,0		1,2	313,2	313,2	
04-827	**Fóðursjóður**		**115,0**	**1.285,0**		**10,3**	**1.410,3**	**1.410,3**	
827-1.10	Fóðursjóður		115,0	1.285,0		10,3	1.410,3	1.410,3	
04-828	**Garðávaxtasjóður**								
828-1.10	Garðávaxtasjóður								
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	**391,0**	**174,0**			**13,7**	**578,7**	**224,4**	**354,3**
831-6.20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	391,0	174,0			13,7	578,7	224,4	354,3
04-840	**Stuðningur við fiskeldi**	**170,0**					**170,0**	**166,1**	**3,9**
840-1.01	Stuðningur við fiskeldi	170,0					170,0	166,1	3,9
04-843	**Fiskræktarsjóður**	**358,1**	**11,0**			**2,5**	**371,6**	**-6,0**	**377,6**
843-1.10	Fiskræktarsjóður	358,1	11,0			2,5	371,6	-6,0	377,6
04-851	**Greiðslur vegna riðuveiki**		**52,0**				**52,0**	**13,8**	**38,2**
851-1.90	Greiðslur vegna riðuveiki		52,0				52,0	13,8	38,2
04-853	**Bjargráðasjóður**			**10,0**			**10,0**	**10,0**	
853-1.10	Bjargráðasjóður			10,0			10,0	10,0	
04-891	**Sérstakar greiðslur í landbúnaði**	**173,3**	**41,0**	**-4,0**			**210,3**	**92,4**	**117,9**
891-1.14	Átak í hrossarækt	14,4	25,0				39,4	27,4	12,0
891-1.91	Loðdýrafóður	13,9	16,0	-4,0			25,9	10,0	15,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
891-6.92	Bygging reiðhalla, reiðskemma og reiðskála	55,0					55,0	-35,0	90,0
891-6.93	Landsmótssvæði fyrir hestamenn að Gaddstaðaflö	90,0					90,0	90,0	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		***1.210,0***	***23.456,4***	***4.011,4***	***506,8***	***280,0***	***29.464,6***	***28.741,4***	***723,2***
06-101	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**11,0**	**365,8**	**-3,9**	**11,0**		**383,9**	**383,7**	**0,2**
101-1.01	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	11,0	365,8	-3,9	11,0		383,9	383,7	0,2
06-102	**Stjórnartíðindi**	**-0,8**				**21,5**	**20,7**	**27,3**	**-6,6**
102-1.01	Stjórnartíðindi	-0,8				21,5	20,7	27,3	-6,6
06-103	**Lagasafn**	**7,0**					**7,0**	**1,4**	**5,6**
103-1.10	Útgáfa lagasafns	7,0					7,0	1,4	5,6
06-106	**Þjóðskrá**	**-12,0**	**305,4**	**-5,4**	**8,3**	**45,7**	**342,0**	**296,8**	**45,2**
106-1.01	Þjóðskrá	-12,0	305,4	-5,4	8,3	45,7	342,0	296,8	45,2
06-111	**Kosningar**		**6,1**	**200,0**			**206,1**	**241,2**	**-35,1**
111-1.10	Kosningar		6,1	200,0			206,1	241,2	-35,1
06-190	**Ýmis verkefni**	**-23,6**	**224,5**	**51,7**	**9,2**	**1,0**	**262,8**	**252,7**	**10,1**
190-1.10	Fastanefndir	-5,7	28,2		1,3	1,0	24,8	23,2	1,6
190-1.11	Námsleyfi lögfræðinga	3,2	3,9				7,1	3,9	3,2
190-1.25	Tilkynningaskylda íslenskra skipa	-6,6	21,6		0,1		15,1	36,6	-21,5
190-1.26	Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	0,2	15,9		0,1		16,2	15,9	0,3
190-1.27	Slysavarnafélagið Landsbjörg		102,5	15,0			117,5	102,5	15,0
190-1.40	Alþjóðasamstarf		11,4		1,2		12,6	14,5	-1,9
190-1.45	Mannréttindamál	3,9	18,0				21,9	17,6	4,3
190-1.47	Íslensk ættleiðing		9,5				9,5	9,5	
190-1.48	Hollvinasamtök varðskipsins Óðins		5,0				5,0	5,0	
190-1.51	Innheimta meðlaga	-4,6	4,9				0,3	5,4	-5,1

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
190-1.82	Biblíuþýðingar		0,6				0,6	0,6	
190-1.90	Ýmislegt	9,6			7,0		16,6	9,4	7,2
190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	-23,6	3,0	36,7	-0,5		15,6	8,6	7,0
06-199	**Ráðstöfunarfé**		**8,0**		**-8,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		8,0		-8,0				
06-201	**Hæstiréttur**	**7,4**	**105,8**	**-1,9**	**0,5**		**111,8**	**112,1**	**-0,3**
201-1.01	Hæstiréttur	7,4	105,8	-1,9	0,5		111,8	112,1	-0,3
06-210	**Héraðsdómstólar**	**33,8**	**963,7**	**1,5**	**6,3**		**1.005,3**	**947,4**	**57,9**
210-1.01	Héraðsdómstólar	33,8	963,7	1,5	6,3		1.005,3	947,4	57,9
06-231	**Málskostnaður í opinberum málum**		**402,3**	**-20,0**			**382,3**	**515,5**	**-133,2**
231-1.10	Málskostnaður í opinberum málum		402,3	-20,0			382,3	515,5	-133,2
06-232	**Opinber réttaraðstoð**		**194,8**	**80,0**			**274,8**	**277,2**	**-2,4**
232-1.10	Opinber réttaraðstoð		186,5	80,0			266,5	266,4	0,1
232-1.15	Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasam		4,0				4,0	6,5	-2,5
232-1.16	Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana		4,3				4,3	4,3	
06-235	**Bætur brotaþola**		**60,0**	**-14,0**			**46,0**	**87,4**	**-41,4**
235-1.10	Bætur brotaþola		60,0	-14,0			46,0	87,4	-41,4
06-251	**Persónuvernd**	**7,5**	**68,9**	**-1,2**	**0,3**		**75,5**	**57,2**	**18,3**
251-1.01	Persónuvernd	7,5	68,9	-1,2	0,3		75,5	57,2	18,3
06-301	**Ríkissaksóknari**	**-5,1**	**129,3**		**5,8**		**130,0**	**131,1**	**-1,1**
301-1.05	Ríkissaksóknari	-5,1	129,3		5,8		130,0	131,1	-1,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	**-18,3**	**1.325,9**	**-23,6**	**27,3**		**1.311,3**	**1.293,7**	**17,6**
303-1.01	Ríkislögreglustjóri	-31,6	1.331,4	-23,6	27,3		1.303,5	1.307,7	-4,2
303-1.11	Rekstur lögreglubifreiða	-21,1	-151,6				-172,7	-96,9	-75,8
303-6.11	Bifreiðar	34,4	146,1				180,5	82,9	97,6
06-305	**Lögregluskóli ríkisins**	**21,1**	**233,4**	**-4,2**	**8,6**		**258,9**	**214,4**	**44,5**
305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	21,1	233,4	-4,2	8,6		258,9	214,4	44,5
06-309	**Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 13**		**50,0**	**235,3**	**3,5**		**288,8**	**227,0**	**61,8**
309-1.01	Sérstakur saksóknari		50,0	235,3	3,5		288,8	224,5	64,3
309-6.11	Bifreiðar							2,5	-2,5
06-310	**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**	**-162,4**	**3.208,7**	**-57,1**	**131,1**		**3.120,3**	**3.192,0**	**-71,7**
310-1.01	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	-162,4	3.208,7	-57,1	131,1		3.120,3	3.192,0	-71,7
06-312	**Lögreglustjórinn á Suðurnesjum**	**-187,5**	**915,0**		**58,6**		**786,1**	**949,0**	**-162,9**
312-1.01	Yfirstjórn	-447,9	191,2	14,2	502,9		260,4	187,9	72,5
312-1.20	Löggæsla	260,4	723,8	-14,2	-444,3		525,7	761,1	-235,4
06-325	**Samræmd neyðarsvörun**	**-21,5**	**308,5**				**287,0**	**275,1**	**11,9**
325-1.10	Samræmd neyðarsvörun	-21,5	308,5				287,0	275,1	11,9
06-341	**Áfengis- og fíkniefnamál**	**25,0**	**35,8**	**-20,0**	**-45,5**		**-4,7**		**-4,7**
341-1.25	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	25,0	35,8	-20,0	-45,5		-4,7		-4,7
06-390	**Ýmis löggæslu- og öryggismál**	**16,2**	**95,5**	**-1,7**	**-11,3**		**98,7**	**65,1**	**33,6**
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	9,8	52,5	-1,7	-11,3		49,3	9,2	40,1
390-1.17	Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftav	10,0	15,0				25,0	25,0	
390-1.18	Viðbótartryggingar lögreglumanna	-3,6	28,0				24,4	30,9	-6,5
06-391	**Húsnæði löggæslustofnana**	**17,9**	**10,0**		**-22,0**		**5,9**		**5,9**
391-6.21	Fasteignir	17,9	10,0		-22,0		5,9		5,9

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
06-395	**Landhelgisgæsla Íslands**	**-154,8**	**2.737,5**	**-34,2**	**201,1**	**2,7**	**2.752,3**	**2.627,5**	**124,8**
395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	-86,4	2.557,5	-34,2	166,1	2,7	2.605,7	2.527,1	78,6
395-5.41	Viðhald skipa og flugfarkosta	-68,4	180,0		35,0		146,6	92,1	54,5
395-6.01	Tæki og búnaður							8,3	-8,3
06-396	**Landhelgissjóður Íslands**	**1.045,4**	**401,1**	**3.115,0**			**4.561,5**	**4.509,2**	**52,3**
396-6.41	Landhelgissjóður Íslands	1.045,4	401,1	3.115,0			4.561,5	4.509,2	52,3
06-397	**Schengen-samstarf**	**59,6**	**106,1**		**0,1**		**165,8**	**102,5**	**63,3**
397-1.01	Schengen-samstarf	59,6	106,1		0,1		165,8	102,5	63,3
06-398	**Útlendingastofnun**	**-18,3**	**212,4**		**0,8**		**194,9**	**224,6**	**-29,7**
398-1.01	Útlendingastofnun	-18,3	212,4		0,8		194,9	224,6	-29,7
06-411	**Sýslumaðurinn í Reykjavík**	**6,8**	**332,4**	**-5,9**	**9,4**		**342,7**	**333,7**	**9,0**
411-1.01	Sýslumaðurinn í Reykjavík	6,8	332,4	-5,9	9,4		342,7	333,7	9,0
06-412	**Sýslumaðurinn á Akranesi**	**11,3**	**189,2**	**-3,4**	**7,5**		**204,6**	**190,1**	**14,5**
412-1.01	Yfirstjórn	7,3	81,0		1,1		89,4	76,9	12,5
412-1.20	Löggæsla	4,0	108,2	-3,4	6,4		115,2	113,2	2,0
06-413	**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**	**-5,3**	**171,3**	**-3,0**	**8,4**		**171,4**	**169,3**	**2,1**
413-1.01	Yfirstjórn	-2,4	65,9	-3,0	11,4		71,9	64,2	7,7
413-1.20	Löggæsla	-2,9	105,4		-3,0		99,5	105,1	-5,6
06-414	**Sýslumaður Snæfellinga**	**9,2**	**183,7**	**-3,3**	**2,6**		**192,2**	**179,0**	**13,2**
414-1.01	Yfirstjórn	10,3	86,2		0,6		97,1	79,7	17,4
414-1.20	Löggæsla	-1,1	97,5	-3,3	2,0		95,1	99,3	-4,2
06-415	**Sýslumaðurinn í Búðardal**	**2,4**	**27,3**	**-0,5**	**0,2**		**29,4**	**25,4**	**4,0**
415-1.01	Sýslumaðurinn í Búðardal	2,4	27,3	-0,5	0,2		29,4	25,4	4,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
06-416	**Sýslumaðurinn á Patreksfirði**	**1,1**	**37,7**	**-0,7**	**0,2**		**38,3**	**37,9**	**0,4**
416-1.01	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	1,1	37,7	-0,7	0,2		38,3	37,9	0,4
06-417	**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**	**0,1**	**26,4**	**-0,5**	**8,0**		**34,0**	**33,7**	**0,3**
417-1.01	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	0,1	26,4	-0,5	8,0		34,0	33,7	0,3
06-418	**Sýslumaðurinn á Ísafirði**	**-1,4**	**330,2**	**-5,9**	**4,9**		**327,8**	**322,1**	**5,7**
418-1.01	Yfirstjórn	-5,3	101,3		5,8		101,8	96,4	5,4
418-1.20	Löggæsla	3,9	228,9	-5,9	-0,9		226,0	225,7	0,3
06-419	**Sýslumaðurinn á Hólmavík**	**2,8**	**30,4**	**-0,5**	**0,2**		**32,9**	**29,2**	**3,7**
419-1.01	Sýslumaðurinn á Hólmavík	2,8	30,4	-0,5	0,2		32,9	29,2	3,7
06-420	**Sýslumaðurinn á Blönduósi**	**31,2**	**195,4**	**-3,5**	**2,6**		**225,7**	**189,7**	**36,0**
420-1.01	Yfirstjórn	4,3	59,7		0,5		64,5	58,9	5,6
420-1.05	Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	20,2	58,7		0,5		79,4	58,1	21,3
420-1.20	Löggæsla	6,7	77,0	-3,5	1,6		81,8	72,7	9,1
06-421	**Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**	**-2,2**	**153,3**	**-2,7**	**4,2**		**152,6**	**157,6**	**-5,0**
421-1.01	Yfirstjórn	0,8	67,8		0,4		69,0	66,0	3,0
421-1.20	Löggæsla	-3,0	85,5	-2,7	3,8		83,6	91,6	-8,0
06-422	**Sýslumaðurinn á Siglufirði**	**5,8**	**56,6**	**-1,0**	**-2,1**		**59,3**	**49,8**	**9,5**
422-1.01	Sýslumaðurinn á Siglufirði	5,8	56,6	-1,0	-2,1		59,3	49,8	9,5
06-424	**Sýslumaðurinn á Akureyri**	**15,8**	**507,1**	**-9,0**	**9,0**		**522,9**	**502,5**	**20,4**
424-1.01	Yfirstjórn	5,4	183,5		1,2		190,1	159,6	30,5
424-1.20	Löggæsla	10,4	323,6	-9,0	7,8		332,8	342,9	-10,1
06-425	**Sýslumaðurinn á Húsavík**	**1,2**	**185,5**	**-3,3**	**2,2**		**185,6**	**182,0**	**3,6**
425-1.01	Yfirstjórn	0,5	83,2		0,5		84,2	67,5	16,7
425-1.20	Löggæsla	0,7	102,3	-3,3	1,7		101,4	114,5	-13,1

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
06-426	**Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**	**20,0**	**182,7**	**-3,3**	**1,3**		**200,7**	**182,7**	**18,0**
426-1.01	Yfirstjórn	7,6	81,4	-3,3	0,6		86,3	74,4	11,9
426-1.20	Löggæsla	12,4	101,3		0,7		114,4	108,3	6,1
06-428	**Sýslumaðurinn á Eskifirði**	**25,0**	**258,5**	**-4,6**	**1,9**		**280,8**	**255,7**	**25,1**
428-1.01	Yfirstjórn	8,0	87,8		0,7		96,5	75,0	21,5
428-1.20	Löggæsla	17,0	170,7	-4,6	1,2		184,3	180,7	3,6
06-429	**Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**	**3,9**	**38,4**	**-0,7**	**0,2**		**41,8**	**36,6**	**5,2**
429-1.01	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	3,9	38,4	-0,7	0,2		41,8	36,6	5,2
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	**4,9**	**47,3**	**-0,8**	**0,2**	**2,5**	**54,1**	**40,8**	**13,3**
430-1.01	Yfirstjórn	2,7	24,9	-0,8	0,2		27,0	25,1	1,9
430-1.05	Lögbirtingablað	2,2	22,4			2,5	27,1	15,7	11,4
06-431	**Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**	**16,1**	**180,0**	**-3,2**	**2,3**		**195,2**	**173,0**	**22,2**
431-1.01	Yfirstjórn	5,8	69,0		0,4		75,2	64,1	11,1
431-1.20	Löggæsla	10,3	111,0	-3,2	1,9		120,0	108,9	11,1
06-432	**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**	**6,7**	**168,3**	**-3,0**	**1,0**		**173,0**	**167,7**	**5,3**
432-1.01	Yfirstjórn	2,5	77,3		0,5		80,3	71,5	8,8
432-1.20	Löggæsla	4,2	91,0	-3,0	0,5		92,7	96,2	-3,5
06-433	**Sýslumaðurinn á Selfossi**	**32,8**	**361,3**	**-6,4**	**9,1**		**396,8**	**388,6**	**8,2**
433-1.01	Yfirstjórn	4,9	138,5		-12,8		130,6	142,5	-11,9
433-1.20	Löggæsla	27,9	222,8	-6,4	21,9		266,2	246,1	20,1
06-434	**Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ**	**9,4**	**155,3**	**-2,8**	**1,1**		**163,0**	**153,5**	**9,5**
434-1.01	Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	9,4	155,3	-2,8	1,1		163,0	153,5	9,5
06-436	**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**	**11,4**	**202,4**	**-3,6**	**1,2**		**211,4**	**202,6**	**8,8**
436-1.01	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	11,4	202,4	-3,6	1,2		211,4	202,6	8,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
06-437	**Sýslumaðurinn í Kópavogi**	**11,6**	**184,7**	**-3,3**	**31,7**		**224,7**	**206,1**	**18,6**
437-1.01	Sýslumaðurinn í Kópavogi	11,6	184,7	-3,3	31,7		224,7	206,1	18,6
06-490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**	**48,5**	**132,0**		**-56,0**		**124,5**	**133,6**	**-9,1**
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	48,5	17,9		-56,0		10,4	7,7	2,7
490-1.30	Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur		114,1				114,1	125,9	-11,8
06-491	**Húsnæði og búnaður sýslumanna**	**54,6**	**24,5**	**-8,0**	**20,4**		**91,5**	**56,7**	**34,8**
491-5.01	Viðhald húseigna	29,7	5,0	-8,0	35,7		62,4	50,5	11,9
491-6.01	Tæki og búnaður	3,5	4,5		-0,3		7,7		7,7
491-6.28	Húsnæði sýslumannsins á Eskifirði	3,2	15,0		-15,0		3,2	0,4	2,8
491-6.60	Upplýsingakerfi sýslumanna	18,2					18,2	5,8	12,4
06-501	**Fangelsismálastofnun ríkisins**	**23,1**	**1.154,2**	**-20,5**	**7,5**		**1.164,3**	**1.095,7**	**68,6**
501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	-5,6	1.144,2	-20,5	2,0		1.120,1	1.086,5	33,6
501-5.01	Viðhald fangelsisbygginga	28,7	10,0		5,5		44,2		44,2
501-6.11	Bifreiðar							9,2	-9,2
06-591	**Fangelsisbyggingar**	**3,6**	**15,0**				**18,6**	**8,7**	**9,9**
591-6.10	Stofnframkvæmdir	3,6	15,0				18,6	8,7	9,9
06-601	**Fasteignaskrá Íslands**	**134,5**		**516,6**		**206,1**	**857,2**	**609,5**	**247,7**
601-1.01	Fasteignaskrá Íslands	134,5		516,6		206,1	857,2	609,5	247,7
06-701	**Þjóðkirkjan**	**-2,8**	**1.472,9**	**-26,2**	**35,6**		**1.479,5**	**1.487,9**	**-8,4**
701-1.01	Biskup Íslands	-2,8	1.430,8	-26,2	35,6		1.437,4	1.445,8	-8,4
701-6.21	Skálholtsstaður		11,4				11,4	11,4	
701-6.22	Hallgrímskirkja		17,8				17,8	17,8	
701-6.23	Hóladómkirkja		5,0				5,0	5,0	
701-6.25	Dómkirkjan í Reykjavík		5,4				5,4	5,4	
701-6.28	Þingeyraklausturskirkja		2,5				2,5	2,5	

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
06-705	**Kirkjumálasjóður**		**292,4**	**-11,2**			**281,2**	**279,6**	**1,6**
705-1.10	Kirkjumálasjóður		292,4	-11,2			281,2	279,6	1,6
06-707	**Kristnisjóður**	**2,8**	**94,5**		**-4,0**		**93,3**	**97,3**	**-4,0**
707-1.10	Kristnisjóður	2,8	94,5		-4,0		93,3	97,3	-4,0
06-733	**Kirkjugarðar**		**938,9**	**-20,0**	**8,9**		**927,8**	**918,9**	**8,9**
733-1.11	Kirkjugarðar		938,9	-20,0	8,9		927,8	918,9	8,9
06-735	**Sóknargjöld**		**2.273,0**	**-62,5**			**2.210,5**	**2.216,0**	**-5,5**
735-1.10	Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar		2.018,0	-61,7			1.956,3	1.955,0	1,3
735-1.20	Sóknargjöld til annarra trúfélaga		255,0	-0,8			254,2	261,0	-6,8
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**		**379,1**	**-14,0**			**365,1**	**361,7**	**3,4**
736-1.10	Jöfnunarsjóður sókna		379,1	-14,0			365,1	361,7	3,4
06-801	**Neytendastofa**	**76,3**		**219,1**	**1,3**	**0,5**	**297,2**	**241,4**	**55,8**
801-1.01	Neytendastofa	76,3		219,1	1,3	0,5	297,2	241,4	55,8
06-805	**Talsmaður neytenda**	**1,2**		**16,7**	**0,1**		**18,0**	**14,0**	**4,0**
805-1.01	Talsmaður neytenda	1,2		16,7	0,1		18,0	14,0	4,0
07	***Félags- og tryggingamálaráðuneyti***	***878,3***	***113.140,5***	***2.514,7***	***136,1***	***397,9***	***117.067,5***	***113.990,2***	***3.077,3***
07-101	**Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifsto**	**-4,4**	**333,9**		**2,1**		**331,6**	**340,2**	**-8,6**
101-1.01	Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-4,4	333,9		2,1		331,6	340,7	-9,1
101-6.10	Bifreiðar							-0,5	0,5
07-190	**Ýmis verkefni**	**28,8**	**194,3**	**-55,0**	**9,5**		**177,6**	**121,5**	**56,1**
190-1.10	Fastanefndir	8,4	46,5		0,3		55,2	57,1	-1,9
190-1.12	Eftirlit með greiðslum almannatrygginga	0,2	1,9				2,1		2,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
190-1.23	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	3,0	7,9				10,9	8,0	2,9
190-1.90	Ýmislegt	17,2	138,0	-55,0	9,2		109,4	56,4	53,0
07-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
07-205	**Leiguíbúðir**		**1.100,0**				**1.100,0**	**1.100,0**	
205-6.21	Leiguíbúðir		1.100,0				1.100,0	1.100,0	
07-207	**Varasjóður húsnæðismála**		**60,0**				**60,0**	**60,0**	
207-6.21	Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða		60,0				60,0	60,0	
07-302	**Ríkissáttasemjari**	**6,4**	**63,6**		**0,4**		**70,4**	**53,0**	**17,4**
302-1.01	Ríkissáttasemjari	6,4	63,6		0,4		70,4	53,0	17,4
07-313	**Jafnréttisstofa**	**19,2**	**66,0**		**0,4**		**85,6**	**36,4**	**49,2**
313-1.01	Jafnréttisstofa	19,2	66,0		0,4		85,6	36,4	49,2
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	**-3,7**	**473,9**		**2,8**	**16,0**	**489,0**	**494,7**	**-5,7**
331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	-3,7	473,9		2,8	16,0	489,0	492,9	-3,9
331-6.11	Bifreiðar							1,8	-1,8
07-400	**Barnaverndarstofa**	**8,4**	**968,1**		**5,0**		**981,5**	**924,8**	**56,7**
400-1.01	Almennur rekstur	3,4	513,8		2,4		519,6	486,1	33,5
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	5,0	454,3		2,6		461,9	425,3	36,6
400-6.11	Bifreiðar							13,4	-13,4
07-505	**Öldrunarstofnanir, almennt**	**540,8**	**562,3**				**1.103,1**	**771,2**	**331,9**
505-6.27	Jaðar, Ólafsvík	29,8		85,0			114,8	61,9	52,9
505-6.38	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri							-0,8	0,8
505-6.82	Hjúkrunarheimili í Kópavogi	366,3	350,0	-320,0			396,3	259,7	136,6
505-6.85	Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	14,0					14,0	0,1	13,9

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
505-6.86	Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	30,7	194,7	252,6			478,0	450,3	27,7
505-6.99	Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofn	100,0	17,6	-17,6			100,0		100,0
07-515	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	**172,8**	**1.368,1**	**-28,0**			**1.512,9**	**1.382,8**	**130,1**
515-5.21	Viðhald fasteigna öldrunarstofnana		233,2				233,2	233,2	
515-6.21	Stofnkostnaður og endurbætur	172,8	1.134,9	-28,0			1.279,7	1.149,6	130,1
07-700	**Málefni fatlaðra**	**58,5**	**383,1**	**-28,0**	**-103,2**		**310,4**	**151,2**	**159,2**
700-1.01	Stjórnarnefnd málefna fatlaðra	2,0	13,3				15,3	11,0	4,3
700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	1,6	18,0	-18,0	0,1		1,7		1,7
700-1.80	Starfsþjálfun	2,4	35,0		-32,4		5,0		5,0
700-1.81	Tölvumiðstöð fatlaðra		8,3		0,1		8,4	8,4	
700-1.83	Liðveisla við fólk sem er háð öndunarvélum		84,7		-24,5		60,2	3,3	56,9
700-1.90	Ýmis verkefni	52,5	223,8	-10,0	-46,5		219,8	128,5	91,3
07-701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**	**-1,6**	**3.044,2**		**42,1**		**3.084,7**	**3.016,0**	**68,7**
701-1.01	Almennur rekstur	-6,6	2.815,1		39,0		2.847,5	2.778,9	68,6
701-1.30	Verndaðir vinnustaðir	5,0	61,9		1,0		67,9	67,8	0,1
701-1.86	Samningur við Reykjavíkurborg um þjónustu við		167,2		2,1		169,3	169,3	
07-702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**	**-44,5**	**1.936,0**		**84,3**		**1.975,8**	**1.985,1**	**-9,3**
702-1.01	Almennur rekstur	-24,5	1.897,4		83,8		1.956,7	1.947,8	8,9
702-1.61	Dagvistun Keflavík	-7,0	25,6		0,4		19,0	22,8	-3,8
702-1.89	Þjónusta á vegum félagasamtaka	-13,0	13,0		0,1		0,1	14,5	-14,4
07-703	**Málefni fatlaðra, Vesturlandi**	**8,9**	**335,2**		**4,2**		**348,3**	**334,4**	**13,9**
703-1.01	Almennur rekstur	8,9	335,2		4,2		348,3	334,4	13,9
07-704	**Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**	**16,2**	**219,5**		**2,8**		**238,5**	**211,8**	**26,7**
704-1.01	Almennur rekstur	16,2	219,5		2,8		238,5	208,7	29,8
704-6.01	Tæki og búnaður							3,1	-3,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
07-705	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**	**0,1**	**388,2**		**5,8**		**394,1**	**397,6**	**-3,5**
705-1.10	Svæðisráð	0,1	1,6				1,7	1,2	0,5
705-1.86	Samningur við samtök sveitarfélaga á Norðurland		386,6		5,8		392,4	396,4	-4,0
07-706	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**	**-9,2**	**1.078,0**		**27,2**		**1.096,0**	**1.102,1**	**-6,1**
706-1.10	Svæðisráð	-2,5	1,7				-0,8	1,3	-2,1
706-1.85	Samningur við Norðurþing um þjónustu við fatlać	1,0	134,5		2,0		137,5	136,5	1,0
706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatl:	-7,7	941,8		25,2		959,3	964,3	-5,0
07-707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**	**3,2**	**350,0**		**11,6**		**364,8**	**330,4**	**34,4**
707-1.01	Almennur rekstur	3,2	317,0		11,3		331,5	292,9	38,6
707-1.30	Verndaðir vinnustaðir		2,0				2,0	6,2	-4,2
707-1.86	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjón		31,0		0,3		31,3	31,3	
07-708	**Málefni fatlaðra, Suðurlandi**	**1,4**	**589,2**		**9,7**		**600,3**	**573,9**	**26,4**
708-1.01	Almennur rekstur	1,2	430,4		7,8		439,4	413,2	26,2
708-1.72	Skaftholt	0,2	51,3		0,6		52,1	51,9	0,2
708-1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu vić		107,5		1,3		108,8	108,8	
07-711	**Styrktarfélag vangefinna**		**728,4**		**7,2**		**735,6**	**735,6**	
711-1.01	Styrktarfélag vangefinna		728,4		7,2		735,6	735,6	
07-720	**Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ**		**364,8**		**4,9**		**369,7**	**369,7**	
720-1.70	Vistheimilið Skálatúni		364,8		4,9		369,7	369,7	
07-722	**Sólheimar í Grímsnesi**		**268,0**		**3,4**		**271,4**	**271,4**	
722-1.70	Sólheimar í Grímsnesi		268,0		3,4		271,4	271,4	
07-750	**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**	**39,4**	**409,9**		**2,7**		**452,0**	**398,9**	**53,1**
750-1.01	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	39,4	409,9		2,7		452,0	398,9	53,1

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
07-755	**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og**	**1,7**	**314,0**	**-22,0**	**1,4**		**295,1**	**289,8**	**5,3**
755-1.01	Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjó	1,7	314,0	-22,0	1,4		295,1	289,8	5,3
07-795	**Framkvæmdasjóður fatlaðra**	**-56,6**	**679,1**			**10,2**	**632,7**	**639,6**	**-6,9**
795-1.01	Almennur rekstur	67,1	9,7		10,0		86,8	9,5	77,3
795-5.21	Viðhald fasteigna	-302,3	70,0		181,0		-51,3	38,1	-89,4
795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	178,6	599,4		-191,0	10,2	597,2	592,0	5,2
07-821	**Tryggingastofnun ríkisins**	**53,0**	**960,9**		**8,3**		**1.022,2**	**969,1**	**53,1**
821-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	45,0	908,8		8,3		962,1	907,7	54,4
821-6.01	Tæki og búnaður	8,0	52,1				60,1	61,4	-1,3
07-825	**Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**		**9.602,0**	**943,1**			**10.545,1**	**9.607,3**	**937,8**
825-1.11	Mæðra- og feðralaun		367,0	-30,0			337,0	334,0	3,0
825-1.15	Umönnunargreiðslur		1.373,0	127,0			1.500,0	1.482,9	17,1
825-1.21	Makabætur og umönnunarbætur		173,0				173,0	169,0	4,0
825-1.25	Dánarbætur		58,0				58,0	62,6	-4,6
825-1.31	Endurhæfingarlífeyrir		1.869,0	289,0			2.158,0	1.964,0	194,0
825-1.35	Barnalífeyrir vegna menntunar		110,0	10,0			120,0	123,2	-3,2
825-1.41	Heimilisuppbót		3.576,0	-637,6			2.938,4	2.863,6	74,8
825-1.51	Frekari uppbætur		1.752,0	-315,0			1.437,0	1.290,2	146,8
825-1.52	Sérstök uppbót lífeyrisþega			1.379,7			1.379,7	1.025,8	353,9
825-1.55	Uppbætur vegna bifreiðakaupa		324,0	120,0			444,0	292,0	152,0
07-827	**Lífeyristryggingar**		**54.937,0**	**-6.027,0**			**48.910,0**	**47.795,3**	**1.114,7**
827-1.11	Ellilífeyrir		9.545,0	-806,0			8.739,0	8.616,9	122,1
827-1.15	Örorkulífeyrir		6.922,0	192,0			7.114,0	7.137,5	-23,5
827-1.21	Tekjutrygging ellilífeyrisþega		18.836,0	-3.207,0			15.629,0	13.534,2	2.094,8
827-1.25	Tekjutrygging örorkulífeyrisþega		13.513,0	87,0			13.600,0	13.570,7	29,3
827-1.26	Sérstök viðbót ellilífeyrisþega		1.242,0	-1.242,0					

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
827-1.27	Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega		996,0	-996,0					
827-1.28	Vasapeningar ellilífeyrisþega		492,0	-170,0			322,0	142,4	179,6
827-1.29	Vasapeningar örorkulífeyrisþega		90,0				90,0	58,6	31,4
827-1.31	Örorkustyrkur		157,0	15,0			172,0	184,1	-12,1
827-1.35	Barnalífeyrir		2.658,0	100,0			2.758,0	2.727,3	30,7
827-1.91	Annað		486,0				486,0	1.823,6	-1.337,6
07-831	**Eftirlaunasjóður aldraðra**		**57,3**				**57,3**	**73,5**	**-16,2**
831-1.10	Eftirlaunasjóður aldraðra		57,3				57,3	73,5	-16,2
07-980	**Vinnumálastofnun**	**55,5**	**228,8**		**1,2**		**285,5**	**289,3**	**-3,8**
980-1.01	Vinnumálastofnun	55,5	228,8		1,2		285,5	289,3	-3,8
07-981	**Vinnumál**	**3,9**	**99,7**	**-13,0**	**0,5**		**91,1**	**89,0**	**2,1**
981-1.10	Félagsdómur	0,9	9,3		0,1		10,3	10,0	0,3
981-1.13	Kjararannsóknarnefnd	1,0	53,6		0,3		54,9	53,6	1,3
981-1.81	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO		15,2				15,2	14,9	0,3
981-1.90	Ýmislegt	2,0	21,6	-13,0	0,1		10,7	10,5	0,2
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**		**1.883,0**	**-25,0**		**84,2**	**1.942,2**	**2.158,3**	**-216,1**
982-1.01	Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota		1.883,0	-25,0		84,2	1.942,2	2.158,3	-216,1
07-983	**Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra ba**		**162,6**				**162,6**	**95,6**	**67,0**
983-1.11	Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðr		162,6				162,6	95,6	67,0
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		**17.703,6**	**7.826,6**		**175,5**	**25.705,7**	**25.489,6**	**216,1**
984-1.11	Atvinnuleysisbætur		17.570,0	7.680,0		175,5	25.425,5	25.210,4	215,1
984-1.15	Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar		360,6	56,6			417,2	439,7	-22,5
984-1.25	Styrkir til fiskvinnslustöðva		324,0				324,0	306,6	17,4
984-1.35	Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði		222,0				222,0	170,2	51,8

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
984-1.41	Framlög og styrkir		40,0				40,0	42,4	-2,4
984-1.45	Starfsmenntasjóður		60,0				60,0	87,9	-27,9
984-1.81	Vaxtatekjur		-873,0	90,0			-783,0	-767,6	-15,4
07-985	**Félagsmálaskóli alþýðu**		**26,6**				**26,6**	**26,6**	
985-1.10	Félagsmálaskóli alþýðu		22,1				22,1	22,1	
985-1.20	ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu		4,5				4,5	4,5	
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklin**							**-27,4**	**27,4**
987-1.10	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga							-27,4	27,4
07-989	**Fæðingarorlof**		**10.623,4**	**-70,0**		**112,0**	**10.665,4**	**10.765,7**	**-100,3**
989-1.01	Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar		94,4				94,4	94,4	
989-1.11	Fæðingarorlofssjóður		9.950,0	-70,0		112,0	9.992,0	10.134,3	-142,3
989-1.13	Foreldrar utan vinnumarkaðar		579,0				579,0	537,0	42,0
07-999	**Félagsmál, ýmis starfsemi**	**-19,9**	**572,8**	**13,0**	**6,8**		**572,7**	**566,2**	**6,5**
999-1.10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félags		35,5		0,2		35,7	66,1	-30,4
999-1.34	Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða		36,2		0,2		36,4	36,4	
999-1.35	Félag heyrnarlausra		9,2				9,2	9,2	
999-1.36	Félagið Geðhjálp		23,0				23,0	23,0	
999-1.37	Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	-1,0	12,0				11,0	11,0	
999-1.40	Kvennaathvarf í Reykjavík		43,1		0,3		43,4	43,4	
999-1.41	Stígamót		35,7		0,2		35,9	35,9	
999-1.43	Krossgötur, endurhæfingarheimili		26,8		0,1		26,9	26,9	
999-1.44	Athvarf fyrir heimilislausa		34,1	-6,0	0,2		28,3	28,5	-0,2
999-1.47	Félagsþjónusta við nýbúa	0,1	3,6				3,7	3,6	0,1
999-1.48	Fjölmenningarsetur á Ísafirði	-2,3	41,9		0,2		39,8	40,6	-0,8
999-1.49	Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna	-72,6	71,5		0,1		-1,0	-5,6	4,6
999-1.55	Átak í vímuvarnamálum		33,0				33,0	30,0	3,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
999-1.60	Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	4,8	19,9	40,0	0,3		65,0	76,4	-11,4
999-1.90	Ýmis framlög		89,6				89,6	90,2	-0,6
999-1.98	Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis	51,1	57,7	-21,0	5,0		92,8	50,6	42,2
08 Heilbrigðisráðuneyti		***-1.745,6***	***115.659,7***	***-385,5***	***2.483,4***	***84,9***	***116.096,9***	***118.429,3***	***-2.332,4***
08-101	**Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-19,1**	**546,8**		**20,1**		**547,8**	**519,0**	**28,8**
101-1.01	Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	-19,1	546,8		20,1		547,8	519,0	28,8
08-199	**Ráðstöfunarfé**		**8,0**		**-8,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		8,0		-8,0				
08-202	**Sjúkratryggingastofnun**	**65,5**	**510,3**		**4,0**		**579,8**	**546,9**	**32,9**
202-1.01	Sjúkratryggingastofnun	65,5	510,3		4,0		579,8	546,9	32,9
08-206	**Sjúkratryggingar**		**28.286,2**	**-414,0**	**1.126,0**		**28.998,2**	**30.837,6**	**-1.839,4**
206-1.11	Lækniskostnaður		5.485,0	46,0	-166,0		5.365,0	6.036,6	-671,6
206-1.15	Lyf		10.259,4	-230,0	530,0		10.559,4	10.743,4	-184,0
206-1.16	Lyf með S-merkingu		3.156,6		432,1		3.588,7	4.850,3	-1.261,6
206-1.21	Hjálpartæki		3.149,1	-120,0	174,3		3.203,4	2.766,1	437,3
206-1.25	Hjúkrun í heimahúsum		133,0		0,5		133,5	152,5	-19,0
206-1.31	Þjálfun		2.340,1	-110,0	32,6		2.262,7	2.224,2	38,5
206-1.35	Tannlækningar		1.666,4				1.666,4	1.370,3	296,1
206-1.41	Sjúkraflutningar og ferðir innan lands		335,2				335,2	345,6	-10,4
206-1.45	Brýn meðferð erlendis		1.145,4		97,9		1.243,3	1.688,7	-445,4
206-1.51	Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis		210,0		24,6		234,6	266,1	-31,5
206-1.55	Sjúkradagpeningar		243,0				243,0	180,5	62,5
206-1.91	Annað		163,0				163,0	213,3	-50,3

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-208	**Slysatryggingar**		**577,9**	**168,0**		**21,4**	**767,3**	**661,5**	**105,8**
208-1.11	Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar		137,9	58,0			195,9	145,7	50,2
208-1.15	Bætur til framfærslu		324,0	110,0			434,0	383,3	50,7
208-1.16	Kaup og aflahlutur sjómanna		50,0			21,4	71,4	35,4	36,0
208-1.21	Stjórnunarkostnaður		66,0				66,0	97,1	-31,1
08-209	**Sjúklingatrygging**		**120,1**				**120,1**	**97,4**	**22,7**
209-1.11	Sjúklingatrygging		120,1				120,1	97,4	22,7
08-301	**Landlæknir**	**27,8**	**317,9**	**-10,0**	**60,1**	**-2,0**	**393,8**	**345,2**	**48,6**
301-1.01	Landlæknir	27,8	317,9	-10,0	60,1	-2,0	393,8	345,2	48,6
08-305	**Lýðheilsustöð**	**13,8**	**325,5**	**8,3**	**1,1**	**7,0**	**355,7**	**324,9**	**30,8**
305-1.01	Lýðheilsustöð	-11,4	217,1	9,0	1,1		215,8	245,9	-30,1
305-1.90	Forvarnasjóður	25,2	108,4	-0,7		7,0	139,9	79,0	60,9
08-324	**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**	**-1,3**	**139,0**		**77,7**		**215,4**	**198,2**	**17,2**
324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	-8,3	138,0		77,7		207,4	197,5	9,9
324-6.10	Fasteign	7,0	1,0				8,0	0,7	7,3
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	**0,5**	**93,9**		**0,4**	**3,4**	**98,2**	**91,9**	**6,3**
327-1.01	Geislavarnir ríkisins	0,5	93,9		0,4	3,4	98,2	91,9	6,3
08-340	**Málefni fatlaðra**	**11,2**	**315,3**		**11,3**		**337,8**	**321,7**	**16,1**
340-1.10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatla		175,5		3,8		179,3	175,5	3,8
340-1.15	Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða		47,0		7,1		54,1	54,1	
340-1.20	Sjálfsbjörg Akureyri	-3,4	7,7				4,3	7,7	-3,4
340-1.30	Sumardvalarheimili í Reykjadal		25,6		0,1		25,7	25,6	0,1
340-1.40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Re		33,2		0,3		33,5	33,2	0,3
340-1.50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands		4,1				4,1	4,1	
340-1.60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands		8,4				8,4	8,4	

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
340-1.70	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Ak		6,7				6,7	6,7	
340-1.90	Ýmis starfsemi	3,9	2,7				6,6	2,9	3,7
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda	10,7	4,4				15,1	3,5	11,6
08-358	**Sjúkrahúsið á Akureyri**	**-15,4**	**4.128,8**	**-1,6**	**138,9**		**4.250,7**	**4.187,5**	**63,2**
358-1.01	Sjúkrahúsið á Akureyri	-12,7	3.971,5	-1,6	130,9		4.088,1	4.021,4	66,7
358-5.01	Fasteign	-69,6	79,0				9,4	48,5	-39,1
358-6.01	Tæki og búnaður	85,2	78,3		8,0		171,5	110,7	60,8
358-6.50	Nýbygging	-18,3					-18,3	6,9	-25,2
08-373	**Landspítali**	**-1.635,7**	**32.861,2**	**84,8**	**1.074,4**	**1,8**	**32.386,5**	**35.360,7**	**-2.974,2**
373-1.01	Landspítali	-367,7	32.361,1	-56,6	1.074,4	1,8	33.013,0	34.340,9	-1.327,9
373-5.60	Viðhald	-633,6	178,0				-455,6	173,9	-629,5
373-6.01	Tæki og búnaður	-253,9	176,9	141,4			64,4	751,6	-687,2
373-6.70	Nýframkvæmdir	-380,5	145,2				-235,3	94,3	-329,6
08-376	**Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalan**	**260,0**	**400,0**	**-400,0**			**260,0**	**60,8**	**199,2**
376-6.21	Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans	260,0	400,0	-400,0			260,0	60,8	199,2
08-379	**Sjúkrahús, óskipt**	**99,9**	**644,3**		**-601,3**		**142,9**	**19,2**	**123,7**
379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	6,6	616,2		-581,3		41,5	19,2	22,3
379-6.50	Stofnkostnaður	93,3	28,1		-20,0		101,4		101,4
08-383	**Sjúkrahótel**	**1,8**	**87,7**				**89,5**	**87,7**	**1,8**
383-1.01	Sjúkrahótel	1,8	87,7				89,5	87,7	1,8
08-384	**Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn**	**-7,3**	**120,9**		**1,7**		**115,3**	**124,2**	**-8,9**
384-1.01	Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	-7,3	120,9		1,7		115,3	124,2	-8,9
08-386	**Vistun ósakhæfra afbrotamanna**	**-37,0**	**218,7**		**41,6**		**223,3**	**223,6**	**-0,3**
386-1.10	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	-37,0	218,7		41,6		223,3	223,6	-0,3

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-388	**Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið**		**656,6**		**11,1**		**667,7**	**667,7**	
388-1.10	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið		656,6		11,1		667,7	667,7	
08-397	**Lyfjastofnun**	**-81,3**	**178,2**			**51,7**	**148,6**	**372,0**	**-223,4**
397-1.01	Lyfjastofnun	-81,3	178,2			51,7	148,6	372,0	-223,4
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	**74,5**	**1.249,8**	**494,0**	**-55,8**		**1.762,5**	**1.339,5**	**423,0**
399-1.16	Lyfjagreiðslunefnd	-1,5	34,5		0,2		33,2	33,5	-0,3
399-1.17	Vísindasiðanefnd	-2,3	25,8		0,2		23,7	29,6	-5,9
399-1.30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	0,6	20,2		0,1		20,9	20,2	0,7
399-1.31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbam		318,5	4,5	20,0		343,0	318,5	24,5
399-1.32	Krabbameinsfélag Íslands, styrkir		13,0				13,0	13,0	
399-1.33	Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga		12,0				12,0	12,0	
399-1.34	Hjartaheill		6,0				6,0	6,0	
399-1.35	Hjartavernd, rannsóknarstöð	0,7	67,6		0,3		68,6	67,6	1,0
399-1.36	Stórstúka Íslands		1,5				1,5	1,5	
399-1.37	Skrifstofa líknarfélaga		5,5				5,5	5,5	
399-1.38	Félagið Heyrnarhjálp	0,4	8,2				8,6	8,2	0,4
399-1.40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	0,5	2,9				3,4	2,6	0,8
399-1.42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarn		134,2		11,7		145,9	156,1	-10,2
399-1.43	Viðbúnaður gegn farsóttum		47,4	489,5			536,9	233,2	303,7
399-1.44	Átak í vímuvarnamálum							1,0	-1,0
399-1.55	Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talm	48,3	179,5		-77,0		150,8	107,1	43,7
399-1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	-44,0	69,2		0,4		25,6	23,1	2,5
399-1.68	Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna		20,0				20,0	20,0	
399-1.71	Norræni lýðheilsuháskólinn		16,9		3,3		20,2	8,7	11,5
399-1.73	Bláa lónið, húðmeðferðir	46,1	50,1				96,2	96,3	-0,1
399-1.74	Bláa lónið, styrkur		23,7				23,7	23,7	
399-1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO		15,1		1,1		16,2	21,7	-5,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
399-1.84	Bætur vegna lifrabólgu C				9,1		9,1	9,1	
399-1.90	Ýmis framlög	1,9	50,0		8,0		59,9	63,4	-3,5
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi		5,4		-5,4				
399-1.98	Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	8,0	81,2		-27,8		61,4	13,6	47,8
399-6.91	Upplýsingatæknimál	15,8	41,4				57,2	44,3	12,9
08-401	**Öldrunarstofnanir, almennt**		**1.032,4**	**-53,4**	**-33,6**		**945,4**	**-110,4**	**1.055,8**
401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt		195,6		-61,7		133,9	85,6	48,3
401-1.13	Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana		1.209,8	-53,4	28,1		1.184,5	690,2	494,3
401-1.83	Greiðslur frá vistmönnum		-373,0				-373,0	-886,2	513,2
08-405	**Hrafnista, Reykjavík**		**1.882,1**		**-133,7**		**1.748,4**	**1.655,0**	**93,4**
405-1.01	Hjúkrunarrými		1.637,7		-144,5		1.493,2	1.484,2	9,0
405-1.11	Dvalarrými		244,4		10,8		255,2	170,8	84,4
08-406	**Hrafnista, Hafnarfirði**		**1.364,2**		**34,3**		**1.398,5**	**1.359,6**	**38,9**
406-1.01	Hjúkrunarrými		1.124,1		27,1		1.151,2	1.145,3	5,9
406-1.11	Dvalarrými		212,0		6,9		218,9	187,7	31,2
406-1.15	Dagvist		28,1		0,3		28,4	26,6	1,8
08-407	**Grund, Reykjavík**		**1.452,2**		**37,2**		**1.489,4**	**1.407,4**	**82,0**
407-1.01	Hjúkrunarrými		1.320,7		32,0		1.352,7	1.334,4	18,3
407-1.11	Dvalarrými		131,5		5,2		136,7	73,0	63,7
08-408	**Sunnuhlíð, Kópavogi**		**550,5**		**13,0**		**563,5**	**551,8**	**11,7**
408-1.01	Hjúkrunarrými		531,3		12,8		544,1	532,8	11,3
408-1.15	Dagvist		19,2		0,2		19,4	19,0	0,4
08-409	**Hjúkrunarheimilið Skjól**		**775,7**		**18,7**		**794,4**	**778,5**	**15,9**
409-1.01	Hjúkrunarrými		775,7		18,7		794,4	778,5	15,9

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-410	**Hjúkrunarheimilið Eir**		**1.319,9**		**30,8**		**1.350,7**	**1.360,5**	**-9,8**
410-1.01	Hjúkrunarrými		1.256,0		30,1		1.286,1	1.294,5	-8,4
410-1.15	Dagvist		63,9		0,7		64,6	66,0	-1,4
08-411	**Garðvangur, Garði**		**286,6**		**6,2**		**292,8**	**284,1**	**8,7**
411-1.01	Hjúkrunarrými		286,6		6,2		292,8	284,1	8,7
08-412	**Hjúkrunarheimilið Skógarbær**		**614,7**		**13,7**		**628,4**	**632,7**	**-4,3**
412-1.01	Hjúkrunarrými		508,5		12,2		520,7	525,5	-4,8
412-1.71	Endurhæfingardeild		106,2		1,5		107,7	107,2	0,5
08-413	**Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum**		**569,2**		**14,0**		**583,2**	**587,2**	**-4,0**
413-1.01	Hjúkrunarrými		569,2		14,0		583,2	587,2	-4,0
08-414	**Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu**		**225,6**		**4,9**		**230,5**	**214,3**	**16,2**
414-1.01	Hjúkrunarrými		207,0		4,3		211,3	205,9	5,4
414-1.11	Dvalarrými		18,6		0,6		19,2	8,4	10,8
08-415	**Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði**		**162,7**		**3,6**		**166,3**	**154,7**	**11,6**
415-1.01	Hjúkrunarrými		134,5		2,9		137,4	136,7	0,7
415-1.11	Dvalarrými		21,6		0,7		22,3	15,8	6,5
415-1.15	Dagvist		6,6				6,6	2,2	4,4
08-416	**Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði**		**180,7**		**4,0**		**184,7**	**179,6**	**5,1**
416-1.01	Hjúkrunarrými		140,4		3,1		143,5	139,8	3,7
416-1.11	Dvalarrými		34,1		0,9		35,0	34,2	0,8
416-1.15	Dagvist		6,2				6,2	5,6	0,6
08-417	**Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn**		**101,8**		**2,3**		**104,1**	**77,9**	**26,2**
417-1.01	Hjúkrunarrými		86,1		1,9		88,0	76,2	11,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
417-1.11	Dvalarrými		11,8		0,4		12,2	1,7	10,5
417-1.15	Dagvist		3,9				3,9		3,9
08-418	**Seljahlíð, Reykjavík**		**151,8**		**-40,2**		**111,6**	**156,7**	**-45,1**
418-1.01	Hjúkrunarrými		151,8		-40,2		111,6	156,7	-45,1
08-421	**Víðines**		**264,6**		**6,5**		**271,1**	**270,7**	**0,4**
421-1.01	Hjúkrunarrými		264,6		6,5		271,1	270,7	0,4
08-423	**Höfði, Akranesi**		**452,6**		**10,4**		**463,0**	**452,1**	**10,9**
423-1.01	Hjúkrunarrými		337,6		7,4		345,0	345,9	-0,9
423-1.11	Dvalarrými		93,5		2,8		96,3	85,2	11,1
423-1.15	Dagvist		21,5		0,2		21,7	21,0	0,7
08-424	**Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi**		**277,7**		**11,1**		**288,8**	**270,3**	**18,5**
424-1.01	Hjúkrunarrými		213,2		12,5		225,7	216,1	9,6
424-1.11	Dvalarrými		64,5		-1,4		63,1	54,2	8,9
08-425	**Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi**		**101,4**		**2,5**		**103,9**	**98,9**	**5,0**
425-1.01	Hjúkrunarrými		67,1		1,6		68,7	72,0	-3,3
425-1.11	Dvalarrými		34,3		0,9		35,2	26,9	8,3
08-426	**Fellaskjól, Grundarfirði**		**81,6**		**2,1**		**83,7**	**63,6**	**20,1**
426-1.01	Hjúkrunarrými		66,4		1,5		67,9	53,6	14,3
426-1.11	Dvalarrými		15,2		0,6		15,8	10,0	5,8
08-427	**Jaðar, Ólafsvík**		**87,5**		**2,0**		**89,5**	**67,6**	**21,9**
427-1.01	Hjúkrunarrými		69,9		1,6		71,5	50,4	21,1
427-1.11	Dvalarrými		15,3		0,4		15,7	16,6	-0,9
427-1.15	Dagvist		2,3				2,3	0,6	1,7

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-428	**Fellsendi, Búðardal**		**188,1**		**4,2**		**192,3**	**182,0**	**10,3**
428-1.01	Hjúkrunarrými		188,1		4,2		192,3	182,0	10,3
08-429	**Barmahlíð, Reykhólum**		**103,3**		**2,2**		**105,5**	**106,6**	**-1,1**
429-1.01	Hjúkrunarrými		97,1		2,1		99,2	99,2	
429-1.11	Dvalarrými		6,2		0,1		6,3	7,4	-1,1
08-433	**Dalbær, Dalvík**		**244,8**		**5,7**		**250,5**	**249,9**	**0,6**
433-1.01	Hjúkrunarrými		168,2		3,8		172,0	175,4	-3,4
433-1.11	Dvalarrými		62,0		1,7		63,7	60,8	2,9
433-1.15	Dagvist		14,6		0,2		14,8	13,7	1,1
08-434	**Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjón**		**1.352,8**		**31,0**		**1.383,8**	**1.292,5**	**91,3**
434-1.01	Hjúkrunarrými		1.177,2		26,1		1.203,3	1.207,1	-3,8
434-1.11	Dvalarrými		122,2		4,4		126,6	78,1	48,5
434-1.15	Dagvist		53,4		0,5		53,9	7,3	46,6
08-436	**Uppsalir, Fáskrúðsfirði**		**125,5**		**3,0**		**128,5**	**135,5**	**-7,0**
436-1.01	Hjúkrunarrými		88,2		1,9		90,1	97,9	-7,8
436-1.11	Dvalarrými		37,3		1,1		38,4	37,6	0,8
08-437	**Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um ö**		**206,5**		**4,9**		**211,4**	**202,3**	**9,1**
437-1.01	Hjúkrunarrými		181,9		4,1		186,0	183,1	2,9
437-1.11	Dvalarrými		17,9		0,8		18,7	12,5	6,2
437-1.15	Dagvist		6,7				6,7	6,7	
08-438	**Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri**		**130,1**		**3,1**		**133,2**	**87,8**	**45,4**
438-1.01	Hjúkrunarrými		116,9		2,7		119,6	77,1	42,5
438-1.11	Dvalarrými		12,3		0,4		12,7	10,7	2,0
438-1.15	Dagvist		0,9				0,9		0,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-439	**Hjallatún, Vík**		**102,2**		**2,3**		**104,5**	**101,4**	**3,1**
439-1.01	Hjúkrunarrými		83,8		1,9		85,7	83,5	2,2
439-1.11	Dvalarrými		18,4		0,4		18,8	17,9	0,9
08-440	**Kumbaravogur, Stokkseyri**		**313,6**		**7,6**		**321,2**	**262,9**	**58,3**
440-1.01	Hjúkrunarrými		286,4		6,3		292,7	244,8	47,9
440-1.11	Dvalarrými		27,2		1,3		28,5	18,1	10,4
08-441	**Ás/Ásbyrgi, Hveragerði**		**678,2**		**14,0**		**692,2**	**616,7**	**75,5**
441-1.01	Hjúkrunarrými		228,0		10,1		238,1	223,0	15,1
441-1.11	Dvalarrými		225,3		4,6		229,9	182,7	47,2
441-1.17	Geðrými		224,9		-0,7		224,2	211,0	13,2
08-442	**Hraunbúðir, Vestmannaeyjum**		**263,2**		**5,9**		**269,1**	**249,7**	**19,4**
442-1.01	Hjúkrunarrými		225,1		4,7		229,8	218,9	10,9
442-1.11	Dvalarrými		27,3		1,0		28,3	24,3	4,0
442-1.15	Dagvist		10,8		0,2		11,0	6,5	4,5
08-443	**Holtsbúð, Garðabæ**		**315,8**		**7,2**		**323,0**	**310,9**	**12,1**
443-1.01	Hjúkrunarrými		305,3		7,1		312,4	305,0	7,4
443-1.15	Dagvist		10,5		0,1		10,6	5,9	4,7
08-444	**Vífilsstaðir, Garðabæ**		**362,9**		**8,7**		**371,6**	**372,3**	**-0,7**
444-1.01	Hjúkrunarrými		362,9		8,7		371,6	372,3	-0,7
08-447	**Sóltún, Reykjavík**		**993,0**		**14,3**		**1.007,3**	**1.025,2**	**-17,9**
447-1.01	Hjúkrunarrými		993,0		14,3		1.007,3	1.025,2	-17,9
08-460	**Dvalarrými aldraðra, önnur**		**566,3**	**-46,6**	**11,9**		**531,6**	**469,0**	**62,6**
460-1.11	Dvalarrými aldraðra, önnur		566,3	-46,6	11,9		531,6	469,0	62,6

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-470	**Vesturhlíð, Reykjavík**		**15,0**		**0,2**		**15,2**	**5,0**	**10,2**
470-1.10	Vesturhlíð, Reykjavík		15,0		0,2		15,2	5,0	10,2
08-472	**Hlíðabær, Reykjavík**		**52,6**		**0,7**		**53,3**	**51,3**	**2,0**
472-1.10	Hlíðabær, Reykjavík		52,6		0,7		53,3	51,3	2,0
08-473	**Lindargata, Reykjavík**		**47,3**		**0,5**		**47,8**	**46,6**	**1,2**
473-1.10	Lindargata, Reykjavík		47,3		0,5		47,8	46,6	1,2
08-474	**Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga**	**-14,5**	**95,2**		**1,2**		**81,9**	**87,2**	**-5,3**
474-1.10	Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga		95,2		1,2		96,4	87,2	9,2
474-6.21	Húsnæði	-14,5					-14,5		-14,5
08-475	**Múlabær, Reykjavík**		**78,6**		**1,0**		**79,6**	**72,7**	**6,9**
475-1.10	Múlabær, Reykjavík		78,6		1,0		79,6	72,7	6,9
08-476	**Fríðuhús, Reykjavík**		**39,1**		**0,5**		**39,6**	**39,7**	**-0,1**
476-1.10	Fríðuhús, Reykjavík		39,1		0,5		39,6	39,7	-0,1
08-477	**Dagvistun aldraðra, aðrar**		**552,9**		**72,3**		**625,2**	**476,7**	**148,5**
477-1.10	Dagvistun aldraðra, aðrar		552,9		72,3		625,2	476,7	148,5
08-478	**Vistheimilið Bjarg**		**55,1**		**0,7**		**55,8**	**55,8**	
478-1.10	Vistheimilið Bjarg		55,1		0,7		55,8	55,8	
08-479	**Hlaðgerðarkot**		**85,8**		**0,5**		**86,3**	**86,3**	
479-1.10	Hlaðgerðarkot		85,8		0,5		86,3	86,3	
08-491	**Reykjalundur, Mosfellsbæ**		**1.352,9**		**34,1**		**1.387,0**	**1.387,0**	
491-1.10	Reykjalundur, Mosfellsbæ		1.352,9		34,1		1.387,0	1.387,0	
08-492	**Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands**		**555,1**		**7,7**		**562,8**	**562,8**	
492-1.10	Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands		555,1		7,7		562,8	562,8	

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-493	**Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofn**		**457,4**		**8,5**		**465,9**	**465,9**	
493-1.10	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun		457,4		8,5		465,9	465,9	
08-494	**Hlein**		**108,4**		**2,7**		**111,1**	**111,1**	
494-1.10	Hlein		108,4		2,7		111,1	111,1	
08-500	**Heilsugæslustöðvar, almennt**	**151,8**	**729,4**		**-570,8**		**310,4**	**158,9**	**151,5**
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt		607,0		-499,0		108,0	49,8	58,2
500-1.13	Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heils	93,2	64,8		-59,3		98,7	64,1	34,6
500-6.01	Tæki og búnaður	35,0	54,0		-12,5		76,5	45,0	31,5
500-6.21	Bygging heilsugæslustöðva	23,6	3,6				27,2		27,2
08-501	**Sjúkraflutningar**	**21,6**	**802,3**				**823,9**	**803,3**	**20,6**
501-1.11	Sjúkraflutningar	0,2	544,2				544,4	530,7	13,7
501-1.12	Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	0,1	136,6				136,7	136,6	0,1
501-1.15	Sjúkraflug	21,3	121,5				142,8	136,0	6,8
08-506	**Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**	**-419,7**	**3.729,5**		**330,4**		**3.640,2**	**4.225,4**	**-585,2**
506-1.01	Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	-419,7	3.729,5		330,4		3.640,2	4.225,4	-585,2
08-508	**Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðin**		**907,1**	**-15,1**	**11,0**		**903,0**	**895,0**	**8,0**
508-1.01	Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu		907,1	-15,1	11,0		903,0	895,0	8,0
08-515	**Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík**		**155,3**		**7,6**		**162,9**	**162,9**	
515-1.01	Heilsugæslustöðin Lágmúla		155,3		7,6		162,9	162,9	
08-517	**Læknavaktin**		**284,8**		**-5,6**		**279,2**	**279,2**	
517-1.01	Læknavaktin		284,8		-5,6		279,2	279,2	
08-522	**Heilsugæslustöðin Borgarnesi**	**-25,9**		**146,1**	**32,2**		**152,4**	**160,3**	**-7,9**
522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-25,9		146,1	32,2		152,4	160,3	-7,9

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-524	**Heilsugæslustöðin Ólafsvík**	**0,7**		**98,8**	**2,7**		**102,2**	**107,1**	**-4,9**
524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,7		98,8	2,7		102,2	107,1	-4,9
08-525	**Heilsugæslustöðin Grundarfirði**	**0,9**		**61,8**	**4,7**		**67,4**	**67,6**	**-0,2**
525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,9		61,8	4,7		67,4	67,6	-0,2
08-526	**Heilsugæslustöðin Búðardal**	**1,4**		**95,1**	**3,8**		**100,3**	**93,9**	**6,4**
526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	1,4		95,1	3,8		100,3	93,9	6,4
08-551	**Heilsugæslustöðin Ólafsfirði**	**-13,6**		**74,6**	**11,8**		**72,8**	**75,1**	**-2,3**
551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	-13,6		74,6	11,8		72,8	75,1	-2,3
08-552	**Heilsugæslustöðin Dalvík**	**7,1**		**100,4**	**5,5**		**113,0**	**103,0**	**10,0**
552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	7,1		100,4	5,5		113,0	103,0	10,0
08-553	**Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu**		**478,8**		**5,0**		**483,8**	**483,8**	
553-1.01	Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu		478,8		5,0		483,8	483,8	
08-588	**Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi**	**9,5**	**271,4**		**3,2**		**284,1**	**279,7**	**4,4**
588-1.01	Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	9,5	271,4		3,2		284,1	279,7	4,4
08-700	**Heilbrigðisstofnanir**	**0,4**	**426,9**	**-92,6**	**-35,6**		**299,1**	**51,1**	**248,0**
700-1.01	Almennur rekstur		2,2		-2,2				
700-6.01	Tæki og búnaður	37,7	30,0		-33,4		34,3		34,3
700-6.55	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	-186,3	57,0				-129,3	-37,7	-91,6
700-6.61	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	9,0	35,1	-35,1			9,0	0,5	8,5
700-6.87	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	-205,5	245,1				39,6	23,1	16,5
700-6.91	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	25,9	57,5	-57,5			25,9	1,2	24,7
700-6.99	Bygging heilbrigðisstofnana, óskipt	319,6					319,6	64,0	255,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-711	**Heilbrigðisstofnunin Akranesi**	**12,7**	**1.520,2**	**-6,0**	**67,3**		**1.594,2**	**1.538,1**	**56,1**
711-1.01	Heilsugæslusvið	1,9	246,0		14,0		261,9	239,8	22,1
711-1.11	Sjúkrasvið	9,6	1.125,2	-6,0	51,8		1.180,6	1.143,0	37,6
711-1.21	Hjúkrunarrými	1,2	149,0		1,5		151,7	155,3	-3,6
08-715	**St. Franciskusspítali, Stykkishólmi**	**16,9**		**397,6**	**3,5**	**0,2**	**418,2**	**404,2**	**14,0**
715-1.01	Heilsugæslusvið	5,7		92,5	0,6		98,8	64,2	34,6
715-1.11	Sjúkrasvið	9,0		243,3	2,4	0,2	254,9	340,0	-85,1
715-1.21	Hjúkrunarrými	2,2		61,8	0,5		64,5		64,5
08-716	**Heilbrigðisstofnun Vesturlands**		**804,2**	**-804,2**					
716-1.01	Heilsugæslusvið		498,6	-498,6					
716-1.11	Sjúkrasvið		243,8	-243,8					
716-1.21	Hjúkrunarrými		61,8	-61,8					
08-721	**Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**	**3,5**	**270,9**	**-1,6**	**4,9**		**277,7**	**271,2**	**6,5**
721-1.01	Heilsugæslusvið	1,5	108,8	-1,6	1,9		110,6	35,7	74,9
721-1.11	Sjúkrasvið	0,7	56,3		1,1		58,1	118,0	-59,9
721-1.21	Hjúkrunarrými	1,3	105,8		1,9		109,0	117,5	-8,5
08-726	**Heilbrigðisstofnun Vestfjarða**	**-12,2**	**1.040,9**	**-6,4**	**35,0**		**1.057,3**	**1.050,5**	**6,8**
726-1.01	Heilsugæslusvið	38,5	315,2	-3,2	16,9		367,4	233,1	134,3
726-1.11	Sjúkrasvið	1,2	457,3	-1,6	13,4		470,3	579,9	-109,6
726-1.21	Hjúkrunarrými	-51,9	268,4	-1,6	4,7		219,6	237,5	-17,9
08-735	**Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**	**-6,3**	**171,2**	**-1,6**	**8,3**		**171,6**	**172,3**	**-0,7**
735-1.01	Heilsugæslusvið	-9,6	66,0	-1,1	3,5		58,8	64,8	-6,0
735-1.11	Sjúkrasvið	41,7	27,3	-0,3	0,3		69,0	28,4	40,6
735-1.21	Hjúkrunarrými	-38,4	77,9	-0,2	4,5		43,8	79,1	-35,3

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-741	**Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**	**-23,3**	**297,3**	**-3,2**	**27,7**		**298,5**	**305,2**	**-6,7**
741-1.01	Heilsugæslusvið	-55,7	89,2	-1,6	12,8		44,7	71,6	-26,9
741-1.11	Sjúkrasvið	52,6	43,9	-0,8	-8,8		86,9	69,4	17,5
741-1.21	Hjúkrunarrými	-20,2	164,2	-0,8	23,7		166,9	164,2	2,7
08-745	**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**	**10,9**		**427,7**	**5,4**		**444,0**	**421,0**	**23,0**
745-1.01	Heilsugæslusvið	2,9		110,8	2,5		116,2	118,4	-2,2
745-1.11	Sjúkrasvið	2,6		93,3	1,0		96,9	81,8	15,1
745-1.21	Hjúkrunarrými	5,4		223,6	1,9		230,9	220,8	10,1
08-746	**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkrók**		**1.319,6**	**-1.319,6**					
746-1.01	Heilsugæslusvið		290,4	-290,4					
746-1.11	Sjúkrasvið		432,9	-432,9					
746-1.21	Hjúkrunarrými		596,3	-596,3					
08-751	**Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**	**11,3**		**890,3**	**9,1**	**0,1**	**910,8**	**862,0**	**48,8**
751-1.01	Heilsugæslusvið	2,2		178,0	1,4		181,6	149,4	32,2
751-1.11	Sjúkrasvið	4,5		339,6	4,2	0,1	348,4	291,5	56,9
751-1.21	Hjúkrunarrými	4,6		372,7	3,5		380,8	421,1	-40,3
08-755	**Heilbrigðisstofnunin Siglufirði**	**24,7**		**395,1**	**4,7**		**424,5**	**391,9**	**32,6**
755-1.01	Heilsugæslusvið	3,4		85,1	1,4		89,9	74,1	15,8
755-1.11	Sjúkrasvið	14,6		117,3	1,5		133,4	126,3	7,1
755-1.21	Hjúkrunarrými	6,7		192,7	1,8		201,2	191,5	9,7
08-756	**Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð**		**573,3**	**-573,3**					
756-1.01	Heilsugæslusvið		261,7	-261,7					
756-1.11	Sjúkrasvið		118,9	-118,9					
756-1.21	Hjúkrunarrými		192,7	-192,7					

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-761	**Heilbrigðisstofnun Þingeyinga**	**-20,3**	**909,0**	**-4,7**	**31,3**		**915,3**	**921,0**	**-5,7**
761-1.01	Heilsugæslusvið	371,1	331,0	-4,2	24,4		722,3	280,3	442,0
761-1.11	Sjúkrasvið	-895,3	427,9	-0,5	5,7		-462,2	640,7	-1.102,9
761-1.21	Hjúkrunarrými	503,9	150,1		1,2		655,2		655,2
08-777	**Heilbrigðisstofnun Austurlands**	**19,6**	**1.991,3**	**-17,2**	**89,5**	**0,3**	**2.083,5**	**2.071,4**	**12,1**
777-1.01	Heilsugæslusvið	7,9	757,7	-12,4	69,8		823,0	631,4	191,6
777-1.11	Sjúkrasvið	7,9	826,8	-2,7	13,6	0,3	845,9	977,4	-131,5
777-1.21	Hjúkrunarrými	3,8	406,8	-2,1	6,1		414,6	462,6	-48,0
08-779	**Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands**		**190,7**		**1,6**		**192,3**	**192,3**	
779-1.01	Heilsugæslusvið		125,3		1,0		126,3	126,3	
779-1.11	Sjúkrasvið		65,4		0,6		66,0	66,0	
08-781	**Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**	**-7,5**	**676,7**	**-3,1**	**12,0**		**678,1**	**684,6**	**-6,5**
781-1.01	Heilsugæslusvið	33,0	181,9		3,8		218,7	130,4	88,3
781-1.11	Sjúkrasvið	-221,0	384,4	-3,1	7,5		167,8	537,7	-369,9
781-1.21	Hjúkrunarrými	180,5	110,4		0,7		291,6	16,5	275,1
08-787	**Heilbrigðisstofnun Suðurlands**	**-75,0**	**1.900,4**	**-29,4**	**131,9**	**0,9**	**1.928,8**	**2.053,7**	**-124,9**
787-1.01	Heilsugæslusvið	-237,6	879,2	-20,7	75,2		696,1	978,4	-282,3
787-1.11	Sjúkrasvið	148,3	722,1	-8,7	54,2	0,9	916,8	788,9	127,9
787-1.21	Hjúkrunarrými	14,3	299,1		2,5		315,9	286,4	29,5
08-791	**Heilbrigðisstofnun Suðurnesja**	**-79,0**	**1.681,5**	**-18,5**	**60,0**		**1.644,0**	**1.745,0**	**-101,0**
791-1.01	Heilsugæslusvið	-278,7	560,0	-7,0	47,4		321,7	460,0	-138,3
791-1.11	Sjúkrasvið	242,4	921,0	-11,3	11,1		1.163,2	1.094,9	68,3
791-1.21	Hjúkrunarrými	-42,7	200,5	-0,2	1,5		159,1	190,1	-31,0

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-795	**St. Jósefsspítali, Sólvangur**	**-99,2**	**1.362,7**	**-6,0**	**15,6**	**0,1**	**1.273,2**	**1.385,8**	**-112,6**
795-1.11	St. Jósefsspítali, Sólvangur	187,9	915,7	-6,0	8,7	0,1	1.106,4	830,5	275,9
795-1.21	Hjúkrunarrými	-287,1	447,0		6,9		166,8	555,3	-388,5
09 Fjármálaráðuneyti		***3.627,7***	***55.234,9***	***6.081,4***	***-4.931,3***	***160,4***	***60.173,1***	***71.169,6***	***-10.996,5***
09-101	**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**45,8**	**679,9**	**131,2**	**3,5**		**860,4**	**720,1**	**140,3**
101-1.01	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	45,8	679,9	131,2	3,5		860,4	720,1	140,3
09-103	**Fjársýsla ríkisins**	**129,9**	**1.401,0**	**-3,5**	**3,1**		**1.530,5**	**1.322,8**	**207,7**
103-1.01	Almennur rekstur	3,8	533,7	-12,2	26,7		552,0	524,3	27,7
103-1.43	Tekjubókhaldskerfi	12,6	360,4	8,7	-4,6		377,1	344,2	32,9
103-1.47	Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	116,8	482,9		-49,0		550,7	448,1	102,6
103-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	7,3	9,0				16,3	5,1	11,2
103-6.47	Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannaker	-10,6	15,0		30,0		34,4	1,1	33,3
09-199	**Ráðstöfunarfé**	**0,7**	**6,0**		**-6,6**		**0,1**		**0,1**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	0,7	6,0		-6,6		0,1		0,1
09-201	**Ríkisskattstjóri**	**72,4**	**1.205,4**	**-10,5**	**15,0**	**2,4**	**1.284,7**	**1.186,1**	**98,6**
201-1.01	Almennur rekstur	4,4	628,4	-10,5	43,2	2,4	667,9	692,0	-24,1
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	68,0	183,2		-53,0		198,2	171,7	26,5
201-1.41	Skattvinnslukerfi		366,3		12,4		378,7	283,3	95,4
201-6.01	Tæki og búnaður							3,0	-3,0
201-6.41	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi		27,5		12,4		39,9	36,1	3,8
09-202	**Skattstofan í Reykjavík**	**8,9**	**436,7**	**-3,8**	**2,9**		**444,7**	**436,6**	**8,1**
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	8,9	436,7	-3,8	2,9		444,7	436,6	8,1
09-203	**Skattstofa Vesturlands**	**-0,8**	**93,1**	**-0,8**	**0,7**		**92,2**	**90,2**	**2,0**
203-1.01	Skattstofa Vesturlands	-0,8	93,1	-0,8	0,7		92,2	90,2	2,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
09-204	**Skattstofa Vestfjarða**	**4,0**	**42,0**	**-0,4**	**0,3**		**45,9**	**41,8**	**4,1**
204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	4,0	42,0	-0,4	0,3		45,9	41,8	4,1
09-205	**Skattstofa Norðurlands vestra**	**0,9**	**49,1**	**-0,4**	**0,3**		**49,9**	**44,1**	**5,8**
205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	0,9	49,1	-0,4	0,3		49,9	44,1	5,8
09-206	**Skattstofa Norðurlands eystra**	**12,6**	**134,0**	**-1,2**	**0,9**		**146,3**	**126,8**	**19,5**
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	12,6	134,0	-1,2	0,9		146,3	126,8	19,5
09-207	**Skattstofa Austurlands**	**5,2**	**59,8**	**-0,5**	**6,5**		**71,0**	**65,7**	**5,3**
207-1.01	Skattstofa Austurlands	5,2	59,8	-0,5	6,5		71,0	65,7	5,3
09-208	**Skattstofa Suðurlands**	**-4,8**	**69,6**		**15,5**		**80,3**	**79,7**	**0,6**
208-1.01	Skattstofa Suðurlands	-4,8	69,6		15,5		80,3	79,7	0,6
09-209	**Skattstofa Vestmannaeyja**	**-0,9**	**30,2**	**-0,3**	**0,2**		**29,2**	**29,6**	**-0,4**
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	-0,9	30,2	-0,3	0,2		29,2	29,6	-0,4
09-211	**Skattstofa Reykjaness**	**20,3**	**287,5**	**-2,5**	**2,2**		**307,5**	**285,6**	**21,9**
211-1.01	Skattstofa Reykjaness	20,3	287,5	-2,5	2,2		307,5	285,6	21,9
09-212	**Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**		**76,6**		**-45,9**		**30,7**	**9,9**	**20,8**
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld		42,0		-36,2		5,8	1,0	4,8
212-1.30	Þungaskattur		24,9				24,9	8,9	16,0
212-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið		9,7		-9,7				
09-214	**Yfirskattanefnd**	**11,4**	**120,4**	**-1,0**	**0,7**		**131,5**	**110,5**	**21,0**
214-1.01	Yfirskattanefnd	11,4	120,4	-1,0	0,7		131,5	110,5	21,0
09-215	**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**	**16,4**	**178,0**	**-1,5**	**15,4**		**208,3**	**188,1**	**20,2**
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	16,4	178,0	-1,5	15,4		208,3	188,1	20,2

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
09-250	**Innheimtukostnaður**		**485,0**		**0,1**	**3,3**	**488,4**	**362,1**	**126,3**
250-1.10	Ýmis innheimtukostnaður		485,0		0,1	3,3	488,4	362,1	126,3
09-262	**Tollstjórinn**	**90,1**	**1.842,2**		**49,1**	**65,4**	**2.046,8**	**1.963,8**	**83,0**
262-1.01	Tollstjórinn	83,0	1.624,9		38,5	45,3	1.791,7	1.679,9	111,8
262-1.45	Tollafgreiðslukerfi	7,1	217,3		10,6	20,1	255,1	244,8	10,3
262-6.01	Tæki og búnaður							39,1	-39,1
09-381	**Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun**		**5.165,9**		**-14,6**		**5.151,3**	**431,7**	**4.719,6**
381-1.01	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins		3.902,8		-14,6		3.888,2	1.362,9	2.525,3
381-1.04	Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga		367,6				367,6	707,7	-340,1
381-1.06	Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands		211,2				211,2	88,9	122,3
381-1.07	Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands		42,0				42,0	14,8	27,2
381-1.09	Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofn		148,6				148,6	92,6	56,0
381-1.10	Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardó		356,8				356,8	-1.842,4	2.199,2
381-1.91	Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun		136,9				136,9	7,2	129,7
09-391	**Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**		**2.011,3**	**-66,3**		**83,9**	**2.028,9**	**2.258,5**	**-229,6**
391-1.11	Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða		2.011,3	-66,3		83,9	2.028,9	2.258,5	-229,6
09-393	**Endurhæfingarsjóður**		**125,0**	**-125,0**					
393-1.11	Endurhæfingarsjóður		125,0	-125,0					
09-402	**Fasteignaskrá Íslands**		**521,1**	**-521,1**					
402-1.01	Fasteignaskrá Íslands		521,1	-521,1					
09-405	**Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins**		**500,0**	**115,1**	**-615,1**				
405-1.01	Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins		500,0	115,1	-615,1				
09-481	**Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**		**350,0**		**-127,5**		**222,5**		**222,5**
481-6.01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum		350,0		-127,5		222,5		222,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
09-711	**Afskriftir skattkrafna**		**10.000,0**				**10.000,0**	**27.551,2**	**-17.551,2**
711-1.11	Afskriftir skattkrafna		10.000,0				10.000,0	27.551,2	-17.551,2
09-721	**Fjármagnstekjuskattur**		**2.285,0**	**1.983,0**			**4.268,0**	**4.654,7**	**-386,7**
721-1.11	Fjármagnstekjuskattur		2.285,0	1.983,0			4.268,0	4.654,7	-386,7
09-811	**Barnabætur**		**10.100,0**	**420,0**			**10.520,0**	**10.084,5**	**435,5**
811-1.11	Barnabætur		10.100,0	420,0			10.520,0	10.084,5	435,5
09-821	**Vaxtabætur**		**7.770,0**	**2.330,0**			**10.100,0**	**10.429,3**	**-329,3**
821-1.11	Vaxtabætur		7.770,0	2.330,0			10.100,0	10.429,3	-329,3
09-831	**Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega**		**590,0**	**-590,0**				**-5,4**	**5,4**
831-1.11	Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega		590,0	-590,0				-5,4	5,4
09-901	**Framkvæmdasýsla ríkisins**	**18,9**	**2,6**	**-1,2**			**20,3**	**-9,6**	**29,9**
901-1.01	Framkvæmdasýsla ríkisins	18,9	2,6	-1,2			20,3	-9,6	29,9
09-905	**Ríkiskaup**	**50,3**					**50,3**	**3,2**	**47,1**
905-1.01	Ríkiskaup	50,3					50,3	3,2	47,1
09-971	**Ríkisábyrgðir**			**2.384,0**			**2.384,0**	**3.505,4**	**-1.121,4**
971-6.01	Ríkisábyrgðir			2.384,0			2.384,0	3.505,4	-1.121,4
09-973	**Tapaðar kröfur og tjónabætur**		**110,0**		**-17,3**		**92,7**	**17,0**	**75,7**
973-6.11	Tapaðar kröfur		90,0				90,0	8,7	81,3
973-6.15	Tjónabætur		20,0		-17,3		2,7	8,3	-5,6
09-976	**Lánaumsýsla ríkissjóðs**		**85,1**				**85,1**	**86,2**	**-1,1**
976-1.01	Lánaumsýsla ríkissjóðs		85,1				85,1	86,2	-1,1
09-977	**Bankasýsla ríkisins**			**36,0**			**36,0**	**1,6**	**34,4**
977-1.01	Bankasýsla ríkisins			36,0			36,0	1,6	34,4

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
09-979	**Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár**							**1.189,6**	**-1.189,6**
979-1.04	Eignarhaldsfélagið FARICE							626,5	-626,5
979-1.05	Ríkisútvarpið OHF							563,1	-563,1
09-980	**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarh**	**-4,3**	**30,3**	**-0,3**	**0,7**		**26,4**	**17,3**	**9,1**
980-1.01	Rekstur húsnæðis	1,0	1,6	-0,3			2,3	-14,0	16,3
980-1.05	Rekstur tölvukerfis	0,2	23,5		0,7		24,4	20,3	4,1
980-6.21	Húsnæði	-13,2					-13,2	9,5	-22,7
980-6.41	Tölvubúnaður	7,7	5,2				12,9	1,5	11,4
09-981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**	**445,9**	**65,5**	**-30,0**	**-12,5**		**468,9**	**97,4**	**371,5**
981-5.21	Viðhald stjórnarráðsbygginga	70,9	14,5				85,4		85,4
981-5.25	Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasa	375,0	51,0	-30,0	-109,0		287,0		287,0
981-6.91	Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga				96,5		96,5	97,4	-0,9
09-984	**Fasteignir ríkissjóðs**	**33,5**	**282,2**		**105,9**	**5,4**	**427,0**	**178,2**	**248,8**
984-1.01	Yfirstjórn	-10,6	96,9				86,3	89,2	-2,9
984-1.11	Rekstur fasteigna	145,5	-2.358,2			5,4	-2.207,3	-2.151,7	-55,6
984-5.21	Viðhald fasteigna	-101,4	2.543,5		105,9		2.548,0	2.240,7	307,3
09-985	**Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll**	**1.026,7**	**1.006,2**	**-86,0**			**1.946,9**	**974,4**	**972,5**
985-1.01	Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll	1.026,7	1.006,2	-86,0			1.946,9	974,4	972,5
09-989	**Launa- og verðlagsmál**		**5.116,4**		**-4.161,9**		**954,5**		**954,5**
989-1.90	Launa- og verðlagsmál		5.116,4		-4.161,9		954,5		954,5
09-990	**Ríkisstjórnarákvarðanir**		**200,0**	**-20,0**	**-113,5**		**66,5**		**66,5**
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnari		200,0	-20,0	-113,5		66,5		66,5
09-991	**Aðflutningsgjöld af útflutningi notaðra ökutæk**		**500,0**				**500,0**	**389,1**	**110,9**
991-1.11	Aðflutningsgjöld af útflutningi notaðra ökutækja		500,0				500,0	389,1	110,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
09-994	**Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnsl**		**87,4**				**87,4**	**145,6**	**-58,2**
994-1.01	Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu		87,4				87,4	145,6	-58,2
09-999	**Ýmislegt**	**1.644,6**	**1.134,4**	**148,4**	**-39,4**		**2.888,0**	**2.106,2**	**781,8**
999-1.10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið		39,8		0,1		39,9	22,0	17,9
999-1.11	Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	65,0					65,0		65,0
999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósı	1,8	8,6				10,4	9,0	1,4
999-1.13	Kjarasamningar	0,7	18,3		0,1		19,1	2,7	16,4
999-1.14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum		52,6				52,6	112,8	-60,2
999-1.15	Kjararannsóknir	8,1	11,9		0,1		20,1	1,5	18,6
999-1.18	Framlög til stjórnmálasamtaka		371,5				371,5	371,5	
999-1.20	Endurgreiðslur til sveitarfélaga		30,0				30,0	30,0	
999-1.31	Lífeyrissjóður bænda		45,0				45,0	45,7	-0,7
999-1.45	Ýmsar nefndir	3,1	30,1		0,2		33,4	24,9	8,5
999-1.49	Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	0,6	6,5				7,1	3,0	4,1
999-1.60	Dómkröfur		232,1				232,1	256,2	-24,1
999-1.61	Bætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn	125,0					125,0		125,0
999-1.65	Kjararáð	-6,8	36,7		0,3		30,2	27,3	2,9
999-1.66	Yfirfasteignamatsnefnd	-19,0	16,5		0,1		-2,4	10,5	-12,9
999-1.67	Þjóðlendumál	19,5	24,1	-6,6	3,0		40,0	38,8	1,2
999-1.68	Endurskoðendaráð			10,0	-10,0				
999-1.75	Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	558,5			-37,8		520,7	329,7	191,0
999-1.81	Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings		5,0				5,0	2,8	2,2
999-1.90	Ýmis verkefni	100,0	135,7	145,0	6,8		387,5	115,9	271,6
999-1.94	Þróunarmál í upplýsingatækni		32,0				32,0	1,0	31,0
999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins	5,4	20,0		-2,3		23,1		23,1
999-6.49	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og /	40,7	4,8				45,5	0,9	44,6
999-6.81	Framlag til Vestmannaeyjabæjar vegna vatnslagna	700,0					700,0	700,0	
999-6.95	Þróunarmál í upplýsingatækni	42,0	13,2				55,2		55,2

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
10	*Samgönguráðuneyti*	*5.205,7*	*50.972,8*	*-3.122,7*	*22,9*	*-43,6*	*53.035,1*	*48.375,8*	*4.659,3*
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**34,8**	**397,5**	**-8,0**	**21,3**		**445,6**	**385,6**	**60,0**
101-1.01	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	34,8	397,5	-8,0	21,3		445,6	385,6	60,0
10-190	**Ýmis verkefni**	**1,4**	**351,0**	**199,8**	**0,5**		**552,7**	**443,6**	**109,1**
190-1.11	Fastanefndir		12,1	-0,2	0,1		12,0	16,8	-4,8
190-1.18	Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003		207,1				207,1	205,7	1,4
190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna		65,7		0,4		66,1	66,1	
190-1.34	Flugskóli Íslands		29,0				29,0	29,0	
190-1.36	Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reyk	1,4					1,4		1,4
190-1.52	Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq		6,5				6,5	6,5	
190-1.98	Ýmis framlög samgönguráðuneytis		30,6				30,6	21,5	9,1
190-6.43	Græni trefillinn - stígagerð			200,0			200,0	98,0	102,0
10-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	**143,2**	**687,8**	**-46,6**		**5,5**	**789,9**	**640,5**	**149,4**
211-1.01	Almennur rekstur	77,7	606,9	-46,6		5,5	643,5	560,0	83,5
211-1.02	Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna		80,9				80,9	80,9	
211-1.05	Umdæmi og rekstrardeildir	65,5					65,5	-0,4	65,9
10-212	**Samgönguverkefni**	**1.750,1**	**31.426,0**	**-3.703,0**			**29.473,1**	**25.843,3**	**3.629,8**
212-1.07	Þjónusta		3.694,1				3.694,1	3.644,8	49,3
212-1.11	Styrkir til ferja og sérleyfishafa	22,5	1.071,9				1.094,4	1.080,7	13,7
212-1.13	Styrkir til innanlandsflugs		343,8				343,8	346,0	-2,2
212-1.21	Rannsóknir	4,9	151,6	-3,0			153,5	149,2	4,3
212-5.10	Viðhald	17,8	5.178,7				5.196,5	4.759,8	436,7
212-6.10	Framkvæmdir	1.704,9	20.985,9	-3.700,0			18.990,8	15.862,8	3.128,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
10-251	**Umferðarstofa**	**67,5**	**231,2**	**-4,6**		**4,8**	**298,9**	**286,2**	**12,7**
251-1.01	Umferðarstofa	67,5	231,2	-4,6		4,8	298,9	286,2	12,7
10-281	**Rannsóknanefnd umferðarslysa**	**0,4**	**32,5**	**-0,7**	**0,2**		**32,4**	**32,4**	
281-1.01	Rannsóknanefnd umferðarslysa	0,4	32,5	-0,7	0,2		32,4	32,4	
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**333,2**	**952,0**	**-17,2**	**3,9**	**7,3**	**1.279,2**	**1.127,0**	**152,2**
335-1.01	Almennur rekstur	182,6	528,6	-10,6	-151,7	7,3	556,2	435,7	120,5
335-1.11	Vaktstöð siglinga	-5,5	327,8	-6,6	155,6		471,3	470,5	0,8
335-6.60	Vitabyggingar	1,7	32,0				33,7	28,0	5,7
335-6.80	Sjóvarnargarðar	154,4	63,6				218,0	192,8	25,2
10-336	**Hafnarframkvæmdir**	**1.064,5**	**1.196,3**	**-0,3**			**2.260,5**	**2.073,3**	**187,2**
336-1.01	Almennur rekstur	80,6	13,8	-0,3			94,1	63,7	30,4
336-6.70	Hafnabótasjóður	357,5	382,6		-260,0		480,1	405,5	74,6
336-6.72	Landeyjahöfn	603,5	770,1		260,0		1.633,6	1.557,2	76,4
336-6.73	Tollaðstaða á Seyðisfirði	5,4	10,0				15,4	15,1	0,3
336-6.74	Lendingabætur	4,6	7,5				12,1	11,5	0,6
336-6.76	Ferjubryggjur	6,9	12,3				19,2	14,4	4,8
336-6.81	Vestmannaeyjaferja	6,0					6,0	5,9	0,1
10-381	**Rannsóknanefnd sjóslysa**	**3,8**	**41,6**	**-0,8**	**0,2**		**44,8**	**35,6**	**9,2**
381-1.01	Rannsóknanefnd sjóslysa	3,8	41,6	-0,8	0,2		44,8	31,5	13,3
381-6.11	Bifreiðar							4,1	-4,1
10-471	**Flugmálastjórn Íslands**	**40,7**	**470,8**	**-9,4**	**1,6**	**32,1**	**535,8**	**485,8**	**50,0**
471-1.01	Flugmálastjórn Íslands	40,7	470,8	-9,4	1,6	32,1	535,8	485,8	50,0
10-475	**Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**	**886,4**	**3.107,7**	**-131,9**		**-175,1**	**3.687,1**	**3.711,3**	**-24,2**
475-1.01	Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	45,8	1.190,1	-100,0		-175,1	960,8	1.198,6	-237,8
475-1.11	Keflavíkurflugvöllur	0,1	1.455,5	-31,9			1.423,7	1.423,6	0,1

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
475-1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugm		139,0				139,0	127,2	11,8
475-5.41	Viðhald	12,7	65,1				77,8	59,9	17,9
475-6.41	Framkvæmdir	827,8	258,0				1.085,8	902,0	183,8
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**-3,0**	**45,1**	**-0,9**	**0,2**		**41,4**	**42,7**	**-1,3**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	-3,0	45,1	-0,9	0,2		41,4	42,7	-1,3
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**53,2**	**253,3**	**26,1**		**27,1**	**359,7**	**282,3**	**77,4**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	53,2	253,3	26,1		27,1	359,7	282,3	77,4
10-513	**Jöfnunarsjóður alþjónustu**	**-6,8**	**208,0**	**-4,2**		**54,7**	**251,7**	**196,6**	**55,1**
513-1.10	Jöfnunarsjóður alþjónustu	-6,8	208,0	-4,2		54,7	251,7	196,6	55,1
10-521	**Fjarskiptasjóður**	**836,3**	**400,0**	**-54,0**			**1.182,3**	**987,9**	**194,4**
521-6.41	Fjarskiptasjóður	836,3	400,0	-54,0			1.182,3	987,9	194,4
10-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**		**11.157,0**	**643,0**			**11.800,0**	**11.801,7**	**-1,7**
801-1.10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög		9.725,0				9.725,0	9.726,7	-1,7
801-1.11	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarfram		1.432,0	643,0			2.075,0	2.075,0	
10-811	**Bjargráðasjóður**		**10,0**	**-10,0**					
811-1.10	Bjargráðasjóður		10,0	-10,0					
11 Iðnaðarráðuneyti		***1.185,8***	***6.280,5***	***71,6***	***-63,0***	***48,1***	***7.523,0***	***6.227,8***	***1.295,2***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**18,5**	**229,5**	**-4,6**	**11,2**		**254,6**	**229,3**	**25,3**
101-1.01	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	18,5	229,5	-4,6	11,2		254,6	229,3	25,3
11-199	**Ráðstöfunarfé**		**8,0**		**-8,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		8,0		-8,0				
11-205	**Nýsköpunarmiðstöð Íslands**	**141,2**	**432,7**	**-8,6**	**2,1**		**567,4**	**508,5**	**58,9**
205-1.01	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	141,2	432,7	-8,6	2,1		567,4	508,5	58,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**39,6**	**10,1**				**49,7**	**18,9**	**30,8**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	39,6	10,1				49,7	18,9	30,8
11-242	**Tækniþróunarsjóður**	**214,0**	**690,0**				**904,0**	**640,6**	**263,4**
242-1.10	Tækniþróunarsjóður	214,0	690,0				904,0	640,6	263,4
11-245	**Samtök iðnaðarins**		**300,0**	**120,0**		**39,0**	**459,0**	**459,0**	
245-1.10	Samtök iðnaðarins		300,0	120,0		39,0	459,0	459,0	
11-251	**Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Ísla**	**57,5**	**125,0**	**32,0**			**214,5**	**224,9**	**-10,4**
251-1.10	Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	57,5	125,0	32,0			214,5	224,9	-10,4
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	**78,9**	**302,4**	**-25,4**	**16,7**	**6,9**	**379,5**	**319,8**	**59,7**
299-1.10	Fastanefndir	0,8	3,3				4,1	2,1	2,0
299-1.15	Fjárfestingarstofan		16,7		0,1		16,8	16,7	0,1
299-1.19	Staðlaráð	3,7	55,6	-5,4		6,9	60,8	62,9	-2,1
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	2,2	24,1	-5,0	6,4		27,7	27,9	-0,2
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar	50,2	80,0				130,2	100,0	30,2
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	8,0	28,0				36,0	26,4	9,6
299-1.98	Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarr	14,0	94,7	-15,0	10,2		103,9	83,8	20,1
11-301	**Orkustofnun**	**65,6**	**736,0**	**-14,7**	**2,5**		**789,4**	**509,9**	**279,5**
301-1.01	Orkustofnun	65,6	736,0	-14,7	2,5		789,4	509,9	279,5
11-371	**Orkusjóður**		**38,9**	**-0,8**			**38,1**	**38,1**	
371-1.01	Rekstur Orkusjóðs		38,9	-0,8			38,1	38,1	
11-373	**Niðurgreiðslur á húshitun**		**1.176,6**	**-42,0**			**1.134,6**	**1.069,1**	**65,5**
373-1.11	Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis		1.176,6	-42,0			1.134,6	1.069,1	65,5
11-375	**Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku**		**245,0**				**245,0**	**236,1**	**8,9**
375-1.11	Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku		245,0				245,0	236,1	8,9

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
11-399	**Ýmis orkumál**	**75,4**	**164,1**	**8,0**	**2,1**		**249,6**	**113,6**	**136,0**
399-1.12	Jarðhitaleit	53,2	47,5		0,3		101,0	16,2	84,8
399-1.21	Nýskipan orkumála	6,4			1,7		8,1	8,1	
399-1.22	Vistvænir orkugjafar	5,8	44,5	-15,0	0,1		35,4	13,9	21,5
399-1.24	Notendur utan samveitna	6,2	44,7				50,9	49,3	1,6
399-1.98	Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	3,8	27,4	23,0			54,2	26,1	28,1
11-401	**Byggðaáætlun**	**281,7**	**477,6**		**-138,5**		**620,8**	**354,0**	**266,8**
401-1.10	Byggðaáætlun	281,7	477,6		-138,5		620,8	354,0	266,8
11-411	**Byggðastofnun**		**492,4**	**-9,8**	**2,6**		**485,2**	**482,9**	**2,3**
411-1.10	Byggðastofnun		225,8	-4,5	1,2		222,5	225,8	-3,3
411-1.11	Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni		266,6	-5,3	1,4		262,7	257,1	5,6
11-501	**Ferðamálastofa**	**167,2**	**455,7**	**19,1**	**112,4**	**2,2**	**756,6**	**718,4**	**38,2**
501-1.01	Ferðamálastofa	30,2	94,6	23,1	103,5	2,2	253,6	278,0	-24,4
501-1.05	Landkynningarskrifstofur erlendis	48,4	199,2	-4,0	5,5		249,1	224,9	24,2
501-1.11	Ferðamálasamtök landshluta	1,5	62,0				63,5	51,3	12,2
501-1.13	Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu	80,0					80,0	64,3	15,7
501-1.15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	1,7	24,9		3,4		30,0	25,0	5,0
501-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	5,4	75,0				80,4	74,9	5,5
11-599	**Ýmis ferðamál**	**46,2**	**396,5**	**-1,6**	**-66,1**		**375,0**	**304,7**	**70,3**
599-1.44	Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	16,4	105,0				121,4	103,4	18,0
599-1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	13,7	87,6		6,3		107,6	90,1	17,5
599-1.53	Ferðaþjónusta á svæðum sem verða fyrir aflasamd	1,0	80,0				81,0	58,0	23,0
599-1.90	Ýmis ferðamál	5,1	42,5				47,6	42,5	5,1
599-1.98	Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis	10,0	81,4	-1,6	-72,4		17,4	10,7	6,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
12	*Viðskiptaráðuneyti*	*671,0*	*2.715,3*	*129,6*	*18,9*	*-91,4*	*3.443,4*	*3.013,8*	*429,6*
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**16,3**	**221,4**	**60,3**	**1,3**		**299,3**	**271,4**	**27,9**
101-1.01	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	16,3	221,4	60,3	1,3		299,3	271,4	27,9
12-190	**Ýmis verkefni**	**64,2**	**88,8**	**-19,6**	**7,0**	**26,0**	**166,4**	**74,9**	**91,5**
190-1.10	Neytendasamtökin	-5,4	8,5				3,1	8,5	-5,4
190-1.15	Fastanefndir	-0,1	22,0		-1,0	1,9	22,8	24,8	-2,0
190-1.20	Rafræn viðskipti	0,8	8,4			0,3	9,5	8,4	1,1
190-1.23	Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	65,2	19,0	-19,0		10,8	76,0	2,4	73,6
190-1.24	Endurskoðendaráð				10,0	13,0	23,0	7,5	15,5
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	3,7	30,9	-0,6	-2,0		32,0	23,3	8,7
12-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**	**-0,1**			**4,9**		**4,9**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0	-0,1			4,9		4,9
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	**528,0**	**1.116,0**	**-331,5**		**11,6**	**1.324,1**	**1.135,8**	**188,3**
402-1.01	Fjármálaeftirlitið	528,0	1.116,0	-331,5		11,6	1.324,1	1.135,8	188,3
12-411	**Samkeppniseftirlitið**	**-3,0**	**307,8**	**-6,2**	**1,7**		**300,3**	**294,9**	**5,4**
411-1.01	Samkeppniseftirlitið	-3,0	307,8	-6,2	1,7		300,3	294,9	5,4
12-421	**Neytendastofa**		**301,2**	**-301,2**					
421-1.01	Neytendastofa		301,2	-301,2					
12-425	**Talsmaður neytenda**		**17,0**	**-17,0**					
425-1.01	Talsmaður neytenda		17,0	-17,0					
12-431	**Einkaleyfastofan**	**54,7**	**183,1**	**14,3**		**-7,0**	**245,1**	**210,7**	**34,4**
431-1.01	Einkaleyfastofan	54,7	183,1	14,3		-7,0	245,1	210,7	34,4

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
12-501	**Hagstofa Íslands**	**10,8**		**730,6**	**8,9**		**750,3**	**673,1**	**77,2**
501-1.01	Hagstofa Íslands	10,8		730,6	8,9		750,3	673,1	77,2
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**		**475,0**			**-122,0**	**353,0**	**353,0**	
811-1.10	Flutningssjóður olíuvara		475,0			-122,0	353,0	353,0	
14 Umhverfisráðuneyti		***2.152,4***	***6.631,8***	***859,4***	***36,1***	***-207,6***	***9.472,1***	***6.937,9***	***2.534,2***
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**26,8**	**315,2**	**-4,5**	**1,7**		**339,2**	**317,6**	**21,6**
101-1.01	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	26,8	315,2	-4,5	1,7		339,2	317,6	21,6
14-190	**Ýmis verkefni**	**186,8**	**300,4**	**-15,3**	**27,2**		**499,1**	**411,3**	**87,8**
190-1.10	Fastanefndir	-0,8	6,8	-3,0	18,5		21,5	12,3	9,2
190-1.12	Samvinnunefnd um miðhálendið	3,9	4,5				8,4	9,2	-0,8
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	-3,3	15,9				12,6	15,9	-3,3
190-1.35	Umhverfisvöktun	16,9	22,4	-2,3			37,0	24,6	12,4
190-1.36	Rannsóknir og útrýming á mink	76,9					76,9	49,1	27,8
190-1.40	Alþjóðastofnanir		26,3	-10,0	1,8		18,1	26,2	-8,1
190-1.41	Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlæ	-0,3	10,1				9,8	9,9	-0,1
190-1.42	Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn me	-0,1	10,0				9,9	9,8	0,1
190-1.44	Skógræktarfélag Íslands		47,6				47,6	47,6	
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,5	1,0				2,5	2,2	0,3
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	2,9	8,4				11,3	9,9	1,4
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	-1,2	38,0		0,2		37,0	43,5	-6,5
190-1.90	Ýmis verkefni	16,0	30,9				46,9	47,9	-1,0
190-1.98	Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	74,4	78,5		6,7		159,6	103,2	56,4
14-199	**Ráðstöfunarfé**	**10,0**	**5,0**		**-15,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	10,0	5,0		-15,0				

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**1,7**	**24,1**	**-1,0**	**0,2**		**25,0**	**24,8**	**0,2**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	1,7	24,1	-1,0	0,2		25,0	20,9	4,1
202-6.11	Bifreiðar							3,9	-3,9
14-211	**Umhverfisstofnun**	**176,7**	**756,4**	**-7,0**	**4,1**	**13,0**	**943,2**	**816,0**	**127,2**
211-1.01	Umhverfisstofnun	69,9	707,6	-7,0	-1,1	13,0	782,4	716,8	65,6
211-1.11	Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref	22,0	34,8		5,2		62,0	37,1	24,9
211-5.41	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	84,8	14,0				98,8	53,6	45,2
211-6.11	Bifreiðar							8,5	-8,5
14-212	**Vatnajökulsþjóðgarður**	**20,8**	**352,3**	**-1,5**	**0,7**	**0,4**	**372,7**	**321,9**	**50,8**
212-1.01	Vatnajökulsþjóðgarður	7,7	106,8	43,5	0,7	0,4	159,1	121,5	37,6
212-6.41	Framkvæmdir	13,1	245,5	-45,0			213,6	200,4	13,2
14-231	**Landgræðsla ríkisins**	**33,1**	**601,7**	**-6,0**	**2,7**	**6,0**	**637,5**	**538,3**	**99,2**
231-1.01	Landgræðsla ríkisins	-12,2	494,8	-6,0	2,7	6,0	485,3	440,8	44,5
231-1.90	Fyrirhleðslur	72,5	60,5				133,0	58,8	74,2
231-5.01	Viðhald fasteigna	-15,2	23,0				7,8	21,4	-13,6
231-6.01	Tæki og búnaður	-12,0	23,4				11,4	17,3	-5,9
14-241	**Skógrækt ríkisins**	**23,2**	**272,1**	**-3,5**	**1,6**	**4,1**	**297,5**	**276,3**	**21,2**
241-1.01	Skógrækt ríkisins	1,5	256,8	-3,5	1,6	4,1	260,5	265,7	-5,2
241-5.01	Viðhald fasteigna	2,9	6,2				9,1	10,6	-1,5
241-6.20	Fasteignir	18,8	9,1				27,9		27,9
14-243	**Hekluskógar**	**1,3**	**24,8**				**26,1**	**25,5**	**0,6**
243-1.01	Hekluskógar	1,3	24,8				26,1	25,5	0,6
14-281	**Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**		**200,0**				**200,0**	**158,2**	**41,8**
281-6.51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga		200,0				200,0	158,2	41,8

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
14-287	**Úrvinnslusjóður**	**821,3**	**530,0**			**-60,8**	**1.290,5**	**803,7**	**486,8**
287-1.01	Almennur rekstur	393,6	70,0		-390,0		73,6	59,5	14,1
287-1.10	Úrvinnslusjóður	427,7	460,0		390,0	-60,8	1.216,9	744,2	472,7
14-289	**Endurvinnslan hf.**		**1.240,0**	**380,0**		**-209,7**	**1.410,3**	**1.410,3**	
289-1.10	Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun		1.240,0	380,0		-209,7	1.410,3	1.410,3	
14-301	**Skipulagsstofnun**	**-12,3**	**174,9**		**1,1**		**163,7**	**160,1**	**3,6**
301-1.01	Skipulagsstofnun	-12,3	174,9		1,1		163,7	160,1	3,6
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	**13,3**	**117,7**	**-2,1**		**10,4**	**139,3**	**145,8**	**-6,5**
303-1.11	Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga se		75,0			10,4	85,4	85,4	
303-1.13	Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við	13,3	42,7	-2,1			53,9	60,4	-6,5
14-310	**Landmælingar Íslands**	**23,2**	**244,2**	**-2,5**	**1,2**	**7,4**	**273,5**	**252,6**	**20,9**
310-1.01	Landmælingar Íslands	23,2	244,2	-2,5	1,2	7,4	273,5	249,3	24,2
310-6.11	Bifreiðar							3,3	-3,3
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**-6,8**	**142,8**	**68,8**		**21,6**	**226,4**	**211,5**	**14,9**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	-6,8	142,8	68,8		21,6	226,4	211,5	14,9
14-381	**Ofanflóðasjóður**	**700,5**	**144,9**	**468,0**			**1.313,4**	**-121,1**	**1.434,5**
381-1.01	Almennur rekstur	14,9	7,9				22,8	11,7	11,1
381-6.60	Ofanflóðasjóður	685,6	137,0	468,0			1.290,6	-132,8	1.423,4
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-21,2**	**351,2**	**-4,0**	**1,7**		**327,7**	**340,8**	**-13,1**
401-1.01	Náttúrufræðistofnun Íslands	-21,2	351,2	-4,0	1,7		327,7	340,8	-13,1
14-403	**Náttúrustofur**	**1,1**	**133,6**		**0,7**		**135,4**	**133,6**	**1,8**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	0,3	16,5		0,1		16,9	16,5	0,4
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	0,1	16,5		0,1		16,7	16,5	0,2
403-1.12	Náttúrustofa Bolungarvík	0,3	26,0		0,1		26,4	26,0	0,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2009, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi	0,1	16,5		0,1		16,7	16,5	0,2
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki	0,1	16,5		0,1		16,7	16,5	0,2
403-1.15	Náttúrustofa Sandgerði	0,1	16,5		0,1		16,7	16,5	0,2
403-1.16	Náttúrustofa Húsavík	0,1	25,1		0,1		25,3	25,1	0,2
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**10,5**	**32,1**	**-1,0**	**0,2**		**41,8**	**34,0**	**7,8**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	10,5	32,1	-1,0	0,2		41,8	34,0	7,8
14-412	**Veðurstofa Íslands**	**142,4**	**668,4**	**-9,0**	**8,0**		**809,8**	**676,7**	**133,1**
412-1.01	Almennur rekstur	57,5	649,7	-9,0	8,0		706,2	633,8	72,4
412-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	5,8					5,8		5,8
412-6.01	Tæki og búnaður	79,1	18,7				97,8	42,9	54,9
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs			***86.940,0***	***2.475,0***			***89.415,0***	***84.342,2***	***5.072,8***
19-801	**Vaxtagjöld ríkissjóðs**		**86.940,0**	**2.475,0**			**89.415,0**	**84.342,2**	**5.072,8**
801-1.10	Vaxtagjöld ríkissjóðs		86.940,0	2.475,0			89.415,0	84.342,2	5.072,8

962. Nefndarálit [17. mál]

um till. til þál. um gerð samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og henni bárust umsagnir frá iðnaðarráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Seðlabanka Íslands og Samtökum atvinnulífsins.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli utanríkisráðherra að hefja stefnumótun um gerð samninga við önnur ríki um gagnkvæma vernd fjárfestinga. Stefnt verði að því að fjölga gerð slíkra samninga til þess að efla traust og skapa hagfelld skilyrði fyrir beina erlenda fjárfestingu hér á landi sem og fjárfestingu íslenskra aðila erlendis. Gerð slíkra samninga stuðlar jafnframt að aukinni milliríkjaverslun og veitir fjárfestum aukna vernd. Sérstaklega verði að því stefnt að gera samninga af þessu tagi við þau ríki þar sem Íslendingar hafa mestu viðskiptahagsmunina.

Í greinargerð með tillögunni segir m.a. að mjög brýnt sé að laða erlenda fjárfesta hingað til lands til þess að leggja fram fjármagn til atvinnuuppbyggingar, með lánsfé og beinni hlutafjárþátttöku. Þá segir að með hruni fjármálakerfisins hafi trúverðugleiki Íslands víða erlendis beðið hnekki og það hafi meðal annars stuðlað að því að erlendir fjárfestar halda að sér höndum og séu ekki viljugir til þess að fjárfesta hérlendis. Það er þekkt frá öðrum ríkjum sem vilja laða til sín erlenda fjárfestingu að þau gera það með því að skapa traust og trúverðugleika. Einn liður í því, samkvæmt greinargerðinni, gæti verið að gera samninga við önnur ríki um gagnkvæma vernd fjárfestinga.

Nefndin tekur undir umsagnir sem henni bárust sem allar voru jákvæðar og telur brýnt að efla traust og skapa hagfelld skilyrði fyrir erlenda fjárfestingu hér á landi sem og fjárfestingar Íslendinga erlendis. Nefndin telur þó ljóst að gerð gagnkvæmra samninga um vernd fjárfestinga sé vandkvæðum bundin við núverandi aðstæður eins og bent er á í umsögn utanríkisráðuneytis. Í samningsfyrirmynd OECD við gerð fjárfestingarsamninga, sem íslensk stjórnvöld styðjast við, er kveðið á um að samningsaðilar tryggi að greiðslur sem tengjast fjárfestingum og ágóða skuli fást yfirfærðar. Með þeim takmörkunum á gjaldeyrisviðskiptum sem í gildi eru hér á landi eru möguleikar á því að framfylgja þessum ákvæðum fjárfestingarsamninga verulega skertir. Í því ljósi álítur nefndin að gerð samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga um þessar mundir sé verulegum takmörkunum háð, en telur engu að síður tímabært að hefja stefnumótun til framtíðar á þessu sviði svo hægt sé að leggja í slíka samningagerð þegar aðstæður breytast.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Bjarni Benediktsson.
Helgi Hjörvar.	Ólöf Nordal.	Birgitta Jónsdóttir.
	Álfheiður Ingadóttir.	

963. Skýrsla [571. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2010.

1. Inngangur.

Af þeim fjölmörgu og margþættu málum sem fjallað var um á vettvangi Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU) á árinu 2010 eru nokkur atriði sem Íslandsdeild þykir hafa sett einna mestan svip á starfsemi sambandsins árið 2010.

Í fyrsta lagi var umræða um náttúruhamfarir og viðbragðsáætlanir við þeim áberandi á árinu og fór fram utandagskrárumræða um efnið bæði á vor- og haustþingi sambandsins. Fyrri umræðan lagði áherslu á það hvernig styrkja mætti samstöðu alþjóðasamfélagsins með íbúum Haítí og Chíle í kjölfar jarðskjálftanna sem riðu yfir löndin á árinu, með áherslu á forvarnir, bætt áhættumat, björgun og stjórnun í kjölfar náttúruhamfara og sú síðari tók á því hvernig styðja mætti við neyðarviðbrögð alþjóðasamfélagsins við náttúruhamförum, með áherslu á flóðin í Pakistan. Þá fór fram umræða um góða stjórnhætti þinga og enduruppbyggingu ríkja á vorþingi sambandsins í Bangkok í mars. Þar var m.a. rætt um afleiðingar alþjóðlegu fjármálakreppunnar og hvað fór úrskeiðis í aðdraganda hennar, með áherslu á endurreisn hagkerfa heims.

Í öðru lagi var fyrirferðarmikil á árinu umræða um þær grundvallarbreytingar að Alþjóðaþingmannasambandið fái stöðu alþjóðasamtaka með fullgildingu milliríkjasamnings, sem samþykktur er af ríkisstjórnum aðildarríkjanna og fullgiltur af þingunum. Rætt var um að þar sem Alþjóðaþingmannasambandið er ekki byggt á alþjóðasamningi verði sambandið alltaf í tvíbentri stöðu sem viðurkenndur þátttakandi á alþjóðavettvangi og ekki með stöðu alþjóðastofnunar. Forseti Alþjóðaþingmannasambandsins lagði því til að skoðað yrði að breyta núgildandi fyrirkomulagi með því að bjóða aðildarríkjum sambandsins að fullgilda alþjóðasamning sem mun veita sambandinu lagalega stöðu alþjóðastofnunar. Í því samhengi var sjónum m.a. beint að framtíðarsýn Alþjóðaþingmannasambandsins þar sem sambandið starfaði sem alþjóðlegur þingmannavettvangur Sameinuðu þjóðanna. Skiptar skoðanir eru meðal aðildarríkjanna um tillögur að grundvallarbreytingum á sambandinu og var því ákveðið að framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins muni halda þriggja daga aukafundi um málið í febrúar 2011. Á fundinum verður unnið að framtíðaráætlun fyrir sambandið og í framhaldinu verða nefndarmönnum kynntar tillögur að framtíðarsýn fyrir Alþjóðaþingmannasambandið og þróun næstu ára.

Af öðrum stórum málum sem tekin voru til umfjöllunar á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins árið 2010 má nefna baráttuna gegn mansali, skipulögðum glæpum, smygli á eiturlyfjum og ólöglegri vopnasölu, þátttöku æskunnar í uppbyggingu lýðræðis og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn kosningasvindli. Enn fremur var rætt um hvernig tryggja mætti sanngjörn valdaskipti, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og gagnsæi og traust stjórnmálaflokka.

Þá ber að nefna mikilvægt starf Alþjóðaþingmannasambandsins til að efla lýðræði en mörg aðildarþing sambandsins eru ekki lýðræðislega kjörin og í sumum fer ekkert eiginlegt löggjafarstarf fram. Námskeið og ráðstefnur eru haldnar fyrir þing sem eru að feta sig áfram á lýðræðisbraut um ýmsa þætti þingstarfsins, oft í samvinnu við viðeigandi stofnun Sameinuðu þjóðanna eða aðrar alþjóðastofnanir. Sem dæmi um slíkt starf árið 2010 má nefna þingmannaráðstefnu um öryggismál í Vestur-Afríku sem haldin var í Senegal, málstofu um auknar aðgerðir þjóðþinga til að berjast gegn mansali á börnum til vinnuþrælkunar í Vestur-

og Mið-Afríku og svæðisbundna málstofu fyrir ríki Suður-Ameríku um baráttuna gegn ofbeldi á konum, frá löggjöf til framkvæmdar sem haldin var í Ekvador.

Enn fremur gefur Alþjóðaþingmannasambandið út handbækur fyrir þingmenn til að hjálpa þeim að hafa áhrif í ólíkum málaflokkum. Á árinu 2010 var m.a. gefin út handbók sem leiðarvísir til aðstoðar þjóðþingum við að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Einnig voru unnar kannanir og skýrslur á árinu um málefni sem tengjast markmiðum sambandsins, að vinna að friði og samstarfi meðal þjóða og treysta lýðræði og þjóðkjörin fulltrúaþing í sessi. Í því sambandi má m.a. nefna skýrslu um það hvort þjóðþing séu í raun opin fyrir konur og úttekt um minnihlutahópa og frumbyggja í þjóðþingum.

2. Almennt um Alþjóðaþingmannasambandið.

Aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu eiga nú 155 þjóðþing. Aukaaðild að sambandinu eiga níu svæðisbundin þingmannasamtök. Markmið sambandsins er að stuðla að skoðanaskiptum þingmanna frá öllum heimshornum um alþjóðleg málefni, vinna að friði og samstarfi meðal þjóða og treysta lýðræði og þjóðkjörin fulltrúaþing í sessi. Áhersla er lögð á að standa vörð um mannréttindi í heiminum sem eins grundvallarþáttar lýðræðis og þingræðis. Þá vinnur sambandið að styrkingu þjóðþinga og aðstoðar við þróun lýðræðislegra vinnubragða innan þeirra. Sambandið styður starfsemi Sameinuðu þjóðanna og á margvíslegt samstarf við stofnanir þeirra. Höfuðstöðvar sambandsins eru í Genf, en sambandið rekur jafnframt skrifstofu í New York.

Alþjóðaþingmannasambandið heldur tvö þing á ári, eitt stærra þing að vori í einu af aðildarríkjum sambandsins og eitt minna þing að hausti sem er haldið í Genf, nema annað sé ákveðið sérstaklega. Auk þess stendur sambandið fyrir alþjóðlegum ráðstefnum og málstofum á ári hverju, oft um málefni sem eru efst á baugi innan Sameinuðu þjóðanna hverju sinni og þá gjarnan í tengslum við tiltekna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þá eru haldnar námsstefnur fyrir þjóðþing sem óska eftir slíku um ýmsa þætti löggjafarstarfsins og eflingu lýðræðis.

Þrjár fastanefndir starfa innan Alþjóðaþingmannasambandsins:

1. nefnd um friðar- og öryggismál,
2. nefnd um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál,
3. nefnd um lýðræði og mannréttindamál.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins, sem í eiga sæti þrír fulltrúar frá hverri landsdeild (fulltrúum fækkar í tvo ef sendinefnd samanstendur ekki af fulltrúum beggja kynja í fleiri en þrjú þing í röð), markar stefnu samtakanna og hefur umsjón með starfi nefnda og vinnuhópa. Á milli funda hefur sautján manna framkvæmdastjórn umsjón með daglegum rekstri sambandsins, undirbýr fundi ráðsins og fylgir eftir ákvörðunum þess. Auk fastanefnda sambandsins skila aðrar nefndir og vinnuhópar sem starfa innan sambandsins skýrslum til ráðsins til afgreiðslu, en um er að ræða nefnd um málefni Sameinuðu þjóðanna, nefnd um mannréttindi þingmanna, nefnd um málefni Mið-Austurlanda, vinnuhóp um málefni Kýpur, nefnd til að auka virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum, undirbúningsnefnd kvennafundar Alþjóðaþingmannasambandsins og vinnuhóp um samstarf kynjanna. Nefnd um mannréttindi þingmanna vinnur mikið starf á milli þinga og gefur út skýrslu fyrir hvert þing sambandsins þar sem hún fer yfir mál þingmanna sem mannréttindi hafa verið brotin á, m.a. ef um er að ræða fangelsun, hótanir, barsmíðar, mannshvarf eða dauðsfall. Nefndin heimsækir viðkomandi ríki, ræðir við málsaðila og aflar gagna. Málum er fylgt eftir, oft árum saman, þar til

niðurstaða fæst. Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins samþykkir á hverju þingi ályktanir sem grundvallast á skýrslu nefndarinnar.

Ályktanir Alþjóðaþingmannasambandsins eru ekki bindandi fyrir þjóðþing aðildarríkjanna. Þær endurspegla hins vegar umræðu um mikilvæg málefni sem hinar ýmsu þjóðir glíma við. Vegna virkrar þátttöku þingmanna í umræðum á þingum sambandsins og ólíkra sjónarmiða þeirra hafa alþjóðastofnanir lagt áherslu á að fylgjast vel með ályktunum sambandsins, enda hafa þær iðulega bent á nýjar leiðir og hugmyndir að lausn mála.

3. Skipan og starfsemi Íslandsdeildar.

Í byrjun árs skipuðu Íslandsdeild Þuríður Backman, formaður, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs, Guðbjartur Hannesson, varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, og Einar K. Guðfinnsson, þingflokki sjálfstæðismanna. Varamenn voru Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Atli Gíslason, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs, og Ólöf Nordal, þingflokki sjálfstæðismanna.

Breytingar urðu á skipan Íslandsdeildar og var tilkynnt um þær á þingfundi 5. október. Þá tók Sigmundur Ernir Rúnarsson sæti aðalmanns, Guðbjarts Hannessonar, í deildinni og Oddný G. Harðardóttir tók sæti varamanns, Þórunnar Sveinbjarnardóttur. Á fundi Íslandsdeildar 22. nóvember var Einar K. Guðfinnsson kosinn varaformaður. Arna Gerður Bang var ritari deildarinnar. Íslandsdeild hélt fimm fundi á árinu, en á þeim fór aðallega fram undirbúningur fyrir þátttöku í þingum Alþjóðaþingmannasambandsins.

4. Yfirlit yfir fundi.

Íslandsdeild var venju samkvæmt virk í starfi Alþjóðaþingmannasambandsins á árinu og lét að sér kveða í öllum helstu málum sem komu til umræðu í nefndum og á þingum sambandsins. Starfsemi Íslandsdeildar var með hefðbundnum hætti á árinu 2010. Hér á eftir verður gerð grein fyrir því sem fram fór á fundunum á árinu og öðrum störfum Íslandsdeildar.

Norrænt samstarf.

Tveir norrænir samráðsfundir eru haldnir árlega til að fara yfir málefni komandi þings og samræma afstöðu Norðurlanda eins og hægt er. Norðurlönd skiptast á að fara með stjórn norræna hópsins og voru Danir í forustu á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Viborg 20. mars og sá síðari í Kaupmannahöfn 28. september 2010.

Guðbjartur Hannesson, varaformaður Íslandsdeildar, sótti fundinn í Viborg auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar. Kristian Pihl Lorentzen, formaður dönsku landsdeildarinnar, stýrði fundinum og bauð fundargesti velkomna til Viborg. Rætt var um að fundur Alþjóðaþingmannasambandsins, sem skipulagður var í tengslum við loftslagsráðstefnuna COP15 í Kaupmannahöfn 16. desember 2009, hefði verið gagnlegur og sýnt fram á gildi þess að halda sambærilega fundi í framtíðinni með hliðsjón af stærri viðburðum Sameinuðu þjóðanna. Þá skýrði Krister Örnfjäder, norrænn fulltrúi í framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins, nefndarmönnum frá áhersluatriðum framkvæmdastjórnarinnar og hvað helst var til umræðu á fundi hennar í Namibíu 15.–16. febrúar 2010. Hann sagði tillögu um að breyta Alþjóðaþingmannasambandinu í alþjóðastofnun hafa komið sér á óvart og það hversu stuttan tíma áætlað er að breytingin og innleiðing hennar taki í aðildarríkjunum. Tillagan felur í sér grundvallarbreytingu á Alþjóðaþingmannasambandinu og vekur upp fjölmargar spurningar og vangaveltur um framtíð sambandsins. Nefndarmenn tóku undir með

Örnfjäder að mörgum spurningum væri ósvarað og höfðu efasemdir um tillöguna. Umræða fór fram um tillöguna og var spurningum varpað fram með von um að þeim yrði sem flestum svarað á vorþingi Alþjóðaþingmannasambandsins í Bangkok seinni hluta mars 2010. Hér á eftir fara spurningar sem varpað var fram á fundinum:

- Hvað gerðist ef aðeins 25% aðildarríkjanna samþykkja breytinguna, er þá komið fordæmi fyrir A- og B-liði innan sambandsins sem skipta mundi því upp í tvo hluta?
- Er raunhæfur möguleiki að breyta Alþjóðaþingmannasambandinu á þann hátt sem lagt er til?
- Oft er erfitt að tryggja samvinnu innan Alþjóðaþingmannasambandsins þar sem viðhorf aðildarríkjanna eru ólík. Verður þetta erfiðara eftir breytinguna?
- Á Norðurlöndum fara utanríkisráðuneytin með fullgildingu alþjóðasamninga. Eru þau tilbúin til að taka það verkefni að sér í samræmi við tillögur Alþjóðaþingmannasambandsins um samninginn.
- Hvað með sjálfstæði þingmannanna? Verða þeir málpípur stjórnvalda sinna eftir fyrirhugaðar breytingar?
- Breytingin mun hafa í för með sér miklar skipulagsbreytingar á skrifstofu Alþjóðaþingmannasambandsins og aukinn kostnað. Eru þingforsetar aðildarríkjanna tilbúnir til að samþykkja þann kostnað?
- Tímaáætlunin virðist ekki raunhæf. Venja er að samningaviðræður, undirskrift og fullgilding alþjóðasamninga taki nokkur ár hið minnsta.
- Hvernig lítur tillaga framkvæmdastjórnarinnar að samningnum út í samanburði við t.d. NATO-þingið, Evrópuráðsþingið og ÖSE-þingið?
- Hvert verður hlutverk þingmannanna?
- Verður komið í veg fyrir tvíverknað milli alþjóðastofnana í kjölfar breytinganna?

Nefndarmenn voru sammála um að það væri eftirsóknarvert fyrir Alþjóðaþingmannasambandið að fá virðingarmeiri stöðu og mikilvægara hlutverki að gegna á alþjóðavettvangi en það yrði að vera ljóst hverju væri fórnað fyrir þær breytingar. Kostir og gallar breytinganna liggja ekki fyrir að svo stöddu og því ómögulegt fyrir nefndarmenn að taka afgerandi afstöðu í málinu. Þá var rætt um mikilvægt hlutverk Alþjóðaþingmannasambandsins við að stuðla að framþróun lýðræðis í aðildarríkjum þess og voru nefndarmenn sammála um að þeir væru ekki tilbúnir til að breyta grundvallarstoðum sambandsins á kostnað grundvallarhlutverks þess. Tekin var ákvörðun um að nefndarmenn upplýstu þingforseta sína um stöðu mála svo að þeir gætu haft afstöðu norrænu landsdeildanna í huga við yfirferð á drögum að yfirlýsingu þriðju ráðstefnu þingforseta Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldin verður í júlí nk.

Þá fræddi Örnfjäder nefndarmenn um helstu niðurstöður fundar stjórnarnefndar Tólfplús-hópsins. Hann sagði ekkert hafa miðað áfram varðandi ósk Tólfplús-hópsins um að varaforsetar þingsins hefðu ríkara hlutverki að gegna. Þá sé fjárhagsstaða Alþjóðaþingmannasambandsins þröng þar sem skuldbindingar varðandi lífeyrisgreiðslur hafa hækkað. Í kjölfarið hefur verið óskað eftir auknum frjálsum fjárframlögum til sambandsins. John Austin mun hætta sem formaður Tólfplús-hópsins eftir þingið í Bangkok. Ekki hefur verið rætt um eftirmann hans en líklegast þykir að franski þingmaðurinn Robert del Picchia, varaformaður nefndarinnar, taki við sæti Austins sem formaður Tólfplús-hópsins. Ákveðið hefur verið að haustþing Alþjóðaþingmannasambandsins 2012 verði haldið í Kanada og hafa Kanadamenn óskað eftir því að það verði fimm daga þing í stað þriggja daga eins og venja er. Stefnt er að því að finna lausn á þessu máli á þinginu í Bangkok.

Farið var yfir helstu umræðuefni vorþingsins og skiptingu þingmanna í fastanefndir. Umræðuefni fastanefndanna eru baráttan gegn mansali, skipulögðum glæpum, smygli á eiturlyfjum og ólöglegri vopnasölu, þátttaka æskunnar í uppbyggingu lýðræðis og þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Enn fremur fer fram almenn umræða um stjórnarhætti þinga og enduruppbyggingu ríkja. Nefnd um málefni Sameinuðu þjóðanna mun ekki funda í tengslum við þingið. Þá var rætt um hugsanlegar tillögur að neyðarályktun. Lagðar hafa verið fram tvær tillögur um neyðarályktun, annars vegar um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs með áherslu á vanvirðingu Ísraela á helgistöðum íslams og kristni í Jerúsalem, af Palestínu fyrir hönd landfræðihóps araba, og hins vegar um náttúruhamfarirnar á Haíti, af Kúbu og Úrúgvæ. Flestir nefndarmanna voru sammála um að styðja tillögu Kúbu og Úrúgvæ en fleiri tillögur verða hugsanlega lagðar fram á þinginu í Bangkok.

Jafnframt var rætt um tímasetningar vorþinga Alþjóðaþingmannasambandsins en þau hafa undanfarin ár verið haldin í páskavikunni. Framkvæmdastjórn sambandsins hefur rætt málið og bent á að þetta sé eini tíminn sem þingmenn frá Bandaríkjunum hafa tök á að sækja þing Alþjóðaþingmannasambandsins, en þau rök þykja ekki haldgóð í ljósi þess að Bandaríkjamenn eiga ekki aðild að sambandinu. 124. þing Alþjóðaþingmannasambandsins verður haldið í Panamaborg 15.–20. apríl 2011 sem er í dymbilvikunni. Þá var rætt um að halda óformlegan fund norrænu landsdeildanna í tengslum við fyrsta fund Tólfplús-hópsins sem fyrirhugaður var í Bangkok 26. mars 2010.

122. þing Alþjóðaþingmannasambandsins í Bangkok 5.–10. mars.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu fundinn Þuríður Backman, formaður, Guðbjartur Hannesson og Einar K. Guðfinnsson auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar. Helstu mál á dagskrá voru baráttan gegn mansali, skipulögðum glæpum, smygli á eiturlyfjum og ólöglegri vopnasölu, þátttaka æskunnar í uppbyggingu lýðræðis og þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna með áherslu á þróunaraðstoð og samstarf ríkja. Þá fór fram almenn umræða um góða stjórnhætti þinga og enduruppbyggingu. Enn fremur tók utandagskrárumræðuefni ráðstefnunnar á samstöðu alþjóðasamfélagsins með íbúum Haíti og Chíle í kjölfar jarðskjálftanna sem riðu yfir löndin, með áherslu á forvarnir, björgun og stjórnun í kjölfar náttúruhamfara. Um 620 þingmenn frá 124 ríkjum sóttu þingið, þar af 36 þingforsetar.

Tólfplús-hópurinn, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja, hittist að venju flesta morgna meðan á þinginu stóð, en þar er farið yfir helstu mál þingsins og afstaða sendinefnda samræmd eins og hægt var. Formaður hópsins, John Austin frá Bretlandi, stýrði fundunum í síðasta sinn en hann mun hætta sem formaður Tólfplús-hópsins eftir þingið í Bangkok. Franski þingmaðurinn Robert del Picchia var valinn eftirmaður Austins sem formaður hópsins. Fulltrúar Tólfplús-hópsins í framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins, Geert Versnick (Belgíu) og Robert del Picchia, kynntu helstu niðurstöður funda stjórnarinnar og gafst fundargestum kostur á að spyrja út í starf hennar. Enn fremur voru skipaðir fulltrúar hópsins í nefnd sem vann að drögum að neyðarályktun þingsins.

Þá kynnti Anders B. Johnson Tólfplús-hópnum tillögu forseta Alþjóðaþingmannasambandsins að þeirri grundvallarbreytingu að sambandið fái stöðu alþjóðasamtaka með fullgildingu milliríkjasamnings sem samþykktur er af ríkisstjórnum aðildarríkjanna og fullgiltur af þingunum. Johnson lagði áherslu á að málið væri á byrjunarstigi og umræður ættu eftir að fara fram um tillöguna. Hann sagðist sannfærður um að breytingin væri Alþjóðaþingmannasambandinu til góðs, ekki síst í samskiptum sambandsins við Sameinuðu þjóðirnar. Einnig

nefndi Johnson sem kosti það aukna vægi sem starf sambandsins fengi á alþjóðavettvangi auk þess sem fulltrúar aðildarríkjanna gætu fengið vegabréfsáritanir til að sækja fundi Alþjóðaþingmannasambandsins í öllum aðildarríkjunum. Johnson sagði næsta skref vera að þingmenn kynntu tillöguna fyrir þingforsetum sínum í aðildarríkjunum. Eftir kynninguna sköpuðust líflegar umræður um málið og var fjölmörgum spurningum varpað fram, m.a. um kostnað við breytinguna og frekari útlistun á kostum og göllum. Johnson sagði ekki mögulegt að svara spurningum varðandi aukinn kostnað að svo stöddu, tillagan fæli ekki í sér aukningu á ráðstöfunarfé sambandsins heldur styrkingu þess. Nefndarmenn óskuðu eftir frekari gögnum um tillöguna sem grunn að umræðu um málið í aðildarríkjunum.

Monika Griefahn (Þýskalandi) sagði fundargestum frá niðurstöðum árlegs kvennafundar Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldinn var 27. mars í Bangkok. Þuríður Backman tók þátt í fundinum en um 100 þingmenn frá 62 aðildarríkjum sóttu fundinn. Taílenska prinsessan Bajrakitiyabha, velunnari UNIFEM gegn ofbeldi á konum, hélt erindi um baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi. Þá var fundinum skipt upp í tvo umræðuhópa, annars vegar um mansal á konum og hins vegar um hlutverk kvenna við að berjast gegn smygli á eiturlyfjum. Þuríður tók til máls í fyrri hópnum og sagði frá aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda gegn mansali frá 2009. Í máli sínu lagði Þuríður áherslu á aðgerðir sem miða að því að sækja gerendur til saka, auka aðstoð við þolendur og tryggja vernd þeirra. Næsti kvennafundur Alþjóðaþingmannasambandsins verður haldinn á vorþingi samtakanna 2011.

Við setningu 122. þings Alþjóðaþingmannasambandsins flutti forseti þess og forseti neðri deildar taílenska þingsins, Chai Chidchob, ávarp þar sem hann bauð þátttakendur velkomna og kynnti dagskrá þingsins. Taílenska prinsessan Maha Chakri Sirindhorn setti þingið og lagði í ávarpi sínu áherslu á framþróun lýðræðis í heimsvísu og samvinnu þinga aðildarríkjanna. Þá ávarpaði aðstoðarforsætisráðherra Taílands, Trairong Suwankiri, þingið og sagðist trúa því að Alþjóðaþingmannasambandið væri öflugur vettvangur til að stuðla að lausn erfiðra mála á alþjóðavísu. Aðrir sem tóku til máls við setningu þingsins voru forseti öldungadeildar taílenska þingsins, Prasobsook Boondech, framkvæmdastjóri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun, sem flutti skilaboð frá aðalritara þeirra, Ban Ki-moon, og Theo-Ben Gurirab, forseti Alþjóðaþingmannasambandsins.

Almenn umræða fór fram um góða stjórnhætti þinga og enduruppbyggingu ríkja. Þuríður Backman tók þátt í umræðunum og fjallaði í ræðu sinni um enduruppbygginguna á Íslandi eftir hrun efnahagskerfisins haustið 2008 og hvað fór úrskeiðis í aðdraganda þess. Tillögur um neyðarályktun eða utandagskrárefni voru lagðar fram fyrir upphaf þingsins, en aðeins er hægt að taka fyrir eitt mál utan dagskrár á hverju þingi samkvæmt reglum Alþjóðaþingmannasambandsins. Utandagskrárumræðuefnið sem kosið var til umræðu og ályktunar var lagt fram af landsdeildum Kúbu, Frakklands, Taílands, Úganda, Bretlands og Úrúgvæ og bar yfirskriftina: Hlutverk þinga við að styrkja samstöðu alþjóðasamfélagsins gagnvart íbúum Haíti og Chíle í kjölfar jarðskjálftanna sem gengu yfir löndin auk mikilvægra aðgerða sem bæta áhættumat, björgun og forvarnir í tengslum við náttúruhamfarir. Ályktun þingsins endurspeglaði málefni umræðunnar og var hún samþykkt einróma.

Fastanefndirnar þrjár tóku fyrir fram ákveðin mál til umfjöllunar. Ályktanir nefndanna voru síðan afgreiddar á þingfundi. Þuríður Backman tók þátt í störfum 1. nefndar, um frið og alþjóðleg öryggismál, en þar var rætt um baráttuna gegn skipulagðri glæpastarfsemi með áherslu á baráttuna gegn mansali, skipulögðum glæpum, smygli á eiturlyfjum og ólöglegri vopnasölu. Einar K. Guðfinnsson tók þátt í störfum 2. nefndar, um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál, en þar var fjallað um þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna með

áherslu á þróunaraðstoð og samstarf ríkja. Einar tók þátt í umræðum nefndarinnar og lagði áherslu á að í kjölfar heimskreppunnar væri mikilvægt fyrir framþróun í þróunarríkjunum að beina sjónum að auknum viðskiptum og fríverslun. Guðbjartur Hannesson tók þátt í störfum 3. nefndar, um lýðræði og mannréttindi, en hún fjallaði um þátttöku æskunnar í uppbyggingu lýðræðis. Þá fóru fram tvær pallborðsumræður á þinginu, annars vegar um hlutverk þinga við að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hins vegar um málefni hafsins og verndun hafsvæða. Fyrri pallborðsumræðan var skipulögð í samvinnu við barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) í tilefni af tuttugu ára afmæli sáttmálans.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins kom tvisvar sinnum saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Þingin í Djíbútí, Gíneu-Bissá og Malaví fengu endurinngöngu í sambandið og þinginu í Seychelles-eyjum var vikið úr samtökunum. Aðildarríki sambandsins eru nú 155. Þá fór forseti þingsins yfir tillögu framkvæmdastjórnar að þeirri grundvallarbreytingu að Alþjóðaþingmannasambandið fái stöðu alþjóðasamtaka. Forsetinn hvatti nefndarmenn til að kynna sér tillöguna vel á næstu mánuðum og beina spurningum sínum og athugasemdum til skrifstofu sambandsins sem mun gera sitt besta til að skýra málin. Þá lagði hann til að komið yrði á vinnuhópum innan landfræðihópanna sex þar sem málið yrði sérstaklega skoðað. Jafnframt hvatti hann þingforseta til að ræða tillöguna á fundi þingforseta sem fyrirhugaður var í Genf í júní 2010.

Nefnd um mannréttindi þingmanna kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð Alþjóðaþingmannasambandsins fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Formaður nefndarinnar sagði nefndina hafa til skoðunar mál 293 löggjafa, þar af opinber mál 32 þingmanna í 21 landi. Ríkin sem í hlut eiga eru Afganistan, Bangladess, Hvíta-Rússland, Búrma, Búrundi, Kólumbía, Kongó, Ekvador, Erítrea, Líbanon, Madagaskar, Malasía, Mongólía, Palestína/Ísrael, Níger, Filippseyjar, Rússland, Rúanda, Srí Lanka, Tyrkland og Simbabve. Þess má geta að 29% þingfulltrúa á 122. þinginu voru konur sem er lakari árangur en náðist á 121. þingi (32%). Samþykkt var að 125. þing Alþjóðaþingmannasambandsins verði haldið í Bern í október 2011.

Enn fremur hélt Íslandsdeild óformlegan fund með bresku landsdeildinni þar sem m.a. var rætt um deilu ríkjanna vegna Icesave-innlánsreikninganna og stöðu mála.

123. þing Alþjóðaþingmannasambandsins í Genf 19.–21. október.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar Alþjóðaþingmannasambandsins sótti fundinn Þuríður Backman, formaður, auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar. Helstu mál á dagskrá voru gagnsæi og traust stjórnmálaflokka, sjálfbær nýting náttúruauðlinda og stjórnun í kjölfar náttúruhamfara og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn kosningasvindli. Auk þess fór fram utandagskrárumræða um hvernig styðja megi við neyðarviðbrögð alþjóðasamfélagsins við náttúruhamförum, með áherslu á flóðin í Pakistan. Þá var rætt um fyrirhugaðar grundvallarbreytingar á starfsreglum Alþjóðaþingmannasambandsins og framtíðarsýn sambandsins. Um 460 þingmenn frá 118 ríkjum sóttu þingið, þar af 22 þingforsetar.

Tólfplús-hópurinn, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja, hittist að venju flesta morgna meðan á þinginu stóð. Nýr formaður hópsins var kosinn, Robert del Picchia frá Frakklandi, og stýrði hann fundunum. Fulltrúar Tólfplús-hópsins í framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins kynntu helstu niðurstöður funda stjórnarinnar og gafst fundargestum kostur á að spyrja út í starf hennar. Þá var fundargestum sagt frá skipulagningu árlegs kvennafundar Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldinn verður á vorþingi samtakanna í Panama. Einnig fór fram umræða um fyrirhugaðar grundvallarbreytingar á starfs-

reglum Alþjóðaþingmannasambandsins, þ.e. að sambandið fái stöðu alþjóðasamtaka með fullgildingu milliríkjasamnings sem samþykktur er af ríkisstjórnum aðildarríkjanna og fullgiltur af þingunum. Var meiri hluti nefndarmanna á þeirri skoðun að breytingarnar hefðu neikvæð áhrif á sambandið og skoða þyrfti málið frekar á vorþingi sambandsins í Panama.

Fram fór kosning um lausa stöðu Tólfplús-hópsins í framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins og hlaut kanadíski þingmaðurinn Donald H. Oliver kosningu. Tólfplús-hópurinn á fjóra fulltrúa í stjórninni. Framkvæmdastjórnin hefur umsjón með rekstri samtakanna og er hún skipuð 17 fulltrúum sem kosnir eru til fjögurra ára. Enn fremur voru skipaðir fulltrúar hópsins í nefnd sem vann að drögum að neyðarályktun þingsins.

Við setningu 123. þingsins flutti forseti Alþjóðaþingmannasambandsins, Theo-Ben Gurirab, ávarp þar sem hann bauð þátttakendur velkomna og kynnti dagskrá þingsins. Þá studdi þingið yfirlýsingu forsetans um nýafstaðna atburði í Ekvador. Í yfirlýsingunni sagði forsetinn að Alþjóðaþingmannasambandið fordæmdi þær þvingunaraðgerðir sem beitt hefur verið gegn forseta Ekvadors, Rafael Correa, og hafnaði alfarið nýlegum hótunum um að kollvarpa stjórnskipan landsins.

Tvær tillögur um neyðarályktun voru lagðar fram fyrir upphaf þingsins, af Sameinuðu arabísku furstadæmunum og Íran, en aðeins er hægt að taka fyrir eitt mál utan dagskrár á hverju þingi samkvæmt reglum Alþjóðaþingmannasambandsins. Þar sem báðar tillögurnar fjölluðu um náttúruhamfarir og viðbragðsáætlanir við þeim voru þær sameinaðar í eina tillögu sem samþykkt var einróma af þinginu. Yfirskrift tillögunnar var: Hvernig styðja megi við neyðarviðbrögð alþjóðasamfélagsins við náttúruhamförum, með áherslu á flóðin í Pakistan. Í umræðum um neyðarályktunina lýstu þingmenn yfir miklum áhyggjum af ástandinu eftir flóðin í Pakistan og í öðrum löndum sem nýlega hafa orðið fyrir náttúruhamförum og vottuðu fórnarlömbum og fjölskyldum þeirra samúð sína. Þá hvöttu þingmenn einkageirann og alþjóðasamfélagið, sérstaklega þróuð ríki, alþjóðlegar fjármálastofnanir og alþjóðasamtök, til að veita enn frekari stuðning og aðstoða ríkisstjórn Pakistans við að draga úr eyðileggjandi áhrifum flóðanna. Aðgerðir sem lagðar voru til í neyðarályktuninni voru m.a. að afskrifa og/eða endurráætla skuldir Pakistans, veita Pakistan aðgang að mörkuðum til að stuðla að endurreisn efnahagslífsins í landinu og að fjárfesta í meðferðar- og endurreisnarverkefnum. Þá voru stjórnvöld í Pakistan jafnframt hvött til að halda áfram að kynna og innleiða eigin efnahagsumbætur sem nauðsynlegar eru árangursríkri enduruppbyggingu landsins. Ályktun þingsins endurspeglaði málefni umræðunnar og var hún samþykkt einróma.

Umræður um skýrslur fastanefndanna þriggja fóru fram sem pallborðsumræður þar sem efni skýrslnanna var kynnt af skýrsluhöfundum og sérfræðingum og í framhaldinu tóku þingmenn þátt í umræðum um málefnin. Í 1. nefnd, um frið og alþjóðleg öryggismál, var rætt um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn kosningasvindli og hvernig tryggja mætti sanngjörn valdaskipti. Skýrsluhöfundar skýrðu fundargestum frá framgangi vinnu nefndarinnar við undirbúning skýrslunnar sem flutt verður á vorþinginu í Panama. Í 2. nefnd, um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál, var fjallað um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og stjórnun í kjölfar náttúruhamfara. Þar sem fjallað var um efnið á afar breiðum grunni var sérfræðingur frá þróunarskrifstofu Sameinuðu þjóðanna fenginn til að halda erindi um nýtingu auðlinda heims og helstu vandamál þar að lútandi. Hann lagi áherslu á mikilvægi landbúnaðar fyrir bæði þróuð lönd og þróunarlönd og fjallaði um stefnubreytingar sem væru nauðsynlegar vegna hlýnunar af völdum loftslagsbreytinga. Í 3. nefnd, um lýðræði og mannréttindi, var fjallaði um gagnsæi og traust stjórnmálaflokka. Í umræðu um drög að skýrslu nefndarinnar ræddu

þingmenn m.a. mikilvægi þess að koma á viðmiðunarreglum til að hlúa að gagnsæi og ábyrgð, grundvallarstoðum lýðræðis. Skírskotun var gerð um að takmarka upphæðir fjárstyrkja og nauðsyn þess að stjórnmálaflokkar gefi upp hverjir veiti styrkina og upphæð þeirra og hvernig þeir séu nýttir, sérstaklega séu þeir veittir af opinberum aðilum.

Nefnd um málefni Sameinuðu þjóðanna fundaði í tengslum við þingið og hélt aðstoðarframkvæmdastjóri innra stefnumótunarsviðs Sameinuðu þjóðanna erindi um niðurstöður nýlegrar ráðstefnu um þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Hann lagði í máli sínu sérstaka áherslu á þau skref sem nauðsynlegt er að taka til að markmiðunum verði náð. Nefndarmenn voru sammála um að jafnrétti kynjanna hefði margfeldisáhrif þegar kæmi að markmiðunum og væri það svið sem Alþjóðaþingmannasambandið gæti lagt hvað mest af mörkum. Þá kynnti formaður indónesísku landsdeildarinnar skýrslu Alþjóðaþingmannasambandsins um þúsaldarmarkmiðin sem gerð var í tilefni af þriðju ráðstefnu þingforseta Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldin varð í Genf í júní. Þar er m.a. farið yfir vinnu sambandsins síðasta áratuginn sem stuðlað hefur að framgangi markmiðanna, aukið pólitískan stuðning og hvatt til aðgerða. Jafnframt var kynnt fyrir nefndinni rannsókn Alþjóðaþingmannasambandsins á því hvernig þing aðildarríkjanna vinna að stuðningi við þúsaldarmarkmiðin.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins kom tvisvar sinnum saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Aðildarríki sambandsins eru nú 155. Samþykkt var fjárhagsáætlun fyrir 2011 þar sem ekki var gert ráð fyrir auknum útgjöldum frá 2010. Þá voru fyrstu drög að grundvallaráætlun Alþjóðaþingmannasambandsins lögð fram. Drögin endurspegla sambandið, verkefni þess og framtíðarsýn. Forseti Alþjóðaþingmannasambandsins lýsti því yfir að framkvæmdastjórn sambandsins muni halda þriggja daga aukafundi í febrúar 2011 til að vinna í áætluninni og muni senda nefndarmönnum hnitmiðað skjal fyrir vorþingið í Panama þar sem fram mun koma framtíðarsýn fyrir Alþjóðaþingmannasambandið og þróun næstu ára.

Nefnd um mannréttindi þingmanna kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð Alþjóðaþingmannasambandsins fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Formaður nefndarinnar sagði nefndina hafa til skoðunar mál 306 löggjafa, þar af opinber mál 118 þingmanna í 35 löndum. Ríkin sem m.a. eiga í hlut eru Afganistan, Bangladess, Búrundí, Búrma, Kambódía, Kólumbía, Kongó, Ekvador, Egyptaland, Erítrea, Írak, Líbanon, Mongólía, Madagaskar, Malasía, Palestína/Ísrael, Filippseyjar, Rúanda, Rússland, Srí Lanka, Tyrkland og Simbabve.

Þess má geta að 148 þingfulltrúar á 123. þingi Alþjóðaþingmannasambandsins voru konur (32%), sem er betri árangur en náðist á 122. þingi (29%). Þingin 2012 verða bæði haldin utan Genf, vorþingið verður haldið í Kampala í Úganda og haustþingið í Quebec í Kanada þar sem tíðrætt vandamál varðandi vegabréfsáritanir til Kanada fyrir landsdeildir Alþjóðaþingmannasambandsins hefur verið leyst. Vorþing 2011 verður haldið í Panamaborg 15.–20. apríl, haustþing 2011 verður haldið 16.–19. október í Bern.

5. Ályktanir Alþjóðaþingmannasambandsins árið 2010.

Ályktanir 122. þings Alþjóðaþingmannasambandsins vörðuðu eftirfarandi efni:

1. Að stuðla að samvinnu og sameiginlegri ábyrgð í baráttunni gegn skipulögðum glæpum, með áherslu á smygl á eiturlyfjum, ólöglegra vopnasölu, mansal og hryðjuverk sem ná yfir landamæri.
2. Hlutverk þjóðþinga við framþróun svokallaðs „suður suður“ samstarfs ríkja með það að leiðarljósi að flýta fyrir því að þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna verði náð.

3. Þátttöku æskunnar í uppbyggingu lýðræðis.
4. Hlutverk þjóðþinga við að styrkja samstöðu alþjóðasamfélagsins með íbúum Haítí og Chíle í kjölfar jarðskjálftanna sem riðu yfir löndin, með áherslu á forvarnir, bætt áhættumat, björgun og stjórnun í kjölfar náttúruhamfara.

Ályktun 123. þings Alþjóðaþingmannasambandsins varðaði eftirfarandi efni:

Aðkallandi aðgerðir sem styðja við neyðarviðbrögð alþjóðasamfélagsins við náttúruhamförum, með áherslu á flóðin í Pakistan.

Alþingi, 2. mars 2011.

Þuríður Backman, form.	Einar K. Guðfinnsson, varaform.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.

964. Frumvarp til laga [572. mál]

um breyting á lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63/1989, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, ábúðarlögum, nr. 80/2004, og lögum um búfjárhald, nr. 103/2002 (niðurlagning Hagþjónustu landbúnaðarins).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.
b. 2. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðanna „starfi Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 3. mgr. kemur: framkvæmd þessara laga.
d. Í stað orðanna „henni er heimilt að afla sér“ í 3. mgr. kemur: aðila sem sinnir verkefnum með heimild í 3. gr. a er heimilt að afla sér.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hlutverk Hagþjónustu landbúnaðarins er“ kemur: Ráðherra skal hlutast til um hagþjónustu í landbúnaði sem hefur svofellt hlutverk.
b. 1. tölul. orðast svo: Að annast hagrannsóknir í landbúnaði, eftir atvikum í samstarfi við stofnanir sem sinna sambærilegri starfsemi. Áhersla skal lögð á rannsóknir og úrvinnslu gagna sem nýtast við hagrænar leiðbeiningar til bænda og rannsóknir sem gagnast við stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda.
c. 2., 3., 5. og 6. tölul. falla brott.

3. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Yfirstjórn.**

4. gr.

II. kafli laganna fellur brott.

5. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, II. kafli A, **Framkvæmd hagþjónustu landbúnaðarins,** með einni grein, 3. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að gera samning um framkvæmd verkefna samkvæmt lögum þessum við Landbúnaðarháskóla Íslands, Hagstofu Íslands, Háskóla Íslands eða annan hæfan aðila.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Orðin „og skulu þær hafa hliðsjón af viðmiðunargjaldskrá Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 2. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „Hagþjónusta landbúnaðarins“ í 3. mgr. kemur: Aðili sem sinnir verkefnum með heimild í 3. gr. a.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „stofnunarinnar“ komi: samkvæmt lögum þessum.
b. Orðin „og skulu greiðslurnar vera samkvæmt viðmiðunargjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur“ falla brott.

8. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Í stað orðanna „Stjórn og starfsmönnum Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 9. gr. laganna kemur: Þeir sem sinna verkefnum samkvæmt þessum lögum með heimild í samningi skv. 3. gr. a.

10. gr.

10. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um rekstur og tilhögun hagþjónustu landbúnaðarins.

12. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um hagþjónustu landbúnaðarins.**

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

13. gr.

Í stað orðanna „forstöðumaður Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 8. mgr. 7. gr. laganna kemur: aðili skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 2. mgr. kemur: Aðili skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.
b. Í stað orðanna „Stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 2. mgr. kemur: Aðili skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.
c. Í stað orðanna „Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 3. mgr. kemur: aðila skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.

III. KAFLI

Breyting á ábúðarlögum, nr. 80/2004.

15. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.

16. gr.

Í stað orðanna „Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: aðila skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.

V. KAFLI

Gildistaka.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012.

Ákvæði til bráðabirgða.

Störf hjá Hagþjónustu landbúnaðarins eru lögð niður frá og með 1. janúar 2012. Ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda um starfsmenn, eftir því sem við á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hagþjónusta landbúnaðarins lítil stofnun, sem starfað hefur í 20 ár, frá árinu 1990. Stofnunin er á Hvanneyri í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Í fjárlögum fyrir árið 2011 er henni ætlað 24,8 millj. kr. framlag, umfram tekjur, en hún hefur áætlaðar sértekjur að fjárhæð 3,1 millj. kr. (fjárlagaliður 04-487). Við stofnunina eru 2,9 stöðugildi.

Hinn 14. apríl 2010 setti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á fót vinnuhóp til að fara yfir starfsemi Hagþjónustu landbúnaðarins og gera tillögur um það hvernig hún gæti best þjónað landbúnaðinum. Í hópnum sátu fulltrúar frá ráðuneytinu, Landbúnaðarháskóla Íslands, Bændasamtökum Íslands og Hagstofu Íslands. Hópnum var ætlað að leggja mat á starfsemi stofnunarinnar og gera tillögur um mögulegar breytingar á starfsemi hennar. Mark-

mið starfsins var að framtíðarfyrirkomulag stofnunarinnar verði í senn skilvirkt og hagkvæmt, en gera verði ráð fyrir því að núverandi fjárhagsrammi hennar geti skerst enn frekar.

Í minnisblaði vinnuhópsins til ráðherra dags. 28. júní 2010 eru lögbundin markmið í rekstri stofnunarinnar tilfærð og lagt mat á það hvernig þau hafi tekist næstliðin ár. Greint er frá því að Bændasamtökin sinni verkefnum sem heyra undir stofnunina skv. 1.–3. mgr. 2. gr. laganna, þ.e. veiti bændum bókhaldsleiðbeiningar o.fl. Um það var gerður samningur milli stofnunarinnar og samtakanna haustið 1993. Þá er rakið hvernig íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir umfangsmiklum breytingum, sem munu auka þörf fyrir ráðgjöf og öflun hagtalna á nýjum sviðum. Jafnframt er gerð grein fyrir starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands, einkum áherslum næstliðin ár, t.d. á sviði skipulagsþróunar og byggðaþróunar. Sökum þess hversu Hagþjónusta landbúnaðarins er aðkreppt fjárhagslega og í ljósi mögulegra samlegðaráhrifa, ef hún yrði sameinuð öðru stjórnvaldi, gerir vinnuhópurinn tillögur að þremur leiðum til stefnumörkunar. Í fyrsta lagi að stofnunin verði sameinuð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, í öðru lagi að hún verði sameinuð nýrri „Greiðslustofnun landbúnaðarins“ og/eða Matvælastofnun og í þriðja lagi að hún verði rekin með óbreyttu fyrirkomulagi.

Vinnuhópurinn telur að óbreytt fyrirkomulag á rekstri stofnunarinnar sé „tæplega kostur í stöðunni“. Bent er á að blikur séu á lofti um auknar niðurfærslur fjárlagaheimilda á komandi árum og að óvissa sé um sértekjur stofnunarinnar, en stærsti liður þeirra, þ.e. framlög samkvæmt samningi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti um færslu lögbýlaskrár, verði að líkindum ekki framlengdur. Þá aðeins verði unnt að mæla með óbreyttu fyrirkomulagi að framlög til stofnunarinnar verði stóraukin.

Með stjórnarfrumvarpi þessu er lagt til að stofnunin verði lögð niður og verkefni hennar færð til ráðherra sem síðan geri samning um framkvæmd þeirra við til þess hæfan aðila hverju sinni. Með því er mögulegt að tryggja eðlilegan framgang á mikilsverðum verkefnum Hagþjónustunnar með sveigjanlegum hætti. Gert er ráð fyrir því að Landbúnaðarháskóli Íslands taki við verkefnum stofnunarinnar að miklu leyti. Þegar er í gildi þjónustusamningur milli ráðuneytisins og háskólans um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar, fyrir árin 2009–2012. Hægast er að endurskoða þann samning um þetta málefni. Með því yrði skólinn styrktur á sviði landbúnaðarhagfræði og hlúð að kennslu á því sviði. Um leið kemur til álita að gera þjónustusamning við Hagstofu Íslands og Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir því að fjárlagaliðurinn 04-487 verði nýttur til þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að stofnunin Hagþjónusta landbúnaðarins verði lögð niður. Um leið er eðlilegt að árétta forræði ráðherra á framkvæmd laganna.

Um 2. gr.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til með greininni er áhersla færð yfir á hagrannsóknir sem þjóna þeim tilgangi að undirbyggja leiðbeiningarstarfsemi í landbúnaði og gagnast stjórnvöldum við stefnumótun. Brott eru numin ákvæði sem ekki eiga lengur við eða ekki er lengur talin þörf á, svo sem umsjón með þróun bókhaldsforrita, skipulegt fræðslu- og leiðbeiningarstarf sem er í verkahring leiðbeiningarþjónustunnar og frumkvæði að áætlunargerð o.fl., en þar á það sama við.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Í samræmi við það sem segir í almennum athugasemdum er hér lagt til að ráðherra hafi heimild til að gera samning um framkvæmd verkefna samkvæmt lögunum. Til nánari skýringar á framkvæmd þessa má vísa til 1. mgr. 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Þar er gert ráð fyrir því að gerðir séu samningar um rekstrarverkefni, sem undir ráðuneyti heyra, til lengri tíma en eins árs við þá ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu, aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum. Síðan segir: „Með rekstrarverkefni er átt við afmarkaða rekstrarþætti eða rekstur ríkisstofnunar í heild sinni vegna viðfangsefna eða þjónustu sem ýmist er kveðið á um í lögum að ríkið skuli veita og standa undir kostnaði af eða eru liðir í því að ríkisaðili geti rækt hlutverk sitt.“ Þessi grein getur þó ekki átt við að því leyti að einkaaðila verður ekki falið að annast þau verkefni sem hér um ræðir, enda eru þau þess eðlis að þau verða með réttu aðeins falin opinberum aðila.

Rétt er einnig að vísa til 5. mgr. lagagreinarinnar, en þar segir: „Í samningi um rekstrarverkefni samkvæmt þessari grein skal m.a. skilgreina umfang og gæði þeirrar þjónustu sem ríkissjóður kaupir, samningstíma, greiðslur úr ríkissjóði, eftirlit með þjónustu og meðferð ágreiningsmála. […] Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum samkvæmt þessari grein og um þær almennu kröfur sem gera skal til samningsaðila, svo sem um fjárhagslegt bolmagn, faglega þekkingu og aðstöðu.“ Þessi ákvæði fjárreiðulaga munu gilda um þann samning sem hér um ræðir. Þó er rétt að athuga að val á samningsaðila er fært til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem getur því gengið beint til viðræðna við hann.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar, en vísa má til athugasemda við 7. gr.

Um 7. gr.

Í 7. gr. gildandi laga segir að heimilt sé að greiða fyrir „öflun sérstakra upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna verkefna stofnunarinnar“. Lagt er til að þessi heimild verði látin óröskuð en brott falli áskilnaður um að greiðslurnar skuli vera „samkvæmt viðmiðunargjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur“.

Hagþjónusta landbúnaðarins hefur, frá því hún tók til starfa, í fyrsta lagi greitt þóknun til einstakra bænda sem færa bókhald fyrir aðra bændur, búnaðarsambanda, búnaðarsamtaka og í einstökum tilvikum til bókhaldsstofa vegna söfnunar búreikninga og uppsetningar bókhaldsgagna, samkvæmt kröfum stofnunarinnar. Í öðru lagi greiddi stofnunin frá uphafi, til ársins 2005, þóknun til einstakra bænda sem héldu vinnuskýrslur í hefðbundnum greinum landbúnaðar, vegna vinnuskýrsluverkefnis stofnunarinnar. Í þriðja lagi hefur stofnunin greitt öðrum stofnunum fyrir samantekt sértækra upplýsinga vegna vinnslu gagna til birtingar í ritinu Hagur landbúnaðarins (sem kemur út annað hvert ár). Í fjórða lagi, er um að ræða öflun sértækra upplýsinga vegna vinnslu verkefna fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Ekki hefur tekist að setja „viðmiðunargjaldskrá“ vegna þessara verkefna, þótt um árabil hafi það verið til umræðu. Í raun er þessi starfsemi þess eðlis að best fer á því að gefa svigrúm til að ákveða greiðslur hverju sinni innan fjárheimilda.

Um 8. gr.

Lagt er til að 8. gr. laganna falli brott enda er hún talin úrelt.

Um 9.–14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar en í þeim felast eðlilegar breytingar sem leiða af því að Hagþjónusta landbúnaðarins er lögð niður.

Um 15. gr.

Í 2. mgr. 8. gr. ábúðarlaga, nr. 80/2004, segir að tilkynna skuli Hagþjónustu landbúnaðarins um nýja ábúðarsamninga. Sú tilkynningarskylda er óþörf, enda ber að þinglýsa samningunum, sbr. 1. mgr. lagagreinarinnar. Lagt er til að ákvæðið falli brott af þeim sökum.

Um 16. og 17. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63/1989, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, ábúðarlögum, nr. 80/2004, og lögum um búfjárhald, nr. 103/2002 (niðurlagning Hagþjónustu landbúnaðarins).

Með frumvarpi þessu er lagt til að Hagþjónusta landbúnaðarins verði lögð niður frá og með 1. janúar 2012. Stofnunin hefur verið starfrækt frá árinu 1990 og hefur aðallega sinnt vinnslu upp úr búreikningum bænda, hagtölusöfnun fyrir landbúnaðinn, hagrannsóknum, kennslu í búnaðarhagfræði, ásamt ýmsum öðrum tilfallandi verkefnum. Á árinu 2009 störfuðu fimm starfsmenn hjá stofnuninni en þar af voru þrír fastráðnir og tveir verkefnaráðnir. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákveðin verkefni stofnunarinnar verði flutt til ráðherra sem síðan geri samninga um framkvæmd þeirra við þar til bæra aðila hverju sinni. Þau verkefni sem áætlað er að sinnt verði áfram eru hagrannsóknir í landbúnaði og söfnun og vinnsla úr búreikningum bænda. Gagnasöfnunin og úrvinnslan skuli miðast við að nýtast sem best til opinberrar hagskýrslugerðar um framleiðslu, rekstur og efnahag einstakra búgreina. Í því sambandi hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gert ráð fyrir að stærstur hluti þeirra verkefna sem áfram verði starfrækt fari til Landbúnaðarháskóla Íslands og aðrir hlutar til Hagstofu Íslands og Háskóla Íslands. Ráðuneytið áformar að gengið verði frá samningum við hlutaðeigandi aðila áður en stofnunin verður lögð niður til að tryggja samfellu í verkefnum. Á þessu stigi liggur hins vegar ekki fyrir hjá ráðuneytinu áætlun um skiptingu verkefna á milli aðila né mat á þörf fyrir fjárveitingar til að sinna þeim.

Við niðurlagningu stofnunarinnar munu fjárveitingar hennar falla niður frá og með fjárlögum 2012 en þær eru annars vegar 27,9 m.kr. útgjaldaheimild og sértekjur að fjárhæð 3,1 m.kr. Þannig er gert ráð fyrir 24,8 m.kr. greiðslu úr ríkissjóði í gildandi fjárlögum. Gera þarf tillögur um nýjar fjárveitingar til þeirra verkefna sem fyrirhugað er að gera samstarfssamninga um. Í því sambandi má nefna að rúmar 3,3 m.kr. eru nú greiddar í húsaleigu fyrir stofnunina og forstöðumann hennar á ári, auk afleidds kostnaðar í tengslum við rekstur stofnunarinnar svo sem rekstur bifreiðar og bókhaldsþjónusta, stjórnarlaun o.s.frv. sem ekki ætti að falla til eftir að verkefnin hafa verið færð til annarra aðila. Því er ljóst að eitthvað hagræði gæti skapast verði stofnunin lögð niður þó svo það hafi ekki verið metið sérstaklega. Á móti kemur að starfsmenn eiga rétt á biðlaunum ef þeim verður ekki boðið sambærilegt starf við verkefnin hjá nýjum rekstraraðilum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur metið að þessi einskiptis kostnaður gæti numið allt að 13 m.kr. ef starfsmenn geta nýtt sér að fullu þann biðlaunarétt sem skapast. Það liggur þó ekki fyrir hvernig með málin verður farið eftir að stofnunin hefur verið lögð niður og verkefnin flutt annað.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má því gera ráð fyrir að 27,9 m.kr. fjárveiting til Hagþjónustu landbúnaðarins falli niður frá og með fjárlögum 2012 en að á móti geti komið framlög til að standa undir samstarfssamningum við aðila sem taka við stærstum hluta af verkefnum stofnunarinnar. Ekki er hægt að leggja mat á þau útgjöld á þessu stigi þar sem ekki liggja fyrir útfærðar áætlanir um fyrirkomulag og tilkostnað þeirra verkefna. Þá gæti niðurlagning stofnunarinnar leitt til aukinna tímabundinna útgjalda vegna starfslokasamninga að fjárhæð allt að 13 m.kr.

965. Frumvarp til laga [573. mál]

um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (flutningur leyfa og undanþágna til Lyfjastofnunar og gjaldtaka).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Lyfjastofnun getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. þegar sérstaklega stendur á. Slíkar undanþágur eru ávallt afturtækar. Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja frekari skilyrði og takmarkanir á veitingu undanþágna og mæla fyrir um önnur atriði er varða framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna þeirra er greinir í 1. mgr. er einungis heimil lyfsölum, lyfjaheildsölum, lyfjaframleiðendum og þeim sem Lyfjastofnun hefur veitt sérstakt leyfi til slíks. Sækja þarf um sérstakt leyfi til Lyfjastofnunar í hvert sinn. Slík leyfi eru ávallt afturtæk. Ráðherra er heimilt

með reglugerð að setja frekari skilyrði og mæla fyrir um takmarkanir á slíkri starfsemi og önnur atriði er varða framkvæmd þessa ákvæðis.

II. KAFLI
Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við 9. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt veitir Lyfjastofnun leyfi og undanþágur samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni.
b. Í stað orðanna „og fyrir mat á stöðluðum forskriftum skv. 5. gr.“ í 8. mgr. kemur: fyrir mat á stöðluðum forskriftum skv. 5. gr. og fyrir veitingu leyfa og undanþágna samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni, sbr. 9. tölul. 1. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að veiting leyfa og undanþágna til inn- og útflutnings á ávana- og fíkniefnum verði flutt frá velferðarráðuneyti til Lyfjastofnunar. Einnig er lagt til að greiða skuli gjald fyrir slík leyfi og undanþágur. Við undirbúning frumvarpsins var haft samráð við Lyfjastofnun.

Markmið frumvarpsins er hagræðing í rekstri ráðuneytisins og samræming, m.a. með hliðsjón af sameiningu heilbrigðisráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytis í velferðarráðuneyti. Samkvæmt 9. tölul. 3. gr. lyfjalaga hefur Lyfjastofnun nú þegar sértækt eftirlit með ávana- og fíknilyfjum er lýtur að afgreiðslu, gerð og áritun lyfseðla og afhendingu ávana- og fíknilyfja úr lyfjabúðum. Nánar er kveðið á um framkvæmd eftirlitsins í reglugerð nr. 233/2001, um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni. Að auki verður að telja að viðkomandi stjórnsýsluframkvæmd eigi frekar heima á verksviði Lyfjastofnunar en ráðuneytisins. Rétt er að ítreka að ekki er verið að mæla fyrir um efnislega breytingu á útgáfu leyfa og undanþágna til inn- og útflutnings samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni, heldur einungis verið að flytja framkvæmd verkefnisins frá heilbrigðisráðuneyti til Lyfjastofnunar. Undanþágur hafa verið veittar lyfsölum, lyfjaframleiðendum og lyfjaheildsölum. Lögregla og rannsóknastofnanir nota lítið eitt af ávana- og fíkniefnum sem samanburðarefni við ólöglega innflutt ávana- og fíkniefni, en efnin eru flutt inn af þeim sem til þess hafa leyfi eða lyfjaheildsölum.

Samfara tilfærslu framangreinds verkefnis frá velferðarráðuneyti til Lyfjastofnunar er lagt til að gjaldtökuheimild fyrir umrædd leyfi og undanþágur verði komið fyrir í lyfjalögum. Velferðarráðuneytið, og áður heilbrigðisráðuneytið, hefur veitt inn- og útflutningsleyfi sem og undanþágur fyrir ávana- og fíkniefni umsækjendum að kostnaðarlausu. Telja verður eðlilegt og í samræmi við erlenda framkvæmd að greitt sé fyrir slík leyfi, enda felur útgáfa leyfa í sér ákveðna vinnu fyrir yfirvöld sem umsækjendur ættu eðli máls samkvæmt að bera. Lagt er til að gjaldtökuheimildin verði sett í lyfjalög þar sem nú þegar eru til staðar gjaldtökuheimildir fyrir hluta verkefna Lyfjastofnunar. Auk þess er þar kveðið á um að ráðherra setji gjaldskrá að fengnum tillögum stofnunarinnar vegna lögbundinnar starfsemi sem talin er upp í 3.–8. mgr. 3. gr. lyfjalaga.

Rétt er að taka fram að þótt þessi málaflokkur falli undir velferðarráðuneyti fer fram mikið og gott samstarf við aðra opinbera aðila, svo sem innanríkisráðuneyti, Lyfjastofnun, landlækni, ríkislögreglustjóra og tollstjórann í Reykjavík, vegna inn- og útflutnings ávana- og fíkniefna og eftirlits með þeim, auk annarra eftirlitsskyldra efna, og vegna eftirlits og skýrslugjafar til Alþjóðafíkniefnaráðsins (International Narcotics Control Board, INCB).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að heimild til veitingar undanþágu frá banni 1. og 2. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni um vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna verði flutt frá velferðarráðuneyti til Lyfjastofnunar. Í dag eru slíkar undanþágur, oftast innflutningsleyfi (e. import authorization), veittar lögreglu og rannsóknastofnunum, sem m.a. nota efnin sem samanburðarefni við ávana- og fíkniefni sem flutt hafa verið ólöglega til landsins til að framkvæma svokallað óhreinindapróf. Innflutningur efnanna í þessum tilfellum fer yfirleitt fram í gegnum lyfjaframleiðanda eða lyfjaheildsala. Gert er ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að útfæra skilyrði undanþágna og takmarkanir þeirra í reglugerð.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að Lyfjastofnun, en ekki velferðarráðuneyti, veiti leyfi til inn- og útflutnings, sölu, kaupa, skipta, afhendingar, móttöku, framleiðslu, tilbúnings og vörslu þeirra efna sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr. laga um ávana- og fíkniefni. Slík leyfi verða veitt lyfsölum, lyfjaheildsölum, lyfjaframleiðendum og þeim sem Lyfjastofnun hefur veitt sérstakt leyfi.

Í framkvæmd hefur sýnt sig að einungis lyfsalar, lyfjaheildsalar og lyfjaframleiðendur sækja um leyfi til inn- og útflutnings þeirra efna sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr. laganna og hefur ráðuneytið gefið út leyfi eftir umsókn fyrir hvern einstakan inn- eða útflutning. Því er lagt til að sækja þurfi um leyfi í hvert sinn. Samkvæmt greininni er ráðherra heimilt að útfæra skilyrði leyfanna og takmarkanir þeirra í reglugerð.

Um 3. gr.

Í greininni er bætt við 9. tölul. 1. mgr. 3. gr. núgildandi lyfjalaga málslið þess efnis að Lyfjastofnun hafi einnig það hlutverk að veita undanþágur og leyfi skv. 2. og 3. gr. laga um ávana- og fíkniefni. Lyfjastofnun hefur nú þegar sértækt eftirlit með ávana- og fíknilyfjum sem lýtur að afgreiðslu, gerð og áritun lyfseðla og afhendingu ávana- og fíknilyfja úr lyfjabúð. Nauðsynlegt er að tiltaka sérstaklega í lyfjalögum það viðbótarverkefni sem lagt er til að Lyfjastofnun fái með frumvarpi þessu.

Í b-lið greinarinnar er núgildandi ákvæði 8. mgr. 3. gr. lyfjalaga umorðað og bætt við gjaldtökuheimild Lyfjastofnunar vegna veitingar undanþágna og leyfa skv. 3. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. laga um ávana- og fíkniefni. Gert er ráð fyrir að gjald samkvæmt ákvæðinu verði ákvarðað með gjaldskrá eins og kveðið er á um í 9. mgr. 3. gr. lyfjalaga og að það taki mið af kostnaði við framkvæmd verksins.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. apríl 2011.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni og lyfjalögum.

Markmið frumvarpsins er að samræma vinnuferli vegna umsókna um vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna og útgáfu á leyfum í tengslum við framleiðslu, inn- og útflutning og sölu á ávana- og fíkniefnum sem tilgreind eru í gildandi lögum um þau.

Í því skyni eru lagðar til tvenns konar breytingar á gildandi lögum, annars vegar á lögum um ávana- og fíkniefni og hins vegar á lyfjalögum. Lagt er til að heimild til að veita leyfi og undanþágur frá banni við vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna, sem tilgreind eru í gildandi lögum, þ.m.t. inn- og útflutningur, sala eða framleiðsla þeirra, verði flutt frá fagráðuneyti til Lyfjastofnunar. Hins vegar er lagt til að í lyfjalögum verði ný gjaldtökuheimild til handa Lyfjastofnun vegna umsókna um framangreind leyfi og undanþágur en heilbrigðisráðuneytið hefur fram til þessa ekki tekið gjald vegna afgreiðslu málanna.

Talið er að framkvæmd verkefnisins eigi betur heima hjá Lyfjastofnun en í fagráðuneyti þar sem stofnunin fer nú þegar með ákveðið eftirlitshlutverk með ávana- og fíkniefnum. Fram til þessa hafa verið veittar um 300 undanþágur árlega og um hálfu stöðugildi verið varið í fyrrgreind verkefni hjá fagráðuneytinu og verður það lagt niður. Að sama skapi mun þurfa að sinna þessari vinnu hjá Lyfjastofnun en frumvarpið gerir einnig ráð fyrir tekjum af gjaldtöku vegna umsókna sem standi undir þeim kostnaði.

Verði frumvarpið lögfest er ekki gert ráð fyrir að útgjöld færist á milli aðila en að útgjöldin í heild verði óbreytt eftir sem áður.

966. Skýrsla [574. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra um framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum skólaárin 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Inngangur

Samkvæmt 56. gr. gildandi laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla skal mennta- og menningarmálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti. Sams konar ákvæði var í lögum nr. 80/1996 er giltu fyrir það tímabil sem skýrsla þessi nær til, þ.e. skólaáranna 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008. Þetta er í fjórða sinn sem ráðherra leggur slíka skýrslu fyrir Alþingi.

Í skýrslunni er að finna margvíslegar upplýsingar um skólahald á framhaldsskólastigi á fyrrgreindu tímabili, s.s. um fjölda skóla, nemenda og kennara, skiptingu nemenda á námsbrautir og námssvið, brautskráningar, mat á skólastarfi og fjárveitingar til framhaldsskóla. Rétt er að benda á að vegna fyrirliggjandi gagna miðast upplýsingar í skýrslunni í sumum tilvikum við almanaksárin 2005–2008. Tölfræðilegar upplýsingar í skýrslunni eru að mestu

fengnar frá Hagstofu Íslands en mennta- og menningarmálaráðuneyti vann úr upplýsingunum til birtingar í skýrslunni.

Í júní 2008 samþykkti Alþingi ný lög um framhaldsskóla og komu þau til framkvæmda 1. ágúst sama ár. Það tímabil sem fjallað er um í þessari skýrslu fellur utan ramma nýju laganna en gerð er stuttlega grein fyrir helstu breytingum og áherslum í þeim lögum í lokakafla skýrslunnar.

1. Skólar

Fjöldi, stærð og gerð framhaldsskóla

Framhaldsskólar voru 35 skólaárin 2005/2006 og 2007/2008 en 34 skólaárið 2006/2007. Í skýrslu menntamálaráðherra til Alþingis fyrir tímabilið 2002/2003–2004/2005 (651. mál 133. löggjafarþings) voru skólar 38 skólaárið 2004/2005. Fækkunin sem kemur fram í þessari skýrslu skýrist að mestu leyti af sameiningu skóla. Haustið 2005 höfðu Stýrimannaskólinn í Reykjavík og Vélskóli Íslands sameinast í Fjöltækniskóla Íslands. Starfsemi Garðyrkjuskóla ríkisins færðist til Landbúnaðarháskóla Íslands og starfsemi Tannsmiðaskóla Íslands fer fram innan Háskóla Íslands. Listdansskóli Íslands var lagður niður frá og með haustinu 2006. Nýr framhaldsskóli, Menntaskóli Borgarfjarðar, tók til starfa haustið 2007. Ekki eru taldir með skólar þar sem mestur hluti námsframboðs flokkaðist á háskólastig en buðu á því tímabili sem skýrsla þessi nær til að einhverju leyti upp á nám á framhaldsskólastigi, s.s. Landbúnaðarháskóli Íslands, Hólaskóli og Háskólinn á Bifröst. Sjá töflu 1.1 og í fylgiskjali I lista yfir framhaldsskóla skólaárið 2007/2008.

Tafla 1.1 Fjöldi framhaldsskóla eftir landsvæðum 2005/2006–2007/2008.

	Fjöldi skóla		
Landsvæði	**2005/2006**	**2006/2007**	**2007/2008**
Reykjavík	14	13	13
Höfuðborgarsvæði utan Rvk.	5	5	5
Suðurnes	1	1	1
Vesturland	2	2	3
Vestfirðir	1	1	1
Norðurland vestra	1	1	1
Norðurland eystra	4	4	4
Austurland	4	4	4
Suðurland	3	3	3
Alls	**35**	**34**	**35**

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Flokkun framhaldsskóla í fjölbrautaskóla, iðnskóla, menntaskóla og sérskóla er aðeins að litlu leyti lýsandi fyrir námsframboð þeirra.

Frá hausti 2005 til hausts 2007 fjölgaði skólum með fleiri en 1.000 nemendur skráða í dagskóla úr sjö í tíu en á sama tíma fækkaði skólum með 800 til 1.000 dagskólanemendur úr fjórum í tvo. Skólar með 600–800 nemendur í dagskóla voru fimm haustið 2007. Skólar með 400–600 nemendur voru tveir það haust. Fámennustu skólarnir, með færri en hundrað dagskólanemendur, voru fimm haustið 2007 og skólar með 100–200 nemendur voru fjórir.

Sé miðað við heildarfjölda nemenda, þ.e. dagskóla-, kvöldskóla- og fjarnámsnemendur voru fimm skólar með um 2.000 eða fleiri nemendur skráða haustið 2007.

Kvöldskólum (öldungadeildir, meistaraskólar) hefur fækkað frá fyrri skýrslu. Þeir voru 13 skólaárið 2004/2005 en 10 skólaárið 2007/2008, þar af sex í Reykjavík og á höfuðborgar-

svæðinu utan Reykjavíkur. Framhaldsskólar sem buðu upp á fjarnám 2007/2008 voru jafnmargir og 2004/2005, eða 11, sjá töflu 1.2.

Tafla 1.2 Kvöldskólar og fjarnám við framhaldsskóla, skipt eftir landsvæðum 2005/2006–2007/2008

	2005/2006		2006/2007		2007/2008	
Landsvæði	**Kvöldskóli**	**Fjarnám**	**Kvöldskóli**	**Fjarnám**	**Kvöldskóli**	**Fjarnám**
Reykjavík	4	4	5	4	5	5
Höfuðborgarsvæði utan Rvk.	1	2	1	2	1	2
Suðurnes	1	1	1	0	1	0
Vesturland	0	0	0	0	0	0
Vestfirðir	1	0	0	0	1	1
Norðurland vestra	0	0	0	0	0	0
Norðurland eystra	1	1	0	1	0	1
Austurland	3	1	2	2	1	2
Suðurland	0	0	1	0	1	0
Alls	**11**	**9**	**10**	**9**	**10**	**11**

Heimild: Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Símenntunarmiðstöðvar

Framhaldsskólar eiga almennt ekki aðild að rekstri símenntunarmiðstöðva sem eru 11 í landinu, þar af eru tvær á höfuðborgarsvæðinu. Framhaldsskólar eiga þó oftast fulltrúa í stjórn símenntunarmiðstöðvanna. Að starfrækslu símenntunarmiðstöðva sem eru sjálfseignarstofnanir koma m.a. faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur og sveitarfélög. Hlutverk símenntunarmiðstöðva er að miðla menntun til íbúa á viðkomandi svæðum, bæði almennu námi og starfstengdu námi svo og háskólanámi.

Skólatími

Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996, sem í gildi voru á því tímabili sem skýrsla þessi nær til, kváðu á um að kennslu- og prófdagar skyldu eigi vera færri en 145. Í reglugerð nr. 6/2001 um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga segir jafnframt að kennslu og prófdagar skuli eigi vera færri en 175. Hagstofa Íslands kannar árlega fjölda kennslu- og prófadaga í framhaldsskólum. Meðalfjöldi kennsludaga 2007/2008 var 148,7. Sama skólaár var meðalfjöldi prófdaga 26,1 (sjá mynd 1.1).



2. Nemendur

Fjöldi nemenda og skipting eftir kennsluformi, námsbrautum og námssviðum

Haustið 2007 var heildarfjöldi nemenda á framhaldsskólastigi í dagskóla, kvöldskóla og fjarnámi 25.090 og hafði nemendum fjölgað um rúm 7% frá haustinu 2005 (sjá töflu 2.1). Konur voru að meðaltali um 11% fleiri en karlar af heildarfjölda framhaldsskólanemenda á tímabilinu 2005–2007.

Tafla 2.1 Heildarfjöldi nemenda í dagskóla, kvöldskóla og fjarnámi eftir námsbrautum og kyni að hausti 2005, 2006 og 2007

	2005			2006			2007		
	Alls	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**
Almennt bóknám									
Alls	14.987	6.418	8.569	16.363	6.978	9.385	16.782	7.349	9.433
Almenn námsbraut	3.226	1.353	1.873	4.598	1.922	2.676	4.247	1.844	2.403
Náttúrufræðibraut til stúdentsprófs	4.640	2.421	2.219	4.707	2.504	2.203	4.922	2.630	2.292
Málabraut til stúdentsprófs	1.566	334	1.232	1.399	303	1.096	1.484	327	1.157
Félagsfræðibraut til stúdentsprófs	4.720	1.894	2.826	4.563	1.711	2.852	4.586	1.773	2.813
Viðskipta- og hagfræðibr. til stúdentsprófs	251	109	142	581	273	308	870	439	431
Alþjóðabraut til stúdentsprófs	190	68	122	135	56	79	97	50	47
Upplýsinga- og tæknibr. til stúdentsprófs	44	36	8	23	21	2	31	31	0
Viðbótarnám til stúdentsprófs	136	70	66	123	44	79	197	69	128
Frumgreinadeild	214	133	81	234	144	90	348	186	162
Starfsnám									
Alls	8.356	4.755	3.601	8.096	4.462	3.634	8.308	4.616	3.692
Uppeldi og þjálfun	159	3	156	174	1	173	256	2	254
Listir, hönnun	1.475	530	945	1.508	483	1.025	1.499	507	992
Skrifstofustörf, viðskipti	927	338	589	705	238	467	543	179	364
Upplýsingatækni	258	242	16	228	213	15	225	200	25
Framleiðsla, tækni, mannvirkjagerð	3.101	2.876	225	3.124	2.868	256	3.309	3.037	272
Landbúnaður	139	53	86	149	61	88	142	59	83
Heilbrigði, velferð	865	60	805	939	57	882	987	65	922
Þjónusta	1.432	653	779	1.269	541	728	1.347	567	780
Framhaldsskólastig samtals	**23.343**	**11.173**	**12.170**	**24.459**	**11.440**	**13.019**	**25.090**	**11.965**	**13.125**

Heimild: Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Fjöldi nemenda í dagskóla framhaldsskólanna var 19.985 haustið 2005 en var orðinn 21.179 haustið 2007 (sjá töflu 2.2). Fjölgunin nemur um 6%. Meðtaldir eru nemendur í starfsþjálfun sem ekki voru skráðir í skóla.

Í almennu bóklegu námi voru flestir dagskólanemendur á náttúrufræðibrautum og félagsfræðibrautum á því tímabili sem um ræðir, sjá töflu 2.2. Í kvöldskóla og fjarnámi var almenn námsbraut fjölmennasta námsbrautin sem skýrist að mestu leyti af því að fjarnámsnemendur voru flestir af tæknilegum ástæðum skráðir á þá námsbraut. Næst fjölmennasta námsbrautin í kvöldskóla og fjarnámi samanlagt var félagsfræðibraut (sjá töflu 2.2).

Fjölmennasta námssviðið í starfsnámi var framleiðsla, tækni og mannvirkjagerð, bæði meðal dagskólanemenda og nemenda í kvöldskóla. Næstfjölmennustu námssviðin í starfsnámi í dagskóla voru listir og hönnun, og þjónusta. Í kvöldskóla og fjarnámi var námssviðið heilbrigði og velferð næstfjölmennasta sviðið. Fámennustu sviðin miðað við heildarfjölda nemenda í starfsnámi voru landbúnaður og uppeldi og þjálfun (sjá töflu 2.2).

Tafla 2.2 Fjöldi nemenda eftir kennsluformi og námsbrautum að hausti 2005, 2006 og 2007

	2005			2006			2007		
Námsbrautir	**Dag-skóli**	**Kvöld-skóli**	**Fjar-nám**	**Dag-skóli**	**Kvöld-skóli**	**Fjar-nám**	**Dag-skóli**	**Kvöld-skóli**	**Fjar-nám**
Almennt bóknám									
Alls	12.865	854	1.268	13.822	746	1.795	14.167	640	1.975
Almenn námsbraut	2.099	449	678	2.643	421	1.534	2.438	353	1.456
Náttúrufræðibraut	4.479	51	110	4.625	28	54	4.805	36	81
Félagsfræðibraut	4.059	285	376	4.180	231	152	4.106	179	301
Málabraut	1.432	40	94	1.312	46	41	1.394	45	45
Viðskiptabraut	250	0	1	576	0	5	856	0	14
Alþjóðabraut	188	2	0	134	1	0	96	1	0
Upplýsingabraut	41	3	0	21	2	0	29	2	0
Viðbótarnám	103	24	9	97	17	9	136	24	37
Frumgreinadeild	214	0	0	234	0	0	307	0	41
Starfsnám									
Alls	7.120	893	343	6.821	844	435	7.012	719	577
Uppeldi og þjálfun	99	57	3	125	45	4	199	30	27
Listir, hönnun	1.372	17	86	1.413	29	66	1.380	27	92
Skrifstofustörf, viðskipti	749	128	50	452	136	117	392	73	78
Upplýsingatækni	241	10	7	219	3	6	203	1	21
Framleiðsla, tækni, mannvirkjagerð	2.652	424	25	2.704	392	28	2.852	341	116
Landbúnaður	103	0	36	99	0	50	105	0	37
Heilbrigði, velferð	539	207	119	595	199	145	584	218	185
Þjónusta	1.365	50	17	1.214	40	19	1.297	29	21
Allar brautir samtals	**19.985**	**1.747**	**1.611**	**20.643**	**1.590**	**2.230**	**21.179**	**1.359**	**2.552**

Heimild: Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Mynd 2.1 sýnir skiptingu framhaldsskólanemenda eftir bóknámi og starfsnámi. Haustið 2005 var hlutfall nemenda í starfsnámi 36% en var 33% haustin 2006 og 2007, sem er svipað því hlutfalli sem almennt hefur verið á framhaldsskólastigi undanfarin ár. Hlutfall starfsnámsnemenda er miklu lægra en almennt gerist í nágrannalöndum.



Skipting nemenda eftir kyni og aldri

Á tímabilinu 2005 til 2007 var kynjaskipting ójöfn á mörgum námsbrautum og námssviðum framhaldsskólans. Haustið 2007 voru konur 56% nemenda í almennu bóknámi í heild og 44% í starfsnámi. Á náttúrufræðibrautum voru karlar um 53% nemenda haustið 2007. Konur voru hins vegar 78% nemenda á málabrautum á sama tíma. Á námssviðinu framleiðsla, tækni, mannvirkjagerð voru um 92% nemenda karlar haustið 2007. Sama ár voru konur um 93% nemenda á námssviðinu heilbrigði, velferð (sjá töflu 2.2 hér að framan og mynd 2.2).

Mynd 2.2 Hlutfall kynja eftir námsbrautum að hausti 2007



Heimild: Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Í töflu 2.3 má sjá aldursdreifingu nemenda á tímabilinu 2005–2007, skipt eftir bóknámi og starfsnámi. Að meðaltali var um 21% nemenda 25 ára og eldri á tímabilinu og litlu lægra hlutfall, eða um 18%, á aldrinum 20–24 ára. Þar sem skiptingin miðast við aldur nemenda að hausti þýða þessar hlutfallstölur að um 40% nemenda á framhaldsskólastigi voru yfir þeim 16–20 ára aldursmörkum sem framhaldsskólastig miðast almennt við. Mynd 2.3 sýnir skiptingu nemenda í bóknám og starfsnám eftir aldursflokkum að hausti 2007.

Tafla 2.3 Fjöldi nemenda í bóknámi og starfsnámi eftir aldursflokkum að hausti 2005–2007

		16 ára og yngri	17–19 ára	20–24 ára	25 ára og eldri
2005	Bóknám	3.452	7.429	2.145	1.963
	Starfsnám	869	2.298	2.407	2.782
	Alls	4.321	9.727	4.552	4.745
2006	Bóknám	3.926	7.935	2.193	2.309
	Starfsnám	652	2.310	2.259	2.875
	Alls	4.578	10.245	4.452	5.184
2007	Bóknám	3.748	8.528	2.275	2.231
	Starfsnám	625	2.360	2.186	3.137
	Alls	4.373	10.888	4.461	5.368

Heimild: Hagstofa Íslands.



Skólasókn árganga 16–19 ára

Haustið 2005 hófu 94% 16 ára ungmenna nám í dagskóla framhaldsskólanna. Hlutfallið var 92% haustið 2006 og 93% haustið 2007. Tafla 2.4 sýnir að hlutfall nemenda við nám í hverjum árgangi 17–19 ára var talsvert lægra en við 16 ára aldur. Í öllum árgöngum 16–19 ára var hlutfall kvenna nokkru hærra en karla og jókst sá munur með hækkandi aldri. Tölurnar í töflu 2.4 eru vísbendingar um töluvert brottfall þar sem meirihluti námsbrauta og námssviða á framhaldsskólastigi er skipulagður sem fjögurra ára nám. Þó verður að gera ráð fyrir að einhver hluti nemenda hafi útskrifast af stuttum námsbrautum á aldrinum 17–19 ára eða hafi gert hlé á námi. Ekki er unnt að fullyrða neitt um námsframvindu út frá tölunum, t.d. hve hátt hlutfall 19 ára nemenda var á síðasta námsári eða námsmisseri.

Tafla 2.4 Hlutfallsleg (%) skólasókn árganga 16–19 ára dagskólanemenda eftir kyni, að hausti 2005, 2006 og 2007

	2005			2006			2007		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
16 ára	94	92	95	92	91	93	93	92	93
17 ára	83	81	84	83	82	85	82	80	84
18 ára	72	67	77	72	68	77	74	72	77
19 ára	67	63	70	66	61	71	66	64	69

Skýringar: Nemendur í reglubundnu námi frá og með fyrsta ári framhaldsskólastigs, innanlands og erlendis. Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 2.4 sýnir hlutfallslega skólasókn nemenda sem hófu nám í framhaldsskólum strax að loknum grunnskóla 16 ára og einnig skólasókn við 19 ára aldur eftir landsvæðum lögheimilis að hausti 2007. Skólaþátttaka 19 ára nemenda var kominn niður fyrir 70% á meirihluta landsvæða og skera Suðurnesin sig úr með 51% skólasókn 19 ára nemenda.

Mynd 2.4. Hlutfallsleg skólasókn 16 ára og 19 ára eftir landsvæðum lögheimilis, haust 2007.



Skýring: Skólasókn reiknast sem hlutfall nemenda af mannfjölda í viðkomandi aldursflokki og með lögheimili í viðkomandi landshluta 1. des ár hvert.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Sérkennsla

Sérkennsla í framhaldsskólum er ætluð nemendum með fötlun samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, 34. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum nr. 372/1998. Tafla 2.5 sýnir fjölda nemenda sem nutu sérkennslu innan og utan starfsbrauta fyrir fatlaða á skólaárunum 2005/2006–2007/2008.

**Tafla 2.5 Fjöldi nemenda í sérkennslu
að hausti 2005–2007**

Ár	Fjöldi
2005	262
2006	246*
2007	281

* Haustið 2006 var ekki starfrækt sérnámsbraut í einum skóla á höfuðborgarsvæðinu sem hafði verið árið 2005.
Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Brautskráningar

Tafla 2.6 sýnir fjölda brautskráðra nemenda eftir landsvæðum lögheimilis. Brautskráðum nemendum fjölgaði um 15% frá 2005/2006 til 2007/2008.

**Tafla 2.6 Brautskráðir nemendur eftir landsvæðum, lögheimili og kyni,
skólaárin 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008**

	2005/2006			2006/2007			2007/2008		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Reykjavík	1.649	774	875	1.821	786	1.035	1.825	797	1.028
Höfuðborgarsvæði utan Rvk.	1.145	507	638	1.195	519	676	1.387	609	778
Suðurnes	278	130	148	267	125	142	400	179	221
Vesturland	308	155	153	286	156	130	347	171	176
Vestfirðir	140	59	81	136	63	73	144	80	64
Norðurland vestra	168	96	72	157	72	85	156	81	75
Norðurland eystra	438	218	220	456	231	225	560	297	263
Austurland	216	98	118	221	93	128	234	122	112
Suðurland	439	237	202	489	242	247	454	238	216
Erlendis	37	20	17	26	16	10	29	12	17
Alls	**4.818**	**2.294**	**2.524**	**5.054**	**2.303**	**2.751**	**5.536**	**2.586**	**2.950**

Heimild: Hagstofa Íslands.

Í töflu 2.7 má sjá að um 55% brautskráðra nemenda að meðaltali á tímabilinu voru 21 árs eða yngri. Það voru því um 45% nemenda sem voru 22 ára og eldri við brautskráningu, þar af voru um 30% 25 ára og eldri. Mynd 2.5 sýnir aldursskiptingu brautskráðra nemenda á því tímabili sem skýrslan nær til.

**Tafla 2.7 Brautskráðir nemendur eftir aldursflokkum
2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008**

	2005/2006	2006/2007	2007/2008
19 ára og yngri	640	731	790
20–21 árs	1.939	2.012	2.306
22–24 ára	807	806	762
25 ára og eldri	1.432	1.505	1.678
Alls	**4.818**	**5.054**	**5.536**

Heimild: Hagstofa Íslands.



Nokkuð er um að nemendur útskrifist af fleiri en einni braut. Brautskráningar úr framhaldsskólum voru að meðaltali 5.686 á skólaárunum 2005/2006 til 2007/2008 (sjá töflu 2.8). Talsverð fjölgun brautskráninga varð frá skólaárinu 2005/2006 til 2007/2008 eða 16%. Langfjölmennasti flokkur prófgráða var stúdentspróf. Sveinsprófum fjölgaði á tímabilinu um 11% og voru að meðaltali 650 á skólaári sem er talsverð fjölgun frá meðaltali fyrri skýrslu til Alþingis. Hlutfall kvenna af þeim sem luku sveinsprófi var lágt, eða að meðaltali 21% á tímabilinu, og er það sama hlutfall og í fyrri skýrslu sem náði yfir tímabilið frá 2002 til 2006. Önnur próf úr framhaldsskólum voru t.d. verslunarpróf, sjúkraliðapróf, skipstjórnarpróf og próf af listnámsbrautum.

Tafla 2.8 Brautskráningar á framhaldsskólastigi eftir prófgráðu, kyni og ári 2005/2006–2007/2008

	2005/2006			2006/2007			2007/2008		
	Alls	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**
Grunnpróf almennt	116	55	61	128	62	66	158	64	94
Grunnpróf starfsgreina	40	5	35	44	2	42	39	9	30
Grunnpróf úr iðn	60	58	2	111	104	7	128	119	9
Hæfnispróf	665	203	462	655	160	495	720	180	540
Réttindapróf starfsgreina	701	342	359	731	315	416	878	434	444
Burtfararpróf úr iðn	638	474	164	693	505	188	723	554	169
Sveinspróf	609	482	127	664	534	130	678	520	158
Stúdentspróf starfsgreina	320	147	173	347	160	187	404	168	236
Stúdentspróf almennt	2.154	861	1.293	2.234	835	1.399	2.422	971	1.451
Alls	**5.303**	**2.627**	**2.676**	**5.607**	**2.677**	**2.930**	**6.150**	**3.019**	**3.131**

Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 2.6 sýnir fjölda brautskráninga eftir kyni. Konur voru í örlitlum meirihluta eða 51% að meðaltali.



Hlutfall brautskráðra tvítugra stúdenta var hæst skólaárið 2005/2006 eða 61%. Öll skólaárin var hlutfall brautskráðra kvenna með stúdentspróf sem hlutfall af tvítugum stúdentum miklu hærra en karla eða á bilinu 71–77% (sjá töflu 2.9).

Tafla 2.9 Brautskráðir stúdentar á öllum aldri sem hlutfall af tölu tvítugra

	Alls	Karlar %	Konur %
2005/2006	61%	49%	73%
2006/2007	60%	44%	77%
2007/2008	58%	45%	71%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 2.10 sýnir brautskráningar nemenda með stúdentspróf eftir námsbrautum. Brautskráningar voru flestar af náttúrufræði- og félagsfræðibrautum öll árin.

Tafla 2.10 Brautskráningar með almennu stúdentsprófi eftir námsbraut og kyni, 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008

	2005/2006			2006/2007			2007/2008		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Málabrautir	285	52	233	255	40	215	283	47	236
Félagsfræðabrautir	788	297	491	885	307	578	939	357	582
Náttúrufræðibrautir	824	397	427	828	385	442	995	482	513
Viðskipta- og hagfræðibrautir	166	68	98	190	72	118	123	58	65
Alþjóðabraut	21	11	10	18	6	12	17	5	12
Viðbótarnám til stúdentsprófs	60	27	33	50	20	30	54	19	35
Annað	10	9	1	8	5	3	11	3	8
Alls	**2.154**	**861**	**1.293**	**2.234**	**835**	**1.399**	**2.422**	**971**	**1.451**

Heimild: Hagstofa Íslands.

Brottfall

Til að afla upplýsinga um brottfall skoðaði Hagstofa Íslands nám og námslok einstaklinga sem fæddir voru árið 1982 (4.352 einstaklingar) í nemendaskrá og prófaskrá til ársins 2006 sem er það ár þegar þessi árgangur náði 24 ára aldri. Niðurstöðurnar sýna að 62,1% árgangsins hafði lokið einhverju formlegu námi ofar grunnskóla á Íslandi árið 2006 en 37,9% engu formlegu námi. Langflestir höfðu lokið stúdentsprófi og voru brautskráningar úr bóknámi um 60% brautskráninga á framhaldsskólastigi. Þeir sem töldust hafa menntunarstöðu framhaldsskólastigs, þ.e. geta haldið áfram námi á næsta skólastigi fyrir ofan, voru 58,3% árgangsins.

Fleiri konur höfðu lokið námi en karlar. Þannig höfðu 65,8% kvenna í árganginum lokið námi á framhaldsskólastigi við 24 ára aldur en 51,4% karla. Fleiri íbúar á höfuðborgarsvæðinu höfðu lokið námi en nemendur á landsbyggðinni. Alls luku 62,4% þeirra sem voru búsettir í Reykjavík árið 1997 námi á framhaldsskólastigi en t.d. 48,3% íbúa á Suðurnesjum og á Vestfjörðum.

Úr 1982 árganginum höfðu 1.427 einstaklingar stundað nám að loknum grunnskóla á Íslandi án þess að hafa lokið námi árið 2006. Þar af var tæpur fjórðungur ennþá í námi haustið 2006, alls 334 nemendur. Í árganginum voru 224 einstaklingar sem ekki höfðu stundað nám á Íslandi að loknum grunnskóla eða 5,1% árgangsins.

3. Starfsfólk

Framhaldsskólakennarar og leiðbeinendur

Skólaárið 2007/2008 voru 78% starfsfólks við kennslu á framhaldsskólastigi með kennsluréttindi og var lítill munur á hlutfalli réttindakennara á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Er það nokkur breyting frá fyrri skýrslum. Hæst var hlutfall réttindakennara skólaárið 2005/2006 á höfuðborgarsvæðinu eða 80,5% (sjá töflu 3.1).

Tafla 3.1 Starfsfólk við kennslu eftir réttindum og búsetu í nóvember 2005, 2006 og 2007

	2005			2006			2007		
	Fjöldi við kennslu	Með kennslurétt.	Án kennslurétt.	Fjöldi við kennslu	Með kennslurétt.	Án kennslurétt.	Fjöldi við kennslu	Með kennslurétt.	Án kennslurétt.
Höfuðborgarsvæði	1.174	80,5%	19,5%	1.244	75,2%	32,9%	1.237	78,4%	21,6%
Utan höfuðborgarsvæðis	634	76,3%	23,7%	636	78,3%	27,7%	686	77,1%	22,9%
Alls	1.808	79,0%	21,0%	1.880	76,3%	23,7%	1.923	78,0%	22,0%

Heimild: Hagstofa Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Tafla 3.2 Fjöldi og hlutfall starfsfólks eftir kyni og starfsheiti 2005–2007

	2005/2006					2006/2007					2007/2008				
	Alls	Karlar		Konur		Alls	Karlar		Konur		Alls	Karlar		Konur	
		Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.		Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.		Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Skólameistarar	37	28	75,7%	9	24,3%	38	28	73,7%	10	26,3%	39	28	71,8%	11	28,2%
Aðstoðarskólameistarar	28	22	78,6%	6	21,4%	29	21	72,4%	8	27,6%	29	20	69,0%	9	31,0%
Stjórnendur á kennslusviði	243	133	54,7%	110	45,3%	257	130	50,6%	127	49,4%	240	113	47,1%	127	52,9%
Framhaldsskólakennarar og leiðbeinendur	1.563	727	46,5%	836	53,5%	1.636	746	45,6%	890	54,4%	1.708	795	46,5%	913	53,5%
Sérfræðingar og sérhæfðir starfsmenn	23	9	39,1%	14	60,9%	27	10	37,0%	17	63,0%	21	6	28,6%	15	71,4%
Ráðgjafar og starfsfólk á bókasafni	160	28	17,5%	132	82,5%	142	18	12,7%	124	87,3%	145	15	10,3%	130	89,7%
Skrifstofustörf, tölvuvinna o.fl.	149	46	30,9%	103	69,1%	137	43	31,4%	94	68,6%	153	44	28,8%	109	71,2%
Rekstur húsnæðis og annað starfsfólk	260	75	28,8%	185	71,2%	266	71	26,7%	195	73,3%	278	79	28,4%	199	71,6%
Alls	**2463**	**1068**	**43,4%**	**1395**	**56,6%**	**2532**	**1067**	**42,1%**	**1465**	**57,9%**	**2.613**	**1100**	**42,1%**	**1513**	**57,9%**

Heimild: Hagstofa Íslands.

Stjórnendur

Konum í starfi skólameistara og aðstoðarskólameistara fjölgaði nokkuð frá fyrra tímabili og voru þær rúmlega 28% skólameistara og 30% aðstoðarskólameistara 2007/2008. Sama skólaár voru konur komnar í meirihluta stjórnenda á kennslusviði. Þær voru öll árin í meirihluta framhaldsskólakennara og leiðbeinenda, svo og í öðrum störfum innan framhaldsskólanna (sjá töflu 3.2 og mynd 3.1).

Annað starfsfólk

Starfsfólk, annað en stjórnendur og kennarar, s.s. skrifstofufólk, sérfræðingar og starfsfólk við rekstur húsnæðis var um 23% starfsmanna í framhaldsskólum skólaárið 2007/2008 (sjá töflu 3.2 og mynd 3.1).

Mynd 3.1 Hlutfallsleg kynjaskipting starfsfólks framhaldsskóla eftir starfsheitum 2007/2008.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Aldur starfsfólks við kennslu

Tafla 3.3 sýnir aldursdreifingu starfsfólks við kennslu í framhaldsskólum að hausti 2005–2007. Þar má sjá að skólaárið 2007/2008 voru aðeins 7% starfsfólks við kennslu 29 ára og yngri. Sama skólaár var fjölmennasti aldurshópurinn við kennslu 50–59 ára og var hlutfall þessa aldurshóps þá um 33%. Hlutfall 50 ára og eldri var um 47% og hafði hækkað nokkuð frá fyrri skýrslu (sjá töflu 3.3 og mynd 3.2).

Tafla 3.3 Starfsfólk við kennslu eftir aldursflokkum í nóvember 2005–2007

	2005/2006		2006/2007		2007/2008	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
29 ára og yngri	106	6,0%	113	6,1%	131	7,0%
30–39 ára	328	18,5%	324	17,6%	318	16,9%
40–49 ára	537	30,3%	565	30,6%	548	29,1%
50–59 ára	571	32,2%	609	33,0%	617	32,8%
60 ára og eldri	230	13,0%	234	12,7%	266	14,1%

Heimild: Hagstofa Íslands.



Endurmenntun

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til endurmenntunar framhaldsskólakennara (sjá kafla 6). Endurmenntunarnefnd framhaldsskólakennara, sem skipuð er af mennta- og menningarmálaráðherra, ákveður framboð á endurmenntun á þessu skólastigi í samráði við faggreinafélög kennara og ráðuneyti. Endurmenntun Háskóla Íslands sér um framkvæmd endurmenntunarnámskeiðanna.

Tafla 3.4 sýnir fjölda þátttakenda í endurmenntunarnámskeiðum fyrir framhaldsskólakennara og leiðbeinendur. Annars vegar er um að ræða þátttöku í faggreinanámskeiðum sem haldin voru innanlands og í sumum tilvikum erlendis og hins vegar þátttöku í námi samhliða kennslu Í töflunni má sjá almennt meiri þátttöku kvenna en karla í faggreinanámskeiðum og í námi samhliða starfi og voru konur rúmlega tveir þriðju þátttakenda á þessum námskeiðum.

Tafla 3.4 Fjöldi þátttakenda á endurmenntunarnámskeiðum 2006–2008

	Faggreinanámskeið			Nám samhliða kennslu			Þátttaka
	Karlar	Konur	**Alls**	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Alls**
2006	228	426	654	8	31	39	693
2007	170	379	549	18	62	80	629
2008	148	327	475	42	76	118	593
Alls	**546**	**1.132**	**1.678**	**68**	**169**	**237**	**1.915**

Heimild: Endurmenntun Háskóla Íslands.

Námsorlof

Námsorlof framhaldsskólakennara og skólameistara voru 29 skólaárið 2005/2006 en fjölgaði í 33 frá og með skólaárinu 2006/2007 (sjá töflu 3.5). Orlofsþegar voru nokkru fleiri þar sem nokkrum umsækjendum er úthlutað hálfu orlofi á grundvelli umsókna þar um.

Tafla 3.5 Fjöldi námsorlofa 2005/2006–2007/2008

Skólaár	Fjöldi umsókna	Fjöldi orlofsþega	Stöðugildi
2005/06	84	36	29
2006/07	91	36	33
2007/08	111	39	33
Alls	**286**	**111**	**95**

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Laun framhaldsskólakennara og leiðbeinenda

Í töflu 3.6 má sjá meðaltal mánaðarlauna framhaldsskólakennara og leiðbeinenda árin 2006–2008, þ.e. dagvinnulaun, yfirvinnulaun, önnur laun og heildarlaun. Fram kemur m.a. að meðaltal heildarmánaðarlauna á árinu 2008 var tæplega 452 þúsund krónur og hafði hækkað um 26% frá árinu 2006 þegar meðaltalið var um 385 þúsund krónur. Meðaltalshlutfall yfirvinnu og annarra launa var um 27% árið 2008. Taflan sýnir einnig nokkurn launamun kynja, sérstaklega þegar litið er til heildarlauna.

Tafla 3.6 Meðaltal mánaðarlauna kennara 2006, 2007 og 2008 (kr.)

	2006			2007			2008		
	Konur	**Karlar**	**Meðal-laun**	**Konur**	**Karlar**	**Meðal-laun**	**Konur**	**Karlar**	**Meðal-laun**
Dagvinnulaun	277.299	283.208	280.138	297.511	303.046	300.129	325.781	329.986	327.748
Yfirvinnulaun	80.276	131.373	104.822	84.557	146.725	113.963	93.569	151.761	120.788
Önnur laun	648	763	703	580	562	572	3.257	3.067	3.168
Heildarlaun	**358.224**	**415.345**	**385.664**	**382.648**	**450.333**	**414.663**	**422.606**	**484.814**	**451.704**

Heimild: Fjárhagsbókhald ríkissjóðs.
Skýringar: Meðaltal er reiknað út frá ársstörfum í dagvinnu. Flokkun á milli dagvinnulauna og annarra launa er ekki fyllilega samanburðarhæf vegna breytinga á flokkun. Flestir af þeim þáttum sem áður voru flokkaðir sem önnur laun eru nú inni í dagvinnulaunum. Heildarniðurstaða er þó samanburðarhæf við fyrri ár.

4. Mat

Námsmat

Samkvæmt 24. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 sem í gildi voru á því tímabili sem skýrsla þessi nær til var almennt námsmat í höndum kennara og deildarstjóra. Námsmatið skyldi byggjast á markmiðum skólastarfs í samræmi við aðalnámskrá og skólanámskrá. Í samræmi við fyrrnefnda lagagrein og reglugerð nr. 196/2003 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa voru haldin samræmd stúdentspróf í íslensku, ensku og stærðfræði á vor- og haustmisseri árið 2005. Lagaákvæði um samræmd stúdentspróf var fellt úr gildi í maí 2006.

Námi í löggiltum iðngreinum lýkur með sveinsprófi. Mennta- og menningarmálaráðherra kveður á um framkvæmd sveinsprófa með reglugerð og skipar sveinsprófsnefndir sem m.a. bara ábyrgð á samningu sveinsprófa.

Innra og ytra mat

Í eldri lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 voru ákvæði þess efnis að sérhverjum skóla bæri að innleiða aðferðir til að meta skólastarfið og að á fimm ára fresti ætti menntamálaráðuneyti að fela utanaðkomandi aðilum að gera úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla. Ákvæði um úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla kom fyrst til framkvæmda vorið 2002 og stóð fyrsta umferð úttekta til vors 2003. Önnur umferð úttekta hófst í febrúar 2007 og lauk haustið 2008.

Á úttektartímabilinu 2007–2008 voru gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum 29 framhaldsskóla. Að undangenginni auglýsingu var utanaðkomandi aðilum, í samræmi við lagaákvæðið, falið að vinna úttektirnar.

Í úttektunum var lagt mat á stöðu sjálfmats, sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmatsins í skólunum. Þau viðmið sem lágu til grundvallar við mat á sjálfsmatsaðferðum eru skilgreind í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2004. Þar kemur fram að sjálfsmatið eigi að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Helstu niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum í 29 framhaldsskólum á tímabilinu 2007–2008 eru að í 24 skólum hafði farið fram kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum skólastarfsins, í þremur skólum hafði farið fram kerfisbundið sjálfsmat á tilteknum þáttum skólastarfsins og í tveimur skólum höfðu einstakar tilraunir við sjálfsmat verið gerðar um afmarkaða þætti skólastarfsins. Niðurstöður úttektanna sýna umtalsvert betri niðurstöður en í fyrri umferð úttektanna á árunum 2002–2003 og gerð var grein fyrir í síðustu skýrslu ráðherra til Alþingis.

Í eftirfarandi töflu má sjá samantekt á niðurstöðum úttekta á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla 2007–2008.

Tafla 4.1 Úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla

Sjálfsmatsaðferðir taldar:	Fjöldi	Hlutfall
Fullnægjandi	23	79%
Fullnægjandi að hluta	4	14%
Ófullnægjandi	2	7%
Alls	**29**	**100%**

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Skoðaðir eru ýmsir þættir í innra starfi skólanna, s.s. stjórnun, kennsla, samskipti, samstarf, námsárangur, skólaandi og tengsl við samfélagið utan skólans.

Á grundvelli reglugerðar nr. 139/1997 um eftirlit með starfi framhaldsskóla og námsefni og um ráðgjöf vegna kennslu og þróunarstarfa fara fram úttektir á starfsemi framhaldsskóla. Slíkar úttektir geta miðast við ákveðna þætti skólastarfs eða heildarmat á starfi einstakra framhaldsskóla.

Á því tímabili sem skýrsla þessi nær til hafa verið gerðar heildarúttektir á starfi eftirfarandi stofnana: Menntaskólanum á Ísafirði, Fjölbrautaskóla Snæfellinga, Fjölmennt (fullorðinsfræðslu fatlaðra) og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Upplýsingar um einstakar úttektir er að finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis (www.menntamalaraduneyti.is).

5. Aðstaða

Húsnæði framhaldsskóla

Fasteignir ríkissjóðs annast rekstur mikils meirihluta alls framhaldsskólahúsnæðis og greiða skólarnir húsaleigu sem nægja á fyrir öllum rekstrarútgjöldum, s.s. viðhaldi, sköttum og tryggingum. Öðruvísi er þó háttað um húsnæði nokkurra skóla. Þannig voru Menntaskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn að Laugarvatni enn í húsnæði sem rekið er af mennta-og menningarmálaráðuneyti. Verzlunarskóli Íslands, Iðnskólinn í Hafnarfirði, Fjölbrautaskóli Snæfellinga og Menntaskóli Borgarfjarðar störfuðu í einkareknu húsnæði og loks var Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu í húsnæði sem ríkissjóður á en Sveitarfélagið Hornafjörður rekur. Enn sem fyrr var notast við reiknilíkan til þess að ákvarða fjárveitingar til skólanna og tóku þær einkum mið af nemendafjölda en einnig að hluta af raunstærð húsnæðis.

Nýbyggingar

Árið 2006 var lokið byggingu nýrrar 2.100 m² kennsluálmu við Menntaskólann á Egilsstöðum. Árið 2007 var tekin í notkun 3.125 m² álma við Menntaskólann í Hamrahlíð, sem hýsir m.a. íþróttasali, nokkrar raungreinastofur og bókasafn. Loks var lokið við byggingu 2.650 m² kennsluálmu við Flensborgarskólann í Hafnarfirði árið 2007. Árið 2005 var lokið gerð sundlaugar við Framhaldsskólann á Laugum. Á árunum 2005 til 2007 var þannig lokið framkvæmdum við tæplega 7.900 m² framhaldsskólahúsnæðis en einnig var á sama tíma samið um viðbyggingar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, Fjölbrautaskólann við Ármúla, Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og Verkmenntaskóla Austurlands.

6. Fjárveitingar til framhaldsskólastigs

Reiknilíkan og skólasamningar

Helsta breytingin sem gerð var á reiknilíkani framhaldsskóla á tímabilinu 2005–2007 var að árið 2007 voru starfsbrautir skólanna færðar úr sérverkefnum líkansins í hið eiginlega líkan. Vegna færslunnar voru sett ný viðmið í flokkun kennsluhópa og rekstrarframlaga. Sama ár voru gerðar nokkrar breytingar á forsendum líkansins, hópstærðarviðmið í tölvugreinum var hækkað úr 15 nemendum í 18 nemendur og í raungreinum úr 20 nemendum í 22 nemendur. Þá var nýtingarkrafan fyrir bóklega áfanga, fagbóklega áfanga og raungreinaáfanga auk hægferða hækkuð úr 77,46% í 79,1%. Ennfremur var hlutfall framlags til viðhalds- og endurnýjunar af reiknuðum tækjabúnaði hækkað úr 4% í 6,064%.

Árið 2006 voru skólasamningar endurnýjaðir til þriggja ára. Samningarnir voru verulega endurskoðaðir, sem fólst einkum í nánara samráði við framhaldsskólana um nemendatölur og um forsendur reiknilíkansins.

Útgjöld til framhaldsskólastigs

Framlög hins opinbera til framhaldsskóla sem hlutfall af vergri landsframleiðslu voru árin 2005–2008 á bilinu 1,25–1,42%, hæst árið 2006 og lægst árið 2008 (sjá töflu 6.1). Kostnaður hins opinbera á hvern nemanda hækkaði frá árinu 2005 til ársins 2008 úr 711 þúsund kr. í 818 þús. kr. eða um 15%. Útgjöld ríkissjóðs vegna framhaldsskólastigs hækkuðu um 29% frá 2005–2008. Í öllum tilvikum er miðað við verðlag viðkomandi árs.

Tafla 6.1 Útgjöld til framhaldsskólastigs 2005–2008

	2005	2006	2007	2008
Útgjöld hins opinbera í millj. króna	14.296	16.625	17.158	18.468
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	1,39%	1,42%	1,32%	1,25%
Kostnaður hins opinbera á nemanda í þús. kr.	711	783	776	818
Útgjöld ríkissjóðs í millj. króna	13.605	16.232	16.615	17.563
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	1,33%	1,39%	1,28%	1,19%
Kostnaður ríkisins á nemanda í þús. kr.	677	764	751	778
Útgjöld sveitarfélaga í millj. króna	699	792	899	1.112
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	0,07%	0,07%	0,07%	0,08%
Kostnaður sveitarfélaga á nemanda í þús. kr.	103	104	105	106
Útgjöld heimila í millj. króna	1.613	1.871	2.033	2.139
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	0,16%	0,16%	0,16%	0,14%
Kostnaður heimila á nemanda í þús. kr.	80	88	92	95
Verg landsframleiðsla	1.026.718	1.168.183	1.301.409	1.476.464
*Fjöldi nemenda á framhaldsskólastigi**	20.099	21.236	22.110	22.586

* Um er að ræða fjölda nemenda á framhaldsskólastigi í dagskóla.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Í töflu 6.2 er að finna upplýsingar um fjárveitingar og fjárheimildir til þeirra framhaldsskóla sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti svo og niðurstöðutölur um heildarútgjöld skólanna á rekstrarárinu.

Tafla 6.2 Framlög til reksturs framhaldsskóla samkvæmt fjárlögum, fjárheimildum og ríkisreikningi 2005, 2006 og 2007 í þús. kr.

	2005			2006			2007		
Stofnun	**Fjárlög**	**Fjárheimildir**	**Ríkisreikn.**	**Fjárlög**	**Fjárheimildir**	**Ríkisreikn.**	**Fjárlög**	**Fjárheimildir**	**Ríkisreikn.**
Borgarholtsskóli	576.400	648.796	645.109	674.900	712.293	720.253	719.400	799.176	769.184
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	239.000	257.217	252.784	254.000	281.443	278.410	264.200	338.153	298.730
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	81.700	118.591	119.858	141.300	143.662	140.954	168.000	177.158	178.454
Fjölbrautaskóli Suðurlands	427.100	478.596	498.245	516.800	539.674	522.814	581.700	600.924	609.003
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	450.900	506.870	497.426	527.400	572.881	549.069	604.300	611.979	612.172
Fjölbrautaskóli Vesturlands	329.500	363.090	359.985	366.400	371.963	379.562	387.700	428.262	421.870
Fjölbrautaskólinn Ármúla	492.800	589.752	619.066	618.800	721.055	703.142	691.100	753.036	775.247
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	693.900	740.491	736.986	729.400	838.739	822.425	870.000	760.471	918.987
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	335.900	360.143	399.837	381.400	383.113	401.059	385.800	505.965	442.136
Fjöltækniskóli Íslands	0	–1.513	0	251.900	276.071	286.608	293.400	318.303	306.252
Flensborgarskóli	287.300	325.970	334.631	330.100	383.132	382.911	411.200	487.393	446.684
Framhaldsskólinn á Húsavík	100.300	110.481	99.970	119.100	111.282	100.504	125.800	128.180	119.273
Framhaldsskólinn á Laugum	90.000	93.903	111.010	90.900	117.807	118.248	120.400	143.675	139.750
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	79.000	82.285	84.732	81.300	94.227	98.155	92.700	140.030	124.935
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	133.900	138.353	140.729	144.200	153.506	152.612	159.600	176.522	169.380
Iðnskólinn í Hafnarfirði	414.000	436.526	426.516	480.000	467.044	461.917	487.900	544.948	508.409
Iðnskólinn í Reykjavík	1.005.000	1.057.441	1.042.450	1.084.700	1.125.907	1.121.583	1.135.500	1.201.014	1.209.424
Kvennaskólinn í Reykjavík	244.800	273.527	255.778	272.900	291.025	291.493	282.000	307.070	302.241
Menntaskóli Borgarfjarðar	0	0	0	0	0	0	52.000	55.800	52.000
Menntaskólinn að Laugarvatni	114.500	120.000	119.722	123.400	128.004	135.952	135.100	161.741	127.068
Menntaskólinn á Akureyri	329.600	369.518	372.816	356.900	396.541	399.559	421.400	468.992	436.560
Menntaskólinn á Egilsstöðum	174.300	197.124	193.781	215.800	214.779	216.306	232.100	224.439	238.634
Menntaskólinn á Ísafirði	182.600	209.187	224.716	206.000	215.284	231.096	214.300	250.021	234.900
Menntaskólinn Hraðbraut	155.700	155.700	155.700	163.300	163.200	163.200	163.500	163.800	163.800
Menntaskólinn í Kópavogi	577.300	626.711	580.190	622.600	672.328	642.338	634.400	701.862	690.800
Menntaskólinn í Reykjavík	378.100	416.583	413.127	420.900	448.043	443.481	424.600	472.929	476.812
Menntaskólinn við Hamrahlíð	508.300	573.907	578.364	586.700	621.259	650.223	622.400	713.611	707.328
Menntaskólinn við Sund	331.400	374.743	358.595	356.700	395.623	393.908	383.400	412.202	427.983
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	64.100	89.571	69.307	0	0	0	0	0	0
Verkmenntaskóli Austurlands	132.900	142.857	139.928	152.100	170.624	152.208	165.800	185.172	173.194
Verkmenntaskólinn á Akureyri	686.600	767.415	800.173	822.700	862.640	869.781	865.200	978.362	936.869
Vélskóli Íslands	155.800	240.562	214.705	0	0	0	0	0	0

Heimild: Ríkisreikningur.
Skýringar: Fjárheimild nær til samþykktra fjárheimilda fyrir viðkomandi reikningsár, þ.e. samkvæmt fjárlögum ársins, fjáraukalögum ársins eða millifærslum af öðrum fjárlagaliðum, s.s. safnliðum og vegna launa- og verðbóta.
Ríkisreikningur sýnir rekstrargrunn bókhalds, þ.e. heildarútgjöld skólanna á rekstrarárinu að frádregnum sértekjum.

Sérkennsla

Í töflu 6.3 má sjá fjárveitingar til sérkennslu í framhaldsskólum á árunum 2005–2008. Fjárframlögin hækkuðu um 24% frá árinu 2005 til ársins 2008, miðað við verðlag hvers árs.

Tafla 6.3 Fjárframlög til sérkennslu 2005–2008

Ár	Millj. kr.
2005	334,7
2006	381,0
2007	388,0
2008	532,4

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Endurmenntun

Í töflu 6.4 má sjá fjárframlög á fjárlögum til endurmenntunar framhaldsskólakennara 2006–2008. Samtals var varið 123 milljónum til þessa málaflokks á tímabilinu.

Tafla 6.4 Fjárframlög til endurmenntunar 2006–2008

Ár	Upphæð
2006	39.000.000
2007	40.000.000
2008	44.000.000
Alls	123.000.000

Skýringar: Hér er um að ræða framlög sem endurmenntunarnefnd framhaldsskóla ráðstafar til námskeiðahalds.
Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Þróunarsjóður framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu

Árið 2007 var síðast úthlutað úr þróunarsjóði framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu. Sjóðurinn starfaði á grundvelli 45. gr. þágildandi laga um framhaldsskóla nr. 80/1996. Alþingi veitti árlega fé til sjóðsins. Sá sérstök ráðgjafarnefnd um að meta umsóknir og gera tillögur til menntamálaráðherra um styrkveitingar. Með nýjum lögum um framhaldsskóla 2008 var stofnaður nýr þróunarsjóður, Sprotasjóður, sem veitir styrki til leik-, grunn-, og framhaldsskóla. Engin úthlutun var árið 2008.

Á árunum 2005–2007 var styrkjum úthlutað til 135 þróunarverkefna. Heildarstyrkveitingar á tímabilinu námu 62.900.000 kr. og greinast sem hér segir:

Tafla 6.5 Styrkveitingar úr Þróunarsjóði framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu 2005–2007

Ár	Heildarstyrkveitingar í þús. kr.	Fjöldi styrktra verkefna
2005	15.800	41
2006	17.100	42
2007	30.000	52

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Upplýsingar um styrkveitingar til einstakra skóla og verkefna úr þróunarsjóði framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu er að finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis (www.menntamalaraduneyti.is).

Styrkir til námsefnisgerðar

Alþingi veitti árlega á fjárlögum styrki til útgáfu og gerðar námsefnis í bóklegum og verklegum námsgreinum á framhaldsskólastigi. Á árunum 2005–2007 (sjá töflu 6.6) voru samtals veittar 76,6 milljónir króna til málaflokksins. Hlutverk styrkjanna var að bæta úr skorti á námsefni í ýmsum námsgreinum, auka framboð á námsefni á íslensku og bæta gæði þess. Nefnd skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra mat umsóknir og gerði tillögu til ráðherra um úthlutun. Frá og með árinu 2008 fara fjárveitingar til málaflokksins fram úr Þróunarsjóði námsgagna sem veitir styrki til námsefnisgerðar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi skv. lögum um námsgögn nr. 71/2007.

Tafla 6.6 Styrkir til námsefnisgerðar á framhaldsskólastigi 2005–2007

Ár	Upphæð í þús. kr.
2005	19.300
2006	31.200
2007	26.100

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

7. Alþjóðlegt samstarf

Evrópskt samstarf um menntamál

Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu urðu Íslendingar fullgildir aðilar að samstarfsáætlunum Evrópusambandsins á sviði menntamála og vísinda. Sókrates- og Leonardoáætlanirnar frá 1995 veittu íslenskum framhaldsskólum möguleika á þátttöku í margvíslegum samstarfsverkefnum á milli skóla í Evrópu, kennara- og nemendaskiptum og námskeiðum. Algengast er að evrópsku samstarfsverkefnin standi yfir í þrjú ár. Þriðja menntaáætlun Evrópusambandsins „Lifelong learning programme“ hófst í janúar 2007 og stendur til 2013. Áætlunin sameinar undir einum hatti stuðning Evrópusambandsins við menntun á öllum stigum, frá leikskóla til háskóla og jafnframt fullorðinsfræðslu. Menntaáætlunin styður við það markmið Evrópusambandsins að verða eitt helsta þekkingarsamfélag heims.

Ísland hlaut styrk frá Evrópusambandinu á árinu 2006 til þess að þróa ýmsa þætti stefnu um ævinám (*lifelong learning*). Settir voru á laggirnar rýnihópar skipaðir sérfræðingum sem fjölluðu um ramma um lærdómsviðmið (*qualifications framework*), menntun kennara, háskólamenntun, raungreinanám og fleira. Sumar af tillögum rýnihópanna rötuðu inn í lagafrumvörp um menntamál sem Alþingi samþykkti árið 2008. Meðal þess sem kveðið er á um í lögum nr. 92/2008 og tengist þessu eru reglur um þrepaskiptingu náms í viðmiðaramma og um rétt til raunfærnimats. Stefnt er að því að viðmiðaramminn íslenski geti tengst evrópska viðmiðarammanum (*European Qualifications Framework*, EQF) sem mun gera menntun gagnsærri innan Evrópu og auðvelda mat og viðurkenningu á menntun á milli landa. Þá hafa EFTA-ríkin tekið inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar um evrópskt einingakerfi í starfsmenntun (ECVET) og um lykilhæfni (*key competences*) sem felur í sér möguleika á auknu og nánara samstarf í menntamálum innan Evrópu.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur verið aðili að samstarfi menntavefja í Evrópu, Evrópska skólanetinu, en að því standa 28 ráðuneyti ýmissa Evrópuþjóða, auk Evrópusambandsins og stofnana í einkaeign. Ísland var einnig aðili að Norræna skólanetinu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar en það var lagt niður árið 2006. Auk samstarfs á vegum Evrópusambandsins tók Ísland þátt í samstarfi Norðurlanda, Hollands og Kanada um upplýsingatækni í menntun, ICT-League.

Norrænt samstarf um menntamál

Nordplus-menntaáætlunin er starfrækt á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Nordplus junior veitir styrki til nemendaferða og þátttöku á námskeiðum fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum og til nemenda í starfsnámi til að taka hluta af námi sínu á Norðurlöndunum. Nordplus sprog veitir styrki til skólaheimsókna þar sem norræn mál eru viðfangsefni ferðarinnar.

Í apríl 2007 var endurnýjaður samningur á milli menntamálaráðuneyta Íslands og Danmerkur um sérstakan stuðning við dönskukennslu á Íslandi. Samningurinn nær til fjögurra ára, frá 1. ágúst 2007 til 31. júlí 2011 og er framhald af tveimur fyrri samningum um stuðning við dönskukennslu á tímabilinu 2001–2003 og 2003–2007. Samstarfsverkefnið er fjármagnað af menntamálaráðuneytum beggja landanna. Í samningunum er m.a. kveðið á um ráðningu dansks sendikennara á háskólastigi, ráðningu danskra farkennara og aðstoðarkennara til starfa í grunn- og framhaldsskólum landsins og verkefni á sviði endurmenntunar kennara, námsefnisgerðar, þróunar og rannsókna. Sérstök samstarfsnefnd Dana og Íslendinga hefur umsjón með framkvæmd samningsins.

8. Ný lög um framhaldsskóla

Menntamálaráðherra skipaði hinn 6. júní 2006 nefnd til að annast heildarendurskoðun laga um framhaldsskóla nr. 80/1996. Með nefndinni störfuðu nokkrir starfshópar og nefndir. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar skyldi nefndin m.a. vinna að útfærslu á eftirfarandi markmiðum:

- Að auka samfellu í skólastarfi og stuðla að bættum námsárangri,
- að sem flestir ljúki skólagöngu með skilgreindum námslokum úr framhaldsskóla,
- að allir nemendur eigi kost á námi við hæfi,
- að góð tengsl séu við aðliggjandi skólastig,
- að marka skýrar leiðir fyrir nemendur til að stunda nám við hæfi og skapa skilyrði fyrir aukinn sveigjanleika í námi.

Frumvarp til nýrra laga um framhaldsskóla var lagt fram á 135. löggjafarþingi. Samhliða frumvarpinu voru lögð fyrir Alþingi frumvarp um leikskóla og frumvarp um grunnskóla en ný lög um háskóla höfðu tekið gildi í júní 2006. Framhaldsskólafrumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi 12. júní 2008 og tóku þau gildi 1. ágúst sama ár. Lögin fela í sér veigamiklar breytingar á skipulagi náms á framhaldsskólastigi. Helstu breytingarnar eru:

- Réttur nemenda til skólavistar og náms til 18 ára aldurs er tryggður í lögunum (fræðsluskylda).
- Sveigjanleiki námsskipulags er aukinn, námsleiðum fjölgað og skilyrði sköpuð fyrir fleiri til að ljúka skilgreindu námi, s.s. með framhaldsskólaprófi.
- Framhaldsskólum er veitt frelsi til að þróa sérstakar námsbrautir sem byggja á sérstöðu þeirra og styrkleika og spurn eftir sérhæfðum námsleiðum og úrræðum.
- Dregið úr miðstýringu á námsframboði og í námskrárgerð en ábyrgð framhaldsskóla aukin á þessum þáttum.
- Mat á vinnu nemenda í öllu námi á framhaldsskólastigi er gert gagnsætt og stúdentspróf af bóknáms- og verknámsbrautum metin jafngild.
- Ráðgjöf og stuðningur við nemendur er efldur.
- Leitast er við að tryggja gæði náms með því að stórefla mat og eftirlit og með stuðningi við umbætur í skólastarfi.

Niðurstöður og staða mála

Nemendum á framhaldsskólastigi fjölgaði um 7% frá haustinu 2005 til haustsins 2007. Nemendum í kvöldskóla fækkaði á tímabilinu en fjölgaði í fjarnámi um 58%. Einungis um þriðji hluti nemenda var á starfsnámsbrautum framhaldsskólanna og er það svipað hlutfall og árin á undan. Mikill meirihluti nemenda á aldursbilinu 16–19 ára stundaði bóknám en eftir 20 ára aldur var hlutfall nemenda í starfsnámi orðið hærra. Konur voru 52% af heildarfjölda framhaldsskólanemenda haustið 2008. Talsverður kynjamunur var á mörgum námsbrautum og námssviðum framhaldsskólastigsins. Konur voru t.d. 78% nemenda á málabrautum en um 47% nemenda á náttúrufræðibrautum. Á námssviðinu heilbrigði og velferð voru konur um 93% nemenda en karlar voru um 92% nemenda á námssviðinu framleiðsla, tækni, mannvirkjagerð.

Mikil aldursbreidd er í hópi framhaldsskólanemenda. Stór hluti nemenda var yfir þeim fjögurra ára aldursmörkum sem framhaldsskólanám miðast almennt við. Um 21% framhaldsskólanemenda var 25 ára og eldri og 18% á aldrinum 20 til 24 ára. Hlutfallsleg skólasókn 16 ára á landinu að hausti 2007 var 93% en 66% meðal 19 ára.

Brautskráðum nemendum fjölgaði um 15% frá 2005/2006 til 2007/2008. Við brautskráningu voru að meðaltali á tímabilinu um 45% nemenda 22 ára og eldri. Langfjölmennasti flokkur prófgráða var stúdentspróf. Hlutfall brautskráðra stúdenta á öllum aldri af tölu tvítugra var 58% 2007/2008. Sveinsprófum fjölgaði á tímabilinu um 11%. Skólaárið 2007/2008 voru konur um 60% þeirra sem luku stúdentsprófi en um 21% þeirra sem luku sveinsprófi. Brottfall var sem fyrr umtalsvert. Við 24 ára aldur (2006) höfðu um 62% árgangsins sem fæddur var 1982 lokið einhverju formlegu námi ofar grunnskóla. Tæplega 66% kvenna í árganginum höfðu lokið námi á framhaldsskólastigi en rúmlega 52% karla.

Skólaárið 2007/2008 voru 78% starfsfólks við kennslu í framhaldsskólum með kennsluréttindi. Skólaárið 2007/2008 var hlutfall kennara 50 ára og eldri orðið um 47% og kennara 29 ára og yngri 7%. Ennþá var ójafnvægi kynja í launum og stjórnunarstöðum. Konur voru um 28% skólameistara og 31% aðstoðarskólameistara 2007/2008. Heildarlaun karla voru um 15% hærri en kvenna á árinu 2008.

Útgjöld ríkissjóðs vegna framhaldsskólastigs hækkuðu miðað við verðlag hvers árs um 29% frá 2005 til 2008. Kostnaður ríkisins á hvern nemanda hækkaði á sama tíma um 15%.

Á árunum 2009 og 2010 hefur þurft að skera niður útgjöld ríkisins til framhaldsskóla og við blasir frekari niðurskurður í ríkisútgjöldum til ársins 2013. Á sama tíma fjölgar nemendum, bæði vegna þess að hærra hlutfall nemenda hefur nám á framhaldsskólastigi að loknum grunnskóla og einnig vegna aukins atvinnuleysis. Á móti kemur að nokkur fækkun er fyrirséð í hópi þeirra sem ljúka grunnskólanámi á næstu árum. Ljóst er að búast má við aukinni sókn nemenda í framhaldsskóla bæði vegna þess sem að framan greinir og einnig vegna þess að hluti brottfallsnemenda frá fyrri árum mun sækjast eftir því að ljúka námi. Mikilvægt er að unnt verði að bregðast við þeirri þörf. Á sama tíma er unnið að því að innleiða nýleg lög um framhaldsskóla sem m.a. gera kröfur um breytingar á námsframboði, ekki síst á sviði starfsmenntunar.

Viðauki.

Framhaldsskólar skólaárið 2007–2008, skipt eftir landsvæðum

Reykjavík
Borgarholtsskóli
Fjöltækniskóli Íslands
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík
Iðnskólinn í Reykjavík

Kvennaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Menntaskólinn við Sund
Verzlunarskóli Íslands

Menntaskólinn Hraðbraut
Kvikmyndaskóli Íslands

Höfuðborgarsvæði utan Rvk.
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Flensborgarskóli
Iðnskólinn í Hafnarfirði
Menntaskólinn í Kópavogi
Snyrtiakademían

Suðurnes
Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Vesturland
Fjölbrautaskóli Vesturlands
Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Menntaskóli Borgarfjarðar

Vestfirðir
Menntaskólinn á Ísafirði

Norðurland vestra
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Norðurland eystra
Framhaldsskólinn á Húsavík
Framhaldsskólinn á Laugum
Menntaskólinn á Akureyri
Verkmenntaskólinn á Akureyri

Austurland
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu
Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Verkmenntaskóli Austurlands

Suðurland
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Menntaskólinn að Laugarvatni

Fjöltækniskólinn og Iðnskólinn í Reykjavík sameinuðust haustið 2008 í Tækniskólann, skóla atvinnulífsins.

Búfræðinám á framhaldsskólastigi fer fram í Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla.

967. Frumvarp til laga [575. mál]

um heilbrigðisstarfsmenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og öryggi sjúklinga með því að skilgreina kröfur um menntun, kunnáttu og færni heilbrigðisstarfsmanna og starfshætti þeirra.

Um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna og annarra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu gilda lög þessi, lög um réttindi sjúklinga, lög um landlækni, lög um sjúkraskrár og önnur lög eftir því sem við á.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Heilbrigðisstarfsmaður:* Einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.
2. *Löggilt heilbrigðisstétt:* Heilbrigðisstétt sem öðlast hefur löggildingu samkvæmt sérlögum sem í gildi voru við gildistöku laga þessara og reglugerðum sem settar voru með stoð í lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985, og samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga þessara.
3. *Heilbrigðisstofnun:* Stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt.
4. *Heilbrigðisþjónusta:* Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.
5. *Sjúklingur:* Notandi heilbrigðisþjónustu.
6. *Meðferð:* Rannsókn, aðgerð eða önnur heilbrigðisþjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling.
7. *Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna:* Starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt með eða án greiðsluþátttöku ríkisins.

II. KAFLI
Löggiltar heilbrigðisstéttir.

3. gr.
Tilgreining löggiltra heilbrigðisstétta.

Löggiltar heilbrigðisstéttir samkvæmt lögum þessum eru:

1. Áfengis- og vímuvarnaráðgjafar.
2. Félagsráðgjafar.
3. Fótaaðgerðafræðingar.
4. Geislafræðingar.

5. Hjúkrunarfræðingar.
6. Hnykkjar (kírópraktorar).
7. Iðjuþjálfar.
8. Lífeindafræðingar.
9. Ljósmæður.
10. Lyfjafræðingar.
11. Lyfjatæknar.
12. Læknar.
13. Læknaritarar.
14. Matartæknar.
15. Matvælafræðingar.
16. Náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu.
17. Næringarfræðingar.
18. Næringarráðgjafar.
19. Næringarrekstrarfræðingar.
20. Osteópatar.
21. Sálfræðingar.
22. Sjóntækjafræðingar.
23. Sjúkraflutningamenn.
24. Sjúkraliðar.
25. Sjúkranuddarar.
26. Sjúkraþjálfarar.
27. Stoðtækjafræðingar.
28. Talmeinafræðingar.
29. Tannfræðingar.
30. Tannlæknar.
31. Tannsmiðir.
32. Tanntæknar.
33. Þroskaþjálfar.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fella undir lögin heilbrigðisstéttir sem ekki eru taldar upp í 1. mgr. Fagfélag viðkomandi starfsstéttar skal sækja um löggildingu til ráðherra og er honum skylt að leita umsagnar landlæknis um umsóknina.

Við ákvörðun um það hvort fella eigi starfsstétt undir lögin skal einkum líta til þess hvort löggilding sé nauðsynleg með tilliti til öryggis og hagsmuna sjúklings, þarfar sjúklings fyrir þjónustu starfsstéttar, innihalds og markmiðs menntunar og hvort hún byggist á traustum fræðilegum grunni. Við löggildingu nýrrar heilbrigðisstéttar skal gæta samræmis við önnur ríki.

4. gr.

Réttur til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.

Rétt til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar skv. 3. gr. og starfa sem heilbrigðisstarfsmaður hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi landlæknis.

5. gr.

Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.

Ráðherra skal, að höfðu samráði við landlækni, viðkomandi fagfélag og menntastofnun hér á landi, setja reglugerðir um skilyrði sem uppfylla þarf til að hljóta leyfi til að nota heiti

löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem heilbrigðisstarfsmaður hér á landi. Þar skal m.a. kveðið á um það nám sem krafist er til að hljóta starfsleyfi og starfsþjálfun sé gerð krafa um hana. Enn fremur skal kveðið á um í hvaða tilvikum skuli leitað umsagnar menntastofnunar eða annarra aðila um það hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um nám. Heimilt er að kveða á um starfssvið viðkomandi heilbrigðisstéttar og afmörkun þess í reglugerð.

Við setningu reglugerða skv. 1. mgr. skal gætt skuldbindinga sem íslenska ríkið hefur tekið á sig um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða á grundvelli annarra gagnkvæmra samninga, sbr. 29. gr.

Kveðið skal á um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis til umsækjenda frá ríkjum sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi með reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um gögn sem leggja ber fram, svo sem um nám og fyrirhuguð störf hér á landi, áður en umsókn er tekin til meðferðar. Hafi ekki verið sýnt fram á að nám uppfylli kröfur sem gerðar eru í reglugerð um viðkomandi heilbrigðisstétt er heimilt að setja í reglugerð skilyrði um að umsækjandi frá þeim ríkjum gangist undir hæfnispróf sem sýni fram á að hann búi yfir kunnáttu sem krafist er af heilbrigðisstarfsmönnum í viðkomandi heilbrigðisstétt. Auk þess er heimilt að gera kröfu um að umsækjandi búi yfir kunnáttu í íslensku og hafi þekkingu á íslenskri heilbrigðislöggjöf eftir því sem við á hverju sinni, enda sé slík kunnátta talin nauðsynleg í starfi og þá einkum vegna öryggis og samskipta við sjúklinga. Enn fremur er heimilt með reglugerð að gera kröfu um að áður en umsókn um starfsleyfi er tekin til efnislegrar meðferðar þurfi að liggja fyrir staðfest afrit umsóknar um atvinnu- og dvalarleyfi ásamt undirrituðum ráðningarsamningi.

Ekki skal veita umsækjanda starfsleyfi ef fyrir hendi eru skilyrði til sviptingar starfsleyfis samkvæmt lögum um landlækni.

Heimilt er að taka gjald fyrir hæfnispróf sem lagt er fyrir umsækjanda um starfsleyfi. Gjaldið skal standa undir kostnaði við undirbúning og framkvæmd hæfnisprófs.

6. gr.

Veiting starfsleyfis.

Landlæknir veitir umsækjendum leyfi til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar og til að starfa sem heilbrigðisstarfsmenn hér á landi að uppfylltum skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim og samkvæmt þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, sbr. 29. gr.

Landlækni er heimilt að veita umsækjendum frá ríkjum sem ekki hafa samið við íslenska ríkið um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi starfsleyfi að uppfylltum skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

7. gr.

Réttur til að kalla sig sérfræðing.

Rétt til að kalla sig sérfræðing innan löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi landlæknis.

8. gr.

Skilyrði fyrir veitingu sérfræðileyfis.

Ráðherra getur kveðið á um löggildingu sérfræðigreina innan löggiltrar heilbrigðisstéttar með reglugerð, að höfðu samráði við landlækni, viðkomandi fagfélag og menntastofnun hér

á landi. Við löggildingu nýrra sérfræðigreina skal einkum litið til öryggis og hagsmuna sjúklinga. Einnig skal viðkomandi sérgrein standa á traustum fræðilegum grunni og eiga sér samsvörun á viðurkenndum alþjóðlegum vettvangi.

Í reglugerð um veitingu sérfræðileyfis skal kveðið á um þau skilyrði sem uppfylla þarf til að hljóta leyfi til að kalla sig sérfræðing innan löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem slíkur hér á landi. Miðað skal við að lokið hafi verið formlegu viðbótarnámi á viðkomandi sérfræðisviði. Í reglugerð skal m.a. kveðið á um það sérfræðinám sem krafist er til að hljóta sérfræðileyfi og um starfsþjálfun sé gerð krafa um hana. Enn fremur skal kveðið á um í hvaða tilvikum skuli leitað umsagnar menntastofnunar eða annarra aðila um það hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um sérfræðinám. Heimilt er að kveða á um skipun sérstakra mats- og umsagnarnefnda til að meta umsagnir um sérfræðileyfi.

Við setningu reglugerða skv. 1. mgr. skal gætt skuldbindinga sem íslenska ríkið hefur tekið á sig vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða á grundvelli annarra gagnkvæmra samninga, sbr. 29. gr.

9. gr.

Veiting sérfræðileyfis.

Landlæknir veitir umsækjendum leyfi til að kalla sig sérfræðinga innan löggiltrar heilbrigðisstéttar og til að starfa sem slíkir hér á landi að uppfylltum skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim og samkvæmt þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, sbr. 29. gr.

10. gr.

Óheimil notkun starfsheitis.

Þeim sem ekki hefur fengið til þess leyfi landlæknis er óheimilt að nota löggilt starfsheiti eða starfa sem heilbrigðisstarfsmaður. Honum er jafnframt óheimilt að veita sjúklingi meðferð sem fellur undir lögverndað starfssvið löggiltrar heilbrigðisstéttar eða gefa læknisfræðilegar eða aðrar faglegar ráðleggingar.

Um eftirlit með notkun starfsheitis fer samkvæmt lögum um landlækni.

11. gr.

Tímabundið starfsleyfi.

Landlæknir má, ef nauðsyn krefur, veita þeim sem lokið hafa a.m.k. ⅔ hlutum fullgilds náms í læknisfræði tímabundið starfsleyfi til að sinna tilteknum störfum í heilbrigðisþjónustu þar sem menntun viðkomandi nýtist, enda uppfylli umsækjandi önnur skilyrði laga þessara.

Landlækni er heimilt að gefa út tímabundið starfsleyfi til heilbrigðisstarfsmanna með erlent nám eða próf, sem er viðurkennt samkvæmt samningum, sbr. 29. gr., en uppfyllir ekki kröfur hér á landi.

Landlækni er enn fremur heimilt að gefa út tímabundið starfsleyfi til heilbrigðisstarfsmanna með erlent próf eða nám frá ríki þar sem ekki er í gildi samningur um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina.

Handhafi tímabundins starfsleyfis skal starfa undir stjórn og eftirliti heilbrigðisstarfsmanns sem hefur ótímabundið starfsleyfi í viðkomandi grein heilbrigðisfræða. Víkja má frá þessu skilyrði telji landlæknir sérstakar ástæður mæla með því.

12. gr.

Svipting og endurveiting starfsleyfis. Kæruheimild.

Um sviptingu og afsal starfsleyfis, takmörkun starfsleyfis og endurveitingu starfsleyfis fer samkvæmt ákvæðum laga um landlækni.

Synjun landlæknis um veitingu starfsleyfis skv. 6. gr., sérfræðileyfis skv. 9. gr. og tímabundins starfsleyfis skv. 11. gr. er kæranleg til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna.

13. gr.

Faglegar kröfur og ábyrgð.

Heilbrigðisstarfsmaður skal sýna sjúklingi virðingu og sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og í samræmi við faglegar kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.

Heilbrigðisstarfsmanni ber að þekkja skyldur sínar og siðareglur, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni, tileinka sér nýjungar er varða starfið og kynna sér lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma.

Læknir ber ábyrgð á læknisfræðilegri meðferð og greiningu sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur umsjón með. Aðrir heilbrigðisstarfsmenn bera, eftir því sem við á, ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklinga sem til þeirra leita. Um upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanns gagnvart sjúklingi fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

Heilbrigðisstarfsmaður skal virða faglegar takmarkanir sínar og leita eftir aðstoð eða vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt og mögulegt er, svo sem ef hann telur sig ekki geta veitt honum viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

Ráðherra er heimilt að kveða á um endurmenntun heilbrigðisstarfsmanna í reglugerð.

14. gr.

Undanþága frá starfsskyldu.

Heilbrigðisstarfsmanni er heimilt að skorast undan störfum sem stangast á við trúarleg eða siðferðileg viðhorf hans, enda sé tryggt að sjúklingur fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.

15. gr.

Áfengi og vímuefni.

Heilbrigðisstarfsmanni er óheimilt að starfa undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

Heilbrigðisstofnunum er heimilt að höfðu samráði við landlækni að setja reglur um bann við notkun heilbrigðisstarfsmanna á áfengi eða öðrum vímuefnum tiltekinn tíma áður en vinna þeirra hefst. Jafnframt er landlækni heimilt að gefa bindandi fyrirmæli þar að lútandi, sbr. 5. gr. laga um landlækni.

16. gr.

Aðstoðarmenn og nemar.

Heilbrigðisstarfsmaður ber ábyrgð á því að aðstoðarmenn og nemar, sem starfa undir hans stjórn, hafi næga hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar til að inna af hendi störf sem hann felur þeim.

Ráðherra getur, að fenginni umsögn landlæknis, sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

17. gr.

Trúnaður og þagnarskylda.

Starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. nemar og þeir sem ekki eru heilbrigðisstarfsmenn, skulu gæta fyllstu þagmælsku um allt það sem þeir komast að í starfi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þetta gildir ekki bjóði lög annað eða rökstudd ástæða er til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings eða forráðamanns, ef við á, leysir heilbrigðisstarfsmann undan þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt þessari grein nær ekki til atvika sem heilbrigðisstarfsmanni ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Í þeim tilvikum ber heilbrigðisstarfsmanni skylda til að koma upplýsingum um atvikið á framfæri við þar til bær yfirvöld.

Um trúnaðar- og þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna gilda jafnframt ákvæði laga um réttindi sjúklinga, ákvæði laga um sjúkraskrár og önnur lög eftir því sem við á.

18. gr.

Upplýsinga- og vitnaskylda.

Um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að veita landlækni upplýsingar, m.a. vegna eftirlits með heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisþjónustu og til gerðar heilbrigðisskýrslna, fer samkvæmt lögum um landlækni.

Heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar er skylt að veita ráðuneyti nauðsynlegar upplýsingar vegna meðferðar og úrlausnar stjórnsýslumála. Ákvæði 17. gr. um trúnaðar- og þagnarskyldu takmarka ekki upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanna og annarra starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar samkvæmt ákvæði þessu.

Heilbrigðisstarfsmaður verður ekki leiddur fram sem vitni í einkamálum gegn vilja sjúklings nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburði hans eða málið sé mikilvægt fyrir málsaðila eða þjóðfélagið, hvort tveggja að mati dómara. Í slíkum tilvikum ber heilbrigðisstarfsmanni að skýra frá öllu sem hann veit og telur að hugsanlega geti haft áhrif á málið. Slíkur vitnisburður skal fara fram fyrir luktum dyrum.

Um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til samstarfs og upplýsingagjafar til barnaverndaryfirvalda fer samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

19. gr.

Vottorð, álitsgerðir, faglegar yfirlýsingar og skýrslur.

Heilbrigðisstarfsmönnum ber að gæta varkárni, nákvæmni og óhlutdrægni við útgáfu vottorða, álitsgerða, faglegra yfirlýsinga og skýrslna og votta það eitt er þeir vita sönnur á og er nauðsynlegt í hverju tilviki.

Heilbrigðisstarfsmönnum er skylt að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga er þeir annast þegar slíkra vottorða er krafist vegna samskipta sjúklings við hið opinbera.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja nánari reglur um útgáfu vottorða, faglegra yfirlýsinga og skýrslna.

20. gr.

Lyfjaávísanir og lyfjakaup.

Um lyfjaávísanir heilbrigðisstarfsmanna og heimild til kaupa í heildsölu á tilteknum nauðsynlegum lyfjum til reksturs starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns fer samkvæmt lyfjalögum og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum.

21. gr.
Sjúkraskrár.

Heilbrigðisstarfsmaður sem veitir sjúklingi meðferð skal færa sjúkraskrá samkvæmt ákvæðum laga um sjúkraskrár og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

22. gr.
Skylda til að veita hjálp.

Heilbrigðisstarfsmanni ber, sé hann nærstaddur eða sé til hans leitað, að veita fyrstu nauðsynlegu aðstoð í skyndilegum og alvarlegum sjúkdóms- eða slysatilfellum í samræmi við menntun sína og þjálfun, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli eða ef hann mundi með því stofna lífi eða heilbrigði sjálfs sín eða annarra í háska.

23. gr.
Hófsemi.

Heilbrigðisstarfsmenn skulu gæta þess við veitingu heilbrigðisþjónustu og framkvæmd starfa sinna að sjúklingar, sjúkratryggingar eða aðrir sem standa straum af kostnaði vegna hennar verði ekki fyrir óþarfa útgjöldum eða óþægindum.

24. gr.
Kynning og auglýsingar.

Við kynningu heilbrigðisþjónustu og auglýsingar skal ávallt gætt málefnalegra sjónarmiða og fyllstu ábyrgðar, nákvæmni og sanngirni.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um kynningu og auglýsingar heilbrigðisþjónustu, svo sem bann við ákveðinni aðferð við kynningu eða auglýsingar.

25. gr.
Sjúklingatrygging.

Heilbrigðisstarfsmönnum sem starfa sjálfstætt og fyrirtækjum sem veita heilbrigðisþjónustu er skylt að hafa vátryggingu sem uppfyllir skilyrði laga um sjúklingatryggingu og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra laga.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.
Aldursmörk.

Heilbrigðisstarfsmanni samkvæmt lögum þessum er óheimilt að reka eigin starfsstofu eftir að hann nær 70 ára aldri. Landlækni er þó heimilt, að fenginni umsókn viðkomandi, að framlengja leyfi til tveggja ára í senn, þó aldrei oftar en þrisvar.

27. gr.
Meðferðar- eða rannsóknaraðferðir o.fl.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð:

a. að tilgreindum rannsóknar- eða meðferðaraðferðum skuli aðeins beitt af heilbrigðisstarfsmönnum eða nánar tilgreindum heilbrigðisstéttum,
b. að tiltekinni meðferðar- eða rannsóknaraðferð skuli aðeins beitt af þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi landlæknis,

c. bann við notkun tiltekinna meðferðar- og rannsóknaraðferða.

Reglugerðir um takmarkanir skv. 1. mgr. skulu byggðar á hagsmunum sjúklinga og skulu þær settar að fengnum tillögum landlæknis og umsögn fagfélags viðkomandi löggiltrar heilbrigðisstéttar.

28. gr.

Refsingar.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra varða sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Með brot gegn lögum þessum skal farið samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

29. gr.

Alþjóðlegir samningar.

Landlækni er heimilt að gefa út leyfi til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar á grundvelli gagnkvæms samnings við önnur ríki um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi og gagnkvæma viðurkenningu starfsleyfa.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um skilyrði sem uppfylla þarf til að öðlast starfsleyfi á grundvelli alþjóðlegra samninga með reglugerð.

30. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

31. gr.

Gjaldtaka.

Þegar umsækjandi um starfsleyfi eða sérfræðileyfi hefur lokið námi í ríki sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi er heimilt að taka sérstakt gjald til viðbótar gjaldi samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, þar á meðal gjald fyrir yfirferð og mat gagna, þýðingu gagna, mat umsagnaraðila á umsókn og aðra umsýslu. Heimilt er að ákveða með reglugerð að hluti gjaldsins skuli innheimtur við móttöku umsóknar.

Ráðherra setur gjaldskrá skv. 1. mgr að fengnum tillögum landlæknis. Gjaldskráin skal taka mið af umfangi þeirrar vinnu sem matsaðilar og umsagnaraðilar inna af hendi við afgreiðslu starfsleyfa og sérfræðileyfa.

32. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012.

33. gr.

Brottfall laga.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög, með síðari breytingum:

1. Læknalög, nr. 53/1988.
2. Lög um tannlækningar, nr. 38/1985.
3. Hjúkrunarlög, nr. 8/1974.
4. Lög um félagsráðgjöf, nr. 95/1990.

5. Lög um iðjuþjálfun, nr. 75/1977.
6. Ljósmæðralög, nr. 67/1984.
7. Lög um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.
8. Lög um lífeindafræðinga, nr. 99/1980.
9. Lög um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984.
10. Lög um sjúkraliða, nr. 58/1984.
11. Lög um sjúkraþjálfun, nr. 58/1976.
12. Lög um þroskaþjálfa, nr. 18/1978.
13. Lög um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985.
14. Lög um sálfræðinga, nr. 40/1976.
15. Lög um starfsréttindi tannsmiða, nr. 109/2000.

34. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Í stað orðsins „læknalaga“ í 3. mgr. 13. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, kemur: laga um heilbrigðisstarfsmenn.
2. Í stað orðanna „skv. 19. gr. læknalaga“ í d-lið 4. mgr. 27. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, kemur: skv. 18. gr. laga um landlækni; og í stað orðanna „lög um lyfjafræðinga“ í 1. tölul. 2. mgr. 20. gr. og orðanna „V. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978“ í 2. mgr. 22. gr. sömu laga kemur: lög um heilbrigðisstarfsmenn; og: lögum um heilbrigðisstarfsmenn.
3. Í stað orðsins „læknalaga“ í 5. gr. laga um græðara, nr. 34/2005, kemur: laga um heilbrigðisstarfsmenn.
4. Orðið „læknalögum“ í 3. mgr. 7. gr. laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139/1998, fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsleyfi aðstoðarlyfjafræðinga sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta var lagt fram á 137. og 138. löggjafarþingi af heilbrigðisráðherra, en hlaut ekki afgreiðslu. Velferðarráðuneytið hefur farið yfir frumvarpið, m.a. með tilliti til umsagna sem bárust heilbrigðisnefnd Alþingis. Efnisbreytingar frá því frumvarpi sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi eru nokkrar. Helsta breytingin er sú að fallið er frá þeirri hugmynd að nýjar heilbrigðisstéttir verði einungis löggiltar með lögum. Hér er því gert ráð fyrir að ráðherra verði áfram heimilt að fella nýja heilbrigðisstétt undir lögin með reglugerð. Jafnframt eru skilgreind tiltekin viðmið við mat á löggildingu nýrra heilbrigðisstétta og nýrra sérgreina. Minni háttar breytingar eru eftirfarandi: Bætt hefur verið við skilgreiningu á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna, bætt við þær kröfur sem gera má í reglugerð skv. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins og veitt er heimild til að skipa sérstakar mats- og umsagnarnefndir til að meta umsagnir um sérfræðileyfi. Þá er fallið frá tillögu um að víkka út núgildandi heimild til að gefa út tímabundið starfsleyfi til læknanema. Loks er bætt við frumvarpið heimild til gjaldtöku

í 31. gr. þegar umsækjandi hefur lokið námi í ríki sem Ísland hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

Um alllangt skeið hefur verið unnið að því í heilbrigðisráðuneyti, nú velferðarráðuneyti, að semja rammalöggjöf um heilbrigðisstarfsmenn og hefur ráðuneytið þrisvar sinnum sent drög að frumvarpi til umsagnar, síðast í desember 2008, en þá voru drög að frumvarpi m.a. send til fagfélaga heilbrigðisstétta, Lyfjastofnunar, landlæknisembættisins, menntastofnana og heilbrigðisstofnana og bárust alls 25 umsagnir. Þá sendi heilbrigðisnefnd Alþingis frumvörp þau sem lögð voru fram á 137. og 138. þingi til umsagnar.

Löggiltar heilbrigðisstéttir eru nú 33 talsins. Sérlög gilda um 14 heilbrigðisstéttir en 19 stéttir hafa verið löggiltar með reglugerðum sem settar eru með stoð í lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Gildandi laga- og reglugerðaákvæði um heilbrigðisstéttir eru að ýmsu leyti úrelt og gætir talsverðs ósamræmis, t.d. varðandi það hvaða heilbrigðisstéttir geta starfað sjálfstætt og hverjar starfa á ábyrgð annarrar heilbrigðisstéttar, hvaða heilbrigðisstéttir mega hafa aðstoðarmenn og hverjar ekki og hvaða heilbrigðisstéttir þurfa að halda skýrslur um störf sín og hverjar ekki.

Megintilgangurinn með rammalöggjöf um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna er að samræma og einfalda gildandi ákvæði um heilbrigðisstarfsmenn og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og öryggi sjúklinga með því að skilgreina kröfur til heilbrigðisstarfsmanna. Ákvæði um heilbrigðisstarfsmenn eru gerð markvissari og hnitmiðaðri en áður. Felldar eru brott ónauðsynlegar takmarkanir á starfssviði heilbrigðisstétta og ákvæðin færð til nútímahorfs þannig að heilbrigðisþjónustan og störf og starfssvið heilbrigðisstétta geti þróast með eðlilegum hætti innan ramma löggjafar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerðum kveðið á um ýmis atriði sem eru þess eðlis að betur fer á að þau séu ákveðin í stjórnvaldsfyrirmælum. Má m.a. nefna:

a. Hvaða skilyrði um nám og eftir atvikum starfsreynslu þarf að uppfylla til að eiga rétt á leyfi til að starfa innan viðkomandi löggiltrar heilbrigðisstéttar og kalla sig starfsheiti stéttarinnar.
b. Starfssvið heilbrigðisstétta og afmörkun þess.
c. Hvaða reglur gildi um hverja heilbrigðisstétt varðandi viðhaldsmenntun, umsagnaraðila um veitingu starfsleyfis o.fl.
d. Skilyrði fyrir löggildingu sérfræðigreina og veitingu leyfis til að kalla sig sérfræðing.

Við gerð slíkra reglugerða er gert ráð fyrir að haft verði samráð við landlækni, fagfélög, menntastofnanir og eftir atvikum aðra sem málið kann að varða.

Frumvarp þetta byggist að stofni til á ákvæðum læknalaga, nr. 53/1988, eins og fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar, enda er tilvísun til læknalaga í flestum lögum og reglugerðum um heilbrigðisstéttir. Ýmis ákvæði læknalaga gilda því almennt um heilbrigðisstarfsmenn og má því segja að þau séu að vissu marki grundvallarlög um heilbrigðisstéttir. Við undirbúning frumvarps þessa hefur einnig verið höfð hliðsjón af sambærilegum norskum lögum.

Með lögum um landlækni voru stigin skref til samræmingar og ákvæði flutt úr læknalögum í lög um landlækni. Með lögum nr. 12/2008, um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis, sem gengu í gildi 1. apríl sama ár, var útgáfa starfsleyfa flutt frá heilbrigðisráðuneyti til landlæknis. Helstu rökin fyrir flutningi starfsleyfa heilbrigðisstétta voru þau að um er að ræða stjórnsýslu sem telja verður að eigi frekar heima

á verksviði stofnunar en ráðuneytis. Þá felst aukið réttaröryggi í því að umsækjendur um starfsleyfi geta kært niðurstöðu landlæknis til ráðuneytisins.

Helstu breytingar og nýmæli sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Ein samræmd rammalög um heilbrigðisstarfsmenn í stað 14 sérlaga og laga um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.
2. Starfssvið heilbrigðisstétta verði ákveðið á grundvelli þekkingar og hæfni með tilliti til hagsmuna sjúklinga og úrelt ákvæði um takmarkanir á starfsréttindum felld brott.
3. Kveðið á um að heilbrigðisstarfsmaður skuli virða faglegar takmarkanir sínar og vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns þegar við á.
4. Undirstrikað að óheimilt sé að starfa undir áhrifum áfengis eða vímuefna og heilbrigðisstofnunum heimilað að setja reglur um bann við notkun áfengis og vímuefna í tiltekinn tíma áður en vinna hefst.
5. Heilbrigðisstarfsmenn skulu sjá til þess að aðstoðarmenn þeirra hafi næga hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar til að sinna störfum sem þeir fela þeim.
6. Kveðið er á um að heilbrigðisstarfsmenn skuli gæta þess að sjúklingar, sjúkratryggingar eða aðrir verði ekki fyrir óþarfa útgjöldum eða óþægindum.
7. Í stað núgildandi ákvæða um auglýsingar kemur ákvæði um þær kröfur sem gera skal til kynningar á heilbrigðisþjónustu og auglýsinga og heimild til takmörkunar í reglugerð.
8. Ákvæði um hámarksaldur þeirra sem heimilt er að reka eigin starfsstofu er lækkaður úr 75 í 70 ár. Heimild landlæknis til að framlengja leyfi er takmörkuð við 76 ára aldur.
9. Ráðherra er heimilað að ákveða með reglugerð að tilgreindri meðferð sé aðeins beitt af heilbrigðisstarfsmönnum, nánar tilgreindum heilbrigðisstéttum eða þeim sem fengið hafa til þess sérstakt leyfi landlæknis. Jafnframt verði heimilt að banna tiltekna meðferð. Reglugerðir um slíkar takmarkanir skulu settar að fengnum tillögum landlæknis og umsögn viðkomandi fagfélags.

Ákvæði gildandi laga og reglugerða um heilbrigðisstéttir.

Heilbrigðisstéttir sem um gilda sérlög eru 14 talsins. Þessar heilbrigðisstéttir eru:

1. *Læknar.* Um lækna gilda læknalög, nr. 53/1988, með síðari breytingum. Samkvæmt læknalögum hefur sá einn rétt til að stunda lækningar og kalla sig lækni sem uppfyllir skilyrði laganna fyrir læknaleyfi, sbr. 1. gr. laganna, og er öðrum óheimilt að nota starfsheiti eða kynningarheiti sem til þess eru fallin að gefa hugmyndir um að þeir séu læknar eða stundi lækningar, sbr. 6. gr. laganna. Í lögunum eru ítarleg ákvæði um skyldur, sbr. III. kafla þeirra. Þar kemur og fram að læknar geta við störf sín notið aðstoðar annars heilbrigðisstarfsfólks að svo miklu leyti sem slíkt er nauðsynlegt og forsvaranlegt vegna hæfni þess og sérkunnáttu. Aðstoðarmenn starfa á ábyrgð lækna nema önnur lög bjóði annað, sbr. 7. gr. laganna. Um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa gildir reglugerð nr. 305/1997, með síðari breytingum.
2. *Tannlæknar.* Um tannlækna gilda lög um tannlækningar, nr. 38/1985, með síðari breytingum. Skv. 1. gr. laganna hafa eingöngu þeir sem uppfylla skilyrði laganna um leyfi heimild til að stunda tannlækningar og kalla sig tannlækni. Verksvið tannlækna skv. 6. gr. laganna tekur til varna, greiningar og meðferðar á tannskemmdum, tannskekkju og tannleysi, til sjúkdóma, slysa og galla er þessu tengjast, þ.m.t. í mjúkvefjum og beinum. Tannlæknum er heimilt að hafa aðstoðarfólk, sbr. 8. gr. laganna, og starfar það ávallt undir handleiðslu og á ábyrgð tannlæknisins, sbr. 9. gr. Öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki undir þeirra stjórn er óheimilt að stunda tannlækningar, sbr. 2. mgr.

9. gr. laganna. Tannlæknar skulu færa sjúkraskrá yfir sjúklinga sem þeir annast, sbr. 14. gr. laganna. Um sérfræðileyfi tannlækna gildir reglugerð nr. 545/2007. Um ávísanir tannlækna á lyf gildir reglugerð nr. 1077/2006.

3. *Hjúkrunarfræðingar.* Um hjúkrunarfræðinga gilda hjúkrunarlög, nr. 8/1974, með síðari breytingum. Rétt til að stunda hjúkrun og kalla sig hjúkrunarfræðing hafa þeir sem fengið hafa leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Ekki má ráða aðra en hjúkrunarfræðinga til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrastofnanir, elliheimili, heilsuvernd eða hjúkrun í heimahúsum, sbr. 4. gr. laganna. Um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun gildir reglugerð nr. 124/2003.
4. *Félagsráðgjafar.* Um félagsráðgjafa gilda lög um félagsráðgjöf, nr. 95/1990, með síðari breytingum. Rétt til að kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn sem hefur til þess leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Óheimilt er að ráða til félagsráðgjafastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 5. gr. laganna. Í 7. gr. laganna er tekið fram að félagsráðgjafar bera ábyrgð á starfi sínu. Um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf gildir reglugerð nr. 555/1999.
5. *Iðjuþjálfar.* Um iðjuþjálfa gilda lög um iðjuþjálfun, nr. 75/1977. Rétt til að starfa sem iðjuþjálfi og kalla sig iðjuþjálfa hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Iðjuþjálfi starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu, sbr. 4. gr. laganna. Iðjuþjálfi má ekki taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni, sbr. 5. gr. laganna. Óheimilt er að ráða til hvers konar iðjuþjálfastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 6. gr. Iðjuþjálfa er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans, sbr. 7. gr. laganna.
6. *Ljósmæður.* Um ljósmæður gilda ljósmæðralög, nr. 67/1984, með síðari breytingum. Rétt til að kalla sig ljósmóður og stunda ljósmóðurstörf hefur sá einn sem hefur fengið leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Ljósmæður annast eftirlit með barnshafandi konum og foreldrafræðslu um meðgöngu og fæðingu. Þær starfa að fæðingarhjálp og mæðravernd, sbr. 4. gr. laganna. Óheimilt er að ráða til ljósmóðurstarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 5. gr. laganna.
7. *Lyfjafræðingar.* Um lyfjafræðinga gilda lög um lyfjafræðinga, nr. 35/1978. Rétt til að kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem fengið hefur leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Um veitingu sérfræðileyfa handa lyfjafræðingum gildir reglugerð nr. 449/1978.
8. *Aðstoðarlyfjafræðingar.* Um aðstoðarlyfjafræðinga gilda lög um lyfjafræðinga, nr. 35/1978. Rétt til að kalla sig aðstoðarlyfjafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem hefur fengið til þess leyfi, sbr. 4. gr. laganna. Háskóli Íslands býður ekki lengur upp á nám sem lýkur með aðstoðarlyfjafræðingsprófi.
9. *Lífeindafræðingar.* Um lífeindafræðinga gilda lög um lífeindafræðinga, nr. 99/1980, með síðari breytingum, en heilbrigðisstéttin hét áður meinatæknar. Rétt til að starfa sem lífeindafræðingur og kalla sig lífeindafræðing hefur sá einn sem fengið hefur leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Óheimilt er að ráða sem lífeindafræðing aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 4. gr. laganna. Um veitingu sérfræðileyfa í lífeindafræði gildir reglugerð nr. 232/2007.
10. *Sálfræðingar.* Um sálfræðinga gilda lög um sálfræðinga, nr. 40/1976, með síðari breytingum. Rétt til að kalla sig sálfræðing hefur sá einn sem hlotið hefur til þess leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Öðrum er óheimilt að nota starfsheiti sem er til þess fallið að gefa í skyn

að þeir hafi hlotið löggildingu sem sálfræðingar, sbr. 1. gr. laganna. Um sérfræðileyfi sálfræðinga gildir reglugerð nr. 158/1990.

11. *Sjóntækjafræðingar.* Um sjóntækjafræðinga gilda lög um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, með síðari breytingum. Rétt til að kalla sig sjóntækjafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem fengið hefur leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Sjóntækjafræðingar mæla sjón og fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur). Óheimilt er að ráða til hvers konar sjóntækjafræðistarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögunum, sbr. 6. gr. laganna. Sett hefur verið reglugerð nr. 1043/2004, um menntun sjóntækjafræðinga og takmarkanir á heimild þeirra til sjónmælinga hjá tilgreindum hópum.
12. *Sjúkraliðar.* Um sjúkraliða gilda lög um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum. Rétt til að starfa sem sjúkraliði og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn sem fengið hefur leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Óheimilt er að ráða til sjúkraliðastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 3. gr. laganna. Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna. Þó getur sjúkraliði borið ábyrgð á störfum sínum gagnvart öðrum sérfræðingi sem hlotið hefur viðurkenningu, enda hafi hjúkrunarfræðingur ekki fengist til starfa. Slík skipan má þó ekki standa lengur en í eitt ár, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna. Sett hefur verið reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða, nr. 897/2001.
13. *Sjúkraþjálfarar.* Um sjúkraþjálfara gilda lög nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun, með síðari breytingum. Rétt til að starfa sem sjúkraþjálfari og kalla sig sjúkraþjálfara hefur sá einn sem hefur fengið leyfi, sbr. 1. gr. laganna. Sjúkraþjálfari starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu, sbr. 4. gr. laganna. Sjúkraþjálfari má ekki taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni, sbr. 5. gr. laganna. Óheimilt er að ráða til hvers konar sjúkraþjálfarastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 6. gr. laganna. Sjúkraþjálfara er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans, sbr. 7. gr. laganna. Sett hefur verið reglugerð, nr. 145/2003, um veitingu sérfræðileyfa í sjúkraþjálfun.
14. *Þroskaþjálfar.* Um þroskaþjálfa gilda lög um þroskaþjálfa, nr. 18/1978. Rétt til að starfa sem þroskaþjálfi og kalla sig þroskaþjálfa hefur sá einn sem hefur fengið leyfi landlæknis, sbr. 1. gr. laganna. Þroskaþjálfar starfa við þjálfun, uppeldi og umönnun þroskaheftra, sbr. 3. gr. laganna og óheimilt er að ráða til þroskaþjálfastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 4. gr. laganna. Sett hefur verið reglugerð um störf, starfsvettvang og starfshætti þroskaþjálfa, nr. 215/1987.
15. *Tannsmiðir.* Tannsmíði er löggilt iðngrein og um tannsmiði gilda lög um starfsréttindi tannsmiða, nr. 109/2000, reglugerð nr. 904/2000, um starfsréttindi tannsmiða, og reglur nr. 937/2000, um takmörkun á starfsréttindum tannsmiða. Tannsmiðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. unnið að töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar samkvæmt læknisvottorði, svo og gert við tanngóma og tannparta. Að smíði tannparta á eigin ábyrgð skulu þeir starfa í samvinnu við tannlækni.

Um aðrar löggiltar heilbrigðisstéttir gilda reglugerðir sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. Lögin leystu af hólmi eldri lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971. Samkvæmt lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta hafa þeir einir rétt til að nota starfsheiti sem fellur undir lögin sem fengið hafa starfsleyfi landlæknis, sbr. 3. gr. laganna. Þær stéttir sem fallið geta

undir lögin starfa einkum við heilbrigðisstofnanir, kennslustofnanir heilbrigðisstétta eða matvælastofnanir. Þær starfa ýmist á eigin ábyrgð eða undir handleiðslu og á ábyrgð læknis eða annars sérfræðings á viðkomandi sviði, sbr. 4. gr. laganna. Lögin gera ráð fyrir að óheimilt sé að ráða til þeirra starfa sem undir lögin heyra aðra en þá sem hlotið hafa starfsleyfi landlæknis, sbr. 5. gr. laganna.

Á grundvelli laganna um starfsheiti og starfsheiti heilbrigðisstétta (og eldri laga um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir) hafa verið settar reglugerðir um 19 heilbrigðisstéttir. Flestar þessara reglugerða voru settar á árunum 1986–1991. Síðan varð langt hlé á löggildingu nýrra heilbrigðisstétta. Á árinu 2005 og 2006 voru tvær nýjar heilbrigðisstéttir löggiltar, þ.e. osteópatar og áfengis- og vímuefnaráðgjafar, og árið 2007 fengu stoðtækjafræðingar löggildingu. Frá árinu 1991 hafa því aðeins þrjár nýjar heilbrigðisstéttir verið löggiltar.

Heilbrigðisstéttir löggiltar með sérstökum reglugerðum eru:

1. *Lyfjatæknar.* Um lyfjatækna gildir reglugerð um starfsréttindi og starfssvið lyfjatækna, nr. 199/1983. Starfssvið lyfjatækna eru störf við lyfjaafgreiðslu og lyfjagerð undir handleiðslu og á ábyrgð lyfjafræðings, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða til lyfjatæknistarfa aðra en þá sem hafa starfsréttindi, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
2. *Geislafræðingar.* Um geislafræðinga gildir reglugerð um geislafræðinga, nr. 185/2001. Geislafræðingur framkvæmir geislarannsóknir, geislameðferð og aðrar rannsóknir á fólki með myndgerðartækni samkvæmt fyrirmælum og í samráði við lækni, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða til geislafræðingsstarfa aðra en geislafræðinga og röntgenhjúkrunarfræðinga, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar og ákvæði til bráðabirgða. Geislafræðingar hétu áður röntgentæknar.
3. *Sjúkraflutningamenn.* Um sjúkraflutningamenn gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna, nr. 504/1986. Sjúkraflutningamenn stunda skipulagða sjúkraflutninga. Þeir starfa á eigin ábyrgð, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar.
4. *Næringarfræðingar.* Um næringarfræðinga gildir nú reglugerð um starfsheiti og starfsréttindi næringarfræðinga, nr. 50/2007, sem leysti af hólmi eldri reglugerð frá árinu 1987. Næringarfræðingar starfa að næringarfræði við heilbrigðisstofnanir, kennslu-, rannsókna- og matvælastofnanir og víðar, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
5. *Næringarráðgjafar.* Um næringarráðgjafa gildir nú reglugerð um starfsheiti og starfsréttindi næringarráðgjafa, nr. 51/2007, sem leysti af hólmi eldri reglugerð frá árinu 1987. Næringarráðgjafar starfa að næringarráðgjöf á heilbrigðisstofnunum, kennslu-, rannsókna-, matvælastofnunum og víðar, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
6. *Læknaritarar.* Um læknaritara gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur læknaritara, nr. 161/1987. Starfsvettvangur læknaritara er á heilbrigðisstofnunum og stofnunum hins opinbera er fara með stjórnunarmál á heilbrigðissviði. Þeir annast ritun, skýrslugerð og umsjón með öllum gögnum er varða sjúklinga og meðferð þeirra svo og annarra aðila er til heilbrigðisstofnana leita, samkvæmt nánari fyrirmælum lækna og undir handleiðslu og ábyrgð þeirra, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.
7. *Sjúkranuddarar.* Um sjúkranuddara gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkranuddara, nr. 204/1987. Starfsvettvangur sjúkranuddara er á heilbrigðisstofnunum og eigin stofum. Með sjúkranuddi er átt við nudd í lækningaskyni samkvæmt tilvísun og á ábyrgð læknis, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Öðrum en sjúkranuddurum er óheimilt að starfa sem sjúkranuddarar, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Sjúkranuddara er skylt að halda dagbók um þá er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis, sbr. 8. gr. reglugerðarinnar.

8. *Matvælafræðingar.* Um matvælafræðinga gildir reglugerð um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga, nr. 432/1987. Matvælafræðingar skulu starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um matvæli og aðrar neysluvörur. Starfssvið matvælafræðinga er á heilbrigðisstofnunum, kennslustofnunum heilbrigðisstétta og matvælastofnunum. Matvælafræðingar starfa á eigin ábyrgð, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða sem matvælafræðinga aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
9. *Talmeinafræðingar.* Um talmeinafræðinga gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur talmeinafræðinga, nr. 618/1987. Starfssvið talmeinafræðinga er við greiningu, meðhöndlun og rannsóknir talmeina. Starfsvettvangur talmeinafræðinga er á heilbrigðisstofnunum, í skólum og eigin stofum. Þeir starfa á eigin ábyrgð en þó eingöngu samkvæmt tilvísun og í samráði við lækni sé um að ræða meðferð í lækninga-, rannsóknaeða endurhæfingarskyni, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Talmeinafræðingi er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða sem talmeinafræðinga aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar. Talmeinafræðingi er skylt að halda skýrslur um þá er leita til hans í samræmi við fyrirmæli landlæknis, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar.
10. *Tannfræðingar.* Um tannfræðinga gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur tannfræðinga, nr. 638/1987. Starfsvettvangur tannfræðinga er á heilbrigðisstofnunum, tannlæknastofum og uppeldis- og kennslustofnunum. Tannfræðingar starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlækna. Tannfræðingar starfa að fræðslu, ráðgjöf, skipulagningu og framkvæmd tannverndar. Auk þess starfa tannfræðingar að þeim verklegu störfum sem tannlæknar fela þeim og þeir hafa hlotið menntun til, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Tannfræðingi er skylt að halda sjúkraskýrslu um þá er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar.
11. *Matartæknar.* Um matartækna gildir reglugerð um matartækna, nr. 27/1989. Matartæknar annast matreiðslu í heilbrigðisstofnunum undir stjórn og á ábyrgð matarfræðinga (nú næringarrekstrarfræðinga), sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða til matartæknistarfa aðra en þá sem hlotið hafa starfsréttindi, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar.
12. *Hnykkjar.* Um hnykkja gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur hnykkja, nr. 60/1990. Starfsvettvangur hnykkis er á heilbrigðisstofnunum og eigin stofum. Með hnykkingum er átt við meðferð á stoðkerfi líkamans. Ekki má hnykkir taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Hnykki er heimilt að hafa sér til aðstoðar starfsfólk sem ávallt skal starfa á ábyrgð hans, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Hnykki er skylt að halda dagbók um þá er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis, sbr. 8. gr. reglugerðarinnar.
13. *Tanntæknar.* Tanntæknar hétu áður aðstoðarmenn tannlækna, sbr. reglugerð um menntun, réttindi og skyldur aðstoðarmanna tannlækna, nr. 258/1990. Þessi reglugerð var felld úr gildi með reglugerð um menntun, réttindi og skyldur tanntækna, nr. 259/1998. Með hinni nýju reglugerð er heiti stéttarinnar breytt í tanntækna. Starfsvettvangur tanntækna er á tannlæknastofum, heilbrigðisstofnunum, uppeldis- og fræðslustofnunum. Þeir annast móttöku sjúklinga, aðstoða tannlækna við klínísk störf, sjá um hreinsun áhalda og tækja, annast bókanir og bókhald vegna sjúklinga og tannverndarstörf. Þeir starfa samkvæmt fyrirmælum tannlækna og undir handleiðslu og á ábyrgð þeirra, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða sem tanntækna aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.

14. *Fótaaðgerðafræðingar.* Um fótaaðgerðafræðinga gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur fótaaðgerðafræðinga, nr. 184/1991. Í 4. gr. reglugerðarinnar kemur fram að starfsvettvangur fótaaðgerðafræðinga er á heilbrigðisstofnunum og á eigin stofum. Þar er fótaaðgerð skilgreind sem meðhöndlun fótameina, t.d. að fjarlægja harða húð og líkþorn, klippa og hreinsa neglur, þynna óeðlilegar þykkar neglur, sérsmíða spangir á niðurgrónar neglur og veita fræðslu og faglega ráðgjöf. Þar kemur og fram að fótaaðgerðafræðingar mega ekki án samráðs við lækni taka til meðferðar einstakling með augljós sjúkdómseinkenni, svo sem sýkingu í fótum, sykursýki eða hjarta-, blóð- eða æðasjúkdóma. Fótaaðgerðafræðingi er heimilt að hafa starfsfólk sér til aðstoðar við annað en meðhöndlun fótameina og fræðslu og skal það ávallt starfa á ábyrgð hans, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Fótaaðgerðafræðingum er skylt að halda dagbækur um þá sem leita til þeirra og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis, sbr. 8. gr. reglugerðarinnar.
15. *Náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu.* Um náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu gildir reglugerð um menntun, réttindi og skyldur náttúrufræðinga sem starfa á sérhæfðum rannsóknarstofum heilbrigðisstofnana, nr. 272/1991. Náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu starfa á sérhæfðum rannsóknastofum heilbrigðisstofnana. Þeir sjá um þjónustu- og/eða grunnrannsóknir á sínu sérsviði og annast úrvinnslu gagna, fræðslu og þjálfun, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða í störf náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu aðra en þá sem hafa starfsleyfi, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar.
16. *Næringarrekstrarfræðingar.* Um næringarrekstrarfræðinga gildir nú reglugerð nr. 873/2006, um menntun, réttindi og skyldur næringarrekstrarfræðinga á heilbrigðisstofnunum, sem felldi úr gildi reglugerð um menntun réttindi og skyldur matarfræðinga, nr. 372/1993. Starfssvið næringarrekstrarfræðinga er stjórnun og rekstur stóreldhúsa á heilbrigðisstofnunum. Næringarrekstrarfræðingar veita næringarráðgjöf til hópa fólks, hanna matseðla út frá næringarráðleggingum og annast verklega kennslu nema í næringarrekstrarfræði og matartækni skv. 3. gr. reglugerðarinnar. Óheimilt er að ráða sem næringarrekstrarfræðing á heilbrigðisstofnanir aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
17. *Áfengis- og vímuefnaráðgjafar.* Áfengis- og vímuefnaráðgjafar fengu löggildingu með reglugerð um menntun, réttindi og skyldur áfengis- og vímuefnaráðgjafa, nr. 974/2006. Áfengis- og vímuefnaráðgjafar stunda ráðgjöf á sviði áfengismála á ábyrgð lækna eða annarra háskólamenntaðra starfsmanna sem fagráð telur hæfa og eru í starfi sínu háðir eftirliti landlæknis, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar.
18. *Osteópatar.* Osteópatar fengu löggildingu með reglugerð um menntun, réttindi og skyldur osteópata, nr. 229/2005. Starfsvettvangur osteópata er á heilbrigðisstofnunum og á eigin stofum. Starfssvið osteópata er meðhöndlun á stoðkerfi líkamans. Osteópati má ekki taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni skv. 4. gr. reglugerðarinnar.
19. *Stoðtækjafræðingar.* Stoðtækjafræðingar fengu löggildingu með reglugerð um menntun, réttindi og skyldur stoðtækjafræðinga, nr. 460/2007. Starf stoðtækjafræðinga felst í smíði, ábyrgð á smíði, viðhaldi og eftirliti stoðtækja. Með stoðtæki er átt við „vélrænan og/eða tæknilegan búnað, sem er liður í meðferð sjúkdóma eða aðlögunar útlima og sem festir eru eða settir á eða við líkama og limi svo sem: 1) gervilim sem koma skal algjörlega eða að hluta í stað útlims, 2) spelkur eða umbúðir sem koma eiga í staðinn fyrir eða laga skerta getu líkamshluta“. Óheimilt er að ráða sem stoðtækjafræðing annan en þann sem hefur starfsleyfi skv. 2. gr. Stoðtækjafræðingar starfa á eigin ábyrgð en eru í

starfi sínu háðir faglegu eftirliti landlæknis. Stoðtækjafræðingi er heimilt að ráða aðstoðarfólk, enda starfi það undir handleiðslu og á ábyrgð hans, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.

Um útgáfu starfsleyfa til ríkisborgara á Evrópska efnahagssvæðinu gilda lög nr. 26/2010, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi. Unnið er að gerð nýrrar reglugerðar með stoð í þeim lögum en nú er í gildi reglugerð nr. 244/1994, um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. samkvæmt ákvæðum EES-samningsins, með síðari breytingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lýst meginmarkmiði laganna, þ.e. að tryggja gæði heilbrigðisþjónustunnar og öryggi sjúklinga. Menntunarkröfur heilbrigðistarfsmanna verða skilgreindar í reglugerðum sem settar verða fyrir hverja heilbrigðisstétt, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er gildissvið laganna afmarkað þannig að það taki til réttinda og skyldna löggiltra heilbrigðisstétta og annarra starfsmanna í heilbrigðisþjónustunni eftir því sem við á. Um skyldur framangreindra aðila er að öðru leyti vísað til laga um réttindi sjúklinga, laga um landlækni, laga um sjúkraskrár og annarra laga eftir því sem við á.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru skilgreind hugtökin heilbrigðisstarfsmaður, löggilt heilbrigðisstétt, heilbrigðisstofnun, heilbrigðisþjónusta, sjúklingur, meðferð og starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna.

Með *heilbrigðisstarfsmanni* er átt við einstakling sem starfar sem heilbrigðisstarfsmaður og hefur hlotið leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu í 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og 4. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Með *löggiltri heilbrigðisstétt* er átt við stétt sem fengið hefur löggildingu með sérlögum eða reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, eða samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Með *heilbrigðisstofnun* er átt við stofnun, þ.m.t. fyrirtæki eða starfsstofu þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta. Skilgreining á heilbrigðisstofnun er samhljóða skilgreiningu í 8. tölul. 4. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Með *heilbrigðisþjónustu* er átt við hvers kyns heilsugæslu, lækningar, hjúkrun, almenna og sérhæfða sjúkrahúsþjónustu, sjúkraflutninga, hjálpartækjaþjónustu og þjónustu heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma eða endurhæfa sjúklinga. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu sama hugtaks í 1. tölul. 4. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Sjúklingur er skilgreindur sem notandi heilbrigðisþjónustu í samræmi við skilgreiningu á sjúklingi í 2. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga. Með hugtakinu sjúklingur í lögum þessum og lögum um réttindi sjúklinga er því átt við einstakling, heilbrigðan eða sjúkan, þegar hann notar heilbrigðisþjónustu.

Hugtakið *meðferð* er skilgreint sem rannsókn, aðgerð eða önnur heilbrigðisþjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu á sama hugtaki í 2. gr. laga um

réttindi sjúklinga að öðru leyti en því að hér hefur hugtakið heilbrigðisþjónusta verið tekið upp í skilgreininguna í samræmi við ný lög um heilbrigðisþjónustu. Ber samkvæmt þessu að horfa til skilgreiningar á hugtakinu heilbrigðisþjónusta þegar hugtakið meðferð er túlkað samkvæmt lögunum.

Hugtakið *starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna* er skilgreint sem starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt með eða án greiðsluþátttöku ríkisins. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu sama hugtaks í 4. tölul. 3. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni.

Um 3. gr.

Í greininni eru taldar upp þær 32 heilbrigðisstéttir sem þegar hafa fengið löggildingu.

Þá er tannsmiðum bætt við upptalningu löggiltra heilbrigðisstétta. Tannsmíði er nú löggilt iðngrein og heyrir undir iðnaðarráðuneytið, sbr. lög um starfsréttindi tannsmiða, nr. 109/2000. Í framhaldi af ósk Tannsmiðafélags Íslands og að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Háskóla Íslands, Tannlæknafélag Íslands o.fl. aðila var ákveðið að leggja til að tannsmiðir yrðu heilbrigðisstétt.

Starfsheitið „aðstoðarlyfjafræðingur“ er fellt brott úr upptalningu um tilgreiningu heilbrigðisstétta, enda er ekki lengur boðið upp á þetta nám hjá lyfjafræðideild Háskóla Íslands. Þeir sem fengið hafa starfsleyfi sem aðstoðarlyfjafræðingar halda rétti sínum til að nota starfsheitið og starfa sem slíkir, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. mgr. kveður á um að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að fella undir lögin heilbrigðisstéttir sem ekki eru taldar upp í 1. mgr. Heimild ráðherra til löggildingar heilbrigðisstéttar var áður í 32. gr. laga nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. Gert er ráð fyrir því að viðkomandi fagfélag starfsstéttar sæki um löggildingu til ráðuneytisins og að leitað sé umsagnar landlæknis.

Í 3. mgr. eru talin upp þau atriði sem einkum skal líta til við ákvörðun um hvort fella eigi heilbrigðisstétt undir lögin. Í fyrsta lagi skal líta til þess hvort löggilding þjóni hagsmunum sjúklinga og sé nauðsynleg með tilliti til öryggis þeirra, þ.e. hvort starf viðkomandi stéttar sé þess eðlis að það geti haft áhrif á öryggi sjúklinga. Í þessu sambandi vegur álit landlæknisembættisins þungt, enda er það hlutverk þess embættis að hafa eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum, sbr. lög nr. 41/2007, um landlækni, og beita þá viðeigandi viðurlögum ef brotið er gegn starfsskyldum. Í öðru lagi skal líta þess hvort þörf sé fyrir þjónustu starfsstéttarinnar í heilbrigðiskerfinu. Einng skal litið til menntunarkrafna, þ.e. innihalds og markmiðs stéttarinnar og að námið byggist á traustum fræðilegum grunni. Í fjórða lagi skal við löggildingu nýrrar heilbrigðisstéttar gætt samræmis við önnur ríki. Framangreind skilyrði eru ekki í núgildandi lögum, nr. 24/1985, en nauðsynlegt þykir að setja fram viðmið sem líta skal til við ákvörðun um löggildingu. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um nám og menntunarskilyrði hverrar stéttar er lögin taka til, að fengnum tillögum viðkomandi starfsstétta og umsögn landlæknis.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um rétt til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem heilbrigðisstarfsmaður innan löggiltrar heilbrigðisstéttar.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir að setja skuli, með reglugerðum, skýr fyrirmæli um skilyrði sem uppfylla þarf til að mega kalla sig starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem heilbrigðisstarfsmaður hér á landi, m.a. um það hvaða náms og eftir atvikum starfsþjálfunar er krafist til að hljóta starfsleyfi í viðkomandi grein á Íslandi. Jafnframt skal kveðið á um hvenær leitað skuli umsagnar menntastofnunar eða annarra aðila um hvort umsækjandi um starfsleyfi hér á landi uppfylli þau námsskilyrði sem sett eru í viðkomandi grein heilbrigðisfræða. Gert er ráð fyrir að umsagnaraðilar verði einkum viðkomandi menntastofnun, fagfélag eða sérfræðiráð. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að kveða á um starfssvið viðkomandi heilbrigðisstéttar og afmörkun þess með reglugerð. Við afmörkun starfssviðs skal lögð áhersla á að hver stétt skuli sinna þeim störfum sem hún hefur þekkingu og hæfni til og getur starfssvið tveggja eða fleiri heilbrigðisstétta því eftir atvikum skarast. Starfssvið hverrar stéttar verði ákveðið á grundvelli menntunar og hæfni og með tilliti til öryggis sjúklinga. Við setningu þessara reglugerða skal gæta skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og Fríverslunarsamtökum Evrópu eða með öðrum alþjóðasamningum.

Þá skal í reglugerð kveðið á um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfa til umsækjenda frá ríkjum sem ekki hafa samið við íslenska ríkið um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Gert er ráð fyrir að þar verði ákvæði um vottorð sem ber að leggja fram, m.a. um nám og fyrirhuguð störf hér á landi, svo sem frá væntanlegum vinnuveitendum, áður en umsókn er tekin til meðferðar. Þá er gert ráð fyrir heimild til að ákveða í reglugerð að umsækjandi um starfsleyfi sanni kunnáttu sína í greininni með því að gangast undir hæfnispróf. Jafnframt verði heimilt að setja með reglugerð skilyrði um íslenskukunnáttu og þekkingu á íslenskri heilbrigðislöggjöf, enda sé slík kunnátta nauðsynleg í starfinu, einkum vegna öryggis sjúklinga. Loks er heimilt með reglugerð að gera kröfu um að áður en umsókn um starfsleyfi er tekin til efnislegrar meðferðar þurfi að liggja fyrir staðfest afrit umsóknar um atvinnu- og dvalarleyfi ásamt undirrituðum ráðningarsamningi.

Í 4. mgr. er kveðið á um að starfsleyfi skuli ekki veitt ef skilyrði sviptingar starfsleyfis, samkvæmt lögum um landlækni, eru fyrir hendi.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að heimilt sé að taka gjald af umsækjendum vegna kostnaðar við hæfnispróf.

Um 6. gr.

Veiting starfsleyfa heilbrigðisstétta var flutt frá heilbrigðisráðherra til landlæknis með lögum nr. 12/2008, um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis. Hér er því ekki um að ræða efnisbreytingu. Í greininni er kveðið á um að landlæknir veiti heilbrigðisstarfsmönnum leyfi til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar og til að starfa sem heilbrigðisstarfsmenn hér á landi að uppfylltum skilyrðum laga og reglugerða.

Í 2. mgr. er áréttað að landlækni sé heimilt að veita umsækjendum frá ríkjum sem ekki hafa samið við íslenska ríkið um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi starfsleyfi að uppfylltum skilyrðum laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um að rétt til að kalla sig sérfræðing innan löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem slíkur hafi einungis þeir sem fengið hafa til þess leyfi landlæknis.

Um 8. gr.

Það færist sífellt í vöxt að ýmsar starfsstéttir, þar á meðal heilbrigðisstéttir, afli sér framhaldsmenntunar og sérþekkingar á fagsviði sínu víða um lönd. Auknar sérþarfir með vaxandi fólksfjölda, nýjungar í vísindum og tækni, breytt þjóðfélagssýn o.fl. ýta undir slíka þróun. Má þar nefna starfsstéttir eins og læknа, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga, sjúkraþjálfara, sálfræðinga og félagsráðgjafa. Í 1. mgr. 8. gr. er kveðið á um að ráðherra geti, að höfðu samráði við landlækni, viðkomandi fagfélag og menntastofnun, ákveðið með reglugerð hvort löggilda skuli sérfræðigrein innan löggiltrar heilbrigðisstéttar og þá hvaða sérfræðigreinar. Skv. 2. málsl. 1. mgr. skal einkum litið til öryggis og hagsmuna sjúklinga við ákvörðun um hvort löggilda eigi nýja sérfræðigrein. Einnig skal litið til þess hvort sérfræðigreinin standi á traustum fræðilegum grunni og hvort hún eigi sér samsvörun á viðurkenndum alþjóðlegum vettvangi, þ.e. hvort sérfræðigreinin sé viðurkennd sem slík í öðrum ríkjum. Hagsmunir sjúklinga eru einkum fólgnir í því að staðfest sé að heilbrigðisstarfsmenn sem þeir leita til hafi nauðsynlega þekkingu og hæfni á tilteknu sérsviði. Með þessu ákvæði er undirstrikað að það eru hagsmunir sjúklinga sem skulu vera ráðandi fremur en hagsmunir stéttarinnar af því að fá að kalla sig sérfræðing.

Í reglugerð um sérfræðileyfi skal kveðið á um þau skilyrði sem uppfylla þarf til að mega kalla sig sérfræðing og í hvaða tilvikum skuli leitað umsagnar menntastofnunar eða annarra aðila. Hér er lagt til að miðað verði við að umsækjendur um sérfræðileyfi hafi lokið formlegu viðbótarnámi á viðkomandi sérfræðisviði. Mikilvægt er að reglugerðir um skilyrði fyrir veitingu sérfræðileyfa hafi að geyma skýrar reglur um námskröfur, kröfur til starfsþjálfunar og reynslu og aðrar kröfur sem taldar eru nauðsynlegar til þess að einstaklingur megi kallað sig sérfræðing. Einnig er mikilvægt að kveðið verði á um samanburð náms sem ekki hefur áður verið viðurkennt við þær námskröfur sem gerðar eru og náms sem viðurkennt hefur verið. Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. er heimilt að kveða á um skipun sérstakra mats- og umsagnarnefnda til að meta umsagnir um sérfræðileyfi.

Í 3. mgr. er kveðið á um að gætt skuli skuldbindinga sem íslenska ríkið hefur tekið á sig samkvæmt alþjóðasamningum.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að landlæknir veiti umsækjendum leyfi til að kalla sig sérfræðing innan löggiltrar heilbrigðisstéttar að uppfylltum skilyrðum laganna, reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og á grundvelli skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir samkvæmt alþjóðasamningum, sbr. 29. gr.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um að enginn megi kalla sig löggiltu starfsheiti heilbrigðisstéttar eða starfa sem heilbrigðisstarfsmaður nema hann hafi fengið til þess leyfi landlæknis. Með sama hætti má heilbrigðisstarfsmaður í einni löggiltri heilbrigðisstétt ekki kalla sig starfsheiti annarrar löggiltrar heilbrigðisstéttar eða kalla sig sérfræðing innan löggiltrar heilbrigðisstéttar og starfa sem slíkur, nema hann hafi til þess leyfi landlæknis. Við túlkun á því hvenær heilbrigðisstarfsmaður starfar sem slíkur og hvenær hann fer inn á lögverndað starfssvið annarrar heilbrigðisstéttar verður að líta til þess að víða er veruleg skörun á starfssviði heilbrigðisstétta og mörkin ekki alltaf skýr. Við mat á því hvort heilbrigðisstarfsmaður hefur farið inn á lögverndað starfssvið annarrar stéttar skal litið til hagsmuna sjúklinga af því að heilbrigðisstarfsmaður hafi nauðsynlega faglega þekkingu og hæfni til viðkomandi starfa, fremur en

hagsmuna heilbrigðisstéttar af því að útiloka aðrar heilbrigðisstéttir frá því að sinna tilteknum störfum.

Einungis þeim sem fengið hefur leyfi til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar er heimilt nota starfsheiti stéttarinnar. Einungis þeim sem fengið hafa slíkt leyfi er heimilt að taka sjúklinga til meðferðar, vinna önnur störf sem heyra undir lögverndað starfssvið löggiltrar heilbrigðisstéttar, gefa sjúklingum læknisfræðilegar eða faglegar ráðleggingar og afhenda sjúklingum lyf sem einungis er heimilt að selja í lyfjabúðum, í samræmi við ákvæði lyfjalaga.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að landlækni verði heimilt að veita þeim sem lokið hafa ⅔ hlutum náms í læknisfræði tímabundið starfsleyfi, ef nauðsyn krefur. Ákvæði um tímabundið starfsleyfi læknanema og læknakandídata er nú í 4. gr. læknalaga. Við nánari athugun þótti ekki fært að fella brott þessa heimild, en henni hefur verið beitt þegar læknanemar eða læknakandídatar hafa gegnt afleysingastörfum á heilsugæslustöðvum í dreifbýli og þurfa að geta gefið út lyfjaávísanir.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að landlæknir geti gefið út tímabundið starfsleyfi til heilbrigðisstarfsmanns með erlent nám eða próf sem er viðurkennt samkvæmt alþjóðasamningum, en uppfyllir ekki þær kröfur um nám sem gerðar eru hér á landi til að nota starfsheiti viðkomandi heilbrigðisstéttar og starfa sem heilbrigðisstarfsmaður hér á landi. Er þetta í samræmi við ákvæði tilskipunar 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Þar er heimilt að krefjast þess að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, svo sem að námstími sé a.m.k. einu ári styttri en hér á landi eða að námið sé að inntaki verulega frábrugðið inntaki náms hér á landi og að starfsgreinin sé lögvernduð, að umsækjandi um starfsleyfi ljúki allt að þriggja ára aðlögunartíma eða taki hæfnispróf. Til að umsækjandi geti starfað á aðlögunartíma getur hann þurft tímabundið starfsleyfi.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að landlæknir geti gefið út tímabundið starfsleyfi til heilbrigðisstarfsmanna með próf eða nám frá ríki utan hins Evrópska efnahagssvæðis eða frá Sviss þegar enginn samningur um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi gildir. Slík heimild greiðir fyrir því að heilbrigðisstarfsmenn frá fyrrgreindum ríkjum fái tækifæri til að starfa undir stjórn og eftirliti löggilts heilbrigðisstarfsmanns þyki ekki fært að gefa út ótímabundið starfsleyfi, t.d. vegna þess að viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður uppfyllir ekki að fullu kröfur um nám og hefur ekki nauðsynlega kunnáttu í íslensku. Að loknum slíkum reynslutíma gæti hann síðan sótt um ótímabundið starfsleyfi að uppfylltum skilyrðum laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Í 4. mgr. er kveðið á um að handhafi tímabundins starfsleyfis skuli starfa undir stjórn og eftirliti heilbrigðisstarfsmanns sem hefur ótímabundið starfsleyfi í viðkomandi grein heilbrigðisfræða. Þetta ákvæði er byggt á 2. mgr. 4. gr. læknalaga. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði ef sérstakar ástæður mæla með því. Hliðstætt ákvæði er nú að finna í 3. mgr. 4. gr. læknalaga.

Um 12. gr.

Hér er vísað til ákvæða laga um landlækni varðandi sviptingu og afsal starfsleyfis, takmörkun starfsleyfis og endurveitingu starfsleyfis.

Samkvæmt 2. mgr. er synjun landlæknis um veitingu starfsleyfis, sérfræðileyfis og tímabundins starfsleyfis kæranleg til ráðherra eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 13. gr.

Ákvæðið fjallar um faglegar kröfur sem gerðar eru til heilbrigðisstarfsmanna.

Ákvæði 1. og 2. mgr. er efnislega í samræmi við ákvæði 1. mgr. 9. gr. læknalaga og sambærileg ákvæði sérlaga og reglugerða sem gilda um aðrar heilbrigðisstéttir. Þá er áréttað ákvæði 17. gr. laga um réttindi sjúklinga um að heilbrigðisstarfsmaður skuli koma fram við sjúkling af virðingu.

Samkvæmt 3. mgr. ber læknir ábyrgð á læknisfræðilegri meðferð og greiningu sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur umsjón með. Aðrir heilbrigðisstarfsmenn bera, eftir því sem við á, ábyrgð á greiningu og meðferð þeirra sjúklinga sem til þeirra leita. Lög um réttindi sjúklinga gilda um upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanns gagnvart sjúklingi.

Í 4. mgr. er kveðið á um að heilbrigðisstarfsmaður skuli virða faglegar takmarkanir sínar og leita eftir aðstoð eða vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt og mögulegt er, t.d. ef hann telur sig ekki geta veitt honum viðeigandi heilbrigðisþjónustu. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í læknalögum eða lögum um aðrar heilbrigðisstéttir. Þótt telja verði að þessi skylda hvíli á heilbrigðisstéttum þykir ástæða til að árétta þessa skyldu í lögum. Heilbrigðisstarfsmaður sem virti ekki faglegar takmarkanir sínar eða léti undir höfuð leggjast að vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns þegar það ætti við gæti þurft að sæta viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga um landlækni.

Í 5. mgr. er heimild fyrir ráðherra til að kveða á um endurmenntun heilbrigðisstarfsmanna með reglugerð.

Um 14. gr.

Ákvæðið er byggt á ákvæði 8. gr. læknalaga. Samkvæmt því er heilbrigðisstarfsmanni heimilt að skorast undan störfum sem stangast á við trúarleg eða siðferðileg viðhorf hans, enda sé tryggt að sjúklingurinn fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu annars staðar.

Um 15. gr.

Ótvírætt má telja að samkvæmt eðli máls og ákvæðum gildandi laga, m.a. laga um landlækni, sé heilbrigðisstarfsmanni óheimilt að starfa undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Rétt þykir þó að kveða skýrt á um þetta í lögum um heilbrigðisstarfsmenn.

Í 2. mgr. felst það nýmæli að heilbrigðisstofnunum verði heimilt, að höfðu samráði við landlækni, að setja reglur um bann við notkun heilbrigðisstarfsmanna á áfengi eða öðrum vímuefnum tiltekinn tíma áður en vinna þeirra hefst.

Um 16. gr.

Í greininni er undirstrikað að heilbrigðisstarfsmaður beri ábyrgð á að aðstoðarmenn og nemar sem starfa undir hans stjórn hafi nægilega hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar til að geta innt af hendi þau störf sem hann felur þeim.

Sambærilegt ákvæði hefur um alllangt skeið verið í læknalögum, sbr. 7. gr., og ýmsum sérlögum og reglugerðum um löggiltar heilbrigðisstéttir. Þá eru ákvæði í gildandi lögum eða reglugerðum um að tannlæknar, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfarar, talmeinafræðingar, hnykkjar og fótaaðgerðafræðingar geti notið aðstoðar annarra heilbrigðisstarfsmanna og/eða annarra starfsmanna við störf sín. Hér er ákvæðið víkkað og látið ná til allra heilbrigðisstarfsmanna sem eftir atvikum geta haft aðstoðarmann. Þá er gert ráð fyrir að auk heilbrigðisstarfsmanna geti aðrir starfsmenn, svo og nemar, verið heilbrigðisstarfsmanni til aðstoðar, enda hafi hann

gengið úr skugga um að aðstoðarmaðurinn eða neminn sé fær um að vinna verkið undir hans eftirliti og stjórn.

Í 2. mgr. segir að ráðherra geti, að fenginni umsögn landlæknis, sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis.

Um 17. gr.

Ákvæðið er byggt á 12. og 13. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og 15. gr. læknalaga, nr. 53/1988. 15. gr. læknalaga gildir einnig um aðra heilbrigðisstarfsmenn samkvæmt tilvísun í læknalög í sérlögum um heilbrigðisstarfsmenn og lögum um starfsréttindi heilbrigðisstétta. Hér er orðalagi ákvæðis læknalaga breytt þannig að það eigi við um alla sem starfa innan heilbrigðisþjónustunnar hvort sem þeir tilheyra löggiltri heilbrigðisstétt eða ekki. Hér er því ekki um að ræða neinar efnisbreytingar.

Eins og fram kemur í frumvarpinu gildir þagnarskylda nema lög bjóði annað eða rökstudd ástæða sé til að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar. Dæmi um slík ákvæði er t.d. í IV. kafla barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Þar er fjallað um tilkynningarskyldu þeirra sem hafa afskipti af börnum og er m.a. fjallað sérstaklega um tilkynningarskyldu lækna, ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga og sálfræðinga. Jafnframt kemur fram í fyrrgreindum kafla að tilkynningarskylda samkvæmt ákvæðinu gangi framar ákvæðum laga um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Loks er áréttað að um þagnarskyldu gildi jafnframt ákvæði laga um réttindi sjúklinga, laga um sjúkraskrár og annarra laga eftir því sem við á. Í þessu samhengi er rétt að benda á að um aðgang annarra en heilbrigðisstarfsmanna að sjúkraskrárupplýsingum fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 55/2009, um sjúkraskrár.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er vísað til ákvæða laga um landlækni um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að veita landlækni upplýsingar, m.a. vegna eftirlits með heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisþjónustu og til gerðar heilbrigðisskýrslna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sömu aðilum sé skylt að veita ráðuneytinu nauðsynlegar upplýsingar við meðferð og úrlausn stjórnsýslumála. Hér er um að ræða nýmæli í lögum. Þótt telja verði að slík upplýsingaskylda sé fyrir hendi þykir ástæða til að árétta hana sérstaklega í lögum.

Í 3. mgr. er fjallað um vitnaskyldu heilbrigðisstarfsmanna og er ákvæðið samhljóða 4. mgr. 15. gr. læknalaga að öðru leyti en því að í stað orðsins læknir kemur heilbrigðisstarfsmaður. Ákvæði 4. mgr. 15. gr. læknalaga gildir einnig um aðra heilbrigðisstarfsmenn samkvæmt tilvísun í læknalög í sérlögum um heilbrigðisstarfsmenn og lögum um starfsréttindi heilbrigðisstétta. Hér er því ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 19. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 11. gr. læknalaga en rýmkað til að ná til allra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á. Ekki þarf að hafa mörg orð um nauðsyn þess að hvers konar gögn á sviði heilbrigðisþjónustunnar séu skýr og greinargóð og að ekki þurfi að velkjast í vafa um innihald þeirra og merkingu.

Ákvæði 2. mgr. fjallar um skyldu til að láta í té vottorð um sjúkling vegna viðskipta hans við hið opinbera og er efnislega samhljóða 12. gr. læknalaga.

Gert er ráð fyrir heimild ráðherra til útgáfu reglugerðar þar sem setja megi nánari fyrirmæli um útgáfu vottorða, faglegra yfirlýsinga og skýrslna. Slík reglugerðarheimild er nú í 2. mgr. 11. gr. læknalaga, sjá reglur nr. 586/1991. Rétt er að geta þess að um greiðslur fyrir vottorð fer samkvæmt ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Um 20. gr.

Hér er vísað til ákvæða lyfjalaga og reglugerða settra samkvæmt þeim um heimild til kaupa í heildsölu á tilteknum nauðsynlegum lyfjum til reksturs starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns.

Um 21. gr.

Hér er hnykkt á skyldu heilbrigðisstarfsmanns til að færa sjúkraskrá, en að öðru leyti er vísað til ákvæða laga um sjúkraskrár og stjórnvaldsákvæða samkvæmt þeim.

Um 22. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við 13. gr. læknalaga, nr. 53/1988, en samkvæmt almennri tilvísun í flestum sérlögum um heilbrigðisstéttir og lögum um starfsréttindi heilbrigðisstétta gildir það um aðrar heilbrigðisstéttir eftir því sem við á. Hér er því lagt til að ákvæði 13. gr. læknalaga verði umorðað þannig að það taki til allra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á með tilliti til menntunar og þjálfunar hvers og eins. Heilbrigðisstarfsmanni ber samkvæmt ákvæðinu að veita fyrstu nauðsynlega aðstoð í skyndilegum og alvarlegum sjúkdóms- eða slysatilfellum. Skylda heilbrigðisstarfsmanns til að veita hjálp er ekki fyrir hendi ef þeim mun alvarlegri forföll hamla eða hann mundi með því stofna lífi eða heilbrigði sjálfs sín eða annarra í háska, en orðalag síðasta málsliðarins er í samræmi við 221. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Um 23. gr.

Hér er að finna nýmæli. Í ákvæðinu felst almenn hvatning og ábending til heilbrigðisstarfsmanna um að gæta hófs í hvívetna, velja ódýrari lyf og kostnaðarminni meðferð þegar þess er kostur, senda sjúklinga ekki í fleiri rannsóknir en þörf krefur og sóa hvorki eigin tíma né sjúklingsins að óþörfu. Hér er því um að ræða stefnumarkandi ákvæði þar sem brýnt er fyrir heilbrigðisstarfsmönnum að þeim beri fyrir sitt leyti að stuðla að sparsemi og nýtni innan heilbrigðisþjónustunnar og sjúkratryggingakerfisins og draga með því móti úr óhóflegum kostnaði og óeðlilegri þenslu.

Um 24. gr.

Samkvæmt 17. gr. læknalaga er lækni einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Svipað ákvæði er að finna í 11. gr. laga um tannlækningar, nr. 38/1985. Ákvæði 17. gr. læknalaga gildir um flestar aðrar heilbrigðisstéttir samkvæmt tilvísun í lögum eða reglugerðum um viðkomandi heilbrigðisstéttir. Hér er um að ræða mun þrengri heimildir til auglýsinga á starfsemi heilbrigðisstarfsmanna en annars staðar tíðkast. Lagt er til að heimila almenna kynningu og auglýsingar á starfsemi, enda sé gætt málefnalegra sjónarmiða, fyllstu ábyrgðar, nákvæmni og sanngirni. Þetta ákvæði er byggt á ákvæði norskra laga um heilbrigðisstéttir. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um kynningu heilbrigðisþjónustu og auglýsingar og banni ákveðnar aðferðir við kynningu og auglýsingar.

Rétt er að benda á í þessu sambandi að heilbrigðisstarfsmenn eru bundnir af þeim lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er gilda um auglýsingar og markaðssetningu í viðskiptalífinu og má þar sérstaklega nefna lög nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Um 25. gr.

Hér er áréttuð skylda heilbrigðisstarfsmanna og þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu utan ríkisstofnana til að hafa vátryggingu samkvæmt ákvæðum laga um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000.

Um 26. gr.

Samkvæmt 26. gr. læknalaga er læknum óheimilt að reka lækningastofu eftir 75 ára aldur. Hér lagt til að aldursmörkin verði færð niður í 70 ár og ákvæðið rýmkað þannig að það taki til allra heilbrigðisstarfsmanna sem reka eigin starfsstofu. Opinberir starfsmenn hætta að jafnaði störfum þegar þeir verða sjötugir og þykir rétt að miða við þá almennu reglu. Þá er lagt til að í stað ákvæðis 2. málsl. 26. gr. læknalaga um að landlæknir geti veitt undanþágu frá 75 ára aldurshámarki til eins árs í senn komi heimild til að framlengja leyfi heilbrigðisstarfsmanns til að reka eigin starfsstofu um tvö ár í senn, þó aldrei oftar en þrisvar. Heilbrigðisstarfsmanni væri þá í reynd óheimilt að reka eigin starfsstofu eftir 76 ára aldur.

Um 27. gr.

Nauðsynlegt þykir að unnt verði að binda heimildir til að beita ákveðnum meðferðar- eða rannsóknaraðferðum við tiltekna heilbrigðisstarfsmenn eða heilbrigðisstéttir og leggja bann við tilteknum meðferðum með reglugerð, enda sé það talið mikilvægt til að vernda hagsmuni sjúklinga. Hér er því gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að nánar tilgreindum rannsóknar- eða meðferðaraðferðum skuli eingöngu beitt af heilbrigðisstarfsmönnum eða nánar tilgreindum heilbrigðisstéttum eða sérfræðingum og að tilteknar meðferðar- eða rannsóknaraðferðir skuli aðeins notaðar af þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi landlæknis. Þá getur ráðherra lagt bann við notkun tiltekinnar meðferðar- eða rannsóknaraðferðar. Reglugerðir skv. 1. mgr. skulu settar að fengnum tillögum landlæknis og umsögn viðkomandi fagfélags.

Um 28. gr.

Í greininni er kveðið á um viðurlög ef brotið er gegn ákvæðum laganna eða reglna sem settar eru á grundvelli þeirra. Er lagt til að refsirammi laganna verði sektir eða fangelsi allt að þremur árum, en sami refsirammi gildir m.a. um brot á lögum um meðferð persónuupplýsinga.

Um 29. gr.

Á grundvelli gagnkvæmra samninga, m.a. við Evrópusambandið, er landlækni heimilt að gefa út starfsleyfi á grundvelli viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005, og á grundvelli stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Enn fremur er landlækni heimilt að staðfesta starfsleyfi á grundvelli Norðurlandasamnings um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir.

Hér er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði í reglugerð um skilyrði til að öðlast starfsleyfi á grundvelli alþjóðlegra samninga. Þar yrði m.a. kveðið á um skilyrði

til þess að fá starfsleyfi á grundvelli náms í viðkomandi grein utan Íslands og um samanburð slíks náms við þær námskröfur sem gerðar eru hér. Við setningu þessara reglugerða skal gæta þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu og Fríverslunarsamningi Evrópu eða með öðrum alþjóðasamningum. Í þeim reglugerðum skal jafnframt kveða á um málsmeðferð þar sem gerð er grein fyrir kæruleiðum, málshraða, rökstuðningi þegar um synjanir er að ræða og fleiru, eftir því sem við á.

Um 30. gr.

Ákvæðið felur í sér heimild fyrir ráðherra til að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna.

Um 31. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að landlækni verði heimilt að taka sérstakt gjald fyrir meðhöndlun umsókna umsækjanda sem lokið hafa námi í ríki sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um viðkenningu á faglegri menntun og hæfi. Um er að ræða nýmæli en á síðustu árum hefur umsóknum um starfsleyfi og sérfræðileyfi fjölgað verulega. Umsagnaraðilar landlæknis hafa í einhverjum tilvikum sinnt umsögnum fyrir landlækni í frítíma sínum án þess að sérstakar greiðslur komi til. Lögbundnir umsagnaraðilar um sérfræðileyfi fengu áður greiðslur frá ráðuneytinu en þær hafa nú verið afnumdar. Nú er svo komið að landlæknisembættið stendur frammi fyrir því að erfiðlega gengur að fá umsagnir um umsóknir.

Rétt er að ítreka að vinna við mat á umsóknum getur verið mjög mismunandi. Hér er um að ræða gjaldtöku fyrir umsóknir svokallaðra þriðjalandsborgara og Íslendinga sem stundað hafa nám utan EES-svæðisins. Fjallað er um gjaldtöku vegna umsókna heilbrigðisstarfsmanna með menntun frá EES-svæðinu í lögum nr. 26/2010, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til að starfa hér á landi, og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum. Heimilt er að ákveða með reglugerð að hluti gjaldsins skuli innheimtur við móttöku umsóknar. Þessu ákvæði er ætlað að koma í veg fyrir að mikil vinna verði lögð í umsóknir sem lítil alvara er á bak við. Borið hefur á því að landlæknir, og áður heilbrigðisráðuneytið, hafi lagt töluverða vinnu í að leggja mat á nám og starfsreynslu umsækjanda um starfsleyfi en viðkomandi hafi síðan ekki sótt leyfið. Það má hugsa sér að þetta staðfestingargjald eða „startgjald“ miðist annaðhvort við fasta krónutölu ákveðna í gjaldskrá eða við gjald sem landlæknir ákvæði eftir að hafa litið á gögnin. Gert er ráð fyrir að ekki verði lagt efnislegt mat á umsókn fyrr en umsækjandi hefur greitt umrætt staðfestingargjald.

Fyrrgreindu gjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við yfirferð og mat gagna, þýðingu gagna, mat umsagnaraðila og aðra umsýslu. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji gjaldskrá að fengnum tillögum landlæknis og skal hún taka mið af umfangi þeirrar vinnu sem matsaðilar og umsagnaraðilar inna af hendi við afgreiðslu framangreindra starfsleyfa og sérfræðileyfa. Áfram er gert ráð fyrir að tekið verði gjald samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, fyrir útgáfu starfsleyfa og sérfræðileyfa.

Um 32. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Hér eru talin upp þau lög um heilbrigðisstéttir sem falla brott við gildistöku laga þessara.

Um 34. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um breytingar á öðrum lögum sem hafa að geyma tilvísun til læknalaga og laga um lyfjafræðinga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um aðstoðarlyfjafræðinga gilda lög um lyfjafræðinga, nr. 35/1978. Með breytingu á námi lyfjafræðinga úr cand.pharm.-gráðu í BS-gráðu og meistaragráðu hjá lyfjafræðideild Háskóla Íslands verður ekki boðið upp á nám sem lýkur með aðstoðarlyfjafræðingsprófi. Hér er gert ráð fyrir að þau starfsleyfi sem gefin hafa verið út haldi gildi sínu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði rammalöggjöf um réttindi og skyldur heilbrigðisstétta. Löggiltar heilbrigðisstéttir eru nú 33 talsins og gilda sérlög um 14 þeirra en 19 stéttir hafa verið löggiltar með reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. Frumvarpið sem hér eru til umfjöllunar er ætlað að taka við af gildandi lögum og reglugerðum á þessu sviði án þess að breytingar verði á stjórnsýslulegri umgjörð við mat og úrskurði. Megintilgangurinn með rammalöggjöfinni er að samræma og einfalda gildandi ákvæði um heilbrigðisstarfsmenn, gera þau markvissari og hnitmiðaðri en áður og færa þau til nútímahorfs þannig að heilbrigðisþjónustan og störf og starfssvið heilbrigðisstétta geti þróast með eðlilegum hætti innan ramma löggjafar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilt verði að innheimta sérstakt gjald af umsækjanda um starfsleyfi eða sérfræðileyfi sem lokið hefur nám í ríki sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Gjaldið er til viðbótar gjaldi samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs og er lagt á vegna kostnaðar við yfirferð og mat gagna, þýðingu gagna, mat umsagnaraðila á umsókn og aðra umsýslu. Gera má ráð fyrir að slík gjaldtaka ætti einungis við í fáum tilvikum á ári hverju.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

968. Nefndarálit [28. mál]

um till. til þál. um millilandaflug um Ísafjarðarflugvöll.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Byggðastofnun, Icelandair ehf., innanríkisráðuneyti, Isavia ohf., Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins, Norlandair ehf. og Veðurstofu Íslands.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli innanríkisráðherra (áður samgönguráðherra) að tryggja að á Ísafjarðarflugvelli sé nægjanlegur búnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þaðan millilandaflugi með flugvélum sem núna hafa heimild til þess að fljúga um völlinn.

Í greinargerð með tillögunni kemur m.a. fram að um árabil hafi verið allmiklar flugsamgöngur á milli Ísafjarðar og Grænlands. Er á það bent að slík starfsemi hafi skapað umsvif og tekjur og opnað nýja möguleika til samskipta á milli Vestfjarða og Grænlands. Er það mat tillöguhöfunda að slík samskipti séu mikilvæg enda sé landfræðilega stutt á milli Ísafjarðar og Grænlands.

Margir umsagnaraðila fagna tillögunni, fagna framkomu hennar eða gera ekki athugasemdir við efni hennar. Þá er viðleitni þingmanna til að auka umsvif og hagræði í millilandaflugi fagnað sérstaklega. Byggjast skoðanir framangreindra aðila hvað helst á sjónarmiðum um að efla beri grundvöll flugrekstrar á Íslandi og að auka eigi samstarf milli Íslands og Grænlands. Þá er talið nauðsynlegt að hamla gegn því að flugrekstur þjappist saman á fáa staði landsins. Vakin er athygli á sjónarmiðum sem fram koma í áliti Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins. Þar segir m.a. að samskipti Íslands og Grænlands hafi eflst mjög síðustu ár og að komið hafi fram hugmyndir sem snúa að vöruflutningum og þjónustu við austurströnd Grænlands, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu, þjónustu tengdri námavinnslu, rannsóknarleiðöngrum og ferðamennsku auk samvinnu á sviði menningar- og menntamála svo að fátt eitt sé talið. Er það álit Íslandsdeildar að Grænlandsflug frá Ísafjarðarflugvelli mundi stórauka vöruflutninga og þjónustu á milli Íslands og austurstrandar Grænlands og hafa mikla þýðingu fyrir byggðarlögin þar, Vestfirði og vestnorrænt samstarf í heild sinni. Njóta framangreind sjónarmið stuðnings í umsögn Norlandair ehf. sem deilir reynslu sinni af Grænlandsflugi með nefndinni, eins og segir í umsögn flugfélagsins: „Nálægð Ísafjarðarflugvallar er lykilatriði sem gerir flugvélum kleift að fljúga fram og til baka með viðunandi farm, án þess að taka eldsneyti á Grænlandi. Fullyrða má að ekki væri um flugsamgöngur að ræða inn á þessar slóðir ef Ísafjarðarflugvallar nyti ekki við. Vísindaleiðangrar til Grænlands krefjast mikils undirbúnings og er afar mikilvægt að hægt sé að reiða sig á Ísafjarðarflugvöll í því sambandi. Þótt viðkomandi stjórnvöld hafi reynt að verða við óskum um undanþágur er slíkt fyrirkomulag auðvitað alls óviðunandi til frambúðar.“

Á hinn bóginn ber að geta þess að innanríkisráðuneyti vísar í umsögn sinni um málið til þess að samgöngur á milli Ísafjarðar og Grænlands séu ekki meðal grunnþarfa samfélagsins og því ekki meðal forgangsverkefna. Þá vekur ráðuneytið athygli á því að tillögunni fylgi ekki kostnaðaráætlun, hagkvæmnigreining, fjármagn, upplýsingar um hvaða tiltekin verkefni eigi að ráðast í til að nýta fjárfestinguna og hvaða skuldbindingar liggi að baki henni. Virðist spurningum ráðuneytisins að nokkru svarað í umsögn Isavia ohf. þar sem gerð er tilraun til þess að skilgreina þann kostnað sem framkvæmd tillögunnar hefði í för með sér frá sjónarhóli fyrirtækisins.

Í einni umsögn kom fram að mögulega væri eðlilegt að gera breytingar á heiti og orðalagi tillögunnar. Er það skilningur nefndarinnar að umsagnaraðilinn telji að slíkar breytingar kunni að undirstrika sérstöðu hennar betur.

Á fundum nefndarinnar komu fram verulegar efasemdir um að kostnaðarútreikningur sem fylgdi umsögn Isavia ohf. væri að öllu leyti réttur. Var á það bent að Ísafjarðarflugvöllur hefði á árum áður og um langt skeið gegnt hlutverki millilandaflugvallar. Af þeim sökum væri ýmis nauðsynlegur tækjabúnaður, hæft og sveigjanlegt starfsfólk og aðstaða þegar til staðar. Í kjölfar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu hefði staða flugvallarins breyst en við slíku ætti að vera hægt að bregðast án mikils kostnaðar.

Nefndin tekur undir framkomin orð þeirra umsagnaraðila sem hvatt hafa til samþykktar tillögunnar. Fagnar nefndin því sérstaklega hve jákvæðum augum flugrekendur og aðrir hagsmunaaðilar líta aukna möguleika í flugrekstri á Íslandi. Bera skoðanir og hvatningarorð margra umsagnaraðila með sér þá einurð sem einkennir íslenskt atvinnulíf. Þá telur nefndin að ekki verði hjá því litið að framkvæmd hugmynda um Grænlandsflug verður að byggja á raunhæfum og gaumgæfðum forsendum. Að auki fellst nefndin á að skerpa megi á heiti og orðalagi tillögunnar.

Í ljósi þess sem fram hefur komið og þeirra hagsmuna sem tillögunni er ætlað að styðja við leggur nefndin til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að gera úttekt á kostnaði og mögulegum leiðum til þess að tryggja að á Ísafjarðarflugvelli verði nægjanlegur búnaður og aðstaða til að unnt verði að sinna þaðan flugi til Grænlands. Úttektin og niðurstöður hennar verði kynntar samgöngunefnd Alþingis eins fljótt og auðið er.
2. Heiti tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um flug til Grænlands um Ísafjarðarflugvöll.

Ólína Þorvarðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2011.

Björn Valur Gíslason, form., frsm. Róbert Marshall. Árni Johnsen.

Guðmundur Steingrímsson. Lilja Rafney Magnúsdóttir. Ásbjörn Óttarsson.

Mörður Árnason. Sigmundur Ernir Rúnarsson.

969. Svar [352. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um framlög til málefna fatlaðra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu há hafa árleg opinber framlög til málefna fatlaðra verið á verðlagi hvers árs árin 1991–2011, miðað við áætlun fjáraukalaga og fjárlaga fyrir árin 2010 og 2011?*
2. *Hversu há hafa þessi framlög verið á verðlagi 1. nóvember sl., miðað við meðaltal neysluvísitölu hvers árs og spá um vísitölu fram til loka árs 2011?*
3. *Hversu há hafa framlögin verið sem hlutfall af opinberum útgjöldum hvers árs?*
4. *Hversu há hafa framlögin verið sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hvers árs?*

Svör við fyrirspurninni eru tekin saman í eftirfarandi töflu sem er unnin upp úr ríkisreikningi viðkomandi ára, fjárlögum og fjáraukalögum, þjóðhagsspá 2010–2015 og gögnum af heimasíðu Hagstofu Íslands.

Ár	Framlög hvers árs, millj. kr.[1]	Framlög á áætluðu meðalverðlagi ársins 2011, millj. kr.[2]	Útgjöld til málefna fatlaðra sem hlutfall af útgjöldum A-hluta ríkissjóðs	Útgjöld til málefna fatlaðra sem hlutfall af vergri landsframleiðslu [3]
1990	1.383	4.438	1,43%	0,37%
1991	1.591	4.724	1,41%	0,40%
1992	1.770	5.102	1,60%	0,44%
1993	1.887	5.364	1,58%	0,46%
1994	1.964	5.491	1,56%	0,45%
1995	2.261	6.045	1,75%	0,50%
1996	2.331	5.940	1,70%	0,48%
1997	2.365	5.764	1,76%	0,45%
1998	3.004	6.777	1,58%	0,51%
1999	3.240	6.899	1,63%	0,51%
2000	3.709	7.438	1,62%	0,54%
2001	4.305	7.958	1,88%	0,56%
2002	4.850	8.389	1,81%	0,59%
2003	5.270	8.682	1,88%	0,63%
2004	5.809	9.167	1,93%	0,63%
2005	6.368	9.446	2,06%	0,62%
2006	7.370	10.059	2,17%	0,63%
2007	8.757	11.027	2,20%	0,67%
2008	10.196	11.747	1,48%	0,69%
2009	10.788	11.765	1,86%	0,72%
2010	11.252	11.696	1,99%	
2011	11.479	11.479	2,25%	

1. Tölur eru úr ríkisreikningi fyrir árin 1990–2009. Fyrir árið 2010 gilda fjárlög og fjáraukalög. Fjárhæðin vegna ársins 2011 er samsett. Annars vegar eru tæpar 10.800 millj. kr. sem færðar voru til sveitarfélaga í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu fjármuna í kjölfar yfirtöku sveitarfélaga á þjónustu við fatlaða. Hins vegar eru um 700 millj. kr. sem er áætlaður rekstrarkostnaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og nokkurra smærri fjárlagaliða hjá velferðarráðuneytinu.
2. Framlög eru framreiknuð til áætlaðs verðlags 2011. Annars vegar með launavísitölu þar sem vægi hennar reiknast 85% og hins vegar með vísitölu neysluverðs með 15% vægi. Er þetta í samræmi við skiptingu útgjalda í málaflokknum.
3. Upplýsingar um verga landsframleiðslu árin 2010 og 2011 liggja ekki fyrir.

970. Svar [341. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um afdrif sérgreinaþjónustu St. Jósefsspítala.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert verður þeim konum vísað sem hingað til hafa notið þjónustu St. Jósefsspítala sem er sérgreinasjúkrahús á sviði kvenskurðlækninga og meltingarfærasjúkdóma sem eru algengari hjá konum en körlum? Er annars staðar aðstaða og mannafli með slíka sérþekkingu?

Heilbrigðisráðherra ákvað með bréfi, dags. 3. desember 2010, að sameina Landspítala og St. Jósefsspítala frá og með 1. febrúar 2011. Verkefnisstjórn var skipuð til þess að undirbúa sameininguna og var henni m.a. falið að fjalla um skurðstofur, göngudeild meltingarsjúkdóma, lyflækningar og fleiri mál.

Verkefnisstjórnin skilaði ráðherra tillögum sínum á tilætluðum tíma í janúar 2011. Þar er lagt til að starfsemi skurðstofu og handlækningadeildar verði flutt frá St. Jósefsspítala yfir á Landspítala. Hið sama á við um meltingarlækningar og tengda starfsemi. Nánari útfærsla á þessum atriðum var lögð fram af hálfu undirhópa er fjölluðu um þessi svið sameiningarinnar.

Þeim sérgreinum sem spurt er um, þ.e. á sviði kvenskurðlækninga og meltingarfærasjúkdóma, verður samkvæmt áætluninni sinnt á Landspítala þegar að sameiningu kemur en sambærileg aðstaða og sambærilega sérhæfður mannafli er ekki annars staðar.

971. Svar [419. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um fjármálaeftirlit íslenskra sendiráða.

1. *Hvað brást í eftirliti ráðuneytisins er uppvíst varð um fjárdrátt starfsmanns íslenska sendiráðsins í Vín?*

Utanríkisráðuneytið brást strax við er upp kom mál sem rekja mátti til mannlegs harmleiks hjá starfsmanni og fékk Ríkisendurskoðun til að kanna hvað hefði farið úrskeiðis varðandi vinnuferla ráðuneytisins. Sömuleiðis óskaði ráðuneytið eftir strangri úttekt Ríkisendurskoðunar á verk- og vinnuferlum ráðuneytisins til að gera allt sem hægt er til að fyrirbyggja að svipað mál gæti aftur gerst.

Ríkisendurskoðun fjallaði um málið í skýrslu sinni frá mars 2010 um verkferla og vinnureglur utanríkisráðuneytisins og gerði tillögur til úrbóta. Utanríkisráðuneytið hefur þegar brugðist við tillögum Ríkisendurskoðunar í því skyni að tryggja að mál af þessu tagi geti ekki endurtekið sig.

Til að svara fyrirspurninni vísast til niðurstaðna í skýrslu Ríkisendurskoðunar en þar segir orðrétt á bls. 5:

„Margir samverkandi þættir leiddu til þess að fjársvikin urðu jafnumfangsmikil og raun ber vitni … Ekki var að öllu leyti fylgt þeim verklagsreglum sem í gildi voru, starfsmaðurinn sinnti tveimur ósamrýmanlegum störfum og ekki var viðhöfð nægjanleg varfærni við samþykkt millifærslna.

Skv. verklagsreglum ráðuneytisins skal skila afstemmingu á bankareikningi mánaðarlega til ráðuneytisins og skal ljósrit af bankayfirliti fylgja með afstemmingunni sem skönnuð er inn í málaskrá ráðuneytisins. Hins vegar er hvergi mælt fyrir um að þær skulu skoðaðar mánaðarlega og eru þær því ekki yfirfarnar með skipulegum hætti nema einu sinni á árinu. Athugun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að allar bankaafstemmingar sendiráðsins í Vín á tímabilinu febrúar til júní 2009 voru rangar auk þess sem í engu tilfelli fylgdi bankayfirlit eins og mælt er fyrir um.

Með því að fela viðkomandi starfsmanni að útbúa beiðnir um millifærslur á fé til sendiráðanna gafst honum tækifæri á að færa meira fé á bankareikning sendiráðsins í Vín en þörf var á. Starfsreynsla starfsmannsins gerði honum kleift að útbúa trúverðugar beiðnir og vegna þess trausts sem hann naut var ekki viðhöfð nægjanleg varfærni við samþykkt þessara beiðna.

Þegar óskað er eftir millifærslum skal senda ráðuneytinu embættiserindi um fjárþörf viðkomandi sendiráðs. Skv. verklagsreglum ráðuneytisins þarf að greina frá stöðu banka- og sjóðsreikninga. Við skoðun á níu millifærslum á tímabilinu janúar til júní 2009 kom í ljós að í engu tilviki fylgdu upplýsingar um stöðu sjóðs- og bankareikninga eins og áskilið er í reglunum.

Þegar starfsmönnum er falið að staðfesta vinnu annarra með undirskrift sinni fylgir því ábyrgð og staðfesting á að rétt sé á málum staðið. Þessu verklagi var ekki ætlað að vera trygging heldur var því ætlað að stuðla að auknu öryggi.“

2. *Hver sér um fjármálaeftirlit íslensku sendiráðanna?*

Aðalskrifstofa utanríkisráðuneytisins hefur með höndum innra eftirlit með rekstri og fjárreiðum allra starfseininga utanríkisþjónustunnar, þ.m.t. sendiráðanna. Ríkisendurskoðun endurskoðar svo reikninga utanríkisþjónustunnar.

972. Skýrsla [576. mál]

Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2010.

1. Inngangur.

Af þeim málum sem fjallað var um á vettvangi þingmannanefndar um norðurskautsmál á árinu 2010 leggur Íslandsdeild áherslu á eftirfarandi atriði sem segja má að hafi helst verið í brennidepli.

Fyrst ber að nefna níundu þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin var í Brussel í september, en umræða tengd skipulagningu hennar var fyrirferðarmikil á árinu. Mikið var rætt um helstu þemu á dagskrá ráðstefnunnar sem voru sjálfbær nýting lifandi auðlinda á norðurskautssvæðinu, samvinna á sviði menntunar og rannsókna auk eftirfylgni við alþjóðlegt heimskautaár og loftslagsbreytingar. Fulltrúar Íslandsdeildar lögðu áherslu á umræðu um öryggis- og björgunarmál á hafi í ljósi afleiðinga minnkandi hafíss á norðurskautssvæðinu og fyrirsjáanlegrar opnunar nýrra siglingaleiða. Auk þess studdi Íslandsdeild við frumkvæði Íslands við gerð annarrar vísindaskýrslu um loftslagsbreytingar á norðurskautssvæðinu og afleiðingar þeirra fyrir vistkerfi og mannlíf svæðisins (ACIA) sem liggja á fyrir árið 2014. Þar sem þingmannaráðstefnan var haldin í Evrópuþinginu í Brussel var umræða um hlutverk Evrópusambandsins (ESB) á norðurskautssvæðinu áberandi og ljóst að mikill áhugi er á því innan sambandsins að taka virkan þátt í umræðu og stefnumótun um norðurskautsmál innan sambandsins.

Í öðru lagi var umræða um umhverfismál með áherslu á loftslagsbreytingar að venju mjög áberandi. Áhersla var lögð á aðlögun samfélaga á svæðinu í ljósi breyttra aðstæðna sem skapast með loftslagsbreytingunum með áherslu á lífsskilyrði og heilsufar íbúa norðurskautsins. Rætt var um mikilvægi þess að samvinna yrði um málefni svæðisins, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þá var lögð áhersla á réttindi frumbyggja til náttúruauðlinda á svæðinu auk þeirra áskorana og tækifæra sem fram undan eru og ábyrgð strandríkjanna.

Í þriðja lagi fór fram umræða um breytingar á starfsreglum þingmannanefndarinnar varðandi formennsku og varaformennsku. Lögð var fram tillaga um það að formennska í nefndinni skiptist á milli aðildarríkjanna og komið yrði á varaformannsembætti. Þessi breyting gæti stuðlað að auknum skilningi þinga aðildarríkjanna á málefnum norðurslóða og verkefnum þingmannefndarinnar. Var í fyrsta sinn kjörið í nýtt embætti varaformanns á fundi nefndarinnar í október og tekin ákvörðun, að tillögu Þórunnar Sveinbjarnardóttur, um að hefja undirbúning að því að koma á kerfi þar sem formennskan færðist milli aðildarríkjanna með reglulegu millibili. Drög að fyrirkomulagi verða rædd á fyrsta fundi ársins 2011 og ákvörðun tekin um breytingarnar í framhaldinu.

Af öðrum málum sem voru áberandi í umræðunni hjá nefndinni á árinu 2010 má nefna stefnu aðildarríkjanna í málefnum norðurskautsins, áhersluatriði formennsku Danmerkur í Norðurskautsráðinu og nýtingu orkuauðlinda á sjálfbæran og umhverfisvænan hátt á svæðinu.

2. Almennt um þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál.

Fyrsta ráðstefna þingmanna og fulltrúa norðurskautssvæða var haldin í Reykjavík árið 1993, en nokkur samvinna norðurskautsríkja hófst þegar samþykkt var áætlun um umhverfisvernd á norðurslóðum í Rovaniemi í Finnlandi árið 1991. Ráðstefnan í Reykjavík árið 1993 markaði hins vegar upphafið að stofnun þingmannanefndar um norðurskautsmál sem sett var

á laggirnar árið 1994. Nefndin er stjórnarnefnd þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin er á tveggja ára fresti. Meginviðfangsefni hennar er að skipuleggja þingmannaráðstefnu um norðurskautsmáls, fylgja eftir samþykktum hennar sem og að fylgjast grannt með störfum Norðurskautsráðsins. Á ráðstefnunni kemur saman stór hópur þingmanna frá ríkjunum við norðurskaut, sem og sérfræðingar frá ríkisstjórnum, háskólastofnunum og félagasamtökum er láta sig málefni norðursins varða. Þingmannanefndin fundar að jafnaði þrisvar á ári og einn þingmaður frá hverju aðildarríki situr í nefndinni. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlanda eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess á Evrópuþingið fastan fulltrúa. Almennt má segja að helstu verkefni í norðurskautssamstarfi lúti að sjálfbærri þróun og umhverfismálum. Undanfarin ár hefur sérstök áhersla einnig verið lögð á varðveislu menningararfleifðar og lífshátta þeirra þjóðflokka er byggja landsvæðin við norðurskaut, sem og aukna efnahagslega og félagslega velferð og velmegun íbúa norðursins. Einnig hefur orkuöryggi og nýting orkuauðlinda á sjálfbæran og umhverfisvænan hátt hlotið aukna athygli nefndarinnar síðustu ár.

Í fyrstu sneru verkefni þingmannanefndarinnar aðallega að ýmsum málum sem viðkomu stofnun Norðurskautsráðsins árið 1996, en ráðið er byggt á sameiginlegri yfirlýsingu og samstarfi ríkisstjórna aðildarríkjanna átta. Nokkur samtök frumbyggja og ólíkra þjóðarbrota á norðurslóðum eiga fasta fulltrúa í ráðinu. Auk þess eiga ýmis ríki, alþjóðasamtök og frjáls félagasamtök áheyrnaraðild að ráðinu. Jafnvel þótt samstarf norðurskautsríkja eigi sér fremur stutta sögu hefur það fætt af sér margvísleg sameiginleg verkefni og stofnanir. Eftirlit með og mat á umhverfi norðurskautssvæðanna hefur frá byrjun verið forgangsverkefni ráðsins. Fjölmargar vandaðar vísindalegar rannsóknir hafa verið gerðar á vegum vinnuhópa ráðsins, m.a. um mengunarhættu, áhrif mengunar á vistkerfi norðurslóða og varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika. Á síðari missirum hefur Norðurskautsráðið í auknum mæli sinnt verkefnum sem miða ekki eingöngu að því að vega og meta mengunarhættu, heldur leita leiða við að draga úr mengun á norðurslóðum. Þingmannanefndin hefur á undanförnum árum lagt sérstakan metnað í að hafa frumkvæði að mismunandi verkefnum sem hægt er að leggja fyrir Norðurskautsráðið til framkvæmda.

Undir lok formennskutíðar Íslands árið 2004 var gefin út skýrsla um áhrif loftslagsbreytinga á norðurskautssvæðinu, Arctic Climate Impact Assessment (ACIA). Skýrslan er fyrsta svæðisbundna allsherjarrannsókn á loftslagsbreytingum sem birt hefur verið eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður. Skýrslan vakti mikla athygli og hefur verið notuð sem eins konar grunnur að alþjóðlegri umræðu um loftslagsbreytingar á norðurslóðum. Allar spár skýrslunnar sýna að um næstu aldamót verði norðurskautshafsvæðið án íss og klaka að sumarlagi. Plöntutegundir og annað gróðurlendi færist æ norðar með hlýnandi loftslagi og vor- og sumartími lengist. Áætlað er að þær loftslagsbreytingar sem eiga sér stað á 10 ára tímabili á norðurslóðum gerist á 25 ára tímabili annars staðar. Hitastig á norðurslóðum hækkar að jafnaði tvisvar sinnum hraðar en annars staðar í heiminum. Þótt hitastig sé að jafnaði að hækka á norðurslóðum sem og á jörðinni allri sýnir skýrslan hins vegar að loftslagsbreytingar hafa mismunandi og ójöfn áhrif á ólík svæði jarðar. Á sumum stöðum hlýnar til muna á meðan aðrir staðir kólna þótt meðaltal hitastigs jarðar fari hækkandi. Þessar víðtæku loftslagsbreytingar hafa margs konar afleiðingar, svo sem hækkun yfirborðs sjávar og breytingar á sjávarföllum. Hlýnandi hafstraumar leiða svo til enn örari loftslagsbreytinga. Að frumkvæði Íslands er fyrirhugað að ljúka nýrri vísindaskýrslu um loftslagsbreytingar á norðurskautssvæðinu og afleiðingar þeirra fyrir vistkerfi og mannlíf svæðisins (ACIA) árið 2014.

3. Skipan Íslandsdeildar.

Aðalmenn Íslandsdeildar voru árið 2010 Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, formaður, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Þórunn Sveinbjarnardóttir, varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, og Kristján Þór Júlíusson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Sigmundur Ernir Rúnarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Margrét Tryggvadóttir, þingflokki Hreyfingarinnar og Unnur Brá Konráðsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Ritari Íslandsdeildar var Arna Gerður Bang.

Formaður situr fyrir hönd Íslandsdeildar í þingmannanefndinni, en í forföllum hans situr varaformaður fundi nefndarinnar. Öll Íslandsdeildin sækir ráðstefnuna sem haldin er á tveggja ára fresti. Íslandsdeild kemur saman eftir þörfum og þá gerir formaður grein fyrir starfi þingmannanefndarinnar og fær hún jafnframt upplýsingar um starf Norðurskautsráðsins.

4. Fundir þingmannanefndar 2010.

Þingmannanefndin hélt fimm fundi á árinu. Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir því sem fram fór á fundum þingmannanefndarinnar og þingmannaráðstefnunni í Brussel.

Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Washington, 18. mars 2010.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, formaður Íslandsdeildar sótti fundinn, auk Örnu Gerðar Bang ritara. Helstu mál á dagskrá voru skipulagning ráðstefnu þingmannanefndarinnar sem fyrirhuguð var í Brussel 13.–15. september 2010 og stefna Bandaríkjanna um málefni norðurskautsins. Hannes Manninen, formaður nefndarinnar, stýrði fundinum.

Bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Lisa Murkowski bauð fundargesti velkomna til Washington og hélt erindi um þróun mála varðandi olíu- og gasauðlindir í Alaska. Hún sagði rannsóknir á orkuauðlindum á norðurskautssvæðinu gríðarlega mikilvægar til þess að stuðla að framþróun á svæðinu. Áætlað er að á grunnsævi Alaska í Tjúktahafi séu 15 milljarðar tunna af olíu og 8 milljarðar tunna í Beauforthafi. Þá áætlar stofnun Bandaríkjanna um jarðfræðilegar athuganir að allt að 30% af gasi og 13% af olíuauðlindum heims sem ekki hafa verið nýttar sé að finna á svæðinu.

Murkowski lagði áherslu á réttindi frumbyggja til náttúruauðlinda á svæðinu, ekki eingöngu til orkuauðlinda heldur einnig fisk- og dýrastofna sem þeir nýta sér til matar og lífsviðurværis. Hún sagði jafnframt að norðurskautið byði upp á tækifæri til samvinnu og utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Hillary Clinton, hefði staðfest að norðurskautið væri eitt af þeim svæðum sem ríkisstjórn Obama forseta mundi leggja áherslu á í utanríkisstefnu sinni. Loftslagsbreytingar á svæðinu hafa í för með sér erfiðar áskoranir en einnig tækifæri og sagðist Murkowski bjartsýn á að samvinna yrði um málefni svæðisins, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þá svaraði Murkowski spurningu nefndarmanna varðandi fullgildingu Bandaríkjamanna á Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna á þann veg að hún teldi afar mikilvægt að hann yrði fullgiltur sem fyrst og að hún væri talsmaður þess á þinginu.

Næsti dagskrárliður var kynning Davids Baltons, sendiherra og sérfræðings á sviði hafsvæða og fiskveiða í bandaríska utanríkisráðuneytinu, á nýrri stefnu Bandaríkjanna í málefnum norðurskautsins. Balton benti á að það væri langt síðan stefna málaflokksins hefði verið uppfærð og markmiðið við gerð nýrrar stefnu hefði m.a. verið að í henni fælust langtímaskuldbindingar og að hún gæti enst nokkur kjörtímabil. Stefnan fjallar um málaflokkinn á breiðum grunni og tekur m.a. á öryggis- og umhverfismálum. Bolton sagðist líta á norðurslóðir sem svæði samvinnu og friðar og lagði áherslu á mikilvægi þess að Bandaríkin full-

giltu Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá fagnaði hann nýju verkefni Norðurskautsráðsins við gerð nýs samkomulags varðandi leitar- og björgunarmál.

Næsti dagskrárliður fjallaði um löggjöf Bandaríkjanna um norðurskautið og ræddi Mark Begich öldungardeildarþingmaður um lagafrumvörp varðandi svæðið sem kynnt voru í þinginu í ágúst 2009. Hann sagði frumvörpin ná yfir málefni norðurslóða á breiðum grunni og fjalla m.a. um heilbrigðismál frumbyggja, aðlögun að loftslagsbreytingum, skipaumferð, mengunarvarnir og nýja stöðu sendiherra norðurslóða. Þá sagðist Begich sannfærður um að lagafrumvörpin hefðu stuðlað að því að aukin áhersla hefur verið lögð á málefni norðurskautsins í þinginu. Begich er einnig þeirrar skoðunar að mikilvægt væri að Bandaríkjamenn fullgiltu Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Rætt var um undirbúning ráðstefnu þingmannanefndarinnar sem ráðgerð var í Evrópuþinginu í Brussel 13.–15. september 2010. Pat the Cope Gallagher, þingmaður á Evrópuþinginu, skýrði frá undirbúningsferlinu, fór yfir drög að dagskrá ráðstefnunnar og tilkynnti að boð á ráðstefnuna yrði sent út seinni hluta aprílmánaðar. Samþykkt var tillaga framkvæmdastjóra nefndarinnar um form yfirlýsingar ráðstefnunnar. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, formaður Íslandsdeildar, benti á mikilvægi þess að ráðstefnuyfirlýsingunni yrði fylgt markvisst og skipulega eftir af nefndinni í kjölfar ráðstefnunnar auk þess sem hafa þyrfti í huga kynjajafnvægi við val á fyrirlesurum ráðstefnunnar. Þá tók til máls Don Young, þingmaður frá Alaska, og lagði áherslu á þau fjölmörgu tækifæri sem norðurskautssvæðið byði upp á og sagði það hlutverk nefndarinnar að bera út þann boðskap. Hann sagði siglingar mikilvægar framþróun á svæðinu, en í Alaska væri skortur á höfnum stórt vandamál.

Öldungardeildarþingmaðurinn John Kerry ávarpaði fundinn og sagðist vonast til þess að bandarísk loftslags- og orkulöggjöf yrði tilbúin til kynningar í lok mars 2010. Á norðurskautinu verði áhrif lofslagsbreytinga fyrst sýnilegar með bráðnun jökla og hafíss og því mikilvægt að leggja áherslu á verndun og stjórnun svæðisins. Kerry benti á mikilvægi menntunar til að takast á við áskoranir framtíðar auk þess sem hann vonaðist til að fullgilding Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna kæmist á dagskrá þingsins á þessu ári.

Farið var yfir tillögur að skýrsluhöfundum nefndarinnar og var Sofia Rossen frá Danmörku skipuð skýrsluhöfundur um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda á norðurskautinu og Morten Høglund frá Noregi skýrsluhöfundur um samvinnu á sviði menntunar og rannsókna á norðurskautinu auk eftirfylgni við Alþjóðlegt heimskautaár.

Næsti dagskrárliður fundarins fjallaði um starfsemi þingmannanefndarinnar og málefni norðurskautsins innan einstakra aðildarríkja hennar. Sinikka Bohlin frá Svíþjóð sagði nefndarmönnum frá komandi þingkosningum í Svíþjóð í september 2010. Þá verður haldinn fundur um loftslagsmál í Stokkhólmi í apríl með stjórnmálamönnum og vísindamönnum til að fylgja eftir loftslagsráðstefnunni COP15 sem haldin var í Kaupmannahöfn í desember 2009. Enn fremur bauð Igor Chernyshenko frá Rússlandi nefndarmönnum til ráðstefnu um málefni norðurskautsins sem haldin verður í Moskvu 22.–23. apríl 2010.

Guðfríður Lilja tilkynnti nefndarmönnum að það væri Íslendingum sönn ánægja að halda þingmannaráðstefnu nefndarinnar um norðurskautsmál á Íslandi árið 2012. Þá gagnrýndi hún fyrirhugaðan fund fimm strandríkja á norðurskautssvæðinu sem halda átti í Kanada til að ræða málefni norðurskautsins án þess að öllum átta aðildarríkjum Norðurskautsráðsins auk fulltrúa frumbyggja sé boðið til fundarins en fulltrúum Finnlands, Íslands, Svíþjóðar eða frumbyggja hefur ekki verið boðið til fundarins. Guðfríður Lilja sagði ríka áherslu vera lagða á það á Íslandi að málefni norðurskautsins séu rædd á vettvangi Norðurskautsráðsins. Þá sagði hún skuldavanda íslenska þjóðarbúsins erfiðan stjórnvöldum, þó að jákvæð þróun væri

á ýmsum sviðum samfélagsins. Síðasta ár hafi til dæmis verið metár í ferðaþjónustu auk þess sem fiskveiðar gangi vel.

Josef Motzfeldt, forseti grænlenska þingsins og formaður Vestnorræna ráðsins, sagði nefndarmönnum frá starfi Vestnorræna ráðsins. Í máli sínu gagnrýndi Motzfeldt harðlega ákvörðun Evrópusambandsins um að banna innflutning og sölu á selaafurðum á sambandssvæðinu, þrátt fyrir að bannið hafi undanþegið frumbyggja Grænlands. Bannið hafi haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir frumbyggja norðurskautsins, ekki síst á Grænlandi. Hann hvatti nefndarmenn til að horfa á vistkerfi hafsins á heildrænan hátt. Þá lýsti Motzfeldt yfir vonbrigðum með ákvörðun Kanadamanna um að halda fund um málefni Norðurskautsins í Kanada án þess að bjóða öllum átta aðildarríkjum Norðurskautsráðsins til fundarins heldur eingöngu fimm strandríkjum svæðisins.

Innanríkisráðherra Bandaríkjanna, Ken Salazar, var gestgjafi hádegisverðar og ávarpaði nefndarmenn. Salazar óskaði eftir hugmyndum frá landsdeildum varðandi það sem betur mætti fara í tengslum við norðurskautið af hálfu Bandaríkjanna og sköpuðust líflegar umræður í kjölfarið.

Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Ósló, 7. júní 2010.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, varaformaður Íslandsdeildar sótti fund nefndarinnar, auk Örnu Gerðar Bang ritara. Helstu mál á dagskrá voru skipulagning ráðstefnu þingmannanefndarinnar í Brussel 13.–15. september 2010, stefna Noregs um málefni norðurskautsins og áhersluatriði formennsku Danmerkur í Norðurskautsráðinu. Hannes Manninen, formaður nefndarinnar, stýrði fundinum.

Lene Espersen, utanríkisráðherra Danmerkur og formaður Norðurskautsráðsins, kynnti nefndarmönnum áhersluatriði Dana í formennsku í Norðurskautsráðinu. Danmörk tók við formennsku í ráðinu af Noregi í apríl 2009 og Svíþjóð mun taka við formennsku í apríl 2011. Formennska í ráðinu verður því í höndum Skandinava í sex ár, sem hefur gert það að verkum að mögulegt hefur verið að samræma ákveðin verkefni til lengri tíma. Espersen sagði helstu áhersluatriði formennsku Danmerkur m.a. vera eftirfylgni við alþjóðlegt heimskautaár, sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda, öryggis- og björgunarmál og loftslagsbreytingar. Grundvallaratriði væri þó að huga að lífsskilyrðum og heilsufari íbúa norðurskautsins.

Jafnframt ræddi Espersen um hlutverk áheyrnarfulltrúa í Norðurskautsráðinu í ljósi aukins áhuga alþjóðasamfélagsins á svæðinu. Hún sagði að unnið væri að lausn á málinu og markmiðið væri að ná sátt á næsta fundi ráðherranna. Það er skoðun Espersen að það muni styrkja Norðurskautsráðið að hafa áheyrnarfulltrúa sem standi utan norðurskautssvæðisins þar sem það komi m.a. í veg fyrir að umræða um svæðið fari fram á öðrum vettvangi.

Næsti dagskrárliður var kynning Jonasar Gahrs Støre, utanríkisráðherra Noregs, á stefnu Norðmanna um málefni Norðurskautsins. Í kynningu sinni lagði Støre áherslu á þrjú atriði. Í fyrsta lagi ástæður aukins áhuga á norðurskautssvæðinu, loftslagsbreytingum sem m.a. hafa valdið því að nýjar siglingarleiðir eru að opnast, náttúruauðlindum og samskiptum við Rússland. Í öðru lagi lagði Støre áherslu á grundvöll lagalegs og stjórnmálalegs ástands á svæðinu. Í þriðja lagi ræddi hann um helstu áskoranir og tækifæri fram undan og ábyrgð strandríkjanna.

Þá hélt Robert Corell, sérfræðingur á sviði loftslagsbreytinga og formaður alþjóðlegs verkefnis um áhrif loftslagsbreytinga á norðurskautssvæðið (Arctic Climate Impact Assessment (ACIA)), kynningu á verkefni um stjórnun á norðurslóðum (Arctic Governance Project). Hann sagði verkefnið m.a. leggja áherslu á að innleiða og bæta núverandi stjórnun-

arkerfi, styrkja Norðurskautsráðið og koma á fót umræðuvettvangi ótengdum stjórnvöldum (non-governmental) til að byggja upp traust og örva umræðu um málefni norðurskautsins. Corell lagði í máli sínu áherslu á mikilvægi núgildandi lagaramma svæðisins, sérstaklega Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í framhaldinu sagði Olav Orheim nefndarmönnum frá ráðstefnu Alþjóðaheimskautaársins sem fyrirhugað var að halda í Lillestrøm 8.–12. júní. Ráðstefnuna sækja 2.400 vísindamenn og er hún sú langstærsta sem haldin hefur verið um heimskautin. Þá var rætt um undirbúning ráðstefnu þingmannanefndarinnar 13.–15. september. Pat the Cope Gallagher, þingmaður á Evrópuþinginu, skýrði frá undirbúningsferlinu, fór yfir drög að dagskrá ráðstefnunnar og sagði boð á ráðstefnuna hafa verið send út. Þórunn Sveinbjarnardóttir lagði til fyrir hönd Íslandsdeildar að Joan Nymand Larsen, frá stofnun Vilhjáms Stefánssonar yrði boðið að halda fyrirlestur á ráðstefnunni.

Þórunn Sveinbjarnardóttir sagðist styðja tillögu formanns sænsku sendinefndarinnar varðandi það að formennska í nefndinni skiptist á milli aðildarríkjanna. Það gæti stuðlað að auknum skilningi þinga aðildarríkjanna á málefnum norðurslóða og verkefnum þingmannanefndarinnar. Tekin var ákvörðun um að málið yrði rætt frekar á næsta fundi nefndarinnar og mun formaður sænsku sendinefndarinnar senda nefndarmönnum frekari útfærslu tillögu sinnar.

Enn fremur kynntu skýrsluhöfundar nefndarinnar framgang vinnu sinnar, þau Sofia Rossen frá Danmörku, höfundur skýrslu um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda á norðurskautinu, og Morten Høglund frá Noregi, skýrsluhöfundur um samvinnu á sviði menntunar og rannsókna á norðurskautinu auk eftirfylgni við Alþjóðlega heimskautaárið. Høglund sagði skýrsluna m.a. leggja til að skipulagður verði sameiginlegur fundur með þeim ráðherrum sem bera ábyrgð á rannsóknum á svæðinu og ráðherrum þeirra landa sem tóku þátt í rannsóknum á Alþjóðaheimskautaárinu í tengslum við ráðstefnu um Alþjóðaheimskautaárið sem fer fram í Montreal 22.–27. apríl 2012. Þá sagði hann áherslu vera á að tryggja hag íbúa svæðisins og það yrði haft að leiðarljósi við frekari rannsóknir á svæðinu. Rossen sagði útgangspunkta sinnar skýrslu byggjast á sjálfbærri þróun, þekkingu, alþjóðlegri samvinnu og frekari rannsóknum.

Síðasti dagskrárliður fundarins fjallaði um starfsemi þingmannanefndarinnar og málefni norðurskautsins innan einstakra aðildarríkja hennar. Sinikka Bohlin frá Svíþjóð sagði nefndarmönnum frá komandi þingkosningum í Svíþjóð og að hún mundi ekki sækjast eftir endurkjöri. Fundurinn í Brussel í september 2010 yrði því hennar síðasti fundur í nefndinni. Enn fremur bauð Igor Chernyshenko frá Rússlandi nefndarmönnum öðru sinni til ráðstefnu um málefni norðurskautsins sem halda átti í Moskvu í september, en fyrirhugað hafði verið að halda ráðstefnuna 22.–23. apríl 2010 en vegna eldgoss í Eyjafjallajökli hafði þurft að fresta henni. Hannes Manninen frá Finnlandi upplýsti nefndarmenn um nýskipaða ráðgjafanefnd um málefni norðurslóða í Finnlandi. Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði áherslu vera lagða á það á Íslandi að málefni norðurskautsins væru rædd á vettvangi Norðurskautsráðsins. Hún sagði það því Norðurskautsráðinu ekki til framdráttar þegar haldnir væru fundir til að ræða málefni norðurskautsins án þess að öllum átta aðildarríkjum Norðurskautsráðsins auk fulltrúa frumbyggja væri boðin þátttaka. Slíkur fundur hefði verið haldinn í Kanada fyrr á árinu þar sem hvorki fulltrúum Finnlands, Íslands, Svíþjóðar né frumbyggja var boðið að sitja fundinn.

Þingmannaráðstefna um norðurskautsmál og fundir þingmannanefndar í Brussel, 13.–15. september 2010.

Níundu þingmannaráðstefnuna um norðurskautsmál sóttu fyrir hönd Alþingis Þórunn Sveinbjarnardóttir, varaformaður Íslandsdeildar, og Kristján Þór Júlíusson auk Örnu Gerðar Bang ritara. Ráðstefnan hófst með því að Diana Wallis, varaforseti Evrópuþingsins, og Pat the Cope Gallagher, þingmaður á Evrópuþinginu, ávörpuðu gesti og buðu þá velkomna. Þá ávörpuðu jafnframt ráðstefnuna Maria Damanaki, sem fer með málefni hafsins og fiskveiða í framkvæmdastjórn ESB, Lene Espersen, formaður Norðurskautsráðsins og utanríkisráðherra Danmerkur, og Hannes Manninen, formaður þingmannanefndar um norðurskautsmál.

Í ræðu sinni sagði Pat the Cope Gallagher það mikilvægt fyrir Evrópusambandið (ESB) að taka virkan þátt í umræðu og stefnumótun um norðurskautsmál. ESB gæti reynst jákvæður kraftur til að takast á við þær margvíslegu áskoranir sem blasa við íbúum svæðisins. Norðurskautið breytist hratt sökum loftslagsbreytinga og afleiðingar bráðnunar hafíss og leysingar snjóa á svæðinu séu m.a. opnun nýrra siglingaleiða og aðgengi að nýjum fiskveiðisvæðum. Þá sé áætlað að 30% af ónýttum olíu- og gasauðlindum heimsins sé að finna á norðurskautssvæðinu. Lene Espersen tók undir orð Gallaghers og sagði jafnframt að það að ráðstefna sem þessi væri haldin utan norðurskautssvæðisins væri í raun tákn fyrir vaxandi áhuga á svæðinu. Þá sagði Espersen frá áhersluatriðum Dana í formennsku í Norðurskautsráðinu en Danmörk tók við formennskunni af Noregi í apríl 2009 og Svíþjóð mun taka við formennsku í apríl 2011. Diana Wallis ítrekaði í ræðu sinni mikilvægi ályktunartillögu Evrópuþingsins frá 2008 um alþjóðasamning til verndar norðurskautssvæðinu.

Fyrsti hluti ráðstefnunnar var tileinkaður umfjöllun um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda á norðurskautssvæðinu og stýrði Þórunn Sveinbjarnardóttir umræðunni ásamt Pat the Cope Gallagher. Karl Falkenberg, yfirmaður þróunarsviðs framkvæmdastjórnar ESB, hélt erindi og ræddi meðal annars um áhrif mengunar á norðurskautssvæðinu á lífríkið og mikilvægi aukins samstarfs. Hann sagði skilning á hefðbundnum aðferðum frumbyggja við ákveðnar tegundir veiða á svæðinu vera til staðar en leggja þyrfti aukna áherslu á frekari samvinnu sem stuðlaði að sjálfbærri þróun. Þá hélt Erik Lahnstein, utanríkisráðherra Noregs, erindi þar sem hann ræddi meðal annars um stefnu Noregs í norðurskautsmálum, helstu áskoranir og tækifæri fram undan og ábyrgð strandríkjanna. Hann lagði áherslu á mikilvægi hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og gildandi alþjóðasamþykkta á svæðinu.

Grænlenski þingmaðurinn Sofia Rossen var höfundur skýrslu þingmannanefndarinnar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda á norðurskautinu og kynnti hún helstu niðurstöður skýrslunnar fyrir fundargestum. Hún sagði sjálfbærar veiðar á selum og hvölum, sem alþjóðasamfélagið hefur veitt mikla athygli, mikilvægan þátt í samfélögum norðurskautssvæðisins. Í máli sínu hvatti hún veiðimenn og vísindamenn til að vinna saman að farsælli lausn varðandi sjálfbærar veiðar á svæðinu. Í umræðum um skýrsluna var m.a. rætt um nauðsyn þess að vernda hefðbundnar aðferðir við veiðar frumbyggja og að byggja ætti sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda á rannsóknum en ekki tilfinningasemi. Þá skapaðist umræða um ályktun Evrópuþingsins frá maí 2009 um bann á sölu selskinnsvara í Evrópusambandinu og gagnrýndi Kári Højgaard, formaður Vestnorræna ráðsins, ályktunina harðlega.

Annar hluti ráðstefnunnar var tileinkaður umfjöllun um samvinnu á sviði menntunar og rannsókna á norðurskautssvæðinu auk eftirfylgni við alþjóðlegt heimskautaár. Norski þingmaðurinn Morten Høglund var höfundur skýrslu þingmannanefndarinnar um efnið og kynnti hann helstu niðurstöður skýrslunnar fyrir fundargestum. Hann sagði áherslu vera á að tryggja hag íbúa svæðisins og að það yrði haft að leiðarljósi við frekari rannsóknir á svæðinu.

Robert-Jan Smiths, yfirmaður rannsókna hjá framkvæmdastjórn ESB, hélt fyrirlestur um efnið auk dr. Joan Nymand Larsen, deildarstjóra hjá stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Þórunn Sveinbjarnardóttir spurði Larsen hvaða leiðir væru færar til að vinna bug á þeim hindrunum sem hún nefndi í fyrirlestri sínum að hömluðu rannsóknarvinnnu. Larsen svaraði því til að aukið aðgengi að upplýsingum og gögnum væri nauðsynlegt auk víðtækari skilnings á menningu og lífsskilyrðum íbúa á norðurskautssvæðinu. Þá ræddi Larsen um veika tengingu vísinda og stjórnmála og mikilvægi þess að fjármagn til verkefna væri dreift á sanngjarnan hátt þannig að frumbyggjar hefðu t.d. aðgang að sjóðum jafnvel þótt þeir væru ekki tengdir rannsóknar- eða háskólastofnun.

Þriðji hluti ráðstefnunnar var tileinkaður umfjöllun um loftslagsbreytingar og afleiðingar minnkandi íss á norðurskautssvæðinu. Jacqueline McGlade, forstjóri Umhverfisstofnunar Evrópu, hélt erindi um efnið og ræddi m.a. um niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið hjá stofnuninni á sviði loftslagsbreytinga. Þá kynnti rússneski þingmaðurinn Igor Chernyshenko, höfundur skýrslu þingmannanefndarinnar um efnið, helstu niðurstöður skýrslunnar. Þar var m.a. lögð áhersla á mikilvægi aukinnar viðleitni til að koma í veg fyrir loftslagsbreytingarnar og milda afleiðingar þeirra á íbúa og dýralíf norðurskautsins.

Undir lok ráðstefnunnar var samþykkt yfirlýsing sem beint er til ríkisstjórna á norðurskautssvæðinu, Norðurskautsráðsins og stofnana Evrópusambandsins. Þar er m.a. kallað eftir samkomulagi um leitar- og björgunarmál til að tryggja viðeigandi viðbrögð við hugsanlegum slysum í kjölfar opnunar nýrra siglingaleiða og betra aðgengis að niðurstöðum rannsókna frá Alþjóðaheimskautaárinu. Enn fremur var kallað eftir aukinni viðleitni til að draga úr loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra fyrir íbúa norðurskautsins. Íslensku þingmennirnir lögðu áherslu á aukið samstarf norðurskautsríkja um öryggi á hafinu auk stuðnings við frumkvæði Íslands við gerð annarrar vísindaskýrslu um loftslagsbreytingar á norðurskautssvæðinu og afleiðingar þeirra fyrir vistkerfi og mannlíf svæðisins (ACIA) árið 2014. Fyrirhugað er að skýrslan verði byggð á þeirri þekkingu sem rannsóknir Alþjóðaheimskautaársins hafa aflað um samfélög á norðurskautssvæðinu og velferð þeirra á breiðum grunni og mælti Þórunn Sveinbjarnardóttir sérstaklega fyrir þeirri tillögu. Við undirbúning yfirlýsingarinnar var skipuð sérstök nefnd sem hittist á tveimur fundum og fór yfir þær athugasemdir og tillögur sem lagðar voru fram.

Loks bauð Helgi Hjörvar, alþingismaður og fulltrúi Norðurlandaráðs á ráðstefnunni, þátttakendur velkomna til næstu þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin verður í Reykjavík árið 2012. Fyrsta þingmannaráðstefnan var haldin í Reykjavík 1993 og hafa nú öll aðildarríkin átta auk Evrópuþingsins haldið slíka ráðstefnu, sem skipulögð er á tveggja ára fresti.

Þingmannanefnd um norðurskautsmál hélt tvo fundi samhliða ráðstefnunni. Á fyrri fundi nefndarinnar 13. september var farið yfir dagskrá ráðstefnunnar og drög að yfirlýsingu hennar. Nefndarmönnum var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum varðandi drögin og þeim komið á framfæri við nefnd sem vann að gerð yfirlýsingar ráðstefnunnar. Á síðari fundi nefndarinnar 15. september var Hannes Manninen, fulltrúi finnska þingsins, endurkjörinn formaður nefndarinnar og Björn Willy Robstad, starfsmaður norska Stórþingsins, endurráðinn framkvæmdastjóri. Tillaga formanns sænsku sendinefndarinnar sem lögð var fram á fundi nefndarinnar í Ósló í júní 2010 varðandi að formennska í nefndinni skiptist á milli aðildarríkjanna var rædd og sæst á að ákvörðun um útfærslu tillögunnar yrði tekin á næsta fundi nefndarinnar. Jafnaframt var ákveðið að fyrsti varaformaður nefndarinnar yrði valinn á næsta

fundi nefndarinnar og lagði formaður sænsku landsdeildarinnar til að fulltrúi Íslands í þingmannanefndinni tæki við varaformennskunni.

Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Ottawa, 16. nóvember í 2010.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, varaformaður Íslandsdeildar, sótti fund nefndarinnar, ásamt Kjartani Fjeldsted, starfandi ritara. Helstu mál á dagskrá voru kosning nýs formanns og varaformanns nefndarinnar, ný stefna Kanada í norðurskautsmálum og vísindarannsóknir á norðurskautinu.

Hannes Manninen, formaður nefndarinnar, setti fundinn og voru fyrirliggjandi dagskrárdrög samþykkt. Því næst lá fyrir fundinum tillaga um að samþykkja fundargerð frá síðasta fundi nefndarinnar í Brussel. Þórunn Sveinbjarnardóttir kvaddi sér þá hljóðs og óskaði eftir því að bætt yrði inn í fundargerðina að lagt hefði verið til á fundinum í Brussel að kannaðir yrðu möguleikar á að innleiða kerfi þar sem formennska nefndarinnar færðist milli allra aðildarríkja nefndarinnar með reglulegu millibili. Féllst formaður nefndarinnar á að það yrði gert.

Því næst gerðu fulltrúar Kanada í nefndinni, þeir Stephen Blaney og Larry Bagnell, grein fyrir stefnu Kanada í norðurskautsmálum, en Kanada kynnti nýja utanríkisstefnu sína gagnvart norðurskautinu í ágúst 2010. Er henni ætlað að standa við hlið svokallaðrar norðuráætlunar Kanada, en hin síðarnefnda lýtur frekar að innanríkismálum Kanada. Byggist hin nýja utanríkisstefna á fjórum meginásum sem eru: að verja fullveldi Kanada á svæðinu, að stuðla að félagslegri og efnahagslegri þróun, að vernda umhverfið og umbætur á sviði stjórnunar og færsla ákvarðanatökuvalds til svæðisins.

Þá gerði David Hik, forseti alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar (e. International Arctic Science Council, IASC), að umtalsefni hvernig tryggja mætti að afrakstur alþjóðlega norðurskautsársins verði gerður varanlegur, sérstaklega með tilliti til alþjóðlegrar samvinnu á vísindasviðinu og skipta á vísindalegum gögnum. Taldi hann þörf á áætlun um það hvernig best væri að fylgja alþjóðlega norðurskautsárinu eftir og minntist í því sambandi á tillögu Rússa um alþjóðlegan norðurskautsáratug, sem hann taldi að nyti stuðnings innan vísindasamfélagsins. Þá kynnti Hik samvinnu sem nú á sér stað milli vísindanefndar um Suðurskautslandið (e. Scientific Committee on Antarctic Research, SCAR) og Alþjóðanorðurskautsvísindaráðsins.

Clifford Lincoln, fyrrverandi formaður nefndarinnar, óskaði eftir að ávarpa fundinn. Lagði hann til að boðað yrði til fundar um norðurskautsmál í Kanada á næsta ári til að undirbúa lokaráðstefnu alþjóðlega norðurskautsársins í Montreal 2012 og lýsti yfir að hann hefði þegar yfir að ráða fé sem staðið gæti undir hluta af fjármögnun slíks fundar. Boðið yrði helstu sérfræðingum á sviði norðurskautsmála í þeim tilgangi að ræða þau 2–3 mál sem mikilvægust yrðu í umræðunni á næstu árum og ályktaðum þau.

Fékk tillaga Lincolns jákvæðar undirtektir á fundinum, m.a. af hálfu Þórunnar Sveinbjarnardóttur, sem lagði þó áherslu á að setja yrði fundinum mjög afmarkaðan ramma til að hann yrði ekki of almenns eðlis. Sænski þingmaðurinn Ann-Kristine Johansson lýsti yfir stuðningi við tillöguna og Marion Pedersen, áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs, taldi að ráðið gæti ef til vill útvegað fjármagn til að standa undir hluta af kostnaði við slíkan fund.

Igor Chernyshenko, annar fulltrúa Rússa, tók til máls og lagði til að fjármunum yrði þegar veitt til undirbúnings alþjóðlegs norðurskautsáratugar. Einnig taldi hann nauðsynlegt að ný stofnun á sviði norðurskautsmála yrði sett á fót og henni falið að samræma starf allra stofnana á sviði norðurskautsmála. Þá tók Morten Høglund, fulltrúi Noregs, undir mikilvægi þess

að efla alþjóðlegt vísindasamstarf og taldi að taka þyrfti á þeim vandamálum sem standa í vegi fyrir nemendaskiptum á sviði norðurskautsvísinda.

Því næst ávarpaði Jose Kusugak, starfandi forseti Nunavut Tunngavik félagsins, fundinn og kynnti samning félagsins við Kanadastjórn um land á svæðum inúíta, en félagið heldur utan um réttindi þeirra um það bil 26 þúsund inúíta frá Nunavut-héraði sem réttindi eiga samkvæmt samningnum. Er samningurinn einn sá yfirgripsmesti sem gerður hefur verið í þessa veru á norðurskautinu.

Fundurinn var sá næstsíðasti sem Hannes Manninen verður í forsæti fyrir, en hann hefur lýst því yfir að hann muni draga sig í hlé frá finnska þinginu í apríl 2011. Fyrir fundinum lá tillaga um að Morten Høglund frá Noregi yrði kjörinn næsti formaður nefndarinnar og var hún samþykkt einróma. Þá var í fyrsta sinn kjörið í nýtt embætti varaformanns og varð Juliane Henningsen frá Danmörku fyrir valinu í það hlutverk í samræmi við tillögu formanns.

Í tengslum við formannskjörið lagði Þórunn Sveinbjarnardóttir þó þunga áherslu á að hafinn yrði undirbúningur að því að koma á kerfi þar sem formennskan færðist milli aðildarríkjanna með reglulegu millibili. Hlaut málflutningur Þórunnar talsverðar undirtektir og lýstu m.a. Chernyshenko sem og Pat the Cope Gallagher frá Evrópuþinginu sig hlynnta innleiðingu slíks kerfis. Komu fram óskir um að nefndin ynni drög að fyrirkomulagi fyrir næsta fund sinn í Tromsø.

Hvað áætlaðan fund nefndarinnar á Íslandi vorið 2011 varðar lagði Þórunn Sveinbjarnardóttir til að hann yrði haldinn dagana 9.–10. júní, og samþykkti nefndin þær dagsetningar.

Ólína Þorvarðardóttir, sem sótti fundinn sem forseti Vestnorræna ráðsins, sagði fundinum frá þemaráðstefnu ráðsins um fiskveiðistjórnarkerfi, sem haldin var í júní 2010, þar sem meðal annars var hvatt til aukinnar samvinnu ríkja um stjórn veiða úr sameiginlegum fiskstofnum. Þá minnti hún á að Vestnorræna ráðið hefði beitt sér fyrir aukinni samvinnu norðurskautsríkjanna á sviði björgunar á sjó og lýsti yfir ánægju með að á vettvangi Norðurskautsráðsins væri nú bindandi samningur þar að lútandi í sjónmáli.

Alþingi, 8. mars 2011.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, varaform.	Kristján Þór Júlíusson.	Margrét Tryggvadóttir.

973. Nefndarálit [82. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Glóeyju Finnsdóttur frá umhverfisráðuneyti. Utanríkismálanefnd óskaði álits umhverfisnefndar á tillögunni og er álit nefndarinnar birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis-

mál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess. Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 5. ágúst 2009. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Tillaga að tilskipuninni var fyrst lögð fram á vettvangi ESB í lok júní 2002. Markmiðið er að færa ábyrgð á umhverfistjóni til þess sem tjóninu veldur, þ.e. til rekstraraðila þeirrar atvinnustarfsemi sem fellur undir hana. Þar með á að tryggja að mengunarvaldurinn eða sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni rannsaki, komi í veg fyrir eða bæti úr tjóni og beri allan kostnað þar af.

Ásamt framangreindu markmiði er tilgangur tilskipunarinnar að tryggja að öll atvinnustarfsemi á svæðinu beri sambærilega fjárhagsábyrgð á þeim skaða sem hún kann að valda. Ábyrgðin nær þó einungis til tjóns á umhverfinu. Tjón á eignum eða lífi og limum fellur ekki undir ákvæði tilskipunarinnar. Ábyrgðin tekur til tjóns á vernduðum tegundum, náttúruverndarsvæðum, landi og vatni.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur umhverfisráðherra þegar hlutast til um það með framlagningu lagafrumvarps til heildarlaga um umhverfisábyrgð (þskj. 345, 299. mál) sem nú er til meðferðar í umhverfisnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Birgitta Jónsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Bjarni Benediktsson.
Helgi Hjörvar.	Ólöf Nordal.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.	

Fylgiskjal.

Álit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur að beiðni utanríkismálanefndar, dags. 17. nóvember 2010, tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (82. mál).

Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings eða breyting á honum kallar á lagabreytingar hér á landi.

Með þingsályktunartillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess.

Markmið með umræddri tilskipun er að setja ramma um umhverfisábyrgð, sem byggist á mengunarbótareglunni, til að koma í veg fyrir umhverfistjón og ráða bót á því. Tilskipuninni er ætlað að færa ábyrgð á umhverfistjóni til þess sem tjóninu veldur, þ.e. til rekstraraðila þeirrar atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipunina. Henni er þannig ætlað að tryggja að öll atvinnustarfsemi á svæðinu beri sambærilega fjárhagsábyrgð á þeim skaða sem hún kann að valda. Ábyrgðin nær þó einungis til tjóns á umhverfinu en tjón á eignum eða lífi og limum fellur ekki undir ákvæði tilskipunarinnar. Ábyrgðin tekur til tjóns á vernduðum tegundum og vistgerðum, landi og vatni.

Umhverfisráðherra hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um umhverfisábyrgð. Er efni þess í samræmi við tilskipun 2004/35/EB og reglur opinbers réttar um athafnaskyldur rekstraraðila sem ábyrgð ber á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku.

Nefndin hefur fjallað um málið og tekið afstöðu til þingsályktunartillögunnar. Er niðurstaða nefndarinnar að leggja til að utanríkismálanefnd samþykki tillöguna án breytinga.

Alþingi, 10. desember 2010.

Mörður Árnason, form.,
Ólína Þorvarðardóttir,
Birgir Ármannsson,
Álfheiður Ingadóttir,
Vigdís Hauksdóttir,
Skúli Helgason.

974. Nefndarálit [119. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Glóeyju Finnsdóttur frá umhverfisráðuneyti. Utanríkismálanefnd óskaði álits umhverfisnefndar á tillögunni og er álit nefndarinnar birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB. Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 5. ágúst 2009. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Markmið tilskipunarinnar er að setja reglur um meðhöndlun úrgangs frá jarðefnavinnslu, við meðferð og geymslu á steinum og steinefnum og frá námuvinnslu. Einnig fjallar tilskipunin um gerð úrgangsáætlana, starfsleyfi, fjárhagslega ábyrgð og fleira. Tilskipunin gildir ekki um annan úrgang en þann sem stafar beint af námuvinnslunni né heldur um úrgang frá námuvinnslu á hafsbotni. Óvirkur og ómengaður úrgangur er einnig undanþeginn nokkrum ákvæðum hennar, m.a. ákvæðum um leyfisskyldu, upplýsingar til almennings og fjárhagslega ábyrgð.

Samkvæmt tilskipuninni skulu námuúrgangsstaðir hafa starfsleyfi og verða undir eftirliti stjórnvalda, sem halda einnig skrá yfir úrgangsstöðvar fyrir námuúrgang sem hefur verið lokað. Sú regla gildir að úrgang frá námuiðnaði skal meðhöndla á þann hátt að hann hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfi. Framkvæmdaraðili eða sá sem ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði skal sjá til þess að áhrif úrgangs séu sem minnst á umhverfi og heilsu manna, einnig eftir lokun námunnar, og að meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði byggist á bestu fáanlegu tækni. Hanna skal námu eða úrgangsstöð með tilliti til hættunnar svo hægt sé að fyrirbyggja umhverfisslys.

Almenningur skal upplýstur um hvaða staðir hafa sótt um leyfi til urðunar/geymslu á námuúrgangi og um viðbragðsáætlanir vegna mengunarhættu. Þá skal almenningur hafa möguleika á að gera athugasemdir.

Samkvæmt tilskipuninni skulu námuúrgangsstaðir sem þurfa starfsleyfi og eru starfandi 1. maí 2008 uppfylla skilyrði hennar fyrir 1. maí 2012.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og fjallar frumvarp umhverfisráðherra um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum (186. mál, þskj. 203) að hluta til um það efni. Frumvarpið er nú til meðferðar í umhverfisnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Birgitta Jónsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Bjarni Benediktsson.
Helgi Hjörvar.	Ólöf Nordal.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.
	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

Fylgiskjal.

Álit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur að beiðni utanríkismálanefndar, dags. 17. nóvember 2010, tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (119. mál).

Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings eða breyting á honum kallar á lagabreytingar hér á landi.

Með þingsályktunartillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB.

Markmið með tilskipun 2006/21/EB er að setja reglur um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og fjallar hún einnig um gerð úrgangsáætlana, starfsleyfi, fjárhagslega ábyrgð og fleira. Einnig breytir gerðin tilskipun 2004/35/EB um umhverfisábyrgð þannig að námuiðnaði er bætt inn í viðauka III í þeirri tilskipun. Tilskipun 2006/21/EB gildir ekki um annan úrgang en þann sem stafar beint af námuvinnslu né heldur um úrgang frá námuvinnslu af landi (hafsbotni). Almennt gildir að úrgang frá námuiðnaði skal meðhöndla á þann hátt að hann hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfi. Framkvæmdaraðili eða sá sem ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði skal sjá til þess að áhrif úrgangs frá námuiðnaði byggist á bestu fáanlegu tækni, skylt er að gera úrgangsáætlun sem miðar að því að lágmarka úrgang og ákveða meðhöndlun, endurnýtingu eða förgun á námuúrgangi og hafa skal sjálfbærni í huga við áætlanagerð. Tilskipunin gerir einnig þær kröfur að almenningur skuli vera upplýstur um hvar hefur verið sótt um leyfi til urðunar eða geymslu námuúrgangs og hafi möguleika á að gera athugasemdir. Jafnframt eru sett ýmis önnur ákvæði varðandi námuúrgangsstaði, t.d. ákvæði um flokkun þeirra, hönnun, að stjórnun sé í höndum þjálfaðra aðila, ákvæði um eftirlit með starfseminni, lokun og vöktun eftir lokun.

Vegna innleiðingar gerðarinnar þarf að breyta lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Setja þarf inn ákvæði m.a. um að framkvæmdaraðilar skuli gera úrgangsáætlanir og skilgreina nánar hvenær námur þar sem úrgangur er meðhöndlaður eru flokkaðar sem urðunarstaðir. Í kjölfar lagabreytinga þarf að setja nýja reglugerð um úrgang frá námuiðnaði eða breyta reglugerð um meðhöndlun úrgangs. Einnig þarf að breyta fylgiskjali I í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, þannig að námuúrgangsstaðir séu þar tilgreindir.

Við umfjöllun nefndarinnar kom í ljós að engin starfsemi á Íslandi fellur undir gildissvið tilskipunarinnar. Hins vegar telur nefndin mikilvægt að reglur þær er fram koma í tilskipuninni séu til staðar ef upp koma þær aðstæður í framtíðinni að starfsemi sem fellur undir gildissviðið hefst hér á landi.

Nefndin hefur fjallað um málið og tekið afstöðu til þingsályktunartillögunnar. Er niðurstaða nefndarinnar að leggja til að utanríkismálanefnd samþykki tillöguna án breytinga.

Alþingi, 10. des. 2010.

Mörður Árnason, form.,
Ólína Þorvarðardóttir,
Birgir Ármannsson,
Álfheiður Ingadóttir,
Vigdís Hauksdóttir,
Skúli Helgason.

975. Nefndarálit [132. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Sigríði Rafnar Pétursdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Utanríkismálanefnd óskaði álits allsherjarnefndar á tillögunni og er álit nefndarinnar birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE. Sex mánaða frestur samkvæmt EES-samningnum til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 5. ágúst 2009. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Meginmarkmið tilskipunarinnar er frekari sameining markaða og aukin neytendavernd á sviði neytendalána. Réttarstaða neytenda við gerð lánasamnings mun batna til muna frá því sem nú er auk þess sem gerðar verða auknar kröfur til vandaðra vinnubragða lánastofnana. Má þar nefna kröfu um aukna upplýsingagjöf lánastofnana og skyldu til að meta gjaldþol lántaka fyrir samningsgerð, að þak verður sett á uppgreiðslukostnað lána og að neytendur munu hafa 14 daga frest til að falla frá samningi.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er fyrirhugað að efnahags- og viðskiptaráðherra leggi fram frumvarp til breytinga á lögum um neytendalán, nr.

121/1994, með síðari breytingum, á haustþingi og mun það að líkindum koma til meðferðar í allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Birgitta Jónsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Bjarni Benediktsson.
Helgi Hjörvar.	Ólöf Nordal.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.
	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

Fylgiskjal.

Álit frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um beiðni utanríkismálanefndar, dags. 17. nóvember 2010, um álit allsherjarnefndar á tillögu til þingsályktunar um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn (þskj. 145 – 132. mál).

Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings eða breyting á honum kallar á lagabreytingar hér á landi.

Með þingsályktunartillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á framangreindri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB um lánasamninga fyrir neytendur. Meginmarkmið tillögunnar er frekari sameining markaða og aukin neytendavernd á sviði neytendalána og er nauðsynlegt að leggja til breytingar á lögum um neytendalán. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var því tekin með stjórnskipulegum fyrirvara.

Nefndin telur eðlilegt að á þessu stigi fari umfjöllun um afléttingu þess stjórnskipulega fyrirvara sem tillagan felur í sér eingöngu fram í utanríkismálanefnd þar sem efnisleg meðferð á tillögum um lagabreytingar kemur til meðferðar hjá viðkomandi fastanefnd þingsins.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við að tillagan verði samþykkt.

Róbert Marshall, Valgerður Bjarnadóttir, Vigdís Hauksdóttir og Þráinn Bertelsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er sammála áliti þessu.

Alþingi, 28. febr. 2011.

Atli Gíslason, varaform.,
Mörður Árnason,
Birgir Ármannsson,
Álfheiður Ingadóttir,
Sigurður Kári Kristjánsson.

976. Skýrsla [577. mál]

Katrínar Jakobsdóttur samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2010.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir því helsta sem unnið var að í norrænu samstarfi á árinu 2010. Þannig er lýst því samstarfi sem forsætisráðherrar, samstarfsráðherrar og utanríkisráðherrar Norðurlanda áttu á árinu auk starfa þeirra tíu fagráðherranefnda sem skipa Norrænu ráðherranefndina (NMR). Kaflar fagsviðanna byggjast á skýrslum viðkomandi ráðuneyta og eru þeir unnir í nánu samstarfi við þá starfsmenn sem sitja í norrænum embættismannanefndum. Einnig er í skýrslunni fjallað um samstarf ráðherranefndarinnar við grannsvæði og grannríki Norðurlanda og við Evrópusambandið (ESB) og aðrar fjölþjóðlegar stofnanir sem starfa á sama athafnasvæði og Norræna ráðherranefndin. Þá er í skýrslunni greinargerð um starfsemi Norræna hússins og Norrænu eldfjallastöðvarinnar, þeirra tveggja norrænu stofnana sem staðsettar eru á Íslandi. Loks hefur skýrslan að geyma stutta frásögn af störfum Norræna fjárfestingabankans og annarra samnorrænna lánastofnana.

Ísland hafði með höndum formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2009 en í lok þess árs tóku Danir við keflinu. Því landi sem fer með formennsku gefst kostur á að setja ákveðið mark á stefnu ráðherranefndarinnar það árið, meðal annars með því að setja á dagskrá verkefni og viðburði til að framfylgja áherslum sínum. Ekki er þó alltaf mögulegt að ljúka slíkum verkefnum á árinu. Því var á árinu 2010 enn unnið að ýmsum mikilvægum íslenskum formennskuverkefnum.

Eitt slíkt var gerð *vákorts* fyrir Norður-Atlantshafið, sem unnið er í samstarfi við Noreg, Færeyjar og Grænland. Lok þess verkefnis hafa dregist en nú er stefnt að því að niðurstöður þess verði aðgengilegar á heimasíðu sem opnuð verður fyrri hluta árs 2011.

Niðurstöður annars slíks formennskuverkefnis, sem var *samanburðarrannsókn á viðhorfum norrænna ungmenna,* eftir aldri og kyni, til íþrótta-, félags- og tómstundastarfa, menntunar og væntinga til framtíðar, voru kynntar á ráðstefnu í Reykjavík haustið 2010.

Alþjóðlegt samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar var umfangsmikið á árinu og hefur það farið vaxandi frá því að ráðherranefndin hóf starfsemi sína í Eystrasaltsríkjunum árið 1989 bæði hvað varðar samstarfslönd og -svæði og hvað varðar innihald. Það hefur lengi verið

Íslandi keppikefli að auka norrænar fjárveitingar til starfsemi sem snýr að málefnum norðurskautsins og styrkja samstarfið við Norðurskautsráðið. Hvort tveggja hefur aukist jafnt og þétt á undanförnum árum. Eins hefur það verið keppikefli að koma á *samstarfi við Kanada.* Því var lýst í formennskuáætluninni og nýsköpun, rannsóknir og sjálfbær auðlindanýting nefnd sem forgangsmál. Í lok árs 2009 fór sendinefnd frá ráðherranefndinni til Kanada til að undirbúa jarðveginn fyrir slíkt samstarf. Í byrjun árs 2010 var síðan skipuð nefnd sem falið var að gera tillögu um stefnumótun fyrir samstarfið við Kanada og önnur vestlæg grannsvæði. Hún hlaut samþykki samstarfsráðherranna um miðjan febrúar 2011.

Fjórða einstaka málið, sem hér er dregið fram vegna þeirrar áherslu sem Ísland leggur á það, er *norrænn málskilningur.* Á formennskuári Íslands var tungumálasamstarfið á vettvangi ráðherranefndarinnar fært undir menntamálaráðherrana og það endurskipulagt. Í tengslum við þessar breytingar beittu Íslendingar sér fyrir átaki til að auka málskilning sem kom til framkvæmda árið 2010 og stendur fram á haust 2011. Ísland mun fylgja því eftir að unnið verði áfram að þessu mikilvæga máli.

Ég vænti þess að skýrslan, sem lýsir meginþáttum í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2010, nýtist þingmönnum og öðrum sem vilja kynna sér hið víðfeðma samstarf sem á sér stað milli ríkisstjórna Norðurlanda.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar Norðurlanda áttu tvo fundi á árinu. Var sá fyrri í tengslum við hnattvæðingarþing (Globaliseringsforum) sem haldið var í Snekkersten í Danmörku í byrjun maí en sá síðari í Reykjavík í nóvemberbyrjun við upphaf þings Norðurlandaráðs. Einnig ræddust þeir við óformlega í tengslum við leiðtogafundi á alþjóðavettvangi og eftir þörfum.

Efnahagsmál á alþjóðavettvangi voru ofarlega á dagskrá norrænu forsætisráðherranna, sérstaklega hvað varðar áhrif þeirra á nágrannaríki innan Evrópu og evrusvæðisins. Forsætisráðherra gerði grein fyrir stöðu mála á Íslandi, bæði hvað varðar efnahagslega uppbyggingu og niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis eftir að starfi hennar lauk. Forsætisráðherrar hinna norrænu ríkjanna lýstu samkennd með Íslandi í þessum erfiðu aðstæðum og töldu markverðan árangur hafa náðst. Forsætisráðherra þakkaði norrænu ríkjunum sérstaklega fyrir stuðning og samstöðu sem sýnd hefði verið og lagði áherslu á að tvíhliða málefni mættu ekki standa í vegi fyrir eðlilegu ferli á alþjóðavettvangi.

Evrópumálin voru að venju á dagskrá allra fundanna og gangur mála varðandi aðildarumsókn Íslands.

Að venju fjölluðu forsætisráðherrarnir um þau alþjóðamál sem efst voru á baugi hverju sinni. Þannig voru málefni Rússlands og Afganistans meðal þess sem til umræðu var á fundum þeirra, auk þess sem sérstaklega var rætt um norðurslóðir og loftslagsmál.

Forsætisráðherrarnir fjölluðu um hnattvæðingarstarf Norrænu ráðherranefndarinnar og áréttuðu mikilvægi þess að halda því áfram og styrkja það. Áhersla var lögð á forgangsröðun og styrkingu rannsókna og nýsköpunar. Ákveðið var að setja á fót starfshóp til að greina hvar samlegðaráhrif væru og verkefni sem hægt væri að hrinda í framkvæmd á sviði sjálfbærrar orku og nýsköpunar. Hópurinn er skipaður einum fulltrúa frá hverju landi og hóf hann störf í lok október 2010. Ætlunin er að hann skili niðurstöðum fyrir vorfund forsætisráðherranna árið 2011.

Venjubundinn fundur norrænna forsætisráðherra með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna féll niður að þessu sinni en hann átti að halda í tengslum við þing Norðurlandaráðs í nóvember.

Árlegt hnattvæðingarþing, sem forsætisráðherrarnir og Norræna ráðherranefndin standa fyrir sameiginlega, var haldið í tengslum við vorfund forsætisráðherranna í maí í Danmörku. Þar var lögð áhersla á að finna leiðir til samstarfs um sjálfbærni á sviði orkumála og nýsköpunar, meðal annars með þátttöku sérfræðinga á sviði orkumála og rannsókna. Áhersla var á grænan hagvöxt með sjálfbæra þróun og nýsköpun í forgrunni á sviði vísinda og nýsköpunar. Kynntar voru niðurstöður nýsköpunarmælikvarða og hnattvæðingarvogar sem ætlað er að meta nýsköpunarhæfni og samkeppnishæfni Norðurlanda í alþjóðlegum samanburði. Þessi viðmið voru fyrst kynnt árið 2009 og varpa ljósi á þróun mála á Norðurlöndum.

Forsætisráðherrarnir tóku þátt í umræðum þingsins og einnig komu tveir sérfræðingar frá hverju landi sem tóku þátt í hringborðsumræðum. Pascal Lamy, framkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, flutti erindi á hnattvæðingarþinginu en meðal frummælenda voru Jeremy Oppenheim, framkvæmdastjóri hjá McKinsey & Co., Christian Ketels frá Harvard háskóla og Jørgen Ørstrøm Møller frá Singaporeháskóla.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Samkvæmt Helsingfors-samningnum marka forsætisráðherrar Norðurlanda meginstefnuna í samstarfi landanna á vettvangi NMR ásamt *samstarfsráðherrum Norðurlanda (MR-SAM)* sem bera ábyrgð á daglegri framkvæmd þeirrar stefnu og samræmingu hennar. Auk nefndar samstarfsráðherranna fer samstarfið fram í tíu málaflokkum og starfar ráðherranefnd og embættismannanefnd að hverjum málaflokki. *Norræna samstarfsnefndin (NSK)* er embættismannanefnd samstarfsráðherranna auk þess sem hún gegnir hlutverki stjórnarnefndar fyrir skrifstofu NMR í Kaupmannahöfn. Undir samstarfsráðherrana heyra ýmis verkefni sem eru í eðli sínu þverfagleg svo sem áætlunin um sjálfbæra þróun, grannsvæðasamstarf og norðurskautssamstarf, afnám stjórnsýsluhindrana, málefni barna og ungmenna, aðgengismál fatlaðra og alþjóðlegt samstarf ráðherranefndarinnar. Þá bera samstarfsráðherrarnir ábyrgð á að samræma umfangsmikla stefnumörkun forsætisráðherranna um sameiginleg norræn viðbrögð við áskorunum hnattvæðingar, sem kynnt var til sögunnar árið 2007, en hún snertir í meira eða minna mæli flest fagsvið í norrænu samstarfi.

Skrifstofa NMR í Kaupmannahöfn sér um daglegan rekstur norræna ríkisstjórnasamstarfsins, málefnavinnu og undirbúning funda, auk þess að framkvæma ákvarðanir ráðherranefndanna. Mikill hluti norræns samstarfs er í formi afmarkaðra verkefna og framkvæmdaáætlana auk þess sem starfsemin fer fram innan þeirra 25 norrænu stofnana sem reknar eru víðsvegar um Norðurlönd. Ráðherranefndin kemur einnig að rekstri upplýsingaskrifstofa þar auk þess að reka eins konar sendiskrifstofur í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi.

Formennska Dana í NMR

Danir fóru með formennsku í norrænu samstarfi á árinu og var yfirskrift formennskuáætlunar þeirra „Norden i fremdrift“, eða *Norðurlönd í sókn.* Áætlunin hvíldi á þremur meginstoðum sem voru Norðurlönd og umheimurinn, Norðurlönd á Norðurlöndum og Norðurlönd á fullri ferð. Hún var samin í nánu samstarfi við Færeyjar og Grænland, sem var falin meginábyrgð á þeim samstarfssviðum sem þau hafa mesta sérþekkingu á. Þannig leiddu Færeyingar sjávarútvegssamstarfið og Grænlendingar norðurskautssamstarfið. Lykilhugtök áætlunarinnar voru hnattvæðing, loftslagsmál og efnahagskreppa, enda eru þetta viðfangsefni sem allir Norðurlandabúar þurfa að takast á við. Einnig lögðu Danir áherslu á að vinna áfram að afnámi stjórnsýslulegra landamærahindrana enda er það talið forsenda þess að Norðurlönd nái markmiðinu um að verða fyrirmyndarsvæði á heimsvísu.

Meðal þess, sem Danir beittu sér fyrir á árinu, var eftirfylgni við skýrslu Thorvalds Stoltenberg um aukið samstarf Norðurlanda í málefnum utanríkisþjónustunnar, efling samstarfs Norðurlanda við grannsvæðin í vestri, norræna verkefnið um skattaskjól og gerð upplýsingaskiptasamninga og tungumálasamstarfið, en haldin var ráðstefna í Kaupmannahöfn á vormánuðum af því tilefni. Þá lögðu Danir áherslu á loftslagsmál, umhverfismál og grænar samgöngur en norræna áætlunin um öndvegisrannsóknir lýtur að því að þróa og efla notkun sjálfbærrar orku og að finna nýjar loftslagslausnir.

Þá beittu Danir sér fyrir ýmsum málum sem varða innra starf ráðherranefndarinnar með það í huga að gera það skilvirkara. Hvatt var til þess í áætluninni að norrænt samstarf yrði pólitískara og að ráðherranefndin einbeitti sér í auknum mæli að stefnumiðum til framtíðar, forgangsröðun og pólitískum samræðum. Liður í því var að dregið var úr fundahöldum bæði embættismanna og ráðherra á árinu og ákvarðanir teknar með skriflegum hætti í meira mæli en áður hefur þekkst. Þessi ráðstöfun mæltist misjafnlega vel fyrir enda ekki öll mál til þess fallin að ákvarðast með slíkum hætti.

Fjárhagsáætlun NMR

Ábyrgðin á fjárhagsáætlun NMR liggur hjá samstarfsráðherrunum sem, að fenginni tillögu framkvæmdastjóra og höfðu samráði við Norðurlandaráð, taka endanlega ákvörðun um heildarupphæð hennar og skiptingu fjármagnsins til fagsviða og annarra verkefna sem heyra undir samstarfsráðherrana. Samvinna og samráð við Norðurlandaráð á að tryggja að fjárhagsáætlunin endurspegli sem best pólitískan vilja í löndunum. Heildarrammi norrænu fjárhagsáætlunarinnar á árinu 2010 var samtals 910,183 milljónir danskra króna á verðlagi ársins 2009.

Í fjárhagsáætlun koma fram megináherslur fagsviðanna en flest þeirra starfa samkvæmt framkvæmdaáætlunum sem ná yfir nokkur ár og sem samstaða er um hjá löndunum að fara eftir. Ennfremur hefur áætlun formennskulandsins áhrif á þau verkefni sem tekin eru fyrir á viðkomandi ári. Almennt má einnig segja að áherslur fagsviðanna hafi tekið mið af hnattvæðingarstefnunni en sem fyrr segir kemur hún inn á flest samstarfssviðin.

Samstarfsráðherrarnir lögðu sem fyrr áherslu á samstarfið við grannsvæðin, starf til að fyrirbyggja og afnema stjórnsýsluhindranir og hnattvæðingarverkefni. Heildarfjárveiting til hnattvæðingarverkefna var 70 milljónir danskra króna og rann um helmingur upphæðarinnar, eða 33,9 milljónir danskra króna, til nýrra verkefna sem ákvörðun hafði verið tekin um árið áður.[1] Aukið samstarf við grannsvæðin hefur að markmiði að efla sameinaðan styrk Norðurlanda og viðkomandi svæða.[2] Áfram var unnið að því að afnema stjórnsýsluhindranir fyrir einstaklinga og fyrirtæki en meðal þess sem lögð var áhersla á var að styrkja enn betur norræna samræmingu löggjafar í löndunum og innleiðingu ESB-tilskipana.[3]

Flutningur ráðherranefndarskrifstofunnar

Skrifstofa NMR fluttist búferlum á árinu en húsnæðið að Store Strandstræde 16–18 þjónaði ekki lengur kröfum nútímalegrar stofnunar af þeirri stærð sem ráðherranefndin er og var það metið svo að það myndi ekki svara kostnaði að ráðast í þær lagfæringar og úrbætur á húsnæðinu sem nauðsynlegar þóttu. Á miðju sumri fluttu því skrifstofurnar, ásamt skrif-

---

[1] Sjá nánar um hnattvæðingarverkefni á næstu bls.

[2] Sjá nánar um grannsvæðasamstarf á bls. í 15. kafla.

[3] Sjá nánar um stjórnsýslulegar landamærahindranir síðar í þessum kafla.

stofum Norðurlandaráðs og Norræna menningarsjóðsins, í annað og hentugra húsnæði sem er Ved Stranden 18, beint á móti danska þinginu í Christiansborg.

Á ráðherranefndarskrifstofunum starfa nú um 85 manns af norrænu þjóðerni en framkvæmdastjóri er Halldór Ásgrímsson.

Stuðningurinn við Ísland

Sérstakur stuðningur við Ísland vegna efnahagshrunsins hélt áfram á árinu en samstarfsráðherrarnir höfðu ákveðið að styrkja Íslendinga til þátttöku í norrænu samstarfi á árunum 2009 og 2010. Framlagið var 7,2 milljónir danskra króna hvort árið og skiptist þannig að 5,5 milljónir fara í að styrkja íslenska námsmenn, 700 þúsund krónur fara í átak til þess að kynna fyrir Íslendingum þá fjölbreyttu styrkjamöguleika sem er að finna á vettvangi NMR og ein milljón rennur til ráðuneytanna vegna þátttöku starfsmanna í störfum norrænu embættismannanefndanna.

Námsmannastyrkirnir eru annars vegar framfærslu- og ferðastyrkir til ungs fólks í iðn- og starfsnámi, sem hefur hug á að sækja viðurkennda en ólaunaða starfsþjálfun á Norðurlöndum, og hins vegar framfærslustyrkir til námsfólks í styrkhæfu námi á Norðurlöndum. Styrkirnir eru ætlaðir námsmönnum sem voru í fjárhagsvanda vegna atvinnuleysis yfir sumarmánuðina og höfðu hvorki möguleika á námslánafyrirgreiðslu né rétt á atvinnuleysisbótum. Auglýst var eftir umsóknum á vormánuðum og var einnig tekið við umsóknum frá námsmönnum sem hófu nám á Norðurlöndum haustið 2010 og höfðu verið án atvinnu um sumarið.

Mikill áhugi reyndist vera fyrir þessum styrkjum og bárust 572 umsóknir sem var nær 43% aukning frá árinu 2009. Flestar umsóknir eða 498 þeirra bárust frá námsmönnum í Danmörku, 65 frá Svíþjóð, 8 frá Noregi en engin umsókn barst frá Finnlandi. Líkt og á árinu 2009 var öllum umsækjendum, sem uppfylltu úthlutunarreglur, úthlutað styrk í allt að þrjá mánuði. Alls reyndust 532 umsækjendur uppfylla skilyrði fyrir styrkveitingu eða um 93% umsækjenda og nam heildarúthlutun styrkja ríflega 155 milljónum íslenskra króna.

Verkefnið um kynningarátak á norrænum styrkjamöguleikum er vistað hjá Impru en verkefnisstjóri er Kjartan Due Nielsen. Á árinu voru haldnir margir kynningarfundir, meðal annars mjög vel sóttir kynningarfundir um stærstu norrænu sjóðina sem haldnir voru í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík. Þá var opnuð heimasíða, norraentsamstarf.is, þar sem er að finna upplýsingar um fjöldann allan af norrænum styrkjum, leiðbeiningar um hvernig skuli sækja um styrki og umsóknarfresti.

Hnattvæðingarverkefni

Sameiginleg viðbrögð Norðurlanda við áskorunum hnattvæðingarinnar hafa verið efst á baugi ráðherranefndarinnar síðan forsætisráðherrarnir mæltu svo fyrir sumarið 2007. Umfangsmest og mikilvægast þeirra verkefna, sem komin eru til framkvæmda, er öndvegisrannsóknaáætlun á sviði loftslags-, orku- og umhverfismála. Markmið hennar er að efla samkeppnishæfni og aðdráttarafl Norðurlanda á sviði vísinda og nýsköpunar. Framkvæmd áætlunarinnar gengur vel og þegar hefur 350 milljónum norskra króna eða u.þ.b. 7 milljörðum íslenskra króna verið úthlutað til nýsköpunar og rannsókna á Norðurlöndum á ofangreindum sviðum. Áfram var unnið að þróun norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðisins en liður í því er að rannsóknaráð landanna opni fyrir umsóknir frá hinum löndunum. Norðmenn breyttu reglum þannig hjá sér að nú tekur norska rannsóknaráðið við umsóknum frá norrænum rannsóknastofnunum. Þá ákváðu menntamálaráðherrarnir að fela NordForsk að hefja fimm ára

hnattvæðingarverkefni um rafræn vísindi (eScience), þróun rafrænna rannsóknaraðferða. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður 110 milljónir norskra króna.

Á Degi Norðurlanda á heimssýningunni í Sjanghæ 25. júní var haldin norræn ráðstefna um loftslagsmál. Hana sóttu kínverskir og norrænir ráðherrar, fulltrúar úr atvinnulífinu og vísindamenn. Meðal annarra viðburða, sem Norðurlönd stóðu sameiginlega að í Sjanghæ, voru vegleg landslagshönnunarsýning, sem Ísland undirbjó, og málstofur um öryggi matvæla og hönnun hjálpartækja.

Undir formerkjum hnattvæðingarátaksins hleyptu menningarmálaráðherrarnir af stokkunum stefnumótuninni *Skapandi Norðurlönd* sem gilda á frá 2010 til 2012. Helsta markmið hennar er að kynna og markaðsfæra norræna kvikmyndalist, arkitektúr og bókmenntir utan Norðurlanda.

Þá var á árinu undirbúin þverfagleg áætlun á sviði orku- og samgöngumála fyrir tímabilið 2010–2012. Í upphafi tímabilsins verða rafrænar samgöngur í fyrirrúmi og verður tólf milljónum norskra króna varið til verkefna á því sviði. Markmiðið er að Norðurlönd verði leiðandi í þróun sjálfbærra lausna á sviði rafrænna samgangna. Einnig er í undirbúningi norrænt verkefni um umhverfisvænar byggingar sem verður formlega hleypt af stokkunum í lok árs 2011. Markmiðið er að styðja við norrænan byggingariðnað og stuðla að því að Norðurlönd verði í fremstu röð þegar kemur að umhverfisvænum lausnum.

Á árinu hófst vinna við stórt þverfaglegt hnattvæðingarverkefni á sviði velferðar og heilsu. Það snýr að sjálfbærni og samkeppnishæfni norræna velferðarkerfisins.

Auk þess sem að ofan er nefnt voru ýmis verkefni í vinnslu sem meðal annars snúa að kynningu á Norðurlöndum í Asíu, skilgreiningu á áhrifum loftslagsbreytinga á náttúruauðlindir Norðurlanda og alþjóðlegum aðgerðum gegn losun kvikasilfurs.

Stjórnsýslulegar landamærahindranir

Nefnd samstarfsráðherranna um afnám stjórnsýsluhindrana (GF) hélt áfram störfum á árinu. Gerð var úttekt á störfum nefndarinnar sem reyndist jákvæð og var niðurstaðan að ráðherrarnir ákváðu að hún skyldi fá endurnýjað umboð fyrir tímabilið 2011–2013. Umræða um stjórnsýsluhindranir var fastur liður á fundum samstarfsráðherranna á árinu en Norðurlandaráð sýndi þessum málum auk þess mjög mikinn áhuga.

Í nóvember var haldin ráðstefna í Kaupmannahöfn á vegum GF um norræna lagasamræmingu og var hún meðal annars sótt af fulltrúum forsætis-, fjármála- og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis. Ragna Árnadóttir fyrrverandi ráðherra var einn af aðalræðumönnum. Fjallað var um leiðir til að koma í veg fyrir að stjórnsýslulegar landamærahindranir rísi milli norrænu landanna vegna ákvæða í löggjöf eða öðrum reglum; ennfremur hvort gera ætti þá kröfu að öllum lagafrumvörpum ætti að fylgja mat á því hvort löggjöf skapi auknar hindranir milli Norðurlanda. Nú þegar gilda á Íslandi þær reglur varðandi stjórnarfrumvörp að áður en þau eru lögð fram í ríkisstjórn skulu ráðuneyti taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að meta þetta sérstaklega, sbr. gátlista ríkisstjórnarinnar um stjórnarfrumvörp. Markmið ráðstefnunnar var einnig að mynda tengslanet þeirra aðila í norrænum ráðuneytum sem fást við frumvarpasmíð en áformað er að halda aðra slíka ráðstefnu árið 2011.

Ýmis mál voru á döfinni á árinu sem vörðuðu hagsmuni íslenskra námsmanna á einn eða annan hátt. Gerðar voru breytingar á inntökureglum í sænska háskóla og tekið upp hæfnispunktakerfi sem felur í sér að einkunnir þeirra, sem hafa lokið námi frá öðrum framhaldsskólum en þeim sænsku, þar með talið einkunnir flestra annarra Norðurlandabúa, eru metnar á öðrum forsendum en nemenda frá Svíþjóð við inntöku í háskóla þar í landi. Umsækjendur,

sem eru ekki með sænskt stúdentspróf, geta því ekki keppt við heimamenn þar sem einkunnir annars staðar frá verða ekki metnar samkvæmt þessu hæfnispunktakerfi.

Mál þetta kom til kasta GF sem vakti athygli á því að flokkun nemenda með þeim hætti, sem reglurnar gera ráð fyrir, bryti gegn norrænum samningum, einkum samningi menntamálaráðherranna um aðgang að æðri menntun sem síðast var endurnýjaður 1. janúar 2010 og gildir til 1. janúar 2012.

Töluverð umræða var í norrænum fjölmiðlum um málið eftir að í ljós kom hvernig mati á umsóknum nemenda var háttað. Auk þess að vera brot á norrænum samningum var vakin athygli á því að reglurnar væru heldur ekki í samræmi við reglur ESB þar sem þær mismuna nemendum landa innan ESB. Yfirvöld menntamála í Svíþjóð hafa viðurkennt að reglurnar stangist á við norræna samninga um aðgang að æðri menntun og reglur ESB. Þau hafa málið nú til skoðunar og hafa lýst yfir vilja sínum til þess að leiðrétta hlut norrænna stúdenta þegar kemur að inntöku í háskóla haustið 2012.

Tryggingamál íslenskra stúdenta í Svíþjóð voru einnig til umfjöllunar í GF á árinu. Upp úr miðju ári fóru að berast erindi til sendiráðsins í Stokkhólmi frá íslenskum námsmönnum sem höfðu fengið synjun frá sænsku tryggingastofnuninni, Försäkringskassan, um aðgang að almannatryggingakerfinu. Synjun var rökstudd með vísan í ESB-reglugerðir eingöngu en Norðurlandasamningurinn um almannatryggingar og evrópskar reglur, sem tryggja eiga fólki félagsleg réttindi og bætur, virtar að vettugi. Þannig var viðkomandi námsmönnum synjað um fæðingarorlofsgreiðslur, húsaleigubætur, barnabætur o.fl. með þeim rökstuðningi að réttur viðkomandi væri ekki fyrir hendi þar sem skráningu í Försäkringskassan skorti. Jafnvel voru áhöld um hvort námsmennirnir væru sjúkratryggðir. Viðkomandi námsmenn eiga lögheimili í Svíþjóð en föst búseta sem slík tryggir ekki sjálfkrafa félagsleg réttindi heldur er litið svo á að námsmenn eigi að njóta trygginga þaðan sem þeir fá tekjur sínar.

Helsta röksemd Försäkringskassan fyrir synjun er að reglugerð 1408/71, sem á að tryggja Norðurlandabúum aðgang að tryggingakerfinu, gildi ekki lengur þar sem ný reglugerð 883/2004, sem tók gildi 1. maí 2010, gangi framar og hún gildi ekki fyrir þau EES-lönd sem standa utan ESB og þar með ekki Ísland. Sú reglugerð gangi einnig framar áðurnefndum Norðurlandasamningi um almannatryggingar sem er þó í fullu gildi, þar sem honum hefur ekki verið sagt upp.

Eitt málanna hefur verið kært til stjórnsýsludómstóls, Förvaltningsrätten, en það er talið taka tíu til tólf mánuði að fá úrlausn hans. Tryggingamál íslenskra námsmanna í Svíþjóð eru til skoðunar í velferðarráðuneytinu og hafa verið rædd í ríkisstjórn Íslands. Ljóst er að tekist er á um túlkun ESBreglugerða og norrænu samninganna.

Þverfaglegur starfshópur norrænu embættismannanefndanna um félagsog heilbrigðismál (EK-S) og um vinnumarkað og vinnuumhverfi (EK-A) fylgir málunum eftir en hann hefur það hlutverk að fara yfir reglugerðir og lög í öllum norrænu löndunum til að kanna hvort brotið sé á fólki á sviði félagsog heilbrigðismála þvert á lög og samninga.

Samstarf og samráð við Norðurlandaráð

Sem formennskuland í NMR 2009 lagði Ísland ríka áherslu á að efla samráð við Norðurlandaráð á flestum sviðum og einkum að því er varðar gerð fjárhagsáætlunarinnar fyrir 2010. Hún var síðan samþykkt í góðri sátt á þingi ráðsins í Stokkhólmi það ár.

Þing Norðurlandaráðs 2010 var haldið á Grand Hótel í Reykjavík fyrstu dagana í nóvember. Íslandsdeild og starfsfólk Alþingis sá um undirbúning og framkvæmd sem þótti takast með ágætum.

Ríkisstjórn bauð að venju þingfulltrúum og öðrum gestum þingsins til móttöku sem haldin var í Listasafni Íslands.

Samstarfsráðherra átti fund með Íslandsdeild ráðsins rétt fyrir þingið þar sem farið var yfir helstu mál á dagskrá og starfsfólk Íslandsdeildar ráðsins og Norðurlandaskrifstofu átti með sér gott samstarf um það sem að báðum sneri varðandi þingið.

Venju samkvæmt beindi Norðurlandaráð ályktunum um ýmis mál til NMR og ríkisstjórna Norðurlanda. Árið 2010 voru ályktanir Norðurlandaráðs 56 talsins, af þeim voru þrjár frá árinu 2010, 31 frá árinu 2009 en hinar 21 voru frá fyrri árum. Auk þess berast ráðherranefndinni yfir árið fjölmargar skriflegar fyrirspurnir frá ráðinu sem svara þarf innan tilskilins tíma.

4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins

Utanríkisráðherrar Norðurlanda áttu víðtækt og gott samstarf á árinu. Hefur samstarf ráðherranna aukist og styrkst verulega á síðustu misserum, ekki síst í kjölfar skýrslu Thorvalds Stoltenbergs sem inniheldur tillögur um hvernig löndin geta eflt samstarf sitt á sviði utanríkis- og öryggismála og útvíkkað það til fleiri sviða. Þá áttu norrænu utanríkisráðherrarnir einnig reglubundið samstarf við utanríkisráðherra Eystrasaltsríkjanna.

Segja má að úttekt á utanríkispólitísku samstarfi Norðurlanda og á samstarfi utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) hafi verið efst á baugi á fundum norrænu utanríkisráðherranna á árinu.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda áttu tvo hefðbundna fundi á árinu, í Kaupmannahöfn 11. mars og í Reykjavík í tengslum við þing Norðurlandaráðs 3. nóvember. Einnig áttu þeir fund samhliða allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York. Þá áttu utanríkisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) reglubundinn fund sem haldinn var 26.–27. ágúst í Ríga. Danmörk var í formennsku á fundum norrænu utanríkisráðherranna en Lettland fór fyrir NB8-samstarfinu á árinu. Árlegur fundur norrænu utanríkisviðskiptaráðherranna var haldinn 3. nóvember og utanríkisráðherrar Íslands, Grænlands og Færeyja komu saman á fundi Vestnorræna ráðsins sama dag. Þá fóru að venju fram reglulegir samráðsfundir embættismanna norrænu utanríkisráðuneytanna og sérstakir fundir með embættismönnum Eystrasaltsríkjanna.

Árið 2008 var Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, falið að móta tillögur um framtíðarsamstarf norrænu landanna í utanríkis- og öryggismálum og voru þær kynntar utanríkisráðherrunum í febrúarmánuði 2009. Eftirfylgni með tillögum Thorvalds Stoltenberg um norrænt samstarf var meginefni funda norrænu utanríkisráðherranna á árinu 2010. Skýrsla Stoltenbergs hefur beint sjónum að möguleikum þess að dýpka samstarf norrænu landanna í ljósi þróunar í alþjóðamálum sem tengist einnig samstarfi við Eystrasaltsríkin, stefnu ESB í málefnum Eystrasaltsins og starfsemi Norðurskautsráðsins. Almennt var það mat ráðherranna að vinnan við Stoltenbergskýrsluna hafi hleypt nýju lífi í norræna samstarfið í utanríkispólitískum málum, verið afar jákvæð og undirstrikað samstöðu Norðurlanda.

Aukið samstarf norrænna sendiskrifstofa erlendis er meðal þeirra tillagna Stoltenbergs sem eru þegar komnar í framkvæmd. Norrænar sendiskrifstofur hafa í áratugi haft náið en óformlegt samráð sín á milli. Þær hafa nú sett fram sameiginlegar tillögur um aukið samstarf miðað við aðstæður á hverjum stað sem byggjast á hagkvæmni, sveigjanleika og óformlegum vinnubrögðum, þar sem einnig er tekið tillit til ólíkra áhersla og markmiða. Í sumum tilvikum hafa norrænar sendiskrifstofur komið opinberum stefnumálum eða afstöðu sameiginlega á framfæri við gistiríki eða við fjölþjóðastofnanir. Einnig er fjallað um að efla samstarf í ræðis-

málum og að samræma viðbrögð vegna hættuástands erlendis til að gæta hagsmuna norrænna ríkisborgara.

Á sviði öryggismála eru ýmis lengri tíma verkefni, til dæmis samvinna um netöryggi, friðargæslu og borgaralegan þátt hennar, sameiginlega þjálfun og búnað henni tengdan. Meðal mikilvægra þátta samstarfsins í öryggismálum er eftirlit og björgun á hafi í ljósi þess að búist er við að skipaumferð um Norður- Atlantshaf eigi eftir að aukast verulega.

Eins og áður segir áttu utanríkisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkja einn reglubundinn fund á árinu. Á formennskuári Lettlands í utanríkispólitísku samstarfi ríkjanna 2010 var Valdis Birkavs, fyrrverandi forsætis- og utanríksráðherra Lettlands, og Søren Gade, fyrrverandi varnarmálaráðherra Danmerkur, falið að gera tillögur um framtíð NB8-samstarfsins. Var það gert í ljósi þess að frá því að stofnað var til reglulegra funda utanríkisráðherra NB8 skömmu eftir að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt, hefur orðið mikil breyting á alþjóðlegu umhverfi, auk þess sem Eystrasaltsríkin hafa í kjölfarið orðið aðilar að öllum helstu fjölþjóðastofnununum, þ. á m. ESB og Atlantshafsbandalaginu. Skýrsla Birkavs og Gade var kynnt á fundi utanríkisráðherra (NB8) í Ríga í ágústmánuði. Líkt og Stoltenberg-skýrslan fjallar skýrsla Birkavs og Gade um þróun samstarfs Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á liðnum árum og eru lagðar fram tillögur um hvernig megi auka samstarf ríkjanna á sviði utanríkis- og öryggismála, til dæmis um samstarf sendiskrifstofa, borgaralegt öryggi, netöryggi og orkumál. Áfram verður fjallað um tillögurnar fram að næsta fundi utanríkisráðherra NB8-ríkjanna sem haldinn verður í Finnlandi í ágúst 2011.

Á fundum norrænu utanríkisráðherranna og á sameiginlegum fundi þeirra með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna var fjallað um ýmis alþjóðamál sem voru ofarlega á baugi á árinu. Má þar nefna ástand mála í Mið-Austurlöndum, Afganistan, Íran og Búrma. Einnig var fjallað um Norðurslóðamál, málefni Atlantshafsbandalagsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og eftirfylgni vegna loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn. Á fundi sínum í Reykjavík 3. nóvember lýstu norrænu utanríkisráðherrarnir þungum áhyggjum sínum af stöðu mannréttinda í Íran og kröfðust þess að dauðadómi yfir Sakineh Mohammadi-Ashtiani, íranskri konu sem var sökuð um hjúskaparbrot, yrði ekki framfylgt og hann yrði afnuminn þegar í stað.

5. Menningarsamstarf

Norræna ráðherranefndin um menningarmál (MR-K) samþykkti á árinu nýja stefnu og verkáætlun fyrir menningarsamstarfið. Áætlunin er í tveimur hlutum, þ.e. *Det fællesnordiske kultursamarbejde 2010–2012 – mål og vision* og *Det fællesnordiske kultursamarbejde 2010–2012 – handlingsplan,* og er yfirgripsmikið yfirlit um þá starfsemi sem MR-K hefur ákveðið að sinna næstu árin. Stefnan verður þýdd og gefin út á átta tungumálum en hún hefur þrjú aðalmarkmið:

- Samstarfið á að endurspegla þau áhersluatriði innan menningar- og listasviðsins sem eru sameiginleg öllum löndunum.
- Samstarfinu er ætlað að efla norræn sjónarmið í menningarlífi landanna.
- Samstarfið á að leggja áherslu á samspilið milli þess norræna og alþjóðlega í menningarsamstarfinu.

Lögð verður áhersla á eftirfarandi sex þemu á næstu tveimur árum og fylgja þeim ákveðin markmið:

- Hin skapandi Norðurlönd – svar við hnattvæðingunni.
- Norrænn málskilningur.

- Menning fyrir börn og ungmenni.
- Menningarleg fjölbreytni.
- Norrænn menningararfur.
- Formennskuáætlun ráðherranefndarinnar á menningarsviðinu.

Þessar áherslur hafa haft áhrif á styrkjaáætlanirnar á menningarsviðinu þar sem nú er lögð meiri áhersla á börn og ungmenni og menningararfinn en áður.

KreaNord hófst á árinu 2008 sem samstarfsverkefni MR-K og ráðherranefndarinnar um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER) og beinist að því að efla og styrkja skapandi atvinnugreinar á Norðurlöndum. Á vegum starfshópsins um KreaNord var unnið að kortlagningu á stöðu höfundaréttarmála og hvernig tekið er á frumkvöðlafræðslu í listnámi á háskólastigi. Þá vann hópurinn að stefnumótunartillögum en sett voru fram þrjú stefnumið: a) að efla markvisst samstarf og skoðanaskipti milli skapandi greina í löndunum og efla samstarf við aðrar greinar atvinnulífsins til að stuðla að virðisauka, nýsköpun og vexti; b) að stuðla að nýjum tækifærum fyrir aðgang að alþjóðamörkuðum, fjármögnun og til að laða erlenda fjárfestingu að skapandi greinum á Norðurlöndum; c) að stuðla að því að menning og sköpun verði hluti af norrænni menntun á öllum stigum og að frumkvöðlastarf og fræðsla um viðskipti verði hluti af menntun á sviði menningar og lista. Fjallað var um stefnumótunartillögurnar á fjölmennri ráðstefnu í Kaupmannahöfn í október en jafnframt voru tillögurnar lagðar fyrir ráðherranefndirnar MR-K og MR-NER. Í þeirri umfjöllun var bætt við fjórða stefnumiðinu um sameiginlegan markað á Norðurlöndum fyrir menningu og skapandi greinar.

Undir KreaNord falla einnig verkefnin um *nýjan norrænan mat* og *norrænar kvikmyndir á fjarlægum mörkuðum* en bæði verkefnin falla undir hnattvæðingarverkefnið *Kultur og kreativitet.* Þá hefur KreaNord stutt sérstaklega mótun norræna tónlistarverkefnisins *NOMEX.*

Á árinu 2011 vinnur KreaNord að tólf verkefnum sem beinast á ýmsan hátt að því að ná þeim stefnumiðum sem nefnd eru hér að ofan og styrkja stöðu skapandi atvinnugreina á Norðurlöndum.[4]

Á árinu voru haldnir tveir ráðherrafundir; annar var í tengslum við norræna málráðstefnu, *Nordiske sprog – Sprog i Norden,* sem haldin var í Danmörku 27.–28. apríl, hinn 3. nóvember í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Ráðherra tók þátt í báðum fundum, þeim fyrri þó í gegnum fjarfundarbúnað þar sem gosið í Eyjafjallajökli kom í veg fyrir ferðalög á þeim tíma.

Á fundinum í nóvember fór fram þemaumræða ráðherranna um samstarf ríkisstofnana, svæðisbundinna stofnana og staðbundinna stofnana á menningarsviðinu. Ísland greindi meðal annars frá menningarsamningum við landshluta sem áhugaverðu fyrirkomulagi til að styrkja menningarstarfsemi um land allt.

Undir ráðherranefndinni starfar *norræna embættismannanefndin um menningarmál (EK-K).*

Endurskoðun norræns menningarsamstarfs

Nú er unnið að því að endurskoða þann hluta norræns menningarsamstarfs sem var breytt árið 2007. Á síðastliðnu ári voru gerðar nokkrar nauðsynlegar lagfæringar en mikilvægt er að tryggja að hið nýja kerfi geri ráðherrunum kleift að bregðast hratt og vel við nýjum og

[4]Sjá einnig um KreaNord í 10. kafla.

breyttum aðstæðum. Sérstaklega á að skoða samstarfið við Sama. Norsku ráðgjafarfyrirtæki (Telemarkforskning) var falin endurskoðunin og mun skila af sér haustið 2011.

Norræna listamiðstöðin í Róm

Norræna listamiðstöðin í Róm (SFK) hefur verið á norrænu fjárhagsáætluninni lengi og er eitt af þeim verkefnum sem ekki var ákveðið að fella niður þegar breytingar voru gerðar á norrænu menningarsamstarfi 2007. Það stafar fyrst og fremst af því að norrænu sendiráðin auk norrænna listamannasamtaka hafa lagt mikla áherslu á að starfseminni verði haldið áfram. Árangurslaust hefur verið reynt að fá fjármögnun frá löndunum beint en listamannasamtök í löndunum, þar á meðal SÍM og BÍL, hafa greitt aðildargjöld. Ráðherranefndin lét gera úttekt á starfinu og niðurstaðan er að starfsemin sé eins og sniðin fyrir norrænt hnattvæðingarsamstarf. Þar birtist norrænt samstarf í sinni bestu mynd, samstarfið stuðli að kynnum listamanna úr hinum ýmsu listgreinum, framlag ráðherranefndarinnar sé einungis þriðjungur og samstarfið í Róm standi á gömlum merg enda orðið 150 ára gamalt.

Listamiðstöðin er á norrænni fjárhagsáætlun fyrir 2011 en frekari ákvarðanir bíða þar til endurskoðun menningarsamstarfsins liggur fyrir.

Norræna leikjaverkefnið

Stuðningur ráðherranefndarinnar við norræna leikjaverkefnið rennur út í lok árs 2011. Verkefnið var fyrsta menningaráætlunin sem sett var á fót eftir kerfisbreytinguna 2007. Í úttekt sem fyrir liggur kemur fram að verkefnið hafi skilað góðum árangri. Það hafi meðal annars leitt til þess að stuðningur við leikjaframleiðslu sé nú í flestum hinna norrænu landanna og tengist uppbyggingu skapandi greina en verkefnið sé vistað í kvikmyndamiðstöðvum þeirra. Um tímabundið verkefni sé að ræða og því þurfi ráðherrarnir að taka ákvörðun um hvernig stuðningi skuli háttað í framtíðinni. Stuðningur í óbreyttri mynd komi ekki til greina en stuðningur við einstaka þætti verkefnisins ætti hins vegar að skoða, eins og við tengslauppbyggingu og hina árlegu leikjaráðstefnu í Malmö.

Ferða- og dvalarstyrkjaáætlunin

Mikil breyting varð í upphafi árs 2009 á hinni norrænu ferða- og dvalarstyrkjaáætlun, þegar Eistland, Lettland og Litháen gerðust aðilar og hófu þar með að taka þátt í fjármögnun og ákvarðanatöku varðandi áætlunina ásamt norrænu löndunum. Fulltrúar þessara landa tóku frá upphafi virkan þátt í starfinu í sérfræðingahópunum. Aðlögunin hefur ekki þótt hnökralaus en minna er vitað um þá einstaklinga, sem sækja um styrki frá þessum löndum, og um það listumhverfi, sem þeir búa við, heldur en um listamenn frá Norðurlöndum.

Það er álit sérfræðinganna að breytingin hafi verið róttæk en hafi orðið til þess að auka verulega samskipti listafólks frá Eystrasaltsríkjunum. Jafnframt sé áhuginn á samskiptum mikill í löndunum þremur. Í umsóknum þaðan sé oft lýst nauðsyn þess að læra af reynslu norrænu landanna, til dæmis við skipulagningu og framkvæmd á hinum ýmsu listasviðum. Norrænu löndin geti líka lært af nágrönnum sínum í austri. Samstarfið sé líklegt til að auðga verulega listalíf beggja vegna Eystrasalts.

Tveir utanaðkomandi aðilar rannsökuðu starfsemi áætlunarinnar á árinu, annar lettneskur og hinn norskur. Sérfræðingahópar menningaráætlananna hafa komið að rannsóknunum og margt athyglisvert komið fram en skýrslur liggja ekki fyrir enn. Komið hefur í ljós að litið er til þessara áætlana sem fyrirmyndar utan svæðisins, einkum innan ESB.

Norræn-baltnesk vinnunefnd

Í tilefni af því að hafið er samstarf Norðurlanda og Eistlands, Lettlands og Litháen í ferða- og dvalarstyrkjaáætluninni hafa löndin þrjú óskað eftir nánara samstarfi á vettvangi embættismanna. Lagt er til að það fari fram undir forsæti formennskulandsins hverju sinni. Nefndin myndi hittast a.m.k. árlega.

Nánara samstarf Norrænu menningargáttarinnar og Norræna menningarsjóðsins

Framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar hefur að ósk ráðherranna tekið frumkvæðið að því að ræða við stofnanirnar um starf þeirra í framtíðinni. Tillagna er að vænta þegar úttekt á skipulagi menningarsamstarfsins liggur fyrir.

Menningarsamstarf á vettvangi Norðlægu víddarinnar

Verkefnið Northern Dimension Partnership on Culture (NDPC) hefur verið í undirbúningi frá árinu 2007 og er samstarfsverkefni milli ESB, Rússlands, Íslands og Noregs um menningu sem atvinnugrein. Í maí var undirrituð viljayfirlýsing landanna og skrifaði fulltrúi utanríkisráðuneytisins í Moskvu undir fyrir hönd Íslands. Norræna ráðherranefndin mun leggja til aðstöðu fyrir skrifstofu fyrir verkefnið en hún tekur til starfa á fyrri hluta ársins 2011 og leiðir verkefnið næstu þrjú árin.

Norræn menningarhátíð

Undanfarin tvö ár hefur ráðherranefndin samþykkt að veita 400 þúsund dönskum krónum af óráðstöfuðu fé til að halda norræna menningarhátíð í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs hefur óskað formlega eftir að þessar hátíðir fái sinn fasta lið á norrænnni fjárhagsáætlun menningarmála sem nemi 1,5 milljónum danskra króna. Á þetta hafa ráðherrarnir ekki fallist en á ráðherrafundinum í nóvember var ákveðið að aðstandendur hátíðarinnar geti átt vísan stuðning gegn því að senda inn umsókn hverju sinni. Norræn menningarhátíð var haldin í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Stokkhólmi 2009 og í Reykjavík 2010 þó með öðru sniði væri. Norræna húsið undirbjó viðburðina í Reykjavík í nóvember.

Bókmenntahátíðin í París – Salon du Livre 2011

Norrænu löndin munu taka þátt í bókmenntahátíðinni í Paris 2011 og er það hnattvæðingarverkefni þess árs á menningarsviðinu.

Menningarþing

Á formennskuári Dana voru haldin fjögur svokölluð menningarþing (kulturforum), í Grænlandi um menningararf og loftlagsbreytingar, í Reykjavík um bókmenntir og í Kaupmannahöfn um höfundarétt annars vegar og um samstarf milli opinberra menningarstofnana á Norðurlöndum hins vegar. Danir hafa boðið á þingin fulltrúum fjölmiðla og hefur það skilað góðum árangri í umfjöllun um menningarmál.

Styrkir:

Norræni menningarsjóðurinn veitti á árinu styrki til 269 norrænna menningarverkefna en þar af voru 14 íslensk. Alls bárust sjóðnum rúmlega 1200 umsóknir sem er fjölgun um 4% og hafa þær aldrei verið fleiri. Umsóknum sem standast kröfur sjóðsins og eru teknar til umfjöllunar hefur fjölgað um 6%.

Öll verkefni sem fá styrki úr sjóðnum eiga það sameiginlegt að fela í sér samstarf tveggja til þriggja norrænna landa sem annað hvort skipuleggja þau, taka þátt eða eru umfjöllunarefni verkefnanna.

Eftirtaldir íslenskir aðilar fengu styrk úr norræna menningarsjóðnum:

		DKK
LungA	Nordic Blind Date	100.000
Listvinafélag Hallgrímskirkju	International Organ Summer	50.000
Vefsíðan www.natturan.is	Verkefni í tengslum við RIFF 2010	80.000
Íslenska vitafélagið	Sail Húsavík 2011	200.000
Mardöll, félag um menningararf kvenna	Vitið þér enn – eða hvað?	100.000
Lókal ehf	International Theatre Festival	250.000
Hönnunarmiðstöð	Design Iceland	150.000
Soffía Guðný Guðmundsdóttir	Íslensk miðalda handrit m.m.	200.000
Saga forlag	Nordisk sagalitteratur	45.000
Reykjavík Jazz Festival	Reykjavikjazz showcase	100.000
Tinna Þorsteinsdóttir	Progressive Nordic (Norgressive)	25.000
Brúðuheimar: Center for Puppetry Arts	Nordic Puppet Festival in Borgarnes	99.000
Nordurpóllinn	Bergen-Reykjavík-Nuuk	100.000
Félag sagnaþula	Nordisk fortellerseminar 2011	50.000

Styrkir úr *menningar- og listaáætluninni* skiptast í styrki til framleiðslumiðaðrar starfsemi annars vegar og styrki til hæfnisþróunar hins vegar. Af 80 styrkjum til framleiðslumiðaðrar starfsemi voru fjórir veittir til íslenskra verkefna auk þess sem íslensk þátttaka var í einu öðru verkefni. Af 33 styrkjum til hæfnisþróunar voru tveir veittir til íslenskra verkefna.

Norræn-baltneska ferða- og dvalarstyrkjaáætlunin á lista- og menningarsviðinu er opin umsækjendum frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum. Áætlunin skiptist í þrennt, þ.e. ferðastyrki til einstaklinga, styrki til tengslaneta og styrki til dvalar. Alls fengu 231 einstaklingur ferðastyrk úr áætluninni og þar af voru 24 Íslendingar. Alls sótti 31 um ferðastyrk til að koma til Íslands.

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn veitti 118 styrki til kvikmynda, heimildarmynda og sjónvarpsþátta á árinu. Um er að ræða framleiðslustyrki, dreifingarstyrki, talsetningarstyrki og styrki til kvikmyndahátíða. Átta styrkir runnu til íslenskrar framleiðslu.

Eitt af helstu formennskuverkefnum Íslands 2009 var framkvæmd samanburðarrannsóknar á högum, líðan og lífsstíl meðal norrænna ungmenna, 16–19 ára. Rannsóknin var gerð í öllum norrænu löndunum. Verkefninu lauk með ráðstefnu sem haldin var 28.–29. október. Þar voru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og fylgt eftir með málstofum og pallborðsumræðum þar sem stjórnmálamenn, fræðimenn og aðrir, sem tengjast ungu fólki, fjölluðu um hvernig halda megi áfram að vinna að framkvæmd núverandi stefnu og hvernig hægt sé að auðvelda aukna samvirkni milli stefnu og aðgerða Norðurlanda í málefnum ungmenna. Málstofur á ráðstefnunni fjölluðu um tungumál og menningu, menntun og tölvunotkun, jafnrétti, lífsstíl og þátttöku í íþrótta- og æskulýðsstarfi, áhættuhegðun og vímuefni og andlega heilsu á unglingsárum. Á ráðstefnunni voru settar fram hugmyndir um áframhaldandi vinnu við framkvæmd núverandi stefnu í æskulýðsmálum. Ráðstefnan var vel sótt og margt ungt fólk tók þátt en skýrsla var gefin út um rannsóknina[5].

[5]Sjá skýrsluna á: www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/5734

Út kom ráðstefnurit, Frá kálfsskinni til tölvu = Fra kalveskind til „tölva“, þar sem birtir voru fyrirlestrar frá ráðstefnu um lítil málsvæði, sem var eitt af formennskuverkefnunum og var haldin í Reykholti í byrjun október 2009.[6]

6. Jafnréttismál

Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál (MR-JÄM)

Norrænu jafnréttisráðherrarnir funduðu í Kaupmannahöfn þann 18. október. Meginviðfangsefni fundarins var annars vegar umræða um þema næsta fundar kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York (CSW) í febrúar 2011 og hins vegar ný *samstarfsáætlun norræns jafnréttissamstarfs fyrir tímabilið 2011–2014.*

Aðalumræðuefnin á fundinum í New York verða annars vegar *möguleikar kvenna til menntunar, til hvers kyns atvinnuþjálfunar og þátttöku í vísindaiðkunum og hins vegar stúlkubarnið.* Bæði viðfangsefnin eru sérstakir kaflar í framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna í málefnum kvenna sem samþykkt var í Peking 1995. Í tilefni þess að fimmtán ár eru liðin frá kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking hafa þjóðir heims verið að fara yfir áætlunina og meta árangurinn í tengslum við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Umræðan á ráðherrafundinum hófst með fræðilegum inngangi frá Inge Henningsen, lektor við uppeldisfræðideild Háskólans í Kaupmannahöfn, um kynbundið námsval og frásögn Kirsten Raffel Hermansen, formanns félagsins „Børn og Unge i Voldsramte Familier“, af aðgerðum félagasamtaka sem vinna gegn ofbeldi gegn börnum.

Félags- og tryggingamálaráðherra greindi frá helstu áherslum í jafnréttisstarfi á Íslandi og verkefnum sem unnið er að. Í nýrri skýrslu Alþjóðaefnahagsráðsins kemur fram að jafnrétti kynjanna er hvergi meira en á Íslandi. Ísland skipar efsta sæti þegar horft er til aðgengis að menntun og stjórnmálaþátttöku. Einnig skiptir atvinnuþátttaka kvenna miklu máli fyrir heildarniðurstöðu landsins en hún er sú mesta í allri Evrópu. Bent er á að launamunur karla og kvenna á Íslandi er ennþá mjög mikill og jafnrétti hafi ekki verið náð þegar litið er til aðgengis kvenna að stjórnunarstöðum.

Einnig greindi ráðherra frá rannsóknum á Íslandi, sem gerðar hafa verið á ofbeldi í nánum samböndum, og frá nýrri aðgerðaáætlun gegn ofbeldi í nánum samböndum, sem unnið er að, en með henni verður meðal annars skoðað samhengi kynbundinna ofbeldisbrota, saksóknar vegna þeirra og meðferðar í dómskerfinu. Í umræðunum vakti athygli setning laga á Íslandi um algjört bann við nektardansi, sem tóku gildi hér á landi 1. júlí 2010, en við setningu laganna var horft til evrópskra rannsókna sem sýndu að stúlkur sem höfðu atvinnu af nektardansi væru oft þolendur mansals og misneytingar.

Undir ráðherranefndinni starfar *norræna embættismannanefndin um jafnréttismál (ÄK-JÄM).*

Ný samstarfsáætlun

Á fundi jafnréttisráðherranna var samþykkt samstarfsáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2011–2014 sem ber heitið *Jafnrétti skapar sjálfbært þjóðfélag.* Þar er fjallað um nauðsyn þess að karlmenn taki þátt í jafnréttisstarfi og umræðum um jafnréttismál og að tekið sé tillit til jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins. Virk þátttaka karla og drengja í jafn-

[6] Sjá ráðstefnuritið á: www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/5802

réttisstarfi og samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða verða þannig tvö þverfagleg þemu sem verða fléttuð inn í öll forgangsmál, áherslusvið og samtalsform sem samstarfsáætlunin kveður á um.[7]

Norrænt jafnréttisstarf er afar víðtækt og því hefur verið nauðsynlegt að þrengja og skerpa áherslur og aðferðir. Samstarfið á tímabilinu er þrískipt með mismunandi forgangsmálum og tillögum að aðgerðum, þ.e. samstarf á Norðurlöndum, samstarf við Eystrasaltsríkin þrjú (Eistland, Lettland og Litháen) og samstarf við Norðvestur-Rússland.

Í samstarfsáætlun til fjögurra ára getur reynst erfitt að sjá fyrir ný og aðkallandi viðfangsefni í jafnréttismálum. Forgangsmál og áherslusvið eru því stöðugt endurmetin og löguð að formennskuáætlunum og árlegum framkvæmdaáætlunum á hverju fagsviði. Á árinu 2012 mun ráðherranefnd um jafnréttismál standa að ítarlegri endurskoðun á formi og innihaldi samstarfsins á sviðunum þremur.

Almenn forgangsmál í norrænu jafnréttissamstarfi eru fjögur: Jafnrétti á vinnumarkaði; jafnrétti í menntun; kyn, uppruni og jafnrétti og að útrýma kynbundnu ofbeldi.

Aðgerðir sem sniðnar eru að aðstæðum á hverjum stað geta verið:

- aðgerðir til að gera stúlkum og drengjum kleift að brjóta upp kynbundið námsval.
- að skapa aðferðir og aðgerðir sem ýta undir gagnrýna hugsun drengja og stúlkna um staðalmyndir kynjanna, til dæmis með jafnréttisfræðslu í leikskólum og grunnskólum og átaksverkefnum fyrir námsráðgjafa sem leiðbeina ungmennum.
- að tryggja kynjajafnrétti og fjölbreytileika í stjórnum rannsóknastofnana og háskóla, sem og í stjórnum fyrirtækja, einkageiranum og opinbera geiranum.
- að draga úr kynjaskiptingu á vinnumarkaði og þar með launaójöfnuði kvenna og karla.
- að tryggja fjölbreytileika, jafnrétti og fulla þátttöku allra kvenna og stúlkna og karla og drengja óháð uppruna og menningarlegum bakgrunni. Brýnt er að auka jöfnuð og jafnrétti þannig að hæfileikar allra fái að njóta sín. Í því sambandi verði sjónum beint að frumbyggjum á Norðurlöndum.
- að vinna gegn kynbundnu ofbeldi, meðal annars með aðgerðum til að sporna gegn mansali til kynlífsþrælkunar.

Forgangsmálefni í norrænu jafnréttissamstarfi við Eystrasaltsríkin eru: Jafnrétti á vinnumarkaði, jafnréttisfræðsla og jafnrétti og jöfnuður í opinberu rými og fjölmiðlum.

Forgangsmálefni í norrænu jafnréttissamstarfi við Norðvestur-Rússland eru: Jafnréttisfræðsla og verkefni sem snúa að því að útrýma kynbundnu ofbeldi.

Norræna kvenna- og kynjarannsóknastofnunin

Á árinu fór fram umræða í ÄK-JÄM um hlutverk og framtíðarfyrirkomulag Norrænu kvenna- og kynjarannsóknastofnunarinnar (NIKK) sem er norrænu jafnréttisstarfi mikilvæg. Sem norræn stofnun er NIKK bundin markmiðsog árangurssamningi við NMR til þriggja ára í senn. Ráðgjafarfyrirtækið Ramböll Management Consulting A/S var fengið til að gera úttekt á starfsemi stofnunarinnar og gera tillögur að framtíðarfyrirkomulagi. Tillögur voru lagðar fyrir ráðherrafundinn í október sem ákvað að láta kanna betur tvær af þeim tillögum sem til álita komu á fundinum. Vorið 2011 verður gerð úttekt á stofnuninni áður en ákvörðun verður tekin um umboð hennar, framtíðarhlutverk og tengsl við NMR.

---

[7]Sjá samstarfsáætlunina: www.norden.org/no/publikasjoner/publikasjoner/2010-783

Rannsóknir

Á formennskuári Dana var ráðist í tvö rannsóknarverkefni. Annars vegar ber að nefna verkefni um *fjármálakreppuna og kynjaskiptan vinnumarkað.* Í kjölfar hnattvæðingar og efnahagsþrenginga hefur atvinnuleysi aukist í löndunum með ólíkum áhrifum á stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Í verkefninu verður leitast við að kanna hvort mögulegt sé að nýta þessar aðstæður til að brjóta múra á mjög kynjaskiptum vinnumarkaði. Staðan verður kortlögð hjá norrænu þjóðunum og reynsla kynnt af aðgerðum í þessu skyni.

Hins vegar ber að nefna að ein áskorun í norrænu jafnréttisstarfi er að tryggja jafnan rétt allra hópa í samfélaginu. Verkefni undir heitinu *félagslegt taumhald meðal innflytjenda* (sosial kontroll) hefur það að markmiði að safna og miðla upplýsingum um hvernig félagslegt taumhald á konum er til staðar meðal hópa innflytjenda.

Útgáfur

Á árinu komu út fjórar skýrslur um verkefni sem voru unnin á formennskuári Íslands. Fyrst má nefna lokaskýrslur rannsóknarverkefnisins um *kyn og völd* í stjórnmálum og atvinnulífi. Þar kemur meðal annars fram að aukin áhersla á jafnrétti og þrýstingur frá kvennahreyfingunni hafi ráðið úrslitum um að konum hefur fjölgað í stjórnmálum á Norðurlöndum undanfarin fimmtán ár. Í atvinnulífinu ráði karlar þó lögum og lofum enn sem fyrr. Kyn og völd er fyrsta verkefnið þar sem valdastöður í stjórnmálum og atvinnulífi í norrænu löndunum eru kortlagðar og bornar saman. Tuttugu fræðimenn hafa rannsakað þróunina á undanförnum fimmtán árum og lagt mat á aðgerðir sem gripið hefur verið til í jafnréttismálum. NIKK sá um framkvæmd rannsóknarinnar en lokaskýrslur rannsóknarverkefnisins liggja fyrir.[8]

Ligestilling i Norden er skýrsla sem inniheldur erindi og umræður frá tveimur ráðstefnum sem haldnar voru á formennskuári Íslands 2009 um jafnréttishlutverk skólans, önnur í Færeyjum og hin á Íslandi.[9]

Norræna ráðherranefndin gaf út skýrsluna *Parental Leave, Care Policies & Gender Equalities in the Nordic Countries* sem inniheldur erindi og umræður frá ráðstefnu sem haldin var á Íslandi í október 2009. Ráðstefnan var hluti af rannsóknarverkefni um fyrirkomulag og áhrif foreldraorlofs á Norðurlöndum sem hófst á formennskuári Íslands. Á ráðstefnunni var rætt um hvernig og hvaða fjölskylduform eru viðurkennd í norrænni velferðarstefnu og hvaða fjölskyldugildum og hvernig sambýlisformi er veittur forgangur í fjölmenningarsamfélagi nútímans.[10]

Verkefninu lauk með útgáfu bókarinnar *Föräldraledighet, omsorgspolitik och jämställdhet i Norden* undir lok árs 2010. Í bókinni er fjallað um samspil nokkurra þátta, þ.e. foreldraorlofs, umhyggjustefnu gagnvart börnum, líðan og stöðu barna og jafnréttis kynja. Norrænu löndin eru öll í fararbroddi ríkja heims varðandi aukin og bætt réttindi barna og möguleika beggja foreldra til að vera með börnum sínum við upphaf lífsgöngu þeirra. Við og við koma þó fram raddir um að hagsmunir barna hafi með einhverjum hætti þurft að víkja fyrir ákafanum til að jafna stöðu kynjanna. Í bókinni rekja höfundar þróun laga um fæðingarorlof á Norðurlöndum og hvernig það hefur verið nýtt af foreldrum. Þá er fjallað um umönnunarstefnu gagnvart börnum á Norðurlöndum og vakin athygli á því hvað hún er í reynd fjölbreytt

---

[8]Sjá lokaskýrslur á: www.norden.org/sv/publikationer/publikationer/2010-525

[9]Sjá skýrsluna á: www.norden.org/da/publikationer/publikationer/2010-522

[10]Sjá skýrsluna á: www.norden.org/sv/publikationer/publikationer/2010-539

þrátt fyrir svipuð markmið. Sérstakur kafli er helgaður stöðu barna og raktar þær rannsóknir sem aðgengilegar eru varðandi líðan þeirra. Loks er fjallað um pólitísk átök um umönnunarstefnur og vakin athygli á því hvernig áherslur hafa tilhneigingu til að víkja frá hefðbundinni skiptingu í hægri og vinstri flokka.[11]

Ráðstefnur

Á formennskuárinu 2009 beindu Íslendingar sjónum sínum að jafnréttismálum á Vestur-Norðurlöndum. Danir ákváðu svo að taka við því kefli og lögðu áherslu á norrænt jafnréttissamstarf á Vestur-Norðurlöndum á formennskuári sínu. Í því skyni var haldin ráðstefna í Grænlandi þar sem meðal annars var fjallað um *karla á Vestur-Norðurlöndum og ofbeldi gegn konum.* Maliina Abelsen, félagsmálaráðherra Grænlands, fjallaði um aðgerðir til að stuðla að jafnrétti á Vestur-Norðurlöndum og beindi sjónum að Grænlandi. Þá fjölluðu fyrirlesarar frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi meðal annars um ofbeldi gegn konum, konur og velferð á Vestur-Norðurlöndum og starfsframa, hjónabönd og samskipti kynjanna. Markmiðið með ráðstefnunni var jafnframt að mynda tengslanet á þeim sviðum sem nýst geta Vestur-Norðurlöndum í aðgerðum til að stuðla að kynjajafnrétti.

Í tengslum við Norðurlandaráðsþingið boðaði embættismannanefndin til hliðarviðburðar undir heitinu *Jafnréttisstefna til framtíðar á Norðurlöndunum.* Markmiðið var að kynna og ræða nýja fjögurra ára samstarfsáætlun um jafnréttismál og tóku norrænir fulltrúar þátt í pallborðsumræðum um áætlunina.

Ráðstefnan *Æskan – rödd framtíðar* var haldin í Reykjavík 28.–29. október. Á ráðstefnunni voru kynntar niðurstöður samanburðarrannsóknar sem var framkvæmd á síðasta ári meðal ungmenna á aldrinum 16–19 ára í öllum norrænu löndunum. Norræna jafnréttissamstarfið var aðili að rannsókninni og var gerð greining á viðhorfum unga fólksins til jafnréttismála.

7. Málefni dómsmálaráðuneytisins

Samstarf um löggjafarmál

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna um löggjafarmál byggist að meginstefnu til annars vegar á samstarfsáætlun og hins vegar formennskuáætlunum sem gefnar eru út ár hvert.

Norrænir dómsmálaráðherrar (MR-Lov) hittast árlega. Að öðru leyti fer samstarfið fram undir stjórn *norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (EK-Lov)* þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins, sameiginleg hagsmunamál rædd og enn fremur ný eða væntanleg löggjöf. Veitt er fé til einstakra norrænna verkefna auk þess sem fjallað er um einstök réttarsvið eða álitaefni í vinnuhópum sem skipaðir eru embættismönnum eða sérfræðingum í ráðuneytunum. Þá kemur fyrir að embættismannanefndin skipi vinnuhópa sem fá norræna fjárveitingu.

Dómsmálaráðherrarnir starfa samkvæmt *samstarfsáætlun frá árinu 2005* sem var endurskoðuð árið 2009 og framlengd til ársins 2011. Í áætluninni koma fram megináherslur norræns löggjafarsamstarfs og þær meginreglur sem það byggist á. Samstarfið miðar meðal annars að því að styrkja lýðræði í ákvarðanatökuferli á Norðurlöndum og auka réttaröryggi þeirra sem búa eða dveljast þar. Stefnt skuli að samræmingu löggjafar, þó ekki þannig að reglur eigi endilega að vera þær sömu. Umfang, nauðsyn og eðli samstarfs um löggjöf á

[11] Sjá bókina á: www.norden.org/en/publications/publications/2010-595

Norðurlöndum geti verið mismikið á hinum ýmsu sviðum réttarins. Á sviði einkamálaréttar hafi verið hefð fyrir að ná sérlega víðtækri samræmingu löggjafar. Þessu samstarfi beri að halda áfram og þróa frekar. Auk þess sé vaxandi þörf fyrir norrænt samstarf á sviði refsiréttar og löggæslu. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki megi búast við samræmingu löggjafar, til dæmis vegna mismunandi siðferðislegs gildismats eða munar á stjórnskipun, geti eigi að síður verið gagnlegt að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu. Loks er í samstarfsáætluninni fjallað um hlutverk norræns löggjafarsamstarfs í evrópsku og öðru alþjóðlegu samhengi en það er í stuttu máli að láta að sér kveða þegar tækifæri gefst og ástæða er til.

Árlegur fundur dómsmálaráðherranna var haldinn 22. júní á Norður-Sjálandi í Danmörku. Á fundinum var rætt meðal annars um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn afbrotum barna og ungmenna, baráttuna gegn innbrotum á heimili og meðferð kynferðisbrotamála. Ákveðið var meðal annars að beina því til norrænna ríkislögreglustjóra að skoða þörfina og möguleika á aukinni samvinnu milli landanna við rannsókn og meðferð mála er varða innbrot á heimili og þjófnað sem oft tengjast alþjóðlegri glæpastarfsemi. Var þeim falið að koma með tillögur til úrbóta. Þá var ákveðið að óska eftir því að norræna embættismannanefndin um löggjafarsamstarf skoði möguleika á aukinni skilvirkni í úrlausnum mála svo að dæmdir sakamenn geti afplánað refsingu í sínu heimalandi.

Að venju voru áherslumál rædd í óformlegum starfshópum sem ekki fá norræna fjárveitingu, svo sem sérfræðingahópi um sifjarétt.

Einnig var að störfum starfshópur um samvinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og er hans helsta hlutverk að undirbúa fundi dómsmálaráðherra þessara ríkja sem að jafnaði eru haldnir annað hvert ár. Í ár hittust dómsmálaráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í mars í Noregi. Á þeim fundi voru meðal annars rædd málefni ungra afbrotamanna, afplánun refsinga utan fangelsis, greiðsluaðlögun einstaklinga og áhrif fjármálakreppunnar á dómstóla og réttarvörslukerfið. Þá var einn fundur haldinn í starfshópnum í september í Ríga í Lettlandi. Í áðurnefndri samstarfsáætlun norrænu dómsmálaráðherranna segir að samstarfið við Eystrasaltsríkin hafi áður fyrr miðað að því að stuðla að þróun í átt að lýðræði í Eystrasaltsríkjunum og efla sameiginlegt réttarfar en það hafi þróast í þá átt að vera samstarf átta jafn rétthárra ríkja (NB8), í ljósi þess að áframhaldandi og náið samstarf á svæðinu sé mikilvægt í stækkuðu ESB og gagnvart ríkjum utan ESB.

Málefni flóttamanna

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna. Samráðsnefndin kemur saman tvisvar á ári og er annar fundurinn jafnan haldinn daginn fyrir árlegan fund norrænna ráðherra sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna. Upphaflega var eingöngu fjallað um málefni hælisleitenda og flóttamanna en fljótlega þróaðist samstarfið í að vera alhliða samstarfsvettvangur ráðuneyta sem koma að útlendingamálum á Norðurlöndum. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um málefni útlendinga almennt, meðal annars um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning, tölfræðiupplýsingar o.fl. Samstarf er einnig um að afla upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, meðal annars með því að miðla skýrslum sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, meðal annars með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengensamstarfinu, sem kom að fullu til framkvæmda á Norðurlöndum í mars 2001, og þar með atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamnings ESB-ríkjanna sem Ísland og Noregur eru nú einnig aðilar að. Þá

hafa verið rædd á fundunum atriði sem varða verslun með konur og um innflutning starfsmanna. Á vegum samráðsnefndarinnar starfa nokkrir vinnuhópar sem koma saman eftir þörfum og gera nefndinni grein fyrir vinnu sinni sem felst aðallega í samráði og upplýsingaskiptum. Vinnuhóparnir fjalla um búsetu flóttamanna, brottvísanir og endursendingar, innflutning starfsmanna og þróun útlendingamála í ESB. Á árinu var sóttur einn fundur í vinnuhópi um brottvísanir og endursendingar þar sem sérstaklega var fjallað um endursendingar til Grikklands á grundvelli hinnar svokölluðu Dyflinnarreglugerðar. Að auki var sóttur stuttur fundur um Dyflinnarsamstarfið í september en sá fundur var haldinn fyrir óformlegan SCIFA fund í Antwerpen. Fyrri fundur samráðsnefndarinnar var haldinn í byrjun júlí og fundur norrænna ráðherra sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna í beinu framhaldi. Meðal annars var rætt um ólögráða börn sem sækja um hæli á Norðurlöndum og álitaefni sem tengjast endursendingum hælisleitenda til Grikklands á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar.

Björgunarsamstarf

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Íslendingar hafa tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggist á rammasamningi um björgunarþjónustu frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili samningsins.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra fer með samstarf í leitar- og björgunarmálum er leiðir af aðild Íslendinga. Samnorræn framkvæmdanefnd er vettvangur reglulegra funda fulltrúa Norðurlanda og stýrir hún samstarfinu. Auk tveggja funda á árinu var haldin norræn ráðstefna í Finnlandi.[12]

8. Menntun og rannsóknir

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) starfaði árið 2010 samkvæmt samstarfsáætlun sem náði yfir tímabilið 2008–2010, *Norðurlönd – leiðandi, kraftmikið svæði þekkingar og hæfni,* en hnattvæðingaráætlunin sem byggist á yfirlýsingum norrænu forsætisráðherranna árin 2007 og 2008 hafði umtalsverð áhrif á framkvæmd áætlunarinnar. Ný áætlun um stefnu á sviði menntunar og rannsókna 2011–2013, *Þekking í þágu græns hagvaxtar og velferðar,* sem undirbúin var árin 2009 og 2010, var lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í Reykjavík í nóvember 2010 af íslenska ráðherranum og síðan samþykkt á fundi MR-U í Kaupmannahöfn 8. nóvember. Í hinni nýju stefnu er lögð áhersla á þau mikilvægu mannlegu og efnahagslegu gæði sem íbúar á Norðurlöndum búa yfir, þann styrk sem er í norrænum velferðarsamfélögum og þeirri sameign sem felst í tungumálum og menningu landanna. Stefnt er að því að fjárfesta í menntun og rannsóknum, með langtímamarkmið að leiðarljósi. Markmiðin endurspegla að í samspili menntunar, rannsókna og nýsköpunar – í þekkingarþríhyrningnum – verði til bæði ný hugsun og þróun.

Ráðherranefndin ber ábyrgð á um helmingi verkefna á sviði hnattvæðingar og ber að hluta til ábyrgð á flestum hinna.

Samstarf á vegum MR-U tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í samráði og samanburði milli landanna á sviði

[12]Sjá: www.nordred.org

stefnumótunar, sem fram fer með úttektum og ráðstefnum, svo og samvinnuverkefnum sem miða að því að hrinda stefnumótun í framkvæmd.

Ráðherranefndin hélt tvo fundi á árinu og á þeim fóru meðal annars fram þemaumræður ráðherranna um aðgerðir gegn atvinnuleysi ungs fólks. Haldinn var sameiginlegur fundur norrænu ráðherranna og ráðherra frá Eystrasaltsríkjunum þar sem fylgt var eftir samþykktum ráðherrafundar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna árið 2007 auk þess sem fjallað var um brottfall nemenda úr skólum, samstarf um Nordplus-áætlunina og samstarf á sviði vísindamála.

Tvær ráðherranefndir, MR-U og MR-A, fjölluðu um samhengi milli atvinnuleysis, lítillar menntunar og brottfalls úr námi sem og um hættuna sem felst í því að ungt fólk falli varanlega bæði út úr menntakerfinu og af vinnumarkaði og snúi ekki til baka. Ákveðið var að gera samanburðarúttekt á vandanum milli landanna en jafnframt setja á laggirnar vinnuhóp til að gera sem fyrst tillögur um aðferðir til að laða ungt fólk aftur inn í skólakerfið eða að vinnumarkaðnum. Skýrsla um samanburðarúttektina var til umfjöllunar á fundi MR-U í nóvember og er stefnt að frekari samvinnu beggja ráðherranefnda um málið.

Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U)

EK-U undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin. Á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir starfa auk þess þrjár ráðgjafanefndir, ein um skólamál (NSS), önnur um æðri menntun (HÖGUT) og sú þriðja um fullorðinsfræðslu (SVL). Vorið 2008 var skipaður starfshópur til að fjalla um rannsóknir. Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum tímabundnum verkefnum.

Fastar ráðgjafanefndir:
Samstarf um skólamál

Verksvið ráðgjafanefndarinnar um samstarf um skólamál (NSS) nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Tilgangurinn með starfi nefndarinnar er að stuðla að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og því tekur nefndin til umfjöllunar þau mál, sem efst eru á baugi á hverjum tíma, og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf til þeirra sem í hlut eiga. Á árinu fjallaði nefndin meðal annars um norræna tungumálaátakið og brottfall úr framhaldsskólum. Haldið var norrænt málþing um brottfall í Danmörku. Jafnframt fjallaði nefndin um sérkennslu og að tillögu Dana var ákveðið að gera norræna könnun í löndunum um stöðu þess málaflokks.

Norrænt tungumálasamstarf

Norræna tungumálasamstarfið var endurskoðað árið 2008 og fært undir menntamálaráðherrana. Um langt skeið hafði ríkt nokkur óvissa um tilhögun þessa samstarfs, meðal annars vegna þess að viðhorfið hefur verið nokkuð mismunandi eftir löndunum og líta sum á samstarfið sem menningarmál en önnur sem menntamál. Væntingar til samstarfsins voru misjafnar. Menntamálaráðherrum var umhugað um að auka málskilning milli íbúa landanna fimm en á vettvangi menningarmála var meiri áhersla á að skoða málsögulegan, málfræðilegan og menningarlegan samanburð. Þá var töluverður áhugi á samstarfi um máltæknileg atriði í tölvusamskiptum.

Norræna tungumálaverkefnið (Nordisk Sprogkampagne) var formlega sett á laggirnar vorið 2010 og kom hugmyndin upphaflega fram á formennskuári Íslendinga en Danir tóku síðan við keflinu. Markmiðið er að efla norræna málvitund og málskilning og auka áhuga barna og ungmenna á dönsku, norsku og sænsku og skilning á þessum málum. Með þessu er

ætlunin að styðja við yfirlýsingu um norræna málstefnu frá 2006. Megináhersla verður lögð á að styðja við verkefni þar sem beita þarf dönsku, norsku eða sænsku í gegnum nýja miðla og samskiptaform sem höfða til barna og ungmenna. Verkefnin eiga og að ýta undir gildi norræns samstarfs. Tungumálaverkefnið mun standa út árið 2011.

Háskólasamstarf

Ráðgjafanefndin um æðri menntun (HÖGUT) hefur umsjón með samstarfi á því sviði. Hún á að efla norrænt samstarf um æðri menntun meðal annars með athugunum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Gerð var úttekt á samstarfinu um norrænt meistaranám og voru niðurstöður mjög jákvæðar. Ljóst er að verulegur áhugi er á eflingu norræns meistaranáms meðal norrænna háskóla. Samanburðarathugun og kortlagning, sem framkvæmd var meðal norrænna háskóla á styrk háskólanna í alþjóðlegu samhengi, hefur sýnt fram á að Norðurlönd standa í fremstu röð á ýmsum sviðum og eru álitlegur kostur til framhaldsnáms í augum háskólanema frá öðrum heimshlutum. Í tengslum við könnunina var gerð samanburðarathugun á gæðamati og gæðakvörðum norrænna háskóla. Ráðstefna var haldin í Færeyjum í febrúar um gæðamat kennslu og rannsókna við háskóla. Vaxandi áhugi er á samstarfi norrænna háskóla um alþjóðlega markaðssetningu framhaldsnáms á komandi árum. Ákveðið var að halda áfram með norrænu meistaranámsáætlunina, Nordic Master, meðal norrænna háskóla og var styrkjum til verkefna deilt út í þriðja sinn.

Fullorðinsfræðsla

Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) fjallar um þau málefni er varða menntun fullorðinna, sem efst eru á baugi hverju sinni, að undanskildum þeim málefnum er falla undir verksvið háskólanefndarinnar. Hún hefur yfirumsjón með störfum samstarfsnets um nám fullorðinna (NVL), fjallar um áherslur samstarfsnetsins og forgangsröðun verkefna þess. Á undanförnum árum hefur SVL einbeitt sér að því að skoða færniþróun fullorðinna, gæði í fullorðinsfræðslu, nám fullorðinna í atvinnulífinu, lestrar- og skriftarörðugleika meðal fullorðinna og aðlögun innflytjenda. Þá hefur áhersla verið á að vinna áfram með raunfærnimat og nýlega var ákveðið að vinna sérstaklega með náms- og starfsráðgjöf á Norðurlöndum. Ýmis verkefni hafa notið stuðnings ráðherranefndarinnar á framangreindum sviðum. Verkefni um aðlögun útlendinga í gegnum menntun lauk á árinu. Vinnuhópur skilaði yfirlitsskýrslu um öll löndin, auk skýrslu um hvert land um sig. Þá samþykkti stjórnarnefndin að styrkja umfangsmikla könnun um árangur af náms- og starfsráðgjöf sem stjórnað er af Íslendingum.

Vísindasamstarf

Stærsta einstaka verkefnið í hnattvæðingaráætlun forsætisráðherranna er samnorræn rannsókna- og nýsköpunaráætlun (Topforskningsinitiativet) á sviði umhverfis, loftlags og orku. Áætluninni var hleypt af stokkunum árið 2009 að frumkvæði norrænu forsætisráðherranna. Hér er um að ræða langstærstu áætlun á sviði rannsókna og nýsköpunar sem norrænu löndin hafa komið sér saman um. Samtals eru 400 milljónir danskra króna (um 8,5 milljarðar íslenskra króna) til ráðstöfunar í rannsókna- og nýsköpunarverkefni á fimm ára tímabili. Hvert land á þrjá fulltrúa í stjórn áætlunarinnar en þrjár norrænar skrifstofur hafa komið sér saman um rekstur hennar, þ.e. Norræna rannsóknaráðið (NordForsk), Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) og Norrænar orkurannsóknir (NEF). Mikil áhersla er á samstarf háskóla,

rannsóknastofnana og fyrirtækja í áætluninni til að stuðla að öflugri nýsköpun fyrir samfélag og atvinnulíf.

Áætlunin hefur sjálfstæða stjórn með fulltrúum allra landa yfir hverri undiráætlun og byggist á eftirfarandi sex stoðum:

- Aðlögun að loftslagsbreytingum og rannsóknir á áhrifum þeirra.
- Víxlverkunum milli loftslagsbreytinga og freðhvolfs jarðar.
- Orkunýtni með örtækni.
- Aðlögun vindorku að raforkukerfinu.
- Sjálfbæru lífeldsneyti.
- Bindingu og geymslu koldíoxíðs (CO2).

Allar undiráætlanirnar úthlutuðu styrkjum á árinu til rannsókna- og nýsköpunarverkefna, norrænna öndvegissetra, rannsóknanáms og annars sem þær telja nauðsynlegt til að efla rannsóknir og nýsköpun á sviðinu. Starfsemi áætlunarinnar verður metin jafnhliða og munu óháðir alþjóðlegir sérfræðingar gera úttekt á henni árið 2011.[13]

Annað stórt og ekki síður mikilvægt verkefni undir hnattvæðingaráætluninni er áætlun um rafræn vísindi (eScience). Annars vegar er um að ræða uppbyggingu innviða – tölvuvera og öflugra tenginga milli allra norrænu landanna og út í heim – en hins vegar um rannsóknir sem krefjast mikillar reiknigetu. Áætlunin hefur verið í undirbúningi í nokkur ár á norrænum vettvangi en árið 2010 skuldbundu flest landanna sig til þátttöku í áætluninni.

EK-U og starfshópurinn um rannsóknir héldu áfram vinnu sem Ísland hóf árið 2009 um endurskoðun á skipulagi norræns samstarfs um rannsóknir og nýsköpun. Annars vegar hefur greining á norrænu samstarfi haldið áfram og hins vegar hefur mikið verið gert í að kynna norrænt samstarf á alþjóðlegum vettvangi, einkum hjá ESB. Í nóvember var haldin stór ráðstefna í Brussel um hvað Evrópa getur lært af norrænu samstarfi í rannsóknum og nýsköpun. Kynningarátakið byggist á hugmyndinni um NORIA, sem er norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðið (Nordic Research and Innovation Area), sem dæmi um svæðisbundna samvinnu.

NordForsk kynnti nýja stefnu í lok árs og hefur hafið heildarendurskoðun á styrkjaáætlunum. Formaður stjórnar NordForsk er Guðrún Nordal.

9. Vinnumál

Á vegum *Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumarkað og vinnuumhverfi (MR-A)* er unnið í samræmi við *samstarfsáætlun um vinnu- og vinnuverndarmál árin 2009–2012.*

Ráðherrarnir ákváðu í nóvember 2009 að gera skyldi samanburðarskýrsla um aðgerðir sem norrænu ríkisstjórnirnar hafa gripið til í því skyni að bregðast við auknu atvinnuleysi ungs fólks. Sænska fyrirtækinu Ramböll var falið að taka skýrsluna saman og voru helstu niðurstöður kynntar á ráðstefnu í október sem var liður í formennskuáætlun Dana í NMR. Heiti skýrslunnar er *Nordiska länders insatser mot ungdomsarbetslöshet – kartläggning och analys.*

Ráðherrarnir áttu fund þann 25. nóvember og var skýrslan um atvinnuleysi ungs fólks meginumræðuefni fundarins en viðfangsefni landanna á þessu sviði eru hliðstæð. Einstaklingar í þeim hópi sem stendur lakast að vígi og á erfiðast með að finna vinnu eiga það sameiginlegt að hafa að baki takmarkaða skólagöngu umfram hina lögbundnu skólaskyldu. Ráðherrarnir voru sammála um að menntun og starfsþjálfun væru áhrifaríkustu leiðirnar gegn atvinnuleysi ungs fólks. Nauðsynlegt væri að beita á unga fólkið, foreldra þess og atvinnurek-

[13]Sjá: www.toppforskningsinitiativet.org

endur fjárhagslegum hvata til að ná árangri. Nefndir voru styrkir og lækkuð launatengd gjöld. Á sama hátt ætti að haga málum þannig að það hafi fjárhagslegar afleiðingar að hvorki afla sér menntunar né taka boði um starf. Hér gegni vinnumiðlunin mikilvægu leiðbeiningar- og stuðningshlutverki. Einnig væri þýðingarmikið að hyggja að gæðum menntunarinnar í nánu samstarfi við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks. Ráðherrarnir voru þeirrar skoðunar að efla þurfi samstarf hlutaðeigandi stofnana til að brúa bilið milli skóla og atvinnulífs. Í þessu sambandi var bent á gildi leiðbeinenda og tengsl grunnskóla og framhaldsskóla við atvinnulífið. Lögð var áhersla á að fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins komi að námskrárgerð sem gefi færi á að aðlaga menntunina að þörfum atvinnulífsins. Það myndi styrkja stöðu þeirra sem hafi aflað sér menntunar til að fá vinnu að loknu námi. Fleiri tækifæri atvinnulausra til starfsmenntunar gæti verið ein leið þegar við efnahagsörðugleika er að etja. Auk ráðherranna tóku þátt í umræðum fulltrúar norrænna heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks og fulltrúi Norðurlandaráðs æskunnar.

Á ráðherrafundinum var gerð grein fyrir helstu verkefnum sem unnið er að á sviði vinnu- og vinnuverndarmála. Skipaður hefur verið starfshópur um svokallaðan grænan hagvöxt. Verkefnið gæti reynst þýðingarmikið varðandi hnattvæðingarverkefni ráðherranefndarinnar.

Afnám laga- og stjórnsýsluhindrana fyrir frjálsa för borgara á Norðurlöndum er viðvarandi viðfangsefni. Gerð var grein fyrir stofnun vinnuhóps sérfræðinga á vegum EK-A og EK-S sem hefur það afmarkaða hlutverk að greina ákvæði í lögum og reglugerðum um almannatryggingar sem hamla frjálsri för um Norðurlönd. Vinnuhópurinn mun skila áliti vorið 2012.

Skipst var á upplýsingum um það sem er efst á baugi í vinnumarkaðsmálum í löndunum. Félags- og tryggingamálaráðherra Íslands greindi frá aðgerðum í þágu ungra atvinnulausra. Áhersla hafi verið lögð á að viðhalda virkni þeirra með því að bjóða þeim upp á leiðsögn og ráðgjöf. Unnið sé að endurskipulagningu starfsendurhæfingar með það að markmiði að fatlaðir og örorkubótaþegar fái vinnu við hæfi og getu.

Málefni ESB og EES er fastur dagskrárliður á fundum norrænu vinnumálaráðherranna. Rætt var um breytingar á tilskipun um fæðingarorlof. Ágreiningur er milli ráðherraráðsins og Evrópuþingsins um málið. Svíar leggja áherslu á að tilskipunin byggist á rétti til að fara í fæðingarorlof en ekki þvingun. Einnig var rætt um tilkynningu framkvæmdastjórnar ESB um bætta framkvæmd á tilskipun um útsenda starfsmenn. Tilskipunin hefur þótt erfið í framkvæmd og ekki koma í veg fyrir undanbrögð og misnotkun á starfsmönnum. Félags- og tryggingamálaráðherra Íslands gerði grein fyrir máli, sem höfðað hefur verið fyrir EFTA-dómstólnum, þar sem íslenska ríkinu er stefnt fyrir brot á tveimur tilskipunum ESB, þ.e. þjónustutilskipuninni og tilskipuninni um útsenda starfsmenn.

Norræna embættismannanefndin um vinnumarkað og vinnuumhverfi (EK-A) hélt tvo fundi á árinu. EK-A undirbýr fundi norrænna vinnumálaráðherra og leggur drög að dagskrá fundanna.

Samtök norrænna alþýðusambanda (NFS) óskaði eftir að fulltrúum norrænna samtaka aðila vinnumarkaðarins verði gefinn kostur á að taka þátt í fundum norrænna embættismannanefnda og vinnuhópa þegar fjallað er um nánar tilgreind viðfangsefni sem snerta norræna vinnumarkaðinn. Svar EK-A var að embættismannanefndirnar fjalli fyrst og fremst um framkvæmd samþykkta ráðherranefndarinnar, afgreiði umsóknir um styrki og undirbúi ráðherrafundi. Þannig væri talið að fulltrúar samtakanna ættu takmarkað erindi á slíka fundi. Þó væri ástæða fyrir undirnefndir og vinnuhópa að bjóða norrænum samtökum aðila vinnumark-

aðarins að senda fulltrúa til þátttöku í umræðum um afmörkuð málefni þar sem sérfræðikunnátta þeirra komi að liði.

EK-A samþykkti í samvinnu við EK-S að skipa vinnuhóp sem er falið að fara yfir lög og reglur á sviði félags- og vinnumála og kanna hvort einfalda megi eða samræma reglur til að auðvelda norrænum ríkisborgurum að flytjast á milli landanna án þess að réttindi glatist. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili niðurstöðum til embættismannanefndanna vorið 2012.

Á árinu fjallaði EK-A meðal annars um fjárhagsvanda Norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA). Vandi hennar stafaði að hluta til af banka- og fjármálakreppunni sem olli því að færri sóttu námskeið stofnunarinnar en gert hafði verið ráð fyrir. Þau hafa þar af leiðandi ekki staðið undir sér. Samþykkt var að veita stofnuninni aukafjárframlag að upphæð 450 þúsund danskra króna en tekið fram að stofnunin verði framvegis að halda sig innan ramma fjárhagsáætlunar.[14]

Nefnd um vinnurétt

Nefnd um vinnurétt (NAU) hélt tvo fundi á árinu. Rætt var almennt um stöðuna á vinnumarkaði ríkjanna en fram kom að atvinnuleysi hefur almennt aukist. Í því sambandi var meðal annars fjallað um nauðsyn þess að stemma stigu við auknu atvinnuleysi meðal ungs fólks. Enn fremur var rætt um vinnu í tengslum við breytingar á löggjöf ríkjanna hvað varðar vinnumarkaðinn.

Á fundunum var jafnframt rætt um innleiðingu ríkjanna á sameiginlegum evrópskum reglum og réttaráhrif dóma í tengslum við löggjöf einstakra ríkja á sviði vinnuréttar og framkvæmd hennar, sem fallið hafa hjá EFTA-dómstólnum, Evrópudómstólnum og Mannréttindadómstól Evrópu. Einnig var fjallað um einstök mál sem voru til umfjöllunar hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) og embættismannanefnd sem starfar á grundvelli Félagsmálasáttmála Evrópu. Á síðari fundi nefndarinnar upplýsti fulltrúi Íslands að með stefnu sem lögð var fram í EFTA-dómstólnum í ágúst höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) samningsbrotamál gegn íslenska ríkinu. Fram kom að málið er höfðað á grundvelli 31. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og EFTA-dómstóls. Jafnframt kom fram að ESA telur að 5. og 7. gr. laga nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja, sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands, og starfskjör starfsmanna þeirra, feli í sér brot á 36. gr. EES-samningsins og tilskipun 96/71/EB.

Norræna vinnumarkaðsnefndin

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um norræn atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Innan ramma fyrrnefndrar samstarfsáætlunar 2009–2012 verður meðal annars lögð áhersla á áhrif hnattvæðingar, áhrif alþjóðafjármálakreppu og áhrif innflytjenda á vinnumarkað Norðurlanda. Á formennskuári Dana var lögð áhersla á kosti sem felast í hnattvæðingunni og haldnar ráðstefnur um:

1. fjármálakreppuna og jaðarhópa á vinnumarkaði,
2. vinnuumhverfismál og aðlögun innflytjenda að vinnumarkaði,
3. ráðningar starfsmanna með mikla hæfni og
4. mannsæmandi vinnu og aðkeypta vinnu.

Samþykktar voru fjárveitingar til verkefna um:

1. aukna þörf fyrir norræna samvinnu við að þróa breytilega umönnun,

[14]Sjá nánar um NIVA í lok 9. kafla.

2. vinnuumhverfi erlendra starfsmanna og tengsl þeirra við norrænan vinnumarkað og
3. atvinnusköpun í nýjum starfsgreinum.

Vinnumarkaðsnefndin stóð þar að auki straum af kostnaði vegna ráðstefna í haust um:

1. að mæta hnattvæðingunni með menntun, aukinni virkni og aðgerðum gegn félagslegri einangrun í norrænu ríkjunum,
2. vinnumarkað í fjölmenningarsamfélagi og ráðningu starfsmanna utan Norðurlanda,
3. viðfangsefni stjórnvalda vinnumála á Norðurlöndum: þversagnir sem upp koma á starfsævinni.

Árið 2011 lýkur rannsókn á því hvernig hópum innflytjenda frá þróunarlöndum, sem hafa tekið sér búsetu í Skandinavíu, hefur gengið að aðlagast breyttum samfélagsaðstæðum.

Nordjobb og Snorraverkefnið

Umfangsmikið norrænt samstarfsverkefni á sviði vinnumála er Nordjobbverkefnið. Það byggist á atvinnuskiptum ungs fólks milli landanna. Á árinu komu 54 ungmenni til starfa á Íslandi en 87 fóru héðan til starfa annars staðar á Norðurlöndum fyrir tilstuðlan Nordjobb. Á vegum Snorraverkefnisins komu tólf til Íslands.

Norræna vinnuverndarnefndin

Haldnir voru tveir fundir á árinu.

Á fyrri fundinum var fjallað um tillögur nefndarinnar til EK-A um verkefni á sviði hnattvæðingar, heilsu og velferðar. Skipaðir voru fulltrúar nefndarinnar í verkefnum um erlenda starfsmenn, vinnuumhverfi og vinnuskilyrði annars vegar og um vinnuumhverfi, örtækni og samkeppnishæfni Norðurlanda hins vegar. Norræna vinnuverndarnefndin og vinnumarkaðsnefndin hafa umsjón með framkvæmd verkefnanna og voru þau komin í ákveðinn farveg í lok árs.

Í samræmi við samstarfsáætlunina 2009–2012 voru styrkt verkefni á sviði vinnuverndar með áherslu á vinnuumhverfi sem eflir velferð, þátttöku á vinnumarkaði og framleiðni. Við val á verkefnum voru eftirfarandi áherslur lagðar til grundvallar:

1. *Vinnuvernd, heilsa og efnahagur.* Stuðla skal að því að mikilvægi vinnuumhverfis fyrir framleiðni og fjárhagslega afkomu fyrirtækja verði sýnilegt.
2. *Þróun vinnuverndaraðgerða og eftirlits.* Stuðla skal að þróun og aukinni þekkingu á virkni aðgerða í vinnuumhverfismálum og á eftirliti með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í fyrirtækjum.
3. *Vinnuvernd og aðbúnaður starfsfólks af erlendum uppruna.* Stuðla skal að þekkingu á því hvernig má koma í veg fyrir að innflytjendur, hvort sem þeir koma í atvinnuleit eða sem flóttamenn, hafni utan vinnumarkaðarins, búi við slæmt vinnuumhverfi, mismunun eða félagslegt undirboð á vinnumarkaði.
4. *Mikilvægi vinnuverndar og aðgerða á vinnustað til að auðvelda endurkomu á vinnumarkað.* Stuðla skal að aukinni þekkingu á því hvernig megi hindra að einstaklingar hafni utan vinnumarkaðar, með því að skapa heilsueflandi vinnuumhverfi, þar sem allir rúmast, og jafnframt stuðla að því að bæta tækifæri fólks sem, vegna fötlunar, þjóðernis, menntunar, kyns, aldurs eða sjúkdóms, hefur átt í erfiðleikum með að ná fótfestu á vinnumarkaði.

Á haustfundinum voru teknar fyrir umsóknir um styrki til vinnuverndarstarfs á Norðurlöndum. Af alls ellefu umsóknum voru fjögur verkefni samþykkt en þau lúta að markaðseftirliti, félagslegum undirboðum, vinnuvernd í landbúnaði og vinnuumhverfi, starfsánægju og

framleiðni. Enn fremur var ákveðið að veita um eina milljón danskra króna til rannsókna á sálfélagslegu vinnuumhverfi og áhættuþáttum því tengdum. Í lok ársins var auglýst eftir umsóknum um stuðning við að hrinda því verki í framkvæmd.

Að ósk ráðherranefndarinnar hefur vinnuverndarnefndin lagt mat á störf sín og samskipti við ráðherranefndina og verður niðurstaðan kynnt EK-A.

Verkefni undir íslenskri stjórn:

- Samanburður var gerður á ákvæðum vinnuverndarlöggjafar á Norðurlöndum og framkvæmd löggjafarinnar. Niðurstöður samanburðarins verða gefnar út og munu nýtast í samstarfinu á sviði vinnuverndarstjórnsýslu. Verkefnið hófst árið 2009 og lauk í árslok 2010.
- Rannsókn var gerð á orsökum banaslysa við vinnu á Norðurlöndum. Slysin eru flokkuð eftir kyni þeirra sem látast, aldri, starfsgrein og fleiri þáttum. Skýrsla með niðurstöðum rannsóknarinnar verður gefin út 2011.
- Íslendingar leiddu verkefnisstjórn og undirbúning norrænnar vinnuverndarráðstefnu sem haldin er árlega til skiptis í löndunum. Fyrirhugað var að halda hana á Íslandi í október en henni var aflýst vegna dræmrar þátttöku. Talið er að eldgosið í Eyjafjallajökli hafi valdið en skráning fór fram á þeim tíma sem áhrif þess voru mest á samgöngur í Evrópu.

Verkefni með þátttöku Íslands:

- Ráðstefnan „Arbejdsmigranters arbejdsmiljø og vilkår i Norden“ var haldin í Kaupmannahöfn í nóvember á vegum danska vinnueftirlitsins og dönsku rannsóknastofnunarinnar í vinnuvernd. Hún var liður í formennskuáætlun Dana og var einnig hluti af hnattvæðingarverkefni ráðherranefndarinnar þar sem áhersla er lögð á stöðu erlendra starfsmanna á norrænum vinnumarkaði, vinnuskilyrði og vinnuvernd. Á ráðstefnunni voru kynntar niðurstöður frumrannsóknar um stöðu innflytjenda á vinnumarkaði á Norðurlöndum en þær hafa jafnframt verið gefnar út. Á ráðstefnunni kynntu fulltrúar norrænu vinnueftirlitanna hvernig eftirlit með vinnuumhverfi erlendra starfsmanna í löndunum fer fram og reynsluna af því.
- Lokið var við verkefni um hvernig vinnuumhverfisvottun fyrirtækja geti komið í stað hefðbundins eftirlits með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Skýrsla með niðurstöðum verkefnisins hefur verið birt á www.norden.org.[15]
- Bók á vegum norræns verkefnis um öryggishegðun kom út á íslensku snemma árs 2009 og hefur orðið grundvöllur að námskeiðshaldi um öryggishegðun í íslenskum fyrirtækjum sem nýlega var hleypt af stokkunum hjá Vinnueftirlitinu.[16]
- Verkefnið NOVO um samspil hagræðingar í heilbrigðisgeiranum og vinnuverndar er enn í gangi. Gert er ráð fyrir norrænni ráðstefnu á vegum verkefnisins haustið 2011 hérlendis í samvinnu við Háskóla Íslands.
- Skýrsla um rannsóknir á einelti á vinnustöðum og viðbrögð við því kemur út 2011. Á síðustu árum hefur einelti á vinnustöðum verið viðurkennt sem vandamál í atvinnulífinu. Viðfangsefnið er vandmeðfarið og oft snúið úrlausnar. Þess er vænst að niðurstöður verkefnisins verði leiðbeinandi fyrir stjórnvöld vinnuverndarmála um viðbrögð við þessum vanda.

---

[15]Skýrslan „Arbejdsmiljøcertificering som tilsynsredskab og -strategi – Resultater og anbefalinger“.

[16]Sjá bókina á: www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlitupload/files/fraedsluefni/ baeklingar/byggt_a_ oryggi_ net.pdf

Kynnt var ný stefna NMR varðandi útgáfu á skýrslum og öðru efni. Á fundum vinnuverndarnefndarinnar hafa komið fram áhyggjur af að þessi stefna takmarki miðlun upplýsinga frá nefndinni og óskað var eftir að málið kæmi til umræðu í EK-A.

Norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar

Norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA) átti eins og fyrr segir við nokkra rekstrarerfiðleika en stofnunin fékk viðbótarfjárframlag sem á að koma rekstri hennar í jafnvægi. Námskeiðshald var með hefðbundnu sniði.

Haldnir voru tveir stjórnarfundir á árinu. Markmið fundanna er fyrst og fremst að vera stefnumótandi um innihald og umfang námskeiða. Áfram er lögð áhersla á að námskeiðin nýtist sérfræðingum og verðandi sérfræðingum á sviði vinnuverndar. Þá er lögð áhersla á að ná til stjórnenda, þeirra sem sinna vinnuverndarstörfum í fyrirtækjum og þeirra sem vinna hjá vinnueftirlitsstofnunum.

Haldið var þriggja daga námskeið á Íslandi með 35 þátttakendum um sálfélagsvinnuumhverfi og áhættumat. Þá var skipulagt farandnámskeið sem haldið var í öllum norrænu löndunum. Um var að ræða eins dags námskeið sem fjallaði um vinnuvernd og öreindatækni. Námskeiðið í Reykjavík var haldið í nóvember með 25 þátttakendum. Öreindatækni er vaxandi grein og mikilvægt að fylgjast vel með henni. Námskeiðið er grunnur fyrir slíkt hér á landi á sviði vinnuverndar og öreindatækni.

Gert er ráð fyrir þrettán námskeiðum á vegum NIVA árið 2011 og verða þrjú þeirra haldin á Íslandi. Vegna fjárhagsstöðunnar var fallið frá því að veita styrki til námsmanna á NIVA-námskeiðum.

Áfram er gert ráð fyrir vissum sveigjanleika í starfsáætlun NIVA þannig að hægt sé að skipuleggja námskeið með stuttum fyrirvara. Áhersla er lögð á samstarf við menntastofnanir á Norðurlöndum sem vinna að hliðstæðum verkefnum.[17]

10. Atvinnumál, orkumál og byggðamál

Undir *norrænu ráðherranefndinni um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER)* starfa tvær embættismannanefndir um viðkomandi málaflokka, *embættismannanefndin um byggðamál (EK-R) og embættismannanefndin um atvinnu- og orkumál (EK-NE).* Þó um eina embættismannanefnd sé að ræða á sviði atvinnu- og orkumála er þó oftast fundað aðskilið um málaflokkana, þ.e. EK-NE/Næring og EK-NE/Energi, og byggist umfjöllunin hér á eftir á því fyrirkomulagi.

Haldinn var ráðherrafundur í Kaupmannahöfn 25. október, þar sem fjallað var um orkumál og atvinnumál. Á fundinum lögðu orkumálaráðherrarnir meðal annars áherslu á að auka skilvirkni norræna raforkumarkaðarins og að aukin áhersla verði á samstarf um lausnir er lúta að orkunýtni. Atvinnumálaráðherrarnir samþykktu á sínum fundi meðal annars nýja samstarfsáætlun um atvinnu- og nýsköpunarmál fyrir árin 2011–2013.

Á árinu var fram haldið vinnu við hnattvæðingarverkefnin sem byrjað var að skilgreina árið 2007 samkvæmt ákvörðun forsætisráðherranna. Hnattvæðingarverkefnin hafa nokkuð breytt þeim áherslum sem embættismannanefndirnar hafa starfað eftir og reynt talsvert á þverfaglegt samráð en aukin þverfagleg samvinna var eitt af markmiðum þessara verkefna.

Markvisst hefur verið unnið að auknu samstarfi norrænu stofnananna sem staðsettar eru í Osló, Nordisk Energiforskning (NEF), Nordisk InnovationsCenter (NICe) og NordForsk.

---

[17]Nánar um NIVA og fyrirhuguð námskeið á: www.niva.org

Áhersla á aukið samstarf miðar að því að nýta sameiginlegan styrk þjóðanna svo áhrif þeirra aukist á alþjóðavettvangi. Þar hafa norrænu þjóðirnar mikið fram að færa. Á árinu var áfram unnið að fyrstu öndvegisáætluninni um orku-, umhverfis- og loftslagsmál sem var ýtt úr vör á hnattvæðingarþingi norrænu forsætisráðherranna á Íslandi árið 2009. Mikill áhugi hefur verið á verkefnunum. NICe stýrir tveimur af sex áherslusviðum áætlunarinnar, þeim sem fjalla um nanótækni og orkunýtingu annars vegar og um bindingu og geymslu koldíoxíðs (CO2) hins vegar. NEF stýrir einnig tveimur verkefnum, þ.e. þeim sem lúta að sjálfbærni lífeldsneytis og aðlögun vindorku að raforkukerfinu. Hin tvö verkefnin fjalla um aðlögun að loftslagsbreytingum og loftslagsbreytingar og freðhvolfið. Íslenskir aðilar taka þátt í stjórnun allra verkefnanna.

Haldnir voru fjórir fundir í EK-R, fimm fundir í EK-NE/Næring og fimm fundir í EK-NE/Energi, auk nokkurra styttri símafunda. Engir sameiginlegir fundir voru haldnir með embættismannanefndum EK-NE þetta árið en EK-NE/Næring og EK-R áttu einn sameiginlegan fund.

Fleiri mál voru afgreidd skriflega en nokkru sinni fyrr. Það hefur bæði kosti og galla. Kostirnir eru þeir að hægt er að afgreiða mál milli funda, sem ella hefðu þurft að bíða afgreiðslu en helsti ókosturinn er að fyrir kemur að mál eru afgreidd án umræðu og jafnframt getur orðið erfitt að ná niðurstöðu ef ekki er fullkomin samstaða.

Atvinnumál

Á vettvangi EK-NE/Næring var á ráðherrafundi í október samþykkt ný *samstarfsáætlun um atvinnu- og nýsköpunarmál fyrir árin 2011–2013.*

Framtíðarsýn nýju áætlunarinnar er að Norðurlönd verði forystusvæði í nýsköpun á sviði græns hagvaxtar og velferðarmála. Áætlunin byggist á þeim sjónarmiðum að mikilvægt sé að bregðast við þeim áskorunum sem Norðurlönd standa frammi fyrir. Er þar einkum átt við efnahagskreppuna og samkeppni við ný hagvaxtarsvæði, loftslagsbreytingar og aukna eftirspurn eftir grænum viðskiptalausnum og einnig þær lýðfræðilegu breytingar sem felast í því að sífellt hækkandi hlutfall íbúa er eldri borgarar.

Áætlunin gildir nú til þriggja ára í stað fimm áður og er ætlunin að vinnan samkvæmt henni verði markvissari. Mikill vilji er til þess meðal norrænna atvinnumálaráðherra að komið verði á nánu norrænu samstarfi á sviðum þar sem augljóst er að mikill ávinningur er af því að sameina krafta og þekkingu á Norðurlöndum. Áhersla verður á sex svokölluð „kyndilverkefni“ sem eiga að vera fyrirmyndir fyrir norrænt samstarf um nýsköpun. Hvert landanna mun hafa umsjón með a.m.k. einu slíku verkefni. Kyndilverkefnin eru þessi:

Á sviði nýsköpunar:

- Ætlunin að koma á fót norrænum nýsköpunarvettvangi sem getur sett fram metnaðarfulla og öfluga áætlun um þróun nýsköpunar á sviði græns hagvaxtar og velferðar. Ísland hefur umsjón með verkefninu.
- Mörkuð verður norræn stefna um samfélagsábyrgð fyrirtækja (CSRstrategi) með áþreifanlegum verkefnum og raunhæfri sýn á málið.

Á sviði frumkvöðlastarfs:

- Stofnað verður norrænt þekkingarsetur þar sem lögð verður áhersla á frumkvöðlafræðslu.

Á sviði græns hagvaxtar:

- Efnt verður til norrænnar nýsköpunaráætlunar um orku- og loftslagsvænar byggingar.

- Unnið verður að sameiginlegri markaðssetningu norrænna fyrirtækja sem starfa að nýsköpun.
- Unnið verður að samnorrænni markaðssetningu á grænni tækni.

Á sviði heilbrigðismála:

- Unnið verður sameiginlega að nýsköpun í opinberum innkaupum og löggjöf.

Auk kyndilverkefnanna verður áfram unnið að ýmsum verkefnum sem þegar eru í framkvæmd. Má þar nefna *hnattvæðingarverkefnin* KreaNord, verkefni um orku og samgöngur ásamt verkefni um nýsköpun og frumkvöðlastarf á heilbrigðissviði.

Á vettvangi norræns samstarfs um skapandi greinar, *KreaNord,* var unnið markvisst starf á árinu og var stefna þar um samþykkt á ráðherrafundi í lok október. Stefnumiðin eru þrjú og byggjast á þeim gildum að menning og skapandi greinar séu hvatar fyrir vöxt, atvinnuþróun og nýsköpun á Norðurlöndum. Norrænt samstarf um menningu og skapandi greinar muni stuðla að styrkingu samkeppnishæfni, bæta hnattræna stöðu greinanna og efla möguleika þeirra sem hluta af verðmætasköpun hefðbundins iðnaðar. Stefnumið eitt er að efla markvisst samstarf og skoðanaskipti milli skapandi greina í löndunum og efla samstarf við aðrar greinar atvinnulífsins til að stuðla að virðisauka, nýsköpun og vexti. Stefnumið tvö er að stuðla að nýjum tækifærum fyrir aðgang að alþjóðamörkuðum, fjármögnun og að laða erlenda fjárfestingu að skapandi greinum á Norðurlöndum. Stefnumið þrjú er að stuðla að því að menning og sköpun verði hluti af norrænni menntun á öllum stigum og að frumkvöðlastarf og fræðsla um viðskipti verði hluti af menntun á sviði menningar og lista. Að auki bættu ráðherrarnir við fjórða stefnumiðinu sem er um sameiginlegan markað á Norðurlöndum fyrir menningu og skapandi greinar. Ofangreind stefnumið verða leiðarljós stýrihópsins árin 2011 og 2012. Á árinu 2011 verður unnið að tólf verkefnum sem snúa meðal annars að virkara samstarfi stjórnvalda, rannsókn á umfangi skapandi greina á Norðurlöndum, rannsókn á hugverkaréttindum, kortlagningu fjármögnunarmöguleika, samstarfi viðskiptaengla, rannsókn á nýsköpunarkrafti, samstarfi á sviði tónlistar (NOMEX) og mati á starfi KreaNord.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) vinnur að framgangi nýsköpunar og atvinnustarfsemi á Norðurlöndum á breiðum grundvelli.

NICe fjármagnar greiningarstarf til að undirbyggja stefnumótun en einnig þverfaglegt samstarf og samstarf atvinnulífs og rannsókna til að efla nýsköpun á Norðurlöndum. Markmiðið er að auka þekkingu og færni í nýsköpun og kynna niðurstöður verkefna miðstöðvarinnar. NICe vinnur að því að Norðurlönd verði virkur innri markaður án landamæra þar sem ekkert heftir frjálsan flutning hugmynda, fjármagns, fólks eða afurða og þannig myndist forsendur fyrir aukinni samkeppnishæfni.

Skrifstofa miðstöðvarinnar er í Osló, starfsmenn eru 19 og koma hvaðanæva af Norðurlöndum en auk þess starfa tveir við sérverkefni. Velta miðstöðvarinnar var rúmlega 83 milljónir norskra króna á árinu, þar af voru 78 milljónir af norrænum fjárveitingum en 5 milljónir voru sjálfsaflafé.

NICe hefur unnið markvisst að endurnýjun á stefnu sinni með hliðsjón af nýjum samningi við NMR um nýsköpun og uppbyggingu atvinnulífs. Í tengslum við stefnumótunina voru haldnir tveir fundir á Íslandi með hagsmunaaðilum og öðrum áhugasömum til að kalla eftir viðhorfum þeirra og til að kynna hugmyndir að nýrri stefnu.

Í tengslum við þing Norðurlandaráðs bauð NICe til fundar og móttöku í Norræna húsinu í Reykjavík, þar sem starfsemi NICe var kynnt, auk þess sem kynnt voru verkefni sem Ís-

lendingar hafa tekið þátt í. Það var liður í að gera norrænt samstarf sýnilegt fyrir almenningi þar sem takmarkaður aðgangur var að þinginu sjálfu.

Í kjölfar greiningar á stjórnsýslulegum landamærahindrunum á norrænum mörkuðum voru á árinu sett í gang verkefni sem miða að því að samræma staðla og vottanir í þjónustugreinum. Íslensk fyrirtæki sem tengjast stöðlum og vottunum eru þátttakendur í verkefnunum. NICe styrkir nokkur áherslusvið, sem breytast ár frá ári í takt við áherslur formennskulandsins. Danir lögðu á formennskuári sínu fram stefnu um vöxt atvinnulífsins með aukinni framleiðni, grænt atvinnulíf og visthæfi, og þróun velferðarsamfélagsins.

NICe bauð iðnaðarráðherra og fulltrúum tíu íslenskra fyrirtækja á Gulltaggen á ráðstefnu sem haldin var í Osló 27.–29. apríl og fjallaði um að nota upplýsingatækni og miðlun í þágu fyrirtækja.

Íslensk fyrirtæki hafa tekið þátt í fjölmörgum verkefnum á vegum NICe og má þar nefna „Measuring and Managing“, verkefni sem ætlað er að greina og þróa nýsköpunarhæfni fyrirtækja, og „Nordic cleantech alliances“ en þátttaka íslenskra fyrirtækja hefur meðal annars leitt til stofnunar Clean Tech Iceland, sem eru samtök fyrirtækja í grænni tækni. Verkefni sem snýr að nýsköpunartækifærum í sjósókn og vinnslu afurða hafsins er í undirbúningi og munu þar gefast mörg tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki og stofnanir til samstarfs.

NICe leggur áherslu á að kynna starfsemi og niðurstöður verkefna sem styrkt eru og voru á árinu gefnar út skýrslur um mörg þeirra. Vegna kostnaðar var ákveðið að takmarka mjög útgáfu á prentefni en leggja áherslu á veflausnir.[18]

Orkumál

Starfað var á árinu eftir nýrri *samstarfsáætlun um orkumál fyrir árin 2010–2013* og var lögð áhersla á þá þætti sem eru þungamiðjan í áætluninni, þ.e. norræni raforkumarkaðurinn, endurnýjanleg orka, orkunýtni og orkusparnaður, og sjálfbær orkuöflun á dreifbýlum svæðum. Fjórir vinnuhópar starfa undir embættismannanefndinni EK-NE/Energi á ofangreindum fjórum áherslusviðum.

Við núverandi aðstæður taka Íslendingar ekki virkan þátt í vinnuhópunum en fylgst er með því sem fram fer og þátttaka er í einstaka verkefnum sem sérstaklega eiga við íslenskar aðstæður.

Vinnuhópur um orkunýtni hélt fund og vinnustofu með íslenskum aðilum hér á landi í júní en aukin áhersla er að færast á þann málaflokk, enda undirrituðu norrænu orkuráðherrarnir á fundi sínum í október áskorun til framkvæmdastjórnar ESB þar sem þeir árétta mikilvægi málaflokksins og hvetja til að tekið sé tillit til þess í stefnumótun ESB.

Í vinnuhópum embættismannanefndarinnar hafa meðal annars verið sett á laggirnar verkefni er miða að því að skoða sameiginlega hagsmuni norrænu landanna varðandi útfærslu einstakra þátta í tilskipunum ESB á sviði orkumála, svo sem varðandi upprunaábyrgð raforku, sveigjanleikaákvæði í tilskipun um endurnýjanlega orku og ákvæði um orkumerkingar. Iðnaðarráðuneytið mun fylgjast með framgangi þeirra verkefna eftir föngum.

Haldin var ráðstefna í Finnlandi þar sem fjallað var um upplýsingar til neytenda um orkumál, einkum hvað varðar orkumerkingar og möguleika til orkusparnaðar. Á ráðstefnunni var flutt erindi um stöðu þessara mála hér á landi.

Fulltrúi Neytendastofu, sem fer með málefni orkumerkinga og upprunaábyrgð á heimilistækjum, tók þátt í verkefni er lýtur að norrænni samvinnu í prófunum heimilistækja.

---

[18]Sjá útgefið efni á www.nordicinnovation.net

Orkumál samgangna fá nú aukið vægi í norrænu samstarfi og má segja að á formennskuári Íslands árið 2009 hafi línurnar verið lagðar í þeim efnum. Hinu þverfaglega verkefni „Orka og samgöngur“ var hleypt af stokkunum á árinu en markmið þess er að Norðurlönd verði leiðandi svæði í Evrópu hvað varðar þróun, prófun og notkun sjálfbærra samgöngulausna. Stýrihópur verkefnisins er skipaður einum til tveimur fulltrúum frá hverju landi og er fulltrúi Íslands frá Orkustofnun. Verkefnið er til þriggja ára og heildarfjármögnun er 30 milljónir danskra króna. Megnið af því fjármagni mun fara í að styrkja verkefni eða afmarkaðar rannsóknir, eftir því sem stýrihópur telur áhrifaríkast. Áherslur verkefnisins eru á rafbíla, visthæft eldsneyti og samgöngukerfi. Verkefnastyrkir voru fyrst auglýstir í september og heildarfjármagn var tólf milljónir norskra króna. Að þessu sinni var áhersla lögð á rafbíla en skipt niður á nokkrar mismunandi fjármögnunarleiðir sem flestar gerðu ráð fyrir um 50% meðfjármögnun. Alls bárust 24 umsóknir að upphæð tæplega 38 milljónir norskra króna. Aðeins hefur verið tekin endanleg ákvörðun um fjórar umsóknir að svo stöddu en a.m.k. ein umsókn, sem hefur íslenska tengiliði, verður styrkt. Við næstu styrkauglýsingar úr verkefninu verða ekki gerðar jafn afmarkaðar kröfur um verkefni. NEF og NICe fara sameiginlega með stjórn verkefnisins.

EK-NE/Energi styrkti í annað sinn hina árlegu ráðstefnu „Driving Sustainability“, sem haldin var í Reykjavík í september. Ráðstefnan þótti falla vel að þeim áherslum sem nú eru lagðar í norrænu samstarfi um vistvænar samgöngur. Með því að styrkja ráðstefnuna var tryggð aðild að undirbúningi og jafnframt tryggt að norræn verkefni fengju umfjöllun á ráðstefnunni.

Norrænar orkurannsóknir

Stofnunin Norrænar orkurannsóknir (NEF) er með skrifstofu í Osló og eru starfsmenn fjórtán. Hlutverk NEF er að stuðla að rannsóknum og nýsköpun á sviði orkumála, með því að styðja þróun á nýjum tæknilausnum og nýjum orkukerfum. Horft er til þess að efla samvinnu sérfræðinga og vísindamanna á Norðurlöndum og auka tengsl við iðnaðinn. Á styrktímabilinu 2007–2010 voru 16 rannsóknar- og þróunarverkefni unnin með styrk frá NEF. Þá styrkti NEF sjö verkefni um stefnumótun á sviði orkumála á tímabilinu.

Í núverandi áætlun hefur verið horft til endurnýjanlegrar orku, orkuhagkvæmni, nýtingar vetnis sem orkubera, orkumarkaða og áhrifa loftslagsbreytinga á orkuframleiðslu. Íslendingar voru í forsvari fyrir tveimur verkefnum, annað var um áhrif loftslagsbreytinga á orkuframleiðslu undir stjórn Árna Snorrasonar, forstjóra Veðurstofu Íslands, og hitt um vetni undir stjórn Hannesar Jónssonar, prófessors við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

Undiráætlanir öndvegisrannsóknaverkefnisins (TFI) í samvinnu við systurstofnanirnar í Osló, NICe og NordForsk, fóru vel af stað og hafa allar sex undiráætlanir samið um verkefnisstyrki. Auglýstir voru styrkir til CCS (bindingar og geymslu koldíoxíðs) í byrjun janúar 2011.

NEF hefur umsjón með áætlunum um vindorku og vistvænt eldsneyti. Stjórnarformaður NEF situr í stýrihópi um Öndvegisrannsóknir.

Starfsárið fór að stórum hluta í stefnumótun fyrir tímabilið 2011–2014 og undirbúning fyrir auglýsingu styrkja. Tveggja þrepa umsóknarferli var sett af stað í september og er fjármagn til úthlutunar alls 100 milljónir norskra króna fyrir tímabilið. Hægt var að sækja um í tvo flokka, annars vegar iðnaðarrannsóknir og hins vegar hagnýtar rannsóknir hjá stofnunum og háskólum. Lögð var áhersla á að verkefnin hefðu skýra framtíðarsýn varðandi þróun sjálfbærra orkukerfa næstu áratugi og horft fram til ársins 2050. Verkefnin þurfa að fjalla um

a.m.k. tvö og helst öll þrjú eftirfarandi svið: endurnýjanlega orku, nýjar leiðir í dreifingu orku og orkumarkaði og vistvænar samgöngur. Alls bárust 90 umsóknir, 23 í iðnaðarhlutann og 67 til hagnýtra rannsókna. Eru Íslendingar þátttakendur í 29 umsóknum.

Í stefnu NEF er áfram lögð áhersla á að byggja upp tengsl meðal þeirra er vinna að orkumálum og að styrkja doktorsnema. Jafnframt er nú aukin áhersla lögð á hagnýtar iðnaðarrannsóknir sem og leiðir til að rannsóknarniðurstöður skili sér inn í umræður um orkustefnu landanna. Þá er horft til þróunar á sjálfbærum orkukerfum, breiðrar samvinnu og heildarlausna.

Í október var í Kaupmannahöfn haldið upp á 25 ára afmæli NEF. Þar tóku þátt margir núverandi og fyrrverandi stjórnarmenn, starfsmenn og styrkþegar, sem og áhugasamir aðilar sem ekki hafa komið að NEF áður.[19]

Byggðamál

Í gildi er *samstarfsáætlun um byggðamál fyrir tímabilið 2009–2012* sem unnið var eftir á árinu en þess ber að geta að starfið í nefndinni bar þess nokkur merki hve seint verkefnaáætlun ársins var lögð fram.

Umræða fór fram í nefndinni á árinu um hvert eigi að vera inntak byggðastefnu í norrænni samvinnu og hvernig auka megi áhuga stjórnmálamanna jafnt sem almennings á viðfangsefninu. Þessi umræða er meðal annars til komin vegna þess að á sameiginlegum ráðherrafundum um atvinnu-, byggðaog orkumál hefur ekki reynst unnt að koma byggðamálum á dagskrá síðustu árin. Þá hefur reynst þungt undir fæti að koma verkefnum tengdum byggðamálum inn í hnattvæðingarverkefnið.

Vinnunefndirnar fjórar á vegum EK-R störfuðu af krafti. Eins og á árinu 2009 tóku Íslendingar ekki þátt í störfum nefndanna. Skoðað verður hvort mögulegt sé að birta efni frá nefndunum á www.norden.org undir byggðamálum þar sem oft er um að ræða áhugavert efni sem á erindi við marga. Vinnunefndirnar hafa meðal annars fjallað um: borgir og hnattvæðinguna, mælanleika á aðgengi að þjónustu í strjálbýli, norrænt og evrópskt svæðasamstarf, samþættingu byggðastefnu og nýsköpunarstefnu og norrænt samstarf varðandi endurskoðun á byggðastefnu ESB.

Einnig vann EK-R að eftirtöldum verkefnum á árinu:

a. Gerð var athugun á þróunarmöguleikum strjálbýlla svæða á sviði

ferðamála undir yfirskriftinni „sjálfbærar sveitir“. Verkefni sem á að greina þróun ferðaþjónustu á strjálbyggðum svæðum og hvar vaxtarmöguleikar þessara svæða liggja.

- Gerð var greining á svæðastefnu ESB vegna þeirrar endurskoðunar sem nú fer fram á stefnunni af hálfu sambandsins. Er hugmyndin sú að vinna sameiginlegar athugasemdir og koma þeim á framfæri við ESB varðandi bæði svæða- og byggðastefnu sambandsins.
- Veittur var stuðningur til vinnu OECD við úttekt á NORA-svæðinu. Einnig var styrkt verkefni sem snýr að stefnumótun um eflingu samstarfs við nágranna í Vesturheimi og í Norður-Atlantshafi.[20]
- Gerð var könnun með þátttöku EK-R á hvort líta megi á framleiðslu endurnýjanlegrar orku á strjálbýlum svæðum sem byggðaaðgerð.

Svæðisbundið samstarf verður styrkt á tólf svæðum á Norðurlöndum árið 2011 en þar við bætist Norræna Atlantssamstarfið (NORA). Við úthlutun fjár til svæðisbundna samstarfsins

---

[19]Sjá á heimasíðu NEF rit sem gefið var út í tilefni afmælisins: www.nordicenergy.net/

[20]Sjá einnig í 15. kafla.

er unnið eftir stefnu sem nær til áranna 2009– 2012. Bætast þar við svæðin MittSkandia og Østfold-Värmland.

Embættismannanefndin átti sem fyrr náið samstarf við norrænu rannsóknastofnunina í skipulags- og byggðamálum, Nordregio, en nýr samstarfssamningur sem nær til áranna 2010–2012 tók gildi í ársbyrjun.

Nordregio

Nordregio er norræn rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum. Hún er staðsett í Stokkhólmi og starfsmenn eru 32. Hlutverk stofnunarinnar er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála auk þess að þróa og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til viðeigandi stofnana innan þessara málaflokka á Norðurlöndum.

Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu, sem og í málum tengdum Eystrasaltsríkjunum, hefur farið vaxandi undanfarin ár. Reiknað er með að heildarvelta Nordregio 2010 verði 6% hærri en árið 2009 og nemi alls 35 milljónum sænskra króna. Hækkunin stafar meðal annars af betri verkefnastöðu. Samningur stofnunarinnar nær yfir tímabilið 2010–2012 en samkvæmt samningum á grunnframlag af norrænni fjárhagsáætlun að fjármagna um 30–40% af veltu Nordregio. Í stjórn sitja aðalfulltrúar frá norrænu ríkjunum fimm og áheyrnarfulltrúar frá Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi.

Stofnunin gefur út tímaritið „Journal of Nordregio“ sem kemur út ársfjórðungslega. Því er dreift ókeypis til áskrifenda og gefið út rafrænt á vefsíðu stofnunarinnar.[21] Vefsíðan er nú ein helsta fréttaveita Nordregio og hér er að finna rafræna tímaritið „European Journal of Spatial Development“, þar sem fjallað er um skipulagsmál og svæðaþróun.[22] Nordregio gaf út fjórar stórar rannsóknaskýrslur og tvær vinnuskýrslur ásamt því að taka þátt í fjórum öðrum útgáfum. Í desember gaf Nordregio út skýrsluna „Regional development in the Nordic countries“, þar sem helstu niðurstöður yfir tuttugu rannsóknaverkefna stofnunarinnar eru kynntar. Auk þess er að finna umfjöllun um byggðastefnu og tölfræðiupplýsingar um svæðisbundna þróun hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Skýrslan er fyrst og fremst ætluð þeim sem vinna við stefnumótun á sviði byggðamála.

Norræna Atlantssamstarfið

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. Aðalskrifstofa NORA er í Þórshöfn í Færeyjum en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Ísland á þrjá fulltrúa í nefndinni en iðnaðarráðuneytið á fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Aðildarlöndin skiptast á um formennsku, ár í senn, og tók Ísland við formennsku á árinu. Stærstur hluti tekna NORA var af norrænu fjárhagsáætluninni eða tæpar 6,3 milljónir danskra króna, auk verkefnaframlags að fjárhæð 1,4 milljónum danskra króna. Árlegt framlag aðildarlandanna var að þessu sinni einungis rúmar 1,4 milljónir danskra króna í stað 1,7 milljóna vegna þess að íslenska ríkið lækkaði framlag sitt um helming.

NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana á milli landanna. Málaflokkar verkefnastyrkjanna eru auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni, samgöngur og flutningar og efling fámennra byggðarlaga. Áhersla er lögð á samstarf innan samstarfssvæðisins og á miðlun

[21] Sjá vefsíðu Nordregio: www.nordregio.se

[22] Sjá tímaritið á: www.nordregio.se/EJSD

reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum en einnig er lögð áhersla á nýsköpun og sjálfbæra þróun. Samstarfsverkefni sem NORA hefur styrkt hafa skilað góðum árangri, ekki síst hvað varðar þekkingarmiðlun, rannsóknir, samstarf og markaðssókn. Styrkfjárhæðir geta numið allt að hálfri milljón danskra króna á ári. Að hámarki er greitt fyrir 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði fyrir styrk er að um samstarfsverkefni á milli NORA-landanna sé að ræða.

Á árinu var tvívegis úthlutað verkefnastyrkjum, í júní og desember. Alls bárust 67 umsóknir en athyglisvert er að aðeins 25 þeirra bárust á síðari umsóknarfresti. Úthlutað var 4,3 milljónum danskra króna til 18 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í 15 þeirra. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er því um 70–90%.[23]

Undanfarin ár hefur NORA styrkt tengsl við lönd við Norður-Atlantshaf – Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada – meðal annars í gegnum ýmis samstarfsverkefni. NORA stóð fyrir tveimur verkefnafundum á árinu. Sá fyrri var haldinn í mars í Kaupmannahöfn þar sem áhersla var lögð á öryggismál á hafi á norðurskautssvæðinu og var sá fundur í samstarfi við Norðurslóðaáætlun ESB. Seinni fundurinn, sem var haldinn í apríl í Reykjavík, nefndist „New Opportunities“ og fjallaði um fiskeldi og orkumál en auk NORA-landanna tóku nokkrir aðilar frá Kanada þátt. Í kjölfar þessara funda urðu til nokkur samstarfsverkefni. Svæðagreining OECD á NORA-svæðinu var áfram í vinnslu á árinu og má vænta niðurstöðu snemma árs 2011.

11. Félags- og heilbrigðismál

Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S)

Skipulag og málefni heilbrigðisþjónustu voru mikið til umræðu á vettvangi ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál á árinu. Á árlegum fundi sínum 21.–22. júní í Álaborg í Danmörku ræddu ráðherrarnir um samþjöppun og sérhæfingu í heilbrigðisþjónustunni. Sjónum var beint að tengingunni milli nýju hátækni- og sérgreinasjúkrahúsanna og grunnheilsugæslunnar en svo virðist sem margir sem þjást af langvinnum sjúkdómum fái ekki viðhlítandi þjónustu og við því þarf að bregðast með skipulögðum hætti.

Annað meginþema fundarins fjallaði um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir að fjölskyldur missi tök á lífi sínu og geti ekki séð sér farborða. Mads Roke Clausen, framkvæmdastjóri hinnar frjálsu dönsku mæðrahjálpar, gerði grein fyrir stöðu mála en blaðamaðurinn Mogens Gyde stýrði umræðunum. Einkum var rætt um samspil hins opinbera og frjálsra félagasamtaka, heildarmynd og þverfaglegt samstarf og hvernig samskiptum borgaranna við félagsmálakerfið verði best háttað.

Meðal annarra málefna fundarins voru samnorræn stefnumörkun í vímuefnamálum, löggilding lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks, heilbrigðisöryggi og varnir gegn farsóttum, skimun fyrir krabbameinum, geðheilbrigðismál og eftirfylgni átaks í málaflokknum, heilsa og velferð og staða norræna sáttmálans um félagslega aðstoð og þjónustu.

Á sviði félags- og heilbrigðismála er unnið samkvæmt *starfsáætlun sem gildir frá 2009.*

Norræna embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál (EK-S)

Embættismannanefndin fundaði fjórum sinnum á árinu. Á fundi í Kaupmannahöfn í mars var meðal annars rætt um samstarf á sviði heilbrigðis- og félagsmála sem tengjast hnattvæðingu, svo sem um heilbrigðan lífsstíl og stuðning við jaðarhópa. Þá var ákveðið að setja niður

[23]Sjá yfirlit yfir ný og eldri NORA-verkefni á: www.byggdastofnun.is

hóp til að skoða stjórnsýslulegar landamærahindranir varðandi heilbrigðis- og félagsþjónustu og annan hóp til að gera tillögur til MR-SAM um samstarf á sviði fötlunarmála, norræna fötlunarráðið. Enn fremur gerðu fulltrúar frá Norrænu hagskýrslunefndinni á sviði félags- og tryggingamála (NOSOSKO), Norrænu velferðarmiðstöðinni (NVC) og Norræna lýðheilsuháskólanum (NHV) grein fyrir megináherslum í starfsemi sinni.

Á fundi í Kaupmannahöfn í maí var fjallað um tillögu Norðurlandaráðs um átak gegn fíkniefnum, samstarf um viðbúnað gegn heilsuvá, hnattræna sýn á heilsu og velferð, stjórnsýslulegar landamærahindranir, gagnkvæma viðurkenningu á menntun heilbrigðisstétta, félagslegt öryggi, forgangsröðun og fjárveitingar til verkefna og undirbúning ráðherrafundarins í júní. Enn fremur gerðu fulltrúar frá Norrænu heilbrigðistölfræðinefndinni (NOMESKO) og Norrænu tannlækningastofnuninni (NIOM) grein fyrir starfsemi sinni.

Eftir fund ráðherranna í júní þingaði embættismannanefndin um niðurstöður ráðherrafundarins. Var farið yfir hvernig unnt væri að hrinda ákvörðunum ráðherranna í framkvæmd sem fyrst og var fjallað um aðgerðir til þess að hindra að læknar og annað fagfólk í heilbrigðisþjónustunni gætu sniðgengið gildandi reglur um löggildingu viðkomandi fagstétta.

Á fundi á Borgundarhólmi í október var ákveðið að koma á fót sérfræðingahópi til þess að undirbúa samstarf um hátæknilega meðferð í heilbrigðisþjónustunni. Einnig skyldi ráðist í að kanna forsendur fyrir því að stofna til norræns samstarfs um klínískar rannsóknir. Umboð samstarfsráðs um upplýsingatækni var framlengt. Loks var tekin ákvörðun um að undirbúa fyrir næsta fund umfjöllun um framtíð norræna samningsins um gagnkvæma viðurkenningu á menntun heilbrigðisstétta, svonefnds Arjeplog-samnings.

Starfshópur um hindranir á frjálsri för um Norðurlönd

Embættismannanefndirnar EK-S og EK-A ákváðu að setja á fót sameiginlegan, þverfaglegan starfshóp um hindranir á frjálsri för um Norðurlönd. Starfshópnum er ætlað að greina nánar ætlaðar hindranir á frjálsri för á sviði félagslegs öryggis og almannatrygginga í tengslum við vinnumarkað og félagsmál og gera tillögu að lausn þar sem þess er talin þörf. Vinna starfshópsins er þannig framlag til þeirrar vinnu sem fram fer í nefnd samstarfsráðherranna um afnám stjórnsýsluhindrana (GF). Starfshópnum er ætlað að skila skýrslu til embættismannanefndanna tveggja fyrri hluta árs 2012. Fyrstu fundir hópsins voru haldnir haustið 2010.

Stofnanir:

Norræni lýðheilsuháskólinn

Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV) er í Gautaborg og starfar samkvæmt samningi sem gerður er til þriggja ára í senn. Háskólinn er stofnun um æðri menntun og rannsóknir á sviði lýðheilsu og býður grunn-, símenntunar- og rannsóknanámskeið í lýðheilsufræðum fyrir starfsfólk í heilbrigðisgeiranum og á sviðum sem tengjast honum á Norðurlöndum.

Nýr rektor háskólans hefur gert ýmsar breytingar á starfsemi skólans í samvinnu við stjórn hans, meðal annars aukið kröfur við ráðningar kennara og lagt áherslu á að verkefni skólans séu fyrst og fremst á sviði þekkingar og þróunar í lýðheilsufræðum.

Norrænu lýðheilsuverðlaunin

Kaare R. Norum, prófessor emeritus, hlaut norrænu lýðheilsuverðlaunin að þessu sinni fyrir framúrskarandi rannsóknir í næringarfræði. Rannsóknir hans hafa beinst að fitusýrum, kólesteróli, A-vítamíni og næringarráðgjöf. Norum starfaði sem prófessor við háskólann í

Osló, hefur gegnt ábyrgðarstöðum í fjölmörgum alþjóðlegum samtökum og leitt næringarrannsóknir. Meðal annars hefur hann verið næringarráðgjafi fyrir WHO og formaður í næringarráði norska ríkisins. Hann var rektor Oslóarháskóla 1999–2001 og áður forseti læknadeildar. Árið 1972 hlaut hann læknisfræðiverðlaun Anders Jahres til framúrskarandi unglækna sem starfa að rannsóknum og 1995 fékk hann verðlaun Oslóarháskóla fyrir að miðla á aðgengilegan hátt rannsóknarniðurstöðum.

Norræna velferðarmiðstöðin

Verkefni Norrænu velferðarmiðstöðvarinar (NVC) er að auka gæði í félagsmálageiranum á Norðurlöndum með rannsóknum, þróunarstarfi, uppbyggingu tengslaneta og alþjóðlegu samstarfi. Miðstöðin hefur verið starfrækt frá ársbyrjun 2009 og hefur aðsetur í Stokkhólmi í Svíþjóð.

Á árinu var skilgreint verklag í samvinnu og samskiptum höfuðstöðvanna í Stokkhólmi við undirdeildirnar, þ.e. NVC Finland og NVC Danmark, sem á að tryggja aukna skilvirkni og árangur starfseminnar. Leitað var leiða við að samþætta verkefni og einfalda alla stjórnsýslu en starfsfólk starfseininganna tók virkan þátt í breytingunum.

Norræna velferðarmiðstöðin skilgreindi á árinu megináherslur sínar en þær snúa að velferðartækni, félagslegri þjónustu, þátttöku allra í vinnu, fötluðum, daufblindum, vímuefnarannsóknum og rannsóknum á sviði velferðar.

Þjónusta á sviði daufblindra var skoðuð í ljósi þeirra breytinga sem hafa átt sér stað á Norðurlöndum og ákveðið að beina áherslum í ríkara mæli að því að styrkja sérhæfða þekkingu á þessu sviði.

Norræna velferðarlíkanið var gert að áherslusviði innan NVC á árinu þar sem þættir eins og tengsl einstaklings og ríkis eru í brennidepli. Fjallað var um greiningu á þeim ógnum sem velferðarþjónustan stendur frammi fyrir í nútíð og framtíð og hvernig hugsanlega megi bregðast við þeim. Í tengslum við þessa umfjöllun var fyrirkomulag félagslegrar þjónustu á Norðurlöndum rætt. Þá var umræða um hvernig NVC gæti bætt upplýsingamiðlun og aukið samstarf við þá hagsmunaaðila í löndunum sem not hefðu af starfsemi stofnunarinnar.

Lýðheilsustöð tók þátt í undirbúningi fyrir ráðstefnu á vegum NVC um rannsóknir á sviði áfengis- og vímuefnamála. Ráðstefnan var haldin hér á landi dagana 23.–25. ágúst. Í framhaldi var einnig haldin norræn ráðstefna um forvarnir um sömu mál.

Samstarfsstofnanir:
Norræna tannlækningastofnunin

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM) hefur verið samnorrænt rannsókna- og þekkingarsetur sem hefur rannsakað og fylgst með gæðum og öryggi efna á norrænum markaði, sem notuð eru til tannlækninga, og dreift upplýsingunum til heilbrigðisyfirvalda, tannheilsustétta og almennings.

NIOM var breytt í norskt hlutafélag, NIOM AS, frá og með 1. janúar 2010. Hlutafélagið er í meirihlutaeigu UniRand AS sem er eignarhaldsfélag stofnana í eigu Oslóarháskóla. Þar með lauk 36 ára starfsemi NIOM sem samnorræns rannsóknarseturs. Samstarfssamningur við NMR gerir þó ráð fyrir að starfsemin haldist að mestu óbreytt. Telja verður líklegt að hið samnorræna yfirbragð minnki smám saman og blandist skyldri vísindastarfsemi tannlæknaskólans í Osló.

Á undanförnum árum hefur reynst erfitt að fá hæfa vísindamenn með reynslu og þekkingu á viðfangsefnum stofnunarinnar til starfa í yfirstjórn hennar. Forstöðumaður sagði starfi sínu

lausu eftir nokkurra mánaða starf en nýr stjórnarformaður NIOM AS hefur tekið við daglegum rekstri í hlutastarfi uns aftur hefur verið ráðinn forstöðumaður.

Í lok árs flutti stofnunin starfsemi sína í ný húsakynni við hlið tannlæknadeildar Oslóarháskóla.

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félags- og tryggingamála

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félags- og tryggingamála (NOSOSKO) gaf út ritið „Social tryghet i de nordiske lande 2008/09“. Ritið kemur eingöngu út rafrænt en styttri útgáfa á prenti er í vinnslu. Unnið er að þemahefti um ungt fólk í veikri stöðu á atvinnumarkaði.

NOSOSKO hélt aðalfund sinn í ágúst. Nokkrir fundir eru haldnir í ritstjórnarhópi NOSOSKO á ári og einnig nokkrir fundir fulltrúa hagstofa norrænu landanna um aðferðafræðilega þróun og samanburðarhæfni en fulltrúi Hagstofu tók ekki þátt í fundunum á árinu.

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO) ber meðal annars ábyrgð á því að samræma staðtölur á Norðurlöndum og að safna tölfræðilegum upplýsingum um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustu, sjúkdóma, dánarorsakir og tengda þætti.

NOMESKO kemur niðurstöðum sínum á framfæri í árlegri útgáfu af „Health Statistics in the Nordic Countries“ en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem birtar eru.[24] Gefin var út ársskýrsla og frekari gögn til úrvinnslu en í viðauka er fjallað um ýmsa mælikvarða á gæði heilbrigðisþjónustu. Ársskýrslan verður framvegis á rafrænu formi.

Þema NOMESKO á árinu var fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar. Öll norrænu löndin hafa innleitt SHA-flokkunarkerfið (System of Health Accounts) sem er alþjóðlegur staðall fyrir útgjöld til heilbrigðismála sem hefur verið þróaður af hálfu OECD í samvinnu við Hagstofu ESB (Eurostat) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO). Staðallinn felur í sér ítarlegri sundurliðun útgjalda og auðveldar samanburðinn á milli landa. Viðbætir ársskýrslunnar fjallar um fjármögnun heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum.

Helstu verkefni á árinu voru fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar, lyfjanotkunarupplýsingar, flokkun aðgerða, kostnaðargreiningar o.fl. Áfram var unnið í samstarfi við Eystrasaltsríkin um útgáfumál og námskeiðshald.

Norræna stofnunin um flokkanir í heilbrigðisþjónustu er í nánu samstarfi við NOMESKO. Samræming flokkunarkerfa og DRG (Diagnostic Related Groups) hefur í auknum mæli verið unnin af stofnuninni.

Norræna ráðið um málefni fatlaðra

Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR) er stefnumarkandi og ráðgefandi fyrir ráðherranefndina en ráðið sér til þess að málefni fatlaðra séu tekin á dagskrá á norrænum vettvangi og í hverju landi fyrir sig. Árið 2009 var starfsemi ráðsins metin og niðurstaðan var að á Norðurlöndum sé dýrmætt samfélag fatlaðra en að NHR hafi haft takmörkuð pólitísk áhrif og því ekki beitt sér sem skyldi. Á árinu var matinu fylgt eftir og ákvarðanir teknar um þær aðgerðir sem ráðast þarf í til að mæta tillögum matsskýrslunnar.

---

[24] Sjá heimasíðu nefndarinnar á: www.nom-nos.dk

Vinnuhópar:
Norrænn vinnuhópur um heilbrigðisviðbúnað

Samstarf um heilbrigðisviðbúnað byggist á samningi landanna frá 2002. Framkvæmd samningsins hefur verið í höndum vinnuhóps heilbrigðisyfirvalda á Norðurlöndum sem jafnan er nefndur Svalbarðahópurinn.

Finnland fór með formennsku í Svalbarðahópnum á árinu. Haldnir voru þrír fundir og árleg norræn ráðstefna um heilbrigðisviðbúnað sem fór fram á Álandseyjum í september.

Á ráðstefnunni var fjallað um eldgosið í Eyjafjallajökli og heilsufarslegar afleiðingar þess og einnig vandamál í Grænlandi, Finnlandi og öðrum norrænum löndum tengd eldgosinu. Einnig var fjallað um stjórn viðbragða við hamförum, öryggi lífsnauðsynlegrar starfsemi ríkja sem verða fyrir áföllum, geislavirkan úrgang, loftslagsbreytingar o.fl.

Meginverkefni vinnuhópsins á árinu var að skilgreina verkefnin framundan. Ákveðið var að mynda tvo starfshópa; annar fjallaði nánar um heildaráætlun vegna áfalla sem snerta norrænu löndin sameiginlega og hinn um mat á framkvæmdum aðgerða sem gripið var til vegna slíkra áfalla. Þá er ætlunin að útfæra nánar aðgerðaráætlun sem fyrir liggur um aðstoð við Norðurlandabúa sem staddir eru á áfallasvæðum utan Norðurlanda.

Svalbarðahópurinn fjallar einnig um smitsjúkdóma, farsóttir, eiturefni og geislavirk efni og aðgerðir gegn þeim.

Norrænn vinnuhópur um almannatryggingar

Meginverkefni vinnuhópsins er að fylgjast með framkvæmd landanna á sameiginlegum alþjóðlegum reglum um almannatryggingar, einkum Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Hópurinn er jafnframt ráðgefandi um almannatryggingar og metur hvort þörf sé á að endurskoða ákvæði samningsins eða reglur í löndunum, meðal annars vegna breytinga á löggjöf. Vinnuhópurinn fylgist með vandamálum sem tengjast réttindum þeirra sem fara milli norrænu landanna, svokölluðum stjórnsýsluhindrunum, og leggur til lausnir.

Fjallað var um stöðu mála varðandi fyrirliggjandi drög að nýjum Norðurlandasamningi um almannatryggingar, vinnu við gerð framkvæmdasamnings, verklag við undirritun samninganna og fullgildingu, stöðu mála varðandi breytingu á EES-samningnum vegna gildistöku nýrra almannatryggingareglugerða og stöðu Færeyja og Grænlands í tengslum við framkvæmd samninganna. Þá var fjallað um upplýsingagjöf til lífeyrisþega sem búsettir eru í öðrum EES-löndum, um breyttar reglur varðandi útgáfu á evrópska sjúkratryggingakortinu og samstarf sérfræðinga og tengiliða í norrænum stjórnsýslustofnunum um túlkun og framkvæmd nýja samningsins og almannatryggingareglugerðanna. Nauðsynlegt þótti að kalla aftur saman starfshóp sem settur var á stofn árið 2008 til að semja drög að nýjum Norðurlandasamningi. Starfshópurinn fór yfir drögin og athugasemdir frá nefnd samstarfsráðherranna um afnám stjórnsýsluhindrana (GF).

Samningur um norrænan vinnumarkað fyrir heilbrigðisstéttir og dýralækna

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum.

Eftirlitsnefnd samningsins tekur saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu ríkjanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningaskyldu vegna sviptingar eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

Umræða hefur verið um að fella samninginn niður þar sem ósamræmi virðist vera á Norðurlöndum um menntunarkröfur vissra heilbrigðisstétta. Leitað hefur verið eftir sjónarmiði Íslendinga sem vilja að samningurinn verði endurskoðaður með tilliti til menntunarkrafna.

12. Efnahags- og ríkisfjármál

Tveir fundir voru haldnir í norrænu ráðherranefndinni um efnahags- og ríkisfjármál (MR-Finans) á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn 22. mars. Í tengslum við fundinn var haldin ráðstefna vegna útkomu fyrsta tölublaðs af nýju riti á vegum ráðherranefndarinnar, „Nordic Economic Policy Review“. Seinni fundur ráðherranefndarinnar var haldinn í Osló 29. nóvember. Umræður á fundum ráðherranna hafa snúist um venjubundin málefni. Skipst er á upplýsingum um stöðu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum, fjallað er um skattamál og þá sérstaklega um átaksverkefnið um gerð upplýsingaskiptasamninga við skattaparadísir. Fjármálaráðherra Íslands hefur getað notað tækifærið og rætt við kollega sína um stöðu Íslands og samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Embættismannanefndin og ýmsir vinnuhópar

Meginverkefni norrænu embættismannanefndarinnar um efnahags- og ríkisfjármál (EK-Finans) er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Embættismannanefndin hélt sex fundi en tveir þeirra voru símafundir.

Eftirtaldir vinnuhópar hafa verið að störfum:

1. *Norræna efnahagsnefndin*
   Helsta verkefni norrænu efnahagsnefndarinnar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum, og hefur hún einnig fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármála- og efnahagsmálaráðuneytum landanna en fulltrúi Íslands kemur frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Á hverju hausti skilar nefndin skýrslu (Ekonomiska utsikter i Norden) um efnahagsmál til fjármálaráðherranna. Á síðustu árum hefur skýrslan legið fyrir þegar fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa mætt til reglulegs haustfundar. Haustfundur nefndarinnar fór að þessu sinni fram í Kaupmannhöfn og hafði danska fjármálaráðuneytið umsjón með gerð skýrslunnar.
2. *Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál*
   Vinnuhópurinn um umhverfis- og efnahagsmál starfar á vegum embættismannanefndanna EK-Finans og EK-M. Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Hópurinn hittist alla jafna tvisvar á ári. Fulltrúi umhverfisráðuneytis tók þátt í einum fundi en fulltrúi fjármálaráðuneytis engum.[25]

[25] Sjá einnig um vinnuhópinn í lok 13. kafla.

3. *Nefnd norrænna skattahagfræðinga*
   Verkefni þessarar nefndar er að fjalla um skattamál sem eru ofarlega á baugi á Norðurlöndum hverju sinni. Haldinn var einn fundur á árinu. Á dagskrá var eftirfarandi: fréttir af skattkerfum Norðurlanda, óbeinir skattar með tilliti til tekjudreifingaráhrifa o.fl., skattlagning óhollrar vöru, langtímaáhrif skattlagningar, skattlagning fjármálageirans og skattaívilnun vegna nýsköpunar í Noregi.
4. *Norræna launa- og starfsmannanefndin*
   Norræna launa- og starfsmannanefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við stofnanir NMR svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og NMR í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þau mál sem hún tekur til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og annast starfsmannastjóri undirbúning fundanna. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndar og stjórnarnefndar. Enn fremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna frá 9. des. 1988, um réttarstöðu norrænna stofnana, og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Haldnir voru þrír fundir í nefndinni á árinu. Þau mál sem nefndin fjallaði um á árinu eru meðal annars: umsögn um tillögu NSK um frávik frá svokallaðri átta ára reglu, skattaleg meðferð fulltrúa NMR sem vinna hjá Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi, hvaða þættir upplýsingalaga eigi að gilda um ráðningar í stöður við NMR, hvort taka eigi upp nýtt launakerfi fyrir þá sem starfa hjá NMR, stjórnarlaun stofnananna á nýju ári og laun forstöðumanna norrænna stofnana. Þá hafa verið haldnir fundir með fulltrúum Norræna hússins í Reykjavík.
5. *Norræn starfsmannaskipti*
   Markmiðið með norrænu starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu en NMR hefur haft forgöngu um að gera ríkisstarfsmönnum á Norðurlöndum kleift að stunda tímabundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum annars staðar á Norðurlöndum. Á árinu stóð til að leggja norrænu starfsmannaskiptin niður og var fjárveiting til þeirra felld niður fyrir árið 2010. Þó var ákveðið að gera úttekt á starfsmannaskiptunum til að meta þann ávinning sem af þeim var – hvernig þau hafi komið að notum fyrir styrkþegana, fyrir stofnanirnar sem senda styrkþega svo og stofnanirnar sem hafa tekið á móti styrkþegum. Niðurstaðan var að norrænu starfsmannaskiptin eru skólabókardæmi um góða norræna samvinnu og hefur nú verið ákveðið að verkefninu verði haldið áfram. Afgangur var af fjárveitingu ársins 2009 og fékk Ísland úthlutað 290.000 danskra króna til ráðstöfunar árið 2010. Styrkþegar voru tíu og hlutu þeir styrk allt frá einum mánuði til sex mánaða dvalar auk greiðslu ferðakostnaðar. Fjórir fóru til Svíþjóðar, þrír til Noregs, tveir til Danmerkur og einn til Finnlands.[26]
6. *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum*
   Samstarfið er vettvangur fyrir upplýsingamiðlun og skoðanaskipti milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í einum árlegum fundi yfirmanna skattamála og á milli þeirra er upplýsingum miðlað, meðal annars með því að send eru milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á fundinum í ár var gerð grein fyrir helstu breytingum á skattalögum í hverju landi fyrir sig á síðustu tólf mánuðum en þær breytingar markast mjög af efnahagsástandinu í kjölfar bankakreppunnar. Fulltrúi Íslands

[26]Sjá: www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/yfirlit/starfsaevin/skiptidvol/

gerði grein fyrir þeim skattaaðgerðum sem íslensk stjórnvöld hefðu þurft að grípa til vegna ástandsins. Auk þess var rætt um breytingar í skattamálum innan ESB, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á norrænu löndin, en sú umræða er orðin fastur liður á þessum fundum. Þá voru kynntar „amnesti“- skattareglur sem nýverið hafa verið lögleiddar í Danmörku og Noregi en þær gilda í tilvikum þar sem einstaklingur hefur frumkvæði að því að gefa sig fram við skattyfirvöld vegna vantalinna tekna, einkum tekna sem koma erlendis frá. Samstarf norrænu landanna við gerð upplýsingasamninga við þekktar skattaparadísir var einnig til umræðu á fundinum. Einnig var fjallað um mál einstakra ríkja og lausnir á þeim, meðal annars með tilliti til reynslu hinna ríkjanna.

7. *Norrænn stýrihópur um gerð upplýsingaskiptasamninga við lágskattaríki*
Í stýrihópnum sitja fulltrúar frá öllum norrænu löndunum auk verkefnisstjóra sem sinnir daglegum störfum. Stýrihópurinn hélt fjóra formlega vinnufundi á árinu auk þess sem fulltrúar hópsins sátu samningafund með sendinefnd frá Liechtenstein. Komist var að samkomulagi um gerð samninga við flestalla samningsaðila með tölvupóstsamskiptum og símtölum þar sem samningsfyrirmynd norrænu landanna er lögð til grundvallar að mestu leyti án athugasemda. Fyrir hönd Íslands voru undirritaðir 16 tvíhliða upplýsingaskiptasamningar við lágskattaríki á árinu og er heildarfjöldi undirritaðra samninga nú orðinn 29.

8. *Norræna skattrannsóknaráðið*
Markmið norræna skattrannsóknaráðsins er að stuðla að skattrannsóknum í lögfræði og hagfræði en ráðið heldur fund árlega. Að þessu sinni féll niður hin hefðbundna ráðstefna þar sem tekin eru fyrir ýmis rannsóknarverkefni á sviði skattamála. Næsta ráðstefna fer fram í Kaupmannahöfn í maí 2011.

9. *Norrænn embættismannafundur í skattamálum*
Embættismenn úr fjármálaráðuneytum og frá ríkisskattstjórum landanna hittast árlega til að ræða málefni er varða Norðurlandasamning til að komast hjá tvísköttun. Farið er yfir vandamál sem upp koma við túlkun samningsins auk ýmissa annarra atriða er varða meðal annars alþjóðaskattlagningu.

10. *Samstarf fjárlagastjóra norrænu landanna*
Fjárlagastjórar, það er forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Fjallað er um ýmis málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisrekstrinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er mikilvægur vettvangur til að miðla upplýsingum og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum og auðveldar samskipti milli fjármálaráðuneytanna. Vorfundur fjárlagastjóranna var að þessu sinni haldinn í tengslum við árlega ráðstefnu fjárlagastjóra OECD sem fram fór í Aþenu í byrjun júní. Röðin var komin að Íslandi að hafa umsjón með vorfundinum. Kynning fór fram á afleiðingum bankahrunsins og efnahagsáfallsins á Íslandi, mótvægisaðgerðum stjórnvalda, áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum og batnandi horfum á þeim grundvelli. Einnig var farið yfir áhrif fjármálakreppunnar á fjárhag hins opinbera annars staðar á Norðurlöndum.

11. *Sérfræðihópur um norræna fjárhagsáætlanagerð*
Hlutverk sérfræðihópsins um norræna fjárhagsáætlanagerð er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um norræna fjárhagsáætlun, bæði tæknilegri og efnislegri.

Hópurinn fjallar einnig um afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Auk embættismanna fjármálaráðuneyta landanna sitja starfsmenn frá skrifstofu NMR fundi. Á fundi hópsins í ár var tillaga NMR um fjárhagsáætlun kynnt en auk hefðbundinnar umfjöllunar um fjárhagsáætlunina var meðal annars farið yfir lausafjárstöðu NMR. Hópurinn lagði til að farið verði í ítarlegar greiningar á lausafjárstöðunni en sú spurning kemur stöðugt upp hvort lausafjárstaðan sé óþarflega há. Þá var farið yfir verðlagsreikninga rekstraráætlunarinnar en lagt var til að þar yrðu gerðar breytingar. Lagðar voru fyrir hópinn hugmyndir um að NMR lánaði norrænni undirstofnun fé, sem hópurinn mælti gegn.

12. *Norræna embættisnefndin fyrir Ísland*
Norrænu fjármálaráðherrarnir ákváðu í október 2008 að stofna nefnd með fulltrúum fjármálaráðherra einstakra ríkja til þess að hafa umsjón með og samræma aðgerðir Norðurlandaþjóða til að aðstoða Ísland. Nefndin hefur annast ýmis samræmingarverkefni vegna lánveitinga þjóðanna til Íslands.

Norræni fjárfestingabankinn

Norræni fjárfestingabankinn (NIB) var stofnaður 1975 með það að markmiði að bankinn aflaði lánsfjármagns á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum, veitti því til mikilvægra fjárfestingarverkefna á Norðurlöndum og styddi þannig við efnahagsþróun þeirra. Eistland, Lettland og Litháen gerðust aðilar að bankanum árið 2005 og eru aðildarlöndin nú því átta talsins. Hvert aðildarland skipar einn stjórnarmann og einn til vara. Þá skipar hvert land einn mann í endurskoðunarnefnd bankans. Á árinu voru haldnir átta stjórnarfundir hjá NIB, þar af einn í Reykjavík. Meginviðfangsefni stjórnar NIB tengjast hefðbundnum stjórnarstörfum svo sem frágangi áætlana um rekstur og fjárhag bankans og eftirliti með framgangi þeirra innan ársins. Þá eru allar stærri lánveitingar bankans háðar samþykki stjórnar. Málefni Íslands, sem tengdust falli íslenska fjármálakerfisins, hafa verið til umfjöllunar hjá stjórn bankans en bankinn varð fyrir verulegu tapi á árinu 2008 vegna fallsins. Meðal annars vegna þessa hefur NIB haldið að sér höndum um lánveitingar til Íslands frá þeim tíma en nú liggur fyrir að jákvæð breyting er á þeirri afstöðu.

Í stjórn og endurskoðunarnefnd af hálfu Íslands sitja Þorsteinn Þorsteinsson, stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins, og Ragnheiður Ríkharðsdóttir alþingismaður.[27]

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra:

1. *Eystrasaltsnefndin*
Norræna fjárfestingaráætlunin fyrir Eystrasaltsríkin miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót fjárfestingabönkum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk Eystrasaltsnefndarinnar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, meðal annars í nánu samstarfi við fulltrúa NIB, Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Áætluninni lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.
2. *Norræn-baltnesku ráðgjafanefndirnar*
Tvær embættismannanefndir eru starfandi til að tengja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna við fulltrúaskrifstofu þeirra í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nefndirnar

[27]Sjá nánar um NIB í 17. kafla.

eru skipaðar fulltrúum frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna. Önnur nefndin, Norræn-baltneska fjármálanefndin, er skipuð ráðuneytisstjórum og bankastjórum. Hin nefndin, Norræn-baltneska fulltrúanefndin, er undirnefnd þeirrar fyrri og í henni sitja fulltrúar þeirra efnahags- og alþjóðaskrifstofa sem sinna málefnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessar tvær nefndir tóku við því starfi sem áður hafði verið sinnt af ráðgjafanefnd um fjármál (NFU) og annarri, óformlegri nefnd sem var skipuð embættismönnum frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum. Helsta verkefni nefndanna er að móta sameiginlega afstöðu norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna til mála í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og leggja þá afstöðu í hendur fulltrúa landanna í stjórninni. Þá undirbýr hún aðkomu landanna að ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fundi í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norræn-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari.

3. *Ritnefnd „Nordic Economic Policy Review“*
Skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins hefur tekið þátt í störfum ritnefndar „Nordic Economic Policy Review“ sem er tímarit sem gefið er út á vegum MR-Finans. Tvö tölublöð hafa komið út og undirbúningur vegna útgáfu 3. bindis ritsins er langt kominn. Verið er að leggja drög að 4. bindi sem mun fjalla um hagfræði menntunar.

Fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana eins og fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Enn fremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínur eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands, Rússlands og Eystrasaltsríkjanna en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

13. Umhverfismál

Norrænt samstarf um umhverfismál byggist á áætlunum þar sem fram koma pólitískar áherslur norrænu umhverfisráðherranna um þau málefni sem þeir leggja áherslu á á Norðurlöndum, í svæðisbundnu samstarfi og á alþjóðavettvangi. Þessar áætlanir gilda til fjögurra ára í senn en nú er unnið eftir *áætlun sem gildir fyrir tímabilið 2009–2012*.[28] Eftirtaldir málaflokkar eru í brennidepli:

- Loftslagsmál og loftgæði.
- Hafið og strandsvæði.
- Líffræðileg fjölbreytni og þjónusta vistkerfa.
- Sjálfbær neysla og framleiðsla.

Auk áætlunarinnar í umhverfismálum hafa norrænu umhverfisráðherrarnir einnig mótað stefnu um loftslagsmál og hættuleg efni á norðurslóðum.[29]

Loks má nefna norræna stefnu um sjálfbæra þróun sem rekja má til sameiginlegrar yfirlýsingar norrænu forsætisráðherranna á árinu 2001 um sjálfbær Norðurlönd. Umhverfismál hafa frá upphafi verið ríkur þáttur í stefnunni en áherslur eru endurskoðaðar á fjögurra ára fresti.

---

[28] Sjá norrænu umhverfisáætlunina: www.norden.org/da/publikationer/publikationer/2008-735

[29] Sjá stefnu um loftslagsmál og hættuleg efni: www.norden.org/da/publikationer/publikationer/2006-788

Sú stefna sem nú er unnið eftir gildir fyrir tímabilið 2009–2012. Auk umhverfismála er rík áhersla lögð á félagslega þætti og menntun til sjálfbærrar þróunar.[30]

Ofangreindar áætlanir eru leiðarljós fyrir norrænt samstarf um umhverfismál. Sú forgangsröðun sem fram kemur í þeim endurspeglar ekki einungis þau málefni sem eru efst á baugi og talin mikilvægust fyrir Norðurlönd, heldur er æ ríkari áhersla lögð á að tengja norrænt samstarf við alþjóðlega strauma og stefnur um umhverfismál með það fyrir augum að koma norrænum sjónarmiðum og áherslum á framfæri. Norrænt samstarf beinist því ekki aðeins inn á við heldur í æ ríkara mæli að starfi stofnana eins og ESB og Sameinuðu þjóðanna en einnig að svæðisbundnum samtökum eins og Norðurskautsráðinu.

Norræna ráðherranefndin um umhverfismál (MR-M)

Loftslagsmál voru í brennidepli á fundum umhverfisráðherranna á árinu og lögðu ráðherrarnir mikla áherslu á að Norðurlönd verði samstíga og reyni að leggja fram sameiginlegar tillögur um tiltekin málefni í því skyni að greiða fyrir samningaviðræðum. Til að kynna norræn sjónarmið og lausnir í loftslagsmálum hafa umhverfisráðherrarnir stofnað tímabundinn starfshóp sem vinnur að faglegum úttektum af ýmsu tagi til að undirbyggja stefnumótun. Hópurinn vinnur náið með samninganefndum norrænu landanna um loftslagsmál og hefur meðal annars staðið fyrir kynningum um tiltekin efni á samningafundum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál. Málefni hafsins eru einnig ofarlega á baugi og samþykktu ráðherrarnir meðal annars áætlun um að kanna og þróa aðferðir við skipulag hafsvæða. Líffræðileg fjölbreytni var í brennidepli í aðdraganda 10. fundar samningafundar alþjóðasamningsins um líffræðilega fjölbreytni sem fram fór í Japan í október. Sjálfbær neysla og framleiðsla og grænt hagkerfi verða æ ríkari þáttur í norrænu umhverfissamstarfi. Þessi málefni verða í brennidepli á Rio+20 ráðstefnunni sem Sameinuðu þjóðirnar efna til árið 2012.

Norrænu umhverfisráðherrarnir hafa um árabil bent á þá hættu sem stafar af mengun af völdum kvikasilfurs og hafa þeir unnið náið saman að því á alþjóðavettvangi að vinna fylgi hugmyndum um alþjóðlegan skuldbindandi samning um kvikasilfur. Ísland hefur meðal annars tekið þátt í að flytja tillögur þar að lútandi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Tillaga um að hefja samningaviðræður var samþykkt á ráðherrafundi Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) í febrúar 2009. Fullyrða má að sú ákvörðun byggist ekki síst á frumkvæði og samstarfi norrænu umhverfisráðherranna um þetta mikilvæga hagsmunamál. Til að fylgja málinu eftir ákváðu norrænu umhverfisráðherrarnir að standa fyrir fyrsta samningafundinum um kvikasilfur og var hann haldinn í Stokkhólmi í júní 2010. Norræna ráðherranefndin veitti styrk til að fjármagna fundinn. Áætlað er að alþjóðasamningur um kvikasilfur líti dagsins ljós á árinu 2013.

Umhverfisráðherrarnir héldu fund á Íslandi í tengslum við þing Norðurlandaráðs í byrjun nóvember. Á fundinum var þemaumræða um hormónatruflandi efni sem er að finna í daglegum neysluvörum fólks. Ráðherrarnir ákváðu að hvetja Ungverja, sem gegna formennsku í ESB fyrri hluta árs 2011, til að taka málið til umfjöllunar í tengslum við efnavörulöggjöf ESB með það fyrir augum að herða reglur og jafnvel banna notkun sumra efna. Til að vekja enn frekar athygli á málinu meðal íbúa á Norðurlöndum ákváðu ráðherrarnir einnig að skrifa sameiginlega grein um málið til birtingar í öllum helstu dagblöðum á Norðurlöndum í byrjun árs 2011.

---

[30]Sjá stefnu um sjálfbæra þróun: www.norden.org/da/publikationer/publikationer/2009-729

Norræna embættismannanefndin um umhverfismál (EK-M)

Embættismannanefndin og vinnunefnd hennar hafa það hlutverk að fylgjast með framkvæmd umhverfisáætlunarinnar, að undirbúa ráðherrafundi og fylgja eftir verkefnum sem ráðherrarnir fela þeim.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) heyrir undir norrænu ráðherranefndina um umhverfismál.[31]

Vinnuhópar

Til að fylgja eftir áherslum í þeim áætlunum sem í gildi eru hverju sinni og undirbyggja stefnumótun hafa meðal annars verið settir á laggirnar vinnuhópar sem í eru sérfræðingar frá umhverfisráðuneytum eða umhverfisstofnunum í öllum norrænu löndunum. Vinnuhóparnir vinna eftir starfsáætlunum sem mótaðar eru fyrir hvert ár og hrinda verkefnum í framkvæmd. Niðurstöður og framlag vinnuhópanna birtist meðal annars í skýrslum og úttektum sem nýttar eru við stefnumótun í löndunum sjálfum, í alþjóðlegum samningaviðræðum og ekki síst í því fjölþætta samstarfi sem norrænu löndin eiga með sér í tengslum við undirbúning fyrir innleiðingu tilskipana og annarra gerða á vettvangi ESB. Umhverfismál, að undanskildum náttúruverndarmálum, eru umfangsmikill þáttur EES-samningsins.

1. *Vinnuhópur um loftslagsmál og loftgæði*
   Hópurinn var stofnaður í tengslum við innleiðingu núgildandi umhverfisáætlunar og hefur því einungis verið starfandi í eitt ár en starfsemin er því í nokkurri mótun. Markmiðið með starfi hópsins er annars vegar að stuðla að aukinni þekkingu á loftmengun og loftslagsbreytingum og hins vegar og ekki síður að greina tengslin milli þessara tveggja þátta. Viðmið í vinnu hópsins er einnig að fylgja eftir framkvæmdaáætlun norrænu umhverfisráðherranna í umhverfismálum 2009–2012 hvað varðar loftgæði og loftslagsmál með áherslu á að fyrirbyggja alvarlegar loftslagsbreytingar og koma í veg fyrir að loftmengun skaði umhverfið og heilsu fólks. Auk þess gegnir hópurinn mikilvægu hlutverki í verkefnum sem tengjast umhverfismálum á norðurskautssvæðinu. Á árinu hafði hópurinn umsjón með 15 verkefnum. Fulltrúar úr hópnum taka einnig þátt í fundum og ráðstefnum sem fjalla um málefni á verkefnasviðinu.
2. *Vinnuhópur um vistkerfi haf- og strandsvæða*
   Hafið er ein mikilvægasta auðlind Norðurlandabúa. Þess vegna leggja Norðurlönd mikla áherslu á að vernda hafið gegn afleiðingum af athöfnum manna og mengun sem hefur áhrif á umhverfi og starfsemi hafsins. Meginmarkmið norræns samstarfs um málefni hafsins er að auka skilning á vistkerfum í tengslum við stjórnun hafsins og nýtingu auðlinda þess. Mikilvægt er að tryggja sjálfbæra nýtingu á auðlindum vistkerfanna í því skyni að varðveita fjölbreytni þeirra, uppbyggingu, hlutverk og framleiðni. Áherslur vinnuhópsins á árinu beindust meðal annars að mikilvægi þess að beita vistkerfanálgun við stjórnun hafsvæða, að vinna gegn ofauðgun í hafinu og hættulegum efnum svo og að vernda líffræðilega fjölbreytni. Hópurinn er hluti af stærra samhengi sem norrænu löndin starfa í en þar er meðal annars um að ræða regluverk ESB, alþjóðlega samninga svo sem OSPAR, MARPOL, Norðurskautsráðið og Samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Íslenskir vísindamenn og stofnanir taka þátt í mörgum verkefn-

[31] Sjá nánar um NEFCO í 17. kafla.

um á vegum hópsins, svo sem um eiturefni í hafinu og beitingu vistkerfisnálgunar við stjórnun og mat á hafsvæðum. Á formennskuári Íslands árið 2009 var ýtt úr vör viðamiklu verkefni um gerð vákorts yfir Atlantshafið. Kristján Geirsson deildarstjóri á Umhverfisstofnun stýrir verkefninu en það er unnið í samvinnu við Norðmenn, Færeyinga og Grænlendinga. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki fyrri hluta árs 2011.

3. *Vinnuhópur um vistkerfi á landi*
Á árinu var unnið að fjölmörgum verkefnum og má þar einkum nefna verkefni er lúta að líffræðilegri fjölbreytni, þar á meðal um mat á ástandi líffræðilegrar fjölbreytni með hliðsjón af þeim markmiðum sem alþjóðasamfélagið setti sér fyrir árið 2010, verkefni um sjófugla í vestnorrænu löndunum og skýrslu frá ráðstefnu um líffræðilega fjölbreytni sem haldin var í október. Einnig má nefna verkefni er varða útivist og heilsu og menningarminjar og tengsl þeirra við umhverfismál. Sú þjónusta sem vistkerfin veita hefur jafnframt sterka skírskotun í verkefni hópsins og verður áfram samkvæmt áformum hans. Stórt verkefni af þessu tagi er svonefnt RENO-verkefni sem ýtt var úr vör á formennskuári Íslands 2009. Verkefnið snýst um að afla þekkingar og safna upplýsingum um endurheimt vistkerfa á Norðurlöndum. Verkefninu lýkur með ráðstefnu sem haldin verður á Íslandi í maí 2011. Guðmundur Halldórsson rannsóknastjóri hjá Landgræðslu ríkisins er verkefnisstjóri.[32]

4. *Vinnuhópur um efni og efnavörur*
Eitt helsta markmiðið með starfi vinnuhópsins er að minnka áhrif efna á heilsu manna, dýra og á umhverfið. Eitt þeirra verkefna sem unnið var að á síðasta ári varðar nýja löggjöf ESB um flokkun, merkingu og pökkun efna og efnablandna. Útbúinn var upplýsingabæklingur og efnt var til norrænnar ráðstefnu um eftirlit með flokkun, pökkun og merkingu efna og efnavara. Samstarfið um innleiðingu á löggjöf ESB um efni og efnablöndur (REACH) er einnig stór þáttur í starfi hópsins. Í þeirri vinnu var sjónum einkum beint að atriðum sem snúa að því að byggja upp og þróa þekkingu á þáttum er snerta áhættumat efna og hvernig hægt er að nýta sér þá þekkingu þegar ákvarðanir eru teknar.

Á vegum vinnuhópsins eru starfandi nokkrir verkefnahópar um tiltekin málefni þar sem sértækrar þekkingar er þörf. Þannig er til dæmis samstarf og samráð um innleiðingu nýrrar löggjafar um varnarefni sem ráðgert er að taki gildi í ESB á árinu 2011. Samvinnan beinist meðal annars að því að samræma útgáfu markaðsleyfa fyrir varnarefni. Einnig er starfandi vinnuhópur sem fjallar um samræmingu á útgáfu markaðsleyfa fyrir sæfiefni.

Nokkur sértæk verkefni voru unnin á vegum hópsins á síðasta ári. Má þar nefna þróun prófunaraðferða fyrir efni og meðhöndlun úrgangs sem inniheldur efni sem brjóta niður ósonlagið. Þá var unnið að því að samræma norrænt samstarf um rannsóknir á notkun nanoefna og hvers konar áhætta getur skapast við notkun þeirra. Einnig var gagnagrunnur um notkun efna á Norðurlöndum uppfærður. Gagnagrunnar sem þessi koma að miklum notum ekki einungis á Norðurlöndum heldur einnig á vettvangi ESB og OECD. Loks má nefna að vinnuhópurinn efndi til fjölmennrar norrænnar ráðstefnu um hormónatruflandi efni á árinu.

5. *Vinnuhópur um sjálfbæra neyslu og framleiðslu*
Helstu verkefni vinnuhópsins tengjast umhverfismerkingum, vistvænum opinberum innkaupum, nýsköpun í umhverfismálum, umhverfisupplýsingum og sjálfbærni. Á vegum

[32]Sjá nánar um verkefnið: www.reno.is

hópsins starfar verkefnahópur sem fjallar um bestu fáanlegu tækni (BAT) í ýmsum framleiðslu- og þjónustugreinum, svo og hópur um ýmis umhverfismál í litlum samfélögum. Á vegum hópsins er unnið að verkefnum sem tengjast þessum málefnum.

Ný stefnumótun fyrir norræna umhverfismerkið Svaninn var í brennidepli í starfi hópsins á árinu. Stefnumótunin „Svanen Vision 2015“ var formlega samþykkt af umhverfisráðherrum Norðurlanda í nóvember. Þá hófst vinna á vegum hópsins, í samstarfi við norræna umhverfismerkisráðið, við að fylgja stefnumótuninni eftir með ýmsum verkefnum. Ísland leiðir vinnuhóp sem skipaður hefur verið til að fylgja eftir þeim fjölmörgu þáttum sem lögð verður áhersla á í starfi að Svaninum á komandi árum. Í því tilliti má nefna samstarf við önnur umhverfismerki og umhverfisstjórnunarkerfi, vistvæn opinber innkaup og aukna áherslu á loftslagsmál.

6. *Vinnuhópur um úrgang*

Í samræmi við norrænu umhverfisáætlunina hefur megináhersla í starfi hópsins verið að styrkja norræna samvinnu í tengslum við túlkun og framkvæmd rammatilskipunar ESB um úrgang og tilskipunar um raf- og rafeindatækjaúrgang. Í samstarfi við vinnuhópinn um efni og efnavörur var haldið áfram að vinna að verkefni varðandi rafog rafeindatækjaúrgang, sem beinist að því að auka samhæfingu milli efna og úrgangs, en í sameiginlegri stefnu Norðurlanda um sjálfbæra þróun er mikil áhersla lögð á þessa þætti. Stefnt er að því að verkefnið verði unnið á árinu 2011. Faghópur um raf- og rafeindatækjaúrgang á vegum vinnuhóps um úrgang fylgist með endurskoðun á tilskipuninni um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Á árinu var jafnframt lögð áhersla á vinnu varðandi grænt hagkerfi í samvinnu við aðra vinnuhópa á umhverfissviðinu. Þá var einnig unnið að verkefni, sem snerist um að draga úr myndun matarúrgangs í verslunum, og fékk það verkefni þó nokkra umfjöllun í fjölmiðlum í öllum norrænu löndunum á árinu. Þá var lokið verkefnum um mengun seyru, fiskúrgang sem áburð, upplýsingar um lykt frá jarðgerð og upplýsingar um úrgang frá skipasmíðastöðvum.

7. *Tímabundinn starfshópur vegna samningaviðræðna um loftslagsmál*

Norrænu umhverfisráðherrarnir ákváðu að skipa hópinn tímabundið til að vinna náið með samninganefndum landanna í loftslagsmálum í því skyni að greiða fyrir viðræðum. Í starfi sínu hefur hópurinn skoðað ýmis tæknileg mál er varða loftslagsmálin og efndi meðal annars til fundar með norrænum sérfræðingum um lagaleg atriði tengd loftslagssamningum og Kyoto-viðaukanum. Einnig er unnið að verkefni þar sem samningaferlið er skoðað. Verkefninu lýkur með málstofu og skýrslu í febrúar 2011. Samantekt á stöðu vísindalegrar þekkingar á loftslagsbreytingum lauk með útgáfu skýrslu í apríl og málstofu í Stokkhólmi í september. Vinnuhópurinn vinnur nú að nýju verkefni um geiranálgun í samvinnu við Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO). Verkefnið hefst með því að kannað verður hvort verkefnið teljist fýsilegt og gerlegt en síðan tekur við tilraunaverkefni í þróunarlandi þar sem skilyrði eru ákjósanleg til að vinna að slíku verkefni. Hópurinn stóð fyrir kynningu á verkefninu á loftslagsfundinum í Cancun í desember. Gerð var könnun á því hvernig hin svokölluðu BASIC-lönd (Brasilía, Suður-Afríka, Indland og Kína) virka í sambandi við samningaviðræðurnar. Haldnar voru tvær málstofur og gefnar út tvær skýrslur um efnið. Von er á lokaskýrslu í febrúar 2011. Á árinu var einnig gefin út skýrsla um Rússland og loftslagsviðræðurnar. Um þessar mundir fer fram rannsókn á því hvað markmiðið um að halda meðalhækkun lofthita

undir 2°C þýðir varðandi takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda. Skýrsla verður gefin út í byrjun ársins 2011.

8. *Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál*
Hópurinn er þverfaglegur og eiga fulltrúar fjármálaráðuneyta og umhverfisráðuneyta norrænu landanna fulltrúa í honum. Meginmarkmiðið með starfi hópsins er að skoða samspil umhverfisog efnahagsmála og hvernig rjúfa megi tengslin milli hagvaxtar og álags á umhverfið. Starf hópsins tengist alþjóðlegu starfi um þessi mál, ekki síst evrópsku starfi, meðal annars í ESB og OECD. Verkefni hópsins tengjast starfssviði margra annarra vinnuhópa umhverfisgeirans, meðal annars hvað varðar sjálfbæra neyslu og framleiðslu, loftslagsmál og úrgangsmál. Um þessar mundir, í kjölfar efnahagskreppu í heiminum, er grænt hagkerfi í brennidepli í alþjóðlegri umræðu um nýjar áherslur við uppbyggingu efnahagslífsins. Norrænu umhverfisráðherrarnir fólu vinnuhópnum að vinna skýrslu um grænt hagkerfi á Norðurlöndum og verður efni þeirrar skýrslu meðal annars notað sem framlag Norðurlanda í aðdraganda Rio+20 ráðstefnunnar sem Sameinuðu þjóðirnar efna til árið 2012. Hópurinn gefur með reglulegu millibili út skýrslu um mat á hagrænum stjórntækjum þar sem meðal annars er að finna upplýsingar um hagræn stjórntæki í hverju norrænu landanna fyrir sig.[33]

14. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt

Starfið innan *norrænu ráðherranefndarinnar um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)* á árinu fylgdi þeim áherslum sem mótaðar voru á formennskuári Íslendinga 2009 og í samræmi við verkefnalýsingar sem þá voru markaðar fyrir umrædd svið. Starfsemi *norrænu embættismannanefndarinnar um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt (EK-FJLS)* er umfangsmikil með sterk tengsl við atvinnuvegi, rannsóknastarfsemi og stjórnsýslu. Af þeim ástæðum starfar embættismannanefndin í fjórum deildum, EK-FJLS/ fiskveiðar og fiskeldi, EK-FJLS/landbúnaður, EK-FJLS/matvæli og EK-FJLS/skógrækt. Samræmingu á starfsemi deildanna annast EK-FJLS/ stjórnarnefnd.

Unnið var samkvæmt *starfsáætlun fyrir árin 2009–2012*. Starfsáætlunin er í samræmi við heildarstefnumörkun norræns samstarfs og leggur megin áherslu á verkefni á sviðum þar sem samkeppnisstaða Norðurlanda er góð í alþjóðlegu samhengi og þar sem samstarfið gefur mikinn virðisauka. Þetta var leiðarstefið í starfseminni sem skiptist í nokkra megin þætti svo sem hagsæld og velferð, matvæli og heilsa, veðurfarsbreytingar, sjálfbær notkun erfðalinda og alþjóðastarf.

Nokkur brestur varð þó á að tækist að fylgja eftir formennskuáætlun Dana eins og hún hafði verið lögð fram en árlegur fundur ráðherranefndarinnar féll niður vegna lítillar þátttöku. Erfið mál komu upp í rekstri Norræna erfðalindasetursins (NordGen) og urðu meginviðfangsefni EK-FJSL/stjórnarnefndar seinni hluta ársins. Lending náðist í málefnum NordGen í lok ársins sem fól í sér að forstjóri stofnunarinnar vék úr starfi svo og öll stjórnin utan formaðurinn, sem er íslenski fulltrúinn, en hann hafði staðið utan við deilur í stjórninni. Íslenskur vísindamaður, dr. Árni Bragason, tók að sér að leiða stofnunina tímabundið þar til nýr forstjóri verður ráðinn fyrir mitt ár 2011.

---

[33]Sjá einnig um vinnuhópinn í 12. kafla.

Sjávarútvegur

Færeyingar og Grænlendingar tóku að sér formennsku í sjávarútvegsdeild EK-FJLS á formennskuári Dana. Öskuský frá Eyjafjallajökli torveldaði fundasókn á fyrri hluta árs og varð að aflýsa ráðstefnum og stytta fundi vegna þess. Sjávarútvegsdeildin og Vestnorræna ráðið héldu í júní sameiginlegan fund um fiskveiðistjórnun sem hófst á Sauðárkróki og lauk í Færeyjum. Þar tóku þátt ráðherrar sjávarútvegsmála í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi. Í september var síðan ráðstefna í Færeyjum um nýtingu uppsjávarfiska með norrænni sem og evrópskri þátttöku.

Fram var haldið þeirri áherslu hópsins að styrkja samstarf við alþjóðastofnanir í sjávarútvegi, svo sem FAO, sem og að beina samstarfi til vesturs, einkum Kanada.

Landbúnaður

Sjálfbær notkun erfðalinda er enn sem fyrr eitt af meginverkefnum landbúnaðardeildar EK-FJLS og fer þar mest fyrir starfsemi norræns erfðalindaseturs (NordGen) en sú stofnun varð til við sameiningu Norræna genbankans fyrir nytjaplöntur, Norræna genbankans fyrir búpening og Norrænu frænefndarinnar í skógrækt í eina stofnun. Stofnunin gegnir lykilhlutverki í þróun samstarfsverkefna á vegum MR-FJLS á Norðurlöndum og ekki síður í tengslum við alþjóðlega samvinnu á sviði erfðalinda, til dæmis innan FAO þar sem mikill hagur er af norrænu samstarfi. Norðmenn hafa lagt mikið undir í þessu samstarfi með byggingu á glæsilegri fræhvelfingu á Svalbarða sem stendur einnig opin þróunarþjóðum sem vilja auka öryggi sinna fræsafna. Ofannefnd óvissa í rekstri NordGen hefur komið sér illa þar sem NordGen hefur annast reksturinn.

Ljóst er þó að erfðalindasamstarfið mun þróast áfram og jafnframt að því kunni að vera of þröngur stakkur skorinn ef það er einvörðungu rekið innan hins formlega samstarfs ráðherranefndarinnar og því er verið að skoða með hvaða hætti megi draga fleiri aðila að málinu og efla starfsemina. Fyrir liggur tillaga um að tengja samnorrænt átak í plöntukynbótum við starfsemi NordGen í framhaldi af úttekt á þeim málum sem unnin var á síðustu tveimur árum. Athygli manna hefur beinst að neikvæðri þróun í plöntukynbótum á Norðurlöndum þar sem dregið hefur úr nýsköpun samtímis því sem ljóst er að mikið mun reyna á þessa starfsemi í tengslum við hraðfara veðurfarsbreytingar.

Á árinu var hrundið af stað öðrum áfanga í verkefninu „Ný norræn matargerð“ en það er til næstu þriggja ára. Verkefnið byggist á því að markaðssetja norrænar matarheðir með skírskotun til þess hráefnis sem er að finna í löndunum. Verkefnið tengir saman mörg svið svo sem erfðaefni, framleiðsluhætti, þjóðmenningu og matarmenningu við markaðsfærslu svo eitthvað sé nefnt. Unnið var að markáætlun á árinu.

Styrkt var 8. ráðstefna samtaka um norðurhjaralandbúnað (Circumpolar Agricultural Association) sem einnig hlaut stuðning frá NORA og var haldin í Alta í Norður-Noregi. Íslendingar áttu þar fulltrúa sem lögðu til efni en þessi vinna er áhugaverður vettvangur vegna aukinnar áherslu á verkefni norðurslóða.

Skrifstofa Norræna samstarfsráðsins fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ) fluttist frá Finnlandi í húsakynni NordForsk í Osló, sem er liður í að auka samþættingu í stjórnun norræna rannsóknasamstarfsins.

Matvæli

Matvæladeild EK-FJLS hélt tvo fundi á árinu; í maí í Kaupmannahöfn og í október í Færeyjum. Danir settu það á oddinn á formennskuári sínu að fela sjálfstjórnarlöndunum Færeyj-

um og Grænlandi meginábyrgð á þeim samstarfssviðum sem þau hafa mesta sérþekkingu á og nýta krafta landanna í fundahaldi og -stjórnun. Allir sérfræðingahópar matvæladeildarinnar – vinnuhópur um matvælaeftirlit og neytendafræðslu (NMF), vinnuhópur um matvæli, næringu og eiturefnafræði (NKMT) og vinnuhópur um örverufræði og dýraheilbrigði/dýravelferð (NMDD) – störfuðu í samræmi við starfsreglur sínar, auk þess sem samráðsnefnd forstjóra matvælastofnana á Norðurlöndum starfaði venju samkvæmt. Þá styrkti matvæladeildin eins og áður verulega starfsemi norrænu aðferðafræðinefndarinnar um matvæli (NMKL). Matvæladeildin hefur um langt skeið beitt sér fyrir leiðbeiningum um matarvenjur. Fyrstu opinberu norrænu næringarráðin (NNR) voru gefin út árið 1980. Næringarráðin eru endurskoðuð áttunda hvert ár og komu síðast út árið 2004. Miðað er að því að þau séu leiðbeinandi um matarvenjur en vísindalegar rannsóknir hafa sýnt fram á að gott mataræði og næring eru undirstaða góðrar heilsu. Ný endurskoðun stendur nú yfir en henni mun ljúka árið 2012. Annað stórt verkefni matvæladeildarinnar af sama meiði er framkvæmd norrænnar áætlunar um betri heilsu og lífsgæði. Þá kemur matvæladeildin með öðrum deildum ráðherranefndarinnar að verkefninu „Ný norræn matargerð II“ sem er framhald verkefnisins „Ný norræn matargerð“. Verkefnið hefur að inntaki að halda áfram þar sem frá var horfið við að koma á framfæri, innan Norðurlanda og utan, þekkingu á tengslum matvæla við uppruna, menningu og matarhefðir í einstökum löndum og landsvæðum, þróa verkefnið áfram og koma á framfæri við umheiminn.

Skógrækt

Skógræktardeild EK-FJLS hélt þrjá embættismannafundi á árinu, alla í Kaupmannahöfn, sameiginlega með landbúnaðardeildinni eins og venja er.

Samstarf á vegum skógræktardeildarinnar byggðist að miklu leyti á starfinu innan Norrænu Skógræktarrannsóknanna (SNS). Á vegum SNS eru starfrækt fjölmörg verkefni sem skrifstofa SNS í Kaupmannahöfn stýrir. Jafnframt hefur verið unnið að því að móta samstarf við evrópsku skógræktarrannsóknastofnunina (EFI) og var sameiginleg skrifstofa SNS og EFI-Nord formlega opnuð á árinu. Á vegum SNS hefur verið unnið að auknu samstarfi við nágrannasvæði og funduðu norrænir forstjórar skógræktarransóknastofnana með starfsbræðrum sínum frá grannsvæðum við Eystrasaltið og í norðvestri á árinu.

Stefnumótun um eftirfylgni Selfossyfirlýsingar norrænu skógarmálaráðherranna frá 2008 var samþykkt og formlega gefin út en Ísland leiddi þá vinnu. Þetta er ítarleg skýrsla með tillögum að innra starfi, auk fjölmargra skilgreindra verkefna. Ákveðið var að ráða Hrefnu Jóhannesdóttur skógfræðing hjá Skógrækt ríkisins til að fylgja eftir framkvæmd einstakra verkefna fyrir hönd landanna en bæði Danir og Finnar lögðu á formennskuári sínu áherslu á verkefni sem eru skilgreind í Selfoss-stefnumótuninni.

Einnig kom út á vegum skógræktardeildarinnar ráðstefnurit frá alþjóðlegri ráðstefnu um hlutverk skóga í að efla lýðheilsu fólks í þéttbýli (Forests serving urban societies in the North Atlantic region). Ráðstefnan var eitt formennskuverkefna Íslands og var haldin í Reykjavík í september 2009.

15. Grannsvæðasamstarf

Ályktun Norðurlandaráðs um opnun ráðherranefndarskrifstofu í Minsk

Á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi haustið 2009 voru samþykkt tilmæli sem beint var til NMR þess efnis að opnuð skyldi sendiskrifstofa í Minsk með sama sniði og skrifstofur ráðherranefndarinnar í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna, í Pétursborg og í Kalíníngrad.

Norrænu samstarfsráðherrarnir fólu skrifstofunni í Kaupmannahöfn að gera úttekt á möguleikum þess að starfa í Minsk og kom það í hlut norræns ráðgjafahóps um málefni Hvíta-Rússlands að gera þá úttekt. Einnig fóru fram viðræður um málið við sendiherra Norðurlanda í Ríga, Tallinn og Moskvu, við fulltrúa utanríkisráðuneytanna í Ríga og Tallinn og loks við sendiherra Svíþjóðar í Minsk. Niðurstaðan af þeim viðræðum sem og úttekt ráðgjafahópsins var kynnt fyrir samstarfsráðherrunum á fundi þeirra í Vilníus í febrúar og einnig fór fram umræða um efni hennar á sameiginlegum fundi ráðherranna og forsætisnefndar Norðurlandaráðs.

Svar NMR við ályktun Norðurlandaráðs var á þá leið að ekki væri um þessar mundir tímabært að ráðast í opnun skrifstofu í Minsk. Leiðbeinandi reglur um samskipti og samstarf við aðila í Hvíta-Rússlandi væru væntanlegar og mikilvægt væri að átta sig á því að hvaða verkefnum og hvers konar starfsemi ætti að stefna áður en farið væri að ákveða hvaða leiðir væru árangursríkastar til að ná þeim markmiðum sem fram kæmu í reglunum, þ.m.t. opnun sendiskrifstofu.

Norðurlandaráð kaus að afskrifa ekki þessa ályktun á þingi sínu í Reykjavík í nóvember og mun hún því aftur koma til kasta NMR 2011.

Verkefni tengd Hvíta-Rússlandi

Í ljósi þess að starfsemi ráðherranefndarinnar sem snýr að Hvíta-Rússlandi hefur aukist ár frá ári, var ákveðið að ráðast í gerð leiðbeinandi reglna fyrir fagráðherranefndir og norrænar stofnanir um hvernig slíkt samstarf skuli fara fram, með áframhaldandi stuðning við lýðræðisöflin í Hvíta-Rússlandi í huga. Þegar eru í gildi slíkar reglur um samstarf við Eystrasaltsríkin og Norðvestur- Rússland og hafa þær á undanförnum árum verið leiðarljósið í samskiptum NMR við aðila í þeim ríkjum.

Enda þótt stjórnmálaástand í Hvíta-Rússlandi geti seint talist gott er það mat ráðherranefndarinnar að henni séu ýmsir vegir færir í því að styðja við lýðræðisöflin í landinu. Þannig mun ráðherranefndin áfram styrkja Evrópska háskólann í húmanískum fræðum (EHU), sem er landflótta frá Hvíta- Rússlandi og starfar við afar góðan orðstír í Vilníus, hvítrússneskum aðilum verður gefinn kostur á að nýta norrænt styrkjaverkefni fyrir frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu auk þess sem fleiri verkefni til styrktar Hvíta- Rússlandi í samvinnu við ESB eru í burðarliðnum. Einnig felast möguleikar í því samstarfi sem fram fer á vettvangi Norðlægu víddarinnar en þar gegnir ráðherranefndin virku hlutverki í framkvæmd og þróun samstarfsverkefna. Loks má geta þess að Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið styrkir verkefni sem stuðla að því að bæta umhverfið á svæðinu.

Samstarfsráðherrarnir samþykktu reglurnar fyrir sitt leyti á fundi sínum í júní en þær voru síðan kynntar Norðurlandaráði sem ráðherranefndartillaga á þingi þess í Reykjavík. Ákveðið var að reglurnar skyldu fyrst um sinn ná til áranna 2011 og 2012 og að gerð skyldi árangursúttekt á þeim áður en til hugsanlegrar framlengingar kæmi.

Samstarf við Eistland, Lettland og Litháen

Samstarf ráðherranefndarinnar við Eistland, Lettland og Litháen er í nokkuð föstum skorðum en segja má að það hafi löngu slitið barnsskónum og byggist í dag á meginhugmyndinni um norrænt-baltneskt notagildi, þ.e. löndin starfa saman að málefnum þar sem hagsmunir fara saman og hagkvæmara er að takast á við viðfangsefni í sameiningu en hvert í sínu lagi. Í samstarfi ráðherranefndarinnar við nágrannana við Eystrasaltið er markmiðið að auka aðdráttarafl svæðisins. Menntun, rannsóknir, nýsköpun og umhverfistækni eru sam-

starfssvið sem athyglin beinist einkum að. Samstarfið á Eystrasaltssvæðinu ber að skoða í ljósi þróunar stefnu ESB í málefnum Eystrasaltsins en NMR tekur þátt í framkvæmd Eystrasaltsáætlunar ESB. Þá hefur ráðherranefndin hug á því að efla samstarf við Þýskaland og Pólland.

Skrifstofur NMR í Ríga, Vilníus og Tallinn eru kjölfestan í samstarfinu, þaðan er mikilvægum verkefnum eins og norræn-baltnesku mannaskiptaáætlununum stjórnað en þær eru sniðnar fyrir starfsmenn hins opinbera, í einkageiranum og menningargeiranum. Þá má nefna að skrifstofan í Vilníus er í lykilhlutverki þegar kemur að hvítrússneskum verkefnum auk þess sem skrifstofurnar allar gegna mikilvægu upplýsingahlutverki gagnvart almenningi í löndunum og styðja við þá aðila sem eiga í samstarfi við starfsfélaga á Norðurlöndum.

Samstarf við Norðvestur-Rússland

Samstarf NMR við Norðvestur-Rússland fylgir leiðbeinandi samstarfsreglum sem ná yfir tímabilið 2009–2013. Sem fyrr er það áætlun ráðherranefndarinnar um þekkingaruppbyggingu og myndun tengslaneta sem skiptir hvað mestu máli fyrir starfsemi ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi. Einnig skiptir áætlun ESB um Eystrasaltssvæðið miklu, sem og menningarsamstarfið á vettvangi Norðlægu víddarinnar (NDPC).

Á árinu tók ráðherranefndin að sér að reka skrifstofu vegna NDPCsamstarfsins sem stofnað var formlega til á menningarstefnu sem haldin var í Pétursborg í maí. Ráðherranefndin hefur samþykkt að reka skrifstofuna áfram 2011–2013, fáist til þess nauðsynlegir fjármunir frá þeim sem aðild eiga að samstarfinu.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Pétursborg hélt upp á 15 ára starfsafmæli sitt á árinu með því að halda norræna viku í samvinnu við ræðismannsskrifstofur norrænu landanna í borginni en sendiráð Íslands í Moskvu tók einnig þátt í verkefninu. Skrifstofurnar í Múrmansk, Petrozavodsk og Arkhangelsk minntust einnig starfsafmælisins með viðburðum. Skrifstofan í Kalíníngrad stýrir mörgum verkefnum sem heyra undir áætlun ráðherranefndarinnar um þekkingaruppbyggingu og myndun tengslaneta í Norðvestur- Rússlandi, meðal annars verkefni um orkusparnað og samstarf sveitarfélaga. Ágætis samstarf er milli aðila í Norðvestur-Rússlandi og ráðherranefndar um orkusamstarf.

Reglur um samstarf við nágranna Norðurlanda í vestri

Samstarfið við nágranna Norðurlanda í vestri, og þá einkum Kanada, er orðið mikilvægara í norrænu samstarfi, ekki síst vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

Á formennskuári Íslands voru kannaðir möguleikarnir á samstarfi við hagsmunaaðila í austurfylkjum Kanada um nýsköpun og rannsóknir, einkum á áhrifum loftslagsbreytinga á lífríki hafsins. Niðurstaðan var mjög jákvæð og ákváðu Danir á formennskuári sínu að fylgja málinu eftir. Úr varð, að ráðist var í að semja leiðbeinandi reglur um samstarf fagráðherranefnda og norrænna stofnana við hagsmunaaðila á grannsvæðum Norðurlanda í vestri. Skipaður var starfshópur með fulltrúum landanna og hittist hann á nokkrum fundum á árinu til þess að vinna verkefnið. Drög starfshópsins að samstarfsreglum voru kynnt á fundi NSK í desember sem samþykkti þau fyrir sitt leyti. Samkvæmt reglunum er lagt til að samstarf geti átt sér stað á nokkuð breiðu sviði, þ.e. í málefnum hafsins, atvinnumálum, umhverfismálum, loftslags- og orkumálum, menntamálum, rannsóknar- og nýsköpunarmálum, menningarmálum og heilbrigðismálum. Sérstaklega er vikið að Norrænu Atlantsnefndinni (NORA) og mikilvægu hlutverki hennar í samstarfinu við nágrannana í vestri.

Reglurnar verða lagðar fyrir fund MR-SAM í febrúar 2011 en miðað er við að þær verði kynntar Norðurlandaráði á þingi þess í Kaupmannahöfn haustið 2011 og að þær nái yfir tímabilið 2012–2016.

Norðurskautssamstarf

Málefni norðurslóða skipa mikilvægan sess í norrænu samstarfi en að þeim er nú unnið samkvæmt áætlun sem nær til loka árs 2011. Til ráðstöfunar í norðurskautsverkefni á árinu voru 11,1 milljón danskra króna en til þess að velja úr umsóknum reiðir ráðherranefndin sig á ráðgjafanefnd sem í eiga sæti fulltrúar Norðurlanda í Norðurskautsráðinu. Alls bárust 48 umsóknir og var ákveðið að styrkja 35 verkefni.

Ekki reyndist unnt að halda málstofu í samvinnu við ESB á árinu eins og áformað hafði verið og er nú stefnt að því að halda hana á fyrri hluta árs 2011. Ráðstefna ráðherranefndarinnar „Arctic – Changing Realities“ var hins vegar haldin í Kaupmannahöfn í lok maí en samstarfsráðherra var meðal framsögumanna.[34]

NMR stendur að verkefninu „Megatrends in the Arctic“ ásamt Dönum en Ísland á aðild að verkefnisstjórn. Megintilgangur verkefnisins, sem er tímabundið, er að fara yfir þær margvíslegu rannsóknir og kannanir sem gerðar hafa verið á aðstæðum á norðurslóðum á undanförnum árum í þeim tilgangi að leiða í ljós hvaða breytingar hafa átt sér stað og hvort unnt sé að finna samhengi milli hinna ýmsu þátta. Gert er ráð fyrir að lokaniðurstöður verði kynntar á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í maí 2011.

Samstarf við önnur svæðasamtök í Norður-Evrópu

Norræna ráðherranefndin heldur reglulega samráðsfundi og á í ágætis samstarfi við önnur fjölþjóðleg samtök í Norður-Evrópu – markmiðið er fyrst og fremst að auka skilvirkni og koma í veg fyrir tvíverknað. Þessi samtök eru Norðurskautsráðið, Barentsráðið og Eystrasaltsráðið, einnig er samstarfið við Baltic Development Forum (BDF) í nokkuð föstum skorðum sem og samráð við Helcom. Þá er samstarf ráðherranefndarinnar og ESB að verða æ mikilvægara enda litið svo á að ráðherranefndin hafi mikilvægu hlutverki að gegna fyrir svæðasamstarf í Norður-Evrópu, einkum þegar kemur að því að koma á tengslum milli Rússlands og annarra ríkja á Eystrasaltssvæðinu. Samstarfsverkefni sem tengjast EHU héldu áfram á árinu, auk þess sem ráðherranefndin tekur þátt í verkefnum sem rúmast innan Eystrasaltsáætlunar ESB. Einnig má nefna að ráðherranefndin tók að sér að reka skrifstofu fyrir hið nýja menningarsamstarf sem stofnað var til á árinu á vettvangi Norðlægu víddarinnar. Unnið er að því að auka samstarfið við ESB í norðurskautsmálum.

Í samvinnu við Barentsráðið hélt ráðherranefndin ráðstefnu í desember um baráttu gegn spillingu. Niðurstöður verða nýttar til þess að móta nýtt norræntrússneskt samstarfsverkefni um sama efni innan ramma áætlunarinnar um þekkingaruppbyggingu og myndun tengslaneta. Skrifstofur ráðherranefndarinnar á Barentssvæðinu eiga regluleg samskipti við fulltrúa í hinum ýmsu vinnuhópum sem starfa á vegum Barentsráðsins.

Samstarfið við Eystrasaltsráðið hélt áfram á árinu, meðal annars áttu sér stað mannaskipti milli skrifstofanna. Þá á sér stað samstarf milli þessara tveggja samtaka innan ramma Norðlægu víddarinnar um leiðir til að vinna gegn mansali.

---

[34]Skýrslu um ráðstefnuna má sækja á heimasíðu ráðherranefndarinnar: www.norden.org

Ráðherranefndin er áheyrnarfulltrúi í Norðurskautsráðinu en norræn formennska í Norðurskautsráðinu í sex ár samfleytt hefur styrkt samstarf ráðherranefndarinnar og Norðurskautsráðsins verulega.

Samstarf við BDF var með svipuðu sniði og verið hefur. Ráðherranefndin tekur þátt í útgáfunni „State of the Region Report“ og einnig tók ráðherranefndin virkan þátt í BDF-Summit sem haldið var í Vilníus í júní. Þá stóð ráðherranefndin í samvinnu við BDF og ESB að ráðstefnu sem haldin var í september um Eystrasaltsáætlun ESB.

16. Norrænar stofnanir á Íslandi

Norræna húsið

Dyr Norræna hússins standa öllum opnar en í ár voru börn og unglingar sérstakir aufúsugestir. Ein af aðaláherslum hússins árið 2010 var dagskrá fyrir börn og unglinga, sem bar yfirskriftina „Fjöregg – barnamenning í Norræna húsinu“. Markmiðið var að gefa börnum og unglingum tækifæri til að kynnast húsinu og starfsemi þess. Lögð var áhersla á að dagskráin væri fjölbreytt og að í hverjum mánuði allt árið væri eitthvað áhugavert í gangi. Dagskráin var kynnt fyrir öllum leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og leikjanámskeiðum á höfuðborgarsvæðinu og aldrei í fjörutíu ára sögu hússins hefur þessi aldurshópur verið jafn fjölmennur í húsinu. Allir viðburðirnir voru ókeypis.

Fjöregg – barnamenning

Aðalaðdráttarafl dagskrárinnar var náttúruvísindagarðurinn, *Tilraunalandið,* sem var opinn frá apríl og fram á haust. Sýningin var bæði innan og utan dyra. Í Tilraunalandinu gátu hinir ungu gestir prófað ýmsar nýjungar á sviði náttúruvísindanna. Kennarar í skólunum nýttu sér Tilraunalandið til kennslu fyrir nemendur sína og þúsundir skólabarna heimsóttu Tilraunalandið og Norræna húsið. Ákveðið var að gefa einnig börnum og unglingum á landsbyggðinni tækifæri til að kynnast vísindunum. Tveir bílar með tengivögnum hlaðnir fjölbreytilegum tilraunum gerðu víðreist og heimsóttu fjölda staða á landinu. Landsvirkjun var styrktaraðili ferðarinnar og verkefnið var unnið í samvinnu við Tilraunasmiðju Háskóla Íslands og Tom Tits Experimenter í Svíþjóð.

Meðal annarra viðburða má nefna dagskrá um *norræna matarmenningu – nýja norræna matargerð.* Sett var upp vinnustofa þar sem skólafólki var gefinn kostur á að upplifa mat með fleiri skynfærum og læra um uppistöðu í norrænum mat. Kennari var danski matfræðingurinn Mads Holm en verkefnið var unnið í samvinnu við Dill Restaurant og Slow Food Island. Í tengslum við *RIFF kvikmyndahátíð* voru sýndar barna- og unglingakvikmyndir. Dansksænski breikdanshópurinn *Freestyle Phanatix* hélt námskeið í breikdansi og komust færri að en vildu. Meðal annarra viðburða á dagskrá Fjöreggs má nefna tónleika með hljómsveitinni *Memfismafíunni.* Þá voru barnadjasstónleikar á vegum Jazzhátíðar í Reykjavík. *Prjónagraffíti* var liður í viðburðinum *Lykkjur: Norræn prjónalist.* Hinum ungu gestum var gefið tækifæri til að kynnast prjónaskap á fremur óvenjulegan hátt, meðal annars var haldin prjónaveisla undir berum himni og prjónasmiðjur fyrir börn og unglinga. Í tengslum við *Alþjóðlegu barnabókahátíðina „Mýrin“* var haldið námskeið um *myndskreytingar í barnabókum.* Kennari var danski myndlistamaðurinn Ole Wich. Tuttugu börn tóku þátt í námskeiðinu. Sænski lektorinn Lars Göran og sænska félagið á Íslandi stóðu fyrir *sænskunámskeiði fyrir börn.* Í lok ársins hélt íslenski myndlistamaðurinn *Ísak Óli Sævarsson* málverkasýningu í anddyri hússins. Ísak Óli, sem er einhverfur, er undir áhrifum frá teiknimyndum úr norrænum barna- og unglingabókum. Allar myndirnar á sýningunni voru af norrænum persónum úr vinsælum

barnasögum og leikritum eftir þekkta höfunda eins og Torbjörn Egner, Astrid Lindgren og Tove Jansson.

Listaleypurin – Vestnorræn menningardagskrá fyrir börn og unglinga í grunnskólum

Listaleypurin er færeysk menningardagskrá sem Norræna húsið í Færeyjum hefur undanfarin ár boðið nemendum í Þórshöfn og nágrenni upp á. Dagskráin er nú í fyrsta sinn samvinnuverkefni milli norrænu húsanna í Færeyjum og á Íslandi, auk norrænu stofnunarinnar í Nuuk á Grænlandi.

Framlag Íslands var *Dúó stemma* með tónlistarmönnunum *Herdísi Önnu Jónsdóttur* og *Steef van Oosterhout* og heimsóttu þau skóla í Grænlandi og Færeyjum. Grænlenski listamaðurinn *Miki Jacobsen* og færeyska tvíeykið *Danjál á Neystabö* og *Bui Dam* heimsóttu samtals tólf skóla á Íslandi, auk þess sem Miki Jacobsen tók þátt í Grænlandskynningu í Fjallabyggð. Lögð var áhersla á að sýningarnar færu ekki eingöngu fram í skólum í Reykjavík og var nokkrum skólum fyrir utan Stór-Reykjavíkursvæðið boðið að fá listamennina í heimsókn. Flestir skólar tóku boðinu og var þetta skólunum að kostnaðarlausu. Á annað þúsund nemendur sáu sýningar norrænu gestanna. Allir listamennirnir komu síðan fram í sameiginlegri tónlistardagskrá á norrænu listahátíðinni *Ting* sem fram fór í Norræna húsinu. Norræni menningarsjóðurinn og sjóðurinn Nuuk-Reykjavík-Torshavn styrktu verkefnið.

Tónleikar

Tíu tónleikar á vegum *Jazzhátíðar Reykjavíkur* voru haldnir í Norræna húsinu. Tónleikarnir voru fjölbreyttir og vel sóttir. *15:15 tónleikasyrpan* hefur fastan samning við Norræna húsið og heldur eina til tvenna tónleika á sunnudögum í hverjum mánuði á tímabilinu september til maí. *Wagnerfélagið* heldur reglulega tónleika og sýnir upptökur á tónlist Wagners. *Klassík í Vatnsmýrinni* er tónleikasyrpa á vegum FÍT. Fimm tónleikar voru haldnir á tímabilinu mars til október, meðal annars þriggja daga norræn tónlistarhátíð, *Suður mætir norðri,* sem haldin var í samstarfi við norrænu einleikarasamtökin með styrk frá Norrænu menningargáttinni. Meðal atriða á dagskrá voru tónleikarnir „NordSol“ þar sem einleikarar hvaðanæva af Norðurlöndum tóku þátt.

Yfir sumartímann heimsækja margir norrænir kórar húsið á leið sinni um landið.

Velunnurum hússins var boðið á *Lúsíutónleika* í desember en Lúsíukór sænska félagsins á Íslandi söng.

Norræna húsið og *Airwaves* hafa frá 2007 í sameiningu boðið upp á dagskrá í Norræna húsinu. Dagskráin í ár bauð eingöngu upp á norræn tónlistaratriði og hefur þemað undanfarin tvö ár verið *Akústik Airwaves.* Viðburðurinn er meðal annars kynntur fyrir erlendum blaðamönnum sem og fólki frá útgáfufélögum og bókunarvefjum fyrir tónlistarviðburði. Á Akústik Airwaves í Norræna húsinu í ár komu fram tólf hljómsveitir.

Af öðrum tónlistarviðburðum má nefna tónleika með hljómsveitinni *Wildbirds & Peacedrums* frá Svíþjóð sem skipuð er hjónunum Andreas Werliin og Mariam Wallentin. Hljómsveit Christian Vuust *Dynamo* frá Danmörku hélt tónleika í húsinu. Hljómsveitin kom fram með mörgum af þekktustu rithöfundum Norðurlanda, meðal annars *Peter Laugesen* sem tilnefndur var til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs í ár. Hljómsveitin *Nanook* frá Grænlandi hélt tónleika en hún hefur komið fram víðs vegar á Norðurlöndum.

Myndlistasýningar

Alls voru 26 myndlistasýningar í húsinu í ár. Sýnendur voru hvaðanæva af Norðurlöndum og frá Japan, Grikklandi, Litháen, Bandaríkjunum og Spáni.

Grænlenska listakonan *Linda Riber* sýndi portrettmyndir af fólki, umhverfi og náttúru, auk textabrota úr viðtölum. Sýningin fjallar um þjóðerni og ímyndir og gefur mynd af því hvað það er að vera grænlenskur. *Flushed* er nafnið á sýningu sem ungir íslenskir listamenn stóðu að. Sýningin leitast við að varpa nýju ljósi á vatnslitamiðilinn og var hún í samstarfi við norrænu vatnslitasýninguna *Nordisk Akvarell 2010* sem var haldin í Norræna húsinu. Sýningin er haldin þriðja hvert ár til skiptis í norrænu löndunum. Dómnefnd valdi 105 verk á sýninguna af 400 innsendum verkum. *Hljómar vel* er sýning á gjöfum til hússins sem allar tengjast tónlist á einn eða annan hátt. Má þar á meðal finna lúður sem Moras ungdomsspelmanslag í Svíþjóð gaf árið 1975. Lúður þessi er búinn til úr holuðum trjám og vafinn birkiberki og er eins og sá sem fannst í hinu forna Oseberg-skipi í Vestfold-fylki í Noregi árið 1904. Á sýningunni *Málað með skærum* gat að líta klippilist í háum gæðaflokki eftir dönsku listakonuna Karen Bit Vejle. Hún er einn fremsti klippilistamaður Norðurlanda og setja verk hennar klippilist í nýtt samhengi. Á sýningunni býr hún til heim fullan af táknum og mynstrum sem sum eru innblásin af tónlist en önnur koma úr náttúrunni. Sýning Karenar var ein besta sótta sýning hússins á árinu.

Sýningin *List án landamæra* er orðin fastur liður. Að þessu sinni voru verkefnin eftir nemendur á myndlista- og hönnunarsviði Myndlistaskólans í Reykjavík í samstarfi við Lyngás. *Facing the Climate: Loftslagsbreytingar frá skoplegu sjónarhorni* var óhefðbundin sýning þar sem hópur 25 sænskra skopmyndateiknara settu fram gamansama en jafnframt ógnvekjandi sýn á loftlagsbreytingarnar í tilefni loftlagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn 2009. Teikningarnar undirstrika vilja Svíþjóðar til að takast á við þann mikla umhverfisvanda sem við stöndum frammi fyrir. The Swedish Institute á frumkvæði að sýningunni og er henni ætlað að vekja athygli á sjálfbærri þróun. Fimm skopmyndateiknaranna eru þekktir en myndir þeirra, sem oft eru umdeildar, birtast reglulega í sænskum og alþjóðlegum dagblöðum og tímaritum.

Ráðstefnur, málþing og fyrirlestrar

Fjölmargir fyrirlestrar, málþing og ráðstefnur voru haldin í húsinu í ár en umhverfismál og menning voru algengustu umræðuefnin. Í febrúar var blásið til málþings þar sem *matur í bókmenntum* var tekinn til umræðu og jafnframt var fjallað um matreiðslubækur sem grein innan bókmennta. Norræna húsið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum stóðu fyrir málþinginu.

Norræna húsið tók að vanda þátt í *Grænum dögum* sem Gaia, félag nemenda í umhverfis- og auðlindafræði, stendur fyrir ár hvert. Þema í ár var líffræðilegur fjölbreytileiki. Í samstarfi við Arkítektafélag Íslands var haldin fyrirlestraröð um skipulagsmál þrjá miðvikudaga í apríl undir heitinu *Lýðheilsa og skipulag.*

Í maí fjallaði Gustav Fridolin um bók sína *Blåsta! Nedskärningsåren som formade en generation.* Bókin fjallar um þá kynslóð Svía sem fæddist á níunda áratug síðustu aldar og var komin á unglingsár þegar bankakreppan varð í Svíþjóð á tíunda áratugnum.

Stór alþjóðleg ráðstefna *Art in Translation* var haldin í Norræna húsinu í samvinnu við Háskóla Íslands. Þar var tungumálið og þýðingar á list til umfjöllunar. Reynt var að svara því hvernig mismunandi listform, tónlist, kvikmyndir og bókmenntir flytjast á milli landa og menningarsvæða í hnattvæddum heimi.

Norræna húsið, Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg hyggjast fara í *endurbætur á friðlandinu í Vatnsmýrinni.* Í júní var efnt til málþings þar sem möguleikar friðlandsins voru til umfjöllunar. Jóhann Óli Hilmarsson og Erik Jeppesen prófessor við Árósarháskóla ásamt Natalie Jeremijenko prófessor við háskólann í New York héldu erindi. Á ráðstefnu í ágúst var spurt *Hvað er hátíð?* og reyndu þrír stjórnendur norrænna hátíða að svara þeirri spurningu.

Í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík um mánaðarmótin október/nóvember var haldin mikil menningarhátíð, *Ting – norræn listahátíð í Reykjavík.* Tilgangurinn var meðal annars að leggja áherslu á verðlaun Norðurlandaráðs og kynna norræna menningu. Margir dagskrárliðir fóru líka fram í öðrum íslenskum menningarstofnunum. Ríkisútvarpið gerði hátíðinni skil í sínum miðlum.

Á hátíðinni voru fjölmargir fyrirlestrar og málþing. Í tilefni af umhverfisverðlaunum Norðurlandaráðs var haldin ráðstefna um *samfélagslega ábyrga banka.* Haldin var þriðja ráðstefnan um *fjármögnun PSB* (public service broadcasting) á Norðurlöndum. Markmið með ráðstefnunum er að breiða út fjölmiðlarannsóknir til stærri hóps og hvetja til umræðu og rökræðu um PSB. Á Ting var kynnt *tillaga teiknistofunnar Happyspace* frá Stokkhólmi fyrir svæðið sem liggur milli Ráðhússins og Nauthólsvíkurinnar en þar sjá þau tilvonandi „Reykjavik Central Park“. Tillagan var unnin að beiðni Norræna hússins. Einnig voru haldnar kynningar á styrkjamöguleikum innan NMR.

Ýmsir viðburðir

Að venju tók Norræna húsið þátt í Safnanótt og Menningarnótt. Á báðum hátíðunum var boðið upp á djasstónleika með hljómsveitum frá norrænu löndunum.

Á *Menningarnótt* voru tónleikar með franska djasspíanistanum *Jean- Marie Machado.* Auk hans lék norræna *spunahljómsveitin IKI* sem skipuð er níu söngkonum en þær eiga rætur í Noregi, Finnlandi, Danmörku og Íslandi. Öll tónlist þeirra er samin á staðnum eða snarstefjuð. Í tónlistarsköpun sinni nota söngkonurnar bæði innsæi og hvatvísi. IKI er samnorrænt verkefni.

Að auki voru nokkrir norrænir tónleikar í húsinu í tengslum við *Nordic- Baltic Choral Festival,* sem fram fór víðsvegar í borginni á þessum tíma.

Á *Safnanótt* voru auk norrænu djasstónleikanna tvær sýningar í húsinu: sýning á veggspjöldum Helga Hóseassonar sem flestir íbúar Reykjavíkur þekkja til. Hann var betur þekktur undir nafninu *Mótmælandi Íslands.* Í anddyri hússins var sýningin *52 húfur* eftir listakonuna Eddu Lilju Guðmundsdóttur sem setti sér það takmark að hekla eða prjóna eina húfu á viku allt árið 2009. Í bókasafninu var kynning á bókum með verkum eftir Alvar Aalto, arkitekt hússins.

Íslenskur samtíma landslagsarkítektúr á Expó í Kína. Í nóvember var kynning og fyrirlestur um sýninguna „Nýtt norrænt landslag“ (New Nordic Landscapes) sem var haldin í Sjanghæ í tengslum við Expó 2010. Sýningin var styrkt af Norræna húsinu og NMR.

Space and Poetry – Ljóðarými. Í tilefni stofnunar Menningarsjóðsins KínaÍsland var haldið ljóðaþing í október. Dagskráin samanstóð af hádegisfyrirlestrum, ljóðaupplestrum og umræðum. Markmið sjóðsins er að stuðla að menningarlegri samvinnu milli Kína og Íslands með áherslu á bókmenntir, einkum ljóðlist. Sjóðnum hefur verið sett verkefnisstjórn á Íslandi en í henni situr meðal annars Max Dager, forstjóri Norræna hússins. Í tengslum við ljóðaþingið verður gefið út rit í Kína með ljóðum þátttakenda og þýðingum á þeim.

Sjötta alþjóðlega ljóðahátíð Nýhils 2010 var haldin í október. Fjölmargir þátttakendur íslenskir og erlendir voru í upplestri og pallborðsumræðum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkti ljóðahátíðina.

Lykkjur – Norræn prjónalist er fyrsta sýning sinnar tegundar á Íslandi. Um er að ræða alþjóðlega sýningu á listaverkum þar sem nær eingöngu er notast við hekl- og prjónatækni. Saman mynda verkin heilan heim prjóns, heim sem er mjúkur, ævintýralegur, litríkur og lifandi. Norræna húsið stóð fyrir viðburðadagskrá fyrstu helgi hátíðarinnar þar sem meðal annars var prjónaveisla undir berum himni, smiðjur fyrir börn og fullorðna, fyrirlestrar og „prjónum úti"-dagur. Sýning þessi var afar vel sótt af áhugafólki um prjón og hekl. Þátttakendur voru frá Norðurlöndum og Bandaríkjunum.

Jóladagatal hússins er orðið að föstum lið á aðventu. Þetta er fjórða árið sem húsið stendur fyrir þessum margræða listviðburði. Fjölmargir listamenn koma fram í dagatalinu en í ár var einn þátttakandi frá Færeyjum og einn frá Finnlandi.

Norræna húsið er einn af bakhjörlum *RIFF, Reykjavik International Film Festival.* Í húsinu voru sýndar kvikmyndir frá hádegi til miðnættis alla hátíðina. Áhersla var á myndir sem fjölluðu um mat og voru viðburðir haldnir í tengslum við sýningu á norrænum þáttum um *nýja norræna matargerð.* Aðrir viðburðir í húsinu á RIFF voru hreyfimyndasmiðja fyrir börn í leikskóla og grunnskóla, *Talent Lab* fyrir ungt kvikmyndagerðarfólk, kvikmyndatónleikar *Kríu Brekkan* og fyrirlestrar opnir almenningi.

Vatnsmýrarhátíð 2010 hófst 15. maí við Norræna húsið. Frú Vigdís Finnbogadóttir setti hátíðina, sem helguð var vísindum og leik, umhverfi og náttúru, börnum landsins og barnamenningu. Á hátíðinni komu fram fjölmargir listamenn: Blikandi stjörnur, Lúðrasveitin Svanur og trúðar úr leikritinu Bláa gullið. Við gróðurhús Norræna hússins var bragðtilraunasmiðja fyrir börn.

Bókasafn

Bókasafnið hefur það hlutverk að kynna norrænar samtímabókmenntir og verk klassískra norrænna höfunda ásamt norrænni menningu fyrir börnum og fullorðnum.

Um mitt árið var tekin ákvörðun um að öll safngögn safnsins yrðu í framtíðinni í Landskerfi bókasafna og þar með hefði almenningur og önnur söfn aukinn aðgang að öllu því norræna efni sem hvergi annars staðar er til á Íslandi. Talið er að það séu fjögur ársverk að ljúka við skráningu allra safngagna í gegnir.is.

Bókasafnið er aðili að og tekur þátt í undirbúningi að alþjóðlegu barna- og unglingabókmenntahátíðinni „Mýrin". Þemað í ár var „Myndir úti í mýri". Hátíðin átti að vera í apríl en riðlaðist vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Íslenskur hluti hátíðarinnar var haldinn í apríl en í september fluttu erlendir fyrirlesarar erindi um tengsl mynda og texta í myndabókum.

Bókasafnið tekur beinan og óbeinan þátt í viðburðum í húsinu eftir aðstæðum hverju sinni. Fjöldi nýrra gesta hefur komið í safnið á árinu og má rekja það meðal annars til viðburða sem Norræna húsið hefur staðið að og allt húsið nýtur í heild. Sýning á teiknimyndasögum eftir *Magnús Ingvar Ágústsson* úr íslenskum þjóðsögum var í júlí og ágúst. Norræna bókasafnavikan var haldin í fjórtánda sinn í nóvember en þema hennar var „Töfrar Norðursins". *Einar Már Guðmundsson* og *Andri Snær Magnason* fjölluðu um ævintýri fyrr og nú, *Margrét Vilhjálmsdóttir* las úr Völuspá og *Randi Brodersen,* lektor í dönsku, las. Safnið tók þátt í kynningu á bók *Kjell Espmark,* Vetrarbraut, og kynning var á bók *Sofi Oksanen* sem hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Á veturna er tekið á móti skólahópum úr grunnskólum og framhaldsskólum. Húsið er kynnt, norræn menning og bókmenntir, lesnir textar á norrænu tungumálunum, kennt að telja á finnsku og fræðst um Sama og Grænlendinga. Alls var tekið á móti 640 nemendum, sem er nokkur aukning frá árinu áður.

Gerður var samningur við Helsingfors-háskóla um sumarvinnu 2010 fyrir námsmenn sem voru að læra norræn tungumál og gafst sú samvinna vel.

Lögð er áhersla á að vera í góðum samskiptum við önnur bókasöfn og að starfsfólk sæki endurmenntun. Fulltrúi frá safninu sótti meðal annars ráðstefnuna „Next Library“ sem er samvinnuverkefni nokkurra norrænna almenningsbókasafna um framtíðarfyrirkomulag og þjónustu.

Ný norræn matargerð

Norræna húsið var skipað miðstöð fyrir *nýja norræna matargerð* í október 2008. Áætlunin „Ný norræn matargerð II“ (2010–2014) var samþykkt vorið 2010 en í henni segir að Norræna húsið í Reykjavík sé „heppilegur vettvangur fyrir starfsemi sem eflir menningarleg tengsl við Nýjan norrænan mat“. Í maí var skrifað undir þriggja ára samning þar sem segir að „með þessari fjárveitingu veiti norrænu menningarráðherrarnir Norræna húsinu það hlutverk að vera miðstöð sem kemur Nýjum norrænum mat á framfæri með nýsköpunartengslum milli matar-, hönnunar- og menningargeirans“. Húsið hefur með skírskotun til samningsins staðið fyrir ýmsum uppákomum, meðal annars í samstarfi við:

- *Norðurbryggju í Kaupmannahöfn:* samvinna um þátttöku í barnabókahátíð í Kaupmannahöfn í apríl. Þar að auki er samvinna um að miðla efni um vestnorræna matarmenningu.
- *NordGen:* samvinna um „norræna eldhúsgarðinn“.
- *Háskóla Íslands:* samvinna um ráðstefnuna „Matur og bókmenntir – matur í bókmenntum og matreiðslubækur sem bókmenntir“ þar sem þátttakendur voru frá Englandi, Danmörku og Íslandi.
- *Matis:* samvinna meðal annars um kynningarfund um nýja norræna matargerð.
- *Slowfood Reykjavík, Slowfood Norden:* samvinna um nokkra fundi.
- *Reykjavík International Film Festival (RIFF):* samvinna um verkefnið matur og kvikmyndir á hátíðinni 2010, meðal annars með kynningu á norsku sjónvarpsþáttunum „Jagten på den nordiske smag“ og fyrirlestri og kvöldverði á veitingahúsinu Dill.

Mads Holm hefur frá því í september verið fulltrúi fyrir hönd Norræna hússins í vinnuhópi NMR um áætlun nýrrar norrænnar matargerðar, ásamt því að taka þátt í nokkrum norrænum ráðstefnum í tengslum við verkefnið um nýja norræna matargerð.

Norræna eldfjallasetrið

Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK) er norræn rannsóknamiðstöð í eldfjallafræði og skyldum greinum sem grundvölluð er á sérstæðri og fjölbreyttri náttúru Íslands. NORDVULK er hluti af Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og myndar þar kjarna þverfagslegs þemahóps um rannsóknir í eldfjallafræði með áherslu á innri gerð og hegðun eldfjalla. Á NORDVULK er unnið að margvíslegum rannsóknaverkefnum á sviði jarðefna- og jarðeðlisfræði, samhliða þjálfun ungra norrænna vísindamanna.

Eitt meginmarkmið NORDVULK er að efla rannsóknir í eldfjallafræði og skyldum greinum á norrænum vettvangi, samhliða vísindalegri þjálfun og kennslu. Með starfsemi stofnunarinnar síðastliðin 36 ár (1974–2010) hefur orðið til víðtækt þekkingarnet á Norðurlöndum

sem skapað hefur henni sess á alþjóðavettvangi. Sumarskólar eldfjallasetursins, sem styrktir hafa verið af norrænum og bandarískum vísindasjóðum, hafa ennfremur leitt saman unga vísindamenn og sérfræðinga austanhafs og vestan. Á grundvelli þeirra hafa mörg alþjóðleg rannsóknaverkefni orðið til. NORDVULK miðlar þekkingu með því að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í virtustu vísindatímaritum á sínu sviði eins og sýndi sig á árinu þegar rannsókn sem leidd var af hópi vísindamanna við stofnunina var forsíðuumfjöllun Nature, virtasta tímarits í heimi á sviði náttúruvísinda. Rannsóknaniðurstöðum er einnig komið á framfæri við almenning, þar sem vísindamenn við NORDVULK eru meðlimir ráðgjafahóps Almannavarna, en einnig koma vísindamenn eldfjallasetursins á framfæri upplýsingum við almenning í gegnum fjölmiðla þegar eldgos eiga sér stað, með áherslu á en ekki bundið við fjölmiðla frá norrænu löndunum.

Rannsóknir

Á Norræna eldfjallasetrinu er unnið að margvíslegum rannsóknaverkefnum. Sem dæmi má nefna rannsóknir á fornveðurfari og umhverfisbreytingum, jarðefnafræðilegar rannsóknir á eðli jarðhitavökva, jarðfræðilegar rannsóknir á gosefnum eldfjalla og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum á eldfjalla- og jarðskjálftasvæðum ásamt líkanreikningum af innviðum eldfjalla og kvikukerfum. Rannsóknir í eldfjallafræði hafa umtalsverða norræna skírskotun. Þannig eru til dæmis gömul berglög mynduð og mótuð af eldvirkni mikilvægur hluti í jarðfræðilegri byggingu Skandinavíu og Finnlands. Til að unnt sé að skilja aðstæður og myndun slíkra jarðlaga er nauðsynlegt að nýta reynslu frá rannsóknum á virkum eldfjallasvæðum. Jarðlög Skandinavíu og Finnlands mynduðust að mestu fyrir hundruðum milljóna ára en á Íslandi er jarðskorpan enn í mótun og myndun. Ein meginástæða hinnar miklu jarðfræðilegu sérstöðu Íslands er sú að hér á landi er úthafshryggur tengdur flekaskilum Norður-Ameríkuflekans og Evrasíuflekans ofansjávar. Ný jarðskorpa myndast á úthafshryggjum við eldvirkni og kvikuhreyfingar. Einstök tækifæri eru því hérlendis til að rannsaka úthafshrygg ofansjávar, þar sem slíkir hryggir liggja að öllu jöfnu á um 2–3 kílómetra sjávardýpi. Sérstaða Íslands er til orðin vegna samspils úthafshryggjar við heitan reit í jarðskorpu og möttli jarðar þar sem óvenjumikil eldvirkni er. Þá eru eldgos á Íslandi mjög fjölbreytileg og verða við mismunandi umhverfisaðstæður. Neðansjávargos og gos undir jöklum landsins verða auk sprengiog hraungosa á þurru landi. Rannsóknir á eldvirkni úthafshryggja og öðrum mikilvægum þáttum flekahreyfinga á Íslandi eru mikilvægar til að skilja eðli sambærilegra ferla sem hafa myndað og mótað jarðskorpu annarra norrænna landa. Þá eru rannsóknir sem tengjast ferlum sem eiga sér stað í eldfjöllum og jarðhitasvæðum mikilvægar til að skilja myndun jarðefna sem unnin eru í dag úr rótum fornra eldstöðvakerfa annars staðar á Norðurlöndum.

Starfsfólk

Á hverju ári auglýsir Norræna eldfjallasetrið sex stöður fyrir unga norræna vísindamenn sem veittar eru til tólf mánaða í senn. Stöðurnar eru ætlaðar nemendum í framhaldsnámi eða nýdoktorum frá Norðurlöndum. Þeir sem fá stöðurnar öðlast tækifæri til að vinna rannsóknaverkefni í samstarfi við rannsóknahóp NORDVULK. Umsækjendur um þessar stöður eru valdir af norrænni verkefnanefnd NORDVULK en þar situr einn jarðvísindamaður frá hverju norrænu landanna. Jafnframt er ein staða fyrir reyndan norrænan vísindamann í eldfjallafræði. Sú staða er einnig tímabundin, veitt til fjögurra ára í senn, og sá sem situr í henni er gjarnan frá einhverju norrænu landanna utan Íslands. Þá er hópur fastráðinna jarðvísinda-

manna við Jarðvísindastofnun Háskólans tengdur NORDVULK, sem og tæknimenn og starfsfólk á skrifstofu. Umsjón Norræna eldfjallasetursins innan Jarðvísindastofnunar er í höndum Rikke Pedersen.

Rannsóknaniðurstöður

Gæði rannsóknastarfsemi innan NORDVULK má meta út frá birtingum rannsóknaniðurstaðna í alþjóðlegum vísindatímaritum. Á árinu birtust þrettán greinar í slíkum tímaritum eftir vísindamenn Norræna eldfjallasetursins og tólf aðrar greinar eru í vinnslu í slíkum tímaritum. Þessi árangur er vel umfram það sem kveðið var á um í samningi við NMR um starfsemi eldfjallasetursins. Þá voru rannsóknaniðurstöður kynntar með framlögum á fjölmörgum íslenskum og alþjóðlegum vísindaráðstefnum.

Almannatengsl

Norræna eldfjallasetrið er alþjóðlega þekkt meðal vísindamanna sem norræn miðstöð rannsókna í eldfjallafræði. Mikill áhugi er einnig meðal almennings á eldfjallarannsóknum sem fram fara á stofnuninni. Það lýsir sér til dæmis í hversu margir norrænir framhaldsskólanemar heimsækja NORDVULK í skipulegum ferðum til Íslands á vegum skólanna (sjö hópar á árinu). Þar fá norrænir framhaldsskólanemar kynningu á jarðfræði Íslands og hinum virku eldfjöllum landsins jafnframt því sem lýst er rannsóknum sem fram fara á eldfjallasetrinu. Eldgosið í Eyjafjallajökli og stóraukin alþjóðleg fjölmiðlaumfjöllun um eldvirkni og eldgos skilaði sér einnig í aukningu á heimsóknum erlends fjölmiðlafólks til NORDVULK. Samhliða daglegum vísindastörfum sinntu starfsmenn fjölmörgum heimsóknum fjölmiðlafólks, bæði hópa og einstaklinga.

17. Norrænar lánastofnanir

Norræni fjárfestingabankinn

Norræni fjárfestingabankinn (NIB) er alþjóðleg fjármálastofnun í eigu norrænu ríkjanna og Eystrasaltsríkjanna, samtals átta landa (hér nefnt heimasvæði bankans) og er með meginhluta útlánastarfsemi sinnar á því svæði. NIB er einnig með alþjóðlega útlánastarfsemi til þess meðal annars að styðja við verkefnaútflutning fyrirtækja á heimasvæði bankans. Bankinn veitir lán til langs tíma og er markmið hans að styrkja samkeppnishæfni landanna og bæta umhverfið. NIB fjármagnar útlán sín með skuldabréfaútgáfum á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og hafa skuldabréfin hæstu mögulega einkunn frá lánshæfismatsfyrirtækjum.

Ársreikningur fyrir árið 2010 liggur ekki fyrir og er því í þessari skýrslu stuðst við upplýsingar um rekstur bankans á fyrstu átta mánuðum ársins. Alþjóðlegir fjármálamarkaðir, sem að mestu höfðu færst í eðlilegt horf á árinu 2009, urðu fyrir neikvæðum áhrifum á tímabilinu vegna efnahagserfiðleika nokkurra Evrópulanda en bankinn átti þrátt fyrir þetta ekki í erfiðleikum með fjármögnun sína. Eftirspurn eftir lánum bankans er vaxandi enda er minnkandi lánsfjárframboð frá öðrum aðilum svo sem hefðbundnum viðskiptabönkum.

Afkoma NIB á tímabilinu var góð en grunnhagnaður varð 149 milljónir evra samborið við 127 milljónir evra árið áður. Að meðtekinni fjármálastarfsemi og virðisrýrnun útlána reyndist heildarhagnaður bankans 131 milljón evra. Hagnaður bankans hefur þar með færst í eðlilegra horf – en á árinu 2009 var hagnaður óvenju mikill – og bankinn hefur því náð til baka hluta af því tapi sem hann hafði orðið fyrir á árinu 2008 vegna mikilla erfiðleika á fjármálamörkuðum.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans í lok ágúst 2010 var 26,6 milljarðar evra. Útlánin námu 14,1 milljörðum evra sem er 3% aukning frá upphafi ársins. Útborguð lán á tímabilinu reyndust 618 milljónir evra en voru 1,2 milljarðar evra á sama tímabili árið áður. Dregið hefur úr útlánagetu NIB, sem skýrir samdrátt í útlánum, en eiginfjáraukning hjá bankanum er nauðsynleg ef halda á uppi getu bankans til útlána á heimasvæði sínu. Virðisrýrnun útlána jókst um 42 milljónir evra á tímabilinu. Hún var þó ekki vegna íslenskra verkefna en meirihluti afskrifta ársins 2008 hafði verið vegna viðskipta við Ísland. Ekki var greiddur arður vegna ársins 2009 þrátt fyrir góða afkomu en álit stjórnar bankans var að vinna þyrfti upp tap ársins 2008 áður en arðgreiðslur hæfust að nýju.

Í útlánastarfseminni lagði NIB vaxandi áherslu á fjármögnun verkefna innan skilgreindrar kjarnastarfsemi bankans sem er á fjórum sviðum: umhverfi, orkuiðnaður, samgöngur og nýsköpun. 75% af útlánum bankans voru innan kjarnastarfseminnar miðað við 70% á sama tíma árið áður.

Eins og áður er getið er NIB traustur útgefandi skuldabréfa með AAAeinkunn í lánshæfi. Bankanum gekk vel að afla sér fjár á lánsfjármarkaði til endurlána og gaf út skuldabréf sem námu samtals 3,1 milljörðum evra á tímabilinu á hagstæðum kjörum.

Umhverfislán

Bankinn hefur þá yfirlýstu stefnu að veita fjármagni til umhverfisverkefna með lánastarfsemi sinni en einnig að bæta félagslegar aðstæður á einstökum svæðum. Bankinn hefur unnið eftir umhverfisstefnu sem var sett árið 2001 en endurnýjuð árið 2008. Byggist stefnan á samspili efnahagslegs vaxtar og ábyrgðar gagnvart umhverfi og félagslegri uppbyggingu. Á tímabilinu námu útborguð umhverfislán 40% af heildarútlánum bankans á tímabilinu.

Norræni fjárfestingabankinn gegnir mikilvægu hlutverki í Northern Dimension Partnership (NDEP), sem er samstarf ESB, Rússlands, NIB, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD), Evrópska fjárfestingabankans (EIB), Alþjóðabankans og einstakra landa um fjármögnun brýnna umhverfisframkvæmda á Eystrasaltssvæðinu, í Barentshafi og Norðvestur-Rússlandi. Verkefnin varða meðal annars hreinsun á efnaúrgangi, fjármögnun á hreinum orkugjöfum og hreinsun kjarnorkuúrgangs. NIB hefur forystu um undirbúning, skipulagningu og fjármögnun umhverfisverkefna á vegum NDEP. Heildarfjárhæð verkefna á áætlun NDEP nemur meira en tveimur milljörðum evra.

Í samræmi við stefnu sína hyggst bankinn á komandi árum beina sjónum sínum enn frekar að umhverfistengdum verkefnum og einkum þeim sem varða sjálfbæra þróun, hagkvæmari orkunýtingu og minnkun gróðurhúsalofttegunda.

NIB á Íslandi

Á undanförnum árum hefur Norræni fjárfestingabankinn verið mikilvægur þátttakandi í fjármögnun verkefna á Íslandi, ekki síst virkjanaframkvæmda og annarra orkumannvirkja. Útistandandi lán til íslenskra lántaka námu 606 milljónum evra eftir fyrstu átta mánuði ársins. Þetta samsvarar 5% af heildarlánveitingum bankans til lántaka meðal aðildarlanda bankans á þessu tímabili. Til samanburðar er eignarhlutur Íslands í bankanum 0,9%.

Eftir verulegt tap á árinu 2008, sem að miklu leyti tengdist Íslandi, hefur bankinn haldið að sér höndum í lánveitingum til Íslands. Lækkandi lánshæfismat og óvissa um efnahagshorfur á Íslandi hefur einnig haft sitt að segja um þessa afstöðu bankans. Í skýrslu samstarfsráðherra fyrir árið 2008 er gerð svohljóðandi grein fyrir þessu atriði: „Áhrif efnahagskreppunnar á Íslandi hafa þó sýnu mest áhrif á afkomu bankans á árinu. Varúðarafskriftir útlána bankans

í heild námu 79 milljónum evra (13 milljörðum króna). Af þessari fjárhæð má rekja tap vegna íslenskra lántakenda hjá bankanum sem nemur 64 milljónum evra (11 milljörðum króna), þar af íslenskra banka sem nemur 54,5 milljónum evra (9,3 milljörðum króna).“ Auk íslensku viðskiptabankanna og SPRON hefur NIB orðið fyrir tapi og/eða lent í erfiðleikum með lán til nokkurra einkaaðila á Íslandi og er að vinna úr þeim en sú úrvinnsla er nú langt komin.

Þá ber að nefna að álit bankans er að íslenska ríkið hafi, með neyðarlögunum og skiptingu bankanna í nýja og gamla banka, þar sem lán vegna verkefna þeirra, sem NIB var að fjármagna með lánveitingum sínum til fjármálafyrirtækja, voru flutt yfir í nýju bankana en skuldin við NIB skilin eftir í gömlu bönkunum, ekki að fullu gætt hagsmuna bankans.

Hefur fjármálaráðuneytið átt í viðræðum við bankann vegna ofangreindra mála. Þau samskipti hafa nú leitt til þess að bankinn hefur ákveðið að taka upp að nýju eðlileg samskipti við Ísland og íslenska lántakendur og er lánsumsókn Landsvirkjunar vegna Búðarhálsvirkjunar fyrsta íslenska fjárfestingarverkefnið sem NIB tekur upp til skoðunar eftir að hafa breytt afstöðu sinni til Íslands.

Aukning stofnfjár

Eins og nefnt er hér á undan er talið nauðsynlegt að auka stofnfé bankans til að hann geti haldið áfram að gegna hlutverki sínu við fjármögnun mikilvægra verkefna, en heildarútlán hans voru farin að nálgast það hámark sem núverandi stofnfé setur.

Á fundi bankaráðs NIB í júní komu fulltrúar eigenda, sem eru fjármálaráðherrar viðkomandi landa, sér saman um að auka stofnfé bankans um 2 milljarða evra frá 1. janúar 2011, með fyrirvara um samþykki þjóðþinga viðkomandi ríkja. Stofnfjáraukningin yrði með þeim hætti að millifært yrði fé úr varasjóðum bankans, þannig að ekki kæmi til beinna fjárframlaga frá aðildarríkjunum.

Hlutdeild Íslands í stofnfjáraukningunni nam 19,5 milljónum evra og var hún samþykkt á Alþingi sem hluti af fjáraukalögum fyrir árið 2010.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) er alþjóðleg fjármálastofnun sem stofnuð var af norrænu umhverfisráðherrunum árið 1990. Félagið fagnaði því 20 ára afmæli á árinu. NEFCO hefur aðsetur í Helsingfors. Stjórn félagsins er skipuð einum fulltrúa frá hverju norrænu landanna. Stofnfé NEFCO nemur 113 milljónum evra.

Meginmarkmiðið með stofnun NEFCO var að vinna að verkefnum sem bæta umhverfið í Austur- og Mið-Evrópu og í upphafi ekki síst í Eystrasaltsríkjunum sem þá höfðu nýlega hlotið sjálfstæði á ný. Eftir inngöngu Eystrasaltsríkjanna í ESB hefur verið lögð aukin áhersla á verkefni í öðrum löndum á svæðinu og þá fyrst og fremst í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. NEFCO setur í forgang verkefni sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, bæta vistfræðilegt ástand Eystrasaltsins og norðurskautssvæðisins og draga úr mengun af völdum hættulegra efna.

Stuðningur NEFCO við verkefni er í formi lána eða hlutafjár, ýmist í fyrirtækjum eða hjá opinberum aðilum á starfssvæði félagsins. Félagið vinnur á eigin vegum, með öðrum alþjóðlegum fjármálastofnunum eins og Þróunarbanka Evrópu (EBRD) eða með svæðisbundnum samtökum eins og Eystrasaltsráðinu og Norðurskautsráðinu. Lögð er áhersla á að norræn þekking og fjármagn komi að verkefnum sem NEFCO tekur þátt í að fjármagna. Þannig eru norræn fyrirtæki jafnframt samstarfsaðilar í flestum verkefnum NEFCO.

Í öllu starfi er lögð áhersla á arðsemi þess að leysa mengunarvandamál svæðisbundið og hafa sérfræðingar sjóðsins þróað aðferðafræði til að nota sem mælistiku á umhverfisáhrif verkefna áður en ákveðið er að fjárfesta í þeim. Útreikningar sýna meðal annars að mun ódýrara reynist að taka á umhverfisvanda þar sem rótin liggur í héraði en að takast á við afleiðingar hans þegar þær gera vart við sig á Norðurlöndum.

Verkefni, sem NEFCO tekur þátt í að fjármagna, beinast að því að bæta framleiðslutækni, bæta mengunarvarnir og hreinsa frárennsli, bæta meðferð úrgangs og veita ráðgjöf á sviði umhverfismála. Orkumál eru einnig mikilvægur liður í starfinu þar sem megináhersla er lögð á hreinni orku, endurnýjanlega orku og betri orkunýtni. Formlegt samstarf er milli NEFCO og Bank Lviv í Úkraínu, sem er í eigu Íslendinga, um bætta orkunýtni við húshitun í Úkraínu. Í Eistlandi og víðar hefur NEFCO tekið þátt í að byggja vindmyllur. Í Rússlandi hefur kolaverum verið lokað og lífmassi tekinn upp í staðinn. Þá hefur NEFCO stutt fjöldann allan af skólum, barnaheimilum og sjúkrahúsum í Norðvestur-Rússlandi og víðar til að bæta orkunýtni sína. Öll þessi verkefni eiga þátt í að auka lífsgæði íbúanna, draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og spara fjármuni til lengri tíma litið. Um þessar mundir tekur NEFCO þátt í u.þ.b. 350 litlum og meðalstórum verkefnum af því tagi sem hér er lýst.

Enn fremur eru verkefni, sem NEFCO tekur þátt í að fjármagna, rekin í nánu samstarfi við eiganda verkefnisins. Lögð er áhersla á beinar fjárfestingar, til dæmis í samstarfsverkefnum opinberra aðila og einkageirans og fyrirtækja í opinberri þjónustu. Í öllum verkefnum verður að vera skynsamlegt jafnvægi milli áhættu og hagnaðarvonar allra hagsmunaaðila. Markmiðið er að réttlátt og gegnsætt jafnvægi verði milli fjárfestingarinnar og þeirra umhverfisbóta sem fást með henni. NEFCO stefnir að því að bjóða ætíð bestu fáanlega skilmála í þessu sambandi miðað við áhættu.

NEFCO og Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) hafa undanfarin tvö ár haft með sér samstarf um loftslagsverkefni í þróunarríkjum. Á árinu 2009 var ákveðið að hætta hefðbundinni starfsemi NDF en jafnframt var ákveðið að hluti endurgreiðslna sem berast sjóðnum á næstu 35 árum verði notaður til loftslagsverkefna í þróunarlöndum. Í þessu skyni var stofnaður sjóður, Norræni loftslagssjóðurinn (NCF). Með samstarfinu er ætlunin að nýta þekkingu og reynslu NEFCO annars vegar og NDF hins vegar til að hrinda í framkvæmd verkefnum sem auðvelda þróunarlöndum að takast á við og aðlagast loftslagsbreytingum. Stofnun sjóðsins er sameiginlegt framlag Norðurlanda til að koma til móts við hina miklu fjárþörf þróunarlandanna í þessu samhengi. Við val á verkefnum verður sjónum einkum beint að því að flytja norræna þekkingu og loftslagsvænni tækni frá Norðurlöndum til þróunarlanda.[35]

Auk loftslagssjóðsins hafa verið stofnaðir ýmsir sjóðir innan vébanda NEFCO sem ætluð eru ýmis verkefni, til dæmis kolefnissjóður, auk þess sem NEFCO hefur tekið að sér umsýslu ýmissa annarra sjóða sem stofnaðir hafa verið til að vinna að tilteknum umhverfisverkefnum, til dæmis á norðurskautssvæðinu.

NEFCO efndi til tveggja kynningarfunda á starfsemi sinni á Íslandi á árinu í því skyni að hvetja íslensk fyrirtæki til samstarfs við sjóðinn. Fundirnir voru vel sóttir, meðal annars af fulltrúum atvinnulífs, iðnaðar og verkfræðistofa hér á landi, og þess er vænst að fleiri íslensk fyrirtæki muni hefja samstarf við NEFCO á komandi árum.[36]

---

[35]Sjá einnig um NCF síðar í þessum kafla.

[36]Sjá nánar um NEFCO: www.nefco.org

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef) var settur á stofn árið 1982 og hefur aðsetur í Helsingfors. Nopef hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum með því að veita lán, annars vegar til for- og hagkvæmniathugana vegna alþjóðavæðingar fyrirtækja, sem vilja koma á fót starfsemi erlendis, og hins vegar til útflutnings skilgreindra verkefna. Stuðningur sjóðsins felst meðal annars í að kosta að hluta for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð og fleira. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og er láninu breytt í styrk þegar fyrir liggur skýrsla um niðurstöður verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör.

Sjóðurinn hefur frá upphafi afgreitt nálægt 4500 umsóknir um lán, veitt um 2600 fyrirtækjum lán eða styrki og að meðaltali hafa verið um 200 lán í gangi á hverjum tíma. Sjóðurinn býr yfir miklum upplýsingabanka í formi niðurstaðna af forverkefnum í ýmsum löndum. Það býður upp á einstakt tækifæri til að miðla upplýsingum á milli þeirra fyrirtækja sem þegar hafa lokið verkefnum og þeirra sem eru á byrjunarreit. Með þessum hætti hefur myndast grunnur að tengslaneti norrænna fyrirtækja sem starfa á sama landssvæði.

Á starfstímabilinu 2008–2010 lánaði Nopef til verkefna í löndum utan ESB og EES. Markmið sjóðsins voru að umsóknir fyrir árin 2008/2009/2010 yrðu 120/135/150 en þar af var gert ráð fyrir að a.m.k. 35/40/45 verkefnum lyki á sama tíma. Nopef lagði áherslu á að styðja við verkefni í Austur-Evrópu, Kína auk Norður- og Suður-Ameríku. Áhersla var á verkefni um að stofna til reksturs í Norðvestur-Rússlandi og útflutning verkefna þangað. Einnig var horft jákvæðum augum til hagkvæmniathugana á sviði orku- og umhverfismála og verkefna sem sýnt þótti að hefðu sterk jákvæð áhrif á atvinnurekstur á Norðurlöndum með því að auka umsvif og vöxt umsóknarfyrirtækjanna heima fyrir. Verkefni í Búlgaríu og Rúmeníu voru lánshæf til ársloka 2010 samkvæmt undanþágu.

Markmið ársins 2010 voru að fá 150 umsóknir og veita 100 lán. Fjöldi umsókna varð 151 (var 176 árið 2009) og af þeim hlutu 117 jákvæða afgreiðslu. Umsóknir frá Íslandi voru 3 (5 árið 2009) og voru 5 lán veitt til íslenskra fyrirtækja en 2 árið áður. Alls eru því 7 íslensk verkefni í gangi, 2 í Kína, 2 í Evrópu, 1 í Asíu og 1 í Afríku. Reikna má með að um 40% verkefna verði að veruleika ef marka má meðaltal verkefna undanfarinna ára. Lokið var við 126 verkefni á árinu.

Alls voru 188 verkefni í gangi árið 2010 og námu útistandandi lánsloforð 6,1 milljónum evra (2009 voru 197 verkefni í gangi og nam upphæð lánsloforða 6,4 milljónum evra). Meðalupphæð lánsloforða er þannig rúmlega 32.000 evrur. Verkefni, sem veitt voru lán til, skiptust þannig á milli landsvæða: Kína 33%, önnur Asíulönd 16%, Rússland 13%, Suður- og Mið- Ameríka 13%, Norður-Ameríka 10%, Evrópa 9% og önnur landsvæði 6%. Umsóknarfyrirtæki eru flest lítil, þannig var helmingur fyrirtækjanna með færri en 50 starfsmenn og 75% þeirra voru með færri en 100 starfsmenn.

Á árinu voru uppi hugmyndir um verulegar breytingar á rekstri sjóðsins í þá veru að sameina hann öðrum stofnunum eða jafnvel leggja hann niður. Í byrjun nóvember tók Norræna ráðherranefndin þá ákvörðun að framlengja samninginn um starfsemina um þrjú ár til viðbótar en með skertu framlagi.[37]

[37]Sjá nánar um starfsemi sjóðsins á: www.nopef.com

Norræni þróunarsjóðurinn

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) er í eigu Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Hann hefur aðsetur í Helsingfors og nýtur að hluta samrekstrar með NIB og öðrum norrænum stofnunum í borginni.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Veitt voru vaxtalaus lán til stjórnvalda viðkomandi landa til afmarkaðra verkefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir, s.s. Alþjóðabankann, Þróunarbanka Ameríku (IADB), Þróunarbanka Asíu (AsDB) og Þróunarbanka Afríku (AfDB). Einnig var unnið í samstarfi við tvíhliða þróunarstofnanir norrænu landanna, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Á árabilinu 1989–2005 veitti sjóðurinn lán til 190 verkefna í 39 þróunarlöndum að fjárhæð um einn milljarður evra. Um 50% lánsfjárins hefur farið til landa í Afríku, 33% til Asíu og 17% til Rómönsku Ameríku.

Árið 2005 náðist ekki samkomulag milli norrænu landanna um reglulega endurfjármögnun sjóðsins. Var í framhaldinu ákveðið að leggja hann niður og var stjórn sjóðsins falið að útfæra leiðir til þess. Athugun stjórnarinnar leiddi í ljós að hvað sem öðru liði yrði sjóðurinn að haldast sem lögaðili, svo meðal annars yrði komist hjá því að semja upp á nýtt um alla lánasamninga, til að tryggja framkvæmd þeirra þróunarverkefna sem enn eru í gangi og til að sinna umsýslu vegna endurgreiðslna á eldri lánveitingum. Á grundvelli tillögu stjórnarinnar ákvað ráðherranefndin að þeim fjármunum sem endurgreiðast til sjóðsins – samtals um einn milljarður evra á 35 ára tímabili – verði varið til loftslagstengdra verkefna í þróunarlöndum. Ráðherranefndin ákvað einnig að rekstri sjóðsins yrði haldið áfram til að framfylgja því nýja hlutverki sem honum var fengið og var samþykktum sjóðsins breytt til samræmis við það á árinu 2009.

Með aðstoð á sviði loftslagsmála geta Norðurlönd nýtt sérþekkingu sína í umhverfismálum til að aðstoða þau ríki þar sem þörfin er mest. Ekki er gert ráð fyrir að norrænu löndin leggi sjóðnum til nýtt fjármagn. Mun stofnfé hans þar af leiðandi rýrna og taka verður afstöðu til hvort endanlega eigi að leggja sjóðinn niður síðar.

Stjórn NDF samþykkti í júní 2009 framkvæmdaáætlunina „NDF:s framtida inriktning – Future and operations – an outline for 2009–2011“. Áætlunin er grundvöllurinn fyrir framtíðarverkefni sjóðsins.

Markmið NDF eru nú:

- að greiða fyrir stærri fjárfestingum í þróunarríkjum, í samstarfi við aðra alþjóðlega fjárfesta, með það að markmiði að bregðast við orsökum og afleiðingum loftslagsbreytinga,
- að endurspegla áherslur norrænu landanna á sviði loftslagsbreytinga og í baráttunni við fátækt og hungur,
- að auka samlegðaráhrif loftslagsverkefna og vera viðbót við aðra fjármögnun.

Á grundvelli nýs hlutverks hefur stjórn NDF samþykkt 21 styrk, samtals að upphæð 75 milljónir evra á árunum 2009 og 2010. Samþykkt verkefni eru staðsett í lágtekjulöndum í Afríku (46%), Asíu (31%), og Suður-Ameríku (23%).

Miða þau að því að styðja löndin við að laga sig að breyttum aðstæðum vegna loftslagsbreytinga sem og til þess að draga úr útblæstri á gróðurhúsalofttegundum. Verkefnunum er skipt nær jafnt á milli aðlögunar og fyrirbyggjandi aðgerða en 16% þeirra taka á báðum hliðum málsins.

Stjórnin ákvað í október 2009 að veita sex milljónum evra í Norræna loftslagssjóðinn (NCF) sem er stjórnað í samstarfi NDF og NEFCO og nefnist Nordic Climate Facility.

Sjóðnum er ætlað að styrkja verkefni sem efla tækniog þekkingarmiðlun á sviði loftslagsbreytinga. Markmiðið er að hvetja til samstarfsverkefna milli norrænna stofnana, yfirvalda, samtaka og fyrirtækja og samstarfsaðila þeirra í þróunarríkjum. Kallað var eftir tillögum haustið 2009 þar sem áhersla var lögð á verkefni tengd vatnsöflun og orkusparnaði. Af um það bil 130 umsóknum hlutu 14 styrki. Tvær umsóknir bárust frá íslenskum aðilum en hvorugt verkefnið fékk styrk þó annað hafi verið metið hæft.[38]

Kallað var eftir styrkumsóknum í annað sinn í október. Að þessu sinni er áhersla lögð á áhrif loftslagsbreytinga í borgum og endurnýjanlega orkugjafa. Í tilefni umsóknarferlisins efndu NDF og NEFCO til kynningar á loftslagssjóðnum hér á landi í nóvember í samstarfi við utanríkisráðuneytið og umhverfisráðuneytið.

Í stjórn Norræna þróunarsjóðsins sitja fulltrúar norrænu ríkjanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru 11.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Lánasjóðurinn lánar fé til fjárfestinga fyrirtækja í Færeyjum og Grænlandi. Einnig til íslenskra fyrirtækja, að því tilskildu að um sé að ræða samstarfsverkefni íslensks og annað hvort færeysks eða grænlensks fyrirtækis. Þetta er í samræmi við samþykktir frá árinu 1998. Sjóðurinn greiddi á árinu út tvö lán til Grænlands, samtals að upphæð 2,75 milljónir danskra króna.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2010/2011 120,7 milljónir danskra króna og á sama tíma námu útlán samtals 99,7 milljónum danskra króna.

Breytingar á samþykktum, er tóku gildi um áramótin 1997/98, kveða svo á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja NORA um allt að 1,5 milljón danskra króna á ári.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess. Aðild að Lánasjóði Vestur- Norðurlanda eiga Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Færeyjar og Grænland.[39]

---

[38]Sjá einnig um NCF í 17. kafla.

[39]Sjá nánar um sjóðinn á: http://vestnorden.is

Fylgiskjal.

	Styttingar
ÄK-JÄM	Nordisk Embedsmandskomité for Ligestilling – Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál
BDF	Baltic Development Forum
BÍL	Bandalag íslenskra listamanna
CSW	Commission on the Status of Women – Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna
EBRD	European Bank for Reconstruction and Development – Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu
EES	Evropska efnahagssvæðið
EFI	European Forst Institute – Evrópska skógræktarrannsóknastofnunin
EFTA	The European Free Trade Association – Fríverslunarsamtök Evrópu
EHU	European Humanities University – Evrópski háskólinn í húmanískum fræðum
EIB	European Investment Bank – Evrópski fjárfestingabankinn
EK-A	Nordisk Embedsmandskomité for Arbejdsliv – Norræna embættismannanefndin um vinnumarkað og vinnuumhverfi
EK-Finans	Nordisk Embedsmandskomité for Økonomi- og Finanspolitik – Norræna embættismannanefndin um efnahags- og ríkisfjármál
EK-FJLS	Nordisk Embedsmandskomité for Fiskeri og havbrug, Jordbrug, Levnedsmidler og Skovbrug – Norræna embættismannanefndin um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt
EK-K	Nordisk Embedsmandskomité for Kultur – Norræna embættismannanefndin um menningarmál
EK-Lov	Nordisk Embedsmandskomité for Lovsamarbejde – Norræna embættismannanefndin um löggjafarsamstarf
EK-M	Nordisk Embedsmandskomité for Miljø – Norræna embættismannanefndin um umhverfismál
EK-NE	Nordisk Embedsmandskomité for Erhvervs- og energipolitik – Norræna embættismannanefndin um atvinnu- og orkumál
EK-NE/Energi	Nordisk Embedsmandskomité for Energipolitik – Norræna embættismannanefndin um orkumál
EK-NE/Näring	Nordisk Embedsmandskomité for Erhvervspolitik – Norræna embættismannanefndin um atvinnumál
EK-R	Nordisk Embedsmandskomité for Regionalpolitik – Norræna embættismannanefndin um byggðamál
EK-S	Nordisk Embedsmandskomité for Social- og sundhedsspørgsmål – Norræna embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál
EK-U	Nordisk Embedsmandskomité for Uddannelse og Forskning – Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir
ESA	EFTA Surveillance Authority – Eftirlitsstofnun EFTA
ESB	Evrópusambandið
FAO	Food and Agriculture Organisation of the United Nations – Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna
FÍT	Félag íslenskra tónlistarmanna
GF	Nordisk Grænsehindringsforum – Nefnd um afnám stjórnsýsluhindrana
HÖGUT	Rådgivningsgruppen för nordiskt samarbete inom högre utbildning – Stjórnarnefndin um æðri menntun
ILO	International Labour Organization – Alþjóðavinnumálastofnunin
KreaNord	Nordisk arbejdsgruppe for udvikling af kreative industrier – Norrænn samstarfshópur um skapandi greinar
MARPOL	Marine Pollution Convention – Marpol-samningurinn
MR-A	Nordisk Ministerråd for Arbejdsliv – Norræna ráðherranefndin um vinnumarkað og vinnuumhverfi
MR-Finans	Nordisk Ministerråd for Økonomi- og finanspolitik – Norræna ráðherranefndin um efnahags- og ríkisfjármál

MR-FJLS	Nordisk Ministerråd for Fiskeri og havbrug, Jordbrug, Levnedsmidler og Skovbrug – Norræna ráðherranefndin um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt
MR-JÄM	Nordisk Ministerråd for Ligestilling – Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál
MR-K	Nordisk Ministerråd for Kultur – Norræna ráðherranefndin um menningarmál
MR-Lov	Nordisk Ministerråd for Lovsamarbejde – Norræna ráðherranefndin um löggjafarsamstarf
MR-M	Nordisk Ministerråd for Miljø – Norræna ráðherranefndin um umhverfismál
MR-NER	Nordisk Ministerråd for Erhvervs-, Energi- og Regionalpolitik – Norræna ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál
MR-S	Nordisk Ministerråd for Social- og sundhedspolitik – Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál
MR-SAM	De nordiske samarbejdsministre – Samstarfsráðherrar Norðurlanda
MR-U	Nordisk Ministerråd for Uddannelse og Forskning – Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir
NAU	Nordisk arbejdsretsudvalg – Norræn nefnd um vinnurétt
NB8	Nordisk-baltiske ministermøder – Norrænir-baltneskir ráðherrafundir
NCF	Nordic Climate Facility – Norrænn loftslagssjóður
NDEP	Northern Dimension Partnership
NDF	Nordic Development Fund – Norræni þróunarsjóðurinn
NDPC	Northern Dimension Partnership on Culture – Menningarsamstarf á vettvangi Norðlægu víddarinnar
NEF	Nordisk Energiforskning – Norrænar orkurannsóknir
NEFCO	Nordic Environment Finance Corporation – Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
NFS	Samtök norrænna alþýðusambanda – Nordens Fackliga Samorganisation
NHR	Norræna ráðið um málefni fatlaðra – Nordisk Handicappolitisk Råd
NHV	Nordisk Højskole for Folkesundhedsvidenskab – Norræni lýðheilsuháskólinn
NIB	Den Nordiske Investeringsbank – Norræni fjárfestingabankinn
NICe	Nordisk InnovationsCenter – Norræna nýsköpunarmiðstöðin
NIKK	Nordisk Institut for Kundskab om Køn – Norræna kvenna- og kynjarannsóknarstofnunin
NIOM	Nordisk Institut for Odontologiske Materialer – Norræna tannlækningastofnunin
NIVA	Nordisk Institution for Videreuddannelse indenfor Arbejdsmiljøområdet – Norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar
NKJ	Nordisk kontaktorgan for jordbrugsforskning – Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir
NKMT	Nordisk arbejdsgruppe for Kosthold, Mad og Toksikologi – Vinnuhópur á sviði matvæla, næringar og eiturefnafræði
NMDD	Nordisk Arbejdsgruppe for Mikrobiologi og Dyrehelse/Dyrevelfærd – Vinnuhópur á sviði örverufræði og dýraheilbrigðis/dýravelferðar
NMF	Nordisk arbejdsgruppe for madforvaltning og konsumentinformation – Norrænn vinnuhópur um matvæli og upplýsingar til neytenda
NMKL	Nordisk Metodikkomité for Levnedsmidler – Norræna aðferðafræðinefndin um matvæli
NMR	Nordisk Ministerråd – Norræna ráðherranefndin
NNR	Nordic Nutrition Recommendations – Norræn næringarráð
NOMESKO	Nordisk medicinalstatistikkomité – Norræna heilbrigðistölfræðinefndin
Nopef	Nordisk Projekteksportfond – Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn
NORA	Nordisk Atlantsamarbejde – Norræna Atlantsnefndin
NordForsk	NordForsk – Norræna rannsóknarráðið
NordGen	Nordisk Genressourcecenter – Norræna erfðalindasetrið
NORDRED	Nordisk redningstjenestesamarbejde – Norræn samvinna um björgunarsamstarf
Nordregio	Nordic Centre for Spatial Development – Norræn rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum
NORDVULK	Nordisk Vulkanologisk Center – Norræna eldfjallasetrið
NORIA	Nordic Research and Innovation Area – Norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðið
NOSOSKO	Nordisk socialstatistikkomité – Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála
NSHF	Nordisk samrådsgruppe i flygtningespørgsmål – Norræn samráðsnefnd um málefni flóttamanna

NSK Nordisk Samarbejdskomité – Norræna samstarfsnefndin
NSS Rådgivningsgruppen for nordisk skolesamarbejde – Norræn ráðgjafanefnd um samstarf um skólamál
NVC Nordens Velfærdscenter – Norræna velferðarmiðstöðin
NVL Nordisk netværk for voksnes læring – Norrænt samstarfsnet um fullorðinsfræðslu
OECD Organisation for Economic Cooperation and Development – Efnahags- og framfarastofnun Evrópu
OSPAR Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic – Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins
PSB Public Service Broadcasting – Ríkisútvarpsstöðvar
RENO Restoration of Damaged Ecosystems in the Nordic countries – Endurheimt skemmdra vistkerfa á Norðurlöndum
RIFF Reykjavik International Film Festival – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík
SCIFA The Strategic Committee on Immigration, Frontiers and Asylum – Stýrinefnd um hælismálefni, landamæri og innflytjendur
SFK Skandinavisk Forenings Kunstnerhus – Norræna listamiðstöðin í Róm
SÍM Samband íslenskra myndlistarmanna
SNS SamNordisk Skovforskning – Norrænar skógræktarrannsóknir
SVL Styregruppen for voksnes læring – Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu
TFI Topforskningsinitiativet – Öndvegisrannsóknarverkefnið
UNEP The United Nations Environment Programme – Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna
WHO World Health Organization – Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin
ÞSSÍ Þróunarsamvinnustofnun Íslands
ÖSE Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu.

977. Svar [457. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

1. *Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vefáskrift og pappírsáskrift.*

Ráðuneytið kaupir samtals 13 dagblöð og héraðsfréttablöð í pappírsáskrift en vefáskrift er í einhverjum tilvikum innifalin í verði. Keypt eru níu eintök af Morgunblaðinu, sex eintök af Viðskiptablaðinu, tvö eintök af DV, tvö eintök af Skessuhorni, eitt eintak af Bændablaðinu, BB Ísafirði, Feyki, Vikudegi, Austurglugganum, Eyjafréttum, Sunnlenska, Víkurfréttum og Hellunni. Ráðuneytið kaupir auk þess fjórar vefáskriftir að Financial Times. Þróunarsamvinnustofnun Íslands kaupir engin blöð í áskrift.

2. *Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.*

Ráðuneytið greiðir samtals 84.756 kr. á mánuði fyrir framangreindar áskriftir og skiptist kostnaðurinn sem hér segir:

	Kr. á mánuði
Morgunblaðið	35.973
Viðskiptablaðið	18.000
DV	4.464
Financial Times	12.500
Skessuhorn	3.760
Bændablaðið	117
BB Ísafirði	1.395
Feykir	1.304
Vikudagur	1.800
Austurglugginn	1.400
Eyjafréttir	1.245
Sunnlenska	1.090
Víkurfréttir	708
Hellan	1.000

978. Tillaga til þingsályktunar [578. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfisvernd) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2008, frá 25. apríl 2008, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 916/2007 frá 31. júlí 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2216/2004 um staðlað og varið skráakerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2008, frá 25. apríl 2008, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 916/2007 frá 31. júlí 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2216/2004 um staðlað og varið skráakerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB.

Reglugerð nr. 916/2007 útfærir og breytir að hluta til þeirri tæknilegu útfærslu sem komið var á með reglugerð 2216/2004, varðandi skráningarkerfi yfir losun gróðurhúsalofttegunda.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 916/2007 frá 31. júlí 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2216/2004 um staðlað og varið skráakerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB.

Reglugerð nr. 916/2007 felur í sér breytingar á reglugerð nr. 2216/2004 og breytir að hluta til tæknilegri útfærslu á því skráningarkerfi sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB, til skráningar á losun gróðurhúsalofttegunda vegna viðskiptakerfis með heimildir til losunar slíkra lofttegunda (e. Emission Trading Scheme, ETS). Breytingarnar eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis, en með þeim er fyrirkomulagið fært nær því kerfi sem loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna kveður á um.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Eins og nafn hennar gefur til kynna tengist reglugerð nr. 916/2007 tilskipun 2003/87/EB, sem kom á fót viðskiptakerfi með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Evrópusambandsins. Tilskipunin hefur ekki verið innleidd hér á landi en hún krefst breytinga á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda. Reglugerðin krefst hins vegar ekki efnislegra lagabreytinga en lagt er upp með að hún verði innleidd með reglugerð sem sett yrði með stoð í fyrrgreindum lögum. Slík reglugerðarheimild yrði tryggð með þeim lagabreytingum sem gera á á lögunum en umhverfisráðherra fyrirhugar að leggja fram á yfirstandandi löggjafarþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 65/2007 til innleiðingar á tilskipuninni og fleiri gerðum ESB sem tengjast viðskiptakerfinu, m.a. reglugerðinni sem hér um ræðir. Verði frumvarpið að lögum mun það skapa fullnægjandi lagastoð fyrir innleiðingu umræddrar reglugerðar.

Hvað varðar kostnað við innleiðingu reglugerðarinnar er í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB kveðið á um að koma skuli á stöðluðu og öruggu kerfi fyrir skrá yfir losun gróðurhúsalofttegunda. Slíku kerfi hefur í raun þegar verið komið á hér á landi með lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda. Samkvæmt þeim lögum skal Umhverfisstofnun halda bókhald og skráningarkerfi yfir losun gróðurhúsalofttegunda. Í reglugerðinni er hins vegar einungis verið að breyta tæknilegum atriðum þessa kerfis. Kostnaður vegna kerfisins hefur einungis verið metinn heildstætt og því er ekki gert ráð fyrir sérstökum kostnaði fyrir ríkissjóð við innleiðingu reglugerðar nr. 916/2007 í íslenskan rétt. Í lögum nr. 65/2007 er kveðið á um að kostnaður af rekstri kerfisins sé borinn af þeim atvinnurekstri sem sækir um úthlutun á losunarheimildum.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 56/2008

frá 25. apríl 2008
um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2008 frá 14. mars 2008 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 916/2007 frá 31. júlí 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2216/2004 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB ([2]).

3) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um kerfi til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar ([3]) hefur ekki verið felld inn í samninginn og sérstakar kröfur þeirrar ákvörðunar um skýrslugjöf taka því ekki til EFTA-ríkjanna.

([1]) Stjtíð. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 34, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 22.
([2]) Stjtíð. ESB L 200, 1.8.2007, bls. 5.
([3]) Stjtíð. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 21an (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004) í XX. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

– **32007 R 0916:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 916/2007 frá 31. júlí 2007 (Stjtíð. ESB L 200, 1.8.2007, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 916/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Alan Seatter
formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 916/2007

frá 31. júlí 2007

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2216/2004 um staðlað og varið skráakerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 3. mgr. 19. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar ([2]), einkum öðrum málslið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 ([3]) er mælt fyrir um almenn ákvæði, starfrænar og tæknilegar forskriftir og kröfur um starfshætti og viðhald varðandi staðlað og varið skráakerfi sem samanstendur af skrám, í formi staðlaðra, rafrænna gagnagrunna sem geyma sameiginleg gagnastök, og óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins.

2) Ef boðskipti verða milli skráa og óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins gegnum óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) er eingöngu unnt, vegna uppbyggingar skráakerfisins, að breyta boðleiðinni fyrir allar skrárnar samtímis. Skrá, sem er ekki tilbúin innan tiltekinna tímamarka, skal einnig verða að hætta þátttöku sinni í kerfi til að eiga viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins ef önnur aðildarríki tengjast óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar án viðkomandi skrár. Þegar óháða viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er tilbúin til starfrækslu skal tryggja að hún tengist óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins ásamt skránum, annaðhvort þegar óháða viðskiptadagbókin og allar skrárnar eru tæknilega færar um slíka tengingu eða þegar Bandalagið telur að rétt sé að tengja viðskiptadagbækurnar tvær.

3) Sem stendur er gert ráð fyrir því að þegar tenging er komin á milli óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins tengist skrárnar óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins gegnum óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Hins vegar yrðu boðskipti milli óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og skránna mun einfaldari og sveigjanlegri ef skrárnar tengdust óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar gegnum óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins. Yfirstjórnandinn skal því hafa vald til að ákveða röð tenginganna.

4) Bæði aðildarríkin og Bandalagið skulu sjá til þess að skrár þeirra tengist óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eins fljótt og unnt er og afhenda stjórnanda óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar nauðsynleg skjöl til að frumstilla viðkomandi skrá með hliðsjón af dagbókinni í samræmi við starfrænar og tæknilegar forskriftir fyrir gagnaskiptastaðla fyrir skráakerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem eru útfærðir samkvæmt ákvörðun 24/CP.8 frá ráð-

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2004/101/EB (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 18).
([2]) Stjtíð. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 386, 29.12.2004, bls. 1.

stefnu aðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

5) Bandalagið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skrár allra aðildarríkjanna, óháða viðskiptadagbók Bandalagsins og óháða viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar verði samtengdar fyrir 1. desember 2007.

6) Skrárnar skulu þannig úr garði gerðar að kleift verði að tryggja að eingöngu sé unnt að færa inn sannprófaða losun í skrárnar ef skýrsla um sannprófaða losun hefur verið afhent lögbæru yfirvaldi, og eftir tímamörkin fyrir afhendingu losunarheimilda skulu gögn um sannprófaða losun eingöngu leiðrétt ef ákvörðun lögbærs yfirvalds fjallar einnig um samræmisstöðu stöðvar þar sem sannprófuð losun er leiðrétt.

7) Samþykkja skal ákvæði til að tryggja að þeim aðildarríkjum, sem ekki geta gefið út einingar úthlutaðs magns (AAU) af öðrum ástæðum en að ákvarðað hafi verið að þau séu ekki hæf til að millifæra eða afla sér losunarskerðingareininga (ERU) og einingar úthlutaðs magns og nota einingar vottaðrar losunarskerðingar (CER) í samræmi við ákvæði ákvörðunar 11/CMP.1 í Kýótóbókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC), sé gert kleift að halda áfram jafnri þátttöku sinni í kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með losunarheimildir, því annars yrði komið í veg fyrir þátttöku þeirra á árunum 2008–2012 þar eð, ólíkt öllum öðrum aðildarríkjum, gætu þau ekki gefið út losunarheimildir sem hefur verið umbreytt úr einingum úthlutaðs magns. Jöfn þátttaka af þessu tagi skal gerð möguleg með kerfi innan skrár Bandalagsins sem gerir rekstraraðilum í aðildarríkjunum, sem eiga ekki einingar úthlutaðs magns, kleift að skipta losunarheimildum, sem ekki hefur verið breytt úr einingum úthlutaðs magns, í losunarheimildir, sem hefur verið breytt úr einingum úthlutaðs magns, þegar losunarheimildir eru millifærðar á reikninga í skrám aðildarríkja sem ekki eiga einingar úthlutaðs magns. Hliðstætt ferli skal gera sambærilega millifærslu í gagnstæða átt mögulega. Með því að breyta reglum um útreikning á samræmisstöðu stöðvar, sem er sú tala sem er notuð í skrám til að sýna hvort rekstraraðili hefur uppfyllt skyldu sína um að skila inn losunarheimildum í samræmi við tilskipun 2003/87/EB, er komið í veg fyrir að litið sé svo á að rekstraraðili uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt tilskipun 2003/87/EB vegna þess að hann skilaði inn losunarheimildum fyrir ár sem er ekki árið á undan núverandi ári.

8) Úthlutun aðildarríkjanna á losunarheimildum úr varasjóðnum til nýrra stöðva og streymi losunarheimilda í varasjóðinn vegna lokunar stöðva skal koma fram í töflunni fyrir landsúthlutunaráætlun sem veitir almenningi aðgang að ítarlegum og uppfærðum upplýsingum er varða slík viðskipti.

9) Til að tryggja að óháða viðskiptadagbók Bandalagsins geti starfað sjálfstætt ef bilun kemur upp í óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skulu þær prófanir, sem eru skilgreindar í starfrænum og tæknilegum forskriftum fyrir gagnaskiptastaðla fyrir skráakerfi samkvæmt Kýótóbókuninni og er útfært samkvæmt ákvörðun 24/CP.8. frá ráðstefnu aðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og sem skal fara fram á vegum óháðu viðskiptadagbókar UNFCCC og er sem stendur á vegum óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins, falla undir löggjöf Bandalagsins.

10) Afar brýnt er að tilgreina frest til að birta upplýsingar um sannprófaða losun stöðva í því skyni að ljúka árlegri sannprófunarlotu. Í ljósi fenginnar reynslu skal, í stað gildandi frests til birtingar umræddra upplýsinga, setja ákvæði sem tryggir að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin birti upplýsingarnar eins fljótt og auðið er og á samræmdan og samhæfðan hátt.

11) Þar eð upplýsingarnar, sem koma fram í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins og varða efndir stöðva á skuldbindingum um innskil eins og krafist er í ákvæðum XVI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2216/2004, eru ekki alltaf skýrar, einkum að því er varðar hugsanlegar breytingar á samræmisstöðu stöðvar eftir að tímamörk innskila eru liðin, skulu upplýsingarnar, sem varða efndir á skuldbindingum um innskil, gerðar ítarlegri og sértækari.

12) Til að tryggja jafnan aðgang að markaðstengdum upplýsingum, sem er grundvallarkrafa vel starfhæfs markaðar, skal óháða viðskiptadagbók Bandalagsins veita almenningi aðgang að viðbótarupplýsingum, s.s. upplýsingum um hvort reikningur sé lokaður, um gjöld vegna mismunandi skráa, varasjóðstöfluna, sem krafa er gerð um samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB frá 13. nóvember

2006 um að komast hjá því að tvíreikna skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í kerfi Bandalagsins um viðskipti með heimildir til losunar, að því er varðar verkefnistengdar aðgerðir samkvæmt Kýótóbókuninni, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([1]), um hlutfall stöðva, sem þegar hafa gefið upp sannprófaða losun sína og um hlutfall losunarheimilda sem ekki hefur tengst neinum viðskiptum milli úthlutunar og innskila.

13) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2216/2004 til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2216/2004 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

   a) í stað e-liðar komi eftirfarandi:

      „e) „eining úthlutaðs magns“ (AAU): eining sem er gefin út skv. 3. mgr. 7. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB eða af aðila að Kýótóbókunarinnar“.

   b) Í p-lið bætist eftirfarandi málsliður við:

      „Sérákvæði gilda um skrár sem eru tilgreindar í 63. gr. a.“

2. Eftirfarandi undirgrein bætist við 3. mgr. í 3. gr.:

   „Frá og með 1. febrúar 2008 skal hver skrá geta framkvæmt á réttan hátt öll þau ferli er varða sjálfvirkar breytingar á töflum fyrir landsúthlutunaráætlanir sem settar eru fram í XI. viðauka a.“

3. Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Í stað 4. og 5. mgr. komi eftirfarandi:

      „4. Yfirstjórnandinn skal veita aðgang að þeim stýriferlum, sem um getur í XI. viðauka, í því skyni að stuðla að heilleika gagnanna innan skráakerfisins, og veita aðgang að þeim ferlum sem tengjast sjálfvirkum breytingum á töflunni fyrir landsúthlutunaráætlunina, sem um getur í XI. viðauka a, til að tryggja að töflur fyrir landsúthlutunaráætlunina endurspegli þann fjölda losunarheimilda sem er gefinn út og úthlutað til stöðva.

      5. Yfirstjórnandinn skal því aðeins framkvæma ferli er varða losunarheimildir, sannprófaða losun, sjálfvirkar breytingar á töflum fyrir landsúthlutunaráætlanirnar, reikninga eða Kýótóeiningar að það sé nauðsynlegt til að hann geti sinnt verkefnum sínum sem yfirstjórnandi.“

   b) Eftirfarandi undirgrein bætist við 6. mgr.:

      „Frá og með 1. febrúar 2008 skal í tengslum við óháða viðskiptadagbók Bandalagsins vera unnt að framkvæma á réttan hátt öll þau ferli er varða sjálfvirkar breytingar á töflum fyrir landsúthlutunaráætlanir sem sett eru fram í XI. viðauka a.“

4. Í stað 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

   „2. Frá 1. febrúar 2008 og þar til boðleiðinni, sem um getur í 7. gr., hefur verið komið á skal framkvæma öll ferli er varða losunarheimildir, sannprófaða losun, sjálfvirkar breytingar á töflum fyrir landsúthlutunaráætlanir og reikninga með gagnaskiptum gegnum óháða viðskiptadagbók Bandalagsins.“

5. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

   „7. gr.

   Boðleið milli óháðu viðskiptadagbókanna

   1. Líta skal svo á að komið hafi verið á boðleið milli óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar þegar þessi kerfi hafa tengst á grundvelli ákvörðunar yfirstjórnandans að höfðu samráði við nefndina um loftslagsbreytingar. Yfirstjórnandinn skal koma á og viðhalda slíkri tengingu þegar

   a) allar skrár hafa lokið frumstillingarferli rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og

   b) óháða viðskiptadagbók Bandalagsins og óháða viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar búa yfir nauðsynlegri virkni og geta tengst hvor annarri.

   2. Ef skilyrðin, sem kveðið er á um í 1. mgr., hafa ekki verið uppfyllt getur framkvæmdastjórnin, að fengnum stuðningi meirihluta í nefndinni um loftslagsbreytingar, gefið yfirstjórnandanum

([1]) Stjtíð. ESB L 316, 16.11.2006, bls. 12.

fyrirmæli um að koma á og viðhalda slíkri tengingu.

3. Eftir að tengingunni, sem lýst er í 1. lið, hefur verið komið á skal ljúka öllum ferlum er varða losunarheimildir, sannprófaða losun, reikninga, sjálfvirkar breytingar á töflum fyrir landsúthlutunaráætlanir og Kýótóeiningar með gagnaskiptum gegnum óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og þaðan til óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins.

4. Framkvæmdastjórnin skal meta og upplýsa nefndina um loftslagsbreytingar um aðra valkosti en þá sem lýst er í 3. lið er varða tengingu skráa, óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins. Einkum skal vega og meta hvort öll ferlin, er varða losunarheimildir og Kýótóeiningar, skuli framkvæmd með gagnaskiptum gegnum óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins til óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og hvort öll ferlin er varða sannprófaða losun, reikninga og sjálfvirkar breytingar á töflum fyrir landsúthlutunaráætlanir skuli framkvæmd með gagnaskiptum gegnum óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins.

5. Hvert aðildarríki skal afhenda stjórnanda óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og yfirstjórnandanum nauðsynleg skjöl til að frumtengja hverja skrá við óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og skal hver skrá vera tæknilega undirbúin eigi síðar en 1. september 2007 þannig að frumstillingarferlið hefjist í samræmi við starfrænar og tæknilegar forskriftir fyrir gagnaskiptastaðla fyrir skráakerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem eru útfærðir samkvæmt ákvörðun 24/CP.8 frá ráðstefnu aðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

6. Sé þess kostur skal samþykkja ákvarðanirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., a.m.k. þremur mánuðum áður en þeim er hrint í framkvæmt.“

6. Í stað 3. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„3. Hvert lögbært yfirvald og skrárstjórnandi skal því aðeins framkvæma ferli er varða losunarheimildir, sannprófaða losun, sjálfvirkar breytingar á töflum fyrir landsúthlutunaráætlanir, reikninga eða Kýótóeiningar að það sé nauðsynlegt til að þau geti sinnt verkefnum sínum sem lögbært yfirvald eða skrárstjórnandi.“

7. Í stað 1. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„1. Eigi síðar en 14 dögum eftir gildistöku leyfis til losunar gróðurhúsaloftegunda, sem er gefið út til rekstraraðila stöðvar sem hefur ekki áður fengið slíkt leyfi, eða eftir að komið hefur verið á boðleið milli skrárinnar og óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins, hvort heldur ber síðar að, skal lögbæra yfirvaldið eða rekstraraðilinn, ef lögbæra yfirvaldið krefst þess, veita skrárstjórnanda aðildarríkis þær upplýsingar sem tilgreindar eru í III. viðauka.“

8. Eftirfarandi 3. mgr. bætist við í 17. gr.:

„3. Ef lögbæra yfirvaldið hefur tilkynnt skrárstjórnanda um ógildingu eða innskil leyfis til losunar gróðurhúsalofttegunda sem tilheyrir stöð í tengslum við reikning, sem á færslu í viðkomandi töflu fyrir landsúthlutunaráætlun sem lögð er fram í samræmi við 44. gr., skal skrárstjórnandi, áður en hann lokar reikningnum, leggja fyrir yfirstjórnandann eftirfarandi breytingar á töflunni fyrir landsúthlutunaráætlunin:

a) að fella brott úr töflunni fyrir landsúthlutunaráætlunina allar losunarheimildir, sem hefur ekki verið úthlutað til stöðvarinnar fyrir tillögðu breytinguna á töflunni fyrir landsúthlutunaráætlunina, og setja núll í stað þeirra,

b) að bæta samsvarandi fjölda losunarheimilda við þann hluta töflunnar fyrir landsúthlutunaráætlunina sem svarar til þess fjölda losunarheimilda sem ekki hefur verið úthlutað til þeirra stöðva sem fyrir eru.

Tillagan skal lögð fyrir óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins sem fer sjálfvirkt yfir hana og hrindir henni í framkvæmd í samræmi við ferlin sem sett eru fram í XI. viðauka a.“

9. Í stað 28. gr. komi eftirfarandi:

„28. gr.

Uppgötvun misræmis í gegnum óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins

1. Yfirstjórnandinn skal tryggja að óháða viðskiptadagbók Bandalagsins framkvæmi sjálfvirkar prófanir, sem sett er fram í VIII., IX. og XI. viðauka og XI. viðauka a, með öllum ferlum er varða losunarheimildir, sannprófaða losun, reikninga, sjálfvirkar breytingar á töflum fyrir landsúthlutunaráætlanir og Kýótóeiningar til að tryggja að ekkert misræmi sé fyrir hendi.

2. Komi misræmi í ljós við sjálfvirku prófanirnar, sem um getur í 1. mgr., í einu af ferlunum í VIII., IX. og XI. viðauka og XI. viðauka a skal yfirstjórnandinn þegar í stað tilkynna viðkomandi skrárstjórnanda eða -stjórnendum um það með því að senda viðkomandi sjálfvirkt svar með ítarlegum upplýsingum um misræmið og nota til þess svarkóðana sem settir eru fram í VIII., IX. og XI. viðauka og XI. viðauka a.

Við móttöku þess konar svarkóða fyrir ferli í VIII. og IX. viðauka eða XI. viðauka a skal skrárstjórnandi upphafsskrárinnar stöðva viðkomandi ferli og tilkynna óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins um það.

Yfirstjórnandinn skal ekki uppfæra upplýsingarnar í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins.

Hlutaðeigandi skrárstjórnandi eða -stjórnendur skulu þegar í stað tilkynna viðkomandi reikningshöfum að ferlið hafi verið stöðvað.“

10. Ákvæðum 29. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Yfirstjórnandinn skal sjá til þess að óháða viðskiptadagbók Bandalagsins gangsetji reglulega afstemmingarferli gagna sem sett er fram í X. viðauka. Í því skyni skal óháða viðskiptadagbók Bandalagsins skrá öll ferli er varða losunarheimildir, reikninga, sjálfvirkar breytingar á töflum fyrir landsúthlutunaráætlanir og Kýótóeiningar.“

b) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við:

„3. Skrárstjórnandinn skal, að beiðni yfirstjórnandans, leggja afrit af töflunni yfir sannprófaða losun í skrá sinni fyrir yfirstjórnandann. Yfirstjórnandinn skal ganga úr skugga um að taflan yfir sannprófaða losun í skránni sé í samræmi við upplýsingarnar í óháðri viðskiptadagbók Bandalagsins. Ef yfirstjórnandinn kemur auga á mismun skal hann þegar í stað tilkynna skrárstjórnandanum um það og fara þess á leit að hann eyði mismuninum með því að fara eftir ferli við uppfærslu á sannprófaðri losun sem sett er fram í VIII. viðauka.

Allar breytingar á töflunni fyrir sannprófaða losun skal skráð í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins.“

11. Í stað 32. gr. komi eftirfarandi:

„32. gr.

Ferli

Hvert ferli skal fylgja að fullu boðskiptarunu fyrir viðkomandi tegund af ferli eins og sett er fram í VIII., IX., X. og XI. viðauka og XI. viðauka a. Hver boð skulu uppfylla kröfur um snið og upplýsingar, sem eru útfærðar samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótóbókuninni, með notkun lýsingarmáls yfir vefþjónustu (WSDL).“

12. Í stað 33. gr. komi eftirfarandi:

„33. gr.

Auðkenniskóðar

Skrárstjórnandinn skal úthluta hverju ferli, sem um getur í VIII. viðauka og XI. viðauka a, ótvíræðan samsvörunarauðkenniskóða og hverju ferli, sem um getur í IX. viðauka, ótvíræðan viðskiptaauðkenniskóða. Hver auðkenniskóði skal samanstanda af þeim þáttum sem settir eru fram í VI. viðauka.“

13. Í stað 34. gr. komi eftirfarandi:

„34. gr.

Lok ferla er varða reikninga, sjálfvirkar breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun og sannprófaða losun

Þegar boðleið hefur verið komið á milli beggja óháðu viðskiptadagbókanna, og ef öll ferlin er varða reikninga, sjálfvirkar breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun og sannprófaða losun eru framkvæmd með gagnaskiptum gegnum óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, skal líta svo á að þeim sé lokið þegar báðar óháðu viðskiptadagbækurnar hafa tilkynnt upphafsskránni að þær hafi ekki fundið neitt misræmi í tillögunni sem upphafsskráin sendi. Í öllum öðrum tilvikum en þeim sem um getur í fyrstu málsgrein skal líta svo á að öllum ferlum er varða reikninga, sjálfvirkar breytingar á töflum fyrir landsúthlutunaráætlanir og sannprófaða losun sé lokið þegar óháða viðskiptadagbók Bandalagsins hefur tilkynnt upphafsskránni að hún hafi ekki fundið neitt misræmi í tillögunni sem upphafsskráin sendi.“

14. Eftirfarandi 34. gr. a bætist við:

„34. gr. a

Handvirk bakfærsla lokinna viðskipta sem hófust fyrir mistök

1. Ef reikningshafi eða skrárstjórnandi, sem starfar á vegum reikningshafa, hefur án ásetnings eða fyrir mistök átt viðskipti skv. 52., 53., 58. eða 62. gr. (2. mgr.) er honum heimilt með skriflegri beiðni, sem er undirrituð af viðurkenndum fulltrúa eða viðurkenndum fulltrúum reikningshafa sem geta hafið viðskipti og er send innan fimm virkra daga eftir að viðskiptunum er lokið eða reglugerðin tekur gildi, hvort heldur ber síðar að, að leggja til að skrárstjórnandinn bakfæri viðskiptin handvirkt. Í beiðninni skal vera yfirlýsing þar sem fram kemur að viðskiptin hafi orðið fyrir mistök eða án ásetnings.

2. Skrárstjórnandanum er heimilt að tilkynna yfirstjórnandanum um beiðnina, ásamt því að ætlunin sé að gera sértækar, handvirkar breytingar á viðkomandi gagnagrunni til að bakfæra viðskiptin, innan 30 almanaksdaga frá ákvörðuninni um að bakfæra viðskiptin en eigi síðar en 60 almanaksdögum frá því að viðskiptunum lauk eða reglugerðin tók gildi, hvort heldur ber síðar að. Yfirstjórnandinn skal, innan 30 almanaksdaga frá móttöku tilkynningar skrárstjórnandans samkvæmt fyrstu undirgrein 2. mgr., gera handvirka breytingu á gagnagrunni óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins, sem svarar til þeirrar sem er tilgreind í tilkynningu skrárstjórnandans, ef

a) tilkynningin var send innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein 2. mgr.,

b) tillögð, handvirk breyting snýr einungis við áhrifum viðskipta sem voru hafin án ásetnings eða fyrir mistök og felur ekki í sér að áhrifum síðari viðskipta með sömu losunarheimildir eða Kýótóeiningar sé snúið við.

3. Skrárstjórnandinn má ekki bakfæra viðskipti skv. 52. og 53. gr. ef það verður til þess að rekstraraðili uppfylli ekki kröfur fyrir fyrra ár.“

15. Í stað 2. mgr. 44. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um allar leiðréttingar á úthlutunaráætlun sinni ásamt öllum samsvarandi leiðréttingum í töflu fyrir úthlutunaráætlun sína. Ef leiðréttingin í töflunni fyrir landsúthlutunaráætlun byggist á landsúthlutunaráætlun, sem framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um og hún hefur ekki hafnað skv. 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB eða sem hún hefur samþykkt breytingar á og leiðréttingin er til komin vegna bættra upplýsinga, skal framkvæmdastjórnin gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að gera samsvarandi leiðréttingu á töflunni fyrir landsúthlutunaráætlunina í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins.

Allar slíkar leiðréttingar, er varða nýja þátttakendur, skulu gerðar í samræmi við ferlið í tengslum við sjálfvirkar breytingar á töflunni fyrir landsúthlutunaráætlunina sem er sett fram í XI. viðauka a við þessa reglugerð.

Allar slíkar leiðréttingar, er varða ekki nýja þátttakendur, skulu gerðar í samræmi við frumtengingarferlið sem er sett fram í XIV. viðauka við þessa reglugerð.

Í öllum öðrum tilvikum skal aðildarríkið tilkynna framkvæmdastjórninni um leiðréttingu á landsúthlutunaráætlun sinni og ef framkvæmdastjórnin hafnar ekki þessari leiðréttingu, í samræmi við málsmeðferðina í 3. mgr. 9. gr. í tilskipun 2003/87/EB, skal framkvæmdastjórnin gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli um að færa samsvarandi leiðréttingu inn í töfluna fyrir landsúthlutunaráætlun, sem er í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins, í samræmi við frumtengingarferlið sem sett er fram í XIV. viðauka við þessa reglugerð.“

16. Í stað 46. gr. komi eftirfarandi:

„46. gr.

Úthlutun losunarheimilda til rekstraraðila

Með fyrirvara um 2. mgr. 44. gr. og 47. gr. skal skrárstjórnandinn, eigi síðar en 28. febrúar 2008 og eigi síðar en 28. febrúar á hverju ári þar á eftir, millifæra af vörslureikningi aðila yfir á vörslureikning rekstraraðila þann hluta af heildarfjölda losunarheimilda, útgefinn af skrárstjórnanda skv. 45. gr., sem samsvarandi stöð hefur fengið úthlutað fyrir viðkomandi ár, í samræmi við viðeigandi hluta töflunnar fyrir landsúthlutunaráætlunina.

Skrárstjórnanda er heimilt að millifæra þennan hluta síðar á hverju ári ef gert er ráð fyrir því fyrir viðkomandi stöð í landsúthlutunaráætlun aðildarríkis.

Úthluta skal losunarheimildum í samræmi við ferlið við úthlutun losunarheimilda sem sett er fram í IX. viðauka.“

17. Í stað 48. gr. komi eftirfarandi:

„48. gr.

Úthlutun losunarheimilda til nýrra þátttakenda

Ef lögbært yfirvald gefur skrárstjórnanda fyrirmæli þar að lútandi skal hann millifæra hluta losunarheimilda, sem skrárstjórnandi hefur gefið út skv. 45. gr., sem er á vörslureikningi aðila yfir á vörslureikning rekstraraðila nýs þátttakanda í samræmi við viðeigandi hluta töflunnar fyrir landsúthlutunaráætlun fyrir nýja þátttakandann fyrir viðkomandi ár.

Millifæra skal losunarheimildir í samræmi við ferlið við úthlutun losunarheimilda sem sett er fram í IX. viðauka.“

18. Eftirfarandi 48. gr. a bætist við:

„48. gr. a

Úthlutun losunarheimilda í kjölfar sölu aðildarríkjanna

Ef lögbært yfirvald, í kjölfar sölu á losunarheimildum í eigu tiltekins aðildarríkis, gefur fyrirmæli þar að lútandi skal skrárstjórnandi millifæra tiltekinn fjölda losunarheimilda af vörslureikningi aðila yfir á vörslureikning kaupandans sem er annaðhvort einka- eða rekstraraðili.

Losunarheimildir, sem eru millifærðar innan sömu skrár, skulu millifærðar í samræmi við ferli við innri millifærslu sem sett er fram í IX. viðauka. Losunarheimildir, sem eru millifærðar frá einni skrá til annarrar, skulu millifærðar í samræmi við ferli við ytri millifærslu (2008–2012 og þaðan í frá) sem sett er fram í IX. viðauka.“

19. Ákvæðum 50. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Þegar boðleiðinni hefur verið komið á milli óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins í samræmi við 7. gr. þessarar reglugerðar er aðildarríki óheimilt að millifæra eða afla sér losunarskerðingareininga eða einninga úthlutaðs magns fyrr en 16 mánuðir eru liðnir frá því að það lagði fram skýrslu sína í samræmi við 1. mgr. 7. gr. ákvörðunar nr. 280/2004/EB, nema skrifstofa rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar hafi tilkynnt viðkomandi aðildarríki að málsmeðferð hefjist ekki vegna þess að ekki hefur verið staðið við skuldbindingar.“

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Ef, frá og með 1. janúar 2008, inneign losunarskerðingareininga, einninga vottaðrar losunarskerðingar, einninga úthlutaðs magns og bindingareininga fyrir viðeigandi fimm ára tímabil, sem eru inni á vörslureikningi aðila, vörslureikningi rekstraraðila, einkavörslureikningi og innlausnarreikningi í aðildarríki, er minna en 1% meiri en varasjóður skuldbindingartímabilsins, sem reiknast sem 90% af úthlutuðum einningum eða 100% af nýjasta, yfirfarna uppgjörinu, margfölduðu með fimm, eftir því hvor útkoman er lægri, skal yfirstjórnandi tilkynna viðkomandi aðildarríki þar að lútandi.“

20. Í stað 51. gr. komi eftirfarandi:

„51. gr.

Sannprófuð losun stöðvar

1. Þegar sannprófað hefur verið að skýrsla rekstraraðila um losun frá stöð fyrir fyrra ár sé fullnægjandi í samræmi við ítarlegar kröfur, sem aðildarríkin settu skv. V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, skal hver sannprófandi. þ.m.t. þau lögbæru yfirvöld sem gegna hlutverki sannprófanda, færa inn eða samþykkja færsluna fyrir árlega, sannprófaða losun frá viðkomandi stöð fyrir viðkomandi ár inn í þann hluta töflunnar fyrir sannprófaða losun sem varðar viðkomandi stöð fyrir viðkomandi ár í samræmi við ferli við uppfærslu á sannprófaðri losun sem sett er fram í VIII. viðauka við þessa reglugerð.

2. Skrárstjórnandinn getur bannað að færð sé inn árleg, sannprófuð losun frá stöð þar til lögbæru yfirvaldi hefur borist skýrslan um sannprófaða losun, sem rekstraraðilar leggja fram skv. 3. mgr. 14. gr. í tilskipun 2003/87/EB fyrir viðkomandi stöð, og yfirvaldið hefur gert skránni kleift að taka á móti árlegri, sannprófaðri losun.

3. Lögbært yfirvald getur gefið skrárstjórnandanum fyrirmæli um að leiðrétta árlega, sannprófaða losun frá stöð fyrir fyrra ár til að tryggja að farið sé að ítarlegum kröfum, sem aðildarríkin settu skv. V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, með því að færa inn leiðréttu, árlegu, sannprófuðu losunina frá viðkomandi stöð fyrir viðkomandi ár inn í þann hluta töflunnar fyrir sannprófaða losun sem varðar viðkomandi stöð fyrir viðkomandi ár í samræmi við ferli við uppfærslu á sannprófaðri losun sem sett er fram í VIII. viðauka við þessa reglugerð.

4. Ef lögbært yfirvald gefur skrárstjórnandanum fyrirmæli um að leiðrétta árlegu, sannprófuðu losunina frá stöð fyrir fyrra ár eftir að fresturinn, sem tilgreindur er í 2. mgr. 6. gr. í tilskipun

2003/87/EB, til að skila inn losunarheimildum sem samsvara losun síðastliðins árs, skal yfirstjórnandinn einungis leyfa slíka leiðréttingu ef hann var upplýstur um ákvörðun lögbærs yfirvalds um nýja samræmisstöðu sem gildir um stöðina vegna leiðréttingar á sannprófaðri losun.“

21. Í stað 55. gr. komi eftirfarandi:

„55. gr.

Útreikningur á tölum fyrir samræmisstöðu

Þegar fært er inn í hluta töflunnar fyrir innskilaðar losunarheimildir eða hluta töflunnar fyrir sannprófaða losun, sem varðar tiltekna stöð, skal skrárstjórnandinn ákvarða eftirfarandi:

a) fyrir árin 2005, 2006 og 2007: samræmisstöðu fyrir viðkomandi stöð og fyrir hvert ár með því að leggja saman allar innskilaðar losunarheimildir skv. 52., 53. og 54. gr. fyrir árin 2005–2007, að frádreginni allri sannprófaðri losun á fimm ára tímabili, til og með yfirstandandi árs,

b) fyrir 2008 og á hverju ári eftir það: samræmisstöðu fyrir viðkomandi stöð og fyrir hvert ár með því að leggja saman allar þær losunarheimildir, sem skilað er inn skv. 52., 53. og 54. gr. fyrir árin 2005–2007, að frádreginni allri sannprófaðri losun frá árinu 2008 til og með yfirstandandi árs, ásamt leiðréttingarstuðli.

Leiðréttingarstuðullinn, sem um getur í b-lið, er núll ef talan fyrir árið 2007 var hærri en núll en er sá sami og talan fyrir árið 2007 ef talan fyrir það ár er núll eða lægri.“

22. Í stað 57. gr. komi eftirfarandi:

„57. gr.

Færslur í töfluna fyrir sannprófaða losun

Ef ekki hefur verið færð inn tala fyrir sannprófaða losun 1. maí 2006, og 1. maí á hverju ári þar á eftir, inn í töfluna fyrir sannprófaða losun frá stöð fyrir næstliðið ár skal ekki færa í töfluna neina aðra tölu, sem er ákvörðuð skv. 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2003/87/EB, nema hún hafi verið reiknuð út á eins nákvæman hátt og mögulegt er í samræmi við þær ítarlegu kröfur, sem aðildarríkið setti skv. V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.“

23. Í stað fyrstu undirgreinar í 58. gr. komi eftirfarandi:

„Hinn 30. júní 2006, 2007 og 2008 skal skrárstjórnandinn ógilda tiltekinn fjölda losunarheimilda, eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarheimilda vegna óviðráðanlegra atvika í vörslureikningi aðila skv. 52., 53. og 54. gr. Fjöldi losunarheimilda, eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarheimilda fyrir óviðráðanleg atvik, sem skal ógilda, skal vera sá sami og heildarfjöldi innskilaðra losunarheimilda við ógildingu eins og fært er í töfluna fyrir innskilaðar losunarheimildir á tímabilinu frá 1. janúar 2005 þar til ógilding fer fram 2006, frá ógildingu 2006 þar til ógilding fer fram 2007, og frá ógildingu 2007 til ársins þar til ógilding fer fram 2008.“

24. Í stað 59. gr. komi eftirfarandi:

„59. gr.

Ógilding og innlausn innskilaðra losunarheimilda fyrir tímabilið 2008–2012 og næstu tímabil

1. Eigi síðar en 30. júní 2009 og 30. júní á hverju ári þar á eftir skal skrárstjórnandinn ógilda losunarheimildir, sem skilað er inn, fyrir tímabilið 2008–2012 og hvert fimm ára tímabil þar á eftir með því:

a) að umbreyta tilteknum fjölda losunarheimilda, sem gefinn er út fyrir viðkomandi fimm ára tímabil og eru á vörslureikningi aðila, sem er jafn heildarfjölda innskilaðra losunarheimilda skv. 52. gr. eins og hann er færður í töfluna fyrir innskilaðar losunarheimildir frá 1. janúar á fyrsta ári viðkomandi tímabils til 31. maí næsta árs á eftir og frá 1. júní næstliðins árs til 31. maí á hverju ári þar á eftir, í einingar úthlutaðs magns með því að fjarlægja losunarheimildarþáttinn frá ótvíræðum einingarauðkenniskóða af hverri slíkri einingu úthlutaðs magns sem samanstendur af þáttunum, sem settir eru fram í VI. viðauka í samræmi við ferlið við „umbreytingu innskilaðra losunarheimilda til innlausnar (2008–2012 og áfram)“ sem sett er fram í IX. viðauka og

b) að millifæra tiltekinn fjölda Kýótóeininga af þeirri tegund sem lögbært yfirvald tilgreinir, að undanskildum Kýótóeiningum frá verkefnum sem um getur í 3. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, sem er jafn heildarfjölda losunarheimilda, sem skilað er inn skv. 52. og 53. gr. eins og fært er í töfluna fyrir losunarheimildir frá 1. janúar á fyrsta ári viðkomandi

tímabils til 31. maí næsta árs og frá 1. júní næsta árs á undan til 31. maí á hverju ári þar á eftir, af vörslureikningi aðila yfir á innlausnarreikning fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við ferlið við „innlausn losunarheimilda sem skilað hefur verið inn (2008–2012 og áfram)“ sem sett er fram í IX. viðauka.

2. Eftir 30. júní 2013 og 30. júní fyrsta ársins eftir að hverju fimm ára tímabili lýkur er skrárstjórnandanum heimilt að innleysa allar losunarheimildir sem ekki hefur verið úthlutað til rekstraraðila með því að umbreyta þeim í einingar úthlutaðs magns með því að fjarlægja þáttinn fyrir losunarheimildina af ótvíræðum einingarauðkenniskóða allra slíkra einninga úthlutaðs magns sem samanstendur af þáttunum, sem tilgreindir eru í VI. viðauka, í samræmi við ferli við „umbreytingu losunarheimilda sem ekki hefur verið úthlutað (2008–2012 og áfram)“ sem sett er fram í IX. viðauka og millifæra þær af vörslureikningi aðila yfir á innlausnarreikning fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við ferli við „innlausn losunarheimilda sem ekki hefur verið úthlutað (2008–2012 og áfram)“ sem sett er fram í IX. viðauka.“

25. Í stað a-liðar 60. gr. komi eftirfarandi:

„a) að millifæra tiltekinn fjölda losunarheimilda, sem er jafn fjölda losunarheimilda í skránum og voru gefnar út fyrir árin 2005–2007, að frádregnum þeim fjölda losunarheimilda sem skilað er inn við ógildingu og útskipti skv. 52. og 54. gr. og við innlausn 30. júní næsta árs á undan frá viðkomandi vörslureikningi, sem um getur í 1. og 2. mgr. 11. gr., yfir á ógildingarreikning fyrir árin 2005–2007.“

26. Í stað a- og b-liðar 61. gr. komi eftirfarandi:

„a) að millifæra allar losunarheimildir sem rekstraraðilum var úthlutað á undangengnu fimm ára tímabili frá vörslureikningum rekstraraðila og einkavörslureikningum yfir á vörslureikning aðila,

b) að umbreyta tilteknum fjölda losunarheimilda á skránum sem er jafn fjölda losunarheimilda í skránni og er úthlutað úr einhverri skrá fyrir undangengið fimm ára tímabil, að frádregnum þeim fjölda losunarheimilda, sem skilað er inn skv. 52. gr. frá 31. maí næsta árs á undan, í einingar úthlutaðs magns með því að fjarlægja þáttinn fyrir losunarheimildina af ótvíræðum einingarauðkenniskóða allra slíkra einninga úthlutaðs magns sem samanstendur af þáttunum sem settir eru fram í VI. viðauka.“

27. Í stað 1. mgr. 63. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ef viðkomandi stofnun gefur fyrirmæli þar að lútandi skal skrárstjórnandi millifæra þann fjölda og þær tegundir Kýótóeininga, sem viðkomandi aðili tilgreinir og hafa ekki verið innleystar skv. 59. gr. af vörslureikningi aðila yfir á viðeigandi innlausnarreikning, á skrá hans í samræmi við ferli við „innlausn Kýótóeininga (2008–2012 og áfram)“ sem sett er fram í IX. viðauka.“

28. Eftirfarandi V. kafla A er bætt við á eftir 63. gr.:

„V. KAFLI A

REKSTUR SKRÁA AÐILDARRÍKJA SEM HAFA EKKI EININGAR ÚTHLUTAÐS MAGNS

63. gr. a

Rekstur skráa aðildarríkja sem hafa ekki einingar úthlutaðs magns

1. Aðildarríki, sem geta ekki gefið út einingar úthlutaðs magns af öðrum ástæðum en að ákvarðað hafi verið að þau séu óhæf til að millifæra og afla sér losunarskerðingareininga og einninga úthlutaðs magns og nota einingar vottaðrar losunarskerðingar í samræmi við ákvæði ákvörðunar 11/CMP.1 í Kýótóbókuninni við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, skulu koma á fót, reka og viðhalda skrám sínum í samræmi við skrá Bandalagsins.

Ákvæði 3. (3. mgr.), 4., 6., 11. (1., 3. og 4. mgr.), 30. (1. mgr.), 34., 35., 36., 44. (3. mgr.), 45., 49. (1. mgr.), 59., 60., 61. og 65. gr. gilda ekki um þær skrár.

2. Frá og með 1. janúar 2008 skulu skrár, sem eru reknar í samræmi við 1. mgr., geta framkvæmt ferlin sem eiga við um þær í VIII., IX., X. og XI. viðauka og XI. viðauka a.

63. gr. b

Boðleið milli skráa sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a og óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins

Skrár, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a, skulu hafa boðskipti við óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins gegnum boðleiðina sem skrá Bandalagsins kemur á. Yfirstjórnandinn skal virkja boðleiðina eftir að prófunarferli, sem sett er fram í XIII. viðauka, og frumtengingarferli,

sem sett er fram í XIV. viðauka, er lokið með viðunandi hætti og tilkynna stjórnanda skrár Bandalagsins um það.

63. gr. c

Rekstur skráa í samræmi við 63. gr. a: greining misræmis og ósamkvæmni í gegnum óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar

Óháða viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skal upplýsa skrá, sem er rekin í samræmi við 63. gr. a, um hugsanlegt misræmi sem kemur í ljós í ferli sem viðkomandi skrá hefur hafið gegnum stjórnanda skrár Bandalagsins.

Skráin, sem er rekin í samræmi við 63. gr. a, skal stöðva viðkomandi ferli og skal stjórnandi skrár Bandalagsins upplýsa óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar um það. Stjórnandi skrárinnar, sem er rekin í samræmi við 63. gr., ásamt öllum öðrum hlutaðeigandi skrárstjórnendum, skal þegar í stað tilkynna viðkomandi reikningshöfum að ferlið hafi verið stöðvað.

63. gr. d

Rekstur skráa í samræmi við 63. gr. a: lok ferla er varða reikninga, sannprófaða losun og sjálfvirkar breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun

Þegar boðleið hefur verið komið á milli óháðu viðskiptadagbókanna, og ef ferli sem varða reikninga, sannprófaða losun og sjálfvirkar breytingar á töflum fyrir landsúthlutunaráætlun eru framkvæmd gegnum óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, skal líta svo á að ferlunum sé lokið þegar báðar óháðu viðskiptadagbækurnar hafa tilkynnt skrá Bandalagsins að þær hafi ekki fundið neitt ósamræmi í tillögu skrárinnar sem rekin er í samræmi við 63. gr. a.

Í öllum öðrum tilvikum en þeim sem um getur í fyrstu málsgrein skal líta svo á að öllum ferlum, sem um getur í VIII. og XI. viðauka a, sé lokið þegar óháða viðskiptadagbók Bandalagsins hefur tilkynnt skrá Bandalagsins að hún hafi ekki fundið neitt ósamræmi í tillögunni skrárinnar sem rekin er í samræmi við 63. gr. a.

63. gr. e

Rekstur skráa í samræmi við 63. gr. a: lok ferla er varða viðskipti innan skráa

Líta skal svo á að öllum ferlum sem um getur í IX. viðauka, að undanskildu ferli í tengslum við ytri millifærslu, sé lokið þegar báðar óháðu viðskiptadagbækurnar hafa upplýst skrá Bandalagsins um það að þær hafi ekki fundið neitt ósamræmi í tillögu skrárinnar sem rekin er í samræmi við 63. gr. a. og skrá Bandalagsins hefur sent staðfestingu til óháðu viðskiptadagbókanna þess efnis að skráin, sem rekin er í samræmi við 63. gr. a, hafi uppfært gögn sín í samræmi við tillögu sína.

Áður en boðleið milli óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er komið á skal hins vegar líta svo á að öllum ferlum sem um getur í IX. viðauka, að undanskildu ferli í tengslum við ytri millifærslu, sé lokið þegar óháða viðskiptadagbók Bandalagsins hefur upplýst skrá Bandalagsins um það að hún hafi ekki fundið neitt ósamræmi í tillögunni sem lögð var fram af hálfu skrárinnar sem rekin er í samræmi við 63. gr. a. og skrá Bandalagsins hefur tekist að senda staðfestingu til óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins þess efnis að skráin, sem rekin er í samræmi við 63. gr. a, hafi uppfært gögn sín í samræmi við tillögu sína.

63. gr. f

Skrár, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a: lok ferlis er varðar ytri millifærslu

Líta skal svo á að ferli í tengslum við ytri millifærslu, sem varðar skrá sem er rekin í samræmi við 63. gr. a, sé lokið þegar báðar óháðu viðskiptadagbækurnar hafa upplýst viðtökuskrána (eða skrá Bandalagsins ef viðtökuskráin er skrá sem er rekin í samræmi við 63. gr. a) að þær hafi ekki fundið neitt misræmi í tillögunni sem upphafsskráin sendi (eða skrá Bandalagsins ef upphafsskráin er skrá sem er rekin í samræmi við 63. gr. a.) og viðtökuskráin (eða skrá Bandalagsins ef viðtökuskráin er skrá sem er rekin í samræmi við 63. gr. a) hefur tekist að senda staðfestingu til beggja óháðu viðskiptadagbókanna þess efnis að viðtökuskráin hafi uppfært gögn sín í samræmi við tillögu upphafsskrárinnar. Áður en boðleið milli óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er komið á skal hins vegar líta svo á að ferli í tengslum við ytri millifærslu, sem varðar skrá sem er rekin í samræmi við 63. gr. a, sé lokið þegar óháða viðskiptadagbók Bandalagsins hefur upplýst viðtökuskrána (eða skrá Bandalagsins ef viðtökuskráin er skrá sem er rekin í samræmi við 63. gr.

a) að hún hafi ekki fundið neitt misræmi í tillögunni sem upphafsskráin sendi (eða skrá Bandalagsins ef upphafsskráin er skrá sem er rekin í samræmi við 63. gr. a.) og viðtökuskráin (eða skrá Bandalagsins ef viðtökuskráin er skrá sem er rekin í samræmi við 63. gr. a) hefur tekist að senda staðfestingu til óháðu viðskiptadagbókanna þess efnis að hún hafi uppfært gögn sín í samræmi við tillögu upphafsskrárinnar.

63. gr. g

Skrár, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a: sannvottun

Sannvotta skal skrár, sem reknar eru í samræmi við 63. gr. a, fyrir óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar gegnum skrá Bandalagsins með stafrænu vottorðunum sem skrifstofa rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða stofnun, sem hún tilnefnir, gefur út. Þar til boðleið milli óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er komið á skal hins vegar sannvotta skrárnar gagnvart óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins gegnum skrá Bandalagsins með því að nota stafræn vottorð, notendanöfn og aðgangsorð eins og tilgreint er í XV. viðauka. Framkvæmdastjórnin eða stofnun, sem hún tilnefnir, skal vera vottunaryfirvald fyrir öll stafræn vottorð ásamt því að úthluta notendanöfnum og aðgangsorðum.

63. gr. h

Sérákvæði um tilteknar skuldbindingar stjórnenda skráa sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a

Stjórnandi skrár Bandalagsins skal, að því er varðar stjórnendur skráa, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a, uppfylla þær skyldur sem kveðið er á um í 71. gr. og 2. og 3. mgr. 72. gr.

63. gr. i

Skrár, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a: reikningar

1. Í skrám, sem reknar eru í samræmi við 63. gr. a, skulu vera a.m.k. tveir vörslureikningar aðila sem eru stofnaðir í samræmi við 12. gr.

2. Einungis einn af vörslureikningum aðila skal hafa losunarheimildir með upprunalegu einingartegundinni 1 og skal engum öðrum vörslureikningi aðila en þeim sem hefur losunarheimildir með upprunalegu einingartegundinni 1 vera heimilt að taka þátt í ytri millifærslu milli skráa, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a, og annarra skráa en þeirra sem þannig eru reknar. Ekki skal nota vörslureikning aðila, sem inniheldur losunarheimildir með upprunalegu einingartegundinni 1, fyrir önnur viðskipti en ytri millifærslu milli skráa, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a, og annarra skráa en þeirra sem þannig eru reknar og sem innihalda eingöngu einingar með upprunalegu einingartegundinni 1.

3. Á vörslureikningi rekstraraðila, sem er stofnaður skv. 2. mgr. 11. gr., skulu ekki vera losunarheimildir með upphaflegu einingartegundinni 1 við lok viðskipta. Einkavörslureikningar í skrám, sem reknar eru í samræmi við 63. gr. a, mega ekki taka þátt í ytri millifærslu milli skráa, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a, og annarra skráa en þeirra sem þannig eru reknar.

63. gr. j

Skrár, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a: tafla fyrir landsúthlutunaráætlun fyrir tímabilið 2008–2012 og hvert fimm ára tímabil þar á eftir

Í kjölfar hugsanlegra leiðréttinga á töflu fyrir landsúthlutunaráætlunina skv. 2. mgr. 44. gr. sem eiga sér stað eftir að losunarheimildir hafa verið gefnar út skv. 45. gr. og draga úr heildarfjölda losunarheimilda, sem gefinn er út skv. 45. gr. fyrir árin 2008–2012 eða næsta fimm ára tímabil, skulu skrár, sem reknar eru í samræmi við 63. gr. a, millifæra þann fjölda losunarheimilda, sem lögbært yfirvald tilgreinir, af vörslureikningunum, sem um getur í 2. mgr. 11. gr. og 63. gr. i, yfir á ógildingareikning í skrá Bandalagsins fyrir viðkomandi tímabil.

63. gr. k

Skrár, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a: útgáfa losunarheimilda

Stjórnandi skrár, sem er rekin í samræmi við 63. gr. a, skal, eftir að taflan fyrir landsúthlutunaráætlunina hefur verið færð inn í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins og, með fyrirvara um 2. mgr. 44. gr., eigi síðar en 28. febrúar á fyrsta ári tímabilsins 2008–2012 og eigi síðar en 28. febrúar á fyrsta ári hvers fimm ára tímabils eftir það, gefa út heildarfjölda losunarheimilda sem kemur fram í töflunni fyrir landsúthlutunaráætlunina sem færist á vörslureikning aðila.

Við útgáfu slíkra losunarheimilda skal skrárstjórnandi úthluta hverri losunarheimild ótvíræðum einingaauðkenniskóða, sem samanstendur af þáttunum sem settir eru fram í VI. viðauka, þar sem upphaflega einingartegundin er 0 og viðbótareiningartegundin er 4.

Gefa skal út losunarheimildir í samræmi við ferli við útgáfu losunarheimilda (skrár sem um getur í 63. gr. a) sem sett er fram í IX. viðauka.

63. gr. l

Skrár, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a: millifærsla losunarheimilda milli vörslureikninga rekstraraðila í skrám sem reknar eru í samræmi við 63. gr. a og í öðrum skrám

1. Skrárnar, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a, skulu sjá um alla millifærslu losunarheimilda með upprunalegu einingartegundina 0 og viðbótareiningartegundina 4 milli vörslureikninga samkvæmt beiðni reikningshafa:

a) innan skrár í samræmi við ferli við innri millifærslu sem sett er fram í IX. viðauka,

b) milli tveggja skráa, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a, í samræmi við ferli við „millifærslu milli tveggja skráa, sem um getur í 63. gr. a“, sem sett er fram í IX. viðauka,

c) milli skrár, sem er rekin í samræmi við 63. gr. a, og annarra skráa í samræmi við ferli við „ytri millifærslu (milli skrár, sem um getur í 63. gr. a, og annarrar skrár)“ sem sett er fram í IX. viðauka. Handhafar einkavörslureikninga mega ekki fara fram á millifærslu losunarheimilda með upphaflegu einingartegundinni 0 og viðbótareiningartegundinni 4 yfir á skrár sem eru ekki reknar í samræmi við 63. gr. a. Óháða viðskiptadagbók Bandalagsins skal hindra öll viðskipti sem hafa í för með sér millifærslu losunarheimilda með upphaflegu einingartegundinni 0 og viðbótareiningartegundinni 4 yfir á skrár sem ekki eru reknar í samræmi við 63. gr. a.

63. gr. m

Skrár, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a: ógilding skv. 58. eða 62. gr.

Þegar stjórnandi skrár, sem rekin er í samræmi við 63. gr. a, beitir ógildingu eða innlausn í samræmi við 58. gr. eða valfrjálsa ógildingu í samræmi við 62. gr. skal hann framkvæma ógildinguna með því að millifæra losunarheimildir, eins og krafist er skv. 58. eða 62. gr., inn á ógildingar- eða innlausnarreikninginn í skrá Bandalagsins.

63. gr. n

Skrár, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a: ógilding og innlausn losunarheimilda og eininga vottaðrar losunarskerðingar, sem hefur verið skilað inn, fyrir tímabilið 2008–2012 og næstu tímabil

1. Eigi síðar en 30. júní 2009 og 30. júní á hverju ári upp frá því skal stjórnandi skrár, sem rekin er í samræmi við 63. gr. a, ógilda tiltekinn fjölda losunarheimilda og einingar vottaðrar losunarskerðingar sem eru á vörslureikningi aðila skv. 52. og 53. gr. Sá fjöldi losunarheimilda og eininga vottaðrar losunarskerðingar, sem skal ógilda, skal svara til heildarfjölda losunarheimilda sem hefur verið skilað inn og færður í töfluna fyrir losunarheimildir sem hefur verið skilað inn frá 1. janúar á fyrsta ári viðkomandi tímabils til 31. maí næsta árs og frá 1. júní næsta árs á undan til 31. maí á hverju ári þar á eftir.

2. Ógilding fer fram með millifærslu losunarheimilda og eininga vottaðrar losunarskerðingar, að undanskildum einingum vottaðrar losunarskerðingar frá verkefnum sem um getur í 3. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, af vörslureikningi aðila yfir á innlausnarreikning í skrá Bandalagsins fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við ferli við „innlausn (skrár sem um getur í 63. gr. a)“ sem sett er fram í IX. viðauka.

63. gr. o

Skrár, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a: ógilding og útskipti losunarheimilda sem gefnar eru út fyrir tímabilið 2005–2007

1. Hinn 1. maí 2008 skal hver stjórnandi skrár, sem er rekin í samræmi við 63. gr. a, ógilda og, ef lögbært yfirvald fer fram á það, skipta út losunarheimildum á skrá sinni í samræmi við ferli við ógildingu og útskipti losunarheimilda, sem sett er fram í IX. viðauka, með því:

a) að millifæra tiltekinn fjölda losunarheimilda sem er jafn fjölda losunarheimilda sem gefnar voru út fyrir árin 2005–2007, að frádregnum þeim fjölda losunarheimilda sem skilað er inn við ógildingu og útskipti skv. 52. og 54. gr. frá 30. júní næstliðins árs frá viðkomandi vörslureikningi, sem um getur í 2. mgr. 11. gr. og 63. gr. i, yfir á ógildingarreikning skrár Bandalagsins fyrir viðkomandi tímabil,

b) ef lögbært yfirvald gefur fyrirmæli þar að lút-

andi, að gefa út þann fjölda útskiptalosunarheimilda, sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir, með því að gefa út jafn margar losunarheimildir fyrir tímabilið 2008–2012 og úthluta hverri losunarheimild einingarauðkenniskóða sem samanstendur af þáttunum sem settir eru fram í VI. viðauka,

c) að millifæra útskiptalosunarheimildirnar, sem um getur í b-lið, af vörslureikningi aðila yfir á vörslureikninga rekstraraðila og einkavörslureikninga sem lögbært yfirvald tilgreinir og sem losunarheimildir voru millifærðar af skv. a-lið.

63. gr. p

Skrár, sem eru reknar í samræmi við 63. gr. a: ógilding og útskipti losunarheimilda sem gefnar eru út fyrir tímabilið 2008–2012 og næstu tímabil þar á eftir

1. Hinn 1. maí 2013 og 1. maí á fyrsta ári hvers fimm ára tímabils þar á eftir skal hver stjórnandi skrár, sem er rekin í samræmi við 63. gr. a, ógilda losunarheimildir og skipta þeim út í skrá sinni í samræmi við ferli við ógildingu og útskipti losunarheimilda, sem sett er fram í IX. viðauka, með því:

a) að millifæra tiltekinn fjölda losunarheimilda sem er jafn fjölda losunarheimildanna sem gefnar voru út á næstu fimm árum á undan að frádregnum þeim fjölda losunarheimilda sem skilað er inn skv. 52. gr. frá 31. maí næsta árs á undan af viðkomandi vörslureikningi, sem um getur í 2. mgr. 11. gr. og 63. gr. i, yfir á ógildingarreikning Bandalagsins fyrir viðkomandi tímabil,

b) að gefa út jafn margar útskiptalosunarheimildir með viðbótareiningartegundinni 4 fyrir yfirstandandi tímabil inn á vörslureikning aðila og úthluta hverri losunarheimild sérstakan einingarauðkenniskóða sem samanstendur af þeim þáttum sem tilgreindir eru í VI. viðauka,

c) að millifæra tiltekinn fjölda þessara losunarheimilda, sem eru gefnar út í samræmi við b-lið, fyrir yfirstandandi tímabil af vörslureikningi aðila yfir á vörslureikninga rekstraraðila og einkavörslureikninga, þaðan sem losunarheimildir voru millifærðar í samræmi við a-lið, sem er jafn fjölda losunarheimilda sem voru millifærðar frá þessum reikningum skv. a-lið.“

29. Ákvæðum 72. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsliður bætist við í 1. mgr.:

„Eftir slíka samræmingu skal yfirstjórnandinn ákvarða á hvaða degi skrár og óháða viðskiptadagbók Bandalagsins innleiða hverja nýja útgáfu af starfrænu og tæknilegu forskriftunum fyrir gagnaskiptastaðla fyrir skráakerfi samkvæmt Kýótóbókuninni.“

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi.:

„2. Ef þörf er á nýrri útgáfu af skrá skal hver skrárstjórnandi og yfirstjórnandinn ljúka á skilvirkan hátt við prófunarferlin, sem sett eru fram í XIII. viðauka, áður en boðleið er komið á og gerð virk milli nýju útgáfunnar af skránni og óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.“

c) Eftirfarandi málsgrein 2a bætist við:

„2a. Yfirstjórnandinn skal boða reglulega til funda með skrárstjórnendum til að hafa samráð um málefni og málsmeðferðir er varða breytingastjórnun, atvikastjórnun og öll önnur tæknileg atriði í tengslum við rekstur skráa og framkvæmd þessarar reglugerðar.“

30. Í stað 1. mgr. 73. gr. komi eftirfarandi:

„1. Yfirstjórnandi og hver skrárstjórnandi skulu geyma gögn, er varða öll ferli og reikningshafa sem tilgreind eru í III., IV., VIII., IX., X. og XI. viðauka og XI. viðauka a, þar til hugsanleg vafamál er varða framkvæmd í tengslum við ferli og reikningshafa hafa verið leyst, þó í a.m.k. 15 ár.“

31. Ákvæðum I., II., III., VI. til XIII. og XVI. viðauka er breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa reglugerð.

32. Ákvæðum XI. viðauka A er bætt við eins og þau eru sett fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

2. Ákvæði 1.–4., 6.–12., 15., 16., 17., 20., 21. og 27.–30. liðar 1. gr. og 2., 3., 4., 5. (c-, e-, f-, g- og i-liðir), 6. (b-liður), 10., 11. og 13. liðar (i. liður d-liðar, f- og g-liðir) I. og II. viðauka koma til framkvæmda frá og með 1. febrúar 2008.

3. Ákvæði 24. og 26. liðar 1. gr. og 13. liðar (a-, b- og c-liðir, ii. og iii. liðir d-liðar og e-liður) I. viðauka

koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2009. Þó er heimilt að beita a-, b- og c-lið, ii. og iii. lið d-liðar og e-lið 13. liðar í I. viðauka fyrir 1. janúar 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2007.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I., II., III., VI.–XIII. og XVI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2216/2004 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi.:

„2. Þar til boðleið er komið á milli óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skal:

a) stilla tímaskráningu í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins og í hverri skrá saman við heimstíma (GMT),

b) ljúka öllum ferlum er varða losunarheimildir, sannprófaða losun, sjálfvirkar breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun og á reikningum með skiptum á gögnum, sem eru rituð með XML-ívafsmálinu („eXtensible Markup Language“) með notkun SOAP-samskiptastaðalsins (e. Simple Object Access Protocol) útgáfu 1.1 gegnum HTTP-samskiptastaðalinn (Hypertext Transfer Protocol) útgáfa 1.1 (RPC-samskiptamáti (e. Remote Procedure Call, encoded style).“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi.:

„3. Þegar boðleið er komið á milli óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skal:

a) stilla saman tímaskráninguna í óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins og hverri skrá,

b) ljúka öllum ferlum er varða losunarheimildir og Kýótóeiningar með gagnaskiptum

í samræmi við kröfur varðandi vél- og hugbúnað sem settar eru fram í starfrænum og tæknilegum forskriftum fyrir gagnaskiptastaðla fyrir skráakerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem eru útfærðir samkvæmt ákvörðun 24/CP.8 frá ráðstefnu aðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Ef ferlum, sem varða sannprófaða losun, reikninga og sjálfvirkar breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun, er lokið með gagnaskiptum gegnum óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar við óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins skulu gagnaskiptin fara fram í samræmi við kröfur varðandi vél- og hugbúnað sem settar er fram í starfrænum og tæknilegum forskriftum fyrir gagnaskiptastaðla fyrir skráakerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem eru útfærðir samkvæmt ákvörðun 24/CP.8 frá ráðstefnu aðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Ef ferlum, sem varða sannprófaða losun, reikninga og sjálfvirkar breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun, er lokið með gagnaskiptum gegnum óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins skulu gagnaskiptin fara fram í samræmi við b-lið 2. mgr.“

2. Í III. viðauka bætast eftirfarandi málsliður við 1. mgr.:

„Nafn rekstraraðilans skal vera hið sama og nafn einstaklingsins eða lögaðilans sem er handhafi viðkomandi leyfis fyrir losun gróðurhúsalofttegunda. Heiti stöðvarinnar skal svara til þess heitis sem tilgreint er á viðkomandi leyfi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda.“

3. Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í töflu VI-1 er textanum „4 = Losunarheimildir, sem aðildarríki, sem eiga ekki einingar úthlutaðs magns, gefa út fyrir árin 2008–2012 og næstu fimm ára tímabil á eftir“ bætt við í línunni „Supplementary unit type“ í dálknum „Bil eða kóðar“.

b) Eftirfarandi lína bætist við í töflu VI-2:

„0	4	Losunarheimildir, sem aðildarríki, sem eiga ekki einingar úthlutaðs magns, gefa út fyrir árin 2008–2012 og næstu fimm ára tímabil á eftir og er ekki breytt úr einingum úthlutaðs magns eða öðrum Kýótóeiningum“

c) Í töflu VI-3 er textanum „Yfirstjórnandinn skal skilgreina sérstakt undirbil þessara gilda fyrir skrá Bandalagsins og hverja skrá, sem rekin er í samræmi við skrá Bandalagsins“ bætt við textann í línunni „Account Identifier“ í dálknum „Bil eða kóðar“.

d) Í töflu VI-5 koma orðin „Account Holder Identifier“ í stað „Permit Identifier“.

e) Í stað 14. mgr. komi eftirfarandi.:

„14. Í töflu VI-7 eru tilgreindir þættir samsvörunarauðkenniskóðanna. Hverju ferli, sem um getur í VIII. viðauka og XI. viðauka a, skal úthlutað samsvörunarauðkenniskóða. Skrár skulu mynda samsvörunarauðkenniskóða sem eru ótvíræðir í öllu skráakerfinu. Hver samsvörunarauðkenniskóði skal einungis notaður einu sinni. Ef ferli, sem varðar reikning eða sannprófaða losun og hefur áður verið stöðvað eða ógilt, er endurtekið skal því úthlutað nýjum, ótvíræðum samsvörunarauðkenniskóða.“

4. Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í töflunni undir 4. lið er eftirfarandi lína felld brott:

„05-00	Innlausn (2008–2012 og áfram)“

b) Í töflunni undir 4. lið er eftirfarandi línum bætt við:

„10-61	umbreyting innskilaðra losunarheimilda til innlausnar (2008–2012 og áfram)
10-62	umbreyting óúthlutaðra losunarheimilda til innlausnar (2008–2012 og áfram)
05-00	Innlausn Kýótóeininga (2008–2012 og áfram)
05-01	Innlausn innskilaðra losunarheimilda (2008–2012 og áfram)
05-02	Innlausn óúthlutaðra losunarheimilda (2008–2012 og áfram)
01-22	Útgáfa losunarheimilda (skrár sem um getur í 63. gr. a)
03-00	Ytri millifærsla (milli skrá, sem um getur í 63. gr. a, og annarrar skrár)
10-22	Millifærsla milli tveggja skráa sem um getur í 63. gr. a
05-22	Innlausn (skrár sem um getur í 63. gr. a)“

c) Í töflunni undir 5. lið er eftirfarandi línu bætt við:

„4	Losunarheimildir, sem aðildarríki, sem eiga ekki einingar úthlutaðs magns, gefa út fyrir árin 2008–2012 og næstu fimm ára tímabil á eftir og er ekki umbreytt úr einingum úthlutaðs magns eða öðrum Kýótóeiningum“

5. Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„c) Að því tilskildu að þessi ferli séu framkvæmd með gagnaskiptum gegnum óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar til óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins skal skrárstjórnandi virkja viðeigandi aðgerð hjá vefþjónustu óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar fyrir reikningsstjórn. Í öllum öðrum tilvikum skal skrárstjórnandi virkja viðeigandi aðgerð hjá vefþjónustu óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins fyrir reikningsstjórn.“

b) Í stað 2. liðar komi eftirfarandi.:

„2. Að því tilskildu að þessi ferli séu framkvæmd með gagnaskiptum gegnum óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins til óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skal skrárstjórnanda, sem sendir beiðni, berast kvittun fyrir móttöku frá óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar innan 60 sekúndna ásamt tilkynningu um staðfestingu frá óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins innan sólarhrings. Í öllum öðrum tilvikum skal skrárstjórnanda, sem sendir beiðni, berast kvittun fyrir móttöku frá óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins innan 60 sekúndna ásamt tilkynningu um staðfestingu frá óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins innan sólarhrings.“

c) Í stað eftirfarandi línu í töflu VIII-5, VIII-11 og VIII-12:

„FaxNumber	Skyldubundið“

komi:

„FaxNumber	Valkvætt“

d) Í stað eftirfarandi texta í töflu VIII-9: „Upphafsskráin (Originating Registry) sannvottar óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (eða óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins þar til tengingunni milli óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins og óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er komið á) með því að virkja aðgerðina AuthenticateMessage() og prófar útgáfu viðskiptadagbókarinnar með því að virkja aðgerðina CheckVersion()“ komi eftirfarandi texti:

„Upphafsskráin (Originating Registry) sannvottar óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (eða óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins ef öllum ferlunum, sem um getur í VIII. viðauka, er lokið með gagnaskiptum milli óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins) með því að virkja aðgerðina Authenticate Message() og prófar útgáfu viðskiptadagbókarinnar með því að virkja aðgerðina Check Version().“

e) Í töflu VIII-11 er númerinu „7162“ bætt við í síðustu línunni.

f) Í töflu VIII-12 og VIII-14 er eftirfarandi línu bætt við á eftir línunni „PermitIdentifier“:

„PermitDate	Skyldubundið“

g) Í töflu VIII-13 er eftirfarandi línu bætt við á eftir línunni „PermitIdentifier“:

„PermitDate	Valkvætt“

h) Í töflu VIII-15 er númerinu „7161“ bætt við í síðustu línunni.

i) Í stað 6. liðar komi eftirfarandi.:

„6. Óháða viðskiptadagbók Bandalagsins skal framkvæma prófanir er varða útgáfu og sannvottun skráa ásamt prófunum er varða gildi skilaboða fyrir hvert ferli sem varðar reikning eða sannprófaða losun og ef misræmi kemur í ljós skal hún senda viðeigandi svarkóða eins og sett er fram í töflu XII-1 á bilinu 7900–7999. Framangreindar prófanir eru jafngildar þeim prófunum sem tengjast svarkóðunum sem settir eru fram í starfrænu og tæknilegu forskriftunum fyrir gagnaskiptastaðla fyrir skráakerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem eru útfærðir samkvæmt ákvörðun 24/CP.8. frá ráðstefnu aðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og eru tilgreindir í síðasta dálki í töflu XII-1 samhliða samsvarandi svarkóðum á bilinu 7900–7999. Ef stjórnandi óháðu viðskiptadagbókarinnar (ITL) breytir prófun samkvæmt framangreindum gagnaskiptastöðlum, sem svarar til þeirra prófana, er tengjast þeim svarkóðum sem settir eru fram í töflu XII-1 á bilinu 7900–7999, eða framkvæmd óháðu viðskiptadagbóka rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, skal yfirstjórnandinn gera samsvarandi prófun óvirka.“

j) Í töflu VIII-17 er númerinu „7525“ bætt við í síðustu línunni.

6. Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi.:

„4. Óháða viðskiptadagbók Bandalagsins skal framkvæma eftirfarandi forprófanir á öllum ferlum varðandi viðskipti:

a) prófanir er varða útgáfu og sannvottun skráa,

b) prófanir er varða gildi skilaboða,

c) prófanir er varða heilleika gagna,

d) almennar prófanir er varða viðskipti og

e) prófanir er varða skilaboðarunu.

Ef misræmi kemur í ljós skal óháða viðskiptadagbók Bandalagsins senda viðeigandi svarkóða eins og sett er fram í töflu XII-1 á bilinu 7900–7999.Framangreindar prófanir eru jafngildar þeim prófunum sem tengjast svarkóðunum sem settir eru fram í starfrænu og tæknilegu forskriftunum fyrir gagnaskiptastaðla fyrir skráakerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem eru útfærðir samkvæmt ákvörðun 24/CP.8 frá ráðstefnu aðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og eru tilgreindir í síðasta dálki í töflu XII-1 samhliða samsvarandi svarkóðum á bilinu 7900–7999. Ef prófun samkvæmt fyrrgreindum gagnaskiptastöðlum svarar til þeirra prófana er tengjast þeim svarkóðum sem settir eru fram í töflu XII-1 á bilinu 7900–7999, og framkvæmd óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar á slíkri prófun er breytt af hálfu stjórnanda óháðu viðskiptadagbókarinnar skal yfirstjórnandinn gera samsvarandi prófun óvirka.“

b) Töflu IX-1 er breytt sem hér segir:

i. Textanum „á bilinu 7221–7222“ er bætt við í dálkinum „Svarkóðar óháðrar viðskiptadagbókar Bandalagsins“ í línunni „Ytri millifærsla (2008–2012 og áfram)“.

ii. Textanum „á bilinu 7221–7222“ er bætt við í dálknum „Svarkóðar óháðrar viðskiptadagbókar Bandalagsins“ í línunni „Ytri millifærsla (2005–2007)“.

iii. Textanum „(skrár sem um getur í 63. gr. a), 7219, 7223–7224, 7360, 7402, 7404, 7406, 7407–7408, 7202“ er bætt við í dálknum „Svarkóðar óháðrar viðskiptadagbókar Bandalagsins“ í línunni „Ógilding og útskipti“.

iv. Eftirfarandi lína er felld brott:

„Innlausn (2008–2012 og áfram)	05-00	7358–7361“

v. Eftirfarandi línum er bætt við:

„Umbreyting innskilaðra losunarheimilda til innlausnar (2008–2012 og áfram)	10-61	7358
Umbreyting óúthlutaðra losunarheimilda til innlausnar (2008–2012 og áfram)	10-62	7364, 7366
Innlausn Kýótóeininga (2008–2012 og áfram)	05-00	7360 7365
Innlausn innskilaðra losunarheimilda (2008–2012 og áfram)	05-01	7359–7361 7365
Innlausn óúthlutaðra losunarheimilda (2008–2012 og áfram)	05-02	7360, 7361 7363–7365
Ytri millifærsla (milli skrár sem um getur í 63. gr. a og annarrar skrár)	03-00	7225–7226
Útgáfa losunarheimilda (skrár sem um getur í 63. gr. a)	01-22	7201–7203 7219 7224
Innlausn (skrár sem um getur í 63. gr. a)	05-22	7227–7228 7357 7360–7362
Millifærsla milli tveggja skráa sem um getur í 63. gr. a	10-22	7302, 7304 7406–7407 7224 7228“

c) Eftirfarandi 7. liður bætist við:

„7. Ytri millifærsla milli skrár, sem um getur í 63. gr. a, og annarrar skrár skal fara fram á eftirfarandi hátt:

a) að beiðni reikningshafa þess efnis að millifæra losunarheimildir með viðbótareiningartegundinni 4 af reikningi í skrá, sem um getur í 63. gr. a, skal millifærsluskráin:

i. kanna hvort staðan á vörslureikningi aðilans í skránni, sem um getur í 63. gr. a, sem getur eingöngu innihaldið losunarheimildir af viðbótareiningartegundunum 1, 2 eða 3, svari a.m.k. til þess fjölda sem skal millifæra,

ii. færa losunarheimildirnar aftur á vörslureikning aðilans í skránni, sem um getur í 63. a, og getur eingöngu innihaldið losunarheimildir af viðbótareiningartegundinni 4,

iii. millifæra samsvarandi fjölda losunarheimilda af viðbótareiningartegundunum 1, 2 eða 3 af vörslureikningi aðila, sem getur eingöngu innihaldið losunarheimildir með viðbótareiningartegundunum 1, 2, eða 3, yfir á reikning þess reikningshafa sem hefur viðskiptin,

iv. millifæra þessar losunarheimildir af viðbótareiningartegundunum 1, 2 eða 3 af reikningi þess reikningshafa sem hefur viðskiptin yfir á viðtökureikninginn,

b) að beiðni reikningshafa þess efnis að millifæra losunarheimildir af viðbótareiningartegundunum 1, 2 eða 3 á reikning í skrá, sem um getur í 63. gr. a, skal viðtökuskráin:

i. millifæra losunarheimildir af viðbótareiningartegundunum 1, 2 eða 3 á viðtökureikninginn,

ii. millifæra þessar losunarheimildir af viðtökureikningnum yfir á vörslureikning aðila í skránni, sem um getur í 63. gr. a, sem getur eingöngu innihaldið losunarheimildir af viðbótareiningartegundunum 1, 2 eða 3,

iii. millifæra samsvarandi fjölda losunarheimilda af viðbótareiningartegundinni 4 af vörslureikningi aðila, sem getur eingöngu innihaldið losunarheimildir af upphaflegu einingartegundinni 0 og viðbótareiningartegundinni 4, yfir á viðtökureikninginn. Ef inneignin á vörslureikningi aðila, sem getur innihaldið losunarheimildir af viðbótareiningartegundinni 4, er minni en sá fjöldi sem þarf að millifæra skal bæta við þeim losunarheimildum af viðbótareiningartegundinni 4 sem á vantar inn á vörslureikning aðila áður en millifærslan fer fram.“

7. Ákvæðum X. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangssetningarinnar í 1. lið komi eftirfarandi:

„Þar til boðleið hefur verið komið á milli óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skal hver skrá bregðast við beiðni óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins um að leggja fram eftirfarandi upplýsingar sem varða tiltekinn tíma og dag:“

b) Í stað inngangssetningarinnar í 2. lið komi eftirfarandi:

„Þegar boðleið hefur verið komið á milli óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skal hver skrá bregðast við beiðni óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar þess efnis að leggja fram eftirfarandi upplýsingar sem varða tiltekinn tíma og dag:“

c) Í stað inngangssetningarinnar í 3. lið komi eftirfarandi:

„Þegar boðleið hefur verið komið á milli óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skal hver skrá bregðast við beiðni óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem lögð er fram fyrir hönd óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins, eða beiðni óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins þess efnis að leggja fram eftirfarandi upplýsingar sem varða tiltekinn tíma og dag:“

d) Í stað 6. liðar komi eftirfarandi:

„6. Óháða viðskiptadagbók Bandalagsins skal framkvæma prófanir er varða útgáfu og sannvottun skráa, gildi skilaboða og heilleika gagna meðan á afstemmingarferlinu stendur og ef misræmi kemur í ljós skal hún senda viðeigandi svarkóða eins og sett er fram í töflu XII-1 á bilinu 7900–7999. Framangreindar prófanir eru jafngildar þeim prófunum sem tengjast svarkóðunum sem settir eru fram í starfrænu og tæknilegu forskriftunum fyrir gagnaskiptastaðla fyrir skráakerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem eru útfærðir samkvæmt ákvörðun 24/CP.8 frá ráðstefnu aðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og eru tilgreindir í síðasta dálkinum í töflu XII-1 samhliða samsvarandi svarkóðum á bilinu 7900–7999. Ef prófun samkvæmt fyrrgreindum gagnaskiptastöðlum svarar til þeirra prófana er tengjast þeim svarkóðum sem settir eru fram í töflu XII-1 á bilinu 7900–7999, og framkvæmd óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar á slíkri prófun er breytt af hálfu stjórnanda óháðu viðskiptadagbókarinnar skal yfirstjórnandinn gera samsvarandi prófun óvirka.“

8. Í XI. viðauka komi eftirfarandi í stað 2. liðar:

„2. Þegar boðleið hefur verið komið á milli óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og öllum ferlum, er varða losunarheimildir, sannprófaða losun, reikninga, sjálfvirkar breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun og Kýótóeiningar, hefur verið lokið með gagnaskiptum gegnum óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar til óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins skal óháða viðskiptadagbók Bandalagsins aðeins halda áfram að annast stýriferlana skv. b-lið 1. liðar.“

9. Ákvæðum XII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar komi eftirfarandi.:

„1. Óháða viðskiptadagbók Bandalagsins skal senda svarkóða sem hluta af hverju ferli ef það er tekið fram í VIII.–XI. viðauka a. Hver svarkóði skal samanstanda af heilli tölu á bilinu 7000–7999. Merking hvers svarkóða er gefin upp í töflu XII-1.“

b) Töflu XII-1 er breytt sem hér segir:

i) Fyrirsagnir dálksins og eftirfarandi lína eru felldar brott:

„Svarkóði	Lýsing
7149	Bréfasímanúmer (FaxNumber) aðilans er ekki á gildu sniði eða liggur utan tiltekins bils“

ii. Eftirfarandi dálkafyrirsögnum og línum er bætt við í viðeigandi númeraröð:

„Svarkóði	Lýsing	Samsvarandi svarkóði samkvæmt gagnaskiptastöðlunum
7161	Stöðin, sem tengist vörslureikningi rekstraraðilans, er ekki tilgreind sem „lokuð“ í töflunni fyrir landsúthlutunaráætlunina og því er ekki unnt að loka reikningnum	
7162	Stöðin, sem tengist vörslureikningi rekstraraðilans, á enga færslu í töflunni fyrir landsúthlutunaráætlunina og því er ekki unnt að opna reikninginn	
7221	Viðtöku- eða millifærslureikningurinn má ekki vera í skrá sem um getur í 63. gr. a	
7222	Losunarheimildirnar, sem á að millifæra, mega ekki hafa viðbótareiningartegundina 4	
7223	Viðtökureikningurinn skal vera ógildingarreikningurinn fyrir viðkomandi tímabil	
7224	Losunarheimildir, sem skal gefa út, skulu vera með viðbótareiningartegundinni 4	
7225	Samanlögð inneign eftir viðskipti beggja vörslureikninga aðilanna, sem taka þátt í viðskiptunum í skránni, sem um getur í 63. gr. a, skal svara til samanlagðrar inneignar fyrir viðskiptin	
7226	Inneignin á reikningi aðila, sem getur innihaldið losunarheimildir af viðbótareiningartegundunum 1, 2 eða 3, skal vera meiri eða jafn þeim fjölda sem skal millifæra af skránni sem um getur í 63. gr. a	
7227	Viðtökureikningurinn verður að vera innlausnarreikningurinn fyrir yfirstandandi tímabil	
7228	Gefa skal út losunarheimildir á yfirstandandi tímabili	
7363	Fjöldi eininga úthlutaðs magns, sem skal fella niður, er ekki jafn þeim fjölda losunarheimilda sem er umbreytt samkvæmt ferlinu „umbreyting óúthlutaðra losunarheimilda til innlausnar“	
7364	Viðskiptin hafa ekki hafist eftir 30. júní næsta árs eftir síðasta ár viðkomandi fimm ára tímabils	
7365	Einingarnar, sem skal innleysa, eru losunarheimildir og því ekki unnt að fella þær niður	

„Svarkóði	Lýsing	Samsvarandi svarkóði samkvæmt gagnaskiptastöðlunum
7366	Fjöldi losunarheimilda, sem skal umbreyta, skal ekki vera meiri en fjöldi þeirra eininga, sem er gefinn út, en ekki úthlutað	
7408	Fjöldi losunarheimilda, sem skal ógilda, skal vera jafn fjölda losunarheimilda sem skal ógilda í samræmi við 63. gr. o	
7451	Heildarfjöldi losunarheimilda í uppfærðri landsúthlutunar-áætlun skal vera sá sami og í gildandi landsúthlutunaráætlun	
7452	Fjöldi losunareininga, sem er úthlutað til nýrra þátttakenda, skal ekki vera meiri en sá fjöldi sem varasjóðurinn minnkar um	
7525	Ekki er unnt að leiðrétta töluna yfir sannprófaða losun miðað við árið X eftir 30. apríl ársins X+1 nema lögbært yfirvald tilkynni yfirstjórnanda um nýju samræmisstöðuna sem gildir fyrir stöðina ef sannprófaða losun hennar er leiðrétt	
7700	Kóði skuldbindingartímabils er utan tiltekins bils	
7701	Úthlutun skal fara fram fyrir öll árin á skuldbindingar-tímabilinu að undanskildum árunum á undan yfirstandandi ári	
7702	Nýi varasjóðurinn verður að vera í plús eða á núlli	
7703	Fjöldi losunarheimilda, sem skal úthluta til stöðvar fyrir tiltekið ár, skal vera núll eða meiri	
7704	Leyfisauðkenni (PermitIdentifier) skal vera fyrir hendi og vera tengt stöðvarauðkenninu (InstallationIdentifier)	
7705	Fjöldi losunarheimilda, sem skal úthluta til stöðvar fyrir tiltekið ár í uppfærðri, landsúthlutunaráætlun (NAP), skal vera meiri eða jafn fjöldanum í gildandi, landsúthlutunaráætlun	
7706	Fjöldi losunarheimilda, sem felldur er brott úr lands-úthlutunaráætlun til stöðvar fyrir tiltekið ár, skal vera jafn þeim fjölda sem fjölgar um í varasjóðnum	
7901	Upphafsskráin (InitiatingRegistry) skal vera tilgreind í skrártöflunni	1501
7902	Staða upphafsskrár skal gera kleift að leggja fram tillögur um viðskipti. (Óháða viðskiptadagbók Bandalagsins (CITL) viðheldur gildandi stöðu hverrar skrár. Í því tilviki skal óháða viðskiptadagbókin viðurkenna að skráin sé að fullu starfhæf.)	1503
7903	Staða viðtökuskrár skal gera kleift að samþykkja viðskipti. (Óháða viðskiptadagbók Bandalagsins viðheldur gildandi stöðu hverrar skrár. Í því tilviki skal óháða viðskiptadagbókin viðurkenna að skráin sé að fullu starfhæf.)	1504
7904	Staða skrár skal gera kleift að framkvæma afstemmingar-aðgerðir. (Óháða viðskiptadagbók Bandalagsins viðheldur núverandi stöðu hverrar skrár. Í því tilviki skal óháða viðskiptadagbókin viðurkenna að skráin sé aðgengileg fyrir afstemmingu.)	1510

„Svarkóði	Lýsing	Samsvarandi svarkóði samkvæmt gagnaskiptastöðlunum
7905	Viðskiptaauðkenni (Transaction ID) skal samanstanda af gildum skráningarkóða ásamt tölugildum	2001
7906	Viðskiptategundarkóði skal vera gildur	2002
7907	Viðbótarviðskiptategundarkóði skal vera gildur	2003
7908	Viðskiptastöðukóði skal vera gildur	2004
7909	Reikningstegundarkóði skal vera gildur	2006
7910	Auðkenni fyrir stofnreikning (Initiating Account Identifier) skal vera hærri en núll	2007
7911	Auðkenniskóði fyrir viðtökureikning (Acquiring Account Identifier) skal vera hærri en núll	2008
7912	Upphafsskrá (Originating Registry) allra einingabálka skal vera gild	2010
7913	Einingartegundarkóði skal vera gildur	2011
7914	Viðbótareiningartegundarkóði skal vera gildur	2012
7915	Upphafseiningarraðbálkur (Unit Serial Block Start) og endaeiningarraðbálkur (Unit Serial Block End) skulu vera fyrir hendi	2013
7916	Endaeiningarraðbálkur skal vera stærri eða jafn upphafs-einingarraðbálki	2014
7917	Bindingareiningar, losunarskerðingareiningar, sem hefur verið umbreytt úr bindingareiningum, t-einingar vottaðrar losunar-skerðingar og l-einingar vottaðrar losunarskerðingar skulu hafa gildan LULUCF-flokkunarkóða (LULUCF-landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt)	2015
7918	Einingar úthlutaðs magns, losunarskerðingareiningar, sem hefur verið umbreytt úr einingum úthlutaðs magns, og einingar vottaðrar losunarskerðingar skulu ekki hafa LULUCF-flokkunarkóða	2016
7919	Losunarskerðingareiningar, einingar vottaðrar losunarskerð-ingar, t-einingar vottaðrar losunarskerðingar og l-einingar vottaðrar losunarskerðingar skulu hafa gildan verkefnis-auðkenniskóða (Project ID)	2017
7920	Einingar úthlutaðs magns og bindingareiningar skulu ekki hafa verkefnisauðkenniskóða	2018
7921	Losunarskerðingareiningar skulu hafa gildan rakningarkóða (Track Code)	2019
7922	Einingar úthlutaðs magns, bindingareiningar, einingar vottaðrar losunarskerðingar, t-einingar vottaðrar losunar-skerðingar og l-einingar vottaðrar losunarskerðingar skulu ekki hafa rakningarkóða	2020
7923	Einingar úthlutaðs magns, bindingareiningar, losunar-	2022

„Svarkóði	Lýsing	Samsvarandi svarkóði samkvæmt gagnaskiptastöðlunum
	skerðingareiningar og einingar vottaðrar losunarskerðingar skulu ekki hafa fyrningardagsetningu (Expiry Date)	
7924	Viðskiptaauðkenniskóði fyrirhugaðra viðskipta skulu ekki nú þegar vera í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins	3001
7925	Viðskiptaauðkenniskóði yfirstandandi viðskipta skulu nú þegar vera í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins	3002
7926	Ekki er hægt að endurtaka viðskipti sem hefur áður verið lokið	3003
7927	Ekki er hægt að ljúka viðskiptum sem áður hefur verið hafnað	3004
7928	Ekki er hægt að ljúka viðskiptum ef fundist hefur misræmi í tengslum við þau í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins	3005
7930	Ekki er hægt að ljúka viðskiptum sem áður hafa verið stöðvuð	3007
7931	Ekki er hægt að ljúka viðskiptum sem áður hafa verið gerð ógild	3008
7932	Ekki er hægt að hætta ytri viðskiptum sem hafa áður verið samþykkt	3009
7933	Viðskiptastaðan samþykkt (Accepted) eða hafnað (Rejected) er ekki gild fyrir innri viðskipti	3010
7934	Viðskiptastaða frá upphafsskrá skal gefa til kynna hvort staðan sé tillagt (Proposed), lokið (Completed) eða stöðvað (Terminated)	3011
7935	Viðskiptastaða frá viðtökuskrá fyrir ytri millifærslu skal gefa til kynna stöðuna hafnað eða samþykkt	3012
7936	Viðkomandi skuldbindingartímabil skal samsvara yfir-standandi eða næsta skuldbindingartímabili (þ.m.t. „true-up“-tímabil þeirra)	4001
7937	Einingar, sem tilgreindar eru í viðskiptunum, skulu nú þegar vera til í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins	4002
7938	Einingar, sem tilgreindar eru í viðskiptunum, skulu vera í vörslu upphafsskrárinnar	4003
7939	Allar eigindir allra einingarbálka skulu vera í samræmi við eigindir einingarbálka óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins nema eigindunum sé breytt með yfirstandandi viðskiptum	4004
7940	Allir einingarbálkar í viðskiptum skulu vera frá einu skuldbindingartímabili	4005
7941	Í öllum viðskiptum, að undanskildum ytri millifærslum, skal upphafsskráin vera sú sama og viðtökuskráin	4006
7942	Í ytri millifærslum skal upphafsskráin ekki vera sú sama og viðtökuskráin	4007
7943	Í einingum, sem tilgreindar eru í viðskiptunum, skal ekki gæta ósamkvæmni sem kemur fram við afstemmingu við óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins	4008

„Svarkóði	Lýsing	Samsvarandi svarkóði samkvæmt gagnaskiptastöðlunum
7945	Einingar, sem tilgreindar eru í viðskiptunum, skulu ekki vera hluti af öðrum viðskiptum	4010
7946	Einingar, sem hafa verið gerðar ógildar, skulu ekki notaðar í frekari viðskiptum	4011
7947	Viðskiptatillaga skal taka til a.m.k. eins einingarbálks	4012
7948	Ekki skal úthluta fleiri en einni einingartegund fyrir hver viðskipti	5004
7949	Upphaflegt skuldbindingartímabil skal vera það sama fyrir allar einingar sem gefnar eru út í tengslum við viðskiptin	5005
7950	Viðeigandi skuldbindingartímabil skal vera það sama og upphaflegt skuldbindingartímabil fyrir allar einingar sem gefnar eru út í tengslum við viðskiptin	5006
7951	Ógilding yfir á ógildingarreikning fyrir umframútgáfu (Excess Issuance Cancellation Account) skal ekki fara fram í landsskrá	5152
7952	Viðtökureikningurinn fyrir ógildingarviðskipti skal vera ógildingarreikningur	5153
5153	Tilgreina skal reikningsauðkenni fyrir viðtökureikninga í ógildingarviðskiptum	5154
7954	Einingarbálkarnir, sem skal ógilda, skulu hafa sama gildandi skuldbindingartímabilið og ógildingarreikningurinn	5155
7955	Upphafsskráin, sem ógildir einingar, skal vera landsskrá eða skrá Bandalagsins	5251
7956	Viðtökureikningurinn í innlausnarviðskiptum skal vera innlausnarreikningur	5252
7957	Tilgreina skal reikningsauðkenni fyrir viðtökureikninga í innlausnarviðskiptum	5253
7958	Einingarbálkarnir, sem eru innleystir, skulu hafa sama gildandi skuldbindingartímabil og innlausnarreikningurinn	5254
7959	Upphafsskráin, sem yfirfærir einingar, skal vera landsskrá	5301
7960	Stofnreikningurinn fyrir yfirfærsluviðskipti skal vera vörslureikningur	5302
7961	Aðeins skal færa einingar yfir á næsta skuldbindingartímabil á eftir	5303
7962	Afstemmingarauðkenni (Reconciliation Identifier) skal vera hærra en núll	6201
7963	Afstemmingarauðkennið skal samanstanda af gildum skráningarkóða og tölugildum á eftir	6202
7964	Gildi afstemmingarstöðu skal vera á bilinu 1–11	6203
7965	Skyndimynd fyrir afstemmingu (Reconciliation snapshot) skal vera dagsetning frá 1. október 2004 til núverandi dagsetningar,	6204

„Svarkóði	Lýsing	Samsvarandi svarkóði samkvæmt gagnaskiptastöðlunum
	að viðbættum 30 dögum	
7966	Reikningstegund skal vera gild	6205
7969	Afstemmingarauðkenni skal vera fyrir hendi í dagbókartöflu fyrir afstemmingu (Reconciliation Log table)	6301
7970	Afstemmingarstaða, sem skrá sendir, skal vera gild	6302
7971	Afstemmingarstaðan, sem berst, skal vera sú afstemmingarstaða sem óháða viðskiptadagbók Bandalagsins skráir	6303
7972	Afstemmingarskyndimynd DataTime skrárinnar skal vera í samræmi við DateTime afstemmingarskyndimynd óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins	6304“

iii. Í stað línunnar:

„7301	Viðvörun: hætta er á að brátt verði farið yfir mörkin fyrir varasjóð skuldbindingartímabilsins“

komi:

„7301	Viðvörun: inneign, sem er reiknuð samkvæmt ákvörðun 24/CP.8 frá ráðstefnu aðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, er aðeins 1% yfir varasjóði skuldbindingartímabilsins“

10. Ákvæðum XIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað e-liðar 3. liðar komi eftirfarandi:

„e) Samþætt ferlisprófun: prófa skal getu skrárinnar til að framkvæma öll ferlin, þ.m.t. allar stöður og skref sem skipta máli og eru sett fram í VIII.–XI. viðauka og XI. viðauka a, og til að gera kleift að framkvæma handvirka íhlutun á gagnagrunninum skv. X. viðauka.“

b) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. Yfirstjórnandinn skal gera þá kröfu að skrá sýni að ílagskóðana, sem um getur í VII. viðauka, og svarkóðana, sem um getur í VIII.–XI. viðauka og XI. viðauka a, megi finna í gagnagrunni viðkomandi skrár og að þeir séu túlkaðir og notaðir á viðeigandi hátt með tilliti til ferlanna.“

11. Í stað 7. liðar í XIV. viðauka komi eftirfarandi:

„7. Nota skal eftirfarandi XML-gerðarlýsingu til að leggja töflu yfir landsúthlutunaráætlun fyrir framkvæmdastjórnina:

```
<?xml version="1.0" encoding="UTF-8"?>
<xs:schema targetNamespace="urn:KyotoProtocol:RegistrySystem:CITL:1.0:0.0"
xmlns:xs="http://www.w3.org/2001/XMLSchema"
xmlns="urn:KyotoProtocol:RegistrySystem:CITL:1.0:0.0" elementFormDefault="qualified">
  <xs:simpleType name="ISO3166MemberStatesType">
    <xs:restriction base="xs:string">
      <xs:enumeration value="AT"/>
      <xs:enumeration value="BE"/>
      <xs:enumeration value="BG"/>
      <xs:enumeration value="CY"/>
      <xs:enumeration value="CZ"/>
      <xs:enumeration value="DE"/>
```

```
      <xs:enumeration value="DK"/>
      <xs:enumeration value="EE"/>
      <xs:enumeration value="ES"/>
      <xs:enumeration value="FI"/>
      <xs:enumeration value="FR"/>
      <xs:enumeration value="GB"/>
      <xs:enumeration value="GR"/>
      <xs:enumeration value="HU"/>
      <xs:enumeration value="IE"/>
      <xs:enumeration value="IT"/>
      <xs:enumeration value="LT"/>
      <xs:enumeration value="LU"/>
      <xs:enumeration value="LV"/>
      <xs:enumeration value="MT"/>
      <xs:enumeration value="NL"/>
      <xs:enumeration value="PL"/>
      <xs:enumeration value="PT"/>
      <xs:enumeration value="RO"/>
      <xs:enumeration value="SE"/>
      <xs:enumeration value="SI"/>
      <xs:enumeration value="SK"/>
      </xs:restriction>
   </xs:simpleType>
   <xs:simpleType name="AmountOfAllowancesType">
      <xs:restriction base="xs:integer">
         <xs:minInclusive value="0"/>
         <xs:maxInclusive value="999999999999999"/>
      </xs:restriction>
   </xs:simpleType>
   <xs:group name="YearAllocation">
      <xs:sequence>
         <xs:element name="yearInCommitmentPeriod">
            <xs:simpleType>
               <xs:restriction base="xs:int">
                  <xs:minInclusive value="2005"/>
                  <xs:maxInclusive value="2058"/>
               </xs:restriction>
            </xs:simpleType>
         </xs:element>
      <xs:element name="allocation" type="AmountOfAllowancesType"/>
   </xs:sequence>
</xs:group>

<xs:simpleType name="ActionType">
   <xs:annotation>
      <xs:documentation>The action to be undertaken for the installation
A = Add the installation to the NAP
U = Update the allocations for the installation in the NAP
D = Delete the installation from the NAP
For each action, all year of a commitment period need to be given
</xs:documentation>
   </xs:annotation>
   <xs:restriction base="xs:string">
      <xs:enumeration value="A"/>
      <xs:enumeration value="U"/>
      <xs:enumeration value="D"/>
```

```
      </xs:restriction>
    </xs:simpleType>
    <xs:complexType name="InstallationType">
      <xs:sequence>
        <xs:element name="action" type="ActionType"/>
        <xs:element name="installationIdentifier">
          <xs:simpleType>
            <xs:restriction base="xs:integer">
              <xs:minInclusive value="1"/>
              <xs:maxInclusive value="999999999999999"/>
            </xs:restriction>
          </xs:simpleType>
        </xs:element>
        <xs:element name="permitIdentifier">
          <xs:simpleType>
            <xs:restriction base="xs:string">
              <xs:minLength value="1"/>
              <xs:maxLength value="50"/>
              <xs:pattern value="[A-Z0-9\-]+"/>
            </xs:restriction>
          </xs:simpleType>
        </xs:element>
        <xs:group ref="YearAllocation" minOccurs="3" maxOccurs="5"/>
      </xs:sequence>
    </xs:complexType>
    <xs:simpleType name="CommitmentPeriodType">
      <xs:restriction base="xs:int">
        <xs:minInclusive value="0"/>
        <xs:maxInclusive value="10"/>
      </xs:restriction>
    </xs:simpleType>
    <xs:element name="nap">
      <xs:complexType>
        <xs:sequence>
          <xs:element name="originatingRegistry" type="ISO3166MemberStatesType"/>
          <xs:element name="commitmentPeriod" type="CommitmentPeriodType"/>
          <xs:element name="installation" type="InstallationType" maxOccurs="unbounded">
            <xs:unique name="yearAllocationConstraint">
              <xs:selector xpath="yearInCommitmentPeriod"/>
              <xs:field xpath="."/>
            </xs:unique>
          </xs:element>

          <xs:element name="reserve" type="AmountOfAllowancesType"/>
        </xs:sequence>
      </xs:complexType>
      <xs:unique name="installationIdentifierConstraint">
        <xs:selector xpath="installation"/>
        <xs:field xpath="installationIdentifier"/>
      </xs:unique>
    </xs:element>
  </xs:schema>“.
```

12. Ákvæðum XV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangssetningarinnar í 1. lið komi eftirfarandi:

„Þar til boðleið hefur verið komið á milli óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og óháðu viðskipta-

dagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skulu öll ferli er varða losunarheimildir, sjálfvirkar breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun, sannprófaða losun og reikninga framkvæmd með notkun boðleiðar með eftirfarandi eiginleikum:“

b) Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. Þegar boðleið er komið á milli óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins og óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skulu öll ferli er varða losunarheimildir, sjálfvirkar breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun, sannprófaða losun, reikninga og Kýótóeiningar framkvæmd með notkun boðleiðar með þeim eiginleikum sem settir eru fram í starfrænum og tæknilegum forskriftum fyrir gagnaskiptastaðla fyrir skráakerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem eru útfærðir samkvæmt ákvörðun 24/CP.8 frá ráðstefnu aðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.“

13. Ákvæðum XVI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. Yfirstjórnandinn skal birta og uppfæra upplýsingar, sem tilgreindar eru í 2. lið til 4. liðar a og varða skráakerfið, á almennu svæði á vefsetri óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins í samræmi við tiltekna tímasetningu og skal hver skrárstjórnandi birta og uppfæra þessar upplýsingar, að því er varðar eigin skrá, á almennu svæði vefsíðu sinnar í samræmi við tilgreindu tímasetninguna.“

b) Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:

i. Í a-lið bætist eftirfarandi málsliður við:

„Þegar um er að ræða vörslureikninga rekstraraðila skal nafn reikningshafans vera hið sama og nafn einstaklingsins eða lögaðilans sem er handhafi viðkomandi leyfis fyrir losun gróðurhúsalofttegunda.“

ii. Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) Nafn, heimilisfang, borg, póstnúmer, land, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang fyrsta og annars viðurkennds fulltrúa, sem reikningshafi hefur tilgreint fyrir viðkomandi reikning, nema skrárstjórnandinn heimili reikningshöfum að fara fram á að farið sé með allar upplýsingarnar eða hluta þeirra sem trúnaðarmál og reikningshafi hafi farið þess skriflega á leit við skrárstjórnandann um að birta ekki þessar upplýsinga, að hluta eða í heild.“

c) Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) Losunarheimildir og allar losunarheimildir vegna óviðráðanlegra tilvika sem hefur verið úthlutað og gefnar út til stöðvar, sem tengist vörslureikningi rekstraraðila, og sem tengjast töflu fyrir landsúthlutunaráætlun eða er nýr þátttakandi, skv. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB, ásamt hugsanlegum breytingum á þess konar úthlutunum.“

ii. Eftirfarandi e-liður bætist við:

„e) Gildistökudagur leyfis fyrir losun gróðurhúsalofttegunda og dagsetning opnunar reikningsins.“

d) Ákvæðum 4. liðar er breytt sem hér segir:

i) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Tala yfir sannprófaða losun ásamt leiðréttingum í samræmi við 51. gr. fyrir stöðina, sem tengist vörslureikningi rekstraraðila fyrir árið X, skal vera aðgengileg frá og með 15. maí ársins (X+1).“

ii. Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) Tákn, sem sýnir hvort stöðin, sem tengist vörslureikningi rekstraraðilans, skilaði inn tilskildum fjölda losunarheimilda fyrir árið X fyrir 30. apríl ársins (X+1) í samræmi við e-lið 2. mgr. 6. gr. í tilskipun 2003/87/EB ásamt síðari breytingum á stöðunni samkvæmt leiðréttingum á sannprófaðri losun í samræmi við 4. mgr. 51. gr. í þessari reglugerð skal liggja fyrir frá og með 15. maí ársins (X+1). Með hliðsjón af tölu yfir samræmisstöðu hjá stöðinni og rekstrarstöðu skrárinnar skal birta eftirfarandi tákn ásamt eftirfarandi yfirlýsingum:

Tafla XVI-1: samræmisyfirlýsingar

Tala yfir samræmisstöðu fyrir árið X, skv. 55. gr., þann 30. apríl ársins (X+1)	Tákn	Yfirlýsing
	sem birta skal í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins og í skrám	
Heildarfjöldi losunarheimilda, sem hefur verið skilað inn í samræmi við 52., 53. og 54. gr. fyrir tímabilið ? sannprófuð losun á tímabilinu og til yfirstandandi árs	A	„Fjöldi losunarheimilda og Kýótó-eininga, sem var skilað inn fyrir 30. apríl, er meiri eða jafn sannprófaðri losun“
Heildarfjöldi losunarheimilda sem hefur verið skilað inn í samræmi við 52., 53. og 54. gr. fyrir tímabilið < sannprófuð losun á tímabilinu og til yfirstandandi árs	B	„Fjöldi losunarheimilda og Kýótó-eininga, sem var skilað inn fyrir 30. apríl, er minni en sannprófuð losun“
	C	„Sannprófuð losun hafði ekki verið gefin upp þann 30. apríl“
Sannprófuð losun á tímabilinu til yfirstandandi árs var leiðrétt skv. 51. gr.	D	„Lögbært yfirvald leiðrétti sannprófaða losun eftir 30. apríl ársins X. Lögbært yfirvald aðildarríkisins úrskurðaði að stöðin uppfyllti ekki kröfur á árinu X.“
Sannprófuð losun á tímabilinu til yfirstandandi árs var leiðrétt skv. 51. gr.	E	„Lögbært yfirvald leiðrétti sannprófaða losun eftir 30. apríl ársins X. Lögbært yfirvald aðildarríkisins úrskurðaði að stöðin uppfyllti kröfur á árinu X.“
	X	„Ekki var unnt að skrá og/eða skila inn sannprófaðri losun fyrir 30. apríl þar sem ferli, er varðar innskil losunarheimilda og/eða uppfærslu sannprófaðrar losunar, var tímabundið stöðvað í samræmi við 3. mgr. 6. gr. að því er varðar skrá aðildarríkisins.““

iii. Eftirfarandi d-liður bætist við:

„d) Tákn, sem gefur til kynna hvort reikningur stöðvar sé lokaður í samræmi við 1. mgr. 27. gr., skal liggja fyrir frá og með 31. mars ársins (X+1).“

e) Eftirfarandi 4. liður a og 4. liður b bætast við:

„4a. Tafla fyrir landsúthlutunaráætlun þar sem tilgreindar eru úthlutanir til stöðva og fjöldi þeirra losunarheimilda sem eru geymdar fyrir síðari úthlutanir eða sölu skal birt og hún uppfærð þegar taflan fyrir landsúthlutunaráætlun er leiðrétt þar sem skýrt er tekið fram í hverju leiðréttingarnar felast.

4b. Birta skal reglulega gjöld sem eru innheimt fyrir opnun og árlegt viðhald vörslureikninga í hverri skrá. Skrárstjórnandi skal tilkynna yfirstjórnanda um uppfærslur á þessum upplýsingum innan 15 daga frá breytingum á gjöldum.“

f) Eftirfarandi e-liður bætist við í 6. mgr.:

„e) allar varasjóðstöflur sem gerðar eru í samræmi við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB (*).

(*) Stjtíð. ESB L 316, 16.11.2006, bls. 12.“

g) Eftirfarandi 12. málsgrein a bætist við:

„12a. Yfirstjórnandinn skal gera upplýsingar aðgengilegar á almennu svæði vefseturs óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins frá og með 30. apríl til ársins (X+1) sem gefa til kynna hundraðshluta þeirra losunarheimilda sem skilað var inn í hverju aðildarríki fyrir árið X og voru ekki millifærðar áður en þeim var skilað inn.“

II. VIÐAUKI

Eftirfarandi XI. viðauki a bætist við í reglugerð (EB) nr. 2216/2004:

„XI. viðauki a

Ferli er varða sjálfvirkar breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun

1. Í samræmi við 3. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 44. gr. er skrám heimilt að fara þess á leit við óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins að yfirfara og framkvæma sjálfvirka breytingu á landsúthlutunaráætlun með ferli sem lýst er í þessum viðauka.

Kröfur fyrir hvert ferli

2. Nota skal eftirfarandi skilaboðarunu fyrir ferli er varða sjálfvirkar breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun :

a) skrárstjórnandinn skal hefja ferli við sjálfvirka breytingu á töflu landsúthlutunaráætlun með því að úthluta beiðninni ótvíræðum samsvörunarauðkenniskóða sem tekur til þeirra þátta sem settir eru fram í VI. viðauka,

b) skrárstjórnandinn skal virkja viðeigandi aðgerð hjá vefþjónustu óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins fyrir sjálfvirka breytingu á landsúthlutunaráætlun,

c) óháða viðskiptadagbók Bandalagsins skal staðfesta beiðnina með því að virkja viðeigandi staðfestingaraðgerð í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins,

d) ef beiðnin er staðfest og þar með samþykkt skal upplýsingum óháðu viðskiptadagbókar Bandalagsins breytt í samræmi við beiðnina,

e) óháða viðskiptadagbók Bandalagsins skal virkja aðgerðina „receiveNapManagementOutcome“ hjá vefþjónustu skrárinnar, sem sendi beiðnina, fyrir sjálfvirka breytingu á landsúthlutunaráætlun og tilkynna skránni um hvort beiðnin hafi verið staðfest og þar með samþykkt eða hvort fundist hafi misræmi í beiðninni og því hafi henni verið hafnað,

f) ef beiðnin var staðfest og þar með samþykkt skal skrárstjórnandinn, sem sendi beiðnina, breyta upplýsingunum í skránni í samræmi við þessa staðfestu beiðni en ef misræmi hefur fundist í beiðninni og því hafi henni verið hafnað skal skrárstjórnandinn, sem sendi beiðnina, ekki breyta upplýsingunum í skránni í samræmi við beiðnina sem var hafnað.

3. Að því tilskildu að ferli í tengslum við sjálfvirkar breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun séu framkvæmd gegnum óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skal skrárstjórnanda, sem sendir beiðni, berast kvittun fyrir móttöku frá óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar innan 60 sekúndna ásamt tilkynningu um staðfestingu frá óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins innan sólarhrings. Í öllum öðrum tilvikum skal skrárstjórnanda, sem sendir beiðni, berast kvittun fyrir móttöku frá óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins innan 60 sekúndna ásamt tilkynningu um staðfestingu frá óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins innan sólarhrings.

4. Þeir þættir og þær aðgerðir sem notast er við í skilaboðarununni eru sýnd í töflu XIa-1 til XIa-6. Ílagsgögn allra aðgerða hafa verið sett upp í samræmi við kröfur um snið og upplýsingar sem lýst er með lýsingarmáli yfir vefþjónustu (WSDL) og settar fram í starfrænum og tæknilegum forskriftum fyrir gagnaskiptastaðla fyrir skráakerfi samkvæmt Kýótóbókuninni sem eru útfærðir samkvæmt ákvörðun 24/CP.8 frá ráðstefnu aðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Stjarna „(*)“ hefur verið notuð til að sýna að einn þáttur getur komið mörgum sinnum fram sem ílag.

Tafla XIa-1: Þættir og aðgerðir fyrir ferli er varða sjálfvirkar breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun

Þáttur	Aðgerð	Notkunarsvið
NAPTableManagementWS	AddNEInstallationtoNAP()	Opinbert
	IncreaseNAPallocationtoNEInstallation()	Opinbert
	RemoveNAPallocationofclosingInstallation()	Opinbert

Tafla XIa-2: Þátturinn NAPTableManagementWS

Markmið	
Markmið þessa þáttar er að vinna úr beiðnum vefþjónustu um stjórnun sjálfvirkra breytinga á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun	
Aðgerðir sem eru aðgengilegar hjá vefþjónustum	
AddNEInstallationtoNAP()	Vinnur úr beiðnum um að bæta nýjum stöðvum nýrra þátttakenda í töfluna fyrir landsúthlutunaráætlun
IncreaseAllocationtoNEInstallationinNAP()	Vinnur úr beiðnum um að fjölga losunarheimildum í töflu fyrir landsúthlutunaráætlun fyrir þær stöðvar sem fyrir eru og eru nýir þátttakendur
RemoveNAPallocationofclosingInstallation()	Vinnur úr beiðnum um að fella brott losunarheimildir úr töflu fyrir landsúthlutunaráætlun fyrir þær stöðvar sem skal loka
Aðrar aðgerðir	
Á ekki við	
Hlutverk	
Óháð viðskiptadagbók Bandalagsins (að því er varðar allar aðgerðir) og skrá (aðeins að því er varðar aðgerðina receiveNapManagementOutcome)	

Tafla XIa-3: Aðgerðin NAPTableManagementWS.AddNEInstallationtoNAP()

Markmið
Þessari aðgerð berst beiðni um að bæta nýjum stöðvum nýrra þátttakenda í töflu fyrir landsúthlutunaráætlun. Losunarheimildir, sem úthlutað er fyrir árin fyrir yfirstandandi ár, skulu hafa gildið núll. Ef ný stöð nýs þátttakanda fær ekki úthlutað hefur fjöldi losunarheimilda gildið núll. Ef ný stöð nýs þátttakanda er úthlutað losunarheimildum minnkar varasjóðurinn um samsvarandi fjölda.

Óháða viðskiptadagbók Bandalagsins sannvottar upphafsskrána (Originating Registry) með því að virkja aðgerðina Authenticate Message() og prófar útgáfu upphafsskrárinnar með því að virkja aðgerðina Check Version().

Ef sannvottun og prófun á útgáfu er lokið með tilskildum árangri berst niðurstöðuauðkennið „1“ án nokkurs svarkóða, inntak beiðninnar er skrifað í skrá með því að virkja aðgerðina WriteToFile() og beiðnin sett í biðröð.

Ef sannvottun eða prófun á útgáfu er ekki lokið með tilskildum árangri berst niðurstöðuauðkennið „0“ ásamt einum svarkóða sem gefur til kynna ástæðu villunnar.

„PermitIdentifier“: er leyfisauðkenniskóði sem samanstendur af þeim þáttum sem settir eru fram í VI. viðauka.

Ílagsþættir	
From	Skyldubundið
To	Skyldubundið
CorrelationId	Skyldubundið
MajorVersion	Skyldubundið
MinorVersion	Skyldubundið
InitiatingRegistry	Skyldubundið
CommitmentPeriod	Skyldubundið
NewValueofReserve	Skyldubundið
Installation (*)	Skyldubundið
PermitIdentifier	Skyldubundið
InstallationIdentifier	Skyldubundið
Allocation (*)	Skyldubundið
YearinCommitmentPeriod	Skyldubundið
AmountofAllowances	Skyldubundið
Frálagsþættir	
Result Identifier	Skyldubundið
Response Code	Valkvætt
Notkun	
– AuthenticateMessage – WriteToFile – CheckVersion	
Notandi	
Á ekki við (virkjuð sem vefþjónusta).	

Tafla XIa-4: Aðgerðin NAPTableManagementWS.IncreaseAllocationtoNEInstallationin NAPIncreaseallocationto-NEInstallationinNAP()

Markmið	
Þessari aðgerð berst beiðni um að fjölga úthlutunum til stöðva sem fyrir eru í töflu fyrir landsúthlutunaráætlun og teljast vera nýir þátttakendur. Losunarheimildum, sem úthlutað er fyrir árin fyrir yfirstandandi ár, er ekki breytt. Varasjóðurinn minnkar um samsvarandi fjölda losunarheimilda og þeim sem var úthlutað í þessu ferli. Óháða viðskiptadagbók Bandalagsins sannvottar upphafsskrána (Originating Registry) með því að virkja aðgerðina Authenticate Message() og prófar útgáfu upphafsskrárinnar með því að virkja aðgerðina Check Version(). Ef sannvottun og prófun á útgáfu er lokið með tilskildum árangri berst niðurstöðuauðkennið „1“ án nokkurs svarkóða, inntak beiðninnar er skrifað í skrá með því að virkja aðgerðina WriteToFile() og beiðnin sett í biðröð. Ef sannvottun og prófun á útgáfu er ekki lokið með tilskildum árangri berst niðurstöðuauðkennið „0“ ásamt einum svarkóða sem gefur til kynna ástæðu villunnar.	
Ílagsþættir	
From	Skyldubundið
To	Skyldubundið
CorrelationId	Skyldubundið
MajorVersion	Skyldubundið
MinorVersion	Skyldubundið
InitiatingRegistry	Skyldubundið
CommitmentPeriod	Skyldubundið
NewValueofReserve	Skyldubundið
Installation (*)	Skyldubundið
InstallationIdentifier	Skyldubundið
Allocation (*)	Skyldubundið
Yearincommitmentperiod	Skyldubundið
AmountofAllowances	Skyldubundið
Frálagsþættir	
ResultIdentifier	Skyldubundið
ResponseCode	Valkvætt
Notkun	
– AuthenticateMessage – WriteToFile – CheckVersion	
Notandi	
Á ekki við (virkjuð sem vefþjónusta).	

Tafla XIa-5: Aðgerðin NAPTableManagementWS RemoveNAPallocationofclosingInstallation()

Markmið	
Þessari aðgerð berst beiðni um að fella brott stöðvar sem fyrir eru í töflu fyrir landsúthlutunaráætlun. Losunarheimildir, sem ekki hefur verið úthlutað, verða felldar brott og samsvarandi fjölda losunarheimilda bætt við varasjóðinn. Óháða viðskiptadagbók Bandalagsins sannvottar upphafsskrána (Originating Registry) með því að virkja aðgerðina Authenticate Message() og prófar útgáfu upphafsskrárinnar með því að virkja aðgerðina Check Version(). Ef sannvottun og prófun á útgáfu er lokið með tilskildum árangri berst niðurstöðuauðkennið „1“ án nokkurs svarkóða, inntak beiðninnar er skrifað í skrá með því að virkja aðgerðina WriteToFile() og beiðnin sett í biðröð. Ef sannvottun og prófun á útgáfu er ekki lokið með tilskildum árangri berst niðurstöðuauðkennið „0“ ásamt einum svarkóða sem gefur til kynna ástæðu villunnar.	
Ílagsþættir	
From	Skyldubundið
To	Skyldubundið
CorrelationId	Skyldubundið
MajorVersion	Skyldubundið
MinorVersion	Skyldubundið
InitiatingRegistry	Skyldubundið
CommitmentPeriod	Skyldubundið
NewValueofReserve	Skyldubundið
Installation (*)	Skyldubundið
InstallationIdentifier	Skyldubundið
Frálagsþættir	
Result Identifier	Skyldubundið
Response Code	Valkvætt
Notkun	
– AuthenticateMessage – WriteToFile – CheckVersion	
Notandi	
Á ekki við (virkjuð sem vefþjónusta).	

Tafla XIa-6: Aðgerðin NAPTableManagementWS receiveNapManagementOutcome ()

Markmið
Þessari aðgerð berst niðurstaða stjórnunaraðgerðar er varðar landsúthlutunaráætlun. „Upphafsskráin (Originating Registry) sannvottar óháðu viðskiptadagbók rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (eða óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins ef öll ferlin, sem um getur í VIII. viðauka, eru framkvæmd gegnum óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins og áfram til óháðu viðskiptadagbókar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar) með því að virkja aðgerðina Authenticate Message() og prófar útgáfu viðskiptadagbókarinnar með því að virkja aðgerðina Check Version(). Ef sannvottun og prófun á útgáfu er lokið með tilskildum árangri berst niðurstöðuauðkennið „1“ án nokkurs svarkóða, inntak beiðninnar er skrifað í skrá með því að virkja aðgerðina WriteToFile() og beiðnin sett í biðröð. Ef sannvottun eða prófun á útgáfu er ekki lokið með tilskildum árangri berst niðurstöðuauðkennið „0“ ásamt einum svarkóða sem gefur til kynna ástæðu villunnar. Skráin yfir svarkóða inniheldur pör (svarkóði ásamt hugsanlega skrá yfir stöðvaauðkenni) ef niðurstaðan er „0“ fyrir allar aðrar ástæður fyrir villu.

Ílagsþættir	
From	Skyldubundið
To	Skyldubundið
CorrelationId	Skyldubundið
MajorVersion	Skyldubundið
MinorVersion	Skyldubundið
Outcome	Skyldubundið
Response List	Valkvætt
Frálagsþættir	
Result Identifier	Skyldubundið
Response Code	Valkvætt

Notkun
– AuthenticateMessage – WriteToFile – CheckVersion

Notandi
Á ekki við (virkjuð sem vefþjónusta).

Tafla XIa-7: Ferli er varða breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun

Ferlislýsing	Svarkóðar óháðrar viðskipta-dagbókar Bandalagsins
NAPTableManagementWS.AddNEInstallationtoNAP	7005, 7122, 7125, 7153, 7154, 7155, 7156, 7159, 7215, 7451, 7452, 7700, 7701, 7702, 7703, 7704
NAPTableManagementWS.IncreaseallocationtoNEInstallationinNAP	7005, 7153, 7154, 7155, 7156, 7159, 7207, 7451, 7452, 7700, 7701, 7702, 7703, 7705
NAPTableManagementWS RemoveNA PallocationofclosingInstallation	7005, 7153, 7154, 7155, 7156, 7159, 7207, 7451, 7700, 7706

5. Ef öllum prófunum er lokið með tilskildum árangri færir óháða viðskiptadagbók Bandalagsins sjálfkrafa breytingar á töflu fyrir landsúthlutunaráætlun inn í gagnagrunninn og tilkynnir skrárstjórnandanum og yfirstjórnandanum þar að lútandi.“

979. Frumvarp til laga [579. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum (skrotóbak).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „að undanskildu skrotóbaki“ í 5. mgr. kemur: þar með talið skrotóbak.
b. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Bannað er að flytja inn, framleiða og selja allt bragð- og lyktblandað reyklaust tóbak.
c. Í stað tilvísunarinnar „skv. 8. og 9. mgr.“ í 10. mgr., sem verður 11. mgr., kemur: skv. 9. og 10. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur verið unnið í samvinnu við Lýðheilsustöð. Markmið þess er að draga úr neyslu á reyklausu tóbaki og því heilsutjóni sem slík neysla veldur, en rannsóknir hafa sýnt að neysla reyklauss tóbaks getur leitt til ýmissa sjúkdóma. Má í því sambandi nefna að í reyklausa tóbakinu eru efni sem geta leitt til krabbameins, þá aðallega í munnholi, vélinda og briskirtli. Neysla reyklauss tóbaks, einkum þess sem tekið er í munn, getur einnig valdið ýmsum tannholssjúkdómum, tannmissi og tannholdsrýrnun en sætuefni sem blandað er við tóbak getur valdið tannskemmdum. Einnig getur neysla reyklauss tóbaks valdið fyrirburafæðingum og meðgöngueitrun og rannsóknir hafa sýnt fram á hugsanleg tengsl milli reyklauss tóbaks og sykursýki, efnaskiptavandamála sem og skaða á hjarta- og æðakerfi.

Neysla reyklauss tóbaks er ekki síður ávanabindandi en reyktóbaks og inniheldur hið reyklausa tóbak einnig nikótín sem frásogast auðveldlega í gegnum slímhúð í nefi og munni. Nikótín er tegund taugaeiturs sem getur valdið eitureinkennum eins og ógleði og öndunarerfiðleikum sem geta leitt til öndunarstopps og þar með dauða.

Undanfarin ár hafa reykingar dregist saman en á sama tíma hefur munntóbaksneysla ungs fólks aukist. Að öðru leyti er ekki rétt að bera saman munntóbaksnotkun og reykingar því fátt er eins hættulegt og að reykja og því mun eðlilegra að bera saman munntóbaksneyslu við það að nota ekki munntóbak. Einnig má segja að markaðssetning tóbaksframleiðenda er snýr að notkun reyklauss tóbaks á svæðum þar sem reykingar eru bannaðar dragi almennt úr þeirri stefnu stjórnvalda um heim allan að draga úr tóbaksneyslu.

Á síðustu árum hefur verið talsverð umræða í samfélaginu um aukna munntóbaksnotkun meðal ungra karlmanna og notkun íslensks neftóbaks sem munntóbaks. Lýðheilsustöð fékk Capacent Gallup til að kanna hver munntóbaksnotkunin væri meðal ungs fólks á aldrinum 16–23 ára. Gerðar voru tvær kannanir, sú fyrri fór fram í október og nóvember 2009 en sú síðari í apríl og maí 2010. Niðurstöður kannananna staðfestu að neyslan væri umtalsverð og að algengast væri að taka íslenskt neftóbak í vörina. Samkvæmt báðum könnunum er neyslan nær eingöngu bundin við pilta, en um 20% pilta segjast nota tóbak í vörina, 15% daglega en 5% sjaldnar en daglega. Má segja að niðurstöðurnar séu í samræmi við síaukna neftóbaksframleiðslu ÁTVR, en hún hefur aukist úr 16,8 tonnum árið 2007 í 25,5 tonn árið 2010.

Á Íslandi hefur verið bannað með lögum að flytja inn, framleiða og selja fínkornótt neftóbak og munntóbak, að undanskildu skrotóbaki, frá 1. febrúar 1997 er ákvæði laga nr. 101/1996 tóku gildi til að bregðast við tilskipun 92/41/EBE sem gerði aðildarríkjum Evrópusambandsins og EES-ríkjunum skylt að banna munntóbak. Í athugasemdum við framangreint frumvarp var bent á að erlendis hefði mikið borið á þeirri viðleitni tóbaksframleiðenda að markaðssetja nýjar tegundir munntóbaks sem blandaðar voru bragðefnum, svo og lyktarblandað og fínmalað neftóbak. Með þessum nýju gerðum tóbaks væri einkum verið að höfða til ungs fólks með þeim afleiðingum að sums staðar, t.d. í Svíþjóð, væri umtalsverður hluti unglinga farinn að nota reyklaust tóbak að staðaldri. Í athugasemdunum var bent á að þetta tóbak væri ávanabindandi, ekki síður en tóbak sem er reykt.

Í ljósi reynslunnar í öðrum löndum og aukinnar neyslu ungs fólks á íslenska neftóbakinu sem munntóbaki er talið nauðsynlegt að binda í lög hömlur á frekari vöruþróun reyklauss tóbaks, t.d. með bragð- eða lyktblöndun. Samhliða er gert ráð fyrir banni við innflutningi, framleiðslu og sölu skrotóbaks, en slík ákvæði ganga lengra en ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum. Einnig má benda á að samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR hefur skrotóbak ekki verið flutt inn eða framleitt á Íslandi síðustu sjö árin þrátt fyrir að heimilt hafi verið samkvæmt íslenskum lögum að flytja inn, framleiða og selja skrotóbak.

Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að heimildin fyrir skrotóbak verði afnumin og skrotóbak bannað eins og annað munntóbak. Hér er í raun verið að tryggja að notkun skrotóbaks ryðji sér ekki aftur til rúms hér á landi en ÁTVR hefur ekki haft slíkt tóbak til sölu undanfarin ár.

Til að koma í veg fyrir aukna notkun á reyklausu tóbaki er í b-lið 1. gr. frumvarpsins lagt til að allt bragð- og lyktblandað reyklaust tóbak verði bannað hér á landi. Markaðssetningu slíks tóbaks hefur einkum verið beint að ungu fólki og því mikilvægt að stemma stigu við

slíkri notkun enda mikilvægt forgangsverkefni að reyna að koma í veg fyrir tóbaksnotkun meðal ungs fólks.

Í frumvarpi þessu er gengið lengra en tilskipun 2001/37/EB kveður á um, en þar er allt munntóbak bannað fyrir utan það sem er tuggið. Þetta er gert til að tryggja almannaheilbrigði hér á landi og hindra að ungt fólk hefji notkun reyklauss tóbaks.

Þar sem í frumvarpinu er lagt til að sett verði strangari ákvæði hér á landi en ákvæði tilskipunar 2001/37/EB kveða á um þarf frumvarpið að fara í kynningu á EES-svæðinu í samræmi við lög nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum (skrotóbak).

Tilgangur frumvarps þessa er að auka enn frekar varnir gegn notkun á reyklausu tóbaki. Í frumvarpinu er því lagt til að afnema undanþágu á innflutningi, framleiðslu og sölu á skrotóbaki. Jafnframt er lagt til að bannað verði að flytja inn, framleiða og selja allt bragð- og lyktarblandað reyklaust tóbak.

Samkvæmt upplýsingum Áfengis og tóbaksverslunar ríkisins hefur skrotóbak ekki verið til sölu hér á landi um árabil og engin sala hefur verið á öðru lyktar- og bragðbættu reyklausu tóbaki á undanförnum árum.

Lögfesting frumvarpsins mun því ekki hafa áhrif á útgjöld og tekjur ríkissjóðs.

980. Frumvarp til laga [580. mál]

um breytingu á lögum um almenningsbókasöfn, nr. 36/1997 (gjaldtökuheimildir).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Almenningsbókasöfnum er heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustu sína, svo sem fyrir útlán, millisafnalán, afritun, fjölföldun, ljósmyndun, sérfræðilega heimildaþjónustu, heimildaleit í gagnagrunnum og útlán á sérstökum safnkosti.

Almenningsbókasöfnum er heimilt að innheimta dagsektir fyrir afnot fram yfir skilafrest, svo og bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda.

Hvert almenningsbókasafn setur gjaldskrá skv. 1. mgr. og reglur skv. 2. mgr. að fengnu samþykki bókasafnsstjórnar. Gjaldskrá þessa og reglur skal birta notendum á aðgengilegan hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi lögum um almenningsbókasöfn, nr. 36/1997, er ekki að finna nein ákvæði um gjaldtökuheimildir til handa þeim söfnum. Þrátt fyrir það er löng hefð hér á landi fyrir gjaldtöku almenningsbókasafna, m.a. fyrir útlánaskírteini og vanskil á bókum og ýmsa aðra þjónustu, og lengst af hefur verið almenn sátt í samfélaginu um slíka gjaldtöku og hún ekki valdið vandkvæðum í samskiptum bókasafnanna og almennings.

Undanfarin ár hefur orðið allmikil breyting á viðhorfum til hefða og venja í framkvæmd stjórnsýslu af öllu tagi, og hefur réttarþróunin m.a. verið á þann veg að gera ríkari kröfur en áður um lagalegan grundvöll gjaldtöku á öllum sviðum.

Í nýlegu áliti hefur umboðsmaður Alþingis komist að þeirri niðurstöðu að reglur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns um innheimtu sekta vegna vanskila á bókum hafi ekki haft næga lagastoð (umboðsmaður Alþingis, mál nr. 6010/2010, 17. desember 2010).

Má draga þá ályktun af niðurstöðu umboðsmanns í þessu máli vegna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns að hliðstæð gjaldtaka af notendum almenningsbókasafna hvíli á veikum grunni þrátt fyrir að hafa viðgengist í áratugi. Þessi staða skapar mikla óvissu um stöðu almenningsbókasafna sem ástæða er til að eyða sem fyrst.

Því er þessi tillaga lögð fram um gjaldtökuheimild til handa almenningsbókasöfnum vegna þeirrar þjónustu sem þau veita.

Öllum sveitarfélögum er skylt samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn að standa að slíkri þjónustu í samræmi við ákvæði þeirra, og sveitarfélög hafa litið á það sem mikilvægt verkefni að gera það með sem bestum hætti. Það mun hins vegar fyrirsjáanlega hafa miklar og neikvæðar afleiðingar fyrir rekstur almenningsbókasafna ef það ástand sem nú ríkir dregst á langinn þar sem þau munu jafnvel neyðast til að hætta innheimtu gjalda sem hefur tíðkast um árabil. Það mundi þýða tekjusamdrátt almenningsbókasafna um allt land sem næmi samanlagt milljónatugum á ársgrundvelli og gæti bitnað harkalega á þjónustu og endurnýjun safnkosts, auk þess sem engin úrræði væru til að tryggja endurheimtur safnkosts sem lánaður er út.

Slíkt ástand mundi leiða til verulegs samdráttar í ráðstöfunarfé almenningsbókasafna og skyggja verulega á þá jákvæðu þróun sem hefur orðið á síðustu þremur árum þar sem eftirspurn eftir þjónustu bókasafna og nýting safnkosts þeirra hefur aukist ár frá ári. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður hafa almenningsbókasöfn, og starfsfólk þeirra, verið í stakk búin til að svara jákvæðum væntingum notenda. Er þar um verulegan árangur að ræða og alls ekki sjálfsagðan að teknu tilliti til aðstæðna í fjármálum sveitarfélaga.

Það hefur verið markmið sveitarfélaga að gjaldtaka vegna þjónustu almenningsbókasafna sé hófleg og að notendur upplifi hana ekki sem íþyngjandi. Þess er ekki vænst að hækkun eiginlegra þjónustugjalda fylgi í kjölfar lagabreytingar á þessu sviði, enda eru bókasöfnin mikilvæg almannaþjónusta sem sveitarfélögin hafa lagt metnað í að byggja upp. Fjárhæðir bóta og sekta hafa til þessa fyrst og fremst verið ákveðnar út frá skaðleysis- og varnaðarsjónarmiðum sem lagabreytingin sem hér er lögð til hefur ekki áhrif á.

Þá er rétt að taka fram að þessi tillaga um breytingu á lögum um almenningsbókasöfn hefur verið undirbúin í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sem styður breytinguna.

Í 1. mgr. 1. gr. felst heimild til handa almenningsbókasöfnum til að innheimta gjöld fyrir ýmsa þjónustu. Gjald fyrir útlánaþjónustu hefur fyrst og fremst falist í árgjaldi vegna útgáfu

skírteina og gjöldum fyrir millisafnalán sem hægt er að leggja á í gegnum sameiginlegt skráningarkerfi bókasafnanna; einnig getur verið um að ræða gjöld fyrir útlán á sérstökum safnkosti af ýmsu tagi. Jafnframt er hér veitt heimild til gjaldtöku fyrir ýmsa sértæka þjónustu, svo sem afritun, fjölföldun, sérfræðilega heimildaþjónustu o.fl.

Í 2. mgr. 1. gr. er mælt fyrir um heimildir almenningsbókasafna til að tryggja skil á safnefni, annars vegar með innheimtu dagsekta fyrir afnot fram yfir skilafrest og hins vegar greiðslu bóta vegna efnis sem notendur hafa fengið að láni en glatast eða skemmist í meðförum þeirra.

Í 3. mgr. 1. gr. segir að hvert almenningsbókasafn skuli setja gjaldskrá fyrir alla þá þjónustu sem gjald verður innheimt fyrir, og skal stjórn safnsins samþykkja hana. Er það ákvæði sett til að tryggja að gjaldskrá sé sett með vitund og vilja þeirra sveitarfélaga sem reka viðkomandi almenningsbókasöfn. Gjaldskráin skal síðan birt með aðgengilegum hætti, t.d. innan safnsins og á vefsvæði þess. Í 3. mgr. er jafnframt mælt fyrir um útgáfu reglna um innheimtu dagsekta skv. 2. mgr. og greiðslu bóta vegna safnefnis sem skemmist eða glatast í meðförum notenda. Fram til þessa hefur verið við það miðað að bótafjárhæðir fari ekki yfir enduröflunarverð safnefnis og er gert ráð fyrir að svo verði áfram hjá almenningsbókasöfnum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almenningsbókasöfn, nr. 36/1997 (gjaldtökuheimildir).

Frumvarpi þessu er ætlað að eyða lagalegri óvissu um gjaldtöku almenningsbókasafna. Með úrskurði umboðsmanns Alþingis um að reglur Landsbókasafns um innheimtu sekta vegna vanskila á bókum hafi ekki nægilega trausta lagastoð hefur skapast óvissa um fjárhagslega afkomu almenningsbókasafna.

Þrátt fyrir langa hefð fyrir gjaldtöku er í gildandi lögum ekki að finna nein ákvæði um gjaldtökuheimild. Í frumvarpinu er því lagt til að leidd verði í lög ákvæði um að almenningsbókasöfnum verði heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustu sína, álag vegna afnota fram yfir skilafrest og bætur vegna efnis sem skemmist eða glatast í meðferð notenda.

Ríkissjóður og stofnanir ríkisins reka nokkur almenningsbókasöfn. Þar á meðal er Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn en í lögum um það er skýr heimild til gjaldtöku. Hjá öðrum almenningsbókasöfnum stofnana ríkisins er gjaldtaka vegna brota á notkunarreglum minni háttar.

Verði frumvarpið lögfest er ekki ástæða til að ætla að það hafi áhrif á fjárhag ríkissjóðs.

981. Tillaga til þingsályktunar [581. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010, frá 30. apríl 2010, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 um breytingu á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf og tilskipun 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010, frá 30. apríl 2010, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 um breytingu á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf og tilskipun 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar.

Með tilskipun 2009/44/EB er ákvæðum tveggja eldri tilskipana breytt, þ.e. annars vegar tilskipun 98/26/EB, sem ætlað er að tryggja skilvirkari og öruggari fjármálaviðskipti á hinum sameiginlega innri markaði, og hins vegar tilskipun 2002/47/EB, sem ætlað er að stuðla að opnari og hagkvæmari fjármagnsmörkuðum og stöðugleika fjármálakerfisins.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 um breytingu á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf og tilskipun 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar.

Með tilskipuninni er sem áður segir ákvæðum tveggja eldri tilskipana breytt, þ.e. annars vegar tilskipun 98/26/EB og hins vegar tilskipun 2002/47/EB. Hér á eftir verður gerð grein fyrir efni þessara tilskipana og breytingum sem af tilskipun 2009/44/EB leiða.

Markmið tilskipunar 98/26/EB, um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf, er að tryggja eins og unnt er skilvirk og örugg fjármálaviðskipti á hinum sameiginlega innri markaði. Öryggi í uppgjöri viðskipta milli fjármálastofnana og trygging þess með lögum er talið stuðla að frjálsu fjármagnsflæði og frelsi til að veita fjármálaþjónustu á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. M.a. skal tryggja að uppgjöri viðskipta í greiðslukerfum verði í engu raskað þrátt fyrir að gjaldþrotameðferð sé hafin á hendur einum þátttakenda í viðskiptunum.

Markmið tilskipunar 2002/47/EB, um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar, er að stuðla að opnari og hagkvæmari fjármagnsmörkuðum og stöðugleika fjármálakerfisins, og efla þannig frelsi og þjónustu og fjármagnsflutninga á sameiginlega markaðnum fyrir fjármálaþjónustu. Tilskipuninni er einnig ætlað að greiða fyrir framkvæmd sameiginlegrar peningamálastefnu innan ramma efnahags- og myntbandalagsins með því að stuðla að skilvirkni í starfsemi evrópska seðlabankakerfisins yfir landamæri og auknum sveigjanleika í lausafjárstýringu á peningamarkaði. Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir felast í tvíhliða samningum um veðsetningu eða framsal verðbréfa eða reiðufjár til tryggingar fjárhagslegum skuldbindingum. Tilskipunin gerir ráð fyrir að aðilar að slíkum samningum séu einkum stofnanir á fjármálamarkaði.

Með tilskipun 2009/44/EB er tilskipunum 98/26/EB og 2002/47/EB breytt talsvert. Meginbreytingarnar sem felast í henni eru til komnar vegna aukinna tenginga milli greiðslukerfa yfir landamæri (áður voru kerfin meira og minna landsbundin og sjálfstæð). Um er að ræða breytingar á skilgreiningum og þar með gildissviði, svo og efnislegar breytingar á ákvæðum um greiðslujöfnun og greiðslufyrirmæli, gjaldþrotaskipti og upplýsingagjöf vegna þátttöku í greiðslukerfi. Að nokkru leyti er um tæknilegar breytingar að ræða auk þess sem smávægilegar breytingar eru jafnframt gerðar. Þrátt fyrir það er ljóst að innleiðing tilskipunarinnar í innlendan rétt kallar á lagabreytingar hér á landi.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Tilskipun 98/26/EB, um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf, var innleidd hér á landi í lögum nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, en þau lög heyra undir efnahags- og viðskiptaráðherra. Tilskipun 2002/47/EB, um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar, var innleidd hér á landi með lögum nr. 46/2005, um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, en þau lög heyra undir innanríkisráðherra. Innleiðing hér á landi á þeim breytingum sem urðu á umræddum tilskipunum með gildistöku tilskipunar 2009/44/EB kallar á breytingu á bæði lögum nr. 90/1999 og lögum nr. 46/2005.

Reiknað er með að efnahags- og viðskiptaráðherra muni á yfirstandandi löggjafarþingi leggja fram frumvarp til breytingar á lögum nr. 90/1999 til innleiðingar á tilskipuninni, en þó er ekki enn víst að af þeirri framlagningu verði. Hvað varðar breytingar á lögum nr. 46/2005 er gert ráð fyrir að lagafrumvarp verði lagt fram nú á vorþingi, þar sem kveðið verði á um að ráðstafanir samkvæmt lögunum nái einnig yfir svokallaðar skuldakröfur.

Ekki gert ráð fyrir því að fyrirhugaðar lagabreytingar hafi í för með sér umtalsverðan kostnað hér á landi. Sama á við um stjórnsýslulegar afleiðingar.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 50/2010

frá 30. apríl 2010

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn.

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010 frá 29. janúar 2010 ([1]).

2) XII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ([2]).

3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 um breytingu á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf og tilskipun 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar ([3]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 16b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

– **32009 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 (Stjtíð. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 37).“

([1]) Stjtíð. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 19, og EES-viðbætir nr. 19, 22.4.2010, bls. 19.
([2]) Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45, og EES-viðbætir nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.
([3]) Stjtíð. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 37.

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í 4. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB) í XII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

– **32009 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 (Stjtíð. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 37).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Orðin „í skilningi 1. gr. og 2. og 3. mgr. 2. gr. viðaukans við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreiningu á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum“ í stafl. c) í 4. mgr. 1. gr. gilda ekki.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/44/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/44/EB

frá 6. maí 2009

um breytingu á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf og tilskipun 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldakröfur

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB ([4]) var komið á kerfi sem bæði tryggir innlendum og erlendum þátttakendum í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf, endanleg greiðslufyrirmæli og greiðslujöfnun, ásamt fullnustuhæfi veðtryggingar.

2) Í matsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 7. apríl 2006 um tilskipunina um endanlegt uppgjör 98/26/EB var niðurstaðan sú að tilskipun 98/26/EB virki almennt vel. Í skýrslunni er lögð áhersla á að mikilvægra breytinga kunni að vera að vænta á sviði greiðslukerfa og uppgjörskerfa fyrir verðbréf og einnig að nokkur þörf sé á að skýra og einfalda tilskipun 98/26/EB.

3) Helsta breytingin er þó aukin tenging milli kerfa sem voru nær eingöngu starfrækt á landsbundnum og sjálfstæðum grunni þegar drög voru lögð að tilskipun 98/26/EB. Þessi breyting er ein af niðurstöðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði með fjármögnunargerninga ([5]) og evrópskar siðareglur um greiðslujöfnun og uppgjör. Til að fylgja þessari þróun eftir skal gerð grein fyrir hugtakinu um rekstrarsamhæft kerfi og ábyrgð kerfisstjóra.

4) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB ([6]) varð til samræmdur lagarammi á vettvangi Bandalagsins til að nota fjárhagstryggingar yfir landamæri og afnema þannig flestar formlegar kröfur sem gerðar eru til samninga um tryggingarráðstafanir.

5) Seðlabanki Evrópu ákvað að innleiða skuldakröfur sem hæfa gerð trygginga fyrir lánaaðgerðir á evrusvæðinu frá 1. janúar 2007. Til að hámarka efnahagsleg áhrif þess að beita skuldakröfum hefur Seðlabanki Evrópu mælt með því að gildissvið tilskipunar 2002/47/EB verði víkkað út. Í matsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2006 um tilskipunina um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir (2002/47/EB) er fjallað um málið og fallist á álit Seðlabanka Evrópu. Notkun á skuldakröfum mun fjölga tiltækum tryggingum. Hér við bætist að frekari samhæfing greiðslukerfa og uppgjörskerfa fyrir verðbréf mun stuðla enn frekar að jöfnum samkeppnisskilyrðum lánastofnana í öllum aðildarríkjunum. Ef notkun á skuldakröfum sem tryggingum yrði auðvelduð frekar kæmi það neytendum og skuldurum einnig til góða þar sem notkun á skuldakröfum sem tryggingum gæti að lokum haft í för með sér harðari samkeppni og greiðari aðgang að lánsfé.

([1]) Stjtíð. ESB C 216, 23.8 2008, bls. 1.
([2]) Álit frá 3. desember 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 18. desember 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 27. apríl 2009.
([4]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45.
([5]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 168, 27. 6. 2002, bls. 43.

6) Til að greiða fyrir notkun á skuldakröfum er mikilvægt að afnema eða banna allar stjórnsýslureglur, s.s. tilkynningar- og skráningarskyldu, sem gerðu framsal á skuldakröfum óraunhæfa. Eins skulu skuldarar, til að stofna stöðu tryggingarhafa ekki í hættu, geta fallið frá rétti sínum til jöfnunar gagnvart lánveitendum svo að gilt sé. Sömu grunnforsendur skulu einnig gilda um nauðsyn þess að skuldari geti fallið frá reglum um bankaleynd þar sem tryggingarhafi kann að öðrum kosti að hafa ófullnægjandi upplýsingar til að meta rétt verðgildi þeirra skuldakrafna sem liggja til grundvallar. Þessi ákvæði skulu ekki hafa áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánssamninga fyrir neytendur ([1]).

7) Aðildarríkin hafa ekki notfært sér möguleikann í 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2002/47/EB að hafna eignaupptökurétti tryggingarhafans. Því skal fella það ákvæði brott.

8) Því ber að breyta tilskipunum 98/26/EB og 2002/47/EB til samræmis við það.

9) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([2]) eru aðildarríkin hvött til að taka saman, fyrir sig og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana og að birta þær,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 98/26/EB

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 98/26/EB:

1) Ákvæði 8. forsendu falla brott.

2) Eftirfarandi forsenda bætist við:

„14a) Lögbær landsyfirvöld eða eftirlitsyfirvöld skulu tryggja að rekstraraðilar kerfanna, sem mynda í sameiningu rekstrarsamhæfðu kerfin, komi sér saman um sameiginlegar reglur um innfærslutíma í rekstrarsamhæfðu kerfunum, að því marki sem unnt er. Lögbær landsyfirvöld eða eftirlitsyfirvöld skulu tryggja að reglur um innfærslutíma í rekstrarsamhæfðu kerfi séu samræmdar, að því marki sem unnt er og nauðsynlegt, til að komast hjá réttaróvissu, komi til vanskila af hálfu þátttökukerfis.“

3) Eftirfarandi forsenda bætist við:

„22a) Ef um er að ræða rekstrarsamhæfð kerfi getur skortur á samræmingu á því hvaða reglur gilda um innfærslutíma og óafturkallanleika gert þátttakendur í einu kerfi, eða jafnvel kerfisstjórann, berskjaldaða gagnvart smitáhrifum af vanskilum í öðru kerfi. Til að takmarka kerfisáhættu er æskilegt að kveða á um að kerfisstjórar rekstrarsamhæfðra kerfa samræmi reglur um innfærslutíma og óafturkallanleika í kerfum þeim sem þeir stjórna.“

4) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) í a-lið komi orðið „evra“ í stað orðsins „ecu“,

b) í stað annars undirliðar í c-lið komi eftirfarandi:

„– aðgerðir seðlabanka aðildarríkjanna eða Seðlabanka Evrópu sem varða starfsemi þeirra sem seðlabankar.“

5) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á a-lið:

i. Í stað fyrsta undirliðar komi eftirfarandi:

„– milli þriggja eða fleiri þátttakenda að undanskildum kerfisstjóra þess kerfis, hugsanlegum uppgjörsaðila, hugsanlegum milligönguaðila, hugsanlegri greiðslujöfnunarstöð eða hugsanlegum óbeinum þátttakanda, með sameiginlegar reglur og staðlað fyrirkomulag að því er varðar greiðslujöfnun, einnig fyrir tilstilli milligönguaðila eða framkvæmd greiðslufyrirmæla milli þátttakenda,“

ii. eftirfarandi undirlið er bætt við:

„Tilhögun sem rekstrarsamhæfð kerfi taka upp telst ekki vera kerfi.“

b) Í stað fyrsta og annars undirliðar í b-lið komi eftirfarandi:

„– lánastofnun: fyrirtæki, eins og skilgreint er í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endurútgefin) ([*]) þar með taldar stofnanirnar

([1]) Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66.
([2]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12 2003, bls. 1.

sem taldar eru upp í 2. gr. þeirrar tilskipunar,

– fjárfestingarfyrirtæki: fyrirtæki eins og skilgreint er í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga (**), að undanskildum þeim stofnunum sem settar eru fram í 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar,

(*) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1

(**) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.“,

c) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á f-lið:

i. í stað fyrsta undirliðar komi eftirfarandi:

„f) „þátttakandi“: stofnun, milligönguaðili, uppgjörsaðili, greiðslujöfnunarstöð eða kerfisstjóri.“

ii. Í stað þriðju undirgreinar komi eftirfarandi:

Við beitingu þessarar tilskipunar getur aðildarríki ákveðið að óbeinn þátttakandi teljist þátttakandi ef færð eru rök fyrir því að um kerfisáhættu geti verið að ræða. Ef óbeinn þátttakandi telst vegna kerfisáhættu vera þátttakandi takmarkar það ekki ábyrgð þátttakandans sem sendir greiðslufyrirmæli til kerfisins fyrir hönd óbeina þátttakandans.“

d) eftirfarandi komi í stað g-liðar:

„g) „óbeinn þátttakandi“: stofnun, milligönguaðili, uppgjörsaðili, greiðslujöfnunarstöð eða kerfisstjóri með samningssamband við þátttakanda í kerfi sem gefur greiðslufyrirmæli, sem gerir óbeinum þátttakanda kleift að senda greiðslufyrirmæli gegnum kerfið, að því tilskildu að kerfisstjórinn þekki óbeina þátttakandann.“

e) eftirfarandi komi í stað h-liðar:

„h) „verðbréf“: öll skjöl sem um getur í C-þætti í 1. viðauka við tilskipun 2004/39/EB,“,

f) í stað i-liðar fyrsta undirliðar komi eftirfarandi:

„– fyrirmæli þátttakanda um að fá viðtakanda til ráðstöfunar fjárhæð með færslu í reikninga lánastofnunar, seðlabanka, milligönguaðila eða uppgjörsaðila, eða fyrirmæli sem valda yfirtöku eða niðurfellingu á greiðsluskuldbindingu eins og skilgreint er í reglum kerfisins eða“,

g) Í stað l-liðar komi eftirfarandi:

„l) „uppgjörsreikningur“: reikningur í seðlabanka, hjá uppgjörsaðila eða milligönguaðila sem venjulega geyma eignir eða verðbréf og gera upp færslur milli þátttakenda í kerfi,“,

h) eftirfarandi komi í stað m-liðar:

„m) „veðtrygging“: allar seljanlegar eignir, þ.m.t., án takmarkana, fjárhagsleg trygging, sem um getur í a-lið 4. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47EB frá 6. júní 2002 um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir (*), sem veitt er við veðsetningu (þ.m.t. peningar sem afhentir eru við veðsetningu), endurkaupasamningi eða sambærilegum samningi eða á annan hátt til að tryggja réttindi og skyldur sem kunna verða til í tengslum við kerfi eða eru settar sem trygging hjá seðlabönkum aðildarríkjanna eða Seðlabanka Evrópu,

(*) Stjtíð. EB L 168, 27.6.2002, bls. 43.“,

i) Eftirfarandi liðir bætast við:

„n) „viðskiptadagur“: á við um uppgjör jafnt á nóttu sem degi og skal taka til allra atburða innan viðskiptalotu kerfis,

o) „rekstrarsamhæfð kerfi“: tvö eða fleiri kerfi þar sem kerfisstjórarnir hafa komið á fyrirkomulagi sín á milli sem felur í sér fullnustu greiðslufyrirmæla milli kerfa,

p) „kerfisstjóri“: Einingin eða einingarnar sem bera lagalega ábyrgð á rekstri kerfis.“ „Kerfisstjóri getur einnig verið uppgjörsaðili, milligönguaðili eða greiðslujöfnunarstöð.“.

6) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Greiðslufyrirmæli og greiðslujöfnun skulu vera fullnustuhæf samkvæmt lögum og bindandi gagnvart þriðja aðila, jafnvel þótt þátttakandi sæti gjaldþrotameðferð, að því tilskildu að greiðslufyrirmæli hafi verið færð inn í kerfið áður en slík gjaldþrotameðferð, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 6.gr., hófst.

Þetta gildir jafnvel um gjaldþrotameðferð þátttakanda (í kerfi því sem um er að ræða eða rekstrarsamhæfðu kerfi) eða gegn kerfisstjóra í rekstrarsamhæfðu kerfi sem er ekki þátttakandi.

Ef greiðslufyrirmæli eru færð inn í kerfið eftir að gjaldþrotameðferð hefst og eru framkvæmd þann viðskiptadag, eins og hann er skilgreindur í reglum kerfisins, sem slík málsmeðferð hefst, skulu þau því aðeins vera fullnustuhæf samkvæmt lögum og bindandi fyrir þriðja aðila að kerfisstjóri geti sannað að hann hvorki gerði sér ljóst né hefði getað verið ljóst, þegar slík greiðslufyrirmæli urðu óafturkallanleg, að málshöfðun væri að hefjast.“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Þegar rekstrarsamhæfð kerfi eiga í hlut ákvarðar hvert kerfi í eigin reglum innfærslutíma eigin kerfis á þann hátt að tryggt verði, eftir því sem framast er unnt, að reglur allra rekstrarsamhæfðra kerfa séu samræmdar að þessu leyti. Sé ekki skýrt kveðið á um það í reglum allra kerfanna, sem eru aðilar að rekstrarsamhæfðu kerfunum, skulu reglur eins kerfis við gildistöku ekki verða fyrir neinum áhrifum af reglum hinna kerfanna sem það er rekstrarsamhæft.“.

7) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„*4. gr.*

Aðildarríki geta kveðið á um að gjaldþrotameðferð þátttakanda eða kerfisstjóra rekstrarsamhæfðs kerfis komi ekki í veg fyrir að fjármunir eða verðbréf, sem eru tiltæk á uppgjörsreikningi þátttakandans, verði notuð til að uppfylla skyldur þátttakandans í kerfinu, eða í rekstrarsamhæfðu kerfi, þann viðskiptadag sem gjaldþrotameðferð hefst. Aðildarríki geta einnig kveðið á um að lánafyrirgreiðsla slíks þátttakanda, sem tengist kerfinu, sé notuð til að uppfylla fyrirliggjandi, gildandi veðtryggingu til að uppfylla skyldur þess þátttakanda í kerfinu eða í rekstrarsamhæfðu kerfi.“.

8) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 5. gr.:

„Þegar rekstrarsamhæfð kerfi eiga í hlut ákveður hvert kerfi í eigin reglum hvenær innfærslur í eigið kerfi verða óafturkallanlegar, á þann hátt að tryggt verði, eftir því sem framast er unnt, að reglur allra rekstrarsamhæfðra kerfa séu samræmdar að þessu leyti. Sé ekki skýrt kveðið á um það í reglum allra kerfanna, sem eru aðilar að rekstrarsamhæfðu kerfunum, skulu reglur eins kerfis við gildistöku ekki verða fyrir neinum áhrifum af reglum hinna kerfanna sem það er rekstrarsamhæft.“.

9) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„*7. gr.*

Gjaldþrotameðferð hefur ekki afturvirk áhrif á réttindi og skyldur þátttakanda sem leiða af. eða er í tengslum við, þátttöku hans í kerfi áður en slík málsmeðferð, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 6.gr., hefst. Þetta gildir m.a. um réttindi og skyldur þátttakanda í rekstrarsamhæfðu kerfi, eða rekstrarstjóra í rekstrarsamhæfðu kerfi sem ekki er þátttakandi.“.

10) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„*9. gr.*

1. Gjaldþrotameðferð eftirfarandi aðila hefur ekki áhrif á rétt kerfisstjóra eða þátttakanda til fullnustu í veðtryggingu, sem honum er veitt í tengslum við kerfi eða rekstrarsamhæft kerfi, eða rétt seðlabanka aðildarríkjanna eða Seðlabanka Evrópu til fullnustu í veðtryggingu, sem þeim er veitt:

a) þátttakanda (í viðkomandi kerfi eða rekstrarsamhæfðu kerfi),

b) rekstrarstjóra rekstrarsamhæfðs kerfis sem er ekki þátttakandi,

c) mótaðila seðlabanka aðildarríkjanna eða Seðlabanka Evrópu eða

d) þriðja aðila sem veitti veðtrygginguna.

Slíkri veðtryggingu er hægt að koma í kring til fullnustu þessa réttar.

2. Ef verðbréf, þ.m.t. réttindi í verðbréfum, eru lögð fram sem veðtrygging fyrir þátttakendur, kerfisstjóra, seðlabanka aðildarríkjanna eða Seðlabanka Evrópu, eins og lýst er í 1.gr., og réttindi þeirra eða réttindi tilnefnds aðila, umboðsmanns eða þriðja aðila, sem kemur fram fyrir þeirra hönd að því er viðkemur verðbréfunum, eru löglega skráð í embættisbók, reikning eða miðlægt vörslukerfi, sem er í aðildarríki, skal ákvörðun um réttindi einninganna, sem eiga veðtryggingu í tengslum við þessi réttindi, falla undir gildissvið þess aðildarríkis.“.

11) Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„*10. gr.*

1. Aðildarríki skulu tilgreina kerfin og viðkomandi kerfisstjóra sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og tilkynna framkvæmdastjórninni um þau, og upplýsa framkvæmdastjórnina um þau yfirvöld sem þau hafa valið í samræmi við 2. mgr. 6. gr.

Kerfisstjórinn skal tilkynna því aðildarríki, þar sem viðeigandi lög gilda, um þátttakendur í kerfinu, þ.m.t. allir hugsanlegir, óbeinir þátttakendur, og greina frá breytingum sem kunna að verða á hópi þeirra.

Aðildarríki geta, auk þess sem kveðið er á um í öðrum undirlið, ákveðið að kerfi, sem falla undir lögsögu þeirra, sæti eftirliti eða séu háð leyfi.

Sé þess óskað skal stofnun veita öllum, sem lögmætra hagsmuna eiga að gæta, upplýsingar um kerfin, sem hún tekur þátt í, og veita upplýsingar um þær meginreglur sem stýra því hvernig kerfin starfa.

2. Kerfi, sem varð til fyrir gildistöku innlendra ákvæða um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 um breytingu á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör á greiðslum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf og tilskipunar 2002/47/EB um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldakröfur (*) skal áfram vera til sem kerfi að því er varðar þessa tilskipun.

Greiðslufyrirmæli, sem bókfærð eru í kerfi áður en framkvæmdartilskipun innlendra ákvæða 2009/44/EB öðlast gildi, skal teljast greiðslufyrirmæli að því er varðar þessa tilskipun.

(*) Stjtíð. EB L 146, 10.6.2009, bls. 37“.

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2002/47/EB

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 2002/47/EB:

1) Í stað 9. forsendu komi eftirfarandi:

„9) Í því skyni að takmarka stjórnsýsluálag á aðila, sem nota fjárhagslegar tryggingar innan gildissviðs þessarar tilskipunar, skal eina krafan varðandi aðila, sem heimilt er að gera um gildi fjárhagslegra trygginga að landslögum, vera að tryggingin skuli vera undir yfirráðum tryggingarhafa eða aðila, sem er í fyrirsvari fyrir hann, sem útilokar þó ekki tryggingaraðferðir sem veita tryggingarveitanda heimild til að skipta út tryggingu eða draga umframtryggingu til baka. Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti krafist þess að skuldakröfur séu afhentar sem viðbót á skrá yfir kröfur.“.

2) Í stað 20. forsendu komi eftirfarandi:

„20) Þessi tilskipun er með fyrirvara um beitingu eða áhrif samningsskilmála fjármálagerninga eða skuldakrafna, sem eru sett sem fjárhagsleg trygging, s.s. réttindi og skyldur eða önnur skilyrði sem er að finna í útgáfuskilmálum slíkra gerninga, eða önnur réttindi, aðrar skyldur og önnur skilyrði sem gilda milli útgefanda og handhafa slíkra gerninga eða milli skuldara og skuldareiganda slíkra skuldakrafna.“.

3) Eftirfarandi forsenda bætist við:

„23) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að setja reglur til að tryggja skilvirkni fjárhagslegra tryggingarráðstafana með tilliti til þriðja aðila, að því er varðar skuldakröfur,“.

4) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað b-liðar 2. mgr.:

„b) seðlabanki, Seðlabanki Evrópu, Alþjóðagreiðslubankinn, fjölþjóðlegur þróunarbanki, eins og um getur í 4. lið. 1. hluta 6. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endurútgáfa) (*), Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Fjárfestingabanki Evrópu,

(*) Stjtíð. EB L 177, 30.6.2006, bls. 1.“,

b) Í stað i.–iv. liðar í c-lið 2. mgr. komi eftirfarandi:

„i. lánastofnun, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB, þ.m.t. þær stofnanir sem eru tilgreindar í 2. gr. þeirrar tilskipunar,

ii. fjárfestingarfyrirtæki, eins og það er skilgreint í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga (*),

iii. fjármálastofnun, eins og hún er skilgreind í 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB,

iv. vátryggingafélag, eins og það er skilgreint

í a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) (**) og líftryggingafyrirtæki, eins og það er skilgreint í a-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (***),

(*) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

(**) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1

(***) Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1.“,

c) Eftirfarandi komi í stað a-liðar 4. mgr.:

„a) Fjárhagslega tryggingin, sem á að veita, skal vera í reiðufé, fjármálagerningar eða skuldakröfur,“,

d) eftirfarandi liður bætist við í 4. mgr.:

„c) Aðildarríki geta ákveðið að skuldakröfur falli ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar ef skuldarinn er neytandi eins og hann er skilgreindur í a-lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánssamninga fyrir neytendur (*) eða örfyrirtæki eða litið fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í 1. gr., 2. mgr. 2. gr. og 3.gr. viðaukans við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum (**), nema tryggingarhafi eða tryggingarveitandi slíkra skuldakrafna sé ein þeirra stofnana sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar.“

(*) Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66.

(**) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.“,

e) ákvæðum 5. mgr. er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi málslið er bætt við í öðrum undirlið:

„Að því er varðar skuldakröfur er fullnægjandi að þær séu færðar á skrá, skriflega, eða með þeim hætti sem sambærilegur er í lagalegu tilliti, og lagðar fyrir tryggingarhafann, til að auðkenna skuldakröfuna og færa sönnur á hana sem fjárhagslega tryggingu milli aðila.“,

ii. eftirfarandi undirliður bætist aftan við annan undirlið:

Það hefur ekki áhrif á annan undirlið að aðildarríki geta kveðið á um að einnig sé fullnægjandi, að því er varðar skuldakröfur, að þær séu færðar á skrá, skriflega, eða með þeim hætti sem sambærilegur er í lagalegu tilliti, og lagðar fyrir tryggingarhafann, til að auðkenna skuldakröfuna og færa sönnur á hana sem fjárhagslega tryggingu gegn skuldaranum eða þriðja aðila.“.

5) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar:

„b) „samningur um framsal eignarréttar yfir fjárhagslegri tryggingu“: samningur, þ.m.t. endurhverf verðbréfakaup, þar sem tryggingarveitandi framselur fullan eignarrétt yfir, eða fullan rétt til fjárhagslegrar tryggingar, til tryggingarhafa til að tryggja, eða ná fram með öðrum hætti, efndum á viðkomandi fjárskuldbindingum,

c) „samningur um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu": samningur þar sem tryggingarveitandi leggur fram fjárhagslega tryggingu sem veð til handa tryggingarhafanum eða í þágu hans, og eignarréttur eða réttindi yfir fjárhagslegu tryggingunni helst að fullu eða að hluta til hjá tryggingarveitanda þegar veðréttur er stofnaður,“,

ii. eftirfarandi liður bætist við:

„o) „skuldakrafa“: peningakrafa á grundvelli samnings þar sem lánastofnun, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB, þ.m.t. stofnanir þær sem taldar eru upp í 2. gr. þeirrar tilskipunar, veitir fyrirgreiðslu í formi láns.“,

b) í stað annars málsliðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Réttur tryggingarveitanda til staðgöngutryggingar, til að draga umframtryggingu til baka eða, ef um skuldakröfur er að ræða, innheimta afrakstur af tryggingunni þar til annað verður ákveðið, hefur ekki áhrif á fjárhagslega tryggingu sem tryggingarhafi hefur feng-

ið samkvæmt þessari tilskipun.“.

6) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) við 1. mgr. bætast eftirfarandi undirgreinar:

„Með fyrirvara um 5. mgr. 1. gr., skulu aðildarríki ekki krefjast þess, þegar skuldakröfur eru lagðar fram sem trygging, að stofnun, lögmæti, fullgilding, forgangur, fullnustuhæfi eða sönnunarhæfi gagna um slíkar fjárhagslegar tryggingar ráðist ekki af einhverjum formlegum gerningi, s.s. skráningu eða tilkynningu skuldara skuldakröfunnar sem sett er fram sem trygging. Aðildarríkin geta þó krafist formlegs gernings, s.s. skráningar eða tilkynningar, vegna fullgildingar, forgangs, fullnustuhæfis eða sönnunarhæfis gagna gagnvart skuldaranum eða þriðja aðila.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. júní 2014, veita Evrópuþinginu og ráðinu upplýsingar um hvort þessi liður eigi ennþá við.“,

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Með fyrirvara um tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (*) og innlend ákvæði varðandi óréttmæta samningsskilmála skulu aðildarríkin tryggja að skuldarar skuldakrafnanna geti, svo gilt sé, skriflega eða með þeim hætti sem sambærilegur er í lagalegu tilliti, fellt niður:

i. rétt sinn til jöfnunar gagnvart lánveitendum skuldakröfunnar og gagnvart aðilum sem lánveitandinn hefur framselt, veðsett eða með öðrum hætti veitt skuldakröfuna sem tryggingu og

ii. rétt sinn sem leiðir af reglum um bankaleynd, sem að öðrum kosti myndi hindra lánveitanda skuldakröfunnar í eða draga úr möguleikum hans á að veita upplýsingar um skuldarann í þeim tilgangi að nota skuldakröfuna sem tryggingu.

(*) Stjtíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29.“.

7) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr.:

„c) skuldakröfur með sölu eða töku þeirra til eignar og með því að jafna verðgildi þeirra á móti, eða til að standa skil á, viðkomandi fjárskuldbindingum.“

b) eftirfarandi komi í stað b-liðar 2. mgr.:

„b) aðilar hafa náð samkomulagi um mat á fjármálagerningum og skuldakröfum í samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu.“,

c) Ákvæði 3. mgr. falli brott.

8) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 5. gr.:

„6. Þessi grein gildir ekki um skuldakröfur.“.

9) Eftirfarandi grein bætist við á eftir 9. gr.:

„Grein 9a

Tilskipun 2008/48/EB

Ákvæði þessarar tilskipunar gilda með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 2008/48/EB.“.

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. desember 2010. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 30. júní 2011.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 6. maí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	J. KOHOUT
forseti.	*forseti.*

982. Nefndarálit [133. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Hörpu Theodórsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Utanríkismálanefnd óskaði álits viðskiptanefndar á tillögunni og er það birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2008, frá 4. júlí 2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB. Sex mánaða frestur samkvæmt EES-samningnum til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 4. janúar 2009. Framsetning tillögunnar er að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Markmið reglugerðinnar er að setja skilmála sem góðar reikningsskilavenjur þriðju ríkja þurfa að uppfylla til að vera vegnar að jöfnu við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem Evrópusambandið samþykkir.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og mun fyrirhugað frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra um breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum, að hluta til fjalla um það efni. Málið er að því leytinu tengt tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010, sem er 199. mál á yfirstandandi þingi. Fyrirhugað er að leggja frumvarpið fram á yfirstandandi þingi en það hefur tvívegis áður verið lagt fram en ekki hlotið afgreiðslu (245. mál á 136. löggjafarþingi og 218. mál á 138. löggjafarþingi). Eftir framlagningu mun það að líkindum koma til meðferðar viðskiptanefndar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Birgitta Jónsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Bjarni Benediktsson.
Helgi Hjörvar.	Ólöf Nordal.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.		

Fylgiskjal.

Álit frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Utanríkismálanefnd óskaði eftir því með tölvupósti, dags. 1. febrúar 2011, að viðskiptanefnd léti í té álit sitt á:

a. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (235. mál).
b. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (199. mál).
c. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (133. mál).

Meiri hlutinn gerir ekki athugasemd við það að hinum stjórnskipulega fyrirvara verði aflétt af umræddum ESB-gerðum.

Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Eygló Harðardóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara þar sem nefndin hafi hvorki haft aðkomu að því sem óskað er álits á né tækifæri til að taka formlega afstöðu.

Alþingi, 3. mars 2011

Lilja Mósesdóttir, form.
Magnús Orri Schram.
Skúli Helgason.
Eygló Harðardóttir, með fyrirvara.
Atli Gíslason.

983. Nefndarálit [134. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Sigríði Rafnar Pétursdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008 frá 7. nóvember 2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB um greiðsluþjónustu

á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB. Sex mánaða frestur samkvæmt EES-samningnum til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 7. maí 2009. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Markmið tilskipunar 2007/64/EB eru að skapa heildstætt, samræmt og nútímalegt ESB-regluverk um rafræna greiðslumiðlun og að efla réttarstöðu neytenda er varðar greiðsluþjónustu. Helstu breytingarnar verða tilkoma svokallaðra greiðslustofnana og hins vegar að einungis bönkum og sparisjóðum verður heimilt að veita fyrrnefnda greiðsluþjónustu. Gilda ákvæði tilskipunarinnar m.a. um veitingu greiðsluþjónustu, þ.m.t. um réttindi og skyldur í tengslum við skilyrði og notkun ólíkra greiðslukerfa. Ætla má að samkeppni aukist um greiðsluþjónustu hér á landi með auknu aðgengi að greiðslukerfum og fjölgun þátttakenda á markaði, þegar greiðslustofnanir verða bæði nýir þátttakendur í greiðslukerfum og samkeppnisaðilar við banka er kemur að veitingu greiðsluþjónustu.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og mun fyrirhugað frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra til nýrra heildarlaga um greiðsluþjónustu fjalla um það efni. Fyrirhugað er að leggja frumvarpið fram á vorþingi. Eftir framlagningu mun það að líkindum koma til meðferðar í viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Birgitta Jónsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Bjarni Benediktsson.
Helgi Hjörvar.	Ólöf Nordal.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.
	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

984. Nefndarálit [135. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2010, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Sigurð Örn Guðleifsson frá innanríkisráðuneyti. Utanríkismálanefnd óskaði álits samgöngunefndar og sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar á tillögunni og eru álit nefndanna birt sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu. Auk þess bárust umsagnir um málið frá Samskipum hf. og SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu (flutningasviði).

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2010, frá 12. mars 2010, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun

Evrópuþingsins og ráðsins 2009/20/EB um tryggingu skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum. Sex mánaða frestur, samkvæmt. EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 12. september 2010. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Markmiðið með umræddri tilskipun er að knýja skipaeigendur til að tryggja sig gegn tjóni sem þeir valda þriðja aðila með skipum sínum. Tilskipun 2009/20/EB er hluti af Erika III, þriðja siglingaöryggispakka ESB, en markmið hans eru að fyrirbyggja sjóslys og kveða á um tilteknar ráðstafanir þegar slys verða. Er tilskipuninni ætlað að stoppa í lagalegt gat í alþjóðlegu siglingalöggjöfinni þar sem engin almenn skylda hvílir á skipaeigendum að þjóðarétti til að tryggja sig gegn tjóni sem þeir valda þriðja aðila. Bent hefur verið á að tilskipunin sé m.a. til hagsbóta fyrir skipaeigendur sem eru með fullnægjandi tryggingar vegna þess að eftir að tilskipunin tekur gildi þurfa þeir ekki að vera í samkeppni við lítið tryggð eða ótryggð skip.

Við umfjöllun samgöngunefndar vegna áðurnefndrar álitsbeiðni frá utanríkismálanefnd kom fram að mögulega væri tilgreining á þriðja aðila ekki fyllilega lýsandi um þá tjónþola sem ábyrgðartrygging samkvæmt tilskipun 2009/20/EB er ætlað að vernda. Skv. 3. mgr. 4. gr. hennar skal tryggingin taka til sjóréttarkrafna sem eru háðar takmörkunum samkvæmt samningi frá 1996. Var á það bent við umfjöllun samgöngunefndar að í einhverjum tilvikum kunni skilgreining tilskipunarinnar á tjóni að ná út fyrir svokallað beint tjón, þ.e. þegar tjón verður á hlut eða líkamstjón, og til svokallaðs afleidds tjóns, þ.e. til tjóns sem leiðir af beina tjóninu. Eðlilegt mætti telja að slíkt væri tekið fram þar sem fræðimenn hafa bent á að afleitt tjón njóti ekki í öllum tilvikum verndar skaðabótareglna þótt beint tjón geri það. Hefur slíkt einkum verið talið eiga við þegar hið afleidda tjón er mjög fjarlægt beina tjóninu (Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 57–58 og 602–603).

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og mun fyrirhugað frumvarp innanríkisráðherra um breytingar á siglingalögum nr. 34/1985, með síðari breytingum, fjalla um það efni. Að líkindum mun frumvarpið koma til meðferðar í samgöngunefnd.

Nefndin vekur athygli á því að SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu hafa í umsögn sinni við málið komið á framfæri ósk um að fá til yfirlestrar og athugasemda drög að frumvarpi uml breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum, til innleiðingar á tilskipuninni og tekur nefndin undir það.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Birgitta Jónsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Bjarni Benediktsson.
Helgi Hjörvar.	Ólöf Nordal.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.
	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

Fylgiskjal I.

Álit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 32/2010, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur að beiðni utanríkismálanefndar, dags. 1. febrúar 2011, tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2010, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (135. mál).

Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er samþykki Alþingis áskilið ef samningar við önnur ríki fela í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings eða breyting á honum kallar á lagabreytingar hér á landi.

Með þingsályktunartillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2010, frá 12. mars 2010, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/20/EB um tryggingu skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum. Markmiðið með umræddri tilskipun er að knýja skipaeigendur til að tryggja sig gegn tjóni sem þeir valda þriðja aðila með skipum sínum. Felur gerðin ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem felast í EES-samningnum. Tilskipun 2009/20/EB er hluti af Erika III, þriðja siglingaöryggispakka ESB, en markmið hans eru að fyrirbyggja sjóslys og kveða á um tilteknar ráðstafanir þegar slys verða. Er tilskipuninni ætlað að stoppa í lagalegt gat í alþjóðlegu siglingalöggjöfinni, þar sem engin almenn skylda hvílir á skipaeigendum að þjóðarétti til að tryggja sig gegn tjóni sem þeir valda þriðja aðila. Bent hefur verið á að tilskipunin sé m.a. til hagsbóta fyrir skipaeigendur sem eru með fullnægjandi tryggingar, vegna þess að eftir að tilskipunin tekur gildi þurfa þeir ekki að vera í samkeppni við lítið tryggð eða ótryggð skip. Þá hefur komið fram að innanríkisráðherra hyggist leggja fram frumvarp á yfirstandandi löggjafarþingi um breytingar á siglingalögum til innleiðingar á tilskipuninni.

Nefndin hefur fjallað um málið. Það er skilningur nefndarinnar að tillagan feli í sér þjóðréttarlega skuldbindingu til að leiða í íslensk lög ákvæði tilskipunar ESB 2009/20/EB. Að baki tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/20/EB liggja m.a. þau sjónarmið að auka beri gæði kaupskipaútgerða með því að auka ábyrgð rekstraraðila. Er tilskipuninni ætlað að tryggja tjónþolum meiri vernd og útiloka undirmálsskip og gera þannig kleift að endurvekja samkeppni á milli rekstraraðila. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar skulu aðildarríki EES krefjast þess að eigendur skipa sem eru 300 brúttótonn eða stærri og sigla undir fána annars ríkis séu tryggðir við komu í höfn þess. Tryggingin sem þeim ber að hafa í gildi er ábyrgðartrygging sem bætir tjón þriðja manns a.m.k. að þeim fjárhæðum sem tilgreindar eru í svonefndum CLLMC-samningi (e. Convention on Limitation of Liability for Maritime Claimes) frá 19. nóvember 1976 ásamt bókun við hann frá 1996. Þær takmarkanir eru þær sömu og nú er kveðið á um í 177. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, eftir að henni var breytt með lögum nr. 159/2007 sem tóku gildi 1. janúar 2009. Einnig kveður tilskipunin á um að aðildarríkin staðfesti í hverri skoðun sinni að í hverju skipi, sem tilskipunin tekur til, sé tryggingarskírteini útgefið af tryggingafélagi sem staðfestir tilvist ábyrgðartryggingarinnar. Þar að auki er kveðið

á um að fyrir hendi skuli vera viðurlög sem unnt er að beita ef skip hefur ekki umrædda tryggingu.

Ef þingsályktunartillagan verður samþykkt er ljóst að breyta þarf siglingalögunum þannig að umrædd ábyrgðartrygging verði skyldutrygging og að skylt verði að hafa tryggingarskírteini um borð í skipum. Þá þarf að festa í lög viðurlög við brotum gegn framangreindum fyrirmælum. Á fundi nefndarinnar var á það bent að við undirbúning setningar laga nr. 159/2007 hafi það verið álit manna að ekki ætti að ganga lengra í breytingum á siglingalögum í átt til innleiðingar ákvæða CLLMC-samningsins en að breyta takmörkunarfjárhæðunum sjálfum. Í inngangsorðum almennra athugasemda við frumvarp það sem varð að lögum 159/2007 kemur eftirfarandi m.a. fram: „Nú er hafin vinna við heildarendurskoðun siglingalaganna og hefur verið skipuð sérstök nefnd til að vinna að henni. Í tengslum við þá vinnu verða m.a. ábyrgðartakmörkunarreglur laganna endurskoðaðar með það í huga að tryggja meginregluna um að sá sem ábyrgð ber á tjóni sem fellur undir gildissvið siglingalaga skuli bæta það að fullu. Má gera ráð fyrir að nefndin skoði m.a. þær breytingar sem gerðar voru á norsku siglingalögunum, nr. 39/1994, með lögum nr. 88/2005, en þar er í verulegum mæli vikið frá samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum frá 1976.“ Er það því skilningur nefndarinnar að undirbúningur endurskoðunar og könnun á áhrifum fullgildingar CLLMC-samningsins hafi verið falinn nefnd innan samgönguráðuneytisins sem hafði það hlutverk að endurskoða siglingalögin, nr. 34/1985, í heild sinni.

Á fundi nefndarinnar kom fram að mögulega væri tilgreining á þriðja aðila ekki fyllilega lýsandi um þá tjónþola sem ábyrgðartrygging samkvæmt tilskipun 2009/20/EB er ætlað að vernda. Skv. 3. mgr. 4. gr. hennar skal tryggingin taka til sjóréttarkrafna sem eru háðar takmörkunum samkvæmt samningi frá 1996. Var á það bent að í einhverjum tilvikum kunni skilgreining tilskipunarinnar á tjóni að ná út fyrir svokallað beint tjón, þ.e. þegar tjón verður á hlut eða líkamstjón, og til svokallaðs afleidds tjóns, þ.e. til tjóns sem leiðir af beina tjóninu. Eðlilegt mætti telja að slíkt væri tekið fram þar sem fræðimenn hafa bent á að afleitt tjón njóti ekki í öllum tilvikum verndar skaðabótareglna þótt beint tjón geri það. Hefur slíkt einkum verið talið eiga við þegar hið afleidda tjón er mjög fjarlægt beina tjóninu (Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 57–58 og 602–603).

Af öllu framangreindu sögðu er það álit nefndarinnar að ekki eigi að ráðast í lagabreytingar til innleiðingar tilskipunar 2009/20/EB nema fullkannað sé hvaða afleiðingar fullgilding CLLMC-samningsins frá 1976 hafi í för með sér. Telur nefndin að vinna nefndar um heildarendurskoðun siglingalaga hljóti að nýtast í því skyni. Þá er það álit nefndarinnar að kanna verði möguleika þess að leiða tilskipunina í lög samhliða framangreindri heildarendurskoðun siglingalaga.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir gerir nefndin ekki athugasemdir við að tillagan verði samþykkt.

Alþingi 7. mars 2011.

Björn Valur Gíslason, form.
Róbert Marshall.
Árni Johnsen.
Guðmundur Steingrímsson.
Lilja Rafney Magnúsdóttir.
Ásbjörn Óttarsson.
Mörður Árnason.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Fylgiskjal II.

Álit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2010, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur að beiðni utanríkismálanefndar, dags. 17. nóvember 2010, tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2010, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (135. mál).

Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings eða breyting á honum kallar á lagabreytingar hér á landi.

Með þingsályktunartillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2010, frá 12. mars 2010, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/20/EB um tryggingu skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum. Markmiðið með umræddri tilskipun er að knýja skipaeigendur til að tryggja sig gegn tjóni sem þeir valda þriðja aðila með skipum sínum. Felur gerðin ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Tilskipun 2009/20/EB er hluti af Erika III, þriðja siglingaöryggispakka ESB, en markmið hans eru að fyrirbyggja sjóslys og kveða á um tilteknar ráðstafanir þegar slys verða. Er tilskipuninni ætlað að stoppa í lagalegt gat í alþjóðlegu siglingalöggjöfinni þar sem engin almenn skylda hvílir á skipaeigendum að þjóðarétti til að tryggja sig gegn tjóni sem þeir valda þriðja aðila. Bent hefur verið á að tilskipunin sé m.a. til hagsbóta fyrir skipaeigendur sem eru með fullnægjandi tryggingar, vegna þess að eftir að tilskipunin tekur gildi þurfa þeir ekki að vera í samkeppni við lítið eða ótryggð skip. Þá hefur komið fram að samgönguráðherra hyggist leggja fram frumvarp á yfirstandandi löggjafarþingi til breytingar á siglingalögum til innleiðingar á tilskipuninni.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur fjallað um málið. Erindið virðist ekki falla undir verksvið nefndarinnar. Af þeim sökum telur nefndin ekki tilefni til að gera athugasemdir við þingmálið.

Alþingi 10. desember 2010.

Atli Gíslason, formaður.
Ólína Þorvarðardóttir.
Einar K. Guðfinnson.
Helgi Hjörvar.
Jón Gunnarsson.
Sigurður Ingi Jóhannsson.

985. Nefndarálit [155. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Glóeyju Finnsdóttur frá umhverfisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2009, frá 3. júlí 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu. Hefur tilskipunin verið nefnd grunnvatnstilskipunin. Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 3. janúar 2010. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Tilskipunin kveður á um sértækar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir og hafa eftirlit með grunnvatnsmengun. Í annarri tilskipun, hinni svonefndu vatnatilskipun nr. 2000/60/EB, er í 17. gr. vísað til slíkra aðgerða. Þessar ráðstafanir fela m.a. í sér að setja viðmiðanir til að meta gæði grunnvatns með tilliti til efnainnihalds og viðmiðanir til að auðkenna og snúa við meiri háttar og varanlegum breytingum til hnignunar á gæðum grunnvatns og setja mörk fyrir upphafspunkt þeirrar hnignunar. Einnig eru m.a. settir fram gæðastaðlar fyrir grunnvatn.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og fjallar frumvarp umhverfisráðherra til nýrra heildarlaga um stjórn vatnamála (298. mál, þskj. 344) um efnið. Frumvarpið er nú til meðferðar í umhverfisnefnd.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að æskilegt væri að veita jafnhliða heimild til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2010, frá 10. nóvember 2010, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/915/EB er varðar flokkun á eftirlitskerfum. Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 10. maí 2011. Nefndin gerir því breytingartillögu þar að lútandi. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2010 frá 10. nóvember 2010 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/915/EB frá 30. október 2008 eru birtar í fylgiskjölum með nefndaráliti þessu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2009, frá 3. júlí 2009, og nr. 126/2010, frá 10. nóvember 2010, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/915/EB um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi

aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2009 og nr. 126/2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Birgitta Jónsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Álfheiður Ingadóttir. Bjarni Benediktsson.

Helgi Hjörvar. Ólöf Nordal. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 126/2010

frá 10. nóvember 2010

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/915/EB frá 30. október 2008 um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ([2]).

([1]) Stjtíð. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 47, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 17.
([2]) Stjtíð. ESB L 332, 10.12.2008, bls. 20.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 13caa (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„13cab. **32008 D 0915**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/915/EB frá 30. október 2008 um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (Stjtíð. ESB L 332, 10.12.2008, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/915/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Stefán Haukur Jóhannesson
formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

DRÖG

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 30. október 2008

um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB

(tilkynnt með númeri C(2008) 6016)

(Texti sem varðar EES)

(2008/915/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ([1]), einkum ix. lið liðar 1.4.1 í V. viðauka,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt ii. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB skulu aðildarríkin vernda, styrkja og endurheimta öll yfirborðsvatnshlot í því skyni að ástand yfirborðsvatns verði orðið gott eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar, með fyrirvara um ákveðnar undantekningar, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í V. viðauka. Samkvæmt iii. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB skulu aðildarríkin vernda og styrkja öll manngerð og mikið breytt vatnshlot í því skyni að vistmegin þeirra verði gott og efnafræðilegt ástand yfirborðsvatns verði gott eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar, með fyrirvara um ákveðnar undantekningar, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í V. viðauka. Í samræmi við i. lið liðar 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB skal litið á tilvísanir til vistfræðilegs ástands sem tilvísanir til vistmegins að því er varðar manngerð og mikið breytt vatnshlot.

2) Í lið 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB er kveðið á um ferli til að tryggja sambærileika milli niðurstaðna úr lífvöktun aðildarríkja, sem er mikilvægur hluti flokkunar á vistfræðilegu ástandi. Samkvæmt því skulu niðurstöður úr vöktunar- og flokkunarkerfum aðildarríkjanna bornar saman í millikvörðunarneti sem samanstendur af vöktunarstöðum í hverju aðildarríki og á hverju vistsvæði í Bandalaginu. Samkvæmt tilskipun 2000/60/EB skulu aðildarríkin afla nauðsynlegra upplýsinga, eins og við á, varðandi þá staði sem eru hluti af neti millikvörðunar til að unnt sé að leggja mat á samkvæmni landsbundnu flokkunarkerfanna og stöðluðu skilgreininganna í lið 1.2 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB og samanburðarhæfi niðurstaðna úr flokkunarkerfum milli aðildarríkjanna.

3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/646/EB frá 17. ágúst 2005 um samantekt skrár yfir staði sem mynda millikvörðunarnet í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ([2]) var stofnuð skrá yfir staði sem mynda millikvörðunarnet eins og um getur í vii. lið liðar 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB.

4) Til að framkvæma millikvörðunaráformin eru aðildarríkin flokkuð í landfræðilega samræmingarhópa, sem í eru aðildarríki sem deila ákveðnum gerðum yfirborðsvatnshlots, eins og skilgreint er í 2. þætti viðaukans við ákvörðun 2005/646/EB. Þannig er hverjum hóp gert kleift að gera samanburð á niðurstöðum sínum meðal meðlima og framkvæma millikvörðunaráformin.

5) Millikvörðunaráformin eru framkvæmd með hliðsjón af líffræðilegum þáttum, með samanburði á flokkunarniðurstöðum frá landsbundnum vöktunarkerfum fyrir hvern líffræðilegan þátt og hverja sameiginlega gerð yfirborðs-

([1]) Stjtíð. EB L 327, 22. 12. 2000, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 243, 19.9.2005, bls. 1.

vatnshlots meðal aðildarríkja í sama landfræðilega samræmingarhópnum, og mati á samkvæmni niðurstaðnanna með áðurnefndu stöðluðu skilgreiningunum.

6) Í „tækniskýrslunni um millikvörðunaráform rammatilskipunarinnar um vatn“ er ítarleg lýsing á því hvernig millikvörðunaráformin hafa verið framkvæmd með tilliti til flokka vatns og líffræðilegra gæðaþátta sem er að finna í viðaukanum við þessa ákvörðun.

7) Framkvæmdastjórnin hefur greitt fyrir millikvörðunaráformunum með tilstilli umhverfis- og sjálfbærisstofnunar Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar í Ispra (Ítalíu) sem hefur annast samræmingu tæknilegu vinnunnar.

8) Framkvæmd millikvörðunaráformanna er flókið vísinda- og tæknilegt verkefni. Í landfræðilegu samræmingarhópunum hefur verið beitt ólíkum valkostum til að framkvæma áformin, háð þeim vöktunargögnum sem fáanleg eru um hina ýmsu líffræðilegu gæðaþætti og stöðu þróunar landsbundnu vöktunar- og flokkunarkerfanna. Til að auka tölfræðilegan traustleika niðurstaðnanna eru notuð gögn frá eins mörgum vöktunarstöðum og mögulegt er í flestri þeirri aðferðafræði sem beitt er af landfræðilegu samræmingarhópunum, þannig að tillit er tekið til allra ástandsflokka, sem ná frá mjög góðu og allt niður í lélegt ástand. Því hafa verið notuð vöktunargögn frá stöðum sem ekki eru hluti af neti millikvörðunarinnar þar sem það nær aðeins til takmarkaðs fjölda staða þar sem ástand er mjög gott, gott eða sæmilegt.

9) Framkvæmdastjórnin hefur fengið millikvörðunarniðurstöður varðandi tiltekinn fjölda líffræðilegra gæðaþátta sem fela í sér skilgreiningu á vistfræðilegu ástandi. Í sumum tilvikum hafa aðeins fengist niðurstöður varðandi sumar breytur líffræðilegra þátta eða aðeins frá sumum aðildarríkjanna sem eru hluti af landfræðilegum samræmingarhóp. Því er það álit framkvæmdastjórnarinnar að í slíkum tilvikum sé sambærileiki ekki fyllilega tryggður. Því kunna frekari millikvörðunarniðurstöður að falla undir síðari ákvörðun þegar aðildarríki hafa lagt fram viðkomandi upplýsingar í samræmi við lið 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB.

10) Nauðsynlegt er að samþykkja fyrirliggjandi niðurstöður millikvörðunaráformanna tímanlega til að hafa áhrif á þróun fyrstu stjórnunaráætlunar fyrir vatnasviðaumdæmi og á áætlanir um ráðstafanir í samræmi við 11. og 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

11) Sem afleiðing af millikvörðunaráformunum skulu gildi hlutfalla vistfræðilegra gæða fyrir mörkin milli flokka vistfræðilegs ástands í flokkunarkerfum aðildarríkjanna vera til marks um jafngilt vistfræðilegt ástand. Mismunur á gildi sama líffræðilega gæðaþáttarins skýrist af mismunandi landsbundnum aðferðum. Vegna mismunandi útreikningaaðferða og af öðrum ástæðum er þar að auki ekki hægt að bera saman gildi hlutfalla vistfræðilegra gæða þegar um er að ræða mismunandi líffræðilega gæðaþætti.

12) Breytur á borð við styrk klórófýll-a, lífmagn þörunga í plöntusvifi, hlutfall bláþörunga eða dýptarmörk stórþörunga og dulfrævinga ná ekki til fullgildra líffræðilegra gæðaþátta. Vegna aðgengis að gögnum og matsaðferðum eru þær þó hluti af grundvelli núverandi millikvörðunaráformanna að því er varðar stöðuvötn og strandsjó. Gildi þessara breyta eru samanburðarhæf með beinum hætti milli aðildarríkjanna, að því tilskildu að tekið sé tillit til mismunandi sýnatöku- og greiningaraðferða. Af þessum ástæðum skal auk hlutfalla vistfræðilegra gæða telja algildi fyrir þessar breytur með í viðaukanum við þessa ákvörðun sem hluta af niðurstöðum millikvörðunaráformanna.

13) Niðurstöðurnar skulu vísa til vistfræðilegs ástands. Ef vatnshlot sem samsvara millikvörðuðum gerðum eru tilgreind sem mikið breytt vatnshlot í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, er hægt að nota niðurstöðurnar sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun sem grundvöll fyrir góðri vistmegin þeirra, að teknu tilliti til efnislegra breytinga þeirra og tengdri vatnsnotkun, í samræmi við stöðluðu skilgreiningarnar í lið 1.2.5 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB.

14) Eins og kveðið er á um í (iii)-lið liðar 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB verða aðildarríkin að umreikna niðurstöður millikvörðunaráformanna til samræmis við landsbundin flokkunarkerfi sín til að ákvarða mörkin milli mjög góðs og góðs ástands og milli góðs og sæmilegs ástands að því er varðar allar landsbundnar gerðir vatnshlota. Viðmiðunarreglur um umreikning millikvörðunarniðurstaða í landsbundnu flokkunarkerfin og afleiðslu viðmiðunarskilyrða hafa verið þróaðar til að styðja beitingu niðurstaðanna.

15) Upplýsingarnar sem verða gerðar aðgengilegar með framkvæmd vöktunaráætlananna sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2000/60/EB og mati og uppfærslu á einkennum vatnasviðaumdæma eins og kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar 2000/60/EB geta leitt í ljós ný sönnunargögn sem kunna að leiða til aðlögunar vöktunar- og flokkunarkerfa aðildarríkja að vísinda- og tækniframförum og að lokum til endurskoðunar á niðurstöðum millikvörðunaráformanna í því skyni að bæta gæði þeirra.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar iii. lið liðar 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB skulu aðildarríkin nota í flokkun vöktunarkerfa sinna þau gildi fyrir mörk milli flokka sem sett eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stravros DIMAS

framkvæmdastjóri

VIÐAUKI

FLOKKUR VATNS: Ár

LANDFRÆÐILEGUR SAMRÆMINGARHÓPUR: Fjallavistkerfi

Lýsingar á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð	Lýsing á eiginleikum ár	Aðrennslissvæði (km^2)	Hæð yfir sjávarmáli & landmótunarfræði	Basastig	Flæði
R-A1	Lítil og allt að meðalstór, hálendi, kalkkend	10–1000	800–2500 m (aðrennslissvæði), björg/hnullungsvölur	hátt (en ekki mjög hátt) basastig	
R-A2	Lítil og allt að meðalstór, hálendi, kísilkennd	10–1000	500–1000 m (hám. hæð yfir sjávarmáli 3000 m, meðaltal 1500 m), hnullungsvölur	Ekki kalkkennt (granít, myndbreytt) meðalhátt og allt niður í lágt basastig	flæði um snjó og ís

Lönd sem eiga sameiginlegar þær gerðir sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð R-A1: Þýskaland, Austurríki, Frakkland, Ítalía, Slóvenía

Gerð R-A2: Austurríki, Frakkland, Ítalía, Spánn, Slóvenía

NIÐURSTÖÐUR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnlægir hryggleysingjar

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsbundnu flokkunarkerfunum

Gerð og land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð R-A1			
Austurríki	Austurrískt kerfi til að meta vistfræðilegt ástand áa (verstu tilvik milli fjölmælastuðla fyrir almenna hnignun og rotsveppastuðuls)	0,80	0,60
Frakkland	Classification française DCE Indice Biologique Global Normalisé (IBGN). Norme AFNOR NF T 90 350 (1992) og dreifibréf MEDD/DE/ MAGE/BEMA 05 nr.14 frá 28. júlí 2005, breytt 13. júní 2007	0,93	0,79
Þýskaland	PERLODES – Bewertungsverfahren von Fließgewässern auf Basis des Makrozoobenthos	0,80	0,60
Ítalía	STAR millikvörðunarstuðull með sameiginlegum mælum (STAR_ICMi)	0,97	0,73
Slóvenía	Slóvenskt matskerfi fyrir botnhryggleysingja Fjölmælastuðull (vatnsformfræði/almenn hnignun), rotsveppastuðull	0,80	0,60
Gerð R-A2			
Austurríki	Austurrískt kerfi til að meta vistfræðilegt ástand áa (verstu tilvik milli fjölmælastuðla fyrir almenna hnignun og rotsveppastuðuls)	0,80	0,60
Frakkland (Alpafjöll)	Classification française DCE Indice Biologique Global Normalisé (IBGN). Norme AFNOR NF T 90 350 (1992) og dreifibréf MEDD/DE/ MAGE/BEMA 05 nr.14 frá 28. júlí 2005, breytt 13. júní 2007	0,93	0,71
Frakkland (Pýreneafjöll)	Classification française DCE Indice Biologique Global Normalisé (IBGN). Norme AFNOR NF T 90 350 (1992) og dreifibréf MEDD/DE/ MAGE/BEMA 05 nr.14 frá 28. júlí 2005, breytt 13. júní 2007	0,94	0,81
Ítalía	STAR millikvörðunarstuðull með sameiginlegum mælum (STAR_ICMi)	0,95	0,71
Spánn	Íberíuskagi BMWP (IBMWP)	0,83	0,53

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botngróður

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsbundnu flokkunarkerfunum

Gerð og land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð R-A1			
Austurríki	Fjölmælaaðferð sem samanstendur af þremur aðferðar-/mælieiningum (fæðustuðull, rotsveppastuðull, viðmiðunartegund)	0,87	0,56
Frakkland	Classification française DCE Indice Biologique Diatomées (IBD) norme AFNOR NF T 90-354 (2000) og dreifibréf MEDD/DE/MAGE/BEMA 05 nr. 14 frá 28. júlí 2005, breytt 13. júní 2007	0,86	0,71
Þýskaland	Deutsches Bewertungsverfahren für Makrophyten und Phytobenthos (PHYLIB)	0,73	0,54
Slóvenía	Fjölmælaaðferð sem samanstendur af tveimur aðferðar-/mælieiningum	0,80	0,60
Gerð R-A2			
Austurríki	Fjölmælaaðferð sem samanstendur af þremur aðferðar-/mælieiningum (fæðustuðull, rotsveppastuðull, viðmiðunartegund)	0,87	0,56
Frakkland	Classification française DCE Indice Biologique Diatomées (IBD) norme AFNOR NF T 90-354 (2000) og dreifibréf MEDD/DE/MAGE/BEMA 05 nr. 14 frá 28. júlí 2005, breytt 13. júní 2007	0,86	0,71
Spánn	Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS) (Lenoir & Coste, 1996)	0,94	0,74

FLOKKUR VATNS: Ár

LANDFRÆÐILEGUR SAMRÆMINGARHÓPUR: Mið-Evrópa/Eystrasalt

Lýsingar á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð	Lýsing á eiginleikum ár	Aðrennslissvæði (km^2)	Hæð yfir sjávarmáli & landmótunarfræði	Basastig (millijafngildi/l)
R-C1	Lítil, láglendi, kísilkenndur sandur	10–100	láglendi, með aðallega sendnu undirlagi, (lítil agnastærð), 3–8 m breið (bakkafull)	> 0,4
R-C2	Lítil, láglendi, kísilkennd – berg	10–100	láglendi, bergefni, 3–8 m breið (bakkafull)	< 0,4
R-C3	Lítil, miðlungshæð, kísilkennd	10–100	miðlungshæð, berg (granít) – malarundirlag 2–10 m breið (bakkafull)	< 0,4
R-C4	Meðalstór, láglendi, blönduð	100–1000	láglendi, sendið og allt að malarundirlag 8–25 m breið (bakkafull)	> 0,4

Gerð	Lýsing á eiginleikum ár	Aðrennslissvæði (km^2)	Hæð yfir sjávarmáli & landmótunarfræði	Basastig (millijafngildi/l)
R-C5	Stór, láglendi, blönduð	1000–10000	láglendi, vatnaskeggjasvæði, breytilegur straumhraði, hám. hæð á aðrennslissvæði: 800 m > 25 m breið (bakkafull)	> 0,4
R-C6	Lítil, láglendi, kalkkennd	10–300	láglendi, malarundirlag (kalksteinn), breidd 3–10 m (bakkafull)	> 2

Lönd sem eiga sameiginlegar þær gerðir sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerð R-C1: Belgía (Flæmingjaland), Þýskaland, Danmörk, Frakkland, Ítalía, Litháen, Holland, Pólland, Svíþjóð, Bretland

Gerð R-C2: Spánn, Frakkland, Írland, Portúgal, Svíþjóð, Bretland

Gerð R-C3: Austurríki, Belgía (Valland) Tékkland, Þýskaland, Pólland, Portúgal, Spánn, Svíþjóð, Frakkland, Lettland, Lúxemborg, Bretland

Gerð R-C4: Belgía (Flæmingjaland), Tékkland, Þýskaland, Danmörk, Eistland, Spánn, Frakkland, Írland,Ítalía, Litháen, Lúxemborg, Holland, Pólland, Svíþjóð, Bretland

Gerð R-C5: Tékkland, Eistland, Frakkland, Þýskaland, Spánn, Írland, Ítalía, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Holland, Pólland, Svíþjóð, Bretland

Gerð R-C6: Danmörk, Eistland, Spánn, Frakkland, Írland, Ítalía, Pólland, Litháen, Lúxemborg, Svíþjóð, Bretland

NIÐURSTÖÐUR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnlægir hryggleysingjar

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsbundnu flokkunarkerfunum

Eftirfarandi niðurstöður gilda um allar gerðir eins og lýst er hér á undan.

Land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Austurríki	Austurrískt kerfi til að meta vistfræðilegt ástand áa (verstu tilvik milli fjölmælastuðla fyrir almenna hnignun og rotsveppastuðuls)	0,80	0,60
Belgía (Flæmingjaland)	Fjölmælastuðull fyrir stórsæja hryggleysingja í Flæmingjalandi (MMIF)	0,90	0,70
Belgía (Valland)	Indice Biologique Global Normalisé (IBGN) (Norme AFNOR NF T 90 350, 1992) og 'Provisional Definition of the Good Status', ráðuneyti Vallands (2007)	0,97	0,74
Danmörk	Stuðull fyrir árdýr í Danmörku (DSFI)	1,00	0,71
Þýskaland	PERLODES –Bewertungsverfahren von Fließgewässern auf Basis des Makrozoobenthos	0,80	0,60

Land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Frakkland	Classification française DCE Indice Biologique Global Normalisé (IBGN). Norme AFNOR NF T 90 350 (1992) og dreifibréf MEDD/DE/MAGE/BEMA 05 nr. 14 frá 28. júlí 2005, breytt 13. júní 2007	0,94	0,80
Írland	Gæðaflokkunarkerfi (Q-gildi)	0,85	0,75
Ítalía	STAR millikvörðunarstuðull með sameiginlegum mælum (STAR_ICMi)	0,96	0,72
Lúxemborg	Classification luxembourgeoise DCE, Indice Biologique Global Normalisé (IBGN), Norme AFNOR NF T 90 350, 1992) og dreifibréf MEDD/DE/MAGE/BEMA 07 nr. 4 frá 11. apríl 2007	0,96	0,72
Holland	KRW-maatlat	0,80	0,60
Pólland	BMWP (BMWP-PL), staðfest með breyttum Margalef fjölbreytnisstuðli	0,89	0,68
Spánn	Fjölmælastuðlar fyrir norðurhluta Spánar	0,93	0,70
Svíþjóð	DJ-stuðull (Dahl & Johnson 2004)	0,80	0,60
Breska konungsríkið	Flokkunartæki fyrir árhryggleysingja (RICT)	0,97	0,86

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botngróður

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsbundnu flokkunarkerfunum

Land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
			Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Austurríki	Fjölmælaaðferð sem samanstendur af þremur aðferðar-/mælieiningum (fæðustuðull, rotsveppastuðull, viðmiðunartegund)	Allar gerðir, hæð < 500 m	0,70	0,42
		Allar gerðir, hæð > 500 m	0,71	0,42
Belgía (Flæmingjaland)	Proportions of Impact-Sensitive and Impact-Associated Diatoms (PISIAD)	Allar gerðir	0,80	0,60
Belgía (Valland)	Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS) AFNOR norm NF T 90-354 (2000) og 'Provisional Definition of the Good Status', ráðuneyti Vallands (2007)	Allar gerðir	0,93	0,68
Eistland	Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS)	Allar gerðir	0,85	0,70

Land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
			Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Frakkland	Classification française DCE Indice Biologique Diatomées (IBD) norme AFNOR NF T 90-354 (2000) og dreifibréf MEDD/DE/MAGE/ BEMA 05 nr. 14 frá 28. júlí 2005, breytt 13. júní 2007	Landsbundnar gerðir 1, 2 og 4	0,93	0,80
		Landsbundin gerð 3	0,92	0,77
Þýskaland	Deutsches Bewertungsverfahren für Makrophyten und Phytobenthos (PHYLIB)	R-C1	0,67	0,43
		R-C3	0,67	0,43
		R-C4	0,61	0,43
		R-C5	0,73	0,55
Írland	Endurskoðaður fæðustuðull fyrir kísilþörunga (TDI)	Allar gerðir	0,93	0,78
Lúxemborg	Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS)	Allar gerðir	0,85	0,70
Holland	KRW Maatlat	Allar gerðir	0,80	0,60
Spánn	Diatom multimetric (MDIAT)	Allar gerðir	0,93	0,70
Svíþjóð	Sænskar matsaðferðir, sænskar EPA reglugerðir (NFS 2008:1) byggt á Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS)	Allar gerðir	0,89	0,74
Bretland	Mat á kísilþörungum við mat á vistfræðilegu ástandi áa (DARES)	Allar gerðir	0,93	0,78

FLOKKUR VATNS: Ár

LANDFRÆÐILEGUR SAMRÆMINGARHÓPUR: Meginland Austur-Evrópu

Lýsingar á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð	Lýsing á eiginleikum ár	Vistsvæði	Aðrennslissvæði (km^2)	Hæð yfir sjávarmáli (m)	Jarðfræði	Undirlag
R-E1	Karpatafjöll: lítil og allt að meðalstór, miðlungshæð	10	10–1000	500–800	kísilkennd	möl og bjarg
R-E2	Sléttur: meðalstór, láglendi	11 og 12	100–1000	< 200	blönduð	sandur og silt
R-E4	Sléttur: meðalstór, miðlungshæð	11 og 12	100–1000	200–500	blönduð	sandur og möl

Lönd sem eiga sameiginlegar þær gerðir sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerð R-E1: Tékkland, Ungverjaland, Rúmenía, Slóvakía

Gerð R-E2: Tékkland, Ungverjaland, Rúmenía, Slóvakía

Type R-E4: Austurríki, Tékkland, Ungverjaland, Slóvakía, Slóvenía

NIÐURSTÖÐUR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnlægir hryggleysingjar

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsbundnu flokkunarkerfunum

Gerð og land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð R-E1, R-E2, R-E4			
Slóvakía	Slóvaskt kerfi til mats á vistfræðilegu ástandi áa	0,80	0,60
Gerð R-E4			
Austurríki	Austurrískt kerfi til að meta vistfræðilegt ástand áa (verstu tilvik milli fjölmælastuðla fyrir almenna hnignun og rotsveppastuðuls)	0,80	0,60

FLOKKUR VATNS: Ár

LANDFRÆÐILEGUR SAMRÆMINGARHÓPUR: Miðjarðarhafið

Lýsingar á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð	Lýsing á eiginleikum ár	Aðrennslissvæði (km^2)	Hæð yfir sjávarmáli (m)	Jarðfræði	Flæði
R-M1	Litlar Miðjarðarhafsár í miðlungshæð	10–100	200–800	Blönduð	Afar árstíðabundið
R-M2	Litlar/meðalstórar Miðjarðarhafsár	10–1000	< 400	Blönduð	Afar árstíðabundið
R-M4	Litlar/meðalstórar Miðjarðarhafsár	10–1000	400–1500	Ekki kísilkennd	Afar árstíðabundið
R-M5	Lítil/meðalstór, tímabundin	10–100	< 300	Blönduð	Tímabundið

Lönd sem eiga sameiginlegar þær gerðir sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerð R-M1: Frakkland, Grikkland, Ítalía, Portúgal, Slóvenía, Spánn

Gerð R-M2: Frakkland, Grikkland, Ítalía, Portúgal, Spánn

Gerð R-M4: Kýpur, Frakkland, Grikkland, Ítalía, Spánn

Gerð R-M5: Kýpur, Ítalía, Portúgal, Slóvenía, Spánn

NIÐURSTÖÐUR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnlægir hryggleysingjar

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsbundnu flokkunarkerfunum

Gerð og land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
R-M1			
Frakkland	Classification française DCE Indice Biologique Global Normalisé (IBGN). Norme AFNOR NF T 90 350 (1992) og dreifibréf MEDD/DE/MAGE/ BEMA 05 nr. 14 frá 28. júlí 2005, breytt 13. júní 2007	0,94	0,81
Grikkland	STAR millikvörðunarstuðull með sameiginlegum mælum (STAR_ICMi)	0,95	0,71
Ítalía	STAR millikvörðunarstuðull með sameiginlegum mælum (STAR_ICMi)	0,97	0,72
Portúgal	Stuðull fyrir norðlæga hryggleysingja í Portúgal, IPtIN	0,92	0,69
Spánn	IBMWP	0,78	0,48
R-M2			
Grikkland	STAR millikvörðunarstuðull með sameiginlegum mælum (STAR_ICMi)	0,94	0,71
Ítalía	STAR millikvörðunarstuðull með sameiginlegum mælum (STAR_ICMi)	0,94	0,70
Portúgal	Stuðull fyrir norðlæga hryggleysingja í Portúgal, IPtIN	0,87	0,66
R-M4			
Kýpur	STAR millikvörðunarstuðull með sameiginlegum mælum (STAR_ICMi)	0,97	0,73
Grikkland	STAR millikvörðunarstuðull með sameiginlegum mælum (STAR_ICMi)	0,96	0,72
Ítalía	STAR millikvörðunarstuðull með sameiginlegum mælum (STAR_ICMi)	0,94	0,70
Spánn	IBMWP	0,83	0,51
R-M5			
Ítalía	STAR millikvörðunarstuðull með sameiginlegum mælum (STAR_ICMi)	0,97	0,73
Portúgal	Stuðull fyrir suðlæga hryggleysingja í Portúgal, IPtIN	0,98	0,72
Spánn	IBMWP	0,91	0,55

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botngróður

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsbundnu flokkunarkerfunum

Gerð og land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
R-M1			
Frakkland	Classification française DCE Indice Biologique Diatomées (IBD) norme AFNOR NF T 90-354 (2000) og dreifibréf MEDD/DE/MAGE/BEMA 05 nr. 14 frá 28. júlí 2005, breytt 13. júní 2007	0,93	0,80
Portúgal	Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS)	0,84	0,62
Spánn	Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS)	0,90	0,67
R-M2			
Frakkland	Classification française DCE Indice Biologique Diatomées (IBD) norme AFNOR NF T 90-354 (2000) og dreifibréf MEDD/DE/MAGE/BEMA 05 nr. 14 frá 28. júlí 2005, breytt 13. júní 2007	0,93	0,80
Portúgal	Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS)	0,84	0,62
Spánn	Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS)	0,93	0,70
R-M4			
Spánn	Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS)	0,91	0,68
R-M5			
Portúgal	Evrópskur stuðull (CEE)	0,85	0,64
Spánn	Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS)	0,95	0,71

FLOKKUR VATNS: Ár

LANDFRÆÐILEGUR SAMRÆMINGARHÓPUR: Norður-Evrópa

Lýsingar á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð	Lýsing á eiginleikum ár	Söfnunarsvæði (hlutans)	Hæð yfir sjávarmáli & landmótunarfræði	Basastig (millijafngildi/l)	Lífrænt efni (mg Pt/l)
R-N1	Lítil, láglendi, kísilkennd, miðlungs basastig	10–100 km^2	< 200 m eða lægra en hæsta strandlengja	0,2–1	< 30 (< 150 á Írlandi)
R-N3	Lítil/meðalstór, láglendi, lífrænt efni	10–1000 km^2		< 0,2	> 30
R-N4	Meðalstór, láglendi, kísilkennd, miðlungs basastig	100–1000 km^2		0,2–1	< 30
R-N5	Lítil, miðlungshæð, kísilkennd	10–100 km^2	Milli láglendis og hálendis	< 0,2	< 30

Lönd sem eiga sameiginlegar þær gerðir sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerð R-N1: Finnland, Írland, Noregur, Svíþjóð, Bretland

Gerð R-N3: Finnland, Írland, Noregur, Svíþjóð, Bretland

Gerð R-N4: Finnland, Noregur, Svíþjóð, Bretland

Gerð R-N5: Finnland, Noregur, Svíþjóð, Bretland

NIÐURSTÖÐUR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnlægir hryggleysingjar

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsbundnu flokkunarkerfunum

Eftirfarandi niðurstöður gilda um allar gerðir eins og lýst er hér á undan.

Land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Finnland	Fjölmælakerfi, fyrsta útgáfa sem komið var á fót	0,80	0,60
Írland	Gæðaflokkunarkerfi (Q-gildi)	0,85	0,75
Noregur	Meðaltal stiga fyrir flokkunareiningu (ASPT)	0,99	0,87
Svíþjóð	DJ-stuðull (Dahl & Johnson 2004)	0,80	0,60
Bretland	Flokkunartæki fyrir árhryggleysingja (RICT)	0,97	0,86

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botngróður

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsbundnu flokkunarkerfunum

Eftirfarandi niðurstöður gilda um allar gerðir eins og lýst er hér á undan.

Land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Finnland	Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS)	0,91	0,80
Írland	Endurskoðaður fæðustuðull fyrir kísilþörunga (TDI)	0,93	0,78
Svíþjóð	Sænskar matsaðferðir, sænskar EPA reglugerðir (NFS 2008:1) byggt á Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS)	0,89	0,74
Bretland	Mat á kísilþörungum við mat á vistfræðilegu ástandi áa (DARES)	0,93	0,78

FLOKKUR VATNS: Stöðuvötn

LANDFRÆÐILEGUR SAMRÆMINGARHÓPUR: Vistkerfi við Atlantshaf

Lýsingar á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð	Einkenni stöðuvatns	Hæð yfir sjávarmáli (m yfir sjávarmáli)	Meðaldýpt (m)	Basastig (millijafngildi/l)
LA1/2	Láglendi, grunnt, kalkkennt, lítið og stórt	< 200	3–15	> 1

Lönd sem eiga sameiginlegar gerðir sem hafa verið millikvarðaðar:

Írland og Bretland

NIÐURSTÖÐUR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Þörungar í plöntusvifi

Breyta fyrir þörunga í plöntusvifi til marks um lífmassa (klórófýll a)

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða og gildi færibreytna

Eftirfarandi niðurstöður eiga við meðalgildi fyrir vaxtartíma og gilda um öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega

Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða		Styrkur klórófýll a (µg/l)	
	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
LA1/2	0,55	0,32	4,6–7,0	8,0–12,0

FLOKKUR VATNS: Stöðuvötn

LANDFRÆÐILEGUR SAMRÆMINGARHÓPUR: Fjallavistkerfi

Lýsingar á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð	Einkenni stöðuvatns	Hæð yfir sjávarmáli (m yfir sjávarmáli)	Meðaldýpt (m)	Basastig (millijafngildi/l)	Stærð stöðuvatns (km^2)
L-AL3	Láglendi eða miðlungshæð, djúpt, miðlungs eða hátt basastig (áhrif fjallavistkerfis), stórt	50–800	> 15	> 1	> 0,5
L-AL4	Miðlungshæð, grunnt, miðlungs eða hátt basastig (áhrif fjallavistkerfis), stórt	200–800	3–15	> 1	> 0,5

Lönd sem eiga sameiginlegar gerðir sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerð L-AL3 og L-AL4: Austurríki, Frakkland, Þýskaland, Ítalía og Slóvenía

NIÐURSTÖÐUR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Þörungar í plöntusvifi

Breyta fyrir þörunga í plöntusvifi til marks um lífmassa

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða og gildi færibreytna

Eftirfarandi niðurstöður eiga við ársmeðaltal og gilda um öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega Aðildarríki geta valið að nota klórófýll a, heildarlífmassa, eða báðar færibreytur.

Klórófýll a

Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða		Styrkur klórófýll a (µg/l)	
	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
L-AL3	0,70	0,40	2,1–2,7	3,8–4,7
L-AL4	0,75	0,41	3,6–4,4	6,6–8,0

Heildarlífmassi

Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða		Heildarlífmassi (mm^3/l)	
	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
L-AL3	0,60	0,25	0,3–0,5	0,8–1,2
L-AL4	0,64	0,26	0,8–1,1	1,9–2,7

Færibreytur fyrir þörunga í plöntusvifi til marks um flokkunarfræðilega samsetningu og þéttleika

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsbundnu færibreytunum

Land	Millikvarðaðar landsbundnar færibreytur	Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða		Mörk milli flokka	
			Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Austurríki Slóvenía	Brettum-stuðull	*L-AL3*	0,94	0,83	4,12–4,34	3,64–3,83
		L-AL4	0,94	0,81	3,69–3,87	3,20–3,34
Þýskaland	PTSI (Stuðull flokka þörunga í plöntusvifi í stöðuvötnum)	*L-AL3*	0,60	0,43	1,25	1,75
		L-AL4	0,71	0,56	1,75	2,25
Ítalía	PTI_{ot} (Stuðull flokka þörunga í plöntusvifi)	*L-AL3 (meðaldýpt < 100m)*	0,95	0,89	3,43	3,22
		L-AL4	0,95	0,85	3,37	3,01
	$PTI_{species}$ (Stuðull flokka þörunga í plöntusvifi)	*L-AL 3 (meðaldýpt > 100m)*	0,93	0,82	4,00	3,50

Líffræðilegur gæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsbundnu flokkunarkerfunum

Gerð og land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Austurríki Gerð L-AL3 og L-AL4	Austurrískt kerfi fyrir mat á fjölfrumuplöntum: Austurrískur fjölfrumuplöntustuðull fyrir stöðuvötn (AIM fyrir stöðuvötn), aðferðareining 1	0,80	0,60
Þýskaland Gerð L-AL3	Þýskt matskerfi fyrir fjölfrumuplöntur/botngróður: Aðferðareining 1	0,78	0,51
Þýskaland Gerð L-AL4	Þýskt matskerfi fyrir fjölfrumuplöntur/botngróður: Aðferðareiningar 1 + 2	0,71	0,47

FLOKKUR VATNS: Stöðuvötn

LANDFRÆÐILEGUR SAMRÆMINGARHÓPUR: Mið-Evrópa/Eystrasalt

Lýsingar á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð	Einkenni stöðuvatns	Hæð yfir sjávarmáli (m yfir sjávarmáli)	Meðaldýpt (m)	Basastig (millijafngildi/l)	Vatnajarðfræðilegur viðstöðutími (ár)
L-CB1	Láglendi, grunnt, kalkkennt	< 200	3–15	> 1	1–10
L-CB2	Láglendi, mjög grunnt, kalkkennt	< 200	< 3	> 1	0,1–1
L-CB3	Láglendi, grunnt, lítið, kísilkennt (miðlungs basastig)	< 200	3–15	0,2–1	1–10

Lönd sem eiga sameiginlegar gerðir sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerðir L-CB1 og L-CB2: Belgía, Þýskaland, Danmörk, Eistland, Frakkland, Litháen, Lettland, Holland, Pólland, Bretland.

Gerðir L-CB3: Belgía, Danmörk, Eistland, Frakkland, Lettland, Pólland

NIÐURSTÖÐUR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Þörungar í plöntusvifi

Þörungar í plöntusvifi: færibreyta til marks um lífmassa

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða og gildi færibreytna

Eftirfarandi niðustöður eiga við um meðalgildi fyrir vaxtartíma og gilda um öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega.

Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða		Styrkur klórófýll a (µg/l)	
	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
L-CB1	0,55	0,32	4,6–7,0	8,0–12,0
L-CB2	0,63	0,30	9,9–11,7	21,0–25,0
L-CB3	0,57	0,31	4,3–6,5	8,0–12,0

Líffræðilegur gæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsbundnu flokkunarkerfunum

Eftirfarandi niðurstöður gilda um gerðir LCB1 og LCB2

Land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Belgía	Flæmskt matskerfi fyrir fjölfrumuplöntur	0,80	0,60
Þýskaland	Þýskt matskerfi fyrir fjölfrumuplöntur Tilvísunarstuðull	0,75	0,50
Eistland	Eistneskt matskerfi fyrir fjölfrumuplöntur	0,80	0,60
Lettland	Lettneskt matskerfi fyrir fjölfrumuplöntur	0,80	0,60
Holland	Hollenskt matskerfi fyrir fjölfrumuplöntur (KRW Maatlat)	0,80	0,60
Bretland	Breskt matskerfi fyrir fjölfrumuplöntur: LEAFPACS	0,80	0,60

FLOKKUR VATNS: Stöðuvötn

LANDFRÆÐILEGUR SAMRÆMINGARHÓPUR: Miðjarðarhafið

Lýsingar á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð	Einkenni stöðuvatns	Hæð yfir sjávarmáli (m)	Árleg meðal-úrkoma (mm) og hitastig (°C)	Meðaldýpt (m)	Basastig (millijafngildi/l)	Stærð stöðuvatns (km^2)
L-M5/7	Lón, djúpt, stórt, kísil-kennt, „votlendi“, aðrennslissvæði < 20000 km^2	0–800	> 800 eða < 15	> 15	< 1	> 0,5
L-M8	Lón, djúpt, stórt, kalk-kennt, aðrennslissvæði < 20000 km^2	0–800	–	> 15	> 1	> 0,5

Lönd sem eiga sameiginlegar gerðir sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerð L-M5/7: Grikkland, Frakkland, Portúgal, Spánn, Rúmenía.

Gerð L-M8: Kýpur, Grikkland, Frakkland, Ítalía, Spánn, Rúmenía.

NIÐURSTÖÐUR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Þörungar í plöntusvifi

Breyta fyrir þörunga í plöntusvifi til marks um lífmassa

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða og gildi færibreytna

Eftirfarandi niðurstöður eiga við meðalgildi fyrir sumar og gilda um öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega Aðildarríki geta valið að nota klórófýll a, heildarlífmassa, eða báðar færibreytur.

Klórófýll a

Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	Styrkur klórófýll a (µg/l)
	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
L-M5/7	0,21	6,7–9,5
L-M8	0,43	4,2–6,0

Heildarlífmassi

Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	Heildarlífmassi (mm^3/l)
	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
L-M5/7	0,19	1,9
L-M8	0,36	2,1

Færibreytur fyrir þörunga í plöntusvifi til marks um flokkunarfræðilega samsetningu og þéttleika

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða og gildi færibreytna

Eftirfarandi niðurstöður eiga við meðalgildi fyrir sumar og gilda um öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega Aðildarríki verða að nota a.m.k. eina af millikvörðuðu færibreytunum (hlutfall bláþörunga, katalónskur stuðull, Med PTI stuðull)

Hlutfall bláþörunga

Gerð og land	Hlutföll vistfræðilegra gæða	Hlutfall bláþörunga
	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð L-M5/7		
Öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega	0,91	9,2
Gerð L-M8		
Öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega	0,72	28,5

Hlutföll vistfræðilegra gæða reiknað sem EQR = (100 = jaðargildi)/(100 - viðmiðunargildi)

Katalónskur stuðull

Gerð og land	Hlutföll vistfræðilegra gæða	Katalónskur stuðull
	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð L-M5/7		
Öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega	0,97	10,6
Gerð L-M8		
Öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega	0,98	7,7

Hlutföll vistfræðilegra gæða reiknað sem EQR = (400 = jaðargildi)/(400 - viðmiðunargildi)

Með PTI stuðull

Gerð og land	Hlutföll vistfræðilegra gæða	Með PTI stuðull
	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð L-M5/7		
Öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega	0,75	2,32
Gerð L-M8		
Öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega	0,77	2,38

FLOKKUR VATNS: Stöðuvötn

LANDFRÆÐILEGUR SAMRÆMINGARHÓPUR: Norður-Evrópa

Lýsingar á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð	Einkenni stöðuvatns	Hæð yfir sjávarmáli (m yfir sjávarmáli)	Meðaldýpt (m)	Basastig (millijafngildi/l)	Litur (mg Pt/l)
LN1	Láglendi, grunnt, miðlungs basastig, tært	< 200	3–15	0,2–1	< 30
LN2a	Láglendi, grunnt, lágt basastig, tært	< 200	3–15	< 0,2	< 30
LN2b	Láglendi, djúpt, lágt basastig, tært	< 200	> 15	< 0,2	< 30
LN3a	Láglendi, grunnt, lágt basastig, miðlungs moldugt	< 200	3–15	< 0,2	30–90
LN5	Miðlungshæð, grunnt, lágt basastig, tært	200–800	3–15	< 0,2	< 30
LN6a	Miðlungshæð, grunnt, lágt basastig, miðlungs moldugt	200–800	3–15	< 0,2	30–90
LN8a	Láglendi, grunnt, miðlungshátt basastig, miðlungs moldugt	< 200	3–15	0,2–1	30–90

Lönd sem eiga sameiginlegar gerðir sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerðir LN1, LN2a, LN3a, LN8a: Írland, Finnland, Noregur, Svíþjóð, Bretland.

Gerðir LN2b, LN5 og LN6a: Noregur, Svíþjóð, Bretland.

Líffræðilegur gæðaþáttur: Þörungar í plöntusvifi

Þörungar í plöntusvifi: færibreyta til marks um lífmassa

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða og gildi færibreytna

Eftirfarandi niðurstöður eiga við meðalgildi fyrir vaxtartíma og gilda um öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega

Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða		Styrkur klórófýll a (µg/l)	
	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
LN1	0,50	0,33	5,0–7,0	7,5–10,5
LN2a	0,50	0,29	3,0–5,0	5,0–8,5
LN2b	0,50	0,33	3,0–5,0	4,5–7,5
LN3a	0,50	0,30	5,0–7,0	8,0–12,0
LN5	0,50	0,33	2,0–4,0	3,0–6,0
LN6a	0,50	0,33	4,0–6,0	6,0–9,0
LN8a	0,50	0,33	7,0–10,0	10,5–15,0

Líffræðilegur gæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur

Lýsing á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar (eingöngu millikvörðun á fjölfrumuplöntum)

Gerð	Einkenni stöðuvatns	Basastig (millijafngildi/l)	Litarefni (mg Pt/l)
101.	Lágt basastig, tært	0,05–0,2	< 30
102.	Lágt basastig, moldugt	0,05–0,2	> 30
201.	Miðlungs basastig, tært	0,2–1,0	< 30
202.	Miðlungs basastig, moldugt	0,2–1,0	> 30
301.	Hátt basastig, tært	> 1,0	< 30
302.	Hátt basastig, moldugt	> 1,0	> 30

Lönd sem eiga sameiginlegar gerðir sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerðir 101, 102, 201 og 202: Írland, Finnland, Noregur, Svíþjóð, Bretland.

Gerð 301: Írland, Noregur, Svíþjóð, Bretland.

Gerð 302: Írland, Noregur, Svíþjóð, Bretland.

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í aðferðum landsbundnu flokkunarkerfanna

Land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
			Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Írland	Stuðull óbundinna fjölfrumuplantna	Allar gerðir millikvarðaðar	0,90	0,68
Svíþjóð	Fæðustuðull fyrir fjölfrumuplöntur (Ecke)	Gerð 101	0,98	0,79
		Gerð 102	0,98	0,88
		Gerð 201	0,94	0,83
		Gerð 202	0,96	0,83
Noregur	Fæðustuðull fyrir fjölfrumuplöntur (Mjelde)	Gerð 101	0,94	0,61
		Gerð 102	0,96	0,65
		Gerð 201	0,91	0,72
		Gerð 202	0,9	0,77
		Gerð 301	0,92	0,69
Bretland	Breskt matskerfi fyrir fjölfrumuplöntur: LEAFPACS	Allar gerðir millikvarðaðar	0,80	0,60

FLOKKUR VATNS: Strandsjór og árósavatn

LANDFRÆÐILEGUR SAMRÆMINGARHÓPUR: Eystrasalt GIG

Lýsingar á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð	Selta, frumúrtaks-eining (psu)	Váhrif	Dýpt	Ísdagar	Aðrir eiginleikar
CW B0	0,5–3	Varið	Grunnt	> 150	Staðir í Botnian-flóa (Norður-Kvarken)
CW B2	3–6	Varið	Grunnt	90–150	Staðir í Helsingjabotni
CW B3 a	3–6	Varið	Grunnt	~90	Staðir á svæðinu sem nær frá syðri hluta Helsingjabotns að Skerjagarðshafinu og vestri hluta Kirjálabotns.
CW B3 b	3–6	Óvarið	Grunnt	~90	
CW B12 a Austurhluti Eystrasalts	5–8	Varið	Grunnt	–	Staðir í Ríga-flóa,
CW B12 b Vesturhluti Eystrasalts	8–22	Varið	Grunnt	–	Staðir við suðurströnd Svíþjóðar og opin strandlengja við suðvesturhluta Eystrasalts í Danmörku og Þýskalandi
CW B13	6–22	Óvarið	Grunnt	–	Staðir við strandlengju Eistlands, Lettlands og Litháens, strandlengja Póllands og Danska eyjan Borgundarhólmur
CW B 14	6–22	Varið	Grunnt	–	Lón
TW B 13	6–22	Óvarið	Grunnt	–	Árósavatn. Staðir við strandlengju Litháens og Póllands

Lönd sem eiga sameiginlegar gerðir sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerðir CWB0, CWB2, CWB3a, CWB3b:	Finnland, Svíþjóð
Gerð CWB12a:	Eistland
Gerð CWB12b:	Þýskaland, Danmörk, Svíþjóð.
Gerð CWB13:	Danmörk, Eistland, Litháen, Lettland, Pólland.
Gerð CWB14:	Danmörk, Pólland
Gerð TWB13:	Litháen, Pólland.

NIÐURSTÖÐUR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnlægir hryggleysingjar

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsbundnu flokkunarkerfunum

Gerð og land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
CW B0			
Finnland	BBI – finnskur stuðull fyrir botnlægt, gruggugt vatn	0,99	0,59
Svíþjóð	BQI–Sænskur fjölmælastuðull fyrir líffræðileg gæði (dýr sem lifa í mjúkum setlögum)	0,77	0,31
CW B2			
Finnland	BBI – finnskur stuðull fyrir botnlægt, gruggugt vatn	0,95	0,57
Svíþjóð	BQI–Sænskur fjölmælastuðull fyrir líffræðileg gæði (dýr sem lifa í mjúkum setlögum)	0,76	0,29
CW B3 a			
Finnland	BBI – finnskur stuðull fyrir botnlægt, gruggugt vatn	0,89	0,53
Svíþjóð	BQI–Sænskur fjölmælastuðull fyrir líffræðileg gæði (dýr sem lifa í mjúkum setlögum)	0,76	0,29
CW B3 b			
Finnland	BBI – finnskur stuðull fyrir botnlægt, gruggugt vatn	0,90	0,54
Svíþjóð	BQI–Sænskur fjölmælastuðull fyrir líffræðileg gæði (dýr sem lifa í mjúkum setlögum)	0,76	0,29

Líffræðilegur gæðaþáttur: Þörungar í plöntusvifi

Þörungar í plöntusvifi: færibreyta til marks um lífmassa (klórófýll a)

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða og gildi færibreytna

Eftirfarandi niðurstöður eiga við meðaltal fyrir sumar maí/júní – september

Gerð og land	Hlutföll vistfræðilegra gæða í landsbundnu flokkunarkerfunum		Gildi færibreytna/svið Klórófýll a (µg/l)	
	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
CW B0 Öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega	0,76	0,56	1,7 (1,5–1,8)	2,3 (2,0–2,7)
CW B2 Öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega	0,78	0,56	1,8	2,5 (2,3–2,6)
CW B3 a Varið Öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega	0,71	0,49	2,4 (2,2– 2,6)	3,5 (2,9–4,0)
CW B3 b Óvarið Öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega	0,81	0,68	1,5	1,8
CW B 12 a Austurhluti Eystrasalts Selta 5–8 psu Öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega	0,82	0,66	2,2	2,7
CW B 12 b Vesturhluti Eystrasalts Selta 8–22 psu Öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega	0,92	0,63	1,3 (1,1–1,5)	1,9
CW B 13 Danmörk, Eistland og Lettland	0,92	0,75	1,3	1,6
CW B 14 Danmörk	0,82	0,56	1,1	1,6
TW B 13 Öll lönd sem eiga gerðina sameiginlega	0,90	0,66	4,2	5,8

Líffræðilegur gæðaþáttur: Dulfrævingar

Dulfrævingar: færibreyta til marks um þéttleika (dýptarmörk marhálms, Zostera marina)

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða og gildi færibreytna

Gerð og land	Hlutföll vistfræðilegra gæða í landsbundnu flokkunarkerfunum		Gildi færibreytna/svið Dýptarmörk (m) marhálms, Zostera marina	
	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
CW B 12 b Danmörk og Þýskaland Opin strandlengja	0,90	0,74	8,5 (8,0–9,4)	7 (6,6–7,1)

FLOKKUR VATNS: Strandsjór og árósavatn

LANDFRÆÐILEGUR SAMRÆMINGARHÓPUR: Norðaustur Atlantshaf

Lýsingar á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð	Lýsing á eiginleikum	Selta (psu) Munur á flóði og fjöru (m) Dýpt (m)	Straumhraði (hnútar) Váhrif	Blöndun Viðstöðutími
NEA1/26a	Úthaf, óvarið eða varið, fullsaltur sjór, grunnt	> 30 Meðalsjávarföll 1–5 < 30	Miðlungs 1–3 Óvarið eða varið	Fullblandaður Dagar
NEA1/26b	Innhöf, óvarin eða varin, fullsaltur sjór, grunn	> 30 Meðalsjávarföll 1–5 < 30	Miðlungs 1–3 Óvarið eða varið	Fullblandaður Dagar
NEA1/26c	Innhöf, landlukt eða varin, að hluta til lagskipt	> 30 Lítil/meðalsjávarföll < 1–5 < 30	Miðlungs 1–3 Óvarið eða varið	Að hluta til lagskipt Dagar eða vikur
NEA1/26d	Strandlengja Norðurlanda, varið eða óvarið, grunnt	> 30 Lítil sjávarföll < 1 < 30	Hægur < 1 Óvarið eða í meðallagi óvarið	Að hluta til lagskipt Dagar eða vikur
NEA1/26e	Uppstreymissvæði, óvarin eða varin, fullsaltur sjór, grunn	> 30 Meðalsjávarföll 1–5 < 30	Miðlungs 1–3 Óvarin eða varin	Fullblandaður Dagar
NEA3/4	Saltur sjór, óvarinn eða í meðallagi óvarinn (sjór af sömu gerð og í Vaðhafinu)	Saltur sjór 18–30 Meðalsjávarföll 1–5 < 30	Miðlungs 1–3 Óvarin eða í meðallagi óvarin	Fullblandaður Dagar
NEA7	Djúp fjarða- og flóakerfi	> 30 Meðalsjávarföll 1–5 > 30	Hægur < 1 Varin	Fullblandaður Dagar
NEA8	Innri boga Skagerrak-gerð, saltur sjór, lítil sjávarföll, varið, grunnt	Saltur sjór 18–30 Lítil sjávarföll < 1 < 30	Hægur < 1 Varið	Að hluta til lagskipt Dagar eða vikur
NEA9	Fjörður með grunnri syllu við mynnið með afar mikilli hámarks-dýpt í miðju vatna-sviðinu og litlum djúp-sjávarvatnaskiptum.	Saltur sjór 18–30 Lítil sjávarföll < 1 > 30	Hægur < 1 Varið	Að hluta til lagskipt Vikur
NEA10	Ytri boga Skagerrak-gerð, saltur sjór, lítil sjávarföll, óvarið, djúpt	Saltur sjór 18–30 Lítil sjávarföll < 1 > 30	Hægur < 1 Óvarið	Að hluta til lagskipt Dagar
NEA11	Árósavatn	Ísalt vatn 0–35 Lítil til mikil sjávarföll < 30	Breyta Varin eða í meðallagi óvarin	Að hluta til lagskipt eða lagskipt til frambúðar. Dagar eða vikur

Lönd sem eiga sameiginlegar þær gerðir sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerð NEA1/26a: Spánn, Frakkland, Írland, Noregur, Bretland

Gerð NEA1/26b: Belgía, Frakkland, Holland, Bretland

Gerð NEA1/26c: Þýskaland, Danmörk

Gerð NEA1/26d: Danmörk

Gerð NEA1/26e: Portúgal, Spánn

Gerð NEA3/4: Þýskaland, Holland

Gerð NEA7: Noregur, Bretland

Gerð NEA8: Danmörk, Noregur, Svíþjóð

Gerð NEA9: Noregur, Svíþjóð

Gerð NEA10: Noregur, Svíþjóð

Gerð NEA11: Belgía, Þýskaland, Spánn, Frakkland, Írland, Holland, Portúgal, Bretland

NIÐURSTÖÐUR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnlægir hryggleysingjar:

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðu landsbundnu flokkunarkerfunum

Niðurstöðurnar gilda eingöngu um búsvæði í mjúkum setlögum (búsvæði í leðju/sandi undir fjöru).

Gerð og land	Landsbundið flokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Gerðir NEA1/26, NEA 3/4 og NEA7 (stuðlar sem aðallega eiga við lífræna auðgun og álag vegna mengunar af völdum eiturefna í búsvæðum í mjúkum setlögum)			
Danmörk	DKI	0,67	0,53
Frakkland	M-AMBI	0,77	0,53
Þýskaland	M-AMBI	0,85	0,70
Írland	IQI	0,75	0,64
Noregur	NQI	0,92	0,81
Portúgal	P-BAT	0,79	0,58
Spánn	M-AMBI	0,77	0,53
Bretland	IQI	0,75	0,64
Gerð NEA1/26 og NEA3/4 (stuðlar sem eiga við margs konar álag á fjölda búsvæða)			
Belgía	BEQI	0,80	0,60
Holland	BEQI	0,80	0,60
Gerð NEA8/9/10			
Danmörk	DKI	0,82	0,63
Noregur	NQI	0,92	0,81
Svíþjóð	BQI	0,89	0,68

Líffræðilegur gæðaþáttur: Þörungar í plöntusvifi

Þörungar í plöntusvifi: færibreyta til marks um lífmassa (klórófýll a)

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða og gildi færibreytna

Eftirfarandi niðurstöður gilda um öll lönd sem eiga gerðirnar sameiginlegar. Gildi færibreytna eru gefin upp í µg/l sem 90. hundraðshlutamarkið, reiknað á skilgreindum vaxtartíma á 6 ára tímabili. Niðurstöðurnar eiga við landsvæði innan þeirra gerða sem lýst er í tækniskýrslunni.

Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða		Gildi (µg/l, 90. hundraðshlutamark)	
	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
NEA1/26a	0,67	0,33	1–5	2–10
NEA1/26b	0,67	0,44	6–10	9–15
NEA1/26c	0,67	0,44	5	7,5
NEA1/26d	0,67	0,50	3	4
NEA1/26e	0,67	0,44	6–8	9–12
NEA8	0,67	0,33	1,5	3
NEA9	0,67	0,33	2,5	5
NEA10	0,67	0,33	3	6

Þörungar í plöntusvifi: færibreyta til marks um blóma

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða og gildi færibreytna

Gerð og land	Landsbundin færibreyta millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða		Gildi (% stakra lífvera sem teljast yfir viðmiðunarmörkum)	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
NEA1/26a/b, NEA3/4					
Belgía Þýskaland Holland Bretland	Blómi phaeo-cystis-tegunda	0,92	0,49	9	17
NEA1/26a/b					
Spánn Frakkland Írland Bretland	Fjöldi fruma úr lífverum	0,84	0,43	20	39
NEA1/26e					
Portúgal					
Spánn	Fjöldi fruma úr lífverum	0,83	0,51	30	49

Líffræðilegur gæðaþáttur: Stórþörungar

Stórþörungar: færibreyta til marks um samsetningu

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvarðaðri landsbundinni færibreytu

Gerð og land	Landsbundin færibreyta millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
NEA1/26			
Írland	Fjölmælakerfi fyrir einfaldaðan lista yfir tegundir á klettóttum ströndum	0,80	0,60
Noregur	Fjölmælakerfi fyrir einfaldaðan lista yfir tegundir á klettóttum ströndum	0,80	0,60
Bretland	Fjölmælakerfi fyrir einfaldaðan lista yfir tegundir á klettóttum ströndum	0,80	0,60
Spánn	Fjölmælakerfi CFR	0,81	0,57
Portúgal	Fjölmælakerfi p-MarMAT	0,82	0,64
Írland Bretland	Fjölmælakerfi fyrir tækifærisstórþörunga	0,80	0,60
NEA8/9/10			
Noregur Svíþjóð	Þörungar undir fjöru (dýptarmörk stórþörungategunda)	0,81	0,61

Líffræðilegur gæðaþáttur: Dulfrævingar

Færibreytur fyrir dulfrævinga til marks um flokkunarfræðilega samsetningu og þéttleika

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvarðaðri landsbundinni færibreytu

Gerð og land	Landsbundin færibreyta millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða		Gildi færibreytna (*)	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
NEA1/26, NEA 3/4, NEA11					
Írland Holland Bretland	Þéttleiki þangs við sjávarföll og samsetning tegunda, fjölmæla	0,90	0,70	Á ekki við	Á ekki við
NEA1/26, NEA3/4					
Þýskaland Írland Holland Bretland	Þang við sjávarföll (svæði: flatarmál í ekrum/umfang botns)	0,90	0,70	10	30

(*) Gildi fyrir þang við sjávarföll gefin upp sem hlutfall af tapi á flatarmáli á viðmiðunarsvæði.

FLOKKUR VATNS: Strandsjór og árósavatn

LANDFRÆÐILEGUR SAMRÆMINGARHÓPUR: Miðjarðarhafið

Niðurstöður eiga eingöngu við strandsjó

Tegundarflokkun hefur verið þróuð fyrir ákveðna gæðaþætti eingöngu (sjá hér á eftir).

NIÐURSTÖÐUR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnlægir hryggleysingjar:

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í landsbundnu flokkunarkerfunum

Eftirfarandi niðurstöður eiga eingöngu við mjúk setlög

Land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Kýpur	Bentix	0,75	0,58
Grikkland	Bentix	0,75	0,58
Slóvenía	M-AMBI	0,83	0,62
Spánn	MEDOCC stuðull	0,73	0,47

Líffræðilegur gæðaþáttur: Þörungar í plöntusvifi

Lýsing á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar (gildir eingöngu um þörunga í plöntusvifi)

Gerð	Lýsing	Þéttleiki (kg/m^3)	Ársmeðalselta (psu)
Gerð I	Mikil áhrif af innstreymi ferskvatns	< 25	< 34,5
Gerð IIA	Nokkur áhrif af innstreymi ferskvatns (meginlandsáhrif)	25–27	34,5–37,5
Gerð IIIW	Meginlandsströnd, engin áhrif af innstreymi ferskvatns (vestlægt vatnasvið)	> 27	> 37,5
Gerð IIIE	Engin áhrif af innstreymi ferskvatns (austlægt vatnasvið)	> 27	> 37,5

Lönd sem eiga sameiginlegar þær gerðir sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð I: Frakkland, Ítalía

Gerð IIA: Frakkland, Spánn, Ítalía, Slóvenía

Gerð IIIW: Frakkland, Spánn, Ítalía

Gerð IIIE: Grikkland, Kýpur

Þörungar í plöntusvifi: færibreyta til marks um lífmassa (klórófýll a)

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða og gildi færibreytna

Eftirfarandi niðurstöður gilda um öll lönd sem eiga gerðirnar sameiginlegar. Gildi færibreytna eru sett fram sem µg/l af klórófýll a fyrir 90. hundraðshlutamarkið, reiknað fyrir árið í að lágmarki fimm ára tímabili. Niðurstöðurnar eiga við landsvæði innan þeirra gerða sem lýst er í tækniskýrslunni.

Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða		Gildi (µg/l, 90. hundraðshlutamark)	
	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð IIA	0,80	0,53	2,4	3,6
Gerð IIIW	0,80	0,50	1,1	1,8
Gerð IIIE	0,80	0,20	0,1	0,4

Líffræðilegur gæðaþáttur: Stórþörungar

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í landsbundnu flokkunarkerfunum

Eftirfarandi niðurstöður eiga við eftri hluta svæðisins næst ströndu (3,5 – 0,2 m dýpi) við klettóttar strendur:

Land	Landsbundin flokkunarkerfi millikvörðuð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Kýpur	EEI – vistfræðilegur matsstuðull	0,75	0,50
Frakkland	CARLIT – Kortlagning fjörusvæðis og efri hluta svæðisins næst utan við fjörusvæðið við klettóttar strendur	0,75	0,60
Grikkland	EEI – vistfræðilegur matsstuðull	0,75	0,50
Slóvenía	EEI – vistfræðilegur matsstuðull	0,75	0,50
Spánn	CARLIT-BENTHOS	0,75	0,60

FLOKKUR VATNS: Strandsjór og árósavatn

LANDFRÆÐILEGUR SAMRÆMINGARHÓPUR: Svartahafið

Lýsingar á gerðum sem hafa verið millikvarðaðar

Gerð	Lýsing
CW-BL1	Miðlungssaltur sjór, lítil sjávarföll (< 1 m), grunnur (< 30 m), í meðallagi óvarinn, blandað undirlag

Lönd sem eiga sameiginlegar þær gerðir sem hafa verið millikvarðaðar:

Búlgaría og Rúmenía

NIÐURSTÖÐUR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Þörungar í plöntusvifi

Þörungar í plöntusvifi: færibreyta til marks um lífmassa

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða og gildi færibreytna

Árstíð	Hlutföll vistfræðilegra gæða		Gildi fyrir lífmassa (mg/m^3)	
	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Vetur	0,93	0,78	1770	3420
Vor	0,93	0,78	3515	5690
Sumar	0,93	0,78	1281	2526
Haust	0,93	0,78	1840	3640

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnlægir hryggleysingjar:

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsbundnum færibreytum

Aðildarríki verða að nota a.m.k. eina af millikvörðuðu færibreytunum (Shannon fjölbreytnisstuðull H', AMBI, M-AMBI)

Millikvarðaðar landsbundnar færibreytur	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
	Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Shannon fjölbreytnisstuðull H'	0,89	0,69
AMBI	0,83	0,53
M-AMBI	0,85	0,55

986. Nefndarálit [199. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Hörpu Theodórsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Utanríkismálanefnd óskaði álits viðskiptanefndar á tillögunni og er álitið birt sem fylgiskjal.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010, frá 29. janúar 2010, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila. Sex mánaða frestur skv. EES-samningnum til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 29. júlí 2010. Framsetning tillögunnar er að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Markmið ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar er að gera tiltekna reikningsskilastaðla þriðju ríkja sem tilgreind eru jafngilda alþjóðlegum reikningsskilastöðum (IFRS) þar til innleiðing alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna hefur farið fram í viðkomandi þriðju ríkjum.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og mun fyrirhugað frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra um breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum að hluta til fjalla um það efni. Málið er að því leytinu tengt tillögu til

þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2008 sem er 133. mál á yfirstandandi þingi. Fyrirhugað er að leggja frumvarpið fram á yfirstandandi þingi en það hefur tvívegis áður verið lagt fram en ekki hlotið afgreiðslu (245. mál á 136. löggjafarþingi og 218. mál á 138. löggjafarþingi). Eftir framlagningu mun það að líkindum koma til meðferðar í viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Birgitta Jónsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Bjarni Benediktsson.
Helgi Hjörvar.	Ólöf Nordal.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Fylgiskjal.

Álit frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Utanríkismálanefnd óskaði eftir því með tölvupósti, dags. 1. febrúar 2011, að viðskiptanefnd léti í té álit sitt á:

a. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (235. mál).
b. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (199. mál).
c. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (133. mál).

Meiri hlutinn gerir ekki athugasemd við það að hinum stjórnskipulega fyrirvara verði aflétt af umræddum ESB-gerðum.

Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Eygló Harðardóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara þar sem nefndin hafi hvorki haft aðkomu að því sem óskað er álits á né tækifæri til að taka formlega afstöðu.

Alþingi, 3. mars 2011.

Lilja Mósesdóttir, form.,
Magnús Orri Schram,
Skúli Helgason,
Eygló Harðardóttir, með fyrirvara,
Atli Gíslason.

987. Nefndarálit [235. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Jón Ögmund Þormóðsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Utanríkismálanefnd óskaði álits viðskiptanefndar á tillögunni og er álitið birt sem fylgiskjal.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010, frá 12. mars 2010, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB frá 16. september 2009 um breytingu á tilskipunum ráðsins 77/91/EBE, 78/855/EBE og 82/891/EBE og tilskipun 2005/56/EB að því er varðar kröfur um skýrslugjöf og upplýsingar við samruna og skiptingu. Sex mánaða frestur, skv. EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 12. september 2009. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Markmið tilskipunarinnar er að draga úr svonefndum stjórnsýslubyrðum í hlutafélögum hvað snertir gerð skýrslna og skjala og birtingu þeirra. Veitt er aukin heimild til að nýta m.a. vef félaga til birtingar á slíkum gögnum. Með breytingunum er ætlunin að auka samkeppnishæfni félaga innan Evrópska efnahagssvæðisins. Breytingarnar hafa áhrif á almennar reglur um félög en einnig ársreikninga og endurskoðun. Í texta athugasemda með tillögunni kemur fram að leitast verði við að gæta þess að breytingarnar hafi ekki neikvæð áhrif með tilliti til verndarhlutverks þeirra. Þar er því haldið til haga að gæta þurfi að hagsmunum annarra aðila en hluthafa, t.d. lánardrottna og stjórnvalda. Þá kemur m.a. orðrétt fram í athugasemdunum um innihald tilskipunarinnar: „Vikið er að minni kröfum en nú eru gerðar varðandi ákveðnar skýrslur sérfræðinga, við samruna móðurfélaga og dótturfélaga og í markaðsfélögum þar sem hálfsársuppgjör er gert.“

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og mun fyrirhugað frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra um breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum fjalla um efnið. Fyrirhugað er að leggja frumvarpið fram á yfirstandandi þingi en samkvæmt texta athugasemda við tillöguna er ætlunin að ganga umfram skyldu á grundvelli ákvæða tilskipunarinnar og gera jafnframt breytingar á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum, þar sem eðlilegt þyki að svipaðar reglur gildi um hlutafélög og einkahlutafélög. Eftir framlagningu mun frumvarpið að líkindum koma til meðferðar í viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Birgitta Jónsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Bjarni Benediktsson.
Helgi Hjörvar.	Ólöf Nordal.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Fylgiskjal.

Álit frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Utanríkismálanefnd óskaði eftir því með tölvupósti, dags. 1. febrúar 2011, að viðskiptanefnd léti í té álit sitt á:

a. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (235. mál).
b. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (199. mál).
c. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (133. mál).

Meiri hlutinn gerir ekki athugasemd við það að hinum stjórnskipulega fyrirvara verði aflétt af umræddum ESB-gerðum.

Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Eygló Harðardóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara þar sem nefndin hafi hvorki haft aðkomu að því sem óskað er álits á né tækifæri til að taka formlega afstöðu.

Alþingi, 3. mars 2011.

Lilja Mósesdóttir, form.,
Magnús Orri Schram,
Skúli Helgason,
Eygló Harðardóttir, með fyrirvara,
Atli Gíslason.

988. Nefndarálit [236. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Glóeyju Finnsdóttur frá umhverfisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010, frá 30. apríl 2010, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu. Hefur tilskipunin verið nefnd með hástöfunum INSPIRE. Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 30. október 2010. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Markmið tilskipunarinnar er að samræma og samnýta opinberar landupplýsingar í allri Evrópu og þá einna helst í þágu umhverfismála. Ákvæði hennar ná eingöngu til landupplýsinga á rafrænu formi og fjalla einkum um miðlun, aðgengi og samræmingu þeirra. Viðkomandi gögn falla undir verksvið nokkurra ráðuneyta en einnig til sveitarfélaga vegna skipulagsgagna

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að af hálfu EFTA-ríkjannna var gerð krafa um þá aðlögun við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn að tryggt yrði að EES/EFTA-ríkin fengju jafnlangan tíma og ESB-ríki fá til þess að innleiða þær skyldur sem Inspire-gerðin leggur þeim á herðar. Aðlögunartexti þessa efnis kemur fram í 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010.

Að mati umhverfisráðuneytisins hefur innleiðing tilskipunarinnar í för með sér verulegan samfélags- og fjárhagslegan ávinning á komandi árum, svo sem á sviðum skipulagsmála, náttúruverndar, ferðaþjónustu og vegna viðbragða við náttúruhamförum. Þá telur ráðuneytið að hún ýti á nauðsynlegar úrbætur varðandi skipulag og umsýslu landupplýsinga hér á landi sem telst nú dreifð og ekki nógu aðgengileg.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og fjallar frumvarp umhverfisráðherra til nýrra heildarlaga um grunngerð landupplýsinga (121. mál, þskj. 130) að hluta til um það efni. Frumvarpið er nú til meðferðar í umhverfisnefnd.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að æskilegt væri að veita jafnhliða heimild til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2010, frá 10. nóvember 2010, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar lýsigögn og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf. Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 10. maí 2011. Nefndin gerir því breytingartillögu þar að lútandi. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2010, frá 10. nóvember 2010, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr.

1205/2008 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB eru birtar í fylgiskjölum með nefndaráliti þessu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010, frá 30. apríl 2010, og nr. 124/2010, frá 10. nóvember 2010, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar lýsigögn og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010 og nr. 124/2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Birgitta Jónsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Bjarni Benediktsson.
Helgi Hjörvar.	Ólöf Nordal.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.
	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 124/2010

frá 10. nóvember 2010

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 frá 3. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar lýsigögn ([2]), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 328, 15.12.2009, bls. 83.

3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB frá 5. júní 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf ([3]), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 322, 9.12.2009, bls. 40.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1j (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„1ja. **32008 R 1205**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 frá 3. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar lýsigögn (Stjtíð. ESB L 326, 4.12.2008, bls. 12), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 328, 15.12.2009, bls. 83.

([1]) Stjtíð. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 47, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 17.
([2]) Stjtíð. ESB L 326, 4.12.2008, bls. 12.
([3]) Stjtíð. ESB L 148, 11.6.2009, bls. 18.

1jb. **32009 D 0442**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB frá 5. júní 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf (Stjtíð. ESB L 148, 11.6.2009, bls. 18), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 322, 9.12.2009, bls. 40.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1205/2008, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 328, 15.12.2009, bls. 83, og ákvörðunar 2009/442/EB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 322, 9.12.2009, bls. 40, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010 frá 30. apríl 2010 ([4]), hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson
formaður.

([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.
([4]) Stjtíð. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 23, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 31.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1205/2008 frá 3. desember 2008

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar lýsigögn

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) ([1]), einkum 4. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2007/2/EB er mælt fyrir um almennar reglur sem miða að því að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu. Þar eð notendur þurfa að geta fundið landgagnasöfn og -þjónustu og ákvarðað hvort þau megi nota og þá í hvaða tilgangi til að þessi grunngerð starfi eðlilega, skulu aðildarríki leggja fram lýsingar á viðkomandi landgagnasöfnum og -þjónustu í formi lýsigagna. Þar eð slík lýsigögn skulu vera samhæfð og nothæf innan Bandalagsins og yfir landamæri er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur varðandi lýsigögnin sem notuð eru til að lýsa landgagnasöfnunum og -þjónustunni sem samsvarar þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB.

2) Nauðsynlegt er að skilgreina mengi lýsigagnastaka til að hægt sé að auðkenna upplýsingatilföng sem lýsigögn eru skráð um, flokka þau, auðkenna landfræðilega staðsetningu þeirra og tímaviðmið, gæði þeirra og gildi, samræmi þeirra við framkvæmdarreglur fyrir rekstrarsamhæfi landsgagnasafna og -þjónustu, hömlur sem varða aðgang og notkun, og þá stofnun sem ber ábyrgð á tilföngunum. Einnig er þörf á lýsigagnastökum sem tengjast lýsigagnaskránni sjálfri, til að fylgjast með því að lýsigögnin, sem skráð voru, séu uppfærð reglulega og til að auðkenna þá stofnun sem ber ábyrgð á skráningu og viðhaldi lýsigagnanna. Þetta er það lágmarksmengi lýsigagnastaka sem þarf til að uppfylla ákvæði tilskipunar 2007/2/EB og kemur ekki í veg fyrir að stofnanir geti skjalfest upplýsingatilföngin af meiri nákvæmni, með viðbótarstökum úr alþjóðlegum stöðlum eða vinnuaðferðum sem tíðkast meðal þeirra hagsmunaaðila sem láta sig sömu málefni varða. Né heldur kemur það í veg fyrir að hægt sé að samþykkja viðmiðunarreglur sem framkvæmdastjórnin setur og uppfærir, einkum þegar tryggja þarf rekstrarsamhæfi lýsigagna.

3) Leiðbeiningar eru nauðsynlegar fyrir fullgildingu lýsigagna, í samræmi við tilskipun 2007/2/EB, að því er varðar skilyrði og væntanlega margfeldni hvers lýsigagnastaks, þ.e.a.s. hvort alltaf megi búast við að gildi hvers staks komi fyrir í lýsigagnaskránni, geti aðeins komið fyrir einu sinni, eða hvort þau geti komið fyrir oftar en einu sinni.

4) Nauðsynlegt er að hafa upplýsingar um gildamengi hvers lýsigagnastaks til að tryggja rekstrarsamhæfi lýsigagna í fjöltyngdu samhengi og þetta gildamengi á að geta verið í formi frjáls texta, dagsetninga, kóða úr alþjóðlegum stöðlum s.s. tungumálakóða, lykilorða sem fengin eru úr stýrðum skrám eða hugtakaorðabókum (e. thesauri), eða stafastrengja.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 22. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru settar fram kröfur um skráningu og viðhald lýsigagna fyrir landgagnasöfn, landgagnasafnsraðir og landgagnaþjónustu sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB.

([1]) Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda þær skilgreiningar sem settar eru fram í A-hluta viðaukans auk þeirra skilgreininga sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

3. gr.

Skráning og viðhald lýsigagna

Lýsigögn, sem lýsa landgagnasafni, landgagnasafnsröð eða landgagnaþjónustu, skulu fela í sér þau lýsigagnastök eða hópa lýsigagnastaka sem sett eru fram í B-hluta viðaukans og skal skrá þau og halda þeim við í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í C- og D-hluta hans.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri

VIÐAUKI

FRAMKVÆMDARREGLUR FYRIR LÝSIGÖGN

A-HLUTI

Túlkun.

1. Eftirfarandi skilgreiningar skulu gilda:
   - „stafastrengur“: gildamengi lýsigagnastaka, gefið upp sem mengi rittákna sem farið er með sem eina heild,
   - „frjáls texti“: gildamengi lýsigagnastaka, sett fram á einu eða fleiri náttúrlegum tungumálum,
   - „gagnabreytingaferli“: saga gagnasafns og vistferillinn frá söfnun og öflun gagnanna, um stig samantektar og afleiðslu, til núverandi forms þess, í samræmi við EN ISO-staðal 19101,
   - „lýsigagnastak“: stök eining af lýsigögnum, í samræmi við EN ISO-staðal 19115,
   - „nafnarými“: safn heita, auðkenndra með tilvísun til veffangs (e. uniform resource identifier, URI), sem notuð eru í skjölum á stækkanlegu ívafsmáli (e. extensible markup language, XML) sem stakheiti og eigindaheiti,
   - „gæði“: allir eiginleikar vöru sem varða getu hennar til að uppfylla tilgreindar og ótilgreindar þarfir, í samræmi við EN ISO-staðal 19101,
   - „tilfang“: upplýsingalind með beina eða óbeina tilvísun til tiltekinnar staðsetningar eða landsvæðis,
   - „landgagnasafnsröð“: samansafn landgagnasafna sem deila sömu gæðaforskriftinni.
2. Líta skal á vísanir til gildis landgagnasafna sem svo að þær varði eitthvað af eftirtöldu:
   - það rúm- og tímabil sem á við gögnin,
   - það hvort gögnin hafi verið yfirfarin samkvæmt mælikerfi eða kröfum um nothæfi,
   - það að hve miklu leyti gögnin hæfa tilgangi sínum,
   - lögmæti landsgagnasafnsins, eftir því sem við á.

B-HLUTI

Lýsigagnastök

1. UPPLÝSINGAR TIL AUÐKENNINGAR

Leggja skal fram eftirfarandi lýsigagnastök:

1.1. Heiti tilfangs

Þetta er einkennandi og í mörgum tilvikum einstakt heiti sem tilfangið gengur undir.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er frjáls texti.

1.2. Ágrip um tilfang

Þetta er stutt samantekt í samfelldu máli um innihald tilfangsins.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er frjáls texti.

1.3. Tegund tilfangs

Þetta er sú tegund tilfanga sem lýst er í lýsigögnunum.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er skilgreint í hluta D.1.

1.4. Staðsetning tilfangs

Staðsetning tilfangs skilgreinir tengilinn/tenglana við tilfangið og/eða tengilinn við viðbótarupplýsingar um tilfangið.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er stafastrengur sem venjulega er sett fram sem vefslóð (e. uniform resource locator - URL).

1.5. Veffang (e. unique resource identifier)

Gildi sem auðkennir tilfangið á ótvíræðan hátt.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er skyldubundinn stafastrengskóði, sem venjulega er úthlutað af eiganda gagnanna, og nafnarými í formi stafastrengs sem auðkennir á ótvíræðan hátt samhengi auðkenniskóðans (til dæmis eiganda gagnanna).

1.6. Samtengt tilfang

Ef tilfangið er landgagnaþjónusta auðkennir þetta lýsigagnastak marklandgagnasafn eða -söfn þjónustunnar gegnum vefföngin (URI), eftir því sem við á.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er skyldubundinn stafastrengskóði, sem venjulega er úthlutað af eiganda gagnanna, og nafnarými í formi stafastrengs sem auðkennir á ótvíræðan hátt samhengi auðkenniskóðans (til dæmis eiganda gagnanna).

1.7. Tungumál tilfangs

Tungumálið eða tungumálin sem notuð eru í tilfanginu.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks takmarkast við tungumálin sem skilgreind eru í ISO-staðli 639-2.

2. FLOKKUN LANDGAGNA OG ÞJÓNUSTU

2.1. Efnisflokkur

Efnisflokkurinn er grófflokkunarkerfi (e. high-level classification scheme), til þess ætlað að auðvelda flokkun á tiltækum landgagnatilföngum og leit í þeim eftir efnisflokki.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er skilgreint í hluta D.2.

2.2. Tegund landgagnaþjónustu

Þetta er flokkun sem er ætlað að auðvelda leitina að tiltækri landgagnaþjónustu. Einungis skal flokka hverja tiltekna þjónustu í einn flokk.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er skilgreint í hluta D.3.

3. LYKILORÐ

Ef tilfangið er landgagnaþjónusta skal leggja fram a.m.k. eitt lykilorð úr hluta D.4.

Ef tilfang er landgagnasafn eða landgagnasafnsröð skal leggja fram a.m.k. eitt lykilorð úr almennu fjölmála hugtakaorðabókinni um umhverfismál (GEMET), sem lýsir því landgagnaþema sem skiptir máli eins og það er skilgreint í I., II. eða III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB.

Fyrir hvert lykilorð skal leggja fram eftirfarandi lýsigagnastök:

3.1. Gildi lykilorðs

Gildi lykilorðs er algengt orð, formlegt orð eða orðasamband sem notað er til að lýsa viðfangsefninu. Efnisflokkurinn er of gróflega skilgreindur fyrir nákvæmar fyrirspurnir en lykilorð eru hentug til að þrengja altæka textaleit og bjóða upp á skipulega lykilorðaleit.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er frjáls texti.

3.2. Upprunalegt, stýrt orðasafn

Ef gildi lykilorðs er fengið úr stýrðu orðasafni (hugtakaorðabók, verufræði), t.d. GEMET, skal gefa upp vísun í stýrða orðasafnið sem það á uppruna í.

Í þessari tilvísun skulu koma fram a.m.k. titill og viðmiðunardagsetning (útgáfudagur, dagur síðustu endurskoðunar eða skráningardagur) fyrir upprunalega stýrða orðasafnið.

4. LANDFRÆÐILEG STAÐSETNING

Krafan um landfræðilega staðsetningu, sem um getur í e-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB, skal sett fram með landfræðilegu afmörkuninni fyrir lýsigagnastakið.

4.1. Landfræðileg afmörkun (e. geographic bounding box)

Þetta er umfang tilfangsins í landfræðilega rýminu, gefið upp sem afmörkun (e. bounding box).

Afmörkunin skal gefin upp með lengdargráðum til vesturs og austurs og breiddargráðum til suðurs og norðurs í tugagráðum, af nákvæmni sem nemur a.m.k. tveimur aukastöfum.

5. TÍMAVIÐMIÐ

Þetta lýsigagnastak varðar kröfuna um að hafa upplýsingar um tímaþátt gagnanna eins og um getur í d-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2007/2/EB. Gefa skal upp a.m.k. eitt af þeim lýsigagnastökum sem um getur í liðum 5.1 til 5.4.

Gildamengi lýsigagnastakanna, sem um getur í liðum 5.1 til 5.4, er mengi dagsetninga. Hver dagsetning skal vísa til tímaviðmiðskerfis og skal sett fram á formi sem á við það kerfi. Sjálfgefna viðmiðskerfið skal vera gregoríanska tímatalið með dagsetningum sem eru tilgreindar í samræmi við ISO-staðal 8601.

5.1. Tímavídd

Tímavíddin afmarkar tímabilið sem innihald tilfangsins nær yfir. Heimilt er að tilgreina tímabilið sem eitthvað af eftirfarandi:

– stök dagsetning,

– tímabil milli dagsetninga, tilgreint með upphafsdagsetningu og lokadagsetningu tímabilsins,

– blanda af stökum dagsetningum og tímabilum milli dagsetninga.

5.2. Birtingardagur

Þetta er birtingardagur tilfangsins, þegar hann liggur fyrir, eða gildistökudagurinn. Um getur verið að ræða fleiri en einn birtingardag.

5.3. Dagsetning síðustu endurskoðunar

Þetta er dagsetning síðustu endurskoðunar tilfangsins, hafi tilfangið verið endurskoðað. Ekki skal tilgreina fleiri en eina dagsetningu síðustu endurskoðunar.

5.4. Skráningardagsetning

Þetta er dagsetningin þegar tilfangið var skráð. Ekki skal tilgreina fleiri en eina skráningardagsetningu.

6. GÆÐI OG GILDI

Eftirfarandi lýsigagnastök skulu ná yfir kröfurnar sem um getur í 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB að því er varðar gæði og gildi landgagna:

6.1. Gagnabreytingaferli

Þetta er yfirlýsing um ferlissögu og/eða gæði landgagnasafnsins í heild. Hún getur falið í sér, eftir því sem við á, yfirlýsingu um hvort gagnasafnið hafi verið fullgilt eða gæðavottað, hvort það sé opinbera útgáfan (ef margar útgáfur eru til) og hvort það sé lögmætt.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er frjáls texti.

6.2. Staðupplausn

Staðupplausn vísar til sundurliðunarstigs gagnasafnsins. Hún skal sett fram sem mengi sem getur innihaldið enga og upp í margar ólíkar stærðir myndeininga (yfirleitt fyrir gögn með hnitaneti og vörur sem unnar eru úr myndum) eða sem jafngildir kvarðar (yfirleitt fyrir kort eða vörur sem unnar eru úr kortum).

Jafngildur kvarði er yfirleitt settur fram sem heiltölugildi sem sýnir nefnara kvarðans.

Stærð myndeininga skal sett fram sem tölugildi ásamt lengdareiningu.

7. SAMRÆMI

Eftirfarandi lýsigagnastök skulu ná yfir kröfurnar sem um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. og d-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB að því er varðar samræmi og samræmisstig við framkvæmdarreglurnar sem samþykktar eru skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB:

7.1. Forskrift

Þetta er tilvitnun í framkvæmdarreglurnar sem samþykktar eru skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB eða önnur forskrift sem tiltekið tilfang samrýmist.

Tilfang getur samrýmst fleiri en einni framkvæmdarreglu sem samþykkt er skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB eða annarri forskrift.

Í þessari tilvitnun skulu koma fram a.m.k. titill og viðmiðunardagsetning (útgáfudagur, dagur síðustu endurskoðunar eða skráningardagur) fyrir framkvæmdarreglurnar sem samþykktar eru skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB eða fyrir forskriftina.

7.2. Samræmisstig

Þetta er stig samræmis milli tilfangsins og framkvæmdarreglnanna sem samþykktar eru skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB eða annarrar forskriftar.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er skilgreint í D-hluta.

8. HÖMLUR SEM VARÐA AÐGANG OG NOTKUN

Hömlur sem varða aðgang og notkun skulu vera annað eða hvort tveggja af eftirtöldu:

– mengi skilyrða sem gilda um aðgang og notkun (8.1),

– mengi takmarkana á almennum aðgangi (8.2).

8.1. Skilyrði sem gilda um aðgang og notkun

Þetta lýsigagnastak skilgreinir skilyrðin fyrir aðgangi og notkun landgagnasafna og -þjónustu og, eftir atvikum, samsvarandi gjöld líkt og krafist er í b-lið 2. mgr. 5. gr. og f-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er frjáls texti.

Stakið verður að hafa gildi. Ef engin skilyrði gilda um aðgang að og notkun á tilfanginu skal nota umsögnina „engin skilyrði gilda“. Ef skilyrði eru óþekkt skal nota umsögnina „skilyrði óþekkt“.

Þetta stak skal einnig veita upplýsingar um öll gjöld sem þarf að greiða til að fá aðgang að tilfanginu og nota það, eftir atvikum, eða vísa til vefslóðar (URL) þar sem finna má upplýsingar um gjöld.

8.2. Takmarkanir á aðgangi almennings

Þegar aðildarríki takmarka aðgang almennings að landgagnasöfnum og landgagnaþjónustu skv. 13. gr. tilskipunar 2007/2/EB skal þetta lýsigagnastak veita upplýsingar um takmarkanirnar og ástæðurnar fyrir þeim.

Ef engar takmarkanir eru á aðgangi almennings skal þetta lýsigagnastak gefa það til kynna.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er frjáls texti.

9. STOFNANIR SEM BERA ÁBYRGÐ Á STOFNUN, UMSJÓN, VIÐHALDI OG DREIFINGU LANDGAGNASAFNA OG -ÞJÓNUSTU

Leggja skal fram eftirfarandi tvö lýsigagnastök, að því er varðar d-lið 2. mgr. 5. gr. og g-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB:

9.1. Ábyrgur aðili

Þetta er lýsing á stofnuninni sem ber ábyrgð á gerð, umsjón, viðhaldi og dreifingu tilfangsins.

Í þessari lýsingu skulu koma fram:

– nafn samtakanna í formi frjáls texta,

– tölvupóstfang tengiliðar í formi stafastrengs.

9.2. Hlutverk ábyrgs aðila

Þetta er hlutverk hinnar ábyrgu stofnunar.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks er skilgreint í D-hluta.

10. LÝSIGÖGN UM LÝSIGÖGN

Leggja skal fram eftirfarandi lýsigagnastök að því er varðar 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2007/2/EB:

10.1. Lýsigagnatengiliður

Þetta er lýsing á stofnuninni sem ber ábyrgð á skráningu og viðhaldi lýsigagnanna.

Í þessari lýsingu skulu koma fram:

– nafn samtakanna í formi frjáls texta,

– tölvupóstfang tengiliðar í formi stafastrengs.

10.2. Lýsigagnadagsetning

Dagsetningin sem tilgreinir hvenær lýsigagnaskráin var gerð eða uppfærð.

Dagsetning þessi skal sett fram í samræmi við ISO-staðal 8601.

10.3. Tungumál lýsigagna

Þetta er tungumálið sem lýsigagnastökin eru tjáð á.

Gildamengi þessa lýsigagnastaks takmarkast við opinber tungumál Bandalagsins sem tilgreind eru í samræmi við ISO-staðal 639-2.

C-HLUTI

Leiðbeiningar um margfeldni og skilyrði lýsigagnastakanna

Lýsigögnin, sem lýsa tilfangi, skulu fela í sér, að því er varðar landgagnasafn eða landgagnasafnsröð, þau lýsigagnastök eða hópa lýsigagnastaka sem skráðir eru í töflu 1 og, að því er varðar landgagnasafnsþjónustu, þau lýsigagnastök eða hópa lýsigagnastaka sem skráðir eru í töflu 2.

Þessi lýsigagnastök eða hópar lýsigagnastaka skulu samrýmast þeirri margfeldni sem vænst er og þeim tengdu skilyrðum sem sett eru fram í töflum 1 og 2.

Þegar ekkert skilyrði er tilgreint í tengslum við tiltekið lýsigagnastak er það stak skyldubundið.

Í töflunum koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- Í fyrsta dálkinum er tilvísun til málsgreinarinnar í B-hluta viðaukans sem skilgreinir lýsigagnastakið eða hóp lýsigagnastakanna.
- Í öðrum dálkinum er heiti lýsigagnastaksins eða hóps lýsigagnastakanna.
- Í þriðja dálkinum er margfeldni lýsigagnastaks tilgreind. Margfeldnin er látin í ljós samkvæmt táknun UML-skilgreiningarmálsins fyrir margfeldni, þar sem:
  - 1 merkir að þetta lýsigagnastak skuli aðeins koma fyrir einu sinni í mengi niðurstaðna,
  - 1..* merkir að þetta lýsigagnastak skuli koma fyrir a.m.k. einu sinni í mengi niðurstaðna,
  - 0..1 gefur til kynna að lýsigagnastak megi vera fyrir hendi í mengi niðurstaðna að uppfylltum skilyrðum en megi aðeins koma fyrir einu sinni,
  - 0..* gefur til kynna að lýsigagnastak megi vera fyrir hendi í mengi niðurstaðna að uppfylltum skilyrðum en megi koma fyrir einu sinni eða oftar,
  - þegar margfeldnin er 0..1 eða 0..* fer það eftir skilyrðinu hvort lýsigagnastökin eru skyldubundin.
- Í fjórða dálkinum er skilyrt setning ef margfeldni staksins gildir ekki um allar tegundir tilfanga. Við aðrar aðstæður eru öll stök skyldubundin.

Tafla 1

Lýsigögn fyrir landgagnasöfn og landgagnasafnsraðir

Tilvísun	Lýsigagnastök	Margfeldni	Skilyrði
1.1	Heiti tilfangs	1	
1.2	Ágrip um tilfang	1	
1.3	Tegund tilfangs	1	
1.4	Staðsetning tilfangs	0..*	Skyldubundið ef vísað er á vefslóð þar sem afla má frekari upplýsinga um tilfangið og/eða þjónustu er varðar aðgang.
1.5	Veffang (e. unique resource identifier)	1..*	

Tilvísun	Lýsigagnastök	Margfeldni	Skilyrði
1.7	Tungumál tilfangs	0..*	Skyldubundið ef tilfangið inniheldur textaupplýsingar.
2.1	Efnisflokkur	1..*	
3	Lykilorð	1..*	
4.1	Landfræðileg afmörkun (e. geographic bounding box)	1..*	
5	Tímaviðmið	1..*	
6.1	Gagnabreytingaferli	1	
6.2	Staðupplausn	0..*	Skyldubundið fyrir gagnasöfn og gagnasafnsraðir ef hægt er að tilgreina jafngildan kvarða og stærð myndeininga.
7	Samræmi	1..*	
8.1	Skilyrði fyrir aðgangi og notkun	1..*	
8.2	Takmarkanir á aðgangi almennings	1..*	
9	Ábyrg stofnun	1..*	
10.1	Lýsigagnatengiliður	1..*	
10.2	Lýsigagnadagsetning	1	
10.3	Tungumál lýsigagna	1	

Tafla 2

Lýsigögn fyrir landgagnaþjónustu

Tilvísun	Lýsigagnastak	Margfeldni	Skilyrði
1.1	Heiti tilfangs	1	
1.2	Ágrip um tilfang	1	
1.3	Tegund tilfangs	1	
1.4	Staðsetning tilfangs	0..*	Skyldubundið ef tenging við þjónustuna er fyrir hendi.
1.6	Samtengt tilfang	0..*	Skyldubundið ef tenging við gagnasöfn, sem notuð eru til að starfrækja þjónustuna, er fyrir hendi.
2.2	Tegund landgagnaþjónustu	1	
3	Lykilorð	1..*	
4.1	Landfræðileg afmörkun (e. geographic bounding box)	0…*	Skyldubundið fyrir þjónustu sem hefur skýrt afmarkað landfræðilegt umfang.
5	Tímaviðmið	1..*	
6.2	Staðupplausn	0..*	Skyldubundið ef staðupplausn fyrir þessa þjónustu er takmörkuð.
7	Samræmi	1..*	
8.1	Skilyrði fyrir aðgangi og notkun	1..*	
8,2	Takmarkanir á aðgangi almennings	1..*	
9	Ábyrg stofnun	1..*	
10.1	Lýsigagnatengiliður	1..*	
10.2	Lýsigagnadagsetning	1	
10.3	Tungumál lýsigagna	1	

D-HLUTI

Gildamengi

Gildamengin, sem lýst er í hlutum D.1 til D.6, skulu notuð með margfeldninni sem gefin er upp í töflum 1 og 2 í C-hluta, þegar það er tekið fram í lýsingunni á lýsigagnastökunum í B-hluta.

Hvert gildi á tilteknu sviði er skilgreint með:

– tölulegu kennimerki,

– heiti í formi texta fyrir mennska notendur, sem hægt er að þýða á ólík tungumál Bandalagsins,

– mállega hlutlausu heiti fyrir tölvur (gildinu sem gefið er upp innan sviga),

– valkvæðri lýsingu eða skilgreiningu.

1. TEGUND TILFANGS

1.1. Landgagnasafnsröð (röð)

1.2. Landgagnasafn (gagnasafn)

1.3. Landgagnaþjónusta (þjónusta)

2. EFNISFLOKKAR Í SAMRÆMI VIÐ EN ISO-STAÐAL 19115

2.1. Búskapur (farming)

Dýraeldi og/eða ræktun plantna

Þessi flokkur tekur til aðstöðu fyrir landbúnað og lagareldi, landgagnaþemað í 9. lið III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB.

2.2. Lífríki (biota)

Plönturíki og/eða dýraríki í náttúrulegu umhverfi.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Líflandfræðileg svæði í 17. lið III. viðauka, búsvæði og lífvist í 18. lið III. viðauka og útbreiðsla tegunda í 19. lið III. viðauka.

2.3. Landamæri (boundaries)

Lagalegar landsvæðislýsingar.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Stjórnsýslueiningar í 4. lið I. viðauka og tölfræðilegar einingar í 1. lið III. viðauka.

2.4. Loftslag / veður / andrúmsloft (climatologyMeteorologyAtmosphere)

Ferli og fyrirbæri í andrúmsloftinu.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Skilyrði í lofthjúp í 13. lið III. viðauka og veðurfræðilegar landfræðifitjur í 14. lið III. viðauka.

2.5. Atvinnulíf (economy)

Atvinnustarfsemi, aðstæður og atvinnumál.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Orkuauðlindir í 20. lið III. viðauka og jarðefnaauðlindir í 21. lið III. viðauka.

2.6. Hæð (elevation)

Hæð yfir eða undir sjávarmáli.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Hæð, í 1. lið II. viðauka.

2.7. Umhverfismál (environment)

Umhverfisauðlindir, verndun og varðveisla.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Vernduð svæði, í 9. lið I. viðauka.

2.8. Jarðvísindalegar upplýsingar (geoscientificInformation)

Upplýsingar sem varða jarðvísindi.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Jarðvegur í 3. lið III. viðauka, jarðfræði í 4. lið II. viðauka og náttúruleg áhættusvæði í 12. lið III, viðauka.

2.9. Heilbrigði (health)

Heilbrigði, heilbrigðisþjónusta, mannvistfræði og öryggi.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Heilbrigði og öryggi manna, í 5. lið III. viðauka.

2.10. Myndir / grunnkort / yfirborðsþekja (imageryBaseMapsEarthCover)

Grunnkort.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Uppréttar fjarkönnunarmyndir í 3. lið II. viðauka og landgerðir í 2. lið II. viðauka.

2.11. Trúnaðargögn / hermál (intelligenceMilitary)

Herstöðvar, mannvirki og starfsemi.

Þessi flokkur tekur ekki sérstaklega til neinna landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB:

2.12. Innri vatnaleiðir (inlandWaters)

Fitjur innri vatnaleiða, frárennsliskerfi og einkenni þeirra.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Vatnafar, í 8. lið I. viðauka.

2.13. Staðsetning (location)

Staðargögn og þjónusta.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Örnefni í 3. lið I. viðauka og heimilisföng í 5. lið I. viðauka.

2.14. Úthöf (oceans)

Fitjur og einkenni saltvatnshlota (að undanskildum innri vatnaleiðum).

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Innhafssvæði í 16. lið III. viðauka og haffræðilegar landfræðifitjur í 15. lið III. viðauka.

2.15. Áætlanagerð / fasteignaskrá (planningCadastre)

Upplýsingar sem notaðar eru vegna viðeigandi aðgerða er varða framtíðarnotkun landsins.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Landareignir og lóðir í 6. lið I. viðauka, landnotkun í 4. lið III. viðauka og svæði sem lúta stjórnun/takmörkunum/reglugerðum og skýrslugjafareiningar í 11. lið III. viðauka.

2.16. Samfélag (society)

Einkenni samfélaga og menningarheima.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Mannfjöldadreifing – lýðfræði, í 10. lið III. viðauka.

2.17. Bygging (structure)

Mannvirki.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Byggingar í 2. lið III. viðauka, framleiðslu- og iðnaðaraðstaða í 8. lið III. viðauka og umhverfisvöktunaraðstaða í 7. lið III. viðauka.

2.18. Flutningur (transportation)

Úrræði og leiðir til að flytja fólk og/eða vörur.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Flutninganet, í 7. lið I. viðauka.

2.19. Veituþjónusta / fjarskipti (utilitiesCommunication)

Orka, vatns- og skolpkerfi og fjarskiptavirki og -þjónusta.

Þessi flokkur tekur til eftirfarandi landgagnaþema úr tilskipun 2007/2/EB: Veitur og þjónusta á vegum stjórnvalda, í 6. lið III. viðauka.

3. TEGUND LANDGAGNAÞJÓNUSTU

3.1. Leitarþjónusta (discovery)

Þjónusta sem gerir kleift að leita að landgagnasöfnum og -þjónustu á grundvelli innihalds samsvarandi lýsigagna og að birta innihald lýsigagnanna.

3.2. Skoðunarþjónusta (view)

Þjónusta sem gerir kleift, að lágmarki, að birta, rápa um, þysja að/frá, skotra eða leggja gagnalag yfir sýnileg landgagnasöfn og að birta skýringartexta og allt viðeigandi innihald lýsigagna.

3.3. Niðurhalsþjónusta (download)

Þjónusta sem gerir kleift að hala niður afrit af landgagnasöfnum eða hluta slíkra safna og, ef unnt er, fá beinan aðgang að þeim.

3.4. Umvörpunarþjónusta (transformation)

Þjónusta sem gerir kleift að umvarpa landgagnasöfnum með það í huga að ná fram rekstrarsamhæfi.

3.5. Virkjun landgagnaþjónustu (invoke)

Þjónusta sem gerir kleift að skilgreina bæði það gagnaílag og gagnafrálag sem þjónustan gerir ráð fyrir svo og verkflæði eða þjónustukeðju sem sameinar margs konar þjónustu. Hún gerir einnig kleift að skilgreina ytri skilflöt vefþjónustu verkflæðisins eða þjónustukeðjunnar.

3.6. Önnur þjónusta (other)

4. FLOKKUN LANDGAGNAÞJÓNUSTU

Lykilorðin byggjast á flokkunarkerfi landfræðilegrar þjónustu í EN ISO-staðli 19119. Þetta flokkunarkerfi er skipulagt eftir flokkum er skiptast í undirflokka sem skilgreina gildamengi flokkunar landgagnaþjónustunnar.

100 Gagnvirk landfræðileg þjónusta fyrir notendur (humanInteractionService)

Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokka:

101 Efnisskrárskoðari (humanCatalogueViewer)

Biðlaraþjónusta sem gerir notanda kleift, með gagnvirkum samskiptum við efnisskrá, að staðsetja, skoða og halda utan um lýsigögn um landfræðileg gögn eða landfræðilega þjónustu.

102 Landfræðiskoðari (humanGeographicViewer)

Biðlaraþjónusta sem gerir notanda kleift að skoða eitt eða fleiri fitjusöfn eða þekjur.

103 Reiknivangsskoðari fyrir landfræðilegar upplýsingar (humanGeographicSpreadsheetViewer)

Biðlaraþjónusta sem gerir notanda kleift að eiga gagnvirk samskipti við marga gagnahluti og fara fram á útreikninga sem eru áþekkir reiknivangi en víkkaðir þannig að þeir ná einnig yfir landfræðileg gögn.

104 Þjónusturitill (humanServiceEditor)

Biðlaraþjónusta sem gerir notanda kleift að stjórna landfræðivinnsluþjónustu.

105 Ritill fyrir keðjuskilgreiningar (humanChainDefinitionEditor)

Veitir keðjuskilgreiningaþjónustu fyrir notendasamskipti.

106 Verkflæðiskeyrslustjóri (humanWorkflowEnactmentManager)

Veitir verkflæðisstjórnunarþjónustu fyrir notendasamskipti.

107 Ritill fyrir landfræðifitjur (humanGeographicFeatureEditor)

Landfræðiskoðari sem gerir notanda kleift að eiga gagnvirk samskipti við fitjugögn.

108 Landfræðitáknritill (humanGeographicSymbolEditor)

Biðlaraþjónusta sem gerir mennskum notanda kleift að velja táknasöfn og stýra þeim.

109 Fitjualhæfingarritill (humanFeatureGeneralizationEditor)

Biðlaraþjónusta sem gerir notanda kleift að breyta kortagerðareiginleikum fitju eða fitjusafns með því að einfalda myndbirtingu þess en halda jafnframt meginþáttum þess – landfræðileg hliðstæða einföldunar.

110 Skoðari fyrir skipan landfræðigagna (humanGeographicDataStructureViewer)

Biðlaraþjónusta sem veitir notanda aðgang að hluta gagnasafns til að sjá innra skipulag þess.

200 Landfræðileg fyrirmynd/upplýsingastjórnunarþjónusta (infoManagementService)

Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokka:

201 Fitjuaðgangsþjónusta (infoFeatureAccessService)

Þjónusta sem veitir biðlara aðgang að og stjórn á gagnageymslu fyrir fitjur.

202 Kortaaðgangsþjónusta (infoMapAccessService)

Þjónusta sem veitir biðlara aðgang að myndrænni útfærslu landfræðilegra gagna, þ.e. myndum af landfræðilegum gögnum.

203 Aðgangsþjónusta að þekjugögnum (infoCoverageAccessService)

Þjónusta sem veitir biðlara aðgang að og stjórn á þekjugagnageymslu.

204 Nemalýsingarþjónusta (infoSensorDescriptionService)

Þjónusta sem gefur lýsingu á þekjugagnanema, þ.m.t. staðsetning hans og stefna, ásamt rúmfræðilegum, aflrænum og geislamælifræðilegum einkennum nemans vegna landvinnslu.

205 Afurðaaðgangsþjónusta (infoProductAccessService)

Þjónusta sem veitir aðgang að og stjórn á gagnageymslu fyrir landfræðilegar afurðir.

206 Fitjutegundaþjónusta (infoFeatureTypeService)

Þjónusta sem veitir biðlara aðgang að og stjórn á gagnageymslu fyrir skilgreiningar á fitjutegundum.

207 Efnisskrárþjónusta (infoCatalogueService)

Þjónusta vegna leitar í og stjórnar á geymslu lýsigagna sem fjalla um tilvik.

208 Stýriskrárþjónusta (infoRegistryService)

Þjónusta sem veitir aðgang að geymslu lýsigagna sem fjalla um tegundir.

209 Landfræðiorðabókaþjónusta (infoGazetteerService)

Þjónusta sem veitir aðgang að skrá yfir tilvik um flokk eða flokka raunverulegra fyrirbæra, sem inniheldur einhverjar upplýsingar um staðsetningu.

210 Pantanameðhöndlunarþjónusta (infoOrderHandlingService)

Þjónusta sem gerir biðlara kleift að panta afurðir frá söluaðila.

211 Fastapantanaþjónusta (infoStandingOrderService)

Pantanameðhöndlunarþjónusta sem gerir notanda kleift að óska eftir að afurð, sem nær yfir tiltekið landsvæði, verði dreift þegar hún verður tiltæk.

300 Landfræðileg þjónusta fyrir verkflæði og verkefnastjórnun (taskManagementService)

Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokka:

301 Keðjuskilgreiningarþjónusta (chainDefinitionService)

Þjónusta sem skilgreinir keðju og gerir kleift að framkvæma verkefni hennar með verkflæðisframkvæmdarþjónustu.

302 Verkflæðisframkvæmdarþjónusta (workflowEnactmentService)

Verkflæðisframkvæmdarþjónustan túlkar keðju og stýrir eintekningu þjónustu og röðun starfsemi.

303 Áskriftarþjónusta (subscriptionService)

Þjónusta sem gerir biðlara kleift að skrá sig svo þeim berist tilkynningar um viðburði.

400 Landfræðivinnsluþjónusta – landþættir (spatialProcessingService)

Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokka:

401 Hnitaumbreytingarþjónusta (spatialCoordinateConversionService)

Þjónusta sem umreiknar hnit úr einu hnitakerfi í annað hnitakerfi sem tengist sama landmælingaviðmiði.

402 Hnitaumvörpunarþjónusta (spatialCoordinateTransformationService)

Þjónusta sem umreiknar hnit úr viðmiðunarhnitakerfi sem byggist á einu landmælingaviðmiði yfir í viðmiðunarhnitakerfi sem byggist á öðru landmælingaviðmiði.

403 Umbreytingarþjónusta fyrir þekjugögn/vigurgögn (spatialCoverageVectorConversionService

Þjónusta sem breytir landfræðilegri framsetningu úr þekjugerðarlýsingu í vigurgerðarlýsingu, eða öfugt.

404 Myndhnitaumbreytingarþjónusta (spatialImageCoordinateConversionService)

Hnitaumvörpunar- eða hnitaumbreytingarþjónusta til að breyta viðmiðunarhnitakerfi myndar.

405 Leiðréttingaþjónusta (spatialRectificationService)

Þjónusta til að umvarpa mynd í hornrétt, samsíða ofanvarp og þar með í fastan kvarða.

406 Uppréttingarþjónusta (spatialOrthorectificationService)

Leiðréttingarþjónusta sem eyðir myndhalla og tilfærslu sem verður vegna landhækkunar.

407 Aðlögunarþjónusta fyrir rúmfræðilíkön nema (spatialSensorGeometryModelAdjustmentService)

Þjónusta sem aðlagar rúmfræðilíkön nema þannig að betra samræmi náist milli myndarinnar og annarra mynda og/eða þekktra staðsetninga á jörðinni.

408 Umbreytingarþjónusta fyrir rúmfræðilíkön mynda (spatialImageGeometryModelConversion-Service)

Þjónusta sem breytir rúmfræðilíkönum nema í önnur, jafngild rúmfræðilíkön nema.

409 Úttektarþjónusta (spatialSubsettingService)

Þjónusta sem dregur gögn úr ílagi á samfelldu landsvæði, annað hvort út frá landfræðilegri staðsetningu eða hnitum í hnitakerfi.

410 Úrtökuþjónusta (spatialSamplingService)

Þjónusta sem dregur gögn úr ílagi samkvæmt samræmdu úrtakskerfi, annað hvort út frá landfræðilegri staðsetningu eða hnitum í hnitakerfi.

411 Tíglunarbreytingarþjónusta (spatialTilingChangeService)

Þjónusta sem breytir tíglun landfræðilegra gagna.

412 Stærðarmælingarþjónusta (spatialDimensionMeasurementService)

Þjónusta til að reikna út mál (e. dimensions) hluta sem sjást á mynd eða í öðrum landgögnum.

413 Fitjumeðferðarþjónusta (spatialFeatureManipulationService)

Skráning einnar fitju með annarri fitju, mynd, eða öðru gagnasafni eða hnitamengi, og leiðrétting hlutfallslegra hliðrana og misræmis sem viðkemur snúningi, kvörðum og sjónarhorfi. Sannprófun á því að allar fitjur í fitjusafninu séu í grannfræðilegu samræmi samkvæmt grannfræðireglum fitjusafnsins, og greining og/eða leiðrétting á hverju því ósamræmi sem finnst.

414 Fitjumátunarþjónusta (spatialFeatureMatchingService)

Þjónusta sem ákvarðar hvaða fitjur og fitjuhlutar úr mörgum ólíkum gagnaheimildum standa fyrir sama einindi í raunveruleikanum, t.d. jaðarmátun og takmörkuð samfelling.

415 Fitjualhæfingarþjónusta (spatialFeatureGeneralizationService)

Þjónusta sem dregur úr landfræðilegum mismun í fitjusafni, í þeim tilgangi að auka skilvirkni í boðskiptum, með því að vinna á móti óæskilegum áhrifum gagnafækkunar.

416 Leiðarákvörðunarþjónusta (spatialRouteDeterminationService)

Þjónusta sem ákvarðar bestu leiðina milli tveggja tilgreindra staða, á grundvelli þeirra ílagsstika og eiginleika sem eru til staðar í fitjusafninu.

417 Staðsetningarþjónusta (spatialPositioningService)

Þjónusta, sem veitt er af staðsetningarbúnaði, í þeim tilgangi að nota upplýsingar um staðsetningu, afla þeirra og túlka þær með ótvíræðum hætti, auk þess að ákvarða hvort niðurstöðurnar uppfylli notkunarskilyrðin.

418 Nálægðargreiningarþjónusta (spatialProximityAnalysisService)

Þjónusta sem finnur, þegar um er að ræða tiltekna staðsetningu eða landfræðifitju, alla hluti sem búa yfir tilteknum eigindum og eru staðsettir innan ákveðinnar fjarlægðar, sem skilgreind er af notendum, frá fyrrnefndri staðsetningu eða fitju.

500 Landfræðivinnsluþjónusta – þemu (thematicProcessingService)

Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokka:

501 Landstikareikniþjónusta (thematicGoparameterCalculationService)

Þjónusta sem miðar að því að fá út notkunarmiðaðar, megindlegar niðurstöður sem er ekki hægt að fá út úr sjálfum óunnu gögnunum.

502 Þemaflokkunarþjónusta (thematicClassificationService)

Þjónusta sem flokkar landfræðileg gagnasvið út frá þemaeigindum.

503 Fitjualhæfingarþjónusta (thematicFeatureGeneralizationService)

Þjónusta sem alhæfir fitjutegundir í fitjusafni, í þeim tilgangi að auka skilvirkni í boðskiptum, með því að vinna á móti óæskilegum áhrifum gagnafækkunar.

504 Úttektarþjónusta (thematicSubsettingService)

Þjónusta sem dregur gögn úr ílagi, á grundvelli stikagilda.

505 Landtalningarþjónusta (thematicSpatialCountingService)

Þjónusta sem telur landfræðilegar fitjur

506 Breytingagreiningarþjónusta (thematicChangeDetectionService)

Þjónusta sem greinir mismun á tveimur gagnasöfnum sem tákna sama landsvæði á mismunandi tímum.

507 Útdráttarþjónusta fyrir landfræðilegar upplýsingar (thematicGeographicInformationExtraction-Service)

Þjónusta sem styður útdrátt upplýsinga um fitjur og landsvæði úr fjarkönnuðum og -skönnuðum myndum.

508 Myndvinnsluþjónusta (thematicImageProcessingService)

Þjónusta sem breytir gildum þemaeiginda myndar með því að nota stærðfræðilegt fall.

509 Þjónusta sem minnkar upplausn (thematicReducedResolutionGenerationService)

Þjónusta sem dregur úr upplausn myndar.

510 Myndmeðhöndlunarþjónusta (thematicImageManipulationService)

Þjónusta til að hafa áhrif á gagnagildi í myndum, t.d. til að breyta lit og birtumun, nota ýmsar síur, hafa áhrif á myndupplausn, fjarlægja gagnasuð, dreifvista (e. striping), gera kerfisbundnar/geislunarmælifræðilegar leiðréttingar, deyfa lofthjúpsáhrif, breyta vangslýsingu o.s.frv.

511 Myndskilningsþjónusta (thematicImageUnderstandingService)

Þjónusta sem gerir kleift að stunda sjálfvirka myndbreytingagreiningu, skráða framsetningu á mismun mynda (e. image differencing) greiningu og sjónræna framsetningu á vægi mismunar, og svæðismiðaða og líkansmiðaða mismunargreiningu.

512 Myndgervingarþjónusta (thematicImageSynthesisService)

Þjónusta til að búa til eða umvarpa myndum með notkun tölvugerðra landlíkana, umvarpa sjónarhorfum og hafa áhrif á eiginleika mynda til að auka sýnileika, skerpa upplausn og/eða draga úr áhrifum af skýjahulu eða mistri.

513 Meðhöndlun tíðnisviðs myndar (thematicMultibandImageManipulationService)

Þjónusta sem breytir mynd með því að nota hin mismunandi tíðnisvið myndarinnar.

514 Hlutagreiningarþjónusta (thematicObjectDetectionService)

Þjónusta sem greinir raunverulega hluti sem koma fram á mynd.

515 Landþáttunarþjónusta (thematicGeoparsingService)

Þjónusta sem skannar textaskjöl til að finna tilvísanir til staða, svo sem örnefni, heimilisföng, póstnúmer o.s.frv. svo að unnt sé að senda skjölin áfram til landkóðunar.

516 Landkóðun (thematicGeocodingService)

Þjónusta sem bætir landfræðilegum hnitum (eða annars konar landfræðilegri tilvísun) við staðartilvísanir í textum.

600 Landfræðivinnsluþjónusta – tímaskeið (temporalProcessingService)

Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokka:

601 Umvörpunarþjónusta fyrir tímaviðmiðskerfi (temporalReferenceSystemTransformationService)

Þjónusta sem umreiknar gildi tilvika í tíma úr einu tímaviðmiðskerfi í annað.

602 Úttektarþjónusta (temporalSubsettingService)

Þjónusta sem dregur gögn úr ílagi á samfelldu tímabili á grundvelli tímastaðsetningargilda.

603 Úrtökuþjónusta (temporalSamplingService)

Þjónusta sem dregur gögn úr ílagi samkvæmt samræmdu úrtakskerfi á grundvelli tímastaðsetningargilda.

604 Tímanándargreiningarþjónusta (temporalProximityAnalysisService)

Þjónusta sem finnur, þegar um er að ræða tiltekið tímabil eða atburð, alla hluti sem búa yfir tilteknum eigindum og eru staðsettir innan ákveðins tímabils, sem skilgreint er af notendum, frá fyrrnefndu tímabili eða atburði.

700 Landfræðivinnsluþjónusta – lýsigögn (metadataProcessingService)

Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokka:

701 Tölfræðiútreikningsþjónusta (metadataStatisticalCalculationService)

Þjónusta sem reiknar út tölfræðilegar upplýsingar gagnasafns.

702 Landfræðileg skýringaþjónusta (metadataGeographicAnnotationService)

Þjónusta til að bæta viðbótarupplýsingum við mynd eða fitju í fitjusafni.

800 Landfræðileg fjarskiptaþjónusta (comService)

Þessi flokkur felur í sér eftirfarandi undirflokka:

801 Kóðunarþjónusta (comEncodingService)

Þjónusta sem gerir kleift að nota kóðunarreglu og er skilflötur fyrir kóðun og afkóðun.

802 Flutningsþjónusta (comTransferService)

Þjónusta sem tryggir að farið sé eftir flutningsreglum, einni eða fleiri, sem leyfa gagnaflutning milli dreifðra upplýsingakerfa, í gegnum tengda eða ótengda fjarskiptamiðla.

803 Landfræðileg samþjöppunarþjónusta (comGeographicCompressionService)

Þjónusta sem umbreytir landfræðilegum hluta fitjusafns yfir á þjappað form og yfir á afþjappað.

804 Landfræðileg sniðbreytingarþjónusta (comGeographicFormatConversionService)

Þjónusta sem umbreytir landfræðilegum gögnum af einu sniði yfir á annað.

805 Skeytasýsluþjónusta (comMessagingService)

Þjónusta sem gerir mörgum notendum kleift samtímis að skoða og gera athugasemdir við fitjusöfn og fara fram á endurskoðun á þeim.

806 Umsjón með fjarskrám og keyranlegum skrám (comRemoteFileAndExecutableManagement)

Þjónusta sem veitir aðgang að aukageymslum fyrir landfræðilegar fitjur eins og þær væru staðbundnar.

5. SAMRÆMISSTIG

5.1. Í samræmi (conformant)

Tilfangið er fyllilega í samræmi við forskriftina sem um getur.

5.2. Ekki í samræmi (notConformant)

Tilfangið er ekki í samræmi við forskriftina sem um getur.

5.3. Ekki metið (notEvaluated)

Samræmið hefur ekki verið metið.

6. HLUTVERK ÁBYRGS AÐILA

6.1. Tilfangaveitandi (resourceProvider)

Aðili sem útvegar tilfangið

6.2. Vörsluaðili (custodian)

Aðili sem axlar ábyrgð á gögnunum og tryggir að annast sé um tilfangið og að því sé við haldið á viðeigandi hátt.

6.3. Eigandi (owner)

Aðili sem á tilfangið.

6.4. Notandi (user)

Aðili sem notar tilfangið.

6.5. Dreifingaraðili (distributor)

Aðili sem annast dreifingu á tilfanginu.

6.6. Upphafsmaður (originator)

Aðili sem bjó til tilfangið.

6.7. Tengiliður (pointOfContact)

Aðili sem hafa má samband við til að fá vitneskju um tilfangið eða til að afla þess.

6.8. Rannsóknarstjóri (principalInvestigator)

Aðili sem ber lykilábyrgð á að afla upplýsinga og framkvæma rannsóknir.

6.9. Vinnsluaðili (processor)

Aðili sem unnið hefur gögnin þannig að tilfangið hefur breyst við það.

6.10. Útgefandi (publisher)

Aðili sem gaf tilfangið út.

6.11. Höfundur (author)

Aðili sem hannaði tilfangið.

Fylgiskjal III.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
frá 5. júní 2009

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf

(tilkynnt með númeri C(2009) 4199)
(Texti sem varðar EES)
(2009/442/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) ([1]), einkum 4. mgr. 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 2007/2/EB kveður á um að aðildarríki skuli hafa eftirlit með framkvæmd og notkun grunngerða fyrir landupplýsingar og gefa skýrslur um framkvæmd þeirrar tilskipunar.

2) Til að tryggja að vöktun og skýrslugjöf fari fram með samræmdri aðferð skulu aðildarríkin gera lista yfir landgagnasöfn og landgagnaþjónustu sem samsvara þemunum sem skráð eru í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, þar sem hvort tveggja er flokkað eftir þema og viðauka, og þá netþjónustu sem um getur í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB, flokkaða eftir þjónustutegund, og senda framkvæmdastjórninni þann lista.

3) Vöktun skal byggjast á safni vísa, sem eru reiknaðir út á grundvelli gagna sem aflað hefur verið af viðeigandi hagsmunaaðilum á mismunandi stigum opinberra yfirvalda.

4) Leggja skal gögnin, sem aflað er í þeim tilgangi að reikna út vöktunarvísana, fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Leggja skal niðurstöður vöktunar og skýrslugjafar fyrir framkvæmdastjórnina og gera þær tiltækar almenningi.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 22. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um ítarlegar reglur um vöktun af hálfu aðildarríkja á framkvæmd og notkun grunngerða þeirra fyrir landupplýsingar og skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar 2007/2/EB.

2. gr.

Almenn ákvæði um vöktun og skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu gera lista yfir landgagnasöfn og landgagnaþjónustu sem samsvara þemunum sem skráð eru í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, þar sem hvort tveggja er flokkað eftir þema og viðauka, og yfir þá netþjónustu sem um getur í 1. mgr. 11. gr. þeirrar tilskipunar, flokkaða eftir þjónustutegund.

Þau skulu leggja þann lista fyrir framkvæmdastjórnina og uppfæra hann árlega.

2. Aðildarríkin skulu styðjast við samræmingarskipulagið sem um getur í 2. mgr. 19. gr. tilskipunar 2007/2/EB við öflun gagna fyrir vöktun og skýrslugjöf.

3. Tengiliðir aðildarríkjanna skulu leggja niðurstöður eftirlitsins, sem um getur í 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/2/EB, og skýrsluna sem um getur í 2. og 3. mgr. 21. gr. þeirrar tilskipunar, fyrir framkvæmdastjórnina.

4. Allar niðurstöður vöktunar og skýrslugjafar skulu gerðar tiltækar almenningi á Netinu eða með öðrum viðeigandi fjarskiptaúrræðum.

([1]) Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

II. KAFLI

EFTIRLIT MEÐ INNLEIÐINGU LÝSIGAGNAKRAFNA

3. gr.

Eftirlit með tilvist lýsigagna

1. Nota skal eftirfarandi vísa til að mæla að hve miklu leyti lýsigögn fyrir landgagnasöfn og -þjónustu, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, eru fyrir hendi:

a) almennan vísi (MDi1) sem mælir að hve miklu leyti lýsigögn fyrir landgagnasöfn og -þjónustu, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, eru fyrir hendi,

b) eftirfarandi sértæka vísa:

   i. MDi1,1 sem mælir að hve miklu leyti lýsigögn fyrir landgagnasöfnin, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, eru fyrir hendi,

   ii. MDi1,2 sem mælir að hve miklu leyti lýsigögn fyrir landgagnasöfnin, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í II. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, eru fyrir hendi,

   iii. MDi1,3 sem mælir að hve miklu leyti lýsigögn fyrir landgagnasöfnin, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, eru fyrir hendi,

   iv. MDi1,4 sem mælir að hve miklu leyti lýsigögn fyrir landgagnaþjónustuna, sem samsvarar þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, eru fyrir hendi.

2. Aðildarríki skulu ákvarða, í tilviki hvers landgagnasafns og hverrar landgagnaþjónustu á listanum sem um getur í 1. mgr. 2. gr., hvort lýsigögn eru fyrir hendi og úthluta viðkomandi landgagnasafni eða -þjónustu annað af eftirfarandi gildum:

a) gildi 1 í þeim tilvikum þegar lýsigögn eru fyrir hendi,

b) gildi 0 í þeim tilvikum þegar lýsigögn eru ekki fyrir hendi.

3. Aðildarríki skulu reikna út almenna vísinn MDi1 með því að deila fjölda landgagnasafna og -þjónustuliða sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem lýsigögn eru til fyrir, með heildarfjölda landgagnasafna og -þjónustuliða sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þessum viðaukum.

4. Aðildarríkin skulu reikna út sértæku vísana með eftirfarandi hætti:

a) fjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem lýsigögn eru til fyrir, deilt með heildarfjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka (MDi1,1),

b) fjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í II. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem lýsigögn eru til fyrir, deilt með heildarfjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka (MDi1,2),

c) fjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem lýsigögn eru til fyrir, deilt með heildarfjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka (MDi1,3),

d) fjölda landgagnaþjónustuliða sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem lýsigögn eru til fyrir, deilt með heildarfjölda landgagnaþjónustuliða sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þessum viðaukum (MDi1,4).

4. gr.

Eftirlit með samræmi lýsigagna

1. Nota skal eftirfarandi vísa til að mæla að hve miklu leyti lýsigögn fyrir landgagnasöfn og -þjónustu, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar:

a) almennan vísi (MDi2) til að mæla að hve miklu leyti lýsigögn fyrir landgagnasöfn og -þjónustu, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar,

b) eftirfarandi sértæka vísa:

   i. MDi2,1 sem mælir að hve miklu leyti lýsigögn fyrir landgagnasöfn, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar,

ii. MDi2,2 sem mælir að hve miklu leyti lýsigögn fyrir landgagnasöfn, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í II. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar,

iii. MDi2,3 sem mælir að hve miklu leyti lýsigögn fyrir landgagnasöfn, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar,

iv. MDi2,4 sem mælir að hve miklu leyti lýsigögn fyrir landgagnaþjónustu, sem samsvarar þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu ákvarða, í tilviki hvers landgagnasafns og hverrar landgagnaþjónustu á listanum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar, hvort samsvarandi lýsigögn samrýmist framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2007/2/EB og úthluta viðkomandi landgagnasafni eða -þjónustu annað af eftirfarandi gildum:

a) gildi 1 í þeim tilvikum þegar samsvarandi lýsigögn samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2007/2/EB,

b) gildi 0 í þeim tilvikum þegar samsvarandi lýsigögn samrýmast ekki framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

3. Aðildarríki skulu reikna út almenna vísinn MDi2 með því að deila fjölda landgagnasafna og -þjónustuliða sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, þar sem lýsigögn samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar, með heildarfjölda landgagnasafna og -þjónustuliða sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þessum viðaukum.

4. Aðildarríkin skulu reikna út sértæku vísana með eftirfarandi hætti:

a) fjölda landgagnasafna, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem lýsigögn er samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar eru til fyrir, deilt með heildarfjölda landgagnasafna er samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka (MDi2,1),

b) fjölda landgagnasafna, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í II. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem lýsigögn er samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. eru til fyrir, deilt með heildarfjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka (MDi2,2),

c) fjölda landgagnasafna, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem lýsigögn er samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. eru til fyrir, deilt með heildarfjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka (MDi2,3),

d) fjölda landgagnaþjónustuliða, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem lýsigögn er samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. eru til fyrir, deilt með heildarfjölda landgagnaþjónustuliða (MDi2,4).

III. KAFLI

EFTIRLIT MEÐ INNLEIÐINGU KRAFNA UM REKSTRARSAMHÆFI LANDGAGNASAFNA

5. gr.

Eftirlit með landfræðilegu umfangi landgagnasafna

1. Nota skal eftirfarandi vísa til að mæla landfræðilegt umfang landgagnasafnanna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB:

a) almennan vísi (DSi1) sem mælir hve stór hluti af yfirráðasvæði aðildarríkjanna fellur undir landgagnasöfnin, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB,

b) eftirfarandi sértæka vísa:

i. DSi1,1 sem mælir hve stór hluti af yfirráðasvæði aðildarríkjanna fellur undir landgagnasöfnin, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 2007/2/EB,

ii. DSi1,2 sem mælir hve stór hluti af yfirráðasvæði aðildarríkjanna fellur undir landgagnasöfnin, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í II. viðauka við tilskipun 2007/2/EB,

iii. DSi1,3 sem mælir hve stór hluti af yfirráðasvæði aðildarríkjanna fellur undir landgagna-

söfnin, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB.

2. Aðildarríkin skulu ákvarða eftirfarandi fyrir landgagnasöfnin sem koma fyrir á listanum sem um getur í 1. mgr. 2. gr.:

a) svæðið sem til stendur að verði fellt undir tiltekið landgagnasafn (hér á eftir nefnt viðeigandi svæði), tilgreint í km2,

b) svæðið sem fellur undir tiltekið landgagnasafn (hér á eftir nefnt raunsvæði), tilgreint í km2.

3. Aðildarríki skulu reikna út almenna vísinn DSi1 með því að deila summu raunsvæða er falla undir öll landgagnasöfn, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, með summu viðeigandi svæða fyrir öll landgagnasöfn er samsvara þemunum sem talin eru upp í þessum viðaukum.

4. Aðildarríkin skulu reikna út sértæku vísana með eftirfarandi hætti:

a) summu raunsvæða er falla undir landgagnasöfnin sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, deilt með summu viðeigandi svæða fyrir landgagnasöfnin er samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka (DSi1,1),

b) summu raunsvæða er falla undir landgagnasöfnin sem samsvara þemunum sem talin eru upp í II. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, deilt með summu viðeigandi svæða fyrir landgagnasöfnin er samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka (DSi1,2),

c) summu raunsvæða er falla undir landgagnasöfnin sem samsvara þemunum sem talin eru upp í III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, deilt með summu viðeigandi svæða fyrir landgagnasöfnin er samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka (DSi1,3).

6. gr.

Eftirlit með samræmi milli landgagnasafna

1. Nota skal eftirfarandi vísa til að mæla samræmið milli landgagnasafna, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, og framkvæmdarreglnanna sem um getur í 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar auk samræmisins milli tilheyrandi lýsigagna umræddra safna og framkvæmdarreglnanna sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.

a) almennan vísi (DSi2) sem mælir samræmið milli landgagnasafnanna, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, og framkvæmdarreglnanna sem um getur í 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar auk samræmisins milli tilheyrandi lýsigagna umræddra safna og framkvæmdarreglnanna sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar,

b) eftirfarandi sértæka vísa:

   i. DSi2,1 sem mælir samræmið milli landgagnasafnanna, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, og framkvæmdarreglnanna sem um getur í 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar auk samræmisins milli tilheyrandi lýsigagna umræddra safna og framkvæmdarreglnanna sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar,

   ii. DSi2,2 sem mælir samræmið milli landgagnasafnanna, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í II. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, og framkvæmdarreglnanna sem um getur í 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar auk samræmisins milli tilheyrandi lýsigagna umræddra safna og framkvæmdarreglnanna sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar,

   iii. DSi2,3 sem mælir samræmið milli landgagnasafnanna, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, og framkvæmdarreglnanna sem um getur í 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar auk samræmisins milli tilheyrandi lýsigagna umræddra safna og framkvæmdarreglnanna sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu ákvarða hvort hvert og eitt landgagnasafn á listanum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar samrýmist framkvæmdarreglunum sem um getur í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB og hvort tilheyrandi lýsigögn þess samrýmist framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar, auk þess að úthluta viðkomandi landgagnasafni annað af eftirfarandi gildum:

a) gildi 1 ef um er að ræða samræmi milli landgagnasafnsins og framkvæmdarreglnanna sem um getur í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB og milli tilheyrandi lýsigagna þess og framkvæmdarreglnanna sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar,

b) gildi 0 ef um er að ræða ósamræmi milli landgagnasafnsins og framkvæmdarreglnanna sem um getur í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB eða milli tilheyrandi lýsigagna þess og fram-

kvæmdarreglnanna sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.

3. Aðildarríki skulu reikna út almenna vísinn DSi2 með því að deila fjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar og þar sem tilheyrandi lýsigögn samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar, með heildarfjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þessum viðaukum.

4. Aðildarríkin skulu reikna út sértæku vísana með eftirfarandi hætti:

a) fjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar og þar sem tilheyrandi lýsigögn samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar, deilt með heildarfjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka (DSi2,1),

b) fjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í II. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar og þar sem tilheyrandi lýsigögn samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar, deilt með heildarfjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka (DSi2,2),

c) fjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar og þar sem tilheyrandi lýsigögn samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar, deilt með heildarfjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka (DSi2,3).

IV. KAFLI

EFTIRLIT MEÐ INNLEIÐINGU KRAFNA UM NETÞJÓNUSTU

7. gr.

Eftirlit með aðgengi að lýsigögnum fyrir tilstuðlan leitarþjónustu

1. Nota skal eftirfarandi vísa til að mæla aðgengi að lýsigögnum fyrir landgagnasöfnin og -þjónustuna, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, fyrir tilstuðlan leitarþjónustunnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 11. gr. þeirrar tilskipunar:

a) almennan vísi (NSi1), sem mælir að hve miklu leyti er hægt að leita að landgagnasöfnum og landgagnaþjónustu sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, á grundvelli tilheyrandi lýsigagna þeirra, fyrir tilstuðlan leitarþjónustu,

b) eftirfarandi sértæka vísa:

   i. NSi1,1 sem mælir að hve miklu leyti er hægt að leita að landgagnasöfnum sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, á grundvelli tilheyrandi lýsigagna þeirra, fyrir tilstuðlan leitarþjónustu,

   ii. NSi1,2 sem mælir að hve miklu leyti er hægt að leita að landgagnaþjónustu sem samsvarar þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, á grundvelli tilheyrandi lýsigagna hennar, fyrir tilstuðlan leitarþjónustu

2. Aðildarríki skulu ákvarða, í tilviki hvers landgagnasafns og hverrar landgagnaþjónustu á listanum sem um getur í 1. mgr. 2. gr., hvort leitarþjónusta sé fyrir hendi og úthluta viðkomandi landgagnasafni eða -þjónustu annað af eftirfarandi gildum:

a) gildi 1 í þeim tilvikum þegar leitarþjónusta er fyrir hendi,

b) gildi 0 í þeim tilvikum þegar engin leitarþjónusta er fyrir hendi,

3. Aðildarríki skulu reikna út almenna vísinn NSi1 með því að deila fjölda landgagnasafna og -þjónustuliða sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem leitarþjónusta er til fyrir, með heildarfjölda landgagnasafna og -þjónustuliða sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þessum viðaukum.

4. Aðildarríkin skulu reikna út sértæku vísana með eftirfarandi hætti:

a) fjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem leitarþjónusta er til fyrir, deilt með heildarfjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þessum viðaukum (NSi1,1),

b) fjölda landgagnaþjónustuliða sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka

við tilskipun 2007/2/EB, sem leitarþjónusta er til fyrir, deilt með heildarfjölda landgagnaþjónustuliða sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þessum viðaukum (NSi1,2).

8. gr.

Eftirlit með aðgengi að landgagnasöfnum fyrir tilstuðlan skoðunar- og niðurhalsþjónustu

1. Nota skal eftirfarandi vísa til að mæla aðgengi að landgagnasöfnum sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, fyrir tilstuðlan skoðunar- og niðurhalsþjónustunnar sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 11. gr. þeirrar tilskipunar:

a) almennan vísi (NSi2), sem mælir að hve miklu leyti er hægt að skoða landgagnasöfn sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB og hala þeim niður, fyrir tilstuðlan skoðunar- og niðurhalsþjónustu,

b) eftirfarandi sértæka vísa:

   i. NSi2,1 sem mælir aðgengi að landgagnasöfnum, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, fyrir tilstuðlan skoðunarþjónustu,

   ii. NSi2,2 sem mælir aðgengi að landgagnasöfnum, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, fyrir tilstuðlan niðurhalsþjónustu.

2. Aðildarríki skulu ákvarða, í tilviki hvers landgagnasafns sem fyrir kemur á listanum sem um getur í 1. mgr. 2. gr., hvort skoðunarþjónusta, niðurhalsþjónusta eða hvor tveggja sé fyrir hendi og skal úthluta viðkomandi gagnasafni eftirfarandi gildi:

a) gildi 1 í þeim tilvikum þegar skoðunarþjónusta er fyrir hendi og gildi 0 þegar slík þjónusta er ekki fyrir hendi,

b) gildi 1 í þeim tilvikum þegar niðurhalsþjónusta er fyrir hendi og gildi 0 þegar slík þjónusta er ekki fyrir hendi,

c) gildi 1 í þeim tilvikum þegar bæði skoðunarþjónusta og niðurhalsþjónusta eru fyrir hendi og gildi 0 þegar að minnsta kosti önnur þeirra er ekki fyrir hendi.

3. Aðildarríki skulu reikna út almenna vísinn NSi2 með því að deila fjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem bæði skoðunar- og niðurhalsþjónusta eru til fyrir, með heildarfjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þessum viðaukum (NSi2).

4. Aðildarríkin skulu reikna út sértæku vísana með eftirfarandi hætti:

a) fjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem skoðunarþjónusta er til fyrir, deilt með heildarfjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þessum viðaukum (NSi2,1),

b) fjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem niðurhalsþjónusta er til fyrir, deilt með heildarfjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þessum viðaukum (NSi2,2).

9. gr.

Eftirlit með notkun netþjónustu

1. Nota skal eftirfarandi vísa til að fylgjast með notkun netþjónustunnar sem um getur í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB:

a) almennan vísi (NSi3) sem mælir notkun allrar netþjónustu,

b) eftirfarandi sértæka vísa:

   i. NSi3,1 sem mælir notkun leitarþjónustu,

   ii. NSi3,2 sem mælir notkun skoðunarþjónustu,

   iii. NSi3,3 sem mælir notkun skoðunarþjónustu,

   iv. NSi3,4 sem mælir notkun umbreytingarþjónustu,

   v. NSi3,5 sem mælir notkun virkjunarþjónustu.

2. Aðildarríki skulu ákvarða árlegan fjölda þjónustubeiðna fyrir hverja netþjónustu sem kemur fyrir á listanum sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

3. Aðildarríki skulu reikna út almenna vísinn NSi3 með því að deila summu árlegs fjölda þjónustubeiðna fyrir alla netþjónustu með fjölda netþjónusta.

4. Aðildarríkin skulu reikna út sértæku vísana með eftirfarandi hætti:

a) árlegum fjölda þjónustubeiðna fyrir alla leitarþjónustu deilt með fjölda leitarþjónusta (NSi3,1),

b) árlegum fjölda þjónustubeiðna fyrir alla skoðunarþjónustu deilt með fjölda skoðunarþjónusta (NSi3,2),

c) árlegum fjölda þjónustubeiðna fyrir alla niðurhalsþjónustu deilt með fjölda niðurhalsþjónusta (NSi3,3),

d) árlegum fjölda þjónustubeiðna fyrir alla umbreytingarþjónustu deilt með fjölda umbreytingarþjónusta (NSi3,4),

e) árlegum fjölda þjónustubeiðna fyrir alla virkjunarþjónustu deilt með fjölda virkjunarþjónusta (NSi3,5).

10. gr.

Eftirlit með samræmi í netþjónustu

1. Nota skal eftirfarandi vísa til að mæla að hve miklu leyti netþjónustan sem um getur í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB samrýmist framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. þeirrar tilskipunar:

a) almennan vísi (NSi4) sem mælir að hve miklu leyti öll netþjónusta samrýmist framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB,

b) eftirfarandi sértæka vísa:

   i. NSi4,1 sem mælir að hve miklu leyti öll leitarþjónusta samrýmist framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB,

   ii. NSi4,2 sem mælir að hve miklu leyti öll skoðunarþjónusta samrýmist framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB,

   iii. NSi4,3 sem mælir að hve miklu leyti öll niðurhalsþjónusta samrýmist framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB,

   iv. NSi4,4 sem mælir að hve miklu leyti öll umbreytingarþjónusta samrýmist framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB,

   v. NSi4,5 sem mælir að hve miklu leyti öll virkjunarþjónusta samrýmist framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

2. Aðildarríki skulu ákvarða hvort hver netþjónusta sem kemur fyrir á listanum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar samrýmist framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB og úthluta viðkomandi netþjónustu annað af eftirfarandi gildum:

a) gildi 1 í þeim tilvikum þegar netþjónustan samrýmist framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB,

b) gildi 0 í þeim tilvikum þegar netþjónustan samrýmist ekki framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

3. Aðildarríki skulu reikna út almenna vísinn NSi4 með því að deila fjölda netþjónusta sem samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB með heildarfjölda netþjónusta.

4. Aðildarríkin skulu reikna út sértæku vísana með eftirfarandi hætti:

a) fjölda leitarþjónusta sem samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB með heildarfjölda leitarþjónusta (NSi4,1),

b) fjölda skoðunarþjónusta sem samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB með heildarfjölda skoðunarþjónusta (NSi4,2),

c) fjölda niðurhalsþjónusta sem samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB með heildarfjölda niðurhalsþjónusta (NSi4,3),

d) fjölda umbreytingarþjónusta sem samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB með heildarfjölda umbreytingarþjónusta (NSi4,4),

e) fjölda virkjunarþjónusta sem samrýmast framkvæmdarreglunum sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2007/2/EB með heildarfjölda virkjunarþjónusta (NSi4,5).

11. gr.

Upplýsingar sem leggja skal fram

1. Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar:

a) gildi allra almennra og sértækra vísa, tilgreind í hundraðshlutum,

b) deilistofna og deilistuðla allra almennra og sértækra vísa,

c) gögnin sem aflað hefur verið skv. 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr., 2. mgr. 8. gr., 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 10. gr.

2. Niðurstöður eftirlitsins sem um getur í 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/2/EB skulu taka til eftirlits

sem fer fram á almanaksári og skulu birtar fyrir 15. maí árið eftir. Þaðan í frá skal uppfæra niðurstöðurnar að minnsta kosti árlega.

Þær niðurstöður sem taka til eftirlits sem fór fram árið 2009 skulu gilda um tímabilið sem hefst á dagsetningunni sem um getur í 18. gr. og þar til því ári lýkur.

V. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF

12. gr.

Samræming og gæðatrygging

1. Að því er varðar samræmingu skal eftirfarandi koma fram í þeirri samantekt lýsingar sem um getur í a-lið 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/2/EB:

a) nafn, upplýsingar um tengilið, hlutverk og ábyrgð tengiliðs aðildarríkisins,

b) nafn, upplýsingar um tengilið, hlutverk og ábyrgð auk skipurits yfir samræmingarskipulagið sem tengiliður aðildarríkisins styðst við,

c) lýsing á tengslum við þriðju aðila,

d) yfirlit yfir vinnuaðferðir og verklagsreglur samræmingaraðilans,

e) athugasemdir um vöktunar- og skýrslugjafarferlið.

2. Að því er varðar skipulag gæðatryggingar skal eftirfarandi koma fram í þeirri samantekt lýsingar sem um getur í a-lið 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/2/EB:

a) lýsing á gæðatryggingaraðferðum, þ.m.t. viðhald grunngerðarinnar fyrir landupplýsingar,

b) greining á gæðatryggingarvandamálum sem lúta að þróun grunngerðarinnar fyrir landupplýsingar, með tilliti til almennu og sértæku vísanna,

c) lýsing á ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til þess að tryggja gæði grunngerðarinnar betur,

d) lýsing á vottunarfyrirkomulagi, þar sem slíku fyrirkomulagi hefur verið komið á fót.

13. gr.

Framlög í þágu starfsemi og samræmingar grunngerðarinnar

Eftirfarandi skal koma fram í þeirri samantekt lýsingar sem um getur í b-lið 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/2/EB:

a) yfirlit yfir hina ýmsu hagsmunaaðila sem leggja af mörkum til þess að grunngerðinni fyrir landupplýsingar verði komið á fót, samkvæmt eftirfarandi tegundarflokkun: notendur, gagnaframleiðendur, þjónustuveitendur, samræmingaraðilar,

b) lýsing á hlutverki hinna ýmsu hagsmunaaðila í þróun og viðhaldi grunngerðarinnar fyrir landupplýsingar, þ.m.t. hlutverk þeirra í samræmingu verkefna, veitingu gagna og lýsigagna, og í stjórnun, þróun og hýsingu þjónustu,

c) almenn lýsing á helstu ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að auðvelda opinberum yfirvöldum að samnýta landgagnasöfn og -þjónustu ásamt lýsingu á því hvernig þær hafa skilað sér í bættri samnýtingu,

d) lýsing á því hvernig hagsmunaaðilar vinna saman,

e) lýsing á aðgangi að þjónustunni fyrir tilstuðlan Inspire-landupplýsingagáttarinnar sem um getur í 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

14. gr.

Notkun grunngerðar fyrir landupplýsingar

Upplýsingarnar um notkun grunngerðarinnar fyrir landupplýsingar sem um getur í c-lið 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/2/EB skulu taka til eftirfarandi atriða:

a) notkunar landgagnaþjónustu grunngerðarinnar fyrir landupplýsingar, með tilliti til almennu og sértæku vísanna,

b) notkunar opinberra yfirvalda á landgagnasöfnum sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, með sérstakri áherslu á góð fordæmi á sviði umhverfisstefnu,

c) gagna sem sanna að almenningur notar grunngerðina fyrir landupplýsingar, séu þau fyrir hendi,

d) dæma um notkun landgagnasafna, sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, yfir landamæri og tilraunir til að bæta samræmið milli þeirra yfir landamæri,

e) þess hvernig umbreytingarþjónusta er notuð til að koma á rekstrarsamhæfi gagna.

15. gr.

Fyrirkomulag gagnasamnýtingar

Eftirfarandi skal koma fram í samantekt lýsingar sem um getur í d-lið 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/2/EB:

a) yfirlit yfir fyrirkomulag gagnasamnýtingar sem hefur verið eða er verið að koma á fót milli opinberra yfirvalda,

b) yfirlit yfir fyrirkomulag gagnasamnýtingar sem hefur verið eða er verið að koma á fót milli opinberra yfirvalda og stofnana og aðila Bandalagsins, þ.m.t. dæmi um fyrirkomulag gagnasamnýtingar fyrir tiltekið landgagnasafn,

c) listi yfir hindranir í veginum fyrir samnýtingu landgagnasafna og -þjónustu milli opinberra yfirvalda, sem og milli opinberra yfirvalda og stofnana og aðila Bandalagsins, auk lýsingar á aðgerðum sem gripið hefur verið til í þeim tilgangi að yfirstíga þessar hindranir.

16. gr.

Kostnaður og ávinningur

Eftirfarandi skal koma fram í samantekt lýsingar sem um getur í e-lið 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/2/EB:

a) áætlaður kostnaður af framkvæmd tilskipunar 2007/2/EB,

b) dæmi um ávinning sem orðið hefur vart við, þ.m.t. dæmi um jákvæð áhrif á mótun stefnu, framkvæmd, mat, dæmi um bætta þjónustu við borgarana auk dæma um samstarf yfir landamæri.

17. gr.

Uppfærsla skýrslna

Skýrslan sem um getur í 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/2/EB skal taka til síðustu þriggja almanaksára á undan árinu sem skýrslan er birt.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

18. gr.

Beiting

Ákvörðun þessi gildir frá 5. júní 2009.

19. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. júní 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri

989. Nefndarálit [535. mál]

um till. til þál. um heimild til staðfestingar tveggja ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Glóeyju Finnsdóttur frá umhverfisráðuneyti. Nefndin kynnti sér ýmis gögn sem orðið hafa til í tengslum við málið.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn annars vegar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins

2008/101/EB frá 19. nóvember 2008, um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi, og hins vegar ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/450/EB frá 8. júní 2009, um ítarlega túlkun á flugstarfseminni sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Nefndin hefur haft málið til umfjöllunar um nokkurt skeið áður en tillagan sem hér um ræðir var lögð fram á Alþingi. Fyrir liggur að viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (ETS) mun taka miklum breytingum á næstu árum. Frá og með 1. janúar 2012 fellur allt flug innan og til og frá Evrópu (EES) undir kerfið sem þetta þingmál tekur til, og frá og með 1. janúar 2013 mun kerfið bæði ná yfir fleiri tegundir staðbundins iðnaðar og fleiri tegundir gróðurhúsalofttegunda en það gerir í dag. Með þessum breytingum mun kerfið hafa mikil áhrif á Íslandi þar sem íslensk flugstarfsemi og stærstur hluti þess iðnaðar á Íslandi sem losar gróðurhúsalofttegundir mun falla undir kerfið. Auk þess mun ákvarðanataka innan kerfisins verða miðlægari. Þannig verður einn sameiginlegur pottur losunarheimilda fyrir allt Evrópska efnahagssvæðið og ákvarðanir um úthlutun munu byggjast á árangursviðmiðum sem verða þau sömu fyrir allt svæðið.

Við umfjöllun nefndarinnar nú kom fram að sérstakar ástæður eru fyrir því að tillagan er lögð fram á Alþingi áður en sameiginlega EES-nefndin samþykkir ákvarðanirnar. Nefndin vill þó benda á að málsmeðferðin eigi sér fordæmi í 480. máli á 121. löggjafarþingi um samræmdar heilbrigðisreglur fyrir m.a. fisk og fiskafurðir.

Talið er brýnt fyrir hagsmuni flugstarfsemi á Íslandi að ákvarðanirnar öðlist gildi fyrir lok marsmánaðar 2011 en fyrirhugað er að sameiginlega EES-nefndin samþykki þær seinni hluta þess mánaðar. Tilskipun 2008/101/EB kveður á um að tímafrestir flugrekenda til að sækja sér losunarheimildir án endurgjalds og til skila á staðfestum gögnum um losun séu til 31. mars 2011. Þýðir það í raun að innlendir flugrekendur og erlendir aðilar sem annast hafa flug til og frá Íslandi hafa einungis frest til að skila inn slíkum umsóknum og gögnum þangað til. Ítarleg gögn hafa verið lögð fram fyrir Alþingi, m.a. drög að viðkomandi ákvörðunum, svo þingið er vel upplýst um fyrirhugaðan gang mála.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og mun fyrirhugað frumvarp umhverfisráðherra um breytingu á lögum um losun gróðurhúsalofttegunda, nr. 65/2007, fjalla um það efni. Fyrirhugað er að leggja frumvarpið fram á yfirstandandi þingi. Eftir framlagningu mun það að líkindum koma til meðferðar í umhverfisnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Birgitta Jónsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Bjarni Benediktsson.
Helgi Hjörvar.	Ólöf Nordal.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.
	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

990. Nefndarálit [433. mál]

um frv. til l. um útflutning hrossa.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið Kristin Hugason frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu á sinn fund. Umsagnir bárust frá Bændasamtökum Íslands og Matvælastofnun.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um útflutning hrossa. Meðal þeirra breytinga sem felast í frumvarpinu eru að ekki verði lengur heimilt að flytja út hross sem einungis eru frostmerkt, lengingu þess tímabils þegar aðeins er heimilt að flytja hross út með flugvélum og hækkun gjalds sem útflytjendur hrossa greiða í stofnverndarsjóð. Þar að auki felur frumvarpið í sér það nýmæli að óheimilt verður að flytja hross frá Íslandi með flutningsfari sem samtímis flytur dýr frá öðrum löndum.

Umsagnaraðilar nefndu að þeir teldu margt gott í frumvarpinu og mæltu báðir með samþykkt þess. Annar umsagnaraðila benti þó á að rétt væri að gera ákveðnar breytingar á orðalagi og orðavali frumvarpsins í nafni skýrleika og lagasamræmis.

Á fundi nefndarinnar kom fram að frumvarpið hefði verið samið af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu í samráði við ráðgjafarnefnd um útflutning hrossa sem starfar skv. 6. gr. gildandi laga um útflutning hrossa og er mönnuð fulltrúum hagsmunaaðila í greininni, fulltrúa eftirlitsaðila og fulltrúa ráðuneytisins. Bent var á að allir fulltrúarnir hefðu mælt eindregið með samþykkt frumvarpsins enda hafi almenn sátt ríkt um efni þess og útfærslu.

Í ljósi framangreinds leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:
   Flutningsför fyrir hross við útflutning skulu hafa fullnægjandi rými, loftræstingu og brynningu. Tryggja skal fóður, fóðrun og eftirlit með hrossunum á flutningstímanum. Matvælastofnun hefur eftirlit með að reglum um aðbúnað og umhirðu sé fylgt.
2. Í stað orðsins „gæslu“ í 1. mgr. 4. gr. komi: eftirliti.
3. Orðið „vottorð“ í 1. mgr. 5. gr. falli brott.

Einar K. Guðfinnsson, Björn Valur Gíslason og Ásmundur Einar Daðason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. mars 2011.

Atli Gíslason, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Helgi Hjörvar.
Sigurður Ingi Jóhannsson.	Jón Gunnarsson.	Róbert Marshall.

991. Svar [510. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um vísindarannsóknir og kynjahlutfall.

Fyrirspurnin hljóðar svo.

Hversu margir og háir hafa styrkir úr sjóðum Rannís verið síðasta áratuginn og hvernig hafa þeir skipst milli karla og kvenna? Svar óskast sundurliðað eftir raunvísindum annars vegar og félags- og hugvísindum hins vegar.

Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannís, hefur með höndum daglega umsýslu helstu samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni. Þeir sjóðir sem eru vistaðir hjá Rannís og heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti eru Rannsóknasjóður, sem er þeirra langstærstur, Rannsóknanámssjóður, Tækjasjóður og Markáætlun á sviði vísinda og tækni.

Árið 2003 var gerð breyting á stuðningskerfi við vísindarannsóknir. Þá voru felld úr gildi lög um Rannsóknarráð Íslands frá árinu 1994 og samþykkt lög um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003, og lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003. Gerðar voru breytingar á helstu sjóðum sem veita styrki til vísindarannsókna. Rannsóknasjóður tók þar við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs sem starfaði samkvæmt lögum um Rannsóknarráð Íslands en Tækjasjóður tók við hlutverki Bygginga- og tækjasjóðs samkvæmt sömu lögum.

Tölur fyrir og eftir kerfisbreytinguna 2003/2004 eru ekki sambærilegar og því eru tölur hér gefnar upp fyrir árin 2004–2010. Eftirfarandi svar á við Rannsóknasjóð. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna. Ákvörðun um styrkveitingu skal bundin hinu faglega mati.

Óskað er eftir sundurliðun eftir raunvísindum annars vegar og félags- og hugvísindum hins vegar en fagráð Rannsóknasjóðs eru fjögur, verkfræði, tækni- og raunvísindi, náttúru- og umhverfisvísindi, heilbrigðis- og lífvísindi og félags- og hugvísindi og eru úthlutanir aðgreindar eftir þeim.

Vert er að geta þess að einn verkefnisstjóri er skráður fyrir hverju verkefni en meðumsækjendur eru ekki taldir með í greiningu á kynjahlutfalli.

I. Fjöldi styrkja úr Rannsóknasjóði 2004–2010, skipting milli karla og kvenna og milli fagsviða.

Heildarfjöldi veittra styrkja fyrir ný verkefni úr Rannsóknasjóði á árunum 2004–2010 var 479. Þar af voru 328 styrkir veittir til verkefnisstjóra sem eru karlar en 151 til kvenna (sjá töflu hér á eftir og mynd).

Rannsóknasjóður – veittir styrkir og kyn verkefnisstjóra 2004–2010					
Fagráð	**Karlar**	**%**	**Konur**	**%**	**Alls**
Verkfræði, tækni- og raunvísindi	90	89,1	11	10,9	101
Náttúru- og umhverfisvísindi	91	74,0	32	26,0	123
Heilbrigðis- og lífvísindi	68	57,6	50	42,4	118
Félags- og hugvísindi	79	57,7	58	42,3	137
Samtals:	**328**	**68,5**	**151**	**31,5**	**479**



Mynd 1: Kyn verkefnisstjóra á styrktum umsóknum 2004–2010

Hins vegar er vert að geta þess að árangurshlutfall kvenna er sama og karla í Rannsóknarsjóði (þ.e. hversu hátt hlutfall umsækjenda fær styrk). Á árunum 2004–010 voru alls 1.224 karlar (67,8%) af 1.804 skráðum verkefnisstjórum á nýjum umsóknum í Rannsóknasjóð og 508 konur (32,2%). Karlar fengu úthlutað 328 nýjum styrkjum (26,8% árangurshlutfall) en konur 151 nýjum styrk (26,0% árangurshlutfall). Það er því ekki munur á árangri karla og kvenna í Rannsóknasjóði en hins vegar er það staðreynd að færri konur sækja í sjóðinn en karlar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hyggst framkvæma tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn á þessu sviði, m.a. til að greina ástæður þess að færri konur sækja í sjóðina en karlar.

II. Upphæð styrkja úr Rannsóknasjóði 2004-2010, skipting milli karla og kvenna og fagsviða:

Eftirfarandi tafla sýnir upphæðir nýrra styrkja úr Rannsóknasjóði og kyn verkefnisstjóra, ásamt skiptingu eftir fagsviðum.

Rannsóknasjóður – upphæðir nýrra styrkja og kyn verkefnisstjóra 2004-2010					
Fagráð	**Karlar**	**%**	**Konur**	**%**	**Alls**
Verkfræði, tækni- og raunvísindi	413.367	93,2	30.205	6,8	443.572
Náttúru- og umhverfisvísindi	310.600	71,9	121.097	28,1	431.697
Heilbrigðis- og lífvísindi	275.607	60,6	179.500	39,4	455.107
Félags- og hugvísindi	251.351	60,5	163.861	39,5	415.212
Samtals:	**1.250.925**	**68,5**	**494.663**	**28,3**	**1.745.588**

Mynd 2: Kyn verkefnisstjóra og upphæð styrkja á styrktum umsóknum 2004–2010. Þskj.



992. Svar [434. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um umönnunargreiðslur til foreldra barna með þroska- og atferlisraskanir.

1. *Hve stór hluti foreldra barna sem greinst hafa með ADHD og tengdar raskanir eða á einhverfurófinu fær umönnunargreiðslur?*

Samtals var 1.481 barn skráð með umönnunarmat hjá Tryggingastofnun ríkisins 1. janúar 2011 sem hafði verið greint með ADHD og tengdar raskanir og einhverfurófsraskanir. Skipting í flokka sést í eftirfarandi töflu. Rétt er að benda á að hluti þeirra barna sem eru greind með ADHD og tengdar raskanir og einhverfurófsraskanir eru einnig með aðrar og alvarlegri greiningar (þroskahömlun, hreyfihömlun eða alvarlega sjúkdóma) eins og sjá má í töflunni. Því miður liggja ekki fyrir upplýsingar um hve mörg börn hafa greinst hér á landi með ADHD og tengdar raskanir og því ekki unnt að meta hve stór hluti foreldra þessara barna fær umönnunargreiðslur.

Flokkur og greiðsluhlutfall	Fjöldi barna með fötlun	Fjöldi barna með sjúkdóma	Fjöldi barna með þroska- og atferlisraskanir	Fjöldi barna samtals
1. flokkur				
100%	3			3
50%	1			1
Samtals fjöldi barna í 1. flokk				**4**
2. flokkur				
0	4			4
25%	8			8
43%	104			104
85%	37			37
Samtals fjöldi barna í 2. flokk				**153**
3. flokkur				
0	1			1
25%	91	5		96
35%	177	4	7	188
70%	15	1		16
Samtals fjöldi barna í 3. flokk				**301**
4. flokkur				
0	1		33	34
25%	25	6	140	171
Samtals fjöldi barna í 4. flokk				**205**
5. flokkur				
0	1	11	806	818
Samtals fjöldi barna í 5. flokk				**818**
Alls	**468**	**27**	**986**	**1.481**

2. *Úr hvaða bótaflokkum eru slíkar greiðslur, hve háar eru þær og hvaða greining liggur að baki, sundurgreint eftir flokkum raskana?*

Umönnunargreiðslur eru greiddar samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum og reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, með síðari breytingum. Í 5. gr. reglugerðarinnar er að finna nánari skilgreiningar á fötlunar- og sjúkdómsstigum sem liggja til grundvallar mati Tryggingastofnunar ríkisins þegar tekin er ákvörðun um í hvaða flokk barn lendir og innan hvaða

greiðslustigs. Foreldrar barna sem greind eru með ADHD og tengdar raskanir og einhverfurófsraskanir og eru metin í þriðja og fjórða flokk fá flest aðstoð sem nemur 29.294 kr. á mánuði. Einstaka foreldrar sem eiga börn sem liggja á sjúkrahúsi fá hærri greiðslur. Þannig eru greiðslur vegna barna sem metin eru í 1. flokk almennt 117.176 kr. á mánuði og aðstoð vegna barna í 2. flokki 50.386 kr. á mánuði. Einnig er vísað til töflu í svari við 1. spurningu.

	1. greiðslustig	**2. greiðslustig**	**3. greiðslustig**	**4. greiðslustig**
Flokkur 1	100%	50%	25%	0
kr./mán.	117.176	58.588	29.294	
Flokkur 2	85%	43%	25%	0
kr./mán.	99.600	50.386	29.294	
Flokkur 3	70%	35%	25%	0
kr./mán.	82.023	41.012	29.294	
Flokkur 4	25%	25%	25%	0
kr./mán.	29.294	29.294	29.294	
Flokkur 5	0	0	0	0

3. *Kemur til álita að tengja umönnunargreiðslur við minnkað starfshlutfall foreldra vegna umönnunar barnanna?*

Umönnunargreiðslum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð er eingöngu ætlað að mæta kostnaði framfærenda fatlaðra barna og/eða langveikra barna ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld. Þeim er ekki ætlað að mæta tekjumissi foreldra og tengjast því ekki atvinnuþátttöku foreldra eða annarra framfærenda barnanna heldur þeim útgjöldum sem fylgja fötlun þeirra eða veikindum.

Lög nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, tóku gildi 1. júlí 2006 en markmið þeirra er að koma til móts við tekjumissi foreldra vegna alvarlegrar fötlunar eða langvinnra veikinda barna sinna. Þar er foreldrum tryggt hlutfall af fyrri launum í allt að sex mánuði og tekið tillit til þegar foreldrar kjósa að halda áfram að starfa í lægra starfshlutfalli en áður eða kjósa að koma aftur til starfa í lægra starfshlutfalli en þau voru í áður en þau lögðu niður störf tímabundið og ástæður þess að þau eru í hlutastarfi má rekja til þeirra bráðaaðstæðna sem komu upp þegar börn þeirra greindust með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Samkvæmt lögum nr. 158/2007, sem tóku gildi 1. janúar 2008, geta foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna jafnframt átt rétt á almennri fjárhagsaðstoð án tillits til fyrri atvinnuþátttöku, sem og einnig geti foreldri ekki snúið aftur á vinnumarkað þegar tekjutengdu greiðslunum sleppir.

4. *Hefur samfélagslegur kostnaður vegna ónægrar þjónustu við þessar fjölskyldur sem um ræðir verið metinn?*

Samfélagslegur kostnaður vegna ónægrar þjónustu við umræddar fjölskyldur hefur ekki verið metinn. Skýringanna er meðal annars að leita í því að ekki hefur verið skilgreint hvað teljist vera „fullnægjandi þjónusta“ fyrir þennan hóp fjölskyldna miðað við aðra hópa né heldur hvað teljist vera „ónæg þjónusta“ miðað við sömu skilyrði.

993. Svar [509. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um kynjahlutfall styrkþega nýsköpunar- og þróunarsjóða.

1. *Hversu margir og háir hafa styrkir úr nýsköpunar- og þróunarsjóðum iðnaðarráðuneytisins verið síðasta áratuginn og hvernig hafa þeir skipst milli karla og kvenna?*

Hjá iðnaðarráðuneyti eru tveir nýsköpunar- og þróunarsjóðir, Tækniþróunarsjóður og Átak til atvinnusköpunar.

Til Tækniþróunarsjóðs var stofnað árið 2004 með lögum nr. 4/2003. Búið er að veita 377 styrki úr sjóðnum á árunum 2004–2010 og er heildarupphæð þeirra 3.613.223 þús. kr. Styrkirnir eru allt frá forverkefnisstyrkjum til eins árs til verkefnisstyrkja til þriggja ára. Hámarksstyrkur getur orðið 30 millj. kr. á þremur árum en undantekning var gerð vorið 2009 með öndvegisstyrkjum sem voru boðnir í það eina skipti. Hlutur kvenna á tímabilinu í úthlutun nýrra styrkja er 20% og er þá miðað við að verkefnisstjóri sé kona. Á sama tíma bárust 1.085 umsóknir og þar var hlutfall kvenna sem verkefnisstjóra 18%. Sjá nánar skiptingu milli ára í meðfylgjandi töflu. Meðalupphæð styrkja ásamt framhaldsstyrkjum allt tímabilið er 10 millj. kr. þar sem karl er verkefnisstjóri en 7,8 millj. kr. þar sem verkefnisstjóri er kona.

Fjöldi styrkveitinga						Meðalupphæð (þkr) fyrsta árs	
	kk	kvk	Samtals	kk [%]	kvk [%]	kk	kvk
2004	33	5	38	87%	13%	4.191	5.425
2005	44	11	55	80%	20%	4.895	4.391
2006	31	8	39	79%	21%	6.183	6.996
2007	27	11	38	71%	29%	7.216	4.816
2008	44	8	52	85%	15%	6.510	5.331
2009	75	12	87	86%	14%	6.394	4.717
2010	47	21	68	69%	31%	5.711	4.860
Samtals	302	75	377	80%	20%	5.909	5.009

Átak til atvinnusköpunar er einn af fjárlagaliðum iðnaðarráðuneytis. Sérstök stjórn skipuð af iðnaðarráðherra gerir tillögur um úthlutun styrkja úr sjóðnum. Veittir hafa verið 720 styrkir úr sjóðnum á árunum 2000–2010 og er heildarupphæð þeirra 638.105 þús. kr. Hlutur kvenna í úthlutun styrkja á tímabilinu er 23%. Það sem skilgreint er sem ókynjað í eftirfarandi töflu eru fyrirtæki þar sem eignarhald er blandað, og/eða um stærri samtök er að ræða sem á engan hátt er hægt að kyngreina. Á tímabilinu bárust 2.641 umsókn og þar var hlutfall kvenna sem umsækjenda 26%. Sjá nánari skiptingu í meðfylgjandi töflu. Meðalupphæð styrkja allt tímabilið er 698 þús. kr. til kvenkyns styrkþega og 852 þús. til karla.

Fjöldi styrkveitinga							Meðalupphæð styrkja (þkr.)	
	kk	kvk	ókyngreint	samtals	kk(%)	kvk(%)	kk	kvk
2000-2006	172	80	152	404	42%	20%	851	677
2007-2010	126	84	106	316	31%	21%	853	718
Samtals	298	164	258	720	41%	23%	852	698

2. *Hvernig hefur jafnréttis verið gætt við úthlutun styrkjanna?*

Við úthlutun styrkja úr Tækniþróunarsjóði og Átaki til atvinnusköpunar er farið eftir úthlutunarreglum sjóðanna sem tryggja eiga faglegt mat á verkefnum. Ekki er sérstaklega gætt að kyni umsækjenda.

Iðnaðarráðuneytið vinnur að úttekt á umsóknum í sjóði, sem starfa á þess vegum, út frá kyngreindum tölulegum upplýsingum. Er þetta verkefni unnið í samstarfi við verkefnastjórn um mótun stefnu og undirbúnings kynjaðrar fjárlagagerðar. Lagt verður mat á hvernig starfsemi sjóðanna nýtist hvoru kyni og eftir atvikum hvort ástæða sé til að endurskoða úthlutunarreglur þegar meiri hluti styrkþega er af öðru kyninu.

Í þessu skyni ritaði ráðuneytið sjóðunum bréf á síðasta ári þar sem verkefnið var kynnt og óskað eftir því að upplýsingum um kynjaskiptingu styrkþega verði kerfisbundið haldið til haga og þeim upplýsingum skilað til ráðuneytisins í lok hvers árs.

994. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurberg Björnsson og Maríu Rún Bjarnadóttur frá innanríkisráðuneytinu, Róbert Bragason og Sigfús Björnsson frá IMC Íslandi ehf., Auði Ingu Ingvarsdóttur frá Skiptum hf., Dóru Sif Tynes, Guðjón Bjarna Hálfdánarson og Hrannar Pétursson frá Og fjarskiptum ehf., Hrafnkel V. Gíslason, Þorleif Jónasson og Björn Geirsson frá Póst- og fjarskiptastofnun. Umsagnir bárust frá IMC Íslandi ehf., Isavia ohf., Póst og fjarskiptastofnun, Skiptum hf., fjarskiptaráði slysavarnafélagsins Landsbjargar og Og fjarskiptum ehf.

Með frumvarpinu er áætlað að gera breytingar á ýmsum ákvæðum fjarskiptalaga. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu segir að svo að Ísland megi vera í fremstu röð tæknivæddra ríkja með aðgengilega, hagkvæma og örugga fjarskiptaþjónustu sé nauðsynlegt að tryggja að íslenskt lagaumhverfi fylgi eftir þeirri hröðu tækniþróun og öru breytingum sem eru helsta einkenni fjarskiptamarkaðarins. Þeim breytingum sem ætlunin er að leiða í lög með frumvarpinu má skipta í þrjá hluta. Í fyrsta lagi er áætlað að gera breytingar á fjarskiptaáætlun með það að markmiði að samræma áætlanagerð innan innanríkisráðuneytisins, sem og að samræma hana við aðra áætlanagerð hins opinbera. Í öðru lagi er áætlað að gera breytingar á reglum um stjórnum á úthlutun tíðna í þeim tilgangi að auka hagkvæmni og skilvirkni stjórnunar tíðnimála. Í þriðja og síðasta lagi er áætlað að einfalda stjórnsýslu er varðar fjarskiptabúnað og koma í veg fyrir réttaróvissu á því sviði og bæta við nýmælum í þágu almannahagsmuna.

Nefndin tók málið til umfjöllunar á haustþingi. Í nóvember og desember 2010 fékk nefndin kynningu á málinu frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, tók á móti gestum og ræddi málið. Þegar líða tók að jólum lá ljóst fyrir að nefndinni tækist ekki að ljúka umfjöllun um málið fyrir jólahlé Alþingis. Brugðu þá nokkrir nefndarmanna á það ráð að flytja frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum (394. mál) í þeim tilgangi að tryggja að ríkissjóður yrði ekki af tekjum þar sem frumvarp það sem hér er rætt um yrði ekki að lögum fyrir áramót en gera nefndinni á sama tíma fært að fjalla betur um málið að jólahléi loknu. Frumvarpið sem

nefndarmennirnir fluttu varð að lögum nr. 146/2010 með samþykkt þess á Alþingi 18. desember 2010.

Í umsögnum sem og í máli gesta á fundum nefndarinnar komu fram ýmis sjónarmið sem nefndin tók til skoðunar og íhugaði við meðferð málsins. Nokkur sjónarmið og athugasemdir tók nefndin til sérstakrar skoðunar.

Heildarsamræmi Evrópugerða o.fl.

Fram kom sú gagnrýni að frumvarpið fæli í sér innleiðingu á Evrópugerðum sem ekki væru orðnar hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þó væru téðar gerðir ekki innleiddar í heild heldur væru einstaka ákvæði þeirra tekin út en öðrum sleppt og af þeim sökum væri hætta á að heildarsamræmi gerðanna glataðist, áherslur þeirra skekktust og markmið þeirra næðu ekki fram að ganga. Þá kom fram sú skoðun að ýmis ákvæði frumvarpsins stönguðust á við gildandi EES-rétt. Á móti var nefnt að sú Evrópugerð sem einkum hafi verið litið til við samningu frumvarpsins sé ekki heildstæð löggjöf heldur breytingagerð sem breytir núgildandi reglum á ýmsum stöðum í regluverkinu. Engu að síður sé mikilvægt að taka tillit til nýrra ákvæða í regluverki sambandsins sem varða slík atriði en að öðrum kosti fáist ekki samræmi við þróun evrópskra reglna. Sérstaklega hafi verið gætt að því að taka heildstætt tillit til umhverfis tíðnimála í öllum nýjum Evrópugerðum sem um málið fjalla, m.a. við útfærslu 3. gr. frumvarpsins þar sem sérstaklega er tekið fram að við töku ákvarðana skuli m.a. tekið tillit til hvata og áhættu við fjárfestingar. Þá var tekið fram að leitað hefði verið óformlegs álits ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, og í framhaldinu hefðu öll ákvæði er stönguðust á við gildandi EES-rétt verið felld úr frumvarpinu á vinnslustigi þess. Að síðustu kom fram að tíðar breytingar á fjarskiptalögum orsökuðust m.a. af breytingum á regluverki vegna svokallaðs alþjónustugjalds og rekstrargjalds Póst- og fjarskiptastofnunar sem ætluð væru til þess að standa straum af kostnaði við alþjónustukvöð annars vegar og rekstur stofnunarinnar hins vegar. Gjöldin eru endurskoðuð árlega og stundum leiðir það til lagabreytinga.

Að mati nefndarinnar mætast hér gagnstæð sjónarmið. Annars vegar sjónarmið um að haga beri innleiðingu Evrópugerða þannig að tryggt sé að þær fari ekki gegn þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands og að slíkri innleiðingu beri að haga á þann veg að tryggt sé að íslenska ríkið glati ekki rétti í því ferli að óskoðuðu máli. Hins vegar sjónarmið um að taka verði tillit til örrar þróunar og tækniframfara á sviði fjarskiptamála enda leiði þær stundum til þess að knýjandi verður að uppfæra löggjöf á sviði fjarskiptamála. Þannig verði ekki hjá því litið að nauðsynlegt kunni að vera að tryggja tæknilega getu og hagræðingu fjarskiptafyrirtækja með lagasetningu þegar tilefni verður til.

Nefndin bendir á að samkvæmt reglum Alþingis um þinglega meðferð EES-mála er gert ráð fyrir aðkomu þingsins að upptöku Evrópugerða í EES-samninginn. Hefur aðkoman þann tilgang helstan að tryggja yfirsýn Alþingis yfir ákvæði EES-samningsins. Þá fjallar Alþingi um afléttingu stjórnskipulegs fyrirvara skv. 103. gr. EES-samningsins. Rétt er einnig að vekja athygli á að í ályktunum rannsóknarnefndar Alþingis um fall íslensku bankanna 2008 kemur m.a. fram að stefnumörkun Alþingis við innleiðingu Evrópugerða geti haft veruleg áhrif á aðstæður atvinnurekstar innanlands sem aftur kunni að hafa áhrif á stöðu íslenska ríkisins. Á fundi nefndarinnar kom fram að verulegar líkur væru á að svonefndur fjarskiptapakki ESB verði hluti af EES-samningnum innan tíðar. Þegar til þess kemur mun Alþingi þurfa að fjalla um og taka afstöðu til innleiðingar margra reglna úr honum í íslensk lög. Nokkrar reglna frumvarpsins eiga rót sína að rekja til framangreinds fjarskiptapakka.

Að öllu framangreindu sögðu er það álit nefndarinnar að ekki verði hjá því komist að gera breytingar á frumvarpinu. Þó vekur nefndin athygli á því að aðeins stjórnarskrá, stjórn-

skipunarvenjur og meginreglur stjórnskipunarréttar setja löggjafanum beinar skorður við efnislega útfærslu laga. Meðal annars er almennt viðurkennt að kenningin um tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar hafi rótfestu í íslenskri stjórnskipun. Af þeim sökum er mat á þörf innleiðingar erlendra reglna í innlend lög ávallt í höndum þingsins. Vera kann að nauðsyn krefji að innleiða slíkar reglur í innlend lög. Kann slíkt að eiga sérstaklega vel við þegar um sérlöggjöf er að ræða sem byggist á sérfræðilegum grunni.

Tillögur nefndarinnar um breytingar fela að meginstefnu í sér brottfellingu þeirra ákvæða sem í raun fela í sér beina innleiðingu ákvæða Evrópugerða sem ekki eru þegar orðnar hluti EES-samningsins. Þess er þó gætt við framsetningu tillagnanna að heildarsamhengi fjarskiptalaga verði ekki skert og markmiðum frumvarpsins verði náð eftir því sem fært er í þessu ljósi. Nefndin leggur til breytingar á 1., 2., 4., 6. og 7. gr. frumvarpsins.

Stjórnarskrárvernd tíðniréttinda.

Í umsögnum kom fram sú skoðun að hvort sem tíðnir teljast til beinna eða óbeinna eignaréttinda væri ljóst að skerðing á tíðniréttindum fæli í sér skerðingu á lögvörðum hagsmunum sem valdið gæti tíðnihöfum tjóni. Þá kom fram það álit að ekki yrði með einfaldri lagaheimild komist hjá rétti til bóta þegar um skerðingu á stjórnarskrárvörðum réttindum væri að ræða. Fyrir nefndinni kom á móti fram að ekki væri að fullu ljóst að sjónarmið umsagnaraðila gætu talist réttmæt. Var í þessu samhengi sérstaklega vísað til niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur frá 27. september 2001 í máli dómstólsins nr. 11139/2009 (Míla ehf. gegn íslenska ríkinu). Í því máli krafðist Míla ehf. þess að viðurkennd yrði skaðabótaskylda íslenska ríkisins vegna afturköllunar Póst- og fjarskiptastofnunar á tíðniréttindum Mílu ehf. Var kröfugerðin reist á því að ákvörðun Póst- og fjarkskiptastofnunar hefði verið ólögmæt og að tjón Mílu ehf. væri jafnvirði þess kostnaðar sem fyrirtækið þurfti að leggja út í til þess að bregðast við henni. Dómstólinn benti á að til þess að bótaskylda ríkisins yrði viðurkennd þyrfti Míla að sýna fram að tjónið mætti rekja til ákvörðunar stofnunarinnar. Í forsendum dómsins kemur fram að löggjafinn hafi tekið afstöðu til breytinga á tilteknu tíðnisviði svo að nýrri fjarskiptatækni yrði komið að og að slíkt hafi ekki dulist Mílu. Af þeim sökum leit dómurinn svo á að um eðlilegan kostnað væri að ræða sem fylgdi óhjákvæmilegum breytingum og tæknilegri þróun sem íslenska ríkið gæti ekki borið skaðabótaábyrgð á gagnvart Mílu ehf.

Það er mat nefndarinnar að þrátt fyrir að tíðniréttindi teljist til tímabundinna hagnýtingarréttinda og tíðnihafar njóti þannig ákveðins einkaforræðis yfir þeim, þá komi eignaréttarákvæði stjórnarskrárinnar ekki í veg fyrir að Alþingi beiti löggjafarvaldinu þeim til takmörkunar. Alþingi hefur frelsi til að hlutast til um fyrirkomulag slíkra réttinda að því tilskildu að jafnræðis og meðalhófs sé gætt. Nefndin telur óumdeilt að ætlunin með frumvarpinu er að festa í lög heimildir til skerðingar tíðniréttinda þegar slíkt getur talist málefnalegt enda eru stjórnvöld við töku ákvarðana ávallt bundin af lágmarksreglum stjórnsýslulaga og meginreglum stjórnsýsluréttar. Í ljósi þess fordæmis sem fyrir liggur og birtist í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur álítur nefndin að útfærsla frumvarpsins sé ekki í andstöðu við ákvæði stjórnarskrár. Þá áréttar nefndin að sú skylda hvíli á Póst- og fjarskiptastofnun að byggja ákvarðanir sínar á málefnalegum sjónarmiðum.

Lögmæti íþyngjandi ákvarðana.

Í umsögnum kom fram sú athugasemd við ákvæði 6. gr. frumvarpsins að það færi í bága við lögmætisreglu stjórnsýsluréttar, þ.e. þá meginreglu að íþyngjandi stjórnvaldsákvarðanir verði að eiga sér skýra lagastoð. Bent var á að alþjóðlegar samþykktir sem Ísland er aðili að

verði að lögfesta í landsrétt til þess að þær hafi réttaráhrif gagnvart borgurunum. Á móti hefur komið fram að augljóst megi telja að breytingar á tækni hérlendis eigi sér yfirleitt aðdraganda í breyttri notkun tíðnisviða á alþjóðavísu. Markmið fjarskiptalaga er m.a. að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Nefndin telur að þær kröfur sem lögmætisregla stjórnsýsluréttar gerir til skýrleika lagaheimilda hljóti að taka mið af markmiði þeirra laga sem undir eru hverju sinni. Sé litið til forsendna framangreinds dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Mílu ehf. gegn íslenska ríkinu má sjá að dómstóllinn virðist einmitt telja löggjafann hafa ákveðið svigrúm til þess að bregðast við breytingum á tækni þegar þær stafa frá alþjóðlegum samþykktum. Nefndin áréttar á ný að ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar verða að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum.

Stjórnvaldsfyrirmæli – framsal lagasetningarvalds.

Að mati eins umsagnaraðila brýtur ákvæði 7. gr. frumvarpsins í bága við meginregluna um að innleiða beri þjóðréttarlegar skuldbindingar í landsrétt eigi þær að hafa réttaráhrif gagnvart borgurunum. Hann telur að ekki fáist staðist að Póst- og fjarskiptastofnun verði með lagaheimild fengið vald til þess að ákveða að ákvarðanir alþjóðastofnana verði bindandi hér á landi.

Nefndin bendir á að framangreind meginregla byggist á kenningunni um tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar. Póst- og fjarskiptastofnun verður, a.m.k. hvað tíðnimál varðar, að teljast verulega sérhæfð stofnun. Viðurkennt er að löggjafanum sé heimilt að framselja vald sitt til reglusetningar, m.a. þannig að kveðið sé á um útfærslu með stjórnvaldsfyrirmælum. Í þeim tilvikum þegar setja á reglur og við reglusetninguna reynir ekki á pólitískt mat hefur slíkt framsalt verið talið réttlætanlegt. Með því móti hefur verið talið að sérþekking á sérfræðilegum efnum nýtist betur. Í því ljósi má benda á að nefnt hefur verið að fullkomlega óraunhæft sé að innleiða allar tæknilegar alþjóðagerðir sem lúta að skipulagi tíðnirófsins og því sé nauðsynlegt að málum sé komið við á þann máta sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá bendir nefndin á að ætlunin er að afmarka þann ramma sem Póst- og fjarskiptastofnun er ætlaður til ákvarðanatöku með því að heimild hennar nái aðeins til gerða er varða skipulag og nýtingu tíðnirófsins en ekki annarra þátta. Einnig kveður ákvæðið aðeins á um heimild stofnunarinnar til að taka ákvarðanir um bindandi gildi alþjóðagerða og verður því vart annað talið en að frelsi stofnunarinnar til mats á grundvelli tæknilegra þarfa í samræmi við markmið fjarskiptalaga geri það að verkum að ekki er til staðar raunverulega hætta á að farið sé í bága við kenninguna um tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar.

Jafnræði aðila við úthlutun tíðnisviða – ákvæði til bráðabirgða.

Sú athugasemd kom fram í umsögn um málið að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu væri gert ráð fyrir að ákveðin fyrirtæki sem þurfi að fá tíðniheimildum sínum endurúthlutað á næsta ári greiði á ný eins konar auðlindagjald af því tilefni. Bent var á að slíkt væri í ósamræmi við þá framkvæmd sem tíðkast hefði við nýlegar tíðniúthlutanir þar sem ekkert slíkt gjald hefði verið tekið. Umsagnaraðilinn taldi slíka gjaldtöku því ekki vera í samræmi við kröfur stjórnarskrárinnar um jafnræði í lagasetningu. Á móti var á það bent að úthlutun tíðniheimildar til símafyrirtækis á síðasta ári án gjaldtöku hafi verið almenn og í þeim málefnalega tilgangi að jafna samkeppnisstöðu þess fyrirtækis gagnvart keppinautum á markaði. Sama fyrirtæki hafi áður greitt umtalsvert gjald fyrir heimild til að veita svokallaða UMTS-farsímaþjónustu á meðan aðrir aðilar hafi fengið úthlutað öðrum tíðnisviðum án gjaldtöku og hafi þá verið litið til þess að um eflingu og þéttingu á útbreiðslu væri að ræða.

Það er álit nefndarinnar að þegar litið er til markmiðsákvæða fjarskiptalaga verði að telja það málefnalegt, m.a. að teknu tilliti til samkeppnislegra sjónarmiða, að innheimta það gjald sem áætlað er á grundvelli bráðabirgðaákvæðis frumvarpsins.

Eins og fram hefur komið fluttu nokkrir nefndarmanna frumvarp á haustþingi sem varð að lögum nr. 146/2010. Lögin fela í sér að gjaldtökuheimild var bætt við fjarskiptalög með bráðabirgðaákvæði. Er framangreint bráðabirgðaákvæði nær samhljóða ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu. Af þeim sökum leggur nefndin til breytingar á frumvarpinu þar sem þegar er kveðið á um slíka gjaldtökuheimild í núgildandi fjarskiptalögum.

Samspil ákvæða o.fl.

Meðal umsagnaraðila kom fram sú skoðun að tiltekin ákvæði frumvarpsins væru í mótsögn hvort við annað. Þannig væri lagt til í a-lið 4. gr. frumvarpsins að Póst- og fjarskiptastofnun verði gert fært að setja þau skilyrði fyrir notkun tíðna að úthlutun þeirra taki aðeins til ákveðinnar þjónustu eða tækni ásamt útbreiðslu- og gæðakröfum þegar við á. Á sama tíma geri 7. gr. frumvarpsins m.a. ráð fyrir að ekki skuli binda notkun tíðna við ákveðna tækni nema það sé nauðsynlegt í ýmsum nánar tilgreindum tilgangi en einnig að ekki skuli binda notkun tíðna við ákveðna þjónustu nema þörf sé á því til að uppfylla almenn markmið stjórnvalda eða til að tryggja samræmi við alþjóðlegar samþykktir sem Ísland er aðili að. Á móti var nefnt að tilvitnuð ákvæði væru í raun og veru ekki í mótsögn hvort við annað, enda væri þeirri reglu sem vísað væri til í 7. gr. frumvarpsins ekki ætlað að vera án undantekninga. Þannig væri stefnt að því að tæknilegt hlutleysi verði meginregla laganna en eftir sem áður gert ráð fyrir að hægt verði að binda tiltekin tíðnisvið við ákveðna tegund þjónustu, sé talin sérstök þörf á því.

Ópöruð tíðnibönd.

Sú gagnrýni kom fram á frumvarpið að í bráðabirgðaákvæði væri ekki minnst á ópöruð tíðnibönd en aðeins kveðið á um pöruð bönd. Viðkomandi töldu að með því skapaðist hætta á að framgangur nýrrar tækni sem vinnur með ópöruðum vinnsluhætti yrði heftur á gildistíma ákvæðisins. Á móti var á það bent að frumvarpinu væri ekki ætlað að útiloka að Póst- og fjarskiptastofnun gæti úthlutað tíðnum óparað enda kæmi það beinlínis fram í orðalagi bráðabirgðaákvæðisins að tekið yrði gjald fyrir hvert úthlutað megarið af tíðnisviði. Þá væri tafla í greinargerð frumvarpsins sett upp í dæmaskyni en hún taki mið af þeirri staðreynd að algengast sé að tíðnir séu paraðar saman. Var sérstaklega tekið fram að sú tafla væri eingöngu til leiðbeiningar og að hún komi ekki til með að binda hendur stofnunarinnar við úthlutan á stökum tíðnum.

Samskiptaáætlun.

Að auki gerðu einstakir nefndarmenn athugasemdir við hugtaka- og orðanotkun í frumvarpinu. Þannig var bent á að orðið „samskiptaáætlun“ væri í raun ekki fyllilega lýsandi fyrir þá stefnumarkandi áætlun sem ráðherra væri ætlað að leggja fram. Þess væri getið í 1. gr. frumvarpsins að í slíkri áætlun skyldi gera grein fyrir ástandi og horfum og meta þarfir samfélagsins varðandi fjarskipti. Þá væri ráðherra heimilt að skoða fjarskipti heildstætt í tengslum við aðra þætti samskipta, svo sem rafræn samskipti og samskipti sem byggjast á póstþjónustu.

Skilningur nefndarinnar er sá að orðið fjarskipti eins og það er notað í fjarskiptalögum taki til aðferða sem viðhafa má í þeim tilgangi að eiga samskipti. Þannig megi segja að fjarskipti verði vart viðhöfð nema samskipti eigi sér stað en samskipti geti átt sér stað þrátt fyrir

að fjarskipti komi þar ekki við sögu. Slíkt hlýtur enda stoð í orðskýringu 16. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga þar sem orðið fjarskipti er skilgreint sem hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum. Má af lestri frumvarpsins sjá að tilgangur frumvarpshöfunda er ekki að gera orwellska áætlun um samskipti manna á milli heldur áætlun um uppbyggingu, öryggi og nýtingu fjarskiptakerfa sem ættu að auka tíðni og magn jafnvel hreinskiptnustu samskipta manna á milli. Nefndin leggur til breytingar á kaflaheiti I. kafla og 1. gr. frumvarpsins í þeim tilgangi að ráða bót á framangreindum krankleika.

Í ljósi framangreindrar umfjöllunar leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt með eftirfarandi**

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

   3.–5. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

   Ráðherra leggur á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð skal stefna fyrir næstu tólf árin. Í fjarskiptaáætlun skal gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu, og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Skilgreina skal markmið stjórnvalda sem stefna ber að og þannig leggja grunn að framþróun íslensks samfélags. Markmiðin skulu stuðla að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Heimilt skal í fjarskiptaáætlun að skoða fjarskipti heildstætt í tengslum við aðra þætti samskipta, svo sem rafræn samskipti og samskipti sem byggjast á póstþjónustu.

   Í fjarskiptaáætlun skal leggja áherslu á að:

   1. ná fram víðtæku samstarfi markaðarins, neytenda, opinberra stofnana og ráðuneyta um stefnumótun er varðar fjarskipti og skyld svið,
   2. styrkja samkeppni á fjarskiptamarkaði og auka samkeppnishæfni Íslands,
   3. tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og tengingar Íslands við umheiminn,
   4. ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og hámarka jákvæð áhrif fjarskiptatækni á hagvöxt,
   5. ná fram samræmdri forgangsröðun og stefnumótun, og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf fyrir úrbætur á landinu í heild og í einstökum landshlutum,
   6. stuðla að atvinnuuppbyggingu, eflingu lífsgæða og jákvæðri byggðaþróun.

   Í fjarskiptaáætlun skal jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fjögurra ára, og leggur ráðherra fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um slíka áætlun. Aðgerðaáætlun skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og má þá leggja nýja þingsályktunartillögu fyrir Alþingi, en það skal gert eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Í fjögurra ára áætlun skal gera grein fyrir fjáröflun og útgjöldum eftir einstökum verkefnum eins og við á. Fjarskiptaáætlun og fjögurra ára áætlun hennar taka gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þær sem þingsályktanir.
2. Fyrirsögn I. kafla verði: **Fjarskiptaáætlun.**
3. 2. gr. orðist svo:

   Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Á undan 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Fjarskiptatíðnir innan íslensks yfirráðasvæðis og númer úr íslenska númeraskipulaginu eru auðlindir undir stjórn íslenska ríkisins. Úthlutun á tíðnum og númerum felur í sér tímabundna heimild til skilyrtra afnota sem hvorki leiðir til eignarréttar né varanlegs nýtingar- og ráðstöfunarréttar.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Póst- og fjarskiptastofnun skal birta opinberlega upplýsingar um öll réttindi til notkunar á tíðnum og númerum og rétthafa þeirra. Tíðniheimildir sem veittar eru til eigin nota má undanskilja birtingu, svo og upplýsingar um tíðniheimildir sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari vegna mikilvægra öryggis-, fjárhags- eða viðskiptahagsmuna rétthafa.

4. 4. gr. falli brott.
5. 4. mgr. 6. gr. falli brott.
6. B-liður 7. gr. falli brott.
7. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.
8. Í stað orðsins „samskiptaáætlun“ í fyrirsögn frumvarpsins komi: fjarskiptaáætlun.

Ólína Þorvarðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2011.

Björn Valur Gíslason, form., frsm. | Róbert Marshall. | Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Guðmundur Steingrímsson. | Árni Johnsen. | Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Ásbjörn Óttarsson. | Mörður Árnason, með fyrirvara.

995. Tillaga til þingsályktunar [582. mál]

um gerð hlutlauss kynningarefnis vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samningana.

Flm.: Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Eygló Harðardóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Birgitta Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að láta útbúa hlutlaust kynningarefni vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samningana sem verður haldin 9. apríl nk.

Greinargerð.

16. febrúar 2011 samþykkti meiri hluti Alþingis frumvarp fjármálaráðherra um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins. Lögin, nr. 13/2011, veita fjármálaráðherra heimild til að staðfesta samninga sem áritaðir voru í London 8. desember 2010 um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og

fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum. Í kjölfarið synjaði forseti Íslands lögunum staðfestingar og vísaði þannig málinu til þjóðarinnar. Mun þjóðaratkvæðagreiðsla fara fram um lögin 9. apríl nk.

Icesave-málið svokallaða hefur verið umdeilt og ýmsar skoðanir á lofti um heppilegasta niðurstöðu þess. Málið er flókið og erfitt er fyrir almenna borgara að átta sig á hvað felst í raun í synjun eða samþykki áðurnefndra laga. Mikill áróður hefur verið rekinn af ýmsum hagsmunaaðilum, stjórnsýslunni, stjórnmálaflokkum og einstaklingum og hlutleysi víkur oft fyrir eldmóði þeirra sem áróðurinn reka. Einn stjórnmálaflokkurinn býður meira að segja upp á námskeið til að undirbúa félagana fyrir rökræður um málið. Þá hafa borist fréttir af því að áhugi sé á því að kynningarefni verði tekið saman í fjármálaráðuneytinu en auglýsingastofa sjái um framsetninguna. Fjármálaráðuneytið hefur séð um samningagerð og getur því ekki undir neinum kringumstæðum talist óháður aðili. Nauðsynlegt er að sjá til þess að jafnræði ríki á milli ólíkra sjónarmiða og tryggt sé að sjónarmið bæði með staðfestingu laganna og á móti staðfestingunni hljóti sanngjarna umfjöllun.

Víða um heim er rík hefð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum og hafa leiðir verið fundnar til þess að útbúa óháð kynningarefni sem sátt ríkir um. Í Sviss er til að mynda öllum kjósendum sendur upplýsingapakki fyrir hverja atkvæðagreiðslu um þau mál sem greiða á atkvæði um. Opinber kynningarbæklingur er hlutlaus og óháður og unninn af opinberri stofnun sem sérhæfir sig í slíku. Hvert stjórnmálaafl má einnig gefa út bækling með sínum sjónarmiðum sem fylgir með hinu opinbera kynningarefni en hömlur eru settar á aðra kynningu flokkanna. Sem dæmi má nefna að pólitískar auglýsingar eru bannaðar í ljósvakamiðlum og hinu opinbera er bannað að halda fram einu sjónarmiði en skylt að útvega kjósendum hlutlausar og áreiðanlegar upplýsingar.

Hér á landi er ekki mikil hefð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum. Sú fyrsta í lýðveldissögunni var haldin á síðasta ári um sama mál en þó aðra samninga. Þá var gefið út opinbert kynningarrit sem sent var inn á öll heimili landsins og var það unnið af Lagastofnun Háskóla Íslands en dómsmála- og mannréttindaráðuneytið stóð að gerð þess eftir ábendingar frá Alþingi. Frá þeim tíma er fyrsta þjóðaratkvæðagreiðslan fór fram hefur Alþingi sett lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna (lög nr. 91/2010). Í 6. gr. þeirra segir að ef þjóðaratkvæðagreiðsla þurfi að fara fram á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar skuli ráðuneyti svo fljótt sem verða má og eigi síðar en viku fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna senda öllum heimilum á landinu sérprentun laganna sem forseti synjaði staðfestingar. Þar skuli jafnframt vakin athygli á því að frumvarpið til laganna og öll skjöl varðandi meðferð þess séu aðgengileg á áberandi stað á vefsíðu Alþingis. Það er mat flutningsmanna þingsályktunar þessarar að slík upplýsingagjöf sé ekki nægileg, sérstaklega í tilfelli Icesave-samninganna, sem eru afar flóknir. Því sé eðlilegt að innanríkisráðherra fái fagaðila til að útbúa hlutlaust kynningarefni til dreifingar á öll heimili í landinu. Í 6. gr. laganna um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna er einnig fjallað um kynningarmál ef Alþingi ákveður að fara skuli fram þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekið málefni eða frumvarp. Er þá í lögunum gerð krafa um víðtæka kynningu af hálfu Alþingis. Eðlilegt væri að sambærilegar kröfur væru gerðar til kynningar á lögum sem forseti hefur synjað staðfestingar.

Á meðan frumvarpið sem nú verða greidd atkvæði um var til umfjöllunar á Alþingi höfðu þingmenn úr öllum stjórnmálaöflum jöfn tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að í umræðunni. Það tækifæri er liðið hjá og nú er það þjóðarinnar að taka ákvörðun en hún verður að geta treyst því að þær upplýsingar sem hún fær séu hlutlausar og áreiðanlegar. Ef

stjórnvöld geta notað opinbert fé til kynningar á sínum málstað skekkir það stöðuna og getur haft áhrif á niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

996. Skýrsla [583. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2010.

1. Inngangur.

Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) og Evrópska efnahagssvæðið (EES) gegna veigamiklu hlutverki sem grunnstoðir íslenskrar utanríkisverslunar. Með aðildinni að EES njóta Íslendingar að langmestu leyti sömu viðskiptakjara og 29 önnur Evrópuríki með um 500 milljóna manna markað. Auk þess að koma að rekstri EES-samningsins hefur EFTA byggt upp net fríverslunarsamninga við ríki utan ESB eða svonefnd þriðju ríki.

Í starfsemi þingmannanefnda EFTA og EES árið 2010 voru tvö mál einkum í brennidepli. Annars vegar var ítrekað fjallað um alþjóðlegu fjármálakreppuna og viðbrögð við henni, og hins vegar um áframhaldandi gerð fríverslunarsamninga EFTA.

Frá sjónarhóli Íslands var umfjöllun um alþjóðlegu fjármálakreppuna einkar mikilvæg. Umfjöllun um hana var hvort tveggja í senn almenn og sértæk þar sem athygli beindist að íslenska bankahruninu og afleiðingum þess. Þingmenn Íslandsdeildar gerðu erlendum starfssystkinum grein fyrir stöðu endurreisnaráætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Icesave-málsins. Viðbrögð Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, við bankahruninu komu ítrekað til umræðu á vettvangi þingmannanefndarinnar, bæði er varða bráðabirgðaálit stofnunarinnar um Icesave og gildi neyðarlaganna sem sett voru við bankahrunið.

Fríverslunarsamningagerð EFTA við ríki utan ESB, svonefnd þriðju ríki, var ofarlega á dagskrá þingmannanefndar EFTA. Stöðnun í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) hefur gert það að verkum að samtök ríkja og einstök lönd beint sjónum sínum að gerð tvíhliða fríverslunarsamninga. EFTA hefur verið í fararbroddi á þessu sviði og eru gildir fríverslunarsamningar EFTA nú 22 talsins. Þingmannanefnd EFTA hefur á undanförnum árum stutt dyggilega við gerð fríverslunarsamninga samtakanna og beitir sendinefndum og þingmannaheimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð slíkra samninga.

Þá beitti Íslandsdeild sér fyrir því að málefni norðurslóða voru tekin á dagskrá þingmannanefndar EFTA í fyrsta skipti. Sérstök málstofa um norðurslóðamál, skipulögð af Íslandsdeild, var haldin í tengslum við fund þingmannanefndarinnar í Reykjavík í júní 2010.

Af öðrum stórum málum sem tekin voru til umfjöllunar í þingmannanefndum EFTA og EES árið 2009 má nefna endurskoðun sjávarútvegsstefnu ESB, svæðasamvinnu innan EES, nýsköpun og EES og Evrópuár í baráttunni gegn fátækt.

2. Almennt um þingmannanefnd EFTA og þingmannanefnd EES.

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA myndar sendinefnd Alþingis í bæði þingmannanefnd EFTA og þingmannanefnd EES.

Þingmannanefnd EFTA.

Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 með það meginhlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Aðild að EFTA eiga nú Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss. Þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja sitja í þingmannanefndinni. Starfsemi nefndarinnar hefur

aukist jafnt og þétt, í samræmi við aukin umsvif EFTA, bæði hvað varðar samskipti við ESB og samstarf við svokölluð þriðju ríki, þ.e. ríki utan ESB. Starfssvið nefndarinnar jókst til muna með tilkomu EES-samningsins sem tók gildi 1. janúar 1994. Með gildistöku hans varð nefndin að formi til tvískipt þar sem Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan Evrópska efnahagssvæðið. Nefndin skiptist því annars vegar í fjögur ríki sem aðild eiga að EFTA og hins vegar í þrjú aðildarríki EFTA sem aðild eiga að EES. Þingmannanefnd EFTA fundar þó ávallt í einu lagi, en Svisslendingar sitja sem áheyrnarfulltrúar þegar málefni sem varða EES-samninginn eru tekin fyrir. Í frásögnum af fundum hér á eftir verður fjallað um þessar tvær formlegu þingmannanefndir EFTA sem eina heild.

Alþingi á fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA líkt og önnur aðildarríki. Þingmannanefnd EFTA heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári og á tveimur fundum sínum á hún auk þess fund með ráðherraráði EFTA. Nefndin fjallar almennt um starfsemi EFTA, málefni EES og ESB, gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga og viðskiptamál í víðu samhengi. Nefndin á einnig samstarf við þing þeirra ríkja sem EFTA hefur gert fríverslunar- eða samstarfssamninga við. Þessi þáttur í starfi EFTA vex stöðugt og eru fríverslunarsamningar nú umfangsmikill hluti starfssviðs EFTA.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA undirbýr starf nefndarinnar og gefur álit á fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), auk þess að fjalla um aðkallandi mál. Framkvæmdastjórnin kemur oft fram fyrir hönd þingmannanefndarinnar í samskiptum við þjóðþing þriðju ríkja. Í framkvæmdastjórn mega sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-ríki en einungis annar þeirra hefur atkvæðisrétt á fundum. Auk formanns hefur af hálfu Íslandsdeildar einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Þingmannanefnd EES.

Þingmannanefnd EES var komið á fót skv. 95. gr. EES-samningsins og er hluti af stofnanakerfi hans. Í þingmannanefnd EES eru 24 þingmenn, tólf frá Evrópuþinginu og tólf frá EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES (EFTA-hluti sameiginlegrar þingmannanefndar EES). Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Þingmannanefndin fylgist með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefur álit sitt á EES-málum. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda eftir þörfum. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. EFTA-hluti hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í nefndinni á milli ára.

Þingmannanefnd EES lætur til sín taka á öllum sviðum EES-samstarfsins. Hún tekur ákveðin málefni til skoðunar, skrifar um þau skýrslur og samþykkir ályktanir. Skýrslugerð um mál sem tekið er fyrir er í höndum tveggja framsögumanna, annars úr hópi EFTA-þingmanna og hins úr hópi Evrópuþingmanna. Skýrsla framsögumanna er alfarið á þeirra eigin ábyrgð en nefndin samþykkir venjulega ályktun þegar umfjöllun um málið er lokið. Ályktanir nefndarinnar eru sendar til ráðherraráðs EES, sameiginlegu EES-nefndarinnar, Evrópunefnda þjóðþinga ESB, Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA/EES-ríkja. Þingmannanefndin fylgist náið með því hvernig mál sem hún hefur tekið fyrir þróast og þegar hún telur að framvinda mála sé ófullnægjandi tekur hún þau upp aftur. Nefndin beinir einnig sjónum sínum sérstaklega að áhrifum þjóðþinga EFTA-ríkjanna á EES-samninginn og lagasetningu í tengslum við hann. Fulltrúar ráðherraráðs EFTA og embættismenn stofnana EFTA og ESB mæta á fundi nefndarinnar til að skýra frá framvindu mála og svara spurningum nefndarmanna.

3. Skipan Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Á árinu 2010 skipuðu Íslandsdeild Árni Þór Sigurðsson, formaður, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Valgerður Bjarnadóttir, varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, Jónína Rós Guðmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Þorgerður K. Gunnarsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Björgvin G. Sigurðsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Skúli Helgason, þingflokki Samfylkingarinnar, Vigdís Hauksdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, og Guðlaugur Þór Þórðarson, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Ritari Íslandsdeildar var Stígur Stefánsson, deildarstjóri alþjóðadeildar.

4. Starfsemi Íslandsdeildar.

Íslandsdeild var venju samkvæmt mjög virk í starfi þingmannanefnda EFTA og EES á árinu og lét að sér kveða í öllum helstu málum sem komu til umræðu í nefndunum. Íslandsdeild hélt fjóra fundi á árinu. Þar var starfsemi Íslandsdeildar skipulögð og þátttaka í fundum þingmannanefnda EES og EFTA undirbúin.

Formennska í þingmannanefnd EFTA færist árlega á milli ríkjanna fjögurra og féll Íslandi í skaut á árinu 2010. Árni Þór Sigurðsson var formaður nefndarinnar og þar með einnig annar tveggja formanna þingmannanefndar EES. Stýrði Árni Þór fundum nefndanna og hafði forustu um starf þeirra á árinu.

Alþjóðlega fjármálakreppan og sér í lagi málefni Íslands henni tengd komu ítrekað til umræðu á vettvangi þingmannanefnda EFTA og EES. Þingmenn Íslandsdeildar gerðu erlendum starfssystkinum grein fyrir stöðu endurreisnaráætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og þróun Icesave-máls. Viðbrögð Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, við bankahruninu komu ítrekað til umræðu á vettvangi þingmannanefndarinnar, bæði er varða bráðabirgðaálit stofnunarinnar um gildi hinna svokölluðu neyðarlaga og bráðabirgðaálit varðandi Icesave-málið, lögmæti þess að gera upp á milli innstæðueigenda hérlendis og erlendis samkvæmt EES-samningnum og skyldur íslenskra stjórnvalda til að standa straum af lágmarkstryggingum til innstæðueigenda.

Þá kom aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu ítrekað til tals á fundum nefndanna og gerðu þingmenn Íslandsdeildar grein fyrir þróun umsóknarferlisins.

Á fundi þingmannanefndar EFTA í Reykjavík í júní gekkst Íslandsdeild fyrir sérstakri málstofu um norðurslóðamál. Efnistökin voru þríþætt. Í fyrsta lagi var sjónum beint að milliríkjasamstarfi um norðurslóðamál, einkum á vettvangi Norðurskautsráðsins, og stefnumótun Íslands á þessu sviði. Í öðru lagi var fjallað um hagkerfi norðurskautssvæðisins og möguleg tækifæri samfara aukinni auðlindanýtingu á norðurslóðum, einkum á sviði gas- og olíuvinnslu. Í því sambandi var einnig fjallað um nýjar skipaleiðir sem kunna að opnast við minnkun íshellunnar á norðurskautinu og álitamál því samfara. Í þriðja lagi var gerð grein fyrir aukinni samvinnu og áherslu fræðasamfélagsins á málefni svæðisins innan Háskóla norðurskautsins.

5. Fundir þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu 2010.

Starfsemi nefndanna var með hefðbundnum hætti á árinu 2010. Þingmannanefnd EFTA kom saman til fundar þrisvar sinnum, þar af tvisvar í tengslum við fundi nefndarinnar með ráðherraráði EFTA. Enn fremur átti framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA fundi með þingnefndum í þjóðþingum Albaníu og Serbíu í tengslum við fullgildingu fríverslunarsamninga EFTA við ríkin tvö.

Þingmannanefnd EES kom að venju tvisvar saman til fundar á árinu. Fimm skýrslur voru teknar til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EES og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra.

Hér á eftir er gerð grein fyrir fundum þingmannanefnda EFTA og EES á starfsárinu í tímaröð.

Fundur þingmannanefndar EFTA í Brussel 22.–23. febrúar 2010.

Tveir fundir tengdir þingmannanefnd EFTA fóru fram í Brussel við þetta tækifæri. Annars vegar fundaði þingmannanefnd EFTA og hins vegar áttu norskir, færeyskir og íslenskir þingmenn hádegisverðarfund með hópi þingmanna úr sjávarútvegsnefnd Evrópuþingsins. Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina Árni Þór Sigurðsson, formaður, Valgerður Bjarnadóttir, varaformaður, Þorgerður K. Gunnarsdóttir og Jónína Rós Guðmundsdóttir, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Á meðal dagskrármála fundarins voru pólitísk þróun í aðildarríkjunum, skýrsla nefndar Evrópuþingsins um innri markaðinn og neytendavernd um hindranir í vegi Sviss til fullrar þátttöku í innri markaðnum, staða í fríverslunarviðræðum EFTA við þriðju ríki, staða EFTA-dómstólsins eftir 16 ára starf og loks yfirstandandi endurskoðun á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins.

Í umræðum um stjórnmálaþróun í aðildarríkjunum greindi Árni Þór m.a. frá viðræðum íslenskra stjórnvalda við ríkisstjórnir Bretlands og Hollands um Icesave og þjóðaratkvæðagreiðslunni sem stóð fyrir dyrum 6. mars 2010. Þá greindi hann frá stöðu umsóknar Íslands um aðild að ESB.

Kåre Bryn, framkvæmdastjóri EFTA, flutti framsögu um stöðu fríverslunarviðræðna við þriðju ríki, þ.e. ríki utan EFTA og ESB. Hann sagði hóflegrar bjartsýni gæta um að koma mætti hreyfingu á viðræður í svokallaðri Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, en það mundi fyrst og fremst velta á nýrri viðskiptastefnu Bandaríkjastjórnar sem væri í mótun. Varðandi yfirstandandi tvíhliða fríverslunarviðræður EFTA sagði Bryn að tafir hefðu orðið á viðræðum við Indland í kjölfar kosninganna þar í landi á árinu 2009. Nú færu þær fram af fullum krafti. Hvað Rússland varðar flækti tollabandalag Rússlands við Hvítarússland og Kasakstan sem tók gildi 1. janúar 2010 stöðuna en viðræður stæðu yfir. Saman eru Indland og Rússland langmikilvægustu viðskiptalöndin sem EFTA á í viðræðum við. Af öðrum viðræðum sem stóðu yfir nefndi Bryn Úkraínu og kvaðst vonast til að fríverslunarsamningur yrði tilbúinn til undirritunar seinni hluta árs 2010. Þá hófust fríverslunarviðræður við Hong Kong í janúar 2010 og unnið er að því að koma á viðræðum við Malasíu.

Þá flutti Erik Lindebo, frá stjórnardeild fiskveiða í framkvæmdastjórn ESB, kynningu á yfirstandandi endurskoðun sjávarútvegsstefnu sambandsins. Framkvæmdastjórnin sendi frá sér grænbók um endurskoðun stefnunnar í apríl 2009. Í bókinni dregur framkvæmdastjórnin upp framtíðarsýn og markmið nýrrar sjávarútvegsstefnu og hefur bókin verið grundvöllur frekara samráðs og viðræðna við hagsmunaaðila um endurskoðun stefnunnar. Framkvæmdastjórnin stefnir að því að skila skýrslu um niðurstöðu þeirra viðræðna í mars 2010 og ítarlegum tillögum 2011 en gert er ráð fyrir að hin nýja sjávarútvegsstefna taki gildi í ársbyrjun 2013. Í grænbókinni er viðurkennt að mistekist hafi að ná markmiðum núverandi sjávarútvegsstefnu um sjálfbærar veiðar, stofnar hafi verið gróflega ofveiddir, fiskveiðifloti sambandsríkjanna sé allt of stór, brottkast sé mikið vandamál og niðurgreiðslur til greinarinnar eru bæði of háar og óskilvirkar.

Í umræðum sem fylgdu kynningunni spurðist Árni Þór fyrir um samstarf framkvæmdastjórnarinnar og Evrópuþingsins um endurskoðunina og áhrif þingsins í þessu sambandi.

Valgerður Bjarnadóttir spurðist fyrir hvers væntanlegt mætti um örlög reglunnar um hlutfallslegan stöðugleika í endurskoðuninni en reglan byggist á því að miðað er við reynslu undangenginna ára þegar kvótum á einstökum svæðum er úthlutað. Lindebo svaraði því til að gott samstarf væri við sjávarútvegsnefnd Evrópuþingsins og að umsögn hennar yrði einkar mikilvæg þegar endanlegar tillögur framkvæmdastjórnarinnar verða lagðar fram. Um regluna um hlutfallslegan stöðugleika sagði Lindebo að búist væri við að reglan yrði áfram við lýði en hún yrði þó að skoðast í samræmi við þær endanlegu tillögur sem mótaðar verða um nýja sjávarútvegsstefnu.

Eins og fyrr sagði áttu norsku og íslensku þingmennirnir úr þingmannanefnd EFTA sérstakan hádegisverðarfund með fulltrúum úr sjávarútvegsnefnd Evrópuþingsins. Auk þess sat áheyrnarfulltrúi Færeyja í þingmannanefnd EFTA fundinn. Carl Haglund, varaformaður sjávarútvegsnefndarinnar, var gestgjafi hádegisverðarins en með honum voru Patrao Neves, skýrsluhöfundur nefndarinnar um grænbók framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar, og fjórir aðrir nefndarmenn. Evrópuþingmennirnir greindu fyrst frá breytingum á ákvarðanatökuferli innan ESB eftir gildistöku Lissabonsáttmálans en með sáttmálanum færast fleiri svið, þar á meðal sjávarútvegsstefna, undir svokallað samákvörðunarferli (e. codecision procedure). Í samákvörðunarferlinu hefur Evrópuþingið jafna stöðu á við ráðherraráðið til að móta nýja löggjöf en framkvæmdastjórnin sendir tillögur sínar til beggja stofnana. Neves skýrsluhöfundur sagði að í skýrslu nefndarinnar um endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar yrði væntanlega mælt með því að hverfa frá miðstýrðu fiskveiðistjórnarkerfi alls sambandsins til minni og mismunandi kerfa þar sem hvert svæði ákvæði hvaða kerfi hentaði því best innan ramma sameiginlegrar stefnu og markmiða. Þar sem um staðbundna stofna er að ræða innan fiskveiðilögsögu 2–3 ríkja er eðlilegt að þau ríki sjái um að stjórna nýtingu slíkra stofna.

Fiskveiðikerfi Noregs, Íslands og Færeyja komu nokkuð til umræðu, sérstaklega þegar rætt var um lækkun niðurgreiðslna í sjávarútvegi ESB. Aðildarríkin skiptast í tvær fylkingar þegar að niðurgreiðslum kemur, um helmingur vill afnema þær með öllu með aðlögunartíma en hinn helmingurinn vill halda þeim við lýði í breyttri mynd. Árni Þór sagði Íslendinga löngu hafa afnumið niðurgreiðslur í greininni enda væri sjávarútvegur undirstöðuatvinnugrein sem hagkerfið byggði á. Hann sagðist hlynntur kerfisbreytingum í Evrópu þar sem niðurgreiðslum yrði smám saman hætt enda skekktu þær samkeppnisstöðu gagnvart sjávarútvegi sem ekki nyti slíkra styrkja. Þá væri æskilegt að taka ákvarðanir um stjórn fiskveiða eins nálægt auðlindinni og unnt er og það ætti sérstaklega við um staðbundna fiskstofna.

34. fundur þingmannanefndar EES í Vaduz 29.–30. mars 2010.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundinn Árni Þór Sigurðsson, formaður, Valgerður Bjarnadóttir, varaformaður, Þorgerður K. Gunnarsdóttir og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, auk Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, starfandi ritara Íslandsdeildar. Helstu dagskrármál fundarins voru þróun EES-samningsins, ársskýrsla um framkvæmd EES-samningsins, skýrsla um EES og sameiginlega sjávarútvegsstefnu ESB og skýrsla um svæðisbundið samstarf sveitar- og héraðsstjórna innan EES. Þá voru framsögur varðandi fjármálaþjónustu á EES-svæðinu. Loks var matvælaframleiðandinn Hilcona heimsóttur.

Embættismönnum var boðið á fund nefndarinnar til að ræða þróun og framkvæmd EES-samningsins og eftirfylgni ályktana sem samþykktar voru á undangengnum fundi þingmannanefndar EES. Framsögu höfðu Thomas Näcke frá fastanefnd ESB gagnvart Sviss og Liechtenstein, Nikulás prins í Liechtenstein, formaður fastanefndar EFTA, Lars Olof Hollner frá framkvæmdastjórn ESB og Per Sanderud, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA. Í framsögum

þeirra kom m.a. fram að umsókn Íslands um aðild að ESB hefði valdið nokkurri spennu á milli EFTA-ríkjanna. Í tilefni af því tók Árni Þór Sigurðsson fram að Ísland væri fyllilega skuldbundið EFTA- og EES-samstarfinu og mundi vera það þar til íslenska þjóðin hefði tekið afstöðu til ESB-aðildar í þjóðaratkvæðagreiðslu að aðildarviðræðum loknum.

Töluvert var rætt um skuldbindingar Íslendinga vegna Icesave-reikninganna. Í því sambandi sagði Per Sanderud m.a. að hátt í 50 bankar hefðu kvartað til ESA á þeim grundvelli að Íslendingar virtu ekki reglur innri markaðarins. Það væri hins vegar afstaða ESA að heimilt væri að setja innstæðueigendur framar öðrum kröfuhöfum. Árni Þór sagði að Icesave-deilan hefði vissulega dregist mjög á langinn þrátt fyrir að menn hefðu lagt mikið á sig til að reyna að leysa hana. Íslensk yfirvöld hefðu lýst sig reiðubúin að greiða skuldbindinguna sem slíka, en tekist væri á um skilyrði og vexti auk þess sem lagaleg óvissa væri enn til staðar. Hann nefndi líka tengslin milli Icesave-deilunnar og aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) sem Íslendingar væru mjög óánægðir með og væru ekki samkvæmt leikreglum AGS. Ástandið á Íslandi væri mjög erfitt og afstaða Norðurlandanna sérstaklega væri skaðleg fyrir annars góð samskipti Íslands við þau. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson tók undir með Árna Þór og kvaðst vilja leggja áherslu á að ekki væri rétt að segja að Íslendingar ætluðu að endurgreiða Bretum og Hollendingum þar sem sú afstaða fæli í sér að fjármagn hefði komið til Íslands, en svo hefði ekki verið. Það væri líka ljóst að engin ríkisábyrgð hefði verið á innstæðum. Málið snerist um að íslenska ríkið væri beðið um að bæta ríkisstjórnum Bretlands og Hollands það sem þær hefðu endurgreitt þegnum sínum vegna tapaðs fjár á Icesave-reikningum. Hann sagði að málið allt hefði haft skaðleg áhrif á samskipti Íslands við Bretland og Holland og benti á að margir Íslendingar væru nú andvígir ESB-aðild. Þorgerður K. Gunnarsdóttir tók undir með Árna Þór og Sigmundi Davíð og beindi þeirri spurningu til Per Sanderud hvort einhverjar kvartanir hefðu borist ESA frá íslenskum einkafyrirtækjum eða hvort ESA hygðist skoða samkeppnisaðstöðu á Íslandi sérstaklega, svo sem á tryggingamarkaði. Sanderud svaraði því til að ESA fylgdist vel með stöðu mála á Íslandi en engin kvörtun hefði borist enn. Þá tók Pat the Cope Gallagher fram að engin tengsl væru milli Icesave-málsins og ESB-umsóknar Íslands.

Harry Quaderer og Zuzana Brzobohatá gerðu grein fyrir ársskýrslu um framkvæmd EES-samningsins árið 2009 og lögðu fram drög að ályktun. Í máli þeirra kom m.a. fram að ánægja ríkti með aukið hlutverk þjóðþinga innan ESB samkvæmt Lissabonsáttmálanum. Árni Þór benti á að ráðlegt gæti verið að skoða á næstunni áhrif sáttmálans á aðildarríkin. Þá sagði Svein Roald Hansen að Stórþingið hygðist opna skrifstofu í Brussel á næstunni eins og þing aðildarríkja ESB hafa gert. Að umræðu lokinni var ályktun samþykkt.

Næst var tekin til umræðu skýrsla um svæðasamvinnu innan EES-svæðisins, en Svein Roald Hansen og Indrek Tarand höfðu framsögu um hana. Í máli þeirra kom fram að með samstarfinu mundi skilningur og þekking aukast og samskiptarásir skapast. Árni Þór kvaðst vera afar ánægður með skýrsluna, hann hefði talað fyrir gerð hennar um nokkurra ára skeið og fagnaði því að nú væri kominn formlegur vettvangur fyrir þessi mál. Hann hvatti Svisslendinga til að taka þátt í samstarfinu og ganga til liðs við hin ríkin. Að umræðu lokinni var ályktun á grunni skýrslunnar samþykkt.

Loks var tekin til umræðu skýrsla um endurskoðun á sjávarútvegsstefnu ESB frá sjónarhóli EES. Harald Nesvik og Pat the Cope Gallagher höfðu framsögu um skýrsluna, en hjá þeim kom m.a. fram að afar mikilvægt væri að takast á við ofveiðivandamálið á ESB-svæðinu og að nauðsynlegt væri að endurhugsa sjávarútvegsstefnu ESB frá grunni. Íslandsdeild bar fram tillögu á fundinum um orðalagsbreytingu á hluta ályktunargreinar skýrslunnar þess efnis að í stað þess að þar segði að lögð væri áhersla á að svæðisbundið skipulag skipti ekki

máli fyrir allar fiskveiðar, þar sem t.d. botnfiskur dreifðist yfir mörg svæði, og til væru samningar við þriðju ríki um sameiginlega fiskveiðistjórn, væri tiltekið að „sumar tegundir botnfisks“ dreifðust víða milli svæða. Með þessu vildu Íslendingar leggja áherslu á að ekki væri með öllu útilokað að einhver fiskveiðistjórn á uppsjávarstofnum gæti verið svæðisbundin þar sem það gæti verið mikilvægt fyrir lítil ríki. Töluverðar umræður spunnust um þetta atriði. Valgerður Bjarnadóttir sagði m.a. að eftirfylgni við grænbók ESB væri mjög mikilvæg fyrir Íslendinga. Sjávarútvegsmál yrðu augljóslega gríðarlega mikilvæg í aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið og væru viðkvæm fyrir Íslendinga. Hún fagnaði því að framkvæmdastjórn ESB liti til þekkingar Íslendinga í sjávarútvegsmálum og kvað Íslendinga vera sammála því viðhorfi að aukin svæðisvæðing (regionalisation) í stjórn fiskveiða leiddi til betri nýtingar stofna. Hún benti á að hlutfallslegur stöðugleiki væri mikilvægur fyrir Íslendinga ekki síður en sum aðildarríki ESB og sagði að þrátt fyrir mismunandi aðstæður í sjávarútvegi eftir löndum þyrfti starfsemin að vera á jafnréttisgrundvelli og því væri mikilvægt að losa atvinnugreinina smátt og smátt undan niðurgreiðslum. Loks ítrekaði Valgerður mikilvægi þess að losna við brottkastsskylduna úr sjávarútvegsstefnu ESB. Pat the Cope Gallagher tók undir það og sagði að ekki ætti að þurfa að bíða eftir nýrri sjávarútvegsstefnu ESB til að taka á brottkastinu heldur þyrfti það að gerast strax. Að umræðu lokinni var ályktun á grunni skýrslunnar borin undir atkvæði og samþykkt með breytingartillögu Íslandsdeildar.

Loks komu Katja Gey frá forsætisráðuneytinu í Liechtenstein og Mike Lauber frá fjármálaeftirlitinu í Liechtenstein til fundarins. Þau gerðu grein fyrir ýmsum álitamálum varðandi fjármálaþjónustu og eftirlit með henni á EES-svæðinu, sérstaklega í ljósi fjármálakreppunnar, og svöruðu ýmsum spurningum fundarmanna í framhaldinu.

Fundir þingmannanefndar og ráðherra EFTA auk tengdra funda í Reykjavík 23.–25. júní 2010.

Í tengslum við 50 ára afmælishátíð EFTA í Reykjavík funduðu þingmannanefnd og ráðherra EFTA en auk þess átti þingmannanefndin sameiginlegan fund með ráðgjafanefnd EFTA og eiginlegan nefndarfund. Árni Þór Sigurðsson stýrði fundum nefndarinnar. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina Árni Þór Sigurðsson, formaður, Valgerður Bjarnadóttir, varaformaður, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Á sameiginlegum fundi þingmannanefndar og ráðgjafarnefndar EFTA var sjónum einkum beint að norðurslóðamálum. Þrír gestir ávörpuðu fundinn. Fyrst fjallaði Jónas Allansson frá utanríkisráðuneyti um milliríkjasamstarf um norðurslóðamál, einkum á vettvangi Norðurskautsráðsins, og stefnumótun Íslands á þessu sviði með vísan í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis frá maí 2010. Næst fjallaði Embla Eir Oddsdóttir frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar um hagkerfi norðurskautssvæðisins og möguleg tækifæri samfara aukinni auðlindanýtingu á norðurslóðum, einkum á sviði gas- og olíuvinnslu. Einnig var fjallað um nýjar skipaleiðir sem kunna að opnast við minnkun íshellunnar á norðurskautinu og álitamál því samfara. Loks fjallaði Stefán B. Sigurðsson, rektor Háskólans á Akureyri, um aukna samvinnu og áherslu fræðasamfélagsins á málefni svæðisins innan Háskóla norðurskautsins. Greindi hann jafnframt frá námsbrautum sem í boði eru við Háskólann á Akureyri á þessu sviði, einkum er varðar þjóðarétt tengdan heimskautasvæðunum. Þá var á fundinum kynnt niðurstaða vinnuhópa EFTA um hvort og hvernig bæri að koma ákvæðum um umhverfisvernd og vinnuvernd inn í fríverslunarsamninga samtakanna við svokölluð þriðju ríki utan EFTA og ESB.

Á fundi þingmannanefndar EFTA var fjallað um nýstofnaðan samráðsvettvang sveitar- og svæðisstjórna EFTA, stefnuna Evrópa 2020, störf Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og stjórnmálaþróun í aðildarríkjunum. Tonnie Erik De Koster frá framkvæmdastjórn ESB kynnti Evrópu 2020 sem er stefnumótun ESB um hvernig hefja eigi Evrópu upp úr yfirstandandi efnahagskreppu. Stefnan var samþykkt af leiðtogaráði ESB 17. júní sl. Stefnan er þrískipt: að hagþróun byggist á nýsköpun og þekkingariðnaði; að hagvöxtur verði sjálfbær, þ.e. skilvirkur og umhverfisvænn sem styrki samkeppnisstöðu Evrópu; og að vöxturinn tryggi mikla atvinnusköpun sem stuðli að félagslegum og landfræðilegum jöfnuði. Markmið stefnunnar er m.a. að árið 2020 verði atvinnustig í aldurshópnum 20–64 ára 75%, framlög til rannsókna og þróunar nemi 3% af vergri landsframleiðslu ESB-ríkjanna, losun gróðurhúsalofttegunda hafi minnkað um 20%, menntunarstig álfunnar hækki, bæði með því að minnka brottfall úr framhaldsskólum og auka hlutfall háskólamenntaðra, og að minnsta kosti 20 milljónum Evrópubúa verði lyft upp úr fátækt.

Þá kynnti Per Sanderud, forseti ESA, stöðu mála í störfum eftirlitsstofnunarinnar fyrir þingmannanefndinni, m.a. þeim málum sem snúa að íslenska bankahruninu. Sanderud sagði heildarkröfur vegna hrunsins nema um 80 milljörðum evra og þar af yrði tap kröfuhafa um 70 milljarðar. Bráðabirgðaálit ESA um lögmæti svonefndra neyðarlaga þar sem röð kröfuhafa bankanna var breytt og innstæðueigendur teknir fram fyrir almenna kröfuhafa væri að íslensk stjórnvöld væru í fullum rétti með þá aðgerð. Hins vegar væri það bráðabirgðaálit stofnunarinnar varðandi Icesave-málið að íslenskum stjórnvöldum bæri skylda til að greiða út lágmarksinnstæðutryggingar og það hvernig gert væri upp á milli innlendra og erlendra innstæðueigenda bryti í bága við EES-samninginn. Guðlaugur Þór Þórðarson mótmælti Sanderud og sagði enga mismunun hafa átt sér stað á milli innstæðueigenda eftir þjóðerni. Innlendar innstæður hafi verið ábyrgðar án tillits til þjóðernis innstæðueigenda. Hann gerði jafnframt athugasemd við álit ESA um að íslenska ríkið hefði lögformlega skyldu til að greiða lágmarkstryggingu innstæðueigenda og benti á orðalagsbreytingar í tilskipun ESB um innstæðutryggingar. Sanderud sagði einungis miðað við gildandi lög hvað þetta varðar.

Í umræðu um stjórnmálaþróun í aðildarríkjunum gerði Árni Þór Sigurðsson grein fyrir ákvörðun leiðtogaráðs ESB frá 17. júní 2010 um að hefja aðildarviðræður við Ísland, minnkandi stuðning við ESB-aðild samkvæmt skoðanakönnunum, og vinnu við að koma á fót sameiginlegri þingmannanefnd Íslands og ESB en stofnun slíkra þingmannanefnda er fastur hluti af aðildarviðræðuferli. Þá greindi Árni Þór frá gangi efnahagslegrar uppbyggingar landsins og sagði að þótt mjög erfið verkefni væru framundan væru einnig jákvæð teikn á lofti, hagvöxtur hefði mælst tvo undangengna ársfjórðunga og atvinnuleysi væri minna en búist hefði verið við.

Á sameiginlegum fundi þingmanna og ráðherra EFTA var annars vegar fjallað um þróun í samstarfi EFTA við þriðju ríki og gerð fríverslunarsamninga, og hins vegar um framkvæmd EES-samningsins en það eru fastir dagskrárliðir á slíkum fundum. Fríverslunarsamningum hefur fjölgað ört á undanförnum árum. Á fundinum flutti Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra framsögu um stöðu og horfur fríverslunarsamninga EFTA. Í máli hans kom m.a. fram að fríverslunarsamningur EFTA við Úkraínu hefði verið undirritaður fyrr sama dag og jafnframt að samningur við Perú biði tilbúinn undirritunar. Fleiri fríverslunarsamningar væru í bígerð og væri t.d. unnið að því að hefja viðræður við Rússland, Malasíu og Indónesíu. Auk þess yrði yfirstandandi viðræðum haldið áfram við Indland og Hong Kong. Guðlaugur Þór Þórðarson spurðist fyrir um möguleika á fríverslunarsamningi EFTA við Bandaríkin og svaraði Doris Leuthard, viðskiptaráðherra Sviss, því til að í ljósi þess að Bandaríkjaþing

hefur ekki viljað fullgilda fríverslunarsamning sem stjórnvöld gerðu við Kólumbíu væri mjög á brattann að sækja í samningagerð við Bandaríkin.

Í umræðum þingmanna og ráðherra EFTA um framkvæmd EES-samningsins var nokkuð rætt um áminningarbréf ESA til íslenskra stjórnvalda frá 26. maí 2010 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Ísland væri skuldbundið til að tryggja greiðslu á lágmarkstryggingu í samræmi við tilskipun um innstæðutryggingar til breskra og hollenskra sparifjáreigenda. Íslenskum yfirvöldum var veittur tveggja mánaða frestur til að svara áminningarbréfinu en slíkt bréf er fyrsta skref ESA í samningsbrotamálum. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði bréf ESA hafa slæm áhrif á samningsstöðu Íslands í Icesave-málinu og undarlegt að stofnunin hefði tekið upp hjá sér að senda út slíkt bréf á viðkvæmum tímapunkti. Sigmundur Davíð ítrekaði að Íslendingar væru tilbúnir að greiða það sem eftir stæði þegar bú Landsbankans hefur verið gert upp þrátt fyrir að ekki væri um lagalega skuldbindingu að ræða. Samningar yrðu þó að vera sanngjarnir þannig að gagnaðilinn græddi ekki á þeim. Síðar í EES-umræðunni spurðist Guðlaugur Þór Þórðarson fyrir um stöðu Færeyja sem lýst hafa vilja til að ganga í EFTA. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra svaraði því til að möguleg aðild Færeyinga að EFTA hefði ekki verið rædd á fundi ráðherranna og undirstrikaði að Færeyingar hefðu ekki sótt formlega um aðild að samtökunum.

Fundir sendinefndar þingmannanefndar EFTA í Albaníu og Serbíu í 26.–29. október 2010.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina Árni Þór Sigurðsson, formaður, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Fundirnir í Tirana og Belgrad voru haldnir samfara fullgildingarferli sem stóð yfir á fríverslunarsamningum EFTA við ríkin tvö. Markmið heimsóknarinnar til höfuðborganna tveggja, þar sem rætt var við þingnefndir og stofnanir, var að fjalla um hvernig styrkja mætti viðskiptatengsl EFTA við Albaníu og Serbíu eftir gildistöku samninganna og kynna sér framtíðarstefnu ríkjanna um aðild að Evrópusambandinu.

Á fundunum í Albaníu var einkum fjallað um samskipti EFTA og Albaníu og umsókn Albaníu um aðild að Evrópusambandið sem afhent var í apríl 2009. Einnig var rætt um orkubúskap Albaníu, uppbyggingu vatnsaflsvirkjana og möguleika á að auka vistvæna orkuframleiðslu; áhrif alþjóðlegu fjármálakreppunnar á Albaníu; aðgerðir stjórnvalda í Albaníu til þess að laða að erlenda fjárfestingu; og samstarf Albaníu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Á fundunum í Serbíu var sömuleiðis fjallað um samskipti EFTA og Serbíu og umsókn Serbíu um aðild að Evrópusambandið sem afhent var í desember 2009. Þá var fjallað um stjórnmálaástandið og samskipti ríkja á vestanverðum Balkanskaga og málefni Kósóvó frá sjónarhóli Serba; framkvæmd efnahagsáætlunar Serba og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins; og áhrif kreppunnar í Grikklandi á nágrannaríkin á Balkanskaga.

Fundur þingmannanefndar og ráðherra EFTA auk tengdra funda í Brussel og Genf 22.–23. nóvember, og fundur þingmannanefndar EES í Strassborg 24.–25. nóvember 2010.

Fundur þingmanna og utanríkisráðherra EES/EFTA fór fram í Brussel en fundur þingmanna og ráðherraráðs EFTA, sem af hálfu annarra ríkja en Íslands er skipað viðskiptaráðherrum, fór fram í Genf. Fundur þingmannanefndar EES var haldinn í Evrópuþinginu í Strassborg. Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina Árni Þór Sigurðsson, formaður, Valgerður Bjarnadóttir, varaformaður, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Jónína Rós Guðmundsdóttir, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Á sameiginlegum fundi þingmanna og utanríkisráðherra EES/EFTA í Brussel var einkum rætt um stöðu og rekstur EES-samningsins. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra flutti

framsögu af hálfu ráðherranna og greindi frá því að á haustfundi þeirra hefði helst verið fjallað um Evrópa 2020 stefnu Evrópusambandsins um nýsköpun og hagvöxt í álfunni, löggjöf um sameiginlega markaðinn, og innleiðingu Lissabonsáttmála ESB. Öll hafa þessi mál mikil áhrif á EES, sér í lagi Evrópa 2020 sem er svar ríkja ESB við fjármálakreppunni. Þá greindi Össur frá umræðum á vettvangi EES-ráðsins um stöðu alþjóðamála, þar sem rædd var afstaðan til Rússlands, Kína og Miðausturlanda. Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, sagði það áskorun að viðhalda athygli á EES á meðan ESB einbeitir sér að innleiðingu Lissabonsáttmálans, viðbrögðum við fjármálakreppunni, stöðu evrunnar og stækkunarmálum en bætti við að það tækist bærilega.

Í umræðum sem fylgdu framsögum ráðherranna ræddi Árni Þór Sigurðsson um sjálfbæran orkubúskap sem forsendu hagvaxtar til framtíðar og spurðist fyrir um umræður um orkunýtingu og orkusparnað á vettvangi EES-ráðsins. Össur svaraði því til að sérstaklega hefði verið fjallað um endurnýjanlega orkugjafa og möguleika í Mið-Evrópu til jarðhitanýtingar þar sem sérfræðiþekking Íslendinga gæti nýst. Þorgerður K. Gunnarsdóttir spurðist fyrir um umræðu í Rússlandi um norðurslóðamál og áform Rússa um auðlindanýtingu á norðurskautinu. Støre sagði Norðmenn í forustu um olíu- og gasvinnslu í Norðurhöfum og nefndi vinnslu í Barentshafi í því sambandi. Mest af ónýttum auðlindum eru þó á yfirráðasvæði Rússa sem hafa takmarkaða tækniþekkingu til vinnslu á hafi úti við þær erfiðu aðstæður sem þar ríkja. Stór hluti auðlindanna væri á landi og yrðu þær væntanlega unnar fyrst. Rússar horfðu vissulega til orkunýtingar á svæðinu sem aflvélar hagvaxtar í framtíðinni.

Á sameiginlegum fundi þingmanna og ráðherraráðs EFTA í Genf var einkum fjallað um þróun í samstarfi EFTA við þriðju ríki og gerð fríverslunarsamninga, en það er fastur dagskrárliður á slíkum fundum. Á undanförnum árum hefur tvíhliða eða svæðisbundnum fríverslunarsamningum fjölgað ört vegna lítils árangurs í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). EFTA hefur verið í fararbroddi á þessu sviði og hafa engin ríkjasamtök náð meiri árangri í gerð fríverslunarsamninga að Evrópusambandinu undanskildu. Á fundinum flutti Johann N. Schneider-Ammann, efnahagsráðherra Sviss, framsögu um stöðu og horfur fríverslunarsamninga EFTA. Í máli Schneider-Ammann kom m.a. fram að formlegt viðræðuferli um fríverslun EFTA við Rússland, Hvíta-Rússland og Kasakstan hefði hafist fyrr sama dag. Fríverslunarsamningur við Rússa yrði einn sá mikilvægasti í sögu EFTA en auk þess stæðu yfir samningaviðræður við Indland sem vonast væri til að verði lokið á árinu 2011. Jafnframt stæðu yfir samningaviðræður við Hong Kong auk þess sem í undirbúningi væri að hefja viðræður við Indónesíu, Bosníu og Hersegóvínu og Svartfjallaland. Þá væri unnið að hagkvæmniathugun á fríverslun EFTA og Víetnam en slíkar athuganir eru algengur fyrirboði formlegra samningaviðræðna.

Árni Þór Sigurðsson, formaður þingmannanefndar EFTA, flutti framsögu fyrir hönd nefndarinnar og lagði áherslu á að þingmenn EFTA hefðu á undanförnum árum stutt dyggilega við gerð fríverslunarsamninga samtakanna. Þingmannanefnd EFTA hefur í því skyni beitt sendinefndum og þingmannaheimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð fríverslunarsamninga. Árni Þór spurðist fyrir um hvort ný ákvæði um umhverfisvernd og vinnuvernd, sem kynnt voru á ráðherrafundi EFTA í júní og til stendur að setja inn í fríverslunarsamninga, hefðu verið tekin upp í yfirstandandi samningaviðræðum og hvernig þeim hefði verið tekið. Schneider-Ammann svaraði því til að of snemmt væri að segja nokkuð til um reynsluna af hinum nýju ákvæðum.

Fundur þingmannanefndar EES fór fram í Evrópuþinginu í Strassborg. Helstu dagskrármál fundarins voru þróun og staða EES-samningsins, Evrópa 2020 stefnan, Evrópuár gegn fátækt og viðskiptabann ESB á selaafurðir.

Að vanda var fulltrúum stofnana Evrópusambandsins og ríkisstjórna EES/EFTA-ríkjanna boðið á fund nefndarinnar til að fjalla um EES-samninginn. Nikulás Hannigan, varafastafulltrúi Íslands gagnvart Evrópusambandinu, flutti framsögu fyrir hönd formennsku sameiginlegu EES-nefndarinnar og EES-ráðsins. Hann sagði EES-samninginn virka vel og að hraði innleiðingar EES-gerða í EES/EFTA-ríkjunum væri vel viðunandi. Gianluca Grippa frá framkvæmdastjórn ESB sagði að enn þyrfti að finna lausn á útistandandi málum varðandi innstæðutryggingar á EES. Hann ræddi líka aðildarumsókn Íslands að ESB og gerði stuttlega grein fyrir fyrstu framvinduskýrslu framkvæmdastjórnarinnar í því sambandi sem væri jákvæð. Þá væri Noregur að gera sína eigin stóru úttekt á virkni EES og það gæfi tilefni til viðræðna um hvernig gera mætti samstarfið skilvirkara. Per Sanderud, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), gerði grein fyrir helstu málum á borði stofnunarinnar, m.a. gagnvart Íslandi í kjölfar bankahrunsins. Íslensk stjórnvöld hefðu frest til 6. desember 2010 til að svara bráðabirgðaáliti ESA varðandi Icesave-málið um það hvernig gert var upp á milli innlendra og erlendra innstæðueigenda bryti í bága við EES-samninginn. Þá væri í athugun hvort ESA hæfi formlega rannsókn á endurfjármögnun íslensku bankanna.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir var höfundur skýrslu um Evrópa 2020 stefnuna og nýsköpun á EES ásamt Evrópuþingmanninum Paul Rübig. Í framsöguræðu sinni lagði Þorgerður áherslu á að við niðurskurð til þess að bregðast við fjármálakreppunni bæri að forðast að skera niður framlög til rannsókna og þróunar sem væru forsenda þekkingarþjóðfélags og hagvaxtar til langframa. Framlög til þessara mála væru umtalsvert lægri í Evrópu en í Bandaríkjunum og Japan og að markmið Evrópa 2020 stefnunnar um að 3% af vergri landsframleiðslu (VLF) álfunnar yrði varið til þróunar og rannsókna árið 2020 mundi skapa 3,7 milljónir nýrra starfa. Þorgerður kvað framlög á Íslandi til þróunar og rannsókna hafa náð 3% af VLF fyrir bankahrun en síðan þá hefðu þau því miður dregist saman. Loks bentu Þorgerður og norski þingmaðurinn Svein Roald Hansen á að ein leið til að auka hagvöxt í Evrópu væri að auka atvinnuþátttöku kvenna. Atvinnuþátttaka kvenna á Norðurlöndum væri sú mesta sem þekktist og en þar fælist stefna stjórnvalda í fjölskyldumálum m.a. í því að skapa skilyrði sem gerðu samþættingu fjölskyldulífs og þátttöku á vinnumarkaði mögulega.

Sérstök vinnuskýrsla var lögð fram að frumkvæði Norðmanna um bann ESB við verslun með selaafurðir. Norsk stjórnvöld hafa mótmælt banninu harðlega og kvartað til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar yfir því sem þau telja brot ESB á alþjóðlegum viðskiptareglum. Í umræðu um málið lögðu Þorgerður K. Gunnarsdóttir og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson áherslu á rétt þjóða til þess að nýta náttúruauðlindir sínar og sögðu það skjóta skökku við að Evrópuþingið gagnrýndi Norðmenn sem stunda sjálfbærar selveiðar og byggja veiðikvóta á nákvæmum vísindarannsóknum á stærð selastofna. Þá væri það ekki þingsins að taka sér vald til þess að ákveða hvaða dýraveiðar væru siðlegar og hverjar ekki, og að ekki mætti láta tilfinningar kæfa almenna skynsemi sem hlyti að samþykkja sjálfbæra og ábyrga nýtingu dýrastofna.

6. Ályktanir þingmannanefndar EES árið 2010.

- Ályktun um ársskýrslu um framkvæmd EES-samningsins árið 2009, samþykkt í Vaduz 29. mars 2010.
- Ályktun um EES og sameiginlega sjávarútvegsstefnu ESB, samþykkt í Vaduz 29. mars 2010.
- Ályktun um EES og svæðasamvinnu, samþykkt í Vaduz 29. mars 2010.

– Ályktun um Evrópu 2020: Nýsköpun og EES, samþykkt í Strassborg 25. nóvember 2010.
– Ályktun um Evrópuár 2010 í baráttu gegn fátækt, samþykkt í Strassborg 25. nóvember 2010.

Alþingi, 9. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form. Valgerður Bjarnadóttir, varaform. Jónína Rós Guðmundsdóttir..

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

997. Svar [497. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um hlutdeild norræns og bandarísks sjónvarpsefnis í dagskrá RÚV.

Fyrirspurnin var send Ríkisútvarpinu og hafa eftirfarandi svör borist þaðan.

1. *Hver hefur verið hlutdeild sjónvarpsefnis frá Norðurlöndum sl. 5 ár í dagskrá RÚV, sundurliðað eftir löndum, og hver hefur þróunin verið með bandarískt efni á sama tímabili?*

Í meðfylgjandi töflu má sjá skiptinguna en hvert tímabil er tólf mánuðir utan eitt sem er eingöngu fimm mánuðir, þ.e. frá 1.4.–31.8. 2007. Ástæðan fyrir því er að formbreyting varð á rekstri RÚV 1. apríl 2007, en þá var einnig skipt um reikningsár sem nú er 1. september til 31. ágúst ár hvert.

	1.1.–31.12. 2006	**1.4.–31.8. 2007**	**1.9.2007–31.8.2008**	**1.9.2008–31.8.2009**	**1.9.2009–31.8.2010**
Danmörk	3,4%	2,3%	3,4%	4,8%	3,2%
Noregur	0,7%	0,6%	0,5%	0,6%	2,4%
Svíþjóð	2,1%	1,6%	1,3%	1,2%	1,5%
Finnland	0,9%	1,9%	0,4%	0,5%	0,4%
Samtals án Ísl.	7,1%	6,4%	5,6%	7,1%	7,5%
Ísland	49,4%	40,1%	39,4%	44,6%	50,7%
Samtals norrænt	56,5%	46,5%	45,0%	51,7%	58,2%
Bandaríkin	27,8%	30,4%	28,1%	28,0%	26,1%

2. *Hver var innkaupskostnaður þess norræna dagskrárefnis (hlutdeild 7,5%) sem RÚV sýndi á síðasta ári?*

RÚV getur af samkeppnisástæðum því miður ekki veitt umbeðnar upplýsingar. Þó má benda á að samanburður á innkaupskostnaði norræns og bandarísks efnis gæfi ekki marktækan samanburð. Kemur þar margt til. Verðlagning á dagskrárefni fyrir sjónvarp er háð því hvaða tegund efnis er verið að bjóða. Að öllu jöfnu er leikið efni mun dýrara en fræðsluefni. Norræna efnið er mjög fjölbreytt að gerð, þ.e. efnið getur verið leikið efni eða það tengist menningu, fræðslu eða skemmtun en bandaríska efnið er nær undantekningarlaust leiknar

þáttaraðir eða kvikmyndir og þar af leiðandi er það hlutfallslega mun dýrara á útsenda klukkustund. Við þetta bætist að RÚV á í miklum gagnkvæmum samskiptum við norrænu ríkisstöðvarnar sem felast m.a. í kaupum, skiptum eða samframleiðslu á dagskrárefni. Sem dæmi má nefna að RÚV lagði töluvert til við framleiðslu á dönsku þáttaröðinni Erninum, þeim þáttum sem teknir voru upp á Íslandi, en það framlag kemur ekki fram í innkaupsverði þáttanna. Viðskipti við norrænu sjónvarpsstöðvarnar eru því með allt öðrum hætti en bandarísk fyrirtæki þar sem efni er eingöngu keypt á mörkuðum.

3. *Hvert var áhorfið á eftirtalda norræna þætti á síðasta ári: Glæpurinn 2 (Forbrydelsen 2), Hvaleyjar (Hvaler), Berlínaraspirnar (Berlinpoplene), Ljósmæðurnar (Barnmorskorna) og Himinblámi (Himmelblå)?*

Meðaláhorfið á þáttaraðirnar árið 2010 var með eftirfarandi hætti:

Þáttaröð	**Meðaláhorf %**
Glæpurinn II (Forbrydelsen II)	21,4%
Hvaleyjar (Hvaler)	20,8%
Berlínaraspirnar (Berlinerpoplene)	13,7%
Ljósmæðurnar (Barnmorskorna)	16,7%
Himinblámi (Himmelblå)	24,9%

4. *Hver var innkaupskostnaður þess bandaríska dagskrárefnis (hlutdeild 26,1%) sem RÚV sýndi á síðasta ári?*

Sjá svar við 2. tölul.

5. *Hvert var áhorfið á eftirtalda bandaríska þætti á síðasta ári: Ljóta Betty (Ugly Betty), Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives), Bræður og systur (Brothers and Sisters), Lífsháski (Lost), Sporlaust (Without a Trace), Læknamiðstöðin (Private Practice), Bráðavaktin (ER), Skólaklíkur (Greeks), Að duga eða drepast (Make it or Break it), Leitandinn (Legends of the Seekers) og Castle (Castle)?*

Meðaláhorfið árið 2010 var með eftirfarandi hætti:

Þáttaröð	**Meðaláhorf %**
Ljóta Betty (Ugly Betty)	15,6%
Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives)	19,6%
Bræður og systur (Brothers and Sisters)	16,9%
Lífsháski (Lost)	11,9%
Sporlaust (Without a Trace)	20,7%
Læknamiðstöðin (Private Practice)	16,3%
Bráðavaktin (ER)	18,2%
Skólaklíkur (Greek)	12,4%
Að duga eða drepast (Make It or break it)	13,9%
Leitandinn (Legend of the Seeker)	10,0%
Castle (Castle)	16,0%

6. Áformar RÚV að sýna meira af norrænu efni en verið hefur hin síðari ár?

RÚV hefur lagt áherslu á að sýna sjónvarpsefni á norrænum málum og samkvæmt þjónustusamningi RÚV og mennta- og menningarmálaráðuneytisins skal það að lágmarki vera 5% af útsendu efni en á síðasta rekstrarári var það töluvert meira eða 7,5%. Á síðustu árum hefur framboð á fjölbreyttu norrænu gæðaefni aukist mikið en þetta efni endurspeglar vel norrænan veruleika. Eins og svar við 1. tölul.ber með sér hefur RÚV fylgt eftir auknu framboði á gæðaefni frá Norðurlöndunum og aukið hlut norræns efnis í dagskrá sinni. Vonandi verður framhald á þessari þróun. Mikið áhorf á leikið norrænt efni og heimildarmyndir staðfestir að almenningur vill horfa á þættina. Fyrir síðustu jól sýndi RÚV einnig norska jóladagatalið frá NRK.

998. Nefndarálit [547. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Björn Þór Hermannsson frá velferðarráðuneyti, Sigurð Erlingsson, Gunnhildi Gunnarsdóttur og Sigurð Jón Björnsson frá Íbúðalánasjóði, Guðmund Jónsson og Lindu K. Björgvinsdóttur frá Fjármálaeftirlitinu og Jónas Þórðarson frá Seðlabanka Íslands. Umsagnir bárust frá Búseta á Norðurlandi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambandi Íslands, Búseta sf. og Búmönnum, Fjármálaeftirlitinu, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Hagsmunasamtökum heimilanna og Samtökum atvinnulífsins.

Með frumvarpinu er lagt til að við lög um húsnæðismál bætist við ákvæði til bráðabirgða sem heimili Íbúðalánasjóði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að færa niður fasteignaveðlán einstaklinga til samræmis við 110% af verðmæti íbúðarhúsnæðis. Frumvarpið er til samræmis við samkomulag ríkisstjórnarinnar við lánastofnanir og lífeyrissjóði sem gert var í desember 2010. Séu veðkröfur Íbúðalánasjóðs aftast í veðröð íbúðalána sem hvíla á fasteign lántaka skal sækja um niðurfærslu til Íbúðalánasjóðs, enda skal lántaki samkvæmt samkomulaginu snúa sér til lánveitanda þess íbúðaláns sem er á aftasta veðrétti.

Nefndin hefur fjallað um málið. Þau atriði sem fengu mesta umfjöllun í meðförum nefndarinnar voru tekjuviðmið lántaka sem óska eftir úrræðinu og fríeignarmark þeirra, skattaleg meðferð niðurfærslu, úrræði fyrir húsnæðissamvinnufélög og aðra lögaðila, afskriftaþörf Íbúðalánasjóðs og eftirlit með sjóðnum.

Tekjuviðmið og fríeignarmark einstaklinga.

Í 3. gr. samkomulags lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila er kveðið á um hvernig reikna skuli tekjur lántaka við beitingu úrræðisins. Þar er sett fram sú regla að hafi lántaki ekki haft neinar launatekjur á árinu 2010, t.d. vegna náms, skal miða við að lágmarkstekjur heimilis séu ekki lægri en sem svarar grunnatvinnuleysisbótum sem eru nú 149.523 kr. á mánuði að viðbættum 8.395 kr. á mánuði fyrir hvert barn á heimilinu yngra en 18 ára. Til að tryggja að ákvæðið sé til samræmis reglunum leggur meiri hlutinn til breytingu á frumvarpinu sem miðar að því að lögfesta þetta viðmið fyrir þá sem ekki hafa haft launatekjur á árinu 2010.

Í 2. gr. samkomulagsins kemur m.a. fram að ef veðrými er á aðfararhæfum eignum lækkar niðurfærsla veðskulda sem því nemur. Sambærilega reglu er að finna í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Þar sem laun eru ekki aðfararhæf eign hefur þó verið gerð sú undantekning að líta fram hjá innstæðu á launareikningi sem svarar til tveggja útborgaðra mánaðarlauna. Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að mikilvægt væri að auki að veita fríeignarmark þegar metið væri hvaða eignir teljast aðfararhæfar eignir og koma til lækkunar niðurfærslu veðskuldar. Var nefndinni m.a. kynnt að aðrir aðilar samkomulagsins teldu rétt að líta fram hjá eignum fyrir neðan einhverja lágmarksfjárhæð eða lágmarksveðrými á bilinu 500 þús. kr. til 3 millj. kr.

Meiri hlutinn áréttar að frumvarpinu er ætlað að lögfesta Íbúðalánasjóði heimild til niðurfærslu lána í samræmi við samkomulagið. Framangreint fríeignarmark er ekki hluti af því samkomulagi auk þess sem afskriftaþörf sjóðsins hefur verið metin út frá samkomulaginu og fyrirliggjandi frumvarpi. Ljóst er að Íbúðalánasjóður hefur ekki afskriftarými eins og sumir aðrir aðilar samkomulagsins. Meiri hlutinn telur að ekki sé unnt að réttlæta það að setja með þessum hætti fríeignarmark vegna annarra eigna lántaka umfram það sem getur í samkomulaginu og veldur beinum fjárútlátum úr ríkissjóði.

Skattaleg meðferð.

Bent var á að þess er ekki getið sérstaklega í frumvarpinu að niðurfærsla lána samkvæmt frumvarpinu myndar ekki stofn til tekjuskatts. Meiri hlutinn áréttar að með lögum nr. 104/2010 var bætt við tekjuskattslög, nr. 90/2003, tveimur ákvæðum til bráðabirgða er varða skattalega meðferð á eftirgjöf skulda. Í ákvæði til bráðabirgða XXXVII við tekjuskattslögin er því kveðið á um að eftirgjöf veðskulda vegna greiðsluerfiðleika sem ákveðin er á árunum 2009–2011 teljist ekki til skattskyldra tekna að hámarki samtals 15 millj. kr. hjá einstaklingi og 30 millj. kr. hjá hjónum og samsköttuðum. Hafi einstaklingur eða hjón þegar fengið niðurfærslu skulda vegna annarra greiðsluvandaúrræða fellur sú niðurfærsla ekki undir framangreindar viðmiðunarfjárhæðir enda segir í nefndaráliti efnahags- og skattanefndar um breytinguna:

„Nefndin bendir á að frumvarpið sé viðbótarúrræði og rýri í engu þann rétt sem aðilar utan atvinnurekstrar hafa samkvæmt gildandi reglum vegna skattalegrar meðferðar á eftirgjöf skulda.“ (Þskj. 1429, 659. mál, 138. þing.)

Úrræði fyrir húsnæðissamvinnufélög og aðra lögaðila.

Nefndin ræddi vanda lögaðila en margir af þeim lögaðilum sem eru í viðskiptum við Íbúðalánasjóð eru í greiðsluvanda og þurfa úrlausn á honum. Fyrirliggjandi frumvarp tekur einungis til niðurfærslu yfirveðsettra íbúðalána einstaklinga en Íbúðalánasjóður hefur þó heimildir til frystingar lána lögaðila auk þess sem honum er heimilt að afskrifa af lánum þeirra eftir að hafa borið afskriftina undir velferðarráðherra og Ríkisendurskoðun. Meiri hlutinn telur mikilvægt að slíkar afskriftir séu þó ekki gerðar með almennum hætti heldur sé unnið heildstætt úr greiðsluvanda og litið m.a. til skuldaþols, rekstrarvirðis, nýtingar, rekstrs, leigusamninga og hagræðingarmöguleika. Nefndinni hefur verið kynnt að vinna sé hafin við að skoða leiðir til að vinna úr greiðsluvanda fyrirtækja og fyrirhugað er m.a. að skoða vel stöðu þeirra með tilliti til framangreindra þátta. Meiri hlutinn telur því ekki tímabært að skoða lagabreytingar að sinni hvað þennan þátt varðar.

Kynnt voru sjónarmið þess efnis að til að gæta jafnræðis væri rétt að færa niður lán húsnæðissamvinnufélaga á sama hátt og lán annarra. Bent var á að félagsmenn í húsnæðissamvinnufélögum ættu í sömu erfiðleikum og einstaklingar á almennum markaði. Meiri hlutinn

áréttar að frumvarpið tekur einungis til íbúðalána einstaklinga. Húsnæðissamvinnufélög eru lögaðilar með rekstur og til að jafnræðis sé gætt er rétt að um þá gildi sömu reglur og um aðra lögaðila. Félögin eru eigendur íbúðanna og lántakendur í þessum tilvikum en ekki þeir einstaklingar sem keypt hafa búseturétt. Meiri hlutinn leggur áherslu á að við úrvinnslu greiðsluvanda lögaðila verði horft heildstætt á málin og fram fari mat hverju sinni. Með vísan til títtnefndrar jafnræðisreglu verður heldur ekki séð að hægt sé að taka húsnæðissamvinnufélög og beita á þau almennum aðgerðum án þess að gera slíkt hið sama fyrir aðra aðila, svo sem leigufélög, verkamannaíbúðir, byggingaraðila og félagslegar íbúðir.

Eftirlit með Íbúðalánasjóði.

Nefndin ræddi sérstaklega eftirlit með Íbúðalánasjóði. Fjármálaeftirlitið hefur ekki eftirlit með sjóðnum á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, heldur er kveðið á um það í 27. gr. laga um húsnæðismál. Greinin hljóðar svo:

„Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirlit með því að starfsemi Íbúðalánasjóðs sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eftir því sem við á.“

Fjármálaeftirlitið benti nefndinni á að mun víðtækara eftirlit fengist með sjóðnum væri hann skilgreindur sem lánafyrirtæki á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki enda sé grundvöllur þeirra laga að tryggja að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa, stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi. Seðlabanki Íslands kynnti nefndinni sambærileg sjónarmið og ítrekaði þá afstöðu sína að starfsemi Íbúðalánasjóðs ætti að falla undir lög um fjármálafyrirtæki m.a. í ljósi þeirra miklu umsvifa sem Íbúðalánasjóður hefur og margvíslegrar áhættu sem tengist þeim.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að nánara eftirlit verði haft með sjóðnum og beinir þeim tilmælum til velferðarráðuneytis að leita leiða til að tryggja slíkt eftirlit með því m.a. að skoða það að fella sjóðinn undir lög um fjármálafyrirtæki. Slíkt mundi auka aðhald með starfsemi sjóðsins.

Afskriftaþörf sjóðsins.

Í fjáraukalögum fyrir árið 2010 var veitt heimild til að efla eiginfjárstöðu sjóðsins um allt að 33 milljarða kr. Framlagið var byggt á mati á fjárþörf sem fundin var út með notkun reiknilíkans sem byggðist á stöðu lánasafnsins 1. janúar 2010 og átti heimildin að ná til afskriftaþarfar sjóðsins árin 2010–2013. Íbúðalánasjóður kynnti nefndinni nýja útreikninga miðað við stöðu lánasafnsins um áramót. Ljóst er af fyrirliggjandi gögnum að lánasafn sjóðsins hefur versnað nokkuð og vanskil bæði einstaklinga og lögaðila aukist á síðasta ári. Samkvæmt nýrri fjárhagsáætlun sjóðsins og kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis gæti afskriftaþörf sjóðsins árin 2011–2013 orðið rúmlega 48 milljarðar kr. Vegur þar þyngst að í fyrri áætlun var gert ráð fyrir 12 milljarða kr. afskriftum vegna niðurfærslu lána samkvæmt 110% leiðinni en ný áætlun hljóðar upp á 21,8 milljarða kr. afskriftir. Þar af er áætluð nettóaukning afskrifta 14,8 milljarðar kr. enda er gert ráð fyrir að hefði úrræðið ekki komið til hefði sjóðurinn þurft að afskrifa um 7 milljarða kr. hjá einstaklingum á næstu þremur árum. Endanlegar tölur um afskriftaþörf vegna frumvarpsins munu þó ekki liggja fyrir fyrr en seint á þessu ári. Þá er ekki ljóst á þessu stigi málsins hversu mikið ríkissjóður mun þurfa að leggja sjóðnum til vegna annarra afskrifta. Meiri hlutinn telur mikilvægt að nefndin fylgi málinu eftir og kalli sjóðinn og velferðarráðuneytið á sinn fund í haust þegar línur fara að skýrast varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins.

Auk þeirrar breytingar sem gerð hefur verið grein fyrir leggur meiri hlutinn til nokkrar breytingar á texta til leiðréttingar auk þess sem lögð er til breyting sem miðar að því að gæta samræmis við önnur ákvæði laganna en rétt þykir að tiltaka sérstaklega að heimildin eigi við um veðkröfur vegna lána sem veitt voru með ábyrgð varasjóðs viðbótarlána.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

a. Við 3. málsl. 1. efnismgr. bætist: sem og veðkröfur vegna lána sem veitt voru með ábyrgð varasjóðs viðbótarlána.
b. Við 4. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi lántaki ekki haft neinar launatekjur á árinu 2010, t.d. vegna náms, skal miða við að lágmarkstekjur heimilis séu ekki lægri en sem svarar grunnatvinnuleysisbótum sem eru nú 149.523 kr. á mánuði að viðbættum 8.395 kr. á mánuði fyrir hvert barn á heimilinu yngra en 18 ára.
c. Í stað orðanna „samkvæmt ákvæði þessu“ í 1. málsl. 5. efnismgr. komi: skv. 4. mgr.
d. Í stað orðsins „kröfunnar“ í 1. málsl. 5. efnismgr. komi: íbúðalána.

Ásmundur Einar Daðason, Lilja Rafney Magnúsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. mars 2011.

Ólafur Þór Gunnarsson, varaform., frsm. Magnús Orri Schram. Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Guðmundur Steingrímsson. Þórunn Sveinbjarnardóttir.

999. Nefndarálit [298. mál]

um frv. til l. um stjórn vatnamála.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Auði Arnardóttur og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Kristínu L. Árnadóttur, Heiðrúnu Guðmundsdóttur og Kjartan Ingvarsson frá Umhverfisstofnun, Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur, stjórnsýslufræðing og lektor við Háskóla Íslands, Guðjón Bragason og Lúðvík E. Gústafsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Þorstein Narfason frá samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi.

Þá bárust umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vegagerðinni, Landsvirkjun, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Brunamálastofnun, Landssambandi veiðifélaga, Landvernd, Landgræðslu ríkisins, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Orkuveitu Reykjavíkur, Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Veiðimálastofnun, Veðurstofu Íslands, Fiskistofu,

Íslenskum orkurannsóknum, Reykjavíkurborg, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Samorku, Skipulagsstofnun, Hafrannsóknastofnuninni, Landmælingum Íslands og Orkustofnun.

Markmið frumvarpsins.

Markmið frumvarpsins er að kveða á um verndun vatns, hindra að vatnsgæði rýrni og bæta ástand vistkerfa vatna sem og þurrlendis- og votlendisvistkerfa sem tengjast þeim að vatnsbúskap, til að tryggja að vatn njóti heildstæðrar verndar. Einnig er frumvarpinu ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem byggist á langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Með frumvarpinu eru innleiddar tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnamálum, nr. 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu, nr. 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfisgæðastaðla á sviði vatnastjórnunar og nr. 2009/90/EB frá 31. júlí 2009 um tæknilegar skilgreiningar á efnagreiningum og vöktun á vatni.

Þau atriði frumvarpsins sem nefndin fjallaði mest um voru stjórnsýsla vatnamála, vatnaráð og hlutverk þess, kostnaður við ráðstafanir sem frumvarpinu fylgja og nytjareglan, samspil vatnaáætlunar við aðrar áætlanir, hlutverk sveitarfélaga og annarra stofnana og réttaráhrif vatnaáætlunarinnar.

Vatnaáætlun og skilgreiningar.

Að mati nefndarinnar er heitið „vatnastjórnunaráætlun“ óþjált og langt en lýsir þó ekki inntaki áætlunarinnar nema að hluta. Nefndin leggur því til að heitinu verði breytt í „vatnaáætlun“ til einföldunar. Nefndin bendir á að í frumvarpinu er fjallað um stjórn vatnamála en ekki stjórnun vatna. Í áætlun þeirri sem um ræðir er einkum kveðið á um skipulag og aðgerðir til verndar og eftirlits en ekki stjórnsýslu. Er það skoðun nefndarinnar að breytt heiti dragi úr hættu á misskilningi, enda er nú ekki til nein „vatnaáætlun“.

Í frumvarpinu er á nokkrum stöðum fjallað um hagsmunaaðila og frjáls félagasamtök. Það er skilningur nefndarinnar að hugtakið hagsmunaaðili sé oft á tíðum túlkað þröngt og jafnvel þannig að eingöngu sé átt við aðila sem eigi lögvarinna hagsmuna að gæta. Nefndin leggur til að með breytingum á frumvarpinu verði ljóst að þegar þar er rætt um hagsmunaaðila er einnig átt við félagasamtök á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar. Þetta á við um 8., 9., 19. og 29. grein frumvarpsins.

Í 1., 2., 10. og 25. gr. frumvarpsins er fjallað um tiltekin vistkerfi sem falla undir gildissvið frumvarpsins. Að mati nefndarinnar er textinn og lýsing á vistkerfunum ónákvæm og telur nefndin að ástæðu þess sé að finna í orðalagi íslenskrar þýðingar vatnatilskipunarinnar. Leggur nefndin því til breytingar til skýringar á ákvæðinu. Auk vatnavistkerfa er átt við vistkerfi þurrlendis og votlendis sem eiga hag sinn undir sama vatni og vatnavistkerfin, sbr. lífríki á bökkum ár eða stöðuvatns, eða í mýrum og flóum sem tengjast ám og vötnum.

Í umsögnum voru gerðar ýmsar athugasemdir við skilgreiningar í 3. gr., og leggur nefndin til breytingar á nokkrum þeirra til fyllri skýringar og málfarsbóta. Einn skilgreiningarliðurinn, hinn 17., reyndist óþarfur.

Stjórnsýsla vatnamála.

Í umsögnum var þeirri athugasemd komið á framfæri að samkvæmt frumvarpinu væri stjórnsýslan flókin og þung í vöfum. Nefndin bendir á að rauði þráðurinn í tilskipun bandalagsins um aðgerðaramma um stefnu í vatnamálum er samvinna. Mikil áhersla er lögð á að allir sem hafa með vatn að gera komi að vinnu við áætlunargerðina allt frá byrjun og að sam-

staðan sé sem mest. Það er ástæðan fyrir því að frumvarpið kveður á um tiltekin hlutverk allra aðila við gerð vatnaáætlunar. Skilningur nefndarinnar er jafnframt að reynt verði að ná sem allra mestri sátt um vatnaáætlun. Einkum er mikilvægt að sveitarfélögin hafi sem mest áhrif á starfið þar sem sveitarfélögin þurfa einkum að vinna eftir þeim áætlunum sem frumvarpið kveður á um og eiga mest undir því að vel takist til.

Vatnaráð.

Nefndin fjallaði nokkuð um hlutverk og skipan vatnaráðs. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að yfirstjórn vatnsverndar á landsvísu sé í höndum umhverfisráðherra en vatnaráð sé lægra sett stjórnvald sem heyri undir ráðherra. Að mati nefndarinnar gengur þessi skilningur ekki upp. Samkvæmt frumvarpinu gerir vatnaráð tillögur til ráðherra um vatnaáætlun en í lokin er það alltaf ráðherra sem tekur ákvörðun og ber hina pólitísku ábyrgð. Það er skilningur nefndarinnar að vatnaráð taki við tillögum Umhverfisstofnunar og segi álit sitt á þeim, og sé ráðherra með þeim hætti til ráðgjafar við endanlega ákvörðun. Til álita kom í nefndinni að leggja til að ákvæðið um vatnaráð yrði fellt brott til að einfalda stjórnsýsluna. Við nánari skoðun varð niðurstaða nefndarinnar að vatnaráð væri heppilegt til að tryggja samráð og upplýsingadreifingu á síðustu stigum áætlunargerðarinnar, ekki síst þar sem þar koma saman fulltrúar stjórnsýslustiganna beggja. Er það í samræmi við áherslur tilskipunarinnar og þá „samhentu stjórnsýslu“ sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Til að skýra stöðu vatnaráðs leggur nefndin til breytingar á þann veg að brott falli ákvæði um að afl atkvæða ráði úrslitum mála á fundum vatnaráðs enda er ráðið ekki stjórnvald sem tekur ákvarðanir. Einnig leggur nefndin til breytingar á orðalagi um hlutverk ráðsins til áréttingar á því að það er ráðherra til ráðgjafar.

Til að koma til móts við athugasemdir, m.a. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, um kostnað sem leiði af hinni nýju skipan leggur nefndin til að vatnaráði verði einnig falið það hlutverk að fylgjast með því hvernig markmiðum laganna er náð og meta kostnað sem af þeim hlýst fyrir ríki, sveitarfélög, atvinnufyrirtæki og almenning miðað við þann ábata sem verkið skilar. Í því skyni skili ráðið reglulega skýrslu til ráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samspil vatnaáætlunar og annarra áætlana.

Umsagnaraðilar gerðu athugasemdir við að í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Umhverfisstofnun beri að hafa til hliðsjónar áætlanir opinberra aðila á landsvísu þegar hún vinnur tillögur sínar að vatnaáætlun. Með því er leitast við að tryggja að horft sé heildstætt á þær áætlanir við gerð vatnaáætlunarinnar. Ákvæðið virðist hins vegar ekki gera ráð fyrir því að hafðar séu til hliðsjónar áætlanir annarra aðila en opinberra, svo sem fyrirtækja í orkuiðnaði eða ferðaþjónustu. Að mati nefndarinnar eiga þessar athugasemdir rétt á sér. Mikilvægt er að Umhverfisstofnun hafi sem flestar áætlanir til hliðsjónar, ekki eingöngu áætlanir opinberra aðila, og leggur nefndin því til breytingu á 2. mgr. 7. gr. þannig að nefnd séu dæmi um áætlanir sem taka þarf tillit til aðrar en hinar opinberu.

Við umfjöllun nefndarinnar komu fram athugasemdir um samspil vatnaáætlunar við aðrar áætlanir og þá einkum verndar- og nýtingaráætlanir. Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að vatnaáætlun stangist ekki á við aðrar áætlanir heldur sé fullt samræmi þar á milli. Leggur nefndin því til að fram komi í bráðabirgðaákvæði að Umhverfisstofnun skuli hafa samráð við verkefnisstjórn við gerð verndar- og nýtingaráætlunar samkvæmt væntanlegum lögum um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða. Með þessari breytingu er tryggt að samræmi verði á milli vatnaáætlunar annars vegar og verndar- og nýtingaráætl-

unar vegna fallvatna og jarðhita hins vegar. Nefndin bendir jafnframt á að skynsamlegt væri að setja hliðstætt ákvæði í frumvarpið um verndar- og nýtingaráætlunina.

Hlutverk sveitarfélaga og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um hlutverk sveitarfélaga og segir að þau skuli vera Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra. Í umsögn var þeirri athugasemd komið á framfæri að í raun sjái sveitarfélögin sem slík ekki um eftirlit heldur heilbrigðisnefndir sveitarfélaga sem eru sjálfstætt stjórnvald þótt þær heyri undir sveitarfélögin. Nefndin leggur til breytingar þannig að fram komi í textanum að það séu ekki eingöngu sveitarfélög sem eru Umhverfisstofnun til aðstoðar heldur einnig heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Hlutverk rannsóknarstofnana.

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um hlutverk rannsóknastofnana. Í lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, kemur skýrt fram að hlutverk stofnunarinnar er að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands og að stofnunin á einnig aðgang að vísindalegum upplýsingum sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfssvið hennar. Samkvæmt lögum er skylt að varðveita skýrslur íslenskra og erlendra vísindamanna um rannsóknir á náttúru landsins í heimildasafni stofnunarinnar. Því leggur nefndin til breytingar á 10. gr. frumvarpsins að því leyti að hlutur stofnunarinnar sé í samræmi við meginhlutverk hennar á grundvelli laga nr. 60/1992.

Með breytingunni getur verksvið stofnunarinnar vissulega skarast við verksvið annarra stofnana, sem leysa þarf úr með góðri verkstjórn og samráði. Sú hætta var hins vegar fyrir hendi miðað við orðalag frumvarpsins að upplýsingar skorti á mikilvægum sviðum við framkvæmd laganna. Nefndin vekur í þessu sambandi athygli á síðustu tveimur málsgreinum 10. gr. þar sem fjallað er um samstarf stofnananna fjögurra við aðra rannsakendur eða gagnastöðvar, svo sem náttúrustofur, og Umhverfisstofnun er heimilað að leita víðar en til stofnananna um einstök verkefni.

Manngerð og mikið breytt vatnshlot.

Við umfjöllun nefndarinnar komu fram athugasemdir um að 13. gr. frumvarpsins um manngerð og mikið breytt vatnshlot væri óskýr, og ekki væri ljóst hver ætti að meta hvort vatnshlot telst manngert eða mikið breytt. Leggur nefndin til að bætt verði í greinina að það sé Umhverfisstofnun sem metur þetta, þar sem hlutverk stofnunarinnar er m.a. að setja umhverfismarkmið fyrir einstök vatnshlot í vatnaumdæminu, vinna tillögur að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og hafa umsjón með framkvæmd áætlananna.

Orðalagsbreytingar sem nefndin leggur til eru fyrst og fremst til skýringar á ákvæðinu og í samræmi við texta tilskipunarinnar.

Forgangsefni.

Nefndin ræddi nokkuð um forgangsefni og skilgreiningu á því hugtaki. Fram kom að heitið hefur verið notað í umhverfisfræðum og stjórnsýslu frá miðjum tíunda áratugnum, þótt það sé nú fyrst nefnt í lagafrumvarpi. Nefndin telur að 14. gr., sem fjallar um forgangsefnin og að draga eigi úr mengun vegna þeirra, sé óskýr. Leggur nefndin til ákveðnar breytingar á ákvæðinu þannig að ljóst sé að um sé að ræða hættuleg og þrávirk efni sem valda alvarlegri mengun eða eitrun í vatni eða út frá því.

Nefndin leggur einnig til að 3. mgr. 14. gr. falli brott þar sem það kann að vera íþyngjandi og letjandi að krefjast faggildingar vegna rannsókna á þungmálmum, og með því væru hugsanlega útilokaðar rannsóknarstofur í héraði sem þó nota viðurkenndar aðferðir til mælinga.

Breyting vatnshlots.

Við umfjöllun nefndarinnar kom í ljós að hægt væri að misskilja a-lið 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins þannig að um væri að ræða bein áhrif frá framkvæmdum. Nefndin áréttar að svo er ekki heldur er ætlunin að heimilt sé að breyta vatnshloti samkvæmt greininni þegar tilteknir eiginleikar þess hafa raskast, t.d. vegna mengunar eða í tengslum við loftslagsbreytingar, og gerir því tillögu um skýrara orðalag í þá veru.

Neysluvatn.

Í 24. gr. frumvarpsins er kveðið á um að tilgreina skuli í vatnaáætlun öll vatnshlot fyrir neysluvatnstöku sem uppfylla tiltekin skilyrði. Að mati nefndarinnar er ákvæðið óskýrt og gæti valdið misskilningi. Því leggur nefndin til þá breytingu að tilgreina þurfi í vatnaáætlun bæði vatnshlot sem nýtt eru sem vatnsból og þau sem eru geymd til framtíðarnota sem vatnsból. Með breytingartillögu nefndarinnar er ljóst að í vatnaáætlun skal tilgreina öll vatnshlot sem annað tveggja skilyrðanna á við um.

Reglugerðarheimild.

Í frumvarpinu er ráðherra veitt heimild til að setja reglugerðir á grundvelli laganna. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að hafa um þetta samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og vatnaráð.

Innleiðing Evróputilskipana.

Eins og áður sagði eru með frumvarpinu innleiddar fjórar tilteknar Evróputilskipanir og ekki aðeins vatnatilskipunin sem ein er nefnd í 30. gr. frumvarpsins. Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að við greinina bætist hinar tilskipanirnar þrjár.

Kostnaður við framkvæmd frumvarpsins o.fl.

Í mörgum umsagnanna komu fram athugasemdir um kostnað við innleiðingu tilskipunarinnar. Lögðu umsagnaraðilar áherslu á að kostnaði yrði haldið í lágmarki og stjórnsýslan höfð eins einföld og kostur er. Að mati ýmissa umsagnaraðila kallar tilskipunin á umtalsvert aukna stjórnsýslu og aukinn kostnað, einkum í byrjun meðan unnið er að gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar. Réttaráhrif vatnaáætlunar verða einkum þau að sveitarfélög þurfa að samræma skipulagsáætlanir sínar áætluninni, sem einnig eykur kostnað. Nefndin leggur til að frestur sveitarfélaga til þessa verði lengdur úr fjórum árum í sex. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis kemur fram að fyrst um sinn megi að einhverju leyti hamla kostnaði með því að breyta forgangsröð verkefna og samhæfa og endurskipuleggja vinnu þeirra sem að framkvæmdinni koma í samræmi við hlutverk viðkomandi stofnana. Nefndin hefur verið upplýst um að næsta haust sé von á frumvarpi um framtíðarskipan fjármögnunar vegna framkvæmdar tilskipunarinnar. Meginreglan þar verður svokölluð nytjaregla, þ.e. að þeir sem nýta vatnið eigi að borga fyrir umsýslu og verndaraðgerðir. Áður en slíkt frumvarp verður lagt fram er nauðsynlegt að ljúka grunngreiningu á því hverjir nýta vatnsauðlindina á Íslandi. Umhverfisstofnun hefur samið við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um fyrstu greininguna og á henni að vera lokið í vor. Þess má vænta að kostnaðurinn

leggist að lokum á breiðan hóp notenda. Nefndin bendir einnig á að samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum þurfa sveitarfélög að halda vel utan um sorphirðu og skolphreinsun með umtalsverðum kostnaði, sem ekki tengist vatnatilskipuninni og þessu frumvarpi. Að teknu tilliti til framangreinds telur nefndin að kostnaðurinn við innleiðingu vatnatilskipunarinnar með þessu frumvarpi verði ekki eins mikill og ýmsir umsagnaraðilar óttast, en telur ástæðu til að fylgjast vel með þeim þætti málsins og leggur til breytingar þar að lútandi á 6. gr. frumvarpsins.

Að auki leggur nefndin til lagatæknilegar breytingar og málfarsbreytingar í samræmi við þá málfarsstefnu sem gerð er tillaga um í frumvarpi um stöðu íslenskrar tungu sem nú liggur fyrir þinginu (þskj. 870 í 533. máli) að mál það sem notað er í starfsemi ríkis og sveitarfélaga skuli vera vandað, einfalt og skýrt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. mars 2011.

Mörður Árnason, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.
Álfheiður Ingadóttir, með fyrirvara.	Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.	Ólafur Þór Gunnarsson.
Kristján Þór Júlíusson, með fyrirvara.	Skúli Helgason.	Birgitta Jónsdóttir.

1000. Breytingartillögur [298. mál]

við frv. til l. um stjórn vatnamála.

Frá umhverfisnefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   Markmið laga þessara er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.
   Til að ná fram markmiðum laga þessara skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun.
2. 2. gr. orðist svo:
   Lög þessi taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap, sbr. viðauka I.
3. 3. gr. orðist svo:
   Í lögum þessum merkir:
   1. *Árósavatn:* Vatn í nágrenni ármynnis, ísalt vegna nálægðar við strandsjó en undir verulegum áhrifum af aðstreymi ferskvatns.

2. *Forgangsefni:* Hættuleg og þrávirk efni sem valda alvarlegri mengun eða eitrun í vatni eða út frá því, og raðað er í forgangsröð eftir hættu sem af þeim stafar.
3. *Gott efnafræðilegt ástand:* Efnafræðilegt ástand yfirborðs- eða grunnvatnshlots sem uppfyllir umhverfismarkmið fyrir vatn.
4. *Grunnvatn:* Vatn, kalt eða heitt, sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi.
5. *Magnstaða:* Mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur haft á grunnvatnshlot.
6. *Manngert vatnshlot:* Vatnshlot sem hefur orðið til vegna athafna manna.
7. *Mikið breytt vatnshlot:* Yfirborðsvatnshlot sem hefur tekið verulegum breytingum af mannavöldum og hefur ekki gott vistmegin.
8. *Neysluvatn:* Vatn ætlað til manneldis, í náttúrulegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna.
9. *Strandsjór:* Yfirborðsvatn landmegin við línu sem dregin er einni sjómílu utan grunnlínu landhelginnar og nær inn að ytri mörkum árósavatns.
10. *Vatn:* Grunnvatn og yfirborðsvatn.
11. *Vatnasvið:* Aðrennslissvæði straumvatns, stöðuvatns, grunnvatnsstraums eða vatnsbóls.
12. *Vatnasvæði:* Landsvæði með einu eða fleiri vatnasviðum.
13. *Vatnaumdæmi:* Stjórnsýslueining sem nær til íslenskra vatnasvæða ásamt árósavatni og strandsjó sem þeim tengjast.
14. *Vatnsformfræðilegir eiginleikar vatnshlots:* Vatnsmagn vatnshlots og breytingar á rennsli og vatnsborði ásamt gerð og undirlagi botns og eðlisefnafræðilegum þáttum vatnshlotsins.
15. *Vatnshlot:* Eining vatns, svo sem allt það vatn sem er að finna í stöðuvatni, á eða strandsjó.
16. *Verndarsvæði:* Afmarkað svæði ásamt einstökum vistkerfum sem nauðsynlegt er talið að vernda til að ná fram markmiðum laga þessara.
17. *Vistfræðilegt ástand:* Ástand lífríkis í vatnshloti samkvæmt skilgreindri gæðaflokkun í mjög gott, gott, ekki viðunandi, slakt og lélegt.
18. *Vistmegin:* Ástand lífríkis í manngerðu eða mikið breyttu vatnshloti samkvæmt gæðaflokkun í besta vistmegin, gott vistmegin og ekki viðunandi vistmegin.
19. *Yfirborðsvatn:* Kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, árósavatn og strandsjór, auk jökla.

4. 4. gr. ásamt fyrirsögn orðist svo:

Yfirstjórn vatnaumdæmisins.

Landið er allt eitt vatnaumdæmi ásamt árósum og strandsjó.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra staðfestir vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun fyrir vatnaumdæmið að fenginni tillögu vatnaráðs.

5. 5. gr. orðist svo:

Umhverfisráðherra skipar vatnaráð og er ráðið skipað fimm fulltrúum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilnefnir einn fulltrúa, iðnaðarráðherra einn og Samband íslenskra sveitarfélaga tvo. Umhverfisráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Varamenn eru skipaðir á sama hátt. Vatnaráð er skipað til fimm ára í senn.

Vatnaráð fundar eftir því sem ástæða þykir til.

6. 6. gr. orðist svo:

Hlutverk vatnaráðs er að vera ráðherra til ráðgjafar um stjórn vatnamála. Vatnaráð:

a. hefur umsjón með gerð tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun,
b. gerir tillögu til ráðherra um staðfestingu vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar og endurskoðun þeirra þegar við á, að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar,
c. veitir umsögn við gerð reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna,
d. fylgist með því hvernig markmiðum laga þessara er náð og metur m.a. þann kostnað sem af þeim hlýst fyrir ríki og sveitarfélög. Ráðið skilar reglulega skýrslu til ráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um þau efni og setur fram ábendingar um kostnaðinn eftir því sem þörf krefur.

Umhverfisstofnun annast daglegan rekstur og umsýslu vatnaráðs og er ráðinu til ráðgjafar.

7. 7. gr. orðist svo:

Umhverfisstofnun annast stjórnsýslu á sviði vatnsverndar í samræmi við fyrirmæli laga þessara.

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að:

a. samræma vinnu við gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar,
b. tryggja miðlun upplýsinga um vatnasvæðin,
c. setja umhverfismarkmið fyrir einstök vatnshlot,
d. sjá um að fram fari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar,
e. vinna tillögur um vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög að höfðu samráði við vatnasvæðisnefndir og ráðgjafarnefndir, sbr. 8. og 9. gr.,
f. vinna stöðuskýrslu,
g. hafa umsjón með framkvæmd aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar,
h. annast kynningar- og umsagnarferli áætlana samkvæmt lögum þessum,
i. annast skýrslugjöf.

Umhverfisstofnun skal vinna að vatnaáætlun og endurskoðun hennar með hliðsjón af áætlunum hins opinbera og helstu hagsmunaaðila, svo sem á sviði náttúruverndar, auðlindanýtingar, samgangna og skipulagsmála.

Umhverfisstofnun sendir staðfesta vatnaáætlun til viðkomandi sveitarfélaga og þeirra stjórnvalda sem áætlunin varðar. Jafnframt skal stofnunin auglýsa opinberlega staðfesta vatnaáætlun og hafa hana aðgengilega almenningi.

8. 8. gr. ásamt fyrirsögn orðist svo:

Hlutverk sveitarfélaga og vatnasvæðisnefnda.

Sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eru Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra. Sveitarfélög skulu í samvinnu við heilbrigðisnefndir og innan marka netlaga, framfylgja kröfum sem fram koma í aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna á sviði vatnsverndar.

Vatnaumdæminu skal skipt í vatnasvæði með reglugerð, sbr. 29. gr. Við ákvörðun um mörk vatnasvæða skal taka mið af jarðfræðilegum og vatnafræðilegum þáttum.

Á hverju vatnasvæði er starfrækt vatnasvæðisnefnd. Í nefndinni starfa a.m.k. fulltrúar frá sveitarfélögum á viðkomandi vatnasvæði, frá hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum og frá Umhverfisstofnun og stýrir fulltrúi hennar starfi nefndarinnar. Um setu þeirra og annarra fulltrúa í nefndinni, svo sem frá hlutaðeigandi fagstofnunum og hagsmunaaðil-

um, þar á meðal félagasamtökum á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar, fer samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

Hlutverk vatnasvæðisnefndar er að samræma vinnu á viðkomandi vatnasvæði og afla þar upplýsinga vegna gerðar stöðuskýrslu, vöktunaráætlunar, aðgerðaáætlunar og vatnaáætlunar.

9. 9. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar tvær ráðgjafarnefndir til að starfa með Umhverfisstofnun á landsvísu, sbr. 29. gr., annars vegar ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og hins vegar ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila, þar á meðal félagasamtaka á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar. Umhverfisstofnun skal hafa náið samráð við ráðgjafarnefndirnar.

Í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skulu vera m.a. fulltrúar frá Orkustofnun, Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun, Veiðimálastofnun, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Siglingastofnun Íslands, Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Matvælastofnun, Mannvirkjastofnun, Vegagerðinni, náttúrustofum og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Hlutverk ráðgjafarnefnda er að vera Umhverfisstofnun og vatnaráði til ráðgjafar um atriði sem undir lög þessi heyra. Ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við gerð áætlana samkvæmt lögum þessum og upplýsingar um hvaða gögn liggja fyrir. Fulltrúar í ráðgjafarnefnd haghafa skulu vera til ráðgjafar um þau málefni sem samtök þeirra helga sig.

Ráðgjafarnefndir skulu hafa sér til aðstoðar starfsmann, sem Umhverfisstofnun leggur til, og hefur hann umsjón með starfi viðkomandi nefnda.

10. 10. gr. orðist svo:

Hlutverk eftirfarandi rannsóknastofnana vegna framkvæmdar laga þessara er sem hér segir:

a. Veðurstofa Íslands leggur til gagnagrunna um vatnshlot og eiginleika þeirra, hefur umsjón með þeim og leggur til sérfræðiþekkingu sína á því sviði. Hún skal meta magnstöðu grunnvatnshlota og leggja til gögn um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti þeirra.
b. Veiðimálastofnun hefur umsjón með gögnum um lífríki ferskvatnshlota og leggur þau til ásamt sérfræðiþekkingu sinni á því sviði.
c. Hafrannsóknastofnunin hefur umsjón með gögnum um lífríki og um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti strandsjávar og leggur þau til ásamt sérfræðiþekkingu sinni á því sviði.
d. Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til gagnagrunna um vatnavistkerfi, vistkerfi þurrlendis og votlendis sem tengjast þeim að vatnabúskap, og um vistkerfi strandsjávar, hefur umsjón með þeim og leggur til sérfræðiþekkingu á þeim sviðum.

Stofnanir samkvæmt þessari grein geta, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, leitað til annarra rannsóknaraðila til að afla gagna eftir því sem við á.

Umhverfisstofnun skal gera samning við framangreindar stofnanir um einstök verk en getur jafnframt samið við aðra um að vinna einstök verk vegna framkvæmdar laga þessara.

11. 11. gr. orðist svo:

Flokka skal vatn í vatnshlot og gerðir vatnshlota og meta þau.

Mat á yfirborðsvatnshloti skal byggjast á fyrirliggjandi gögnum hverju sinni og taka

fyrir hverja vatnshlotsgerð mið af skilgreindum líffræðilegum gæðaþáttum auk vatnaformfræðilegra og efna- og eðlisefnafræðilegra þátta eftir því sem við á. Matið skal byggjast á umhverfismarkmiðum í samræmi við ákvæði sem ráðherra setur í reglugerð, sbr. 29. gr.

Ástand grunnvatns skal metið eftir magnstöðu þess og efnafræðilegum þáttum.

Í vatnaáætlun skulu sett umhverfismarkmið sem eru í samræmi við ákvæði III. kafla laga þessara.

12. 12. gr. orðist svo:

Vernda skal yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Ástand þeirra skal styrkja og endurheimta með það að markmiði að efnafræðilegt ástand sé að lágmarki gott. Þá skal tryggja sjálfbæra nýtingu grunnvatns þannig að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar.

13. 13. gr. orðist svo:

Umhverfisstofnun metur hvort vatnshlot telst manngert eða mikið breytt.

Ástand manngerðs eða mikið breytts yfirborðsvatnshlots skal verndað þannig að það versni ekki og skal styrkja ástand þess með það að markmiði að vistmegin þess og efnafræðilegt ástand sé gott. Leitast skal við að ná sem bestu vistmegni í slíku vatnshloti.

Skilgreina má yfirborðsvatnshlot sem manngert eða mikið breytt ef nauðsynlegar breytingar á eðlisefnafræðilegum, vistfræðilegum og vatnsformfræðilegum eiginleikum vatns til þess að ná vatnshlotinu í gott vistfræðilegt ástand hafa umtalsverð skaðleg áhrif á umhverfið eða á eftirfarandi umsvif:

a. siglingar, hafnir eða afþreyingaraðstöðu,
b. starfsemi sem hefur í för með sér geymslu, flutning og hjáveitu vatns, t.d. neysluvatnsmiðlun, orkuvinnslu eða áveitu,
c. flóðavarnir, framræslu, eða
d. önnur sjálfbær umsvif jafnmikilvæg og hin framangreindu.

Ákvæði 3. mgr. á við þegar ekki verður bætt úr þeim áhrifum sem þar eru talin upp vegna þess að það er ekki tæknilega framkvæmanlegt eða vegna þess að kostnaður við að gera það með öðrum og umhverfisvænni aðferðum er talinn úr hófi fram. Taka skal fram í vatnaáætlun ef álitið er að skilyrði 3. mgr. séu fyrir hendi og færa fram röksemdir fyrir því.

14. 14. gr. ásamt fyrirsögn orðist svo:

Hættuleg og þrávirk efni (forgangsefni).

Draga skal í áföngum úr mengun vegna hættulegra og þrávirkra efna (forgangsefna) í vatni með markvissum aðgerðum með það að markmiði að stöðva losun þeirra.

Raða skal efnunum í forgangsröð og leggja fram tímasetta áætlun um takmörkun á losun þeirra og bann við slíkri losun eftir því hve mikla hættu þau skapa fyrir vatn og landumhverfi þess. Röðunin skal greind með aðferð byggðri á áhættumati.

15. 15. gr. orðist svo:

Umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. skal ná eigi síðar en sex árum eftir að fyrsta vatnaáætlunin hefur verið staðfest. Veita má frest til að ná umhverfismarkmiðunum tvisvar sinnum í allt að sex ár í senn, að því tilskildu að ástand raskaða vatnshlotsins versni ekki frekar og að a.m.k. eitt af eftirtöldu eigi við:

a. ekki er af tæknilegum ástæðum hægt að bæta úr innan tímamarkanna,
b. kostnaður við úrbætur innan tímamarkanna yrði óhóflegur, eða
c. fyrir hendi eru þær náttúrulegar aðstæður að úrbætur á vatnshlotinu innan tímamarkanna eru ekki framkvæmanlegar.

Frestur umfram það sem leiðir af 1. mgr. verður því aðeins veittur að fyrir hendi séu þær náttúrulegu aðstæður að umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. verði ekki náð.

16. 16. gr. orðist svo:

Ákveða má vægari umhverfismarkmið en gert er ráð fyrir skv. 11 gr. ef vatnshlot er undir slíku álagi að ógerlegt eða óhóflega dýrt er að uppfylla kröfur um umhverfismarkmið. Skulu þessi skilyrði þá vera fyrir hendi:

a. ekki er hægt að ná betri umhverfislegum ávinningi án óhóflegs kostnaðar, að teknu tilliti til umhverfislegra og þjóðhagfræðilegra þarfa,
b. tryggt er besta mögulegt ástand yfirborðsvatns og grunnvatns, og til þess séð að ástand yfirborðsvatns og grunnvatns breytist eins lítið og hægt er frá því að vera gott, þegar tekið er tillit til þess álags sem fyrir hendi er,
c. tryggt er að ástand vatnshlotsins versnar ekki frekar.

17. 17. gr. orðist svo:

Það telst ekki fara í bága við kröfur um umhverfismarkmið samkvæmt lögum þessum ef vistfræðilegt ástand í vatnshloti spillist tímabundið vegna náttúrulegra orsaka eða óviðráðanlegra ytri atvika.

Við slíkar aðstæður skal grípa til þeirra ráðstafana sem raunhæfar eru til að koma í veg fyrir að ástand vatnshlotsins rýrni frekar en orðið er og til að hindra að skaði hljótist af í öðru vatnshloti.

18. 18. gr. orðist svo:

Umhverfisstofnun getur heimilað breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. þegar um er að ræða:

a. breytingar, svo sem vegna mengunar eða í tengslum við loftslagsbreytingar, á vatnsgæðum, vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum eða efna- og eðlisefnafræðilegum eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða á hæð grunnvatnshlots, eða
b. ný sjálfbær umsvif eða breytingar sem hafa í för með sér að ástand yfirborðsvatnshlots breytist úr mjög góðu í gott.

Auk skilyrða sem fram koma í 1. mgr. verða öll eftirtalin skilyrði að vera fyrir hendi:

a. gripið sé til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots,
b. tilgangur framkvæmdanna eða umsvifanna vega þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna eða fyrir sjálfbæra þróun en ávinningur af því að umhverfismarkmið náist,
c. tilgangi framkvæmdanna eða umsvifanna verður ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

19. 19. gr. ásamt fyrirsögn orðist svo:

Vatnaáætlun.

Umhverfisstofnun skal annast gerð tillögu að vatnaáætlun í samræmi við viðauka II. Í vatnaáætlun skal m.a. koma fram:

a. almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins,
b. flokkun vatnshlota,
c. lýsing álags og áhrifa af völdum atvinnurekstrar og annarra umsvifa á vatn,
d. skrá yfir vernduð svæði og öll vatnshlot fyrir neysluvatnstöku,
e. greinargerð um vöktun og niðurstöður hennar,
f. greinargerð um umhverfismarkmið fyrir vatnshlot og fyrir breytingu á vatnshloti,
g. skipting í vatnasvæði,
h. greinargerð um aðgerðaáætlun,

i. yfirlit um nánari aðgerðir fyrir einstök vatnasvæði og vatnshlotsgerðir, og
j. greinargerð um samráð við almenning, fulltrúa atvinnulífsins og aðra hagsmunaaðila, þar á meðal félagasamtök á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar.

Áætlunina skal taka til endurskoðunar sjötta hvert ár.

Við gerð vatnaáætlunar skal gera grein fyrir umhverfismati áætlunarinnar í samræmi við lög um umhverfismat áætlana.

Umhverfisstofnun er heimilt að gera nauðsynlegar leiðréttingar á vatnaáætlun vegna nýrra upplýsinga áður en til endurskoðunar kemur. Stofnunin skal upplýsa um slíkar leiðréttingar á vefsetri sínu.

20. 20. gr. ásamt fyrirsögn orðist svo:

Nánari rökstuðningur í vatnaáætlun.

Í vatnaáætlun skal gera grein fyrir:

a. ákvörðun um að vatnshlot teljist vera manngert eða mikið breytt,
b. ákvörðun um að lengja frest um umhverfismarkmið,
c. ákvörðun um vægari umhverfismarkmið en gert er ráð fyrir skv. 11. gr.,
d. breytingum á vatnshloti af náttúrulegum orsökum,
e. áætlun um nýjar framkvæmdir, ný sjálfbær umsvif eða breytingar á vatnshlotum.

Ef ákveðið er að lengja frest samkvæmt lögum þessum skal auk þess koma fram í vatnaáætluninni greinargerð þar sem tilgreindar eru og tímasettar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að ná umhverfismarkmiðum.

21. 21. gr. orðist svo:

Umhverfisstofnun skal annast gerð tillögu að aðgerðaáætlun. Aðgerðaáætlun skal taka til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin. Aðgerðaáætlun skal byggð á greiningum og mati í samræmi við kröfur sem fram koma í vatnaáætlun. Aðgerðaáætlun skal vera hluti af vatnaáætlun.

Í aðgerðaáætlun skal telja upp þær ráðstafanir sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og enn fremur þær viðbótarráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að ná settum umhverfismarkmiðum.

Ákvarðanir um ráðstafanir sem taldar eru í aðgerðaáætlun taka þar til bær stjórnvöld eða leyfisveitendur á grundvelli viðkomandi löggjafar.

Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið um vatnshlot skv. 11. gr. nást ekki skal leitað á því skýringar og meta áhrif nýrra eða mögulegra ráðstafana og hvort til þeirra skuli gripið.

Aðgerðaáætlunin skal tekin til endurskoðunar sjötta hvert ár.

22. 22. gr. orðist svo:

Umhverfisstofnun gerir áætlun um vöktun á ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns og um vöktun svæða sem njóta verndar. Vöktunaráætlun skal veita heildarsýn á ástand vatnshlota. Vöktunaráætlun skal endurskoða reglulega og eigi sjaldnar en á sex ára fresti.

Vöktunaráætlun skal taka til viðeigandi vistfræðilegra, vatnsformfræðilegra og eðlisefnafræðilegra gæðaþátta, svo og til vöktunar á magnstöðu grunnvatns. Í áætluninni skal jafnframt kveðið á um tíðni og þéttleika vöktunarstaða. Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Hlutaðeigandi stofnarnir ríkis og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sjá um vöktun gæðaþátta samkvæmt ákvæði þessu ásamt vöktun á magnstöðu grunnvatns.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga er heimilt að gera samkomulag um annað fyrirkomulag vöktunar en skv. 2. mgr. Þá er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., að annast tiltekin verkefni við vöktun samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki.

23. 23. gr. orðist svo:

Umhverfisstofnun skal annast gerð stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði í samvinnu við viðkomandi vatnasvæðisnefnd. Í stöðuskýrslu skal koma fram:

a. lýsing og gerð vatnshlota,
b. flokkun vatnshlota, og
c. lýsing á helsta álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns.

24. 24. gr. orðist svo:

Tilgreina skal í vatnaáætlun öll vatnshlot til neysluvatnstöku sem eftirfarandi á við um:

a. vatnstaka er þar meiri en 10 rúmmetrar á dag að meðaltali eða með henni er meira en 50 einstaklingum séð fyrir neysluvatni,
b. áform eru uppi um að taka úr því neysluvatn.

Komið skal í veg fyrir að vatnsgæði í slíku vatnshloti rýrni þannig að ekki aukist þörf á hreinsun neysluvatns.

25. 25. gr. orðist svo:

Umhverfisstofnun heldur skrá yfir vernduð svæði. Í henni skal m.a. tilgreina vatnsverndarsvæði, vatnavistkerfi, svo og vistkerfi sem tengjast þeim að vatnabúskap, ásamt svæðum sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt lögum eða eru friðlýst vegna sérstöðu vatns.

Skrá yfir vernduð svæði skal vera aðgengileg almenningi og uppfærð reglulega.

26. 27. gr. orðist svo:

Umhverfisstofnun skal sjá um að eftirfarandi skjöl séu kynnt opinberlega og óska eftir athugasemdum við þau:

a. áfanga- og verkáætlun vegna vinnu við vatnaáætlun, í síðasta lagi þremur árum áður en ný vatnaáætlun gengur í gildi,
b. bráðabirgðayfirlit um mikilvæg atriði í vatnaáætlun, í síðasta lagi tveimur árum áður en hún gengur í gildi,
c. tillaga að vatnaáætlun, í síðasta lagi einu ári áður en hún gengur í gildi.

Þegar endurskoðun vatnaáætlunar leiðir til breytinga skal um kynningu áætlunarinnar fara skv. c-lið 1. mgr.

Frestur til að gera athugasemdir skal að lágmarki vera sex mánuðir.

Kynna skal skjölin með tryggilegum hætti og vísa á vefsetri Umhverfisstofnunar til allra upplýsinga á aðgengilegum stað.

27. 28. gr. ásamt fyrirsögn orðist svo:

Réttaráhrif vatnaáætlunar.

Opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga og laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu

skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnaáætlun nást ekki skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlots. Viðkomandi leyfisveitandi skal þá endurskoða útgefið leyfi, þegar við á, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.

28. 29. gr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og að höfðu samráði við vatnaráð og Samband íslenskra sveitarfélaga, að setja í reglugerð nánari ákvæði um eftirtalin atriði:

a. flokkun vatnshlota og eiginleika þeirra, og álagsgreiningu fyrir yfirborðsvatnshlot og grunnvatnshlot,
b. forgangsefni og röðun þeirra á lista eftir hættu, ráðstafanir vegna þeirra, matsaðferð og viðmið við röðun forgangsefna, og kröfur til vottunar og framkvæmd hennar,
c. frekari ákvæði um umhverfismarkmið og tímamörk um hvenær eigi að ná þeim,
d. efni og framkvæmd vöktunaráætlunar,
e. efni vatnaáætlunar og efnahagslega greiningu vegna vatnsnotkunar,
f. efni og framkvæmd aðgerðaáætlunar þar sem tilteknar eru þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, svo og viðmið um hvenær ekki sé heimilt að krefjast viðbótarráðstafana,
g. hlutverk og starfsemi vatnaráðs,
h. skiptingu í vatnasvæði, landfræðilega afmörkun vatnasvæða og samsetningu og hlutverk vatnasvæðisnefnda,
i. hlutverk og starfsemi ráðgjafarnefnda, fulltrúa, fjölgun ráðgjafarnefnda og nánari skiptingu þeirra,
j. opinbera kynningu, samþykkt áætlana og þátttöku hagsmunaaðila í áætlunargerð, þar á meðal félagasamtaka á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar.

29. 30. gr. ásamt fyrirsögn orðist svo:

Innleiðing tilskipana.

Með þessum lögum eru innleiddar eftirfarandi tilskipanir:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnamálum, sem vísað er til í X. kafla í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 125/2007, frá 28. september 2007.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu, sem vísað er til í II. kafla í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 87/2009, frá 3. júní 2009.
3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfisgæðastaðla á sviði vatnastjórnunar, sem breytir og fellir úr gildi tilskipanir ráðsins 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE, 86/280/EBE og breytir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/60/EB.
4. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/90/EB frá 31. júlí 2009 um tæknilegar skilgreiningar á efnagreiningum og vöktun á vatni, með tilvísun til tilskipunar ráðsins nr. 2000/60/EB.

30. Við 32. gr. Í stað orðanna „sem hún mun að öðru leyti hafa í för með sér“ í b-lið 2. tölul., 3. tölul. og 4. tölul. komi: sem hún ylli að öðru leyti.

31. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:
Umhverfisráðherra skal staðfesta fyrstu vatnaáætlunina skv. 19. gr. eigi síðar en 1. janúar 2018. Tillaga að fyrstu vatnaáætluninni skal kynnt í síðasta lagi einu ári áður en ráðherra staðfestir hana. Um kynningu og réttaráhrif fyrstu vatnaáætlunarinnar fer að öðru leyti skv. 27. og 28. gr.
32. Við ákvæði til bráðabirgða II. Í stað dagsetningarinnar „1. maí 2018“ komi: 1. janúar 2018.
33. Við ákvæði til bráðabirgða III. Í stað dagsetningarinnar „1. maí 2015“ komi: 1. janúar 2015.
34. Við bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
a. (IV.)
Fyrsta stöðuskýrsla skv. 23. gr. skal liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2014.
b. (V.)
Umhverfisstofnun skal hafa samráð við verkefnisstjórn við gerð verndar- og nýtingaráætlunar samkvæmt lögum um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða, til að tryggja samræmi vatnaáætlunar annars vegar og verndar- og nýtingaráætlunar vegna fallvatna og háhita hins vegar.
35. Viðauki II ásamt fyrirsögn orðist svo:

Efni vatnaáætlunar, sbr. 19. gr.

A. Í vatnaáætlun skulu eftirtaldir þættir koma fram:
1. almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins og flokkun vatnshlota, sbr. 19. og 23. gr.; og skal eftirfarandi koma fram:
1.1. þegar um er að ræða yfirborðsvatn:
– kort sem sýnir staðsetningu og mörk vatnshlotanna,
– kort sem sýnir vistsvæði og gerðir yfirborðsvatnshlota innan vatnaumdæmisins,
– bakgrunnsgildi fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota,
1.2. þegar um er að ræða grunnvatn:
– kort sem sýnir staðsetningu og mörk grunnvatnshlotanna,
2. lýsing á álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand yfirborðsvatns og grunnvatns, þ.m.t.:
– mat á mengun frá punktuppsprettum,
– mat á mengun frá dreifðum upptökum, þ.m.t. landnýting,
– mat á álagi á magnstöðu vatns, þ.m.t. vatnstaka,
– greining á öðrum áhrifum á ástand vatns,
3. yfirlit og kort yfir vernduð svæði, sbr. 25. gr.,
4. yfirlit og kort yfir sýnatökustaði sem mynda samanburðarhæft kerfi og sýnir niðurstöður vöktunaráætlana sem framkvæmdar hafa verið og sýna ástand:
4.1. yfirborðsvatns (vistfræðilegt og efnafræðilegt),
4.2. grunnvatns (efnafræðilegt ástand og magnstöðu),
4.3. verndaðra svæða,
5. yfirlit yfir umhverfismarkmið sem komið er á skv. 11., 12., 13., 15. og 16. gr. fyrir yfirborðsvatn, grunnvatn og vernduð svæði, þ.m.t. yfirlit yfir tilvik, þar sem ákvæðum 11., 15., 16., 17. og 18. gr. hefur verið beitt, og aðrar upplýsingar sem krafist er samkvæmt þeim greinum,
6. niðurstöður efnahagslegrar greiningar á vatnsnotkun, sbr. d-lið 7. gr.,

7. útdráttur úr aðgerðaáætlun, sem samþykkt er skv. 21. gr., þ.m.t. leiðir sem fara skal til að ná markmiðum 11. gr.:
7.1. yfirlit yfir nauðsynlegar aðgerðir,
7.2. skýrsla um þau skref sem stigin eru til að beita meginreglunni um endurheimt kostnaðar vegna vatnsnotkunar,
7.3. yfirlit yfir aðgerðir til að fullnægja kröfum 24. gr.,
7.4. yfirlit yfir eftirlit með vatnstöku og vatnsmiðlun, þ.m.t. tilvísun til skráa og leyfisveitinga samkvæmt öðrum lögum,
7.5. yfirlit yfir eftirlit með losun frá punktuppsprettum mengunar og annarri starfsemi sem hefur áhrif á ástand vatns í samræmi við ákvæði sem sett eru um varnir gegn mengun vatns,
7.6. tilvik þar sem bein losun í grunnvatn hefur verið leyfð í samræmi við ákvæði sem sett eru um varnir gegn mengun grunnvatns.,
7.7. yfirlit yfir aðgerðir til að fullnægja kröfum 14. gr. um forgangsefni,
7.8. yfirlit yfir aðgerðir til að koma í veg fyrir mengunarslys eða draga úr áhrifum þeirra,
7.9. yfirlit yfir aðgerðir skv. 4. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 28. gr. að því er varðar vatnshlot þar sem talið er ólíklegt að markmið sem sett eru í 16. gr. náist,
7.10. upplýsingar um viðbótaraðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar til að settum umhverfismarkmiðum verði náð,
7.11. upplýsingar um aðgerðir til að koma í veg fyrir mengun sjávar,
8. skrá yfir vöktunaráætlun og hvers konar ýtarlegri áætlanir, s.s. skipulagsáætlanir, vegáætlanir, orkuáætlanir, sem eiga við um vatnaumdæmið, einstök vatnasvæði eða geira, auk greinargerðar um inntak þeirra,
9. yfirlit yfir almennar upplýsingar og samráð við almenning, árangur af því starfi og breytingar sem gerðar eru á áætluninni í kjölfarið,
10. yfirlit yfir gögn sem aflað er skv. 8., 9., 10. og 22. gr.

B. Í endurskoðaðri vatnaáætlun skulu auk þess sem fram kemur í A-lið vera:
1. yfirlit yfir breytingar eða uppfærslur frá síðustu áætlun, þ.m.t. yfirlit yfir þær breytingar sem leiðir af 15., 16., 17. og 18. gr., eftir því sem við á,
2. mat á því hvernig miðar að ná umhverfismarkmiðum, þ.m.t. niðurstöður úr vöktun á fyrra áætlunartímabili í formi korts, auk skýringa ef umhverfismarkmið hafa ekki náðst,
3. yfirlit yfir áformaðar aðgerðir í fyrri vatnaáætlun sem ekki var ráðist í og skýringar ef við á,
4. samantekt á hvers konar viðbótaraðgerðum til bráðabirgða sem samþykktar eru skv. 21. gr. eftir auglýsingu fyrri vatnaáætlunarinnar.

1001. Frumvarp til laga [584. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

I. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabilsins janúar og febrúar á árinu 2011 vera sem hér segir:

1. Helmingi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabilsins janúar og febrúar á árinu 2011 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilsins janúar og febrúar á árinu 2011, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði til bráðabirgða VII í tollalögum, nr. 88/2005.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem ætlað er að bregðast tímabundið við greiðsluerfiðleikum fyrirtækja vegna samdráttar í efnahagslífinu. Er lagt til að hefðbundnum gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalda vegna uppgjörstímabilsins janúar og febrúar 2011 verði dreift á tvo gjalddaga. Einnig er lagt til að þetta fyrirkomulag skerði ekki heimild til að færa til innskatts allan virðisaukaskatt viðkomandi tímabils þótt einungis hluti hans hafi verið greiddur. Samhljóða breytingar hafa nokkrum sinnum áður verið lagðar fram, nú síðast í lögum nr. 165/2010. Þar var gjalddaga aðflutningsgjalda dreift á þrjá gjalddaga en ekki tvo eins og gert hafði verið í lögum nr. 14/2010 og hér er lagt til.

1002. Fyrirspurn [585. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um launagreiðslur til stjórnenda banka, skilanefnda og slitastjórna.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hverjar voru mánaðarlegar launagreiðslur til hvers af æðstu stjórnendum (bankastjóra og bankaráðsmanna) Glitnis, Kaupþings og Landsbanka Íslands árin 2005–2008?
2. Hverjar voru mánaðarlegar launagreiðslur til hvers af æðstu stjórnendum (bankastjóra og bankaráðsmanna) Arion banka, Íslandsbanka og Nýja Landsbankans 2009–2011 (febrúarloka)?
3. Hverjar voru mánaðarlegar launagreiðslur til hvers skilanefndarmanns og slitastjórnarmanns Glitnis, Kaupþings og Landsbanka Íslands frá því að þessar nefndir/stjórnir voru settar á laggirnar til febrúarloka 2011?
4. Hvernig eru laun bankastjóra, bankaráða, skilanefnda og slitastjórna ákveðin?

Óskað er eftir sundurliðun á hvern mánuð fyrir umrædd tímabil svo að launabreytingar og tímasetningar þeirra komi fram.

Skriflegt svar óskast.

1003. Fyrirspurn [586. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um kaupauka- og starfslokagreiðslur fjármálafyrirtækja.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hefur Fjármálaeftirlitið sett reglur um kaupauka- og starfslokagreiðslur fjármálafyrirtækja í samræmi við breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 75/2010?
2. Ef svo er, hvernig eru þær reglur?

3. Ef svo er ekki, hver er ástæða þess að reglur hafa ekki verið settar?

Skriflegt svar óskast.

1004. Fyrirspurn [587. mál]

til velferðarráðherra um stuðning ríkisins til starfsendurhæfingar.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hvernig er stuðningi ríkisins til starfsendurhæfingar á landinu háttað?
2. Hefur verið dregið úr þessum stuðningi á síðustu árum og ef svo er, hversu mikið og hve víða?
3. Eru í undirbúningi aðgerðir af hálfu ríkisins til að mæta fjárhagsvanda starfsendurhæfingar á Íslandi?

1005. Fyrirspurn [588. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um reiðhallir.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvernig hefur stuðningi og eftirfylgni við byggingu reiðhalla verið háttað undanfarin ár?
2. Hvernig hefur fjármunum til þessara bygginga verið úthlutað?
3. Hverjir hafa hlotið styrki til byggingar reiðhalla?
4. Hver eru framtíðaráform varðandi stuðning við byggingu reiðhalla?

Skriflegt svar óskast.

1006. Fyrirspurn [589. mál]

til fjármálaráðherra um laun í Stjórnarráðinu.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hvaða laun eru greidd í Stjórnarráðinu fyrir störf deildarstjóra, deildarsérfræðings, lögfræðings, stjórnarráðsfulltrúa, skrifstofustjóra, hagfræðings, sérfræðings? Hver eru heildar-

laun og útborguð laun sundurliðuð eftir lægstu greiddu launum hvers starfsheitis, meðallaunum og hæstu greiddu launum hvers starfsheitis.

Skriflegt svar óskast.

1007. Frumvarp til laga [210. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (kyrrsetning eigna).

(Eftir 2. umr., 15. mars.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

1. gr.

Á eftir 31. gr. laganna kemur ný grein, 31. gr. a, svohljóðandi:

Til tryggingar greiðslu væntanlegrar kröfu um staðgreiðslu opinberra gjalda, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá gjaldanda og öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 30. gr. beinist að ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun, enda megi ætla að meint refsiverð háttsemi varði við 262. gr. almennra hegningarlaga.

Tollstjóri annast rekstur mála skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal tilkynna tollstjóra um mál þar sem hann telur að rannsókn hans muni leiða til þess að staðgreiðsla opinberra gjalda hjá gjaldanda verði hækkuð eða honum eða öðrum þeim sem grunur um refsiverða háttsemi skv. 30. gr. beinist að verði gerð fésekt. Tollstjóra er heimill aðgangur að öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 25. gr., og snerta ráðstafanir samkvæmt þessari grein. Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar.

Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn leiðir ekki til þess að skattar skattaðila verði hækkaðir eða honum eða öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 30. gr. beinist að verði gerð fésekt hvort sem er af skattyfirvöldum eða fyrir dómi. Sá er kyrrsetning beinist að á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef inntar eru af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

Leggja má fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti kyrrsetningargerðar með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

2. gr.

Á eftir 41. gr. laganna kemur ný grein, 41. gr. a, svohljóðandi:

Til tryggingar greiðslu væntanlegrar kröfu um virðisaukaskatt, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 40. gr. beinist að ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun, enda megi ætla að meint refsiverð háttsemi varði við 262. gr. almennra hegningarlaga.

Tollstjóri annast rekstur mála skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal tilkynna tollstjóra um mál þar sem hann telur að rannsókn hans muni leiða til þess að virðisaukaskattur skattaðila verði hækkaður eða honum eða öðrum þeim sem grunur um refsiverða háttsemi skv. 40. gr. beinist að verði gerð fésekt. Tollstjóra er heimill aðgangur að öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 38. gr., og snerta ráðstafanir samkvæmt þessari grein. Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar.

Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn leiðir ekki til þess að virðisaukaskattur skattaðila verði hækkaður eða honum eða öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 40. gr. beinist að verði gerð fésekt hvort sem er af skattyfirvöldum eða fyrir dómi. Sá er kyrrsetning beinist að á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef inntar eru af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

Leggja má fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti kyrrsetningargerðar með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

3. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur ný grein, 20. gr. a, svohljóðandi:

Til tryggingar greiðslu væntanlegrar kröfu um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 19. gr. beinist að ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun, enda megi ætla að meint refsiverð háttsemi varði við 262. gr. almennra hegningarlaga.

Tollstjóri annast rekstur mála skv. 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal tilkynna tollstjóra um mál þar sem hann telur að rannsókn hans muni leiða til þess að staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur hjá skattaðila verði hækkuð eða honum eða öðrum þeim sem grunur um refsiverða háttsemi skv. 19. gr. beinist að verði gerð fésekt. Tollstjóra er heimill aðgangur að öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 15. gr., og snerta ráðstafanir samkvæmt þessari grein. Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar.

Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn leiðir ekki til þess að staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur skattaðila verði hækkuð eða honum eða öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 19. gr. beinist að verði gerð fésekt hvort sem er af skattyfirvöldum eða fyrir dómi. Sá er kyrrsetning beinist að á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef inntar eru af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

Leggja má fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti kyrrsetningargerðar með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

4. gr.

Við 1. málsl. 6. mgr. 113. gr. laganna bætist: enda megi ætla að meint refsiverð háttsemi varði við 262. gr. almennra hegningarlaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra jafnt til mála sem rannsókn er þegar hafin á og þeirra sem síðar eru tekin til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra.

1008. Fyrirspurn [590. mál]

til fjármálaráðherra um eiginfjárframlög ríkisins til nýju bankanna.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvers vegna fékk Fjársýsla ríkisins ekki viðhlítandi lánaskjöl sem lúta að lánveitingum ríkisins til nýju bankanna eins og getið er á bls. 12 í skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis um endurskoðun ríkisreiknings árið 2009?
2. Hvenær voru þessi viðskipti bókuð?
3. Eru þessi skjöl ekki til?
4. Fengu bankarnir lán án þess að árita lánaskjöl?
5. Hvenær voru ríkisskuldabréf að fjárhæð 186,5 milljarðar kr. vegna fjármögnunar bankanna gefin út og bókuð í lánakerfi ríkisins?
6. Voru þeir eignarhlutir sem koma fram í töflu 2.1 í skýrslu Ríkisendurskoðunar seldir með söluhagnaði eða sölutapi?
7. Hvernig skiptist hagnaður eða tap á þessa þrjá eignarhluti?

Skriflegt svar óskast.

1009. Fyrirspurn [591. mál]

til fjármálaráðherra um ríkisábyrgð til Nýja Kaupþings banka hf., nú Arion banka hf.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvernig stendur á veitingu ríkisábyrgðar til Nýja Kaupþings banka hf., nú Arion banka hf., sem er sprottin af samningi sem Nýja Kaupþing banki og Drómi undirrituðu 22. júní 2009 um endurgreiðslu skuldar og veðsamninga vegna skuldbindinga í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, en í bréfi ráðuneytisins til Nýja Kaupþings banka, dagsettu 20. ágúst 2009, kemur fram að ríkissjóður ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart bankanum ef greiðslufall verður af umræddu skuldabréfi, sem er að fjárhæð 96,7 milljarðar kr.?
2. Hvers vegna er þessi skuldbinding ekki tilgreind í ríkisreikningi fyrir árið 2009?
3. Á hvaða heimildum byggist ábyrgðarveiting ríkissjóðs?
4. Var innheimt ábyrgðargjald samkvæmt lögum um ríkisábyrgðir?
5. Hvert er áhættumat ráðuneytisins á því að ábyrgðin falli á ríkissjóð að hluta eða í heild? Um hvaða fjárhæðir er að ræða og á hvaða tímapunktum kunna þær að falla til?

Skriflegt svar óskast.

1010. Fyrirspurn [592. mál]

til fjármálaráðherra um fjárhagsfyrirgreiðslu til fyrirtækjanna VBS hf., Saga Capital hf. o.fl.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hve stór hluti 46 milljarða kr. fjárhagsfyrirgreiðslu sem fyrirtækin VBS hf. og Saga Capital hf. fengu frá ríkissjóði telst nú tapaður?
2. Hvert er verðmat fjármálaráðuneytisins á eftirstöðvum skuldabréfanna sem fyrirtækin gáfu út og voru að andvirði 46 milljarðar kr.?
3. Hvert er verðmat ráðuneytisins á 6 milljarða kr. skuldabréfi sem Askar Capital gaf út og Seðlabanki Ísland yfirtók í febrúar 2010?
4. Hvert er mat ráðuneytisins á raunvirði eigna sem fram koma í töflu 2.5 á blaðsíðu 16 í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2009?

Skriflegt svar óskast.

1011. Fyrirspurn [593. mál]

til fjármálaráðherra um ríkisábyrgð á skuldbindingum Íslandsbanka hf., Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvers vegna var veitt ríkisábyrgð á skuldbindingum Íslandsbanka hf., Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf., sbr. samkomulag sem Íslandsbanki hf. og fjármálaráðuneytið gerðu með sér 3. apríl 2009 og fól m.a. í sér að ráðuneytið skuldbatt sig til að taka við skuldabréfi Straums-Burðaráss til Íslandsbanka hf. vegna innlána í höfuðstöðvum Straums-Burðaráss á Íslandi og vegna innlána bankans í Danmörku?
2. Hvers vegna eru þessar skuldbindingar ekki tilgreindar í ríkisreikningi fyrir árið 2009?
3. Á hvaða heimild byggðist afhending ráðuneytisins á ríkisskuldabréfum til Íslandsbanka hf. til tryggingar innlánum Straums-Burðaráss í Danmörku að fjárhæð 43,7 milljarðar kr.?
4. Hver var fjárhæð ríkisskuldabréfa sem ráðuneytið afhenti Íslandsbanka hf. samkvæmt fyrrnefndu samkomulagi 3. apríl 2009 vegna innlána Straums-Burðaráss á Íslandi?
5. Var innheimt ábyrgðargjald samkvæmt lögum um ríkisábyrgðir?
6. Hvert er áhættumat ráðuneytisins á því að ábyrgðin falli á ríkissjóð að hluta eða í heild? Um hvaða fjárhæðir er að ræða og á hvaða tímapunktum kunna þær að falla til?
7. Getur ráðherra aflað upplýsinga um að hve stórum hluta bankinn hefur nýtt þessi ríkisskuldabréf í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands og þegar lausafjárþörf myndast hjá Íslandsbanka hf. vegna þessara innlánsskuldbindinga?
8. Hvað má gera ráð fyrir að ríkissjóður beri ábyrgð á háum innlánum í Danmörku í dag?

Skriflegt svar óskast.

1012. Fyrirspurn [594. mál]

til fjármálaráðherra um fjárhagslega endurskipulagningu vátryggingafélagsins Sjóvár.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Á hvaða lagaheimild byggði ráðherra ákvörðun sína um fjárframlag þegar ríkissjóður tók árið 2009 þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu vátryggingafélagsins Sjóvár með 11,6 milljarða kr. eiginfjárframlagi til eignarhaldsfélags þess?
2. Voru þessi viðskipti færð í bókhaldi ríkisins þegar þau fóru fram? Ef ekki, þá hvers vegna ekki?
3. Hvernig var eiginfjárframlag ríkissjóðs samsett? Ef framlagið var innt af hendi með öðru en peningum er óskað eftir ítarlegri sundurliðun á samsetningu framlagsins sem sýni m.a. útgefendur skuldabréfa, sé um þau að ræða.
4. Lá fyrir fjárhagslegt mat á áhrifum af væntu gjaldþroti félagsins á tekjur og gjöld ríkissjóðs áður en ákvörðun um fjárframlagið var tekin? Ef svo er, hvernig var matið unnið,

hver vann það og hverjar voru niðurstöður þess?

5. Lá fyrir mat á þeim fjárhæðum sem líklegt var að viðskiptamenn félagsins mundu tapa við gjaldþrot félagsins? Ef svo er, er óskað eftir að þær upplýsingar verði lagðar fram um helstu flokka viðskiptamanna og að fram komi hver vann það mat.
6. Hver er staða formlegrar rannsóknar á eiginfjárframlagi ríkisins til endurreisnar Sjóvár sem eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hóf 22. september 2010?
7. Bar íslenska ríkinu lagaleg skylda til að bjarga félaginu?
8. Bar íslenska ríkinu lagaleg skylda til að bjarga félaginu?

Skriflegt svar óskast.

1013. Skýrsla [595. mál]

Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2010.

1. Inngangur.

Íslendingar fóru með forustu í Norðurlandaráði 2010. Forseti ráðsins var Helgi Hjörvar og varaforsetar Illugi Gunnarsson og Ragnheiður Ríkharðsdóttir. Þing Norðurlandaráðs var haldið í Reykjavík 2.–4. nóvember með um 800 þátttakendum.

Helstu mál til umfjöllunar hjá Norðurlandaráði árið 2010 voru eftirfylgni Stoltenberg-skýrslunnar um norræna samvinnu á sviði utanríkis- og öryggismála, tillaga um tilskipun Evrópusambandsins um neytendavernd, brottvísun norrænna ríkisborgara frá Norðurlöndum, fjármálakreppur, sambandsríki Norðurlanda, grænn hagvöxtur, gjöld á millifærslur fjármagns og Icesave-málið.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hafði í sumarbyrjun frumkvæði að tillögu um eftirfylgni Stoltenberg-skýrslunnar, sem fólst í aukinni norrænni samvinnu um samfélagsöryggi. Tillagan sneri að öryggi borgara í Norðurhöfum, sérstaklega vegna aukinna siglinga flutninga- og farþegaskipa, samfara opnun nýrra siglingaleiða í kjölfar bráðnunar íss á norðurslóðum af völdum loftslagsbreytinga. Tillagan var samþykkt sem tilmæli, með breytingum, á Norðurlandaráðsþingi í Reykjavík.

Tillaga um tilskipun Evrópusambandsins um neytendavernd var tekin til umfjöllunar á fyrri helmingi ársins og lauk með samþykkt tilmæla um haustið til ríkisstjórna Norðurlanda um samnorræna sýn á stefnu ESB í neytendamálum.

Brottvísanir norrænna ríkisborgara frá Norðurlöndum, aðallega Danmörku, og túlkun á Norræna sáttmálanum um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu komust í hámæli um mitt ár og voru gagnrýndar harðlega á Norðurlandaráðsþingi í Reykjavík. Tvenn tilmæli voru samþykkt gegn brottvísununum.

Forseti Norðurlandaráðs gerði um sumarið tillögu um eflingu norræns samstarfs á sviði fjármála, þess efnis að Norðurlöndin ættu að koma á formlegum samstarfsvettvangi um fjármálastöðugleika og kerfisáhættu í fjármálakerfinu. Þá sköpuðust á Norðurlandaráðsþingi heitar umræður um gjöld á millifærslur fjármagns. Málalyktir urðu þær að samþykkt voru tilmæli um slík gjöld og um sameiginlegan viðbúnað við hugsanlegum fjármálakreppum í framtíðinni.

Sambandsríki Norðurlanda var efni árbókar Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar, sem út kom á haustmánuðum í tengslum við þing Norðurlandaráðs, og efni málþings í aðdraganda þess. Hugmynd sænska sagnfræðingsins og samfélagsrýnisins Gunnars Wetterbergs um norrænt sambandsríki vakti nokkra athygli, en helstu rök Wetterbergs fyrir norrænu sambandsríki eru þau að það yrði ellefta stærsta hagkerfi heims.

Leiðtogafundur norrænna forsætisráðherra og leiðtoga sjálfstjórnarsvæðanna á Norðurlandaráðsþingi fjallaði um grænan hagvöxt. Leiðtogarnir voru sammála um að grænn hagvöxtur, þ.e. efnahagsvöxtur samhliða minni losun koltvísýrings, væri leiðin út úr fjármálakreppu samtímans og helsta svarið við viðfangsefnum hnattvæðingar, þar sem hagvöxtur og umhverfisvernd geta farið saman.

Icesave-málið kom til umræðu á janúarfundum Norðurlandaráðs í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu á Íslandi um Icesave, bæði á fundi forsætisnefndar og á sameiginlegum fundi allra þingmanna, sem og á fundum flokkahópa.

2. Almennt um Norðurlandaráð.

Norðurlandaráð var stofnað árið 1952 og er samstarfsvettvangur þjóðþinga á Norðurlöndum. Sjálfstjórnarsvæðin Álandseyjar, Færeyjar og Grænland taka jafnframt þátt í samstarfinu. Alþingi hefur átt aðild að ráðinu frá stofnun þess. Norðurlandaráð kemur saman til þingfundar einu sinni á ári og ræðir og ályktar um norræn málefni. Auk þess kemur Norðurlandaráð saman til nefndafunda þrisvar sinnum á ári. Á vegum Norðurlandaráðs er unnið að margvíslegum norrænum verkefnum sem þingmenn, nefndir eða flokkahópar ráðsins hafa átt frumkvæði að. Norðurlandaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um fjármagn sem er veitt til norrænnar samvinnu árlega. Norræna ráðherranefndin tekur verulegt tillit til þeirra ábendinga.

Í Norðurlandaráði sitja 87 þingmenn, þar af sjö alþingismenn. Hvert hinna landanna fjögurra, ásamt sjálfstjórnarsvæðunum, á 20 þingmenn í Norðurlandaráði. Hvert land skipar forseta Norðurlandaráðs á fimm ára fresti. Á árlegum þingfundi Norðurlandaráðs, sem stendur í þrjá til fjóra daga í senn um mánaðamótin október/nóvember, er fjallað um fram komnar tillögur og beinir þingið tilmælum til ríkisstjórna landanna eða Norrænu ráðherranefndarinnar. Forsætisráðherrar og utanríkisráðherrar Norðurlanda gefa Norðurlandaráðsþinginu skýrslu og samstarfsráðherrar svara fyrirspurnum í sérstökum fyrirspurnatíma. Fjárlög komandi starfsárs eru jafnframt ákveðin á þinginu og skipað er í nefndir og trúnaðarstöður. Í Norðurlandaráði starfa fjórir flokkahópar: jafnaðarmenn, miðjumenn, hægrimenn og vinstrisósíalistar og grænir. Flokkahóparnir móta sameiginlega afstöðu til einstakra mála og velja þingmenn í nefndir. Að öðru leyti byggist starf Norðurlandaráðs á landsdeildum aðildarríkjanna.

Málefnastarf Norðurlandaráðs fer að mestu fram í fimm fagnefndum auk forsætisnefndar. Á milli þinga stýrir forsætisnefnd starfi ráðsins, vísar tillögum til nefnda eða afgreiðir þær. Forsætisnefnd fer jafnframt með utanríkis- og öryggismál svo og samskipti Norðurlandaráðs við aðrar alþjóðastofnanir. Þá fer eftirlitsnefnd yfir ársreikninga ráðsins og stofnana sem starfa innan Norðurlandastarfsins. Loks kemur kjörnefnd saman á þingum til að gera tillögu að skipan í nefndir og trúnaðarstöður á vegum Norðurlandaráðs.

3. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

Skipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Á byrjun árs 2010 skipuðu Íslandsdeild Helgi Hjörvar, formaður, þingflokki Samfylkingarinnar, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, varaformaður, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Illugi Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Siv Friðleifsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, Ásmundur Einar Daðason, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Bjarni Benediktsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Árni Þór Sigurðsson, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Margrét Tryggvadóttir, þingflokki Hreyfingarinnar, Guðmundur Steingrímsson, þingflokki Framsóknarflokks, Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs, og Jón Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Þrjár breytingar urðu á skipan Íslandsdeildar á árinu 2010. Mörður Árnason, þingflokki Samfylkingarinnar, varð varamaður í stað Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur 7. júní. Álfheiður Ingadóttir tók sæti Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur 3. október og var kosin varaformaður

Íslandsdeildar á fundi hennar 19. október. Þá tók Ragnheiður Ríkharðsdóttir sæti Illuga Gunnarssonar 13. október og varð Illugi þá varamaður.

Ritari Íslandsdeildar árið 2010 var Lárus Valgarðsson alþjóðaritari.

Nefndaskipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Kosið var í embætti og nefndir fyrir starfsárið 2010 á 61. þingi Norðurlandaráðs sem fram fór í Stokkhólmi dagana 27.–29. október 2009. Þar sem Ísland skyldi fara með formennsku í Norðurlandaráði árið 2010 var Helgi Hjörvar kosinn forseti ráðsins og Illugi Gunnarsson varaforseti. Í kjölfar þess að Ragnheiður Ríkharðsdóttir tók sæti Illuga í Íslandsdeild tók hún jafnframt sæti hans í forsætisnefnd og var Ragnheiður kosin varaforseti Norðurlandaráðs á fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs 2. nóvember 2010.

Eftir kosningar í nefndir og ráð á Norðurlandaráðsþinginu í Stokkhólmi var nefndarseta fulltrúa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs árið 2010 sem hér segir: Helgi Hjörvar sat áfram í forsætisnefnd, Illugi Gunnarsson, sem sat áður í efnahags- og viðskiptanefnd og eftirlitsnefnd, tók sæti í forsætisnefnd, Siv Friðleifsdóttir var áfram formaður velferðarnefndar, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir sat áfram í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd, Bjarni Benediktsson fór úr forsætisnefnd yfir í efnahags- og viðskiptanefnd og tók jafnframt sæti í eftirlitsnefnd, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hvarf úr menningar- og menntamálanefnd og settist í velferðarnefnd og Ásmundur Einar Daðason sat áfram í menningar- og menntamálanefnd. Í kjölfar þess að Álfheiður Ingadóttir tók sæti Guðfríðar Lilja Grétarsdóttur í Íslandsdeild tók hún jafnframt sæti hennar í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd 2. nóvember 2010.

Fulltrúar Íslandsdeildar sátu auk þess á vegum Norðurlandaráðs í stjórnum norrænna stofnana og voru fulltrúar þess út á við. Siv Friðleifsdóttir sat í stjórn Norræna menningarsjóðsins, Ragnheiður Ríkharðsdóttir átti sæti í stjórn eftirlitsnefndar Norræna fjárfestingarbankans og Illugi Gunnarsson sat í fjárlagahópi forsætisnefndar Norðurlandaráðs. Siv Friðleifsdóttir átti sæti í sendinefnd Norðurlandaráðs á leiðtogafundi Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins í Vilníus 17. febrúar, á fundi Norðurlandaráðs með norrænum samstarfsráðherrum í Vilníus 18. febrúar, á þríhliða fundi Norðurlandaráðs, Eystrasaltsþingsins og Beneluxþingsins í Ósló 13. apríl. Siv Friðleifsdóttir var einnig fulltrúi í sendinefnd Íslandsdeildar, ásamt Ragnheiði Ríkharðsdóttur og Margréti Tryggvadóttur, til héraðsþinga í Leningradhéraði og Kalíningrad 16.–21. maí og á Eystrasaltsþinginu í Ríga 21.–23. október.

Starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs fundaði sex sinnum á árinu. Undirbúin var þátttaka í fundum og þingi Norðurlandaráðs og höfð umsjón með framkvæmd þingsins í Reykjavík, ásamt gagnkvæmum upplýsingaskiptum meðlima Íslandsdeildar um stöðu mála í einstökum nefndum og starfshópum Norðurlandaráðs. Þá lagði Íslandsdeild lokahönd á formennskuáætlun hennar í Norðurlandaráði 2010 og undirbjó tillögur til að fylgja henni eftir. Íslandsdeild lagði fram þrjár tillögur á árinu, um dag Norðurlandanna, um eftirfylgni Stoltenberg-skýrslunnar og um mænuskaða. Þá lagði formaður deildarinnar fram eina tillögu um eflingu norræns samstarfs á sviði fjármála.

Í janúar fjallaði Íslandsdeild um formennskuáætlun deildarinnar í Norðurlandaráði 2010 og eftirfylgni tilmæla ráðsins frá árinu 2009. Þá fjallaði Íslandsdeild um kynningu á málavöxtum Icesave-málsins á fundum norrænna flokkahópa.

Í mars undirbjó Íslandsdeild tillögu um dag Norðurlandanna, sem haldinn er 23. mars ár hvert í tilefni þess að Helsinki-sáttmálinn, grundvallarsáttmáli um norræna samvinnu, var

undirritaður árið 1962. Lagt var til að auka veg dagsins, í því skyni að auka athygli á norrænni samvinnu, til að mynda með því að innleiða verðlaunaafhendingu þar sem veitt væru helstu verðlaun Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Tillagan var ekki samþykkt.

Í maí undirbjó Íslandsdeild tillögu um eftirfylgni Stoltenberg-skýrslunnar um norræna samvinnu á sviði utanríkis- og öryggismála, nánar tiltekið um eflingu norræns samstarfs á sviði samfélagsöryggis. Tillagan sneri að öryggi borgara í Norðurhöfum, sérstaklega vegna aukinna siglinga flutninga- og farþegaskipa, samfara opnun nýrra siglingaleiða í kjölfar bráðnunar íss á norðurslóðum af völdum loftslagsbreytinga. Íslandsdeild lagði til að ríkisstjórnir Norðurlandanna efldu með hraði samstarf sitt á sviði samfélagsöryggis til samræmis við tillögur 4 og 8 í Stoltenberg-skýrslunni og að norrænir utanríkisráðherrar gæfu skýrslu um samstarf sitt á sviði samfélagsöryggis varðandi tillögurnar á 62. þingi Norðurlandaráðs. Tillagan var samþykkt með breytingum á Norðurlandaráðsþingi í Reykjavík.

Í maí kynnti Silje Bergum Kinsten, starfsmaður upplýsingadeildar Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs, Íslandsdeild áherslur í starfi upplýsingadeildarinnar og nýjungar í starfi hennar.

Í júní lagði formaður Íslandsdeildar fram tillögu um eflingu norræns samstarfs á sviði fjármála. Í henni var lagt til að norrænir forsætisráðherrar beittu sér fyrir að komið yrði á fót formlegum samstarfsvettvangi um fjármálastöðugleika og kerfisáhættu í fjármálakerfum á Norðurlöndunum, með aðild norrænna seðlabanka og fjármálaeftirlita. Með tilliti til náinna tengsla bankakerfa Norðurlanda og Eystrasaltslanda ætti slíkt svæðisbundið samstarf einnig að taka til Eystrasaltsríkjanna. Eftir að fulltrúar fjármálayfirvalda á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum undirrituðu samkomulag í ágúst um aukið samstarf um svæðisbundinn fjármálastöðugleika og viðbrögð við áföllum komst forsætisnefnd að þeirri niðurstöðu að samkomulagið uppfyllti markmið tillögunnar og ákvað að aðhafast ekki frekar.

Þá úthlutaði Íslandsdeild í júní fréttamannastyrkjum Norðurlandaráðs 2010. Ákveðið var að eftirtaldir fengju styrk: Arnþrúður Karlsdóttir, Ágúst Ólafsson, Erla Sigurðardóttir, Jóhann Hauksson, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Linda Blöndal og Magnús Halldórsson.

Í október undirbjó Íslandsdeild Norðurlandaráðsþing í Reykjavík og tillögu um mænuskaða. Tillagan kveður á um að fela nefnd sérfróðra vísindamanna og lækna að safna upplýsingum og gera yfirlit yfir norrænar og aðrar rannsóknir og meðferðir við mænuskaða í formi skýrslu og gera tillögur um úrbætur um rannsóknir og meðferðir á mænuskaða. Tillagan var send velferðarnefnd til umfjöllunar á árinu 2011.

Í desember fjallaði Íslandsdeild um nýyfirstaðið Norðurlandaráðsþing og gaf umsögn um það.

Forseti Norðurlandaráðs.

Helgi Hjörvar var forseti Norðurlandaráðs árið 2010. Illugi Gunnarsson var varaforseti frá janúar til október og Ragnheiður Ríkharðsdóttir varaforseti frá október til desember.

Hlutverk forseta er að leiða og samhæfa störf forsætisnefndar, stjórna fundum nefndarinnar, stjórna þingfundi ráðsins og koma fram fyrir hönd Norðurlandaráðs gagnvart öðrum alþjóðastofnunum. Þá hefur forseti mikilvægu hlutverki að gegna varðandi stefnumótun í málefnum skrifstofu Norðurlandaráðs og vinnur náið með framkvæmdastjóra skrifstofunnar. Hlutverk varaforseta er að vera staðgengill forseta við stjórn funda ráðsins og staðgengill hans á alþjóðavettvangi.

Á síðustu árum hafa orðið þær breytingar í Norðurlandaráði að formennskuland hvers árs leggur fram formennskuáætlun fyrir starfsárið og fylgir henni jafnvel eftir með tillöguflutningi, sem og að alþjóðastarf ráðsins hefur aukist til muna.

Formennskuáætlun Íslands 2010 skiptist í þrjá hluta, auk kafla um innri málefni Norðurlandaráðs. Fyrsti hluti formennskuáætlunarinnar fjallaði um öryggi, velferð og menningu. Í þeim hluta var áætlað að fylgja eftir Stoltenberg-skýrslunni með áherslu á samfélagsöryggi og borgaralegt öryggi, að berjast gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi, að stuðla að velferð Norðurlandabúa, að fylgja eftir vinnu gegn landamærahindrunum, að fylgja eftir Yfirlýsingu um norræna tungumálastefnu og að stuðla að efnahagslegu öryggi.

Annar hluti formennskuáætlunarinnar fjallaði um haf, loftslag og orku. Í þeim hluta var áætlað að stuðla að bættu umhverfi norrænna hafa, að fylgjast með og hafa áhrif á uppfærslu fiskveiðistefnu ESB, að fylgja eftir niðurstöðu Kaupmannahafnarfundar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál og að stuðla að rannsóknum og nýtingu á endurnýjanlegri orku.

Þriðji hluti formennskuáætlunarinnar fjallaði um alþjóðleg tengsl. Í þeim hluta var áætlað að rækta tengsl og samstarf á nærsvæðum til vesturs og austurs og við þingmannasamtök þar, sem og við Samband norrænu félaganna á Norðurlöndum og samtök frumbyggja þar, að fylgja eftir aðgerðaáætlun Norðurlandaráðs gagnvart Evrópusambandinu og að stuðla að jákvæðri ímynd Norðurlandanna í hnattvæddum heimi.

Auk hinna þriggja hluta hafði formennskuáætlunin kafla um innri málefni. Í því sambandi var áætlað að efla tengsl Norðurlandaráðs við þjóðþingin og auka eftirfylgni tilmæla ráðsins, að stuðla að því að gera veg dags Norðurlandanna 23. mars meiri og að stuðla að nútímalegu Norðurlandaráði og norrænu samstarfi.

Forseti Norðurlandaráðs var á árinu fulltrúi ráðsins á fjölmörgum fundum og ráðstefnum, en kostnaður við slík störf forseta er greiddur af skrifstofu ráðsins. Forseti lagði í alþjóðastarfi sínu á árinu meiri áherslu á Evrópu, Vestur-Norðurlönd og norðurskaut en fyrirrennarar hans á síðustu árum.

Forseti sat opinn fund utanríkismálanefndar danska þingsins um Alþjóðabankann í Kaupmannahöfn 25. janúar. Hann fór fyrir sendinefnd Norðurlandaráðs á leiðtogafundi Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins í Vilníus 17. febrúar og á fundi Norðurlandaráðs með norrænum samstarfsráðherrum í Vilníus 18. febrúar.

Forseti átti fund með Josef Motzfeldt, formanni Vestnorræna ráðsins, í Reykjavík 16. mars og Illugi Gunnarsson varaforseti var fulltrúi Norðurlandaráðs á málþingi Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins með stjórnmálamönnum frá Hvíta-Rússlandi í Minsk 22.–23. mars.

Forseti fór fyrir sendinefnd Norðurlandaráðs á þríhliða fundi Norðurlandaráðs, Eystrasaltsþingsins og Beneluxþingsins í Ósló 13. apríl og var fulltrúi Norðurlandaráðs á hnattvæðingarþingi Norrænu ráðherranefndarinnar í Snekkersten í Danmörku 19.–20. maí og á fundi forsætisráðherra Norðurlanda í Marienborg í Lyngby í Danmörku 21. maí.

Þá fór forseti fyrir sendinefnd Norðurlandaráðs við hringborðsumræður Norðurlandaráðs með Rússneska sambandsráðinu og Dúmunni í Bergen 26.–27. maí og var fulltrúi ráðsins á Baltic Development Forum í Vilníus 1.–2. júní og á málþingi ungra stjórnmálamanna frá Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum og Hvíta-Rússlandi í Vilníus 3. júní.

Forseti fór fyrir sendinefnd Norðurlandaráðs á þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins á Sauðárkróki 8. júní, og á fundi Norðurlandaráðs með norrænum þingmönnum á Evrópuþinginu í Strassborg 15. júní. Hann var einnig fulltrúi Norðurlandaráðs á Benelux-þinginu í Brussel 18. júní og á allsherjarþingi heimskautsráðs inúíta í Nuuk 30. júní–2. júlí.

Þann 9. september átti forseti fund með Ragnheiði Helgu Þórarinsdóttur, formanni Norræna félagsins á Íslandi og formanni Sambands norrænu félaganna á Norðurlöndum, og Ásdísi Evu Hannesdóttur, framkvæmdastjóra Norræna félagsins á Íslandi, og 13.–15. september var hann fulltrúi Norðurlandaráðs á Þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál í Brussel, þar sem hann átti einnig fund með norrænum þingmönnum Evrópuþingsins.

Forseti fór fyrir sendinefnd Norðurlandaráðs á Eystrasaltsþinginu í Ríga 21.–23. október. Hann var í lykilhlutverki við fundarstjórn á þingfundi Norðurlandaráðs í Reykjavík 2.–4. nóvember og var í fararbroddi ráðsins á fundum þess samhliða þinginu með norrænum forsætisráðherrum, norrænum utanríkisráðherrum, norrænum samstarfsráðherrum, Vestnorræna ráðinu og Rússneska sambandsráðinu og Dúmunni.

Þá var forseti fulltrúi Norðurlandaráðs á Bresk-írska þinginu 21.–23. nóvember í Douglas á eynni Mön, fulltrúi Norðurlandaráðs á málþingi um flutningsskilyrði fatlaðra á Norðurlöndum í Stokkhólmi 1. desember og stýrði leiðtogafundi Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins í Majvik í Finnlandi 7. desember.

Auk þátttöku í fundum og ráðstefnum var forseti Norðurlandaráðs virkur á árinu í fjölmiðlaumfjöllun um norræn málefni og málefni tengd alþjóðastarfi ráðsins. Hann birti greinar og veitti viðtöl í norrænum fjölmiðlum og innleiddi í auknum mæli rafræna miðlun um starfsemi Norðurlandaráðs á samskiptavefsíðum og með myndskeiðum á vefsíðu Norðurlandaráðs.

Þá innleiddi forseti einnig skjót viðbrögð Norðurlandaráðs í fjölmiðlum við málefnum í brennidepli líðandi stundar, til að mynda með harðri gagnrýni á bann við gleðigöngu samkynhneigðra, Baltic Pride 2010, í Vilníus í maí og með mótmælum við handtöku stjórnarandstæðinga, þar á meðal nokkurra forsetaframbjóðenda, eftir forsetakosningar í Hvíta-Rússlandi í desember.

4. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

Forsætisnefnd.

Helgi Hjörvar, Illugi Gunnarsson og Ragnheiður Ríkharðsdóttir sátu í forsætisnefnd á starfsárinu 2010. Nefndin fundaði sex sinnum á árinu.

Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum sem kosnir eru á þingi Norðurlandaráðs. Allar landsdeildir á Norðurlöndunum og allir flokkahópar eiga fulltrúa í henni. Forsætisnefnd annast víðtæk pólitísk og stjórnunarleg málefni og hefur yfirumsjón með öllum málum í sambandi við Norðurlandaráðsþingið. Forsætisnefnd fjallar um norrænu fjárlögin en sérstakur starfshópur á vegum nefndarinnar tók þá vinnu sérstaklega að sér árið 2010, líkt og áður hafði verið gert. Þá sér forsætisnefnd um tengsl við svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir og á í samstarfi við ESB/EES, ÖSE, Sameinuðu þjóðirnar og fleiri. Forsætisnefnd fjallar um tillögur sem til hennar er beint og vísar öðrum tillögum sem lagðar eru fyrir ráðið til viðeigandi fagnefnda. Forsætisnefnd fer með æðsta vald Norðurlandaráðs á milli þinga og hefur vald til þess að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum og taka til afgreiðslu ákveðin málefni sem ekki þykir fært að bíði næsta þings.

Lánveitingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Íslands og Icesave-málið komu til umræðu á fundi forsætisnefndar í janúar undir yfirskriftinni „staðan á Íslandi“ (situationen i Island), undir dagskrárliðnum önnur mál. Helgi Hjörvar hóf umræðuna og sagði að Íslendingar væru mjög þakklátir Norðurlöndunum fyrir að vera tilbúin að veita Íslandi lán. Hins vegar væri á Íslandi aukin umræða um norræna samvinnu og líklegt, ef niðurstaða í þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars yrði „nei“, að sú umræða mundi þyngjast og norræn samvinna jafnvel verða

í aðalhlutverki í lánaumræðunni. Lán Norðurlandanna væru tengd samstarfsáætlun Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og þar væri að finna óljóst orðalag um að Ísland standi við skuldbindingar sínar. Englendingar og Hollendingar hafi ekki lánað Íslandi, heldur sjálfir ákveðið að greiða sínum sparifjáreigendum og deilt væri um hver skuldbinding Íslendinga væri. Ef lýðræðisleg ákvörðun í þjóðaratkvæðagreiðslu um að hafna fyrirliggjandi samningi yrði til þess að stöðva aðstoð við Ísland mundi það óhjákvæmilega vekja umræðu.

Illugi Gunnarsson tók einnig til máls og sagði málið erfitt. Það snerist um hvernig túlka bæri ESB-tilskipun sem margir lögfræðingar töldu ekki gera ráð fyrir kerfisbundnu hruni. Hann taldi Englendingum og Hollendingum ekki stætt á að þvinga Íslendinga til að endurgreiða peninga sem þeir hefðu ekki tekið að láni og málið gæti vegið að sjálfstæði Íslands af efnahagslegum ástæðum. Illugi sagði Íslendinga þakkláta fyrir stuðning Norðurlanda, en komið hefði fram í bréfi Strauss-Kahn, framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að lausn Icesave-deilunnar hefði ekki verið krafa af hálfu sjóðsins fyrir lánveitingu til Íslands, heldur af hálfu Norðurlanda. Mörgum á Íslandi þætti ekki við hæfi að Bretland og Holland beittu Norðurlöndum fyrir sig til að setja pressu á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Norski þingmaðurinn Per-Kristian Foss sagði að sér fyndist óþægilegt að dragast inn í íslenska kosningabaráttu og taldi umfjöllun málsins ekki eiga heima hjá forsætisnefnd. Helgi Hjörvar ítrekaði að ástæða umfjöllunarinnar væri umræða á Íslandi um norræna samvinnu, og því á verksviði forsætisnefndar. Danski þingmaðurinn Line Barfod taldi bréf Strauss-Kahn sæta tíðindum og vera mikilvægt í lánaumræðunni.

Á fundi forsætisnefndar í apríl lagði landsdeild Svíþjóðar fram tillögu um yfirferð Helsinki-sáttmálans með hugsanlegar breytingar í huga. Forsætisnefnd var sammála um að árangursríkast væri að Norðurlandaráð gerði tillögur um hvaða atriðum ætti að breyta í sáttmálanum og sendi því tillöguna til umsagnar landsdeilda og flokkahópa ráðsins til að kanna afstöðu þeirra til breytinga og þá um hvaða atriði sáttmálans. Við umsagnarferlið kom í ljós að almennt var ekki talin þörf á breytingum á Helsinki-sáttmálanum, frekar var talin þörf á að taka starfsreglur Norðurlandaráðs til gagngerrar endurskoðunar. Því ákvað forsætisnefnd að skipa starfshóp embættismanna til að gera tillögur um breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs. Í starfshópinn var skipaður einn fulltrúi starfsmanna landsdeilda, einn fulltrúi starfsmanna flokkahópa, einn fulltrúi starfsmanna skrifstofu Norðurlandaráðs og einn lögfræðingur frá Norrænu ráðherranefndinni. Breyttar starfsreglur skal samþykkja á Norðurlandaráðsþingi haustið 2011.

Á aprílfundi lagði finnski þingmaðurinn Erkki Tuomioja til að Norðurlandaráð fjallaði um tillögu um tilskipun um neytendavernd innan ESB, sem brátt átti að taka til umfjöllunar hjá Evrópuþinginu. Tillagan um tilskipun felur í sér staðlaða neytendavernd í ESB, sem á vissum sviðum er lakari en á Norðurlöndum. Forsætisnefnd ákvað að fela Henrik Dam Kristensen í borgara- og neytendanefnd, sem einnig fjallaði um málið, að fylgja því eftir milli funda með samskiptum við norræna þingmenn á Evrópuþinginu og norræna ráðherra. Í kjölfarið fundaði Helgi Hjörvar og Henrik Dam Kristensen með norrænum þingmönnum á Evrópuþinginu í júní og gerðu grein fyrir sjónarmiðum Norðurlandaráðs um að Norðurlöndin ættu að stilla saman strengi sína við umfjöllun málsins og samþykkja ekki tillöguna óbreytta. Í september samþykkti forsætisnefnd síðan tilmæli til ríkisstjórna Norðurlanda, að tillögu borgara- og neytendanefndar, um samnorræna sýn á stefnu ESB í neytendamálum, þess efnis að móta samræmda norræna afstöðu við afgreiðslu ráðherraráðs ESB á KOM (2008) 614. Norræna afstaðan skyldi tryggja að lágmarkssamræming gengi eins langt og unnt væri þannig að áfram mætti efla norræna neytendavernd.

Tillaga Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um aukið norrænt samstarf á sviði samfélagsöryggis var til umfjöllunar í forsætisnefnd í júní og september. Tillagan var lögð fram sem eftirfylgni við Stoltenberg-skýrsluna, en Norðurlandaráð hafði áratuginn á undan fjallað um efni sjö af þrettán tillögum skýrslunnar. Sú umfjöllun ráðsins tók mið af þeim breytingum sem orðið hafa með útvíkkun öryggishugtaksins eftir lok kalda stríðsins, frá þjóðaröryggi í hefðbundnum skilningi yfir í mannöryggi eða samfélagsöryggi, sem tekur mið af hnattrænum og samfélagslegum þáttum, auk hefðbundinna hernaðarlegra þátta, samfara því að mörkin milli ytra og innra öryggis ríkis hafa orðið ógreinilegri. Eitt af þeim atriðum sem hafa verið til umfjöllunar ráðsins á sviði samfélagsöryggis er öryggi borgara í Norðurhöfum, sérstaklega vegna aukinna siglinga flutninga- og farþegaskipa, samfara opnun nýrra siglingaleiða í kjölfar bráðnunar íss á norðurslóðum af völdum loftslagsbreytinga. Tillaga Íslandsdeildar miðaði að því að hraða þyrfti frekara samstarfi í björgunarmálum með því að taka mið af tillögum 4 og 8 í Stoltenberg-skýrslunni. Tillagan hlaut almennan stuðning í forsætisnefnd en nefndin ákvað að tillagan skyldi hafa breiðari skírskotun með því að beint skyldi tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda um að hraða norrænu samstarfi á sviði samfélagsöryggis samkvæmt Stoltenberg-skýrslunni, auk þess að taka mið af tillögum í nýlegri NB8-sérfræðingaskýrslu Valdis Birkav, fyrrverandi forsætisráðherra Lettlands, og Sørens Gade, fyrrverandi varnarmálaráðherra Danmerkur, um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

Forsætisnefnd fjallaði einnig í júní og september um tillögu Helga Hjörvar um eflingu norræns samstarfs á sviði fjármála. Tillagan snerist um að Norðurlöndin ættu að koma á formlegum samstarfsvettvangi um fjármálastöðugleika og kerfisáhættu í fjármálakerfinu, með aðild norrænna seðlabanka og fjármálaeftirlita, og með tilliti til náinna tengsla bankakerfa Norðurlanda og Eystrasaltslanda ætti slíkt svæðisbundið samstarf einnig að taka til Eystrasaltsríkjanna. Með slíku samstarfi yrði með árangursríkari hætti hægt að meta yfirvofandi ógnir við fjármálastöðugleika og draga þannig úr líkunum á og áhrifum af hugsanlegum fjármálakreppum í framtíðinni. Eftir að tillagan var lögð fram undirrituðu fulltrúar fjármálayfirvalda Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna samkomulag um aukið samstarf um svæðisbundinn fjármálastöðugleika og viðbrögð við áföllum. Af því tilefni var Jens Lundager, deildarstjóri fjármála hjá danska efnahags- og atvinnulífsráðuneytinu, gestur fundar forsætisnefndar. Lundager gerði grein fyrir evrópskum og norrænum bakgrunni samkomulagsins og innihaldi og svaraði spurningum nefndarmanna. Hann sagði að samkomulagið, sem væri ekki lagalega bindandi, byggðist á samkomulagi og æfingum viðbragða við áföllum á fjármálamörkuðum sem áður voru fyrir hendi. Inntak samkomulagsins væri að skilgreina hlutaðeigandi, meta fjármálastöðugleika, skilgreina meginreglur við dreifingu kostnaðar og dreifa verkefnum. Í kjölfar kynningarinnar komst forsætisnefnd að þeirri niðurstöðu að samkomulagið uppfyllti markmið tillögunnar og ákvað að aðhafast ekki frekar.

Á desemberfundi forsætisnefndar tók nefndin til umfjöllunar tillögu flokkahóps vinstrisósíalista og grænna um norræna friðarstofnun sem tekið gæti að sér að semja um frið á alþjóðlegum vettvangi. Tillagan fól í sér að ríkisstjórnir Norðurlanda beittu sér fyrir að friðarstarf verði hluti af eftirfylgni við Stoltenberg-skýrsluna, að komið yrði á fót norrænni friðarstofnun sem starfaði náið með þeim norrænu friðarstofnunum sem eru fyrir hendi og að hún hefði á sínum vegum alþjóðlega viðurkennda samningamenn til að semja um frið í deilum þar sem norrænar ríkisstjórnir gætu ekki beitt sér vegna lista yfir hryðjuverkasamtök. Fyrir fundinn hafði tillagan verið send til umsagnar hjá starfandi norrænum friðarstofnunum; Danish Institute for International Studies (DIIS) í Danmörku, The Transnational Foundation for Peace and Future Research (TFF) í Svíþjóð, Peace Research Institute Oslo (PRIO) í

Noregi, Life & Peace Institute (LPI) í Svíþjóð, Stockholm International Peace Research Institute (SIPRI) í Svíþjóð og Ålands fredsinstitut á Álandseyjum.

Forsætisnefnd taldi að svo stöddu ekki þörf á að leggja til að sett yrði á stofn ný norræn friðarstofnun til viðbótar við þær sem þegar eru til. Nefndarmenn vildu fyrst kanna hvort núverandi stofnanir hefðu tök á að auka samstarf sitt enn frekar og ákvað að Norðurlandaráð skyldi standa fyrir ráðstefnu þar sem fulltrúum friðarstofnana á Norðurlöndum yrði gert kleift að efla slíkt samstarf.

Forsætisnefnd fjallaði einnig í desember um tillögu tveggja þingmanna úr flokkahópi miðjumanna um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Gestur fundarins af því tilefni var Raimo Väyrynen, fyrrverandi framkvæmdastjóri utanríkismálastofnunar Finnlands, sem gerði grein fyrir sögulegum bakgrunni tillögunnar og svaraði spurningum. Sögulega séð hefur umræða um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum og í Norður-Evrópu átt sér stað í fimm bylgjum; fyrst árið 1957 þegar Sovétmenn settu fram hugmyndir um að Danmörk og Eystrasaltið skyldu vera kjarnorkuvopnalaus annars vegar og hins vegar þegar Pólverjar settu fram tillögu um að Pólland, Austur- og Vestur-Þýskaland og Tékkóslóvakía skyldu vera kjarnorkuvopnalaus, síðan að frumkvæði Kekkonens, forseta Finnlands, á árunum 1963–65 sem lagði til að Finnland, Svíþjóð, Danmörk og Noregur skyldu vera kjarnorkuvopnalaus, svo að frumkvæði Finnlands á fyrri hluta áttunda áratugarins þegar Finnar lögðu til að tengja kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd við afvopnun í Evrópu og við afvopnun stórveldanna og þannig yrðu Norðurlönd háðari þróuninni á alþjóðavettvangi, þá 1978, aftur að frumkvæði Kekkonens, þegar hann endurvakti hugmyndir sínar frá 1963, án tillits til kjarnorkuvopnakapphlaups annarra, og loks á fyrri hluta níunda áratugarins með tillögu norska sendiherrans Jens Evensen um endurupptöku hugmyndarinnar um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Eftir fall Berlínarmúrsins minnkaði umræðan um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd en henni skaut aftur upp kollinum á fyrri hluta tíunda áratugarins í Norðurlandaráði sem lið í tilmælum ráðsins til ríkisstjórna Norðurlandanna um umhverfismál á Norðurlöndum, þar sem lagt var til að styðja afvopnun kjarnavopna, styðja þróun öruggra aðferða við eyðingu þeirra og skilgreina Norðurlönd sem kjarnorkuvopnalaust svæði. Svo fór að norræn umhverfisáætlun, sem tók meðal annars til kjarnorkuöryggis, var viðtekin, en umræðan um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd fjaraði út. Raimo Väyrynen, gestur forsætisnefndar, var ekki bjartsýnn á að Norðurlöndin eða norðurskautið yrðu kjarnorkuvopnalaus. Forsætisnefnd ákvað að vinna málið áfram á þann veg að Norðurlöndin mundu vinna að fækkun taktískra kjarnavopna.

Árlegur leiðtogafundur Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins fór fram í tengslum við fund forsætisnefndar í desember, en samtökin skiptast á að vera gestgjafar þeirra. Því stýrði Helgi Hjörvar fundinum fyrir hönd Norðurlandaráðs að þessu sinni. Gestir fundarins voru Søren Gade og Valdis Birkavs, höfundar NB8-sérfræðingaskýrslunnar um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, sem kynntu efni hennar og svöruðu spurningum. Skýrslan kom út í ágúst 2010 og hefur að geyma 38 hagnýtar tillögur sem sumar hverjar byggjast á Stoltenberg-skýrslunni, meðal annars um samstarf sendiráða, björgunarmál, rafrænt öryggi og orkumál. Gade sagði meðal annars að samstarf í Evrópu framtíðarinnar yrði milli svæða, ekki ríkja, og að NB8 myndaði einmitt svæði í þessum skilningi. Mikilvægt væri að beina sérstaklega sjónum að samstarfi ríkjanna árið 2011 þegar 20 ár væru liðin frá því að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt. Nokkur umræða varð um tillögu 13 í Stoltenberg-skýrslunni um samstöðuyfirlýsingar og varpaði Erkki Tuomioja frá Finnlandi fram þeirri spurningu hvort mögulegt væri að framlengja samstöðuyfirlýsingu aðildarríkja ESB með sérstökum samningi

þannig að hún tæki einnig til Noregs og Íslands. Nefndarmönnum fannst hugmyndin allrar athygli verð.

Á tímabilinu janúar til október 2010 samþykkti forsætisnefnd sex tilmæli af hálfu Norðurlandaráðs. Þrjár tillögur forsætisnefndar voru samþykktar sem tilmæli á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík. Það voru eflt norrænt samstarf um samfélagsöryggi (tilmæli 13/2010), áætlun um aðgerðir Norrænu ráðherranefndarinnar í málefnum Hvíta-Rússlands 2011–2012 (tilmæli 11/2010) og verkefna- og fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2011 (tilmæli 7/2010).

Menningar- og menntamálanefnd.

Fulltrúi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs í menningar- og menntamálanefnd árið 2010 var Ásmundur Einar Daðason.

Menningar- og menntamálanefnd annast málefni sem varða menningu og listir á Norðurlöndum og á alþjóðavísu, fjölmenningarleg Norðurlönd, kvikmyndir og fjölmiðla, tungumál, íþróttir, óháð félagasamtök, menningu barna og unglinga, grunnmenntun, framhaldsmenntun, fullorðinsfræðslu, rannsóknir, menntun vísindamanna og fræðimannaskipti.

Helstu umfjöllunarefni menningar- og menntamálanefndar árið 2010 voru rannsóknir, samstarf um almenningssjónvarpsstöðvar á Norðurlöndum, nýsköpun í menntakerfum, frumkvæði í atvinnu- og starfshæfnismálum ungs fólks og norræn menningarhátíð.

Fimm tillögur menningar- og menntamálanefndar urðu að tilmælum Norðurlandaráðs á árinu. Það voru norræn menningarhátíð (tilmæli 5/2010), norræn Arte-sjónvarpsrás (tilmæli 12/2010), samstarfsáætlun á sviði menntamála og rannsókna 2011–2013 (tilmæli 23/2010), sköpun, nýsköpun og frumkvöðlamenntun (tilmæli 24/2010) og atvinnumál og færni ungs fólks (tilmæli 25/2010).

Efnahags- og viðskiptanefnd.

Bjarni Benediktsson var fulltrúi Íslandsdeildar í efnahags- og viðskiptanefnd á starfsárinu. Efnahags- og viðskiptanefnd annast málefni sem varða efnahags- og framleiðsluskilyrði, atvinnulíf, innri markað Norðurlanda, frjálsa fólksflutninga, afnám landamærahindrana, viðskipti, byggðastefnu, atvinnumál og vinnumarkað, vinnuvernd, skipulag innviða, samgöngur og upplýsingatækni.

Meðal helstu mála efnahags- og viðskiptanefndar árið 2010 voru Norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðið – NORIA, endurnýjanleg orka, höfundaréttur, samnorrænar lausnir á endurvinnslu og skilagjaldsskyldu á drykkjarumbúðum og stjórnsýsluhindranir í atvinnulífinu.

Fimm tillögur efnahags- og viðskiptanefndar urðu að tilmælum Norðurlandaráðs á árinu. Það voru frekari þróun Norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðisins – NORIA (tilmæli 4/2010), norræn framleiðsla á endurnýjanlegri orku (tilmæli 21/2010), norrænt framtaksverkefni um að leggja gjöld á millifærslur fjármagns (tilmæli 30/2010), sameiginlegur viðbúnaður við hugsanlegum fjármálakreppum í framtíðinni (tilmæli 31/2010) og ráðstefna um framleiðslu á hollum matvælum (tilmæli 32/2010).

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Á árinu 2010 voru Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og Álfheiður Ingadóttir fulltrúar Íslandsdeildar í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd annast málefni er varða umhverfismál, landbúnað og skógrækt, sjávarútveg, sjálfbæra þróun og orkumál.

Megináherslur umhverfis- og náttúruauðlindanefndar árið 2010 voru norrænt samstarf í tengslum við endurskoðun sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, samnorrænar lausnir á endurvinnslu og skilagjaldsskyldu á drykkjarumbúðum, eftirfylgni í orku-, loftslags- og samgöngumálum og ofvöxtur þörunga í Eystrasaltinu.

Í janúar stóð umhverfis- og náttúruauðlindanefnd fyrir málþingi í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina um endurskoðun sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, en áætlunin á að taka gildi í janúar 2013. Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin skiluðu í lok árs 2009 inn umsögnum til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um grænbók hennar um endurskoðunina, sem kynnt var í apríl 2009. Framsögu á málþinginu höfðu meðal annars Ann-Kristine Johansson, formaður umhverfis- og náttúruauðlindanefndar Norðurlandaráðs, og Ole Christensen, sem á sæti í sjávarútvegsnefnd Evrópuþingsins.

Norðurlandaráð samþykkti á árinu 2010 sem tilmæli sjö tillögur umhverfis- og náttúruauðlindanefndar. Það voru rannsókn á hættulegum efnum og efnasamböndum og samningur um þungmálma (tilmæli 1/2010), innkaupastefna án hættulegra efna og alþjóðleg vísindanefnd um efni (tilmæli 2/2010), útivistarlíf barna og ungmenna (tilmæli 3/2010), norræn stefna um landbúnað og skógrækt (tilmæli 18/2010), norrænar aðgerðir í loftslagsmálum (tilmæli 19/2010), eftirfylgni Kaupmannahafnarsamkomulagsins (tilmæli 20/2010) og samnorræn áætlun til að stöðva útbreiðslu marðarhundarins (tilmæli 22/2010).

Velferðarnefnd.

Siv Friðleifsdóttir og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir voru fulltrúar Íslandsdeildar í velferðarnefnd á starfsárinu 2010 og var Siv Friðleifsdóttir formaður nefndarinnar.

Velferðarnefnd sinnir velferðar- og tryggingamálum, félagsþjónustu- og heilbrigðismálum, málefnum fatlaðra, bygginga- og húsnæðismálum, fjölskyldumálum, málefnum barna og unglinga og baráttu gegn misnotkun vímuefna.

Höfuðáhersla velferðarnefndar var lögð á hvernig skapa mætti góð lífsgæði eldri borgara á Norðurlöndum. Nefndin afgreiddi nefndartillögu þess efnis, en tillagan snýr að þremur þáttum, rannsóknum, fyrirbyggjandi aðgerðum og viðbótum og nýjungum í þjónustu. Umfjöllun velferðarnefndar tók mið af þeirri lýðfræðilegu þróun að hlutfall eldri borgara hefur aukist, að hlutfall mjög gamals fólks er stærra en áður hefur þekkst og að tímabil hinna „góðu ára“ á ævi fólks hefur almennt lengst. Því þyrfti að leggja áherslu á hóp þeirra sem eru áttræðir og eldri þar sem sá hópur muni í framtíðinni nota heilbrigðis- og félagsþjónustu í miklum mæli, sem verði vandasamt úrlausnarefni í framtíðinni fyrir velferðarkerfi Norðurlanda.

Velferðarnefnd afgreiddi einnig nefndartillögu um að koma bæri á fót samnorrænu skráningarkerfi fyrir lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og annað löggilt fagfólk í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum, með það að markmiði að auka öryggi sjúklinga. Slík rafræn skrá gæti leitt í ljós athugasemdir sem gerðar hafi verið við störf starfsfólks í öðrum norrænum löndum eða sjálfstjórnarsvæðum. Nefndin lagði hins vegar áherslu á að aðeins skyldu vera skráðar í kerfið alvarlegar athugasemdir og að hafa skyldi hliðsjón af ýmsum þáttum, þar á meðal persónuvernd og öryggi sjúklinga, og undirbúa þyrfti slíka skrá í samstarfi við sérfræðinga og hlutaðeigandi hópa.

Norðurlandaráð samþykkti fjórar tillögur velferðarnefndar sem tilmæli á árinu 2010. Það voru lífsgæði aldraðra á Norðurlöndum (tilmæli 26/2010), norræn aðgerðaáætlun varðandi sjaldgæfa sjúkdóma (tilmæli 27/2010), samnorræn rafræn skrá yfir löggilt fagfólk í heil-

brigðisstétt (tilmæli 28/2010) og norræn nýsköpunarmiðstöð lýðheilsu við Norræna lýðháskólann og norrænt stórátak, Öndvegisrannsóknir II (tilmæli 29/2010).

Borgara- og neytendanefnd.

Enginn fulltrúi Íslandsdeildar sat í borgara- og neytendanefnd Norðurlandaráðs á starfsárinu 2010.

Borgara- og neytendanefnd annast málefni sem varða lýðræði, mannréttindi, borgararéttindi, jafnrétti, neytendamál, hollustu matvæla, baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi, löggjöf, innflytjendur, flóttafólk og baráttu gegn kynþáttafordómum.

Á starfsárinu 2010 voru helstu áhersluþættir borgara- og neytendanefndar neytendamál, brottvísun norrænna ríkisborgara frá Norðurlöndum, betrunarvist, sjálfstjórn og sjálfstæði og fólksflutningar.

Borgara- og neytendanefnd lagði fram tillögur varðandi brottvísun norrænna ríkisborgara og túlkun á 7. gr. Norræna sáttmálans um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu frá árinu 1994, sem byggðust á upplýsingum um að í Danmörku og Svíþjóð væri hægt að vísa norrænum þegnum úr landi vegna afbrota eða fyrir að vera byrði á félagslega kerfinu, þó að í Svíþjóð kæmi mjög sjaldan eða aldrei fyrir að fólki væri vísað úr landi fyrir það eitt að leita félagslegrar aðstoðar. Í svari danskra yfirvalda við skriflegri fyrirspurn nefndarinnar kom fram að Danir hafa vísað 46 norrænum þegnum úr landi frá árinu 2004 með skírskotun til þarfar þeirra fyrir félagslega aðstoð.

Borgara- og neytendanefnd sendi að því búnu fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar um hvort aðgerðir Dana væru í samræmi við sáttmálann frá 1994 en Norræna ráðherranefndin svaraði á þá leið að hún gæti ekki tjáð sig um hvort athæfi Dana í tilteknu máli væri í samræmi við sáttmálann, það væri ríkjanna sem undirrituðu sáttmálann að framfylgja honum og skera úr um hvort honum væri framfylgt.

Þá óskaði nefndin eftir því að ráðherra Danmerkur um aðlögunarmál flóttafólks og innflytjenda, Birthe Rønn Hornbech, kæmi til samráðs á fund nefndarinnar í september en ráðherrann sá sér ekki fært að verða við því. Forseti Norðurlandaráðs skrifaði af því tilefni bréf til Lars Løkke Rasmussens, forsætisráðherra Danmerkur, fyrir hönd dönsku ríkisstjórnarinnar, þar sem sú ákvörðun Hornbechs að mæta ekki til fundarins var hörmuð.

Norðurlandaráð óskaði einnig eftir lögfræðiáliti um réttmæti þess að Danir vísi úr landi norrænum ríkisborgurum. Kirsten Ketscher, prófessor í lögum við Hafnarháskóla, telur að Danir hafi brotið gegn viðurkenndum evrópskum og norrænum sáttmálum. Hún segir að grundvallarréttindi allra Norðurlandabúa sé rétturinn til frjálsrar farar og búsetu á Norðurlöndum og að brottvísun norrænna borgara frá Danmörku af þeirri ástæðu einni að þeir hafi þegið félagsaðstoð sé réttarfarslega vafasöm og brot á fyrirliggjandi sáttmálum. Hún segir jafnframt að brottvísun norrænna borgara samræmist ekki norrænum sáttmálum og tilskipun ESB um dvalarrétt. Í Danmörku sé vísað til lagahefðar þegar fjallað er um brottvísanir, en samkvæmt réttarþróun síðustu ára og áðurnefndum sáttmálum væri lagahefð ekki lagalega gild ástæða til brottvísunar.

Af þeim tillögum sem samþykktar voru sem tilmæli hjá Norðurlandaráði á árinu 2010 voru átta frá borgara- og neytendanefnd. Það voru samnorræn sýn á stefnu ESB í neytendamálum (tilmæli 6/2010), brottvísun norrænna ríkisborgara (tilmæli 8/2010), túlkun á 7. gr. Norræna sáttmálans um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu (tilmæli 9/2010), afnám gjalda vegna millifærslna yfir landamæri (tilmæli 10/2010), norrænt samstarf í jafnréttismálum (tilmæli 14/2010), útvíkkun samstarfs um jafnréttismál (tilmæli 15/2010),

samnorrænar lausnir á endurvinnslu og skilagjaldsskyldu á drykkjarumbúðum (tilmæli 16/2010) og samræming á skilagjaldskerfum á Norðurlöndum (tilmæli 17/2010).

Eftirlitsnefnd.

Bjarni Benediktsson var fulltrúi Íslandsdeildar í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs árið 2010. Eftirlitsnefndin fylgist fyrir hönd Norðurlandaráðsþings með starfsemi sem fjármögnuð er úr sameiginlegum sjóðum Norðurlandanna. Nefndin hefur einnig umsjón með málefnum sem snerta túlkun samninga um norræna samvinnu, vinnutilhögun Norðurlandaráðs og önnur innri málefni. Hluti af fastri starfsemi nefndarinnar er að fara yfir skýrslur dönsku ríkisendurskoðunarinnar um ársreikninga Norðurlandaráðs, Norrænu ráðherranefndarinnar og Norræna menningarsjóðsins.

Helstu umfjöllunarefni eftirlitsnefndar árið 2010 voru eftirfylgni við eftirlit verkefna hjá Norrænu ráðherranefndinni, eftirfylgni við eftirlit með norrænum upplýsingaskrifstofum í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi og hnattvæðingarverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar.

5. Verðlaun Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs eru fern, þ.e. bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun, náttúru- og umhverfisverðlaun og kvikmyndaverðlaun. Þau eru að upphæð 350 þús. dkr.

Verðlaunin fyrir árið 2010 voru afhent við hátíðlega athöfn í Íslensku óperunni 3. nóvember í tengslum við 62. þing Norðurlandaráðs í Reykjavík. Helgi Hjörvar, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og forseti þess, bauð gesti velkomna. Hann þakkaði í ræðu sinni fyrir hönd Íslands fyrir þann mikla stuðning sem Norðurlöndin hefðu sýnt Íslandi í fjármálakreppunni, með fjármagni, ráðleggingum, reynslu og samstöðu. Helgi minnti á að í kreppum væri einnig að finna tækifæri og að nú væri tækifæri fyrir Íslendinga til að endurskoða gildi sín og forgangsröðun. Kynnar afhendingarinnar voru Charlotte Bøving og Bergþór Pálsson, en Helgi Hjörvar veitti verðlaun Norðurlandaráðs eftir kynningar fulltrúa dómnefnda. Þá komu fram við athöfnina hljómsveitin The Icelandic Wonderbrass og tónlistarmaðurinn Ragnheiður Gröndal, og var tónlistarflutningur þeirra glæsilegur. Athöfnin öll var vel skipulögð, fáguð og metnaðarfull undir fagmannlegri leikstjórn Selmu Björnsdóttur.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962. Þau eru veitt fyrir fagurbókmenntir sem skrifaðar eru á einu af norrænu tungumálunum. Til greina koma skáldsögur, leikrit, ljóða-, smásagna- eða ritgerðasöfn og önnur bókmenntaverk. Verðlaunaverkin skulu hafa til að bera mikið listrænt og bókmenntalegt gildi. Markmið verðlaunaveitingarinnar er að auka áhuga Norðurlandabúa á bókmenntum og tungumáli nágrannalandanna og á sameiginlegri menningararfleifð Norðurlanda.

Finnska skáldkonan Sofi Oksanen fékk bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2010 fyrir skáldsöguna Puhdistus (Hreinsun). Í sögunni fléttar hún með frjóu og auðugu tungumáli saman frásögn sem byggist á sögulegum viðburðum, hernámi Sovétmanna í Eistlandi, og áleitnu alþjóðlegu vandamáli – mansali á Eystrasaltssvæðinu. Í rökstuðningi dómnefndar sagði: „Skáldsaga Sofi Oksanen, Hreinsun, gerist á tveimur ólíkum tímaskeiðum í sögu Eistlands, en viðfangsefni skáldsögunnar eru alls óháð tímanum; ást, svik, völd og valdleysi. Af mikilli næmi lýsir Oksanen því hvernig sögulegir atburðir móta einstaklinginn og skráir um leið söguna allt fram til samtímans.“

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965. Fram til ársins 1988 voru þau afhent annað hvert ár en frá 1990 hafa þau hins vegar verið veitt á ári hverju, annað árið til tónskálds og hitt árið til tónlistarflytjenda. Tónlistarverðlaununum er ætlað að vekja athygli á tónlistarsköpun og tónlistarflutningi sem telst hafa mikið listrænt gildi. Árið 2010 voru þau veitt tónskáldi og þema verðlaunanna var „Nýtt tónverk þar sem allir flytjendur hafa eigin rödd.“

Norska tónskáldið og prófessorinn í tónsmíðum Lasse Thoresen hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs 2010 fyrir verkið Opus 42. Verkið er samsett úr fjórum raddverkum: Sólbæn, Jarðarfararsálmur, Himneski faðir og Tvítrall. Í rökstuðningi dómnefndar sagði: „Opus 42 er einstakt verk. Það er ekki einungis framúrstefnulegt í norrænni raddtónlist heldur í allri raddaðri nótnasamsetningu. Opus 42 er einstaklega falleg tónlist, sem byggist á því sem sameinar forna og nýja tónlist, og sýnir okkur auk þess hvað er líkt með norrænni þjóðlagatónlist og tónlist frá til að mynda Miðausturlöndum eða Indlandi.“

Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs.

Náttúru- og umhverfisverðlaunum Norðurlandaráðs var komið á fót árið 1995. Verðlaunin eru veitt fyrirtæki, stofnun, samtökum eða einstaklingi sem skilað hefur sérstöku framlagi til náttúru- og umhverfisverndar. Þema Náttúru- og umhverfisverðlaunanna 2010 var grænn fjármagnsumsýsla, og skyldu veitt norrænu fyrirtæki, stofnun, fjölmiðli, félagasamtökum eða einstaklingi, sem verið hefði í fararbroddi og haft áhrif, beint eða óbeint, á fjármálamarkaðinn, fjárfestingarþjónustu, banka eða ráðgjafa í því augnamiði að vinna að langtímamarkmiðum og samþætta sjálfbærni (náttúru- og umhverfismál og samfélagsábyrgð) í fjármálaumsýslu.

Náttúru- og umhverfisverðlaunin fóru til þriggja banka, danska bankans Merkur Andelskasse, norska bankans Ekobanken og sænska bankans Cultura Bank. Þeir hlutu verðlaunin fyrir græna og sjálfbæra stefnumótun. Það var í fyrsta skipti sem þrír aðilar deildu með sér verðlaununum. Í rökstuðningi dómnefndar sagði: „Bankarnir hafa verið í fararbroddi hvað varðar fjárfestingar í sjálfbærum verkefnum og byggja allt sitt starf á því. Öll starfsemi þeirra byggir á grænum gildum og þeir vinna að því að gera samfélagið sjálfbært. Þess vegna eru þeir fyrirmynd annarra aðila sem vinna við fjármálaumsýslu.“ Það var Kolbrún Halldórsdóttir sem kynnti verðlaunahafana á verðlaunaafhendingunni.

Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð veitti kvikmyndaverðlaun í fyrsta sinn á 50 ára afmælisþingi sínu árið 2002. Frá 2005 hafa þau verið veitt árlega til handritshöfunda, leikstjóra og framleiðenda og skipst jafnt milli þeirra. Til þess að hljóta verðlaunin verður viðkomandi að hafa gert kvikmynd sem á rætur í norrænni menningu og hefur til að bera listrænan frumleika og sameinar alla þætti myndarinnar í heilsteyptu verki.

Danski kvikmyndaleikstjórinn Thomas Vinterberg, handritshöfundurinn Tobias Lindholm og framleiðandinn Morten Kaufmann hlutu kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2010 fyrir kvikmyndina Submarino. Dómnefnd verðlaunanna rökstuddi ákvörðun sína með eftirfarandi hætti: „Submarino er óvægin en jafnframt áhrifamikil saga tveggja bræðra sem tengjast vegna örlagaríkra atburða í æsku. Myndin fjallar um bræður sem axla ábyrgð fullorðinna og um hvernig barn fær félagslegar aðstæður í arf, en einnig um von um betri framtíð. Í myndinni er fjallað um þemu eins og áföll, sekt og sættir. Submarino er einfalt en jafnframt flókið

listaverk, handritið er heilsteypt og leikstjórnin stílviss. Fínleg og þétt innri bygging sem gengur upp, nálægð í leiknum og snjöll notkun hljóðs og ljóss stuðla að því að skapa þessa áleitnu mynd af lífi fólks.“ Það var Sjón (Sigurjón Birgir Sigurðsson) sem kynnti verðlaunahafana á verðlaunaafhendingunni.

6. Sameiginlegir fundir Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð kom saman til nefndafunda þrisvar sinnum árið 2010, í janúar, apríl og september, eins og það gerir að jafnaði. Markmiðið með fundunum er að vinna þær tillögur og þau mál sem lögð eru fyrir Norðurlandaráðsþing á haustin. Í tengslum við nefndafundina eru oft haldnir stuttir sameiginlegir fundir alls ráðsins þar sem tekin eru fyrir efni sem tengjast verksviðum nefnda, auk þess sem ein eða fleiri nefndir í samstarfi standa fyrir málstofum um málefni sem eru inni á borði einstakra nefnda.

Janúarfundir Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn.

Janúarfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Kaupmannahöfn 26.–27. janúar. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundina Helgi Hjörvar, formaður, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Illugi Gunnarsson, Siv Friðleifsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Ásmundur Einar Daðason, auk Lárusar Valgarðssonar ritara. Helstu mál til umfjöllunar á fundunum voru formennskuáætlun Íslendinga í Norðurlandaráði 2010, formennskuáætlun Dana í Norrænu ráðherranefndinni 2010, jafnréttismál á Norðurlöndum, staða lánveitinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Íslands og endurskoðun sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins.

Sameiginlegur fundur allra þingmanna ráðsins fjallaði um formennskuáætlun Íslendinga í Norðurlandaráði 2010, formennskuáætlun Dana í Norrænu ráðherranefndinni 2010 og jafnréttismál á Norðurlöndum. Helgi Hjörvar, forseti Norðurlandaráðs 2010, gerði grein fyrir helstu atriðum í formennskuáætlun Íslendinga. Þar nefndi hann baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi, eftirfylgni Stoltenberg-skýrslunnar, efnahagslegt öryggi, endurnýjanlega orku, starfsáætlun Norðurlandaráðs gagnvart Evrópusambandinu og aðhald við endurskoðun sjávarútvegsstefnu sambandsins, auk innri málefna á borð við að vekja meiri athygli á 23. mars, undirritunardegi Helsinki-sáttmálans.

Bertel Haarder, ráðherra norrænna samstarfsmála í Danmörku, kynnti formennskuáætlun Dana í Norrænu ráðherranefndinni árið 2010. Haarder nefndi áhersluþætti áætlunarinnar á borð við hnattvæðingu, efnahagskreppu, endurnýjanlega orku, jafnrétti og Stoltenberg-skýrsluna, og tók dæmi um landamærahindranir og skort á kunnáttu í norrænum tungumálum.

Inger Støjberg, jafnréttismálaráðherra Danmerkur, kynnti jafnréttismálahluta formennskuáætlunar Dana og komandi fjögurra ára norræna samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál. Hún lagði í máli sínu áherslu á tvennt. Í fyrsta lagi áhrif efnahagskreppunnar á jafnréttismál, þ.e. að karlar verða frekar atvinnulausir, og í öðru lagi kynhlutverk og félagslegt taumhald í samfélögum innflytjenda sem geta verið ósveigjanleg fyrir bæði kyn.

Helle Holt jafnréttismálafræðingur fjallaði um mismunandi staðsetningu kynjanna á vinnumarkaði. Hún sagði að konur ynnu frekar hjá hinu opinbera og karlar hjá einkafyrirtækjum, að karlar væru frekar í efra lagi atvinnulífsins og konur í því neðra, að konur sæktu sér frekar framhaldsmenntun og að karlar væru frekar ófaglærðir, að karlar fengju frekar hærri laun og að konur bæru meiri ábyrgð á heimilisrekstri.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir tók til máls á fundinum og harmaði að umræðan um jafnréttismál væri sú sama og fyrir tæpum tuttugu árum. Hún sagði að róttækari hugmynda væri þörf.

Staða lánveitinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Íslands var til umfjöllunar á fundum flokkahópa, sameiginlega fundinum og á fundi forsætisnefndar. Alþingismenn kynntu málavexti Icesave-málsins á fundum sinna flokkahópa. Flokkahópur vinstrisósíalista og grænna sendi frá sér fréttatilkynningu þar sem hann hvatti ríkisstjórnir norrænu ríkjanna til að greiða þegar út þau lán sem búið væri að samþykkja að veita Íslendingum, og bíða ekki eftir að Icesave-deilan við Hollendinga og Breta leystist.

Á sameiginlega fundinum spurði Siv Friðleifsdóttir Bertel Haarder um afstöðu Danmerkur til tengsla Icesave-málsins við aðra endurskoðun efnahagsáætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Íslands. Haarder svaraði því á þá leið að Danmörk liti svo á að Ísland þyrfti að standa við skuldbindingar sínar og um það væru hin norrænu löndin sammála. Honum fannst sárt að því hefði verið haldið fram að Danmörk drægi lappirnar í málinu, en sú væri ekki raunin því norrænu löndin væru sammála.

Í framhaldi af því kvaðst færeyski þingmaðurinn Høgni Hoydal þeirrar skoðunar að norrænu löndin hefðu ekki staðist próf um norræna samstöðu í Icesave-málinu því þau hefðu valið að standa með Evrópusambandinu, Bretlandi og Hollandi. Augljóst væri að Ísland mundi standa við skuldbindingar sínar. Haarder svaraði og sagði að norrænu löndin fjögur hefðu verið mjög einhuga um að Íslandi bæri að standa við skuldbindingar sínar. Sú afstaða hefði ekki komið ríkisstjórn Íslands á óvart og að í orðum hans væri ekki finna afstöðu með Bretlandi og Hollandi.

Aprílfundir Norðurlandaráðs í Ósló.

Aprílfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Ósló 13.–14. apríl. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundina Helgi Hjörvar, formaður, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Illugi Gunnarsson, Siv Friðleifsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Ásmundur Einar Daðason, auk Lárusar Valgarðssonar ritara. Helstu mál til umfjöllunar á fundunum voru sveigjanlegir vinnumarkaðir, nýsköpun, Helsinki-sáttmálinn, neytendavernd og val á forseta Norðurlandaráðs.

Forsætisnefnd, velferðarnefnd og borgara- og neytendanefnd héldu sameiginlegan fund ásamt fulltrúum Eystrasaltsþingsins og Benelux-þingsins um sveigjanlega vinnumarkaði fyrir innflytjendur. Á fundinum fjallaði Baiba Rivža, formaður menntamála-, vísinda- og menningarmálanefndar Eystrasaltsþingsins, um svæðisbundna vinnu Eystrasaltsríkjanna við að auka stöðugleika og draga úr fólksflutningum frá löndunum, og auka menntun, vísindi og nýsköpun. Line Eldring, sérfræðingur hjá Fafo, óháðri norskri rannsóknamiðstöð, fjallaði um þróun flutninga launafólks til Norðurlanda eftir stækkun Evrópusambandsins árið 2004. Einnig fjallaði Bart Tommelein, forseti Benelux-þingsins, um reynslu Benelux-landanna, sérstaklega Lúxemborgar, af því að taka á móti launafólki frá öðrum löndum, til að mynda frá Portúgal, og stefnu yfirvalda um vinnuframlag launafólks af erlendum uppruna, en án þess framlags mundi efnahagur landsins hrynja.

Menningar- og menntamálanefnd, efnahags- og viðskiptanefnd og umhverfis- og náttúruauðlindanefnd héldu sameiginlegan fund um sjálfbæra nýsköpun og verðmætasköpun á Norðurlöndum. Á fundinum fluttu erindi Ivar H. Kristensen, framkvæmdastjóri norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar (NICe), um hvernig norrænt samstarf stuðlar að sjálfbærri verðmætasköpun, Michael Andersson, ráðgjafi hjá norræna rannsóknarráðinu (Nordforsk), um

loftslagslíkön í norrænu samstarfi um öndvegisrannsóknir, Amund Vik, ráðgjafi hjá Norrænum orkurannsóknum (Nordisk energiforskning), um norræna raforkuveitu, og Elisabeth Ljunggren, ráðgjafi hjá rannsóknarstofnun Norðurlands í Noregi (Nordlandsforskning), um nýsköpun í matvæla- og ferðamannaiðnaði.

Kjörnefnd hélt áfram umfjöllun um aðferð við val á kandídötum til forseta Norðurlandaráðs. Fyrir fundinum lá tillaga miðflokkahópsins um að landsdeild formennskulands skyldi velja forsetakandídat innan sinna vébanda, með þeim fyrirvara að forseti skyldi ekki koma úr röðum sama flokkahóps fleiri en tvö ár í röð. Ákveðið var að vísað tillögunni til flokkahópanna til umsagnar og að skrifstofa Norðurlandaráðs skyldi að því búnu gera drög að nefndaráliti. Lyktir málsins urðu þær að forsætisnefnd ákvað í júní að biðja landsdeildir ráðsins að taka tillit til skiptingar milli flokkahópa við val á kandídötum til forseta Norðurlandaráðs, þannig að fulltrúar úr sama flokkahóp gegni ekki starfi forseta lengur en tvö ár í röð. Þessari ósk skyldi kjörnefnd miðla til landsdeilda á hverju ári í aðdraganda að vali þeirra á forsetakandídat.

Septemberfundir Norðurlandaráðs í Malmö.

Septemberfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Malmö 21.–22. september. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundina Helgi Hjörvar, formaður og forseti Norðurlandaráðs, Álfheiður Ingadóttir, Ásmundur Einar Daðason og Siv Friðleifsdóttir, auk Lárusar Valgarðssonar ritara. Helstu mál á dagskrá voru aukið norrænt samstarf á sviði samfélagsöryggis, aukið norrænt samstarf á sviði fjármála, samnorræn rafræn skrá yfir lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og annað löggilt fagfólk í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum og lífsgæði eldri borgara á Norðurlöndum.

7. 62. þing Norðurlandaráðs í Reykjavík.

Sextugasta og annað þing Norðurlandaráðs var haldið í Reykjavík 2.–4. nóvember. Þingið, sem haldið er fimmta hvert ár á Íslandi, er helsta samkoma norræns samstarfs á ári hverju. Á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík komu saman 95 norrænir þingmenn, 34 norrænir ráðherrar, auk 14 þingmanna frá Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi og 7 þingmanna frá Evrópu og Vestur-Norðurlöndum, sem voru gestir þingsins.

Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs tóku þátt í þinginu Helgi Hjörvar, formaður og forseti Norðurlandaráðs, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, varaforseti Norðurlandaráðs, Álfheiður Ingadóttir varaformaður, Árni Þór Sigurðsson, Ásmundur Einar Daðason, Bjarni Benediktsson, Margrét Tryggvadóttir og Siv Friðleifsdóttir, auk Lárusar Valgarðssonar ritara.

Norðurlandaráðsþingið var haldið á Grand Hotel Reykjavik. Þar voru þingfundur þess, nefndafundir og fundir flokkahópa og landsdeilda, skrifstofur Norðurlandaráðs, landsdeilda og flokkahópa, prentsmiðja, aðstaða öryggisvarða, ræðuritara, túlka, tæknimanna, fréttamanna og þar voru blaðamannafundir, málsverðir, hliðarviðburður og kynning á norrænum stofnunum, verkefnum og viðburðum. Þá fóru nokkrir fundir fram á Hilton Reykjavik Nordica Hotel, auk hliðarviðburða og málsverða.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs og alþjóðadeild nefndasviðs unnu að skipulagningu og framkvæmd þingsins í nánu samstarfi við aðra starfsmenn Alþingis, skrifstofu Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn og innlenda samstarfsaðila. Verkaskiptingin milli skrifstofu Alþingis og skrifstofu Norðurlandaráðs var á þá leið að Alþingi sá um skipulagningu, staðsetningu og útlit funda, öryggisgæslu, tækni, prentun, ferðir, afhendingu verðlauna Norðurlandaráðs og heildræna verklega framkvæmd, auk skrifstofuaðstöðu fyrir starfsmenn og blaðamenn, en

Norðurlandaráð um stjórn þingfundar og nefndafunda og útgáfu þingskjala. Skipulag og framkvæmd þingsins tókst með ágætum.

Helstu mál á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík voru málþing um norrænt sambandsríki, leiðtogafundur norrænna forsætisráðherra um grænan hagvöxt, brottvísun norrænna ríkisborgara frá Norðurlöndum, gjöld á millifærslur fjármagns, umræða um öryggis- og varnarmál með þátttöku norrænu utanríkisráðherranna, verðlaun Norðurlandaráðs og kosning forseta Norðurlandaráðs fyrir árið 2011.

Í aðdraganda Norðurlandaráðsþingsins, daginn áður og árdegis sama dag, voru haldnir fundir flokkahópa og nefnda og málþing um norrænt sambandsríki. Kveikjan að málþinginu var grein sænska sagnfræðingsins og samfélagsrýnisins Gunnars Wetterbergs í sænska dagblaðinu Dagens Nyheter sem birtist á meðan Norðurlandaráðsþing stóð yfir í Stokkhólmi í október 2009. Í henni lýsti Wetterberg hugmyndum sínum um sambandsríki norrænu ríkjanna. Greinin vakti mikla athygli, bæði meðal stjórnmálamanna og almennings, og var Wetterberg í framhaldi af því fenginn til að vera höfundar árbókar Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs árið 2010 um efnið. Í bókinni, sem kom út 1. nóvember, sama dag og málþingið var haldið, er farið yfir stjórnmálalega, hagfræðilega, sagnfræðilega og menningarlega þætti og rök í tengslum við norrænt sambandsríki. Wetterberg telur að Norðurlöndin geti myndað sambandsríki með sameiginlegri stjórnarskrá, stjórn, þingi og gjaldmiðli eftir 15–20 ár. Ein helstu rök Wetterbergs fyrir norrænu sambandsríki eru þau að það yrði ellefta stærsta hagkerfi heims miðað við tölur Alþjóðabankans yfir þjóðarframleiðslu ríkja heims árið 2008, stærra en það kanadíska og indverska og aðeins minna en það rússneska og spænska. Það mundi opna Norðurlöndum leið inn í G20 þar sem þau gætu fundað með stærstu og öflugustu ríkjum heims og þar með komið á framfæri sjónarmiðum sínum í öryggis-, umhverfis- og orkumálum.

Málþingið sóttu um tvö hundruð stjórnmálamenn, fjölmiðlamenn og aðrir áhugamenn frá Norðurlöndunum og víðar og Gunnar Wetterberg var helsti frummælandi. Fundarstjóri var Clement Kjersgaard, stjórnandi umræðuþátta í danska ríkissjónvarpinu. Umræðurnar á málþinginu voru líflegar. Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, sem sat í pallborði, sagði að hugmyndin um norrænt sambandsríki væri fyrst og fremst gagnleg hugsunartilraun sem gæti varpað ljósi á gagnsemi þess að auka norrænt samstarf til muna. Hann benti á að fjármálakreppan gæti orðið til þess að auka vinsældir norræns samstarfs og styrkja norræna sjálfsvitund og sjálfstraust. Ólafur sagði að Ísland væri ekki aðeins í efnahagslegri kreppu heldur jafnframt í djúpstæðri stjórnmálakreppu. Til að ráða bót á því væri í auknum mæli horft til Norðurlanda varðandi fyrirmyndir. Sumir fundarmanna töldu að hugmyndir Wetterbergs væru áhugaverðar og skemmtilegar en óraunhæfar. Wetterberg varðist fimlega og fékk meðal annars stuðning frá dönsku þingmönnunum Bente Dahl og Line Barfod. Wetterberg benti á að ýmsar merkar umbótatillögur síðustu áratuga og alda hefðu verið taldar óraunhæfar í upphafi en hefðu engu að síður orðið að veruleika.

Í skoðanakönnun sem gerð var af Oxford Research og birt stuttu fyrir Norðurlandaráðsþingið kom í ljós að 42 af hverjum 100 Norðurlandabúa eru jákvæðir eða mjög jákvæðir gagnvart því að sameina norrænu ríkin í norrænt sambandsríki. Það sem helst ræður því að norrænir borgarar taka vel hugmyndinni um sambandsríki er ósk þeirra um velferð til framtíðar og meiri áhrif Norðurlanda á alþjóðavettvangi. Hlutfall þeirra sem eru neikvæðir eða mjög neikvæðir gagnvart norrænu sambandsríki eru 58% og ástæðan er ótti við að missa nærlýðræði og sjálfsímynd þjóðar. Niðurstöður könnunarinnar sýna einnig að 78% Norður-

landabúa eru jákvæð eða mjög jákvæð í gagnvart norrænu samstarfi og 56% vill efla samstarfið enn frekar.

Fyrsti dagur Norðurlandaráðsþingsins hófst með setningu, leiðtogafundi norrænna forsætisráðherra um grænan hagvöxt og kynningu á formennskuáætlun Finnlands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2011. Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, bauð þinggesti velkomna. Hún sagði í ræðu sinni að Norðurlandaráð, sem bráðum yrði 60 ára, og þau mál sem það hefði til umfjöllunar, væru í stöðugri framþróun. Á síðustu árum hefði aukin alþjóðahyggja einkennt starf ráðsins sem og áhersla á öryggis- og varnarmál í kjölfar Stoltenberg-skýrslunnar, loftslagsmál, málefni norðurskautsins og nú síðast norrænt sambandsríki.

Helgi Hjörvar, forseti Norðurlandaráðs, hóf mál sitt með því að biðja fundargesti að minnast Jonathans Motzfeldts, fyrrverandi formanns grænlensku landsstjórnarinnar og þingforseta grænlenska þingsins, með einnar mínútu þögn. Helgi vék síðan í ræðu sinni að þeim mikla stuðningi sem norrænt samstarf hefði meðal almennings og meirihlutastuðningi við aukið norrænt samstarf. Slík viðhorf, sem nytu vafalaust stuðnings meðal stjórnmálamanna, mætti nýta til að hleypa enn meiri krafti í norræna samvinnu, til að mynda um öryggis- og varnarmál í kjölfar Stoltenberg-skýrslunnar og NB8-sérfræðingaskýrslunnar um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Því bað hann norrænu ríkisstjórnirnar að íhuga hvort tímabært væri að formgera samstarf Norðurlanda í öryggis- og varnarmálum í norræna ráðherranefnd. Helgi sagði það einnig tímabært að íhuga að innleiða „opting out“ meginreglu í samstarfi landanna, það er að tiltekið land geti kosið að taka ekki þátt í meðferð tiltekins máls, þannig að fjögur eða þrjú lönd af fimm gætu fylgt máli eftir sem hefði gildi fyrir Norðurlönd án þess að eitt eða tvö lönd hindruðu framgang þess. Þá hvatti Helgi til umræðu á þinginu um brottvísun norrænna ríkisborgara frá Norðurlöndum í trássi við norræna samninga og lagði til að fjárhagsáætlanir um norrænt samstarf yrðu til fleiri en eins árs í einu.

Þátttakendur á leiðtogafundi norrænu forsætisráðherranna um grænan hagvöxt voru allir forsætisráðherrar Norðurlandanna og sjálfstjórnarsvæðanna nema Grænlands þar sem Jens B. Frederiksen, varaformaður grænlensku landsstjórnarinnar Naalakkersuisut, kom í stað Kupiks Kleists, formanns hennar. Sá fundarliður hófst með því að ráðherrarnir héldu ræðu og að því loknu sátu þeir í pallborði og fulltrúar flokkahópa og aðrir þingmenn veittu ræðum þeirra andsvar, sem ráðherrarnir svöruðu.

Forsætisráðherrarnir voru sammála um að grænn hagvöxtur, það er efnahagsvöxtur samhliða minni losun koltvísýrings, væri leiðin út úr fjármálakreppu samtímans og helsta svarið við viðfangsefnum hnattvæðingar þar sem hagvöxtur og umhverfisvernd geta farið saman. Nýta þyrfti betur umhverfistækni til að styrkja samkeppnisstöðu Norðurlandanna og halda ætti áfram uppbyggingu sameiginlegs norræns orkumarkaðar. Jafnframt ætti að leita betri orkulausna í byggingariðnaði og efla rannsóknir og nýsköpun. Í umræðunum á leiðtogafundinum kom fram gagnrýni á að forsætisráðherrarnir hefðu ekki haft nægilegt samráð við almenning um áætlanir um grænan hagvöxt. Þá var bent á að atvinnulífið skipti meginmáli ef áætlanir um grænan hagvöxt ættu að ganga eftir og einnig væri nauðsynlegt að fá stuðning sterkra og rótgróinna grasrótarsamtaka.

Jóhanna Sigurðardóttir sagðist á leiðtogafundinum telja að umfjöllun á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar um græna hagkerfið væri afar mikilvæg og áherslan á grænan vöxt og velferð gerði okkur kleift að byggja á styrkleikum Norðurlandaþjóðanna. Norðurlöndin hefðu alla burði til að verða frumherjar í nýsköpun og þróun á grundvelli þessara gilda og gætu hugsanlega orðið reynslubanki og brautryðjendur sem aðrar þjóðir gætu litið til. Útvíkka ætti samstarfið á þessu sviði þannig að það skilaði sér til fyrirtækja í nýsköpun og til mennta-

stofnana og rannsóknaraðila, hvort sem það væri á vegum hins opinbera eða á einkamarkaði. Dæmin væru fyrir hendi um mjög spennandi verkefni á sviði orkumála þar sem nýsköpun ætti sér stað á sviði grennar orku og þar hefðu Íslendingar ýmislegt fram að færa. Ísland hefði til þessa einbeitt sér að orkugjöfum frá jarðhita og vatnsföllum en tilraunir stæðu nú yfir á virkjun sjávarfalla, endurvinnslu gróðurhúsalofttegunda og vinnslu eldsneytis með jarðhita. Þá hefði íslenskt fyrirtæki skipað sér í fremstu röð við að móta tækni sem bætir eldsneytisnýtingu.

Mari Kiviniemi, forsætisráðherra Finnlands, kynnti eftir leiðtogafundinn formennskuáætlun Finnlands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2011. Í áætluninni, sem nefnist „Græn Norðurlönd – brautryðjendur í loftslagsmálum“, er lögð áhersla á þrjú meginsvið: Í fyrsta lagi að vera í fararbroddi um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum og stuðla að áframhaldandi starfi á því sviði, svæðisbundið og á alþjóðavettvangi, í öðru lagi að vinna áfram að hnattvæðingarverkefnum Norrænu ráðherranefndarinnar, þar á meðal stærsta verkefninu um norrænar öndvegisrannsóknir, þar sem er lögð áhersla á aðgerðir í loftslagsmálum, orkunýtingu og umhverfisvernd, og í þriðja lagi að styðja frjáls félagasamtök og hlúa að víðtæku grasrótarsamstarfi sem undirstöðu norræns samstarfs, virkja ungt fólk og efla norræna samkennd og tungumálaskilning.

Annar dagur Norðurlandaráðsþingsins hófst með greinargerð danska samstarfsráðherrans Karen Ellemann um norrænt samstarf á árinu 2010, en Danir fóru með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 2010, og almennum þingumræðum um norrænt samstarf í kjölfarið. Helgi Hjörvar þakkaði Ellemann sérstaklega fyrir greinargerð hennar um alþjóðlega samninga um skattaskjól og minnti á að baráttan gegn skipulagðri glæpastarfsemi væri eitt af þeim efnum sem almenningur á Norðurlöndum legði hvað mesta áherslu á varðandi norrænt samstarf. Ellemann upplýsti í ræðu sinni að Norðurlöndin og sjálfstjórnarsvæðin hefðu á árinu 2010 gert samninga við 18 ríki um veitingu upplýsinga og skattasamninga, og hefðu í heildina gert 27 slíka samninga, sem gerði það að verkum að Norðurlöndin væru í fararbroddi á þessu sviði.

Mikil umræða var við almennu þingumræðurnar um brottvísun norrænna ríkisborgara frá Norðurlöndum vegna tveggja tillagna borgara- og neytendanefndar Norðurlandaráðs. Annars vegar tillögu um tilmæli til ríkisstjórnar Danmerkur um að hætta að vísa norrænum þegnum úr landi sem þarfnast félagslegrar aðstoðar, og um að túlka og beita 7. gr. norræna sáttmálans um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu á sama hátt og hin norrænu ríkin, þannig að öllum þegnum frá Norðurlöndum væru tryggð sömu réttindi. Hins vegar tillaga um tilmæli til ríkisstjórna Finnlands, Noregs, Íslands og Svíþjóðar að tilkynna dönskum stjórnvöldum að ákvörðun þeirra að senda heim norræna þegna sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda sé áhyggjuefni og greinilega á skjön við túlkun hinna ríkjanna á samningum, og að hvetja Dani til að túlka áðurnefnda samningsgrein á sama hátt og Finnar, Íslendingar, Norðmenn og Svíar þannig að allir norrænir þegnar njóti sömu réttinda. Í 7. gr. norræna sáttmálans um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu frá 14. júní 1994 segir: „Norrænan ríkisborgara má ekki senda heim vegna þarfar hans fyrir félagslega aðstoð ef fjölskylduaðstæður hans, tengsl við það ríki sem hann dvelur í eða aðstæður að öðru leyti mæla með því að hann verði um kyrrt, og í engum tilvikum hafi hann búið með lögmætum hætti í landinu að minnsta kosti undanfarin þrjú ár.“

Danski samstarfsráðherrann, Karen Ellemann, var gagnrýndur harðlega af þingmönnum Norðurlandaráðs í umræðunum en hún neitaði því að starfsvenjur í danskri stjórnsýslu brytu gegn sáttmálanum. Hún staðhæfði einnig að það hefði áður verið gert í Danmörku. Álfheiður

Ingadóttir, sem var einn þeirra þingmanna sem gagnrýndi ráðherrann, lýsti yfir miklum vonbrigðum með ræðu hennar og sagði starfsvenju Dana hneyksli. Álfheiður vísaði til þess að þunguð íslensk kona með 4 ára barn og kærasta hefði þurft að draga til baka umsókn um félagslega aðstoð til að fá að dvelja áfram í landinu.

Eftir hádegi á öðrum degi Norðurlandaráðsþings var fjallað um aukið utanríkis- og varnarsamstarf á Norðurlöndum. Lene Espersen, utanríkisráðherra Danmerkur, hafði framsögu fyrir hönd norrænu utanríkisráðherranna. Hún sagði að helstu verkefnin 2010 hefðu verið eftirfylgni Stoltenberg-skýrslunnar, norðurskautsmál, Eystrasaltsstefna ESB og NB8-sérfræðingaskýrslan. Utanríkisráðherrarnir höfðu á blaðamannafundi fyrr um daginn einnig lagt sérstaka áherslu á eftirfylgni tillögu í Stoltenberg-skýrslunni um aukið samstarf norrænna sendiráða. Alexander Stubb, utanríkisráðherra Finnlands, og Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, tóku við umræðuna upp tillögu 13 í Stoltenberg-skýrslunni um samstöðuyfirlýsingu milli Norðurlandanna og sögðu hana þurfa sérstakrar skoðunar við. Støre benti á að einstök lönd Norðurlandanna mynduðu formlegri samstöðu með löndum í Suðaustur-Evrópu innan ESB og NATO en með norrænum nágrönnum sínum. Helgi Hjörvar, Siv Friðleifsdóttir og Ólína Þorvarðardóttir, fyrir hönd Vestnorræna ráðsins, tóku þátt í umræðunum og lögðu áherslu á mikilvægi samfélagsöryggis til sjós og björgunarmál í Norðurhöfum. Árni Þór Sigurðsson tók undir þau sjónarmið og hvatti til þess að lögð yrði áhersla á umhverfis- og náttúruauðlindamál varðandi norðurskautið frekar en hernaðaruppbyggingu. Auk þess reifaði hann þá hugmynd að koma á fót fagnefnd um utanríkis- og öryggismál í Norðurlandaráði.

Á þriðja degi Norðurlandaráðsþingsins voru umhverfi og auðlindir á dagskrá. Þar voru meðal annars samþykktar tvær tillögur umhverfis- og náttúruauðlindanefndar Norðurlandaráðs um loftslagsmál; annars vegar um að beina tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að skipa nefnd sérfræðinga til að kanna nýjar aðferðir í alþjóðlegu samstarfi sem leiði til víðtækra og skilvirkra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um allan heim, að standa að ráðstefnu til að varpa ljósi á stjórntæki sem reynst hafa árangursrík til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Norðurlöndum, og að unnin verði reglulega samantekt um nýjustu niðurstöður loftslagsrannsókna svo hægt verði að fylgjast með afleiðingum loftslagsbreytinga af mannavöldum. Hins vegar var tillaga um að beina tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda um að beita sér fyrir því að markmiðum Kaupmannahafnarsamkomulagsins (Copenhagen Accord) verði náð um fjármögnun Græna loftslagssjóðsins (Copenhagen Green Climate Fund) og REDD-áætlunarinnar og að efla samnorrænar aðgerðir innan ramma Norræna loftslagssjóðsins (Nordic Climate Facility).

Eftir umræðu um umhverfi og auðlindir voru á dagskrá félags-, heilbrigðis- og jafnréttismál. Siv Friðleifsdóttir, formaður velferðarnefndar Norðurlandaráðs, mælti fyrir tveimur tillögum sem velferðarnefnd hafði afgreitt; annars vegar um hvernig skapa megi góð lífsskilyrði fyrir aldraða á Norðurlöndum og hins vegar um sameiginlega norræna rafræna skrá yfir lækna, tannlækna og annað löggilt fagfólk á heilbrigðissviði á Norðurlöndum. Báðar tillögurnar voru samþykktar.

Þá urðu kröftugar umræður milli flokkahópa hægri manna og vinstrisósíalista og grænna um tillögu efnahags- og viðskiptanefndar um að leggja gjöld á millifærslur fjármagns, svokallaðan Tobin-skatt. Svo fór að þingfundurinn samþykkti að beina tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að norrænu ríkin vinni saman að því að innleiða almenn gjöld á millifærslur fjármagns milli ríkja í Evrópu og um allan heim. Í framhaldi af því voru einnig samþykkt tilmæli um sameiginlegan viðbúnað við hugsanlegum fjármálakreppum í fram-

tíðinni, þar sem tilmælum var beint til ríkisstjórna Norðurlanda um að norrænu fjármálaráðherrarnir ynnu saman að viðbúnaði til að takast á við fjármálakreppur í framtíðinni.

Í lok Norðurlandaráðsþingsins var Daninn Henrik Dam Kristensen einróma kjörinn forseti Norðurlandaráðs árið 2011 og Marion Pedersen varaforseti, en Danmörk fer með formennsku í Norðurlandaráði árið 2011. Henrik Dam þakkaði í ræðu eftir kjörið fyrir traustið sem Norðurlandaráð hefði sýnt honum og sagði að hann og Marion Pedersen hlökkuðu til að halda áfram hinu góða starfi þáverandi forseta, Helga Hjörvar. Hann sagði enn fremur að hann vildi í forsetatíð sinni leggja áherslu á að Norðurlandaráð brygðist fljótt við og gæfi út yfirlýsingar um þau málefni sem væru efst á baugi hverju sinni og snertu norræna borgara. Þá nefndi Henrik Dam önnur málefni sem hann vildi setja á dagskrá ráðsins á árinu: neytendamál, stjórnsýsluhindranir, hnattvæðingarverkefni, hagvöxt og samkeppnishæfni og skýra framsetningu fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar.

Að lokum hélt Helgi Hjörvar ræðu og þakkaði við það tækifæri starfsfólki Alþingis, Congress Reykjavik og Sense, auk annarra sem störfuðu við Norðurlandaráðsþingið. Að svo búnu sleit hann þinginu.

Næsta þing Norðurlandaráðs verður í Kaupmannahöfn 1.–3. nóvember 2011.

8. Starfsáætlun og áherslur Norðurlandaráðs árið 2011.

Norðurlandaráð hefur rammaáætlun, „Norðurlönd í heiminum – heimurinn á Norðurlöndum“, til lengri tíma. Að auki gerir formennskuland ráðsins áætlun fyrir hvert ár í einu, og einnig gera fagnefndir sínar starfsáætlanir fyrir hvert ár. Samkvæmt rammaáætlun ráðsins eru markmið þess að styrkja norrænu velferðina, að hafa áhrif á hnattvæðinguna, að auka hreyfanleika á Norðurlöndum, að bæta hafsumhverfi, að móta viðfangsefni Norðlægu víddarinnar og að stuðla að skilvirkara norrænu tungumálasamstarfi.

Danmörk gegnir formennsku í Norðurlandaráði 2011. Formennskuáætlun Dana var kynnt á sameiginlegum fundi þingmanna á janúarfundum Norðurlandaráðs í Esbo 25. janúar 2011 af Henrik Dam Kristensen, forseta Norðurlandaráðs. Formennskuáætlunin hefur þrjár megináherslur; samstöðu Norðurlanda í Evrópusamstarfi, sameiginlega sýn í málefnum Norðurskautsins og hraðara ákvörðunarferli í norrænu samstarfi.

Samstaða Norðurlanda í Evrópumálum snýr að vaxandi þörf fyrir svæðisbundið samstarf milli landa með sameiginlegar hefðir og menningu þegar fjöldi aðildarlanda sambandsins nálgast þriðja tuginn. Norðurlandaráði beri að vekja athygli á málum þar sem Norðurlöndin hafa sameiginlega stefnu svo þau geti haldið þeim á lofti gagnvart ráðherraráði ESB, Evrópuþinginu og framkvæmdastjórn ESB. Þá beri að styrkja lagasamstarf Norðurlanda til að koma í veg fyrir að innleiðingar ESB-tilskipana í einstökum löndum verði til trafala fyrir nágrannaríkin.

Sameiginleg sýn í málefnum norðurskautsins fjallar um sameiginlega áherslu á viðbragðsáætlanir vegna leitar- og björgunaraðgerða þegar slys verða á höfunum og umhverfisvá skapast og um samvinnu við þingmannasamtök og frjáls félagasamtök um að tryggja sjálfbæra þróun á norðurslóðum.

Hraðara ákvörðunarferli í norrænu samstarfi beinist að því að Norðurlandaráð beri að bregðast hraðar við með sterkari röddu við pólitískum málefnum líðandi stundar og eigi ekki að vera of bundið fastmótuðum vinnuferlum og fundartímum nefnda. Skapa beri umgjörð til

framtíðar um hraðari þátttöku í stjórnmálaumræðu dagsins, bæði fyrir Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina.

Alþingi, 11. mars 2011.

Helgi Hjörvar, form.	Álfheiður Ingadóttir, varaform.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Bjarni Benediktsson.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Ásmundur Einar Daðason.

Fylgiskjal I.

Tilmæli Norðurlandaráðs árið 2010.

Tilmæli samþykkt af forsætisnefnd janúar – október 2010.

- Tilmæli 1/2010: Rannsókn á hættulegum efnum og efnasamböndum og samningur um þungmálma (A 1466/miljø).
- Tilmæli 2/2010: Innkaupastefna án hættulegra efna og alþjóðleg vísindanefnd um efni (A 1466/miljø).
- Tilmæli 3/2010: Útivistarlíf barna og ungmenna (A 1476/miljö).
- Tilmæli 4/2010: Frekari þróun Norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðisins – NORIA (A 1495/näring).
- Tilmæli 5/2010: Norræn menningarhátíð verði sett á laggirnar (A 1487/kultur).
- Tilmæli 6/2010: Samnorræn sýn á stefnu ESB í neytendamálum (A 1507/medborger).

Tilmæli samþykkt á 62. þingi Norðurlandaráðs.

- Tilmæli 7/2010: Verkefna- og fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2011 (B 266/presidiet).
- Tilmæli 8/2010: Brottvísun norrænna ríkisborgara (A 1515/medborger).
- Tilmæli 9/2010 Túlkun á 7. gr. Norræna sáttmálans (A 1515/medborger).
- Tilmæli 10/2010: Afnám gjalda vegna millifærslna yfir landamæri (A 1486/medborger).
- Tilmæli 11/2010: Áætlun um aðgerðir Norrænu ráðherranefndarinnar í málefnum Hvíta-Rússlands 2011–2012 (B 265/presidiet).
- Tilmæli 12/2010 Norræn Arte-sjónvarpsrás (A 1519/kultur).
- Tilmæli 13/2010 Eflt norrænt samstarf um samfélagsöryggi (A 1503/presidiet).
- Tilmæli 14/2010: Norrænt samstarf í jafnréttismálum (B 268/medborger).
- Tilmæli 15/2010: Að víkka út samstarf um jafnréttismál (A 1494/medborger).
- Tilmæli 16/2010: Samnorrænar lausnir á endurvinnslu og skilagjaldsskyldu á drykkjarumbúðum (A1516/medborger).
- Tilmæli 17/2010: Samræming á skilagjaldskerfum á Norðurlöndum (A 1516/medborger).

- Tilmæli 18/2010: Norræn stefna um landbúnað og skógrækt (A 1483/miljö).
- Tilmæli 19/2010: Norrænar aðgerðir í loftslagsmálum (A 1512/miljø).
- Tilmæli 20/2010: Eftirfylgni Kaupmannahafnarsamkomulagsins (A 1513/miljø).
- Tilmæli 21/2010: Norræn framleiðsla á endurnýjanlegri orku (A 1518/næring).
- Tilmæli 22/2010: Samnorræn áætlun til að stöðva útbreiðslu marðarhundarins (A 1499/miljö).
- Tilmæli 23/2010: Samstarfsáætlun á sviði menntamála og rannsókna 2011–2013 (B 267/kultur).
- Tilmæli 24/2010: Sköpun, nýsköpun og frumkvöðlamenntun (A 1498/kultur).
- Tilmæli 25/2010: Atvinnumál og færni ungs fólks (A 1497/kultur).
- Tilmæli 26/2010: Lífsgæði aldraðra á Norðurlöndum (A 1509/velferd).
- Tilmæli 27/2010: Norræn aðgerðaáætlun varðandi sjaldgæfa sjúkdóma (A 1514/velferd).
- Tilmæli 28/2010: Samnorræn rafræn skrá yfir löggilt fagfólk í heilbrigðisstétt (A 1506/velferd).
- Tilmæli 29/2010: Norræn nýsköpunarmiðstöð lýðheilsu við Norræna lýðháskólann og norrænt stórátak, Öndvegisrannsóknir II (A 1505/velferd).
- Tilmæli 30/2010: Norrænt framtaksverkefni um að leggja gjöld á millifærslur fjármagns (A 1502/näring).
- Tilmæli 31/2010: Sameiginlegur viðbúnaður við hugsanlegum fjármálakreppum í framtíðinni (A 1502/näring).
- Tilmæli 32/2010: Ráðstefna um framleiðslu á hollum matvælum (A 1517/näring).

Fylgiskjal II.

Formennskuáætlun Íslands í Norðurlandaráði 2010.

Formáli

Á 61. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 2009 var Helgi Hjörvar kosinn forseti Norðurlandaráðs fyrir árið 2010.

Á sama þingi var Illugi Gunnarsson kosinn varaforseti Norðurlandaráðs árið 2010.

Nýr forseti og varaforseti þakka traustið sem ráðið sýnir þeim og lýsa því yfir að norrænt samstarf sé sérstaklega mikilvægt nú á tímum áskorana í alþjóðlegu umhverfi sem og þróunar norrænna velferðarsamfélaga.

Í forustu í Norðurlandaráði vilja þeir, með stuðningi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og í samvinnu við ráðið allt, leggja sitt af mörkum til að starfsemi ráðsins verði með sem árangursríkustum hætti árið 2010.

Þess vegna kynna þeir áætlun um áhersluatriði sín á formennskutímanum. Áætlunin byggist á langtímaáætlun Norðurlandaráðs „Norðurlönd í heiminum – heimurinn á Norðurlöndum“ og fylgir eftir góðu fordæmi formennskuáætlunar Svía í ráðinu árið 2009.

Íslensku formennskuáætluninni má skipta í þrjá hluta, auk kafla um innri málefni ráðsins. Í öllum hlutum áætlunarinnar er hnattvæðingin, sem það umhverfi og aðstæður sem Norðurlöndin búa við, innbyggð. Hlutar formennskuáætlunarinnar eru:

1. Öryggi, velferð og menning
2. Haf, loftslag og orka
3. Alþjóðleg tengsl

1. Öryggi, velferð og menning

Norrænt samstarf byggist á samtvinnaðri sögu, pólitík og menningu, þar á meðal tungumálum.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn okkar er að Norðurlandabúar búi við öryggi og velferð í norrænu lýðræðissamfélagi og að þekking þeirra í norrænum tungumálum viðhaldist.

Aðgerðir

Á formennskuárinu viljum við:

- berjast gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi, þar á meðal mansali og starfsemi glæpasamtaka
- fylgja eftir Stoltenberg-skýrslunni með áherslu á samfélagsöryggi og borgaralegt öryggi, þar með talið á Norður-Atlantshafi og við norðurskaut
- stuðla að velferð Norðurlandabúa, þar á meðal íbúa strandsamfélaga og nýrra Norðurlandabúa, og stuðla að umfjöllun um áhrif loftslagsbreytinga, nýrra siglingaleiða og aukinnar hættu á umhverfis- og farþegaslysum á strandsamfélög
- stuðla að umfjöllun um að Norðurlönd verði áfram í fremstu röð í jafnréttismálum
- fylgja eftir Yfirlýsingu um norræna tungumálastefnu
- stuðla að efnahagslegu öryggi, meðal annars með því að stuðla að umfjöllun um hvaða lærdóm má draga af fjármálakreppum á Norðurlöndum
- fylgja eftir vinnu gegn landamærahindrunum.

2. Haf, loftslag og orka

Hafið, loftslagsmál og orka eru mikilvægir þættir norrænna umhverfismála.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn okkar er að umgengni við hafið og strandhéruð sé með sem umhverfislega ábyrgustum hætti, að baráttan gegn loftslagsbreytingum sé alþjóðlegt verkefni og að leitast sé við að nota endurnýjanlega orkugjafa.

Aðgerðir

Á formennskuárinu viljum við:

- stuðla að bættu umhverfi norrænna hafa
- fylgjast með og hafa áhrif á uppfærslu fiskveiðistefnu ESB
- fylgja eftir niðurstöðu Kaupmannahafnarfundar Sþ um loftslagsmál
- stuðla að rannsóknum og nýtingu á endurnýjanlegri orku.

3. Alþjóðleg tengsl

Norðurlöndin eiga sess og hlutverk í alþjóðasamfélagi og alþjóðasamstarfi.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn okkar er að Norðurlandaráð hafi áhrif á umfjöllunarefni og málsmeðferð í alþjóðasamstarfi um mál sem snerta samnorræn málefni.

Aðgerðir

Á formennskuárinu viljum við:

- rækta tengsl okkar og samstarf á nærsvæðum til vesturs og austurs og við þingmannasamtök þar, meðal annars við Þingmannaráðstefnuna um norðurskautsmál, Vestnorræna ráðið, Bresk-írska þingið, Eystrasaltsþingið, þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins, Þingmannasamtök Norðvestur-Rússlands, Rússneska sambandsráðið, Dúmuna, stjórnmálamenn í Hvíta-Rússlandi og Þingmannaráðstefnu Barentshafsins, ásamt Sambandi norrænu félaganna á Norðurlöndum og samtökum frumbyggja þar
- fylgja eftir aðgerðaáætlun Norðurlandaráðs gagnvart Evrópusambandinu
- stuðla að jákvæðri ímynd Norðurlandanna í hnattvæddum heimi.

Innri málefni

Norrænt samstarf er lifandi, nýtur stuðnings almennings og hefur áhrif á daglegt líf norrænna borgara.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn okkar er að norrænt samstarf eigi erindi við almenning, sé skýrt og aðgengilegt.

Aðgerðir

Á formennskuárinu viljum við:

- efla tengsl Norðurlandaráðs við þjóðþingin og auka eftirfylgni tilmæla ráðsins
- stuðla að því að gera veg dags Norðurlandanna 23. mars meiri, í því markmiði að vekja athygli á Norðurlöndum og norrænni samvinnu
- stuðla að nútímalegu Norðurlandaráði og norrænu samstarfi.

1014. Frumvarp til laga [596. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis (nefndaskipan, eftirlitshlutverk Alþingis o.fl.).

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Margrét Tryggvadóttir.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, sbr. 13. gr., hefur verið kjörin, tekur hún við verkefnum kjörbréfanefndar skv. 1. mgr.

2. gr.

Í stað orðanna „getur sett“ í 2. málsl. 5. mgr. 8. gr. laganna kemur: setur.

3. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Á Alþingi starfa þessar fastanefndir, skipaðar níu mönnum hver:

1. *Allsherjar- og menntamálanefnd.*
   Nefndin fjallar um dóms- og löggæslumál, ríkisborgararétt, neytendamál, málefni þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga og jafnréttismál, svo og um mennta- og menningarmál og vísinda- og tæknimál.
2. *Atvinnuvega- og viðskiptanefnd.*
   Nefndin fjallar um sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál, iðnaðar- og orkumál, nýsköpun og tækniþróun, ferðamál og viðskiptamál, þ.m.t. bankamál og fjármálastarfsemi, svo og efnahags- og atvinnumál almennt.
3. *Umhverfis- og samgöngunefnd.*
   Nefndin fjallar um umhverfismál, skipulags- og byggingarmál, auðlindamál og samgöngumál, þ.m.t. framkvæmdaáætlanir, byggðamál, svo og málefni sveitarstjórnarstigsins og verkaskiptingu þess og ríkisins.
4. *Fjárlaganefnd.*
   Nefndin fjallar um fjármál ríkisins, fjárveitingar og tekjur ríkissjóðs, þ.m.t. skattamál, tollamál og gjöld í ríkissjóð, eignir ríkisins, lánsheimildir og ríkisábyrgðir og lífeyrismál. Enn fremur skal nefndin annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga.
5. *Utanríkismálanefnd.*
   Nefndin fjallar um samskipti við erlend ríki og alþjóðastofnanir, varnar- og öryggismál, útflutningsverslun, málefni Evrópska efnahagssvæðisins og þróunarmál, svo og utanríkis- og alþjóðamál almennt.
6. *Velferðarnefnd.*
   Nefndin fjallar um sjúkra- og lífeyristryggingar, félagsþjónustu, málefni aldraðra og málefni fatlaðra, húsnæðismál, vinnumarkaðsmál og heilbrigðisþjónustu.
7. *Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.*
   Nefndin fjallar um stjórnarskrármál, málefni forseta Íslands, Alþingis og stofnana þess, kosningamál, málefni Stjórnarráðsins í heild og önnur mál sem varða æðstu stjórn ríkisins. Enn fremur fjallar nefndin um skýrslur Ríkisendurskoðunar og um ársskýrslu og tilkynningar umboðsmanns Alþingis.
   Nefndin skal einnig hafa frumkvæði að því að kanna einstakar ákvarðanir eða verklag hjá ríkisstjórn eða stjórnsýslu hennar sem ástæða þykir til að athuga á grundvelli þess eftirlitshlutverks sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu. Komi beiðni um slíka athugun frá a.m.k. fjórðungi nefndarmanna skal hún fara fram. Um athugun sína getur nefndin gefið þinginu skýrslu.
   Nefndin skal jafnframt leggja mat á og gera tillögu til Alþingis um hvenær rétt er að skipa rannsóknarnefnd, sbr. lög um rannsóknarnefndir. Nefndin tekur skýrslur slíkrar nefndar til umfjöllunar og gefur þinginu álit sitt um þær og gerir tillögur um frekari aðgerðir þingsins.

Fastanefndir skal kjósa á þingsetningarfundi Alþingis að afloknum alþingiskosningum og gildir kosningin fyrir allt kjörtímabilið.

5. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Formenn þingflokka skulu á þingsetningarfundi leggja fram við kosningu fastanefnda, sbr.

13. gr., og við kosningu alþjóðanefnda, sbr. 35. gr., tillögu um skipun nefndanna, svo og varamanna í þeim. Tillagan skal byggjast á hlutfallslegum þingstyrk flokkanna og miðast við heildarfjölda nefndarsæta, annars vegar í fastanefndum og hins vegar í alþjóðanefndum. Skipta skal nefndarsætum með hliðsjón af þeirri aðferð við hlutfallskosningu sem kennd er við d´Hondt, sbr. 75. gr. Hver alþingismaður á rétt á sæti í a.m.k. einni nefnd skv. 13. gr., en enginn má þó eiga sæti í fleiri en tveimur fastanefndum. Taka skal sérstakt tillit til óska þingflokka sem eiga ekki rétt á sæti í öllum fastanefndum. Hafa skal hliðsjón af fundaskrá nefndanna við skiptingu nefndarsæta. Í tillögunni skal jafnframt tilgreina hvernig embættum formanns, 1. varaformanns og 2. varaformanns í fastanefndum er skipt milli þingflokka og þá fara eftir sömu reglu. Í alþjóðanefndum skal kjósa formann og einn varaformann. Sé tillaga formanna þingflokkanna samþykkt er kosningu nefndanna lokið, svo og kosningu embættismanna þeirra.

Þingflokki, sem ekki á fulltrúa í fastanefnd skv. 13. gr., er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum hennar.

Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um nefndaskipunina eða formennsku í nefndum, eða tillaga frá þeim eða hluta þeirra nær ekki tveimur þriðju hlutum atkvæða á þingsetningarfundi, skal kjósa til nefndanna á þeim fundi, hverrar fyrir sig, eftir reglum 75. gr. (d'Hondt). Skulu þá nefndirnar kjósa sér formann og varaformenn á fyrsta fundi hverrar nefndar er boða skal til innan viku frá kosningu hennar. Sá kveður þá þingnefnd saman til fyrsta fundar er fyrstur var kosinn. Forseti skal tilkynna kjör þeirra á þingfundi.

Nefnd getur hvenær sem er kosið að nýju formann eða varaformenn ef fyrir liggur beiðni meiri hluta nefndarmanna og fellur þá hin fyrri kosning úr gildi er ný kosning hefur farið fram.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 1. mgr. orðast svo: Ef formaður og varaformenn eru forfallaðir, eða varaþingmenn sitja fyrir þá, felur formaður öðrum nefndarmanni að undirbúa fund nefndar og gegna formannsstörfum til bráðabirgða.
b. Í stað orðanna „þriðjungi“ og „þriðjungur“ í 2. mgr. kemur: fjórðungi, og: fjórðungur.
c. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fundur skal haldinn svo fljótt sem við verður komið eftir að ósk berst. Formaður skal gefa viðhlítandi skýringar ef dregst umfram þrjá virka daga að halda fund í nefndinni.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skal þá varamaður taka sæti aðalmanns um stundarsakir eða fylgja reglum 3. mgr. um staðgengil.
b. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.
c. Á eftir orðinu „nefndarmanns“ í 3. mgr. kemur: og varamanns.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Fundatími nefnda skal ákveðinn áður en kosið er til nefndanna, sbr. 14. gr. Forseti ákveður í samráði við formenn nefnda starfsdaga þeirra og starfshætti að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um þá í þingsköpum.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Forseti getur sett nefnd, sem hefur mál til athugunar, frest til afgreiðslu þess og útgáfu nefndarálits eða framhaldsnefndarálits ef hann telur að athugun nefndarinnar hafi dregist óeðlilega. Skal forseti tilkynna um frestinn á þingfundi. Atkvæða skal leita ef einhver þingmaður óskar þess.

9. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Nefndarfundi mega auk nefndarmanna sitja starfsmenn nefndanna og þeir gestir sem nefnd kveður til funda eða fellst á að komi fyrir nefndina. Óheimilt er að vitna til orða nefndarmanna eða gesta sem falla á lokuðum nefndarfundi nema með leyfi viðkomandi, sbr. þó 2. mgr.

Þegar gestir koma fyrir þingnefnd, aðrir en þeir sem starfa í Stjórnarráðinu á ábyrgð ráðherra, er nefnd jafnan heimilt að opna slíka fundi, eða hluta fundar, fyrir fréttamönnum. Gildir þá ekki ákvæði 1. mgr. um tilvitnun til orða gesta á nefndarfundi. Ákvæði þessarar málsgreinar á ekki við ef nefnd hefur fallist á að taka við upplýsingum eða gögnum í trúnaði, sbr. 49. gr.

Nefnd getur einnig haldið opinn fund í því skyni að afla upplýsinga um þingmál sem vísað hefur verið til hennar eða um mál sem nefndin tekur upp að eigin frumkvæði. Nefnd getur óskað eftir því að núverandi eða fyrrverandi ráðherra, forstöðumenn sjálfstæðra ríkisstofnana, formenn ráða og nefnda á vegum ríkisins, ríkisendurskoðandi, umboðsmaður Alþingis, fulltrúar hagsmunaaðila og sérfræðingar sem ekki starfa undir stjórn eða á ábyrgð ráðherra komi á opinn fund og veiti nefndinni upplýsingar. Fari að minnsta kosti fjórðungur nefndarmanna fram á slíkan fund skal formaður nefndarinnar leita eftir því með hæfilegum fyrirvara við þann sem beðinn er að koma á opinn fund að hann verði við því og gera honum grein fyrir tilefni fundarins.

Opnir fundir skulu haldnir í heyranda hljóði og sendir út í sjónvarpi og á vef samkvæmt nánari reglum forsætisnefndar.

Óheimilt er að miðla upplýsingum á opnum fundi, eða vísa til þeirra, sem eiga að fara leynt samkvæmt reglum um þagnarskyldu eða upplýsingalögum. Formaður nefndar getur ákveðið að fundi skuli lokað svo að leggja megi fram slíkar trúnaðarupplýsingar.

Forseti setur nánari reglur um framkvæmd opinna funda, m.a. um aðgang áheyrenda og útsendingu.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 2.–4. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Við 1. mgr. bætist eftirfarandi málsliður: Við framhald umræðunnar gilda á ný ákvæði 89. gr. um ræðutíma við þá umræðu.

11. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skylt er ráðherra að veita utanríkismálanefnd upplýsingar og hafa samráð við hana um EES-mál í samræmi við reglur sem forsætisnefnd setur.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. 1.–6. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. 3. málsl. 3. mgr. fellur brott.

13. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Á starfstíma sínum er nefnd hvenær sem er heimilt að fjalla um mál sem heyrir undir málefnasvið hennar þó að þingið hafi ekki vísað því sérstaklega til hennar.

Nefnd getur, ef hún telur ástæðu til, gefið þinginu skýrslu um athugun sína skv. 1. mgr. þar sem gerð er grein fyrir ábendingum og athugasemdum nefndarinnar um það málefni sem hún hefur tekið upp. Í skýrslunni er heimilt að gera tillögu til þingsályktunar og kemur tillagan til afgreiðslu við lok umræðunnar um skýrsluna, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 45. gr.

Að loknum alþingiskosningum tekur nýkjörin nefnd afstöðu til þess hvort ólokinni athugun skv. 1. mgr. verði fram haldið.

14. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 27. gr. laganna orðast svo: Þegar máli hefur verið vísað til nefndar til athugunar tekur hún ákvörðun um málsmeðferð og felur þá jafnframt einum nefndarmanni að vera framsögumaður málsins.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Áður en nefnd lýkur athugun máls skal liggja fyrir tillaga að nefndaráliti til afgreiðslu. Fallist nefndarmaður ekki á álitið skal hann tilkynna um það áður en lokaafgreiðsla málsins fer fram. Nefndarálit skal prenta og útbýta meðal þingmanna á fundi.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömu tímafrestir um hvenær hefja má umræðu eftir útbýtingu framhaldsnefndarálits gilda eins og annars um álit nefnda, sbr. 40. og 45. gr.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. 3. tölul. orðast svo: Íslandsdeild þingmannanefnda EFTA og EES.
b. 7. tölul. 1. mgr. fellur brott, og breytist röð síðari töluliða samkvæmt því.
c. Í stað orðsins „EFTA“ í 2. mgr. kemur: EFTA og EES.
d. 3. mgr. fellur brott.
e. Í stað orðanna „getur sett“ í lokamálsgrein kemur: setur.

17. gr.

Á eftir 35. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því:

Forsætisnefnd getur stofnað tímabundið alþjóðanefndir til viðbótar þeim sem getið er um í 1. mgr. 35. gr. Auk þess getur forsætisnefnd ákveðið að fela tiltekinni alþjóðanefnd afmörkuð alþjóðleg verkefni.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Forseti setur enn fremur reglur um frágang lagafrumvarpa sem innleiða reglur er byggjast á ESB-gerðum (EES-mál).

b. Í stað síðari málsliðar 2. mgr. kemur ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Ríkisstjórnin skal við upphaf vetrarþings afhenda forseta endurskoðaða áætlun um framlagningu stjórnarfrumvarpa á vetrar- og vorþingi ásamt áætluðum útbýtingardegi, sbr. 3. mgr. 58. gr. Lagafrumvörp, sem útbýtt er eftir 15. mars, verða ekki tekin á dagskrá fyrir sumarhlé nema með samþykki þingsins, sbr. 74. gr.

19. gr.

Í stað orðanna „sérnefndar skv. 32. gr.“ í 1. mgr. 42. gr. laganna kemur: stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. 5. mgr. orðast svo:

Ef Alþingi berst erindi sem lýtur að málefni sem þingið verður samkvæmt stjórnarskrá eða lögum að taka afstöðu til en er ekki þingmál skv. III. kafla skýrir forseti frá því á þingfundi. Málið gengur síðan án umræðu til nefndar samkvæmt tillögu sem forseti gerir. Þegar nefnd hefur lokið athugun málsins lætur hún uppi álit sitt sem er útbýtt á þingfundi, ásamt tillögu að ályktun Alþingis sem skal rædd og afgreidd við eina umræðu eftir reglum um síðari umræðu um þingsályktunartillögur.

b. Í stað orðanna „1. apríl“ í lokamálsgrein kemur: 15. mars.

c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórnskipulegum fyrirvara skv. 103. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ber að aflétta með þingsályktun og skal haga framsetningu hennar í samræmi við reglur sem forseti setur.

Forsætisráðherra leggur í október á hverju ári fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd þeirra ályktana sem þingið samþykkti á næstliðnu ári og kalla á viðbrögð ráðherra eða ríkisstjórnar, nema lög kveði á um að haga skuli skýrslugjöf til þingsins á annan hátt. Í skýrslunni skal enn fremur fjalla um meðferð málefna sem þingið hefur vísað til ríkisstjórnar eða einstaks ráðherra.

21. gr.

Á eftir 44. gr. laganna kemur nýtt kaflaheiti, IV. EFTIRLITSSTÖRF ALÞINGIS OG ALMENNAR UMRÆÐUR, ásamt fjórum nýjum greinum, 48.–51. gr., svohljóðandi, og breytist töluröð annarra kafla og greina samkvæmt því:

a. (48. gr.)

Alþingi, þingnefndir og einstakir alþingismenn hafa eftirlit með störfum framkvæmdarvaldsins. Eftirlitshlutverk Alþingis snýr að ráðherrum sem bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum, sbr. 14. gr. stjórnarskrár.

Eftirlitsstörf alþingismanna fara fram með fyrirspurnum, skýrslubeiðnum og sérstökum umræðum samkvæmt ákvæðum þessa kafla þingskapa, en þingnefndir geta tekið upp mál er

snúa að stjórnarframkvæmd ráðherra samkvæmt ákvæðum II. kafla, sbr. 4. og 7. tölul. 13. gr., um fjárlaganefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, og 1. mgr. 26. gr., um athugun nefndar á málum að eigin frumkvæði.

Eftirlitsstörf Alþingis gagnvart ráðherrum taka til opinberra málefna. Með opinberu málefni er átt við sérhvert málefni er tengist hlutverki og starfsemi ríkisins og stofnana þess, svo og félaga og annarra lögaðila sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins og annast stjórnsýslu eða veita almenningi opinbera þjónustu á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings.

b. (49. gr.)

Við umfjöllun um þingmál, við sérstakar umræður, í svörum við fyrirspurnum þingmanna og í skýrslum, hvort sem er að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni þingmanna, svo og við athugun mála að frumkvæði fastanefnda þingsins, skal ráðherra leggja fram þær upplýsingar sem hann hefur aðgang að og hafa verulega þýðingu fyrir mat þingsins á málinu.

Heimilt er að leggja fyrir Alþingi upplýsingar sem annars er óheimilt að veita samkvæmt reglum um þagnarskyldu. Skal þá grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að upplýsingarnar berist ekki óviðkomandi.

Þingnefnd getur ákveðið að trúnaður ríki um tilteknar upplýsingar sem hún fær á nefndarfundi. Sömuleiðis tekur þingnefnd afstöðu til þess fyrir fram hvort hún tekur við upplýsingum sem bundnar eru þagnarskyldu að lögum eða ósk þess sem vill veita nefndinni þær.

Þingnefnd tekur afstöðu til þess fyrir fram hvort hún tekur við upplýsingum sem háðar eru þagnarskyldu að lögum eða ósk þess sem vill veita nefndinni þær. Þingnefnd getur jafnframt ákveðið að trúnaður skuli ríkja um tilteknar upplýsingar sem hún fær á nefndarfundi.

c. (50. gr.)

Ef að minnsta kosti fjórðungur nefndarmanna krefst þess að nefnd fái aðgang að gögnum frá stjórnvöldum út af máli sem nefndin hefur til umfjöllunar skal stjórnvald verða við beiðni nefndarinnar þess efnis eins skjótt og unnt er og eigi síðar en sjö dögum frá móttöku beiðninnar. Því aðeins er heimilt að takmarka aðgang nefndar að gögnum að hagsmunir hennar af því að kynna sér efni þeirra eigi að víkja fyrir mun ríkari opinberum hagsmunum eða einkahagsmunum. Rökstyðja skal slíka synjun skriflega.

Ef lögmætar ástæður eru fyrir beiðni um að trúnaðar sé gætt um efni gagna skulu nefndarmenn kynna sér gögnin á lokuðum fundi án þess að fara með þau út af fundinum. Sá sem lætur nefndinni í té slík gögn getur þó heimilað að nefndarmenn taki afrit með sér út af fundi og skulu nefndarmenn þá gæta þess vandlega að óviðkomandi geti ekki kynnt sér þau.

Gögn sem afhent eru nefnd í trúnaði skulu varðveitt í skjalasafni Alþingis samkvæmt reglum sem forsætisnefnd setur.

d. (51. gr.)

Þingmaður hefur þagnarskyldu um upplýsingar sem hann hefur fengið í starfi sínu ef þær eiga að fara leynt samkvæmt lögum eða lögmætri ákvörðun þess sem veitir upplýsingarnar.

22. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Nefnd eða meiri hluti hennar getur sömuleiðis óskað eftir skýrslu ráðherra um opinbert málefni, sbr. 83. gr.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „málefni“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: sbr. 1. mgr. 53. gr.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef ráðherra hverfur úr embætti falla niður fyrirspurnir til hans sem ósvarað er.

24. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 50. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Forseti getur sett á dagskrá þingfundar sérstaka umræðu þar sem þingmenn geta fengið tekið fyrir mál hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Þingmaður skal afhenda forseta skriflega beiðni hér um. Við slíka umræðu skal ráðherra vera til andsvara.

Sé málefni, sem tekið er fyrir skv. 2. mgr., í senn svo mikilvægt, umfangsmikið og aðkallandi að það rúmist ekki innan umræðumarka sérstakrar umræðu, sbr. 89. gr., getur forseti heimilað lengri umræðutíma og rýmri ræðutíma hvers þingmanns og ráðherra en ákveðinn er í 89. gr. Skal forseti leita samkomulags þingflokka um ræðutímann, en sker úr ef ágreiningur verður.

Forseti getur á fundartíma heimilað ráðherrum og formönnum stjórnmálaflokka að gefa sérstaka yfirlýsingu og fulltrúum annarra flokka að bregðast við henni ef ástæða er til. Forseti ákveður ræðutíma þegar gefin er yfirlýsing af þessu tagi og eins þegar umræða fer fram um hana.

25. gr.

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Á milli þingfunda má birta þingskjöl á heimasíðu Alþingis og telst sú birting jafngilda útbýtingu á þingfundi. Forseti setur nánari reglur um útbýtingu þingskjala á vef þingsins. Sama gildir um tilkynningar um þingsetu varamanna. Allar tilkynningar, sem birtast fyrst á vef þingsins samkvæmt þessari málsgrein, skal forseti endurtaka við upphaf næsta þingfundar eftir vefbirtingu.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „umræður utan dagskrár“ í 1. mgr. kemur: sérstakar umræður.
b. Lokamálsliður 4. mgr. orðast svo: Beiðnin skal vera skrifleg og borin fram áður en umræðan hefst.
c. Á eftir orðunum „um atkvæðagreiðslu“ í 7. mgr. kemur: um kosningu.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 60. gr. laganna:

a. Orðin „sbr. þó 2. mgr.“ í niðurlagi 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Breytingartillaga, sem er á dagskrá við 2. umræðu en hefur verið kölluð aftur að hluta eða í heild, kemur því aðeins á dagskrá við 3. umræðu að hún hafi verið flutt á ný.

28. gr.

Við 68. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar kjósa á um einn mann eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru og eigi hafa hreyft

andmælum við því við forseta. Kosningin getur farið fram með rafeindabúnaði, sbr. 2. mgr. 73. gr., þannig að jafna megi henni við skriflega kosningu.

29. gr.

Við 72. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Forseti og forsætisnefnd skulu leita samráðs við formenn þingflokka um þær reglur sem þeim er falið að setja samkvæmt lögum þessum.

30. gr.

Á eftir 72. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 80. og 81. gr., svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því:

a. (80. gr.)

Alþingismenn skulu, innan mánaðar frá því að nýkjörið þing kemur saman, gera opinberlega grein fyrir fjárhagslegum hagsmunum sínum og trúnaðarstörfum utan þings eftir nánari reglum sem forsætisnefnd setur.

Sama gildir um varaþingmann sem tekur fast sæti á Alþingi, svo og um varaþingmann sem setið hefur samfellt fjórar vikur á þinginu. Enn fremur skulu ráðherrar, sem ekki eru jafnframt alþingismenn, fylgja sömu reglu.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu birtar á vef Alþingis þegar skráningu er lokið. Alþingismaður skal skrá nýjar upplýsingar innan mánaðar frá því að þær liggja fyrir.

b. (81. gr.)

Forsætisnefnd skal setja siðareglur fyrir alþingismenn.

Leita skal staðfestingar á reglunum með ályktun Alþingis.

31. gr.

Á eftir orðunum „þingflokkar og fastanefndir“ í 2. mgr. 76. gr. laganna kemur: eða meiri hluti þeirra.

32. gr.

Við 77. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Birta má á heimasíðu Alþingis á netinu öll gögn sem annars skal prenta. Telst sú birting jafngild prentun, nema annað sé tekið fram. Við rafræna útgáfu skal tryggja öryggi og áreiðanleika birtra upplýsinga og að þær varðveitist á varanlegan hátt. Forseti getur sett reglur um hvernig birtingunni skuli háttað.

33. gr.

Á eftir 77. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 85. og 86. gr., svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því:

a. (85. gr.)

Þingmálið er íslenska.

Ef hluti þingskjals er á erlendu tungumáli skal íslensk þýðing fylgja. Frá því má þó víkja ef sérstakar ástæður mæla með því og sá hluti þingskjals varðar ekki með beinum hætti meginefni máls.

Ef þingmaður vitnar í prentað mál, sbr. 65. gr., á erlendri tungu skal hann jafnframt þýða eða endursegja efni þess á íslensku.

Ef gestur kemur á fund nefndar og getur ekki talað íslensku skal túlka mál hans. Frá því má þó víkja ef enginn hreyfir andmælum.

b. (86. gr.)

Á vegum skrifstofu Alþingis starfar upplýsinga- og rannsóknaþjónusta fyrir þingmenn og nefndir þingsins. Um starfsemina skal kveðið nánar á í reglum sem forsætisnefnd Alþingis setur.

34. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 80. gr. laganna:

a. Inngangsmálsgreinin orðast svo:

Réttur þingmanna og ráðherra til að taka þátt í umræðum skal vera allt að þeim tíma sem tilgreindur er í eftirfarandi yfirliti með reglum um ræðutíma, sbr. þó 57. gr., um sérstakar umræður, 58. og 59. gr., um stefnuræðu og almennar stjórnmálaumræður, 62. gr., um rýmkaðan rétt til umræðna, 63. gr., um styttingu andsvara, 64. gr., um takmörkun umræðna, 79. gr., um umsaminn ræðutíma, og 82. gr., um útvarp umræðu.

b. Í stað orðanna „**UMRÆÐUR UTAN DAGSKRÁR** (HÁLFTÍMI)“ í töflu kemur: **SÉRSTÖK UMRÆÐA.**

c. Liðurinn „**UMRÆÐUR UTAN DAGSKRÁR** (HINAR LENGRI)“ í töflu fellur brott.

d. Á eftir orðinu „atkvæðagreiðslu“ aftast í töflu kemur: eða um kosningu.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á greinaröð laganna og kaflafyrirsögn:

a. 51. og 52. gr. laganna færast framar og verða lokagreinar III. kafla (ÞINGMÁL), 46. og 47. gr.

b. 73. og 74. gr. laganna færast framar og verða lokagreinar hins nýja IV. kafla (EFTIRLITSSTÖRF ALÞINGIS OG ALMENNAR UMRÆÐUR), 58. og 59. gr.

c. Við fyrri málslið 3. mgr. 73. gr. laganna bætist: ásamt áætlun um hvenær þeim verður útbýtt.

d. Fyrirsögn V. kafla laganna verður: ÞINGFLOKKAR OG ÞINGMENN.

36. gr.

Breytingar á millivísunum í lögunum.

1. Í stað „68. gr.“ í 2. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: 75. gr.
2. Í stað „49. gr.“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: 56. gr.
3. Í stað „67. gr.“ í 4. mgr. 10. gr., 2. mgr. 36. gr. og tvívegis í 6. mgr. 44. gr. laganna kemur: 74. gr.
4. Í stað „53. gr.“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: 60. gr.
5. Í stað „73. gr.“ í 3. mgr. 18. gr., 74. gr. og 4. mgr. 75. gr. laganna kemur: 58. gr.
6. Í stað „80. gr.“ í 2. mgr. 40. gr., 1. mgr. 48. gr. og 1., 3. og 4. mgr. 55. gr. laganna kemur: 89. gr.
7. Í stað „45.–47. gr.“ í 1. mgr. 48. gr. laganna kemur: 52.–54. gr.
8. Í stað „55. gr.“ í 1. mgr. 48. gr. laganna kemur: 62. gr.
9. Í stað „72. gr.“ í 2. mgr. 55. gr. og 3. mgr. 63. gr. laganna kemur: 79. gr.
10. Í stað „skv. 36. og 44. gr.“ í 2. mgr. 76. gr. laganna kemur: skv. 37. og 45. gr.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við upphaf næsta löggjafarþings. Skal þá kosið á ný til fastanefnda og alþjóðanefnda samkvæmt þessum lögum.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum um rannsóknarnefndir falla brott þegar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hefur verið kosin skv. 4. gr. laga þessara.

38. gr.

Breyting annarra laga.

1. Síðari málsliður 3. mgr. 24. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, sbr. 4. gr. laga nr. 5/2009, orðast svo: Skal ræða skýrsluna í þeirri þingnefnd sem þingforseti ákveður.
2. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995:
   a. Í stað 3. málsl. 2. mgr. 3. gr., sbr. 23. gr. laga nr. 141/2003, koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fyrsti varaformaður fastanefndar fær 10% álag á þingfararkaup og annar varaformaður 5% álag. Enn fremur er heimilt að greiða formanni sérnefndar, svo og varaformönnum, sambærilegt álag eða hluta þess ef sérstök ástæða er til.
   b. Í stað orðanna „sbr. 2. mgr. 53. gr.“ í 11. gr. kemur: sbr. 2. mgr. 60. gr.
3. Við 1. mgr. 1. gr. laga um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Forsætisnefnd Alþingis skal tilnefna mann við kosninguna. Aðrar tilnefningar skulu berast forseta Alþingis svo tímanlega að unnt sé að kanna kjörgengisskilyrði áður en kosningin fer fram.
4. Í stað orðsins „allsherjarnefndar“ í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 82/2008, um almannavarnir, sbr. 193. gr. laga nr. 162/2010, kemur: allsherjar- og menntamálanefndar.
5. Í stað orðanna „efnahags- og skattanefnd“ í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 75/2009, um stofnun opinbers hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, kemur: atvinnuvega- og viðskiptanefnd.
6. Í stað orðsins „Viðskiptanefnd“ í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins, kemur: Atvinnuvega- og viðskiptanefnd.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipting málefna milli fastanefnda skv. 4. gr. laga þessara skal koma til endurskoðunar einu ári frá gildistöku laganna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af forseta og formönnum allra þingflokka. Það hefur verið til umræðu í þingflokkunum, svo og á mörgum fundum fulltrúa þingflokkanna, og nú síðast formanna þingflokkanna, með forseta. Nokkuð góð sátt er um meginefni frumvarpsins, þ.e. að gera breytingar á nefndaskipaninni, setja skýrari ákvæði um eftirlitshlutverk Alþingis og um meðferð trúnaðarupplýsinga í nefndum. Um einstök atriði hafa hins vegar verið skiptar skoðanir innan þingflokkanna. Af þeim ástæðum hafa formenn þingflokkanna, sem standa að flutningi málsins, fyrirvara um nokkur atriði frumvarpsins. Koma þau þá til nánari athugunar í nefnd eftir 1. umræðu. Lýtur það aðallega að skiptingu málefna milli nefndanna, einkum í hvaða nefnd skattamál eigi að vera og hvar auðlindamál. Sömuleiðis hafa nokkur önnur atriði verið rædd á fundum forseta og formanna þingflokkanna sem ekki hafa verið tekin upp í þetta frumvarp en eðlilegt er að nefnd skoði nánar við yfirferð sína milli 1. og 2. umræðu um frumvarpið. Eru það t.d. dagskrárliðirnir „um störf þingsins“ og „óundirbúinn fyrirspurnatími“. Samstaða er um að einnig þurfi að gera breytingar á þeim liðum svo að umræður og fyrirspurnir verði markvissari. Nokkur önnur atriði þingskapanna hafa enn fremur verið til umræðu við undirbúning málsins, svo og önnur nýmæli, en niðurstaða forseta og formanna þingflokka er sú að þetta skref verði stigið að þessu sinni en haldið verði áfram að þróa starfshætti Alþingis og þingsköp þess á komandi árum þannig að efla megi meginhlutverk þess, lagasetninguna og eftirlitshlutverkið.

Frumvarp þetta hefur verið í undirbúningi frá því í september 2009. Má líta á það sem viðbrögð Alþingis við tillögum nefndar sem sett var á laggirnar til að athuga og gera tillögur

um eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Forsætisnefnd fól nefndinni að fara yfir gildandi lagareglur um eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu og leggja mat á hvort breytinga væri þörf. Í nefndinni áttu sæti Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrektor og formaður vinnuhópsins, Andri Árnason hrl. og Ragnhildur Helgadóttir prófessor. Með nefndinni starfaði Ásmundur Helgason, aðallögfræðingur Alþingis. Skýrsluna má nálgast á vef Alþingis.

Í júní 2010 lagði forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, fram frumvarp á Alþingi um breytingar á þingsköpum sem byggðust á þeirri vinnu sem þá hafði farið fram á grundvelli tillagna í eftirlitsskýrslunni. Það frumvarp, svo og önnur frumvörp um breytingar á þingsköpum Alþingis, voru til umræðu á sumarfundi forsætisnefndar í ágúst 2010. Er þing kom saman að nýju sl. haust hélt vinna við þingskapabreytingar áfram og fékk sérstaka þýðingu eftir að Alþingi samþykkti samhljóða á fundi 28. september sl. að breytingar á þingsköpum Alþingis væri hluti af víðtækum breytingum á stjórnkerfinu í kjölfar efnahagsáfallanna við fall bankanna í október 2008. Miða þessar breytingar að því að styrkja störf nefndanna og þar með faglega umfjöllun Alþingis um þingmál, svo og að efla eftirlitshlutverk þess og styrkja stöðu þess gagnvart framkvæmdarvaldinu. Eru í frumvarpinu mikilvæg ákvæði um upplýsingarétt þingmanna, upplýsingaskyldu ráðherra og um meðferð trúnaðarmála í nefndum þingsins.

Frumvarpið felur í sér róttæka breytingu á nefndakerfi þingsins, en í skýrslu vinnuhópsins er mælt með því að nefndakerfið verði endurskipulagt. Samkvæmt frumvarpinu er nefndum fækkað verulega og ekki verður bein samsvörun milli ráðuneyta Stjórnarráðsins og málefnaskiptingar nefndanna, heldur ræður álag í nefndastarfi meira um verkefnaskipulag þingsins.

Enn fremur eru í frumvarpinu tillögur sem reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að hagkvæmt þykir að gera til að laga starfshætti þingsins. Loks eru nokkrar breytingar sem nauðsynlegar eru til samræmis við breytingar á nefndakerfinu og önnur atriði í frumvarpinu.

Í skýrslu þingmannanefndarinnar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er gerð nánari grein fyrir tillögum sem samþykktar voru samhljóða um að endurskoða skuli þingsköp Alþingis. Þar segir m.a.:

„Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er sett fram gagnrýni á störf og starfshætti Alþingis sem mikilvægt er að bregðast við. Meginniðurstöður þingmannanefndarinnar varðandi Alþingi eru þær að auka þurfi sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu, leggja beri meiri áherslu á eftirlitshlutverk þingsins og auka fagmennsku við undirbúning löggjafar.

Þingmannanefndin telur brýnt að Alþingi taki starfshætti sína til endurskoðunar, verji og styrki sjálfstæði sitt og marki skýr skil á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Alþingi á ekki vera verkfæri í höndum framkvæmdarvalds og oddvitaræðis.“

Enn fremur segir í skýrslunni:

„Þingmannanefndin telur rétt að alþingismenn setji sér siðareglur.

Þingmannanefndin telur að styrkja beri eftirlitshlutverk þingsins, rétt þingmanna til upplýsinga, aðgengi að faglegri ráðgjöf og stöðu stjórnarandstöðunnar á Alþingi sem gegnir þar mikilvægu aðhaldshlutverki. Alþingi verði gefin árleg skýrsla um framkvæmd þingsályktana og mála sem Alþingi vísar til ríkisstjórnarinnar. Jafnframt leggur þingmannanefndin til að sett verði almenn lög um rannsóknarnefndir.

Þingmannanefndin telur að endurskoða þurfi nefndaskipan og störf fastanefnda Alþingis með það að markmiði að gera þær skilvirkari. Nefndaskipan þingsins taki mið af þörfum þingsins en ekki skipulagi Stjórnarráðsins, og reglur um opna nefndarfundi verði færðar í þingsköp.

Þingmannanefndin telur að taka þurfi til endurskoðunar það verklag sem tíðkast hefur við framlagningu stjórnarfrumvarpa með það að markmiði að auka sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Í því samhengi leggur nefndin til að ríkisstjórn verði gert að leggja

fram stjórnarfrumvörp með góðum fyrirvara þannig að þingmönnum gefist gott ráðrúm til að taka þau til faglegrar skoðunar, upplýstrar málefnalegrar umræðu og afgreiðslu.

Þingmannanefndin leggur sérstaka áherslu á að settar verði skýrar reglur um innleiðingu EES-gerða sem tryggi m.a. góð vinnubrögð og vandaðar þýðingar á EES-gerðum. Ástæða er til að skoða vandlega hvort Alþingi setji á fót sérstaka nefnd sem hefur það hlutverk að rýna allar EES-gerðir sem lagðar eru fyrir Alþingi til innleiðingar. Nýta þarf betur þær heimildir að lögum sem tiltækar eru til að aðlaga EES-gerðirnar að íslenskum veruleika, einkum með tilliti til smæðar landsins.“

Loks segir í skýrslunni:

„Þingmannanefndin leggur áherslu á að niðurstöður þingmannanefndarinnar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og skýrsla vinnuhóps um eftirlitshlutverk og starfshætti Alþingis frá haustinu 2009 verði lagðar til grundvallar við endurskoðun á lögum um þingsköp Alþingis.“

Meginmarkmið þessa frumvarps er að gera þinginu betur kleift að annast þau verkefni sem því eru falin samkvæmt stjórnarskrá, einkum við að veita stjórnvöldum aðhald og hafa eftirlit með starfsháttum framkvæmdarvaldsins. Nánar tiltekið er með frumvarpinu lagt til að:

1. settar verði skýrari reglur um rétt Alþingis, einkum þingnefnda, til upplýsinga og gagna frá stjórnsýslunni;
2. lögð verði skylda á ráðherra að tryggja að Alþingi hafi þær upplýsingar sem hafa verulega þýðingu fyrir þau mál sem eru til meðferðar á Alþingi;
3. Alþingi verði gert kleift að taka við trúnaðarupplýsingum sem hafa þýðingu fyrir störf þingsins;
4. nefndaskipulag Alþingis verði endurskipulagt og einni tiltekinni nefnd falið að fara með mál er lúta að eftirliti með handhöfum framkvæmdarvalds; nefndum verði fækkað úr tólf í sjö (nefndasætum úr 110 í 63) og formennsku þeirra skipt milli þingflokka eftir þingstyrk;
5. Alþingi verði auðveldað að fylgja eftir þingsályktunum með því að skylda ríkisstjórnina til að leggja árlega fram skýrslu um framkvæmd þeirra;
6. staða minni hlutans á Alþingi verði styrkt, einkum með ríkari upplýsingarétti þingmanna og upplýsingaskyldu ráðherra sem miðar að meira jafnræði þingmanna í aðgangi að upplýsingum, svo og rétti allra þingflokka til formennsku í þingnefndum; réttur minni hluta miðast nú við fjórðung þingmanna í stað þriðjungs áður;
7. sköpuð verði festa um þinglega meðferð EES-mála auk þess sem þinginu verði gert kleift að fylgjast betur með undirbúningi EES-mála á fyrri stigum;
8. ýmis ákvæði þingskapa verði löguð að þeirri þróun sem orðið hefur síðustu missirin er varðar störf þingsins.

Fyrstu sex atriðin má rekja beint til ábendinga í skýrslu vinnuhópsins um þingeftirlit sem getið er að framan. Við útfærslu á ákvæðum frumvarpsins, sem að þessu lúta, hefur verið höfð hliðsjón af reglum annars staðar á Norðurlöndum. Enn fremur hefur verið tekið tillit til ráðgefandi tilmæla Evrópuráðsins nr. 1601 (2008) um réttindi og ábyrgð stjórnarandstöðunnar í störfum þinga í lýðræðisríkjum (Procedural guidelines on the right and responsibilities of the opposition in a democratic parliament). Í skýrslu vinnuhópsins komu fram ýmsar aðrar ábendingar sem kalla á endurskoðun annarra laga, svo sem laga um ráðherraábyrgð og landsdóm, eða setningu nýrra laga, svo sem laga um rannsóknarnefndir, en frumvarp til laga um slíkar nefndir hefur þegar verið lagt fram, og koma þær því ekki til umfjöllunar í þessu frumvarpi.

Sjöunda atriðið byggist á tillögum í skýrslu utanríkismálanefndar til forsætisnefndar frá 8. október 2008 um fyrirkomulag á þinglegri meðferð EES-mála. Í skýrslunni komu fram

ýmsar tillögur um breytingar á reglum sem forsætisnefnd setti árið 1994 um meðferð EES-mála á mótunarstigi, en þeim hefur ekki verið fylgt sem skyldi. Að fenginni þessari skýrslu voru samin drög að nýjum reglum um þinglega meðferð EES-mála þar sem ítarlega er fjallað um meðhöndlun þessara mála og samskipti við Stjórnarráðið allt frá því að tillögur eru á mótunarstigi innan Evrópusambandsins þar til lagafrumvörp eru lögð fram á þingi sem er ætlað að innleiða reglur sem byggjast á ESB-gerðum. Forsætisnefnd hefur nú endanlega afgreitt þessar reglur og liggja þær fyrir á vef þingsins. Í ljósi þess að reglurnar leggja ákveðnar kvaðir á Stjórnarráðið þykir rétt að þeim sé veitt lagastoð í þingsköpum Alþingis.

Áttunda atriðið byggist á þeirri reynslu sem fengist hefur í störfum þingsins síðan endurskoðun þingskapa fór fram árið 2007 og samkomulag hefur orðið um að kalli á breytingar. Nánar er vikið að þessum breytingum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Með frumvarpi forseta Alþingis, Ástu R. Jóhannesdóttur, á síðasta þingi fylgdi rækileg greinargerð með meginhugmyndum frumvarpsins og er vísað til hennar á þingskjali 1433 á 138. löggjafarþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr. (4. gr. þingskapa.)

Á fyrsta fundi Alþingis eftir alþingiskosningar er kosin nefnd til að athuga kjörbréf nýkjörinna alþingismanna. Gerir nefndin tillögu til þingsins um afgreiðslu kjörbréfanna. Í 1. mgr. 4. gr. þingskapa eru fyrirmæli um að sú nefnd fjalli einnig um kjörbréf sem síðar eru gefin út, t.d. til varamanna, svo og ef afgreiðslu kjörbréfs er frestað eða kært yfir kosningu sem þegar er talin gild. Samkvæmt frumvarpinu eru þessi verkefni, sem eftir kunna að standa þegar venjulegri afgreiðslu kjörbréfa er lokið á þingsetningarfundi, fengin stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd skv. 13. gr. Kjörbréfanefndin, sem kosin er til bráðabirgða á fyrsta fundi nýkjörins þings til að gera tillögur til þingsins um útgefin kjörbréf og gildi alþingiskosninga, er þá úr sögunni þegar nefndakosningar í þinginu hafa farið fram.

Um 2. gr. (8. gr. þingskapa.)

Í 5. mgr. 8. gr. laganna eru ákvæði um að forseti „geti sett“ reglur um fundarsköp nefnda o.fl. Brýnt þykir að ákvæði um þessar reglur, svo mikilvægar sem þær eru, sé afdráttarlaust, en ekki aðeins heimildarákvæði eins og nú er. Slíkar reglur kynnir forseti í forsætisnefnd, meðan þær eru til vinnslu, en í lögunum segir að reglurnar séu settar að höfðu samráði við nefndaformenn og formenn þingflokka. Mikilvægt er að samræmdar reglur gildi um vinnufyrirkomulag og málsmeðferð í nefndum eftir því sem kostur er.

Um 3. gr. (12. gr. þingskapa.)

Ákvæðið fjallar um gerðabók þingsins. Það er nú úrelt með öllu því að allt sem fram kemur á þingfundi, tilkynningar, útbýtingar þingskjala o.s.frv., auk þingræðna, er birt í B-deild Alþingistíðinda.

Um 4. gr. (13. gr. þingskapa.)

Í greininni eru lagðar til breytingar á skipulagi fastanefnda Alþingis, fjölda þeirra og þeim málaflokkum sem undir þær falla. Markmið breytinganna er að styrkja og efla nefndastarfið enn frekar ásamt því að gefa nefndunum meira og betra svigrúm til starfa. Við þessar breytingar er höfð hliðsjón af skýrslu og tillögum vinnuhóps forsætisnefndar Alþingis um þingeftirlit frá því í september 2009.

Meginbreytingarnar frá fyrra skipulagi eru eftirfarandi:

1. Fastanefndum fækkar úr tólf í sjö. Hver nefnd fer því með víðfeðmara málefnasvið en

nefndir hafa áður haft, en þess er þó gætt að þau málefni sem felld eru saman í eina nefnd séu sem tengdust.

2. Verkaskipting nefnda tekur ekki mið af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu eins og hefur verið. Í staðinn tekur nefndaskipulagið mið af þörfum Alþingis og verkaskiptingin ræðst af því hvað heppilegast er talið fyrir starfsemi þingsins og að vinnuálag sé sem jafnast.
3. Komið er á fót nýrri nefnd, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, sem ætlað er að styrkja eftirlitshlutverk þingsins og umfjöllun þingsins um stjórnskipunarmál. Á það ber að leggja áherslu að aðrar fastanefndir eiga rétt á að taka upp að eigin frumkvæði mál sem varða þingeftirlit svo sem verið hefur, sbr. 26. gr. þingskapa. Fjárlaganefnd er líka ætlað að fylgjast með framkvæmd fjárlaga samkvæmt þessari grein. Ætla verður þó að þingeftirlitið að því er varðar mikilvægustu mál sem upp koma og stjórnsýslu ráðherra sem sætir mestri gagnrýni verði fyrst og fremst hjá eftirlitsnefndinni, en eftirlitsstörf fagnefnda lúti fremur að framkvæmd laga á málefnasviði þeirra og eftirfylgni á samþykkt þingsins.

Helsti ávinningur af þessum breytingum er eftirfarandi:

1. Fækkun fastanefnda á að bæta löggjafarstarfið. Nefndarmenn hafa betri möguleika á að hafa heildaryfirsýn yfir málaflokka sem eru tengdir.
2. Flestir þingmenn munu við breytinguna sitja í einni nefnd, en nú sitja flestir í tveimur til fjórum nefndum. Hver nefndarmaður getur því sinnt betur sínum nefndaskyldum.
3. Auðveldara verður að skipuleggja fundi nefndanna og þær geta fundað oftar og lengur en nú þar sem fundir munu síður skarast við fundi annarra nefnda. Þá munu skapast betri möguleikar til að halda opna nefndafundi, en slíkir fundir krefjast oft meiri tíma en hefðbundnir nefndafundir.
4. Sjálfstæði nefndanna gagnvart ráðuneytum ætti að styrkjast. Þegar nefnd fjallar um málefni fleiri en eins ráðuneytis má ætla að áhrif ráðherra á störf nefndarinnar verði ekki eins mikil og nú getur orðið.
5. Eftirlit með stjórnsýslunni verður markvissara af hálfu þingsins þegar ein nefnd hefur það sem meginverkefni að sinna eftirliti með stjórnsýslu framkvæmdarvaldsins. Fram til þessa hefur borið á því að slíkt eftirlit hafi orðið afgangsverkefni fastanefndanna.
6. Hægt verður að láta hverri nefnd í té meiri aðstoð og betri þjónustu en nú er unnt að gera.

Samkvæmt gildandi þingsköpum eru aðeins kjörnir varamenn í utanríkismálanefnd. Reynslan af kjöri varamanna er góð. Í þessu frumvarpi er lagt til að kosnir séu varamenn í allar nefndir. Eftir sem áður verður þó viðhaldið þeim sveigjanleika sem verið hefur með því að þingflokkar hafa getað tilnefnt staðgengla í stað kjörinna nefndarmanna og varamanna ef þeir forfallast.

Ákvæði greinarinnar um stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd er nýjung. Þar er í veigamiklum atriðum höfð hliðsjón af norskum reglum, þ.e. þingsköpum Stórþingsins í Noregi. Nefndin skal í senn fjalla um þingmál sem falla undir málefnasvið hennar og hafa ríka frumkvæðisskyldu um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Réttur minni hluta, þ.e. fjórðungs nefndarinnar (þriggja þingmanna), til að taka upp mál innan hennar er sérstaklega tryggður. Komi fram ósk frá minni hluta um athugun máls er skylt að verða við því, t.d. með því að kalla ráðherra og eftir atvikum aðra sem málið varðar, fyrir nefndina til glöggva sig á máli, svo og kalla eftir þeim gögnum sem nauðsynleg eru til að upplýsa mál. Það er hins vegar í höndum meiri hluta nefndarinnar hverju sinni hvernig með hvert mál er farið, t.d. hvort nefndinni þyki ástæða til þess að gefa þinginu skýrslu um athugun sína og eftir atvikum gera tillögu um ályktun þingsins um málið.

Skýrslur undirstofnana Alþingis, Ríkisendurskoðunar og embættis umboðsmanns, verða til umfjöllunar í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, aðrar en skýrslur Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga sem verða til umfjöllunar í fjárlaganefnd. Auk ársskýrslu umboðsmanns fær nefndin til umfjöllunar tilkynningar umboðsmanns um meinbugi á lögum, sbr. t.d. 11. gr. laga um embættið.

Tillögur um skipun rannsóknarnefndar þingsins koma til umfjöllunar í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Enn fremur má búast við því að frumkvæðisathugun nefndarinnar sjálfrar geti leitt til þess að hún geri tillögu um að skipa rannsóknarnefnd í máli sem hún hefur haft til umfjöllunar. Í þessu efni þarf ekki sammæli nefndarinnar heldur getur meiri hluti hennar hverju sinni farið með hlutverk nefndarinnar, þar á meðal að gera tillögu til þingsins um skipun rannsóknarnefndar.

Við undirbúning frumvarpsins hafa orðið allmiklar umræður um hvernig skipta beri málefnasviðum og einstökum málaflokkum milli hinna nýju nefnda. Hefur hverjum sýnst sitt í þeim efnum en niðurstaðan orðið sú sem í frumvarpinu greinir. Í ákvæði til bráðabirgða er ráð fyrir því gert að málefnaskiptingin milli nefndanna komi til endurskoðunar að ári liðnu þegar fengin er reynsla af starfi hinna nýju þingnefnda.

Einkum hafa verið skiptar skoðanir um hvort skattamál eigi að falla undir fjárlaganefnd. Í frumvarpinu er ráðgert að svo verði en hafa ber í huga að nefndarmenn í fjárlaganefnd munu ekki sitja í öðrum fastanefndum og ættu því af þeirri ástæðu að hafa rýmri tíma til nefndastarfa en áður. Jafnframt er í bígerð að ýmis tímafrek viðfangsefni fjárlaganefndar breytist, annars vegar að nefndin leiti ekki umsagnar annarra fastanefnda um einstaka kafla fjárlaga og hins vegar að skipting safnliða verði einfaldari en nú er.

Jafnframt er rétt að geta þess sérstaklega að með „auðlindamálum“ er átt við rannsóknir, nýtingarstefnu, ráðgjöf og verndun á sviði auðlindamála almennt, svo sem rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða o.s.frv. Ákvarðanir um nýtingu auðlinda á grundvelli rannsókna og ráðgjafar verða hins vegar á málefnasviði atvinnuvega- og viðskiptanefndar samkvæmt frumvarpinu.

Um 5. gr. (14. gr. þingskapa.)

Greinin miðar að því að það verði meginregla um kosningu fastanefnda Alþingis og alþjóðanefnda að samkomulag takist um það milli þingflokka áður en nýkjörið Alþingi er sett. Samkvæmt frumvarpinu verða nefndasæti í fastanefndum 63 (þ.e. níu sæti í sjö þingnefndum). Sú tala er jöfn þingsætafjöldanum á Alþingi. Reglan verður þá sú að þingflokkur á jafnmörg nefndasæti í fastanefndum og hann á þingsæti. Í greininni er ákvæði sem tryggir að þingmenn utan flokka geti fengið sæti í fastanefnd, en það er þeim nú ókleift án samkomulags við þingflokk eða þingflokka við nefndakjör. Enn fremur er ákvæði sem tryggir hinum minni þingflokkum, sem eiga sjö þingmenn eða færri, rétt til þess að ráða mestu um það í hvaða nefndir þingmenn þeirra fara og hvar þeir eiga ekki fast sæti í nefnd. Þykir það sanngjarnt gagnvart þeim flokkum sem annars eiga rétt til setu í öllum fastanefndum með einum eða fleiri þingmönnum. Ákvæði um þetta er lögfest til að tryggja þennan rétt. Þá er loks gert ráð fyrir að við skiptingu þingmanna í nefndir sé höfð hliðsjón af fundatöflu þingnefndanna fyrir fram þannig að sem mest svigrúm sé til fundahalda. Ljóst er að nokkrir þingmenn, a.m.k. jafnmargir og ráðherrar eru, þurfa að sitja í tveimur nefndum. Tryggja þarf að það leiði ekki til þess að fundatafla nefndanna raskist. Er þá jafnframt reiknað með að þeir þingmenn, sem eiga sæti í fjárlaganefnd, sitji ekki í öðrum nefndum, en að öðru leyti skiptist nefndirnar í tvo hópa, einn sem hefur fundatíma á mánudögum og miðvikudögum og annan sem hefur fundatíma á þriðjudögum og fimmtudögum. Þannig skapast sem bestur vinnutími fyrir nefndirnar. Þeir þingmenn sem sitja í tveimur nefndum verða þá að velja eina nefnd úr

hvorum hópi þriggja fastanefndas svo að nefndirnar geti haldið fundi án þess að nefndaseta rekist á.

Í greininni er það nýmæli að formennska í nefndum þingsins skuli skiptast milli þingflokka í samræmi við þingstyrk þeirra. Sú afstaða hefur átt vaxandi hljómgrunn að æskilegt sé að dreifa ábyrgð á stjórn fastanefnda á alla þingflokka líkt og gilt hefur um embætti varaforseta þingsins síðan 1971 og að nokkru gilti um formennsku í nefndum 1993–1999. Gert er ráð fyrir að í tillögu þeirri sem formenn þingflokka leggja fram sé formannsembættum, svo og 1. og 2. varaformannsembættum, skipt milli þingflokka eftir d'Hondts-reglu, en þeim sé að öðru leyti skipt í samkomulagi á hverja nefnd.

Mikilvægt er að skoða þessa breytingu, sem varðar formennsku í nefndum, í ljósi þeirrar tillögu í frumvarpinu að þingmálum sem vísað er til nefnda sé þegar í upphafi ákvörðuð málsmeðferð og einstökum þingmálum skipt milli nefndarmanna sem verði framsögumenn í þeim málum sem í þeirra hlut koma („rapportör-kerfi“). Þetta gæti þýtt að mikilvæg frumvörp frá ríkisstjórn verði fremur unnin undir forustu þingmanna frá stjórnarflokkum og hið pólitíska hlutverk formanns nefndar verði minna eftir þessa breytingu, hann verði fyrst og fremst verkstjóri í nefndarstarfinu, auk þess að sinna venjubundnum formannsstörfum.

Það verður hlutverk formanna þingflokka að standa að tillögu um skipan nefndanna og skiptingu formannsembætta að afloknum alþingiskosningum. Er þá gert ráð fyrir að sú vinna hefjist nokkru fyrir setningu nýs þings og að jafnaði í kjölfar stjórnarmyndunar. Þar sem þá verður ekki búið að kjósa þinginu forseta eða forsætisnefnd hlýtur þetta verkefni að koma í hlut formanna þingflokkanna.

Við því er búist að strax myndist hefðir og venjur um skiptingu formannsstarfa, t.d. að stjórnarflokkar hafi formennsku í fjárlaganefnd, en stjórnarandstaða í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Að öðru leyti verða formenn þingflokka að móta vinnureglur við þessa tillögugerð.

Fari svo að ekki takist samkomulag milli þingflokka um skipan nefndanna er meiri hlutanum eigi að síður heimilt að leggja tillögu fyrir þingsetningarfund en slík tillaga þarf þá samþykki tveggja þriðju hluta atkvæða. Það getur með öðrum orðum ekki farið svo að lítill þingflokkur geti haft neitunarvald um nefndaskipunina. Takist hvorki samkomulag milli þingflokkanna, né fái tillaga frá meiri hluta tvo þriðju hluta atkvæða, er sú leið eftir að kosning til nefndanna verði eins og áður hefur verið, þ.e. að kosið verið hlutfallskosningu til hverrar nefndar um sig og nefndirnar kjósi sér á fyrsta fundi formann og varaformenn.

Í greininni er ráðgert að sætum í alþjóðanefndum, sem nú eru 33, verði skipt eftir hlutfallsreglu og hver þingflokkur fá sæti samkvæmt því. Er þetta gert til að styrkja stöðu minni þingflokka til þátttöku í alþjóðasamstarfi Alþingis, en réttur þeirra hefur verið takmarkaður vegna þess hversu fáir eru kosnir til alþjóðanefndanna (flestar hafa aðeins þrjú sæti). Formennsku og varaformennsku í alþjóðanefndum verður skipt eftir sömu reglu og formennsku í fastanefndum.

Fastanefndir þingsins fá nú tvo varaformenn, í stað eins nú. Er það gert til þess að tryggja aðild minni þingflokka að stjórn nefndanna. Er byggt á því að 21 sæti formanns og varaformanna í fastanefndum sé skipt eftir d'Hondts-reglu, sjö fyrstu sætin gefi formannssæti, sjö næstu sæti gefi sjö 1. varaformannssæti og loks gefi sjö síðustu sætin 2. varaformannssæti. Með líkum hætti yrði formanns- og varaformannsembættum alþjóðanefnda skipt.

Þótt byggt sé á þeirri skiptireglu sem kennd er við d'Hondt, sbr. 68. gr. þingskapa, er ekki ráð fyrir því gert að úthlutunarröðin ráði skiptingu sæta milli þingflokka, heldur samkomulag formanna þingflokka á grundvelli þess fjölda sæta sem skiptireglan gefur hverjum þingflokki fyrir sig.

Um 6. gr. (15. gr. þingskapa.)

Í þingsköpum gildir nú sú regla, þegar formaður og varaformaður eru fjarverandi, að nefnd tilnefni annan þingmann til að gegna formennskunni á meðan. Þetta hefur reynst óhagkvæmt því að þegar nefndarfundur hefst þarf að liggja fyrir hver stýrir fundi nefndarinnar, undirbýr dagskrá o.s.frv. Er lögð til sú skipan að formaður tilnefni nefndarmann til að gegna formennskunni til bráðabirgða meðan formaður og báðir varaformenn eru fjarstaddir.

Í samræmi við tilmæli Evrópuráðsins, sem vikið er að í almennum athugasemdum, verður sú meginregla lögð til grundvallar að réttur, sem minni hluti á, miðist við fjórðung nefndarmanna en ekki þriðjung eins og er í gildandi lögum. Breyting þessi hefur ekki efnislegt gildi eins og nú er því að áskilnaður um fjórðung nefndarmanna þýðir áfram að um þrjá þingmenn er að tefla í níu manna nefnd.

Í gildandi þingsköpum eru ákvæði um að minni hluti nefndar geti óskað eftir fundi í nefndinni. Það hefur þótt skorta á að skýr fyrirmæli séu um það innan hvaða frests halda eigi fund sem minni hluti biður um. Í frumvarpinu er lagt til að sá frestur verði þrír virkir dagar, en sé það ekki hægt beri formanni að gefa viðhlítandi skýringu á því hvers vegna ekki er hægt að halda fundinn. Oft geta verið eðlilegar ástæður fyrir því að ekki er hægt að halda fund innan þessa frests, en mikilvægt er þá að sú ástæða liggi opinberlega fyrir.

Um 7. gr. (17. gr. þingskapa.)

Frumvarpsgreinin er í tengslum við breytingar á nefndakerfinu þar sem m.a. er fyrirhugað að hafa varamenn í öllum nefndum. Samt sem áður verður þingflokkum heimilt að kveðja til aðra þingmenn úr sama þingflokki, staðgengla, ef varamenn eru ekki fyrir hendi eða ákjósanlegra þykir þegar aðalmaður er utan þings. Stuðlar það að þeim sveigjanleika sem verið hefur og góð sátt er um.

Um 8. gr. (18. gr. þingskapa.)

Í a-lið greinarinnar er gerð breyting til samræmis við nýja 14. gr. þingskapa. Fundatafla nefnda skal liggja fyrir áður en gert er samkomulag um hvernig þingmenn skipa sér í nefndir þannig að ekki komi til árekstra og þingmenn þurfi að vera á tveim nefndafundum samtímis. Ekki er mælt fyrir um það hver ákveður fundatöfluna, en telja má að um hana skapist fljótt venja. Þegar kosning nefndanna er undirbúin hefur forseti Alþingis ekki verið kjörinn svo að eðlilegt er að formenn þingflokkanna, í samráði við skrifstofu þingsins, ákveði fundatöfluna. Að öðru leyti er 1. mgr. óbreytt frá gildandi lögum.

Í b-lið er nýmæli, öryggisákvæði, sem felst í því að forseti getur kallað mál úr nefnd þegar afgreiðsla þess dregst óeðlilega, m.a. vegna þess að í nefndinni er annar meiri hluti í máli en í þinginu sjálfu. Telja verður ólýðræðislegt að nefnd gæti þannig haldið máli frá meiri hluta þingsins. Til þess hefur ekki komið í seinni tíð að forseti setti mál á dagskrá án þess að álit nefndar lægi fyrir, en forsetar hafa íhugað slíka ráðstöfun vegna óhæfilegs dráttar á afgreiðslu máls eða þess að þeir hafa talið að meiri hluti nefndar endurspeglaði ekki vilja meiri hluta þingsins. Ef til þessa ákvæðis yrði gripið væri forseta skylt að tilkynna um það á þingfundi og bera ákvörðun sína undir atkvæði ef eftir því væri leitað. Kæmi þá jafnframt í ljós hvort meiri hluti væri fyrir því á þingi að fá málið til umræðu og afgreiðslu. Meginregla er sú að mál eru ekki sett á dagskrá fyrr en nefnd hefur lokið athugun þeirra og hún, eða meiri hluti hennar, skilað nefndaráliti um þau. Þó munu þess dæmi að forseti hafi sett mál á dagskrá þegar álit 1. minni hluta (og þá væntanlega stærsta minni hlutans) lá fyrir, og þá þess hluta nefndar sem var fulltrúi meiri hluta þingsins. Kæmi til þess að forseti beitti þessu ákvæði gæti mál komið á dagskrá þótt aðeins lægi fyrir álit minni hluta nefndar. Á það skal lögð áhersla að þetta ákvæði er sett aðeins í þeim tilgangi að hindra að meiri hluti nefndar

geti komið í veg fyrir afgreiðslu máls sem nýtur fylgis meiri hluta í þinginu, en ekki til þess að hraða afgreiðslu máls eða ýta á eftir því að nefnd ljúki athugun máls; ákvæðinu verður því ekki beitt nema fyrir liggi að nefnd ætli ekki að afgreiða mál þótt fyrir liggi að meiri hluti þingsins styðji það. Að sjálfsögðu er við það miðað að forseti hafi – áður en hann gripi til þessa ráðs – átt viðræður við formann þeirrar nefndar sem með málið fer eða kjörinn framsögumann þess og leitað annarra leiða til að fá málið afgreitt úr nefndinni með venjulegum hætti.

Um 9. gr. (19. gr. þingskapa.)

Meginregla þingskapa er að fundir nefnda séu lokaðir og gildir það um almenna vinnufundi nefnda sem hafa annað hlutverk en opnir upplýsingafundir nefnda, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Aðgang að vinnufundum hafa ekki aðrir en nefndarmenn, starfsmenn nefndar og þeir gestir sem nefnd kallar til fundar við sig.

Sú regla var lengst af í gildi að ekki væri vitnað til ummæla sem féllu á lokuðum fundi eða greint frá umræðum í nefndinni opinberlega, svo sem á þingfundi. Framkvæmdin hefur hins vegar breyst á síðari árum og það hefur orðið æ algengara að greint sé frá umræðum í nefnd og jafnvel vitnað orðrétt til ummæla sem falla á lokuðum nefndarfundi, ýmist einstakra nefndarmanna eða gesta. Ýmsar eðlilegar ástæður eru fyrir þessari þróun því að á nefndarfundum eru oft rædd mikilvæg þjóðmál þar sem fram koma sjónarmið sem ekki er hægt að setja undir þagnarskyldu eða gestir hafa komið á fund nefndar með mikilvægar upplýsingar eða sjónarmið sem ekki hefur verið hjá komist að skýra frá opinberlega.

Með breytingum á greininni er reynt að skerpa á reglum um vinnufundi nefnda, aðra en opna nefndafundi sem fjallað er um í 3. mgr. og sendir eru út í sjónvarpi og á vef þingsins. Meginreglu þingskapa um lokaða nefndafundi er haldið, þ.e. almenna vinnufundi nefnda, en í 2. mgr. er sú nýjung sett í þingsköpin að fréttamönnum sé almennt veitt heimild til þess að vera viðstaddir þegar gestir koma fyrir þingnefnd og skýra þinginu frá sjónarmiðum sínum um þau mál sem nefndin hefur til umfjöllunar, hvort sem það eru mál sem vísað hefur verið til hennar eða mál sem hún tekur upp að eigin frumkvæði. Er þar með viðurkennd sú þróun og það sjónarmið að samskipti nefnda og gesta séu sem mest opinber og aðgengileg fyrir fréttamenn sem þá miðla fréttum um það sem fram fer á slíkum fundum þingnefnda til almennings í landinu. Þetta er að nokkru til samræmis við þá reglu sem gildir um skriflegar umsagnir þeirra sem nefnd hefur óskað álits hjá um þingmál sem nefndin hefur til umfjöllunar. Jafnframt eiga þá þingmenn sem í nefndum sitja rétt á að fara með þær upplýsingar sem þeir þannig fá eins og þeir kjósa og geta til að mynda vitnað til þeirra í þingræðum og í nefndarálitum.

Nauðsynlegt verður að kynna þessa nýju starfshætti nefnda fyrir þeim sem nefnd kallar til fundar við sig eða vilja koma á fund nefndar.

Í 2. mgr. eru undanskildir starfsmenn ráðuneyta en sú venja hefur lengi tíðkast að þeir komi fyrir þingnefndir til að gera grein fyrir efni lagafrumvarpa eða tillagna frá viðkomandi ráðuneyti, svo og til að svara til um einstök efnisatriði mála. Slíkir starfsmenn vinna á ábyrgð þess ráðherra sem fer með ráðuneytið og því ekki eðlilegt að þeir sæti opinberu eftirliti af þessu tagi. Nefnd getur þá, ef hún telur ástæðu til, kallað ráðherra fyrir nefndina til að gefa skýringar eða veita upplýsingar sem ástæða þykir til að gera opinberar.

Í framkvæmd er þetta fyrirkomulag hugsað þannig að í útsendri dagskrá nefndarfundar komi fram að tiltekin dagskrárefni séu opin fyrir fréttamönnum.

Þegar þingnefndum eru veittar upplýsingar í trúnaði verður eðli málsins samkvæmt að halda lokaðan nefndarfund með gesti eða gestum.

Í 3. mgr. þessarar greinar frumvarpsins eru tillögur sem miða að því að festa í lög ákveðnar meginreglur um opna nefndafundi. Þar er áhersla lögð á að hlutverk slíkra funda er að vera vettvangur samræðu þingnefndar við aðila utan nefndarinnar þar sem leitað er upplýsinga eða skýringa á tilteknum málum fyrir opnum tjöldum. Tillagan byggist í flestum atriðum á gildandi reglum forsætisnefndar. Þar segir að þeir sem koma fyrir fastanefnd geri það af fúsum og frjálsum vilja og engum sé formlega skylt að svara spurningum nefndarmanna. Nokkur nýmæli eru þó í frumvarpinu. Áfram er farin sú leið að telja upp þá aðila sem fastanefnd getur óskað eftir að komi á fund nefndar en heimildin þó rýmkuð nokkuð. Þá er mælt fyrir um að minni hluti nefndarmanna (fjórðungur) geti farið fram á opinn fund um tiltekið málefni. Enn fremur er í frumvarpinu kveðið á um heimild til að halda fundi áfram fyrir lokuðum dyrum ef leggja á fram trúnaðarupplýsingar sem almennt eiga að fara leynt samkvæmt reglum um þagnarskyldu.

Um 10. gr. (23. gr. þingskapa.)

Breytingin á greininni í a-lið er til samræmis við breytingar á nefndakerfi þingsins, en í 13. gr. laganna verður nánar tiltekið hvaða málaflokkar heyra undir hverja nefnd. Ákvæðin í 1. mgr. 23. gr. þingskapa eiga ekki við lengur.

Í b-lið er lagt til að fest verði í þingsköp sú venja að sé máli vísað formlega til nefndar áður en umræðunni er lokið gildi við framhald umræðunnar ákvæði þingskapa um ræðutíma eins og við upphaf hennar. Það er ekki oft sem umræðu er formlega frestað og máli formlega vísað til nefndar á ný með atkvæðagreiðslu eða yfirlýsingu forseta. Hafi það hins vegar verið gert hefur þótt eðlilegt, einkum ef nefndin, eða meiri hluti hennar, hefur lagt fram framhaldsnefndarálit, að ræðutími sé það rúmur að enginn þingmanna, þ.m.t. framsögumenn, hafi tapað rétti sínum til að taka til máls eða tala svo lengi sem eðlilegt getur talist.

Um 11. gr. (24. gr. þingskapa.)

Forsætisnefnd hefur nýlega sett nýjar og endurskoðaðar reglur um meðferð EES-mála á Alþingi. Er þar byggt á tillögum utanríkismálanefndar en reglurnar að öðru leyti unnar í samstarfi við utanríkisráðuneytið og raunar Stjórnarráðið allt. Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins er ætlað að verða lagagrundvöllur þeirra reglna sem Alþingi setur um meðferð EES-mála.

Um 12. gr. (25. gr. þingskapa.)

Breytingar á greininni eru tengdar nýrri nefndaskipun Alþingis. Undanfarin ár hafa fastanefndir þingsins fjallað um þá þætti fjárlaga sem tengjast málefnasviði þeirra. Hefur sú yfirferð verið í senn almenn en sumar nefndir hafa auk þess gert tillögur um skiptingu svokallaðra safnliða. Hafa þessi vinnubrögð sætt vaxandi gagnrýni og enn fremur þótt til þess fallin að tefja yfirferð yfir fjárlagafrumvarpið. Fjárlaganefnd hefur nú í undirbúningi breytingu á afgreiðslu safnliða svo að aðkomu annarra fastanefnda verður síður þörf. Auk þess er hin nýja nefndaskipun þingsins ekki miðuð við málefnaskiptingu í Stjórnarráðinu og því örðugra um vik að vísa einstökum þáttum fjárlagafrumvarps til nefnda. Er því fallið frá því að hinar nýju nefndir taki tíma til umfjöllunar um fjárlagafrumvarpið, enda munu verkefni þeirra verða meiri en þeirra fastanefnda sem nú eru í þinginu. Breytingin í a-lið lýtur að þessum atriðum.

Í b-lið greinarinnar er fellt brott ákvæði um að fjárlaganefnd fjalli um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar, en nýrri stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd er ætlað að fjalla um skýrslur stofnana Alþingis.

Um 13. gr. (26. gr. þingskapa.)

Í greininni er 26. gr. þingskapa orðuð að nýju en efnisbreytingar eru ekki miklar. Með orðalagi greinarinnar er lögð áhersla á að nefnd geti hvenær sem er, hvort sem er meðan þingfundir standa samkvæmt starfsáætlun eða í þinghléum, fjallað um mál sem ekki eru frumvörp eða þingsályktunartillögur heldur mál á málefnasviði nefndarinnar sem koma til opinberrar umræðu í samfélaginu og þinginu þykir ástæða til að fá sérstakar skýringar á eða fjalla sérstaklega um. Í greininni er áfram það ákvæði að nefnd geti lokið slíkri athugun með skýrslu þar sem einnig komi fram tillögur nefndarinnar um hvernig máli verði lokið, t.d. með sérstakri ályktun Alþingis þar sem fram gætu komið aðfinnslur við stjórnsýslu ráðherra eða framgöngu einstakra forstöðumanna ríkisstofnana.

Loks er bætt við því ákvæði að nefnd geti haldið áfram athugun á máli sem fram hefur farið þótt kosningar hafi farið fram og ný nefnd verið kosin.

Hafa ber í huga að langflest eftirlitsmál, sem krefjast sérstakrar rannsóknar, eða hafa verið rannsökuð, annaðhvort af sérstakri rannsóknarnefnd eða Ríkisendurskoðun, koma til kasta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar og því er ljóst að ákvæði 26. gr. þingskapa taka fyrst og fremst til þeirra mála sem efst eru á baugi í þjóðmálaumræðunni, eru pólitísk í eðli sínu, og krefjast ekki sérstakrar rannsóknar umfram það sem fram kemur hjá þeim sem koma á fund nefndar.

Um 14. gr. (27. gr. þingskapa.)

Breytingu á 27. gr. þingskapa ber að skoða sem hluta af hinni nýju nefndarskipun. Með þeirri tillögu sem greinin felur í sér er ætlunin að stuðla að því að allir nefndarmenn taki virkan þátt í nefndarstörfum og hver og einn þeirra taki meginábyrgð á og hafi á hendi verkstjórn á einu eða fleiri málum sem fyrir nefndinni liggja, en fram til þessa hefur slíkt einkum hvílt á formanni nefndar. Þegar máli hefur verið vísað til nefndar ber því samkvæmt þeirri tillögu sem hér er gerð að fela strax í upphafi einum nefndarmanni að vinna sérstaklega að athugun málsins fyrir hönd nefndarinnar. Það kemur í hans hlut að stjórna vinnu nefndarinnar við athugun málsins og gera tillögu um afgreiðslu þess og drög að nefndaráliti þegar nefnd hefur lokið athugun sinni, sbr. síðari málslið 1. mgr. 27. gr. laganna. Sami þingmaður er jafnframt framsögumaður málsins þegar mælt er fyrir nefndaráliti. Þess er vænst að þessi tilhögun geri nefndarstarfið markvissara og umfjöllun um mál vandaðri og dreifi vinnu í nefndinni betur niður á nefndarmenn en nú er. Þessi tilhögun felur einnig í sér breytt hlutverk formanns nefndar, en verkefni hans verður einkum að hafa yfirumsjón með störfum nefndarinnar og samhæfa vinnu framsögumanna. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að formaður taki einnig að sér að vera framsögumaður í einstökum málum til jafns við aðra nefndarmenn.

Í þingsköpum hefur alveg frá árinu 1991 verið heimild til að hafa verktilhögun sem þessa en henni hefur ekki verið beitt að neinu ráði.

Um 15. gr. (29. gr. þingskapa.)

Með ákvæðinu eru lagðar til breytingar á 29. gr. þingskapa er miða annars vegar að því að skapa meiri festu við afgreiðslu mála frá þingnefndum og hins vegar að festa í sessi framkvæmd við útbýtingu nefndarálita og tímafresti í því sambandi.

Samkvæmt a-lið skal tillaga að nefndaráliti nefndar eða meiri hluta hennar liggja fyrir áður en mál er afgreitt frá nefndinni. Í þessu felst jafnframt að lagðar eru þær skyldur á nefndarmenn að þeir taki afstöðu til tillögu um nefndarálit þannig að ljóst liggi fyrir áður en mál er afgreitt úr nefnd hvort allir nefndarmenn standa að nefndaráliti, hvort nefndin klofnar og hvernig eða hverjir rita undir nefndarálit með fyrirvara. Sú ályktun verður ekki dregin hér að mál verði ekki afgreitt úr nefnd sé ekki meiri hluti fyrir nefndaráliti. Af álitinu má á hinn

bóginn sjá hvaða afgreiðslu mál hefur fengið hjá nefnd, þar á meðal ef hún hefur klofnað. Tilkynni nefndarmaður ekki um afstöðu sína til framkominnar tillögu um nefndarálit fyrir lokaafgreiðslu málsins er rétt að líta svo á að hann hafi ekki samþykkt álitið eða muni skila séráliti, sbr. 2. málsl. 1. mgr. sem verður 4. málsl. 1. mgr.

Í b-lið greinarinnar er fest í þingsköp sú venja að um framhaldsnefndarálit gildi sami tímafrestur og um nefndarálit almennt, þ.e. að umræða geti ekki hafist fyrr en „einni nóttu“ eftir útbýtingu álits nefndar. Hefur þessari reglur verið fylgt, einkum eftir að sú regla var sett í þingsköp að mál gengju oftar til nefndar á ný eftir 2. umræðu. Oft hafa nefndir þá gefið út framhaldsnefndarálit. Þingmálið kemur þá fyrst á dagskrá degi eftir útbýtinguna, nema afbrigði séu veitt.

Um 16. gr. (35. gr. þingskapa.)

Í a- og c-lið greinarinnar er lagt til að í 3. tölul. 1. mgr. og í 2. mgr. verði nafni „Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA“ breytt í „Íslandsdeild þingmannanefnda EFTA og EES“. Núverandi nafn sýnir ekki að Íslandsdeildin starfar jöfnum höndum í þingmannanefnd EFTA og í þingmannanefnd EES. Starf Íslandsdeildar í þingmannanefnd EES er síst veigaminna en í þingmannanefnd EFTA. Þingmannanefnd EES er vettvangur þar sem skýrslur eru unnar og ályktanir samþykktar ólíkt fundum þingmannanefndar EFTA sem hafa fyrst og fremst form samráðs og upplýsingagjafar. Nafnabreyting eins og hér er lögð til er í samræmi við það sem tíðkast í þjóðþingum hinna EFTA/EES-ríkjanna, þ.e. í Stórþinginu í Noregi og Landsdeginum í Liechtenstein.

Í b-lið er felldur brott 7. tölul. greinarinnar sem fjallar um Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins sem Alþingi hefur hætt þátttöku í og lagt verður niður innan skamms.

Í d-lið er felld brott ákvæði um að alþjóðanefndir kjósi sér formann og varaformann. Ákvæði um þau embætti færast í 14. gr. nýrra þingskapa, þ.e. um kosningu nefnda Alþingis.

Loks er gerð sú breyting 6. mgr. 35. gr. laganna að forseti Alþingis setji alþjóðanefndunum almennar starfsreglur, en nú er það aðeins heimildarákvæði. Það er til bóta að slíkar reglur séu settar þar sem fram koma þær meginreglur sem gilda um starf allra nefnda sem vinna að alþjóðlegu samstarfi. Þess utan þarf hver alþjóðanefnd að hafa sínar vinnureglur sem mótaðar eru eftir því starfi sem þær sinna.

Um 17. gr. (Ný grein.)

Með greininni er lagt til að forsætisnefnd verði gert kleift að stofna til tímabundinna alþjóðanefnda auk þess sem forsætisnefndin geti ákveðið að fela tiltekinni alþjóðanefnd afmörkuð alþjóðleg verkefni. Með ákvæðinu er hnykkt á umsjón forsætisnefndar með alþjóðlegu samstarfi sem Alþingi á aðild að skv. 5. mgr. 10. gr. Rétt þykir að veita forsætisnefnd lagastoð til að bregðast við tímabundnum verkefnum sem upp kunna að koma í alþjóðlegu starfi án þess að það krefjist frekari breytinga á þingsköpum. Dæmi um ákvörðun forsætisnefndar um tímabundin verkefni er frá 17. ágúst 2010 um stofnun sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins. Dæmi um afmarkað verkefni sem forsætisnefnd hefur falið tiltekinni alþjóðanefnd er umsjón með þátttöku í þingmannaráðstefnu Eystrasaltsins sem falin var Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

Um 18. gr. (36. gr. þingskapa.)

Um a-liðinn vísast til athugasemda við 11. gr. frumvarpsins (reglur um EES-mál).

Í b-lið er breytt ákvæðum þingskapa um framlagningarfrest lagafrumvarpa á síðari hluta

þings, en nú gildir það ákvæði að lagafrumvörp eiga að vera komin fram innan sex mánaða frá því að Alþingi er sett. Þetta þýðir í raun að framlagningarfresturinn er til 1. apríl. Framkvæmd þessa ákvæðis hefur þótt vera með nokkrum ágöllum og hefur leitt til þess að við lok þessa frests kemur fram óeðlilega mikill fjöldi þingmála. Heppilegra þykir að endurskoða þetta ákvæði þannig að fresturinn sé miðaður við 15. mars í stað 1. apríl en jafnframt er ríkisstjórninni gert að afhenda forseta Alþingis strax og vetrarþing hefst að loknu jólahléi nýja áætlun um framlagningu stjórnarfrumvarpa, þ.e. endurskoðun á þeirri áætlun sem fylgir stefnuræðu forsætisráðherra að hausti, og að í þeirri áætlun sé tilgreint hvenær vænta megi að málum verði útbýtt á Alþingi.

Endurskoðun þessa ákvæðis miðar að því að frumvörp og þingsályktunartillögur frá ríkisstjórninni komi það tímanlega inn í þingið að hægt sé að fjalla um þau með eðlilegum hætti og skipuleggja vinnuna betur bæði í umræðum í þingsal og ekki síður í nefndum. Nauðsynlegt er að dreifa málum og þar með vinnuálagi sem jafnast yfir þingtímann.

Núgildandi ákvæði um framlagningarfrest á haustþingi, er óbreyttur, þ.e. 1. desember.

Um 19. gr. (42. gr. þingskapa.)

Breytingin er til samræmis við breytta nefndaskipun. Skv. 13. gr. laganna mun stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fara með þingmál sem snúa að breytingum á stjórnarskrá landsins.

Um 20. gr. (44. gr. þingskapa.)

Í gildandi þingsköpum er ekki fjallað um hvernig Alþingi skuli haga meðferð mála þegar í stjórnarskrá eða lögum er krafist samþykkis Alþingis fyrir tilteknum ákvörðunum eða ráðstöfunum. Dæmi um mál af þessu tagi er þegar leyfis er óskað til að höfða mál gegn alþingismanni skv. 49. gr. stjórnarskrárinnar en erindi af því tagi hafa sætt ólíkri meðferð. Með nýlegum breytingum á lögum um dómstóla er Alþingi enn fremur falið að taka afstöðu til skipunar í embætti dómara ef ráðherra telur ekki rétt að fylgja áliti dómnefndar samkvæmt lögunum. Brýnt er að skýra meðferð mála af þessu tagi á Alþingi.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að nýrri málsgrein verði í þessu skyni bætt við 44. gr. þingskapa. Breytingin tekur til hvers konar erinda, annarra en hefðbundinna þingmála, sem Alþingi verður samkvæmt stjórnarskrá eða lögum að taka afstöðu til, án tillits til þess hvort erindið stafar frá ráðherra eða öðrum. Mikilvægt er að erindi af þessu tagi fái hraða málsmeðferð. Um leið verður að tryggja að málið fái efnislega athugun á Alþingi en sé ekki aðeins afgreitt með atkvæðagreiðslu. Þess vegna er lagt til að eftir að forseti hefur gert grein fyrir erindinu á þingfundi gangi málið umræðulaust til einhverrar fastanefndar Alþingis til athugunar og að hún geri tillögu að afgreiðslu Alþingis. Umræður fari fram um tillöguna í samræmi við reglur um síðari umræðu um þingsályktunartillögur. Með því að þingnefnd geri tillögu að afgreiðslu málsins verður að telja að fullnægt sé áskilnaði 55. gr. stjórnarskrárinnar þar sem gerð er krafa um að einhver þingmaður eða ráðherra flytji mál á Alþingi.

Í b-lið er dagsetningunni „1. apríl“ breytt í „15. mars“ en hún lýtur að síðasta framlagningardegi nýrra þingsályktunartillagna. Er greinin til samræmis við ákvæði um framlagningu lagafrumvarpa í 36. gr., þ.e. 18. gr. þessa frumvarps.

Með fyrri málsgreininni í c-lið eru tekin af tvímæli um hvernig aflétta beri stjórnskipulegum fyrirvara í EES-málum. Það skal gert með þingsályktun og þannig ætti að skapast festa um framkvæmd þeirra mála.

Með síðari málsgreininni er lögð sú skylda á forsætisráðherra að hann leggi í upphafi þings á hverju ári fram skýrslu um framkvæmd þeirra ályktana sem Alþingi hefur samþykkt.

Ákvæðið er byggt á ábendingu í áliti nefndar um eftirlitshlutverk Alþingis og miðar að því að styrkja stöðu þingsins og tryggja betur framkvæmd ályktana þess. Undir þetta sjónarmið er tekið í ályktun Alþingis frá 28. september 2010 sem var lögð fram af þingmannanefnd sem hafði skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið til meðferðar.

Um 21. gr. (Nýjar greinar.)

Með greininni er fest í þingsköp Alþingis sú grundvallarregla stjórnskipunarinnar að Alþingi hafi eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Sú regla á að réttu heima í stjórnarskrá, skýrlega skrifuð, en er hér leidd af meginefni hennar. Í 54. gr. stjórnarskrárinnar eru ákvæði um eftirlitsstörf þingsins og þingmanna, en hún tekur til fyrirspurna og skýrslubeiðna. Hefur jafnan verið litið svo á að réttur Alþingis til eftirlits með stjórnarframkvæmdinni sé víðtækari, það fari m.a. fram í umræðum á þinginu og í störfum nefndanna.

Þetta sjónarmið hefur verið áréttað í þeim lagabreytingum sem gerðar voru seint á níunda áratug síðustu aldar með því að færa annars vegar Ríkisendurskoðun undan fjármálaráðuneytinu yfir til Alþingis og hins vegar stofnun embættis umboðsmanns Alþingis. Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með fjárstjórninni og gerir stjórnsýsluendurskoðanir, stundum í þágu Alþingis, og eru skýrslur hennar iðulega til umræðu á vettvangi þingsins og taldar vera mikilvægar í eftirlitsstörfum þingsins. Umboðsmaður Alþingis hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Þangað geta einstaklingar leitað telji þeir sig misrétti beitta af stjórnvöldum. Skýrslur umboðsmanns Alþingis koma til umræðu á Alþingi. Telja verður að störf umboðsmanns Alþingis hafi haft mikla þýðingu fyrir framkvæmd opinberrar stjórnsýslu. Auk þessa ber hér einnig að nefna að nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um rannsóknarnefndir, en verði það frumvarp að lögum verður eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu styrkt frekar.

Efni þessarar greinar er byggt á tillögum í skýrslu starfshóps forsætisnefndar Alþingis um „eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu“ (útg. 2009). Er almennt vísað til þeirrar skýrslu um skýringar á hinum nýju greinum þingskapanna sem fjallað er um í þessari grein. Rétt er þó að árétta nokkur atriði.

Samkvæmt stjórnarskránni er meginhlutverk Alþingis þríþætt: Í fyrsta lagi er Alþingi aðalhandhafi löggjafarvaldsins. Í öðru lagi fer Alþingi með fjárstjórnarvald ríkisins. Í þriðja lagi hefur Alþingi eftirlit með störfum ráðherra og veitir þeim og ríkisstjórninni í heild lýðræðislegt aðhald. Þetta hlutverk byggist annars vegar á þingræðisreglunni en samkvæmt henni er ráðherrum ekki sætt í ríkisstjórn nema meiri hluti alþingismanna vilji hafa þá í embætti. Hins vegar er eftirlitshlutverkið reist á 14. gr. stjórnarskrárinnar sem felur Alþingi ákæruvald út af embættisbrotum ráðherra. Með þessu er Alþingi falið að gæta þess að ráðherrar og sú stjórnsýsla sem undir þá heyrir starfi í samræmi við almennar áherslur og vilja Alþingis, svo og stjórnarskrá og lög.

Í skýrslu vinnuhóps forsætisnefndar um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu er lagt til að lögfest verði með einum eða öðrum hætti sú meginregla að Alþingi eigi aðgang að upplýsingum frá stjórnvöldum sem eru nauðsynlegar til að þingið geti gegnt hlutverkum sínum samkvæmt stjórnarskrá. Í tengslum við það er talið rétt að lögfesta heimild ráðherra til að leggja fyrir Alþingi upplýsingar sem eiga að fara leynt á grundvelli reglna um þagnarskyldu enda sé tryggt að trúnaðar sé gætt um þær.

Bent er á það í skýrslunni að ekki er fjallað sérstaklega um það í stjórnarskrá eða þingsköpum að hvaða marki einstakir þingmenn eða þingið í heild eigi aðgang að gögnum í vörslu stjórnvalda. Lagt er til að settar verði reglur í þingsköp sem tryggi þingnefndum ríkari

aðgang að gögnum en almenningur á rétt á samkvæmt upplýsingalögum. Þingfundir verði aftur á móti áfram vettvangur þar sem einstakir þingmenn geta leitað afstöðu og skýringa ráðherra, m.a. með fyrirspurnum. Þetta tengist ábendingum um að styrkja þurfi aðhalds- og eftirlitshlutverk fastanefnda Alþingis enda henti sú umgjörð betur til að upplýsa einstök mál en störfin í þingsal. Þá er á það bent í skýrslunni að ástæða sé til að setja í þingsköp skýrari reglur um opna nefndafundi. Við samningu greinarinnar hefur verið byggt á tillögum vinnuhópsins og tillögum þingmannanefndar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem samþykktar voru einróma í lok síðasta löggjafarþings. Þá hefur einnig verið höfð hliðsjón af ábendingum um nauðsyn þess að lögfesta upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra er fram koma í skýrslu starfshóps forsætisráðuneytisins í maí 2010 um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og skýrslu nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands í desember 2010.

Með greininni er lagt til að á eftir 44. gr. þingskapa komi nýr kafli sem geymi gildandi ákvæði þingskapa um eftirlitshlutverk þingsins, auk þess sem fjórum nýjum greinum verði bætt við þingsköpin í þeim tilgangi til að styrkja upplýsingarétt þingsins gagnvart stjórnvöldum. Í því sambandi er í b–d-liðum greinarinnar kveðið á um upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi, um afhendingu og meðferð trúnaðargagna og um almenna þagnarskyldu þingmanna. Um er að ræða þrjár nýjar greinar, sem mynda eina heild, í þeim tilgangi að tryggja sem best aðgang Alþingis að upplýsingum frá stjórnvöldum *sem eru nauðsynlegar til að þingið geti gegnt eftirliti sínu með framkvæmdarvaldinu.*

Til frekari glöggvunar þykir rétt að skýra nánar þau ákvæði sem lúta að móttöku trúnaðargagna og meðferð þeirra, en í framkvæmd hafa komið upp mál þar sem tekist hefur verið á um heimildir þingsins til þess að fá afhentar trúnaðarupplýsingar úr stjórnsýslunni. Í því sambandi liggur áherslan á því að stjórnvöldum er gert kleift að leggja fyrir þingið upplýsingar sem annars væri óheimilt að veita samkvæmt reglum um þagnarskyldu eða á grundvelli upplýsingalaga. Er það gert með því að mæla fyrir um almenna þagnarskyldu þingmanna, einnig með ákvæðum um að grípa skuli til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að upplýsingarnar berist ekki óviðkomandi og um miðlun og varðveislu þeirra.

Almennt verður að gera ráð fyrir því að það heyri til undantekninga að leggja þurfi fyrir þingnefnd upplýsingar sem háðar eru reglum um þagnarskyldu eða varði t.d. mikilsverða hagsmuni einstaklinga og fyrirtækja, sbr. 5. gr. upplýsingalaga. Í þessu sambandi má t.d. benda á að hefð er fyrir því að norska Stórþingið fari varlega í að kalla eftir slíkum upplýsingum nema rík þörf sé á því, sjá nánar bls. 144 í skýrslu vinnuhóps um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu.

Sjá má fyrir sér í framkvæmd að þingnefnd, sem fengið hefur mál til meðferðar eða hefur tekið upp mál að eigin frumkvæði, óski eftir því að lagðar verði fram upplýsingar sem þagnarskylda er um, sbr. t.d. 13.–15. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Slík þagnarskylduákvæði kæmu ekki í veg fyrir að upplýsingarnar yrðu lagðar fram á lokuðum þingnefndarfundi *í tengslum við mál sem þar væri til meðferðar.* Sama ætti við ef um væri að ræða viðkvæmar upplýsingar sem ættu að fara leynt annaðhvort vegna hagsmuna ríkisins eða einkahagsmuna. Teldi þingnefnd að upplýsingarnar væru ekki þess eðlis að þær væru háðar trúnaði yrði sá ráðherra sem í hlut ætti að gera grein fyrir í hverju þeir hagsmunir væru fólgnir sem njóta ættu verndar. Yrðu upplýsingarnar ekki lagðar fram yrði nefndin að leggja mat á hvort henni væri gert kleift að taka afstöðu til málsins á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga. Ljóst er að það dæmi sem hér er nefnt er takmarkatilvik og að almennt verður að ætla að þingnefnd og hlutaðeigandi ráðherra finni viðunandi lausn á málinu. Hér verður einnig að hafa í huga að þingnefnd getur ekki vikið til hliðar ákvæðum

um þagnarskyldu og brjóti þingmaður þagnarskyldu sína getur reynt á refsiábyrgð hans, sbr. nánar d-lið greinarinnar.

Sú aðstaða getur einnig komið upp að einstakir þingmenn vilji ekki una því að þagnarskylda hvíli á upplýsingum sem óskað hefur verið eftir. Í slíkum tilvikum er engu síður ljóst að á þingmanni hvílir almenn þagnarskylda eins og áður segir. Hann verður því að gera upp við sig hvort hann sé tilbúinn að virða þagnarskyldu sína eða víkja af fundi.

Ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir því að upplýsingar sem þagnarskylda er um séu lagðar fram á lokuðum fundi og að nefndarmenn geti kynnt sér upplýsingarnar á fundinum en að óheimilt sé að miðla upplýsingunum annað. Mundi þetta einnig taka til þeirra þingmanna sem sitja fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar. Heimildir Alþingis til þess að taka við upplýsingum, sem háðar eru þagnarskyldu, kalla jafnframt á tiltekið verklag. Þannig verður t.d. að gera ráð fyrir því að fyrir boðaðan þingfund sé almennt ljóst hvaða upplýsingar eru háðar þagnarskyldu og hver sé afstaða þingnefndar eða einstakra þingmanna til þess. Jafnframt verður að tryggja að gögn sem afhent hafa verði þingnefnd og þagnarskylda er um séu auðkennd sem slík og varðveitt á tryggan hátt. Þegar þingnefnd hefur lokið umfjöllun sinni um málið eða starfstími hennar liðinn skal afhenda skjalasafni Alþingis gögnin til varðveislu.

Réttarstaðan í hinum norrænu ríkjunum hefur verið athuguð sérstaklega við samningu þessa frumvarps. Gerð er ítarleg grein fyrir þeirri umfjöllun í almennum athugasemdum með frumvarpi því sem forseti Alþingis lagði fram til kynningar undir lok síðasta löggjafarþings, þskj. 1433, máli 686.

Um a-lið (48. gr.).

Með ákvæðinu er áréttað með almennum hætti að Alþingi fari með eftirlit með framkvæmdarvaldinu og hver sé grundvöllur þess. Þá er jafnframt lýst með almennum hætti eftirlitsstörfum alþingismanna. Loks er lagt til að lögfest verði ákveðin skýringarregla í lokamálsgreininni þar sem skilgreint er hvað átt er við með „opinberu málefni“. Fyrirspurnum og skýrslubeiðnum hefur almennt verið svarað um hvert það atriði sem tengist beint eða óbeint hlutverki og starfsemi ríkisins og stofnana þess. Skilgreiningin tekur mið af því. Helst hefur þótt óljóst hvaða upplýsingar um starfsemi fyrirtækja í eigu ríkisins séu opinbert málefni í þessum skilningi. Í frumvarpinu eru dregin ákveðin mörk að þessu leyti og við það miðað að starfsemi félaga og annarra lögaðila teljist opinbert málefni ef þau eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins og þau fara með stjórnsýslu eða veita almenningi opinbera þjónustu.

Um b-lið (49. gr.).

Hér er sú skylda lögð á ráðherra að veita þinginu allar þær upplýsingar sem hafa verulega þýðingu fyrir mat þingsins á fyrirliggjandi máli. Lagt er til að þessi skylda gildi bæði um athugun þingmála og frumkvæðisathugun fastanefnda þingsins. Tilgangurinn er að tryggja að þingmenn hafi allar nauðsynlegar upplýsingar til að geta metið málið á réttum forsendum. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða mál að frumkvæði ráðherra eða þingmanna. Þessi krafa getur t.d. átt við í sérstökum umræðum og um svör við fyrirspurnum og skýrslur sem þingið hefur óskað eftir, en þá verða svör ráðherra að vera nægilega ítarleg til að upplýst umræða geti farið fram á þingi um málið. Með þessu er ekki aðeins verið að setja ákveðna reglu um upplýsingaskyldu ráðherra heldur einnig að draga fram að upplýsingaréttur Alþingis markist einkum af þörf þingsins fyrir upplýsingar sem víki almennt takmörkunarheimildum upplýsingalaga til hliðar.

Jafnframt er lagt til að heimilað verði að leggja fyrir Alþingi upplýsingar sem annars er óheimilt að veita samkvæmt reglum um þagnarskyldu. Miðlun slíkra upplýsinga til Alþingis mundi því ekki vera saknæm. Samhliða þessu er lögð sú skylda á Alþingi að tryggja að slíkar upplýsingar berist ekki til óviðkomandi og lögð almenn þagnarskylda á þingmenn í d-lið. Ef upplýsingar, sem eru háðar þagnarskyldu, eru þess eðlis að þær hafa verulega þýðingu fyrir

mat þingsins á fyrirliggjandi máli yrði ráðherra að leggja þær fyrir Alþingi eins og áður greinir. Í öðrum tilvikum ætti ráðherra og aðrir að geta lagt fyrir Alþingi trúnaðarupplýsingar sem kunna að hafa þýðingu fyrir þau mál sem þingið hefur til umfjöllunar.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er lagt til að áréttuð verði sú almenna regla að þingnefnd ákveði fyrir fram hvort hún takið við upplýsingum sem þagnarskylda er um samkvæmt lögum. Með þeim hætti gefst nefnd ráðrúm til þess að legga mat á þá hagsmuni sem í húfi eru og hvort upplýsingarnar séu nauðsynlegar fyrir það mál sem nefndin hefur til meðferðar eða hvort upplýsinga megi afla með öðrum hætti. Jafnframt þykir rétt að taka fram að þingnefnd geti ákveðið að trúnaður skuli ríkja um tilteknar upplýsingar sem hún fær á nefndarfundi. Getur þetta t.d. átt við um upplýsingar sem geta að mati nefndar talist viðkvæmar vegna meðferðar hennar á tilteknu máli.

Um c-lið (50. gr.).

Hér er lagt til að fastanefndir Alþingis geti krafist þess að fá aðgang að gögnum hjá stjórnvöldum og að minni hluti nefndarmanna (fjórðungur; þrír þingmenn) geti farið fram á slíkan aðgang nefndarinnar. Skilyrði er að gögnin tengist máli sem nefndin hefur til umfjöllunar. Tekur það jafnt til mála sem vísað hefur verið til nefndarinnar og mála sem hún tekur upp að eigin frumkvæði. Tilfallandi óskir um gögn án tengsla við fyrirliggjandi mál veita þingnefndum hins vegar ekki jafnrúman aðgangsrétt.

Meginreglan samkvæmt frumvarpinu er að þingnefnd eigi aðgang að öllum þeim gögnum sem tengjast viðkomandi máli. Ekki er þó hægt að útiloka að með því að veita aðgang að tilteknum gögnum sé vegið að mikilvægum hagsmunum ríkisins eða einkahagsmunum. Í slíkum tilvikum er ráðgert að fram fari hagsmunamat þar sem hagsmunir þingnefndar af því að fá gögnin hafi almennt meira vægi en fyrrgreindir einkahagsmunir eða opinberir hagsmunir. Mjög veigamiklar ástæður þurfa því að vera fyrir hendi til að heimilt verði að takmarka aðgang þingnefndar að gögnum og ber að rökstyðja slíka synjun sérstaklega. Þá er sett ákvæði sem miðar að því að tryggja örugga meðferð slíkra gagna innan þingnefndar.

Um d-lið (51. gr.).

Ákvæði um þagnarskyldu er að finna í þingsköpum norrænu ríkjanna. Almennt ganga ákvæði út á það að gera ráðherra kleift að miðla upplýsingum sem þagnarskylda er um og að gera mögulegt að taka við slíkum upplýsingum. Gerð er ítarleg grein fyrir þeirri umfjöllun í almennum athugasemdum með frumvarpi því sem forseti Alþingis lagði fram til kynningar undir lok síðasta löggjafarþingi, þskj. 1433, máli 686.

Í skýrslu vinnuhópsins um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu er á það bent að í ljósi þess að Alþingi getur þurft á upplýsingum að halda sem eru háðar þagnarskyldu sé æskilegt að mæla fyrir um það í þingsköpum að heimilt sé að leggja slíkar upplýsingar fyrir Alþingi. Í tengslum við það þurfi enn fremur að setja nánari reglur sem tryggi örugga meðhöndlun slíkra upplýsinga og fyrirmæli um þagnarskyldu alþingismanna eins og eru í Noregi og Danmörku.

Með ákvæðinu er lagt til að lögfest verði almenn þagnarskylduregla sem taki til allra alþingismanna. Skal þingmaður gæta þagmælsku um upplýsingar sem hann hefur fengið í starfi sínu ef þær eiga að fara leynt samkvæmt lögum eða lögmætri ákvörðun þess sem veitir upplýsingarnar. Hér er því vísað til ákvæða annarra laga um þagnarskyldu auk þess sem skírskotað er til heimilda stjórnvalda í lögum til að takmarka aðgang að tilteknum upplýsingum, sbr. einkum 4.–6. gr. upplýsingalaga.

Almennt þagnarskylduákvæði af þeim toga sem hér um ræðir gerir það mögulegt fyrir ráðherra að miðla upplýsingum til þingmanna sem annars væri trúnaður um en eru nauðsynlegar vegna starfa þeirra. Ákvæðið ásamt upplýsingaskyldu ráðherra og upplýsingarétti Alþingis skapa á heildstæðan hátt grundvöll fyrir miðlun upplýsinga frá stjórnsýslunni til Alþingis og

meðferð þeirra. Þannig er í b-lið greinarinnar lagt til að heimilað verði að leggja upplýsingar fyrir Alþingi sem háðar eru þagnarskyldu. Skuli þá grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að upplýsingarnar berist ekki óviðkomandi. Þá er í 9. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um nefndarfundi, ákvæði sem miðar að því að þingmenn gæti trúnaðar um atriði sem komið hafa fram á lokuðum nefndarfundum nema nefnd ákveði annað og að óheimilt sé að miðla eða vísa til upplýsinga á opnum nefndafundi sem eiga að fara leynt samkvæmt reglum um þagnarskyldu eða á grundvelli heimildar í upplýsingalögum. Í slíkum málum yrði almenna reglan sú að nefndarmenn mundu kynna sér slík gögn á lokuðum fundi án þess að fara með þau út af fundinum.

Í lokamálsgrein c-liðar eru sett sérstök ákvæði um það hvernig skuli fara með þau gögn sem nefnd eru afhent í trúnaði. Miklu skiptir að skýrt sé hvernig með slík gögn er farið svo að enginn óviðkomandi eigi aðgang að þeim. Gert er ráð fyrir að um aðgang að gögnunum sé fylgt almennum reglum um aðgengi að trúnaðarskjölum en forsætisnefnd er gert að setja nánari reglur þar um.

Í XIV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eru ýmis ákvæði sem fjalla um refsiverð brot í opinberu starfi. Talið hefur verið að beita megi ákvæðum kaflans með lögjöfnun um alþingismenn eftir því sem við á. (Ólafur Jóhannesson, 1978, Stjórnskipun Íslands, bls. 241. – Gunnar G. Schram, 1999, Stjórnskipunarréttur, bls. 250. – Hallgrímur Ásgeirsson, Úlfljótur 1997, Hugtakið opinber starfsmaður, bls. 477.) Í kaflanum segir í 136. gr. að það varði fangelsi allt að einu ári ef „[o]pinber starfsmaður […] segir frá nokkru, er leynt á að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan“. Ákvæðið hefur ekki að geyma efnislega þagnarskyldureglu enda lýsir hún ekki hvers konar upplýsingum skuli haldið leyndum heldur vísar til annarra fyrirmæla um það atriði. Sennilega yrði ekki unnt að beita 136. gr. almennra hegningarlaga með lögjöfnun um alþingismenn nema þegar skýrt er kveðið á um að þagnarskylda hvíli á þeim eins og dæmi eru um í 24. gr. þingskapa og 4. mgr. 10. gr. laga um Ríkisendurskoðun. Komi sú staða upp að þingmaður hafi mögulega brotið þagnarskyldu sína kemur til kasta Alþingis hvort leyfa skuli saksókn á hendur honum, sbr. 49. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 22. gr. (46. gr. þingskapa.)

Lögð er til sú breyting að nefnd eða meiri hluti hennar geti óskað eftir því að ráðherra geri grein fyrir opinberu málefni með skriflegri skýrslu. Ákvæði þetta kemur til viðbótar þeim rétti sem níu þingmenn hafa nú til þess að óska eftir skýrslu ráðherra um opinbert málefni.

Um 23. gr. (49. gr. þingskapa.)

Í a-lið greinarinnar er bætt við í þessa grein þingskapa um fyrirspurnir þingmanna til ráðherra tilvísun til ákvæða gildandi 46. gr. þar sem er að finna skýrgreiningu á hugtakinu „opinbert málefni“. Fyrirspurnir til ráðherra eru þá bundnar því að falla undir ábyrgðarsvið ráðherrans og vera um opinbert málefni.

Í b-lið er tekið upp það nýmæli að sjálfkrafa falli niður þær fyrirspurnir, bæði munnlegar og skriflegar, sem ekki hefur verið svarað af hálfu ráðherra ef hann lætur af embætti. Þar sem fyrirspurnum er beint til ráðherra, en ekki ráðuneytis þess sem hann fer með, er við hæfi að fyrirspurnirnar falli niður ef hann hverfur úr embætti, enda ber ráðherrann ábyrgð á svarinu. Með þessari reglu er tekið af skarið um afdrif fyrirspurna í slíkum tilfellum. Ef þingmaður kýs svo getur hann flutt að nýju fyrirspurn til þess ráðherra sem við embættinu tekur. Þess eru dæmi að þingmaður, sem tekur við ráðherraembætti, hafi stuttu áður beint fyrirspurnum til forvera síns sem að óbreyttum ákvæðum kæmi í hlut hans sjálfs að svara.

Um 24. gr. (50. gr. þingskapa.)

Hér er lagt til að breytt verði því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur varðandi umræður utan dagskrár. Slíkar umræður munu framvegis fá heitið „sérstakar umræður“ og verða settar á dagskrá þingfunda.

Í utandagskrárumræðum eru tekin fyrir pólitísk álitaefni sem á þingmönnum eða ráðherrum brenna hverju sinni. Umræður utan dagskrár hafa verið skilgreindar sem umræður sem efnt er til um ákveðið efni sem ekki liggur fyrir sem þingmál og varðar málefni líðandi stundar. Að hluta til hafa aðrir möguleikar samkvæmt þingsköpum (óundirbúnir fyrirspurnatímar, störf þingsins) nú dregið úr þörfinni fyrir slíkar umræður. Þó hefur fjöldi umræðna utan dagskrár hin síðari ár verið á milli 40 og 50 á hverju löggjafarþingi. Framkvæmdin hefur verið þannig að beiðni um umræðu utan dagskrár hefur verið lögð fram og síðan hefur verið reynt að finna tíma fyrir hana. Þingmenn munu hér eftir sem hingað til bera fram ósk um sérstakar umræður við forseta. Forseti tekur þá afstöðu til þess í samráði við þingmanninn sem ber fram óskina og viðkomandi ráðherra hvort og hvenær umræðan getur farið fram. Föst venja er orðin að forseti ráðgist um það við formenn þingflokkanna á vikulegum fundum sem hann heldur með þeim.

Með umræðum utan dagskrár hafa þingmenn reynt að fá fram afstöðu ráðherra til mála sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélagsumræðunni og hvernig ríkisstjórnin eða ráðuneyti ætla að bregðast við tilteknum málefnum. Það er þess vegna gengið út frá því að ráðherrar séu til andsvara í sérstökum umræðum.

Sérstakt ákvæði um hinar lengri utandagskrárumræður er fellt niður en í staðinn (ný 3. mgr.) er sett ákvæði um að lengja megi sérstakar umræður ef málefnið er óvenjumikilvægt og umfangsmikið. Er þetta í samræmi við þá venju sem skapast hefur. Ef umræður utan dagskrár hafa staðið lengur en í þann hálftíma sem til þeirra er ætlaður hefur verið gert samkomulag um hve lengi þær umræður hafa staðið og hver ræðutími hvers þingmanns er.

Fellt er niður í þessu frumvarpi ákvæði sem var í frumvarpi forseta frá því í júní um almenna umræðu og möguleika þingmanna á því að fá afgreidda ályktun við þá umræðu. Talið er að sú breyting þurfi betri athugunar við, ekki síst með það í huga hvernig hinni nýju stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd tekst að móta störf þingsins um eftirlit þess með framkvæmdarvaldinu.

Þá er í greininni lagt til að forseti geti á fundartíma heimilað formönnum stjórnmálaflokka og ráðherrum að gefa sérstaka yfirlýsingu og fulltrúum annarra flokka að bregðast við henni. Þetta er gert til að forseti geti brugðist við óskum ráðherra og formanna stjórnmálaflokka um að flytja þinginu sérstök tíðindi. Forseti ákveður ræðutíma þegar gefin er yfirlýsing af þessu tagi og eins þegar umræða fer fram um hana.

Um 25. gr. (53. gr. þingskapa.)

Vefur Alþingis hefur í æ ríkara mæli fest sig í sessi sem upplýsingaveita fyrir þingmenn, starfsmenn þingsins og almenning. Mun það verða til hagræðis ef hægt er að birta þingskjöl á vefnum þegar þau eru fullbúin þótt á milli þingfunda sé. Nauðsynlegt er að forseti fái heimild til að setja nánari reglur um framkvæmdina, þar á meðal þá fresti sem líða eiga milli birtingar og þess að mál geti komið á dagskrá án afbrigða. Er almennt miðað við að birting sé bundin þeim degi þegar hún fer fram, en forseti getur sett því eðlilegar skorður svo að birting sé ekki mjög seint á degi. Eins verður forseti að móta reglur um hvernig þingmönnum er tilkynnt um útbýtinguna, t.d. með tilkynningu í tölvupósti eða símaskilaboðum. Almennt munu því svokallaðir útbýtingarfundir falla niður.

Um 26. gr. (55. gr. þingskapa.)

Í a-lið er aðeins orðalagsbreyting til samræmis við breytt heiti umræðna utan dagskrár.

Í b-lið er gerð orðalagsbreyting til samræmis við venju í framkvæmd þegar þingflokkur óskar eftir lengingu umræðu.

Með breytingu í c-lið er bætt við þeim möguleika þingmanna samkvæmt þingsköpum að þeim sé heimilt að gera stutta athugasemd um kosningar sem fram fara á Alþingi í ýmsar stjórnir og nefndir. Rétturinn til að gera slíkar athugasemdir er nú bundinn við atkvæðagreiðslur og fundarstjórn forseta. Athugasemdir um kosningu hefur forseti þó leyft til samræmis við athugasemdir um atkvæðagreiðslu en rétt þykir að lögfesta þennan rétt þingmanna.

Um 27. gr. (60. gr. þingskapa.)

Við 2. umræðu um lagafrumvörp hefur tíðkast að þingmenn hafi kallað aftur breytingartillögur, að hluta eða í heild, og hafa þær þá komið á dagskrá við 3. umræðu máls. Þetta hefur stundum valdið vandkvæðum og verið óglöggt, t.d. þegar einstakir töluliðir í breytingartillögum hafa verið „kallaðir aftur til 3. umræðu“ eins og það er kallað. Eins hefur stundum farið svo að hlutar breytingartillagna eiga ekki lengur við þá grein sem þeir eru merktir á breytingartillöguskjalinu vegna breytinga sem orðið hafa á frumvarpi við 2. umræðu. Þykir því greinilegast að allar breytingartillögur, sem ekki koma til atkvæða við 2. umræðu, falli niður og þær verði að endurflytja ef þær eiga að koma til umræðu og atkvæðagreiðslu við 3. umræðu. Er það og hinn sami háttur og hafður hefur verið á um breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið.

Um 28. gr. (68. gr. þingskapa.)

Kosningar eins manns á Alþingi til embættis eru afar sjaldgæfar ef undan er talin kosning forseta þingsins. Helst má þó nefna kosningu umboðsmanns Alþingis sem fram fer reglulega á fjögurra ára fresti. Kosning af þessu tagi á að fara fram skriflega, þ.e. með kjörmiða, en slík kosning hefur þótt nokkuð seinleg og aðferðin úrelt. Við kosningu forseta þingsins er jafnan notað atkvæðagreiðslukerfi þingsins, en það má stilla þannig að jafna megi til skriflegrar kosningar ef einn eða tveir eru í kjöri. Sést þá ekki á atkvæðatöflum á veggjum þingsalar, né í minni tölvunnar, hvernig hver þingmaður hefur greitt atkvæði, aðeins hvort hann hefur tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og kosið einhvern sem í framboði er eða skilað auðu.

Það mælir enn fremur með breytingu á þessari grein þingskapa um kjör eins manns að með því að hann sé tilnefndur fyrir fram má ganga úr skugga um það að hinn tilnefndi sé kjörgengur, en um embætti umboðsmanns, t.d., gilda strangar hæfisreglur. Með orðalagi greinarinnar er það lagt á forseta að ganga úr skugga um að hinn tilnefndi vilji taka kjöri og uppfylli hæfisskilyrði.

Um 29. gr. (72. gr. þingskapa.)

Með ákvæðinu er fest í þingsköp sú skylda forseta og forsætisnefndar að ráðfæra sig við formenn þingflokkanna áður en settar eru reglur sem heimild er fyrir í þingskapalögunum. Það hefur oftast verið gert en rétt þykir að festa það í þingsköpin. Jafnframt er ráð fyrir því gert að formenn þingflokkanna kynni slík mál á fundum þingflokka sinna og þannig séu öllum alþingismönnum kynnt þau drög sem fyrir liggja um frekari reglur í starfi þingsins og þeir geti þannig komið að ábendingum eða athugasemdum ef þeir telja ástæðu til.

Formenn þingflokka hafa mikilvægu hlutverki að gegna við stjórn þingstarfanna og leitar forseti með reglubundnum fundum samráðs við þá um dagskrár þingfunda og afgreiðslur mála. Hefur jafnan verið litið svo á að hin pólitísku átakamál í þinginu séu rædd á þeim vettvangi en forsætisnefnd, ásamt forseta þingsins, fari að öðru leyti með alla stjórnsýslu

þingsins og lögbundin verkefni sem henni eru falin. Tilkynningar og erindi forseta við þingflokka, og þar með þingmenn almennt, hafa farið um hendur formanna þingflokka. Því er talið eðlilegt að þetta nýja ákvæði komi inn í þingsköpin.

Um 30. gr. (Nýjar greinar.)

Með a-lið greinarinnar er fest í lög skylda forsætisnefndar til þess að setja reglur fyrir alþingismenn um skráningu fjárhagslegra hagsmuna og trúnaðarstarfa utan þings. Slíkar reglur voru settar 23. mars 2009 og hafa gilt síðan 1. maí það ár.

Ekki eru ráðgerðar efnisbreytingar á reglum forsætisnefndar, sem fylgja að mestu leyti almennum fyrirmyndum í þjóðþingum nágrannalanda, heldur aðeins skotið lagastoð undir þær og fest í þingsköp mikilvægustu atriði þeirra, þ.e. til hverra þær taka, tímafresti o.s.frv. Þar með verður hverjum alþingismanni skylt að veita upplýsingar samkvæmt reglunum, en þær hafa verið valfrjálsar fram að þessu. Allir alþingismenn hafa þó skráð fjárhagslega hagsmuni sína og trúnaðarstörf utan þings.

Rétt er að vekja athygli á því að skráning þessi er kjósendum til upplýsingar og henni er ætlað að auka gagnsæi í störfum Alþingis. Skráðir hagsmunir hafa engin formleg áhrif á störf alþingismanna umfram það sem þeir sjálfir kjósa, enda eru alþingismenn í störfum sínum eingöngu bundnir við sannfæringu sína, sbr. 48. gr. stjórnarskrár, og standa aðeins kjósendum skil gerða sinna í almennum kosningum. Þeir eru ekki bundnir af hæfisreglum hliðstæðum þeim sem gilda um stjórnsýsluna eða dómendur í störfum sínum. Alþingismenn geta því tekið þátt í meðferð og afgreiðslu mála á þinginu óháð hagsmunatengslum. Tengist þeir máli persónulega er þeim í sjálfsvald sett að segja sig frá því. Það er þeirra ákvörðun og á þeirra ábyrgð.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að sett verði nýtt ákvæði í þingsköpin um að forsætisnefnd Alþingis sé skylt að setja siðareglur fyrir alþingismenn.

Alloft hefur verið óskað eftir því í opinberri umræðu á undanförnum árum að alþingismenn settu sér siðareglur. Í tillögum nefndar fulltrúa allra flokka sem vann að lögum um fjármál stjórnmálaflokkanna frá því í árslok 2006 var kallað eftir því að settar yrðu siðareglur fyrir alþingismenn. Krafa um þetta hefur og aukist í kjölfar efnahagsáfallanna 2008, sbr. álit þingmannanefndarinnar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010. Lögfest hefur verið ákvæði um siðareglur fyrir Stjórnarráðið.

Í þjóðþingum allmargra landa hafa verið settar reglur af þessu tagi („code of conduct“) og er við margar fyrirmyndir að styðjast í þeim efnum. Þar eru m.a. reglur um hvaða gjafir, styrki og ferðir þingmenn megi þiggja, svo að eitthvað sé nefnt.

Eðlilegt þykir að forsætisnefnd leiti staðfestingar á reglunum með ályktun Alþingis þar sem reglurnar geta varðað störf og starfshætti allra alþingismanna.

Um 31. gr. (76. gr. þingskapa.)

Lögð er til breyting á 76. gr. þingskapa þar sem fjallað er um hverjir hafi rétt til að leggja fram þingmál. Fram að þessu hefur óvissa ríkt um hvort meiri hluti nefndar hefur rétt til þess að flytja mál í sínu nafni, sem þónokkur dæmi eru um, eða hvort rétturinn er bundinn við nefndina alla, óklofna. Með ákvæðinu eru tekin af tvímæli um að meiri hlutinn geti flutt þingmál.

Um 32. gr. (77. gr. þingskapa.)

Með þeirri tækniþróun sem orðið hefur á síðustu árum hefur netið og vefur Alþingis orðið æ mikilvægari miðill allra upplýsinga um störf þingsins, umræður og þingskjöl og ýmissa tilkynninga. Rétt þykir að veita þessum miðli sama gildi að formi og prentun hefur haft fram að þessu, svo og að á vef Alþingis megi birta ýmsar tilkynningar sem fram að þessu hafa ein-

göngu verið fluttar af forsetastóli á þingfundi. Það á meðal annars við um inntöku varamanna, fjarvistir, útbýtingar, skjöl, ræður, erindi, fundargerðir nefnda eða þingsályktanir. Forseti ákveður hvernig birtingu skal háttað. Sérstaklega er þó áréttað að birting jafngildi prentun því aðeins að annað sé ekki tekið fram, en venja hefur verið að birta á vef þingsins ræður sem búið er að skrifa og yfirfara til bráðabirgða eins fljótt og auðið er, en þá er yfirleitt endanlegum frágangi ólokið, m.a. ókomnar leiðréttingar frá þingmönnum og lagfæringar ritstjóra.

Í greinina er jafnframt tekið upp sambærilegt ákvæði um öryggi og áreiðanleika birtra gagna sem er að finna í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Um 33. gr. (Nýjar greinar.)

Um a-lið (þingmálið).

Með greininni er lögfest sú venjuhelgaða regla að þingmálið sé íslenska. Jafnframt eru settar reglur um hvernig með eigi að fara ef hluti þingskjals er á erlendu máli eða vitnað er í útlenskan texta í umræðum í þingsal. Í greininni eru lögfestar þær venjur sem skapast hafa um þetta efni og þær reglur sem forsetar hafa sett. Um 1990 settu forsetar reglu um að allt erlent efni í þingskjölum skyldi þýða á íslensku. Hefur því verið fylgt síðan en nokkrum sinnum hafa komið upp álitamál um hvort miklu skipti að fylgja þessari kröfu eftir, t.d. um ítarefni í fylgiskjölum lagafrumvarpa. Með orðalagi greinarinnar er byggt á þeirri meginreglu að allt lagamálið sé á íslensku, svo og meginefni til skýringa á því, en ekki sé þörf á að þýða allt efni sem því er til fyllingar. Verður í þessu efni að móta reglur sem taka í senn mið af réttmætum kröfum íslenskra þegna og hagkvæmni, en oft getur verið kostnaðarsamt og umsvifamikið að þýða samninga og annað erlent efni á íslensku.

Þá er lagt til að fest verði í þingsköp sú regla sem forsetar hafa mótað að ræðumenn á þingfundum þýði jafnóðum ef þeir vitna í erlenda texta.

Loks er lögfest sú regla sem gilt hefur í nefndum þingsins að þeir gestir, sem ekki eru mæltir á íslenska tungu, skuli hafa með sér túlk. Er það meginreglan, en heimilt verður að víkja frá henni ef enginn óskar eftir slíkri túlkun, hvorki nefndarmenn né heldur gesturinn, til þess að skilja spurningar nefndarmanna eða til að fylgjast með umræðum í nefndinni.

Ekki þykir ástæða til þess að sinni að setja frekari reglur um þingmálið. Fyrir hefur komið að þingmaður hefur sökum fötlunar notað táknmál en sjálfsagt hefur verið talið að það væri þýtt jafnóðum, bæði á þingfundi og í nefndastarfi. Enn hefur enginn verið kosinn til Alþingis sem ekki hefur jafnframt verið mæltur á íslenskt mál.

Um b-lið (upplýsinga- og rannsóknaþjónusta).

Upplýsinga- og rannsóknaþjónusta hefur verið starfrækt í tengslum við bókasafn þingsins frá árinu 2004. Hlutverk hennar er að veita þingmönnum, þingnefndum og starfsfólki skrifstofunnar greiðan aðgang að upplýsingum sem þeir þurfa á að halda starfa sinna vegna og veita vandaða og óhlutdræga upplýsingaþjónustu. Til þess að rækja það hlutverk er sinnt margháttaðri gagna- og upplýsingaöflun. Einnig eru samdar stuttar úttektir og minnisblöð að beiðni þingmanna eða að frumkvæði starfsfólks. Mikilvægi þjónustunnar felst einkum í því að til hennar geta þingmenn snúið sér persónulega með fyrirspurnir um málefni tengd starfsemi stjórnvalda eða einstökum viðfangsefnum þingsins. Starfsfólk upplýsingaþjónustu er bundið trúnaði við fyrirspyrjanda og er óheimilt að gefa upp nafn hans við þriðja aðila, nema að fengnu leyfi. Slík þjónusta er afar mikilvæg fyrir einstaka þingmenn og stuðlar að sjálfstæði í störfum þeirra og að þeir geti um leið sinnt betur eftirliti sínu með framkvæmdarvaldinu.

Fyrirmynd þjónustunnar var einkum sótt til Congressional Research Service í Bandaríkjunum og House of Commons Library Research and Information Services for Members í Bretlandi. Sambærilega þjónustu má finna víðar, t.d. hjá írska, norska, sænska og finnska þinginu.

Með ákvæðinu er lagt til að á vegum skrifstofu Alþingis skuli starfa sérstök upplýsinga- og rannsóknaþjónusta fyrir þingmenn og nefndir þingsins. Með því að geta hennar í þingsköpum er ætlunin að treysta betur grundvöll starfseminnar. Gert er ráð fyrir að í reglum forsætisnefndar verði kveðið nánar á um viðfangsefni og starfshætti þjónustunnar.

Um 34. gr. (80. gr. þingskapa.)

Greininni er aðeins breytt til samræmis við 24. og 26. gr. þessa frumvarps, þ.e. ræðutími í umræðum utan dagskrár fær nú heitið ræðutími í sérstakri umræðu, heimilt verður að gera athugasemd við kosningu, en að öðru leyti er greinin efnislega óbreytt.

Um 35. gr.

Þar sem ráðgert er að setja í þingsköpin nýjan kafla, um eftirlitsstörf Alþingis og almennar umræður, er nauðsynlegt að færa til fjórar greinar í lögunum. Hinn nýi kafli fleygar III. kafla laganna (um þingmál), eins þau eru núna. Í hinn nýja kafla koma þá, auk nýrra greina samkvæmt frumvarpinu, ákvæði þingskapa um skýrslur og fyrirspurnir. Aftan við þau ákvæði eru tvær greinar, 51. og 52. gr., sem eiga heima í III. kafla laganna, um þingmál. Er gerð tillaga um að færa þær greinar aftast í þann kafla. Hinn nýi kafli tekur ekki aðeins til eftirlitsstarfa þingsins heldur einnig almennra umræðna (t.d. umræðna um störf þingsins) þar sem ráðherrar eða stjórnarmeirihluti svarar fyrir störf sín. Þykir því eðlilegra og til samræmis horfa að færa ákvæði þingskapa um stefnuræðu forsætisráðherra (73. gr.) og almennar stjórnmálaumræður (eldhúsdagsumræður, 74. gr.) aftast í hinn nýja kafla þingskapanna. Af því leiðir svo að breyta þarf fyrirsögn V. kafla (sem verður VI. kafli) þar sem þar er ekki lengur fjallað um almennar umræður, heldur aðeins um þingflokka, svo og um starfsaðstöðu þingmanna og nýjar reglur um þingmenn, þ.e. skráningu fjárhagslegra hagsmuna og um siðareglur. Hið nýja kaflaheiti er í samræmi við það.

Loks er bætt við 3. mgr. 73. gr. gildandi laga ákvæði um að með málaskrá ríkisstjórnar, sem fylgir afriti stefnuræðu, skuli vera áætlun um hvenær stjórnarfrumvörp og tillögur verða lögð fram. Svo hefur verið gert að nokkru leyti undanfarin ár, þ.e. tekið fram hvort mál verða lögð fram að hausti eða vori. Miklu skiptir fyrir skipulag þingstarfa, og starfa nefnda sérstaklega, að unnt sé að gera vinnuáætlun og jafna þannig álag. Þetta viðbótarákvæði er og til samræmis við breytingu á 36. gr. þingskapa.

Um 36. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 37. gr.

Stefnt er að því að ákvæði þessa frumvarps komi til framkvæmda við upphaf næsta löggjafarþings, þ.e. haustið 2011. Er m.a. talið heppilegra að núverandi nefndir ljúki afgreiðslu þeirra mála sem til þeirra hefur verið vísað, en sum þeirra eru í vinnslu eða umsagnarferli. Við lok núverandi löggjafarþings falla öll þingmál niður, sbr. 52. gr. þingskapa. Að öllu óbreyttu kemst hin nýja nefndaskipan því á 1. október 2011, svo og önnur atriði í frumvarpinu. Lögin öðlast þó strax gildi þannig að hefja megi undirbúning ýmissa atriða, einkum þó tillögu formanna þingflokka um hvernig hinar nýju þingnefndir verða skipaðar.

Í gildistökuákvæðinu er skýrt tekið fram að kosning nýrra nefnda á næsta þingsetningarfundi nær til bæði fastanefndanna og alþjóðanefnda.

Í 2. mgr. er numið brott ákvæði til bráðabirgða í lögum um rannsóknarnefndir en þar var allsherjarnefnd falið að fara með mál er varða eftirlit Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu, sbr. 1. gr. þeirra laga. Sú bráðabirgðaráðstöfun á ekki við lengur þegar frumvarp þetta hefur orðið að lögum og komið til fullra framkvæmda.

Um 38. gr.

Um 1. tölul.

Í síðari málslið 3. mgr. 24. gr. laga um Seðlabanka Íslands eru ákvæði um í hvaða nefndum Alþingis ræða skuli skýrslu peningamálastefnunefndar bankans. Fer ekki vel á því að slík ákvæði um innra skipulag þingstarfa sé í seðlabankalögunum. Þar sem augljóst er að breyta verður þessu ákvæði seðlabankalaganna samfara breytingu á nefndakerfi þingsins er eðlilegast að það sé falið forseta Alþingis að ákveða til hvaða nefndar, eða eftir atvikum hvaða nefnda, skýrslu um peningamálastefnuna er vísað (en hún er ekki venjulegt þingskjal). Miðað við þá nefndaskipun, sem fyrirhuguð er í frumvarpinu, liggur beinast við að vísa skýrslunni til atvinnuvega- og viðskiptanefndar því að um málefnasvið hennar segir að hún fjalli um efnahagsmál almennt.

Um 2. tölul.

Með breytingu á fastanefndum þingsins fækkar þeim úr 12 í 7. Hlutverk nefndarformanns breytist og sömuleiðis varaformanns, og stofnað er til embættis 2. varaformanns. Telja má víst að störf varaformanna aukist mikið frá því sem nú er, t.d. í þeim nefndum þar sem formaður kemur út stjórnarandstöðuflokki. Er líklegt að varaformenn verði í auknum mæli framsögumenn, og þar með umsjónarmenn, mikilvægra þingmála meðan þau eru til meðferðar í nefndum. Rétt þykir því að dreifa því launaálagi, sem hingað til hefur verið að mestu bundið við nefndarformenn, einnig á varaformenn, fyrsta og annan. Í núverandi nefndastarfi er aukaálag aðeins greitt varaformanni fjárlaga- og utanríkismálanefndar. Vegna fækkunar nefnda leiðir þessi breyting álagsgreiðslna ekki til aukinna útgjalda Alþingis.

Um 3. tölul.

Breyting á lögunum um umboðsmann Alþingis er tengd breytingu á 68. gr. þingskapa, þ.e. að aðeins séu þeir í kjöri sem tilnefndir eru. Ákvæði þetta er sérstaklega áríðandi um kosningu umboðsmanns Alþingis vegna þess að þeir einir eru kjörgengir sem uppfylla skilyrði til að vera hæstaréttardómari. Verður að ætla einhvern frest til þess að kanna hvort þeim skilyrðum er fullnægt áður en kosning getur farið fram. Eins og lög eru núna getur það valdið vandkvæðum við kosningu umboðsmanns hvort hinn kosni uppfylli skilyrðin fyrir kosningu eða hvort atkvæði sem falla á aðra séu gild eða ógild eftir því hvort í hlut á maður sem uppfyllir skilyrði til að vera hæstaréttardómari eða ekki.

Um 4.–6. tölul.

Í þremur töluliðum er breytt heiti fastanefnda Alþingis í öðrum lögum til samræmis við breytingar í þessu frumvarpi á nefndakerfi þingsins.

Um ákvæði til bráðabirgða. (Endurskoðun málefnaskiptingar milli nefnda.)

Samstaða er um það meðal þeirra sem frumvarpið flytja að leggja til að skipting málefna milli hinna nýju fastanefnda skv. 4. gr. frumvarpsins (13. gr. þingskapa) komi til endurskoðunar einu ári eftir gildistöku hennar þegar reynsla hefur fengist af því skipulagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Gæti þá komið til þess að málefni yrðu flutt milli nefnda af því annars vegar að þau eigi efnislega betur heima með öðrum málaflokkum eða að álag í nefndum sé svo misjafnt að það verði að jafna að einhverju leyti.

Fylgiskjal I.

Fjármálaskrifstofa Alþingis:

Mat á fjárhagslegum áhrifum frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Þau ákvæði frumvarpsins, sem haft geta fjárhagsleg áhrif, lúta einkum að breyttri nefndaskipan og störfum nefnda. Hafa þarf í huga að fjárhagsleg áhrif geta í senn verið bein og óbein.

Með fækkun fastanefnda er horft til þess að auka skilvirkni nefndastarfsins þar sem þingmenn þurfa almennt ekki að sitja í mörgum fastanefndum eins og nú er.

Sérstaklega var litið til eftirtalinna áhrifaþátta:

– Húsnæðiskostnaðar nefndanna.
– Stjórnunarkostnaðar nefndanna (formennskuálag).
– Launakostnaðar við sérfræðilega aðstoð og almenna skrifstofuþjónustu.
– Kostnaðaráhrifa aukinnar skilvirkni.

Húsnæðiskostnaður. Fundaherbergi fastanefnda eru nú fimm en fjárlaganefnd hefur eitt þeirra til eigin nota. Hinar 11 nefndirnar skiptast á um þrjú fundaherbergi en auk þess er eitt fundaherbergi sem aðeins notað þegar hin eru upptekin. Flestir þingmenn munu við breytinguna sitja í einni nefnd, en nú sitja flestir í tveimur til fjórum nefndum. Búast má við lengri fundum en nú er og að oftar verði boðað til funda með stuttum fyrirvara þegar flestir þingmenn verða í einni nefnd. Þannig munu sex nefndir skipta með sér þrem fundaherbergjum og eitt aukaherbergi verða til ráðstöfunar þegar sérstaklega stendur á, t.d. þegar nefnd skiptir sér í undirnefndir. Er þá áfram reiknað með því að fjárlaganefnd sé ein um fundaherbergi. Þegar sérstaklega stendur á er hægt að halda nefndarfund annars staðar, t.d. í Skólaþingi. *Húsakostur ætti því að fullnægja breyttu skipulagi og kostnaður því verða óbreyttur.*

Stjórnunarkostnaður. Nú fá formenn fastanefnda greitt 15% álag á þingfararkaup fyrir formennskuna. Varaformenn fjárlaganefndar og utanríkismálanefndar fá 10% álag. Með fækkun fastanefnda samkvæmt frumvarpinu er jafnframt ætlunin að 1. varaformaður nefndar fái 10% álag og 2. varaformaður 5% álag. *Eins og ákvæði frumvarpsins eru verður kostnaður við álag fyrir stjórn nefndanna óbreytt.*

Launakostnaður. Starfsmenn, sem vinna beint fyrir fastanefndir, eru nefndarritarar, þ.e. lögfræðingar, viðskiptafræðingar og stjórnmálafræðingar, en auk þeirra eru starfsmenn sem veita stjórnarandstöðuþingmönnum í nefndum sérstaklega þjónustu. Á nefndasviði er einnig annað skrifstofufólk, aðrir sérfræðingar og skjalalesarar. Stöður nefndarritara eru nú tólf og af þeim hópi starfa níu beint fyrir tólf nefndir. Kröfur nefnda um aðstoð munu líklega aukast. Á móti kemur að auðveldara ætti að vera að skipuleggja störf nefndanna eins og fyrr segir og fleiri starfsmenn sinna aðeins einni nefnd. *Því er ástæða til ætla að núverandi starfslið geti annað þörfinni,* svo lengi sem ekki koma til nýjar og auknar kröfur um þjónustu við fastanefndir.

Aukin skilvirkni. Fækkun fastanefnda mun bæta löggjafarstarfið því að meiri festa verður á störfum nefndanna. Flestir þingmenn munu við breytinguna sitja í einni nefnd, en nú sitja margir þingmenn í tveimur til fjórum nefndum. Hver nefndarmaður getur því sinnt betur en áður starfsskyldum sínum í nefndum og fengið betri heildarsýn yfir tengda málaflokka. Auðveldara verður að skipuleggja fundi nefndanna og þær geta fundað oftar og lengur í senn en nú þar sem fundir munu ekki skarast við fundi annarra nefnda. Þessi atriði má telja að skili markvissara starfi sem muni komi fram í betri undirbúningi lagasetningar. Erfitt er að leggja

beint kostnaðarmat á slíka hagræðingu en þegar allt er skoðað er full ástæða til að telja að þingskapabreytingin, sem snýr að fækkun fastanefnda, muni í heild skila sér bæði í betri nýtingu fjármuna og hagræðingu í störfum þingsins.

Fylgiskjal II.

Hugmynd um fundartíma fastanefnda í hverri viku um þingtímann.

Mánudagar Kl. 10–12	Þriðjudagar Kl. 9–12	Miðvikudagar Kl. 9–12	Fimmtudagar Kl. 8.30–10
Nefnd A	Nefnd D	Nefnd A	Nefnd D
Nefnd B	Nefnd E	Nefnd B	Nefnd E
Nefnd C	Nefnd F	Nefnd C	Nefnd F
Fjárlaganefnd	Fjárlaganefnd	Fjárlaganefnd	Fjárlaganefnd

1015. Lög [584. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 1001.

1016. Fyrirspurn [597. mál]

til velferðarráðherra um framkvæmd heilsustefnu, eflingu forvarna o.fl.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hvernig hefur gengið að ná fram eftirtöldum markmiðum sem eru sett fram í heilsustefnu ráðuneytisins frá 2008 og átti að ná fyrir lok árs 2009:

a. að funda með 50% heilsusgæslustöðva og sveitarfélaga á landinu til að efla forvarnir og heilsueflingu í heilsugæslu og sveitarfélögum landsins,
b. að fræða 25% heilsugæslustöðva um geðheilbrigði og geðrækt til að efla þekkingu á meðal heilbrigðisstarfsmanna í heilsugæslunni,
c. að auka færni fagfólks á fyrstu stigum heilbrigðisþjónustu til að styðja foreldra í uppeldishlutverkinu með því að tryggja að allar heilsugæslustöðvar hafi fengið námskeið og ráðgjöf varðandi jákvætt uppeldi,
d. að tryggja að uppeldisfræðsla verði orðin hluti af almennri heilsuvernd barna,
e. að safna fjórum milljónum króna til aðstoðar þeim sem minnst mega sín í þjóðfélaginu,
f. að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins verði byrjuð að nota ávísun á hreyfingu?

1017. Fyrirspurn [598. mál]

til velferðarráðherra um framkvæmd heilsustefnu, opnun vefsíðu o.fl.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hvernig hefur gengið að ná fram eftirtöldum markmiðum sem eru sett fram í heilsustefnu ráðuneytisins frá 2008:

a. að opna vefsíðu þar sem finna má fróðleik um heilsu frá fagfólki og tryggja að hún verði komin í gagnið í lok árs 2009 og upplýsingum um notkun safnað saman svo hægt verði að setja framtíðarmarkmið um fjölda heimsókna á dag,
b. að taka upp lýðheilsumat þannig að gert verði lýðheilsumat á öllum málum sem heilbrigðisráðherra leggur fram á Alþingi,
c. að leita leiða í samvinnu við verslanir og framleiðendur matvæla til að draga úr salti, sykri, mettaðri fitu og transfitusýrum í matvælum og tryggja að dregið hafi úr salti í brauðmeti í lok árs 2009,
d. að setja reglur um hámarksmagn transfitusýra í matvælum fyrir lok árs 2010,
e. að vinna að því að hollari vörur verði staðsettar á áberandi stöðum í verslunum og að tryggja að 100% þátttaka matvöruverslana hafi náðst í lok árs 2009,
f. að vinna að því að grænmeti, ávextir og aðrar hollustuvörur verði til sölu í þeim íþróttamannvirkjum og sundstöðum sem selja matvæli og að þátttaka rekstraraðila íþróttamannvirkja og sundstaða verði 100% í lok árs 2009?

1018. Fyrirspurn [599. mál]

til velferðarráðherra um framkvæmd heilsustefnu í skólum o.fl.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hvernig hefur gengið að ná fram eftirtöldum markmiðum sem eru sett fram í heilsustefnu ráðuneytisins frá 2008:

a. að heilsusamleg skilaboð fyrirmynda hangi upp í skólum og íþróttamannvirkjum í lok árs 2009,
b. að allir leikskólar hafi fengið hvatningu og eða aðstoð í lok árs 2009 við að útfæra heilsustefnu í skólanámskrá sinni þar sem hugað sé að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan barna og starfsmanna þar sem komið verði á samstarfi við foreldra,
c. að gefa út DVD-disk fyrir leikskóla með leikjum og æfingum til að auka hreyfingu meðal barna og að hann verði kominn í alla leikskóla landsins í lok árs 2009,
d. að 30% leikskóla hafi sótt um viðurkenningu í lok árs 2009 um að þeir fari eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringaefni sem útfærðar eru í handbók fyrir skólamötuneyti,
e. að allir grunnskólar hafi fengið hvatningu og eða aðstoð í lok árs 2009 við að útfæra heilsustefnu í skólanámskrá sinni, þar sem hugað sé að andlegri, líkamlegri og félags-

legri vellíðan nemenda og starfsmanna þar sem komið verði á samstarfi við foreldra- og nemendaráð,

f. að 30% grunnskóla hafi sótt um viðurkenningu í lok árs 2009 um að þeir fari eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringaefni sem útfærðar eru í handbók fyrir skólamötuneyti?

1019. Fyrirspurn [600. mál]

til velferðarráðherra um framkvæmd heilsustefnu, hvatningu til frístundaheimila o.fl.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hvernig hefur gengið að ná fram eftirtöldum markmiðum sem eru sett fram í heilsustefnu ráðuneytisins frá 2008:

a. að öll frístundaheimili hafi fengið hvatningu til að bjóða upp á næringu í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar í lok árs 2009,
b. að allir grunnskólar og foreldrar hafi verið hvattir til að auka hreyfingu barna í lok árs 2009,
c. að grunnskólar séu án tóbaks og vímuefna í lok árs 2010,
d. að allir framhaldsskólar hafi fengið hvatningu og/eða aðstoð við að útfæra heilsustefnu í skólanámskrá sinni þar sem hugað sé að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda og starfsmanna með áherslu á heilsueflingu og forvarnir þar sem komið verði á samstarfi við foreldra- og nemendafélög,
e. að í lok 2009 verði búið að hvetja alla framhaldsskólar til aukins aðgengis að hollum mat í skólunum og veita starfsmönnum mötuneyta ráðleggingar um hollt mataræði,
f. að 30% framhaldsskóla hafi sótt um viðurkenningu í lok árs um að þeir fari eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni sem útfærðar eru í handbók fyrir skólamötuneyti?

1020. Fyrirspurn [601. mál]

til velferðarráðherra um framkvæmd heilsustefnu, íþróttamót í framhaldsskólum o.fl.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hvernig hefur gengið að ná fram eftirtöldum markmiðum sem eru sett fram í heilsustefnu ráðuneytisins frá 2008:

a. að koma á fót íþróttamótum í framhaldsskólum í samvinnu við félög framhaldsskólanema, menntamálaráðuneyti og Íþróttasamband Íslands þannig að 100% þátttaka verði meðal framhaldsskóla í lok árs 2009,
b. að í lok árs 2010 hafi þeim fækkað sem nota vímuefni og reykja,

c. að 50 opinberar stofnanir hafi gert áætlun um öryggi og heilbrigði í lok árs 2009, þar sem hugað sé að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan starfsmanna,
d. að allar stofnanir heilbrigðisráðuneytis hafi mótað sér heilsustefnu fyrir árslok 2009 og ríkisfyrirtæki almennt fyrir árslok 2010,
e. að í lok árs 2009 hafi Lýðheilsustöð og Vinnueftirlitið boðið upp á námskeið í öllum landshlutum til að fylgja eftir ráðleggingum um heilsueflingu á vinnustöðum,
f. að í lok árs hafi Lýðheilsustöð og Vinnueftirlitið boðið upp á námskeið fyrir atvinnulausa í öllum landshlutum?

1021. Fyrirspurn [602. mál]

til fjármálaráðherra um afdráttarskatt á vaxtagreiðslur úr landi.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

1. Hverjar eru tekjur ríkissjóðs af afdráttarskatti á vaxtagreiðslur úr landi skv. 8. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, frá því að sú skattlagning var lögfest og tók gildi 1. september 2009, sbr. 6. gr. laga nr. 70/2009?
2. Hafa ráðuneytinu borist kvartanir, erindi eða annars konar athugasemdir frá íslenskum fyrirtækjum vegna vandkvæða við fjármögnun, eða erfiðleika við greiðslu vaxta af núverandi lánum, vegna hins nýja afdráttarskatts?

Skriflegt svar óskast.

1022. Fyrirspurn [603. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur ríkissjóðs, skattleysismörk og hálaunaþrep.

Frá Ólínu Þorvarðardóttur.

1. Hvað mundu tekjur ríkissjóðs dragast mikið saman ef skattleysismörk yrðu hækkuð úr 118 þús. kr. á mánuði í:
   a. 150 þús. kr. á mánuði,
   b. 200 þús. kr. á mánuði?
2. Hvað má ætla að tekjur ríkissjóðs ykjust mikið ef bætt yrði við tveimur hálaunaþrepum, þ.e.:
   a. 55% á laun hærri en 1,2 millj. kr. og 65% á laun hærri en 2 millj. kr. á mánuði,
   b. 55% á laun hærri en 2 millj. kr. og 70% á laun hærri en 3 millj. kr. á mánuði?

   Svar miðist við framtalin laun og álagðan tekjuskatt á árinu 2010.

Skriflegt svar óskast.

1023. Svar [518. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur um varðveislu menningararfsins á stafrænu formi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur verið gert á vegum ráðuneytisins og stofnana þess til að varðveita menningararfinn á stafrænu formi og gera hann aðgengilegan?

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur um áraraðir hvatt stofnanir sínar og stutt þær eftir megni til að vinna í samræmi við upplýsingastefnu ríkisstjórnarinnar og koma upplýsingum um menningararfinn á stafrænt form.

Á árunum 2004–2006 var gert sérstakt átak í upplýsingatækniverkefnum hjá menntamálaráðuneytinu í tengslum við átak ríkisstjórnarinnar á því sviði. Verkefnisstjórn forsætisráðuneytisins veitti fjármagn í verkefnin auk menntamálaráðuneytisins. Í greinargerð um stöðu þess verkefnis frá 26. nóvember 2006 segir svo um skrifstofu menningarmála að þar séu fjögur verkefni í gangi: a) Stafræn endurgerð menningarefnis, frh. af verkefninu stafræn menning í þágu menntunar, b) breyttir starfshættir í menningarstofnunum, c) miðlun hljóð- og sjónminjaarfs og d) Sarpur 3.0 (sameiginlegt gagnasafn íslenskrar minjavörslu á stafrænu formi).

Einungis tvö síðasttöldu verkefnin falla undir efni fyrirspurnarinnar. RÚV fékk 20 millj. kr. styrk til vinna að miðlun hljóð- og sjónminjaarfs og setja hann á stafrænt form, 10 millj. kr. hvort árið 2006 og 2007. Rekstrarfélag Sarps, skráningarkerfis safna, fékk 12 millj. kr. 2006 til að undirbúa innleiðingu Sarps 3.0.

Í fjárlögum fyrir árið 2007 voru veittar 10 millj. kr. til ýmissa verkefna í upplýsingatækni á liðnum 02-999-1.98, 6.tölul. Fjárhæðin var notuð til að greiða upp upplýsingaverkefnin sem fengu styrk 2006 en ekki var lagt af stað með ný verkefni.

Upplýsingaverkefni á sviði menningararfs hafa hlotið takmarkað brautargengi undir formerkjum upplýsingastefnu stjórnavalda, Netríkisins Ísland, stefnu ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2008–2012, sem gefin var út í maí 2008. Því hefur ráðuneytið reynt að koma til móts við mikla þörf og veitt styrki til afmarkaðra verkefna af þessu tagi af safnliðum ráðuneytisins, þó að fjármagn sé af skornum skammti.

Árið 2008 voru veittar 15 millj. kr. á fjárlögum til upplýsingatækniverkefna á sviði menningarmála. Fjárveitingin fór í greiðslur til upplýsingatæknimála í menningarmálum svo sem til miðlunar hljóð- og sjónminjaarfs og Sarps.

Á fjárlögum 2009 voru enn veittar 15 millj. kr. til upplýsingatækniverkefna í menningarmálum. Áður en þeirri upphæð hafði verið ráðstafað í ákveðin verkefni kom upp krafa frá fjármálaráðuneytinu um hagræðingu og því var ákveðið í aukafjárlögum 2009 að fella þessar 15 millj. kr. niður.

Árið 2010 voru veittar 10,5 millj. kr. til upplýsingaverkefna á sviði menningarmála og 10 millj. kr. á fjárlögum 2011. Þessum fjármunum mun verða ráðstafað í þau verkefni sem ráðuneytið hefur lagt áherslu á á undanförnum árum.

Víða á Norðurlöndum hefur verið sett inn í höfundarlög heimildarákvæði um skönnun (eintakagerð) safna og að skannað efni sé gert aðgengilegt á netinu (birting). Þetta hefur ekki verið gert hér á landi.

Tilmæli ESB frá 24. ágúst 2006 um stafvæðingu og aðgengi að menningararfinum á netinu og stafræna varðveislu menningarefnis hafa ekki verið skoðuð í samhengi við EES-samn-

inginn hér á landi en eins og sjá má í svörum stofnana ráðuneytisins hér á eftir hafa nokkrar þeirra tekið virkan þátt í evrópskum verkefnum sem sprottið hafa upp í tengslum við tilmælin.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur til skoðunar að skipa stýrihóp eða samráðshóp um stafræna varðveislu menningararfsins þar sem saman kæmu fulltrúar ráðuneytisins, fulltrúar nokkurra lykilstofnana og fulltrúi hugbúnaðargeirans. Hlutverk þessa samráðshóps yrði m.a. að gera drög að stefnu stjórnvalda í þessum málaflokki.

Til að afla frekari upplýsinga í svar við fyrirspurninni var hún send eftirfarandi stofnunum ráðuneytisins en þær koma allar að varðveislu menningararfsins með einum eða öðrum hætti: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Blindrabókasafnið, Gljúfrasteinn hús skáldsins, Fornleifavernd ríkisins, Húsafriðunarnefnd, Listasafn Einars Jónssonar, Þjóðleikhúsið og Íslenski dansflokkurinn. Stofnanirnar hafa allar sent inn svör nema Listasafn Einars Jónssonar. Svör stofnana eru sem hér segir:

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Varðveisla íslensks menningararfs í stafrænu formi á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er tvíþætt. Annars vegar er stafræn endurgerð efnis á pappír, hljómplötum, snældum eða öðrum „hörðum miðlum“ og hins vegar er söfnun og móttaka efnis sem verður til stafrænt og efnis sem birtist á vef. Safnið setti sér stefnu um stafræna endurgerð og varðveislu stafrænna gagna árið 2006 og hefur hún tvívegis verið endurskoðuð, eftir því sem verkefnum vindur áfram, nú síðast í janúar 2011 (sjá fylgiskjal 1).

Stafræn endurgerð.

Unnið hefur verið að stafrænni endurgerð íslensks efnis í safninu allt frá árinu 1996 þegar vinna við kortavefinn hófst. Síðan hefur verið unnið að nokkrum verkefnum og hafa sum verið samstarfsverkefni en önnur alfarið á forræði safnsins. Verkefnin hafa hlotið bæði innlenda og erlenda styrki og safnið hefur tekið þátt í þremur stórum evrópskum verkefnum í því skyni að afla þekkingar og til að geta miðlað efninu í gegnum sameiginlegar gáttir. Þetta eru The European Library (TEL), Europeana og Enrich/Manuscriptorum.

Starfsmenn safnsins hafa þróað svokallaða vinnslulínu, þar sem skráð eru lýsigögn fyrir efnið, það er myndað/skannað og síðan birt á vef. Safnið á þrjár myndavélar og eru tvær þeirra í Þjóðarbókhlöðunni en ein er á Amtsbókasafninu á Akureyri. Búnar eru til mismunandi gerðir af myndum til að tryggja gæði og vinnslugetu. Hvert efnisform þarf mismunandi meðhöndlun og því rekur safnið fjóra ólíka vefi fyrir stafrænt efni, timarit.is, handrit.is, islandskort.is og baekur.is. Á bak við hvern þeirra er gagnagrunnur.

Söfnun og móttaka stafræns efnis.

Söfnun íslenskra vefsíðna hefur verið eitt helsta söfnunarverkefnið á vegum safnsins á stafrænu formi fram til þessa. Fyrstu safnanirnar voru gerðar árið 2004 en þess má geta að úrval íslenskra vefsíðna frá upphafi er varðveitt hjá Internet Archive í Bandaríkjunum. Safnið hefur tekið þátt í þróunarverkefnum um vefsöfnun, upphaflega norrænu verkefni en síðar netpreserve.org á vegum Intenational Internet Preservation Consortium (IIPC). Settar hafa verið reglur eða viðmið um söfnun íslenskra vefsíðna (sjá fylgiskjal 2).

Skemman.is er geymslusafn (repository) fyrir námsritgerðir nemenda og rannsóknarit kennara við íslenska háskóla. Þetta er samstarfsverkefni sem rekur rætur sínar til Háskólans á Akureyri en Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn tók við rekstri Skemmunnar 2009.

Rafhlaðan er einnig geymslusafn sem sett var upp í árslok 2009 í þeim tilgangi að taka á móti íslensku efni sem verður til stafrænt og í pdf-formi svo sem dagblöðunum, vefritum, skýrslum o.fl. Efnið er sótt af starfsmönnum safnsins en einnig er unnið að því að þróa skil á efni fyrir stofnanir sem gefa út rafrænt efni sem eingöngu er birt á vef, t.d. mennta- og menningarmálaráðuneytið og Orkustofnun. Safnið er enn í þróun og hefur ekki verið opnað. Tilraunaverkefni hefur verið unnið með tónlistarefni innan safnsins, þar sem efni af heimabrenndum geisladiskum var afritað í gagnagrunn. Gæði diskanna eru afar misjöfn og því ekki vitað um endingu. Einnig var afritað ýmiss konar kynningarefni af diskum sem var afhentir voru safninu frá tónlistarhátíðinni Icelandic Airvawes. Áhugi er fyrir samstarfi við Ríkisútvarpið um áframhaldandi vinnu við tónlistararfinn.

Miðlun / aðgengi.

Almennt er litið svo á að efnið sé opið og aðgengilegt öllum. Gerðir hafa verið samningar við rétthafa um það efni sem er í höfundarétti. Þess má vænta að hluti þess efnis sem fer í höfundarétti verði í framtíðinni einungis aðgengilegt innan Þjóðarbókhlöðunnar, nema samningar náist um annað.

Nú stendur yfir endurskoðun vefja safnsins, en vefumsjónarkerfið (CMS Made Simple) var tekið í notkun 2008 og verða allir vefir safnsins smám saman færðir í það. Gert er ráð fyrir samræmdu útliti, leiðakerfi og virkni og að auðvelt verði að ferðast á milli þeirra. Við endurskoðun vefjanna er tekið mið af þeim áherslum sem liggja til grundvallar úttektum á vefsíðum opinberra stofnana á Íslandi sem fyrirtækið Sjá ehf. hefur framkvæmt. Þá er unnið eftir staðlinum WCAG 2.0 (Web Content Accessibility Guidelines) fyrir aðgengi fatlaðra og sjónskertra að vefsíðum.

Safnið heldur úti nokkrum ólíkum vefjum eða efnisveitum en áformað er að efni þeirra verði allt aðgengilegt í samþættri leitargátt sem unnið er að á vegum Landskerfis bókasafna og verður opnuð vorið 2011. Stafræna efnið er einnig tengt við bókfræðifærslur í Gegni, sem er sameiginlegt bókasafnskerfi íslenskra bókasafna.

Varðveisla.

Starfsmenn safnsins hafa fylgst með þeirri þróun sem orðið hefur í langtímavarðveislu rafrænna gagna, en flest verkefni á því sviði eru enn á tilraunastigi. Þörf fyrir diskarými eykst stöðugt einkum vegna vefsöfnunar og nú er svo komið að keyptar eru diskastæður en ekki hillur í safninu. Gögnin eru spegluð eða afrituð og afritið er varðveitt hjá fyrirtækinu SKÝRR. Um er að ræða um 35 terabæt af efni og geymsluþörfin er nú um 70 terabæt með spegluninni. Gera má ráð fyrir 6–7 terabæta aukningu á ári næstu árin. Þá eru gögnin einnig afrituð reglulega á DLT-segulbönd og varðveitt þannig. Magn hvers efnisflokks er afar mismunandi en vefsafnið er langstærst (sjá fylgiskjal 3).

Þjóðminjasafn Íslands.

Þjóðminjasafn Íslands varðveitir menningararf í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga, nr. 107/2001, og safnalaga, nr. 106/2001. Rétt er að benda á að varðveisla á stafrænu formi kemur ekki í stað þjóðminjanna sjálfra, sem í raun er ekki unnt að varðveita á stafrænu formi. Hins vegar er áhersla lögð á að varðveita heimildir um þær, ljósmyndir og niðurstöður rannsókna á stafrænu formi. Stafræn vistun menningararfsins snýr fyrst og fremst að því að gera gögn aðgengileg með skráningu og með afritun. Í Þjóðminjasafni Íslands eru varðveitt ómetanleg söfn þjóðminja og heimilda um íslenska menningarsögu og er lögð áhersla á skráningu þeirra í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp. Um 850.000 færslur eru nú þegar í Sarpi um safnkost Þjóðminjasafns Íslands.

Samkvæmt hlutarins eðli eru safngripir Þjóðminjasafnsins af ýmsum og afar ólíkum toga, áþreifanlegir sem og óáþreifanlegir, þ.e. munir, myndir, munnmæli, þjóðhættir, örnefni. Þeir eiga það þó sameiginlegt að þeim fylgja margs konar upplýsingar og að við umsýslu og meðhöndlun þeirra verða einnig til upplýsingar. Nokkuð er misjafnt milli aðfangategunda á hvern hátt stafrænni umsýslu verður best við komið; lýsingar þjóðhátta varðveitast t.d. að fullu á stafrænu formi og hægt að auka gildi þeirra með stafrænni tækni, ljósmyndir eru eftirgerðar að hluta með skönnun en munum er lýst og þeir skráðir og myndaðir. Eftirfarandi lýsing ætti að gefa nokkra mynd af fyrirkomulaginu.

Safnið skráir öll aðföng og upplýsingar um þau í miðlægan gagnagrunn, Sarp, sem rekinn er af minjasöfnunum sameiginlega og er í hlutfallslegri sameign þeirra. Sarpur hefur hingað til verið byggður á Lotus Notes skjalagrunni en er í þann veginn að flytjast yfir í venslaðan grunn sem bætir stórlega aðgengi starfsmanna og almennings að upplýsingunum. Eldri skrár, handskrifaðar eða prentaðar, eru að mestum hluta komnar á stafrænt form. Stafrænar ljósmyndir eru teknar af nýjum aðföngum og nokkur hluti eldri safnkosts hefur verið ljósmyndaður. Ljósmyndir eru skannaðar og varðveittar í hágæðaupplausn á sérstökum ljósmyndadrifum, myndasöfn eru valin til skönnunar eftir sögulegu mikilvægi og fræðilegu mati á upplýsingum í þeim.

Unnið hefur verið markvisst að skráningu muna, þjóðháttaheimilda, byggingasögulegra heimilda og ljósmynda í Sarp. Þá er rétt að leggja áherslu á að Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni hefur unnið markvisst að innskönnun myndefnis í sinni vörslu síðan árið 2007. Áætlað er að um 60.000 ljósmyndir, filmur, glerplötur, skyggnur, vatnslitamyndir, teikningar, grafíkmyndir og annars konar myndir með sögulegu myndefni úr Ljósmyndasafni Íslands sé þegar til á stafrænu formi. Áætlað er að það séu um 1,2% af heildarsafnkosti mynda í safninu. Valið hefur verið að gera það myndefni aðgengilegt sem hefur víðasta skírskotun til almennings. Áætlað er að þessar myndir verði hluti af skráningu viðkomandi safna þegar Sarpur verður gerður aðgengilegur á vef. Vefur með hluta af þessu myndefni er opinn til skoðunar á www.ljosmyndasafnislands.is sem er tengdur aðalvef safnsins www.thjodminjasafn.is. Á sama hátt hafa ljósmyndir sem ljósmyndari safnsins hefur tekið af safngripum verið gerðar stafrænar, þ.e. þær sem ekki voru teknar með þeirri tækni. Eru um 6.700 safngripir munasafns aðgengilegir með þessum hætti. Myndirnar munu verða hluti af skráningu í Sarpi.

Þegar um stóran safnkost er að ræða, eins og í Þjóðminjasafni Íslands, er um víðtækt langtímaverkefni að ræða sem krefst fjárveitinga og fagkunnáttu. Eins og af framansögðu má ráða er sú vinna nú þegar í góðum farvegi. Mikilvægum áfanga verður náð á þessu ári þegar Sarpur verður gerður aðgengilegur á veraldarvefnum.

Listasafn Íslands.

Tekið skal fram að fyrirspurninni fylgja ekki tímamörk; hvort beðið sé um síðustu tíu ár eða einungis liðið ár. Burtséð frá því má taka til eftirfarandi:

1. Öll safneignin er skráð í rafrænan og leitarbæran gagnagrunn.
2. Leitast er við að safna sem ítarlegustum upplýsingum um verk safnsins í þennan grunn. Í framhaldi af þessu má árétta að Listasafn Íslands opnaði sýndarsafn í kjallara safnsins árið 2006, þar sem safeignin er aðgengileg fyrir alla.
3. Verk í safneigninni hafa verið ljósmynduð og stafrænar myndir settar í gagnagrunn. M.a. með aðstoð frá Þjóðhátíðarsjóði. Ef beðið er um tölulegar upplýsingar þarf ögn meiri frest til að taka þær saman.
4. Enn er eftir að ljósmynda um 400 verk í safneigninni, mest verk eftir Ásgrím Jónsson eða um 250 sem verða ljósmynduð þegar safn Ásgríms verður fært í varanlegri geymslu.

5. Þá tekur Listasafn Íslands einnig þátt í stóru samevrópsku verkefni – Digitising Contemporary Art – sem snýst um að koma samtímalist á stafrænt form og gera það efni aðgengilegt í gegnum áætlunina Europeana.
6. Listasafn Íslands leitar leiða til að birta myndefni af safneigninni á netinu en kostnaður er því ofviða. Því hefur verið brugðið á það ráð að fela safnaráði athugun á möguleikum lækkunar þess kostnaðar, í tengslum við nýjar áherslur Europeana-áætlunarinnar um ásættanlega notkun, „fair use“.
7. Stafrænt myndasafn er hluti af bókasafni Listasafns Íslands.

Þetta eru megináherslur Listasafns Íslands í viðleitni höfuðsafns lista við að varðveita menningararf íslenskrar myndlistar og myndmenntar á stafrænu formi.

Þjóðskjalasafn Íslands.

Stafræn afritun menningararfsins í Þjóðskjalasafni Íslands og miðlun hans.

Stafræn afritun í Þjóðskjalasafni gerist með eftirfarandi hætti:

Í fyrsta lagi er skrifaður upp texti eftir frumskjölum og hann birtur á vef safnsins almenningi til fróðleiks, náms og rannsókna, sbr. manntalsvef Þjóðskjalasafns www.manntal.is, skólavef Þjóðskjalasafns, http://www.skjalasafn.is/skolavefur/ og skjaladagsvef Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafnanna, http://www.skjaladagur.is/. Nýr vefur, jarðavefur, verður opnaður fljótlega.

Í öðru lagi standa fyrir skönnunarverkefni á frumskjölum. Um er að ræða mikið notuð skjalasöfn og áhugaverð fyrir mikinn fjölda notenda safnsins, svo sem túnakort, kirkjubækur, frímerkjasafn og skinnskjöl frá miðöldum. Þessi verkefni eru mislangt komin og hafa enn ekki verið lögð út á vefinn. Í þriðja lagi eru skjöl skönnuð og stundum skrifuð upp vegna sértækra rannsókna eftir beiðnum notenda, svo sem í Þjóðlendurannsóknum, vegna húsarannsókna o.fl. Ekki er í öllum tilvikum fýsilegt að birta myndir af frumskjölum eða uppskriftum á vefnum. Það getur jafnvel reynst of kostnaðarsamt. Í fjórða lagi eru skjöl skönnuð til þess að hlífa frumskjölum og eru þá skjölin tekin úr umferð og veittur aðgangur að skjölunum á lestrarsal eða með öðrum hætti.

Stafræn afritun og miðlun menningararfsins í Þjóðskjalasafni hófst árið 2001 með vefbirtingu manntalsins 1703.

Manntöl – stafræn gerð manntala.

Stafræn afritun og miðlun menningararfsins í Þjóðskjalasafni hófst sem áður segir með vefbirtingu manntalsins 1703 árið 2001. Síðan þá hefur það verið forgangsverkefni Þjóðskjalasafns á sviði rafrænnar miðlunar að tölvusetja íslensk manntöl og veita aðgang að þeim á netinu. Verkið sóttist hægt enda engar sérstakar fjárheimildir veittar til verksins. Fáum árum síðar var manntalið 1835 birt með sama hætti. Um er að ræða uppskrift á manntölunum ekki myndir. Fyrsta sérstaka fjárveitingin til stafrænnar afritunar og miðlunar kom 2007 þegar Þjóðskjalasafn lagði til við ríkisstjórnina að safnið skapaði um 20 ársverk alls úti á landi við það að búa til stafræn afrit af manntölum árin 2008 og 2009 – en var svo einnig dreift yfir á 2010. Verkinu lauk samkvæmt áætlun í lok árs 2010. Manntölin sem um ræðir eru frá árunum 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890, 1901, 1910 og 1920. Manntölin hafa verið slegin inn í miðlægan gagnagrunn á fjórum stöðum á landinu, í Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja, í Héraðsskjalasafni Austfirðinga á Egilsstöðum, í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga á Sauðárkróki og hjá Forsvari ehf. á Hvammstanga. Allt verkið felur í sér skráningu u.þ.b. 650.000 einstaklinga. Um 301.000 voru skráðir árið 2008 en 270.000 árið 2009, og u.þ.b. 85.000 árið 2010 auk yfirlestar. Tafsamara er að skrá yngstu manntölin vegna þess að upplýsingar um hvern og einn voru meiri, auk þess var að mestu skráð eftir handritum og er

það tafsamara. Alls komu 20 manns úti á landi að skráningu manntala á árinu 2009 en nokkru færri árið 2010. Alls var verkið ríflega 20 ársverk. Ýmsar gagnaprófanir eru þó eftir og gagnasafnið þarfnast viðhalds og umsjónar meðan það er á vefnum.



Manntölin 1855, 1901, 1910 og 1920 voru slegin inn eftir frumritum en önnur manntöl eftir afritum. Þjóðskjalasafn er auk þess að mestu búið að tölvuskrá manntölin 1762, 1801, 1816 og 1880. Vonandi tekst að koma þeim á vefinn fljótlega. Við rafræna gerð nokkurra manntala hefur safnið átt samstarf við Decode, Friðrik Skúlason og dr. Ólöfu Garðarsdóttur og Minnisota Population Center.

Vefbirting manntala.

Einungis eitt manntal úr verkefninu var sett á vefinn árið 2008. En á árinu 2009 var fyrir alvöru tekið til við að forrita nýjan vef fyrir birtingu hinna nýju rafænu manntala. Það voru mikil og ánægjuleg tímamót þegar Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra opnaði nýjan manntalsgrunn Þjóðskjalasafns á norræna skjaladeginum 14. nóvember 2009, sjá www.manntal.is. Þá urðu níu af tíu manntölum í verkefninu aðgengileg á netinu að hluta eða í heild. Alls eru nú ellefu manntöl á netinu. Það má þakka þessu átaksverkefni. Meginmarkmið verkefnisins, að gera þessar mikilsverðar heimildir aðgengilegar almenningi og fræðimönnum, náðist þar með. Netbirting manntalanna er bylting í aðgengi að þessum menningarauði. Vonandi tekst að bæta fjórum manntölum á vefinn á næstunni. Til þessa hafa flest íslensk manntöl einungis verið aðgengileg á lestrarsal Þjóðskjalasafns í Reykjavík og á sumum héraðsskjalasöfnum. Stafræn gerð manntalanna og vefbirting hefur kostað u.þ.b. 100.000.000 kr. og er langstærsta vefmiðlunarverkefni Þjóðskjalasafns til þessa. Kirkjubókaskönnun og vefbirting er umfangsmeira verkefni og nauðsynlegt að fá til þess sérstaka fjárveitingu.

Skönnun.

Fram til ársins 2009 notaði Þjóðskjalasafn stafræna myndavél til þess að búa til stafræn eintök skjala. En til þess að framleiða stafrænar myndir til vefbirtingar þarf að nota skanna með réttum hugbúnaði. Þjóðskjalasafn festi kaup á skanna frá Zeutscel í Þýskalandi árið 2008. Tækið var tekið í notkun á útmánuðum 2009 og hefur gjörbreytt aðstöðu safnsins til þess að afrita skjöl fyrir notendur safnsins. Það hamlar þessari starfsemi að einungis einn starfsmaður er í starfi ljósmyndara og vinnur við skönnun. Mikilvægt er að auka fé til þessa starfs ef auka á afköstin sem verður að gera ef góður árangur á að nást. Lágmark er að tveir

starfsmenn vinni við þetta og helst fleiri. Auk skönnunar er skráning myndanna afar mikilvæg og tekur hún meiri tíma en sjálf skönnunin.

Skönnun í tengslum við Þjóðlenduverkefnið.

Vegna rannsókna í tengslum við Þjóðlendurmálið hefur fjöldi skjalabóka og handrita verið skannaður í eftirfarandi flokka: Dómabækur = 168 bækur, Jarðabók 1698 = 1 bók, Jarðamat 1804 = 22 bækur, Jarðamat 1849–1850 = 20 bækur, Veðmálaregistur = 2 bækur, Landamerkjabækur = 28 bækur, Fasteignamat 1916–1918 = 60 bækur. Alls 301 handrit sem eru u.þ.b. 90.000 síður. Í smíðum er sérstakur vefur (jarðavefur) til að birta þessar heimildir á. Þar verða margvíslegar skýringar og upplýsingar fyrir aðila þjóðlendumála og almenning. Stefnt er að opnum vefjarins í marsmánuði 2011. Sumar heimildanna hafa einnig verið skrifaðar upp til hægðarauka fyrir notendur.

Skinnbréf.

Stafræn afritun miðalda skinnbréfa Þjóðskalasafns hófst árið 2008. Afritun skinnbréfanna, sem eru rúmlega 1.000 er vandaverk og í sumum tilvikum einungis fært með stafrænni ljósmyndavél. Stafræn afritun bréfanna helst í hendur við skráningu og efnisgreiningu bréfanna. Verkið er vandasamt og tímafrekt þar sem hvert skjal og skjalhluti er myndaður í bak og fyrir. Innsigli er mynduð sérstaklega. Nokkrir tugir skjala hafa verið myndaðir. Þetta verk er í bið vegna annarra aðkallandi verka.

Frímerki.

Frímerkjasafn Hans A. Hals, safn íslenskra frímerkja til 1944, var skannað 2009 og 2010, alls 2.241 myndir. Ríkisstjórnin keypti safnið af norskum stórkaupmanni 1946. Alls er safnið í 42 möppum sem eru samtals rúmlega 2.200 síður. Enn er eftir að birta það á vef Þjóðskjalasafns en vefhönnun og nauðsynleg skráning er eftir og er kostnaðarsöm.

Túnakort.

Árið 2009 var hafist handa við að skanna túnakort sem voru gerð á vegum búnaðarsambanda á öðrum og þriðja áratug 20. aldar. Þau eru til úr öllum sýslum landsins og eru mikilsverðar heimildir um skipulag ræktaðs lands, tún og mannvirki. Markmiðið er að birta kortin á vef safnsins. Í lok árs 2010 var verkið u.þ.b. hálfnað. Alls eru túnakortin um 8.000 og nú er búið að mynda rúmlega 5.000 þeirra. Þessu verki lýkur árið 2011 og er þá eftir að skrá margvíslegar upplýsingar sem eru grundvöllur hagnýtrar notkunar. Þá er vefhönnun og vefbirting eftir.

Kirkjubækur á netið.

Víða í nágrannalöndum okkar er verið að skanna kirkjubækur (hjá flestum eru einungis um prestþjónustubækur að ræða) og setja þær á netið, enda eru kirkjubækur lykilheimildir um ættfræði, persónusögu, byggðasögu, manntal og fleiri þætti í fortíð okkar. Norðmenn og Danir hafa lokið þessu að mestu leyti, sjá t.d. norska rafræna safnið http://da2.uib.no/kyrkjeboker.htm. Þeir skönnuðu mikrófilmur sem þeir áttu af kirkjubókum sínum. Þessar heimildir á netinu eru afar vinsælar og mikið notaðar. Þar hafa stjórnvöld gert áætlanir um skönnun á hluta menningararfsins og þjóðþingin veita oft fé sérstaklega til verkanna. Sjá t.d. St. meld. nr. 24 (2008–2009). Nasjonal strategi for digital bevaring og formidling av kulturarv, http://www.regjeringen.no/nb/dep/kud/dok/regpubl/stmeld/2008–2009/stmeld-nr-24-2008–2009-.html?id=555254.

Árið 2009 var hafist handa við skönnun prestþjónustubóka og sóknarmannatala í Þjóðskjalasafni. Hér er á ferðinni gríðarlega mikið verkefni enda skipta kirkjubækur þúsundum. Enn er verið að meta umfang verksins sem mun taka mörg ár og þyrfti sérstakar fjárveitingar til (sjá nánar stafræn verkefni á Norðaustur- og Austurlandi). Árið 2010 voru skannaðar 75 kirkjubækur alls 18.000 síður.

Stafræn verkefni á Norðaustur- og Austurlandi.

Á fjárlögum 2009 og 2010 fékk Þjóðskjalasafn sérstaka fjárveitingu til þess að standa fyrir stafrænni vinnu í fjarvinnslu á Norðaustur- og Austurlandi, 9 millj. kr. hvort ár. Til þess að hægt væri að semja við fyrirtæki um slíka vinnslu var nauðsynlegt að komast hjá því að flytja dýrmæt frumrit út á land þar sem ekki voru aðstæður til að geyma þau tryggilega. Ráðist var í að skilgreina fjarvinnsluverkefni sem gætu farið fram hvar sem var á umræddu svæði. Niðurstaðan varð sú að skipuleggja skráningu persónuupplýsinga í sóknarmannatölum sem varðveitt eru frá því síðari hluta 18. aldar. Upplýsingarnar eru að mörgu leyti hliðstæðar því sem manntölin geyma en sá munur er á að sóknarmannatöl voru skráð árlega og því fylla þau í eyður sem eru á milli manntala.

Sóknarmannatöl eru eins konar árleg manntöl í hverri sókn landsins. Hófst gerð þeirra um miðja 18. öld og voru þau tekin saman fram á miðja 20. öld. Þau innihalda nöfn bæja, fólks, heimilisstöðu, aldur og á tímabili einnig vitnisburð um menntun. Þjóðskjalasafn vinnur nú að verkefni sem felst í því að skrá tilteknar upplýsingar (heiti bæja, nöfn manna, heimilisstöðu og aldur) úr íslenskum sóknarmannatölum í gagnagrunn. Upplýsingarnar eru skráðar eftir stafrænum myndum af frumritum sóknarmannatala sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni. Þessar mikilvægu heimildir eru mikið notaðar en þær eru afar óaðgengilegar. Frumritin eru í Þjóðskjalasafni í Reykjavík en hluti sóknarmannatala er svo til á míkrófilmum í sumum héraðsskjalasöfnum.

Markmið verkefnisins er að skapa ný atvinnutækifæri sem hrinda má í framkvæmd hvar sem er og að auka aðgengi fólks að kirkjubókum með því að birta myndir af þeim á netinu. Þannig voru tvær flugur slegnar í einu höggi og hleypt af stokkunum rafrænni skráningu til atvinnusköpunar og menningarmiðlunar. Með myndunum verður leitarbær skrá og því hægt að leita að einstaklingum og bæjum landsins.

Verkið felur í sér að taka myndir af öllum sóknarmannatölum og skrá hluta upplýsinganna í þeim eftir myndunum. Skönnunin fer fram í Þjóðskjalasafni en skráning þar sem henta þykir hverju sinni. Síðar verða upplýsingarnar og myndirnar birtar á vefnum. Fé fékkst á fjárlögum 2009 til stafrænnar skráningar á Norðausturlandi með það markmið að styrkja atvinnulíf þar. Þá var skilgreint umfang skráningarinnar og hannaður gagnagrunnur og skráningarviðmót og skráning hófst. Miðað var við að hægt væri að skrá í grunninn um netið þannig að hægt væri að vinna við skráninguna hvar sem er og hvenær sem er. Jöfnum höndum verða svo teknar myndir af sóknarmannatölum. Seinni hluta árs 2009 var unnið við skráningar sóknarmannatala á Seyðisfirði og árið 2010 einnig á Vopnafirði, Húsavík, Sauðárkróki og Hvammstanga.

Framhald.

Auk þeirra verkefna sem hafa verið nefnd eru fleiri brýn skönnunarverkefni sem þarf að ráðast í á næstu árum. Þar má nefna veðmálabækur og vísitasíubækur biskupa. Manntöl 18. og 19. aldar þarf einnig að skanna og leggja á manntalsvefinn til rannsókna á t.d. örnefnum og til þess að sannreyna vafaatriði í uppskrift manntalanna. En kirkjubókaverkefnið sem er nýhafið er viðamest og á langt í land. Rétt er að benda á að viss skráning (metadata) þarf að fara fram samhliða skönnun (eða eftir á) og sú skráning tekur viðlíka tíma og skönnunin og

þarf að gera ráð fyrir henni í kostnaðarmati. Ef Alþingi og ríkisstjórn vilja sjá góðan gang í skönnun og miðlun menningararfsins um vefinn er nauðsynlegt að gera um það áætlanir og verja til þess sérstökum fjármunum. Án þess vinnast slík verkefni seint eins og reyndin sýnir.

Kvikmyndasafn Íslands.

Kvikmyndasafnið hefur undanfarin ár sett talsverða vinnu og fjármuni í að endurheimta kvikmyndaefni frá framköllunarfyrirtækjum erlendis. Þetta er gert í ljósi þess að þessi fyrirtæki eru að hverfa af vettvangi með nýrri tækni; sum fara hreinlega á hausinn og komið hefur fyrir að heilu bíómyndirnar hafa glatast af þeim sökum.

Oft á tíðum er um að ræða talsvert samningaþref og eftirgangsmuni og eru peningamálin oftar en ekki ástæða þess að fyrirtækin vilja ekki láta frummyndirnar af hendi. Oft er þetta vegna þess að erlendur samstarfsaðili framleiðenda hefur ekki gert upp skuldir frá vinnslu kvikmyndanna en einnig er um að ræða gamlar skuldir íslenskra framleiðenda.

Þessi heimflutningur kvikmyndaefnis gerir íslenskum framleiðendum kleift að koma verkum sínum yfir á stafrænt form til útgáfu á diskum (eða öðrum miðlum) og til sýningar á stafrænu formi í kvikmyndahúsum. Auk þess mun Kvikmyndasafnið síðan varðveita efnið við bestu aðstæður til framtíðar. Kvikmyndasafn Íslands hefur af fremsta megni unnið að því að endurgera gamlar kvikmyndafilmur sem það varðveitir og fer sú vinna að mestu leyti fram erlendis. Slík aðstaða er ekki fyrir hendi á Íslandi og verður varla héðan af. Ávallt er kappkostað að setja þessar myndir jafnframt yfir á stafrænt form. Vegna þess hve litlu fé hefur verið veitt til Kvikmyndasafnsins á undanförnum árum hefur þó grátlega lítið af menningararfinum verið endurgert á þennan hátt.

Yfirfærsla eldra kvikmyndaefnis sem af einhverjum orsökum er tekið fram til skoðunar eða notkunar utan safnsins er yfirleitt gerð í safninu á stafrænu formi. Þó á tiltölulega ódýran hátt. Talsvert hefur verið rætt um framtíðarvarðveislumöguleika á stafrænu formi í safninu en engin niðurstaða liggur fyrir, enda ekkert fé handbært til að vinna að málinu eða koma upp aðstöðu, innan húss eða utan.

Starfsmenn safnsins hafa aflað upplýsinga frá kvikmyndasöfnum erlendis og spurst fyrir hjá öðrum menningarstofnunum innan lands og hjá fyrirtæki sem annast gagnavörslu á stafrænu formi. Sú leið yrði þó safninu áreiðanlega ofviða, jafnvel þótt einhver fjárveiting væri fyrir hendi.

Hvorki er nægur mannafli eða tækjakostur í safninu til að takast á við viðameira átak á stafrænni yfirfærslu. Engin útgáfa hefur farið fram á stafrænu efni á vegum safnsins og ekki verið samið um útgáfurétt á efni við rétthafa, enda engin fjárveiting til slíkrar útgáfu. Þá hafa ekki heldur verið efni til að setja kvikmyndir á veraldarvefinn eins og nú er gert í einhverjum mæli af kvikmyndasöfnum í sumum nágrannalandanna.

Náttúruminjasafn Íslands.

Varðandi skilgreiningu á orðunum menning og menningararfur er litið til skilgreiningar Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO þar sem menning er sögð vera: *„... samsafn þeirra trúarlegu, efnislegu, vitrænu og tilfinningalegu þátta sem einkenna hvert samfélag eða samfélagshóp. Listir og bókmenntir teljast til menningar, en einnig lífsstíll, sambúðarform, mannleg gildi, hefðir og skoðanir.“*

Með hliðsjón af þessu teljast náttúruminjar sem slíkar ekki til menningararfsins, enda ekki gerðar af mönnum. Söfn eru hins vegar mikilvæg grein menningar og einnig það hvernig náttúran og náttúruminjar eru greindar, flokkaðar, vistaðar, nýttar, rannsakaðar og niðurstöðum miðlað til almennings og fræðimanna. Þá verður að telja upplýsingar um ferla náttúrunnar til menningar, þ.e. samsafn vitrænna þátta, enda væri lítið mannlíf á jörðunni án þeirra ferla.

Náttúruminjar er ekki unnt að varðveita á stafrænu formi. Hins vegar eru upplýsingar um þær og ferla náttúrunnar, ljósmyndir, teikningar og niðurstöður rannsókna yfirleitt varðveittar á stafrænu formi í dag.

Á Náttúruminjasafni Íslands eru gögn um t.d. íslenska fiska, steina og skeljar varðveitt í stafrænum gagnasöfnum og svo er einnig um aðra náttúrugripi sem safnið hefur umráð yfir. Upplýsingar um t.d. nýtingu náttúruauðlinda, ferla náttúrunnar, efnasamsetningu og annað slíkt eru varðveittar í ritum og að hluta til í stafrænum gagnasöfnum hérlendis og erlendis. Stafræn gagnasöfn og upplýsingasöfn sem safnið mun byggja upp verða í framtíðinni aðgengileg gegnum vefsíðu safnsins.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum varðveitir handritasafn, þjóðfræðisafn, orðasöfn og örnefnasöfn. Stofnunin hefur sett sér þá stefnu að vinna að því að frumheimildir stofnunarinnar verði aðgengilegar í opnum aðgangi. Á öllum sviðum stofnunarinnar er unnið kappsamlega að því að koma þjóðararfinum á stafrænt form. Öll þessi söfn eru opin almenningi á vef stofnunarinnar.

Handritasafnið hefur að hluta til verið myndað á stafrænt form í samvinnu við Árnastofnun í Kaupmannahöfn og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, bæði með þáttöku í Sagnanetinu og síðan með vefnum www.handrit.is. Unnið er að því að skrá safnið jafnhliða og birta myndirnar á netinu en fjárskortur tefur verkefnið eins og er.

Þjóðfræðisafnið hefur verið skráð stafrænt og stafrænar hljóðskrár úr safninu fluttar yfir á Ísmús vefinn (www.ismus.is). Ýmislegt efni úr safninu hefur verið gefið út stafrænt á diskum, oft í samvinnu við aðra.

Orðasöfnin birtast í Ritmálssafninu, Orðanetinu, Orðabankanum, Orðstöðulyklum, Orðasambandaskrá, Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls, Textasafni og Málfarsbankanum. Unnið hefur verið að skönnun bréfa heimildarmanna Orðabókar HÍ Auk þess er Stafsetningarorðabókin og Beygingarlýsingin sem stofnunin hefur gefið út á vefnum www.snara.is og þar er líka að finna fleiri orðabækur sem starfsmenn hafa unnið að og gefnar hafa verið út af öðrum útgefendum.

Á nafnfræðisviði er unnið að skönnun og skráningu örnefnaskráa og á vef þess og á Vísindavefnum birtast ítarlegar upplýsingar um örnefni. Nafnfræðisvið á einnig aðild að Sarpi (www.sarpur.is) og örnefnagögn eru aðgengileg þar.

Auk þessa má nefna að á vef stofnunarinnar er opinn aðgangur að óðfræðivefnum Braga og fræðsluefni um handritin og bókmenningu fyrri tíma, sem birtist á www.handritinheima.is. Á vef stofnunarinnar birtast líka Orð vikunnar, Örnefni mánaðarins og Handrit mánaðarins. Alþjóðasvið á þátt í verkefninu Icelandic Online (www.icelandiconline.is) ásamt öðrum.

Unnið er að því að opna aðgang að ritum stofnunarinnar og nú þegar eru nokkrir árgangar tímaritsins Griplu opnir á vef stofnunarinnar og eldri árgangar munu verða á www.timarit.is. Fréttabréf og ýmsir bæklingar sem málræktarsvið hefur gefið út er einnig á vefnum.

Blindrabókasafnið.

Á Blindrabókasafni Íslands eru til um 6.000 bókatitlar á stafrænu formi, hljóðformi, sem er vel varðveitt. Frumform er geymt í eldfastri geymslu í kjallara og afrit af bókakosti tekið daglega. Jafnframt eru tekin ný heildarafrit tvisvar á ári sem eru geymd annars vegar á Blindrabókasafni og hins vegar á Borgarbókasafni, aðalsafni. Safnkosturinn er aðgengilegur skráðum lánþegum hvort tveggja í gegnum niðurhal og á geisladiskum.

Gljúfrasteinn, hús skáldsins.

Munir á Gljúfrasteini hafa verið skráðir í Sarp. Í heild er skráningu lokið á tæplega 1.100 munum. Skráning innan húss er lokið en skráningu einhverra hundruð gripa í geymslum er ólokið. Eins og kunnugt er stendur yfir vinna vegna endurbóta á Sarpi og má gera ráð fyrir að nýtt og endurbætt kerfi verði komið í gagnið fljótlega. Þar er gert ráð fyrir miðlun á vef sem aðgengilegur er almenningi. Ljósmyndun á þegar skráðum munum er á byrjunarstigi en stefnt er að því að ljúka því verkefni á árinu. Skráning ljósmynda sem teljast í þúsundum er ekki hafin. Stefnt er að því að skanna og skrá allar ljósmyndir sem til eru í albúmum á safninu. Vakin er athygli á því að þegar er fjöldi ljósmynda aðgengilegur á vef safnsins. Sjá ljósmyndir á http://www.gljufrasteinn.is/is/myndir/.

Fornleifavernd ríkisins.

Ýmislegt hefur áunnist í þessum málaflokki hjá Fornleifavernd ríkisins undanfarin missiri sem má rekja til þess að stofnunin hefur fengið utanaðkomandi styrki til ýmissa verkefna.

Árið 2010 fékkst styrkur vegna átaksverkefnis á vinnumarkaði til að ráða námsmann í þrjá mánuði til að skrá friðlýsta kirkjugripi í gagnagrunninn Sarp. Mikið á enn eftir að skrá af kirkjugripum en þetta verkefni markaði visst upphaf í þeirri skráningu hjá Fornleifavernd ríkisins. Eftir því sem við best vitum er stefnt að því að gera Sarpinn aðgengilegan almenningi á allra næstu missirum.

Árið 2010 fékkst styrkur vegna átaksverkefnis á vinnumarkaði til að ráða tvo námsmenn í þrjá mánuði til að skrá í kortavefsjá Fornleifaverndar ríkisins. Í kortasjánni verður hægt að sjá hvaða svæði er búið að skrá, hver sá um skráninguna og hvenær skráningin fór fram. Ef skýrsluhöfundar leyfa verður hlekkur í skráningarskýrsluna sjálfa. Verkefnið fólst í því að færa inn þær skýrslur sem Fornleifavernd hefur í sínum fórum. Stefnt er að því að kortasjáin verði öllum aðgengileg á nýrri heimasíðu Fornleifaverndar sem ætlunin er að opna sumarið 2011.

Fornleifavernd ríkisins, ásamt Húsafriðunarnefnd ríkisins, tekur þátt í Evrópuverkefninu CARARE (www.carare.eu) en verkefnið hófst árið 2010 og stendur yfir í þrjú ár. Í CARARE-verkefninu taka 29 aðilar þátt frá 20 löndum. Hugmyndin er að finna leið til að samhæfa gögn um fornleifar og byggingararf og þar með gera þau aðgengileg í gegnum evrópsku vefgáttina Europena (sjá http://www.europeana.eu) en það verkefni hefur mun víðari samhæfingu sem markmið. Fornleifavernd ætlar að leggja fram í verkefnið gagnagrunn yfir fornleifauppgrefti á Íslandi en sú skrá mun einnig verða aðgengileg á kortasjá stofnunarinnar sumarið 2011. Húsafriðunarnefnd ríkisins leggur fram skrá yfir friðuð hús á Íslandi en sú skrá er nú þegar aðgengileg á kortasjá Húsafriðunarnefndar. Árið 2010 fékkst styrkur vegna átaksverkefnis á vinnumarkaði til að ráða námsmann í þrjá mánuði til að skrá í gagnagrunninn um fornleifarannsóknir. Sama ár fékkst einnig styrkur frá nýsköpunarsjóði til að ráða tölvunarfræðinema í fjóra mánuði til að vinna að gagnaskránum. Verkefni þetta er afar mikilvægt fyrir stofnunina. Hér höfum við tækifæri til byggja upp skrá yfir fornleifarannsóknir á Íslandi en einnig og ekki síst til að þróa lýsigögn (metadata) fyrir landupplýsingakerfi stofnunarinnar sem er lykillinn að því að geta miðlað gögnunum til annarra vefgátta og gagnagrunna.

Undanfarin ár hafa starfsmenn Fornleifaverndar ferðast um landið og gert úttekt á friðlýstum fornleifum. Minjarnar eru allar mældar upp með nákvæmum staðsetningartækjum og skráð eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins. Nú er unnið að því að gera þessa gagnaskrá aðgengilega í gegnum kortasjá Fornleifaverndar. Einnig er farið að huga að því, í samvinnu við Landmælingar Íslands, að gera gagnaskrána aðgengilega í gegnum vefgátt opinberra stofnanna með hliðsjón af INSPIRE-tilskipuninni.

Allir þessir þættir eru mikilvægir í uppbyggingu landupplýsingakerfis Fornleifaverndar ríkisins. Einn mikilvægur og stór þáttur er hér þó undanskilinn en það er gagnaskrá yfir allar skráðar fornleifar á landinu. Stærsta vandamálið hér er ekki tæknilegt og jafnvel ekki fjárhagslegt heldur setur lagaumhverfið sem við búum við okkur verulegar skorður. Í dag leggur Fornleifavernd kvaðir á sveitarfélög að skrá fornleifar fyrir skipulag en sveitarfélögin uppfylla þær kvaðir með því að ráða sjálfstætt starfandi fornleifafræðinga til verksins. Enn eru engar lagalegar kvaðir á fornleifafræðingunum um að skrá eftir ákveðnum skráningarstöðlum, að skrá gögnin inn í gagnagrunn Fornleifaverndar né að gera þessi gögn opinber. Þessi atriði standa frekari þróun landupplýsingakerfis Fornleifaverndar fyrir þrifum og mun gera stofnuninni erfitt fyrir að uppfylla skyldur sínar gagnvart INSPIRE-tilskipuninni. Miklar vonir eru því bundnar við að hið nýja lagafrumvarp um menningarminjar sem nú er í smíðum muni taka á þessu máli. Annað og stærra vandamál er svo fjármögnun skráningar fornleifa á vettvangi en ljóst er að okkur miðar hægt í þeim málaflokki, þar sem aðeins um 25% fornleifa landsins hafa verið skráðar á vettvangi.

Að endingu hefur Fornleifavernd ríkisins verið fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins í verkefninu Herein, en það er gagnagrunnur á vegum Evrópuráðsins með upplýsingum um stjórnsýslustofnanir og stjórnsýslu minjaverndar í Evrópu, samheitaorðabók og fleira.

Húsafriðunarnefnd.

Unnið hefur verið markvisst að því undanfarin ár að gera varðveislu byggingararfsins aðgengilegan fyrir almenning á heimasíðu Húsafriðunarnefndar.

Á heimasíðu Húsafriðunarnefndar er listi yfir öll friðuð hús á Íslandi með lýsingu á hvaða hluta bygginga friðun tekur til, lýsingu á húsunum, ljósmynd af hverju húsi og loftmynd af Íslandi þar sem hægt er að skoða staðsetningu allra friðaðra húsa. Í því sambandi var gerður samningur við Loftmyndir ehf.

Á heimasíðunni hafa einnig öll leiðbeiningarrit Húsafriðunarnefndar um viðhald og endurbætur á eldri húsum verið gerð aðgengileg almenningi, svo sem gluggar, gömul timburhús-útveggir grind og klæðning, steining húsa, uppmæling húsa og ágrip af byggingarsögu Íslands. Þá hafa nýlega verið unnar nýjar leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana auk skráningarblaðs á tölvutæku formi sem sendar hafa verið fjölmörgum sveitarfélögum sem vinna bæja- og húsakannanir í sínu sveitarfélagi. Þessar upplýsingar um byggingararf þjóðarinnar munu síðan verða settar inn í Sarp.

Úthlutanir úr Húsafriðunarsjóði undanfarinna 17 ára hafa verið gerðar aðgengilegar á heimasíðunni og er stefnt að því að allar úthlutanir frá upphafi, árið 1976, verði aðgengilegar þar, auk þess sem verið er að vinna að því að gera allar fundargerðir Húsafriðunarnefndar frá upphafi, 1970, aðgengilegar á stafrænu formi á heimasíðunni.

Þá hefur ferli umsókna í Húsafriðunarsjóð verið einfaldað til muna með stafrænu umsóknareyðublaði á heimasíðu Húsafriðunarnefndar.

Útbúið hefur verið Gagnasafn Húsafriðunarnefndar á stafrænu formi (Filemaker) þar sem allar afgreiðslur og umsagnir varðandi byggingararf þjóðarinnar eru skráðar.

Þá hafa Húsafriðunarnefnd og Fornleifavernd ríkisins sameinast um að taka þátt í CARARE-verkefninu ásamt 28 aðilum tengdum minjavörslu í 20 löndum. Markmið verkefnisins er að finna leið til að samhæfa gögn um fornleifar og byggingararf og þar með gera þau aðgengileg í gegnum Europena, en það verkefni hefur mun víðari samhæfingu sem markmið.

Þjóðleikhúsið.

Allar frumsýningar í Þjóðleikhúsinu hafa verið hljóðritaðar á segulbönd frá upphafi. Mikið safn segulbanda er til og eru þau varðveitt í Þjóðleikhúsinu. Það safn hefur ekki verið yfirfært á stafrænt form. Fyrir um tuttugu árum var farið að taka allar sýningar upp á myndbönd. Þær upptökur eru einnig til í safni leikhússins, en hafa ekki verið yfirfærðar á stafrænt form. Þessar upptökur er takmörkuð heilmynd þar sem tekið er upp frá einum vinkli aftast í salnum.

Árið 2007 var farið að taka sýningar upp á stafrænu formi og lögðust sérstakar hljóðupptökur þá af. Þær upptökur eru varðveittar í húsinu.

Tekin hefur verið upp sú stefna á síðari árum að vanda upptökur á nýjum íslenskum verkum. Verktakar hafa verið fengnir sérstaklega til að vinna slíkar upptökur auk þess sem efnt hefur verið til samstarfs við Kvikmyndaskóla Íslands og kvikmyndadeildir framhaldsskóla. Upptökur sem unnar hafa verið fyrir sjónvarpið á undanförnum árum eru til á stafrænu formi. Ljósmyndasafn Þjóðleikhússins er nú hýst hjá Ljósmyndasafni Íslands, sem vinnur að því að koma því á stafrænt form. Nýrri ljósmyndir eru allar á stafrænu formi og varðveittar á netþjóni Þjóðleikhússins. Sama á við um nýrri handrit og leikskrár.

Unnið hefur verið að því að skrá upplýsingar um allar sýningar hússins rafrænt, þ.e. upplýsingar um alla aðstandendur og ýmsa tölfræði tengda sýningunum. Lokahnykkurinn á þeirri vinnu hefur tafist vegna fjárskorts.

Íslenski dansflokkurinn.

Frá upphafsdögum stafrænnar tækni hafa allar uppfærslur Íslenska dansflokksins verið teknar upp á slíkt form. Rétt er að árétta að mikið magn af efni á VHS spólum, meðal annars frá tíð Íslenska dansflokksins í Þjóðleikhúsinu, hefur því miður ekki verið fært yfir á stafrænt form. Óskað hefur verið eftir fjárstuðningi í samvinnu við Listaháskóla Íslands til að koma því efni yfir á stafrænt form, en markmiðið með slíku er meðal annars auðvelda aðgengi að eldri uppfærslum á vegum Íslenska dansflokksins.

Eftirfarandi fylgigögn fylgdu svari Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN Fylgiskjal 1
Janúar 2011

– ÍSLENSKT STAFRÆNT ÞJÓÐBÓKASAFN –

Stefna um stafræna endurgerð og varðveislu stafrænna gagna

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er varðveislusafn samkvæmt lögum um skylduskil til safna og tekur til varðveislu gögn sem gefin eru út á Íslandi. Safnið stefnir að því að bjóða aukið aðgengi að íslenskum gögnum safnsins með því:

- að færa þau kerfisbundið í stafrænt form,
- að safna og taka á móti útgefnu stafrænu efni,
- að varðveita stafrænt efni til framtíðar
- að gera stafrænt efni aðgengilegt á Vefnum.

Markmiðið með þróun stafræna þjóðbókasafnsins er þríþætt:

a. **Miðlun íslenskrar menningar** eins vel og kostur er með því að gera íslenskt efni aðgengilegt utan safnsins. Aðgangur verður í fullu samráði við þá sem eiga höfundarrétt að efninu.
b. **Varðveisla til framtíðar** með því að varðveita upprunalegu gögnin, þ.e. þau sem berast safninu á hefðbundnu eða stafrænu formi, þau sem verða til við stafræna endurgerð og þeim sem safnað er af vefnum. Frumgögnum verður hlíft en stafræn útgáfa notuð í staðin.
c. **Þjónusta við notendur** hvar sem þeir eru og hvenær sem er. Safnið leitast við að auðvelda notendum að finna stafræna efnið með því að tengja við skráningu þess og lýsigögn, t.d. í Gegni og gera það sýnilegt í öðrum upplýsingakerfum og leitarvélum. Til að auðvelda erlendum notendum afnot af efninu verður vefviðmót á íslensku og ensku.

Aðferðir

Við stafræna endurgerð verður unnið eftir viðurkenndum aðferðum og stöðlum til að tryggja gæði og öryggi. Almennt er gert ráð fyrir að efnið verði aðgengilegt um vefi safnsins og að það verði öllum opið án endurgjalds. Þó má gera ráð fyrir að í sumum tilvikum verði einungis heimilt að veita aðgang að efni innan safnsins. Efnið er framleitt á mismunandi formi s.s. JPEG, Pdf, Pdf/A, HQ Pdf og TXT.

Notaður er samskiptastaðallinn OAI/PMH (Open Archives Initiative / Protocol for Metadata Harvesting) í því skyni að unnt verði að bjóða upp á samleit í öllu stafrænu efni safnsins óháð skráningarformi og að safnið geti skipst á gögnum við samstarfsaðila svo sem Landskerfi bókasafna, Evrópubókasafnið TEL og Europeana. Einnig eru einstök skjöl merkt með XML kóða. Til að leita í efninu er allur prentaður texti ljóslesinn (Optical Character Recognition – OCR) og þannig gerður tölvutækur.

Stuðlað verður að því að taka í notkun Creative Commons þar sem það á við.

Við varðveislu efnisins eru unnin tvö eintök. Annað eintakið verður vistað hjá viðurkenndum hýsingaraðila.

1. útgáfa samþykkt á framkvæmdaráðsfundi 26. júní 2006
2. útgáfa lögð fyrir stjórnarfund 11. júní 2008
3. útgáfa – drög, janúar 2011.

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN Fylgiskjal 1
Janúar 2011

Til þess að ná þessu markmiðum hefur safnið skipt verkefninu í nokkrar skilgreindar einingar. Hraði verkefnisins fer eftir fjárveitingum á hverjum tíma en einnig eftirspurn, varðveislusjónarmiðum, hversu fágætt efnið er og notagildi.

Efni sem nú er til í stafrænu formi og aðgengilegt á vefnum:

- **Íslandskort;** Landakort útgefin fyrir 1900, sjá www.islandskort.is
- **Íslensk dagblöð og tímarit;** Íslensk dagblöð og tímarit frá upphafi til 1920, ásamt ýmsum dagblöðum og tímaritum úgefnum, á 20. öld, sjá www.timarit.is
- **Íslensk handrit;** Handrit frá Lbs-Hbs og Árnastofnunum í Reykjavík og Kaupmannahöfn, ásamt efni frá Sagnaneti, sjá www.handrit.is
- **Íslenskar bækur;** Bækur útgefnar á Íslandi frá upphafi og bækur sem tengjast Íslandi og Íslendingum, sjá www.baekur.is
- **Íslenski vefurinn;** Vefsíður og önnur gögn sem birt eru eða gerð aðgengileg á þjóðarléninu .is frá 2004, sjá www.vefsafn.is

Verkefni sem unnið er að og fyrirhuguð verkefni:

- **Íslandskort;** Herforingjaráðskort og Atlaskort til 1920.
- **Íslensk dagblöð og tímarit;** Stafræn endurgerð tímarita frá 20. öld í samstarfi við útgefendur og rétthafa. Greiniskráning ritrýndra tímarita og aðgangur að einstökum greinum.
- **Íslensk handrit;** Handritasafn Hins íslenska bókmenntafélags, Reykjavíkurdeildar (ÍBR) (290 handrit um 80.000 bls.) verður yfirfært á stafrænt form. Handritasafn Jóns Sigurðssonar (JS) (1000 handrit) og handritasafn Landsbókasafns (Lbs) (490 handrit).
- **Íslenskar bækur;** Stafræn endurgerð allra bóka útgefinna fyrir 1844. (150.000 bls.)
- **Íslenski vefurinn;** Reglur og viðmið um vefsöfnun verði endurskoðaðar og unnið að bættu aðgengi.
- **Móttaka á útgefnu efni á pdf-formi;** Þróun Rafhlöðunnar og Skemmunnar, sem eru stafræn geymslusöfn og móttaka efnis á pdf formi.
- **Íslensk tónlist;** samstarfsverkefni með RÚV. Efni á hljómplötum og snældum.
- **Viðtöl;** Viðtöl og frásagnir sem safnað hefur verið á vegum Miðstöðvar munnlegrar sögu hafa verið sett í stafrænt form en er ekki aðgengilegt almenningi nema sem sýnishorn.

Framtíðarverkefni til lengri tíma

- Íslenskar bækur útgefnar 1845-1900 (um 1.000 bækur, 250.000 bls.) verða yfirfærðar á stafrænt form.
- Íslenskar bækur útgefnar 1900 – 1949 (13.000 bækur, um 2.500.000 bls.).
- Önnur handritasöfn Landsbókasafns (13.500 handrit, um 3.600.000 bls.).
- Landsmálablöð og tímarit 1920-2000.
- Bækur útgefnar 1950-2000 (58.000 bækur, um 11.6 millj. bls.).
- Kort útgefin 1920-2000.
- Myndefni og veggspjöld.
- Tónlistar- og hljóðefni.

1. útgáfa samþykkt á framkvæmdaráðsfundi 26. júní 2006
2. útgáfa lögð fyrir stjórnarfund 11. júní 2008
3. útgáfa – drög, janúar 2011.

Framkvæmd vefsafnanna

Heildarsafnanir

Stefnt er að því að framkvæma árlega þrjár heildarsafnanir af öllum íslenska vefnum. Þá er tekið afrit af þjóðarléninu .is, en forrit eru undanskilin. Þessu má líkja við að tekin sé mynd af íslenska vefnum eins og hann er hverju sinni.

Samfelldar safnanir

Til að ná betur til þess efnis sem breytist mjög ört er jafnhliða heildarsöfnunum stöðugt safnað sérstökum völdum vefsíðum. Helstu viðmið varðandi val á þessum vefjum eru að þeir geymi efni sem telst áhugavert í þjóðfélagslegri umræðu hér á landi, s.s. fréttaefni, stjórnmálaskrif, fregnir af menningaratburðum, tíðindi af landsbyggðinni o.fl. Einnig að viðkomandi vefur sé opinn öllum, breytist ört og að hætta sé á að forvitnilegt efni hverfi fljótlega af honum.

Viðburðasafnanir

Þegar sérstakir merkisviðburðir eiga sér stað í þjóðfélaginu, t.d. kosningar á landsvísu, er framkvæmd samfelld söfnun á lénum sem varða slíka viðburði, en söfnunin verður tímabundin. Fyrsta söfnun af þessu tagi tók til sveitarstjórnarkosninganna 2006 og einnig var safnað þegar kosið var til Alþingis 2007.

Íslenskt efni á öðrum lénum

Til viðbótar íslenska vefnum verður safnað efni sem varðar Ísland eða Íslendinga og er til á öðrum lénum en .is. Sífellt er unnið að því að finna þessar síður. Þær sem taldar eru skipta máli eru afritaðar og settar í vefsafnið.

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS - HÁSKÓLABÓKASAFN **Fylgiskjal 3**
24.2.2011

Íslenskt efni í stafrænni endurgerð og er skannað í safninu:

Aðgengi í gegnum vef	Fjöldi titla / verka	Fjöldi bls. / skjala	Magn	Opnunarár
timarit.is	531	3.542.000		2002
handrit.is	1184	295.000		2009
islandskort.is	300	300		2001
baekur.is	86	73.236		2010
			10 terabyte	

Íslenskt efni sem verður til stafrænt og er innheimt með skylduskilum:

skemman.is	7000	X		2002
rafhlaðan.is	394	X		Lokað
vefsafn.is		1.000.000.000		2009
			25 terabyte	

1024. Beiðni um skýrslu [604. mál]

frá efnahags- og viðskiptaráðherra um stöðu gjaldeyrismarkaðar og greiðslumiðlunar við útlönd frá 1. október 2008 til 31. janúar 2009.

Frá Pétri H. Blöndal, Helga Hjörvar, Álfheiði Ingadóttur,
Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Lilju Rafneyju Magnúsdóttur,
Tryggva Þór Herbertssyni, Magnúsi Orra Schram,
Þór Saari og Birki Jóni Jónssyni.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að efnahags- og viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu gjaldeyrismarkaðar og greiðslumiðlunar við útlönd frá 1. október 2008 til 31. janúar 2009. Meðal þess sem óskað er eftir að fram komi í skýrslunni er eftirfarandi:

1. Hvernig aðstæður voru í gjaldeyrismálum og greiðslumiðlun við útlönd frá 1. október 2008 til 31. janúar 2009 og enn fremur:
   a. hvaða vandamál komu upp og
   b. hvernig þau voru leyst.
2. Hvaða áhrif hafði staða gjaldeyrismála og greiðslumiðlunar á:
   a. Seðlabankann,
   b. banka- og fjármálakerfið,
   c. innflytjendur,
   d. útflytjendur,
   e. ferðamenn,
   f. námsmenn og Íslendinga búsetta erlendis,
   g. aðra,
   h. stjórnmál og samskipti við erlend ríki.
3. Hvaða viðbragðsáætlanir þurfi að vera tiltækar svo að slík staða komi ekki upp aftur.

Greinargerð.

Skýrslubeiðni þessi var flutt á síðasta löggjafarþingi en er nú endurflutt.

Mjög slæm staða á gjaldeyrismarkaði og í greiðslumiðlun við útlönd í kjölfar hrunsins og setningar hryðjuverkalaga í Bretlandi hafði víðtæk áhrif á allt þjóðlífið og olli mörgum þungum búsifjum. Eðlileg bankaviðskipti gengu hægt og einstaklingar og fyrirtæki gátu ekki millifært fjármuni sína til og frá landinu. Viðskiptasambönd sködduðust þar sem innlendir aðilar gátu ekki staðið við skuldbindingar sínar og álit ríkisins beið mikinn hnekki. Þessi staða veikti stöðu íslenskra stjórnvalda í viðkvæmum deilumálum við erlend ríki, t.d. um tryggingar innstæðna í erlendum útibúum innlendra banka. Það er mikilvægt að þessi staða verði könnuð með trúverðugum hætti.

Til að tryggja trúverðugleika skýrslunnar, jafnt innan lands sem utan, telja skýrslubeiðendur æskilegt að ráðherra leiti eftir samstarfi við norræna seðlabanka um að þeir tilnefni t.d. þrjá sérfræðinga á sviði alþjóðlegrar greiðslumiðlunar í nefnd til þess að vinna skýrsluna. Gera mætti ráð fyrir að nefndin aflaði aðallega upplýsinga hjá starfsmönnum Seðlabanka Íslands og eftir atvikum hjá erlendum aðilum en einnig hjá ráðuneytum, ýmsum samtökum atvinnulífsins, námsmanna, lífeyrissjóða o.fl.

Skýrslan kann að hafa mikið gildi fyrir aðrar þjóðir um það sem gerist í kjölfar hruns fjármálakerfis þjóðar en hún getur einnig verið trúverðugt gagn í hugsanlegum málaferlum opinberra aðila og einkaaðila vegna atvika sem urðu eftir hrun.

1025. Skýrsla [605. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2010.

1. Inngangur.

Fólksflutningar og málefni innflytjenda, flóttamanna og þjóðernisminnihluta ásamt auknum viðgangi öfgastefnu í Evrópu, jafnréttismál og málefni kvenna, og heimskreppan og áhrif hennar settu mestan svip á starfsemi Evrópuráðsþingsins á árinu 2010.

Af þessum málaflokkum voru málefni innflytjenda, flóttamanna og þjóðernisminnihluta hvað fyrirferðarmest og lýsti þingið þungum áhyggjum af þróun mála í álfunni hvað þessa hópa varðar. Má þar sérstaklega nefna stöðu sígauna, en í utandagskrárumræðum í október

gagnrýndi Evrópuráðsþingið harðlega brottvísanir franskra yfirvalda á sígaunum. Heimskreppan hefur komið þungt niður á innflytjendum og minnihlutahópum, sem oftar en ekki eru fyrstir til að missa atvinnu og verða að auki fyrir auknum fordómum þegar efnahagsástand versnar. Á sama tíma leiðir kreppan til aukinna flutninga fólks frá fátækari ríkjum álfunnar til hinna ríkari í leit að tryggari efnahagslegri framtíð. Í þessu sambandi lýsti þingið sérstökum áhyggjum sínum af aukinni velgengni stjórnmálaflokka sem byggja stefnu sína á lítt duldum kynþáttafordómum og áréttaði að það væri skylda stjórnmálamanna að leyfa ekki fordómum að lita stjórnmálaumræðu og gera ekki innflytjendur og aðra minnihlutahópa að blórabögglum. Á sama tíma taldi þingið að einnig þyrfti að leita leiða til að bæta efnahagsástand í fátækari ríkjum álfunnar.

Jafnréttismál og málefni kvenna voru einnig áberandi í starfi Evrópuráðsþingsins á árinu. Lýsti þingið m.a. stuðningi við nýlegar tillögur franskra félagasamtaka þess efnis að réttindi kvenna í Evrópusambandinu öllu miðist við framsæknustu löggjöf á sviði jafnréttis kynjanna sem í gildi er hverju sinni innan ríkja sambandsins, og hvatti aðildarríki Evrópuráðsins til að koma á umbótum til að tryggja frekar jafnrétti kynjanna. Einnig áréttaði þingið mikilvægi þess að sporna við svokölluðum „heiðursdrápum“.

Hvað varðar réttindi annarra minnihlutahópa áréttaði Evrópuráðsþingið mikilvægi þess að tryggja möguleika fatlaðra til fullrar atvinnuþátttöku sem og fatlaðra barna til að njóta sömu menntunar og ófötluð börn. Í október ýtti þingið svo úr vör nýrri herferð gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

Þá ályktaði Evrópuráðsþingið um ýmsa umdeilda atburði sem áttu sér stað í alþjóðasamfélaginu á árinu. Má þar nefna árás Ísraelshers á skipalest sem flytja átti hjálpargögn til Gasastrandarinnar, en þingið komst m.a. að þeirri niðurstöðu að aðgerðir Ísraels hefðu falið í sér brot á alþjóðalögum. Einnig má nefna harðvítug átök milli íbúa af úsbekskum og kirgiskum uppruna í Fergana-dalnum og deilur um úrslit forsetakosninganna í Íran. Í lok árs vakti svo ný skýrsla svissneska þingmannsins Dicks Marty um meinta ómannúðlega meðferð á fólki og smygl á líffærum í Kósóvó mikla athygli, en í skýrslunni er núverandi forsætisráðherra Kósóvó m.a. sakaður um náin tengsl við skipulögð glæpasamtök.

Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Thorbjørn Jagland, kynnti hugmyndir sínar að umbótum á uppbyggingu og starfsemi stofnunarinnar á árinu, en meginmarkmið þeirra er að styrkja pólitísk áhrif stofnunarinnar og auka skilvirkni hennar og sýnileika. Í því sambandi skipaði Evrópuráðsþingið nefnd undir forsæti Jean-Claude Mignon, formanns landsdeildar Frakklands, til að fylgjast með umbótaferlinu og halda sjónarmiðum þingsins á lofti. Leggur þingið áherslu á að hlutverk sitt verði styrkt, m.a. með vísan til hins aukna vægis sem Evrópuþingið hefur hlotnast eftir gildistöku Lissabon-sáttmálans.

Á vettvangi Mannréttindadómstóls Evrópu gekk 14. samningsviðauki við mannréttindasáttmála Evrópu í gildi í júní eftir að Rússland varð 47. og síðasta ríkið til að fullgilda hann. Er búist við að gildistaka viðaukans muni létta á vinnuálagi dómstólsins, en um 30% kæra sem berast dómstólnum varða meint brot rússneska ríkisins á ákvæðum sáttmálans.

Loks má nefna að Íslandsdeild átti tvíhliða fundi með landsdeildum Norðurlandanna og Þýskalands til að skýra þá stöðu sem þá var uppi í Icesave-deilunni í kjölfar synjunar forseta Íslands á að staðfesta lög um ríkisábyrgð á láni til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

2. Almennt um Evrópuráðið og Evrópuráðsþingið.

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um grundvallarhugsjónir aðildarríkjanna um mannréttindi, lýðræði og réttarríkið, auk þess að stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum. Til þess beitir ráðið sér fyrir gerð og samþykkt bindandi fjölþjóðasáttmála.

Ályktanir og fjölþjóðasáttmálar Evrópuráðsins hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar ráðsins á ýmsum sviðum þjóðlífsins eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á lýðræði og réttarríki, en mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og alþjóðleg samtök. Þar ber hæst mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og félagsmálasáttmála Evrópu.

Frá lokum kalda stríðsins hefur Evrópuráðið m.a. gegnt því veigamikla hlutverki að styðja við lýðræðisþróun í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, m.a. með tæknilegri aðstoð á sviði laga og stjórnsýsluuppbyggingar auk kosningaeftirlits. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört síðan Berlínarmúrinn féll og eru þau nú 47 talsins. Svartfjallaland er nýjasta aðildarríkið en það sleit ríkjasambandi við Serbíu eftir þjóðaratkvæðagreiðslu í maí 2006 og varð aðili að Evrópuráðinu í maí 2007. Þar með mynda ríki Evrópuráðsins eina órofa pólitíska heild í álfunni, að Hvíta-Rússlandi undanskildu.

Evrópuráðsþingið er vettvangur fulltrúa þjóðþinga 47 aðildarríkja Evrópuráðsins. Á þinginu sitja 318 fulltrúar og jafnmargir til vara. Ólíkt ráðherranefndinni þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í tíu fastanefndum og 24 undirnefndum þeirra en einnig starfa í þinginu fimm flokkahópar. Þá sitja forseti, 20 varaforsetar, formenn fastanefnda og flokkahópa í framkvæmdastjórn þingsins, sem hefur umsjón með innri málefnum þess. Sami hópur skipar stjórnarnefnd þingsins ásamt formönnum landsdeilda. Þingið kemur saman ársfjórðungslega, eina viku í senn, að jafnaði í lok janúar, apríl, júní og september. Stjórnarnefnd kemur saman til fundar á sama tíma og þing eru haldin og á milli þingfunda. Loks kemur sameiginleg nefnd þingsins með ráðherranefnd Evrópuráðsins saman í hvert sinn sem Evrópuráðsþingið kemur saman.

Evrópuráðsþingið er nokkurs konar hugmyndabanki Evrópuráðsins um stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfis- og orkumál og menningar- og menntamál.

Mikilvægi þingsins felst einkum í því að:

- eiga frumkvæði að aðgerðum og beina tillögum til ráðherranefndarinnar,
- hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir í þeim tilvikum sem misbrestur er þar á, og
- vera vettvangur fyrir skoðanaskipti og samráð þingmanna aðildarríkjanna og styrkja þannig lýðræðismenningu og efla tengsl þjóðþinga.

Á þingfundum Evrópuráðsþingsins eru skýrslur nefnda ræddar og ályktað á grundvelli þeirra. Ályktunum, tilmælum eða álitum er því næst vísað til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þau og bregst við eftir atvikum með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á þannig oft frumkvæði að samningu fjölþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin. Sem dæmi má nefna að Evrópusáttmálinn um aðgerðir gegn mansali, sem tók gildi árið 2008, á rætur sínar að rekja til ályktana Evrópuráðsþingsins frá árunum 1997 og 2002. Þar eru stjórnvöld hvött til þess að grípa til samstilltra aðgerða til að stemma stigu við þeirri skipulögðu glæpastarfsemi sem mansal er. Í upphafi árs 2009 tók til starfa sérfræðinganefnd á grundvelli samningsins sem mun hafa eftirlit með því að aðildarríki uppfylli skuldbindingar sínar. Eins og stendur er sérstakur vinnuhópur að störfum sem stofnaður var til að vinna að gerð samnings um aðgerðir til að stemma stigu við heimilisofbeldi. Gerð samningsins er í samræmi við ályktun Evrópuráðsþingsins.

Evrópuráðsþingið er fjölþjóðastofnun þar sem þingmenn frá öllum ríkjum Evrópu, að Hvíta-Rússlandi undanskildu, starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Jafnframt hafa störf Evrópuráðsþingsins bein áhrif á störf þjóðþinganna þar sem fulltrúar á Evrópuráðsþinginu eru þingmenn í heimalöndum sínum, ólíkt því sem á t.d. við um Evrópuþingið. Þingfundir Evrópuráðsþingsins þar sem þingmenn bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum eru því afar mikilvægt framlag til löggjafarstarfs heima fyrir og hafa þeir hraðað mjög og stutt

við þá öru lýðræðisþróun sem orðið hefur eftir lok kalda stríðsins. Þá hefur reynslan sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta að ná þeim fram geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi og ekki síður möguleika Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni.

3. Skipan Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins.

Í upphafi árs 2010 voru aðalmenn Íslandsdeildar Lilja Mósesdóttir formaður, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs, Steinunn Valdís Óskarsdóttir varaformaður, þingflokki Samfylkingar, og Birkir Jón Jónsson, þingflokki Framsóknarflokksins. Varamenn voru Þuríður Backman, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs, Magnús Orri Schram, þingflokki Samfylkingar, og Eygló Harðardóttir, þingflokki Framsóknarflokksins. Hinn 27. október 2010 tók Mörður Árnason, þingflokki Samfylkingar, sæti Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur í nefndinni. Magnea Marinósdóttir var ritari Íslandsdeildar til ágústloka og Kjartan Fjeldsted frá byrjun september.

Skipan Íslandsdeildarinnar í nefndir Evrópuráðsþingsins í lok árs 2010 var sem hér segir:

- Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd: Lilja Mósesdóttir.
- Stjórnarnefnd: Lilja Mósesdóttir.
- Stjórnmálanefnd: Lilja Mósesdóttir.
- Laga- og mannréttindanefnd: Mörður Árnason.
- Jafnréttisnefnd: Mörður Árnason.
- Efnahags- og þróunarmálanefnd: Lilja Mósesdóttir.
- Umhverfis- og landbúnaðarnefnd: Birkir Jón Jónsson.
- Menningar-, mennta- og vísindanefnd: Birkir Jón Jónsson.
- Félags- og heilbrigðismálanefnd: Birkir Jón Jónsson.
- Nefnd um fólksflutninga og málefni flóttamanna: Mörður Árnason.

4. Starfsemi Íslandsdeildar 2010.

Íslandsdeild hélt fjóra fundi á árinu þar sem þátttaka í þingfundum Evrópuráðsþingsins var undirbúin. Hvað viðvíkur trúnaðarstörfum fyrir þingið gegndi Lilja Mósesdóttir, formaður Íslandsdeildar, embætti varaforseta líkt og á árinu 2009. Einnig hafði hún tvívegis orð fyrir flokkahópi sameinaðra evrópskra vinstrimanna á þingfundum, í umræðu um starfsemi Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) og um stöðu sígauna í Evrópu.

Þá átti Íslandsdeildin tvíhliða fundi með landsdeildum Norðurlandanna og Þýskalands á fundi þingsins í janúar til að skýra þeim frá stöðu mála í Icesave-deilunni við Bretland og Holland. Það sjónarmið kom víða fram að Ísland yrði að uppfylla skuldbindingar sínar en jafnframt var látinn í ljós ríkur vilji til að aðstoða eftir því sem mögulegt væri.

5. Fundir Evrópuráðsþingsins 2010.

Þingfundir Evrópuráðsþingsins fara fram í Evrópuhöllinni í Strassborg og eru þeir haldnir fjórum sinnum á ári, að jafnaði í janúar, apríl, júní og september. Auk þess kemur framkvæmdastjórn og stjórnarnefnd Evrópuráðsþingsins saman til funda á milli þinga og afgreiðir mál sem æðsta vald þingsins. Íslandsdeildin sótti þrjá þingfundi á árinu 2010 – í janúar, júní og október – en þátttaka í aprílfundinum féll niður vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

Fyrsti fundur Evrópuráðsþingsins 25.–29. janúar.

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sóttu fundinn Lilja Mósesdóttir formaður, Steinunn Valdís Óskarsdóttir varaformaður og Birkir Jón Jónsson, auk Magneu Marinósdóttur ritara. Til hliðar við þingfundinn voru haldnir tvíhliða fundir með landsdeildum Norður-

landanna og Þýskalands til að gera frekari grein fyrir stöðu mála á Íslandi eftir að forseti Íslands synjaði staðfestingar lögum um ríkisábyrgð lána frá Bretlandi og Hollandi til að borga innstæðueigendum Landsbankans í löndunum tveimur.

Helstu mál á dagskrá þingsins voru kosning forseta þingsins, Evrópuráðssamningur um aðgerðir gegn mansali, spilling innan löggæslu, staða fjölmiðlafrelsis, gæsluvarðhald þeirra sem leita hælis eða búsetu innan Evrópu, stjórnarkreppa í Albaníu og aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum en við þær umræður var Steinunn Valdís Óskarsdóttir með erindi. Auk þess fór fram umræða um málefni Miðausturlanda og um Haítí vegna hörmunganna í kjölfar jarðskjálftans sem reið yfir 12. janúar 2010.

Mevlüt Çavusoglu frá Tyrklandi var kosinn forseti á fyrsta fundardegi og tók hann við embætti af Lluís Maria de Puig frá Spáni. Çavusoglu er þingmaður flokkahóps hægrimanna á Evrópuráðsþinginu en flokkahóparnir, sem eru alls fimm talsins, skiptast samkvæmt samkomulagi sín á milli á um að tilnefna frambjóðendur til forseta þingsins. Çavusoglu var einn í framboði og er fyrsti tyrkneski þingmaðurinn sem gegnir embætti forseta síðan Tyrkland gerðist aðili að Evrópuráðinu árið 1949. Einnig fór fram kosning varaforseta, m.a. Lilju Mósesdóttur, sem stýrði fundi á lokadegi þingsins.

Thorbjørn Jagland, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, kynnti í ávarpi sínu til þingsins þær umbætur sem hann vill beita sér fyrir með stuðningi ráðherranefndarinnar og þingsins. Hann vitnaði í grein í The Economist þar sem vísað var í Evrópuráðið sem „another talking shop and human rights guardian based in Strasbourg“. Hann sagði að seinni hlutinn ætti a.m.k. við rök að styðjast og vitnaði síðan í Winston Churchill, forsætisráðherra Bretlands, sem sagði: „Jaw, jaw is better than war, war.“ Síðan spurði hann hvar Evrópa stæði án mannréttindadómstólsins, Evrópunefndar um varnir gegn pyntingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT-nefndin) og Feneyjanefndarinnar svo dæmi séu tekin. Með Evrópuráðinu hafi mannréttindi verið stofnanagerð. Og í krafti allrar þeirrar umræðu sem færi fram um gildin sem aðildarríki Evrópuráðsins hafa komið sér saman um að stuðla að og standa vörð um, þá hafi stjórnskipun og stofnanir Evrópu tekið breytingum. Þegar Jagland ræddi þær breytingar sem hann vildi beita sér fyrir benti hann á að Evrópuráðið sameinaði öll ríki Evrópu undir einum hatti og að skilgreint hlutverk ráðsins væri að standa vörð um sameiginleg gildi í álfunni óháð hagsmunum auk þess sem ráðið hefði bæði umboð og tæki til að hafa eftirlit með framfylgd skuldbindinga. Innan ráðsins væri að finna gífurlega mikla þekkingu og reynslu og að lokum væri Evrópuráðið eina fjölþjóðlega stofnunin sem hefði þing sem gegndi formlegu hlutverki í starfseminni. Hins vegar væri nauðsynlegt að gera stofnunina sýnilegri og skilvirkari að mati framkvæmdastjórans og til þess að svo gæti orðið þyrfti að bæta stjórnsýslu og upplýsingamiðlun stofnunarinnar, skerpa á hlutverki stjórnmáladeildarinnar, m.a. með því að efla greiningarvinnu til að geta betur séð fyrir áskoranir og grípa til viðeigandi aðgerða, forgangsraða og einblína á verkefni sem skila árangri og koma á innra gæðaeftirliti þar sem lagt yrði mat á árangur af starfi stofnunarinnar og að lokum að gera mannréttindadómstólinn skilvirkari í störfum sínum.

Evrópuráðssamningur um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005 gekk í gildi 1. febrúar 2008. Markmið samningsins er að koma í veg fyrir mansal í öllum sínum myndum og bæta réttarstöðu og vitnavernd fórnarlamba, og auðvelda þar með saksókn gegn þeim sem standa að baki mansali. Það sem einkennir samning Evrópuráðsins í samanburði við aðra alþjóðasamninga er að hann gengur skrefi lengra í ákvæðum um vernd fórnarlamba og leggur jákvæðar skyldur á herðar stjórnvalda. Sem dæmi er gerð sú krafa til stjórnvalda að draga úr eftirspurn eftir fórnarlömbum mansals. Til að uppræta mansal þurfa aðildarríki Evrópuráðsins hins vegar að fullgilda samninginn og þar með samræma löggjöf sína og eiga samvinnu um aðgerðir vegna alþjóðlegs eðlis mansals. Alls hafa 26 af 47 aðildarríkjum Evrópuráðsins

fullgilt samninginn. Á fundinum voru þau ríki sem enn hafa ekki fullgilt samninginn, áheyrnarríki Evrópuráðsins og Evrópusambandið, hvött til að fullgilda hann hið fyrsta. Einnig var kallað eftir því að sérfræðinganefndin sem hefur eftirlit með framkvæmd samningsins (GRETA) fengi bæði nægilegan fjölda starfsmanna og fjármagn til starfsemi sinnar. Að lokum var lagt til að haldin yrði ráðstefna árið 2010 um aðgerðir gegn mansali. Í tengslum við umræðuna var fundur með föður fórnarlambs mansals frá Rússlandi, Níkolaj Míkhajlovitsj Rantsev, en mál hans gegn stjórnvöldum í Kýpur og Rússlandi var tekið fyrir hjá Mannréttindadómstól Evrópu, sem komst að þeirri niðurstöðu hinn 7. janúar 2010 að viðkomandi ríki hefðu brugðist skyldum sínum gagnvart fórnarlambinu sem nú er látið.

Spilling meðal dómara, saksóknara og lögreglu grefur undan réttarkerfinu og í umræðu um málið á þinginu voru ríki hvött til þess m.a. að láta hæfniskröfur ráða vali við mannaráðningar og að setja sér siðareglur.

Fjölmiðlafrelsi á víða undir högg að sækja og öryggi fréttamanna að sama skapi. Evrópuráðsþingið samþykkti tilmæli til ráðherraráðsins þar sem m.a. er farið fram á að meiðyrðalöggjöf sé ekki notuð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir gagnrýna fjölmiðlaumræðu og hvatt var til þess að upplýsingum um meint brot á fjölmiðlafrelsi yrði kerfisbundið safnað saman í því skyni að kortleggja vandann og koma með tillögur að aðgerðum til úrbóta.

Fjöldi þeirra sem leita hælis eða búsetu í Evrópu hefur farið vaxandi undanfarin ár. Samhliða auknum fjölda hælisleitenda og innflytjenda hefur gæsluvarðhaldsvist færst í aukana á meðan verið er að ákvarða í málum viðkomandi einstaklinga. Í ljósi þessa kynnti Evrópuráðsþingið leiðbeinandi reglur um gæsluvarðhaldsvist og viðmið um lágmarksaðbúnað gæsluvarðhaldsvistarvera og beindi auk þess þeim tilmælum til ráðherraráðsins að taka slíkar reglur upp. Einnig var hvatt til þess að aðildarríkin notuðu aðrar aðferðir en gæsluvarðhaldsvist, eins og dvöl í sérstökum húsakynnum, lausn á grundvelli trygginga af einhverju tagi eða rafrænt eftirlit með þeim einstaklingum sem biðu ákvörðunar yfirvalda.

Stjórnarkreppa hefur ríkt í Albaníu síðan þingskosningarnar fóru fram í júní 2009. Stjórnarandstaðan, sem neitar að viðurkenna úrslit kosninganna þvert á niðurstöðu alþjóðlegra kosningaeftirlitsmanna, hefur sniðgengið þingið síðan kosningarnar fóru fram. Evrópuráðsþingið beindi þeim tilmælum til stjórnar að stofna sérstaka rannsóknarnefnd til að skoða framkvæmd og úrslit kosninganna og þeim tilmælum til stjórnarandstöðunnar að taka þátt í þingstörfum á meðan kosningarnar væru í skoðun. Jafnframt að forsætisnefnd Evrópuráðsþingsins sæki Albaníu heim og aðstoði forseta landsins við að miðla málum í deilum stjórnar og stjórnarandstöðu.

Í umræðum um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum í krafti fyrirkomulags kosningalöggjafar kom fram að eingöngu 20% þingmanna og 5% forsætisráðherra væru kvenkyns. Það væri ógn við lýðræði. Í ræðu Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur var vikið að stöðunni hérlendis eftir síðustu Alþingiskosningar þar sem hlutur kvenna á þingi fór úr 31% í 43% og þar sem kona varð í fyrsta sinn forsætisráðherra. Hún benti á að staðan hér heima væri þó engin tilviljun þar sem báðir stjórnarflokkarnir hefðu fyrir kosningar beitt sér fyrir því að hafa jafnan fjölda kvenna og karla á framboðslistum sínum og einnig notað fléttulista til að tryggja að jafnmörg þingsæti féllu í skaut karlkyns og kvenkyns þingmanna. Í ljósi tilmæla Evrópuráðsþingsins um að beita m.a. aðferðum í anda jákvæðrar mismununar, eins og kynjakvóta, til að auka hlut kvenna í stjórnmálum benti hún á að í reynd hafi kynjakvóti verið í gildi í aldaraðir þar sem kynferði karla frekar en einstaklingsbundnir hæfileikar og geta hafi ráðið miklu um dreifingu valda í samfélaginu bæði í stjórnmálum og efnahagsmálum. Það væri því ekkert að því að beita sömu aðferðum en með formlegum hætti við að vinna upp hið sögulega forskot sem karlar hafa á konur.

Utandagskrárumræða fór fram um ástandið á Haíti eftir jarðskjálfann 12. janúar 2010. Var því fagnað hversu vel alþjóðasamfélagið hefði brugðist við en jafnframt gagnrýnt að dreifing hjálparganga hefði ekki verið nógu vel skipulögð.

Í umræðu um málefni Miðausturlanda var frumkvæði Baracks Obama, Bandaríkjaforseta, fagnað auk heimsókna Hillary Clinton, bandaríska utanríkisráðherrans, yfirlýsingu utanríkisráðherra ESB frá 8. desember 2009, friðarfrumkvæði arabalanda og aðkomu Rússa að lausn deilunnar milli stjórna Palestínu og Ísraels. Voru fulltrúar beggja þjóða hvattir til að setjast að samningaborðinu að nýju til að ræða „tveggja ríkja – tveggja þjóða“ lausnina. Daniel Ayalon, aðstoðarutanríkisráðherra Ísraels, og Mohammad Shtayyeh, ráðherra opinberra framkvæmda og húsnæðismála í heimastjórn Palestínu, fluttu ávörp.

Fundur stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í París 12. mars.

Formaður Íslandsdeildar, Lilja Mósesdóttir, sótti fundi framkvæmdastjórnar og stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins dagana 11.–12. mars ásamt Magneu Marinósdóttur.

Fundur stjórnarnefndar var settur af nýkjörnum forseta þingsins, Mevlüt Cavusoglu. Á dagskrá var afgreiðsla mála til nefnda þingsins og lokaafgreiðsla ályktana og álita. Fyrsta mál á dagskrá var afgreiðsla ályktunar um sameiginlega túlkun Evrópuráðsþingsins og Evrópuráðsins á reglum sem gilda um fyrirkomulag og framkvæmd kosninga til embættis framkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Forsaga málsins er ágreiningur sem varð milli þingsins og ráðherranefndarinnar um kosningu framkvæmdastjóra árið 2009. Í máli skýrsluhöfundar kom fram að erfitt væri að breyta reglunum sjálfum þar sem það kallaði á breytingar á stofnsáttmála Evrópuráðsins og samþykki allra 47 aðildarríkja ráðsins. Sú leið að ná samkomulagi um sameiginlega túlkun á gildandi reglum var því farin í staðinn. Meðal þess sem náðist samstaða um var áhersla á hæfni frambjóðenda óháð stjórnmálalegum bakgrunni, að gæta jafnréttissjónarmiða í meira mæli en verið hefur og að ráðherranefndin mundi ekki kynna endanlega frambjóðendalista fyrr en að höfðu samráði við þingið. Í umræðu um málið var lögð áhersla á möguleika þingmanna til að hafa áhrif á útnefningu frambjóðenda einstakra ríkisstjórna. Fundarmenn voru síðan almennt sammála um að samkomulagið milli þingsins og ráðherranefndarinnar um túlkun á reglunum væri framför en á sama tíma kom fram sú skoðun að Evrópuráðsþingið ætti að vinna að því að fá aukin völd í stað þess að vera einungis ráðgefandi þing. Breytingin sem hefur átt sér stað undanfarin ár innan ESB á valdahlutföllunum á milli Evrópusambandsins og Evrópuþingsins var tekin sem dæmi og rætt um að þingið ætti að geta átt fundi með ráðherrum en ekki eingöngu sendiherrum eða fastafulltrúum Evrópuráðsins.

Næst voru kynnt drög að sáttmála Evrópuráðsins um aðgerðir gegn fölsuðum lyfjum og sambærilegum glæpum sem fela í sér ógn við almannaheilsu. Fölsuð lyf geta ýmist verið án virkni (gervilyf eða lyfleysa) eða beinlínis innihaldið efni sem eru hættuleg neytendum. Algengast er að fólk kaupi lyf til að léttast, flensulyf og lyf gegn getuleysi sem reynast vera fölsuð. Samkvæmt könnun hefur um 21% Evrópubúa keypt lyf á svörtum markaði en algengast er að fölsuð lyf séu keypt í gegnum netið, á ferðalögum erlendis, á næturklúbbum eða með milligöngu vina. Kom fram í umræðunni að m.a. hryðjuverkasamtök fjármagni starfsemi sína með sölu á fölsuðum lyfum. Skýrsluhöfundur tók fram að hann hefði átt nána samvinnu við þingmenn frá Rússlandi en þar í landi er framboð á fölsuðum lyfjum verulegt vandamál. Skýrsluhöfundur átti einnig samvinnu við Evrópusambandið og franska þingmenn á meðan Frakkland var með formennsku í ESB. Sáttmálinn er fyrsti sinnar tegundar en hingað til hefur gengið hægt að vinna slíkum sáttmála fylgi, ekki síst vegna andstöðu frá lyfjaiðnaðinum. Lagt er til að öll ríki eigi að geta skrifað undir og fullgilt sáttmálann, ekki eingöngu aðildarríki Evrópuráðsins. Að sama skapi er lögð áhersla á að aðrar alþjóðastofnanir geri ekki sinn

eigin sáttmála heldur óski eftir því við aðildarríki sín til að gerast aðilar að sáttmála Evrópuráðsins.

Mikil umræða varð um álit efnahagsnefndar þingsins um viðauka við samning Evrópuráðsins og Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum. Einkum varð umræða um það að nafngreina ríki sem veita skattaskjól og heimild til að kalla eftir upplýsingum þremur árum aftur í tímann við rannsókn skattsvikamála. Ríkin sem voru nafngreind í ályktuninni eiga það sameiginlegt að veita skattaskjól á grundvelli tvíhliða samninga sem eru settir ofar alþjóðlegum viðmiðunum og samningum. Ríkin eru Austurríki, Liechtenstein, Lúxemborg og Sviss. Þingmenn þeirra andmæltu því að þau væru nafngreind sérstaklega og héldu því fram að sú krafa að kalla mætti eftir upplýsingum aftur í tímann gengi gegn lögum um persónuvernd og trúverðugleika þeirra tvíhliða samninga, laga og reglna sem viðskiptavinir búa við. Það mundi leiða til vantrausts á viðkomandi ríki og grafa undan samkeppnisstöðu Evrópu almennt samanborið við Asíu. Skýrsluhöfundur lagði áherslu á mikilvægi þess að halda uppi meginreglum réttarríkisins sem m.a. fælu í sér að geta kallað eftir upplýsingum aftur í tímann en eingöngu í þeim tilvikum sem staðfestur grunur um glæpsamlegt athæfi á sviði skattamála lægi fyrir. Þeir sem hreyfðu andmælum urðu að láta í minni pokann í atkvæðagreiðslunni og ályktunin var samþykkt án breytinga.

Að lokum lagði Tiny Kox, formaður flokkahóps sameinaðra evrópskra vinstrimanna á Evrópuráðsþinginu, fram breytingartillögu við ályktun um kynbundinn launamun að frumkvæði Lilju Mósesdóttur, sem varð að yfirgefa fundinn áður en yfir lauk. Í ályktunartillögunni var vísað í norska löggjöf um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja. Breytingartillagan, sem var samþykkt, gekk út á að kynna einnig til sögunnar lög sem nýverið höfðu verið sett á Íslandi um að í stjórnum opinberra hlutafélaga og einkahlutafélaga með fleiri en þrjá stjórnarmenn skyldi hlutfall hvors kyns vera a.m.k. 40% í lok árs 2013.

Þriðji fundur Evrópuráðsþingsins 21.–25. júní.

Fundur Evrópuráðsþingsins var haldinn í Strassborg dagana 21.–25. júní. Fyrir hönd Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sóttu fundinn Lilja Mósesdóttir, formaður, Magnús Orri Schram og Eygló Harðardóttir ásamt Magneu Marinósdóttur ritara.

Auk þeirra mála sem voru á dagskrá fundarins var ákveðið að taka til utandagskrárumræðu árás Ísraelshers 31. maí 2010 á skipalest á leiðinni til Gasastrandarinnar með neyðaraðstoð og átökin í Kirgistan, auk þess sem forseti Evrópuráðsþingsins og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem þeir fordæmdu sprengjuárás á almenningsvagn í Istanbúl 22. júní 2010 þar sem þrír létu lífið, þar af eitt barn.

Evrópuráðsþingið samþykkti ályktun þar sem árás Ísraelshers á skipalest var fordæmd. Heitar umræður fóru fram þar sem fulltrúar ríkisstjórnar Ísraels réttlættu aðgerðir hersins. Vísað var til þess að öll skipin að einu undanskildu hefðu fengið heimild til að sigla í höfn til affermingar. Skipið þar sem átökin urðu og níu tyrkneskir ríkisborgarar létu lífið hafi hins vegar verið stöðvað vegna rökstudds gruns um að maður að nafni Sakir Yildirim væri um borð ásamt einum 100 liðsmönnum í skotheldum vestum. Sakir Yildirim, sem hefur bæði tyrkneskan og breskan ríkisborgararétt, er formaður samtakanna sem skipulögðu ferðina til Gasa og hefur samkvæmt fulltrúum Ísraelsstjórnar meint tengsl við m.a. Hamas á Gasa og Al-Kaída. Þátttaka Yildirim og hans manna þótti vera til vitnis um að tilgangur ferðarinnar væri ekki eingöngu friðsamlegur. Magnús Orri Schram greindi frá því í umræðunni að árásin hefði bæði verið fordæmd af utanríkisráðherra Íslands og meiri hluta utanríkismálanefndar Alþingis. Magnús Orri sagði jafnframt að enginn andmælti rétti Ísraels til að verja þjóðar-

öryggi sitt. Þegar það væri hins vegar gert á kostnað velferðar og öryggis almennra borgara á Gasaströndinni og Vesturbakkanum fæli það í sér brot á alþjóðalögum sem kallaði á hörð viðbrögð. Þjóðaröryggisaðgerðir Ísraela sem bitnuðu verst á almenningi ýttu enn fremur undir öfgar, hryðjuverk og vítahring ofbeldis sem gengi þvert á markmið um friðsamlega lausn deilunnar fyrir botni Miðjarðarhafs.

Í umræðunni um átökin í Kirgistan, sem urðu um tveimur mánuðum eftir stjórnarskiptin í landinu í apríl 2010, þar sem Roza Otunbaeva, fyrrverandi sendiherra og utanríkisráðherra, tók við sem forseti í bráðabirgðastjórn landsins, var lögð áhersla á að stjórnvöld í Úsbekistan héldu landamærum sínum opnum fyrir flóttafólki á meðan alþjóðastofnanir í samvinnu við ríkisstjórn landsins ynnu að því að tryggja öryggi og frið. Átökin, sem urðu á milli hópa Kirgisa og Úsbeka í Fergana-dalnum þar sem 85% íbúanna eru Kirgisar, leiddu til dauða nokkur hundruð manns auk þess sem um 400 þúsund manns flúðu yfir til Úsbekistans. Í umræðunni komu einnig fram áhyggjur af því að Fergana-dalurinn væri flutningaleið undir stjórn talibana fyrir eiturlyf frá Afganistan til Evrópu. Rússneskir þingmenn hvöttu önnur ríki til að veita fjárhagslegan stuðning til uppbyggingar í Fergana-dalnum, m.a. til að vega upp á móti auknum ítökum eiturlyfjasmyglara á svæðinu en auk Rússa, sem hafa herstöðvar í Kirgistan, hafa bandarísk stjórnvöld aðstöðu í landinu til liðs- og vöruflutninga til og frá Afganistan.

Balkanskaginn var nokkuð í brennidepli á fundinum og fluttu erindi m.a. forsetar Makedóníu og Króatíu, Gjorgje Ivanov og Ivo Josipović, auk utanríkisráðherra Makedóníu, Antonio Milošoski, og forsætisráðherra Svartfjallalands, Milo Djukanovic. Forseti Króatíu sagði m.a. að samningaviðræður við ESB væri á lokastigi og bráðlega yrði Króatía 28. aðildarríki ESB og forsætisráðherra Svartfjallalands þakkaði Evrópuráðinu fyrir þá aðstoð sem ríkið hefur fengið síðan það hlaut aðild að ráðinu árið 2007. Auk þess var ástandið í Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu og Kósóvó til umræðu. Evrópuráðsþingið samþykkti ályktun þar sem óskað er eftir nánari samvinnu við þingið í Kósóvó. Að lokum kom til umræðu skýrsla um reynsluna af vitnavernd í tengslum við rannsókn stríðsglæpa í Bosníu og Hersegóvínu, Kósóvó, Króatíu, Serbíu og Svartfjallalandi fyrir innanlandsdómstólum og stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna, sem fer með mál fyrrum Júgóslavíu. Í skýrslunni kemur fram að vitnaverndinni sé ábótavant í löndunum sjálfum og dæmi tekin um vitni sem hafði verið hótað og jafnvel myrt. Skorað var á ríkin að bæta vitnaverndina enda er það forsenda þess að hægt sé að draga stríðsglæpamenn til saka.

Í tilefni af umræðu um stöðu sígauna, sem lengi hafa þurft að þola alvarlegt misrétti, flutti ávarp leikkonan Fanny Ardant, verndari baráttuherferðar Evrópuráðsins í málefnum sígauna. Í ræðu sinni las hún upp bréf sem tónskáldið Franz Liszt hafði skrifað um hlutskipti sígauna en hann varð fyrir miklum áhrifum af tónlistarhefð þeirra. Lilja Mósesdóttir tók til máls í umræðunni sem talsmaður flokkahóps sameinaðra evrópskra vinstrimanna. Hún benti á mikilvægi þess að bæta söfnun tölfræðilegra gagna þar sem greint væri á milli fólks á grundvelli m.a. þjóðernis eða uppruna og kynferðis. Markmiðið væri að bæta upplýsingasöfnun um stöðu minnihlutahópa með það að leiðarljósi að bæta stefnumótun og aðgerðir í þágu þeirra. Mikilvægt væri að tryggja að slíkar upplýsingar væri ekki notaðar í öðrum tilgangi. Hvatti hún til þess að hagstofa Evrópu (EUROSTAT) væri fengin til þess að veita hagstofum í Evrópu aðstoð við að betrumbæta upplýsingaöflun í þessum tilgangi. Að lokum gerði hún að umtalsefni stöðu kvenna innan raða sígauna sem þurfa að þola misrétti vegna kynferðis til viðbótar misréttinu sem sígaunar sem þjóðarbrot verða fyrir í Evrópu.

Eygló Harðardóttir tók til máls sem talsmaður flokkahóps frjálslyndra demókrata í umræðu um mannsæmandi lífeyrisréttindi kvenna en bæði fjármálakreppan og breytt aldurssamsetning þjóða hefur ýtt undir vilja til endurskoðunar á lífeyrisskerfum Evrópu. Eygló benti

á að launamunur á vinnumarkaði milli karla og kvenna gerði það að verkum að lífeyrisgreiðslur til kvenna væru oft lægri en til karla. Gilti þetta bæði á Íslandi og hjá öðrum Evrópuþjóðum. Margt gerði það að verkum að konur væru tekjulægri en karlar, m.a. hlutfallslega mikil þátttaka kvenna í hlutastörfum og ólaunuðum störfum vegna umönnunar barna og heimilis. Konur tækju þannig á sig fórnarkostnaðinn við að stofna fjölskyldur þrátt fyrir að jafnrétti ætti að ríkja samkvæmt lögum. Lífeyriskerfin, þar á meðal það íslenska, hefðu ekki tekið nægjanlegt tillit til þessa kynjamunar og því þyrfti að breyta á meðan áfram væri unnið að því að tryggja launajafnrétti á vinnumarkaði.

Í umræðu um stöðu múslima í Evrópu var rætt um það aðkast sem múslimar verða fyrir bæði að hálfu íslamskra öfgamanna og almennings á Vesturlöndum sem gerir ekki greinarmun á íslam sem trú og íslamistum sem nota trúna í pólitískum tilgangi. Í kjölfarið var rætt um mikilvægi þess að finna leiðir til að stemma stigu við hvoru tveggja. Þingið samþykkti einnig ályktun þar sem almennu banni við því að konur klæðist búrkum eða öðrum trúarlegum klæðnaði er andmælt með þeim rökum að trúarlegur klæðnaður kvenna sé hluti af vali þeirra í trúarlegum efnum. Það að neyða konur til að vera í trúarlegum klæðum var fordæmt á sama tíma en skorað á aðildarríki Evrópuráðsins að virða valfrelsi kvenna þegar kemur að trúarlegum klæðnaði nema öryggisástæður liggi við eða kröfur í starfi.

Í umræðu um baráttuna gegn hryðjuverkum í Norður-Kákasus hvatti Evrópuráðsþingið rússnesk stjórnvöld til að beita sér í baráttunni án þess að brjóta á grundvallarmannréttindum. Í tilefni umræðunnar flutti forseti lýðveldisins Ingúsetíu, Júnús-Bjek Jevkúrov, ávarp þar sem hann fjallaði um þau vandamál sem við er að glíma í norðanverðum Kákasusfjöllum.

Auk þess samþykkti Evrópuráðsþingið ályktun þar sem stjórnvöld eru hvött til að banna markaðssetningu og notkun hátíðnihljóðbúnaðar sem notaður hefur verið af lögreglu til að leysa upp hópa ungs fólks en um er að ræða hljóð sem eingöngu ungt fólk nær að nema.

Evrópuráðsþingið ályktaði jafnframt um svínaflensuna þar sem skorað er á stjórnvöld að stuðla að auknu gagnsæi þegar kemur að viðbrögðum við inflúensu en nokkuð þykir hafa borið á því að ýtt hafi verið undir nokkurs konar svínaflensufár sem hafi þjónað hagsmunum þeirra sem framleiða og selja bóluefni.

Fjórði fundur Evrópuráðsþingsins 4.–8. október.

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sóttu fundinn Lilja Mósesdóttir, formaður, og Birkir Jón Jónsson, auk Kjartans Fjeldsted ritara. Helstu mál á dagskrá voru málefni innflytjenda og baráttan gegn öfgastefnu, ástand efnahagsmála og aðgerðir til að bregðast við efnahagskreppunni og málefni barna. Hæst bar þó utandagskrárumræðu um málefni sígauna sem stofnað var til vegna aðgerða Frakklandsstjórnar gegn ólöglegum búðum innflytjenda.

Í umræðunni um stöðu sígauna í Evrópu voru Frakkar harðlega gagnrýndir fyrir framgöngu sína gegn búðum sígauna og brottvikningu þeirra úr landi. Í ályktun þingsins kemur fram að þingið hafi þungar áhyggjur af þeirri þróun, sem greina má víða í álfunni, að öfgahægriflokkar nái sífellt betri árangri í kosningum og að aðrir flokkar taki í síauknum mæli upp orðræðu þeirra til að komast hjá fylgistapi. Ótækt sé að stjórnmálamenn í ýmsum Evrópuríkjum hafi í frammi orðræðu sem geri sígauna að blórabögglum og tengi þá við glæpi og smygl, ekki síst í ljósi þess að þingið ályktaði nýlega um nauðsyn þess að bæta stöðu þessa minnihlutahóps í álfunni (sbr. ályktun 1740). Stjórnmálamenn beri sérstaka ábyrgð þegar kemur að því að eyða neikvæðum staðalmyndum um sígauna og aðra minnihlutahópa úr orðræðu stjórnmálanna. Í máli ýmissa þingmanna kom fram að málefni sígauna væru komin í öngstræti og að líta þyrfti heildstætt á vandann. Sérstaklega þurfi að taka á þeirri mismunun sem sígaunar verða fyrir í upprunalöndum sínum og tryggja þeim tækifæri til að aðlaga sig samfélaginu. Einn þingmaður harmaði að fulltrúar sígauna sjálfra væru sjaldan

hafðir með í ráðum þegar rætt væri um lausnir á málefnum þeirra. Allnokkrar breytingartillögur bárust frá þingmönnum í frönsku landsdeildinni sem flestar miðuðu að því að milda orðalag ályktunarinnar.

Í ályktun þingsins um baráttuna gegn öfgastefnu er lýst áhyggjum af því að í skjóli þeirra réttinda sem lýðræðishefðir Evrópu veita borgurum þrífist hópar með stefnumál sem standa í hrópandi andstöðu við þær hefðir og sem hvetji í sumum tilfellum beinlínis til ofbeldis. Þetta sé sérstaklega raunin með stjórnmálaflokka sem byggist á kynþáttafordómum en sumir þeirra hafi notið aukins kjörfylgis í kosningum í nokkrum aðildarríkja Evrópuráðsins. Aukið aðdráttarafl íslamskrar öfgastefnu tengist þessari þróun en boðskapur hennar nái í auknum mæli til ungra múslima í álfunni, einmitt vegna þeirra fordóma og mismununar sem þeir þurfa að búa við í ríkari mæli en aðrir þjóðfélagshópar. Lýstu sumir þingmenn áhyggjum af því að auknir fólksflutningar frá fátækari ríkjum Evrópu til hinna ríkari ættu sinn þátt í þeirri auknu hörku sem færst hefur í málefni innflytjenda. Til að sporna við þessari þróun væri nauðsynlegt að stuðla að bættu efnahagsástandi í fátækari ríkjum álfunnar.

Meðal tignargesta sem ávörpuðu fundinn var Guido Westerwelle, utanríkisráðherra Þýskalands. Í máli hans kom meðal annars fram að mannréttindi væru hornsteinn utanríkisstefnu landsins. Til að mynda berðust Þjóðverjar nú, ásamt Spánverjum, fyrir því að rétturinn til aðgangs að hreinu vatni væri viðurkenndur sem mannréttindi. Þó bæri að varast að líta á aðgang að öllum hugsanlegum varningi sem mannréttindi – með því væri hugtakið gengisfellt. Hvað efnahagsmál varðar lagði hann áherslu á að niðurskurður opinberra útgjalda væri eina sjálfbæra leiðin til að bregðast við efnahagskreppunni. Í umræðum var Westerwelle m.a. spurður um afstöðu Þjóðverja til aðgerða Frakka gegn ólöglegum búðum innflytjenda. Hafnaði hann að tjá sig sérstaklega um aðgerðir annarra ríkja í þessu sambandi en lagði áherslu á að fylgja þyrfti evrópskum reglum í hvívetna.

Angel Gurría, aðalframkvæmdastjóri OECD, flutti erindi í umræðum um starfsemi stofnunarinnar á árunum 2009–2010 og sat fyrir svörum. Í máli hans kom m.a. fram að líkur væru á litlum hagvexti um allnokkurt skeið – aðeins væri spáð 1,5% hagvexti í G7-ríkjunum á seinni helmingi ársins 2010, en ekki 2,5% eins og áður hafði verið gefið út. Þjóðarframleiðsla og atvinnustig í aðildarríkjum OECD mundu taka mörg ár að ná sama styrk og fyrir kreppu. Varaði hann við því að ef skuldastaða hins opinbera í aðildarríkjum OECD héldi áfram að versna mundu vextir hækka með þeim afleiðingum að draga mundi úr fjárfestingu einkaaðila í hagkerfinu. Nauðsynlegt væri að bregðast við versnandi skuldastöðu hins opinbera með afgerandi hætti. Þar sem hækka þyrfti skatta ætti fyrst og fremst að líta til þeirra skatta sem hefðu minnst neikvæð áhrif á hagvöxt, svo sem neyslu- og eignaskatta.

Lilja Mósesdóttir tók til máls í umræðunni um starfsemi OECD fyrir hönd síns flokkahóps. Taldi hún að stefna bæri að umhverfisvænni og hreinni hagvexti og gagnrýndi stofnunina fyrir að hafa ekki séð betur hættumerkin í fjármálakerfi þeirra landa sem verst hafa komið út úr kreppunni. Að hennar mati stæði Evrópa nú frammi fyrir stjórnmálakreppu vegna afleitrar skuldastöðu bæði hins opinbera og heimila. Veiting á opinberu fé til að bjarga bankakerfinu þýddi að mikill þrýstingur væri á að hækka skatta og skera niður í velferðarmálum. Hún gagnrýndi jafnframt að þar sem hið opinbera hefði hlaupið undir bagga með bankakerfinu hefðu bankar ekki verið neyddir til að afskrifa skuldir. Tilfinning margra væri sú að þeir eignameiri fengju skuldir sínar afskrifaðar meðan þeir sem minna mega sín sætu oft eftir með sárt ennið. Sú tilfinning hefði skapað vantraust á stofnunum lýðræðisins sem nauðsynlegt væri að bregðast við.

Þingið samþykkti einnig tvær ályktanir og þrenn tilmæli varðandi málefni barna. Fyrst má nefna tilmæli um aðgerðir til að tryggja réttindi barna sem orðið hafa fyrir ofbeldi á opinberum stofnunum en í þeim hvetur þingið ráðherraráð Evrópuráðsins til að styrkja lagalega vernd barna gegn ofbeldi, huga að hugsanlegum misbrestum í núverandi stofnanakerfi og hvetja aðildarríki til að fullgilda og framfylgja alþjóðlegum sáttmálum á þessu sviði, svo sem barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og samningi Evrópuráðsins gegn kynferðislegri misneytingu og misnotkun barna. Einnig samþykkti þingið ályktun og tilmæli um börn sem ekki njóta umönnunar foreldra. Þar er m.a. hvatt til þess að foreldralausum börnum sé gert kleift að njóta umönnunar sem sé sem líkust fjölskylduumhverfinu. Loks samþykkti þingið ályktun og tilmæli varðandi réttindi barna sem glíma við veikindi eða fötlun til að njóta menntunar til jafns við börn sem njóta fulls heilbrigðis en í henni er m.a. lögð áhersla á að hin fyrrnefndu sæki sömu skóla og önnur börn en séu ekki sett í sérskóla. Með því sé ekki einungis tryggt að þau njóti sambærilegrar menntunar heldur stuðli það einnig að auknu umburðarlyndi í samfélaginu og skilningi á aðstæðum veikra og fatlaðra barna.

Þróun lýðræðisstofnana í Úkraínu var einnig á dagskrá þingsins, m.a. í kjölfar þess að stjórnlagadómstóll landsins dæmdi ógilda þá stjórnarskrá sem sett var í kjölfar „appelsínugulu“ byltingarinnar svokölluðu. Í ályktun sinni lagði þingið áherslu á að yfirvöld í Úkraínu réðust sem fyrst í umbætur á stjórnarskránni og kallaði sérstaklega í því sambandi eftir breytingum á kosningalögunum, embætti saksóknara og dómskerfinu. Þá hvatti þingið til að yfirvöld hertu baráttuna gegn spillingu og lýsti áhyggjum sínum af fregnum um að lýðræðisleg réttindi, svo sem tjáningar- og fjölmiðlafrelsi, hefðu sætt takmörkunum.

Á þinginu fór fram kosning nýs framkvæmdastjóra Evrópuráðsþingsins. Í kjöri voru Hollendingurinn Jan Kleijssen og Pólverjinn Wojciech Sawicki og hafði hinn síðarnefndi betur með nokkrum yfirburðum. Einnig fór fram kosning dómara við Mannréttindadómstól Evrópu og hlutu kosningu þau Julia Laffranque fyrir Eistland og Linos Sicilianos fyrir Grikkland. Portúgalir voru aftur á móti beðnir um að leggja fram nýjan lista með tilnefningum þar sem þingið taldi skorta á að allir þeir sem tilnefndir voru væru nógu hæfir.

Einnig fór fram sérstök athöfn í tilefni af því að 60 ár eru liðin frá gildistöku mannréttindasáttmála Evrópu þar sem tóku til máls Mevlüt Çavusoglu, forseti Evrópuráðsþingsins, og Jean-Paul Costa, forseti Mannréttindadómstólsins.

6. Nefndarfundir utan þinga.

Formaður Íslandsdeildar sótti fundi stjórnarnefndar og framkvæmdastjórnar þingsins í París í mars.

Alþingi, 14. mars 2011.

Lilja Mósesdóttir, form.	Mörður Árnason, varaform.	Birkir J. Jónsson.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit og tilmæli Evrópuráðsþingsins árið 2010.

Eftirfarandi ályktanir, álit og tilmæli til ráðherranefndar Evrópuráðsins voru samþykkt á þingfundum og stjórnarnefndarfundum Evrópuráðsþingsins árið 2010:

Fyrsti hluti þingfundar 25.–29. janúar:
- Ályktun 1700 um ástandið í Miðausturlöndum.
- Ályktun 1701 um virkni lýðræðisstofnana í Bosníu og Hersegóvínu.
- Ályktun 1702 um Evrópusamninginn um aðgerðir gegn mansali.
- Ályktun 1703 um spillingu innan löggæslu.
- Ályktun 1704 um trúarbragðafrelsi og önnur mannréttindi minni hluta í Tyrklandi sem eru ekki íslamstrúar og minni hluta múslima í Þrakíu (Austur-Grikklandi).
- Ályktun 1705 um þröskulda og aðra þætti kosningakerfa sem hafa áhrif á val fulltrúa til þingsetu í aðildarríkum Evrópuráðsins.
- Ályktun 1706 um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum í krafti fyrirkomulags kosningakerfa.
- Ályktun 1707 um gæsluvarðhaldsvist þeirra sem leita hælis eða búsetu í Evrópu.
- Ályktun 1708 um úrlausn á vanda flóttamanna varðandi eignir.
- Ályktun 1709 um virkni lýðræðisstofnana í Albaníu.
- Tilmæli 1894 um virkni lýðræðisstofnana í Bosníu og Hersegóvínu.
- Tilmæli 1895 um Evrópusamninginn um aðgerðir gegn mansali.
- Tilmæli 1896 um spillingu innan löggæslu.
- Tilmæli 1897 um fjölmiðlafrelsi.
- Tilmæli 1898 um þröskulda og aðra þætti kosningakerfa sem hafa áhrif á val fulltrúa til þingsetu í aðildarríkum Evrópuráðsins.
- Tilmæli 1899 um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum í krafti fyrirkomulags kosningakerfa.
- Tilmæli 1900 um gæsluvarðhaldsvist þeirra sem leita hælis eða búsetu í Evrópu.
- Tilmæli 1901 um úrlausn á vanda flóttamanna varðandi eignir.
- Tilmæli 1902 um virkni lýðræðisstofnana í Albaníu.
- Tilmæli 1903 um að 15 ár eru liðin frá alþjóðlegu fólksfjöldaráðstefnunni.

Stjórnarnefndarfundur 12. mars:
- Ályktun 1710 um kjörtímabil meðskýrsluhöfunda í eftirlitsnefndinni.
- Ályktun 1711 um reglur og verklag við kosningu framkvæmdastjóra Evrópuráðsins – drög að sameiginlegri túlkun ráðherranefndarinnar og þingsins.
- Ályktun 1712 um breytingar á samsetningu framkvæmdastjórnar Evrópuráðsþingsins.
- Ályktun 1713 um verndun minnihlutahópa í Evrópu: fyrirmyndir og mistök í innleiðingu sameiginlegra viðmiða.
- Ályktun 1714 um börn sem verða vitni að heimilisofbeldi.
- Ályktun 1715 um kynbundinn launamun.
- Tilmæli 1904 um verndun minnihlutahópa í Evrópu: fyrirmyndir og mistök í innleiðingu sameiginlegra viðmiða.

- Tilmæli 1905 um börn sem verða vitni að heimilisofbeldi.
- Tilmæli 1906 um endurskoðun á stafrænu frelsi (e. creative rights) á netöld.
- Tilmæli 1907 um kynbundinn launamun.
- Álit 276 um drög að sáttmála Evrópuráðsins um aðgerðir gegn fölsuðum lyfjum og sambærilegum glæpum sem fela í sér ógn við almannaheilsu.
- Álit 277 um drög að viðauka við samning Evrópuráðsins og Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

Annar hluti þingfundar 26.–30. apríl:
- Ályktun 1716 um að virkja konur til að fyrirbyggja og leysa óleyst átök í Evrópu.
- Ályktun 1717 um félagsleg áhrif efnahagskreppunnar.
- Ályktun 1718 um áhrif heimskreppunnar á fólksflutninga í Evrópu.
- Ályktun 1719 um konur og efnahags- og fjármálakreppuna.
- Ályktun 1720 um að stuðla að samheldni fjölskyldunnar sem þróunarþætti á krepputímum.
- Ályktun 1721 um hvernig megi samrýma auð, velferð og vellíðan í Evrópu.
- Ályktun 1722 um sjórán sem glæp og áskorun fyrir lýðræðisríki.
- Ályktun 1723 um að minnast fórnarlamba hungursneyðarinnar miklu (Holodomor) í fyrrum Sovétríkjunum.
- Ályktun 1724 um skyldu Svartfjallalands til að standa við skuldbindingar sínar.
- Ályktun 1725 um brýna þörf fyrir stjórnarskrárumbætur í Bosníu og Hersegóvínu.
- Ályktun 1726 um framkvæmd mannréttindasáttmála Evrópu og Interlaken-ferlið.
- Ályktun 1727 um stöðuna og nýlega atburði í Hvíta-Rússlandi.
- Ályktun 1728 um mismunun á grundvelli kynhneigðar og kynferðislegrar sjálfsmyndar.
- Ályktun 1729 um vernd uppljóstrara.
- Ályktun 1730 um samráð við Búlgaríu að aflokinni vöktun (e. monitoring).
- Ályktun 1731 um að kalla eftir aðgerðaáætlun frá Evrópuráðinu fyrir Miðjarðarhafssvæðið.
- Tilmæli 1908 um hagsmunagæslu í lýðræðissamfélögum (evrópskar siðareglur um hagsmunagæslu).
- Tilmæli 1909 um að virkja konur til að fyrirbyggja og leysa óleyst átök í Evrópu.
- Tilmæli 1910 um áhrif heimskreppunnar á fólksflutninga í Evrópu.
- Tilmæli 1911 um konur og efnahags- og fjármálakreppuna.
- Tilmæli 1912 um að stuðla að samheldni fjölskyldunnar sem þróunarþætti á krepputímum.
- Tilmæli 1913 um þörf til að grípa til frekari lagalegra aðgerða á alþjóðavettvangi til að stemma stigu við sjóránum.
- Tilmæli 1914 um brýna þörf fyrir stjórnarskrárumbætur í Bosníu og Hersegóvínu.
- Tilmæli 1915 um mismunun á grundvelli kynhneigðar og kynferðislegrar sjálfsmyndar.
- Tilmæli 1916 um vernd uppljóstrara.
- Tilmæli 1917 um innflytjendur og flóttamenn sem áframhaldandi áskorun fyrir Evrópuráðið.
- Tilmæli 1918 um líffræðilegan fjölbreytileika og loftslagsbreytingar.
- Tilmæli 1919 um að kalla eftir aðgerðaáætlun frá Evrópuráðinu fyrir Miðjarðarhafssvæðið.

Stjórnarnefndarfundur 21. maí:
- Ályktun 1732 um að styrkja áhrif sáttmála Evrópuráðsins.
- Ályktun 1733 um að hertar aðgerðir gegn kynferðisbrotamönnum.
- Ályktun 1734 um útgjöld Evrópuráðsþingsins fyrir fjárhagsárið 2011.
- Ályktun 1735 um evrópska flugvélaiðnaðinn og heimskreppuna.
- Ályktun 1736 um siðareglur á sviði stjórnmálaflokka.
- Ályktun 1737 um jarðvarmaorku.
- Tilmæli 1920 um að styrkja áhrif sáttmála Evrópuráðsins.
- Tilmæli 1921 um kynjagreiningu fjárlaga sem tæki til að vernda heilsu kvenna.
- Álit 278 um drög að þriðja viðauka við Evrópusamning um framsal sakamanna.

Þriðji hluti þingfundar 21.–25. júní:
- Ályktun 1738 um lagaleg úrræði vegna mannréttindabrota í Norður-Kákasus.
- Ályktun 1739 um ástandið í Kósóvó og hlutverk Evrópuráðsins.
- Ályktun 1740 um stöðu sígauna í Evrópu og aðgerðir Evrópuráðsins í því sambandi.
- Ályktun 1741 um endurkomusamninga: leið til að snúa við ólöglegum innflytjendum.
- Ályktun 1742 um leiðir til að fá ólöglega innflytjendur til að snúa til baka af fúsum og frjálsum vilja: áhrifamikil, mannúðleg og ódýr leið.
- Ályktun 1743 um íslam, íslamista og múslimafælni í Evrópu.
- Ályktun 1744 um gerendur aðra en formlegar stofnanir í lýðræðiskerfum.
- Ályktun 1745 um pólitískar afleiðingar efnahagskreppunnar.
- Ályktun 1746 um lýðræði í Evrópu: kreppa og sjónarmið.
- Ályktun 1747 um stöðu lýðræðis og stöðuskýrsla um eftirlitsstarfsemi Evrópuráðsþingsins.
- Ályktun 1748 um aukna spennu í Miðausturlöndum.
- Ályktun 1749 um viðbrögð við svínaflensunni og aukið gagnsæi.
- Ályktun 1750 um virkni lýðræðislegra stofnana í Aserbaídsjan.
- Ályktun 1751 um baráttu gegn kynbundnum staðalímyndum í fjölmiðlum.
- Ályktun 1752 um mannsæmandi eftirlaun fyrir konur.
- Ályktun 1753 um skóga og framtíð jarðar.
- Ályktun um viðbrögð við svínaflensunni og aukið gagnsæi.
- Tilmæli 1922 um lagaleg úrræði vegna mannréttindabrota í Norður-Kákasus.
- Tilmæli 1923 um ástandið í Kósóvó og hlutverk Evrópuráðsins.
- Tilmæli 1924 um stöðu sígauna í Evrópu og aðgerðir Evrópuráðsins í því sambandi.
- Tilmæli 1925 um endurkomusamninga: tæki til að snúa við ólöglegum innflytjendum.
- Tilmæli 1926 um leiðir til að fá ólöglega innflytjendur til að snúa til baka af fúsum og frjálsum vilja: áhrifamikil, mannúðleg og ódýr leið.
- Tilmæli 1927 um íslam, íslamista og múslimafælni í Evrópu.
- Tilmæli 1928 um um lýðræði í Evrópu: kreppa og sjónarmið.
- Tilmæli 1929 um viðbrögð við svínaflensunni og aukið gagnsæi.
- Tilmæli 1930 um bann við markaðssetningu og notkun hátíðnihljóðbúnaðar til að leysa upp hópa ungs fólks.
- Tilmæli 1931 um baráttu gegn kynbundnum staðalímyndum í fjölmiðlum.
- Tilmæli 1932 um mannsæmandi eftirlaun fyrir konur.
- Álit 279 um fjárlög og forgangsröðun Evrópuráðsins fjárlagaárið 2011.

Fjórði hluti þingfundar 4.–8. október:
- Ályktun 1754 um baráttuna gegn öfgastefnu.
- Ályktun 1755 um virkni lýðræðisstofnana í Úkraínu.
- Ályktun 1756 um þörf á að koma í veg fyrir að starfsemi Evrópuráðsins og Stofnunar ESB um grundvallarmannréttindi skarist.
- Ályktun 1757 um mannréttindi og viðskiptalífið.
- Ályktun 1758 um starfsemi Efnahags- og samvinnustofnunar Evrópu (OECD) árin 2009–2010.
- Ályktun 1759 um starfsemi Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD) árið 2009.
- Ályktun 1760 um málefni sígauna í Evrópu.
- Ályktun 1761 um að tryggja rétt veikra og fatlaðra barna til menntunar.
- Ályktun 1762 um börn sem ekki njóta umönnunar foreldra.
- Ályktun 1763 um réttinn til samviskubundinnar andstöðu í tengslum við veitingu lögbundinnar heilbrigðisþjónustu.
- Ályktun 1764 um verklagsreglur aðildarríkja varðandi tilnefningu dómara við Mannréttindadómstól Evrópu.
- Ályktun 1765 um hælisumsóknir sem tengjast kynbundnu ofbeldi.
- Ályktun 1766 um að hlúa að félagslegri og efnahagslegri þróun á Eystrasaltssvæðinu.
- Tilmæli 1933 um baráttuna gegn öfgaöflum.
- Tilmæli 1934 um þörf á að koma í veg fyrir ofbeldi gegn börnum á opinberum stofnunum.
- Tilmæli 1935 um þörf á að koma í veg fyrir að starfsemi Evrópuráðsins og Stofnunar ESB um grundvallarmannréttindi skarist.
- Tilmæli 1936 um mannréttindi og viðskiptalífið.
- Tilmæli 1937 um stefnu, stjórnun og virkni Þróunarbanka Evrópuráðsins.
- Tilmæli 1938 um að tryggja rétt veikra og fatlaðra barna til menntunar.
- Tilmæli 1939 um börn sem ekki njóta umönnunar foreldra.
- Tilmæli 1940 um hælisumsóknir sem tengjast kynbundnu ofbeldi.

Stjórnarnefndarfundur 12. nóvember:
- Ályktun 1767 um lýðfræðilega framtíð Evrópu og fólksflutninga.
- Ályktun 1768 um hælisleitendur af sígaunaættum í Evrópu.
- Ályktun 1769 um að styrkja aðgerðir til að vernda og endurvekja tungumál sem hætta er á að deyi út.
- Ályktun 1770 um evrópskan sáttmála um svæðisbundin tungumál og minnihlutatungumál.
- Ályktun 1771 um alþjóðlega viðurkennda stöðu kosningaeftirlitsmanna.
- Ályktun 1772 um að endurvekja samskipti Evrópuráðsþingsins og Bandaríkjaþings.
- Ályktun 1773 um að stuðla að aukinni þátttöku þjóðþinga í alþjóðlegum samskiptum.
- Ályktun 1774 um að bæta orkuöryggi Evrópu með aukinni notkun fljótandi jarðgass.
- Ályktun 1775 um hernaðarúrgang og umhverfið.
- Ályktun 1776 um hávaða- og ljósmengun.
- Ályktun 1777 um að stuðla að forvörnum gegn fíkn í fjárhættuspil á netinu.
- Ályktun 1778 um að auka veg sjálfboðavinnu í Evrópu.
- Ályktun 1779 um samvinnu milli Evrópuráðsins og ríkja Norður-Afríku á sviði félagslegrar samheldni.

- Ályktun 1780 um að vinna að framgangi laga um jafnrétti kynjanna í Evrópu.
- Ályktun 1781 um að minnst 30% fulltrúa í landsdeildum Evróparáðsþingsins séu af því kyni sem er í minni hluta.
- Tilmæli 1941 um hælisleitendur af sígaunaættum í Evrópu.
- Tilmæli 1942 um björgun fornleifauppgötvana í byggingaverkefnum.
- Tilmæli 1943 um styrkingu aðgerða til að vernda og endurlífga tungumál sem hætta er á að glatist.
- Tilmæli 1944 um evrópskan sáttmála um svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa.
- Tilmæli 1945 um alþjóðlega viðurkennda stöðu kosningaeftirlitsmanna.
- Tilmæli 1946 um hernaðarúrgang og umhverfið.
- Tilmæli 1947 um hávaða- og ljósmengun.
- Tilmæli 1948 um að auka veg sjálfboðavinnu í Evrópu.
- Tilmæli 1949 um að vinna að framgangi laga um jafnrétti kynjanna í Evrópu.

1026. Skýrsla [606. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2010.

1. Inngangur.

Á vettvangi ÖSE-þingsins á árinu 2010 bar hæst fyrsta leiðtogafund stofnunarinnar síðan 1999, umdeildar kosningar í Aserbaídsjan og Hvíta-Rússlandi, umræður um umbætur á starfsemi ÖSE og áframhaldandi viðræður um evrópsk öryggismál á vettvangi Korfú-ferlisins, en því var m.a. hleypt af stokkunum vegna harðrar gagnrýni Rússa á fyrirkomulag öryggismála í Evrópu sem þeir hafa talið „frosið“ í anda kalda stríðsins.

Í tilefni af 35 ára afmæli Helsinki-yfirlýsingarinnar var ákveðið að halda fyrsta leiðtogafund ÖSE síðan 1999 og fór hann fram í Astana í Kasakstan dagana 1.–2. desember. Fyrir fundinn fóru fram umfangsmiklar umræður um evrópsk öryggismál og framtíð ÖSE, m.a. á vettvangi Korfú-ferlisins. ÖSE-þingið setti fram ítarlegar tillögur til umbóta á starfsemi ÖSE sem miðuðu m.a. að því að styrkja hlutverk þingsins og einfalda ákvarðanatökuferli innan stofnunarinnar, en nauðsyn þess að taka ákvarðanir samhljóða þykir hafa komið mjög niður á skilvirkni hennar.

Ekki tókst þó að ná samkomulagi um aðgerðaáætlun fyrir leiðtogafundinn til að ná fram umbótum á starfsemi ÖSE og vinna að lausn á þeim átökum sem hvað lengst hafa varað í álfunni, svo sem í Georgíu, Moldóvu og Nagorno-Karabakh. Þykir þetta bera vott um að lausn á þeim grundvallarágreiningi sem ríkt hefur milli Rússlands og aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins um framtíðarskipan öryggismála í álfunni sé langt frá því að vera í sjónmáli.

Á ársfundi ÖSE-þingsins í Osló 6.–10. júlí lagði Róbert Marshall, formaður Íslandsdeildar, fram tillögu að ályktun f.h. landsdeildarinnar í tilefni 10 ára afmælis ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325, um konur, frið og öryggi, og var tillagan samþykkt með fjórum breytingum. Á ársfundinum var Petros Efthymiou frá Grikklandi kjörinn forseti ÖSE-þingsins til næstu tveggja ára og Spencer Oliver endurkjörinn framkvæmdastjóri.

Pétur H. Blöndal gerði ársfundinum grein fyrir starfi sínu sem sérlegur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins í fjárreiðum ÖSE og fyrirhuguðum vettvangsferðum. Þá sótti hann fund gagnsæis- og ábyrgðarnefndar þingsins í Vín í september og átti fjarfundi með starfsfólki skrifstofu ÖSE í Albaníu til að fylgja eftir heimsókn sinni til landsins árið 2007.

Þá fagnaði ÖSE-þingið 10 ára afmæli Palermó-samningsins gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi með því að halda haustfund sinn í Palermó á Sikiley og var baráttan gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi aðalumræðuefni fundarins.

Á árinu tók þingið þátt í kosningaeftirliti í Aserbaídsjan, Bandaríkjunum, Bosníu og Hersegóvínu, Bretlandi, Hvíta-Rússlandi, Kirgistan, Moldóvu, Tadsjikistan og Úkraínu. Flestar kosninganna voru taldar uppfylla alþjóðlega staðla, nema kosningarnar í Aserbaídsjan og Hvíta-Rússlandi.

Í Aserbaídsjan, þar sem flokkur sitjandi forseta vann stórsigur, átöldu eftirlitsmenn yfirvöld fyrir takmarkanir á prentfrelsi og fundafrelsi og ójafna möguleika frambjóðenda til að koma sér á framfæri, sem og alvarlega ágalla á kosningaframkvæmd og talningu atkvæða.

Framkvæmd kosninganna í Hvíta-Rússlandi þótti einnig ábótavant, en í kjölfar tilkynningar um að sitjandi forseti, Alexander Lúkasjenkó hefði náð endurkjöri, brutust út mótmæli sem lauk með handtöku hundruða mótmælenda, þ.m.t. blaðamanna og mótframbjóðenda Lúkasjenkós. Í kjölfar gagnrýni ÖSE á framkvæmd kosninganna tilkynnti forsetinn að hann mundi láta loka skrifstofu ÖSE í höfuðborg landsins, Minsk.

2. Almennt um ÖSE-þingið.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE (áður ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE, eða til ársins 1995) starfar á grundvelli Helsinkisáttmálans (e. Helsinki Final Act) frá árinu 1975. Markmið ÖSE er að stuðla að friði, öryggi, lýðræði og samvinnu á starfssvæði sínu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum og meginreglum réttarríkisins. ÖSE sinnir hlutverki sínu m.a. með baráttu gegn hryðjuverkum, mansali, þjóðernisofstæki, eiturlyfjasmygli og ólöglegri vopnasölu.

Á leiðtogafundi ÖSE vorið 1990 var Parísarsáttmálinn samþykktur (e. Charter of Paris for a New Europe). Sáttmálinn kveður m.a. á um stofnun formlegs vettvangs fyrir þingmenn sem komi saman einu sinni á ári. ÖSE-þingið og ÖSE eru þannig greinar af sama meiði. Ólíkt öðrum fjölþjóðlegum stofnunum liggur hins vegar enginn hefðbundinn stofnsáttmáli þeim til grundvallar.

Fyrsti fundur ÖSE-þingsins var haldinn í júlí 1992. Aðild að ÖSE-þinginu eiga 56 þjóðþing í Evrópu, Norður-Ameríku og Mið-Asíu. Þingið er skipað 320 fulltrúum. Þar af á Alþingi þrjá.

Hlutverk ÖSE-þingsins er að hafa áhrif á stefnumótun og áherslur í starfi ÖSE og að hafa eftirlit með og meta árangurinn af starfi stofnunarinnar. Í málefnanefndum þingsins er unnið að undirbúningi ályktana. Þær eru síðan afgreiddar á ársfundi og komið á framfæri við ráðherraráð ÖSE, sem er vettvangur utanríkisráðherra aðildarríkjanna, og fastaráð ÖSE en þar eiga sæti sendiherrar eða fastafulltrúar aðildarlandanna gagnvart ÖSE. Fastaráðið fundar vikulega í Vín. Í samspili við ÖSE virkar þingið sem hugmyndabanki fyrir áherslur í starfi ÖSE auk þess sem þingið veitir ÖSE bæði stuðning og aðhald með eftirliti sínu og umræðu um starf stofnunarinnar. Hvað viðvíkur formlegum samskiptum ÖSE-þingsins og ÖSE þá ávarpar formaður ráðherranefndar ÖSE-þingið og gefur skýrslu um verkefni sem unnið er að hjá ÖSE. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til ráðherrans.

Þá tekur ÖSE-þingið þátt í því að þróa leiðir til að koma í veg fyrir ágreining milli ríkja og stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana á því svæði sem starfsemi ÖSE tekur til. Að lokum hefur kosningaeftirlit verið eitt helsta verkefni þingsins frá upphafi. Sú starfsemi hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. ÖSE-þingið á samvinnu við lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE (ODHIR) um kosningaeftirlit. Nokkur ágreiningur hefur ríkt um verkaskiptingu milli stofnana þrátt fyrir samstarfssamning á milli þeirra frá árinu 1997. Einnig á ÖSE-þingið

samvinnu um kosningaeftirlit við aðrar fjölþjóðlegar þingmannasamkundur, eins og Evróputáðsþingið og Evrópuþingið.

ÖSE-þingið kemur saman til ársfundar í allt að fimm daga í júlí. Einstök aðildarríki skiptast á að halda ársfund. Ársfundur afgreiðir mál úr öllum þremur málefnanefndunum ÖSE-þingsins í formi ályktunar ársfundar. Auk þess geta einstakir þingmenn eða landsdeildir lagt fram ályktunartillögur sem verða hluti af ályktun ársfundar að gefnu samþykki í atkvæðagreiðslu.

Málefnanefndirnar eru nefnd um stjórnmál og öryggismál (1. nefnd), nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál (2. nefnd) og nefnd um lýðræðis- og mannréttindamál (3. nefnd). Formaður, varaformaður og skýrsluhöfundur hverrar málefnanefndar eru kjörnir af viðkomandi nefnd í lok hvers ársfundar. Skýrsluhöfundur nefndar velur málefnið sem tekið verður fyrir í nefndinni það árið í samráði við formann og varaformann viðkomandi nefndar. Síðan undirbýr skýrsluhöfundur skýrslu og drög að ályktun sem lögð er fyrir nefndina til umræðu og að lokum til umræðu og afgreiðslu á ársfundi. Málefnanefndir þingsins koma einnig saman á vetrarfundinum sem haldinn er í Vín í febrúar ár hvert. Þar fá þingmenn einnig tækifæri til að hlýða á framlag fastafulltrúa og embættismanna ÖSE sem hafa aðsetur í Vín eins og fyrr segir. Auk ársfundar og vetrarfundar er haldinn haustfundur þar sem stjórnarnefnd og framkvæmdastjórn þingsins koma saman auk þess sem árleg málefnaráðstefna þingsins fer fram á sama tíma.

Fyrir utan fastanefndir þingsins, stjórnarnefnd og framkvæmdastjórn getur forseti þingsins skipað tímabundið sérstaka fulltrúa og þingið sérnefndir til að taka aðkallandi mál til skoðunar og vera ráðgefandi um þau. Sem dæmi var starfandi sérstakur fulltrúi vegna fangabúða Bandaríkjahers fyrir meinta hryðjuverkamenn í Guantanamo á Kúbu og sérnefnd vegna stjórnmálaástandsins í Hvíta-Rússlandi.

3. Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Í upphafi árs 2010 voru aðalmenn Íslandsdeildar Róbert Marshall formaður, þingflokki Samfylkingar, Björn Valur Gíslason varaformaður, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Magnús Orri Schram, þingflokki Samfylkingar, Þór Saari, þingflokki Hreyfingarinnar, og Tryggvi Þór Herbertsson, þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Í nóvember tók Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingflokki Samfylkingar, sæti varamanns í stað Magnúsar Orra Schram.

Þrjár málefnanefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins og var skipan þeirra af hálfu Íslandsdeildar árið 2010 eftirfarandi:

1. Nefnd um stjórnmál og öryggismál: Róbert Marshall.
2. Nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál: Pétur H. Blöndal.
3. Nefnd um lýðræðis- og mannréttindamál: Björn Valur Gíslason.

4. Starfsemi Íslandsdeildar 2010.

Íslandsdeild hélt einn fund á árinu þar sem þátttaka í fundum ÖSE-þingsins var undirbúin. Á ársfundi þingsins í Osló lagði Róbert Marshall, formaður Íslandsdeildar, fram tillögu að ályktun f.h. landsdeildarinnar í tilefni af því að tíu ár voru liðin frá samþykkt ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325, um konur, frið og öryggi. Í framsöguræðu sinni með ályktuninni vék Róbert að mikilvægi ályktunar öryggisráðsins hvað varðar það að tryggja að litið sé til mismunandi aðstæðna karla og kvenna í átökum og að konur komi að uppbyggingu samfélaga eftir að stríðsátökum lýkur. Greindi hann frá stuðningi íslenskra stjórnvalda við ályktun nr. 1325 og starf UNIFEM á Balkanskaga og víðar og fagnaði stofnun UN Women, sem kemur í stað þeirra fjögurra stofnana sem áður störfuðu að málefnum

kvenna og jafnrétti innan Sameinuðu þjóðanna. Samþykktar voru fjórar breytingartillögur við tillögu Íslandsdeildar og hún samþykkt að svo búnu.

Pétur H. Blöndal gaf ársfundi þingsins skýrslu um störf sín sem sérlegur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins í fjárreiðum ÖSE og fyrirhuguðum áherslum sínum á komandi ári. Þá sótti hann fund gegnsæis- og ábyrgðarnefndar þingsins í Vínarborg í september og átti fjarfundi með starfsfólki skrifstofu ÖSE í Albaníu til að fylgja eftir heimsókn sinni til landsins árið 2007.

5. Fundir ÖSE-þingsins.

ÖSE-þingið kemur saman til reglulegra fundahalda þrisvar sinnum á ári. Yfirleitt er ársfundur haldinn að sumri, haustfundur í október og vetrarfundur í febrúar.

Vetrarfundur ÖSE-þingsins í Vínarborg 19.–20. febrúar 2010.

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Róbert Marshall formaður og Pétur H. Blöndal, auk Magneu Marinósdóttur ritara, en alls tók 221 þingmaður frá 52 ríkjum þátt í fundinum. Samkvæmt venju funduðu stjórnarnefnd og málefnanefndir þingsins með embættismönnum ÖSE auk þess sem fram fór sameiginlegur fundur málefnanefnda og fundur um stöðu mála í Afganistan.

Fundur stjórnarnefndar var settur af João Soares, forseta þingsins. Forsetinn tók til sérstakrar umræðu mikilvægi þess að gera ákvörðunartöku innan fastaráðs ÖSE skilvirkari til þess að stofnunin gæti brugðist við atburðum líðandi stundar hratt og örugglega. Sömu áherslu gætti í máli Marc Perrin de Brichambaut, sendiherra og framkvæmdastjóra ÖSE, en samstöðureglan sem gildir um ákvörðunartökur ÖSE þykir koma niður á starfsemi stofnunarinnar í æ ríkari mæli þar sem hún veitir í raun einstökum aðildarríkjum neitunarvald. Skýrasta dæmið er ákvörðunin um að leggja niður starfsemi ÖSE í Georgíu þrátt fyrir andstöðu allra nema Rússlands sem ekki náðist samkomulag við.

Kosningaeftirlit kom til umræðu á stjórnarnefndarfundinum og sameiginlegum fundi málefnanefndanna. Spencer Oliver, framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins, sagði það vera óásættanlegt af ÖSE að stilla ÖSE-þinginu upp jafnfætis öðrum fjölþjóðaþingmannasamkundum. Þvert á móti væri forustuhlutverk ÖSE-þingsins við kosningaeftirlit ekki síst til þess fallið að standa vörð um sjálfstæði ÖSE. Tók hann sem dæmi kosningar í Kasakstan árið 1994. Þá var kosningaeftirlitið nánast alfarið í höndum ÖSE-þingsins. Eftir kosningarnar voru fulltrúar ÖSE-þingsins boðaðir á fund með sendiherrum sem lýstu áhyggjum sínum af hugsanlegum afleiðingum neikvæðrar umsagnar um kosningarnar fyrir samskipti erlendra stjórnarerindreka við stjórnvöld í Kasakstan. Fundurinn hefði verið til vitnis um mikilvægi ÖSE-þingsins við að standa vörð um sjálfstæði ÖSE gagnvart pólitískum þrýstingi. Þróunin eftir kosningar 1994 hefði hins vegar orðið sú að lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE (ODIHR) hefði aukið þátttöku sína í kosningaeftirliti sem skapaði ágreining við þingið. Sá ágreiningur hefði verið leystur árið 1997 með undirritun samstarfssamnings milli þeirra. Þann samning hefði ODIHR virt að vettugi að mati framkvæmdastjórans sem tíndi til dæmi máli sínu til staðfestingar. Forseti ÖSE-þingsins tók undir orð framkvæmdastjórans og sagði m.a. að ODIHR hagaði sér eins og ríki í ríkinu og beitti sér gegn ÖSE-þinginu í anda hefðbundinnar valda- og hagsmunabaráttu á kostnað fagmennsku og samvinnu.

Marc Perrin de Brichambaut, sendiherra og framkvæmdastjóri ÖSE, greindi frá því á sameiginlegum fundi málefnanefndanna að árið 2010 hefði markað tímamót í sögu ÖSE en 35 ár voru liðin frá Helsinki-sáttmálanum, 20 ár frá Kaupmannahafnaryfirlýsingunni og 10 frá Parísaryfirlýsingunni. Hugmyndir væru uppi um leiðtogafund í tilefni tímamótanna en síðasti leiðtogafundur ÖSE fór fram 1999 í Istanbúl. Til stæði að utanríkisráðherrar ÖSE kæmu

saman til óformlegs fundar í júní 2010 til að ræða hugsanlegan leiðtogafund sem mundi vera allt í senn hátíðarfundur og stefnumarkandi fundur þar sem litið yrði um öxl og hugað að árangri og áskorunum fram undan, ekki síst Afganistan og hlutverki ÖSE þar í landi. Að lokum ræddi framkvæmdastjórinn Korfú-ferlið. ÖSE hefði í formennskutíð Finnlands árið 2008 verið fyrsta alþjóðastofnunin sem brást við beiðni Rússlands með stuðningi Frakklands um endurskoðun á skipan öryggismála í Evrópu. Korfú-ferlið, sem formlega var sett af stað 2009 í formennskutíð Grikklands, hefur að markmiði viðræður milli ÖSE og annarra fjölþjóðastofnana, þ.e. NATO, ESB, Evrópuráðsins, Sameiginlegu öryggismálastofnunarinnar (Collective Security Treaty Organisation sem Rússland, Hvíta-Rússland, ríki Mið-Asíu og Armenía eiga aðild að) og Samveldis sjálfstæðra ríkja um skipan öryggismála. Hvorki NATO né ESB hafa tekið málið formlega á dagskrá og það sama gildir um ÖSE þar sem málið hefur ekki verið til formlegrar umræðu innan fastaráðsins, heldur eingöngu óformlega innan ramma Korfú-ferlisins sem Kaskastan hélt í formennskutíð sinni áfram að vinna að.

Sérstök umræða var um stöðu mála í Afganistan en í janúar 2010 var haldin alþjóðleg ráðstefna í London þar sem þátttakendur komu sér saman um markmið og leiðir til að stuðla að öryggi og friði í landinu til framtíðar. Framsögumenn á fundi ÖSE-þingsins voru Kassym-Jomart Tokayev, forseti efri deildar löggjafarþings Kasakstan og varaforseti ÖSE-þingsins, og Michel Voisin, sérlegur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins um Afganistan. Sérstakur gestur fundarins var Robert Ayasse, aðgerðastjóri hjá NATO.

Í máli Tokayev kom fram að ríki Mið-Asíu færu ekki varhluta af ástandinu í Afganistan sem væri litað af 30 ára stríðsátökum, harðstjórn trúarofstækismanna, stríðsherra og hryðjuverkamanna, framleiðslu á ópíum, sem margir hefðu lifibrauð sitt af og talið er að svari um 93% af ólöglega framboðinu á heimsmarkaði, og flóttamannastraumi. Tokayev fagnaði tillögum Lundúnaráðstefnunnar og yfirlýsingum bandarískra og breskra stjórnvalda um að reynt yrði að ná sáttum við hófsama talíbana og bjóða þeim að ganga til liðs við lögmæt stjórnvöld með því skilyrði að þeir legðu niður vopn og hættu öllum stuðningi við hryðjuverkasamtökin Al-Kaída, sem hann taldi líklegra til árangurs en hernaður. Að lokum greindi hann frá stuðningi ríkisstjórnar sinnar í Afganistan en ríkisstjórn Kasakstans hefur bæði veitt fjármuni til mannúðaraðstoðar og uppbyggingarstarfs auk þess sem nemendum frá Afganistan hefur verið boðin skólavist í Kasakstan þar sem allt uppihald er greitt með því skilyrði að viðkomandi snúi aftur og vinni að uppbyggingarstarfi í heimalandinu. Ríkisstjórn Kasakstans styður einnig við bakið á alþjóðlegum öryggissveitum NATO, m.a. með því að heimila birgðaflutninga í lofti og á láði, auk þess sem fulltrúi hers Kasakstans starfar hjá höfuðstöðvum alþjóðaöryggissveitanna í Kabúl og er það í fyrsta sinn sem hernaðarfulltrúi frá ríki Mið-Asíu tekur þátt í NATO-aðgerð. Kasakstan mun í formennskutíð sinni hjá ÖSE leggja höfuðáherslu á að ÖSE komi í meira mæli að uppbyggingarstarfi í Afganistan.

Voisin sagði markmið ráðstefnunnar í London góðra gjalda verð en spurning væri hversu raunhæf þau væru í ljósi vandans sem við væri að eiga. Stjórnkerfið í Afganistan væri gegnsýrt spillingu og þeir sem færu raunverulega með völdin væru glæpamenn, ekki einn heldur fjölmargir. Átök milli þjóðernis- og þjóðfélagshópa færu vaxandi og meðal almennings gætti aukinnar vantrúar á getu alþjóðaöryggissveitanna og ríkisstjórnarinnar, sem álitin væri veik og spillt, til ná markmiðum um frið og öryggi. Sáttaumleitanir, afvopnun og uppbyggingarstarf væri erfitt í framkvæmd við slíkar aðstæður.

Í umræðum kom fram almennur stuðningur við áframhaldandi veru alþjóðasamfélagsins í Afganistan. Hins vegar var sú skoðun áberandi að þrátt fyrir áframhaldandi stuðning við veru alþjóðaherliðs í Afganistan þá væru hernaðarlegar leiðir ekki til þess fallnar að leysa vandann sem við væri að etja. Í þessu samhengi ber að nefna að ríkisstjórn Hollands féll vegna ágreinings um veru hollenskra hermanna í Afganistan 21. febrúar 2010. Þingmanna-

sendinefndir, ekki síst Kasakstan og Kirgistan voru á einu máli um mikilvægi friðsamlegra sáttaleiða og formaður þingmannasendinefndar Kirgistan bauð höfuðborg sína fram sem vettvang fyrir sáttaumleitanir milli stríðandi fylkinga sem væru forsenda þess viðsnúnings og umbreytinga sem þörf væri á. Robert Ayasse, aðgerðastjóri hjá NATO, lýsti því yfir í lok fundar að nú yrði vörn snúið í sókn og aukin áhersla lögð á baráttuna gegn spillingu, að ná til hófsamra talíbana og auka borgaralega starfsemi á vegum alþjóðaöryggissveita NATO með það að markmiði að koma stjórntaumum landsins í hendur heimamanna, ekki innan ákveðins tímaramma heldur þegar réttar aðstæður væru fyrir hendi.

Ársfundur ÖSE þingsins í Osló 6.–10. júlí 2010.

ÖSE-þingið hélt 19. ársfund sinn dagana 6.–10. júlí í Osló. Fyrir hönd Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Róbert Marshall, formaður, og Pétur H. Blöndal, ásamt Magneu Marinósdóttur, ritara.

Tvö framboð höfðu verið tilkynnt fyrir ársfundinn til forseta og framkvæmdastjóra auk þess sem kosið var í embætti varaforseta og nefndarformanna. Í framboði til forseta ÖSE-þingsins voru Consiglio Di Nino frá Kanada og Petros Efthymiou frá Grikklandi. Sá síðarnefndi hlaut meiri hluta atkvæða í lok ársfundar og tók við sem forseti af João Soares frá Portúgal sem gegnt hafði embættinu undanfarin tvö ár. Framkvæmdastjórn þingsins hafði tilkynnt að Spencer Oliver gæfi kost á sér til áframhaldandi setu í embætti framkvæmdastjóra en hann hefur sinnt embættinu síðan þingið var stofnað árið 1992. Samkvæmt þingsköpum er það hlutverk stjórnarnefndar að staðfesta val framkvæmdastjórnar með einföldum meiri hluta. Í aðdraganda ársfundar tilkynnti formaður landsdeildar Lettlands, Janis Eglitis, um framboð Artis Pabriks, þingmanns í Lettlandi, til embættis framkvæmdastjóra. Framboðið olli nokkru uppnámi enda ekki í samræmi við reglur þingsins, þar sem ekki er gert ráð fyrir mótframboði ef framkvæmdastjóri þingsins ákveður að gefa kost á sér til endurkjörs. Samhliða framboðinu lagði landsdeildin fram breytingartillögur á þingsköpum með þeim rökum að núverandi fyrirkomulag þætti ólýðræðislegt. Viðbrögð framkvæmdastjórnar var að senda bréf til stuðnings framboði Spencer Oliver undirrituð af forseta þingsins, báðum forsetaframbjóðendunum og tveimur fyrrverandi forsetum. Spencer Oliver var síðan kosinn með meiri hluta atkvæða á stjórnarnefndarfundi en jafnframt var ákveðið að taka fyrirkomulag við val á framkvæmdastjóra þingsins til endurskoðunar og leggja fram breytingartillögur á vetrarfundi þingsins í Vín.

Samþykkt var að árgjald ÖSE-þingsins yrði óbreytt frá fyrra ári eftir að gagnrýni hafði borist frá formanni bresku sendinefndarinnar, Tony Lloyd, á fyrirhugaðri hækkun á tímum niðurskurðar í öllum aðildarþingunum. Kosningaeftirlitsskýrslur voru teknar til umræðu og gerð grein fyrir fyrirhuguðum kosningaeftirlitsverkefnum sem þingið mundi taka þátt í það sem eftir væri árs, alls fimm talsins. Tilkynnt var að ársfundur ÖSE-þingsins 2011 yrði haldinn í Belgrad í Serbíu dagana 6.–10. júlí, árið 2012 í furstadæminu Mónakó og 2013 í Istanbúl í Tyrklandi og að haustfundur ÖSE-þingsins árið 2011 yrði haldinn í Króatíu.

Í umræðu um skýrslur sérlegra fulltrúa forseta ÖSE-þingsins gerði Pétur H. Blöndal, sérlegur fulltrúi í fjárreiðum ÖSE, grein fyrir tillögum sínum og fyrirhuguðum vettvangsferðum. Sérlegur fulltrúi um aðgerðir gegn mansali, Christopher Smith, meðlimur í fulltrúadeild Bandaríkjaþings, greindi frá sérstöku átaki þar sem starfsmenn flugfélaga fá sérstaka þjálfun til að koma auga á vísbendingar um hugsanleg fórnarlömb mansals. Einnig var rætt um óleystar deilur milli Armeníu og Aserbaídsjan um Nagorno-Karabakh héraðið þar sem geisuðu vopnuð átök frá 1988–1994 og deilurnar milli Georgíu og Rússlands, sem lúta að sjálfsstjórnarhéruðunum Suður-Ossetíu og Abkasíu, sem eingöngu rússnesk stjórnvöld hafa viðurkennt sem fullvalda ríki eftir að þau lýstu yfir sjálfstæði sínu í ágúst 2009. Í máli Kimmo

Kiljunen, sérlegs fulltrúa ÖSE-þingsins í málefnum Mið-Asíu, kom fram að honum hefði verið boðið af forseta landsins, Roza Otunbaeva, sem fer fyrir bráðabirgðastjórn Kirgistans, að vera í forsvari fyrir alþjóðlegri rannsókn á þeim átökum sem urðu á milli hópa Kirgisa og Úsbeka í Fergana-dalnum um tveimur mánuðum eftir stjórnarskiptin í landinu. Þykir boð bráðabirgðastjórnar landsins vera viðurkenning á starfi ÖSE-þingsins en í átökunum hafa nokkur hundruð manns látið lífið og um 400 þúsund manns lagt á flótta yfir til Úsbekistans.

Fundurinn var formlega settur með ávarpi João Soares, forseta ÖSE-þingsins og Dag Terje Andersen, forseta norska stórþingsins. Forseti norska stórþingsins gerði starf ÖSE í baráttunni gegn mansali að sérstöku umtalsefni en mansal er sýnilegt vandamál í Osló. Auk forsetanna tóku til máls þau Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, Marc Perrin de Brichambaut, sendiherra og framkvæmdastjóri ÖSE, og Tone Tingsgård, sænsk þingkona og jafnréttisfulltrúi ÖSE-þingsins.

Utanríkisráðherra Noregs vék að möguleikanum á því að Mið-Austurlönd ættu með sér sams konar samvinnu og ríki Austur- og Vestur-Evrópu áttu með sér á tímum kalda stríðsins á grundvelli Helsinki-sáttmálans sem varð liður í því að járntjaldið féll að lokum. Svæðisbundið samstarf í Mið-Austurlöndum gæti að sama skapi verið liður í því að finna farsæla lausn á deilunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Í framhaldinu fór hann yfir þau verkefni ÖSE sem honum fannst hvað mikilvægust, og nefndi baráttuna gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi, leiðir til að takast á við öryggisáskoranir samtímans með vísan í Korfú-ferlið sem lýtur að endurskoðun á núverandi skipan öryggismála, og hlutverk ÖSE við að fyrirbyggja og leysa átök. Framkvæmdastjóri ÖSE vék einnig að Korfú-ferlinu í tengslum við fyrirhugaðan leiðtogafund ÖSE og öryggisáskorunum samtímans með vísan í átökin í Kirgistan sem hann tók sem dæmi um hvernig veikburða stofnanir og spilling grafa undan lýðræði. Í umræðum var einnig fjallað um hvernig stjórnarskiptin í Kirgistan og kosningar um nýja stjórnarskrá væru skref í þá veru að breyta þeirri pólitísku menningu einræðis og spillingar sem hefur verið við lýði í fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna. Í tengslum við umræðu um átökin í Kirgistan hélt Knut Vollebæk, sérlegur fulltrúi ÖSE í málefnum minnihlutahópa, erindi þar sem hann fjallaði um sambúð þjóðarbrota með hliðsjón af nálgun ÖSE, sem gengur út á réttindi og skyldur þjóðarbrota innan sama ríkis, auk þess sem þingið samþykkti ályktun um Kirgistan. Jafnréttisfulltrúi þingsins vék að stöðu mála innan ÖSE og hvatti til þess að fleiri konur væru ráðnar í háttsett embætti innan stofnunarinnar.

Eftir erindi framsögumanna tóku nefndir þingsins til starfa en fyrir utan skýrslur og ályktanir fastanefndanna þriggja lágu 35 ályktanir fyrir þinginu sem einstakir þingmenn eða þingmannasendinefndir höfðu lagt fram til samþykktar. Þar á meðal var ályktun sem Róbert Marshall lagði fram fyrir hönd Íslandsdeildar um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325, um konur, frið og öryggi. Tilefnið var að 10 ár eru liðin frá samþykkt ályktunarinnar. Ályktun Íslandsdeildar var samþykkt með fjórum breytingum. Í framsöguræðu sinni með ályktunni vék Róbert að mikilvægi ályktunar nr. 1325 við að tryggja að litið sé til mismunandi aðstæðna karla og kvenna í átökum og að konur komi að uppbyggingu samfélaga eftir að stríðsátökum lýkur sem og að fyrirbyggjandi aðgerðum. Hann hvatti ríki til að gera aðgerðaráætlun um framfylgni við ályktun nr. 1325 en alls hafa 19 ríki gert slíka áætlun, þar á meðal Ísland. Hann vék einnig að stuðningi íslenskra stjórnvalda við ályktunina og starf UNIFEM (þróunarsjóðs SÞ í málefnum kvenna) á Balkanskaganum og víðar. Að lokum fagnaði hann stofnun UN Women sem mun leysa af hólmi þær fjórar stofnanir sem áður sinntu málefnum kvenna og jafnréttismálum innan SÞ með það að markmiði að styrkja starf Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna og kynjajafnréttis.

Sérstakur hádegisverðarfundur var haldinn um jafnréttismál þar sem lög um kynjakvóta voru til umræðu. Framsögu hélt Marit Nybakk, varaforseti norska stórþingsins. Í máli sínu

vék hún að því hvernig lög gætu breytt viðhorfum og hegðun og það væri meðal annars tilgangur laganna sem sett voru í Noregi um að stjórnir hlutafélaga í opinberri eigu skulu hafa minnst 40% að hvoru kyni innanborðs. Að lokum vék hún að ályktun nr. 1325, um konur, frið og öryggi, og þróunarstarfi á vegum norska ríkisins en til að mynda hafa leiðtoganámskeið undir fyrirsögninni „Konur geta“ verið þýtt á 50 tungumál og haldin í löndum allt frá Suður-Súdan til Serbíu.

Hustfundur ÖSE-þingsins í Palermó 8.–11. október 2010.

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Róbert Marshall, formaður, og Kjartan Fjeldsted, ritari. Meginefni fundarins var baráttan gegn skipulagðri glæpastarfsemi og spillingu og var fundurinn haldinn í Palermó á Sikiley í tilefni af því að tíu ár eru liðin frá undirritun Palermó-sáttmálans um varnir gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Helstu mál á dagskrá voru reynslan af framkvæmd Palermó-sáttmálans, baráttan gegn spillingu, og mansal.

Framsögumenn í umræðum um Palermó-sáttmálann voru sammála um að mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu í að stemma stigu við glæpastarfsemi hefði aukist mjög í takt við hnattvæðingu og tæknivæðingu af ýmsu tagi. Í þessu sambandi hefði undirritun Palermó-sáttmálans markað ákveðin tímamót. Piero Grasso, aðalsaksóknari á Ítalíu í málum tengdum mafíunni, gerði grein fyrir reynslu Ítala af baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi og minntist sérstaklega dómarans Giovanni Falcone, sem ráðinn var af dögum af Sikileyjarmafíunni árið 1992. Í máli hans kom fram að alþjóðleg glæpasamtök störfuðu nú í auknum mæli í fámennum sellum, ekki ólíkt hryðjuverkasamtökum, og raunar væru sífellt meiri samskipti milli glæpahópa og hryðjuverkamanna. Lykilatriði væri að ráðast gegn fjárhagslegum grundvelli glæpasamtaka, en til þess væri alþjóðleg samvinna sérstaklega mikilvæg. Í því sambandi benti Mario Morcone, yfirmaður ítalskrar stofnunar sem sér um upptöku eigna sem tengjast skipulagðri glæpastarfsemi, á að á Ítalíu hafa meira en 27 þúsund eignir verið kyrrsettar og margar gerðar upptækar vegna gruns um að þær séu ágóði skipulagðrar glæpastarfsemi.

Í umræðum um varnir gegn spillingu benti Miklos Marschall frá Transparency International á að talið væri að 1 billjón bandaríkjadala tapaðist á ári hverju vegna spillingar. Richard Boucher, aðstoðarframkvæmdastjóri OECD, taldi að raunverulegur árangur hefði þó náðst frá því að sáttmáli OECD gegn mútum gekk í gildi árið 1999. Meðal annars leyfa nú engin ríki lengur frádrátt frá skatti vegna mútugreiðslna erlendis. Þá hafa 225 einstaklingar og fyrirtæki hlotið refsingar vegna mútugreiðslna á grundvelli sáttmálans og 280 mál eru í rannsókn. Antonella Mularoni, ráðherra utanríkis- og samgöngumála San Marínó, sagði frá viðleitni landsins til að auka gagnsæi í landinu, m.a. með gerð samninga um upplýsingaskipti við önnur ríki – þar á meðal Ísland – vegna skattrannsókna, sem leitt hefur til þess að landið var nýverið tekið af lista OECD yfir skattaparadísir.

Á málþingi um mansal benti Jonathan Eyers, yfirmaður mansalsmála hjá Interpol, á að talið sé að einungis 5% mansalsmála komi til kasta yfirvalda og að aðeins um 1% fórnarlamba sé bjargað. Mansal sé nú annar umfangsmesti milliríkjaglæpurinn (e. transnational crime) og velti um 32 milljörðum bandaríkjadala árlega. Chris Smith, sérstakur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins í aðgerðum gegn mansali, gerði grein fyrir árangri af bandarískri lagasetningu á sviði mansals sem hann átti frumkvæði að árið 2000, sem og nýstofnuðum samtökum flugfreyja og flugþjóna gegn mansali. Marija Andjelkovic, forseti serbnesku félagasamtakanna ASTRA, sagði frá þróuninni í Serbíu, en þar eru sífellt fleiri fórnalömb mansals frá Serbíu sjálfri. Er það breyting frá því sem áður var, þegar þorri fórnarlamba var frá ríkjum austar í Evrópu, svo sem Moldóvu og Úkraínu. Einnig er nú meira um það en áður að karlar og börn séu fórnarlömb mansals.

Í umræðum um mál framsögumanna var m.a. bent á að ein af höfuðástæðum þess að upp kemst um svo fá mál væri sú að fórnarlömb veigri sér við að leita til yfirvalda vegna ótta við að þeim verði umsvifalaust vísað úr landi. Skiptar skoðanir voru um það hvernig best væri að takast á við þetta vandamál og lögðu sumir fulltrúar áherslu á að bæta þyrfti réttarstöðu fórnarlamba en aðrir töldu að slíkt mundi verða til þess að auka straum ólöglegra innflytjenda og því væri mikilvægast að styrkja landamæragæslu.

Þess má geta að Ísland fullgilti viðauka Palermó-sáttmálans um baráttu gegn mansali í júní 2010.

Sérstakur gestur á fundi forsætisnefndar þingsins var Marc Perrin de Brichambaut, framkvæmdastjóri ÖSE, og gerði hann grein fyrir fjárreiðum stofnunarinnar. Fram kom í máli hans að hann mundi leita eftir 2% hækkun fjárveitinga til stofnunarinnar á næsta ári vegna aukins starfsmannakostnaðar. Þá sagði Johannes Koskinen frá starfi gagnsæis- og ábyrgðarnefndar þingsins, sem hann er formaður fyrir, og tillögum nefndarinnar í þeim umbótum sem standa fyrir dyrum á starfi stofnunarinnar. Þá gerði Roberto Battelli, gjaldkeri ÖSE-þingsins, grein fyrir niðurstöðum kosningaeftirlits þingsins í Bosníu og Hersegóvínu 3. október, en kosningarnar þar voru almennt taldar hafa uppfyllt staðla ÖSE og Evrópuráðsins. Tina Schøn, aðstoðarframkvæmdastjóri ÖSE-þingsins, kynnti fyrirkomulag kosningaeftirlits þingsins í þingkosningunum í Bandaríkjunum og Aserbaídsjan í nóvember.

Að loknum fundi forsætisnefndar lögðu formenn landsdeilda blómsveig að minnisvarða um fórnarlömb skipulagðrar glæpastarfsemi í höfuðstöðvum lögreglunnar í Palermó.

Alþingi, 14. mars 2011.

Róbert Marshall, form.	Björn Valur Gíslason, varaform.	Pétur H. Blöndal.

Fylgiskjal.

Ályktanir og skýrslur ÖSE-þingsins árið 2010.

Eftirfarandi ályktanir og skýrslur voru samþykktar á ársfundi ÖSE-þingsins árið 2010:

- Ályktun um ástandið í Kirgistan.
- Ályktun um sterkara hlutverk ÖSE-þingsins í Korfú-ferlinu um öryggi í Evrópu.
- Ályktun um framtíðaráherslur ÖSE-þingsins.
- Ályktun um að styrkja hlutverk, skilvirkni og áhrif ÖSE-þingsins.
- Ályktun um að stuðla að trausti innan ÖSE-þingsins.
- Ályktun um styrkingu á fyrirkomulagi Vínarskjalsins frá 1999 um samningaviðræður um aðgerðir til að auka öryggi og traust.
- Ályktun um stuðning við friðarferlið í Mið-Austurlöndum.
- Ályktun um kjarnorkuöryggi.
- Ályktun um afmörkun landamæra fullvalda ríkja í Austur-Evrópu.
- Ályktun um Moldóvu.
- Ályktun um Guantanamó.
- Ályktun um baráttu gegn hryðjuverkum, framleiðslu og smygli á eiturlyfjum og ólöglegum fólksflutningum frá Afganistan.

- Ályktun um bann við notkun herliðs á yfirráðasvæði nágrannaríkja.
- Ályktun um ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um konur, frið og öryggi.
- Ályktun um norðurskautið.
- Ályktun um ábyrgð aðildarríkja ÖSE á að tryggja hnattrænt orkuöryggi.
- Ályktun um alþjóðlegar samningaviðræður um loftslagsmál.
- Ályktun um samvinnu ríkjanna við strendur Miðjarðarhafs.
- Ályktun um rétt flóttamanna innan eigin ríkja til að snúa aftur til síns heima.
- Ályktun um aðlögun landbúnaðarframleiðslu að verndun náttúrulegra vistkerfa.
- Ályktun um stöðu sérfræðinga í stefnumótunarferlum.
- Ályktun um uppfyllingu þúsaldarmarkmiðanna.
- Ályktun um rafræna glæpi.
- Ályktun um fólksflutninga sem áframhaldandi áskorun fyrir ÖSE.
- Ályktun um samstarf um aðstoð við flóttamenn.
- Ályktun um skuldbindingar ÖSE í þágu trúfrelsis og aðskilnaðar ríkis og trúarhópa.
- Ályktun um vernd rannsóknarblaðamanna.
- Ályktun um þjóðarminnihluta í milliríkjasamskiptum
- Ályktun um bann við mismunun á grundvelli kynhneigðar eða kynferðis.
- Ályktun um réttindi kvenna og æxlunarheilbrigði.
- Ályktun um dauðarefsingar.
- Ályktun um að sniðganga hótel sem styðja við kynlífsiðnaðinn.
- Ályktun um að herða baráttuna gegn mansali vegna kynferðislegrar misnotkunar í aðildarríkjum ÖSE.
- Ályktun um baráttu gegn eftirspurn eftir mansali og rafrænum tegundum misnotkunar.
- Ályktun um mannréttindi og grundvallarfrelsi hermanna.
- Skýrsla stjórnmála og öryggismálanefndar um baráttuna gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi og spillingu.
- Skýrsla nefndar um efnahags-, tækni-, vísinda- og umhverfismál.
- Skýrsla nefndar um lýðræðis- og mannréttindamál.

1027. Skýrsla [607. mál]

Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 2010.

1. Inngangur.

Stjórn fiskveiða, björgunarmál á norðurslóðum, menntamál og hval- og selveiðar voru meðal þeirra mála sem mest var fjallað um á vettvangi Vestnorræna ráðsins á árinu 2010. Þemaráðstefna ráðsins, sem fram fór á Sauðárkróki í júní, var að þessu sinni tileinkuð fiskveiðistjórnarkerfum. Fyrirlesarar frá vestnorrænu löndunum þremur og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynntu kosti og galla þeirra fiskveiðistjórnarkerfa sem notast er við á Vestur-Norðurlöndum og innan ESB og miðluðu af reynslu sinni af virkni þeirra. Sótti Íslandsdeild í beinu framhaldi ráðstefnu norrænu ráðherranefndarinnar í Færeyjum um sama efni og var þetta í fyrsta skipti sem ráðið og norræna ráðherranefndin eiga með sér formlegt samstarf um ráðstefnuhald. Á ársfundi sínum í ágúst samþykkti ráðið svo ályktun sem hvetur

ríkisstjórnir Vestur-Norðurlanda til að hefja samstarf um stjórn á veiðum úr sameiginlegum deilistofnum.

Ársfundur ráðsins fór að þessu sinni fram í Tasiilaq á austurströnd Grænlands, en auk áðurnefndrar ályktunar um fiskveiðistjórnarmál samþykkti fundurinn m.a. ályktanir um útsendingar vestnorrænu ríkisfjölmiðlanna í öllum löndunum þremur, eflingu samgangna milli Vestfjarða og austurstrandar Grænlands, stofnun vestnorræns sögu- og samfélagsseturs, vestnorrænt samstarf til að bæta stöðu einstæðra foreldra og athugun á fyrirkomulagi vöruflutninga við austurströnd Grænlands. Þá samþykkti ársfundurinn yfirlýsingu sem Íslandsdeildin lagði fram vegna sölubanns ESB á selskinnsvörum og fyrirvara Evrópuþingsins þess efnis að Ísland yrði að hætta hvalveiðum áður en af inngöngu í ESB yrði, en í yfirlýsingunni er réttur þjóða til sjálfbærrar nýtingar á auðlindum hafsins ítrekaður.

Ólína Þorvarðardóttir, formaður Íslandsdeildar, var kjörin formaður Vestnorræna ráðsins á ársfundinum í Tasiilaq. Sem formaður ráðsins var hún m.a. viðstödd útför Jonathans Motzfeldt, fyrrverandi formanns heimastjórnar Grænlands og forseta Grænlandsþings, í Nuuk í nóvember. Þá sat hún þing Norðurlandaráðs í Reykjavík, þar sem hún gerði mikilvægi þess að ná bindandi samningi um björgunarmál á norðurslóðum að meginumtalsefni, og fund stjórnarnefndar þingmannanefndar um norðurskautsmál í Ottawa, en Vestnorræna ráðið hefur áheyrnaraðild að nefndinni.

Að venju hélt forsætisnefnd ráðsins tvo fundi utan þemaráðstefnu og ársfundar. Á fundi forsætisnefndar í Kaupmannahöfn í mars ræddi nefndin m.a. möguleika þess að staðsetja norrænan háskóla á Vestur-Norðurlöndum. Þá tilkynnti formaður landsdeildar Færeyja, Kári P. Højgaard, að Færeyingar hefðu ákveðið að veita fé til reksturs vestnorræns sögu- og samfélagsseturs, sem mundi til að byrja með hafa aðsetur í Háskóla Færeyja. Forsætisnefndin kom einnig saman í Reykjavík í nóvember í tengslum við Norðurlandaráðsþing þar sem m.a. var hugað að leiðtogafundi vestnorrænu landanna sem áætlað er að fram fari sumarið 2011. Forsætisnefndin átti einnig fundi með forsætisnefnd Norðurlandaráðs og ráðherrum vestnorrænu landanna á sviði félagsmála, menntamála, utanríkismála og norrænnar samvinnu.

Íslandsdeildin skipulagði ráðstefnu vestnorrænna þingkvenna sem haldin var í júní í boði forseta Alþingis. Efni ráðstefnunnar var staða og völd kvenna í stjórnmálum og atvinnulífi á Vestur-Norðurlöndum og sóttu hana þingkonur frá öllum ríkjunum þremur ásamt ráðherrum úr ríkisstjórn Íslands.

Hvað menningarmál snertir voru bókmenntaverðlaun Vestnorræna ráðsins veitt 1. september. Gerður Kristný hlaut þau að þessu sinni fyrir skáldsöguna Garðinn. Á fánadegi Færeyja, 25. apríl, var haldinn færeyskur menningardagur í samstarfi við Sendistovu Færeyja og var þetta í annað sinn sem slíkur dagur var haldinn.

Loks var þingmannanefnd Íslands og Færeyja um framkvæmd fríverslunarsamnings Íslands og Færeyja – Hoyvíkursamningsins – stofnuð á árinu og mun Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins sinna verkefnum hennar fyrir hönd Alþingis. Grænland á áheyrnaraðild að nefndinni til að fylgjast með framkvæmd samningsins.

2. Almennt um Vestnorræna ráðið.

Þjóðþing Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í höfuðstað Grænlands, Nuuk, 24. september 1985. Með því var formfest samstarf landanna þriggja sem oft ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd (Vestnorden). Á ársfundi ráðsins árið 1997 var nafninu breytt í Vestnorræna ráðið þegar samþykktur var nýr stofnsamningur í

þjóðþingum aðildarríkjanna. Við þær breytingar voru einnig samþykktar nýjar vinnureglur og markmið samstarfsins skerpt.

Í Vestnorræna ráðinu sitja átján þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Vestnorræna ráðið kemur reglulega saman tvisvar sinnum árlega, til ársfundar og þemaráðstefnu. Ársfundur fer með æðsta ákvörðunarvald ráðsins. Þriggja manna forsætisnefnd, skipuð formanni landsdeildar hvers aðildarríkis, stýrir starfi ráðsins á milli ársfunda. Ráðið heldur síðan árlega þemaráðstefnu þar sem sérstakt málefni er tekið fyrir. Auk þess getur ráðið skipað vinnunefndir um tiltekin mál.

Markmið Vestnorræna ráðsins eru að starfa að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, vernda auðlindir og menningararfleið Norður-Atlantshafssvæðisins, stuðla að samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna Vestur-Norðurlanda um mikilvæg mál og vera þingræðislegur tengiliður milli vestnorrænna samstarfsaðila. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum ráðsins með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna sem samþykkt eru á ársfundi. Vestnorræna ráðið hefur ályktað um ýmis mál, þar á meðal umhverfismál, auðlinda- og samgöngumál, björgunar- og öryggismál, menningarmál og íþrótta- og æskulýðsmál, svo að fátt eitt sé nefnt. Jafnframt vinnur Vestnorræna ráðið að framgöngu markmiða sinna með virkri þátttöku í norrænu, evrópsku og norðurskautssamstarfi.

Undanfarin ár hefur ráðið lagt aukna áherslu á að formgera slíkt samstarf. Árið 2002 var undirritaður samningur um samstarf Vestnorræna ráðsins og ríkisstjórna Vestur-Norðurlanda og árið 2006 var undirritaður samstarfssamningur Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs sem veitir Vestnorræna ráðinu aukinn tillögu- og málflutningsrétt á Norðurlandaráðsþingi. Árið 2008 var svo undirritaður samningur við sendinefnd Evrópuþingsins (SIN/EEA-nefndina) um reglubundna upplýsinga- og samráðsfundi. Auk þess hefur Vestnorræna ráðið áheyrnaraðild að þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál.

3. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Á árinu 2010 skipuðu Íslandsdeildina þingmennirnir Ólína Þorvarðardóttir, formaður, þingflokki Samfylkingar, Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaformaður, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Atli Gíslason, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Árni Johnsen, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Sigurður Ingi Jóhannsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Þráinn Bertelsson, óháður og síðar þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Varamenn voru Sigmundur Ernir Rúnarsson, þingflokki Samfylkingar, Björn Valur Gíslason, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingflokki Samfylkingar, Ásmundur Einar Daðason, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Ásbjörn Óttarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Höskuldur Þórhallsson, þingflokki Framsóknarflokks. Magnea Marinósdóttir gegndi starfi ritara Íslandsdeildar til ágústloka og Kjartan Fjeldsted frá byrjun september.

Íslandsdeild hélt fjóra fundi á árinu þar sem þáttaka í starfsemi ráðsins var undirbúin. Á vettvangi ráðsins lagði Íslandsdeild m.a. fram tillögur að ályktun um aukna samvinnu vestnorrænu ríkisfjölmiðlanna og yfirlýsingu vegna sölubanns Evrópusambandsins á selskinnsvörum og fyrirvara Evrópuþingsins þess efnis að Ísland verði að hætta hvalveiðum áður en af inngöngu í ESB verður, en í yfirlýsingunni er réttur þjóða til sjálfbærrar nýtingar á auðlindum hafsins ítrekaður.

Hvað varðar trúnaðarstörf fyrir Vestnorræna ráðið var Ólína Þorvarðardóttir, formaður Íslandsdeildar, kjörin formaður ráðsins á ársfundi þess í ágúst. Sem formaður sat hún 62. þing Norðurlandaráðs í Reykjavík í nóvember og fund stjórnarnefndar þingmannanefndar um

norðurskautsmál í Ottawa síðar í mánuðinum, þar sem hún flutti erindi um starfsemi og áherslur ráðsins. Í desember fundaði hún með sjávarútvegsnefnd grænlenska þingsins í Reykjavík. Þá átti hún ásamt Josef Motzfeldt, þáverandi formanni ráðsins, fundi með sjávarútvegsráðherra og dómsmálaráðherra í Reykjavík í mars til að kynna áherslur ráðsins. Loks var hún fulltrúi Vestnorræna ráðsins við útför Jonathans Motzfeldt, fyrrverandi formanns heimastjórnar Grænlands og forseta grænlenska þingsins, í Nuuk í nóvember.

Íslandsdeild skipulagði einnig ráðstefnu vestnorrænna þingkvenna í samstarfi við forseta Alþingis og fór hún fram 7. júní í Þjóðmenningarhúsinu. Ráðstefnuna sóttu sextán þingkonur frá öllum vestnorrænu löndunum þremur ásamt fjölda annarra gesta. Á ráðstefnunni fjölluðu fyrirlesarar frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi um stöðu vestnorrænna kvenna í stjórnmálum og atvinnulífi. Gerð var grein fyrir sértækum leiðum til að til að jafna völd karla og kvenna í stjórnmálum og atvinnulífi, auk þess sem fjallað var um kynjaða hagstjórn og jafnréttisuppeldi.

4. Fundir Vestnorræna ráðsins 2010.

Vestnorræna ráðið hélt að venju þemaráðstefnu og ársfund. Þemaráðstefnan, sem að þessu sinni fjallaði um fiskveiðistjórnarkerfi, fór fram á Sauðárkróki en ársfundurinn í Tasiilaq á vesturströnd Grænlands. Í framhaldi af þemaráðstefnunni hélt Íslandsdeild til Færeyja til að taka þátt í ráðstefnu norrænu ráðherranefndarinnar sem einnig fjallaði um fiskveiðistjórnarkerfi. Þá voru haldnir tveir forsætisnefndarfundir á árinu auk þess sem forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins átti fundi með forsætisnefnd Norðurlandaráðs og ráðherrum vestnorrænu ríkjanna á sviði félagsmála, menntamála, utanríkismála og norræns samstarfs á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í nóvember.

Þemaráðstefna um fiskveiðistjórnarkerfi 8.–10. júní.

Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um fiskveiðistjórnarkerfi var haldin dagana 8.–9. júní á Sauðárkróki og 10. júní hélt Vestnorræna ráðið í samstarfi við norrænu ráðherranefndina ráðstefnu um fiskveiðistjórn í Þórshöfn í Færeyjum. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu ráðstefnurnar Ólína Þorvarðardóttir, formaður, Árni Johnsen, Ásmundur Einar Daðason og Sigurður Ingi Jóhannsson, auk Magneu Marinósdóttur, ritara.

Fiskveiðistjórnarkerfin á Vestur-Norðurlöndunum sem leið til að koma í veg fyrir ofveiði og stuðla að arðsemi sjávarútvegs, atvinnu og byggð var umfjöllunarefni ráðstefnanna. Einnig var fjallað um dreifingu arðs af fiskveiðum þar sem litið er á fiskstofna sem sameign. Það sem kom m.a. fram er að íslenska kvótakerfið lýtur einkum að því að vernda fiskstofnana og tryggja arðsemi sjávarútvegsins, en norska kerfið hefur það einnig að markmiði að vernda sjávarbyggðir og tryggja afkomu þeirra sem þar búa, sem gerir það að verkum að norska kerfið hefur verið ríkisstyrkt síðan 1920. Íslensku frummælendurnir, sem gerðu grein fyrir þróun og gerð íslenska fiskveiðistjórnarkerfisins, voru nokkuð sammála um að íslenska kvótakerfið hefði aukið arðsemi í sjávarútvegi en hvort það hefði náð því markmiði að byggja upp fiskstofnana var umdeildara. Einnig var nokkuð umdeilt hvort sú leið að deila út veiðiheimildum í formi kvóta til ákveðins hóps útvegsmanna án tímatakmarkana og endurgjalds hafi verið rétta leiðin til að tryggja arðsemi. Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra greindi frá þeirri endurskoðunarnefnd sem er að störfum á vegum ríkisins við að meta íslenska fiskveiðistjórnarkerfið með hliðsjón af reynslunni og þáttum eins og fiskvinnslu, samgöngum og byggð. Í framsögu Þórólfs Matthíassonar kom fram sú gagnrýni á kvótakerfið að það hefði í fyrsta lagi gert það að verkum að verðlag á veiðiheimildum hækkaði mjög mikið

fyrir þá sem annaðhvort urðu að kaupa eða leigja kvóta af þeim sem fengu hann upprunalega. Kvótaverð hefði farið úr 300 kr. árið 1992 í 3.500 kr. um áramótin 2007–2008 en hefði lækkað síðan þá. Í öðru lagi hefði kvóti verið nýttur með sama hætti og aðrar eignir sem veð gegn lánum til margs konar fjárfestinga sem voru ekki bundnar við sjávarútveg, m.a. til hlutabréfakaupa í íslensku bönkunum. Lærdómurinn sem Þórólfur dró af reynslu Íslands er sá að eignarkvótakerfi hefði skapað hvata fyrir sjávarútvegsfyrirtæki til að starfa eins og fjárfestingarsjóðir sem hefði leitt til offjárfestinga og í verstu tilvikunum til slæmrar skuldastöðu fyrir einstök sjávarútvegsfyrirtæki og jafnvel heilu sveitarfélögin. Leigukvótakerfi skapi ekki sama svigrúm og eignarkvótakerfið fyrir ráðstöfun eigin fjár að hans mati en eins og staðan sé núna þurfi að finna leið til að lifa með afleiðingunum og á sama tíma breyta kerfinu svo að sama sagan endurtaki sig ekki.

Í umræðu um kvótakerfið í Grænlandi kom fram að það hefði skilað sér í fækkun fiskiskipa og aukinni arðsemi. Hins vegar hefði frá upphafi verið lögð áhersla á að fiskstofnar væru sameign þjóðarinnar og þeir sem fengu einkarétt til að nýta suma fiskstofna fimm ár í senn þyrftu að borga fyrir nýtingarréttinn. Með auðlindagjaldinu nyti samfélagið góðs af sameigninni. Þannig væri einnig komið í veg fyrir að kvótaverð hækkaði verulega. Í umræðum um sóknardagakerfi í Færeyjum kom m.a. fram að veiðidögum, en þingið ákveður hversu margir þeir eru árlega á grundvelli ráðlegginga fiskifræðinga, væri deilt út til báta eftir flokkun á stærð og samhliða væru svæðalokanir, reglur um veiðarfæri og önnur úrræði nýtt til að koma í veg fyrir ofveiði. Það hvort sjávarútvegur í Færeyjum væri arðsamur voru hins vegar deildar meiningar um.

Í erindi um endurskoðun á sjávarútvegsstefnu ESB kom m.a. fram að stefnan, sem tók gildi árið 1982, hafi verið tekin til endurskoðunar árin 1992, 2002 og 2007 og stefnt væri að því að ný stefna tæki gildi árið 2013. Fimm meginvandamál væri við að eiga, þ.e. of mikil veiðigeta, mismunandi og mótsagnarkennd markmið, skortur á forgangsröðun, skammtímasjónarmið, lítil aðkoma þeirra sem stunda sjávarútveg að ákvörðunartöku um fiskveiðistjórn og menning þar sem reglur eru ekki virtar. Fram kom að endurskoðun stefnunnar færi fram í samráði við fjölda rannsóknarstofnana, félaga- og hagsmunasamtök, sveitar- og héraðsstjórnir, aðildarríki og ríki utan ESB, þ.m.t. Ísland, og gerð var grein fyrir umræðunni um mögulegar lausnir á þeim vandamálum sem við væri að eiga. Forseti Norðurlandaráðs fjallaði um hlutverk Norðurlandanna við endurskoðun á sjávarútvegsstefnu ESB, ekki síst hvað brottkast snertir sem er mikið vandamál innan ESB. Í umræðunni kom einnig fram að brottkast væri vandamál á Íslandi til viðbótar við meðafla, falsaðar veiðiskýrslur og ákvarðanir um heildarkvóta umfram ráðleggingar vísindamanna.

Stig Gezelius fjallaði um ástæður að baki reglugerðarbrotum eins og brottkasti, veiði umfram veiðiheimildir, hvort sem það er kvóti eða sóknardagar, og löndun framhjá vigt. Í máli hans kom fram að alla jafna liggi efnahagslegur hvati að baki slíkum brotum. Áskorunin fælist þar af leiðandi í því að fá menn til að virða reglur sem menn græða á að brjóta. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna hans hefur það sýnt sig að samfélagslegt aðhald sem lýtur að því að lagabrjótar kalli yfir sig viðurlög í formi slúðurs, fordæmingar eða mannorðsmissis ef þeir virða ekki lög og reglur samfélagsins er betra stjórntæki með mun meiri fælingarmátt en eftirlit á vegum ríkisins sem er bæði fjarlægara og kostnaðarsamara. Af því leiðir að ef aðhald nærsamfélagsins er takmarkað og eftirlit er fyrst og fremst í höndum ríkisins getur orðið mikið um lögbrot. Í samfélagi þar sem aðhald er fyrir hendi geta hins vegar skapast aðstæður eða hvatar sem gera það að verkum að samfélag umberi stundum lögbrot. Það gerist einkum þegar togstreita verður á milli markmiða eins og t.d. þess að virða lög og reglur,

tryggja sér lífsviðurværi eða skapa gróða. Um leið og togstreita verður á milli markmiða verður siðferðileg afstaða manna ekki eins afdráttarlaus og þá skapast um leið svigrúm fyrir lög- og reglugerðarbrot. Forsendur fyrir aðhaldi nærsamfélagsins þegar kemur að sjávarútvegi skapast samkvæmt samanburðarrannsóknum Gezelius þegar tekst að ná sátt um skipulag fiskveiða í krafti raunverulegs samráðs ríkisins við nærsamfélagið sem byggir afkomu sína á sjávarútvegi og koma upp velferðarkerfi fyrir sjómenn. Þannig fær ríkið nærsamfélagið í lið með sér við að tryggja eftirlit og framfylgni við reglur.

Í lokin voru fundarmenn sammála um að Vestur-Norðurlöndin ættu að efla samstarf sitt um stjórn veiða úr sameiginlegum fiskstofnum eins og rauðmaga og grálúðu. Samhliða því ættu Vestur-Norðurlöndin að vinna saman að samræmingu veiðarfæra og tölfræðilegra gagna til að geta sinnt sameiginlegu eftirliti og rannsóknum.

Ársfundur í Tasiilaq á Grænlandi 23.–26. ágúst.

Vestnorræna ráðið hélt ársfund sinn dagana 23.–26. ágúst í Tasiilaq á Grænlandi. Fyrir hönd Íslandsdeildar sóttu fundinn Ólína Þorvarðardóttir, formaður, Árni Johnsen, Ásmundur Einar Daðason og Sigmundur Ernir Rúnarsson ásamt Magneu Marinósdóttur, ritara.

Fundinn setti fráfarandi formaður Vestnorræna ráðsins, Josef Motzfeldt, og síðar var Ólína kjörin formaður ráðsins. Í ræðu sinni sagði hún að unnið yrði að því að fylgja eftir ákvörðun ráðsins um að styrkja samstarf landanna varðandi sjávarútvegsmál og að ná samkomulagi um sameiginlega stjórn veiða úr deilistofnum til að tryggja sjálfbærar veiðar úr þeim. Ákvörðun um sameiginlega stjórn deilistofna gæti þjónað sem fyrirmynd fyrir lausn annarra fiskveiðideilna og leyst af hólmi þá hefð, sem gengur þvert á markmið um sjálfbæra nýtingu, að veiða sem mest úr deilistofnum til að skapa tilkall til veiðiheimilda. Ólína ræddi einnig um að löndin efldu samstarf sitt í menntamálum, sérstaklega hvað varðar fjarnám, og í að kynna hagsmuni og sjónarmið Vestur-Norðurlanda á alþjóðavettvangi. Formenn hverrar landsdeildar gerðu síðan hver fyrir sig grein fyrir því helsta sem gerðist á starfsárinu. Ólína vék þar að þátttöku sinni fyrir hönd Íslandsdeildar í Norðurlandaráðsþingi í Stokkhólmi, óformlegum fundi sínum með forsætisráðherra Færeyja þar sem fjallað var m.a. um endurbætur á samgönguinnviðum og vöruflutningum á milli Vestur-Norðurlandanna, undirbúningi Íslandsdeildar fyrir þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um fiskveiðistjórn, vestnorrænni ráðstefnu um jafnréttismál sem haldin var á Íslandi og undirbúningi Íslandsdeildar fyrir ársfundinn en Íslandsdeildin lagði fram tillögu um bættar samgöngur á milli Vestur-Norðurlandanna sem forsendu aukinna vöruflutninga og þjónustu á milli landanna. Sérstök áhersla var lögð á bættar samgöngur á milli Vestfjarða og austurstrandar Grænlands vegna nálægðar svæðanna. Josef Motzfeldt, formaður grænlensku landsdeildarinnar, lýsti yfir stuðningi við ályktunina og ræddi m.a. nauðsyn þess að aflétta einokun grænlenska skipafélagsins Royal Arctic Line til að skapa svigrúm fyrir önnur skipafélög til vöruflutninga til austurstrandar Grænlands.

Fjórar ályktanir til viðbótar voru samþykktar á fundinum. Forsætisnefnd lagði að frumkvæði Ólínu fram tillögu til ályktunar um útsendingar vestnorrænu ríkisfjölmiðlanna í öllum löndunum þremur en með þeim yrði mögulegt að miðla tungumálum og menningu milli landanna og stuðla að auknum fréttaflutningi auk þess sem lagt er til að ríkisfjölmiðlarnir vinni að sameiginlegri dagskrárgerð. Forsætisnefnd lagði einnig fram ályktun til að fylgja eftir þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um fiskveiðistjórn þar sem lagt er til að Vestur-Norðurlöndin komi á sameiginlegri fiskveiðistjórn deilistofna eins og grálúðu og stuðli þar með að sjálfbærri nýtingu þeirra og styrki jafnframt stöðu Vestur-Norðurlandanna gagnvart öðrum

ríkjum þegar kemur að tilkalli til veiða úr deilistofnum. Deilurnar milli Íslendinga, Færeyinga, Norðmanna, Skota og Evrópusambandsins (ESB) um veiðar á makríl voru teknar sem dæmi þar um. Ársfundurinn samþykkti ályktun um nauðsyn þess að huga að leiðum til að bæta stöðu einstæðra foreldra, einkum kvenna, á Vestur-Norðurlöndum sem stöðu sinnar vegna eiga erfitt með að stunda nám og lenda frekar í fátæktargildru. Að lokum var samþykkt tillaga um að stofna vestnorrænt menningar- og sögusetur. Tilefnið er útkoma vestnorrænnar sögu sem unnið hefur verið að undanfarin ár og hefur færeyska lögþingið þegar lagt 200 þúsund danskar krónur til setursins sem hefur aðsetur í háskólanum í Færeyjum. Auk framangreindra ályktana samþykkti fundurinn yfirlýsingu sem Íslandsdeildin lagði fram vegna sölubanns ESB á selskinnsvörum á Evrópska efnahagssvæðinu og fyrirvara Evrópuþingsins varðandi aðildarumsókn Íslands að ESB þess efnis að umsóknin yrði ekki samþykkt nema að því tilskildu að Íslendingar létu af hvalveiðum. Í yfirlýsingunni segir að sjálfbærar sel- og hvalveiðar á Vestur-Norðurlöndunum séu hefðbundnar og í samræmi við rétt þjóðanna samkvæmt alþjóðalögum og bent er á að alþjóðastofnanir eins og Evrópuþingið grafi undan eigin trúverðugleika þegar þær leggja á boð og bönn í trássi við alþjóðalög og alþjóðlegar yfirlýsingar sem ESB-ríkin hafa einróma samþykkt eins og yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um rétt frumbyggja frá árinu 2007. Yfirlýsingin var samþykkt með breytingum sem Josef Motzfeldt og Árni Johnsen lögðu til.

Auk fyrrnefndra samþykkta lagði Árni Johnsen til að ráðið mundi í samvinnu við stjórnvöld á Grænlandi kanna ástandið á bæ Eiríks rauða og Þjóðhildarkirkju á Grænlandi og gera tillögur um úrbætur ef ástæða væri til í tilefni 10 ára afmælis bygginganna. Var sú tillaga samþykkt. Einnig var ályktun nr. 1/2006 um að fríverslunarsamningurinn milli Íslands og Færeyja skuli einnig taka til Grænlands ógilt. Ástæðan er vinna sem er hafin um viðskiptasamninginn milli Íslands og Grænlands, m.a. vegna óvissu sem ríkir um framhald fríverslunarsamningsins milli Íslands og Færeyja vegna aðildarumsóknar Íslands að ESB. Þrátt fyrir það voru allir sammála um mikilvægi þess að stofnuð yrði þingmannanefnd Íslands og Færeyja með áheyrnaraðild Grænlands sem mundi fjalla um framkvæmd fríverslunarsamningsins. Eftir að ársfundi ráðsins lauk var haldinn óformlegur fundur þeirra aðila sem skipa munu nefndina þegar búið verður að ganga frá öllum formsatriðum um stofnun hennar. Þar var skýrsla sem lögð hafði verið fram af utanríkisráðuneyti Færeyja og Íslands tekin til umfjöllunar.

Ársfundurinn ákvað að ályktanir nr. 2/2008 og 5/2009 yrðu ógiltar og að forsætisnefndin mundi vinna að því að sameina menntamálaályktanir nr. 1/2009 og 2/2009 og gera áætlun um hvernig hægt væri að vinna að framkvæmd þeirra. Kosið var um tvær tillögur sem komu fram um efni fyrir þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins sem verður í Færeyjum á næsta ári. Önnur var frá Íslandi og fjallaði um að Vestur-Norðurlöndin mörkuðu sér sameiginlega stefnu í norðurskautsmálum. Hin var frá Færeyjum og beindi sjónum að samanburði úrræða ríkis og sveitarfélaga í málefnum eldri borgara með hliðsjón af byggingar- og rekstrarkostnaði þjónustuíbúða sem er orðinn mjög hár, auk þess sem fólk lifir lengur en áður við góða heilsu. Síðari tillagan var samþykkt með meiri hluta atkvæða. Palle Christiansen, samstarfsráðherra Grænlands, flutti ávarp þar sem hann greindi frá þátttöku Grænlands í alþjóðasamstarfi en Grænlendingar leggja mikla áherslu á að kynna hagsmuni sína sem vestnorrænt land, norrænt land, norðurskautsland og Evrópuland. Hann kynnti vinnu að tillögum um aukin tengsl við Kanada og stefnumótun Grænlands um sjálfbæra þróun sem ætti að liggja fyrir árið 2012. Hann sagði einnig að Vestnorræna ráðið væri lykilstofnun við að koma mikilvægum málum, sem snerta hagsmuni Vestur-Norðurlandanna, á dagskrá. Að lokum þakkaði hann

Íslendingum fyrir einurð sína í því að taka hin Vestur-Norðurlöndin með inn í umræður og áherslur innan Norðurlandaráðs sem og annars staðar. Marit Nybakk, varaforseti norska þingsins, vék m.a. að því að mikilvægustu úrlausnarefni framtíðarinnar væri að finna á norðurslóðum þar sem eru að koma til sögunnar siglingaleiðir og orkulindir eins og áhugi ESB og annarra stórvelda, t.d. Kína og Indlands, væri til vitnis um. Kent Olsen, áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs, tók í sama streng.

Framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins upplýsti að forsætisnefnd hefði ákveðið að leiðtogafundur Vestnorræna ráðsins yrði haldinn 1. nóvember 2010 í tengslum við Norðurlandaráðsþing í Reykjavík sem hófst daginn eftir en honum var m.a. ætlað að marka vestnorrænu samstarfi framtíðarsýn. Fundurinn ákvað að unnið yrði að því að allir þingmenn Vestnorræna ráðsins gætu mætt til fundarins. Framkvæmdastjórinn sagði að á fundinum yrði m.a. lögð fram skýrsla sérfræðingahóps, sem unnið hefur úttekt á þörfinni fyrir björgunarsveitir á Grænlandi með stuðningi frá Norrænu Atlantsnefndinni (NORA).

Forsætisnefndarfundur Vestnorræna ráðsins, fundur forsætisnefnda Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs og fundir forsætisnefndar með ráðherrum Vestur-Norðurlanda á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 2.–4. nóvember 2010.

Formaður Íslandsdeildar, Ólína Þorvarðardóttir, sótti þing Norðurlandaráðs dagana 2.–4. nóvember 2010 ásamt Kjartani Fjeldsted, ritara. Auk þeirra sóttu þingið formenn landsdeildar Grænlands, Josef Motzfeldt, og Færeyja, Kári P. Højgaard, sem og embættismenn. Samhliða þinginu var haldinn sameiginlegur fundur forsætisnefnda Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs. Þá átti forsætisnefndin fundi með samstarfsráðherrum Norðurlanda og menntamálaráðherrum, félagsmálaráðherrum og utanríkisráðherrum vestnorrænu ríkjanna, en fundur með sjávarútvegsráðherrum ríkjanna féll niður vegna fjarveru sjávarútvegsráðherra Færeyja og Grænlands.

Í ræðu á þingi Norðurlandaráðs gerði Ólína Þorvarðardóttir björgunarmál á norðurskautssvæðinu að meginumtalsefni sínu. Sagði hún Vestnorræna ráðið hafa haft umtalsverðar áhyggjur af viðbúnaði á svæðinu allt frá því að björgunarlið Bandaríkjahers hvarf frá Íslandi haustið 2006, ekki síst í ljósi aukinnar skipaumferðar um svæðið. Ekki mætti bíða lengur með að ná samkomulagi um samstarf á þessu sviði. Upplýsti Ólína þingið í þessu sambandi um að Vestnorræna ráðið ynni nú að aukinni samvinnu björgunarsveita vestnorrænu landanna.

Helgi Hjörvar, forseti Norðurlandaráðs, hóf sameiginlegan fund forsætisnefndanna á því að minnast Jonathans Motzfeldt, sem lést 28. október 2010. Þá vék hann að björgunarmálum á sjó, en útlit er fyrir að bindandi samningur náist þar um á næsta fundi Norðurskautsráðsins. Þá sagði Helgi að Kent Olsson, sem gegnt hefði hlutverki áheyrnarfulltrúa Norðurlandaráðs gagnvart Vestnorræna ráðinu, hefði nú dregið sig í hlé og að tilnefna þyrfti annan í hans stað.

Ólína Þorvarðardóttir gerði grein fyrir þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um fiskveiðistjórnarkerfi frá því í sumar. Hún sagði frá umræðu innan ráðsins um stöðu vestnorrænu landanna gagnvart málefnum norðurskautsins og þörfina fyrir skarpari stefnumótun vegna þeirra hagsmuna, áhættuþátta og sóknarfæra sem kunna að vera í húfi vegna aukinna umsvifa og umferðar um norðurslóðir. Því næst ítrekaði Josef Motzfeldt afstöðu Vestnorræna ráðsins til hval- og selveiða og harmaði þann skaða sem sölubann ESB á selskinni hefði valdið á Grænlandi. Þá gagnrýndi hann að ákveðin ríki og ríkjasambönd skyldu beita aflsmunum gegn smærri þjóðum, eins og hinum vestnorrænu, og tiltók sérstaklega afstöðu Noregs í viðræðum um makrílkvóta. Þórður Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, kynnti þemaráðstefnu ráðsins sem fram fer á næsta ári og bauð Norðurlandaráði að senda fulltrúa á ráðstefnuna.

Henrik Dam Christensen, sem tekur við forsæti Norðurlandaráðs fyrir árið 2011, gerði grein fyrir þeim málum sem Danir munu leggja áherslu á á formennskuári sínu. Ber þar hæst hvernig hægt sé að nýta Norðurlandasamstarfið til að auka áhrif Norðurlandanna á alþjóðavettvangi. Einnig sagði Christensen norðurskautsmál verða í brennidepli, ekki síst áhrif loftslagsbreytinga á svæðinu, og að hann mundi líklega óska eftir innleggi frá Vestnorræna ráðinu í þá umræðu. Ólína Þorvarðardóttir lýsti ánægju sinni með áherslur Dana.

Þá minnti Josef Motzfeldt forsætisnefnd Norðurlandaráðs á tilmæli Vestnorræna ráðsins þess efnis að Norðurlandaráð hætti að vísa til „sjálfstjórnarsvæða“ og notaði í staðinn orðið „land“ um Færeyjar og Grænland. Helgi Hjörvar svaraði því til að Norðurlandaráð hefði óskað eftir áliti ríkisstjórna Norðurlandaríkjanna á erindinu og að svar hefði ekki borist, nema frá Álandseyjum sem hefðu lýst sig fylgjandi tillögunni. Fulltrúi Álandseyja í forsætisnefndinni áréttaði einnig þann stuðning.

Forsætisnefndin fundaði með Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra og Jørgen Niclasen, utanríkismálaráðherra Færeyja. Kuupik Kleist, forsætisráðherra Grænlands, komst ekki en í hans stað tók Jens B. Fredrikssen varaforsætisráðherra þátt í fundinum. Ólína Þorvarðardóttir skýrði ráðherrunum frá þemaráðstefnu ráðsins í júní um fiskveiðistjórnarkerfi og minnti á tilmæli ráðsins um aukna samvinnu vestnorrænu landanna um stjórn á veiðum úr sameiginlegum fiskstofnum. Össur Skarphéðinsson áréttaði sérstaklega náin tengsl landanna þriggja og mikilvægi vestnorræns samstarfs sem hann sagði meiri kraft í en oft áður af hálfu Íslands. Jørgen Niclasen lýsti yfir ánægju sinni með þróun Hoyvíkursamningsins og vilja Færeyinga til þess að Grænlendingar gerðust aðilar að samningnum sem fyrst. Tók Kári P. Højgaard undir það. Josef Motzfeldt skýrði frá því að hugsanleg aðild Grænlands væri í athugun í grænlenska þinginu. Áheyrnaraðild Grænlands að þingmannanefnd Hoyvíkursamningsins mundi án efa auðvelda Grænlendingum að komast að niðurstöðu í málinu.

Þá áréttaði forsætisnefndin tilmæli sín um að haldinn yrði vestnorrænn leiðtogafundur árið 2011. Ákveðið var að stefna að því að fundurinn yrði haldinn í tengslum við þemaráðstefnu ráðsins í Færeyjum í júní, en ef það reyndist ógerlegt væri einnig hægt að halda fundinn samhliða ársfundi ráðsins á Íslandi í ágúst.

Fundinn með samstarfsráðherrum Norðurlanda sátu samstarfsráðherrarnir Katrín Jakobsdóttir, Jørgen Niclasen fyrir Færeyjar og Palle Christiansen fyrir Grænland. Ólína Þorvarðardóttir minnti ráðherrana á tilmæli Vestnorræna ráðsins um styrkingu samgangna á Vestur-Norðurlöndum og athugun á breyttu fyrirkomulagi vöruflutninga á austurströnd Grænlands. Palle Christiansen svaraði því til að nefnd væri að athuga málið og áætlað væri að hún skilaði af sér í janúar. Josef Motzfeldt áréttaði áhyggjur ráðsins af afskiptum annarra ríkja og ríkjasambanda af málefnum vestnorrænu landanna, svo sem hvað varðar hval- og selveiðar. Christiansen samsinnti því og sagði að Vestur-Norðurlöndin yrðu að geta þróast á sinn hátt án utanaðkomandi afskipta. Katrín Jakobsdóttir taldi hvalveiðar og ferðamennsku fara illa saman og að hvalveiðar yrðu stórt mál í aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins.

Fundur með menntamálaráðherrunum Katrínu Jakobsdóttur og Mimi Karlsen frá Grænlandi, og staðgengli menntamálaráðherra Færeyja hófst á því að Ólína Þorvarðardóttir kynnti ályktun ráðsins um vestnorrænan dag og fékk hugmyndin jákvæðar undirtektir ráðherranna. Kári P. Højgaard óskaði eftir afstöðu ráðherranna til stofnunar vestnorræns sögu- og samfélagsseturs sbr. ályktun ráðins nr. 2/2010. Katrín Jakobsdóttir svaraði því til að fyrir dyrum stæði 9% niðurskurður fjárframlaga til menntamála á Íslandi. Því væri ólíklegt að fjármögnun fengist til verkefnisins á næsta ári en ef til vill mætti athuga málið síðar. Fulltrúi Færeyja sagði fé til verkefnisins þegar tryggt af hálfu Færeyja og mikill stuðningur væri við málið í Færeyjum. Ólína Þorvarðardóttir fjallaði um ályktun ráðsins um viðhald Þjóðhildarkirkju og Brattahlíðar á vesturströnd Grænlands. Grænlenski ráðherrann varpaði fram þeirri hugmynd

að Vestur-Norðurlöndin gætu ef til vill unnið saman að verkefninu. Ráðherrarnir sögðust jákvæðir gagnvart aukinni samvinnu ríkissjónvarpsstöðva vestnorrænu landanna. Katrín Jakobsdóttir minnti þó á að RÚV væri sjálfstæð stofnun. Sögðust ráðherrarnir mundu taka málið upp við sínar ríkissjónvarpsstöðvar og hvetja til aukins samstarfs.

Loks fundaði forsætisnefndin með Guðbjarti Hannessyni, félags- og tryggingamálaráðherra, Rósu Samuelsen frá Færeyjum, og Maliine Abelsen frá Grænlandi. Ólína Þorvarðardóttir hóf fundinn með því að hvetja ráðherrana til að bæta stöðu einstæðra foreldra á Vestur-Norðurlöndum. Abelsen sagði málið vera í vinnslu innan grænlensku landsstjórnarinnar og Samuelsen sagði slíkan stuðning lítinn í Færeyjum. Ráðherrarnir lýstu stuðningi við að halda ráðstefnu um málið og vildi Abelsen að Álendingum yrði einnig boðið. Hvað varðar þemaráðstefnu næsta árs um húsnæði eldri borgara benti Guðbjartur Hannesson á að öll húsnæðisstefna á Íslandi væri í endurskoðun og að ályktun ráðsins passaði við þá vinnu. Samuelsen sagði húsnæði fyrir eldri borgara mikið vandamál í Færeyjum. Ólína Þorvarðardóttir bauð ráðherrana velkomna á ráðstefnuna.

6. Eftirfarandi ályktanir Vestnorræna ráðsins voru samþykktar á ársfundi í Tasiilaq á Grænlandi 23.–27. ágúst 2010.

- Ályktun um vestnorrænt samstarf til að bæta aðstæður einstæðra foreldra.
- Ályktun um stofnun vestnorræns sögu- og samfélagsseturs.
- Ályktun um eflingu samgangna milli Vestur-Norðurlanda.
- Ályktun um samvinnu milli vestnorrænu landanna um stjórn veiða úr sameiginlegum fiskstofnum.
- Ályktun um samvinnu milli ríkissjónvarpsstöðva vestnorrænu landanna.
- Ályktun um athugun á fyrirkomulagi fraktflutninga á austurströnd Grænlands.

Alþingi, 14. mars 2011.

Ólína Þorvarðardóttir, form., frsm.	Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaform.	Atli Gíslason.
Árni Johnsen.	Sigurður Ingi Jóhannsson.	Þráinn Bertelsson.

1028. Nefndarálit [549. mál]

um till. til þál. um skipun stjórnlagaráðs.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Róbert Spanó frá Háskóla Íslands, Sigurð Líndal frá Háskólanum á Bifröst, Ágúst Geir Ágústsson frá forsætisráðuneyti, Daða Ingólfsson og Geir Guðmundsson frá Stjórnarskrárfélaginu, Þorstein Magnússon og Þórhall Vilhjálmsson frá skrifstofu Alþingis, Ragnhildi Helgadóttur frá Háskólanum í Reykjavík, Jón Kristjánsson, fyrrverandi alþingismann og formann stjórnlaganefndar sem starfaði 24. janúar 2005 til 6. febrúar 2007, Ingveldi Einarsdóttur frá Dómarafélagi Íslands, Evu Bryndísi Helgadóttur frá Lögmannafélagi Íslands og Guðrúnu Pétursdóttur, formann stjórnlaganefndar.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að forseta Alþingis verði falið að skipa 25 manna stjórnlagaráð sem fái það verkefni að taka við og fjalla um skýrslu stjórnlaganefndar og gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Bjóða skuli þeim sæti í ráðinu sem landskjörstjórn úthlutaði sæti í kosningu til stjórnlagaþings en að öðrum kosti þeim sem næstir voru í röðinni, en þó þannig að kynjahlutföll raskist ekki.

Nefndin fjallaði um fjölmörg atriði málsins á fundum sínum, m.a. hvernig skilja beri ákvörðun Hæstaréttar frá 25. janúar sl. um ógildingu kosningar til stjórnlagaþings, hvort Alþingi sé stjórnskipulega heimilt að fara þá leið að skipa stjórnlagaráð eins og tillagan felur í sér, það endurskoðunarferli sem hafið er, aðkomu almennings að því og hver munurinn sé á því að Alþingi skipi í stjórnlagaráð og kosningu til stjórnlagaþings.

Ákvörðun Hæstaréttar.

Nefndin fjallaði um það á fundum sínum hvernig skilja beri ákvörðun Hæstaréttar um að ógilda kosningu til stjórnlagaþings. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir sérfræðinga í stjórnskipunarrétti við rökstuðning í greinargerð með tillögunni, þ.e. fullyrðingar um að ekkert bendi til að misferli hafi átt sér stað við kosninguna né að ágallar á framkvæmdinni hafi haft áhrif á niðurstöðu hennar, enda þótt þeir hafi verið verulegir að mati Hæstaréttar. Þeir bentu á að skilja beri ákvörðun Hæstaréttar um að ógilda kosninguna á þá leið að ágallarnir væru í eðli sínu til þess fallnir að hafa áhrif á úrslit kosninganna. Þegar litið sé til dómaframkvæmdar sé þetta sá mælikvarði sem notaður er við það mat. Brotið hafi verið í bága við þá meginreglu að kosningar skuli vera leynilegar en hún hafi það markmið að tryggja frjálsa og óbundna kosningahegðun og einnig að kjósendur séu ekki undir áhrifum eða þrýstingi.

Nokkur umræða hefur verið um hvort líta beri á niðurstöðu Hæstaréttar sem dóm eða sem ígildi stjórnsýsluákvörðunar, sbr. hlutverk stjórnlagadómstóla í öðrum ríkjum. Bent var á fyrir nefndinni að ekki mætti blanda saman hlutverki Hæstaréttar samkvæmt lögum um stjórnlagaþing og hefðbundnu hlutverki réttarins sem áfrýjunardómstóls samkvæmt stjórnarskrá. Meiri hluti nefndarinnar tekur fram að sú ákvörðun Hæstaréttar að ógilda kosninguna er endanleg og verður ekki vefengd. Því er umræða um hvort um dóm sé að ræða eða ekki óþörf og því voru kjörbréf til frambjóðenda afturkölluð og ekki boðað til stjórnlagaþings 15. febrúar sl. eins og lög um stjórnlagaþing gerðu ráð fyrir.

Álitaefnið er því hvort eðlilegt sé í ljósi ákvörðunar Hæstaréttar að skipa þá 25 einstaklinga í stjórnlagaráð, sem kosnir voru til stjórnlagaþings, þ.e. hvort slíkt val byggist á nægjanlega traustum forsendum. Framangreint leiðir umræðuna að þeim atriðum sem Hæstiréttur gerir athugsemdir við í ákvörðun sinni. Þeir ágallar sem Hæstiréttur gerir athugasemdir við lúta allir að formgöllum við framkvæmd kosninganna. Þótt ekki sé hægt að útiloka með öllu að þeir ágallar hafi í einstökum tilvikum haft áhrif á það hvernig kjósendur kusu að verja atkvæði sínu hefur ekki verið bent á nein tilvik þess efnis að það hafi í raun og gerst. Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga verður ekki með gildum rökum dregið í efa að þeir frambjóðendur sem hlutu mestan stuðning í kosningu til stjórnlagaþings hafi í reynd notið mests stuðnings þeirra kjósenda sem þátt tóku í kosningunum. Sé það á annað borð vilji Alþingis að kalla til einstaklinga til setu í stjórnlagaráði sem njóti til þess almenns og víðtæks traust í samfélaginu, þá geti Alþingi ekki byggt ákvörðun um skipun í stjórnlagaráð á traustari forsendum en þeim sem niðurstöður kosningarinnar gefa til kynna.

Endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er skýrt kveðið á um það hvernig unnt er að breyta stjórnarskrá. Í 79. gr. er kveðið á um að bera megi upp tillögur til breytinga eða viðauka á stjórnarskránni á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki skuli rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta skuli hún staðfest af forseta lýðveldsins og er hún þá gild stjórnarskipunarlög. Alþingi getur því samkvæmt stjórnarskránni ekki framselt löggjafarvald sitt með bindandi hætti og var stjórnlagaþingi í samræmi við ákvæði stjórnarskrár einungis ætlað ráðgefandi hlutverk við það endurskoðunarferli sem breið samstaða skapaðist um hjá öllum flokkum á Alþingi við samþykkt laga um stjórnlagaþing.

Kosningar til stjórnlagaþings byggðust á almennum lögum og voru því ekki stjórnarskrárbundnar eins og alþingiskosningar, forsetakosningar og kosningar til sveitarstjórna, enda var stjórnlagaþinginu einungis ætlað ráðgefandi hlutverk gagnvart Alþingi. Hið sama gildir um stjórnlagaráð samkvæmt þessari tillögu. Meiri hlutinn tekur fram að í tillögunni felast því ekki stjórnskipulegir annmarkar og getur Alþingi því sem handhafi löggjafarvalds ákveðið hvort og hvernig endurskoðunarferlinu verði haldið áfram. Hafa þarf í huga að ákvörðun Hæstaréttar fjallar einungis um framkvæmd kosningar til stjórnlagaþings og þá ágalla sem á henni voru að mati Hæstaréttar. Ákvörðun Hæstaréttar fjallar því ekki um heimildir Alþingis til að skipa nefndir og ráð sem hafi það hlutverk að gera tillögur um endurskoðun stjórnarskrárinnar og ekki um það hvaða forsendur Alþingi sé heimilt að leggja til grundvallar við skipun í slíkar nefndir og ráð.

Aðkoma almennings.

Með setningu laga um stjórnlagaþing var kveðið á um með hvaða hætti undirbúa ætti endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins með það grundvallarsjónarmið að leiðarljósi að leita ætti eftir afstöðu almennings. Var það m.a. gert með því að efna til þúsund manna þjóðfundar um stjórnarskrármálefni, skipa stjórnlaganefnd og kjósa með persónukjöri til ráðgefandi stjórnlagaþings einstaklinga sem væru óháðir stjórnmálaflokkum og félagasamtökum.

Samkvæmt 1. gr. laga um stjórnlagaþing átti forseti Alþingis í samráði við stjórnlaganefnd að boða til ráðgefandi stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944. Þegar þingið hefði lokið sinni endurskoðun og samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga átti það skv. 27. gr. laganna að senda Alþingi frumvarpið til meðferðar. Meiri hlutinn tekur fram að sú niðurstaða sem stjórnlagaþing hefði komist að hefði því ekki bundið hendur löggjafans samkvæmt stjórnarskránni. Meiri hlutinn telur engu síður að með því að samþykkja það endurskoðunarferli sem setning laga um stjórnlagaþing hafði í för með sér hafi löggjafinn bundið hendur sínar með pólitískum hætti, þ.e. gagnvart almenningi sem hann sækir umboð sitt til.

Endurskoðunarferlið og undirbúningur.

Nefndin fjallaði einnig um þann undirbúning sem þegar hefur farið fram í því endurskoðunarferli sem hófst með setningu laga um stjórnlagaþing, þ.e. með eitt þúsund manna þjóðfundi þar sem fulltrúar voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá og kosningu stjórnlaganefndar á Alþingi sem fjallaði um niðurstöður þjóðfundarins og vann upplýsingar sem afhenda átti stjórnlagaþingi þegar það kæmi saman. Þá var stjórnlaganefnd einnig falið að annast söfnun og úrvinnslu fyrirliggjandi gagna og upplýsinga um stjórnarskrármálefni sem nýst gætu stjórnlagaþingi og enn fremur leggja fram hugmyndir til stjórnlagaþings um breytingar á stjórnarskrá þegar það kæmi saman. Fyrir nefndinni kom fram að skýrsla stjórnlaganefndar sé nær tilbúin og að mikilvægt sé að kveða skýrt á um afhendingu hennar. Meiri

hlutinn tekur undir það og leggur til að stjórnlaganefnd afhendi stjórnlagaráði skýrslu sína í samræmi við tillöguna.

Meiri hlutinn telur mjög mikilvægt að sú undirbúningsvinna sem þegar hefur verið unnin nýtist vel og að ekki myndist rof í þeirri vinnu sem er svo vel á veg komin við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Nokkrar leiðir eru færar en þær hafa sína kosti og galla eins og rakið er í greinargerð og meirihlutaáliti samráðshóps sem fylgdi þingsályktunartillögunni. Meiri hlutinn tekur fram að sú leið sem tillagan felur í sér er raunhæf og hagkvæm, þ.e. hún hefur ekki í för með sér meiri kostnað en gert var ráð fyrir í upphafi. Hún byggist einnig á því að fela verkið því fólki sem hefur fengið ákveðna innsýn í verkefnið, boðið sig fram til þess í kjölfar ákvörðunar Alþingis og hefur undirbúið sig fyrir það að vinna í umboði Alþingis. Meiri hlutinn er því þeirrar skoðunar að tillagan feli í sér raunhæfasta valkostinn og hafi þann kost að auki að vera hagkvæm leið út úr vandasamri stöðu. Sá tími og fjármunir sem búið er að taka frá til verkefnisins muni nýtast best með þessum hætti. Fyrirhöfn þeirra sem buðu sig fram í kosningunum 27. nóvember sl. og ómak kjósenda sem mættu á kjörstað verður þá ekki til einskis.

Skipun í stjórnlagaráð og umboð þess.

Nefndin fjallaði um þá tillögu að skipa þá 25 sem kosnir voru til stjórnlagaþings í stjórnlagaráð og hvort það væri eðlilegt í ljósi ákvörðunar Hæstaréttar. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að það væri varhugavert og með því væri farið á svig við ákvörðun Hæstaréttar og jafnvel á svig við 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrígreiningu ríkisvaldsins. Meiri hlutinn tekur í því sambandi fram að kosningar og skipanir í ráð og nefndir á vegum Alþingis byggjast á almennum valdheimildum þingsins. Þær byggjast á sterkri framkvæmd og jafnan á tillögum þingflokka eða þingmanna og geta byggst á mismunandi sjónarmiðum, m.a. pólitískum. Meiri hlutinn telur að í samfélaginu sé víðtækur stuðningur við tillöguna um skipun 25 manna stjórnlagaráðs úr þeim 526 manna hópi sem bauð sig fram til verkefnisins. Meiri hlutinn telur einnig að þegar litið er til þess grundvallarsjónarmiðs við endurskoðunarferlið að leita átti eftir framlagi almennings til verkefnisins mæli ákveðin sanngirnisrök með því að bjóða þeim sæti í ráðinu sem landskjörstjórn úthlutaði sæti í kosningu til stjórnlagaþings en að öðrum kosti þeim sem næstir voru í röðinni samkvæmt þeim lista sem birtur var um niðurstöður talningar.

Meiri hlutinn tekur fram að með þessu er ekki lagt til að sætishlutur ógildra kosninga verði endurreiknaður samkvæmt reglum sem giltu um úthlutun sæta ef einhverjir vilja ekki taka sæti, heldur er að lagt til að þeir einstaklingar sem taka boði um sæti verði skipaðir í ráðið en að öðrum kosti þeir sem næstir koma, þó þannig að gætt sé að kynjasjónarmiðum, þ.e. að hvort kyn hafi a.m.k. 40% sæta í ráðinu. Með því er í reynd verið að taka úr sambandi þær reglur sem giltu um úthlutun sæta samkvæmt lögum um stjórnlagaþing og mun meiri hluti nefndarinnar leggja fram frumvarp um afnám flestra greina frumvarpsins samhliða þessu áliti.

Meiri hlutinn telur að þessi hópur einstaklinga sé fjölbreyttur og ágætisþverskurður af þjóðfélaginu. Þeir hafi hlotið mestan stuðning í almennum kosningum sem ríflega 83 þúsund manns tóku þátt í en Hæstiréttur lýsti ógildar eins og áður er rakið. Meiri hlutinn telur jafnframt að þeir séu ákjósanlegir til að sinna verkefninu í ljósi þess að ætla má að þeir hafi undirbúið sig undir það um nokkurt skeið og kynnt sér viðfangsefnið vel. Meiri hlutinn telur að því megi ætla að störf þeirra skili árangri á þeim tíma sem ráðinu er ætlaður til að ganga frá tillögum til Alþingis.

Nefndin fjallaði einnig um þann umboðsmun sem felst í tillögunni annars vegar og kosningu til stjórnlagaþings hins vegar. Ljóst er að þegar litið er til ákvörðunar Hæstaréttar um

að ógilda kosningarnar að þeir einstaklingar sem kosnir voru til stjórnlagaþings sækja umboð sitt ekki lengur til þjóðarinnar. Þingsályktunartillagan felur í sér að Alþingi skipi stjórnlagaráð og að þeir sem þar taka sæti sæki umboð sitt til Alþingis og þar með þeirra þjóðkjörnu fulltrúa sem þar sitja.

Samanburður á stjórnlagaþingi og stjórnlagaráði.

Á þingsályktunartillögunni og lögum um stjórnlagaþing er sá grundvallarmunur að ekki er lengur byggt á því að kjörnir fulltrúar sitji á þingi sem skipulagt sé með svipuðum hætti og Alþingiog njóti sömu verndar og Alþingi gerir skv. 36. gr. stjórnarskrár. Þeir sem taka sæti í stjórnlagaráði hafa því ekki sömu stöðu og gert var ráð fyrir að þingfulltrúar á stjórnlagaþingi hefðu.

Í þingsályktunartillöguninni er enn fremur lagt til að um skipulag og starfshætti stjórnlagaráðs fari eftir starfsreglum sem stjórnlagaráð setur og forseti Alþingis staðfestir. Í lögum um stjórnlagaþing er kveðið á um að auk forsætisnefndar stjórnlagaþings skyldu þrjár starfsnefndir starfa á vegum þingsins. Jafnframt var kveðið á um að þingið skyldi kjósa tvo þingfulltrúa til setu í hverri nefnd auk formanns nefndarinnar. Samkvæmt lögunum áttu allir þingfulltrúar seturétt á fundum nefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þá var skýrt kveðið á um undirbúning og meðferð frumvarps til stjórnarskipunarlaga. Stjórnlagaráði er samkvæmt tillögunni á hinn bóginn ætlað sjálfdæmi um skipulag vinnu sinnar samanborið við þá skýru og afmörkuðu umgjörð sem stjórnlagaþing átti að starfa í og sótti fyrirmynd til Alþingis. Ráðið mun því hafa meira frelsi um innra starf sitt heldur en stjórnlagaþingið hefði haft. Meiri hlutinn áréttar að vinnu stjórnlagaráðs skuli lokið fyrir 1. júlí nk. Takist það af einhverjum ástæðum ekki er það á verksviði undirbúningsnefndar að tryggja að stjórnlagaráð geti lokið verkinu.

Brottfall laga um stjórnlagaþing.

Meiri hlutinn leggur fram frumvarp til breytinga á lögum um stjórnlagaþing þar sem lagt er til að flest ákvæði laga um stjórnlagaþing falli brott og að önnur breytist, þ.e. sérstaklega hvað varðar undirbúningsnefndina sem meiri hlutinn leggur til að starfi áfram.

Þjóðaratkvæðagreiðsla.

Í framhaldsnefndaráliti allsherjarnefndar um stjórnlagaþing á 138. löggjafarþingi kemur fram að nefndin telur mikilvægt að almenningur fái tækifæri til að segja álit sitt á fyrirhuguðum stjórnarskrárbreytingum áður en þær öðlast gildi. Að mati nefndarinnar komu fjórar leiðir til álita í þeim efnum og voru þær raktar í álitinu.

Meiri hlutinn ítrekar þau sjónarmið sem þar koma fram og er það vilji meiri hlutans að taka eins og hægt er tillit til hugmynda sem fram hafa komið um að efnt verði til kosningar um niðurstöður stjórnlagaráðs áður en þær koma til kasta Alþingis. Er þess vænst að stjórnlagaráðið geri tillögu um hvernig haga megi slíkri kosningu, sbr. 6. tölul. 2. mgr. tillögunnar. Nauðsynlegt er að skoða mjög vel hvernig best sé að útfæra slíka kosningu þannig að hún nýtist Alþingi sem best við áframhaldandi meðferð málsins. Þannig eiga menn ekki að gefa sér fyrir fram að bera eigi einn kost undir þjóðina, þ.e. að hún yrði beðin um að hafna eða samþykkja tiltekna útfærslu stjórnarskrárinnar. Æskilegt væri að finna leið sem gerði það kleift að bera mismunandi kosti undir þjóðina, t.d. þannig að menn gætu sjálfstætt lýst afstöðu um einstök ákvæði nýrrar stjórnarskrár eða eftir atvikum einstaka kafla hennar. Þannig fengi Alþingi mun gleggri upplýsingar um vilja þjóðarinnar um einstaka þætti í stjórnarskránni en ef kjósendum yrði gert að samþykkja eða hafna öllu sem kæmi frá stjórnlagaráðinu.

Endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Að mati meiri hlutans verður það meginmarkmið að ráða ferð að ljúka endurskoðun stjórnarskrárinnar á þessu kjörtímabili. Allir flokkar og/eða þinghópar hafa lýst því yfir að þeir telji slíka endurskoðun brýna. Afstaða manna til þess hvaða leið eigi að fara í átt að þessu takmarki er misjöfn.

Tillaga um skipun stjórnlagaráðs á rætur að rekja til álits meiri hluta samráðshóps sem forsætisráðherra skipaði og fól að meta hvaða leið væri vænlegust til að halda áfram vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar í kjölfar þess að Hæstiréttur ógilti kosningu til stjórnlagaþings. Var það niðurstaða fimm fulltrúa af sex í hópnum, þar af fulltrúa fjögurra af fimm þingflokkum á Alþingi, að vænlegast væri að fara þá leið sem tillagan gerir ráð fyrir. Það þýðir þó ekki að sú leið sé gallalaus enda má vera ljóst að eftir að ákvörðun Hæstaréttar lá fyrir hafi enginn kostur verið gallalaus. Meiri hlutinn telur að meginókostur þessarar leiðar er að með henni er í raun horfið frá þeirri hugmynd að stjórnarskráin verði endurskoðuð með þátttöku þjóðkjörinna fulltrúa á stjórnlagaþingi. Ásýnd og staða þingskipaðs stjórnlagaráðs verður ekki sú sama og þjóðkjörins stjórnlagaþings hefði verið. Á hinn bóginn er sú tilhögun sem tillagan gerir ráð fyrir þess eðlis að hún tryggir að til verksins veljist einstaklingar sem ætla má að hafi búið sig undir það um nokkurt skeið og kynnt sér viðfangsefnið vel.

Meiri hlutinn telur að þegar litið er til þess að mikilvægt er að ekki myndist rof í þá vinnu sem þegar hefur verið unnin við endurskoðun stjórnarskrárinnar, þá sé þessi tillaga vænlegust af þeim sem koma til greina og raktar eru í greinargerð með tillögunni. Aðrar leiðir sem nefndar hafa verið eru annaðhvort ófærar af pólitískum ástæðum eða áhættusamar vegna þess tíma sem færi til spillis og óvissunnar um hvort ný sátt næðist um ferlið. Meiri hlutinn telur einnig mikilvægt að þessi tillaga felur ekki í sér meiri kostnað en lagt var upp með og að stjórnlagaráði er samkvæmt tillögunni ætlaður svipaður tími til að vinna tillögu að stjórnarskrárbreytingum og áður var gert ráð fyrir, þ.e. að vinnunni ljúki fyrir lok júnímánaðar. Þá telur meiri hlutinn einnig að þegar litið er til samspils við önnur mál, t.d. að stutt er í þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi svonefndra Icesave-laga nr. 13/2011, sé nauðsynlegt að leggja til að tillagan verði samþykkt.

Það er því niðurstaða meiri hlutans að með samþykkt tillögunnar náist margháttaður ávinningur. Endurskoðunarferlið heldur áfram með svipuðum hætti og til stóð. Fjármunir, vinna og tími, sem farið hafa í undirbúning stjórnlagaþings, nýtast vel og ætla má að mikilvægt innlegg komi frá stjórnlagaráði inn í endurskoðunarferlið sem muni nýtast Alþingi við mótun nýrrar stjórnarskrár.

Breytingartillögur.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði samþykkt með nokkrum breytingum sem varða aðallega aðkomu Alþingis, þ.e. að í stað þess að fela forseta, að höfðu samráði við forsætisnefnd Alþingis, að skipa 25 manna stjórnlagaráð er lagt til að Alþingi ályktí að skipa 25 manna stjórnlagaráð.

Meiri hlutinn leggur einnig til að við ákvæðið bætist að stjórnlagaráð kjósi formann úr sínum hópi sem beri ábyrgð á fjárreiðum stjórnlagaráðs gagnvart Alþingi. Þá er enn fremur lagt til að fundir ráðsins verði opnir en það er mikilvægt þegar litið er til þess sjónarmiðs sem leggja átti til grundvallar endurskoðun stjórnarskrárinnar, þ.e. að almenningur geti fylgst með vinnu stjórnlagaráðs. Meiri hlutinn leggur einnig til að starfsreglur stjórnlagaráðs þurfi ekki staðfestingu forseta Alþingis heldur fari ráðið með það hlutverk sjálft.

Þá leggur meiri hlutinn til lagfæringu á orðalagi síðari málsliðar 1. mgr. tillögugreinarinnar um „að kynjahlutföll raskist ekki“ þar sem unnt er að skilja þau svo að kona verði að

koma í stað konu og karl í stað karls við skipun í ráðið. Meiri hlutinn leggur því til orðalagið: „en þó þannig að hvort kynið um sig hljóti a.m.k. 10 sæti í ráðinu.“

Meiri hlutinn leggur jafnframt til að undirbúningsnefndin sem hefur starfað samkvæmt lögum um stjórnlagaþing gangi frá skipan stjórnlagaráðsins í samræmi við 1. mgr. tillögugreinarinnar. Enn fremur sjái undirbúningsnefndin ráðinu fyrir starfsaðstöðu, starfsliði og nauðsynlegri sérfræðiaðstoð. Þá er lagt til að fulltrúar í stjórnlagaráði njóti á starfstíma ráðsins launa sem samsvara þingfararkaupi alþingismanna og að formaður ráðsins njóti samsvarandi launa og forseti Alþingis og beri fjármálalega ábyrgð á störfum ráðsins gagnvart undirbúningsnefnd, sbr. 6. mgr.

Loks telur meiri hlutinn rétt að taka fram að kostnaður við störf stjórnlagaráðs greiðist úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis en nefndin fjallaði stuttlega um hvort heimilt væri að fara þá leið að gera ráð fyrir að áður samþykktar fjárheimildir vegna stjórnlagaþings verði færðar með fjáraukalögum og notaðar til að mæta kostnaði við stjórnlagaráð. Upplýst var fyrir nefndinni að slíkt stangaðist ekki á við lög um fjárreiður ríkisins og að fyrir slíkum tilfærslum væru nokkur fordæmi.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt með breytingum** sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álitinu með fyrirvara.

Alþingi, 14. mars 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Atli Gíslason.	Valgerður Bjarnadóttir.
Álfheiður Ingadóttir.	Árni Þór Sigurðsson.	Mörður Árnason.

1029. Breytingartillögur [549. mál]

við till. til þál. um skipun stjórnlagaráðs.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (RM, AtlG, VBj, ÁI, ÁÞS, MÁ).

1. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr. tillögugreinarinnar:
   a. Fyrri málsliður orðist svo: Alþingi ályktar að skipa 25 manna stjórnlagaráð sem fái það verkefni að taka við og fjalla um skýrslu stjórnlaganefndar og gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.
   b. Í stað orðanna „að kynjahlutföll raskist ekki“ í síðari málslið komi: að hvort kyn um sig hljóti a.m.k. 10 sæti í ráðinu.
2. Í stað 5.–6. mgr. tillögugreinarinnar komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Stjórnlagaráð kjósi formann úr sínum hópi. Fundir ráðsins verði opnir. Um skipulag og starfshætti stjórnlagaráðs fer að öðru leyti eftir starfsreglum sem stjórnlagaráð setur sér.

   Undirbúningsnefnd sem hefur starfað samkvæmt lögum um stjórnlagaþing, nr. 90/2010, gangi frá skipan ráðsins í samræmi við 1. mgr. og undirbúi fyrsta fund stjórnlaga-

ráðs. Enn fremur sjái undirbúningsnefndin ráðinu fyrir starfsaðstöðu, starfsliði og nauðsynlegri sérfræðiaðstoð.

Fulltrúar í stjórnlagaráði njóti á starfstíma ráðsins launa sem samsvara þingfararkaupi alþingismanna. Formaður ráðsins njóti samsvarandi launa og forseti Alþingis og beri fjármálalega ábyrgð á störfum ráðsins gagnvart undirbúningsnefnd, sbr. 6. mgr. Kostnaður við störf stjórnlagaráðs greiðist úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.

1030. Nefndarálit [557. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur frá innanríkisráðuneyti, Skúla Guðmundsson frá Þjóðskrá Íslands, Sigrúnu Benediktsdóttur frá landskjörstjórn, Þórhall Vilhjálmsson frá skrifstofu Alþingis og Gunnar Eydal frá skrifstofu borgarstjórnar.

Landskjörstjórn sendi nefndinni umsögn um málið.

Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar lagfæringar á lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna m.a. til að skýra hlutverk landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna.

Nefndin fjallaði um málið sem er að nokkru leyti viðbrögð við ákvörðun Hæstaréttar frá 25. janúar sl. um að ógilda kosningu til stjórnlagaþings Eftir þá ákvörðun hefur verið talið nauðsynlegt að skoða hvort ákvæði gildandi laga um þjóðaratkvæðagreiðslu standist þær kröfur sem gerðar eru til kosningalöggjafar.

Talning atkvæða.

Nefndin fjallaði um talningu atkvæða en samkvæmt lögunum skal talning fara fram á einum stað fyrir landið í heild. Við meðferð frumvarps er varð að lögum nr. 4/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, var rætt um hvort leggja ætti til að talning færi fram á einum stað í stað þess að talið yrði í kjördæmum eins og venja er í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum en fallið var frá því í ljósi þess skamma fyrirvara sem var til þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu.

Við meðferð frumvarps sem varð að lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna taldi meiri hluti nefndarinnar að þegar litið væri til eðlis þjóðaratkvæðagreiðslu og þess að atkvæði vega jafnt væri mjög mikilvægt að talning færi fram á einum stað fyrir opnum dyrum og að niðurstöður væru birtar fyrir landið í heild. Það hefði í reynd engan tilgang að birta úrslit í hverju kjördæmi fyrir sig. Meiri hlutinn tekur þó undir þau sjónarmið er fram hafa komið fyrir nefndinni að nokkur rök eru fyrir því að talning fari fram í hverju kjördæmi fyrir sig þar sem þar er byggt á margra ára reynslu þeirra sem hafa starfað við kosningar – má þar nefna vant talningafólk, kjörstjórnir og yfirkjörstjórnir – og enn fremur að það sé tafsamara að flytja kjörgögn og kjörkassa á einn stað. Þá sé um verulegan fjölda kjörkassa að ræða af mismunandi stærðum og gerðum sem síðan þarf að endursenda að talningu lokinni.

Meiri hlutinn telur í ljósi þessa, og enn fremur sakir þess að skammur tími er fram að atkvæðagreiðslunni, að nauðsynlegt sé að undirbúa það betur ef á að telja á einum stað. Auk þess sem rétt að sé að kannaðir verði nánar möguleikar þess að nota rafræna kjörskrá við framkvæmd kosninga. Meiri hlutinn leggur því til nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu til þess að unnt sé að telja atkvæði í hverju kjördæmi fyrir sig. Meiri hlutinn telur þó rétt að taka fram að tölur skuli landskjörstjórn birta fyrir landið í heild eins og gert var við síðustu þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhaldandi gildi laga nr. 1/2010 en þar fór talning fram í hverju kjördæmi og gafst sú tilhögun vel.

Meiri hlutinn telur engu síður nauðsynlegt að vinna að því að talning við þjóðaratkvæðagreiðslur geti farið fram á einum stað fyrir landið í heild og enn fremur að stefnt verði að rafrænni talningu og kjörskrá. Telur meiri hlutinn því þörf á að fram fari heildarendurskoðun á kosningalöggjöfinni, m.a. svo unnt sé að bæta verklagið í heild. Meðal annars er æskilegt að þjóðaratkvæðagreiðsla geti farið fram samtímis sveitarstjórnarkosningum sem nú er ekki hægt af tæknilegum ástæðum.

Kæruleiðir.

Nefndin fjallaði sérstaklega um þær kæruleiðir sem eru í lögunum samanborið við þær sem eru í lögum nr. 4/2010, um þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010. Samkvæmt 12. gr. þeirra skulu kærur um ólögmæti þeirrar atkvæðagreiðslu, aðrar en refsikærur, sendar landskjörstjórn til úrlausnar eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund þann sem getið er um í 10. gr. sömu laga. Í skýringum við ákvæðið kemur fram að kærur um ólögmæti atkvæðagreiðslunnar og meðferð þeirra verði sendar landskjörstjórn til úrlausnar eins og þar greinir. Kemur fram að þar sé um að ræða sambærilegt fyrirkomulag og í forsetakosningum, að því frátöldu að landskjörstjórn hefði með höndum þau störf sem Hæstiréttur hefur í forsetakosningum. Dómstólar eigi svo úrskurðarvald um gildi ákvörðunar landskjörstjórnar í samræmi við almennar reglur ef á reyndi.

Á fundi nefndarinnar var rætt um að 13. gr. laga nr. 91/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, yrði með þeim hætti að landskjörstjórn í stað Hæstaréttar úrskurðaði jafnframt um lögmæti atkvæðagreiðslunnar og var þá vísað til þess fyrirkomulags sem er í 11. gr. laga nr. 4/2010. Í umræðunni komu fram spurningar um það hvort mál til ógildingar þjóðaratkvæðagreiðslu geti sætt flýtimeðferð og um málshöfðunarfresti. Telur meiri hlutinn að af ákvæðum 123. gr. laga um meðferð einkamála verði ráðið að krafa um ógildingu atkvæðagreiðslu í tilefni af úrskurði landskjörstjórnar sæti flýtimeðferð. Um meðferð slíkra mála fari að öðru leyti eftir 124. gr. sömu laga.

Meiri hlutinn telur að í ljósi þess að framkvæmd þeirrar atkvæðagreiðslu gekk vel sé rétt að fela landskjörstjórn úrskurðarvald um lögmæti atkvæðagreiðslunnar og leggur því jafnframt til að við frumvarpið bætist ný grein sem felur í sér breytingar á 10. gr. laganna til samræmis við 1. mgr. 10. gr. laga nr. 4/2010.

Meiri hlutinn leggur því til að í 13. gr. laganna verði kveðið á um að kærur um ólögmæti atkvæðagreiðslunnar, aðrar en refsikærur, skuli sendar landskjörstjórn til úrlausnar eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund þann sem getið er í 10. gr.

Meiri hlutinn tekur fram að með því að gera ráð fyrir því að landskjörstjórn komi saman til sérstaks fundar til þess að úrskurða um ágreiningsseðla og eftir atvikum framkomnar kærur er lagt til að 13. gr. verði breytt til samræmis og er þá tekið mið af 12. gr. laga nr. 4/2010. Þá er í 2. mgr. lagt til að tekin verði upp sambærileg regla og nú er í 94. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna um að gallar á kosningu leiði ekki til ógildingar kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

Skipun umboðsmanna.

Nefndin fjallaði einnig um skipun umboðsmanna en fram komu ábendingar frá landskjörstjórn um að æskilegt væri að ákvæðið um skipun umboðsmanna skv. 3. mgr. 9. gr. laganna yrði gert skýrara. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að landskjörstjórn skipi umboðsmenn sem hafi það hlutverk að gæta sjónarmiða andstæðra fylkinga við atkvæðagreiðsluna og úrlausn ágreiningsmála. Ekki er nánar tilgreint hvernig umboðsmenn skuli skipaðir, hvort þeir skuli vera í hverju sveitarfélagi eða í hverri kjördeild. Telur landskjörstjórn nauðsynlegt að það komi ótvírætt fram í greininni hvort átt sé við umboðsmenn sem gæti hagsmuna andstæðra fylkinga við störf landskjörstjórnar eingöngu eða hvort landskjörstjórn beri einnig að skipa umboðsmenn í kjördæmunum eða kjördeildum, sem gæti hagsmuna fylkinganna við framkvæmd kosninganna gagnvart landskjörstjórn.

Í lögum nr. 4/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, er efnislega samhljóða ákvæði og kom fram fyrir nefndinni að við framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hefðu tveir umboðsmenn verið skipaðir í hverju kjördæmi. Var kjósendum þannig gert kleift að koma athugasemdum sínum og umkvörtunum á framfæri við umboðsmennina. Við val á umboðsmönnum var byggt á því hvað mætti telja valinkunna einstaklinga í því sambandi, sbr. til hliðsjónar 1. mgr. 70. gr., 2. mgr. 98. gr. og 4. mgr. 114. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.

Meiri hlutinn fellst á þau sjónarmið og telur eðlilegt að skipaðir séu umboðsmenn í hverju kjördæmi sem hafa það hlutverk að gæta sjónarmiða andstæðra fylkinga við atkvæðagreiðsluna, talningu atkvæða og úrlausn ágreiningsmála. Meiri hlutinn leggur því til breytingar á 3. mgr. 9. gr. þar sem kveðið er á um þessa tilhögun.

Umboðsmenn ólíkra sjónarmiða.

Nefndin fjallaði einnig um það hlutverk umboðsmanna samkvæmt frumvarpinu að gæta sjónarmiða andstæðra fylkinga og þá hvort unnt væri að orða ákvæðið á annan hátt. Við meðferð frumvarps er varð að lögum nr. 4/2010 lagði allsherjarnefnd til þá breytingu að í stað þess að landskjörstjórn skipaði umboðsmenn til að gæta sjónarmiða andstæðra fylkinga við atkvæðagreiðsluna og úrlausn ágreiningsmála, eins og lagt var til í frumvarpinu, skyldi hún skipa umboðsmenn til að gæta tveggja ólíkra sjónarmiða. Lögin nr. 4/2010 voru sérlög um þá þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. hvort lögin ættu að halda gildi sínu eða falla úr gildi og voru sjónarmiðin í því tilfelli tvö. Það frumvarp sem hér er til meðferðar varðar breytingar á almennum lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna og þá geta sjónarmiðin verið fleiri en tvö. Meiri hlutinn telur því rétt að leggja til að orðalagið miðist við að landskjörstjórn skipi umboðsmenn til að gæta ólíkra sjónarmiða og meti þá hversu mörg sjónarmiðin eru hverju sinni.

Gildi atkvæða.

Þá fjallaði nefndin einnig um gildi atkvæða en í 4. gr. frumvarpsins segir að til þess að spurning eða tillaga sem er borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þurfi hún að hafa hlotið meiri hluta gildra atkvæða í atkvæðagreiðslunni. Sambærilegt ákvæði er í 100. gr. laga um kosningar til Alþingis þar sem kveðið er á um að atkvæði skuli meta ógilt m.a. ef kjörseðill er auður. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um þetta þar sem annars væri unnt að líta svo á að auðir seðlar og ógildir geti verið túlkaðir sem andvígir tillögunni að þessu leyti. Meiri hlutinn telur eðlilegt að það verði kynnt fyrir kjósendum að

auðir og ógildir seðlar hafi ekki þýðingu varðandi það hver niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er.

Kynning.

Meiri hlutinn bendir á að nokkurs misræmis gætir í lögunum varðandi kynningu á því málefni sem borið er undir þjóðaratkvæðagreiðslu þegar Alþingi ályktar og svo þess þegar þjóðaratkvæðagreiðsla skal fara fram á grundvelli 26. gr. stjórnarskrár. Meiri hlutinn leggur ekki til breytingar á þessari grein en telur nauðsynlegt að málið verði tekið upp og skoðað. Meiri hlutinn telur engu síður að þetta misræmi geti ekki komið í veg fyrir að á vegum ráðuneytisins fari fram fagleg kynning á því málefni sem kosið er um.

Meiri hlutinn telur að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu séu nauðsynlegar til þess að skýra betur þau ákvæði sem lúta að framkvæmd atkvæðagreiðslunnar og talningu atkvæða og að nauðsynlegt sé að afgreiða frumvarpið sem allra fyrst þar sem skammur tími er til stefnu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 2. gr. orðist svo:

   9. gr. laganna orðast svo:

   Að þjóðaratkvæðagreiðslu lokinni senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla í þeim umbúðum er segir í lögum um kosningar til Alþingis. Á áður auglýstum stað og stund opnar yfirkjörstjórn atkvæðakassana og fer síðan fram talning atkvæða á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis. Um það hvort kjörseðill telst gildur eða ekki og um meðferð ágreiningsseðla fer samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

   Landskjörstjórn skipar umboðsmenn í hverju kjördæmi sem hafa það hlutverk að gæta ólíkra sjónarmiða við atkvæðagreiðsluna, talningu atkvæða og úrlausn ágreiningsmála.

2. 3. gr. orðist svo:

   1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

   Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn landskjörstjórn eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um milli umboðsmanna og yfirkjörstjórnar. Þegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla auglýsir hún með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman til fundar til að úrskurða um gildi ágreiningsseðlanna og lýsa úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar til að umboðsmönnum gefist færi á að vera viðstaddir. Að því loknu tilkynnir landskjörstjórn ráðuneytinu um niðurstöður sínar.

3. 5. gr. orðist svo:

   13. gr. laganna orðast svo:

   Kærur um ólögmæti atkvæðagreiðslunnar, aðrar en refsikærur, skulu sendar landskjörstjórn til úrlausnar eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund þann sem getið er um í 1. mgr. 10. gr.

   Gallar á kosningu leiða ekki til ógildingar kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 14. mars 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Mörður Árnason.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.
Ólafur Þór Gunnarsson.	Álfheiður Ingadóttir.	Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara.

1031. Fyrirspurn [608. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um fjármálafyrirtæki og endurútreikning erlendra lána.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Eru einhver fjármálafyrirtæki sem rukka fyrir mismun á greiðslu og uppreiknaðri greiðslu vegna endurútreikninga erlendra lána?
2. Eru vextir reiknaðir á mismun á greiðslu og uppreiknaðri greiðslu á endurútreiknuðum lánum og ef svo er, hvaða vextir eru það?
3. Eru öll erlend lán endurreiknuð og ef svo er ekki, hvaða lán eru ekki endurreiknuð og hvers vegna?
4. Eftir hvaða forsendum eru lán endurreiknuð og geta allir skuldarar fengið forsendur útreikninga afhentar?

Skriflegt svar óskast.

1032. Fyrirspurn [609. mál]

til velferðarráðherra um greiðsluaðlögun.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hversu margir hafa lokið greiðsluaðlögun frá því að lög um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, tóku gildi, sundurliðað eftir mánuðum?

Skriflegt svar óskast.

1033. Fyrirspurn [610. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga.

Frá Ólöfu Nordal.

1. Er unnið að því í ráðuneytinu að ýta undir það að fjármálagerningar séu teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, þ.e. í Kauphöll Íslands?
2. Hefur ráðuneytið kannað möguleika á því að breyta lögum til að auðvelda töku fjármálagerninga til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga?
3. Telur ráðherra að gera skuli kröfu um að fjármálagerningar verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði þegar þau fyrirtæki verða seld sem eru nú á forræði fjármálafyrirtækja í umsjá eða eigu ríkisins?
4. Hvernig telur ráðuneytið að hægt sé að auka eða ýta undir það að fjármálagerningar séu teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Kauphallar Íslands?

Skriflegt svar óskast.

1034. Skýrsla [611. mál]

Íslandsdeildar NATO-þingsins fyrir árið 2010.

1. Inngangur.

Starfsemi NATO-þingsins árið 2010 einkenndist öðru fremur af umræðu um aðgerð NATO í Afganistan sem er sú umfangsmesta í sögu bandalagsins. Verkefnið í Afganistan er fyrsta aðgerð NATO utan Evrópu og sú langfjölmennasta. Alþjóðlegu öryggissveitirnar í Afganistan (ISAF) hafa starfað undir stjórn NATO frá því í ágúst 2003, en síðan þá hefur aðgerðum NATO utan Evró-Atlantshafssvæðisins fjölgað stórlega. Þingmönnum varð tíðrætt um margvísleg og erfið vandamál sem bandalagið þarf að leysa í tengslum við það stóra verkefni. Samstarf við afganska þjóðarherinn var áberandi í umræðunni auk mikilvægis þess að aðildarríki NATO sendi borgaralega sérfræðinga, eins og verkfræðinga og hjúkrunarfræðinga, til að endurreisa samfélagið. Þá létu þingmenn í ljós áhyggjur af minnkandi stuðningi almennings við NATO í mörgum aðildarríkjum, einkum í Evrópu við aðgerðum bandalagsins í Afganistan. En líta má svo á að verkefnið í Afganistan sé prófsteinn á getu bandalagsins til þess að takast á við nýjar ógnir og öryggisumhverfi.

Þá ber að nefna umræðu um samskipti NATO við Rússland sem var áberandi á árinu. Samskipti NATO og Rússlands kólnuðu árið 2008, ekki síst í kjölfar hernaðaraðgerða Rússa í Georgíu í ágúst það ár. Í kjölfarið var fundum í NATO-Rússlandsráðinu frestað um ótiltekinn tíma. Einnig var brugðist við átökunum á ársfundi NATO-þingsins 2008 með breyttu samstarfi við Rússa. Á árinu 2010 rofaði til í samskiptum NATO og Rússlands og var umræða um aukið mikilvægi þess að stuðla að auknu og skipulögðu samstarfi gegn sameiginlegum öryggisógnum eins og alþjóðlegum hryðjuverkum, kjarnorkuvopnun, sjóránum og tölvu-

óöryggi fyrirferðarmikil. Enn fremur var horft til þess að NATO og stjórn Obama Bandaríkjaforseta hafa unnið að því að nálgast Rússland og laga samskiptin eftir átökin í Georgíu. Því var talið tímabært að aflétta hluta af þeim takmörkunum sem settar voru á aðkomu rússneskra þingmanna að starfi NATO-þingsins í kjölfar átaka Rússlands og Georgíu.

Jafnframt fór fram umræða um málefni norðurslóða í ljósi aukins áhuga alþjóðasamfélagsins á svæðinu en Ragnheiður E. Árnadóttir er höfundur skýrslu varnar- og öryggismálanefndar um öryggismál á norðurslóðum og hlutverk NATO á svæðinu. Í skýrslunni leggur Ragnheiður áherslu á að NATO hafi hlutverki að gegna á norðurslóðum, enda teljist fimm aðildarríki NATO til norðurskautsríkja og bandalagið þurfi því að auka þekkingu og skilning á málefnum svæðisins. Í umræðunni var lögð áhersla á mikilvægi þess að norðurslóðir verði vettvangur friðsamlegrar samvinnu, ekki síst í ljósi þeirra öryggisáskorana sem blasa við á svæðinu. Þá sé mikilvægt að NATO styðji við þær svæðisbundnu alþjóðastofnanir og samtök sem eru nú þegar til staðar. Einnig var lögð áhersla á mikilvægi þess að NATO útfærði nánar á hvaða sviði það hefði eiginlegu hlutverki að gegna á svæðinu og hvað væri á sviði annarra alþjóðastofnana.

Af öðrum stórum málum sem tekin voru til umfjöllunar á árinu má nefna framlag NATO-þingsins til mótunar nýrrar grundvallarstefnu Atlantshafsbandalagsins en breytt öryggisumhverfi bandalagsins og stórauknar aðgerðir utan hefðbundins varnarsvæðis hafa einkum verið nefnd sem ástæður fyrir endurskoðun grundvallarstefnu bandalagsins. Ljóst er að NATO stendur frammi fyrir erfiðum verkefnum í breyttu landslagi alþjóðasamfélagsins sem felur í sér tækifæri jafnt sem áskoranir. Enn fremur fór fram umræða um samheldni NATO, samskipti NATO við ríki utan bandalagsins, fjármálakreppu heimsins, útbreiðslu gereyðingarvopna, kjarnorkuvopn Bandaríkjamanna í Evrópu og öryggismál á hafsvæðum með áherslu á hlutverk og samræmingu NATO og Evrópusambandsins (ESB).

2. Almennt um NATO-þingið.

NATO-þingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1954 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja NATO til að ræða öryggis- og varnarmál. Fram til ársins 1999 bar þingið heitið Norður-Atlantshafsþingið, en heitir síðan NATO-þingið. Á síðustu árum hefur aðildar- og aukaaðildarríkjum NATO-þingsins fjölgað ört og hefur starfssvið þess verið víkkað til móts við þær breytingar sem orðið hafa í ríkjum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Tíu lýðræðisríki úr hópi fyrrverandi kommúnistaríkja hafa nú aukaaðild að þinginu (auk hlutlausu Evrópuríkjanna fjögurra Austurríkis, Sviss, Svíþjóðar og Finnlands) sem þýðir að þau geta tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu. Störf þingsins beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild, efnahagslegum og pólitískum vandamálum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og hinu hnattræna öryggiskerfi. Með Rose-Roth áætluninni styður þingið nú einnig við þróun þingbundins lýðræðis í ríkjum álfunnar og nálægum ríkjum.

Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu en með tímanum óx þeirri skoðun fylgi að nauðsyn væri á skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings NATO. Þingið hefur ekki formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna. Meginhlutverk þingsins er að efla samstöðu og samráð þjóðþinga á sviði öryggis- og varnarmála. Þingið kemur saman tvisvar á ári, til vorfundar og ársfundar að hausti.

Starfsemi þingsins fer að mestu fram í fimm málefnanefndum: stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, efnahagsnefnd, vísinda- og tækninefnd og nefnd um borgaralegt öryggi. Auk þess fer mikið starf fram á vegum Miðjarðarhafshópsins sem þó hefur ekki stöðu formlegrar málefnanefndar. Þessar nefndir eru meginvettvangur umræðna. þær fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra og vinna um þær skýrslur. Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tilmæla, yfirlýsinga eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um. Tilmælum er beint til Norður- Atlantshafsráðsins, sem fer með æðsta ákvörðunarvald innan NATO, og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða. Ályktunum þingsins er hins vegar beint til ríkisstjórna aðildarríkjanna.

Þótt þingið sé óháð NATO hafa samskipti þingsins við bandalagið smám saman tekið á sig fastara form. Á meðal formlegra samskipta má í fyrsta lagi nefna formleg svör við tilmælum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Norður-Atlantshafsráðsins. Í öðru lagi flytur framkvæmdastjóri bandalagsins ávarp á vorfundum og ársfundum NATO-þingsins og svarar fyrirspurnum þingmanna. Í þriðja lagi koma stjórnarnefnd NATO-þingsins og Norður-Atlantshafsráðið árlega saman til fundar í höfuðstöðvum NATO í Brussel. Að lokum skal nefndur sameiginlegur fundur þriggja nefnda NATO-þingsins í Brussel í febrúarmánuði ár hvert til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn NATO, SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe – æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu) og Evrópusambandsins.

Fulltrúar á NATO-þinginu og forustumenn þess.

Á NATO-þinginu eiga sæti 257 þingmenn frá aðildarríkjunum 28. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn en Ísland er í hópi þeirra smæstu með þrjá þingmenn. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á NATO-þinginu. Alls eiga 66 þingmenn frá 14 aukaaðildarríkjum sæti á NATO-þinginu og taka þeir þátt í nefndarfundum, utan funda stjórnarnefndar, og þingfundum en hafa ekki atkvæðisrétt. Þeir hafa þó rétt til þess að leggja fram breytingartillögur.

Forustumenn þingsins eru sjö og eru sex þeirra, forseti og fimm varaforsetar, kjörnir ár hvert af fulltrúum á þingfundi. Sjöundi embættismaðurinn er gjaldkerinn en hann kýs stjórnarnefndin annað hvert ár. NATO-þinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndarformenn auk formanna allra landsdeilda aðildarríkja NATO.

3. Íslandsdeild NATO-þingsins og starfsemi hennar.

Aðalmenn Íslandsdeildar voru árið 2010 Björgvin G. Sigurðsson formaður, þingflokki Samfylkingarinnar, Ragnheiður E. Árnadóttir varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks og Birgitta Jónsdóttir, þingflokki Hreyfingarinnar. Varamenn voru Skúli Helgason, þingflokki Samfylkingarinnar, Ólína Þorvarðardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar og Birgir Ármannsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Ritari Íslandsdeildar var Arna Gerður Bang.

Íslandsdeildin hélt undirbúningsfundi fyrir ársfundi NATO-þingsins.

Skipting Íslandsdeildar í nefndir árið 2010 var þannig:
Stjórnarnefnd: Björgvin G. Sigurðsson
Til vara: Ragnheiður E. Árnadóttir
Stjórnmálanefnd: Björgvin G. Sigurðsson
Til vara: Skúli Helgason
Varnar- og öryggismálanefnd: Ragnheiður E. Árnadóttir
Til vara: Birgir Ármannsson
Nefnd um borgaralegt öryggi: Birgitta Jónsdóttir
Til vara: Ólína Þorvarðardóttir
Efnahagsnefnd: Ragnheiður E. Árnadóttir
Til vara: Birgir Ármannsson
Vísinda- og tækninefnd: Björgvin G. Sigurðsson
Til vara: Skúli Helgason

Á ársfundi NATO-þingsins í Reykjavík í október 2007 var Ragnheiður E. Árnadóttir valin skýrsluhöfundur undirnefndar um öryggis- og varnarsamstarf yfir Atlantsála sem er önnur af tveimur undirnefndum varnar- og öryggismálanefndar. Hlutverk skýrsluhöfundar er að taka saman skýrslu um það málefni sem undirnefndin kýs að taka til sérstakrar skoðunar og leggja fram drög að ályktun um málið á fundi varnar- og öryggismálanefndar sem síðar fer fyrir þingfund NATO-þingsins. Ragnheiður gegndi starfi skýrsluhöfundar á starfsárinu 2010 og kynnti skýrslu á ársfundi NATO-þingsins (sjá nánar umfjöllun um ársfund) um öryggismál á norðurskautssvæðinu og hvort NATO hafi þar hlutverki að gegna. Þá var Ragnheiður kjörin varaformaður annarrar undirnefndar varnar- og öryggismálanefndar NATO-þingsins, þ.e. um öryggismál framtíðar og varnargetu (e. Future Security and Defence Capabilities).

4. Fundir NATO-þingsins.

NATO-þingið heldur tvo þingfundi árlega, vorfund og ársfund að hausti. Á svokölluðum febrúarfundum heldur stjórnarnefndin fund með framkvæmdastjóra NATO og Norður-Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmálanefnd, efnahagsnefnd og varnar- og öryggismálanefnd halda sameiginlegan fund. Enn fremur kemur stjórnarnefnd þingsins saman til fundar í mars ár hvert. Þá sækir fjöldi NATO-þingmanna árlegan fund um Atlantshafssamstarfið sem fram fer í desember í samstarfi NATO-þingsins og bandaríska Atlantshafsráðsins. Loks halda nefndir og undirnefndir þingsins reglulega málstofur og fundi á milli þingfunda.

Árið 2010 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum í Brussel, stjórnarnefndarfundi í Memphis og ársfundi í Varsjá. Hér á eftir fylgja frásagnir í tímaröð af fundum sem Íslandsdeildin sótti á árinu.

Febrúarfundir.

Dagana 14.–16. febrúar var efnt til svonefndra febrúarfunda NATO-þingsins í Brussel en það eru sameiginlegir fundir stjórnmálanefndar, efnahagsnefndar og varnar- og öryggismálanefndar. Fyrirkomulag fundanna var með hefðbundnum hætti, þ.e. sérfræðingar, embættismenn og herforingjar Atlantshafsbandalagsins héldu erindi um afmörkuð málefni og svöruðu spurningum þingmanna. Nefndirnar áttu einnig fund með fulltrúum framkvæmdastjórnar ESB. Þá fór fram árlegur fundur stjórnarnefndar NATO-þingsins með Norður-Atlantshafsráðinu í höfuðstöðvum NATO. Af hálfu Íslandsdeildar NATO-þingsins sótti Ragnheiður E. Árnadóttir fundina auk Örnu Gerðar Bang ritara.

Á meðal fyrirlesara var Robert Simmons, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO á sviði pólitískrar stefnumótunar. Hann gerði grein fyrir pólitískri stefnu NATO og helstu áhersluatrið-

um hennar. Hann sagði NATO standa frammi fyrir erfiðum og krefjandi verkefnum í breyttu landslagi alþjóðasamfélagsins sem fæli í sér tækifæri jafnt sem áskoranir. Simmons skýrði m.a. frá framvindu mála í Afganistan og þeim margvíslegu og erfiðu vandamálum sem bandalagið þarf að leysa í tengslum við það stóra verkefni.

Þá ræddi Simmons ítarlega um samskipti NATO og Rússlands en heldur hefur kólnað í samstarfinu á síðustu þremur árum og þó einkum í kjölfar hernaðaraðgerða Rússa í Georgíu í ágúst 2008. Aukin harka í utanríkisstefnu Rússlands hefur verið áhyggjuefni en þó virðist vera að rofa til í samskiptum NATO og Rússlands. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að stuðla að auknu og skipulögðu samstarfi gegn sameiginlegum öryggisógnum eins og alþjóðlegum hryðjuverkum, kjarnorkuvopnun, sjóránum og tölvuóöryggi. Simmons ræddi enn fremur um samskipti NATO og Evrópusambandsins sem hann sagði hafa þróast í jákvæða átt undanfarin ár og brýnt væri að sú þróun héldi áfram. Það hefði til að mynda sýnt sig í tengslum við stríðið í Georgíu að NATO og ESB gætu unnið saman að lausn mikilvægra mála.

Jamie Shea, framkvæmdastjóri stefnumótunar hjá NATO, flutti fyrirlestur um grundvallarstefnu bandalagsins og fór yfir stöðu mála varðandi vinnu við mótun nýrrar grundvallarstefnu. Breytt öryggisumhverfi bandalagsins og stórauknar aðgerðir utan hefðbundins varnarsvæðis hefur einkum verið nefnt sem ástæða fyrir slíkri endurskoðun. Fulltrúar NATO-þingsins voru boðaðir til kvöldverðarfundar með ráðgjafahópi Madeleine Albright, sem leiðir vinnu stefnumótunarinnar, til að ræða efnistök og áhersluatriði. Skýrsla ráðgjafahópsins var kynnt í maí 2010. Shea lagði áherslu á mikilvægi þess að senda almenningi skýr skilaboð um hvað NATO stendur fyrir, hvað bandalagið getur lagt af mörkum og hver stefna þess er til framtíðar. Áskoranir NATO felast m.a. í því að ekki er ein skýr skilgreind hefðbundin ógn til staðar heldur flóknar nýjar ógnir. Það skorti sameiginlegan skilning og samstöðu um öryggisumhverfi bandalagsins. Því sé nauðsynlegt að skoða sérstaklega virkni 5. gr. Norður-Atlantshafssamningsins sem kveður á um sameiginlegt öryggi og varnir bandalagsins og ná samstöðu um skilgreiningu hennar í ljósi þróunar á öryggisumhverfi bandalagsríkjanna síðustu ár. Shea gagnrýndi NATO jafnframt fyrir slaka stjórnmálalega áætlanagerð en á því sviði stæði Evrópusambandið mun betur að vígi. Aftur á móti væri bandalagið með góða framkvæmdaáætlun en nauðsynlegt væri að styrkja frekar stjórnmálasamband og samvinnu við ríki utan bandalagsins og alþjóðastofnanir.

Í umræðum um aðgerðaáætlanir bandalagsins sat Martin Howard, aðstoðarframkvæmdastjóri framkvæmdasviðs NATO, fyrir svörum. Hann ræddi m.a. um aðgerðir NATO gegn sjóránum, ástandið í Kósóvó og vandamál tengd eiturlyfjaframleiðslu í Afganistan. Þá lagði hann áherslu á mikilvægi þess að gert yrði ráð fyrir óbeinum kostnaði við verkefni bandalagsins. Í almennri umræðu kom fram hörð gagnrýni á fyrirhugaða sölu Frakka til Rússa á sérútbúnu flutningaskipi sem rúmar herþyrlu. Frakkar svöruðu gagnrýninni með þeim orðum að ekki hefði verið gengið frá sölunni og hún færi ekki fram fæli hún í sér ógn við öryggi bandalagsríkja í nágrenni Rússlands.

Hefðbundinn fundur stjórnarnefndar NATO-þingsins og sendiherra aðildarríkja NATO í Norður-Atlantshafsráðinu, sem fer með æðsta ákvörðunarvald innan bandalagsins, fór fram í höfuðstöðvum NATO 15. febrúar. Að venju sátu sendiherrar aðildarríkjanna fyrir svörum þingmanna en umræðum stjórnaði Claudio Bisogniero, aðstoðarframkvæmdastjóri bandalagsins, sem jafnframt flutti inngangserindi. Hann lagði í máli sínu aðaláherslu á aðgerðir NATO í Afganistan, samskipti NATO og Rússlands og vinnu við nýja grunnstefnu NATO sem hann sagði vel á veg komna. Þá sagði hann NATO þurfa að auka og bæta samskipti sín við aðrar alþjóðlegar stofnanir. Jane Cordy, varaforseti NATO-þingsins, hélt erindi á fundinum og sagði m.a. frá ákvörðun stjórnarnefndar NATO-þingsins í Edinborg í nóvember 2009

um að halda óbreyttu fyrirkomulagi samkvæmt ákvörðun þingsins frá nóvember 2008 þar sem brugðist var við átökum Rússlands og Georgíu með breyttu samstarfi við Rússa. Þá var ákveðið annars vegar að takmarka þátttöku rússneskra þingmanna í fundum og ráðstefnum NATO-þingsins og hins vegar að stofna sérstakt þingmannaráð NATO-þingsins og georgískra þingmanna. Meðal mála sem komu upp í umræðunni sem á eftir fylgdi voru málefni Pakistans, samskipti NATO og Evrópusambandsins, norðurslóðamál og staða mögulegrar stækkunar bandalagsins með inngöngu Úkraínu. Ragnheiður E. Árnadóttir tók til máls um málefni norðurslóða í ljósi aukins áhuga alþjóðasamfélagsins á svæðinu, en sá áhugi er einnig sýnilegur í starfi NATO-þingsins þar sem Ragnheiður er skýrsluhöfundur varnar- og öryggismálanefndar um öryggismál á norðurslóðum og hlutverk NATO á svæðinu. Hún spurði aðstoðarframkvæmdastjóra NATO hvernig tekið yrði á málefnum norðurslóða í nýrri grundvallarstefnu bandalagsins og hvort NATO hefði skilgreint hlutverk sitt á svæðinu. Sendiherra Kanada svaraði spurningunni og sagði ekkert samkomulag vera meðal aðildarríkja NATO um hlutverk bandalagsins á norðurslóðum auk þess sem Norðurskautsráðið væri sú stofnun sem væri í forsvari fyrir málefnum svæðisins. Þá sagði hann mikilvægt að koma í veg fyrir tvíverknað eða frekari óvissu um málefni svæðisins. Jafnframt var rætt um stuðning almennings við NATO sem hefur minnkað í mörgum aðildarríkjum og er einkum lítill stuðningur í Evrópu við aðgerðir bandalagsins í Afganistan. Svo virðist sem almenningur tengi ekki aðgerðirnar í Afganistan og upprætingu hryðjuverkabúða þar öryggi í heimalöndum sínum.

Á lokadegi febrúarfundanna áttu NATO-þingmenn fundi með háttsettum embættismönnum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) þar sem m.a. var rætt um utanríkisstefnu sambandsins, þróunaraðstoð og utanríkisviðskipti þess. Catherine Day, skrifstofustjóri framkvæmdastjórnar ESB, hélt erindi um áhersluatriði framkvæmdastjórnarinnar og framtíðarsýn. Hún sagði ESB hafa sett sér metnaðarfull markmið fyrir árið 2020, bæði á landsvísu og fyrir svæðið í heild sinni, með áherslu á sjálfbæra þróun og gagnsæi. Ragnheiður spurði Day hvernig ESB hygðist bjarga Grikklandi úr því efnahagshruni sem blasir við landinu, hvort regluverk sambandsins varðandi fjármálafyrirtæki yrði endurskoðað í ljósi galla þess og hver skoðun hennar væri á áframhaldandi stækkun ESB með hliðsjón af aðildarumsókn Íslands að sambandinu. Day svaraði því til að ESB mundi koma Grikklandi til bjargar eins og öðrum aðildarríkjum sem lenda í sambærilegum hremmingum. Þá sagði hún að ESB mundi standa við þær skuldbindingar sem gerðar hafa verið varðandi aðildarviðræður nýrra ríkja og sambandið hafi áhuga á frekari stækkun þó að almenningur væri ekki á sama máli. Varðandi aðildarumsókn Íslands bjóst hún við að ferlið væri með einfaldara móti þar sem ríkið væri nú þegar aðili að EES-samningnum og hefði því innleitt stóran hluta ESB-regluverksins. Enn fremur sköpuðust umræður um viðbrögð ESB við afleiðingum fjármálakreppunnar, orkuöryggi og grundvöll fyrir sameiginlegri stefnu í orkumálum auk frekara samstarfs ESB og NATO.

Marsfundur stjórnarnefndar.

Hinn árlegi marsfundur stjórnarnefndar NATO-þingsins fór að þessu sinni fram í Memphis í Tennessee, heimafylki bandaríska fulltrúadeildarþingmannsins John Tanner sem gegnir embætti forseta NATO-þingsins. Á meðal helstu dagskrármála fundarins voru samskipti NATO-þingsins og rússneska þingsins, kynjasjónarmið í öryggismálum, framlag NATO-þingsins til mótunar nýrrar grundvallarstefnu Atlantshafsbandalagsins og samstarfið yfir Atlantsála. Af hálfu Íslandsdeildar NATO-þingsins sótti fundinn Björgvin G. Sigurðsson auk Stígs Stefánssonar starfandi ritara.

Í kjölfar átaka Rússlands og Georgíu í ágúst 2008 var samstaða innan NATO-þingsins um að ekki væri verjandi að halda áfram óbreyttu samstarfi við Rússa en rússneska þingið á aukaaðild að NATO-þinginu. Á ársfundi NATO-þingsins í Valensía í nóvember 2008 tók stjórnarnefndin ákvörðun um að takmarka þátttöku rússneskra þingmanna í fundum og ráðstefnum NATO-þingsins. Á stjórnarnefndarfundinum í Memphis var samstarfið við rússneska þingið til umræðu og komu einkum tvenns konar sjónarmið fram. Annars vegar að nú þegar NATO og stjórn Obama Bandaríkjaforseta reyndu að nálgast Rússland og laga samskiptin eftir átökin í Georgíu væri rétt að NATO-þingið fylgdi í kjölfarið. Því væri tímabært að aflétta einhverjum af þeim takmörkunum sem settar voru á aðkomu rússneskra þingmanna að starfi NATO-þingsins. Hins vegar var því sjónarmiði haldið á lofti að þar sem Rússar hefðu ekki virt 6-punkta vopnahléssamkomulagið, þar sem m.a. var kveðið á um að rússneskt herlið yrði dregið til baka frá ákveðnum svæðum í Georgíu, ætti NATO-þingið ekki að falla frá takmörkunum sínum. Hluti fundarmanna vildi fresta afgreiðslu málsins til vorfundar NATO-þingsins sem fór fram í Ríga í lok maí 2010. Fyrst var því kosið um frestun og var henni hafnað með eins atkvæðis mun. Að því loknu var ákveðið að leyfa rússneskum þingmönnum að taka þátt í svokölluðum Rose-Roth ráðstefnum NATO-þingsins auk þess að sækja vorfundi og ársfundi. Þátttaka í nefndarfundum utan vor- og ársfundar er enn lokuð rússneskum þingmönnum.

Kynjasjónarmið í öryggismálum voru tekin til umræðu en frá árinu 2007 hafa nokkrir fundir um þau mál farið fram á vor- og ársfundum NATO-þingsins. Þessir fundir hafa verið skipulagðir sem hliðarviðburðir að frumkvæði og á kostnað einstakra landsdeilda. Rætt var um þessa þróun, aukið vægi kynjasjónarmiða í starfi NATO, eins og fram kom í yfirlýsingu leiðtogafundar bandalagsins í Strassborg/Kehl í apríl 2009 og í tilefni af 10 ára afmæli ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi á árinu. Fjallað var um hvernig hægt væri að auka vægi kynjasjónarmiða í starfi NATO-þingsins og var því beint til nefndarformanna að taka tillit til þeirra við vinnu nefndanna. Auk þess sem nefnd um borgaralegt öryggi var falið að vinna drög að ályktun í tilefni 10 ára afmælis ályktunar nr. 1325 sem lögð var fyrir ársfund NATO-þingsins í Varsjá 12.–16. nóvember 2010.

Á síðustu árum hefur mikið verið rætt um hvort NATO eigi að móta nýja grundvallarstefnu (e. New Strategic Concept) og var fyrrverandi framkvæmdastjóri bandalagsins, Jaap de Hoop Scheffer, ötull talsmaður þess. Núverandi grundvallarstefna er frá árinu 1999 og hefur breytt öryggisumhverfi bandalagsins og stórauknar aðgerðir utan hefðbundins varnarsvæðis einkum verið nefnt sem ástæða fyrir endurskoðun stefnunnar. Á leiðtogafundi NATO í Strassborg/Kehl í apríl 2009 var ákveðið að fara í þessa endurskoðun og er ætlunin að drög að nýrri grundvallarstefnu verði tilbúin til samþykktar á næsta leiðtogafundi bandalagsins í nóvember 2010. NATO-þingið hefur heilshugar stutt hugmyndir um endurskoðun á grundvallarstefnunni og skipað sérstaka fulltrúa til þess að móta tillögur og framlag NATO-þingsins þar að lútandi sem skilað verður til Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóra NATO. Á fundi stjórnarnefndarinnar kynnti eistneski þingmaðurinn Sven Mikser fyrirliggjandi drög að tillögum NATO-þingsins. Rætt var um skilgreiningu nýrra ógna á borð við öryggi upplýsingakerfa og orkuöryggi og þær takmarkanir sem sum aðildarríki setja fyrir þátttöku hersveita sinna í aðgerðum bandalagsins.

Samstarfið yfir Atlantsála var til umræðu og var George A. Joulwan, fyrrverandi yfirmaður herafla NATO í Evrópu, gestur fundarins. Í máli Joulwan kom fram að umbóta væri þörf í samstarfi NATO og Evrópusambandsins enda væri skörun á aðild að þessum tveimur stofnunum mikil. NATO og ESB þyrftu að vinna betur á mörgum sviðum, m.a. að fjárfestingum á sviði varnarmála, til að tryggja að þær fjárveitingar sem veittar eru skili sér í bestum mögulegum búnaði fyrir bandalagið. Eins og ástatt væri nú kvað Joulwan bandalagið búa við bún-

aðarhalla, þ.e. að búnaður og bjargir NATO svöruðu ekki til þeirra skuldbindinga sem pólitískir leiðtogar hafa látið bandalagið undirgangast. Þá væri mikilvægt að draga þann lærdóm af aðgerðum bandalagsins utan hins hefðbundna varnarsvæðis, frá Bosníu til Íraks og Afganistan, að NATO yrði að vinna betur með frjálsum félagasamtökum og þróunarstofnunum. Nauðsynlegt væri að slíkir aðilar kæmu að uppbyggingu samfélaga í skjóli þess friðar sem NATO getur tryggt á átakasvæðum. Borgaraleg samtök kæmu í auknum mæli að uppbyggingu í Afganistan og mikilvægt væri að aðildarríki NATO sendu borgaralega sérfræðinga, t.d. verkfræðinga og hjúkrunarfræðinga, til að byggja upp samfélagið. Nefndi Joulwan Ísland sem dæmi um ríki sem ekki hefði her en hefði engu síður lagt til borgaralega sérfræðinga til uppbyggingarstarfs í landinu. Að endingu spáði Joulwan því að viðveru ISAF-sveita NATO í Afganistan þyrfti í 10–15 ár til viðbótar.

Ársfundur.

Ársfundur NATO-þingsins fór fram í Varsjá dagana 12.–16. nóvember 2010. Af hálfu Íslandsdeildar NATO-þingsins sóttu fundinn þau Björgvin G. Sigurðsson formaður, Ragnheiður E. Árnadóttir og Birgitta Jónsdóttir, auk Örnu Gerðar Bang ritara. Rúmlega 260 þingmenn frá 28 aðildarríkjum NATO og fulltrúar yfir tuttugu annarra ríkja sóttu ársfundinn. Meginumræður fundarins fóru fram í fimm málefnanefndum þingsins á grundvelli skýrslna sem unnar voru af nefndarmönnum og með fyrirlestrum alþjóðlegra sérfræðinga um öryggismál. Þá var þingfundur haldinn þar sem fjallað var um þau mál sem hæst ber í alþjóðlegri öryggis- og varnarmálaumræðu og kosið um ályktanir og ákvarðanir þingsins.

Áður en fundir málefnanefnda hófust fór fram fundur þingmannaráðs NATO og Rússlands. Þar héldu Adam Rotfeld, varaformaður vinnuhóps um samskipti Póllands og Rússlands hjá alþjóðamálastofnun Póllands og fyrrverandi utanríkisráðherra Póllands, og Igor Ivanov, frá alþjóðamálastofnun Rússlands og fyrrverandi utanríkisráðherra Rússlands, erindi um samskipti og frekari samvinnu NATO og Rússlands. Rotfeld sagði Rússland geta verið góðan mótspilara við NATO en enn væru hindranir varðandi frekara samstarf við Evrópusambandið. Hann sagði jafnframt að í hnattvæddum heimi nútímans þarfnaðist NATO Rússlands og Rússland NATO meira en nokkru sinni fyrr og því væri brýnt að koma á frekari samvinnu. Meginvandamálið hingað til hefði verið skortur á trausti og gagnsæi og nú væri rétti tíminn til að sleppa fortíðardraug kalda stríðsins og horfa fram á veginn. Ivanov sagðist trúa því að Rússland og NATO gætu unnið saman ef komið væri fram við Rússland eins og jafningja og báðir aðilar legðu sig fram um að hlusta og skilja hvor annan. Þá sagði hann opnun vera í málinu með nýrri ríkisstjórn Obama í Bandaríkjunum. Ragnheiður E. Árnadóttir spurði Ivanov um skoðun hans á hlutverki NATO á norðurskautssvæðinu, m.a. í ljósi 5. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans (sem kveður á um að árás á eitt aðildarríki NATO skuli talin árás á þau öll) þar sem fimm af norðurskautsríkjunum átta eru aðildarríki NATO. Ivanov svaraði því til að hann teldi ekki þörf á afskiptum NATO á norðurskautssvæðinu. Samningur milli Noregs og Rússlands um skiptingu Barentshafs og Norður-Íshafs sem undirritaður var 15. september 2010 væri skýrt dæmi um að norðurskautslöndin gætu sjálf fundið friðsamlega lausn á deilumálum sínum.

Á fundi stjórnmálanefndar NATO-þingsins var einkum fjallað um samheldni NATO, samskipti NATO við ríki utan bandalagsins og öryggismál í Arabíuflóa og á Arabíuskaga. Efnahagsnefndin tók m.a. til umræðu fjármálakreppu heimsins, fátækt og óöryggi í þróunarlöndum, áhrif efnahagskreppunnar á Mið- og Austur-Evrópu og langtímabreytingar í efnahagsmálum og breytt valdajafnvægi í heiminum. Vísinda- og tækninefnd fjallaði á sínum fundi m.a. um loftslagsbreytingar í framhaldi af loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í nóvember 2009 (COP 15), sjálfbæra orkustefnu bandalagsins og útbreiðslu ger-

eyðingarvopna og samstarf við Rússland. Þá fjallaði nefnd um borgaralegt öryggi m.a. um öryggismál á hafsvæðum með áherslu á hlutverk og samræmingu NATO og Evrópusambandsins (ESB) og horfur á Vestur-Balkanskaga 15 árum eftir Dayton friðarsamkomulagið. Þá lýstu nefndarmenn yfir áhyggjum af niðurstöðum kosninga í Afganistan sem fram fóru í september 2010 og höfðu ekki verið birtar opinberlega.

Varnar- og öryggismálanefnd NATO-þingsins fjallaði um lokadrög að þremur skýrslum á fundi sínum. Sú fyrsta fjallaði um samstarf við afganska þjóðarherinn, önnur um kjarnorkuvopn Bandaríkjamanna í Evrópu og sú þriðja um öryggismál á norðurskautssvæðinu og hvort NATO hefði þar hlutverki að gegna. Skýrsluhöfundur síðastnefndu skýrslunnar var Ragnheiður E. Árnadóttir. Ragnheiður kynnti skýrsluna og ræddi m.a. um aukið vægi norðurslóða á síðustu árum innan NATO, þrátt fyrir skiptar skoðanir um hlutverk þess á svæðinu. Í skýrslunni leggur Ragnheiður áherslu á að NATO hafi hlutverki að gegna á norðurslóðum, enda teljist fimm aðildarríki NATO til norðurskautsríkja, og bandalagið þurfi því að auka þekkingu og skilning á málefnum svæðisins. Jafnframt sé mikilvægt að NATO styðji við þær svæðisbundnu alþjóðastofnanir og samtök sem eru nú þegar til staðar. Snertifletir stjórnmála norðurskautssvæðisins og NATO séu margir þótt einnig sé margt sem ekki eigi beint erindi við bandalagið. Mikilvægt sé því að NATO útfæri nánar á hvaða sviði það hefði eiginlegu hlutverki að gegna og hvað væri á verkefnasviði annarra alþjóðastofnana. Í framhaldi af kynningunni sat Ragnheiður fyrir svörum og sköpuðust líflegar umræður um skýrsluna. Fulltrúi Rússlands í nefndinni lagði áherslu á mikilvægi þeirra svæðisbundnu stofnana sem til staðar eru á norðurskautssvæðinu og sagði ekki þörf fyrir aðkomu fleiri slíkra. Fulltrúi Finnlands sagði jákvætt að NATO virkjaði hlutverk sitt á svæðinu en mikilvægt væri að horfa einnig til ESB í því samhengi. Nefndarmenn voru almennt sammála um mikilvægi þess að norðurskautið héldi áfram að vera friðsamlegt svæði og ræddu um það hvernig bandalagið gæti orðið að liði til að tryggja að viðbúnaður væri á svæðinu án þess að hervæðing ætti sér stað. Skýrslan var samþykkt samhljóða. Þá var Ragnheiður kjörin varaformaður annarrar undirnefndar varnar- og öryggismálanefndar NATO-þingsins.

Á fundi stjórnarnefndar NATO-þingsins var m.a. tekin ákvörðun um starfsemi og helstu viðfangsefni NATO-þingsins fyrir árið 2011 auk áhersluatriða ræðu forseta NATO-þingsins sem flutt var á leiðtogafundi NATO í Lissabon 19.–20. nóvember 2010. Þá fór fram umræða um samskipti NATO og Rússlands og um málefni Georgíu. Enn fremur lýsti forseti NATO-þingsins, bandaríski fulltrúadeildarþingmaðurinn John Tanner, yfir fögnuði með að Aung San Suu Kyi, leiðtogi lýðræðisflokksins í Búrma, hefði verið leyst úr stofufangelsi herforingjastjórnarinnar.

Þingfundur NATO-þingsins fór fram á síðasta degi ársfundarins þar sem tignargestir fluttu ávörp og svöruðu spurningum fundarmanna. Meðal þeirra sem fluttu erindi voru Grzegorz Schetyna, forseti pólska þingsins, Donald Tusk, forsætisráðherra Póllands, Janez Lenarcic, sendiherra og framkvæmdastjóri Lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE, og Marice B. Ries, sendiherra og sérfræðingur á sviði kjarnorkumála, vígbúnaðar og stefnumótunar hjá utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna. Schetyna ræddi um mikilvægi frekara samstarfs NATO og ESB og þar sem Pólland færi með formennsku í ESB seinni hluta árs 2011 yrði unnið að því verkefni. Þá voru flutt skilaboð til fundargesta frá forseta Póllands, Bronislaw Komorowski.

Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, sá sér ekki fært að sækja þingfundinn sökum undirbúnings fyrir leiðtogafund NATO í Lissabon 19.–20. nóvember og sendi myndskilaboð sem sýnd voru á fundinum. Þar ræddi framkvæmdastjórinn m.a. um mikilvægt hlutverk NATO við að fást við bæði hefðbundnar og nýjar öryggisógnir auk þess sem hann fór yfir helstu verkefni bandalagsins fyrir árið 2011. Að afloknum skilaboðum framkvæmda-

stjórans tók Birgitta Jónsdóttir til máls og gagnrýndi að Rasmussen skyldi ekki hafa sýnt NATO-þinginu þá virðingu að sækja þingfundinn. Hún sagði þingmenn ekki vera komna til Varsjár til að eiga í samskiptum við myndbandsupptöku af framkvæmdastjóranum og hvatti yfirstjórn NATO-þingsins til að koma skilaboðum sínum áleiðis til framkvæmdastjórans.

John Tanner lét af störfum sem forseti NATO-þingsins og þakkaði í ræðu sinni fyrir áralangt samstarf og óskaði nýkjörnum forseta þingsins, þýska þingmanninum Karl A. Lamers, til hamingju. Lamers sagði í ræðu sinni að hann mundi leggja áherslu á samræðu, samstarf og samskipti í forsetatíð sinni. Þá sagði hann afar brýnt verkefni fyrir NATO-þingið að auka skilning almennings í aðildarríkjunum á hlutverki og markmiðum NATO. Því næst fluttu skýrsluhöfundar framsögur með þeim ályktunum sem málefnanefndirnar lögðu fram og voru þær allar samþykktar.

Nefndarfundir.

Ragnheiður E. Árnadóttir sótti nefndarfundi varnar- og öryggismálanefndar í Washington og Tampa í janúar og á Grænlandi og Íslandi í september, sem einn af skýrsluhöfundum nefndarinnar.

Alþingi, 14. mars 2011.

Björgvin G. Sigurðsson, form.	Ragnheiður E. Árnadóttir varaform.	Birgitta Jónsdóttir.

Fylgiskjal.

Ályktanir NATO-þingsins árið 2010.

Ársfundur í Varsjá, 12.–16. nóvember:

- Ályktun 381 um að innleiða ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi í nýja grunnstefnu NATO og framkvæmd sambandsins.
- Ályktun 382 um ástandið í Georgíu.
- Ályktun 383 um Afganistan í átt til umbreytinga.
- Ályktun 384 um framþróun í átt að alþjóðlegum stöðugleika og efnahagsmálum.
- Ályktun 385 um aukið mikilvægi samskipti NATO við ríki utan bandalagsins.
- Ályktun 386 um samstarf við Rússa um gereyðingarvopn og eldflaugavarnakerfi.

1035. Nefndarálit [557. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar er að meginefni til samþykkur þeim breytingum sem lagðar eru til í áliti meiri hlutans á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Sérstaklega er því fagnað að með frumvarpinu er hlutur kjörstjórna og yfirkjörstjórna aukinn á ný. Því er fallið frá þeirri stefnu sem mörkuð var af meiri hluta allsherjarnefndar við meðferð og umræðu þess frumvarps sem varð að lögum nr. 91/2010, að líta á landið sem eitt kjördæmi í slíkum kosningum og telja atkvæði á einum stað. Yfirkjörstjórnir endurheimta vald sitt og sjá um yfirumsjón kosninga og talningar í hverju kjördæmi fyrir sig eins og verið hefur. Fyrir þessu barðist minni hluti allsherjarnefndar þegar lögin voru sett. Ekki var hlustað á rök hans en það hefur nú verið gert.

Eftir ógildingu Hæstaréttar á kosningu til stjórnlagaþings var ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna eru gölluð, eins og lögin um stjórnlagaþing. Fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna hafa illa getað hlustað á sérfræðinga í kosningamálum og ekki tekið góðum ráðum. Því stóð þjóðin frammi fyrir því í fyrsta sinn í lýðveldissögunni að Hæstiréttur ógilti almennar kosningar. Í kjördæmunum er mikið af hæfu fólki sem er alvant að fást við kosningar, talningu og uppgjör kosninga og auðvitað á að virkja þann mannauð í öllum kosningum sem fram fara.

Minni hluti allsherjarnefndar telur að ganga eigi skrefið alla leið þannig að yfirkjörstjórnir tilkynni úrslit í sínum kjördæmum í stað þess að þau verði tilkynnt frá Reykjavík. Má reikna með að það auki spennu fyrir þjóðaratkvæðagreiðslunni, hvernig atkvæði falla eftir landshlutum, því gert er ráð fyrir því að einungis mjög umdeild mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. Minni hlutinn tekur ekki undir áhuga meiri hluta allsherjarnefndar á því að unnið skuli að því að taka upp rafræna talningu í framtíðinni, víða erlendis hafa slíkar talningar ekki gefist vel og auðvelt er að brjótast inn í slík kerfi til að skekkja niðurstöður. Fámennið hér á landi er til þess fallið að kosningar og talning fari fram með þeim hætti sem verið hefur.

Ágreiningsefnið sem var uppi í allsherjarnefnd snýr að kærumálum ef eitthvað fer úrskeiðis í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í kosningu til stjórnlagaþings voru ágallar á framkvæmd kosningarinnar svo miklir að þrír einstaklingar sáu sig knúna til að kæra hana. Svo vildi til að kærendur komu úr þremur kjördæmum. Það var því mikið lán að ákvæði um kærur vegna kosninganna voru sóttar til 2. mgr. 14. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands. Hefði kæruákvæðið verið samhljóða kæruákvæði 12. gr. laga nr. 4/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., hefðu kærurnar þurft að fara fyrst fyrir héraðsdóm. Í athugasemdum í frumvarpi því sem varð að lögunum segir um 12. gr.: „Í greininni er fjallað um hugsanlegar kærur um ólögmæti atkvæðagreiðslunnar og meðferð þeirra og mælt fyrir um að þær skuli sendar landskjörstjórn til úrlausnar eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund þann sem getið er um í 9. gr. Er hér um sambærilegt fyrirkomulag að ræða og á við í forsetakosningum, sbr. 14. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, að því frátöldu að landskjörstjórn hefur hér með höndum þau störf sem Hæstiréttur

hefur í forsetakosningum. Dómstólar eiga svo úrskurðarvald um gildi ákvörðunar landskjörstjórnar í samræmi við almennar reglur ef á reynir.“ Minni hlutinn telur að ekki væri búið að leysa úr þeim réttarágreiningi sem reis eftir kosninguna hefði málið farið hina hefðbundnu dómstólaleið og er því brýnt að kæruleið til Hæstaréttar sé greið. Sex dómarar Hæstaréttar úrskurðuðu kosninguna ógilda. Niðurstöður Hæstaréttar ber að skilja sem svo að annmarkar á kosningunni hafi verið til þess fallnir að hafa áhrif á úrslitin. Fram hjá því verður ekki litið. Í 15. gr. laga nr. 90/2010, um stjórnlagaþing, er kveðið á um kærur til Hæstaréttar og þeim eindregna vilja lýst að niðurstaða réttarins leiði til endanlegrar niðurstöðu í kærumálum er kynnu að rísa við framkvæmd kosninganna.

Að þessu sögðu er það álit minni hlutans að vísa eigi til 2. mgr. 14. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, varðandi kæruleiðir í lögum um þjóðaratkvæðagreiðslur. Þau mál sem lögð eru fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu samkvæmt lögum nr. 91/2010 hafa verið og verða umdeild. Það er því afar brýnt að ef einhver ágreiningur kemur upp varðandi kosningarnar að kæruleiðir séu stuttar og stuðst verði til framtíðar við þá reglu sem sköpuð var í kosningunni til stjórnlagaþings, þ.e. að Hæstiréttur fái kæru til úrskurðar innan ákveðinna tímamarka eftir kosningu, rísi ágreiningur um slík atriði.

Minni hlutinn leggur til eftirfarandi

BREYTINGU:

5. gr. falli brott.

Alþingi, 15. mars 2011.

Vigdís Hauksdóttir.

1036. Fyrirspurn [612. mál]

til velferðarráðherra um bólusetningar ungbarna gegn pneumókokkum.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hvenær má vænta þess að hafnar verði bólusetningar ungbarna gegn pneumókokkum, sem m.a. valda eyrnabólgum?
2. Stendur til að bólusetja öll börn þriggja ára og yngri gegn pneumókokkasýkingum til að ná fyrr fram svokölluðum jákvæðum hjarðáhrifum og til að gæta jafnræðis meðal ungbarna, en nú þegar óska margir foreldrar eftir bólusetningunni á eigin kostnað? Ef svo er ekki, hvers vegna?
3. Hefur verið reiknað út hve hagkvæm slík hjarðáhrif gætu verið?
4. Telur ráðherra að flýta þurfi bólusetningunni vegna aðstæðna hér á landi, svo sem alvarlegs sýklalyfjaónæmis sem einkum er á höfuðborgarsvæðinu?
5. Hve mörgum börnum hefur á liðnu ári þurft að gefa stærstu skammta breiðvirkra sýklalyfja sem völ er á í inntökuformi og hve mörg börn hafa verið lögð inn á spítala til sýklalyfjameðferðar í æð eða vöðva með sterkustu lyfjum sem völ er á til meðferðar á slæmum eyrnabólgum þar sem önnur lyf hafa ekki virkað?

6. Telur ráðherra að mikil notkun sýklalyfja við eyrnabólgum ungbarna á Íslandi tengist verklagi í heilsugæslunni og miklu álagi á vaktþjónustuna og barnalæknavaktina vegna undirmönnunar lækna í heilsugæslunni?
7. Verður haft samráð við heilsugæsluna við undirbúning bólusetninganna og verður hafið kynningar- og fræðsluátak fyrir lækna og foreldra um skynsamlega og markvissa notkun sýklalyfja samfara góðu hjarðónæmi barna gegn pneumókokkum þegar bólusetningarnar hefjast?

Skriflegt svar óskast.

1037. Nefndarálit [549. mál]

um till. til þál. um skipun stjórnlagaráðs.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd leggjast eindregið gegn tillögu til þingsályktunar um skipun stjórnlagaráðs. Með tillögunni er gert ráð fyrir að Alþingi skipi sömu 25 einstaklinga til setu í stjórnlagaráði og voru hlutskarpastir í kosningum til stjórnlagaþings 27. nóvember sl. Þetta er lagt til þrátt fyrir að þær kosningar hafi síðar verið ógiltar með ákvörðun Hæstaréttar og kjörbréf afturkölluð. Með samþykkt tillögunnar væri Alþingi því að ganga þvert gegn niðurstöðu æðsta dómstóls þjóðarinnar með einbeittum og afdráttarlausum hætti og hafa hana að engu. Vinnubrögð af því tagi eru ótæk í lýðræðisríki og mjög á skjön við þá umræðu sem átt hefur sér stað hér á landi á undanförnum árum um mikilvægi þess að skerpa á valdmörkum mismunandi handhafa ríkisvaldsins og heitstrengingar um að auka sjálfstæði þeirra hvers um sig.

Aðdragandi málsins.

Síðastliðið sumar voru samþykkt á Alþingi lög um stjórnlagaþing, nr. 90/2010. Á grundvelli þeirra fór fram kosning fulltrúa með almennum kosningum 27. nóvember sl. Kjörsókn var með eindæmum dræm, aðeins rúmur þriðjungur atkvæðisbærra manna kom á kjörstað, og við framkvæmdina komu upp margvísleg álitaefni og vandamál, sem leiddu til þess að Hæstarétti bárust þrjár formlegar kærur sem hann tók til meðferðar í samræmi við ákvæði laganna. 25. janúar tók rétturinn ákvörðun um ógildingu kosninganna og var þar um að ræða samhljóða niðurstöðu þeirra sex dómara sem um málið fjölluðu. Í kjölfar ógildingarinnar skipaði forsætisráðherra samráðshóp fulltrúa allra þingflokka á Alþingi undir formennsku skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu til að fjalla um viðbrögð við niðurstöðu Hæstaréttar og mögulegar leiðir í stöðunni. Samráðshópurinn lauk störfum þann 24. febrúar sl. og lagði meiri hluti hópsins til þá leið sem farin er í þessari þingsályktunartillögu. Fulltrúi þingflokks sjálfstæðismanna lagðist eindregið gegn þeirri niðurstöðu og skilaði sérstakri bókun sem er fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Meðferð málsins í allsherjarnefnd.

Þingsályktunartillagan var lögð fram á Alþingi 28. febrúar sl. og afgreidd til allsherjarnefndar að lokinni fyrri umræðu 3. mars. Ákveðið var að senda málið ekki til umsagnar svo sem algengast er og var ekki gerður sérstakur ágreiningur um það af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Byggðist sú afstaða á því að bæta mætti upp skort á skriflegum umsögnum með heimsóknum gesta með sérþekkingu, einkum á sviði stjórnskipunarréttar. Orðið var við ýmsum óskum sem fram komu í þeim efnum en alls ekki öllum. Einkum var tilfinnanlegt að nefndinni gafst ekki kostur á að eiga orðastað við prófessora í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, Eirík Tómasson og Björgu Thorarensen. Fram kom að prófessorarnir áttu ekki kost á að koma á þeim tímum sem formaður og meiri hluti nefndarinnar höfðu fyrirfram ætlað til málsmeðferðarinnar en ekki var orðið við ítrekuðum óskum um að reynt yrði að finna aðra fundartíma sem gætu hentað í þessu sambandi. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja þessa ósveigjanlegu málsmeðferð fullkomlega óviðunandi. Það er trúlega einsdæmi að Alþingi afgreiði þingmál sem varðar aðferðir við endurskoðun stjórnarskrárinnar án þess að fá álit prófessora í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Með þessu er ekki dregið með nokkrum hætti úr mikilvægi þeirra sjónarmiða sem fram komu hjá þremur öðrum lagaprófessorum fyrir nefndinni. Þar var um að ræða vel ígrundaðar og rökstuddar athugasemdir, þrátt fyrir að meiri hluti nefndarinnar kysi að hafa þær að engu eins og rakið verður síðar. Þá er einnig rétt að geta þess að Eiríkur Tómasson kom á fund allsherjarnefndar í lok janúar þegar fjallað var um ákvörðun Hæstaréttar um ógildingu kosninganna. Við það tækifæri lét hann aðspurður í ljós þá skoðun að þrátt fyrir að hann væri ósammála ákvörðun Hæstaréttar hugnaðist honum ekki sú leið að Alþingi færi á svig við niðurstöðuna með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni.

Loks er rétt að geta þess að einnig komu fram óskir um að ríkisendurskoðandi kæmi á fund nefndarinnar eða sendi inn minnisblað vegna þátta sem snerta fjárveitingar til stjórnlagaráðs, m.a. út frá því hvernig frá þeim málum er gengið í tillögunni, samspili við fjárreiðulög o.fl. Þeim óskum var mætt með því að nefndinni voru flutt fáorð, munnleg skilaboð frá ríkisendurskoðanda um að tillagan stangaðist ekki á við fjárreiðulög og fyrir afgreiðslu af þessu tagi væru fordæmi. Nefndarmönnum var ekki gefinn kostur á að fjalla nánar um þetta, spyrja frekar eða óska eftir nánari útskýringum og verður þetta að teljast afar ófullnægjandi afgreiðsla á mikilvægum þætti málsins.

Farið gegn niðurstöðu Hæstaréttar.

Eins og fyrr segir byggist afstaða fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd á því sjónarmiði að með henni sé með skýrum hætti gengið gegn niðurstöðu Hæstaréttar. Þessu má lýsa með eftirfarandi hætti: Lög kveða á um að almennar kosningar skuli fara fram og að Hæstiréttur skuli fjalla um kærumál vegna þeirra. Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að svo alvarlegir annmarkar hafi verið á kosningunum að ekki sé annað fært en að ógilda þær. Í samræmi við þá ákvörðun afturkallar landskjörstjórn kjörbréf þeirra 25 einstaklinga sem hlutskarpastir urðu í kosningunum miðað við þær talningar- og úthlutunarreglur sem þar giltu. Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar og sex nefndarmenn í allsherjarnefnd leggja engu að síður til að þessum sömu 25 einstaklingum verði af Alþingi falið nákvæmlega sama verkefni og áður, starfskjör og starfsaðstæður breytist ekki og öll umgjörð starfsins verði með sem líkustu sniði og áður var áformað. Einu breytingarnar sem einhverju skipta er að samkoman á nú að nefnast stjórnlagaráð en ekki stjórnlagaþing og fulltrúarnir eiga að fá skipunarbréf frá Alþingi í stað kjörbréfs frá landskjörstjórn. Að öðru leyti er gert ráð fyrir

að um sömu samkomu verði að ræða. Tillagan felur með öðrum orðum í sér að ganga eins og langt og hægt er í þá átt að láta sem kosningarnar hafi alls ekki verið ógiltar, enda hefur ítrekað komið fram það viðhorf af hálfu ýmissa stuðningsmanna málsins að Hæstiréttur hefði alls ekki átt að komast að þeirri niðurstöðu sem hann gerði.

Nánar um mun á stjórnlagaþingi og stjórnlagaráði.

Rétt er að fara nánar yfir muninn á stjórnlagaþingi, sbr. lög nr.. 90/2010, og stjórnlagaráði samkvæmt þeirri tillögu sem hér liggur fyrir. Hér verður vikið að nokkrum helstu þáttum, en áður hefur verið vikið að þeim breytingum sem felast í nafni samkomunnar og því að fulltrúarnir eiga að fá skipunarbréf frá Alþingi í stað kjörbréfs frá landskjörstjórn.

- Bæði stjórnlagaþing og stjórnlagaráð eru ráðgefandi og eiga að skila Alþingi tillögum um breytingar á stjórnarskrá á fyrirfram mörkuðum tíma. Stjórnlagaþing átti að hafa tvo mánuði til verksins, með heimild til framlengingar í fjóra mánuði, en nái tillagan um stjórnlagaráðið fram að ganga verður starfstíminn þrír til þrír og hálfur mánuður. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir að skilað verði til Alþingis fullbúnu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga.
- Fulltrúar á stjórnlagaþingi áttu að vera 25–31 og átti val þeirra að byggjast á úrslitum kosninganna 27. nóvember. Landskjörstjórn gaf út kjörbréf til 25 fulltrúa en afturkallaði þau síðar eins og áður er getið. Fulltrúar í stjórnlagaráði eiga að verða 25 og val þeirra byggt á úrslitum kosninganna 27. nóvember. Um sömu 25 einstaklinga er að ræða.
- Verkefni stjórnlagaþings voru tilgreind í átta tölusettum liðum í lögunum, með heimild til að taka fleiri efni til umfjöllunar. Verkefni stjórnlagaráðs eru rakin með nákvæmlega sama hætti í þingsályktunartillögunni.
- Stjórnlagaþing átti að taka við og vinna áfram með niðurstöður stjórnlaganefndar, sem kjörin var af Alþingi í samræmi við lög nr. 90/2010. Nú er gert ráð fyrir að stjórnlagaráð taki við þessu hlutverki.
- Fundir stjórnlagaþings áttu að vera opnir almenningi og sama á við um fundi stjórnlagaráðs.
- Fulltrúar á stjórnlagaþingi áttu að fá þingfararkaup á starfstíma þingsins og forseti þess sömu kjör og forseti Alþingis. Sama á við um fulltrúa í stjórnlagaráði og formann ráðsins samkvæmt tillögunni.
- Gert er ráð fyrir að stjórnlagaráð fái sömu fjármuni til starfs síns og stjórnlagaþing og að fjárveitingar sem ætlaðar voru stjórnlagaþingi á fjárlögum færist til stjórnlagaráðs með fjáraukalögum. Ljóst er að stór hluti þeirra fjármuna er þegar bundinn þar sem gert er ráð fyrir að stjórnlagaráð taki við því húsnæði, búnaði, starfsliði og öðru sem ætlað var stjórnlagaþinginu.
- Gert er ráð fyrir þeirri breytingu að í stað forsætisnefndar Alþingis verði það undirbúningsnefnd, sem raunar er skipuð af forsætisnefnd Alþingis og starfar á ábyrgð forseta Alþingis, sem sjái stjórnlagaráði fyrir starfsaðstöðu, starfsliði og sérfræðiaðstoð. Sú breyting hefur enga efnislega þýðingu.
- Einnig er gert ráð fyrir þeirri breytingu að í stað þess að stjórnlagaþing starfi eftir ákvæðum laga nr. 90/2010 og starfsreglum sem forsætisnefnd Alþingis setur skuli stjórnlagaráð setja sér starfsreglur og fundarsköp sjálft. Ekki verður séð að þessi breyting varðandi skipulag innra starfs samkomunnar skipti miklu máli þegar metið er hvort munur sé á stjórnlagaþingi og stjórnlagaráði.

Eins og sjá má af þessari upptalningu er augljóslega um sömu samkomu að ræða; sama fólk, sömu verkefni og í öllum aðalatriðum sömu umgjörð um starfsemina. Aðeins er annars vegar um að ræða málamyndabreytingar eins og nafnbreytingu og skipunarbréf til fulltrúanna í stað kjörbréfs og hins vegar minni háttar breytingar sem varða innra skipulag.

Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna vísa tillöguflytjendur í þau orð meiri hluta samráðshópsins að viðbrögð við niðurstöðu Hæstaréttar verði m.a. að grundvallast á því að ákvörðun réttarins sé ekki dregin í efa eða véfengd. Slík orð hafa hins vegar lítið vægi ef í reynd er farin leið sem einmitt felur í sér að niðurstaða réttarins er dregin í efa eða véfengd. Það er ekki tilviljun að þeir þrír prófessorar í lögum sem fyrir nefndina komu voru sammála um að í þingsályktunartillögunni fælist að verið væri að ganga gegn eða fara á svig við ákvörðun Hæstaréttar. Allir töldu þeir tillöguna óheppilega af þeim sökum og lögðust gegn henni, þótt hver þeirra hefði um það sín orð.

Þá má minna á að strax í kjölfar ákvörðunar Hæstaréttar Íslands í lok janúar var haldinn fundur í allsherjarnefnd þar sem farið var yfir niðurstöðu réttarins og fjallað um hugsanleg viðbrögð Alþingis við henni. Þá hafði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tilgreint þrjár leiðir sem Alþingi gæti farið til þess að bregðast við niðurstöðum Hæstaréttar. Í fyrsta lagi að falla frá áformum um stjórnlagaþing. Í öðru lagi að láta endurtaka kosninguna. Og í þriðja lagi að skipa þá 25 einstaklinga sem hlutskarpastir voru í kosningunni sem ógilt var í stjórnlaganefnd eða stjórnlagaráð. Allsherjarnefnd fékk til fundarins lagaprófessorana Eirík Tómasson, Róbert R. Spanó og Ragnhildi Helgadóttur. Það var samdóma álit þeirra allra að síðasti kosturinn væri verstur.

Er tæk leið að fara gegn niðurstöðu Hæstaréttar?

Í umræðum um þingsályktunartillöguna hafa komið upp sjónarmið meðal lögfræðinga um að skipun stjórnlagaráðs á grundvelli hennar væri hæpin eða jafnvel ófær út frá meginreglu íslenskrar stjórnskipunar um þrígreiningu ríkisvaldsins, sem m.a. er að finna í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Alþingi væri að minnsta kosti á gráu svæði yrði tillagan samþykkt. Prófessor Sigurður Líndal hefur m.a. orðað það svo, bæði á fundi allsherjarnefndar og í fjölmiðlum, að ef þessi leið fari ekki beinlínis í bága við lög, þá sé að minnsta kosti um lagasniðgöngu eða stjórnarskrársniðgöngu að ræða. Prófessorarnir Ragnhildur Helgadóttir og Róbert Spanó hafa ekki gengið jafn langt. Í máli þeirra á fundi allsherjarnefndar kom fram það sjónarmið að ekki væri um að ræða stjórnarskrárbrot, þótt þau hefðu verulegar athugasemdir við tillöguna og teldu hana óheppilega. Róbert taldi að val 25 fulltrúa á grundvelli úrslita í kosningum, sem búið væri að ógilda, væri byggt á afar ótraustum forsendum og Ragnhildur benti á að með því að velja þessa 25 til setu í ráðinu væri Alþingi að leggja sitt eigið mat á hvort Hæstiréttur hefði átt að ógilda kosninguna.

Hér verður því ekki haldið fram að tillagan feli beinlínis í sér stjórnarskrárbrot. Það er þó umdeilt og um það kann að verða tekist á fyrir dómstólum. Hvorki kjörið stjórnlagaþing né þingskipað stjórnlagaráð eru hluti af því ferli sem stjórnarskráin mælir fyrir um að viðhaft skuli við stjórnarskrárbreytingar og ekki er deilt um að Alþingi hefur almennt nokkurt svigrúm við val á aðferð við að undirbúa tillögur í þessu sambandi. Á hinn bóginn er augljóst að Alþingi væri með samþykkt tillögunnar komið inn á grátt svæði hvað varðar valdmörk mismunandi handhafa ríkisvaldsins. Hæstarétti var að lögum falið það hlutverk að skera úr um lögmæti stjórnlagaþingskosninganna. Rétturinn ógilti kosningarnar en samkvæmt tillögunni á Alþingi engu að síður að skipa sama fólk til að sinna sama verkefni og áður. Úrslit kosninganna eru eini mælikvarðinn sem val fulltrúanna á að miðast við, þrátt fyrir ógildinguna. Með

þessu væri Alþingi þannig í reynd að taka ákvörðun um að niðurstaða Hæstaréttar eigi ekki að hafa neitt gildi og setja sitt eigið mat ofar mati réttarins. Ástæðulaust er að deila um að það væri afar hæpin niðurstaða út frá meginsjónarmiðum um sjálfstæði dómsvaldsins og stöðu Hæstaréttar sem æðsta dómstóls þjóðarinnar. Ekki verður séð að máli skipti í því sambandi hvort endanleg niðurstaða réttarins er kölluð ákvörðun, úrskurður eða dómur. Í öllu falli er erfitt að ímynda sér hvernig þeir alþingismenn sem þannig bregðast við niðurstöðu æðsta dómstóls landsins, sem ekki verður áfrýjað, og leggja til að hún verði að engu höfð geta ætlast til þess að almenningur í landinu hlíti niðurstöðum dómstólsins í öðrum málum.

Í ljósi þessa er augljóst að samþykkt tillögunnar væri einkar óheppileg, jafnvel þótt ekki yrði talið að um stjórnarskrárbrot væri beinlínis að ræða. Það væru augljóslega vond skilaboð út í samfélagið að meiri hluti Alþingis væri tilbúinn að hafa niðurstöður Hæstaréttar að engu ef hann teldi sig bara komast upp með það. Í því fælist virðingarleysi við Hæstarétt, virðingarleysi gagnvart sjálfstæði dómstóla og virðingarleysi gagnvart hugmyndinni um þrígreiningu ríkisvaldsins. Vinnubrögð og viðhorf af því tagi eru sérstaklega ámælisverð og einstaklega óheppilegt veganesti fyrir verkefni sem hefur það að markmiði að fjalla um undirbúning breytinga á stjórnarskrá, sem einmitt er ætlað að bæta stjórnskipun landsins, auka virðingu fyrir meginreglum og skerpa á reglum um valdmörk og verksvið handhafa ríkisvaldsins.

Fleiri álitamál um þingsályktunartillöguna.

Hér að framan hafa verið rakin helstu sjónarmið sem valda því að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd leggjast eindregið gegn því að þingsályktunartillagan nái fram að ganga. Til viðbótar má nefna nokkur atriði sem ástæða er til að halda til haga.

- Deila mátti um hugmyndina um stjórnlagaþing sem slíkt en með lögum nr. 90/2010 var því þó markaður nokkuð skýr lagarammi þar sem tekið var á flestum vafamálum sem upp kunna að koma varðandi skipulag, valdheimildir, rekstur og fleiri slíka þætti. Um er að ræða opinbera starfsemi sem bæði verður nokkuð umfangsmikil og verulega kostnaðarsöm þótt um takmarkaðan starfstíma verði að ræða. Þingsályktunartillagan byggist að sönnu á því að flestir þessir þættir verði með sama móti hjá stjórnlagaráðinu og stjórnlagaþinginu, en þingsályktun er hins vegar augljóslega mun veikari stoð en lög ef upp koma álitamál, t.d. varðandi einstakar ákvarðanir eða útgjöld. Misjafnlega nákvæmt orðalag í texta þingsályktunar eða jafnvel bara í greinargerð eða nefndaráliti kemur alls ekki í stað skýrs lagatexta í þessu sambandi. Fjárveitingar eða tilfærslur milli liða á fjáraukalögum, seint og um síðir, jafnvel þegar allt er um garð gengið, leysa þennan vanda ekki nema að takmörkuðu leyti.
- Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvaða ákvæði laga nr. 90/2010 verða felld brott, hverjum breytt og hver eiga standa áfram.
- Tillagan byggist á því að þeim 25 einstaklingum, sem úthlutað var sæti á stjórnlagaþingi samkvæmt niðurstöðu hinna ógildu kosninga 27. nóvember, verði boðið sæti í stjórnlagaráðinu. Þar var um að ræða þá 25 sem hlutskarpastir urðu samkvæmt þeim flóknu reglum um úthlutun sæta sem byggt var á í stjórnlagaþingslögunum. Komi til þess að einhverjir úr þessum hópi ákveði að taka ekki sæti á hins vegar ekki að velja fulltrúa í þeirra stað á sömu forsendum eða samkvæmt sömu reglum og giltu þegar þeir voru valdir. Þau atkvæði sem nýttust þeim úr hópi fulltrúanna 25 sem hugsanlega afþakka sæti falla einfaldlega dauð niður og gagnast ekki þeim sem neðar voru á atkvæðaseðlum kjósendanna sem kusu viðkomandi fulltrúa. Úthlutunarreglur kosninganna verða teknar úr sambandi og gengið niður röðina á þeim lista sem landskjörstjórn birti um niðurstöðu

talningar. Hinir nýju fulltrúar verða því valdir á öðrum forsendum en hinir upphaflegu 25 fulltrúar og það kann að hafa veruleg áhrif á samsetningu ráðsins þannig að það endurspegli síður hinn raunverulega vilja þeirra kjósenda sem tóku þátt í kosningunum. Þessi aðferð gengur líka gegn þeim rökstuðningi, sem víða má finna bæði í athugasemdum við þingsályktunartillöguna og áliti meiri hluta allsherjarnefndar, að val á fulltrúum í stjórnlagaráðið eigi að miðast við úrslit kosninganna í nóvember, enda gefi sú niðurstaða góða mynd af vilja kjósenda og tryggi breidd í fulltrúahópnum.

- Í tillögutextanum er að finna óbreytt orðalag úr stjórnlagaþingslögunum um það að stjórnlagaráð hafi m.a. það verkefni að gera tillögur til Alþingis um hugsanlega þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarp til stjórnskipunarlaga. Í framhaldsnefndaráliti allsherjarnefndar á sínum tíma var nokkuð um þetta fjallað en án skýrrar niðurstöðu. Í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar um þingsályktunartillöguna er einnig að finna vangaveltur um þessi efni án þess að þar sé tekin skýr afstaða. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd taka fram að Alþingi eitt hefur að lögum heimild til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þingið hlýtur því að taka afstöðu til tillagna stjórnlagaráðs í þessum efnum þegar þær koma fram en ekki fyrr. Fyrirfram er þó rétt að lýsa sterkum efasemdum um að fram fari ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur ráðgefandi stjórnlagaráðs um leið og áréttað er að þegar tillögur um breytingar á stjórnarskrá koma til kasta Alþingis í samræmi við núgildandi stjórnarskrá eru þingmenn óbundnir af öllu öðru en eigin sannfæringu.

Endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa margsinnis lýst vilja sínum til að taka þátt í endurskoðun stjórnarskrárinnar. Samkvæmt núgildandi stjórnarskrá er þar um að ræða verkefni Alþingis samkvæmt þeim reglum sem er að finna í 79. gr. og er þar bæði um að ræða rétt og skyldu þjóðkjörinna alþingismanna til að fjalla um og komast að niðurstöðu í álitamálum sem upp kunna að koma í því sambandi. Á undanförnum tveimur árum hefur mikill tími og orka farið í það af hálfu ríkisstjórnarflokkanna og sumra annarra stjórnmálaflokka á þingi að gera margvíslegar tilraunir með form og aðferðir við stjórnarskrárbreytingar, en á vettvangi þingsins hefur lítilli athygli verið beint að sjálfu innihaldi stjórnarskrárinnar, þ.e. þeim efnislegu breytingum sem vilji er til að gera á ákvæðum hennar. Tilraunastarfsemin hefur hvað eftir annað lent í ógöngum eins og þetta þingmál ber með sér og í ljósi þess leggja þingmenn Sjálfstæðisflokksins áherslu á að Alþingi taki þessa vinnu í sínar hendur og vinni skipulega að stjórnarskrárbreytingum á næstu misserum. Eins og lagt var til í bókun fulltrúa þingflokksins í samráðshópi forsætisráðherra og þingflokka frá 24. febrúar sl. má gera það með kjöri sérnefndar, sem hefði þessa endurskoðunarvinnu sem eina verkefni sitt í fyrirfram ákveðinn tíma, auk þess sem aðkoma sérfræðinga og almennings væri tryggð. Þingið getur í þessu sambandi byggt á niðurstöðum þjóðfundar og viðamiklum skýrslum stjórnlaganefndar sem væntanlegar eru á næstu dögum, auk þess sem fyrir liggur mikið efni frá síðustu árum, ekki síst frá stjórnarskrárnefnd fulltrúa allra flokka, sem starfaði undir formennsku Jóns Kristjánssonar á árunum 2005–2007.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd telja að slík aðferð sé miklu líklegri til að skila árangri en sú leið sem lögð er til í þingsályktunartillögunni. Alþingi mundi sinna hlutverki sínu sem stjórnlagaþing, vinnan yrði markvissari og miklir fjármunir mundu sparast.

Með því móti væri líka hafið yfir allan vafa að Alþingi tæki niðurstöðu Hæstaréttar alvarlega og virti sjálfstæði dómstóla og þrígreiningu ríkisvaldsins.

Alþingi, 14. mars 2011.

Birgir Ármannsson, frsm. Sigurður Kári Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í samráðsnefnd um viðbrögð við ákvörðun Hæstaréttar um ógildingu kosninga til stjórnlagaþings.

Sjálfstæðisflokkurinn telur brýnt að endurskoða stjórnarskrána og styður slíka endurskoðun. Samkvæmt gildandi stjórnarskrá er Alþingi stjórnlagaþing og getur eitt breytt stjórnarskrá og má ekki víkja sér undan þeirri ábyrgð, enda ekki ástæða til.

Eftir það klúður við framkvæmd kosninga til stjórnlagaþings skv. lögum nr. 90/2010, sem leiddi til ógildingar kosninganna í Hæstarétti, telur undirritaður fulltrúi Sjálfstæðisflokksins að ekki eigi að halda áfram með hugmyndir um ráðgefandi stjórnlagaþing með tilheyrandi kostnaði og leggur til að haldið verði áfram starfi stjórnlaganefndar, þ.e. að safna gögnum um stjórnarskrármál og setja fram hugmyndir um breytingar á stjórnarskrá og útfærslu þeirra. Jafnframt hvetur undirritaður til þess að frekari undirbúningur að endurskoðun stjórnarskrárinnar verði styrktur með almennri umræðu í samfélaginu og rannsóknum á stjórnarskrármálum, um leið og leitað verði ráðgjafar innlendra og erlendra sérfræðinga. Sú vinna verði á forræði Alþingis.

Greinargerð.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur frá upphafi gert alvarlegar athugasemdir við það ferli við endurskoðun stjórnarskrárinnar sem stofnað var til með lögum nr. 90/2010, um stjórnlagaþing. Vandræðagangur í kringum kosningar til stjórnlagaþings, dræm kjörsókn, flækjur í framkvæmd og nú síðast ákvörðun Hæstaréttar Íslands um að ógilda kosningarnar sýnir því miður, svo ekki verður um villst, skort á undirbúningi og fyrirhyggju í máli sem lýtur að grundvallarlögum samfélagsins og ætti að leysa með vönduðum hætti á grundvelli breiðrar samstöðu.

Sú staða sem komin er upp er alvarleg áminning um að staldra við og nálgast það mikilvæga viðfangsefni sem endurskoðun stjórnarskrárinnar er, með vinnubrögðum sem henni eru samboðin. Sá kostur að berja í bresti þess ferlis sem þegar hefur að verulegu leyti runnið út í sandinn með óafturkræfum hætti, er hins vegar ekki tækur. Persónukjör með miklum fjölda frambjóðenda og landið sem eitt kjördæmi er augljóslega miklum vandkvæðum bundið, auk þess sem telja mætti upp fjölda annarra annmarka á lagasetningunni, undirbúningi og framkvæmd. Endurtekning kosninga á grundvelli sömu eða lítt breyttra laga er því lítt fýsilegur kostur, jafnvel þótt horft væri framhjá þeim mikla kostnaði sem af því mundi hljótast. Nýjar kosningar samhliða þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar mundu auka enn hættu á ruglingi og flækjum í framkvæmd. Skipun einhvers konar stjórnlagaráðs, með þeim einstaklingum sem fengu á sínum tíma útgefin kjörbréf í kjölfar hinna ógildu kosninga í nóvember, væri augljóslega tilraun til að víkja sér undan niðurstöðu Hæstaréttar og því ekki tæk leið í stöðunni að mati undirritaðs.

Undirritaður fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur þess í stað til að því starfi sem stjórnlaganefnd var falið, þ.e. að safna gögnum um stjórnarskrármál og setja fram hugmyndir til breytinga á stjórnarskrá verði framhaldið, annaðhvort á vegum sömu nefndar, jafnvel með fjölgun nefndarmanna, eða nýrrar nefndar sérfræðinga sem Alþingi skipar. Jafnframt gæti Alþingi kjörið sérnefnd þingmanna sem eingöngu sinnti þessu verkefni á fyrirfram tilgreindum tíma.

Í ljósi þess að stjórnlaganefnd mun hafa lokið gerð skýrslu, sem ætlunin var að skila stjórnlagaþingi þann 15. febrúar sl., væri eðlilegt að sú skýrsla yrði þegar afhent Alþingi sem áfangaskýrsla og gerð opinber, þannig að hún gæti nýst sem innlegg í þá umræðu sem eðlilegt er að fari fram í samfélaginu á næstu vikum og mánuðum um efnisatriði stjórnarskrár.

Samhliða því nefndarstarfi sem vikið var að hér að framan mætti styrkja undirbúning að endurskoðun stjórnarskrárinnar enn frekar með því að ýta undir almenna umræðu, með rannsóknum á stjórnarskrármálum og með því að fá innlenda og erlenda sérfræðinga að starfinu.

Undirritaður fulltrúi Sjálfstæðisflokksins er eindregið þeirrar skoðunar að þörf sé á endurskoðun stjórnarskrárinnar. Með þeim aðferðum sem bent er á hér að framan væri með faglegum hætti hægt að leggja traustan grunn að þessu þýðingarmikla verkefni. Vandaður undirbúningur og víðtæk, almenn umræða er forsenda þess að vel takist til.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins ítrekar að samkvæmt gildandi stjórnlögum Íslands er það hlutverk Alþingis að fjalla um og taka afstöðu til breytinga á stjórnarskrá. Undan þeirri ábyrgð má Alþingi ekki víkja sér.

1038. Breytingartillaga [549. mál]

við till. til þál. um skipun stjórnlagaráðs.

Frá Róbert Marshall.

Við 4. mgr. tillögugreinarinnar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórnlagaráði er heimilt að óska eftir því við forseta Alþingis og forsætisnefnd að starfstími ráðsins verði framlengdur um allt að einn mánuð.

1039. Nefndarálit [549. mál]

um till. til þál. um skipun stjórnlagaráðs.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, fer Alþingi með stjórnskipunarvaldið. Til að breyta stjórnarskrá skal leggja fram frumvarp til stjórnskipunarlaga á Alþingi sem fær sömu meðferð og önnur frumvörp. Verði frumvarpið að lögum eftir þriðju umræðu er þing rofið þá þegar og boðað til alþingiskosninga. Frumvarpið sjálft fer því í þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða alþingiskosningunum. Þegar nýtt þing kemur saman er það fyrsta verk nýkjörinna þingmanna að greiða atkvæði á ný um frumvarpið óbreytt, sé það samþykkt staðfestir forseti lögin með undirritun sinni og þá tekur breytingin á stjórnarskránni gildi. Munurinn á löggjafarvaldi og stjórnskipunarvaldi er mikill. Löggjafavald hafa 63 þingmenn auk

forseta. Stjórnskipunarvald hafa 63 þingmenn, og nýir þingmenn á nýkjörnu þingi auk forseta. Hefðu verið lagðar til breytingar á stjórnarskrá við alþingiskosningarnar 2009, hefðu þeir 63 þingmenn sem kosnir voru í alþingiskosningunum 2007 greitt atkvæði um frumvarp til stjórnskipunarlaga við þingrof. Eftir alþingiskosningarnar 2009 hefðu 27 nýir þingmenn að auki greitt atkvæði um frumvarpið og hefðu því 90 lýðræðislega kosnir þingmenn staðið að stjórnarskrárbreytingunum, auk þess hluta kosningarbærra manna sem mættu á kjörstað og greiddu atkvæði um frumvarpið. Kosningin til stjórnlagaþings var dýrkeypt tilraun. Hún var með allt öðrum hætti en tíðkast hefur hér á landi. Með kosningunum var blandað saman mörgum aðferðum sem átti að flýta þeirri þróun að gera landið allt að einu kjördæmi, þ.e. að vægi atkvæða yrði það sama óháð búsetu, og talningin fór fram á einum miðlægum stað undir eftirliti og stjórn landskjörstjórnar. Ekki voru birt úrslit eftir kjördæmum heldur fyrir landið í heild. Í fyrsta sinn var notaður vélbúnaður í talningu. Það er nauðsynlegt að löggjafinn gæti að því að hafa lagasetningu vandaða og skiljanlega. En þarna var augljóslega of bratt farið með nýjungar því að í ljós kom að ekki varð við neitt ráðið þrátt fyrir dræma kjörsókn. Einungis tæp 37% kosningarbærra manna tók þátt í kosningunum og er það mikið áfall fyrir ríkisstjórnina sem hefur lengst af talað fyrir lýðræðisumbótum. Ríkisstjórnin hefur tekið meðvitaða ákvörðun um að hætta alfarið við allar hugmyndir um stjórnlagaþing eftir úrskurð Hæstaréttar um ógildi kosninga til stjórnlagaþings. Er það rétt ákvörðun að því leyti að ekki verður lengra farið með hugmyndir um stjórnlagaþing nema kosið verði upp á nýtt og þá eftir mikið breyttum lögum.

Miklir ágallar voru á framkvæmd kosninganna, svo miklir ágallar, að þrjár kærur bárust Hæstarétti úr þremur kjördæmum. Það var því mikið lán að ákvæði um kærur vegna kosninganna voru sóttar til 2. mgr. 14. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands. Hefði kæruákvæðið verið samhljóða 12. gr. laga nr. 4/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., hefðu kærurnar þurft að fara fyrst fyrir héraðsdóm og síðar til Hæstaréttar. Í athugasemdum í frumvarpi því sem varð að lögunum segir um 12. gr.: „Í greininni er fjallað um hugsanlegar kærur um ólögmæti atkvæðagreiðslunnar og meðferð þeirra og mælt fyrir um að þær skuli sendar landskjörstjórn til úrlausnar eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund þann sem getið er um í 9. gr. Er hér um sambærilegt fyrirkomulag að ræða og á við í forsetakosningum sbr. 14. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, að því frátöldu að landskjörstjórn hefur hér með höndum þau störf sem Hæstiréttur hefur í forsetakosningum. Dómstólar eiga svo úrskurðarvald um gildi ákvörðunar landskjörstjórnar í samræmi við almennar reglur ef á reynir.“ Það er mat 2. minni hluta að ekki væri búið að leysa úr þeim réttarágreiningi sem reis eftir kosningarnar hefði málið farið hina hefðbundnu dómstólaleið, og er því brýnt að kæruleið til Hæstaréttar sé greið. Sex dómarar Hæstaréttar úrskurðuðu kosninguna ógilda. Niðurstöður Hæstaréttar ber að skilja sem svo að annmarkar á kosningunum hafi verið til þess fallnir að hafa áhrif á úrslit þeirra. Framhjá því verður ekki litið. Í 15. gr. laga nr. 90/2010, um stjórnlagaþing, er kveðið á um kærur til Hæstaréttar og þeim eindregna vilja lýst að niðurstaða réttarins leiði til endanlegrar niðurstöðu í kærumálum er kunna að rísa við framkvæmd kosninganna. Vilji löggjafans er skýr og er þrígreining ríkisvaldsins áréttuð þarna.

Með þingsályktunartillögu þessari er farið á svig við niðurstöðu Hæstaréttar og hafa fræðimenn gengið svo langt að tala um stjórnarskrársniðgöngu. Ábyrgð flutningsmanna er því mikil. Að auki allsherjarnefnd haft til umfjöllunar minnisblað frá fulltrúa yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurkjördæmi suður þar sem m.a. eftirfarandi kemur fram: „Sumir innsláttaraðilar

stunduðu „skapandi“ úrlestur, giskuðu á tölu, og breyttu svo passaði við frambjóðanda. Fyrir kom að eingöngu síðasta talan var „misskráð“ hjá kjósanda og tóku innsláttaraðilar sér þá stundum vald til að setja inn „rétta“ tölu. Þess ber að geta að kerfið bauð upp á öllum tölum yrði breytt svo tæknilega séð gátu innsláttaraðilar skráð þá tölu sem þeim hugnaðist.“ Þessar upplýsingar lágu ekki fyrir fyrr en nú fyrir stuttu og lýsir best ringulreiðinni sem skapaðist í talningunni. Hvergi í nokkru lýðræðisríki mundi það líðast að talningarmenn beittu „skapandi hugsun“ við að túlka vilja kjósenda. En líklega er þarna komin skýringin á því hversu lítið var um ógilda seðla. Það er mat 2. minni hluta að þessar upplýsingar veiki enn frekar þá þingsályktunartillögu sem liggur fyrir um kosningu á Alþingi um stjórnlagaráð.

Annar minni hluti hefur samúð með þeim einstaklingum sem töldu sig hafa verið kosna á stjórnlagaþing og ekki hefur verið fjallað nægjanlega um málefni þeirra. Ekki hefur komið fram afsökunarbeiðni frá ríkisstjórninni til þessara aðila og eru þeir að mörgu leyti í lausu lofti varðandi framhaldið. Það er ljóst að sú þingsályktunartillaga sem nú liggur fyrir er nokkurs konar afsökunarbeiðni til þessara aðila, en það einkennilega er að þessum aðilum á að stilla upp í gegnum atkvæðagreiðslu á Alþingi að þeim forspurðum. Meginregla við lagasetningu er á þá leið að ekki megi setja lög sem beinist að einstökum aðilum eða fámennum hópi. Að vísu er um þingsályktun að ræða þar sem Alþingi leggur það til að nafngreindir aðilar verði skipaðir í ráð sem búa á til og byggist á ólöglegum kosningum. Fara á eftir röðun sem voru „úrslit“ kosninganna en STV-kosningakerfið (e. single transferable vote) var notað við talninguna. Það sem kemur fram í framangreindu minnisblaði fulltrúa yfirkjörstjórnar að farið hafi verið frjálslega með lestur atkvæðanna veikir enn frekar þá ályktun niðurstaða kosninganna hafi verið rétt. Auk þess voru úrslit kosninganna byggðar á svokölluðum sætishlut en einungis 11 einstaklingar náðu nógu atkvæðamagni til að ná honum. Ekki liggur fyrir hvað margir einstaklingar hyggjast þiggja sæti eða gefa kost á sér í þeirri kosningu sem framundan er verði þessi tillaga samþykkt. Tillöguflytjendur gera ráð fyrir að farið verði niður nafnalistann í þeirri röð sem úrslit kosninganna gaf til kynna, en þó bundið ákveðnu kynjahlutfalli. Ógerlegt er að segja til um hvar listinn endar og númer hvað síðasti einstaklingurinn inn í stjórnlagaráð verður vegna óvissu sem flutningsmenn tillögunnar skapa. Að auki hafa nokkrir þessara aðila lýst því yfir að þeir hyggjast ekki taka sæti í stórnlagaráði nema ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um þá ráðgjafandi niðurstöðu sem hið ráðgefandi stjórnlagaráð gerir tillögu um. Formaður allsherjarnefndar hefur lýst því yfir að stjórnlagaráð eigi sjálft að gera tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur sínar. Hér skal minnt á að Alþingi eitt getur boðað til ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu og verður því valdi ekki úthýst af löggjafarþinginu. Það er fráleitt að framselja slíkt vald til nefndar sem er kosin af Alþingi.

Nokkrir gestir komu fyrir nefndina við meðferð málsins. Höfðu þeir allir uppi varnarorð um að leggja þessa þingsályktunartillögu fyrir þingið til afgreiðslu, að undanskildum fulltrúa forsætisráðuneytisins sem taldi það málefnalegar og traustar forsendur að Alþingi skipaði 25 einstaklinga til setu í stjórnlagaráði sem voru kosnir í ólöglegum kosningum. Viðkomandi aðili taldi að um pólitíska gagnrýni væri að ræða og ekki væri um það að ræða að 2. gr. stjórnarskrár væri sniðgengin. Hér skal á það minnt að mikil krafa var uppi um að slíta stjórnmálin og stjórnlagaþingið í sundur. Að fulltrúarnir yrðu kosnir af þjóðinni. Nú er staðreyndin sú að Alþingi handvelur einstaklinga til setu í stjórnlagaráði eftir ógildar kosningar. Lengra verður vart komist í sniðgöngu.

Mikill óafturkræfur kostnaður er nú þegar fallinn til vegna stjórnlagaþingsins. Stjórnlagaþingskosningarnar sem nú hafa verið úrskurðaðar ógildar kostuðu þjóðina tæpar 300 millj. kr. og er áætlað að ef hætt yrði alfarið við stjórnlagaþingið nú yrði áfallinn kostnaður tæpar 500 millj. kr. Hér er um mikla sóun á opinberu fé að ræða með engri útkomu. Svo virðist

vera að stjórnvöld hafi ákveðið að halda áfram með stjórnlagaráð í því formi sem stjórnlagaþing var hugsað því fyrir nokkru síðan var leigt húsnæði fyrir stjórnlagaráðið og rennur húsaleigusamningur út 1. júlí 2011. Það skýrir flýtinn á málinu að einhverju leyti. Það er ámælisvert að undirbúningur stjórnlagaþingsins var ekki stöðvaður þegar kosningarnar voru kærðar til Hæstaréttar. Það er eins og þeir sem bera ábyrgðina hafi lokað augunum fyrir alvöru málsins og keyrt það áfram með miklum kostnaði. Samkvæmt samantekt um kostnað sem lagt var fyrir nefndina kemur fram að kostnaður við það að halda áfram með stjórnlagaráð nemi rúmum 600 millj. kr. Þessar upplýsingar eru ekki nákvæmar þar sem miðað er við tveggja mánaða þing með 31 fulltrúa en stjórnlagaráð skal skipað 25 einstaklingum og ekki er getið um hvenær starfstíminn byrjar en starfslok skulu vera 1. júlí 2011 með möguleika á framlengingu. Launakostnaður er mikill en nefndarmenn skulu fá þingfararkaup og forseti þingsins skal hafa sömu laun og forseti Alþingis. Er það mat 2. minni hluta að vel sé í lagt þar sem stjórnlagaráð er túlkað sem hver önnur nefnd sem Alþingi skipar sér til ráðgjafar. Það er og ámælisvert að ekki var hægt að útvega nákvæma kostnaðaráætlun fyrir starfsemi stjórnlagaráðs þrátt fyrir beiðni 2. minni hluta um það.

Formaður stjórnlaganefndar hefur komið á fund allsherjarnefndar og gefið munnlega skýrslu um stöðu undirbúningsvinnu þá sem áætluð var fyrir stjórnlagaþing. Ríkir trúnaður um þennan fund en það skal þó upplýst að vinna stjórnlaganefndar er vönduð, fagleg og til þess fallin að Alþingi taki á móti þeim skýrslum sem nefndin áætlar að skila af sér og vinna með þær áfram til bættrar stjórnarskrár. Stjórnskipunarvaldið er hjá Alþingi.

Annar minni hluti leggur að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela forseta Alþingis, að höfðu samráði við forsætisnefnd Alþingis, að framlengja starfstíma stjórnlaganefndar sem skipuð var skv. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 90/2010, um stjórnlagaþing, sem fái það verkefni að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Stjórnlaganefnd meti sjálfstætt og án afskipta löggjafans þau atriði sem hún telur að eigi erindi í endurskoðaðri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland.

Nefndin skili tillögum sínum í frumvarpsdrögum til Alþingis eigi síðar en 1. júní 2011.

Alþingi, 15. mars 2011.

Vigdís Hauksdóttir.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Aðferðin við talningu atkvæða við kosningu til stjórnlagaþings. Sjá á vef : http://www.landskjor.is/media/frettir/Adferdin_vid_talningu_atkvaeda.pdf
II. Kostnaðaráætlun stjórnlagaþings.

1040. Breytingartillaga [549. mál]

við till. til þál. um skipun stjórnlagaráðs.

Frá Þór Saari, Birgittu Jónsdóttur og Margréti Tryggvadóttur.

Við tillögugreinina bætist ný málsgrein á eftir 4. mgr. svohljóðandi:

Áður en umfjöllun Alþingis um frumvarp til stjórnarskipunarlaga hefst skal fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs.

Greinargerð.

Breytingartillaga þessi tryggir aðkomu þjóðarinnar að endanlegu frumvarpi stjórnlagaráðs og að vilji þjóðarinnar sé skýr hvað varðar nýja stjórnarskrá áður en kemur til kasta Alþingis.

Mikilvægt er að þjóðaratkvæðagreiðslan verði þannig útfærð að unnt verði að greiða atkvæði um einstakar greinar frumvarpsins eða samhangandi greinar þess eftir því sem við á sem og fleiri en eina útfærslu af einstökum greinum sem mikið ósamkomulag kann að vera um í stjórnlagaráðinu.

1041. Breytingartillögur [88. mál]

við till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 1. málsl. tillögugreinarinnar komi: innanríkisráðherra.
2. 2. málsl. tillögugreinarinnar orðist svo: Þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram eigi síðar en 1. desember 2011.
3. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga nr. 91/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, verði lögð fyrir landskjörstjórn til umsagnar eftirfarandi spurning sem leggja skal fyrir kjósendur í þjóðaratkvæðagreiðslunni: „Á að halda áfram aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins?“

1042. Fyrirspurn [613. mál]

til innanríkisráðherra um kaup á nýrri þyrlu.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvenær verður tekin ákvörðun um kaup á nýrri Super Puma þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna og hvenær má vænta þess að hún verði komin í notkun?

1043. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (kyrrsetning eigna).

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Við 1. efnismgr. 1., 2. og 3. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattrannsóknarstjóra skal að jafnaði ekki heimilt að krefjast kyrrsetningar ef samanlögð fjárhæð væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar er undir 30 millj. kr.
2. Við 4. efnismgr. 1., 2. og 3. gr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fallist dómari á lögmæti kyrrsetningar skal kyrrsetning ekki vara lengur en fjórar vikur frá uppkvaðningu úrskurðar. Kyrrsetning verður ekki framlengd nema til komi nýr dómsúrskurður.
3. 4. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 113. gr. laganna:
   a. 6. mgr. orðast svo:
      Til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 109. gr. beinist að ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun enda megi ætla að meint refsiverð háttsemi varði við 262. gr. almennra hegningarlaga. Með sama hætti er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá aðilum sem bera ábyrgð á skattgreiðslum skv. 116. gr. Skattrannsóknarstjóra skal að jafnaði ekki heimilt að krefjast kyrrsetningar ef samanlögð fjárhæð væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar er undir 30 millj. kr.
   b. Við 9. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fallist dómari á lögmæti kyrrsetningar skal kyrrsetning ekki vara lengur en fjórar vikur frá uppkvaðningu úrskurðar. Kyrrsetning verður ekki framlengd nema til komi nýr dómsúrskurður.

1044. Breytingartillaga [557. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Við 1. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Víkja má frá ákvæðum 1. mgr. ef almennar kosningar eru boðaðar innan þriggja mánaða frá samþykkt þingsályktunartillögu á Alþingi um þjóðaratkvæðagreiðslu.

1045. Fyrirspurn [614. mál]

til fjármálaráðherra um mánaðarlaun yfir einni milljón króna.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hversu margir voru með meira en 1 millj. kr. í mánaðarlaun árið 2009 og hvernig skiptust þeir eftir starfsstéttum?

Skriflegt svar óskast.

1046. Frumvarp til laga [557. mál]

um breytingu á lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010.

(Eftir 2. umr., 15. mars.)

1. gr.

Orðin „sveitarstjórna eða“ í 3. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Að þjóðaratkvæðagreiðslu lokinni senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla í þeim umbúðum er segir í lögum um kosningar til Alþingis. Á áður auglýstum stað og stund opnar yfirkjörstjórn atkvæðakassana og fer síðan fram talning atkvæða á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis. Um það hvort kjörseðill telst gildur eða ekki og um meðferð ágreiningsseðla fer samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

Landskjörstjórn skipar umboðsmenn í hverju kjördæmi sem hafa það hlutverk að gæta ólíkra sjónarmiða við atkvæðagreiðsluna, talningu atkvæða og úrlausn ágreiningsmála.

3. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn landskjörstjórn eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um milli umboðsmanna og yfirkjörstjórnar. Þegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla auglýsir hún með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman til fundar til að úrskurða um gildi ágreiningsseðlanna og lýsa úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar til að umboðsmönnum gefist færi á að vera viðstaddir. Að því loknu tilkynnir landskjörstjórn ráðuneytinu um niðurstöður sínar.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Til þess að spurning eða tillaga sem er borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þarf hún að hafa hlotið meiri hluta gildra atkvæða í atkvæðagreiðslunni.

5. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Kærur um ólögmæti atkvæðagreiðslunnar, aðrar en refsikærur, skulu sendar landskjörstjórn til úrlausnar eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund þann sem getið er um í 1. mgr. 10. gr.

Gallar á kosningu leiða ekki til ógildingar kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1047. Breytingartillaga [557. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Við 5. gr. bætist þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Kjósandi getur sent kæru um ólögmæti þjóðaratkvæðagreiðslu, aðra en refsikærur, til Hæstaréttar eigi síðar en sjö dögum frá því að ráðuneytið auglýsir úrslit atkvæðagreiðslunnar.

Landskjörstjórn veitir Hæstarétti umsögn um atkvæðagreiðsluna. Umsögn skal veitt óháð því hvort kæra hafi borist skv. 1. mgr.

Að fenginni umsögn landskjörstjórnar getur Hæstiréttur ákveðið að ógilda niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar ef verulegur ágalli hefur verið á framkvæmd hennar sem ætla má að hafi haft áhrif á niðurstöðu hennar.

1048. Lög [557. mál]

um breytingu á lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 1046.

1049. Frumvarp til laga [547. mál]

um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Íbúðalánasjóði er heimilt að færa niður veðkröfur sjóðsins á hendur einstaklingum að uppfylltum skilyrðum ákvæðis þessa enda sé uppreiknuð staða veðkrafna 1. janúar 2011 umfram 110% af verðmæti fasteignar í eigu lántaka eða maka hans. Heimild þessi á við um veðkröfur í eigu sjóðsins vegna lána einstaklinga sem var stofnað til vegna kaupa eða byggingar fasteigna 31. desember 2008 eða fyrr. Heimildin á einnig við um veðkröfur vegna lána sem veitt hafa verið til skuldbreytinga á framangreindum lánum, sem og veðkröfur vegna lána sem veitt voru með ábyrgð varasjóðs viðbótarlána. Heimildin á ekki við um veðkröfur vegna endurbótalána sem voru umfram verðmæti hinnar veðsettu eignar við lánveitingu.

Heimilt er að færa niður veðkröfur skv. 1. mgr. um allt að 4 millj. kr. hjá einstaklingum og um allt að 7 millj. kr. hjá hjónum, sambýlisfólki og einstæðum foreldrum enda sé veðkrafan á veðrétti umfram 110% af verðmæti eignar og lántaki eða maki hans eigi ekki aðrar aðfararhæfar eignir með veðrými sem svarar að hluta eða öllu leyti til fyrirhugaðrar niðurfærslu veðkröfu. Sé veðrými á aðfararhæfri eign í eigu lántaka eða maka hans skal lækka niðurfærslu veðkröfu sem því nemur.

Við verðmat fasteigna samkvæmt ákvæði þessu skal miða við fasteignamat eða markaðsverð þeirra, hvort sem er hærra. Telji Íbúðalánasjóður skráð fasteignamat fyrir 2011 ekki gefa rétta mynd af verðmæti eignar skal hann á eigin kostnað afla verðmats löggilts fasteignasala. Sé fasteign ekki fullbyggð skal Íbúðalánasjóður ávallt afla verðmats löggilts fasteignasala á eigin kostnað.

Ef uppreiknuð staða kröfunnar 1. janúar 2011 er enn umfram 110% af verðmæti fasteignar í eigu lántaka eða maka hans eftir niðurfærslu skv. 2. mgr. og greiðslubyrði lántaka og maka hans vegna íbúðalána er meiri en nemur 20% af samanlögðum tekjum lántaka og maka hans skv. 7. gr. tekjuskattslaga, nr. 90/2003, og fjármagnstekjum fyrir árið 2010 er Íbúðalánasjóði heimilt að færa niður veðkröfur sjóðsins enn frekar að teknu tilliti til aðstæðna lántaka og maka hans, þar á meðal greiðslugetu, tekna, skulda- og eignastöðu, sbr. þó 5. mgr. Við mat á tekjum skal undanskilja úttekt séreignarsparnaðar sem og aðrar óreglulegar tekjur, svo sem einstaka styrki eða sérstakar greiðslur sem geta ekki talist til reglulegra tekna. Hafi lántaki ekki haft neinar launatekjur á árinu 2010, t.d. vegna náms, skal miða við að lágmarkstekjur heimilis séu ekki lægri en sem svarar grunnatvinnuleysisbótum sem eru nú 149.523 kr. á mánuði að viðbættum 8.395 kr. á mánuði fyrir hvert barn á heimilinu yngra en 18 ára.

Niðurfærsla á veðkröfum sjóðsins á hendur einstaklingum skv. 4. mgr. miðast við að staða veðkröfunnar við niðurfærslu verði aldrei lægri en 110% af verðmæti fasteignar eða að greiðslubyrði lántaka og maka hans vegna íbúðalána verði ekki lægri en nemur 18% af samanlögðum tekjum lántaka og maka hans skv. 7. gr. tekjuskattslaga, nr. 90/2003, og fjármagnstekjum fyrir árið 2010. Við mat á tekjum skal undanskilja úttekt séreignarsparnaðar sem og aðrar óreglulegar tekjur, svo sem einstaka styrki eða sérstakar greiðslur sem geta ekki talist til reglulegra tekna. Heildarfjárhæð niðurfærslu samkvæmt ákvæði þessu getur þó aldrei orðið meiri en nemur 15 millj. kr. hjá einstaklingum og 30 millj. kr. hjá hjónum, sambýlisfólki og einstæðum foreldrum.

Lántaki skal sækja um niðurfærslu veðkrafna samkvæmt ákvæði þessu til Íbúðalánasjóðs ef kröfur sjóðsins eru aftast í veðröð íbúðalána sem hvíla á fasteigninni. Sé þörf á niðurfærslu af hálfu fleiri kröfuhafa á grundvelli samkomulags lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila miðlar Íbúðalánasjóður upplýsingum til þeirra eða tekur við upplýsingum frá öðrum lánveitendum. Umsókn skulu fylgja öll gögn sem Íbúðalánasjóður telur nauðsynleg. Í umsókn skal umsækjandi staðfesta að allar upplýsingar séu veittar samkvæmt bestu vitund.

Komi síðar í ljós að upplýsingar sem lágu til grundvallar niðurfærslu samkvæmt ákvæði þessu reyndust rangar skal Íbúðalánasjóður afturkalla ákvörðun sína um niðurfærslu.

Velferðarráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um framkvæmd ákvæðis þessa, þar á meðal um mat á greiðslubyrði lántaka og maka hans, mat á tekjum og verðmat fasteigna.

Íbúðalánasjóði er heimilt að taka við umsóknum á grundvelli ákvæðis þessa til og með 30. júní 2011.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1050. Frumvarp til laga [433. mál]

um útflutning hrossa.

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

1. gr.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa að uppfylltum skilyrðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem eru sett samkvæmt þeim. Þó má ekki flytja úr landi yngri hross en fjögurra mánaða né fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur.

2. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi hross nema héraðsdýralæknir eða eftirlitsdýralæknir Matvælastofnunar hafi skoðað það í útflutningshöfn, metið það hæft til útflutnings með tilliti til dýraverndar og smitsjúkdóma og staðfest að það sé rétt merkt og uppfylli kröfur sem gerðar eru af hlutaðeigandi yfirvöldum í innflutningslandi.

Öll útflutningshross skulu vera örmerkt.

Útflytjendur hrossa greiða kostnað við skoðun útflutningshrossa í útflutningshöfn samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fenginni tillögu Matvælastofnunar.

3. gr.

Flutningsför fyrir hross við útflutning skulu hafa fullnægjandi rými, loftræstingu og brynningu. Tryggja skal fóður, fóðrun og eftirlit með hrossunum á flutningstímanum. Matvælastofnun hefur eftirlit með að reglum um aðbúnað og umhirðu sé fylgt.

Óheimilt er að flytja hross frá Íslandi með flutningsfari sem samtímis flytur dýr frá öðrum löndum. Hafi flutningsfar áður verið notað til flutnings á dýrum erlendis skal það þrifið og sótthreinsað áður en það kemur til landsins. Matvælastofnun hefur eftirlit með að reglum um þrif og sótthreinsun sé fylgt.

Á tímabilinu 1. október til 15. maí er einungis heimilt að flytja hross til útlanda með flugvélum.

4. gr.

Matvælastofnun getur ákveðið við sérstakar aðstæður að dýralæknir sé um borð í flutningsfari og hafi yfirumsjón með eftirliti hrossa í flutningi.

Flutningsaðili greiðir allan kostnað sem fellur til vegna veru dýralæknis í flutningsfari.

5. gr.

Hrossum sem eru flutt úr landi skal fylgja hestavegabréf frá Bændasamtökum Íslands er staðfesti uppruna, ætterni, eiganda og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru, meðal annars til að uppfylla kröfur þær sem innflutningslönd gera hverju sinni.

Útflytjendur hrossa greiða gjald fyrir kostnað við útgáfu hestavegabréfa samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands.

6. gr.

Af hverju útfluttu hrossi skal greiða 1.500 kr. gjald í stofnverndarsjóð skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Bændasamtök Íslands annast innheimtu gjaldsins.

7. gr.

Ráðherra skipar fimm manna ráðgjafarnefnd um málefni er snerta útflutning hrossa. Nefndin er samráðsvettvangur stjórnvalda og þeirra sem að þeim málefnum vinna. Bændasamtök Íslands, Félag hrossabænda, Matvælastofnun og Félag hrossaútflytjenda tilnefna einn mann í nefndina hver en ráðherra skipar formann án tilnefningar.

8. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar með talið um skoðun og merkingu útflutningshrossa, aðstöðu í útflutningshöfn og í flutningsfari, sóttvarnir og upplýsingar sem útflytjendum er skylt að leggja fram vegna útgáfu hestavegabréfa.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 55/2002, um útflutning hrossa, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. er heimilt til 1. nóvember 2011 að flytja út hross sem eru ekki örmerkt hafi þau verið frostmerkt.

1051. Frumvarp til laga [136. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (fjarskiptaáætlun, stjórnun og úthlutun tíðna o.fl.).

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

I. KAFLI

Fjarskiptaáætlun.

1. gr.

3.–5. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra leggur á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð skal stefna fyrir næstu tólf árin. Í fjarskiptaáætlun skal gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu, og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Skilgreina skal markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Markmiðin skulu stuðla að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Heimilt skal í fjarskiptaáætlun að skoða fjarskipti heildstætt í tengslum við aðra þætti samskipta, svo sem rafræn samskipti og samskipti sem byggjast á póstþjónustu.

Í fjarskiptaáætlun skal leggja áherslu á að:

1. ná fram víðtæku samstarfi markaðarins, neytenda, opinberra stofnana og ráðuneyta um stefnumótun er varðar fjarskipti og skyld svið,
2. styrkja samkeppni á fjarskiptamarkaði og auka samkeppnishæfni Íslands,
3. tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og tengingar Íslands við umheiminn,
4. ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og hámarka jákvæð áhrif fjarskiptatækni á hagvöxt,
5. ná fram samræmdri forgangsröðun og stefnumótun, og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf fyrir úrbætur á landinu í heild og í einstökum landshlutum,
6. stuðla að atvinnuuppbyggingu, eflingu lífsgæða og jákvæðri byggðaþróun.

Í fjarskiptaáætlun skal jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fjögurra ára, og leggur ráðherra fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um slíka áætlun. Aðgerðaáætlun skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og má þá leggja nýja þingsályktunartillögu fyrir Alþingi, en það skal gert eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Í fjögurra ára áætlun skal gera grein fyrir fjáröflun og útgjöldum eftir einstökum verkefnum eins og við á. Fjarskiptaáætlun og fjögurra ára áætlun hennar taka gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þær sem þingsályktanir.

II. KAFLI
Stjórnun og úthlutun tíðna.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Á undan 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Fjarskiptatíðnir innan íslensks yfirráðasvæðis og númer úr íslenska númeraskipulaginu eru auðlindir undir stjórn íslenska ríkisins. Úthlutun á tíðnum og númerum felur í sér tímabundna heimild til skilyrtra afnota sem hvorki leiðir til eignarréttar né varanlegs nýtingar- og ráðstöfunarréttar.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Póst- og fjarskiptastofnun skal birta opinberlega upplýsingar um öll réttindi til notkunar á tíðnum og númerum og rétthafa þeirra. Tíðniheimildir sem veittar eru til eigin nota má undanskilja birtingu, svo og upplýsingar um tíðniheimildir sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari vegna mikilvægra öryggis-, fjárhags- eða viðskiptahagsmuna rétthafa.

3. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 9. gr. laganna kemur einn málsliður sem orðast svo: Við töku ákvarðana um að takmarka fjölda réttinda eða framlengja gildistíma réttinda á tíðnisviði þar sem fjöldi réttinda er takmarkaður skal leggja áherslu á hagsmuni notenda og að örva samkeppni, auk þess sem tillit skal tekið til hvata og áhættu við fjárfestingar, og skal öllum hagsmunaaðilum, þ.m.t. notendum, gefið tækifæri til þess að tjá sig um takmarkanir á réttindum áður en Póst- og fjarskiptastofnun tekur ákvörðun sína sem skal birt ásamt rökstuðningi.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Póst- og fjarskiptastofnun skal taka ákvörðun um réttindi til þess að nota tíðnir og númer eins fljótt og unnt er eftir móttöku umsóknar. Ákvörðun skal liggja fyrir innan þriggja vikna ef um er að ræða númer sem ætluð eru til ákveðinnar notkunar samkvæmt númeraskipulaginu og innan sex vikna ef tíðnir eru ætlaðar til ákveðinnar notkunar í tíðniskipulaginu.

Umsókn um réttindi til tíðninotkunar skal taka til afgreiðslu án tafar ef hún lýtur eingöngu að óverulegum hluta af skilgreindu tíðnisviði og úthlutun hefur þannig ekki teljandi áhrif á framboð þess eða neikvæð áhrif á samkeppni.

Nú berst Póst- og fjarskiptastofnun umsókn um tíðnir til að veita almenna fjarskiptaþjónustu eða til útvarps, sem ekki fellur undir 2. mgr., og skal stofnunin þá með auglýsingu kanna hugsanlegan vilja annarra til að fá úthlutun á umræddu tíðnisviði. Komi í ljós áhugi um að fá úthlutun á viðkomandi tíðnisviði er heimilt að taka ákvörðun um að úthlutun fari fram með útboði eða uppboði skv. 6. eða 7. mgr. eftir því sem við á.

Krefjast má þess af umsækjendum um réttindi að þeir leggi fram fullnægjandi upplýsingar um eignaraðild, fjárhagsstöðu og fyrirhugaða starfsemi, svo og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að leggja mat á umsóknir þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja sérstök skilyrði varðandi hæfi umsækjanda um fjarskipta- og útvarpstíðnir til að fá úthlutun, svo sem um fjárhagslega burði til uppbyggingar og reksturs fjarskiptanets sem ætlað er til að nota þær tíðnir sem sótt er um, tæknilega getu og reynslu umsækjanda til að reka almenna fjarskiptaþjónustu og að umsækjandi hafi ekki brotið alvarlega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða vanefnt verulega skilmála fyrri úthlutana tíðniréttinda.

Setja má skorður við úthlutun tíðna fyrir hljóðvarp og sjónvarp sem byggjast á menningarlegum sjónarmiðum, svo sem til þess að stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska

tungu. Einnig má setja skorður við úthlutun tíðna ef úthlutun getur orðið til þess að hindra virka samkeppni á fjölmiðlamarkaði.

Viðhafa má útboð við úthlutun réttinda til að nota númer og tíðnir. Útboð skal að jafnaði vera opið en heimilt er að hafa útboð lokað að undangengnu opnu forvali. Póst- og fjarskiptastofnun annast framkvæmd útboða og ákveður skilmála í útboðslýsingu. Útboðslýsing skal innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að bjóðanda sé unnt að leggja fram tilboð í réttindi. Í útboðslýsingu fyrir útboð á tíðnum skulu m.a. koma fram upplýsingar um lágmarksþjónustusvæði, afmörkun þess tíðnisviðs sem boðið er út, hversu mörg réttindi eru í boði, gildistími réttinda, hvort réttindin verða bundin við tiltekna þjónustu eða tækni, hæfi bjóðenda, aðra skilmála varðandi útboðið sjálft og um notkun og nýtingu á því tíðnisviði sem boðið er út. Skýrar upplýsingar skulu koma fram um mat á tilboðum. Óheimilt er að leggja fram frávikstilboð nema það sé sérstaklega heimilað í útboðslýsingu. Heimilt er að takmarka fjölda tilboða frá hverjum bjóðanda eða tengdum aðilum og einnig er heimilt að takmarka þátttöku aðila sem þegar hafa réttindi á sambærilegu tíðnisviði.

Ráðherra getur ákveðið að úthlutun fari fram að loknu uppboði. Í ákvörðun um uppboð skal koma fram hvort réttindi skuli bundin skilyrðum sem þjóna eiga samfélagslegum markmiðum, t.d. að ákveðin þjónusta verði boðin á tilteknu útbreiðslusvæði. Póst- og fjarskiptastofnun ákveður skilmála uppboðs að öðru leyti. Póst- og fjarskiptastofnun annast framkvæmd uppboða og úthlutun réttinda að loknu uppboði. Póst- og fjarskiptastofnun getur falið öðrum hæfum aðila að annast tiltekna þætti í framkvæmd uppboðs. Í uppboðsskilmálum skal tilgreina nákvæmlega þær tíðnir eða númer sem boðin eru upp, gildistíma réttinda, hvort réttindin verða bundin við tiltekna þjónustu eða tækni, greiðslufyrirkomulag, lágmarkskröfur sem gerðar eru til bjóðenda, aðra skilmála varðandi uppboðið sjálft og um notkun og nýtingu á því tíðnisviði eða númerum sem boðin eru upp. Í skilmálum er m.a. heimilt að mæla fyrir um þátttökugjald sem standa skal straum af kostnaði við undirbúning og framkvæmd uppboðs. Ákveða má lágmarksboð sem skal ekki vera hærra en sem svarar fimmtánföldu árgjaldi fyrir viðkomandi tíðnir eða númer eins og það er ákveðið í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Ákveða má afslátt af lágmarksboði fyrir tíðniréttindi, til að mynda gegn kvöð um íþyngjandi skilyrði, svo sem um útbreiðslu og gæði þjónustu. Ákveða má brottvísun aðila frá uppboði og sektir ef ekki er staðið við tilboð eða brotið er gegn uppboðsskilmálum og geta þær numið allt að einföldu árgjaldi fyrir þau réttindi sem boðið er í, eða þeim mismun sem er á tilboði sem ekki er staðið við og þeirri greiðslu sem fæst fyrir réttindin í lok uppboðs. Áskilja má að trygging sé sett fyrir greiðslu tilboða og sekta. Heimilt er að takmarka fjölda tilboða frá hverjum bjóðanda eða tengdum aðilum og einnig er heimilt að takmarka þátttöku aðila sem þegar hafa réttindi á sambærilegu númera- eða tíðnisviði.

Við úthlutun réttinda er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að ákveða fyrir fram fjárhæð og fyrirkomulag dagsekta sem leggjast á fjarskiptafyrirtæki sem ekki uppfyllir þær skuldbindingar sem réttindin kveða á um. Dagsektir samkvæmt þessu ákvæði geta numið allt að 500.000 kr. á dag.

Ef ákveðið er að halda útboð eða uppboð við úthlutun númera er heimilt að framlengja málsmeðferðarfrest skv. 1. mgr. um þrjár vikur. Ef ákveðið er að halda útboð eða uppboð við úthlutun tíðna er einnig heimilt að framlengja málsmeðferðarfrest skv. 1. mgr., þó ekki lengur en um átta mánuði.

Nánar skal kveðið á um málsmeðferð við veitingu réttinda til að nota tíðnir í reglugerð sem ráðherra setur. Í reglugerðinni skal m.a. kveða nánar á um framkvæmd og skilmála útboða og uppboða.

5. gr.

12. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Breytingar og afturköllun á réttindum.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna breytinga á löggjöf, er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að breyta skilyrðum í almennum heimildum og skilyrðum fyrir úthlutun réttinda.

Réttindi til notkunar tíðna og númera má afturkalla í þágu almannahagsmuna ef mikilvægar forsendur fyrir réttindunum breytast eða bresta, t.d. vegna alþjóðlegra samþykkta sem Ísland er aðili að.

Fyrirhugaðar breytingar og afturkallanir skulu kynntar hagsmunaaðilum, þ.m.t. notendum, með hæfilegum fyrirvara sem þó skal ekki vera styttri en mánuður.

Ef gildistími réttinda til notkunar á tíðnum eða númerum er framlengdur er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að gera breytingar á skilyrðum réttindanna eða bæta við skilyrðum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Póst- og fjarskiptastofnun skal í samræmi við alþjóðlegar samþykktir þar að lútandi stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins og að skaðlegar truflanir á viðtöku þráðlausra merkja verði sem minnstar. Stofnunin skal skipuleggja notkun mismunandi hluta tíðnirófsins, skrá skipulagið og birta það opinberlega, og veita upplýsingar um skipulagið eftir þörfum. Stofnunin getur ákveðið að ákvarðanir alþjóðastofnana, sem Ísland á aðild að, varðandi skipulag og nýtingu tíðnirófsins verði bindandi hér á landi og skal þá vísað til þeirra í tíðniskipulaginu sem stofnunin birtir.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skipulag tíðnirófsins.*

III. KAFLI

Önnur ákvæði.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. 9. málsl. 1. mgr. fellur brott.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir leyfisskyldu vegna þráðlauss sendibúnaðar skv. 1. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að ákveða að þráðlaus sendibúnaður til tiltekinnar notkunar skuli eingöngu vera háður tilkynningarskyldu til stofnunarinnar. Heimild til notkunar slíks búnaðar er þá bundin því að Póst- og fjarskiptastofnun geri ekki athugasemd við staðsetningu búnaðarins eða eiginleika hans og virkni. Óheimilt er að nota tilkynningarskyldan sendibúnað sem ekki hefur verið tilkynntur. Póst- og fjarskiptastofnun getur sett reglur um tilkynningu þráðlauss sendibúnaðar, þ.m.t. um þær kröfur sem gerðar eru til tíðniréttthafa á þeim tíðnisviðum sem slíkur búnaður starfar á.

8. gr.

Á eftir 62. gr. laganna kemur ný grein, 62. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gagnagrunnur um þráðlausan sendibúnað.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda rafrænan gagnagrunn um þráðlausan sendibúnað. Í gagnagrunninn skal skrá upplýsingar um staðsetningu og tæknilega eiginleika senda, m.a. um sendistyrk og sendistefnu, bandbreidd og tengingu búnaðarins við almenn fjarskiptanet.

Skylt er að veita Póst- og fjarskiptastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til skráningar í gagnagrunninn á því formi sem stofnunin ákveður.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að hagnýta upplýsingar í gagnagrunninum í starfsemi sinni, m.a. vegna:

a. eftirlits með virkni, öryggi og heildstæði fjarskiptaneta,
b. aðgerða til að finna og koma í veg fyrir skaðlegar fjarskiptatruflanir,
c. gerðar korta um útbreiðslu fjarskiptasendinga.

Heimilt er að nýta upplýsingar í gagnagrunninum í stefnumótun á sviði fjarskipta. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að veita öðrum viðeigandi stjórnvöldum aðgang að gagnagrunninum, að hluta eða öllu leyti, til þess að vinna að verkefnum og uppfylla skyldur sínar á sviði almannavarna, heilsuverndar, skipulagsmála og umhverfismála. Falli til kostnaður við að koma slíkum aðgangi á skal hann borinn af því stjórnvaldi sem hans óskar.

Heimilt er að opna fyrir takmarkaðan aðgang fyrir almenning að gagnagrunninum. Þó skal opinber aðgangur að upplýsingum í gagnagrunninum vera háður takmörkunum sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður, svo sem vegna upplýsinga er varða mikilvæga viðskipta- og öryggishagsmuni. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um skráningu og breytingar upplýsinga og um birtingu og aðgang að upplýsingum í gagnagrunninum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal heimilt á grundvelli sérstaks þjónustusamnings að fela óháðum aðila að hýsa og reka gagnagrunninn, séu viðeigandi kröfur um öryggi upplýsinga uppfylltar.

9. gr.

64. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Takmörkun fjarskipta vegna truflana eða sérstakra aðgerða.

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla fjarskiptavirki og rafföng eða hluta þeirra eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að þau skuli afhent til geymslu undir innsigli ef fjarskiptavirkin eða rafföngin valda skaðlegum truflunum á fjarskiptum eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

Nú liggur fyrir að rafföng, tæki, raflagnir, pípur, leiðslur eða því um líkt valda skaðlegri truflun á rekstri fjarskiptavirkis og er Póst- og fjarskiptastofnun þá heimilt að beina fyrirmælum til eiganda slíks hlutar um að hann grípi á eigin kostnað til viðeigandi úrbóta án tafar, taki t.d. niður, færi eða fjarlægi viðkomandi hlut sem veldur skaðlegri truflun.

Vanræki eigandi að framkvæma fyrirmæli um úrbætur getur Póst- og fjarskiptastofnun látið vinna verkið á kostnað eiganda. Krafa um kostnað vegna þessa er aðfararhæf skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða Póst- og fjarskiptastofnun við þær aðgerðir er greinir í 1. og 2. mgr.

Að fenginni beiðni frá Fangelsismálastofnun getur Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild fyrir truflun þráðlausra fjarskipta innan sérstaklega afmarkaðs svæðis vegna framkvæmdar á öryggis- og refsigæslu. Áður en slík heimild er veitt skal stofnunin leita álits fjarskiptafyrirtækja sem veita þráðlausa fjarskiptaþjónustu á viðkomandi svæði.

10. gr.

4. mgr. 71. gr. laganna fellur brott.

IV. KAFLI
Gildistaka.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1052. Frumvarp til laga [378. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1996, um mannanöfn, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

1. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 9. gr., 4. mgr. 11. gr., 1. og 2. mgr. 13. gr., tvívegis í 3. mgr., tvívegis í 5. mgr. og 6. mgr. 14. gr., 16. gr. og 1. mgr. 25. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Þjóðskrá Íslands.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Honum er þó heimilt að taka upp eiginnafn, millinafn og/eða kenninafn í samræmi við ákvæði laga þessara og má veita honum slíka nafnbreytingu í ríkisfangsbréfi.

3. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Nafnbreytingar samkvæmt lögum þessum, hvort sem um er að ræða breytingar tilkynntar Þjóðskrá Íslands eða samkvæmt leyfi stofnunarinnar eða ráðherra, skulu einungis heimilaðar einu sinni nema sérstaklega standi á.

4. gr.

2. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Allar nafnbreytingar samkvæmt lögum þessum sem ekki eru bundnar leyfi skulu tilkynntar Þjóðskrá Íslands.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1053. Þingsályktun [82. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 86.

1054. Þingsályktun [119. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 128.

1055. Þingsályktun [132. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 145.

1056. Þingsályktun [133. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 146.

1057. Þingsályktun [134. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 147.

1058. Þingsályktun [135. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 148.

1059. Þingsályktun [199. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 216.

1060. Þingsályktun [235. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 266.

1061. Þingsályktun [535. mál]

um heimild til staðfestingar tveggja ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 888.

1062. Þingsályktun [17. mál]

um gerð samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 17.

1063. Þingsályktun [28. mál]

um flug til Grænlands um Ísafjarðarflugvöll.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2011.)

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að gera úttekt á kostnaði og mögulegum leiðum til þess að tryggja að á Ísafjarðarflugvelli verði nægjanlegur búnaður og aðstaða til að unnt verði að sinna þaðan flugi til Grænlands. Úttektin og niðurstöður hennar verði kynntar samgöngunefnd Alþingis eins fljótt og auðið er.

1064. Þingsályktun [109. mál]

um úttekt á gerð göngubrúar yfir Ölfusá við Selfoss.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2011.)

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Úttekt á framkvæmdinni og kostnaðarmat liggi fyrir 1. febrúar 2012.

1065. Lög [210. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (kyrrsetning eigna).

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 1007.

1066. Fyrirspurn [615. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um gagnasafn RÚV.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

1. Hvernig er varðveislu gagnasafns RÚV háttað með tilliti til sjónvarpsefnis, útvarpsefnis og efnis á heimasíðu RÚV?
2. Hversu lengi er efni RÚV geymt?
3. Hver er réttur almennings til aðgangs að gagnasafninu og hvernig er þeim aðgangi háttað?
4. Er aðgangur almennings að gagnasafni RÚV endurgjaldslaus? Ef ekki, á grundvelli hvaða laga fer gjaldtaka fram?

Skriflegt svar óskast.

1067. Fyrirspurn [616. mál]

til fjármálaráðherra um ábendingar Ríkisendurskoðunar um mannauðsstjórnun.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvenær og hvernig hyggst ráðherra fara eftir ábendingum Ríkisendurskoðunar í skýrslu um mannauðsstjórnun frá janúar 2011 um að:

a. breyta þurfi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og einfalda reglur þeirra um starfslok ríkisstarfsmanna, þ.m.t. skyldu til áminningar,
b. veita ætti forstöðumönnum stofnana lagaheimild til starfslokasamninga við starfsmenn,
c. kanna þurfi hvort rétt sé að færa ákvæði starfsmannalaga í kjarasamninga,
d. auka þurfi aðstoð við forstöðumenn í starfsmannamálum?

1068. Tillaga til þingsályktunar [617. mál]

um kynningarefni um Icesave-samningana fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Flm.: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Margrét Tryggvadóttir.

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að láta Lagastofnun Háskóla Íslands gera hlutlaust og aðgengilegt kynningarefni um Icesave-samningana fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu sem verður haldin 9. apríl 2011 og senda það öllum heimilum í landinu samhliða sérprentun laganna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Kostnaður við kynningu þessa greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvörðun innanríkisráðuneytisins verður þjóðaratkvæðagreiðsla um lög nr. 13/2011, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins, haldin laugardaginn 9. apríl nk. Að lögum ber ráðuneytinu aðeins að senda sérprentun laganna inn á hvert heimili í landinu eigi síðar en viku fyrir atkvæðagreiðsluna. Alþingi ber jafnframt að hafa aðgengileg á vefsíðu sinni öll skjöl varðandi meðferð málsins á þinginu. Það hefur þegar verið gert.

Fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu sem fór fram 6. mars 2010 var ákveðið að fela Lagastofnun Háskóla Íslands að taka saman hlutlaust kynningarefni um það mál sem þá var borið undir atkvæði landsmanna. Rétt þykir að sami háttur verði hafður á að þessu sinni. Lagastofnun leiti samstarfs við fagaðila í kynningarmálum.

Skammur tími er til stefnu en það er von flutningsmanna að á þeim tíma sem til ráðstöfunar er megi taka saman meginatriði laganna og skýra efni þeirra og eftir atvikum mismunandi sjónarmið til þeirra.

1069. Svar [512. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Reykjavíkurhöfn.

1. *Hvert er starfssvið félaga sem heita Austurhöfn-TR, Portus, Ago, Situs, Totus, Hospes, Custos og Hringur? Hverjir eru eigendur þeirra? Hver er fjöldi starfsmanna hjá hverju þessara félaga og hver var velta félaganna árin 2009 og 2010? Af hverju nægir ekki eitt félag?*

a. Ríki og Reykjavíkurborg stofnuðu Austurhöfn-TR ehf. árið 2003 til að vinna að undirbúningi tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar við Austurhöfnina. Austurhöfn bauð verkefnið út sem einkaframkvæmd og í mars 2006 var samið við Eignarhaldsfélagið Portus. Í samningnum var gert ráð fyrir að tvö félög önnuðust verkefnið, annars vegar Portus sem annaðist tónlistar- og ráðstefnuhúsið, Hörpu, og hins vegar félag sem nefnt var Situs er skyldi hafa með höndum byggingarrétt á öðrum reitum, m.a. reit sem ætlaður var fyrir hótel.

Vegna fyrirkomulags á greiðslu virðisaukaskatts á leigugjaldi hússins þarf að halda þeirri starfsemi aðgreindri frá almennum rekstri hússins. Af þessum ástæðum þarf Portus að deila starfsemi sinni á tvö dótturfélög og voru þau nefnd Totus og Rekstrarfélagið Ago. Totus er fasteignafélag og eigandi Hörpu en Rekstrarfélagið Ago leigir Hörpu af Totusi og annast starfsemina. Situs var í eigu sömu aðila og Portus og stofnuðu þeir tvö dótturfélög Situsar, Hospes og Custos. Hospes var ætlað að vinna að uppbyggingu hótels og jafnvel reka það en Custos átti að eiga og reka bílastæði. Engin starfsemi hefur verið í dótturfélögum Situsar.

Þegar ríki og Reykjavíkurborg ákváðu að taka verkefnið yfir var farin sú leið að Austurhöfn keypti félögin Portus og Situs. Skipan félaganna var haldið óbreyttri því rétt þótti að aðgreina Hörpu frá uppbyggingu á öðrum byggingarreitum. Dótturfélög Portusar eru af sömu ástæðum og framan greinir nauðsynleg. Engin starfsemi er fyrirhuguð í Hospes og Custos og er til skoðunar að leggja félögin niður þegar framkvæmdum lýkur.

Loks er rétt að gera grein fyrir Hringi sem er greiðslumiðlunarfyrirtæki í eigu Totusar. Félagið er stofnað að kröfu bankanna sem veittu sambankalán til framkvæmdanna.

Hringur hefur ekki annað hlutverk en að taka við framlagi ríkis og borgar og veita því í réttan farveg þar sem afborgun lána er í forgangi.

b. Ríki og borg eru eigendur Austurhafnar-TR, ríkið á 54% en borgin 46%. Austurhöfn-TR er eigandi að öllu hlutafé í Portusi og Situsi. Portus á Totus og Ago, Situs á Hospes og Custos sem líklega verða lögð niður. Totus er eigandi byggingarinnar Hörpu og greiðslumiðlunarinnar Hrings.

c. Starfsmenn hjá Austurhöfn eru nú 2,5 miðað við stöðugildi. Starfsemi hófst hjá Portusi og Situsi eftir yfirtökuna í maí 2009 og voru starfsmenn fimm í fyrstu, átta í upphafi árs 2010 en eru nú 20.

d. Megnið af útgjöldum Portusar er eignfærð fjárfesting og kemur heildarfjárfesting fram í svari við 3.–5. tölul. Ársreikningar 2010 liggja ekki fyrir og því er ekki unnt að gefa upp tölur fyrir það ár. Spurt er um veltu, en samstæðurnar Portus og Situs hafa enn engar tekjur haft. Ef hins vegar er átt við rekstrarkostnað þá er kostnaður fyrirtækjanna sjálfra á árinu 2009, þ.e. án kostnaðar verktaka og annarra við byggingarframkvæmdir, 173 millj. kr. hjá Portusi, þar af fært til eignar á fasteign 104,7 millj. kr., en 51,6 millj. kr. hjá Situsi, þar af eignfært 1,7 millj. kr. Hjá Austurhöfn var kostnaður á árinu 2009 117,3 millj. kr. Í þessum tölum er fjármagnstekjum, fjármagnsgjöldum og afskriftum sleppt því þannig gefa tölurnar gleggri mynd.

e. Spurt er af hverju eitt félag dugi ekki. Hér að framan hefur tilvist Hrings verið skýrð og jafnframt lýst af hverju æskilegt er að aðgreina Portus og Situs og af hverju dótturfélög Portusar eru nauðsynleg. Rökin fyrir því að aðgreina Austurhöfn-TR frá dótturfélögum sínum voru fyrst og fremst þau að viðhalda í óháðu fyrirtæki hlutverki kaupanda þjónustunnar og því eftirlitshlutverki sem því fylgir, svo og að halda opnum möguleika á að selja fyrirtækin Portus og Situs, hvort um í sig í heilu lagi, eða í tilfelli Situsar eignir þess hverja um sig. Nú er unnið að eigendastefnu ríkis og borgar gagnvart Portusi og Situsi sem kynnt verður í vor. Þar er m.a. stefnt að verulegri einföldun á skipuriti og skýrara regluverki í kringum verkefnið, m.a. með hugsanlegum sérlögum um tónlistarhúsið Hörpu.

2. *Hverjir sátu í stjórnum fyrrgreindra félaga árin 2009 og 2010? Hvað fengu þeir í þóknun fyrir stjórnarsetu þessi ár, alls, hver og einn, og samtals í hverju félagi fyrir sig?*

Austurhöfn frá 28. júní 2010	**Austurhöfn frá 2. júlí 2009**
Stefán P. Eggertsson, stjórnarformaður	Stefán P. Eggertsson, stjórnarformaður
Birgir Björn Sigurjónsson	Guðmundur Árnason
Gísli Þór Magnússon	Guðrún H. Valdimarsdóttir
Kjartan Örn Ólafsson	Júlíus Vífill Ingvarsson
Kristbjörg Stephensen	Kristbjörg Stephensen
Pétur Ásgeirsson	Pétur Ásgeirsson
Þórhallur Arason	Þórhallur Arason
Varamenn:	Varamenn:
Hafsteinn S. Hafsteinsson	Hafsteinn S. Hafsteinsson
Regína Ásvaldsdóttir	Guðlaugur Gylfi Sverrisson

Gísli Þór Magnússon tók við af Guðmundi Árnasyni í janúar 2010. Guðlaugur G. Sverrisson sat fundi í stað Guðrúnar H. Valdimarsdóttur frá maí 2010 og fram að aðalfundi. Stjórnarlaun voru föst greiðsla á mánuði, 64.000 kr. fyrir almennan stjórnarmann og 128.000

kr. fyrir formann stjórnar fram að aðalfundi 2. júlí 2009, en 57.000 kr. á mánuði fyrir almennan stjórnarmann og 114.000 kr. á mánuði fyrir formann stjórnar eftir það. Fyrsta desember 2009 hóf stjórnarformaður störf hjá Austurhöfn og eru stjórnarlaun felld inn í starfslaun hans frá þeim tíma. Varamenn fá greitt fyrir setinn fund.

Skipan þessara stjórna Portusar og dótturfélaga og Situsar hefur verið óbreytt frá maí 2009 að því undanskildu að Guðrún H. Valdimarsdóttir átti sæti í stjórn Situsar þangað til í apríl 2010, en Guðlaugur G. Sverrisson tók sæti hennar tímabundið uns Björn Ingi Sveinsson tók sæti í stjórninni í september 2010. Í apríl 2009 var stjórn Portusar til bráðabirgða skipuð stjórnarmönnum úr Austurhöfn-TR, en fyrir það komu ekki neinar greiðslur.

Stjórn Portusar ehf. skipa nú:
Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður.
Björn Ingi Sveinsson, meðstjórnandi.
Björn L. Bergsson, meðstjórnandi.
Svanhildur Konráðsdóttir, meðstjórnandi.
Þórunn Sigurðardóttir, meðstjórnandi.

Stjórn Totusar ehf. skipa nú:
Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður.
Björn Ingi Sveinsson, meðstjórnandi.
Björn L. Bergsson, meðstjórnandi.

Stjórn Ago ehf. skipa nú:
Þórunn Sigurðardóttir, stjórnarformaður.
Pétur J. Eiríksson, meðstjórnandi.
Svanhildur Konráðsdóttir, meðstjórnandi.

Stjórn Situsar ehf. skipa nú:
Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður.
Björn Ingi Sveinsson, meðstjórnandi.
Björn L. Bergsson, meðstjórnandi.

Stjórnarformaður Portusar hefur verið starfandi hjá fyrirtækjunum frá því að hann var kjörinn og eru stjórnarlaun hans hluti af starfslaunum. Sama má segja um stjórnarformann Ago. Aðrir stjórnarmenn fá frá aðalfundi 2. júní 2010 100.000 kr. á mánuði fyrir setu í stjórnum félaganna beggja, Portusi og Situsi, og í stjórnum dótturfélaga. Fram að þeim tíma voru greiðslur misjafnar eftir setu í stjórnum dótturfélaganna og voru samanlögð stjórnarlaun hvers stjórnarmanns frá 134.400 kr. til 166.400 kr. á mánuði. Stjórnarmaður sem aðeins sat í stjórn Situsar fékk greiddar 38.400 kr. á mánuði.

3. *Hver er nú opinber kostnaðaráætlun Hörpu fullbyggðrar? Hver var upphafleg kostnaðaráætlun?*
4. *Hvernig er Hörpuframkvæmdin fjármögnuð? Hvaða lán hafa fyrrnefnd félög, Reykjavíkurborg og ríkissjóður tekið vegna byggingarinnar, og með hvaða kjörum?*
5. *Hver er áætlaður styrkur ríkis og borgar til framkvæmdarinnar? Hvað verður hann reiddur fram á mörgum árum?*

Svör við 3., 4. og 5. tölul.:
Forsendur fyrir yfirtöku verkefnisins voru þær að ekki þyrftu að koma til önnur framlög

frá ríki og borg en gert var ráð fyrir í samningi Austurhafnar-TR og Portusar frá 9. mars 2006. Á núverandi verðlagi nema þessi framlög liðlega 900 millj. kr. á ári og eru til 35 ára. Framlögin fylgja vísitölu neysluverðs. Hlutur ríkisins er 54% en borgarinnar 46%.

Í áætlunum sem gerðar voru við yfirtöku verkefnisins var áætlað að kostnaður við að ljúka Hörpu, að meðtöldum fjármagnskostnaði á byggingartíma, yrði um 14.500 millj. kr. miðað við verðlag í október 2008 eða um 16.700 millj. kr. á núverandi verðlagi sé miðað við hækkun neysluverðsvísitölu.

Ákveðið var að á byggingartíma yrði verkefnið fjármagnað með sambankaláni sem síðar yrði endurfjármagnað með langtímafjármögnun. Vextir sambankalánsins miðast við 1, 2, 3 og 6 mánaða REIBOR-vexti með að meðaltali um 115 bp álagi.

Í síðustu útkomuspá er áætlað að kostnaður við að ljúka Hörpu verði um 17.500 millj. kr. Kostnaður yrði þá um 800 millj. kr. hærri en upphafleg áætlun þegar tillit hefur verið tekið til verðlagsbreytinga samkvæmt neysluverðsvísitölu. Það er fyrst og fremst óhagstæðari gengisþróun sem þessu hefur valdið.

Nú er unnið að endurfjármögnun með skuldabréfaútgáfu og er gert ráð fyrir að minni fjármögnunarkostnaður leiði til þess að verkefnið verði á áætlun. Á móti óhagstæðara gengi er gert ráð fyrir að ávöxtunarkrafa í fyrirhuguðu skuldabréfaútboði verði mun lægri en gert var ráð fyrir við yfirtöku. Því er gert ráð fyrir að upphaflegar forsendur um framlög til verkefnisins standist.

6. *Hver er viðbótarkostnaður vegna breytinga árið 2010 á fyrri hönnun innanhúss (Ago)?*

Á árinu 2010 var kostnaður vegna breytinga sem Ago óskaði eftir 22,9 millj. kr. á verðlagi desember 2010. Þá eru ekki meðtaldar breytingar vegna þarfa Íslensku Óperunnar, u.þ.b. 50 millj. kr., enda er þar ekki um sérstaka beiðni Ago að ræða.

7. *Hver er lóðarkostnaður, framkvæmdakostnaður í umhverfi hússins, kostnaður við gatnagerð og kostnaður við bílahús?*

Harpa stendur á einum af sex aðalbyggingarreitum lóðarinnar Austurbakka 2. Greiðslur fyrir byggingarrétt og gatnagerðargjöld á þeim reit voru 680 millj. kr. lyft til verðlags miðað við vísitölu janúar 2011. Áætlað er að frágangur lóðarinnar sem nú er unnið að muni kosta 245 millj. kr. Reykjavíkurborg tekur þátt í þeim kostnaði samkvæmt samningum þar að lútandi og gatnagerð utan lóðar er á vegum Reykjavíkurborgar. Kostnaður við bílahús verður 2.917 millj. kr. miðað við áætlaða útkomu. Þar af er hlutdeild Hörpu (Totusar) 2.284 millj. kr. en Situs og Bílastæðasjóður eiga einnig stæði í húsinu. Hlutdeild Hörpu (Totusar) í bílahúsi er innifalinn í þeim heildarkostnaði sem nefndur var hér að framan.

8. *Hver er heildarkostnaður við glerhjúpinn og undirstöður hans? Hver er þar af hönnunar- og verkfræðikostnaður við hjúpinn?*

Kostnaður við stálvirki og gler í hjúpnum er eins og hér segir:

Verksamningur við Lingyun	12.541.910 evrur
Litað gler frá Scholl glas	1.375.320 evrur
Innlendur kostnaður, samningsupphæð	603 millj. kr.
Áfallin aukaverk	33 millj. kr.

Samningur við Lingyun er „Design and build“-samningur þannig að Lingyun er ábyrgt fyrir deilihönnun verksins, framleiðslu og uppsetningu glervirkisins. Innri skipting kostnaðar hjá Lingyun er því ekki þekkt enda um heildarsamning að ræða og ekki gerð krafa um að

Lingyun skili af sér sundurliðun kostnaðarliða. Kostnaður af deilihönnun er því ekki fyrirliggjandi.

Frumhönnun hjúpsins var hluti af heildarhönnun arkitekta og verkfræðinga byggingarinnar samkvæmt samningi og er sá kostnaður ekki brotinn niður í kostnað vegna einstakra verkhluta byggingarinnar.

Ef miðað er við núverandi gengi evru er framangreindur heildarkostnaður 2.874 millj. kr. Rétt er að geta þess að greiðslur hafa verið á breytilegu gengi. Þá er rétt að minna á að glerhjúpurinn er hið eiginlega ytra byrði alls hússins og hluti af burðarvirki þess þar sem hlutar þaks hvíla á útveggjum.

9. *Hver ber kostnað við tjón á suðurhluta hjúpsins? Hvernig skiptist hann milli aðila?*

Kostnaður við endurgerð og uppsetningu stálvirkis fyrir glerhjúp er borinn af erlendum undirverktaka og hugsanlega undirverktökum hans. Af þeim sökum liggja upplýsingar um kostnað vegna þessa ekki fyrir. Aðalverktakinn, ÍAV, hefur haft vegna þessa aukinn eftirlits- og rannsóknarkostnað. Umsamin hlutdeild verkkaupa í þeim kostnaði er 12 millj. kr.

10. *Hver er áætlaður kostnaður við árleg þrif á glerhjúpnum (saltstorka, ryk og önnur óhreinindi)?*

Reynslan af vinnubúðum á lóðinni sem standa sjávarmegin við umferðargötur er sú að salt festist ekki á glugga og óhreinindi frá umferð eru engin á þeirri hlið sem snýr að sjó og varla merkjanleg á öðrum hliðum. Virðist rigna af jafnharðan. Á glerhjúp hússins sjálfs hefur fallið gosaska í vissum veðrum og óhreinindi frá ófrágenginni lóð eru áberandi svo ekki er unnt að dæma þetta með sama hætti. Áætlun um kostnað er því með fyrirvara en miðast við að nokkrar hreinsanir á ári muni kosta 8 millj. kr. Má gera ráð fyrir að sú hlið sem snýr að umferðargötum verði þrifin oftar en aðrar.

11. *Hver annast kostnaðareftirlit með Hörpuframkvæmdinni? Liggja fyrir upplýsingar þaðan um einstaka verkþætti?*

Austurhöfn-TR hefur kostnaðareftirlit með framkvæmd auk innra eftirlits Portusar. Austurhöfn gerir sjálfstæða útkomuspá um kostnað framkvæmdarinnar. Eigendur Austurhafnar-TR eru reglulega upplýstir um útkomuspá. Austurhöfn hefur ekki upplýst um einstaka kostnaðarþætti nema í undantekningartilfellum.

12. *Hvað hafa margir starfsmenn unnið að Hörpu (í mannárum) og hvernig skiptast störfin milli starfsmanna á Íslandi og starfsmanna erlendis eða aðkominna?*

Starfsmenn á verkstað eru nú 490 til 510, breytilegt frá degi til dags. Þar af eru erlendir starfsmenn 75. Árið 2009 voru þeir að meðaltali um 200 og um 400 á síðasta ári. Þar að auki hefur það verið metið að stjórnendur, hönnuðir, eftirlitsaðilar og starfmenn í framleiðslufyrirtækjum sem beinlínis vinna fyrir bygginguna hafi að meðaltali verið 120. Starfsmenn kínverska fyrirtækisins Lingyun hér á landi eru taldir með en ekki starfsmenn fyrirtækisins í Kína.

13. *Hvar liggja frammi teikningar að Hörpu (aðal- og séruppdrættir)? Af hverju hafa ekki allir uppdrættir legið frammi hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík?*

Byggingarnefndarteikningar af tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu og af bílahúsi neðan jarðar hafa verið lagðar fram nokkrum sinnum. Aðaluppdrættir af tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu voru upphaflega samþykktir í tveim áföngum, aðalbyggingin 18. apríl 2007 en bílahús neðan jarðar í september 2009. Síðar hafa þessir uppdrættir aftur farið til umfjöllunar

byggingaryfirvalda í Reykjavík vegna ýmissa minni háttar breytinga og útfærsluatriða eins og títt er þegar um stórbyggingar er að ræða. Eintak samþykktra aðaluppdrátta er varðveitt í skjalasafni byggingarfulltrúa.

Nú þegar þetta svar er gefið er hafa aðaluppdrættir með öllum innfærðum smábreytingum verið til meðferðar hjá byggingarfulltrúa og voru þær afgreiddar þann 1. mars sl.

Hvað séruppdrætti varðar gerði byggingarfulltrúi í upphafi kröfu, byggða á ákvæðum byggingarreglugerðar, um að allir séruppdrættir af byggingunni yrðu yfirfarnir af sérfræðingum á hverju tæknisviði fyrir sig og áritaðir í umboði byggingarfulltrúa. Var gert sérstakt samkomulag milli aðalverktaka, Portusar og Austurhafnar og byggingarfulltrúa um að nokkrum verkfræði- og arkitektastofum væri falið að yfirfara allar sérteikningar fyrir hönd samningsaðila og hafa þeir umboð til að samþykkja þær fyrir hönd byggingarfulltrúa.

Margvísleg samskipti hafa farið fram við byggingaryfirvöld og samþykktaraðila alla. Þannig fara allar sérteikningar og mikið af upplýsingum um efni og búnað til formlegrar samþykktar hjá þessum ráðgjöfum og hjá Austurhöfn og fá jafnharðan formlega afgreiðslu hver fyrir sig. Fullgildir séruppdrættir verða síðan lagðir fram í verklok.

14. Hver eru fyrirhuguð verklok við hvern verkþátt framkvæmdarinnar? Hvernig hafa upphafsáætlanir um framkvæmdahraða staðist?

Eftir fjármálahrunið 2008 varð margra vikna greiðslufall í verkinu sem olli töfum og

kostnaði. Við yfirtökuna samdi Austurhöfn-TR við aðalverktakann, ÍAV, um nýjan skiladag, 7. febrúar 2011. Var m.a. það sjónarmið ráðandi að draga úr hraða og minnka yfirvinnu. Þar til nýverið hefur því eingöngu verið unnin dagvinna við verkið. Af ýmsum ástæðum átti verktakinn rétt á frekari framlengingu og var á síðasta ári samið um nýjan skiladag, 7. apríl 2011. Samkvæmt samningum Portusar og Austurhafnar frá 9. mars 2006 átti framkvæmdum að ljúka í desember 2009. Verktíminn hefur því alls verið framlengdur um 16 mánuði.

1070. Frumvarp til laga [298. mál]

um stjórn vatnamála.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Til að ná fram markmiðum laga þessara skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap, sbr. viðauka I.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Árósavatn:* Vatn í nágrenni ármynnis, ísalt vegna nálægðar við strandsjó en undir verulegum áhrifum af aðstreymi ferskvatns.
2. *Forgangsefni:* Hættuleg og þrávirk efni sem valda alvarlegri mengun eða eitrun í vatni eða út frá því, og raðað er í forgangsröð eftir hættu sem af þeim stafar.
3. *Gott efnafræðilegt ástand:* Efnafræðilegt ástand yfirborðs- eða grunnvatnshlots sem uppfyllir umhverfismarkmið fyrir vatn.
4. *Grunnvatn:* Vatn, kalt eða heitt, sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi.
5. *Magnstaða:* Mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur haft á grunnvatnshlot.
6. *Manngert vatnshlot:* Vatnshlot sem hefur orðið til vegna athafna manna.
7. *Mikið breytt vatnshlot:* Yfirborðsvatnshlot sem hefur tekið verulegum breytingum af mannavöldum og hefur ekki gott vistmegin.
8. *Neysluvatn:* Vatn ætlað til manneldis, í náttúrulegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna.
9. *Strandsjór:* Yfirborðsvatn landmegin við línu sem dregin er einni sjómílu utan grunnlínu landhelginnar og nær inn að ytri mörkum árósavatns.
10. *Vatn:* Grunnvatn og yfirborðsvatn.
11. *Vatnasvið:* Aðrennslissvæði straumvatns, stöðuvatns, grunnvatnsstraums eða vatnsbóls.
12. *Vatnasvæði:* Landsvæði með einu eða fleiri vatnasviðum.
13. *Vatnaumdæmi:* Stjórnsýslueining sem nær til íslenskra vatnasvæða ásamt árósavatni og strandsjó sem þeim tengjast.

14. *Vatnsformfræðilegir eiginleikar vatnshlots:* Vatnsmagn vatnshlots og breytingar á rennsli og vatnsborði ásamt gerð og undirlagi botns og eðlisefnafræðilegum þáttum vatnshlotsins.
15. *Vatnshlot:* Eining vatns, svo sem allt það vatn sem er að finna í stöðuvatni, á eða strandsjó.
16. *Verndarsvæði:* Afmarkað svæði ásamt einstökum vistkerfum sem nauðsynlegt er talið að vernda til að ná fram markmiðum laga þessara.
17. *Vistfræðilegt ástand:* Ástand lífríkis í vatnshloti samkvæmt skilgreindri gæðaflokkun í mjög gott, gott, ekki viðunandi, slakt og lélegt.
18. *Vistmegin:* Ástand lífríkis í manngerðu eða mikið breyttu vatnshloti samkvæmt gæðaflokkun í besta vistmegin, gott vistmegin og ekki viðunandi vistmegin.
19. *Yfirborðsvatn:* Kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, árósavatn og strandsjór, auk jökla.

II. KAFLI
Stjórnvöld vatnamála.

4. gr.
Yfirstjórn vatnaumdæmisins.

Landið er allt eitt vatnaumdæmi ásamt árósum og strandsjó.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra staðfestir vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun fyrir vatnaumdæmið að fenginni tillögu vatnaráðs.

5. gr.
Vatnaráð.

Umhverfisráðherra skipar vatnaráð og er ráðið skipað fimm fulltrúum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilnefnir einn fulltrúa, iðnaðarráðherra einn og Samband íslenskra sveitarfélaga tvo. Umhverfisráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Varamenn eru skipaðir á sama hátt. Vatnaráð er skipað til fimm ára í senn.

Vatnaráð fundar eftir því sem ástæða þykir til.

6. gr.
Hlutverk vatnaráðs.

Hlutverk vatnaráðs er að vera ráðherra til ráðgjafar um stjórn vatnamála. Vatnaráð:

a. hefur umsjón með gerð tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun,
b. gerir tillögu til ráðherra um staðfestingu vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar og endurskoðun þeirra þegar við á, að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar,
c. veitir umsögn við gerð reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna,
d. fylgist með því hvernig markmiðum laga þessara er náð og metur m.a. þann kostnað sem af þeim hlýst fyrir ríki og sveitarfélög. Ráðið skilar reglulega skýrslu til ráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um þau efni og setur fram ábendingar um kostnaðinn eftir því sem þörf krefur.

Umhverfisstofnun annast daglegan rekstur og umsýslu vatnaráðs og er ráðinu til ráðgjafar.

7. gr.
Hlutverk Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun annast stjórnsýslu á sviði vatnsverndar í samræmi við fyrirmæli laga þessara.

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að:

a. samræma vinnu við gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar,

b. tryggja miðlun upplýsinga um vatnasvæðin,
c. setja umhverfismarkmið fyrir einstök vatnshlot,
d. sjá um að fram fari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar,
e. vinna tillögur um vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög að höfðu samráði við vatnasvæðisnefndir og ráðgjafarnefndir, sbr. 8. og 9. gr.,
f. vinna stöðuskýrslu,
g. hafa umsjón með framkvæmd aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar,
h. annast kynningar- og umsagnarferli áætlana samkvæmt lögum þessum,
i. annast skýrslugjöf.

Umhverfisstofnun skal vinna að vatnaáætlun og endurskoðun hennar með hliðsjón af áætlunum hins opinbera og helstu hagsmunaaðila, svo sem á sviði náttúruverndar, auðlindanýtingar, samgangna og skipulagsmála.

Umhverfisstofnun sendir staðfesta vatnaáætlun til viðkomandi sveitarfélaga og þeirra stjórnvalda sem áætlunin varðar. Jafnframt skal stofnunin auglýsa opinberlega staðfesta vatnaáætlun og hafa hana aðgengilega almenningi.

8. gr

Hlutverk sveitarfélaga og vatnasvæðisnefnda.

Sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eru Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra. Sveitarfélög skulu, í samvinnu við heilbrigðisnefndir og innan marka netlaga, framfylgja kröfum sem fram koma í aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna á sviði vatnsverndar.

Vatnaumdæminu skal skipt í vatnasvæði með reglugerð, sbr. 29. gr. Við ákvörðun um mörk vatnasvæða skal taka mið af jarðfræðilegum og vatnafræðilegum þáttum.

Á hverju vatnasvæði er starfrækt vatnasvæðisnefnd. Í nefndinni starfa a.m.k. fulltrúar frá sveitarfélögum á viðkomandi vatnasvæði, frá hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum og frá Umhverfisstofnun og stýrir fulltrúi hennar starfi nefndarinnar. Um setu þeirra og annarra fulltrúa í nefndinni, svo sem frá hlutaðeigandi fagstofnunum og hagsmunaaðilum, þar á meðal félagasamtökum á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar, fer samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

Hlutverk vatnasvæðisnefndar er að samræma vinnu á viðkomandi vatnasvæði og afla þar upplýsinga vegna gerðar stöðuskýrslu, vöktunaráætlunar, aðgerðaáætlunar og vatnaáætlunar.

9. gr.

Hlutverk ráðgjafarnefnda.

Ráðherra skipar tvær ráðgjafarnefndir til að starfa með Umhverfisstofnun á landsvísu, sbr. 29. gr., annars vegar ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og hins vegar ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila, þar á meðal félagasamtaka á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar. Umhverfisstofnun skal hafa náið samráð við ráðgjafarnefndirnar.

Í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skulu vera m.a. fulltrúar frá Orkustofnun, Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun, Veiðimálastofnun, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Siglingastofnun Íslands, Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Matvælastofnun, Mannvirkjastofnun, Vegagerðinni, náttúrustofum og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Hlutverk ráðgjafarnefnda er að vera Umhverfisstofnun og vatnaráði til ráðgjafar um atriði sem undir lög þessi heyra. Ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við gerð áætlana samkvæmt lögum þessum og upplýsingar um

hvaða gögn liggja fyrir. Fulltrúar í ráðgjafarnefnd haghafa skulu vera til ráðgjafar um þau málefni sem samtök þeirra helga sig.

Ráðgjafarnefndir skulu hafa sér til aðstoðar starfsmann, sem Umhverfisstofnun leggur til, og hefur hann umsjón með starfi viðkomandi nefnda.

10. gr.

Hlutverk rannsóknastofnana.

Hlutverk eftirfarandi rannsóknastofnana vegna framkvæmdar laga þessara er sem hér segir:

a. Veðurstofa Íslands leggur til gagnagrunna um vatnshlot og eiginleika þeirra, hefur umsjón með þeim og leggur til sérfræðiþekkingu sína á því sviði. Hún skal meta magnstöðu grunnvatnshlota og leggja til gögn um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti þeirra.
b. Veiðimálastofnun hefur umsjón með gögnum um lífríki ferskvatnshlota og leggur þau til ásamt sérfræðiþekkingu sinni á því sviði.
c. Hafrannsóknastofnunin hefur umsjón með gögnum um lífríki og um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti strandsjávar og leggur þau til ásamt sérfræðiþekkingu sinni á því sviði.
d. Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til gagnagrunna um vatnavistkerfi, vistkerfi þurrlendis og votlendis sem tengjast þeim að vatnabúskap, og um vistkerfi strandsjávar, hefur umsjón með þeim og leggur til sérfræðiþekkingu á þeim sviðum.

Stofnanir samkvæmt þessari grein geta, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, leitað til annarra rannsóknaraðila til að afla gagna eftir því sem við á.

Umhverfisstofnun skal gera samning við framangreindar stofnanir um einstök verk en getur jafnframt samið við aðra um að vinna einstök verk vegna framkvæmdar laga þessara.

III. KAFLI

Umhverfismarkmið.

11. gr.

Flokkun vatnshlota og umhverfismarkmið.

Umhverfismarkmið eru skilgreind eftir vatnagerðum og skulu vera samanburðarhæf. Ástand vatns er flokkað í mjög gott, gott, sæmilegt, slakt eða lélegt.

Gæði grunnvatns eru metin eftir magnstöðu og eðlisefnafræðilegum þáttum þess. Gæði yfirborðsvatns eru metin eftir vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum sem og eðlisefnafræðilegum þáttum.

12. gr.

Yfirborðsvatn og grunnvatn.

Vernda skal yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Ástand þeirra skal styrkja og endurheimta með það að markmiði að efnafræðilegt ástand sé að lágmarki gott. Þá skal tryggja sjálfbæra nýtingu grunnvatns þannig að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar.

13. gr.

Manngerð og mikið breytt vatnshlot.

Umhverfisstofnun metur hvort vatnshlot telst manngert eða mikið breytt.

Ástand manngerðs eða mikið breytts yfirborðsvatnshlots skal verndað þannig að það versni ekki og skal styrkja ástand þess með það að markmiði að vistmegin þess og efnafræðilegt ástand sé gott. Leitast skal við að ná sem bestu vistmegni í slíku vatnshloti.

Skilgreina má yfirborðsvatnshlot sem manngert eða mikið breytt ef nauðsynlegar breytingar á eðlisefnafræðilegum, vistfræðilegum og vatnsformfræðilegum eiginleikum vatns til þess að ná vatnshlotinu í gott vistfræðilegt ástand hafa umtalsverð skaðleg áhrif á umhverfið eða á eftirfarandi umsvif:

a. siglingar, hafnir eða afþreyingaraðstöðu,
b. starfsemi sem hefur í för með sér geymslu, flutning og hjáveitu vatns, t.d. neysluvatnsmiðlun, orkuvinnslu eða áveitu,
c. flóðavarnir, framræslu, eða
d. önnur sjálfbær umsvif jafnmikilvæg og hin framangreindu.

Ákvæði 3. mgr. á við þegar ekki verður bætt úr þeim áhrifum sem þar eru talin upp vegna þess að það er ekki tæknilega framkvæmanlegt eða vegna þess að kostnaður við að gera það með öðrum og umhverfisvænni aðferðum er talinn úr hófi fram. Taka skal fram í vatnaáætlun ef álitið er að skilyrði 3. mgr. séu fyrir hendi og færa fram röksemdir fyrir því.

14. gr.

Hættuleg og þrávirk efni (forgangsefni).

Draga skal í áföngum úr mengun vegna hættulegra og þrávirkra efna (forgangsefna) í vatni með markvissum aðgerðum með það að markmiði að stöðva losun þeirra.

Raða skal efnunum í forgangsröð og leggja fram tímasetta áætlun um takmörkun á losun þeirra og bann við slíkri losun eftir því hve mikla hættu þau skapa fyrir vatn og landumhverfi þess. Röðunin skal greind með aðferð byggðri á áhættumati.

15. gr.

Frestir.

Umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. skal ná eigi síðar en sex árum eftir að fyrsta vatnaáætlunin hefur verið staðfest. Veita má frest til að ná umhverfismarkmiðunum tvisvar sinnum í allt að sex ár í senn, að því tilskildu að ástand raskaða vatnshlotsins versni ekki frekar og að a.m.k. eitt af eftirtöldu eigi við:

a. ekki er af tæknilegum ástæðum hægt að bæta úr innan tímamarkanna,
b. kostnaður við úrbætur innan tímamarkanna yrði óhóflegur, eða
c. fyrir hendi eru þær náttúrulegar aðstæður að úrbætur á vatnshlotinu innan tímamarkanna eru ekki framkvæmanlegar.

Frestur umfram það sem leiðir af 1. mgr. verður því aðeins veittur að fyrir hendi séu þær náttúrulegu aðstæður að umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. verði ekki náð.

16. gr.

Vægari umhverfismarkmið.

Ákveða má vægari umhverfismarkmið en gert er ráð fyrir skv. 11 gr. ef vatnshlot er undir slíku álagi að ógerlegt eða óhóflega dýrt er að uppfylla kröfur um umhverfismarkmið. Skulu þessi skilyrði þá vera fyrir hendi:

a. ekki er hægt að ná betri umhverfislegum ávinningi án óhóflegs kostnaðar, að teknu tilliti til umhverfislegra og þjóðhagfræðilegra þarfa,

b. tryggt er besta mögulegt ástand yfirborðsvatns og grunnvatns, og til þess séð að ástand yfirborðsvatns og grunnvatns breytist eins lítið og hægt er frá því að vera gott, þegar tekið er tillit til þess álags sem fyrir hendi er,
c. tryggt er að ástand vatnshlotsins versnar ekki frekar.

17. gr.
Náttúrulegar orsakir og óviðráðanleg ytri atvik.

Það telst ekki fara í bága við kröfur um umhverfismarkmið samkvæmt lögum þessum ef vistfræðilegt ástand í vatnshloti spillist tímabundið vegna náttúrulegra orsaka eða óviðráðanlegra ytri atvika.

Við slíkar aðstæður skal grípa til þeirra ráðstafana sem raunhæfar eru til að koma í veg fyrir að ástand vatnshlotsins rýrni frekar en orðið er og til að hindra að skaði hljótist af í öðru vatnshloti.

18. gr.
Breyting vatnshlots.

Umhverfisstofnun getur heimilað breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. þegar um er að ræða:
a. breytingar, svo sem vegna mengunar eða í tengslum við loftslagsbreytingar, á vatnsgæðum, vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum eða efna- og eðlisefnafræðilegum eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða á hæð grunnvatnshlots, eða
b. ný sjálfbær umsvif eða breytingar sem hafa í för með sér að ástand yfirborðsvatnshlots breytist úr mjög góðu í gott.

Auk skilyrða sem fram koma í 1. mgr. verða öll eftirtalin skilyrði að vera fyrir hendi:
a. gripið sé til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots,
b. tilgangur framkvæmdanna eða umsvifanna vega þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna eða fyrir sjálfbæra þróun en ávinningur af því að umhverfismarkmið náist,
c. tilgangi framkvæmdanna eða umsvifanna verður ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

IV. KAFLI
Áætlanir.

19. gr.
Vatnaáætlun.

Umhverfisstofnun skal annast gerð tillögu að vatnaáætlun í samræmi við viðauka II. Í vatnaáætlun skal m.a. koma fram:
a. almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins,
b. flokkun vatnshlota,
c. lýsing álags og áhrifa af völdum atvinnurekstrar og annarra umsvifa á vatn,
d. skrá yfir vernduð svæði og öll vatnshlot fyrir neysluvatnstöku,
e. greinargerð um vöktun og niðurstöður hennar,
f. greinargerð um umhverfismarkmið fyrir vatnshlot og fyrir breytingu á vatnshloti,
g. skipting í vatnasvæði,
h. greinargerð um aðgerðaáætlun,
i. yfirlit um nánari aðgerðir fyrir einstök vatnasvæði og vatnshlotsgerðir, og

j. greinargerð um samráð við almenning, fulltrúa atvinnulífsins og aðra hagsmunaaðila, þar á meðal félagasamtök á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar.

Áætlunina skal taka til endurskoðunar sjötta hvert ár.

Við gerð vatnaáætlunar skal gera grein fyrir umhverfismati áætlunarinnar í samræmi við lög um umhverfismat áætlana.

Umhverfisstofnun er heimilt að gera nauðsynlegar leiðréttingar á vatnaáætlun vegna nýrra upplýsinga áður en til endurskoðunar kemur. Stofnunin skal upplýsa um slíkar leiðréttingar á vefsetri sínu.

20. gr.

Nánari rökstuðningur í vatnaáætlun.

Í vatnaáætlun skal gera grein fyrir:

a. ákvörðun um að vatnshlot teljist vera manngert eða mikið breytt,
b. ákvörðun um að lengja frest um umhverfismarkmið,
c. ákvörðun um vægari umhverfismarkmið en gert er ráð fyrir skv. 11. gr.,
d. breytingum á vatnshloti af náttúrulegum orsökum,
e. áætlun um nýjar framkvæmdir, ný sjálfbær umsvif eða breytingar á vatnshlotum.

Ef ákveðið er að lengja frest samkvæmt lögum þessum skal auk þess koma fram í vatnaáætluninni greinargerð þar sem tilgreindar eru og tímasettar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að ná umhverfismarkmiðum.

21. gr.

Aðgerðaáætlun.

Umhverfisstofnun skal annast gerð tillögu að aðgerðaáætlun. Aðgerðaáætlun skal taka til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin. Aðgerðaáætlun skal byggð á greiningum og mati í samræmi við kröfur sem fram koma í vatnaáætlun. Aðgerðaáætlun skal vera hluti af vatnaáætlun.

Í aðgerðaáætlun skal telja upp þær ráðstafanir sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og enn fremur þær viðbótarráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að ná settum umhverfismarkmiðum.

Ákvarðanir um ráðstafanir sem taldar eru í aðgerðaáætlun taka þar til bær stjórnvöld eða leyfisveitendur á grundvelli viðkomandi löggjafar.

Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið um vatnshlot skv. 11. gr. nást ekki skal leitað á því skýringar og meta áhrif nýrra eða mögulegra ráðstafana og hvort til þeirra skuli gripið.

Aðgerðaáætlunin skal tekin til endurskoðunar sjötta hvert ár.

22. gr.

Vöktunaráætlun.

Umhverfisstofnun gerir áætlun um vöktun á ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns og um vöktun svæða sem njóta verndar. Vöktunaráætlun skal veita heildarsýn á ástand vatnshlota. Vöktunaráætlun skal endurskoða reglulega og eigi sjaldnar en á sex ára fresti.

Vöktunaráætlun skal taka til viðeigandi vistfræðilegra, vatnsformfræðilegra og eðlisefnafræðilegra gæðaþátta, svo og til vöktunar á magnstöðu grunnvatns. Í áætluninni skal jafnframt kveðið á um tíðni og þéttleika vöktunarstaða. Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Hlutaðeigandi

stofnanir ríkis og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sjá um vöktun gæðaþátta samkvæmt ákvæði þessu ásamt vöktun á magnstöðu grunnvatns.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga er heimilt að gera samkomulag um annað fyrirkomulag vöktunar en skv. 2. mgr. Þá er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., að annast tiltekin verkefni við vöktun samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki.

23. gr.

Stöðuskýrsla.

Umhverfisstofnun skal annast gerð stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði í samvinnu við viðkomandi vatnasvæðisnefnd. Í stöðuskýrslu skal koma fram:

a. lýsing og gerð vatnshlota,
b. flokkun vatnshlota, og
c. lýsing á helsta álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns.

24. gr.

Neysluvatn.

Tilgreina skal í vatnaáætlun öll vatnshlot til neysluvatnstöku sem eftirfarandi á við um:

a. vatnstaka er þar meiri en 10 rúmmetrar á dag að meðaltali eða með henni er meira en 50 einstaklingum séð fyrir neysluvatni,
b. áform eru uppi um að taka úr því neysluvatn.

Komið skal í veg fyrir að vatnsgæði í slíku vatnshloti rýrni þannig að ekki aukist þörf á hreinsun neysluvatns.

25. gr.

Skrá yfir vernduð svæði.

Umhverfisstofnun heldur skrá yfir vernduð svæði. Í henni skal m.a. tilgreina vatnsverndarsvæði, vatnavistkerfi, svo og vistkerfi sem tengjast þeim að vatnabúskap, ásamt svæðum sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt lögum eða eru friðlýst vegna sérstöðu vatns.

Skrá yfir vernduð svæði skal vera aðgengileg almenningi og uppfærð reglulega.

V. KAFLI
Kynning og réttaráhrif áætlana o.fl.

26. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Um aðgang að upplýsingum og gögnum sem liggja til grundvallar áætlunum samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, og upplýsingalögum, nr. 50/1996.

27. gr.

Opinber kynning.

Umhverfisstofnun skal sjá um að eftirfarandi skjöl séu kynnt opinberlega og óska eftir athugasemdum við þau:

a. áfanga- og verkáætlun vegna vinnu við vatnaáætlun, í síðasta lagi þremur árum áður en ný vatnaáætlun gengur í gildi,
b. bráðabirgðayfirlit um mikilvæg atriði í vatnaáætlun, í síðasta lagi tveimur árum áður en hún gengur í gildi,

c. tillaga að vatnaáætlun, í síðasta lagi einu ári áður en hún gengur í gildi.

Þegar endurskoðun vatnaáætlunar leiðir til breytinga skal um kynningu áætlunarinnar fara skv. c-lið 1. mgr.

Frestur til að gera athugasemdir skal að lágmarki vera sex mánuðir.

Kynna skal skjölin með tryggilegum hætti og vísa á vefsetri Umhverfisstofnunar til allra upplýsinga á aðgengilegum stað.

28. gr.

Réttaráhrif vatnaáætlunar.

Opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga og laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnaáætlun nást ekki skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlots. Viðkomandi leyfisveitandi skal þá endurskoða útgefið leyfi, þegar við á, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.

29. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og að höfðu samráði við vatnaráð og Samband íslenskra sveitarfélaga, að setja í reglugerð nánari ákvæði um eftirtalin atriði:

a. flokkun vatnshlota og eiginleika þeirra, og álagsgreiningu fyrir yfirborðsvatnshlot og grunnvatnshlot,
b. forgangsefni og röðun þeirra á lista eftir hættu, ráðstafanir vegna þeirra, matsaðferð og viðmið við röðun forgangsefna, og kröfur til vottunar og framkvæmd hennar,
c. frekari ákvæði um umhverfismarkmið og tímamörk um hvenær eigi að ná þeim,
d. efni og framkvæmd vöktunaráætlunar,
e. efni vatnaáætlunar og efnahagslega greiningu vegna vatnsnotkunar,
f. efni og framkvæmd aðgerðaáætlunar þar sem tilteknar eru þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, svo og viðmið um hvenær ekki sé heimilt að krefjast viðbótarráðstafana,
g. hlutverk og starfsemi vatnaráðs,
h. skiptingu í vatnasvæði, landfræðilega afmörkun vatnasvæða og samsetningu og hlutverk vatnasvæðisnefnda,
i. hlutverk og starfsemi ráðgjafarnefnda, fulltrúa, fjölgun ráðgjafarnefnda og nánari skiptingu þeirra,
j. opinbera kynningu, samþykkt áætlana og þátttöku hagsmunaaðila í áætlunargerð, þar á meðal félagasamtaka á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar.

30. gr.

Innleiðing tilskipana.

Með þessum lögum eru innleiddar eftirfarandi tilskipanir:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnamálum, sem vísað er til í X. kafla í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 125/2007, frá 28. september 2007.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu, sem vísað er til í II. kafla í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 87/2009, frá 3. júní 2009.
3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfisgæðastaðla á sviði vatnastjórnunar, sem breytir og fellir úr gildi tilskipanir ráðsins 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE, 86/280/EBE og breytir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB.
4. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/90/EB frá 31. júlí 2009 um tæknilegar skilgreiningar á efnagreiningum og vöktun á vatni, með tilvísun til tilskipunar ráðsins 2000/60/EB.

31. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

32. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög nr. 90/2002, um Umhverfisstofnun, með síðari breytingum:* Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að annast verkefni sem stofnuninni eru falin í lögum um stjórn vatnamála.
2. *Lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu:* Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
   a. Við bætist nýr málsliður svohljóðandi: Heimilt er að kveða á um að nýtingarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti.
3. *Lög nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, með síðari breytingum:* Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti.
4. *Raforkulög, nr. 65/2003:* Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breyt-

ingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Umhverfisráðherra skal staðfesta fyrstu vatnaáætlunina skv. 19. gr. eigi síðar en 1. janúar 2018. Tillaga að fyrstu vatnaáætluninni skal kynnt í síðasta lagi einu ári áður en ráðherra staðfestir hana. Um kynningu og réttaráhrif fyrstu vatnaáætlunarinnar fer að öðru leyti skv. 27. og 28. gr.

II.

Fyrsta aðgerðaáætlunin skv. 21. gr. skal liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2018 og koma til framkvæmda 2021.

III.

Fyrsta vöktunaráætlunin skv. 22. gr. skal liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2015 og koma til framkvæmda á sama tíma.

IV.

Fyrsta stöðuskýrsla skv. 23. gr. skal liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2014.

V.

Umhverfisstofnun skal hafa samráð við verkefnisstjórn við gerð verndar- og nýtingaráætlunar samkvæmt lögum um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða, til að tryggja samræmi vatnaáætlunar annars vegar og verndar- og nýtingaráætlunar vegna fallvatna og háhita hins vegar.

Viðauki I.

Yfirlitsmynd yfir landfræðilega afmörkun laganna, sbr. 2. gr.



Viðauki II.

Efni vatnaáætlunar, sbr. 19. gr.

A. Í vatnaáætlun skulu eftirtaldir þættir koma fram:

1. almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins og flokkun vatnshlota, sbr. 19. og 23. gr.; og skal eftirfarandi koma fram:

1.1. þegar um er að ræða yfirborðsvatn:
- kort sem sýnir staðsetningu og mörk vatnshlotanna,
- kort sem sýnir vistsvæði og gerðir yfirborðsvatnshlota innan vatnaumdæmisins,
- bakgrunnsgildi fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota,

1.2. þegar um er að ræða grunnvatn:
- kort sem sýnir staðsetningu og mörk grunnvatnshlotanna,

2. lýsing á álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand yfirborðsvatns og grunnvatns, þ.m.t.:
- mat á mengun frá punktuppsprettum,
- mat á mengun frá dreifðum upptökum, þ.m.t. landnýting,
- mat á álagi á magnstöðu vatns, þ.m.t. vatnstaka,
- greining á öðrum áhrifum á ástand vatns,

3. yfirlit og kort yfir vernduð svæði, sbr. 25. gr.,

4. yfirlit og kort yfir sýnatökustaði sem mynda samanburðarhæft kerfi og sýnir niðurstöður vöktunaráætlana sem framkvæmdar hafa verið og sýna ástand:

4.1. yfirborðsvatns (vistfræðilegt og efnafræðilegt),

4.2. grunnvatns (efnafræðilegt ástand og magnstöðu),

4.3. verndaðra svæða,
5. yfirlit yfir umhverfismarkmið sem komið er á skv. 11., 12., 13., 15. og 16. gr. fyrir yfirborðsvatn, grunnvatn og vernduð svæði, þ.m.t. yfirlit yfir tilvik, þar sem ákvæðum 11., 15., 16., 17. og 18. gr. hefur verið beitt, og aðrar upplýsingar sem krafist er samkvæmt þeim greinum,
6. niðurstöður efnahagslegrar greiningar á vatnsnotkun, sbr. d-lið 2. mgr. 7. gr.,
7. útdráttur úr aðgerðaáætlun, sem samþykkt er skv. 21. gr., þ.m.t. leiðir sem fara skal til að ná markmiðum 11. gr.:
7.1. yfirlit yfir nauðsynlegar aðgerðir,
7.2. skýrsla um þau skref sem stigin eru til að beita meginreglunni um endurheimt kostnaðar vegna vatnsnotkunar,
7.3. yfirlit yfir aðgerðir til að fullnægja kröfum 24. gr.,
7.4. yfirlit yfir eftirlit með vatnstöku og vatnsmiðlun, þ.m.t. tilvísun til skráa og leyfisveitinga samkvæmt öðrum lögum,
7.5. yfirlit yfir eftirlit með losun frá punktuppsprettum mengunar og annarri starfsemi sem hefur áhrif á ástand vatns í samræmi við ákvæði sem sett eru um varnir gegn mengun vatns,
7.6. tilvik þar sem bein losun í grunnvatn hefur verið leyfð í samræmi við ákvæði sem sett eru um varnir gegn mengun grunnvatns.,
7.7. yfirlit yfir aðgerðir til að fullnægja kröfum 14. gr. um forgangsefni,
7.8. yfirlit yfir aðgerðir til að koma í veg fyrir mengunarslys eða draga úr áhrifum þeirra,
7.9. yfirlit yfir aðgerðir skv. 4. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 28. gr. að því er varðar vatnshlot þar sem talið er ólíklegt að markmið sem sett eru í 16. gr. náist,
7.10. upplýsingar um viðbótaraðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar til að settum umhverfismarkmiðum verði náð,
7.11. upplýsingar um aðgerðir til að koma í veg fyrir mengun sjávar,
8. skrá yfir vöktunaráætlun og hvers konar ýtarlegri áætlanir, svo sem skipulagsáætlanir, vegáætlanir, orkuáætlanir, sem eiga við um vatnaumdæmið, einstök vatnasvæði eða geira, auk greinargerðar um inntak þeirra,
9. yfirlit yfir almennar upplýsingar og samráð við almenning, árangur af því starfi og breytingar sem gerðar eru á áætluninni í kjölfarið,
10. yfirlit yfir gögn sem aflað er skv. 8., 9., 10. og 22. gr.

B. Í endurskoðaðri vatnaáætlun skulu auk þess sem fram kemur í A-lið vera:
1. yfirlit yfir breytingar eða uppfærslur frá síðustu áætlun, þ.m.t. yfirlit yfir þær breytingar sem leiðir af 15., 16., 17. og 18. gr., eftir því sem við á,
2. mat á því hvernig miðar að ná umhverfismarkmiðum, þ.m.t. niðurstöður úr vöktun á fyrra áætlunartímabili í formi korts, auk skýringa ef umhverfismarkmið hafa ekki náðst,
3. yfirlit yfir áformaðar aðgerðir í fyrri vatnaáætlun sem ekki var ráðist í og skýringar ef við á,
4. samantekt á hvers konar viðbótaraðgerðum til bráðabirgða sem samþykktar eru skv. 21. gr. eftir auglýsingu fyrri vatnaáætlunarinnar.

1071. Frumvarp til laga [190. mál]

um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna nýrrar stofnunar, Landlæknis – lýðheilsu.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að heilbrigði landsmanna, m.a. með því að efla lýðheilsustarf og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og stuðla að því að lýðheilsustarf og heilbrigðisþjónusta byggist á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

2. gr.

2. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Landlæknir – lýðheilsa.

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Landlæknir – lýðheilsa, undir yfirstjórn velferðarráðherra.

Landlæknir veitir stofnuninni forstöðu. Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn að fengnu mati nefndar skv. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hann skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði, þekkingu á sviði lýðheilsu og víðtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar.

Landlæknir ber ábyrgð á að stofnunin sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Landlæknir ræður starfsfólk stofnunarinnar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður, 1. tölul., sem orðast svo: *Lýðheilsustarf:* Felur í sér að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður þjóðarinnar og þjóðfélagshópa með heilsueflingu, forvörnum og heilbrigðisþjónustu.
b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 2. tölul. kemur: Landlæknis – lýðheilsu.

4. gr.

4. gr. laganna ásamt fyrirsögn flyst í I. kafla laganna og orðast svo:

Meginhlutverk stofnunarinnar.

Hlutverk stofnunarinnar er m.a. eftirfarandi:

a. að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu um málefni á verksviði stofnunarinnar,
b. að annast forvarna- og heilsueflingarverkefni,
c. að efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa og styðja við menntun á sviði lýðheilsu,
d. að vinna að gæðaþróun,
e. að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum,

f. að hafa eftirlit með lyfjaávísunum og fylgjast með og stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna,
g. að veita starfsleyfi til einstaklinga sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða til notkunar starfsheita löggiltra heilbrigðisstétta,
h. að stuðla að því að menntun heilbrigðisstarfsmanna sé í samræmi við kröfur heilbrigðisþjónustunnar á hverjum tíma,
i. að sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu,
j. að bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna, sbr. sóttvarnalög,
k. að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu,
l. að meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera hann saman við sett markmið,
m. að stuðla að rannsóknum á starfssviðum stofnunarinnar,
n. að sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni er falið að sinna samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Ráðherra er heimilt að skilgreina verkefni stofnunarinnar nánar með reglugerð.

Landlækni – lýðheilsu er enn fremur heimilt að gera samninga við háskólastofnanir og aðrar stofnanir um samstarf á sviði rannsókna, kennslu og þjónustu er tengjast verksviði stofnunarinnar.

5. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Markmið, skipun landlæknis, skilgreiningar og hlutverk.**

6. gr.

Á eftir I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Fagráð og lýðheilsusjóður**, með tveimur nýjum greinum sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (4. gr. a.)

Fagráð.

Landlæknir skal setja á fót fagráð á helstu verksviðum stofnunarinnar, þ.m.t. á sviði áfengis- og vímuvarna og tóbaksvarna, sem í eiga sæti sérfróðir aðilar og fulltrúar stofnana og félagasamtaka á viðkomandi sviði. Fagráð skulu vera stofnuninni til ráðgjafar.

Landlæknir setur reglur um skipan fagráða sem ráðherra staðfestir.

b. (4. gr. b.)

Lýðheilsusjóður.

Starfrækja skal lýðheilsusjóð sem hefur það hlutverk að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., bæði innan og utan stofnunarinnar.

Stjórn lýðheilsusjóðs ráðstafar fé úr sjóðnum í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 4. mgr. Stjórn sjóðsins skipa sjö fulltrúar, fjórir tilnefndir af fagráðum, tveir fulltrúar Landlæknis – lýðheilsu og formaður sem skipaður er af ráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Til lýðheilsusjóðs rennur hlutfall af innheimtu áfengisgjaldi í samræmi við ákvæði laga um gjald af áfengi og tóbaki, hlutfall af brúttósölu tóbaks í samræmi við ákvæði laga um tóbaksvarnir og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um ráðstöfun fjár úr lýðheilsusjóði. Í reglugerð skulu sett ákveðin viðmið við úthlutun styrkja til mismunandi málaflokka, svo sem forvarna- og lýðheilsustarfs. Jafnframt skulu sett viðmið vegna ráðstöfunar fjármagns úr sjóðnum til verkefna og reksturs viðkomandi málaflokka innan stofnunarinnar.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Stofnunin getur gefið út faglegar leiðbeiningar til heilbrigðisstarfsmanna, heilbrigðisstofnana og þeirra sem sinna lýðheilsustarfi, þar á meðal leiðbeiningar sem miða að nálgun og lausn vandamála í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma. Leiðbeiningarnar skulu kynntar heilbrigðisstarfsmönnum og þeim sem sinna lýðheilsustarfi og vera aðgengilegar almenningi.
c. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 3. mgr. kemur: Stofnunin.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Landlæknis – lýðheilsu.
b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. málsl. 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 2.–6. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
c. Í stað orðsins „hann“ í 3. málsl. 2. mgr. og 5. mgr. kemur: hún; og í stað orðsins „hans“ í 6. mgr. kemur: hennar.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 2. málsl. 1. mgr. og sama orðs hvarvetna í 1.–3. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
c. Í stað orðsins „hann“ í 2. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. kemur: hún.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. Í stað orðsins „Hann“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: Stofnunin.
c. Í stað orðsins „landlæknis“ í 4. málsl. 1. mgr. og sama orðs hvarvetna í 2., 3., 5., 6. og 7. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
d. Við 2. mgr. bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

   9. Skrá um sykursýki.
   10. Dánarmeinaskrá.
e. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stofnuninni er heimilt að taka til varðveislu gagnasöfn um sjúkdóma sem stofnað var til fyrir setningu tölvulaga. Meðferð upplýsinga úr slíkum gagnasöfnum verði með heimild Persónuverndar og vísindasiðanefndar.
f. 4. mgr. orðast svo:

   Stofnunin er ábyrgðaraðili þeirra skráa sem hún skipuleggur.
g. Í stað orðsins „honum“ í 1. málsl. 5. mgr. og 3. málsl. 6. mgr. kemur: henni; og í stað orðsins „hann“ í 1. og 3. málsl. 6. mgr. kemur: hún.
h. Í stað orðsins „embættisins“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: stofnunarinnar.
i. Í stað orðanna „sjúkratryggingastofnunin og Lýðheilsustöð“ í 4. málsl. 5. mgr. kemur: og sjúkratryggingastofnunin.

11. gr.

Í stað orðanna „landlækni“ og „landlæknis“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: Landlækni – lýðheilsu; og: stofnunarinnar.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „landlækni“ í 1. mgr. kemur: Landlækni – lýðheilsu.
b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. málsl. 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 2.–6. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
c. Í stað orðsins „hann“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: hún.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 2. mgr. kemur: stofnunarinnar; og í stað orðsins „Landlæknir“ í 3. mgr. kemur: Stofnunin.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Landlækni“ og „hans“ í 1. mgr. kemur: Landlækni – lýðheilsu; og: stofnunarinnar.
b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 4. mgr., 1., 4. og 5. málsl. 5. mgr. og 6. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
c. Í stað orðsins „hans“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: hennar.
d. Í stað orðanna „landlækni sjálfum“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: stofnuninni sjálfri.
e. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Kvörtun til Landlæknis – lýðheilsu.*

15. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Eftirlit með heilbrigðisþjónustu.**

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. Í stað orðsins „Landlæknir“ 1. málsl. 2. mgr. kemur: Stofnunin.
c. Í stað orðanna „telji hann“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: telji hún.
d. Í stað orðsins „landlækni“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: stofnuninni.
e. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Eftirlit Landlæknis – lýðheilsu með heilbrigðisstarfsmönnum.*

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „landlæknir var“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa vör.
b. Í stað orðanna „skal hann“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skal stofnunin.
c. Í stað orðsins „landlæknis“ í 2. málsl. 1. mgr. og 3. mgr. kemur: stofnunarinnar; og í stað orðsins „landlæknir“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: stofnunin.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „landlæknis“ og „hann“ í 1. mgr. kemur: Landlæknis – lýðheilsu; og: stofnunin.
b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 3., 5. og 6. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.

19. gr.

Í stað orðsins „landlæknis“ í 16. gr. laganna kemur: Landlæknis – lýðheilsu.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „Landlæknir getur“ í 1. málsl. kemur: Landlæknir – lýðheilsa getur.
b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 2. málsl. kemur: Stofnunin.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. málsl. 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 2. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „landlæknir“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 2. málsl. 1. mgr. og sama orðs hvarvetna í 3.–4. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
c. Í stað orðanna „getur hann“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: getur hún.

23. gr.

Í stað orðanna „Landlæknir getur“ í 20. gr. laganna kemur: Landlæknir – lýðheilsa getur.

24. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Öll störf hjá landlæknisembættinu og Lýðheilsustöð eru lögð niður frá 1. maí 2011. Starfsmönnum landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar skal boðið starf hjá hinni nýju stofnun frá og með sama tíma. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra er heimilt að flytja landlækni, sem skipaður er samkvæmt lögum um landlækni, í embætti forstöðumanns stofnunarinnar, skv. 36. gr. laga nr. 70/1996.

b. (II.)

Landlæknir – lýðheilsa tekur frá 1. maí 2011 annars vegar við eignum landlæknisembættisins og hins vegar við eignum Lýðheilsustöðvar sem og réttindum og skyldum þeirra að því er varðar framkvæmd þeirra laga sem falla undir málefnasvið þeirra á þeim tíma.

25. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um landlækni og lýðheilsu.**

II. KAFLI
Brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð.

26. gr.

Lög nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, falla úr gildi.

III. KAFLI
Gildistaka.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2011.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál I. kafla þeirra inn í lög um landlækni, nr. 41 27. mars 2007, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

IV. KAFLI
Breytingar á öðrum lögum.

28. gr.

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

7. gr. laganna orðast svo:

Af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skal 1% renna í lýðheilsusjóð, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu.

29. gr.

Breyting á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum.

a. Orðin „að höfðu samráði við tóbaksvarnanefnd og“ í 10. mgr. 8. gr. laganna falla brott.
b. Í stað orðsins „tóbaksvarnanefnd“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Landlækni – lýðheilsu.
c. 15. gr. laganna orðast svo:

   A.m.k. 0,9% af brúttósölu tóbaks skal renna í lýðheilsusjóð, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu.

30. gr.

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

1. Í stað orðanna „Embætti landlæknis“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
2. Í stað orðanna „Við embætti landlæknis“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Hjá Landlækni – lýðheilsu.
3. Í stað orðanna „embætti landlæknis“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: Landlækni – lýðheilsu.

31. gr.

Breyting á lögum nr. 61/1998, um dánarvottorð, krufningar o.fl.

a. Í stað orðsins „landlæknir“ í 1. gr. laganna kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
b. 5. og 6. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

   Sýslumaður sendir dánarvottorð svo fljótt sem kostur er til Þjóðskrár Íslands. Jafnskjótt og andlát hefur verið skráð í þjóðskrá, ásamt nauðsynlegum upplýsingum, sendir Þjóðskrá Íslands dánarvottorðið til Landlæknis – lýðheilsu.

   Hagstofa Íslands semur skýrslur um dánarorsakir og andvana fædd börn hér á landi. Landlæknir – lýðheilsa skal afhenda Hagstofunni þau gögn sem hún óskar eftir og nauðsynleg eru í þeim tilgangi.

c. 11. gr. laganna orðast svo:
Fæðist barn andvana skal ekki ritað dánarvottorð, en um það skal tilkynnt til Þjóðskrár Íslands og Landlæknis – lýðheilsu.
d. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: Landlæknis – lýðheilsu.
e. 4. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Hvernig Þjóðskrá Íslands og Landlækni – lýðheilsu verði tilkynnt um andvana fædd börn.

32. gr.
Breyting á lögum nr. 16/2001, um lækningatæki.

a. Í stað orðsins „landlæknir“ í 4. mgr. 1. tölul. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 8. gr., 2. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. laganna og orðsins „landlækni“ í 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. kemur: Lyfjastofnun.
b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. mgr. 9. gr. og 12. gr. laganna og orðsins „hann“ í 1. mgr. 9. gr. kemur: Lyfjastofnunar, og: stofnunin.

1072. Þingsályktun [617. mál]

um kynningarefni um Icesave-samningana fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 1068.

1073. Tillaga til þingsályktunar [618. mál]

um framkvæmdaátak í vegamálum á árunum 2011–2013.

Flm.: Jón Gunnarsson, Bjarni Benediktsson, Ólöf Nordal,
Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson,
Kristján Þór Júlíusson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson,
Sigurður Ingi Jóhannsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efna til framkvæmdaátaks í vegamálum á árunum 2011–2013. Á því tímabili verði 22 milljörðum kr. varið til verkefnisins sem viðbót við þau verkefni sem hafa verið ákveðin með fjárlögum 2011.

Til að fjármagna verkefnið skulu gefin út ríkisskuldabréf sem verði greidd á árunum 2016–2026.

Greinargerð.

Með tillögu þessari til þingsályktunar er lagt til að auknu fjármagni verði varið í vegaframkvæmdir á næstu árum. Nauðsynlegt er að setja aukinn kraft í þær framkvæmdir en

í tillögu þessari er átt við vegaframkvæmdir að jarðgangnagerð undanskilinni. Eðlilegt er að samhliða þessu átaki hefjist framkvæmdir við jarðgangnagerð eins og rætt hefur verið. Fjölmörg verk eru tilbúin til útboðs, mörg þeirra var búið að bjóða út árið 2008 en framkvæmdum var frestað og öðrum sem voru tilbúin til útboðs var slegið á frest.

Þessi samdráttur í framkvæmdum hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir verktakafyrirtæki í jarðvinnu og leitt af sér gjaldþrot fyrirtækja og fjöldauppsagnir starfsfólks. Vegagerðin hefur verulegar áhyggjur af því að þekking og reynsla í greininni muni líða mjög fyrir þann mikla samdrátt sem hefur orðið.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir þau verkefni sem Vegagerðin segir hægt að hefja framkvæmdir við innan einhverra vikna eða mánaða (fjárhæðir í yfirlitinu eru ekki endanlegar). Yfirlitið er grunnur að þeim verkefnum sem líta skal til við ákvörðun á verkefnum sem ráðist verður í á grundvelli þessa framkvæmdaátaks. Sérstaklega þarf einnig að nýta átakið til vegaframkvæmda sem auðvelda aðgengi að vinsælum ferðamannastöðum. Verkefnin sem hægt er að ráðast í með skömmum fyrirvara eru fjölbreytt og á mismunandi stöðum á landinu. Mörg verkefnanna eru brýn en við val á verkefnum og forgangsröðun þeirra á framkvæmdatímanum þarf að líta til eðlilegrar dreifingar milli landshluta. Eðlilegt er við ákvörðun á því átaksverkefni sem hér um ræðir að þau verkefni sem þegar eru á vegáætlun njóti forgangs í framkvæmdaröðun.

Atvinnusköpun af átakinu yrði mikil og má í því sambandi nefna að samkvæmt áætlun Samtaka atvinnulífsins mundu skapast yfir 500 störf við útboð á verkefnum að verðmæti 6 milljarða kr. sem ríkisstjórnin talaði um að bjóða út á fyrri hluta þessa árs. Ljóst má því vera að með slíku átaki sem hér er lagt til að ráðist verði í muni skapast á annað þúsund störf á næstu árum. Nokkur umræða hefur verið um sérstaka fjármögnum vegna einstakra vegaframkvæmda með veggjöldum. Flutningsmenn eru sammála um að ekki verði gengið lengra í skattaálögum til samgöngumála en nú er orðið. Nýleg hækkun eldsneytisgjalds er ofaukin við þær erfiðu aðstæður sem ríkja í samfélaginu. Umræða og vinna við framtíðarskipulag á innheimtu skatta vegna samgöngumála má ekki verða til þess að tefja þær mikilvægu framkvæmdir sem hér er fjallað um. Slík umræða krefst tíma og frekari rannsókna. Þróun í bílaflota landsmanna til umhverfisvænni og eyðsluminni farartækja kallar á slíka úttekt.

Yfirlit Vegagerðarinnar yfir möguleg útboðsverk fyrstu átta mánuði ársins 2011.

Suðursvæði 14.2.2011

Vegnr.	Kafli.	Vegheiti	Kaflaheiti	Lengd km	Kostn.	Aths.
1	d8	Hringvegur	Hamragilsvegur – Hveragerði	15,0	2.000	
26	04	Landvegur	Galtalækur – Landmannaleið	11,8	230	
204	02	Meðallandsvegur	Fossar – Syðri-Fljótar	7,7	110	
218	02	Dyrhólavegur	Dyrhólavegur2 – Dyrhólaey	4,3	70	
264	01	Rangárvallavegur	Akurbrekka – Stokkalækur	1,8	58	
264	02	Rangárvallavegur	Gunnarsholt – Fjallabaksleið	7,5	200	
268	01	Þingskálavegur	Heiði – Bolholtsskógur	7,5	200	
271	01	Árbæjarvegur	Kvistir – Árbakki	3,0	70	
286	01	Hagabraut	Landvegur – Heiðarbraut	4,0	210	
305	02	Villingaholtsvegur	Gaulverjabæjarvegur – Fljótshólar	6,0	140	
304	01	Oddgeirshólavegur	Hringvegur – Oddgeirshólar	4,8	50	
310	01	Votmúlavegur	Jórvík – Nýibær	2,2	120	

Vegnr.	Kafli.	Vegheiti	Kaflaheiti	Lengd km	Kostn.	Aths.
321	01	Skeiðháholtsvegur	Skeiðavegur – Skeiðháholt	1,7	20	
341	01	Langholtsvegur	Flúðir – Langholtskot	3,3	190	
350	01	Grafningsvegur neðri	Hlíð – Grafningsvegur efri	4,3	70	
360	01	Grafningsvegur efri	Sogið – Grafningsvegur neðri	1,3	45	
366	01	Böðmóðsstaðavegur	Laugarvatnsvegur – Böðmóðs-staðir	2,3	40	
F26	11	Sprengisandsleið	Vatnsfellsvirkjun	3,5	42	
			Samtals		**3.865**	

Suðvestursvæði

Vegnr.	Kafli	Vegheiti	Kaflaheiti	Lengd km	Kostn.	Aths.
1	e3	Hringvegur	Bæjarháls – Nesbraut	1,3	250	
40	03-04	Hafnarfjarðarvegur	Gatnamót við Vífilsstaðaveg		400	
		Hafnarfjarðarvegur	Ýmsar aðgerðir, bætt um-ferðarflæði		200	
41	14-15	Reykjanesbraut	Kaldárselsvegur – Krýsuvíkur-vegur	2,9	2.600	
	15		Undirgöng við Straumsvík		140	
	21		Undirgöng við Grænás		100	
48	02-11	Kjósarskarðsvegur	Vindás – Þingvallavegur	10,0	400	
411	05	Arnarnesvegur	Reykjanesbraut – Fífuhvamms-vegur	1,8	1.100	
413	01	Breiðholtsbraut	Göngubrú við Norðlingaholt		100	
415	04	Álftanesvegur	Hafnarfjarðarv. – Bessastaðav.	4,0	800	
			Samtals		**6.090**	

Norðvesturvæði

Vegnr.	Kafli	Vegheiti	Kaflaheiti	Lengd km	Kostn.	Aths.
1	g5	Hringvegur	Um Borgarfjarðarbrú	2,3	60	
1	m5		Vatnshlíð – Valadalsá	1,5	110	
50	04	Borgarfjarðarbraut	Reykjadalsá	1,7	280	
54	05	Snæfellsnesvegur	Haffjarðará	1,0	344	
60	33	Vestfjarðavegur	Eiði – Þverá		3.000	
61	38	Djúpvegur	Súðavíkurhlíð		50	Snjóflóð
62	03	Barðastrandarvegur	Hrísnesá		20	Ræsi í stað brúar
68	10	Innstrandavegur	Þorpar – Hvalvík	3,4	210	
505	01	Melasveitarvegur	Hringvegur – Bakkanáma	1,5	36	
508	02	Skorradalsvegur	Hvammur – Dagverðarnes	2,6	150	
509	02	Akranesvegur	Undirgöng hjólandi og reiðmenn		35	Öryggis-aðgerð
522	03	Þverárhlíðarvegur	Hjarðarholt – Borgarfjarðarbraut	3,6	107	
550	04	Kaldadalsvegur	Langjökulsvegur – Hálsasveitar-vegur	7,3	Óvíst	
643	02	Strandavegur	Djúpvegur – Geirmundar-staðarvegur		457	

Vegnr.	Kafli.	Vegheiti	Kaflaheiti	Lengd km	Kostn.	Aths.
704	01	Miðfjarðarvegur	Hringvegur – Staðarbakki	4,5	150	
724	01	Reykjabraut	Hringvegur – Svínvetningabraut	7,2	164	
746	01	Tindastólsvegur	Þverárfjallsvegur – skíðasvæði	4,0	85	
752	03	Skagafjarðarvegur	Hafgrímsstaðir – Stekkjarholt		165	
5750	01	Kvíabryggjuvegur	Snæfellsnessvegur – Kvíabryggja	2,26	35	Héraðs-vegur
			Samtals		**5.458**	

Norðaustursvæði

Vegnr.	Kafli	Vegheiti	Kaflaheiti	Lengd km	Kostn.	Aths.
1		Hringvegur	Vaðlaheiðargöng		10.700	
	r5		Um Jökulsá á Fjöllum	2,6	950	
	s6		Ysta Rjúkandi (brú)	1,0	180	
	t7		Vatnsdalsá – Axarvegur	6,0	330	
	u4		Berufjarðarbotn (þverun)	4,6	770	
82	05	Ólafsfjarðarvegur	Snjóflóðavörn við Sauðanes 1. áfangi		50	
87	02	Kísilvegur	Frá slitlagsenda til norðurs	3,1	120	
92	09	Norðfjarðarvegur	Norðfjarðargöng		10.500	
96	01	Suðurfjarðavegur	Fáskrúðsfjarðarbotn	2,5	350	
807	01	Skíðadalsvegur	Skáldalækur – Brautarhóll	3,6	145	
	01		Hofsá – Ytra Hvarf	3,4	120	
815	01	Hörgárdalsvegur	Skriða – Brakandi	4,0	200	
816		Dagverðareyrarvegur	Helluland – Gásir	1,2	25	
826	01	Hólavegur	Gnúpufell – Arnarfell	4,7	110	
842	01	Bárðardalsv. vestri	Hringvegur – Hlíðarendi	10,8	240	
854	01	Staðarbraut	Aðaldalsvegur – Laxá	4,5	120	
862		Dettifossvegur	Dettifoss – Norðausturvegur	30,0	1.700	
917		Hlíðarvegur	Fossvellir – Hallgeirsstaðir	8,0	250	
923		Jökuldalsvegur	Gilsá – Arnórsstaðir	3,4	120	
			Samtals		**26.980**	
			Samtals allt landið		**42.393**	

1074. Svar [473. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um nefskatt og RÚV.

1. Hversu mikið hafa einstaklingar og fyrirtæki greitt árlega í nefskatt vegna RÚV, frá því að gjaldið var tekið upp?

Í meðfylgjandi töflu má sjá innheimtar tekjur af útvarpsgjaldi árin 2009 og 2010 skipt niður á einstaklinga og lögaðila.

	2009	2010*
	m.kr	m.kr
Einstaklingar	2.809	3.005
Lögaðilar	334	424
Samtals	3.143	3.429

* Bráðabirgðatölur

2. Hversu há hafa framlög úr ríkissjóði til RÚV verið á sama tíma?

Framlag til Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) úr ríkissjóði var 3.575 millj. kr. árið 2009 samkvæmt ríkisreikningi. Þess ber að geta að á árinu 2009 var eigið fé stofnunarinnar uppurið. Ríkissjóður afskrifaði þá og færði til gjalda 563 millj. kr. af eignarhlut sínum og fékk RÚV eiginfjárframlag sem nam afskriftinni. Framlög til RÚV voru því samtals 4.138 millj. kr. á árinu 2009. Samkvæmt bráðabirgðatölum var framlag ársins 2010 3.158 millj. kr.

3. Hvað er gert við mismuninn af nefskattinum og beinum framlögum úr ríkissjóði til RÚV, ef einhver er?

Í ársbyrjun 2009 var útvarpsgjaldið tekið upp. Það er almennur skattur og rennur því beint í ríkissjóð. Útvarpsgjaldið er ekki markað RÚV eins og afnotagjaldið var. RÚV fær framlög úr ríkissjóði sem ákveðið er í fjárlögum og er ekki bein tenging á milli þess og tekna af útvarpsgjaldi.

4. Hve margir hafa starfað hjá RÚV árin 2000–2011?

Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda greiddra ársverka hjá RÚV árin 2000–2010. Þar sem tölurnar miðast við ársverk þá liggja ekki fyrir upplýsingar um árið 2011 en fjöldi starfandi hjá RÚV í janúar í ár voru 284. Fjölgun ársverka árið 2006 er vegna þess að verktakar, sem starfað höfðu fyrir RÚV, voru ráðnir sem starfsmenn en fjölgun greiddra ársverka árið 2007 er vegna biðlaunaréttar sem varð virkur þegar RÚV breyttist í opinbert hlutafélag.

	Greidd ársverk*
2000	348
2001	328
2002	304
2003	310
2004	311

	Greidd ársverk*
2005	308
2006	330
2007	353
2008	345
2009	306
2010	297

* Upplýsingar vegna áranna 2000–2007 eru fengnar úr launavinnslukerfi Fjársýslu ríkisins og miðast við greidd ársverk í dagvinnu. Upplýsingar vegna áranna 2008–2010 eru fengnar frá RÚV og miðast einnig við greidd ársverk í dagvinnu.

1075. Fyrirspurn [619. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um skuldamál lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvað er áætlað að mörg fyrirtæki muni fara á svokallaða „beina braut“ sem er samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja til þess að flýta fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra?
2. Hversu mörg fyrirtæki eru nú til meðferðar á grundvelli „beinu brautarinnar“ hjá einstökum bankastofnunum?
3. Hvað líður úrvinnslu skuldamála þessara fyrirtækja og hvenær má ætla að afgreiðslu mála þeirra verði lokið í bönkum og fjármálastofnunum?
4. Verður viðlíka úrræðum beitt gagnvart fyrirtækjum sem skulda meira en 1 milljarð króna?

1076. Svar [441. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um boðunarkerfi fyrir ferðamenn á hættuslóðum.

Innanríkisráðuneytið leitaði umsagnar hjá Neyðarlínunni, Póst- og fjarskiptastofnun og embætti ríkislögreglustjóra vegna fyrirspurnarinnar.

1. *Stendur til að kaupa boðunarkerfi í tengslum við almannavarnir sem er þeim eiginleikum gætt að senda má neyðarboð með sms-smáskilaboðum í gms-síma allra ferðamanna, jafnt íslenskra sem erlendra, sem eru þar staddir sem náttúruhamfarir geisa eða eru yfirvofandi, með beiðni um að allir yfirgefi hættuslóðirnar hið fyrsta?*

Undanfarin ár hafa Neyðarlínan og farsímafélögin leitað lausna til að senda sms-boð til farsímanotenda á afmörkuðum þjónustusvæðum farsímakerfanna. Þessi lausn liggur nú fyrir en misjafnt er hvað þarf að bæta við af búnaði og virkni í kerfum þannig að hægt sé að vinna upplýsingar um farsímanúmer notenda á skilgreindum svæðum. Vinna stendur yfir hjá farsímafélögunum við að taka saman þessar upplýsingar. Þessu til viðbótar þarf að skilgreina samskipti á milli farsímakerfa og kerfa Neyðarlínu, en þar eru svæði afmörkuð og þaðan eru SMS boðanir sendar út. Kostnaðaráætlun vegna þessarar lausnar mun liggja fyrir í næsta mánuði.

2. *Ef svo er, hvenær má áætla að hægt sé að taka búnaðinn í notkun hér á landi?*

Unnið er að gerð kostnaðar- og tímaáætlunar vegna framangreinds verkefnis. Vonast er til að hægt verði að gangsetja kerfið á næstu mánuðum ef ekkert óvænt kemur til.

3. *Eru til upplýsingar um hvað slíkur búnaður kostar?*

Gert er ráð fyrir að kostnaður Neyðarlínunnar verði um 20 millj. kr. Ekki er vitað um þann kostnað sem farsímafélögin bera vegna verkefnisins.

4. *Er búnaðurinn þess eðlis að hægt sé að senda sms-smáskilaboð á mismunandi tungumálum eftir því frá hvaða landi eigandi símans er?*

Já, það er hægt.

5. *Er slíkur búnaður nýttur í nágrannalöndum okkar, svo sem í Noregi?*

Af nágrannalöndunum er Holland komið lengst í uppsetningu slíkra viðvörunarkerfa. Þar eru notuð svokölluð „Cell-broadcast“ tækni sem er annars eðlis en sms-tæknin. Staðbundið sms-aðvörunarkerfi hefur verið sett upp í Noregi. Önnur lönd eru með ýmsar lausnir í skoðun.

1077. Svar [565. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um framsal einstaklinga til annarra ríkja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir einstaklingar hafa verið framseldir (afhentir) til annarra ríkja á grundvelli alþjóðasamninga sl. fimm ár? Hversu mörgum slíkum beiðnum hefur verið hafnað á sama tímabili?*
2. *Hversu margar framsalsbeiðnir hefur íslenska ríkið sett fram sl. fimm ár? Hversu mörgum af þeim hefur verið hafnað?*

Svar óskast sundurliðað eftir árum og einnig eftir ríkisfangi einstaklinganna sem beiðnirnir snúast um.

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum.

Framsalsbeiðnir frá erlendum ríkjum.

	Beiðnir	Framsal	Hafnað	Afturköllun	Farin(n) úr landi	Ólokið
2010						
Á grundvelli alþjóðasamnings						
Pólland	8	3		3	1	1
Litháen	1					1
Lettland	1					1
Samtals	**10**	**3**		**3**	**1**	**3**
2009						
Á grundvelli alþjóðasamnings						
Pólland	8	6	1			1
Litháen	2	1				1
Þýskaland	1	1				
Án samnings						
Brasilía	1	1				
Alþjóðaglæpadómstóllinn	1					1
Samtals	**13**	**9**	**1**			**3**
2008						
Á grundvelli alþjóðasamnings						
Pólland	11	8	2		1	
Frakkland	1	1				
Samtals	**12**	**9**	**2**		**1**	
2007						
Á grundvelli alþjóðasamnings						
Pólland	3	1	1	1		
Litháen	1	1				
Samtals	**4**	**2**	**1**	**1**		
2006						
Á grundvelli alþjóðasamnings						
Pólland	3		1	1	1	
Samtals	**3**		**1**	**1**	**1**	

Framsalsbeiðnir til erlendra ríkja.

	Beiðnir	Framsal	Hafnað	Afturköllun	Farin(n) úr landi	Ólokið
2010						
Á grundvelli alþjóðasamnings						
Bretland	2			1		1
Kýpur	1					1
Á grundvelli tvíhliða samninga						
Bandaríkin	1					1
Án samnings						
Sameinuðu furstadæmin	1			1		
Venesúela	1	1				
Samtals	**6**	**1**		**2**		**3**
2009						
Á grundvelli alþjóðasamnings						
Pólland	1		1			
Þýskaland	1	1				
Litháen	1					1
Samtals	**3**	**1**	**1**			**1**
2008						
Á grundvelli alþjóðasamnings						
Spánn	1			1		
Bretland	1	1				
Búlgaría	1	1				
Á grundvelli tvíhliða samnings						
Bandaríkin	1					1
Samtals	**4**	**2**		**1**		**1**
2007						
Á grundvelli alþjóðasamnings						

	Beiðnir	Framsal	Hafnað	Afturköllun	Farin(n) úr landi	Ólokið
Pólland	2		2			
Holland	1			1		
Án samnings						
Jamaíka	1			1		
Samtals	**4**		**2**	**2**		
2006						
Á grundvelli alþjóðasamnings						
Danmörk	1	1				
Samtals	**1**	**1**				

1078. Tillaga til þingsályktunar [620. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2009, frá 4. desember 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2009, frá 4. desember 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni.

Markmið tilskipunar 2001/81/EB er að vernda umhverfið og heilsu manna gegn skaðlegum áhrifum súrrar ákomu, ofauðgunar jarðvegs og áhrifum ósons við yfirborð jarðar. Auk þess er gerðinni ætlað að vinna að því langtímamarkmiði að halda loftmengun innan marka sem nauðsynleg eru til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á lífríkið og heilsu manna og að vernda fólk gegn heilsufarsvandamálum sem stafa af loftmengun.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni.

Markmið tilskipunar 2001/81/EB er eins og áður segir að vernda umhverfið og heilsu manna gegn skaðlegum áhrifum súrrar ákomu, ofauðgunar jarðvegs og áhrifum ósons við yfirborð jarðar. Auk þess er gerðinni ætlað að vinna að því langtímamarkmiði að halda loftmengun innan marka sem nauðsynleg eru til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á lífríkið og heilsu manna og að vernda fólk gegn heilsufarsvandamálum sem stafa af loftmengun.

Þau efni sem falla undir gildissvið tilskipunarinnar eru brennisteinsdíoxíð (SO2), köfnunarefnisoxíð (NOx), rokgjörn lífræn efnasambönd (VOC) og ammoníak (NH3). Gildissvið tilskipunarinnar nær til losunar þessara efna af manna völdum frá uppsprettum á landi viðkomandi ríkja og innan efnahagslögsögu þeirra. Þó er undanþegin gildissviði tilskipunarinnar losun frá alþjóðlegum siglingum og losun frá loftförum að frátalinni losun sem tilheyrir lendingu og flugtaki.

Stefnt var að því að ná tilteknum skammtímamarkmiðum fyrir árið 2010. Skammtímamarkmiðin fela m.a. í sér að þeim svæðum þar sem mengun er yfir skaðlegum mörkum fækki um tiltekið hlutfall miðað við árið 1990. Til að þessum markmiðum yrði náð var hverju aðildarríki bandalagsins gert skylt að takmarka losun ákveðinna mengandi efna fyrir árið 2010 við tiltekin losunarmörk, eða svokallað þak, sem ákveðið er fyrir hvert ríki um sig í viðauka l við tilskipunina. Aðildarríkjum ber einnig að tryggja að losun haldist undir mörkunum í viðauka I á hverju ári eftir 2010.

Aðildarríkjum ber að útbúa aðgerðaáætlun þar sem fram kemur hvernig þau hyggjast draga úr losun þannig að samræmist losunarmörkunum í viðauka I. Afhenda skal framkvæmdastjórninni aðgerðaáætlunina auk þess sem hún skal send viðeigandi stofnunum og gerð aðgengileg almenningi.

Aðildarríki skulu koma á fót og uppfæra árlega losunarbókhald fyrir efnin sem tilskipunin gildir um, auk þess að gefa út losunarspá. Losunarbókhaldið og losunarspáin skulu afhent framkvæmdastjórninni árlega.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Vegna langtímamarkmiðs tilskipunarinnar og væntanlegrar endurskoðunar hennar mun Ísland á næstu árum þurfa að takmarka losun þeirra efna sem falla undir tilskipunina. Á það einkum við um brennisteinsdíoxíð, en losun þess hefur aukist verulega á síðustu árum, einkum vegna jarðhitavirkjana. Einnig þarf að gera breytingar á reglum sem varða upplýsingaskyldu fyrirtækja til að unnt sé að halda fullnægjandi losunarbókhald í samræmi við kröfur tilskipunarinnar. Umhverfisráðherra hyggst leggja fram lagafrumvarp á löggjafarþinginu 2011–2012 til innleiðingar á ákvæðum tilskipunarinnar. Hvorki er gert ráð fyrir að lagabreytingar muni hafa í för með sér umtalsverðan kostnað né hafa stjórnsýslulegar afleiðingar hér á landi. Þann kostnað sem til mun falla leiðir einkum af því að vinna þarf aðgerðaáætlun, losunarbókhald og losunarspá en auk vinnu við gerð þeirra mun einhver stofnkostnaður vera því samfara. Að auki er hugsanlegt að einhver kostnaður falli á atvinnulífið ef þörf verður á að gera auknar kröfur vegna losunar þeirra efna sem falla undir tilskipunina, til að mynda ef fyrirtæki þurfa að koma sér upp mengunarvarnarbúnaði.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 149/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndar-innar nr. 101/2009 frá 25. september 2009 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni ([2]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

([1]) Stjtíð. ESB L 304, 19.11.2009, bls. 18, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 61, 19.11.2009, bls. 13.
([2]) Stjtíð. EB L 309, 27.11.2001, bls. 22.

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við í lið 21aqc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007) í XX. viðauka við samninginn:

„21ar. **32001 L 0081**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni (Stjtíð. EB L 309, 27.11.2001, bls. 22) eins og henni var breytt með:

– **1 03 T**: Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eist-lands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýð-veldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins, samþykkt 16. apríl 2003 (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),
– **32006 L 0105**: Tilskipun ráðsins 2006/105/EB frá 20. nóvember 2006 (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 368).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. gr.:

„f) losun á Svalbarða, að því er varðar Noreg.“

b) Með tilliti til skuldbindinganna, sem mælt er fyrir um í 4. gr., bætist við I. viðauka eftirtalin landsbundin efri mörk losunar sem skylt er að virða frá árinu 2010.

Land	SO_2 kílótonn	NO_x kílótonn	Rokefni kílótonn	NH_3 kílótonn
Ísland	90	27	31	8
Liechtenstein	0,11	0,37	0,86	0,15
Noregur	22	156	195	23

c) 1. mgr. 6. gr. hljóði svo:

„EFTA-ríkin skulu eigi síðar en 1. mars 2010 koma sér upp áætlunum um hvernig draga megi úr losun mengunarefnanna, sem um getur í 4. gr., með það að markmiði að koma henni niður fyrir landsbundin efri mörk losunar, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, eða strangari mörk eigi síðar en árið 2010.“

d) Ákvæði 3. mgr. 6. gr. gilda ekki.

e) Eftirfarandi málsliður bætist við í fyrstu undirgrein 2. mgr. 8. gr.:

„Að því er varðar EFTA-ríkin skulu þau veita Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar, í samræmi við ákvæði stafliðar a) í 4. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn, um áætlanir sem þau koma sér upp í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 6. gr., eigi síðar en 31. mars 2010.“

f) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 3. mgr. 8. gr.:

„Þegar framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skiptast á upplýsingum um áætlanir einstakra landa, sem berast frá aðildarríkjum Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjunum hins vegar, í samræmi við ákvæði stafliðar d) í 4. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn, skal framkvæmdastjórnin framsenda aðildarríkjum Evrópusambandsins upplýsingar, sem berast frá Eftirlitsstofnun EFTA, og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda EFTA-ríkjunum upplýsingar, sem berast frá framkvæmdastjórninni, eigi síðar en einum mánuði eftir að þær berast.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2001/81/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/81/EB

frá 23. október 2001

um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 2. ágúst 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Almenn stefna og almennar aðferðir í fimmtu aðgerðaáætlun á sviði umhverfismála voru samþykktar með ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna 1. febrúar 1993, sem tekin var saman á fundi þeirra á vegum ráðsins, um stefnu- og aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar ([5]) og er markmið hennar að ekki sé farið yfir markálag og markstyrk fyrir súrnun í Bandalaginu. Samkvæmt áætluninni skal öllu fólki veitt haldgóð vernd gegn heilbrigðisáhættu af völdum loftmengunar og skulu leyfð mengunarmörk ákvörðuð með hliðsjón af umhverfisvernd. Samkvæmt áætluninni skulu leiðbeinandi gildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar verða lögboðin innan Bandalagsins.

2) Aðildarríkin hafa undirritað Gautaborgarbókunina frá 1. desember 1999 við samning efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um mengun sem berst langar leiðir yfir landamæri í því skyni að draga úr súrnun og ofauðgun og ósoni við yfirborð jarðar.

3) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2179/98/EB frá 24. september 1998 um endurskoðun á stefnu- og framkvæmdaáætlun Bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun „Fram til sjálfbæris“ ([6]) er tiltekið að leggja skuli áherslu á að útfæra og hrinda í framkvæmd áætlun þar sem markmiðið er að tryggja að ekki sé farið yfir markálag að því er varðar váhrif af völdum sýrandi efna, ofauðgandi efna og ljósefnafræðilegra loftmengunarefna.

4) Í tilskipun ráðsins 92/72/EBE frá 21. september 1992 um loftmengun af ósoni ([7]) er þess krafist að framkvæmdastjórnin leggi fyrir ráðið skýrslu um mat á ljósefnafræðilegri loftmengun í Bandalaginu, ásamt þeim tillögum sem framkvæmdastjórnin telur skipta máli um eftirlit með loftmengun vegna ósons við yfirborð jarðar og, ef nauðsyn þykir, um að draga úr losun forefna ósons.

5) Á stórum svæðum í Bandalaginu gætir ákomu sýrandi og ofauðgandi efna í styrk sem hefur skaðleg áhrif á umhverfið. Í öllum aðildarríkjunum er farið verulega yfir leiðbeinandi gildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir ljósefnafræðilega mengun að því er varðar heilsu- og gróðurvernd.

6) Því skal smám saman komið í veg fyrir að farið sé yfir markálag og virða leiðbeinandi gildi.

7) Eins og sakir standa er ekki tæknilega mögulegt að uppfylla langtímamarkmið um að koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum súrnunar og draga úr váhrifum á menn og umhverfi vegna ósons við yfirborð jarðar þannig að leiðbein-

([1]) Stjtíð. EB C 56 E, 29.2.2000, bls. 34.
([2]) Stjtíð. EB C 51, 23.2.2000, bls. 11.
([3]) Stjtíð. EB C 317, 6.11.2000, bls. 35.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 15. mars 2000 (Stjtíð. EB C 377, 29.12.2000, bls. 159), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. nóvember 2000 (Stjtíð. EB C 375, 28.12.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. mars 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 20. september 2001 og ákvörðun ráðsins frá 27. september 2001.
([5]) Stjtíð. EB C 138, 17.5.1993, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 275, 10.10.1998, bls. 1
([7]) Stjtíð. EB L 297, 13.10.1992, bls. 1.

andi gildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar séu virt. Því er nauðsynlegt að setja bráðabirgðaumhverfismarkmið fyrir súrnun og mengun af völdum ósons við yfirborð jarðar sem nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr slíkri mengun skulu byggjast á.

8) Bráðabirgðaumhverfismarkmið og ráðstafanir til að uppfylla þau skulu taka mið af því hvort þau séu framkvæmanleg í tæknilegu tilliti og af tengdum kostnaði og ávinningi. Slíkar ráðstafanir skulu tryggja að allar aðgerðir, sem gripið er til, séu kostnaðarhagkvæmar fyrir allt Bandalagið og skulu þær taka mið af nauðsyn þess að koma í veg fyrir óhóflegan kostnað fyrir einstök aðildarríki.

9) Mengun yfir landamæri veldur súrnun, ofauðgun jarðvegs og myndun ósons við yfirborð jarðar og úrbætur krefjast samræmdra aðgerða Bandalagsins.

10) Með því að draga úr losun mengunarefna sem valda súrnun og váhrifum af völdum ósons við yfirborð jarðar verður einnig dregið úr ofauðgun jarðvegs.

11) Það er kostnaðarhagkvæm leið til að uppfylla bráðabirgðaumhverfismarkmið að setja efri mörk í hverju aðildarríki um sig fyrir losun brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíðs, rokgjarnra, lífrænna efnasambanda og ammoníaks. Slík efri mörk losunar veita Bandalaginu og aðildarríkjunum sveigjanleika til að ákvarða hvernig megi virða þau.

12) Aðildarríkin skulu bera ábyrgð á framkvæmdarráðstöfunum til að fara að landsbundnum, efri mörkum losunar. Nauðsynlegt verður að meta hversu miðar í því að virða efri mörk losunar. Því skal semja landsáætlanir varðandi það að draga úr losun og leggja þær fyrir framkvæmdastjórnina með upplýsingum um þær ráðstafanir sem hafa verið samþykktar eða eru fyrirhugaðar í því skyni að fara að efri mörkum losunar.

13) Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans, og einkum með tilliti til varúðarreglunnar geta aðildarríkin ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að takmarka losun sýrandi og ofauðgandi mengunarefna og forefna ósons, vegna þess að mengunin berst yfir landamæri, og þar eð þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins verður ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

14) Það hversu vel aðildarríkjunum miðar að virða efri mörk losunar skal metið innan ákveðinna tímamarka og endurmeta skal hversu líklegt sé að bráðabirgðaumhverfismarkmið náist fyrir allt Bandalagið ef efri mörkin eru virt. Við slíka endurskoðun skal einnig taka mið af framförum í vísindum og tækni, þróun löggjafar Bandalagsins og skerðingu á losun utan Bandalagsins, einkum með hliðsjón af framförum í umsóknarlöndunum. Í endurskoðuninni skal framkvæmdastjórnin skoða frekar kostnað vegna efri marka losunar og ávinning af þeim, þ.m.t. kostnaðarhagkvæmni, jaðarkostnaður og ávinningur, félagsleg og hagræn áhrif og hugsanleg áhrif á samkeppnishæfni. Í endurskoðuninni skal einnig taka tillit til takmarkaðs gildissviðs þessarar tilskipunar.

15) Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin taka saman skýrslu og senda hana Evrópuþinginu og ráðinu og leggja til, ef hún telur það nauðsynlegt, viðeigandi breytingar á þessari tilskipun með tilliti til áhrifa af viðkomandi löggjöf Bandalagsins, m.a. að því er varðar ákvörðun viðmiðunarmarka fyrir losun og vörustaðla fyrir þau upptök losunar sem skipta máli og alþjóðlegar reglugerðir um losun frá skipum og loftförum.

16) Sjóflutningar eiga stóran þátt í losun brennisteinsdíoxíðs og köfnunarefnisoxíðs sem og styrk og ákomu loftmengunarefna í Bandalaginu. Því ber að draga úr slíkri losun. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. tilskipunar ráðsins 1999/32/EB frá 26. apríl 1999 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis og breytingu á tilskipun 93/12/EBE ([1]) er framkvæmdastjórninni skylt að vega og meta hvaða ráðstafanir væri unnt að gera til að draga úr þætti brennslu skipaeldsneytis í súrnun, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 3. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar.

17) Aðildarríkin skulu því leitast við að fullgilda VI. viðauka við alþjóðasamninginn um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL) eins fljótt og auðið er.

18) Þar eð mengun af völdum súrnunar og ósons er þess eðlis að hún berst yfir landamæri skal framkvæmdastjórnin halda áfram að kanna nánar nauðsyn þess að þróa samræmdar ráðstafanir Bandalagsins, með fyrirvara um 18 gr. tilskipunar ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit

---

([1]) Stjtíð. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13.

með mengun ([1]), með það að markmiði að koma í veg fyrir röskun á samkeppni og taka tillit til jafnvægisins milli ávinnings og kostnaðar af aðgerðum.

19) Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins um losun þessara mengunarefna frá tilteknum upptökum og með fyrirvara um ákvæði tilskipunar ráðsins 96/61/EB að því er varðar viðmiðunarmörk fyrir losun og notkun bestu, fáanlegu tækni.

20) Skrár um losun eru nauðsynlegar til að vakta það hversu miðar að virða efri mörk losunar og skulu þær reiknaðar í samræmi við aðferðir, sem eru samþykktar á alþjóðavettvangi, og lagðar reglulega fyrir framkvæmdastjórnina og Umhverfisstofnun Evrópu.

21) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar tilskipunar og tryggja að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

22) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([2]).

23) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu vinna saman á alþjóðavettvangi til að ná markmiðum þessarar tilskipunar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er að takmarka losun sýrandi og ofauðgandi mengunarefna og forefna ósons í því skyni að efla umhverfis- og heilsuvernd í Bandalaginu að því er varðar áhættu í tengslum við skaðleg áhrif vegna súrnunar, ofauðgunar jarðvegs og ósons við yfirborð jarðar ásamt því að nálgast þau langtímamarkmið að fara ekki yfir markstyrk og -álag og stuðla að haldgóðri vernd alls fólks gegn viðurkenndum heilbrigðisáhættum vegna loftmengunar með því að koma á landsbundnum, efri mörkum losunar, þar sem 2010 og 2020 eru viðmiðunarár, og með reglulegri endurskoðun eins og sett er fram í 4. og 10. gr.

2. gr.

Gildissvið

Þessi tilskipun tekur til losunar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna og sérefnahagslögsögu þeirra frá öllum upptökum mengunarefnanna, sem um getur í 4. gr., sem stafa af starfsemi manna.

Hún tekur ekki til:

a) losunar frá alþjóðlegri hafskipaumferð,

b) losunar frá loftförum nema í lendingar- og flugtakslotu,

c) að því er varðar Spán: losunar á Kanaríeyjum,

d) að því er varðar Frakkland: losunar í umdæmunum handan hafsins,

e) að því er varðar Portúgal: losunar á Madeira og Asóreyjum.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „AOT 40“: summa mismunarins milli klukkustundarstyrks ósons við yfirborð jarðar sem er yfir 80 µg/m³ (= 40 milljarðshlutar) og 80 µg/m³ að degi til, uppsafnað á tímabilinu maí til júlí á ári hverju,

b) „AOT 60“: summa mismunarins milli klukkustundarstyrks ósons við yfirborð jarðar sem er yfir 120 µg/m³ (= 60 milljarðshlutar) og 120 µg/m³, uppsafnað á einu ári,

c) „markálag (e. critical load)“: megindlegt mat á váhrifum eins eða fleiri mengunarefna en samkvæmt núverandi þekkingu gætir ekki verulega skaðlegra áhrifa á viðkvæma umhverfisþætti undir matsgildunum,

d) „markstyrkur (e. critical level)“: styrkur mengunarefna í andrúmsloftinu en samkvæmt núverandi þekkingu gæti það valdið beinum, skaðlegum áhrifum á viðtaka, s.s. menn, plöntur, vistkerfi eða efni, ef farið er yfir þann styrk,

e) „losun“: slepping efnis frá stökum eða dreifðum upptökum út í andrúmsloftið,

f) „möskvi“: ferningur, 150 km × 150 km, sem er upplausnin sem er notuð við kortlagningu markálags í Evrópu og einnig við vöktun losunar og ákomu loftmengunarefna samkvæmt samstarfsáætlun um vöktun og mat á loftmeng-

([1]) Stjtíð. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26.
([2]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

unarefnum sem berast langar leiðir í Evrópu (EMEP),

g) „lendingar- og flugtakslota“: lota sem felur í sér eftirfarandi tímalengd í hverjum starfrænsluham: aðflug 4,0 mínútur, akstur/lausagangur á jörðu niðri 26,0 mínútur, flugtak 0,7 mínútur, klifur 2,2 mínútur,

h) „landsbundin efri mörk losunar“: hámarksmagn efnis í kílótonnum sem aðildarríki má losa á einu almanaksári,

i) „köfnunarefnisoxíð“ og „NOx“: köfnunarefnismónoxíð og köfnunarefnisdíoxíð, gefið upp sem köfnunarefnisdíoxíð,

j) „óson við yfirborð jarðar“: óson í neðsta hluta veðrahvolfsins,

k) „rokgjörn, lífræn efnasambönd“: öll lífræn efnasambönd sem eru af völdum starfsemi manna, önnur en metan, og geta getið af sér ljósoxandi efni við efnahvörf með köfnunarefnisoxíðum fyrir tilstilli sólarljóss.

4. gr.

Landsbundin efri mörk losunar

1. Eigi síðar en 2010 skulu aðildarríkin takmarka árlega, landsbundna losun mengunarefnanna brennisteinsdíoxíðs (SO2), köfnunarefnisoxíða (NOx), rokgjarnra, lífrænna efnasambanda og ammoníaks (NH3) við magn sem fer ekki yfir efri mörkin, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, með tilliti til hugsanlegra breytinga sem ráðstafanir Bandalagsins fela í sér og eru samþykktar í kjölfar skýrslnanna sem um getur í 9. gr.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki sé farið yfir þau efri mörk losunar, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, á neinu ári eftir 2010.

5. gr.

Bráðabirgðaumhverfismarkmið

Markmiðin með landsbundnu, efri mörkunum í I. viðauka skulu í aðalatriðum vera þau að uppfylla eftirfarandi bráðabirgðaumhverfismarkmið fyrir allt Bandalagið fyrir 2010:

a) *Súrnun*

Svæðin, þar sem farið er yfir markálag, skulu minnkuð um a.m.k. 50% (í hverjum möskva) miðað við stöðuna 1990.

b) *Váhrif á heilbrigði af völdum ósons við yfirborð jarðar*

Minnka skal álag af völdum ósons við yfirborð jarðar, sem er yfir markstyrk fyrir heilbrigði manna (AOT60 = 0), um tvo þriðju hluta í öllum möskvum miðað við stöðuna 1990. Álag af völdum ósons við yfirborð jarðar skal heldur ekki fara yfir altæku mörkin 2,9 milljónarhlutastundir (ppm.h) í neinum möskva.

c) *Váhrif á gróður af völdum ósons við yfirborð jarðar*

Minnka skal álag af völdum ósons við yfirborð jarðar, sem er yfir markstyrk fyrir nytjaplöntur og hálfnáttúrulegan gróður (AOT40 = 3 milljónarhlutastundir), um þriðjung í öllum möskvum miðað við stöðuna 1990. Að auki skal álag af völdum ósons við yfirborð jarðar ekki fara yfir altæku mörkin 10 milljónarhlutastundir, gefið upp sem það sem er umfram markstyrkinn 3 milljónarhlutastundir, í neinum möskva.

6. gr.

Landsáætlanir

1. Eigi síðar en 1. október 2002 skulu aðildarríkin gera áætlanir um að draga smám saman úr eigin losun þeirra mengunarefna, sem um getur í 4. gr., með það að markmiði að fara a.m.k. að landsbundnum, efri mörkum losunar, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, eigi síðar en 2010.

2. Í landsáætlunum skulu vera upplýsingar um samþykkt og fyrirhuguð stefnumál og ráðstafanir ásamt magnbundnu mati á áhrifum þessara stefnumála og ráðstafana á losun mengunarefna 2010. Tilgreina skal væntanlegar, umtalsverðar breytingar á landfræðilegri dreifingu losunar í hverju landi.

3. Aðildarríkin skulu uppfæra og endurskoða landsáætlanir, eftir því sem nauðsyn krefur, eigi síðar en 1. október 2006.

4. Aðildarríkin skulu gera áætlanirnar, sem gerðar eru í samræmi við 1., 2. og 3. mgr., aðgengilegar almenningi og viðeigandi samtökum, s.s. umhverfissamtökum. Upplýsingar til almennings og samtaka samkvæmt þessari málsgrein skulu vera skýrar, auðskiljanlegar og aðgengilegar.

7. gr.

Skrár um losun og losunarspár

1. Aðildarríkin skulu taka saman landsskrár um losun og setja fram losunarspár fyrir 2010 að því er varðar mengunarefnin, sem um getur í 4. gr., og uppfæra þær árlega.

2. Aðildarríkin skulu taka saman skrár um losun og setja fram losunarspár samkvæmt þeim aðferðum sem eru tilgreindar í III. viðauka.

3. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu, í samráði við aðildarríkin og á grundvelli upplýsinganna frá þeim, taka saman skrár og setja fram spár að því er varðar mengunarefnin sem um getur í 4. gr. Gera skal skrárnar og spárnar aðgengilegar öllum.

4. Uppfærslur á aðferðunum, sem skal nota í samræmi við III. viðauka, skulu gerðar í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í 2. mgr. 13. gr.

8. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkjanna

1. Eigi síðar en 31. desember ár hvert skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni og Umhverfisstofnun Evrópu landsskrár um losun og losunarspár sínar fyrir 2010 sem eru teknar saman og settar fram í samræmi við 7. gr. Þau skulu senda endanlegar skrár um losun fyrir árið á undan næstliðnu ári og bráðabirgðaskrár um losun fyrir næstliðið ár. Í losunarspám skulu koma fram upplýsingar sem gera það kleift að skilja á megindlegan hátt helstu félagslegu og hagrænu forsendurnar sem notaðar voru við gerð spánna.

2. Aðildarríkin skulu eigi síðar en 31. desember 2002 upplýsa framkvæmdastjórnina um áætlanirnar sem gerðar hafa verið í samræmi við 1. og 2. mgr. 6. gr.

Aðildarríkin skulu eigi síðar en 31. desember 2006 upplýsa framkvæmdastjórnina um uppfærðu áætlanirnar sem gerðar hafa verið í samræmi við 3. mgr. 6. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda landsáætlanirnar sem henni berast til hinna aðildarríkjanna innan mánaðar frá viðtöku þeirra.

4. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 2. mgr. 13. gr., setja ákvæði til að tryggja samræmda og gagnsæja skýrslugjöf um landsáætlanir.

9. gr.

Skýrslugjöf framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu 2004 og 2008 um árangur af framkvæmd landsbundinna efri marka losunar, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, og um hversu líklegt sé að bráðabirgðaumhverfismarkmiðin, sem sett eru fram í 5. gr., verði uppfyllt árið 2010 og að hvaða marki verði unnt að uppfylla langtímamarkmiðin, sem sett eru fram í 1. gr., fyrir árið 2020. Í skýrslunum skal vera efnahagslegt mat, þ.m.t. kostnaðarhagkvæmni, ávinningur, mat á jaðarkostnaði og ávinningi og félagslegum og hagrænum áhrifum af framkvæmd ákvæða um landsbundin efri mörk á tiltekin aðildarríki og geira. Í þeim skal einnig vera mat á takmörkuðu gildissviði þessarar tilskipunar sem er skilgreint í 2. gr. og mat á því hversu mikil frekari minnkun losunar gæti verið nauðsynleg til að uppfylla bráðabirgðaumhverfismarkmiðin sem sett eru fram í 5. gr. Í skýrslunum skal tekið tillit til þeirra skýrslna sem aðildarríkin taka saman skv. 1. og 2. mgr. 8. gr., og auk þess m.a. til:

a) allrar nýrrar löggjafar Bandalagsins sem hefur verið samþykkt þar sem sett eru viðmiðunarmörk fyrir losun og vörustaðlar fyrir viðkomandi upptök losunar,

b) þróunar bestu, fáanlegu tækni í tengslum við upplýsingaskipti skv. 16. gr. tilskipunar 96/61/EB,

c) markmiða um minnkun losunar fyrir 2008 að því er varðar losun brennisteinsdíoxíðs og köfnunarefnisoxíða frá starfandi, stórum brennsluverum sem aðildarríkin gefa skýrslu um samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið ([1]),

d) minnkunar á losun þriðju landa og skuldbindinga þeirra til minnkunar á losun þar sem sérstök áhersla er lögð á ráðstafanir sem grípa skal til í umsóknarlöndunum og möguleikanum á frekari minnkun losunar á svæðum í grennd við Bandalagið,

e) allrar nýrrar löggjafar Bandalagsins og alþjóðareglna um losun frá skipum og loftförum,

f) þróunar flutninga og frekari aðgerða til að hafa eftirlit með losun við flutninga,

g) þróunar í landbúnaði, nýrra spáa varðandi búfé og umbóta á aðferðum við að minnka losun í landbúnaði,

h) mikilvægra breytinga á orkumarkaði innan aðildarríkis og nýrra spáa sem endurspegla þær aðgerðir sem aðildarríkin hafa framkvæmt til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sínar í tengslum við loftslagsbreytingar,

i) mats á því hversu mikið er farið yfir markálag og leiðbeinandi gildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir óson við yfirborð jarðar og spánna um hversu mikið er gert ráð fyrir að

([1]) Stjtíð. EB L 309, 27.11.2001, bls. 1.

farið verði yfir þessi mörk,

j) möguleikans á að setja tillagt bráðabirgðamarkmið um að draga úr ofauðgun jarðvegs,

k) nýrra tækni- og vísindagagna, þ.m.t. mat á óvissu að því er varðar:

i. landsskrár um losun,

ii. ílagstilvísunargögn,

iii. þekkingu á því hvernig mengunarefni berast yfir landamæri og ákomu mengunarefna,

iv. markálag og markstyrk,

v. líkanið sem er notað,

og mat á óvissu er varðar landsbundin efri mörk, sem stafar af fyrrgreindum óvissuþáttum, sem eru nauðsynleg til að uppfylla bráðabirgðaumhverfismarkmiðin í 5. gr.

l) þess hvort nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir óhóflegan kostnað fyrir einstök aðildarríki,

m) samanburðar milli líkanreikninga þar sem súrnun og ofauðgun og óson við yfirborð jarðar er athugað í því skyni að bæta líkönin,

n) mögulegrar beitingar, eftir því sem við á, viðeigandi, efnahagslegra stjórntækja.

2. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu árið 2012 um hvort efri mörkin í I. viðauka séu virt og um árangur í tengslum við bráðabirgðaumhverfismarkmiðin í 5. gr. og langtímamarkmiðin sem sett eru fram í 1. gr. Skýrslan skal taka mið af þeim skýrslum sem aðildarríkin leggja fram skv. 1. og 2. mgr. 8. gr. ásamt þeim atriðum sem tilgreind eru í a- til n-lið í 1. mgr.

10. gr.

Endurskoðun

1. Í skýrslunum, sem um getur í 9. gr., skal taka tillit til þeirra atriða sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr. Í ljósi þessara atriða, þess hversu miðar að virða efri mörk losunar fyrir 2010, framfara á sviði vísinda og tækni og stöðunnar að því er varðar hversu miðar að ná bráðabirgðamarkmiðum þessarar tilskipunar og langtímamarkmiðum um að fara hvorki yfir markálag né markstyrk og leiðbeininga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um loftgæði að því er varðar óson skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessa tilskipun við samantekt hverrar skýrslu.

2. Í endurskoðuninni, sem skal ljúka 2004, verður unnið mat á leiðbeinandi, efri mörkum fyrir allt Bandalagið sem sett eru fram í II. viðauka. Taka skal tillit til matsins á þessum leiðbeinandi, efri mörkum við greiningu á frekari kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem grípa má til í því skyni að draga úr losun allra viðkomandi mengunarefna með það að markmiði að ná þeim bráðabirgðamarkmiðum, sem sett eru fram í 5. gr., í öllu Bandalaginu fyrir 2010.

3. Við alla endurskoðun skal rannsaka frekar áætlaðan kostnað og ávinning af landsbundnum efri mörkum losunar sem reiknast með hjálp fullkomnustu líkana og bestu, fáanlegu gagna til að halda óvissu í lágmarki og taka jafnframt tillit til þróunar í stækkun Evrópusambandsins og kostanna við staðgönguaðferðir í ljósi atriðanna sem tilgreind eru í 9. gr.

4. Með fyrirvara um 18. gr. tilskipunar 96/61/EB skal framkvæmdastjórnin, í því skyni að koma í veg fyrir röskun á samkeppni og með tilliti til jafnvægisins milli ávinnings og kostnaðar af aðgerðum, kanna frekar nauðsyn þess að koma á samræmdum ráðstöfunum Bandalagsins fyrir þá atvinnuvegi og vörur sem eiga mestan þátt í súrnun og ofauðgun og myndun ósons við yfirborð jarðar.

5. Skýrslunum, sem um getur í 9. gr., munu, eftir því sem við á, fylgja tillögur um:

a) breytingar á landsbundnum efri mörkum í I. viðauka í því skyni að uppfylla bráðabirgðaumhverfismarkmiðin í 5. gr. og/eða breytingar á þessum bráðabirgðaumhverfismarkmiðum,

b) hugsanlega, frekari minnkun á losun í því skyni að uppfylla langtímamarkmið þessarar tilskipunar, helst fyrir 2020,

c) ráðstafanir til að tryggja að efri mörkin séu virt.

11. gr.

Samvinna við þriðju lönd

Til að stuðla að því að markmiðinu, sem sett er fram í 1. gr., verði náð skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin, eftir því sem við á, með fyrirvara um 300. g. sáttmálans, leitast eftir tvíhliða og marghliða samvinnu við þriðju lönd og viðeigandi alþjóðastofnanir, s.s. efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE), Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO) og Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO), m.a. með upplýsingaskiptum, varðandi rannsóknir og þróun á sviði tækni og vísinda og í því skyni að bæta grundvöllinn fyrir því að minnka losun enn frekar.

12. gr.

Skýrslur um losun frá skipum og loftförum

1. Fyrir árslok 2002 skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um hversu mikinn þátt alþjóðleg hafskipaumferð á í súrnun og ofauðg-

un og myndun ósons við yfirborð jarðar í Bandalaginu.

2. Fyrir árslok 2004 skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um hversu mikinn þátt losun frá loftförum, að undanskilinni lendingar- og flugtakslotu, á í súrnun og ofauðgun og myndun ósons við yfirborð jarðar í Bandalaginu.

3. Í hverri skýrslu skal tilgreina aðgerðaáætlun sem unnt væri að framkvæma á alþjóðlegum vettvangi og á vettvangi Bandalagsins, eftir því sem við á, til að draga úr losun frá viðkomandi geira og skal áætlunin vera grundvöllur að frekari athugun hjá Evrópuþinginu og ráðinu.

13. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem skipuð var skv. 12. gr. tilskipunar 96/62/EB, hér á eftir kölluð „nefndin“.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

14. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög við brotum á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt á grundvelli þessarar tilskipunar. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

15. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. nóvember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim skal fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

16. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

17. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 23. október 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	A. NEYTS-UYTTEBROECK
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Landsbundin efri mörk losunar fyrir SO_2, NO_x, rokgjörn, lífræn efnasambönd og NH_3, sem skal ná fyrir 2010 ([1])

Land	SO_2 Kílótonn	NO_x Kílótonn	Rokgjörn, lífræn efnasambönd Kílótonn	NH_3 Kílótonn
Austurríki	39	103	159	66
Belgía	99	176	139	74
Danmörk	55	127	85	69
Finnland	110	170	130	31
Frakkland	375	810	1 050	780
Þýskaland	520	1 051	995	550
Grikkland	523	344	261	73
Írland	42	65	55	116
Ítalía	475	990	1 159	419
Lúxemborg	4	11	9	7
Holland	50	260	185	128
Portúgal	160	250	180	90
Spánn	746	847	662	353
Svíþjóð	67	148	241	57
Bretland	585	1 167	1 200	297
EB 15	**3 850**	**6 519**	**6 510**	**3 110**

([1]) Þessi landsbundnu, efri mörk losunar eru ákveðin með það að markmiði að uppfylla í aðalatriðum þau bráðabirgðaumhverfismarkmið sem sett eru fram í 5. gr. Með uppfyllingu þessara markmiða er búist við að svo mikið dragi úr ofauðgun jarðvegs að það svæði Bandalagsins, þar sem ákoma köfnunarefnis, sem hefur næringargildi, er yfir hættuálagi muni minnka sem nemur um 30% miðað við stöðuna árið 1990.

II. VIÐAUKI

Efri mörk losunar fyrir SO_2, NOx og rokgjörn, lífræn efnasambönd (þúsundir tonna)

	SO_2 Kílótonn	NO_x Kílótonn	Rokgjörn, lífræn efnasambönd Kílótonn
EB 15	3 634	5 923	5 581

Þessi efri mörk losunar eru ákveðin með það að markmiði að uppfylla þau bráðabirgðaumhverfismarkmið sem sett eru fram í 5. gr. fyrir allt Bandalagið fyrir 2010.

III. VIÐAUKI

Aðferðir er varða skrár um losun og losunarspár

Við samantekt skráa um losun og framsetningu losunarspáa skulu aðildarríkin nota aðferðir, sem samþykktar hafa verið með samningnum um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa, og skulu þau nota sameiginlegu EMEP/CORINAIR ([*])-leiðbeiningarnar við vinnslu fyrrgreindra skráa og spáa.

([*]) Skrá Umhverfisstofnunar Evrópu um losun í andrúmsloftið.

1079. Tillaga til þingsályktunar [621. nál]

um heimild til staðfestingar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd fyrirhugaða ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað fyrir fram heimildar Alþingis til handa ríkisstjórninni til að staðfesta fyrir Íslands hönd fyrirhugaða ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, þar sem felld verði inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB.

Með reglugerð (EB) nr. 216/2008 er verksvið Flugöryggisstofnunar Evrópu aukið frá því sem kveðið var á um í eldri reglugerð sambandsins, nr. 1592/2002. Í 25. gr. reglugerðarinnar er að finna ákvæði þar sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er falið sektarvald á hendur einstaklingum og lögaðilum, að fyrirmælum Flugöryggisstofnunarinnar. Í samræmi við tveggja stoða kerfi EES-samningsins yrði slíkt sektarvald að óbreyttu í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) gagnvart EES/EFTA-ríkjunum eftir að reglugerðin hefur verið felld inn í EES-samninginn. EES/EFTA-ríkin hafa hins vegar talið að slíkt framsal á sektarheimildum á þessu sviði til erlends yfirvalds kunni að brjóta gegn stjórnskipulegum heimildum landsréttar einstakra EES/EFTA-ríkja og hafa því lagt til að sektarvaldið verði í höndum yfirvalda viðkomandi EES/EFTA-ríkis. Ljóst er orðið að um þetta næst ekki samstaða.

Með þingsályktunartillögu þessari er óskað eftir fyrir fram heimild Alþingis til að reglugerðin verði tekin inn í EES-samninginn Með þessari málsmeðferð er tryggð þátttaka löggjafarvaldsins í meðferð þessa máls áður en ákvörðun verður tekin í sameiginlegu EES-nefndinni um að fella reglugerðina inn í EES-samninginn.

Í athugasemdum við tillögu þessa er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast, sbr. þó það sem að framan greinir varðandi framsal sektarvalds. Reglugerð (EB) nr. 216/2008 er prentuð sem fylgiskjal með tillögunni.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara og samþykki Alþingis.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi

strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Tíðkast hefur að veita stjórnvöldum heimild, í formi þingsályktunar, til að skuldbinda íslenska ríkið að þjóðarétti áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Innleiðing reglugerðar (EB) nr. 216/2008 hér á landi kallar á lagabreytingar. Setning stjórnskipulegs fyrirvara af hálfu eins samningsaðila EES-samningsins hefur í för með sér að viðkomandi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast ekki gildi fyrr en að liðnum tilteknum tíma frá því að viðkomandi ríki lýsir því yfir að það aflétti fyrirvaranum.

Reglugerð (EB) nr. 216/2008, með þeirri aðlögun sem leiðir af upptöku hennar í EES-samninginn, kveður á um framsal sektarvalds íslenskra yfirvalda til ESA. Eins og áður segir hafa EES/EFTA-ríkin talið að slíkt framsal sektarvalds til yfirþjóðlegrar stofnunar kunni að brjóta gegn stjórnskipulegum heimildum landsréttar einstakra EFTA-ríkja, þ.m.t. Íslands. Telja verður að handhafar framkvæmdarvaldsins hér á landi geti ekki úrskurðað um slíka túlkun um mörk hinna stjórnskipulegu heimilda í þessu sambandi, enda er slíkt fremur hlutverk Alþingis sem stjórnarskrárgjafa.

Af framangreindu er mikilvægt að Alþingi taki afstöðu til þessa mats á heimild til framsals sektarvaldsins til ESA. Með þingsályktunartillögu þessari er því lagt til að Alþingi heimili ríkisstjórninni fyrir fram að staðfesta þá fyrirhuguðu ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem kveður á um upptöku umræddrar gerðar í EES-samninginn, án stjórnskipulegs fyrirvara. Þessi tilhögun málsins var kynnt á fundi utanríkismálanefndar 9. mars sl. og samþykkti nefndin hana fyrir sitt leyti.

3. Framasal sektarvalds til ESA.

Eins og áður segir hefur ekki verið talið víst að framsal á sektarheimildum til ESA, í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, stæðist fyllilega stjórnskipulegar heimildir íslensks réttar. Utanríkisráðuneytið óskaði því eftir áliti forsætisráðuneytisins, sem aftur óskaði eftir lögfræðiáliti Stefáns Más Stefánssonar lagaprófessors um þetta álitaefni.

Í áliti Stefáns Más, sem prentað er sem fylgiskjal II við þingsályktunartillögu þessa, kemur m.a. fram að taki Alþingi ákvörðun um að leiða slíkt framsal sektarvalds til ESA í lög geti verið erfitt að fullyrða að sú löggjöf brjóti í bága við stjórnarskrá. Meðal annars er skírskotað til þess í álitinu að umræddar reglur muni taka til mjög fárra aðila hér á landi og að auki gilda á mjög þröngu sviði. Jafnframt kemur fram í álitinu að Alþingi hafi, sem handhafi löggjafarvalds, ákveðið svigrúm til að meta endanlega hvort tiltekinn þjóðréttarsamningur brjóti í bága við stjórnarskrána eða ekki. Að öðru leyti vísast til álitsins um afstöðu Stefáns Más.

4. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB.

Með reglugerð (EB) nr. 1592/2002 var Flugöryggisstofnun Evrópu, *European Aviation Safety Agency,* komið á fót. Með reglugerðinni var Flugöryggisstofnuninni falin ábyrgð á lofthæfis- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, auk vottunar og eftirlits með viðhaldsstöðvum í þriðju ríkjum. Stofnunin fer meðal annars með viðamikið hlutverk á sviði stöðlunar og úttekta og annast söfnun, greiningu og rannsóknir í þágu aukins flugöryggis. Þá annast stofnunin enn fremur margvísleg verkefni tengd alþjóðlegu samstarfi og samvinnu í þágu flugöryggismála.

Stofnunin hefur séð framkvæmdastjórninni fyrir sérþekkingu á tæknisviði og veitir henni aðstoð við að framfylgja skyldum sínum við reglu- og lagasetningu á sviði flugöryggismála. Þá hefur stofnunin unnið að því að byggja upp kerfi til að fylgjast með hvernig löggjöf sambandsins á þessu sviði er framfylgt og koma með ráðleggingar til framkvæmdastjórnarinnar á grunni þeirra upplýsinga sem þannig fást.

Með reglugerðinni var verksvið stofnunarinnar aukið og nær nú til flugrekstrar og starfrækslu loftfara, mats á flugöryggislegum atriðum í upprunaríki flugrekenda með staðfestu utan bandalagsins, útgáfu skírteina áhafna, heimilda til rekstrar flugþjálfunar og kennslu, fluglæknasetra og vottunar flugþjálfa. Grunnkröfur til þessa eru í viðauka við reglugerðina, en nánari útfærsla reglna þar að lútandi verður í formi innleiðingarreglugerða sem framkvæmdastjórn ESB mun setja á næstu árum að tillögu stofnunarinnar.

Reglugerðin hefur auk framangreinds að geyma þau nýmæli í 25. gr. að framkvæmdastjórn ESB er fengin heimild til að sekta þá aðila sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út skírteini til, og er slík sekt veitt að undangenginni ósk stofnunarinnar. Í þessu sambandi ber hins vegar að hafa í huga að stofnunin gefur samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar einungis út skírteini til tiltekinna fyrirtækja á sviði flugmála, þ.e. til hönnunarfyrirtækja í aðildarríkjunum og framleiðslu- og viðhaldsfyrirtækja í þeim ríkjum sem ekki eiga aðild að stofnuninni. Stofnunin gefur þannig ekki út skírteini fyrir viðhaldsstöðvar, flugrekendur, flugskóla o.s.frv. í aðildarríki, heldur gefur flugmálastjórn eða þar til bært yfirvald í viðkomandi ríki út slík skírteini. Samkvæmt upplýsingum frá Flugmálastjórn Íslands hefur einungis einn aðili hér á landi, Icelandair, fengið útgefið leyfi frá Flugöryggisstofnuninni og það leyfi, sem nær til hönnunar, er mjög takmarkað ef litið er til hönnunar loftfars í heild sinni.

5. Afleiðingar þess ef reglugerð (EB) nr. 216/2008 verður ekki innleidd hér á landi.

Reglugerð (EB) nr. 216/2008 er grundvallarreglugerð í flugöryggismálum og mælir meðal annars fyrir um grunnkröfur um umhverfisvernd, skilyrði fyrir útgáfu skírteina vegna lofthæfis, fyrir starfrækslu loftfara og til flugmanna. Einnig mælir hún fyrir um gagnkvæma viðurkenningu þessara skírteina innan EES. Öll slík skírteini og leyfi eru og verða veitt af Flugmálastjórn Íslands. Reglugerðin er einnig grundvöllur annarra mikilvægra ESB-reglugerða, t.a.m. reglugerðar (EB) nr. 1108/2009 um flugöryggismál á flugvöllum, í flugumferðarstjórn og flugleiðsögu.

Verði reglugerðin ekki innleidd í íslenskan rétt mun ekki verða hægt að innleiða þær gerðir ESB sem byggjast á henni, en slíkt mun leiða til þess að flugöryggismálum verður háttað með öðrum hætti á Íslandi en annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Við það mundi t.d. skapast sú réttarstaða að þau skírteini sem Flugmálastjórn gefur út á sviði flug-

öryggis nytu ekki viðurkenningar annars staðar í Evrópu líkt og þau gera nú. Það mundi skekkja verulega samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á flugmarkaðanum enda mundu þau eiga erfitt með að sýna fram á að þau uppfylltu sömu flugöryggisreglur og gilda annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig mundu starfsmöguleikar einstaklinga, líkt og flugmanna og flugumferðarstjóra, takmarkast þar sem skírteini þeirra nytu ekki lengur viðurkenningar á Evrópska efnahagssvæðinu.

6. Lagabreytingar hér á landi.

Verði umrædd reglugerð felld inn í EES-samninginn mun það kalla á breytingar á ákvæði 136. gr. loftferðalaga, nr. 60/1998, í þá veru að ESA verði veitt sektarvald vegna skírteina sem útgefin eru af Flugöryggisstofnun Evrópu.

Fylgiskjal I.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 216/2008
frá 20. febrúar 2008

um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að öruggt sé að evrópskir borgarar njóti jafnan mikillar og samræmdrar verndar í almenningsflugi skal samþykkja sameiginlegar öryggisreglur og gera ráðstafanir til að tryggja að framleiðsluvörur, aðilar og fyrirtæki í Bandalaginu fullnægi þessum reglum sem og reglum sem samþykktar eru til að vernda umhverfið. Þetta ætti að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum, frjálsri för fólks og frjálsum flutningum fyrirtækja á innri markaðnum.

2) Auk þess skal loftfar frá þriðja landi, sem flogið er til yfirráðasvæðisins þar sem sáttmálinn gildir, innan þess eða frá því sæta viðeigandi eftirliti á vettvangi Bandalagsins innan þeirra marka sem sett eru í samningnum um alþjóðaflugmál, sem var undirritaður í Chicago 7. desember 1944 (Chicago-samningurinn) og öll aðildarríkin eru aðilar að.

3) Í Chicago-samningum er þegar kveðið á um lágmarksstaðla til að tryggja öryggi í almenningsflugi ásamt þar að lútandi umhverfisvernd. Grunnkröfur Bandalagsins og reglur um framkvæmd þeirra skulu tryggja að aðildarríkin ræki skyldur sínar samkvæmt Chicago-samningnum, þ.m.t. gagnvart þriðju löndum.

4) Bandalagið skal mæla fyrir um, í samræmi við staðla og ráðlagðar starfsvenjur sem sett eru fram í Chicago-samningnum, grunnkröfur sem gilda um framleiðsluvörur, hluta og búnað til flugs, aðila og fyrirtæki, sem taka þátt í starfrækslu loftfars, og aðila og framleiðsluvörur sem koma við sögu við þjálfun og læknisskoðun flugmanna. Veita ber framkvæmdastjórninni heimild til að semja nauðsynlegar framkvæmdarreglur.

5) Ekki er rétt að sameiginlegu reglurnar gildi um öll loftför, einkum loftför sem eru einföld í hönnun, eða sem einkum eru starfrækt staðbundið og þau sem eru heimasmíðuð eða sérstaklega sjaldgæf eða eru einungis til í fáum eintökum. Lögbundið eftirlit með slíkum loftförum skal því áfram vera í höndum aðildarríkjanna og án nokkurrar skuldbindingar, samkvæmt þessari reglugerð, fyrir önnur aðildarríki til að viðurkenna slíkt landsbundið fyrirkomulag. Hins vegar skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að auka almennt öryggi tómstundaflugs. Einkum skal taka tillit til flugvéla og þyrlna, sem hafa lítinn hámarksflugtaksmassa, en afkastageta þeirra verður sífellt meiri, geta flogið um allt Bandalagið og eru iðnaðarframleiðsla. Því er betra að setja reglur um þær á vettvangi Bandalagsins til að kveða á um nauðsynlegt, samræmt öryggi og umhverfisvernd.

6) Gildissvið aðgerða Bandalagsins skal vera skýrt skilgreint þannig að hægt sé að tilgreina með ótvíræðum hætti hvaða aðilar, fyrirtæki og framleiðsluvörur falla undir þessa reglugerð og

([1]) Stjtíð. ESB C 185, 8.8.2006, bls. 106.
([2]) Álit Evrópuþingsins frá 14. mars 2007 (Stjtíð. ESB C 301 E, 13.12.2007, bls. 103), sameiginleg afstaða ráðsins frá 15. október 2007 (Stjtíð. ESB C 277 E, 20.11.2007, bls. 8) og afstaða Evrópuþingsins frá 12. desember 2007. Ákvörðun ráðsins frá 31. janúar 2008.

framkvæmdarreglur hennar. Gildissviðið skal skýrt skilgreint með því að vísa til skrár yfir loftför sem eru undanþegin beitingu þessarar reglugerðar.

7) Framleiðsluvörur til flugs, hlutar þeirra og búnaður, flugrekendur, sem stunda flutningaflug, sem og flugmenn og aðilar, framleiðsluvörur og fyrirtæki, sem taka þátt í eða eru notuð við þjálfun þeirra og læknisskoðun, skulu fá vottun eða leyfi þegar staðfest hefur verið að þau eru í samræmi við grunnkröfur sem Bandalagið skal mæla fyrir um í samræmi við staðla og ráðlagðar starfsvenjur sem sett eru fram í Chicago-samningnum. Veita ber framkvæmdastjórninni heimild til að semja nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að ákveða skilyrðin fyrir útgáfu vottorðsins eða skilyrðin fyrir því að skipta því út fyrir yfirlýsingu um getu, að teknu tilliti til áhættunnar í tengslum við mismunandi tegundir starfrækslu, s.s tilteknar tegundir verkflugs og staðbundins flugs með litlum loftförum.

8) Að því er varðar starfrækslu, sem er ekki í ábataskyni, skulu reglur um starfrækslu og leyfisveitingar miðast við hversu flókið loftfarið er og semja skal skilgreiningu í tengslum við það.

9) Réttindin, sem tengjast flugmannsskírteini til tómstundaflugs, skulu takmarkast við þá þjálfun sem fékkst til að ná tengdum áritunum, í samræmi við framkvæmdarreglurnar.

10) Til að ná markmiðum Bandalagsins um frjálsa vöruflutninga, frjálsa för fólks og frjálsa þjónustustarfsemi og um sameiginlega stefnu í flutningamálum skulu aðildarríkin samþykkja, án frekari krafna eða mats, framleiðsluvörur, hluta þeirra og búnað og fyrirtæki eða aðila sem hafa fengið vottun í samræmi við þessa reglugerð og reglur um framkvæmd hennar.

11) Gefa skal nægilegt svigrúm til að bregðast við sérstökum aðstæðum, s.s. brýnum öryggisráðstöfunum eða ófyrirséðum eða takmörkuðum þörfum við starfrækslu Einnig þarf að vera unnt að tryggja sambærilegt öryggi eftir öðrum leiðum Aðildarríkin skulu geta veitt undanþágur frá kröfum í þessari reglugerð og reglum um framkvæmd hennar, að því tilskildu að undanþágurnar hafi takmarkað gildissvið og falli undir viðeigandi eftirlit Bandalagsins.

12) Þörf er á bættu fyrirkomulagi á öllum sviðum, sem reglugerð þessi tekur til, þannig að tiltekin verkefni, sem nú eru unnin á vettvangi Bandalagsins eða á landsvísu verði í höndum eins, sérhæfðs sérfræðiaðila. Því er þörf á því, innan núverandi stofnana- og valdskiptingarkerfis Bandalagsins, að koma á fót Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Flugöryggisstofnunin) sem er óháð í málum er varða tæknileg atriði og hefur sjálfræði lagalega, stjórnunarlega og fjárhagslega. Í þessu skyni er bæði rétt og nauðsynlegt að hún verði Bandalagsstofnun sem er lögaðili og fer með það framkvæmdarvald sem henni er veitt í þessari reglugerð.

13) Samkvæmt stofnanakerfi Bandalagsins er framkvæmd laga Bandalagsins fyrst og fremst á ábyrgð aðildarríkjanna. Vottunarverkefni, sem krafist er í þessari reglugerð og reglum um framkvæmd hennar, skulu því unnin á landsvísu. Í tilteknum, skýrt skilgreindum tilvikum, skal Flugöryggisstofnunin hins vegar hafa heimild til að annast vottunarverkefni eins og tilgreint er í þessari reglugerð. Flugöryggisstofnuninni skal, af sömu ástæðum, einnig vera heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við starfrækslu loftfars, starfsréttindi áhafnar eða öryggis loftfars frá þriðja landi, þegar það er besta leiðin til að tryggja samræmi og greiða fyrir starfsemi innri markaðarins.

14) Í reglugerð (EB) nr. 2111/2005 ([1]) er lögð sú skylda á Flugöryggisstofnunina að tilkynna allar upplýsingar sem kunna að skipta máli vegna uppfærslu á skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem af öryggisástæðum er bannað að stunda flugrekstur í Bandalaginu. Ef Flugöryggisstofnunin neitar að veita flugrekanda heimild, samkvæmt skilmálum þessarar reglugerðar, skal hún senda áfram til framkvæmdastjórnarinnar allar viðeigandi upplýsingar, sem þessi synjun var byggð á, þannig að hægt sé að bæta nafni flugrekandans í skrána, ef nauðsynlegt er.

15) Skilvirk starfsemi kerfis Bandalagsins fyrir öryggi í almenningsflugi á þeim sviðum sem þessi reglugerð tekur til krefst þess að samvinna milli framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og Flugöryggisstofnunarinnar verði efld til að

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB (Stjtíð. L 344, 27.12.2005, bls. 15).

greina ótryggt ástand og gera ráðstafanir til úrbóta, eftir því sem við á.

16) Efling „öryggismenningar“ og eðlilegrar starfsemi eftirlitskerfis á þeim sviðum sem þessi reglugerð tekur til krefst þess að þeir sem verða vitni að flugatvikum og atvikum tilkynni um þau tafarlaust. Greitt yrði fyrir slíkum tilkynningum með því að koma á fót umhverfi án refsiákvæða og aðildarríkin skulu grípa til viðeigandi ráðstafana til að kveða á um vernd slíkra upplýsinga og fyrir þá sem tilkynna um þær.

17) Brýnt er að gera umsvifalaust ráðstafanir í framhaldi af niðurstöðum flugslysarannsókna til að tryggja tiltrú neytenda á flutningum í lofti, einkum þegar niðurstöðurnar tengjast galla í hönnun loftfara og/eða þáttum er varða starfrækslu þeirra.

18) Til að stuðla að því að ná öryggismarkmiðum þessarar reglugerðar skal Bandalagið fá heimildir til þess að beita handhafa vottorða og samþykkja, sem Flugöryggisstofnunin gefur út, fjárhagslegum viðurlögum. Í samræmi við réttarkerfi Bandalagsins skal framkvæmdastjórnin beita slíkum fjárhagslegum viðurlögum að fengnum tilmælum frá Flugöryggisstofnuninni. Lögð skal áhersla á að með innleiðingu fjárhagslegra viðurlaga munu viðbrögð framkvæmdastjórnarinnar við broti á reglum verða margbreytilegri, sveigjanlegri og stigskiptari samanborið við afturköllun á vottorði.

19) Þar eð allar ákvarðanir, sem framkvæmdastjórnin tekur samkvæmt þessari reglugerð, eru háðar endurskoðun Dómstóls Evrópubandalaganna í samræmi við sáttmálann, skal Dómstóllinn, í samræmi við 229. gr., fá ótakmarkaða lögsögu að því er varðar ákvarðanir, sem framkvæmdastjórnin hefur tekið, til að leggja á sektir eða févíti.

20) Nauðsynlegt er að bregðast við vaxandi áhyggjum af heilsu og velferð flugfarþega með því að hanna loftför með þeim hætti að öryggi og heilsa farþega sé betur tryggð.

21) Markmiðum þessarar reglugerðar má ná með góðum árangri með samstarfi við þriðju lönd. Þegar svo háttar til er unnt að aðlaga ákvæði þessarar reglugerðar og reglur um framkvæmd hennar með samningum Bandalagsins við þessi lönd. Séu slíkir samningar ekki fyrir hendi skal aðildarríkjunum eftir sem áður heimilt, með fyrirvara um viðeigandi eftirlit Bandalagsins, að viðurkenna samþykki sem þriðja land hefur veitt fyrir erlendum framleiðsluvörum, hlutum þeirra og búnaði og fyrirtækjum og starfsfólki.

22) Til að Flugöryggisstofnunin geti aðstoðað Bandalagið sem best skal henni heimilt að þróa sérfræðikunnáttu innan vébanda sinna um alla þætti öryggismála í almenningsflugi og umhverfisverndar sem reglugerð þessi tekur til. Henni ber að aðstoða framkvæmdastjórnina við undirbúning nauðsynlegrar löggjafar og aðstoða aðildarríkin og atvinnugreinina við framkvæmd hennar. Hún skal vera fær um að gefa út vottunarforskriftir og -leiðbeiningar og framkvæma tæknilegar rannsóknir og gefa út vottorð eftir því sem þörf krefur og henni ber að aðstoða framkvæmdastjórnina við eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar og reglna um framkvæmd hennar og hún skal fá nauðsynlegar heimildir til að sinna verkefnum sínum.

23) Til að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geti haft skilvirkt eftirlit með starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar skulu þau eiga fulltrúa í stjórn hennar. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal hafa nauðsynlegar heimildir til að semja fjárhagsáætlun og hafa eftirlit með framkvæmd hennar, samþykkja viðeigandi fjárhagsreglur, koma á gagnsæjum vinnureglum við ákvarðanatöku Flugöryggisstofnunarinnar og tilnefna forstjóra. Einnig skal Flugöryggisstofnuninni heimilt að framkvæma rannsóknir og skipuleggja viðeigandi samræmingu með framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum. Æskilegt er að Flugöryggisstofnunin aðstoði Bandalagið og aðildarríki þess á sviði alþjóðasamskipta, þ.m.t. við samræmingu reglna, viðurkenningu samþykkis og við samstarf í tæknimálum, og hafi rétt til að koma á viðeigandi samskiptum við flugmálayfirvöld þriðju landa og alþjóðastofnanir sem fara með málefni sem reglugerð þessi tekur til.

24) Til að tryggja gagnsæi skulu hagsmunaaðilar eiga áheyrnarfulltrúa í stjórn Flugöryggisstofnunarinnar.

25) Í þágu almannaheilla ber Flugöryggisstofnuninni að styðjast eingöngu við sérþekkingu óháðra aðila í aðgerðum sínum á sviði öryggis og fylgja nákvæmlega reglugerð þessari og reglum sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt til framkvæmdar henni. Því skal forstjórinn taka allar ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar sem tengjast öryggismálum og hann skal fá mikið svigrúm til að leita ráðgjafar og skipu-

leggja innra starf Flugöryggisstofnunarinnar. Þegar Flugöryggisstofnunin þarf að semja drög að almennum reglum, sem landsbundin yfirvöld eiga að beita, skulu aðildarríkin þó taka þátt í ákvörðunarferlinu.

26) Tryggja þarf að aðilar, sem ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar hafa áhrif á, geti leitað réttar síns með einhverjum þeim hætti sem er í samræmi við sérstöðu flugsins. Skilgreina skal viðeigandi kæruleiðir til að unnt sé að kæra ákvarðanir forstjóra til sérstakrar kærunefndar en ákvarðanir hennar skal síðan vera unnt að kæra til Dómstóls Evrópubandalaganna.

27) Til að tryggja fullt sjálfræði og sjálfstæði Flugöryggisstofnunarinnar skal hún hafa sjálfstæðan fjárhag og tekjur hennar fyrst og fremst vera framlag Bandalagsins og þóknanir frá notendum kerfisins. Engin fjárframlög, sem Flugöryggisstofnunin fær frá aðildarríkjum, þriðju löndum eða öðrum aðilum, skulu stofna sjálfstæði og óhlutdrægni hennar í hættu. Fjárlagagerð Bandalagsins gildir að því er varðar fjárframlag Bandalagsins og aðra styrki sem veittir eru af almennum fjárlögum Evrópusambandsins. Endurskoðunarrétturinn skal annast endurskoðun reikningsskila.

28) Setja skal almennar reglur áður en Flugöryggisstofnunin opnar staðarskrifstofur sínar til að skýrt komi fram hvaða kröfur þurfi að uppfylla og hvað viðkomandi aðildarríki þurfi að leggja af mörkum.

29) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að setja og beita reglum um öryggi í almenningsflugi og um umhverfisvernd á samræmdan hátt, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess að þessi reglugerð nær til alls Evrópubandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum

30) Viðurkennt er að nauðsynlegt er að leita eftir aukinni þátttöku Evrópulanda, sem eru ekki aðilar að Evrópusambandinu, til að tryggja breiðan, samevrópskan grundvöll og greiða þannig fyrir auknu öryggi í almenningsflugi í allri Evrópu. Evrópulönd, sem hafa gert samninga við Bandalagið um að samþykkja og beita réttarreglum Bandalagsins á því sviði sem reglugerð þessi tekur til, skulu taka þátt í þessu starfi í samræmi við skilyrði sem samþykkt skulu innan ramma þessara samninga.

31) Almenna markmiðið er að flytja störf og verkefni frá aðildarríkjunum til Flugöryggisstofnunarinnar, þ.m.t. störf og verkefni sem tengjast samvinnu þeirra innan vébanda Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA), án þess að draga að neinu leyti úr því mikla öryggi sem nú er fyrir hendi og án þess að það hafi neikvæð áhrif á áætlanir um vottun. Samþykkja skal viðeigandi ráðstafanir til að nauðsynleg umskipti geti átt sér stað.

32) Í þessari reglugerð eru settar sameiginlegar reglur um almenningsflug og Flugöryggisstofnun Evrópu komið á fót. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu ([1]), skal því felld úr gildi.

33) Í þessari reglugerð er mótaður viðeigandi heildarrammi um skilgreiningu og framkvæmd á sameiginlegum tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði almenningsflugs. Því skal fella úr gildi III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ([2]) og tilskipun ráðsins 91/670/EBE frá 16 desember 1991 um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum ([3]) þegar það er tímabært, sbr. þó þá vottun eða leyfisveitingu framleiðsluvara, aðila og fyrirtækja sem hefur þegar farið fram í samræmi við þessar gerðir.

34) Í þessari reglugerð er mótaður viðeigandi heildarrammi varðandi öryggi loftfara frá þriðju löndum sem nota flugvelli í Bandalaginu. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB frá 21. apríl 2004 um öryggi loftfara frá þriðju löndum sem nota flugvelli Bandalagsins ([4]), skal því felld úr gildi þegar það er tímabært, sbr. þó framkvæmdarráðstafanir um söfnun

---

([1]) Stjtíð. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 334/2007 (Stjtíð. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 39).

([2]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 8/2008 (Stjtíð. ESB L 10, 12.1.2008, bls. 1).

([3]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 76. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

upplýsinga, skoðanir á hlaði og upplýsingaskipti.

35) Reglugerð þessi mun gilda á öllum öðrum sviðum, sem tengjast öryggi í almenningsflugi, á grundvelli tillögu sem verður lögð fram síðar í samræmi við sáttmálann.

36) Nauðsynlegt er að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja bæði nauðsynlega vernd viðkvæmra öryggisupplýsinga og veita almenningi fullnægjandi upplýsingar um öryggi í almenningsflugi og þar að lútandi umhverfisvernd, að teknu tilliti til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ([1]) og viðkomandi, innlendri löggjöf. Ákvarðanir, sem Flugöryggisstofnunin tekur skv. 8. gr. þeirrar reglugerðar skulu geta orðið tilefni kæru til umboðsmanns eða málshöfðunar fyrir dómstólnum skv. 195. gr. EB-sáttmálans í fyrra tilvikinu og 230. gr. í seinna tilvikinu.

37) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([2]).

38) Einkum skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framkvæmdarreglur að því er varðar lofthæfi, veitingu flugliðaskírteina og samþykki í tengslum við það, flugrekstur, loftför, sem notuð eru af flugrekendum frá þriðju löndum, eftirlit og framfylgd sem og að samþykkja reglugerð um þóknanir og gjöld Flugöryggisstofnunarinnar. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við þær nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

39) Með skírskotun til skilvirkni skal eðlilegur frestur fyrir stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti styttur að því er varðar aðlögun á grunnkröfunum um umhverfisvernd og samþykkt á framkvæmdarreglum um umhverfisvernd.

40) Þar sem málið er brýnt er nauðsynlegt að beita flýtimeðferðinni, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, til að framkvæmdastjórnin geti ákveðið ráðstafanirnar sem aðildarríkin gera til að bregðast tafarlaust við öryggisvanda, sem og að veita undanþágur fyrir samþykkjum sem aðildarríkin leggja fram.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

MEGINREGLUR

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um:

a) hönnun, framleiðslu, viðhald og rekstur framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs sem og starfsfólk og fyrirtæki sem tekur þátt í hönnun, framleiðslu og viðhaldi þessara framleiðsluvara, hluta og búnaðar,

b) starfsfólk og fyrirtæki sem taka þátt í starfrækslu loftfara.2.

Þessi reglugerð gildir ekki þegar her, tollur, lögregla eða þess háttar aðilar nýta sér framleiðsluvörur, hluta og búnað sem og starfsfólk og fyrirtæki sem um getur í 1. mgr. Aðildarríkin skulu skuldbinda sig til að tryggja að þessir aðilar taki tilhlýðilegt tillit til markmiða þessarar reglugerðar eftir því sem unnt er.

2. gr.

Markmið

1. Meginmarkmiðið með þessari reglugerð er að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópu.

2. Önnur markmið á þeim sviðum, sem reglugerð þessi tekur til, eru sem hér segir:

a) að tryggja mikla og samræmda umhverfisvernd,

b) að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum, frjálsri för fólks og frjálsri þjónustustarfsemi,

c) að stuðla að kostnaðarhagkvæmni við reglusetningu og vottun og forðast tvíverknað á landsvísu og evrópskum vettvangi,

d) að aðstoða aðildarríkin við að rækja skyldur sínar samkvæmt Chicago-samningnum með því að leggja grunn að sameiginlegri túlkun og samræmdri framkvæmd ákvæða hans og með því að tryggja að tekið verði tilhlýðilegt tillit til ákvæða

([1]) Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.
([2]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/ 512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

hans í þessari reglugerð og í reglunum um framkvæmd hennar,

e) að kynna sjónarmið Bandalagsins varðandi staðla og reglur um öryggi í almenningsflugi um heim allan með því að koma á viðeigandi samstarfi við þriðju lönd og alþjóðastofnanir,

f) að veita öllum aðilum á alþjóðlega loftflutningamarkaðinum jöfn samkeppnisskilyrði.

3. Leiðir til að ná markmiðunum, sem eru sett fram í 1. og 2. mgr., skulu vera:

a) að semja og samþykkja öll nauðsynleg lög og beita þeim á samræmdan hátt,

b) að viðurkenna, án þess að gera viðbótarkröfur, vottorð og skírteini, leyfi, samþykki eða önnur skjöl sem gefin eru út fyrir framleiðsluvörur, starfsfólk og fyrirtæki í samræmi við þessa reglugerð og reglur um framkvæmd hennar,

c) að stofna sjálfstæða Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Flugöryggisstofnunin),

d) að flugmálayfirvöld aðildarríkjanna og Flugöryggisstofnunin komi öllum nauðsynlegum lögum í framkvæmd á samræmdan hátt, hver á sínu ábyrgðarsviði.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „samfellt eftirlit“: sú vinna sem þarf að fara fram til að sannreyna að skilyrðin fyrir veitingu vottorðs séu jafnan uppfyllt á meðan vottorðið er í gildi, sem og hugsanlegar verndarráðstafanir,

b) „Chicago-samningurinn“: samningurinn um alþjóðaflugmál, ásamt viðaukum, sem var undirritaður í Chicago 7. desember 1944,

c) „framleiðsluvara“ (product): loftfar, hreyfill eða loftskrúfa,

d) „hlutar og búnaður“: allir mælar, búnaður, kerfi, hluti, tækjabúnaður, fylgihlutir eða aukahlutir, þ.m.t. fjarskiptabúnaður, sem eru notuð eða sem eru ætluð til notkunar við starfrækslu eða stjórn loftfars á flugi og sem er komið fyrir í loftfarinu eða fest á það. Undir þetta falla íhlutir flugskrokks, hreyfils eða loftskrúfu,

e) „vottun“: hvers konar viðurkenning á því að framleiðsluvara, hluti hennar eða búnaður, fyrirtæki eða aðili uppfylli gildandi kröfur, þ.m.t. ákvæði þessarar reglugerðar og reglur um framkvæmd hennar, svo og útgáfa viðeigandi vottorða til staðfestingar á því að kröfurnar hafi verið uppfylltar,

f) „hæfur aðili“: aðili sem heimilt er að úthluta vottunarverkefni undir eftirliti og ábyrgð Flugöryggisstofnunarinnar eða flugmálayfirvalda aðildarríkjanna,

g) „vottorð“: samþykki, leyfi eða annað skjal sem gefið er út í framhaldi af vottun.

h) „flugrekandi“: lögaðili eða einstaklingur sem starfrækir eða hefur í hyggju að starfrækja eitt eða fleiri loftför,

i) „rekstur í ábataskyni“: hvers konar starfræksla loftfars, gegn greiðslu eða annars konar gjaldi, fyrir almenning eða ef starfrækslan er ekki fyrir almenning fer hún fram samkvæmt samningi milli flugrekanda og viðskiptavinar þar sem sá síðarnefndi stjórnar flugrekandanum ekki með neinum hætti,

j) „flókið, vélknúið loftfar“

   i. flugvél:

      – með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 5 700 kg, eða

      – með vottun fyrir hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 eða

      – með vottun fyrir starfrækslu með minnst tvo flugmenn í áhöfn eða

      – búin þotuhreyfli/-hreyflum eða fleiri en einum skrúfuþotuhreyfli eða

   ii. þyrla með vottun:

      – fyrir hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 3 175 kg, eða

      – fyrir hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu eða

      – fyrir starfrækslu með minnst tvo flugmenn í áhöfn eða

   iii. veltihnita,

k) „flugþjálfunartæki“: allar gerðir tækja þar sem hermt er á jörðu niðri eftir flugskilyrðum en til þessara tækja teljast flughermar, flugþjálfunartæki, þjálfar fyrir verklag í flugi og leiðsögu og grunnþjálfunartæki fyrir mælitæki,

l) „áritun“: yfirlýsing sem er skráð á skírteini, þar sem sett eru fram réttindi, sérstök skilyrði eða takmarkanir sem tengjast henni.

II. KAFLI

EFNISLEGAR KRÖFUR

4. gr.

Grundvallarreglur og gildissvið

1. Loftför, þ.m.t. ísettar framleiðsluvörur, hlutar og búnaður:

a) sem fyrirtæki, sem Flugöryggisstofnunin eða aðildarríki hefur öryggiseftirlit með, hannar eða framleiðir, eða

b) sem er skráð í aðildarríki, nema lögbundið öryggiseftirlit hafi verið falið þriðja landi og þau séu ekki notuð af flugrekanda í Bandalaginu eða

c) sem eru skráð í þriðja landi og aðildarríki tryggir rekstrareftirlit með flugrekandanum, sem notar þau, eða flugrekanda með staðfestu eða sem hefur búsetu í Bandalaginu og notar þau til flugs til Bandalagsins, innan þess eða frá því eða

d) sem er skráð í þriðja landi eða skráð í aðildarríki sem hefur falið þriðja landi lögbundið öryggiseftirlit og er notað af flugrekanda frá þriðja landi til flugs til Bandalagsins, innan þess eða frá því

skulu vera í samræmi við þessa reglugerð.

2. Starfsfólk sem tekur þátt í starfrækslu loftfars, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr., skal uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

3. Starfræksla loftfars, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr., skal vera í samræmi við þessa reglugerð.

4. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um loftför sem um getur í II. viðauka.

5. Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki um loftför, sem um getur í II. viðauka, að undanskildum loftförunum, sem um getur í ii. lið a-liðar, d-lið og h-lið þeirra, þegar þau eru notuð fyrir flutningaflug.

6. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á réttindi þriðju landa samkvæmt alþjóðasamþykktum, einkum Chicago-samningnum.

5. gr.

Lofthæfi

1. Loftför, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 4. gr., skulu uppfylla grunnkröfur um lofthæfi sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

2. Þegar um er að ræða loftför, sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr., og framleiðsluvörur, hluta og búnað, sem komið er fyrir í þessum loftförum, skal staðfesta að þau uppfylli þessar kröfur á eftirfarandi hátt:

a) Framleiðsluvörum skal fylgja tegundarvottorð. Tegundarvottorð og vottun um breytingar á tegundarvottorðinu, þ.m.t. viðbótartegundarvottorð, skulu gefin út þegar umsækjandi hefur sýnt fram á að viðkomandi framleiðsluvara sé í samræmi við tiltekinn tegundarvottunargrunn, sem tilgreindur er í 20. gr. og skilgreindur er til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í 1. mgr., og þegar viðkomandi framleiðsluvara hefur engin sérkenni eða eiginleika sem gerir notkun ótrygga. Tegundarvottorðið skal ná yfir viðkomandi framleiðsluvöru, þ.m.t. alla ásetta hluta og búnað.

b) Heimilt er að gefa út sérstök vottorð fyrir hluta og búnað ef sýnt er fram á að hlutarnir og búnaðurinn séu í samræmi við ítarlegar lofthæfiforskriftir sem ákveðnar hafa verið til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í 1. mgr.

c) Gefa skal út sérstakt lofthæfivottorð fyrir hvert loftfar þegar sýnt hefur verið fram á að það sé í samræmi við þá tegundarhönnun, sem samþykkt er í tegundarvottorði þess, og að viðeigandi upplýsingaskjöl, skoðanir og prófanir sýni að óhætt sé að starfrækja loftfarið. Þetta lofthæfivottorð skal haldast í gildi á meðan það er ekki fellt úr gildi tímabundið, afturkallað eða fellt endanlega úr gildi og á meðan loftfarinu er haldið við í samræmi við grunnkröfurnar, sem varða áframhaldandi lofthæfi og settar eru fram í lið 1.d í I. viðauka, og framkvæmdarreglurnar sem um getur í 5. mgr.

d) Fyrirtæki, sem annast viðhald á framleiðsluvörum, hlutum og búnaði, skulu sanna hæfni sína og getu til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast réttindum þeirra. Ef hæfni þeirra og geta eru ekki viðurkennd á annan hátt skal hæfnin og getan viðurkennd með útgáfu samþykkis fyrir fyrirtækið. Réttindin, sem samþykkta fyrirtækinu eru veitt, og gildissvið samþykkisins skulu tilgreind í skilmálum samþykkisins.

e) fyrirtæki, sem annast hönnun og framleiðslu á framleiðsluvörum, hlutum og búnaði, skulu sanna hæfni sína og getu til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast réttindum þeirra. Ef hæfni þeirra og geta eru ekki viðurkennd á annan hátt skal hæfnin og getan viðurkennd með útgáfu samþykkis fyrir fyrirtækið. Réttindin, sem sam-

þykkta fyrirtækinu eru veitt, og gildissvið samþykkisins skulu tilgreind í skilmálum samþykkisins.

Að auki:

f) Unnt er að krefjast þess að starfsfólk, sem annast viðhaldsvottun á framleiðsluvörum, hlutum þeirra eða búnaði að loknu viðhaldi, hafi viðeigandi skírteini („starfsskírteini“).

g) Gefa má út samþykki til viðurkenningar á hæfni fyrirtækja, sem sjá um viðhaldsþjálfun, til að ræka þær skyldur sem fylgja því að þær hafa réttindi til útgáfu skírteinanna sem um getur í f-lið.

3. Loftför, sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr. og framleiðsluvörur, hlutar og búnaður sem komið er fyrir í þessum loftförum skulu vera í samræmi við a-, b- og e-lið 2. mgr. þessarar greinar.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr.:

a) er heimilt að gefa út flugleyfi ef sýnt hefur verið fram á að unnt sé að fljúga loftfarinu á öruggan hátt við eðlilegar aðstæður; það skal gefið út með viðeigandi takmörkunum, einkum til að vernda öryggi þriðju aðila,

b) er heimilt að gefa út takmarkað lofthæfivottorð fyrir loftfar sem ekki hefur fengið tegundarvottorð samkvæmt a-lið 2. mgr. Í því tilviki skal sýna fram á að loftfarið sé í samræmi við sérstakar lofthæfiforskriftir og ekki skal víkja frá grunnkröfunum, sem um getur í 1. mgr., nema tryggt sé að öryggi sé fullnægjandi með hliðsjón af markmiðinu með fluginu; skilgreina skal loftför, sem eru hæf fyrir takmörkuð vottorð, og takmarkanir á notkun slíkra loftfara samkvæmt ráðstöfununum sem um getur í 5. mgr.,

c) ef fjöldi loftfara af sömu tegund, sem eru hæf fyrir takmörkuð lofthæfivottorð, gefur tilefni til þess er heimilt að gefa út takmarkað tegundarvottorð og ákveða viðeigandi tegundarvottunargrunn.

5. Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar greinar, með því að bæta við hana, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti, sem um getur í 4. mgr. 65. gr. Í þessum ráðstöfunum skal tilgreina sérstaklega:

a) skilyrðin fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda um þann tegundarvottunargrunn sem gildir fyrir tiltekna framleiðsluvöru,

b) skilyrðin fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda um þær tilteknu lofthæfiforskriftir sem gilda fyrir tiltekna hluta og búnað,

c) skilyrðin fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda um þær tilteknu lofthæfiforskriftir sem gilda fyrir loftför sem eru hæf til að fá takmarkað lofthæfivottorð,

d) skilyrðin fyrir því að gefa út og miðla skyldubundnum upplýsingum til að tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvara,

e) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tegundarvottorð, takmörkuð tegundarvottorð, samþykki á breytingum á tegundarvottorðum, einstök lofthæfivottorð, takmörkuð lofthæfivottorð, flugleyfi og vottorð fyrir loftför, framleiðsluvörur, hluta þeirra eða búnað, þ.m.t.:

   i. skilyrði um gildistíma þessara vottorða og skilyrði fyrir endurnýjun vottorða ef takmarkaður gildistími hefur verið ákveðinn,

   ii. takmarkanir sem varða útgáfu flugleyfa. Takmarkanirnar skulu einkum taka til eftirfarandi:

      – markmiðsins með fluginu,

      – loftrýmisins sem flugið fer fram í,

      – starfsréttinda flugáhafnar,

      – flutnings annarra einstaklinga en flugáhafnar,

   iii. loftför, sem eru hæf fyrir takmörkuð lofthæfivottorð, og tilheyrandi takmarkanir,

   iv. lágmarksnámsefni fyrir þjálfun viðhaldsvotta til tegundarréttinda til að tryggja samræmi við f-lið 2. mgr.,

   v. lágmarksnámsefni fyrir tegundarréttindi flugmanna og nothæfi tengdra flugherma til að tryggja samræmi við 7. gr.,

   vi. grunnlisti yfir lágmarksbúnað (MMEL), eftir því sem við á, og viðbótarforskriftir að því er varðar lofthæfi fyrir tiltekna tegund starfrækslu til að tryggja samræmi við 8. gr.,

f) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla samþykki fyrir fyrirtæki, sem krafist er samkvæmt d-, e- og g-lið 2. mgr., og skilyrðin fyrir því að ekki þurfi að óska eftir slíku samþykki,

g) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla starfsskírteinin sem krafist er samkvæmt e-lið 2. mgr.,

h) skyldur handhafa vottorða,

i) hvernig sýna skuli fram á að loftför, sem um getur í 1. mgr. og falla ekki undir 2. eða 4. mgr., fullnægi grunnkröfunum.

j) hvernig sýna skuli fram á að loftför, sem um getur í c-lið 1. mgr. 4. gr., fullnægi grunnkröfunum.

6. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir ráðstafanirnar, sem um getur í 5. mgr., skal hún gæta þess sérstaklega:

a) að þær endurspegli stöðu tækninnar og bestu starfsvenjur á sviði lofthæfi,

b) að tekið sé tillit til reynslunnar af rekstri loftfara um heim allan og til framfara í vísindum og tækni,

c) að gefið sé svigrúm til að bregðast tafarlaust við til að komast að orsökum slysa og alvarlegra flugatvika.

d) að gera ekki kröfur, að því er varðar loftför sem um getur í c-lið 1. mgr. 4. gr., sem væru ósamrýmanlegar skyldum aðildarríkjanna við Alþjóðaflugmálastofnunina .

6. gr.

Grunnkröfur um umhverfisvernd

1. Framleiðsluvörur, hlutar þeirra og búnaður skulu fullnægja kröfum um umhverfisvernd í 8. breytingu I. bindis og í 5. breytingu II. bindis í 16. viðauka við Chicago-samninginn í útgáfunni frá 24. nóvember 2005, að undanskildum viðbætunum við 16. viðauka.

2. Ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum krafnanna, sem um getur í 1. mgr., til að færa þær til samræmis við síðari breytingar á Chicago-samningnum og viðaukum hans, sem öðlast gildi eftir samþykkt þessarar reglugerðar og gilda í öllum aðildarríkjunum, svo fremi að slík samræming rýmki ekki gildissvið þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem um getur í 5. mgr. 65. gr.

3. Ráðstafanirnar, sem voru gerðar til að breyta veigalitlum þáttum krafnanna, sem um getur í 1. mgr., með því að bæta við þær og nota til þess eftir því sem nauðsynlegt er innihald viðbætanna sem um getur í 1. mgr., skulu samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með eftirliti sem um getur í 5. mgr. 65. gr.

7. gr.

Flugmenn

1. Flugmenn, sem taka þátt í starfrækslu loftfara sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr., sem og flugþjálfunartæki, einstaklingar og fyrirtæki, sem taka þátt í þjálfun, prófun, skoðun eða mati læknis á þessum flugmönnum, skulu uppfylla viðkomandi „grunnkröfur“ sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

2. Einstaklingur má aðeins vera í hlutverki flugmanns ef hann er handhafi skírteinis og læknisvottorðs, sem er viðeigandi fyrir starfræksluna sem á að fara fram, nema hann sé í þjálfun.

Einungis skal gefa út skírteini fyrir einstakling ef hann fer að reglunum sem settar voru til að tryggja að grunnkröfurnar um bóklega þekkingu, verklega færni, tungumálafærni og reynslu, eins og þær eru settar fram í III. viðauka, séu uppfylltar.

Einungis skal gefa út læknisvottorð fyrir einstakling ef hann fer að reglunum sem settar voru til að tryggja að grunnkröfurnar um líkamlegt hæfi, eins og þær eru settar fram í III. viðauka, séu uppfylltar. Einungis fluglæknum eða fluglæknasetrum er heimilt að gefa út þessi læknisvottorð.

Þrátt fyrir þriðju undirgrein, ef um er að ræða flugmannsskírteini til tómstundaflugs er heimilislækni, sem hefur nægilega ítarlega þekkingu á sjúkrasögu umsækjandans, heimilt, ef landslög leyfa, að gegna hlutverki fluglæknis í samræmi við nákvæmar framkvæmdarreglur, sem voru samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 65. gr., en þessar framkvæmdarreglur skulu tryggja að öryggisstiginu sé viðhaldið.

Réttindin, sem flugmanninum eru veitt og gildissvið skírteinisins og læknisvottorðsins, skulu tilgreind á slíku skírteini og vottorði.

Hægt er að uppfylla kröfurnar í annarri og þriðju undirgrein með því að samþykkja skírteini og læknisvottorð sem gefin eru út af þriðju löndum eða fyrir hönd þeirra að því er varðar flugmenn sem taka þátt í starfrækslu loftfara sem um getur í c-lið 1. mgr. 4. gr.

3. Gefa skal út samþykki til viðurkenningar á getu fyrirtækja, sem sjá um þjálfun flugmanna, og fluglæknasetra, til að rækja þær skyldur sem tengjast réttindum þeirra til útgáfu skírteina og læknisvottorða. Gefa skal út samþykki fyrir fyrirtæki sem sjá um þjálfun flugmanna eða fluglæknasetur þegar þau eru í samræmi við reglurnar sem settar eru til að tryggja samræmi við viðkomandi grunnkröfur eins

og mælt er fyrir um í III. viðauka. Réttindin sem samþykkin veita skulu tilgreind þar.

4. Flugþjálfunartæki, sem notuð er til þjálfunar flugmanna, skulu háð vottun. Þetta vottorð skal gefið út þegar sýnt hefur verið fram á að tækið er í samræmi við reglurnar sem settar eru til að tryggja samræmi við viðkomandi grunnkröfur eins og mælt er fyrir um í III. viðauka.

5. Einstaklingar, sem bera ábyrgð á að veita flugþjálfun eða þjálfun í flughermi eða að meta færni flugmanns, og fluglæknar skulu vera handhafar viðeigandi vottorðs. Slíkt vottorð skal gefið út þegar sýnt hefur verið fram á að hlutaðeigandi einstaklingar fari að reglunum sem settar eru til að tryggja samræmi við viðkomandi grunnkröfur eins og mælt er fyrir um í III. viðauka. Réttindin sem vottorðið veitir skulu tilgreind í því.

6. Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar greinar með því að bæta við hana, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti, sem um getur í 4. mgr. 65. gr. Í þessum ráðstöfunum skal tilgreina sérstaklega:

a) mismunandi áritanir sem eru skráðar í flugmannsskírteini og læknisvottorð sem eru fullnægjandi fyrir mismunandi tegundir starfa sem framkvæmd eru,

b) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteinin, áritanir skráðar í skírteini, læknisvottorð, samþykki og vottorð, sem um getur í 2., 3., 4. og 5. lið, og samkvæmt hvaða skilyrðum er ekki nauðsynlegt að krefjast slíkra vottorða og samþykkja,

c) réttindi og skyldur handhafa skírteina, áritana skráðar í skírteini, læknisvottorða, samþykkja og vottorða sem um getur í 2., 3., 4. og 5. lið,

d) skilyrðin fyrir því að breyta núverandi landsbundnum flugmannsskírteinum og landsbundnum flugvélstjóraskírteinum í flugmannsskírteini sem og skilyrðin fyrir því að breyta landsbundum læknisvottorðum í almenn viðurkennd læknisvottorð,

e) með fyrirvara um ákvæði tvíhliða samninga, sem gerðir voru í samræmi við 12. gr., skilyrðin fyrir samþykki skírteina frá þriðju löndum,

f) hvernig flugmenn loftfara, sem um getur í ii. lið a-liðar, d- og f-lið II. viðauka, þegar þau eru notuð til flutningaflugs, uppfylla viðkomandi grunnkröfur í III. viðauka.

7. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir ráðstafanirnar, sem um getur í 6. mgr., skal hún gæta þess sérstaklega að þær endurspegli stöðu tækninnar hverju sinni, þ.m.t. bestu starfsvenjur og framfarir á sviði vísinda og tækni á sviði þjálfunar flugmanna. Slíkar ráðstafanir skulu einnig fela í sér ákvæði að því er varðar allar gerðir flugmannsskírteina og áritana sem krafist er samkvæmt Chicago-samningnum og flugmannsskírteini til tómstundaflugs sem tekur til starfsemi sem er ekki í ábataskyni með loftförum með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er 2 000 kg eða minni, og sem uppfylla ekki neina af viðmiðununum sem um getur í j-lið 3. gr.

8. gr.

Starfræksla loftfara

1. Starfræksla loftfara, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr., skal uppfylla grunnkröfur um lofthæfi sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.

2. Flugrekendur, sem stunda rekstur í ábataskyni, skulu sanna hæfni sína og getu til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast réttindum þeirra, nema annað sé ákvarðað í framkvæmdarreglunum. Þessi hæfni og geta skal viðurkennd með útgáfu vottorðs. Réttindin, sem flugrekandanum eru veitt, og umfang starfrækslunnar skulu tilgreind í vottorðinu.

3. Flugrekendur sem stunda flug, sem er ekki í ábataskyni, með flóknum, vélknúnum loftförum skulu lýsa yfir hæfni sinni og getu til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast starfrækslu þess loftfars, nema annað sé ákvarðað í framkvæmdarreglunum.

4. Öryggis- og þjónustuliðar sem taka þátt í starfrækslu loftfara, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr., skulu uppfylla grunnkröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka. Þeir sem stundu rekstur í ábataskyni skulu hafa undir höndum staðfestingu eins og upphaflega var sett fram í d-lið OPS 1.1005 í kafla O í III. viðauka í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1899/2006 frá 12. desember 2006 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91°([1]) en aðildarríkið ákvarðar hvort samþykktir flugrekendur eða fyrirtæki, sem sjá um þjálfun, megi gefa út slíka staðfestingu.

5. Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar greinar með því að bæta við hana, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti, sem um getur í 4. mgr. 65. gr. Í þessum ráðstöfunum skal tilgreina sérstaklega:

([1]) Stjtíð. ESB L 377, 27.12.2006, bls. 1.

a) skilyrði um að starfrækja loftfar í samræmi við grunnkröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka,

b) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorðin, sem um getur í 2. lið, og samkvæmt hvaða skilyrðum yfirlýsing um hæfni og getu flugrekanda til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast starfrækslu loftfarsins eigi að koma í stað vottorðs,

c) réttindi og skyldur handhafa vottorða,

d) skilyrði og verklag að því er varðar yfirlýsingu frá flugrekendum, sem um getur í 3. lið, og eftirlit með þeim og samkvæmt hvaða skilyrðum yfirlýsing eigi að koma í stað þess að sýnt sé fram á hæfni og getu til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast réttindum flugrekanda sem eru viðurkennd með útgáfu vottorðs,

e) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla staðfestingu öryggis- og þjónustuliða sem um getur í 4. mgr.,

f) við hvaða skilyrði starfræksla skal bönnuð, takmörkuð eða háð tilteknum skilyrðum í öryggisskyni,

g) hvernig starfræksla loftfara, sem um getur í ii. lið a-liðar, d- og h-lið II. viðauka, þegar þau eru notuð til flutningaflugs, uppfylli viðkomandi grunnkröfur IV. viðauka.

6. Ráðstafanirnar, sem um getur í 5. lið, skulu:

– endurspegla stöðu tækninnar hverju sinni og bestu starfsvenjur á sviði starfrækslu loftfara,

– skilgreina mismunandi tegundir starfrækslu og taka tillit til tengdra krafna og staðfestinga á samræmi sem er í réttu hlutfalli við það hversu flókin starfrækslan er og áhættuna sem í henni felst,

– taka tillit til reynslunnar af rekstri loftfara um heim allan og til framfara í vísindum og tækni,

– með tilliti til flutningaflugs með flugvélum og með fyrirvara um undirliðinn hér að framan, þróaðar upphaflega á grunni sameiginlegra tæknikrafna og stjórnsýslumeðferðar sem tilgreindar eru í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91,

– byggðar á áhættumati og vera í hlutfalli við umfang og gildissvið starfrækslunnar,

– veita svigrúm til að bregðast tafarlaust við til að komast að orsökum slysa og alvarlegra flugatvika.

– ekki gera kröfur, að því er varðar loftför sem um getur í c-lið 1. mgr. 4. gr., sem væru ósamrýmanlegar skyldum aðildarríkjanna við Alþjóðaflugmálastofnunina.

9. gr.

Loftför sem flugrekandi í þriðja landi notar til flugs til Bandalagsins, innan þess eða frá því

1. Loftför, sem um getur í d-lið 1. mgr. 4. gr. sem og áhöfn þeirra og starfræksla, skulu vera í samræmi við gildandi staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Ef engir slíkir staðlar eru til skulu þessi loftför og starfræksla þeirra vera í samræmi við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í I., III. og IV. viðauka, svo fremi að þessar kröfur stangist ekki á við réttindi þriðju landa samkvæmt alþjóðasamningum.

2. Flugrekendur, sem stunda rekstur í ábataskyni og nota loftför sem um getur í 1. mgr., skulu sýna fram á hæfni sína og getu til að uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í 1. mgr.

Hægt er að uppfylla kröfuna, sem um getur í fyrstu undirgrein, með því að samþykkja vottorðin sem gefin eru út af þriðju löndum eða fyrir hönd þeirra.

Hæfnin og getan, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal viðurkennd með útgáfu heimildar. Réttindin, sem flugrekandanum eru veitt, og umfang starfrækslunnar skulu tilgreind í þessari heimild.

3. Heimilt er að krefjast þess að flugrekendur, sem starfrækja flug á flóknum, vélknúnum loftförum, sem ekki er í ábataskyni, og nota til þess loftför, sem um getur í 1. mgr., lýsi yfir hæfni sinni og getu til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast starfrækslu þessara loftfara.

4. Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar greinar með því að bæta við hana, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti, sem um getur í 4. mgr. 65. gr. Í þessum ráðstöfunum skal tilgreina sérstaklega:

a) hvernig loftförum, sem um getur í d-lið 1. mgr. 4. gr., eða áhöfn, sem eru ekki með staðlað lofthæfivottorð eða skírteini frá Alþjóðaflugmálastofnuninni, sé heimilt að fljúga til Bandalagsins, innan þess og frá því,

b) skilyrði fyrir því að starfrækja loftfar í samræmi við ákvæði 1. mgr.,

c) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta,

takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla heimild flugrekandans, sem um getur í 2. mgr., að teknu tilliti til vottorðanna sem skráningarríkið eða ríki flugrekandans gefur út, sbr. þó reglugerð (EB) nr. 2111/2005 og reglur um framkvæmd hennar,

d) réttindi og skyldur handhafa heimilda,

e) skilyrði og verklag að því er varðar yfirlýsingu flugrekenda og eftirlit með þeim sem um getur í 3. mgr.,

f) við hvaða skilyrði starfræksla skal bönnuð, takmörkuð eða háð tilteknum skilyrðum í öryggisskyni, í samræmi við 1. mgr. 22. gr.

5. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir ráðstafanirnar, sem um getur í 4. mgr., skal hún gæta þess sérstaklega:

a) að notaðar séu, eftir því sem við á, ráðlagðar starfsvenjur og leiðbeiningarskjöl Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,

b) að engin krafa gangi lengra en það sem krafist er af loftförum sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr og af flugrekendum slíkra loftfara,

c) að notaðar séu, eftir því sem við á, ráðstafanirnar sem gefnar eru út í samræmi við 5. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 8. gr.,

d) að ferlið við að afla heimildar sé einfalt, hlutfallsbundið, kostnaðarhagkvæmt og skilvirkt í öllum tilvikum og taki tillit til tengdra krafna og staðfestinga á samræmi í réttu hlutfalli við það hversu flókin starfrækslan er og áhættan sem í henni felst. Ferlið skal einkum taka tillit:

   i. til niðurstaðna úttektaráætlunar sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur unnið í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP),

   ii. til upplýsinga, sem fást úr skoðun á hlaði og skrám áætlunar um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA), og

   iii. til annarra viðurkenndra upplýsinga um öryggisþætti með tilliti til hlutaðeigandi flugrekanda.

10. gr.

Eftirlit og framfylgd

1. Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin skulu starfa saman að því að tryggja að allar framleiðsluvörur, einstaklingar eða fyrirtæki, sem falla undir þessa reglugerð, séu í samræmi við ákvæði hennar og framkvæmdarreglur.

2. Að því er varðar framkvæmd 1. mgr., skulu aðildarríkin, auk þess að hafa eftirlit með vottorðum sem þau hafa gefið út, framkvæma rannsóknir, þ.m.t. skoðanir á hlaði, og gera allar ráðstafanir, þ.m.t. að setja loftför í flugbann, til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot.

3. Að því er varðar framkvæmd 1. mgr., skal Flugöryggisstofnunin framkvæma rannsóknir í samræmi við 2. mgr. 24. gr. og 55. gr.

4. Til að greiða fyrir því að lögbær yfirvöld grípi til viðeigandi framfylgdaraðgerða skulu aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin skiptast á upplýsingum um brot sem hafa verið staðfest.

5. Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar greinar með því að bæta við hana, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti, sem um getur í 4. mgr. 65. gr. Í þessum ráðstöfunum skal tilgreina sérstaklega:

a) skilyrði fyrir söfnun, skiptum á upplýsingum og dreifingu þeirra,

b) skilyrði fyrir framkvæmd skoðana á hlaði, þ.m.t. kerfisbundnar skoðanir,

c) skilyrði fyrir því að setja flugbann á loftför sem uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar eða framkvæmdarreglna hennar.

11. gr.

Viðurkenning vottorða

1. Aðildarríkin skulu viðurkenna vottorð, sem gefin eru út í samræmi við þessa reglugerð, án frekari tæknikrafna eða mats. Ef upprunaleg viðurkenning varðar eitt eða fleiri tiltekin markmið skulu síðari viðurkenningar aðeins taka til þess eða þeirra markmiða.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis eða Flugöryggisstofnunarinnar, að hefja málsmeðferðina, sem um getur í 7. mgr. 65. gr., til að ákveða hvort vottorð, sem gefið er út í samræmi við þessa reglugerð, uppfylli með skilvirkum hætti þessa reglugerð og reglur um framkvæmd hennar.

Ef reglugerðin er ekki uppfyllt eða ekki uppfyllt á skilvirkan hátt skal framkvæmdastjórnin krefjast þess að útgefandi vottorðsins grípi til viðeigandi aðgerða til úrbóta og verndarráðstafana, s.s. takmarkana á vottorði eða tímabundinnar ógildingar. Ennfremur skulu ákvæði 1. mgr. falla úr gildi fyrir vott-

orðið frá þeim degi þegar aðildarríkjunum er tilkynnt um ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

3. Þegar framkvæmdastjórnin hefur nægilega sönnun fyrir því að gripið hafi verið til viðeigandi aðgerða af hálfu útgefanda, sem um getur í 2. mgr., til að ráða bót á annmörkum í þeim tilvikum sem reglugerðin er ekki uppfyllt eða ekki uppfyllt með skilvirkum hætti og að verndarráðstafanir séu ekki lengur nauðsynlegar skal hún ákveða að ákvæði 1. mgr. gildi á ný fyrir þetta vottorð. Þessi ákvæði skulu gilda frá þeim degi sem aðildarríkjunum er tilkynnt um þessa ákvörðun,

4. Heimilt er að gefa út vottorð, sem ekki er unnt að gefa út í samræmi við þessa reglugerð, á grundvelli gildandi, landsbundinna reglna uns ráðstafanirnar, sem um getur í 5. gr. (5. mgr.), 7. gr. (6. mgr.) og 9. gr. (4. mgr.) hafa verið samþykktar, sbr. þó 4. mgr. 69. gr.

5. Heimilt er að gefa út vottorð, sem ekki er unnt að gefa út í samræmi við þessa reglugerð, á grundvelli gildandi, landsbundinna reglna, eða eftir því sem við á, á grundvelli viðkomandi krafna reglugerðar (EBE) nr 3922/91 uns framkvæmdarreglurnar, sem um getur í 5. mgr. 8. gr., hafa verið samþykktar, sbr. þó 4. mgr. 69. gr.

6. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á reglugerð (EB) nr. 2111/2005 og reglur um framkvæmd hennar.

12. gr.

Viðurkenning á vottun þriðja lands

1. Þrátt fyrir ákvæði þessarar reglugerðar og reglur um framkvæmd hennar er Flugöryggisstofnuninni eða flugmálayfirvöldum í aðildarríki heimilt að gefa út vottorð og skírteini á grundvelli vottorða, sem flugmálayfirvöld í þriðja landi hafa gefið út, í samræmi við samninga um gagnkvæma viðurkenningu milli Bandalagsins og viðkomandi þriðja lands.

2. a) Hafi Bandalagið ekki gert slíkan samning getur aðildarríki eða Flugöryggisstofnunin gefið út vottorð á grundvelli vottorða sem lögbær yfirvöld þriðja lands hafa gefið út á grundvelli samnings sem aðildarríkið og viðkomandi þriðja land höfðu gert með sér áður en viðeigandi ákvæði þessarar reglugerðar öðluðust gildi og sem framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hafði verið tilkynnt um. Flugöryggisstofnuninni er einnig heimilt að gefa út slík vottorð fyrir hönd aðildarríkis á grundvelli samnings sem eitthvert aðildarríkjanna hefur gert við viðkomandi þriðja land.

b) Ef framkvæmdastjórnin telur:

– að ákvæði samnings milli aðildarríkis og þriðja lands kveði ekki á um öryggi, sem er sambærilegt við það sem er tiltekið í þessari reglugerð og reglum um framkvæmd hennar, og/eða

– að samningurinn mismuni aðildarríkjunum án þess að knýjandi öryggisástæður liggi því til grundvallar, eða fari í bága við utanríkisstefnu Bandalagsins gagnvart þriðja landi,

getur hún, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 65. gr., krafist þess að hlutaðeigandi aðildarríki breyti samningnum eða hætti beitingu hans um tíma eða segi honum upp í samræmi við 307. gr. sáttmálans.

c) Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að segja sem fyrst upp slíkum samningum, eftir gildistöku samnings milli Bandalagsins og viðkomandi þriðja lands, að því er varðar málefni sem falla undir síðari samninginn.

13. gr.

Hæfir aðilar

Þegar hæfum aðila er falið tiltekið vottunarverkefni skal Flugöryggisstofnunin eða flugmálayfirvöld aðildarríkisins, sem um ræðir, tryggja að slíkur aðili uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í V. viðauka.

14. gr.

Ákvæði um sveigjanleika

1. Ákvæði þessarar reglugerðar og reglna um framkvæmd hennar skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki geti tafarlaust brugðist við öryggisvanda sem tekur til framleiðsluvöru, aðila eða fyrirtækis sem fellur undir ákvæði þessarar reglugerðar. Aðildarríkið skal þegar í stað tilkynna Flugöryggisstofnuninni, framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar, og ástæður fyrir þeim.

2. a) Flugöryggisstofnunin skal meta hvort hægt sé að taka á öryggisvandanum innan þeirra heimilda sem henni eru veittar í samræmi við d-lið 18. gr. Í þessu tilviki skal hún, innan mánaðar frá því að tilkynnt er um það skv. 1. mgr., taka viðeigandi ákvörðun.

b) Ef Flugöryggisstofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að taka á öryggisvandanum, í samræmi við a-lið, skal hún innan tímabilsins, sem um getur í þeim lið, gefa út tilmæli, í samræmi við b-lið 18. gr., um hvort þessari reglugerð eða reglum um framkvæmd hennar skuli breytt og hvort tilkynntar ráðstafanir skuli afturkallaðar eða þeim viðhaldið.

3. Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, og í tengslum við það hvort ófullnægjandi öryggi eða annmarki á þessari reglugerð eða reglum um framkvæmd hennar réttlæti breytingar á þeim og hvort halda megi áfram að beita ráðstöfunum, sem samþykktar eru skv. 1. mgr., í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti, sem um getur í 4. mgr. 65. gr. Í því tilviki skulu öll aðildarríkin framkvæma ráðstafanirnar, eftir því sem við á, og ákvæði 11. gr. skulu gilda um slíkar ráðstafanir. Ef niðurstaðan er sú að ráðstafanirnar séu ekki réttlætanlegar skal hlutaðeigandi aðildarríki afturkalla þær.

4. Aðildarríki er heimilt að veita undanþágur frá efnislegum kröfum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og reglum um framkvæmd hennar, vegna ófyrirséðra, brýnna aðstæðna eða þarfa við starfrækslu sem vara í takmarkaðan tíma, að því tilskildu að það hafi ekki þau áhrif að dregið sé úr öryggi. Tilkynna skal Flugöryggisstofnuninni, framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar slíkar undanþágur um leið og þær eru endurteknar eða ef þær eru veittar til lengri tíma en tveggja mánaða.

5. Flugöryggisstofnunin skal meta hvort undanþágurnar, sem aðildarríki hefur tilkynnt um, hafi minni áhrif til takmörkunar en gildandi ákvæði Bandalagsins og skal hún, innan mánaðar frá því tilkynnt er um þær, gefa út tilmæli, í samræmi við b-lið 18. gr., um hvort undanþágurnar samrýmist almennum öryggismarkmiðum þessarar reglugerðar eða annarrar reglu laga Bandalagsins. Ef undanþága samræmist ekki almennum öryggismarkmiðum þessarar reglugerðar eða annarrar reglu laga Bandalagsins skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun um að leyfa ekki undanþágu í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 7. mgr. 65. gr. Þegar svo er skal hlutaðeigandi aðildarríki afturkalla undanþáguna.

6. Ef unnt er að veita sambærilega vernd og fæst með beitingu reglnanna um framkvæmd þessarar reglugerðar eftir öðrum leiðum er aðildarríkjunum heimilt að veita samþykki, sem víkur frá þessum framkvæmdarreglum, án mismununar á grundvelli þjóðernis. Í slíkum tilvikum skal hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna Flugöryggisstofnuninni og framkvæmdastjórninni að það hyggist veita slíkt samþykki og færa rök fyrir því, þar sem sýnt er fram á nauðsyn þess að víkja frá viðkomandi reglu, og tilgreina skilyrðin sem sett eru til að ná fram sambærilegri vernd.

7. Flugöryggisstofnunin skal, innan tveggja mánaða frá því að henni berst tilkynning í samræmi við 6. mgr. gefa út tilmæli, í samræmi við b-lið 18. gr., um hvort samþykki, sem gerð er tillaga um í samræmi við 6. mgr., uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein.

Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, með því að bæta við hana, að því er varðar hvort heimilt sé að veita samþykki, sem gerð er tillaga um í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti, sem um getur í 6. mgr. 65. gr., innan mánaðar frá því að tilmæli Flugöryggisstofnunarinnar berast. Í því tilviki skal framkvæmdastjórnin tilkynna öllum aðildarríkjunum um ákvörðun sína og skulu þau einnig eiga rétt á að beita þeirri ráðstöfun. Ákvæði 15. gr. gilda um viðkomandi ráðstöfun.

15. gr.

Upplýsinganet

1. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og flugmálayfirvöld aðildarríkjanna skulu skiptast á upplýsingum sem þau hafa undir höndum og varða beitingu þessarar reglugerðar og reglna um framkvæmd hennar. Aðilar, sem falið er að rannsaka flugslys og flugatvik í almenningsflugi eða greina atvik, eiga rétt á aðgangi að þessum upplýsingum.

2. Með fyrirvara um rétt almennings til aðgangs að skjölum framkvæmdastjórnarinnar, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1049/2001, skal framkvæmdastjórnin samþykkja ráðstafanir um að miðla upplýsingunum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, til hagsmunaaðila, að eigin frumkvæði og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 65. gr. Þessar ráðstafanir, sem geta verið almennar eða sértækar, skulu byggjast á nauðsyn þess:

a) að veita aðilum og fyrirtækjum nauðsynlegar upplýsingar til að þessir aðilar geti bætt flugöryggi,

b) að takmarka miðlun upplýsinga við það sem er alveg nauðsynlegt fyrir notendur þeirra með það fyrir augum að tryggja viðeigandi leynd þessara upplýsinga.

3. Flugmálayfirvöld aðildarríkjanna skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við landslöggjöf

til að tryggja viðeigandi leynd upplýsinga sem þau fá skv. 1. mgr.

4. Flugöryggisstofnunin skal gefa út árlega öryggisskýrslu til að upplýsa almenning um almenna stöðu öryggismála. Frá gildistöku ráðstafananna, sem um getur í 5. mgr. 10. gr., skal þessi öryggisskýrsla innihalda greiningu á öllum upplýsingum sem berast skv. 10. gr. Greiningin skal vera einföld og auðskiljanleg og skal hún upplýsa hvort öryggisáhætta hafi aukist. Ekki skal upplýsa í þessari greiningu hver það er sem veitti upplýsingarnar.

16. gr.

Vernd heimildarmanna

1. Ef einstaklingur veitir framkvæmdastjórninni eða Flugöryggisstofnun upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 15. gr., af fúsum og frjálsum vilja skal ekki upplýsa hver það er sem veitti upplýsingarnar. Ef upplýsingarnar eru veittar landsyfirvaldi skal heimildarmaður njóta verndar í samræmi við landslög.

2. Án þess að það hafi áhrif á gildandi refsilöggjöf skulu aðildarríkin láta vera að höfða dómsmál, að því er varðar brot á lögum af óyfirlögðu ráði eða óviljandi, en þessi mál koma aðeins til kasta aðildarríkjanna ef þau hafa verið tilkynnt samkvæmt þessari reglugerð og reglum um framkvæmd hennar.

Þessi regla gildir ekki í tilvikum þar sem um stórfellt gáleysi er að ræða.

3. Án þess að það hafi áhrif á gildandi refsilöggjöf og í samræmi við málsmeðferðina, sem sett er fram í landslögum og venjum, skulu aðildarríkin tryggja að vinnuveitendur láti starfsmenn, sem veita upplýsingar við beitingu þessarar reglugerðar og reglna hennar um framkvæmd, ekki líða fyrir það.

Þessi regla gildir ekki í tilvikum þar sem um stórfellt gáleysi er að ræða.

4. Þessi grein gildir með fyrirvara um landsreglur sem varða aðgang dómsmálayfirvalda að upplýsingum.

III. KAFLI

FLUGÖRYGGISSTOFNUN EVRÓPU

I. ÞÁTTUR

Verkefni

17. gr.

Stofnun og hlutverk Flugöryggisstofnunarinnar

1. Stofna skal Flugöryggisstofnun Evrópu til framkvæmdar þessari reglugerð.

2. Til að tryggja eðlilega framkvæmd og þróun öryggis í almenningsflugi skal Flugöryggisstofnunin:

a) taka að sér hvers konar verkefni og skila álitsgerðum í öllum málaflokkum sem falla undir 1. mgr. 1. gr.,

b) aðstoða framkvæmdastjórnina með því að undirbúa ráðstafanir sem gera þarf til framkvæmdar þessari reglugerð. Þegar þessar ráðstafanir taka til tæknilegra reglna, einkum reglna sem varða smíði og hönnun og starfrækslubætti, er framkvæmdastjórninni ekki heimilt að breyta þeim efnislega nema að undangengnu samráði við Flugöryggisstofnunina; Flugöryggisstofnunin skal einnig veita framkvæmdastjórninni þá tæknilegu, vísindalegu og stjórnsýslulegu aðstoð sem hún þarfnast við störf sín,

c) gera nauðsynlegar ráðstafanir innan marka þeirra heimilda sem henni eru veittar í þessari reglugerð eða annarri löggjöf Bandalagsins,

d) framkvæma nauðsynlega skoðun og rannsóknir til að leysa af hendi verkefni sín,

e) annast störf og verkefni, á sínu valdsviði og fyrir hönd aðildarríkjanna, sem aðildarríkjunum hafa verið fengin með gildandi alþjóðasamningum, einkum Chicago-samningnum.

18. gr.

Ráðstafanir Flugöryggisstofnunar

Flugöryggisstofnunin skal, þegar við á:

a) gefa út álitsgerðir sem beint er til framkvæmdastjórnarinnar,

b) gefa út tilmæli sem beint er til framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 14. gr.,

c) gefa út vottunarforskriftir, þ.m.t. lofthæfireglur og ásættanlegar aðferðir við að uppfylla kröfur, sem og leiðbeiningar um beitingu þessarar reglugerðar og reglur um framkvæmd hennar,

d) taka viðeigandi ákvarðanir um beitingu 20., 21., 22., 23., 54. og 55. gr.,

e) gefa út skýrslur í kjölfar eftirlits með stöðlun sem fer fram skv. 1. mgr. 24. gr. og 54. gr.

19. gr.

Álitsgerðir, vottunarforskriftir og leiðbeiningar

1. Til að aðstoða framkvæmdastjórnina við undirbúning tillagna um grundvallarreglur, gildissvið og grunnkröfur, sem leggja skal fyrir Evrópuþingið og ráðið, og við samþykkt framkvæmdarreglnanna, skal

Flugöryggisstofnunin semja drög að þessum tillögum og reglum. Flugöryggisstofnunin skal leggja drögin fyrir framkvæmdastjórnina í formi álitsgerða.

2. Flugöryggisstofnunin skal, í samræmi við 52. gr. og framkvæmdarreglurnar, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt:

a) semja vottunarforskriftir, þ.m.t. lofthæfireglur og ásættanlegar aðferðir við að uppfylla kröfur, og

b) semja leiðbeiningar

sem nota skal við vottunina.

Þessi skjöl skulu endurspegla stöðu tækninnar hverju sinni og bestu starfsvenjur á sviði lofthæfi og skulu uppfærðar með tilliti til reynslunnar um heim allan af rekstri loftfara og með tilliti til framfara í vísindum og tækni.

20. gr.

Lofthæfi- og umhverfisvottun

1. Að því er framleiðsluvörur og hluta þeirra og búnað, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 4. gr., skal Flugöryggisstofnunin, þegar við á og eins og tilgreint er í Chicago-samningnum eða viðaukum hans, annast störf og verkefni hönnunar-, framleiðslu- eða skráningarríkisins fyrir hönd aðildarríkjanna í tengslum við hönnunarsamþykki. Í þessu skyni skal Flugöryggisstofnunin einkum:

a) ákvarða og tilkynna um tegundarvottunargrunn fyrir allar framleiðsluvörur sem sótt er um tegundarvottorð eða breytingu á tegundarvottorði fyrir; vottunargrunnurinn er samsettur úr viðeigandi lofthæfireglum, ákvæðum, sem viðurkennt hefur verið að tryggi sambærilegt öryggi, og þeim sérstöku, ítarlegu tækniforskriftum sem nauðsynlegar eru þegar hönnunareiginleikar tiltekinna framleiðsluvara eða reynslan af notkun þeirra gera það að verkum að ákvæði lofthæfireglna eru ófullnægjandi eða henta ekki til að tryggja samræmi við grunnkröfur,

b) ákvarða og tilkynna sérstakar lofthæfiforskriftir fyrir hverja framleiðsluvöru sem sótt er um takmarkað lofthæfivottorð fyrir,

c) ákvarða og tilkynna ítarlegar lofthæfiforskriftir fyrir hvern hluta eða búnað sem sótt er um vottorð fyrir,

d) ákvarða og tilkynna viðeigandi umhverfiskröfur fyrir hverja framleiðsluvöru sem krafist er umhverfisvottunar fyrir í samræmi við 6. gr.,

e) annast rannsókn sem tengist vottun á framleiðsluvöru, hluta og búnaði, annaðhvort sjálf eða með hjálp flugmálayfirvalda aðildarríkjanna eða hæfra aðila,

f) gefa út viðeigandi tegundarvottorð eða breytingar á þeim,

g) gefa út vottorð fyrir hluta og búnað,

h) gefa út viðeigandi umhverfisvottorð,

i) breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla viðkomandi vottorð þegar skilyrðum fyrir útgáfu þess er ekki lengur fullnægt eða ef lögaðili eða einstaklingur, sem er handhafi vottorðsins, rækir ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð eða reglum um framkvæmd hennar,

j) tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvara og hluta þeirra og búnaðar, sem hún hefur eftirlit með, þ.m.t. að bregðast við öryggisvanda án ótilhlýðilegrar tafar og gefa út og miðla viðeigandi upplýsingum sem skylt er að veita,

k) ákveða staðla og verklag til að uppfylla a-lið 4. mgr. 5. gr. að því er varðar lofthæfi fyrir loftför sem á að gefa út flugleyfi fyrir,

l) gefa út flugleyfi fyrir loftför, að því er varðar vottun undir eftirliti Flugöryggisstofnunarinnar, í samráði við aðildarríkið þar sem loftfarið er skráð eða fyrirhugað er að skrá það.

2. Að því er varðar fyrirtæki skal Flugöryggisstofnunin:

a) annast skoðun og úttekt fyrirtækja sem hún vottar, annaðhvort sjálf eða með hjálp flugmálayfirvalda aðildarríkjanna eða hæfra aðila,

b) gefa út og endurnýja vottorð fyrir:

   i. hönnunarfyrirtæki eða

   ii. framleiðslufyrirtæki, sem eru á yfirráðasvæði aðildarríkja, ef viðkomandi aðildarríki óskar þess, eða

   iii. framleiðslufyrirtæki og viðhaldsfyrirtæki sem eru utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna,

c) breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla viðkomandi fyrirtækjavottorð þegar skilyrðum fyrir útgáfu þess er ekki lengur fullnægt eða ef viðkomandi fyrirtæki rækir ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð eða reglum um framkvæmd hennar.

21. gr.

Vottun flugmanna

1. Með tilliti til þess starfsfólks og þeirra fyrirtækja sem um getur í 1. mgr. 7. gr. skal Flugöryggisstofnunin:

a) annast rannsóknir og úttekt fyrirtækja sem hún vottar, annaðhvort sjálf eða með hjálp flugmálayfirvalda aðildarríkjanna eða hæfra aðila og eftir því sem við á starfsfólk þess,

b) gefa út og endurnýja vottorð fyrirtækja sem sjá um þjálfun flugmanna og fluglæknasetra sem staðsett eru utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna og eftir því sem við á starfsfólk þeirra,

c) breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla viðkomandi vottorð þegar skilyrðum fyrir útgáfu þess er ekki lengur fullnægt eða ef lögaðili eða einstaklingur, sem er handhafi vottorðsins, rækir ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð eða reglum um framkvæmd hennar.

2. Með tilliti til þeirra flugþjálfunartækja sem um getur í 1. mgr. 7. gr. skal Flugöryggisstofnunin:

a) annast tækniskoðun tækja sem hún vottar, annaðhvort sjálf eða með hjálp flugmálayfirvalda aðildarríkjanna eða hæfra aðila,

b) gefa út og endurnýja vottorð fyrir:

   i. flugþjálfunartæki, sem notuð eru af þjálfunarfyrirtækjum, sem Flugöryggisstofnunin vottar, eða

   ii. flugþjálfunartæki, sem eru á yfirráðasvæði aðildarríkja, ef viðkomandi aðildarríki óskar þess, eða

   iii. flugþjálfunartæki sem eru utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna,

c) breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla viðkomandi vottorð þegar skilyrðum fyrir útgáfu þess er ekki lengur fullnægt eða ef lögaðili eða einstaklingur, sem er handhafi vottorðsins, rækir ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð eða reglum um framkvæmd hennar.

22. gr.

Vottun flugrekstrar

1. Flugöryggisstofnunin skal bregðast, án ótilhlýðilegrar tafar, við vanda, sem hefur áhrif á öryggi flugrekstrar, með því að ákvarða aðgerðir til úrbóta og dreifa tengdum upplýsingum, þ.m.t. til aðildarríkjanna.

2. Með tilliti til flugtímamarka:

a) skal Flugöryggisstofnunin gefa út viðeigandi vottunarforskriftir til að tryggja samræmi við grunnkröfur og, eftir því sem við á, tengdar reglur um framkvæmd; í framkvæmdarreglunum skulu upphaflega vera öll þýðingarmikil ákvæði Q-kafla í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91, að teknu tilliti til nýjustu vísinda- og tækniþekkingar,

b) er aðildarríki heimilt að samþykkja stakar áætlanir um flugtímaforskriftir sem víkja frá vottunarforskriftunum sem um getur í a-lið; í því tilviki skal aðildarríkið tilkynna Flugöryggisstofnuninni og hinum aðildarríkjunum án tafa að það hafi í hyggju að veita samþykki fyrir slíkri stakri áætlun,

c) skal Flugöryggisstofnunin, eftir að henni hefur borist tilkynning, innan mánaðar meta stöku áætlunina á grundvelli vísindalegs og læknisfræðilegs mats. Eftir það er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að veita samþykki eins og tilkynnt hefur verið nema Flugöryggisstofnunin hafi rætt áætlunina við það aðildarríki og lagt til breytingar á því; sé aðildarríkið sammála þessum breytingum er því heimilt að veita samþykki til samræmis við það,

d) er heimilt, ef upp koma ófyrirséðar, brýnar aðstæður eða þarfir að því er varðar flugrekstur, sem vara í takmarkaðan tíma og eru þess eðlis að þær endurtaka sig ekki, að láta undanþágur frá vottunarforskriftum gilda tímabundið þar til Flugöryggisstofnunin hefur látið álit sitt í ljós,

e) ef aðildarríki er ósammála niðurstöðum Flugöryggisstofnunarinnar, að því er varðar staka áætlun, skal það vísa málinu til framkvæmdastjórnarinnar sem ákveður hvort áætlunin uppfylli öryggismarkmið þessarar reglugerðar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 65. gr.,

f) skal birta efni stakra áætlana sem Flugöryggisstofnunin samþykkir eða sem framkvæmdastjórnin hefur tekið jákvæða ákvörðun um í samræmi við e-lið.

23. gr.

Flugrekendur frá þriðja landi

1. Með tilliti til flugrekenda loftfara, sem um getur í d-lið 1. mgr. 4. gr., sem stunda rekstur í ábataskyni, skal Flugöryggisstofnunin:

a) annast rannsóknir og úttekt fyrirtækja sem hún vottar, annaðhvort sjálf eða með hjálp flugmálayfirvalda aðildarríkjanna eða hæfra aðila,

b) gefa út og endurnýja heimildirnar, sem um getur í 2. mgr. 9. gr., nema aðildarríki sinni hlutverki og verkefnum ríkis flugrekandans með tilliti til þessara flugrekenda,

c) breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla viðkomandi heimildir þegar skilyrðum fyrir útgáfu þeirra er ekki lengur fullnægt eða ef viðkomandi fyrirtæki rækir ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð eða reglum um framkvæmd hennar.

2. Með tilliti til flugrekenda loftfara, sem um getur í d-lið 1. mgr. 4. gr., sem ekki stunda rekstur í ábataskyni, skal Flugöryggisstofnunin:

a) taka á móti yfirlýsingunum, sem um getur í 3. mgr. 9. gr. og

b) annast eftirlit með flugrekendum sem hún hefur fengið yfirlýsingar frá, annaðhvort sjálf eða með hjálp flugmálayfirvalda aðildarríkjanna eða hæfra aðila.

3. Með tilliti til loftfara, sem um getur í d-lið 1. mgr. 4. gr., skal Flugöryggisstofnunin veita heimildir í samræmi við a-lið 4. mgr. 9. gr.

24. gr.

Eftirlit með beitingu reglnanna

1. Flugöryggisstofnunin skal annast eftirlit með stöðlun á sviðum, sem falla undir 1. mgr. 1. gr., til að hafa eftirlit með því hvernig lögbær landsyfirvöld beita þessari reglugerð og reglum um framkvæmd hennar og skal hún gefa framkvæmdastjórninni skýrslu þar að lútandi.

2. Flugöryggisstofnunin skal annast rannsóknir á fyrirtækjum til að fylgjast með beitingu þessarar reglugerðar og reglum um framkvæmd hennar.

3. Flugöryggisstofnunin skal meta áhrif framkvæmdar þessarar reglugerðar og reglna um framkvæmd hennar, að teknu tilliti til markmiðanna sem sett eru fram í 2. gr.

4. Hafa skal samráð við Flugöryggisstofnunina og hún skal gefa út tilmæli til framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 14. gr.

5. Vinnuaðferðir Flugöryggisstofnunarinnar við lausn verkefnanna, sem um getur í 1., 3. og 4. mgr., skulu háðar kröfum, sem samþykktar verða í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 65. gr., að teknu tilliti til meginreglnanna sem mælt er fyrir um í 52. og 53. gr.

25. gr.

Sektir eða févíti

1. Að beiðni Flugöryggisstofnunarinnar er framkvæmdastjórninni heimilt, með fyrirvara um 20. og 55. gr.:

a) að leggja á einstaklinga og fyrirtæki, sem Flugöryggisstofnunin hefur veitt vottorð, sektir ef ákvæði þessarar reglugerðar og reglna um framkvæmd hennar hafa verið brotin af ásettu ráði eða af gáleysi,

b) að leggja á einstaklinga og fyrirtæki, sem Flugöryggisstofnunin hefur veitt vottorð, févíti, sem reiknast frá deginum sem ákveðinn er í ákvörðuninni, til að þvinga þessa einstaklinga og fyrirtæki til að uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar og reglna um framkvæmd hennar.

2. Sektir og févíti, sem um getur í 1. mgr., skulu hafa letjandi áhrif og vera í réttu hlutfalli bæði við alvarleika málsins og fjárhagslega getu hlutaðeigandi handhafa vottorðs, einkum að teknu tilliti til þess að hvaða marki öryggi hefur verið stefnt í hættu. Fjárhæð sektanna skal ekki vera meiri en 4% af árstekjum eða ársveltu handhafa vottorðsins. Fjárhæð févíta skal ekki vera meiri en 2,5% af meðaldagsstekjum eða ársveltu handhafa vottorðsins.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur fyrir framkvæmd þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 65. gr. Þá skal hún tilgreina sérstaklega:

a) ítarlegar viðmiðanir til að ákveða fjárhæð sektar eða reglubundinna sektargreiðslna og

b) málsmeðferð við fyrirspurnir, tengdar ráðstafanir og skýrslugjöf sem og reglur um málsmeðferð við ákvarðanatöku, þ.m.t. ákvæði um rétt til varnar, rétt á aðgangi að málsskjölum, rétt á málflutningsmanni, rétt til þagnarskyldu og tímabundin ákvæði um áætlun og innheimtu sekta og reglubundinna sektargreiðslna.

4. Dómstóll Evrópubandalaganna skal hafa ótakmarkaða lögsögu til að endurskoða ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um sektir eða reglubundnar sektargreiðslur. Hann má fella niður, lækka eða hækka sektina eða reglubundnu sektargreiðsluna sem lögð er á.

5. Ákvarðanir, sem teknar eru skv. 1. mgr. skulu ekki varða við hegningarlög.

26. gr.

Rannsóknir

1. Með fyrirvara um lög Bandalagsins er Flugöryggisstofnuninni heimilt að framkvæma og fjármagna rannsóknir svo fremi að þær séu stranglega takmarkaðar við úrbætur í starfsemi á valdsviði hennar.

2. Flugöryggisstofnunin skal samræma rannsóknar- og þróunarvinnu sína við rannsóknar- og þróunarvinnu framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til að tryggja samræmi í stefnu og aðgerðum allra aðila.

3. Birta skal niðurstöður rannsókna, sem Flugöryggisstofnunin hefur fjármagnað, að því tilskildu að Flugöryggisstofnunin flokki þær ekki sem trúnaðarmál.

27. gr.

Alþjóðasamskipti

1. Flugöryggisstofnunin skal aðstoða Bandalagið og aðildarríkin í samskiptum þeirra við þriðju lönd í samræmi við viðeigandi lög Bandalagsins. Einkum skal aðstoða við samræmingu reglna og við gagnkvæma viðurkenningu að því er varðar samþykki sem staðfestir að reglum sé beitt á fullnægjandi hátt.

2. Flugöryggisstofnunin getur átt samvinnu við flugmálayfirvöld þriðju landa og alþjóðastofnanir, sem starfa á þeim sviðum sem þessi reglugerð tekur til, innan ramma samstarfssamninga, sem gerðir eru við þessa aðila, í samræmi við viðeigandi ákvæði sáttmálans. Framkvæmdastjórnin skal hafa samþykkt slíkt fyrirkomulag fyrir fram.

3. Flugöryggisstofnunin skal aðstoða aðildarríkin við að rækja alþjóðlegar skyldur sínar, einkum samkvæmt Chicago-samningnum.

II. ÞÁTTUR

Innra skipulag

28. gr.

Réttarstaða, staðsetning og staðarskrifstofur

1. Flugöryggisstofnunin er Bandalagsstofnun. Hún hefur réttarstöðu lögaðila.

2. Flugöryggisstofnunin skal hafa það rétthæfi og gerhæfi í hverju aðildarríki sem löggjöf þess framast veitir lögaðilum. Hún getur m.a. aflað og afsalað sér fasteignum og lausafé og tekið þátt í málarekstri.

3. Flugöryggisstofnunin getur komið sér upp staðarskrifstofum í aðildarríkjunum ef þau samþykkja það.

4. Forstjórinn er í forsvari fyrir Flugöryggisstofnunina.

29. gr.

Starfsfólk

1. Starfsmannareglur embættismanna Evrópubandalaganna, ráðningarskilmálar annarra starfsmanna Evrópubandalaganna og reglur, sem stofnanir Evrópubandalaganna hafa samþykkt sameiginlega til beitingar þessum starfsmannareglum og ráðningarskilmálum, gilda um starfsfólk Flugöryggisstofnunarinnar, sbr. þó beitingu 39. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar kærunefndarmenn.

2. Með fyrirvara um 42. gr. skal Flugöryggisstofnunin hafa það vald gagnvart starfsfólki sínu sem yfirvaldi, sem skipar í stöður, er fengið samkvæmt starfsmannareglum og ráðningarskilmálum.

3. Meðal starfsfólks Flugöryggisstofnunarinnar skulu vera embættismenn sem framkvæmdastjórnin eða aðildarríkin tilnefna eða senda til stjórnunarstarfa og er fjöldi þeirra stranglega takmarkaður. Við lausn verkefna sinna ræður Flugöryggisstofnunin annað starfsfólk eftir þörfum.

30. gr.

Sérréttindi og friðhelgi

Bókunin um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna, sem fylgir með í viðauka við stofnsáttmála Evrópubandalaganna og sáttmálans um stofnun Kjarnorkubandalags Evrópu, gildir um Flugöryggisstofnunina.

31. gr.

Bótaábyrgð

1. Bótaábyrgð Flugöryggisstofnunarinnar í samningamálum skal háð þeirri löggjöf sem gildir um viðkomandi samning.

2. Dómstóll Evrópubandalaganna skal hafa vald til að kveða upp dóma á grundvelli gerðardómsákvæða í samningi sem Flugöryggisstofnunin hefur gert.

3. Þegar um er að ræða bótaábyrgð sem er ekki samningsbundin ber Flugöryggisstofnuninni, samkvæmt almennum meginreglum í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem þjónustuaðilar eða starfsfólk hennar kunna að valda við skyldustörf sín.

4. Dómstóll Evrópubandalaganna fer með dómsvald í deilumálum um bætur vegna hvers kyns tjóns sem um getur í 3. mgr.

5. Persónuleg bótaábyrgð starfsfólks gagnvart Flugöryggisstofnuninni lýtur þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í starfsmannareglunum eða ráðningarskilmálum er gilda um starfsfólk Flugöryggisstofnunarinnar.

32. gr.

Birting skjala

1. Með fyrirvara um ákvarðanir, sem teknar eru á grundvelli 290. gr. sáttmálans, skulu eftirfarandi skjöl lögð fram á öllum opinberum tungumálum Bandalagsins:

a) öryggisskýrslan, sem um getur í 4. mgr. 15. gr.,

b) álitsgerðir, sem beint er til framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. mgr. 19. gr.,

c) almenna ársskýrslan og starfsáætlunin sem um getur í b- og c-lið 2. mgr. 33. gr.

2. Þýðingamiðstöðin, sem þjónar stofnunum Evrópusambandsins, annast nauðsynlegar þýðingar vegna starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar.

33. gr.

Heimildir stjórnar

1. Flugöryggisstofnunin skal hafa stjórn.

2. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal:

a) skipa forstjóra og síðan framkvæmdastjóra á grundvelli tillögu frá forstjóra í samræmi við 39. gr.,

b) samþykkja ársskýrslu um starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar og framsenda hana til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, endurskoðunarréttarins og aðildarríkjanna, eigi síðar en 15. júní; hún skal fyrir hönd Flugöryggisstofnunarinnar framsenda árlega til Evrópuþingsins og ráðsins (hér á eftir nefnd fjárveitingarvaldið) allar upplýsingar, sem varða matsniðurstöður, einkum upplýsingar varðandi áhrif eða afleiðingar vegna breytinga á verkefnum sem Flugöryggisstofnunni er falið,

c) samþykkja, að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar, starfsáætlun Flugöryggisstofnunarinnar fyrir næsta ár og framsenda hana til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna fyrir 30. september ár hvert; þessi starfsáætlun skal samþykkt í samræmi við árlega fjárlagagerð Bandalagsins og áætlun Bandalagsins um lagasetningu á viðeigandi sviðum flugöryggis; álit framkvæmdastjórnarinnar skal fylgja starfsáætluninni,

d) samþykkja viðmiðunarreglur um úthlutun vottunarverkefna til flugmálayfirvalda aðildarríkjanna og hæfra aðila í samráði við framkvæmdastjórnina,

e) koma á málsmeðferð fyrir ákvarðanatöku forstjórans eins og um getur í 52. og 53. gr.,

f) rækja hlutverk sitt með tilliti til fjárhagsáætlunar Flugöryggisstofnunarinnar skv. 59., 60. og 63. gr.,

g) skipa í kærunefnd skv. 41. gr.,

h) vera yfir forstjóra sett og einnig, í samráði við forstjóra, yfir framkvæmdastjóra,

i) gefa álit sitt á ráðstöfunum varðandi þóknanir og gjöld sem um getur í 1. mgr. 64. gr.,

j) setja sér starfsreglur,

k) ákveða tungumálanotkun fyrir Flugöryggisstofnunina,

l) bæta við skjalaskrána, sem um getur í 1. mgr. 32. gr., eftir því sem við á,

m) ákveða stjórnskipulag og samþykkja starfsmannastefnu Flugöryggisstofnunarinnar.

3. Stjórninni er heimilt að veita forstjóra ráðgjöf í öllum málum, sem eingöngu tengjast áætlunum um þróun flugöryggis, þ.m.t. rannsóknir eins og lýst er í 26. gr.

4. Stjórnin skal koma á fót ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila og skal hafa samráð við hana áður en hún tekur ákvarðanir í þeim málum sem um getur í c-, e-, f- og i-lið 2. mgr. Stjórnin getur einnig ákveðið að hafa samráð við ráðgjafarnefndina um önnur málefni sem um getur í 2. og 3. mgr. Álit ráðgjafarnefndarinnar er ekki bindandi fyrir stjórnina.

5. Stjórninni er heimilt að koma á fót starfsnefndum, sem aðstoða hana við að sinna hlutverki sínu, þ.m.t. undirbúningur ákvarðana og eftirlit með framkvæmd þeirra.

34. gr.

Skipan stjórnar

1. Stjórnin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarríki og einum fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Stjórnarmenn skulu valdir á grundvelli viðurkenndrar reynslu og skuldbindinga á sviði almenningsflugs, stjórnunarhæfni og sérfræðiþekkingar, sem nota á til að stuðla að framgangi þessarar reglugerðar. Þar til bær nefnd Evrópuþingsins skal upplýst að fullu um það.

Hvert aðildarríki skal tilnefna stjórnarmann og varamann sem er fulltrúi stjórnarmanns í fjarveru hans. Framkvæmdastjórnin skal einnig tilnefna fulltrúa sinn og varamann. Skipunartími er fimm ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímann.

2. Þátttaka fulltrúa þriðju landa í Evrópu og skilyrði fyrir slíkri þátttöku skulu vera með því fyrirkomulagi sem um getur í 66. gr., eftir því sem við á.

3. Ráðgjafarnefndin, sem um getur í 4. mgr. 33. gr., skal tilnefna fjóra af nefndarmönnum sínum til að vera áheyrnarfulltrúar í stjórninni. Þeir skulu endurspegla, með eins almennum hætti og mögulegt er, mismunandi skoðanir fulltrúanna í ráðgjafanefndinni. Skipunartími þeirra er 30 mánuðir og heimilt að endurnýja hann einu sinni.

35. gr.

Formennska stjórnar

1. Stjórnin kýs formann og varaformann úr sínum röðum. Varaformaður kemur í krafti embættis síns í stað formanns í forföllum hans.

2. Skipunartíma formanns og varaformanns lýkur þegar stjórnarsetu þeirra lýkur. Með fyrirvara um þetta skal skipunartími formanns og varaformanns vera þrjú ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímana einu sinni.

36. gr.

Fundir

1. Formaður stjórnar boðar til fundar.

2. Forstjóri Flugöryggisstofnunarinnar tekur þátt í umræðum.

3. Stjórnin skal halda minnst tvo almenna fundi á ári. Að auki kemur stjórnin saman að frumkvæði formanns eða að beiðni a.m.k. þriðja hluta stjórnarmanna.

4. Stjórnin getur boðið öllum, sem kunna að hafa áhugaverð sjónarmið, að sitja fundi sína sem áheyrnarfulltrúar.

5. Með fyrirvara um ákvæði starfsreglna stjórnarinnar er stjórnarmönnum heimilt að leita aðstoðar ráðgjafa eða sérfræðinga.

6. Flugöryggisstofnunin annast skrifstofuhald stjórnar.

37. gr.

Atkvæðagreiðsla

1. Stjórnin skal taka ákvarðanir með atkvæðum tveggja þriðju hluta stjórnarmanna, sbr. þó 1. mgr. 39. gr. Ákvarðanir, sem um getur í k-lið 2. mgr. 33. gr., skulu teknar með einróma samþykki fari einhver stjórnarmanna þess á leit.

2. Hver stjórnarmaður, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 34. gr., skal hafa eitt atkvæði. Í fjarveru stjórnarmanns hefur varamaður hans rétt til að neyta atkvæðisréttar síns. Hvorki áheyrnarfulltrúar né forstjóri Flugöryggisstofnunarinnar greiða atkvæði.

3. Í starfsreglum skal kveða nánar á um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, einkum skilyrði fyrir því að stjórnarmaður megi koma fram fyrir hönd annars stjórnarmanns og kröfur er varða það hversu margir skuli sækja fund til að hann teljist lögmætur, eftir því sem við á.

38. gr.

Störf og heimildir forstjóra

1. Forstjóri fer með stjórn Flugöryggisstofnunarinnar og skal vera algerlega óháður öðrum við embættisfærslu sína. Með fyrirvara um valdsvið framkvæmdastjórnarinnar og stjórnar Flugöryggisstofnunarinnar skal forstjórinn hvorki óska eftir né taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnum eða öðrum aðilum.

2. Evrópuþingið eða ráðið getur skorað á forstjóra að skýra frá störfum sínum.

3. Hlutverk og valdsvið forstjóra skal vera sem hér segir:

a) að samþykkja ráðstafanir Flugöryggisstofnunarinnar, skv. 18. gr., innan þeirra marka sem tilgreint er í þessari reglugerð, reglum um framkvæmd hennar og viðeigandi lögum,

b) að taka ákvarðanir um skoðun og rannsóknir eins og kveðið er á um í 54. og 55. gr.,

c) að úthluta vottunarverkefnum til flugmálayfirvalda aðildarríkja eða hæfra aðila í samræmi við viðmiðunarreglur sem stjórn Flugöryggisstofnunarinnar setur,

d) að sjá um alþjóðleg verkefni og tæknisamvinnu við þriðju lönd skv. 27. gr.,

e) að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að Flugöryggisstofnunin starfi í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, þ.m.t. að samþykkja innri stjórnsýslufyrirmæli og birta auglýsingar,

f) að semja ár hvert drög að almennri skýrslu og leggja hana fyrir stjórnina,

g) að fara með það vald gagnvart starfsmönnum Flugöryggisstofnunarinnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 29. gr.,

h) að taka saman áætlun um tekjur og gjöld Flugöryggisstofnunarinnar skv. 59. gr. og framkvæma fjárhagsáætlun skv. 60. gr.,

i) að fela öðrum starfsmönnum Flugöryggisstofnunarinnar umboð sitt, sbr. þó reglur sem samþykktar verða í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 65. gr.,

j) að taka ákvarðanir, með samþykki stjórnar Flugöryggisstofnunarinnar, um stofnun staðarskrifstofa í aðildarríkjunum í samræmi við 3. mgr. 28. gr.,

k) að undirbúa og hrinda í framkvæmd árlegri starfsáætlun,

l) að svara beiðnum um aðstoð frá framkvæmdastjórninni.

39. gr.

Skipun yfirmanna

1. Forstjóri Flugöryggisstofnunarinnar skal skipaður á grundvelli verðleika og skjalfestrar hæfni og reynslu á sviði almenningsflugs. Stjórnin skal skipa forstjórann eða segja honum upp störfum að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Stjórnin skal taka ákvörðun með atkvæðum þriggja fjórðu hluta stjórnarmanna. Áður en umsækjandinn, sem stjórnin tilnefnir, er skipaður, er hægt að fara fram á það að hann gefi yfirlýsingu frammi fyrir þar til bærri nefnd eða nefndum Evrópuþingsins og svari spurningum nefndarmanna.

2. Forstjórinn getur notið aðstoðar eins eða fleiri framkvæmdastjóra. Einn af framkvæmdastjórunum skal koma í stað forstjóra í fjarveru hans eða forföllum.

3. Framkvæmdastjórar Flugöryggisstofnunarinnar skulu skipaðir á grundvelli starfshæfni á sviði almenningsflugs Stjórnin skal skipa framkvæmdastjórana eða segja þeim upp störfum að tillögu forstjórans.

4. Skipunartími forstjóra og framkvæmdastjóra er fimm ár. Einungis er heimilt að endurnýja skipunartíma framkvæmdastjóranna og forstjórans einu sinni.

40. gr.

Heimildir kærunefndar

1. Kærunefnd eða -nefndum skal komið á fót innan Flugöryggisstofnunarinnar.

2. Kærunefnd eða -nefndir skulu taka ákvarðanir um kæru ákvarðana sem um getur í 44. gr.

3. Kærunefnd eða -nefndir skulu kallaðar saman, eftir því sem þörf krefur. Framkvæmdastjórnin ákveður fjölda kærunefnda og verkaskiptingu í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 65. gr.

41. gr.

Skipun kærunefndar

1. Í kærunefnd skulu sitja formaður og tveir aðrir nefndarmenn.

2. Formaðurinn og hinir nefndarmennirnir skulu hafa varamenn sem koma í stað þeirra í fjarveru þeirra.

3. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skipar formann, aðra nefndarmenn og varamenn þeirra af skrá yfir hæfa umsækjendur sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

4. Kærunefnd getur óskað eftir tveimur nefndarmönnum til viðbótar af skránni, sem um getur í 3. mgr., telji hún að kæran sé þess eðlis að ástæða sé til þess.

5. Framkvæmdastjórnin ákveður hvaða hæfiskröfur nefndarmenn hverrar kærunefndar skuli uppfylla, heimildir einstakra nefndarmanna á undirbúningsstigi ákvarðana og reglur um atkvæðagreiðslu í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 65. gr.

42. gr.

Kærunefndarmenn

1. Skipunartími kærunefndarmanna, þ.m.t. formaður og allir varamenn, skal vera fimm ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímann.

2. Kærunefndarmenn skulu vera óháðir. Þeir skulu ekki bundnir af fyrirmælum við ákvarðanatöku sína.

3. Kærunefndarmönnum er ekki heimilt að sinna öðrum skyldustörfum hjá Flugöryggisstofnuninni. Kærunefndarmenn geta verið í hlutastörfum.

4. Ekki er hægt að segja kærunefndarmönnum upp störfum eða taka þá af skránni yfir hæfa umsækjendur á skipunartíma þeirra nema mikilvægar ástæður séu fyrir því og framkvæmdastjórnin taki ákvörðun þar að lútandi að fengnu áliti stjórnarinnar.

43. gr.

Vanhæfi og vefenging

1. Kærunefndarmönnum er óheimilt að taka þátt í kærumeðferð hafi þeir þar einkahagsmuna að gæta eða hafi þeir áður komið að málinu sem fulltrúar einhvers aðilanna að kærumeðferðinni eða hafi þeir átt þátt í að taka ákvörðunina sem kærð er.

2. Telji kærunefndarmaður að ekki sé rétt að hann taki þátt í kærumeðferð af þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 1. mgr., eða af einhverri annarri ástæðu skal hann tilkynna kærunefnd um það.

3. Hverjum aðila að kærumeðferðinni er heimilt að vefengja tiltekna kærunefndarmenn með skírskotun í ástæðu, sem nefnd er í 1. mgr., eða ef einhver slíkur nefndarmaður er grunaður um hlutdrægni. Engin slík vefenging skal tekin til greina ef viðkomandi aðili að kærumeðferðinni hefur hafið málsmeðferð þótt hann hafi haft vitneskju um að ástæða var til vefengingar. Vefenging má ekki byggjast á þjóðerni nefndarmanna.

4. Kærunefnd ákveður, án þátttöku viðkomandi kærunefndarmanns, hvað skuli gert í þeim tilvikum sem um getur í 2. og 3. mgr. Við töku þessarar ákvörðunar tekur varamaður viðkomandi nefndarmanns sæti hans í kærunefnd.

44. gr.

Ákvarðanir sem heimilt er að kæra

1. Heimilt er að kæra þær ákvarðanir Flugöryggisstofnunar sem teknar eru skv. 20., 21., 22., 23., 55. eða 64. gr.

2. Kæra, sem lögð er fram skv. 1. mgr., hefur ekki áhrif til frestunar. Flugöryggisstofnuninni er þó heimilt að fresta beitingu ákvörðunarinnar, sem kærð hefur verið, telji hún að aðstæður leyfi það.

3. Einungis er unnt að kæra ákvörðun, sem bindur ekki enda á málsmeðferð að því er varðar einn málsaðilanna, ef hún er kærð í tengslum við kæru lokaákvörðunarinnar, nema kveðið sé á um það í ákvörðuninni að hana megi kæra sérstaklega.

45. gr.

Aðilar sem hafa rétt til að kæra

Einstaklingum eða lögaðilum er heimilt að kæra ákvörðun, sem beint er að þeim, eða ákvörðun sem varðar þá beint eða óbeint þótt henni sé beint að öðrum aðila. Málsaðilum er heimilt að vera aðilar að kærumeðferðinni.

46. gr.

Tímamörk og formkröfur

Kæran og rökin fyrir henni skulu lögð skriflega fyrir Flugöryggisstofnunina innan tveggja mánaða frá því að hlutaðeigandi aðila barst tilkynning um ráðstöfunina eða, hafi hann enga tilkynningu fengið, innan tveggja mánaða frá því að hann fékk vitneskju um ráðstöfunina.

47. gr.

Bráðabirgðaendurskoðun

1. Álíti forstjórinn kæruna tæka og vel rökstudda getur hann breytt ákvörðuninni. Þetta á ekki við ef annar aðili að kærumeðferðinni er á öndverðum meiði við kæranda.

2. Ef ákvörðuninni er ekki breytt innan mánaðar frá því að Flugöryggisstofnuninni berst rökstuðningur fyrir kærunni skal hún ákveða, þegar í stað, hvort fresta beri beitingu ákvörðunarinnar samkvæmt öðrum málslið 2. mgr. 44. gr. og vísa kærunni til kærunefndar.

48. gr.

Rannsókn kæra

1. Ef kæra er tæk skal kærunefnd rannsaka hvort hún er vel rökstudd.

2. Kærunefnd skal vinna hratt að rannsókn kærunnar skv. 1. mgr. Hún skal hvetja aðila að kærumeðferðinni, eins oft og þörf krefur og innan tiltekinna tímamarka, til að gera athugasemdir við tilkynningar sem hún sjálf leggur fram eða við tilkynningar frá öðrum aðilum að kærumeðferðinni. Aðilar að kærumeðferðinni skulu hafa rétt til að gera munnlegar athugasemdir.

49. gr.

Ákvörðun í kærumeðferð

Kærunefnd er heimilt að nýta sér allar heimildir á valdsviði Flugöryggisstofnunarinnar eða vísa málinu aftur til þar til bærs aðila hjá stofnuninni. Ákvörðun kærunefndarinnar er bindandi fyrir þann aðila.

50. gr.

Höfðun máls fyrir Dómstóli Evrópubandalaganna

1. Heimilt er að höfða mál fyrir Dómstóli Evrópubandalaganna til að ógilda þær gerðir Flugöryggisstofnunarinnar sem eru lagalega bindandi fyrir þriðja aðila, vegna aðgerðarleysis af hálfu Flugöryggisstofnunarinnar og tjóns sem starfsemi hennar veldur.

2. Einungis er heimilt að höfða mál fyrir Dómstóli Evrópubandalaganna til að ógilda ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar, sem eru teknar skv. 20., 21., 22., 23., 55. eða 64. gr., eftir að allar málsmeðferðir til áfrýjunar innan Flugöryggisstofnunarinnar hafa verið fullreyndar.

3. Flugöryggisstofnunin skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta úrskurði Dómstóls Evrópubandalaganna.

51. gr.

Bein kæra

Aðildarríkin og stofnanir Bandalagsins geta kært ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar beint til Dómstóls Evrópubandalaganna.

III. ÞÁTTUR

Starfsaðferðir

52. gr.

Málsmeðferð við samningu álitsgerða, vottunarforskrifta og leiðbeininga

1. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal, eins fljótt og auðið er eftir gildistöku þessarar reglugerðar, koma á gagnsærri málsmeðferð við útgáfu álitsgerða, vottunarforskrifta og leiðbeininga sem um getur í a- og c-lið 18. gr.

Slík málsmeðferð skal:

a) byggjast á fyrirliggjandi sérþekkingu hjá flugmálayfirvöldum aðildarríkjanna,

b) ef þörf krefur, fela í sér þátttöku viðkomandi sérfræðinga frá viðeigandi hagsmunaaðilum,

c) tryggja að Flugöryggisstofnunin birti skjöl og hafi víðtækt samráð við hagsmunaaðila í samræmi við tímaáætlun og málsmeðferð sem skyldar Flugöryggisstofnunina til að veita skrifleg svör í samráðsferlinu.

2. Þegar Flugöryggisstofnunin semur álitsgerðir, vottunarforskriftir og leiðbeiningar skv. 19. gr., sem aðildarríkjunum ber að fara eftir, skal hún koma á málsmeðferð um samráð við aðildarríkin. Henni er heimilt í þessu skyni að stofna starfshóp og skal hvert aðildarríki hafa rétt til að tilnefna sérfræðing í hann.

3. Ráðstafanir, sem um getur í a- og c-lið 18. gr., og málsmeðferð, sem komið er á skv. 1. mgr. þessarar greinar, skal birta í opinberu riti Flugöryggisstofnunarinnar.

4. Koma skal á sérstakri málsmeðferð til að Flugöryggisstofnunin geti þegar í stað brugðist við öryggisvanda, sem upp kemur, og til að hún geti tilkynnt viðeigandi hagsmunaaðilum til hvaða aðgerða þeir skuli grípa.

53. gr.

Málsmeðferð við ákvarðanatöku

1. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal koma á gagnsærri málsmeðferð við töku einstakra ákvarðana eins og kveðið er á um í d-lið 18. gr.

Slík málsmeðferð skal:

a) tryggja að einstaklingar og lögaðilar, sem ákvörðuninni er beint að, og aðrir málsaðilar, sem hafa beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, fái tækifæri til að láta álit sitt í ljós,

b) kveða á um að ákvörðun skuli tilkynnt viðkomandi einstaklingum eða lögaðilum og birt,

c) kveða á um að einstaklingar eða lögaðilar, sem ákvörðunin beinist að, og aðrir málsaðilar séu upplýstir um úrræði sem þeim standa til boða samkvæmt lögum og samkvæmt þessari reglugerð,

d) tryggja að ákvörðunin sé rökstudd.

2. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal koma á málsmeðferð þar sem tilgreint er hvernig ákvörðun skal tilkynnt, að teknu tilhlýðilegu tilliti til kærumeðferðarinnar.

3. Koma skal á sérstakri málsmeðferð til að Flugöryggisstofnunin geti þegar í stað brugðist við öryggisvanda, sem upp kemur, og til að hún geti tilkynnt viðeigandi hagsmunaaðilum til hvaða aðgerða þeir skuli grípa.

54. gr.

Skoðun í aðildarríkjunum

1. Með fyrirvara um framkvæmdarvaldið, sem framkvæmdastjórninni er falið í sáttmálanum, skal Flugöryggisstofnunin aðstoða framkvæmdastjórnina við eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar og reglna um framkvæmd hennar með því að annast eftirlit með stöðlun af hálfu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna eins og tilgreint er í 1. mgr. 24. gr. Embættismenn, sem hafa heimild samkvæmt þessari reglugerð, og þeir, sem landsyfirvöld senda til að taka þátt í slíkum skoðunum, hafa í þessu skyni og í samræmi við lagaákvæði viðkomandi aðildarríkis vald til þess:

a) að rannsaka viðeigandi skrár, gögn, verklagsreglur og annað efni sem hefur áhrif á það hvort

takast megi að koma á flugöryggi sem er í samræmi við þessa reglugerð,

b) að taka afrit af eða gera útdrætti úr slíkum skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni,

c) að óska eftir munnlegum skýringum á staðnum,

d) að fara inn á öll athafnasvæði, allt land eða í öll farartæki sem eru málinu viðkomandi.

2. Embættismenn hjá Flugöryggisstofnuninni, sem hafa heimild til skoðunar, sem um getur í 1. mgr., skulu, þegar þeir gegna embættisskyldu sinni, geta framvísað skriflegri heimild þar sem fram koma efnisatriði og tilgangur skoðunar svo og hvaða dag skoðun hefst. Flugöryggisstofnunin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um skoðunina með góðum fyrirvara og hverjir hinir viðurkenndu embættismenn eru.

3. Viðkomandi aðildarríki skal fallast á skoðanirnar og skal sjá til þess að viðeigandi aðilar eða einstaklingar geri það einnig.

4. Þegar skoðun, sem fer fram samkvæmt þessari grein, felur í sér skoðun fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja gilda ákvæði 55. gr. Andmæli fyrirtæki skoðuninni skal hlutaðeigandi aðildarríki veita embættismönnum, sem Flugöryggisstofnunin hefur veitt heimild, nauðsynlega aðstoð til að gera þeim kleift að framkvæma skoðunina.

5. Koma skal skýrslum, sem eru samdar samkvæmt þessari grein, á framfæri á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem skoðun fór fram.

55. gr.

Rannsókn á fyrirtækjum

1. Flugöryggisstofnunin getur sjálf framkvæmt alla nauðsynlega rannsókn á fyrirtækjum eða falið hana flugmálayfirvöldum aðildarríkjanna eða hæfum aðilum við beitingu 7., 20., 21., 22. 23. gr. og 2. mgr. 24. gr. Þessum rannsóknum skal háttað í samræmi við lagaákvæði aðildarríkisins þar sem hún á að fara fram. Í því skyni hafa aðilar með heimild, samkvæmt þessari reglugerð, vald:

a) til að rannsaka viðeigandi skrár, gögn, verklagsreglur og annað efni sem viðkemur framkvæmd verkefna Flugöryggisstofnunarinnar,

b) til að taka afrit af eða gera útdrætti úr slíkum skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni,

c) til að óska eftir munnlegum skýringum á staðnum,

d) til að fara inn á athafnasvæði, land eða í farartæki viðkomandi fyrirtækis,

e) til að framkvæma skoðanir á loftförum í samvinnu við aðildarríkin.

2. Aðilar, sem hafa heimild til rannsóknanna, sem um getur í 1. mgr., skulu, þegar þeir gegna embættisskyldu sinni, geta framvísað skriflegri heimild þar sem fram koma efnisatriði og tilgangur rannsóknarinnar.

3. Flugöryggisstofnunin skal tilkynna aðildarríki um rannsóknina með góðum fyrirvara, enda fari rannsóknin fram á yfirráðasvæði þess, og hverjir hinir viðurkenndu aðilar eru. Embættismenn hlutaðeigandi aðildarríkis skulu, að beiðni Flugöryggisstofnunarinnar, aðstoða viðurkenndu aðilana við skyldustörf þeirra.

56. gr.

Árleg starfsáætlun

Árleg starfsáætlun skal stuðla að stöðugum úrbótum í flugöryggi í Evrópu og uppfylla markmið, umboð og verkefni Flugöryggisstofnunarinnar eins og þau eru sett fram í þessari reglugerð. Þar skal koma skýrt fram hvaða umboðum og verkefnum Flugöryggisstofnunarinnar hefur verið bætt við, hverjum hefur verið breytt eða eytt samanborið við næstliðið ár. Framsetning árlegu vinnuáætlunarinnar skal byggjast á aðferðafræðinni sem notuð er af framkvæmdastjórninni sem hluti af verkgrundaðri stjórnun.

57. gr.

Almenn ársskýrsla

Í almennu ársskýrslunni skal lýst með hvaða hætti Flugöryggisstofnunin hefur hrint árlegri vinnuáætlun sinni í framkvæmd. Þar skal koma skýrt fram hvaða umboðum og verkefnum Flugöryggisstofnunarinnar hefur verið bætt við, hverjum hefur verið breytt eða eytt samanborið við næstliðið ár. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar og árangur metinn með tilliti til markmiða og tímaáætlunar, sem sett voru, áhættu í tengslum við þessa starfsemi, notkunar úrræða og almennra aðgerða Flugöryggisstofnunarinnar.

58. gr.

Gagnsæi og upplýsingar

1. Reglugerð (EB) nr. 1049/2001 gildir um skjöl í vörslu Flugöryggisstofnunarinnar.

2. Flugöryggisstofnuninni er heimilt að veita upplýsingar að eigin frumkvæði á sviðum sem falla

undir hlutverk hennar. Hún skal einkum sjá til þess að almenningur og hagsmunaaðilar fái með skjótum hætti hlutlausar, áreiðanlegar og auðskiljanlegar upplýsingar um starf hennar til viðbótar við þá birtingu sem um getur í 3. mgr. 52. gr.

3. Öllum einstaklingum eða lögaðilum er heimilt að beina erindum skriflega til Flugöryggisstofnunarinnar á hverju því tungumáli sem um getur í 314. gr. sáttmálans. Þeir skulu eiga rétt á að fá svar á sama tungumáli.

4. Upplýsingar, sem Flugöryggisstofnunin safnar í samræmi við þessa reglugerð, skulu falla undir reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]).

IV. ÞÁTTUR

Fjárhagslegar kröfur

59. gr.

Fjárhagsáætlun

1. Flugöryggisstofnunin hefur tekjur:

a) af framlögum frá Bandalaginu,

b) af framlögum frá þriðju löndum í Evrópu, sem Bandalagið hefur gert samninga við, eins og um getur í 66. gr.,

c) af þóknunum frá umsækjendum og handhöfum vottorða og samþykkis sem Flugöryggisstofnunin gefur út,

d) af innheimtum gjöldum fyrir útgefið efni, þjálfun og aðra þjónustu, sem Flugöryggisstofnunin veitir, og

e) af öllum frjálsum fjárframlögum frá aðildarríkjum, þriðju löndum eða öðrum aðilum, svo fremi að slík fjárframlög stofni ekki sjálfstæði og óhlutdrægni Flugöryggisstofnunarinnar í hættu.

2. Til útgjalda Flugöryggisstofnunarinnar skal telja kostnað vegna starfsmanna, stjórnunar, grunnvirkja og rekstrar.

3. Jöfnuður skal vera milli tekna og útgjalda.

4. Fjárhagsáætlanir vegna reglusetningar og þóknanir, sem ákvarðaðar eru og innheimtar fyrir vottunarstarfsemi, skulu aðskilin í fjárhagsáætlun Flugöryggisstofnunarinnar.

5. Stjórnin skal árlega gera fjárhagsáætlun um tekjur og útgjöld stofnunarinnar fyrir næsta fjárhagsár sem byggð er á drögum að fjárhagsáætlun um tekjur og útgjöld.

6. Eigi síðar en 31. mars, skal stjórnin framsenda fjárhagsáætlunina, sem um getur í 4. mgr. og inniheldur drög að yfirliti um stöðugildi og drög að vinnuáætlun, til framkvæmdastjórnarinnar og til þeirra ríkja sem Bandalagið hefur gert samninga við eins og um getur í 66. gr.

7. Framkvæmdastjórnin skal senda fjárveitingavaldinu fjárhagsáætlunina ásamt fyrstu drögum að fjárlögum Evrópusambandsins.

8. Á grundvelli fjárhagsáætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin fella þá fjárhagsáætlun inn í fyrstu drög að fjárlögum Evrópusambandsins, sem hún telur nauðsynlega fyrir yfirlitið um stöðugildi, og þá styrkfjárhæð sem veita skal af fjárlögum og skal hún leggja þetta fyrir fjárveitingavaldið í samræmi við 272. gr. sáttmálans.

9. Fjárveitingavaldið heimilar fjárveitingar í formi styrks til Flugöryggisstofnunarinnar. Fjárveitingavaldið skal samþykkja yfirlitið yfir stöðugildi fyrir Flugöryggisstofnunina.

10. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal samþykkja fjárhagsáætlunina. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópusambandsins. Ef við á, skal leiðrétta fjárhagsáætlunina til samræmis við fjárlögin.

11. Hafi stjórn Flugöryggisstofnunarinnar í hyggju að hrinda í framkvæmd verkefni, sem kann að hafa veruleg áhrif á fjármögnun fjárhagsáætlunarinnar, skal hún tilkynna fjárveitingavaldinu það eins skjótt og unnt er, einkum ef um er að ræða verkefni er varða fasteignir, s.s. kaup eða sölu bygginga. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þetta.

Hafi aðili, sem er hluti af fjárveitingavaldinu, tilkynnt að hann hafi í hyggju að skila áliti skal hann senda stjórninni álit sitt innan sex vikna frá tilkynningu verkefnisins.

60. gr.

Framkvæmd og eftirlit með fjárhagsáætlun

1. Forstjórinn sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar Flugöryggisstofnunarinnar.

2. Gjaldkeri Flugöryggisstofnunarinnar skal senda gjaldkera framkvæmdastjórnarinnar bráðabirgða-

([1]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

reikningsskil, eigi síðar en 1. mars eftir lok fjárhagsársins, ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal gera samstæðu úr drögum að reikningsskilum stofnana og sjálfstæðra aðila í samræmi við 128. gr í reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ([1]).

3. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal senda endurskoðunarréttinum drög að reikningsskilum Flugöryggisstofnunarinnar, eigi síðar en 31. mars eftir lok fjárhagsársins, ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Skýrslan um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári skal einnig framsend til Evrópuþingsins og ráðsins.

4. Þegar forstjóra Flugöryggisstofnunarinnar berast athugasemdir endurskoðunarréttarins við drögin að reikningsskilum Flugöryggisstofnunarinnar, skal hann skv. 129. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002 ganga frá endanlegum reikningsskilum Flugöryggisstofnunarinnar á eigin ábyrgð og senda þau til stjórnar Flugöryggisstofnunarinnar til umsagnar.

5. Stjórnin skal skila áliti um endanleg reikningsskil stofnunarinnar.

6. Forstjórinn skal framsenda endanleg reikningsskil, eigi síðar en 1. júlí eftir lok fjárhagsársins, til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og endurskoðunarréttarins ásamt áliti stjórnar Flugöryggisstofnunarinnar.

7. Endanleg reikningsskil skulu birt.

8. Forstjórinn skal senda endurskoðunarréttinum svar við athugasemdum réttarins eigi síðar en 30. september. Hann skal einnig senda svarið til stjórnar Flugöryggisstofnunarinnar.

9. Fari Evrópuþingið þess á leit skal forstjórinn láta því í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að greiðlega gangi að leysa hann undan ábyrgð fyrir viðkomandi fjárhagsár eins og kveðið er á um í 3. mgr. 146. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002.

10. Fyrir 30. apríl árið N + 2 skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, leysa forstjórann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið N.

([1]) Stjtíð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1525/2007(Stjtíð. ESB L 343, 27.12.2007, bls. 9).

61. gr.

Barátta gegn svikum

1. Í því skyni að berjast gegn svikum, spillingu og annarri ólögmætri starfsemi gilda ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 frá 25. maí 1999 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ([2]) án takmarkana.

2. Flugöryggisstofnunin skal gerast aðili að samstarfssamningi milli stofnana frá 25. maí 1999 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ([1]) og skal þegar í stað setja viðeigandi ákvæði sem gilda skulu um starfsmenn stofnunarinnar.

3. Í ákvörðunum um fjármögnun og í samningum og gerningum til framkvæmdar þessum ákvörðunum skal sérstaklega tilgreint að endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum sé heimilt að framkvæma vettvangsskoðun, ef þörf krefur, hjá þeim sem fá fjárframlag frá Flugöryggisstofnuninni og þeim aðilum sem annast úthlutun þess.

62. gr.

Mat

1. Innan þriggja ára frá því að Flugöryggisstofnunin hefur starfsemi sína og á fimm ára fresti þaðan í frá skal stjórn stofnunarinnar láta utanaðkomandi aðila gera sjálfstætt mat á framkvæmd þessarar reglugerðar.

2. Við matið skal rannsaka hve vel Flugöryggisstofnunin gegnir hlutverki sínu. Einnig skal þar meta áhrif þessarar reglugerðar og Flugöryggisstofnunarinnar og starfsvenja hennar að því er varðar að koma á háu öryggisstigi í almenningsflugi í Evrópu. Við matið skal hafa hliðsjón af sjónarmiðum hagsmunaaðila, bæði á evrópskum vettvangi og á landsvísu.

3. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal taka við niðurstöðum matsins og beina tilmælum um breytingar á þessari reglugerð og Flugöryggisstofnuninni og starfsvenjum hennar til framkvæmdastjórnarinnar en hún getur sent þær Evrópuþinginu og ráðinu ásamt sínu áliti og viðeigandi tillögum. Þessu getur fylgt tímasett aðgerðaáætlun ef við á. Birta skal niðurstöður matsins og tilmælin opinberlega.

([2]) Stjtíð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.

63. gr.

Fjárhagsákvæði

Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur fyrir Flugöryggisstofnunina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær mega ekki víkja frá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 19. nóvember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ([1]) nema sérstök þörf sé á slíku fráviki vegna reksturs Flugöryggisstofnunarinnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.

64. gr.

Reglugerð um þóknanir og gjöld

1. Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, með því að bæta við hana, varðandi þóknanir og gjöld, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti, sem um getur í 4. mgr. 65. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við stjórnina um drögin að ráðstöfununum sem um getur í 1. mgr.

3. Í ráðstöfununum, sem um getur í 1. mgr., skal einkum tiltaka fyrir hvað þóknanir og gjöld, samkvæmt c- og d-lið 1. mgr. 59. gr., skuli innheimt, fjárhæð þóknana og gjalda og með hvaða hætti greiðsla þeirra skuli fara fram.

4. Þóknanir og gjöld skulu tekin:

a) fyrir útgáfu og endurnýjun vottorða og tilheyrandi, viðvarandi eftirlitsstarfsemi,

b) fyrir veitingu þjónustu; þau skulu endurspegla raunkostnað þjónustunnar hverju sinni,

c) fyrir afgreiðslu kæra.

Allar þóknanir og gjöld skulu gefin upp og greidd í evrum.

5. Fjárhæð þóknana og gjalda skal ákveðin þannig að tryggt sé að tekjur af þeim nægi að jafnaði til að greiða fullan kostnað af veittri þjónustu. Þóknanir og gjöld, þ.m.t. þau sem voru innheimt 2007, skulu talin til tekna Flugöryggisstofnunarinnar.

([1]) Stjtíð. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

65. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og ákvæði 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

5. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. og b-liður 5. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í c-lið 3. mgr., b- og e- lið 4. mgr. 5. gr. a, ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tuttugu dagar.

6. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 1., 2. og 4. mgr., b-liður 5. mgr. og 6. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

7. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 6. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Framkvæmdastjórnin skal ráðfæra sig við nefndina, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, áður en hún tekur ákvörðun.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í b-lið 6. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

Þegar aðildarríki vísar ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins er ráðinu heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þriggja mánaða.

66. gr.

Þátttaka þriðju landa í Evrópu

Þriðju löndum í Evrópu er frjálst að taka þátt í starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar ef þau eru aðilar að Chicago-samningnum og hafa gert samninga við Evrópubandalagið sem fela í sér samþykkt og beit-

ingu laga Bandalagsins á þeim sviðum sem reglugerð þessi og reglur um framkvæmd hennar taka til.

Samkvæmt viðeigandi ákvæðum þessara samninga verður komið á fyrirkomulagi þar sem tilgreint er m.a. eðli og umfang og ítarlegar reglur um þátttöku þessara landa í starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar, þ.m.t. ákvæði um fjárframlög og starfsfólk.

67. gr.

Flugöryggisstofnunin tekur til starfa

1. Frá 28. september 2003 skal Flugöryggisstofnunin annast vottunarverkefnin sem henni ber skylda til að sjá um skv. 20. gr. Fram til þess dags skulu aðildarríkin halda áfram að framfylgja gildandi lögum og reglugerðum.

2. Á aðlögunartímabili, sem bætist við og er 42 mánuðir frá deginum sem um getur í 1. mgr., er aðildarríkjunum heimilt að halda áfram að gefa út vottorð og samþykki þrátt fyrir ákvæði 5., 6., 12. og 20. gr. og með þeim skilyrðum sem framkvæmdastjórnin tilgreinir í ráðstöfunum sem samþykktar eru vegna beitingar þeirra. Þegar aðildarríkin gefa út vottorð og skírteini í þessu sambandi, á grundvelli vottorða sem þriðju lönd hafa gefið út, skal í ráðstöfununum, sem framkvæmdastjórnin samþykkir, tekið tilhlýðilegt tillit til meginreglnanna sem mælt er fyrir um í b- og c-lið 2. mgr. 12. gr.

68. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um viðurlög við brotum á þessari reglugerð og reglum um framkvæmd hennar. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

69. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (EB) nr. 1592/2002 er hér með felld úr gildi, sbr. þó ákvæði annarrar undirgreinar. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VI. viðauka.

2. Tilskipun ráðsins 91/670/EB fellur hér með úr gildi frá og með gildistöku ráðstafananna sem um getur í 6. mgr. 7. gr.

3. Ákvæði III. viðauka við tilskipun ráðsins 3922/91/EB falli brott frá og með gildistöku samsvarandi ráðstafana sem um getur í 5. mgr. 8. gr.

4. Ákvæði 11. gr. gilda um framleiðsluvörur, hluta þeirra og búnað og fyrirtæki og aðila þar sem vottun þeirra hefur farið fram eða verið viðurkennd í samræmi við gerðirnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

5. Tilskipun 2004/36/EB fellur hér með úr gildi frá og með gildistöku ráðstafananna sem um getur í 5. mgr. 10. gr. í þessari reglugerð og með fyrirvara um framkvæmdarreglurnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. í þeirri reglugerð.

70. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Ákvæði 5., 6., 7., 8., 9. og 10. gr. gilda frá þeim dögum sem tilgreindir eru í viðkomandi framkvæmdarreglum en eigi síðar en 8. apríl 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 20. febrúar 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	J. LENARČIČ
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Grunnkröfur um lofthæfi sem um getur í 5. gr.

1. *Heilleiki framleiðsluvara (products):* Tryggja verður heilleika framleiðsluvara við öll fyrirsjáanleg flugskilyrði á endingartíma loftfarsins. Sýna verður fram á með mati eða greiningu, sem studd er prófunum þegar þess er þörf, að allar kröfur hafi verið uppfylltar.

1.a. Burðarvirki og efni: heilleiki burðarvirkis skal tryggður innan alls starfræksluramma loftfarsins og nægilega langt út fyrir hann, þ.m.t. knúningskerfi loftfarsins, og skal viðhaldið á endingartíma loftfarsins.

1.a.1. Allir hlutar loftfars verða að uppfylla eftirfarandi skilyrði án skaðlegrar formbreytingar eða brots ef brot þeirra gæti dregið úr heilleika burðarvirkis. Undir þetta falla allir hlutar, sem hafa massa sem skiptir máli, og búnaður til að halda þeim.

1.a.1.a. Taka verður tillit til hvers kyns samsetningar álags, sem eðlilegt er að gera ráð fyrir, innan og nægilega langt út fyrir þyngdarmörk, þyngdarmiðjusvið, starfræksluramma og endingartíma loftfarsins. Undir þetta fellur hviðuálag, álag vegna flugbragða, þrýstingsjöfnunar, hreyfanlegra flata og stýri- og knúningskerfa, jafnt í flugi sem á jörðu.

1.a.1.b. Taka verður tillit til álags og líklegrar bilunar sem orsakast af nauðlendingu á láði eða legi.

1.a.1.c. Taka verður tillit til kvikra áhrifa í svörun burðarvirkja við slíku álagi.

1.a.2. Loftfarið skal vera laust við óstöðugleika vegna fjöðrunar lofts og óhóflegan titring.

1.a.3. Framleiðsluferlin og efnin, sem notuð eru við smíði loftfarsins, verða að tryggja að burðareiginleikar þess séu þekktir og endurtakanlegir í framleiðslu. Gera verður grein fyrir öllum breytingum á nothæfi efnisins í tengslum við starfræksluumhverfið.

1.a.4. Áhrif lotuálags og neikvæð áhrif umhverfis og skaða vegna óhappa eða staðbundinna skemmda mega ekki verða til þess að heilleiki burðarvirkis fari niður fyrir ásættanleg mörk fyrir þann styrk sem eftir er. Koma verður á framfæri öllum nauðsynlegum leiðbeiningum til að tryggja áframhaldandi lofthæfi í þessu tilliti.

1.b. Knúningsafl: sýna verður fram á heilleika knúningskerfisins (þ.e. hreyfils og, eftir atvikum, loftskrúfunnar), innan alls starfræksluramma knúningskerfisins og nægilega langt út fyrir hann, og viðhalda honum á endingartíma knúningskerfisins.

1.b.1. Knúningskerfið verður að framleiða, innan tilgreindra marka, þann kný eða afl sem krafist er af því við öll tilskilin flugskilyrði, að teknu tilliti til umhverfisáhrifa og umhverfisskilyrða.

1.b.2. Framleiðsluferlin og efnin, sem notuð eru við smíði knúningskerfisins, verða að tryggja að viðbrögð burðarvirkisins séu þekkt og endurtakanleg í framleiðslu. Gera verður grein fyrir öllum breytingum á hæfi efnisins í tengslum við starfræksluumhverfið.

1.b.3. Áhrif lotuálags og neikvæð áhrif umhverfis- og starfræksluskilyrða og sennilegra bilana hluta í framhaldi af því mega ekki verða til þess að heilleiki knúningskerfisins fari niður fyrir ásættanleg mörk. Koma verður á framfæri öllum nauðsynlegum leiðbeiningum til að tryggja áframhaldandi lofthæfi í þessu tilliti.

1.b.4. Koma verður á framfæri öllum leiðbeiningum, upplýsingum og kröfum sem eru nauðsynlegar fyrir öruggan og réttan skilflöt milli knúningskerfisins og loftfarsins.

1.c. Kerfi og búnaður

1.c.1. Loftfarið má ekki hafa hönnunareiginleika eða hönnunarþætti sem reynslan hefur sýnt að geta verið hættulegir.

1.c.2. Loftfarið, þ.m.t. kerfin, tækin og búnaðurinn sem krafist er fyrir tegundarvottun eða samkvæmt starfræksluregluglum, verður að starfa eins og ráðgert er við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði innan starfræksluramma loftfarsins og nægilega langt út fyrir hann, að teknu tilliti til starfræksluumhverfis kerfisins, tækisins eða búnaðarins. Önnur kerfi, tæki og búnaður, sem ekki er gerð krafa um við tegundarvottun eða samkvæmt starfræksluregluglum, hvort sem þau starfa eðlilega eða ekki, mega ekki draga úr öryggi né hafa áhrif til hins verra á eðlilega starfsemi annars kerfis, tækis eða búnaðar. Kerfi, tæki og búnað verður að vera hægt að starfrækja án þess að til þess þurfi verulega leikni eða líkamsstyrk.

1.c.3. Kerfi, tæki og tilheyrandi búnaður í loftfari, hvort sem þau eru skoðuð hvert fyrir sig eða í innbyrðis samhengi, verða að vera hönnuð á þann hátt að stök bilun, sem ekki hefur verið sýnt fram á að sé afar ósennilegt að geti orðið, valdi ekki neyðarástandi og þannig verður að ríkja öfugt samband milli líkinda á bilun og því hversu alvarleg áhrif bilunin hefur á loftfarið og þá sem í því eru. Með tilliti

til viðmiðunarinnar hér að framan fyrir staka bilun er viðurkennt að taka verður tilhlýðilegt tillit til stærðar og heildarútfærslu loftfarsins og að þetta geti komið í veg fyrir að viðmiðuninni um staka bilun sé fylgt að því er varðar suma hluta og sum kerfi í þyrlum og litlum loftförum.

1.c.4. Áhöfnin eða starfsfólk, sem annast viðhald, skal fá þær upplýsingar, eftir því sem við á, sem eru nauðsynlegar fyrir öruggt flug, og upplýsingar um ótryggt ástand á skýran, samkvæman og ótvíræðan hátt. Kerfi, búnað og stjórntæki, þ.m.t. skilti og tilkynningar, skal hanna og staðsetja þannig að sem minnst hætta sé á mistökum sem gætu leitt til þess að hættuástand skapaðist.

1.c.5. Gera skal varúðarráðstafanir með tilliti til hönnunar til að draga úr innri og ytri hættum sem eðlilegt er að gera ráð fyrir að geti steðjað að loftfarinu og þeim sem í því eru, þ.m.t. vernd gegn þeim möguleika að veruleg bilun eða truflun verði í einhverjum búnaði loftfarsins.

1.d. Áframhaldandi lofthæfi

1.d.1. Semja verður leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi til að tryggja að á endingartíma loftfarsins sé fylgt lofthæfistaðli samkvæmt tegundarvottun á loftfarinu.

1.d.2. Gefa verður kost á skoðun, stillingum, smurningu, fjarlægingu eða skiptum á hlutum og búnaði eftir því sem nauðsynlegt er fyrir áframhaldandi lofthæfi.

1.d.3. Leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi skulu vera í formi handbókar eða handbóka eftir umfangi upplýsinganna sem veita þarf. Handbækur skulu vera með hagnýtu fyrirkomulagi og innihalda leiðbeiningar um viðhald og viðgerðir, þjónustuleiðbeiningar og reglur um verklag við bilanaleit og skoðun.

1.d.4. Í leiðbeiningum um áframhaldandi lofthæfi skulu tilgreindar lofthæfitakmarkanir þar sem fram kemur tími fyrirskipaðra skipta á hlutum, tíminn milli skoðana og tilheyrandi skoðunarreglur.

2. Þættir í starfrækslu framleiðsluvara sem varða lofthæfi

2.a. Sýna skal fram á að tekið hafi verið á eftirfarandi atriðum við starfrækslu viðkomandi framleiðsluvara til að tryggja fullnægjandi öryggi fyrir þá sem eru um borð eða á jörðu niðri.

2.a.1. Ákveða skal hvers konar starfrækslu loftfarið er samþykkt fyrir og þær takmarkanir og upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir öryggi í starfrækslu, þ.m.t. takmarkanir og afköst við mismunandi umhverfisaðstæður.

2.a.2. Loftfarið skal vera viðráðanlegt með tilliti til öryggis og láta að stjórn við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði, þ.m.t. þótt bilun verði í einu eða, eftir atvikum, fleiri knúningskerfum. Taka skal tilhlýðilegt tillit til líkamsstyrks flugmanns, umhverfis í stjórnklefa, vinnuálags á flugmann og annarra mannlegra þátta og til þess á hvaða stigi flugið er og hversu lengi það varir.

2.a.3. Unnt skal vera að færa sig hnökralaust af einu stigi flugsins yfir á það næsta án þess að það útheimti verulega leikni flugmanns, árvekni, líkamsstyrk eða vinnuálag við þau starfræksluskilyrði sem gera má ráð fyrir.

2.a.4. Loftfarið skal vera nægilega stöðugt til að tryggt sé að ekki séu gerðar óhóflegar kröfur til flugmanns, að teknu tilliti til þess á hvaða stigi flugið er og hversu lengi það varir.

2.a.5. Setja verður verklagsreglur um eðlilega starfrækslu og um bilunar- og neyðaraðstæður.

2.a.6. Viðvaranir eða aðrar hindranir, sem koma eiga í veg fyrir að farið sé út fyrir eðlilegan flugramma fyrir viðkomandi tegund, skulu vera til staðar.

2.a.7. Eiginleikar loftfarsins og kerfa þess verða að vera þannig að hægt sé að snúa aftur frá flugi á mörkum flugramma á öruggan hátt.

2.b. Upplýsingar um takmarkanir á starfrækslu og aðrar upplýsingar, sem eru nauðsynlegar fyrir öryggi í starfrækslu, skulu vera tiltækar flugverjum.

2.c. Í starfrækslu skulu framleiðsluvörur vera varðar gegn hættum vegna innri og ytri skilyrða, þ.m.t. umhverfisaðstæður.

2.c.1. Einkum mega ekki koma upp ótryggar aðstæður sem stafa af fyrirbærum eins og m.a. slæmu veðri, eldingum, árekstrum við fugla, hátíðnisviðum, ósoni o.s.frv. sem eðlilegt er að gera ráð fyrir við starfrækslu framleiðsluvara.

2.c.2. Farþegarými skulu innréttuð þannig að farþegum sé tryggður viðeigandi ferðamáti og viðunandi vernd fyrir öllum hættum sem reikna má með að geti steðjað að þeim í starfrækslu eða orsakast af neyðaraðstæðum, þ.m.t. hætta sem stafar af eldi, reyk, eitruðum lofttegundum og skyndilegri þrýstingsminnkun. Gera skal ráðstafanir til að gefa farþegum öll þau tækifæri, sem eðlileg geta talist, til að komast hjá alvarlegum meiðslum og yfirgefa loftfarið skjótt, og ráðstafanir til að vernda þá gegn áhrifum hraðaminnkunarkrafta ef nauðlenda þarf á landi eða vatni. Til staðar skulu vera skýr og ótvíræð skilti eða fyrirmæli, eftir því sem nauðsyn krefur, til að leiðbeina þeim sem eru í flugvélinni um viðeigandi öryggishegðun og um staðsetningu og rétta notkun öryggisbúnaðar. Greiður aðgangur skal vera að tilskildum öryggisbúnaði.

2.c.3. Fyrirkomulag áhafnarklefa skal vera með þeim hætti að það auðveldi starfrækslu, þ.m.t. búnaður sem gerir áhöfnina meðvitaða um aðstæður, og einnig skal fyrirkomulagið auðvelda áhöfn að hafa stjórn á öllum fyrirsjáanlegum aðstæðum og neyðaraðstæðum. Umhverfi í áhafnarklefa má ekki gera áhöfninni erfitt um vik að sinna störfum sínum og áhafnarklefinn skal hannaður þannig að komist verði hjá truflunum í starfi og rangri notkun stjórntækja.

3. Fyrirtæki (þ.m.t. einstaklingar sem taka að sér hönnun, framleiðslu eða viðhald)

3.a. Gefa skal út samþykki fyrir fyrirtæki þegar eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

3.a.1. Fyrirtækið skal hafa öll nauðsynleg tilföng miðað við umfang verksins. Þessi tilföng eru m.a. eftirfarandi: aðstaða, starfsfólk, tæki, tól og efniviður, skráning verkefna, ábyrgð og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráahald.

3.a.2. Fyrirtækið skal reka og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfur um lofthæfi og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi.

3.a.3. Fyrirtækið skal koma á fyrirkomulagi með öðrum viðeigandi fyrirtækjum, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja að alltaf ríki samræmi við grunnkröfurnar um lofthæfi.

3.a.4. Fyrirtækið skal koma á tilkynningarkerfi um atvik og/eða viðbragðskerfi fyrir atvik sem nota skal í stjórnunarkerfinu, sem um getur í lið 3.a.2, og í tengslum við fyrirkomulagið, sem um getur í lið 3.a.3, til að vinna að því markmiði að auka stöðugt öryggi framleiðsluvara.

3.b. Skilyrðin, samkvæmt liðum 3.a.3 og 3.a.4, gilda ekki um fyrirtæki sem sjá um viðhaldsþjálfun.

II. VIÐAUKI

Loftför sem um getur í 4. mgr. 4. gr.

Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. 4. gr. gilda ekki um loftför sem falla undir einn eða fleiri af flokkunum sem tilgreindir eru hér á eftir:

a) söguleg loftför sem uppfylla viðmiðanirnar hér á eftir:

i. einföld loftför:

– sem voru upphaflega hönnuð fyrir 1. janúar 1955 og

– sem hætt var að framleiða fyrir 1. janúar 1975,

eða

ii. loftför sem hafa ótvírætt sögulegt gildi:

– loftför sem eru hluti af sögulegum atburði eða

– loftför sem eru dæmi um mikilvæg skref í þróun flugsins eða

– loftför sem hafa gegnt stóru hlutverki í herjum aðildarríkis,

b) loftför sem eru sérstaklega hönnuð eða hefur verið breytt í rannsóknar- eða tilraunaskyni eða af vísindalegum ástæðum og sem líklegt er að verði framleidd í mjög fáum eintökum,

c) loftför sem eru smíðuð a.m.k. að 51 hundraðshluta í eigin þágu af leikmanni eða leikmannasamtökum sem eru hvorki rekin í hagnaðarskyni né í viðskiptalegum tilgangi,

d) loftför sem hafa verið í þjónustu hers, nema loftfarið sé af tegund með hönnunarstaðli sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt,

e) flugvélar, þyrlur og aflknúnar fallhlífar sem hafa ekki fleiri en tvö sæti, hámarksflugtaksmassa eins og hann er skráður af aðildarríkjunum sem er ekki meiri en:

i. 300 kg fyrir landfis/þyrlu með einu sæti eða

ii. 450 kg fyrir landfis/þyrlu með tveimur sætum eða

iii. 330 kg fyrir láðs- og lagarfis eða fis á flotum/þyrlu á flotum með einu sæti eða

iv. 495 kg fyrir láðs- og lagarfis eða fis á flotum/þyrlu á flotum með tveimur sætum, að því tilskildu að hægt sé að nota fisið/þyrluna bæði sem fis/þyrlu á flotum og sem landfis/-þyrlu og hámarksflugtaksmassi sé innan marka beggja flokka, eftir því sem við á,

v. 472,5 kg fyrir landfis með tveimur sætum og fallhlífakerfi, sem fest er á flugskrokkinn, til að bjarga loftfarinu í heilu lagi,

vi. 315 kg fyrir landfis með einu sæti og fallhlífakerfi, sem fest er á flugskrokkinn, til að bjarga loftfarinu í heilu lagi,

og fyrir flugvélar með ofrishraða í lendingarham eða minnsta stöðuga hraða í lendingarham, sem er að hámarki 35 hnúta sýndur flughraði (CAS),

f) þyrilflugur með einu eða tveimur sætum með hámarksflugtaksmassa sem er ekki meiri en 560 kg,

g) sviffugur með tómamassa sem er ekki meiri en 80 kg, ef um einsætur er að ræða, en 100 kg ef um tvísætur er að ræða, þ.m.t. sviffugur þar sem flugtak er af fæti,

h) eftirlíkingar af loftförum sem uppfylla viðmiðanirnar í a- eða d-lið hér að framan en hönnun burðarvirkis þeirra er svipuð upprunalega loftfarinu,

i) ómönnuð loftför með rekstrarmassa sem er ekki meiri en 150 kg,

j) öll önnur loftför sem eru með hámarkstómamassa, þ.m.t. eldsneyti sem eru ekki meira en 70 kg.

III. VIÐAUKI

Grunnkröfur um veitingu flugmannsskírteina sem um getur í 7. gr.

1. *Þjálfun*

1.a. Almennt

1.a.1. Einstaklingur, sem fer í þjálfun til að fljúga loftfari, verður að vera nægilega þroskaður námslega, líkamlega og andlega til að afla sér, viðhalda og sýna fram á viðeigandi bóklega þekkingu og verklega færni.

1.b. Bókleg þekking

1.b.1. Flugmaður verður að afla sér og viðhalda þekkingu sem á við um þau verkefni sem þarf að sinna í tengslum við loftfarið og í réttu hlutfalli við þá áhættu sem tengist tegund verkefnis. Slík þekking skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

i. lög og reglur um loftferðir,

ii. almenna þekkingu á loftförum,

iii. tæknimál í tengslum við flokk loftfarsins,

iv. afkastagetu í flugi og gerð áætlana,

v. mannlega getu og takmarkanir hennar, afkastagetu og takmarkanir,

vi. veðurfræði,

vii. leiðsögu,

viii. verklagsreglur í flugi, þ.m.t. stjórnun samvinnu,

ix. flugeðlisfræði,

x. fjarskipti og

xi. færni, sem er ekki tæknilegs eðlis, þ.m.t. að bera kennsl á hættur og bilanir og hvernig eigi að bregðast við þeim.

1.c. Sýnt fram á bóklega þekkingu og viðhald hennar

1.c.1. Öflun og viðhald bóklegrar þekkingar skal sýnd með stöðugu mati meðan á þjálfun stendur og, eftir því sem við á, með prófum.

1.c.2. Viðhalda skal viðeigandi hæfni á sviði bóklegrar þekkingar. Sýna skal fram á að þetta sé gert með reglulegu mati, athugunum, prófum eða eftirliti. Tíðni athugana, prófa og eftirlits skal vera í réttu hlutfalli við áhættuna í tengslum við verkefnið.

1.d. Verkleg færni

1.d.1. Flugmaður skal tileinka sér og viðhalda verklegri færni sem við á um starf hans í loftfarinu. Slík færni skal vera í réttu hlutfalli við áhættuna, sem tengist tegund verkefnis, og skal taka til, ef það á við um verkefnin sem þarf að sinna í tengslum við loftfarið, eftirfarandi:

i. verkefna áður en flug hefst og meðan á flugi stendur, þ.m.t. ákvörðun á afkastagetu, massa og jafnvægi loftfars, skoðun og viðhald loftfarsins, gerð eldsneytisáætlunar, mat á veðurútliti, gerð leiðaráætlunar, takmarkanir á loftrými og tiltækar flugbrautir,

ii. flugvalla og umferðahringi,

iii. varúðarreglna og ráðstafana til að forðast árekstur,

iv. stjórnar loftfars eftir kennileitum,

v. flugbragða, þ.m.t. við hættulegar aðstæður og tengd „trufluð“ flugbrögð, eftir því sem er tæknilega mögulegt,

vi. venjulegs flugtaks og lendingar og flugtaks og lendingar í hliðarvindi,

vii. flugs, þar sem einungis er stuðst við mælitæki, eftir því sem við á, fyrir tegund verkefnis,

viii. verklagsreglna, þ.m.t. færni í hópvinnu og stjórnun samvinnu, eftir því sem við á um tegund starfrækslu, hvort heldur um er að ræða einn flugmann eða fleiri en einn flugmann í áhöfn,

ix. leiðsögu og framkvæmdar flugreglna og tengdra verklagsreglna, þar sem stuðst er við, eftir því sem við á, kennileiti eða leiðsögutæki,

x. starfrækslu við óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður, þ.m.t. að hermt er eftir bilun í búnaði loftfars,

xi. að fylgja verklagsreglum um flugumferðarþjónustu og fjarskipti,

xii. tiltekinna þátta varðandi gerð eða flokk loftfars,

xiii. viðbótarþjálfunar í verklegri færni sem kann að vera krafist til að draga úr áhættu í tengslum við sérstök verkefni og

xiv. færni, sem er ekki tæknilegs eðlis, þ.m.t. að bera kennsl á hættur og bilanir og hvernig eigi að bregðast við þeim, þar sem notuð er fullnægjandi matsaðferð í tengslum við mat á tæknilegri færni.

1.e. Sýnt fram á verklega færni og viðhald hennar

1.e.1. Flugmaður skal sýna fram á getu til að fara eftir verklagi og flugbrögðum með hæfni sem hæfir starfi hans í loftfarinu með því:

i. að starfrækja loftfarið innan takmarka þess,

ii. að ljúka öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

iii. að sýna góða dómgreind og flugmennsku,

iv. að beita flugþekkingu,

v. halda alltaf góðri stjórn á loftfarinu með þeim hætti að tryggt sé að verklag eða flugbragð beri góðan árangur og

vi. færni sem er ekki tæknilegs eðlis, þ.m.t. að bera kennsl á hættur og bilanir og hvernig eigi að bregðast við þeim, þar sem notuð er fullnægjandi matsaðferð í tengslum við mat á tæknilegri færni.

1.e.2. Viðhalda skal viðeigandi hæfni á sviði verklegrar færni. Sýna skal fram á að þetta sé gert með reglulegu mati, athugunum, prófum og eftirliti. Tíðni athugana, prófa og eftirlits skal vera í réttu hlutfalli við áhættuna í tengslum við verkefnið.

1.f. Tungumálafærni

Flugmaður skal hafa sýnt fram á tungumálafærni sem á við um þau verkefni sem hæfir starfi hans í loftfarinu. Slík færni, sem sýnt er fram á, skal fela í sér:

i. að geta skilið skjöl með veðurupplýsingum,

ii. að nota öll flugkort fyrir flugleið, brottflug og aðflug og flugupplýsingaskjöl sem tengjast þeim og

iii. að geta átt fjarskipti við aðra flugliða og flugleiðsöguþjónustu á öllum stigum flugs, þ.m.t. við undirbúning flugs

1.g. Flugþjálfunartæki

Ef flugþjálfunartæki er notað til þjálfunar eða til að sýna fram á að verkleg færni hafi náðst eða hafi verið við haldið, skal það viðurkennt fyrir tiltekna afkastagetu á þeim sviðum sem eru viðeigandi til að ljúka tengdu verkefni. Einkum skal eftirlíkingin af flugham, stjórnunareiginleikum, afkastagetu loftfars og kerfishögun vera dæmigerð fyrir loftfarið.

1.h. Þjálfunarnámskeið

1.h.1. Þjálfun skal fara fram með þjálfunarnámskeiðum.

1.h.2. Þjálfunarnámskeið skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. þróa skal námsefni fyrir hverja tegund námskeiðs og

ii. þjálfunarnámskeiðið skal veita yfirlit yfir bóklega þekkingu og verklega flugkennslu (þ.m.t. í flugþjálfa), eftir því sem við á.

1.i. Kennarar

1.i.1. Bókleg kennsla

Kennarar sem eru með viðeigandi starfsréttindi skulu annast bóklega kennslu. Þeir skulu:

i. búa yfir viðeigandi þekkingu á því sviði sem kennt er og

ii. geta notað viðeigandi kennsluaðferðir.

1.i.2. Flugkennsla og kennsla í flughermi

Flugkennsla og kennsla í flughermi skal veitt af kennurum með viðeigandi starfsréttindi, sem hafa eftirfarandi réttindi og hæfi:

i. uppfylla kröfur um bóklega þekkingu og reynslu sem er viðeigandi fyrir þá kennslu sem á að veita,

ii. geta notað viðeigandi kennsluaðferðir,

iii. hafa æft kennsluaðferðir í þeim flugbrögðum og verklagi sem fyrirhugað er að veita flugkennslu í,

iv. hafa sýnt fram á getuna til að kenna á þeim sviðum sem veita á flugkennslu á, þ.m.t. kennsla í aðgerðum fyrir flug, eftir flug og kennsla á jörðu niðri og

v. fái reglulega upprifjunarþjálfun til að tryggja að kennslan sé ávallt í samræmi við það nýjasta sem er í boði.

Flugkennarar skulu einnig hafa rétt til þess að gegna hlutverki flugstjóra loftfarsins, sem kennt er á, nema þegar verið er að þjálfa á nýjar tegundir loftfara.

1.j. Prófdómarar

1.j.1. Einstaklingar, sem bera ábyrgð á að meta færni flugmanna, skulu:

i. uppfylla kröfurnar sem gerðar eru til flugkennara og flugkennara sem kenna í flughermi,

ii. geta metið getu flugmanna og framkvæmt flugpróf og athuganir.

2. *Kröfur um reynslu*

2.a.1. Einstaklingur, sem gegnir hlutverki flugliða, kennara eða prófdómara, skal afla sér og viðhalda fullnægjandi reynslu af þeim verkefnum sem framkvæmd eru, nema framkvæmdarreglurnar kveði á um að sýnt sé fram á hæfni í samræmi við lið 1.e.

3. *Þjálfunarfyrirtæki*

3.a. Kröfur sem gerðar eru til þjálfunarfyrirtækja

3.a.1. Þjálfunarfyrirtæki sem veitir þjálfun fyrir flugmenn skal uppfylla eftirfarandi kröfur.

i. hafa yfir að ráða öllum þeim tilföngum sem nauðsynleg eru fyrir þau ábyrgðarsvið sem tengjast starfsemi þeirra. Þessi tilföng eru m.a. eftirfarandi: aðstaða, starfsfólk, tæki, tól og efniviður, skráning verkefna, ábyrgð og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráahald,

ii. taka í notkun og viðhalda stjórnunarkerfi í tengslum við öryggi og staðal um þjálfun og miða að stöðugum úrbótum á þessu kerfi og

iii. koma á fyrirkomulagi með öðrum viðeigandi fyrirtækjum, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja að alltaf ríki samræmi við framangreindar kröfur.

4. *Líkamlegt hæfi*

4.a. Læknisfræðilegar viðmiðanir

4.a.1. Allir flugmenn skulu reglulega sýna fram á líkamlegt hæfi til að geta gegnt með fullnægjandi hætti hlutverki sínu, að teknu tilliti til tegundar verkefnisins. Sýna skal fram á samræmi með viðeigandi mati, sem byggist á bestu starfsvenjum í fluglæknisfræði, að teknu tilliti til tegundar verkefnis og hugsanlega skerts andlegs og líkamlegs atgervis sökum aldurs. Líkamlegt hæfi, sem felur í sér líkamlegt og andlegt hæfi, merkir að flugmaður sé ekki með sjúkdóm eða fötlun sem gerir hann óhæfan:

i. til að inna af hendi þau verkefni sem nauðsynleg eru til að starfrækja loftfar eða

ii. til að gegna þeim störfum sem honum eru falin, hvenær sem er, eða

iii. til að skynja umhverfið með réttum hætti.

4.a.2. Ef ekki er hægt að sýna fram á líkamlegt hæfi með fullnægjandi hætti er heimilt að gera ráðstafanir til úrbóta sem veita sambærilegt flugöryggi.

4.b. Fluglæknar

4.b.1. Fluglæknir:

i. skal vera með starfsréttindi og leyfi til að stunda læknisstörf,

ii. skal hafa fengið þjálfun í fluglæknisfræði og reglulega upprifjunarþjálfun í fluglæknisfræði til að tryggja að matsstöðlum sé viðhaldið,

iii. skal hafa aflað sér hagnýtrar þekkingar og reynslu af starfsaðstæðum flugmanna.

4.c. Fluglæknasetur

4.c.1. Fluglæknasetur skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. hafa til umráða öll þau tilföng sem nauðsynleg eru fyrir þær skyldur sem tengjast réttindum þeirra. Þessi tilföng eru m.a. eftirfarandi:

aðstaða, starfsfólk, tæki, tól og efniviður, skráning verkefna, ábyrgð og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráahald,

ii. taka í notkun og viðhalda stjórnunarkerfi í tengslum við öryggi og staðal um læknismat og miða að stöðugum úrbótum á þessu kerfi og

iii. koma á fyrirkomulagi með öðrum viðeigandi fyrirtækjum, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja að alltaf ríki samræmi við þessar kröfur.

IV. VIÐAUKI

Grunnkröfur um flugrekstur sem um getur í 8. gr.

1. *Almennt*

1.a. Flug skal ekki fara fram ef flugverjar o g, eftir því sem við á, allt annað starfsfólk flugrekstrarsviðs, sem tekur þátt í undirbúningi og framkvæmd þess, kunna ekki skil á þeim lögum, reglugerðum og verklagsreglum sem lúta að framkvæmd skyldustarfa þeirra og mælt er fyrir um svæðin, sem á að fara um, flugvelli, sem fyrirhugað er að nota, og tilheyrandi flugleiðsöguvirki.

1.b. Flug skal fara fram með þeim hætti að verklagsreglum, sem tilgreindar eru í flughandbókinni eða, ef þess er krafist, í flugrekstrarhandbókinni, um undirbúning og framkvæmd flugs, sé fylgt. Til að auðvelda þetta verður gátlistakerfi að vera tiltækt til notkunar, eftir því sem við á, fyrir flugverja á öllum stigum starfrækslu loftfarsins við venjuleg skilyrði, óvenjuleg skilyrði og neyðarskilyrði og neyðartilvik. Setja skal verklagsreglur um öll neyðartilvik sem skynsamlegt er að ætla að sjá megi fyrir.

1.c. Áður en hvert flug hefst skal ákvarða hlutverk og skyldur allra flugverja. Flugstjórinn skal bera ábyrgð á starfrækslu og öryggi loftfarsins og öryggi allra flugverja, farþega og farms um borð.

1.d. Hlutir eða efni sem geta stofnað heilbrigði, öryggi, eignum eða umhverfinu í verulega hættu, s.s. hættulegur varningur, vopn og skotfæri, skulu ekki vera um borð í loftfari, nema sérstakar öryggisreglur og leiðbeiningar séu notaðar til að draga úr hættunni í tengslum við það.

1.e. Öll nauðsynleg gögn, skjöl, skrár og upplýsingar til að skrá hvort farið sé að skilyrðunum, sem tilgreind eru í lið 5c, skulu geymd fyrir hvert flug og höfð tiltæk í lágmarkstíma í samræmi við tegund starfrækslu.

2. *Flugundirbúningur*

2.a. Ekki skal hefja flug nema gengið hafi verið úr skugga um með öllum eðlilegum ráðum, sem tiltæk eru, að öll eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

2.a.1. Fullnægjandi virki, sem nauðsynleg eru fyrir flugið og örugga starfrækslu loftfarsins, þ.m.t. fjarskiptavirki og leiðsögutæki séu tiltæk til að framkvæma flugið, að teknu tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga frá upplýsingaþjónustu flugmála.

2.a.2. Áhöfnin þarf að kunna skil á og farþegarnir að fá upplýsingar um staðsetningu og notkun viðkomandi neyðarbúnaðar. Fullnægjandi upplýsingar varðandi verklag í neyðartilvikum og notkun öryggisbúnaðar í farþegarými verður að vera tiltækt fyrir flugverja og farþega þar sem tilteknar upplýsingar eru notaðar.

2.a.3. Flugstjórinn skal vera fullviss um:

i. að loftfarið sé lofthæft eins og tilgreint er í lið 6,

ii. að, ef þess er krafist, loftfarið sé skráð með tilhlýðilegum hætti og að viðeigandi vottorð þar að lútandi séu um borð í loftfarinu,

iii. að mælitæki og búnaður, eins og tilgreint er í lið 5, sem krafist er fyrir framkvæmd þess flugs, séu uppsett í loftfarinu og starfhæf nema veitt sé undanþága í gildandi lista yfir lágmarksbúnað (MEL) eða sambærilegu skjali,

iv. að massi loftfarsins og staðsetning þyngdarmiðju séu þannig að flugið geti farið fram innan þeirra takmarkana sem mælt er fyrir um í lofthæfiskjölunum,

v. að öllum handfarangri, lestarfarangri og farmi sé hlaðið á réttan hátt og festur og

vi. að ekki verði í neinum tilvikum farið út fyrir starfrækslutakmarkanir loftfarsins, eins og þær eru tilgreindar í 4. lið, í fluginu.

2.a.4. Upplýsingar varðandi veðurskilyrði fyrir brottfararflugvöll, ákvörðunarflugvöll og, eftir því sem við á, varaflugvöll, sem og skilyrði á flugleið, verða að vera tiltækar fyrir flugliða. Sérstaklega verður að huga að aðstæðum í lofthjúpnum sem geta verið hættulegar.

2.a.5. Ef fljúga á inn í veðurskilyrði, þar sem vitað er um ísingu eða búast má við henni, skal loftfarið hafa vottorð, tækjabúnað og/eða hafa verið meðhöndlað til öruggrar starfrækslu fyrir slík skilyrði.

2.a.6. Fyrir flug samkvæmt sjónflugsreglum skulu veðurskilyrði á tilskilinni flugleið vera þannig að mögulegt sé að fljúga í samræmi við slíkar reglur. Fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum skal velja ákvörðunarflugvöll eða -flugvelli og, eftir því sem við á, varaflugvöll eða -flugvelli, þar sem loftfarið getur lent, að teknu sérstöku tilliti til þeirra veðurskilyrða sem spáð er, hvort flugleiðsöguþjónusta sé tiltæk, hvort aðstaða sé á jörðu niðri og hvort blindflugsreglur séu samþykktar af ríkinu þar sem ákvörðunar- og/eða varaflugvöllurinn er staðsettur.

2.a.7. Magn eldsneytis og olíu um borð skal vera nægilegt til að tryggja að hægt sé að ljúka fyrirhuguðu flugi með öruggum hætti, að teknu tilliti til veðurskilyrða, hvers konar þátta sem hafa áhrif á afköst loftfarsins og hvers konar tafa sem búist er við í fluginu. Auk þess skal varaeldsneyti vera um borð til nota í viðlögum. Ákveða skal verklagsreglur um eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi.

3. *Starfræksla flugs*

3.a. Uppfylla skal öll eftirfarandi skilyrði að því er varðar starfrækslu flugs:

3.a.1. ef við á um tegund loftfars, í flugtaki og lendingu og þegar flugstjórinn telur nauðsynlegt í öryggisskyni skulu allir flugverjar sitja í vinnureitum sínum og nota aðhaldsbúnaðinn, sem er til staðar, að teknu tilliti til tegundar loftfarsins,

3.a.2. ef við á um tegund loftfars, skulu allir flugliðar, sem eru á flugvakt, vera í vinnureitum sínum með öryggisbeltin fest á flugleið nema þegar þeir þurfa að sinna líkamlegum þörfum eða, ef þess gerist þörf, starfrækslu,

3.a.3. ef við á um tegund loftfars og starfrækslu, skal flugstjórinn sjá til þess, fyrir flugtak og lendingu, í akstri og hvenær sem þörf krefur í öryggisskyni, að allir farþegar sitji rétt og séu tryggilega festir,

3.a.4. flug skal fara fram með þeim hætti að viðeigandi aðskilnaði sé haldið frá öðrum loftförum og að fullnægjandi hindranabil sé tryggt á öllum stigum flugsins; slíkur aðskilnaður skal a.m.k. vera sá sem krafist er í gildandi flugreglum,

3.a.5. flugi skal ekki haldið áfram nema þekkt skilyrði haldi áfram að vera a.m.k. sambærileg þeim sem eru tilgreind í 2. lið; ennfremur, fyrir flug sem byggist á blindflugsreglum, skal ekki halda áfram aðflugi að flugvelli niður fyrir tilteknar, tilgreindar hæðir eða lengra en að tiltekinni stöðu ef viðmiðanirnar um skyggni, sem mælt er fyrir um, eru ekki uppfylltar,

3.a.6. í neyðartilvikum skal flugstjórinn sjá til þess að farþegar fái leiðbeiningar um hvernig eigi að bregðast við aðstæðum í neyðartilvikum, eftir því sem við á,

3.a.7. flugstjóri verður að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að truflun af völdum óviðráðanlegra farþega hafi eins litlar afleiðingar fyrir flugið og mögulegt er,

3.a.8. loftfari skal ekki ekið á athafnasvæði flugvallar eða þyrli þess snúið fyrir afli, nema sá sem er við stýrið hafi viðeigandi réttindi og hæfi,

3.a.9. nota skal gildandi verklagsreglur um eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi, eftir því sem við á.

4. *Takmarkanir á afkastagetu loftfars og takmarkanir á starfrækslu*

4.a. Loftfar skal starfrækt í samræmi við skjöl um lofthæfi þess og allar tengdar verklagsreglur og takmarkanir, eins og tilgreint er í samþykktri flughandbók þess eða sambærilegum skjölum, eftir því sem við á. Flughandbók eða sambærileg skjöl skulu vera tiltæk fyrir flugverja og uppfærð fyrir hvert loftfar.

4.b. Loftfarið skal starfrækt í samræmi við gildandi skjöl um umhverfisvernd.

4.c. Ekki skal hefja flug eða halda því áfram nema áætluð afköst loftfars, að teknu tilliti til allra þátta sem hafa veruleg áhrif á afkastagetu þess, geri kleift að öll stig flugs séu framkvæmd innan gildandi vegalengda/svæða og hindranabila með fyrirhuguðum starfrækslumassa. Afkastaþættir, sem hafa veruleg áhrif á flugtak, flugleið og aðflug/lendingu, eru einkum:

i. verklagsreglur,

ii. málþrýstingshæð á flugvelli,

iii. hitastig,

iv. vindur,

v. stærð, halli og ástand flugtaks-/lendingarsvæðis og

vi. ástand flugskrokksins, fullbúins hreyfils eða kerfa, að teknu tilliti til hugsanlegra skemmda.

4.c.1. Taka skal tillit til slíkra þátta beint sem færibreytna, sem varða starfrækslu, eða óbeint með frávikum eða vikmörkum, sem heimilt er veita þegar gögn um afkastagetu eru áætluð, eftir því sem við á um tegund starfrækslu.

5. *Mælitæki, gögn og búnaður*

5.a. Loftfar skal búið öllum leiðsögubúnaði, fjarskiptabúnaði og öðrum búnaði, sem nauðsynlegur er fyrir fyrirhugað flug, að teknu tillit til reglna um flugumferð og flugreglna sem gilda á hvaða stigi flugsins sem er.

5.b. Ef við á, skal loftfar vera búið öllum nauðsynlegum öryggis-, læknis-, rýmingar- og björgunarbúnaði, að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem tengist starfrækslusviðum, tilskildum flugleiðum, flughæð og lengd flugsins.

5.c. Öll gögn, sem eru nauðsynleg til að flugverjar geti framkvæmt flugið, skulu uppfærð og tiltæk um borð í loftfarinu, að teknu tilliti til gildandi reglna um flugumferð, flugreglna, flughæðar og starfrækslusviða.

6. *Áframhaldandi lofthæfi*

6.a. Ekki skal starfrækja loftfarið nema:

i. það sé í lofthæfu ástandi,

ii. búnaður til starfrækslu og neyðarbúnaður, sem nauðsynlegur er fyrir fyrirhugað flug, sé nothæfur,

iii. lofthæfiskjal loftfarsins sé gilt og

iv. viðhald loftfarsins fari fram í samræmi við viðhaldsáætlun þess.

6.b. Áður en hvert flug hefst eða sams konar röð samfelldra fluga skal framkvæma fyrirflugsskoðun á loftfarinu til að ákvarða hvort það sé nothæft fyrir fyrirhugað flug.

6.c. Í viðhaldsáætluninni skal einkum vera að finna viðhaldsverkefni og -tíðni, sérstaklega þau sem hafa verið tilgreind sem lögboðin í leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi.

6.d. Loftfarið skal ekki starfrækt nema aðili eða fyrirtæki með tilskilin réttindi gefi út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) að viðhaldi loknu. Á undirrituðu afhendingarvottorði (viðhaldsvottorði) skulu einkum vera grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram.

6.e. Allar skrár, sem sýna fram á lofthæfi loftfarsins, skulu geymdar þar til nýjar upplýsingar, sem eru sambærilegar að því er varðar umfang og nákvæmni, hafa komið í stað upplýsinganna, sem þar er að finna, en þó eigi skemur en 24 mánuði, ef um er að ræða nákvæmar viðhaldsskrár. Ef loftfar er leigt út skal geyma allar skrár, sem sýna fram á lofthæfi loftfarsins, a.m.k. út leigutímabilið.

6.f. Allar breytingar og viðgerðir skulu uppfylla grunnkröfur um lofthæfi. Geyma skal gögn til rökstuðnings sem styðja að kröfur um lofthæfi hafi verið uppfylltar.

7. *Flugverjar*

7.a. Ákvarða skal fjölda og samsetningu áhafnar að teknu tilliti:

i. til vottunartakmarkana loftfarsins, þ.m.t., eftir því sem við á, viðeigandi sýnikennsla í neyðarrýmingu,

ii. til útfærslu loftfarsins og

iii. til tegundar og lengd starfrækslu.

7.b. Öryggis- og þjónustuliðar skulu:

i. hljóta þjálfun og gangast undir próf reglulega til að ná og viðhalda fullnægjandi hæfni til að gegna þeim öryggisstörfum sem þeim eru falin og

ii. gangast reglulega undir mat á því hvort líkamlegt hæfi þeirra gerir þeim kleift að gegn störfum sem þeim eru falin með öruggum hætti. Sýna verður fram á að kröfur séu uppfylltar með viðeigandi mati sem byggist á bestu starfsvenjum í fluglæknisfræði.

7.c. Flugstjórinn skal hafa heimild til að gefa allar skipanir og grípa til allra viðeigandi aðgerða í því skyni að vernda starfræksluna og tryggja öryggi loftfarsins og einstaklinga og/eða eigna sem þar eru um borð.

7.d. Í neyðartilviki, sem stofnar starfrækslunni eða öryggi loftfarsins og/eða einstaklinga um borð í hættu, skal flugstjórinn grípa til allra aðgerða sem hann telur nauðsynlegar til að tryggja öryggi. Ef slík aðgerð felur í sér brot á staðbundnum reglum eða verklagsreglum skal flugstjórinn bera ábyrgð á að tilkynna viðeigandi staðaryfirvöldum um það án tafar.

7.e. Ekki skal herma eftir óeðlilegum neyðartilvikum ef farþegar eða farmur er um borð.

7.f. Flugverjar mega ekki láta getuna til að sinna verkefnum/taka ákvarðanir skerðast þannig að það ógni flugöryggi vegna áhrifa þreytu, að teknu tilliti til m.a. uppsafnaðrar þreytu, svefnleysis, fjölda fluga sem flogin eru, næturvakta eða breytinga milli tímabelta. Hvíldartímabil skulu veita flugverjum nægan tíma til að jafna sig eftir undangengnar vaktir svo þeir verði vel úthvíldir fyrir upphaf næstu flugvaktar.

7.g. Flugverji skal ekki sinna skyldustörfum, sem honum eru falin um borð í loftfari, ef hann er undir áhrifum geðvirkra efna eða áfengis eða ef hann er ófær til vinnu sökum meiðsla, þreytu, lyfjagjafar, veikinda eða annarra svipaðra ástæðna.

8. *Viðbótarkröfur vegna reksturs í ábótaskyni og starfrækslu flókinna, vélknúinna loftfara*

8.a. Starfræksla í atvinnuskyni og starfræksla flókinna, vélknúinna loftfara skal ekki fara fram nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

8.a.1. Flugrekandinn skal hafa beint eða óbeint í gegnum samninga þau tilföng sem nauðsynleg eru með tilliti til stærðar og umfangs starfrækslunnar; Þessi tilföng eru m.a. eftirfarandi: loftför, aðstaða, stjórnunarfyrirkomulag, starfsfólk, skráning verkefna, ábyrgð og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráahald,

8.a.2. Flugrekandinn skal einungis nota starfsfólk með viðeigandi réttindi og þjálfun og hrinda í framkvæmd og viðhalda þjálfunar- og eftirlitsáætlunum fyrir flugverja og annað hlutaðeigandi starfsfólk,

8.a.3. Flugrekandinn skal útbúa lista yfir lágmarksbúnað loftfars eða sambærilegt skjal að teknu tilliti til eftirfarandi:

i. í skjalinu skal kveðið á um starfrækslu loftfars við tilgreind skilyrði með sérstök mælitæki, búnað eða þætti sem eru óstarfhæf við upphaf flugs,

ii. skjalið skal útbúið fyrir hvert loftfar, að teknu tilliti til viðkomandi starfrækslu- og viðhaldsskilyrða flugrekandans og

iii. listinn yfir lágmarksbúnað loftfars skal byggjast á grunnlista yfir lágmarksbúnað (MMEL), ef hann er til staðar, og skal ekki fela í sér minni takmarkanir en grunnlistinn yfir lágmarksbúnað loftfars,

8.a.4. Flugrekandinn skal taka í notkun og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfur um starfrækslu og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi og

8.a.5. Flugrekandinn skal koma á og viðhalda slysavarna- og öryggisáætlun, þ.m.t. tilkynningaráætlun um atvik sem skal notuð af stjórnunarkerfinu til að stuðla að markmiðinu um stöðugar úrbætur á öryggi starfrækslu.

8.b. Rekstur í ábataskyni og starfræksla flókinna, vélknúinna loftfara skal einungis fara fram í samræmi við flugrekstrarhandbók flugrekandans. Slík handbók skal hafa að geyma öll nauðsynleg fyrirmæli, upplýsingar og verklag fyrir öll loftför, sem starfrækt eru, og fyrir starfsfólk flugrekstrarsviðs þannig að það geti sinnt skyldustörfum sínum. Tilgreina skal takmarkanir sem gilda um flugtíma, flugvaktir

og hvíldartíma fyrir flugverja. Flugrekstrarhandbókin og síðari endurskoðun hennar verða að samrýmast samþykktri flughandbók og er breytt eftir því sem nauðsynlegt er.

8.c. Flugrekandinn skal setja verklagsreglur, eftir því sem við á, til að truflun af völdum óviðráðanlegra farþega hafi eins litlar afleiðingar fyrir örugga starfrækslu flugs og mögulegt er.

8.d. Flugrekandinn skal þróa og viðhalda öryggisáætlunum, sem lagaðar eru að loftfarinu og tegund starfrækslu, þ.m.t. einkum:

i. öryggi stjórnklefa,

ii. gátlistar fyrir verklag við leit í loftfari,

iii. þjálfunaráætlanir,

iv. vernd rafeinda- og tölvukerfa til að koma í veg fyrir truflun og bjögun af ásettu ráði og

v. skýrslu um ólöglegt athæfi.

Ef öryggisráðstafanir geta haft skaðleg áhrif á öryggi starfrækslu skal meta áhættuna og viðeigandi verklag þróað til að draga úr öryggisáhættu en mögulega þarf að nota sérhæfðan búnað.

8.e. Flugrekandinn skal tilnefna einn af flugliðunum sem flugstjóra.

8.f. Nota skal vaktaskipan til að koma í veg fyrir þreytu. Að því er varðar flug eða röð fluga þarf slík vaktaskipan að taka til flugtíma, flugvakta, vinnutíma og aðlögunar hvíldartíma. Takmarkanir, sem settar eru innan vaktaskipunarinnar, skulu taka tillit til allra viðeigandi þátta sem stuðla að þreytu, s.s. fjölda fluga sem flogin eru, þegar flogið er yfir tímabelti, svefnleysis, truflunar á dægursveiflu, næturvinnu, staðsetningarflugs, uppsafnaðs vinnutíma á tilteknu tímabili, þegar úthlutuðum verkefnum er dreift á flugverja og einnig þegar áhöfn er aukin.

8.g. Verkefnin, sem tilgreind eru í lið 6.a og þau sem lýst er í liðum 6.d og 6.e, skulu sæta eftirliti fyrirtækis, sem ber ábyrgð á stjórnun áframhaldandi lofthæfis og verður að uppfylla, auk þessara krafna í lið 3.a í I. viðauka, eftirfarandi skilyrði:

i. fyrirtækið skal vera viðurkennt til að sjá um viðhald á framleiðsluvörum, hlutum og búnaði á eigin ábyrgð eða hafa gert samning við slíkt viðurkennt fyrirtæki að því er varðar þessar framleiðsluvörur, hluta og búnað og

ii. fyrirtækið skal útbúa handbók fyrirtækisins, þar sem mælt er fyrir um notkun og leiðbeiningar til hlutaðeigandi starfsfólks, lýsingar á öllum verklagsreglum fyrirtækisins í tengslum við áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t., eftir því sem við á, lýsing á stjórnunarfyrirkomulagi milli fyrirtækisins og samþykkta viðhaldsfyrirtækisins.

V. VIÐAUKI

Viðmiðanir fyrir hæfa aðila sem um getur í 13. gr.

1. Aðilinn, forstöðumaður hans og starfsmenn, sem annast skoðun, mega ekki hafa afskipti, hvorki bein né sem viðurkenndir fulltrúar, af hönnun, framleiðslu, markaðssetningu eða viðhaldi framleiðsluvaranna, hlutanna, búnaðarins, kerfishlutanna eða kerfanna eða af rekstri þeirra, þjónustu eða notkun. Þetta útilokar þó ekki að hlutaðeigandi fyrirtæki og hæfi aðilinn geti skipst á tæknilegum upplýsingum.

2. Aðilinn og starfsmenn hans, sem annast vottunarverkefni, skulu gæta þess að þau séu í hvívetna unnin af tæknilegri færni og faglegri ráðvendni og þeir skulu vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður rannsókna, sérstaklega af hálfu einstaklinga eða hópa einstaklinga sem niðurstöður vottunarverkefnanna hafa áhrif á.

3. Aðilinn skal ráða til sín starfsfólk og hafa aðstöðu til að vinna á fullnægjandi hátt þau tæknilegu verkefni og stjórnunarverkefni sem tengjast vottunarferlinu; hann skal einnig hafa til umráða nauðsynlegan búnað fyrir athuganir sem heyra til undantekninga.

4. Starfsfólk, sem ber ábyrgð á rannsóknum, skal hafa:
   – trausta tækni- og starfsþjálfun,
   – næga þekkingu á þeim kröfum sem gerðar eru við vottunarverkefni sem þeir framkvæma og næga starfsreynslu af slíku ferli,
   – tilskilda kunnáttu í að útbúa yfirlýsingar, skrár og skýrslur til að sýna fram á að þessar rannsóknir hafi farið fram.
5. Hlutleysi rannsóknarmanna þarf að vera tryggt. Laun þeirra mega hvorki vera bundin fjölda þeirra rannsókna sem gerðar eru né niðurstöðum slíkra rannsókna.
6. Aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu nema eitt aðildarríki sé bótaskylt samkvæmt landslögum þess.
7. Starfsmenn aðilans skulu fara með allar upplýsingar, sem þeir fá við að inna af hendi störf sín samkvæmt þessari reglugerð, sem trúnaðarmál.

VI. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EB) nr. 1592/2002	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
a- til e-liður 2. mgr. 2. gr.	a- til e-liður 2. mgr. 2. gr.
–	f-liður 2. mgr. 2. gr.
3. mgr. 2. gr.	3. mgr. 2. gr.
a- til g-liður 3. gr.	a- til g-liður 3. gr.
–	h- til l-liður 3. gr.
a- til c-liður 1. mgr. 4. gr.	a- til c-liður 1. mgr. 4. gr.
–	d-liður 1. mgr. 4. gr.
–	2. og 3 mgr. 4. gr.
2. mgr. 4. gr.	4. mgr. 4. gr.
–	5. mgr. 4. gr.
3. mgr. 4. gr.	6. mgr. 4. gr.
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr.
a- til c-liður í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr.	a- til c-liðar í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr.
d-liður í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr.	d-og e-liður í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr.
e-og f-liður í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr.	f- og g-liður í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr.
–	3. mgr. 5. gr.
3. mgr. 5. gr.	4. mgr. 5. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 4. mgr. 5. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 5. mgr. 5. gr.
a- til d-liður í fyrstu undirgrein 4. mgr. 5. gr.	a- til d-liður í fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr.
i. til iii. liður e-liðar í fyrstu undirgrein 4. mgr. 5. gr.	i. til iii. liður e-liðar í fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr.
–	iv. til vi. liður e-liðar í fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr.
f- til i-liður í fyrstu undirgrein 4. mgr. 5. gr.	f- til i-liður í fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1592/2002	Þessi reglugerð
–	j-liður í fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 5. mgr. 5. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 6. mgr. 5. gr.
a-, b- og c-liður í fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr.	a-, b- og c-liður í fyrstu undirgrein 6. mgr. 5. gr.
–	d-liður í fyrstu undirgrein 6. mgr. 5. gr.
6. gr.	6. gr.
–	7. gr.
–	8. gr.
–	9. gr.
–	10. gr.
Reglugerð (EB) nr. 1592/2002	Þessi reglugerð
1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 11. gr.
–	2.–4. mgr. 11. gr.
2. mgr. 8. gr.	5. mgr. 11. gr.
–	6. mgr. 11. gr.
9. gr.	12. gr.
–	13. gr.
1. mgr. 10. gr.	1. mgr. 14. gr.
–	2. mgr. 14. gr.
2. mgr. 10. gr.	3. mgr. 14. gr.
3. mgr. 10. gr.	4. mgr. 14. gr.
4. mgr. 10. gr.	5. mgr. 14. gr.
5. mgr. 10. gr.	6. mgr. 14. gr.
6. mgr. 10. gr.	7. mgr. 14. gr.
11. gr.	15. gr.
–	16. gr.
12. gr.	17. gr.
Inngangsorðin í 13. gr.	Inngangsorðin í 18. gr.
a-liður 13. gr.	a-liður 18. gr.
–	b-liður 18. gr.
b-liður 13. gr.	c-liður 18. gr.
c-liður 13. gr.	d-liður 18. gr.
–	e-liður 18. gr.
14. gr.	19. gr.
Inngangsorðin í 1. mgr. 15. gr.	Inngangsorðin í 1. mgr. 20. gr.
a- til j-liður 1. mgr. 15. gr.	a- til j-liður 1. mgr. 20. gr.
–	k- og l-liður 1. mgr. 20. gr.
2. mgr. 15. gr.	2. mgr. 20. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1592/2002	Þessi reglugerð
–	21. gr.
–	22. gr.
–	23. gr.
1. og 2. mgr. 16. gr.	1. og 2. mgr. 24. gr.
–	3. mgr. 24. gr.
3. mgr. 16. gr.	4. mgr. 24. gr.
4. mgr. 16. gr.	5. mgr. 24. gr.
–	25. gr.
17. gr.	26. gr.
18. gr.	27. gr.
19. gr.	28. gr.
Reglugerð (EB) nr. 1592/2002	Þessi reglugerð
20. gr.	29. gr.
21. gr.	30. gr.
22. gr.	31. gr.
23. gr.	32. gr.
1.–4. mgr. 24. gr.	1.–4. mgr. 33. gr.
–	5. mgr. 33. gr.
1. og 2. mgr. 25. gr.	1. og 2. mgr. 34. gr.
–	3. mgr. 34. gr.
26. gr.	35. gr.
27. gr.	36. gr.
28. gr.	37. gr.
1. og 2. mgr. 29. gr.	1. og 2. mgr. 38. gr.
a- til j-liður 3. mgr. 29. gr.	a- til j-liður 3. mgr. 38. gr.
–	k- og l-liður 3. mgr. 38. gr.
30. gr.	39. gr.
31. gr.	40. gr.
32. gr.	41. gr.
33. gr.	42. gr.
34. gr.	43. gr.
35. gr.	44. gr.
36. gr.	45. gr.
37. gr.	46. gr.
38. gr.	47. gr.
39. gr.	48. gr.
40. gr.	49. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1592/2002	Þessi reglugerð
41. gr.	50. gr.
42. gr.	51. gr.
43. gr.	52. gr.
44. gr.	53. gr.
45. gr.	54. gr.
Inngangsorðin í 1. mgr. 46. gr.	Inngangsorðin í 1. mgr. 55. gr.
a- til d-liður 1. mgr. 46. gr.	a- til d-liður 1. mgr. 55. gr.
–	e-liður 1. mgr. 55. gr.
2. og 3. mgr. 46. gr.	2. og 3. mgr. 55. gr.
–	56. gr.
–	57. gr.
1. og 2. mgr. 47. gr.	1. og 2. mgr. 58. gr.
Reglugerð (EB) nr. 1592/2002	Þessi reglugerð
3. mgr. 47. gr.	–
4. mgr. 47. gr.	3. mgr. 58. gr.
5. mgr. 47. gr.	–
–	4. mgr. 58. gr.
Inngangsorðin í 1. mgr. 48. gr.	Inngangsorðin í 1. mgr. 59. gr.
a-liður 1. mgr. 48. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 59. gr.
b- og c-liður 1. mgr. 48. gr.	c- og d-liður 1. mgr. 59. gr.
–	e-liður 1. mgr. 59. gr.
2. og 3. mgr. 48. gr.	2. og 3. mgr. 59. gr.
	4. mgr. 59. gr.
4. ti1 10. mgr. 48. gr.	5. til 11. mgr. 59. gr.
49. gr.	60. gr.
50. gr.	61. gr.
51. gr.	62. gr.
52. gr.	63. gr.
53. gr.	64. gr.
54. gr.	65. gr.
55. gr.	66. gr.
56. gr.	67. gr.
–	68. gr.
57. gr.	69. gr.
59. gr.	70. gr.

Fylgiskjal II.

Stefán Már Stefánsson:

Álitsgerð

um hvort ákvæði reglugerðar (EB) nr. 216/2008, einkum ákvæði 25. gr. reglugerðarinnar, stangist á við íslensku stjórnarskrána.

Unnin að beiðni forsætisráðuneytisins.
(10. janúar 2011.)

1

Beiðnin og forsagan

Með beiðni forsætisráðuneytisins, dags. 20. nóvember 2010, var þess farið á leit við undirritaðan að hann gæfi álit um lögmæti þess að taka upp í íslensk lög ákvæði reglugerðar EB 216/2008, einkum ákvæði 25. gr. Beiðnin er svohljóðandi:

„Með erindi, dags. 21. október 2010, óskaði utanríkisráðuneytið eftir áliti skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu á því hvort stjórnskipulegar heimildir landsréttar heimili að framseldar verði til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) heimildir til sektarákvarðana á grundvelli 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 þann 20. febrúar 2008 um almennar reglur á sviði borgaralegs flugs og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu. Í framangreindri grein er framkvæmdastjórn Evrópu veitt heimild, að beiðni Flugöryggisstofnunar Evrópu, til sektarákvarðana á hendur einstaklingum og lögaðilum. Ágreiningur er uppi milli aðila vegna aðlögunar gerðarinnar EES/EFTA megin í tveggja stoða kerfi EES-samningsins. Leggur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til, með vísan til 108.-110. gr. EES-samningsins, að sektarákvörðunarvaldið verði hjá ESA. Forsætisráðuneytið staðfestir það sem fram hefur komið í samtölum að þér eruð beðnir um álit á því hvort stjórnskipulegar heimildir landsréttar heimili framangreint framsal valds til Eftirlitsstofnunar EFTA. Þá er óskað eftir því að álit yðar berist forsætisráðuneytinu eigi síðar en mánudaginn 10. janúar 2011. Jafnframt er þess óskað að þér gætið trúnaðar um gögn sem yður verða afhent vegna beiðni þessarar.“

Við samningu álitsgerðar þessarar eru meginsjónarmið nefndar, sem utanríkisráðherra skipaði frá 6. júlí 1992 til að láta í ljós álit um hvort samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið bryti á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög, lögð til grundvallar. Jafnframt eru álitsgerðir þeirra Davíðs Þórs Björgvinssonar, Viðars Más Matthíassonar og Stefáns Más Stefánsonar um Schengensamstarfið og íslensku stjórnarskrána frá 3. desember 1997 höfð í huga svo og álitsgerð sömu manna frá 31. ágúst 1999 um Schengensamninginn og íslensku stjórnarskrána í ljósi samnings milli ráðs EB og Íslands og Noregs um framkvæmd og beitingu og þróun Schengengerðanna frá 24. júní 1999. Báðar þessar álitsgerðir voru samdar að beiðni

utanríkisráðuneytisins. Loks liggur fyrir álitsgerð Davíðs Þórs Björgvinssonar frá 30. október 2004 sem fjallar um breytingu á núgildandi 27. gr. samkeppnislaga og umsögn réttarfarsnefndar frá 7. apríl 2005 um sama atriði. Allar þessar álitsgerðir hafa fjallað um EES-samninginn eða gerðar tengdar honum með hliðsjón af ákvæðum íslenskrar stjórnarskrár. Svo er einnig með það álitaefni sem hér er til umfjöllunar.

2

Álitaefnið

Evrópusambandið ákvað á sínum tíma að koma á fót einni sameiginlegri stofnun til að tryggja öryggi og sjálfbærni loftferða á ört vaxandi markaði. Þessi stofnun varð að veruleika og heitir Flugöryggisstofnun Evrópu (European Aviation Safety Agency, hér EASA). Almennir öryggis- og umhverfisverndarstaðlar Flugöryggisstofnunar Evrópu eru taldir þeir ströngustu sem þekkjast í heiminum. Þeir eru kjarninn í nýju reglugerðarkerfi sem gildir fyrir sameiginlegan Evrópumarkað fyrir flug.

Helstu þættir í starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar eru þessir:

- sérfræðiaðstoð fyrir ESB til undirbúnings nýrri löggjöf;
- beiting öryggisreglna og eftirlit með að eftir þeim sé farið, þar á meðal við skoðanir í aðildarríkjunum;
- tegundavottun loftfara og einstakra hluta og tækja, svo og vottun fyrirtækja er fást við hönnun, framleiðslu og viðhald loftfara og einstakra hluta og tækja;
- greining á öryggisráðstöfunum og rannsóknir.

Ísland hefur gerst aðili að stofnuninni.

Samkvæmt upplýsingum frá Flugmálastjórn Íslands er það einungis einn aðili hér á landi sem hefur fengið útgefið leyfi frá EASA og það er Icelandair. Um er að ræða Part 21 leyfi sem er Design Organisation Approval. Flest fyrirtæki í Evrópu eru með leyfi útgefin af sínu yfirvaldi, eða sínu Competent Authority sem er Flugmálastjórn í okkar tilfelli.

Reglugerð EB nr. 216/2008 (on common rules in the field of civil aviation and establishing a European Aviation Safety Agency, and repealing Council Directive 91/670/EEC, Regulation (EC) No 1592/2002 and Directive 2004/36/EC) var lögtekin innan ESB 20. febrúar 2008. Í henni kemur fram að hún hefur þýðingu fyrir EES en þó hefur hún ekki enn verið tekin upp í EES-samninginn. Reglugerð þessi leysir af hólmi reglugerð EB nr. 1592/2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu. Síðastnefnd reglugerð hefur verið lögfest hér á landi.

Samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 1592/2002 hefur EASA fengið vald til að gefa út og endurnýja skírteini til fyrirtækja og fyrir tilteknar framleiðsluvörur. EASA hefur einnig vald til að breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla þau skírteini sem hún hefur gefið út.

Svohljóðandi tölvupóstur hefur borist frá flugmálastjóra þann 3. janúar 2011 að beiðni undirritaðs:

„Ég vísa til samtals okkar í síma fyrr í dag og fyrirspurnar til ráðuneytisins „hvers Flugmálastjórn telur að vænta megi á komandi árum varðandi leyfisveitingar frá EASA og þá hvor leyfisveitingarnar muni færast í aukana.

Þau vottorð/skírteini sem EASA gefur út varðandi fyrirtæki eru tíunduð í 20. gr. 2.tl.b reglugerðar EC 216/2008 og eru mjög takmörkuð og ná eingöngu til hönnunarfyrirtækja (DOA) í aðildarríkjum EASA og framleiðslu- og viðhaldsfyrirtækja í ríkjum sem eiga ekki aðild að EASA. EASA gefur þannig ekki út skírteini (certificate) fyrir viðhaldsstöðvar, flugrekendur, flugskóla o.s.frv.í aðildaríki heldur gefur flugmálastjórn eða til þess bært yfirvald í viðkomandi ríki út slík skírteini.

Það er aðeins eitt hönnunarfyrirtæki (DOA) á Íslandi sem er með vottun/skírteini frá EASA varðandi hönnun og það leyfi er mjög takmarkað ef litið er til hönnunar loftfars í heild sinni.

Það er ekki gert ráðfyrir neinum frekari beinum leyfisveitingum (vottunum/skírteinum) frá EASA á næstu árum enda þyrfti þá að koma til grundvallar breyting á verksviði EASA og nýrrar reglugerðar í stað EC No 216/2008. Ekki er vitað um neitt nýtt fyrirtæki á Íslandi sé að huga að því að fá heimild sem hönnunarfyrirtæki (DOA) hja EASA.

Rétt er líka að benda á c- lið í 20. gr. 2 tl. þar sem fram kemur að EASA hefur heimild til að draga til baka vottun/skírteini sem það hefur gefið út, sem væntalega er mun meira íþyngjandi en sekt samkvæmt 25. gr."

3

Ákvæði reglugerðar nr. 216/2008 sem máli skipta

Í nýju reglugerðinni nr. 216/2008 er kveðið á um aðra nálgun, sem ekki var að finna í fyrri reglugerð, sem lýtur að heimild til þess að leggja sektir á innlenda aðila í tilefni af brotum á reglugerðinni eða framkvæmdarákvæðum hennar eða/og til að beita févítisákvæðum gegn persónum eða fyrirtækjum sem Flugöryggisstofnunin hefur veitt leyfisskírteini til að þvinga þessa aðila til að fylgja ákvæðum reglugerðarinnar og framkvæmdarákvæðum hennar. Tilgangurinn er m.a. sá að gefa stofnunum ESB heimild til að beita nákvæmari, sveigjanlegri og hæfilegri viðurlögum vegna brota á reglum heldur en að afturkalla leyfi eða skírteini, sbr. 18. gr. aðfararorðanna. Reglan um að afturkalla skírteini gildir þó áfram, sbr. 1. mgr. 20. gr. (i) og 2. mgr. (c).

Þau ákvæði reglugerðar nr. 216/2008 sem hér skipta máli koma fram í 25. gr. hennar. Aðalatriðin eru þessi:

> „Fines and periodic penalty payments
>
> 1. Without prejudice to Articles 20 and 55, at the Agency's request the Commission may:
> (a) impose on the persons and the undertakings to which the Agency has issued a certificate, fines, where, intentionally or negligently, the provisions of this Regulation and its implementing rules have been breached;
> (b) impose, on the persons and undertakings to which the Agency has issued a certificate, periodic penalty payments, calculated from the date set in the decision, in order to compel those persons and undertakings to comply with the provisions of this Regulation and its implementing rules.
> 2. The fines and periodic penalty payments referred to in paragraph 1 shall be dissuasive and proportionate to both the gravity of the case and the economic capacity of the certificate

holder concerned, taking into particular account the extent to which safety has been compromised. The amount of the fines shall not exceed 4 % of the annual income or turnover of the certificate holder. The amount of the periodic penalty shall not exceed 2,5 % of the average daily income or turnover of the certificate holder.

3. The Commission shall adopt, in accordance with the procedure laid down in Article 65(3), the detailed rules for the implementation of this Article. In doing so, it shall specify in particular:

(a) detailed criteria for establishing the amount of the fine or periodic penalty payment; and

(b) procedures for enquiries, associated measures and reporting, as well as rules of procedure for decision-making, including provisions on rights of defence, access to file, legal representation, confidentiality and temporal provisions and the quantification and collection of fines and periodic penalty payments.

4. The Court of Justice of the European Communities shall have unlimited jurisdiction to review decisions whereby the Commission has fixed a fine or periodic penalty payment. It may cancel, reduce or increase the fine or periodic penalty payment imposed (...).“

Hér er gert ráð fyrir að framkvæmdastjórn ESB geti hafist handa samkvæmt beiðni Flugöryggisþjónustunnar og sektað viðkomandi aðila eða beitt þá févítisákvæðum samkvæmt reglum sem settar verði. Gert er ráð fyrir að bera megi þessar ákvarðanir undir dómstól ESB til endurskoðunar. Því er ekki um það að ræða að innlendir aðilar fari með þetta vald.

4

Stjórnarskrárákvæði sem koma við sögu

Hér verður gefið stutt yfirlit um þau ákvæði íslenskrar stjórnarskrár sem þýðingu hafa við úrlausn þess álitaefnis sem fyrir liggur. Vísað er að öðru leyti til þeirra

álitsgerða sem fyrr eru nefndar, einkum álitsgerðarinnar um Schengensamstarfið og íslensku stjórnarskrána frá 1997.

A. Ákvæði 1. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

> *Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.*

Í þessu verður talið felast að Ísland er frjálst og fullvalda ríki sem getur verið aðili að þjóðarétti og tekið á sig þjóðréttarlegar skuldbindingar ef því er að skipta. B. Ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

> *Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.*

Hér er gengið út frá að löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald sé í höndum þeirra aðila sem nefndir eru í greininni. Þessi regla um skiptingu valds er meginregla sem margar undantekningar eru frá og má nefna fjölmörg dæmi því til stafestingar. Hér skal aðeins nefnt að Alþingi framselur oftlega hluta af löggjafarvaldi sínu til handhafa framkvæmdavalds með því að heimila eða leggja svo fyrir að sett séu stjórnsýslufyrirmæli um tiltekið atriði. Umrædd frávik frá meginreglunni koma fram í stjórnarskránni sjálfri, í almennum lögum eða byggjast á venju eða dómafordæmum.

C. Í 60. gr. stjórnarskrárinnar segir svo:

> *Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda.*

Sú regla sem þarna kemur fram varðar fyrst og fremst valdaskiptingu milli hinna þriggja þátta ríkisvaldsins en ekki lögverkanir þjóðréttarsamninga. Með ákvæðinu er þó tryggt að íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar geti borið áreiningsefni sín á milli og við íslensk stjórnvöld undir íslenska dómstóla. Líta má þannig á ákvæðið að það veiti íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum vernd gegn athöfnum stjórnsýsluaðila og þá fyrst og fremst íslenskra stjórsýsluaðila. Þess er að geta að ákvæði þetta getur staðið því í vegi að stjórnvöld færi ákvörðunarvald sitt gagnvart íslenskum aðilum út úr landinu með þjóðréttarsamningum þannig að þeim stæði eftir það ekki til boða sú réttarvernd sem nefnd var. Umrædd stjórnarskrárbundin vernd verður ekki tekin frá íslenskum ríkisborgurum eða lögaðilum nema ótvíræð efnisrök standi til þess í nánar skilgreindum tilvikum.

D. Í 21. gr. stjórnarskrárinnar segir svo:

> *Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.*

Hefðbundin skoðun er sú að í þessu ákvæði felist ekki sjáfstæð heimild og sérstök heimild til að gera þjóðréttarsamninga sem breyta stjórnarskránni. Hafi samningur verið gerður við annað ríki eða alþjóðastofnun og þess gætt sem í 21. gr. stjórnarskrárinnar segir er samningurinn bindandi fyrir Ísland að þjóðarétti. Í því felst að íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að hlíta samningum og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, jafnvel að breyta almennum lögum eða stjórnarskrá sé þess þörf. Þjóðréttarsamningar gilda þó ekki sem lög á Íslandi nema þeir hafi verið lögteknir sérstaklega.

Heildarniðurstaða af framangreindum hugleiðingum er sú að stjórnarskráin hefur að geyma meginreglur um skiptingu ríkisvaldsins milli hinna þriggja þátta þess. Það leiðir af eðli málsins að þetta ríkisvald tekur í aðalatriðum til íslensks yfirráðasvæðis, íslenskra hagsmuna og íslenskra aðila. Um nánari afmörkun þess valdsviðs verður fjallað síðar.

5

Stjórnarskrárleg atriði tengd EES-samningnum

EES-samningurinn og fylgisamningar hans eru miklir að vöxtum og varða íslensk stjórnvöld með ýmsum hætti. Fyrrgreind nefnd sem utanríkisráðherra skipaði komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu 6. júlí 1992 að EES-samningurinn og fylgisamningar hans færu ekki í bága við ákvæði íslenskrar stjórnarskrár en ýmsir aðrir menn töldu þó svo vera. Alþingi ákvað að fullgilda EES-samninginn og fylgisamninga hans að óbreyttri stjórnarskrá og var sú ákvörðun einkum byggð á fyrrgreindu áliti. Höfuðröksemdir nefndarinnar fyrir niðurstöðu sinni voru byggðar á:

1. að það væri íslensk réttarregla að við sérstakar aðstæður bæri að beita erlendum réttarreglum hér á landi (lagaskilareglur),

2. að dæmi væru til þess að ákvarðanir erlendra stjórnvalda giltu hér á landi og væru aðfararhæfar,
3. að dæmi væru til þess að erlenda dóma mætti fullnægja hér á landi,
4. að vald það sem alþjóðastofnunum væri ætlað með samningnum væri vel afmarkað,
5. að það vald væri á takmörkuðu sviði,
6. að það vald væri ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila.

Nefnd utanríkisráðherra vék einnig að einstökum þáttum ríkisvaldsins og nokkrum almennum atriðum. Verður hér gerð stutt grein fyrir þessu en þó einkum með hliðsjón af því álitaefni sem til meðferðar er.

Að því er *löggjafarvald* snertir kannaði nefndin tvö atriði, þ.e. framsal löggjafarvalds og hugsanleg forgangsáhrif EES-reglna en taldi að stjórnarskráin stæði því ekki í vegi að EES-samningurinn væri samþykktur af þeim sökum. Samningurinn var einfaldlega ekki talinn hafa að geyma efni sem fæli þetta í sér. Að þessu verður ekki vikið frekar hér.

Þá kannaði nefndin hugsanlegt framsal *framkvæmdavalds* samkvæmt samningnum, einkum með hliðsjón af eftirlitskerfinu sjálfu og starfssviði þess. Fram kom að EES-samningurinn gerir ráð fyrir bæði almennu og sérstöku eftirliti með ríkjum og talsverð afskipti af einstaklingum og lögaðilum á sviði samkeppnisreglna. Í niðurstöðum nefndarinnar um þetta atriði sagði meðal annars:

> „Þess eru einnig dæmi, svo sem í fyrrgreindum Norðurlandasamningi, að ákvarðanir teknar af erlendum stjórnvöldum beri að framkvæma hér á landi. Í 22. gr. samningsins, eins og hún er nú eftir lögum nr. 95/1973, segir að tilteknir úrskurðir umboðsstjórnar skuli "gilda í hinum ríkjunum án sérstakrar staðfestingar og án rannsóknar á því, hvort úrskurðurinn sé réttur eða forsendur hans, þær er taka til heimilisfesti eða ríkisfesti í einhverju samningsríkjanna." Þetta er dæmi þess að heimilt hafi verið talið að fá stjórnvöldum utan Íslands stjórnvald, sem er skýrt afmarkað og ekki umfangsmikið eða verulega íþyngjandi fyrir einstaklinga eða lögaðila.
>
> Sem dæmi um erlendar aðfararhæfar stjórnsýsluákvarðanir má nefna 1. gr. l. 93/1962 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur,

Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga og 13. gr. l. 111/1972 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli sömu ríkja um aðstoð í skattamálum (auk síðari viðbótarsamninga).

Loks má nefna sem dæmi um löggjöf sem gerir ráð fyrir að erlendir dómar séu aðfararhæfir hér á landi l. 30/1932 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Norðurlandanna um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra og l. 94/1980 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlandanna um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Þegar meta skal, hvort reglurnar um vald stofnana EFTA á sviði samkeppnisreglna sé samrýmanlegt 2. gr. stjórnarskrárinnar ber því að okkar áliti að hafa hliðsjón af því sem nú var sagt.

Við teljum að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar og feli ekki í sér verulegt valdframsal sem talið verði íþyngjandi í ríkum mæli. Verður að telja að stjórnarskráin heimili framsal stjórnvalds sem er takmarkað með þessu hætti og varðar milliríkjaviðskipti. Ekki verður talið skipta máli í þessu sambandi þótt eftirlits- og ákvörðunarvaldið sé í afmörkuðum tilvikum í höndum eftirlitsaðila EB. Skipting valds í þessum tilvikum helgast af nauðsyn, það er afmarkað og skýrar heimildir liggja því að baki. Þá er það einnig gagnkvæmt að vissu marki, enda eru bæði EB og EFTA-ríkin aðilar að hinu nýja réttarkerfi, sem komið er á með EES-samningnum.

Við teljum því, að þær reglur varðandi framkvæmdavaldið, sem hér hefur verið rætt um, séu ekki andstæðar 2. gr. íslensku stjórnarskrárinnar."

Nefndin kannaði sérstaklega hvort ákvæði EES-samningsins eða fylgisamninga sem varðaði *valdsvið EFTA dómstólsins eða EB dómstólsins* (nú dómstóll ESB) eða hvort fordæmisáhrif þess síðarnefnda kynni að fara í bága við ákvæði íslenskrar stjórnarskrár. Í niðurstöðum nefndarinnar sagði á þessa leið:

„a. Af sömu ástæðum og tilgreindar voru, þegar fjallað var um ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar, teljum við að dómsvald EFTA-dómstólsins um samkeppnismál sé samrýmanlegt stjórnarskránni. Sama gildir um það dómsvald sem dómstóll EB getur haft í samkeppnismálum (...)

f. Í 25. gr. bókunar 5 með ESE samningi um stofnsamþykkt EFTA dómstólsins segir að dómstóll EFTA geti fyrirskipað að vitni eða sérfræðingum gefi skýrslu fyrir dómsyfirvaldi á þeim stað er hann hefur fasta búsetu. Samkvæmt 26. gr. skal EFTA ríki fara með brot gegn þessari vitnaskyldu á sama hátt og brot gegn dómstóli sínum á sviði einkaréttar. Gert er ráð fyrir að sérstök lög verði sett til þess að fullnægja þessari skuldbindingu.

Umrædd samningsskuldbinding kemur til með að hafa bein réttaráhrif fyrir íslenska aðila en hún felur ekki í sér neinar þær kvaðir sem koma til álita þegar það er metið hvort þær standist íslensk stjórnskipunarlög.“

Nefndin tók að lokum til athugunar önnur álitaefni en þau sem að framan eru rakin kynnu að hafa áhrif á niðurstöðuna. Um þetta var sagt:

„ (...) Hugsanlegt er, að þau ákvæði, sem hér geta skipt máli, geti öll saman leitt til þess, að EES-samningurinn verði ekki talinn samrýmast stjórnarskránni, þó að hvert ákvæði metið sér í lagi geri það. Við teljum að vísu, að færa megi nokkur rök gegn einstökum þáttum í því, sem hér að framan er rakið, en við teljum þó, að niðurstöður okkar orki ekki tvímælis í þeim mæli, að tilefni sé til að draga þá ályktun, að samningurinn í heild leiði til þess að breyta þurfi stjórnarskránni, ef hann tekur gildi.

Þá er hugsanlegt, að reynslan leiði í ljós, að það sé ekki rétt, sem við byggjum á um framkvæmdavaldið og dómsvaldið, þ.e. að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar, að þær feli ekki í sér verulegt valdframsal og séu ekki íþyngjandi í ríkum mæli. Þá er hugsanlegt að í samkeppnismálum komi til meiri afskipta en hér er reiknað með. Við teljum ólíklegt að forsendur okkar að þessu leyti reynist rangar, og að engin nauðsyn sé til að ráðast nú í breytingar á stjórnarskránni vegna þessa möguleika. Ef

fram kemur síðar, að slíkra breytinga sé þörf, er Ísland að þjóðarétti skuldbundið til að gera þær."

6

Stjórnarskrárleg atriði tengd Schengensamningnum

Fyrrgreindar álitsgerðir um Schengensamstarfið voru samdar til þess að kanna hvort fyrirhugað samkomulag Íslands (og Noregs) við Evrópusambandið kynni að brjóta í bága við íslenska stjórnarskrá. Þegar fyrri álitsgerðin var rituð voru samningarviðræður enn í gangi og því var hún miðuð við tilteknar forsendur sem ekki hafði verið samið um. Síðari álitsgerðin tekur svo mið af endanlegum Schengensamningi frá 24. júní 1999. Schengensamningurinn og þær gerðir sem honum tengdust var mikill að vöxtum og af honum leiddi margvísleg stjórnarskrárleg álitamál sem taka þurfti afstöðu til. Þessi álitamál eru ekki til umræðu hér en niðurstaðan í báðum álitsgerðunum varð sú að samningurinn var hvorki talinn fela í sér framsal löggjafarvalds, framkvæmdavalds né dómsvalds. Rétt er þó að víkja nokkrum orðum að forsendum álitsgerðanna. Verður fyrst vikið að almennum forsendum þeirra í lið A. en síðan að að sérstökum forsendum, í lið B.

A. Almennar forsendur. Í álitsgerðunum er gerð grein fyrir nokkrum almennum atriðum sem koma til skoðunar þegar metið er hvort tiltekinn þjóðréttarsamningur standist ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Þar sagði í fyrsta lagi að því væru takmörk sett hversu víðtækar og umfangsmiklar þær skyldur væru sem íslenska ríkið gæti tekið á sig gagnvart erlendum aðilum og gilti þetta einnig þótt um svonefnda hefðbundna þjóðréttarsamninga væri að ræða. Tekið var fram að skyldur samkvæmt þjóðréttarsamningi gætu verið víðtækar og umfangsmiklar vegna þess að hann næði til mikils hluta löggjafar aðildarríkis. Ef þar við bætist að skyldurnar væru ekki vel skilgreindar gæti niðurstaðan orðið sú að mörk leyfilegs framsals ríkisvalds nálgist. Einnig var bent á að skyldur samkvæmt þjóðréttarsamningi gætu verið víðtækar og umfangsmiklar, ekki af þeim sökum að hann nái til víðtæks sviðs, heldur fremur vegna þess að hann væri mjög einhliða, t.d. varðandi það hvort annar samningsaðilinn réði ferðinni þegar teknar væru ákvarðanir samkvæmt samningnum. Sama gildir ef afleiðingar þess að ekki er fylgt ákveðnum reglum væru mjög íþyngjandi fyrir annan aðilann.

Í öðru lagi var bent á að aðalreglan væri sú að íslenska stjórnarskráin heimilaði ekki að valdheimildir íslenskra stjórnvalda væru framseldar alþjóðlegum stofnunum þannig að ákvarðanir sem teknar væru gætu haft bein réttaráhrif fyrir íslenska borgara eða lögaðila. Einnig var tekið fram að stjórnarskráin hefði að geyma meginreglu um skiptingu ríkisvaldsins milli hinna þriggja þátta þess. Var það talið leiða af eðli málsins að ríkisvald þetta tæki í aðalatriðum til íslensks yfirráðasvæðis, íslenskra hagsmuna og íslenskra aðila. Tekið var fram í þessu sambandi að í íslenskum rétti væri byggt á svonefndu tvíeðli þjóðarréttar og landsréttar sem þýðir að þjóðréttarsamningar sem íslenska ríkið gerir bindur aðeins það sjálft en ekki einstakar stofnanir þess eða einkaaðila nema innlend löggjöf kæmi til. Með orðasambandinu bein réttaráhrif væri í hefðbundnum þjóðarétti í aðalatriðum átt við að texti þjóðréttarsamnings væri svo skýr og óskilyrtur að honum verði beitt á sama hátt og lögum í landinu án þess að innlendrar lagasetningar væri þörf. Væri venjulega við það miðað að einstaklingar og lögaðilar gætu byggt á slíkum ákvæðum til stuðnings rétti sínum annað hvort gagnvart stjórnvöldum eða við dómstóla í viðkomandi aðildarríkjum.

B. Sérstakar forsendur. Í álitsgerðunum var nánar fjallað um þrískiptingu ríkisvaldsins. Framsal *dómsvalds* var talið geta falist í þrennu:

- að gert sé ráð fyrir að unnt sé að skjóta innlendum dómsúrlausnum eða ákvörðunum stjórnvalda til alþjóðlegra dómstóla til endurskoðunar þannig að bindandi væri,
- að íslenskum úrlausnaraðilum sé gert skylt að bera ákveðin lagaatriði undir alþjóðlega dómstóla og vera bundnir við niðurstöður þeirra um þau atriði.
- að erlendum dómum sé veitt aðfararhæfi hér á landi.

Bent var á að þótt miðað væri við að íslenskir einstaklingar og lögaðilar ættu rétt á að innlendir dómstólar (eða aðrir úrlausnaraðilar) fjalli um mál þeirra og að íslenska ríkið lyti fyrst og fremst úrlausnarvaldi þeirra hafi verið talið heimilt að víkja frá þessu að vissu marki án þess að það væri talið fara í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Var m.a. bent á þjóðréttarsamninga um aðfararhæfi dóma í þessu sambandi og heimildir ESA til að kveða upp aðfararhæfa úrskurði í samkeppnismálum sem ekki yrðu endurskoðaðir af íslenskum dómstólum. Ennfremur var bent á að það teldist ekki andstætt ákvæðum íslenskrar stjórarskrár þótt Ísland viðurkenndi í þjóðréttarsamningi að alþjóðlegur dómstóll

kveði upp dóma sem túlka nánar þær þjóðréttarlegu skyldur sem leiða af viðkomandi þjóðréttarsamningi. Þetta gilti jafnt þótt slíkar niðurstöður gætu haft mikla þýðingu fyrir túlkun íslensks réttar af hálfu íslenskra dómstóla og stjórnvalda. Dæmi um þetta var væri Mannréttindasáttmáli Evrópu, en dómar Mannréttindadómstóls Evrópu hafi haft mikil áhrif á þróun íslensks réttar. Sambærilegt dæmi mætti einnig finna í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Um *framkvæmdarvaldið* sagði að gengið væri út frá því að í því fælist vald til að taka bindandi ákvarðanir sem beindust að einstaklingum eða lögaðilum og ennfremur vald til að setja almenn stjórnsýslufyrirmæli á grundvelli almennra laga. Framsal framkvæmdavalds gæti falist í því að alþjóðlegum stofnunum væri falið vald til að taka ákvarðanir sem væru gildar og bindu hendur íslenskra aðila að réttum íslenskum lögum eða eftir atvikum til að setja reglur sem hafa stöðu almennra stjórnsýslufyrirmæla. Þá sagði að þegar slíkir samningarnir væru metnir skipti máli að meta hversu íþyngjandi og umfangsmiklar þær valdheimildir væru sem gert væri ráð fyrir að framseldar yrðu. Meðal annars bæri að hafi i huga hvort gert væri ráð fyrir að erlendur aðili gæti framkvæmt viðkomandi ákvörðun hér á landi en slíkt fæli almennt í sér meira inngrip í fullveldisrétt ríkis heldur en ef viðkomandi ákvörðun væri tekin og framkvæmd erlendis. Einnig kæmu fyrri þjóðréttarsamningar sem Ísland er aðili að til skoðunar, ekki síst EES-samningurinn og þær heimildir sem hann veitir.

Í álitsgerðunum var komist að þeirri niðurstöðu að ekkert ákvæði Schengenskjalanna gætu haft í för með sér óleyfilegt framsal á framkvæmdavaldi. Var m.a. bent á að ekki væri gert ráð fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA hafi hlutverki að gegna varðandi eftirlit með því að Ísland og Noregur fullnægi skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum. Eftirlit þetta væri þar með í höndum íslenskra stjórnvalda að því er Ísland varðaði.

7

Meginsjónarmið um gildissvið stjórnarskrárinnar og heimildir til framsals

Gildissvið stjórnarskrárinnar tekur í aðalatriðum til yfirráðasvæðis íslensks ríkisvalds eins og það er ákveðið í íslenskri stjórnskipan. Það tekur ennfremur til þeirra einstaklinga og lögaðila sem tilheyra íslenska ríkinu og njóta þar réttinda

og bera skyldur sem stjórnskipunin kveður á um. Um er að ræða aðila sem hafa íslenskan ríkisborgararétt eða eiga heimili hér á landi. Nokkrar undantekningar eru frá þessu sem eiga stoð í úrlendisrétti en verða ekki gerðar að umtalsefni hér.

Þegar vald alþjóðastofnana er skoðað gagnvart íslenskum einstaklingum og lögaðilum með hliðsjón af framsalsheimildum íslenskrar stjórnarskrár eru nokkur atriði öðrum fremur sem máli skipta. Við eftirfarandi framsetningu er byggt á þeim álitsgerðum sem fyrir liggja og fyrr eru nefndar. Hafa ber í huga að íslenska stjórnarskráin er mjög þögul um heimildir til framsals á ríkisvaldi. Í raun er því um að ræða viðmiðanir sem notaðar eru í þjóðarétti og alþjóðlegum einkamálarétti (lagaskilarétti) til að afmarka vald ríkis gagnvart valdi annarra ríkja eða aþjóðastofnana. Þessar viðmiðanir eru einkum:

1. *Hvar lögskiptin gerðust.* Vettvangur lögskipta skiptir yfirleitt máli þegar skorið er úr um það hvers lands lög skuli gilda um tiltekið réttaratriði, t.d. hvaða alþjóðlegt varnarþing skuli gilda og þar með hvaða dómstólar tiltekinna ríkja skuli hafa dómsvald. Skaðabótaskylt verk Íslendings sem framið er erlendis veldur því að heimilt er að höfða mál á vettvangi brotsins. Vettvangur brotsins veldur því að tengslin teljast nægjanlegt við það ríki þar sem brotið var framið.

2. *Hvaða hagsmuni lögskiptin vörðuðu.* Máli skiptir að ákvarða hvaða hagsmuni sakarefni varðar. Íslensk stjórnvöld eru t.d. að öðru jöfnu ekki valdbær ef málefni snertir ekki íslenska opinbera- eða einkahagsmuni. Sá erlendi ríkisborgari sem sækir um atvinnuleyfi hér á landi verður þannig að hlíta niðurstöðu íslenskra stjórnvalda um það atriði nema frá þeirri reglu séu gerðar undantekningar í lögum. Á sama hátt verður íslenskur ríkisborgari að sætta sig við synjun atvinnuleyfis í því ríki þar sem hann sækir um atvinnuna.

3. *Íþyngjandi ákvarðanir.* Máli skiptir hvort viðkomandi ákvörðun telst verulega íþyngjandi fyrir þann aðila sem í hlut á eða ekki. Ýmsar frelsisskerðingar eða aðrar skerðingar grundvallarmannréttinda gagnvart íslenskum borgurum mega þannig ekki fara fram innan íslenska ríkisins nema ákvæðum íslenskrar stjórnarskrár og laga þar um sé fullnægt. Hafi alþjóðastofnun vald til að taka íþyngjandi ákvörðun, t.d. sektarákvörðun, koma þessi sjónarmið sérstaklega til álita. Íslenska stjórnarskráin áskilur borgurum sínum rétt til þess að bera ágreining um embættistakmörk

yfirvalda undir dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Varla er vafi á því að íslensk stjórnskipun áskilur borgurum sínum ríka og sambærilega vernd gagnvart þeim ákvörðunum erlendra aðila (þar á meðal dómstóla) sem hafa sterk íslensk tengsl. Slíka ályktun má m.a. byggja á lögmætisreglunni sem mælir fyrir um að heimildir til framsals stjórnskipulegs valds til alþjóðlegra stofnana þurfi að vera skýrar og ótvíræðar þegar um slíkar ákvarðanir er að tefla. Í þessu sambandi telst ekki vafi á því að í 60. gr. stjórnarskrárinnar er átt við íslenska dómstóla og íslenskt yfirvald.

4. *Afmörkun framsalsheimilda, gagnkvæmni o.fl.* Máli skiptir hvort valdframsal sé vel afmarkað þegar metið er hvort stjórnarskráin heimilar tiltekið framsal. Á sama hátt skiptir máli hvort framsal er gagnkvæmt í samskiptum ríkja og hvort ríki (hér Ísland) geti haft áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru af erlendum aðilum á grundvelli framsalsins. Fleiri atriði koma hér til skoðunar þó að þau verði ekki nefnd.

5. *Fullveldissjónarmið.* Við túlkun ákvæða stjórnarskrárinnar sem varða fullveldi íslenska ríkisins verður að hafa í huga síaukna alþjóðlega samvinnu á öllum sviðum. Þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem hér eru til skoðunar eru gömul að stofni til og hún í heild, af sögulegum ástæðum, samofin hugmyndinni um fullveldi íslenska ríkisins, einkum gagnvart því danska. Alþjóðlegt samstarf hefur fært þjóðir heims saman og Ísland er þar þátttakandi sem fullvalda ríki og staða þess í alþjóðlegu samstarfi að því leyti þjóðréttarlega ótvíræð. Þessa þróun er eðlilegt að hafa í huga þegar ákvæði stjórnarskrárinnar eru túlkuð. Hún leiðir til þess að forsendur fyrir túlkun á ákvæðum stjórnarskrárinnar sem varða fullveldi íslenska ríkisins eru aðrar en áður. Því er eðlilegt að líta svo á að ákveðið svigrúm sé fyrir hendi til að túlka þessi ákvæði þannig að ekki þrengi um of að möguleikum Íslands sem fullvalda þjóðréttaraðila til að tryggja hagsmuni sína sem best í samstarfi og samningum við aðrar þjóðir jafnvel þó að stofn stjórnarskrárinnar sé gamall.

6. *Þáttur löggjafans.* Ekkert eitt af framangreindum atriðum í 1.-5. ræður að jafnaði úrslitum um að hvaða marki íslensk stjórnarskrá heimilar framsal einstakra þátta ríkisvaldsins til alþjóðlegra stofnana eða annars ríkis. Segja má öllu fremur að það séu heildaráhrif þeirra sem máli skipta. Eðlilegt er að gera ráð fyrir því að ákvæði stjórnarskrárinnar séu túlkuð með hliðsjón

af gildandi þjóðarétti á hverjum tíma að því marki sem unnt er að samrýma slíka túlkun fullveldisrétti ríkisins og réttaröryggi borgaranna. Þetta gildir líka um gildissvið hennar. Af þessum sökum má telja að Alþingi hafi, sem handhafi löggjafarvalds, nokkurt svigrúm til að meta hvort tiltekinn þjóðréttarsamningur brjóti í bága við stjórnarskrána eða ekki. Líklegt er að þetta svigrúm sé því meira þeim mun alþjóðlegri sem lögskiptin eru í eðli sínu enda er það í samræmi við hefðbundin sjónarmið. Við þetta bætist að ákvæði stjórnarskráinnar um það efni sem hér um ræðir eru matskennd, dómaframkvæmd á grundvelli þeirra er takmörkuð og skýrar stjórnskipunarhefðir skortir. Hafa ber í huga í þessu sambandi að stjórnarskráin sjálf felur ekki neinum einum aðila að skera úr um álitamál af þessu tagi, eins og gert er í sumum öðrum ríkjum. Stjórnskipuleg dómvenja er hins vegar fyrir því hér á landi að dómstólar hafa þetta vald. Álitamál um hvort almenn lög eða þjóðréttarsamningar fái samrýmst stjórnarskránni verða þó aðeins borin undir hina almennu dómstóla í tengslum við tiltekið sakarefni. Ef af slíkri málssókn verður eiga dómstólar þess ekki kost að dæma í málinu fyrr en löngu eftir að tiltekinn samningur (eða almenn lög) er kominn til framkvæmda. Við þessar aðstæður er ekki óeðlilegt að löggjafinn sjálfur, hinn lýðræðislega kjörinn meirihluti Alþingis, hafi visst svigrúm til að túlka stjórnarskrána með hliðsjón af tilteknum þjóðréttarsamningum eins og að framan greinir, í eins konar umboði stjórnarskrárgjafans.

8

Ákvæði 1. mgr. 27. gr. samkeppnislaga

Í 1. mgr. 27. gr. samkeppnislaga segir svo:

> *Þegar dómstóll fjallar um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrlausn hans ekki brjóta í bága við þá ákvörðun. Enn fremur skal hann forðast að leysa úr máli á annan veg en þann sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að gera í máli sem hún hefur til meðferðar (...).*

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við 1. mgr. 16. gr. bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, svo og 1. mgr. 16. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í þágildandi 81. og 82. gr. Rómarssamningsins, sbr. 53. og 54. gr. EES-samningsins, og voru sett til að tryggja samræmi í beitingu þeirra alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hér er gert ráð fyrir að íslenskir dómstólar séu bundnir við niðurstöður Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem hún kemst að á grundvelli 56. gr. EES-samningsins. Fyrsti málsliðurinn virðist binda hendur íslenskra dómstóla jafnvel þó að mál sem þar eru rekin varði aðra aðila en mál eftirlitsstofnunarinnar tekur til. Samkvæmt orðum ákvæðisins virðist einnig sem íslenskir dómstólar séu bundnir af ákvörðunum ESA þótt sakarefni sem rekið er fyrir þeim sé annað en rekið var fyrir eftirlitsstofnuninni, t.d. þegar skaðabótamál er rekið fyrir íslenskum dómstóli á hendur aðila vegna brota á samkeppnislögum.

Ekki eru dæmi þess að íslenskir dómstólar hafi áður verið bundnir af ákvörðunum alþjóðlegra stofnana við úrlausn mála sem þeir annars eiga lögsögu í. Þessu verður því ekki jafnað til þess þegar erlendum úrlausnum, þ.m.t. úrlausnum alþjóðlegra stofnana, er veitt aðfararhæfi hér á landi. Slíkar fullnustuheimildir hafa aldrei verið skýrðar svo að þær takmarki eða skerði sjálfstæði innlendra dómstóla. Ákvæði þetta gerir það hins vegar óneitanlega, þótt í takmörkuðum mæli sé, og skerðir með beinum hætti sjálfstæði dómsvaldsins, þar sem dómari verður, þegar tiltekin skilyrði eru fyrir hendi, bundinn af ákvörðun annars aðila þegar hann kveður upp sinn dóm. Því fer ekki á milli mála að umrætt ákvæði felur í sér framsal á dómsvaldi eins og það hefur verið skýrt samkvæmt 2. og 60. gr. stjórnarskrárinnar. Álitaefnið er því hvort slíkt framsal sé heimilt samkvæmt íslensku stjórnarskránni.

Í athugasemdum við frumvarp það sem varð grundvöllur núgildandi 27. gr. samkeppnislaga var vísað til álitsgerðar frá 30. október 2004, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að ákvæði þetta fái staðist ákvæði stjórnarskrárinnar. Byggir þetta álit m.a. á „venjuhelgaðri reglu um að almenna löggjafanum sé að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heimilt að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana.“ Í álitsgerðinni segir að ekki hafi þó reynt á gildi þessarar reglu fyrir íslenskum dómstólum og að nánara inntak hennar sé „óljóst og ytri mörk heimils framsals ekki skýr. Af þeim sökum felst ákveðin áhætta í því að byggja framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana á þessari reglu“ segir í

álitsgerðinni. Þar er talið að löggjafinn hafi „allmikið“ svigrúm til að skýra og beita stjórnarskránni í samræmi við „ríkjandi viðhorf í stjórnmálum“. Segir einnig að slíkt viðhorf sé „haganlegt og skynsamlegt“ sé tekið mið af þróun mála í alþjóðasamskiptum og alþjóðaviðskiptum. Fyrrgreind óskráð regla sé á því reist að í lagaframkvæmd og fræðikenningum hafi verið við það miðað að heimilt sé í takmörkuðum mæli að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana og sé EES-samningurinn sjálfur skýrasta dæmi um þetta. Í álitsgerðinni segir að síðan að „forsendan fyrir því að 27. gr. frumvarpsins standist gagnvart stjórnarskrá er að fallist sé á að í íslenskum rétti gildi venjuhelguð regla um að hinn almenni löggjafi hafi heimild til að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, án sérstakrar heimildar í stjórnarskránni.“

Í álitsgerðinni hefur samkvæmt þessu verið byggt á ákveðinni forsendu um tilvist tiltekinnar stjórnskipulegrar venju og er niðurstaðan síðan rökstudd með hliðsjón af tilvist venjureglunnar. Þessi aðferð orkar tvímælis úr því að ekki er unnt að ákvarða efni venjunnar. Það má með öðrum orðum draga í efa tilvist venjureglu ef hún er *óljós* og mörk hennar *óskýr* eins og haldið er fram í álitsgerðinni.

Eins og áður greinir eru heimildir til framsals ríkisvalds þekktar í íslenskum rétti í takmörkuðum mæli en þær má skýra með öðrum hætti en þeim að um stjórnskipulega venju sé að tefla. Nærtækast er einfaldlega að segja að stjórnarskráin sjálf verði skýrð með þeim hætti að hún leyfi framsal fullveldis í nánar skilgreindum tilvikum sem eru ólík innbyrðis. Þau vinnubrögð hafa verið notuð í fyrri álitsgerðum um EES-samninginn. Með öðrum orðum snýst álitaefnið fyrst og fremst um það hvar *mörk heimilis framsals* liggja en mun síður um hvort einhver tiltekin venjuregla gildi í íslenskum rétti sem er opin í margar áttir. Einhver frávik hafa verið talin leyfileg og var EES-samningurinn og Schengensamningarnir dæmi um það. Mörk leyfilegra frávika eru hins vegar ávallt álitaefni, ekki síst þegar gengið er ávallt lengra og lengra í framsali ríkisvalds eftir því sem tímar líða.

Réttarfarsnefnd taldi í áliti sínu frá 7. apríl 2005, sem lagt var fyrir Alþingi, hæpið að umrætt ákvæði stæðist stjórnarskrána og fyrrgreinda álitsgerð haldna annmörkum í nokkrum atriðum. Í niðurstöðum álits réttarfarsnefndar segir svo:

„Telja verður að álitamál varðandi stjórnarskrána sem hér er við að glíma beri að leysa á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem nefnd sem utanríkisráðherra

skipaði 14. apríl 1992 setti fram um það hvort EES-samningurinn eða fylgisamningar hans brytu á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög, en nefndin skilaði áliti 6. júlí 1992. Þá ber einnig að hafa í huga tvær fyrrgreindar álitsgerðir um samning milli Íslands og Evrópubandalagsins um Schengensamstarfið sem einnig fjalla um stjórnskipulegt gildi þess samnings. Samkvæmt þessu verður að telja að fyrrgreind 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins fái vart staðist þar sem:

- Farið er inn á nýja braut sem ekki var til áður í EES-samningnum, þ.e. að *íslenskir dómstólar* verða *bundnir* við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA í samkeppnismálum við tilteknar aðstæður,
- Fullveldisframsal það sem hér er gert ráð fyrir verður að skoða í heild og miða við allan EES-samninginn en hann reyndi í upphafi mjög á íslenska stjórnarskrá eins og kunnugt er. Það er með öðrum orðum ekki unnt að líta á fullveldisframsalið varðandi dómstólana nú sem einangrað fyrirbæri. Þetta skiptir máli þegar metið er hvort framsal teljist smávægilegt,
- Varhugavert er að rökstyðja umrætt fullveldisframsal með því að það sé takmarkað við tilteknar aðstæður eins og gert er í fyrirliggjandi álitsgerð. Sé haldið áfram á þeirri braut má segja nákvæmlega það sama um flesta hluta EES-samningsins. Hann má greina í sundur í afmarkaða þætti og draga þannig smám saman vald frá íslenskum dómstólum."

Svipuð regla var tekin upp í Noregi og hér er rætt um, sbr. 8. gr. laga om gennomföring og kontroll av EØS-avtalens konkurranseregler mv. Þar í landi kemur í fyrsta lagi ákvæði 112. gr. stjórnarskrárinnar til skoðunar þegar álitamál rísa um framsal ríkisvalds en þar segir efnislega að norsk stjórnvöld fari með ríkisvald í Noregi. Til að breyta þessu fyrirkomulagi þarf stjórnarskrárbreytingu en þó því aðeins að um sé að ræða veruleg frávik. Á hinn bóginn heimilar 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar að ríkisvald sem stjórnarskráin áskilur norskum stjórnvöldum sé framselt til „alþjóðlegara stofnana sem Noregur er aðili að". Í annan stað má framselja ríkisvald án þess að samþykki ¾ atkvæða á Stórþinginu þurfi til að koma á grundvelli 93. gr. ef um er að ræða smávægilegt framsal (lite inngripende). Ef um er að ræða smávægilegt framsal samkvæmt framansögðu á 2. mgr. 26. gr. norsku stjórnarskrárinnar við og samþykki einfalds meirihluta Stórþingsins nægjanlegt. Niðurstaða Norðmanna var sú að í því tilviki sem hér um ræðir væri um smávægilegt fullveldisframsal að ræða og því nægjanlegt að samþykki Stórþingsins lægi fyrir samkvæmt 2. mgr. 26. gr. norsku stjórnarskrárinnar.

Hér verður auðvitað að hafa í huga að EES-samningurinn var fullgiltur í Noregi á grundvelli 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar. Hann hefur því þegar fengið stjórnskipulega meðferð og fullnægt kröfunni um ¾ hluta atkvæðamagns. Af því leiðir að síðari viðbætur þarf ekki nauðsynlega að skoða með hliðsjón af öllum EES-samningnum þegar metið er mikilvægi þeirra. Meira svigrúm virðist því til að skoða þær sem einangruð fyrirbæri.

Niðurstaða undirritaðs samkvæmt því sem rakið hefur verið er sú að hér hafi löggjafinn seilst langt í þeirri viðleitni sinni að fullnægja ákvæðum breyttra gerða Evrópusambandsins. Ákvæðið bindur hendur íslenskra dómstóla í mæli sem áður er óþekktur. Það stenst tæplega að segja að ákvæðið sé takmarkað við sérstakar aðstæður þar sem fremur ber að líta á ákvæðið með hliðsjón af öllum EES-samningnum eins og hér hefur verið bent á. Loks má á það benda að svonefndir forúrskurðir voru ekki teknir upp með EES-samningunum gagnvart EFTA-ríkjunum þrátt fyrir mikið þrýsting frá ESB um að forúrskurðarkerfið EFTA yrði eins í ESB og EES rétti. Ástæðan var m.a. sú að bindandi forúrskurðir voru taldir fara í bága við íslenska stjórnarskrá. Fyrrgreind lagasetning virkar með líkum hætti og bindandi forúrskurður að því leyti að íslenskir dómstólar eru bundnir við niðurstöðu erlends úrskurðaraðila á tilteknu sviði. Af þeim ástæðum verður að telja óvíst að íslenskir dómstólar muni fara eftir þessu ákvæði ef á það reyndi. Á hinn bóginn er það staðreynd að Alþingi samþykkti umrædda lagasetningu. Það hefur viss áhrif þegar metið er hvort lög standist stjórnarskrá eins og bent hefur verið á. Einnig má segja að umrædd lagasetning og framsal dómsvalds hafi farið fram á sviði samkeppnisréttar. Á þeim vettvangi hefur verið viðurkennt (sbr. álitsgerðin frá 6. júlí 1992) að rökstyðja mætti að rýmri framsalsheimildir samkvæmt stjórnarskránni en á öðrum sviðum vegna þeirra alþjóðlegu viðskipta sem þar færu fram.

9

Forsendur fyrir niðurstöður

Fram er komið að það væri íslensk réttarregla að við sérstakar aðstæður bæri að beita erlendum réttarreglum hér á landi og mörg dæmi eru um að ákvarðanir erlendra stjórnvalda og dómstóla og væru aðfararhæfar hér á landi. Hún styðst við reglur þjóðaréttar um lagaskil milli ríkja og þeirra aðila sem þar eiga heima.

Við mat á því hvort stjórnarskráin heimilaði tiltekið framsal á ríkisvaldi til alþjóðastofnunar skipti máli að framsalið væri vel afmarkað, væri á takmörkuðu sviði og ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila. Í því sambandi skal sérstaklega tekið fram að frelsisskerðingar eða aðrar íþyngjandi ákvarðanir gagnvart íslenskum aðilum mega ekki fara fram innan íslenska ríkisins nema ákvæðum íslenskrar stjórnarskrár og laga þar um sé fullnægt samkvæmt ströngum mælikvarða. Hafi aðþjóðastofnun verið fengið vald til að taka íþyngjandi ákvörðun, t.d. sektarákvörðun, koma þessi sjónarmið sérstaklega til álita þar eð íslenska stjórnarskráin áskilur borgurum sínum sérstaklega rétt til þess að bera ágreining um embættistakmörk yfirvalda undir dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Er ekki ástæða til að draga í efa að íslensk stjórskipun áskilur borgurum sínum og lögaðilum ríka vernd gagnvart ákvörðunum erlendra yfirvalda.

Fullveldissjónarmið hafa hér ákveðið vægi. Í því felst að staða Íslands í alþjóðlegu samstarfi er nú í grundvallaratriðum önnur en heldur en áður var. Er eðlilegt að líta svo á að ákveðið svigrúm sé fyrir hendi til að túlka viðkomandi stjórnarskrárákvæði þannig að ekki þrengi um of að möguleikum Íslands sem fullvalda þjóðréttaraðila til að tryggja hagsmuni sína sem best í samstarfi og samningum við aðrar þjóðir jafnvel þó að stofn þeirra sé gamall.

Hafa ber í huga að stjórnarskráin sjálf felur ekki neinum einum aðila að skera úr um stjórnarskrárleg álitamál af þessu tagi, eins og gert er í sumum öðrum ríkjum. Af þessum sökum má telja að Alþingi hafi, sem handhafi löggjafarvalds, svigrúm til að meta endanlega hvort tiltekinn þjóðréttarsamningur brjóti í bága við stjórnarskrána eða ekki. Líklegt er að þetta svigrúm sé því meira þeim mun alþjóðlegri sem lögskiptin eru í eðli sínu. Við þetta bætist að ákvæði stjórnarskráinnar um það efni sem hér um ræðir eru matskennd, dómaframkvæmd á grundvelli þeirra er takmörkuð og fræðikenningar og skýrar stjórnskipunarhefðir skortir. Af þeim sökum ríkir oft vafi um túlkun þeirra.

Samkeppnisreglur fela e.t.v. í sér víðari framsalsheimildir að einhverju leyti. Í álitsgerðinni 6. júlí 1992 var þetta talið byggjast á því að reglurnar um vald stofnana EFTA væru vel afmarkaðar og fælu ekki í sér verulegt valdframsal sem talið verði íþyngjandi í ríkum mæli. Framsalsheimildin var einnig talin gagnkvæm að vissu marki. „Verður að telja að stjórnarskráin heimili framsal stjórnvalds sem er takmarkað með þessum hætti og varðar *milliríkjaviðskipti*“ (auðkennt hér) segir í álitsgerðinni. Hér var meginatriðið það að sá sem tekur þátt í alþjóðlegum

viðskiptum og nýtur þeirrar hagkvæmni og þess hagnaðar sem af þeim markaði leiðir skuli einnig bera skyldur sem honum tengjast eða af honum leiða.

Fullveldisframsal það sem hér er gert ráð fyrir verður að skoða í heild og miða við allan EES-samninginn en hann reyndi í upphafi mjög á íslenska stjórnarskrá eins og kunnugt er. Það er með öðrum orðum ekki aðeins unnt að líta á fyrirhugað fullveldisframsal nú sem einangrað fyrirbæri. Þetta skiptir máli þegar metið er hvort framsal teljist smávægilegt.

Loks verður talið varhugavert að rökstyðja fullveldisframsal með því að það sé takmarkað við tilteknar aðstæður, a.m.k. ef slíkt framsal tengist EES-samningnum. Sé haldið áfram á þeirri braut má segja nákvæmlega það sama um flesta hluta EES-samningsins. Hann má greina í sundur í afmarkaða þætti og draga þannig smám saman vald frá íslenskum dómstólum eða öðrum þáttum ríkisvaldsins.

10

Niðurstöður

Heimild til handa Eftirlitsstofnun EFTA til þess að beita innlenda aðila sektum og févíti vegna brota á reglugerð nr. 216/2008 eða framkvæmdareglugerðum hennar myndi skoðast sem aðgerð sem hefði bein og íþyngjandi réttaráhrif hér á landi enda myndu þær vera bindandi fyrir íslenska aðila og aðfararhæfar á hendur þeim. Sú staðreynd að slíkar ákvarðanir yrðu aðeins bornar undir erlenda úrskurðaraðila (hér dómstól EFTA) verður einnig að skoða með hliðsjón af þeirri dómstólavernd sem íslenskir aðilar njóta og fyrr er rakin.

Fullveldisframsal það sem hér er gert ráð fyrir verður einnig að skoða í heild og miða við allan EES-samninginn en ákvæði hans reyndu í upphafi mjög á íslenska stjórnarskrá. Síðar hafa önnur atriði bæst við eins og rakið hefur verið, þ.e. Schengengerðirnar og fyrrgreint ákvæði samkeppnislaga. Sé ekki litið á síðari gerðir, sem tengjast EES-samningnum, í samhengi við EES-samninginn sjálfan að þessu leyti, er ljóst að hann verður með framþróun EES-reglna greindur í sundur í afmarkaða og smáa þætti sem hverjir um sig koma til skoðunar þegar á það reynir. Með þeirri aðferð kann að lokum að fara þannig að mun meira vald sé framselt til erlendra stofnana heldur en heimilt hefði verið ef

allar breytingar hefðu legið fyrir ljósar í upphafi. Slík aðferð stenst ekki að mati undirritaðs.

Í álitsgerð þessari hefur verið bent á að framsal framkvæmdavalds og dómsvalds svipað því sem hér er fyrirhugað hefur átt sér stað innan marka núgildandi stjórnarskrár á sviði samkeppnismála. Því til grundvallar lágu sérstakar samkeppnislegar ástæður svo sem rakið hefur verið. Þær ástæður eiga tæpast við hér.

Það sjónarmið er nefnt hér að framan að ekki megi þrengja um of að möguleikum Íslands til að tryggja hagsmuni sína í þjóðréttarsamningum og svo einnig að Alþingi hafi ákveðið svigrúm til að skýra stjórnarskrána með bindandi hætti. Einnig er rétt að fram komi að umræddar reglur munu taka til mjög fárra aðila hér á landi og gildi auk þess á mjög þröngu sviði miðað við þær forsendur sem getið var í kafla 2 og hér er miðað við.

Taki Alþingi ákvörðun um að leiða fyrrgreind ákvæði í lög er það skoðun undirritaðs á grundvelli síðastgreindra röksemda að erfitt geti verið að fullyrða að slík löggjöf brjóti í bága við stjórnarskrá. Gildir það hvort sem horft er á fyrrgreinda löggjöf í tengslum við EES- samninginn eða sem sérstakt fyrirbrigði.

Reykjavík 10. janúar 2011

Stefán Má Stefánsson

1080. Svar [143. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um sparnað ríkisins af boðuðum niðurskurði á heilbrigðisstofnunum samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011.

Hversu mikill er nettósparnaður ríkisins af boðuðum niðurskurði fjárframlaga til heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni að teknu tilliti til:

a. greiðslu atvinnuleysisbóta til þeirra sem missa atvinnu vegna niðurskurðarins,

Í eftirfarandi töflu er reynt að nálgast svar við spurningunni með grófum hætti. Hún sýnir m.a. meðallaun starfshópa í heilbrigðiskerfinu á mánuði árið 2010 í samanburði við meðalfjárhæð bóta á hvern atvinnulausan einstakling fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Mismunurinn er nettósparnaður ríkisins af hverju stöðugildi þar sem vinna tapast að því gefnu að viðkomandi skrái sig án vinnu. Fjárhæðir eru án launatengdra gjalda. Til frekari fróðleiks eru dregnar fram upplýsingar um fjölda stöðugilda að jafnaði í hverri stétt árið 2010.

Stéttir	Fjöldi stöðugilda 2010	Meðallaun á mánuði á stöðugildi 2010 (þús. kr.)	Meðalbætur á mánuði apríl 2011 (þús. kr.)	Nettósparnaður á mánuði á stöðugildi (þús. kr.)
Kjararáð	26	752	163	588
Læknar	790	976	163	812
Hjúkrunarfræðingar	1.591	479	163	315
Ljósmæður	165	543	163	380
Sjúkraliðar	810	349	163	185
Aðrar heilbrigðisstéttir	650	447	163	283
Aðrir háskólamenntaðir	222	467	163	304
Aðrar stéttir	2.363	299	163	136
Utan félaga	26	1.130	163	967

Í svari ráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar (þskj. 733, 447. mál) kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisstofnunum reikna þær með að stöðugildum fækki um samtals 87 á árinu 2011 vegna samdráttar í útgjöldum. Það er um 1,3% af samanlögðum fjölda stöðugilda í töflunni. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig þessi 87 stöðugildi skiptast niður á starfsstéttir. Af töflunni má reikna út að ef ígildi 87 stöðugilda hjúkrunarfræðinga tapa vinnu yrði nettósparnaður ríkisins um 27.405 þús. kr. (87x315 þús. kr.) á mánuði að því gefnu að viðkomandi skrái sig atvinnulausan, ef hins vegar eingöngu sjúkraliðar missa vinnuna má gera ráð fyrir að sparnaðurinn á mánuði verði um 16.095 þús. kr. (87x185 þús. kr.) að því gefnu að viðkomandi skrái sig atvinnulausan. Samsvarandi upplýsingar um nettósparnað ríkisins má reikna úr töflunni fyrir hinar ýmsu starfsstéttir.

Til skýringar eru grunnbætur vegna atvinnuleysis nú um 150 þús. kr. á mánuði til þeirra sem hafa fullan bótarétt. Meðalgreiðslur á hvern einstakling eru lægri vegna þess að ekki eiga allir fullan bótarétt. Á fyrstu þremur mánuðum ársins 2011 var meðalupphæð greiddra grunnbóta 114.400 kr., sem er um 76% af fullum grunnbótum. Meðalupphæð greiddra tekjutengdra bóta var sömu mánuði 31.200 kr. Ef gengið er út frá þessum tölum má gera ráð fyrir að kostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna þeirra sem sagt er upp sé um 155.800 kr. á hvern einstakling að viðbættum launatengdum gjöldum, að því gefnu að þeir skrái sig atvinnulausa. Nú getur verið að bótaprósenta þeirra sem missa vinnu hjá ríkinu sé hærri en 76%. Að því gefnu að hún liggi mitt á milli 76% og 100%, eða 88%, yrði kostnaður á hvern

atvinnulausan einstakling á mánuði um 163.400 kr., sem jafngildir 174.800 með launatengdum gjöldum.

b. greiðslu biðlaunaréttinda til þeirra sem missa atvinnu vegna niðurskurðarins,

Ekki liggja fyrir upplýsingar um áætlaðar greiðslur vegna biðlauna á árinu 2011. Biðlaunaréttur er almennt sex eða tólf mánuðir. Þegar forstöðumenn gera rekstraráætlanir fyrir stofnanir sínar er greiðsla biðlauna hluti þess kostnaðar sem áætla þarf fyrir. Það verður því að taka tillit til hans við gerð rekstraráætlana og gæta þess að þær séu innan ramma fjárlaga. Gera verður því ráð fyrir að slíkur kostnaður verði ekki til að rýra þann sparnað sem ráðgerður er, en ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um þann fjölda starfsmanna sem kann að eiga biðlaunarétt og er að missa eða hefur misst atvinnuna vegna niðurskurðarins.

c. aukins kostnaðar ríkisins við umsýslu við atvinnuleit og atvinnuleysisbætur vegna aukins atvinnuleysis sem af niðurskurðinum leiðir,

Fjárframlög til Vinnumálastofnunar eru ákveðin í fjárlögum, sem og útgjöld til úrræða atvinnuleitenda. Ekki er hægt að gera ráð fyrir auknum útgjöldum til slíkra mála þó svo að fjölgun verði í hópi atvinnulausra innan ákveðinna marka. Sá fjöldi sem missir vinnu vegna sparnaðar hjá ríkinu er ekki það mikill að líkur séu á viðbótarfjárframlögum ríkisins eða heimildum til ráðningar viðbótarstarfsmanna.

Rekstrarkostnaður Vinnumálastofnunar sem tengist atvinnuleitendum (frádregin eru rekstrarútgjöld vegna Ábyrgðasjóðs launa og Fæðingarorlofssjóðs) er um 874 millj. kr. á árinu 2011. Ef gert er ráð fyrir að um 14.000 manns séu að jafnaði á atvinnuleysisskrá á árinu þýðir það um 62 þús. kr. vegna hvers atvinnulauss einstaklings (sem er allt árið á skrá). Útgjöld til úrræða í fjárlögum eru 857 millj. kr., eða um 61 þús. kr. á hvern einstakling. Eins og að framan greinir er ekki hægt að gera ráð fyrir auknum útgjöldum vegna umsýslu eða úrræða þó að atvinnulausum fjölgi, heldur mundu þessi útgjöld deilast á fleiri, sem þýðir fyrst og fremst minni þjónustu við hvern og einn.

d. kostnaðar við tilflutning sjúkrarýma frá heilbrigðisstofnununum til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri,

Af hálfu heilbrigðisyfirvalda liggja ekki fyrir ákvarðanir um að flytja þjónustu af landsbyggðarsjúkrahúsum til Landspítala frekar en gert er ráð fyrir í gildandi fjárlögum og orðið er frá efnahagshruninu 2008. Þrátt fyrir samdrátt í útgjöldum í kjölfar hrunsins er grunnforsendan áfram sú að almennri sjúkrahúsþjónustu verði mætt innan hvers svæðis og ekki verði þörf á að sækja þjónustu utan heimahéraðs umfram það sem verið hefur. Með samdrætti í útgjöldum er verið að gera hagræðingarkröfu sem mæta skal með því að stytta legutíma, fækka innlögnum og hagræða með öðrum leiðum á sambærilegan hátt og þegar hefur verið gert á Landspítala og á Sjúkrahúsinu á Akureyri á undanförnum árum. Eftir sem áður verða fleiri sjúkrarúm ætluð til almennrar sjúkrahúsþjónustu (samkvæmt skilgreiningu 4. gr. laga nr. 40/2007) á landsbyggðinni, eða um 1,5 rými á hverja 1.000 íbúa, en á höfuðborgarsvæðinu þar sem er tæplega 1 rými á hverja 1.000 íbúa.

e. kostnaðar við tilflutning sérfræðiþjónustu frá heilbrigðisstofnununum til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri,

Ekki er gert ráð fyrir slíkum tilflutningi, sbr. svar við d-lið.

f. kostnaðar við tilflutning endurhæfingar frá heilbrigðisstofnununum til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri,

Ekki er gert ráð fyrir slíkum tilflutningi, sbr. svar við d-lið.

g. kostnaðar við aukið sjúkraflug, akstur sjúkrabíla með sjúklinga og ferðir sjúklinga með áætlunarflugi og þyrluflugi víðs vegar af landsbyggðinni til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri,

Ekki er gert ráð fyrir að flutningar sem hér um ræðir aukist frekar en orðið er, sbr. svar við d-lið.

h. kostnaðar Sjúkratrygginga Íslands vegna aukinna ferða sjúklinga til Landspítala eða Sjúkrahússins á Akureyri sem óhjákvæmilega fylgja niðurskurðinum,

Ekki er gert ráð fyrir að flutningar þeir sem hér um ræðir aukist frekar en orðið er, sbr. svar við d-lið.

i. tekjutaps ríkisins vegna lægri skatttekna sem fylgja uppsögnum heilbrigðisstarfsfólks sem nú starfar á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni,

Ráðuneytið býr ekki yfir þeim upplýsingum sem þarf til að svara spurningunni.

j. kostnaðar sem fylgir hækkunum ýmissa bóta, svo sem barnabóta, vaxtabóta o.s.frv., vegna þeirra sem lenda á atvinnuleysisskrá vegna niðurskurðarins,

Ráðuneytið býr ekki yfir þeim upplýsingum sem þarf til að svara spurningunni.

k. kostnaðar við aukinn snjómokstur sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja þegar halda þarf fjallvegum opnum allan sólarhringinn, allt árið um kring, vegna aukinna sjúkraflutninga landleiðina á milli hérað?

Ekki er gert ráð fyrir að slíkir flutningar aukist að marki frá því sem verið hefur, sbr. svar við d-lið. Þá býr ráðuneytið ekki yfir upplýsingum um kostnað við snjómokstur á fjallvegum.

Að lokum er athygli þingmannsins vakin á því að Byggðastofnun hefur að beiðni fjárlaganefndar Alþingis tekið að sér að leggja mat á afleiðingar efnahagshrunsins, þ.m.t. áhrif niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu á einstök landsvæði. Niðurstöður þeirrar vinnu kunna að skýra mál frekar.

1081. Svar [346. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um forsendur fyrir uppbyggingu Landspítala og framtíðarstarfsemi.

1. Hvernig var sú starfsemi sem gert er ráð fyrir að flytjist utan af landi til Landspítala metin í forsendum fyrir uppbyggingu spítalans og framtíðarstarfsemi?

Af hálfu heilbrigðisyfirvalda liggur ekki fyrir ákvörðun um að flytja þjónustu af landsbyggðarsjúkrahúsum til Landspítala frekar en gert er ráð fyrir í gildandi fjárlögum og orðið er frá efnahagshruninu 2008. Þrátt fyrir samdrátt í útgjöldum í kjölfar efnahagshrunsins er grunnforsendan áfram sú að almennri sjúkrahúsþjónustu verði mætt innan hvers svæðis og ekki verði þörf á að sækja þjónustu utan heimahéraðs umfram það sem verið hefur. Með sam-

drætti í útgjöldum er verið að gera hagræðingarkröfu sem mæta skal með því að stytta legutíma, fækka innlögnum og hagræða með öðrum leiðum á sambærilegan hátt og þegar hefur verið gert á Landspítala og á Sjúkrahúsinu á Akureyri á undanförnum árum. Eftir sem áður verða fleiri sjúkrarúm ætluð til almennrar sjúkrahúsþjónustu (samkvæmt skilgreiningu 4. gr. laga nr. 40/2007) á landsbyggðinni, eða um 1,5 rými á hverja 1.000 íbúa, en á höfuðborgarsvæði þar sem er tæplega 1 rými á hverja 1.000 íbúa.

2. *Var tekið tillit til starfsemi landsbyggðarsjúkrahúsanna þegar þarfagreining í forsendum samkeppnislýsingar 2005 og 2010 var gerð?*

Þarfagreining fyrir nýbyggingu Landspítala tekur mið af hlutverki hans sem almenns sjúkrahúss fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins, sem landshlutasjúkrahús fyrir suðvesturhornið og sjúkrahús allra landsmanna fyrir sérhæfðustu meðferðirnar. Auk þess er hlutverk hans að vera háskólasjúkrahús með tilheyrandi kennsluskyldu fyrir fjölda heilbrigðisstétta. Stærð byggingarinnar miðast við áætlaða þörf árið 2030. Jafnframt er gert ráð fyrir að áframhaldandi þróunarmöguleikar verði til staðar eftir það á lóð spítalans til þess meðal annars að stækka sjúkrahótel og göngudeildir og fjölga legurýmum um 100. Í fyrsta áfanga nýbyggingarinnar, sem samkvæmt áætlunum á að vera lokið 2017, er reiknað með að rúmafjöldi á bráðadeildum spítalans verði nánast sá sami og nú er, eða samtals 453 rými í stað 445 rýma nú. Auk þess eru geðdeildir á Hringbraut og Kleppi, öldrunardeildir á Landakoti, endurhæfingardeild á Grensási, vökudeild í barnaspítala og hæfingardeild í Kópavogi. Fjöldi legurúma á þessum deildum breytist ekki með tilkomu nýbyggingarinnar.

Í áætlunum um byggingu spítalans var hvorki gert ráð fyrir lokun nágrannasjúkrahúsanna á suðvesturhorninu né annarra sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Í forsendunum var meðal annars reiknað með að útskriftarmöguleikar sjúklinga af Landspítala frá þjónustusvæðum annarra sjúkrahúsa, einkum á suðvesturhorninu, yrðu tryggðir með framhaldsmeðferð eða vistun heima í héraði. Hér skal ítrekað að ekki hefur verið tekin ákvörðun af hálfu heilbrigðisyfirvalda um tilflutning sjúklinga út fyrir heimahérað umfram það sem nú er, einkum vegna sértækra aðgerða og bráðatilfella.

1082. Svar [529. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um tóbaksnotkun.

1. *Hvernig hefur þróast hér á landi síðustu sjö árin:*
   a. *notkun munntóbaks,*
   b. *notkun neftóbaks,*
   c. *reykingar?*

a. Notkun munntóbaks.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um þróun neyslu munntóbaks á umbeðnu tímabili. Kannanir sem gerðar voru fyrir Lýðheilsustöð um munntóbaksnotkun meðal ungs fólks á aldrinum 16–23 ára árin 2009 og 2010 staðfesta að neysla munntóbaks er umtalsverð hér á landi. Um 20% pilta nota tóbak í vörina, 15% daglega en 5% sjaldnar. Algengast er að íslenskt neftóbak sé tekið í vörina.

Niðurstöðurnar eru í samræmi við sífellt aukna neftóbaksframleiðslu ÁTVR en sala þess hefur aukist úr 11,7 tonnum árið 2003 í 25,5 tonn árið 2010, sbr. línuritið á myndinni hér fyrir neðan, byggt á sölutölum frá ÁTVR á neftóbaki árin 2003–2010.



Mynd 1. Neftóbakssala ÁTVR í tonnum tímabilið 2003–2010.

b. Notkun neftóbaks.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um neyslu tóbaks í nef hjá fullorðnu fólki á umræddu tímabili en rannsóknir hafa tekið mið af neyslu unglinga sem hefur á hinn bóginn verið könnuð árlega. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og utan Reykjavíkur sem hafa notað neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina. Tölurnar eru ekki greindar eftir kyni en gera má ráð fyrir að neysla neftóbaks og munntóbaks sé nær eingöngu meðal pilta og megi því gera ráð fyrir helmingi hærra hlutfalli hjá piltum en mjög lágu hjá stúlkum.



Mynd 2. Hlutfall (%) nemenda í 10. bekk í Reykjavík og utan Reykjavíkur sem hafa notað neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, 2001–2010. Heimild: Rannsóknir og greining, Háskólinn í Reykjavík. *Ungt fólk 2010.*

Vegna þess hversu algengt er að ungt fólk taki íslenskt neftóbak í vörina hefur Lýðheilsustöð óskað eftir að í könnunum verði framvegis spurt hvort fólk taki tóbak í vörina eða taki tóbak í nefið í stað þess að spyrja um notkun á neftóbaki og munntóbaki.

c. Reykingar.

Nýverið birti ÁTVR tölur sem sýna umtalsverðan samdrátt í innflutningi á reyktóbaki á síðasta ári. Þennan samdrátt má sjá í töflu 1, ásamt þeirri aukningu sem varð milli ára í innflutningi neftóbaks.

	2009	2010	Breyting
Neftóbak	23781 kg	25.521 kg	7,3%
Píputóbak	4.465 kg	4.426 kg	-0,9%
Vindlingar	1.510.788 karton	1.336.944 karton	-11,5%
Vindlar	8.300.736 stykki	7.810.262 stykki	-5,9%

Tafla 1. Breytingar á sölu tóbaks hjá ÁTVR 2009–2010.

Nýjar tölur um reykingar á Íslandi árið 2010 sýna að tíðni daglegra reykinga fullorðinna heldur áfram að lækka. Hlutfall fullorðinna Íslendinga á aldrinum 15–89 ára sem reyktu daglega var 19,8% árið 2004, 19% árið 2007, 17,6% árið 2008, 15,4% árið 2009 og var komið niður í 14,2% árið 2010. Tölurnar eru fengnar úr árlegri könnun á umfangi reykinga á vegum Lýðheilsustöðvar.

Ef skoðað er hlutfall þeirra nemenda í 10. bekk grunnskóla sem reykja daglega (mynd 3) sést að stöðugt dregur reykingum hjá þessum aldurshópi. Þannig reyktu 12% nemenda daglega árið 2004 en 7% árið 2010.



Mynd 3. Hlutfall nemenda í 10. bekk grunnskóla sem reyktu daglega 1998–2010. Heimild: Rannsóknir og greining, Háskólinn í Reykjavík. *Ungt fólk 2010.*

2. *Hvaða hópar nota helst þessi ávanabindandi nikótínefni, sundurgreint á sama hátt?*

Eins og fram kemur í svari við lið a í spurningu 1 er neysla munntóbaks nær eingöngu bundin við unga karlmenn. Nýlega voru birtar niðurstöður úr rannsókn sem Rannsóknir og greining gerði fyrir Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR). Þar kemur fram hlutfall þeirra sem nota munntóbak er svipað hjá þeim hópi sem stundar íþróttir innan ÍBR og þeirra sem gera

það ekki. Það kemur hins vegar vel í ljós að þeir sem stunda íþróttir reykja mun minna en þeir sem ekki stunda íþróttir.



Mynd 4. Heimild: Rannsóknir og greining. Gert fyrir Íþróttabandalag Reykjavíkur. Háskólinn í Reykjavík, 2010.

Eins og áður hefur verið greint frá liggja ekki fyrir upplýsingar um notkun tóbaks í nef hjá fullorðnu fólki og hafa rannsóknir einungis beinst að unglingum. Því liggja ekki fyrir upplýsingar um það hvaða hópar nota helst neftóbak.

Ef litið er á niðurstöður kannana um tíðni reykinga á vegum Lýðheilsustöðvar á árunum 2009 og 2010 kemur fram að daglegar reykingar eru jafn algengar meðal beggja kynja og ekki sést munur á tíðni reykinga fólks á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Úr niðurstöðunum má hins vegar greina marktækan mun á reykingum eftir menntun og tekjum þátttakenda. Reykingar voru algengari á meðal fólks með litla menntun en þeirra sem höfðu meiri menntun og dró úr tíðni reykinga með vaxandi menntun svarenda. Einnig reyktu tekjulágir einstaklingar frekar en tekjuháir.

Þá benda rannsóknir til að frá því að grunnskóla lýkur og fram að tvítugu fari reykingar nemenda stigvaxandi. Undanfarin ár hefur þó verið um jákvæða þróun að ræða og sífellt dregið úr reykingum hjá þessum aldurshópi. Í nýlegri rannsókn á heilsu og líðan Íslendinga kemur fram að ef viðkomandi byrjar ekki að reykja fyrir tvítugsaldurinn þá eru mjög miklar líkur, eða um 73%, á því að hann reyki aldrei, miðað við reynslu 18–79 ára núlifandi Íslendinga.

3. *Hverjar eru helstu aðgerðir stjórnvalda til að draga úr notkun þessara efna, sundurgreint á sama hátt?*

Á undanförnum árum hefur markvisst átak stjórnvalda til að draga úr reykingum borið árangur. Sá árangur hefur ekki síst komið fram hjá yngstu aldursflokkunum. Í evrópskum samanburði hafa sex þættir tóbaksvarna verið árangursmældir hér á landi. Þessir þættir eru skilgreindir sem þeir mikilvægustu af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og Alþjóðabankanum. Mælingarnar hafa verið gerðar frá árinu 2004 og hefur Ísland alltaf verið í hópi efstu þjóða hvað árangur snertir. Hér á eftir er farið nokkrum orðum um þessa sex þætti.

a. Verð.

Enginn einn þáttur í tóbaksvörnum er eins áhrifamikill og verð. Með því að hafa verð á tóbaki eins hátt og kostur er er hægt að draga úr reykingum og annarri tóbaksnotkun, sérstaklega hjá ungu fólki sem er mjög viðkvæmt fyrir verði, samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Í ályktun Læknafélags Íslands haustið 2008 kom fram að sígarettupakkinn þyrfti að kosta 3.000 kr. til að standa undir þeim kostnaði sem hlýst af skaðsemi tóbaks fyrir íslenska ríkið. Evrópusambandið hefur hafið vinnu við að samhæfa og styrkja sambandslöndin í að móta sér stefnu í verðþróun á tóbaki og er Ísland þátttakandi í því verkefni („TobTaxy“).

b. Takmarkanir á tóbaksneyslu.

Reykingar hafa verið bannaðar í opinberum stofnunum og á vinnustöðum, en enn þá er undanþáguákvæði í lögunum sem heimilar að hafa aðstöðu fyrir þá sem reykja.

Velferðarráðherra hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um tóbaksvarnir þar sem lagt er til að bannað verði að flytja inn, framleiða og selja skrotóbak og allt bragð- og lyktblandað reyklaust tóbak.

c. Fé til tóbaksvarna.

Tóbaksvarnir eru viðvarandi verkefni. Þjóðir Evrópu líta til Íslands sem fyrirmyndar fyrir að hafa tryggt ákveðið hlutfall af tekjum af tóbakssölu til tóbaksvarna.

d. Auglýsingabann.

Ísland var fyrsta landið til að taka upp sýnileikabann á tóbaki. Á Íslandi er bann við umfjöllun um tóbak nema til að vara við skaðsemi þess.

e. Heilsuviðvaranir á tóbaksvörum.

Í velferðarráðuneytinu hafa verið unnin drög að reglugerð um mynd- og textaviðvaranir á tóbaki og mælingar á hámarki skaðlegra tóbaksefna. Drögin eru nú í tæknilegu tilkynningarferli innan Evrópusambandsins.

f. Aðstoð við að hætta að reykja og nota reyklaust tóbak.

Í evrópskum samanburði stendur Ísland ekki nægilega vel hvað varðar aðstoð við fólk sem vill hætta tóbaksnotkun. Ýmis úrræði eru til staðar en könnun Lýðheilsustöðvar sýnir að heilbrigðiskerfið þarf að sinna þessum þætti betur í starfi sínu.

Eitt af verkefnum Lýðheilsustöðvar hefur verið að auka þessa aðstoð. Sett var upp hjálparsíðan *reyklaus.is* í samvinnu við Reyksímann 8006030. Á síðunni er veittur stuðningur og aðstoð við að hætta að reykja. Þetta er ókeypis, gagnvirk, nettengd þjónusta.

Frjáls.is er vefsíða hugsuð fyrir heilbrigðisstarfsfólk og var sett á fót ekki alls fyrir löngu. Vefsíðan er á vegum Lýðheilsustöðvar, Landlæknisembættisins, Landspítala og Heilsugæslunnar. Á síðunni má finna fræðsluefni, sjálfspróf, efni fyrir skjólstæðinga, klínískar leiðbeiningar og æfingar. *Frjáls.is* gegnir veigamiklu hlutverki í tóbaksvörnum, því veigamikill hluti þeirra er að hvetja þá sem nota tóbak til að hætta því og aðstoða þá við það.

Gagnreyndar meðferðir við tóbaksfíkn eru til. Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð vinna nú að því að þær verði hluti annarra hefðbundinna meðferða sjúklinga til þess bæði að auka batalíkur og lífsgæði þeirra.

Á vegum Lýðheilsustöðvar eru unnin fjölmörg fleiri verkefni er varða tóbaksvarnir. Starfið er mjög fjölbreytt og hefur stofnunin til að mynda unnið að mörgum verkefnum sem miða að því að koma í veg fyrir að ungt fólk hefji neyslu tóbaks og einnig almennt unnið að því að draga úr neyslu tóbaks og þeirri skaðsemi sem af henni hlýst. Hvað varðar nýleg verkefni Lýðheilsustöðvar, sem snerta ungt fólk, má nefna verkefnin *Tóbakslausir framhaldsskólar* og *Tóbakslausir grunnskólar*. Sum verkefna Lýðheilsustöðvar hafa verið í gangi um árabil

og gengið ágætlega. Má þar nefna Evrópuverkefnið *Reyklaus bekkur* sem gengið hefur mjög vel, en allt að 70% 7. og 8. bekkja í grunnskólum landsins hafa verið þátttakendur síðastliðin 12 ár.

Þá beindist rannsóknin *Börn og óbeinar reykingar* að reykingum á heimilum þriggja ára barna á Íslandi.

Í byrjun árs 2007 var skipaður stýrihópur á vegum Lýðheilsustöðvar sem samanstóð m.a. af fulltrúa ÍSÍ, forvarnarfulltrúa framhaldsskóla, tannlækni og læknanema. Verkefnið var að fara yfir og greina neyslu munntóbaks á Íslandi auk þess að koma með tillögur að verkefnum til að bregðast við aukinni neyslu.

Haustið 2009 var hafist handa við að útvega ungu atvinnulausu fólki verkefni til atvinnusköpunar á sviði tóbaksvarna.

Þá er Lýðheilsustöð þátttakandi í Evrópskri samvinnu lýðheilsustöðva og félagssamtaka sem vinna að tóbaksvörnum í Evrópu (ENSP) og í samstarfi við aðra alþjóðlega aðila á borð við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og veitir upplýsingar um neyslu tóbaks fyrir Íslands hönd.

Frá stofnun Lýðheilsustöðvar hefur tóbaksvarnaráð verið starfandi sem ráðgefandi aðili og tók að hluta til við því hlutverki sem tóbaksvarnanefnd hafði áður. Tóbaksvarnaráð fundar reglulega með Lýðheilsustöð þar sem farið er yfir mál sem eru í brennidepli á hverjum tíma.

Dagur án tóbaks er haldinn 31. maí ár hvert. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ákveður þema hvers árs. Auk þess að vera með sýnilegan áróður tengdum hverju þema hefur oft verið farið í ýmsar aðgerðir samhliða. Í samvinnu við Reyksímann hefur verið veitt viðurkenning á Degi án tóbaks þeim sem með baráttuvilja, framsýni eða hugrekki hafa lagt sitt af mörkum í tóbaksvörnum á Íslandi eða tóbaksmeðferð. Þetta er hluti af evrópsku samstarfsverkefni reyksíma.

Árið 2004 staðfesti Ísland rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir. Nú er til skoðunar í velferðarráðuneytinu hvort útbúin verði heildræn opinber stefna í tóbaksvörnum á Íslandi líkt og mörg önnur lönd, sem Ísland ber sig saman við, hafa gert.

4. *Hve mikið fækkaði hjartaáföllum í kjölfar banns við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum?*

Almennt hefur hjartaáföllum fækkað hér á landi undanfarna áratugi. Ætla má að þar skipti margir þættir máli svo sem bætt mataræði, bætt meðferð og greining á háum blóðþrýstingi, aukin hreyfing og ekki síst að dregið hefur úr tóbaksreykingum. Tóbaksreykingar eru einn af megináhættuþáttum kransæðasjúkdóma. Óbeinar reykingar valda einnig umtalsverðu heilsutjóni. Með banni við reykingum á opinberum stöðum hefur tekist að draga úr óbeinum reykingum.

Til er íslensk rannsókn sem unnin var m.a. af sérfræðingi í hjartasjúkdómum við hjartadeild Landspítalans og beindist að því að kanna samband óbeinna reykinga og kransæðasjúkdóma. Rannsóknin náði til fimm mánaða tímabils fyrir bannið við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum og fimm mánaða tímabils eftir bannið. Niðurstöðurnar sýna 21% fækkun milli þessara tímabila í kransæðaþræðingum vegna bráðs kransæðasjúkdóms meðal karla sem ekki reyktu. Enginn munur var meðal kvenna en þær voru tiltölulega fáar í rannsókninni. Niðurstöðurnar gefa til kynna að óbeinar reykingar hafi áhrif á tíðni bráðra kransæðasjúkdóma og alvarleika þeirra. Ráðgerð er útvíkkun á rannsóknartímabilinu til að auka

áreiðanleika niðurstaðanna. Þess má geta að niðurstöður þessarar íslensku rannsóknar eru í góðu samræmi við niðurstöður fjölmargra erlendra rannsókna af þessu tagi.

1083. Svar [267. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá heilbrigðisráðuneytinu.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.*

Á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 hefur fjöldi stöðugilda hjá ráðuneytinu verið nokkuð svipaður eða á bilinu 50 til 53. Hér er miðað við fjölda starfsmanna sem voru á launaskrá hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins, störfuðu erlendis á vegum ráðuneytisins og starfsmanna ráðuneytisins þar sem laun voru greidd af safnliðum en þeir starfsmenn voru fluttir á launaskrá hjá ráðuneytinu frá 1. janúar 2010. Á tímabilinu urðu eftirtaldar starfsmannabreytingar:

Í febrúar 2009 fékk skrifstofustjóri í ráðuneytinu launalaust leyfi til að starfa hjá Sjúkratryggingum Íslands og 1. ágúst var settur skrifstofustjóri skipaður skrifstofustjóri en það var gert í framhaldi af auglýsingu um embættið. Skrifstofustjóri sem hafði verið í námsleyfi kom aftur til starfa í október, skipt var um fulltrúa ráðuneytisins í Brussel 1. október, sérfræðingur fékk launalaust leyfi í ár frá 1.október og annar starfsmaður fór til starfa í félags- og tryggingamálaráðuneytinu frá 1. nóvember en honum hafði verið boðið starf þar í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands. Þá var á árinu ráðinn lögfræðingur til starfa tímabundið vegna forfalla, samið var um lægra starfshlutfall við starfsmann sem fluttur hafði verið frá stofnun ráðuneytisins og tveir starfsmenn fóru í fæðingarorlof á árinu. Á árinu 2009 voru starfsmenn að jafnaði 51 til 52.

Talsverðar mannabreytingar voru hjá heilbrigðisráðuneytinu á árinu 2010, aðallega þó á fyrri helmingi ársins. Tveir skrifstofustjórar hættu, annar í janúar og hinn í maí, einn starfsmaður ráðuneytisins var settur tímabundið sem forstjóri Lýðheilsustöðvar frá 1. janúar, annar hætti þar sem honum var boðið starf hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu frá 1. febrúar í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, sá þriðji fór í sjö mánaða launalaust leyfi og starfsmaður sem vann fyrir ráðuneytið í Lúxemborg hætti og annar var ráðinn í staðinn. Þá fóru tveir starfsmenn í veikindaleyfi, annar í janúar og hinn í febrúar og var annar þeirra frá það sem eftir var ársins og hinn að mestu. Í stað þeirra sem hættu störfum hjá ráðuneytinu, fóru í leyfi eða veikindaleyfi voru ráðnir þrír sérfræðingar í febrúar þar af tveir tímabundið, tveir sérfræðingar voru ráðnir tímabundið í mars og í þeim mánuði var einnig ráðið tímabundið vegna fjarveru upplýsingafulltrúa og auk þess var ráðinn sérfræðingur í júní. Í apríl og maí voru tveir starfsmenn ráðnir tímabundið í sérstök verkefni. Um mitt ár var skipaður skrifstofustjóri fyrir annan þeirra skrifstofustjóra sem hættu á árinu. Um var að ræða starfsmann sem starfaði í Brussel fyrir ráðuneytið en ráðuneytið hefur ekki lengur fulltrúa þar. Aðrar starfmannabreytingar á árinu voru þær að í júlí fór matráður ráðuneytisins í launalaust leyfi og var ráðið tímabundið fyrir hann, sérfræðingur fór tímabundið til starfa í forsætisráðuneytinu og var ráðinn sérfræðingur tímabundið fyrir hann á meðan og

1. október fór ráðuneytisstjóri ráðuneytisins í námsleyfi og var skrifstofustjóri í ráðuneytinu settur ráðuneytisstjóri á meðan. Þeir starfsmenn sem fóru í fæðingarorlof á árinu 2009 komu til baka, annar í mars en hinn í september.

Í lok ársins 2010 voru 53 starfsmenn í 51 stöðugildi hjá heilbrigðisráðuneytinu. Um var að ræða tvo ráðuneytisstjóra, níu skrifstofustjóra, 31 sérfræðing, umsjónarmann, matráð, þrjá stjórnarráðsfulltrúa, fjóra ritara og tvo móttökuritara. Kynjahlutfall starfsmanna var 36 konur og 17 karlar. Launakostnaður með launatengdum gjöldum fyrir tímabilið 1. janúar 2009 til og með september 2010 var samtals 706.382.520 kr.

Í framhaldi af athugasemdum Ríkisendurskoðunar voru á fjárlögum ársins 2010 færðar til aðalskrifstofu ráðuneytisins 13,4 millj. kr. af lið 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, vegna launa sérfræðinga sem starfa hjá ráðuneytinu við uppbyggingu á sjúkraskrárkerfi og heilbrigðisupplýsingum, 11 millj. kr. af lið 08-379 Sjúkrahús,óskipt, vegna launa starfsmanns sem vinnur fyrir ráðuneytið að innkaupamálum og 7,8 millj. kr. af lið 08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt, vegna launa starfsmanns sem vann við stefnumótun og verkefni á sviði geðheilbrigðismála. Launakostnaður þessara starfsmanna er meðtalinn í launafjárhæðinni sem tilgreind er hér að framan.

2. *Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?*

Laun starfsmanna í ráðuneytinu voru lækkuð í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 18. ágúst 2009 um sparnaðaraðgerðir. Lækkunin var frá 3% og náði til þeirra sem voru með heildarlaun yfir 400 þús. kr. og þeir sem voru með hærri launin lækkuðu hlutfallslega meira. Kerfislega var launalækkunin útfærð þannig að föstum yfirvinnutímum var fækkað en grunnlaun héldust óbreytt. Starfsmönnum var hverjum og einum tilkynnt á fundi um lækkunina og í framhaldi af fundinum afhent bréf með tilkynningu um breytingu, með þriggja mánaða fyrirvara eða samkvæmt ákvæðum kjarasamninga þar um. Áður en til þessara lækkana kom höfðu þeir fimm sérfræðingar sem hæst höfðu launin verið lækkaðir í launum og var launalækkunin framkvæmd með sambærilegum hætti og lýst er hér að framan. Þetta var gert jafnhliða ákvörðun kjararáðs um að lækka laun ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra hjá Stjórnarráðinu.

3. *Hvaða sérfræðiþjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum.*

Ráðuneytið hefur tekið saman eftirfarandi yfirlit yfir aðkeypta þjónustu á umræddu tímabili. Yfirlitið nær yfir fjárlagalið aðalskrifstofu ráðuneytisins og ýmissa verkefna á þess vegum sem gjaldfærð eru á öðrum fjárlagaliðum.

08-101 Heilbrigðisráðuneytið, aðalskrifstofa.

Upphæð kr.	Verksali	Vegna
Árið 2009:		
3.010.790	Capacent hf.	Sérfræðiþjónusta, sparnaðarverkefni
985.167	Rekstrarfélag stjórnarráðsins	Viðhaldsgjöld
984.200	Háskólinn á Bifröst	Skýrslugerð
705.387	Securitas hf.	Öryggisþjónusta
455.975	JS þýðingar ehf.	Þýðingaþjónusta
410.956	Skyggnir ehf.	Upplýsingaþjónusta

Upphæð kr.	Verksali	Vegna
400.890	HRM-rannsóknir og ráðgjöf	Ráðningarþjónusta
363.000	S&G Ráðgjöf ehf.	Sérfræðiráðgjöf
308.568	Landskerfi bókasafna	Sérfræðiþjónusta
175.500	Talnakönnun hf.	Ráðgjafaþjónusta
164.314	Skýrr ehf.	Aðgangur að skrám
127.346	Opin kerfi ehf.	Sérfræðiþjónusta
70.000	Guðný Þorsteinsdóttir	Sérfræðiþjónusta
35.000	Andri Jón Heide	Læknisþjónusta
32.400	Hildibrandur Bjarnason	Leiðsögn
28.750	Mannvit hf.	Verkfræðiþjónusta
28.594	InterCultural Íslands ehf.	Túlkaþjónusta
28.160	Hugsmiðjan ehf.	Vefþjónusta
27.010	Listasafn Íslands	Sérfræðiþjónusta
25.000	Sveinn Magnússon	Bólusetning
22.674	Kjaran ehf.	Rekstrarþjónusta
18.575	Yates þýðingar slf.	Þýðingarþjónusta
15.000	Inga Pétursdóttir Jessen	Sérfræðiþjónusta
40.603	Ýmsir	Ýmis þjónusta
8.463.859	**Samtals 2009**	

Árið 2010:

2.170.235	Expectus ehf.	Sérfræðiþjónusta
1.818.496	HRM-rannsóknir og ráðgjöf ehf.	Ráðningarþjónusta
1.298.000	Líf og sál sálfræðistofa	Sérfræðiþjónusta
1.091.912	Capacent hf.	Sérfræðiþjónusta, sparnaðarverkefni
791.780	Athygli	Almannatengslaþjónusta o.fl.
709.566	Landspítali	Sérfræðiþjónusta, lán á starfsmanni
341.400	Þýðendur Eiðistorgi ehf.	Þýðingarþjónusta
290.074	VSI öryggishönnun og ráðgjöf ehf.	Sérfræðiþjónusta vegna rýmingar-áætlunar
250.524	Landskerfi bókasafna	Sérfræðiþjónusta
222.825	Securitas	Öryggisþjónusta
207.359	Creditinfo Fjölmiðlavaktin ehf.	Fjölmiðlavöktun o.fl.
160.000	Talent ráðningar	Ráðningarþjónusta
148.700	Ferðaleiðir ehf.	Akstursþjónusta
126.000	Guðbjörg Ragna Ragnarsdóttir	Sálfræðiþjónusta
118.976	Ellen Margrét Ingvarsdóttir	Þýðingarþjónusta
99.000	Jóhann Thoroddsen	Sálfræðiþjónusta

Upphæð kr.	Verksali	Vegna
91.129	Skýrr ehf.	Kerfisþjónusta
87.820	Skýrslutæknifélag Íslands	Þjónusta
81.976	Hugvit hf.	Sérfræðiþjónusta
80.000	Gissur Páll Gissurarson	Listamaður
50.000	Kynstur slf.	Fyrirlestur
35.000	Þóra Einarsdóttir	Listamaður
35.000	Gerrit Scuil	Listamaður
31.100	Listasafn Íslands	Sérfræðiþjónusta
30.000	Ólafur Víðir Björnsson	Yfirlestur
25.000	Íris Lilliendahl	Þýðingarþjónusta
25.000	Þekkingarmiðlun ehf.	Fyrirlestur
24.725	Yates þýðingar slf.	Þýðingarþjónusta
20.967	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	Táknmálstúlkun
19.400	Opin kerfi	Kerfisþjónusta
18.016	Ýmsir	Ýmis þjónusta
15.200	Arkitektastofa Benjamíns Magn. ehf.	Arkitektaþjónusta
13.700	Skyggnir ehf. upplýsingaþjónusta	Upplýsingaþjónusta
9.638	Mannvit hf.	Verkfæðiþjónusta
8.101	HugurAx ehf.	Sérfræðiþjónusta
7.968	Ut vil ek ehf.	Fyrirlestur
7.840	Hugsmiðjan ehf.	Vefþjónusta
7.500	Hagstofa Íslands	Sérfræðiþjónusta
10.569.927	**Samtals janúar – september 2010**	

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Árið 2009:

1.875.000	Argyron ehf.	Sérfræðiþjónusta
741.533	Lyfjagreiðslunefnd	Sérfræðiþjónusta, endurgreidd laun
725.743	Skýrr ehf.	Kerfisfræðiþjónusta
315.000	Jóhann Thoroddsen	Sálfræðiþjónusta
261.000	Oddi Erlingsson	Sálfræðiþjónusta
240.000	Anna Sigurbjörg Sigurðardóttir	Sálfræðiþjónusta
174.200	Hannes Friðriksson	Þjónusta arkitekts
62.800	Ríkiskaup	Útboðsþjónusta
18.000	Margrét Arnljótsdóttir	Sálfræðiþjónusta
4.413.276	**Samtals 2009**	

Upphæð kr.	Verksali	Vegna
Árið 2010:		
90.000	Guðrún Árnadóttir	Sálfræðiþjónusta
90.000	**Samtals janúar – september 2010**	

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:14200 Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi

Árið 2009:		
377.861	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	Læknisþjónusta
28.289	Hjúkrunarheimilið Fellsenda	Bólusetning
14.934	Apótek Ólafsvíkur ehf.	Bólusetning
11.790	Jón Bjarni Þorsteinsson	Bólusetning
432.874	**Samtals 2009**	
Árið 2010:		
225.037	Ríkiskaup	Útboðsþjónusta
225.037	**Samtals janúar – september 2010**	

Viðfangsefni: 14301 Viðbúnaður gegn farsóttum

Árið 2009:		
3.759.650	Læknavaktin	Ráðgjafaþjónusta
3.056.400	eMR hugbúnaður ehf.	Hugbúnaðarþjónusta
408.825	Ingi Steinn Ingason	Hugbúnaðarþjónusta
210.600	Vigur Ráðgjöf ehf.	Hugbúnaðarþjónusta
168.674	Mentor ehf.	Sérfræðiþjónusta
96.135	Eskill ehf.	Sérfræðiþjónusta
67.613	Securitas hf.	Öryggisþjónusta
43.486	Matís ohf.	Rannsóknarþjónusta
36.203	Landspítali	Rannsóknarþjónusta
26.069	Skýrr ehf.	Rekstrarþjónusta
20.000	Andrea Sompit Siengt	Þýðingarþjónusta
20.000	Grazyna María Okunie	Þýðingarþjónusta
20.000	Alevtina Ólöf Druzina	Þýðingarþjónusta
7.933.655	**Samtals 2009**	

Upphæð kr.	Verksali	Vegna
Árið 2010:		
10.049.616	Landspítali	Rannsókn á inflúensu
335.800	Framkvæmdasýsla ríkisins	Umsjónarþjónusta
219.500	Hildur Sólveig Ragnarsdóttir	Læknisþjónusta, skoðun íbúa á gossvæðinu
216.000	eMR hugbúnaður ehf.	Hugbúnaðarþjónusta
146.393	Sigrún Guðmundsdóttir	Læknisþjónusta, skoðun íbúa á gossvæðinu
136.001	Securitas hf.	Öryggisþjónusta
117.720	Össur Ingi Emilsson	Læknisþjónusta, skoðun íbúa á gossvæðinu
84.245	Bryndís Benediktsdóttir	Læknisþjónusta, skoðun íbúa á gossvæðinu
78.718	Ingi Steinn Ingason	Hugbúnaðarþjónusta
45.000	Gunnar Sigmundsson	Hönnunarþjónusta, bæklingur vegna inflúensu
34.560	Hrafnhildur J. Rafnsdóttir	Læknisþjónusta, skoðun íbúa á gossvæðinu
11.463.553	**Samtals janúar – september 2010**	

Viðfangsefni: 14600 Matskerfi umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma

Árið 2010:		
35.399.435	Stiki ehf.	Kerfisfræðiþjónusta
35.399.435	**Samtals janúar – september 2010**	

Viðfangsefni: 19088 Nefnd um greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu

Árið 2009:		
1.270.468	Framnes ehf.	Kerfisfræðiþjónusta
821.700	Persónuvernd	Vinna tilsjónarmanns Persónuverndar
27.216	Skýrr ehf.	Kerfisfræðiþjónusta
2.119.384	**Samtals 2009**	

Viðfangsefni: 19800 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytisins

Árið 2009:		
1.798.219	Vottun hf.	Úttektarþjónusta
750.000	Andi ehf.	Sérfræðiþjónusta
2.548.219	**Samtals 2009**	

Upphæð kr.	Verksali	Vegna
Viðfangsefni: 69100 Upplýsingatæknimál		
Árið 2009:		
3.583.250	Framnes ehf.	Kerfisfræðiþjónusta. Rafrænir lyfseðlar
2.600.000	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Vegna rafrænnar sjúkraskrár
2.500.000	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Vegna rafrænnar sjúkraskrár
1.829.379	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Vegna þýðingar á heilsuhluta ECDL
67.068	Benedikt Benediktsson	Kerfisfræðiþjónusta
10.579.697	**Samtals 2009**	
Árið 2010:		
8.231.463	eMR hugbúnaður ehf.	Kerfisfræðiþjón. Mánaðargj. fyrir Heklu og tengda þjónustu. Lyfseðlagátt
3.444.350	Framnes	Kerfisfræðiþjónusta. Rafrænir lyf-seðlar
11.675.813	**Samtals janúar – september 2010**	

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

Árið 2009:		
56.109.124	Stiki ehf.	Kerfisfræðiþjónusta
275.200	Ríkiskaup	Útboðsþjónusta
272.550	Lögmannstofa Þorsteins Einarssonar ehf.	Lögfræðiþjónusta
56.656.874	**Samtals 2009**	

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Árið 2009:		
61.973.081	eMR hugbúnaður ehf.	Kerfisfræðiþjónusta
4.395.692	Landspítali, geðsvið	Vegna ráðgjafamiðstöðvar vegna fjármálaáfalla
3.835.970	Túlka- og þýðingarþjónustan ehf.	Túlkaþjónusta
2.089.125	Kögun ehf.	Hugbúnaðargerð
1.200.000	Geðhjálp	Sálfræðiþjónusta
1.170.625	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	Túlkaþjónusta
802.927	InterCultural Íslands ehf.	Túlkaþjónusta
460.000	Ríkiskaup	Úrvinnsla tilboða o.fl.
300.000	Þorgerður Ragnarsdóttir	Sérfræðiþjónusta
10.759	Verkfræðistofa Norðurlands ehf.	Sérfræðiþjónusta
76.238.179	**Samtals 2009**	

Upphæð kr.	Verksali	Vegna
Árið 2010:		
38.775.664	eMR hugbúnaður ehf.	Kerfisfræðiþjónusta
7.617.081	Salus ehf.	Rannsóknarþjónusta
1.624.530	Túlka- og fræðsluþjónusta Alþjóðahúss	Túlkaþjónusta
807.231	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	Túlkaþjónusta
754.697	InterCultural Íslands ehf.	Túlkaþjónusta
449.750	Túlka- og þýðingarþjónustan ehf.	Túlkaþjónusta
285.300	Jafnréttishús ehf.	Túlkaþjónusta
149.090	Stiki ehf.	Kerfisfræðiþjónusta
6.426	Dóróthea Dagný Tómasdóttir	Túlkaþjónusta
50.469.769	**Samtals janúar – september 2010**	

4. *Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt, ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfelli fyrir sig?*

Þegar ný úrlausnarefni og verkefni koma upp er ávallt reynt að leysa þau af sérfræðingum og starfsfólki ráðuneytisins. Flest þau verkefni sem koma upp eru á málefnasviði ráðuneytisins og því ekki sérfræðiþekking fyrir hendi í öðrum ráðuneytum. Ráðuneytið leitar þó oft til undirstofnana þegar vinna þarf ákveðin verkefni og má þar t.d. nefna að ráðuneytið hefur fengið starfsmenn lánaða tímabundið frá Landspítalanum vegna þessa. Oft þarf einnig að kaupa sérfræðiþjónustu utan ríkiskerfisins og geta verið ýmsar ástæður fyrir því. Má þar t.d. nefna að ákveðin sérfræðiþekking sé ekki fyrir hendi hjá ráðuneytinu, mikið álag sé á starfsfólki ráðuneytisins og því þörf á tímabundinni aðstoð eða að mál sé þess eðlis að tryggja þurfi aðkomu hlutlausra aðila t.d. við starfsmannaráðningar.

1084. Svar [444. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um útgjöld til vegaframkvæmda.

1. *Hver hafa verið útgjöld til vegaframkvæmda sl. 10 ár, þ.e. nýframkvæmda við vegi, jarðgöng og brýr, svo og viðhalds.*

Útgjöld til vegaframkvæmda sl. 10 ár, þ.e. til nýframkvæmda við vegi, jarðgöng og brýr, svo og til viðhalds eru sýnd í eftirfarandi töflu.

ár	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Viðhald	2.051,2	2.170,8	2.010,8	2.386,2	2.405,1	3.041,8	3.103,5	3.463,0	4.759,7	4.721,9	4.679,0
Nýframkvæmdir	5.994,8	5.242,0	8.285,4	9.093,7	6.615,6	7.956,1	10.594,4	18.506,2	15.821,6	12.025,7	5.976,0

Skýringar.

Tölur eru í milljónum króna og á verðlagi hvers árs. Heimild fyrir árin 2001–2009 er ríkisreikningur. Heimild fyrir árið 2010 er bókhald Vegagerðarinnar, um er að ræða bráðabirgðatölur. Heimild fyrir árið 2011 er fjárlög.

2. *Hver hafa verið útgjöld til reksturs Vegagerðarinnar án framkvæmda sl. 10 ár, að meðtöldu samgönguráðuneyti og skyldum stofnunum, sundurliðað eftir stofnunum.*

Útgjöld til almenns reksturs Vegagerðarinnar sl. 10 ár að viðbættum útgjöldum til reksturs aðalskrifstofu samgönguráðuneytisins árin 2001–2007, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins árin 2008–2010 og þess hluta innanríkisráðuneytisins sem áður tilheyrði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu árið 2011 eru sýnd í eftirfarandi töflu.

ár	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Vegagerðin, almennur rekstur	471,2	443,8	376,3	351,3	444,9	420,9	517,4	567,9	559,8	548,6	504,6
aðalskrifstofa ráðuneytis	214,1	207,8	234,6	246,0	221,8	303,9	300,5	398,1	455,1	386,2	401,3

Skýringar.

Tölur eru í milljónum króna og á verðlagi hvers árs. Heimild fyrir árin 2001–2009 er ríkisreikningur. Heimildir fyrir árið 2010 eru bókhald Vegagerðarinnar og bókhald aðalskrifstofu ráðuneytis, um er að ræða bráðabirgðatölur. Heimildir fyrir árið 2011 eru fjárlög í tilfelli Vegagerðarinnar og frumvarp til fjárlaga 2011 í tilfelli aðalskrifstofu ráðuneytis.

3. *Hver verða sömu útgjöld vegna ársins 2011?*

Vísað er til svara við 1. og 2. spurningu vegna áætlaðra útgjalda á árinu 2011.

1085. Svar [511. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um niðurskurð mannafla heilbrigðisstofnana.

1. *Hver er áætlaður raunniðurskurður mannafla heilbrigðisstofnana árið 2011, sundurliðað eftir starfsstéttum?*

Í töflu 1 eru upplýsingar sem safnað var til að svara fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar, svar á þskj. 875 – 447. mál, en þar var spurt um fækkun starfa á heilbrigðisstofnunum vegna niðurskurðar í fjárlögum 2011. Gert er ráð fyrir að raunniðurskurður mannafla heilbrigðisstofnana árið 2011 svari til alls 86,7 stöðugilda. Auk sundurliðunar eftir starfsstéttum má í töflunni sjá fækkun starfsmanna og stöðugilda eftir stofnunum og kyni.

Tafla 1

Stofnun:	Fækkun starfsmanna eftir kyni[1]		Fækkun stöðugilda eftir kyni[2]		Fækkun stöðugilda eftir starfsgreinum					Fækkun stöðug. alls
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Læknar	Hjúkrunar-fræðingar	Sjúkra-liðar	Starfsm. í umönnun	Annað	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1	10	1,0	9,7		2,4	0,5	4,4	3,4	10,7
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	3	32	1,7	16,1	0,7	5,6	7,0		4,5	17,8
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja										0,0
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	4	7	1,5	4,8				4,8	1,5	6,3
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	1	11	1,0	13,1		0,8	4,6		8,7	14,1
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	3	10	2,0	9,0	1,0	5,0			5,0	11,0
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	1	3	1,0	2,9			0,2	1,6	2,1	3,9
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	1	10	1,4	8,5		1,4		5,2	3,3	9,9
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	1	1	0,5	1,0					1,5	1,5
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki		2	1,0	6,0	1,0	1,0	1,0	2,0	2,0	7,0
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum		6		4,5		1,5	1,0	1,0	1,0	4,5
Samtals	***15***	***92***	***11,1***	***75,6***	***2,7***	***17,7***	***14,3***	***19,0***	***33,0***	***86,7***

1 *Fjöldi starfsmanna í 10-100% starfi sem missa vinnuna alfarið.*

2 *Talin með lækkun stöðugilda þar sem starf verður áfram að hluta. Lækkun stöðugildis úr 100% í 50% er 0,5.*

Til frekari skýringa og samanburðar eru í töflu 2 upplýsingar úr svari á þskj.138 – 51. máli, um heildarfjölda starfsmanna og stöðugilda á hverri stofnun, ásamt svörum heilbrigðisstofnana um fækkun stöðugilda og reiknuðu hlutfalli þeirra af heildarfjölda stöðugilda.

Tafla 2

Stofnun:	Heildarfjöldi starfsmanna[1]	Fjöldi stöðugilda í dagvinnu[2]	Fækkun stöðugilda alls	Fækkun stöðugilda alls %
Heilbrigðisstofnun Austurlands	364	254	10,7	4,2%
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	379	247	17,8	7,2%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	296	212	0,0	0,0%
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	159	119	6,3	5,3%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	469	295	14,1	4,8%
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	159	103	11,0	10,7%
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	70	50	3,9	7,8%
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	96	56	9,9	17,6%
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	46	29	1,5	5,2%
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	145	105	7,0	6,6%
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	102	69	4,5	6,5%
Samtals	***2.285***	***1.539***	***86,7***	***5,6%***

1 *Fjöldi kennitalna á launaskrá, skv. launakerfi ríkisins m.v. maímánuði 2010*

2 *Dagvinnustöðugildi*

Hver eru áætluð áhrif niðurskurðar sem var frestað til ársins 2012 á mannafla heilbrigðisstofnana, sundurliðað eftir starfsstéttum?

Frestun á niðurskurði var af tvennum toga. Annars vegar var frestað fjórðungi þeirra lækkunar sem fyrirhuguð var 2011 vegna þess hve stutt var í áramót og ljóst að áhrif aðgerða sem snúa að starfsmannahaldi mundu ekki ná fram að ganga fyrr en í apríl 2011. Hins vegar var ákveðið að engin stofnun skyldi standa frammi fyrir meiri samdrætti en sem nam 10% af gildandi fjárlögum.

Heilbrigðisstofnanir hafa ekki kynnt tillögur um niðurskurð fyrir árið 2012, né liggja fjárlagatillögur næsta árs fyrir. Ekki er því hægt að áætla áhrif niðurskurðar 2012 á mannafla fyrr en nánari upplýsingar liggja fyrir. Hægt er þó að fullyrða að þau aðhaldsáform sem frestað var til ársins 2012, ef af þeim verður, leiða ekki til uppsagna nema í litlum mæli á næsta ári.

1086. Svar [443. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um eldri borgara og kynbundna heilbrigðistölfræði

1. *Er kynbundinn munur meðal eldri borgara hvað varðar tíðni a) rangrar og áhættusamrar læknismeðferðar, b) fallslysa, c) vannæringar og d) legusára? Óskað er eftir að niðurstöður verði dregnar út úr fyrirliggjandi gagnagrunnum og gagnasöfnum og settar fram sundurliðaðar.*

a. Upplýsingar um ranga eða áhættusama læknismeðferð liggja ekki fyrir í gagnagrunnum eða gagnasöfnum innan heilbrigðisþjónustunnar.

Með sérstakri úttekt á kvörtunum og kærum sem berast landlæknisembættinu er hægt að fá ákveðnar upplýsingar um tíðni rangrar eða áhættusamrar læknismeðferðar og greina þær upplýsingar eftir kyni.

Í 10. gr. laga um landlækni, nr. 41/2007, er kveðið á um skyldur heilbrigðisstofnana, heilbrigðisstarfsmanna og annarra sem veita heilbrigðisþjónustu að tilkynna landlækni án tafar um óvænt atvik sem valdið hefur eða hefði getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni, svo sem dauða eða varanlegum örkumlum. Rafrænt atvikaskráningarkerfi er á Landspítala og á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Hins vegar er takmarkað hvaða upplýsingar er hægt að fá með rafrænni vinnslu úr fyrirliggjandi gagnagrunnum frá öðrum stofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum. Því er nú unnið að gerð gagnagrunns fyrir allar stofnanir til skráningar á slíkum atvikum.

b, c, og d. Úr Slysaskrá Íslands eru birtar kyn- og aldursskiptar upplýsingar um ýmis slys svo sem umferðarslys, vinnuslys og heima- og frítímaslys, en fallslys eru ekki tilgreind þar. Landlæknisembættið kannaði árið 2005 ítarlega umfang og eðli slysa meðal eldri borgara á Íslandi og byggði á gögnum frá árinu 2003. Þar kemur fram að tíðni slysa meðal kvenna er hærri en meðal karla eftir 65 ára aldur og að fallslys eru algengasta orsök áverka hjá öldruðum, eða 67%. Tíðni fallslysa eykst með hækkandi aldri og virðist konum hættara við þeirri tegund slysa en körlum. Þá verða flest fallslys hjá eldri borgurum á eða við heimili þeirra.

RAI Nursing Home (RAI-NH) er mælitæki sem notað er til að meta hjúkrunarþarfir og heilsufar íbúa á öldrunarstofnunum og gefur upplýsingar um íbúa þeirra. Úr gagnagrunni RAI-NH er hægt að fá upplýsingar um fallslys, þyngdartap og legusár hjá íbúum á öldrunar-

heimilum, skipt eftir kyni. Þessar upplýsingar eru ekki settar fram kynjaskiptar í þeim skýrslum sem reglubundið eru keyrðar út fyrir landlæknisembættið en nú er unnið að breytingum sem eiga að gera embættinu og velferðarráðuneytinu kleift að nýta þessar upplýsingar.

Meðal upplýsinga sem stendur til að birta í reglubundinni skýrslu úr gagnagrunni RAI-NH er sundurliðun fallslysa, vannæringartilvika og legusára eftir kyni.

Árið 2009 var rýnt nákvæmlega í gögn úr gagnagrunni RAI-NH. Þá kom m.a. í ljós að 13% kvenna og 15,4% karla á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum (N=2305) slösuðust við fall síðustu 30 daga áður en RAI-matið fór fram. Einnig kom fram að 8,5% kvenna og 9,7% karla höfðu léttst verulega 30–180 daga áður en RAI-matið var gert og að 11,6% karla og 11,5% kvenna á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum voru með þrýstingssár af stigi 1 (roði) til stigs 4 (djúpt sár).

RAI-Home Care (RAI-HC) er matstæki til að meta þjónustuþörf fólks í heimahúsum. Til stendur að innleiða RAI-HC um allt land en Heimaþjónusta Reykjavíkur, sem annast heimaþjónustu og heimahjúkrun, hefur hafið innleiðinguna. Í gagnagrunni RAI-HC má með sama hætti og í gagnagrunni RAI-NH sjá tíðni fallslysa, legusára og vannæringar hjá einstaklingum í heimahúsum. Alls voru tæplega 500 einstaklingar í Reykjavík og Seltjarnarnesi metnir með þessu mælitæki á árunum 2005–2009 og liggja niðurstöður úr þeim mötum fyrir. Nýlega hafa 200 einstaklingar sem þáðu heimaþjónustu í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og á Selfossi verið metnir með mælitæki RAI-HC og er niðurstaðna að vænta á næstu vikum.

Niðurstöðum úr RAI-HC frá árunum 2005–2009 ber að taka með varúð þar sem þá var verið að prófa mælitækið og því um hentiúrtak að ræða og tímabilið, sem skoðað var, langt. Um var að ræða hóp notenda 67 ára og eldri sem fékk mikla eða miðlungs mikla þjónustu frá Heimaþjónustu Reykjavíkur. Einstaklingarnir voru 482 og meðalaldur 83,9 ár. Konur voru tveir þriðju hlutar hópsins og karlar einn þriðji hluti hans. Niðurstöður sýna að 31,1% kvennanna og 22,4% karlanna höfðu orðið fyrir fallslysi, 7,9% kvennanna og 4% karlanna höfðu lést verulega síðustu 30–180 daga áður en matið var gert, og 6,4% kvennanna og 9,2% karlanna voru með þrýstingssár af stigi 1 (roði) til stigs 4 (djúpt sár).

Þess má geta að tölur um notkun heilbrigðisþjónustu á sjúkrahúsum og í heilsugæslu eru settar fram aldurs- og kynjaskiptar.

2. *Geta niðurstöður heilsufarskannana Lýðheilsustöðvar árið 2007 og 2009 undir nafninu Heilsa og líðan Íslendinga bætt við þá mynd sem gagnasöfn gefa, sbr. 28. tölul. II. kafla þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 2004?*

Niðurstöður umræddra heilsufarskannana hafa verið greindar eftir kyni en ekki sérstaklega fyrir aldurshópinn 67–79 ára, en spurningalistinn var ekki sendur til einstaklinga eldri en 79 ára. Mögulegt er að greina niðurstöðurnar eftir kyni en Lýðheilsustöð telur að áður þyrfti að ákveða og velja fyrir hvaða breytur það yrði gert, þar sem fjöldi breyta í rannsókninni er mikill.

3. *Telur ráðherra mikilvægt að byggja á kynbundnum upplýsingum um eldri borgara á sem flestum sviðum heilbrigðis- og velferðarþjónustu og að efla rannsóknir með tilliti til mismunandi þarfa kynjanna í þeim hópi?*

Ráðherra telur mikilvægt að byggja á kynbundnum upplýsingum um aldraða svo og aðra hópa samfélagsins á sem flestum sviðum velferðarþjónustunnar.

4. *Hvers vegna er ekki minnst á eldri borgara í tillögum ríkisstjórnarinnar að nýrri áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára sem lögð var fram á Alþingi 30. nóvember 2010?*

Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á jafnrétti kynjanna í tillögum að nýrri áætlun í jafnréttismálum og að kynjasjónarhorni sé beitt við alla ákvarðanatöku og stefnumótun er við kemur öllum hópum samfélagsins þ.m.t. eldri borgurum.

1087. Frumvarp til laga [622. mál]

um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum.

Flm.: Vigdís Hauksdóttir.

1. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. og 3. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, er m.a. kveðið á um ríkisfangsveitingar til þeirra sem öðlast ekki íslenskt ríkisfang við fæðingu. Þar kemur fram að ríkisborgararéttur sé annars vegar veittur með lögum og hins vegar með stjórnvaldsákvörðun.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði brott valdheimild 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt þar sem kveðið er á um að Alþingi veiti ríkisborgararétt með lögum. Slík valdheimild verði til framtíðar stjórnvaldsákvörðun á hendi innanríkisráðherra. Innanríkisráðuneytið færi með þær valdheimildir sem tiltækar eru í undanþágum þegar veita þarf þeim ríkisfang sem öðlast ekki íslenskt ríkisfang við fæðingu. Innanríkisráðuneytið býr og yfir öllum upplýsingum um einstakling sem hyggst sækja um íslenskt ríkisfang í samvinnu við lögreglustjóra á dvalarstað umsækjanda og Útlendingastofnun og er því best í stakk búið að taka ákvörðun sem þessa.

Í lokamálslið 1. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að útlendingi verði aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. Ákvæðið kom inn í stjórnarskrá með 4. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995. Fyrir setningu þeirra var kveðið á um að útlendingur gæti ekki fengið ríkisborgararétt nema með lögum. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að með orðalagsbreytingunni sé hinum almenna löggjafa veitt svigrúm til að setja almenn lög um veitingu íslensks ríkisborgararéttar og hefði hann því val um hvort farin yrði sú leið að setja sérstök lög um að veita tilteknum einstaklingum ríkisborgararétt eða fela stjórnvöldum að annast veitingu ríkisborgararéttar. Jafnframt var tekið fram að löggjafinn gæti einnig ákveðið að báðum aðferðum yrði beitt.

Með lögum nr. 62/1998, um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, var ráðherra veitt heimild til að veita útlendingi ríkisborgararétt án þess að umsókn væri lögð fyrir

Alþingi. Í athugasemdum við frumvarpið er vísað til þess að í breytingunni fælist það fyrirkomulag sem vísað hefði verið til í athugasemdum með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995, þ.e. að íslenskur ríkisborgararéttur yrði bæði veittur með lögum og samkvæmt almennri reglu í lögum um ríkisborgararétt.

Líkt og fram kemur í fylgiskjali með frumvarpi þessu nýtur einstaklingur ákveðinna réttinda á grundvelli ríkisborgararéttar síns jafnframt því sem hann ber ákveðnar skyldur gagnvart því ríki hvers ríkisfang hann ber. Sem dæmi má nefna stjórnmálaleg og félagsleg réttindi og landvistarrétt í viðkomandi ríki auk þess sem ríkisborgarar njóta diplómatískrar verndar frá því ríki. Þá er í fylgiskjalinu vísað til þess að meginreglan sé sú að menn öðlist ríkisborgararétt við fæðingu sem byggist fyrst og fremst á ríkisfangi foreldra og/eða fæðingarstað en undantekningar frá þessu séu t.d. ríkisfangsveitingar til ættleiddra barna og erlendra ríkisborgara á grundvelli búsetu.

Lagasetning Alþingis um ríkisborgararétt hefur lengst af gengið vel og hafa fjölmargir einstaklingar öðlast ríkisborgararétt með þeim hætti. Vinnuferlið hefur verið að dómsmálaráðuneytið (nú innanríkisráðuneyti) hefur gefið umsögn til Alþingis, eftir samráð við lögreglustjóra á dvalarstað umsækjanda og Útlendingastofnun. Í þessum umsögnum er lagt mat á hvort einstaklingur uppfylli skilyrði laga um ríkisborgararétt, m.a. hvort hann geti sannað hver hann er, hvort hann hafi brotaferil að baki, hvernig fjölskylduaðstæður hann búi við, hvort hann geti sýnt fram á framfærslu o.s.frv. Þeir þjóðkjörnu fulltrúar sem á Alþingi sitja hafa lengst af tekið tillit til þessara umsagna og farið að ráðgjöf ráðuneytisins. Nú hefur orðið breyting á og í a.m.k. tvígang hefur Alþingi, að tillögu meiri hluta allsherjarnefndar, gengið lengra en ráðuneytið ráðleggur. Til framtíðar getur slíkt skapað mikinn vanda fyrir íslenskt þjóðfélag í heimi þar sem ríkisborgararéttur, sá dýrmæti frumréttur, er ekki eins sjálfsagður og áður var. Geti einstaklingur ekki sannað ríkisfang sitt eru honum allar dyr lokaðar og í seinni tíð hafa hafist ólögleg viðskipti með þennan rétt. Því verða allir að vera á varðbergi í þessu mikilvæga máli og leggja allt af mörkum til að loka fyrir leiðir sem eru á gráu svæði.

Fylgiskjal.

Íris Lind Sæmundsdóttir lögfræðingur:

Um ríkisfangsveitingar Alþingis.

(Árshátíðarrit Orators 2011, bls. 30–31. Ritstj. Inga Skarphéðinsdóttir.)

Á grundvelli ríkisborgararéttar nýtur einstaklingur ákveðinna réttinda jafnframt því sem hann ber ákveðnar skyldur gagnvart því ríki hvers ríkisfang hann ber. Hér má nefna ýmis stjórnmálaleg og félagsleg réttindi, landsvistarrétt í viðkomandi ríki auk þess sem ríkisborgarar njóta diplómatískrar verndar frá því ríki á erlendri grundu.

Meginreglan er sú að einstaklingar öðlast ríkisborgararétt við fæðingu og er hann þá almennt tengdur ríkisfangi foreldra eða fæðingarstað. Helstu undantekningar frá þessu eru ríkisfangsveitingar til ættleiddra barna og erlendra ríkisborgara á grundvelli búsetu. Í gildandi lögum um ríkisborgararétt nr. 100/1952 er m.a. kveðið á um ríkisfangsveitingar til þeirra sem öðlast ekki íslenskt ríkisfang við fæðingu. Þar kemur fram að það sé annars vegar veitt með lögum og hins vegar með stjórnvaldsákvörðun.

Með 6. gr. áður nefndra laga hefur Alþingi fengið sjálfu sér það hlutverk að veita ríkisborgararétt með lögum og með 7. gr. þeirra er framkvæmdarvaldinu, þ.e. innanríkisráðherra, að auki heimilað að veita íslenskan ríkisborgararétt. Í 2. mgr. 7. gr. segir að heimild ráðherra sé bundin við þau mál þar sem vafalaust er að umsækjandi uppfylli lögmælt skilyrði en að ráðherra sé þó ávallt heimilt að vísa umsóknum um ríkisborgararétt til ákvörðunar Alþingis.

Af lögunum má ráða að meginreglan sé sú að Alþingi veitir íslenskan ríkisborgararétt og að innanríkisráðherra geri það einungis í undantekningartilvikum, eða þegar fyrirliggjandi gögn staðfesta með óyggjandi hætti að umsækjandi uppfylli skilyrði laganna. Þau skilyrði sem hér er vísað til er að finna í 8. og 9. gr. laganna. Í 8. gr. er að finna búsetuskilyrði og í 9. gr. er að finna önnur skilyrði, en skv. 1. mgr. beggja ákvæðanna gilda þau um ríkisfangsveitingar ráðherra. Í hvorugu ákvæðanna er tilgreint að Alþingi sé einnig gert að fara eftir þessum sömu skilyrðum þegar það veitir ríkisborgararétt, en líkt og fram kemur í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er alþingismaður eingöngu bundinn við sannfæringu sína. Alþingismennirnir 63 geta því hver og einn ákveðið upp á sitt einsdæmi til hvaða þátta þeir líta við ákvarðanatöku um hvort veita eigi umsækjanda íslenskan ríkisborgararétt með lögum eða ekki. Þar geta ráðið niðurstöðu málefnalegar ástæður, geðþótti, pólitískir hagsmunir, fjárhagslegir hagsmunir eða guð má vita hvað.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er fjallað um þrískiptingu íslensks ríkisvalds. Þar segir m.a. að Alþingi og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið, að forseti og önnur stjórnarvöld fari með framkvæmdarvaldið og að dómendur fari með dómsvaldið. Ákvæðið byggir á þeirri kenningu að hver handhafi fari með sína grein ríkisvaldsins sem hafi það að markmiði að tempra eða takmarka vald hins svo komið sé í veg fyrir að einn handhafi geti viðhaft ofríki eða kúgun gagnvart borgurunum.

Eðlilegt er að velta því upp hvort ákvörðun um ríkisfang eigi heima hjá löggjafanum en við mat á því verður einkum að líta til þess hvers konar ákvörðun um er að ræða. Ákvörðun um veitingu íslensks ríkisborgararéttar er ákvörðun sem beinist að tilteknum einstaklingi og veitir honum, líkt og fram hefur komið, ákveðin réttindi og leggur á hann skyldur hér á landi auk þess sem viðkomandi á tilkall til diplómatískrar verndar af hálfu íslenskra sendiskrifstofa erlendis. Ákvörðunin er bindandi bæði gagnvart viðkomandi einstaklingi og öðrum hér á landi sem erlendis enda verður enginn sviptur íslensku ríkisfangi líkt og fram kemur í 66. gr. stjórnarskrárinnar. Þó að um lagasetningu sé að ræða má í raun segja að í eðli sínu sé ákvörðun um veitingu ríkisborgararéttar bindandi og beinist að einstaklingi, en í framkvæmdarvaldinu felst einmitt m.a. vald til að taka slíkar ákvarðanir.

Alþingi er með lögum um íslenskan ríkisborgararétt veitt heimild til að fara með málefni sem í eðli sínu ætti frekar að vera á verksviði framkvæmdarvaldsins. Þó vissulega sé rétt að löggjafinn taki í sumum tilvikum þátt í meðferð framkvæmdarvaldsins þá má deila um hvort rétt sé að hann fari með ákvarðanir um tiltekna einstaklinga sem sækja um íslenskan ríkisborgararétt. Háværar raddir hafa verið uppi í samfélaginu um að valdhöfunum verði mörkuð skýrari skil og að skýrlega verði greint á milli þeirra þannig að þeir fari ekki með valdheimildir sem rétt væri að aðrir handhafar ríkisvaldsins færu með. Þátttaka Alþingis í meðferð framkvæmdarvalds er frávik frá meginreglunni í 2. gr. stjórnarskrárinnar um að það fari með löggjafarvaldið. Samkvæmt því ætti Alþingi aðeins að taka þátt í meðferð framkvæmdarvalds í hreinum undantekningartilvikum.

Um ríkisfangsveitingar eiga að gilda skýr og hlutlæg skilyrði og geðþótti á aldrei að geta ráðið því hvernig umsókn einstaklings um svo mikilvæg réttindi er meðhöndluð. Stjórnvöld eiga ávallt að fara eftir hlutlægum og skýrum skilyrðum við meðferð mála og þau eiga ekki

í neinum tilvikum að geta tekið ákvarðanir um réttindi fólks byggðar á geðþótta. Það er því kominn tími til að endurskoða lög nr. 100/1952 og afnema þær heimildir sem Alþingi fer með samkvæmt þeim til ríkisfangsveitinga og færa þær alfarið í hendur framkvæmdarvaldsins.

1088. Tillaga til þingsályktunar [623. mál]

um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan.

Flm.: Mörður Árnason, Róbert Marshall.

Alþingi felur umhverfisráðherra að undirbúa stofnun þjóðgarðs við norðanverðan Breiðafjörð, á svæðinu milli Þorskafjarðar og Vatnsfjarðar. Ráðherra lýsi undirbúningi sínum fyrir Alþingi í formi lagafrumvarps eða skýrslu fyrir árslok 2011.

Greinargerð.

Að undanteknum Hornströndum er ekki mikið um náttúrufriðlönd á Vestfjarðakjálkanum og þar er engan þjóðgarð að finna. Fá svæði henta jafnvel fyrir þjóðgarð og landið á milli Þorskafjarðar og Vatnsfjarðar við norðanverðan Breiðafjörð, sem sjálfur nýtur sérstakrar verndar (lög nr. 54/1995) ásamt eyjum, hólmum, skerjum og fjörum.

Landsvæði þjóðgarðsins sem hér er lagður til nær frá vestanverðum Þorskafirði um Djúpafjörð, Gufufjörð, Kollafjörð, Kvígindisfjörð, Skálmarfjörð, Vattarfjörð, Kerlingarfjörð, Mjóafjörð, Kjálkafjörð og Vatnsfjörð, þar sem þegar er friðland, og svo langt upp í dali og hálendi að norðan sem hæfa þykir. Um er að ræða suðurhluta hinna gömlu Gufudalssveitar og Múlasveitar, nú í Reykhólahreppi sem nær yfir alla hina fornu Austur-Barðastrandarsýslu, og austasta hluta Barðastrandarhrepps gamla í vestursýslunni, nú í Vesturbyggð.

Eðlilegt er að helstu starfsstöðvar þjóðgarðsins, gestamóttaka og fræðslusetur séu annars vegar vestan garðsins, í Flókalundi og á Brjánslæk, með ferjusamgöngum til Flateyjar og Stykkishólms, og hins vegar að austanverðu í Bjarkalundi og á Reykhólum, en þaðan og frá Stað á Reykjanesi eru einnig farnar ferðir út á Breiðafjörð. Þá er stutt á Látrabjarg, á syðstu firði hinna eiginlegu Vestfjarða, og yfir á Strandir.

Náttúrufar á svæðinu á milli Þorskafjarðar og Vatnsfjarðar er afar sérstætt, þröngir firðir og dalir, og hálendi milli fjarða og ofan dala. Gróðurfar er fjölbreytt, kjarrgróður víða mikill, aðallega birki, gulvíðir og loðvíðir, skógarnir fagurlega „skreyttir reynitrjám“ sem setja svip á kjarrið og rísa upp úr birkinu með ljósgrænu laufi á sumrin og stórum hvítum blómklösum. Víðáttumestur þessara skóga er Teigsskógur, eitt mesta samfellt skóglendi Vestfjarða. Blómgróður er mikill enda beit sauðfjár lítil sem engin. Sjaldgæfar jurtir eru til dæmis krossjurt, ferlaufungur og skollaber. Firðirnir frá austri til vesturs eru allbreytilegir, sumir djúpir og langir en aðrir stuttir og grunnir, og á milli þeirra ýmist fjöll eða hálsar, svo sem Hjallaháls og Klettsháls.

Jarðmyndanir eru fjölbreyttar á svæðinu og eru þar þekktir fundarstaðir steingervinga og surtarbrands en að auki er töluvert um kristalla, t.d. geislasteina.

Berjaland er geysimikið, aðalbláber, bláber, krækiber og hrútaber, og mjög farið til berja á haustin. Á þeim tíma er litadýrð í hlíðum, rauðir litir reynis og bláberjalyngs í bland við

gulan blæ af birki og víðitegundum en skærir appelsínurauðir litir skógviðarbróður og fjalldrapa kóróna dýrðina. Þótt Barmahlíð sé austan fyrirhugaðs þjóðgarðs á lýsing Jóns Thoroddsens vel við um svæðið allt:

Hlíðin mín fríða
hjalla meður græna
og blágresið blíða
og berjalautu væna,
á þér ástaraugu
ungur réð eg festa,
blómmóðir besta!

Veðursæld er mikil í fjörðunum enda gott skjól fyrir norðanáttum og lega landsins móti suðri lætur vel við sól.

Fuglalíf er mikið. Af landfuglum ber rjúpuna hæst og er hér óvenjulega algeng – en henni fylgir svo fálkasveit. Ernir verpa og er byggð þeirra óvenju þétt. Í eyjunum eru stórar byggðir teistu, lunda, toppskarfs og dílaskarfs. Þá er nokkuð um hinn norræna hvítmáv sem mjög hefur fækkað að undanförnu, og má meðal annars finna byggðir hans í Skálmarnesmúla. Vor og haust er mikil umferð farfugla um svæðið, og koma rauðbrystingar, sanderlur og tildrur við þúsundum saman á leið til Grænlands.

Í verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn yrðu þessi náttúruverðmæti tryggð til frambúðar og bæði almenningi og fræðimönnum tryggður að þeim aðgangur.

Útivist og náttúruskoðun hefur verið að eflast smám saman á þjóðgarðssvæðinu að undanförnu. Göngufólk er að uppgötva þetta land þótt enn sé lítið um merktar gönguleiðir, en síðustu ár hafa firðirnir einnig orðið kjörsvæði kajakræðara. Margir koma til berjatínslu og töluvert er um rjúpnaskyttur á haustin. Nokkuð er einnig um áhugamenn um sjaldgæfar steintegundir. Við stofnun þjóðgarðs er sjálfsagt að byggja á þessum gestum og sjá fyrir þörfum þeirra með fræðslu og leiðbeiningum, aðstöðu og regluverki sem hjálpar hverjum hópi að njóta náttúru og útiveru án þess að einn spilli fyrir öðrum.

Þjóðgarður í fjörðunum við Breiðafjörð norðanverðan eykur áhuga á ýmsum friðlöndum og náttúruundrum í næsta nágrenni. Þar er helst að nefna Breiðafjarðareyjar og fuglasvæði í Borgarlandi og við Reykhóla, vestur af þjóðgarðinum Látrabjarg og Rauðasand, og síðan syðsta hluta hinna eiginlegu Vestfjarða, ekki síst Arnarfjörð, þar sem meðal annars stendur yfir uppbygging á Hrafnseyri. Að sjálfsögðu tengist þjóðgarðurinn síðan sívaxandi ferðasvæði í Dölum og um allt Snæfellsnes.

Núverandi atvinnurekstur á svæðinu er einkum búrekstur á um tug býla, og getur allur haldið áfram við stofnun þjóðgarðs með sérstökum samningum við bændur. Hefðbundin nýting lands og sjávar eykur gildi þjóðgarðsins fyrir ferðafólk, og þjóðgarðsstofnun gæti styrkt þar hefðbundinn búrekstur sem ekki síst byggist á hlunnindabúskap, fuglatekju, æðarrækt og sjósókn. Þjóðgarði fylgir einnig atvinnuuppbygging til framtíðar. Þar þarf starfsfólk og þjónustu við ferðamenn í þjónustu- og fræðslumiðstöðvum. Núverandi verslunarrekstur eflist, svo sem í Bjarkalundi, Reykhólum, Flókalundi og á Brjánslæk. Einnig er auðséð að byggðin í Flatey mundi njóta góðs af og á Patreksfirði ykjust komur ferðafólks að sér sækja þjónustu.

Samgöngur – jarðgöng.

Mikilsvert er að samgöngum um þjóðgarðssvæðið sé gefinn sérstakur gaumur við undirbúning þjóðgarðsins og haft um það samráð við samgönguyfirvöld. Samgöngubætur eru brýnar á leiðinni úr Dölum og til þorpanna þriggja við syðstu firði vestra, en þess verður að gæta að framkvæmdir spilli ekki náttúrugæðum. Við stofnun þjóðgarðs þarf að leysa til frambúðar vanda sem nú er uppi í þessum efnum, einkum austast á fyrirhuguðu þjóðgarðssvæði.

Sem kunnugt er var svokallaðri B-leið fjarðaþverana og eyðileggingar Teigsskógar við Þorskafjörð hafnað bæði í undirrétti og fyrir Hæstarétti. Fræðimenn og stofnanir sem láta sér annt um umhverfismál voru sammála um verndargildi Teigsskógar og fjarðanna sem átti að þvera, Djúpafjarðar og Gufufjarðar, þar á meðal Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Umhverfis- og náttúruverndarfélög voru einnig sammála að vernda ætti svæðið, svo sem Landvernd, Fuglaverndarfélag Íslands, Náttúruvaktin, Náttúruverndarsamtök Íslands og Græna netið. Skógrækt ríkisins tók svo til orða um áhrif framkvæmdanna á Teigsskóg að þar væri í uppsiglingu „mesta samfellda skógareyðing sem átt hefur sér stað vegna framkvæmda hér á landi í seinni tíð“ (bréf til Skipulagsstofnunar 30. nóvember 2005).

Náttúruvaktin lét kanna vegabætur með öðrum hætti en rætt var um. Þar var skoðuð sú leið að bæta núverandi veg og leggja nýjan veg um Ódrjúgsháls líkt og Vegagerðin hafði upphaflega lagt til, en fara milli Þorskafjarðar og Djúpafjarðar í göngum undir Hjallaháls og milli Gufufjarðar og Kollafjarðar í göngum undir Gufudalsháls.

Nú hefur vegurinn út Kollafjörð að austan verið byggður upp og má þá heita að göng undir Gufudalsháls séu úr sögunni í bili. Hugmyndin um göng undir Hjallaháls (2,8 km) er hins vegar í fullu gildi og mundi losa vegfarendur við verulegan farartálma á vetrum en kostnaðurinn væri minni en við B-leiðina, og miklum mun minni þegar tekið er tillit til náttúruverðmæta sem tapast við leið B. Hér er á ferð frambúðarkostur í samgöngum um svæðið og fellur vel að þjóðgarðsrekstrinum.


Botnshnúkur
Lónfellshnúkur
Lónfall
Þröskuldar
Þingmannaheiði
Kjálkafjarðarlangur
Kjálkafjörður
Kerlingarfjörður
Vatnsfjörður
Vattarfjörður
Skálmarfjörður
Kollafjörður
Djúpafjörður
Gufufjörður
Þorskafjörður
Gráðvík
Engey
Hellisey
Skálmarnes
Skálmarnesmúli
Skálanes
Skarfaklettur
Miðleiðarsker
Skáleyjar
Sauðeyjar
Reykjanes
Reykhólar
Karlsey
Hélgeyjarlönd
Reiphólsfjöll
Reykjanesfjall
Hjallaháls
Gufudalur
Djúpadalur
Kollafjörður
Klettshálsi
Draugagil
Rauðaborg
Geddúvatn
Krókavatn
Kjálkavatn
Hvannahlíðarfjall
Rauðafell
Djúpadalsfjall
Vaðalfjöll
Hríshólar
Borg
Háaborg
Berufjörður
Króksfjörður
Hríseyjar
Skálanes
Svínanes
Svínanesfjall
Bæjarnesfjall
Bæjarnes
Múlafjall
Kálfadalur
Fjarðarhorn
Kirkjuból
Kirkjubólsdalur
Selsker
Selskersel
Auðnaöxl
Hjarðarnes
Fossafjall
Núpur
Fossá
Auðshaugur
Flókalundur
Uppsalir
Litlanes
Vatnsdalur
Hólmur
Ódrjúgshals
Brekka
Hofstaðir
Skáldstaðir
Hríshóll
Kinnarstaðir
Bjarkalundur
Hafrafell
Seljanes
Nónborg
Árbær
Stóðir
Hamarland
Miðjanes
Skerðingsstaðir
Höfðastaðir
Miðhús
Gröf
Hallsteinsnes
Hvammsstaðir
Gilsfjarðar
Kleifastaðir
Gaflara
Fremri-Gufudalur
Múli
Eyri
Hellisheiði
Þorskafjarðarheiði
Lómatjörn
Vatnsfjörður
Rauðsdalur
Arnórsstaðir
Neðri-Rauðsdalur
Botnsheiði
Lónfell
Bellafjall
Tröllatindur
Hólmur
Vatnsdalur
Vattarnesfjall
Vattarnes
Illugastaðir
Kigindisfjörður
Skálmarnesdalur
Skálmarnesmúlafjall
Kleifastaðir
Bæjarnes
Múlafjall
Fjarðarhorn
Kálfadalur
Múli
Eyri
Fremri-Gufudalur
Gufudalur
Djúpidalur
Myrarlandsfjall
Hellisheiði
Gröf
Hofstaðir
Skáldstaðir
Hríshóll
Kinnarstaðir
Bjarkalundur
Hafrafell
Seljanes
Borg
Háaborg
Nónborg
Árbær
Stóðir
Hamarland
Miðjanes
Skerðingsstaðir
Höfðastaðir
Miðhús
Reykjanesfjall
Reykjanes
Reykhólar
Karlsey
Hélgeyjarlönd
Hríseyjar
Skálanes
Svínanes
Svínanesfjall
Bæjarnesfjall
Bæjarnes
Múlafjall
Kálfadalur
Fjarðarhorn
Kirkjuból
Kirkjubólsdalur
Selsker
Selskersel
Auðnaöxl
Hjarðarnes
Fossafjall
Núpur
Fossá
Auðshaugur
Flókalundur
Uppsalir
Litlanes
Vatnsdalur
Hólmur
Ódrjúgshals
Brekka

Flokkun þjóðgarðsins.

Við náttúruvernd er almennt nýtt flokkun Alþjóða-náttúruverndarsamtakanna, IUCN. Vel kæmi til greina að flokka verndarsvæðið við norðanverðan Breiðafjörð sem þjóðgarð af flokki 1A, sem hérlendis eru oft kölluð *friðlönd*, en einnig er rétt að kanna kost IV (*vistkerfi*) – sem skilgreind eru sem verndarsvæði með afnotastýringu. Ekkert slíkt svæði er nú rekið á Íslandi en segja má að hlutar Vatnajökulsþjóðgarðs dragi dám af þessum flokki, sbr. 2. gr. laganna um hann (lög nr. 60/2007) þar sem gefinn er kostur á samningum um sjálfbæra nýtingu samfara vernd og útivist.

1089. Frumvarp til laga [202. mál]

um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 22. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skulu þeir uppfylla almenn hæfisskilyrði héraðsdómara.
b. 5. málsl. 1. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1090. Þingsályktun [155. mál]

um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2009 og nr. 126/2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 22. mars 2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2009, frá 3. júlí 2009, og nr. 126/2010, frá 10. nóvember 2010, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/915/EB um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB.

1091. Þingsályktun [236. mál]

um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010 og nr. 124/2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

(Afgreidd frá Alþingi 22. mars 2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010, frá 30. apríl 2010, og nr. 124/2010, frá 10. nóvember 2010, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar lýsigögn og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf.

1092. Svar [423. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um úrskurð Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð við gagnaver í Reykjanesbæ.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvenær er að vænta úrskurðar Eftirlitsstofnunar EFTA um hvort í stuðningi við gagnaver í Reykjanesbæ, sbr. lög nr. 57/2010, um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, felist óeðlileg ríkisaðstoð?

Samkvæmt 62. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, skal Eftirlitsstofnun EFTA fylgjast með öllum áformum um að veita ríkisaðstoð eða breyta henni, með það í huga að þau samrýmist 61. gr. EES-samningsins. Samkvæmt bókun 3 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ber aðildarríkjum að tilkynna stofnuninni um fyrirhugaða ríkisaðstoð og bíða samþykkis eftirlitsstofnunarinnar áður en aðstoðin er veitt.

Allar tilkynningar íslenskra stjórnvalda um fyrirhugaða ríkisaðstoð eru sendar á formlegan hátt í gegnum fjármálaráðuneytið og hefur ráðuneytið umsjón með gerð og meðhöndlun tilkynninganna, svo og þeim samskiptum sem eiga sér stað áður eða í kjölfarið á milli íslenskra stjórnvalda og eftirlitsstofnunarinnar þar til viðkomandi máli er lokað.

Eftirlitsstofnun EFTA var hinn 27. ágúst 2010 tilkynnt formlega um fyrirhugaða ríkisaðstoð í tengslum við gagnaver Verne í Reykjanesbæ, sbr. lög nr. 57/2010. Áður höfðu viðræður við stofnunina vegna hinna fyrirhuguðu ráðstafana staðið yfir síðan í desember 2009.

Með ákvörðun dags. 3. nóvember 2010, að lokinni forathugun á málinu, hóf eftirlitsstofnunin formlega rannsókn á þeim ráðstöfunum sem tilkynntar voru af stjórnvöldum í ágúst sama ár. Í ákvörðuninni var m.a. kveðið á um að íslensk stjórnvöld skyldu leggja fram allar þær upplýsingar og þau gögn sem nauðsynleg væru til þess að leggja mat á samrýmanleika ráðstafananna. Í kjölfarið komu stjórnvöld upplýsingum á framfæri um ráðstafanirnar, um-

fram það sem stofnuninni hafði þegar verið látið í té, og var það gert m.a. í samráði við forsvarsmenn fyrirtækisins.

Með opnun formlegrar rannsóknar, í samræmi við 4. mgr. 4. gr. II. hluta bókunar 3 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, kallar stofnunin jafnframt eftir athugasemdum frá aðilum sem telja sig málið varða. Almennur frestur til þess að senda stofnuninni athugasemdir í máli Verne rann út hinn 28. febrúar 2011, líkt og m.a. kemur fram á vef stofnunarinnar, www.eftasurv.int.

Formlegri rannsókn ber að ljúka með ákvörðun, sbr. 7. gr. II. hluta bókunar 3. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem borist hafa frá stjórnvöldum og eftir atvikum frá öðrum aðilum mun stofnunin meta hvort hinar fyrirhuguðu ráðstafanir samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Verði niðurstaðan að svo sé mun stofnunin ákvarða að aðstoðin samrýmist framkvæmd samningsins („jákvæð ákvörðun“) en telji stofnunin að hin tilkynnta aðstoð samrýmist ekki framkvæmd EES-samningsins skal hún ákvarða að aðstoðin komi ekki til framkvæmda („neikvæð ákvörðun“). Fram kemur í 6. mgr. 7. gr. II. hluta bókunar 3 að Eftirlitsstofnun EFTA skuli leggja allt kapp á að taka ákvörðun innan 18 mánaða frá því að formleg rannsókn hefst.

Ekki er ljóst hvenær niðurstaða stofnunarinnar muni liggja fyrir en með vísan til þeirrar áherslu sem íslensk stjórnvöld hafa lagt á að meðferð málsins verði flýtt má vænta ákvörðunar á næstu mánuðum.

1093. Svar [411. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um gervigrasvelli og gúmmíkurl úr notuðum dekkjum sem innihalda krabbameinsvaldandi efni og önnur eiturefni.

Spurningar hafa vaknað um notkun kurlaðra gúmmídekkja sem fyllingarefni á gervigrasvöllum. Dekk geta innihaldið ýmiss konar hættuleg efni, svo sem arsen, ýmsa þungmálma, PAH, PCB, þalöt og fenól og því hafa vaknað upp spurningar um möguleg áhrif á heilsufar og umhverfi af slíkri notkun.

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á þessu atriði í nágrannalöndum okkar, en niðurstöður þeirra gefa til kynna að notkun gúmmíkurls úr notuðum dekkjum á gervigrasvöllum hafi ekki í för með sér áhrif á heilsu þeirra sem stunda íþróttir á slíkum völlum. Þó kunni að vera einhver hætta á að ofnæmisviðbrögð gagnvart efnum í gúmmíinu geti komið fram hjá einstaklingum viðkvæmum fyrir ofnæmi. Einnig gefa þessar rannsóknir til kynna auknar líkur á myndun svifryks á völlum þar sem kurluð bíldekk eru notuð og það geti haft áhrif til myndunar astma þegar til lengri tíma er litið. Rannsóknir hafa einnig leitt í ljós að hættuleg efni geta komist út í umhverfið í einhverju magni, með sigvatni frá völlunum, við verstu mögulegu aðstæður. Hægt er að koma í veg fyrir slík áhrif með viðeigandi mengunarvörnum, svo sem frárennsliskerfi. Þetta málefni hefur verið í umræðu annars staðar á Norðurlöndum. Í Danmörku hafa ekki verið gefnar út sérstakar leiðbeiningar og í upplýsingum sem finna má á heimasíðu Miljöstyrelsen kemur fram að ekki sé heilsufarsleg áhætta af notkun gervigrasvalla þar sem endurunnin bíldekk eru notuð sem fyllingarefni. Í Svíþjóð og Noregi hafa verið gefin út tilmæli þar sem mælst er til þess að gúmmíkurl úr endurunnum bíldekkjum sé ekki notað sem fyllingarefni á nýjum gervigrasvöllum. Ekki er hvatt til þess að loka þeim gervi-

grasvöllum sem þegar eru í notkun, en þegar þurfi að endurnýja eða bæta við fyllingarefni á þeim völlum er mælst til þess að hættuminni efni séu notuð. Minnt er á ábyrgð framleiðenda og innflytjenda gervigrasvalla að vinna að því að vellirnir séu öruggir fyrir menn og umhverfi. Tilmælin hafa orðið til þess að notkun gúmmíkurls úr endurunnum bíldekkjum á nýjum íþróttavöllum í þessum löndum hefur minnkað umtalsvert. Þó er ljóst að þörf er á meiri þekkingu á áhrifum gúmmíkurls úr endurunnum dekkjum á heilsufar og umhverfi og það er á ábyrgð framleiðenda og innflytjenda efna að sýna fram á að vörur þeirra uppfylli kröfur um að þær skaði ekki heilsu manna eða umhverfi.

1. *Telur ráðherra koma til greina að gefa út tilmæli, að fyrirmynd Svía, um að við viðhald gervigrasvalla sem eru með gúmmíkurli úr notuðum dekkjum verði ávallt notað hættulaust efni?*

Í tilefni fyrirspurnarinnar hefur ráðuneytið ákveðið að fara þess á leit við Umhverfisstofnun að gefin verði út almenn tilmæli, að fyrirmynd Svía, um að við viðhald gervigrasvalla sem eru með gúmmíkurli úr notuðum dekkjum verði ávallt leitast við að nota hættuminni efni.

2. *Telur ráðherra líklegt að slík tilmæli mundu fækka þeim gervigrasvöllum hérlendis þar sem notað er gúmmíkurl úr notuðum dekkjum á sama hátt og í Svíþjóð, en þar hefur slíkum völlum fækkað úr 91% í um 40% á síðustu fjórum árum?*

Telja má líklegt að slík tilmæli mundu fækka þeim gervigrasvöllum hérlendis þar sem notað er gúmmíkurl úr notuðum dekkjum

3. *Telur ráðherra koma til greina að gefa út tilmæli um að gúmmíkurl úr notuðum dekkjum sem innihalda krabbameinsvaldandi efni og önnur eiturefni verði ekki á nýjum gervigrasvöllum?*

Ráðuneytið mun fara þess á leit við Umhverfisstofnun að útbúin verði almenn tilmæli þar sem hvatt er til þess að við uppsetningu á nýjum gervigrasvöllum verði leitast við að nota ekki endurunnin bíldekk heldur leitast við að nota hættuminna efni. Unnar verði leiðbeiningar og tilmæli til rekstraraðila þeirra sem reka gervigrasvelli þar sem hvatt er til þess að við endurnýjun vallanna verði leitast við að skipta út endurunnum bíldekkjum fyrir hættuminna gúmmíkurl. Jafnframt þarf að minna framleiðendur og innflytjendur gervigrasvalla á ábyrgð sína um að sýna fram á að vörur sem þeir setja á markað uppfylli kröfur um að þær skaði ekki heilsu manna eða umhverfi. Mikilvægt er að leitað verði eftir samvinnu við Íþróttasamband Íslands og Knattspyrnusamband Íslands um að farið verði eftir þessum tilmælum.

4. *Hyggst ráðherra láta kortleggja hvar þeir gervigrasvellir eru þar sem notað er gúmmíkurl úr notuðum dekkjum með krabbameinsvaldandi efnum og öðrum eiturefnum? Mun ráðherra jafnframt beita sér fyrir því að þær upplýsingar verði gerðar almenningi kunnar?*

Knattspyrnusamband Íslands hefur upplýsingar um sparkvelli og aðra gervigrasvelli hér á landi, hvort sem þeir eru innan húss eða utan. Í samvinnu við íþróttahreyfinguna þarf að safna upplýsingum um þá gervigrasvelli á landinu þar sem notuð eru endurunnin gúmmídekk og fylgjast með hvort farið sé að tilmælum. Ráðuneytið mun óska eftir því við Umhverfis-

stofnun að stofnunin afli þeirra upplýsinga og tryggi að almenningur fái reglulega upplýsingar um stöðuna.

1094. Nefndarálit [337. mál]

um till. til þál. um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og henni borist umsagnir frá Nexus – rannsóknarvettvangi fyrir öryggis- og varnarmál, Háskólanum á Akureyri, Íslandsdeild Norðurlandaráðs, Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins, Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Þá fékk nefndin á sinn fund Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Gunnar Gunnarsson og Jónas Allansson frá utanríkisráðuneyti, Stefán B. Sigurðsson, rektor Háskólans á Akureyri, Níels Einarsson, forstöðumann stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, Margréti Cela, Gústav Pétursson og Vilborgu Ásu Guðjónsdóttur frá Nexus – rannsóknarvettvangi fyrir öryggis- og varnarmál, Ólaf S. Ástþórsson frá Hafrannsóknastofnuninni, Trausta Baldursson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Hermann Guðjónsson og Gísla Viggósson frá Siglingastofnun, Helga Jensson frá Umhverfisstofnun og Þórönnu Pálsdóttur og Halldór Björnsson frá Veðurstofu Íslands.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að fylgja meginstefnu í málefnum norðurslóða í ellefu tölusettum liðum sem miða að því að tryggja hagsmuni Íslands með tilliti til áhrifa loftslagsbreytinga, umhverfis- og auðlindamála og siglinga og samfélagsþróunar, auk þess að efla tengsl og samstarf við önnur ríki og hagsmunaaðila um málefni svæðisins. Helstu þættir stefnunnar eru: að tryggja stöðu Íslands sem strandríkis innan norðurskautssvæðisins hvað varðar áhrif á þróun og alþjóðlegar ákvarðanir um málefni svæðisins á grundvelli lagalegra, efnahagslegra, vistfræðilegra og landfræðilegra raka; að efla skilning á því að norðurslóðir ná bæði yfir norðurskautið og þann hluta af Norður-Atlantshafssvæðinu sem er nátengdur því; að efla og styrkja Norðurskautsráðið sem mikilvægasta samráðsvettvanginn um málefni norðurslóða og vinna að því að alþjóðlegar ákvarðanir um málefni norðurslóða séu teknar þar; að byggja á hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna við úrlausn álitaefna sem upp kunna að koma í tengslum við norðurslóðir; að styrkja og auka samstarf við Færeyjar og Grænland með það fyrir augum að efla hag og pólitískt vægi landanna þriggja; að styðja réttindi frumbyggja á norðurslóðum í nánu samstarfi við samtök þeirra og styðja beina aðild þeirra að ákvörðunum um málefni svæðisins; að byggja á samningum og stuðla að samstarfi við önnur ríki og hagsmunaaðila um málefni er varða hagsmuni Íslands á norðurslóðum; að gæta öryggishagsmuna í víðu samhengi á norðurslóðum á borgaralegum forsendum og vinna gegn hvers konar hervæðingu norðurslóða; að byggja upp viðskiptasamstarf ríkja á norðurslóðum og búa þannig í haginn að Íslendingar geti keppt um þau atvinnutækifæri sem verða til í kjölfar aukinna efnahagsumsvifa á norðurslóðum; að leggja rækt við að auka þekkingu Íslendinga á málefnum norðurslóða og að kynna Ísland erlendis sem vettvang fyrir fundi, ráðstefnur og umræður um norðurslóðir; að auka innlent samráð og samstarf um málefni

norðurslóða til að tryggja aukna þekkingu á vægi norðurslóða, lýðræðislega umræðu og samstöðu um framkvæmd norðurslóðastefnu stjórnvalda.

Aukið vægi norðurslóða.

Nefndin fagnar fram kominni tillögu um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða og telur hana tímabæra í ljósi vaxandi alþjóðlegs áhuga á svæðinu. Málefni norðurslóða verða sífellt mikilvægari fyrir ríki við og á norðurskautinu og raunar sýna önnur ríki og ríkjasambönd svæðinu aukinn áhuga. Loftslagsbreytingar og hlýnun svæðisins hafa m.a. gert það að verkum að aðgangur að náttúruauðlindum eins og olíu, gasi, málmum og fiskstofnum hefur aukist en talið er að stór hluti ónýttra auðlinda olíu, gass og kola sé að finna á botni Norður-Íshafs. Þá er viðbúið að siglingaleiðir, sem hingað til hafa verið ófærar vegna hafíss, muni opnast á næstu áratugum. Siglingaleiðirnar sem um ræðir ná frá Norður-Atlantshafi til Kyrrahafs yfir Norður-Íshafið. Annars vegar er um að ræða norðvestursiglingaleiðina sem liggur milli Kanada og Grænlands og þaðan í gegnum norðurhluta Kanada og hins vegar norðaustursiglingaleiðina með fram ströndum Rússlands. Mikilvægi siglingaleiðanna felst í því að siglingatíminn milli Asíu og Vesturlanda styttist verulega.

Nefndin minnir á að málefni norðurslóða hafa verið ofarlega á baugi í starfi nefndarinnar og í öðru alþjóðastarfi Alþingis. Í því sambandi má nefna sérstakan starfsdag nefndarinnar um málefni norðurslóða sem fram fór í Stofnun Vilhjálms Stefánssonar (SVS) á Akureyri 25. ágúst sl., en við það tækifæri hélt nefndin velheppnaða málstofu með þátttöku sérfræðinga frá SVS, Háskólanum á Akureyri, Háskóla Íslands og utanríkisráðuneyti. Á þeim fundi afgreiddi utanríkismálanefnd þingsályktunartillögu um alþjóðlega ráðstefnu á Akureyri um málefni heimskautasvæðanna. Þá hafa alþingismenn sinnt málefnum norðurslóða af krafti á vettvangi þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál, Norðurlandaráðs og Vestnorræna ráðsins. Enn fremur hafa fulltrúar Alþingis haft frumkvæði að því að vinna skýrslur og standa fyrir málstofum um málaflokkinn innan þingmannanefndar EFTA, þingmannanefndar EES og NATO-þingsins.

Mikilvægi Norðurskautsráðsins.

Nefndin er í öllum meginatriðum sammála þeim áherslum sem fram koma í þingsályktunartillögunni en gerir þó nokkrar tillögur um breytingar. Réttmætt er að leggja áherslu á að efla Norðurskautsráðið sem mikilvægasta samráðsvettvanginn um málefni norðurslóða og vinna að því að alþjóðlegar ákvarðanir um málefni svæðisins séu teknar þar. Áfram ber að vinna á móti því að einstök ríki taki sig saman um að útiloka önnur frá mikilvægum ákvörðunum og vinna þar með gegn Norðurskautsráðinu og öðrum norðurskautsríkjum, þar á meðal Íslandi. Á þessari forsendu hafa íslensk stjórnvöld mótmælt kröftuglega svokölluðum fimm ríkja fundum strandríkja við Norður-Íshaf sam haldnir hafa verið í tvígang árin 2008 og 2010. Til að hnykkja enn frekar á áherslu Íslands á að Norðurskautsráðið fái aukið pólitískt vægi telur nefndin rétt að þau viðhorf komi strax fram í upphafi stefnunnar og gerir breytingartillögu þar um.

Samstarf við Færeyjar og Grænland.

Nefndin tekur undir áherslur í tillögunni um að styrkja og auka samstarf við Færeyjar og Grænland með það fyrir augum að efla hag og pólitískt vægi landanna þriggja. Í greinargerð segir að samskipti Íslands og Grænlands hafi eflst á síðustu árum með auknu pólitísku samráði og vaxandi viðskiptum. Þá hafa samskipti Íslands og Færeyja verið náin á flestum

sviðum, einkum á sviði menningar og viðskipta. Á undanförnum fimm árum hafa orðið tímamót í samskiptunum með gildistöku Hoyvíkursamningsins svonefnda um fríverslun, en hann er víðtækasti viðskiptasamningur sem Ísland hefur gert.

Réttindi frumbyggja á Norðurslóðum.

Mikilvægt er að styðja við réttindi frumbyggja á norðurslóðum í nánu samstarfi við samtök þeirra og tryggja beina aðild þeirra að ákvörðunum um málefni svæðisins eins og gert er ráð fyrir í tillögunni. Í greinargerð með henni segir að sem smáþjóð og málsvarar mannréttinda eigi Íslendingar að styðja réttindi frumbyggja á norðurslóðum og stuðla að því að þeir komi að ákvarðanatöku í öllum þeim málum sem snerta samfélög þeirra hvort sem um er að ræða pólitíska, félagslega, menningarlega, efnahagslega eða umhverfislega hagsmuni.

Nefndin tekur undir þetta sjónarmið og gerir jafnframt tillögu um viðbætur þess efnis að stuðlað skuli að varðveislu hinnar sérstöku menningar og lífshátta frumbyggja sem þróast hafa á norðurslóðum. Nefndin vekur einnig athygli á að einhverja mikilvægustu heimild um lífskjör og stöðu samfélaga frumbyggja á norðurslóðum er að finna í Þróunarskýrslu norðurslóða (Arctic Human Development Report) sem út kom árið 2004. Skýrslan var samin í samvinnu 90 vísindamanna frá ríkjum Norðurskautsráðsins og var ritstjórn og samræming í höndum Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Vinna er hafin að nýrri þróunarskýrslu og gegnir stofnunin sama lykilhlutverki við vinnslu hennar en skýrslan er væntanleg árið 2014.

Loftslagsbreytingar og umhverfisvernd.

Eins og fyrr sagði er þess vænst að með hlýnun norðurslóða og bráðnun íshellunnar á norðurskautinu stóraukist efnahagsleg umsvif á svæðinu hvort sem um ræðir nýtingu náttúruauðlinda eða skipaumferð. Nefndin leggur áherslu á að í þessum breytingum felst vandi jafnt sem tækifæri. Vistkerfi norðurslóða eru viðkvæmari en víðast hvar á jarðríki og Íslendingar reiða sig öðrum þjóðum fremur á hin viðkvæmu náttúrugæði. Það er því lífsspursmál fyrir Ísland, sem mundi standa berskjaldað fyrir stórum umhverfis- og mengunarslysum á norðurslóðum, að leggja þunga áherslu á verndun lífríkis, ábyrga umgengni og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda þegar efnahagsleg umsvif aukast á svæðinu. Verður þetta stóra hagsmunamál seint nógsamlega áréttað.

Að sama skapi leggur nefndin áherslu á að Ísland hljóti að skipa sér fremst í fylkingu þeirra sem berjast gegn loftslagsbreytingum af manna völdum og orsökum þeirra enda getur frekari hlýnun haft ófyrirséðar afleiðingar á vistkerfi sjávar umhverfis Ísland og þar með lifibrauð lands og þjóðar. Í því skyni ber að vinna að því að efla vitund þjóða á þeim hættum sem örri bráðnun heimskautaíssins fylgir fyrir umhverfi, vistkerfi og náttúru norðurslóða. Bregðast þarf við loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á vettvangi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og með samstarfi um aðgerðir er draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Nefndin minnir á að undir lok formennskutíðar Íslands í Norðurskautsráðinu árið 2004 var gefin út skýrsla um áhrif loftslagsbreytinga á norðurskautssvæðinu, *Arctic Climate Impact Assessment* (ACIA). Skýrslan er fyrsta svæðisbundna allsherjarrannsókn á loftslagsbreytingum sem birt hefur verið eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður. Skýrslan vakti mikla athygli og hefur verið notuð sem grunnur að alþjóðlegri umræðu um loftslagsbreytingar á norðurslóðum. Í henni kemur m.a. fram að áætlað er að þær loftslagsbreytingar sem eiga sér stað á 10 ára tímabili á norðurslóðum gerist á 25 ára tímabili annars staðar. Hitastig á norðurslóðum hækkar að jafnaði tvisvar sinnum hraðar en annars staðar í heiminum. Nefndin gerir þá breytingartillögu að nýr töluliður bætist við til-

lögu að ályktunartexta þar sem barátta gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra, bætt velferð íbúa og samfélaga, þ.m.t. búsvæða dýra og plantna, og sjálfbærni í efnahagsstarfsemi á norðurslóðum er undirstrikuð og vægi þessa þáttar þannig aukið frá því sem tillagan gerir nú ráð fyrir.

Efnahagsleg tækifæri.

Nefndin leggur áherslu á aðgerðir gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum og verndun lífríkis norðurslóða og leggur jafnframt áherslu á að mikilvægt sé að Íslendingar geti nýtt atvinnumöguleika sem skapast með breytingum á svæðinu. Eins og segir í greinargerð búa íslenskt atvinnulíf og stofnanir yfir þekkingu, tækni og reynslu sem fellur vel að samfélags- og umhverfisaðstæðum á svæðinu. Nefndin tekur undir áherslur í tillögunni um að byggja upp viðskiptasamstarf ríkja á norðurslóðum og búa þannig í haginn að Íslendingar geti keppt um þau atvinnutækifæri sem verða til í kjölfar aukinna efnahagsumsvifa á norðurslóðum. Í því sambandi er hugmynd um að stofna viðskiptaráð norðurslóða til að efla viðskiptasamstarf norðlægra fyrirtækja og atvinnugreina einkar áhugaverð svo og áhersla á að nýta þá möguleika sem felast í vistvænni og menningartengdri ferðaþjónustu á norðurslóðum.

Aukin þekking um norðurslóðamál.

Nefndin styður það markmið sem fram kemur í tillögunni að auka þekkingu Íslendinga á málefnum norðurslóða og að kynna Ísland erlendis sem vettvang fyrir fundi, ráðstefnur og umræður um norðurslóðir. Í greinargerð með tillögunni segir m.a. að sérstaklega þurfi að efla þátttöku íslenskra fræðimanna og stofnana í alþjóðlegu samstarfi um norðurslóðavísindi, svo sem innan Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar og í starfi vinnuhópa Norðurskautsráðsins. Þá segir að unnið skuli að því að koma á fót og efla rannsóknasetur og menntastofnanir um norðurslóðir á Íslandi í samstarfi við önnur ríki, ríkjasambönd og annan samvinnuvettvang þjóða. Loks segir að unnið sé að uppbyggingu alþjóðlegrar norðurslóðamiðstöðvar í tengslum við Háskólann á Akureyri. Nefndin tekur undir þessar áherslur enda hefur hún kynnt sér það öfluga og metnaðarfulla norðurslóðastarf sem fram fer víða hér á landi, t.d. hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, innan veggja Háskólans á Akureyri og víðar. Nefndin telur þó ráðlegt að byggja á þeirri sérfræðiþekkingu og stofnunum sem fyrir eru í stað þess að koma nýjum á fót eins og gert er ráð fyrir í tillögunni. Nefndin gerir því breytingartillögu í þá veru að vinna beri að því að efla og styrkja miðstöðvar, rannsóknarsetur og menntastofnanir um norðurslóðir á Íslandi í samstarfi við önnur ríki og alþjóðastofnanir. Áherslan er því á að byggja á þeirri árangursríku starfsemi sem fyrir er þó ekki sé útilokað að byggja upp nýjar stofnanir standi haldbær rök til þess.

Eftirlit og vöktun hafsvæða.

Nefndin hefur kynnt sér umfangsmikið starf innlendra stofnana um málefni norðurslóða. Má þar nefna vöktun siglingasvæðisins í kringum Ísland vegna siglinga, öryggis og mengunar sjávar á vegum Siglingastofnunar Íslands, vöktun miðanna á svæðum í kringum Ísland á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, vöktunarverkefni og verndunarverkefni um friðlýst svæði á vegum Náttúrufræðistofnunar, eftirlit með mengun til hafs á vegum Umhverfisstofnunar, vöktun og samstillt viðbrögð milli Umhverfisstofnunar og Landhelgisgæslu þegar mengunar verður vart og rannsóknarverkefni á vegum Veðurstofu Íslands, m.a. um hafís og áhrif hans á veðurfar.

Vegna stærðar hafsvæðisins í kringum Ísland er þörf fyrir alþjóðlegt samstarf til vöktunar og eftirlits. Mörg af fyrrgreindum verkefnum, og fleiri raunar, eru því unnin í margvíslegu samstarfi við alþjóðastofnanir og önnur ríki, m.a. innan ýmissa alþjóðasamninga svo sem: samningsins um verndun líffræðilegrar fjölbreytni o.fl., loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna, samningsins um verndun Norðaustur-Atlantshafs (OSPAR-samningsins), Kaupmannahafnarsamkomulags allra Norðurlanda um sameiginlega búnað og viðbrögð við mengun, samstarfs í vinnuhópum Norðurskautsráðsins, samstarfs á vegum Alþjóðaveðurstofunnar og vinnuhóps í hafveðurfræði, Siglingastofnunar Evrópu, Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, Alþjóðahafrannsóknaráðsins, Alþjóðahvalveiðiráðsins og Norðuratlantshafsspendýraráðsins (NAMMCO).

Innlent samráð.

Að mati nefndarinnar má enn efla og styrkja innlent samráð og samstarf milli aðila um málefni norðurslóða og tekur nefndin undir áherslur þess efnis í tillögunni. Ljóst er að á Íslandi er til mikil þekking á málefnum norðurslóða, en svo virðist sem bæta mætti samráð og samstarfið innan lands til að vísindaleg þekking komist sem víðast og sé nýtt til fullnustu. Mundi þetta verða til að tryggja aukna þekkingu á vægi norðurslóða, lýðræðislega umræðu og samstöðu um framkvæmd norðurslóðastefnu stjórnvalda eins og segir í tillögunni. Mætti vel nýta samvinnunefnd um málefni norðurslóða í enn ríkari mæli í þessu augnamiði.

Að síðustu vill nefndin undirstrika að mótun formlegrar stefnu Íslands í málefnum norðurslóða er löngu tímabær og ljóst er að með auknu vægi svæðisins verði málefni norðurslóða eitt af forgangsverkefnum í utanríkisstefnu Íslands um langa framtíð.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Helgi Hjörvar voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Bjarni Benediktsson.
Ólöf Nordal.	Birgitta Jónsdóttir.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
	Álfheiður Ingadóttir.	

1095. Framhaldsnefndarálit [547. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar eftir 2. umræðu og hefur fengið á sinn fund Gunnhildi Gunnarsdóttur frá Íbúðalánasjóði, Hall Magnússon frá Búmönnum, Gísla Örn Bjarnhéðinsson frá Búseta og Benedikt Sigurðarson frá Búseta á Norðurlandi.

Eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar um málið (þskj. 998) lækkar niðurfærsla veðskulda samkvæmt frumvarpinu sem nemur veðrými á aðfararhæfum eignum. Nokkur umræða hafði verið um að ákveða svokallað fríeignarmark, þ.e. að horfa fram hjá eignum eða veðrými að tiltekinni hámarksfjárhæð við ákvörðun niðurfærslunnar. Meiri hlutinn áréttar þá afstöðu að ekki sé unnt að réttlæta það að setja með þessum hætti fríeignarmark vegna annarra eigna lántaka umfram það sem getur í samkomulaginu enda kallar slíkt á frekari kostnað ríkisins.

Nefndin ræddi jafnframt að nýju um málefni húsnæðissamvinnufélaga og greiðsluvanda þeirra og var þeim sjónarmiðum hreyft fyrir nefndinni að lækkun lána húsnæðissamvinnufélaga væri í samræmi við markmið frumvarpsins sem væri m.a. að lækka greiðslubyrði heimila. Lækkun lána húsnæðissamvinnufélaga mundi þannig leiða til lægra búsetugjalds og lækka greiðslubyrði þeirra heimila sem væru í búsetaíbúð. Meiri hlutinn ítrekar að markmið með niðurfærslu skulda í samræmi við frumvarpið er að draga úr yfirveðsetningu eigna og lækka greiðslubyrði heimila og stuðla þannig að minni vanskilum við lánastofnanir. Eitt af meginmarkmiðum samkomulagsins, sem liggur til grundvallar frumvarpinu, eru aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila þar sem ákveðið var að færa niður skuldir til samræmis við verðmæti íbúðarhúsnæðis. Yfirveðsetning er vissulega til staðar hjá lögaðilum, svo sem húsnæðissamvinnufélögum, en hún er ekki til staðar hjá þeim sem keypt hefur búseturétt og býr í búsetuíbúð. Kjósi einstaklingur í búsetuíbúð að segja upp búseturétti sínum kemur ekki til þess að hann sitji uppi með skuldir umfram verðmæti búseturéttar síns líkt og lántakendur með yfirveðsetta eign fái þeir ekki niðurfærslu lána sinna. Úrræðið er enn fremur sniðið að því að horfa til tekna og eigna einstaklinga og eðli málsins samkvæmt er ekki unnt að beita þeim viðmiðum á félög. Meiri hlutinn áréttar því þá afstöðu sem fram kom í fyrra nefndaráliti um málið að vinna þarf heildstætt úr greiðsluvanda félaga og líta m.a. til skuldaþols, rekstrarvirðis, nýtingar, reksturs, leigusamninga og hagræðingarmöguleika í samræmi við 6. mgr. 47. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998. Í ljósi þeirra athugasemda sem komið hafa fram og sérstöðu húsnæðissamvinnufélaga beinir meiri hlutinn þeim tilmælum til velferðarráðuneytis að það hraði slíkri vinnu og telur jafnframt mikilvægt að skoðaðar verði allar leiðir í þessu efni, m.a. hvort unnt sé að beita sambærilegum reglum og í fyrirliggjandi frumvarpi á lán húsnæðissamvinnufélaga. Í ljósi sérstöðu húsnæðissamvinnufélaganna og mikilvægis þeirra fyrir fjölbreytni á húsnæðismarkaði mun meiri hlutinn leggja áherslu á að fylgja málinu eftir og óska eftir fundi með ráðuneytinu hið fyrsta um málefni þeirra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með áorðnum breytingum.

Ásmundur Einar Daðason og Unnur Brá Konráðsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. mars 2011.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, form., frsm.	Ólafur Þór Gunnarsson.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Guðmundur Steingrímsson.	Valgerður Bjarnadóttir.	Árni Þór Sigurðsson.

1096. Breytingartillögur [337. mál]

við till. til þál. um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Eftirfarandi breytingar verði á 2. mgr.:
   a. Í stað orðanna „eftirfarandi meginþætti“ í inngangsmálslið komi: eftirfarandi tólf meginþætti.
   b. 3. tölul. færist framar og verði 1. tölul.
   c. Á eftir 7. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Að vinna með öllum ráðum gegn loftslagsbreytingum af manna völdum og áhrifum þeirra og tryggja þannig bætta velferð íbúa og samfélaga á norðurslóðum. Ísland beiti sér í hvívetna fyrir því að við aukin efnahagsleg umsvif á norðurslóðum verði stuðlað að sjálfbærri nýtingu auðlinda og gætt að ábyrgri umgengni um hin viðkvæmu vistkerfi og verndun lífríkis. Einnig skal stuðlað að varðveislu hinnar sérstöku menningar og lífshátta frumbyggja sem þróast hafa á norðurslóðum.
   d. 2. málsl. 8. tölul. orðist svo: Efla ber samstarf Íslands við önnur ríki um viðbúnað til eftirlits, leitar, björgunar og mengunarvarna á norðurslóðum.
   e. 10. tölul. orðist svo: Að auka þekkingu Íslendinga á málefnum norðurslóða og að kynna Ísland erlendis sem vettvang fyrir fundi, ráðstefnur og umræður um norðurslóðir. Vinna ber að því að efla og styrkja miðstöðvar, rannsóknarsetur og menntastofnanir um norðurslóðir á Íslandi í samstarfi við önnur ríki og alþjóðastofnanir.
2. Á eftir orðunum „hlutaðeigandi ráðuneyti“ í 3. mgr. komi: sem og sérfræðistofnanir og samtök um málefni Norðurslóða.

1097. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Ásgeirsson fyrir hönd áhugahóps um úrbætur á fjármálakerfinu, Elínu Jónsdóttur frá Bankasýslu ríkisins, Guðmund Kára Kárason, Helgu Jónsdóttur og Kjartan Gunnarsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Gísla Örn Kjartansson, Halldóru Elínu Ólafsdóttur, Lindu Rut Kristófersdóttur, Ólaf E. Friðriksson og Tómas Sigurðsson frá Fjármálaeftirlitinu, Björgúlf Jóhannsson frá Icelandair Group, Áslaugu Guðjónsdóttur, Hreiðar Bjarnason, Jón Guðna Ómarsson, Jónu Björk Guðnadóttur, Ólaf Frímann Gunnarsson og Ólaf Haraldsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Ragnar Sigurðarson og Tryggva Pálsson frá Seðlabanka Íslands, Vilhjálm Bjarnason frá Samtökum fjárfesta og Eirík Elís Þorláksson, Guðrúnu Þorleifsdóttur og Sigrúnu Helgadóttur frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta.

Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá Alþýðusambandi Íslands, Áhugahópi um úrbætur á fjármálakerfinu, Bankasýslu ríkisins, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Icelandair Group hf., Landssamtökum lífeyrissjóða, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sparisjóða, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjárfesta, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta og Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarp sama efnis var lagt fyrir 138. löggjafarþing en varð ekki útrætt (255. mál). Með frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Innstæðutryggingakerfi hefur m.a. það hlutverk að tryggja innstæður almennra innstæðueigenda fyrir skakkaföllum sem þeir geta orðið fyrir vegna greiðsluþrots innlánsstofnana. Aðgangur að innstæðum er í raun grundvöllur þess að greiðslumiðlunarkerfið virki, þannig að ekki komi til vanskila vegna skorts á lausafé.

Í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 komu fram margvíslegir gallar á gildandi lögum, nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Lögin byggjast á eftirfarandi tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins: 94/19/EB um innlánatryggingakerfi og 97/9/EB um bótakerfi fyrir fjárfesta. Markmið þeirrar fyrrnefndu er að tryggja innstæður innstæðueigenda upp að vissu marki gegn greiðsluerfiðleikum viðskiptabanka og sparisjóða. Þar er kveðið á um að samanlögð innlán hvers innstæðueiganda séu tryggð upp að 20 þús. evrum verði innlánin ekki tiltæk. Í hinni síðarnefndu er mælt fyrir um samræmdar reglur um lágmarksvernd fyrir fjárfesta sem eiga kröfu á hendur fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnanir í tengslum við viðskipti með verðbréf gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis. Verði frumvarp þetta að lögum verður einnig tekin upp í íslenskan rétt tilskipun 2009/14/EB um breytingar á tilskipun um innlánatryggingakerfi. Sú tilskipun hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Í síðastnefndu tilskipuninni eru lagðar til nokkrar breytingar á tilskipuninni um innlánatryggingakerfi, m.a. sú að hækka tryggingarfjárhæðina í 100 þús. evrur sem og stytta frest sjóðanna til að greiða út tryggingarféð í 20 daga.

Markmið frumvarpsins, sbr. 1. gr. þess, er að veita innstæðueigendum innlánsstofnana og viðskiptavinum fyrirtækja í verðbréfaþjónustu vernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fjármálastofnunar. Í þessu skyni er innlánsstofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu

skylt að greiða iðgjald til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Til að einfalda framsetninguna eru ákvæði frumvarpsins um vernd innstæðueigenda annars vegar og hins vegar fjárfesta í sér köflum enda byggist efni þeirra hvor á sinni tilskipun, sbr. framangreint. Í 3. gr. frumvarpsins er sérstaklega kveðið á um að sjóðurinn njóti ekki ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum í skilningi laga um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997.

Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins starfar sjóðurinn í þremur deildum, tveimur innstæðudeildum og verðbréfadeild. Deildirnar hafa samkvæmt frumvarpinu aðskilinn fjárhag og reikningshald og bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hvor annarrar. Þá greiðist rekstrarkostnaður af eignum sjóðsins í samræmi við hlutfall hverrar deildar í heildarkostnaði. Innstæðudeildirnar eru tvær A-deild og B-deild en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeirri síðarnefndu verði að meginstefnu ætlað að starfa eftir gildandi lögum nr. 98/1999. Þegar greiðslu skuldbindinga B-deildar er lokið skal hún lögð niður. A-deild er ætlað að vera hin nýja innstæðudeild. Verði frumvarpið að lögum skulu innlánsstofnanir greiða iðgjald til sjóðsins frá gildistöku laganna.

Ákvæði 10. gr. frumvarpsins um iðgjöld til sjóðsins eru talsvert breytt frá gildandi lögum. Lagt er til að iðgjald innlánsstofnana hækki verulega, sbr. 2. mgr., þar sem mælt er fyrir um að iðgjald nemi á ársgrundvelli fjárhæð sem svari 1% allra innstæðna sem njóta tryggingaverndar hjá viðkomandi innlánsstofnun. Í gildandi lögum er hlutfallið 0,15%. Meiri hlutinn leggur til breytingu á hlutfallstölu iðgjaldsins sem verður gerð grein fyrir síðar í áliti þessu. Í 3. og 4. mgr. greinarinnar er lagt til að innlánsstofnanir greiði breytilegt iðgjald af tvennum toga. Annars vegar iðgjald sem er tengt markaðshlutdeild viðkomandi innlánsstofnunar og hins vegar iðgjald sem tekur mið af áhættustuðli sem Fjármálaeftirlitið reiknar út. Meiri hlutinn leggur til fleiri breytingar á greininni sem verður nánar gerð grein fyrir síðar. Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn teljist fullfjármagnaður þegar eignir A-deildar nema að lágmarki 4% tryggðra innstæðna og er stjórn sjóðsins þá heimilt að lækka hið almenna iðgjald eftir að hafa leitað álits Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Tilhögun greiðslna er einnig breytt samkvæmt frumvarpinu en lagt er til að iðgjald greiðist ársfjórðungslega í stað þess að greitt sé eftir á fyrir nýliðið ár. Ekki er gert ráð fyrir greiðslum í sjóðinn fyrir árið 2010. Lögð er til talsverð hækkun tryggingaverndar innstæðueigenda. Samkvæmt gildandi lögum nemur lágmarkstryggingavernd rúmum 20.000 evra en ekkert hámark er á verndinni. Skv. 12. gr. frumvarpsins er fallið frá því að kveða á um lágmarkstryggingu og í staðinn kveðið á um hámarkstryggingu sem nemur jafnvirði 100.000 evra. Heildarfjárhæð tryggðra greiðslna hvers innstæðueiganda úr A-deild nemur því heildarfjárhæð tryggðra innstæðna hans en þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur jafnvirði 100.000 evra.

Ákvæði um verðbréfadeild sjóðsins eru í IV. kafla frumvarpsins. Verðbréfadeildin tryggir fjárfestum vernd vegna glataðra verðbréfa og reiðufjár, sbr. 17. gr. frumvarpsins. Heildareign verðbréfadeildar skal skv. 18. gr. frumvarpsins nema að lágmarki 200 millj. kr. sem taki breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Hámarksgreiðsla úr verðbréfadeild nemur jafnvirði 20.000 evra.

Ákvæði um stjórn sjóðsins eru nokkuð breytt frá gildandi lögum. Gerð er tillaga um að stjórnarmönnum verði fækkað úr sex í þrjá. Þeir skulu skipaðir af efnahags- og viðskiptaráðherra, formaður án tilnefningar og hinir tveir af Seðlabanka Íslands og samstarfsnefnd háskólastigsins. Ársfundur skal haldinn fyrir lok mars ár hvert og rétt til fundarsetu skulu eiga fulltrúar þeirra sem greiða iðgjöld í sjóðinn, fulltrúar hagsmunasamtaka þeirra, fulltrúar hagsmunasamtaka viðskiptamanna þeirra og fulltrúar opinberra aðila. Í 27. gr. er mælt fyrir um að stjórn sjóðsins ákveði fjárfestingarstefnu hans og að ávöxtun á fé sjóðsins skuli miðast

við að hann geti sem best sinnt hlutverki sínu. Í þessu sambandi er vert að árétta meginmarkmið frumvarpsins um vernd hagsmuna neytenda. Fjárfestingarstefnan skal kynnt á ársfundi sem skal auglýstur opinberlega og gefst því þeim sem sækja fundinn kostur á að gera athugasemdir við fjárfestingarstefnuna. Fjárfestingarstefnan þarf að vera sveigjanleg og í sífelldri endurskoðun og því óheppilegt að lögfesta ákvæði um hana. Hún verður m.a. að taka mið af þeim innstæðum sem eru í innlánsstofnunum á hverjum tíma. Þá verður sjóðurinn að geta innleyst eignir á tiltölulega skömmum tíma án þess að það hafi of mikil markaðsáhrif og geta fjárfest erlendis þar sem markaðir eru virkari og stærri. Í gildandi reglugerð um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 120/2000, segir að ávöxtun á fé sjóðsins skuli miðuð við að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu og að lágmarki fjórðungur af fé sjóðsins skuli bundinn í verðbréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Í dönskum lögum um sama efni segir að kveðið skuli á um fjárfestingarstefnu sjóðsins í samþykktum hans. Hvorki er kveðið á um fjárfestingarstefnu tryggingarsjóðs innstæðueigenda í norskri löggjöf né í þeirri sænsku.

Við umfjöllun um málið komu fram athugasemdir um að aðskilnaður A- og B-deildar sjóðsins væri ekki nægilega vel tryggður sem gæti leitt til þess að þeir sem ættu rétt á greiðslum úr einni deild gætu krafist greiðslu frá annarri deild einnig. Fordæmi eru fyrir því, svo sem úr eldri rétti sem og úr dönskum rétti að tryggingarsjóðir starfi í fleiri deildum en einni. Í 1. mgr. 6. gr. er kveðið á um að sjóðurinn starfi í þremur sjálfstæðum deildum. Innstæðudeildir eru tvær og auk þess starfar verðbréfadeild við sjóðinn. Þess er sérstaklega getið í lokamálslið greinarinnar að A- og B-deildir hafi aðskilinn fjárhag og reikningshald og beri ekki ábyrgð á skuldbindingum hvor annarrar. Þá er í 8. gr. kveðið á um að sjóðurinn verði hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né sé heimilt að gera aðför í eignum hans. Í 16. gr. er sérstaklega mælt fyrir um að eignir og skuldbindingar innstæðudeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta samkvæmt gildandi lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta muni við gildistöku frumvarpsins tilheyra sérstakri deild, þ.e. B-deild. Sömuleiðis er í ákvæði til bráðabirgða III við frumvarpið mælt er fyrir um að þrátt fyrir ákvæði 30. gr. muni lög, nr. 98/1999, gilda áfram um B-deild vegna ábyrgða sem kunni að hafa fallið á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku þessa frumvarps.

Meiri hlutinn bendir á að ekki sé raunhæft að stefna að því að byggja upp innstæðutryggingarsjóð sem geti mætt kerfisáfalli. Mjög kostnaðarsamt yrði að miða stærð sjóðsins við það að mæta slíku áfalli. Gert er ráð fyrir að upphæð innstæðna sem tryggðar verði samkvæmt þessu frumvarpi séu um 500 milljarðar kr. og yrði þá sú upphæð að vera til reiðu í sjóði til að mæta kerfishruni. Möguleiki tryggingarsjóða innstæðueigenda til endurtryggingar vegna kerfisáhættu er enn ekki í boði á Evrópska efnahagssvæðinu en slíkt kerfi mundi auðvelda þjóðum með hlutfallslega fáa og stóra banka að mæta slíkri áhættu. Á meðan endurtryggingarmöguleikinn er ekki til staðar er afar mikilvægt að regluverkið og ekki síst eftirlitskerfið dragi úr líkum á kerfisáhættu. Það má því segja að ábyrgðarkerfið sem er fyrir hendi um innstæður feli í sér nokkrar varnarlínur. Í fyrsta lagi lög um fjármálafyrirtæki sem er ætlað að tryggja traustan rekstur fjármálafyrirtækja. Í öðru lagi ákvæði laga um hlutverk Fjármálaeftirlitsins við eftirlit með einstökum fyrirtækjum og heimildir til afskipta af rekstri þeirra. Í þriðja lagi er það eftirlit Seðlabanka Íslands með öryggi kerfisins í heild, fjármálastöðugleika sem er ætlað að koma í veg fyrir að erfiðleikar í rekstri einstakra fjármálafyrirtækja leiði til falls annarra fyrirtækja eða raski efnahagslegu öryggi ríkisins. Löggjöf sem varðar fjármálamarkaðinn hefur verið og/eða verður endurbætt í þeim tilgangi að bæta úr ágöllum sem hafa orðið ljósir.

Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn teljist fullfjármagnaður þegar eignir A-deildar nema að lágmarki 4% tryggðra innstæðna og er stjórn sjóðsins þá heimilt að lækka hið almenna iðgjald eftir að hafa leitað álits Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Benda má á í þessu sambandi að meiri hlutinn leggur til breytingu sem gerð verður grein fyrir síðar þess efnis að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið leggi til að hið almenna iðgjald verði lækkað. Ríkisstjórnin lýsti því yfir 9. desember 2009 að yfirlýsing hennar frá 3. febrúar sama ár væri enn í fullu gildi, þ.e. að allar innstæður í innlendum bönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi væru tryggðar. Fram kom að yfirlýsingin yrði ekki dregin til baka fyrr en nýtt íslenskt fjármálakerfi, með breyttri umgjörð, hefði sannað sig og þá yrði gefinn aðlögunartími. Núverandi fyrirkomulag innstæðutryggingarinnar sem byggist á lögum frá 1999 um innstæðutryggingar og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í október 2008 tryggja nánast allar innstæður í íslenskum bönkum. Ástæða þessarar víðtæku innstæðutryggingar er að nánast engin innlán eru undanþegin tryggingavernd og ekkert þak er á þeirri fjárhæð sem nýtur verndar. Með frumvarpinu er tryggingaverndin takmörkuð með því að undanskilja svokölluð heildsöluinnlán og lágmarkstryggingarupphæðin hækkuð úr 20.889 evrum í 100.000 evrur sem jafnframt verður hámarksupphæð tryggðra innlána. Þess má geta að um 95% innstæðueigenda eiga minna en sem nemur 15 milljónum kr. í innlánsstofnunum. Enn fremur eru iðgjaldagreiðslur innlánsstofnana í sjóðinn hækkaðar verulega til að flýta sjóðsmyndun. Því má gera ráð fyrir að samþykkt þessa frumvarps muni auðvelda ríkisstjórninni að afnema í áföngum yfirlýsinguna um fulla innstæðutryggingu án þess að innlánsstofnanir verði fyrir áhlaupi.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Lagðar eru til orðalagsbreytingar á nokkrum ákvæðum ýmist til lagfæringar eða til að gæta samræmis í framsetningu.

Í 2. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningar hugtaka, þ.m.t. á hugtakinu innstæða. Þar er sérstaklega tekið fram að peningamarkaðsinnlán teljist ekki til innstæðu. Nokkuð var rætt um það við umfjöllun um málið hvort peningamarkaðsinnlán ættu að teljast til innstæðu eða ekki. Peningamarkaðsinnlán hafa verið fjárfestingarkostur fyrir stærri fjárfesta en virðast hins vegar nú orðið standa nær öllum viðskiptavinum innlánsstofnana til boða. Meiri hlutinn leggur til breytingu í þá veru að fella peningamarkaðsinnlán brott úr upptalningu á því sem ekki teljist til innstæðu svo að þau falli undir vernd almenna tryggingakerfisins. Er þetta m.a. gert til að raska ekki stöðu bundinna skammtíma innlána. Þá leggur meiri hlutinn til breytingu á skilgreiningu á hugtakinu heildsöluinnlán til að ljóst sé að innlán þar sem samið er sérstaklega um kjör og tímalengd teljist vera heildsöluinnlán. Lagt er til að felld verði brott tilvísun til þess að um innlán fjármálafyrirtækja, félagasamtaka og stofnana þurfi að vera að ræða til að innlán teljist vera heildsöluinnlán. Heildsöluinnlán standa almennum sparifjáreigendum að jafnaði ekki til boða og eru skilmálar þeirra ekki staðlaðir.

Lagt er til að Samtök fjárfesta tilnefni einn stjórnarmann í stað samstarfsnefndar háskólastigsins og er því lögð til breyting á 4. gr.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á 10. gr. Lagt er til að 2. mgr. 10. gr. falli brott og því verði ekki um markaðshlutdeildartengt iðgjald að ræða. Því verði iðgjöld tvenns konar, almennt iðgjald og áhættuvegið iðgjald. Talið er að áhættuvegið iðgjald eitt og sér nái þeim markmiðum sem stefnt er að, þ.e. að innlánsstofnanir greiði þeim mun hærra iðgjald sem í starfsemi þeirra felst meiri áhætta fyrir sjóðinn. Í frumvarpinu er lagt til að iðgjald innlánsstofnunar í sjóðinn verði 1% innstæðna sem njóta tryggingaverndar. Tillaga um hlutfallið 1% á rætur að rekja til breytingartillögu meiri hluta viðskiptanefndar við fyrra frumvarp

efnahags- og viðskiptaráðherra um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (þskj. 1286 á 138. löggjafarþingi) þar sem tillaga þess frumvarps um 0,3% iðgjald þótti ekki til þess fallið að tryggja hraða sjóðsmyndun og að það mundi því taka of langan tíma fyrir sjóðinn að ná traustvekjandi stærð. Við umfjöllun um málið í nefndinni hefur því þó verið hreyft að 1% iðgjald gæti leitt til aukins vaxtamunar þar sem skattbyrði innlánsstofnana hefur verð þyngd á sama tíma og skyldur þeirra hafa aukist. Með lögum, nr. 75/2010, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, sem voru samþykkt síðastliðið vor, voru Fjármálaeftirlitinu fengnar auknar eftirlitsheimildir með eftirlitsskyldum aðilum auk þess sem hert var á ýmsum ákvæðum, svo sem áhættustýringu, ábyrgð innri endurskoðunar aukin, hert eftirlit með útlánum o.s.frv. Lögunum er ætlað að draga úr líkum á falli eða greiðsluþroti fjármálafyrirtækja. Þá hafa verið sett lög um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nr. 155/2010, sem nemur 0,041% af heildarskuldum fjármálafyrirtækis. Meiri hlutinn leggur því til að í 2. mgr. 10. gr. verði kveðið á um að hið almenna iðgjald nemi sem svari 0,3% á ári af öllum innstæðum viðkomandi lánastofnunar öðrum en þeim sem eru undanþegnar tryggingavernd á grundvelli 14. gr. frumvarpsins. Lagt er til breytt orðalag á ákvæði 4. mgr. 10. gr. Ekki er talið tímabært að lögfesta nákvæman útreikning á áhættustuðli enda hafa slíkar tillögur um útreikning á áhættustuðli ekki komið til framkvæmda í Evrópusambandinu. Ákvörðun um áhættustuðul telst til meiri háttar ákvarðana sem stjórn Fjármálaeftirlitsins á að taka. Eðlilegt er að Fjármálaeftirlitið birti opinberlega þau viðmið sem liggja til grundvallar ákvörðun um áhættustuðul svo að innlánsstofnanir geti hagað rekstri sínum í samræmi við það. Þá er lögð til breyting á 6. mgr. og 10. mgr. 10. gr. í þá veru að Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands leggi til við sjóðinn að viðbótariðgjald skuli innheimt (6. mgr.) eða að iðgjald verði lækkað hafi sjóðurinn náð lágmarksstærð (10. mgr.). Mikilvægt er að tryggja víðtækt samráð um þessi atriði. Sams konar breyting er lögð til á 18. gr.

Í 5. mgr. 12. gr. er kveðið á um að ef til greiðslu úr sjóðnum komi yfirtaki hann án sérstakrar framsalsyfirlýsingar kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi innlánsstofnun/þrotabúi. Meiri hlutinn telur skynsamlegt að afmarka ákvæðið betur svo að skýrt sé að krafa sjóðsins afmarkist við greiðslur úr sjóðnum og að hámarki við 100 þús. evrur. Sams konar breyting er lögð til á 19. gr.

Í 14. gr. er kveðið á um hvaða innstæður séu undanþegnar tryggingavernd. Lögð er til breyting á 3. tölul. þar mælt er fyrir um að innstæður fyrirtækja, þar sem innlánsstofnun fer með virkan eignarhlut samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, eru undanþegnar tryggingavernd. Meiri hlutinn leggur til að mörkin verði þrengd þannig að innlánsstofnunin verði að fara með meiri hluta í fyrirtæki til að undanþága frá tryggingavernd eigi við. Í ljósi þess að í tillögum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er gert ráð fyrir samræmdum reglum á Evrópska efnahagssvæðinu um það hvaða innstæður skuli njóta verndar og að þar er ekki gert ráð fyrir innstæðum lífeyrissjóða er lagt til að lífeyrissjóðum verði bætt við upptalningu 1. mgr. 14. gr. Breytingin hefur ekki áhrif á réttindi þeirra sem eiga hlutdeild í hreinum innlánsleiðum vörsluaðila lífeyrissparnaðar, sbr. skilgreiningu á hugtakinu innstæða. Jafnframt er lögð til lagfæring á orðalagi 6. tölul. 1. mgr. 14. gr. og 6. tölul. 22. gr.

Í 30. gr. frumvarpsins er kveðið á um gildistöku og leggur meiri hlutinn til breytingu á henni í þá veru að lögin öðlist gildi 1. júní 2011. Vegna þessa eru jafnframt lagðar til breytingar á ákvæðum til bráðabirgða við frumvarpið og er gert ráð fyrir því að fyrsti gjalddagi almenns iðgjalds, áhættuvegins iðgjalds og iðgjalds í verðbréfadeild verði síðasti virki dagur ágústmánaðar 2011. Ekki er gert ráð fyrir að innheimt verði áhættuvegið iðgjald fyrir fyrsta ársfjórðung 2011. Lagðar eru til breytingar á ákvæði til bráðabirgða II þar sem lagt er til að

Tryggingarsjóður sparisjóðanna skuli lagður niður eigi síðar en 31. desember 2010. Lagt er til að hann skuli lagður niður við gildistöku laganna og að eignir hans renni til öryggissjóðs sparisjóðanna og myndi stofnfé þess sjóðs. Með breytingartillögu við 31. gr. leggur meiri hlutinn til að nýtt ákvæði bætist við lög um fjármálafyrirtæki, 70. gr., þess efnis að heimilt verði að starfrækja öryggissjóð sparisjóðanna í því skyni að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og fjárhagslegt öryggi sparisjóða. Meiri hlutinn leggur jafnframt til ný ákvæði til bráðabirgða. Lagt er til að ákvæði gildandi laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta um tímafresti til útborgunar gildi til 1. september 2011. Þá er lagt til að gildandi lög taki til greiðsluskyldu sjóðsins á skuldbindingum sem hafa stofnast fyrir gildistöku þessa frumvarps.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. mars 2011.

Lilja Mósesdóttir, form. Ólína Þorvarðardóttir. Skúli Helgason, frsm.

Atli Gíslason. Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Fylgiskjal.

10. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samkvæmt tillögum meiri hluta viðskiptanefndar.

10. gr.

Iðgjald.

Innlánsstofnanir skulu greiða iðgjöld til A-deildar frá því að þær hefja starfsemi skv. a-lið 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Iðgjöld skulu vera samtala almenns iðgjalds skv. 2. mgr. og iðgjalds sem er reiknað á grundvelli áhættustuðuls skv. 3. mgr.

Almennt iðgjald skal nema sem svarar 0,3% á ári af öllum innstæðum hjá viðkomandi innlánsstofnun öðrum en þeim sem eru undanþegnar tryggingavernd skv. 14. gr. eða 0,075% á ársfjórðungslegum gjalddaga.

Auk iðgjalds skv. 2. mgr. greiðir innlánsstofnun breytilegt iðgjald í samræmi við áhættustuðul sem Fjármálaeftirlitið gefur hverri innlánsstofnun. Áhættustuðull skal lægst hafa gildið 0 og hæst gildið 1 og skal iðgjald skv. 2. mgr. margfaldað með áhættustuðlinum eins og hann er í lok þess ársfjórðungs sem iðgjald er greitt fyrir.

Gjalddagar eru fjórir á ári, einn fyrir hvern ársfjórðung, síðasta virkan dag í febrúar, maí, ágúst og nóvember.

Að fenginni sameiginlegri tillögu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands ber sjóðnum að innheimta viðbótariðgjald ef eign A-deildar dugir ekki til að standa undir greiðslu þegar greiðsluskylda sjóðsins verður virk vegna atvika sem getur í 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. Einnig er sjóðnum heimilt að innheimta viðbótariðgjöld til að standa straum af kostnaði, afborgunum og greiðslum vaxta af lánum skv. 8. gr. Iðgjald samkvæmt þessari málsgrein skal þó aldrei vera hærra en nemur 0,6% af tryggðum innstæðum hjá viðkomandi innlánsstofnun.

Iðgjöld eru óendurkræf.

Eigi síðar en 30 dögum eftir lok hvers ársfjórðungs skulu innlánsstofnanir hafa veitt sjóðnum upplýsingar um samtölu þeirra eigna og atriða sem álagning skv. 2.–3. mgr. byggist á. Skulu upplýsingarnar veittar í því formi sem sjóðurinn ákveður. Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að sannreyna upplýsingar sem fjármálafyrirtæki hafa afhent samkvæmt grein þessari. Sjóðurinn tilkynnir innlánsstofnunum upphæð iðgjalds a.m.k. sjö dögum fyrir gjalddaga.

Standi innlánsstofnun ekki skil á upplýsingum sem henni ber að veita skv. 7. mgr. er sjóðnum heimilt að áætla iðgjald innlánsstofnunar skv. 2.–3. mgr. Slíkt iðgjald skal að lágmarki nema tvöfaldri síðustu álagningu ársfjórðungslegs iðgjalds viðkomandi innlánsstofnunar og er óheimilt að endurgreiða það þótt full skil verði gerð á öllum nauðsynlegum upplýsingum síðar.

Að fenginni sameiginlegri tillögu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands ber stjórn sjóðsins að lækka iðgjöld skv. 2. mgr. þegar eignir A-deildar nema að lágmarki 4% af heildarinnstæðum sem tryggðar eru.

Sjóðnum er heimilt að innheimta iðgjöld í þeirri mynt sem innstæða er í.

1098. Breytingartillögur [237. mál]

við frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (LMós, ÓÞ, SkH, AtlG, JRG).

1. Í stað orðsins „lágmarksvernd“ í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 17. gr. komi: vernd.
2. Við 2. gr.
   a. Orðið „peningamarkaðsinnlán“ í 2. tölul. falli brott.
   b. Orðin „nr. 161/2002“ í 3. tölul. falli brott.
   c. Á eftir orðunum „lögum um verðbréfaviðskipti“ í 4. tölul. komi: nr. 108/2007.
   d. 10. tölul. falli brott.
   e. 11. tölul. orðist svo: *Heildsöluinnlán:* Innlán þar sem samið hefur verið sérstaklega um kjör og tímalengd viðkomandi innlána annaðhvort beint við viðkomandi innlánsstofnun eða fyrir milligöngu miðlara á peningamarkaði. Slík innlán standa almennum sparifjáreigendum almennt ekki til boða og skilmálar þeirra eru ekki staðlaðir.
3. Við 3. gr. Í stað orðsins „fjármagnstekjuskatts“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: skatts á fjármagnstekjur.
4. Við 4. gr. Í stað orðanna „samstarfsnefnd háskólastigsins“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: Samtökum fjárfesta.
5. Við 10. gr.
   a. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Iðgjöld skulu vera samtala almenns iðgjalds skv. 2. mgr. og iðgjalds sem er reiknað á grundvelli áhættustuðuls skv. 3. mgr.
   b. 2. mgr. orðist svo:

      Almennt iðgjald skal nema sem svarar 0,3% á ári af öllum innstæðum hjá viðkomandi innlánsstofnun öðrum en þeim sem eru undanþegnar tryggingavernd skv. 14. gr. eða 0,075% á ársfjórðungslegum gjalddaga.

c. 3. mgr. falli brott.
d. 4. mgr. orðist svo:
Auk iðgjalds skv. 2. mgr. greiðir innlánsstofnun breytilegt iðgjald í samræmi við áhættustuðul sem Fjármálaeftirlitið gefur hverri innlánsstofnun. Áhættustuðull skal lægst hafa gildið 0 og hæst gildið 1 og skal iðgjald skv. 2. mgr. margfaldað með áhættustuðlinum eins og hann er í lok þess ársfjórðungs sem iðgjald er greitt fyrir.
e. 1. málsl. 6. mgr. orðist svo: Að fenginni sameiginlegri tillögu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands ber sjóðnum að innheimta viðbótariðgjald ef eign A-deildar dugir ekki til að standa undir greiðslu þegar greiðsluskylda sjóðsins verður virk vegna atvika sem getur í 1. tölul. 1. mgr. 7. gr.
f. Í stað orðanna „2.–4. mgr.“ í 8. mgr. komi: 2.–3. mgr.
g. Í stað orðanna „8. mgr.“ og „2.–4. mgr.“ í 9. mgr. komi: 7. mgr.; og: 2.–3. mgr.
h. 10. mgr. orðist svo:
Að fenginni sameiginlegri tillögu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands ber stjórn sjóðsins að lækka iðgjöld skv. 2. mgr. þegar eignir A-deildar nema að lágmarki 4% af heildarinnstæðum sem tryggðar eru.

6. Við 11. gr. Í stað orðanna „skv. 5. mgr. 10. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: skv. 4. mgr. 10. gr.
7. Við 12. gr.
a. Í stað orðanna „skv. 7. gr.“ í 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 21. gr. komi: skv. 1. tölul. 1. mgr. 7. gr.
b. Í stað orðanna „kröfu innstæðueiganda“ í 5. mgr. komi: þann hluta kröfu innstæðueiganda sem hann hefur greitt honum.
c. Í stað orðanna „skv. 1. mgr. 7. gr.“ í 6. mgr. og 2. og 5. mgr. 20. gr. komi: skv. 1. tölul. 1. mgr. 7. gr.
8. Við 14. gr.
a. Í stað orðanna „innlánsstofnun fer með virkan eignarhlut samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: fjármálafyrirtæki er meirihlutaeigandi.
b. 6. tölul. 1. mgr. orðist svo: innstæður félaga í sömu samsteypu og þau sem falla undir 1. tölul.
c. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: innstæður lífeyrissjóða aðrar en hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun, sbr. 2. tölul. 2. gr.
9. Við 18. gr.
a. Í stað ártalsins „2010“ í síðari málslið 1. mgr. komi: 2011.
b. 3. mgr. orðist svo:
Að fenginni sameiginlegri tillögu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands ber sjóðnum að innheimta viðbótariðgjald ef eign verðbréfadeildar dugir ekki til að standa undir greiðslu þegar greiðsluskylda sjóðsins verður virk vegna atvika sem getur í 7. gr.
c. 6. mgr. orðist svo:
Að fenginni sameiginlegri tillögu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands ber stjórn sjóðsins að lækka iðgjöld skv. 2. mgr. þegar eignir hafa náð tilskildu marki skv. 1. mgr.
10. Við 19. gr. Í stað orðanna „eigi síðar en 10 dögum“ í síðari málslið 1. mgr. komi: innan 10 daga.

11. Við 20. gr. Í stað orðanna „kröfu fjárfestis“ í 2. málsl. 4. mgr. komi: þann hluta kröfu fjárfestis sem hann hefur greitt honum.
12. Við 22. gr.
    a. 3. tölul. orðist svo: verðbréf og reiðufé fyrirtækis þar sem verðbréfafyrirtæki er meirihlutaeigandi.
    b. 6. tölul. orðist svo: verðbréf og reiðufé félaga í sömu samsteypu og fjármálafyrirtæki.
13. Við 30. gr. Í stað orðanna „1. janúar 2011“ komi: 1. júní 2011.
14. Við 31. gr. Við bætist nýr stafliður, a-liður, svohljóðandi: 70. gr. laganna orðast svo:

    Heimilt er að starfrækja öryggissjóð sparisjóða í því skyni að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og fjárhagslegt öryggi sparisjóða. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Stofnfundur skal haldinn eigi síðar en 16. maí 2011. Samþykktir sjóðsins skulu samþykktar á stofnfundi þar sem skal m.a. kveða á um starfsemi hans og vægi atkvæða. Atkvæðisrétt á stofnfundi hafa fulltrúar allra starfandi sparisjóða og fer hver þeirra með eitt atkvæði fyrir hvern milljarð í stofnfé viðkomandi sparisjóðs. Samþykktir sjóðsins öðlast gildi þegar efnahags- og viðskiptaráðherra hefur staðfest þær.

    Ráðherra skipar stjórn öryggissjóðs sparisjóðanna til þriggja ára í senn. Skal einn kjörinn á aðalfundi og skal hann vera formaður, einn skal tilnefndur af Bankasýslu ríkisins og einn skipaður án tilnefningar. Hið sama gildir um varamenn. Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur sjóðsins. Um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fer samkvæmt lögum þessum. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi sjóðsins.

    Öryggissjóður sparisjóðanna er undanþeginn greiðslu tekjuskatts, eignarskatts og skatts á fjármagnstekjur. Sama á við um aðra skatta sem byggjast á sömu álagningarstofnum. Sjóðurinn verður hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né er heimilt að gera aðför í eignum hans.

    Sjóðurinn tekur yfir starfsemi Tryggingarsjóðs sparisjóðanna og skal stofnfé hans vera jafnt og hrein eign Tryggingarsjóðs sparisjóðanna í árslok 2010. Ráðstöfunarfé sjóðsins er arður af stofnfé hans. Öryggissjóði sparisjóðanna er heimilt að taka við framlagi frá sparisjóðunum. Tillaga um framlag skal samþykkt með tveimur þriðju greiddra atkvæða á aðalfundi. Hún tekur gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Öryggissjóði er heimilt að kaupa stofnfé í sparisjóðum í því skyni að tryggja hagsmuni viðskiptamanna þeirra og fjárhagslegt öryggi sparisjóða. Rekstrarár öryggissjóðs er almanaksárið.
15. Við ákvæði til bráðabirgða I. Ákvæðið orðist svo:

    Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 10. gr. er fyrsti gjalddagi almenns iðgjalds skv. 2. mgr. 10. gr. fyrir tímabilin janúar til mars 2011 og apríl til júní 2011 síðasti virki dagur ágústmánaðar 2011.

    Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 10. gr. er fyrsti gjalddagi áhættuvegins iðgjalds skv. 3. mgr. 10. gr. síðasti virki dagur ágústmánaðar vegna tímabilsins apríl til júní 2011.
16. Við ákvæði til bráðabirgða II. Ákvæðið orðist svo:

    Tryggingarsjóður sparisjóðanna skal lagður niður við gildistöku laga þessara. Eignir hans renna til öryggissjóðs sparisjóðanna, sbr. a-lið 31. gr. laga þessara, og mynda stofnfé þess sjóðs.
17. Við ákvæði til bráðabirgða III. 2. mgr. falli brott.

18. Við bætist þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    a. (IV.)
       Um tímafresti sjóðsins til útborgunar skv. 15. gr. gilda ákvæði laga nr. 98/1999 til 1. september 2011.
    b. (V.)
       Um greiðsluskyldu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna skuldbindinga sem hafa stofnast á verðbréfadeild fyrir gildistöku laga þessara og um innheimtu sjóðsins á grundvelli útgefinna ábyrgðaryfirlýsinga vegna slíkrar greiðsluskyldu fer samkvæmt lögum nr. 98/1999.
    c. (VI.)
       Þrátt fyrir ákvæði 8. mgr. 18. gr. laga þessara skal gjalddagi iðgjalda skv. 2. mgr. 18. gr. á árinu 2011 vera síðasti virki dagur ágústmánaðar 2011.

1099. Frumvarp til laga [624. mál]

um breytingu á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

4. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Komi fram beiðni um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti skulu ákvæði laga um gjaldþrotaskipti, eins og þau eru á hverjum tíma, eiga við um Orkuveitu Reykjavíkur með sama hætti og um félag með takmarkaða ábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 144/2010 voru gerðar breytingar á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, í framhaldi af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 8. júlí 2009, í tengslum við rannsókn stofnunarinnar á fyrirkomulagi eigendaábyrgða Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar. Samhliða framlagningu þess frumvarps sem varð að lögum nr. 144/2010 var lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með sama markmiði og hefur það verið afgreitt sem lög frá Alþingi.

Frumvarp þetta er lagt fram til að tryggja að sams konar kröfur séu að öllu leyti gerðar til eigendaábyrgða Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur, að því leyti hvenær slík eigendaábyrgð verður mögulega virk. Var á því atriði tekið í b-lið 1. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 144/2010, varðandi Orkuveitu Reykjavíkur, og í b-lið 1. gr. frumvarps þess sem nýverið var afgreitt frá Alþingi um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun. Umrædd ákvæði eru ekki að öllu leyti samhljóða og má halda því fram að ákveðinn efnismunur sé á þeim. Ekki var það ætlunin þegar framangreind frumvörp voru lögð fram sl. haust og er frumvarp þetta því lagt fram til að samræma ákvæðin.

Til að taka af allan vafa um að sams konar fyrirkomulag sé viðhaft varðandi framangreindar eigendaábyrgðir er með frumvarpi þessu lagt til að orðalagið verði samræmt í lögunum, þ.e. að orðalagið í lögum nr. 139/2001, eins og þeim var breytt með lögum nr. 144/2010, verði fært til samræmis við viðkomandi ákvæði í lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun.

Nánar tiltekið er núgildandi ákvæði laga nr. 139/2001 svohljóðandi:

„Ákvæði laga um gjaldþrotaskipti, greiðslustöðvun og nauðasamninga, eins og þau eru á hverjum tíma, gilda um Orkuveitu Reykjavíkur. Ábyrgð eigenda Orkuveitu Reykjavíkur verður ekki virk fyrr en að loknum gjaldþrotaskiptum fyrirtækisins.“

Lagt er til að umrætt ákvæði orðist svo, til samræmis við ákvæði b-liðar 1. gr. í nýlegum lögum um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun:

„Komi fram beiðni um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti skulu ákvæði laga um gjaldþrotaskipti, eins og þau eru á hverjum tíma, eiga við um Orkuveitu Reykjavíkur með sama hætti og um félag með takmarkaða ábyrgð.“

Með þessu ákvæði er í samræmi við kröfu Eftirlitsstofnunar EFTA tryggt að Orkuveita Reykjavíkur, líkt og Landsvirkjun, lúti sömu reglum um gjaldþrotaskipti, greiðslustöðvun og nauðasamninga og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð.

Eins og fram kemur í lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, bera eigendur Orkuveitu Reykjavíkur hver um sig einfalda hlutfallslega ábyrgð á lánaskuldbindingum fyrirtækisins. Þar sem um einfalda ábyrgð er að ræða verður kröfu ekki beint að eigendum fyrr en fullreynt er að krafa fáist ekki greidd hjá fyrirtækinu. Þetta getur ýmist verið með árangurslausu fjárnámi eða gjaldþrotaskiptum. Að gera kröfu um að gjaldþrotaskiptum sé lokið getur haft áhrif á möguleika fyrirtækisins á lánafyrirgreiðslu, þar sem gjaldþrotaskipti geta tekið verulega langan tíma. Ekki er talin ástæða til að ganga það langt í lagatextanum og er því frumvarp þetta lagt fram til að tryggja að fullt samræmi sé í lagaumhverfi Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar hvað þessi atriði varðar.

1100. Fyrirspurn [625. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um fyrirgreiðslu og afskriftir viðskiptamanna bankanna.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvernig er tryggt að sambærilegir viðskiptamenn bankanna fái ekki ólíka fyrirgreiðslu og afskriftir?
2. Hvernig er háttað eftirliti með afskriftum viðskiptamanna í bankakerfinu?

Skriflegt svar óskast.

1101. Fyrirspurn [626. mál]

til fjármálaráðherra um endurreisn bankakerfisins.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvernig var ákvörðun um endurreisn bankakerfisins og samninga við kröfuhafa tekin og á grunni hvaða laga byggðist sú ákvörðun?
2. Hvernig er áætlunin um endurreisn og framtíðarskipan bankakerfisins sem samningar við kröfuhafa byggðust á og hvernig var sú áætlun unnin?

Skriflegt svar óskast.

1102. Fyrirspurn [627. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um rekstrarform fjármálafyrirtækja.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Af hverju má aðeins reka fjármálafyrirtæki sem hlutafélög?
2. Hvaða önnur rekstrarform gætu komið til greina fyrir fjármálafyrirtæki, sbr. reglur um þau í grannlöndum okkar, og hverjir eru helstu kostir þeirra og gallar að mati ráðherra?

Skriflegt svar óskast.

1103. Fyrirspurn [628. mál]

til velferðarráðherra um stöður lækna á Landspítala.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á fjölda stöðugilda á Landspítala eftir starfsheitum lækna á síðustu fimm árum, sundurliðað á hvert ár?
2. Hefur verið skilgreint og áætlað hvernig hátta skal lágmarksmönnun lækna á deildir og í teymum á Landspítala svo að öryggi sjúklinga sé gætt? Ef ekki, stendur til að gera slíka áætlun?
3. Er gerð gæðaskráning, þ.e. skráð hve oft vaktir lækna á deildum eða í teymum eru illa mannaðar, svo sem hálfmannaðar eða ómannaðar?
4. Ef slík gæðaskráning er gerð er þá slík undirmönnun sundurgreind eftir sviðum eða deildum?

5. Telur ráðherra að læknaskortur sé orðinn að veruleika?

Skriflegt svar óskast.

1104. Tillaga til þingsályktunar [629. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2010 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2010, frá 12. mars 2010, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22/EB frá 23. apríl 2009 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2010, frá 12. mars 2010, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22/EB frá 23. apríl 2009 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda.

Með tilskipuninni er verið að endurútgefa tilskipun 98/27/EB um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda, sem er felld niður með nýju tilskipuninni. Tilskipun 98/27/EB hefur verið talsvert breytt nokkrum sinnum og með hliðsjón af skýrleika og til hagræðingar var hún gefin aftur út. Auk þess var einni tilskipun bætt við lista yfir tilskipanir í viðauka I, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, langtímasamninga um orlofstilboð, endursölu- og skiptasamninga.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt sam-

þykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22/EB frá 23. apríl 2009 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda.

Með tilskipuninni er eins og áður segir verið að endurútgefa tilskipun 98/27/EB um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda, sem er felld niður með tilskipun 2009/22/EB. Tilskipun 98/27/EB hefur verið talsvert breytt nokkrum sinnum og með hliðsjón af skýrleika og til hagræðingar var hún gefin aftur út. Auk þess er í uppfærslunni einni tilskipun bætt við lista í viðauka I, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, langtímasamninga um orlofstilboð, endursölu- og skiptasamninga.

Megintilgangur tilskipunar 98/27/EB og nú tilskipunar 2009/22/EB er að koma í veg fyrir ólögmætar athafnir sem áhrif hafa á hagsmuni neytenda þegar viðskipti eru stunduð yfir landamæri. Lagt er til grundvallar að í öllum aðildarríkjum séu til réttarúrræði til að stöðva ólögmæta markaðsfærslu (viðskiptahætti) sem eru í andstöðu við þær tilskipanir á sviði neytendaverndar sem taldar eru upp í viðauka hennar. Þau atriði sem tilskipunin tekur einkum til eru neytendalán, orlofsferðir, ósanngjörn skilyrði í samningum við neytendur, fjarsölusamningar og ósanngjarnir viðskiptahættir. Með tilskipuninni og forvera hennar er ekki lagt upp með að samræma réttarúrræði eða réttarfar aðildarríkjanna heldur að auðvelda hlutaðeigandi yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum að krefjast dómsúrskurðar eða lögbanns gegn ólögmætum athöfnum í því ríki þar sem varnarþing fremjanda brots er.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Tilskipunin krefst breytinga á lögum nr. 141/2001, um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda. Bæta þarf tveimur tilskipunum við í upptalningu 1. gr. laganna á tilskipunum Evrópusambandsins. Í þeirri grein er tilteknum stjórnvöldum og samtökum heimilað að leita lögbanns eða höfða dómsmál til að vernda hagsmuni neytenda þótt hvorki þau sjálf né félagsmenn í samtökum hafi orðið fyrir röskun réttinda, enda snúi beiðnin að því að stöðva eða koma í veg fyrir háttsemi sem hefur afleiðingar hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og þykir stríða gegn þeim tilskipunum sem taldar eru upp í greininni.

Þær tilskipanir sem bæta þarf í upptalningu greinarinnar eru annars vegar tilskipun 2008/122/EB um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, langtímasamninga um orlofstilboð, endursölu- og skiptasamninga en henni var eins og áður segir bætt

við í upptalningu tilskipana í viðauka I við útgáfu tilskipunarinnar sem hér um ræðir. Hins vegar er um að ræða tilskipun 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (þjónustutilskipunin). Í 42. gr. hennar var kveðið á um að hún skyldi bætast við í upptalningu í viðauka I við tilskipun 98/27/EB. Þar sem þjónustutilskipunin hefur enn ekki verið innleidd í innlenda löggjöf á enn eftir að bæta henni við í upptalningu 1. gr. framangreindra laga.

Ekki er gert ráð fyrir að framangreindar lagabreytingar hafi í för með sér neinn umtalsverðan kostnað hér á landi né stjórnsýslulegar afleiðingar.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 35/2010

frá 12. mars 2010

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2009 frá 3. júlí 2009 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/22/EB frá 23. apríl 2009 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda ([2]).

3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/22/EB fellur úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB ([3]), en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

([1]) Stjtíð. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 38, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 16.
([2]) Stjtíð. ESB L 110, 1.5.2009, bls. 30.
([3]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 51.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Liður 7d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB) í XIX. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32009 L 0022**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/22/EB frá 23. apríl 2009 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda (Stjtíð. ESB L 110, 1.5.2009, bls. 30).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/22/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/22/EB

frá 23. apríl 2009

um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda

(Kerfisbundin útgáfa)

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda þessa tilskipun.

2) Í ákveðnum tilskipunum, sem taldar eru upp í I. viðauka við þessa tilskipun, eru settar reglur um neytendavernd.

3) Ekki er alltaf unnt að stöðva nógu fljótt brot gegn sameiginlegum hagsmunum neytenda með þeim aðferðum sem nú eru tiltækar, hvort heldur er á landsvísu eða á bandalagsvísu, til þess að tryggja að farið sé að þessum tilskipunum. Sameiginlegir hagsmunir eru þeir hagsmunir sem ekki eru uppsafnaðir hagsmunir einstaklinga sem hafa orðið fyrir skaða vegna brots. Þetta hefur ekki áhrif á lögsókn af hálfu einstaklinga sem hafa orðið fyrir skaða vegna brots.

4) Áhrifin af innlendum ráðstöfunum til að leiða í lög umræddar tilskipanir, sem er ætlað að binda enda á viðskiptahætti sem eru ólöglegir samkvæmt gildandi landslögum, að meðtöldum verndarráðstöfunum sem ganga lengra en krafist er í þessum tilskipunum, að því tilskildu að þessar ráðstafanir samrýmist stofnsáttmálanum og séu leyfilegar samkvæmt tilskipununum, geta orðið að engu þegar slíkir viðskiptahættir hafa áhrif í öðru aðildarríki en þar sem þeir eru upprunnir.

5) Þessi vandkvæði geta raskað snurðulausri starfsemi innri markaðarins vegna þess að þetta hefur í för með sér að ekki þarf annað en að flytja ólöglega viðskiptahætti til annars lands til þess að komast undan hvers konar réttaraðför. Veldur þetta röskun á samkeppni.

6) Þessi vandkvæði eru líkleg til að rýra traust neytenda á innri markaðinum og geta takmarkað svigrúm til aðgerða af hálfu þeirra samtaka, sem gæta sameiginlegra hagsmuna neytenda, eða óháðra opinberra aðila sem bera ábyrgð á því að gæta sameiginlegra hagsmuna neytenda sem verða fyrir skaða vegna viðskiptahátta er brjóta gegn lögum Bandalagsins.

7) Þessir viðskiptahættir ná oft út yfir landamæri milli aðildarríkjanna. Því er áríðandi að samræma að einhverju leyti sem fyrst innlend ákvæði sem myndu binda enda á þetta form ólöglegs athæfis, án tillits til þess í hvaða aðildarríki hið ólöglega athæfi hefur áhrif. Að því er varðar lögsögu hefur þetta ekki áhrif á ákvæði í reglum alþjóðlegs einkamálaréttar eða samninga sem í gildi eru milli aðildarríkjanna, en taka ber tillit til almennra skuldbindinga aðildarríkjanna sem af sáttmálanum leiðir, einkum skuldbindinga er varða snurðulausa starfsemi innri markaðarins.

([1]) Stjtíð. ESB L 161, 13.7 2007, bls. 39.
([2]) Álit Evrópuþingsins frá 19. júní 2007 (Stjtíð. ESB C 146 E, 12.6.2008, bls. 73) og ákvörðun ráðsins frá 23. mars 2009.
([3]) Stjtíð. EB L 166, 11.6. 1998, bls. 51.
([4]) Sjá A-hluta II. viðauka.

8) Einungis Bandalagið getur náð fram fyrirhuguðum markmiðum þessara aðgerða. Bandalaginu ber því skylda til að bregðast við.

9) Þriðja málsgrein 5. gr. í sáttmálanum leggur þær kvaðir á Bandalagið að ganga ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná fram markmiðum sáttmálans. Í samræmi við þá grein verður að taka tillit til sérstakra einkenna innlendrar löggjafar að því marki sem unnt er með því að eftirláta aðildarríkjunum valið á milli mismunandi möguleika sem hafa samsvarandi áhrif. Dómstólar og yfirvöld á sviði stjórnsýslu, sem eru til þess bær að taka ákvörðun um þá málsmeðferð sem vísað er til í þessari tilskipun, skulu hafa rétt til að rannsaka áhrif fyrri ákvarðana.

10) Einn þessara möguleika skal felast í því að krefjast þess að einn eða fleiri óháðir opinberir aðilar, sem eru sérstaklega ábyrgir fyrir því að gæta sameiginlegra hagsmuna neytenda, framfylgi réttinum til lögsóknar sem greint er frá í þessari tilskipun. Annar möguleiki skal felast í því að veita samtökum, sem gæta sameiginlegra hagsmuna neytenda, þennan rétt í samræmi við skilyrði sem mælt er fyrir um í landslögum.

11) Aðildarríkin skulu geta valið á milli þessara möguleika eða notað þá báða við tilnefningu innlendra stofnana og/eða samtaka sem eru viðurkennd að því er þessa tilskipun varðar.

12) Við brot innan Bandalagsins skal meginreglan um gagnkvæma viðurkenningu gilda um þessar stofnanir og/eða samtök. Aðildarríkin skulu, að beiðni innlendu stofnananna/samtakanna, tilkynna framkvæmdastjórninni nöfn og markmið þeirra stofnana/samtaka sem eru til þess bær að hefja lögsókn í eigin landi í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

13) Það er framkvæmdastjórnarinnar að tryggja að birt verði skrá yfir þessar viðurkenndu stofnanir/samtök í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Þar til tilkynning hefur verið birt um annað er gert ráð fyrir að viðurkennd stofnun/samtök hafi rétthæfi ef nafn þeirra er í þeirri skrá.

14) Aðildarríki skulu geta farið þess á leit að málsaðili, sem hyggst hefja málsókn vegna brota, geti haft fyrirframsamráð við stefnda til að gefa honum tækifæri til að binda enda á brotið sem um er deilt. Aðildarríki skulu geta farið þess á leit að fyrirframsamráðið eigi sér stað sameiginlega með óháðri opinberri stofnun sem þau tilnefna.

15) Ef aðildarríkin hafa ákveðið slíkt fyrirframsamráð skal veita tveggja vikna frest eftir að beiðni um samráð berst en sé ekki bundinn endir á hið brotlega athæfi getur stefnandi hafið málsókn á vettvangi dómstóls eða yfirvalds á sviði stjórnsýslu án frekari tafa.

16) Rétt er að framkvæmdastjórnin leggi fram skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar, einkum um gildissvið hennar og fyrirframsamráð.

17) Beiting þessarar tilskipunar skal ekki hafa áhrif á beitingu samkeppnisreglna Bandalagsins.

18) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipananna sem eru tilgreindar í B-hluta II. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Tilgangurinn með þessari tilskipun er að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna er varða lögbannsaðgerðir sem um getur í 2. gr. og miða að verndun sameiginlegra hagsmuna þeirra neytenda sem fjallað er um í þeim tilskipunum sem skráðar eru í I. viðauka, með það fyrir augum að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins.

2. Í þessari tilskipun merkir brot hvers konar verknað sem brýtur gegn þeim tilskipunum, sem taldar eru upp í viðaukanum eins og þær eru teknar upp í landsrétt aðildarríkjanna, og skaðar þá sameiginlegu hagsmuni sem um getur 1. mgr.

2. gr.

Lögbannsaðgerðir

1. Aðildarríkin skulu tilnefna dómstóla og yfirvöld á sviði stjórnsýslu sem eru til þess bær að úrskurða um dómsmál, sem stofnað er til af viðurkenndum stofnunum/samtökum í skilningi 3. gr., og leita eftir:

a) skjótum úrskurði, með einfaldaðri málsmeðferð ef það á við, þar sem krafist er stöðvunar eða banns við hvers konar broti,

b) aðgerðum, ef það á við, s.s. birtingu ákvörðunarinnar, í heild eða að hluta, með því sniði sem sýnist fullnægjandi og/eða birtingu á tilkynningu um leiðréttingu með það fyrir augum að koma í veg fyrir áframhaldandi áhrif brotsins,

c) að því marki sem löggjöf aðildarríkisins leyfir, úrskurði um sektargreiðslu stefnda, ef hann tapar málinu, í ríkissjóð eða til hvers þess rétthafa sem skilgreindur hefur verið í eða samkvæmt innlendri löggjöf, ef viðkomandi hlítir ekki úrskurði innan þeirra tímamarka sem sett hafa verið fyrir dómstólum eða af stjórnsýsluyfirvöldum, er nemi tilteknum dagsektum eða annarri fjárhæð sem kveðið er á um í innlendri löggjöf, með það fyrir augum að tryggja að úrskurði sé hlítt.

2. Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á reglur alþjóðlegs einkamálaréttar, með tilliti til gildandi laga, sem eru að öllu jöfnu annaðhvort lög þess aðildarríkis þar sem brotið á sér stað eða lög þess aðildarríkis þar sem brotið hefur áhrif.

3. gr.

Aðilar sem geta hafið málsókn

Í þessari tilskipun merkir „viðurkennd stofnun/samtök“ hverja þá stofnun eða samtök, sem eru stofnuð formlega í samræmi við lög aðildarríkisins og hafa lögmætra hagsmuna að gæta við að tryggja að þeim ákvæðum, sem vísað er til í 1. gr., sé fylgt, einkum þegar um er að ræða:

a) eina eða fleiri óháðar opinberar stofnanir, sérstaklega ábyrgar fyrir því að verja þá hagsmuni, sem um getur í 1. gr., í þeim aðildarríkjum þar sem slíkar stofnanir eru til og/eða

b) samtök sem hafa þann tilgang að verja þá hagsmuni, sem um getur í 1. gr., í samræmi við þær viðmiðanir sem mælt er fyrir um í landslögum.

4. gr.

Brot innan Bandalagsins

1. Hvert aðildarríki skal, ef brot á sér stað í því aðildarríki, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að hver viðurkennd stofnun eða samtök frá öðru aðildarríki, þar sem brotið hefur áhrif á hagsmuni sem stofnunin eða samtökin eiga að verja, geti vísað málinu til dómstóls eða stjórnsýsluyfirvalds, sem um getur í 2. gr., með því að framvísa skránni sem kveðið er á um í 3. mgr. þessarar greinar. Dómstólar eða stjórnvöld skulu viðurkenna skrána sem sönnun á rétthæfi stofnunarinnar eða samtakanna án þess að það hafi áhrif á rétt þeirra til að rannsaka hvort tilgangur viðurkenndu stofnunarinnar/samtakanna réttlæti að þau grípi til aðgerða í tilteknu tilviki.

2. Varðandi brot innan Bandalagsins, og án þess að það hafi áhrif á réttindi annarra aðila samkvæmt landslögum, skulu aðildarríkin, að beiðni viðurkenndrar stofnunar/samtaka, tilkynna framkvæmdastjórninni að þessi stofnun/samtök séu viðurkennd til að hefja málsókn skv. 2. gr. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni nöfn og markmið þessarar viðurkenndu stofnunar/samtaka.

3. Framkvæmdastjórnin skal semja skrá yfir viðurkenndar stofnanir/samtök, sem um getur í 2. mgr., ásamt lýsingu á markmiðum þeirra. Birta skal skrána í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins; breytingar skal birta án tafar og uppfærða skrána á sex mánaða fresti.

5. gr.

Fyrirframsamráð

1. Aðildarríki geta samþykkt eða haldið í gildi ákvæðum um að sá aðili, sem hyggst krefjast lögbanns, geti því aðeins hafið það ferli að hann hafi áður reynt að stöðva hið brotlega athæfi með samráði, annaðhvort við stefnda eða bæði stefnda og viðurkennda stofnun/samtök í skilningi 3. gr. a, í því aðildarríki þar sem leitað er eftir lögbanni. Það er aðildarríkisins að ákveða hvort sá málsaðili, sem krefst lögbannsins, verði að hafa samráð við viðurkennda stofnun/samtök. Ef ekki tekst að stöðva hið brotlega athæfi innan tveggja vikna frá því að beiðni um samráð berst getur viðkomandi málsaðili hafið lögbannsaðgerðir.

2. Þær reglur sem gilda um fyrirframsamráð ber að tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar og skal birta þær í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

6. gr.

Skýrslur

1. Á þriggja ára fresti, og í fyrsta sinn eigi síðar en 2. júlí 2003, skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar.

2. Í fyrstu skýrslu sinni skal framkvæmdastjórnin einkum rannsaka:

a) gildissvið þessarar tilskipunar með tilliti til verndunar á sameiginlegum hagsmunum einstaklinga sem stunda verslunar-, iðnaðar-, listiðnaðar- eða atvinnustarfsemi,

b) gildissvið þessarar tilskipunar eins og það er ákvarðað í þeim tilskipunum sem skráðar eru í I. viðauka,

c) hvort fyrirframsamráðið, sem kveðið er á um í 5. gr., hafi stuðlað að skilvirkri verndun neytenda.

Þessari skýrslu skulu fylgja tillögur með það í huga að breyta þessari tilskipun, eftir því sem við á.

7. gr.

Ákvæði um frekari aðgerðir

Þessi tilskipun skal ekki hindra aðildarríkin í að setja eða halda í gildi ákvæðum sem veita viðurkenndum stofnunum/samtökum og hverjum þeim öðrum sem málið varðar víðtækari réttindi til að hefja málsókn innanlands.

8. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem þessi tilskipun tekur til.

9. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 98/27/EB, eins og henni var breytt með tilskipunum sem eru tilgreindar í A-hluta II. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipananna sem eru tilgreindar í B-hluta II. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

10. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi 29. desember 2009.

11. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	P. NEČAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR TILSKIPANIR SEM UM GETUR Í 1. GR. ([1])

1. Tilskipun ráðsins 85/577/EBE frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva (Stjtíð. EB L 372, 31.12.1985, bls. 31).
2. Tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjtíð. EB L 42, 12.2.1987, bls. 48) ([2]).
3. Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur: 10.–21. gr. (Stjtíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23).
4. Tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka (Stjtíð. EB L 158, 23.6.1990, bls. 59).
5. Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (Stjtíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29).
6. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga (Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19).
7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi (Stjtíð. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12).

([1]) Í þeim tilskipunum, sem um getur í 5., 6., 9. og 11. lið, eru sértæk ákvæði um lögbann.

([2]) Umrædd tilskipun var felld úr gildi frá og með 12. maí 2010 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánssamninga fyrir neytendur (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66) kom í hennar stað.

8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti) (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum: 86.–100. gr. (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

10. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur (Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).

11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).

12. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36).

13. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, langtímasamninga um orlofstilboð, endursölu- og skiptasamninga (Stjtíð. ESB L 33, 3.2.2009, bls. 10).

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með áorðnum breytingum

(sem um getur í 9. gr.)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB
(Stjtíð. EB L 166, 11.6. 1998, bls. 51).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB (Stjtíð. EB L 171, 7.7. 1999, bls. 12).	Eingöngu 10. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB (Stjtíð. EB L 178, 17.7. 2000, bls. 1).	Eingöngu 2. mgr. 18. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB (Stjtíð. EB L 271, 9.10. 2002, bls. 16).	Eingöngu 19. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB (Stjtíð. ESB L 149, 11.6. 2005, bls. 22).	Eingöngu 1. mgr. 16. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB (Stjtíð. ESB L 376, 27.12. 2006, bls. 36).	Eingöngu 42. gr.

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar

(sem um getur í 9. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
98/27/EB	1. janúar 2001	—
1999/44/EB	1. janúar 2002	—
2000/31/EB	16. janúar 2002	—
2002/65/EB	9. október 2004	—
2005/29/EB	12. júní 2007	12. desember 2007
2006/123/EB	28. desember 2009	—

III. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 98/27/EB	Þessi tilskipun
1.–5. gr.	1.–5. gr.
1. mgr. 6. gr.	1. mgr. 6. gr.
Fyrsti undirliður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 6. gr.	a-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 6. gr.
Annar undirliður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 6. gr.	b-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 6. gr.
Þriðji undirliður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 6. gr.	c-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 6. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 6. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 6. gr.
7. gr.	7. gr.
1. mgr. 8. gr.	—
2. mgr. 8. gr.	8. gr.
—	9. gr.
9. gr.	10. gr.
10. gr.	11. gr.
Viðauki	I. viðauki
—	II. viðauki
—	III. viðauki

1105. Frumvarp til laga [630. mál]

um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Við 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum bætist nýr málsliður er orðast svo: Þó er heimilt að víkja frá þessu skilyrði mæli veigamikil rök með því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu í tilefni af bréfi umboðsmanns Alþingis til ráðuneytisins, dags. 12. september 2008. Í bréfinu vakti umboðsmaður athygli ráðuneytisins á því að lög nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, eins og þeim var breytt með lögum nr. 118/1999, geri greinarmun á réttindum þeirra sem orðið hafa fyrir tjóni vegna brota sem framin voru 1. janúar 1993 til 30. júní 1996 og þeirra sem verða fyrir tjóni sem leiðir af broti sem framið er 1. júlí 1996 eða síðar.

Lög nr. 69/1995 voru samþykkt á Alþingi 25. febrúar 1995 og tóku gildi 1. janúar 1996. Skv. 20. gr. laganna gilda lögin um tjón sem leiðir af brotum sem framin hafa verið frá 1. janúar 1993 og síðar. Við gildistöku laganna var í 2. mgr. 6. gr. þeirra kveðið á um að umsókn um bætur skyldi hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot hefði verið framið. Þá var kveðið á um það í ákvæði til bráðabirgða að umsókn um bætur vegna tjóns sem leiddi af broti sem framið hefði verið fyrir 1. júlí 1996 skyldi hafa borist bótanefndinni innan árs frá gildistöku laganna. Umsóknir um bætur vegna tjóns sem leiddi af broti sem framið var á tímabilinu 1. janúar 1993 til 30. júní 1996 þurfti því samkvæmt þessu að hafa borist nefndinni fyrir 1. júlí 1997.

Með lögum nr. 118/1999 var 6. gr. laganna breytt á þann hátt að við bættist ný málsgrein þar sem kveðið var á um að þegar veigamikil rök mæltu með því væri heimilt að víkja frá skilyrðum 1. og 2. mgr. ákvæðisins. Samkvæmt athugasemdum í greinargerð var tilefni frumvarpsins erindi umboðsmanns barna til dómsmálaráðherra þar sem þess var farið á leit að skilyrði 6. gr. laganna yrðu endurskoðuð vegna þess að þau ættu illa við þegar um kynferðisbrot gegn börnum væri að ræða. Í greinargerðinni kemur fram að við tilteknar aðstæður geti verið rétt að víkja frá skilyrðunum og að það eigi sérstaklega við þegar brotið væri gegn barni. Barn hefði oft ekki náð nægilegum þroska til að gera sér grein fyrir því að um refsivert brot gegn því hefði verið að ræða, auk þess sem aðstæður þess til að kæra brot kynnu að vera erfiðar, til að mynda þegar náin tengsl væru milli barns og brotamanns. Þá segir jafnframt í greinargerðinni að einnig kunni að koma til önnur tilvik þar sem rétt sé að víkja frá skilyrðum 6. gr. og væri heimildin til þess að víkja frá þeim því ekki einskorðuð við tilvik þar sem börn væru þolendur. Sams konar breyting var hins vegar ekki gerð á bráðabirgðaákvæði laganna en í því felst að lögin veita ekki heimild til þess að taka tillit til sérstakra aðstæðna í málum vegna brota sem framin hafa verið á tímabilinu 1. janúar 1993 til 30. júní 1996, jafn-

vel þótt í hlut eigi einstaklingar sem voru börn að aldri 1. júlí 1997 eða af öðrum sérstökum ástæðum höfðu ekki tök á því að leggja fram umsókn um bætur fyrir þann tíma.

Ákvæði núgildandi laga leiða til þess að ekki er fullt jafnræði milli réttinda einstaklinga til greiðslu bóta samkvæmt lögunum jafnvel þótt óumdeilt sé að brot það sem framið hefur verið falli undir gildissvið þeirra. Breytingunni sem gerð var á lögunum árið 1999 var fyrst og fremst ætlað að gæta hagsmuna þeirra sem orðið höfðu fyrir kynferðislegu ofbeldi sem börn en ekki óskað eftir bótum fyrr en síðar á lífsleiðinni líkt og algengt er þegar um slík brot er að ræða. Í ljósi þessa er í frumvarpi þessu lögð til breyting á bráðabirgðaákvæði laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota þannig að heimilt verði að víkja frá skilyrði ákvæðisins um að umsókn um bætur vegna tjóns sem leitt verður af broti sem framið var fyrir 1. júlí 1996 skuli hafa borist bótanefndinni innan árs frá gildistöku laganna, ef veigamiklar ástæður eru fyrir hendi. Ekki verður annað séð en að sömu sjónarmið og þau sem bjuggu að baki þeirri breytingu sem gerð var á ákvæðum laganna með lögum nr. 118/1999 gildi um einstaklinga sem brotið hefur verið gegn á árunum 1. janúar 1993 til 30. júní 1996.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að breyting verði gerð á bráðabirgðaákvæði laganna þannig að heimilt verði að víkja frá skilyrði ákvæðisins um að umsókn um bætur vegna tjóns sem leiða má af broti sem framið var fyrir 1. júlí 1996 skuli hafa borist bótanefnd fyrir 1. júlí 1997 ef veigamikil rök mæla með því. Lögin gilda almennt um tjón sem leiða má af brotum sem framin voru 1. janúar 1993 og síðar og skal umsókn um bætur hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því brot var framið nema þegar veigamikil rök mæla með því að vikið verði frá tímamörkunum. Þannig hefur vantað inn í lögin heimild til að víkja frá tímamörkum vegna brota sem framin voru á tímabilinu 1. janúar 1993 til 1. júlí 1996. Eins og sjá má af greinargerð með frumvarpinu eiga tímamörk þau sem mælt er fyrir um í ákvæðinu illa við til dæmis þegar um kynferðisbrot gegn börnum væri að ræða. Slík mál koma oft ekki upp á yfirborðið fyrr en mörgum árum eftir að hætt hefur verið að brjóta gegn viðkomandi. Það skal þó áréttað að heimildin til að víkja frá tímamörkunum er ekki einskorðuð við tilvik þar sem börn eru þolendur.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki ástæða til að ætla annað en að um tiltölulega fá tilvik verði að ræða og að útgjöld ríkissjóðs vegna þeirra rúmist innan fjárveitinga málaflokksins.

1106. Fyrirspurn [631. mál]

til velferðarráðherra um byggingu nýs Landspítala.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hver er staða undirbúnings byggingar nýs Landspítala?
2. Hve mörg störf er áætlað að skapist á byggingartímanum, sundurgreint eftir árum?

1107. Svar [465. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um fjárhagslega áhættu ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Eftirfarandi svör taka mið af áhættu ríkissjóðs vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði.

1. *Hversu miklum fjármunum hefur ríkissjóður varið sem hlutafjárframlagi og stofnfé til íslenskra fjármálafyrirtækja, viðskiptabanka, sparisjóða og tryggingafélaga, frá október 2009 til loka árs 2010? Hvernig skiptist hlutafjárframlagið milli einstakra fyrirtækja?*

NBI hf.	122.000.000.000
Arion banki hf.	9.862.060.000
Íslandsbanki hf.	6.332.329.432
Bankar	**138.194.389.432**
Byr	900.000.000
Sparisjóður Keflavíkur	900.000.000
Sparisjóður Vestmannaeyja	555.000.000
Sparisjóður Bolungarvíkur	542.744.000
Sparisjóður Svarfdæla	381.961.000
Sparisjóður Norðfjarðar	150.000.000
Sparisjóður Þórshafnar	105.000.000
Sparisjóðir	**3.534.705.000**
Byggðastofnun	3.600.000.000
Íbúðalánasjóður, allt að	33.000.000.000

Þá var á árinu 2009 tekin ákvörðun um að breyta hluta af þeim kröfum sem ríkissjóður yfirtók af Seðlabanka Íslands í lok árs 2008 í hlutafjárframlag hjá SAT eignarhaldsfélagi hf.

að fjárhæð 11,6 milljarða kr. Þær kröfur sem ríkissjóður yfirtók af Seðlabanka Íslands voru í lok árs 2009 færðar aftur til Eignarhaldsfélags Seðlabanka Íslands og eru nú í umsýslu þess.

2. *Hver er fjárhæð lána sem ríkissjóður hefur veitt fjármálafyrirtækjum frá október 2009 til loka árs 2010? Óskað er eftir því að sérstaklega verði tilgreint hvort um víkjandi lán sé að ræða eða ekki og hvernig ábyrgðir skiptast eftir fjármálafyrirtækjum.*

Arion banki hf.	29.408.320.000
Íslandsbanki hf.	24.706.672.208
Víkjandi lán til banka	**54.114.992.208**

3. *Hefur ríkissjóður veitt ábyrgð á skuldbindingum fjármálastofnana (öðrum en innlánum) frá október 2009? Ef svo er, hvaða ábyrgðir hafa verið veittar og hver er fjárhæð þeirra?*

Ríkissjóður hefur ekki veitt ábyrgð á skuldbindingum fjármálastofnana öðrum en innlánum frá október 2009.

4. *Hefur ráðherra í hyggju að leggja fram hlutafé eða stofnfé í fjármálafyrirtæki á yfirstandandi ári? Hver er áætluð heildarfjárhæð og um hvaða fyrirtæki er að ræða?*

Undirritaður hefur verið samningur á milli fjármálaráðherra og Landsbanka Íslands um yfirtöku og samruna Landsbankans við Spkef sparisjóð. Samningurinn tryggir að útgjöld ríkissjóðs vegna Spkef takmarkist við það sem á vantar að heildareignir sparisjóðsins svari til innstæðna, um 11,2 milljarða kr. Ríkissjóður mun þannig ekki leggja sjóðnum til nýtt eigið fé sem áætlað var um 8,2 milljarðar kr.

Í samkomulagi sem ríkissjóður hefur gert við kröfuhafa Byrs er gert ráð fyrir að ríkissjóður veiti allt að 5 milljarða kr. í víkjandi lán. Þá vinnur nefnd að endurskipulagningu á hlutverki Byggðastofnunar sem lánastofnunar.

5. *Hefur ráðherra gert áætlun um hvernig hægt sé að losa þá fjármuni sem bundnir eru í fjármálafyrirtækjum? Ef svo er, í hverju eru þær áætlanir fólgnar?*

Í lögum nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins, segir í j-lið 4. gr. að verkefni Bankasýslunnar sé að undirbúa og vinna tillögur um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Bankasýslan hefur unnið að mótun tillagna að útfærslu á innlausnarrétti sparisjóðanna sem gerir ráð fyrir að allt að 60% af því stofnfé sem ríkið fær í sínar hendur geti sparisjóðirnir innleyst aftur á innlausnartímabili sem hefst eftir tvö ár og mun standa í tvö ár. Eftirstöðvum af stofnfé ríkisins verði haldið eftir og það selt með fyrirkomulagi sem tryggi markmið stjórnvalda um dreifða eignaraðild að fjármálafyrirtækjum, í tilviki sparisjóðanna að þeir eignuðust á ný traust bakland stofnfjáreigenda.

Hvað varðar meðferð og eftir atvikum sölu á eignarhlutum ríkisins í viðskiptabönkunum þremur þá hafa ekki verið mótaðar tillögur um slíkt enn sem komið er. Vinna að slíkri stefnumótun er hins vegar fram undan.

1108. Fyrirspurn [632. mál]

til fjármálaráðherra um lækkun vörugjalda af ökutækjum sem breytt hefur verið til þess að nýta metan.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða ástæður liggja að baki mismun í meðferð vörugjalda, samkvæmt lögum nr. 29/1993, um vörugjöld, eins og þeim var breytt um síðustu áramót, af nýjum og ónotuðum bifreiðum sem breytt hefur verið þannig að þær nota metan í stað bensíns eða dísilolíu annars vegar og hins vegar meðferð vörugjalda af notuðum bifreiðum sem breytt hefur verið á sama hátt?
2. Hver er rökstuðningur að baki ákvörðun um 1.250.000 kr. hámarksniðurfellingu vörugjalda af nýju og ónotuðu ökutæki ef því er breytt fyrir nýskráningu svo það nýti metan í stað bensíns?
3. Hvers vegna er endurgreiðsla vegna breytinga á bifreið til að nýta metan bundin við 20% af kostnaði við breytinguna og hvers vegna er sú heimild bundin við 1.000 bifreiðar?
4. Í hversu mörgum tilfellum hafa vörugjöld verið lækkuð vegna breytinga á nýjum eða ónotuðum bifreiðum skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 29/1993 frá 1. janúar 2011?
5. Hversu margir hafa nýtt sér heimild í ákvæði til bráðabirgða XIII við lögin til endurgreiðslu hluta af kostnaði við breytingu bifreiða frá 1. janúar 2011?
6. Hversu margir hér á landi bjóða þjónustu við breytingar á bifreiðum til nýtingar á metani fremur en bensíni eða dísilolíu og hver er meðalkostnaður við slíka breytingu?

Skriflegt svar óskast.

1109. Fyrirspurn [633. mál]

til fjármálaráðherra um stofnfjáreign ríkisins í sparisjóðum.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hver var aðdragandi þess að ríkið eignaðist meiri hluta stofnfjár í fimm sparisjóðum? Óskað er eftir upplýsingum um einstaka sparisjóði.

Skriflegt svar óskast.

1110. Fyrirspurn [634. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um kröfur um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hversu mörgum fjármálafyrirtækjum hefur Fjármálaeftirlitið veitt undanþágu frá kröfum um eiginfjárhlutfall frá árinu 2007?
2. Hversu lengi hafa þau fjármálafyrirtæki starfað á undanþágu frá eftirlitinu sem hafa farið í þrot eða Fjármálaeftirlitið tekið yfir á sömu árum?

Skriflegt svar óskast.

1111. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um fjölmiðla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elfu Ýri Gylfadóttur, Jón Vilberg Guðjónsson, Agnesi Guðjónsdóttur og Þorgeir Ólafsson frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Hjálmar Jónsson og Birgi Guðmundsson frá Blaðamannafélagi Íslands, Tryggva Axelsson og Þórunni Önnu Árnadóttur frá Neytendastofu, Margréti Hreinsdóttur frá Mannréttindasamtökum Íslands, Pál Magnússon frá Ríkisútvarpinu, Dóru Sif Tynes frá Og fjarskiptum ehf., Almar Guðmundsson og Pál Rúnar M. Kristjánsson frá Félagi atvinnurekenda, Óskar Magnússon frá Árvakri, Aðalbjörn Sigurðsson, Svavar Halldórsson og Sigríði Hagalín Björnsdóttur frá Félagi fréttamanna á RÚV, Guðrúnu Helgu Sigurðardóttur, Katrínu Pálsdóttur og Ingibjörgu Kjartansdóttur frá Félagi fjölmiðlakvenna, Sverri Arngrímsson frá Birtingi útgáfufélagi, Ara Edwald frá 365 miðlum, Guðjón Axel Guðjónsson frá Samtökum atvinnulífsins, Pál Gunnar Pálsson og Sonju Bjarnadóttur frá Samkeppniseftirlitinu, Benedikt Bogason, formann útvarpsréttarnefndar, og Eirík Jónsson, dósent við Háskóla Íslands.

Þá bárust umsagnir frá 365 miðlum ehf., Alþýðusambandi Íslands, Árvakri hf., Birtingi útgáfufélagi ehf., Blaðamannafélagi Íslands, Félagi fjölmiðlakvenna, Félagi fréttamanna á Ríkisútvarpinu, Félagi kvikmyndagerðarmanna o.fl., Háskóla Íslands, Íslenskri málnefnd, Jafnréttisstofu, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Neytendasamtökunum, Neytendastofu, Og fjarskiptum ehf., Ríkisútvarpinu, Sambandi íslenskra auglýsingastofa, Félagi atvinnurekanda, Samtökum atvinnulífsins, umboðsmanni barna, talsmanni neytenda og Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarpið var upphaflega lagt fram á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og var lagt fram að nýju með nokkrum breytingum. Í umsögnum, sem og í máli gesta á fundum nefndarinnar, komu fram ýmis sjónarmið sem nefndin tók til skoðunar og íhugaði við meðferð málsins. Að auki höfðu borist 33 umsagnir vegna málsins á síðasta löggjafarþingi (423. máli, 138. löggjafarþings) sem nefndin kynnti sér.

Markmið laganna og samræming löggjafar.

Með frumvarpinu er stefnt að því að setja í fyrsta sinn eina, heildstæða löggjöf um fjölmiðla og starfsemi þeirra hér á landi. Tilurð frumvarpsins má rekja til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjum um sjónvarpsrekstur. Einnig er lagt til að samræmdar verði og sameinaðar þær reglur sem nú gilda og ná annars vegar til hljóð- og myndmiðla, sbr. útvarpslög, og hins vegar prentmiðla, sbr. lög um prentrétt. Frumvarpinu er m.a. ætlað að mæta þeim öru tæknibreytingum sem átt hafa sér stað á vettvangi fjölmiðla með samræmdri löggjöf en helstu markmið þess eru að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun, sem og að efla vernd neytenda á því sviði. Í frumvarpinu er einnig leitast við að koma til móts við þær ábendingar sem fram komu í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis en þar voru íslenskir fjölmiðlar gagnrýndir fyrir að hafa ekki rækt sem skyldi upplýsingahlutverk sitt gagnvart almenningi í aðdraganda bankahrunsins. Í skýrslunni var bent á nauðsyn þess að efla sjálfstæða og hlutlæga fjölmiðlun með því að styrkja fagleg og fjárhagsleg skilyrði fjölmiðlunar. Einnig var bent á að styrkja þyrfti sjálfstæði ritstjórna, setja eignarhaldi einkaaðila á fjölmiðlamarkaði hófleg mörk og upplýsa hverjir séu eigendur fjölmiðlanna á hverjum tíma. Að lokum var bent á mikilvægi þess að koma á faglegu eftirliti með fjölmiðlun með það að markmiði að tryggt sé að þeir ræki af ábyrgð hlutverk sitt í lýðræðisríki með almannahagsmuni að leiðarljósi.

Hugtök, orðanotkun og lagasamræmi.

Margir umsagnaraðilar gagnrýna notkun hugtaka í frumvarpinu, m.a. með vísan til þess að hún sé oft og tíðum ekki í samræmi við almenna málvenju og hugtökin sem notuð eru séu óþjál og beri þess merki að vera afurð þýðingar á tyrfnu stofnanamáli sem ekki eru líkur á að nái að vinna sér sess meðal þjóðarinnar. Á móti var því sjónarmiði teflt fram að um flókna smíð nýyrða til notkunar í margbreytilegu og tæknilegu umhverfi væri að ræða og því væri ekki óeðlilegt að hugtökin virtust framandi og jafnvel þung í vöfum. Meiri hlutinn telur engu síður mikilvægt að löggjafinn fylgi þeirri stefnu að íslenskt mál í löggjöf sé vandað, einfalt og skýrt. Þá áréttar meiri hlutinn mikilvægi þess að íslenskir fjölmiðlar marki sér málstefnu og leggi sitt af mörkum til þess að efla og þróa íslenska tungu. Meiri hlutinn leggur til breytingar á tveimur hugtökum með fyrrgreind stefnumið í huga. Í fyrsta lagi leggur meiri hlutinn til hugtakið fjölmiðlaveita í stað hugtaksins fjölmiðlaþjónustuveitandi sem verður að teljast nokkur tungubrjótur. Þá leggur meiri hlutinn til að hugtakið viðskiptaboð komi í stað hugtaksins viðskiptaorðsending en til þeirra teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning.

Gerð var athugasemd við að ekki væri gætt nægilegs samræmis við hugtakanotkun samkvæmt gildandi rétti á skilgreiningu hugtaksins fjarkaup, sbr. sjónvarpstilskipun, nr. 97/36. Það er skilningur meiri hlutans að ávallt verði að gæta að samræmi í lögskýringu til að skapa heildstætt og samræmt kerfi efnisreglna. Meiri hlutinn leggur til breytingu á skilgreiningu hugtaksins í þessu augnamiði.

Fjölmiðlalæsi.

Eitt af meginmarkmiðum frumvarps til fjölmiðlalaga er að stuðla að fjölmiðlalæsi. Í 37. gr. tilskipunar 2007/65/EB kemur fram að fjölmiðlalæsi vísi til færni, þekkingar og skilnings sem gerir neytendum kleift að nýta sér fjölmiðla á öruggan og skilvirkan hátt. Áhrif fjölmiðla á samfélagið séu svo viðamikil að fjölmiðlalæsi sé ein af grundvallarforsendum þess að borg-

ari geti talist fullgildur og virkur í lýðræðisríki. Meiri hlutinn áréttar hversu mikilvægt sé að stuðlað sé að fjölmiðlalæsi barna allt frá því að skólaganga hefst. Er það álit meiri hlutans að stórefla þurfi kennslu í fjölmiðlalæsi í samráði við kennara og skólastjórnendur með það að markmiði að fjölmiðlalæsi verði hluti af námskrá allra skólastiga en í nýrri menntastefnu er fjölmiðlalæsi einn af fimm grunnþáttunum. Meiri hlutinn fagnar því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fjölmiðlanefnd standi með virkum hætti, í samstarfi við Heimili og skóla, menntamálayfirvöld o.fl., að fræðslu um fjölmiðlalæsi, t.d. með málþingum, virkri upplýsingagjöf á heimasíðu og fleiru sem geti nýst í þessum efnum.

Ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Í samræmi við tillögur þverpólitískrar fjölmiðlanefndar Alþingis frá árinu 2005 er í frumvarpinu kveðið á um að fjölmiðlaveita setji sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Það er skoðun meiri hlutans að sjálfstæði ritstjórna sé nauðsynleg forsenda hlutlægrar fjölmiðlunar. Þessar reglur eiga að gegna því hlutverki að skapa fréttamönnum skjól gagnvart mögulegum tilraunum eigenda viðkomandi fjölmiðils til að hafa áhrif á fréttaumfjöllun eða ritstjórnarstefnu miðilsins. Það sjónarmið kom fram hjá umsagnaraðilum að ekki væri heppilegt að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði væru samdar í samráði við starfsmannafélög. Meiri hlutinn tekur undir þetta og leggur til breytingu á ákvæðinu þess efnis að reglurnar skuli samdar eftir atvikum í samvinnu við viðkomandi fagfélög og samtök þeirra, svo sem Blaðamannafélag Íslands og félög fréttamanna hjá ljósvakamiðlum, enda hafi þau fremur faglegar forsendur til að leggja fram tillögur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðils en starfsmannafélög fjölmiðla. Meiri hlutinn vill einnig benda á að í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði skal fjalla um skilyrði áminningar og brottvikningar. En með þessu er lögfest að uppsagnir starfsmanna fjölmiðlaveitu sem sinna fréttum og fréttatengdu efni skuli rökstuddar með formlegum hætti. Meiri hlutinn telur þetta ákvæði mikla réttarbót.

Vernd heimildarmanna.

Fjallað er um vernd heimildarmanna í 25. gr. frumvarpsins en skv. 3. mgr. hennar er svo mælt fyrir að heimildarvernd skv. 1. og 2. mgr. verði einungis aflétt með samþykki viðkomandi heimildarmanns eða höfundar eða á grundvelli 119. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Sú athugasemd kom frá umsagnaraðila að með þessu ákvæði væri í raun verið að rýra vernd heimildarmanna. Það er ekki skilningur meiri hlutans að svo sé og telur hann þvert á móti að í þessu ákvæði felist mikilvæg réttarbót fyrir starfsmenn fjölmiðla. Fram kemur í 3. mgr. 119. gr. laga um meðferð sakamála að ef dómari telur að vitnisburður geti ráðið úrslitum um niðurstöðu máls geti hann ákveðið að vitni skuli svara spurningum um tiltekið atriði, enda séu ríkari hagsmunir af því að spurningunum verði svarað en trúnaði haldið. Af þessu leiðir að dómari yrði að leggja annars vegar mat á trúnaðarsambandið og eðli þess og hins vegar á hversu alvarlegt málið er. Því alvarlegri sem sakargiftir væru, þeim mun líklegra væri að trúnaði yrði aflétt og því ríkari sem trúnaður er, því líklegra væri að hann héldi. Í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu er lögð rík áhersla á að vernd trúnaðarsambands fjölmiðlafólks og heimildarmanna þeirra sé mikilvægur þáttur í tjáningarfrelsi fjölmiðla í lýðræðissamfélagi. Dómstóllinn hefur þar að lútandi veitt vernd heimildarmanna mikið vægi í úrlausnum sínum og ræðst niðurstaða hans í flestum tilvikum af því hvort takmörkunin teljist nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Til þess að svo teljist vera þarf takmörkun að beinast að því að vernda mikilsverða hagsmuni almennings en þeir hagsmunir sem dómstóllinn hefur talið heimildarverndinni yfirsterkari eru alvarlegir glæpir á borð við

morð, manndráp, nauðgun, misnotkun barna, landráð eða sambærilega glæpi. Meiri hlutinn vill árétta að ætla megi að dómstólar hér á landi muni líta til sambærilegra sjónarmiða við mat á því hvort aflétta eigi heimildarvernd.

Lýðræðislegar grundvallarreglur.

Ljóst er að fjölmiðlar leika lykilhlutverk í lýðræðissamfélagi með því að upplýsa almenning, vera vettvangur gagnrýninnar þjóðfélagsumræðu og veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald. Mikilvægt er að fjölmiðlar haldi í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Telur meiri hlutinn að með þessu frumvarpi sé stigið mikilvægt skref í rétta átt.

Meiri hlutinn ræddi ítarlega mörk tjáningarfrelsis fjölmiðla annars vegar og friðhelgi einkalífs hins vegar en þessi réttindi eru varin í stjórnarskrá lýðveldisins sem og í þeim alþjóðasamningum sem Ísland hefur skuldbundið sig að fylgja. Hjá Mannréttindadómstól Evrópu hefur verið staðfest ítrekað að fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðisþjóðfélagi og í ljósi þess hefur dómstóllinn litið svo á að það sé ekki aðeins skylda fjölmiðla heldur einnig réttur almennings að fá slíkar upplýsingar. Ríkar ástæður þurfa því að vera til staðar svo að skerðing á starfsemi þeirra teljist réttlætanleg. Hafa dómstólar einkum lagt til grundvallar hvort hagsmunir einstaklings, réttindi og skyldur fjölmiðla hafa meira vægi en hagsmunir samfélagsins. Sambærileg sjónarmið hafa verið uppi þegar reynir á takmarkanir á friðhelgi einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsi hins vegar. Niðurstaða hagsmunamats verður að ráðast í hverju máli fyrir sig og þá einkum af því hvort vegur þyngra hagsmunir einstaklings að njóta friðar um einkahagi sína og mannorð eða nauðsyn þess að viðhalda frjálsri lýðræðislegri umræðu um málefni er varða almenning.

Meiri hlutinn leggur til þá breytingu að ekki verði að svo stöddu veittar heimildir til fjölmiðlanefndar að grípa til viðurlaga, þ.e. stjórnvaldssekta og refsinga, vegna brota gegn ákvæðum 26. gr. Með þessu vill meiri hlutinn árétta að ákvæðið um lýðræðislegar grundvallarreglur beri að túlka sem stefnuyfirlýsingu um grundvallarreglur í fjölmiðlun en ekki sé með því ætlunin að setja tjáningarfrelsi íslenskra fjölmiðla auknar skorður.

Meiri hlutinn leggur einnig til þær breytingar að fella út hugtakið ósæmilegar athafnir þar sem það þykir of matskennt og erfiðleikum bundið að skilgreina hvað getur fallið þar undir. Meiri hlutinn leggur einnig til breytingar á orðalagi ákvæðisins í þeim tilgangi að gera það skýrara og markvissara. Í því sambandi leggur meiri hlutinn til að við lýðræðislegar grundvallarreglur bætist ákvæði um að fjölmiðlaveita skuli kappkosta að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í umfjöllun sinni um fréttir og fréttatengt efni og jafnframt gæta að þess að mismunandi sjónarmið komi fram.

Meiri hlutinn leggur jafnframt til þá breytingu að fjölmiðlaveitur skuli virða jafnrétti kynjanna sem og að tryggja að mismunandi sjónarmið komi fram í umfjöllun um fréttir og fréttatengt efni, jafnt karla og kvenna. Meiri hlutinn leggur á það þunga áherslu að ákvæði jafnréttislaga verði virt í störfum og umfjöllun fjölmiðla á Íslandi enda er jafnrétti kynjanna einn af hornsteinum lýðræðisins.

Í IV. kafla frumvarpsins þar sem fjallað er um réttindi og skyldur fjölmiðlaveita er í 30. gr. fjallað um aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni. En fjölmiðlaveitur sem miðla myndefni skulu eins og kostur er leitast við að gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum. Nefndin fjallaði um málið og vill meiri hlutinn beina þeim tilmælum til fjölmiðlaveita að huga einnig að öðrum hópum samfélagsins sem búa við fötlun auk þess

stóra hóps íbúa landsins sem ekki hefur íslensku að móðurmáli, t.d. með útdrætti frétta á einföldu máli.

Bann við hatursáróðri.

Fyrirmæli um bann við hatursáróðri eru nýmæli á vettvangi löggjafar um fjölmiðla. Meiri hlutinn leggur til þær breytingar á frumvarpinu að færa ákvæði um bann við hvatningu til refsiverðrar háttsemi hér undir þar sem það er mat meiri hlutans að það eigi fremur heima hér en sem hluti af lýðræðislegum grundvallarreglum. Fram komu athugasemdir frá umsagnaraðilum um að með slíku ákvæði væri verið að gefa fjölmiðlanefnd víðtækar heimildir. Meiri hlutinn tekur undir þessi sjónarmið og leggur til þær breytingar að fjölmiðlanefnd verði ekki að svo stöddu veittar heimildir til að grípa til viðurlaga, þ.e. stjórnvaldssekta og refsinga, vegna brota á ákvæðum 27. gr. frumvarpsins, nema hvað varðar hvatningu til refsiverðrar háttsemi. Brot á þessu ákvæði varða ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og sæta þau meðferð dómstóla. Meiri hlutanum þykir einnig rétt að árétta að hatursáróður er efni í fjölmiðlum þar sem hvatt er til ofbeldis, fordóma eða fordómafullrar hegðunar gegn einstaklingi eða hópi af fólki eða með því að vanvirða, smána, hræða eða ógna einstaklingi eða hópi. Af þessari skilgreiningu má sjá að ekki er hægt að fella hefðbundna gagnrýni, skoðanaágreining eða stjórnmálaumræður í fjölmiðlun undir skilgreininguna. Meiri hlutinn vill taka skýrt fram að á þessu tvennu er skýr eðlismunur.

Vernd barna gegn auglýsingum og skaðlegu efni.

Fyrir nefndinni kom fram sú skoðun að 41. gr. frumvarpsins færi gegn tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrár Íslands, sbr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, þar sem bannákvæði greinarinnar uppfyllti ekki skilyrði 3. mgr. téðrar greinar um takmarkanir, auk þess sem nægilegs meðalhófs væri ekki gætt. Af lestri athugasemda við frumvarpið má sjá að bannákvæði 41. gr. frumvarpsins er m.a. ætlað að vernda heilsu og siðgæði ungmenna. Meiri hlutinn vill benda á að viðskiptaleg tjáning lögaðila nýtur einnig verndar tjáningarfrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar en sá munur er á vernd viðskiptalegrar tjáningar og annarrar tjáningar að löggjafinn nýtur rýmra svigrúms en ella til að takmarka hina fyrrnefndu. Takmarkanir á viðskiptalegri tjáningu þurfa að eiga sér lagastoð og hafa tiltekið markmið en löggjafinn nýtur svigrúms við mat á því hvort slík takmörkun er nauðsynleg og samrýmanleg lýðræðishefðum. Það er mat meiri hlutans að vernd barna og ungmenna sé aðkallandi verkefni og þá ekki síst í ljósi þess hve móttækileg þau eru fyrir utanaðkomandi áhrifum. Ljóst er að mikill stuðningur er við það meðal almennings að hlífa börnum við auglýsingum í tengslum við barnatíma í sjónvarpi en ríflega 70% aðspurðra lýstu sig andvíg slíkum auglýsingum í könnun sem mennta- og menningarmálaráðuneytið lét gera í apríl 2008. Leggur meiri hlutinn til að ákvæðið verði samþykkt óbreytt enda er það niðurstaða hans að það gangi ekki gegn tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 28. gr. frumvarpsins er einnig að finna ákvæði um vernd barna gegn skaðlegu efni og í 38. gr. frumvarpsins er að finna sérreglu um vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaboðum. Meiri hlutinn fagnar aukinni vernd hagsmuna barna og leggur á það áherslu að allar takmarkanir er lúta börnum verði skýrðar þröngt og að hagsmunir barna verði ávallt settir í forgang.

Réttur til andsvara.

Í umsögn kom fram sú athugasemd að með 36. gr. frumvarpsins væri vegið að sjálfstæði fréttamanna en í greininni er mælt fyrir um almennar reglur um rétt þeirra sem telja að á þeim hafi verið brotið með röngum staðhæfingum í fjölmiðli. Meiri hlutinn leggur áherslu á að sambærileg ákvæði hafa verið í lögum um árabil. Í 18.–21. gr. gildandi laga um prentrétt er að finna ákvæði þar sem mælt er fyrir um leiðréttingarskyldu útgefanda eða ritstjóra sem og í 11. gr. gildandi útvarpslaga um andsvarsrétt sem reist er á 23. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Meiri hlutinn áréttar að með frumvarpinu er ætlunin að samræma regluverk á þessu sviði þar sem ein almenn regla gildi um andsvarsrétt í fjölmiðlum og að reglan taki einnig til hljóð- og myndmiðlunar eftir pöntun og rafrænna miðla. Reyndar má færa fyrir því rök að með þessu frumvarpi sé hlutur fjölmiðlamanna styrktur frá því sem nú er, því í ákvæði 36. gr. eru settar fram ýmsar takmarkanir sem styrkja rétt fjölmiðla til að hafna beiðnum um andsvar en umræddum reglum er ætlað að koma í veg fyrir að réttur til andsvara verði misnotaður og að eyða ágreiningi að þessu leyti ef upp kemur.

Eignarhald á fjölmiðlamarkaði.

Hjá nokkrum umsagnaraðilum kom fram gagnrýni á að frumvarpinu væri ekki ætlað að setja takmarkanir á stærð eignarhluta í fjölmiðlafyrirtækjum í því skyni að tryggja dreift eignarhald. Vill meiri hlutinn í þessu sambandi benda á að í markmiðsgrein frumvarpsins er m.a. kveðið á um að stuðla eigi að fjölræði í fjölmiðlun en með því er vísað til þess að fjölmiðlar séu ekki undir yfirráðum fárra aðila. Þar að auki felur frumvarpið í sér reglur um skráningarskyldu fjölmiðla og aukna upplýsingaskyldu þeirra. Þessar reglur eru stefnumarkandi og er ætlað að koma til móts við skýlausar kröfur samtímans um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum. Því til viðbótar vill meiri hlutinn benda á að í bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu er kveðið á um stofnun þverpólitískrar og faglegrar nefndar í þeim tilgangi að kanna samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlamarkaði og að hún geri tillögur í frumvarpsformi um viðeigandi takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum. Verksvið nefndarinnar er skýrt afmarkað og eiga niðurstöður hennar að liggja fyrir eigi síðar en 1. maí 2011. Meiri hlutanum þykir sá tími vera of skammur og leggur því til að niðurstöður nefndarinnar liggi fyrir mánuði síðar eða 1. júní 2011.

Meiri hlutinn ræddi einnig um stöðu staðbundinna fjölmiðla en þeir eru mikilvægur hluti menningar- og afþreyingarframboðs í byggðarlögum víðs vegar um landið. Þeir hafa mikilvægu hlutverki að gegna í héraði og fyrir það nærumhverfi sem þeir eru sprottnir úr. Með hliðsjón af þessu vill meiri hlutinn mælast til þess að stjórnvöld skoði sérstaklega hvort og þá hvernig styðja eigi við bakið á starfsemi þeirra, með hliðsjón af opinberum stuðningi við slíka miðla annars staðar á Norðurlöndunum. Meiri hlutinn vill einnig benda á að styrkir og ívilnanir til fjölmiðla eiga heima í sérlögum en ekki heildstæðri rammalöggjöf um fjölmiðla.

Leyfi til hljóð- og myndmiðlunar, gagnsæi og upplýsingagjöf.

Í máli nokkurra umsagnaraðila kom fram að ekki séu skýr skil laga um fjölmiðla annars vegar og fjarskiptalaga hins vegar varðandi leyfi til hljóð- og myndmiðlunar, sbr. 16. gr. frumvarpsins. En fram kemur í ákvæðinu að ef leyfi krefst tíðniúthlutunar hjá Póst- og fjarskiptastofnun þá þurfi leyfi fjölmiðlanefndar, nema um annað sé kveðið á í lögum. Meiri hluti nefndarinnar vill árétta í þessu sambandi að hér er ekki í neinu vikið frá gildandi útvarpslögum og í raun verið að festa í sessi þá aðferðafræði sem verið hefur viðhöfð allt frá því að útvarp var gefið frjálst árið 1985. Með þessu er leitast við að hindra að sömu eigendur

fái úthlutað tíðni fyrir stórum eða öllum hluta þess tíðnisviðs sem notað er til hljóð- og myndmiðlunar í anda meginmarkmiða frumvarpsins um tjáningarfrelsi, fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði.

Fyrir nefndinni var hreyft því sjónarmiði að af lestri 16. og 18. gr. frumvarpsins megi ráða að eingöngu þeir aðilar sem fengið hafa leyfi til hljóð- og myndmiðlunar geti fengið úthlutað senditíðni. Þannig kveði 3. mgr. 18. gr., sbr. 16. gr., efnislega m.a. á um að Póst- og fjarskiptastofnun úthluti senditíðni aðeins til þeirra sem úthlutað hefur verið leyfi til hljóð- og myndmiðlunar. Meiri hlutinn telur að um úthlutun senditíðni til þeirra aðila sem falla undir hugtakið „fjölmiðlar“ fari samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Tíðniúthlutun til þeirra sem ekki falla undir þá skilgreiningu fer hins vegar eftir því sem nánar er kveðið á um í fjarskiptalögum. Það er því skilningur meiri hlutans að aðilar geti fengið úthlutað senditíðni þótt þeir hafi ekki fengið leyfi til hljóð- og myndmiðlunar.

Skýrslugjöf fjölmiðlaveitu.

Fram kom hjá umsagnaraðila sú athugasemd að mikilvægt væri að fjölmiðlar væru meðvitaðir um hlutverk sitt á sviði jafnréttismála og þeir gættu þess að búa til og miðla efni sem samræmist jafnréttislögum. Rannsóknir hafa gefið ótvírætt til kynna að hlutur kvenna sé mjög fyrir borð borinn í umfjöllun fjölmiðla, mun oftar sé leitað til karlkyns álitsgjafa en kvenna, karlar séu í miklum meiri hluta viðmælenda í fréttum og fréttatengdum þáttum og svo mætti lengi telja. Meiri hluti nefndarinnar vill m.a. vekja athygli á þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið um konur og karla í fjölmiðlum. Gerð var rannsókn á fréttum fjölmiðla um fjármálafyrirtæki í aðdraganda bankahrunsins. Þar kom fram að karlar voru 97% viðmælenda en konur 3%. Einnig var gerð rannsókn á umfjöllun fjölmiðla um fólk í stjórnmálum fyrir alþingiskosningarnar árið 2009 sem sýndi að karlar fengu meiri umfjöllun en fjöldi þeirra á framboðslistum gaf tilefni til en konur fengu minni umfjöllun en fjöldi þeirra og staða á framboðslistum gaf tilefni til. Með hliðsjón af framangreindu leggur meiri hlutinn til að bætt verði þremur liðum í skýrslugjöf fjölmiðlaveitu er lúta að upplýsingagjöf um stöðu kynjanna í fjölmiðlum.

Þeim athugasemdum var komið á framfæri við nefndina að ekki væri rétt að leggja skýrslugjöf til fjölmiðlanefndar, sbr. 23. gr. frumvarpsins, á fjölmiðlaveitur heldur væri eðlilegra að skyldan hvíldi á eftirlitsaðilum. Meiri hlutinn vill benda á að í hljóð- og myndtilskipuninni er kveðið á um viðamikla upplýsingagjöf þeirra sem undir hana falla og eru nauðsynlegar svo að fjölmiðlanefndin geti sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart framkvæmdastjórn ESB. Þá kom fram við umfjöllun nefndarinnar um málið að ljósvakamiðlum er nú þegar gert að skila inn stórum hluta umræddra upplýsinga. Meiri hlutinn leggur þó til þær breytingar að fjölmiðlaveitur sem væru með skammtímaleyfi skv. 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins verði undanþegnar skýrslugjöf en skammtímaleyfi eru veitt að hámarki til þriggja mánaða.

Stjórnsýsla.

Í frumvarpinu er lögð til breytt stjórnsýsla, þ.e. fjölmiðlanefnd sem verði sjálfstæð stjórnsýslunefnd, en þær breytingar eru annars vegar tilkomnar vegna þeirra skyldna sem hvíla á íslenska ríkinu í nýrri hljóð- og myndmiðlunartilskipun og hins vegar vegna þeirra áforma sem í frumvarpinu felast um heildstæða löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar. Nefndin ræddi skipan og verksvið fjölmiðlanefndarinnar, þar á meðal stöðu hennar sem sjálfstæðs stjórnvalds sem hefur endanlegt úrskurðarvald í málum á verksviði nefndarinnar.

Meiri hlutinn vill benda á að með stofnun fjölmiðlanefndar eru uppfylltar kröfur um eftirlit með fjölmiðlum auk þess að tryggja að tjáningarfrelsið og aðrar lýðræðislegar grundvallarreglur nái fram að ganga. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að frumvarpið er að stórum hluta innleiðing á hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Þessi skipan, að fela sjálfstæðri stjórnsýslunefnd að fjalla um málefni fjölmiðla og leiða til lykta með úrskurði ágreining um málefni fjölmiðla, tekur mið af skipan mála á fjölmiðlamarkaði í Svíþjóð og Danmörku og er í samræmi við tilmæli Evrópuráðsins og ESB. Nefndin ræddi hvort ástæða væri til að setja á fót sjálfstæða áfrýjunarnefnd, sem skjóta mætti úrskurðum fjölmiðlanefndar til, sbr. áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Niðurstaða meiri hlutans var sú að slík breyting mundi draga úr sjálfstæði fjölmiðlanefndarinnar og gæti einnig aukið verulega kostnað við stjórnsýslu fjölmiðlamála. Meiri hlutinn vill benda á að eftir sem áður er heimilt að höfða mál til ógildingar ákvörðun fjölmiðlanefndar fyrir dómstólum.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar fimm manns í fjölmiðlanefnd til fjögurra ára, samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Meiri hlutinn tekur undir sjónarmið umsagnaraðila um að mikilvægt sé að stjórnarmenn séu ekki í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við aðila sem falla undir gildissvið laganna þannig að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa. Vill meiri hlutinn í þessu sambandi ítreka að um hæfi nefndarmanna fari eftir ákvæðum stjórnsýslulaga og gerir breytingartillögu þar að lútandi. Það er hins vegar álit meiri hlutans að eðlilegt sé að fagmenn sem starfað hafa á vettvangi fjölmiðla eigi aðild að fjölmiðlanefnd þó að jafnframt sé mikilvægt að þeir séu ekki í beinum hagsmunatengslum við þá fjölmiðla sem þeim er ætlað að hafa eftirlit með. Leggur meiri hlutinn því til þá breytingu að reynsla af fjölmiðlastarfi verði tilgreind sem ein af hæfiskröfum nefndarmanna í fjölmiðlanefnd.

Meiri hlutanum þykir rétt til skýringar að fram komi að samkvæmt frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót sjálfstæð stjórnsýslunefnd en í frumvarpi því sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi var lagt til að sjálfstæð stofnun yrði sett á laggirnar. Þessi breyting er viðleitni til að koma til móts við þau sjónarmið sem uppi eru um hagkvæmni og ráðdeild. Mörg dæmi eru um að stofnanir sem settar eru á fót með lagaáskilnaði hafa tilhneigingu til að vaxa í umfangi með tilheyrandi kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Þegar um stjórnsýslunefnd er að ræða, eins og fjölmiðlanefnd, er svigrúm til slíkrar útþenslu takmarkaðra.

Í 13. gr. frumvarpsins er fjallað um heimild til upplýsingaskipta fjölmiðlanefndar við önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnun EFTA. Við meðferð frumvarpsins bárust athugasemdir frá framkvæmdastjórn ESB um að ákvæðið yrði að kveða á um skyldu til upplýsingaskipta en ekki heimild. Meiri hlutinn leggur til breytingar á ákvæðinu þessu lútandi.

Flutningur myndefnis.

Frá umsagnaraðilum komu fram athugasemdir varðandi röðun sjónvarpsrása á fjarstýringu þar sem í 1. mgr. 46. gr. frumvarpsins er kveðið á um að útsendingar með íslensku tali eða texta skuli hafa forgang og vera þá framar erlendum endurvarpsrásum við röðun á fjarstýringu. En þetta hefur að mati nokkurra umsagnaraðila samkeppnishamlandi áhrif. Það er hins vegar ekki skilningur meiri hlutans. Þau sjónarmið sem búa að baki ákvæðinu eru menningarpólitísk, þ.e. vernd íslenskrar tungu, og tekur meiri hlutinn undir það að rétt sé að veita dagskrám með íslensku tali eða texta forgang. Vill meiri hlutinn einnig vekja á því athygli að eftir sem áður geta notendur raðað sjónvarpsrásum í þá röð sem þeir kjósa. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að slíkt dragi verulega úr mögulegum samkeppnishömlum.

Samkvæmt 3. mgr. 46. gr. frumvarpsins getur Póst- og fjarskiptastofnun ákvarðað hvort fjölmiðlaveita eða fjarskiptafyrirtæki haldi utan um stjórnun áskriftarkerfis. Einnig getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið endurgjald í samræmi við nánari fyrirmæli í 47. gr. Meiri hlutinn leggur til breytingar á orðalagi í þá veru að í stað orðalagsins stjórnun áskriftarkerfis komi orðalagið innheimta áskriftargjalds. Til skýringar má nefna ef nýtt fjarskiptafyrirtæki kemur á markað og vill selja viðskiptavinum sínum áskrift ásamt öðru efni, þá á það að vera heimilt án þess að fjölmiðlaveita geti gert kröfu um að innheimta áskriftargjaldið beint af viðskiptavinum nýja fjarskiptafyrirtækisins. Nýja fyrirtækið tekur þá ekki við stjórnun áskriftarkerfisins heldur kemur sér upp nýju kerfi og kaupir efnið í heildsölu.

Sú skoðun var sett fram fyrir nefndinni að mikilvægt væri að samband viðskiptavina við fjölmiðlaveitu væri milliliðalaust og ekki væri eðlilegt að Póst- og fjarskiptastofnun fengi heimild til að ákvarða hvaða aðili skuli fara með viðskiptatengsl fjölmiðlaveitu. Meiri hlutinn vill árétta að þessari heimild verður ekki beitt nema komi til ágreinings og fjölmiðlaveita synji fjarskiptafyrirtæki um afhendingu sjónvarpsmerkis á þeim grunni. Svo dæmi sé tekið getur slíkur ágreiningur falist í því að sett séu skilyrði fyrir afhendingu sjónvarpsmerkja, t.d. að fjarskiptafyrirtæki fái ekki að vera í beinu sambandi við viðskiptamenn sína, heldur leiti til fjölmiðils og/eða annars fjarskiptafyrirtækis til að kaupa tiltekið efni. Erlendis tíðkast sá háttur að fjarskiptafyrirtækið sjái um að selja áskriftir að öllu því efni sem viðskiptavinir vilja nálgast í gegnum fjarskiptafyrirtækið. Má þar nefna erlendar og innlendar sjónvarpsrásir og kvikmynda- og þáttaleigu. Sú nálgun felur í sér að fjölmiðlaveitur gera tekjuskiptasamninga við fjarskiptafyrirtæki sem síðan stjórnar tengslum við viðskiptavinina. Þetta fyrirkomulag hefur hins vegar ekki tíðkast hér á landi, en öflugasta fjölmiðlaveitan á einkamarkaði heldur jafnframt utan um sölu áskrifta og reikningsútskrift fyrir þjónustu sína á öllum dreifingarleiðum, einnig fyrir samkeppnisaðilana. Það er skilningur meiri hlutans að heimild Póst- og fjarskiptastofnunar feli ekki í sér að fjölmiðlaveitan þurfi að afhenda viðskiptamannaskrá sína til fjarskiptafyrirtækis í eiginlegri merkingu heldur feli ákvæðið í sér að fjarskiptafyrirtækið fái heimild til að vera í beinum samskiptum við þá viðskiptavini sem þegar hafa aðgang að tilteknu efni í gegnum dreifikerfi þess. Þeir viðskiptavinir sem um ræðir væru þá þegar í viðskiptum við fjarskiptafyrirtækið og hefðu fengið afhentan myndlykil og e.t.v. aðgang að ýmsu öðru hljóð- og myndmiðlunarefni sem fjarskiptafyrirtækið byði upp á. Viðskiptavinir yrðu þá í beinum samskiptum við fjarskiptafyrirtækið um allt það efni sem þeir vilja fá aðgang að, en yrði ekki vísað til einnar fjölmiðlaveitu með áskrift að hluta hljóð- og myndmiðlunarefnis. Eftir sem áður getur fjölmiðlaveita markaðssett vöru sína óháð dreifingarfyrirtæki. Það er heldur ekkert því til fyrirstöðu að fjölmiðlaveita geti óháð dreifiaðild boðið kaupendum efnis aðild að vildarklúbbum eða öðru því sem fjölmiðlaveitan býður upp á, en slíkt væri valkvætt fyrir viðskiptavinina sem mundu skrá sig hjá fjölmiðlaveitunni. Eini munurinn er sá frá því sem nú er að fjölmiðlaveitan héldi ekki utan um persónuupplýsingar allra þeirra sem yrðu áskrifendur að hljóð- og myndmiðlunarefni allra fjarskiptafyrirtækja, heldur þyrftu áskrifendur ólíkra dreifingarfyrirtækja að gefa fjölmiðlaveitunni slíkar upplýsingar til að fá aðgang að tilboðum eða öðru sem í boði eru.

Í ljósi þeirra hagsmuna sem hér eru uppi telur meiri hlutinn eðlilegt að áskilja að Póst- og fjarskiptastofnun skuli taka tillit til meðalhófs og leita álits fjölmiðlanefndar áður en ákvörðun er tekin um hver skuli innheimta áskriftargjald af notendum og um heildsölu og smásölu efnis. Leggur meiri hlutinn til breytingar þessu að lútandi.

Ábyrgð og viðurlög.

Fram kemur í b-lið 1. mgr. 50. gr. frumvarpsins að kaupandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni beri ábyrgð á efni hennar. Í dómaframkvæmd hafa komið upp álitaefni um hver sé í raun kaupandi auglýsingar, þ.e. sá sem pantar hana, sá sem greiðir fyrir hana eða jafnvel þriðji aðili, t.d. sá sem selur vöru eða þjónustu sem auglýst er. Meiri hlutanum þykir eðlilegt til þess að eyða allri réttaróvissu varðandi þetta atriði að kveða upp úr með það að kaupandi auglýsingar sem ber ábyrgð á efni hennar er sá sem greiðir fyrir auglýsinguna.

Hjá umsagnaraðila kom fram sú athugasemd að orðalag a-liðar 1. mgr. 51. gr. um að ritefni verði að vera haft beint eftir sé hægt að túlka þröngt þannig að blaðamaður eigi á hættu að þurfa að sæta ábyrgð ef ekki er orðrétt haft eftir viðmælanda hans. Meiri hlutinn tekur undir þessar athugasemdir og leggur áherslu á að það sé efnisinnihaldið sem skipti máli. Hann leggur því til breytingar á orðalagi greinarinnar þannig að ekki þurfi að hafa ritefni beint eftir heldur réttilega. Með þessu er verið að taka af allan vafa um að ekki sé gerð krafa um að ummæli séu höfð orðrétt eftir, heldur nægi að efnislega og óbrenglað sé rétt haft eftir. Þetta er engu að síður háð því að viðkomandi aðili hafi samþykkt miðlun ummælanna.

Þeim athugasemdum var komið á framfæri við nefndina að ákvæði 50. og 51. gr. frumvarpsins um ábyrgð á ritefni væri ekki nægjanlega skýr og einnig var gerð athugasemd við það að fjölmiðlaveita bæri ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta. Ákvæðið væri því ekki í samræmi við meginreglu um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Meiri hlutinn vill í þessu sambandi benda á að skv. c-lið 1. mgr. 50. gr. og c-lið 1. mgr. 51. gr. er það efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaveitanda sem ber ábyrgðina á því efni sem birt er en ekki viðkomandi blaða og/eða fréttamaður. Skv. 2. mgr. 50. gr. og 2. mgr. 51. gr. ber fjölmiðlaveitandi ábyrgð á þeim sektum sem starfsmanni hans, þ.e. ábyrgðarmanni og/eða efnisstjóra, kann að vera gert að greiða með ákvörðun fjölmiðlanefndar eða með dómi. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir að fjölmiðlaveitandinn eigi endurkröfurétt á hendur hlutaðeigandi starfsmanni, þ.e. ábyrgðarmanni og eftir atvikum efnisstjóra.

Meiri hlutinn vill einnig benda á að annars staðar á Norðurlöndum eru ábyrgðarreglur í fjölmiðlum ekki samhæfðar en þær eiga það hins vegar sammerkt að útgefendur eða ritstjórar bera meginábyrgð á því efni sem miðlað er. Þar eru ábyrgðarreglur nátengdar reglum um sjálfstæði ritstjórna, en ritstjórar og aðrir fjölmiðlamenn eiga þá ekki hættu á því að efni sé ekki birt ef útgefandi vill ekki taka fjárhagslega ábyrgð á greiðslu sekta eða fébóta. Hér á landi er hefð fyrir því að flytjandi efnis í ljósvakamiðlum og höfundur ritefnis í prentmiðlum beri ábyrgð. Í frumvarpinu er ekki vikið frá þeim reglum en með hliðsjón af þeim er lagt til að fjölmiðlaveitur beri ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hans kann að vera gert að greiða. Regla þessi er í gildandi útvarpslögum, sbr. e-lið 26. gr. laganna. Líkt og annars staðar á Norðurlöndunum er þessi regla nátengd reglum um sjálfstæði ritstjórna, hún eflir tjáningarfrelsi og stuðlar að lýðræðislegri umræðu. Meiri hlutinn vill einnig vísa til þess að fjölmiðlaveitur geta eflt gildi hennar og kveðið á um það í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði að starfsmenn þeirra verði ekki endurkrafðir að þessu leyti. Meiri hlutinn vill beina því til fjölmiðlaveitna að æskilegt væri að þær sæju sér almennt fært að kveða á um skaðleysi viðkomandi starfsmanna sinni í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Í 58. gr. frumvarpsins er fjallað um þagnarrétt einstaklinga. Meiri hlutinn leggur til orðalagsbreytingar á ákvæðinu en ekki er um efnisbreytingu að ræða. Hér er um að ræða grundvallarmannréttindi um réttláta málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem fela í sér bann við því að manni sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi, sé gert skylt að svara spurningum um þá háttsemi, þar á meðal

að játa á sig sök. Í lögum um meðferð sakamála eru almennar reglur um réttarstöðu sakborninga, sbr. 2. mgr. 64. gr. laganna, og þykir meiri hlutanum eðlilegra að vísað sé beint til þeirra laga.

Lögsaga.

Við meðferð frumvarpsins var nefndinni gerð grein fyrir því að engin heimild er hér á landi að óbreyttum lögum, að bregðast við brotum fjölmiðlaveitu sem hefur staðfestu hér á landi ef afleiðingar brots koma fram í öðru EES-ríki. Upphaf málsins má rekja til kvartana vegna þátta þar sem sjónvarpspredikarinn Peter Popoff bauð kraftaverkavatn án endurgjalds á sjónvarpsstöðinni Gospel Channel sem rekin er af Omega kristniboðakirkju. En þegar Gospel Channel, undir íslenskri lögsögu fór að sýna þættina brugðust breskir áhorfendur við með því að senda kvartanir til mennta- og menningarmálaráðuneytis og útvarpsréttarnefndar á Íslandi. Í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er að finna ítarleg ákvæði um eðlilega viðskiptahætti og markaðssetningu. Í tilskipun 2005/29/EB, um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum, sem innleidd var með lögum nr. 50/2008, um breytingu á lögum nr. 57/2005, er nú að finna ákvæði sem samræmast að verulegu leyti gildandi rétti EES-ríkja varðandi viðskiptahætti gagnvart neytendum. Neytendastofa fer með eftirlit samkvæmt ákvæðum laganna. Með samþykkt laga nr. 56/2007, um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, var innleidd reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd. Tilgangur framangreindra laga er að unnt sé að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum gagnvart neytendum á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Þannig getur t.d. Neytendastofa óskað eftir aðstoð systurstofnunar á EES-svæðinu ef t.d. fyrirtæki eða einstaklingur sem hefur staðfestu í því ríki ber ábyrgð á athöfnum eða viðskiptaháttum sem kunna að fela í sér brot sem koma fram gagnvart neytendum hér á landi. Með gagnkvæmum hætti geta stjórnvöld í öðru ríki óskað eftir því við Neytendastofu að hún taki til meðferðar mál sem kunna að vera brot á reglum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu þegar um er að ræða fyrirtæki, stofnun eða einstakling sem hefur staðfestu á Íslandi en afleiðingar brots koma fram í öðru EES-ríki þar sem neytendur sem um ræðir eru búsettir og markaðssetningin beinist að. Frá því að lög nr. 56/2007 og lög nr. 50/2008 voru samþykkt hefur ekki reynt á ákvæði laga nr. 57/2005 með þeim hætti að Neytendastofa hafi þurft að taka á ætluðu broti íslensks fyrirtækis þar sem markaðssetning og viðskiptahættir beinast alfarið að neytendum í öðru EES-ríki. Þar sem engin lagaheimild er fyrir því að taka á slíku tilviki sem hér um ræðir leggur meiri hlutinn til breytingu sem tekur mið af framangreindu þannig að skýrt verði kveðið á um það í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, að Neytendastofa hafi heimild til þess að taka upp slík mál gagnvart aðilum sem stofnsettir eru á Íslandi og þar sem afleiðingar af meintum brotum koma að öllu leyti fram gagnvart neytendum sem eru búsettir í öðru EES-ríki.

Ríkisútvarpið.

Þrátt fyrir að frumvarp til fjölmiðlalaga taki ekki á hlutverki Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði gerði nefndin það að umfjöllunarefni sínu en það kom fram í umsögnum nokkurra aðila að óeðlilegt væri að setja heildstæða löggjöf um fjölmiðla án þess að hún tæki sérstaklega til Ríkisútvarpsins.

Því er til að svara að í undirbúningi er ný löggjöf um Ríkisútvarpið þar sem m.a. verður fjallað um fjármögnun þess, þ.m.t. hlutdeild á auglýsingamarkaði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meiri hlutinn leggur til þrjár breytingar á ákvæðum til bráðabirgða í frumvarpinu.

Í fyrsta lagi leggur meiri hlutinn til þá breytingu á ákvæði til bráðabirgða I að hljóðvarps- og sjónvarpsleyfi sem eru gefin út á grundvelli laga nr. 53/2000, og eru í gildi við gildistöku laga samkvæmt frumvarpinu, haldi gildi sínu í tólf mánuði í stað sex mánaða. Með þessari breytingu er fjölmiðlaveitum veitt meira svigrúm til aðlögunar vegna breyttrar stjórnsýslu.

Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til að ákvæði til bráðabirgða II verði heimildarákvæði en samkvæmt frumvarpinu er sú skylda á fjölmiðlaveitur að senda fjölmiðlanefnd alla gildandi samninga um kaup á sjónvarpsefni 30 dögum eftir gildistöku laganna. Með hliðsjón af víðtækum heimildum Samkeppniseftirlitsins til að krefjast upplýsinga, sbr. VI. kafla samkeppnislaga, nr. 44/2005, og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar um að velja það úrræði sem vægast er þykir nefndinni rétt að leggja þessar breytingar til.

Í þriðja lagi leggur meiri hlutinn til að við bætist ákvæði til bráðabirgða IV sem kveður á um að ákvæði laganna skuli endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra. Bráðabirgðaákvæði þetta er samhljóða 37. gr. núgildandi útvarpslaga. Meiri hlutanum þykir rétt í ljósi þeirra grundvallarbreytinga sem þetta frumvarp felur í sér að heimilt verði að endurskoða lögin að þremur árum liðum, þá sér í lagi ef þörf er á að skýra eða breyta ákvæðum þegar reynsla hefur komið á framkvæmd laganna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem eru lagðar til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. mars 2011.

Skúli Helgason, form., frsm.	Lilja Mósesdóttir.	Oddný G. Harðardóttir.
Eygló Harðardóttir, með fyrirvara.	Þráinn Bertelsson.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.
	Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.	

1112. Breytingartillögur [198. mál]

við frv. til l. um fjölmiðla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SkH, LMós, OH, EyH, ÞrB, JRG, MT).

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „viðskiptaorðsending“ í 2. tölul. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarmynd í fleirtölu, auk þess sem kyn og tala sambeygðra orða breytist samsvarandi: viðskiptaboð.
   b. Í stað orðsins „fjölmiðlaþjónustuveitanda“ í 2. tölul. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu, sbr. þó e-lið, komi, í samsvarandi beygingarmynd og tölu, auk þess sem kyn sambeygðra orða breytist samsvarandi: fjölmiðlaveita.
   c. Í stað orðanna „veitandi fjölmiðlaþjónustu“ í 5. tölul. og sömu orða hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarmynd: fjölmiðlaveita.
   d. 1. málsl. 12. tölul. orðist svo: *Fjarkaup* eru hljóð- og myndsending sem í felst beint tilboð eða sala á vöru og þjónustu, þ.m.t. fasteignum eða réttindum og skuldbindingum, gegn greiðslu til almennings þar sem við miðlun tilboðs og gerð samnings er notuð ein eða fleiri fjarskiptaaðferðir án þess að neytandinn eða seljandinn hittist.
   e. Í stað orðsins „fjölmiðlaþjónustuveitendum“ í fleirtölu í 18. og 19. tölul., og í 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 16. gr., 1., 2. og 3. mgr. 23. gr., 1. mgr. 24. gr., 1. málsl. 1. mgr. 25. gr., 1. mgr. 28. gr., 1. og 2. mgr. 33. gr., 34. og 35. gr., 6. mgr. 36. gr., 1., 4. og 5. mgr. 45. gr., 1. málsl. 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 49. gr. og tvívegis í b-lið 1. mgr. 62. gr. komi, í viðeigandi beygingarmynd í eintölu, auk þess sem kyn og tala sambeygðra orða breytist samsvarandi: fjölmiðlaveita.
   f. Í stað orðsins „auglýsingar“ í 20. tölul. komi: upplýsingar.
2. 1. mgr. 8. gr. orðist svo:
   Mennta- og menningarmálaráðherra skipar fimm manns í fjölmiðlanefnd til fjögurra ára í senn. Tveir fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og tveir samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins en þann fimmta skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann nefndarinnar og skal hann uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Varaformann skal skipa úr hópi fastra nefndarmanna. Aðrir nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á fjölmiðlamálum, reynslu eða menntun sem nýtist á þessu sviði. Um hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ráðherra ákvarðar þóknun nefndarmanna.
3. 1. mgr. 10. gr. orðist svo:
   Með starfsemi fjölmiðlanefndar skal stuðlað að því að markmiðum og tilgangi laga þessara verði náð. Skal nefndin vinna að því að efla fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum, standa vörð um tjáningarfrelsi og rétt almennings til upplýsinga. Nefndin skal sérstaklega stuðla að því að vernd barna sé virt, samkvæmt fyrirmælum laga þessara.
4. 3. mgr. 11. gr. orðist svo:
   Fjölmiðlanefnd skal eftir því sem við á gæta trúnaðar við meðferð upplýsinga og gagna sem hún aflar eða henni berast á grundvelli laga þessara um hagi einstakra fjölmiðlaveitna. Þótt Fjölmiðlanefnd afhendi upplýsingar til annarra sambærilegra stjórnsýslu-

stofnana, sem fara með fjölmiðlamál innan EES-svæðisins, skal sami trúnaður ríkja. Tryggt skal vera að tölulegar upplýsingar séu ekki rekjanlegar til einstakra fjölmiðlafyrirtækja.

5. Við 13. gr. Í stað orðsins „heimilt“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: skylt.
6. Við 17. gr.
   a. Við inngangsmálslið 1. mgr. bætist: eftir því sem við á.
   b. Orðin „upplýsingar um“ í e-lið 1. mgr. falli brott.
7. Í stað orðsins „viðkomandi“ í 2. mgr. 18. gr. komi: viðkomandi fjölmiðlaveitu.
8. Við 19. gr. 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Aðal- og varafulltrúar í fjölmiðlanefnd og starfsmenn nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem leynt á að fara.
9. Við 21. gr.
   a. Orðin „ef við á, og“ í f-lið falli brott.
   b. Á eftir f-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: jafnréttisáætlun fjölmiðlaveitu, eftir því sem við á, og.
10. Við 23. gr.
   a. Í stað h-liðar 1. mgr. komi fjórir nýir stafliðir, svohljóðandi:
      h. aðgerðir fjölmiðlaveitunnar til að auka aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndefni hennar,
      i. birtingarmyndir kynjanna, þ.m.t. hlutfall karla og kvenna í hópi viðmælenda í fréttum og fréttatengdu efni,
      j. starfsfólk á fjölmiðlum, fjölda kvenna og karla, greint eftir starfsheitum,
      k. aðgerðir fjölmiðlaveitunnar til að vinna gegn staðalímyndum kynjanna, og
   b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Fjölmiðlaveita með skammtímaleyfi, skv. 2. mgr. 16. gr., er undanþegin skýrslugjöf.
11. Við 24. gr.
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Slíkar reglur skulu mótaðar í samráði við viðkomandi starfsmenn og fagfélög þeirra eða samtök.
   b. Í stað orðsins „brottvikningar“ í c-lið 2. mgr. komi: uppsagnar.
12. 26. gr. orðist svo:

   Fjölmiðlaveita skal í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skal virða mannréttindi og jafnrétti auk þess að hafa í huga friðhelgi einkalífs. Fjölmiðlaveita skal gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í umfjöllun sinni um fréttir og fréttatengt efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna.

   Fjölmiðlaveitu sem hefur þá yfirlýstu stefnu að beita sér fyrir tilteknum málstað skal vera óskylt að miðla efni sem gengur í berhögg við stefnu miðilsins.
13. 27. gr. ásamt fyrirsögn orðist svo:

   Bann við hatursáróðri og hvatningu til refsiverðrar háttsemi.

   Fjölmiðlum er óheimilt að hvetja til refsiverðar háttsemi. Bannað er að kynda undir hatri í fjölmiðlum á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis, skoðana eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélaginu.
14. Við 28. gr. Í stað orðanna „fari skýr viðvörun“ í a- og d-lið 2. mgr. komi: sé birt skýr viðvörun.

15. Við 29. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Fjölmiðlaveitur skulu eftir því sem við á efla íslenska tungu.
16. Við 1. málsl. 30. gr. bætist: auk þeirra sem búa við þroskaröskun.
17. Við 37. gr. Í stað orðanna „eða kynhneigðar“ í b-lið 3. mgr. komi: kynhneigðar eða vegna annarrar stöðu.
18. Við 39. gr.
    a. Í stað orðanna „veitanda fjölmiðlaþjónustunnar“ í a-lið 4. mgr. komi: fjölmiðlaveitunnar.
    b. 5. mgr. orðist svo:
    Hafi fjölmiðlaveitan ekki sjálf framleitt það hljóð- og myndmiðlunarefni sem um ræðir eða það verið framleitt í umboði fjölmiðlaveitunnar eða í fyrirtæki tengdu henni má falla frá auðkenningarskyldu skv. d-lið 4. mgr.
19. Við 41. gr. Í stað orðanna „Auglýsingum eða fjarkaupainnskotum er heimilt að skjóta“ í 1. mgr. komi: Heimilt er að skjóta auglýsingum eða fjarkaupainnskotum.
20. Við 46. gr.
    a. 3. mgr. orðist svo:
    Heimili Póst- og fjarskiptastofnun flutning og aðilar ná ekki samkomulagi um innheimtu áskriftargjalds getur stofnunin ákveðið að kröfu aðila hvort innheimta áskriftargjalds skuli vera í höndum fjölmiðlaveitu eða fjarskiptafyrirtækis. Með sama hætti getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið endurgjald í samræmi við nánari fyrirmæli 47. gr. Við mat Póst- og fjarskiptastofnunar skal líta til atriða er varða hagkvæmni, hagsmuni notenda og eflingu samkeppni að teknu tilliti til meðalhófs. Áður en ákvörðun er tekin skal Póst- og fjarskiptastofnun leita álits fjölmiðlanefndar.
    b. 7. mgr. falli brott.
21. 5. mgr. 47. gr. falli brott.
22. Við 48. gr. Í stað orðanna „Endurgjaldið skal fjölmiðlanefnd meta“ í 3. málsl. 3. mgr. komi: Fjölmiðlanefnd skal meta endurgjaldið.
23. Við 51. gr.
    a. Í stað orðanna „haft beint“ í a-lið 1. mgr. komi: réttilega haft.
    b. Í stað orðsins „miðlað“ í c-lið 1. mgr. komi: birt.
24. Við 54. gr. Í stað f- og g-liðar 1. mgr. komi einn nýr stafliður, svohljóðandi: 27. gr. um refsiverða háttsemi.
25. Við 56. gr. Í stað g- og h-liðar 1. mgr. komi einn nýr stafliður, svohljóðandi: 27. gr. um refsiverða háttsemi.
26. 58. gr. orðist svo:
    Einstaklingi sem hefur réttarstöðu sakbornings er óskylt að svara spurningum í málum sem getur lokið með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu í samræmi við lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Fjölmiðlanefnd eða Póst- og fjarskiptastofnun, eftir því sem við á, skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.
27. Við 59. gr. Á eftir orðunum „grein gerð fyrir þeim“ í 1. mgr. komi: í dagskrá.
28. Við 62. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Innanríkisráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um málsmeðferð og framkvæmd flutnings sjónvarpsútsendinga samkvæmt VII. kafla. Áður en til setningar reglugerðar kemur skal aflað tillagna Póst- og fjarskiptastofnunar og umsagnar fjölmiðlanefndar. Þá er innanríkisráðherra heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu á kostn-

aðargreiningu endurgjalds fyrir flutning myndefnis, m.a. um aðferðir við eignamat, afskriftir og ávöxtunarkröfu auk gerðar kostnaðarlíkana.

29. Við 65. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005.* 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:
Auk þess taka lög þessi til samninga, skilmála og athafna aðila sem hefur staðfestu á Íslandi og ætlað er að hafa áhrif í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu og um er að ræða ætlað brot gegn ákvæðum III.–V. kafla.
30. Við ákvæði til bráðabirgða I.
a. Í stað tilvísunarinnar „63. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 64. gr.
b. Í stað orðanna „sex mánuði“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: tólf mánuði.
31. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:
Fjölmiðlanefnd er heimilt að óska eftir gildandi samningum um kaup á sjónvarpsefni og er fjölmiðlaveitu skylt að verða við þeim tilmælum. Nú heimilar gildandi samningur fjölmiðlaveitu um hljóð- og myndmiðlunarefni við rétthafa, sem gilda mun til lengri tíma en þriggja ára frá gildistöku laga þessara, ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í 45. gr. og skal þá fjölmiðlaveita gera nýjan samning við rétthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Takist slíkir samningar ekki er fjölmiðlaveitu óheimilt að senda út efnið að þeim tíma liðnum.
32. Við ákvæði til bráðabirgða III. Í stað dagsetningarinnar „1. maí 2011“ komi: 1. júní 2011.
33. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra.

1113. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um fjölmiðla.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Frumvarp þetta var upphaflega lagt fram á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og var lagt fram að nýju með nokkrum breytingum. Í umsögnum sem og í máli gesta á fundum nefndarinnar komu fram ýmis sjónarmið sem nefndin tók til skoðunar og íhugaði við meðferð málsins. Að auki höfðu borist 33 umsagnir vegna málsins á síðasta löggjafarþingi sem nefndin kynnti sér.

Markmið laganna og samræming löggjafar.

Ekki verður deilt um það að skynsamlegt og rétt er að setja samræmda rammalöggjöf um starfsemi fjölmiðla hér á landi. Markmið slíkrar löggjafar hlýtur annars vegar að vera að styrkja starfsemi fjölmiðla, efla frjálsa og óháða fjölmiðlun og hins vegar að auðvelda almenningi aðgang að upplýsingum og fjölmiðlum. Minni hluti menntamálanefndar er því sammála þeim markmiðum sem koma fram í 1. gr. frumvarpsins um að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum sem og að efla vernd neytenda.

Frumvarpið nær hins vegar ekki þessum markmiðum og í sumum tilfellum er gengið þvert á þau. Frumvarpið tekur í raun lítið á yfirlýstum megintilgangi sínum, þ.e. að stuðla að fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlum. Fjölmiðlar eru háðir efnahagssveiflum sem aftur kemur niður á sjálfstæði þeirra og möguleikanum fyrir marga (fjölræði) til að búa til fjölbreytt ritstjórnarefni (fjölbreytni). Ekki kemur fram í frumvarpinu með hvaða hætti stuðla eigi að eða auka framboð á vönduðu og fjölbreyttu ritstjórnarefni.

Samkeppni á fjölmiðlamarkaði.

Öll rök hníga að því að tryggja eðlilega og sanngjarna samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Engin tilraun er gerð í frumvarpinu til að jafna samkeppnisstöðu fjölmiðla og fremur er þrengt að starfsemi þeirra. Gera verður alvarlega athugasemd við að lagt sé fram frumvarp til laga um rammalöggjöf um fjölmiðla án þess að með nokkrum hætti sé tekið á málefnum Ríkisútvarpsins ohf. Verði frumvarpið að lögum verður til enn ein eftirlitsnefnd /stofnun hins opinbera sem á að sinna eftirlitshlutverki sem aðrar opinberar stofnanir hafa þegar með höndum. Þá er ljóst að stór hluti frumvarpsins á betur heima í öðrum lögum.

Í umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarpið kemur fram hörð gagnrýni á að ekki skuli með neinum hætti tekið á samkeppnishömlum á fjölmiðlamarkaði sem eru afleiðing af stöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Vitnað er til álits eftirlitsins nr. 4/2008, um samkeppnishömlur, sem stafa af stöðu og háttsemi Ríkisútvarpsins á markaði fyrir sölu auglýsinga í ljósvakamiðlum. Þar kemur meðal annars fram að Ríkisútvarpið hefur boðið yfir 80% afslátt af listaverði: „Þar til annað kemur í ljós verður að ganga að því sem gefnu í þessu máli að opinberlega birt kjör RÚV á auglýsingum endurspegli kostnað RÚV og eðlilega álagningu. Þegar litið er til þessa og haft er í huga að engin aðskilnaður er fyrir hendi hjá RÚV, sem kemur í veg að opinbert fé sé notað til þess að niðurgreiða auglýsingastarfsemi, verður að telja að þessir miklu afslættir RÚV veiti ríkar vísbendingar um skaðleg undirboð sem séu til þess fallin að raska samkeppni frá keppinautum sem engra ríkisstyrkja njóta.“

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sérstaklega bent á að undirboð fyrirtækja sem veita „útvarpsþjónustu í almannaþágu geti ekki samræmst hlutverki þeirra og myndi undir öllum kringumstæðum hafa áhrif á viðskiptakjör á markaðnum og samkeppni sem færi gegn almannahagsmunum.“ Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er því einföld: „Telja verður því að þessi háttsemi RÚV feli ekki í sér sanngjarna samkeppni í skilningi EES/EB-samkeppnisréttar.“

Samkeppniseftirlitið bendir á að markaður fyrir kaup á sjónvarpsefni sé nátengdur markaði fyrir sölu auglýsinga. Með þeirri miklu forgjöf sem Ríkisútvarpið nýtur með opinberum gjöldum er því gert kleift að byggja upp dagskrá með vinsælu innlendu og erlendu sjónvarpsefni og skapa aukið áhorf. „Með auknu áhorfi er ljóst að auðveldara er að selja auglýsingar enda ná auglýsendur þá til fleiri neytenda og auglýsingarnar því verðmætari,“ segir í áðurnefndu áliti Samkeppniseftirlitsins. Þannig nýtur Ríkisútvarpið forgjafar í formi opinberra gjalda sem skekkir samkeppnisstöðu á markaði jafnt er varðar dagskrárefni og auglýsingar. Í EES/EB-samkeppnisrétti er talið mikilvægt að fyrirtæki sem veita útvarpsþjónustu í almannaþágu noti ekki almannafé til þess að yfirbjóða einkarekna keppinauta við kaup á sýningarrétti efnis. Með því verður keppinautum ýtt út af markaðinum. Samkeppniseftirlitið heldur því fram að með lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., hafi verið skapaðar umtalsverðar samkeppnishömlur „með því fyrirkomulagi að veita RÚV tekjur af almannafé jafnframt því að heimila fyrirtækinu að starfa áfram á markaði fyrir sölu auglýsinga og kostunar í útvarpi. Það rekstrarfyrirkomulag RÚV gengur gegn því markmiði samkeppnislaga að efla

virka samkeppni í viðskiptum þar sem það stuðlar að samkeppnislegri mismunun á markaði fyrir birtingu auglýsinga og markaði fyrir kostun bæði í sjónvarpi og hljóðvarpi.“

Ljóst er að fyrirkomulag á fjölmiðlamarkaði hefur leitt til alvarlegrar takmörkunar á samkeppni og á því er í engu tekið í frumvarpi til laga um fjölmiðla. Slíkt er gagnrýnisvert og ekki til þess fallið að styrkja rekstur íslenskra fjölmiðla og auka sjálfstæði þeirra, hvort heldur er á sviði ljósvaka eða prent- og netmiðlunar.

Álit Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2008 er skýrt. Eftirlitið telur að þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði í sjónvarpi sé veigamikil ástæða þess að ekki eru til fleiri öflugri sjónvarpsstöðvar hér á landi en raun ber vitni og eignarhald þeirra ekki dreifðara.

Eins og áður segir leggur Samkeppniseftirlitið áherslu á að komið verði í veg fyrir þá miklu samkeppnislegu mismunun sem leiðir af óbreyttri starfsemi Ríkisútvarpsins. Því beindi eftirlitið eftirfarandi athugasemdum til mennta- og menningarmálaráðherra:

„1. Ljóst er að fullur samkeppnislegur jöfnuður næst ef RÚV hverfur af auglýsingamarkaði og starfsemi þess yrði alfarið kostuð af opinberum fjárframlögum. Með hliðsjón af núverandi efnahagsástandi getur slík aðgerð stuðlað að því að einkareknir ljósvakamiðlar geti starfað áfram. Er þetta til þess fallið að tryggja valkosti almennings á sviði fjölmiðlunar. Hins vegar verður að hafa í huga að dreifikerfi einkarekinna stöðva ná almennt ekki til jafnstórs hluta landsins og RÚV. Með hliðsjón af öllu framangreindu er því æskilegt að mörkuð verði stefna sem miðar að því að RÚV hætti þessari starfsemi sem fullgildur keppinautur þegar aðstæður þykja leyfa.

2. Telji menntamálaráðherra og/eða löggjafinn ekki tækt að RÚV hverfi af markaði fyrir sölu auglýsinga í útvarpi, eða á meðan verið er að koma því svo fyrir að RÚV hverfi af umræddum markaði, telur Samkeppniseftirlitið mikilvægt að verulega verði dregið úr umsvifum félagsins á markaðnum og félaginu settar skýrar reglur sem takmarka umrædda starfsemi þess. Slíkar reglur þurfa að vera skilvirkar, einfaldar og gagnsæjar þannig að auðvelt verði að fylgja þeim eftir bæði fyrir félagið sjálft, keppinauta þess og til þess bæra eftirlitsaðila. Nauðsynlegt er að reglurnar feli m.a. í sér að sett verði ófrávíkjanleg gjaldskrá sem lúti staðfestingu og eftirliti, svokallaðar fríbirtingar verði óheimilar, auglýsingatíma verði settar skorður svo og allri markaðssókn, óheimilt verði að birta auglýsingar inni í dagskrárefni og kostun verði óheimil enda skapar hún ógagnsæi og er til þess fallin að mismuna viðskiptamönnum félagsins“.

Minni hlutinn telur það ámælisvert að ekki skuli vera gerð tilraun til að taka tillit til athugasemda Samkeppniseftirlitsins við samningu frumvarps til laga um fjölmiðla. Þar með verður þeim ójafna leik sem ríkir milli einkarekinna fjölmiðla og Ríkisútvarpsins haldið áfram. Boðað frumvarp um breytingar á núgildandi lögum um Ríkisútvarpið ohf. hefði þurft að fylgja þeirri rammalöggjöf um fjölmiðla sem stefnt er að í þessu frumvarpi.

Hugtök og orðnotkun.

Minni hlutinn er sammála þeim þætti í nefndaráliti meiri hlutans er tekur til hugtaka og orðnotkunar. Þar kemur fram m.a. að nefndin telji mikilvægt að löggjafinn fylgi þeirri stefnu að íslenskt mál í löggjöf sé vandað, einfalt og skýrt og mikilvægi þess að íslenskir fjölmiðlar marki sér málstefnu og leggi sitt af mörkum til að efla og þróa íslenska tungu. Einnig eru lagðar til breytingar á tveimur hugtökum með framangreind stefnumið í huga, hugtakið fjölmiðlaveita komi í stað hugtaksins fjölmiðlaþjónustuveitandi og hugtakið viðskiptaboð komi í stað hugtaksins viðskiptaorðsending en til þeirra teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning.

Ritstjórnarlegt sjálfstæði og vernd heimildarmanna.

Minni hlutinn tekur einnig undir nefndarálit meiri hlutans þar sem kveðið er á um að fjölmiðlaveita setji sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði því sjálfstæði ritstjórna er nauðsynleg forsenda hlutlægrar fjölmiðlunar. Slíkar reglur eiga að gegna því hlutverki að skapa fréttamönnum skjól gagnvart mögulegum tilraunum eigenda viðkomandi fjölmiðils til að hafa áhrif á fréttaumfjöllun eða ritstjórnarstefnu miðilsins. Sá galli er hins vegar á þeirri leið sem valin er í frumvarpinu til þess að ná þessu æskilega markmiði að óvíst er að ákvæðið nái tilgangi sínum því frumvarpið mælir ekki fyrir um að tilraunir eigenda fjölmiðla til þess að hafa áhrif á fréttaumfjöllun eða ritstjórnarstefnu hafi afleiðingar eða leiði til viðurlaga fyrir þann sem slíkt gerir. Gengur ákvæðið að því leyti skammt og má í raun segja að það sé fremur táknrænt en að það veiti starfsmönnum fjölmiðla þá raunverulegu vernd sem að er stefnt.

Fjallað er um vernd heimildarmanna í 25. gr. frumvarpsins en skv. 3. mgr. hennar verður heimildarvernd skv. 1. og 2. mgr. einungis aflétt með samþykki viðkomandi heimildarmanns eða höfundar eða á grundvelli 119. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Sú athugasemd kom frá umsagnaraðila að með þessu ákvæði væri í raun verið að rýra vernd heimildarmanna. Það er ekki skilningur meiri hluta nefndarinnar að svo sé og telur hann þvert á móti að í þessu ákvæði felist mikilvæg réttarbót fyrir starfsmenn fjölmiðla. Fram kemur í 3. mgr. 119. gr. laga um meðferð sakamála að ef dómari telji að vitnisburður geti ráðið úrslitum um niðurstöðu máls geti hann ákveðið að vitni skuli svara spurningum um tiltekið atriði, enda séu ríkari hagsmunir af því að spurningunum verði svarað en trúnaði sé haldið. Af þessu leiðir að dómari yrði að leggja annars vegar mat á trúnaðarsambandið og eðli þess og hins vegar á alvarleika málsins. Því alvarlegri sem sakargiftir eru, þeim mun líklegra væri að trúnaði yrði aflétt og því ríkari sem trúnaður er, því líklegra væri að hann héldi. Minni hlutinn tekur undir þessi sjónarmið meiri hlutans.

Lýðræðislegar grundvallarreglur og bann við hatursáróðri.

Minni hlutinn tekur undir að lykilhlutverk fjölmiðla í lýðræðissamfélagi er að upplýsa almenning, vera vettvangur gagnrýninnar þjóðfélagsumræðu og veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald. Mikilvægt er að fjölmiðlar haldi í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.

Í nefndinni voru ítarlega rædd mörk tjáningarfrelsis fjölmiðla annars vegar og friðhelgi einkalífs hins vegar en þessi réttindi eru varin í stjórnarskrá lýðveldisins sem og í þeim alþjóðasamningum sem Ísland er skuldbundið af. Hjá Mannréttindadómstól Evrópu hefur verið staðfest ítrekað að fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðisþjóðfélagi og í ljósi þess hefur dómstóllinn litið svo á að það sé ekki aðeins skylda fjölmiðla heldur einnig réttur almennings að fá slíkar upplýsingar. Ríkar ástæður þurfa því að vera til staðar svo skerðing á starfsemi þeirra teljist réttlætanleg. Hafa dómstólar einkum lagt til grundvallar hvort hagsmunir einstaklings, réttindi og skyldur fjölmiðla hafa meira vægi en hagsmunir samfélagsins. Sambærileg sjónarmið hafa verið uppi þegar reynir á takmarkanir á friðhelgi einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsi hins vegar. Niðurstaða hagsmunamats verður að ráðast í hverju máli fyrir sig og þá einkum af því hvort vegur þyngra hagsmunir einstaklings að njóta friðar um einkahagi sína og mannorð eða nauðsyn þess að viðhalda frjálsri lýðræðislegri umræðu um málefni er varða almenning. Minni hlutinn tekur undir sjónarmið meiri hlutans varðandi framangreint.

Fyrirmæli um bann við hatursáróðri skv. 27. gr. eru nýmæli á vettvangi löggjafar um fjölmiðla. Lögð er til sú breyting á frumvarpinu að færa ákvæði um bann við hvatningu til refsiverðrar háttsemi úr 26. gr. í 27. gr. þar sem það er mat meiri hlutans að þar eigi það þó fremur heima en sem hluti af lýðræðislegum grundvallarreglum. Minni hlutinn tekur undir þetta. Rétt þykir að árétta að hatursáróður er skilgreindur sem tal, texti, tjáning, hegðun og/eða framkoma sem birtist í texta, hljóði og/eða mynd þar sem hvatt er til ofbeldis, fordóma og/eða fordómafullrar hegðunar gegn einstaklingi eða hópi af fólki og/eða með því að vanvirða, smána, hræða og/eða ógna viðkomandi einstaklingi eða hópi. Af þessari skilgreiningu má sjá að ekki er hægt að fella hefðbundna gagnrýni, skoðanaágreining eða stjórnmálaumræður í fjölmiðlun undir skilgreininguna. Á þessu tvennu er skýr eðlismunur.

Vernd barna gegn auglýsingum og skaðlegu efni.

Fyrir nefndinni kom fram sú skoðun að 41. gr. frumvarpsins færi gegn tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrár Íslands, sbr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, þar sem bannákvæði greinarinnar uppfyllti ekki skilyrði 3. mgr. téðrar greinar um takmarkanir auk þess sem nægilegs meðalhófs væri ekki gætt.

Í 28. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um vernd barna gegn skaðlegu efni og í 38. gr. frumvarpsins er að finna sérreglu um vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaboðum. Minni hlutinn tekur fyrir sitt leyti undir að vernda þurfi hagsmuni barna og að hagsmunir þeirra verði ávallt settir í forgang en bendir á að takmarkanir á auglýsingum kringum sýningar á barnaefni kunni að leiða til þess að framboð á slíku dagskrárefni verði skert. Minni hlutinn ítrekar að ætíð eigi að vernda hagsmuni barna og að hagsmunir þeirra eigi að vera settir í forgang en getur ekki fallist á að til þess að svo megi verða þurfi að binda í lög takmarkanir á auglýsingum með þeim hætti sem hér er ætlað að gera.

Stjórnsýsla.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis var bent á mikilvægi þess að koma á faglegu eftirliti með fjölmiðlun með það að markmiði að tryggt sé að þeir ræki af ábyrgð hlutverk sitt í lýðræðisríki með almannahagsmuni að leiðarljósi. Viðbrögð löggjafans er að setja á laggirnar stjórnsýslunefnd til að sinna þessu hlutverki.

Í fyrra frumvarpi var í III. kafla, um stjórnsýslu, gert ráð fyrir Fjölmiðlastofu. Ein breyting er gerð á III. kafla í þessu frumvarpi og er það nafnbreyting því frumvarpið gerir ráð fyrir að komið verði á fót sérstakri eftirlitsnefnd – fjölmiðlanefnd – með starfsemi íslenskra fjölmiðla. Valdsvið fjölmiðlanefndar verður víðtækt og getur haft mikil áhrif á starfsemi fjölmiðla. Ákvarðanir fjölmiðlanefndar verða fullnaðarúrlausnir innan stjórnsýslunnar og sæta ekki stjórnsýslukæru. Vilji forráðamenn fjölmiðils ekki una úrskurðinum er þeim nauðugur einn kostur að höfða mál fyrir dómstólum með viðeigandi kostnaði.

Hugmyndin að stofnun fjölmiðlanefndar er ekki síst varhugaverð vegna þess hve einstök ákvæði í frumvarpinu eru óljós og opin fyrir túlkun hinnar opinberu eftirlitsnefndar og starfsmanna hennar. Þá eru ráðherra mennta- og menningarmála færð mikil völd yfir fjölmiðlun með heimild til setningar reglugerða. Einnig er ljóst að ákvæði frumvarpsins er varðar eftirlitshlutverk fjölmiðlanefndar skarast á við ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þar er Neytendastofu falið það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd laganna sem m.a. hafa að geyma ákvæði um auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir. Augljóst er að verksvið hinnar nýju eftirlitsstofnunar með fjölmiðlum og Neytendastofu mun skarast og tilraunir til að setja óljós ákvæði inn í frumvarpið um samstarf þessara

stofnana leysir ekki þann vanda. Óskýr valdmörk hafa skapað mikil vandamál hér á landi og er því sérstaklega varhugavert að fara fram með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu. Í þessu sambandi er vert að benda á grein Páls Hreinssonar, hæstaréttardómara og formanns rannsóknarnefndar Alþingis, sem birtist í Tímariti lögfræðinga, 4. tbl., árið 2005. Þar segir m.a. um vandamál sem fylgja óskýrum valdmörkum: „Í fyrsta lagi getur farið mikill tími og fjármunir í valdabaráttu á milli stofnana á hlutaðeigandi sviði sem oftast kemur niður á borgurunum sem leita þurfa eftir afgreiðslu með mál sín. Opinberir fjármunir fara því til spillis auk þess sem almenningur fær ekki viðunandi þjónustu frá hinu opinbera. Í öðru lagi getur það gerst, ef um erfiðan og óvinsælan málaflokk er að ræða, að ekkert stjórnvald vilji kannast við að það sé bært á hlutaðeigandi sviði. Þegar svo stendur á koma borgararnir „að lokuðum dyrum“ hjá stjórnvöldum og fá ekki úrlausn mála sinna. Hvorugur kosturinn er góður og því er það þýðingarmikið að vandað sé til löggjafar þegar mælt er fyrir um valdmörk stjórnvalda.“

Minni hlutinn telur verulega hættu á að réttaróvissa muni skapast við framkvæmd laga um fjölmiðla nái frumvarp þetta fram að ganga. Þá virðist sem ákvæði um eftirlit Fjölmiðlanefndar með auglýsingum og viðskiptaboðum í fjölmiðlum séu byggð á misskilningi enda er slíkt eftirlit þegar í höndum Neytendastofu, eins og áður er vikið að, samkvæmt lögum nr. 57/2008 sem aftur byggjast á Evrópurétti. Minni hlutinn telur að þrátt fyrir að í frumvarpinu segi að fjölmiðlanefnd skuli „gera samstarfssamning við Neytendastofu um mál sem geta varðað starfssvið þessara stofnana“ verði valdmörk óskýr og kunni að skapa fleiri vandamál en ætlunin er að leysa.

Minni hlutinn varar einnig við þeim valdheimildum sem fjölmiðlanefnd eru veittar samkvæmt frumvarpinu og lúta að afskiptum af skipulagi og vinnubrögðum á fjölmiðlum. Eindregið er varað við því að veita opinberri stjórnsýslunefnd slík völd og sú hætta gæti skapast að gengið yrði á rétt frjálsrar fjölmiðlunar. Slíkt er andstætt öllum hugmyndum um lýðræði og nauðsynlegt aðhald fjölmiðla að stjórnvöldum og gengur þvert á markmið frumvarpsins skv. 1. gr. þess.

Minni hlutinn telur nauðsynlegt að huga að því hvort ekki sé skynsamlegra að binda reglur um hljóð- og myndmiðla, samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins, í lög með breytingum á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, fremur en með rammalögum um fjölmiðla. Jafnframt telur minni hlutinn það íhugunarefni hvort ekki eigi að aðskilja að fullu dreifiveitur annars vegar og efnisveitur hins vegar.

Minni hlutinn telur að farsælla hefði verið að hefja vinnu við heildstæða rammalöggjöf þar sem m.a. yrði tekið á samkeppnismálum einkarekinna fjölmiðla og Ríkisútvarpsins og samhliða þeirri vinnu endurskoða lög um Ríkisútvarpið frá grunni. Jafnframt hefði löggjafinn samhliða rammalöggjöf um fjölmiðla þurft að marka skýra stefnu er varðar eignarhald á fjölmiðlum og tryggja gegnsæi í þeim efnum.

Í ljósi þess sem hér að framan segir getur minni hlutinn ekki samþykkt þetta frumvarp.

Alþingi, 21. mars 2011.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, frsm. Unnur Brá Konráðsdóttir.

1114. Breytingartillögur [198. mál]

við frv. til l. um fjölmiðla og brtt. á þskj. 1112.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Við 12. tölul. brtt. á þskj. 1112. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Fjölmiðlum sem hafa hlutlæga miðlun frétta og fréttatengds efnis að markmiði ber að gæta jafnræðis milli ólíkra sjónarmiða stjórnmálaafla og annarra pólitískra hreyfinga.
2. Á eftir 2. mgr. 37. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Viðskiptaboð stjórnmálasamtaka eru óheimil í ljósvakamiðlum. Þó er heimilt að auglýsa fundi.

1115. Fyrirspurn [635. mál]

til innanríkisráðherra um slysatíðni á þjóðvegum.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Á hvaða vegaköflum á landinu er slysatíðni mest miðað við milljón ekna kílómetra? Óskað er eftir lista yfir 25 hættulegustu vegakaflana.
2. Hvaða tillit verður tekið til slysatíðni á þjóðvegum við gerð nýrrar samgönguáætlunar?

Skriflegt svar óskast.

1116. Svar [316. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um viðbótartryggingar vegna salmonellu í fuglakjöti og kampýlóbakter-sýkinga.

1. *Hvað líður vinnu við að hægt sé að krefjast viðbótartryggingar vegna salmonellu í fuglakjöti?*

Þegar sótt er um viðbótartryggingar vegna salmonellu þarf að senda gögn um niðurstöður úr salmonellueftirliti vegna síðustu tveggja ára vegna viðkomandi afurðar. Forsenda þess að unnt sé að fá viðbótartryggingar vegna salmonellu í fuglakjöti er sú að tíðni salmonellugreininga á öllum stigum framleiðslunnar hafi verið minni en 1% undangengin tvö ár. Tíðni salmonellugreininga í alifuglum hefur aukist frá seinni hluta ársins 2008 og fór yfir 1% mörkin á síðasta ári. Á árunum 2005, 2006 og 2007 greindist salmonella alls ekki í alifuglaeldi, en tíðnin árið 2008 var 0,7%, árið 2009 var tíðnin 0,8% og árið 2010 var tíðnin 5,2%.

2. *Hvað þarf til að hægt sé að krefjast sömu viðbótartryggingar vegna kampýlóbaktersýkinga og hvernig hyggst ráðherra beita sér fyrir að það nái fram að ganga?*

Í matvælalöggjöf Evrópusambandsins er ekki gert ráð fyrir viðbótartryggingum vegna kampýlóbakter í alifuglakjöti. Markmið Íslands er engu að síður að tryggja að gerðar verði sambærilegar kröfur fyrir innfluttar afurðir og innlenda framleiðslu á alifuglakjöti.

1117. Svar [269. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannessonar um smitandi hóstapest í hestum.

1. *Hve mikill kostnaður hefur hlotist af smitandi hóstapest í hestum fyrir atvinnugreinina í heild, þ.e. hrossabændur, tamningamenn, hestamenn, þjónustuaðila o.s.frv.?*

Hestamennskan á Íslandi er margþætt og flókin en þar tvinnast saman atvinnugrein sem er starfsemi hrossaræktenda/hrossabænda, atvinnutamningamanna, þjálfara, reiðkennara, hrossakaupmanna, útflutningsþjónusta o.fl., svo sem járningamenn og dýralæknar og síðan víðfeðm íþróttagrein oft á mjög háu plani sem felur í sér mikinn metnað og tilkostnað, en einnig almenningsíþrótt og dægradvöl. Þessi margþætta grein lamaðist að lokum vegna faraldurs smitandi hósta, sem upp kom í íslenska hrossastofninum snemma árs 2010, en nú liggur fyrir að staðfest smitdreifing varð á landinu í febrúar, mars og byrjun apríl sem síðan orsakaði nær algera stöðvun í greininni þegar kom fram í apríl, maí og júní.

Nokkuð misjafnt er á milli aðila hversu langvinn rekstarstöðvunin var hjá hverjum og einum, en til jafnaðar var þar um að ræða stöðvun á bilinu 4 til 12 vikur. Mjög erfitt er að átta sig á tölulegu umfangi þess taps sem af þessum faraldri hlaust en augljóslega er um háar upphæðir að ræða. Ef litið er til mælanlegra eininga, svo sem fjölda útfluttra hrossa, þá fækkaði þeim um 431 á árinu 2010 miðað við árið 2009 og sé tekið mið af skráðu meðalverði útfluttra hrossa þá er beint tap sem hlýst af þeirri fækkun rétt um 260 millj. kr. Að mati Félags tamningamanna má reikna með að tekjutap á mánuði á tamningastöðvum þar sem starfa 2 til 3 hafi verið um 1,5 millj. kr. án virðisaukaskatts, en hér er verið að tala um stöðvar þar sem eru um 25 hross í tamningu auk járningaþjónustu og öðru því er fylgir. Í samantekt sem unnin var af sérgreinadýralækni hrossasjúkdóma hjá Matvælastofnun, í samvinnu við Félag hrossabænda og búnaðarsamböndin í landinu, kemur fram að um 260 aðilar á landinu eru með umtalsverðan rekstur tengdan hestum, en yfirleitt er þar um að ræða smáar rekstrareiningar með 1 til 3 störf en sums staðar fleiri. Hjá reiðkennurum sem starfa sjálfstætt má reikna með tapi upp á um 1,2 millj. kr. án virðisaukaskatts hvern mánuð, en rétt er að taka fram að háannatími reiðkennara er einmitt á þeim tíma sem hestamennskan í landinu stöðvaðist. Vafalaust er því að tap innan tamninga-, þjálfunar- og reiðkennslugeirans vegna þessa faraldurs hafi hlaupið á hundruðum milljóna, auk þess sem járningamenn gætu hafa misst af tekjum upp á tugi milljóna.

Reynslan leiddi fljótt í ljós að umræddur faraldur smitandi hósta var tiltölulega vægur sjúkdómur enda drápust mjög fá hross af völdum veikinnar en þó eru um það dæmi, einkum fölöld. Ýmis kostnaður fylgdi þó veikindunum sem leggst við tekjutapið, svo sem dýralæknakostnaður, sótthreinsikostnaður, aukinn fóðurkostnaður vegna hrossa sem ekki fóru á afrétt á Norðurlandi og hrossa sem haldið var heima við á gjöf vegna meðhöndlunar og eftirlits, kostnaður vegna flutninga og flokkunar á hrossum og kostnaður vegna heimasóttkvíar þegar útflutningur hófst að nýju. Ekki er með nokkru öryggi hægt að henda reiður á tölulegum

stærðum vegna þess sem hér er týnt til en um tugi milljóna tilkostnað getur verið að ræða samanlagt, en þarna var þó vel sloppið miðað við ef um drepsjúkdóm hefði verið að ræða því að verðmæti góðra hrossa — reiðhrossa í besta flokki, keppnishrossa og góðra undaneldisgripa — hleypur á milljónum og jafnvel tugum milljóna í stöku tilfelli.

Þrátt fyrir það að kynbótasýningar færu fram á árinu 2010, fyrst snemma vors og síðan þegar faraldurinn rénaði um hásumarið og síðsumars og sýningarnar tækjust í raun ótrúlega vel, hvað útkomu og þátttöku varðar, liggur fyrir að faraldurinn dró úr þátttöku á sýningunum. Heildarfjöldi kynbótadóma á árinu 2010 var 1.300 dómar og 1.098 dæmd hross sem felur í sér 17% endursýningarhlutfall innan ársins, miðað við 19% árið 2009 og 30% árið 2008 sem var landsmótsár, en mest er um endursýningar þegar stórmót fara fram. Á árinu 2009 voru dæmd 1.460 hross og kveðnir upp 1.795 dómar og á árinu 2008 voru sambærilegar tölur 1.509 og 2.059. Það liggur því glögglega fyrir að fjöldi hrossaræktenda gat ekki sýnt hross sín vegna veikinnar en þau hross sem ekki hafa hlotið dóm eru allra jafna lakari söluvara en hin, auk þess sem leggja þarf í nýtt þjálfunartímabil með þau flest hver. Hins vegar kemur á móti að nokkur tilkostnaður sparast vegna minni endursýninga. Gróflega mætti áætla að tap eigenda kynbótahrossa vegna þess að ýmist náðist ekki að sýna hrossin eða þau komu fram á smásýningum í stað stórmóta, hafi numið allt að 200 millj. kr.

Niðurfelling og frestun á mótshaldi orsakaði gríðarlegt tap. Frestun landsmóts um eitt ár ber þar hæst, en eins og alkunna er þá er landsmót hestamanna helsti markaðsgluggi hestamennskunnar hérlendis. Tekjur sem skapast af landsmótshaldinu eru afar miklar og hafa mikil margföldunaráhrif út í samfélagið. Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi hestamannafélaga varð Landsmót ehf., sem er rekstrafélag mótanna, af tekjum upp á um 30 millj. kr. vegna þessarar frestunar. Fyrir liggur að nær ómögulegt er að gera sér í hugarlund hvert er raunverulegt tap greinarinnar í heild og tengdra greina af frestun landsmótsins, að teknu tilliti til margföldunaráhrifa, en ljóst er að tapið hleypur á hundruðum milljóna. Þá eru ótalin þau áhrif sem niðurfelling ýmissa annarra móta hérlendis hafði, sum hestamannafélögin náðu reyndar að halda nokkur mót áður en hóstafaraldurinn lagðist yfir landið og svo aftur seinna um haustið, en háannatíminn, vorið og snemmsumarið, var ónýtur með tilheyrandi tekjutapi og glötuðum tækifærum. Mótshald og keppni í hestaíþróttinni hefur svo að sjálfsögðu margföld áhrif út í hestamennskuna almennt, t.d. vegna vinnulauna dómara, aukinna innkaupa á margs konar útbúnaði auk atriða sem þegar hafa verið talin upp, svo sem aðkoma þjálfara, reiðkennara og járningamanna. Í þessu sambandi ber því að halda til haga að reiðvöruverslanir urðu fyrir stórtjóni, trúlega á bilinu 80 til 110 millj. kr. og einnig þeir aðilar sem selja hey og spæni. Síðan skal hafa í huga að félagskerfi hestmennskunnar varð bæði fyrir útgjöldum samfara þessum faraldri, svo sem vegna ferðalaga, fundahalda og tapaðra tekna, einkum vegna mótahaldsins svo sem fyrr er skýrt. Ekki má heldur gleyma að skólastofnanir þær sem starfa í tengslum við greininna urðu fyrir miklu tjóni, ekki síst Hólaskóli – Háskólinn á Hólum þar sem fjöldi verðandi atvinnumanna í greininni er við nám hverju sinni.

Síðast en ekki síst situr hinn almenni hestamaður uppi með mikinn kostnað í kjölfar þessarar veiki, hann gat heldur ekki stundað sitt áhugamál og hestaferðir almennings stórdrógust saman með tilheyrandi tapi þeirra sem selja þjónustu. Hleypur þetta allt á stórum upphæðum.

2. Hvert er tjón ferðaþjónustunnar vegna sömu veiki og afleiðinga hennar?

Samtök ferðaþjónustunnar voru beðin um upplýsingar vegna þessa hluta fyrirspurnarinnar og svöruðu orðrétt með svofelldum hætti: „Vísa til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarráðu-

neytisins dags. 17. desember sl. um fyrirspurn frá Alþingi um afleiðingar hóstapestar í hrossum. Samtök ferðaþjónustunnar vita til þess að mikið tekjutap hafi verið vegna hennar, sérstaklega þar sem fella þurfti niður Landsmót hestamanna, en hafa því miður ekki upplýsingar um umfang tapsins.“ Í svörum sínum drápu landssamtök hestamennsku og hrossaræktar hins vegar á þennan lið fyrirspurnarinnar, þó svo að Samtökum ferðaþjónustunnar hafi eðlilega fyrst og fremst verið ætlað að svara honum og komu fram með ágiskanir um að tap ferðaþjónustunnar hafi getað numið allt að 800 millj. kr.

3. Hvað hefur verið gert til að takmarka tjónið?

Strax í upphafi svars við þessum lið fyrirspurnarinnar skal tekið fram að innan hrossaræktarinnar hefur alla tíð ríkt það andrúm „að sjálfs sé höndin hollust“ og undir því leiðarljósi brást greinin við, t.d. með því að koma hrossum til sýninga og keppna svo fljótt sem unnt var og eins að koma útflutningsmörkuðunum á hreyfingu á ný. Greinin sjálf, þ.m.t. félagskerfi hennar, gerði því mest til að takmarka tjónið. Hið opinbera, stjórnvöld og stofnanir, þ.m.t. leiðbeiningaþjónustan, kom hins vegar hvarvetna að málum, skyldum sínum og lögum samkvæmt, við eftirlit, rannsóknir og til að liðka fyrir og ýta undir jákvæða framvindu með almennum aðgerðum. Ríkissjóður varði nokkru fé aukalega til þessa. Þannig var við afgreiðslu fjáraukalaga ársins 2010 samþykkt að veita Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum 15,7 millj. kr. fjárveitingu vegna rannsókna og annarra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að greina orsök og uppruna hóstapestar í hrossum, auk þess að styrkja dýrasjúkdómavarnir í landinu. Þá var og samþykkt að veita Matvælastofnun 3,4 millj. kr. fjárveitingu vegna þess sama. Þá var samþykkt að veita 12 millj. kr. óskipt til félagasamtaka greinarinnar til að bæta tjón og neikvæðar afleiðingar vegna hóstapestarinnar. Þessari upphæð hefur nú verið deilt niður á einstök verkefni í góðri einingu innan greinarinnar. Þá skal nefnd að síðustu aukafjárveiting til Hólaskóla – Háskólans á Hólum að upphæð kr. 5,5 millj. kr. til að mæta fjárhagslegu tjóni skólans vegna hestaveikinnar sem fólst í að í fyrsta lagi þurfti að aflýsa starfsemi sumarskóla hestafræðideildar skólans fyrir erlenda nemendur, í öðru lagi varð verulegt óhagræði í skólastarfinu við námslok og próf, m.a. vegna fleiri úttekta og prófdaga, og í þriðja lagi féll til mikill kostnaður vegna umönnunnar á veikum hrossum, við þrif og sótthreinsun á aðstöðu.

Hér á eftir eru rakin helstu atriði hinna almennu aðgerða sem til var gripið en þar hvíldi meginþunginn á Matvælastofnun og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum:

I. Viðbrögð.

Allt frá því tilkynnt var til Matvælastofnunar um grun um smitsjúkdóm í hrossastofninum þann 7. apríl 2010, lá fyrir að sjúkdómurinn hefði verið að magnast upp í stofninum í nokkrar vikur og hefði þá þegar breiðst út um mestallt landið. Í ljósi þess var ákveðið að virkja ekki viðbragðsáætlun. Reynslan frá hitasóttinni sem kom upp í hrossastofninum hér á landi árið 1998 og baráttunni gegn útbreiðslu hennar, sýndi að það er vonlaust verk að hindra útbreiðslu smitsjúkdóms sem á annað borð hefur náð sér svo á strik sem raunin var; smitefnið hefur a.m.k fjögurra vikna forskot og hefur þegar borist í mörg stærstu hesthúsahverfi og þjálfunarstöðvar landsins. Langur meðgöngutími og væg sjúkdómseinkenni í byrjun eru helstu orsakir þess að sjúkdómurinn náði að búa um sig með þessum hætti.

Þegar þessi ákvörðun var tekin skipti einnig miklu máli að það sýndi sig strax að ekki var um að ræða hættulegan sjúkdóm sem líklegur væri til að höggva skarð í hrossastofninn eða stöðva útflutning hrossa til langframa. Til að tryggja velferð hrossa voru hestamenn hvattir

til að fylgjast vel með heilbrigði hrossa sinna og hætta þjálfun á hrossum með greinileg einkenni veikinnar. Niðurstaðan er enda sú faraldur smitandi hósta virðast ekki hafa valdið varanlegum skaða á hrossum og hrossastofninn sem slíkur varð ekki fyrir tjóni. Aðeins örfá dauðsföll hafa verið rakin til faraldursins og þar hefur verið um að ræða ungviði (folöld) og hross sem af einhverjum ástæðum voru veik fyrir.

II. Rannsóknir.

Samdægurs og tilkynnt var um grun um smitsjúkdóm í hrossum hófst sýnataka til rannsókna á orsökum hans auk söfnunar á faraldsfræðilegum gögnum. Innan fárra daga lá fyrir að ekki var um að ræða hestainflúensu og 16. apríl var ljóst að ekki var um að ræða neinn af þeim veirusjúkdómum sem þekktir eru og leggjast á öndunarfæri hrossa. Athyglin tók að beinast að bakteríusýkingum og í byrjun maí lá fyrir að bakterían Streptococcus equi subsp. zooepidemicus væri helsta orsök veikinnar. Þegar leið á sumarið var sýnt fram á að nýr og ágengari stofn bakteríunnar hefði borist til landsins og orsakað þennan faraldur. Sú niðurstaða var byggð á smittilraunum, krufningum og stofnagreiningum á bakteríunni. Verður þetta rakið nánar undir svari við fimmtu spurningu hér á eftir.

Glögg mynd er nú komin af faraldsfræði og útbreiðslu veikinnar, sjá nánar bls. 77 til 81 í ráðstefnuriti fræðaþings landbúnaðarins 2011, en vegna hinnar lúmsku byrjunar á faraldrinum hefur ekki verið hægt að sýna fram á hvernig eða nákvæmlega hvenær smitefnið barst til landsins. Spjótin beinast þó að hugsanlegu smygli á notuðum reiðtygjum og óhreinum reiðfatnaði.

III. Áhrif á útflutning.

Þær rannsóknaniðurstöður sem lágu fyrir 16. apríl sýndu að ekki var um að ræða sjúkdóm sem er tilkynningaskyldur til Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar. Sjúkdómurinn var á þeim tíma enn þá af óþekktum orsökum en ekki talinn svo alvarlegur heilsu hrossa að hann væri tilkynningaskyldur sem slíkur. Þá þegar var talið líklegast að um væri að ræða smitefni sem hefði borist frá einhverju nágrannalanda okkar og væri hrossum þar að mestu meinlaust en ylli faraldri hér á landi vegna skorts á sértækum mótefnum í okkar einangraða hrossastofni. Dýraheilbrigðisyfirvöld Evrópusambandsins voru upplýst um sjúkdóminn á fundi og þeirri kynningu fylgt eftir með skriflegum upplýsingum.

Útflutningur hrossa var ekki stöðvaður formlega en þess í stað frestað tímabundið frá 10. maí enda var á þeim tíma orðið ógerlegt að uppfylla það grundvallarskilyrði að útflutningshross kæmu úr ósýktum hjörðum. Reynslan af hitasóttinni 1998 þegar útflutningur var stöðvaður sýndi að afar erfitt getur verið að koma útflutningi á að nýju eftir formlega stöðvun.

Þessi tilhögun, ekki formleg stöðvun heldur frestun, varð hins vegar til þess að hægt var að hefja útflutning hrossa aftur um miðjan september með því að setja upp heimasóttkvíar þó svo faraldurinn væri ekki með öllu genginn yfir og var það mikilvægur þáttur í að takmarka tjónið af völdum sjúkdómsins.

IV. Áhrif á aðra starfsemi.

Fljótlega varð ljóst að umhverfisaðstæður skiptu miklu máli um það hversu alvarlega sýkingu hrossin fengu. Smitmagnið virtist skipta sköpum bæði um það hversu alvarleg sjúkdómseinkenni hrossin fengu og einnig varðandi hraða útbreiðslunnar. Þéttleiki hrossa skipti þar höfuðmáli sem og smitleiðir. Til að draga úr áhrifum sjúkdómsins á heilsu hrossanna og tryggja velferð þeirra voru ítrekað gefnar út leiðbeiningar til hestamanna um að rýmka á

hrossunum og draga úr smitálagi. Alls ekki var ráðlagt að loka hross inni. Því miður eru aðstæður víða þannig að hestamenn fengu lítið að gert til að draga úr smitálagi fyrr en komið var fram á vorið. Þetta gerði það að verkum að starfsemi tamningastöðva raskaðist í lengri tíma en nauðsynlegt hefði verið. Starfsemi hestaleiga raskaðist hins vegar ekki mjög alvarlega.

Þá var hestamönnum ráðlagt að forðast að bera smit á milli hesthúsa og menn hvattir til að draga úr sýningum og keppni þó svo þær væru ekki formlega bannaðar svo lengi sem aðeins heilbrigð hross tækju þátt. Reiðhallarsýningar og reiðkennsla féllu því að miklu leyti niður. Hins vegar reyndist hægt að sýna meiri hluta þeirra kynbótahrossa sem reiknað hafði verið með að kæmu til dóms á árinu. Það dró úr tjóni þeirra sem höfðu þegar lagt mikinn kostnað í að undirbúa sýningarnar og leiddi til verðmætasköpunar. Sömuleiðis tókst að halda nokkur stærri mót þegar leið á sumarið, t.d. um hina áætluðu landsmótshelgi, sem áttu mikinn þátt í að koma viðskiptum með hesta í gang að nýju.

V. Upplýsingar.

Upplýsingar um gang sjúkdómsins, stöðu rannsókna og ráðleggingar til hestamanna voru gefnar út reglulega og sendar á vefmiðla hestamanna og til annara fjölmiðla. Allar þær greinar (á þriðja tug) eru aðgengilegar á heimasíðu Matvælastofnunar þar sem komið var upp sérstökum upplýsingaborða á forsíðu. Á ensku síðu stofnunarinnar hafa einnig legið fyrir upplýsingar (fact sheet) um sjúkdóminn. Þá er ótalinn fjöldi viðtala í útvarpi og sjónvarpi auk viðtalsgreina í dagblöðum og hestamiðlum.

Fjöldi funda var haldinn með hagsmunaaðilum hestamennskunnar og náðist breið samstaða um þær aðgerðir sem að framan eru raktar. Í haust var farin fundaferð um landið og staða mála kynnt fyrir hestamönnum.

Því miður gætti nokkurs misræmis í málflutningi og áliti sérfræðinga um alvarleika sjúkdómsins og langtímaáhrif hans fyrir hrossastofninn. Vildu sumir meina að um alvarlegan og ólæknandi sjúkdóm væri að ræða og að hrossastofninn yrði í raun aldrei samur. Umræða sem þessi barst út fyrir landsteinana og hefur verið áberandi fram undir þetta, einkum á þýskumælandi svæðum. Til að draga úr tjóni af þessum völdum hafa greinar á ensku og þýsku með réttum upplýsingum um sjúkdóminn verið sendar Alþjóðasamtökum íslenska hestsins, FEIF. Þá hefur verið gefin út yfirlýsing um stöðu smitsjúkdóma í hrossum í landinu og að óhætt sé að flytja inn hross frá Íslandi til annara landa. Nokkrar viðtalsgreinar hafa birst í erlendum tímaritum og vefsíðum og þeim fylgt eftir með fræðslufundum í nokkrum löndum. Unnið er að ritun vísindagreina um sjúkdóminn og orsakir hans.

Það sem hér hefur verið rakið sýnir að fjölmargt hefur verið gert til að draga úr því tjóni sem af sjúkdómnum hlýst og er ljóst að þrátt fyrir allt það tap sem faraldur smitandi hósta hefur orsakað og rakið hefur verið hér að framan ávannst fjölmargt sem gerði að tjónið varð sínu minna en ella hefði orðið.

4. Hvað er fyrirhugað að gera til að fyrirbyggja að eitthvað sambærilegt gerist aftur?

Minnt er á það sem fram kom í svarinu við þriðju spurningu fyrirspurnar þessara varðandi aukafjárveitingar til Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og til Matvælastofnunar en þessar fjárveitingar nýttust mjög vel bæði til að rannsaka þann faraldur sem hér er til umræðu og eins til að koma í veg fyrir að sambærilegt hendi aftur en aukin áhersla er lögð á fræðslu um smitvarnir og að vara við hættunni á að hingað berist nýir smitsjúkdómar. Sömuleiðis að kynna fyrir hestamönnum skyldur þeirra til að tilkynna tafarlaust

til dýralæknis grun um smitsjúkdóm og að sjálfstætt starfandi dýralæknar tilkynni jafnframt um grunsamleg tilvik til yfirvalda dýraheilbrigðismála.

Helstu atriðin sem framkvæmd hafa verið eru:

1. Reglur sem lengi hafa verið í gildi um bann við innflutningi á notuðum reiðtygjum og óhreinum reiðfatnaði hafa fengið aukna umfjöllun nú eftir að þessi faraldur kom upp. Áfram verður unnið að því að fræða hestamenn um smitvarnir og kynna gildandi reglur til varnar því að nýir smitsjúkdómar berist til landsins. Stór auglýsingaborði um smitvarnir hefur í þessum tilgangi verið settur upp í Leifsstöð.
2. Í samvinnu við landssamtök innan hestamennsku og hrossaræktar hefur verið unnið að því að útfæra leið til að koma óhreinum reiðfatnaði í trygga hreinsun beint frá Leifsstöð.
3. Plaköt með reglum um smitvarnir á ensku og íslensku hafa verið gefin út og þeim dreift til hestamanna. Plakötin á að hengja upp sem víðast í hesthúsum landsins og reiðhúsum.
4. Bæklingar um smitvarnir á ensku og þýsku hafa verið sendir til aðila í hestatengdri ferðaþjónustu og er sá bæklingur ævinlega tiltækur hjá Matvælastofnun.
5. Fræðslufundir hafa verið haldnir víða um land og erlendis og verður þeirri fræðslu haldið áfram auk greinaskrifa um þetta mikilvæga málefni.
6. Rafrænar auglýsingar um smithættu og smitvarnir hafa verið útbúnar og allir sem halda úti hestatengdum heimasíðum hafa verið hvattir til að hafa þær á áberandi stað. Þessar auglýsingar er m.a. að finna á heimasíðum félagasamtaka hestamennskunnar.
7. Reglur um smitvarnir hafa einnig verið og verða auglýstar í prentmiðlum, einkum í tengslum við fjölmenn alþjóðleg hestamannamót.
8. Eftirlit tollvarða með innflutningi á notuðum reiðtygjum, óhreinum reiðfatnaði og öðru sem getur borið með sér smit er stöðugt í gangi. Hvers kyns tilraunir til smygls á slíkum varningi eru og munu verða kærð til lögreglu.
9. Unnið hefur verið að því að koma upp netfangalista hestatengdrar starfsemi í landinu, m.a. til að auðvelda öflun faraldsfræðilegra gagna og til að miðla upplýsingum. Sá póstlisti var notaður í sumar og fengust með þeim hætti góðar og gagnlegar upplýsingar.

En betur má ef duga skal og skulu eftirfarandi atriði nefnd til sögunnar:

1. Vinna þarf yfirlit yfir hestatengda starfsemi í landinu, skilgreina einingar (holdings) og afla betri upplýsinga um ábyrgðarmenn þeirra. Nú þegar yfirumsjón búfjáreftirlitsins hefur verið flutt til Matvælastofnunar hafa skapast tækifæri til að bæta skráninguna. Rafrænt skráningarkerfi sem þegar hefur verið tekið í notkun er fyrsta skrefið á þeirri leið. Búfjárhald þyrfti þó að verða skráningar- og leyfisskylt til að unnt verði að ná vel utan um starfsemina. Landupplýsingakerfi sem Matvælastofnun tók í notkun sl. haust mun einnig koma að miklu gagni við öflun faraldsfræðilegra upplýsinga í framtíðinni.
2. Bæta þarf aðbúnað hrossa (auka rými) og tryggja aðgang að beitilandi eða öðrum hólfum til útivistar fyrir öll hross. Nauðsynlegt er að endurskoða reglugerð um aðbúnað hrossa með m.a. þetta í huga en í það mun ráðist jafnhliða sambærilegri endurskoðun á fleiri reglugerðum á sviði búfjárhalds eftir að lokið er vinnu í ráðuneytinu að frumvarpi til laga um velferð dýra sem eftir samþykkt Alþingis mun taka við af núgildandi lögum um dýravernd. Jafnhliða er unnið að lagafrumvarpi um endurskoðun búfjárhaldslaganna.
3. Efla þarf vitund hestamanna og annarra sem umgangast hross um mikilvægi smitvarna í tengslum við dagleg störf sín.
4. Auka þarf skyldur dýralækna til sjúkdómaskráninga. Í ár mun Matvælastofnun taka í notkun rafrænt skráningakerfi, www.heilsa.is, sem mun bæta verulega úr þessum þætti.

5. Auka þarf skyldur sjálfstætt starfandi dýralækna til að tilkynna dýralæknayfirvöldum um niðurstöður greininga sem unnar eru að þeirra beiðni í öðrum löndum en það virðist fara mjög vaxandi að dýralæknar sendi sýni úr landi til rannsókna.
6. Óeðlilegt er og óheimilt verður að vera að sjálfstætt starfandi dýralæknar gefi út almennar yfirlýsingar um sjúkdómastöðuna í landinu. Endanleg túlkun á rannsóknaniðurstöðum og birting slíkra almennra yfirlýsinga hverju sinni verður að vera á hendi dýraheilbrigðissviðs Matvælastofnunar sem lýtur forustu yfirdýralæknis.

5. Liggur fyrir hver orsök veikinnar er?

Á vegum Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hefur farið fram umfangsmikil rannsókn á orsökum smitandi hósta í hrossum í samvinnu við dýralækni hrossasjúkdóma hjá Matvælastofnun og erlendar rannsóknarstofnanir, m.a. Dýrasjúkdómastofnunina í Svíþjóð (SVA, Statens Veterinärmedicinska Anstalt), Veirurannsóknarstofnunina við Háskólann í Giessen í Þýskalandi (Institut für Virologie, Justus-Liebig Universität) og Animal Health Trust í Newmarket á Englandi.

Rannsóknaniðurstöður benda til að nýr og ágengari stofn bakteríunnar Streptococcus equi subsp. zooepidemicus sé orsök smitandi hósta í hrossum. Bakterían veldur sýkingu í efri hluta öndunarfæra, barka og jafnvel berkjum með bólgu í slímhúð og mikilli slímmyndun. Allur hrossastofninn hefur reynst móttækilegur fyrir þessu smitefni. Má ætla að að flest hross landsins hafi smitast. Mikill þéttleiki og flutningur á hrosssum hefur eflaust átt þátt í að skapa grundvöll fyrir jafn víðtækri útbreiðslu og raun ber vitni.

Í upphafi var sett fram sú rannsóknartilgáta að um nýjan veiruskjúkdóm væri að ræða. Þrátt fyrir ítarlegar rannsóknir á sýnum, bæði úr náttúrulegum tilfellum og úr smittilraunum, hefur ekki tekist að færa fram sönnur á að svo sé. Prófað hefur verið fyrir öllum veirum sem vitað er til að geti valdið öndunarfærasýkingum í hrossum, bæði með mótefnamælingum, erfðamögnun og tilraunum til veirueinangrunar. Hins vegar kom fljótlega í ljós að ákveðin baktería, Streptococcus equi subsp. zooepidemicus, ræktaðist úr öllum hrossum með einkenni sjúkdómsins (graftarkenndan hor og hósta) en hins vegar ekki úr einkennalausum hrossum. Telja má því víst að þessi baktería sé orsök sjúkdómsins. Bakterían er þekktur sjúkdómsvaldur í hrossum en þá oftast sem kjölfarssýking. Erlendis hefur þó á seinni árum verið litið á hana sem hugsanlega frumorsök öndunarfærasýkinga í hrossum, svokallaðs „Inflammatory Airway Disease “. Sjúkdómurinn hefur talsverða þýðingu í hestahaldi víða um heim, einkum í hrossum undir 4 vetra aldri og er algengasta orsök röskunar í þjálfun unghrossa. Er nýgengi sjúkdómsins talið vera 10 tilfelli/100 hross/mánuð.

Rannsóknir á erfðaefni þessarar bakteríu hafa leitt í ljós fjölmarga mismunandi stofna. Í hrossum hefur t.d. verið lýst yfir 40 mismunandi afbrigðum. Við rannsóknir á erfðaefni baktería úr íslenskum hrossum með smitandi hósta hefur komið í ljós að í miklum meiri hluta tilfella er um svokallaðan ST 209 stofn að ræða. Þessum stofni var fyrst lýst sem orsök öndunarfærasýkinga í hrossum í Svíþjóð árið 2008. Hann hefur ekki greinst í sýnum sem til eru í lífsýnabanka á Keldum úr hrossum á Íslandi frá því fyrir faraldurinn. Má því telja víst að um nýjan stofn bakteríunnar hér á landi sé að ræða. Þegar bakterían hitti fyrir næman stofn hrossa eins og íslenski hrossastofninn er magnaðist hún upp og olli faraldri.

Líkur eru á að hross sem gengið hafa í gegnum sýkingu öðlist ónæmi. Eitthvað hefur verið um endursýkingar en þær eru þó yfirleitt vægar. Í framtíðinni mun þessi sjúkdómur líklega fyrst og fremst láta á sér kræla í unghrossum og sérstaklega verður þá fölöldum eflaust hætt í fyrstu hrakviðrum haustsins. Við því þarf að bregðast og það munu árvökulir hrossabændur

vissulega almennt gera. Rétt eins og það sýndi sig hversu almennt var vel við faraldrinum sjálfum brugðist í fyrra og hversu vel þrátt fyrir allt greininni tókst að komast í gegnum þetta erfiða úrlausnarefni.

1118. Tillaga til þingsályktunar [636. mál]

um hitaeiningamerkingar á skyndibita.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Álfheiður Ingadóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Árni Þór Sigurðsson, Magnús Orri Schram, Eygló Harðardóttir, Oddný G. Harðardóttir, Guðmundur Steingrímsson, Björn Valur Gíslason, Þór Saari, Ólafur Þór Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela velferðarráðherra að beita sér fyrir því að sölustaðir sem selja skyndibita upplýsi á áberandi stað um magn hitaeininga í skyndibitaréttum sem þar eru seldir.

Greinargerð.

Í nútímasamfélagi hefur orðið æ vinsælla að fá sér skyndibita. Mataræðið í vestrænum ríkjum hefur þróast í þá átt að skyndibitinn hefur unnið á gagnvart hefðbundnum heimilismat. Þessi þróun á án efa átt þátt í því að mörg ríki hafa gert lýðheilsuáætlanir þar sem lögð er áhersla á aukna hreyfingu og bætt mataræði almennings. Norðurlandabúar standa frammi fyrir áskorunum hvað varðar lífsstíl og mataræði og stjórnvöld flestra norrænna ríkja telja brýnt að vinna gegn offitu og lífsstíls- og velmegunarsjúkdómum sem tengjast henni. Þau hafa lagt áherslu á að bæta mataræði, m.a. með því að auðvelda fólki að velja holla matvöru. Til að svo megi verða þarf að auðvelda fólki að taka upplýst val, t.d. þegar það velur sér skyndibita. Offita er að verða eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamálið hérlendis, en samkvæmt upplýsingum frá OECD þjáist fimmtungur landsmanna af alvarlegustu tegund ofþyngdar og Íslendingar eru orðnir fjórða feitasta þjóð Evrópu, á eftir Bretum, Írum og Möltubúum.

Mikil umræða hefur átt sér stað í Bandaríkjunum, innan ESB (í Bretlandi og Þýskalandi) og víðar um skyndibitastaði og hafa nokkur ríki átt samvinnu við skyndibitastaðina um að auðvelda neytendum að átta sig á hitaeiningainnihaldi matarskammtanna sem þar eru seldir. Bent hefur verið á að í áratugi hefur þótt rétt og sjálfsagt að upplýsa um ýmiss konar innihald matvöru sem seld er í verslunum en litlar sem engar upplýsingar hafa fengist um mat sem seldur er á veitingastöðum.

Í Bandaríkjunum (svo sem í New York, Kaliforníu og Oregon) er gert ráð fyrir því að neytendum verði unnt að átta sig á hitaeiningainnihaldi matarskammtanna. Þá gæti neytandi t.d. séð að í Big Mac hamborgara eru yfir 500 hitaeiningar eða allt að fjórðungur af daglegri hitaeiningaþörf karlmanns, sem er 2.500–2.700 hitaeiningar. Einnig að í einni pitsusneið á Pizza Hut geta verið 2.656 hitaeiningar, í stórum Burger King mjólkurhristingi 612 hitaeiningar og í gulrótarköku hjá Starbucks 560 hitaeiningar, þ.e. fjórðungur af daglegri hitaeiningaþörf konu, sem er 2.000–2.200 hitaeiningar.

Í Bandaríkjunum er gert ráð fyrir að skyndibitakeðjur sem í eru meira en 20 útsölustaðir upplýsi um og merki hitaeiningainnihald skammtanna sem þar er seldir. Talið er að lýðheilsuáhrifin af merkingunum verði jákvæð þar sem neytendur muni færa neyslu sína yfir í hitaeiningasnauðari skyndibita fái þeir réttar upplýsingar á aðgengilegan hátt. Gert er ráð fyrir að upplýsingum um hitaeiningainnihald matarskammtanna sé komið á framfæri á einfaldan hátt við hvern rétt á matseðli, á veggspjöldum yfir afgreiðsluborði eða á afgreiðsluborðinu.

Skyndibitakeðjurnar í Bandaríkjunum hafa snúist frá því að vinna gegn slíkum merkingum yfir í að styðja þær, m.a. á þeim grundvelli að allar stærri keðjur verði með og komi réttum upplýsingum á framfæri við neytendur á samræmdan og einfaldan hátt. Reiknað er með að yfir 200.000 skyndibitastaðir í Bandaríkjunum verði með hitaeiningamerkingar á skömmtum sínum, jafnvel strax á þessu ári, en nákvæmari tímasetning fer eftir því hvort einhverjir höfða mál vegna merkinganna.

Í New York er talið að neytendur hafi nú þegar dregið úr hitaeininganeyslu um 50–100 hitaeingar í hverri veitingahúsaferð vegna nýju merkinganna.

Í Bretlandi gerði Food Standards Agency (FSA) skoðanakönnun sem sýndi að 85% aðspurðra töldu að veitingastaðir, kaffihús og krár ættu að bera ábyrgð á að upplýsa um innihald matvöru sem þar væri seld og 80% töldu að slíkar upplýsingar mundu hafa áhrif á hvar viðkomandi veldi að borða. Hefur breska ríkisstjórnin gert samkomulag við stærstu veitingahúsakeðjurnar sem selja skyndibita í Bretlandi um að þær gefi upp næringarinnihald matarskammtanna, en þær eru Burger King, KFC, McDonald´s, Mando´s, Subway og Wimpy. Einnig hafa keðjur eins og Pizza Hut, Pret a Manger og Starbucks verið nefndar í þessu sambandi. Reiknað er með að a.m.k. 17 veitingahúsakeðjur veiti upplýsingar um hitaeiningainnihald matarskammtanna á yfir 350 sölustöðum um allt Bretland. Þótt margar skyndibitakeðjur hafi gert samkomulag við stjórnvöld hafa þær ekki allar uppfyllt samkomulagið. Hins vegar er ljóst að mati flutningsmanna þingsályktunatillögu þessarar að það er aðeins tímaspursmál hvenær neytendur muni krefjast þess að næringarinnihald á skyndibitum verði gefið upp svo að unnt sé að taka upplýst val þegar skyndibiti er keyptur. Flutningsmenn telja því tímbært að íslensk stjórnvöld taki af skarið og hefji samstarf við skyndibitakeðjurnar hér á landi um að merkja með hitaeiningainnihaldi skyndibitana sem þær selja. Náist ekki samstarf fram á tveimur árum verði hugað að því að skylda skyndibitastaðina til slíkra merkinga.

1119. Svar [531. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um hækkun verðtryggðra lána íslenskra heimila og fyrirtækja.

1. *Hve mikið hafa verðtryggð lán íslenskra heimila hækkað á tímabilinu frá 1. febrúar 2009 til 1. febrúar 2011, í krónum annars vegar og prósentum hins vegar, vegna skattahækkana og annarra aukinna álaga af hálfu ríkisins sem hafa áhrif á vísitölu neysluverðs?*

Áhrif skattahækkana á vísitölu neysluverðs eru um 1,50% frá 1. febrúar 2009 til 1. febrúar 2011 samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands. Það þýðir að verðtryggð lán íslenskra heimila

hækkuðu sem því nemur að nafnvirði. Í febrúar sl. voru verðtryggð lán heimilanna um 1.220 milljarðar kr. og því nemur hækkunin að nafnvirði um 18,3 milljörðum kr. á tímabilinu. Almenn vörugjöld eru ekki með talin þar sem Hagstofan greinir áhrif þeirra ekki með beinum hætti í vísitölunni.

2. *Hve mikið hafa verðtryggð lán íslenskra fyrirtækja hækkað frá 1. febrúar 2009 til 1. febrúar 2011, í krónum annars vegar og prósentum hins vegar, vegna skattahækkana og annarra aukinna álaga af hálfu ríkisins sem hafa áhrif á vísitölu neysluverðs?*

Áhrif skattahækkana á vísitölu neysluverðs eru um 1,50% frá febrúar 2009 til febrúar 2011 samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands. Það þýðir að verðtryggð lán fyrirtækja hækkuðu sem því nemur að nafnvirði. Samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands voru verðtryggð lán fyrirtækja og eignarhaldsfélaga í febrúar 2011 um 205 milljarðar kr. og því nemur hækkunin að nafnvirði um 3 milljörðum kr. á tímabilinu. Almenn vörugjöld eru ekki með talin þar sem Hagstofan greinir þau ekki með beinum hætti í vísitölunni.

1120. Þingsályktun [549. mál]

um skipun stjórnlagaráðs.

(Afgreidd frá Alþingi 24. mars 2011.)

Alþingi ályktar að skipa 25 manna stjórnlagaráð sem fái það verkefni að taka við og fjalla um skýrslu stjórnlaganefndar og gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Bjóða skal þeim sæti í ráðinu sem landskjörstjórn úthlutaði sæti í kosningu til stjórnlagaþings 27. nóvember 2010, sbr. auglýsingu nr. 929/2010, en að öðrum kosti þeim sem næstir voru í röðinni, sbr. upplýsingar um niðurstöður talningar sem landskjörstjórn hefur birt, en þó þannig að hvort kyn um sig hljóti a.m.k. 10 sæti í ráðinu.

Stjórnlagaráð taki sérstaklega til umfjöllunar eftirfarandi þætti:

1. Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar.
2. Skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra.
3. Hlutverk og stöðu forseta lýðveldisins.
4. Sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds.
5. Ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan.
6. Lýðræðislega þátttöku almennings, m.a. um tímasetningu og fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal um frumvarp til stjórnarskipunarlaga.
7. Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála.
8. Umhverfismál, þar á meðal um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda.

Stjórnlagaráð getur ákveðið að taka til umfjöllunar fleiri þætti en getið er að framan.

Stjórnlagaráð skili tillögum sínum til Alþingis í formi frumvarps til stjórnarskipunarlaga fyrir lok júní 2011. Stjórnlagaráði er heimilt að óska eftir því við forseta Alþingis og forsætisnefnd að starfstími ráðsins verði framlengdur um allt að einn mánuð.

Stjórnlagaráð kjósi formann úr sínum hópi. Fundir ráðsins verði opnir. Um skipulag og starfshætti stjórnlagaráðs fer að öðru leyti eftir starfsreglum sem stjórnlagaráð setur sér.

Undirbúningsnefnd sem hefur starfað samkvæmt lögum um stjórnlagaþing, nr. 90/2010, gangi frá skipan ráðsins í samræmi við 1. mgr. og undirbúi fyrsta fund stjórnlagaráðs. Enn fremur sjái undirbúningsnefndin ráðinu fyrir starfsaðstöðu, starfsliði og nauðsynlegri sérfræðiaðstoð.

Fulltrúar í stjórnlagaráði njóti á starfstíma ráðsins launa sem samsvara þingfararkaupi alþingismanna. Formaður ráðsins njóti samsvarandi launa og forseti Alþingis og beri fjármálalega ábyrgð á störfum ráðsins gagnvart undirbúningsnefnd, sbr. 6. mgr. Kostnaður við störf stjórnlagaráðs greiðist úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.

1121. Nefndarálit [407. mál]

um frv. til l. um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Friðfinn Skaftason frá innanríkisráðuneyti, Ingunni Ólafsdóttur, Elínu Árnadóttur og Björn Óla Hauksson frá ISAVIA ohf. og Pétur K. Maack og Höllu S. Sigurðardóttur frá Flugmálastjórn Íslands. Umsagnir bárust frá Ferðamálastofu, Flugmálastjórn Íslands og ISAVIA ohf.

Með frumvarpinu er stefnt að samræmingu í gjaldamálum og tekjuöflun vegna framkvæmda og reksturs í flugmálum með hliðsjón af breyttri gjaldastefnu á sviði flugmála og í ljósi alþjóðlegrar þróunar og skuldbindinga sem leiðir af EES-samningnum. Með breytingunni er markvisst verið að hverfa frá skatttöku yfir í gjaldtöku sem leiðir af kostnaði við þjónustuna, þ.e. að notandinn greiði í samræmi við kostnað í ríkari mæli en nú er.

Samkvæmt athugasemdum í greinargerð frumvarpsins munu tveir skattstofnar falla niður við framangreinda samræmingu, þ.e. flugvallaskattur og varaflugvallagjald. Við niðurfall skattstofnanna mun gjaldskrá ISAVIA ohf. hækka sem þeim nemur en þjónustusamningur fyrirtækisins og fjármálaráðuneytisins að sama skapi lækka og staða ríkissjóðs þannig verða óbreytt. Er það mat frumvarpshöfunda að staða farþega og flugrekenda muni einnig verða óbreytt þar sem breytingar frumvarpsins felist í því að í stað nefskatta sem greiddir hafa verið úr ríkissjóði verði greidd þjónustugjöld til ISAVIA ohf.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis við frumvarpið kemur m.a. fram að gert sé ráð fyrir að í stað þeirra skatta sem ætlunin er að fella niður með frumvarpinu muni ISAVIA ohf. hækka núverandi gjaldskrá fyrirtækisins sem nemur a.m.k. þeim tekjum sem gert er ráð fyrir að núgildandi skattstofnar muni skila samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2011 auk þess sem áform séu uppi um að lagt verði á sérstakt gjald, Passangers with Reduced Mobility (PRM), sem leggjast muni á alla farþega til að standa straum af auknum kostnaði vegna þjónustu við hreyfihamlaða í samræmi við Evrópureglugerð þar um. Þá kemur fram að gjaldtakan muni byggjast á heimild 71. gr. loftferðalaga auk þess sem gengið sé út frá því að fjárhæð hvers gjalds miðist við þann kostnað sem almennt hljótist af því að veita þá þjónustu sem veita skal. Að auki kemur fram það mat að afkoma ríkissjóðs verði óbreytt þrátt fyrir þá breytingu sem frumvarpið hefur í för með sér.

Nefndin telur að samþykkt frumvarpsins hafi ekki í för með sér neina breytingu á högum ríkissjóðs, ISAVIA ohf., flugrekenda eða flugnotenda. Þó hljóti það fyrirkomulag sem frumvarpið boðar að horfa til einföldunar hvað flæði fjármuna varðar.

Með dómi EFTA-dómstólsins frá 12. desember 2003, í máli ESA gegn Íslandi, kvað dómurinn upp úr um að það færi í bága við m.a. 36. gr. EES-samningsins að leggja á misháa farþegaskatta eftir því hvort flogið væri með loftfari innan lands annars vegar eða frá Íslandi til aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins hins vegar. Við undirbúning gerðar frumvarps til breytingar á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, sem lagt var fram á 130. löggjafarþingi (þskj. 1441 í 947. máli), óskaði samgönguráðuneytið eftir sérstöku áliti Davíðs Þórs Björgvinssonar, þáverandi lagaprófessors við Háskólann í Reykjavík og nú dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, um hvað fælist í niðurstöðu EFTA-dómstólsins. Var það álit Davíðs að heimilt væri að leggja gjöld á farþega hvort heldur væri í innanlandsflugi eða millilandaflugi til að mæta sérstökum kostnaði sem leiðir af veitingu þjónustu sem þeir njóta sem flugfarþegar, þannig að samræmdist 36. gr. EES-samningsins. Skilyrði væri að gjaldið væri lagt á þá sem nytu þjónustunnar og samhengi væri milli kostnaðar við þjónustuna og fjárhæðar gjaldsins. Þá komst hann einnig að þeirri niðurstöðu að heimilt væri að hafa gjöldin mishá eftir því hvort um innanlandsflug eða millilandaflug væri að ræða, enda væri samsvörun milli mismunandi gjalda og mismunandi þjónustu sem þeir njóta sem gjaldið greiða og sá mismunur væri hóflegur og í samræmi við muninn á þeim kostnaði sem hlytist af því að veita þjónustuna.

Nefndin vekur athygli á þeirri áherslu sem EFTA-dómstóllinn leggur á samræmi á milli gjaldtöku og kostnaðar við veitingu þjónustu. Er það álit nefndarinnar að sjónarmið dómstólsins eigi sér almenna hliðstæðu í þeim meginreglum sem gilda um töku þjónustugjalda samkvæmt íslenskum rétti. Af því leiðir að gjaldtakandi hefur ákveðnar skyldur þegar kemur að ákvörðun gjalda sem öðrum kosti hvíldu á herðum löggjafans væri um skatttöku að ræða. Í 71. gr., 71. gr. a og 71. gr. b núgildandi loftferðalaga eru á nokkuð skýran hátt settar fram þær reglur sem gilda um heimildir rekstraraðila á sviði flugmála til töku gjalda og flugrekstraraðilum tryggð aðkoma m.a. að ákvörðunum um tilhögun gjaldtöku að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Er það mat nefndarinnar að framsetning og fyrirkomulag téðra reglna skapi traustan grunn undir þá gjaldtöku sem samþykkt frumvarpsins mun óhjákvæmilega hafa í för með sér.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Lilja Rafney Magnúsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. mars 2011.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Róbert Marshall.	Árni Johnsen.
Ólína Þorvarðardóttir.	Guðmundur Steingrímsson.	Ásbjörn Óttarsson.
	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	

1122. Frumvarp til laga [637. mál]

um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Gunnarsson.

1. gr.

Við 5. mgr. 71. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Félög, sjóðir og stofnanir sem hér eiga heimili ef þessir aðilar verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu 2011.

Greinargerð.

Samkvæmt 4. mgr. 71. gr. laga um tekjuskatt er tilgreindum aðilum sem undanþegnir eru tekjuskatti á atvinnurekstrartekjur skylt að greiða fjármagnstekjuskatt af tilteknum tekjum sem skilgreindar eru í 3., 4. og 5. tölul. C-liðar 7. gr. laganna og 8. tölul. sama stafliðar 7. gr. er varðar söluhagnað. Skattskyldan tekur meðal annarra til lögaðila sem eru heimilisfastir hér á landi og „verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum“.

Frumvarp þetta mælir fyrir um að félög, sjóðir og stofnanir sem uppfylla tilvitnað skilyrði verði undanþegnir þessari skattskyldu í því skyni að efla starfsemi þeirra. Er frumvarpið í anda tillagna sem fram koma í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi þingi (sbr. þskj. 956, 567. mál).

1123. Fyrirspurn [638. mál]

til velferðarráðherra um hjúkrunarrými á Eyjafjarðarsvæðinu.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hversu mörg hjúkrunarrými verða á öldrunarheimilum Akureyrar samkvæmt sparnaðarkröfum ráðuneytisins á þessu fjárlagaári?
2. Hvaða áætlanir hefur ráðuneytið um fjölgun eða fækkun hjúkrunarrýma í framtíðinni á öldrunarheimilum Akureyrar?
3. Á grundvelli hvaða reiknilíkans var tekin ákvörðun um fækkun hjúkrunarrýma hjá öldrunarheimilum Akureyrar og var við þann útreikning tekið tillit til breytinga á tvíbýlum yfir í einbýli sem gerðu það að verkum að töluverð fækkun hafði þegar átt sér stað á heimilunum?
4. Hversu mikið hefur hjúkrunarrýmum á öldrunarheimilum á Eyjafjarðarsvæðinu, þ.m.t. Siglufirði, fækkað frá árinu 2005, sundurliðað eftir árum, og hversu mikið er áætlað að hjúkrunarrýmum verði fækkað á komandi árum?

5. Hversu mikið hefur hjúkrunarrýmum hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri fækkað frá árinu 2005, sundurliðað eftir árum, og hversu mikið er áætlað að hjúkrunarrýmum verði fækkað á komandi árum?
6. Hver er stefna ráðherra varðandi rétt aldraðra til að fá fast hjúkrunarrými á þeim stað sem þeir hafa búið á fram að flutningi á öldrunarheimili?
7. Er það í samræmi við stefnu ráðherra að aldraðir þurfi að taka fast hjúkrunarrými í öðru sveitarfélagi, sem viðkomandi hefur engin tengsl við, í stað þess að fá hjúkrunarrými í heimasveitarfélagi viðkomandi, sökum fækkunar hjúkrunarrýma heima fyrir? Hefur það áhrif á framtíðarrétt viðkomandi einstaklings ef hann neitar að taka slíku plássi?

Skriflegt svar óskast.

1124. Nefndarálit [276. mál]

um till. til þál. um úttekt á öryggisbúnaði Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi feli innanríkisráðherra að láta gera úttekt á öryggisbúnaði Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs.

Í greinargerð tillögunnar kemur m.a. fram að ms. Herjólfur sé kominn til ára sinna og að ástæða sé til að fara yfir öryggisbúnað skipsins. Benda tillöguhöfundar á að Sigmund Jóhannsson og Friðrik Ásmundsson hafi fyrir hönd Félags áhugamanna í Vestmannaeyjum um öryggismál sjómanna vakið athygli á því að félagið telji að alvarlegar brotalamir séu í öryggisbúnaði Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs. Enn fremur kemur fram að Herjólfur nálgist tvítugt en lífaldur slíkra skipa sé að öllu jöfnu 15 ár.

Á fundi sínum 21. febrúar sl. tók nefndin málið til umræðu. Á þeim fundi var lögð fram tillaga um að nefndin sendi Siglingastofnun Íslands og rekstraraðila skipsins skriflegar beiðnir þar sem þess væri óskað að nefndin yrði upplýst skriflega um haffærni Herjólfs, látið yrði í té álit á því hvort öryggisbúnaður skipsins stæðist þær kröfur sem gerðar væru til skips af slíkri gerð og eftir atvikum í hvaða aðgerðir væri eðlilegt að ráðast til þess að svo yrði. Var tillaga þessi samþykkt samhljóða.

Hinn 2. mars sl. svaraði Siglingastofnun Íslands beiðni nefndarinnar með bréfi. Var þar upplýst að öryggisbúnaður Herjólfs uppfyllti þær kröfur sem gerðar væru til hans samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 666/2001, um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum, sbr. reglugerð nr. 893/2004. Var sérstaklega tekið fram að björgunarbátar skipsins og gúmmíbjörgunarbátar ásamt sjósetningarbúnaði uppfylltu kröfur téðrar reglugerðar. Framangreindu til viðbótar sendi Siglingastofnun nefndinni staðfestingu á haffærni ferjunnar. Í fylgiskjölum bréfs stofnunarinnar kemur fram að björgunaræfing hafi verið framkvæmd í september 2010. Í kjölfar æfingarinnar hafi Siglingastofnun gert athugasemdir við viðhald sjósetningarbúnaðar björgunarbáta og fyrirkomulag hans. Samkvæmt upplýsingum sem formanni nefndarinnar bárust munnlega frá Siglingastofnun var björgunaræfingin endurtekin í upphafi árs 2011 og

reyndust þau atriði sem stofnunin hafði áður gert athugasemdir við ekki gefa tilefni til athugasemda.

Í bréfi Siglingastofnunar kemur að auki fram að samgönguráðuneytið hafi haustið 2008 falið Siglingastofnun Íslands að skoða tvo kosti í kjölfar þess að ákveðið var að fresta áður ákveðnum kaupum á nýrri Vestmannaeyjaferju. Stofnunin svaraði bréfi ráðuneytisins í maí 2009. Í svarbréfi sínu leggur stofnunin til ýmsar endurbætur á ms. Herjólfi og áætlar að breytingarnar kosti um 140 millj. kr. og þar af um 35 millj. kr. vegna kostnaðar við nýjan björgunarbúnað. Í svarbréfinu kemur eftirfarandi m.a. fram: „Til að auka öryggi og einnig að fækka í áhöfn Herjólfs er lagt til að endurnýja björgunarbúnað og setja um borð MES björgunarbúnað.“ Í niðurlagi bréfs stofnunarinnar kemur svo fram að ekki hafi orðið af því að björgunarbúnaðurinn væri endurnýjaður.

Af framansögðu er skilningur nefndarinnar sá að öryggisbúnaður um borð í Herjólfi sé í lagi, hann uppfylli allar kröfur sem til slíks búnaðar eru gerðar auk þess sem haffærni skipsins hefur verið staðfest. Þó virðist ekki hafa verið brugðist við tillögum Siglingastofnunar Íslands um endurnýjun björgunarbúnaðar skipsins sem að stofni til er jafngamall ms. Herjólfi en hefur verið uppfærður til samræmis við breytingar á reglum um björgunarbúnað slíkra skipa.

Í ljósi alls framangreinds er það álit nefndarinnar að tilefni sé til þess að fram fari könnun á nauðsyn þess að endurnýja björgunarbúnað Vestamannaeyjarferjunnar Herjólfs. Af þeim sökum mælir nefndin með því að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að gera könnun á nauðsyn þess að endurnýja björgunarbúnað Vestmannaeyjarferjunnar Herjólfs. Ráðherra kynni samgöngunefnd Alþingis niðurstöður könnunarinnar.

Lilja Rafney Magnúsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. mars 2011.

Björn Valur Gíslason, form., frsm. | Róbert Marshall. | Árni Johnsen.

Ólína Þorvarðardóttir. | Guðmundur Steingrímsson. | Ásbjörn Óttarsson.

Mörður Árnason. | Sigmundur Ernir Rúnarsson.

1125. Frumvarp til laga [639. mál]

um breytingu á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hámarkslaun forsvarsmanns verkalýðsfélags og hagsmunasamtaka launafólks skulu ekki vera hærri en þreföld lágmarkskjör í því verkalýðsfélagi eða hagsmunasamtökum sem hann veitir forstöðu skv. 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu launakjör sem samningsbundin eru við gildistöku laga þessara og eru hærri en sem nemur þreföldum lágmarkskjörum skv. 1. mgr. 1. gr. laganna haldast út uppsagnarfrest viðkomandi forsvarsmanns. Þegar uppsagnarfrestur er liðinn skal ákvæði 1. gr. laga þessara þó að fullu í gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Breytingin miðar að því að lögfesta reglu um hámarkslaun forsvarsmanna verkalýðsfélaga og hagsmunasamtaka launafólks þannig að þau geti aldrei orðið hærri en sem nemur þreföldum lágmarkskjörum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Í því ákvæði er kveðið á um að laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um séu lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein. Í ákvæði til bráðabirgða er þó kveðið á um að séu forsvarsmenn við gildistöku laganna með samningsbundin launakjör sem eru hærri en það viðmið sem sett eru í frumvarpinu haldi þeir þeim jafnlengi og lögboðinn uppsagnarfrestur þeirra gildir. Eftir þann tíma geta þeir að hámarki haft laun sem nema þreföldum lágmarkskjörum samkvæmt lögunum.

Samningsfrelsi er grundvallarregla í íslenskum rétti. Löggjafinn hefur þó talið rétt að setja samningsfrelsinu ákveðnar skorður séu rík rök þar að baki. Meðal þeirra raka sem oft er vísað til eru almannahagsmunir. Flutningsmenn frumvarpsins telja mikilvægt að sett sé hámark á laun forsvarsmenn verkalýðsfélaga og hagsmunasamtaka launafólks. Að baki slíku hámarki eru rík sanngirnissjónarmið enda eru þessi laun greidd úr sameiginlegum sjóðum verkalýðsins. Með frumvarpinu væru samningsfrelsi settar nokkrar skorður enda yrði ólöglegt að semja um hærri laun en sem nemur þreföldum lágmarkskjörum. Við ákvörðun þessa hámarks var þó gætt meðalhófs og ekki gengið of nærri samningsfrelsi aðila. Með því að kveða á um þreföld lágmarkskjör er enn fremur talið tryggt að hámarkið sé ákvarðað þannig að launin séu samkeppnishæf svo að hæft fólk fáist til starfans og ákvæðið dragi ekki úr hvata þeirra sem hæfastir eru til að sinna því.

Flutningsmenn telja jafnframt rétt að vekja athygli á því að setning hámarks sem er á þennan hátt bundið lágmarkskjörum getur verið forsvarsmönnum mikilvægur hvati til að

berjast fyrir bættum rétti félagsmanna þar sem hækkun lágmarkslauna getur leitt til beinnar hækkunar launa þeirra.

1126. Fyrirspurn [640. mál]

til utanríkisráðherra um styrki vegna aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Hver er staða styrkja og umsókna, bæði vegna beinna styrkja og óska um sérfræðilega aðstoð (IPA, TAIEX o.fl.), af hálfu íslenskra stjórnvalda í tengslum við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu?
   a. Hversu margar umsóknir um styrki eða sérfræðilega aðstoð hafa þegar verið sendar stofnunum Evrópusambandsins frá því að Alþingi samþykkti aðildarumsóknina sumarið 2009? Til hvaða verkefna hefur verið sótt um styrki eða aðstoð? Hversu margar umsóknir af því tagi hafa þegar verið samþykktar af ESB og til hvaða verkefna?
   b. Hvaða umsóknir eru nú í undirbúningi af hálfu einstakra ráðuneyta, ráðherranefndar um Evrópumál, einstakra stofnana, samninganefndar Íslands eða annarra aðila á vegum stjórnvalda?
   c. Liggja fyrir upplýsingar um áætlaðan fjölda umsókna meðan á aðildarferlinu stendur og líklegar fjárhæðir í því sambandi, bæði varðandi beina styrki og greiðslur fyrir sérfræðilega aðstoð?
2. Hvernig er málsmeðferð varðandi undirbúning umsókna um styrki og aðstoð háttað af hálfu íslenskra stjórnvalda? Hver er þáttur einstakra ráðuneyta, ráðherranefndar, stofnana og samninganefndar í því ferli?
3. Hver tekur endanlegar ákvarðanir um það hvaða umsóknir eru sendar stofnunum ESB?
4. Hefur ríkisstjórnin tekið ákvarðanir um einhverjar breytingar á vinnu við undirbúning og ákvarðanir vegna styrkumsókna á þeim tíma sem aðildarferlið hefur staðið yfir?

Skriflegt svar óskast.

1127. Nefndarálit [377. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Sigrúnu Jönu Finnbogadóttur frá velferðarráðuneyti, Margréti Steinarsdóttur frá Mannréttinda-

skrifstofu Íslands, Davíð Gíslason frá Félagi ofnæmis- og astmalækna, Hafrúnu Kristjánsdóttur frá Félagi sálfræðinga og Kristin Halldór Einarsson og Ólaf Haraldsson frá Blindrafélaginu. Umsagnir bárust frá Landssambandi eldri borgara, Grímsnes- og Grafningshreppi, Persónuvernd, Reykjanesbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, Hrunamannahreppi, Læknafélagi Íslands, Þroskahjálp, Bláskógabyggð, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Blindrafélaginu, Kópavogsbæ, Fljótsdalshéraði, Viðskiptaráði Íslands, Sjálfsbjörg, Öryrkjabandalagi Íslands og Reykjavíkurborg.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fjöleignarhús er varða hunda- og kattahald auk þess sem lagt er til að sérstakar reglur gildi um leiðsögu- og hjálparhunda.

Nefndin hefur fjallað um málið sem er í reynd tvíþætt. Í fyrsta lagi eru lagðar til sérreglur þegar íbúi fjöleignarhúss hefur þörf fyrir sérþjálfaðan leiðsögu- eða hjálparhund og í öðru lagi eru lagðar til almennar reglur um hunda- og kattahald í fjöleignarhúsum. Af þeim 18 aðilum sem veittu umsögn um frumvarpið gerðu 15 þeirra ekki athugasemdir við efni þess eða mæltu með því að það yrði samþykkt sem lög á yfirstandandi löggjafarþingi.

Ákvæði er varða sérþjálfaða leiðsögu- eða hjálparhunda.

Í d-lið 1. gr. frumvarpsins (33. gr. d) er kveðið á um lagareglu sem felur í sér mikilvæga réttarbót fyrir þá sem þurfa á leiðsögu- eða hjálparhundum að halda. Nefndin hefur nýlega haft til umfjöllunar frumvarp um breytingu á lögum um málefni fatlaðs fólks (þskj. 298, 256. mál) og áréttaði í nefndaráliti sínu um málið (þskj. 550) mikilvægi þess að löggjöf sé til samræmis við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Til stendur að lögleiða samninginn og er unnið að frumvarpsgerð. Í 9. gr. samningsins er fjallað um skyldur aðildarríkja og segir þar m.a.: „Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum.“ Í 19. gr. samningsins segir svo að aðildarríki samningsins viðurkenni jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu m.a. með því að tryggja því tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra. Telur nefndin ljóst að fyrirliggjandi frumvarp sé mikilvægt skref í þá átt að tryggja réttindi fatlaðs fólks í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna og ber að fagna því.

Ofnæmi.

Nefndin ræddi sérstaklega 4. mgr. d-liðar 1. gr. (33. gr. d) en þar er m.a. kveðið á um að sé annar íbúi fjöleignarhúss með ofnæmi þurfi það að vera á svo háu stigi að lyf megni ekki að gera sambýlið við leiðsögu- eða hjálparhund bærilegt til þess að unnt sé að leita lausnar til kærunefndar húsamála á andstæðum hagsmunum hans og þess sem þarf á leiðsögu- eða hjálparhundi að halda. Nefndinni er ljóst að með ákvæðinu er verið að tryggja rétt þeirra sem þurfa á leiðsögu- eða hjálparhundi að halda og hann settur framar rétti þeirra sem ekki vilja hund í húsið eða hafa fyrir honum ofnæmi. Á fundi nefndarinnar kom fram að fátítt væri að fólk hefði hundaofnæmi og sjaldgæft að það væri svæsið. Miðað við fyrirliggjandi gögn er því ólíklegt að upp komi aðstæður þar sem íbúi í fjöleignarhúsi sé með ofnæmi á háu stigi og annar íbúi sé með leiðsögu- eða hjálparhund. Mikilvægt er þó að tryggja úrlausn slíks máls ef upp kemur.

Nauðsynlegt er að tryggja einstaklingi með sérþjálfaðan leiðsögu- eða hjálparhund rétt til að hafa hund sinn hjá sér en þó ber að gæta fullrar virðingar fyrir rétti og lífsgæðum annarra. Líkt og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið getur réttarbót fyrir einn verið réttar-

spjöll fyrir annan. Fólk getur haft misjafnar skoðanir á lyfjagjöf, kostnaður fylgir lyfjatöku, lyf koma sjaldnast að öllu í veg fyrir einkenni ofnæmis og þau hafa stundum í för með sér aukaverkanir. Nefndinni var tjáð að slíkar aukaverkanir væru t.d. ekki óþekktar þegar um er að ræða ofnæmislyf og væru þar að auki ekki fyrirsjáanlegar. Nefndin telur því ekki rétt að kveða á um það í löggjöf með þessum hætti að einstaklingur þurfi að sannreyna að lyfjagjöf virki ekki áður en hann hefur rétt til að leita til kærunefndar húsamála, enda sé um að ræða mikið inngrip í líf fólks. Leggur nefndin til breytingar á ákvæðinu þannig að kveðið verði á um að sé eigandi eða einhver í hans fjölskyldu með ofnæmi fyrir hundum á svo háu stigi að sambýli við leiðsögu- eða hjálparhund sé ekki bærilegt og læknisfræðileg gögn staðfesta það skuli kærunefnd húsamála leita lausna að fengnu áliti þeirra aðila sem nefndir eru í ákvæðinu. Með þessari breytingu er ekki vikið í meginatriðum frá frumvarpinu eða þeirri lausnaleið sem þar er kveðið á um heldur einungis tryggður betur réttur þess ofnæmissjúka. Allsendis óvíst er að sá sem er með ofnæmi sem gerir sambýli við hund óbærilegt setji sig gegn því að taka lyf ráði þau bót þar á.

Hundafælni.

Nefndin ræddi jafnframt hundafælni eða hundafóbíu enda hafði henni verið kynnt sjónarmið þess efnis að mikilvægt væri að tryggja rétt íbúa fjöleignarhúsa sem haldnir væru slíkri fælni ef koma ætti leiðsögu- eða hjálparhundur í fjöleignarhús. Nefndinni voru kynntar upplýsingar þess efnis að um 5% Íslendinga væru með sérstaka fælni og í kringum 30% þeirra með hundafælni. Það væru því tæpast fleiri en 1,5% Íslendinga haldnir hundafælni. Þá var nefndinni tjáð að slíka fælni væru auðvelt að meðhöndla. Nefndin telur vert að árétta að þar sem hundafælni er svo óalgeng sem raun ber vitni er afar ólíklegt að upp komi aðstæður þar sem íbúi í fjöleignarhúsi sé með hundafælni og annar íbúi sé með leiðsögu- eða hjálparhund. Komi sú staða upp telur nefndin að auðvelt ætti að vera fyrir þann sem haldinn er fælni að fá meðferð við henni án þess að um verulegt inngrip í líf hans sé að ræða auk þess sem slíkt kallar ekki á lyfjatöku. Telur nefndin því ekki um að ræða sambærilegar aðstæður og þegar ofnæmi er til staðar.

Almenn ákvæði frumvarpsins.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er ekki ætlunin með frumvarpinu að rýmka reglur og skilyrði fyrir hunda- og kattahaldi í fjöleignarhúsum. Ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við gildandi reglur eins og þær hafa verið skýrðar og túlkaðar. Ákvæðin eru því nokkuð ítarleg til að tryggja að reglur séu skýrar og telur nefndin mikilvægt að leitast sé við að koma í veg fyrir deilur um þessi mál. Nefndin leggur ekki til breytingar á almennum ákvæðum frumvarpsins en telur þó rétt að tiltaka nokkur atriði vegna sjónarmiða og athugasemda sem komið hefur verið á framfæri við hana.

Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að orðið húsfélag væri ekki skilgreint í lögum um fjöleignarhús og þörf væri á skilgreiningu á því sem og orðinu húsfélagsdeild. Nefndin bendir á að í 10. gr. laganna er húsfélag skilgreint sem félagsskapur allra eigenda um húsið, nánari ákvæði um skyldur, réttindi og starfsemi húsfélags er svo að finna í ýmsum ákvæðum laganna. Þá er í 76. gr. laganna að finna skilgreiningu á húsfélagsdeild. Nefndin telur því ljóst við hvað er átt þegar rætt er um húsfélag og húsfélagsdeildir. Vegna misskilnings um efnið telur nefndin vert að árétta að húsfélag eða húsfélagsdeild getur bundið almennt leyfi til hunda- og/eða kattahalds skv. a-lið 1. gr. frumvarpsins (33. gr. a) fjöldatakmörkunum þannig að hver íbúi geti einungis verið með hámarksfjölda gæludýra. Gæta

þarf þó jafnræðis og huga að banni við mismunun, sbr. 4. mgr. ákvæðisins. Þeim áhyggjum var komið á framfæri við nefndina að ákvæði frumvarpsins opnuðu fyrir að íbúi í fjöleignar húsi gæti stundað dýraræktun í eign sinni. Nefndin bendir á að um dýrarækt gilda ákvæði laga um dýravernd, nr. 15/1994, og þarf skv. 12. gr. þeirra laga leyfi Umhverfisstofnunar til hvers konar ræktunar dýra í atvinnuskyni.

Nefndinni var bent á að nánari skilgreiningar væri þörf á hvað teldist til leiðsögu- og hjálparhunda. Í 2. mgr. d-liðar 1. gr. (33. gr. d) er nákvæmlega skilgreint að um sérþjálfaða hunda sé að ræða sem skráðir eru sem leiðsögu- eða hjálparhundar og að fyrir liggi vottorð sérfræðinga um þörf hans og þjálfun. Telur nefndin með vísan til þessa ekki hættu á misskilningi eða misnotkun ákvæðisins.

Auk þeirrar breytingar sem þegar hefur verið gerð grein fyrir leggur nefndin til smávægilegar breytingar til leiðréttingar á texta. Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „frá jarðhæð eða“ í 1. mgr. b-liðar komi: á jarðhæð eða frá.
b. Í stað orðanna „getur húsfélag“ í 4. mgr. c-liðar komi: og getur húsfélag þá.
c. Í stað orðanna „lyf megna ekki að gera sambýlið við leiðsögu- eða hjálparhund bærilegt“ í 4. mgr. d-liðar komi: sambýlið við leiðsögu- eða hjálparhund sé óbærilegt.

Ásmundur Einar Daðason og Guðmundur Steingrímsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. mars 2011.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, form., frsm. | Ólafur Þór Gunnarsson. | Pétur H. Blöndal.

Jónína Rós Guðmundsdóttir. | Unnur Brá Konráðsdóttir. | Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

1128. Svar [397. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um gagnaver og tekjur ríkisins af þeim.

1. *Hve umfangsmikil telur ráðherra að hýsing gagna í fyrirhuguðum gagnaverum hérlendis verði og hverjar eru tekjur ríkisins af þeirri starfsemi áætlaðar?*

Til að svara þessar spurningu er nauðsynlegt að gera grein fyrir ýmsum þeim skilgreiningum sem notast verður við þegar fjallað er um gagnaver og efni þeim tengt. Þær skilgreiningar sem hér eru notaðar byggjast á fylgigögnum vegna undirbúnings breytinga sem nú hafa verið lögfestar og varða þá atvinnustarfsemi sem hér um ræðir.

Gagnaver er almennt heiti á sérbyggðri aðstöðu sem hýsir upplýsingavinnslu- og fjarskiptabúnað. Hugtakið nær yfir húsnæði ásamt raflögnum, kælingu, netkerfi og fjarskiptatengingar en getur einnig átt við þá upplýsingavinnslu og aðra starfsemi sem fram fer í húsnæðinu, sérfræðiþjónustu sem veitt er af starfsmönnum gagnaversins og rafræna þjónustu sem afhent er til þeirra sem tengjast kerfum í gagnaverinu.

Gagnaver eru mjög mismunandi í útfærslu og stærð og fer það mest eftir þeirri þjónustu sem veitt er og þeim öryggis- og rekstrarkröfum sem uppfylla þarf. Í sumum tilvikum er þjónusta fjölþætt og þá er almennt vísað til þeirra sem hefðbundinna gagnavera. Mörg gagnaver eru hins vegar sérhæfð í starfsemi og þjónustu. Í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem lagt var fram á yfirstandandi þingi (208. mál á þskj. 227) er fjallað um ýmis hugtök sem tengjast þessari atvinnugrein.

Almennt er unnt að skipta þjónustu gagnavera í átta þætti sem eru eftirfarandi:

1. Hýsing (e. Hosting and colocation).
2. Kerfisveita (e. application services).
3. Gagnavistun (e. data storage).
4. Afritunarþjónusta (e. data backup services).
5. Endurreisnarþjónusta (e. disaster recovery).
6. Tengiþjónusta (e. connectivity services).
7. Rekstrarþjónusta (e. managed services).
8. Sérhæfð þjónusta (e. professional services).

Af framansögðu er ljóst að hýsing gagna er einungis einn af fjölmörgum þjónustuþáttum sem gagnaver annast, enda er fyrirspyrjandanum ekki ætlað að hafa verið að spyrjast fyrir um þann þátt starfseminnar sérstaklega.

Hugtakið rafrænt afhent þjónusta (e. electronically supplied services) er skilgreint þannig að það feli í sér sérstaklega fimm þætti sem hafa má til hliðsjónar við túlkun hugtaksins. Þessir þættir eru í fyrsta lagi afhending á vefseturshýsingu og viðhald á forritum og búnaði í gegnum fjarvinnslu, í öðru lagi afhending hugbúnaðar og uppfærslur á honum, í þriðja lagi afhending mynda, texta og upplýsinga og veitt aðgengi úr gagnagrunnum, í fjórða lagi afhending tónlistar, kvikmynda og leikja og útsendingar og viðburðir tengdir stjórnmálum, menningu, listum, íþróttum, vísindum og afþreyingu og í fimmta lagi veitt fjarkennsla.

Nú þegar framangreint frumvarp hefur orðið að lögum sem tekið hafa gildi er tiltekin þjónusta gagnavera skilgreind sem rafrænt afhent þjónusta.

Ísland hefur marga kosti til að bera til þess að hér geti eflst og dafnað sú margþætta þjónusta sem tengist gagnaverum. Notkun endurnýjanlegrar orku sem ekki losar gróðurhúsalofttegundir skiptir miklu fyrir ímynd margra stórfyrirtækja. Hér á landi er hagstætt skattaumhverfi fyrir þau fyrirtæki sem kjósa að hafa starfsstöð hér á landi en síðar verður vikið að sérstöðu gagnavera í skattalegu samhengi. Staðsetning á Íslandi er talin mjög örugg, landrými mikið og ódýrt, og loftslag er mjög hagstætt fyrir það jafna hitastig innan húss sem gagnaver þurfa.

Fjármálaráðuneytið hefur ekki gert sjálfstæðar athuganir á því hversu umfangsmikil starfsemi gagnavera gæti orðið. Fyrirtækið International Data Corporation, sem annast markaðsrannsóknir í upplýsingatækni, telur að gagnageymslumarkaðurinn í heiminum muni vaxa úr 32,4 milljörðum USD árið 2010 í 40,2 milljarða árið 2014 (sjá: http://www.idc.com/research/viewdocsynopsis.jsp?containerId=226280&sectionId=null&elementId=null&pageType=SYNOPSIS).

Gagnaver eru talin mjög eftirsótt og hefur verið mikil samkeppni milli landa og landsvæða um að fá slíka starfsemi til sín. Þannig hafa einstök fylki Bandaríkjanna boðið eigendum slíkra fyrirtækja skattaafslætti og þau hafa getað valið á milli staða enda virðast þau ekki gera mjög miklar kröfur varðandi staðsetningu.

Hlutur Íslands í framtíðarvexti gagnavera og þjónustu þeirra fer eftir ýmsu. Fjármálaráðuneytið hefur ekki gert sérstakar athuganir á því en telur að allar forsendur séu til þess að þessi atvinnugrein geti eflst og dafnað hér á landi. Eins og málum er nú komið er þurfa þeir sem kaupa þjónustu af gagnaverum ekki að hafa starfsstöð hér á landi og í þeim tilvikum munu tekjur ríkissjóðs einskorðast við skatttekjur af launum þeirra starfsmanna sem vinna þjónustustörf fyrir viðskiptavini gagnaveranna, af orkusölu til þeirra auk tekjuskatts af gagnaversfyrirtækjunum sjálfum. Kjósi þjónustuaðilar að hafa starfsstöð hér á landi bætast við tekjur af þeim hagnaði sem hér verður til. Skattaumhverfi hér er hagstætt miðað við það sem gerist í Evrópu að minnsta kosti og því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að fyrirtæki kjósi að reka starfsstöðvar hérlendis.

2. Hvert er umfangið eða þörfin fyrir hýsingu innlendra aðila?

Fjármálaráðuneytið hefur ekki forsendur til þess að gera sér grein fyrir því hvert umfang eða þörf fyrir hýsingu er hér á landi. Vísað er til svars við spurningu 3 hér á eftir.

3. Hverjar eru tekjur ríkisins af hýsingu gagna í gagnaverum hérlendis?

Fjármálaráðuneytið hefur aflað gagna um virðisaukaskattstekjur af starfsemi af þeim toga sem hér er til umræðu. Í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands er til atvinnugreinin gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi (nr. 63110). Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra skiluðu 48 fyrirtæki í þeirri atvinnugrein framtölum fyrir árið 2009. Þau greiddu samtals 81,8 millj. kr. í tryggingargjald og 44,8 millj. kr í tekjuskatt. Samkvæmt upplýsingum úr staðgreiðsluskrám greiddu starfsmenn fyrirtækja í þessari atvinnugrein 129,3 millj. kr. í staðgreiðslu útsvars og tekjuskatts árið 2009. Tölum um fjölda fyrirtækja sem teljast til atvinnugreinarinnar ber ekki alveg saman. Í svari við spurningu 4 er gerð grein fyrir þeim vandkvæðum sem eru á flokkun starfsemi á þessu sviði eftir atvinnugreinum.

4. Hverjar eru virðisaukaskattstekjur af hýsingu innlendra aðila í gagnaverum hérlendis?

Fjármálaráðuneytið hefur kannað tekjur af virðisaukaskatti í atvinnugreininni 63110 sem fyrr er nefnd. Árið 2008 var um að ræða 33 aðila með nettóálagningu sem nam 73,2 millj. kr. Að baki álagningunni var heildarvelta sem nam 689 millj. kr. Árið eftir voru aðilarnir 31, nettóálagningin nam 82,5 m.kr og veltan 656 millj. kr. Á fyrstu 10 mánuðum nýliðins árs voru aðilarnir 30, nettóálagningin 78,2 m.kr og veltan var 556 millj. kr.

Ráðuneytið kannaði einnig á vefnum hvaða aðilar byðu upp á hýsingu í lýsingu á starfsemi sinni. Sú athugun leiddi í ljós allmörg fyrirtæki, sem meðal annars var vitað að mundu ekki hafa skráð starfsemi sína í þá atvinnugrein sem ofangreindar upplýsingar ná til. Þær upplýsingar voru síðan bornar saman við lista yfir fyrirtæki í atvinnugrein 63110 (ráðuneytið hefur einungis aðgang að nöfnum fyrirtækja en ekki neinum upplýsingum um umfang starfseminnar) og þá kom í ljós að í atvinnugreinina eru skráð fyrirtæki sem tæpast eiga þar heima en einnig að á listann vantar fyrirtæki sem að mestu eða að hluta veita þjónustu við hýsingu gagna.

Niðurstaða þessara athugana er að hýsing gagna í innlendum fyrirtækjum fyrir innlenda aðila fer fram í fyrirtækjum sem einnig veita fjölþætta aðra þjónustu. Upplýsingar um veltu

og afkomu fyrirtækja í þeirri atvinnugrein sem gagnaver ættu að teljast til (og munu gera það ef þau stunda þá starfsemi að mestu eða öllu leyti) innhalda upplýsingar um fyrirtæki sem ekki starfa einvörðungu við hýsingu. Því er ekki hægt á þessu stigi málsins að svara spurningunni þannig að fullnægjandi megi teljast.

1129. Svar [488. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um endurgreiðslu á virðisaukaskatti.

1. *Hversu margar umsóknir bárust um 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu á byggingarstað við:*
   a. *nýbyggingu íbúðar- og frístundahúsnæðis í eigu einstaklinga,*
   b. *viðhald og endurbætur sams konar húsnæðis,*
   c. *nýbyggingu húsnæðis í eigu sveitarfélaga,*
   d. *viðhald og endurbætur húsnæðis í eigu sveitarfélaga,*
   vegna áranna 2009 og 2010?

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda umsókna sundurliðaðar eftir tegund þeirrar vinnu sem unnin var á árunum 2009 og 2010. Upplýsingarnar eru byggðar á gögnum frá embætti ríkisskattstjóra.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi umsókna
Tegund vinnu	**2010**	**2009**
a. Nýbygging íbúðar- og frístundahúsnæðis í eigu einstaklinga	1.339	2.132
b. Viðhald og endurbætur sams konar húsnæðis	13.479	12.579
c. Nýbygging húsnæðis í eigu sveitarfélaga	219	148
d. Viðhald og endurbætur húsnæðis í eigu sveitarfélaga	1.442	1.217
Samtals fjöldi afgreiddra beiðna	**16.479**	**16.076**

2. *Hver er heildarfjárhæð endurgreiðslna samkvæmt framangreindri skiptingu og eftir gömlu skattumdæmunum eða annarri skiptingu sem gefur vísbendingu um dreifingu endurgreiðslna á milli landshluta?*

Til svars við 2. tölul. eru eftirfarandi yfirlit:

a. Yfirlit sem sýnir heildarfjárhæð endurgreiðslu og samtölu vinnuliða vegna nýbygginga og viðhalds og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði í eigu einstaklinga á árunum 2009 og 2010, skipt eftir gömlu skattumdæmunum.

b. Yfirlit sem sýnir heildarfjárhæð endurgreiðslu og samtölu vinnuliða vegna nýbygginga og viðhalds húsnæðis í eigu sveitarfélaga, eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga, á árunum 2009 og 2010, skipt eftir gömlu skattumdæmunum.

Yfirlitin byggjast á gögnum frá embætti ríkisskattstjóra:

Árið 2010 – Heildarendurgreiðsla til einstaklinga í millj. kr.

Skattstofa	Reykja-vík	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Suður-land	Vestm.-eyjar	Samtals
Endurgreiðsla - nýbyggingar	216,8	162,9	14,4	4,2	3,0	60,0	20,6	26,0	1,7	509,6
Vinna á bygg-ingarstað	850,3	638,9	56,4	16,3	11,9	235,4	80,8	101,8	6,5	1.998,3
Endurgreiðsla - endurbætur	975,5	388,1	51,7	43,2	47,1	111,3	34,7	63,6	27,8	1.743,0
Vinna á byggingarstað	3.825,5	1.521,8	202,8	169,3	184,6	436,5	136,3	249,6	109,0	6.835,3
Samtals vinnuliður	4.676	2.161	259	186	197	672	217	351	115	8.833,6
Samtals endurgreitt	1.192	551	66	47	50	171	55	90	29	2.252,6

Árið 2009 – Heildarendurgreiðsla til einstaklinga í millj. kr.

Skattstofa	Reykja-vík	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Suður-land	Vestm.-eyjar	Samtals
Endurgreiðsla - nýbyggingar	306,4	294,5	29,3	3,2	9,1	60,5	23,5	62,4	0,8	789,6
Vinna á byggingarstað	1.285,5	1.308,8	128,6	14,4	37,0	256,0	104,7	274,5	4,8	3.414,3
Endurgreiðsla - endurbætur	1.093,3	369,9	58,1	44,9	40,9	94,8	27,7	77,6	24,7	1.831,9
Vinna á byggingarstað	4.661,4	1.558,0	246,0	199,1	172,3	395,5	117,5	333,2	104,6	7.787,6
Samtals vinnuliður	5.946,9	2.866,8	374,6	213,4	209,3	651,5	222,2	607,8	109,4	11.201,8
Samtals endurgreitt	1.399,7	664,5	87,3	48,1	49,9	155,3	51,2	140,0	25,4	2.621,5

Árið 2010 – Heildarendurgreiðsla til sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga í millj. kr.

Skattstofa	Reykja-vík	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Suður-land	Vestm.-eyjar	Samtals
Endurgreiðsla - nýbyggingar	95,6	87,8	11,0	0,0	74,0	61,9	0,7	13,2	20,5	364,6
Vinna á byggingarstað	374,8	344,1	43,2	0,0	290,2	242,6	2,9	51,6	80,3	1.429,7
Endurgreiðsla - endurbætur	8,4	38,5	28,5	16,5	37,0	54,6	11,4	2,1	1,2	198,1
Vinna á byggingarstað	32,8	150,9	111,6	64,6	145,0	214,0	44,9	8,4	4,7	776,9
Samtals vinnuliður	407,5	495,0	154,8	64,6	435,2	456,6	47,7	60,1	85,0	2.206,6
Samtals endurgreitt	103,9	126,2	39,5	16,5	111,0	116,4	12,2	15,3	21,7	562,7

Árið 2009 – Heildarendurgreiðsla til sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga í millj. kr.

Skattstofa	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland	Vestm.-eyjar	Samtals
Endurgreiðsla - nýbyggingar	139,82	309,99	4,03	0,00	18,14	98,54	41,08	2,80	5,51	619,9
Vinna á byggingarstað	570,71	1.265,28	16,46	0,00	74,02	402,20	167,69	11,42	22,49	2.530,3
Endurgreiðsla - endurbætur	0,26	44,20	29,83	6,45	53,09	27,89	12,70	5,72	6,15	186,3
Vinna á byggingarstað	1,08	180,40	121,76	26,32	216,71	113,85	51,86	23,35	25,11	760,4
Samtals vinnuliður	571,79	1.445,68	138,22	26,32	290,73	516,04	219,54	34,77	47,60	3.290,7
Samtals endurgreitt	140,09	354,19	33,86	6,45	71,23	126,43	53,79	8,52	11,66	806,2

3. *Hver var fjöldi umsókna og heildarfjárhæð endurgreiðslna virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað á árunum 2007 og 2008?*

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda umsókna sundurliðaðar eftir tegund þeirrar vinnu sem unnin var á árunum 2007 og 2008. Upplýsingarnar eru byggðar á gögnum frá embætti ríkisskattstjóra. Ekki var um endurgreiðslu til sveitarfélaga að ræða á þessum árum.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi umsókna
Tegund vinnu	**2008**	**2007**
a. Nýbygging íbúðar- og frístundahúsnæðis í eigu einstaklinga	2.306	1.952
b. Viðhald og endurbætur sams konar húsnæðis	6.557	4.957
c. Nýbygging húsnæðis í eigu sveitarfélaga	-	-
d. Viðhald og endurbætur húsnæðis í eigu sveitarfélaga	-	-
Samtals fjöldi afgreiddra beiðna	**8.863**	**6.909**

Eftirfarandi yfirlit sýnir heildarendurgreiðslu til einstaklinga í millj. kr. á árunum 2007 og 2008. Ekki var um að ræða endurgreiðslu til sveitarfélaga á þessum árum.

Árið 2008 – Heildarendurgreiðsla til einstaklinga í millj. kr.

Skattstofa	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland	Vestm.-eyjar	Samtals
Endurgreiðsla nýbyggingar	200,5	407,1	35,5	8,1	4,4	32,8	13,2	51,1	1,8	754,6
Vinna á byggingarstað	1.363,6	2.769,7	241,8	55,4	29,8	222,9	89,8	347,9	12,6	5.133,4
Endurgreiðsla - endurbætur	643,6	185,2	26,3	18,4	21,6	51,4	14,6	26,0	12,9	999,9

Skattstofa	Reykja-vík	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Suður-land	Vestm.-eyjar	Samtals
Vinna á byggingarstað	4.378,1	1.259,7	178,6	125,1	147,1	349,6	99,1	177,0	88,0	6.802,3
Samtals vinnuliður	5.741,7	4.029,4	420,4	180,5	176,9	572,5	188,9	524,8	100,5	11.935,7
Samtals endurgreitt	844,0	592,3	61,8	26,5	26,0	84,2	27,8	77,2	14,8	1.754,5

Árið 2007 – Heildarendurgreiðsla til einstaklinga í millj. kr.

Skattstofa	Reykja-vík	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Suður-land	Vestm.-eyjar	Samtals
Endurgreiðsla nýbyggingar	249,4	249,8	66,5	5,6	6,6	36,4	19,0	43,4	0,7	677,5
Vinna á byggingarstað	1.696,9	1.699,6	452,1	38,0	45,2	247,7	129,1	294,9	5,1	4.608,6
Endurgreiðsla - endurbætur	485,7	141,5	22,4	12,2	14,9	30,9	12,8	20,2	7,2	747,9
Vinna á byggingarstað	3.304,3	962,5	152,1	83,3	101,6	210,5	87,4	137,2	49,0	5.087,9
	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Samtals vinnuliður	5.001,2	2.662,0	604,2	121,3	146,8	458,2	216,5	432,1	54,1	9.696,5
Samtals endurgreitt	735,2	391,3	88,8	17,8	21,6	67,4	31,8	63,5	8,0	1.425,4

4. *Hversu mörg störf má ætla að átakið „Allir vinna“ hafi skapað á árunum 2009 og 2010?*

Hvatningarátakinu Allir vinna var hleypt af stokkunum þann 7. júlí 2010 af stjórnvöldum í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Markmið átaksins var að draga úr þeim gríðarlega samdrætti sem varð í mannvirkjagerð í kjölfar efnahagshrunsins á árinu 2008. Átakinu var þannig ætlað að örva atvinnuskapandi framkvæmdir og vekja athygli á endurgreiðslu virðisaukaskatts og skattfrádrætti vegna framkvæmda við íbúðarhúsnæði og frístundahús vegna vinnu við viðhald eða endurbætur á húsnæði á byggingarstað.

Ljóst er af þeim tölum sem raktar eru hér að framan að það að taka upp 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað leiddi til þess að heimili réðust í framkvæmdir og viðhaldsverkefni sem þau hefðu annars ekki gert. Þegar litið er á framangreindar tölur og skiptingar endurgreiðslna til einstaklinga á milli nýbygginga og endurbóta má sjá að á árinu 2007 skiptust endurgreiðslur til einstaklinga um það bil að jöfnu milli vinnu við nýbyggingar og viðhalds. Á árinu 2008 var hlutur viðhalds orðinn 57%, á árinu 2009 var hlutur viðhalds orðinn 70% og á árinu 2010 var hlutur viðhalds orðinn 77%. Þannig hafa viðhaldsverkefni á vegum einstaklinga tekið hluta af högginu af mannvirkjagerðinni. Á árinu 2010 hafa heimili ráðist í heldur fleiri en smærri viðhaldsverkefni en á árinu 2009 enda umsóknarfjöldinn meiri.

Erfitt er að meta af einhverri nákvæmni hversu mörg störf hafa orðið til vegna þeirra atvinnuskapandi aðgerða í mannvirkjagerð sem stjórnvöld hafa gripið til og lýst er hér að

framan. Óhætt er að fullyrða miðað við þær tölur sem fyrir liggja og fram koma í svörunum við1.–3. tölul. að þær hafa dregið atvinnuleysi um einhver þúsund ársverka á árunum 2009 og 2010.

1130. Frumvarp til laga [641. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Orðin „þegar unnt er að gera það án tjóns fyrir félagið og“ í 59. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: nema hluthafar samþykki samhljóða að greinargerðin skuli ekki samin.
b. Við 3. málsl. 2. mgr. bætist: nema hluthafar samþykki samhljóða að falla frá milliuppgjöri eða sérreglur gilda um félög með hluti í viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga þar sem upplýsingar eru aðgengilegar almenningi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 124. gr. laganna:

a. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem verður 2. málsl. og orðast svo: Félagsstjórn skal á þeim fundi upplýsa um atvik sem hafa verulega þýðingu, m.a. verulega breytingu á eignum og skuldum, frá því að samrunaáætlun var undirrituð og fram að fundinum nema hluthafar samþykki annað samhljóða.
b. Við inngangsmálslið 5. mgr. bætist: nema skjölin séu birt á vef félagsins eða öðrum viðurkenndum vef.
c. Á eftir orðunum „Efnahags- og rekstrarreikningur“ í 3. tölul. 5. mgr. kemur: þar sem við á.

4. gr.

Á eftir orðinu „sérfræðiskýrslu“ í 5. málsl. 2. mgr. 133. gr. laganna kemur: eftir því sem við á.

5. gr.

Á eftir „(104. gr.)“ í 2. tölul. 153. gr. laganna kemur: upplýsingagjöf á fundi um samruna (2. málsl. 4. mgr. 124. gr.).

II. KAFLI
Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 96. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: nema hluthafar samþykki samhljóða að greinargerðin skuli ekki samin.
b. Við 3. málsl. 2. mgr. bætist: nema hluthafar samþykki samhljóða að falla frá milliuppgjöri.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:

a. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem verður 2. málsl. og orðast svo: Félagsstjórn skal á þeim fundi upplýsa um atvik sem hafa verulega þýðingu, m.a. verulega breytingu á eignum og skuldum, frá því að samrunaáætlun var undirrituð og fram að fundinum nema hluthafar samþykki annað samhljóða.
b. Inngangsmálsliður 5. mgr. orðast svo: Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundinn skulu eftirfarandi skjöl lögð fram til skoðunar fyrir hluthafa á skrifstofu hvers samrunafélags um sig og enn fremur látin hverjum skráðum hluthafa í té án endurgjalds samkvæmt beiðni nema skjölin séu birt á vef félagsins eða öðrum viðurkenndum vef.
c. Á eftir orðunum „efnahags- og rekstrarreikningur“ í 3. tölul. 5. mgr. kemur: þar sem við á.

8. gr.

Á eftir orðinu „skal“ í 5. málsl. 2. mgr. 107. gr. a laganna kemur: eftir því sem við á.

9. gr.

Á eftir „(79. gr.)“ í 2. tölul. 127. gr. laganna kemur: upplýsingagjöf á fundi um samruna (2. málsl. 4. mgr. 99. gr.).

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

10. gr.

Með lögum þessum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB frá 16. september 2009 um breytingu á tilskipunum ráðsins 77/91/EBE, 78/855/EBE og 82/891/EBE, svo og á tilskipun 2005/56/EB, varðandi kröfur til skýrslna og skjala við samruna og skiptingu. Tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 frá 12. mars 2010 sem birt var 10. júní 2010 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 30/2010, bls. 41, sbr. nr. 71/2010, bls. 177.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu með hliðsjón af drögum að dönsku lagafrumvarpi, felur, að undanskilinni 1. gr., í sér innleiðingu á tilskipun

2009/109/EB sem breytir fjórum tilskipunum á sviði félagaréttar. Snerta breytingarnar reglur um samruna og skiptingu hlutafélaga og einkahlutafélaga. Vikið er að umsögnum um frumvarpið aftast í almennum athugasemdum.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 frá 12. mars 2010 var tekin upp í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB frá 16. september 2009 um breytingu á tilskipunum ráðsins 77/91/EBE, 78/855/EBE og 82/891/EBE, svo og á tilskipun 2005/56/EB, varðandi kröfur til skýrslna og skjala við samruna og skiptingu. Þýðing á texta tilskipunarinnar fylgir tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, þskj. 266, 235. mál.

Heiti tilskipunarinnar á ensku er Directive 2009/109/EC of the European Parliament and of the Council of 16 September 2009 amending Council Directives 77/91/EEC, 78/855/EEC and 82/891/EEC, and Directive 2005/56/EC as regards reporting and documentation requirements in the case of mergers and divisions.

Aðalmarkmiðið með tilskipuninni, sem innleiða þarf í íslenskan rétt fyrir júnílok 2011, er að draga úr stjórnsýslubyrðum í hlutafélögum en á þeim hvíla ýmsar upplýsingaskyldur. Dregið er úr þeim skyldum við vissar aðstæður hvað snertir gerð skýrslna og skjala og birtingu þeirra. Er aukin heimild til að nýta m.a. vef félaga. Bent skal á að tilskipun 2005/56/EB hér að framan (tíunda félagaréttartilskipunin) tekur líka til einkahlutafélaga.

Vegna innleiðingar ákvæða tilskipunarinnar í íslenskan rétt eru lagðar til breytingar á ákvæðum í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, og lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum. Breytingarnar snúa að ákvæðum beggja laga um innlendan samruna og skiptingu, svo og millilandasamruna og millilandaskiptingu. Lagt er til að ákvæði tilskipunarinnar gildi jafnt um hlutafélög og einkahlutafélög. Kjarni ákvæða laganna varða samruna en þó eru svipuð ákvæði um skiptingu eftir því sem við á. Þá byggjast ákvæði um millilandasamruna og millilandaskiptingu að miklu leyti á ákvæðunum um innlendan samruna og skiptingu.

Framangreind tilskipun felur í sér breytingar á eftirfarandi tilskipunum á sviði félagaréttar:

1. tilskipun 77/91/EBE (annarri félagaréttartilskipuninni um fjármagn, fjármagnstilskipuninni),
2. tilskipun 78/855/EBE (þriðju félagaréttartilskipuninni um samruna, samrunatilskipuninni),
3. tilskipun 82/891/EBE (sjöttu félagaréttartilskipuninni um skiptingu, skiptingartilskipuninni) og
4. tilskipun 2005/56/EB (tíundu félagaréttartilskipuninni um millilandasamruna).

Tilskipunin á rætur að rekja til ákvörðunar Evrópusambandsins frá árinu 2007 um að draga úr stjórnsýslubyrðum hjá félögum með ýmsum hætti til ársins 2012 í því skyni að auka samkeppnishæfni félaga í sambandinu. Áherslur þessar á breytingar má jafnvel rekja til Lissabonáætlunarinnar frá 2000 um vöxt í sambandinu. Umbreytingarnar hafa áhrif á almennar reglur um félög en einnig ársreikninga og endurskoðun. Leitast er við að gæta þess að þær hafi ekki neikvæð áhrif með tilliti til verndarhlutverks þeirra.

Í inngangi að tilskipuninni er m.a. greint frá því að í ákveðnum tilvikum megi draga úr upplýsingaskyldum í félögum varðandi skýrslur og skjöl ef allir hluthafar samþykkja. Þetta merkir að reglurnar eiga helst við í félögum með fáa hluthafa. Þá er greint frá því að möguleiki sé á að birta drög að samrunaáætlun og önnur skjöl á vef félaga og jafnvel öðrum vefj-

um í stað hefðbundinnar birtingar í hlutafélagaskrá. Gæta þarf að hagsmunum annarra aðila en hluthafa, t.d. lánardrottna og stjórnvalda. Vikið er að minni kröfum en nú eru gerðar varðandi ákveðnar skýrslur sérfræðinga við samruna móðurfélaga og dótturfélaga og í markaðsfélögum þar sem hálfsársuppgjör er gert.

Frumvarpið, að undanskilinni 1. gr., var á vinnslustigi sent til umsagnar fjármálaráðuneytis, hlutafélagaskrár, Lögmannafélags Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fjármálafyrirtækja og Samtaka iðnaðarins. Umsagnir bárust frá ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum fjármálafyrirtækja. Verður nú gerð grein fyrir aðalatriðum í umsögnum þeirra er gerðu athugasemdir.

Í umsögn ríkisskattstjóra, sem annast fyrirtækjaskráningar, er almennt mælt með því að lagabreytingar nái aðeins til hlutafélaga og aðeins séu þar tekin upp ákvæði sem skylt er að taka upp en ekki þau sem heimilt er að taka upp.

Er greint frá því í umsögn ríkisskattstjóra að breytingar samkvæmt tilskipuninni nái aðeins til hlutafélaga. Það er ekki nákvæmt því að tilskipunin felur m.a. í sér breytingar á tíundu félagaréttartilskipuninni um millilandasamruna (og millilandaskiptingu) en hún tekur bæði til hlutafélaga og einkahlutafélaga. Í þeirri tilskipun er m.a. vísað til þess að hvað millilandasamruna snertir skuli ákvæði um innlendan samruna gilda. Felur það í sér að ákvæði um innlendan samruna verði að taka bæði til hlutafélaga og einkahlutafélaga. Allt frá því að reglur Evrópska efnahagssvæðisins öðluðust gildi hér á landi fyrir um fimmtán árum hefur verið reynt að hafa lagaákvæði um samruna og skiptingu sem líkust bæði hjá hlutafélögum og einkahlutafélögum þótt reglur um innlendan samruna (og skiptingu) hafi á þeim tíma aðeins náð til hlutafélaga. Eftir að sérstök lagaákvæði á grundvelli Evrópska efnahagssvæðisins voru sett um millilandasamruna og millilandaskiptingu, með tilvísunum til lagaákvæða um innlendan samruna og skiptingu, þykir ekki fært að fara nú þá leið að vera á þessu sviði með aðrar reglur fyrir einkahlutafélög en hlutafélög. Réttara þykir að fylgja Evrópulöndum hvað snertir heimildir til að slaka á reglum varðandi skýrslu- og skjalagerð.

Þá er í umsögninni fundið að því að verndarhlutverk laganna gagnvart hluthöfum verði mjög lítið ef fyrirhugaðar breytingar ná fram að ganga. Ekki er fallist á það enda byggist undanþáguleið laganna varðandi skýrslugerð á því að allir hluthafar samþykki að falla frá skýrslugerðinni. Hluthafar geta því sjálfir gætt hagsmuna sinna að þessu leyti. Upplýsingar kunna auk þess að liggja fyrir á vef félagsins og því ekki þörf á að skylda aðila til gera sérstaka grein fyrir slíku á fundum. Í tilskipuninni er og sérstaklega tekið fram að verndarhlutverks umræddra reglna sé reynt að gæta.Varðandi athugasemd ríkisskattstjóra um skattamál skal því til svarað að Evrópuríkin, sem að núverandi tilskipun standa, hafa ekki talið að umrædd undantekning varðandi skýrslugerð sé til slíks baga fyrir skattyfirvöld í sínum störfum að fyrirhuguð áform um einföldun reglna eigi að stranda á slíku.

Gerðar voru breytingar á b-lið 3. gr. frumvarpsins vegna umsagnar ríkisskattstjóra.

Í umsögn ríkisskattstjóra er talið að umræddar breytingar samkvæmt frumvarpinu séu ekki viðskiptalífinu til framdráttar og muni létta um of upplýsingaskyldu íslenskra félaga.

Umsögn Samtaka atvinnulífsins felur í sér allt annað mat. Telja samtökin mikilvægt að efla samkeppnishæfni fyrirtækja og atvinnulífs og fagna fyrirhugaðri framlagningu frumvarpsins. Telja þau full rök til þess að lagaákvæðin nái jafnt til einkahlutafélaga sem hlutafélaga og benda á að ákvæði um millilandasamruna og millilandaskiptingu, sem ná samkvæmt framansögðu bæði til hlutafélaga og einkahlutafélaga, geri enn mikilvægara að viðhalda samræmdri lagasetningu um samruna og skiptingu. Bent er á að einföldun reglna getur sparað fyrirtækjum umtalsverðan kostnað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 59. gr. laganna um hlutafélög skal hlutafélag, sem eignast hefur hluti með nánar tilgreindum hætti, láta þá af hendi í síðasta lagi þremur árum eftir öflun þeirra nema samanlagt nafnverð félagsins og dótturfélaga þess á hlutum í félaginu fari ekki yfir 10% af hlutafénu. Hnýtt er við í greininni því skilyrði að þetta skuli gert „þegar unnt er að gera það án tjóns fyrir félagið“. Með samanburði á greininni og 2. mgr. 20. gr. annarrar félagaréttartilskipunarinnar, sem er hluti EES-samningsins, kemur í ljós að ekki er heimilt að setja þetta skilyrði. Er því lagt til að það verði fellt niður þannig að samningsskuldbindingum Íslands sé fullnægt.

Um 2. gr.

Í a-lið greinarinnar, sem snertir samruna, er dregið úr þeim kröfum að félagsstjórn í hverju samrunafélaganna um sig skuli semja greinargerð þar sem samrunaáætlunin er skýrð og rökstudd. Geta hluthafar samþykkt samhljóða að slík greinargerð skuli ekki samin. Undanþágan byggist á 9. gr. þriðju félagaréttartilskipunarinnar, nr. 78/855/EBE, eins og henni hefur verið breytt með valkvæðum 4. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/109/EB, en gerðirnar taka til hlutafélaga eins og að framan greinir.

Í b-lið byggist reglan um að hluthafar geti samþykkt samhljóða að falla frá milliuppgjöri í tengslum við greinargerð um samrunaáætlun á 11. gr. þriðju félagaréttartilskipunarinnar, m.a. reglan um markaðsfélög, sbr. valkvæðan 5. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/109/EB.

Um 3. gr.

Í a-lið er kveðið á um að félagsstjórn skuli á hluthafafundi upplýsa um atvik sem hafa verulega þýðingu frá því að samrunaáætlun var undirrituð og fram að fundinum nema hluthafar samþykki annað samhljóða. Ákvæðið er byggt á 2.–3. mgr. 9. gr. þriðju félagaréttartilskipunarinnar, nr. 78/855/EBE, eins og henni hefur verið breytt með 4. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/109/EB.

Ákvæði b-liðar um að unnt kunni að vera að birta skjöl á vef félags eða öðrum viðurkenndum vef, t.d. samtaka í atvinnulífi, leiðir af rýmkun reglna í 6. gr. þriðju félagaréttartilskipunarinnar, nr. 78/855/EBE, eins og henni hefur verið breytt með 2. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/109/EB (töluliðurinn er ekki valkvæður).

Ákvæði c-liðar þar sem bætt er við orðunum „þar sem við á“ varðandi efnahags- og rekstrarreikning taka mið af rýmkun reglna í frumvarpinu, sbr. b-lið 2. gr. frumvarpsins um uppgjör.

Um 4. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að orðunum „eftir því sem við á“ verði bætt við í 5. málsl. 2. mgr. 133. gr. laganna sem fjallar um skiptingu hlutafélaga. Greinin byggist á 2. mgr. 7. gr. sjöttu félagaréttartilskipunarinnar, nr. 82/891/EBE, eins og henni hefur verið breytt með 3. tölul. 3. gr. tilskipunar 2009/109/EBE.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að bætt verði við refsiákvæði er lýtur að brotum á upplýsingagjöf á fundi um samruna skv. 2. málsl. 4. mgr. 124. gr. laganna.

Um 6.–9. gr.

Í samræmi við venju varðandi samruna- og skiptingarákvæði er í lögum um einkahlutafélög gætt samræmis við samsvarandi ákvæði í lögunum um hlutafélög. Eru því lagðar til samsvarandi breytingar á lögum um einkahlutafélög nú þótt tilskipun 2009/109/EB feli í sér breytingar á fjórum gerðum er varða samkvæmt framansögðu aðallega hlutafélög. B-liður 6. gr. tekur þó ekki til markaðsfélaga enda eru einkahlutafélög ekki aðilar að þeim. Nánar vísast til athugasemda við 2.–5. gr.

Um 10. gr.

Í greininni er getið þeirrar tilskipunar sem innleidd er með frumvarpinu. Um upptöku gerðarinnar í EES-samninginn vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum.

Um 11. gr.

Grein þessi geymir gildistökuákvæði en innleiðingarfrestur samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar er til 30. júní 2011.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna o.fl.).

Með frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að fellt verði niður skilyrði í gildandi lögum þess efnis að hlutafélag og dótturfélög þess sem eiga samanlagt umfram 10% af hlutabréfum í félaginu þurfi einungis að losa sig við hlutabréfin ef unnt er að gera það án tjóns fyrir félagið. Í öðru lagi er lagt til að innleidd verði tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB sem breytir fjórum tilskipunum á sviði félagaréttar. Tilskipunin snýr að breytingum á reglum um innlendan samruna og skiptingu hlutafélaga og einkahlutafélaga, svo og millilandasamruna og millilandaskiptingu. Breytingunum er ætlað að draga úr stjórnsýslubyrðum í hlutafélögum um upplýsingaskyldu en frumvarpið gerir ráð fyrir að dregið verði úr skyldum hvað snertir gerð skýrslna og skjala og birtingu þeirra. Er með þessu jafnframt verið að auka heimildir félaga til að nota vefinn til upplýsingagjafar. Skýrslugerð félaganna hefur fyrst og fremst lotið að upplýsingum til hluthafa og markaðsaðila en síður að opinberum aðilum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður þannig ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1131. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn).

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Elínu Smáradóttur frá Orkuveitu Reykjavíkur og Kristbjörgu Stephensen frá Reykjavíkurborg. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Félagi atvinnurekenda, Félagi löggiltra endurskoðenda, Jafnréttisstofu, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði sams konar breytingar á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög og gerðar voru með lögum nr. 13/2010, um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.

Í frumvarpinu er mælt er fyrir um tvenns konar breytingar á áðurnefndri löggjöf. Annars vegar er lagt til að formaður stjórnar taki ekki að sér verkefni fyrir fyrirtæki eða félag sem ekki telst eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns. Undantekning er þó ef stjórn felur formanni að vinna fyrir sig einstök verkefni. Í nefndaráliti um frumvarp það sem varð að lögum nr. 13/2010 kom fram að ákvæðið um starfandi stjórnarformenn byggðist m.a. á áliti nefndar um íslenskt viðskiptaumhverfi sem þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði í janúar 2004. Meiri hluti hennar lagði til að stjórnarformanni hlutafélags yrði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félag en þau sem féllu undir eðlileg störf hans. Í áliti nefndarinnar kom fram að hún teldi óæskilegt að stjórnarformenn væru í reynd hluti af framkvæmdastjórn félags enda væri það eitt af hlutverkum stjórnarformanns að stýra eftirliti stjórnar með félagi. Meiri hlutinn bendir á að hætta er á hagsmunaárekstrum ef formaður stjórnar er jafnframt starfsmaður félags enda stjórnar hann þá í raun eftirliti með sjálfum sér. Tilgangur ákvæðisins er að minnka líkur á hagsmunaárekstrum en verði ákvæðið óbreytt að lögum mun stjórn félags þó geta falið stjórnarformanni að vinna einstök verkefni fyrir hana.

Hins vegar er lagt til að bætt verði við áðurnefnda löggjöf ákvæði um að hlutföll kynja í stjórnum félaga og fyrirtækja verði jöfn eða sem jöfnust. Í 1. mgr. 3. gr. laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur er kveðið á um að stjórn þess sé skipuð sex mönnum. Lagt er til með frumvarpinu að við greinina bætist nýr málsliður þess efnis að tryggt skuli að hlutföll kynjanna í stjórn fyrirtækisins séu jöfn. Við umfjöllun um frumvarpið í nefndinni var gerð athugasemd við orðalag 1. gr. þess þar sem mælt er fyrir um að tryggt skuli að kynjahlutföll séu jöfn enda væru sams konar ákvæði að jafnaði orðuð á þá leið að hlutföll kynja verði sem jöfnust. Meiri hlutinn bendir á að þar sem stjórn Orkuveitu Reykjavíkur er skipuð sex einstaklingum er eðlilegt að mæla fyrir um að hlutföll kynja skuli vera jöfn. Ef breyting verður hins vegar gerð á lögunum í þá veru að fækka eða fjölga stjórnarmönnum verður unnt að breyta orðalaginu þannig að kynjahlutföll verði sem jöfnust eða mæla fyrir um að hlutfall hvors kyns verði ekki lægra en 40%.

Í a-lið 2. gr. er lagt til að við 1. mgr. 5. gr. laga um Landsvirkjun bætist nýr málsliður þess efnis að tryggt skuli að í stjórn hennar, sem er skipuð fimm mönnum, sé hlutfall hvors kyns

ekki lægra en 40%. Í a-lið 3. gr. og 4. gr. er lagt til að við lög um samvinnufélög og lög um sameignarfélög bætist ákvæði samhljóða því sem var lögfest með lögum nr. 13/2010, um hlutafélög og einkahlutafélög. Það felur í sér að í stjórnum samvinnufélaga og sameignarfélaga þar sem starfa að jafnaði fleiri en 50 starfsmenn á ársgrundvelli skuli hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórnarmenn eru þrír en þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skuli hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%.

Ákvæði frumvarpsins um hlutföll kynjanna í stjórnum samvinnufélaga og sameignarfélaga taka skv. 6. gr. frumvarpsins gildi 1. september 2013 í samræmi við gildistökugrein laga nr. 13/2010. Meiri hlutinn leggur til breytingu á 6. gr. enda er önnur dagsetning sem þar er vísað til liðin. Lagt er til að ákvæði frumvarpsins um starfandi stjórnarformenn sem og ákvæði um kynjahlutföll í stjórnum Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur, þ.e. 1. gr., 2. gr., b-liður 3. gr. og 5. gr. öðlist gildi 1. janúar 2012. Þannig hafa þau félög og fyrirtæki sem frumvarpið á við um ráðrúm til þess tíma til að skipa málum í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

6. gr. orðist svo:
Ákvæði 1. gr., 2. gr., b-liðar 3. gr. og 5. gr. öðlast gildi 1. janúar 2012.
Ákvæði a-liðar 3. gr. og 4. gr. öðlast gildi 1. september 2013.

Margrét Tryggvadóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara vegna efasemda um réttmæti þess að kveðið sé á um kynjahlutföll í stjórnum í lögum.

Guðlaugur Þór Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. mars 2011.

Lilja Mósesdóttir, form.	Ólína Þorvarðardóttir.	Skúli Helgason, frsm.
Eygló Harðardóttir.	Atli Gíslason.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.

1132. Frumvarp til laga [642. mál]

um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð.

Flm.: Tryggvi Þór Herbertsson, Pétur Blöndal, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á tímabilinu 1. apríl 2011 til 31. desember 2011 skal fjárhæðin í 4. mgr. 1. gr. nema 35,00 kr. í stað 54,88 kr.

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á tímabilinu 1. apríl 2011 til 31. desember 2011 skal fjárhæðin í 14. gr. laganna nema 4 kr. í stað 23,86 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frelsisaldan sem nú fer um Norður-Afríku og Arabíuskagann hefur leitt til mikillar óvissu um þróun eldsneytisverðs í heiminum. Þá leiðir jarðskjálftinn mikli í Japan og kjarnorkuslysið sem varð í kjölfarið í Fukushima-kjarnorkuverinu til vantrúar á kjarnorku sem aftur eykur eftirspurn eftir öðrum orkugjöfum. Þessi óvissa kemur fram í hækkun olíuverðs á heimsmarkaði og þar með innflutningsverði hér á landi. Nú er svo komið að eldsneytisverð ógnar hagvaxtarbatanum í heiminum. Ráðstöfunartekjur fólks að teknu tilliti til eldsneytisverðs skerðast og einkaneysla minnkar.

Hlutur eldsneytis er um 7%–8% í neyslu heimilanna. Mikil verðhækkun eldsneytis skerðir því möguleikana á neyslu annarra vörutegunda. Fólk nær að bregðast að einhverju leyti við með því að draga úr eldsneytisnotkun, sérstaklega til lengri tíma litið. Þannig hefur eldsneytissala dregist saman um 7% frá sama tíma í fyrra og umferð hefur minnkað um rúm 6% frá áramótum samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar. Til lengri tíma litið skipta heimilin yfir í sparneytnari bifreiðar og ódýrari orkugjafa, svo sem metan, rafmagn og vetni, auk þess sem almenningssamgöngur verða fýsilegri kostur.

Samkvæmt útreikningum FÍB í febrúar 2010 nam eldsneytisreikningur heimilanna vegna fjölskyldubílsins um 275 þús. kr. á síðasta ári. Þar af voru skattar 136 þús. kr. Sambærilegir útreikningar fyrir árið 2011 eru 453 þús. kr. og þar af eru skattar 225 þús. kr. Ráðstöfunartekjur meðalheimilis, og þar með neysla, minnka því um 178 þús. kr. vegna hærra eldsneytis-

verðs. Auk þessa hækkar vöruverð vegna aukins flutningskostnaðar. Það er því brýnt að bregðast með einhverju móti við þessari þróun.

Ljóst er að ef eldsneytisverðhækkanir eru komnar til að vera er þjóðum heims vandi á höndum. Flutningsmenn eru hins vegar þeirrar skoðunar að svo sé ekki og að framvirkt verð, sérstaklega á bensíni, bendi til annars. Fyrrnefnd óvissa hefur þrýst verði upp á við tímabundið og þegar hún minnkar á ný mun verð lækka aftur. Slík sveifla getur skaðað atvinnulífið og valdið varanlegum skemmdum sem sitja eftir þegar verð lækkar á ný. Því er mikilvægt að hækkunum sé mætt tímabundið með aðgerðum af hálfu hins opinbera og til lengri tíma með því að minnka notkun jarðefnaeldsneytis. Besta leiðin til þess að mæta skammtímasveiflu er að lækka skatta tímabundið og er það því lagt til hér. Lagt er til að skattalækkanir nái til tímabilsins 1. apríl 2011 til 31. desember 2011. Endurskoða þarf ákvörðunina í ljósi reynslunnar og nýrra upplýsinga um þróun eldsneytisverðs næsta haust.

Skattlagning eldsneytis.

Verð á bensíni og olíum er samsett úr eftirfarandi þáttum:

Bensínverð = innkaupsverð + flutningar, tryggingar og álagning + almennt bensíngjald + sérstakt bensíngjald + kolefnisgjald + VSK

Olíuverð = innkaupsverð + flutningar, tryggingar og álagning + olíugjald + kolefnisgjald + VSK

Bensínverð er nú um 231 kr., þar af tekur ríkið til sín um 49% í skatta. Skattarnir eru samsettir úr krónutölusköttum sem eru almennt bensíngjald (23,86 kr. á lítra), sérstakt bensíngjald (38,55 kr. á lítra) og kolefnisgjald (3,8 kr. á lítra) sem er nýr skattur sem lagður var á í fyrsta skipti um áramótin. Ofan á þessa skatta og kostnaðarverð leggst síðan virðisaukaskattur sem nemur 46,2 kr. Samtals nemur hlutur ríkisins því 112,41 kr. Á innkaupsverð dísilolíu leggst olíugjald (54,88 kr. á lítra), kolefnisgjald (4,35 kr. á lítra) og virðisaukaskattur.

Í frumvarpi þessu er lagt er til að krónutöluskattar á eldsneyti verði lækkaðir tímabundið, um 19,86 kr. á lítra af bensíni og 19,88 kr. á lítra af dísilolíu.

Áhrif á ríkissjóð og verðteygni.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 var gert ráð fyrir að meðalverð á bensíni yrði 200 kr. á lítra og á dísilolíu 197 kr. á árinu. Áætlað er að sala á bensíni verði um 149 milljónir lítra á tímabilinu 1. apríl til 31. desember og að sú sala skili ríkissjóði tæpum 16 milljörðum kr. í skatttekjum. Spár gera hins vegar ráð fyrir að bensínverð verði um 234 kr. á lítra sem gefur um 134,5 milljónir lítra heildarsölu og um 15,4 milljarða kr. heildartekjur fyrir ríkissjóð. Ástæðuna fyrir minni tekjum þrátt fyrir hærra verð má rekja til eftirspurnaráhrifa. Þegar verðið á eldsneyti hækkar minnkar fólk akstur og neyslan dregst saman. Hér er gert ráð fyrir að verðteygni eftirspurnar sé -0,64, þ.e. að 1% hækkun verðs leiði til 0,64% minnkunar magns, sem er nokkru hærri teygni en fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir, en á þeim bænum er oftast miðað við teygnistuðulinn -0,36. Ástæðan fyrir þessu er að ráðstöfunartekjur íslenskra heimila eru sem stendur í algjöru lágmarki vegna tekjulækkunar og skattahækkana og erfitt að sjá fyrir sér að þau hafi upp á mikið að hlaupa hvað varðar aukna eyðslu í eldsneytiskaup eins og samdráttur í einkaneyslu undanfarin tvö ár sýnir.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 var gert ráð fyrir að meðalverð á dísilolíu yrði um 197 kr. á lítra á árinu og að heildarsala yrði um 92,8 milljónir lítra á tímabilinu 1. apríl til 31. desember og að sú sala skilaði ríkissjóði tæpum um 9,2 milljörðum kr. í skatttekjur á tíma-

bilinu. Spár á olíumarkaði gera hins vegar ráð fyrir að verðið á dísilolíu verði um 239 kr., sem leiðir til þess miðað við teygnistuðul upp á -0,64 að salan verður um 81,9 milljónir lítra og heildartekjur ríkissjóðs því 8,8 milljarðar kr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir lækkun á almennu bensíngjaldi og olíugjaldi um tæpar 20 kr. á lítra (19,86 kr. og 19,88 kr.) sem leiðir til þess að verð á bensíni og dísilolíu lækkar um 28 kr. vegna 25,5% virðisaukaskatts og álagningar. Þetta veldur því að bensínverð ætti að lækka úr ætluðu verði, 234 kr., í 206 kr. á lítra, og verð á dísilolíu ætti að lækka úr ætluðu verði, 239 kr., í 211 kr. á lítra. Þessi lækkun leiðir til þess að sala á bensíni eykst líklega úr 134,5 milljónum lítra í 145,8 milljónir lítra en tekjurnar lækka úr 15,4 milljörðum kr. í 13,0 milljarða kr. vegna þessarar lækkunar krónutöluskatta. Er þá sem áður miðað við verðteygnistuðulinn -0,64.

Sala á dísilolíu eykst vegna framangreindrar lækkunar á olíugjaldi og miðað við sama verðteygnistuðul úr 81,9 milljónum lítra í 88,7 milljónir lítra. Beinar tekjur ríkissjóðs af sölu dísilolíu lækka úr 8,8 milljörðum kr. í 7,3 milljarða kr. Hér er gert ráð fyrir að olíufélögin hækki ekki álagningu sína og brýnt er að þeim verð veitt aðhald með verðkönnunum líkt og t.d. FÍB hefur gert.

Heildaráhrif á tekjur ríkissjóðs vegna lækkunar bensín- og olíugjalda verða 3,9 milljarðar kr., þar af 780 millj. kr. vegna minni tekna af virðisaukaskatti. Ekki er óvarlegt að áætla að sparnaði heimilanna vegna lægri eldsneytisreiknings verði að einhverju leyti varið beint til annarrar einkaneyslu og því missi ríkissjóður virðisaukaskattstekjur ekki að öllu leyti. Hér gert ráð fyrir að nettótekjutap ríkissjóðs, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, verði um 3,2 milljarðar kr. á tímabilinu. Ríkisjóður mun þó ekki verða fyrir öllu þessu tekjutapi vegna annarra áhrifa.

Áhrif af aðgerðinni.

Lækkun skatta á eldsneyti leiðir beint til hækkunar ráðstöfunartekna, einkaneyslu og hagvaxtar. Útreikningar fjármálaráðuneytisins sýna að ráðstöfunin lækkar vísitölu neysluverðs um 0,8%–0,9%. Ef miðað er við að verðbólgumarkmið Seðlabankans haldi, sem er 2,5%, jafngildir skattalækkunin tæplega 3,5% nafnlaunahækkun fyrir launþega á Íslandi.

Lækkun skatta á eldsneyti leiðir beint til lækkunar vísitölu neysluverðs sem aftur lækkar höfuðstól verðtryggðra lána heimila og fyrirtækja og afborganir af þeim. Verðtryggðar skuldir heimilannar eru nú taldar nema um 2.000 milljörðum kr. Lækkun neysluverðsvísitölu um 0,8%–0,9% vegna ráðstöfunarinnar er talin geta lækkað skuldir heimilanna á bilinu 16–18 milljarða kr. tímabundið.

Áhrif aðgerðarinnar bein og óbein væru veruleg og mundu leiða til jákvæðra áhrifa á hagvöxt. Framundan er mesti álagstími ferðaiðnaðarins og lækkun eldsneytis mundi virka eins og vítamínsprauta á greinina, hafa jákvæð áhrif á landsbyggðina sem og landið allt og styrkja innviði greinarinnar. Áhrifin mundu einnig leiða til lækkunar á flutningskostnaði og t.d. leiða til lækkunar vöruverðs.

Fylgiskjal.

Af heimasíðu Vegagerðarinnar:

Mesti samdrátturinn til þessa.
Enn dregur úr umferð á Hringveginum.
(4. mars 2011.)

Sláandi mikill samdráttur er í umferð um Hringveg á 16 mælipunktum Vegagerðarinnar, tvo fyrstu mánuði ársins borið saman við sama tíma árið 2010. Um er að ræða mesta samdrátt á viðmiðunartímabilinu til þessa.

Samdrátturinn nemur ríflega sex prósentum samanlagt í janúar og febrúar og nemur 5,2 prósentum í febrúar. Vegagerðin birtir nú spá um þróun umferðar út árið 2011 miðað við þessar tölur og samkvæmt því stefnir í að umferðin í ár verði ívið minni en hún var árið 2006. Nemur samdrátturinn nú milli febrúarmánaða 5,2% en 6,1% frá áramótum. Næst mestur var samdrátturinn milli áranna 2010 og 2009 eða 3,4% frá áramótum, þ.e.a.s. fyrir janúar og febrúar. Um er því ræða 9,4% samdrátt frá árinu 2009, að telja.

Mest dregur úr umferð á Hringvegi um Austurland eða 10,2% milli febrúarmánaða og 9,8% frá áramótum. Næst mest dregur úr umferð um Suðurland eða 9,0% milli febrúarmánaða en 7,6% frá áramótum.

Minnst dregur úr umferð á Hringvegi um Norðurland eða 0,1% milli febrúarmánaða en næst minnst um Vesturland eða 4,9%

Eins og sést á töflunni hér á síðunni er þetta í fyrsta sinn síðan árið 2006 að samdráttur mælist á öllum svæðum í janúar og febrúar samtals.

Samantektartafla um mismun á umferð	2011/2010		2010/2009		2009/2008		2008/2007		2007/2006		2006/2005	
Landssvæði	Milli feb. mánaða	Uppsafnað frá áramótum	Milli feb. mánaða	Uppsafnað frá áramótum	Milli feb. mánaða	Uppsafnað frá áramótum	Milli feb. mánaða	Uppsafnað frá áramótum	Milli feb. mánaða	Uppsafnað frá áramótum	Milli feb. mánaða	Uppsafnað frá áramótum
Suðurland	-9,0%	-7,6%	-4,2%	-2,2%	7,7%	8,8%	-10,2%	-8,6%	6,2%	7,2%	15,2%	16,6%
Höfuðborgarsvæðið	-5,1%	-5,6%	-4,9%	-4,5%	-0,4%	0,2%	2,0%	4,4%	5,7%	5,1%	6,6%	6,7%
Vesturland	-4,9%	-6,6%	-3,8%	-2,6%	1,8%	1,5%	-4,3%	-1,9%	7,9%	7,7%	18,8%	21,5%
Norðurland	-0,1%	-6,8%	-1,5%	0,5%	0,7%	-1,2%	-5,8%	-1,0%	6,5%	3,1%	6,3%	11,7%
Austurland	-10,2%	-9,8%	5,2%	3,5%	-2,5%	-8,3%	-16,4%	-14,5%	-6,1%	-1,4%	11,4%	9,8%
Samtals	-5,2%	-6,1%	-4,3%	-3,4%	1,1%	1,4%	-1,6%	0,9%	6,1%	5,6%	9,7%	10,7%

Í fyrsta sinn, síðan Vegagerðin hóf að birta þessar samanburðartölur, fylgir spá um þróun út árið fyrir 16 talningastaði á Hringvegi. Áður hefur Vegagerðin gefið út spá fyrir höfuðborgarsvæðið en hyggst nú einnig gera það fyrir 16 talningastaði á Hringvegi. Hafa ber í huga alla fyrirvara á þessum tölum þar sem einungis tveir mánuðir eru liðnir af árinu auk þess hefur reynst erfiðara að spá fyrir um þróun úti á þjóðvegum en inni í þéttbýli, eins og t.d. á höfuðborgarsvæðinu, en í dreifbýli er meiri hætta á að færð spillist vegna veðurs.

Sé eitthvað mark takandi á tveimur fyrstu mánuðum ársins gæti samdráttur á Hringveginum numið allt að fimm prósentum í lok árs. Það er heldur meiri samdráttur en gert er

ráð fyrir á höfuðborgarsvæðinu, eftir tvo fyrstu mánuði ársins. Á meðfylgjandi línuritum[1] sést hver afleiðing svo mikils samdráttar yrði en hún er sú að umferðin færi undir það sem hún var árið 2006. En enn og aftur ber að hafa alla fyrirvara á. Hlutfallslega meiri umferð í næstu mánuðum gæti hæglega kollvarpað þessari spá.

[1] *http://www.vegagerdin.is/media/frettir-2011/Throun-2005-2011_jan-feb.pdf*

1133.Frumvarp til laga [643. mál]

um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „sem binda Ísland“ í b-lið 1. mgr. kemur: þ.m.t. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þar sem ríkisborgarar og lögaðilar annarra aðildarríkja svæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar eða færeyskir lögaðilar eru undanþegnir skilyrðum um starfsstöð hér á landi.

b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Með lögmönnum skv. 2. mgr. er einnig átt við lögmannsstofur, svo og lögaðila sem eru dótturfélög eins eða fleiri lögmanna og/eða lögmannsstofa og að öllu leyti í eigu þeirra að því skilyrði uppfylltu að starfsemin falli undir eftirlit skv. 2. mgr. 15. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „þekkingu eða starfsreynslu“ í c-lið 1. mgr. kemur: þekkingu og starfsreynslu.

b. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður sem orðast svo: hefur vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu skv. 14. gr. og skilmála hennar ásamt heiti og aðsetri hlutaðeigandi vátryggingafélags.

c. 2. mgr. orðast svo:

Innheimtuleyfi er einnig veitt samkvæmt umsókn frá lögaðila enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi skilyrðum a–e-liðar 1. mgr. Lögaðilinn skal fullnægja skilyrðum a-, e- og f-liðar 1. mgr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Eftir gjalddaga kröfu, eindaga ef síðar er, skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega viðvörun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan tíu daga frá sendingu viðvörunar. Veita má lengri frest til greiðslu. Beri gjalddaga (eindaga) upp á löghelgan dag, eða dag þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar, verður greiðslu eigi krafist fyrr en næsta virkan dag og, berist

greiðslan ekki þann dag, skal innheimtuviðvörun ekki dagsett og send fyrr en þar næsta virkan dag.

b. E-liður 2. mgr. orðast svo: að greiðslufall skuldara geti leitt til milliinnheimtu og/eða málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.

c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Í viðvöruninni skal ekki krefjast greiðslu á seðilgjaldi eða samsvarandi gjaldi nema laga- eða samningsheimild sé fyrir hendi.

4. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Innheimtuaðila, sem stundar innheimtu fyrir aðra, er skylt að halda innheimtufé, sem hann tekur við í þágu annarra, aðgreindu frá eigin fé. Skal féð án ástæðulauss dráttar lagt á vörslufjárreikning og varðveitt þar. Opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegin þessari skyldu. Innheimtuaðili er ekki eigandi innstæðu á vörslufjárreikningi samkvæmt þessari grein og innstæðan er ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum og stendur utan skuldaraðar við skipti á búi hans. Sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast. Ráðherra getur kveðið nánar á um vörslufjárreikninga í reglugerð.

5. gr.

3. málsl. 11. gr. laganna orðast svo: Ekki skal innheimta innheimtukostnað vegna innheimtuviðvörunar ef brotið hefur verið gegn 7. gr. þannig að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum.

6. gr.

3.–4. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um trygginguna, m.a. um tjón sem hún nær til, lágmark tryggingarfjárhæðar vegna hvers einstaks tjónsatburðar, heildarfjárhæð bóta innan hvers tryggingartímabils, eigin áhættu og brottfall tryggingar. Innheimtuaðili skal senda viðkomandi eftirlitsaðila staðfestingu á endurnýjun starfsábyrgðartryggingar.

7. gr.

Í stað 2.–3. mgr. 15. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Gagnvart lögmönnum fer Lögmannafélag Íslands með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um lögmenn.

Erindum vegna innheimtu fyrir eigin starfsemi og innheimtu opinberra aðila, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal beina til Neytendastofu sem hefur eftirlit með slíkri starfsemi. Ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.

Eftirlitsaðilar skv. 1.–3. mgr. skulu samræma verklagsreglur sínar um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Í stað orðanna „að lögmönnum undanskildum“ í 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: að lögmönnum og opinberum aðilum undanskildum.

9. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Fjárhagsleg staða.

Innheimtuaðilar skulu á hverjum tíma geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Ef líkur eru á því að innheimtuaðili geti ekki staðið við skuldbindingarnar skal hann gera eftirlitsaðila grein fyrir stöðu sinni og leggja fyrir hann áætlun um endurreisn fjárhags.

Áætlun skv. 1. mgr. skal m.a. geyma sundurliðaða áætlun um tekjur og gjöld og áætlaðan efnahagsreikning.

Gefi ársreikningur innheimtuaðila Fjármálaeftirlitinu vísbendingu um að innheimtuaðili geti ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar getur Fjármálaeftirlitið gert honum að skila áætlun skv. 1. mgr.

10. gr.

17. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Afturköllun innheimtuleyfis.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað innheimtuleyfi skv. 4. gr., sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr., ef:

a. innheimtuaðili hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum; eða
b. skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur til staðar.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal innheimtuaðila veittur hæfilegur frestur til úrbóta ef unnt er að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins.

11. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Niðurfelling innheimtuleyfis.

Innheimtuleyfi innheimtuaðila fellur niður:

a. sé það ekki nýtt innan tólf mánaða frá dagsetningu innheimtuleyfis;
b. afsali innheimtuaðili innheimtuleyfi sínu með ótvíræðum hætti; eða
c. sé starfsemi hætt í meira en sex mánuði samfellt.

Afsali innheimtuaðili innheimtuleyfi sínu skv. b-lið 1. mgr. skal hann gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja réttarstöðu viðskiptavina sinna og gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir ráðstöfunum sínum. Hann skal upplýsa viðskiptamenn sína um afsal innheimtuleyfis.

Innheimtuaðila er óheimilt að segja upp starfsábyrgðartryggingu fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á niðurfellingu leyfis.

12. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem það hefur eftirlit með og brýtur gegn:

a. 3. gr. um skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra;
b. 6. gr. um góða innheimtuhætti enda sé brot gróft eða ítrekað;
c. 2. mgr. 10. gr. um meðferð innheimtufjár;
d. 3. mgr. 16. gr. telji eftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilins leyfis;
e. 16. gr. a um ráðstafanir vegna slæmrar fjárhagslegrar stöðu;
f. 17. gr. a um ráðstafanir vegna niðurfellingar innheimtuleyfis;

g. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 19. gr.;
h. reglugerð ráðherra skv. 12. gr. um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

13. gr.

Í stað orðsins „fjármálafyrirtækis“ í 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: innheimtuaðila.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu, sem samið er í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, eru lagðar til nokkrar breytingar á innheimtulögum, nr. 95/2008, sem gengu í gildi 1. janúar 2009. Er þá m.a. höfð hliðsjón af framkvæmd laganna og athugasemdum eftirlitsaðila, einkum Fjármálaeftirlitsins. Helstu breytingartillögur snerta vernd fjár á vörslufjárreikningum, orðalag í innheimtuviðvörun varðandi næsta stig innheimtuaðgerða, starfsábyrgðartryggingu samkvæmt reglugerð, ákvæði um Lögmannafélag Íslands sem eftirlitsaðila en ekki úrskurðarnefnd lögmanna, Neytendastofu sem eftirlitsaðila með eigin innheimtustarfsemi, flutning sérstaks eftirlits með innheimtu opinberra aðila frá Fjármálaeftirlitinu til Neytendastofu, lagaákvæði varðandi fjárhagslega stöðu innheimtuaðila, afturköllun innheimtuleyfis í stað leyfissviptingar og niðurfellingu innheimtuleyfis. Þá er m.a. gert ráð fyrir heimild til stjórnvaldssekta fyrir gróf eða ítrekuð brot gegn góðum innheimtuháttum.

Frumvarpið var sent til almennrar umsagnar. Umsagnir bárust frá dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, Fjármálaeftirlitinu, Intrum Justitia, Neytendastofu og Samtökum fjármálafyrirtækja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar eru ítarlegri ákvæði en eru í 3. gr. laganna varðandi fasta starfsstöð hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland. Eru ákvæðin einkum gerð ítarlegri með tilliti til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Í b-lið er kveðið nánar á um hverjir geti fallið undir hugtakið lögmenn, m.a. lögmannsstofur og vissir lögaðilar.

Um 2. gr.

Í greininni er m.a. bætt við ákvæðum þannig að einstaklingur eða lögaðili þurfi við umsókn um innheimtuleyfi skv. 4. gr. laganna að sýna fram á að hann hafi gilda starfsábyrgðartryggingu skv. 14. gr. laganna. Er ekki um efnisbreytingu að ræða heldur er til áréttingar gert að skilyrði að með umsókn um innheimtuleyfi skuli fylgja staðfesting á starfsábyrgðartryggingu.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um breytingu á 7. gr. laganna um innheimtuviðvörun.

Í 1. mgr. 7. gr. laganna er gert ráð fyrir breytingum sem ætla má að séu í samræmi við framkvæmd mála. Í 1. mgr. 7. gr. laganna er nú talað um að innheimtuviðvörun skuli senda eftir gjalddaga kröfu. Bætt er við orðunum „eindaga ef síðar er“ en sumir gefa kost á greiðslu á eindaga sem er þá síðar en gjalddagi. Þykir rétt að taka í lögum af tvímæli um þetta atriði.

Þá er tekið mið af ákvæðum 72. gr. víxillaga, nr. 93/1933, þar sem segir að greiðslu verði eigi krafist fyrr en næsta virka dag á eftir gjalddaga beri gjalddagann upp á löghelgan dag eða dag þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar. Sýnist sú regla gilda nú um innheimtur en yrði nefnd í lögunum til öryggis. Jafnframt er ákveðið að eindagi komi í stað gjalddaga sé hann síðar. Verður greiðslu samkvæmt frumvarpinu eigi krafist fyrr en næsta virkan dag eftir löghelgan dag eða bankalokunardag og, berist greiðslan ekki þann dag, skal innheimtuviðvörun eigi dagsett og send fyrr en þar næsta virkan dag. Ganga þarf sem sé úr skugga um að greiðslan hafi ekki borist, t.d. í banka, áður en viðvörunin er send til að valda ekki óþarfa amstri.

Í b-lið greinarinnar er breytt orðalagi 2. mgr. 7. gr. um viðvörunina þannig að orðalag verði mildara og þess ekki krafist að fjallað verði um málshöfðun eða aðrar innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara heldur yrði tekið fram að greiðslufall skuldara geti leitt til milliinnheimtu og/eða málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara. Eigi að fara í milliinnheimtu í kjölfar innheimtuviðvörunar kann þannig að nægja að greina í viðvöruninni frá því að næsta stig verði milliinnheimta, sem eftir atvikum geta verið eitt til þrjú bréf. Í þriðja bréfi nægir síðan að gera grein fyrir málshöfðunarmöguleika.

C-liður greinarinnar snertir þá undantekningu er innheimtuviðvörun er send fyrir gjalddaga ef um er að ræða innheimtu vegna eigin starfsemi. Er bætt við að eigi skuli krefjast greiðslu á seðilgjaldi eða samsvarandi gjaldi nema laga- eða samningsheimild sé fyrir hendi. Af þessu tilefni vill ráðuneytið benda á að nefnd á vegum þess komst að þeirri niðurstöðu að seðilgjöld vegna útsendingar reikninga ætti ekki að innheimta nema á grundvelli lagaheimildar (t.d. Íbúðalánasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Orkuveita Reykjavíkur) eða samkvæmt samningi á milli aðila. Þar eð lagaheimild er sjaldnast fyrir hendi reynir oftast á þá spurningu hvort samningur hafi verið gerður milli aðila. Slíkur kostnaður kann að vera innifalinn í verði vöru eða þjónustu en ekki er einhliða unnt að ákveða seðilgjöld, hverju nafni sem nefnast, og þá ákveða einhliða fjárhæð slíkra gjalda.

Innheimtulög snerta almennt ekki seðilgjöld en þau tengjast aðeins 3. mgr. 7. gr. innheimtulaga þar eð innheimtuviðvörun má í þeim tilvikum senda fyrir gjalddaga. Almennu athugasemdirnar um seðilgjöldin hér að framan eiga þó við um önnur tilvik við útsendingu reikninga, svo og jafnvel á síðari stigum. Þannig verður ekki unnt að krefjast seðilgjalda vegna útsendingar bréfa í milliinnheimtu enda gjöld tæmandi talin í innheimtureglugerð á grundvelli 12. gr. laganna þar sem segir að efnahags- og viðskiptaráðherra geti í reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar sem heimilt er að krefja skuldara um samkvæmt lögunum.

Um 4. gr.

Í greininni er miðað að því að hafa skýrari ákvæði í 10. gr. laganna um meðferð innheimtufjár á vörslufjárreikningum og tryggja betur hag kröfuhafa. Sambærilegar reglur um vörslufjárreikninga er að finna í lögum um miðlun vátrygginga, sbr. 22. gr. laga nr. 32/2005, um lögmenn, sbr. 23. gr. laga nr. 77/1998, og um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, sbr. 17. gr. laga nr. 99/2004.

Rétt þykir að taka sérstaklega fram að innheimtuaðili sé ekki eigandi innstæðu á vörslufjárreikningi og innstæðan sé ekki hæft andlag aðfarargerðar hjá honum og standi utan skuldaraðar við skipti á búi hans.

Loks er kveðið á um að efnahags- og viðskiptaráðherra geti kveðið nánar á um vörslufjárreikninga í reglugerð.

Um 5. gr.

Með hliðsjón af því markmiði innheimtulaga að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur þykir rétt að gera breytingu á 11. gr. laganna þannig að eigi megi innheimta innheimtukostnað vegna innheimtuviðvörunar ef brotið hefur verið gegn 7. gr. þannig að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um breytingu á grein um starfsábyrgðartryggingu. Lagt er til að ákvæðið verði fært til samræmis við sambærileg ákvæði í öðrum lögum, svo sem lögum um lögmenn. Í því felst að efnahags- og viðskiptaráðherra kveði á um það í reglugerð til hvaða tjóns starfsábyrgðartrygging skuli taka, tryggingarfjárhæðir, heildarfjárhæð bóta innan hvers tryggingatímabils, eigin áhættu og brottfall ábyrgðartryggingar. Jafnframt er lagt til að innheimtuaðili skuli senda viðkomandi eftirlitsaðila staðfestingu á endurnýjun starfsábyrgðartryggingar.

Um 7. gr.

Í ákvæðum 2. mgr. 15. gr. innheimtulaga um eftirlit gagnvart lögmönnum þykir eðlilegt að gera breytingu þannig að fram komi að Lögmannafélag Íslands sé eftirlitsaðili í stað úrskurðarnefndar lögmanna. Byggist þessi breyting m.a. á ábendingum frá Lögmannafélagi Íslands. Fer félagið með almennt eftirlit með lögmönnum, m.a. um að þeir fari að lögum og þá uppfylli skilyrði þeirra. Þannig gæti félagið komið að samræmingu verklagsreglna um eftirlit samkvæmt innheimtulögum gagnvart Fjármálaeftirlitinu sem er almennur eftirlitsaðili samkvæmt lögunum. Þrátt fyrir þessa breytingu varðandi almennt eftirlit af hálfu lögmannafélagsins getur til þess komið að einhver mál endi hjá úrskurðarnefndinni sem fer með agavald gagnvart lögmönnum.

Þeir sem kaupa kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfir í atvinnuskyni skv. 5. gr. laganna þurfa innheimtuleyfi og eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Í frumvarpinu er lagt til að Neytendastofa verði sérstakur eftirlitsaðili með almennri innheimtu á eigin kröfum. Þykir það eðlilegt með tilliti til þarfa einstakra neytenda. Þessi niðurstaða er öðruvísi en í Noregi þar sem enginn eftirlitsaðili er með slíkri starfsemi, en innheimtulög byggjast mjög á norskum lögum. Neytendastofa skal þó hér á landi m.a. hafa eftirlit með innheimtu opinberra aðila, sbr. nánar í 8. gr. frumvarpsins og athugasemd við hana. Ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð. Þar undir falla m.a. ákvæði þeirra laga um málskotsrétt aðila til áfrýjunarnefndar neytendamála (4. gr.) og að ákvörðun Neytendastofu verði ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggi fyrir (25. gr.).

Í nýrri 4. mgr. er gert ráð fyrir að eftirlitsaðilarnir, Fjármálaeftirlitið, úrskurðarnefnd lögmanna og Neytendastofa, samræmi verklagsreglur sínar um eftirlit samkvæmt lögunum.

Um 8. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að breyting verði gerð á 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna þannig að auk lögmanna verði opinberir aðilar einnig undanskildir eftirliti Fjármálaeftir-

litsins með innheimtu. Tengist ákvæðið þeirri breytingu sem lögð er til í 7. gr. frumvarpsins, þ.e. að eftirlit með innheimtu opinberra aðila flytjist frá Fjármálaeftirlitinu til Neytendastofu.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að ný grein bætist við lögin, 16. gr. a, sem kveður á um fjárhagslegt heilbrigði innheimtuaðila. Er þannig lagt til að innheimtuaðili skuli á hverjum tíma geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Er ákvæðið sambærilegt ákvæði í lögum um miðlun vátrygginga. Þá er lagt til að innheimtuaðili skuli gera Fjármálaeftirlitinu viðvart eigi hann ekki fyrir fjárhagslegum skuldbindingum. Jafnframt er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti gert vissar ráðstafanir ef ástæða er talin til að ætla að innheimtuaðilar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Með ákvæðinu er Fjármálaeftirlitinu falið fjárhagslegt eftirlit með innheimtuaðilum. Er með því gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti haft nánara eftirlit með fjárhagslegri stöðu innheimtuaðila og geti gripið fyrr inn í en verið hefur, stefni í vandræði. Með því að gera kröfu um að innheimtuaðili leggi fram áætlun um endurreisn fjárhags er enn fremur líklegt að innheimtuaðili geri sér betur grein fyrir stöðu sinni og horfum til framtíðar.

Um 10. gr.

Í greininni, sem geymir nýja 17. gr. laganna, er gert ráð fyrir að kveðið verði á um afturköllun innheimtuleyfis, ekki sviptingu innheimtuleyfis. Samkvæmt ákvæðinu hefur Fjármálaeftirlitið heimild til afturköllunar innheimtuleyfis en ekki skyldu. Þar eð um íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun er að ræða, sem veltur á mati, er eðlilegt að Fjármálaeftirlitið hafi svigrúm til að meta hvort beitt skuli afturköllun eða öðrum vægari úrræðum. Er í greininni kveðið á um skilyrði fyrir afturköllun leyfisins og er m.a. lagt til að heimilt verði að afturkalla starfsleyfi ef skilyrði starfsleyfis eru ekki til staðar. Á það m.a. við ef starfsábyrgðartrygging er ekki í gildi. Þá er lagt til að áður en til afturköllunar kemur skuli innheimtuaðila veittur hæfilegur frestur til úrbóta ef unnt er að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir nýrri grein í lögunum, 17. gr. a, sem fjallar um niðurfellingu innheimtuleyfis ef leyfið er ekki nýtt, því afsalað eða starfsemi stöðvuð. Gert er ráð fyrir ráðstöfunum til að tryggja réttarstöðu viðskiptavina.

Um 12. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að bætt sé við heimild í 1. mgr. 18. gr. laganna til að grípa til stjórnvaldssekta vegna brota á ákvæðum 6. gr. þeirra um góða innheimtuhætti enda sé um gróf eða ítrekuð brot að ræða. Þykir nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að beita stjórnvaldssektum í þessum tilvikum. Einnig er bætt við heimild til að beita stjórnvaldssektum þegar skortir á rétta meðferð á innheimtufé skv. 2. mgr. 10. gr. laganna, þ.e. innheimtufé er ekki haldið aðskildu frá eigin fjármunum innheimtuaðila og innheimtufé ekki án ástæðulauss dráttar lagt inn á vörslufjárreikning. Þá er veitt stjórnvaldssektaheimild vegna aðgerðaleysis í tengslum við 16. gr. a um ráðstafanir vegna slæmrar fjárhagslegrar stöðu og 17. gr. a um ráðstafanir vegna niðurfellingar innheimtuleyfis.

Um 13. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir því að í stað refsingar vegna rangra eða villandi upplýsinga um hagi fjármálafyrirtækis í 2. mgr. 20. gr. laganna komi að um sé að ræða hagi innheimtuaðila er falli undir innheimtulög. Er talið nauðsynlegt að refsiákvæði sé fyrir hendi varðandi aðra innheimtuaðila en fjármálafyrirtæki í tilvikum sem þessum.

Um 14. gr.

Grein þessi geymir gildistökuákvæði. Gert er ráð fyrir að lög þessi öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögunum, m.a. með hliðsjón af reynslu við framkvæmd þeirra og athugasemdum eftirlitsaðila. Helstu breytingar snerta vernd fjár á fjárvörslureikningum, orðalag í innheimtuviðvörunum, hækkun starfsábyrgðartryggingar, Lögmannafélag Íslands sem eftirlitsaðila í stað úrskurðar-nefndar lögmanna, Neytendastofu sem eftirlitsaðila með innheimtu fyrir eigin starfsemi, flutning eftirlits með innheimtu opinberra aðila frá Fjármálaeftirliti til Neytendastofu, fjárhagslega stöðu innheimtuaðila, afturköllun innheimtuleyfis í stað leyfissviptingar og niðurfellingu innheimtuleyfis.

Samkvæmt gildandi lögum hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með starfsemi þeirra aðila sem það hefur veitt innheimtuleyfi samkvæmt lögunum, að lögmönnum undanskildum. Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins gilda lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í frumvarpinu er lagt til að auk lögmanna verði opinberir aðilar undanskildir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Einnig er mælt fyrir um að erindum vegna innheimtu fyrir eigin starfsemi og innheimtu opinberra aðila skuli beina til Neytendastofu sem hefur eftirlit með slíkri starfsemi. Skulu ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.

Fjármálaráðuneytið telur að lögfesting frumvarpsins geti leitt til einhverrar aukningar í verkefnum hjá Neytendastofu vegna fyrirhugaðs eftirlits stofnunarinnar með innheimtu fyrir eigin starfsemi og innheimtu opinberra aðila. Á hitt ber þó að líta að Neytendastofa annast nú þegar eftirlit samkvæmt lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og að erindi vegna innheimtu aðila á eigin kröfum hafa verið fátíð á umliðnum árum.

Fjármálaráðuneytið gerir því ráð fyrir að verði frumvarpið óbreytt að lögum muni það einungis hafa í för með sér óveruleg útgjöld fyrir ríkissjóð sem rúmast innan fjárheimilda innanríkisráðuneytis.

1134. Frumvarp til laga [644. mál]

um brottfall laga um stjórnlagaþing, nr. 90 25. júní 2010.

Flm.: Róbert Marshall, Álfheiður Ingadóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Þráinn Bertelsson, Mörður Árnason, Þór Saari.

1. gr.

Lög nr. 90 25. júní 2010, um stjórnlagaþing, falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er heimilt að ráða starfsfólk fyrir stjórnlagaráð án auglýsingar.

Greinargerð.

Alþingi hefur ákveðið með þingsályktun, samþykktri 24. mars 2011, að skipa 25 manna stjórnlagaráð sem fái það verkefni að taka við og fjalla um skýrslu stjórnlaganefndar og gera tillögu um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þetta var áður hlutverk stjórnlagaþings samkvæmt lögum nr. 90/2010 en Hæstiréttur ógilti kosningu til stjórnlagaþings 25. janúar sl. Því er eðlilegt að leggja til að lög um stjórnlagaþing falli brott eins og fjallað var um í áliti meiri hluta allsherjarnefndar (sbr. þskj. 1028, 549. mál).

Stjórnlagaráði er ætlað að hefja störf hið fyrsta og mun það starfa í þrjá til fjóra mánuði. Mikilvægt er að unnt verði að ráða hæft starfsfólk fyrir ráðið með sem stystum fyrirvara. Flutningsmenn telja því nauðsynlegt, vegna þess skamma tíma sem er til stefnu og þess tíma sem auglýsinga- og ráðningarferli starfsmanna tekur, að kveða á um að við ráðningu starfsfólks fyrir stjórnlagaráð sé ekki skylt að auglýsa laus störf samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, enda er um afmarkað verkefni að ræða og til skamms tíma. Því er lagt til að kveðið verði á um það í ákvæði til bráðabirgða.

1135. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar.

Hin nýja tilskipun Evrópusambandsins nr. 2009/14/EB, hefur enn ekki verið tekinn upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Í þessari tilskipun er nokkuð breytt orðalag um innstæðutryggingar en þar er kveðið á um að aðildarríki skuli tryggja að vernd sérhvers innstæðueiganda nemi 50.000 evrum (e. shall *ensure* that the coverage for the aggregate deposits of each depositor shall be at least EUR 50.000). Í eldri tilskipun var ekki kveðið eins sterkt að orði þar sem mælt var fyrir um að áskilið væri að innstæðutryggingakerfi veittu innstæðueiganda vernd allt að 20.000 evrum (e. deposit-guarantee

schemes shall *stipulate* that the aggregate deposits of each depositor must be covered up to ECU 20 000). Meiri hlutinn túlkar þetta á þann hátt að ríkisvaldið verði að tryggja fjármögnun innstæðutryggingasjóðsins ef og þegar hann þarf að taka lán til að geta staðið við skuldbindingar sínar. Það er erfitt að sjá muninn á því að þurfa að tryggja fjármögnun og því að hafa ríkisábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Samkvæmt tilskipuninni hækkar tryggingarfjárhæðin úr 20.887 evrum í 100.000 evrur, eða úr 3,3 millj. kr. í 15,8 millj. kr. fyrir hvern innstæðueigenda í viðkomandi fjármálastofnun. Þá er sá tími sem sjóðurinn hefur samkvæmt tilskipuninni styttur talsvert og samkvæmt frumvarpinu er iðgjald fjármálafyrirtækja í sjóðinn hækkað.

Hugmynd meiri hlutans er sú að Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta verði deildaskiptur þannig að gamla deildin haldi utan um skuldbindingar vegna Icesave og aðrar skuldbindingar sem tengjast hinum föllnu bönkum. Ekki er vitað hversu miklar skuldbindingarnar verða þar sem eftir er að útkljá fjölmörg mál fyrir dómstólum en innstæðueigendur í Evrópu sækja á sjóðinn. Forstöðumaður hans benti á að það gæti reynst erfitt að fá deildarskiptinguna viðurkennda. Þannig sé vafasamt að hægt sé að vísa þeim sem gerir kröfu á sjóðinn á gjaldþrota deild þegar um fleiri deildir er að ræða hjá sama lögaðila.

Líkt og framar er getið hefur hin nýja tilskipun Evrópusambandsins ekki verið tekin upp í EES-samninginn. Ástæðan er sú að Norðmenn hafa staðið á bremsunni og vilja hafa tryggingarfjárhæðina hærri. Það er þeim kleift vegna góðrar fjárhagsstöðu sinnar. Enginn íslenskur ráðherra í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hefur gætt hagsmuna Íslendinga í þessu máli. Ferðir ríkisstjórnarinnar til Brussel hafa verið nýttar í annað.

Tryggingar eru í eðli sínu dreifing á áhættu og er trygging innstæðna þar engin undantekning. Kerfið á uppruna sinn í Bandaríkjunum þar sem allar fjármálastofnanir sem taka við innlánum eru aðilar að kerfinu með greiðslu iðgjalda. Í Evrópu er hverju ríki gert að setja upp sinn eigin tryggingasjóð. Það gengur ekkert sérstaklega vel upp í fjölmennum ríkjum Evrópu og það er fullkomlega vonlaust í minni ríkjum og er Ísland gott dæmi um það. Innstæður í bönkum hér á landi eru um 1.500 milljarðar kr. eða þreföld íslensku fjárlögin. Þrír bankar er með 70–80% af þeirri upphæð og þeir eru svipaðir að stærð sem þýðir að dreifing áhættunnar er sáralítil. Miðað við þá útreikninga sem viðskiptanefnd Alþingis fékk í hendurnar tekur það nær heila öld að safna í tryggingasjóð sem stæði undir innstæðum eins banka ef svo illa færi að hann færi í þrot. Því hefur verið haldið fram að bankar muni ekki falla í framtíðinni. Reynslan kennir okkur annað og það er sömuleiðis nokkuð öruggt að ef fyrningarleið ríkisstjórnarinnar verður farin muni ríkisbankinn Landsbankinn ekki standa uppréttur. Helstu rök meiri hlutans fyrir samþykkt frumvarpsins eru þau að með því sé dregið úr vernd innstæðna frá því sem nú er samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 3. febrúar og 9. desember 2009. 1. minni hluti bendir á að 95% innstæðna einstaklinga er undir 15 millj. kr. og er þessi röksemd meiri hlutans því fallin um sig sjálfa.

Öllum er ljóst að betur hefði átt að standa að lagasetningu fyrir hrunið haustið 2008. Það væri einnig betur komið fyrir okkur ef við hefðum metið áhættu betur en við gerðum. Við breytum ekki hinu liðna en það er engin ástæða til að endurtaka fyrri mistök. Það eru mikil mistök að samþykkja þetta frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra óbreytt. Með því er verið að blekkja almenning, búa til falskt traust og leggja allt þjóðarbúið undir.

Alþingi, 24. mars 2011.

Guðlaugur Þór Þórðarson, frsm.

Sigurður Kári Kristjánsson.

1136. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá 2. minni hluta viðskiptanefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að eigendum innstæðna í innlánsstofnunum og viðskiptavinum fyrirtækja í verðbréfaþjónustu verði veitt lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis. Til að unnt sé að veita þá vernd sem er kveðið á um í frumvarpinu er innlánsstofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu skylt að greiða iðgjald til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta sem skal inna af hendi greiðslu hvíli greiðsluskylda á honum.

Eins og kunnugt er hafa íslensk fjármálafyrirtæki greitt í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta en eftir fall bankanna reyndist ekki nægt fé í sjóðnum til að mæta tapinu og nemur tap hans mörg hundruð milljörðum króna. Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins 94/19/EB um innstæðutryggingar skal sérhvert aðildarríki tryggja að á yfirráðasvæði þess sé komið á einu eða fleiri innlánatryggingakerfum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir skiptingu sjóðsins í A-deild (ný deild) og B-deild (núverandi deild) og skal B-deildin lögð niður þegar greiðslu skuldbindinga hennar er lokið vegna ábyrgða sem hafa fallið á hana fyrir gildistöku laganna. Verði frumvarpið að lögum munu iðgjöld renna inn í A-deild og er þeim ætlað að mæta áföllum framtíðarinnar.

Í gildandi lögum er mælt fyrir um að verndin nemi 20.887 evrum. Samkvæmt frumvarpinu er kveðið á um að hámarksvernd nemi allt að 100.000 evrum en Evrópusambandið hefur ákveðið að hækka verndina í þeim tilgangi að auka tiltrú á bankakerfinu innan sambandsins.

Fram hefur komið við umfjöllun um málið í nefndinni að enginn tryggingarsjóður í heiminum væri fær um að mæta falli stærstu fjármálastofnunar sem starfsemi hans næði til. Þá var bent á að það muni taka marga áratugi að safna nægilegum sjóði til að geta mætt falli eins af þremur stóru íslensku viðskiptabönkunum. Ljóst er að slíkur sjóður mun ekki gagnast núlifandi Íslendingum ef annað þvílíkt hrun verður og er því um falskt öryggi að ræða. Á vettvangi Evrópusambandsins hefur það einnig verið rætt að stofnaður verði sameiginlegur sjóður á evru-svæðinu sem væri það burðugur að hann gæti greitt tap af falli stórra banka. Enn er þó langt í að slíkur sjóður verði stofnaður. 2. minni hluti telur rétt að reynt verði að taka upp samstarf við stærri erlendan sjóð, t.d. þann norska. Fram hefur komið að ekki hafi verið reynt að koma slíku samstarfi á.

Tryggingar innstæðna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tryggingarsjóðir innstæðueigenda eins og þeir eru hugsaðir á Evrópska efnahagssvæðinu eru meingölluð fyrirbrigði og hefur það verið ljóst um allnokkurt skeið. Þeir byggjast ekki á endurtryggingum eins og flest öll tryggingarstarfsemi, hvort heldur er vátryggingar eða viðlagatryggingar, heldur eingöngu á söfnun í tryggingarsjóð. Árið 2008 stóð framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fyrir rannsókn á innstæðutryggingarsjóðum ESB-ríkjanna þar sem geta sjóðanna til að greiða út tryggðar innstæður var metin og gerður samanburður á milli landanna. Talað er um lítið áfall (e. low impact) þar sem gert er ráð fyrir að tryggingarsjóður þurfi að greiða út 0,035% innstæðna vegna bankagjaldþrots í viðkomandi landi, miðlungs áfall (e. medium impact) sem nær til 0,81% innstæðna í landinu og að lokum stórt áfall (e. high impact) sem nær til 3,24% innstæðna. Við hrun bankanna hér á landi árið 2008 lentu um 85% innstæðna í uppnámi. Það er 26 sinnum stærra en Evrópusambandið skilgreindi sem

stórt áfall árið 2008. Könnun ESB sýndi að eignir innstæðutryggingarsjóða árið 2004 dugðu aðeins fyrir 0,7% af tryggðum innlánum að meðaltali. Það er alveg ljóst að ekkert innstæðutryggingakerfi innan sambandsins stenst algjört kerfishrun. Sjóðirnir eru hugsaðir fyrir aðstæður þar sem margar fjármálastofnanir eru aðilar að sama sjóðnum. Ef eitt fjármálafyrirtæki af 100 álíka stórum fellur á sjóðurinn að ráða við það en þegar fjármálamarkaðurinn er byggður á þremur stórum bönkum og nokkrum smærri er útilokað að einn sjóður geti ráðið við það. Það er því fyrirséð að sá sjóður sem hér hefur verið starfræktur og lagt er til að haldi áfram starfsemi í breyttri mynd mun ekki geta þjónað íslenskum bankamarkaði nema verulegar breytingar verði gerðar á fyrirkomulagi hans.

Falskt öryggi.

Á meðan allt lék í lyndi var nóg fyrir flesta að trúa því og treysta að innstæður þeirra væru öruggar í bönkunum. Það var ekki fyrr en fór að hrikta verulega í bankakerfinu að það skapaðist vantraust á kerfið sem leiddi af sér áhlaup á bankana sem þeir gátu ekki staðið af sér. Af því má sjá að falskt öryggi getur virkað ágætlega, svo lengi sem tiltrú á kerfinu er fyrir hendi. Nú er trú almennings hins vegar í lágmarki og því mun tómur eða félítill sjóður ekki virka sannfærandi, jafnvel þótt tryggingarfjárhæðin sé hækkuð upp í 100.000 evrur. Þá hefur bæði almenningur og bankamenn lært það af fenginni reynslu að í raun er ríkisábyrgð á innstæðum því þegar bankakerfið hrundi greiddi ríkið allar innstæður. Rökrétt er að gera ráð fyrir að komi til annars hruns mundi ríkisvaldið bregðast eins við.

Að stofna nýja en vanmáttuga deild í gjaldþrota sjóði er líkast því að sleppt sé að koma upp öryggiskerfi í byggingu en setja í staðinn límmiða sem gefur hið gagnstæða til kynna í gluggann. Húsið er algjörlega óvarið en einhverjir gætu hugsanlega trúað því sem á límmiðanum stendur og hætta við að brjótast inn. Sé það á almenna vitorði að öryggiskerfið sé ekki tengt er límmiðinn hins vegar engin fyrirstaða.

Tryggingarinnstæðusjóðurinn og Icesave.

Ekki er hægt að fjalla um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta án þess að minnast á tengsl hans við Icesave-málið en í raun er það sjóðurinn sem, samkvæmt framlögðum frumvörpum og lögum um Icesave-málið, er ábyrgur fyrir greiðslu á þeim fjármunum sem Bretar og Hollendingar hafa greitt innstæðueigendum í þeim löndum.

Annar minni hluti telur alveg ljóst að Icesave-skuldin er skuld einkaaðila sem má ekki undir neinum kringumstæðum láta falla á íslenska skattgreiðendur, íslensku þjóðina. Góðar líkur eru á að mikið innheimtist upp í Icesave-skuldina úr þrotabúi gamla Landsbankans. Krafa um vaxtagreiðslur vegna Icesave yrðu þó alltaf gerðar á sjóðinn þar sem þær eru ekki forgangskröfur. 2. minni hluta finnst ekki koma til greina að þjóðnýta einkaskuldir fallinna fjármálafyrirtækja. Því beri að leita allra leiða til að láta þá sem ollu skuldunum greiða þær. Ljóst er að fjármálageirinn ber gríðarlega ábyrgð og gerir enn þótt um önnur fyrirtæki sé að ræða en þau sem fóru á hausinn með stórfelldum skaða haustið 2008. Endurreistu bankarnir hafa skilað umtalsverðum hagnaði síðustu missiri og er samanlagður hagnaður Arion-banka og Íslandsbanka á árinu 2010 42 milljarðar kr. en ársskýrsla Landsbanka Íslands liggur ekki fyrir þegar þetta er ritað. Því má vera ljóst að svigrúm fjármálakerfisins, og þá einkum stóru bankanna þriggja, til að taka á sig skuldbindingar vegna Icesave er töluvert. Að mati 2. minni hluta stendur valið á milli þess að bankarnir og eigendur þeirra geti greitt sér ríflegan arð á næstu árum eða að ríkisvaldið hlutist til um að þeir fjármunir sem annars yrðu greiddir sem arður verði nýttir til að greiða vexti vegna Icesave svo þeir lendi ekki á þjóðinni. Til þess eru

að minnsta kosti tvær mögulegar leiðir, bankaskattur og að innheimta fjármuni með iðgjöldum sem greiðist Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta.

Greiðsla Icesave í gegnum tryggingarsjóðinn.

Í frumvarpinu er lagt til að iðgjöld í Tryggingarsjóðinn verði hækkuð í 1% og að sjóðnum verði skipt í tvær deildir, A-deild og B-deild og færu öll iðgjöldin í A-deildina nýju. 2. minni hluti telur að hægt væri að skipta greiðslu innlánsstofnana á milli deildanna tveggja þannig að í stað þess að allt iðgjaldið fari í A-deild (nýja kerfið) skiptist gjaldið þannig að 0,8% rynni til B-deildar (eldri deildar) en 0,2% í A-deild. Þannig yrði hærra hlutfall innstæðna greitt í nýja deild en samkvæmt gildandi lögum en einnig áfram greitt í gömlu deildina og þannig yrðu greiddir vextir af Icesave-skuldinni og annar kostnaður sem kann að falla til. 2. minni hluti leggur þó til að í stað þess að innstæðudeild sjóðsins sé rekinn í tveimur deildum verði sjóðirnir tveir til að tryggja til fullnustu að þeir sem kunna að eiga kröfu í aðra deildina geti ekki gert kröfu á að fá greitt úr hinni. Þetta fyrirkomulag yrði við lýði meðan á greiðslu Icesave-skuldarinnar stendur. Kosturinn við þessa leið er að ekki er verið að leggja til auknar álögur á fjármálafyrirtækin umfram það sem lagt er til í frumvarpinu.

Haustið 2008 lánaði breska fjármálaráðuneytið breska tryggingarinnstæðusjóðnum, Financial Services Compensation Scheme (FSCS), 20 billjónir punda. Lögunum um FSCS var breytt í apríl 2008 í því skyni að veita heimild til að innheimta iðgjöld (e. levies) til að geta staðið undir framtíðargreiðslum bæði vegna trygginga og kostnaðar við lántökur. Í fjárhagsáætlun fyrir árin 2011 til 2012 má sjá að starfandi fjármálafyrirtæki í Bretlandi fjármagna vaxtakostnað af láninu.

Lausn til framtíðar á innstæðutryggingum.

Eins og fram hefur komið hefur 2. minni hluti enga trú á því kerfi sem er á innstæðutryggingum nú en getur hugsað sér tvær leiðir til að tryggja sem mest öryggi innstæðna. Önnur leiðin er að innlán verði alltaf forgangskröfur í bú fjármálafyrirtækja sem væri í anda neyðarlaganna. Innstæðueigendur fengju því sínar innstæður en lánveitendur og eigendur bankanna, þ.e. þeir sem ábyrgðina bera taka skellinn ef fjármálafyrirtæki sem þeir báru ábyrgð á fer í þrot. Slík leið ætti að tryggja að skattgreiðendur þyrftu ekki að hlaupa undir bagga. Hin leiðin er sú að íslensk stjórnvöld semji um aðild að burðugum erlendum innstæðutryggingarsjóði. Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur í tvígang lagt fram frumvarp til nýrra heildarlaga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta og virðist staðráðinn í að endurreisa Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta með tveimur deildum og hærri iðgjöldum, frumvarp sem tekur á engan hátt á rót vandans og gæti komið okkur í sömu stöðu á nýjan leik.

Annar minni hluti leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að leita samstarfs við stærri og burðugri tryggingarsjóð á erlendri grund. Varatillögur 2. minni hluta eru á sérstöku þingskjali og koma til atkvæða verði framangreind tillaga felld. Þær eru þess efnis að í stað þess sjóðurinn starfi í tveimur deildum muni nýr sjóður verða stofnaður samkvæmt frumvarpi þessu en núverandi sjóður starfi áfram samkvæmt gildandi lögum. Þó er gert ráð fyrir því að ákvæði um verðbréfadeild í gildandi lögum falli brott.

2. minni hluti gerir ráð fyrir því að iðgjald verði greitt í báða sjóði; 0,8% tryggðra innstæðna í núverandi sjóð en 0,2% tryggðra innstæðna í hinn nýja sjóð.

Alþingi, 24. mars 2011.

Margrét Tryggvadóttir.

1137. Breytingartillögur [237. mál]

við frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá 2. minni hluta viðskiptanefndar (MT).

Varatillögur (sbr. frávísunartillögu í nál. á þskj. 1136):

1. Við 6. gr. Í stað 1.–3. málsl. 1. mgr. komi einn nýr málsliður, svohljóðandi: Sjóðurinn starfar í tveimur sjálfstæðum deildum innstæðudeild og verðbréfadeild.
2. Við 10. gr.
   a. Í stað orðsins „A-deildar“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: innstæðudeildar.
   b. Í stað hlutfallstölunnar 1% í 2. mgr. komi: 0,2%.
   c. Í stað orðsins „A-deildar“ í 1. málsl. 6. mgr. komi: innstæðudeildar.
   d. Í stað orðsins „A-deildar“ í 1. málsl. 10. mgr. komi: innstæðudeildar.
3. Við 12. gr. Í stað orðsins „A-deild“ í 1. málsl. 1. mgr., 1. málsl. 7. mgr. og í fyrirsögn greinarinnar komi: innstæðudeild.
4. 16. gr. falli brott.
5. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2011. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi ákvæði um verðbréfadeild í lögum nr. 98/1999. Eignir og skuldbindingar verðbréfadeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, samkvæmt lögum nr. 98/1999, tilheyra verðbréfadeild við gildistöku laga þessara. Lög nr. 98/1999 gilda vegna ábyrgða sem hafa fallið á innstæðudeild tryggingasjóðs samkvæmt þeim lögum fyrir gildistöku laga þessara.
6. Við 31. gr. Við bætist nýr liður, 1. tölul., svohljóðandi:
   1. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta:
      a. Orðin „og viðskiptavinum fyrirtækja sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf“ í 1. gr. laganna falla brott.
      b. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
         a. Orðin „og fjárfesta“ í 1. málsl. falla brott.
         b. Orðin „og starfar í tveimur sjálfstæðum deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild, sbr. þó ákvæði 12. gr.“ falli brott.
      c. 1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Innlánsstofnun sem hefur staðfestu hér á landi skal eiga aðild að sjóðnum.
      d. Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
         a. 1. mgr. orðast svo:

Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins og ákveður þóknun stjórnar. Skal einn stjórnarmaður skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður, einn stjórnarmaður skal tilnefndur af Seðlabanka Íslands og einn tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

b. Í stað orðanna „laga um viðskiptabanka og sparisjóði“ í 4. mgr. kemur: laga um fjármálafyrirtæki.

e. Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
   a. 2., 3. og 4. málsl. 2. mgr. fella brott.
   b. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.

f. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
   a. 1. mgr. orðast svo:

      Innlánsstofnun skal greiða iðgjöld til sjóðsins sem nemi 0,8% innstæðna, þó ekki þeim sem eru undanþegnar tryggingavernd hjá viðkomandi innlánsstofnun. Gjalddagar iðgjalda eru fjórir á ári, einn fyrir hvern ársfjórðung, síðasti virki dagur í febrúar, maí, ágúst og nóvember.

   b. 2., 3. og 4. mgr. falla brott.

g. 7. gr. laganna fellur brott.

h. 8. gr. laganna fellur brott.

i. Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:
   a. Orðin „verðbréfa eða reiðufjár sem viðskiptavinur hefur krafið aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu á eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
   b. Í stað orðanna „lög um viðskiptabanka og sparisjóði og lög um verðbréfaviðskipti“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: lög um fjármálafyrirtæki.
   c. Í stað 4., 5. og 6. málsl. 1. mgr. koma þrír nýjir málsliðir svohljóðandi: Sjóðnum er heimilt við endurgreiðslu andvirðis innstæðu úr A-deild að inna greiðsluna af hendi í samræmi við þá skilmála er gilda um innstæðu. Þá er sjóðnum heimilt að ákveða að endurgreiða andvirði innstæðu í íslenskum krónum, að hluta til eða öllu leyti, óháð því hvort hún hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Viðmiðunargengi er sölugengi greiðsludags samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands.
   d. 4. og 5. mgr. falla brott.
   e. 6. mgr. orðast svo:

      Eftirfarandi innstæður njóta ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum þessum: innstæður í eigu fjármálafyrirtækja, innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti, innstæður fyrirtækis þar sem fjármálafyrirtæki er meirihlutaeigandi, innstæður ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja að meiri hluta í eigu opinberra aðila, innstæður rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, innstæður félaga í sömu samsteypu og fjármálafyrirtæki, innstæður sem eru ekki skráðar á nafn.

j. 11. gr. laganna fellur brott.

k. 12. gr. laganna fellur brott.

l. VI. kafli laganna fellur brott.

m. Heiti laganna verði: **Lög um innstæðutryggingar.**

1138. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá 3. minni hluta viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta sýnir og sannar að ríkisstjórn Íslands og meiri hlutinn, sem og Evrópusambandið, hafa dregið takmarkaðan lærdóm af því sem kemur fram í 17. kafla rannsóknarskýrslu Alþingis þar sem fjallað er um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, bankahruninu, Icesave-málinu og ábyrgð á innlánum almennt. Frumvarpið byggist á skyldum Íslands sem aðila að Evrópska efnahagssvæðinu. Tilskipun um innstæðutryggingakerfi nr. 94/19/EB frá miðju ári 1994 var fyrst leidd í lög hér á landi með lögum nr. 39/1996. Gildandi lög eru nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Tilskipanir ESB um innstæðutryggingar byggjast á markmiðum ESB um frjálsa fjármagnsflutninga og heimildir fjármálafyrirtækja til að starfa óháð landamærum innan ríkja bandalagsins, og þá einnig EES-ríkjanna eftir tilkomu EES-samningsins.

Starfsemi banka byggist að miklu leyti á því að taka á móti og varðveita innlán frá sparifjáreigendum og viðskiptamönnum. Bankar lána þá fjármuni svo út gegn vöxtum og þóknun. Útlánavextir bankanna eru alltaf hærri en innlánsvextir og stendur þessi vaxtamunur undir rekstri og mögulegri áhættu vegna útlánataps. Útlán eru almennt til lengri tíma, á meðan innlán eru alla jafna til skamms tíma. Þetta getur valdið verulegum lausafjárvanda hjá innlánsstofnun ef stór hluti innstæðueigenda óskar á sama tíma eftir að fá innlán sín greidd út. Vítahringur getur þannig skapast þegar hræðsla grípur um sig á grunni þess að nokkur fjármálafyrirtæki lenda í erfiðleikum, innlánseigendur hópast til að taka út peningana sína, jafnvel í innlánsstofnunum sem eru ekki í erfiðleikum, sem leiðir til að enn fleiri fjármálafyrirtæki lenda í lausfjárerfiðleikum.

Meginforsendur fyrir innlánstryggingakerfi eru þær að draga úr líkum á bankaáhlaupi, auka stöðugleika fjármálakerfisins en ekki hvað síst tryggja að skattgreiðendur þurfi ekki að hlaupa undir bagga þegar fjármálafyrirtæki lenda í erfiðleikum. 3. minni hluti telur að þessar forsendur séu ekki innifaldar í frumvarpi efnahags- og viðskiptaráðherra né heldur í tilskipunum Evrópusambandsins.

Það má telja töluverðar líkur á því að ríkið verði að tryggja fjármögnun innstæðutryggingasjóðs ef hann þarf að taka lán til að standa undir skuldbindingum sínum. Þannig megi túlka þetta sem jafngildi ríkisábyrgðar næstu áratugina þar sem útreikningar sýna að það mun taka tugi ára að safna fjármunum til að mæta falli stærsta viðskiptabankans ef ekkert annað kemur til. Því er um falskt öryggi að ræða fyrir íslenska innstæðueigendur.

Ein lausn gæti verið að koma á sameiginlegu innstæðutryggingakerfi fyrir evrópskan fjármálamarkað. Þannig yrði til sambærilegur sjóður og í Bandaríkjunum þar sem þúsundir fjármálastofnana standa undir innstæðutryggingakerfinu. Eftir bankahrunið virðist Evrópusambandið hafa horfst í augu við að nauðsynlegt sé að koma á sameiginlegu eftirliti með fjármálafyrirtækjum (e. European Banking Authority, European Securities and Markets Authority og European Insurance and Occupational Pensions Authority) og sameiginlegum viðbrögðum við áföllum til að tryggja stöðugleika. Fram kom við umfjöllun um málið að á vettvangi Evrópusambandsins hefði verið rætt um sameiginlegan evrópskan sjóð. Það væri hins vegar ekki raunhæft að gera ráð fyrir því að slíkum sjóði yrði komið á fót á næstunni enda þyrftu aðildarríkin að koma sér saman um slíkt sem gæti tekið tíma. Önnur leið gæti

verið að leita eftir endurtryggingum vegna kerfisáhættu, en það mundi hjálpa fjármálakerfum líkt og hinu íslenska þar sem þrír stórir bankar eru með um 90% af markaðshlutdeild. Endurtryggingar eru ekki enn þá í boði á Evrópska efnahagssvæðinu.

Því telur 3. minni hluti nauðsynlegt að grípa til mun umfangsmeiri lagabreytinga en hér er lagt til, til að tryggja öryggi innstæðueigenda og draga úr kerfisáhættu. Nauðsynlegt kann að vera að gera forgang innstæðna við gjaldþrot varanlegan líkt og bent var á í skýrslu þingmannanefndarinnar. Jafnframt þarf að skoða að setja hámark á hversu hátt hlutfall innlána getur verið í einni innlánsstofnun og að aðskilja starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingabanka. Jafnframt lýsir 3. minni hluti yfir áhyggjum af þeirri gengisáhættu sem felst í því að tryggja innstæður að 100.000 evrum í íslenskum krónum. Reikna má með að gengi íslensku krónunnar muni veikjast ef banki fellur, sérstaklega einn af hinum þremur stóru, og hámarkstryggingin er tilgreind í evrum þótt hana eigi að umreikna í íslenskar krónur. Einnig bendir 3. minni hluti á að það er þekkt í nágrannalöndum okkar að starfandi fjármálafyrirtæki séu látin greiða sérstök iðgjöld vegna þeirra áfalla sem innstæðutryggingakerfi verða fyrir vegna fallinna banka. Má þar nefna Bandaríkin og Bretland. Því verður að teljast einkennilegt að hér virðist vera ætlunin að aðskilja eldri innstæðutryggingasjóðinn frá þeim nýja og láta skattgreiðendur greiða beint fyrir innstæðutryggingar í stað starfandi fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra.

Samþykkt þessa frumvarps mun ekki fullnægja þeim markmiðum sem því er ætlað að uppfylla og skapar falskt öryggi hjá innstæðueigendum. Því leggst 3. minni hluti gegn því að málið nái fram að ganga.

Alþingi, 24. mars 2011.

Eygló Harðardóttir.

1139. Nefndarálit [300. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar).

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Ingvar Rögnvaldsson og Elínu Ölmu Arthúrsdóttur frá ríkisskattstjóra, Guðjón Rúnarsson, Vigdísi Halldórsdóttur og Örn Gústafsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Guðmund Magnússon og Sigríði Hönnu Ingólfsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands, Andrés Magnússon frá Samtökum verslunar og þjónustu, Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði, Hildigunni Hafsteinsdóttur frá Neytendasamtökunum, Ingólf Magnússon frá Sjúkratryggingum Íslands, Stefán Úlfarsson frá Alþýðusambandi Íslands, Jónas Ragnarsson og Ragnheiði Haraldsdóttur frá Krabbameinsfélagi Íslands, Örn Gústafsson frá Okkar Líftryggingar og Ólaf Njál Sigurðsson frá Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Hagsmunasamtökum heimilanna, Hjartaheillum, Krabbameinsfélagi Íslands, Landssambandi eldri borgara, Læknafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum verslunar og þjónustu, Tryggingastofnun ríkisins, Viðskiptaráði Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að bætur úr sjúkdómatryggingu sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010 verði ekki skattlagðar. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að áhrif frumvarpsins á tekjur ríkissjóðs séu ekki mikil.

Fram kom á fundum nefndarinnar sá vilji Samtaka fjármálafyrirtækja að láta skattfrelsi sjúkdómatrygginga eiga bæði við um tryggingar sem teknar hafa verið fyrir tímamark frumvarpsins og til framtíðar. Við umfjöllun nefndarinnar báru samtökin því við að slíkar tryggingar hefðu verið seldar á grundvelli skattfrelsis og að skattyfirvöld hefðu um árabil ekki gert athugasemd við þá tilhögun. Einnig telja samtökin að röksemdir að baki 61. gr. laga um vátryggingarsamninga standi til þess að fara eigi með greiðslur úr sjúkdómatryggingum á sama hátt og greiðslur úr líftryggingu í skattalegu tilliti, sbr. 2. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga. Um sé að ræða eingreiðslubætur sem ætlað er að bæta miska vegna erfiðra veikinda en ekki áþreifanlegan kostnað eða tekjutap vegna hins sama.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Laufeyjar Ólafsdóttur gegn íslenska ríkinu frá 7. júlí 2010 var ekki fallist á framangreind sjónarmið um skattfrelsi sjúkdómatrygginga. Var niðurstaðan á þá leið að slíkar bætur væru skattskyldar tekjur og á því léki ekki réttmætur vafi samkvæmt tekjuskattslögum. Ríkisskattstjóri hefur við umfjöllun nefndarinnar haldið því fram að skattframkvæmd sé reist í trausti þess að þeir sem inna af hendi skattskyldar greiðslur gefi þær upp til skattyfirvalda.

Á móti vegur að sá skilningur sem tryggingafélög og vátryggingarmiðlarar hafa lagt til grundvallar við sölu sjúkdómatrygginga hefur skapað væntingar hjá bótaþegum og fyrirsjáanlegt er að tafir á lausn málsins geti orðið þeim til tjóns. Nefndin er því sammála um að heimila skattfrelsi vátryggingabóta vegna sjúkdómatrygginga sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010 að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda varðandi líftryggingar, sbr. 2. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga. Ákvæðið gerir það að skilyrði að um eingreiðslubætur sé að ræða. Meiri hluti nefndarmanna leggur jafnframt til að reglan verði látin gilda til frambúðar þannig að gætt verði jafnræðis gagnvart þeim sem keypt hafa eða kaupa munu sjúkdómatryggingar eftir umrætt tímamark. Tillagan styðst enn fremur við þau rök að með henni sé dregið úr óæskilegum áhrifum frumvarpsins á samkeppni á tryggingamarkaði. Þá er tillagan reist á þeirri forsendu að iðgjöld sjúkdómatrygginga séu jafnan greidd af tekjum sem þegar hafa sætt skattlagningu. Loks hafa við meðferð málsins verið nefnd dæmi um lönd þar sem bætur úr sjúkdómatryggingum eru ekki skattskyldar, þ.m.t. í Noregi, Danmörku og Svíþjóð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Árni Þór Sigurðsson og Þuríður Backman gera fyrirvara við álitið. Fyrirvarinn lýtur að breytingartillögum sem meiri hluti nefndarmanna leggur fram.

Lilja Mósesdóttir skrifar undir álitið og styður breytingartillögu meiri hluta nefndarmanna með fyrirvara. Hún leggur fram breytingartillögu um að skattfrelsi sjúkdómatrygginga gildi til loka árs 2014 og telur rétt að það sæti þá endurskoðun með hliðsjón af fenginni reynslu.

Alþingi, 28. mars 2011.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson.	Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara.
Magnús Orri Schram.	Birkir Jón Jónsson.	Pétur H. Blöndal.
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Þuríður Backman, með fyrirvara.	Lilja Mósesdóttir, með fyrirvara.

1140. Breytingartillögur [300. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar).

Frá Helga Hjörvar, Tryggva Þór Herbertssyni, Magnúsi Orra Schram, Birki Jóni Jónssyni, Pétri H. Blöndal, Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur og Lilju Mósesdóttur.

1. 1. gr. orðist svo:
   Á eftir orðinu „líftryggingarfjár“ í 2. tölul. 28. gr. laganna kemur: vátryggingabóta vegna sjúkdómatrygginga.
2. Í stað orðanna „fyrir 1. desember 2010“ í síðari málslið 2. gr. komi: við gildistöku laga þessara.

1141. Frumvarp til laga [645. mál]

um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að greiða fyrir frjálsum þjónustuviðskiptum og tryggja jafnræði þeirra sem veita þjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins en viðhalda jafnframt hágæðaþjónustu.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um alla þjónustu sem er ekki sérstaklega undanskilin gildissviði laganna.

Lög þessi gilda ekki um eftirfarandi þjónustu:

1. þjónustu í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga,
2. fjármálaþjónustu,
3. rafræna fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet sem og aðstöðu og þjónustu því tengda,
4. þjónustu á sviði flutninga og tengda starfsemi sem fellur undir 6. kafla III. hluta EES-samningsins, sbr. ákvæði laga um Evrópska efnahagssvæðið,
5. starfsmannaleigur,
6. heilbrigðisþjónustu,
7. hljóð- og myndmiðlunarþjónustu,
8. fjárhættuspil, þ.e. hvers konar spil eða leik sem ræðst að hluta eða öllu leyti af heppni og felur í sér fjárhagslegan ávinning,
9. starfsemi í tengslum við meðferð opinbers valds,
10. félagsþjónustu,

11. öryggisþjónustu á vegum einkaaðila,
12. þjónustu lögbókenda og fulltrúa sýslumanna sem eru skipaðir af hinu opinbera.

Lög þessi gilda um þjónustuveitendur:

1. sem hafa staðfestu í öðru EES-ríki og hyggjast öðlast staðfestu á Íslandi,
2. sem hafa staðfestu í öðru EES-ríki og hyggjast veita þjónustu á Íslandi án þess að hafa staðfestu hér á landi,
3. sem hafa staðfestu á Íslandi.

Reglur laga þessara gilda ekki um:

1. markaðsvæðingu þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, hvort sem hún er í höndum opinberra aðila eða einkaaðila, né einkavæðingu opinberra aðila sem veita þjónustu,
2. afnám einkaréttar á sviði þjónustustarfsemi,
3. ríkisaðstoð sem er veitt í EES-ríki og fellur undir samkeppnisreglur EES-samningsins, sbr. ákvæði laga um Evrópska efnahagssvæðið,
4. rétt stjórnvalda til að skilgreina, í samræmi við EES-reglur, hvað telst vera þjónusta í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu,
5. skipulag og fjármögnun þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, í samræmi við EES-reglur um ríkisaðstoð, eða hvaða sérstöku skyldur felast í slíkri þjónustu,
6. ráðstafanir, í samræmi við EES-reglur, til að vernda eða stuðla að margbreytileika menningar og tungumála eða fjölbreyttri fjölmiðlun,
7. refsirétt,
8. vinnurétt, þ.e. lagaleg eða samningsbundin ákvæði um ráðningarskilmála, vinnuskilyrði, heilbrigði og öryggi á vinnustað, tengsl milli vinnuveitenda og starfsmanna, réttindi og skyldur launafólks sem starfar á Íslandi í lengri eða skemmri tíma, eða almannatryggingalöggjöf,
9. nýtingu grundvallarréttinda, né réttinn til að semja um, ganga frá og framfylgja kjarasamningum eða grípa til aðgerða á vinnustað í samræmi við landslög og venju er samræmist EES-reglum,
10. rétt stjórnvalda til að ákvarða hvort um er að ræða ráðningarsamband milli vinnuveitanda og launþega eða verktöku, og beita í því sambandi viðeigandi íslenskum lögum og kjarasamningum,
11. skattarétt,
12. alþjóðlegan einkamálarétt.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um gildissvið í reglugerð.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum lögum merkir:

1. *Þjónusta:* öll sjálfstæð atvinnustarfsemi er lýtur að veitingu þjónustu sem að öllu jöfnu er veitt gegn þóknun, sbr. 37. gr. EES-samningsins, sbr. og ákvæði laga um Evrópska efnahagssvæðið.
2. *Þjónustuveitandi:*
   a. einstaklingur sem er ríkisborgari í EES-ríki og veitir þjónustu,
   b. lögaðili sem hefur staðfestu í EES-ríki og veitir þjónustu.

3. *Viðtakandi þjónustu:*
   a. einstaklingur sem er ríkisborgari í EES-ríki eða nýtur góðs af réttindum sem honum eru veitt með EES-gerðum og nýtir sér eða óskar eftir að nýta sér þjónustu,
   b. lögaðili sem hefur staðfestu í EES-ríki og nýtir sér eða óskar eftir að nýta sér þjónustu.
4. *Staðfesta:* þar sem raunveruleg atvinnustarfsemi þjónustuveitanda fer fram, í ótiltekinn tíma og á fastri atvinnustöð þaðan sem þjónustan er í reynd veitt.
5. *Fyrirkomulag leyfisveitinga:* hver sú málsmeðferð þar sem gerð er krafa um að þjónustuveitandi eða viðtakandi þjónustu geri ráðstafanir í því skyni að fá formlega ákvörðun eða óbeina ákvörðun frá lögbæru yfirvaldi um að fá að veita eða nýta þjónustu.
6. *Krafa:* hver sú skuldbinding, bann, skilyrði eða takmörkun sem kveðið er á um í lögum og stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkjanna eða vegna dómaframkvæmdar, stjórnsýsluvenju, reglna fagfélaga, eða vegna sameiginlegra reglna sem fagsamtök og aðrar fagstofnanir hafa samþykkt á grundvelli lagalegs sjálfstæðis. Reglur sem kveðið er á um í kjarasamningum milli aðila vinnumarkaðarins teljast ekki kröfur í þessu sambandi.
7. *Lögbært yfirvald:* hver sá aðili sem gegnir hlutverki eftirlitsaðila eða stjórnvalds í EES-ríki í tengslum við þjónustustarfsemi, þ.m.t. dómstólar þegar þeir gegna eftirlits- eða stjórnvaldshlutverki, fagfélög, fagsamtök eða aðrar fagstofnanir sem á grundvelli lagalegs sjálfstæðis setja sameiginlegar reglur um aðgang að þjónustustarfsemi eða um það að stunda hana.
8. *Lögvernduð starfsgrein:* starfsréttindi sem aflað er á grundvelli menntunar eða hæfni og eru staðfest af þar til bæru stjórnvaldi með útgáfu leyfis, löggildingar eða sérstakrar viðurkenningar, sem nánar er mælt fyrir um í lögum.
9. *Starfsábyrgðartrygging:* vátrygging sem þjónustuveitandi tekur vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar gagnvart viðtakendum þjónustu og ef við á, þriðja aðila, sem rekja má til þjónustunnar.
10. *Þverfagleg starfsemi:* þegar þjónustuveitandi stundar fleiri en eina tegund starfsemi.
11. *Markaðssetning:* hvert það form boðskipta eða annarra aðgerða sem ætlað er að kynna, beint eða óbeint, vörur, þjónustu eða ímynd fyrirtækis, samtaka eða einstaklings sem leggur stund á lögverndaða starfsgrein eða starfsemi á sviði viðskipta, iðnaðar eða iðnar.

II. KAFLI
Aðgengi að þjónustu, kröfur til skjalagerðar og réttur til upplýsinga.

4. gr.
Rafræn málsmeðferð.

Þjónustuveitendur geta með rafrænum hætti sótt um leyfi til að stunda starfsemi sína á Íslandi og fengið svör frá lögbærum yfirvöldum með rafrænum hætti. Á það við um öll nauðsynleg formsatriði og það ferli er lýtur að leyfisveitingu.

Ákvæði 1. mgr. um rafræna málsmeðferð gildir ekki um það sem eðli málsins samkvæmt getur ekki farið fram rafrænt, svo sem skoðun á húsnæði þar sem þjónusta er veitt, skoðun á búnaði sem þjónustuveitandi notar eða áþreifanlega skoðun á getu þjónustuveitanda eða starfsmanna sem hann ber ábyrgð á.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um nauðsynlegar ráðstafanir vegna rafrænnar málsmeðferðar í reglugerð.

5. gr.
Kröfur til framlagðra skjala.

Ef leyfisveitandi krefst þess að þjónustuveitandi eða viðtakandi þjónustu leggi fram vottorð eða hvers kyns staðfestingu á því að tiltekið skilyrði sé uppfyllt skal leyfisveitandinn viðurkenna skjöl frá öðrum EES-ríkjum sem þjóna sama tilgangi og þar sem skýrt kemur fram að skilyrðið sé uppfyllt.

Óheimilt er að krefjast þess að skjal frá öðru EES-ríki sé frumrit, staðfest endurrit eða löggilt þýðing nema slík krafa sé rökstudd með vísan til brýnna almannahagsmuna.

Leyfisveitanda er heimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi eða viðtakandi þjónustu leggi fram þýðingu skjala, þó ekki löggilta, á íslensku.

Ráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að ákveðin tegund skjala sé undanþegin kröfum þessarar greinar.

6. gr.
Réttur til upplýsinga.

Eftirfarandi upplýsingar skulu þjónustuveitendur og viðtakendur þjónustu geta fengið með rafrænum hætti:

1. hvaða skilyrði þjónustuveitendur þurfa að uppfylla til að geta veitt þjónustu á Íslandi,
2. upplýsingar um hvernig hægt er að hafa samband við lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á veitingu leyfis til að stunda þjónustu,
3. upplýsingar um skilyrði og leiðir til að fá aðgang að opinberum skrám og gagnagrunnum um þjónustuveitendur og þjónustu,
4. upplýsingar um þær úrlausnarleiðir sem alla jafna eru tiltækar komi upp ágreiningur,
5. upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við samtök eða stofnanir, önnur en lögbær yfirvöld, þar sem þjónustuveitendur eða viðtakendur þjónustu geta fengið hagnýta aðstoð,
6. upplýsingar um kjarasamninga og aðrar upplýsingar er varða réttindi og skyldur á íslenskum vinnumarkaði.

Þjónustuveitendur og viðtakendur þjónustu eiga rétt á aðstoð með rafrænum hætti sem felst í upplýsingagjöf um almenna túlkun og beitingu skilyrða skv. 1. tölul. 1. mgr. Umrædd aðstoð felur þó ekki í sér skyldu til að veita lögfræðilega ráðgjöf í einstökum málum. Upplýsingarnar skulu vera réttar og uppfærðar og settar fram á skilmerkilegan hátt. Lögbær yfirvöld skulu bregðast við beiðni um upplýsingar svo fljótt sem auðið er.

III. KAFLI
Staðfesturéttur þjónustuveitanda og leyfisveitingar.

7. gr.
Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda þegar þjónustuveitandi með staðfestu á EES-svæðinu hyggst veita þjónustu með staðfestu á Íslandi.

8. gr.
Skilyrði fyrir veitingu leyfis.

Ef aðgangur að því að veita þjónustu, sem fellur undir gildissvið laga þessara, er háður leyfum skulu skilyrði fyrir veitingu leyfa vera án mismununar, nauðsynleg vegna brýnna almannahagsmuna og í samræmi við meðalhóf.

Óheimilt er að binda leyfi fyrir nýrri starfsstöð sömu skilyrðum eða eftirliti og þjónustuveitandi hefur þegar þurft að sæta á Íslandi eða í öðru EES-ríki.

Ef takmarka á leyfi fyrir því að veita þjónustu við ákveðin landsvæði skal það rökstutt með vísan til brýnna almannahagsmuna.

9. gr.

Gildistími leyfa.

Óheimilt er að veita leyfi til þjónustustarfsemi til takmarkaðs tíma nema:

1. leyfið endurnýist sjálfkrafa eða endurnýjun sé aðeins háð því að skilyrði séu áfram uppfyllt,
2. fjöldi tiltækra leyfa sé takmarkaður með vísan til brýnna almannahagsmuna,
3. hægt sé að rökstyðja takmarkaðan gildistíma með vísan til brýnna almannahagsmuna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er leyfisveitanda heimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi hefji í reynd starfsemi sína innan ákveðins tíma eftir að hann öðlast leyfi.

Þjónustuveitendum er skylt að upplýsa viðeigandi lögbær yfirvöld um:

1. stofnun dótturfélaga með starfsemi sem fellur undir gildissvið leyfisins,
2. breytingar á aðstæðum þjónustuveitanda sem leiða til þess að skilyrði leyfisins eru ekki lengur uppfyllt.

Ef fjöldi leyfa í tiltekinni starfsemi er takmarkaður vegna skorts á tiltækum náttúruauðlindum eða tæknigetu skal leyfisveitandi birta fyrir fram við hvað verður stuðst við mat á umsækjendum til að tryggja óhlutdrægni og gagnsæi við valið. Ef fjöldi leyfa er takmarkaður skal veita leyfi til takmarkaðs tíma og óheimilt er að láta leyfið endurnýjast sjálfkrafa eða fela í sér annan ávinning fyrir þjónustuveitanda, sem er með nýútrunnið leyfi, eða annan aðila honum tengdan.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. er leyfisveitanda heimilt við veitingu leyfa að taka tillit til sjónarmiða um lýðheilsu, félagsmálastefnu, heilbrigði og öryggi starfsmanna eða sjálfstætt starfandi einstaklinga, vernd umhverfisins, varðveislu menningararfleifðar og annarra brýnna almannahagsmuna.

Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á heimild lögbærs yfirvalds til að afturkalla leyfi ef viðkomandi skilyrði eru ekki lengur uppfyllt.

10. gr.

Málsmeðferð við leyfisveitingar.

Málsmeðferð við leyfisveitingar skal vera skýr, hlutlæg, gagnsæ og aðgengileg. Leyfisveitandi skal birta fyrir fram upplýsingar um fyrirkomulag málsmeðferðar.

Frestur til að veita leyfi skal fastsettur og birtur fyrir fram. Leyfisveitanda er heimilt að framlengja frestinn einu sinni í takmarkaðan tíma ef mál er mjög umfangsmikið. Ákvörðun um framlengingu skal rökstyðja og birta þjónustuveitanda áður en upphaflegi fresturinn rennur út. Leyfisumsókn telst fram komin á því tímamarki þegar öll nauðsynleg gögn liggja fyrir.

Ef svar er ekki veitt innan tímafrests skal litið svo á að leyfi sé veitt nema kveðið sé á um annað í lögum.

Heimilt er að víkja frá því fyrirkomulagi sem kveðið er á um í 3. mgr. með vísan til brýnna almannahagsmuna.

Staðfesta skal viðtöku umsóknar um leyfi svo fljótt sem unnt er. Í staðfestingunni skal tilgreina:

1. tímamörk skv. 2. mgr.,
2. tiltækar kæruleiðir,
3. ef við á, að hafi svar ekki borist innan ákveðinna tímamarka teljist leyfið hafa verið veitt.

Ef umsókn um leyfi er hafnað eða henni er ábótavant skal tilkynna umsækjanda um það svo fljótt sem auðið er, svo og um öll hugsanleg áhrif á tímamörk skv. 2. mgr. þessarar greinar og tiltækar kæruleiðir.

11. gr.

Skilyrði sem óheimilt er að setja fyrir veitingu leyfis.

Óheimilt er að binda aðgang að þjónustu eða veitingu þjónustu með staðfestu skilyrðum er fela í sér:

1. mismunun sem grundvallast beint eða óbeint á þjóðerni eða, ef lögaðili á í hlut, staðsetningu skráðrar skrifstofu,
2. bann við því að hafa starfsstöð í fleiri en einu EES-ríki eða við því að þjónustuveitandi sé færður í skrár eða skráður í fagfélag eða fagsamtök í fleiri en einu EES-ríki,
3. takmarkanir á frelsi þjónustuveitanda til að velja á milli aðalstarfsstöðvar eða aukastarfsstöðvar,
4. gagnkvæmni, að undanskildum skilyrðum um gagnkvæmni sem kveðið er á um í gerðum EES-samningsins um orku, sbr. ákvæði laga um Evrópska efnahagssvæðið,
5. að metið sé hverju sinni hvort þjónustu vanti á ákveðnum markaði, hver séu efnahagsleg áhrif þjónustunnar eða hvort þjónustan samræmist hagrænum áætlunum stjórnvalda. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði ef áætlanir stjórnvalda ráðast af mikilvægum almannahagsmunum,
6. að samkeppnisaðili eigi aðild að ákvarðanatöku stjórnvalda í einstökum málum,
7. að þjónustuveitandi verði að vátryggja sig hjá íslensku vátryggingafélagi eða leggja fram tryggingu frá aðila er starfar á Íslandi, sé gerð krafa um að þjónustuveitandi sé vátryggður,
8. kröfu um að þjónustuveitandi hafi verið skráður í tiltekinn tíma í skrár á Íslandi eða hafi áður stundað starfsemina í tiltekinn tíma á Íslandi.

IV. KAFLI
Frelsi til að veita þjónustu án staðfestu.

12. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda þegar þjónustuveitandi með staðfestu á EES-svæðinu hyggst veita þjónustu án staðfestu á Íslandi.

13. gr.

Frelsi til að veita þjónustu.

Þjónustuveitandi með staðfestu í öðru ríki á EES-svæðinu hefur rétt til að veita þjónustu án staðfestu á Íslandi.

Lögbæru yfirvaldi er einungis heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir veitingu þjónustu án staðfestu ef það er nauðsynlegt með vísan til allsherjarreglu, almannaöryggis, lýðheilsu eða umhverfisverndar.

Óheimilt er að setja skilyrði fyrir þjónustuveitingu án staðfestu sem leiða til beinnar eða óbeinnar mismununar á grundvelli þjóðernis eða staðfestu. Þau skilyrði sem þjónustuveitanda er gert að uppfylla til að mega veita þjónustu án staðfestu á Íslandi skulu ekki vera strangari en nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

Óheimilt er að takmarka frelsi til að veita þjónustu án staðfestu með því að setja skilyrði er felur í sér:

1. kvöð um starfsstöð á Íslandi,
2. kvöð um leyfi frá lögbærum yfirvöldum nema kveðið sé á um undantekningu frá því í lögum þessum eða sérlögum,
3. bann við því að setja á fót tiltekna starfsemi sem þjónustuveitandi þarfnast til að geta veitt þjónustu,
4. kvöð um sérstakt samningsbundið fyrirkomulag milli þjónustuveitanda og viðtakenda þjónustu sem kemur í veg fyrir eða takmarkar að sjálfstætt starfandi aðili geti veitt þjónustu,
5. kvöð um að þjónustuveitandi hafi undir höndum vottorð frá lögbærum yfirvöldum um hæfi til að stunda þjónustustarfsemi,
6. kröfur sem hafa áhrif á notkun búnaðar og tækja sem eru óaðskiljanlegur hluti þjónustunnar nema þær séu nauðsynlegar vegna heilbrigðis og öryggis á vinnustað,
7. mismunun á grundvelli þjóðernis eða búsetu viðtakanda þjónustu, sbr. 14. gr.

Ákvæði 1.–4. mgr. hafa ekki áhrif á rétt lögbærs yfirvalds til að beita reglum sem kveðið er á um í kjarasamningum.

Ráðherra getur kveðið á um almennar undanþágur frá skilyrðum þessarar greinar í reglugerð.

14. gr.

Undanþágur í einstökum tilfellum.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. er lögbæru yfirvaldi heimilt í undantekningartilvikum að grípa til sérstakra ráðstafana gagnvart þjónustuveitanda sem hyggst veita þjónustu án staðfestu á Íslandi ef ráðstafanirnar eru til þess að tryggja öryggi þjónustu.

Lögbæru yfirvaldi er einungis heimilt að grípa til ráðstafana skv. 1. mgr. þessarar greinar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. það hefur leitað aðstoðar hjá lögbæru yfirvaldi í því ríki þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu, sbr. ákvæði reglna um samvinnu stjórnvalda á EES-svæðinu vegna þjónustuviðskipta, sem ráðherra setur, sbr. 21. gr.,
2. viðkomandi ráðstafanir um öryggi þjónustu hafa ekki verið samræmdar á EES-svæðinu,
3. ráðstafanirnar kveða á um meiri vernd viðtakenda þjónustu en ráðstafanir sem staðfestuaðildarríkið gerir,
4. staðfestuaðildarríkið hefur gripið til ófullnægjandi ráðstafana,
5. meðalhófs er gætt.

V. KAFLI

Réttur viðtakenda þjónustu, aðstoð við viðtakendur þjónustu o.fl.

15. gr.

Réttur viðtakenda þjónustu.

Óheimilt er að mismuna viðtakendum þjónustu á grundvelli þjóðernis eða búsetu og þjónustuveitanda er óheimilt að setja í þjónustuskilmála sína skilyrði er mismuna viðtakendum

þjónustu á þeim grundvelli. Í undantekningartilvikum er heimilt að setja mismunandi skilyrði fyrir aðgengi að þjónustu ef mismunurinn er rökstuddur með hlutlægum viðmiðum.

16. gr.

Aðstoð við viðtakendur þjónustu.

Viðtakendur þjónustu geta fengið eftirfarandi upplýsingar á Íslandi:

1. almennar upplýsingar um kröfur sem gilda í öðrum EES-ríkjum um aðgang að þjónustustarfsemi og ástundun hennar, einkum um vernd neytenda,
2. almennar upplýsingar um tiltækar leiðir til að leggja fram kvartanir komi upp ágreiningur milli þjónustuveitanda og viðtakanda þjónustu,
3. upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við samtök eða stofnanir, þ.m.t. evrópsku neytendaaðstoðina, þar sem þjónustuveitendur eða viðtakendur þjónustu geta fengið hagnýta aðstoð.

Upplýsingarnar skulu vera réttar og uppfærðar og hægt að nálgast þær með rafrænum hætti.

17. gr.

Upplýsingar um þjónustuveitendur.

Þjónustuveitendur skulu hafa eftirfarandi upplýsingar tiltækar fyrir viðtakendur þjónustu:

1. nafn, rekstrarform, heimilisfang og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hafa samband við þjónustuveitanda,
2. upplýsingar um skrár sem þjónustuveitandi er skráður í, sem og upplýsingar um skráningarnúmer eða annað auðkenni þjónustuveitanda í skrá,
3. upplýsingar um viðeigandi lögbær yfirvöld ef starfsemin er háð leyfum,
4. virðisaukanúmer,
5. ef lögverndaðar starfsgreinar eiga í hlut, öll fagfélög þar sem þjónustuveitandi er skráður, starfsheiti og EES-ríki þar sem starfsheitið er veitt,
6. staðlaða samningsskilmála sem þjónustuveitandi notar, þ.m.t. samningsskilmála er varða lög sem gilda um samninginn og þar til bæra dómstóla,
7. tilvist ábyrgðar á þjónustu eftir sölu, umfram lögbundna ábyrgð,
8. fyrir fram ákveðið verð,
9. helstu þætti þjónustunnar,
10. starfsábyrgðartryggingar og ábyrgðir, hvernig hægt er að ná sambandi við vátryggjanda eða ábyrgðarmann og við hvaða svæði tryggingarnar eða ábyrgðirnar eru bundnar.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu koma fram í öllum upplýsingaskjölum sem þjónustuveitandi afhendir viðtakanda þjónustu þar sem sett er fram nákvæm lýsing á þjónustunni. Þær skulu einnig vera aðgengilegar viðtakanda þjónustu með rafrænum hætti og þar sem þjónustan er veitt.

Óski viðtakandi þjónustu eftir því ber þjónustuveitanda að leggja fram eftirfarandi upplýsingar til viðbótar þeim sem um getur í 1. mgr.:

1. verð eða þá aðferð sem notuð er til að reikna út verð ef þjónustuveitandi getur ekki gefið verðið upp fyrir fram,
2. starfsreglur sem gilda um þjónustuveitanda í staðfestuaðildarríki hans, sé um lögverndaðar starfsgreinar að ræða,
3. upplýsingar um þverfaglega starfsemi og samstarf þjónustuveitanda sem tengist viðkomandi þjónustu og til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra,

4. allar siðareglur starfsstétta sem þjónustuveitandi er bundinn af, hvar þær er að finna með rafrænum hætti og á hvaða tungumáli þær eru tiltækar,
5. upplýsingar um þær einkaréttarlegu úrlausnarleiðir í ágreiningsmálum sem tiltækar eru, hvað einkenni slíkar leiðir og hver séu skilyrði þess að nota slíkar aðferðir.

Upplýsingarnar sem kveðið er á um í þessari grein skulu liggja fyrir með skýrum hætti áður en samningur er gerður. Ef ekki er um formlegan samning að ræða skulu þær liggja fyrir innan hæfilegs tíma áður en þjónusta er veitt.

Þjónustuveitandi skal svara beiðni viðtakanda þjónustu um upplýsingar eða kvörtun svo fljótt sem auðið er og leggja sig fram um að finna fullnægjandi lausn fyrir viðtakanda þjónustu.

18. gr.

Vátryggingar.

Óheimilt er að krefjast þess að þjónustuveitandi afli sér starfsábyrgðartryggingar eða annars konar ábyrgðar á Íslandi ef þjónustuveitandi er þegar með ábyrgð eða vátryggingu gefna út af lánastofnun eða vátryggjanda sem hefur starfsleyfi í öðru EES-ríki og hefur heimild til að veita þjónustu hér á landi, ef vátryggingin er jafngild eða í meginatriðum sambærileg við þá tryggingu sem krafist er. Ef tryggingin eða ábyrgðin er aðeins sambærileg að hluta er heimilt að krefjast viðbótartryggingar vegna þeirra þátta sem falla ekki undir fyrirliggjandi tryggingu.

19. gr.

Markaðssetning lögverndaðra starfsgreina.

Allsherjarbann við markaðssetningu þeirra lögvernduðu starfsstétta er falla undir gildissvið laga þessara er óheimilt. Þó er heimilt að kveða á um bann við markaðssetningu lögverndaðra starfsstétta vegna brýnna almannahagsmuna svo fremi að gætt sé jafnræðis og meðalhófs.

20. gr.

Þverfagleg starfsemi.

Þjónustuveitandi hefur rétt á að stunda þverfaglega starfsemi sjálfur og í samstarfi við aðra. Í slíkum tilfellum skal tryggt að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra, að ekki leiki vafi á sjálfstæði og óhlutdrægni hverrar starfsemi fyrir sig og að reglur viðeigandi starfsstétta stangist ekki á, sérstaklega hvað varðar þagnarskyldu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að takmarka þverfaglega starfsemi:

1. lögverndaðra starfsstétta, til að tryggja að farið sé eftir siðareglum starfsstétta og til að tryggja sjálfstæði og óhlutdrægni,
2. þjónustuveitenda sem veita þjónustu á sviði vottunar, faggildingar, tæknilegs eftirlits, prófana eða tilrauna, til að tryggja sjálfstæði þeirra og óhlutdrægni.

VI. KAFLI

Samvinna á sviði stjórnsýslu.

21. gr.

Vinnsla og miðlun upplýsinga.

Íslensk stjórnvöld skulu eiga samstarf við stjórnvöld annarra EES-ríkja um eftirlit með þjónustuveitendum og miðlun upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að tryggja frjálst flæði þjónustu.

Stjórnvöld er hafa með höndum leyfisveitingar eða eftirlit með þjónustuveitendum hafa heimild til að miðla nauðsynlegum upplýsingum í gegnum sérstakt evrópskt upplýsingakerfi. Með sama hætti er stjórnvöldum heimilt að taka við upplýsingum úr slíku kerfi og varðveita þær í skrá. Miðlun með öðrum hætti er óheimil.

Ráðherra getur sett nánari reglur um samvinnu stjórnvalda á EES-svæðinu vegna þjónustuviðskipta.

VII. KAFLI
Innleiðing og gildistaka.

22. gr.
Innleiðing.

Með lögum þessum eru innleidd efnisákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009.

23. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í þeim tilgangi að innleiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006, hér eftir nefnd þjónustutilskipunin eða tilskipunin. Þjónustutilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009. Frumvarp þetta var lagt fram á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er því lagt fram að nýju. Frumvarpið er að mestu óbreytt en þó hafa verið gerðar nokkrar breytingar í samræmi við þær athugasemdir sem bárust þegar frumvarpið var fyrst lagt fram. Eru breytingarnar raktar stuttlega síðar í almennum athugasemdum.

Hér á eftir er forsaga og efni tilskipunarinnar rakið en frumvarpið er unnið upp úr ákvæðum hennar. Tilskipunin er það umfangsmikil að efni að ekki var talið mögulegt að innleiða hana með öðrum hætti en að færa meginefni hennar í lög. Er það einnig í samræmi við það sem gert hefur verið í flestum EES-löndunum, þ.m.t. Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Efni frumvarpsins snertir bæði stjórnsýslu, þjónustuveitendur og neytendur og var frumvarpið sent öllum helstu hagsmunaaðilum til umsagnar áður en það var lagt fyrir ríkisstjórn.

Þjónustutilskipunin.

Forsaga.

Tillaga að þjónustutilskipun var fyrst lögð fram í janúar 2004 með það að markmiði að greiða fyrir og auka þjónustuviðskipti milli landa. Ástæðan var sú að þrátt fyrir ákvæði um innri markað voru ennþá töluverðar hindranir á frjálsu flæði þjónustu sem komu niður bæði á þjónustuveitendum og neytendum. Tillagan var afar umdeild pólitískt, sér í lagi vegna ákvæða um heilbrigðisþjónustu og vinnurétt sem voru upphaflega hluti af tillögunni. Hin svokallaða upprunalandsregla var einnig afar umdeild og óttast var að hún fæli í sér félagsleg undirboð en samkvæmt henni giltu um þjónustuveitanda reglur þess lands þar sem hann var með staðfestu en ekki þar sem þjónustan var veitt. Í ljósi þeirrar miklu gagnrýni sem tillagan hlaut lagði framkvæmdastjórnin fram nýja tillögu þar sem tekin voru út ákvæði um heil-

brigðisþjónustu og vinnurétt og verulegar breytingar gerðar á upprunalandsreglunni og var sú tillaga samþykkt í desember 2006.

Tilskipunin fékk töluverða athygli í Noregi og gerðu Norðmenn ýtarlegar úttektir á hinum ýmsu afleiðingum tilskipunarinnar. Að lokum náðist þó samstaða um hana og var hún eins og áður segir tekin upp í EES-samninginn 9. júní 2009.

Tilgangur.

Tilgangur þjónustutilskipunarinnar er að koma á raunverulegum innri markaði á sviði þjónustuviðskipta með því að fjarlægja lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir svo að þjónustuveitendur og viðtakendur þjónustu eigi auðveldara með að veita og nýta sér þjónustu yfir landamæri. Tilskipunin á að tryggja þjónustuveitendum þau grundvallarréttindi sem kveðið er á um í 32. gr. og 36. gr. EES-samningsins og innri markaðurinn byggist á, þ.e. staðfestufrelsi og frelsi til að veita þjónustu. Með afnámi hindrana verður auðveldara fyrir þjónustuveitendur að veita þjónustu án staðfestu sem jafnframt eykur samkeppni og leiðir því til hagræðis fyrir viðtakendur þjónustu í formi lægra verðs og meiri gæða.

Gildissvið.

Tilskipunin er rammatilskipun sem reglusetur og útfærir gildandi EES-rétt á sviði þjónustuveitingar, bæði almennt og á sérstökum sviðum, en ákvæði þjónustutilskipunarinnar víkja fyrir ákvæðum annarra tilskipana EES-réttar. Lög þessi eru því almenn lög sem víkja fyrir sérlögum er byggjast á ákvæðum tilskipana EES. Eins og áður hefur komið fram var tilskipuninni upprunalega ætlað að ná yfir nánast öll svið þjónustu en um það náðist ekki samstaða innan Evrópusambandsins. Margs konar þjónustusvið eru því undanskilin gildissviði tilskipunarinnar og laganna eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins.

Staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu án staðfestu.

Í tilskipuninni er gerður greinarmunur annars vegar á staðfesturétti (9.–15. gr. tilskipunarinnar) og hins vegar því þegar þjónusta er veitt án staðfestu (16.–21. gr. tilskipunarinnar). Að auki eru svo almennar reglur sem gilda óháð því hvort þjónustuveitandi hyggst vera með staðfestu í aðildarríki eða veita þjónustu án staðfestu. Þessi greinarmunur er einnig gerður í frumvarpinu þar sem III. kafli gildir þegar þjónustuveitendur hyggjast hafa staðfestu á Íslandi, IV. kafli fjallar um þjónustuveitendur sem vilja veita þjónustu án staðfestu á Íslandi en aðrir kaflar frumvarpsins gilda í báðum tilvikum.

Eins og áður hefur komið fram byggðist upphaflega tillagan á því að um alla þjónustu á gildissviði tilskipunarinnar mundi gilda fyrrgreind upprunalandsregla en sú ætlun olli töluverðum deilum. Málamiðlunin var því sú að láta upprunalandsregluna einungis gilda þegar þjónusta er veitt án staðfestu og er það ástæða fyrrgreindrar kaflaskiptingar.

Einföldun leyfisferla og yfirferð yfir löggjöf.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar er gerð krafa um að aðildarríkin yfirfari öll leyfisferli og einfaldi eins og kostur er en einföldun ferla kemur sér ekki einungis vel fyrir þjónustuveitendur heldur er til þess fallin að minnka álag og útgjöld stjórnvalda. Horfa verður til þess hvort gögn sem farið er fram á að þjónustuveitandi leggi fram séu nauðsynleg, hvort þjónustuveitandi þarf nauðsynlega að leggja þau fram sjálfur eða hvort stjórnvald getur nálgast þau t.d. frá öðru stjórnvaldi. Samkvæmt tilskipuninni er stjórnvaldi einnig óheimilt að krefjast frumrits, staðfests endurrits eða að löggild þýðing fylgi skjali nema brýnir al-

mannahagsmunir krefjist þess eða önnur EES-löggjöf. Leiki vafi á því hvort skjal sé ófalsað ætti að vera auðvelt að nálgast þær upplýsingar með samvinnu milli ríkja en tilskipunin hefur að geyma sérstök ákvæði um slíka samvinnu eins og nánar er komið að síðar. Ríki verða einnig að samþykkja skjöl frá öðrum aðildarríkjum sem augljóslega þjóna sama tilgangi og það sem beðið er um eða þar sem skýrt kemur fram að viðeigandi skilyrði hafi verið uppfyllt.

Í tilskipuninni eru einnig ákvæði um skilyrði sem óheimilt er að setja fyrir veitingu þjónustu. Ráðuneytin fengu því hvert og eitt það hlutverk að fara yfir leyfisferli og löggjöf á sínu sviði til að einfalda leyfisferli og afmá skilyrði sem ekki samrýmast ákvæðum tilskipunarinnar. Samband íslenskra sveitarfélaga aðstoðaði sveitarfélög við að gera slíkt hið sama. Niðurstöðu þeirrar vinnu er að finna í frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Nánar er fjallað um það frumvarp í almennum athugasemdum hér á eftir.

Rafræn málsmeðferð.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar verða þjónustuveitendur að geta sótt um leyfi til að stunda starfsemi sína á Íslandi með rafrænum hætti og fengið svör frá lögbærum yfirvöldum með rafrænum hætti. Af þeim sökum hefur forsætisráðuneytið ásamt efnahags- og viðskiptaráðuneytinu unnið að uppsetningu vefsvæðis (upplýsinga- og þjónustuveitu) þar sem þjónustuveitendur eiga að geta sótt um viðeigandi leyfi með rafrænum hætti.

Viðtakendur þjónustu.

Í tilskipuninni eru ákvæði sem lúta að réttindum viðtakenda þjónustu og er m.a. ætlað að auka upplýsingar og gagnsæi varðandi þjónustuveitendur og þjónustu þeirra. Ákvæðin leggja ákveðnar skyldur á þjónustuveitendur, t.d. um að hafa tilteknar upplýsingar aðgengilegar fyrir neytendur sem og kvaðir á aðildarríkin um að breyta löggjöf á ákveðnum sviðum.

Samvinna stjórnvalda.

Til að markmið tilskipunarinnar um aukið flæði þjónustu með afnámi hindrana og einföldun ferla náist er afar mikilvægt að aðildarríkin eigi með sér gott samstarf. Á vegum Evrópusambandsins hefur því verið komið upp sérstöku evrópsku upplýsingakerfi (Internal Market Information system) sem ætlað er að auðvelda lögbærum yfirvöldum ólíkra landa að hafa samskipti sín á milli. Samvinna stjórnvalda er einnig afar mikilvæg til að tryggja nægjanlegt eftirlit með þjónustuveitendum.

Um fyrirvara Íslands við upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn.

Þegar tilskipun 2006/123/EB, um þjónustu á innri markaðnum, svonefnd þjónustutilskipun, var til umfjöllunar í ríkisstjórn var samþykkt sérstök yfirlýsing, að frumkvæði Ögmundar Jónassonar þáverandi heilbrigðisráðherra, er hljóðar svo:

„Við upptöku þjónustutilskipunarinnar (2006/123/EB) í EES-samninginn er minnt á af hálfu Íslands að tilskipunin hefur m.a. ekki áhrif á ráðningarskilmála og -skilyrði, samskipti milli aðila vinnumarkaðarins, réttinn til þess að semja um og ganga frá kjarasamningum og grundvallarréttindi, svo sem verkfallsréttinn og réttinn til að grípa til aðgerða á vinnustað. Þjónustutilskipunin hefur ekki áhrif á vinnulöggjöf eða þríhliða samvinnu verkalýðsfélaga, vinnuveitenda og stjórnvalda. Af Íslands hálfu er lögð áhersla á að hin víðtæka samstaða meðal Íslendinga um að gera áætlanir um aðgerðir, svo og viðeigandi ráðstafanir, sem miða að því að standa vörð um réttindi innlendra og útlendra starfsmanna og góðan aðbúnað á

vinnustöðum, stríði ekki gegn þjónustutilskipuninni. Þær ráðstafanir geta m.a. náð yfir skilvirkt kerfi um almenna beitingu kjarasamninga og innleiðingu sameiginlegrar ábyrgðar verktaka og undirverktaka til þess að tryggja að réttindi vinnandi fólks séu virt. Af Íslands hálfu er lögð áhersla á að það verði áfram á valdsviði innlendra yfirvalda - á öllum stigum stjórnsýslunnar, ríkisvalds og sveitarstjórna – að ákvarða í hvaða mæli hið opinbera skuli veita þjónustu, hvernig hún skuli skipulögð og fjármögnuð og hvaða sérstöku kvaðir skuli gilda um slíka opinbera þjónustu.“

Vegna fyrirvarans er gildissviðsákvæði frumvarpsins nú mjög ítarlegt, mun ítarlegra en t.d. sambærileg ákvæði norskra og danskra laga. Má í því sambandi benda á eftirfarandi töluliði í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem segir að **reglur laganna gildi ekki um:**

1. tölul. – markaðsvæðingu þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, hvort sem hún er í höndum opinberra aðila eða einkaaðila, né einkavæðingu opinberra aðila sem veita þjónustu,

2. tölul. – afnám einkaréttar á sviði þjónustustarfsemi,

4. tölul. – rétt stjórnvalda til að skilgreina, í samræmi við EES-reglur, hvað telst vera þjónusta í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu

5. tölul. – skipulag og fjármögnun þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, í samræmi við EES-reglur um ríkisaðstoð, eða hvað sérstöku skyldur felast í slíkri þjónustu,

8. tölul. – vinnurétt, þ.e. lagaleg eða samningsbundin ákvæði um ráðningarskilmála, vinnuskilyrði, heilbrigði og öryggi á vinnustað, tengsl milli vinnuveitanda og starfsmanna, réttindi og skyldur launafólks sem starfa á Íslandi í lengri eða skemmri tíma, eða almannatryggingalöggjöf,

9. tölul. – nýtingu grundvallarréttinda, né réttinn til að semja um, ganga frá og framfylgja kjarasamningum eða grípa til aðgerða á vinnustað í samræmi við landslög og venju er samræmist EES-reglum,

10. tölul. – rétt stjórnvalda til að ákveða hvort að um er að ræða ráðningarsamband milli vinnuveitanda og launþega eða verktöku, og beita í því sambandi viðeigandi íslenskum lögum og kjarasamningum.

Til samanburðar má nefna að það eina sem segir um vinnurétt í norsku lögunum er að lögin gildi ekki um: „arbeidsretten, herunder retten til å forhandle og inngå tariffavtaler, og retten til arbeidskamp“ og um almannaþjónustu: „loven griper ikke inn i organisering og finansiering av offentlige tjenester, herunder plikter knyttet til utøvelse av disse“.

Um hugtökin „þjónusta í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga“ og „þjónusta í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu“.

Í þjónustutilskipuninni er að finna hugtökin „non-economic services of general interest“ (NESGI) og „services of general economic interest“ (SGEI). Þessi hugtök eru í raun tvískipting á hugtakinu „services of general interest“(SGI) sem í daglegu tali mætti kalla „almannaþjónustu“ á íslensku.

Fyrra hugtakið er í þessu frumvarpi þýtt sem „þjónusta í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga“. Þetta hugtak er samtvinnað þjónustuhugtakinu eins og það er skilgreint í 37. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, en þar segir: „Með þjónustu er í samningi þessum átt við þjónustu sem að jafnaði er veitt gegn þóknun ...“ Af þessu leiðir að til þess að falla undir hugtakið þjónusta verður þjónustan að vera af efnahagslegum toga. Hvort þjónusta telst af efnahagslegum toga verður að meta í hvert skipti fyrir sig og vert að hafa í huga að þjón-

usta er ekki sjálfkrafa ekki af efnahagslegum toga fyrir það eitt að hún er veitt af ríkinu, ríkisstofnun eða stofnun sem ekki er rekin í hagnaðarskyni. Í ljósi framangreinds telst „þjónusta í almannaþágu sem ekki er af efnahagslegum toga“ ekki þjónusta samkvæmt skilgreiningu 37. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, og fellur því ekki undir gildissvið ákvæða frumvarpsins líkt og fram kemur í 1. tölul. 3. gr.

Frumvarpið, verði það að lögum, mun því ekki hafa áhrif á þjónustu í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga.

Hugtakið „þjónusta í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga“ hefur hvorki verið skilgreint í Evrópurétti né íslenskum rétti. Í handbók sem fylgdi þjónustutilskipuninni segir að meta verði í hverju tilfelli fyrir sig, í ljósi dóma Evrópudómstólsins, hvort þjónusta telst af efnahagslegum toga eða ekki. Dómstólinn hefur þó ekki þróað skilgreiningu á hugtakinu en við skilgreiningu þess ber að horfa til fyrirvara Íslands við tilskipunina, sem getið er að framan.

Við matið á því hvort að þjónusta er „efnahagsleg“ má líta til þess hvernig hún er fjármögnuð. Þar skiptir hugtakið „þóknun“ töluverðu máli en Evrópudómstólinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að einkenni þóknunar sé að hún teljist vera endurgjald fyrir þá þjónustu sem um ræðir. Þá hefur dómstólinn sagt að þjónusta sé ekki efnahagsleg ef hún er fjármögnuð af hinu opinbera en ekki neytendum. Sem dæmi um þetta má nefna að dómstólinn hefur úrskurðað að sú þjónusta sem veitt er í opinbera menntakerfinu sé ekki þjónusta í skilningi sáttmálans, jafnvel þó að nemendur greiði ákveðin gjöld, svo fremi að gjöldin standi ekki undir meginfjármögnun þjónustuveitandans.

Seinna hugtakið er í þessu frumvarpi þýtt sem „þjónusta í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu“. Þetta hugtak kemur fyrir í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins en þar er talað um „þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu“. Hér er lagt til að inn í hugtakið verði skotið orðunum „í almannaþágu“ til að útskýra betur hvað átt er við. Í 1., 4. og 5. tölul. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er tekið fram að frumvarpið fjalli ekki um markaðsvæðingu, afnám einkaréttar, réttinn til að skilgreina eða skipulag og fjármögnun þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Líkt og fyrra hugtakið hefur þjónusta í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu hvorki verið skilgreint í Evrópurétti né íslenskum rétti. Að sama skapi hefur Evrópudómstólinn ekki þróað skilgreiningu á hugtakinu, heldur eingöngu tekið afstöðu til þess í einstökum málum, en við túlkun hugtaksins ber að horfa til fyrirvara Íslands við tilskipunina, sem getið er að framan.

Í nýlegu vinnuskjali framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, frá 7. desember 2010, er að finna leiðbeiningar um beitingu Evrópureglna um ríkisaðstoð, opinber innkaup og innri markaðinn, gagnvart þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Þar bendir framkvæmdastjórnin á að gildissvið og skipulag þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu sé mjög mismunandi eftir ríkjum. Sú þjónusta sem undir hugtakið falli sé því mjög fjölbreytt og ráðist af sögulegum, landfræðilegum, félagslegum og menningarlegum þáttum. Það sé því ekki á forræði framkvæmdastjórnarinnar að skilgreina hvað teljist vera þjónusta í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu heldur sé það á forræði ríkjanna sjálfra að skilgreina eðli og gildissvið slíkrar þjónustu.

Í ljósi þess sem að framan greinir er þjónusta í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu veitt gegn þóknun eða endurgjaldi. Þjónustan hefur því einhvers konar efnahagslegan tilgang en er engu að síður þjónusta sem stjórnvöld telja nauðsynlega í samfélagslegu tilliti óháð því hvort það er nægur hvati til staðar fyrir aðila á frjálsum markaði til að veita slíka þjónustu.

Framangreind hugtök hafa eins og áður segir ekki verið skilgreind í íslenskum lögum og í þessu frumvarpi er ekki að finna skilgreiningu á þeim. Skilgreining þeirra er alls ekki óumdeild í Evrópu og er í raun í stöðugri þróun. Því verður að telja að ef nauðsynlegt þykir að skilgreina þau í íslenskum lögum fari betur á því að það sé gert í lögum á sviði almannaþjónustu.

Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Eins og fyrr segir gerir þjónustutilskipunin þær kröfur að ríkin yfirfari löggjöf og einfaldi til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar. Hvert og eitt ráðuneytið fór því yfir löggjöf á sínu sviði og Samband íslenskra sveitarfélaga aðstoðaði sveitarfélögin við að gera slíkt hið sama. Niðurstöðurnar er að finna í umræddu frumvarpi en þar eru lagðar til eftirfarandi breytingar:

Lagt er til að lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, verði breytt þannig að skilyrðið sem kveður á um að búseta á Íslandi sé forsenda rekstrarleyfis samkvæmt lögunum gildi ekki um ríkisborgara og lögaðila innan EES, aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga. Lagt er til að sams konar breytingar verði gerðar á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, lögum nr. 145/1994, um bókhald, og lögum nr. 64/2000, um bílaleigur. Að sama skapi er lögheimilisskilyrði fellt niður í lögum nr. 36/1994, um húsaleigu.

Með breytingum á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, er lagt til að efnahags- og viðskiptaráðherra sé heimilt að ákveða að heimild til að veita leyfi til sölu notaðra ökutækja og leyfi til uppboðsstjóra, verði á hendi eins sýslumanns í stað þess að hver og einn sýslumaður veiti leyfi í sínu umdæmi.

Í lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, og lögum nr. 64/2000, um bílaleigur, er lagt til að orðalagi hvað varðar starfsábyrgðartryggingar verði breytt og allur vafi tekin af um það að heimilt er að taka starfsábyrgðartryggingu hjá öðrum vátryggingarfélögum en íslenskum, hafi umrædd félög öðlast heimild til að veita þjónustu hér á landi samkvæmt lögum nr. 60/1994, um vátryggingarstarfsemi.

Lagt er til að tímabinding leyfa til sölu notaðra ökutækja, samkvæmt lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, verði felld niður, en þau eru nú veitt til fimm ára í senn, sem og tímabinding leyfa vegna löggildingar rafverktaka samkvæmt lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Breytingar á frumvarpinu frá fyrri framlagningu.

Eins og áður sagði hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu frá því að það var lagt fram á 138. löggjafarþingi og eru breytingarnar gerðar til að koma til móts við athugasemdir sem viðskiptanefnd Alþingis bárust þegar frumvarpið var þar til umfjöllunar. Verður nú farið stuttlega yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið.

Við ákvæði 1. gr. frumvarpsins er því bætt að tilgangur laganna sé jafnframt að viðhalda hágæðaþjónustu og er það í samræmi við tilgang tilskipunarinnar, sbr. 1. mgr. 1. gr. hennar. Þá hafa þær breytingar verið gerðar á 8. tölul. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins að nánar er skilgreint hvað átt sé við með hugtakinu fjárhættuspil.

Nokkrar breytingar eru gerðar á 4. mgr. 2. gr. laganna þar sem fjallað er um atriði sem lögin taka ekki til. Vísast hér til 8. og 9. tölul. ásamt því að nýjum lið, 10. tölul., er bætt við

greinina. Er breytingunum ætlað að kveða enn skýrar á um að reglur frumvarpsins hafi ekki áhrif á vinnurétt eða nýtingu grundvallarréttinda og eru töluliðirnir nú nær samhljóða fyrirmyndum í tilskipuninni. Í nýjum 10. tölul. er kveðið á um að frumvarpið haggi ekki rétti stjórnvalda til að ákvarða hvort um sé að ræða ráðningarsamband milli vinnuveitanda og launþega eða verktöku, og beita í því sambandi viðeigandi íslenskum lögum og kjarasamningum. Er hér tekið upp mikilvægt atriði sem fram kemur í inngangsorðum tilskipunarinnar.

Lítils háttar breyting er gerð á heiti 5. gr. frumvarpsins til frekari skýringar á því um hvað greinin fjallar og nýjum tölulið hefur verið bætt við 1. mgr. 6. gr. þar sem kveðið er á um að þjónustuveitendur og viðtakendur eigi að geta nálgast með rafrænum hætti upplýsingar um kjarasamninga sem og aðrar upplýsingar um réttindi og skyldur á íslenskum vinnumarkaði. Þá er því bætt við 6. mgr. 10. gr. að við höfnun á leyfisumsókn skuli einnig tilgreina tiltækar kæruleiðir. Að endingu eru svo gerðar lítils háttar breytingar á orðalagi 7. tölul. 1. mgr. 11. gr. til að taka af öll tvímæli um það að heimilt sé að krefjast þess að þjónustuveitandi sé með ákveðnar tryggingar, sem og 2. mgr. 14. gr. til að það sé alveg skýrt að öll skilyrði sem talin eru upp í 2. mgr. þurfi að vera uppfyllt svo að lögbæru yfirvaldi sé heimilt að grípa til umræddra ráðstafana. Að auki hefur umfjöllun í athugasemdum við frumvarpið um ýmis atriði verið aukin.

Um reglugerðarheimild 2. gr. frumvarpsins.

Rétt er að geta þess að skv. 5. mgr. 2. gr. er ráðherra heimilt að kveða nánar á um gildissvið laganna í reglugerð. Er því hér um ákveðið framsal löggjafarvalds að ræða. Ástæða þessa ákvæðis er sú að í þjónustutilskipuninni er sérstaklega tekið fram að hún gildi ekki um ákveðnar gerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn líkt og kemur fram í athugasemdum við 3. tölul. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Slíkar upptalningar, sem í raun eru frekari útskýringar á gildissviði laganna, er skýrara að hafa í reglugerð heldur en lögunum sjálfum. Komi til breytinga á þessum upptalningum er það einnig til hagræðis fyrir Alþingi og stjórnsýslu að hægt sé að breyta þeirri upptalningu með reglugerð. Þessi heimild hefur það hins vegar að sjálfsögðu ekki í för með sér að ráðherra geti með neinum hætti hróflað við gildissviðinu eins og það er tiltekið í lögunum sjálfum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir markmiðum laganna en þau eru að greiða fyrir frjálsum þjónustuviðskiptum og tryggja jafnræði þeirra sem veita þjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins en viðhalda jafnframt hágæðaþjónustu. Evrópusambandið komst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir ákvæði stofnsáttmála Evrópusambandsins og EES-samningsins um innri markað væru ennþá töluverðar hindranir á frjálsu flæði þjónustu milli ríkja innan EES og réðst því í gerð þjónustutilskipunarinnar með fyrrgreind markmið í huga. Með greininni er 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar innleidd.

Um 2. gr.

Ákvæðið skilgreinir gildissvið laganna en í 1. mgr. segir að lögin gildi um alla þjónustu sem ekki er sérstaklega undanskilin gildissviði þeirra. Eins og rakið er í almennum athugasemdum var þjónustutilskipuninni í upphafi ætlað mjög víðtækt gildissvið en fyrir því var ekki hljómgrunnur innan Evrópusambandsins og því eru þónokkur þjónustusvið undanskilin gildissviði hennar.

Í 2. mgr. eru talin upp þau þjónustusvið sem eru undanskilin gildissviði laganna en þau eru þónokkur. Ákvæði 2. mgr. innleiðir 2. mgr. 2. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. gilda lögin ekki um þjónustu í almannaþágu sem ekki er af efnahagslegum toga. Þetta hugtak er samtvinnað þjónustuhugtakinu eins og það er skilgreint í 37. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, en þar segir: „Með þjónustu er í samningi þessum átt við þjónustu sem að jafnaði er veitt gegn þóknun ...“ Af þessu leiðir að til þess að falla undir hugtakið þjónusta verður þjónustan að vera af efnahagslegum toga. Hvort þjónusta telst vera af efnahagslegum toga verður að meta í hvert skipti fyrir sig og vert að hafa í huga að þjónusta er ekki sjálfkrafa ekki af efnahagslegum toga fyrir það eitt að hún er veitt af ríkinu, ríkisstofnun eða stofnun sem er ekki rekin í hagnaðarskyni. Í ljósi framangreinds telst þjónusta í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga ekki þjónusta samkvæmt skilgreiningu 37. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, og fellur því ekki undir gildissvið laganna.

Fjármálaþjónusta er undanskilin gildissviði laganna skv. 2. tölul. 2. mgr. en með fjármálaþjónustu er m.a. átt við hvers konar bankaþjónustu, útlánaþjónustu, þjónustu skuldabréfa- og fjárfestingarsjóða sem og þjónustu á sviði trygginga og lífeyris.

Með 3. tölul. 2. mgr. er rafræn fjarskiptaþjónusta og fjarskiptanet sem og aðstaða og þjónusta því tengd undanskilin gildissviði laganna. Er hér átt við málefni sem tekin eru fyrir í (a) tilskipun 2002/19/EB um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi afstöðu, (b) tilskipun 2002/20/EB um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og þjónustu, (c) tilskipun 2002/21/EB um lágmarkssamstæðu leigulína með samhæfða eiginleika og tilheyrandi staðla sem um getur í 18. gr. tilskipunar um alþjónustu, (d) tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og þjónustu og (e) tilskipun 2002/58/EB um vinnslu persónuupplýsinga og vernd einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta eins og þær eru innleiddar með lögum nr. 81/2003, um fjarskipti.

Samkvæmt 4. tölul. 2. mgr. er þjónusta á sviði flutninga og tengd starfsemi, sem fellur undir 6. kafla III. hluta EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, undanskilin gildissviði laganna. Með því er átt við þjónustu er snýr að flutningum með flugi, sjóflutninga, þ.m.t. þjónustu hafna, og landflutninga, líkt og t.d. þjónustu strætisvagna, leigubifreiða og sjúkrabíla. Undanþágan gildir hins vegar ekki um t.d. þjónustu ökuskóla, þjónustu vegna búslóðaflutninga, bílaleigur, útfararþjónustu eða myndatökur úr lofti. Starfsemi verslana eða veitingastaða í höfnum eða flugvöllum er ekki heldur undanskilin gildissviði laganna.

Með 5. tölul. 2. mgr. eru starfsmannaleigur undanþegnar gildissviði laganna. Undanþágan gildir hins vegar ekki um vinnumiðlanir eða ráðningarskrifstofur.

Heilbrigðisþjónusta er undanskilin gildissviði laganna skv. 6. tölul. 2. mgr. Hugtakið er ekki skilgreint í frumvarpinu en við skilgreiningu þess ber að horfa til fyrirvara Íslands við tilskipunina, sem getið er að framan. Hugtakið heilbrigðisþjónusta er þó skilgreint í lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, og hægt að hafa þá skilgreiningu til hliðsjónar. Í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna er hugtakið skilgreint þannig: „ Heilbrigðisþjónusta: Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.“

Samkvæmt 7. tölul. 2. mgr. er hljóð- og myndmiðlunarþjónusta undanskilin gildissviði laganna. Með þessu er t.d. átt við útsendingu í sjónvarpi, kvikmyndahúsum og útvarpi.

Undanþágan á hins vegar ekki við þjónustu sem tengist hljóð- og myndmiðlunarþjónustu óbeint líkt og þjónustu auglýsingastofa eða sölu matar og drykkjar í kvikmyndahúsum.

Í 8. tölul. 2. mgr. er kveðið á um að fjárhættuspil falli utan gildissviðs laganna en með fjárhættuspili er átt við hvers konar spil eða leik er ræðst af hluta eða öllu leyti af heppni og felur í sér fjárhagslegan ávinning.

Með 9. tölul. 2. mgr. er starfsemi í tengslum við meðferð opinbers valds undanskilin gildissviði laganna og er það í samræmi við 32. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993.

Félagsþjónusta er undanskilin gildissviði laganna skv. 10. tölul. 2. mgr. Hugtakið félagsþjónusta er ekki skilgreint í frumvarpinu, en í 2. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, að finna skilgreiningu á því hvað sé félagsþjónusta, samkvæmt þeim lögum. Þá skilgreiningu er, að breyttu breytanda, hægt að hafa til hliðsjónar þegar metið er hvað telst félagsþjónusta, þótt að ekki sé rétt að einskorða félagsþjónustu við það sem þar segir. Ákvæði 2. gr. umræddra laga hljóðar svo: „Með félagsþjónustu er í lögum þessum átt við þjónustu, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við eftirtalda málaflokka: 1. Félagslega ráðgjöf. 2. Fjárhagsaðstoð. 3. Félagslega heimaþjónustu. 4. Málefni barna og ungmenna. 5. Þjónustu við unglinga. 6. Þjónustu við aldraða. 7. Þjónustu við fatlaða. 8. Húsnæðismál. 9. Aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir. 10. Atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun.“

Þá ber einnig að horfa til þess að félagsþjónustu er ætlað að efla jöfnuð í samfélaginu, að hlaupa undir bagga með þeim sem höllum fæti standa til lengri eða skemmri tíma, að virkja einstaklinga og hópa til þátttöku í þjóðfélaginu, að auka jafnrétti kynjanna og koma í veg fyrir ómálefnaleg sjónarmið af sérhverju tagi. Úrræði félagsþjónustunnar taka hvort heldur sem er til einstaklinga eða hópa og geta verið fyrirbyggjandi, tekið á vandamálum samtíðarinnar eða uppsöfnuðum félagslegum fortíðarvanda. Undanþágan nær t.d. ekki til þjónustu á vegum einkaaðila, svo sem barnfóstra, og sumarbúða eða þjónustu vegna heimilisþrifa.

Öryggisþjónusta á vegum einkaaðila er undanskilin skv. 11. tölul. 2. mgr., svo sem eftirlit með eignum, byggingum og persónum sem og varsla, flutningur og dreifing fjármuna og annarra verðmæta. Hins vegar er sala, afhending, uppsetning og viðhald tæknibúnaðar til öryggisgæslu ekki undanþegið gildissviði laganna.

Ákvæði 12. tölul. 2. mgr. undanskilur gildissviði laganna þjónustu lögbókenda og fulltrúa sýslumanna sem eru skipaðir af hinu opinbera.

Í 3. mgr. er fjallað um hvaða þjónustuveitendur falla undir lögin og eru það þjónustuveitendur með staðfestu í öðru EES-ríki sem vilja öðlast staðfestu á Íslandi, sbr. 1. tölul., þjónustuveitendur með staðfestu í öðru EES-ríki sem vilja veita þjónustu hér á landi án þess að vera með staðfestu á Íslandi, sbr. 2. tölul., og þjónustuveitendur sem eru með staðfestu á Íslandi.

Í 4. mgr. eru talin upp ýmis atriði sem reglur laganna gilda ekki um. Vegna þess hvað gildissvið þjónustutilskipunarinnar er viðamikið þótti nauðsynlegt að hafa þessa upptalningu í lögunum til að taka af allan vafa um að lögin hafi ekki áhrif á þessi atriði.

Samkvæmt 1. tölul. 4. mgr. hafa lögin ekki þau áhrif að auka frelsi í þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og á það við hvort sem hún er í höndum opinberra aðila eða einkaaðila. Þá kveða lögin ekki á um einkavæðingu opinberra aðila sem veita þjónustu. Með þessum tölulið er innleidd 2. mgr. 1. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Með 2.–5. tölul. 4. mgr. er 3. mgr. 1. gr. þjónustutilskipunarinnar innleidd. Skv. 2. tölul. 4. mgr. falla lögin ekki um afnám einkaréttar á sviði þjónustustarfsemi. Skv. 3. tölul. 4. mgr. fjalla þau ekki um ríkisaðstoð sem veitt er í EES-ríki og fellur undir samkeppnisreglur EES-samningsins. Skv. 4. tölul. 4. mgr. fjalla þau ekki um rétt stjórnvalda til að skilgreina, í sam-

ræmi við EES-reglur, hvað skuli vera þjónusta í almannaþágu sem hefur almanna efnahagslega þýðingu og skv. 5. tölul. 4. mgr. fjalla þau ekki um skipulag og fjármögnun þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu í samræmi við EES-reglur um ríkisaðstoð eða hvaða sérstöku skyldur felast í slíkri þjónustu.

Með 6. tölul. 4. mgr. er 4. mgr. 1. gr. þjónustutilskipunarinnar innleidd og fjalla lögin því ekki um ráðstafanir, í samræmi við EES-reglur, sem gerðar eru til að vernda eða stuðla að margbreytileika menningar og tungumála eða fjölbreyttri fjölmiðlun.

Lögin fjalla ekki um refsirétt, sbr. 7. tölul. 4. mgr., en með þessum tölulið er verið að innleiða 5. mgr. 1. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 8. tölul. 4. mgr. fjalla lögin ekki um vinnurétt, þ.e. lagalegan eða samningsbundin ákvæði um ráðningarskilmála, vinnuskilyrði, heilbrigði og öryggi á vinnustað, tengsl milli vinnuveitanda og starfsmanna, réttindi eða skyldur launafólks sem starfa á Íslandi í lengri eða skemmri tíma eða almannatryggingalöggjöf og er hér verið að innleiða 6. mgr. 1. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Lögin fjalla ekki um nýtingu grundvallarréttinda né réttinn til að semja um og framfylgja kjarasamningum eða grípa til aðgerða á vinnustað í samræmi við landslög og venjur er samræmast EES-reglum, sbr. 9. tölul. 4. mgr., og er hér verið að innleiða 7. mgr. 1. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 10. tölul. fjalla lögin ekki um rétt stjórnvalda til að ákvarða hvort um sé að ræða ráðningarsamband milli vinnuveitanda og launþega eða verktöku, og beita í því sambandi viðeigandi íslenskum lögum og kjarasamningum. Er hér tekið inn í frumvarpið mikilvægt atriði sem kemur fram í 86. tölul. í inngangsorðum tilskipunarinnar.

Skattaréttur er ekki innan gildissviðs laganna, skv. 11. tölul., og er hér innleidd 3. mgr. 2. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Í 12. tölul. 4. mgr. er kveðið á um að lögin fjalli ekki um alþjóðlegan einkamálarétt og er hér verið að innleiða 2. mgr. 3. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 5. mgr. er ráðherra heimilt að kveða nánar á um gildissvið laganna í reglugerð. Í þjónustutilskipuninni eru sérstaklega tekið fram að hún gildi ekki um ákveðnar gerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samningin líkt og kemur fram í athugasemdum við 3. tölul. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Slíkar upptalningar, sem í raun eru frekari útskýringar á gildissviði laganna, er skýrara að hafa í reglugerð heldur en lögunum sjálfum. Komi til breytinga á þessum upptalningum er það einnig til hagræðis jafnt fyrir Alþingi sem stjórnsýslu að hægt sé að breyta upptalningu með reglugerð.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skýringu á merkingu einstakra orða eða hugtaka í lögunum. Þau orð eða hugtök sem skýrð eru í greininni eru þjónusta, þjónustuveitandi, viðtakandi þjónustu, staðfesta, fyrirkomulag leyfisveitinga, krafa, lögbært yfirvald, lögvernduð starfsgrein, starfsábyrgðartrygging og þverfagleg starfsemi. Einnig er skilgreint hvað átt er við með markaðssetningu en upplýsingar sem gera mönnum kleift að fá beinan aðgang að starfsemi fyrirtækis, stofnunar eða aðila, t.d. lénsheiti eða netfang, teljast ekki til markaðssetningar. Sama á við um orðsendingar sem varða vörur, þjónustu eða ímynd fyrirtækis, stofnunar eða aðila sem teknar eru saman á sjálfstæðan hátt, einkum þegar þær eru lagðar fram án endurgjalds. Skýringarnar byggjast að hluta til á 4. gr. þjónustutilskipunarinnar. Ekki er þörf á frekari skýringum en fram koma í greininni sjálfri.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. eiga þjónustuveitendur að geta sótt um leyfi til að stunda starfsemi sína á Íslandi með rafrænum hætti og fengið svör frá lögbærum yfirvöldum með rafrænum hætti. Af þeim sökum hefur forsætisráðuneytið ásamt efnahags- og viðskiptaráðuneytinu unnið að uppsetningu vefsvæðis (upplýsinga- og þjónustuveitu) þar sem þjónustuveitendur eiga að geta sótt um viðeigandi leyfi með rafrænum hætti. Ein af þeim hindrunum sem þjónustuveitendur hafa staðið frammi fyrir þegar þeir hyggjast veita þjónustu í öðrum löndum á EES-svæðinu er að oft þurfa margir aðilar að koma að leyfisveitingum og/eða fylla þarf út hin ýmsu eyðublöð og skila margs konar fylgigögnum. Með upplýsinga- og þjónustuveitunni á ekki aðeins að vera auðvelt fyrir þjónustuveitanda að sjá hvað hann þarf að gera til að geta hafið starfsemi á Íslandi heldur á hann einnig að geta klárað öll nauðsynleg ferli rafrænt. Ljóst er að í þessu felst mikið hagræði fyrir þjónustuveitendur bæði innlenda sem erlenda og er til þess fallið að auka flæði þjónustu innan EES-svæðisins. Með þessu er hins vegar ekki verið að breyta því hver tekur ákvarðanir um leyfisveitingar og upplýsinga- og þjónustuveitan hefur ekki það hlutverk að veita leyfi. Upplýsinga- og þjónustuveitan á að þjóna bæði innlendum og erlendum þjónustuveitendum hvort sem þeir vilja hafa staðfestu á Íslandi eða veita þjónustu á Íslandi án staðfestu. Með 1. mgr. er verið að innleiða 6. gr. og 1. mgr. 8. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Með 2. mgr. er gerð undantekning á því að þjónustuveitandi eigi að geta lokið öllum ferlum rafrænt ef um er að ræða atriði sem eðli málsins samkvæmt geta ekki farið fram rafrænt, svo sem skoðun á húsnæði þar sem þjónustan er veitt, skoðun á búnaði sem þjónustuveitandi notar eða áþreifanleg skoðun á getu þjónustuveitanda, ráðvendni hans eða starfsmanna sem hann ber ábyrgð á. Ákvæðið er innleiðing á 2. mgr. 8. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ráðherra geti í reglugerð sett nánari reglur um nauðsynlegar ráðstafanir vegna rafrænnar málsmeðferðar. Ljóst er að í þessu fyrirkomulagi mun felast breyting fyrir ákveðna leyfisveitendur og því nauðsynlegt að ráðherra sé heimilt að kveða nánar á um hvernig fyrirkomulagið skuli vera.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um þær kröfur sem heimilt er að gera um þau skjöl sem leyfisveitanda er gert að leggja fram við leyfisumsókn. Þjónustutilskipunin kveður ítarlega á um að stjórnvöld ríkjanna skuli aðstoða hvert annað, t.d. með upplýsingagjöf, og því á að vera auðvelt fyrir leyfisveitanda að ganga úr skugga um réttmæti skjala í gegnum IMI-kerfið sem fjallað er um í almennum athugasemdum. Með 5. gr. er innleidd 3. mgr. 5. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. verður leyfisveitandi að viðurkenna skjöl frá öðrum EES-ríkjum ef skjölin þjóna sama tilgangi og ef þar kemur skýrt fram að viðeigandi skilyrði sé uppfyllt. Leyfisveitendur verða því að líta til innihalds fyrirliggjandi gagna frekar en forms. Sem dæmi má nefna að leyfisveitandi getur ekki krafist tiltekinna opinberra skjala sem sýna fram á þjóðerni þjónustuveitanda ef þjónustuveitandi sýnir önnur opinber gögn sem sanna þjóðerni líkt og t.d. vegabréf eða persónuskilríki.

Óheimilt er að krefjast þess að skjal frá öðru EES-ríki sé í frumriti, staðfestu endurriti eða löggilt þýðing nema slík krafa sé rökstudd með vísan til brýnna almannahagsmuna, sbr. 2. mgr. Ef leyfisveitandi er í vafa um réttmæti skjala á hann að geta staðreynt gildi þeirra með því að hafa samband við viðeigandi lögbært yfirvald í viðkomandi landi í gegnum fyrrgreint IMI-kerfi.

Eins og fram kemur í 3. mgr. er leyfisveitanda hins vegar heimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi leggi fram ólöggilta þýðingu skjala á íslensku.

Ráðherra hefur skv. 4. mgr. heimild til að kveða á um í reglugerð að ákveðin skjöl séu undanþegin kröfum 5. gr. frumvarpsins. Í 4. mgr. 5. gr. þjónustutilskipunarinnar eru talin upp skjöl sem kveðið er á um í (a) 2. mgr. 7. gr. og 50. gr. tilskipunar 2005/36/EB um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda, (b) 3. mgr. 45. gr., 46. gr., 49. gr. og 50. gr. tilskipunar 2004/18/EB um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga, (c) 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 98/5/EB um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi, (d) fyrsta tilskipun ráðsins 68/151/EBE samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og (e) önnur og ellefta tilskipun ráðsins 89/666/EBE um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum gerðum félaga er lög annars ríkis taka til, eins og ákvæðin eru innleidd í íslenskan rétt. Eftir því sem fleiri gerðir eru teknar upp í EES-samninginn getur þessi upptalning tekið breytingum og því skýrara og einfaldara að hafa þessa upptalningu í reglugerð frekar en í lögunum sjálfum.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um hvaða upplýsingar þjónustuveitendur og viðtakendur þjónustu eigi að geta nálgast rafrænt í gegnum upplýsinga- og þjónustuveituna. Í 1. mgr. eru talin upp atriði í fimm liðum og er hér verið að innleiða 1. og 3. mgr. 7. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. verða þjónustuveitendur að geta nálgast allar upplýsingar um hvaða skilyrði þeir þurfa að uppfylla til að geta veitt þjónustu á Íslandi.

Í 2. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að þjónustuveitandi verði að geta nálgast upplýsingar um hvernig hægt er að hafa samband við þau lögbæru yfirvöld sem bera ábyrgð á veitingu leyfis til að stunda þjónustu.

Ákvæði 3. tölul. 1. mgr. fjallar um að þjónustuveitendur verði að geta fengið upplýsingar um leiðir og skilyrði fyrir því að fá aðgang að opinberum skrám og gagnagrunnum um þjónustuveitendur og þjónustu.

Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. verða þjónustuveitendur að geta nálgast upplýsingar um þær úrlausnarleiðir sem alla jafna eru tiltækar komi upp ágreiningur. Er hér átt við ágreining hvort sem hann er milli lögbærra yfirvalda og þjónustuveitanda, lögbærra yfirvalda og viðtakanda þjónustu, viðtakanda og þjónustuveitanda eða milli þjónustuveitenda.

Í 5. tölul. 1. mgr. segir að upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við samtök eða stofnanir, önnur en lögbær yfirvöld, þar sem þjónustuveitendur geta fengið hagnýta aðstoð skuli vera aðgengilegar fyrir þjónustuveitendur.

Í 6. tölul. er kveðið á um að einnig eigi að vera hægt að nálgast upplýsingar um kjarasamninga og aðrar upplýsingar er varða réttindi og skyldur á íslenskum vinnumarkaði.

Samkvæmt 2. mgr. eiga þjónustuveitendur og viðtakendur rétt á aðstoð með rafrænum hætti í formi almennra upplýsinga um almenna túlkun og beitingu þeirra skilyrða sem um getur í 1. tölul. 1. mgr. Ákvæðið kveður á um að þjónustuveitendum og viðtakendum séu veittar almennar upplýsingar en gerir ekki þær kröfur til lögbærra yfirvalda að þau veiti lögfræðiaðstoð í einstökum málum. Lögbært yfirvald skal bregðast við beiðni um upplýsingar eins fljótt og auðið er. Með 2. mgr. er verið að innleiða 2. og 4. mgr. 7. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Um 7. gr.

Eins og fram kemur í greininni gilda ákvæði III. kafli laganna eingöngu þegar þjónustuveitandi af EES-svæðinu hyggst veita þjónustu með staðfestu á Íslandi. Skiptir hér ekki máli hvort þjónustuveitandi hyggst stofna nýtt fyrirtæki með staðfestu á Íslandi eða hvort um er að ræða útibú eða dótturfélag fyrirtækis sem nú þegar er starfandi í öðru EES-ríki. Ákvæði kaflans gilda óháð því á hvaða stjórnsýslustigi skilyrði eru sett. Þá gilda þau einnig um skilyrði sem fagfélög, fagsamtök eða aðrar fagstofnanir hafa samþykkt á grundvelli lagalegs sjálfstæðis.

Um 8. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum kveða ákvæði tilskipunarinnar á um að aðildarríkin yfirfari löggjöf og leyfisferli og afnemi eða einfaldi þau eins og kostur er. Í 1. mgr. er kveðið á um að ef aðgangur að því að veita þjónustu er háður leyfum skuli skilyrði fyrir veitingu leyfis vera (1) án mismununar, en með því er átt við að fyrirkomulagið feli ekki í sér beina eða óbeina mismunun á grundvelli staðfestu þjónustuveitanda, (2) nauðsynlegt vegna brýnna almannahagsmuna og (3) og í samræmi við meðalhóf en í því sambandi verður að hafa í huga að oft er hægt að ná sama árangri með því að lögbært yfirvald hafi eftirlit með þjónustustarfseminni eða að þjónustuveitandi gefi út einhvers konar einfalda yfirlýsingu. Er þetta ákvæði í samræmi við 9. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 2. mgr. er óheimilt að binda leyfi fyrir nýrri starfsstöð jafngildum eða í meginatriðum sambærilegum skilyrðum eða eftirliti og þjónustuveitandi hefur nú þegar þurft að undirgangast í öðru eða sama EES-ríki. Af þessu leiðir að leyfisveitandi verður að taka tillit til þess ef þjónustuveitandi hefur áður uppfyllt umbeðin skilyrði í öðru EES-ríki og getur ekki krafist þess að þjónustuveitandi gangi í gegnum annað mat hér á landi. Hér er innleidd 3. mgr. 10. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Ef takmarka á leyfi til að veita þjónustu við ákveðin landsvæði skal það rökstutt með vísan til brýnna almannahagsmuna, sbr. 3. mgr. Það að takmarka leyfi við ákveðin landsvæði getur talist hindrun á frjálsu flæði þjónustu og lagt auknar byrðar á þjónustuveitendur. Eðli málsins samkvæmt getur verið nauðsynlegt að takmarka ákveðna þjónustu við landsvæði, t.d. ef þjónustan er tengd einhvers konar starfsstöð og nauðsynlegt er að leggja mat á hverja starfsstöð fyrir sig. Með lögunum er ekki hróflað við því hver veiti leyfi á tilteknu svæði en sveitarfélög veita t.d. margs konar leyfi innan síns landsvæðis. Sú staðreynd að leyfisveiting liggur hjá einstökum sveitarfélögum er hins vegar ein og sér ekki næg röksemd fyrir því að leyfi sé takmarkað við ákveðið landsvæði. Ef eitt lögbært yfirvald, t.d. sveitarfélag, hefur veitt þjónustuveitanda leyfi er því meginreglan sú að önnur lögbær yfirvöld verða einnig að viðurkenna leyfið og þjónustuveitandi á því ekki, með rökstuddum undantekningum þó, að þurfa að sækja aftur um leyfi vilji hann veita sömu þjónustu á öllu Íslandi. Með þessu ákvæði er innleidd 4. mgr. 10. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Um 9. gr.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar er óheimilt að tímabinda leyfi til þjónustustarfsemi nema leyfið endurnýist sjálfkrafa eða það sé aðeins háð því að skilyrði séu áfram uppfyllt, sbr. 1. tölul., fjöldi tiltækra leyfa sé takmarkaður með vísan til brýnna almannahagsmuna, sbr. 2. tölul., eða hægt sé að réttlæta takmarkaðan gildistíma með vísan til brýnna almannahagsmuna, sbr. 3. tölul. Það að takmarka gildistíma leyfis getur falið í sér hindrun á frjálsu flæði þjónustu, m.a. þar sem það getur komið í veg fyrir að þjónustuveitandi geti gert langtíma-

áætlanir um starfsemi sína. Í einhverjum tilfellum getur t.d. verið að það sé óþarfi að þjónustuveitandi þurfi að sækja um leyfi upp á nýtt heldur sé nægjanlegt að lögbært yfirvald hafi eftirlit með starfsemi þjónustuveitanda. Er hér innleidd 1. mgr. 11. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Í 2. mgr. segir að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sé heimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi hefji í reynd starfsemi sína innan ákveðins tíma frá því að leyfið er veitt og er hér innleidd 2. mgr. 11. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 3. mgr. er þjónustuveitanda skylt að upplýsa viðeigandi lögbært yfirvald um stofnun dótturfélaga með starfsemi sem fellur innan gildissviðs leyfisins, sbr. 1. tölul., og breytingar á aðstæðum þjónustuveitanda sem leiða til þess að skilyrði leyfisins eru ekki lengur uppfyllt, sbr. 2. tölul. Er hér innleidd 3. mgr. 11. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Í 4. mgr. segir að ef fjöldi leyfa í tiltekinni starfsemi er takmarkaður vegna skorts á tiltækum náttúruauðlindum eða tæknigetu skal leyfisveitandi birta fyrir fram við hvað verður stuðst við mat á umsækjendum til að tryggja óhlutdrægni og gagnsæi við valið. Sú skylda er því lögð á leyfisveitanda að birta fyrir fram allar viðeigandi upplýsingar sem lúta að leyfisferlinu, þ.m.t. inntak leyfisferlisins, ástæðu þess að fjöldi leyfa er takmarkaður, tímafresti og framkvæmd valferlisins. Ef fjöldi leyfa er takmarkaður skal tímabinda leyfið og óheimilt er að láta það endurnýjast sjálfkrafa eða fela í sér annan ávinning fyrir þjónustuveitanda sem er með nýútrunnið leyfi eða annan aðila honum tengdan. Þegar tímalengd leyfis er ákvörðuð er vert að hafa í huga að það sé ekki styttra en svo að þjónustuveitandi eigi kost á að endurheimta þann kostnað sem hann lagði út vegna þjónustunnar ásamt sanngjörnum hagnaði. Með þessu ákvæði er verið að innleiða 1. og 2. mgr. 12. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Í 5. mgr. segir að þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. sé leyfisveitanda heimilt við veitingu leyfa að taka tillit til sjónarmiða um lýðheilsu, markmið félagsmálastefnu, heilbrigði og öryggi starfsmanna eða sjálfstætt starfandi einstaklinga, vernd umhverfisins, varðveislu menningararfleifðar og annarra brýnna almannahagsmuna. Er hér innleidd 3. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar.

Tekið er fram í 6. mgr. að ákvæði greinarinnar hafa ekki áhrif á heimildir lögbærs yfirvalds til að afturkalla leyfi ef viðkomandi skilyrði eru ekki lengur uppfyllt og er það í samræmi við 4. mgr. 11. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Um 10. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal málsmeðferð við leyfisveitingar vera skýr, ótvíræð, hlutlæg, gagnsæ og aðgengileg og skal leyfisveitandi birta upplýsingar um fyrirkomulag málsmeðferðarinnar fyrir fram. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir gerræðislegar ákvarðanir og tryggja að ákvarðanir um veitingu leyfis séu teknar með óhlutdrægum hætti. Hér eru innleiddar 1. og 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að frestur til að veita leyfi skuli fastsettur og birtur fyrir fram. Leyfisveitanda er heimilt að framlengja frestinn einu sinni í takmarkaðan tíma ef mál er mjög umfangsmikið. Ákvörðun um framlengingu skal rökstyðja og birta þjónustuveitanda áður en upphaflegi fresturinn rennur út. Leyfisumsókn telst fram komin á því tímamarki þegar öll nauðsynleg gögn liggja fyrir.

3. mgr. kveður á um að ef svar er ekki veitt innan tímafrests skal litið svo á að leyfi sé veitt. Evrópuríki hafa í auknu mæli gripið til þess ráðs að einfalda stjórnsýslu með því að taka upp eins konar „þögn er sama og samþykki“ reglu eða „tacit authorisation“ og er það sú leið sem kveðið er á um í frumvarpinu. Það er því afar mikilvægt að allir tímafrestir séu fastsettir fyrir fram svo að ljóst sé hvenær frestur til svara rennur út.

Samkvæmt 4. mgr. er heimilt að víkja frá því fyrirkomulagi sem kveðið er á um í 3. mgr. með vísan til brýnna almannahagsmuna. Þriðja og fjórða málsgrein eru í samræmi við 3. og 4. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt 5. mgr. skal staðfesta viðtöku umsóknar um leyfi svo fljótt sem unnt er. Í staðfestingunni skal tilgreina þau tímamörk sem um getur í 3. mgr. greinarinnar, sbr. 1. tölul., tiltækar kæruleiðir, sbr. 2. tölul., og yfirlýsingu, þegar það á við, um að hafi ekki borist svar innan ákveðinna tímamarka teljist leyfið hafa verið veitt, sbr. 3. tölul. Hér er verið að innleiða 5. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar.

Í 6. mgr. segir að sé umsókn um leyfi ábótavant skal tilkynna umsækjanda um það svo fljótt sem auðið er, svo og öll hugsanleg áhrif á tímamörkin sem um getur í 2. mgr. greinarinnar og tiltækar kæruleiðir. Er það í samræmi við 6. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er upptalning á skilyrðum sem óheimilt er að leggja á þjónustuveitendur sem vilja veita þjónustu með staðfestu á Íslandi og er hér innleidd 14. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt 1. tölul. er óheimilt að láta aðgang að þjónustustarfsemi vera háða skilyrðum sem fela í sér mismunun sem grundvallast beint eða óbeint á þjóðerni eða, í tilfelli lögaðila, staðsetningu skráðrar skrifstofu. Má þar einkum nefna kröfur um þjóðerni þjónustuveitanda, starfsmanna hans, hluthafa, stjórnarmanna í framkvæmdastjórn eða eftirlitsaðila eða kröfur um að þjónustuveitandi, starfsmenn hans, hluthafar, stjórnarmenn í framkvæmdastjórn eða eftirlitsaðilar þjónustuveitanda séu búsettir á Íslandi.

Óheimilt er skv. 2. tölul. að banna þjónustuveitanda að hafa starfsstöð í fleiri en einu EES-ríki eða vera færður í skrár eða skráður í fagfélag eða fagsamtök í fleiri en einu EES-ríki.

Í 3. tölul. segir að óheimilt sé að takmarka frelsi þjónustuveitanda til að velja á milli aðalstarfsstöðvar eða aukastarfsstöðvar og er þá einkum átt við skilyrði um að þjónustuveitandi hafi aðalstarfsstöð á yfirráðasvæði leyfisveitanda. Að sama skapi er óheimilt að takmarka frelsi þjónustuveitanda til að velja á milli þess að hafa starfsstöð í formi umboðs, útibús eða dótturfélags.

Samkvæmt 4. tölul. eru skilyrði sem kveða á um gagnkvæmni óheimil að undanþegnum skilyrðum sem kveðið er á um í gerðum EES-samningsins um orku. Skilyrðin mega því ekki vera þannig úr garði gerð að þau kveði á um að EES-ríki þar sem þjónustuveitandi er með staðfestu komi fram við íslenskan þjónustuveitanda með sama hætti og komið er fram við þjónustuveitanda frá því EES-ríki á Íslandi.

Óheimilt er skv. 5. tölul. að krefjast þess að í hverju tilfelli fyrir sig fari fram mat á því hvort vöntun sé á þjónustu á ákveðnum markaði, hver séu efnahagsleg áhrif þjónustunnar eða hvort þjónustan samræmist hagrænum áætlunum stjórnvalda. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði ef áætlanir stjórnvalda réttlætast af nauðsynlegum almannahagsmunum. Bakgrunnur ákvæðisins er sá að í nokkrum aðildarríkjum EES-svæðisins hefur verið að finna skilyrði sem þessi sem seinka eða koma jafnvel alveg í veg fyrir að þjónustuveitandi geti sótt á nýjan markað.

Í 6. tölul. segir að óheimilt sé að samkeppnisaðili þjónustuveitanda eigi aðild að ákvarðanatöku stjórnvalda í einstökum málum enda gengur það gegn því markmiði að tryggja að leyfisveitingar séu hlutlausar og gagnsæjar og getur jafnvel hindrað algjörlega innkomu nýrra þjónustuveitanda. Ákvæðið kemur þó ekki í veg fyrir að samkeppnisaðilar geti verið almennt ráðgefandi svo framarlega sem það er ekki í einstökum málum. Það kemur ekki heldur í veg

fyrir að fagfélög eða fagsamtök taki ákvarðanir í einstökum málum ef þau eru í hlutverki lögbærs yfirvalds.

Samkvæmt 7. tölul. er óheimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi tryggi sig hjá íslensku tryggingafélagi eða leggja fram tryggingu frá aðila er starfar á Íslandi. Slík skilyrði geta hæglega leitt til þess að þjónustuveitandi sé með tvöfalda tryggingu ásamt því að mismuna fjármálastofnunum eða vátryggjendum eftir staðfestu. Rétt er þó að taka fram að í lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, er að finna reglur um hvaða skilyrði vátryggingafélög þurfa að uppfylla til að mega veita þjónustu á Íslandi og er með þessum lögum ekki verið að hrófla við þeim reglum. Ákvæðið kemur hins vegar ekki í veg fyrir að hægt sé að krefjast þess að þjónustuveitandi sé tryggður fyrir ákveðnum atriðum svo framarlega sem hann er ekki nú þegar með viðeigandi tryggingar. Eins kemur ákvæðið ekki í veg fyrir að þjónustuveitendum sé gert að greiða í sameiginlega bótasjóði sem fagsamtök, fagfélög eða aðrar fagstofnanir koma á fót.

Óheimilt er skv. 8. tölul. að gera kröfu um að þjónustuveitandi hafi verið forskráður í tiltekinn tíma í skrár á Íslandi eða hafi áður stundað starfsemina í tiltekinn tíma á Íslandi.

Um 12. gr.

Ákvæði IV. kafla laganna gilda þegar þjónustuveitendur með staðfestu í öðru EES-ríki vilja veita þjónustu á Íslandi án staðfestu. Til að ákvarða hvaða reglur gilda um þjónustuveitanda er því lykilatriði að skilgreina hvort um staðfestu þjónustuveitanda er að ræða en hugtakið „staðfesta“ er skilgreint í 4. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er fjallað um frelsið til að veita þjónustu án staðfestu á Íslandi. Með greininni er 16. gr. tilskipunarinnar innleidd en hún er einn af hornsteinum hennar. Ákvæði 1. mgr. kveður á um að þjónustuveitandi með staðfestu í öðru EES-ríki eigi rétt á að veita þjónustu án staðfestu á Íslandi.

Samkvæmt 2. gr. er óheimilt að setja sérstök skilyrði fyrir veitingu þjónustu án staðfestu nema það sé nauðsynlegt með vísan til allsherjarreglu, almannaöryggis, lýðheilsu eða umhverfisverndar. Lögbærum yfirvöldum á Íslandi er því óheimilt að leggja skyldur á þjónustuveitendur nema hægt sé að rökstyðja þær með vísan til fyrrgreindra sjónarmiða. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir að lögbær yfirvöld á Íslandi geti látið ákveðin skilyrði gilda um þjónustuveitendur sem hafa staðfestu á Íslandi þó að þeim sé ekki heimilt að láta þau gilda um þjónustuveitendur sem veita þjónustu án staðfestu.

Í 3. mgr. segir að óheimilt sé að setja skilyrði fyrir þjónustuveitingu án staðfestu sem leiða til beinnar eða óbeinnar mismununar á grundvelli þjóðernis eða staðfestu. Þau skilyrði sem þjónustuveitanda er gert að uppfylla til að mega veita þjónustu án staðfestu á Íslandi skulu ekki vera strangari en nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Þannig er alltaf óheimilt að setja skilyrði sem leiða til mismununar þrátt fyrir að það tengist undanteknigunum sem kveðið er á um í 1. mgr. Lokaprófið á það hvort heimilt er að leggja ákveðið skilyrði á þjónustuveitanda sem veitir þjónustu án staðfestu er svo meðalhófið. Ef skilyrðið er ekki til þess fallið að ná einhverju af þeim markmiðum sem vísað er til í 1. mgr. er það ekki réttlætanlegt. Í því sambandi getur jafnvel þurft að meta hvort skilyrði sem gilda um þjónustuveitandi í öðru EES-ríki eru til þess fallinn að ná því markmiði sem stefnt er að. Mat á nauðsyn getur því oft þurft að fara fram í hverju tilfelli fyrir sig.

Í 4. mgr. eru talin upp í sjö liðum skilyrði sem óheimilt er að setja fyrir því að þjónustuveitandi geti veitt þjónustu án staðfestu á Íslandi og er verið að innleiða 2. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt 1. tölul. er óheimilt að gera kröfu um að þjónustuveitandi hafi starfsstöð á Íslandi enda kæmi skilyrði sem þetta eðli málsins samkvæmt í veg fyrir að hægt væri að veita þjónustu án staðfestu á Íslandi líkt og kveðið er á um í 1. mgr.

Í 2. tölul. segir að óheimilt sé að gera kröfu um að þjónustuveitandi þurfi að sækja um leyfi til að veita þjónustu nema kveðið sé á um undantekningu frá því í þessum lögum eða öðrum lögum sem ganga þessum lögum framar. Á það meðal annars við um skilyrði sem kveða á um að þjónustuveitandi verði að skrá sig í opinberar skrár eða skrár fagfélaga eða fagsamtaka.

Skilyrði er að leggja bann við því að þjónustuveitandi setji á fót tiltekna starfsemi sem hann þarfnast til að geta veitt þjónustu eru óheimilt skv. 3. tölul. Ástæðan er sú að þrátt fyrir að þjónustuveitandi veiti þjónustu án staðfestu getur hann þurft að hafa einhverja aðstöðu á Íslandi líkt og t.d. skrifstofu eða geymslu.

Bannað er að setja skilyrði sem kveður á um sérstakt samningsbundið fyrirkomulag milli þjónustuveitanda og viðtakanda sem kemur í veg fyrir eða takmarkar að sjálfstætt starfandi aðili geti veitt þjónustu, sbr. 4. tölul. Þetta á t.d. við ef kveðið er á um að ákveðna þjónustu sé ekki hægt að veita sem sjálfstætt starfandi aðili heldur einungis í tengslum við ráðningarsamband.

Samkvæmt 5. tölul. er óheimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi hafi undir höndum vottorð frá lögbærum yfirvöldum um hæfi til að stunda þjónustustarfsemi en slík skilyrði geta flækt og valdið töfum á aðgengi þjónustuveitanda að því að veita þjónustu.

Óheimilt er að kveða á um skilyrði sem hafa áhrif á notkun búnaðar og tækja sem eru óaðskiljanlegur hluti þjónustunnar nema þau séu nauðsynleg vegna heilbrigðis og öryggis á vinnustað. Er hér m.a. átt við hvers konar verkfæri, vélar, vinnufatnað o.s.frv. Ákvæðið á hins vegar ekki við efni sem þjónustuveitandi þarf á að halda til að veita þjónustu. Ákvæðið hefur ekki heldur áhrif á rétt lögbærra yfirvalda til að kveða á um skilyrði sem eru nauðsynleg vegna heilbrigðs og öryggis á vinnustöðum.

Samkvæmt 7. tölul. er óheimilt að kveða á um skilyrði sem mismuna viðtakendum þjónustu á grundvelli þjóðernis eða búsetu, sbr. 14. gr. frumvarps þessa. Ástæðan er sú að kvaðir sem settar eru á hugsanlega viðtakendur þjónustu geta falið í sér óbeina hindrun á rétti þjónustuveitanda til að veita þjónustu án staðfestu. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 14. gr. frumvarpsins.

Rétt þykir að taka af öll tvímæli með það að þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. hafi greinin ekki áhrif á rétt lögbærs yfirvalds til að beita reglum sem kveðið er á um í kjarasamningum og er það tekið fram í 5. mgr. greinarinnar.

Eins og áður sagði er með 13. gr. verið að innleiða 16. gr. tilskipunarinnar. Í 17. gr. tilskipunarinnar er hins vegar að finna upptalningu á hinum ýmsu gerðum Evrópusambandsins sem og ýmiss konar þjónustu sem undanþegin er gildissviði IV. kafla frumvarpsins. Því er í 6. mgr. gert ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að kveða á um almennar undanþágur frá skilyrðum greinarinnar í reglugerð.

Um 14. gr.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar er lögbæru yfirvaldi, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., heimilt í undantekningartilfellum að grípa til sérstakra ráðstafana gagnvart þjónustuveitanda sem

hyggst veita þjónustu án staðfestu á Íslandi ef ráðstafanirnar eru gerðar til að tryggja öryggi þjónustu. Einungis er heimilt að nýta þessa undanþágu í sérstökum tilfellum er snúa að afmarkaðri þjónustu ákveðins þjónustuveitanda. Óheimilt er að nota ákvæði greinarinnar til að víkja almennt frá ákvæðum 13. gr. á ákveðnum þjónustusviðum eða með vísan til ákveðinnar tegundar þjónustuveitenda.

Samkvæmt 2. mgr. er lögbæru yfirvaldi einungis heimilt að grípa til ráðstafana í samræmi við 1. mgr. eftir að hafa leitað aðstoðar hjá lögbæru yfirvaldi í viðeigandi EES-ríki, sbr. ákvæði reglna er ráðherra setur og lúta að samvinnu stjórnvalda EES-ríkjanna vegna þjónustuviðskipta. Um frekari upplýsingar um reglurnar vísast til almennra athugasemda við 21. gr. Ákvæðið hefur það í för með sér að það er einungis heimilt að beita undanþágu 1. mgr. ef öryggi þjónustu er ógnað og ef ekki er hægt að vinna bót á því með aðstoð frá staðfestuaðildarríki þjónustuveitanda. Þau skilyrði sem lögbær yfirvöld á Íslandi setja verða að vera betur til þess fallin að tryggja öryggi þjónustu heldur en þau skilyrði sem staðfestuaðildarríkið hefur gripið til. Með þessari grein er 18. gr. þjónustutilskipunarinnar innleidd.

Um 15. gr.

Samkvæmt 15. gr. er óheimilt að mismuna viðtakendum þjónustu á grundvelli þjóðernis eða búsetu og þjónustuveitanda er óheimilt að setja í þjónustuskilmála sína skilyrði er mismuna viðtakendum þjónustu á þeim grundvelli. Í undantekningartilfellum er heimilt að setja mismunandi skilyrði fyrir aðgengi að þjónustu ef mismunurinn er rökstuddur beint með hlutlægum viðmiðum. Er hér verið að innleiða 19. og 20. gr. tilskipunarinnar. Til að ná frjálsu flæði þjónustu á innri markaðnum er ekki einungis nauðsynlegt að tryggja þjónustuveitendum rétt til að veita þjónustu án staðfestu heldur er einnig nauðsynlegt að tryggja að viðtakendur þjónustu geti nýtt sér rétt sinn óháð staðfestu þeirra eða þjónustuveitenda. Ákvæðið útilokar hins vegar ekki með öllu að mismunandi reglur geti gilt um viðtakendur þjónustu eftir því hvar þeir eru með staðfestu. Eins kemur ákvæðið ekki í veg fyrir að þjónustuveitandi mismuni viðtakendum eftir búsetu ef það byggist á viðskiptalegum forsendum, t.d. að þjónustan sé dýrari eftir því sem fjarlægð frá þjónustuveitanda eykst. Ákvæðið gildir um alla viðtakendur þjónustu en hugtakið er skilgreint í 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. eru taldar upp þær upplýsingar sem viðtakendur þjónustu, hvort sem þeir eru neytendur eða þjónustuveitendur, eiga að geta nálgast á Íslandi og er hér innleidd 21. gr. tilskipunarinnar. Tilgangurinn er sá að viðtakendur þjónustu geti auðveldlega valið sér þjónustuveitanda óháð staðfestu hans en skortur á upplýsingum gerir það að verkum að neytandi á erfitt með að bera saman kjör mismunandi þjónustuveitenda og veigrar sér jafnvel við því að leita til þjónustuveitenda sem ekki eru með staðfestu í sama ríki.

Samkvæmt 1. tölul. eiga viðtakendur að geta nálgast almennar upplýsingar um kröfur sem gilda í öðrum EES-ríkjum varðandi aðgang að þjónustustarfsemi og því að stunda hana, einkum varðandi vernd neytenda. Ákvæði 2. tölul. kveður á um að almennar upplýsingar um tiltækar leiðir til að leggja fram kvartanir komi upp ágreiningur milli þjónustuveitanda og viðtakanda eigi að vera aðgengilegar viðtakendum og skv. 3. tölul. verður viðtakandi að geta fengið upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við samtök eða stofnanir, þ.m.t. evrópsku neytendaaðstoðina þar sem þjónustuveitendur eða viðtakendur geta fengið hagnýta aðstoð.

Samkvæmt 2. mgr. eiga upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum að fela í sér einfaldar leiðbeiningar um hvert skref fyrir sig og skulu þær vera uppfærðar og aðgengilegar með rafrænum hætti.

Megininntak greinarinnar er að viðtakandi á að geta fengið almennar upplýsingar en ákvæðið felur ekki í sér að lögbær yfirvöld verði að veita sértæka ítarlega aðstoð í einstökum málum. Samvinna lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna er lykilatriði en nánar er kveðið á um þá samvinnu í reglum sem ráðherra setur, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Ákvæðið leggur ekki heldur þær skyldur á lögbær yfirvöld að hafa allar fyrrgreindar upplýsingar til reiðu heldur verða þau að geta aflað þeirra ef viðtakandi svo óskar.

Um 17. gr.

Í 17. gr. er fjallað um þær upplýsingar sem þjónustuveitendum er skylt að hafa tiltækar fyrir viðtakendur. Í mörgum tilfellum hafa viðtakendur þjónustu ekki nægar upplýsingar um þjónustuveitendur og þjónustu þeirra. Þessari grein er ætlað að auka möguleika viðtakenda á því að nálgast nauðsynlegar upplýsingar án þess að leggja of þungar byrðar á þjónustuveitendur. Með greininni er verið að innleiða 22. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Í 1. mgr. eru í tíu liðum taldar upp þær upplýsingar sem þurfa alltaf að vera aðgengilegar fyrir viðtakendur þjónustu, þ.e. upplýsingar um nafn, réttarstöðu, rekstrarform, heimilisfang og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hafa samband við þjónustuveitanda, sbr. 1. tölul., upplýsingar um skrár sem þjónustuveitandi er skráður í sem og upplýsingar um skráningarnúmer eða annað auðkenni þjónustuveitanda í skránni, sbr. 2. tölul., upplýsingar um viðeigandi lögbær yfirvöld ef starfsemin er háð leyfum, sbr. 3. tölul., virðisaukanúmer, sbr. 4. tölul., í tilfelli lögverndaðra starfsgreina öll fagfélög þar sem þjónustuveitandi er skráður, starfsheiti og EES-ríki þar sem starfsheitið er veitt, sbr. 5. tölul., staðlaða samningsskilmála sem þjónustuveitandi notar, þ.m.t. samningsskilmála er varða lög sem gilda um samninginn og þar til bæra dómstóla, sbr. 6. tölul., tilvist ábyrgðar á þjónustu eftir sölu, umfram lögbundna ábyrgð, sbr. 7. tölul., fyrirframákveðið verð, sbr. 8. tölul., helstu þætti þjónustunnar, sbr. 9. tölul., og starfsábyrgðartryggingar og ábyrgðir, hvernig hægt er að ná sambandi við vátryggjanda eða ábyrgðarmann og við hvaða svæði tryggingarnar eða ábyrgðirnar eru bundnar, sbr. 10. tölul. Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki frekari skýringa.

Samkvæmt 2. mgr. skulu upplýsingar skv. 1. mgr. koma fram í öllum upplýsingaskjölum sem þjónustuveitandi afhendir viðtakanda þar sem sett er fram nákvæm lýsing á þjónustunni. Þær skulu einnig vera aðgengilegar viðtakanda með rafrænum hætti og þar sem þjónustan er veitt. Að öðru leyti er þjónustuveitanda í sjálfsvald sett hvernig hann kemur upplýsingunum á framfæri.

Samkvæmt 3. mgr. ber þjónustuveitanda að leggja fram þær upplýsingar sem taldar eru upp í 1.–5. tölul. 3. mgr. til viðbótar þeim sem um getur í 1. mgr. ef viðtakandi óskar eftir því. Er hér um að ræða upplýsingar um verð eða þá aðferð sem notuð er til að reikna út verð ef þjónustuveitandi getur ekki gefið verðið upp fyrir fram, sbr. 1. tölul., starfsreglur sem gilda um þjónustuveitanda í staðfestuaðildarríki hans, sé um lögverndaðar starfsgreinar að ræða, sbr. 2. tölul., upplýsingar um þverfaglega starfsemi og samstarf þjónustuveitenda sem tengist viðkomandi þjónustu og til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, sbr. 3. tölul., allar siðareglur starfsstétta sem þjónustuveitandi er bundinn af, hvar þær er að finna með rafrænum hætti og á hvaða tungumáli þær eru tiltækar, sbr. 4. tölul., og upplýsingar um þær einkaréttarlegu úrlausnarleiðir í ágreiningsmálum sem tiltækar

eru, hvað einkenni slíkar leiðir og hver séu skilyrði þess að nota slíkar aðferðir, sbr. 5. tölul. Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki frekari skýringa.

Í 4. mgr. segir að upplýsingarnar sem kveðið er á um í greininni skuli liggja fyrir áður en samningur er gerður. Ef ekki er um formlegan samning að ræða skulu þær liggja fyrir innan hæfilegs tíma áður en þjónustan er veitt.

5. mgr. kveður svo á um að þjónustuveitandi skuli svara beiðni viðtakanda þjónustu um upplýsingar eða kvörtun svo fljótt sem auðið er og leggja sig fram um að finna viðeigandi lausn fyrir viðtakanda þjónustu. Er hér innleidd 1. mgr. 27. gr. tilskipunarinnar.

Um 18. gr.

Samkvæmt greininni er óheimilt er að krefjast þess að þjónustuveitandi afli sér starfsábyrgðartryggingar eða annars konar ábyrgðar á Íslandi ef þjónustuveitandinn er þegar með ábyrgð eða vátryggingu gefna út af lánastofnun eða vátryggjanda sem hefur starfsleyfi í öðru EES-ríki, og hefur heimild til að veita þjónustu hér á landi í samræmi við lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, sem er jafngild eða í meginatriðum sambærileg við þá tryggingu sem krafist er. Ef tryggingin eða ábyrgðin er aðeins sambærileg að hluta er heimilt að krefjast viðbótartryggingar vegna þeirra þátta sem ekki falla undir fyrirliggjandi tryggingu. Með greininni er verið að innleiða 23. gr. þjónustutilskipunarinnar. Lögbært yfirvald verður að leggja mat á það hvort tryggingin eða ábyrgðin telst jafngild eða í meginatriðum sambærileg í ljósi tilgangs og skilmála tryggingarinnar.

Um 19. gr.

Samkvæmt greininni er óheimilt að kveða á um allsherjarbann við markaðssetningu lögverndaðra starfsstétta. Hugtakið „markaðssetning“ er skilgreint í 11. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Bann við allsherjarmarkaðssetningu kemur hins vegar ekki í veg fyrir að settar séu reglur t.d. um innihald og skilyrði auglýsinga og annarrar markaðssetningar. Þá er heimilt að kveða á um bann við markaðssetningu vegna brýnna almannahagsmuna svo fremi að gætt sé jafnræðis og meðalhófs. Er hér innleidd 24. gr. tilskipunarinnar.

Um 20. gr.

Ákvæði 1. mgr. kveður á um að þjónustuveitandi hafi rétt á að stunda þverfaglega starfsemi sjálfur og í samstarfi með öðrum en takmörkun á þessum rétti getur takmarkað framboð þjónustu og hindrað þróun nýrrar þjónustustarfsemi. Hugtakið „þverfaglega starfsemi“ er skilgreint í 10. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Þá segir einnig í greininni að í slíkum tilfellum skuli tryggja að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra, að ekki leiki vafi á sjálfstæði og óhlutdrægni hverrar starfsemi fyrir sig og að reglur viðeigandi starfsstétta stangist ekki á, sérstaklega hvað varðar þagnarskyldu.

Þá segir í 2. mgr. að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sé heimilt að takmarka annars vegar þverfaglega starfsemi lögverndaðra starfsstétta, til að tryggja að farið sé að reglum um siðferðilega breytni starfsstétta og til að tryggja sjálfstæði og óhlutdrægni, sbr. 1. tölul., og hins vegar þjónustuveitenda sem veita þjónustu á sviði vottunar, faggildingar, tæknilegs eftirlits, prófana eða tilrauna, til að tryggja sjálfstæði þeirra og óhlutdrægni, sbr. 2. tölul. Gildir ákvæðið óháð því hvort hindranirnar er að finna í lögum eða reglum settum af stjórnvöldum, sveitarfélögum eða fagfélögum, fagsamtökum eða öðrum fagstofnunum.

Um 21. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skulu íslensk stjórnvöld eiga samstarf við stjórnvöld annarra EES-ríkja um eftirlit með þjónustuveitendum og miðlun upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að tryggja frjálst flæði þjónustu. Til að markmið tilskipunarinnar um aukið flæði þjónustu með afnámi hindrana og einföldun ferla náist er afar mikilvægt að aðildarríkin eigi með sér gott samstarf. Samvinna stjórnvalda er einnig afar mikilvæg til að tryggja nægjanlegt eftirlit með þjónustuveitendum, sérstaklega þegar um er að ræða að þjónusta sé veitt án staðfestu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að stjórnvöld er hafi með höndum leyfisveitingar eða eftirlit með þjónustuveitendum hafa heimild til að miðla nauðsynlegum upplýsingum í gegnum sérstakt evrópskt upplýsingakerfi (Internal Market Information system). Með sama hætti er stjórnvöldum heimilt að taka við upplýsingum úr slíku kerfi og varðveita þær í skrá. Miðlun með öðrum hætti er óheimil.

Samkvæmt 3. mgr. setur ráðherra nánari reglur um samvinnu stjórnvalda á EES-svæðinu á sviði stjórnsýslu í tengslum við lög þessi. Tilskipunin hefur að geyma ítarlegar reglur um samvinnu stjórnvalda sem betur eiga heima í reglugerð en lögum.

Um 22. og 23. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innleidd verði í íslenskan rétt efnisákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/123 um þjónustu á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Tilgangur frumvarpsins er að greiða fyrir frjálsum þjónustuviðskiptum og tryggja jafnræði þeirra sem veita þjónustu innan EES. Gildissvið frumvarpsins er víðtækt en þó eru mörg stór þjónustusvið undanskilin gildissviði þess, svo sem heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og fjármálaþjónusta. Í frumvarpinu er kveðið á um í hvaða tilfellum heimilt er að láta aðgang að því að veita þjónustu vera háðan leyfum og hvaða skilyrði óheimilt er að setja fyrir veitingu leyfa. Þá skulu gilda mismunandi reglur eftir því hvort þjónustuveitandi hyggst veita þjónustu með eða án staðfestu í landinu. Gert er ráð fyrir að þjónustuveitendur geti sótt um leyfi til að stunda starfsemi sína á Íslandi með rafrænum hætti og fengið svör frá lögbærum aðilum með sama hætti. Í því sambandi hefur forsætisráðuneytið ásamt efnahags- og viðskiptaráðuneytinu unnið að uppsetningu vefsvæðis (upplýsinga- og þjónustuveitu) þar sem þjónustuveitendur eiga að geta sótt um viðeigandi leyfi með rafrænum hætti en sú vinna er hluti af verkefninu island.is.

Gert er ráð fyrir að 40% stöðugildi þurfi til að sinna upplýsingaskyldu vegna þjónustutilskipunarinnar í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og að árlegur kostnaður vegna þess verði 4,6 m.kr. Hjá forsætisráðuneytinu er gert ráð fyrir að við innleiðingu þjónustutilskipunarinnar þurfi 50% stöðugildi til þess að viðhalda þjónustuveitunni og, hanna, setja upp og

skipuleggja nýtt vefsvæði auk aðkeyptrar þjónustu vegna þýðingarvinnu við að koma upp gagnvirkum eyðublöðum á ensku til viðbótar þeim íslensku. Áætlað er að árlegur kostnaður vegna þessa verði samtals um 9,5 m.kr. Að auki er hjá forsætisráðuneytinu gert ráð fyrir að á árinu 2011 muni koma til kostnaður við tæknilega þróun og notkun rafrænna skilríkja milli landa. Um kostnað vegna þess verkefnis ríkir mikil óvissa en áætlað er að hann geti numið um 10 m.kr. og falli til á árinu 2011.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs kunni að aukast um 24 m.kr. á árinu 2011 miðað við þessi áform ráðuneytanna en þar af eru um 10 m.kr. tímabundin framlög. Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 en þar er settur bindandi útgjaldarammi á nafnvirði fyrir ríkið í heild á árinu 2011.

1142. Fyrirspurn [646. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um málefni fjármálafyrirtækja og skilanefnda.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Hvaða viðskiptabankar, sparisjóðir og fjárfestingarbankar:
   a. eru að störfum í landinu,
   b. hafa hætt störfum frá því í byrjun árs 2008?
2. Hve margir starfa hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og fjárfestingarbönkum?
3. Hve margir starfa hjá skilanefndum fjármálafyrirtækja?
4. Hve margir störfuðu hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og fjárfestingarbönkum á árinu 2007?
5. Hverjar voru heildareignir 10 stærstu fjármálafyrirtækjanna:
   a. á árinu 2007,
   b. í lok árs 2010?
6. Hverjar voru heildareignir þeirra fjármálafyrirtækja sem voru í slitameðferð í lok árs 2010?
7. Hvenær er áætlað að slitameðferð ljúki hjá einstökum fjármálafyrirtækjum og með hvaða hætti?
8. Hver er afstaða íslenska ríkisins sem kröfuhafa í þrotabú fjármálafyrirtækja til þess að leitað sé nauðasamninga til að ljúka slitum fjármálafyrirtækja?
9. Telur ráðherra að það muni flýta fyrir endurreisn íslenska fjármálakerfisins að slitameðferð ljúki með nauðasamningum, í stað þess að lok slitameðferðar verði við greiðslu allra viðurkenndra krafna eða skv. 2. mgr. 103. gr. a laga um fjármálafyrirtæki?
10. Með hvaða hætti er hlutleysi tryggt og hagsmunaárekstur fyrirbyggður í störfum slita- og skilanefnda?
11. Hver er kostnaður hvers og eins þrotabús fjármálafyrirtækjanna:
    a. við starf hvers og eins skilanefndarmanns,

b. vegna þjónustu hvers og eins fyrirtækis sem skilanefndarmaður starfar fyrir eða starfar hjá?

Skriflegt svar óskast.

1143. Lög [136. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (fjarskiptaáætlun, stjórnun og úthlutun tíðna o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 28. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 1051.

1144. Lög [303. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (reglugerðarheimild).

(Afgreidd frá Alþingi 28. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 357.

1145. Lög [378. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1996, um mannanöfn, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 1052.

1146. Lög [433. mál]

um útflutning hrossa.

(Afgreidd frá Alþingi 28. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 1050.

1147. Lög [547. mál]

um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. mars 2011.)

Samhljóða þskj. 1049.

1148. Þingsályktun [337. mál]

um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða.

(Afgreidd frá Alþingi 28. mars 2011.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, að höfðu samráði við Alþingi, að fylgja eftirfarandi meginstefnu í málefnum norðurslóða sem miðar að því að tryggja hagsmuni Íslands með tilliti til áhrifa loftslagsbreytinga, umhverfis- og auðlindamála, siglinga og samfélagsþróunar auk þess að efla tengsl og samstarf við önnur ríki og hagsmunaaðila um málefni svæðisins.

Stefnan um norðurslóðir feli í sér eftirfarandi tólf meginþætti:

1. Að efla og styrkja Norðurskautsráðið sem mikilvægasta samráðsvettvanginn um málefni norðurslóða og vinna að því að alþjóðlegar ákvarðanir um málefni norðurslóða séu teknar þar.
2. Að tryggja stöðu Íslands sem strandríkis innan norðurskautssvæðisins hvað varðar áhrif á þróun og alþjóðlegar ákvarðanir um málefni svæðisins á grundvelli lagalegra, efnahagslegra, vistfræðilegra og landfræðilegra raka. Í því efni verði m.a. byggt á þeirri staðreynd að þar sem norðurhluti efnahagslögsögu Íslands er innan norðurskautssvæðisins og nær til Grænlandshafs við Norður-Íshafið á Ísland bæði land og rétt til hafsvæða norðan heimskautsbaugs. Samhliða skal ríkisstjórnin hafa forgöngu um að þróa í samvinnu við viðeigandi stofnanir þau rök sem styðja þetta markmið.
3. Að efla skilning á því að norðurslóðir ná bæði yfir norðurskautið og þann hluta af Norður-Atlantshafssvæðinu sem er nátengdur því. Ekki ber að einblína á þrönga landfræðilega skilgreiningu heldur líta á norðurslóðir sem víðtækt svæði í vistfræðilegum, efnahagslegum, pólitískum og öryggistengdum skilningi.
4. Að byggja á hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna við úrlausn álitaefna sem upp kunna að koma í tengslum við norðurslóðir. Hafréttarsamningurinn myndar lagalegan ramma um málefni hafsins og hefur m.a. að geyma ákvæði um siglingar, fiskveiðar, nýtingu olíu, gass og annarra auðlinda landgrunnsins, afmörkun hafsvæða, varnir gegn mengun hafsins, hafrannsóknir og lausn deilumála sem gilda um öll hafsvæði, m.a. á norðurslóðum.
5. Að styrkja og auka samstarf við Færeyjar og Grænland með það fyrir augum að efla hag og pólitískt vægi landanna þriggja.
6. Að styðja réttindi frumbyggja á norðurslóðum í nánu samstarfi við samtök þeirra og styðja beina aðild þeirra að ákvörðunum um málefni svæðisins.

7. Að byggja á samningum og stuðla að samstarfi við önnur ríki og hagsmunaaðila um málefni er varða hagsmuni Íslands á norðurslóðum.

1149. Tillaga til þingsályktunar [647. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010, frá 2. júlí 2010, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 um breytingar á tilskipunum 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2007/64/EB að því er varðar banka sem tengjast miðlægum stofnunum, tiltekna þætti eigin fjár, stórar áhættuskuldbindingar, fyrirkomulag eftirlits og krísustjórnun.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010, frá 2. júlí 2010, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 um breytingar á tilskipunum 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2007/64/EB að því er varðar banka sem tengjast miðlægum stofnunum, tiltekna þætti eigin fjár, stórar áhættuskuldbindingar, fyrirkomulag eftirlits og krísustjórnun.

Meginmarkmiðin með þeim breytingum sem gerðar eru með tilskipun 2009/111/EB á þeim tilskipunum sem hún breytir er að takmarka það hversu mikla áhættu fyrirtæki geta tekið að því er varðar einn aðila (e. large exposures) og bæta áhættu- og krísustjórnun, sem og að efla eftirlit og samvinnu eftirlitsaðila yfir landamæri.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt drögum að þýðingu á gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt sam-

þykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áðurnefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á lagabreytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 um breytingar á tilskipunum 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2007/64/EB að því er varðar banka sem tengjast miðlægum stofnunum, tiltekna þætti eigin fjár, stórar áhættuskuldbindingar, fyrirkomulag eftirlits og krísustjórnun.

Meginmarkmiðin með þeim breytingum sem gerðar eru með tilskipun 2009/111/EB á þeim tilskipunum sem hún breytir er sem áður segir að takmarka það hversu mikla áhættu fyrirtæki geta tekið að því er varðar einn aðila (e. large exposures) og bæta áhættu- og krísustjórnun, sem og að efla eftirlit og samvinnu eftirlitsaðila yfir landamæri.

Tilskipunin setur m.a. ramma um blendingsfjármálagerninga (e. hybrid capital instruments) og stöðu þeirra við útreikning á eigin fé fjármálafyrirtækja. Jafnframt setur hún ramma um hvað telja megi til eigin fjár fjármálafyrirtækja að teknu tilliti til mismunandi félagaforms þeirra.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Tilskipunin krefst breytinga á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en frumvarp til breytinga á lögunum verður lagt fram nú á vorþingi. Frumvarp til nýrra laga um greiðsluþjónustu, sem verður lagt fram nú á vorþingi, inniheldur einnig ákvæði sem er ætlað að innleiða ákvæði tilskipunarinnar um breytingar á tilskipun 2007/64/EB. Að auki krefst tilskipunin að líkindum breytinga á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, en ekki liggur enn þá fyrir hvenær frumvarp til breytinga á þeim lögum verður lagt fram.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2010

frá 2. júlí 2010

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010 frá 30. apríl 2010 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 um breytingar á tilskipunum 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2007/64/EB að því er varðar banka sem tengjast miðlægum stofnunum, tiltekna þætti eigin fjár, stórar áhættur, fyrirkomulag eftirlits og áhættustjórnun ([2]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði IX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) og 31. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB):

   „– **32009 L 0111:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 97).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 16e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB):

   „eins og henni var breytt með:

   – **32009 L 0111:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 97).“

([1]) Stjtíð. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 18, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 35, 15.7.2010, bls. 23.
([2]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 97.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/111/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]) eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2008 frá 6. júní 2008 ([3]) eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008 frá 7. nóvember 2008 ([4]), hvað sem síðast varð.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

([3]) Stjtíð. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 27, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 9.

([4]) Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 103, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 11.

Fylgiskjal II.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/111/EB

frá 16. september 2009

um breytingar á tilskipunum 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2007/64/EB að því er varðar banka sem tengjast miðlægum stofnunum, tiltekna þætti eigin fjár, stórar áhættuskuldbindingar, fyrirkomulag eftirlits og krísustjórnun

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([2]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við ályktanir leiðtogaráðsins og Efnahags- og fjármálaráðsins og alþjóðleg framtaksverkefni, s.s. fund samtaka tuttugu fjármálaráðherra og seðlabankastjóra (G20) hinn 2. apríl 2009, felur tilskipun þessi í sér fyrsta mikilvæga skrefið til að vinna bug á þeim ágöllum, sem fjármálakreppan leiddi í ljós, á undan frekari framtaksverkefnum sem framkvæmdastjórnin tilkynnti um og fram koma í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 4. mars 2009 undir yfirskriftinni „Drifkraftur efnahagsbata Evrópu“.

2) Skv. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ([4]) er aðildarríkjum heimilað að innleiða sérstaka varfærniskipan fyrir lánastofnanir, sem eru varanlega tengdar aðalstofnun, frá 15. desember 1977, að því tilskildu að sú skipan hafi verið innleidd í landslög fyrir 15. desember 1979. Þessi tímamörk koma í veg fyrir að aðildarríki, einkum þau sem gerðust aðilar að Evrópusambandinu eftir 1980, innleiði eða viðhaldi sérstakri skipan af þessu tagi að því er varðar sambærilega tengdar lánastofnanir sem var komið á fót á þeirra yfirráðasvæðum. Því er rétt að afnema tímamörkin, sem sett eru fram í 3. gr. þeirrar tilskipunar, til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði lánastofnana innan aðildarríkjanna. Evrópska bankaeftirlitsnefndin skal leggja fram leiðbeiningar til þess að bæta samleitni eftirlitsaðferða hvað þetta varðar.

3) Blandaðir fjármálagerningar eru mikilvægur þáttur í stýringu á bindingu fjármagns vegna starfsemi lánastofnana. Með þessum gerningum getur fjármagnsuppbygging lánastofnana orðið fjölbreytilegri og þær ná til breiðs hóps fjárfesta. Hinn 28. október 1998 samþykkti Basel-nefndin um bankaeftirlit samning um hæfisviðmiðanir og takmörkun á hlut tiltekinna blandaðra fjármálagerninga í upphaflegu eigin fé lánastofnana.

4) Þess vegna er mikilvægt að mæla fyrir um viðmiðanir varðandi þá fjármálagerninga sem eru fullnægjandi fyrir upphaflegt eigið fé lánastofnana og aðlaga ákvæði tilskipunar 2006/48/EB að þessum samningi. Breytingarnar á XII. viðauka við tilskipun 2006/48/EB eru bein afleiðing þess að þessar viðmiðanir voru settar. Upphaflegt eigið fé, sem um getur í a-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB, skal fela í sér alla gerninga sem samkvæmt landslögum teljast eigið fé, eru jafngildir almennum hlutum við félagsslit og bera tap að öllu leyti í sama mæli

([1]) Álit frá 24. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).
([2]) Stjtíð. ESB C 93, 22.4 2009, bls. 3.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 6. maí 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 27. júlí 2009.
([4]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

og almennir hlutir á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis. Það skal vera mögulegt að þessir gerningar feli í sér gerninga sem veita forgangsarðgreiðslu á óuppsöfnuðum grunni, að því tilskildu að þeir falli undir 22. gr. tilskipunar ráðsins 86/635/ESB frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ([1]), þeir séu jafngildir almennum hlutum við félagsslit og beri tap að fullu á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í sama mæli og almennir hlutir. Upphaflegt eigið fé, sem um getur í a-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB, skal einnig fela í sér alla aðra gerninga, sem samkvæmt lögboðnum skilmálum lánastofnunar með tilliti til sérstaks stjórnskipulags gagnkvæmra félaga, samvinnufélaga og svipaðra stofnana, eru álitin jafngild almennum hlutum með tilliti til eiginleika eigin fjár þeirra, sérstaklega að því er varðar að bera tap. Gerningar, sem ekki eru jafngildir almennum hlutum við félagsslit eða bera ekki tap í sama mæli og almennir hlutir á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis, skulu falla undir flokk blandaðra gerninga sem um getur í ca-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

5) Í því skyni að komast hjá röskun á mörkuðum og tryggja samfelldni á öllum stigum eigin fjár er rétt að kveða á um sérstakt bráðabirgðafyrirkomulag um nýja skipan fjármálagerninga. Þegar efnahagsbati hefur verið tryggður skal auka gæði upphaflegs eigin fjár enn frekar. Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 31. desember 2011 leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt viðeigandi tillögum að því er þetta varðar.

6) Nauðsynlegt er, til að styrkja ramma krísustjórnunar Bandalagsins, að lögbær yfirvöld samræmi aðgerðir sínar við önnur lögbær yfirvöld, og, eftir því sem við á, seðlabanka, á skilvirkan hátt, þ.m.t. það markmið að draga úr kerfisáhættu. Til þess að efla skilvirkni varfærnieftirlits bankasamstæðu á samstæðugrundvelli skal eftirlitsstarfsemi samræmd með skilvirkari hætti. Þess vegna skulu stofnuð samtök eftirlitsaðila. Stofnun samtaka eftirlitsaðila skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur lögbærra yfirvalda samkvæmt tilskipun 2006/48/EB. Stofnun þeirra skal stuðla að enn frekari samvinnu og þar með því að lögbær yfirvöld nái samkomulagi um mikilvæg eftirlitsverkefni. Samtök eftirlitsaðila skulu auðvelda framkvæmd viðvarandi eftirlits og neyðartilvika. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal í samvinnu við aðra eftirlitsaðila samtakanna vera í stakk búinn til að skipuleggja fundi eða starfsemi er ekki varða almenna hagsmuni og skal því geta hagað þátttöku eftir því sem við á.

7) Umboð lögbærra yfirvalda skal miðast við tilhlýðilegt tillit til hagsmuna Bandalagsins. Lögbær yfirvöld skulu því kanna með viðeigandi hætti áhrif ákvarðana sinna á stöðugleika fjármálakerfis allra annarra aðildarríkja sem hlut eiga að máli. Með fyrirvara um landslög skal sá skilningur lagður í þessa meginreglu að markmiðið með henni sé, í víðum skilningi, að stuðla að fjárhagslegum stöðugleika innan Evrópusambandsins og að hún bindi ekki lögbær yfirvöld lagalega við tiltekna niðurstöðu.

8) Lögbær yfirvöld skulu geta tekið þátt í nefndum, sem stofnaðar eru til eftirlits með lánastofnunum, þegar móðurfélag þeirra er í þriðja landi. Evrópska bankaeftirlitsnefndin (CEBS) skal, ef nauðsyn krefur, leggja fram leiðbeiningar og tilmæli til þess að auka samleitni eftirlitsaðferða samkvæmt tilskipun 2006/48/EB. Til að koma í veg fyrir ósamræmi milli reglna og að komist sé hjá reglum, sem gæti átt sér stað vegna ólíkra aðferða og reglna, sem hin ýmsu samtök beita, og mismunandi ákvörðunum aðildarríkja, skal evrópska bankaeftirlitsnefndin útbúa leiðbeiningar um aðferðir og reglur sem samtökin þurfa að fara eftir.

9) Ákvæði 3. mgr. 129. gr. tilskipunar 2006/48/EB skulu ekki breyta dreifingu ábyrgðar milli lögbærra eftirlitsyfirvalda á grundvelli samstæðu, samstæðuhluta eða einstakra eininga.

10) Skortur á miðlun upplýsinga milli lögbærra heima- og gistiyfirvalda getur skaðað fjárhagslegan stöðugleika í gistiaðildarríki. Réttur eftirlitsaðila í gistiríki á upplýsingum, sérstaklega að því er varðar hættuástand þar sem mikilvæg útibú koma við sögu, skal því efldur. Í þeim tilgangi skal skilgreina hugtakið mikilvæg útibú. Lögbær yfirvöld skulu senda upplýsingar sem eru nauðsynlegar til þess að vinna verkefni seðlabanka og fjármálaráðuneyta að því er varðar fjármálakreppur og til að draga úr kerfisáhættu.

11) Þróa skal núverandi fyrirkomulag eftirlits enn frekar. Stofnun samtaka eftirlitsaðila er mikilvægt skref fram á við til hagræðingar í samvinnu og samleitni eftirlits innan Evrópusambandsins.

([1]) Stjtíð. EB L 372, 31. 12.1986, bls. 1.

12) Samstarf yfirvalda, sem hafa með höndum eftirlit með samstæðum og eignarhaldsfélögum og dótturfélögum þeirra og útibúum, með tilstyrk samtaka eftirlitsaðila, er eitt stig í þróun í átt til frekari samleitni reglusetningar og samþættingar eftirlits. Grundvallaratriði er að traust ríki milli eftirlitsaðila og að þeir virði ábyrgðarsvið hver annars. Komi upp ágreiningur milli aðila innan samtaka í tengslum við þessi ólíku ábyrgðarsvið er nauðsynlegt að til sé kerfi þar sem fram fer hlutlaus og óháð ráðgjöf ásamt sáttaumleitunum og úrlausn ágreiningsefna á vettvangi Bandalagsins.

13) Kreppan á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hefur sýnt fram á að rétt sé að rannsaka frekar þörf á umbótum á reglusetningar- og eftirlitslíkani fyrir fjármálageira Evrópusambandsins.

14) Framkvæmdastjórnin tilkynnti í orðsendingu sinni frá 29. október 2008, sem ber yfirskriftina „Frá fjármálakreppu til efnahagsbata: Evrópskur aðgerðarammi“, að hún hefði komið á fót sérfræðingahópi undir formennsku Jacques de Larosière (de Larosière-hópurinn) til þess að taka til athugunar skipulag evrópskra fjármálastofnana og tryggja þar með traust varfærnieftirlit, skilvirkni markaða og betra Evrópusamstarf um yfirlit yfir fjárhagslegan stöðugleika, viðvörunarkerfi og krísustjórnun, þ.m.t. áhættustýring yfir landamæri eða þvert á atvinnugreinar, og til að skoða samstarf milli Evrópusambandsins og annarra stórra lögsagnarumdæma ef það mætti verða til að tryggja fjárhagslegan stöðugleika á heimsvísu.

15) Til að ná fram nauðsynlegri samleitni og samstarfi í eftirliti á vettvangi Evrópusambandsins og til að auka stöðugleika fjármálakerfisins er enn þörf á gagngerum umbótum á reglusetningar- og eftirlitslíkani fyrir fjármálageira Evrópusambandsins og skal framkvæmdastjórnin leggja þær fram eins fljótt og kostur er, að teknu tilhlýðilegu tilliti til niðurstaðna sem de Larosière-hópurinn kynnti 25. febrúar 2009.

16) Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 31. desember 2009 leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið og leggja fram frumvarp að þeim lögum sem nauðsynleg eru til að ráða bót á annmörkum sem komið hafa í ljós á ákvæðum sem varða frekari samþættingu eftirlits, að teknu tilliti til þess að eftirlitskerfi á vettvangi Evrópusambandsins skal hafa fengið stærra hlutverk eigi síðar en 31. desember 2011.

17) Sé fyrirgreiðsla veitt í miklum mæli til eins viðskiptavinar eða hóps innbyrðis tengdra viðskiptavina getur það leitt til óviðunandi hættu á tapi. Það má telja að þess háttar staða dragi úr gjaldhæfi lánastofnunarinnar. Eftirlit með og stýring á stórum áhættuskuldbindingum lánastofnunar skal því vera óaðskiljanlegur hluti eftirlits.

18) Núverandi regluverk fyrir stórar áhættuskuldbindingar nær aftur til 1992. Því skal endurskoða gildandi kröfur að því er varðar stórar áhættuskuldbindingar sem settar eru fram í 2006/48/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana ([1]).

19) Þar eð lánastofnanir á innri markaðnum eru í beinni samkeppni skal samræma nauðsynlegar reglur um eftirlit með og stjórnun á stórum áhættuskuldbindingum lánastofnana enn frekar. Til að draga úr stjórnsýsluálagi á lánastofnanir skal fækka möguleikum aðildarríkja að því er varðar stórar áhættuskuldbindingar.

20) Þegar ákvarðað er hvort um er að ræða samstæðu tengdra viðskiptavina og áhættuskuldbindingar þeirra, sem eru taldar mynda sameiginlega áhættu, er einnig mikilvægt að taka tillit til áhættu sem stafar af sama uppruna umtalsverðrar fjármögnunar frá lánastofnuninni eða fjárfestingarfyrirtækinu sjálfu, fjármálasamstæðu þess eða aðilum tengdum henni.

21) Þótt æskilegt sé að miða útreikninga á virði áhættu við það virði sem er tilgreint sem lágmarkseiginfjárkröfur er rétt að innleiða reglur um eftirlit með stórum áhættuskuldbindingum sem eru án áhættuvogar eða áhættustigs. Enn fremur voru aðferðirnar, sem beitt var við að draga úr útlánaáhættu í fyrirkomulagi gjaldþols, byggðar á þeim forsendum að útlánaáhættu væri vel dreift. Ef um er að ræða stórar áhættuskuldbindingar með samþjöppun áhættu gagnvart einum aðila, er útlánaáhættu ekki vel dreift. Áhrif þess konar aðferða skulu því háðar varfærnismati. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að greiða fyrir skilvirkri endurupptöku útlánavarnar að því er varðar stórar áhættuskuldbindingar.

22) Þar eð tap af áhættukröfu gagnvart lánastofnun eða fjárfestingarfyrirtæki getur verið jafn mikið

([1]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.

og tap á hverri annarri áhættukröfu skal fara með þess háttar skuldbindingarog greina frá þeim eins og öllum öðrum áhættukröfum. Önnur magntakmörkun hefur þó verið tekin upp til þess að draga úr óhóflegum áhrifum þessarar aðferðar á litlar stofnanir. Auk þess eru áhættuskuldbindingar til mjög skamms tíma í tengslum við peningasendingar, þ.m.t. framkvæmd greiðsluþjónustu, greiðslujöfnunar og uppgjörs og vörsluþjónustu við viðskiptavini, undanþegnar því að stuðla að snurðulausri starfsemi fjármálamarkaða og tengds grunnvirkis. Þessi þjónustustarfsemi tekur t.d. til framkvæmdar greiðslujöfnunar og uppgjörs í handbæru fé og sambærilegrar starfsemi sem er ætlað að greiða fyrir uppgjöri. Tengdar áhættuskuldbindingar geta t.d. verið skuldbindingar sem eru ekki fyrirsjáanlegar og lánastofnun hefur því ekki fulla stjórn á þeim, m.a. stöður á millibankareikningum vegna greiðslna viðskiptavina, þ.m.t. tekjueða gjaldfærðar þóknanir, vextir og aðrar greiðslur fyrir þjónustu við viðskiptavini, sem og settar eða teknar tryggingar.

23) Þau ákvæði sem tengjast utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunum (ECAI) samkvæmt tilskipun 2006/48/EB skulu vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsstofnanir ([1]). Evrópska bankaeftirlitsnefndin skal einkum endurskoða leiðbeiningar sínar um viðurkenningu á utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunum til að koma í veg fyrir tvíverknað og draga úr álagi í viðurkenningarferlinu þegar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun er skráð sem lánshæfismatsstofnun (CRA) á vettvangi Bandalagsins.

24) Mikilvægt er að lagfært verði ósamræmi milli hagsmuna fyrirtækja, sem „endurpakka“ útlánum í framseljanleg verðbréf og aðra fjármálagerninga (útgefendur (originators) eða umsýsluaðilar (sponsors)), og fyrirtækja, sem fjárfesta í þessum verðbréfum eða gerningum (fjárfestar). Einnig er mikilvægt að samræma hagsmuni útgefanda eða umsýsluaðila og hagsmuni fjárfesta. Til að ná þessu fram skal útgefandi eða umsýsluaðili halda eftir umtalsverðri hlutdeild í þeim eignum sem liggja til grundvallar. Því er mikilvægt fyrir útgefanda eða umsýsluaðila að halda eftir hluta af áhættu vegna viðkomandi útlána. Almennt skal því ekki byggja verðbréfunarviðskipti upp þannig að farið sé á svig við kröfuna um að útgefandi eða umsýsluaðili haldi eftir hluta af áhættunni, einkum með einhvers konar þóknunar- og/eða yfirverðsskipulagi. Það, að fá þannig hald á eign, skal gilda um öll tilvik þar sem efnahagslegt inntak verðbréfunar í samræmi við skilgreiningu tilskipunar 2006/48/EB á við, án tillits til rekstrarforms að lögum eða þeirra gerninga sem eru notaðir til að öðlast þetta efnahagslega inntak. Þegar útlánaáhætta flyst með verðbréfun skulu fjárfestar því aðeins taka ákvarðanir að þeir hafi gert ítarlega áreiðanleikakönnun, en til þess þurfa þeir fullnægjandi upplýsingar um verðbréfanirnar.

25) Ráðstafanir vegna hugsanlegs mismunar á þessum samsettu gerningum skulu vera samræmdar og samfelldar í allri viðeigandi reglusetningu fyrir fjármálageirann. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram viðeigandi frumvörp að nýrri löggjöf til að tryggja þess háttar samræmi og samfelldni. Ekki skal vera unnt að beita kröfunni um hald í eignum með mismunandi hætti. Fyrir hverja verðbréfun nægir að krafan taki aðeins til útgáfulánastofnunar, umsýslulánastofnunar eða upphaflegs lánveitanda. Eins skal aðeins beita kröfunum um hald á eignum við verðbréfun, sem fellur undir fjárfestinguna, ef önnur verðbréfun liggur til grundvallar í verðbréfunarviðskiptunum. Keyptar viðskiptakröfur skulu ekki falla undir haldkröfur ef þær eru vegna starfsemi fyrirtækis þar sem þær eru yfirfærðar eða seldar með afslætti til þess að fjármagna þess háttar starfsemi. Lögbær yfirvöld skulu beita áhættuvæginu þegar ekki er farið að kröfum áreiðanleikakönnunar og áhættustjórnunar í tengslum við verðbréfun og vikið umtalsvert frá stefnum og málsmeðferð þegar það skiptir máli við greiningu á þeim áhættuþáttum sem liggja til grundvallar.

26) Í yfirlýsingu sinni um eflingu fjármálakerfisins frá 2. apríl 2009 fóru forystumenn G20-hópsins þess á leit við Basel-nefndina um bankaeftirlit og yfirvöld að þau íhuguðu hvort innleiða ætti kröfur um áreiðanleikakönnun og hversu stórum hluta áhættu útgefandi skal halda eftir við verðbréfun eigi síðar en 2010. Með tilliti til þessarar alþjóðlegu þróunar og til að draga sem mest úr kerfisáhættu vegna verðbréfunarmarkaða skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en fyrir lok 2009 og að höfðu samráði við evrópsku bankaeftirlitsnefndina, ákvarða hvort leggja eigi til að kröfur um eignarhlut skuli auknar og hvort aðferðir við útreikninga á

([1]) Sjá þessi Stjórnartíðindi, bls. 1.

eignarhlutakröfum nái því markmiði að samræma betur hagsmuni útgáfulánastofnunar eða umsýslulánastofnunar og fjárfesta.

27) Áreiðanleikakönnun skal notuð til þess að meta áhættuþætti vegna verðbréfaðra skuldbindinga með viðeigandi hætti, bæði að því er varðar viðskipti í veltubók og utan hennar. Þar að auki þurfa kröfurnar um áreiðanleikakönnun að vera hlutfallslegar. Aðferðir við áreiðanleikakönnun skulu stuðla að auknu trausti milli útgáfulánastofnunar, umsýslulánastofnunar og fjárfesta. Því er æskilegt að birta upplýsingar í tengslum við aðferðir áreiðanleikakönnunar á tilhlýðilegan hátt.

28) Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi nægilegan mannafla og úrræði til að uppfylla eftirlitsskyldur sínar samkvæmt tilskipun 2006/48/EB og að það starfsfólk sem tekur þátt í eftirliti með lánastofnunum hafi viðeigandi þekkingu og reynslu til að gegna þeim störfum sem því er falið í samræmi við þá tilskipun.

29) Aðlaga skal III. viðauka við tilskipun 2006/48/EB til þess að skýra tiltekin ákvæði með það í huga að bæta samleitni eftirlitsaðferða.

30) Nýleg markaðsþróun hefur sýnt fram á að stýring lausafjáráhættu er lykilþáttur í styrkleika lánastofnana og útibúa þeirra. Viðmiðanirnar, sem settar eru fram í V. og XI. viðauka við tilskipun 2006/48/EB, skulu efldar í því skyni að samræma þau ákvæði starfinu sem evrópska bankaeftirlitsnefndin og Basel-nefndin um bankaeftirlit inna af hendi.

31) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar á tilskipun 2006/48/EB í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

32) Framkvæmdastjórninni skal sérstaklega veitt heimild til að breyta III. viðauka tilskipunar 2006/48/EB svo að tekið sé tillit til þróunar fjármálamarkaða eða reikningsskilastaðla eða til krafna í lögum Bandalagsins eða til samleitni eftirlitsaðferða. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum í tilskipun 2006/48/EB skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun [áður stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti] sem kveðið er á um í a-lið 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

33) Í fjármálakreppunni kom í ljós þörf fyrir betri greiningu og viðbrögð við vandamálum sem varða þjóðhagslegan stöðugleika og liggja á mörkum þjóðhagslegrar stefnu og reglusetningar um fjármálakerfið. Í þessu felst þörf á rannsókn á: ráðstöfunum til að draga úr hagsveiflum, þ.m.t. þörf lánastofnana á að mynda sveiflujöfnunarsjóði (counter-cyclical buffers) þegar vel árar, sem hægt væri að nýta í niðursveiflu og gæti falið í sér færi á að byggja upp viðbótarvarasjóði, „kvika afskriftareikninga“ (dynamic provisioning) og til að draga úr varasjóðum á erfiðleikatímum og tryggja þannig viðeigandi aðgengi að fjármagni í hagsveiflunni, grunnforsendum útreikninga á eiginfjárkröfum í tilskipun 2006/48/EB, viðbótarráðstöfunum við áhættutengdar kröfur um að lánastofnanir aðstoði við að halda vogun (leverage) innan bankakerfisins í skefjum.

34) Framkvæmdastjórnin skal því, eigi síðar en 31. desember 2009, endurskoða tilskipun 2006/48/EB í heild til að kanna þessi mál og leggja skýrslu og viðeigandi tillögur fyrir Evrópuþingið og ráðið.

35) Til þess að tryggja fjárhagslegan stöðugleika skal framkvæmdastjórnin endurskoða og leggja fram skýrslu um ráðstafanir til að auka gagnsæi viðskipta utan skipulagðra verðbréfamarkaða og draga úr mótaðilaáhættu og almennt draga úr heildaráhættu, s.s. með greiðslujöfnun skuldatrygginga með aðstoð milligönguaðila. Hvatt skal til stofnsetningar og þróunar milligönguaðila innan Bandalagsins, sem falla undir strangar rekstrar- og varfærnikröfur og virkt eftirlit. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu auk viðeigandi tillagna, með tilliti til hliðstæðra framtaksverkefna á heimsvísu.

36) Framkvæmdastjórnin skal endurskoða og leggja fram skýrslu um beitingu 4. mgr. 113. gr. tilskipunar 2006/48/EB, þ.m.t. hvort undanþágur skulu vera samkvæmt landsbundnu ákvörðunarvaldi. Framkvæmdastjórnin skal leggja þá skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögum, eftir því sem við á. Undanþágur og valkostir skulu afnumin þegar ekki er sýnt fram á að þörf sé á að viðhalda þeim í því skyni að ná koma á einum, samræmdum reglum í öllu Bandalaginu.

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

37) Taka skal sérstaka eiginleika smálánastarfsemi til greina við áhættumatið og hvatt skal til þróunar smálánastarfsemi. Enn fremur skal, vegna vanþróunar smálánastarfseminnar, hvetja til þróunar fullnægjandi matskerfa, þ.m.t. þróun hefðbundinna matskerfa sem aðlöguð eru að áhættu í smálánastarfsemi. Aðildarríki skulu leitast við að tryggja að varfærnisreglur og eftirlit með smálánastarfsemi á landsvísu sé í réttu hlutfalli við viðfangsefnið.

38) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. innleiðingu reglna um stofnun og rekstur lánastofnana og varfærnieftirlit með þeim, vegna þess að það krefst samræmingar á fjölda ólíkra reglna í réttarkerfum mismunandi aðildarríkja, og þeim verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins ogkveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessum markmiðum.

39) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([1]) eru aðildarríkin hvött til að taka saman, fyrir sig og í þágu Bandalagsins, eigin töflur, sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana, og að birta þær.

40) Því ber að breyta tilskipunum 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2007/64/EB ([2]) til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2006/48/EB

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 2006/48/EB:

1. Ákvæðum 1. mgr. 3. gr. er breytt sem hér segir:

   a) í stað inngangshlutans í fyrstu undirgrein komi eftirfarandi:

   „1. Heimilt er að undanþiggja eina eða fleiri lánastofnanir, sem eru innan eins aðildarríkis og eru varanlega tengdar aðalstofnun sem hefur eftirlit með þeim og er stofnsett í þessu sama aðildarríki, skilyrðum þeim er sett eru fram í 7. gr., og 1. mgr. 11. gr. ef innlend lög kveða á um það að:“

   b) annar og þriðji undirliður eru felldir brott,

2. Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

   a) eftirfarandi komi í stað 6. liðar:

   „6) „stofnanir“: að því er varðar 2., 3. og 5. þátt í V. bálki 2. kafla eru stofnanir eins og þær eru skilgreindar í c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2006/49/EB,“

   b) eftirfarandi komi í stað b-liðar 45. liðar:

   „b) tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og lýst er í a-lið, en eru taldir mynda eina áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum, einkum vegna erfiðleika við fjármögnun eða endurgreiðslu, eigi hinn aðilinn eða allir hinir aðilarnir eftir að lenda í fjármögnunar- eða greiðsluerfiðleikum.“

   c) eftirfarandi liður bætist við:

   „48) „eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli“: lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á framkvæmd eftirlits á samstæðugrundvelli með móðurlánastofnunum innan Evrópusambandsins og lánastofnunum sem eru undir yfirráðum móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði innan Evrópusambandsins.“

3. eftirfarandi málsgrein bætist við í 40 .gr.:

   „3. Lögbær yfirvöld í einu aðildarríki skulu því, við almenn skyldustörf sín, taka áhrif ákvarðana sinna á stöðugleika fjármálakerfis allra annarra hlutaðeigandi aðildarríkja til athugunar með viðeigandi hætti, einkum í neyðarástandi, að teknu tilliti til aðgengilegra upplýsinga á tilteknum tíma.“

4. Eftirfarandi greinar bætist við:

   „42. gr. a

   1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki geta lagt fram beiðni hjá eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli, þegar ákvæði 1. mgr. 129. gr. gilda, eða hjá lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis um

([1]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12 2003, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1.

að útibú fjármálastofnunar skuli teljast mikilvægt.

Í þeirri beiðni skulu koma fram ástæður þess að telja skuli útibúið mikilvægt með sérstöku tilliti til eftirfarandi:

a) hvort markaðshlutdeild útibús lánastofnunar að því er varðar innlán er meiri en 2% í gistiaðildarríki,

b) líkleg áhrif tímabundinnar stöðvunar eða lokunar á starfsemi lánastofnunar á lausafjárstöðu og greiðslu- og uppgjörskerfi í gistiaðildarríkinu og

c) stærð og mikilvægi útibúsins með tilliti til fjölda viðskiptavina innan bankaeða fjármálakerfis gistiaðildarríkis.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis og gistiaðildarríkis og eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli, þegar ákvæði 1. mgr. 129. gr. eiga við, skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að ná sameiginlegri niðurstöðu um það hvort útibú teljist mikilvægt.

Ef ekki næst sameiginleg niðurstaða innan tveggja mánaða frá móttöku beiðni samkvæmt fyrsta undirlið skulu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins taka eigin ákvörðun innan næstu tveggja mánaða um það hvort útibú skuli teljast mikilvægt. Við ákvörðunartökuna skulu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins taka tillit til allra skoðana og fyrirvara eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli eða lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis.

Þær ákvarðanir sem um getur í þriðja og fjórða undirlið skulu settar fram í skjali ásamt fullnægjandi rökstuðningi, sendar viðkomandi lögbærum yfirvöldum, viðurkenndar sem ákvarðandi og lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja skulu beita þeim.

Það, að útibú sé tilgreint sem mikilvægt, skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari tilskipun.

2. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu láta lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis, þar sem mikilvægt útibú er stofnsett, í té þær upplýsingar sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 132. gr. og leysa af hendi þau verkefni sem um getur í c-lið 1. mgr. 129. gr. í samvinnu við lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins.

Ef lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verða vör við neyðarástand innan lánastofnunar, s.s. um getur í 1. mgr. 130. gr., skulu þau, eins fljótt og við verður komið, vara þau yfirvöld við sem um getur í 4. mgr. 49. gr. og í 50. gr.

3. Þegar 131. gr. a gildir ekki skulu lögbær yfirvöld, er hafa eftirlit með lánastofnun, sem er með mikilvæg útibú í öðrum aðildarríkjum, koma á fót og veita formennsku nefnd eftirlitsaðila til þess að stuðla að samvinnu skv. 2. mgr. þessarar greinar og 42. gr. Stofnun og starfsemi nefndarinnar skal byggjast á skriflegum samþykktum sem, að viðhöfðu samráði við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, eru ákvarðaðar af lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu ákveða hvaða lögbæru yfirvöld taka þátt í fundi eða starfsemi samtaka.

Í ákvörðun lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis skal tekið tillit til mikilvægis þeirrar eftirlitsstarfsemi sem fyrirhuguð er eða samræma skal að því er varðar þau yfirvöld, einkum hugsanleg áhrif á stöðugleika fjármálakerfis í hlutaðeigandi aðildarríki, sem um getur í 3. mgr. 40. gr., og þær skuldbindingar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal tilkynna öllum aðilum samtakanna fyrirfram um skipulag þess háttar funda, meginumræðuefni þeirra og þá starfsemi sem taka skal til athugunar. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal einnig tilkynna öllum aðilum samtakanna, tímanlega, um aðgerðir, sem framkvæmdar eru á þessum fundum, eða ráðstafanir sem gerðar eru.

42. gr. b

1. Lögbær yfirvöld skulu við almenn skyldustörf sín taka tillit til samleitni að því er varðar eftirlitstæki og framkvæmd eftirlits við beitingu laga og stjórnsýslufyrirmæla sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Í þeim tilgangi skulu aðildarríkin tryggja:

a) að lögbær yfirvöld taki þátt í starfsemi evrópsku bankaeftirlitsnefndarinnar,

b) að lögbær yfirvöld fylgi leiðbeiningum, tilmælum, stöðlum og öðrum ráðstöfunum sem evrópska bankaeftirlitsnefndin hefur samþykkt og skulu tilgreindar ástæður ef þau gera það ekki,

c) að landsbundnar heimildir, sem veittar eru lögbærum yfirvöldum, hamli þeim ekki þeim við skyldustörf þeirra sem aðilum að evr-

ópsku bankaeftirlitsnefndinni eða samkvæmt tilskipun þessari.

2. Evrópska bankaeftirlitsnefndin skal gefa Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni skýrslu um framþróun í samleitni eftirlits árlega frá og með 1. janúar 2011.“

5. Ákvæðum 49. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað a-liðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„a) seðlabönkum innan seðlabankakerfis Evrópu og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála þegar þessar upplýsingar eiga við um framkvæmd lögboðinna verkefna þeirra, þ.m.t. framkvæmd peningamálastefnu og tengdra lausafjárráðstafana, eftirlit með greiðslum, greiðslujöfnun og uppgjörskerfum, og að standa vörð um fjármálakerfið“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„Ef um neyðarástand er að ræða, eins og um getur í 1. mgr. 130. gr., skulu aðildarríki heimila lögbærum yfirvöldum að veita seðlabönkum innan seðlabankakerfis Evrópu upplýsingar ef þær eru viðeigandi að því er varðar framkvæmd lögboðinna verkefna þeirra, þ.m.t. framkvæmd peningamálastefnu og tengdra lausafjárráðstafana, eftirlit með greiðslum, greiðslujöfnun og uppgjörskerfum, og að standa vörð um stöðugleika fjármálakerfisins.“

6. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 50. gr.:

„Ef um neyðarástand er að ræða, eins og um getur í 1. mgr. 130. gr., skulu aðildarríki heimila lögbærum yfirvöldum að gefa þeim stofnunum málsgrein þessarar greinar viðeigandi upplýsingar í aðildarríkjum.“

7. Ákvæðum 57. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) hlutafé í skilningi 22. gr. tilskipunar 86/635/EBE að því marki sem það hefur verið greitt að fullu, að viðbættum tengdum yfirverðsreikningi hlutafjár, ber tap að fullu við áframhaldandi rekstrarhæfi og er á eftir öllum öðrum kröfum í kröfuröð ef kemur til gjaldþrots eða félagsslita,“

b) eftirfarandi liður bætist við:

„ca) aðrir gerningar en þeir sem um getur í a-lið og sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a-, c-, d- og e-lið 2. mgr. 63. gr. og 63. gr. a,“

c) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Að því er varðar b-lið, skulu aðildarríki heimila að bráðabirgðahagnaður eða hagnaður við lok árs sé talinn með áður en formleg ákvörðun hefur verið tekin, svo fremi endurskoðendur reikningsskilanna hafi sannreynt þann hagnað og lögbær yfirvöld telji fullsannað að fjárhæð hans hafi verið metin í samræmi við þær meginreglur sem fram koma í tilskipun 86/635/EBE og að hún feli ekki í sér fyrirsjáanleg útgjöld eða arðgreiðslur.“

8. eftirfarandi komi í stað fyrstu málsgreinar 61. gr.:

„Hugtakið eigið fé, eins og það er skilgreint í a- til h-lið 57. gr., felur í sér hámarksfjölda liða og hámarksfjárhæðir. Aðildarríkjum er heimilt að ákvarða um beitingu þessara liða og um frádrátt annarra liða en þeirra sem taldir eru upp í i- til r-lið 57. gr.“

9. eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr. 63. gr.:

„Gerningar, sem um getur í ca-lið 57. gr., skulu vera í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í a-, c-, d-, og e-lið þessarar greinar.“

10. eftirfarandi grein bætist við:

„63. gr. a

1. Gerningar sem um getur í ca-lið 57. gr., skulu vera í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 2. til 5. mgr. þessarar greinar.

2. Gerningarnir skulu vera ódagsettir eða hafa upphaflegan lánstíma sem er að lágmarki 30 ár. Gerningarnir geta falið í sér einn eða fleiri kaupréttsamninga samkvæmt einhliða ákvörðun útgefanda, en þeir skulu ekki innleystir fyrr en fimm árum eftir útgáfudag. Ef í ákvæðum, sem gilda um ódagsetta gerninga, er kveðið á um hóflegan hvata lánastofnunar til innlausnar eftir því sem lögbær yfirvöld ákvarða, skal þess háttar hvati ekki koma til framkvæmdar innan 10 ára frá útgáfudegi. Í ákvæðum, sem gilda um dagsetta gerninga, skal ekki heimilað að hvetja til innlausnar á öðrum degi en gjalddaga.

Dagsetta og ódagsetta gerninga má aðeins innkalla eða innleysa ef um fyrirframsamþykki lögbærra yfirvalda er að ræða. Lögbær yfirvöld geta veitt samþykki sitt, að því tilskildu að beiðnin sé gerð að frumkvæði lánastofnunarinnar og að áhrifin á fjárhagslega stöðu eða gjaldþol lánastofnunarinnar verði of mikil. Lögbær yfirvöld geta krafist þess að lánastofnanir skipti gerningnum út fyrir liði sem eru af sömu eða meiri gæðum en þeim sem um getur í a- eða ca-lið 57. gr.

Lögbær yfirvöld skulu krefjast frestunar innlausnar á dagsettum gerningum ef lánastofnunin uppfyllir ekki þær eiginfjárkröfur sem settar eru fram í 75. gr. og geta þannig krafist frestunar á öðrum tímum á grundvelli fjárhagslegrar stöðu og gjaldþols lánastofnana.

Lögbært yfirvald getur á hverjum tíma veitt heimild fyrir innlausn dagsettra gerninga fyrir gjalddaga ef um er að ræða breytingar á gildandi skattareglum eða flokkun þess háttar gerninga samkvæmt reglugerðarákvæðum sem voru ekki fyrirsjáanleg á útgáfudegi.

3. Þau ákvæði sem gilda um gerninginn skulu gera lánastofnun kleift, þegar nauðsyn krefur, að hætta greiðslu vaxta eða arðs í ótiltekinn tíma á óuppsöfnuðum grunni.

Lánastofnunin skal þó hætta þess háttar greiðslum ef þær uppfylla ekki þær eiginfjárkröfur sem settar eru fram í 75. gr.

Lögbær yfirvöld geta krafist þess að hætt sé við þess konar greiðslur á grundvelli fjárhagslegrar stöðu eða gjaldþols lánastofnunarinnar. Hvers konar frestun greiðslu skal ekki hafa áhrif á rétt lánastofnunar til að skipta vaxta- eða arðgreiðslu út fyrir greiðslu í formi gernings sem um getur í a-lið 57. gr., að því tilskildu að þess háttar aðferð geri lánastofnun kleift að halda fjármagni sínu. Þess konar skipting getur fallið undir sérstök skilyrði sem lögbær yfirvöld setja.

4. Í ákvæðum, sem gilda um gerning, skal koma fram að höfuðstóll, ógreiddir vextir eða arður skuli geta staðið undir tapi og hindri ekki endurfjármögnun lánastofnunar með viðeigandi aðferðum sem evrópska bankaeftirlitsnefndin hefur útfært skv. 6. mgr.

5. Ef um er að ræða gjaldþrot eða félagsslit lánastofnunar skal raða gerningum í samræmi við þá liði sem um getur í 2. mgr. 63. gr.

6. Evrópska bankaeftirlitsnefndin skal taka saman ítarlegar leiðbeiningar um samleitni eftirlitsaðferða, að því er varðar þá gerninga sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og a-lið 57. gr., og hafa eftirlit með beitingu þeirra. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2011, endurskoða beitingu þessarar greinar og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt viðeigandi tillögum sem miða að því að tryggja gæði eigin fjár.“

11. í stað a-liðar 1. mgr. 65. gr. komi eftirfarandi:

„a) sérhverja hlutdeild minnihluta í skilningi 21. gr. tilskipunar 83/349/EBE þar sem heildarsamrunaaðferð er beitt. Þeir gerningar sem um getur í ca-lið 57. gr. sem leiða til hlutdeildar minnihluta skulu uppfylla kröfur sem settar eru fram í a-, c-, d- og e-lið 2. mgr. 63. gr. og a-lið 63. gr. og 66. gr.,“

12. Ákvæðum 66. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. og 2. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Liðir þeir sem um getur í d- til h-lið 57. gr. skulu háðir eftirfarandi takmörkunum:

a) heildarfjárhæð í liðum, sem um getur í d- til h-lið 57. gr., má ekki vera hærri en sem nemur 100% af samanlögðum liðum a- til ca-lið, að frádregnum liðum í i-, j- og k-lið þeirrar greinar og

b) heildarfjárhæð í liðum, sem um getur í g- til h-lið 57. gr., má ekki vera hærri en sem nemur 50% af samanlögðum liðum í a- til ca-lið að frádregnum liðum í i-, j- og k-lið þeirrar greinar.

1a. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skal heildarfjárhæð í ca-lið 57. gr. háð eftirfarandi takmörkunum:

a) gerningar, sem skal breyta ef um neyðarástand er að ræða og hægt er að breyta að frumkvæði lögbærs yfirvalds á hverjum tíma á grundvelli fjárhagslegrar stöðu og gjaldþols útgefanda í þá liði sem um getur í a-lið 57. gr. innan fyrirframákveðins tímaramma, skulu samtals ekki vera hærri en sem nemur 50% af samanlögðum liðunum í a- til ca-lið að frádregnum liðunum í i-, j- og k-lið þeirrar greinar,

b) heildarfjárhæð allra annarra gerninga, innan þeirra marka sem um getur í a-lið þessarar greinar, má ekki vera hærri en

sem nemur 35% af samanlögðum liðunum í a- til ca-lið að frádregnum liðunum í i-, j- og klið 57. gr.

c) heildarfjárhæð dagsettra og ódagsettra gerninga, sem fela í sér hvata til innlausnar fyrir lánastofnun og eru innan þeirra marka sem um getur í a og b-lið þessarar greinar, má ekki vera hærri en sem nemur 15% af samanlögðum liðunum í a- til ca-lið að frádregnum liðunum í i-, j- og klið 57. gr.

d) fjárhæð liða, sem er umfram þau mörk sem sett eru fram í a-, b-, og c-lið, skal falla undir hámarkið sem fram kemur í 1. mgr. þessarar greinar.

2. Heildarfjárhæð liða sem um getur í l- til r-lið 57. gr. skal dregin að hálfu frá heildarfjárhæð liða, sem um getur í a- til ca-lið, að frádregnum liðunum í i-, jog k-lið og að hálfu frá heildarfjárhæð liða sem um getur í d- til h-lið í þeirri grein, eftir beitingu takmarkana sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar. Ef helmingur heildarfjárhæðar liðanna í l- til r-lið 57. gr. er hærri en heildarfjárhæð liðanna í d- til h-lið þeirrar greinar skal umframfjárhæð dregin frá heildarfjárhæð liðanna í a- til ca-lið að frádregnum liðunum í i-, j- og k-lið í þeirri grein. Liðir, sem um getur í r-lið 57. gr., skulu ekki dregnir frá ef þeir hafa verið taldir með í útreikningi á áhættuvegnum fjárhæðum að því er varðar 75. gr., eins og um getur í 4. hluta IX. viðauka.“

b) í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Lögbær yfirvöld geta veitt lánastofnunum heimild til að fara tímabundið út fyrir þau mörk sem sett eru í 1. mgr. og a-lið 1. mgr., sé um neyðarástand að ræða.“

13. Undirfyrirsögn 2. undirþáttar, 2. hluta, 2. kafla, V. bálks „Útreikningur á kröfum“ er skipt út fyrir „Útreikningur og upplýsingaskylda“

14. Eftirfarandi undirliður bætist við á eftir fyrsta undirlið 2. mgr. 74. gr.:

„Að því er varðar tilkynningu lánastofnana á þessum útreikningum skulu lögbær yfirvöld frá 31. desember 2012 nota samræmda framsetningu, tíðni og tilkynningardaga. Til að greiða fyrir þessu skal evrópska bankaeftirlitsnefndin taka saman leiðbeiningar um innleiðingu á samræmdu skýrslusniði í Bandalaginu fyrir 1. janúar 2012. Framsetningaraðferðin skal vera í réttu hlutfalli við eðli og umfang þeirrar starfsemi sem lánastofnun annast og það hversu flókin hún er.“

15. Í stað 2. mgr. 81. gr. komi eftirfarandi:

„2. Lögbær yfirvöld skulu eingöngu viðurkenna utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun að því er varðar 80. gr. ef þau eru fullviss um að matsaðferð hennar fari að kröfunum um hlutlægni, sjálfstæði, stöðuga endurskoðun og gagnsæi og að lánsmat, sem leiðir þar af, uppfylli kröfurnar um trúverðugleika og gagnsæi. Lögbær yfirvöld skulu, að því er þetta varðar, taka tillit til tæknilegra skilyrða sem sett eru fram í 2. hluta VI. viðauka. Ef utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun er skráð sem lánshæfismatsstofnun í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsstofnanir (*) skulu lögbær yfirvöld taka til athugunar hvort kröfur um hlutlægni, óhæði, stöðuga endurskoðun og gagnsæi eru uppfylltar að því er varðar aðferðafræði við mat.“

(*) Stjtíð. ESB L 302, 17. 1.2009, bls. 1.

16. Ákvæðum 87. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 11. mgr. komi eftirfarandi:

„11. Ef áhættuskuldbindingar í formi fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu (CIU) standast viðmiðanir, sem settar eru fram í 77. og 78. lið 1. hluta VI. viðauka, og lánastofnunin gerir sér grein fyrir öllum eða hluta áhættuskuldbindinga, sem liggja til grundvallar fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, skal lánastofnunin telja þessar undirliggjandi skuldbindingar með í útreikningi á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðum vænts taps í samræmi við þær aðferðirnar sem settar eru fram í þessum undirþætti. Ákvæði 12. mgr. skulu gilda um þann hluta áhættuskuldbindinga sem liggja til grundvallar fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu sem lánastofnun er ekki kunnugt um eða ekki er sanngjarnt að ætla að henni sé kunnugt um. Ákvæði 12. mgr. gilda einkum þegar óþarflega íþyngjandi væri fyrir lánastofnun að athuga áhættuskuldbindingar, sem liggja til grundvallar, til að reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps í samræmi við þær aðferðir sem settar eru fram í þessum undirþætti.

Ef lánastofnun uppfyllir ekki skilyrðin fyrir notkun aðferðanna, sem settar eru fram í þessum undirþætti, að því er varðar allar eða

hluta áhættuskuldbindinganna, sem liggja til grundvallar fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, skulu fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps reiknaðar í samræmi við eftirfarandi aðferðir:

a) aðferðina sem sett er fram í 19. til 21. lið 1. hluta VII. viðauka, vegna áhættuskuldbindinga í áhættuflokknum sem um getur í e-lið 1. mgr. 86. gr.

b) aðferðina sem sett er fram í 78. til 83. gr. vegna allra annarra undirliggjandi áhættuskuldbindinga, með fyrirvara um eftirfarandi breytingar:

i) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem falla undir sérstakt áhættuvægi áhættuskuldbindinga, sem ekki hafa verið metnar eða eru í því lánshæfisgæðaþrepi sem hefur hæsta áhættuvægið í tilteknum áhættuflokki, skal margfalda áhættuvægið með stuðlinum tveimur en það skal ekki vera hærra en 1 250%.

ii) að því er varðar allar aðrar áhættuskuldbindingar skal margfalda áhættuvægið með stuðlinum 1,1 og skal það að minnsta kosti vera 5%.

Ef lánastofnunin, að því er varðar a-lið, getur ekki gert greinarmun á áhættuskuldbindingum vegna óskráðra hlutabréfa, áhættuskuldbindingum, sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði, og öðrum áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa, skal hún fara með áhættuskuldbindingarnar, sem um ræðir, eins og aðrar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa. Ef þessar áhættuskuldbindingar, með fyrirvara um 6. mgr. 154. gr., ásamt beinum áhættuskuldbindingum lánastofnunar í viðkomandi áhættuflokki, eru óverulegar í skilningi 2. mgr. 89. gr. má beita 1. mgr. 89. gr. að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda.“

b) eftirfarandi komi í stað annarrar undirgreinar 12. gr.:

„Ef lánastofnanir kjósa að beita fremur annarri aðferð en lýst er í fyrstu undirgrein geta þær reiknað sjálfar eða treyst á þriðja aðila að reikna og tilkynna um meðalfjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga, sem byggðar eru á áhættuskuldbindingum sem liggja til grundvallar fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, í samræmi við aðferðir sem um getur í a- og b-lið 11. mgr., að því tilskildu að tryggt sé á fullnægjandi hátt að útreikningarnir og tilkynningarnar séu réttar.“

17. Í d-lið 1. mgr. 89. gr. komi eftirfarandi í stað inngangshlutans:

„d) áhættuskuldbindingum gagnvart ríkisstjórnum aðildarríkja og héraðsstjórnum þeirra, staðaryfirvöldum og stjórnsýsluaðilum ef:“

18. Í stað 2. mgr. 97. gr. komi eftirfarandi:

„2. Lögbær yfirvöld skulu eingöngu viðurkenna utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun sem hæfa, að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar, ef þau eru sannfærð um að hún fari að kröfunum sem mælt er fyrir um í 81. gr., með tilliti til tæknilegu viðmiðanna sem sett eru fram í 2. hluta VI. viðauka og að hún hafi sýnt fram á getu á sviði verðbréfunar, sem hægt er að færa sönnur á með sterkri viðurkenningu markaðar. Ef utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun er skráð sem lánshæfismatsstofnun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1060/2009, skulu lögbær yfirvöld taka til athugunar hvort kröfur um hlutlægni, óhæði, stöðuga endurskoðun og gagnsæi eru uppfylltar að því er varðar aðferðafræði við mat.“

19. Ákvæðum 106. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Eftirfarandi skal ekki teljast til áhættuskuldbindinga:

a) ef um er að ræða gjaldeyrisviðskipti, áhættuskuldbindingar í tengslum við eðlilegt uppgjör næstu tvo viðskiptadaga eftir greiðslu,

b) ef um er að ræða viðskipti vegna kaupa eða sölu á verðbréfum, áhættuskuldbindingar í tengslum við eðlilegt uppgjör næstu fimm viðskiptadaga eftir greiðslu eða afhendingu verðbréfanna, eftir því hvort er fyrr,

c) ef um er að ræða millifærslu peninga, þ.m.t. framkvæmd greiðsluþjónustu, greiðslujöfnun og uppgjör í hvaða gjaldmiðli sem er og millibankaviðskipti eða uppgjör fjármálagerninga, uppgjör og vörsluþjónusta, seinkuð móttaka fjármögnunar og aðrar áhættuskuldbindingar vegna starfsemi viðskiptavinar sem varir ekki lengur en næstkomandi viðskiptadag eða

d) ef um er að ræða millifærslu peninga, þ.m.t. framkvæmd greiðsluþjónustu,

greiðslujöfnun og uppgjör í hvaða gjaldmiðli sem er og millibankaviðskipti, áhættuskuldbindingar innan dags gagnvart stofnunum sem veita þá þjónustu.

Evrópska bankaeftirlitsnefndin skal leggja fram leiðbeiningar til þess að bæta samleitni eftirlitsaðferða með því að beita undanþágunum í c- og d-lið.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Til þess að ákvarða hvort um er að ræða samstæðu tengdra viðskiptavina, að því er varðar þær áhættuskuldbindingar sem um getur í m-, o- og p-lið 1. mgr. 79. gr., þegar um er að ræða áhættuskuldbindingar gagnvart eign sem liggur til grundvallar, skal lánastofnun meta áætlunina, undirliggjandiáhættuskuldbindingar eða hvort tveggja. Í því augnamiði skal lánastofnun meta efnahagslegt inntak og kerfisáhættu í skipulagi viðskiptanna.“

20. Í stað 107. gr. komi eftirfarandi:

„107. gr.

Að því er varðar útreikning á virði áhættuskuldbindinga í samræmi við þennan þátt, merkir hugtakið „lánastofnun“ einnig hvers konar einkafyrirtæki eða opinbert fyrirtæki, þ.m.t. útibú, sem fellur að skilgreiningu á „lánastofnun“ og hefur tilskilin starfsleyfi í þriðja landi.“

21. Í stað 110. gr. komi eftirfarandi:

„110. gr.

1. Lánastofnun skal senda lögbærum yfirvöldum eftirfarandi upplýsingar um allar stórar áhættuskuldbindingar, þ.m.t. stórar áhættuskuldbindingar sem eru undanþegnar beitingu 1. mgr. 111. gr.:

a) auðkenningu á viðskiptavini eða hópi tengdra viðskiptavina sem lánastofnun ber stóra áhættu gagnvart,

b) virði áhættu áður en tekið er tillit til áhrifa af því að draga úr útlánaáhættu, þegar við á,

c) tegund fjármagnaðrar eða ófjármagnaðrar útlánavarnar, ef þess háttar vörn er notuð,

d) virði áhættu eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa af því að draga úr útlánaáhættu, sem reiknuð er með tilliti til 1. mgr. 111. gr.

Ef lánastofnun heyrir undir 84.–89. gr. skulu 20 mestu áhættuskuldbindingar hennar á samstæðugrundvelli, að undanskildum þeim sem undanþegnar eru beitingu 1. mgr. 111. gr., gerðar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að skýrslugjöf fari fram að minnsta kosti tvisvar á ári. Lögbær yfirvöld skulu frá 31. desember 2012 notast við samræmdra framsetningu, tíðni og dagsetningar við skýrslugjöf. Til að greiða fyrir því skal evrópska bankaeftirlitsnefndin útfæra leiðbeiningar um að innleiða samræmda skýrslugjöf í Bandalaginu eigi síðar en 1. janúar 2012. Framsetningaraðferðin skal vera í réttu hlutfalli við eðli og umfang starfsemi lánastofnunarinnar og það hversu flókin hún er.

3. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að lánastofnanir greini, að því marki sem unnt er, áhættuskuldbindingar gagnvart útgefendum trygginga, veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar og eignir, sem liggja til grundvallar skv. 3. mgr. 106. gr. að því er varðar hugsanlega samþjöppun, og grípa til aðgerða, eftir því sem við á, og gefa skýrslu um mikilvægar niðurstöður til lögbærs yfirvalds þeirra.“

22. Ákvæðum 111. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Lánastofnun skal ekki stofna til áhættu eftir að hún hefur tekið tillit til áhrifa að því að draga úr útlánaáhættu í samræmi við 112.–117. gr. gagnvart viðskiptavini eða hópi tengdra viðskiptavina ef virði hennar er yfir 25% af eigin fé lánastofnunar.

Ef viðskiptavinur er stofnun eða ef ein eða fleiri stofnanir eru innan hóps tengdra viðskiptavina, skal það virði ekki vera umfram 25% eigin fjár lánastofnunar eða 150 milljónir evra, eftir því hvort er hærra, að því tilskildu að heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga, eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa af því að draga úr útlánaáhættu í samræmi við 112. til 117. gr., gagnvart öllum tengdum viðskiptavinum, sem ekki eru stofnanir, fari ekki yfir 25% af eigin fé lánastofnunar.

Ef fjárhæðin 150 milljónir evra er hærri en sem nemur 25% af eigin fé lánastofnunar skal fjárhæð áhættu, að teknu tilliti til áhrifa af því að draga úr útlánaáhættu í samræmi við 112. til 117. gr., ekki fara yfir hæfileg mörk með tilliti til eigin fjár lánastofnunar. Lánastofnanir skulu ákveða þau mörk í samræmi við þær stefnur og verklagsreglur sem um getur í 7. lið V. viðauka til að fjalla um og stýra samþjöppunaráhættu, og skulu þau ekki vera

hærri en sem nemur 100% af eigin fé lánastofnunar.

Aðildarríkjum er heimilt að setja lægri mörk en 150 milljónir evra og skulu þau upplýsa framkvæmdastjórnina um það.“

b) ákvæði 2. og 3. mgr. falli brott,

c) í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Lánastofnun skal ávallt virða viðeigandi mörk sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Ef í undantekningartilvikum er farið yfir þessi mörk skal skýra lögbærum yfirvöldum tafarlaust frá virði áhættuskuldbindinganna og geta þau, ef aðstæður leyfa, veitt lánastofnuninni tiltekinn tíma til að laga sig að þessum mörkum.

Ef fjárhæðin 150 milljónir evra, sem um getur í 1. mgr., á við geta lögbær yfirvöld í hverju tilviki fyrir sig heimilað að lánastofnunin fari yfir 100% mörkin með tilliti til eigin fjár hennar.“

23. Ákvæðum 112. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Með fyrirvara um 3. mgr. þessarar greinar, þar sem viðurkenning á fjármagnaðri eða ófjármagnaðri útlánavörn er heimil skv. 113.–117. gr. skal hún veitt með fyrirvara um að farið sé að kröfum um viðurkenningu og öðrum lágmarkskröfum sem settar eru fram í 90.–93. gr.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Að því er varðar þennan þátt skal lánastofnun ekki taka tillit til þeirra trygginga sem um getur í 20. til 22. lið fyrsta hluta VIII. viðauka, nema það sé heimilt skv. 115. gr.“

24. Ákvæðum 113. gr. er breytt sem hér segir:

a) ákvæði 1. og 2. mgr. falli brott,

b) ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i) eftirfarandi komi í stað inngangshlutans:

„3. Eftirfarandi tegundir áhættuskuldbindinga skulu undanþegnar beitingu 1. mgr. 111. gr:“

ii) í stað e- og f-liða komi eftirfarandi:

„e) eignaliðir, sem fela í sér kröfur á héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríkjum, þar sem þessum kröfum yrði úthlutað 0% áhættuvægi skv. 78.–83. gr., og aðrar áhættuskuldbindingar gagnvart þessum héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum, eða ábyrgðir, sem þau veita, þar sem kröfur fengju 0% áhættuvægi skv. 78.–83. gr.

f) áhætta vegna mótaðila, sem um getur í 7. eða 8. mgr. 80. gr., ef hún fengi áhættuvægið 0% skv. 78.–83. gr. Með áhættu, sem ekki fellur að þeim viðmiðunum, hvort sem hún er undanþegin 1. mgr, 111. gr. eða ekki, skal farið sem áhættu vegna þriðja aðila.“

iii) í stað i-liðar komi eftirfarandi:

„i) áhætta vegna ónotaðra lánsheimilda sem flokkuð er sem áhættulítill liður utan efnahagsreiknings í II. viðauka, svo fremi samningur hafi verið gerður við viðkomandi viðskiptavin eða hóp innbyrðis tengdra viðskiptavina, þar sem kveðið er á um að einungis megi draga á heimildina ef fullvíst er að ekki verði farið yfir mörkin skv. 1. mgr. 111.gr.“

iv) ákvæði j- til t-liðar eru felld brott

v) þriðji, fjórði og fimmti undirliður eru felldir brott

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Lögbærum yfirvöldum er heimilt, að einhverju eða öllu leyti, að undanskilja eftirfarandi tegundir áhættuskuldbindinga frá ákvæðum 1. mgr. 111. gr.:

a) sértryggð skuldabréf samkvæmt skilgreiningu 68., 69. og 70. lið 1. hluta VI. viðauka,

b) eignaliði, sem fela í sér kröfur á héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríkjum, þar sem þessum kröfum yrði úthlutað 0% áhættuvægi skv. 78.–83. gr., og aðrar áhættuskuldbindingar gagnvart þessum héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum, eða ábyrgðir, sem þau veita, þar sem kröfur fengju 0% áhættuvægi skv. 78.–83. gr.

c) þrátt fyrir f-lið 3. mgr. þessarar greinar, áhættuskuldbindingar lánastofnunar, þ.m.t. hlutdeild eða annars konar eignar-

hald, við móðurfélag hennar, við önnur dótturfélög þess móðurfélags eða eigin dótturfélög, að því tilskildu að þau fyrirtæki séu undir samstæðueftirliti því sem haft er með lánastofnuninni sjálfri í samræmi við þessa tilskipun eða sambærilegar, gildandi reglur í þriðja landi; með þær tegundir áhættuskuldbindinga, sem ekki uppfylla þessi skilyrði, hvort sem þær eru undanþegnar 1. mgr. 111. gr. eða ekki, skal farið sem áhættu gagnvart þriðja aðila

d) eignaliði, sem fela í sér kröfur og aðrar áhættuskuldbindingar, þ.m.t. hlutdeild eða annars konar eignarhald, gagnvart héraðs- eða svæðislánastofnunum sem lánastofnunin er tengd innan tengslanets í samræmi við ákvæði laga eða reglna og sem hafa samkvæmt þessum ákvæðum greiðslujöfnunarhlutverki að gegna innan kerfisins,

e) eignaliði, sem fela í sér kröfur og aðrar áhættuskuldbindingar gagnvart lánastofnunum, sem stofnað er til af hálfu lánastofnana, sem starfa ekki á samkeppnisgrundvelli, og lánveitingar í samkvæmt lögleiddum áætlunum eða samþykktum, til að styðja við tiltekna geira atvinnulífsins samkvæmt einhvers konar eftirliti stjórnvalda og takmörkunum á notkun lánanna, að því tilskildu að viðkomandi áhætta stafi af þess háttar útlánum sem eru framlánuð lánþegunum fyrir milligöngu annarra lánastofnana,

f) eignaliði, sem fela í sér kröfur og áhættuskuldbindingar gagnvart stofnunum, að því tilskildu að þessar áhættuskuldbindingar feli ekki í sér eigin fé slíkra stofnana, endist ekki lengur en næstkomandi viðskiptadag og séu ekki tilgreindar í einhverjum af helstu viðskiptagjaldmiðlum,

g) eignaliði, sem fela í sér kröfur um lágmarksvarasjóði á seðlabanka sem eru í vörslum viðkomandi seðlabanka og tilgreindir í gjaldmiðli viðkomandi þjóðar,

h) eignaliði, sem fela í sér lögbundnar kröfur á ríkisstjórnir um lausafjárstöðu í ríkisskuldabréfum, sem tilgreind eru og fjármögnuð í gjaldmiðli viðkomandi þjóðar, að því tilskildu að lánshæfismat þessara ríkisstjórna, sem utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun úthlutar samkvæmt ákvörðun lögbærs yfirvalds, sé fjárfestingarflokkur (investment grade),

i) 50% af bankaábyrgðum, með litla eða miðlungsáhættu, utan efnahagsreiknings og af þeim ónotuðu lánsheimildum, með litla eða miðlungsáhættu, sem um getur í II. viðauka og háðar eru samkomulagi lögbærra yfirvalda, 80% af tryggingum öðrum en útlánatryggingum á lagalegum eða stjórnsýslulegum grundvelli og eru veittar aðilum sem hafa stöðu lánastofnunar í gagnkvæmu ábyrgðakerfi,

j) tryggingar sem krafist er samkvæmt lögum og notaðar eru þegar veðlán, sem fjármagnað er með útgáfu veðskuldabréfs, er greitt til veðlánstaka fyrir fyrstu skráningu veðs í þinglýsingarbók, að því tilskildu að tryggingin sé ekki notuð til að draga úr áhættu við útreikning á áhættuvegnum eignum.“

25. Ákvæðum 114. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um 3. mgr. þessarar greinar, að því er varðar útreikning á virði áhættu með tilliti til 1. mgr. 111. gr., getur lánastofnun notað „að fullu leiðrétt virði áhættu“, eins og hún er reiknuð skv. 90. til 93. gr., að teknu tilliti til minni útlánaáhættu, leiðréttinga vegna flökts og mismunandi binditíma (E*).“

b) ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i) í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

Með fyrirvara um 3. mgr. þessarar greinar skal lánastofnun, sem heimilt er að nota eigið mat á tapi, að teknu tilliti til vanefnda, og breytistuðla vegna áhættuflokks skv. 84.–89. gr., heimilt — ef hún getur með fullnægjandi hætti, að mati lögbærra yfirvalda, áætlað áhrif fjárhagslegrar tryggingar vegna áhættukrafna hennar og aðgreint þau frá öðrum þáttum taps sem máli skipta, að teknu tilliti til vanefnda — að taka slík áhrif með við útreikning á virði áhættukrafna að því er varðar 1. mgr. 111. gr.“

ii) í stað fjórða undirliðar komi eftirfarandi:

„Lánastofnunum, sem heimilt er að nota eigið mat á tapi, að teknu tilliti til vanefnda, og breytistuðla vegna áhættu-

flokka skv. 84.–89. gr., sem reikna ekki virði áhættukrafna sinna með aðferðinni sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar, er heimilt að nota heildaraðferðina, sem byggist á fjárhagslegri tryggingu, eða aðferðina sem sett er fram í b-lið 1. mgr. 117. gr. við útreikninga á virði áhættu.“

c) ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i) í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Lánastofnun, sem notar heildaraðferðina, sem byggist á fjárhagslegri tryggingu, eða er heimilt að nota aðferðirnar, sem lýst er í 2. mgr. þessarar greinar við útreikninga á virði áhættu að því er varðar 1. mgr. 111. gr., skal gera reglubundnar álagsprófanir á uppsafnaðri útlánaáhættu sinni, þ.m.t. í tengslum við söluvirði hvers konar tryggingar sem tekin hefur verið.“

ii) í stað fjórða undirliðar komi eftirfarandi:

„Þegar þess konar álagsprófun bendir til lægra söluvirðis tryggingar, sem tekið hefur verið við, en heimilt væri að taka tillit til samkvæmt heildaraðferðinni, sem byggist á fjárhagslegri tryggingu eða þeirri aðferð sem lýst er í 2. mgr. þessarar greinar, eins og við á, skal virði tryggingar, sem heimilt er að taka með í útreikninga á virði áhættuskuldbindinganna, að því er varðar 1. mgr. 111. gr., lækkað í samræmi við það.“

iii) eftirfarandi komi í stað b-liðar fimmtu undirgreinar:

„b) stefnur og verklagsreglur þegar álagsprófun bendir til lægra söluvirðis trygginga en gert var ráð fyrir við notkun heildaraðferðar sem byggist á fjárhagslegri tryggingu eða þeirri aðferð sem lýst er í 2. mgr. og“

d) ákvæði 4. mgr. falli brott,

26. Í stað 115. gr. komi eftirfarandi:

„115. gr.

„1. Að því er varðar þennan þátt er lánastofnun heimilt að lækka virði áhættu um allt að 50% af virði viðkomandi íbúðarhúsnæðis ef annaðhvort eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) áhættan er tryggð með veði í íbúðarhúsnæði eða hlutabréfum í finnskum húsnæðisfélögum, sem starfa í samræmi við finnsku húsnæðismálalögin frá 1991 eða síðari jafngild lög,

b) áhættan tengist kaupleigusamningi og leigusalinn hefur fullt eignarhald á íbúðarhúsnæðinu, sem er í leigu, svo fremi leigutaki nýti ekki forkaupsrétt sinn.

Verð eignarinnar skal reiknað, þannig að lögbær yfirvöld telji fullnægjandi, á grundvelli varfærinna matsreglna sem mælt er fyrir um í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum. Matið skal framkvæmt að minnsta kosti einu sinni á þriggja ára fresti að því er varðar íbúðarhúsnæði.

Kröfunum, sem settar eru fram í 8. lið 2. hluta VIII. viðauka og 62.–65. lið 3. hlutaVIII. viðauka, skal beitt að því er varðar þessa málsgrein.

„Íbúðarhúsnæði“ merkir húsnæði sem er nýtt til búsetu eða eigandi leigir út.

2. Að því er varðar þennan þátt er lánastofnun aðeins heimilt að lækka virði áhættu um allt að 50% af virði þess viðskiptahúsnæðis sem um er að ræða ef viðkomandi lögbær yfirvöld aðildarríkisins, sem viðskiptahúsnæðið er í, heimila að eftirfarandi áhættukröfur fái 50% áhættuvægi í samræmi við 78.–83. gr.:

a) áhættuskuldbindingar, sem eru tryggðar með veði í skrifstofuhúsnæði eða öðru viðskiptahúsnæði eða með hlutabréfum í finnskum húsnæðisfélögum, sem starfa í samræmi við finnsku húsnæðismálalögin frá 1991 eða nýrri jafngild lög, að því er varðar skrifstofur eða annað viðskiptahúsnæði, eða

b) áhættuskuldbindingar sem tengjast kaupleigusamningum er varða skrifstofur eða annað viðskiptahúsnæði.

Verð eignarinnar skal reiknað, þannig að lögbær yfirvöld telji fullnægjandi, á grundvelli varfærinna matsreglna sem mælt er fyrir um í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum.

Viðskiptahúsnæði skal vera fullbyggt, í leigu og gefa af sér viðeigandi leigutekjur.“

27. Ákvæði 116. gr. falli brott

28. Ákvæðum 117. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Ef þriðji aðili tryggir áhættu gagnvart við-

skiptavini eða hún er tryggð með veði sem þriðji aðili gefur út er lánastofnun heimilt að:

a) líta á þann hluta áhættunnar, sem er tryggð, sem áhættu gagnvart ábyrgðaraðila fremur en gagnvart viðskiptavini, að því tilskildu að ótryggð áhætta gagnvart útgefanda tryggingarinnar fengi sama eða lægra áhættuvægi en áhættuvægi hins ótryggða hluta áhættunnar gagnvart viðskiptavininum skv. 78.–83. gr.,

b) líta á þann hluta áhættu, sem er tryggð með veði í markaðsvirði viðurkenndrar tryggingar, sem áhættu gagnvart þriðja aðila fremur en gagnvart viðskiptavini, að því tilskildu að áhættan er tryggð með veði og tryggður hluti áhættunnar fengi sama eða lægra áhættuvægi en áhættuvægi ótryggða hluta áhættunnar gagnvart viðskiptavininum skv. 78.–83. gr.

Lánastofnun skal ekki nota þá aðferð sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar ef um er að ræða misræmi milli binditíma áhættu og binditíma áhættuvarnar.

Að því er varðar þennan þátt er lánastofnun aðeins heimilt að nota bæði heildaraðferðina, sem byggir á fjárhagslegri tryggingu, og þá meðferð sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, ef það er leyfilegt að nota bæði heildaraðferðina sem byggist á fjárhagslegri tryggingu og einföldu aðferðina um fjárhagslegar tryggingar að því er varðar a-lið 75. gr.“

b) í stað inngangshlutans í 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Ef lánastofnun beitir a-lið 1. mgr.:“

29. Ákvæði 119. gr. falli brott

30. Eftirfarandi þætti er bætt við 2. kafla:

„7. ÞÁTTUR

ÁHÆTTA VEGNA YFIRFÆRÐRAR ÚTLÁNAÁHÆTTU

122 gr. a

1. Lánastofnun skal, þó ekki þegar hún er í hlutverki útgefanda, umsýsluaðila eða upphaflegs lánveitanda, því aðeins bera útlánaáhættu verðbréfaðrar stöðu í veltubók sinni eða utan veltubókar að útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi hafi greint lánastofnun sérstaklega frá því að hann (eða hún) muni ávallt halda eftir umtalsverðum hluta fjárhagslegrar áhættu, sem skal í hverju tilviki fyrir sig ekki vera minni en 5%.

Að því er varðar þessa grein merkir „að halda umtalsverðum hluta fjárhagslegrar áhættu“:

a) að halda eftir ekki minna en 5% af nafnvirði hvers lags (tranche) sem er selt eða yfirfært til fjárfestanna,

b) þegar um er að ræða verðbréfun hlaupandi áhættuskuldbindinga (securitisation of revolving exposures), að halda eftir hlutdeild útgefanda í áhættu sem er ekki minni en 5% af nafnvirði verðbréfaðra áhættuskuldbindinga,

c) að halda eftir áhættuskuldbindingum, sem valdar eru með slembiúrtaki, að jafngildi ekki minna en 5% af nafnvirði verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, ef þess konar áhættuskuldbindingar hefðu annars verið verðbréfaðar í verðbréfuninni, að því tilskildu að fjöldi hugsanlegra verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sé ekki undir 100 í upphafi, eða

d) að halda eftir því lagi sem er í fyrstu tapsstöðu og, ef nauðsyn krefur, öðrum lögum sem hafa sömu eða strangari áhættustefnu en það sem yfirfært er eða selt til fjárfesta og gjalddagi þess er ekki á undan gjalddaga þess sem yfirfært er eða selt til fjárfesta, þannig að það sem er haldið eftir er samtals ekki minna en 5% af nafnvirði verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna.

Hluti af fjárhagslegri áhættu er metinn í upphafi og skal stöðugt viðhalda honum. Hann skal ekki falla undir nokkurs konar lækkun á útlánaáhættu eða skortstöðum eða annars konar áhættuvörn. Hluti af fjárhagslegri áhættu skal ákvarðaður með grundvallarfjárhæð liða utan efnahagsreiknings.

Að því er varðar þessa grein merkir „stöðugt“ að stöður, vextir eða áhættuskuldbindingar, sem er haldið eftir, eru ekki áhættuvarðar eða seldar.

Ekki skal vera mögulegt að margbeita kröfum um að halda eftir í hverju tilviki verðbréfunar.

2. Ef móðurlánastofnun eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði innan Evrópusambandsins, eða dótturfélag þess sem útgáfulánastofnun eða umsýslulánastofnun, verðbréfar áhættuskuldbindingar frá mörgum lánastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum eða öðrum fjármálastofnunum, sem falla undir eftirlit með samstæðum, má uppfylla

kröfurnar, sem um getur í 1. mgr., á grundvelli samstæðu viðkomandi móðurfélags eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði innan Evrópusambandsins. Aðeins skal beita þessari málsgrein ef lánastofnanir, fjárfestingarfyrirtæki eða fjármálastofnanir, sem stofnuðu til verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna, hafa skuldbundið sig til að fara að kröfum sem settar eru fram í 6. mgr. og afhenda, tímanlega, útgáfulánastofnun eða umsýslulánastofnun og móðurfélagi eða eignarhaldsfélagi á fjármálasviði innan Evrópusambandsins þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla þær kröfur sem um getur í 7. mgr.

3. Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við ef verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar eru kröfur eða óvissar kröfur á eða eru tryggðar að öllu leyti, skilyrðislaust og óafturkræft með ábyrgð:

a) ríkisstjórna eða seðlabanka,

b) héraðsstjórna, staðaryfirvalda og opinberra aðila innan aðildarríkja,

c) stofnana, sem fá úthlutað 50% áhættuvægi, skv. 78. til 83. gr.,

d) fjölþjóðlegra þróunarbanka.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:

a) viðskipti sem byggð eru á skýrri, gagnsærri og aðgengilegri vísitölu, þar sem viðmiðunareiningar, sem liggja til grundvallar, eru eins og þær sem mynda vísitölu eininga, sem mikil viðskipti eru með, eða eru framseljanleg verðbréf af öðrum toga en verðbréfaðar stöður eða

b) sambankalán, keyptar viðskiptakröfur eða skuldatryggingaskiptasamningar þegar þess háttar gerningar eru ekki notaðir til að pakka inn og/eða áhættuverja verðbréfun sem fellur undir 1. mgr.

4. Áður en fjárfest er, og eins og við á eftir fjárfestingu, skulu lánastofnanir, að því er varðar hverja einstaka verðbréfaða stöðu þeirra, geta sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að þær hafi yfirgripsmikla og ítarlega þekkingu á og hafi innleitt formlega málsmeðferð og verklagsreglur, sem eru viðeigandi hvað varðar veltubók og viðskipti utan veltubókar og eru í réttu hlutfalli við áhættustefnu fjárfestinga í verðbréfuðum stöðum, við greiningu og skjalfestingu á:

a) birtum upplýsingum, skv. 1. mgr., frá útgáfulánastofnun og umsýslulánastofnunum til að tilgreina hreina hlutdeild í eigin fé sem þeir halda stöðugt eftir í verðbréfuninni,

b) áhættulýsingu á einstökum, verðbréfuðum stöðum,

c) áhættulýsingu áhættuskuldbindinganna sem liggja til grundvallar verðbréfuðu stöðunni,

d) orðspori og tapreynslu við fyrri verðbréfanir útgefandi lánastofnana eða umsýslulánastofnana í viðkomandi áhættuflokkum, sem eru grundvöllur verðbréfaðrar stöðu,

e) yfirlýsingum og birtum upplýsingum útgefandi lánastofnana eða umsýslulánastofnana, eða umboðsaðila eða ráðgjafa þeirra, varðandi áreiðanleikakönnun á verðbréfuðu áhættuskuldbindingunum og, eftir atvikum, á gæðum trygginga vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga,

f) eftir atvikum, aðferðafræði og hugtökum, sem virðismat á tryggingum vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga byggist á, og stefnum, sem innleiddar eru af útgáfulánastofnun eða umsýslulánastofnun til þess að tryggja óhæði matsaðila, og

g) öllum skipulagsþáttum verðbréfunar sem geta haft veruleg áhrif á árangur af verðbréfaðri stöðu lánastofnunar.

Lánastofnanir skulu framkvæma reglulega eigin álagsprófanir sem henta verðbréfuðum stöðum þeirra. Í þessu skyni geta lánastofnanir stuðst við fjárhagsleg líkön sem þróuð eru af utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunum, að því tilskildu að lánastofnanir geti sýnt fram á, sé þess krafist, að þær hafi sýnt tilhlýðilega varfærni fyrir rannsókn til þess að fullgilda viðeigandi forsendur í og við uppbyggingu líkana og til að skilja aðferðafræði, forsendur og niðurstöður.

5. Lánastofnanir, nema þegar þær eru í hlutverki útgefanda eða umsýsluaðila, skulu koma á viðeigandi formlegu ferli að því er varðar veltubók og viðskipti utan veltubókar og er í réttu hlutfalli við áhættustefnu í fjárfestingum í verðbréfuðum stöðum, til þess að fylgjast stöðugt og tímanlega með upplýsingum um árangur afþeim áhættuskuldbindingum sem liggja til grundvallar verðbréfuðum stöðum. Í þessu felst, eftir því sem við á, tegund áhættu, hlutfall lána, sem eru komin meira en 30, 60 og 90 daga fram yfir gjalddaga, vanskilahlutfall, hlutfall fyrirframgreiðslu, útlán, þar sem gengið er að veði, tegund veðs og notkun, og tíðnidreifing lánshæfis-

einkunna eða annarra mælikvarða á lánstrausti þvert á þær áhættuskuldbindingar sem liggja til grundvallar, atvinnugrein og landfræðilega fjölbreytni, tíðnidreifingu hlutfalls útlánaá móti virði með vikmörkum sem auðvelda fullnægjandi næmisgreiningu. Ákvarðist þær áhættuskuldbindingar, sem liggja til grundvallar, einnig af verðbréfuðum stöðum skulu lánastofnanir ekki aðeins hafa upplýsingar, sem settar eru fram í þessari undirgrein, um þau lög verðbréfunar, sem liggja til grundvallar, svo sem nafn útgefanda og lánshæfisgæði, heldur einnig um einkenni og árangur af því safni sem er til grundvallar þessum lögum verðbréfunar.

Lánastofnanir skulu hafa ítarlegan skilning á öllum kerfislægum þáttum verðbréfunarviðskipta sem geta haft veruleg áhrif á árangur af þeim áhættuskuldbindingum þeirra sem eru í verðbréfunarviðskiptunum, s.s. samningsbundin forgangsröðun til greiðslu (contractual waterfalls) og kveikjur (triggers) í tengslum við slíkar greiðslur, bætt lánskjör, styrking lausafjárstöðu, markaðsvirðiskveikjur og sérstakar, samningsbundnar skilgreiningar á vanefndum.

Ef kröfurnar í 4., 7. og þessari málsgrein eru ekki uppfylltar í meginatriðum vegna vanrækslu eða aðgerðaleysis lánastofnunar skulu aðildarríki sjá til þess að lögbær yfirvöld komi á auknu hlutfallslegu áhættuvægi sem er ekki minna en 250% af áhættuvægi (mest 1 250%) sem myndi, ef ekki væri fyrir þessa málsgrein, gilda um viðeigandi verðbréfaðar stöður sem falla undir 4. hluta, IX. viðauka, og skal það fara stighækkandi með hverju broti á ákvæðum áreiðanleikakönnunar. Lögbær yfirvöld skulu taka tillit til undanþága tiltekinna verðbréfana sem kveðið er á um í 3. mgr. með því að lækka það áhættuvægi sem annars væri úthlutað samkvæmt þessari grein að því er varðar verðbréfun sem fellur undir 3. mgr.

6. Útgefandi lánastofnanir og umsýslulánastofnanir skulu beita sömu traustu og vel skilgreindu viðmiðununum vegna lánveitinga í samræmi við kröfur 3. liðar V. viðauka á áhættuskuldbindingar er skulu verðbréfaðar eins og þær sem beitt er vegnaáhættuskuldbindinga sem skal haldið í bókum þeirra. Í þessu skyni skulu útgefandi lánastofnanir og umsýslulánastofnanir nota sama ferli við samþykki og, ef við á, breytingar, endurnýjun og endurfjármögnun útlána. Lánastofnanir skulu einnig beita sömu greiningarstöðlum við þátttöku í verðbréfunum eða sölutryggingu þeirra, sem keyptar eru af þriðja aðila, hvort sem eignarhald þannig hlutdeildar eða sölutryggingar er í veltubók lánastofnana eða utan veltubókar.

Ef þær kröfur sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar eru ekki uppfylltar skal útgáfulánastofnun ekki beita 1. mgr. 95. gr. og þeirri lánastofnun skal ekki heimilt að undanskilja verðbréfaðar áhættuskuldbindingar við útreikning á eiginfjárkröfum samkvæmt þessari tilskipun.

7. Útgefandi lánastofnanir og umsýslulánastofnanir skulu greina fjárfestum frá umfangi skuldbindinga sinna samkvæmt 1. mgr. um að viðhalda hluta af fjárhagslegri áhættu í verðbréfun. Útgefandi lánastofnanir og umsýslulánastofnanir skulu tryggja að væntanlegir fjárfestar hafi greiðan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta að því er varðar lánshæfisgæði og árangur af einstökum áhættuskuldbindingum, sem liggja til grundvallar, sjóðstreymi, og tryggingar að baki verðbréfuðum stöðum, sem og þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera ítarlegt og vel ígrundaða álagsprófun á sjóðstreymi og virði trygginga að bakiáhættuskuldbindingum. Í þeim tilgangi skulu mikilvæg og viðeigandi gögn skilgreind við upphaf verðbréfunar og síðan, eftir því sem við á, í samræmi við eðli verðbréfunar.

8. Beita skal ákvæðum 1.–7. mgr. á nýjar verðbréfanir sem gefnar eru út hinn 1. janúar 2011 eða síðar. Ákvæðum 1.–7. mgr. skal beita á gildandi verðbréfanir eftir 31. desember 2014 ef nýjum áhættuskuldbindingum, sem liggja til grundvallar, er bætt við eða skipt út eftir þann dag. Lögbær yfirvöld geta ákveðið að fella tímabundið úr gildi þær kröfur sem um getur í 1. og 2. mgr. á tímabilum þegar lausafjárstaða er almennt erfið á markaðnum.

9. Lögbær yfirvöld skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

a) eigi síðar en 31. desember 2010, almennar viðmiðanir og aðferðafræði sem þau hafa innleitt til að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum 1.–7. mgr.

b) með fyrirvara um ákvæði, sem mælt er fyrir um í öðrum þætti 1. kafla, samandregna lýsingu á niðurstöðu eftirlits yfirvalda og lýsingu á ráðstöfunum sem gerðar eru í tilvikum þegar ákvæðum 1.–7. mgr. er ekki fylgt, árlega frá 31. desember 2011.

Þær kröfur sem settar eru fram í þessari grein falla undir aðra undirgrein 144. gr.

10. Evrópska bankaeftirlitsnefndin skal gefa framkvæmdastjórninni skýrslu árlega um það hvort lögbær yfirvöld fari að ákvæðum þessarar greinar. Evrópska bankaeftirlitsnefndin skal útfæra leiðbeiningar um samleitni eftirlitsaðferða að því er varðar þessa grein, þ.m.t. þær ráðstafanir sem gerðar eru ef ekki er staðið við skuldbindingar um áreiðanleikakönnun og áhættustjórnun.“

31. Ákvæðum 129. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað b-liðar í 1. mgr. komi eftirfarandi:

„b) skipulagning og samræming eftirlitsstarfsemi við áframhaldandi rekstur, þ.m.t. í tengslum við þá starfsemi sem um getur í 123., 124., 136. gr., 5. kafla og V. viðauka, í samstarfi við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld,

c) skipulagning og samræming eftirlitsstarfsemi í samstarfi við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld og, ef nauðsyn krefur, við seðlabanka, við undirbúning fyrir og við neyðarástand, þ.m.t. við neikvæða þróun lánastofnana eða á fjármálamörkuðum, ef mögulegt er með notkun skilgreindra boðskiptaleiða sem auðvelda krísustjórnun.

Áætlanagerð og samræming eftirlitsstarfa, sem um getur í c-lið, fela í sér sérstakar neyðarráðstafanir, sem um getur í b-lið 3. mgr. 132. gr., undirbúning sameiginlegs mats, framkvæmd viðbragðsáætlana og samskipti við almenning.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli og þau lögbæru yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti í aðildarríki með dótturfyrirtækjum móðurlánastofnana eða eignarhaldsfélögum á fjármálasviði innan Evrópusambandsins skulu gera allt sem í valdi þeirra stendur til að sameiginleg ákvörðun náist um beitingu 123. og 124. gr. til að ákvarða fullnægjandi hlutfall eigin fjár á samstæðugrundvelli með tilliti til fjárhagsstöðu og áhættustefnu og þess hlutfalls sem krafist er skv. 2. mgr. 136. gr. fyrir hverja einingu innan bankasamstæðu og á samstæðugrundvelli.

Sameiginleg ákvörðun skal tekin innan fjögurra mánaða frá því eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli hefur lagt skýrslu með áhættumati á samstæðu í samræmi við 123. og 124. gr. fyrir önnur lögbær yfirvöld sem hlut eiga að máli. Við sameiginlega ákvörðun skal einnig taka með viðeigandi hætti til athugunar áhættumat viðkomandi lögbærra yfirvalda í samræmi við 123. og 124. gr.

Sameiginleg ákvörðun skal sett fram í skjali þar sem ákvörðunin er vel rökstudd og eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli lætur móðurlánastofnuninni innan Evrópusambandsins í té. Ef um ágreining er að ræða skal eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli að beiðni einhvers hinna lögbæru yfirvaldanna, sem hlut eiga að máli, hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsnefndina. Eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli er heimilt að hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsnefndina að eigin frumkvæði.

Ef lögbær yfirvöld geta ekki tekið sameiginlega ákvörðun innan fjögurra mánaða skal eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli taka ákvörðun um beitingu 123. og 124. gr. og 2. mgr. 136. gr. á samstæðugrundvelli, að teknu tilhlýðilegu tilliti til áhættumats á dótturfélögum sem viðkomandi lögbær yfirvöld hafa unnið.

Viðkomandi lögbær yfirvöld, sem ábyrgð bera á eftirliti með dótturfélögum móðurlánastofnana eða eignarhaldsfélögum á fjármálasviði innan Evrópusambandsins, skulu taka ákvörðun um beitingu 123. og 124. gr. og 2. mgr. 136. gr. á grundvelli einstakra eininga eða samstæðuhluta, að teknu tilhlýðilegu tilliti til álits og fyrirvara eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli.

Ákvarðanir skulu settar fram í skjali ásamt ítarlegum rökstuðningi við þær og skal tekið tillit til áhættumats, álits og fyrirvara hinna lögbæru yfirvaldanna sem þau láta í ljós á fjögurra mánaða tímabilinu. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli lætur skjalið í té öllum lögbærum yfirvöldum, sem hlut eiga að máli, og móðurlánastofnuninni innan Evrópusambandsins.

Ef samráð hefur verið haft við evrópsku bankaeftirlitsnefndina skulu öll lögbær yfirvöld taka tillit til þess samráðs og gera grein fyrir hvers konar frávikum frá því.

Sú sameiginlega ákvörðun sem um getur í fyrstu undirgrein og ákvarðanir, sem lögbær yfirvöld taka, ef sameiginleg ákvörðun hefur

ekki náðst, skulu viðurkenndar sem ákvarðandi og skulu lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríki beita þeim.

Þá sameiginlegu ákvörðun sem um getur í fyrstu undirgrein og ákvarðanir, sem lögbær yfirvöld taka, ef sameiginleg ákvörðun hefur ekki náðst í samræmi við fjórðu og fimmtu undirgrein, skal uppfæra árlega eða, í undantekningartilvikum, ef lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á eftirliti með dótturfélögum móðurlánastofnunar eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði innan Evrópusambandsins, leggur fram skriflega og vel rökstudda beiðni til eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli um að uppfæra ákvörðun um beitingu 2. mgr. 136. gr. Í síðara tilvikinu getur uppfærslan verið á tvíhliða grundvelli milli eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli og þess lögbæra yfirvalds sem leggur fram beiðnina.

Evrópska bankaeftirlitsnefndin skal útfæra leiðbeiningar um samleitni eftirlitsaðferða að því er varðar ferli við sameiginlega ákvarðanatöku sem um getur í þessari grein og með tilliti til beitingar 123. og 124. gr. og 2. mgr. 136. gr. með það fyrir augum að greiða fyrir sameiginlegum ákvörðunum.“

32. Í stað 1. mgr. 130. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ef upp kemur neyðarástand, þ.m.t. neikvæð þróun á fjármálamörkuðum, sem hugsanlega teflir í tvísýnu lausafjárstöðu og stöðugleika fjármálakerfisins í hverju því aðildarríki þar sem einingar samstæðu hafa verið viðurkenndar eða þar sem mikilvæg útibú, sem um getur í a-lið 42. gr., hafa verið stofnuð, skal eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli, með fyrirvara um 2. þátt 1. kafla, gera yfirvöldunum, sem um getur fjórðu undirgrein 49. gr. og 50 gr., viðvart eins fljótt og við verður komið og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að þau geti leyst sín verk af hendi. Þessar skuldbindingar skulu eiga við um öll lögbær yfirvöld skv. 125. og 126. gr. og um lögbær yfirvöld sem tilgreind eru í 1. mgr. 129. gr.

Ef það yfirvald sem um getur í fjórðu málsgrein 49. gr. verður vart við ástand sem lýst er í fyrstu undirgrein þessarar greinar skal það gera lögbærum yfirvöldum, sem hlut eiga að máli og um getur í 125. og 126. gr., viðvart eins fljótt og við verður komið.

Ef unnt er skulu lögbært yfirvald og það yfirvald sem um getur í fjórðu málsgrein 49. gr. nota þær skilgreindu samskiptaleiðir sem fyrir hendi eru.“

33. Eftirfarandi grein bætist við:

„131 gr. a

1. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal koma á fót samtökum eftirlitsaðila til þess að greiða fyrir framkvæmd þeirra verkefna sem um getur í 129. gr. og 1. mgr. 130 gr., með fyrirvara um trúnaðarkvaðir 2. mgr. þessarar greinar og samræmi við lög Bandalagsins, og tryggja viðeigandi samræmingu og samstarf við viðkomandi lögbær yfirvöld þriðja lands, eftir því sem við á.

Samtök eftirlitsaðila skulu setja ramma fyrir framkvæmd eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli og hinna lögbæru yfirvaldanna, sem hlut eiga að máli, á eftirfarandi verkefnum:

a) að skiptast á upplýsingum,

b) að ná samkomulagi um frjálsa skiptingu verkefna og frjálsa dreifingu ábyrgðar, eftir því sem við á,

c) að ákvarða áætlanir um eftirlitsaðgerðir á grundvelli áhættumats samstæðunnar í samræmi við 124. gr.,

d) að auka skilvirkni eftirlits með því að koma í veg fyrir óþarfa tvítekningu eftirlitskrafna, þ.m.t. í tengslum við kröfur um upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 130. gr. og 2. mgr. 132. gr.

e) að beita varfærniskröfum með samræmdum hætti samkvæmt þessari tilskipun þvert á allar einingar innan bankasamstæðu, með fyrirvara um aðra möguleika og ákvörðunarfrelsi sem löggjöf Bandalagsins býður upp á,

f) að beita c-lið 1. mgr. 129. gr. með tilliti til vinnu á öðrum vettvangi sem kann að verða komið á fót á þessu sviði.

Lögbær yfirvöld, sem eru þátttakendur í samtökum eftirlitsaðila, skulu vinna náið saman. Trúnaðarkvaðir, sem um getur í 2. þætti 1. kafla, skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld geti skipst á trúnaðarupplýsingum innan samtaka eftirlitsaðila. Stofnsetning og rekstur samtaka eftirlitsaðila skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari tilskipun.

2. Stofnsetning og rekstur samtakanna skulu byggjast á skriflegum samþykktum sem um getur í 131. gr. og ákvarðaðar eru að höfðu samráði

eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld.

Evrópska bankaeftirlitsnefndin skal útfæra leiðbeiningar um rekstrarþætti samtaka, þ.m.t. í tengslum við 3. mgr. 42. gr. a.

Lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti með dótturfélögum móðurlánastofnana innan Evrópusambandsins eða móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði innan Evrópusambandsins, og lögbær yfirvöld í gistilandi, þar sem stofnað er mikilvægt útibú, sem um getur í 42. gr. a, seðlabankar, þar sem við á, og lögbær yfirvöld þriðja lands, ef við á, með fyrirvara um trúnaðarkvaðir sem eru jafngildar, að áliti allra lögbærra yfirvalda, kröfunum, sem settar eru fram í 2. þætti 1. kafla, er heimilt að taka þátt í starfi samtaka eftirlitsaðila.

Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal veita samtökunum formennsku og ákveða hvaða lögbæru yfirvöld taka þátt í fundum eða starfsemi samtakanna. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal upplýsa alla aðila samtakanna ítarlega fyrirfram um skipulag þess háttar funda, meginumræðuefni og starfsemi sem taka skal til athugunar. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal einnig halda öllum aðilum nefndar að vel og tímanlega upplýstum um aðgerðir, sem koma til framkvæmda á þessum fundum, eða ráðstafanir sem gerðar eru.

Við ákvörðun eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli skal tekið tillit til mikilvægis þeirrar eftirlitsstarfsemi sem er fyrirhuguð eða samræmd að því er varðar þau yfirvöld, einkum hugsanleg áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins innan viðkomandi aðildarríkja, sem um getur í 3. lið 40. gr., og skuldbindinga sem um getur í 2. mgr. 42. gr. a.

Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal, með fyrirvara um trúnaðarkvaðir sem um getur í 2. þætti 1. kafla, upplýsa evrópsku bankaeftirlitsnefndina um starfsemi samtaka eftirlitsaðila, m.a. þegar um er að ræða neyðarástand, og veita samtökunum allar upplýsingar sem skipta máli að því er varðar samleitni eftirlits.“

34. Ákvæðum 132. gr. er breytt sem hér segir:

a) í d-lið 1. mgr. komi tilvísun í 1. mgr. 136. gr. í stað tilvísunar í 136. gr.,

b) í b-lið 3. mgr. komi tilvísun í 1. mgr. 136. gr. í stað tilvísunar í 136. gr.,

35. Ákvæðum 150. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað k- og l-liðar 1. mgr.:

k) skrár og flokkanir á liðum utan efnahagsreiknings í II. og IV. viðauka,

l) breytingar á ákvæðunum í III. og V.–XII. viðauka í því skyni að taka tillit til framvindu á fjármálamörkuðum (einkum nýrra fjármálaafurða) eða í reikningsskilastöðlum eða til krafna, sem taka mið af löggjöf Bandalagsins, eða með tilliti til samleitni eftirlitsaðferða.“

b) í stað c-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„c) nánari útlistun á undanþágum sem kveðið er á um í 113. gr.:“

36. Í 153. gr. komi eftirfarandi í stað þriðju málsgreinar:

„Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga, að því er varðar 4. lið 1. hluta VI. viðauka, skal, fram til 31. desember 2015, nota sömu áhættuvog á áhættuskuldbindingar gagnvart ríkisstjórnum eða seðlabönkum aðildarríkja, sem tilgreindar eru og fjármagnaðar í innanlandsgjaldmiðli hvaða aðildarríkis sem er, og notuð yrði á slíkar áhættuskuldbindingar sem tilgreindar eru og fjármagnaðar í landsgjaldmiðli þeirra.“

37. eftirfarandi liðir bætast við 154. gr.:

„8. Lánastofnanir, sem fylgja ekki þeim takmörkunum sem settar eru fram í lið 1a í 66. gr. fyrir 31. desember 2010, skulu vinna áætlanir og ferla til þess að leysa úr þeim aðstæðum fyrir þá daga sem tilgreindir eru í 9. mgr. þessarar greinar.

Endurskoða skal þessar ráðstafanir skv. 124. gr.

9. Gerningar sem fyrir 31. desember 2010 töldust samkvæmt landslögum jafngildir þeim liðum sem um getur í a-, b- og c-lið 57. gr. en falla ekki undir a-lið 57. gr. eða eru ekki í samræmi við þær viðmiðanir sem settar eru fram í a-lið 63. gr., teljast falla undir ca-lið 57. gr. fram til 31. desember 2040, með fyrirvara um eftirfarandi takmarkanir:

a) allt að 20% af samtölu a- til ca-liðar 57. gr., að frádreginni samtölu i-, j- og k-liðar 57. gr., 10 til 20 árum eftir 31. desember 2010.

b) allt að 10% af samtölu a- til ca-liðar 57. gr., að frádreginni samtölu i-, j- og k-liðar 57. gr.

20 til 30 árum eftir 31. desember 2010.

Evrópska bankaeftirlitsnefndin skal hafa eftirlit með útgáfu þessara gerninga fram til 31. desember 2010.

10. Að því er varðar 5. þátt skulu eignaliðir, sem fela í sér kröfur á og aðrar áhættuskuldbindingar gagnvart stofnunum, sem stofnað var til fyrir 31. desember 2009, áfram falla undir sömu meðferð og beitt er í samræmi við 2. mgr. 115. gr. og 116. gr. eins og þær voru fyrir 7. desember 2009, en þó ekki kengur en til 31. desember 2012.

11. Fram til 31. desember 2012 skal það tímabil sem um getur í 3. mgr. vera sex mánuðir.“

38. Í stað 156. gr. komi eftirfarandi:

„156. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin og að teknu tilliti til framlags Seðlabanka Evrópu, fylgjast reglulega með því hvort þessi tilskipun í heild, ásamt tilskipun 2006/49/EB, hafi veruleg áhrif á hagsveifluna og skal, í ljósi þeirrar skoðunar, íhuga hvort þörf sé á ráðstöfunum til úrbóta.

Á grundvelli þessarar greiningar og að teknu tilliti til framlags Seðlabanka Evrópu skal framkvæmdastjórnin taka saman tveggja ára skýrslu og senda Evrópuþinginu og ráðinu ásamt viðeigandi tillögum. Við vinnslu skýrslunnar skal tekið fullt tillit til framlaga frá lántökum og lánveitendum.

Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 31. desember 2009 endurskoða þessa tilskipun í heild og fjalla um þörf fyrir betri greiningu á vandamálum sem lúta að þjóðhagslegum stöðugleika og á viðbrögðum við þeim, þ.m.t. rannsókn á:

a) ráðstöfunum, sem draga úr upp- og niðursveiflu hagsveiflunnar, þ.m.t. þörfin á að lánastofnanir byggi upp sveiflujöfnunarsjóði þegar vel árar sem séu mótvægi gegn sveiflum og megi nýta í niðursveiflu.

b) grunnforsendum útreikninga á eiginfjárkröfum í þessari tilskipun og

c) viðbótarráðstafanir við áhættutengdar kröfur um að lánastofnanir stuðli að því að vogun innan bankakerfisins sé haldið í skefjum.

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um ofangreind atriði fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögum, eftir því sem við á.

Framkvæmdastjórnin skal, eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 31. desember 2009, gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um þörf fyrir frekari umbætur á eftirlitskerfinu, m.a. á viðeigandi greinum þessarar tilskipunar, og hvers konar viðeigandi tillögur að nýrri lagasetningu í samræmi við viðeigandi málsmeðferð samkvæmt sáttmálanum.

Eigi síðar en 1. janúar 2011 skal framkvæmdastjórnin endurskoða þá framþróun sem orðið hefur hjá evrópsku bankaeftirlitsnefndinni í átt að samræmdri framsetningu, tíðni og dagsetningum skýrslugjafar sem um getur í 2. mgr. 74. gr. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið á grundvelli þessarar endurskoðunar.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2011, endurskoða og gefa skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar með sérstöku tilliti til allra hliða á 68.–73. gr., 7. mgr. 80. gr. og 8. mgr. 80. gr. og beitingu hennar á smálánastarfsemi, og skal hún senda þessa skýrslu til þingsins og ráðsins ásamt viðeigandi tillögum.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2011, endurskoða og gefa skýrslu um beitingu 4. mgr. 113. gr., þ.m.t. hvort undanþágur skuli vera háðar landsbundnu ákvörðunarvaldi, og hún skal senda þessa skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins ásamt viðeigandi tillögum. Að því er varðar hugsanlegt afnám landsbundins ákvörðunarvalds skv. c-lið 4. mgr. 113. gr. og mögulegrar beitingar á vettvangi Evrópusambandsins skal endurskoðunin einkum taka tillit til skilvirkni áhættustjórnunar samstæðu þegar tryggja skal að fullnægjandi verndarráðstafanir séu fyrir hendi til að tryggja fjárhagslegan stöðugleika innan allra aðildarríkja þar sem eining innan samstæðu er stofnsett.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2009, endurskoða og gefa skýrslu um ráðstafanir til að auka gagnsæi viðskipta utan skipulagðra verðbréfamarkaða, þ.m.t. á skuldatryggingamarkaði, s.s. með því að uppgjör eigi sér stað hjá milligönguaðilum, og hún skal senda þessa skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins ásamt viðeigandi tillögum.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2009, gefa skýrslu um væntanleg áhrif a-liðar 122. gr. og senda skýrslu þar að lútandi til Evrópuþingsins og ráðsins, ásamt viðeigandi

tillögu að breytingum. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrsluna að höfðu samráði við Evrópsku bakaeftirlitsnefndina. Í skýrslunni skal einkum tekið til athugunar hvort lágmarkskröfur um eignarhald skv. 1. mgr. aliðar 122. gr. stuðli að því markmiði að ná fram aukinni samræmingu milli hagsmuna útgefanda eða umsýsluaðila og fjárfesta og auki fjárhagslegan stöðugleika, og hvort rétt væri að hækka lágmarkskröfur um eignarhald með hliðsjón af alþjóðlegri þróun.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2012, gefa skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um beitingu og skilvirkni a-liðar 122 gr. í ljósi þróunar á alþjóðlegum mörkuðum.“

39. Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í 5. lið 1. hluta bætist eftirfarandi málsliður við:

„Samkvæmt þeirri aðferð sem sett er fram í 6. hluta þessa viðauka (IMM) má fara með öll skuldajöfnunarsöfn með einum mótaðila sem eina skuldajöfnun ef neikvætt hermt markaðsvirði einstakra skuldajöfnunaraðgerða er haft jafnt og 0 við mat á væntri áhættu (EE).“

b) í stað 3. liðar 2. hluta komi eftirfarandi:

„3. Ef lánastofnun kaupir útlánaafleiðuvörn gegn áhættu utan veltubókar eða gegn mótaðila- og útlánaáhættu, er henni heimilt að reikna eiginfjárkröfur fyrir áhættuvörðu eignina í samræmi við 83. til 92. lið 3. hluta VII. viðauka, eða með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, í samræmi við 4. lið 1. hluta VII. viðauka eða 96.–104. lið 4. hluta VII. viðauka.

Í þeim tilvikum, og þegar kosturinn í öðrum málslið 11. liðar II. viðauka tilskipunar 2006/49/EB er ekki tekinn, er virði áhættu mótaðila- og útlánaáhættu þessara útlánaafleiða haft núll.

Stofnun getur þó við útreikning á eiginfjárkröfum vegna mótaðilaáhættu kosið, með samræmdum hætti, að telja með allar útlánaafleiður sem ekki eru í veltubók og keyptar eru sem vörn gegn áhættu utan veltubókar eða gegn mótaðila- og útlánaáhættu, ef útlánavörnin er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.“

c) í stað 15. liðar 5. hluta komi eftirfarandi:

„15. Eitt áhættuvarnarsafn er fyrir hvern útgefanda viðmiðunarskuldagernings sem liggur til grundvallar skuldatryggingu. Með eignakörfur skuldatrygginga, sem byggjast á því hver eignanna er sú „n-ta“ til að lenda í vanskilum, skal farið sem hér segir:

a) fjárhæð áhættustöðu í viðmiðunarskuldagerningi í eignakörfu, sem liggur til grundvallar „n-ta til að lenda í vanskilum“ skuldatryggingar, er raunveruleg grundvallarfjárhæð viðmiðunarskuldagernings, margfölduð með leiðréttum gildistíma „n-ta til að lenda í vanskilum“-afleiðu með hliðsjón af breytingu á áhættuálagi viðmiðunarskuldagernings,

b) eitt áhættuvarnarsafn er fyrir hvern viðmiðunarskuldagerning í eignakörfu sem liggur til grundvallar skuldatryggingu sem er „n-ta til að lenda í vanskilum“; áhættustöður vegna mismunandi „n-ta til að lenda í vanskilum“-skuldatryggingum skulu ekki teljast til sama áhættuvarnarsafns,

c) margfaldari mótaðila- og útlánaáhættu, sem á við hvert áhættuvarnarsafn, sem stofnað er til vegna einhvers viðmiðunarskuldagernings afleiðu, sem er „n-ta til að lenda í vanskilum“, er 0,3 % fyrir viðmiðunarskuldagerninga sem hafa lánshæfismat frá viðurkenndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun, sem er jafngilt lánshæfisgæðaþrepi 1–3, og 0,6% fyrir aðra skuldagerninga.“

40. Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað 8. liðar komi eftirfarandi:

„8. Áhætta, sem verður til vegna verðbréfunarviðskipta, þar sem lánastofnanir eru fjárfestir, útgáfulánastofnun eða umsýslulánastofnun, þ.m.t. orðsporsáhætta (sem er t.d. í tengslum við flókna gerninga eða afurðir), skal metin og minnkuð fyrir tilstilli viðeigandi stefna og verklagsreglna til að tryggja að efnahagslegt inntak viðskiptanna endurspeglist að fullu í áhættumatinu og stjórnarákvörðunum.“

b) í stað 14. liðar komi eftirfarandi:

„14. Traustar áætlanir, stefnur, ferlar og kerfi skulu vera fyrir hendi til að unnt sé að greina, meta, stjórna og hafa eftirlit með lausafjáráhættu innan viðeigandi tímaramma, þ.m.t. innan dags, til að tryggja að lánastofnanir viðhaldi fullnægjandi varaforða lausafjár. Þessar áætlanir, stefnur, ferlar og kerfi skulu sniðin að atvinnugreinum, gjaldmiðlum og einingum og skulu fela í sér fullnægjandi aðferðir til skiptingar kostnaðar, ávinnings og áhættu vegna lausafjár.“

c) eftirfarandi liður bætist við:

„14a. Þær áætlanir, stefnur, ferlar og kerfi, sem um getur í 14. lið, skulu vera í réttu hlutfalli við áhættustefnu, það hversu flókin starfsemi lánastofnunar er, umfang hennar og áhættuþol, sem framkvæmdastjórn ákveður og endurspeglar mikilvægi lánastofnunar innan hvers aðildarríkis sem hún stundar viðskipti í. Lánastofnanir skulu upplýsa allar viðeigandi viðskiptasviða um áhættuþol sitt.“

d) í stað 15. liðar komi eftirfarandi:

„15. Lánastofnanir skulu þróa aðferðafræði fyrir skilgreiningu, mat, stjórnun og eftirlit með fjármögnunarstöðum. Sú aðferðafræði skal fela í sér núverandi og áætlað sjóðstreymi, sem máli skiptir, í eignum og af eignum, skuldir, liði utan efnahagsreiknings, þ.m.t. óvissar skuldbindingar og hugsanleg áhrif orðsporsáhættu.

16. Lánastofnanir skulu greina á milli veðsettra og veðbandalausra eigna sem eru fyrirliggjandi á hverjum tíma, einkum þegar um er að ræða neyðarástand. Þær skulu einnig taka tillit til lögaðila þar sem eignirnar eru staðsettar, þess lands þar sem eignirnar eru löglega skráðar í embættisbók eða í reikning sem og hæfi þeirra og skulu hafa eftirlit með því hvernig hægt er að koma hreyfingu á eignir með tímanlegum hætti.

17. Lánastofnanir skulu einnig taka tillit til gildandi takmarkana í lögum, reglum og rekstri á yfirfærslu lausafjár og veðbandalausra eigna milli einninga, bæði innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins.

18. Lánastofnun skal nota ýmis tæki til að draga úr lausafjáráhættu, þ.m.t. kerfi með takmörkunum og varaforða lausafjár, svo að hún geti staðið af sér margvíslegt álag, og fjármagnsskipan, sem er með viðunandi dreifingu, og aðgang að fjármögnun. Þetta fyrirkomulag skal endurskoðað reglulega.

19. Aðrar aðstæður er varða lausafjárstöður og minnkun áhættu skulu hafðar í huga og forsendur, sem liggja til grundvallar fjármagnsstöðu, skulu endurskoðaðar reglulega. Af þeim sökum skal við aðrar aðstæður einkum tekið tillit til liða utan efnahagsreiknings og annarra óvissra skuldbindinga, m.a. ef lánastofnun í tengslum við einingu um sérverkefni á sviði verðbréfunar eða öðru sviði er útgefandi eða veitir umtalsverðan lausafjárstuðning.

20. Lánastofnanir skulu taka tillit til hugsanlegra áhrifa af aðstæðum sem varða tilteknar stofnanir, markaði og aðrar blandaðar aðstæður. Taka skal til athugunar mismunandi tímaramma og mismunandi álagsstig við tiltekin skilyrði.

21. Lánastofnanir skulu aðlaga áætlanir sínar, innri stefnumörkun og takmarkanir á lausafjáráhættu og þróa skilvirkar viðbragðsáætlanir, með tilliti til niðurstöðu þeirra aðstæðna sem um getur í 19. lið.

22. Til þess að fást við lausafjárvanda skulu lánastofnanir hafa tiltækar viðbragðsáætlanir þar sem settar eru fram fullnægjandi áætlanir og viðeigandi framkvæmdarráðstafanir til þess að takast á við hugsanlegan lausafjárskort. Þessar áætlanir skulu prófaðar reglulega, uppfærðar á grundvelli niðurstaðna annarra aðstæðna, sem settar eru fram í 19. lið, gefnar skýrslur um þær til yfirstjórnar sem hún samþykkir þannig að unnt sé að leiðrétta innri stefnumörkun og ferli með viðeigandi hætti.“

41. Eftirfarandi liður bætist við 2. þátt, III. hluta, IX. viðauka:

„7a. Auk þess skulu lögbær yfirvöld gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, með tilliti til lánshæfismats í tengslum við sam-

setta fjármálagerninga, að utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun sé skuldbundin til að birta opinberlega útskýringar á því hvernig afrakstur af eignum í safni hefur áhrif á mat hennar á lánshæfi.“

42. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka:

a) í stað e-liðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„e) áhættuskuldbindingar og ráðstafanir lánastofnunar vegna lausafjáráhættu og stýringu á henni, þ.m.t. þróun atburðarásargreiningar, stjórnun þátta, sem eiga að draga úr áhættu (einkum stigi, samsetningu og gæði lausafjárvarasjóða), og skilvirkar viðbragðsáætlanir,“

b) eftirfarandi liður bætist við:

„1a. Að því er varðar e-lið 1. liðar skulu lögbær yfirvöld reglulega gera ítarlegt mat á stýringu lausafjáráhættu lánastofnana í heild sinni og stuðla að þróun traustrar innri aðferðafræði. Við framkvæmd mats skulu lögbær yfirvöld taka tillit til hlutverks lánastofnunar á fjármálamarkaði. Lögbær yfirvöld í einu aðildarríki skulu því með viðeigandi hætti taka til athugunar áhrif ákvarðana þeirra á stöðugleika fjármálakerfis allra annarra aðildarríkja sem hlut eiga að máli.“

43. í stað a- og b-liðar, 3. liðar, 2. hluta, XII. viðauka komi eftirfarandi:

„a) yfirlit yfir skilmála og skilyrði helstu þátta allra liða eigin fjár og þeirra þátta sem liggja til grundvallar, þ.m.t. gerningar, sem um getur í ca-lið 57. gr., gerningar þar sem skilmálar kveða á um hvata fyrir lánastofnunina til að innleysa þá, og gerninga sem falla undir 8. og 9. lið 154. gr.,

b) fjárhæð upphaflegs eigin fjár með aðgreindum upplýsingum um alla jákvæða liði og frádráttarliði, heildarfjárhæð gerninga, sem um getur í ca-lið 57. gr., og gerninga, þar sem skilmálar kveða á um hvata fyrir lánastofnun til að innleysa þá, skal einnig geta sérstaklega; í þeim upplýsingum skulu þeir gerningar sem falla undir 8. og 9. lið 154. gr. tilgreindir sérstaklega,“

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2006/49/EB

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 2006/49/EB:

1. í stað 1. mgr. 12. gr. kemur eftirfarandi:

„„Upphaflegt eigið fé“: samtala a- til ca-liðar, að frádreginni samtölu i-, j- og k-liðar 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB.“

2. Ákvæðum 28. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Stofnanir, að undanskildum fjárfestingarfyrirtækjum sem uppfylla skilyrðin, sem sett eru fram í 2. eða 3. mgr. 20. gr. þessa tilskipunar, skulu hafa eftirlit með og stjórna stórum áhættuskuldbindingum sínum í samræmi við 106.–118. gr. tilskipunar 2006/48/EB.“

b) ákvæði 3. mgr. falli brott,

3. í stað 4. mgr. 30. gr. komi eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 3. mgr. geta lögbær yfirvöld leyft að farið sé með eignir, í formi krafna og annarra áhættuskuldbindinga gagnvart viðurkenndum fjárfestingarfyrirtækjum í þriðju löndum og viðurkenndum greiðslujöfnunarstöðvum og verðbréfamörkuðum, á sama hátt og mælt er fyrir um í 1. mgr. 111. gr. tilskipunar 2006/48/EB og 2. mgr. 106. gr. þeirrar tilskipunar.“

4. Ákvæðum 31. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað a- og b-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„a) áhætta í viðskiptum utan veltubókar gagnvart viðskiptavini eða hópi viðskiptavina er um ræðir fari ekki yfir mörkin sem eru sett í 1. lið, 111. gr. tilskipunar 2006/48/EB, en þessi mörk eru reiknuð með hliðsjón af eigin fé eins og tilgreint er í þeirri tilskipun þannig að það sem er umfram sé eingöngu innan veltubókarinnar,

b) stofnunin uppfylli viðbótareiginfjárkröfur með hliðsjón af því að farið er yfir mörkin sem sett eru í 1. mgr. 111. gr. tilskipunar 2006/48/EB, en þessar viðbótareiginfjárkröfur eru reiknaðar út í samræmi við VI. viðauka við þessa tilskipun,“

b) í stað e-liðar fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„e) stofnanir skulu þriðja hvern mánuð tilkynna lögbærum yfirvöldum um öll tilvik þar sem farið hefur verið yfir mörkin sem sett eru í 1. mgr. 111. gr. tilskipunar 2006/48/EB á næstliðnum þremur mánuðum.“

c) eftirfarandi texti komi í stað annarrar málsgreinar:

„Í tengslum við e-lið, skal, í hverju tilviki þar sem farið hefur verið yfir mörkin, tilkynna fjárhæð umframáhættunnar og tilgreina nafn viðkomandi viðskiptavinar.“

5. í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 32. gr. komi eftirfarandi:

„1. Lögbær yfirvöld skulu koma á málsmeðferð til að koma í veg fyrir að stofnanir forðist vísvitandi viðbótareiginfjárkröfur sem þær uppfylltu annars vegna áhættuskuldbindinga sem eru yfir mörkunum í 1. mgr. 111. gr. tilskipunar 2006/48/EB, þegar þessar áhættuskuldbindingar hafa varað lengur en í tíu daga, með því að flytja umræddar áhættuskuldbindingar tímabundið í annað félag, hvort sem það er innan sömu samstæðu eða ekki, og/eða með því að takast á hendur sýndarviðskipti til að upphefja áhættuna meðan á tíu daga tímabilinu stendur og mynda nýja áhættu.“

6. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 35. gr.:

„6. Fjárfestingarfyrirtæki skulu falla undir samræmda framsetningu, tíðni og dagsetningar skýrslugjafar sem um getur í 2. mgr. 74. gr. tilskipunar 2006/48/EC.“

7. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 38. gr.:

„3. Ákvæði 42. gr. a í tilskipun 2006/48/EB, að undanskildum a-lið 1. mgr., skal beita, að breyttu breytanda, að því er varðar eftirlit með fjárfestingarfyrirtækjum nema fjárfestingarfyrirtæki uppfylli skilyrðið sem sett eru fram í 2. mgr. 20. gr., 3. mgr. 20. gr. eða 1. mgr. 46. gr. þessarar tilskipunar.“

8. Í 1. mgr. 45. gr. komi dagsetningin „31. desember 2014“ í stað „31. desember 2010“.

9. Í 47. gr. komi dagsetningin „31. desember 2010“ í stað „31. desember 2009“ og vísun í 4. og 8. lið VIII. viðauka tilskipunar 93/6/EBE komi í stað vísunar í 4. og 8. lið V. viðauka.

10. Í 1. mgr. 48. gr. komi dagsetningin „31. desember 2014“ í stað „31. desember 2010“.

3. gr.

Breyting á tilskipun 2007/64/EB

Eftirfarandi komi í stað a-liðar 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2007/64/EB:

„a) lánastofnana í skilningi a-liðar 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 2006/48/EB, þ.m.t. útibú í skilningi 3. mgr. 4. gr. sömu tilskipunar, staðsett í Bandalaginu, frá lánastofnunum sem eru með aðalstöðvar sínar innan eða, í samræmi við 38. gr. þeirrar tilskipunar, utan Bandalagsins,“

4. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. október 2010.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 31. desember 2010.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. september 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BUZEK	C. MALMSTRÖM
forseti.	*forseti.*

1150. Frumvarp til laga [648. mál]

um Þjóðminjasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Stjórnsýsla.

1. gr.
Höfuðsafn.

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins og fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn þess. Safnið er höfuðsafn á sviði menningarminja.

Kostnaður af rekstri Þjóðminjasafnsins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

2. gr.
Þjóðminjavörður.

Ráðherra skipar forstöðumann Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörð, til fimm ára í senn. Skipaður skal maður með háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins.

Þjóðminjavörður stjórnar starfsemi og rekstri safnsins. Hann ræður starfsmenn þess og er í fyrirsvari fyrir safnið.

II. KAFLI
Hlutverk og starfsemi.

3. gr.
Hlutverk.

Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands er að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og miðla sögu þjóðarinnar.

Hlutverk sitt rækir safnið einkum með því að:

a. safna, skrá og varðveita menningar- og þjóðminjar,
b. taka við og varðveita fornmuni, sýni og önnur rannsóknargögn úr fornleifarannsóknum,
c. rannsaka og annast kynningu á menningarminjum með sýningum, útgáfu á fræðilegum ritum og annarri fræðslustarfsemi til að veita sem víðtækasta sýn á íslenska sögu og setja hana í alþjóðlegt samhengi,
d. miðla þekkingu um íslenska menningu til skóla, fjölmiðla og almennings,
e. annast minjavörslu í nánu samstarfi við Minjastofnun Íslands og eiga í samstarfi við önnur höfuðsöfn,
f. móta stefnu um söfnun, skráningu, rannsóknir og miðlun menningar- og þjóðminja,
g. stuðla að samvinnu menningarminjasafna,
h. veita öðrum menningarminjasöfnum ráðgjöf,
i. halda skrá yfir lausamuni í einkaeigu er teljast til þjóðarverðmæta,
j. annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun ráðherra.

4. gr.
Gjaldtökuheimild.

Þjóðminjasafni Íslands er heimilt að taka aðgangseyri. Þá er safninu heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sína, svo sem lán á munum, ljósmyndun muna, afrit af ljósmyndum, sérunnar munaskrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu, fjölföldun og hvers konar aðra þjónustu til að standa straum af kostnaði. Safnið setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku.

5. gr.
Varðveisla og lán safngripa.

Þjóðminjasafni Íslands er heimilt að fela viðurkenndu safni varðveislu gripa sem því eru afhentir.

Safninu er heimilt að fela öðrum stofnunum á sviði minjavörslu eftirlit með minjum sem eru hluti af safnkosti þess.

Safninu er einnig heimilt að lána viðurkenndum söfnum eða öðrum stofnunum safngripi tímabundið á sýningar eða til rannsókna.

Öll lán á safngripum þurfa að uppfylla skilyrði Þjóðminjasafns Íslands um útlán safngripa.

III. KAFLI
Kirkjugripir.

6. gr.
Friðun kirkjugripa.

Þjóðminjasafn Íslands ákveður, að höfðu samráði við biskup Íslands eða forstöðumenn trúfélaga, friðun kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og taldir eru friðunarverðir vegna sögulegs eða listræns gildis.

Safnið skal halda skrá yfir friðaða kirkjugripi og láta biskupsstofu, forstöðumanni viðeigandi trúfélags og hlutaðeigandi kirkju í té upplýsingar úr skránni.

7. gr.
Friðaðir kirkjugripir.

Friðaðir kirkjugripir skv. 6. gr. eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur flytja þá frá kirkju nema með leyfi Þjóðminjasafns Íslands.

Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi og skal Þjóðminjasafn Íslands vera þeim innan handar með nauðsynlegar öryggisráðstafanir.

8. gr.
Aflagðir kirkjugripir.

Þjóðminjasafn Íslands varðveitir aflagða kirkjugripi og þá gripi sem safnið og forráðamenn kirkna eru sammála um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur.

Þjóðminjasafni Íslands er heimilt að fela viðurkenndu safni varðveislu aflagðra kirkjugripa.

9. gr.
Kirkjugripir í einkaeign.

Þjóðminjasafn Íslands skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða.

IV. KAFLI

Önnur ákvæði.

10. gr.

Setning reglugerða.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

11. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012. Um leið falla úr gildi II. og V. kafli þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 1. janúar 2012 er ráðherra heimilt að undirbúa gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 2001 voru gerðar gagngerar breytingar á lögum um menningarminjar, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um menningarminjar sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Með þeim breytingum var stjórnsýsluþáttur fornleifaverndar skilinn frá Þjóðminjasafni Íslands og sett sérstök lög um ýmsa aðra þætti sem áður höfðu verið sameinaðir í þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með áorðnum breytingum. Þau lög sem samþykkt voru á þessu sviði árið 2001 voru: Lög um húsafriðun, nr. 104/2001, lög um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 105/2001, safnalög, nr. 106/2001, og þjóðminjalög, nr. 107/2001.

Þjóðminjalög, nr. 107/2001, eru ekki sérlög um Þjóðminjasafn Íslands og fjalla um ýmsa fleiri þætti minjavörslunnar auk safnsins. Reynslan af framkvæmd laganna hefur leitt í ljós að stjórnsýsla, ábyrgð og verkaskipting þarf að vera skýrari og einnig hefur komið í ljós misræmi í notkun hugtaka jafnframt því sem mörk milli minjaflokka hafa ekki verið skilgreind nægilega, t.d. milli fornleifa og mannvirkja.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga um menningarminjar ákvað menntamálaráðherra að endurskoða skyldi fyrrgreind lög í heild og skipaði árið 2005 starfshóp um málið. Við nánari skoðun á tillögum starfshópsins var ákveðið að leggja fram sérstakt frumvarp um Þjóðminjasafn Íslands í stað þess að fella ákvæði um safnið inn í frumvarp til laga um menningarminjar. Er þetta gert til að hafa stöðu safnsins skýrari í lögum en ella yrði, m.a. með tilvísun til þess að í frumvarpi til nýrra safnalaga segir að nánar skuli kveðið á um starfsemi höfuðsafna í sérlögum.

Meðal nýmæla í frumvarpinu eru ákvæði um að Þjóðminjasafn Íslands skuli taka við og varðveita muni, sýni og önnur rannsóknargögn úr fornleifarannsóknum. Sú skylda hefur hvílt á þeim sem stunda fornleifarannsóknir samkvæmt ákvæðum gildandi laga að annast forvörslu slíkra gripa áður en þeim er skilað. Þessi ákvæði hafa orðið til þess að skil á slíkum gripum hafa dregist úr hömlu, og er hinu nýja ákvæði m.a. ætlað að tryggja að forngripum sem finnast við slíkar rannsóknir verði skilað tímanlega til safnsins.

Þá er einnig staðfest heimild til handa Þjóðminjasafni Íslands til að taka aðgangseyri svo og gjald fyrir ýmiss konar þjónustu sem óskað er eftir að það veiti. Einnig er safninu veitt heimild til að fela viðurkenndu safni varðveislu gripa til langframa, svo og að lána safngripi tímabundið vegna sýninga eða rannsókna.

Loks er í frumvarpinu gerð tillaga um að ábyrgð á gripum í kirkjum landsins færist til Þjóðminjasafns Íslands, en ábyrgðin hefur verið hjá Fornleifavernd ríkisins samkvæmt gildandi þjóðminjalögum. Kirkjugripir eru lausamunir og því talið eðlilegt að höfuðsafn þjóðarinnar á sviði menningarminja annist umsjá þeirra. Minjastofnun Íslands mun hins vegar fara með eftirlit og umsjón minningarmarka í kirkjugörðum samkvæmt frumvarpi til laga um menningarminjar, enda eru slík mörk jarðföst og teljast til fornleifa.

Við vinnslu frumvarpsins var það lagt fram til opinberrar kynningar á vegum ráðuneytisins auk þess að hafa verið kynnt Þjóðminjasafni Íslands á vinnslustigi. Endanleg útgáfa þess endurspeglar m.a. ábendingar sem fram komu í þessu kynningarferli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að Þjóðminjasafn Íslands sé eign íslenska ríkisins undir yfirstjórn mennta- og menningarmálaráðherra og að það sé höfuðsafn á sviði menningarminja. Er þetta í samræmi við ákvæði í frumvarpi til safnalaga en þar segir að höfuðsöfn séu í eigu ríkisins og séu miðstöðvar safnastarfsemi hvert á sínu sviði. Í því segir jafnframt að nánar sé kveðið á um starfsemi höfuðsafna í sérlögum og uppfyllir frumvarpið það skilyrði hvað varðar Þjóðminjasafn Íslands.

Þá segir í 2. mgr. að kostnaður við rekstur safnsins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Um 2. gr.

Í greininni segir að mennta- og menningarmálaráðherra skipi forstöðumann Þjóðminjasafns Íslands sem hafi starfsheitið þjóðminjavörður og verði hann skipaður til fimm ára í senn. Er slík skipun í samræmi við ákvæði 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Lagt er til að forstöðumaður safnsins hafi háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði þess. Um sambærileg starfsgengisskilyrði forstöðumanns er að ræða og gilda um forstöðumann í lögum um Náttúruminjasafn Íslands.

Þjóðminjavörður er stjórnandi safnsins og mótar stefnu þess. Hann er því ábyrgur gagnvart ráðherra fyrir fjárhagslegum rekstri og starfsemi safnsins. Er þetta í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og laga um fjárreiður ríkisins.

Um 3. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og starfsemi þess. Þannig segir í 1. mgr. að hlutverk safnsins sé að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og miðla sögu þjóðarinnar.

Í 2. mgr. kemur fram að safnið skuli einkum rækja hlutverk sitt með því að safna, skrá og varðveita menningarminjar. Þá er sérstaklega áréttað að það skuli vera hlutverk safnsins að taka við munum, sýnum og öðrum rannsóknargögnum úr fornleifarannsóknum. Er þetta breyting frá gildandi fyrirkomulagi þar sem þeim sem standa að fornleifarannsóknum er skylt að annast forvörslu forngripa áður en þeim er skilað, sem hefur orðið til þess að skil á gripum sem finnast við fornleifauppgröft hafa dregist úr hömlu, og er breytingunni ætlað að tryggja að slíkir gripir komist sem fyrst í vörslu Þjóðminjasafns Íslands sem annist nauðsynlega forvörslu þeirra. Einnig er kveðið er á um að Þjóðminjasafn Íslands skuli taka til varðveislu öll rannsóknargögn úr fornleifarannsóknum. Er þar átt við greinargerðir, kort og vinnuteikningar ásamt gripum og sýnum og önnur gögn er verða til við rannsóknina. Með þessu

er komið í veg fyrir að rannsóknargögn verði aðskilin og hlutverk safnsins sem höfuðsafns á sviði menningarminja styrkt með afgerandi hætti. Á safninu yrði þannig til aðgengilegt gagnasafn um allar fornleifarannsóknir sem fram hafa farið í landinu. Um skil á munum, gögnum og upplýsingum úr fornleifarannsóknum er fjallað í 40. gr. frumvarps til laga um menningarminjar sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Þar er sérstaklega tekið fram að afhenda skuli Þjóðminjasafni Íslands alla gripi og sýni úr fornleifarannsóknum ásamt gögnum og rannsóknarskýrslum til varðveislu í því formi sem safnið ákveður.

Enn fremur skal safnið rannsaka og annast kynningu á menningarminjum með sýningum, útgáfu á fræðilegum ritum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska sögu. Þá er í málsgreininni undirstrikuð nauðsyn þess að líta á starfsemi safnsins í alþjóðlegu samhengi, m.a. í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga sem íslensk stjórnvöld hafa tekist á hendur. Lögð er áhersla á fræðsluhlutverk safnsins hvað varðar miðlun fræðslu um íslenska menningu til skóla, fjölmiðla og almennings. Þá er kveðið á um að Þjóðminjasafn Íslands skuli halda skrá yfir lausamuni í einkaeigu sem teljast til þjóðarverðmæta, annast framkvæmd minjavörslu í samstarfi við Minjastofnun Íslands og önnur höfuðsöfn, vinna að mótun stefnu um söfnun, skráningu, rannsóknir og miðlun menningar- og þjóðminja, stuðla að samvinnu menningarminjasafna og veita öðrum menningarminjasöfnum ráðgjöf. Er þetta í samræmi við skyldur safnsins sem höfuðsafns samkvæmt safnalögum. Loks getur ráðherra falið Þjóðminjasafni að annast önnur verkefni. Er talið eðlilegt að mögulegt sé að fela safninu frekari verkefni á sviði íslenskra menningarminja og menningararfsins en talin eru upp í ákvæðum greinarinnar.

Um menningarminjasöfn almennt er að öðru leyti fjallað í frumvarpi til nýrra safnalaga.

Um 4. gr.

Ákvæðið er nýmæli í lögum. Í greininni er kveðið á um heimild Þjóðminjasafnsins til að taka aðgangseyri. Þá er safninu heimilt að taka gjald fyrir ýmsa þjónustu til að standa straum af kostnaði, svo sem fyrir lán á munum, ljósmyndun muna, afrit af ljósmyndum, sérunnar munaskrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu, fjölföldun og hvers konar aðra þjónustu sem ekki telst lögbundið verkefni safnsins. Safninu er skylt að setja gjaldskrá vegna þessarar þjónustu.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli. Með henni er heimild Þjóðminjasafnsins í gildandi þjóðminjalögum til að fela byggðasafni varðveislu aflagðra kirkjugripa víkkuð út til að safninu sé heimilt að fela viðurkenndum söfnum varðveislu gripa sem því eru afhentir. Þar sem safninu ber að taka við öllum forngripum sem finnast við fornleifarannsóknir hér á landi er talið eðlilegt að það hafi heimild til að ráðstafa slíkum gripum til viðurkenndra safna, enda geti slík ráðstöfun þjónað almennum hagsmunum minjavörslunnar og aukið aðgengi almennings að menningararfi þjóðarinnar.

Samkvæmt 2. mgr. er einnig heimilt að fela öðrum stofnunum á sviði minjavörslu eftirlit með minjum sem heyra undir Þjóðminjasafn Íslands, t.d. hluta úr húsasafni þess.

Safninu er einnig heimilt að lána safngripi sína tímabundið til sýninga og rannsókna til viðurkenndra safna eða annarra stofnana. Slík heimild er talin auka möguleika til sýninga og rannsókna á íslenskum menningarminjum almennt.

Safninu er gert að setja reglur um útlán safngripa til að tryggja varðveislu bæði safngripa sem eru lánaðir tímabundið til sýninga eða til rannsókna sem og þeirra gripa sem er ráðstafað til annarra safna til ótímabundinnar varðveislu.

Um 6. gr.

Með greinum III. kafla er umsjón og eftirlit með kirkjugripum fært undir ábyrgð Þjóðminjasafns Íslands að nýju. Ástæða þess er að í Þjóðminjasafninu eru varðveittir lausir munir, þ.m.t. kirkjugripir og forngripir. Sérfræðiþekkingu á munum og varðveislu þeirra er því einkum að finna hjá safninu og af þeim sökum einnig þekkingu til að meta hvort hlutur sé þess virði að ástæða sé til að friða hann.

Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að Þjóðminjasafn Íslands geti friðað gripi í kirkjum landsins í samráði við biskup Íslands eða forstöðumenn annarra trúfélaga, m.a. biskup kaþólskra og forstöðumenn fríkirkjusafnaða. Vakin skal athygli á að friðun í þessu samhengi þýðir ekki friðlýsingu sem er þinglýst heldur setur skilyrði um meðferð og varðveislu gripanna.

Í 2. mgr. segir að halda skuli skrá yfir friðaða kirkjugripi sem skuli látin í té biskupsstofu og hlutaðeigandi kirkju. Í ákvæðinu felst að ekki er talið heppilegt að slíkar skrár séu gerðar opinberar og aðgengilegar öllum með tilliti til öryggis gripanna.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um að friðaðir kirkjugripir séu friðhelgir og hvaða þýðingu það hefur fyrir meðferð þeirra. Einnig fjallar greinin um ábyrgð forráðamanna kirkna og skyldur Þjóðminjasafns Íslands gagnvart þeim. Er þetta í samræmi við ákvæði 20. gr. gildandi þjóðminjalaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 8. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að Þjóðminjasafn Íslands varðveiti aflagða kirkjugripi. Er það efnislega í samræmi við ákvæði 23. gr. gildandi þjóðminjalaga.

Þá er kveðið á um heimild safnsins til að fela viðurkenndu safni varðveislu þeirra og er það nýmæli sem leiðir af 4. mgr. 5. gr. gildandi þjóðminjalaga, en einnig í samræmi við 5. gr. þessa frumvarps um heimild Þjóðminjasafnsins til að afhenda viðurkenndum söfnum gripi til varðveislu.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að Þjóðminjasafn Íslands skuli eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign séu þeir boðnir til sölu, og er greinin efnislega samhljóða ákvæði sama eðlis í 23. gr. gildandi þjóðminjalaga.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Lagt er til að frumvarpið verði að lögum á sama tíma og frumvarp til laga um menningarminjar og frumvarp til laga um skil menningarverðmæta til annarra landa, sem lögð eru fram samhliða þessu frumvarpi. Við gildistöku laganna falla úr gildi þau ákvæði þjóðminjalaga nr. 107/2001 er fjalla um Þjóðminjasafn Íslands og kirkjugripi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða veitir mennta- og menningarmálaráðherra heimild til að hefja undirbúning að gildistöku laganna í samræmi við þau frumvörp sem lögð eru fram samhliða frumvarpi þessu. Í því felst m.a. að undirbúa flutning ábyrgðar á friðuðum kirkjugripum frá Fornleifavernd ríkisins til Þjóðminjasafns Íslands.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands.

Megintilgangur frumvarpsins er að gera stöðu Þjóðminjasafns Íslands skýrari í lögum en í frumvarpi til nýrra safnalaga segir að nánar skuli kveðið á um starfsemi höfuðsafna í sérlögum og er Þjóðminjasafn Íslands skilgreint sem eitt þeirra. Verði frumvarpið lögfest munu því kaflar II. og V. kafli Þjóðminjalaga falla úr gildi

Meðal nýmæla í frumvarpinu eru ákvæði um að Þjóðminjasafn Íslands skuli taka við og varðveita muni, sýni og önnur rannsóknargögn úr fornleifarannsóknum. Sú skylda hefur fram til þessa hvílt á þeim sem stunda fornleifarannsóknir samkvæmt ákvæðum gildandi laga að þeir skuli annast forvörslu slíkra gripa áður en þeim er skilað. Skil á slíkum gripum hafa oft dregist og er hinu nýja ákvæði m.a. ætlað að tryggja að forngripum sem finnast við slíkar rannsóknir verði skilað tímanlega til safnsins. Þetta nýja ákvæði gæti haft aukin útgjöld hjá Þjóðminjasafni Íslands í för með sér en mögulega væri um eitt stöðugildi forvarðar að ræða, aðstöðu fyrir hann auk kostnaðar við geymslu muna. Árlegur kostnaður gæti numið um 8–10 m.kr. Á móti kemur að hér er verið að færa verkefni frá öðrum aðilum sem í flestum tilvikum eru fjármagnaðir úr ríkissjóði og því ættu álíka fjárhæðir að sparast þar. Því er gert ráð fyrir að komi til aukins kostnaðar safnsins muni fjárheimildir verða fluttar á milli fjárlagaliða. Frumvarpið kveður einnig á um heimild til að fela viðurkenndu safni varðveislu gripa til langframa, svo og að lána safngripi tímabundið vegna sýninga eða rannsókna. Þá er í frumvarpinu lögð til gjaldtökuheimild til handa Þjóðminjasafni fyrir aðgengi að safninu og ýmsa sérunna þjónustu. Í gildandi lögum er ekkert gjaldtökuákvæði en engu að síður hefur stofnunin verið að innheimta sams konar gjöld. Með ákvæðinu er eingöngu verið að treysta betur lagagrundvöll fyrir gjaldtökunni en ekki er gert ráð fyrir að tekjur safnsins breytist vegna þessa. Loks er í frumvarpinu gerð tillaga um að ábyrgð á gripum í kirkjum landsins færist til Þjóðminjasafns Íslands en ábyrgðin hefur verið hjá Fornleifavernd ríkisins samkvæmt gildandi þjóðminjalögum. Kirkjugripir eru lausamunir og því talið eðlilegt að höfuðsafn þjóðarinnar á sviði menningarminja annist umsjá þeirra. Minjastofnun Íslands mun hins vegar fara með eftirlit og umsjón minningarmarka í kirkjugörðum samkvæmt frumvarpi til laga um menningarminjar, enda eru slík mörk jarðföst og teljast til fornleifa. Ekki er gert ráð fyrir auknum útgjöldum vegna þessa eða að fjárheimildir færist milli stofnana.

Með vísan til þess sem að framan er rakið má ætla að lögfesting frumvarpsins muni einungis hafa óveruleg áhrif á tekjur og útgjöld ríkissjóðs.

1151. Frumvarp til laga [649. mál]

um skil menningarverðmæta til annarra landa.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að tryggja skil á menningarverðmætum til annarra landa hafi þau verið flutt til Íslands með ólögmætum hætti.

2. gr.
Skilgreiningar.

Menningarverðmæti í skilningi laga þessara eru:

a. gripir sem teljast til þjóðarverðmæta í landinu sem þeir hafa verið fluttir frá, vegna listræns, menningarsögulegs eða fornleifafræðilegs gildis samkvæmt löggjöf eða reglugerðum viðkomandi ríkis, og falla undir einhvern þeirra flokka sem taldir eru í 5. gr.,
b. gripir sem falla ekki undir neinn þeirra flokka sem taldir eru í 5. gr. en eru hlutar opinberra minja- eða listasafna, bókasafna eða skjalasafna samkvæmt safnskrá,
c. gripir í eigu stofnana trúfélaga.

Til opinberra safna samkvæmt þessari grein teljast söfn í eigu ríkis, sveitarfélaga eða sjálfseignarstofnana sem hafa fengið opinbera viðurkenningu í samræmi við löggjöf viðkomandi lands.

3. gr.
Framkvæmd.

Minjastofnun Íslands annast framkvæmd laga þessara fyrir hönd íslenska ríkisins. Stofnunin leggur mat á verðgildi menningarminja og annast skil á menningarminjum til annarra ríkja. Við mat á verðgildi menningarminja og öðrum þáttum sem snerta minjagildi þeirra skal stofnunin hafa samráð við Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eða Þjóðskjalasafn Íslands eftir því sem við á. Ef þörf gerist skal og leitað álits sérfróðra manna er eigi starfa við stofnanir þær er hér um ræðir.

Minjastofnun Íslands tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum.

Minjastofnun Íslands skal hafa náið samstarf og samráð við þau stjórnvöld í öðrum ríkjum er fjalla þar um leyfi til útflutnings menningarminja og um skil þeirra, svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig þau mál varða. Þá skal stofnunin leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins með óheimilum hætti. Skulu lögreglu- yfirvöld aðstoða við þá leit ef þörf gerist.

Tollyfirvöld skulu tafarlaust tilkynna Minjastofnun Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins.

4. gr.

Reglur um flutning menningarminja.

Óheimilt er að flytja til Íslands menningarminjar ef flutningurinn brýtur gegn:

a. reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá ríki á svæðinu,
b. löggjöf þess ríkis sem menningarminjar eru fluttar frá.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til þess ef menningarminjar eru fluttar tímabundið til landsins með lögmætum hætti en hefur ekki verið skilað á umsömdum tíma eða öðrum skilyrðum um tímabundinn flutning hefur ekki verið fullnægt.

5. gr.

Þjóðarverðmæti.

Eftirtaldir flokkar menningarminja teljast til þjóðarverðmæta skv. 2. gr. og er skylt að skila berist krafa um það frá öðru ríki skv. 6. gr.:

1. Forngripir, eldri en 100 ára, sem fundist hafa í jörðu, vatni eða sjó við fornleifarannsóknir eða á annan hátt.
2. Hlutar úr listrænum, sögulegum eða trúarlegum minjum er losaðir hafa verið frá þeim og eru eldri en 100 ára.
3. a. Málverk og handgerðar myndir, aðrar en þær sem getið er um í b-lið þessa töluliðar og 4. tölul., úr hvaða efni sem er, ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
   b. Vatnslitamyndir, gvassmyndir og pastelmyndir, gerðar í höndum að öllu leyti á hvaða efni sem er, ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
4. Mósaíkverk úr hvaða efni sem er og að öllu leyti handunnin, sem ekki falla undir 1. eða 2. tölul., og teikningar úr hvaða efni sem er séu myndverkin að öllu leyti handunnin, eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
5. Frumeintök af stungum, þrykki, silkiprenti og steinprenti ásamt tilheyrandi plötum og frumgerð veggspjalda, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
6. Frumeintök höggmynda eða myndastyttna og eftirmyndir þeirra, sem eru gerðar með sömu aðferð og frumeintökin, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra, enda falli þau ekki undir 1. tölul.
7. Ljósmyndir og kvikmyndir og filmur eða glerplötur af þeim, enda séu þær eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda myndanna.
8. Bækur, prentaðar fyrir 1500 (vögguprent), svo og handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
9. Aðrar bækur, eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.
10. Prentuð landabréf, eldri en 200 ára.
11. Skjalasöfn hvers konar og hlutar þeirra, úr hvaða efni sem er, eldri en 50 ára.
12. a. Dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök.
    b. Söfn sem gildi hafa fyrir sagnfræði, steingervingafræði, mannfræði eða myntfræði.
13. Samgöngutæki, eldri en 75 ára.
14. Aðrar menningarminjar, eldri en 50 ára.

Menningarminjar skv. 1. mgr. falla einungis undir þessi lög sé verðgildi þeirra í samræmi við eftirfarandi upptalningu:

a. menningarminjar er falla undir 1., 2., 8. og 11. tölul. 1. mgr. án tillits til verðgildis þeirra,

b. menningarminjar er falla undir 4., 5., 7. og 10. tölul. 1. mgr. sé verðgildi þeirra 1.100.000 kr. eða meira,
c. menningarminjar er falla undir 6., 9., 12., 13. og 14. tölul. 1. mgr. sé verðgildi þeirra 3.800.000 kr. eða meira,
d. menningarminjar er falla undir a-lið 3. tölul. 1. mgr. sé verðgildi þeirra 11.500.000 kr. eða meira og b-lið 3. tölul. 1. mgr. sé verðgildi þeirra 2.300.000 kr. eða meira.

Upphæðir skv. 2. mgr. miðast við verðlag á þeim tíma er lög þessi öðlast gildi og taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Við verðgildismat skal miðað við ætlað markaðsverð hlutaðeigandi menningarminja á þeim degi er krafa annars ríkis um skil er borin fram.

6. gr.

Skil á menningarminjum.

Menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins skal skilað í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis.

Minjastofnun Íslands skal leitast við að finna tilteknar menningarminjar og eiganda eða handhafa þeirra berist krafa um það frá öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Slíkri kröfu skulu fylgja allar nauðsynlegar upplýsingar sem kunna að auðvelda fund minjanna.

Finnist menningarminjar hér á landi sem Minjastofnun Íslands telur að rökstuddur grunur leiki á að fluttar hafi verið til landsins með ólögmætum hætti skal stofnunin með sannanlegum hætti tilkynna hlutaðeigandi ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins um fundinn.

Telji valdbær stjórnvöld einhvers ríkjanna að minjarnar hafi verið fluttar frá yfirráðasvæði þess með ólögmætum hætti skal krafa þeirra um skil hafa borist Minjastofnun Íslands innan tveggja mánaða frá því að stofnunin tilkynnti um fundinn. Berist krafa um skil ekki innan þess frests falla skyldur Minjastofnunar Íslands til varðveislu minjanna skv. 5. mgr. niður.

Minjastofnun Íslands skal í samráði við stjórnvöld viðkomandi ríkis gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til varðveislu menningarminja sem sótt hefur verið um skil á. Stofnunin skal með viðeigandi ráðstöfunum sjá til þess að ekki sé reynt að hindra skilaferlið.

Ákvæði þessarar greinar er varða skil menningarverðmæta til annarra ríkja gilda einvörðungu um kröfur um skil til hlutaðeigandi stjórnvalda í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Íslensk stjórnvöld skulu þó jafnframt leitast við eftir föngum að aðstoða við réttmæt skil menningarminja til ríkja sem ekki eiga aðild að nefndum samningi, hafi minjarnar verið fluttar þaðan í andstöðu við þarlend lög. Skil á menningarminjum samkvæmt ákvæði þessu hafa farið fram þegar menningarminjar hafa verið afhentar stjórnvöldum þess ríkis sem leggur fram beiðni um skil.

7. gr.

Framkvæmd.

Íslenskum stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að menningarminjum sem skilgreindar eru í 2. og 5. gr. og hafa verið fluttar til Íslands með ólögmætum hætti, án tillits til núverandi eignaraðildar eða vörslu á þeim, verði skilað til réttra eigenda eða umsjármanna þeirra erlendis, enda sé skilyrðum í 5. gr. um verðmæti þeirra fullnægt þar sem við á.

Umsókn þar að lútandi skal borin upp formlega af valdbæru stjórnvaldi í hlutaðeigandi ríki og skal henni beint til Minjastofnunar Íslands sem gerir síðan viðeigandi ráðstafanir, eftir atvikum í samvinnu við hlutaðeigandi stjórnvöld hér á landi.

Við verðgildismat menningarminja skv. 5. gr. skal miða við þann dag er íslenskum stjórnvöldum berst krafa um skil á minjum frá valdbærum stjórnvöldum í öðru ríki. Við ákvörðun verðgildis skal haft mið af ætluðu markaðsverði.

8. gr.

Dómskröfur um skil á menningarminjum.

Séu menningarminjar sem fjallað er um í 2. og 4. gr. í eigu eða vörslu manna hérlendis er eigi vilja láta þær af hendi þegar Minjastofnun Íslands krefst þess, skv. 3. og 6. gr., geta hlutaðeigandi stjórnvöld í öðru ríki, sem bera fram lögformlega kröfu um skil menningarminja, krafist þess fyrir dómi hér á landi, hvort heldur sem er í einkamáli eða opinberu dómsmáli, að eigendum eða vörslumönnum minjanna verði gert að láta þær af hendi og að mælt verði fyrir um að þeim skuli skilað með lögmæltum hætti til þess ríkis er skila krefst. Sé um einkamál að ræða skal það höfðað gegn eiganda minjanna, hvernig sem hann er að minjunum kominn, og jafnframt gegn vörslumanni þeirra sé hann annar en eigandinn. Dómur um skil menningarverðmæta er grundvöllur innsetningargerðar, ef á reynir, en dómi má síðan jafnframt framfylgja með aðstoð sýslumanna, lögreglu og annarra þar til bærra yfirvalda, eftir því sem þörf krefur, fyrir atbeina Minjastofnunar Íslands.

Í kröfu um skil menningarminja sem hér um ræðir og borin er upp fyrir íslenskum stjórnvöldum og dómstóli, ef á reynir, skal minjunum m.a. lýst svo nákvæmlega sem frekast er kostur, svo og menningarlegu gildi þeirra og verðmæti. Þá skal fylgja kröfu skýr yfirlýsing frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í því ríki er skila krefst um að munirnir hafi verið fluttir úr því ríki með ólögmætum hætti.

Krafa um skil menningarminja skv. 1. mgr. verður eigi höfð uppi fyrir dómi eftir að eitt ár er liðið frá því að hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki er skila krefst fengu vitneskju um hvar menningarminjarnar eru niður komnar og hver sé núverandi eigandi eða vörslumaður þeirra hér á landi. Kröfu um skil verður ekki heldur komið að fyrir dómi þegar liðin eru meira en 30 ár frá því að minjarnar voru fluttar ólöglega frá því ríki er skila krefst.

Sé um að ræða minjar sem eru hluti af opinberum söfnum í því ríki er skila krefst eða þær heyra til trúarlegra minja þar, er lúta sérstökum verndarráðstöfunum samkvæmt lögum þess ríkis, skal þó kröfufresturinn miðast við 75 ár nema íslenska ríkið hafi skuldbundið sig til þess gagnvart hlutaðeigandi ríki að virða lengri frest.

Það ríki er krafist hefur skila á menningarverðmætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal bera kostnað sem stofnað er til við að framkvæma ákvörðun um að menningarminjum skuli skilað, þ.m.t. kostnað við málsmeðferð.

Þeir er komist hafa yfir menningarminjar sem þessi grein tekur til, án þess að flutningur minjanna til Íslands hafi verið saknæmur af þeirra hálfu eða þeir hafi að öðru leyti öðlast þær með ólögmætum hætti, geta krafist hæfilegra bóta frá því ríki er skila krefst vegna þess að þeim er gert að skila minjunum. Verður kröfu um bætur af þessum sökum m.a. komið að í dómsmáli, sem höfðað er til skila minjanna, eða þar sem krafa um skil er borin upp með öðrum hætti en jafnframt getur grandlaus eigandi minja, sem skilakrafa beinist að, samið við hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki er skila krefst um bætur af þessum sökum. Minjastofnun Íslands hefur milligöngu um þá samningsgerð eftir því sem þörf gerist. Hafi bótakrafa sem hér um ræðir verið viðurkennd með dómi eða liggi fyrir formlegur samningur um bætur, þar á meðal dómsátt, getur Minjastofnun Íslands gert það að skilyrði fyrir afhendingu minjanna til hlutaðeigandi erlendra stjórnvalda að bætur verði greiddar.

9. gr.
Tímamörk.

Hvað varðar kröfur um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum að samningi um Evrópska efnahagssvæðið gilda ákvæði laga þessara um skil á minjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá þeim ríkjum hingað til lands 1. janúar 1995 og síðar.

10. gr.
Ágreiningur.

Ágreiningi um atriði er lúta að framkvæmd laga þessara má skjóta til mennta- og menningarmálaráðherra.

11. gr.
Skaðabætur.

Hver sá sem verður fyrir fjártjóni vegna framkvæmda á ákvæðum laga þessara á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Kröfum um skaðabætur skal beint til Minjastofnunar Íslands. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

12. gr.
Niðurfelling gjalda.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem eru gefin út vegna framkvæmda á lögum þessum.

13. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum 4. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

14. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara.

15. gr.
Innleiðing.

Lög þessi eru sett til þess að viðhalda í innlendum rétti ákvæðum tilskipunar ráðsins 93/7/EBE frá 15. mars 1993, um skil menningarminja sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis, sem upphaflega var leidd í lög með lögum nr. 60/1996.

16. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012. Um leið falla úr gildi lög um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 105/2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 105/2001, um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, voru sett til samræmis við tilskipun ráðs Evrópusambandsins

93/7/EBE frá 15. mars 1993 (með áorðnum breytingum), um skil menningarminja sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Íslenska ríkið er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992 ásamt ýmsum viðbótum, breytingum og bókunum við hann, sbr. lög nr. 2 frá 13. janúar 1993, og því skuldbundið til að leiða þessi ákvæði í lög. Í lögunum eru tilgreindir þeir flokkar menningarminja, sem óheimilt er að flytja úr landi án formlegs leyfis, svo og verðgildismörk þeirra. Sú upptalning er tekin beint úr viðauka við tilskipun 93/7/EBE.

Lögin fjalla einnig um skyldu íslenskra stjórnvalda til að skila menningarverðmætum til annarra landa berist um það krafa. Ekki er tilgreint beinum orðum hvers konar verðmætum er skylt að skila, en ráða má af texta laganna að íslenskum stjórnvöldum sé skylt að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar til landsins með ólögmætum hætti falli þær undir sömu flokka og eru skilgreindir í lögunum hvað varðar útflutningstakmarkanir.

Tilskipun 93/7/EBE (með áorðnum breytingum) er ætlað að vernda þjóðardýrgripi og önnur tiltekin menningarverðmæti gegn ólögmætum útflutningi og tryggja samræmdar reglur um skilaferli í aðildarríkjum EES-samningsins. Tilskipunin tiltekur ákveðna flokka menningarminja með tiltekin verðgildismörk sem skilaskyldan tekur til. Í tilskipuninni er miðað við mjög hátt verðgildismat menningarminja m.a. til að undirstrika að skilareglur taki einungis til menningarminja, sem hafa einstakt gildi fyrir landið sem þær voru fluttar ólöglega frá og einnig til að koma í veg fyrir sífelldar kröfur ríkja um skil á gripum sem teljast til menningarminja en hafa tiltölulega litla þýðingu fyrir menningarsöguna sem heild.

Lög nr. 105/2001 taka bæði til takmarkana á flutningi íslenskra menningarverðmæta til annarra landa og til skila á menningarverðmætum annarra ríkja sem flutt hafa verið til Íslands með ólögmætum hætti. Í ljósi reynslunnar verður að telja óheppilegt að þessu tvennu sé blandað saman á þennan hátt.

Reynslan hefur sýnt að lög nr. 105/2001 veita íslenskum menningarverðmætum ekki fullnægjandi vernd gegn óheftum útflutningi. Verðgildismörk menningarminja, sem þar koma fram, eru ekki í neinu samræmi við verðlag menningarminja á íslenskum markaði enda hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti borist athugasemd frá safnaráði vegna þessa. Því er talið nauðsynlegt að setja sérstakar reglur sem geta hindrað eftirlitslausan flutning menningarminja úr landinu en þær eru óskyldar efni fyrrgreindrar tilskipunar Evrópusambandsins.

Eðlilegt er að fjallað sé um íslenskar menningarminjar í öðrum lögum en þeim sem fjalla um menningarminjar sem önnur ríki hafa skilgreint sem slíkar, enda um tvö óskyld atriði að ræða.

Af þessum ástæðum var talið rétt að skipta efni laga nr. 105/2001 í tvennt og fella ákvæði um takmörkun á flutningi íslenskra menningarverðmæta til annarra landa inn í sérstakan kafla í lögum um verndun menningarminja – þjóðminjalögum – en hafa áfram sérstök lög um skil á erlendum menningarverðmætum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin skýrir tilgang laganna sem er að tryggja skil á menningarverðmætum til annarra landa hafi þau verið flutt til Íslands með ólögmætum hætti. Greinin byggist á 1. gr. laga nr. 105/2001 en skýrt er tekið fram að lögin taki aðeins til ólögmæts innflutnings slíkra verðmæta.

Um 2. gr.

Þessi grein kveður á um hvað teljist vera menningarverðmæti í skilningi laganna og falli því undir skilaskyldu samkvæmt þeim. Það eru þjóðarverðmæti sem falla undir einhvern þeirra flokka sem taldir eru í 5. gr., gripir sem ekki falla undir neinn þessara flokka en eru skráðir hlutar opinberra minja- eða listasafna, þ.m.t. náttúruminjasafna, bókasafna eða skjalasafna og enn fremur gripir í eigu stofnana trúfélaga.

Þessi skilgreining og notkun hugtaksins „þjóðarverðmæti“ er nýmæli og er tekin úr tilskipun 93/7/EBE (með áorðnum breytingum). Hugtakið er skilgreint af hálfu þess lands sem krefst skila á viðkomandi menningarverðmætum, en upptalningin í 5. gr. er tekin úr tilskipuninni og má teljast nokkuð tæmandi.

Íslenska skilgreiningu á þjóðarverðmætum er að finna í 2. gr. frumvarps til laga um menningarminjar, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Um 3. gr.

Hér kemur fram að Minjastofnun Íslands annist framkvæmd laganna fyrir hönd íslenska ríkisins, leggi mat á verðgildi menningarminja sem annað ríki krefst skila á, taki við kröfum um skil og hafi samstarf við valdbær stjórnvöld í öðrum ríkjum er fjalla þar um leyfi til útflutnings menningarminja. Greinin er efnislega samhljóða meginhluta 7. gr. laga nr. 105/2001 en nýmæli er að á ótvíræðan hátt eru taldar upp þær stofnanir sem Minjastofnun Íslands ber að hafa samráð við eftir því sem við á. Stofnanirnar eru Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Þjóðskjalasafn Íslands. Einnig hefur stofnunin heimild til að leita álits sérfróðra aðila utan þessara stofnana.

Loks er ákvæði um að tollyfirvöld skuli tafarlaust tilkynna Minjastofnun Íslands um menningarminjar sem reynt er að flytja ólöglega til landsins.

Um 4. gr.

Í greininni segir að óheimilt sé að flytja til Íslands menningarminjar ef flutningurinn brýtur gegn reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarverðmætum sem flutt hafa verið ólöglega frá ríki á svæðinu eða löggjöf ríkisins sem minjarnar eru fluttar frá.

Greinin er að mestu samhljóða fyrsta hluta 5. gr. laga nr. 105/2001 en nýmæli er skilgreining á að það teljist einnig ólöglegur innflutningur ef skilmálum tímabundins flutnings hefur ekki verið fullnægt og minjunum sem þannig eru fluttar til landsins hefur ekki verið skilað á umsömdum tíma. Þessi viðbót er í samræmi við skilgreiningar í tilskipun 93/7/EBE.

Um 5. gr.

Hér eru taldir þeir flokkar menningarminja sem teljast til þjóðarverðmæta og skylt er að skila berist um það krafa frá öðru ríki. Upptalningin er nánast samhljóða upptalningu 2. gr. laga nr. 105/2001.

Samkvæmt viðauka við tilskipun 93/7/EBE ber að miða við opinbert gengi ECU 1. janúar 1993 en með tilskipun 2001/38/EB sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn er nú skylt að endurreikna þessar fjárhæðir í innlendri mynt, annað hvert ár, miðað við meðalskiptigengi við evru næstliðna 24 mánuði frá og með 31. desember 2001.

Í núgildandi þjóðminjalögum eru verðgildismörkin umreiknuð í íslenskar krónur miðað við opinbert gengi ECU og eru fjárhæðirnar hér hinar sömu og fyrr vegna þessara forsenda.

Um 6. gr.

Greinin kveður á um að menningarminjum, sem fluttar hafa verið með ólögmætum hætti frá öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skuli skilað í samræmi við EES-reglur. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á að leita að slíkum menningarminjum í landinu og veita öðrum EES-ríkjum upplýsingar um fundinn.

Stofnuninni ber að gera ráðstafanir til varðveislu minjanna þar til skil hafa farið fram.

Í 3. og 4. mgr. kemur fram að finnist menningarminjar hér á landi, sem Minjastofnun Íslands telur að geti hafa verið fluttar ólöglega til landsins, skuli stofnunin með sannanlegum hætti tilkynna hlutaðeigandi ríkjum innan EES um fundinn. Berist engin krafa innan tveggja mánaða frá því að slík tilkynning hefur verið send út frá þar til bærum aðilum í þeim ríkjum um skil á viðkomandi minjum falla skyldur stofnunarinnar vegna ákvæða þessara laga niður.

Í síðustu málsgrein er tekið fram að enda þótt ákvæði greinarinnar um skil gildi einvörðungu um kröfur frá aðildarríkjum EES-samningsins skuli íslensk stjórnvöld einnig leitast við að aðstoða við réttmæt skil menningarminja til annarra ríkja hafi minjarnar verið fluttar frá ríkinu í andstöðu við þarlend lög.

Efni þessarar greinar er að megninu til tekið úr 5. gr. laga nr. 105/2001.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um að íslenskum stjórnvöldum sé skylt að sjá til þess að menningarminjum, sem fluttar hafa verið til landsins með ólögmætum hætti, verði skilað til réttmætra eigenda eða umsjármanna þeirra erlendis og hvernig þau skil skuli fara fram.

Greinin vísar einnig til skyldu íslenskra stjórnvalda um skil á menningarminjum til ríkja utan EES sem fjallað er um í 6. mgr. 6. gr. Minjastofnun Íslands tekur við kröfum valdbærra stjórnvalda erlendis um skil og gerir viðeigandi ráðstafanir.

Greinin er efnislega tekin upp úr 5. gr. laga nr. 105/2001.

Við ákvörðun verðgildis viðkomandi minja skal taka mið af ætluðu markaðsverði þeirra á alþjóðlegum markaði, í því landi sem umræddar minjar hafa verið fluttar ólöglega frá eða hér á landi, eftir því sem við á hverju sinni.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 6. gr. laga nr. 105/2001. Hér er fjallað um dómskröfur í skilaferli, hver beri kostnað af málsmeðferð, bótakröfur o.fl. Um greiðslu kostnaðar við málsmeðferð fer samkvæmt lögum um meðferð einkamála. Í greininni er einnig kveðið á um tímamörk fyrir kröfur um skil menningarminja og ákveðið að þeim verði ekki komið að fyrir dómi þegar liðin eru meira en 30 ár frá flutningi menningarminjanna frá landinu sem skila krefst en 75 ár þegar um hluta opinberra safna eða trúarlegar minjar er að ræða. Eina breytingin frá fyrri lögum felst í að hér fer Minjastofnun Íslands með það hlutverk sem safnaráð hefur í gildandi lögum.

Um 9. gr.

Hér segir að ákvæði þessara laga gildi um menningarminjar sem fluttar hafa verið ólöglega frá öðrum aðildarríkjum EES-samningsins til Íslands eftir 1. janúar 1995. Greinin er efnislega samhljóða 8. gr. laga nr. 105/2001.

Um 10. gr.

Í greininni segir að ágreiningi um atriði er lúta að framkvæmd laganna megi skjóta til mennta- og menningarmálaráðherra og er það í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Greinin er efnislega tekin úr 7. gr. laga nr. 105/2001.

Um 11. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 9. gr. laga nr. 105/2001 en þó tekið fram að kröfum um skaðabætur skuli beint til Minjastofnunar Íslands.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 10. gr. laga nr. 105/2001.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 11. gr. laga nr. 105/2001 en millivísun er breytt í samræmi við þetta frumvarp.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Tilskipun ráðsins 93/7/EBE frá 15. mars 1993 um skil menningarminja sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis var upphaflega innleidd í íslensk lög með lögum nr. 60/1996 um breytingar á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingum. Innleiðingu tilskipunarinnar var viðhaldið í lögum nr. 105/2001 sem falla úr gildi verði frumvarpið að lögum, sbr. 16. gr.

Um 16. gr.

Lagt er til að frumvarpið verði að lögum á sama tíma og frumvarp til laga um menningarminjar og frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands, sem lögð eru fram samhliða þessu frumvarpi. Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 105/2001.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skil menningarverðmæta til annarra landa.

Megintilgangur frumvarpsins er að tryggja skil á menningarverðmætum til annarra landa hafi þau verið flutt til Íslands með ólögmætum hætti. Með frumvarpinu er lagt til að færa í sérlög ákvæði um viðkomandi efni sem nú er í lögum nr. 105/2001, um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa. Gert er ráð fyrir að lög nr. 105/2001 verði felld úr gildi og að sá hluti þeirra sem fjallar um flutning íslenskra menningarverðmæta úr landi verði felldur inn í lög um menningarminjar. Frumvarp að þeim lögum er lagt fram samhliða þessu.

Í ljósi reynslunnar verður að telja óheppilegt að flutningi íslenskra menningarverðmæta til annarra landa og skil á menningarverðmætum annarra ríkja sem flutt hafa verið til Íslands með ólögmætum hætti sé blandað saman í einum lögum. Reynslan hefur sýnt að gildandi lög veita íslenskum menningarverðmætum ekki fullnægjandi vernd gegn óheftum útflutningi. Verðgildismörk menningarminja sem þar koma fram eru ekki í neinu samræmi við verðlag menningarminja á íslenskum markaði. Því er talið nauðsynlegt að setja sérlög sem geta hindrað eftirlitslausan flutning menningarminja úr landinu og þau ákvæði sett í lög um menningarminjar. Gildandi lög og frumvarp þetta taka til tilskipunar 93/7/EBE, með áorðnum breytingum, sem er ætlað að vernda þjóðardýrgripi og önnur tiltekin menningarverðmæti gegn ólögmætum útflutningi og tryggja samræmdar reglur um skilaferli í aðildarlögum EES-samningsins.

Helstu breytingar í frumvarpinu eru að nú eru verkefnin sem safnaráð hefur haft með höndum flutt til nýrrar ríkisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, sem lagt er til að verði komið á fót í frumvarpi til laga um menningarminjar. Kostnaður safnaráðs hefur verið greiddur úr safnasjóði og því gæti þurft að millifæra fjárheimildir milli fjárlagaliða vegna þessa. Þá er kveðið á um að lögregluyfirvöld skuli aðstoða við leit á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega til landsins. Þetta gæti hugsanlega þýtt viðbótarvinnuálag á viðkomandi stofnanir komi slík mál upp en þó má gera ráð fyrir að slík verkefni verði fátíð og muni rúmast innan fjárheimilda þeirra.

Verði frumvarpið lögfest óbreytt er því talið að það hafi óveruleg áhrif á ríkisútgjöld.

1152. Frumvarp til safnalaga. [650. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Tilgangur.

Í lögum þessum er kveðið á um skipulag safnastarfs í þeim tilgangi að efla starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands, tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, veita fólki aðgang að honum og stuðla að aukinni þekkingu á þessari arfleifð og skilningi á tengslum hennar við umheiminn.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til safna í eigu ríkisins og til annarra safna sem eru viðurkennd samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi taka ekki til bóka- og skjalasafna.

3. gr.

Hlutverk safna.

Söfn í skilningi laga þessara eru varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Þau skulu vera opin almenningi.

Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.

Söfn skulu stunda markvissa söfnun muna og heimilda til að safnkostur þeirra gefi sem heildstæðasta mynd af sérsviði þeirra.

4. gr.

Höfuðsöfn, viðurkennd söfn og ábyrgðarsöfn.

Höfuðsöfn eru í eigu ríkisins og eru miðstöðvar safnastarfsemi hvert á sínu sviði. Þau eru stofnuð með lögum þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra.

Viðurkennt safn er safn sem ráðherra hefur veitt viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Slíkt safn hefur tiltekið starfssvið eða starfssvæði sem er tilgreint í stofnskjali þess.

Ábyrgðarsafn er viðurkennt safn sem ráðherra hefur, að fenginni tillögu viðkomandi höfuðsafns, falið að bera ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs á tilteknu sviði eða landsvæði.

5. gr.

Safnvísar, setur og sýningar.

Safnvísar, setur og sýningar teljast ekki til safna í skilningi 3. gr. laga þessara.

Safnvísar starfa að nokkru leyti sem söfn en uppfylla ekki öll skilyrði sem söfn þurfa að uppfylla, m.a. með tilliti til hlutverks, umfangs starfsemi og safnkosts.

Setur sinna að jafnaði rannsóknum og miðlun en ekki söfnun og varðveislu.

Sýningar eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem sinna miðlun en ekki söfnun, varðveislu og rannsóknum.

II. KAFLI
Skipulag.

6. gr.

Yfirstjórn og framkvæmd.

Ráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi ná til.

Safnaráð er ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni safna.

7. gr.

Safnaráð.

Ráðherra skipar safnaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa, Félag íslenskra safna og safnmanna einn fulltrúa og Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) einn fulltrúa. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í safnaráð lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Safnaráð hefur eftirfarandi hlutverk:

a. að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu,
b. að vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er ráðherra til samþykktar,

c. að fjalla um stofnskrár eða samþykktir safna og staðfesta þær,
d. að fjalla um viðurkenningu safna og afturköllun viðurkenningar áður en tillögur þar að lútandi eru sendar ráðherra,
e. að setja skilmála um húsnæði safna, þar á meðal staðla um aðgengi og öryggismál þeirra,
f. að setja skilmála um skráningarkerfi safna og viðurkenningu á þeim,
g. að veita viðkomandi höfuðsafni umsögn um erindi er varða ráðstöfun eða förgun safngripa,
h. að leggja mat á þörf fagsviðs eða landsvæðis fyrir sérstakt ábyrgðarsafn og fjalla um tillögu þar að lútandi áður en höfuðsafn sendir hana ráðherra,
i. að setja safnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
j. að veita umsögn um styrkumsóknir úr safnasjóði,
k. að sinna öðrum verkefnum á sviði safnamála samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Forstöðumenn höfuðsafna sitja fundi safnaráðs stöðu sinnar vegna.

Ráðherra ákveður aðsetur safnaráðs.

Kostnaður af starfsemi safnaráðs greiðist úr safnasjóði.

8. gr.

Höfuðsöfn.

Höfuðsöfn eru þrjú: Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Þau eru öðrum söfnum til ráðgjafar og skulu stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði.

Höfuðsöfn skulu hafa forustu í málefnum safna á sínu sviði, stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila. Höfuðsöfn skulu leitast við að efla og auka þekkingu og færni starfsfólks safna.

Höfuðsöfn skulu annast kynningu á sérsviði sínu innan lands og utan.

Safnkostur höfuðsafna skal vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra. Hann skal jafnframt vera aðgengilegur til rannsókna.

Höfuðsöfn mega ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstök rök mæla með því.

III. KAFLI
Viðurkennd söfn.

9. gr.

Viðurkenning.

Ráðherra veitir safni viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Öll söfn nema höfuðsöfn þurfa að sækja um viðurkenningu vilji þau falla undir ákvæði laga þessara. Umsókn um viðurkenningu safns skal beint til safnaráðs. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um starfssvið, rekstrarform, eignarhald, fjármögnun og árlegan rekstrarkostnað ásamt stofnskrá eða samþykkt safnsins og önnur þau skilyrði viðurkenningar sem tilgreind eru í 10. gr.

Ráðherra getur afturkallað viðurkenningu safns að fenginni tillögu safnaráðs telji ráðið að safnið uppfylli ekki lengur skilyrði viðurkenningar.

Viðurkennt safn á rétt á að nota ákveðið einkennismerki, sem safnaráð hefur látið útbúa. Safni sem svipt hefur verið viðurkenningu er óheimilt að nota einkennismerki viðurkenndra safna.

Viðurkennt safn getur sótt um styrk úr safnasjóði.

10. gr.

Skilyrði viðurkenningar.

Safn skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til að öðlast viðurkenningu:

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.
2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs.
3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið vegna náms aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
8. Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

11. gr.

Stofnstyrkir.

Heimilt er að veita viðurkenndu safni styrk úr ríkissjóði til að mæta stofnkostnaði. Til að styrkur komi til álita skal fylgja skilmálum er safnaráð setur um húsnæði safna. Þeir skilmálar skulu m.a. kveða á um öryggi og varðveislu safngripa.

Framlagið skal innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun sem stjórnendur safnsins gera við ráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast eða kaupsamningur er gerður. Sé þessum formlegu kröfum ekki fylgt á safnið ekki kost á stofnstyrk úr ríkissjóði í samræmi við ákvæði greinarinnar.

Fyrir undirritun samnings um framlag ríkisins samkvæmt þessari grein skal viðkomandi safn leggja fram staðfestingu á því að annar stofnkostnaður sé tryggður.

Fjárveitingar til stofnstyrkja samkvæmt þessari grein eru háðar ákvörðun Alþingis um framlög í fjárlögum.

12. gr.

Lok starfsemi og ráðstöfun eigna og safnkosts.

Í stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal kveðið á um ráðstöfun eigna þess og safnkosts verði safnið lagt niður eða rekstrarformi þess breytt. Hafi viðurkennt safn notið opinberra styrkja skv. 11. eða 22. gr. skal safnkosti þess ráðstafað í samræmi við fyrirmæli stofnskrár eða samþykkta og í samráði við viðkomandi höfuðsafn. Öðrum eigum skal ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti.

IV. KAFLI
Ábyrgðarsöfn.

13. gr.
Skilgreining og hlutverk.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu viðkomandi höfuðsafns, falið viðurkenndu safni að bera faglega ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs. Ábyrgð safnsins getur náð til afmarkaðs sviðs eða tiltekins landsvæðis.

Ábyrgðarsafn skal starfa í nánu samráði við höfuðsafn á viðkomandi safnasviði.

Ábyrgðarsafn skal veita öðrum söfnum, safnvísum, setrum og sýningum á sínu sviði eða landsvæði ráðgjöf og leiðbeiningar eftir því sem kostur er.

Forstöðumaður ábyrgðarsafns skal vera í fullu starfi og hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á sviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt. Safnið skal að auki hafa hið minnsta einn starfsmann með menntun eða staðgóða þekkingu og reynslu á ábyrgðarsviði safnsins.

Nánar skal kveðið á um verkefni, ábyrgðarsvið og fjárveitingar í tímabundnum samningi milli ráðuneytis, hlutaðeigandi safns og viðkomandi höfuðsafns.

V. KAFLI
Viðurkennd söfn og starfsemi þeirra.

14. gr.
Starfsemi.

Söfn samkvæmt lögum þessum eru með fastan rekstur og eru rekin til að þjóna íslensku samfélagi. Þau eru opin almenningi og safna, varðveita, rannsaka og miðla því sem er til vitnis um manninn, sögu hans og menningu, náttúru og umhverfi í nafni samfélagsins og til framgangs þess. Þau skulu hafa að leiðarljósi að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.

Söfn skulu leitast við að efla faglegt starf á sínu sviði og standast lágmarkskröfur um söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknir og miðlun. Þau skulu skila stefnumörkun um starfsemi sína til viðeigandi höfuðsafns á fjögurra ára fresti.

Söfn skulu taka þátt í faglegu samstarfi svæðisbundið, á landsvísu og á alþjóðavettvangi eftir því sem við verður komið.

15. gr.
Lán safngripa.

Söfnum er heimilt að lána tímabundið gripi eða verk til annarra safna eða stofnana, á sýningar eða til rannsókna. Um lán safngripa til annarra landa fer eftir ákvæðum XI. kafla laga um menningarminjar þar sem þau eiga við. Höfundur á alltaf rétt á að fá verk sín lánuð á eigin sýningar.

Tryggilega skal gengið frá varðveislu safngripa sem eru lánaðir og þeir tryggðir eftir því sem forstöðumaður viðkomandi safns ákveður.

16. gr.
Ráðstöfun safngripa.

Hafi viðurkennt safn notið opinberra styrkja skv. 11. eða 22. gr. skal safnkosti þess ráðstafað í samræmi við fyrirmæli stofnskrár eða samþykkta og í samráði við viðkomandi höfuðsafn.

Muni sem viðurkennt safn hefur eignast með gjöf eða arfleiðslu eða eru keyptir fyrir almannafé er óheimilt að taka af safnskrá.

17. gr.
Förgun safngripa.

Óheimilt er að farga safngripum nema ríkar ástæður séu til. Heimilt er að grisja safnkost á grundvelli grisjunaráætlunar sem höfuðsafn ákveður.

Það höfuðsafn sem í hlut á tekur ákvörðun um förgun safngripa að fenginni umsögn safnaráðs.

18. gr.
Notkun mynda af safngripum.

Ekki má nota myndir af gripum eða verkum safna sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi viðkomandi forstöðumanns, enda sé gætt réttar rétthafa samkvæmt höfundalögum.

19. gr.
Gjaldtökuheimild.

Söfnum í eigu ríkisins er heimilt að taka aðgangseyri. Þá er þeim heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sína, svo sem lán á munum, ljósmyndun muna, afrit af ljósmyndum, sérunnar munaskrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu, fjölföldun og hvers konar aðra þjónustu til að standa straum af kostnaði. Söfnin setja gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku.

Ákvörðun um aðgangseyri og aðra gjaldtöku annarra safna er í höndum eigenda þeirra.

20. gr.
Gjafir og fjárframlög.

Um frádrátt af tekjuskatti vegna gjafa eða fjárframlaga til safna fer samkvæmt lögum um tekjuskatt.

VI. KAFLI
Safnasjóður.

21. gr.
Hlutverk og skipulag.

Hlutverk safnasjóðs er að efla starfsemi safna sem undir lög þessi falla. Í þeim tilgangi getur sjóðurinn styrkt rekstur og skilgreind verkefni viðurkenndra safna, samstarfsverkefni slíkra safna innbyrðis og önnur verkefni. Sjóðnum er heimilt að styrkja aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær.

Safnasjóði er heimilt að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé sínu í styrki til að efla rekstur viðurkenndra safna.

Tekjur safnasjóðs eru:

a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
b. önnur framlög.

22. gr.
Styrkveitingar.

Styrkir úr safnasjóði eru ákveðnir í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins, sbr. i-lið 2. mgr. 7. gr.

Viðurkennd söfn önnur en söfn í eigu ríkisins geta sótt um rekstrarstyrki til sjóðsins til að efla starfsemi sína.

Öll viðurkennd söfn geta sótt um styrki til skilgreindra verkefna.

Önnur söfn, safnvísar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn. Skal hið viðurkennda safn vera aðalumsækjandi og ábyrgðaraðili verkefnisins. Höfuðsöfn og önnur söfn sem eru rekin af ríkinu geta átt aðild að slíkum verkefnum.

Safnasjóður getur veitt styrki til alþjóðlegra verkefna sem viðurkennd söfn eru þátttakendur í.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, hafi verkefnið ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða lokaskýrslu ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis.

Ráðherra úthlutar styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

23. gr.
Setning reglugerða.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd II., III., V. og VI. kafla laga þessara.

24. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2012. Frá þeim degi falla úr gildi safnalög, nr. 106/2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 1. janúar 2012 er ráðherra heimilt að undirbúa gildistöku laga þessara.

Umboð safnaráðs sem skipað er samkvæmt gildandi lögum fellur niður við gildistöku laga þessara.

Viðurkenning safna í samræmi við ákvæði eldri laga heldur gildi sínu í eitt ár frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með setningu safnalaga, nr. 106/2001, var gerð umfangsmikil breyting á lagaramma um íslensk söfn og starfsemi þeirra færð í fastari skorður. Stofnun safnaráðs var nýmæli í þeim lögum og hefur ráðið unnið ötullega að eflingu safnastarfs í landinu. Með tilkomu safnasjóðs og úthlutun styrkja á faglegum forsendum hefur rekstur safna að vissu leyti orðið tryggari en áður. Í frumvarpinu er byggt á þessum grunni og stefnt að því að faglegur rammi laganna um starfsemi safna verði skýr, leitast við að tryggja að fjárveitingar ríkisins til málaflokksins stuðli að öflugu safnastarfi og að aðgengi almennings að þeim menningar- og náttúruarfi sem varðveittur er á söfnum verði sem best.

Reynslan sýnir að ýmsa þætti safnalaga megi skilgreina betur. Á síðustu árum hafa orðið margvíslegar breytingar á starfsemi safna og sýningaraðila, m.a. með fjölgun safnvísa og svonefndra setra sem sinna ákveðnum þáttum safnastarfsemi, sem vert er að taka tillit til við endurskoðun laganna.

Við endurskoðun laganna var ákveðið að halda þeirri stefnu sem mörkuð var árið 2001, þ.e. að halda málefnum bóka- og skjalasafna utan við þetta frumvarp. Jafnframt var ákveðið að fjalla mun ítarlegar um starfsemi safna en gert er í gildandi safnalögum. Söfnum hefur fjölgað um land allt á síðustu árum og einnig hefur sprottið upp fjöldi safnvísa, setra og sýninga sem ekki uppfylla öll skilyrði þess að teljast söfn, en vinna mörg hver gott starf á sínu sviði. Þessi starfsemi er nú skilgreind í fyrsta sinn í þessu frumvarpi og reynt að skoða hana í samhengi við starfsemi viðurkenndra safna. Hingað til hefur ekki verið skýrt hvað átt hefur verið við með framangreindum heitum og möguleikar þessara ólíku aðila til að njóta opinbers stuðnings við starfsemi sína hafa ekki verið fyrir hendi í gildandi safnalögum. Þetta hefur m.a. leitt til aukinna beinna fjárveitinga á fjárlögum til starfsemi á þessu sviði. Í frumvarpinu er því lagt til að þessum aðilum verði gert kleift að njóta stuðnings úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn.

Meðal nýmæla í frumvarpinu eru ákvæði um viðurkenningu safna, þar sem slíkum söfnum er ætlað að gangast undir ýmis fagleg og rekstrarleg skilyrði, sem m.a. byggja á ákvæðum danskra laga. Með opinberri viðurkenningu eru tekin af öll tvímæli um stöðu viðkomandi safna, skyldur þeirra og samfélagslega ábyrgð. Jafnframt eru skilgreind skilyrði sem söfnin þurfa að uppfylla til að geta átt kost á að njóta styrkja úr opinberum sjóðum. Söfn gegna mikilvægu hlutverki í varðveislu menningar- og náttúruarfs landsins sem og almennings fræðslu á því sviði. Því er talið rétt að ríkið taki á sig ákveðna ábyrgð við að styrkja rekstur þessara stofnana í samstarfi við eigendur þeirra, uppfylli þær ákveðin skilyrði um starfsemi og rekstur. Meðal þeirra skilyrða sem sett eru til að safn geti hlotið viðurkenningu er að höfuðsafn á starfssviði viðkomandi safns komi að ákvörðunum um ráðstöfun safnkosts verði það lagt niður.

Annað nýmæli í frumvarpinu er hugtakið ábyrgðarsafn. Til að styrkja faglegt samstarf safna gerir frumvarpið mögulegt að skilgreina öflug söfn sem hafi frumkvæði í málefnum safna á sínu ábyrgðarsviði eða ábyrgðarsvið og veiti öðrum, bæði söfnum, safnvísum, setrum og sýningum, ráðgjöf og aðstoð í nánu samráði við höfuðsöfn, t.d. með því að stýra samstarfs verkefnum. Starfsemi Ábyrgðarsafn getur náð til tiltekins landsvæðis eða til afmarkaðs sviðs á landsvísu. Skulu slík söfn vera í nánu samstarfi við höfuðsafni, en þeim er falið að gera tillögur um hvort ástæða sé til að fela einhverju safni aukna ábyrgð á safnastarfi í tilteknum landshluta eða á ákveðnu sviði og hvaða söfn geta tekið að sér slíkt hlutverk.

Ákvæði um safnaráð, skipan þess og hlutverk hafa verið skýrð og skipan ráðsins færð að nokkru til samræmis við skipan fornminja nefndar og húsafriðunarnefndar samkvæmt frumvarpi til laga um menningarminjar. Tilgangurinn er að auka gagnsæi og skýra hlutverk ráðsins betur en gert er í gildandi safnalögum. Breytingarnar fela m.a. í sér að safnaráð er nú fyrst og fremst ráðgefandi nefnd gagnvart ráðherra en skal jafnframt hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu. Skerpt er á stefnumótandi hlutverki þess og hlutverk þess í viðurkenningarferli safna er skilgreint. Þá er ráðinu ætlað að setja skilmála og staðla um húsnæði safna auk skilmála um skráningarkerfi. Ráðinu er einnig ætlað að fjalla um tillögur um ábyrgðarsöfn áður en höfuðsöfn senda slíkar tillögur til ráðherra. Safnaráði er áfram ætlað að setja safnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir og veita umsögn til ráðherra um styrkumsóknir úr sjóðnum. Skv. 10. gr. gildandi laga er safnaráði falið það hlutverk að úthluta úr safnasjóði

en hér er sú breyting gerð að ráðherra tekur ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum. Með því að ráðið setji sjóðnum úthlutunarreglur getur það tryggt að staðið sé að úthlutun styrkja úr sjóðnum á faglegan hátt og í samræmi við stefnumótun þess um safnastarf.

Safnaráði er samkvæmt frumvarpinu ekki lengur ætlað að vera samráðsvettvangur um málefni safna, enda má ætla að slíkt samráð sé eðlilegur hluti af safnastarfi og samvinnu safna undir forustu höfuðsafna og þurfi ekki að binda í lög.

Í greinargerð með frumvarpi til núgildandi safnalaga segir að safnaráð sé nefnd, en ekki stofnun, sem hefur afmörkuð verkefni. Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir breytingum á þessari sýn, en ætla má að þær breytingar sem felast í frumvarpinu hafi í för með sér nokkurn sparnað í rekstri safnaráðs.

Við endurskoðun laganna var litið til reynslu af framkvæmd núgildandi laga en einnig höfð hliðsjón af nýlegri löggjöf ýmissa annarra landa á þessu sviði, einkum Danmerkur, Finnlands og Kanada auk Austurríkis og Frakklands. Einnig var tekið tillit til siðareglna Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ýmissa alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Í skýrslu sinni til Alþingis, *Íslensk muna- og minjasöfn: Meðferð og nýting á ríkisfé* (maí 2009) benti Ríkisendurskoðun m.a. á að þrátt fyrir gildandi safnalög væri opinberu fé enn veitt til safna og skyldrar starfsemi án faglegrar umfjöllunar. Ríkisendurskoðun setti fram alls níu ábendingar til Alþingis um hvernig mætti takast á við þennan vanda. Þær ábendingar lúta m.a. að auknu forræði mennta- og menningarmálaráðuneytis í safnamálum, að því að einfalda þurfi styrkjakerfi safna, setja fastmótaðar reglur um styrkveitingar og að auka þurfi eftirlit með styrkjum og samræma það. Segja má að ákvæði þessa frumvarps komi til móts við margar af fyrrgreindum ábendingum, en sumar þeirra kalla á ráðstafanir sem liggja utan ramma safnalaga.

Þetta frumvarp var undirbúið samhliða frumvörpum til laga um menningarminjar, um Þjóðminjasafn Íslands og um skil menningarverðmæta til annarra landa og fjallað er um sameiginlega þætti og undirbúning þeirra, kynningu og samráð í inngangi greinargerðar frumvarps til laga um menningarminjar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarpinu er ætlað að efla starfsemi safna í því augnamiði að tryggja varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands, tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, og stuðla að aukinni þekkingu og skilningi á þessari arfleifð og tengslum hennar við umheiminn með því að veita fólki aðgang að henni. Greinin þarf ekki sérstakra skýringa við.

Um 2. gr.

Við það er miðað að ákvæði frumvarpsins taki til safna í eigu ríkisins og til safna í eigu annarra aðila sem ráðherra hefur viðurkennt í samræmi við ákvæði III. kafla frumvarpsins. Gildissvið safnalaga, nr. 106/2001, takmarkast skv. 1. gr. við lista- og minjasöfn en talin er ástæða til að opna fyrir aðrar mögulegar tegundir safna, svo sem vísindasöfn.

Lögin taka ekki til bóka- og skjalasafna enda gilda um þau ákvæði annarra laga.

Um 3. gr.

Í greininni er hugtakið safn skilgreint, þ.e. að það sé varanleg stofnun sem starfi í þágu almennings og það sé ekki rekið í hagnaðarskyni. Er þar m.a. byggt á þeirri skilgreiningu sem fram kemur í siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM) og í 4. gr. gildandi safnalaga. Það

er nýmæli að það skuli sérstaklega tekið fram að söfn starfi í þágu almennings og að þau skuli ekki rekin í hagnaðarskyni. Ekki þykir ástæða til að skilgreina flokka safna sérstaklega, sbr. 1. mgr. 2. gr. safnalaga, nr. 106/2001, þar sem öll söfn skulu starfa eftir sömu meginreglum, eins og m.a. kemur fram í siðareglum ICOM.

Í 2. mgr. segir að söfnun, skráning, varðveisla, rannsóknir, sýningar og önnur miðlun safna sé undirstaða þess hlutverks þeirra að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, að varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, að styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum til að auka lífsgæði og ánægju manna.

Slík fagleg vinna með safnkostinn sker úr um hvort stofnun sé safn samkvæmt skilningi frumvarpsins eða ekki. Nafngift ein og sér segir því ekki til um hvort viðkomandi eining falli undir þessi lög. Oft hefur valdið misskilningi að í íslensku máli er sama orð, þ.e. safn, notað um það sem nefnist á ensku *museum, collection* og *exhibition* eða á dönsku *museum, samling* og *udstilling*.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um hvað felst í hugtökunum höfuðsafn, viðurkennt safn og ábyrgðarsafn. Í 1. mgr. er höfuðsafn skilgreint og sagt að kveða skuli nánar á um starfsemi þeirra í sérlögum. Þetta ákvæði byggist að hluta á 1. mgr. 5. gr. safnalaga, nr. 106/2001. Höfuðsöfn eru tilgreind í 8. gr. frumvarpsins, en samkvæmt gildandi lögum eru þau Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands.

Í 2. mgr. er hugtakið viðurkennt safn skilgreint. Með þessu ákvæði er gert ráð fyrir að söfn þurfi að fá viðurkenningu ráðherra sem opinbera staðfestingu á að skipulag og starfsemi þeirra fullnægi faglegum gæðakröfum. Þetta er nýmæli. Nánar er fjallað um skilyrði viðurkenningar safna í 10. gr.

Í 3. mgr. felst einnig nýmæli. Þar segir að ráðherra geti falið viðurkenndu safni að bera ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs. Skv. 7. gr. leggur safnaráð faglegt mat á þörf fagsviða eða landsvæða fyrir sérstök ábyrgðarsöfn áður en viðkomandi höfuðsafn sendir tillögu þar að lútandi til ráðherra.

Ástæða er til að efla þau söfn sem hafa burði til að vera leiðandi í safnastarfi og geta verið öðrum söfnum, safnvísum, setrum og sýningum til ráðgjafar og aðstoðar. Með slíku fyrirkomulagi væri þjónusta og aðstoð við önnur söfn, safnvísa, setur og sýningar (sbr. 5. gr.) færð nær vettvangi eða heim í hérað. Þannig væri slíkum rekstrareiningum gert kleift að leggja sitt af mörkum til menningarstarfs þó að þær uppfylli ekki skilyrði III. kafla laganna til að fá viðurkenningu sem söfn.

Reynslan hefur sýnt að sterk söfn draga til sín atvinnutækifæri í heimabyggð og geta verið vettvangur frjósamra samskipta og samstarfs.

Um 5. gr.

Hér er leitast við að skilgreina safnvísa, setur og sýningar, en ekki hefur verið fjallað um slíka starfsemi í lögum áður og því hefur verið óljóst hver staða þeirra er í safnastarfi.

Mjög stóran hluta þeirra stofnana í landinu sem stunda safntengda starfsemi ber fremur að telja til safnvísa en eiginlegra safna. Í 2. mgr. er að finna skilgreiningu á safnvísi, en þar segir að safnvísir starfi að nokkru leyti sem safn en uppfylli ekki öll skilyrði laganna um slíkar stofnanir, m.a. með tilliti til rekstrarforms og umfangs starfseminnar. Þá sinna safn-

vísar ekki öllum þeim þáttum sem safni ber samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaráðs safna (ICOM) og kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. eru setur skilgreind þannig að þau sinni ekki söfnun og varðveislu þótt um rannsóknir og miðlun geti verið að ræða. Setur vinna oft með efni sem byggist á menningar- eða náttúruarfi, en bera ekki ábyrgð á varðveislu minja á sama hátt og söfn.

Í 4. mgr. segir að sýning sé sjálfstæð rekstrareining sem sinni fyrst og fremst miðlun en ekki söfnun, varðveislu og rannsóknum. Sýning getur einnig verið hluti af starfsemi safns eða seturs, þó hún sé staðsett utan viðkomandi safns eða seturs.

Skilgreiningar þessarar greinar á setri og sýningu eru efnislega byggðar á skilgreiningum í *Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003–2008.* Tekið skal fram að ákvæði í lagafrumvarpi þessu sem lúta að setrum, safnvísum og sýningum byggjast á eðli starfsemi þessara rekstrareininga en ekki heitum þeirra.

Um 6. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er lagt til að skipulag safnamála verði með líkum hætti og er í gildandi lögum. Við það er miðað að ráðherra fari með stjórnsýslu málaflokksins en safnaráð mun eins og hingað til vera sérstakt ráð eða stjórnsýslunefnd undir ráðherra sem fengin eru tiltekin verkefni eins og nánar er lýst í einstökum ákvæðum frumvarpsins. Ráðinu er þannig ætlað að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum ráðgjöf um málefni safna og koma að undirbúningi ákvarðana ráðherra í einstökum málum, sbr. ákvæði 7. gr.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um skipan safnaráðs. Breytingar eru gerðar á skipan ráðsins frá því sem er í gildandi lögum með því að í frumvarpinu er lagt til að Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) tilnefni einn fulltrúa, auk þess sem Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag íslenskra safna og safnmanna tilnefna áfram hvort sinn fulltrúann. Lagt er til að ráðherra skipi tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra jafnframt vera formaður ráðsins. Einnig er bætt við að ekki sé heimilt að skipa sama mann aðalmann í safnaráð lengur en tvö samfelld starfstímabil og er það í samræmi við það sem almennt gildir nú um stjórnir og ráð á verksviði ráðuneytis.

Í 2. mgr. er kveðið á um hlutverk safnaráðs sem er m.a. að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu og vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn, en það er eðlilegt hlutverk safnaráðs að vinna að stefnumótun safnastarfs í landinu og eflingu faglegs starfs safna. Mikilvægt er að ráðherra er ætlað að samþykkja þessa stefnumörkun enda er hún hluti af heildarstefnu ríkisins í menningarmálum. Meðal annarra verkefna ráðsins er að fjalla um stofnskrár safna og gera tillögu um staðfestingu þeirra, fjalla um tillögur um viðurkenningu safna og afturköllun viðurkenningar þeirra áður en þær eru sendar ráðherra. Ráðinu er ætlað að fjalla um skilmála og staðla um húsnæði safna og viðurkenningu skráningarkerfa, en það er nýmæli að sett séu í lög ákvæði til grundvallar skilmálum um húsnæði safna og viðurkenningu skráningarkerfa. Þá skal safnaráð fjalla um ráðstöfun og förgun safngripa og leggja mat á þörf fagsviðs eða landsvæðis fyrir sérstakt ábyrgðarsafn og fjalla um tillögur þar að lútandi áður en þær eru sendar ráðherra til ákvörðunar. Þá setur safnaráð safnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir og veitir umsögn um styrkumsóknir úr sjóðnum. Skal í úthlutunarreglum m.a. kveðið á um skilmála úthlutunar og skyldur þeirra sem fá fjárframlög úr sjóðnum.

Verksvið safnaráðs samkvæmt þessu frumvarpi er nokkuð breytt frá eldri lögum en það getur m.a. einnig sinnt verkefnum sem ráðherra felur því samkvæmt nánari ákvörðun.

Í 3. mgr. segir að forstöðumenn höfuðsafnanna þriggja, Listasafns Íslands, Náttúruminjasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands, sitji fundi safnaráðs stöðu sinnar vegna og er það gert til að tryggja eðlilegt samráð allra þessara aðila um málefni safna. Þetta ákvæði tryggir forstöðumönnum höfuðsafnanna hliðstæða stöðu gagnvart safnaráði og forstöðumönnum Þjóðminjasafns og Minjastofnunar Íslands er ætlað gagnvart forminjanefnd og húsafriðunarnefnd samkvæmt frumvarpi til laga um menningarminjar.

Í 4. mgr. segir að ráðherra ákveði hvar safnaráð hefur aðsetur.

Að lokum er lagt til að kostnaður af starfsemi safnaráðs verði greiddur úr safnasjóði og er samhljóða ákvæði að finna í 10. gr. gildandi safnalaga.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessari grein eru höfuðsöfnin þrjú, þ.e. Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Listasafn Íslands er höfuðsafn á sviði myndlistar og hefur það hlutverk að varpa ljósi á íslenska myndlist, sögu hennar og tengsl við myndlist annarra landa; Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða og hefur það hlutverk að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi; Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði menningarminja og hefur það hlutverk að varpa ljósi á íslenska menningu, sögu hennar og tengsl við menningarsögu umheimsins. Í greininni er lögð áhersla á það hlutverk höfuðsafna að vera ráðgefandi og stefnumótandi afl og vinna að samræmdri safnastefnu hvert á sínu sérsviði. Fjallað er nánar um höfuðsafni í sérlögum.

Í 2. mgr. kemur fram skylda höfuðsafna til að vera leiðandi í málefnum safna á sínu sviði, m.a. í faglegu samstarfi og endurmenntun starfsfólks. Þá skulu höfuðsöfn láta sérstaklega til sín taka við kynningu á sínu sérsviði innan lands og utan.

Í 4. mgr. segir að safnkostur höfuðsafna skuli vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra. Einnig er lögð áhersla á að hann sé aðgengilegur öllum fræðimönnum, innan safns og utan, til rannsókna eftir þörfum. Í þessu samhengi er rétt að benda á að vísindasöfn Náttúrufræðistofnunar Íslands eru ásamt safnkosti Náttúruminjasafns Íslands undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess skv. 3. gr. laga um safnið.

Í síðustu málsgrein, sem er samhljóða fyrri hluta 6. gr. safnalaga, nr. 106/2001, er kveðið á um að höfuðsöfn megi ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja nema með sérstöku leyfi ráðherra. Með þessu er unnið gegn því að utanaðkomandi aðilar geti haft áhrif á áherslur í söfnun, sýningum og annarri starfsemi höfuðsafna með gjöfum. Um móttöku gjafa og leyfi ráðherra ber að fara eftir 36. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, en þar er svo fyrir mælt að ákveði ríkisaðili í A-hluta að þiggja gjöf sem gefin sé með kvöðum eða skilyrðum sem óhjákvæmilega hafi í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð beri að taka við gjöfinni með fyrirvara um samþykki Alþingis, enda hafi ekki verið gert ráð fyrir útgjöldum þessum í fjárlögum.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um viðurkenningu ráðherra á söfnum og er slík formleg viðurkenning safna nýmæli. Í viðurkenningu ráðherra felst opinber staðfesting á að fyrirkomulag og starfsemi

viðkomandi safns fullnægi faglegum kröfum. Safn sem hlýtur viðurkenningu ráðherra getur sótt um styrk úr safnasjóði skv. 22. gr. frumvarpsins.

Safnaráð tekur við umsókn um viðurkenningu og skulu henni fylgja ítarlegar upplýsingar um safnið, starfssvið þess og rekstrarform, eignarhald, fjármögnun og árlegan rekstrarkostnað, stofnskrár eða samþykktir og upplýsingar um önnur þau skilyrði sem tilgreind eru í 10. gr. Safnaráð leggur skv. 7. gr. faglegt mat á umsóknir um viðurkenningu safna og gerir tillögu til ráðherra þar að lútandi.

Samkvæmt 3. mgr. getur ráðherra afturkallað viðurkenningu ef safnaráð telur að skilyrðum hennar sé ekki lengur fullnægt. Þetta er einnig nýjung og vísar til þess hlutverks safnaráðs að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu. Með þessu ákvæði er viðurkenndum söfnum veitt ákveðið aðhald, sem ekki hefur verið lögbundið áður.

Í greininni er einnig kveðið á um að viðurkenningu safns fylgi réttur til að nota tiltekið einkennismerki, en slíku merki er ætlað að vera ákveðinn gæðastimpill og trygging fyrir að safnið sé faglega rekið. Sambærileg ákvæði eru m.a. í frönskum safnalögum þar sem strangar kröfur eru gerðar til safna sem hafa heimild til að kallast „musée de France“, en söfn geta tapað þeim titli uppfylli þau ekki lengur tilteknar kröfur.

Um 10. gr.

Í greininni eru talin upp skilyrði þess að safn geti öðlast viðurkenningu. Þetta felur m.a. í sér að öll söfn sem hingað til hafa notið rekstrarstyrkja úr safnasjóði þurfa við gildistöku laganna að sækja um viðurkenningu og uppfylla þau skilyrði sem sett eru hér áður en safnaráð getur lagt til við ráðherra að þau öðlist viðurkenningu. Má vænta þess að mörg söfn þurfi nokkurn tíma til að tryggja að þau geti uppfyllt öll þau skilyrði sem hér eru talin og því er lagt til að sett verði ákvæði til bráðabirgða í þessi lög um að viðurkenning safna í samræmi við ákvæði eldri laga haldi gildi sínu í eitt ár frá gildistöku laganna; innan þess tíma má ætla að söfn geti gengið frá umsóknum um viðurkenningu í samræmi við kröfur sem settar eru í þessum lögum. Það er nýmæli í íslenskum lögum að opinber viðurkenning safna kalli á það formlega ferli sem hér er lýst, en hefur um nokkurt skeið verið almenn regla í nágrannalöndunum.

Í 1. tölul. er kveðið á um með hvaða hætti eignarhald viðurkennds safns skuli vera og að það sé hlutverk eiganda þess að tryggja fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi safnsins. Eigandi skal einnig skipa safninu sérstaka stjórn. Loks er tekið fram að viðurkennt safn, sem getur skv. 9. gr. sótt um styrk úr safnasjóði, skuli ekki rekið í hagnaðarskyni fyrir eiganda þess. Með þessu ákvæði er lögð áhersla á að almennur rekstur hvers safns sé á ábyrgð eiganda þess, en eigi ekki að skila honum arði, enda er slíkt andstætt siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM), sem vísað er til í 7. tölul. Söfn í einkaeigu sem er ætlað að skila hagnaði til eiganda geta því ekki fengið viðurkenningu eða notið styrkja úr safnasjóði.

Í 2. tölul. kemur fram að safn skuli hafa sjálfstæðan fjárhag sem er aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Þetta ákvæði gildir einnig um söfn í eigu sveitarfélaga, en borið hefur á því að reikningshald safna hafi ekki verið aðgreint sérstaklega í reikningshaldi þeirra og því er ítrekað að það verði gert. Þá skulu reikningar safns áritaðir af löggiltum endurskoðanda til að tryggja að fjárhagslegt uppgjör sé með réttum hætti. Loks segir í þessum lið að safn skuli árlega senda safnaráði skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör, þ.e. ársreikninga; er þess krafist til að safnaráð geti haft sem besta yfirsýn yfir starfsemi safna í landinu.

Í 3. tölul. er kveðið á um að safnið skuli starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem er staðfest af safnaráði. Þá segir að í stofnskrá skuli m.a. tilgreina viðfangsefni safnsins, þ.e. að hverju

því er ætlað að starfa, og hvert starfssvæði þess skuli vera. Er talið eðlilegt að slíkar upplýsingar komi fram í stofnskrá eða samþykkt m.a. til að hægt sé að greina mögulega skörun ætlaðra starfssvæða og viðfangsefna safna og meta t.d. hvort sameining safna á grundvelli sameiginlegra verkefna eða samliggjandi starfssvæða geti verið fýsilegur kostur. Þá geta slíkar upplýsingar orðið grundvöllur þess að hafna ósk um viðurkenningu á nýju safni, sé áður til viðurkennt safn á sama verksviði á sama starfssvæði. Stofnskrá eða samþykkt safns sem hlotið hefur viðurkenningu skal birt í B-deild Stjórnartíðinda og er það nýmæli; tilgangurinn er að skerpa á mikilvægi stofnskrár eða samþykktar safns sem grundvelli fyrir starfsemi þess og tryggja þannig sem best að söfn séu varanlegar stofnanir með skýran starfsgrundvöll.

Þá segir í 4. tölul. að safn skuli starfa í samræmi við skilmála safnaráðs, m.a. um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi safnmuna og faglega starfsemi. Er þessu ákvæði ætlað að tryggja samræmi í starfsemi safna og sem jafnasta stöðu þeirra í milli hvað varðar ytri aðstæður og starfshætti. Einnig segir hér að upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skuli vera aðgengilegar almenningi; er þetta eðlileg krafa í ljósi þess að viðurkennt safn nýtur styrks af almannafé til starfsemi sinnar.

Ríkissöfn og söfn sem rekin eru af fjölmennustu sveitarfélögunum taka nú þegar á móti nemendum án gjaldtöku þegar um námsferðir er að ræða. Í 5. tölul. er sú skylda lögð á viðurkennt safn að það veiti skólanemendum sem heimsækja það vegna náms aðgang án gjaldtöku. Hér er áréttuð sú skylda allra viðurkenndra safna að taka á móti skólanemendum, einnig úr öðrum sveitarfélögum sé um heimsóknir á vegum skóla að ræða. Ákvæðið er einnig sett með tilvísun til þess að safnið njóti styrks af almannafé og beri því skylda til að þjóna menntunar- og fræðsluhlutverki í samfélaginu eftir því sem við verður komið, m.a. með þessum hætti.

6. tölul. fjallar um aðgengismál og vísar til skyldu viðurkennds safns til að uppfylla skilyrði laga og byggingarreglugerða um aðgengi fólks með fötlun. Á því sviði er víða pottur brotinn og full ástæða til að söfn sem njóta opinberra styrkja séu til fyrirmyndar á þessu sviði.

Í 7. tölul. er mælt fyrir um að safn skuli starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga sem við eiga; þannig eru m.a. ýmis frekari ákvæði er varða starfsemi safna í þessum lögum (t.d. í V. kafla) sem og í öðrum lögum (svo sem höfundalögum o.fl.). Þetta er skýrara ákvæði en í gildandi safnalögum.

Loks er í 8. tölul. kveðið á um að forstöðumaður viðurkennds safns skuli hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt. Þannig er gert ráð fyrir að einnig megi taka tillit til reynslu viðkomandi uppfylli hann ekki skilyrði um formlega menntun.

Um 11. gr.

Þessi grein fjallar um mögulegan fjárhagslegan stuðning ríkisins við stofnkostnað viðurkenndra safna, þ.m.t. öflun húsnæðis. Mælt er fyrir um að safnaráð setji skilmála um húsnæði safna sem m.a. kveði á um öryggi og varðveislu safnkostsins. Viðurkennd söfn þurfa að fylgja þessum skilmálum til að styrkur komi til álita. Af 6. gr. frumvarpsins leiðir að samningar sem gerðir verða á grundvelli þessa ákvæði eru gerðir við ráðuneyti.

Ákvæði um stofnstyrk er að finna í 11. gr. safnalaga, nr. 106/2001, og hefur ákveðinn liður fjárlaga verið ætlaður til að greiða fyrir samninga um stofnstyrki á grundvelli þess ákvæðis. Það er nýmæli í frumvarpi þessu að setja skuli almenna skilmála um húsnæði safna,

m.a. hvað varðar öryggisþætti þeirra. Kostnaður vegna slíkra þátta er oft stór liður í stofnkostnaði lítilla safna en miklir hagsmunir eru í húfi við að tryggja sem best öryggi menningarverðmæta, og því er lagt til að stofnstyrkur geti náð til þeirra. Safnaráði er skv. 7. gr. ætlað að ákveða þá skilmála sem settir verða um húsnæði safna, þar á meðal um aðgengi og öryggismál þeirra. Af þessu er ljóst að viðunandi öryggiskerfi þurfa að vera hluti af umgjörð um starfsemi safna ef þau vilja sækja um stofnstyrk til ríkisins samkvæmt þessari grein.

Mikilvægt er að undirstrika nauðsyn þess að samningur um framlag ríkisins til stofnkostnaðar við húsnæði safns sé gerður áður en framkvæmdir hefjast eða kaupsamningur gerður eins og fram kemur í 2. mgr. til að það sé ljóst að umræddar framkvæmdir eða húsnæðiskaup uppfylli þá skilmála sem safnaráð setur um húsnæði safna. Til áherslu þessu ákvæði er lagt til að tekið sé fram í sjálfum lagatextanum að sé þessum formlegu kröfum ekki fylgt eigi safnið ekki möguleika á stofnstyrk úr ríkissjóði í samræmi við ákvæði greinarinnar.

Þá er einnig það nýmæli í 3. mgr. að fyrir undirritun samnings um framlag ríkisins til húsnæðis skal viðkomandi safn leggja fram staðfestingu þess að annar stofnkostnaður sé tryggður; er þetta gert til að fyrir liggi staðfesting á heildarfjármögnun stofnkostnaðar vegna viðkomandi húsnæðis.

Loks kemur fram að svigrúm til að ganga til samninga við viðurkennd söfn um stofnstyrki vegna húsnæðisöflunar markast af þeim fjárveitingum sem til þess eru ætlaðar samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

Um 12. gr.

Í greininni felst nýmæli. Þar segir að í stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skuli gerð sérstök grein fyrir ráðstöfun eigna þess og safnkosts ef það verður lagt niður eða rekstrarformi þess breytt. Þar skuli vera ákvæði sem tryggi að viðkomandi höfuðsafn ákveði ráðstöfun safnkosts í samráði við eigendur safnsins. Þá skuli einnig koma fram að öðrum eigum þess, svo sem húsnæði, öryggiskerfum og öðrum búnaði, skuli ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti.

Sambærileg ákvæði eru m.a. í finnskum safnalögum. Opinberri viðurkenningu og fjárhagslegum stuðningi úr opinberum sjóðum fylgir ábyrgð og því er talið nauðsynlegt að ráðherra, sem fer skv. 6. gr. með yfirstjórn málefna safna sem þessi lög ná til, eigi kost á að tryggja að safnkostur tvístrist ekki eða verði t.d. ráðstafað með öðrum hætti en til safnrekstrar ef safn hættir starfsemi sinni. Það er eðlilegt að fela höfuðsöfnum það hlutverk sem hér um ræðir og snýr að safneign og að samráð sé haft við ráðuneytið um ráðstöfun annarra eigna, enda hafi safnið notið opinberra styrkja vegna starfsemi sinnar og því eðlilegt að ráðuneytið taki þátt í ákvörðun um ráðstöfun annarra eigna en safngripa.

Um 13. gr.

Í greininni felst nýmæli. Þar segir að ráðherra geti, að fenginni tillögu viðkomandi höfuðsafns, falið viðurkenndu safni að bera ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs í landinu. Sem fyrr segir leggur safnaráð skv. 7. gr. faglegt mat á þörf fagsviða eða landsvæða fyrir sérstök ábyrgðarsöfn áður en höfuðsafn sendir tillögu þar að lútandi til ráðherra.

Ástæða er til að efla þau söfn sem hafa burði til þess að vera leiðandi í safnastarfi og geta verið öðrum söfnum til ráðgjafar og aðstoðar. Með því er fagleg þjónusta við önnur söfn, safnvísa, setur og sýningar færð nær vettvangi en ella eða heim í hérað. Þannig kann ýmsum aðilum, svo sem öðrum söfnum, safnvísum, setrum og sýningum, að vera gert kleift að leggja meira af mörkum til menningarstarfs en nú þó að þau uppfylli ekki skilyrði III. kafla til að

fá viðurkenningu sem söfn eða óski ekki eftir slíkri viðurkenningu. Reynslan hefur jafnframt sýnt að sterk söfn draga til sín atvinnutækifæri í heimabyggð og eru vettvangur frjósamra samskipta og samstarfs í samfélaginu.

Í 2. mgr. kemur skýrt fram að ábyrgðarsafn skal starfa í nánu samráði við viðkomandi höfuðsafn eða höfuðsöfn, enda eru það höfuðsafni sem fela ábyrgðarsöfnum hlutverk sitt. Gott samstarf þessara safna er forsenda þess að þau geti gegnt hlutverki sínu í þjónustu við önnur söfn og allan almenning á verðugan hátt.

Í 3. mgr. er tiltekið að það sé verkefni ábyrgðarsafns að veita öðrum söfnum, safnvísum, setrum og sýningum ráðgjöf og leiðbeiningar til að efla þekkingu og færni þeirra sem sinna safnastarfi heima í héraði. Því verkefni skal lýst nánar í þeim samningi, sem vísað er til í 5. mgr.

Í 4. mgr. er fjallað um menntunar- og hæfniskröfur forstöðumanns ábyrgðarsafns auk lágmark starfsmannahalds þess. Af þessu ákvæði er ljóst að ábyrgðarsafn þarf að uppfylla frekari skilyrði en almennt viðurkennt safn, m.a. hvað varðar menntun forstöðumanns og fjölda starfsfólks.

Gert er ráð fyrir að í hverju tilviki verði nánar kveðið á um hlutverk ábyrgðarsafns, verkefni þess og þær fjárveitingar sem hlutverkinu fylgja í sérstökum samningi þar að lútandi sem gerður verður milli ráðuneytis, hlutaðeigandi safns og viðkomandi höfuðsafns. Höfuðsafn skal hafa forustu um að gera slíkan samning, enda hefur það gert tillögu til ráðherra um að fela viðkomandi safni þetta hlutverk. Í ákvæðinu kemur einnig fram að slíkur samningur um stöðu ábyrgðarsafns skal vera tímabundinn, enda eðlilegt að árangurinn af slíku hlutverki viðurkennds safns sé metinn í lok samningstíma og samningurinn endurskoðaður eftir því sem þurfa þykir.

Um 14. gr.

Í greininni er almenn starfsemi viðurkenndra safna skilgreind út frá því hlutverki þeirra sem hefur verið lýst í 3. gr. Lögð er áhersla á þjónustuhlutverk þeirra í íslensku samfélagi, hvaða þættir skuli marka starfsemi þeirra og vera leiðarljós hennar, þ.e. að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda. Er þetta í samræmi við þær lýsingar sem koma fram í siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM) og fjallað hefur verið um í athugasemd við 3. gr.

Í 2. mgr. er lögð áhersla á að starfsemi safna byggi á faglegum grunni og standist lágmarkskröfur á öllum sviðum safnastarfs. Einnig segir hér að þau skuli skila stefnumörkun um starfsemi sína til viðeigandi höfuðsafns á fjögurra ára fresti og er það gert til að höfuðsafni séu sem best upplýst um starfsemi safna á sínu sviði og geti byggt ráðgjöf sína og þjónustu við söfnin á grundvelli réttra upplýsinga.

Loks er sérstaklega hvatt til samstarfs safna innan svæða, á landsvísu og á alþjóðavettvangi eftir því sem við verður komið og má í því sambandi m.a. vísa til þeirra möguleika á styrkjum safnasjóðs sem fjallað er um í 21. og 22. gr.

Um 15. gr.

Greinin veitir söfnum heimild til að lána tímabundið gripi eða verk úr safnkosti sínum til annarra safna eða stofnana, á sýningar eða til rannsókna. Þá kemur fram að lán safngripa til annarra landa kunna að vera háð ákvæðum laga um menningarminjar, þar sem þau eiga við. Einnig er kveðið á um að höfundur eigi alltaf rétt á að fá verk sín lánuð á eigin sýningar og lýtur það ákvæði einkum að listasöfnum.

Þá er fjallað um að tryggilega skuli gengið frá varðveislu gripa sem eru lánaðir og þeir tryggðir eftir því sem forstöðumaður viðkomandi safns ákveður. Með viðkomandi safni er átt við það safn sem lánar gripinn tímabundið.

Greinin er efnislega samhljóða 7. gr. safnalaga, nr. 106/2001. Þar var heimild til útlána takmörkuð við sýningar en nær hér einnig til rannsókna sem er nýmæli. Hér er átt við gripi sem þegar eru skráðir í safnskrá viðkomandi safns. Hafi gripir eða sýni ekki verið færð inn í aðfangaskrár safna nær þetta ákvæði ekki til flutnings þeirra til annarra landa. Um slíka flutninga er fjallað í lögum um menningarminjar.

Loks er áréttað að fagleg og örugg meðhöndlun lánaðra safngripa skuli ætíð tryggð og að þeir skuli tryggðir á kostnað þess sem fær þá lánaða ákveði forstöðumaður safnsins það.

Rétt er að vekja athygli á að ákvæði þessarar greinar breyta engu um skyldur eigenda vegna réttar höfunda samkvæmt höfundalögum.

Um 16. gr.

Þessi grein kveður á um að ráðstöfun safnkosts (t.d. með gjöf, skiptum eða sölu) skuli vera í samræmi við ákvæði í stofnskrá eða samþykkt safnsins og í samráði við viðkomandi höfuðsafn. Jafnframt skal óheimilt að taka af safnskrá muni sem viðurkennt safn hefur fengið að gjöf eða með arfleiðslu eða sem keyptir hafa verið fyrir almannafé.

Þetta er nýmæli í íslenskum lögum. Algengt er erlendis að söfn skiptist á gripum, ef slíkt má verða til að safnkostur viðkomandi safna verði heildstæðari, og einnig er æskilegt að gera ráð fyrir að söfn geti grisjað safnkost með því að losa sig við aukaeintök eða gripi sem betur ættu heima á öðrum söfnum. Slíkar ráðstafanir hafa einnig tíðkast á Íslandi án þess þó að fjallað hafi verið um þær í lögum. Aðhald á þessu sviði er tryggt með því að samráð þarf að hafa við viðkomandi höfuðsafn áður en safnkosti eða munum er ráðstafað.

Um 17. gr.

Gert er ráð fyrir því að höfuðsöfn semji sérstakar áætlanir um heimildir til grisjunar á safnkosti safna á málefnasviði þeirra. Komi upp álitamál um förgun safngripa vegna ástands þeirra er gert ráð fyrir því að hlutaðeigandi höfuðsafn taki ákvörðun að fenginni umsögn safnaráðs.

Ákvæðið felur í sér nýmæli, en talið er nauðsynlegt að gera ráð fyrir því að söfn þurfi í undantekningartilvikum að farga gripum sem eru ónýtir og ekki er unnt að gera við. Mikilvægt er að söfn geti grisjað safneign sína ef nauðsyn þykir með ábyrgum hætti í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM), t.d. samkvæmt sérstakri grisjunaráætlun.

Um 18. gr.

Þessi grein mælir fyrir um að ekki megi nota myndir af gripum eða verkum safna sem vörumerki eða í auglýsingaskyni eða gera myndir eða eftirlíkingar af þeim í heimildarleysi. Sambærilegt ákvæði er í 8. gr. safnalaga, nr. 106/2001, en nær nú til allra safna í stað höfuðsafna einvörðungu. Þessu ákvæði er ætlað að vinna á móti misnotkun safngripa og veita söfnum möguleika á ákveðinni tekjuöflun.

Um 19. gr.

Í greininni er söfnum í eigu ríkisins veitt heimild til að taka aðgangseyri og einnig gjöld til að mæta kostnaði við ýmsa þjónustu, svo sem lán á munum, ljósmyndun og afritun ljósmynda, sérunnar munaskrár, úttök skráa og annarra tölvugagna, heimildaþjónustu o.fl.

Ekki hafa áður verið ákvæði í lögum sem ótvírætt heimila slíka gjaldtöku og er brýnt að úr því sé bætt. Auk heimildar til að taka aðgangseyri er um að ræða heimild til töku þjónustugjalda fyrir veitta þjónustu. Í því felst að hámark gjaldsins ræðst af kostnaði þeirrar þjónustu sem veitt er. Söfn skulu setja gjaldskrá um kostnað við slíka þjónustu og birta hana.

Ákvörðun um gjaldtöku safna í eigu annarra aðila en ríkisins sem þessi lög ná til er á valdi eigenda þeirra.

Um 20. gr.

Greinin, sem fjallar um að gjafir og fjárframlög til safna séu frádráttarbær til skatts, er efnislega samhljóða 2. mgr. 6. gr. safnalaga, nr. 106/2001. Skattfrelsi á gjafir og fjárframlög er til þess fallið að hvetja til stuðnings við starfsemi safna og þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 21. gr.

Hér er hlutverk safnasjóðs skilgreint, svo og tekjustofnar sjóðsins. Sjóðnum er ætlað að styrkja rekstur og skilgreind verkefni viðurkenndra safna og möguleg samstarfsverkefni þeirra innbyrðis eða við aðra aðila.

Þá er nýmæli að gert er ráð fyrir að sjóðurinn geti styrkt annars konar starfsemi sem miðar að því að efla faglegt safnastarf. Til slíkrar starfsemi mætti telja farskóla safnamanna, starfsemi Íslandsdeildar ICOM og annarra fagfélaga og innlendar og alþjóðlegar ráðstefnur safna. Sjóðnum er einnig heimilt að stuðla að rannsóknum á verksviði sjóðsins, hvort sem slíkar rannsóknir eru á vegum einstakra safna eða á vegum fræðimanna. Loks getur sjóðurinn veitt styrki til að miðla upplýsingum um slíkar rannsóknir.

Í 2. mgr. segir að heimilt sé að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins í styrki til að efla rekstur viðurkenndra safna. Í 10. gr. segir að fjárhagsgrundvöllur viðurkenndra safna skuli vera tryggður af eigendum þeirra og þannig er lögð áhersla á að rekstur safna sé á ábyrgð eigenda. Því ber að líta á rekstrarstyrki sem veittir verða samkvæmt þessari heimild sem viðbót við rekstrarfé umræddra safna, fé sem er ætlað að efla starfsemi þeirra, en er ekki hluti af nauðsynlegum rekstrargrunni þeirra.

Rekstrarstyrkir ríkisins til safna sem ekki eru í eigu ríkisins eiga sér nokkra sögu. Þeir voru fyrst leiddir í lög með lögum nr. 8/1947, um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn. Í þjóðminjalögum, nr. 52/1969, var enn frekar hnykkt á þessu atriði og mælt fyrir um að rekstrarstyrkur skyldi miðast við hálf laun gæslumanns. Í þjóðminjalögum, nr. 88/1989, segir að þau söfn sem uppfylli skilyrði þjóðminjaráðs geti sótt um styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar. Loks er í gildandi safnalögum, nr. 106/2001, kveðið á um að söfn geti sótt um verkefnastyrki til safnasjóðs, sem stofnaður var með lögunum, auk rekstrarstyrks að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í 10. gr. gildandi safnalaga eru engin ákvæði um gæðakröfur sem skilyrði fyrir veitingu verkefnastyrkja eða rekstrarframlaga, en í þessu frumvarpi eru skilyrði sem safn þarf að uppfylla til að öðlast viðurkenningu sett fram í 10. gr.

Með ákvæðinu um að slíkir rekstrarstyrki geti samtals ekki orðið hærri en sem nemur 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins (en geti einnig verið lægra hlutfall) er ítrekað að hlutverk sjóðsins er fyrst og fremst að veita styrki til skilgreindra verkefna.

Tekjustofnar safnasjóðs eru framlag ríkissjóðs og önnur framlög.

Um 22. gr.

Úthlutanir úr safnasjóði eru samkvæmt reglum sem safnaráð setur og ráðherra staðfestir skv. i-lið 2. mgr. 7. gr.

Í greininni segir að söfn sem rekin eru af ríkinu geti ekki sótt um rekstrarstyrk til safnasjóðs.

Öll viðurkennd söfn sem falla undir þessi lög geta hins vegar sótt um verkefnastyrki til safnasjóðs þar með talin söfn í eigu ríkisins önnur en höfuðsöfn.

Nýmæli er að nú er fest í lög skv. 4. mgr. að önnur söfn, setur, safnvísar og sýningar geti átt aðgang að fé úr sjóðnum í gegnum samstarf við viðurkennd söfn um ákveðin verkefni og er sú breyting í samræmi við þróun í safna- og sýningarstarfi um land allt. Höfuðsöfn og önnur söfn sem rekin eru af ríkinu geta einnig átt aðild að slíku samstarfi. Sú skylda er lögð á herðar viðurkenndum söfnum í slíku samstarfi að þau beri ábyrgð á þessum verkefnum og ábyrgist gagnvart sjóðnum að allir samstarfsaðilar vinni samkvæmt ákveðnum faglegum gæðakröfum.

Þá er í 5. mgr. kveðið á um möguleika sjóðsins til að styrkja fjölþjóðleg og alþjóðleg samstarfsverkefni á sviði safnamála.

Í 6. mgr. er að finna heimild til að krefjast endurgreiðslu verkefnastyrks hafi verkefni ekki verið unnið í samræmi við umsókn eða skilmála sjóðsins eða ef misbrestur er á skilum lokaskýrslu. Þetta nýmæli er í eðlilegu samræmi við auknar kröfur til safna vegna styrkhæfis og um aukið eftirlit með nýtingu almannafjár; þá er þessi heimild til þess fallin að veita styrkþegum ákveðið aðhald. Svipað ákvæði er í gildandi úthlutunarreglum safnasjóðs, en hér er lagt til að það verði lögfest.

Loks er kveðið á um að ráðherra ákveði styrkveitingar úr safnasjóði.

Um 23. og 24. gr.

Hér er að finna ákvæði sem lúta að heimild ráðherra til að setja reglugerðir og um gildistöku laganna. Þau ákvæði þarfnast ekki frekari skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í síðustu málsgrein segir að viðurkenning safna í samræmi við ákvæði eldri laga haldi gildi sínu í eitt ár frá gildistöku þessara laga. Er talið nauðsynlegt að söfn fái þann tíma til að endurnýja samþykktir sínar og stofnskrár og sækja um viðurkenningu í samræmi við hin nýju lög. Búast má við að ýmis ákvæði þeirra kalli á breytingar á viðkomandi samþykktum og stofnskrám og búast má við að það ferli taki nokkurn tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til safnalaga.

Tilgangur frumvarpsins er einkum sá að efla starfsemi safna og færa hana í fastari skorður, leiða til þess að fjárveitingar ríkisins til safna stuðli að faglegu samstarfi þeirra, auka á gæði starfseminnar og bæta aðgengi almennings að þeim. Frumvarpið tekur til safna í eigu ríkisins og til safna í eigu annarra aðila sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur viðurkennt. Við gerð frumvarpsins var m.a. höfð hliðsjón af ábendingum frá Ríkisendurskoðun sem fram komu í skýrslunni *Íslensk muna- og minjasöfn: Meðferð og nýting á ríkisfé*, sem gerð var fyrir Alþingi í maí 2009. Þar var m.a. lagt til að auka á forræði mennta- og menningarmálaráðuneytisins í safnamálum en til þess þyrfti að gera breytingar á reglum og eftirliti vegna styrkveitinga til safna.

Helstu nýmæli í frumvarpinu og ákvæði sem gætu haft áhrif á útgjöld ríkisins eru eftirfarandi. Í fyrsta lagi eru gerðar breytingar á skipan og verkefnum safnaráðs. Gert er ráð fyrir að fulltrúum í ráðinu verði fjölgað um tvo og að þeir verði sjö í stað fimm áður. Á verksviði ráðsins eru þær breytingar gerðar að í stað þess að vera fyrst og fremst ráðgefandi nefnd gagnvart ráðherra er því nú ætluð aukin stjórnsýsluverkefni, svo sem eftirlit með safnastarfsemi í landinu, auk verkefna sem ráðherra felur því samkvæmt frekari ákvörðun. Á móti verða önnur verkefni, svo sem útflutningur menningarminja, flutt til nýrrar Minjastofnunar samkvæmt frumvarpi til laga um menningarminjar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra taki ákvarðanir um einstakar úthlutanir úr safnasjóði á grundvelli tillagna safnaráðs og samkvæmt úthlutunarreglum sem hann staðfestir fremur en að safnaráð sem sjálfstæð stjórn fari með það ákvörðunarvald eins og kveðið er á um í gildandi safnalögum og algengt er með sjóði af þessari stærðargráðu. Ekki eru forsendur til að meta hvort breytingarnar leiði til aukningar útgjalda fyrir safnaráð en kostnaður vegna þess hefur verið greiddur úr safnasjóði. Komi til aukinna útgjalda safnaráðs mun það leiða til þess að minni fjármunir verða til annarra verkefna sjóðsins.

Í öðru lagi er lagt til að söfn sem uppfylla tiltekin skilyrði geti hlotið viðurkenningu ráðherra. Í viðurkenningunni felst opinber staðfesting á að fyrirkomulag og starfsemi viðkomandi safns fullnægi faglegum kröfum. Ítarlegar kröfur eru gerðar til að fá viðurkenningu, svo sem að safnið skuli starfa í þágu almennings, það sé ekki rekið í hagnaðarskyni og að í stofnskjali þess komi fram starfssvið eða starfssvæði þess. Þá þarf að gera sérstaka grein fyrir ráðstöfun eigna og safnkosts ef það verði lagt niður eða rekstri breytt. Safni sem hlýtur viðurkenningu ráðherra er heimilt að nota einkennismerki sem safnaráð gefur út og það getur sótt um rekstrar- og verkefnastyrki úr safnasjóði. Þá er í frumvarpinu skilgreint hvað telst vera safn, safnvísir, setur og sýningar, en ekki hefur verið fjallað um þessar skilgreiningar í lögum áður.

Í þriðja lagi er lagt til í frumvarpinu að fellt verði niður ákvæði gildandi laga um að hámark stofnstyrkja vegna húsnæðis skuli vera þriðjungur af kostnaði. Nýmæli í frumvarpinu er að settar eru almennir skilmálar um húsnæði safna, m.a. hvað varðar öryggi og varðveislu safnkosts þeirra. Viðurkennd söfn þurfa að fylgja þessum skilmálum til að stofnstyrkur komi til álita og sækja þarf um styrk áður en framkvæmdir hefjast. Þá er einnig nýmæli að gert er

ráð fyrir að leggja þurfi fram staðfestingu á að búið sé að tryggja fjármögnun á öðrum stofnkostnaði. Gert er ráð fyrir að mennta- og menningarmálaráðuneytið geri samningana en einungis er hægt að gera samninga um þær fjárveitingar sem Alþingi ákveður í fjárlögum hvers árs til slíkra stofnstyrkja. Þar sem fjárhagsgrunnur viðurkenndra safna skal vera tryggður af eigendum þeirra þá er styrkur úr safnasjóði aðeins viðbót við rekstrarfé til að efla starfsemi þeirra, en ekki hluti af nauðsynlegum rekstrargrunni.

Í fjórða lagi eru lagðar til nokkrar breytingar og nýmæli sem varða safnasjóð og úthlutanir úr honum. Samkvæmt gildandi lögum geta öll söfn sem ekki eru rekin af ríkinu sótt um bæði verkefna- og rekstrarstyrki. Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimilt verði að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins í styrki til að efla rekstur viðurkenndra safna. Önnur söfn, safnvísar, setur og sýningar munu nú aðeins geta notið styrks úr honum í samstarfi við viðurkennd söfn. Viðurkennda safnið ber ábyrgð á verkefninu sem fær styrk. Frumvarpið gerir ráð fyrir að safnasjóður geti, auk hefðbundinna styrkja, styrkt annars konar starfsemi sem miðar að því að efla faglegt safnastarf, t.d. farskóla safnamanna, starfsemi Íslandsdeildar ICOM, ráðstefnur o.fl. Einnig er heimild til að stuðla að rannsóknum á verksviði sjóðsins og miðla upplýsingum um þær rannsóknir. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að hægt verði að krefjast endurgreiðslu á styrkjum til verkefna hafi þau ekki verið unnin í samræmi við umsókn eða skilmála sjóðsins og er þetta ákvæði í samræmi við auknar kröfur um eftirlit með nýtingu almannafjár. Breytingarnar varða eingöngu rýmri úthlutunarreglur sjóðsins en eru ekki skuldbinding um aukin útgjöld hans.

Í fimmta lagi eru þau nýmæli í frumvarpinu að ráðherra geti falið viðurkenndum söfnum, sem hafa til þess burði, að vera ábyrgðarsöfn og leiða faglegt samstarf safna á tilteknu sviði eða landsvæði. Ábyrgðarsafn þarf að uppfylla frekari skilyrði en almennt viðurkennt safn, m.a. hvað varðar menntun forstöðumanns og fjölda starfsmanna. Um verkefni, ábyrgðarsvið og fjárveitingar skal fjalla í þríhliða samningi ábyrgðarsafns, höfuðsafns og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Heimildarákvæðið gæti gefið tilefni til aukinna ríkisútgjalda séu áform uppi um að fara í uppbyggingu ábyrgðarsafna. Hins vegar stuðlar slíkt að samræmingu í starfi safna og leiðir því til betri nýtingar þeirra fjármuna sem eru veittir til málefnisins.

Í sjötta lagi er nú veitt skýr heimild fyrir söfn í eigu ríkisins til að taka aðgangseyri og einnig gjöld til að mæta kostnaði við ýmsa þjónustu. Ekki er talið að þetta heimildarákvæði gefi tilefni til aukinna tekna. Með þessu er verið að lögfesta heimild til tekjuöflunar með gjaldtöku sem lengi hefur verið við lýði hjá söfnum í eigu ríkisins.

Breytingartillögur frumvarpsins varða úthlutunarreglur safnasjóðs og verkaskiptingu hjá safnaráði og söfnum ríkisins. Styrkveitingar til safnanna taka alltaf mið af fjárveitingum og því munu rýmri úthlutunarreglur í sjálfu sér ekki leiða til aukinna útgjalda. Frekar má búast við að verkefnum sem fá styrk á hverju ári fækki. Þá gæti fjölgun nefndarmanna safnaráðs og nýjar áherslur í verkefnum ráðsins og einstakra safna leitt til kostnaðarauka en á móti mun nýting fjármuna verða betri. Því verður ekki annað séð en að lögfesting frumvarpsins hafi óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs í för með sér, sem ættu þá að rúmast innan gildandi fjárheimilda mennta- og menningarmálaráðuneytis.

1153. Frumvarp til laga [651. mál]

um menningarminjar.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.
I. KAFLI
Tilgangur og skilgreiningar.
1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

2. gr.
Þjóðminjar og þjóðarverðmæti.

Þjóðminjar teljast jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands. Þjóðminjar skulu vera friðlýstar eða varðveittar í Þjóðminjasafni Íslands eða á vegum þess í viðurkenndum söfnum.

Til þjóðarverðmæta teljast hvers konar munir, gripir, myndir, skjöl, handrit og bækur í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu.

Ráðherra getur ákveðið að einstakir hlutir í eigu einkaaðila teljist þjóðarverðmæti í merkingu laga þessara.

3. gr.
Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir frá árinu 1900 eða eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru frá árinu 1900 eða eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. gömul tún- og akurgerði, leifar gamalla rétta, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. gamlir vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af gömlum brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og gömul bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar, nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

4. gr.
Byggingararfur.

Til byggingararfs samkvæmt lögum þessum teljast hús, mannvirki og einstakir hlutar þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, svo sem:
a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir,
b. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
c. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

5. gr.
Friðun og friðlýsing.

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. Um friðun og verndun kirkjugripa fer samkvæmt lögum um Þjóðminjasafn Íslands.

Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér svæði sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

6. gr.
Rannsóknir á fornleifum.

Með fornleifarannsókn er átt við hvers kyns vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst m.a. í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.

2. ÞÁTTUR
Skipulag.
II. KAFLI
Stjórnsýsla.
7. gr.
Yfirstjórn og framkvæmd.

Ráðherra fer með yfirstjórn vörslu menningarminja í landinu. Minjastofnun Íslands, sem er sérstök ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd hennar.

Fornminjanefnd og húsafriðunarnefnd eru Minjastofnun Íslands til ráðgjafar.

Minjastofnun Íslands gerir tillögu til ráðherra um heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningarminja í samráði við höfuðsöfn sem skilgreind eru samkvæmt safnalögum.

8. gr.
Fornminjanefnd.

Ráðherra skipar fornminjanefnd til fjögurra ára í senn. Félög fornleifafræðinga tilnefna einn fulltrúa, Félag norrænna forvarða – Íslandsdeild einn fulltrúa og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Fornminjanefnd hefur eftirfarandi hlutverk:

a. að vinna að stefnumörkun um verndun fornleifa og fornleifarannsóknir ásamt Minjastofnun Íslands,
b. að fjalla um tillögur stofnunarinnar um friðlýsingu fornleifa og afnám friðlýsingar samkvæmt ákvæðum laga þessara áður en þær eru sendar ráðherra,
c. að setja fornminjasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
d. að veita umsögn um styrkumsóknir úr fornminjasjóði,
e. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin samkvæmt lögum.

Forstöðumenn Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands sitja fundi fornminjanefndar stöðu sinnar vegna.

Kostnaður af starfsemi fornminjanefndar greiðist úr fornminjasjóði.

9. gr.
Húsafriðunarnefnd.

Ráðherra skipar húsafriðunarnefnd til fjögurra ára í senn. Arkitektafélag Íslands tilnefnir einn fulltrúa, Íslandsdeild Alþjóðaráðsins um minnisvarða og sögustaði (ICOMOS), Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) og Félag íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) einn fulltrúa sameiginlega og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Húsafriðunarnefnd hefur eftirfarandi hlutverk:

a. að vinna að stefnumörkun um verndun byggingararfs ásamt Minjastofnun Íslands,
b. að fjalla um tillögur stofnunarinnar um friðlýsingu húsa og mannvirkja, afnám friðlýsingar, breytingar á friðlýstum húsum og mannvirkjum eða förgun þeirra samkvæmt

ákvæðum laga þessara áður en þær eru sendar ráðherra,
c. að setja húsafriðunarsjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
d. að veita umsögn um styrkumsóknir úr húsafriðunarsjóði,
e. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin samkvæmt lögum.

Forstöðumenn Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands sitja fundi húsafriðunarnefndar stöðu sinnar vegna.

Kostnaður af starfsemi húsafriðunarnefndar greiðist úr húsafriðunarsjóði.

10. gr.
Minjasvæði og minjaráð.

Landinu er skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Minjastofnunar Íslands.

Á hverju minjasvæði starfar minjaráð. Minjaráð er samráðsvettvangur hvers minjasvæðis, sem ætlað er að fjalla um menningarminjar, varðveislu þeirra og nýtingu í þágu samfélagsins í samráði við Minjastofnun Íslands og höfuðsöfn.

Minjavörður stjórnar fundum minjaráðs, en auk hans geta fulltrúar samtaka sveitarfélaga og skipulagsyfirvalda á minjasvæðinu og forstöðumenn viðurkenndra safna átt sæti í ráðinu. Heimilt er að bjóða fulltrúum annarra hagsmunaaðila á minjasvæðinu sæti í minjaráði.

Í reglugerð má setja nánari fyrirmæli um störf og starfshætti minjaráða.

III. KAFLI
Minjastofnun Íslands.
11. gr.
Hlutverk.

Minjastofnun Íslands er stjórnsýslustofnun sem annast framkvæmd minjavörslu í samræmi við ákvæði þessara laga. Hlutverk stofnunarinnar er að:
a. hafa eftirlit með fornleifum í landinu og friðuðum húsum og mannvirkjum,
b. vinna að stefnumörkun um verndun fornleifa og byggingararfs ásamt fagnefndum,
c. setja reglur um og hafa yfirumsjón með skráningu friðaðra og friðlýstra fornleifa, húsa og mannvirkja,
d. halda heildarskrár um allar friðaðar og friðlýstar fornleifar, friðlýsta legsteina og minningarmörk og friðuð og friðlýst hús og mannvirki,
e. gera tillögur til ráðherra um friðlýsingu og afnám hennar,
f. ákveða skyndifriðun menningarminja ef þörf krefur,
g. setja reglur og skilyrði um rannsóknir fornleifa sem hafa jarðrask í för með sér og hafa eftirlit með fornleifarannsóknum í landinu,
h. fjalla um og veita leyfi til stað- og tímabundinna fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér,
i. framkvæma nauðsynlegar rannsóknir, svo sem neyðarrannsóknir, vettvangskannanir til að staðfesta umfang og eðli minja og aðrar skyndirannsóknir,
j. hafa eftirlit með og annast leyfisveitingar vegna flutnings menningarminja til annarra landa,
k. úthluta úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði að fengnum umsögnum fagnefnda og annast umsýslu þeirra,
l. hafa eftirlit með framvindu verkefna sem styrk fá úr sjóðunum,

m. ákveða aðra ráðstöfun fjár úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði í samráði við húsafriðunarnefnd og fornminjanefnd,
n. annast framkvæmd laga um skil á menningarverðmætum til annarra landa,
o. setja á fót minjaráð á hverju minjasvæði og bera ábyrgð á starfsemi þeirra,
p. annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun ráðherra.

12. gr.
Forstöðumaður.

Ráðherra skipar forstöðumann Minjastofnunar Íslands til fimm ára í senn. Skipaður skal maður með háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði stofnunarinnar. Forstöðumaður stjórnar starfsemi og rekstri hennar. Hann ræður starfsmenn stofnunarinnar og er í fyrirsvari fyrir hana.

13. gr.
Minjaverðir.

Minjaverðir eru starfsmenn Minjastofnunar Íslands og sinna þeim verkefnum sem undir stofnunina heyra samkvæmt nánari fyrirmælum forstöðumanns. Minjaverðir skulu hafa háskólamenntun og sérþekkingu á einhverju þeirra fagsviða sem undir stofnunina falla.

Í þjónustusamningi milli Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands má fela minjavörðum eftirlit með minjum sem heyra undir Þjóðminjasafn Íslands.

14. gr.
Gjaldtökuheimild.

Minjastofnun Íslands er heimilt að taka gjald fyrir leyfisveitingar og ýmsa ólögbundna þjónustu, þar á meðal fyrir ráðgjöf, veitta sérfræðiþjónustu, afritun gagna og námskeiðahald.

Stofnunin birtir gjaldskrá um gjaldtöku samkvæmt þessari grein.

3. ÞÁTTUR
Verndun og varðveisla menningarminja.
IV. KAFLI
Skráning fornleifa, húsa og annarra mannvirkja.

15. gr.
Skráning og skil á gögnum.

Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja.

Stofnunin heldur heildarskrár yfir allar þekktar fornleifar og friðuð og friðlýst hús og mannvirki á landinu. Stofnunin birtir skrárnar og skulu þær vera aðgengilegar á miðlægum gagnagrunni.

Minjastofnun Íslands er heimilt að fela tilteknum einstaklingum eða stofnunum er búa yfir sérþekkingu og reynslu á sviði skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja afmörkuð könnunar- og skráningarstörf fyrir stofnunina.

Öll gögn sem varða skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja skulu afhent Minjastofnun Íslands. Skráningarskýrslur skulu afhentar stofnuninni á rafrænu formi. Eintök af skránum skulu afhent hlutaðeigandi skipulagsyfirvöldum á rafrænu formi.

Fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningu á tilteknu svæði telst ekki lokið fyrr en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands. Stofnunin skal veita skipulagsyfirvöldum,

byggingarfulltrúum og náttúruverndaryfirvöldum aðgang að skráningargögnum í vörslu stofnunarinnar.

Minjastofnun Íslands setur reglur um skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja og skil á gögnum þar að lútandi.

16. gr.

Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda.

Áður en gengið er frá aðalskipulagi skulu liggja fyrir upplýsingar sem gefa greinargóða mynd af menningarminjum innan sveitarfélags. Þegar landnýtingaráform samkvæmt aðalskipulagi liggja fyrir er skylt að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fari fram á vettvangi á þeim svæðum sem fyrirhugað er að nýta sem atvinnu- eða íbúðasvæði áður en til svæðis- eða deiliskipulags kemur.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulags- og byggingarlög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.

17. gr.

Miðlun upplýsinga.

Minjastofnun Íslands miðlar upplýsingum úr fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám og veitir aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar. Ef gögnin eru unnin utan stofnunarinnar skal getið uppruna þeirra.

Heimilt er að veita afnot af öllum upplýsingum á sviði fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar sem eru í vörslu Minjastofnunar Íslands að því tilskildu að uppruna sé getið og áreiðanleika upplýsinga sé ekki stefnt í tvísýnu.

V. KAFLI
Friðlýsing menningarminja.

18. gr.

Friðlýsing.

Friðlýsa má fornleifar, hús og mannvirki eða hluta þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Minjastofnun Íslands skal hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Ráðherra ákveður friðlýsingu eða afnám friðlýsingar að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Friðlýsing sem ákveðin hefur verið á grundvelli eldri laga heldur gildi sínu.

19. gr.
Framkvæmd friðlýsingar.

Minjastofnun Íslands skal með sannanlegum hætti tilkynna landeiganda, húseiganda, hlutaðeigandi lögreglustjóra og bæjar- eða sveitarstjórn ákvörðun um friðlýsingu. Stofnunin skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur, húseigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

Minjastofnun Íslands skal láta þinglýsa friðlýsingu sem kvöð á eign þeirri sem í hlut á. Greina skal í tilkynningu til hvers friðlýsingin nær. Ráðuneyti auglýsir friðlýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Um undirbúning og ákvörðun um friðlýsingu fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Afnám friðlýsingar skal auglýst með sama hætti og friðlýsing.

Hinn friðlýsti minjastaður og ytri mörk hans skulu tilgreind á rafrænum kortagrunni. Minjastofnun Íslands tryggir að friðlýstar menningarminjar verði færðar á skipulagskort. Þinglýsingarstjóri skal tilkynna Minjastofnun Íslands ef þinglesin eru eigendaskipti að friðlýstu húsi, mannvirki eða landareign sem á eru friðlýstar fornleifar.

Heimilt er að lækka eða fella niður fasteignagjöld af friðlýstum fasteignum og landareignum sem á eru friðlýstar fornleifar.

20. gr.
Skyndifriðun.

Minjastofnun Íslands getur ákveðið skyndifriðun staðbundinna menningarminja sem hafa sérstakt menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, en hafa þó ekki verið friðlýstar eða njóta lögbundinnar friðunar, sé hætta á að minjunum verði spillt, þær glatist eða gildi þeirra rýrt á einhvern hátt. Meðan á skyndifriðun stendur gilda reglur um friðlýsingu.

Skyndifriðun tekur gildi þegar Minjastofnun Íslands hefur tilkynnt aðilum máls um ákvörðun sína. Ákvörðun er bindandi eftir að tilkynning um hana er komin til aðila og gildir í allt að sex vikur.

Ráðherra ákveður hvort friðlýsa skuli viðkomandi menningarminjar áður en skyndifriðun lýkur að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

VI. KAFLI
Verndun og varðveisla fornminja.

21. gr.
Verndun fornleifa.

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt.

Friðlýstum fornleifum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra.

22. gr.
Friðhelgun og merkingar.

Þeim fornleifum sem friðlýstar eru skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingaframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar í krafti aldurs, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.

Minjastofnun Íslands skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjastaðir séu auðkennd með sérstökum merkjum. Upplýsingaskilti eða aðrar merkingar við friðlýstar fornleifar skulu vera í samræmi við reglur sem stofnunin setur og skal staðsetning þeirra vera háð samþykki stofnunarinnar. Minjastofnun Íslands er heimilt að fjarlægja skilti eða aðrar merkingar, sé gerð þeirra og staðsetning ekki í samræmi við reglur sem stofnunin setur og kynnir.

23. gr.
Fornleifar í hættu.

Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda, skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd munu leiða.

Minjastofnun Íslands ákveður að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar er þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Stofnunin skal hafa samráð við Umhverfisstofnun þegar fjallað er um blandaðar minjar, þ.e. menningarminjar sem einnig teljast til náttúruminja.

24. gr.
Áður ókunnar fornminjar.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar, sem áður voru ókunnar, finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram, hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er

henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni skv. 55. gr.

25. gr.
Afnám friðunar.

Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun fornleifa sem byggist á aldursákvæðum þessara laga.

26. gr.
Fundur forngripa.

Þegar forngripir finnast skal Minjastofnun Íslands tilkynnt um fundinn án tafar. Óheimilt er að hagga við fundinum eða fjarlægja lausa hluti úr honum nema brýna nauðsyn beri til. Stofnunin ákveður hvort frekari rannsókna er þörf á vettvangi.

Allir gripir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Skulu þeir afhentir Þjóðminjasafni Íslands eins fljótt og unnt er.

27. gr.
Greiðslur fyrir forngripafund.

Finnist forngripur á annan hátt en við fornleifarannsókn á finnandi rétt á greiðslu úr ríkissjóði vegna útgjalda sem hann hefur haft vegna fundarins.

Nú finnst forngripur úr eðalmálmum eða eðalsteinum, þar á meðal gull- eða silfurpeningar, og skal þá Þjóðminjasafn Íslands meta verðgildi gripsins. Skal annar helmingur fjárhæðarinnar greiddur finnanda en hinn landeiganda.

Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

28. gr.
Kostnaður við rannsóknir.

Kostnaður Minjastofnunar Íslands vegna vettvangskönnunar á fornminjum sem gerð er í þeim tilgangi að staðfesta eðli og umfang þeirra skal greiddur af stofnuninni.

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Minjastofnun Íslands er heimilt að leiðbeina framkvæmdaraðilum um fagleg atriði, sé þess óskað.

VII. KAFLI
Verndun og varðveisla húsa og mannvirkja.

29. gr.
Friðuð mannvirki.

Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð svo og allar kirkjur 70 ára og eldri.

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar.

30. gr.

Verndun annarra húsa og mannvirkja.

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að setja skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis.

Álit Minjastofnunar Íslands skal liggja fyrir áður en veitt er leyfi til framkvæmda skv. 15. gr. laga nr. 123/2010 á húsum og mannvirkjum sem fjallað er um í þessari grein.

31. gr.

Friðlýst hús og mannvirki.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara.

Vilji eigandi friðlýstrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til, skal hann í umsókn sinni til Minjastofnunar Íslands lýsa fyrirhuguðum framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji stofnunin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt á tiltekinn annan hátt en tilgreindur er í umsókn er eiganda skylt að hlíta því. Skal eigandi fá greiddan aukakostnað sem leiðir af fyrirmælum stofnunarinnar.

Kostnaður sem hlýst af skilyrðum sem Minjastofnun Íslands setur, sbr. 2. mgr., greiðist úr húsafriðunarsjóði.

Leyfi stofnunarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús eða mannvirki.

Brot á ákvæðum greinarinnar sæta viðurlögum skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

32. gr.

Spjöll á friðlýstu húsi eða mannvirki.

Verði friðlýst hús eða mannvirki fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum skal eigandi eða sá er afnot hefur af mannvirkinu gera Minjastofnun Íslands viðvart um það þegar í stað. Lætur stofnunin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðist verður í endurbyggingu gilda ákvæði 31. gr.

33. gr.

Úrræði.

Ef breytingar hafa verið gerðar á friðlýstu húsi eða mannvirki án leyfis Minjastofnunar Íslands getur stofnunin mælt svo fyrir að eigandi skuli færa það í fyrra horf innan hæfilegs frests.

Ef viðhald friðlýsts húss eða mannvirkis er vanrækt getur Minjastofnun Íslands lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Líði sá frestur án þess að úr sé bætt getur stofnunin látið framkvæma nauðsynlegt viðhald og umbætur á kostnað eiganda eða lagt á dagsektir, sbr. 55. gr.

34. gr.

Niðurrif eða flutningur á friðlýstu húsi eða mannvirki.

Vilji eigandi friðlýsts húss eða mannvirkis rífa það eða flytja skal hann sækja um niðurfellingu friðlýsingar til Minjastofnunar Íslands áður en sótt er um byggingarleyfi hjá viðkomandi sveitarfélagi. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst, senda ráðherra umsóknina með tillögum sínum um hvort fella skuli niður friðlýsingu eða skilgreina að nýju til hvaða þátta friðlýsing nær.

35. gr.

Eftirlit.

Ef byggingarfulltrúi sveitarfélags verður var við að friðað eða friðlýst hús eða mannvirki hafi orðið fyrir spjöllum eða að því sé ekki vel við haldið skal viðkomandi byggingarfulltrúi gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

Minjastofnun Íslands hefur rétt til að framkvæma eiganda að kostnaðarlausu hvers konar eftirlit með friðlýstu húsi og mannvirki og skoðanir sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

VIII. KAFLI

Rannsóknir.

36. gr.

Fornleifarannsókn.

Tilkynna skal Minjastofnun Íslands um allar fornleifarannsóknir í landinu.

Sækja skal um leyfi til Minjastofnunar Íslands vegna allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér. Stjórnandi slíkra rannsókna skal hafa tilskilda menntun í fornleifafræði og uppfylla skilyrði sem Minjastofnun Íslands setur fyrir veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér.

Óheimilt er að flytja úr landi lífræn eða ólífræn sýni úr fornleifarannsóknum nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um tímabundinn flutning gripa úr yfirstandandi rannsóknum úr landi skal fara að ákvæðum XI. kafla.

Minjastofnun Íslands setur reglur um fornleifarannsóknir sem hafa jarðrask í för með sér þar sem m.a. er kveðið á um skilyrði fyrir veitingu leyfa til slíkra rannsókna, um lok þeirra, menntun þeirra sem starfa við þær og skil á gögnum, sýnum og gripum með þeim hætti sem stofnunin ákveður. Í slíkum reglum skal enn fremur kveðið á um frágang minjastaðar og birtingu skýrslna um rannsóknirnar.

37. gr.

Rannsóknarleyfi.

Umsókn um rannsóknarleyfi, sbr. 2. mgr. 36. gr., skal hafa borist Minjastofnun Íslands minnst fjórum vikum áður en fyrirhuguð rannsókn hefst. Stofnunin skal taka afstöðu til umsóknar um rannsóknarleyfi svo fljótt sem við verður komið en eigi síðar en tveimur vikum eftir að umsókn hefur borist. Stofnunin getur krafist viðbótarupplýsinga áður en umsókn er afgreidd.

Leyfi til fornleifarannsóknar er alla jafna veitt til eins árs. Minjastofnun Íslands er heimilt að veita rannsóknarleyfi til allt að þriggja ára þegar um umfangsmikla rannsókn er að ræða. Í slíkum tilfellum skal stjórnandi rannsóknar skila árlega áfangaskýrslu, þar sem fram koma allar niðurstöður, en einnig hugsanlegar breytingar á upphaflegri rannsóknaráætlun.

Þeim sem fær leyfi til fornleifarannsóknar ber að hlíta þeim reglum og skilyrðum sem stofnunin setur. Um leyfi til rannsókna á friðlýstum fornleifum og skilyrði leyfis fer samkvæmt ákvæðum 39. gr.

Minjastofnun Íslands er heimilt að veita takmarkað eða skilyrt leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér eða hafna umsókn og skal stofnunin þá rökstyðja ákvörðun sína.

38. gr.

Skyndirannsóknir.

Komi í ljós við framkvæmdir eða með öðrum hætti áður óþekktar minjar skal Minjastofnun Íslands meta eðli þeirra og umfang og hvort frekari rannsókna sé þörf. Kostnaður af slíku mati greiðist af stofnuninni. Stofnunin getur falið öðrum framkvæmd skyndirannsókna af þessu tagi.

39. gr.

Rannsókn friðlýstra fornleifa.

Rannsóknir á friðlýstum fornleifum, þjóðminjum, sem hafa röskun minjastaðar í för með sér, skulu aðeins vera heimilar í undantekningartilvikum. Skulu rannsóknaraðilar hlíta sérstökum skilmálum sem Minjastofnun Íslands setur.

40. gr.

Lok fornleifarannsóknar.

Öllum gripum og sýnum sem finnast við fornleifarannsóknir skal skilað til Þjóðminjasafns Íslands innan árs frá fundi þeirra ásamt skrá yfir þá í því formi sem safnið ákveður.

Fornleifarannsókn telst lokið þegar gengið hefur verið frá minjastað í samræmi við reglur Minjastofnunar Íslands, gögnum skilað og birt skýrsla um niðurstöður rannsóknarinnar.

Allir gripir og sýni úr fornleifarannsóknum ásamt gögnum og rannsóknarskýrslum skulu afhentar Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu innan árs frá áætluðum lokum verkefnis, sbr. 3. gr. laga um Þjóðminjasafn Íslands, í því formi sem Minjastofnun Íslands ákveður í samráði við Þjóðminjasafn Íslands. Afrit af rannsóknarskýrslum skal skilað til Minjastofnunar Íslands á því formi sem stofnunin ákveður.

Standi rannsóknaraðili ekki skil á gripum, sýnum og rannsóknargögnum í samræmi við ákvæði 3. mgr., getur það haft áhrif á afgreiðslu frekari umsókna viðkomandi um ný rannsóknarleyfi.

IX. KAFLI
Minningarmörk.

41. gr.

Friðlýsing minningarmarka.

Minjastofnun Íslands hefur umsjón og eftirlit með legsteinum og öðrum minningarmörkum í kirkjugörðum landsins ásamt minningarmörkum utan þeirra.

Stofnunin gerir að höfðu samráði við kirkjugarðaráð, sem starfar samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, tillögu til ráðherra um friðlýsingu þeirra legsteina eða annarra minningarmarka í kirkjugörðum sem stofnunin telur rétt að vernda vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra. Gildir þetta jafnt um minningarmörk í aflögðum kirkjugörðum sem og þeim sem enn eru í notkun.

Minjastofnun Íslands skal halda skrár yfir friðaða og friðlýsta legsteina og önnur minningarmörk og skulu slíkar minjar í hverjum kirkjugarði skráðar sérstaklega. Skulu upplýsingar úr skránum látnar í té sóknarprestum, próföstum eða kirkjugarðastjórnum sem hlut eiga að máli, svo og Þjóðminjasafni Íslands.

Ákvörðun um friðlýsingu legsteina og annarra minningarmarka skal þinglýst sem kvöð á viðkomandi landareign og skal þinglýsingin birt í B-deild Stjórnartíðinda.

X. KAFLI
Menningarminjasjóðir.

42. gr.
Fornminjasjóður.

Fornminjasjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum. Sjóðurinn veitir styrki til rannsókna á fornminjum, þar á meðal til fornleifaskráningar, miðlunar upplýsinga um þær, svo og til varðveislu og viðhalds á fornminjum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem ekki njóta friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skip, bátar og önnur samgöngutæki.

Styrkir úr fornminjasjóði eru ákveðnir í samræmi við úthlutunarreglur, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Tekjur fornminjasjóðs eru:

a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
b. önnur framlög.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, verkefnið ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða lokaskýrslu hefur ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis.

43. gr.
Húsafriðunarsjóður.

Húsafriðunarsjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja. Sjóðurinn veitir styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Styrkir úr húsafriðunarsjóði eru ákveðnir í samræmi við úthlutunarreglur, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Tekjur húsafriðunarsjóðs eru:

a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
b. framlag sveitarfélaga sem greiðist úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og skal miðað við að það nemi 150 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags,
c. önnur framlög.

Styrkir til einstaklinga úr húsafriðunarsjóði mynda ekki stofn til tekjuskatts.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, verkefnið ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða lokaskýrslu hefur ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis.

XI. KAFLI
Flutningur menningarminja úr landi.

44. gr.
Þjóðarverðmæti, sem hafa sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu.

Eigi má flytja úr landi menningarminjar er teljast til þjóðarverðmæta, skv. 2. mgr. 2. gr. nema með samþykki ráðherra.

45. gr.
Menningarminjar.

Ekki er heimilt að flytja úr landi aðrar innlendar eða erlendar menningarminjar sem hér eru taldar nema formlegt leyfi komi til, sbr. 47. gr.:

1. Forngripi skv. 3. gr., hvort sem þeir eru í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga, án tillits til verðgildis.
2. Hluta úr listrænum, sögulegum eða trúarlegum minjum er losaðir hafa verið frá þeim og eldri eru en frá 1900, án tillits til verðgildis.
3. a. Málverk og handgerðar myndir, aðrar en þær sem getið er í b- og c-lið þessa töluliðar og 4. tölul., úr hvaða efni sem er, ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
   b. Vatnslitamyndir, gvassmyndir, pastelmyndir og teikningar, gerðar í höndum að öllu leyti á hvaða efni sem er, ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
   c. Frumeintök af stungum, þrykki, silkiprenti og steinprenti, ásamt tilheyrandi plötum og frumgerð veggspjalda, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
4. Mósaíkverk sem ekki falla undir 1. eða 2. tölul. og teikningar úr hvaða efni sem er séu myndverkin að öllu leyti handunnin, eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
5. Frumeintök höggmynda eða myndastyttna og eftirmyndir þeirra sem eru gerðar með sömu aðferð og frumeintökin, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra, enda falli þau ekki undir 1. tölul.
6. Ljósmyndir og kvikmyndir og filmur eða glerplötur af þeim, enda séu þær eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
7. Bækur, prentaðar á Íslandi fyrir 1800 svo og íslensk handrit, eldri en frá árinu 1800, stök eða sem safn, án tillits til verðgildis.
8. Önnur handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
9. Aðrar bækur, eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.
10. Prentuð landabréf, eldri en 200 ára.
11. Skjalasöfn hvers konar og hluta þeirra, úr hvaða efni sem er, svo sem dagbækur, handrit, skýrslur, fundargerðabækur og skissubækur, eldri en 50 ára.
12. Dýrafræðileg, grasafræðileg, jarðfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök og sömuleiðis söfn sem gildi hafa fyrir sagnfræði, steingervingafræði, mannfræði eða myntfræði.
13. Samgöngutæki, eldri en 75 ára.
14. Aðrar íslenskar menningarminjar, sem ekki falla undir 1.–13. tölul., án tillits til verðgildis, þar á meðal húsgögn og innréttingar eða hluta úr þeim, frá 1900 eða eldri; hljóðfæri smíðuð á Íslandi, frá 1900 eða eldri; ílát, tæki og áhöld hvers konar úr tré, horni eða beini, með eða án útskurðar, frá 1900 eða eldri; búninga og fylgihluti þeirra, frá 1900 eða eldri; annan vefnað eða útsaum, frá 1900 eða eldri, og gripi úr silfri eða gulli, frá 1900 eða eldri.

15. Aðrar erlendar menningarminjar, svo sem húsgögn, búshluti og skrautmuni, hljóðfæri, úr og klukkur, mælitæki, vopn og muni úr gulli, silfri eða fílabeini.

Ráðherra kveður í reglugerð á um lágmarksverðgildi þeirra menningarminja sem getið er í 3., 4., 5., 6., 8., 9., 10., 11., 12., 13., og 15. tölul. 1. mgr. Við mat á verðgildi skal miðað við áætlað markaðsverð hlutaðeigandi menningarminja hér á landi á þeim degi er umsókn um útflutningsleyfi berst Minjastofnun Íslands.

46. gr.

Umsókn um leyfi til flutnings.

Umsóknir um leyfi til flutnings menningarminja úr landi skulu sendar Minjastofnun Íslands.

Við mat á listrænu, sögulegu eða vísindalegu gildi menningarminja er hér um ræðir og verðmæti þeirra, svo og um meiri háttar álitaefni, skal Minjastofnun Íslands m.a. hafa samráð við forstöðumenn þeirra safna og stofnana hér á landi er einkum varðveita þess konar muni sem mál snýst um hverju sinni.

Minjastofnun Íslands er heimilt að koma í veg fyrir flutning menningarminja úr landi, án tillits til aldurs þeirra og verðgildis, ef minjarnar teljast til þjóðarverðmæta, sbr. 2. gr., eða hafa að öðru leyti sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu. Stofnunin getur stöðvað flutning þeirra úr landi um stundarsakir meðan leitað er umsagna sérfróðra manna, sbr. 2. mgr.

47. gr.

Leyfisveiting.

Minjastofnun Íslands skal veita leyfi til flutnings menningarminja úr landi skv. 45. gr. hafi þær ekki ótvírætt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu.

Skylt er að veita leyfi til flutnings menningarminja úr landi í eftirfarandi tilfellum, jafnvel þótt þær hafi umtalsverða þýðingu fyrir menningararf þjóðarinnar:

a. flytji eigandi þeirra búferlum til annars lands,
b. hafi viðkomandi munir með arfi, arfleiðslu eða búskiptum komist í eigu einstaklings sem búsettur er erlendis,
c. séu munir úr safni í eigu ríkisins eða annarrar opinberrar stofnunar fluttir tímabundið til útlanda,
d. séu munir úr öðru safni fluttir tímabundið úr landi með samþykki forstöðumanns viðkomandi höfuðsafns,
e. séu munir fluttir úr landi af einstaklingi í þeim tilgangi að nota við opinbera menningarviðburði og verði alla jafna fluttir aftur til Íslands innan eins árs frá flutningi úr landi,
f. hafi munir af íslenskum uppruna verið fluttir tímabundið til Íslands með lögmætum hætti,
g. hafi menningarminjar verið fluttar til Íslands með ólögmætum hætti frá öðru ríki og krafa um skil hafi borist íslenskum stjórnvöldum, sbr. lög um skil menningarverðmæta til annarra landa.

Ákvæði 2. mgr. á ekki við um þjóðarverðmæti, sbr. 2. og 44. gr.

Menningarminjar sem upprunnar eru í öðru landi er heimilt að flytja frá Íslandi án sérstaks leyfis hafi þær verið fluttar til Íslands með lögmætum hætti fyrir 50 árum eða síðar.

48. gr.
Framkvæmd.

Minjastofnun Íslands annast framkvæmd ákvæða þessara laga um flutning menningarminja úr landi fyrir hönd íslenska ríkisins. Stofnunin veitir formleg leyfi til flutnings menningarminja úr landi skv. 45. og 47. gr. og þjóðarverðmæti skv. 44. gr. Um framkvæmd leyfisveitinga, m.a. um form leyfisskjala, skal farið að nánari reglum er Minjastofnun Íslands setur og ráðherra staðfestir.

Við flutning menningarminja úr landi skal sá er flytja vill menningarverðmæti úr landi framvísa formlegu leyfisbréfi til tollyfirvalda sem staðfestir leyfi til flutningsins með áritun og stimpli.

Tollyfirvöld skulu án tafar tilkynna Minjastofnun Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja úr landi án tilskilinna leyfa.

49. gr.
Ágreiningur.

Ágreiningi um leyfisveitingu eða synjun um flutning á menningarminjum úr landi má skjóta til ráðherra. Verður þá ekki af flutningi fyrr en ráðherra hefur heimilað hann og lagt fyrir Minjastofnun Íslands að gefa út leyfisbréf þar að lútandi.

50. gr.
Kröfur til erlendra ríkja um skil menningarminja.

Minjastofnun Íslands ber fram kröfur til hlutaðeigandi stjórnvalda erlendis um skil menningarminja hafi þær verið fluttar frá Íslandi með ólögmætum hætti, sbr. 44. og 45. gr. og tilskipun ráðs Evrópusambandsins 93/7/EBE, með síðari breytingum, ásamt lögum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, og veitir þeim viðtöku fyrir hönd réttra eigenda eða vörslumanna hérlendis.

Minjastofnun Íslands skal krefjast skila á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá Íslandi til annars aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins frá 1. janúar 1995.

4. ÞÁTTUR
Önnur ákvæði.
XII. KAFLI
Almenn ákvæði.

51. gr.
Málsmeðferð.

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43. gr. eru endanlegar á stjórnsýslustigi og sæta ekki kæru til ráðherra.

52. gr.
Skrár.

Minjastofnun Íslands skal birta skrár þær sem stofnuninni ber að færa samkvæmt lögum þessum.

53. gr.
Skaðabætur.

Kröfum um skaðabætur vegna framkvæmdar á ákvæðum V.–VIII. kafla í lögum þessum

skal beint til Minjastofnunar Íslands. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um framkvæmd eignarnáms.

54. gr.
Niðurfelling gjalda.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem gefin eru út vegna framkvæmdar á lögum þessum.

55. gr.
Dagsektir.

Minjastofnun Íslands getur lagt allt að 300.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á þann sem vanrækir að:

a. skila öllum gögnum sem varða skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja til stofnunarinnar skv. 4. mgr. 15. gr.,
b. verða við áskorun stofnunarinnar um að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga vegna fundar áður ókunnra fornminja skv. 2. mgr. 24. gr.,
c. viðhalda friðlýstu húsi eða mannvirki eins og stofnunin hefur lagt fyrir eiganda að gera innan hæfilegs frests skv. 1. og 2. mgr. 33. gr.,
d. skila gripum sem finnast við fornleifarannsóknir skv. 1. mgr. 40. gr.,
e. skila öllum gögnum og birta skýrslu um niðurstöður fornleifarannsókna skv. 2. mgr. 40. gr.

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands um dagsektir eru aðfararhæfar. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að aðili sinni síðar þeim skyldum sem á honum hvíldu, nema Minjastofnun Íslands ákveði það sérstaklega.

56. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum 2. mgr. 16. gr., 1. og 2. mgr. 21. gr., 22. gr., 3. mgr. 23. gr., 1. mgr. 24. gr., 1. mgr. 26. gr., 2. mgr. 29. gr., 1. mgr. 30. gr., 1. og 2. mgr. 31. gr., 34. gr., 36. gr., 4. mgr. 41. gr., 44. gr. og 45. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Um meðferð mála samkvæmt þessari grein fer eftir lögum um meðferð sakamála.

57. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

XIII. KAFLI
Gildistaka og lagaskil.

58. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012. Frá þeim degi falla úr gildi lög um húsafriðun, nr. 104/2001, lög um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 105/2001, og þjóðminjalög, nr. 107/2001.

59. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Eftirtaldar breytingar verða á öðrum lögum:

a. Á eftir 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Áður en sveitarstjórn gefur út framkvæmdaleyfi skv. 15. gr. skal gætt, eftir því sem við á, ákvæða IV. og VI. kafla laga um menningarminjar.
b. Á eftir 3. mgr. 13. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010, kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Óheimilt er að gefa út byggingarleyfi fyrir mannvirki sem fellur undir IV., VI. og VII. kafla laga um menningarminjar fyrr en álit Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.
c. F-liður 10. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, orðast svo: Til greiðslu framlaga sveitarfélaga í húsafriðunarsjóð skv. 43. gr. laga um menningarminjar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara tekur Minjastofnun Íslands yfir réttindi, eignir og skuldbindingar Húsafriðunarnefndar og Fornleifaverndar ríkisins. Í því felst m.a. að starfsmenn framangreindra stofnana verða starfsmenn Minjastofnunar Íslands. Ákvarðanir sem þessir aðilar hafa tekið halda gildi sínu.

Embætti forstöðumanna Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar eru lögð niður við gildistöku laga þessara.

Fram til 1. janúar 2012 er ráðherra heimilt að undirbúa gildistöku laganna meðal annars með því að auglýsa stöðu forstöðumanns Minjastofnunar Íslands og stofna til nauðsynlegra samninga í því sambandi. Forstöðumanni er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að undirbúa starfsemi stofnunarinnar, þar á meðal að ráða starfsmenn.

Umboð fornleifanefndar, stjórnar fornleifasjóðs og húsafriðunarnefndar falla niður við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 2001 voru gerðar gagngerar breytingar á lögum sem varða menningarminjar. Allt starfsumhverfi minjavörslu í landinu var þá orðið mjög flókið. Um aldamótin 2000 hafði starfsemi byggðasafna eflst, þannig að fleiri söfn en Þjóðminjasafn Íslands tóku að sér fornleifarannsóknir og ýmis þjónustuverkefni í ríkari mæli en áður. Mikil fjölgun hafði orðið í stétt fornleifafræðinga frá því um 1990 og höfðu margir fornleifafræðingar hafið sjálfstæðan rekstur um starfsemi sína í kjölfar fjölgunar verkefna, einkum á sviði fornleifaskráningar í tengslum við skipulagsgerð. Þar með komu mun fleiri aðilar að framkvæmdum á þessu sviði en áður hafði þekkst. Einnig hafði áhugi á húsafriðun og verndun mannvirkja eflst mjög.

Samkeppnislög sem sett voru árið 1993 kölluðu á aðskilnað stjórnsýslu og rannsókna. Með lagabreytingunum árið 2001 var stjórnsýsluþáttur fornleifaverndar skilinn frá Þjóðminjasafni Íslands og sett á fót ný stofnun, Fornleifavernd ríkisins. Sett voru sérstök lög um ýmsa aðra þætti sem áður höfðu verið sameinaðir í þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með áorðnum breytingum. Þau lög sem samþykkt voru á þessu sviði árið 2001 voru: Lög um húsafriðun, nr. 104/2001, lög um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 105/2001, safnalög, nr. 106/2001, og þjóðminjalög, nr. 107/2001.

Eins og áður segir var Fornleifavernd ríkisins sett á fót sem stjórnsýslustofnun á sviði fornleifavörslu og við lagasetninguna urðu minjaverðir á landsbyggðinni sem áður voru starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands starfsmenn hinnar nýju stofnunar. Fornleifanefnd var ekki

lengur leyfisveitandi eins og verið hafði í eldri lögum, heldur eingöngu áfrýjunaraðili um ákvarðanir Fornleifaverndar ríkisins.

Með lagabreytingunum árið 2001 var húsafriðunarnefnd, sem samkvæmt eldri lögum hafði verið undirnefnd þjóðminjaráðs með eigin framkvæmdastjóra, jafnframt gerð að sjálfstæðri ríkisstofnun með ráðherraskipuðum forstöðumanni. Við framkvæmd laganna um húsafriðun hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að geta með skýrum hætti greint á milli starfssviðs og ábyrgðar stofnunarinnar annars vegar og nefndarinnar hins vegar.

Verndun menningararfs heyrir nú undir ýmsar stofnanir á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis sem starfa við ólík skilyrði. Reynslan af framkvæmd laganna frá 2001 hefur leitt í ljós að stjórnsýsla, ábyrgð og verkaskipting þarf að vera skýrari og að samræmi skortir í skipun og hlutverki nefnda og ráða sem undir lögin falla, sem og í fyrirkomulagi sjóða og í meðferð mála. Einnig hefur komið í ljós misræmi í notkun hugtaka og að mörk milli minjaflokka hafa ekki verið skilgreind nægilega, t.d. milli fornleifa og mannvirkja.

Við verndun menningarminja vilja stjórnvöld vinna með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum og samþykktum sem Ísland hefur gengist undir og marka ríkjandi viðhorf til málaflokksins. Meðal slíkra samþykkta er samningur UNESCO um verndun menningar- og náttúruminja heims frá 1972 og samningur UNESCO um verndun menningarerfða frá 2003 auk samnings UNESCO um leiðir til að banna og hindra ólögmætan innflutning, útflutning og yfirfærslu eignarhalds á menningarverðmætum frá 1970 en allir þessir samningar eru staðfestir af Íslands hálfu. Aðrir alþjóðasamningar á þessu sviði eru samningar Evrópuráðsins um verndun fornleifa (Valetta 1993) og verndun byggingararfsins (Granada 1985) en unnið er að undirbúningi þess í mennta- og menningarmálaráðuneytinu að staðfesta þá samninga. Að auki ber að taka tillit til sjónarmiða er fram koma í stefnumótandi samþykktum eins og Amsterdamyfirlýsingunni um verndun byggingararfsins (1975) og Feneyjaskránni um verndun menningarminja (1994/1996) og samningi Evrópuráðsins um gildi menningararfs fyrir samfélagið (Faro 2005).

Árið 2005 ákvað menntamálaráðherra að endurskoða skyldi í heild fyrrgreind lög og skipaði starfshóp sem í sátu Guðmundur Hálfdanarson prófessor, Sólveig Georgsdóttir þjóðháttafræðingur og Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, þjóðfræðingur og sérfræðingur menntamálaráðuneytis í málefnum menningararfs, sem var formaður starfshópsins. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til ráðherra 30. apríl 2007 en frá þeim tíma hafa frumvarpsdrögin verið til frekari skoðunar hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti og m.a. verið leitað eftir ábendingum frá ýmsum hagsmunaaðilum.

Meginmarkmið endurskoðunarinnar var að samræma lagaákvæði og stjórnsýslu við verndun menningararfs með það fyrir augum að tryggja verndun menningarminja og gera hana skilvirkari. Niðurstaða starfshóps menntamálaráðherra var að leggja til að lögð yrðu fram þrjú frumvörp til laga á þessu sviði í stað laga um húsafriðun, nr. 104/2001, laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 105/2001, safnalaga, nr. 106/2001, og þjóðminjalaga, nr. 107/2001. Við nánari skoðun innan ráðuneytisins á tillögum starfshópsins hefur verið ákveðið að leggja einnig fram sérstakt frumvarp um Þjóðminjasafn Íslands í stað þess að fella það inn í frumvarp til laga um menningarminjar. Samkvæmt safnalögum skulu sett lög um höfuðsöfn.

Samhliða þessu frumvarpi eru því lögð fram þrjú önnur frumvörp: Frumvarp til nýrra safnalaga, frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands og frumvarp til laga um skil menningarverðmæta til annarra landa. Ákvæði um verndun húsa og annarra mannvirkja, ásamt ákvæðum um flutning íslenskra menningarverðmæta úr landi eru felld inn í frumvarp þetta.

Megintilgangur frumvarpsins er að auka skilvirkni minjavörslunnar með því að einfalda stjórnsýsluna, skýra betur hugtök og verklag auk þess að samræma verklag og afgreiðslu mála. Við undirbúning þessa frumvarps var velferð íslenskra menningarminja höfð í fyrirrúmi fremur en að halda í það fyrirkomulag sem ríkt hefur á þessu sviði síðustu árin. Margt í lögunum frá 2001 hefur reynst ágætlega og var tekið mið af því sem best hefur reynst við framkvæmd ýmissa þátta minjavörslunnar undir gildandi lögum og leitast við að yfirfæra jákvæða reynslu af einu sviði yfir til annarra þátta hennar. Með frumvarpinu er þannig verið að styrkja stjórnsýslu á sviði menningarminja. Frumvarpið miðar því ekki að því að fjölga eða búa til ný verkefni á þessu sviði heldur að skerpa á vinnulagi og stuðla að því að þeir aðilar sem annast framkvæmd laganna, einkum Minjastofnun Íslands, hafi skýrar og styrkar heimildir til að sinna hlutverki sínu.

Æskilegt er að þeir stjórnsýsluþættir minjavörslunnar sem undir mennta- og menningarmálaráðuneytið falla verði sameinaðir í einni stjórnsýslustofnun, Minjastofnun Íslands, sem sinni framkvæmd flestra þátta minjavörslunnar. Markmiðið með sameiningu þeirra málaflokka sem frumvörpin taka til undir eina stofnun er fyrst og fremst að einfalda og styrkja stjórnsýsluna, gera hana skilvirkari og þar með að auka réttaröryggi almennings. Slík sameining mun stuðla að hagkvæmni í rekstri og er liður í endurskoðun á uppbyggingu menningarstofnana er undir ráðuneytið heyra.

Minjastofnun Íslands mun væntanlega skiptast í fagsvið, sem hvert um sig starfi í nánu samstarfi við fagnefnd. Þannig mun stofnunin taka við því hlutverki sem Fornleifavernd ríkisins hefur á hendi samkvæmt gildandi þjóðminjalögum og einnig stofnunarhlutverki húsafriðunarnefndar samkvæmt gildandi húsafriðunarlögum. Margt mælir með þessari sameiningu enda sinna þessar stofnanir nátengdum verkefnum. Umfjöllun og umsagnir vegna skipulagsáætlana og umhverfismats eru t.d. veigamikill þáttur í starfsemi beggja, svo og skráning og mat á varðveislugildi menningarminja, eftirlit með slíkum minjum og framkvæmdum við þær. Enn fremur er gert ráð fyrir að stofnunin sinni stjórnsýsluþætti laga um skil á menningarverðmætum til annarra landa, frumvarp þess efnis er lagt fram samhliða þessu frumvarpi. Loks getur ráðherra falið stofnuninni önnur verkefni.

Ljóst er að stofnun af því tagi sem hér er lagt til að verði komið á fót og sameinar þá stjórnunarþætti sem síðustu ár hafa verið í höndum tveggja aðskildra stofnana mun fela í sér markvissari stjórnsýslu og heildaryfirsýn yfir málefnasviðið en núgildandi lög gera. Samkvæmt frumvarpinu mun Minjastofnun Íslands sjá um umsýslu þeirra tveggja sjóða sem tengjast varðveislu menningarminja og starfsemi þeirra verður samhæfð, en í núverandi skipulagi er mjög ólíkt hvernig umsýslu sjóðanna er háttað.

Auk ákvæða um sameiningu ofangreindra þátta í starfsemi Minjastofnunar Íslands og hlutverk hennar eru helstu nýmæli frumvarpsins eftirfarandi:

1. Þjóðminjar eru nú í fyrsta sinn skilgreindar ítarlega með hliðsjón af mikilvægi þeirra fyrir íslenska menningarsögu. Þjóðminjasafni Íslands og Minjastofnun Íslands er gert að halda skrár yfir þjóðminjar, þ.e. lausamuni annars vegar og jarðfastar minjar hins vegar.
2. Hugtakið þjóðarverðmæti er notað í frumvarpinu í samræmi við hugtakanotkun í tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/7/EBE (með áorðnum breytingum) um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Með notkun þess verður samræmi um notkun hugtaka milli laga á þessu sviði um þær minjar sem taldar eru hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu.

3. Skerpt er á skilgreiningu hugtaksins fornleifar og tekin af tvímæli um mörk milli fornleifa og heilla mannvirkja. Einnig er horfið frá því að miða aldursmörk friðaðra fornleifa við 100 ára aldur og í staðinn er miðað við fast ártal, 1900.
4. Hugtakið fornleifarannsókn er skilgreint með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur í tæknilegum aðferðum og með hliðsjón af áherslum alþjóðastofnana á borð við UNESCO á varðveislu menningarminja. Hlutverk Minjastofnunar Íslands gagnvart rannsóknum er skýrt afmarkað – stofnunin hefur eftirlit með öllum rannsóknum og veitir leyfi þar sem þess er krafist samkvæmt lögum, t.d. þegar rannsóknir valda jarðraski. Reglum um fornleifarannsóknir er valda jarðraski er ætlað að endurspegla þetta hlutverk og munu þær m.a. fela í sér að stofnuninni er ekki ætlað vera varðveislustofnun, heldur ber að skila öllum munum og sýnum beint til Þjóðminjasafns Íslands innan árs frá fundi þeirra.
5. Hugtakið skyndirannsókn er skilgreint og sett ákvæði um framkvæmd og fjármögnun slíkra rannsókna.
6. Í kaflanum um verndun húsa og annarra mannvirkja er hugtakið mannvirki skilgreint á skýrari hátt en áður, aldursmörkum sjálfkrafa friðunar er breytt til að auka vernd merkra mannvirkja og gerður er greinarmunur á sjálfkrafa friðun mannvirkja vegna aldurs og friðlýsingu sem er sérstök ákvörðun ráðherra.
7. Friðlýsing fornleifa er færð til ráðherra í stað þess að vera á valdi stofnunar og er það til samræmis við ákvæði í lögum um friðlýsingar mannvirkja og náttúruminja. Einnig er skerpt á að friðlýsing sé hugsuð fyrir úrvalsflokk minja sem hafi sérstaka þýðingu fyrir þjóðina. Af þessu leiðir m.a. að mjög strangar reglur gilda um jarðrask við friðlýstar fornleifar.
8. Sett er ákvæði sem heimilar skyndifriðun, t.d. yngri minja, sem hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Svipað ákvæði er að finna í gildandi lögum um húsafriðun en gildistími skyndifriðunar er lengdur úr tveimur vikum í allt að sex vikur.
9. Lagt er til að nöfn fagnefnda verði samræmd. Lagt er til að heiti húsafriðunarnefndar verði haldið óbreytt þó svo ljóst sé að nefndinni sé m.a. einnig ætlað að fjalla um málefni annarra mannvirkja.
10. Lagt er til að fornminjanefnd verði öflug fagnefnd en ekki áfrýjunarnefnd eins og fornleifanefnd hefur verið. Þar hefur verið litið til mjög jákvæðrar reynslu af starfi húsafriðunarnefndar.
11. Gert er ráð fyrir að minjaverðir, sem falla undir Minjastofnun Íslands, sinni víðtækara hlutverki en þeir gera samkvæmt gildandi þjóðminjalögum. Athugasemdir hafa komið fram á landsbyggðinni vegna núverandi stöðu minjavarða sem þykja hafa haft of þröngt starfssvið til þessa.
12. Sett eru skýr ákvæði um tímamörk tilkynninga um fund fornleifa, um rask á þeim og viðbrögð Minjastofnunar Íslands. Þetta er talið nauðsynlegt til að tryggja verndun minjanna og jafnframt til að minnka kostnað framkvæmdaraðila vegna hugsanlegra tafa.
13. Ábyrgð á gripum í kirkjum landsins er hjá Fornleifavernd ríkisins samkvæmt gildandi þjóðminjalögum en færist nú til Þjóðminjasafns Íslands. Kirkjugripir eru lausamunir og eðlilegt að höfuðsafn þjóðarinnar á sviði menningarminja fari með umsjá þeirra. Er nánar fjallað um þessa tillögu í frumvarpi til laga um Þjóðminjasafn Íslands. Minjastofnun Íslands fer hins vegar með eftirlit og umsjón minningarmarka í kirkjugörðum, enda eru þau jarðföst og teljast því frekar til fornleifa.

Ákvæði um flutning íslenskra menningarverðmæta úr landi og leyfisveitingar þar að lútandi voru sett í lög nr. 105/2001 sem einnig fjalla um skyldu íslenskra stjórnvalda til að skila erlendum menningarverðmætum sem flutt eru til landsins með ólögmætum hætti. Ákvæði um skil erlendra menningarverðmæta voru sett til samræmis við tilskipun ráðs Evrópusambandsins 93/7/EBE frá 15. mars 1993, um skil menningarminja sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði eins aðildarríkis til annars.

Reynslan hefur sýnt að lög nr. 105/2001 veita íslenskum menningarverðmætum ekki fullnægjandi vernd gegn óheftum flutningi úr landi, enda er tilgangur tilskipunar 93/7/EBE einkum að vernda sérstök þjóðarverðmæti gegn ólöglegum útflutningi, en ekki alla gripi sem talist geta til menningarverðmæta. Bent hefur verið á að verðgildismörk menningarminja sem eru háðar formlegu leyfi til flutnings úr landi samkvæmt lögunum eru ekki í samræmi við íslenskan markað og upptalningin á flokkum menningarminja sem þurfa útflutningsleyfi samkvæmt þeim lögum er einnig ófullkomin. Nefna má sem dæmi að íslenskur útskurður á tré, horn og bein, svo og íslenskir þjóðbúningar og annar gamall vefnaður er ekki í upptalningunni og njóta því ekki ótvíræðrar verndar gegn óheftum flutningi úr landi. Síðast en ekki síst hefur hugtakið þjóðarverðmæti ekki verið skilgreint í minjaverndarlögum hér á landi til þessa. Þetta torveldar íslenskum stjórnvöldum að rökstyðja kröfur á hendur erlendu ríki um skil á íslenskum menningarminjum sem fluttar hafa verið þangað frá Íslandi með ólögmætum hætti. Að óbreyttu mundi íslenskum stjórnvöldum í mjög fáum tilfellum vera stætt á að krefja annað aðildarríki EES-samningsins um skil á minjum sem fluttar hefðu verið ólöglega frá Íslandi, vegna þess að markaðsverðmæti hinna íslensku minja næði sjaldnast lágmarksviðmiðum verðgildismarka núgildandi laga. Vegna þessa þurfa að vera ákvæði í íslenskum lögum sem koma í veg fyrir óheftan flutning á íslenskum menningarverðmætum úr landi þótt þau teljist ekki til þjóðarverðmæta, svo og um aðkomu tollyfirvalda.

Af þessum ástæðum var talið rétt að skipta efni laga nr. 105/2001 í tvennt og fella ákvæði um takmörkun á flutningi íslenskra menningarverðmæta úr landi í sérstakan kafla í lögum um menningarminjar en hafa áfram sérstök lög um skil á erlendum menningarverðmætum. Við ákvörðun verðgildismarka íslenskra menningarverðmæta í þessu frumvarpi var m.a. höfð hliðsjón af samsvarandi ákvæðum í sænskum og dönskum lögum.

Við undirbúning frumvarpsins var haft víðtækt samráð við hagsmunaaðila, auk þess sem frumvarpið var haft til almennrar kynningar á vef menntamálaráðuneytisins síðla árs 2008 þar sem kostur gafst á að senda inn athugasemdir eða ábendingar um efni þess. Frekari kynning var viðhöfð gagnvart hagsmunaaðilum á haustmánuðum 2010 og endanleg gerð frumvarpsins unnin í framhaldi hennar.

Frumvarp til laga um menningarminjar er í nokkrum þáttum sem skipt er í kafla. Fyrsti þáttur fjallar um almenn ákvæði í einum kafla þar sem greint er frá tilgangi laganna og gerð grein fyrir mikilvægustu skilgreiningum sem notaðar eru. Annar þáttur greinir frá skipulagi innan málaflokksins og nær yfir II.–III. kafla. Í II. kafla er lýst stjórnsýslu, hlutverki fagnefnda og skiptingu landsins í minjasvæði. III. kafli fjallar um hina sameinuðu stjórnsýslustofnun, Minjastofnun Íslands. Þriðji þáttur fjallar í IV.–XI. kafla um verndun og varðveislu menningarminja. IV. kafli greinir frá skráningu fornleifa, húsa og annarra mannvirkja, V. kafli fjallar um friðlýsingu menningarminja, VI. kafli um verndun og varðveislu fornminja, VII. um verndun og varðveislu mannvirkja, VIII. kafli um rannsóknir, sá IX. um minningarmörk, X. kafli um menningarminjasjóði og sá XI. um flutning menningarminja til annarra landa. Í fjórða þætti er að finna önnur ákvæði, þ.e. almenn ákvæði og ákvæði um gildistöku og lagaskil.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. þátt.

Fyrsti þáttur frumvarpsins lýsir tilgangi þess og skilgreiningum á þeim hugtökum sem eru meginviðfangsefni frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og lýst er í almennum athugasemdum við frumvarpið er tilgangur þess að samræma lagaákvæði og stjórnsýslu á sviði verndunar menningararfs til að tryggja verndun menningarminja. Ákvæði 1. mgr. er að efni samhljóða ákvæði 1. mgr. 1. gr. gildandi laga. Í stað þess að vísa til verndunar menningarsögulegra minja þykir rétt að vísa almennt til menningarminja, en til þeirra teljast eins nánar er rakið í 2. mgr. ummerki um sögu þjóðarinnar. Lögð er áhersla á að tilgangur laganna sé að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Með menningararfi er vísað til menningarminja sem gera þjóðinni kleift að þekkja uppruna sinn, sérstöðu og einkenni, en hann getur einnig falist í verkþekkingu og menningarerfðum sem ekki er fjallað um í þessum lögum.

Sú skilgreining á menningarminjum sem tekin er upp í 2. mgr. er víðari og jafnframt skýrari en í gildandi lögum. Þannig er menningar- og búsetulandslag bætt við upptalninguna til að undirstrika mikilvægi þess að vernda minjaheildir og blandaðar minjar en ekki einungis stakar minjar. Menningarminjar eru hér skilgreindar án tillits til aldurs þeirra.

Í 3. mgr. er samhljóða ákvæði og nú er í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga. Með því er áréttað að auk varðveislu menningarminja sé það tilgangur laganna að miðla þeim til þjóðarinnar og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um þjóðminjar og þjóðarverðmæti. Í gildandi þjóðminjalögum er það staðsetning gripa, þ.e. varðveisla í Þjóðminjasafni Íslands eða á byggðasöfnum, og friðlýsing staða sem sker úr um hvað telst til þjóðminja. Hér er gert ráð fyrir að ákveðið mat á menningarsögulegu mikilvægi minjanna liggi að baki ákvörðunar um að um þjóðminjar sé að ræða, þannig að glatist þær eða eyðileggist leiði það til ákveðinnar rýrnunar á íslenskum menningararfi í heild. Þannig teljast þjóðminjar vera þær minjar, jarðfastar eða lausar, sem eru einstakar í sinni röð og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands. Enn fremur er kveðið á um að þjóðminjar skuli vera friðlýstar eða varðveittar á Þjóðminjasafni Íslands eða viðurkenndum söfnum sem það felur varðveislu einstakra þjóðminja. (Til viðurkenndra safna teljast söfn í eigu ríkis, sveitarfélaga eða sjálfseignarstofnana sem hafa fengið opinbera viðurkenningu í samræmi við safnalög.) Þá er í 3. mgr. kveðið á um heimild ráðherra til að skilgreina sem þjóðminjar gripi í eigu einkaaðila sem eru einstakir í sinni röð og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands.

Minjar sem skilgreindar hafa verið sem þjóðminjar skv. 4. mgr. 1. gr. gildandi þjóðminjalaga, verða ekki sjálfkrafa áfram skilgreindar með þeim hætti samkvæmt greininni. Þjóðminjasafni Íslands er skv. 3. gr. frumvarps til laga um safnið, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, ætlað að halda skrá yfir *lausamuni* sem teljast til þjóðminja, enda eru þær hluti af safnkosti Þjóðminjasafnsins, þó varðveittar séu í öðrum söfnum, sbr. skýringu hér að ofan. Með svipuðum hætti er Minjastofnun Íslands ætlað skv. 11. gr. að halda skrá yfir *friðlýstar fornleifar og mannvirki* sem teljast til þjóðminja.

Í 2. mgr. felst nýmæli. Með því er lögð áhersla á að einstakir munir eða gripir geti haft sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu og geti því talist þjóðarverðmæti í slíkri merkingu. Ekki þykir þó ástæða til þess að taka sérstaklega upp skilgreiningu á hugtakinu þjóðarverðmæti. Gera verður ráð fyrir að til grundvallar mati á gildi þjóðarverðmæta liggi fyrir mat viðkomandi höfuðsafna og lykilstofnana á sviði verndunar menningar- og náttúruminja. Til frekari skýringar á notkun hugtaksins þjóðarverðmæti er vísað til almennra athugasemda um frumvarp þetta. Með þessu nýmæli er lögð áhersla á að heildarmynd af menningarsögu þjóðarinnar kunni að skerðast umtalsvert ef viðkomandi gripur glatast eða er fluttur úr landi, sbr. XI. kafla frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í greininni er ítarleg upptalning á því hvað skuli teljast til fornminja, þ.e. fornleifar og forngripir. Greinin byggist á 9. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001, en skilgreiningar eru skýrari en áður. Í því sambandi er í skilgreiningu fornleifa sérstök áhersla lögð á að um leifar er að ræða en ekki heil mannvirki. Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að gera skýran greinarmun á þessu. Ýmis heil mannvirki sem áður voru talin til fornleifa teljast til mannvirkja skv. VII. kafla frumvarpsins. Rétt er að taka fram að heil skip teljast til lausra minja og falla þar með undir ábyrgðarsvið Þjóðminjasafns Íslands.

Í 1. mgr. er tekið fram að fornminjar séu annars vegar forngripir, þ.e. lausamunir, og hins vegar fornleifar, þ.e. jarðfastar minjar.

Í 2. mgr. eru forngripir skilgreindir og aldursmörk tilgreind sem skera úr um hvort um forngrip sé að ræða eða ekki. Það er nýmæli að miða við ákveðið ártal, 1900, í stað 100 ára áður. Er það eðlilegt þar sem iðnvædd fjöldaframleiðsla hefst í stórum stíl hér á landi í byrjun 20. aldar og sjálfkrafa friðun þeirra samkvæmt 100 ára reglunni missir þar með marks. Aldursmörk forngripa eru í samræmi við aldursmörk fornleifa.

Samkvæmt 3. mgr. teljast minjar frá árinu 1900 og eldri til fornleifa og njóta friðunar vegna aldurs. Það er einnig nýmæli að horfið er frá því að telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa og miða í staðinn við ákveðið ártal. Á 20. öld fjölgar minjum gífurlega vegna breyttra þjóðfélagshátta og ógerningur er að friða þær allar sjálfkrafa. Í málsgreininni eru taldir upp helstu flokkar fornleifa, en taka skal fram að slík upptalning verður aldrei gerð þannig að tæmandi sé.

Rétt er að undirstrika að í frumvarpinu er gerður greinarmunur á sjálfkrafa friðun vegna aldurs og friðlýsingu úrvalsflokks minja, en friðlýsingu er ávallt þinglýst, sbr. 5. gr.

Hvað yngri minjar varðar er í 20. gr. veitt heimild til skyndifriðunar og eftirfarandi friðlýsingar minja í sérstökum tilfellum skv. 18. gr., og geta yngri minjar en frá árinu 1900 því notið verndar ef ástæða þykir til.

Um 4. gr.

Greinin er nýmæli. Hér er að finna skilgreiningar á því hvers konar mannvirki teljast til byggingararfs. Í lögum um húsafriðun, nr. 104/2001, og þjóðminjalögum, nr. 107/2001, eru slíkar skilgreiningar ekki nægilega skýrar og tekist hefur verið á um hvar í flokki tilteknar menningarminjar eiga heima. Í frumvarpinu er gerður greinarmunur á heilum mannvirkjum annars vegar og leifum mannvirkja, þ.e. fornleifum, hins vegar. Einnig er lögð áhersla á að til byggingararfs teljist mun fleiri tegundir mannvirkja en hús. Þetta stuðlar að aukinni skilvirkni og skerpir á verkaskiptingu á milli einstakra sviða minjavörslunnar. Í greininni eru

taldir upp helstu flokkar mannvirkja sem lögin ná til, en taka skal fram að slík upptalning verður aldrei tæmandi.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er skilgreint hvað felst í friðun sem annars vegar ræðst af aldri en hins vegar friðun kirkjugripa samkvæmt ákvörðun þjóðminjavarðar í samræmi við ákvæði í frumvarpi til laga um Þjóðminjasafn Íslands. Í 2. mgr. er skilgreint hvað felst í hugtakinu friðlýsing sem er sérstök kvöð sem þinglýst er á fasteign.

Nauðsynlegt er að gera skýran greinarmun á merkingu hugtakanna friðun og friðlýsing, en slíkur greinarmunur er óljós í eldri lögum. Þannig má lýsa friðun sem sérstöku ástandi sem leiðir annars vegar af aldri minja og er þar með ekki háð sérstakri ákvörðun stjórnvalds og hins vegar af sérstakri ákvörðun þjóðminjavarðar þegar um er að ræða kirkjugripi. Í frumvarpinu er lagt til að friðun taki til fornleifa og mannvirkja sem eru frá árinu 1900 eða eldri.

Með friðlýsingu er átt við sérstaka ákvörðun ráðherra, sbr. 18. gr., sem getur falið í sér kvöð eða takmarkanir á meðferð fasteignar. Þar sem ekki er talið hægt að lýsa kvöðum vegna friðlýsingar minja á hafsbotni, er talið að tilkynningu stjórnvalda um slíka friðlýsingu í Stjórnartíðindum skv. 19. gr. fylgi algjört bann við að raska slíkum minjum.

Um 6. gr.

Í greininni er hugtakið fornleifarannsókn skilgreint. Í eldri lögum er hugtakið fornleifarannsókn einskorðað við rannsóknir er valda jarðraski. Hér er skilgreiningin víkkuð og er það í samræmi við þróun rannsóknaraðferða sem ekki hafa röskun eða eyðileggingu minja í för með sér, t.d. loftljósmyndun, notkun jarðsjármælinga og aðrar vísindalegar aðferðir. Samkvæmt greininni er með fornleifarannsókn átt við hvers konar vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði.

Fornleifarannsóknir geta verið með ýmsum hætti, svo sem fornleifaskráning vegna skipulagsvinnu, fræðilegar rannsóknir, rannsóknir vegna fyrirhugaðra framkvæmda, rannsóknir á umfangi fornleifa, björgunarrannsóknir, rannsóknir á friðlýstum minjum og skyndi- eða neyðarrannsóknir.

Samkvæmt 36. gr. skal tilkynna um allar fornleifarannsóknir í landinu til Minjastofnunar Íslands, en einungis þarf að sækja um leyfi til þeirra fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér.

Um 2. þátt.

Í 2. þætti frumvarpsins eru fyrirmæli um skipulag Minjastofnunar Íslands. Tekið er fram að stjórnsýsla málaflokksins heyri undir ráðherra en Minjastofnun annast daglega stjórnsýslu málaflokksins. Gert er ráð fyrir að starfsemi stofnunarinnar fari fram á fagsviðum í samræmi við verkefni hennar, eins og nánar er lýst í athugasemdum við 11. gr., og að viðeigandi fagnefndir starfi sem ráðgjafarnefndir á þeim sviðum. Þá er gert ráð fyrir því að unnt verði að skipta landinu upp í sérstök minjasvæði og að stofnunin komi þar á fót minjaráðum, sem verði hvert um sig sérstakur samráðsvettvangur aðila á svæðinu, sbr. 10. gr.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um að ráðherra fari með yfirstjórn vörslu menningarminja í landinu. Ný stofnun, Minjastofnun Íslands, mun annast framkvæmd hennar. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins er lagt til að settar verði á fót fagnefndir, fornminjanefnd og húsafriðunarnefnd, er taka til málefnasviða Minjastofnunar Íslands og eru henni til ráðgjafar. Nefndirnar taka m.a. þátt í stefnumótun hver á sínu sviði.

Loks er kveðið á um að stofnunin skuli marka stefnu og gera langtímaáætlanir um verndun og varðveislu menningarminja í heild og hafa við þá stefnumótun samráð við höfuðsöfn sem skilgreind eru í safnalögum.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um skipun og hlutverk fornminjanefndar. Í 1. mgr. er tekið fram að ráðherra skipi nefndina til fjögurra ára í senn. Nefndin verði skipuð tveimur fulltrúum fagaðila, einum fulltrúa sveitarfélaga og tveimur fulltrúum sem skipaðir verða án tilnefningar, og skal annar þeirra jafnframt skipaður formaður nefndarinnar. Einnig er lagt til að ráðherra skipi varaformann úr hópi nefndarmanna. Lagt er til að varamenn verði skipaðir með sama hætti. Einnig er lagt til að tímatakmörk verði á setu aðalmanna í nefndinni og er það í samræmi við það sem almennt gildir nú um stjórnir og nefndir á verksviði mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Fornminjanefnd er ráðgjafarnefnd, en í 2. mgr. er fjallað nánar um hlutverk hennar sem er m.a. að vinna að stefnumörkun um verndun fornleifa ásamt Minjastofnun Íslands, og fjalla um tillögur stofnunarinnar um friðlýsingu fornleifa og afnám friðlýsingar áður en þær eru sendar ráðherra. Einnig er kveðið á um að fornminjanefnd setji reglur um úthlutun styrkja úr fornminjasjóði sem ráðherra staðfestir og veiti umsögn um styrkumsóknir úr sjóðnum. Eðlilegt er að Minjastofnun Íslands taki fullt tillit til umsagna nefndarinnar við úthlutanir styrkja, þó ekki standi í lögum að umsagnir hennar séu bindandi fyrir stofnunina. Fornminjanefnd getur einnig sinnt öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin samkvæmt öðrum lögum.

Í 3. mgr. segir að forstöðumenn Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands sitji fundi fornminjanefndar stöðu sinnar vegna og er það gert til að tryggja eðlilegt samráð allra þessara aðila við framkvæmd fornminjaverndar.

Að lokum er í 4. mgr. lagt til að kostnaður af starfsemi fornminjanefndar skuli greiðast úr fornminjasjóði. Þar er einkum átt við kostnað vegna fundarsetu, ferða og þess háttar.

Fornminjanefnd í því formi sem hér er lagt til er nýmæli. Er nefndinni ætlað að vera alhliða fagnefnd og gegna svipuðu hlutverki og húsafriðunarnefnd en ekki hlutverki áfrýjunarnefndar eins og fornleifanefnd gerir í gildandi þjóðminjalögum.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um skipun og hlutverk húsafriðunarnefndar. Í 1. mgr. segir að ráðherra skipi húsafriðunarnefnd til fjögurra ára í senn. Nefndin verði skipuð tveimur fulltrúum fagaðila, einum fulltrúa sveitarfélaga og tveimur fulltrúum sem skipaðir verða án tilnefningar, og skal annar þeirra jafnframt skipaður formaður nefndarinnar. Einnig er lagt til að ráðherra skipi varaformann úr hópi nefndarmanna. Lagt er til að varamenn verði skipaðir með sama hætti. Einnig er lagt til að tímatakmörk verði á setu aðalmanna í nefndinni og er það í samræmi við það sem almennt gildir nú um stjórnir og nefndir á verksviði mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Sú nýbreytni er í skipun nefndarinnar frá gildandi lögum um húsafriðun, nr. 104/2001, að nú verði skipaðir tveir fulltrúar samkvæmt tilnefningum fagaðila í hana í stað eins áður. Til viðbótar fulltrúa arkitekta verði skipaður sameiginlegur fulltrúi Íslandsdeildar ICOMOS (Alþjóðaráðsins um minnisvarða og sögustaði), Íslandsdeildar ICOM (Alþjóðaráðs safna) og FÍSOS (Félags íslenskra safna og safnmanna) og er það lagt til á grundvelli aukinnar áherslu á verndun mannvirkja annarra en húsa, þar sem fagþekking slíks fulltrúa er talin mikilvæg.

Húsafriðunarnefnd er ráðgjafarnefnd, en í 2. mgr. er fjallað nánar um hlutverk hennar sem er m.a. að vinna að stefnumörkun um verndun byggingararfsins ásamt Minjastofnun Íslands og fjalla um tillögur stofnunarinnar um friðlýsingu mannvirkja, afnám friðlýsingar, breytingar á friðlýstum mannvirkjum eða förgun þeirra áður en þær eru sendar ráðherra. Einnig er kveðið á um að húsafriðunarnefnd setji reglur um úthlutun styrkja úr húsafriðunarsjóði sem ráðherra staðfestir og veiti umsögn um styrkumsóknir úr sjóðnum. Eðlilegt er að Minjastofnun Íslands taki fullt tillit til umsagna nefndarinnar við úthlutanir styrkja, þó ekki standi í lögum að umsagnir hennar séu bindandi fyrir stofnunina. Húsafriðunarnefnd getur einnig sinnt öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin samkvæmt öðrum lögum.

Í 3. mgr. segir að forstöðumenn Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands sitji fundi nefndarinnar stöðu sinnar vegna og er það gert til að tryggja eðlilegt samráð allra þessara aðila við framkvæmd mannvirkjaverndunar.

Að lokum er í 4. mgr. lagt til að kostnaður við starfsemi húsafriðunarnefndar greiðist úr húsafriðunarsjóði. Þar er einkum átt við kostnað vegna fundarsetu, ferða og þess háttar.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að landinu sé skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Minjastofnunar Íslands.

Í 2. mgr. er kveðið á um að stofna skuli minjaráð á hverju minjasvæði og hvernig það geti verið skipað. Í minjaráði geta, auk minjavarðar, setið fulltrúar samtaka sveitarfélaga og skipulagsyfirvalda á minjasvæðinu, auk forstöðumanna viðurkenndra safna. Kveðið er á um að heimilt sé að bjóða fulltrúum annarra hagsmunaaðila á svæðinu sæti í minjaráði. Dæmi um slíka hagsmunaaðila geta verið þjóðkirkjan, skógræktarfélög, fyrirtæki í ferðaþjónustu, bændasamtök o.fl.

Gert er ráð fyrir að minjaráð verði samráðsvettvangur á hverju minjasvæði og hafi það hlutverk að fjalla um menningarminjar, varðveislu þeirra og nýtingu í þágu samfélagsins í samráði við Minjastofnun Íslands og höfuðsöfn. Mikilvægt er að líta á menningarminjar sem auðlind fyrir samfélagið, sem beri að varðveita eins vel og unnt er fyrir komandi kynslóðir, en sem einnig geta gegnt þýðingarmiklu hlutverki í þróun og uppbyggingu atvinnu á viðkomandi minjasvæði. Verndun og varðveisla menningarminja, svo sem fornleifa eða gamalla mannvirkja, er snar þáttur í gerð skipulagsáætlana. Því er eðlilegt að tryggja aðkomu fulltrúa sveitarfélaga og skipulagsyfirvalda að minjaráði.

Gert er ráð fyrir að störfum og starfsháttum minjaráða verði nánar lýst í reglugerð.

Um 11. gr.

Lagt er til að Minjastofnun Íslands verði sérstök stjórnsýslustofnun er heyri undir ráðherra og annist alla stjórnsýslu minjaverndar. Markmiðið er að samræma stjórnsýslu málaflokksins og koma í veg fyrir að ábyrgð á minjaflokkum skarist eða að einhverjir minjaflokkar falli utan skýrs ábyrgðarsviðs stofnunar eins og reyndin hefur verið eftir gildistöku laga á þessu sviði árið 2001. Sú starfsemi sem lagt er til að falli undir Minjastofnun Íslands heyrir nú

undir Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd eða hefur heyrt beint undir mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Með tilkomu Minjastofnunar Íslands verður til öflug stofnun sem er vel í stakk búin til að veita þá þjónustu og umsýslu sem m.a. sjóðirnir þurfa og er nú að nokkru leyti unnin af starfsfólki mennta- og menningarmálaráðuneytis. Fyrirmynd að stofnuninni er að hluta til sótt til Norðurlanda, t.d. til Kulturarvstyrelsen í Danmörku.

Gert er ráð fyrir að Minjastofnun Íslands vinni í nánu samstarfi við höfuðsöfn og viðeigandi fagnefndir, þ.e. fornminjanefnd og húsafriðunarnefnd, sbr. 8. og 9. gr.

Í greininni eru talin upp helstu verkefni stofnunarinnar samkvæmt þessu frumvarpi og frumvarpi til laga um skil menningarverðmæta til annarra landa, sem lagt verður fram á þessu þingi. Tekið er fram að Minjastofnun Íslands annist framkvæmd minjavörslunnar í samræmi við ákvæði laganna, hafi eftirlit með öllum fornleifum og friðuðum mannvirkjum, vinni að stefnumörkun um verndun fornleifa og byggingararfsins ásamt fagnefndum, setji reglur um og hafi yfirumsjón með skráningu friðaðra og friðlýstra fornleifa, húsa og mannvirkja og haldi heildarskrár um allar þekktar fornleifar, friðlýsta legsteina og minningarmörk ásamt friðuðum og friðlýstum mannvirkjum. Enn fremur er stofnuninni ætlað að gera tillögur til ráðherra um friðlýsingu og afnám friðlýsingar á menningarminjum og ákveða skyndifriðun menningarminja ef þörf krefur. Þá skal stofnunin setja reglur um og hafa eftirlit með öllum fornleifarannsóknum í landinu sem hafa jarðrask í för með sér, annast leyfisveitingar vegna slíkra rannsókna og framkvæma minni háttar fornleifarannsóknir (einkum á grundvelli 23. og 24. gr.). Einnig er mælt fyrir um að Minjastofnun Íslands hafi eftirlit með og annist leyfisveitingar vegna flutnings menningarminja til annarra landa.

Stofnuninni er jafnframt falið að sjá um úthlutanir styrkja úr þeim tveimur sjóðum sem starfræktir eru á verksviði hennar, þ.e. fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði, og annast umsýslu þeirra. Nauðsynlegt er talið að samræma starfsemi þessara sjóða. Samkvæmt þjóðminjalögum og húsafriðunarlögum sem sett voru árið 2001 gætir ósamræmis í tekjustofnum sjóðanna, stjórnun þeirra og úthlutun úr þeim. Þannig er húsafriðunarsjóður undir umsjón stefnumótandi nefndar (húsafriðunarnefndar) en fornleifasjóður (sem samkvæmt þessum nýju lögum mun heita fornminjasjóður) lýtur nú sérstakri stjórn sem ekki er í neinum tengslum við stefnumótun í málaflokknum, en telja verður eðlilegt að svo sé á öllum sviðum minjavörslunnar. Í 8. gr. frumvarps þessa er lagt til að sett verði á fót fornminjanefnd, sem mun gegna svipuðu hlutverki á sínu fagsviði og húsafriðunarnefnd og safnaráð gera samkvæmt gildandi lögum. Þá er gerð tillaga um að stofnunin geti að höfðu samráði við viðeigandi nefnd ákveðið aðra ráðstöfun fjár úr umræddum sjóðum, t.d. að styrkja faglegar ráðstefnur, málþing eða önnur þau verkefni sem talin eru styrkja viðkomandi svið eða vera því til framdráttar með öðrum hætti.

Stofnuninni er einnig ætlað að annast framkvæmd laga um skil á menningarverðmætum til annarra landa. Þá er stofnuninni ætlað að setja á fót minjaráð á hverju minjasvæði, sbr. 10. gr., og bera ábyrgð á starfsemi þeirra. Loks er gert ráð fyrir að ráðherra geti falið stofnuninni önnur verkefni samkvæmt sérstakri ákvörðun.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að forstöðumaður hafi háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði stofnunarinnar. Um sambærileg starfsgengisskilyrði forstöðumanns er að ræða og gilda m.a. um þjóðminjavörð og forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands.

Forstöðumaður er stjórnandi stofnunarinnar og mótar stefnu hennar. Hann er ábyrgur

gagnvart ráðherra fyrir fjárhagslegum rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Er þetta í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og laga um fjárreiður ríkisins.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um að minjaverðir séu starfsmenn Minjastofnunar Íslands og sinni þeim málaflokkum sem undir stofnunina heyra samkvæmt nánari fyrirmælum forstöðumanns. Lagt er til að minjaverðir hafi menntun á einhverju þeirra fagsviða sem falla undir stofnunina. Tekið er fram að forstöðumaður Minjastofnunar Íslands gefi minjavörðum nánari fyrirmæli um störf þeirra. Við það er miðað að starfsvettvangur minjavarða séu minjasvæði eins og þau verða nánar afmörkuð í reglugerð, sbr. 10. gr.

Með lagagreininni er starfssvið minjavarða víkkað til muna frá því sem segir í þjóðminjalögum, nr. 107/2001, og getur nú náð yfir öll svið minjavörslu, þ.e. umsjón og eftirlit með fornleifum og fornleifarannsóknum sem hafa jarðrask í för með sér, ásamt því að hafa eftirlit með friðuðum og friðlýstum mannvirkjum. Hlutverk minjavarða sem starfsmanna Minjastofnunar Íslands verður því umfangsmeira en hlutverk minjavarða í gildandi þjóðminjalögum. Loks er gert ráð fyrir því að fela megi minjavörðum eftirlit með minjum sem heyra undir Þjóðminjasafn Íslands, samkvæmt nánara samkomulagi milli safnsins og Minjastofnunar Íslands.

Breyting sú sem hér er lögð til er m.a. til komin vegna athugasemda sem komið hafa fram við framkvæmd gildandi laga um hlutverk minjavarða. Á það hefur verið bent að hlutverk þeirra sé óljóst og að starfssvið minjavarða hafi þrengst til muna frá því sem áður var. Minjavörðum er sem starfsmönnum Minjastofnunar Íslands ætlað að starfa fyrir öll svið minjaverndar, þ.e. verndun fornleifa og mannvirkja, auk þess sem heimilt er að fela þeim að sinna verkefnum fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Vegna þessara breytinga á starfssviði minjavarða er gert ráð fyrir að verkefni þeirra á hverju minjasvæði geti verið mismunandi og þurfi ekki að vera bundin við einn starfsmann heldur geti sérfræðingar á ýmsum sviðum starfað með þeim eftir því sem fjárveitingar leyfa.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um að Minjastofnun Íslands sé heimilt að taka gjald fyrir leyfisveitingar og einnig til að standa undir kostnaði við ýmsa ólögbundna þjónustu, svo sem vegna ráðgjafar, sérfræðiþjónustu, afritunar gagna, námskeiðahalds og fleira. Stofnunin skal setja gjaldskrá vegna þessarar þjónustu og birta hana.

Um 3. þátt.

Í þriðja þætti er fjallað um verndun og varðveislu menningarminja. Greint er frá framkvæmd skráningar fornleifa, húsa og annarra mannvirkja, gerð grein fyrir friðlýsingu menningarminja og verndun og varðveislu fornminja og mannvirkja. Síðan er fjallað sérstaklega um rannsóknir og minningarmörk. Þá er í einum kafla fjallað um menningarminjasjóði og loks um flutning menningarminja til annarra landa.

Um 15. gr.

Í 1. og 2. mgr. kemur fram að Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja og ber henni skylda til að halda heildarskrár yfir allar þekktar fornleifar og friðuð mannvirki á Íslandi. Stofnunin skal birta slíkar

skrár, og til að tryggja aðgengi almennings að þessum menningararfi er kveðið á um að skrárnar skuli vera aðgengilegar á miðlægum gagnagrunni.

Í 3. mgr. er lagt til að stofnuninni sé heimilt að fela aðilum er búa yfir sérþekkingu og reynslu á sviði minjaskráningar afmörkuð könnunar- og skráningarstörf fyrir stofnunina. Dæmi um slíkar stofnanir geta verið fræða- og rannsóknarstofnanir, sem og viðurkennd minjasöfn.

Samkvæmt 4. mgr. skulu öll gögn um skráningu fornleifa og mannvirkja afhent Minjastofnun Íslands, annaðhvort í frumriti eða afriti. Þetta er nauðsynlegt ákvæði þar sem allar áætlanir, ákvarðanir og úrskurðir stofnunarinnar um meðferð og varðveislu minja byggjast á þessum gögnum og því er stofnuninni ekki nægilegt að hafa einungis niðurstöður skráningarinnar undir höndum. Rétt þykir að kveða á um að skráningarskýrslur skuli afhentar stofnuninni á rafrænu formi og að eintak af skránni skuli afhent hlutaðeigandi skipulagsyfirvöldum með sama hætti. Með þessu er áréttað mikilvægi þess að hægt sé að taka tillit til menningarminja við allar skipulagsáætlanir og nauðsyn þess að skipulagsyfirvöld búi ávallt yfir nýjustu upplýsingum um minjar á svæðinu.

Í 5. mgr. er áréttað að fornleifa- og mannvirkjaskráningu á tilteknu svæði teljist ekki lokið fyrr en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands. Þetta er nauðsynlegt vegna ábyrgðar stofnunarinnar á skráningu minja og gæðum hennar, þar sem oft geta verið miklir hagsmunir í húfi að slíkar skrár séu réttar og nákvæmar. Stofnuninni er enn fremur gert skylt að veita skipulagsyfirvöldum, byggingarfulltrúum og náttúruverndaryfirvöldum, þ.e. Umhverfisstofnun, fullan aðgang að skráningargögnum í vörslu sinni.

Að endingu er kveðið á um að Minjastofnun Íslands setji reglur um tilhögun skráningar fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja og um skil á gögnum þar að lútandi. Í slíkum reglum er m.a. hægt að kveða á um staðla um skráningu menningarminja. Þetta er gert til að tryggja samræmi í skipulagningu og framkvæmd skráningar.

Um 16. gr.

Í 1. og 2. mgr. er lagt til að við gerð aðalskipulags skuli liggja fyrir upplýsingar sem gefa greinargóða mynd af menningarminjum innan sveitarfélagsins. Tilgangurinn með þessu er að fyrir liggi sem bestar upplýsingar áður en ákvarðanir eru teknar um nánari nýtingu lands eða landsvæðis. Nauðsynlegt er að gera ríkari kröfur þegar um undirbúning að svæðis- og deiliskipulagi er að ræða. Er því lagt til að skráning friðaðra og friðlýstra fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram á vettvangi áður en gengið er frá svæðisskipulagi eða deiliskipulagi og að sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð skuli standa straum af kostnaði við skráninguna, sbr. skipulagslög nr. 123/2010. Ekki er talin ástæða til að taka fram að það sama skuli gert við endurskoðun deiliskipulags enda ætti þá að liggja fyrir fullnægjandi skráning mannvirkja. Þess í stað er í 3. mgr. lagt til að tilkynna skuli Minjastofnun Íslands um vinnu við gerð skipulagsáætlana og breytingar á þeim. Lögð er áhersla á samráð skipulagsyfirvalda við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa- og mannvirkjaskrám. Í greininni er tekinn af allur vafi um að við gerð deiliskipulags teljist ekki fullnægjandi að skrá fornleifar samkvæmt rituðum eða munnlegum heimildum eingöngu, heldur sé nauðsynlegt að ítarleg skráning fari fram á vettvangi. Með þessu er m.a. leitast við að tryggja öryggi og verndun áður óþekktra minja. Í málsgreininni er einnig lagt bann við að hefja framkvæmdir á skipulagsskyldum svæðum án undanfarandi skráningar menningarminja. Minjastofnun Íslands getur veitt undanþágu frá þessu þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar framkvæmdir taka til afmarkaðs hluta skipulagssvæðis.

Ákvæði 3. mgr. um að tilkynna skuli Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum er nýtt en byggist á hliðstæðum ákvæðum 11. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og 33. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Hér er þó ekki gert að skilyrði að aflað sé umsagnar stofnunarinnar en í þess stað skuli henni tilkynnt um gerð skipulagsáætlana og breytingar á þeim. Með þessu ætti að vera tryggt að stofnuninni sé ávallt tilkynnt um fyrirhugaðar ráðstafanir sem geta haft þýðingu fyrir varðveislu menningarminja. Telji stofnunin að slíkum minjum sé stefnt í hættu ber henni að bregðast við með viðeigandi hætti, svo sem með ráðgjöf eða eftir atvikum að leggja til friðun þeirra.

Í 4. mgr. er tekið fram að heimila skuli nauðsynlega för um landareign vegna fornleifa- og mannvirkjaskráningar og er hliðstætt ákvæði að finna í 8. gr. laga nr. 103/2006, um landmælingar og grunnkortagerð.

Um 17. gr.

Í greininni er kveðið á um upplýsingaskyldu Minjastofnunar Íslands. Til að tryggja rétt höfunda, þegar um er að ræða frumgögn sem eiga uppruna sinn utan stofnunarinnar, er tekið fram að geta skuli uppruna þeirra.

2. mgr. heimilar Minjastofnun Íslands að veita afnot af öllum upplýsingum á sviði fornleifa- og mannvirkjaskráningar sem eru í vörslu stofnunarinnar að því tilskildu að uppruna sé getið og áreiðanleika upplýsinga sé ekki stefnt í tvísýnu. Hliðstætt ákvæði er í 6. gr. laga nr. 103/2006, um landmælingar og grunnkortagerð.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild til friðlýsingar fornleifa, húsa og mannvirkja eða hluta þeirra til þess að tryggja sem best varðveislu þeirra.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að friðlýsing geti náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar og að friðlýsa megi samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi eða samstæður húsa sem hafa sama gildi. Með minjastað er átt við það svæði sem friðlýst er í hverju tilviki.

Nýmæli er að í 2. mgr. er Minjastofnun Íslands gert skylt að hafa samráð við viðkomandi skipulagsyfirvöld þegar fjallað er um friðlýsingu minjastaða.

Í 3. mgr. segir að ráðherra ákveði friðlýsingu eða afnám friðlýsingar menningarminja. Það er nýmæli að ráðherra er falið að taka ákvörðun um friðlýsingu allra menningarminja en ekki eingöngu húsa og mannvirkja eins og nú er. Er það til samræmis við friðlýsingarákvæði í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, þar sem segir að umhverfisráðherra friðlýsi náttúruminjar.

Í 4. mgr. segir að menningarminjar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skuli njóta friðlýsingar áfram.

Um 19. gr.

Greinin lýsir þeirri málsmeðferð sem skal fylgt eftir að ákvörðun um friðlýsingu hefur verið tekin. Í 1. mgr. er kveðið á um tilkynningarskyldu Minjastofnunar Íslands um ákvörðun um friðlýsingu og hverjum skuli tilkynnt um hana. Með landeiganda og húseiganda er átt við þinglýsta eigendur. Einnig er stofnuninni falið að sjá um þinglýsingu friðlýsingar, en ráðuneytið annast auglýsingu hennar í Stjórnartíðindum. Sama verkferli skal viðhaft við afnám friðlýsingar.

Til að tryggja öryggi friðlýstra minja er kveðið á um að staðsetning þeirra sé tilgreind á rafrænum kortagrunni og minjarnar færðar á skipulagskort. Einnig er kveðið á um tilkynningarskyldu þinglýsingarstjóra til Minjastofnunar Íslands um eigendaskipti á friðlýstum húsum, mannvirkjum eða á landareignum sem á eru friðlýstar fornleifar.

Í greininni er enn fremur kveðið á um að heimilt sé að fella niður fasteignagjöld af friðlýstum fasteignum og landareignum sem á eru friðlýstar fornleifar. Telja verður sanngjarnt að sveitarfélag hafi heimild til að lækka eða fella niður fasteignagjöld af friðlýstum menningarminjum þar sem friðlýsing getur falið í sér takmörkun á afnotum eigenda á umræddri eign.

Um 20. gr.

Í þessari grein er kveðið nánar á um tilhögun skyndifriðunar menningarminja. Greinin er að mestu samhljóða 8. gr. laga nr. 104/2001, um húsafriðun, en nær nú til allra staðbundinna menningarminja. Þetta ákvæði heimilar t.d. friðun yngri minja, sem hafa sérstakt menningarsögulegt gildi og veitir þeim þannig ákveðna vernd á meðan tekin er endanleg ákvörðun um hvernig varðveislu þeirra skuli háttað, t.d. með friðlýsingu.

Þá er hér lagt til að skyndifriðun gildi í allt að sex vikur sé talin brýn nauðsyn til en í gildandi lögum um húsafriðun eru þessi tímamörk aðeins tvær vikur, en í þeim tilvikum þar sem til skyndifriðunar hefur komið hefur þessi tími reynst í það stysta.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um að enginn megi spilla eða raska fornleifum nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Þetta á jafnt við um friðlýstar sem friðaðar fornleifar.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldur eigenda og ábúenda jarða sem fornleifar eru á til að varðveita þær og viðhalda umhverfi þeirra. Enn fremur er kveðið á um skyldur Minjastofnunar Íslands til að veita ráðgjöf í því sambandi. Er þetta nýmæli frá gildandi lögum.

Í 3. mgr. segir að Minjastofnun Íslands geri það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skuli landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður. Þá er kveðið á um að Minjastofnun Íslands geti látið rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt ef nauðsyn krefur. Gert er ráð fyrir að stofnunin feli að öllu jöfnu öðrum aðilum framkvæmd rannsókna í sínu umboði. Þó getur í vissum tilfellum verið nauðsynlegt að stofnunin hafi heimild til að framkvæma sjálf viðaminni skyndirannsóknir sem ekki mega bíða.

Í 4. mgr. er ákvæðið um að semja skuli verk- og fjárhagsáætlun um viðhald friðlýstra fornleifa nýmæli, en talið er nauðsynlegt að slíkar framkvæmdir séu vel skipulagðar og studdar rökum.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. segir að 100 metra friðhelgað svæði skuli vera umhverfis friðlýstar fornleifar nema kveðið sé á um annað. Er þetta umtalsverð stækkun á verndarsvæði friðlýstra minja frá því sem er í gildandi þjóðminjalögum (20 m), en er gert til samræmis við ákvæði um menningarminjar í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Í málsgreininni er einnig tilgreint hvað felst í slíkri friðhelgun. Umhverfis fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar í krafti aldurs, skal að öllu jöfnu vera 15 metra friðhelgað svæði og er það nýmæli í frumvarpinu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Minjastofnun Íslands skuli sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu auðkennd með sérstökum merkjum samkvæmt reglum sem stofnunin setur. Dæmi er um að merkingar hafi verið staðsettar þannig að þær geti valdið skemmdum

á viðkomandi minjum. Því er nauðsynlegt að stofnunin hafi heimild til að fjarlægja skilti eða aðrar merkingar sé gerð þeirra og staðsetning ekki í samræmi við reglur þar að lútandi.

Um 23. gr.

Greinin byggist á 12. og 14. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001. Í 1. mgr. er hnykkt á eldri ákvæðum laga um tilkynningarskyldu um hættu sem steðjar að fornleifum en tekið fram að það skuli gerast tafarlaust.

Í 2. mgr. er fjallað um tilkynningarskyldu framkvæmdaraðila og sveitarfélaga vegna framkvæmda er gætu stefnt minjastöðum í hættu. Til jarðrasks í skilningi laga þessara telst einnig rask á botni sjávar eða vatna sem haggað gæti við skipsflökum eða öðrum föstum eða lausum minjum. Tilkynning um framkvæmdir með lýsingu á hugsanlegum breytingum skal berast Minjastofnun Íslands með minnst fjögurra vikna fyrirvara og er það í samræmi við eldri lagaákvæði nema nú er tilgreindur ákveðinn tilkynningarfrestur fyrir áætlað upphaf framkvæmda. Þetta er gert til að veita stofnunninni ráðrúm til að bregðast við tilkynningunni í tíma. Enn fremur er tilgreint hvernig Minjastofnun Íslands skuli bregðast við slíkum tilkynningum. Í málsgreininni er það nýmæli að óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda, sem stefna minjastöðum í hættu, nema ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggi fyrir.

Þá er nýtt að í 4. mgr. er lagt til að haft skuli samráð við Umhverfisstofnun þegar einnig er um náttúruminjar að ræða, en í auknum mæli er litið á menningar- og náttúruminjar sem eina heild, sbr. samning UNESCO um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins frá árinu 1972 og samning Evrópuráðsins um verndun menningarlandslags frá árinu 2000.

Um 24. gr.

Greininni svipar efnislega til 13. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001, en kveður ítarlegar á um nokkur grundvallaratriði. Í 1. mgr. er fjallað um tilkynningarskyldu við fund fornminja, þ.e. fornleifa og forngripa, en ekki einungis fornleifa eins og í eldri lögum. Enn fremur er kveðið á um stöðvun verks án tafar, finnist fornminjar við framkvæmdir. Þá kemur skýrt fram að óheimilt er að halda framkvæmdum áfram við þessar aðstæður og lögð er áhersla á skyldu Minjastofnunar Íslands til skjótra viðbragða svo ekki verði óþarfa töf á framkvæmdum.

Í 2. mgr. er að finna nýtt ákvæði um heimild Minjastofnunar Íslands til að stöðva framkvæmdir tímabundið hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar séu í hættu og um viðurlög (sbr. 55. gr.) sé ákvörðun stofnunarinnar ekki virt. Mikilvægt er að stofnunin hafi hér heimild til þess að geta brugðist við með þessum hætti og leitað fulltingis lögreglu ef svo ber undir. Lögð er áhersla á að notkun á umræddri heimild byggi á rökstuddum grun eða sterkum vísbendingum um að fornminjar séu í hættu.

Um 25. gr.

Í greininni er lagt til að Minjastofnun Íslands verði heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessara laga. Nauðsynlegt er að hafa slíka heimild svo að aflétta megi friðun fornleifa sem að mati sérfróðra aðila teljast ekki svo merkar að nauðsynlegt sé að friða þær.

Um 26. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að þegar forngripur finnist skuli Minjastofnun Íslands tilkynnt um það án tafar. Lögð er áhersla á að óheimilt sé að hagga við fundinum eða fjarlægja lausa

hluti úr honum nema í undantekningartilfellum, t.d. til að koma í veg fyrir að munir spillist eða fari forgörðum. Stofnunin tekur ákvörðun um frekari aðgerðir á fundarstað.

Í 2. mgr. segir að allir gripir sem greinin fjallar um séu eign ríkisins. Einnig er kveðið á um hvernig afhendingu og varðveislu þeirra skuli háttað. Þjóðminjavörður ákveður endanlegan varðveislustað gripanna.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um greiðslur til finnanda forngripa og er efnislega samhljóða 19. gr. gildandi þjóðminjalaga að öðru leyti en því að í stað þess að tala um gull og silfur þykir rétt að tala um eðalmálma og eðalsteina. Hér er þó skýrt kveðið á um að ákvæðið nái ekki til gripa sem finnast við fornleifarannsóknir. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. er kveðið skýrt á um að kostnaður við vettvangskönnun vegna óþekktra minja sem finnast við framkvæmdir greiðist af Minjastofnun Íslands.

Í 2. mgr. er sagt að framkvæmdaraðili greiði kostnað af þeim rannsóknum sem nauðsynlegar reynast að mati stofnunarinnar að vettvangskönnun lokinni. Tekið er fram að við allar umfangsmiklar framkvæmdir beri framkvæmdaraðili allan kostnað af nauðsynlegum rannsóknum sem Minjastofnun Íslands telur nauðsynlegar. Með umfangsmiklum framkvæmdum er m.a. átt við vegagerð, hafna- og dýpkunarframkvæmdir, framræslu, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir, lagningu ljósleiðara og skógrækt. Af framsetningu ákvæðisins leiðir að þeir sem standa fyrir framkvæmdum sem ekki teljast umfangsmiklar gætu átt kost á styrk úr fornminjasjóði samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.

Loks er Minjastofnun Íslands veitt heimild til að leiðbeina framkvæmdaraðilum um fagleg atriði, t.d. við áætlanagerð og undirbúning útboða vegna rannsókna, sé þess óskað.

Um 29. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri verði friðuð með lögum ásamt öllum kirkjum sem eru 70 ára eða eldri. Með kirkjum er átt við öll sérstæð mannvirki sem reist voru til trúariðkana óháð því hvort notkun þeirra hafi breyst síðan þau voru reist. Þetta er nýmæli og er ætlað að stuðla að verndun minja um mikilvægt tímabil í byggingarsögu íslenskra kirkna.

Í gildandi lögum er friðun miðuð við hús byggð fyrir 1850 og kirkjur byggðar fyrir 1918. Augljóst er að með þessari viðmiðun næst ekki að láta húsafriðun fylgja tímanum heldur er hún óhögguð í ártölum sem ákveðin voru á sínum tíma, og eru jafnvel tilviljunarkennd. Með því að miða við ákveðinn aldur húsa er tryggt að um leið og hús nær tilteknum aldri nýtur það friðunar og gilda þá ákvæði laganna um allar fyrirhugaðar breytingar, flutning eða niðurrif. Þar með skapast einnig samfella í húsafriðun. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hver fjöldi húsa er á landinu öllu sem þessi viðmiðun ætti við, en talið er að á höfuðborgarsvæðinu séu aðeins um 1,2% húsa frá því fyrir 1908, eða um 500–600 hús. Utan Reykjavíkur eru heillegar húsaþyrpingar frá upphafi 20. aldar eða eldri, einkum í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Þessi sveitarfélög hafa borið gæfu til að varðveita og viðhalda þessum menningararfi. Þá skal áréttað að hér er einungis átt við sjálfkrafa friðun vegna aldurs, en ekki þá sérstöku kvöð sem friðlýsing leiðir til og er þinglýst, enda er fjallað um það í öðrum greinum frumvarpsins. Gildandi lög gera ekki skýran greinarmun á þessu tvennu.

Í 2. mgr. er skilgreint hvað felst í friðun mannvirkja og er það nýmæli.

Í 3. mgr. er heimild til afnáms aldursfriðunar mannvirkja færð til Minjastofnunar Íslands, en í gildandi lögum er hún í höndum ráðherra. Ástæða er til að breyta þessu, þar sem sjálfkrafa aldursfriðun er ekki hjá ráðherra heldur bundin í lögum og krefst ekki þinglýsingar. Með þessu er enn frekar lögð áhersla á að aldursfriðun annars vegar og friðlýsing hins vegar sé tvennt ólíkt.

Um 30. gr.

Ákvæði 1. mgr. um að eigendur húsa og mannvirkja sem reist voru 1925 eða fyrr skuli leita álits Minjastofnunar Íslands áður en ráðist er í verulegar breytingar á þeim, flutning eða niðurrif byggist á 2. mgr. 6. gr. gildandi laga um húsafriðun. Rétt þykir að miða við þetta ártal þar sem svonefndu timburhúsatímabili lýkur um það leyti í íslenskri byggingarsögu, þó svo því hafi lokið áratug fyrr í Reykjavík. Lagt er til að leitað skuli álits stofnunarinnar með a.m.k. sex vikna fyrirvara. Tekið er fram að stofnuninni sé heimilt að setja skilyrði fyrir framkvæmdum telji hún það nauðsynlegt vegna verndunarsjónarmiða eða eftir atvikum leggja til friðlýsingu mannvirkis.

2. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 6. gr. gildandi húsafriðunarlaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 31. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 9. gr. gildandi húsafriðunarlaga og fjallar um tilhögun endurbóta og viðhalds friðlýstra húsa eða mannvirkja. Leyfi Minjastofnunar Íslands þarf til allra breytinga sem varða friðlýsingu hússins eða mannvirkisins, en við friðlýsingu er gerð skýr grein fyrir til hvaða hluta hússins eða mannvirkisins friðlýsing nær.

Hér er lagt til að leita skuli samþykkis Minjastofnunar Íslands með ákveðnum fyrirvara sem ekki er í gildandi lögum. Eðlilegt er að gera ráð fyrir því að áður en til viðhalds eða endurbóta sé stofnað sé leitað álits stofnunarinnar á framkvæmdunum. Komi í ljós að framkvæmdirnar séu umfangsmiklar, sbr. 1. mgr., verða þær ekki heimilaðar nema að fengnu leyfi stofnunarinnar.

Í greininni er einnig kveðið á um að húseiganda sé skylt að hlíta þeim skilyrðum fyrir umræddum framkvæmdum sem stofnunin setur, en hann á rétt á greiðslu úr húsafriðunarsjóði vegna aukakostnaðar sem af skilyrðum stofnunarinnar hlýst.

Þá kemur fram í 4. mgr. að leyfi Minjastofnunar Íslands þurfi til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús eða mannvirki.

Um 32. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 12. gr. gildandi húsafriðunarlaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 33. gr.

1. og 2. mgr. eru efnislega samhljóða 10. gr. gildandi húsafriðunarlaga og kveða á um viðbrögð ef breytingar hafa verið gerðar á friðlýstu mannvirki án heimildar. Skerpt er á viðurlögum vegna brota á ákvæðum greinarinnar og má beita dagsektum við brotum gegn þeim, sbr. 55. gr.

Um 34. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 13. gr. gildandi húsafriðunarlaga. Rétt þykir að benda á að auk leyfis Minja- og safnastofnunar þarf framkvæmdaraðili leyfi byggingaryfirvalda til niðurrifs eða flutnings samkvæmt ákvæðum mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Endurskoða má friðlýsingu húss eða mannvirkis með tilliti til flutnings ef við á, t.d. hvort friðlýsing eigi að halda sér á nýjum stað.

Um 35. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 14. og 15. gr. gildandi húsafriðunarlaga og þarfnast ekki frekari skýringa. Henni hefur verið breytt til samræmis við lög nr. 160/2010, um mannvirki.

Um 36. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að tilkynna skuli allar fyrirhugaðar fornleifarannsóknir í landinu til Minjastofnunar Íslands. Þetta á við hvort sem leyfi þarf til rannsóknanna eða ekki. Þetta er nýmæli og talið nauðsynlegt svo að stofnunin hafi yfirsýn yfir allar fornleifarannsóknir sem unnið er að hverju sinni og geti sinnt nauðsynlegu eftirlitshlutverki sínu.

Í 2. mgr. kemur fram að leyfi þurfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér og að Minjastofnun Íslands veiti slík leyfi. Það er nýmæli að einungis þarf formlegt leyfi til að stunda fornleifarannsóknir sem hafa jarðrask í för með sér.

Ákvæði 2. mgr. fela einnig í sér nýmæli, þ.e. að stjórnandi fornleifarannsóknar sem hefur jarðrask í för með sér skuli uppfylla skilyrði sem Minjastofnun Íslands setur fyrir veitingu rannsóknarleyfa.

Ákvæði 3. mgr. um flutning sýna úr landi er nýmæli en þar kveður á um að óheimilt sé að flytja úr landi lífræn eða ólífræn sýni úr fornleifarannsóknum nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Í flestum tilfellum er um að ræða flutning sýna til rannsókna þar sem sýnin eyðast og verða ekki flutt aftur til landsins. Æskilegt þykir að slíkar rannsóknir fari fram á Íslandi nema í undantekningartilfellum, sé nauðsynleg tækni eða tækjabúnaður ekki til í landinu. Ekki er rétt að líta á sýni úr fornleifarannsóknum sem menningarminjar sem falla undir ákvæði um útflutningstakmarkanir skv. XI. kafla þessa frumvarps, enda er þar átt við verðmæti sem hafa markaðsgildi. Hins vegar er talin ástæða til að eftirlit verði með því hvað flutt er úr landi af slíkum sýnum og því eðlilegt að sækja þurfi um leyfi til útflutningsins.

4. mgr. vísar til þess að fjallað er um flutning muna úr landi í XI. kafla laganna og þarfnast ekki frekari skýringa. Vert er að benda á að um leyfi til flutnings náttúrugripa til annarra landa gilda ákvæði 4. mgr. 15. gr. laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, og kann það ákvæði að koma til álita við veitingu leyfis til að flytja lífræn sýni úr fornleifarannsóknum úr landi.

Í 5. mgr. er kveðið á um að Minja- og safnastofnun setji reglur um fornleifarannsóknir og framkvæmd þeirra þar sem m.a. yrði kveðið á um skilyrði fyrir veitingu leyfa, um lok rannsókna, skil á gögnum, sýnum og gripum, frágang minjastaða að uppgrefti loknum og birtingu rannsóknarskýrslna. Einnig verður m.a. kveðið nánar á um menntunarskilyrði stjórnenda slíkra rannsókna í þessum reglum.

Um 37. gr.

Í 1. mgr. er settur ákveðinn frestur vegna umsóknar um rannsóknarleyfi skv. 36. gr. og afgreiðslu Minjastofnunar Íslands á henni. Þetta er gert til að stofnuninni sé tryggður nægur tími til að fjalla um umsókn og taka rökstudda ákvörðun um veitingu leyfis, svo og að afla viðbótargagna, ef með þarf. Enn fremur er lagt til að stofnunin skuli afgreiða umsókn innan ákveðins tíma. Er það nauðsynlegt með tilliti til skipulagningar rannsakenda. Gert er ráð fyrir því að umsækjandi um rannsóknarleyfi geti verið framkvæmdaraðili, verkkaupi eða stjórnandi rannsóknar. Með þessum tímamörkum er leitast við að stuðla að vandaðri áætlanagerð og málsmeðferð við undirbúning fornleifarannsókna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að rannsóknarleyfi skuli að öllu jöfnu gilda í eitt ár. Þó er heimilt að veita leyfi til allt að þriggja ára þegar um er að ræða umfangsmiklar rannsóknir. Talið er eðlilegt að við stærri rannsóknir, þar sem rannsóknaráætlun gerir ráð fyrir að verkefnið standi yfir í nokkur ár, sé hægt að veita leyfi til lengri tíma. Slíkt leyfi er þó veitt með kröfu um að skýrslu um framvindu sé skilað árlega og að gerð sé grein fyrir nauðsynlegum breytingum á upphaflegri rannsóknaráætlun.

Í 3. mgr. segir að þeim sem fá leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér beri að hlíta reglum sem Minjastofnun Íslands setur um þær. Slíkum reglum er m.a. ætlað að fjalla um menntun, reynslu og hlutverk stjórnenda, umfang rannsóknarsvæðis, rannsóknaraðferðir, tímamörk rannsókna, tilkynningar um fundi gripa og skyndilegar óvæntar aðstæður, um eftirlit stofnunarinnar og skil á frumgögnum, sem og rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra og um skil á gripum sem finnast við rannsóknina, auk frágangs minjastaðar að rannsókn lokinni.

Loks er Minjastofnun Íslands heimilt að veita takmarkað eða skilyrt leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér eða hafna umsókn alfarið, m.a. ef stofnunin telur að væntanlegur fræðilegur árangur réttlæti ekki röskun minjanna við rannsókn. Stofnunin skal þá í rökstuðningi sínum meðal annars meta hvort væntanlegur fræðilegur árangur af uppgreftri vegur þyngra en röskun minjanna. Þetta ákvæði er nýjung í frumvarpinu en í eldri lögum er hvorki gert ráð fyrir heimild til að skilyrða rannsóknarleyfi né hafna umsókn, en slíkt getur verið nauðsynlegt með tilliti til þeirra hagsmuna sem í húfi eru við verndun menningarminja, einkum friðlýstra.

Um 38. gr.

Þegar óþekktar og óskráðar fornminjar finnast við framkvæmdir eða á annan hátt er lagt til að Minjastofnun Íslands beri ábyrgð á rannsóknum á þeim. Samkvæmt ákvæðinu hefur stofnunin heimild til að framkvæma skyndirannsóknir eða fela öðrum framkvæmd þeirra.

Ekki er hægt að gera áætlanir fyrir fram um skyndirannsóknir og því er nauðsynlegt að gera ráð fyrir áföllnum kostnaði stofnunarinnar í fjáraukalögum, sbr. 33. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Til slíks kostnaðar teljast m.a. ferðir, uppihald, tækja- og efniskostnaður sem og verktakakostnaður en ekki föst laun starfsmanna Minjastofnunar Íslands.

Um 39. gr.

Í greininni er kveðið á um að rannsóknir á friðlýstum fornleifum, þ.e. þjóðminjum sbr. 2. gr., sem hafa röskun minjastaða í för með sér, skuli einungis leyfðar í undantekningartilvikum og skuli vera háðar ströngum skilmálum. Slíkar rannsóknir kunna að hafa í för með sér eyðileggingu minja sem eru frumheimildir og er slík framkvæmd andstæð tilgangi friðlýsingar. Við mat á því hvað skuli teljast til undantekningartilvika verður því að horfa til þess hvort

rannsóknirnar séu líklegar til þess að afla aukinnar þekkingar eða bæta skilning á menningararfi þjóðarinnar umfram það sem þegar er vitað.

Um 40. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að öllum gripum og sýnum sem finnast við fornleifarannsóknir skuli skilað til Þjóðminjasafns Íslands innan árs frá fundi þeirra ásamt skrá yfir þá í því formi sem safnið ákveður. Gert er ráð fyrir að rannsóknaraðilar og fræðimenn muni hafa greiðan aðgang að þessum gögnum áfram til að ljúka á þeim rannsóknum þó svo tryggt sé að þau komist strax í vörslu ríkisins.

Í greininni eru að öðru leyti ákvæði um hvenær fornleifarannsókn sem hefur jarðrask í för með sér teljist lokið og er það nýmæli. Samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins telst slíkri rannsókn ekki lokið fyrr en gengið hefur verið frá minjastað, unnið hefur verið úr gögnum og þau ásamt gripum afhent réttum aðilum. Enn fremur er útgáfa rannsóknarskýrslna og birting niðurstaðna með sannanlegum hætti talinn hluti af rannsókninni. Birting í skilningi laga þessara telst m.a. birting skýrslunnar á rafrænu formi sem er aðgengilegt almenningi.

Nauðsynlegt er að það komi skýrt fram í lögum hvenær fornleifarannsókn er lokið, því borið hefur á því að verkkaupar telji slíkum rannsóknum lokið þegar sjálfum uppgreftrinum er lokið en öll úrvinnsla gagna óunnin. Uppgröftur án úrvinnslu gagna getur því í raun falið í sér eyðileggingu minja en ekki rannsókn.

Í greininni er einnig kveðið á um að öllum gripum, sýnum og rannsóknargögnum, m.a. kortum og greinargerðum, skuli skilað til Þjóðminjasafns Íslands til varðveislu. Talið er rétt að halda öllum rannsóknargögnum saman á einum stað en ekki skilja að gripi og sýni annars vegar og skýrslur eða greinargerðir hins vegar. Með þessu ákvæði styrkist staða Þjóðminjasafns Íslands sem miðstöðvar rannsókna á sviði menningarminja þar sem allar upplýsingar frá fornleifarannsóknum eru varðveittar. Afrit rannsóknargagna berist Minjastofnun Íslands þar sem stofnunin annast leyfisveitingar vegna fornleifarannsókna og eftirlit með framkvæmd þeirra og þarf á þeim að halda til að sinna stjórnsýsluhlutverki sínu.

Loks er kveðið á um að ef rannsóknaraðili hlítir ekki ákvæðum 3. mgr. um skil á gripum, sýnum og rannsóknargögnum innan tilskilinna tímamarka, geti slíkt haft áhrif á afgreiðslu frekari umsókna um ný rannsóknarleyfi til þess aðila. Þá má benda á að skv. 55. gr. getur Minjastofnun Íslands beitt dagsektum til að knýja á um að ákvæðum greinarinnar sé hlýtt.

Um 41. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er kveðið á um að umsjón og eftirlit með legsteinum og öðrum minningarmörkum í kirkjugörðum landsins og annars staðar sé í höndum Minjastofnunar Íslands.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig staðið skuli að friðlýsingu legsteina og annarra minningarmarka í kirkjugörðum sem ekki njóta friðunar samkvæmt ákvæðum þessara laga vegna aldurs. Gildir þetta jafnt um aflagða kirkjugarða sem þá sem enn eru í notkun.

Í 3. mgr. er greint frá hvernig haga skuli skráningu friðlýstra minningarmarka og miðlun upplýsinga úr skránum. Loks kemur fram að friðlýsingu legsteina og annarra minningarmarka skuli þinglýst sem kvöð á viðkomandi kirkjugarð.

Um 42. gr.

Í greininni er kveðið á um almennt hlutverk fornminjasjóðs og tekjustofna hans. Honum er ætlað að taka við hlutverki fornleifasjóðs sem starfar samkvæmt gildandi þjóðminjalögum.

Í 1. mgr. er kveðið á um hlutverk fornminjasjóðs sem er að veita styrki til rannsókna á fornminjum, þ.e. fornleifum og forngripum, þar á meðal til fornleifaskráningar vegna undirbúnings svæðis- eða deiliskipulags, sbr. 16. gr., svo og til varðveislu og viðhalds á fornleifum. Heimilt er að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja, t.d. minja sem ekki njóta friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skip og bátar og önnur atvinnu- og samgöngutæki.

Loks er staðfest heimild til að krefjast endurgreiðslu styrkja hafi verkefni ekki verið unnið í samræmi við verklýsingu eða verklok ekki verið með réttum hætti.

Um 43. gr.

Í greininni er kveðið á um almennt hlutverk húsafriðunarsjóðs og tekjustofna hans Í 1. mgr. er kveðið á um hlutverk húsafriðunarsjóðs sem er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og öðrum mannvirkjum. Heimilt er að veita styrki til viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Loks er sjóðnum einnig ætlað að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum, þ.m.t. skráningu mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Auk framlags úr ríkissjóði er gert ráð fyrir framlagi í sjóðinn úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem nemur 150 kr. á hvern íbúa í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Sams konar ákvæði er í 16. gr. gildandi laga um húsafriðun.

Fram kemur í greininni að styrkir úr sjóðnum til einstaklinga mynda ekki stofn til tekjuskatts.

Loks er með ákvæði síðustu málsgreinarinnar staðfest heimild til að krefjast endurgreiðslu styrkja hafi verkefni ekki verið unnið í samræmi við verklýsingu eða verklok ekki verið með réttum hætti, sbr. ákvæði í 42. gr.

Um 44. gr.

Greinin kveður á um að ekki megi flytja úr landi þjóðarverðmæti nema með leyfi ráðherra. Ástæða er til að veita þjóðarverðmætum sérstaka vernd umfram aðrar menningarminjar í krafti mikilvægis þeirra fyrir íslenska þjóðmenningu og því talið rétt að ráðherra taki ákvörðun um leyfi til útflutnings þeirra.

Um 45. gr.

Í þessari grein eru taldir þeir flokkar menningarminja sem ekki er heimilt að flytja úr landi nema með formlegu leyfi stjórnvalda. Upptalningin byggist að miklu leyti á 2. gr. laga nr. 105/2001 og tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/7/EBE (með áorðnum breytingum) um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Einnig er nú tekið tillit til hvort menningarminjarnar eru af íslenskum eða erlendum uppruna.

Kveðið verður á um lágmarksverðgildi þeirra menningarminja sem um ræðir í reglugerð og verður þar miðað við aðstæður á íslenskum markaði. Við þessa endurskoðun var tekið mið af hliðstæðum lögum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Um 46. gr.

Í þessari grein, sem byggist á 4. og 7. gr. laga nr. 105/2001, er Minjastofnun Íslands falið að fjalla um umsóknir um leyfi til flutnings menningarminja til annarra landa, m.a. í samráði við söfn og stofnanir er einkum varðveita þess konar muni sem mál snýst um hverju sinni.

Um leyfi til flutnings á náttúrugripum til annarra landa gilda ákvæði 4. mgr. 15. gr. laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Ákvæði 12. tölul. 1. mgr. 45. gr. frumvarpsins á við um söfn og safneintök sem hafa verið safngripir.

Minjastofnun Íslands er samkvæmt greininni einnig falið að koma í veg fyrir flutning þjóðarverðmæta eða menningarminja sem hafa að öðru leyti sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu til annarra landa og láta fara fram nauðsynlegar rannsóknir og fá umsögn sérfróðra manna um hvert mál fyrir sig. Lagt er til að endanlegt samþykki eða bann við útflutningi þjóðarverðmæta sé í höndum ráðherra.

Um 47. gr.

Þessi grein er nýmæli í íslenskum lögum. Hér er kveðið á um að í ákveðnum tilfellum skuli veita leyfi til flutnings menningarminja til annarra landa, jafnvel þótt þær kunni að hafa umtalsvert gildi fyrir íslenska þjóðmenningu. Slík tilvik eru m.a. búferlaflutningar eigenda minjanna til annarra landa og arfleiðsla eða búskipti í þágu einstaklings sem búsettur er erlendis. Ástæða er til að setja slík ákvæði í lög sem vernda eignarrétt einstaklinga enda ekki gert ráð fyrir að íslenska ríkið kaupi minjarnar til þess að þær verði ekki fluttar úr landi.

Einnig er kveðið á um að heimilt sé að flytja minjar í eigu opinberra stofnana og viðurkenndra safna tímabundið til annarra landa. Undir þetta falla m.a. listmunir í eigu ríkisins sem eru í sendiráðum Íslands erlendis og menningarminjar í eigu safna sem fluttar eru utan tímabundið vegna sýninga, forvörslu eða rannsókna. Greinin tekur enn fremur til muna eða gripa sem fluttir eru tímabundið til útlanda af einstaklingi í tengslum við opinbera menningarviðburði, en þá er m.a. átt við gömul og verðmæt hljóðfæri sem íslenskir listamenn nota við tónleika eða upptökur erlendis. Kveðið er á um að slíkir munir skuli alla jafna fluttir aftur til landsins innan eins árs frá útflutningi. Síðan eru taldir munir eða gripir sem aðeins hafa verið fluttir tímabundið til Íslands með löglegum hætti. Að endingu eru taldar menningarminjar sem hafa verið fluttar til Íslands með ólögmætum hætti frá öðru ríki og krafa um skil borist íslenskum stjórnvöldum með tilvísun í lög um skil menningarverðmæta til annarra landa, en frumvarp til slíkra laga er lagt fram samhliða þessu frumvarpi.

Í greininni er að lokum kveðið á um að erlendar menningarminjar sé heimilt að flytja frá Íslandi án sérstaks útflutningsleyfis, hafi þær verið fluttar til landsins með lögmætum hætti fyrir 50 árum eða síðar. Til slíkra minja teljast m.a. sýningargripir vegna tímabundinna sýninga, forngripir, keyptir á Íslandi eða erlendis og fluttir löglega til landsins frá öðru landi, hlutar af búslóð einstaklinga, sem hafa flutt til landsins á síðustu 50 árum, og menningarminjar sem með arfleiðslu, búskiptum eða gjöf hafa á síðustu 50 árum komist í eigu einstaklinga sem búsettir eru á landinu og verið fluttir frá öðru landi með lögmætum hætti.

Um 48. gr.

Greinin kveður á um að Minjastofnun Íslands annist framkvæmd ákvæða um flutning menningarverðmæta til annarra landa fyrir hönd íslenska ríkisins og veiti formleg leyfi til slíks flutnings, og er sett með hliðsjón af 1. mgr. 7. gr. laga nr. 105/2001. Framkvæmdin er hins vegar flutt frá safnaráði til Minjastofnunar Íslands. Þá er lagt til að stofnunin setji reglur um framkvæmd þessara leyfisveitinga og að þær reglur þurfi að hljóta staðfestingu ráðherra.

Þá er einnig kveðið á um hlutverk tollyfirvalda. Útflytjandi skal framvísa formlegu leyfisbréfi og fá áritun og stimpil tollyfirvalda. Einnig er sú skylda lögð á herðar tollyfirvöldum að þau skuli án tafar tilkynna Minjastofnun Íslands um tilraunir til ólögmæts flutnings menningarverðmæta til annarra landa. Eins og fram kemur í 2. mgr. 46. gr. frumvarpsins er gert

ráð fyrir að Minjastofnun Íslands hafi samráð við viðeigandi stofnanir, t.d. höfuðsöfn, þegar hún fjallar um flutning menningarminja úr landi.

Um 49. gr.

Hér er kveðið á um að ágreiningi um leyfi til flutnings á menningarminjum til annarra landa megi skjóta til ráðuneytis. Greinin er svipuð 2. mgr. 7. gr. laga nr. 105/2001 og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 50. gr.

Í þessari grein er tilgreint að Minjastofnun Íslands beri fram kröfur til annarra ríkja um skil á menningarverðmætum, sem flutt hafa verið frá Íslandi með ólögmætum hætti, og veiti slíkum minjum viðtöku fyrir hönd réttra eigenda eða vörslumanna hérlendis. Greinin byggist á 4. mgr. 7. gr. laga nr. 105/2001 og þarfnast ekki frekari skýringa.

Ákvæði 2. mgr. fjallar um að íslensk stjórnvöld geti einungis sett fram kröfur um skil menningarminja frá öðrum aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, hafi minjarnar verið fluttar ólöglega frá Íslandi til annars aðildarríkis frá og með 1. janúar 1995. Er hér miðað við innleiðingu framangreindrar tilskipunar í íslenska löggjöf.

Um 4. þátt.

Í 4. þætti er fjallað um önnur ákvæði, svo sem um málsmeðferð, skaðabætur og viðurlög, auk ákvæða um gildistöku, lagaskil og ákvæðis til bráðabirgða.

Um 51. gr.

Í greininni er kveðið á um að ákvörðunum um skyndifriðun og stöðvun framkvæmda vegna fundar ókunnra fornminja og nauðsyn á að framkvæma fornleifarannsókn vegna framkvæmda, skv. 20., 23., 24. og 28. gr. ásamt ákvörðunum um úthlutun styrkja úr fornminjasjóði og húsa- og mannvirkjasjóði skv. 42. og 43. gr. sé ekki hægt að vísa til úrskurðar á æðra stjórnsýslustigi. Í ljósi þess að skyndifriðun og stöðvun framkvæmda eru í eðli sínu bráðabirgðaráðstöfun til að varna því að minjum verði spillt á meðan endanleg ákvörðun um friðlýsingu er til umfjöllunar þykir rétt að ákvarðanir þar að lútandi séu endanlegar á stjórnsýslustigi. Varðandi ákvarðanir um úthlutun úr sjóðum er ákvæði 51. gr. í samræmi við aðra löggjöf á þessu sviði, t.d. lög um bókmenntasjóð og fleira, nr. 91/2007.

Um 52. gr.

Í þessari grein er ítrekað að Minjastofnun Íslands skuli birta þær skrár sem henni er ætlað að halda samkvæmt frumvarpinu. Um er að ræða heildarskrár um þekktar fornleifar, friðaða og friðlýsta legsteina og minningarmörk, friðuð og friðlýst mannvirki og jarðfastar minjar sem teljast þjóðminjar.

Um 53. gr.

Þessi grein byggist á 25. gr. gildandi þjóðminjalaga og 19. gr. laga um húsafriðun og fjallar um mögulegar kröfur um skaðabætur í þeim tilvikum þar sem framkvæmd á ákvæðum V.–VIII. kafla laganna leiðir til verulegrar skerðingar á eignarréttindum.

Um 54. gr.

Þessi grein byggist á 26. gr. gildandi þjóðminjalaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 55. gr.

Í greininni er mælt fyrir um heimild Minjastofnunar Íslands til að leggja á dagsektir brjóti menn gegn tilgreindum ákvæðum laga þessara. Slíkar dagsektir eru aðfararhæfar og falla ekki niður nema stofnunin ákveði það sérstaklega.

Um 56. og 57. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 59. gr.

Það er mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins að markmiðum þeirra ákvæða frumvarpsins sem varða skyldur skipulagsyfirvalda og stjórnvalda mannvirkjamála verði ekki fyllilega náð fram nema að gerðar séu þær breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um mannvirki nr. 160/2010 sem lagðar eru til í a- og b-lið 59. gr. frumvarpsins. Þær breytingar má einnig telja eðlilegar í ljósi þess að svo virðist sem láðst hafi í fyrrgreindum lögum að setja sambærilegt ákvæði og var áður í 5. mgr. 43. gr. eldri skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Í samræmi við 16. gr. gildandi laga um húsafriðun er í f-lið 10. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga tekið fram að meðal bundinna útgjalda úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skuli vera 150 kr. framlag á hvern íbúa sveitarfélags er renni í húsafriðunarsjóð. Í c-lið 59. gr. frumvarpsins er lögð til breyting þessu til samræmis.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þau ákvæði sem hér eru tilgreind eru sett til að tryggja samfellu í rekstri þeirra málaflokka sem frumvarpið sameinar undir eina löggjöf og til að tryggja að ekki myndist tómarúm eða óþarfa bið við afgreiðslu erinda sem undir þá heyra þar til nýjar fornminja- og húsafriðunarnefndir hafa verið skipaðar og hin nýja stofnun, Minjastofnun Íslands, tekur til starfa.

Ákvæði til bráðabirgða veita ráðherra heimild til að hefja undirbúning gildistöku laganna þegar þau hafa verið samþykkt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar.

Megintilgangur frumvarpsins er að stuðla að verndun menningarminja og auka skilvirkni minjavörslu í landinu með því að einfalda stjórnkerfi hennar, samræma stjórnsýslu, skýra betur hugtök, bæta verklag og skýra ábyrgð. Hér á eftir er fjallað um ákvæði sem helst gætu haft áhrif á útgjöld ríkisins.

Í fyrsta lagi er lagt til að stjórnsýsla minjavörslu verði sameinuð með því að setja á stofn nýja stjórnsýslustofnun, Minjastofnun Íslands, sem taki við hlutverki Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar frá 1. janúar 2012. Gera verður ráð fyrir að sameining þessara stofnana gefi færi á samnýtingu starfskrafta og hagræðingu í skrifstofuhaldi sem ætla má að lækki rekstrarkostnað en hjá þeim tveimur stofnunum sem lagðar verða niður starfa um 12 manns. Í bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu er lagt til að stöður beggja núverandi forstöðumanna verði lagðar niður en á móti verði stofnuð staða forstöðumanns hinnar nýju stofnunar. Fækkun um einn forstöðumann mundi lækka árleg útgjöld um 8–9 m.kr. Hins vegar liggja fyrir áform hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um að efla starfsemi nýju stofnunarinnar og gera hana betur í stakk búna til að takast á við þau verkefni sem henni eru ætluð í framtíðinni. Í þeim hugmyndum felst að ráðið verði í tvö ný störf og því ljóst að verði af þessum áformum mun rekstrarkostnaður stofnunarinnar hækka um 15 m.kr. á ári vegna þeirra. Annars vegar væri um að ræða nýtt starf vegna verkefna sem áður var að sinnt af forstöðumönnum Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar og hins vegar væri nýtt starf til að annast um friðun húsa og mannvirkja. Viðmiðunartími vegna friðunar er færður fram um 50–80 ár samkvæmt frumvarpinu og því má reikna með meira umfangi verkefna en áður á því sviði við að fylgja eftir kvöðum í nýju lögunum um eftirlit með viðgerðum bygginga og meðferð þeirra. Vegna sameiningarinnar gæti myndast biðlaunaréttur vegna fjögurra starfsmanna, samtals í allt að 42 mánuði. Ef þeir nýta sér allir biðlaunaréttinn að fullu leiðir það til um 22 m.kr. tímabundinna útgjalda. Að öðru leyti liggja ekki fyrir forsendur til að áætla fjárhæðir vegna sameiningar og reksturs hinnar nýju stofnunar þar sem ekki liggur fyrir rekstraráætlun um starfsemi hennar. Rekstrarútgjöld Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar eru áætluð samtals 121,1 m.kr. í fjárlögum 2011 og er gert ráð fyrir að þessar fjárveitingar verði fluttar yfir á hina nýju stofnun.

Í öðru lagi er lagt til að verkefni verði flutt til, svo sem framkvæmd ákvæða um flutning menningarverðmæta til annarra landa sem safnaráð hefur séð um. Ekki liggur fyrir hvort flytja þurfi fjármagn milli fjárlagaliða vegna þessa.

Í þriðja lagi felur frumvarpið í sér ítarlegri skilgreiningar á ýmsum hugtökum en eru í gildandi lögum og segja þau nákvæmar fyrir um framkvæmd og áherslur en verið hefur. Talið er að þetta stuðli að árangursríkara starfi. Sumar breytingar, svo sem á kröfum um aðgengi almennings að upplýsingum, m.a. í miðlægum gagnagrunnum, gætu leitt til aukinnar vinnu og kostnaðar á meðan aðrar breytingar munu væntanlega hafa í för með sér einföldun í starfseminni og gefa kost á hagræðingu. Fjármálaráðuneytið telur að þegar á allt er litið hafi breytingarnar óveruleg áhrif á útgjöld ríkisins enda verði starfsemi skipulögð með hagkvæmni að leiðarljósi.

Í fjórða lagi er lagt til að hin nýja Minjastofnun Íslands fái heimild til að taka gjald fyrir ýmsa þjónustu, þar á meðal ráðgjöf, námskeið og leyfisveitingar. Þar sem ekki liggur fyrir hvernig gjaldtökuheimild yrði beitt eru ekki forsendur til að áætla fjárhæðir sértekna sem af þessu kann að leiða.

Í fimmta lagi er lagt til að stofnaður verði annars vegar Fornminjasjóður með víðtækara hlutverk en núverandi Fornleifasjóður hefur samkvæmt gildandi lögum og hins vegar Húsafriðunarsjóður sem mun hafa svipað hlutverk og sjóður með sama nafni hefur í núgildandi lögum. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að hinn nýi Fornminjasjóður taki við fjárheimildum á fjárlagalið 02-983-1.54 Ýmis fræðistörf, Fornleifasjóður sem eru 17,2 m.kr. í fjárlögum 2011 og að Húsafriðunarsjóður taki við heimildum af fjárlagalið 02-979-6.10 Húsafriðunar

sjóður. Á þeim lið er áætlað fyrir liðlega 148 m.kr. útgjöldum í fjárlögum 2011 og tæplega 100 m.kr. sértekjum en þar af eru 50 m.kr. mótframlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur fjármálaráðuneytið að lögfesting frumvarpsins gæti leitt til lækkunar útgjalda sem nemur um 8–9 m.kr. vegna sameiningar umræddra tveggja stofnana. Auk þess sem ákvæði um gjaldtökuheimildir ætti að leiða til aukinna tekna en ekki eru forsendur til að áætla þær fjárhæðir að svo stöddu. Þá gæti komið til tímabundinna útgjalda vegna biðlauna sem áætlað er að nemi að hámarki 22 m.kr. Samkvæmt ríkisreikningi 2009 námu samanlagðar afgangsheimildir beggja stofnananna um 11,6 m.kr. Allur gangur hefur verið á afkomu þeirra á undanförnum árum en miðað við að reksturinn verði í jafnvægi má gera ráð fyrir að afgangsheimildir í árslok 2011 verði fluttar yfir á hina nýju stofnun og standi undir einskiptis útgjöldum eins og biðlaunum sem kann að leiða af sameiningu. Að öðru leyti verður að gera ráð fyrir að uppbygging og umfang starfseminnar verði hagað þannig að hún rúmist innan fjárlagaramma mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

1154. Svar [217. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um tannheilsu þjóðarinnar.

1. *Hver er stefna ráðherra varðandi tannheilsu þjóðarinnar? Kemur hún fram í nýrri heilbrigðisáætlun*?

Stefna ráðherra er að bæta tannheilsu landsmanna eins og kostur er. Er nú leitað leiða til að ná því markmiði. Í drögum að heilbrigðisáætlun til ársins 2020 kemur fram að bætt tannheilsa er meðal forgangsverkeffna á sviði heilbrigðismála. Í heilbrigðisáætlun til 2010 var stefnt að umtalsverðri fækkun tannskemmda (DMFT) 12 ára barna. Einnig var stefnt að því að fjölga tönnum í biti hjá 65 ára og eldri um 50%. Þessi markmið náðust ekki að fullu fyrir 2010 þannig að ljóst er að enn er verk að vinna.

2. *Hver er stefna ráðherra varðandi tannheilsu barna og markmið um að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag?*

Eins og að framan greinir stefnir velferðarráðherra að því að bæta tannheilsu þjóðarinnar á næstu árum. Sérstök áhersla verður lögð á að bæta tannheilsu barna og er undirbúningur þess þegar hafinn. Markmið velferðarráðuneytisins er að ná samningum við tannlækna sem tryggja ókeypis forvarnaskoðun fyrir fjóra árganga barna í stað þriggja árganga áður. Þá er stefnt að samkomulagi um eina gjaldskrá vegna tannlækninga barna sem geti tryggt að kostnaðarþátttaka hins opinbera verði allt að 75% af raunkostnaði fyrir allar almennar tannlækningar barna. Ljóst er þó að breytingar geta orðið frá þessum samningsmarkmiðum á samningaferlinu. Stefnt er að því að innan nokkurra ára njóti öll börn og unglingar á Íslandi nauðsynlegrar tannlæknaþjónustu óháð efnahag. Er m.a. stefnt að sérstökum stuðningi við fjölskyldur sem af fjárhagsástæðum geta ekki staðið undir eigin greiðsluþátttöku í tannlæknakostnaði barna sinna.

3. *Hver er heildarkostnaður sjúklinga og ríkis við tannlækningar? Svar óskast sundurliðað eftir:*
   a. *fyrirbyggjandi þjónustu,*
   b. *tannréttingum,*
   c. *almennum tannlækningum,*
   d. *meiri háttar inngripum sem greidd eru af Sjúkratryggingum Íslands.*

Erfitt er að meta tannlæknakostnað einstaklinga á aldrinum 18–66 ára þar sem Sjúkratryggingar greiða ekki tannlæknakostnað þeirra. Hagstofa Íslands hefur áætlað tannlæknakostnað út frá könnun á einkaneyslu sem gerð var árið 2007. Samkvæmt könnuninni var tannlæknakostnaður á mann árið 2007 að meðaltali 23.127 kr., þar af greiddi hið opinbera 4.205 kr. eða 18%.

Sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði vegna tannlækninga aldraðra, öryrkja og barna yngri en 18 ára á grundvelli gjaldskrár sem Sjúkratryggingar Íslands gefa út. Mismunandi hlutfall af gjaldskrá SÍ er endurgreitt eftir stöðu sjúkratryggðra. Þá er veittur styrkur vegna tannréttingar barna og unglinga að fjárhæð 150 þús. kr. Greitt er 95% af kostnaði vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma.

Í meðfylgjandi töflu kemur fram kostnaður ríkisins af ýmsum flokkum tannlæknaþjónustu.

Tannlæknaþjónusta 2010	**Kostnaður SÍ í millj. kr.**
Fyrirbyggjandi þjónusta	456,3
Tannréttingar	233,7
Almennar tannlækningar	546,4
„Meiri háttar“ inngrip	67,7
Samtals	**1.304,1**

Kostnaður vegna fyrirbyggjandi þjónustu samanstendur af gjaldfrjálsum forvarnaskoðunum 3, 6 og 12 ára barna, almennu eftirliti, fræðslu, tannhreinsun, flúorlökkun og skorufyllum.

„Meiri háttar inngrip“ eru flokkuð hér sem öll tannlæknaþjónusta sem tilkomin er vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa.

Upplýsingar um verð tannlækna í töflunni fela í sér heildarverð gjaldskrárliða sem SÍ tekur þátt í að greiða. Ekki er hægt að greina allan tannlæknakostnað sjúkratryggðra í gögnum SÍ þar sem aðeins liggja fyrir upplýsingar um þá gjaldliði sem SÍ tekur þátt í að greiða.

4. *Hvað þyrfti skattprósenta að hækka mikið til að standa undir öllum kostnaði skv. 3. lið fyrirspurnarinnar?*

Ætla má að um það bil 18% heildarkostnaðar við tannlækningar landsmanna sé greiddur af hinu opinbera. Út frá þeirri forsendu má áætla að heildarkostnaður landsmanna allra vegna tannlækninga hafi verið 7,2 milljarðar kr. á árinu 2010. Ef dreginn er frá sá kostnaður sem ríkið greiddi árið 2010 standa eftir um 5,9 milljarðar kr.

Fjármálaráðuneytið áætlar að hækkun um eitt prósentustig í tekjuskatti einstaklinga (þ.e. breyta grunnþrepinu um 1 prósentustig og efri þrepunum tilsvarandi einnig um 1 prósentustig) gefi ríkissjóði um 7 milljarða kr. Samkvæmt því mundi þurfa að hækka tekjuskatt einstaklinga um 0,85 prósentustig til að ríkið gæti staðið undir öllum tannlæknakostnaði landsmanna.

1155. Svar [435. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um greiðsluþátttöku í tannlækniskostnaði langveikra og fatlaðra barna á spítala.

1. *Hvernig er greiðsluþátttöku í tannlækniskostnaði langveikra og fatlaðra barna sem leggjast inn á spítala háttað og hvað er um mörg börn að ræða á ári að meðaltali?*

Nokkur börn á ári fá tannviðgerðir í svæfingu á Landspítalanum við Hringbraut, með aðstoð og vilja Barnaspítala Hringsins en börnin eru ekki alltaf inniliggjandi. Að meðaltali eru þetta líklega um 12–15 börn á ári. Um er að ræða börn sem þurfa tannaðgerð í svæfingu en ekki telst læknisfræðilega verjandi að svæfa þau annars staðar en á sjúkrahúsi. Þau eru fötluð eða með sjúkdóm sem verður til þess að svæfingin eða aðgerðin verður þeim varasamari en ella og þörf er á öllu því öryggi sem fullbúið sjúkrahús getur boðið upp á. Tannlæknar greiða sjúkrahúsinu aðstöðugjald eftir lengd aðgerðar.

Tannlækniskostnaður er greiddur af forráðamönnum barnanna sem fá endurgreitt frá Sjúkratryggingum Íslands eftir því hvaða rétt börnin eiga til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð nr. 698/2010, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar. Á sama hátt er greiddur hluti kostnaðar við svæfinguna í sama hlutfalli og tannlækniskostnaður.

2. *Er barnatannlæknir fastráðinn við Barnaspítala Hringsins?*

Enginn barnatannlæknir er fastráðinn við Barnaspítala Hringsins. Barnatannlæknar leigja aðstöðuna af sjúkrahúsinu en koma sjálfir með aðstoðarfólk sitt, verkfæri og efni.

1156. Framhaldsnefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna nýrrar stofnunar, Landlæknis – lýðheilsu.

Frá minni hluta heilbrigðisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju og fengið á sinn fund Svanhildi Þorsteinsdóttur, Þorbjörgu Guðmundsdóttur og Gerði Helgadóttur, trúnaðarmenn starfsmanna landlæknisembættisins, Dagnýju Brynjólfsdóttur, Guðríði Þorsteinsdóttur og Einar Njálsson frá velferðarráðuneyti, Geir Gunnlaugsson landlækni og Margréti Björnsdóttur, forstjóra Lýðheilsustöðvar.

Að þessu sinni voru einkum þrjú atriði sem fjallað var um. Í fyrsta og öðru lagi var ræddur fjárhagslegur og faglegur ávinningur af sameiningunni og í þriðja lagi starfsmannamál og ráðningar í yfirmannsstöður.

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að engin úttekt hafi farið fram á fjárhagslegum eða faglegum ávinningi sameiningarinnar og virðist það eina sem til er um málið vera skýrsla Stefáns Ólafssonar, *Breytt skipan stjórnsýslustofnana heilbrigðisráðuneytisins*. Óskaði minni hlutinn ítrekað eftir að sú skýrsla yrði rædd í nefndinni. Jafnframt óskaði minni hlutinn eftir því að aðrar tillögur sem fram hafa komið um sameiningar stjórnsýslustofnana heilbrigðis-

ráðuneytis yrðu ræddar. Einhverra hluta vegna fékkst skýrslan hins vegar ekki rædd og málið drifið í gegnum nefndina í mikilli ósátt.

Minni hlutinn bendir jafnframt á að efla þarf eftirlitsþáttinn í heilbrigðiskerfinu og bendir á að þeim þætti er verulega ábótavant, t.d. á hjúkrunarheimilum, eins og niðurstöður rannsókna sýna sem kynntar hafa verið í nefndinni að beiðni sjálfstæðismanna. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir um að faglega yrði staðið að sameiningunni og öll gögn skoðuð var það vilji meiri hlutans að hunsa þær óskir. Ef umrædd skýrsla Stefáns Ólafssonar er sá grunnur sem málið byggist á er það í hæsta lagi undarlegt að hún hafi ekki verið kynnt í nefndinni og fáist ekki rædd þar.

Minni hlutinn bendir því á að þrátt fyrir að málið hafi verið til afgreiðslu í nefndinni frá því 16. nóvember sl. liggur enn ekki fyrir úttekt á fjárhagslegum og faglegum ávinningi af sameiningunni. Enn fremur er það gagnrýnisvert að ekki sé komið á hreint hver heildarumframkostnaður vegna sameiningarinnar verður, en ljóst er að hann verður a.m.k. 60 millj. kr. á þessu ári. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar gæti umframleigukostnaður í versta falli orðið 450 millj. kr. á næstu 17 árum, en það er einkum vegna óhagstæðs leigusamnings landlæknisembættisins vegna núverandi húsnæðis. Á fundi nefndarinnar upplýstu fulltrúar velferðarráðuneytis að ekki væri ljóst hvar sá kostnaður kæmi niður, hvort það væri á sameinaðri stofnun eða hjá velferðarráðuneytinu. Hvort heldur sem verður bendir minni hlutinn á að þessi kostnaður mun óhjákvæmilega leiða til niðurskurðar í velferðarkerfinu.

Í nefndaráliti minni hlutans við 2. umræðu var harðlega gagnrýnt það vinnuferli sem farið hafði í gang og tengdist hugsanlegum starfsmönnum fyrirhugaðrar nýrrar stofnunar. Minni hlutinn vill endurtaka þá gagnrýni og tekur fram að ekkert hafi komið í ljós, við umræðu um málið í nefndinni á milli 2. og 3. umræðu, sem gæti stutt það ferli. Þvert á móti hafi komið í ljós að strax í desember hafi átt sér stað ráðningarviðtöl við starfsmenn stofnananna til þess að velja sviðsstjóra á sameinaðri stofnun. Minni hlutinn vill benda á að frumvarpið er ekki enn orðið að lögum og því ámælisvert að slík vinna hafi farið í gang áður en Alþingi afgreiðir málið. Jafnframt leggur minni hlutinn áherslu á að við sameiningar stofnana sé nauðsynlegt að allir fái jöfn tækifæri til ráðningar. Er það skoðun minni hlutans að nauðsynlegt hefði verið að auglýsa sviðsstjórastöður en eins og verkefnið var unnið voru ákveðnir einstaklingar handvaldir af landlækni sem ákvað svo hvaða einstaklingar fengju sviðsstjórastöður. Þar að auki voru starfslýsingar ekki tilbúnar en það er skoðun minni hlutans að nauðsynlegt sé að slíkar starfslýsingar liggi fyrir áður en farið er í ráðningarferlið. Telur minni hlutinn að vinnulagið sé ekki heppilegt og alls ekki góð byrjun fyrir nýja sameinaða stofnun.

Minni hlutinn gagnrýnir vinnubrögð heilbrigðisnefndar í málinu og telur þau hafa verið fyrir neðan allar hellur. Nauðsynlegt hafi verið að fá ítarlega úttekt á fjárhagslegum ávinningi af sameiningunni, sérstaklega í ljósi þeirra miklu óvissuþátta sem til staðar eru. Ekki er ljóst hvar umframkostnaður kemur niður og því bagalegt að verið sé að samþykkja sameiningu stofnana þegar grunnvinnan hefur ekki verið unnin.

Alþingi, 29. mars 2011.

Guðlaugur Þór Þórðarson, frsm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

1157. Frumvarp til laga [652. mál]

um breytingu á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga (dráttarvextir o.fl.).

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Ólöf Nordal, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Jón Gunnarsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Kröfur sem greiðsluaðlögun tekur til skulu ekki bera dráttarvexti, sem fallið hafa til frá og með 1. janúar 2008, og skal greiðsluaðlögun leiða til brottfalls áfallinna dráttarvaxta á þessu tímabili.

2. gr.

A–c-liður 2. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, annars vegar að kröfuhöfum beri að fella niður dráttarvexti og hins vegar að a–c-liður 2. mgr. 6. gr. falli brott.

Markmið laganna er að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð. Sanngirnissjónarmið leiða til þess að eðlilegt er að dráttarvextir falli niður og auk þess eru meiri líkur á að skuldari geti staðið við samning um greiðsluaðlögun. Dráttarvextir á þeim tíma sem hvað mestir efnahagserfiðleikar hafa gengið yfir hér á landi voru gríðarháir, fóru hæst í 26,5%. Oftar en ekki hafa nokkurra mánaða vanskil á greiðslum leitt til þess að allur höfuðstóll viðkomandi kröfu var gjaldfelldur og hefur tekið dráttarvexti frá þeim tíma. Sökum þess hve háir dráttarvextirnir voru á þessu tímabili, en þeir voru yfir 20% allt frá 1. janúar 2005 til 1. júlí 2009, hefur þetta valdið miklum viðbótarkostnaði ofan á kröfur. Þótt greiðsluaðlögun leiði í mörgum tilfellum til lækkunar eftirstöðva krafna skuldara þá er oft um það að ræða að sú niðurfelling sé aðeins hlutfallsleg og þannig situr hluti dráttarvaxtanna í reynd eftir á kröfunni. Eðlilegt þykir að kröfur í gjaldþrotaskiptum verði meðhöndlaðar þannig að dráttarvextir falli út.

Í 2. gr. er lagt til að a–c-liður 2. mgr. 6. gr. falli brott. Með niðurfellingu liðanna er greiðsluaðlögunarferlið einfaldað en ljóst er að einhverjum umsóknum um greiðsluaðlögun hefur verið hafnað á grundvelli ákvæðisins auk þess sem tilvist þessara skilyrða hefur sett töluverða rannsóknar- og gagnaöflunarskyldu á umboðsmann skuldara, sem ber að meta allar umsóknir út frá þessum matskenndu skilyrðum. Með því að fella þau út ætti málshraði hjá umboðsmanni skuldara að aukast töluvert. Samfélagslegur ávinningur af því að sem flestir standi í skilum eða fái nauðsynlega aðstoð er mikill og mun það að lokum leiða til hraðari endurreisnar efnahagslífsins.

1158. Breytingartillögur [190. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna nýrrar stofnunar, Landlæknis – lýðheilsu.

Frá Merði Árnasyni.

1. 2. gr. orðist svo:
   2. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

   Embætti landlæknis.

   Starfrækja skal embætti landlæknis undir yfirstjórn velferðarráðherra. Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn að fengnu mati nefndar skv. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hann skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði, þekkingu á sviði lýðheilsu og víðtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar.

   Landlæknir ber ábyrgð á að embættið sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Landlæknir ræður starfsfólk embættisins.
2. Í stað orðanna „Landlækni – lýðheilsu“ í 3. efnismgr. 4. gr., b-lið 6. gr., b-lið 29. gr. og hvarvetna í 31. gr. komi, í viðeigandi beygingarmynd: landlæknir.
3. B-liður 3. gr., a- og c-liður 7. gr., 8. og 9. gr., a–c- og f–h-liður 10. gr., 11.–14. gr., 16.–23. gr., 30. gr. og a- og d-liður 31. gr. falli brott.
4. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „stofnunarinnar“ í inngangsmálslið 1. mgr., 2. mgr. og fyrirsögn greinarinnar; og í 2. málsl. 1. mgr. a-liðar 6. gr., b-lið 7. gr. og e-lið 10. gr. komi, í viðeigandi beygingarmynd: landlæknir.
   b. Í stað orðsins „stofnunarinnar“ í a- og m-lið 1. mgr. og 3. mgr.; og í 1. málsl. 1. mgr. a-liðar 6. gr., og 1. og 4. mgr. b-liðar 6. gr. komi, í viðeigandi beygingarmynd: embættið.
   c. Í stað orðsins „stofnuninni“ í n-lið 1. mgr. komi: honum.
5. 24. gr. orðist svo:
   Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   a. (I.)
      Öll störf hjá Lýðheilsustöð eru lögð niður frá 1. maí 2011. Starfsmönnum Lýðheilsustöðvar skal boðið starf hjá landlæknisembættinu frá og með sama tíma. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.
   b. (II.)
      Embætti landlæknis tekur frá 1. maí 2011 við eignum Lýðheilsustöðvar sem og réttindum og skyldum hennar að því er varðar framkvæmd þeirra laga sem falla undir málefnasvið hennar á þeim tíma.
6. Við fyrirsögn frumvarpsins. Orðin „vegna nýrrar stofnunar, Landlæknis – lýðheilsu“ falli brott.

1159. Frumvarp til laga [653. mál]

um breytingu á lögum nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Orðin „og áskoranir um kröfulýsingar“ í 2. mgr. falla brott.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Kröfuskrá er rafræn skrá sem geymir kennitölur allra kröfuhafa og skuldara þeirra, heimilisfang eða netfang kröfuhafa og ekkert annað. Þeir sem telja sig eiga kröfu skulu skrá kennitölu sína og netfang eða heimilisfang sitt, svo og kennitölu þess sem þeir telja sig eiga kröfu eða kröfur á. Kröfuhafi, eða fulltrúi hans ef um lögpersónu er að ræða, skal sanna persónu sína fyrir sýslumanni og fær hann þá aðgangsnúmer og getur skráð framangreindar upplýsingar í kröfuskrá og afmáð þá sem ekki skulda lengur. Heimilt er kröfuhafa að flytja upplýsingar rafrænt. Þegar lög kveða á um innköllun krafna með auglýsingu í Lögbirtingablaði skal fletta upp í kröfuskrá þess í stað. Þegar óskað er upplýsinga um kröfur á hendur ákveðnum aðila, einstaklingi eða fyrirtæki er leitað í skránni að kennitölum þeirra sem telja sig eiga kröfu á hann og þeim send ósk um kröfulýsingu rafrænt á netfang eða með pósti á heimilisfang. Kröfuhafi skal greiða sekt ef í ljós kemur að skuldari er ranglega skráður nema krafa á hann hafi verið greidd upp síðustu 40 daga. Kröfuhafi skal jafnframt eyða upplýsingum um skuldara þegar krafa fellur niður. Heimilt verður að leyfa einstaklingi eða fyrirtæki að fá uppgefna í gegnum öruggan aðila þá sem telja sig eiga kröfu á viðkomandi. Kröfuskrá er eingöngu starfrækt í framangreindum tilgangi og skal hún ekki höfð til annarra nota.
c. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Stjórnartíðindi, Lögbirtingablað og kröfuskrá.*

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Innanríkisráðuneytið gefur Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað út og starfrækir kröfuskrá. Ráðherra er heimilt að fela sýslumanni að annast útgáfu Lögbirtingablaðs og rekstur kröfuskrár.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Ráðherra kveður á um gjöld fyrir auglýsingar er aðilar eiga að greiða sem og gjöld fyrir innköllun úr kröfuskrá og sektir fyrir marklausar kröfur. Einnig getur ráðherra sett fyrirmæli um annað er að útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs lýtur sem og rekstri kröfuskrár.
c. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Útgáfa Stjórnartíðinda, Lögbirtingablaðs og rekstur kröfuskrár.*

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „Lögbirtingablaði“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: og kröfuskrá.
b. Á eftir orðinu „Lögbirtingablaðs“ í 3. mgr. kemur: og rekstur kröfuskrár.

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Stjórnartíðindi, Lögbirtingablað og kröfuskrá.**

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Með því er lagt til að komið verði upp rafrænni kröfuskrá hjá sýslumanni þeim sem annast útgáfu Lögbirtingablaðs. Í skránni verði lágmarksupplýsingar sem tengja saman kröfuhafa og skuldara þannig að auðvelt verði að kalla inn kröfur. Skráin yrði uppbyggð sem par kennitalna, önnur kröfuhafans og hin skuldarans. Að auki yrði geymt netfang eða heimilisfang kröfuhafans. Einungis yrði um eina færslu að ræða þó að sami kröfuhafinn ætti margar kröfur á viðkomandi skuldara. Sambærileg skrá er til sem heldur utan um þá lífeyrissjóði sem fólk kann að eiga réttindi hjá og var hún sett á laggirnar upp úr 1980 og því nægir að sækja um lífeyri hjá einum lífeyrissjóði sem kannar svo í skránni hvort viðkomandi á rétt hjá öðrum lífeyrissjóðum og virkjar þau réttindi. Til að koma í veg fyrir að breyta þurfi lögum þar sem kveðið er á um innköllun krafna með auglýsingu í Lögbirtingablaði er í 1. gr. kveðið á um að þegar lög kveða á um slíka innköllun skuli þess í stað fletta upp í kröfuskrá. Ákvæði um innköllun krafna er til að mynda að finna í lögum nr. 90/1989, um aðför, lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga. Þó ber að athuga að upptalningin er alls ekki tæmandi. Með þessu er einnig tryggt að eingöngu er heimilt að fletta upp í kröfuskrá tilteknum tilvikum sem eru lögbundin.

Hugmyndin er að þegar innkalla á kröfur hjá sýslumanni á ákveðinn aðila, einstakling eða fyrirtæki, verði leitað í skránni að þeim kröfuhöfum sem telja sig eiga kröfu á hann og þeim sendur tölvupóstur eða bréf og þeir beðnir um að lýsa kröfunni eða kröfunum á hendur viðkomandi hjá þeim sem biður um innköllun. Sá fær jafnframt lista yfir alla þá sem telja sig eiga kröfur. Gefa má stuttan frest, t.d. viku, til að lýsa kröfum. Ef kröfuhafi getur ekki lýst kröfu vegna þess að hún var ekki til eða hún hefur verið greidd greiðir hann sekt, nema krafan hafi verið greidd á síðustu 40 dögum. Þetta er hugsað til að koma í veg fyrir að hægt sé að lýsa „tómum“ kröfum til að hnýsast í stöðu fólks. Það gefur einnig tóninn um að hver kröfuhafi þurfi að fylgjast með og endurnýja upplýsingar sínar einu sinni í mánuði. Þetta er væntanlega miklu ódýrara en að hafa fólk í vinnu við að lesa yfir Lögbirtingablaðið sem verður væntanlega mjög umfangsmikið ef svo fer sem horfir.

Kröfuskráin getur verið algerlega sjálfbær fjárhagslega því borgað yrði fyrir innköllun krafna eins og núna. Ekki er eðlilegt að greiða fyrir geymslu eða skráningu krafna vegna þess að það mundi lenda á þeim sem alltaf eru skilvísir eða eiga skilvísa skuldara. Kröfuskráin mundi spara mikla vinnu og fjármuni hjá kröfuhöfum með fjölda krafna. Minni kröfuhafa með fáar kröfur tryggir hún miklu betur en núverandi kerfi því þeir lesa alla jafna ekki Lögbirtingablaðið. Kröfuskráin kemur auk þess í veg fyrir þá niðurlægingu sem margir upplifa í núverandi kerfi þegar innköllun krafna á þá er birt almenningi. Þá er það kostur við kröfuskrána að mögulegt er að fólk geti séð alla kröfuhafa sem telja sig eiga kröfu á það sem auðveldar yfirlit yfir fjármál hvers og eins. Það yrði að sjálfsögðu að gerast í gegnum tryggan aðila, t.d. banka eða skattstjóra, þannig að óprúttnir geti ekki misnotað kerfið. Ókosturinn við þetta nýja kerfi er að allir kröfuhafar landsins verða að senda töluvert magn af gögnum

einu sinni í mánuði til kröfuskrár og allir kröfuhafar verða að láta vita þegar skuldari gerir upp allar skuldir sínar hjá þeim.

Þær upplýsingar sem geymdar yrðu í opinberri vörslu í kröfuskránni eru í raun mjög fátæklegar og geta vart talist skaða persónuvernd. Engar upplýsingar eru um fjölda krafna eða upphæð í þessari skrá og auk þess á eftir að lýsa kröfunum og sannreyna þær. Eins og að framan er lýst er þegar til slík skrá yfir lífeyrissjóði annars vegar og allar kennitölur hjá hverjum þeirra. Hefur hún reynst afburða vel og er nóg fyrir verðandi lífeyrisþega að snúa sér til einhvers lífeyrissjóðs og hann fær svo upplýsingar hjá hvaða lífeyrissjóðum hann kunni að eiga rétt.

Innköllun krafna með auglýsingu í Lögbirtingablaði á sér langa sögu og hefur reynst vel og örugglega. Sú aðferð krefst þess hins vegar að allir kröfuhafar þurfa að lesa hvert einasta blað og eiga á hættu að tapa kröfu sinni ella. Á meðan kröfuhafar voru tiltölulega fáir og lítið var um gjaldþrot og nauðasamninga var þetta ekki vandamál. Með stórauknum lánsviðskiptum í verslunum og bönkum og milli einstaklinga, sem og mikilli skuldsetningu heimila og hættu á mjög mikilli aukningu, vanskila, gjaldþrota og nauðasamninga, mun þessi aðferð verða mikill flöskuháls vegna þess hve þung hún er í vöfum og tímafrek. Það verður líka til þess að mikil vinna leggst á kröfuhafa við að fylgjast með innkölluðum kröfum.

Ráðleggingar hafa komið frá sérfræðingum, sem benda á reynslu annarra þjóða sem lent hafa í áföllum, um að mjög mikilvægt sé að skuldavandi fyrirtækja og heimila verði leystur eins hratt og mögulegt er vegna þess að óvissa, doði og málaferli sem fylgja áratugalöngum uppgjörum séu mjög skaðleg fyrir þjóðfélagið í heild. Þess vegna sé brýnt að hraða nauðsynlegu uppgjöri eins og hægt er. Hröð innköllun krafna er mikilvægur þáttur í því.

Óljósar vísbendingar benda til þess að um tíu þúsund heimili hafi verið í svo miklum vanda að lausn hans krefjist innköllunar krafna. Sumir tala reyndar um mikið hærri tölur. Þessi fjöldi hefur eflaust minnkað nokkuð við dóma Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 347/2010 og ýmsar ráðstafanir sem gripið hefur verið til en þó munu mjög mörg heimili þurfa slíka lausn á fjárhagsvanda sínum. Ef gert er ráð fyrir að um átta þúsund heimili sé að ræða og ef markmiðið er að ráða við og leysa þann vanda á tveimur árum, verður kerfið að ráða við 20 heimili á dag auk þess fjölda fyrirtækja sem verða gjaldþrota eða fara í nauðasamninga í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Ólíklegt er að sú aðferð að auglýsa innköllun krafna í Lögbirtingablaðinu ráði við þetta magn auk þess sem ferlið verður bæði dýrt og seinvirkt.

Þá verður að benda á þann álitshnekki og hneisu sem margar fjölskyldur upplifa við það að kröfur eru innkallaðar í Lögbirtingablaðinu fyrir alþjóð á einhvern meðlim fjölskyldunnar, jafnvel þó að sú innköllun sé afleiðing af hruninu og engan veginn sök viðkomandi. Það atriði eitt sér kann að réttlæta upptöku kröfuskrár þar sem innköllunin snýr bara að þeim sem eiga kröfu á viðkomandi og er fullljós staða hans.

1160. Framhaldsnefndarálit [298. mál]

um frv. til l. um stjórn vatnamála.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju eftir 2. umræðu og fengið á sinn fund Sigríði Auði Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti, Kristínu L. Árnadóttur og Heiðrúnu Guðmundsdóttur frá Umhverfisstofnun, Ingimar Jóhannsson og Sigríði Norðmann frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Árna Snorrason frá Veðurstofu Íslands, Sigurð Guðjónsson frá Veiðimálastofnun, Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnuninni og Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Þá barst nefndinni bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Að þessu sinni voru meðal annars ræddar greinar um refsiábyrgð, þvingunarúrræði og hlutverk rannsóknarstofnana.

Nefndin ræddi nokkuð um refsiábyrgð og þvingunarúrræði. Að mati nefndarinnar felur frumvarpið ekki í sér mörg efnisákvæði sem varðað geta refsingu, en einna helst væri um að ræða ákvæði III. kafla frumvarpsins. Nefndin bendir á að lítið hefur reynt á refsiákvæði laga á sviði umhverfislöggjafar, en áréttar að almenn refsiákvæði er að finna í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og telur að þau ákvæði muni í flestum tilvikum ná yfir þau atvik sem gætu komið til skoðunar við framkvæmd laganna verði frumvarpið samþykkt. Það er því niðurstaða nefndarinnar að leggja ekki til að refsiábyrgðarákvæði verði sett inn í frumvarpið þótt í vatnatilskipuninni, 23. gr., séu ákvæði um viðurlög, en bendir á að rétt sé að huga betur að þessum þætti þegar reynsla hefur fengist af hinum væntanlegu lögum um stjórn vatnamála. Nefndin telur hins vegar öðru máli gegna um þvingunarúrræði. Með því að bæta ákvæði um þvingunarúrræði inn í frumvarpið verði tryggt að stefnumörkun um vatnsvernd verði samþætt skipulagsáætlunum sveitarfélaga og leyfisveitingum. Með þeirri breytingu gæti Umhverfisstofnun gripið til aðgerða gegn leyfisveitendum ef þeir sinna ekki skyldum sínum samkvæmt frumvarpinu. Nefndin áréttar hins vegar að þvingunarúrræðin eigi eingöngu við um ákvæði 2.–4. mgr. 28. gr. en ekki frumvarpið í heild sinni.

Nefndin ræddi um hlutverk rannsóknarstofnana skv. 10. gr. sem breytt var að tillögu nefndarinnar við 2. umræðu með þeim hætti að hlutur Náttúrufræðistofnunar var aukinn í samræmi við lög um þær stofnanir sem taldar eru upp í greininni, þ.e. lög um Veðurstofu Íslands, nr. 70/2008, einkum 3. gr., lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, einkum 4. og 6. gr., lög um Veiðimálastofnun, nr. 59/2006, einkum 1. og 4. gr., og lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, einkum 17. gr. Fram kom óánægja hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og forstjórum annarra stofnana en Náttúrufræðistofnunar með þessa breytingu, og á fundi nefndarinnar með forstjórum stofnananna fjögurra auk forstjóra Umhverfisstofnunar kom í ljós að greininni var einkum ætlað að lýsa uppbyggingu gagnagrunns á vegum Veðurstofunnar og framlagi hverrar og einnar stofnunar til hans. Ljóst er að innan stofnana og ráðuneyta er ekki einhugur um skipulag náttúrufarsrannsókna, og er meðal annars deilt um túlkun áðurnefndra laga. Viðhorf nefndarinnar í þeim efnum kemur skýrt fram í nefndaráliti fyrir 2. umræðu málsins, þ.e. að hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands sé að lögum að rannsaka alla náttúru Íslands, einkum allt lífríki þess, en hlutverk Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar beinist einkum að nytjastofnum. Vel má vera að þetta þurfi að skýra nánar í lögum og tilgreina beint skiptingu verka

milli einstakra stofnana, m.a. til að slá á deilur eins og þær sem nú hafa sprottið af orðalagi 10. gr. Nefndin telur þó ekki skynugt að Alþingi setji slík ákvæði í væntanleg lög um stjórn vatnamála. Hún leggur því til að Umhverfisstofnun verði á grundvelli reglugerðar falið að ganga til samninga við þessar stofnanir og fleiri um þau hagnýtu verkefni sem hér um ræðir.

Við 2. umræðu kallaði nefndin breytingartillögu sína við 11. gr. frumvarpsins til 3. umræðu. Leggur nefndin nú til annars konar breytingar á 11. gr. til að ljóst sé hvernig flokka eigi vatnshlot, hver umhverfismarkmiðin eigi að vera og hvar þau eigi að koma fram.

Í 7. og 19. gr. frumvarpsins er rætt um að setja umhverfismarkmið fyrir einstök vatnshlot. Það mun vera óvinnandi vegur samkvæmt ábendingum og leggur nefndin í samræmi við ábendingarnar til að þessi ákvæði taki til vatnshlotsgerða.

Í 25. gr. frumvarpsins er fjallað um skrá yfir „vernduð svæði“. Nefndinni var bent á að í vatnatilskipuninni, 6. gr. og IV. viðauka, kemur fram að átt er við ýmiss konar vatnasvæði sem á grundvelli laga og reglna hafa verið skilgreind sem svæði sem gefa þarf sérstakan gaum að af ýmsum ástæðum, en ekki eingöngu á forsendum náttúruverndar eða vegna vatnstöku eins og mætti skilja af frumvarpstextanum einum. Nefndin leggur því til að orðalagi verði breytt í greininni og notuð í staðinn orðin „vernduð og viðkvæm svæði“.

Nefndin leggur til breytingar á 28. gr. frumvarpsins á þann hátt að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skuli leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Þar sem framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar á grundvelli skipulagslaga getur varðað vatnshlot sem metin hafa verið og um hafa verið sett umhverfismarkmið í vatnaáætlun telur nefndin eðlilegt að slík leyfi verði í samræmi við vatnaáætlunina.

Að auki leggur nefndin til frekari breytingar sem snúa einkum að lagatæknilegum atriðum auk einstakra minni háttar leiðréttinga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. mars 2011.

Mörður Árnason, form., frsm.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Álfheiður Ingadóttir, með fyrirvara.	Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.	Ólafur Þór Gunnarsson.
Kristján Þór Júlíusson.	Skúli Helgason.	Birgitta Jónsdóttir.

1161. Breytingartillögur [298. mál]

við frv. til l. um stjórn vatnamála.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 7. gr. Í stað orðanna „einstök vatnshlot“ í c-lið 2. mgr. komi: gerðir vatnshlota.
2. Við 9. gr. Í stað orðsins „haghafa“ í 3. málsl. 3. mgr. komi: hagsmunaaðila.
3. Við 10. gr. Greinin ásamt fyrirsögn orðist svo:

Samstarf rannsóknarstofnana.

Veðurstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veiðimálastofnun og Hafrannsóknastofnunin leggja fram gögn og sérfræðiþekkingu við framkvæmd laga þessara. Um nánari tilhögun þessa samstarfs fer eftir samningum sem Umhverfisstofnun annast við framantaldar stofnanir samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Umhverfisstofnun semur við Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veiðimálastofnun og Hafrannsóknastofnunina um einstök verk við framkvæmd laga þessara, og getur jafnframt samið við aðra um að vinna slík verk. Ráðherra setur nánari reglur um slíka samninga í reglugerð.

4. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Flokka skal vatn í vatnshlot og gerðir vatnshlota og meta þau.

Mat á yfirborðsvatnshloti skal byggjast á fyrirliggjandi gögnum hverju sinni og taka fyrir hverja vatnshlotsgerð mið af skilgreindum líffræðilegum gæðaþáttum auk vatnsformfræðilegra og efna- og eðlisefnafræðilegra þátta eftir því sem við á. Umhverfismarkmið eru skilgreind eftir gerðum vatnshlota og skulu vera samanburðarhæf.

Ástand grunnvatns skal metið eftir magnstöðu þess og efnafræðilegum þáttum. Umhverfismarkmið eru skilgreind eftir gerðum grunnvatnshlota og skulu vera samanburðarhæf.

Mat á gæðaþáttum yfirborðs- og grunnvatnshlota skal byggjast á umhverfismarkmiðum í samræmi við ákvæði sem ráðherra setur í reglugerð, sbr. 29. gr.

Í vatnaáætlun skulu sett umhverfismarkmið sem eru í samræmi við ákvæði þessa kafla.

5. Við 14. gr.
   a. Í stað orðsins „hættulegra“ í 1. mgr. kemur: skaðlegra.
   b. Fyrisögn greinarinnar orðist svo: Skaðleg og þrávirk efni (forgangsefni).
6. Við 19. gr. F-liður 1. mgr. orðist svo: greinargerð fyrir umhverfismarkmið fyrir gerðir vatnshlota og fyrir breytingu á gerðum vatnshlota.
7. Við 25. gr.
   a. Á eftir orðinu „vernduð“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. kemur: og viðkvæm.
   b. Á eftir orðinu „vernduð“ í fyrirsögn kemur: og viðkvæm.
8. Við 28. gr.
   a. 3. mgr. orðist svo:

Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

b. Við bætist ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi:
Til að knýja á um framkvæmd ráðstafana samkvæmt 2.–4. mgr. er Umhverfisstofnun heimilt að veita viðkomandi sveitarfélagi eða leyfisveitanda áminningu. Jafnframt skal Umhverfisstofnun veita hæfilegan frest til úrbóta. Ef ekki er orðið við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests er Umhverfisstofnun heimilt að ákveða dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til ríkissjóðs og skal hámark þeirra vera 500.000 kr.

1162. Frumvarp til laga [654. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 13. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „vörur“ og „vörum“ í 1. málsl. kemur: og þjónustu.
b. Á eftir orðunum „vörunnar“ og „framleidd“ í 2. málsl. kemur: eða þjónustunnar, og: eða þjónustan látin í té.

2. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: ef villast má á merkinu og merki sem verið hefur í notkun í öðru landi, á þeim tíma er umsókn var lögð inn eða frá forgangsréttardegi, og er enn notað þar fyrir sömu eða líkar vörur/ þjónustu og yngra merkið óskast skráð fyrir og umsækjandi vissi eða hefði mátt vita um erlenda merkið.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „jafnframt veittur frestur til að skýra mál sitt“ í lok 1. málsl. kemur: honum veittur kostur á að tjá sig eða lagfæra umsóknina innan tilskilins frests.
b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Komi ekki fram athugasemdir frá umsækjanda né lagfæring á umsókninni innan tilskilins frests skv. 1. mgr. skal umsókn felld úr gildi.
Að beiðni umsækjanda skal umsókn tekin fyrir á ný ef hann, innan tveggja mánaða frá því að tilskilinn frestur skv. 1. mgr. rann út, tjáir sig um málið eða lagfærir umsóknina enda greiði hann endurupptökugjald. Endurupptaka getur aðeins átt sér stað einu sinni.

4. gr.

Við síðari málslið 1. mgr. 22. gr. laganna bætist: og þeim fylgja tilskilið gjald.

5. gr.

Á eftir 24. gr. laganna kemur ný grein, 24. gr. a, sem orðast svo:

Einkaleyfastofan getur, að beiðni eiganda og gegn greiðslu tilskilins gjalds, hlutað umsókn, sem inniheldur fleiri en einn vöru- eða þjónustuflokk, sundur í tvær eða fleiri umsókn-

ir. Í beiðni skal tilgreint til hvaða vöru- eða þjónustuflokks hver umsókn skuli taka eftir hlutunina. Þegar beiðni um hlutun hefur verið meðhöndluð fær sú umsókn, sem verður til, nýtt sjálfstætt umsóknarnúmer en sama umsóknar- og forgangsréttardag og grunnskráningin. Ákvörðun um hlutun skal birt í ELS-tíðindum.

Einkaleyfastofan getur, að beiðni eiganda og gegn greiðslu tilskilins gjalds, hlutað skráningu, sem inniheldur fleiri en einn vöru- eða þjónustuflokk, sundur í tvær eða fleiri skráningar. Í beiðni skal tilgreint til hvaða vöru eða þjónustu hver skráning skuli taka eftir hlutunina. Þegar beiðni um hlutun hefur verið meðhöndluð fær sú skráning, sem verður til, nýtt sjálfstætt skráningarnúmer en sama umsóknar-, forgangsréttar- og skráningardag og grunnskráningin. Ákvörðun um hlutun skal birt í ELS-tíðindum.

6. gr.

Í stað orðanna „með dómi, sbr. 28. gr.“ í 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: með dómi eða ákvörðun Einkaleyfastofunnar, sbr. 28. gr. og 30. gr. a.

7. gr.

Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Að beiðni eiganda vörumerkjaskráningar skal umsókn um endurnýjun tekin fyrir ef hann, innan tveggja mánaða frá því að frestur skv. 1. mgr. rann út, leggur inn umsókn um endurnýjun og greiðir tilskilið endurupptökugjald. Endurupptaka getur aðeins átt sér stað einu sinni á hverju endurnýjunartímabili.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „með dómi“ í 1. málsl. 1 mgr. og 2. mgr. kemur: eða ákvörðun Einkaleyfastofunnar.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Sé ógildingar krafist á grundvelli ruglingshættu við eldra merki er aðeins hægt að verða við þeirri kröfu að sá sem krefst ógildingar sýni fram á að notkun hins eldra merkis hafi verið í samræmi við 25. gr. Ef aðeins er sýnt fram á notkun fyrir hluta þeirrar vöru eða þjónustu gildir ákvæði 5. mgr. 25. gr.

9. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein, 30. gr. a, sem orðast svo:

Eftir að merki hefur verið skráð og andmæla- og/eða áfrýjunarfrestir eru liðnir getur hver sá sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta krafist þess að Einkaleyfastofan felli úr gildi skráningu ef skilyrði 28. gr. eru uppfyllt. Krafan skal vera skrifleg og henni skal fylgja rökstuðningur og tilskilið gjald.

Tilkynna skal eiganda skráningarinnar um kröfuna og hefur hann rétt til að tjá sig um málið innan tilskilins frests áður en Einkaleyfastofan tekur ákvörðun í málinu. Taki Einkaleyfastofan ákvörðun um ógildingu skráningar í heild eða að hluta skal birta tilkynningu þar að lútandi í ELS-tíðindum. Ekki er unnt að gera kröfu skv. 1. mgr. um ógildingu ef mál vegna sömu skráningar er til meðferðar fyrir dómstólum.

Ef dómsmál er höfðað vegna skráningar á sama grundvelli og fram kemur í kröfu skv. 1. mgr. og áður en Einkaleyfastofan hefur tekið endanlega ákvörðun skal Einkaleyfastofan fresta meðhöndlun málsins þar til niðurstaða dómstóls liggur fyrir.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Orðin „innan þriggja mánaða frá skráningar- eða innfærsludegi“ í 1. málsl. falla brott.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Eigandi umsóknar eða skráningar vörumerkis getur lagt fram beiðni um að augljósar villur, sem fram koma í umsókn eða skráningu, verði leiðréttar.

11. gr.

Við 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: samkvæmt ákvörðun Einkaleyfastofunnar ef skráning uppfyllir ekki skilyrði 28. gr., sbr. 30. gr. a.

12. gr.

Í stað orðanna „skal hafa umboðsmann búsettan hérlendis“ í 1. mgr. 35. gr. laganna kemur: skal hafa umboðsmann búsettan á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

13. gr.

64. gr. laganna orðast svo:

Umsókn ásamt fylgiskjölum og öðrum gögnum, er varða umsókn eða skráningu, skal vera aðgengileg almenningi frá fyrsta virka degi eftir móttöku. Einkaleyfastofunni er óheimilt að veita almenningi aðgang að fylgiskjölum eða gögnum í heild eða að hluta sem geyma viðskiptaleyndarmál og varða almennt ekki skráningu merkis eða einkarétt á merki.

14. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur nánari reglur um frágang vörumerkjaumsókna og meðferð þeirra eða skráðra vörumerkja hjá Einkaleyfastofunni, um form vörumerkjaskrárinnar og færslu, útgáfu skráningarskírteina og efni þeirra og meðferð andmæla- eða ógildingarmála, svo og um gjöld fyrir áfrýjanir. Þá skal ráðherra setja nánari ákvæði um áfrýjun og áfrýjunarnefnd.

15. gr.

Á eftir 65. gr. laganna kemur ný grein, 65. gr. a, sem orðast svo:

Í reglugerð, sem ráðherra setur, skal kveðið á um gjöld samkvæmt lögum þessum og þóknun fyrir þá þjónustu sem Einkaleyfastofan veitir.

Gjöld, þar á meðal umsóknar- og endurnýjunargjöld, skulu standa undir kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna vörumerkja og við þjónustu sem veitt er, m.a. fyrir landsbundnar og alþjóðlegar umsóknir um vörumerki, könnun Einkaleyfastofunnar á form- og efnisskilyrðum umsókna, þjónustu vegna rannsókna vörumerkjaumsókna, útgáfu og framsendingu forgangsréttarskjala, skráningu vörumerkja og endurupptöku, meðferð skv. 22. gr., birtingu í ELS-tíðindum, breytingar á vörumerkjaskrá og útskriftir úr skránni og önnur þjónustuverkefni.

Gjaldskrá þjónustugjalda skal m.a. taka mið af launum og launatengdum gjöldum, þjálfun og endurmenntun, aðkeyptri sérfræðiþjónustu, húsnæði, starfsaðstöðu, búnaði og tækjum og alþjóðlegri samvinnu.

Gjöld samkvæmt lögum þessum renna til Einkaleyfastofunnar og innheimtir hún gjöldin.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lögin eiga jafnframt við um vörumerkjaumsóknir sem fengið hafa umsóknardag fyrir gildistöku laga þessara, svo og vörumerki sem skráð voru fyrir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér tillögur um breytingar á lögum um vörumerki, nr. 45/1997, með síðari breytingum. Hluti breytinganna er til kominn vegna aðildar Íslands að Singapúrsamningnum um vörumerkjarétt frá 2006. Aðrar breytingar eru í samræmi við norræna framkvæmd. Enn fremur eru lagðar til breytingar í þeim tilgangi að auka á skýrleika einstakra ákvæða í gildandi lögum. Vikið er að tilefni á nauðsyn lagasetningar í eftirgreindum köflum í athugasemdum við lagafrumvarpið og eftir atvikum í athugasemdum við einstakar greinar. Við gerð frumvarpsins var haft ítarlegt samráð við Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa.

Samhliða þessu frumvarpi er af hálfu utanríkisráðherra lögð fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar varðandi aðild Íslands að Singapúrsamningnum um vörumerkjarétt. Samningurinn er fylgiskjal með þingsályktunartillögunni. Samráð var haft við utanríkisráðuneytið um þýðingu á samningnum og við gerð tillögunnar.

1. Singapúrsamningurinn um vörumerkjarétt.

Singapúrsamningurinn um vörumerkjarétt var undirritaður árið 2006. Um er að ræða endurbætta útgáfu af alþjóðlegum samningi um vörumerkjarétt frá árinu 1994 (Trademark Law Treaty, eða TLT 1994). Alþjóðahugverkastofnunin (World Intellectual Property Organization-WIPO) hefur yfirumsjón með samningnum sem tók gildi 16. mars 2009 eða þremur mánuðum eftir að tíu ríki eða milliríkjastofnanir höfðu afhent fullgildingar- eða aðildarskjöl til vörslu.

Efni samningsins varðar skilyrði varðandi form og meðhöndlun vörumerkjaumsókna og skráninga. Markmið samningsins er að koma á samræmdu skipulagi og framkvæmd vegna umsókna um skráningu vörumerkja. Samningurinn gerir ráð fyrir því að umsóknir um vörumerki geti verið með rafrænum hætti. Vörumerkjaumsóknir og -skráningar munu því hljóta sams konar meðferð, hvað form varðar, í aðildarríkjum samningsins.

Hinn 1. janúar 2011 höfðu 57 ríki undirritað samninginn, m.a. Ísland, og 23 ríki fullgilt hann. Þau ríki, sem hafa fullgilt samninginn, eru Ástralía, Bandaríkin, Benelúx-löndin, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Frakkland, Ítalía, Kirgistan, Lettland, Liechtenstein, Makedónía, Malí, Moldavía, Mongólía, Pólland, Rúmenía, Rússland, Serbía, Singapúr, Slóvakía, Spánn og Sviss.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði í samræmi við efni samningsins, eru m.a. ívilnandi úrræði, þegar tímamörk eru ekki virt, og möguleiki á hlutun umsókna og skráninga.

2. Ákvæði úr norrænni framkvæmd.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar að fyrirmynd dönsku vörumerkjalaganna og nýrra norskra vörumerkjalaga sem tóku gildi 1. júlí 2010. Annars vegar er um að ræða heimild Einkaleyfastofunnar til að fella niður skráningu vörumerkja í ákveðnum tilvikum. Hins vegar er um að ræða breytingu hvað varðar umboðsmannaskyldu þegar umsækjandi er búsettur annars staðar en á Íslandi.

Lagt er til að lögfest verði ákvæði er heimila Einkaleyfastofunni að fella niður skráningar vörumerkja, bæði í þeim tilvikum er notkun vörumerkis hefur ekki átt sér stað, sbr. ákvæði 25. gr. gildandi laga, og í þeim tilvikum er sá sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta óskar eftir því að fá fellda úr gildi skráningu sem hann telur brjóta í bága við ákvæði laganna.

Einnig er lögð til sú breyting í frumvarpinu að í þeim tilvikum þegar umsækjandi er ekki búsettur hérlendis sé skylt að tilnefna umboðsmann, búsettan á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Ákvæðið er í samræmi við löggjöf í allflestum aðildarríkjum Evrópusambandsins. Í gildandi lögum þarf umboðsmaður að hafa búsetu hér á landi en samkvæmt frumvarpinu þarf hann aðeins að vera búsettur innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Þessi breyting kemur til af því að Evrópusambandið hefur talið að krafa um búsetu í tilteknu ríki stríði gegn reglum sambandsins um frjálsa þjónustu milli ríkja þess. Af þessum sökum hafa mörg aðildarríki ákveðið að breyta umboðsmannaskyldunni í sinni löggjöf.

Samskipti umsækjanda eða eiganda vörumerkis við Einkaleyfastofuna munu áfram vera á íslensku. Í undantekningartilvikum hefur stofnunin tekið við skjölum á erlendum tungumálum, svo sem framsölum, og er gert ráð fyrir að framkvæmdin verði óbreytt að þessu leyti. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur til umboðsmanna, eingöngu að um sé að ræða einstakling eða lögaðila.

3. Ákvæði sem auka skýrleika einstakra ákvæði í gildandi lögum.

Í frumvarpinu er einnig að finna tillögur um breytingar á ákvæðum í því skyni að auka skýrleika einstakra ákvæða vörumerkjalaganna. Má þar nefna breytingar á ákvæðum 13. gr. laganna sem lagt er til að tilgreini jafnt vöru og þjónustu, í stað þess að í gildandi 13. gr. er einungis talað um vörur. Þá kveður 13. gr. frumvarpsins skýrt á um rétt almennings til aðgengis að umsóknum um og skráningu á vörumerkjum.

Frumvarpið felur jafnframt í sér heimild Einkaleyfastofunnar til að innheimta sérstök gjöld vegna andmæla, beiðni um ákvörðun Einkaleyfastofu til að fella skráð merki úr gildi, beiðni um hlutun umsókna og skráninga og beiðni um endurupptöku.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 13. gr. gildandi laga er fjallað um almenn skilyrði þess að vörumerki teljist skráningarhæf. Greinin tekur aðeins til vöru samkvæmt orðalagi hennar en ekki til þjónustu þó að hún hafi í framkvæmd bæði verið talin ná til vöru og þjónustu. Rétt þykir hins vegar að auka skýrleika ákvæðisins og er því tillaga um að bæta því við að krafan til sérkennis og aðgreinanleika vörumerkja taki einnig til þjónustu.

Um 2. gr.

Ákvæðið svarar til greinar 4. 4. g í tilskipun ráðsins nr. 2008/95/EB (áður grein 4. 4. g í tilskipun ráðsins nr. 89/104/EBE). Eins er ákvæðið sett til að koma til móts við kröfu 6. gr. g (septies) Parísarsamþykktarinnar frá 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, með síðari breytingum, þar sem fram kemur að eigandi merkis hafi möguleika á að hindra óheimila skráningu merkja sem umboðsmaður hans hefur markaðssett í öðru landi og fengið skráð í sínu nafni.

Það er meginregla að vörumerkjarétturinn sé landsbundinn og því þykir rétt að undirstrika að ákvæðið á aðeins við í undantekningartilvikum, eins og t.d. því sem hér að framan er lýst. Aðeins er unnt að beita ákvæðinu þegar merkið, sem sótt er um, er eins eða næstum því eins og erlenda merkið, auk þess sem notkunin þarf að taka til sömu eða sambærilegrar vöru eða þjónustu. Þess er ekki krafist að merkið sé vel þekkt í skilningi 7. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna.

Sönnunarbyrðin um að umsækjandi hafi verið í vondri trú hvílir á þeim sem andmælir slíkri skráningu. Teljist vond trú umsækjanda ekki sönnuð með óyggjandi hætti verða andmæli ekki tekin til greina.

Um 3. gr.

Í 19. gr. gildandi laga er fjallað um meðferð Einkaleyfastofunnar á umsóknum sem fullnægja ekki ákvæðum laga eða reglna. Ef umsókn er synjað fær umsækjandi möguleika á að tjá sig um synjunina eða lagfæra umsóknina innan tiltekins frests.

Í nýrri 2. mgr. 19. gr. er kveðið skýrt á um heimild Einkaleyfastofunnar til að fella umsókn úr gildi hafi athugasemdir eða lagfæringar umsækjanda ekki verið gerðar innan tilskilins frests. Synjanir Einkaleyfastofunnar taka bæði til forms og efnis umsókna. Einkaleyfastofan getur veitt umsækjanda kost á að tjá sig oftar en einu sinni um annmarka umsóknar. Ákvæði 3. mgr. um endurupptöku yrði nýmæli og er í samræmi við rétt umsækjanda að eiga kost á ívilnandi úrræðum eftir lok tímamarka skv. 14. gr. Singapúrsamningsins um vörumerkjarétt.

Um 4. gr.

Samkvæmt 22. gr. laganna er heimilt að andmæla skráningu vörumerkis innan tveggja mánaða frá birtingu skráningar. Í frumvarpinu er lagt til að sérstakt gjald skuli greitt þegar skráningu vörumerkis er andmælt. Gjald fyrir slíka þjónustu er ákveðið af ráðherra skv. 65. gr. vörumerkjalaga. Samkvæmt gildandi vörumerkjalögum má ekki skrá vörumerki ef merkið uppfyllir ekki kröfur laganna um sérkenni og eins ef einhverjar hindranir 14. gr. laganna koma í veg fyrir skráningu. Það fer því ávallt fram rannsókn áður en merki er skráð. Lagt er mat á skráningarhæfi merkis með hliðsjón af rannsókninni áður en tekin er ákvörðun um að skrá merki. Einkaleyfastofan gætir því hagsmuna þeirra sem talið er að eigi betri rétt að því marki sem rannsókn leiðir slíkt í ljós. Skráningum er ávallt unnt að andmæla innan tveggja mánaða frá birtingu skráningar, m.a. í því skyni að tryggja það að sá sem telur sig hafa betri rétt geti fengið skráninguna ógilta.

Samkvæmt gildandi lögum er ekki tekið gjald fyrir slíka þjónustu. Mikill tími fer hins vegar í vinnu við að úrskurða í málum þessum. Þá má benda á að samkvæmt vörumerkjalögum Norðurlandanna er innheimt sérstakt gjald vegna andmæla á skráðu vörumerki. Gjaldtaka þessi er einnig í samræmi við fyrirhugaða gjaldtöku samkvæmt hinu nýja fyrirhugaða úrræði í 30. gr. a í lögunum sem felur í sér heimild til að óska eftir því að Einkaleyfastofan ógildi skráningu vörumerkis í nánar tilgreindum tilvikum.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli og er lagt til að hún sé sett inn í vörumerkjalög vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að Singapúrsamningnum um vörumerkjarétt. Ákvæði 7. gr. samningsins kveður á um hlutun umsókna og skráninga. Samningurinn felur í sér að aðildarríki hans beri að gera bæði umsækjendum og eigendum vörumerkja kleift að óska eftir hlutun á umsókn

eða skráningu gegn gjaldi. Ákvæðið kveður á um það að sú umsókn eða skráning, sem verður til við hlutun, fái nýtt sjálfstætt umsóknarnúmer eða skráningarnúmer en slík umsókn eða skráning fái sama umsóknar- og forgangsréttardag og grunnskráningin/ -umsóknin. Ákvæðið getur því verið til hagsbóta fyrir umsækjendur eða eigendur skráninga þar sem unnt er að óska eftir hlutun umsóknar á meðan umsóknarferli stendur yfir og hlutun skráningar eftir að merki hefur verið skráð, t.d. í þeim tilvikum sem meðferð stendur yfir vegna áfrýjunar merkis.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. 25. gr. gildandi laga er kveðið á um að ógilda megi skráningu með dómi ef eigandi vörumerkis hefur sannanlega ekki notað skráð merki sitt í fimm ár.

Lagt er til að Einkaleyfastofan geti, auk dómstóla, fellt skráningu úr gildi þegar skráð vörumerki hefur sannanlega ekki verið notað skv. 25. gr., sbr. nýja 30. gr. a vörumerkjalaga. Ákvæði um notkunarskyldu kom inn í vörumerkjalögin árið 1993 með breytingarlögum nr. 67/1993. Megintilgangur setningar ákvæðisins var að reyna að sporna við hinum mikla fjölda formskráninga (varnarskráninga), en það eru þær skráningar kallaðar þegar merki er eingöngu skráð til þess að koma í veg fyrir að samkeppnisaðili geti notað merki en er svo ekki notað af eiganda merkisins.

Segja má að ákvæðið um notkunarskyldu hafi takmarkaða þýðingu ef ekki kemur til einfaldari og ódýrari leið til að fá skráningu fellda úr gildi. Þá má einnig halda því fram að Einkaleyfastofan/stjórnvöld styðji þetta ástand af sjálfsdáðum (ex officio) þrátt fyrir að heimilt sé samkvæmt lögunum að fella skráninguna úr gildi (þ.e. með dómi).

Fjöldi skráðra vörumerkja hefur aukist gífurlega hér á landi og á alþjóðavísu undanfarin ár. Þekkt er að einstaklingar og fyrirtæki eigi fjölda skráðra vörumerkja sem ekki eru notuð hér á landi. Með því að heimila einkaleyfayfirvöldum, auk dómstóla, að fella skráningu úr gildi þegar skilyrði 25. gr. laganna eru uppfyllt er stefnt að því að gera það aðgengilegra að fá skráningar, sem hafa ekki verið notaðar, felldar úr gildi. Dómstólaleiðin getur verið kostnaðarsamt úrræði auk þess sem sú leið tekur að jafnaði lengri tíma en afgreiðsla mála hjá stjórnvöldum. Ákvæðinu er þannig m.a. ætlað að stuðla að því að vörumerkjaskráin hafi ekki að geyma fjölda skráðra vörumerkja sem eru ekki í notkun.

Notkunarskyldan miðast við skráningardag. Ákvörðunum Einkaleyfastofunnar er alltaf unnt að áfrýja til áfrýjunarnefndar og fara með fyrir dómstóla, sbr. 63. gr. laganna. Greinin er í samræmi við dönsk og norsk vörumerkjalög.

Um 7. gr.

Fyrirhugað ákvæði 4. mgr. 27. gr. laganna er nýmæli og kveður á um þá heimild eiganda skráðs vörumerkis, sem ekki leggur inn umsókn um endurnýjun innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr., að óska eftir því að umsókn hans um endurnýjun verði tekin fyrir. Er þessi heimild í samræmi við skyldu aðildarríkja Singapúrsamningsins um vörumerkjarétt að veita ívilnandi úrræði eftir lok tímamarka, sbr. 14. gr. samningsins. Beiðnin þarf að berast innan tveggja mánaða frá því frestur skv. 1. mgr. rann út, ásamt umsókn um endurnýjun og greiðslu endurupptökugjalds.

Um 8. gr.

Í 28. gr. laganna eru talin upp þau tilvik sem leiða til þess að unnt sé að fella skráningu úr gildi með dómi. Samkvæmt þessari grein eru það aðeins skráningar andstæðar efnisreglum

laganna sem unnt er að ógilda. Í samræmi við breytingar á 25. gr. og nýja 30. gr. a í lögunum er nú lagt til að Einkaleyfastofan geti, ásamt dómstólum, fellt skráningu úr gildi. Ef dómsmál er höfðað áður en Einkaleyfastofan hefur tekið ákvörðun í máli frestar Einkaleyfastofan frekari afgreiðslu máls þar til niðurstaða dómstóls liggur fyrir.

Ný málsgrein bætist við 28. gr. laganna. Um er að ræða breytingu sem stuðlar að einfaldari málsmeðferð. Samkvæmt ákvæðinu getur Einkaleyfastofan nú metið það hvort notkunarskylda skv. 25. gr. vörumerkjalaga hafi verið uppfyllt, þ.e. varðandi það merki sem krafist er að fellt verði niður, án þess að eigandi yngra merkisins þurfi að krefjast niðurfellingar fyrir dómi. Sjá að öðru leyti skýringar við 6. gr. frumvarpsins um breytingar á 25. gr. laganna.

Um 9. gr.

Lagt er til að á eftir 30. gr. laganna komi ný grein, 30. gr. a., sem felur í sér það nýmæli að Einkaleyfastofan geti, ásamt dómstólum, fellt skráð vörumerki úr gildi með ákvörðun, sbr. 25. og 28. gr. laganna. Eins og orðalag greinarinnar segir til um verður merki að vera skráð, þ.e. skráningarferli lokið og andmæla- og áfrýjunarfrestir liðnir, á þeim tíma sem krafa skv. 1. mgr. er sett fram. Skilyrði er að fram komi rökstudd krafa og greiðsla tilskilins gjalds sé innt af hendi. Slík krafa er ekki bundin neinum tímamörkum svo lengi sem skilyrði 25. og 28. gr. eru uppfyllt. Þá er einnig mögulegt að gera kröfu um að skráning verði felld úr gildi þrátt fyrir að skráningu merkisins hafi verið andmælt og áfrýjað ef fram koma ný gögn sem geta haft þýðingu fyrir gildi merkisins. Höfð var hliðsjón af sambærilegum ákvæðum í dönsku og norsku vörumerkjalögunum. Gert er ráð fyrir að þeir sem krefjast niðurfellingar skv. 30. gr. a verði að hafa lögvarða hagsmuni (sbr. 25. gr. laganna (5. gr. frumvarpsins.)) og er það í samræmi við norska ákvæðið. Ekki þykir þörf á því að taka sérstaklega fram að eigandi merkis gæti hvenær sem væri krafist þess að fá úr þessu atriði skorið.

Um 10. gr.

Einkaleyfastofunni er samkvæmt greininni veitt heimild til að leiðrétta bersýnilegar villur sem fram koma í umsóknum og skráningum vörumerkja. Greininni er ætlað að taka af allan vafa um að slíkar leiðréttingar Einkaleyfastofunnar séu lögmætar. Ákvæðið veitir jafnframt eiganda umsóknar eða skráningar vörumerkis kost á að leggja fram beiðni um leiðréttingu á slíkum villum sem fram koma í umsókn eða skráningu.

Þar eð bersýnilegar villur geta komið í ljós hvenær sem er í skráningarferlinu eða eftir skráningu þykir nú rétt að Einkaleyfastofan hafi ávallt heimild til að leiðrétta slíkar villur enda er það bæði eiganda skráningarinnar og neytendum almennt í hag að vörumerkjaskráin sé rétt. Sama á við heimild eiganda umsóknar og skráningar vörumerkis. Það er gert að skilyrði að um augljós mistök sé að ræða, t.d. misritun á orði, nafni, tölu eða aðrar bersýnilegar villur er varða form. Ákvæðið er í samræmi við 12. gr. Singapúrsamningsins um vörumerkjarétt.

Um 11. gr.

Í 32. gr. laganna eru talin upp þau tilvik sem leiða til þess að vörumerki verði afmáð úr vörumerkjaskrá.

Lagt er til að bætt sé nýjum tölulið við greinina þar sem fram kemur að vörumerki verði afmáð úr vörumerkjaskrá samkvæmt ákvörðun Einkaleyfastofunnar í samræmi við 28. gr., sbr. 30. gr. a.

Um 12. gr.

Í 35. gr. vörumerkjalaga, nr. 45/1997, er ákvæði um skyldu þeirra aðila, sem ekki hafa lögheimili hér á landi og sækja um skráningu vörumerkis hér á landi, til að hafa umboðsmann búsettan hérlendis. Lögð er til breyting á því nú hvar slíkur umboðsmaður geti verið búsettur. Samkvæmt frumvarpinu þarf hann aðeins að vera búsettur innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Þessi breyting kemur til af því að Evrópusambandið hefur talið að krafa um búsetu í tilteknu ríki stríði gegn reglum sambandsins um frjálsa þjónustu milli ríkja þess. Sambærileg ákvæði eru í 12. gr. einkaleyfalaga, nr. 17/1991, og í 47. gr. hönnunarlaga, nr. 46/2001, eins og þeim var breytt með lögum nr. 28/2002 og 108/2006.

Samskipti umsækjanda eða eiganda vörumerkja við Einkaleyfastofuna munu áfram vera á íslensku. Í undantekningartilvikum hefur stofnunin tekið við skjölum á erlendum tungumálum, svo sem framsölum, og er gert ráð fyrir að framkvæmdin verði óbreytt að þessu leyti.

Hér skal það undirstrikað að í reglugerð nr. 310/1997 kemur fram að umsóknum skuli skila inn á íslensku og á það jafnframt við um öll formleg samskipti vegna umsókna. Með breytingu á búsetuskilyrði umboðsmanna er ekki ætlunin að breyta tungumálaskilyrðinu.

Um 13. gr.

Í gildandi 64. gr. laganna er aðeins talað um að vörumerkjaskrá skuli vera aðgengileg almenningi. Í nýrri 64. gr. er lagt til að umsóknir og önnur móttekin gögn skuli jafnframt vera aðgengileg almenningi, að undanskildum gögnum er varða viðskiptaleyndarmál. Lagt er til að umsókn ásamt fylgiskjölum verði aðgengileg almenningi frá fyrsta virka degi eftir móttöku umsóknar eða annarra gagna. Sama gildir um önnur gögn er varða umsókn eða skráningu. Dæmi um önnur gögn, sem almennt mundu falla undir meginregluna, eru gögn til stuðnings þeirri kröfu að Einkaleyfastofan skrái, breyti, leiðrétti eða afturkalli umsókn, eða endurnýi, breyti, leiðrétti, ógildi eða felli niður skráningu. Einkaleyfastofunni er óheimilt að veita aðgang í heild eða að hluta að fylgiskjölum eða gögnum sem geyma viðskiptaleyndarmál og varða almennt ekki skráningu merkis eða einkarétt á merki. Sem dæmi mundu upplýsingar um greiðslu vegna kaupa á vörumerki eða fyrir nytjaleyfi falla undir undantekninguna. Einkaleyfastofan tekur afstöðu til þess hvort gögnin eða tilteknar upplýsingarnar séu þess eðlis að rétt sé að undanþiggja þær aðgangi almennings.

Um 14. gr.

Í greininni um heimild ráðherra til að setja reglur er vegna fyrirhugaðra breytinga með 5. gr. frumvarpsins ekki einungis vikið að frágangi vörumerkjaumsókna og meðferð þeirra heldur einnig skráðra vörumerkja og ekki aðeins, sbr. 9. gr. frumvarpsins, að efni og meðferð andmælamála heldur einnig ógildingarmála. Auk þess lagt til að gerðar verði tæknilegar breytingar, sbr. 15. gr. frumvarpsins um gjaldskrárreglugerð, en mögulegt er þó að áfrýjunargjöld verði ákveðin í reglugerðinni eins og verið hefur að undanförnu.

Um 15. gr.

Með ákvæði þessu, sem samið er í samráði við Einkaleyfastofuna, er lagt til að heimild ráðherra til að ákveða gjöld, sem taka mið af kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna vörumerkjamálefna og þeirrar þjónustu sem veitt er, verði gerð skýrari og færð betur til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru til innheimtu þjónustugjalda.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um heimildir Einkaleyfastofunnar til að innheimta gjöld með sérstakri gjaldskrárreglugerð, sem ráðherra setur, fyrir þá þjónustu sem stofnunin veitir aðilum sem sækja um skráningu vörumerkis.

Þá er kveðið á um að gjöld samkvæmt gjaldskrá skuli standa undir rekstri Einkaleyfastofunnar vegna umsýslu með umsóknum og skráningu vörumerkja. Nefnd eru dæmi um þau þjónustugjöld sem fallið geta til í tengslum við umsókn en undir önnur þjónustugjöld geta til að mynda fallið beiðnir um endurbirtingu vörumerkis, beiðni um takmörkun á verndarsviði, leit í vörumerkjaskrá, veiting afrita af umsóknum og skráningum vörumerkja o.fl.

Loks er tilgreint á hvaða kostnaðarliðum gjaldskrá skuli byggð.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

Breytingartillögur frumvarpsins eru að meginstofni af þrennum toga. Í fyrsta lagi eru tillögur um breytingar í samræmi við efni Singapúrsamningsins um vörumerkjarétt, m.a. um ívilnandi úrræði þegar tímamörk eru ekki virt og um möguleika á hlutun umsókna og skráninga. Í öðru lagi eru tillögur í samræmi við norræna lagaframkvæmd. Annars vegar er um að ræða breytingar sem miða að því að auka heimildir Einkaleyfastofunnar til að ákvarða afnám á skráningu vörumerkis. Hins vegar er lögð til breyting sem heimilar eiganda vörumerkis sem ekki á lögheimili hér á landi að tilnefna umboðsmann búsettan á Evrópska efnahagssvæðinu en samkvæmt gildandi lögum þarf umboðsmaður að vera búsettur hérlendis. Í þriðja lagi eru tillögur sem miða að því að auka skýrleika einstakra ákvæða í gildandi lögum. Þar á meðal eru tillögur um auknar og skýrari gjaldtökuheimildir Einkaleyfastofunnar.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs. Ítarlegri gjaldtökuheimildir miða að því að tryggja betur að kostnaður Einkaleyfastofu af vörumerkjamálum verði borinn uppi af þjónustugjöldum í samræmi við kostnað við veitta þjónustu.

1163. Fyrirspurn [655. mál]

til innanríkisráðherra um Vaðlaheiðargöng.

Frá Merði Árnasyni.

Verður ókeypis í Vaðlaheiðargöng þegar Vegagerðin treystir sér ekki til að halda opnum veginum um Víkurskarð?

1164. Fyrirspurn [656. mál]

til velferðarráðherra um færslu öldrunarmála til sveitarfélaga.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Er unnið að færslu öldrunarmála til sveitarfélaga og ef svo er, hver er staða málsins?

Skriflegt svar óskast.

1165. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn).

Frá minni hluta viðskiptanefndar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, og lögum nr. 50/2007, um sameignarfélög. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er annars vegar lagt til að við lögin bætist ákvæði um hlutföll kynjanna í stjórnum Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar og í stjórnum samvinnufélaga og sameignarfélaga. Hins vegar mælir frumvarpið fyrir um að bætt verði við lögin ákvæði þess efnis að formaður stjórnar verði ekki það sem kallað er „starfandi stjórnarformaður“.

Viðskiptanefnd bárust nokkrar umsagnir við frumvarp þetta, þar á meðal frá Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborg, en efni frumvarpsins varðar málefni Orkuveitunnar beint. Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að síðustu vikur hafi eigendur hennar unnið að viðamikilli stefnumörkun fyrir fyrirtækið. Sú vinna sé langt komin og taki meðal annars á hlutverki og stöðu formanns stjórnar Orkuveitunnar. Í umsögninni segir að líklega muni leiða af þeirri stefnumörkun að breyta þurfi lögum um Orkuveituna. Ekki verði séð að svo brýnt sé að kveða á um hlutverk formanns þess sameignarfyrirtækis í lögum að ekki sé unnt að gefa eigendum Orkuveitunnar færi á að ljúka stefnumörkunarvinnu sinni.

Þá er upplýst í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur, varðandi þann hluta frumvarpsins þar sem kveðið er á um að hlutföll kynja í stjórn Orkuveitunnar skuli vera jöfn, að stjórn fyrirtækisins sé skipuð þremur körlum og þremur konum og að skipan varafulltrúa í stjórn sé með sama hætti. Af þeim orsökum sjái Orkuveitan ekki að brýnt sé að afgreiða frumvarpið nú.

Í framhaldinu ítrekar Orkuveitan í umsögn sinni að vinna eigenda við mörkun eigendastefnu fyrir fyrirtækið sé langt á veg komin og þess óskað að eigendum fyrirtækisins verði gefið ráðrúm til þess að ljúka þeirri vinnu. Í framhaldinu skuli síðan tekin afstaða til þess hvort þörf sé á því að breyta lögum um Orkuveitu Reykjavíkur og þá í samráði og samstarfi við eigendur og stjórn fyrirtækisins.

Minni hlutinn bendir á að í umsögn Reykjavíkurborgar gerir borgarlögmaður alvarlegar athugasemdir við að hvorki hafi verið óskað umsagnar eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, þ.e. Reykjavíkurborgar, Akranesbæjar og Borgarbyggðar, né Orkuveitunnar sjálfrar um frumvarp sem varðar fyrirtækið. Borgarlögmaður segir með ólíkindum að lagt sé fram frumvarp sem varðar beinlínis verkaskiptingu og umboð stjórnarformanns með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu án þess að Alþingi hafi þótt svo mikið sem tilefni til að heyra sjónarmið eigenda fyrirtækisins eða fyrirtækisins sjálfs. Að öðru leyti er tekið undir framangreind sjónarmið Orkuveitu Reykjavíkur í umsögn Reykjavíkurborgar.

Minni hlutinn tekur undir athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar. Telur minni hlutinn eðlilegt og sanngjarnt að fyrirtækinu og eigendum þess verði gert kleift að ljúka sinni vinnu varðandi endurskoðun á eigendastefnu fyrirtækisins og stefnumörkun til framtíðar að öðru leyti áður en Alþingi tekur fram fyrir hendurnar á þeim sem að þeirri vinnu koma. Því sé eðlilegt að fresta efnislegri umfjöllun um málið og afgreiðslu þess þar til afrakstur þessarar stefnumörkunarvinnu liggur fyrir.

Minni hlutinn vekur jafnframt athygli á athugasemdum sem fram koma í umsögn Seðlabanka Íslands um þann þátt frumvarpsins sem lýtur að starfandi stjórnarformönnum. Í umsögninni kemur fram að Seðlabankinn telji að slík ákvæði kunni að vera eðlileg hvað varðar Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur og ítrekar bankinn þá skoðun sína að slík ákvæði séu gagnleg hvað varðar fjármálafyrirtæki. Þrátt fyrir það telji Seðlabankinn ekki rétt að láta slíkt gilda almennt um sameignar- og samvinnufélög. Bankinn segir að slík félög séu gjarnan í eigu eins aðila eða þétts eigendahóps, og stjórn þar af leiðandi með mikil tengsl við framkvæmdastjórn, og því ekki knýjandi nauðsyn að tryggja vernd hluthafa með þessum hætti, sem hljóti að vera markmiðið. Þá segir Seðlabanki Íslands að ekki verði séð að slík ákvæði skuli gilda um einkahlutafélög.

Í ljósi þess sem að framan greinir telur minni hlutinn að ekki sé tímabært að ráðast í þær lagabreytingar sem frumvarpið mælir fyrir um.

Verði hins vegar ekki fallist á að fresta afgreiðslu málsins í ljósi þeirra sjónarmiða sem að framan greinir leggur minni hlutinn til að gerðar verði frekari breytingar á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 139/2001, með síðari breytingum, og lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.

Þær breytingar lúta að því að þrengja núgildandi ákvæði laga um orkufyrirtækin tvö er varða tilgang og fjárfestingarheimildir þeirra. Samkvæmt núgildandi ákvæðum laganna eru heimildir fyrirtækjanna til að stunda eða taka þátt í starfsemi á ólíkum sviðum mjög víðtækar þar sem tilgangur þeirra er m.a. sagður vera „viðskipta- og fjármálastarfsemi“. Því miður hefur reynslan sýnt að ekki fer vel á því að orkufyrirtæki taki þátt í starfsemi sem er óskyld orkurekstri.

Mismunandi er með hvaða hætti fyrirtæki á orkusviði hafa nýtt þessar rúmu lagaheimildir til reksturs og fjárfestingar. Segja má að eitt þeirra, Orkuveita Reykjavíkur, hafi gengið hættulega langt í þeim efnum og farið út í alls kyns óskyldan rekstur og greitt fyrir dýru verði. Dæmi um slíkar fjárfestingar Orkuveitu Reykjavíkur eru rekstur net- og fjarskiptafyrirtækja, fiskeldi, risarækjueldi, hörverksmiðja og ljósmyndabanki.

Verði breytingartillögur minni hlutans samþykktar verður starfssvið Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar þrengt. Í framhaldinu telur minni hlutinn ástæðu til þess að farið verði yfir sambærileg lagaákvæði sem gilda um önnur orkufyrirtæki svo að samræmis verði gætt í löggjöfinni, þótt flest þeirra hafi haldið sig við rekstur sem samræmist vel ákvæðum þeirra laga sem gilda um rekstur þeirra.

Þess skal sérstaklega getið að þrátt fyrir framangreindar breytingartillögur leggur minni hlutinn til að fyrirtækjum verði eftir sem áður heimilað að eiga áfram þær eignir sem þau hafa þegar keypt á grundvelli gildandi laga. Við sölu slíkra eigna og endurfjárfestingar yrði fyrirtækjunum þó gert skylt að fylgja gildandi lögum á hverjum tíma.

Alþingi, 29. mars 2011.

Guðlaugur Þór Þórðarson, frsm. Sigurður Kári Kristjánsson.

1166. Breytingartillögur [87. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn).

Frá minni hluta viðskiptanefndar (GÞÞ, SKK).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, 1. gr., svohljóðandi:
   Orðin „sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi“ í 2. gr. laganna falla brott.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, 4. gr., svohljóðandi:
   Orðin „ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi“ í 2. gr. laganna falla brott.
3. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun er heimilt að eiga áfram þær eignir sem keyptar hafa verið á grundvelli þeirra heimilda sem felldar eru brott í 1. og 4. gr. Við kaup á eign í þeirra stað skal farið eftir ákvæðum gildandi laga um fjárfestingarheimildir fyrirtækjanna.

1167. Breytingartillaga [300. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar).

Frá Lilju Mósesdóttur.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Lög þessi falla úr gildi 31. desember 2014.

1168. Tillaga til þingsályktunar [657. mál]

um rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku á Íslandi.

Flm.: Skúli Helgason, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Þráinn Bertelsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Birgitta Jónsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Oddný G. Harðardóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Guðmundur Steingrímsson, Kristján L. Möller, Ólafur Þór Gunnarsson, Björgvin G. Sigurðsson, Magnús Orri Schram, Margrét Tryggvadóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Þór Saari.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að hefja vinnu við mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku við strendur Íslands, með áherslu á greiningu nýtingarkosta á þeim svæðum landsins sem ætla má að uppfylli hagkvæmnikröfur; jafnframt að byggja upp gagnagrunn um nýtingu sjávarorku og stuðla að framgangi tækniþróunar á þessu sviði. Einnig yrði kannað með hvaða hætti Ísland gæti orðið aðili að alþjóðlegu samstarfi um nýtingu sjávarorku.

Greinargerð.

Leiða má getum að því að sjávarorka sé ein stærsta ónýtta orkulind Íslands. Þá ályktun má draga af niðurstöðum rannsókna í nágrannalöndunum. Má þar t.d. nefna skýrslu sem SEI (Sustainable Energy Ireland) hefur gefið út á Írlandi. Niðurstöður hennar eru m.a. að heildarorka sjávarfallastrauma við Írland sé 230 TWh/a, en til samanburðar álítur Orkustofnun að samanlagt heildarumfang vatnsafls og jarðvarma hér á landi sé um 123 TWh/a. Rétt er að hafa í huga að hvorug talan segir til um nýtingarmöguleika. Ekki er hægt að fullyrða að aðstæður við Írland séu að fullu sambærilegar við Ísland, en sé tekið tillit til þess að Írland er 70% af flatarmáli Íslands rennir það stoðum undir þá skoðun að virkjun sjávarorku geti orðið framtíðargrein í orkubúskap Íslendinga. Í sömu átt benda rannsóknir við Bretland, Noreg og víðar.

Hér við land hafa litlar rannsóknir farið fram á hafstraumum og þar með sjávarorku við strendur utan fjarða á þeim stöðum þar sem straumar eru stríðir, svo sem í röstum undan annesjum. Jafnframt hefur engin stefna verið um slíkar rannsóknir til að meta orkumagn og nýtingarmöguleika. Vissulega má tilgreina þau rök annars vegar að Íslendingar hafa haft næga orku frá vatnsföllum og jarðvarma og hins vegar að hingað til hefur tækni skort til hagkvæmrar nýtingar sjávarorku. Hvort tveggja kann þó að vera að breytast.

Ísland er auðugt að hreinni og endurnýjanlegri orku og hafa Íslendingar einkum nýtt tvær tegundir þessara auðlinda, vatnsföll og jarðvarma, og verið í fremstu röð þjóða hvað varðar nýtingarhlutfall hreinnar, endurnýjanlegrar orku. Lítið sem ekkert hefur verið hugað að öðrum endurnýjanlegum orkulindum landsins, enda álitið að ekki væri unnt að nýta þær með hagkvæmum hætti.

Fyrirliggjandi drög að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma leiða í ljós að í þessum tveimur endurnýjanlegu orkugjöfum eiga Íslendingar enn mjög miklar orkulindir sem nýtanlegar væru út frá tæknilegum og hagrænum sjónarmiðum. Þessir nýtingarmöguleikar minnka þó verulega þegar tekið er tillit til umhverfissjónarmiða og annars verndargildis. Vaxandi almenn umhverfisvitund veldur því að sérhver nýr virkjanakostur er nú umdeildari

en áður var. Íslendingar geta því ekki treyst eingöngu á nýtingu þessara tveggja orkugjafa til framtíðar. Næstu kynslóðir munu þurfa að leita nýrra leiða um orkuöflun, og núlifandi kynslóð hlýtur að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða, t.d. með rannsóknum og gagnaöflun er tengist nýjum orkukostum.

Ísland býr yfir miklum hreinum og endurnýjanlegum orkulindum, auk vatns- og jarðvarma. Þar má nefna vindorku, ölduorku og sjávarfallaorku. Sífellt fleiri ríki og ríkjabandalög beina nú sjónum sínum að nýjum lausnum í stað jarðefnaeldsneytis, og síaukin áhersla er lögð á leit að nýjum lausnum. Tækniþróun hefur því fleygt fram í heiminum varðandi nýtingu endurnýjanlegrar orku á mörgum sviðum. Mörg Evrópulönd eru þar framarlega í flokki. Nægir þar að nefna hina miklu vindmylluvæðingu í Danmörku og Þýskalandi og áherslu Breta á sjávarorkutækni. Ný tækniþekking og aukin fjöldaframleiðsla gerir nýtingu óhefðbundinna orkulinda sífellt arðbærari.

Sjávarorka er væntanlega mjög mikil við Íslandsstrendur og má telja líklegt að þar sé orkukostur sem hagkvæmt væri að virkja við tilteknar aðstæður. Til þess liggja nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi er ljóst að víða er mikla orku að finna skammt undan ströndum og má leiða líkum að því að heildarforði sjávarorku sé talsvert meiri en samanlögð virkjanleg vatnsfalla- og jarðvarmaorka eins og hér kom fram í upphafi. Í öðru lagi er um stöðuga og fyrirsjáanlega orkuöflun að ræða. Þetta á einkum við um sjávarfallastrauma sem fylgja reglulegum gangi tungls um jörðu. Þar yrði framleiðslustöðvun fjórum sinnum á sólarhring á fallaskiptum, en brúa má það m.a. með tveimur leiðum: annars vegar með því að keyra vatnsorkuver á fallaskiptum en spara í lónum á milli, en hins vegar með því að nýta misjafnan sjávarfallatíma kringum landið. Í þriðja lagi er tækni til nýtingar sjávarorku sífellt að þróast og verða hagkvæmari. Í heiminum eru nú um 60 tegundir hverfla komnar í tilraunakeyrslu, og áætlanir eru um umfangsmiklar sjávarfallavirkjanir í nokkrum ríkjum. Í fjórða lagi eru líkur á að Íslendingar gætu náð góðum árangri í þróun tækni á þessu sviði, ekki síður en á sviði jarðvarmanýtingar. Íslensk þróun sjávarorkutækni er þegar hafin. Nú er verið að þróa nokkrar gerðir hverfla á vegum fyrirtækisins Valorku ehf. og þegar hefur verið tryggt einkaleyfi fyrir íslenskum sjávarfallahverfli, uppfinningu Valdimars Össurarsonar. Kerprófanir hafa staðið yfir og fyrstu niðurstöður lofa góðu.

Sjávarorka kemur fyrir í nokkrum myndum en sumar þeirra koma varla til álita hér. Það gildir t.d. um hitastigulsvirkjun (OTEC), en þá er virkjaður hitamunur lagskipts sjávar á mismunandi dýpi. Önnur tegund er seltuvirkjun (osmose), en þá eru virkjuð áhrif mismunandi seltustigs vatns og sjávar við árósa með gegndræpum himnum. Tæknin er nú á tilraunastigi og skammt komin, en hugsanlega gæti hér verið um mikilvægt orkuform að ræða fyrir okkur í framtíðinni. Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur haft forgöngu um rannsóknir á osmósuvirkjunum og hefur byggt upp tilraunaaðstöðu til að meta fýsileika þess að nota íslenskar jökulár til að framleiða orku með osmósutækni. Þær rannsóknir hafa nú leitt til samstarfs Nýsköpunarmiðstöðvar og Orkubús Vestfjarða um að setja á fót osmósuorkuver í smáum stíl við Mjólkárvirkjun til að vekja athygli ferðamanna og almennings á þessum vistvæna orkukosti. Um er að ræða umhverfisvænan orkukost þar sem ekki er um að ræða neina losun gróðurhúsalofttegunda eða mengandi vökva, engin þörf er fyrir stíflur eða uppistöðulón og áhrif á gróður og lífríki ár og sjávar eru í lágmarki. Þriðja form sjávarorku er ölduvirkjanir. Hér er um mjög áhugaverðan orkukost að ræða þar sem ölduhæð getur orðið mjög mikil við Íslandsstrendur, einkum sunnanlands. Ölduorka er þó mjög óstöðug orkulind; enn eru óleyst vandamál við nýtingu hennar og virkjanatækni á langt í land með hagkvæmni. Fjöldamargar hugmyndir hafa komið fram um tækni til virkjunar á ölduorku, en enn hefur engin fundist

sem staðist hefur mestu átök við raunaðstæður. Að minnsta kosti ein íslensk hugmynd hefur verið lögð fram en hún er enn á þróunarstigi.

Á sviði virkjunar sjávarfalla hefur Nýsköpunarmiðstöð Íslands í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða og Orkubú Vestfjarða komið að rannsóknum á möguleikum slíkra virkjana á Vestfjörðum. Lengst var gengið með rannsóknir á Þorskafirði þar sem gert var líkan af samnýtingu brúar yfir fjörðinn og hverfla undir brúnni, sem virkjað gætu orku sem nemur að meðaltali um 35 MW, en það mundi gera Vestfirði sjálfa sér næga um raforku.

Fjórða form sjávarorku er virkjun hafstrauma sem mætti skipta í nokkra flokka: stíflu-virkjanir nýta sjávarfallastrauma í ósum og fjörðum sem þá eru stíflaðir og straumurinn leiddur gegnum hverfla. Hætt er við að slíkar virkjanir verði umdeildar vegna mikilla umhverfisáhrifa, en á móti kann að koma hagkvæmni vegna annarra þátta, svo sem þar sem þvera þarf firði vegna vegagerðar. Sundavirkjanir eru hér nefndar sjávarfallavirkjanir þar sem hverflar eru staðsettir í straumhörðum sundum og álum án stíflugerðar. Hverflarnir geta ýmist verið alveg á kafi, marandi í yfirborðinu eða festir á turn sem nær frá botni upp fyrir yfirborð. Flestir sjávarfallahverflar sem nú eru í þróun teljast til þessa flokks, en sumir þeirra eru komnir á það stig að vera farnir að framleiða rafmagn í einhverjum mæli inn á neyslunet. Hagkvæmni sjávarfallahverfla eykst hröðum skrefum. Nefna má t.d. að EPRI (Electric Power Research Institute, Bandaríkjunum), sem hefur gert áætlanir um stóra sjávarfallavirkjun í Fundy-flóa, telur að raforkuverð þaðan verði sambærilegt við annað heildsöluverð raforku. Ókostur sundavirkjana er sá að hverflarnir þurfa mikinn straumhraða til að skila hagkvæmri orkuframleiðslu, um og yfir 2,5 m/sek. Sá hraði er ekki algengur og kemur helst fyrir í nokkrum sundum en lítt utanfjarða. Hér er hann að finna í Hvammsfjarðarröstinni og sennilega í fleiri álum Breiðafjarðar.

Þá er ótalinn sá flokkur sjávarfallavirkjana sem e.t.v. mun hafa mesta þýðingu fyrir Íslendinga til framtíðar en þær má nefna strandvirkjanir. Þá er virkjaður sjávarfallastraumur í röstum við annes, og til þess notaðir hverflar sem eru alveg á kafi, en festir við botn. Straumur er yfirleitt mun minni en í innfjarðasundum, og má reikna með að hann geti víða orðið yfir 1 m/sek. Mælingar kunna að leiða í ljós meiri straumhraða. Þar sem orkan eykst í þriðja veldi við aukningu straumhraða þurfa hverflar fyrir hægari straum að hafa nokkuð mikið flatarmál. Þeir þurfa að vera á töluverðu dýpi til að forðast yfirborðskviku, eða sennilega meira en 20 m dýpi, og vel yfir botni. Hér við land eru töluvert stór svæði sem líklega búa yfir nýtanlegri orku af þessum tagi. Umfangsmest er líklega svæðið við sunnanverða Austfirði. Við Vestfirði er einnig víða að finna miklar rastir við annes, svo sem Látraröst, Straumnesröst o.fl. Þar fyrir utan má nefna Langanesröst, Reykjanesröst og Snæfellsnes. Hér er mögulega um allnokkrar orkulindir að ræða, orku sem getur orðið nýtanleg innan fárra ára vegna hinnar öru tækniþróunar. Um stærð hennar verður þó ekkert fullyrt þar sem skortir frekari upplýsingasöfnun og í framhaldinu rannsóknir á þeim svæðum á landinu þar sem mestar líkur eru á hagkvæmri nýtingu.

Nýting sjávarorku hefði ýmsa þýðingu fyrir Íslendinga. Með henni fengist aðgangur að mjög stöðugri og öflugri orkulind sem unnt væri að nýta án nokkurra þekktra umhverfisáhrifa og ætti því ekki að verða umdeild. Þessi nýting mundi hafa verulega þýðingu varðandi orkuöryggi þar sem orkuna er víða að finna við svæði sem hingað til hafa búið við óöryggi í orkumálum.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið varðandi takmarkað framboð hefðbundinna orkulinda er augljós ávinningur þess að meta umfang nýrra orkulinda, svo sem við strendur landsins. Það er ekki unnt nú þar sem áreiðanlegar mælingar skortir nær algjörlega, einkum

varðandi sjávarfallastraum á virkjanlegum stöðum. Hafrannsóknastofnunin býr yfir mikilli reynslu af straummælingum og er stofnunin reiðubúin til að nýta sína reynslu til þeirra mælinga sem hér um ræðir. Notaðir hafa verið dopplermælar sem lagðir eru á botn í nokkra mánuði. Mælirinn safnar þar upplýsingum í minni um straumhraða í súlu sjávar frá botni til yfirborðs. Hann er síðan endurheimtur og unnið úr niðurstöðum.

Rétt er að taka fram að enn hafa ekki komið fram óyggjandi vísbendingar um að virkjun sjávarfalla fullnægi almennt þeim kröfum sem gerðar eru um hagkvæmni og arðsemi. Hins vegar eru líkur á því að sjávarfallavirkjanir geti verið hagkvæmar við tilteknar aðstæður. Slíkar aðstæður er t.d. að finna í mynni Hvammsfjarðar þar sem fallastraumar eru miklir og hafa verið veitt rannsóknarleyfi vegna hugsanlegrar nýtingar þar. Á Vestfjörðum og hugsanlega fleiri stöðum á landinu þar sem afhendingaröryggi raforku er takmarkað gæti staðbundin raforkuframleiðsla komið í stað framkvæmda við að styrkja og eða tvöfalda flutningslínur til meginlandsins. Framkvæmdir við vegagerð og þverun fjarða gætu nýst sem hluti fjárfestingar í sjávarfallavirkjun.

Áform um rannsóknamiðstöð sjávarorku.

Nokkrir einkaaðilar hafa beitt sér fyrir rannsóknum á sjávarorku. Valorka ehf. hefur beitt sér fyrir stofnun rannsóknamiðstöðvar sjávarorku í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina og Verkís. Fyrirtækið Sjávarorka hefur rannsakað röstina í Hvammsfirði, hópur aðila rannsakar fjarðavirkjanir í austanverðri Barðastrandasýslu og annar til rannsakar nýtingu sjávarorku í Hornafirði. Vonir manna hafa staðið til að þessir aðilar bindist samtökum um að koma á fót rannsóknamiðstöð sjávarorku með fulltingi Nýsköpunarmiðstöðvar, Siglingastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og annarra opinberra aðila. Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rarik vinna nú að áætlunum um slíka miðstöð við Breiðafjörð.

Uppbygging gagnagrunns.

Ekki hefur verið byggður upp gagnagrunnur til almennra nota á þessu sviði þó að ýmsir hafi viðað að sér upplýsingum. Gagnagrunnur af þessu tagi er nauðsynlegur í ýmsu tilliti, svo sem við mat á orkuauðlindum sjávar, til að fylgjast með tækniþróun og rannsóknum, til nota við íslenska tækniþróun, til kennslu o.fl. Leggja þarf áherslu á að gögnin séu aðgengileg og opin öllum.

Stuðningur við tækniþróun.

Hér er um óhefðbundin verkefni að ræða og þegar sótt er um stuðning fyrir verkefni á þessu sviði til samkeppnissjóða er mikilvægt að skilningur og þekking sé fyrir hendi á sjávarorku og nýtingarmöguleikum hennar. Ef árangur á að nást er nauðsynlegt að stofnanir og sjóðir hins opinbera séu vakandi fyrir öllum tækifærum sem gefast og fylgist vel með framförum í þessu efni.

Alþjóðasamstarf.

Aðild að alþjóðasamtökum á sviði sjávarorkunýtingar gæti reynst Íslendingum mjög gagnleg, svo sem við uppýsingaöflun og verkefnasamstarf. Ísland er nú þegar aðili að Alþjóðaorkuráðinu og alþjóðasamstarfi á sviði endurnýjanlegrar orku, sem gæti nýst að einhverju marki í þessum efnum. Rétt væri að skoða einnig aðild að IEA-OES sem er alþjóðasamstarf um nýtingu sjávarorku á vegum Alþjóðaorkumálastofnunarinnar.

1169. Tillaga til þingsályktunar [658. mál]

um endurskoðun á núverandi kirkjuskipan.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Margrét Tryggvadóttir,
Björn Valur Gíslason, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
Birgitta Jónsdóttir, Skúli Helgason, Þór Saari.

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að skipa nefnd til að endurskoða núverandi kirkjuskipan landsins. Nefndin verði skipuð fulltrúum innanríkisráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis auk fulltrúa þingflokka, þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga. Verkefni nefndarinnar verði að meta kosti og galla mismunandi kirkjuskipanar, endurskoða núverandi samband ríkis og kirkju og meta hvort og hvaða breytingar rétt sé að gera á því. Nefndin skili ráðherra tillögum sínum fyrir árslok 2011.

Greinargerð.

Um langt árabil hefur umræða um kirkjuskipan landsins, samband ríkis og kirkju, verið fyrirferðarmikil í íslenskri þjóðfélagsumræðu, þó mismikil frá einum tíma til annars. Snýr hún eðli málsins samkvæmt að fjölmörgum þáttum, svo sem réttindum einstaklinga, stöðu þjóðkirkjunnar sem slíkrar og sjálfstæði hennar, jafnræði trúfélaga og stöðu lífsskoðunarfélaga en auk þess að menningu og sögu þjóðarinnar og þætti trúarinnar í því efni. Þá hefur jöfnum höndum blossað upp umræða um hlutverk kirkjunnar í skólastarfi.

Núverandi kirkjuskipan á Íslandi byggist á VI. kafla stjórnarskrárinnar, en í 62. gr. segir: *„Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“* Um leið er trúfrelsi tryggt í 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: *„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“* Samkvæmt því er öll mismunun er byggist á ólíkum trúarbrögðum eða lífsskoðunum óheimil. Þjóðkirkjan nýtur á hinn bóginn vissrar sérstöðu bæði í lagalegum skilningi samkvæmt stjórnarskrá og eins þegar horft er til hefðar og sögulegrar sambúðar kirkjunnar og þjóðarinnar. Segja má að ekki sé að fullu skýrt hvað nákvæmlega felst í ákvæðum stjórnarskrárinnar um að ríkisvaldið skuli „styðja“ og „vernda“ þjóðkirkjuna, ekki síst ef það ákvæði er skoðað í samhengi við trúfrelsisákvæði hinnar sömu stjórnarskrár. Trúfrelsi er vafalítið meðal allra mikilvægustu borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda í sérhverju lýðræðisríkis. Lögvernduð sérstaða eins trúarsafnaðar umfram aðra getur hæglega raskað eðlilegu jafnvægi í skoðanamyndun fólks, ekki síst hin efnahagslega og fjárhagslega sérstaða sem þjóðkirkjunni er búin umfram önnur trúfélög.

Því verður ekki á móti mælt að samband ríkis og kirkju hefur tekið ýmsum breytingum í áranna rás og eru margir þeirrar skoðunar að ekki verði gengið lengra í aðgreiningu þeirra en þegar er orðið. Aðrir telja einmitt að mikilvægt sé að skilja að fullu milli ríkis og þjóðkirkju, öðruvísi verði trúfrelsi stjórnarskrárinnar ekki uppfyllt. Meðal guðfræðinga og presta eru einnig skiptar skoðanir um þessi efni og eru nokkrar greinar frá ólíku sjónarhorni birtar sem fylgiskjöl með þessari tillögu. Vafalaust er að samband ríkis og kirkju verður einnig tekið til umfjöllunar á stjórnlagaþingi sem kosið var til í nóvember sl. og tekur til starfa í febrúar nk. Hitt er jafnframt ljóst að kenningar kristninnar hafa haft og munu hafa mikil áhrif

á menningu, siðferði og sögu þjóðarinnar burtséð frá því hvernig hinum formlegu tengslum er fyrir komið.

Í umræðu um samband ríkis og kirkju er því oft haldið fram að ástæðulaust sé að huga að aðskilnaði þar sem „Íslendingar séu jú allir kristnir og í þjóðkirkjunni“. Í þessu sambandi er athyglisvert að skoða þróun skráningar í trúfélög í þjóðskrá undanfarna áratugi. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hefur skipting landsmanna í trúfélög breyst þannig á undanförnum áratugum:

	1950[1]	1960[1]	1973[2]	1980[2]	1990[2]	2000[2]	2010[3]
Mannfjöldi	**143.973**	**175.680**	**213.070**	**228.785**	**255.855**	**279.049**	**317.630**
Þjóðkirkjan	130.487 90,63%	160.882 91,58%	197.436 92,66%	213.147 93,16%	236.959 92,61%	247.420 88,67%	251.487 79,18%
Fríkirkjur	9.790 6,80%	10.750 6,12%	10.158 4,77%	8.700 3,80%	8.212 3,21%	10.656 3,82%	16.497 5,19%
Önnur trúfélög	1.454 1,01%	2.128 1,21%	3.188 1,50%	4.211 1,84%	7.311 2,86%	14.977 5,37%	39.310 12,38%
Utan trúfélaga	2.242 1,56%	1.920 1,09%	2.288 1,07%	2.727 1,19%	3.373 1,32%	5.996 2,15%	10.336 3,25%

[1]Manntal 1. desember. [2]Þjóðskrá 1. desember. [3]1. janúar 2010.

Eins og hér kemur fram var hlutdeild landsmanna innan þjóðkirkjunnar nokkuð stöðug um liðlega 90% frá árinu 1950 og allt fram til síðustu aldamóta en fór þá lækkandi og er nú rúmlega 79%. Á sama hátt hefur hlutfall landsmanna sem eru skráðir í fríkirkjur og önnur trúfélög hækkað úr um 8% í tæp 18% á sama tíma og landsmönnum utan trúfélaga hefur einnig fjölgað úr um 1,5% í um 3,3%.

Á undanförnum árum hafa málefni þjóðkirkjunnar komið til umfjöllunar á vettvangi Alþingis. Þannig fluttu Ásta R. Jóhannesdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir þingsályktunartillögu á 120. löggjafarþingi um aðskilnað ríkis og kirkju og á 126. löggjafarþingi og á nokkrum síðari þingum fluttu Guðjón A. Kristjánsson, Árni Steinar Jóhannsson og Sverrir Hermannsson frumvarp til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins. Það þingmál var endurflutt nokkrum sinnum með breytingum, m.a. með öðrum flutningsmönnum og breyttum gildistíma. Þessi þingmál eru birt sem fylgiskjöl með þingsályktunartillögu þessari.

Megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að vekja umræðu um samband ríkis og kirkju í samfélaginu almennt, taka núverandi kirkjuskipan til gagngerrar umræðu og endurskoðunar með aðskilnað ríkis og kirkju að leiðarljósi. Nauðsynlegt er að allir hagsmunaaðilar eigi aðkomu á þeirri vinnu sem tillagan gerir ráð fyrir að fram fari.

Með tillögunni voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Tillaga til þingsályktunar um aðskilnað ríkis og kirkju. (Þskj. 808, 472. mál 120. löggjafarþings 1995–96.) Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

II. Frumvarp til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins. (Þskj. 1025, 647. mál 126. löggjafarþings 2000–2001.) Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Árni Steinar Jóhannsson, Sverrir Hermannsson.

III. Trúfrelsisstefna. Siðmennt. (Tekið af vef Siðmenntar, sidmennt.is, 17. janúar 2011.)

IV. Aðskilnaður ríkis og kirkju. Arnfríður Guðmundsdóttir og Hjalti Hugason. (Nóvember 2010, tekið af vef 17. janúar 2011: www.dv.is/stjornlagathing/hjalti-hugason/grein/608.
V. Menningarlega opin kirkja. (Viðtal við Sigurjón Árna Eyjólfsson. Sigurbjörg Þrastardóttir. Lesbók Morgunblaðsins, 9. desember 2006.)
VI. Tillögur Siðmenntar til stjórnarskrárbreytinga 2009. Reykjavík, 25. febrúar 2009. Björg Thorarensen, Bryndís Hlöðversdóttir, Gísli Tryggvason.
VII. Skilja strax? Sr. Sigurður Árni Þórðarson: (Fréttablaðið, 16. nóvember 2010.)
VIII. Sr. Hjörtur Magni Jóhannsson. (Fréttablaðið, 10. desember 2010.)

1170. Svar [543. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um kostnað við Landsdóm o.fl.

1. *Hver er áætlaður kostnaður við Landsdóm á þessu ári?*

Í fjárlögum ársins 2011 er veitt 113,4 millj. kr. fjárheimild vegna þingsályktunar Alþingis um að kalla saman landsdóm. Þar kemur einnig fram að þar sem óvíst sé hversu langan tíma meðferð málsins taki séu útgjöldin háð óvissu.

2. *Hver er áætlaður kostnaður við saksókn í tengslum við Landsdóm nú í ár og á síðasta ári?*

Þar sem kostnaður við saksókn greiðist af Alþingi eru umbeðnar upplýsingar ekki til staðar hjá ráðuneytinu.

3. *Er möguleiki á að einhver kostnaður leggist til á næsta ári?*

Ef meðferð málsins verður ekki lokið á þessu ári gæti einhver kostnaður lagst til á næsta ári.

4. *Býr ráðuneytið sig undir fleiri landsdómsmál á næstunni, t.d. út af framgöngu ráðherra í aðdraganda Icesave-málsins?*

Eins og fram kemur í lögum um landsdóm, nr. 3/1963, fer landsdómur með og dæmir þau mál er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum. Það er þannig Alþingis en ekki innanríkisráðuneytisins að undirbúa eða taka ákvarðanir um slíkar málsóknir.

1171. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu Ólafur Friðriksson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Pálmi Vilhjálmsson frá Auðhumlu svf. og Samtökum afurðastöðva

í mjólkuriðnaði og Erna Bjarnadóttir frá Bændasamtökum Íslands. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Landssambandi kúabænda. Þingmál sama efnis var áður lagt fram á 138. löggjafarþingi. Þá skiluðu umsögnum Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtök Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Neytendasamtökin, Samkeppniseftirlitið, Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði og Viðskiptaráð Íslands. Þá var þingmál svipaðs efnis lagt fram á 135. löggjafarþingi. Af því tilefni bárust umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Byggðastofnun, Bændasamtökum Íslands, Mjólku, Samkeppniseftirlitinu og Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Með frumvarpinu er stefnt að því að fella brott 19., 22., 24., 26. og 27. gr. búvörulaga. Skv. 19. gr. laganna skal innheimta verðmiðlunargjald á heildsölustigi af afurðum nautgripa og sauðfjár auk þess sem kveðið er á um tiltekna ráðstöfun tekna af gjaldtökunni. Í 22. gr. laganna er kveðið á um innheimtu verðtilfærslugjalds af hverjum innvegnum mjólkurlítra í afurðastöð innan greiðslumarks. Umsjón og framkvæmd gjaldheimtunnar er ákvörðuð í 24. gr. laganna og í 27. gr. þeirra koma fram heimildir til innheimtu gjaldanna auk þess sem ráðherra er veitt heimild til setningar reglugerða um nánari útfærslu innheimtunnar, framkvæmd uppgjörs og tímabil, gjalddaga, álagningu samkvæmt áætlun o.fl.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að megintilgangur þess sé að draga úr millifærslukerfi í landbúnaði og gera verðlagningu gagnsærri. Þá megi ætla að með því móti verði skilyrði fyrir samkeppni bætt og innlendum mjólkurafurðastöðvum gert betur kleift að takast á við samkeppni frá útlöndum. Að auki muni skilgreindur opinber stuðningur við landbúnað lækka um allt að 400 millj. kr.

Flestir umsagnaraðila hafa fagnað framlagningu frumvarpa þessa efnis, hvatt til samþykktar eða ekki gert sérstakar athugasemdir við efni þeirra. Þó hafa Neytendasamtökin, Samkeppniseftirlitið, Alþýðusamband Íslands og Mjólka ekki talið gengið nægilega langt í því að örva samkeppni á framleiðslu- og heildsölumarkaði landbúnaðarvara með breytingum á búvörulögum. Hafa framangreindir aðilar m.a. bent á nauðsyn þess að afnema 13., 52. og 71. gr. laganna.

Á fundum nefndarinnar kom m.a. fram að verðmiðlun og verðtilfærslur á landbúnaðarvörum séu í raun og veru orðnar óþarfar. Upphaflega hafi þessar aðferðir verið hugsaðar til þess að halda niðri verði á þeim landbúnaðarvörum sem efnaminni fjölskyldur neyttu í meira mæli en aðrar og verja rekstrarstöðu einstakra mjólkursamlaga. Var á það bent að þörf fyrir slíkt hafi gufað upp á síðustu árum vegna sterkari stöðu neytenda, breytts neyslumynsturs og fækkunar á starfandi afurðastöðvum. Af þessum sökum leiði aðferðirnar í dag til bjögunar á samkeppni og ósamræmis á milli raunkostnaðar við framleiðslu vara og verðlagningar. Þá var athygli nefndarinnar vakin á því að verðlagsnefnd búvara hafi dregið úr verðmiðlun og verðtilfærslu í áföngum að undanförnu enda hafi samsetning kostnaðar við framleiðslu og heildsölu landbúnaðarafurða breyst. Að auki hafi legið fyrir um nokkurn tíma að stefnt væri að þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér.

Sú athugasemd barst nefndinni að hugsanlega gengi frumvarpið fulllangt að því leyti að ekki væri ráðlegt að fella 4. mgr. 24. gr. og 27. gr. laganna brott enda væri verðskerðingargjald af hrossakjöti mikilvægur hlekkur, m.a. þegar kæmi að markaðssetningu hrossa- og kindakjöts og að nauðsynlegt væri að til væru úrræði til að treysta þá gjaldtöku.

Nefndin tekur undir að í raun séu opinber verðmiðlun og verðtilfærsla að miklu leyti orðin óþörf tæki og að tímabært sé að fella heimildir til þeirra brott úr lögum. Þá bendir nefndin á nauðsyn þess að þáttur samkeppni í framleiðslu og sölu á búvörum sé efldur á sanngjarnan hátt þannig að ekki verði raskað því jafnvægi og sátt sem ríkt hefur á búvörumarkaði. Ber að

taka tillit til þess að búvörumarkaðurinn byggist á árátuga framkvæmd og samningum sem stjórnvöld gera til tiltölulega langs tíma. Hvorki framleiðendur né neytendur njóta góðs af því að grundvöllur hans sé brotinn upp á einni nóttu og eðlilegt sé að breytingar verði í eðlilegu samhengi við framþróun og samsetningu samfélagsins og markaða. Af þeim sökum er það álit nefndarinnar að breytingar verði að eiga sér stað skref fyrir skref. Nefndin vekur athygli á að þeir umsagnaraðilar sem athugasemdir hafa gert við málið hafa ekki í raun haft nokkuð efnislegt við það að athuga heldur aðeins gagnrýnt að ekki skyldi gengið lengra. Þá tekur nefndin undir að þörf sé á að gæta þess að ganga ekki of langt í að skerða möguleika til markaðssetningar á landbúnaðarafurðum og leggur til breytingar því til samræmis.

Í ljósi alls framangreinds leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:
19. gr., 22. gr., 1.–3. mgr. 24. gr. og 26. gr. laganna falla brott.

Ólína Þorvarðardóttir, Helgi Hjörvar og Róbert Marshall voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. mars 2011.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, form., frsm.	Björn Valur Gíslason.	Atli Gíslason.
Einar K. Guðfinnsson.	Sigurður Ingi Jóhannsson.	Jón Gunnarsson.

1172. Frumvarp til laga [659. mál]

um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (fjárhagsleg endurskipulagning og slit).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Á eftir orðinu „hendi“ í h-lið 2. mgr. 99. gr. laganna kemur: sem hafin var fyrir uppkvaðningu úrskurðar um endurskipulagningu fjárhags.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á h-lið 2. mgr. 99. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. Ákvæðið kom inn í lögin í núverandi mynd með lögum

nr. 130/2004, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, en með þeim lögum voru innleidd ákvæði tilskipunar 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

Í ákvæði h-liðar 2. mgr. 99. gr. í A-hluta XII. kafla laganna, sem lýtur að endurskipulagningu fjárhags lánastofnana, felst innleiðing 32. gr. tilskipunarinnar, sbr. e-lið 2. mgr. 10. gr. hennar. Um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunar um slit lánastofnana skal skv. 2. málsl. 1. mgr. 104. gr. laganna fara að íslenskum lögum með sömu takmörkunum og greinir í fyrrgreindri 2. mgr. 99. gr.

Tilskipun 2001/24/EB leggur grundvöll að samræmdum reglum á Evrópska efnahagssvæðinu um endurskipulagningu fjárhags og slit fjármálafyrirtækja og byggist á meginsjónarmiðum um einingu (e. principle of unity), algildi (e. principle of universality) og jafnræði (e. principle of non-discrimination). Í tilskipuninni er talið felast mikið hagræði, en markmið hennar er að tryggja gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkja á ráðstöfunum um endurskipulagningu og slit fjármálafyrirtækja og málsmeðferð sem fylgir í kjölfarið. Samkvæmt tilskipuninni skal að meginstefnu fara um endurskipulagningu og slit fjármálafyrirtækis sem hefur aðalstöðvar í einu aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og útibú í öðru aðildarríki eftir lögum heimaríkis, en ekki gistiríkis. Tilskipuninni er ætlað að koma í veg fyrir að kröfuhöfum verði mismunað með því að mismunandi lög gildi um endurskipulagningu eða slit lánastofnunar annars vegar og útibúa hennar hins vegar.

Frá áðurgreindri meginreglu tilskipunarinnar eru undantekningar, m.a. í 32. gr. hennar. Núgildandi ákvæði h-liðar 2. mgr. 99. gr. laga nr. 161/2002 er svohljóðandi: „Um réttaráhrif úrskurðar um endurskipulagningu fjárhags á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem lánastofnun hefur látið af hendi fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.“[1] Efnislega felst í ákvæðinu að það ræðst af löggjöf gistiríkis hvort mál sem höfðað var áður en úrskurður um endurskipulagningu eða slit var kveðinn upp verði haldið áfram eða fellt niður.

Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 130/2004, um breytingu á lögum nr. 161/2002, kemur fram að með þeim breytingum á XII. kafla laganna séu m.a. innleiddar reglur tilskipunar 2001/24/EB um lagaskil varðandi tiltekna samninga, réttindi og eignir. Í frumvarpinu er ekki að finna sérstakar útskýringar á efni h-liðar 2. mgr. 99. gr. laganna, en ætla má að ef tilgangur löggjafans hefði verið sá að ganga lengra en 32. gr. tilskipunarinnar kveður á um hefði þess verið sérstaklega getið í athugasemdum. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), sem hefur eftirlit með framkvæmd EES-samningsins, hefur farið ítarlega yfir innleiðingu tilskipunarinnar í hérlendri löggjöf og gert athugasemdir við tiltekin afmörkuð atriði. Það á þó ekki við um innleiðingu 32. gr. tilskipunarinnar, en af því má draga þá ályktun að það sé mat stofnunarinnar að ákvæðið hafi verið innleitt í íslenskan rétt með fullnægjandi hætti.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar ábendinga af hálfu skilanefndar Kaupþings banka hf. vegna dóms sem kveðinn var upp 16. mars sl. í „High Court of Justice, Queen´s Bench Divison, Commercial Court“, sem er dómstóll á fyrsta dómstigi í Englandi. Kaupþing banki hf. hafði krafist frávísunar m.a. á þeim grundvelli að mál yrði ekki höfðað gegn bankanum meðan hann væri í greiðslustöðvun eða slitameðferð samkvæmt íslenskum lögum um fjármálafyrirtæki. Annars vegar reyndi á það hvort Kaupþing banki hf. hefði verið í fjárhagslegri

[1] Ákvæði 32. gr. tilskipunarinnar er svohljóðandi, á ensku: „The effects of reorganisation measures or winding-up proceedings on a pending lawsuit concerning an asset or a right of which the credit institution has been divested shall be governed solely by the law of the Member State in which the lawsuit is pending.“

endurskipulagningu eða slitameðferð í skilningi tilskipunarinnar þegar málið var höfðað í Englandi, en hins vegar á túlkun á ákvæði h-liðar 2. mgr. 99. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Niðurstaða dómstólsins sem hér skiptir einkum máli var sú að h-liður 2. mgr. 99. gr. skyldi túlkaður með þeim hætti að réttaráhrif málshöfðunar gegn íslensku fjármálafyrirtæki sem er í endurskipulagningu eða slitameðferð ráðist af lögum gistiríkis, þ.e. enskum lögum í þessu tilviki, óháð því hvort málið hafi verið höfðað áður en úrskurður um endurskipulagningu eða slit var kveðinn upp. Jafnframt að af orðalagi h-liðar 2. mgr. 99. gr. megi ráða að 32. gr. tilskipunar 2001/24/EB hafi verið innleidd í íslenskan rétt með víðtækari hætti en tilskipunin gerir ráð fyrir.

Túlkun enska dómstólsins á ákvæði 2. mgr. 99. gr. laga nr. 161/2002 gengur gegn grunnsjónarmiðum laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., svo og XII. kafla laga nr. 161/2002. Ef túlkun hans yrði hins vegar almennt lögð til grundvallar á Evrópska efnahagssvæðinu er líklegt að mál yrðu í mörgum tilvikum rekin fyrir dómstólum bæði erlendis og hér á landi, með tilheyrandi kostnaði.

Í ljósi þess að verulegir hagsmunir kunna ella að vera í húfi, og með vísan til jafnræðis kröfuhafa, er með frumvarpi þessu lagt til að orðalagi h-liðar 2. mgr. 99. gr. verði breytt þannig að öllum hugsanlegum vafa verði eytt um að túlka beri ákvæðið til samræmis við 32. gr. tilskipunarinnar, þ.e. samkvæmt orðanna hljóðan, og að einungis mál sem höfðuð hafa verið fyrir upphaf endurskipulagningar eða slitameðferðar verði undanþegin málshöfðunartakmörkunum skv. 2. mgr. 99. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að orðalag ákvæðis h-liðar 2. mgr. 99. gr. laganna verði breytt. Í breytingunni felst ekki efnisbreyting frá gildandi rétti heldur er um það að ræða að tekin verði af öll tvímæli um að ákvæðinu sé eingöngu ætlað að undanþiggja þau mál frá gildissviði íslenskra laga sem höfðuð hafa verið fyrir upphaf slitameðferðar eða endurskipulagningar. Um skýringar við ákvæðið að öðru leyti er vísað til umfjöllunar í almennum athugasemdum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (fjárhagsleg endurskipulagning og slit).

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði laganna um innleiðingu tilskipunar 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit fjármálafyrirtækja verði gert skýrara. Þannig verði tryggt að erlendir dómstólar hafi sama skilning og íslensk stjórnvöld á því hvernig staðið var að innleiðingu 32. gr. tilskipunarinnar, en enskur dómstóll hefur kveðið upp úrskurð sem gengur

þvert á skilning íslenskra stjórnvalda. Ekki er um efnisbreytingu að ræða heldur að tekin verði af öll tvímæli um að undanþágum í ákvæði 32. gr. tilskipunarinnar sé eingöngu ætlað að undanþiggja þau mál frá gildissviði íslenskra laga sem höfðuð eru fyrir upphaf slitameðferðar eða endurskipulagningar.

Þrátt fyrir að málið snúist um mikla fjárhagslega hagsmuni verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1173. Svar [554. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.

1. *Gáfu stjórnvöld í aðdraganda stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs og vinnslu verndaráætlunar fyrir hann fyrirheit um að hefðbundnum nytjum, svo sem veiðinytjum á grundvelli sjálfbærrar nýtingar, yrði viðhaldið innan þjóðgarðsins? Ef svo er, í hverju voru þau fyrirheit fólgin og í hvaða skýrslum eða öðrum gögnum koma þau fram?*

Í aðdraganda að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, m.a. í nefndarstarfi þingmannanefndar um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls, var rætt um og gert ráð fyrir að á ákveðnum svæðum innan þjóðgarðsins gæti hefðbundin landbúnaðarnýting haldist með þeim formerkjum að nýtingin væri sjálfbær. Jafnframt var rætt um að á ákveðnum svæðum gætu sjálfbærar veiðar haldist jafnframt stofnun þjóðgarðsins. Þetta kemur m.a. fram á bls. 21–23 í skýrslu umhverfisráðuneytisins „Þjóðgarður norðan Vatnajökuls, maí 2004“.

Í skýrslu ráðgjafarnefndar umhverfisráðuneytisins, „Vatnajökulsþjóðgarður, nóvember 2006“, kemur fram að „…landeigendur og ábúendur geti viðhaldið þeirri hefðbundnu nýtingu sem viðgengist hefur fram til þessa á svæðum sem verða innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Í meginatriðum er hér um að ræða búfjárbeit og veiðar af ýmsu tagi, svo sem fuglaveiðar, hreindýraveiðar og veiðar í ám og vötnum.“

Í verndaráætlun þjóðgarðsins er gert ráð fyrir að hefðbundnum nytjum verði viðhaldið á þann hátt sem fyrirheit voru gefin um. Takmarkanir á skotveiðum við Snæfell og Eyjabakka ná yfir lítinn hluta þjóðgarðsins í heild og eru sérstaklega rökstuddar m.a. með tilliti til mögulegra árekstra við göngufólk á þessu svæði og að varp kunni að vera seinna á ferð á þessu svæði en almennt gerist. Aðrar breytingar hafa ekki verið gerðar á hefðbundnum nytjum í garðinum.

2. *Var haft samráð við útivistarhópa, svo sem Skotveiðifélag Íslands (Skotvís) og Ferðaklúbbinn 4x4, við gerð verndaráætlunar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð? Ef svo er, í hverju fólst það samráðsferli?*

Víðtækt samráðsferli liggur á bak við verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs frá upphafi þeirrar vinnu fram að staðfestingu. Eins og lög gera ráð fyrir fór vinna við verndaráætlunina fyrst fram á vettvangi fjögurra svæðisráða og síðar á vettvangi stjórnar þjóðgarðsins, sem gekk frá tillögu að verndaráætlun til ráðherra og í samskiptum við ráðuneytið eftir að tillögur stjórnar bárust umhverfisráðuneytinu.

Samráðsferlið hófst við gerð tillagna að verndaráætlunum hjá svæðisráðunum og stóð allan vinnslutímann. Ferlið fór fram með ýmsum hætti. Á vegum svæðisráða og ráðgjafa

þeirra voru haldnir opnir íbúafundir, fundir með svæðisbundnum félagasamtökum og kynningar. Einnig voru lokaðir fundir um einstök málefni og viðhorfskannanir unnar meðal gesta og starfsmanna þjóðgarðsins. Samkvæmt upplýsingum frá Vatnajökulsþjóðgarði var bæði Skotveiðifélagi Íslands og Ferðaklúbbnum 4x4 boðið að taka þátt í þessu samráði. Í öllum svæðisráðum þjóðgarðsins situr sameiginlegur fulltrúi þessara samtaka, svo og í stjórn þjóðgarðsins. Stefnuhluti verndaráætlunar byggist að verulegu leyti á efniviði sem fenginn var á samráðsfundi með fjölmörgum hagsmunaaðilum í nóvember 2009. Meðan á gerð verndaráætlunar stóð hafði stjórn þjóðgarðsins samráð við ýmsar stofnanir og ráðuneyti, félagasamtök, fulltrúa í svæðisráðum, starfsmenn þjóðgarðsins, sérfræðinga á tilteknum sviðum og fleiri. Boðið var upp á að senda almennar athugasemdir og var þeim svarað af stjórninni og liggja þau svör fyrir.

Eftir að umhverfisráðuneytið fékk áætlunina til staðfestingar fékk ráðherra skriflegar athugasemdir frá ýmsum aðilum og beiðni um fundi og varð við beiðnum allra þeirra sem þess óskuðu. Þar á meðal voru Skotvís og Ferðaklúbburinn 4x4. Í greinargerð sem ráðuneytið gerði samhliða staðfestingu er greint frá áliti ráðuneytisins á ágreiningsefnum og samráðsferlinu. Þótt víðtækt samráð hafi farið fram á ýmsum stigum er lagt til að stjórn þjóðgarðsins skoði sérstaklega samgönguþáttinn, sem var umdeildasti þáttur verndaráætlunarinnar, a.m.k. miðað við fjölda og umfang þeirra athugasemda sem ráðuneytinu bárust. Lagt er til að þessi þáttur verði skoðaður frekar í sérstökum samstarfsvettvangi sem stjórn þjóðgarðsins komi á fót og hefur ný stjórn þjóðgarðsins þegar hafið undirbúning að því.

3. *Hver er að mati ráðherra ástæða þess að útivistarhópar, svo sem Skotvís og Ferðaklúbburinn 4x4, líta svo á að þeir hafi verið blekktir og telja að samráðsferlið hafi verið algerlega ófullnægjandi?*

Ekki er auðvelt fyrir ráðuneytið að svara spurningu um skoðanir viðkomandi félagasamtaka eða rýna í ástæður að baki þeim. Í samtölum við ráðherra kom skýrt fram að nefnd samtök töldu samráð hafa verið ófullnægjandi á vinnslustigi tillagna að verndaráætlun þjóðgarðsins, en ekki var notað það orðalag þar að þau hefðu verið „blekkt“. Ljóst er að langt samráðsferli var til staðar, en jafnframt ljóst að þessum samtökum og e.t.v. öðrum fannst að rödd þeirra hefði ekki komið nægilega sterkt fram í því ferli og að öllum athugasemdum hefði ekki verið nægilega svarað með rökum. Sum félög töldu að þeirra sjónarmið hefðu e.t.v. ekki komið nógu skýrt fram hjá sameiginlegum fulltrúum útivistarmanna í svæðisráðum. Ráðuneytið lét kanna það sérstaklega hvort einhver ákvæði laga um þjóðgarðinn hefðu verið brotin á fyrri stigum samráðs eða hvort því hefði verið ábótavant frá lagalegum skilningi. Niðurstaðan var að svo væri ekki. Ráðuneytið telur þó ekki að samráð snúist eingöngu um lagalegt form og skoðaði m.a. hvort efnisleg og rökstudd svör hefðu borist við athugasemdum. Fulltrúar Ferðaklúbbsins 4x4 nefndu að þeir hefðu sent inn ítarlegar rökstuddar tillögur um einstakar slóðir til stjórnar þjóðgarðsins og vildu fá umfjöllun á fundum um hverja og eina, en ekki almenn svör eins og stjórnin sendi frá sér. Ráðuneytið telur að stjórnin hafi haft knappan tíma til að fara í slíka vinnu í lokafasa áætlunarinnar, en telur engu síður æskilegt að skoða samgöngukerfið og skipulag þess betur, m.a. í ljósi þessara athugasemda Ferðaklúbbsins 4x4. Lagt er til að samstarfsvettvangur um samgöngumál innan þjóðgarðsins verði settur á fót, sem gefur færi á slíkri yfirferð. Auðvitað er óvíst að niðurstaða úr slíku ítarlegra samráði verði öllum að skapi, því þarna togast á ólík sjónarmið. Reyna þarf til þrautar að ná málamiðlun sem flestir geta sætt sig við, en stjórn þjóðgarðsins ber endanlega ábyrgð á niðurstöðunni. Varðandi skotveiðar, þá er það mat ráðuneytisins að

rök málsins og sjónarmið aðila hafi legið nokkuð skýrt fyrir og að óánægju með niðurstöðu þar megi fremur rekja til ólíks mats á forsendum en skorts á samráði. Ráðuneytið bendir á að ef forsendur takmarkana á veiðum við Snæfell og Eyjabakka breytast eða hægt er að sýna fram á að rök fyrir þeim séu hæpin, geti Skotvís og aðrir farið fram á breytingar á reglum þar um sem stjórn garðsins tekur afstöðu til.

4. *Mun ráðherra beita sér í því að ná sáttum við þá útivistarhópa, svo sem Skotvís og Ferðaklúbbinn 4x4, sem eru óánægðir með núverandi verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð? Kemur til greina að endurskoða áætlunina?*

Það er mikilvægt að góð sátt ríki meðal þjóðarinnar um starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs og verndaráætlun hans. Ljóst er hins vegar að hagsmunir fara ekki alltaf saman, svo sem hjá hinum ýmsu hópum útivistarfólks. Ráðuneytið hefur því þegar beitt sér fyrir því að reynt verði að ná betri sátt um samgöngumál innan þjóðgarðsins með því að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs setji á fót sérstakan samstarfsvettvang um þau. Stjórn þjóðgarðsins hefur gefið það út að hún muni setja slíkt samstarf á fót. Hvað önnur mál varðar, svo sem skotveiði, þá liggja rök málsins skýrar fyrir og því ekki nauðsynlegt að fara yfir þau með sama hætti og samgönguþáttinn; ráðuneytið telur þó að vissulega megi endurskoða ákvæði þar um ef forsendur eða aðstæður breytast og gefa tilefni til þess. Það er þó ekki umhverfisráðuneytisins að gera slíkt, því lög gera ráð fyrir að gerð og framkvæmd verndaráætlunar sé á ábyrgð stjórnar þjóðgarðsins og þá líka möguleg endurskoðun á einstökum ákvæðum. Verndaráætlunin er mjög umfangsmikil og nær til mun fleiri atriða en skotveiða og samgangna og það virðist ríkja víðtæk sátt um flesta aðra þætti hennar – það má ekki gleyma því. Verndaráætlunin verður endurskoðuð reglulega og stjórnin hefur heimild til að breyta henni. Það skiptir þó miklu máli að nú er kominn skýr rammi í formi verndaráætlunar, sem er mjög ítarleg og byggð á mikilli vinnu svæðisráða og stjórnar.

1174. Breytingartillögur [298. mál]

við frv. til l. um stjórn vatnamála og brtt. á þskj. 1161.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Í stað orðsins „grunnvatnshlots“ í 3. tölul. 3. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarmynd, auk þess sem kyn sambeygðra orða breytist samsvarandi: grunnvatnsheild.
2. Í stað orðsins „vatnshlot“ í 6. tölul. 3. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarmynd, auk þess sem kyn sambeygðra orða breytist samsvarandi: vatnsheild.
3. Í stað orðsins „yfirborðsvatnshlot“ í 7. tölul. 3. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarmynd, auk þess sem kyn sambeygðra orða breytist samsvarandi: yfirborðsvatnsheild.
4. Við brtt. á þskj. 1161. Í stað orðanna „gerðir vatnshlota“ í 1. tölul og tvívegis í 6. tölul. komi, í viðeigandi beygingarmynd: gerðir vatnsheilda.

5. Við brtt. á þskj. 1161. Í stað orðsins „vatnshlot“ hvarvetna í 4. tölul. komi, í viðeigandi beygingarmynd, auk þess sem kyn sambeygðra orða breytist samsvarandi: vatnsheild.
6. Við brtt. á þskj. 1161. Í stað orðsins „yfirborðsvatnshloti“ í 2. efnismgr. 4. tölul. komi: yfirborðsvatnsheild.
7. Við brtt. á þskj. 1161. Í stað orðsins „grunnvatnshlota“ í 3. og 4. efnismgr. 4. tölul. komi: grunnvatnsheilda.
8. Í stað orðsins „vatnshlotsgerðir“ í i-lið 1. mgr. 19. gr. komi: vatnsheildargerðir.

Greinargerð.

Hér er gerð tillaga um að í lögunum tákni orðið „vatnsheild“ einingu vatns, svo sem allt það vatn sem er að finna í stöðuvatni, á eða strandsjó.

Orðið „vatnshlot“ er að mati flutningsmanns mjög ógagnsætt og algerlega óþarft þar sem annað hljómfegurra, gagnsærra og skýrara orð er fyrir í íslensku máli. Það er orðið „vatnsheild“ enda „heild“ viðtekið orð og öllum skiljanlegt og tekur til þess sem segir í greinargerð að á dönsku sé „legeme“, ensku „body“ og á þýsku „Körper“. Þau orð er ekki hægt að þýða beint yfir á íslensku sem líkama eða boddí og óþarft er að búa til óskýrt orð yfir það sem eðlilegt er að nefna vatnsheild. Að mati flutningsmanns gildir einu þótt stjórnsýslan hafi notað orðið vatnshlot eða önnur hlot og flutningsmaður telur óþarft að festa slíkt í lög.

1175. Lög [190. mál]

um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð.

(Afgreidd frá Alþingi 30. mars 2011.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að heilbrigði landsmanna, m.a. með því að efla lýðheilsustarf og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og stuðla að því að lýðheilsustarf og heilbrigðisþjónusta byggist á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

2. gr.

2. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Embætti landlæknis.

Starfrækja skal embætti landlæknis undir yfirstjórn velferðarráðherra. Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn að fengnu mati nefndar skv. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hann skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði, þekkingu á sviði lýðheilsu og víðtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar.

Landlæknir ber ábyrgð á að embættið sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Landlæknir ræður starfsfólk embættisins.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, 1. tölul., sem orðast svo: *Lýðheilsustarf:* Felur í sér að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður þjóðarinnar og þjóðfélagshópa með heilsueflingu, forvörnum og heilbrigðisþjónustu.

4. gr.

4. gr. laganna ásamt fyrirsögn flyst í I. kafla laganna og orðast svo:

Meginhlutverk landlæknis.

Hlutverk landlæknis er m.a. eftirfarandi:

a. að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu um málefni á verksviði embættisins,
b. að annast forvarna- og heilsueflingarverkefni,
c. að efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa og styðja við menntun á sviði lýðheilsu,
d. að vinna að gæðaþróun,
e. að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum,
f. að hafa eftirlit með lyfjaávísunum og fylgjast með og stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna,
g. að veita starfsleyfi til einstaklinga sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða til notkunar starfsheita löggiltra heilbrigðisstétta,
h. að stuðla að því að menntun heilbrigðisstarfsmanna sé í samræmi við kröfur heilbrigðisþjónustunnar á hverjum tíma,
i. að sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu,
j. að bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna, sbr. sóttvarnalög,
k. að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu,
l. að meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera hann saman við sett markmið,
m. að stuðla að rannsóknum á starfssviðum embættisins,
n. að sinna öðrum verkefnum sem honum er falið að sinna samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Ráðherra er heimilt að skilgreina verkefni landlæknis nánar með reglugerð.

Landlækni er enn fremur heimilt að gera samninga við háskólastofnanir og aðrar stofnanir um samstarf á sviði rannsókna, kennslu og þjónustu er tengjast verksviði embættisins.

5. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Markmið, skipun landlæknis, skilgreiningar og hlutverk.**

6. gr.

Á eftir I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Fagráð og lýðheilsusjóður**, með tveimur nýjum greinum sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (4. gr. a.)

Fagráð.

Landlæknir skal setja á fót fagráð á helstu verksviðum embættisins, þ.m.t. á sviði áfengis- og vímuvarna og tóbaksvarna, sem í eiga sæti sérfróðir aðilar og fulltrúar stofnana og félagasamtaka á viðkomandi sviði. Fagráð skulu vera landlækni til ráðgjafar.

Landlæknir setur reglur um skipan fagráða sem ráðherra staðfestir.

b. (4. gr. b.)

Lýðheilsusjóður.

Starfrækja skal lýðheilsusjóð sem hefur það hlutverk að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., bæði innan og utan embættisins.

Stjórn lýðheilsusjóðs ráðstafar fé úr sjóðnum í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 4. mgr. Stjórn sjóðsins skipa sjö fulltrúar, fjórir tilnefndir af fagráðum, tveir fulltrúar landlæknis og formaður sem skipaður er af ráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Til lýðheilsusjóðs rennur hlutfall af innheimtu áfengisgjaldi í samræmi við ákvæði laga um gjald af áfengi og tóbaki, hlutfall af brúttósölu tóbaks í samræmi við ákvæði laga um tóbaksvarnir og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um ráðstöfun fjár úr lýðheilsusjóði. Í reglugerð skulu sett ákveðin viðmið við úthlutun styrkja til mismunandi málaflokka, svo sem forvarna- og lýðheilsustarfs. Jafnframt skulu sett viðmið vegna ráðstöfunar fjármagns úr sjóðnum til verkefna og reksturs viðkomandi málaflokka innan embættisins.

7. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Landlæknir getur gefið út faglegar leiðbeiningar til heilbrigðisstarfsmanna, heilbrigðisstofnana og þeirra sem sinna lýðheilsustarfi, þar á meðal leiðbeiningar sem miða að nálgun og lausn vandamála í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma. Leiðbeiningarnar skulu kynntar heilbrigðisstarfsmönnum og þeim sem sinna lýðheilsustarfi og vera aðgengilegar almenningi.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
   9. Skrá um sykursýki.
   10. Dánarmeinaskrá.
b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Landlækni er heimilt að taka til varðveislu gagnasöfn um sjúkdóma sem stofnað var til fyrir setningu tölvulaga. Meðferð upplýsinga úr slíkum gagnasöfnum verði með heimild Persónuverndar og vísindasiðanefndar.
c. Í stað orðanna „sjúkratryggingastofnunin og Lýðheilsustöð“ í 4. málsl. 5. mgr. kemur: og sjúkratryggingastofnunin.

9. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Eftirlit með heilbrigðisþjónustu.**

10. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Lögboðið starf hjá landlæknisembættinu frá og með sama tíma. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

b. (II.)

Embætti landlæknis tekur frá 1. maí 2011 við eignum Lýðheilsustöðvar sem og réttindum og skyldum hennar að því er varðar framkvæmd þeirra laga sem falla undir málefnasvið hennar á þeim tíma.

11. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um landlækni og lýðheilsu.**

II. KAFLI
Brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð.

12. gr.

Lög nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, falla úr gildi.

III. KAFLI
Gildistaka.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2011.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál I. kafla þeirra inn í lög um landlækni, nr. 41 27. mars 2007, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

IV. KAFLI
Breytingar á öðrum lögum.

14. gr.

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

7. gr. laganna orðast svo:

Af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skal 1% renna í lýðheilsusjóð, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu.

15. gr.

Breyting á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum.

a. Orðin „að höfðu samráði við tóbaksvarnanefnd og“ í 10. mgr. 8. gr. laganna falla brott.
b. Í stað orðsins „tóbaksvarnanefnd“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: landlækni.
c. 15. gr. laganna orðast svo:

   A.m.k. 0,9% af brúttósölu tóbaks skal renna í lýðheilsusjóð, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu.

16. gr.

Breyting á lögum nr. 61/1998, um dánarvottorð, krufningar o.fl.

a. 5. og 6. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

   Sýslumaður sendir dánarvottorð svo fljótt sem kostur er til Þjóðskrár Íslands. Jafnskjótt og andlát hefur verið skráð í þjóðskrá, ásamt nauðsynlegum upplýsingum, sendir Þjóðskrá Íslands dánarvottorðið til landlæknis.

   Hagstofa Íslands semur skýrslur um dánarorsakir og andvana fædd börn hér á landi. Landlæknir skal afhenda Hagstofunni þau gögn sem hún óskar eftir og nauðsynleg eru í þeim tilgangi.

b. 11. gr. laganna orðast svo:
Fæðist barn andvana skal ekki ritað dánarvottorð, en um það skal tilkynnt til Þjóðskrár Íslands og landlæknis.
c. 4. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Hvernig Þjóðskrá Íslands og landlækni verði tilkynnt um andvana fædd börn.

17. gr.
Breyting á lögum nr. 16/2001, um lækningatæki.

a. Í stað orðsins „landlæknir“ í 4. mgr. 1. tölul. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 8. gr., 2. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. laganna og orðsins „landlækni“ í 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. kemur: Lyfjastofnun.
b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. mgr. 9. gr. og 12. gr. laganna og orðsins „hann“ í 1. mgr. 9. gr. kemur: Lyfjastofnunar, og: stofnunin.

1176. Fyrirspurn [660. mál]

til velferðarráðherra um kærunefnd jafnréttismála.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Stendur ráðherra með kærunefnd jafnréttismála vegna úrskurða hennar eða er ætlunin að skipta um nefndarmenn og skipa nýja?

Skriflegt svar óskast.

1177. Frumvarp til laga [661. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/1987, um orlof, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.
Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Getur starfsmaður þá krafist orlofs á öðrum tíma og skal orlofið ákveðið í samráði atvinnurekanda við starfsmanninn skv. 5. gr. en þó eins fljótt og unnt er eftir að veikindunum lýkur.
b. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til breytinga á lögum nr. 30/1987, um orlof, með síðari breytingum. Við gerð þess hafði velferðarráðuneytið samráð við Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis og Vinnumálastofnun.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við að samkvæmt lögum um orlof verði orlofi starfsmanna, sem vegna veikinda geta ekki farið í orlof á þeim tíma sem ákveðið hafi verið, að vera lokið fyrir 31. maí næstan á eftir en að öðrum kosti fái þeir orlofslaun sín greidd. Hefur stofnunin talið að framangreint brjóti í bága við ákvæði 7. gr. tilskipunar 2003/88/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Byggist niðurstaða stofnunarinnar meðal annars á dómum Evrópudómstólsins í sameinuðu máli C-360/06 og C-520/06 *Schultz-Hoff and Others* og máli C-124/05 *Vakbewegning*.

Í því skyni að koma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA eru í frumvarpi þessu lagðar til breytingar á 6. gr. laga um orlof en breytingarnar gera ráð fyrir að starfsmanni, sem vegna veikinda getur ekki farið í orlof á þeim tíma sem ákveðið hefur verið, verði kleift að fara í orlof eftir að veikindunum lýkur án þess að það sé skilyrði að orlofinu verði lokið fyrir 31. maí næstan á eftir. Þó er gert ráð fyrir að viðkomandi starfsmaður fari í orlof eins fljótt og unnt er eftir að veikindunum lýkur. Er gert ráð fyrir að 5. gr. laganna gildi um samráð atvinnurekanda við starfsmanninn um ákvörðunina hvenær orlofið skuli tekið eins og verið hefur. Í því sambandi er jafnframt gert ráð fyrir að 2. mgr. 6. gr. laganna falli brott.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/1987, um orlof, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á ákvæðum laga um orlof í því skyni að rýmka rétt starfsmanna til töku orlofs í kjölfar veikinda. Í gildandi orlofslögum er það áskilið að starfsmaður sem hefur þurft að breyta tilhögun orlofs vegna veikinda skuli hafa lokið orlofstöku 31. maí næsta ár á eftir, ellegar fá orlof sitt greitt út. Lagt er til að þessu ákvæði verði breytt þannig að starfsmaður geti í samráði við atvinnurekanda ákveðið orlofstökuna svo fljótt sem auðið er eftir að veikindum lýkur.

Verði frumvarpið lögfest verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1178. Fyrirspurn [662. mál]

til umhverfisráðherra um eftirlit Umhverfisstofnunar.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Með hversu mörgum fyrirtækjum og stofnunum hafði Umhverfisstofnun eftirlitsskyldu á árunum 2005–2010?
2. Hversu oft fór Umhverfisstofnun í undirbúið eftirlit til þeirra fyrirtækja?
3. Hversu oft fór Umhverfisstofnun í óundirbúið eftirlit til þeirra fyrirtækja?

Skriflegt svar óskast.

1179. Fyrirspurn [663. mál]

til velferðarráðherra um biðlista eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildar Landspítalans.

Frá Guðmundi Steingrímssyni.

1. Hversu margir eru á biðlista eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildar Landspítalans (BUGL)?
2. Hversu löng er biðin að jafnaði?
3. Hvernig hefur fjöldi þeirra sem bíða þjónustu BUGL þróast undanfarinn áratug?
4. Hvernig hyggst ráðherra stytta biðlistann eða eyða honum?

Skriflegt svar óskast.

1180. Fyrirspurn [664. mál]

til velferðarráðherra um stöðu atvinnulausra sem ekki eiga rétt á bótum.

Frá Guðmundi Steingrímssyni.

1. Hversu margir eru á atvinnuleysisskrá sem eiga ekki rétt á bótum?
2. Hversu lengi hafa þeir einstaklingar verið á skrá?
3. Hvaða vinnumarkaðsúrræði bjóðast þessu fólki?
4. Eru þau úrræði frábrugðin þeim sem bjóðast fólki sem á rétt á bótum? Ef svo er, hvers vegna?

Skriflegt svar óskast.

1181. Fyrirspurn [665. mál]

til forsætisráðherra um ákvarðanir ríkisstjórnar og fundargerðir.

Frá Ólöfu Nordal.

Eru ákvarðanir ríkisstjórnar í veigamiklum málum og þar að lútandi fundargerðir í samræmi við 17. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. nýlega ákvörðun um að styðja yfirtöku NATO á hernaðaraðgerðum í Líbíu?

Skriflegt svar óskast.

1182. Fyrirspurn [666. mál]

til fjármálaráðherra um samning við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um mat á áhrifum skattabreytinga.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hver var heildarkostnaður ráðuneytisins af samningi sem gerður var við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands árið 2007 um mat á áhrifum skattabreytinga á árunum 1991–2007?
2. Hver óskaði eftir samningnum af hálfu ráðuneytisins?
3. Hve margar voru greiðslurnar fyrir verkið, hvenær voru þær greiddar og hverjum?
4. Hefur verkefninu verið skilað til ráðuneytisins og ef svo er, hvernig nýtist það?
5. Getur almenningur skoðað verkefnið, hafi því verið skilað?
6. Verður óskað eftir endurgreiðslu hafi verkefninu ekki verið skilað?
7. Leitaði ráðuneytið til háskólasamfélagsins með fleiri verkefni af þessu tagi á síðasta áratug?
8. Hverjar voru verktakagreiðslur ráðuneytisins til háskólasamfélagsins í heild á þeim tíma?

Skriflegt svar óskast.

1183. Frumvarp til laga [667. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (skilanefndir, slitastjórnir).

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Helgi Hjörvar, Þráinn Bertelsson, Eygló Harðardóttir.

1. gr.

Við 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. september 2011 og skulu þá þau verk sem skilanefndir hafa

sinnt samkvæmt framansögðu falla til slitastjórna. Þegar slitastjórn hefur tekið við verkefnum skilanefndar getur héraðsdómari eftir beiðni slitastjórnar skipað fleiri menn í slitastjórn en þeir mega þó ekki vera fleiri en fimm.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á bráðabirgðaákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Markmið breytinganna er að við slitameðferð hinna föllnu banka starfi ekki lengur tveir aðilar, þ.e. skilanefndir og slitastjórnir heldur flytjist verkefni skilanefndanna til slitastjórna við tiltekið tímamark.

Skilanefndir voru skipaðar yfir þrjá íslenska banka með ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins, FME, eftir setningu neyðarlaganna svokölluðu, laga nr. 125 7. október 2008. Í 5. gr. þeirra var gert ráð fyrir að FME gæti gripið til aðgerða og tekið yfir fjármálafyrirtæki við erfiðar aðstæður og til að takmarka tjón á fjármálamarkaði. Á grundvelli þessa ákvæðis og með ákvörðunum sínum dagana 7.–9. október 2008 skipaði FME umræddar skilanefndir í þeim tilgangi að taka yfir stjórn bankanna. Um þær giltu þó engin lagaákvæði og störfuðu þær því í lögfræðilegu tómarúmi fyrstu mánuðina.

Með lögum nr. 44/2009, um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem samþykkt voru 15. apríl 2009, var síðan settur heildarrammi um slitameðferð fjármálafyrirtækja. Var þá lögfest heimild til að setja slitastjórnir yfir fjármálafyrirtæki að tilteknum skilyrðum uppfylltum, sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002, og kemur það í hlut héraðsdómara sem tekur fjármálafyrirtæki til skipta að skipa því slitastjórn. Hefur slitastjórnin flestar sömu heimildir og skiptastjóri þrotabús, eins og nánar er lýst í lögunum. Í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 44/2009 var einnig fjallað sérstaklega um þau fjármálafyrirtæki sem þegar hefðu fengið heimild til greiðslustöðvunar þegar lögin gengju í gildi. Var þar gert ráð fyrir að skilanefndirnar sem FME hafði skipað við yfirtöku þeirra mundu starfa áfram samhliða slitastjórnum. Í ákvæðunum var gert ráð fyrir að skilanefndir sinntu því hlutverki sem slitastjórn var ætlað í nánar tilgreindum tilfellum en öðrum verkefnum sinnti slitastjórn. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi var nokkuð rætt um þetta fyrirkomulag, þ.e. að hafa skilanefnd og slitastjórn starfandi samhliða. Viðskiptanefnd flutti breytingartillögu við frumvarpið þar sem gert var ráð fyrir að takmarkað yrði hversu lengi skilanefndir gætu starfað eftir gildistöku laganna og lagði nefndin til að slitastjórnir mundu áður en sex mánuðir væru liðnir frá gildistöku laganna taka við verkefnum sem skilanefndunum var ætlað að sinna. Taldi nefndin eðlilegt að skilanefndir störfuðu ekki samhliða slitastjórnum enda væri flutningur verkefna þeirra á milli ekki vandkvæðum bundinn. Það var því mat nefndarinnar að tvöfalt kerfi væri ekki heillavænlegt til framtíðar litið. Í meðförum málsins á Alþingi tók tillaga nefndarinnar smávægilegum breytingum, þ.e. fallið var frá því að tiltaka sérstakt tímamark þar sem slitastjórn tæki við verkefnum skilanefndar. Ástæða þessa var gagnrýni af hálfu skilanefnda og ýmissa kröfuhafa. Meðal annars var talið að samkomulag milli ríkis og erlendra kröfuhafa væri á viðkvæmu stigi og að persónuleg samskipti skilanefndarmanna við kröfuhafana væru það mikilvæg að ekki væri ráðlegt að leggja nefndirnar af á þeim tímapunkti.

Nú er staðan hins vegar orðin önnur og tveir af þremur bönkum sem falla undir bráðabirgðaákvæðið í lögunum eru þegar komnir í eigu kröfuhafanna. Því ætti ekkert að vera því

til fyrirstöðu að takmarka líftíma skilanefndanna og færa verkefnin yfir til slitastjórna. Séu í hópi skilanefndarmanna einstaklingar sem hafa víðtæka þekkingu og góð persónuleg sambönd við kröfuhafa ætti að vera mögulegt að ráða viðkomandi einstaklinga til starfa fyrir slitastjórnina og halda þannig þekkingu, reynslu og persónulegum tengslum við kröfuhafana.

Því er í frumvarpi þessu lagt til að skilanefndir starfi ekki lengur en til 1. september 2011 og falli þá öll verkefni þeirra í hendur slitastjórnanna. Þá er einnig gert ráð fyrir því að héraðsdómari geti fjölgað starfsmönnum slitastjórna að beiðni slitastjórnar. Telja verður að tímafrestur þessi sé nægilegur til að undirbúa breytingarnar og skipuleggja flutning starfsmanna ef af honum verður og hafa skilanefndirnar þá starfað í hartnær þrjú ár.

1184. Breytingartillögur [298. mál]

við frv. til l. um stjórn vatnamála.

Frá Merði Árnasyni.

1. Við 19. gr. bætist ný málsgrein sem verði 4. mgr., svohljóðandi:
   Umhverfisstofnun skal hafa samráð við verkefnisstjórn við gerð verndar- og nýtingaráætlunar samkvæmt lögum um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða, til að tryggja samræmi vatnaáætlunar annars vegar og verndar- og nýtingaráætlunar vegna fallvatna og háhita hins vegar.
2. Ákvæði til bráðabirgða V falli brott.

1185. Frumvarp til laga [668. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, ásamt síðari breytingum.

Flm.: Helgi Hjörvar, Ólína Þorvarðardóttir, Magnús Orri Schram.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný skilgreining, í réttri stafrófsröð, svohljóðandi:

Gæludýravegabréf: Skilríki sem staðfestir að gæludýr hafi fengið allar nauðsynlegar bólusetningar til að hægt sé að ferðast með það innan landa Evrópusambandsins og aftur til Íslands.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

1. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þarf ekki að einangra gæludýr sem er flutt inn til landsins á grundvelli 4. gr. a svo framarlega sem það uppfyllir skilyrði um heilbrigðis- og upprunavottorð sem staðfesta nauðsynlega bólusetningu og því fylgi gæludýravegabréf komi það frá landi innan Evrópusambandsins. Komi dýrið frá landi þar sem hundaæði

fyrirfinnst er bólusetning gegn sjúkdómnum nauðsynleg auk blóðsýnatöku sem sýnir fram á að dýrið hafi myndað mótefni gegn honum.

Matvælastofnun gefur út gæludýravegabréf fyrir þau gæludýr sem uppfylla skilyrði 3. mgr.

2. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd reglna um gæludýravegabréf.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga er varða innflutning gæludýra. Er í frumvarpinu lagt til að ekki þurfi að einangra gæludýr sem flutt eru inn til landsins, svo framarlega sem með þeim fylgi nauðsynleg heilbrigðis- og upprunavottorð sem staðfesta nauðsynlega bólusetningu og að blóðsýnataka hafi leitt í ljóst að dýrið hafi myndað mótefni gegn sjúkdómnum sem bólusett var gegn. Með frumvarpinu er einstaklingum því gert kleift að ferðast með dýr sín til útlanda og aftur heim án þess að nauðsynlegt sé að þau séu einangruð í sóttvarnastöð við heimkomu.

Hingað til hafa reglur hér á landi komið í veg fyrir að fólk geti ferðast með gæludýr með sér án þess að nauðsynlegt hafi verið að þau verji fjórum vikum í einangrun þegar komið er aftur til landsins. Regluverkið gerir það einnig að verkum að aðilar sem njóta aðstoðar hjálparhunda, t.d. blindir, sjónskertir og flogaveikir, hafa ekki getað komið til landsins án þess að þurfa að skilja dýrið eftir heima og þurft að reiða sig á aðra hjálp sem í flestum tilvikum er ekki fyrir hendi. Að sama skapi geta íslenskir einstaklingar ekki ferðast til útlanda með hjálparhunda sína þar sem hundarnir þurfa að fara í einangrun þegar heim er komið. Slík einangrun hefur gífurlega slæm áhrif á dýrið þar sem mikilvægt er að þjálfunin sé stöðug og ekki sé gert hlé á henni.

Íslendingar hafa á síðustu árum sent rústabjörgunarsveit sína til hjálparstarfa erlendis, svo sem á Haíti. Í rústabjörgun spila leitarhundar stórt hlutverk við að finna einstaklinga sem eru klemmdir fastir og þurfa á hjálp að halda. Það sama gildir hins vegar um leitarhundana, þeir þurfa að dvelja í einangrun þegar komið er aftur heim sem hefur mikil áhrif á þjálfun þeirra. Af þeim sökum hefur ekki verið hægt að ferðast til útlanda með þá þrautþjálfuðu hunda sem margoft hafa sýnt og sannað að þeir eru mikilvægt hjálpar- og vinnutæki við slíka björgun. Sérstakar aðstæður hér á landi hafa hingað til komið í veg fyrir að hægt sé að flytja inn gæludýr án þess að þau þurfi að einangra á sóttvarnastöð. Til að mynda er Ísland eitt af eingöngu tíu löndum í heimi þar sem hundaæði er ekki að finna. Þar að auki eru aðrir dýrasjúkdómar sem þekktir eru erlendis algjörlega óþekktir hér á landi. Reglur um bólusetningu gegn smitsjúkdómum hafa verið þær að eingöngu má bólusetja dýr gegn þeim sjúkdómum sem eru landlægir hér. Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu hafa í för með sér að nauðsynlegt verður að breyta þeim reglum, þ.e. að gæludýr sem eiga uppruna sinn hér á landi verði einnig bólusett gegn algengum sjúkdómum sem finnast erlendis, svo sem hundaæði. Það er því ljóst að ef frumvarpið verður samþykkt verður óhjákvæmilegt að fella úr gildi bann við bólusetningum við smitsjúkdómum í viðauka 1 A við lög nr. 25/1993 sem fram kemur í 4. gr. reglugerðar nr. 665/2001 um viðbrögð við smitsjúkdómum.

Í Evrópusambandslöndum hafa reglur um ferðalög gæludýra verið samræmdar frá 3. júlí 2004, eða frá gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003. Í aðfara-

orðum reglugerðarinnar kemur skýrt fram að á síðastliðnum tíu árum hafi hættan á hundaæði minnkað gríðarlega. Sú framför sem hefur átt sér stað hefur m.a. leitt til þess að Svíþjóð og Bretland hafa fallið frá reglum um sex mánaða einangrun og innleitt þess í stað aðrar aðgerðir sem eru ekki jafnheftandi en á sama tíma jafnáhrifaríkar. Ákvæði reglugerðarinnar koma í veg fyrir ósveigjanlegar hindranir fyrir einstaklinga sem vilja ferðast með gæludýr sín, á sama tíma og þau tryggja heilbrigðisöryggi allra þeirra er koma að málinu.

Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru sambærilegar reglum sem gilda í Evrópusambandslöndum um frjálsa för gæludýra innan sambandsins. Gæludýrum fylgi svokallað gæludýravegabréf sem gerir einstaklingum kleift að ferðast óáreittir með gæludýr sín, þ.m.t. hjálparhunda, allt frá Íslandi til Miðjarðarhafs. Breytingarnar auka því á ferðafrelsi einstaklinga sem treysta á hjálparhunda í daglegu lífi og annarra aðila sem hafa hug á að ferðast með gæludýr sín, hvort sem er vegna ferðalaga eða búferlaflutninga, með því að fella niður kröfu um einangrun þegar heim er komið.

1186. Fyrirspurn [669. mál]

til forsætisráðherra um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað fóru starfsmenn ráðuneyta og embættismenn í undirstofnunum þeirra oft til útlanda á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?
2. Hver er heildarkostnaður við ferðirnar með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?

Skriflegt svar óskast.

1187. Fyrirspurn [670. mál]

til forsætisráðherra um verktakasamninga.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í Stjórnarráðinu, sundurgreint eftir ráðuneytum?

Skriflegt svar óskast.

1188. Fyrirspurn [671. mál]

til velferðarráðherra um starfsendurhæfingarstöðvar.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hve margar starfsendurhæfingarstöðvar falla undir verksvið ráðuneytisins og á hvaða sviðum starfa þær?
2. Hver hafa heildarframlög ríkisins til þessara stöðva verið sl. fimm ár, sundurliðað eftir árum og einstökum endurhæfingarstöðvum?
3. Þegar framlög til endurhæfingarstöðva eru ákveðin er þá farið eftir:
   a. fjölda einstaklinga sem nýta sér endurhæfinguna hverju sinni, eða
   b. umfangi og stærð þeirrar þjónustu sem boðið er upp á?
4. Er munur á framlögum ríkisins til endurhæfingarstöðva eftir málaflokkum og ef svo er, hver er ástæða þess?
5. Hversu margir þjónustusamningar eru í gildi við endurhæfingarstöðvar? Um hvaða stöðvar er að ræða, hve mikið er greitt í hverju tilviki fyrir þjónustu við hvern einstakling og hvaða ár voru þjónustusamningarnir gerðir?
6. Hvernig er eftirliti háttað með starfsemi endurhæfingarstöðva sem fá greiðslur frá ríkinu og hver annast eftirlitið?

Skriflegt svar óskast.

1189. Beiðni um skýrslu [672. mál]

frá fjármálaráðherra um mat á áhrifum af beitingu Breta á lögum um varnir gegn hryðjuverkum, glæpum og um öryggi fyrir íslensk fyrirtæki.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Pétri H. Blöndal, Unni Brá Konráðsdóttur, Árna Johnsen, Ásbirni Óttarssyni, Birgi Ármannssyni, Bjarna Benediktssyni, Einari K. Guðfinnssyni, Jóni Gunnarssyni, Kristjáni Þór Júlíussyni, Ólöfu Nordal, Ragnheiði E. Árnadóttur, Ragnheiði Ríkharðsdóttur, Sigurði Kára Kristjánssyni, Tryggva Þór Herbertssyni og Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um hvaða fjárhagslegar afleiðingar urðu af beitingu Breta á lögum um varnir gegn hryðjuverkum, glæpum og um öryggi fyrir íslensk fyrirtæki haustið 2008. Í skýrslunni væri gagnlegt að fram kæmu meðal annars tölur um beint fjárhagslegt tjón fjörutíu stærstu inn- og útflutningsfyrirtækja landsins frá haustinu 2008 sem rekja má til beitingar laganna, svokallaðra hryðjuverkalaga. Rétt væri að setja upp bæði varfærið mat og heildarmat á áhrifunum. Einnig væri gagnlegt að skoða hvernig áðurnefndir aðilar meta óbeint tjón sem hlaust af aðgerðum Breta.

Greinargerð.

Hinn 8. október 2008 yfirtóku bresk stjórnvöld Heritable Bank og útibú Landsbankans í London auk þess að kyrrsetja eignir Landsbankans og eignir sem tengdust bankanum en voru í eigu, vörslu eða undir yfirráðum íslenskra stjórnvalda á grundvelli laga um varnir gegn hryðjuverkum, glæpum og um öryggi frá 2001. Í yfirlýsingu forsætisráðherra Bretlands á þessum tíma kemur fram að gripið hafi verið til þeirra ráðstafana að frysta eignir íslenskra fyrirtækja í Bretlandi. Stjórnvaldsákvörðun breska fjármálaráðuneytisins fól hins vegar ekki í sér fyrirmæli um að frysta eignir allra íslenskra fyrirtækja heldur eingöngu fyrirmæli um að frysta eignir Landsbankans. Það má þó ljóst vera að yfirlýsing fjármálaráðherrans hafði gríðarleg áhrif á íslensk fyrirtæki sem starfa í Bretlandi eða selja vörur sínar eða þjónustu á breskum markaði. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er fjallað ítarlega um fall Landsbankans og atburðarásina í kringum það og segir þar í 7. bindi: „Að mati rannsóknarnefndar Alþingis var framangreind rangfærsla Browns í fjölmiðlum [sbr. yfirlýsingu Browns um frystingu eigna íslenskra fyrirtækja], auk þess sem bresk stjórnvöld beittu lagabálki sem m.a. er kenndur við varnir gegn hryðjuverkum, til þess fallin að valda íslenskum fyrirtækjum bæði í Bretlandi og annars staðar miklu tjóni.“

Í ljósi framangreinds telja skýrslubeiðendur nauðsynlegt og afar mikilvægt fyrir hag þjóðarinnar að afla upplýsinga um þau áhrif sem urðu af beitingu hryðjuverkalaganna í október 2008, hversu lengi áhrifanna gætti og hvort þeirra gætir jafnvel enn. Miklu máli skiptir fyrir hagsmuni Íslands, bæði í þjóðhagslegu og alþjóðlegu samhengi, að vitneskja sé til staðar um afleiðingar af beitingu hryðjuverkalaganna.

1190. Frumvarp til laga [673. mál]

um greiðsluþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um greiðsluþjónustu sem veitt er hér á landi.

Ákvæði III.–V. kafla, að undanskilinni 67. gr., skulu þó einungis gilda ef bæði greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu eru staðsettir í aðildarríki eða ef einungis einn greiðsluþjónustuveitandi kemur að framkvæmd greiðslunnar og hann er staðsettur í aðildarríki.

Ákvæði III.–V. kafla gilda um greiðsluþjónustu sem veitt er í evrum eða gjaldmiðli annars aðildarríkis. Þó skulu ákvæði 64.–67. gr. aðeins gilda um eftirfarandi greiðslur:

a. greiðslur í evrum,
b. greiðslur í íslenskum krónum innan Íslands,
c. greiðslur sem fela aðeins í sér einn gjaldmiðilsumreikning milli evru og íslenskrar krónu að því tilskildu að gjaldmiðilsumreikningurinn fari fram á Íslandi og, þegar um er að ræða greiðslur yfir landamæri, að þær fari fram í evrum,

d. aðrar greiðslur innan aðildarríkjanna, nema um annað hafi verið samið; þetta á þó ekki við um 67. gr. sem er ófrávíkjanleg.

2. gr.

Lög þessi gilda ekki um:

1. Greiðslur sem fara einvörðungu fram í reiðufé beint frá greiðanda til viðtakanda greiðslu milliliðalaust.
2. Greiðslur frá greiðanda til viðtakanda greiðslu fyrir milligöngu umboðsmanns sem hefur leyfi til að semja um og ganga frá sölu eða kaupum á vörum eða þjónustu fyrir hönd greiðanda eða viðtakanda greiðslu.
3. Flutning í atvinnuskyni á seðlum og mynt, þ.m.t. söfnun, flutningur, umsýsla og afhending.
4. Greiðslur sem felast í söfnun á reiðufé og afhendingu, sem er ekki í atvinnuskyni, innan ramma starfsemi sem er rekin í góðgerðarskyni eða ekki í hagnaðarskyni.
5. Þjónustu þar sem viðtakandi greiðslu afhendir greiðanda reiðufé sem hluta af greiðslu í kjölfar skýrrar beiðni notanda greiðsluþjónustu við framkvæmd greiðslu til kaupa á vöru eða þjónustu.
6. Peningaskiptastarfsemi, þ.e. rekstur sem byggist á staðgreiðslu í reiðufé og fjármunir eru ekki fyrir hendi á greiðslureikningi.
7. Greiðslur á fjármunum sem byggjast á tékkum, ferðatékkum, víxlum, úttektarseðlum eða póstávísunum á pappír.
8. Greiðslur sem fara fram í greiðslu- eða verðbréfauppgjörskerfi milli uppgjörsaðila, milligönguaðila, greiðslujöfnunarstöðva og/eða seðlabanka og annarra aðila að kerfinu og greiðsluþjónustuveitenda, sbr. þó 6. gr.
9. Greiðslur sem tengjast umsýslu verðbréfa, þ.m.t. arðgreiðslur og aðrar tekjur, svo sem vegna innlausnar eða sölu, sem aðilar þeir er um getur í 8. tölul. eða fjármálafyrirtæki með leyfi til að stunda viðskipti og þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti eða verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir annast.
10. Stoðþjónustu tækniþjónustufyrirtækja við greiðsluþjónustu sem felur ekki í sér að þau hafi nokkurn tíma eignarhald á þeim fjármunum sem millifæra skal, þ.m.t. úrvinnsla og geymsla gagna, þjónusta við verndun trúnaðarupplýsinga og friðhelgi einkalífs, sannvottun gagna og einninga, þjónustuveita upplýsingatækni- og samskiptanets og útvegun og viðhald skjástöðva og búnaðar fyrir greiðsluþjónustu.
11. Þjónustu sem byggist á miðlum sem aðeins er unnt að nota til kaupa á vörum og þjónustu á athafnasvæði útgefanda eða samkvæmt viðskiptasamningi við útgefanda, annaðhvort innan afmarkaðs þjónustukerfis þjónustuveitenda eða fyrir takmarkað svið vara og þjónustu.
12. Greiðslur sem framkvæmdar eru með tilstyrk hvers kyns fjarskiptabúnaðar, stafræns búnaðar eða upplýsingatæknibúnaðar þegar keyptar vörur eða þjónusta er afhent til og skal notuð í slíkum búnaði, að því tilskildu að rekstraraðili búnaðarins starfi ekki einvörðungu sem milliliður milli notanda greiðsluþjónustu og afhendingaraðila vara og þjónustu.
13. Greiðslur sem fara milli greiðsluþjónustuveitenda, umboðsaðila þeirra eða útibúa fyrir þeirra eigin reikning.

14. Greiðslur milli móður- og dótturfélags eða milli dótturfélaga sama móðurfélags sem framkvæmdar eru fyrir milligöngu greiðsluþjónustuveitanda eða greiðsluþjónustuveitenda sem tilheyra sömu samstæðu.
15. Þjónustu í tengslum við úttekt reiðufjár í hraðbanka fyrir hönd eins eða fleiri kortaútgefenda og þjónustuveitandinn er ekki aðili að rammasamningi við viðskiptavininn sem tekur út peninga af greiðslureikningi. Þetta á þó ekki við ef þjónustuveitandinn veitir aðra þjónustu sem telst greiðsluþjónusta í skilningi 4. gr.

3. gr.
Ófrávíkjanleiki.

Óheimilt er að víkja með samningi frá ákvæðum laga þessara notendum greiðsluþjónustu í óhag, nema að því leyti sem lögin heimila sérstaklega.

4. gr.
Greiðsluþjónusta.

Með greiðsluþjónustu er í lögum þessum átt við:

1. Þjónustu sem gerir kleift að leggja reiðufé inn á greiðslureikning ásamt öllum aðgerðum sem nauðsynlegar eru til reksturs greiðslureiknings.
2. Þjónustu sem gerir kleift að taka reiðufé út af greiðslureikningi ásamt öllum aðgerðum sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar greiðslureiknings.
3. Framkvæmd greiðslna, þ.m.t. millifærslur fjármuna á og af greiðslureikningi hjá greiðsluþjónustuveitanda notanda eða hjá öðrum greiðsluþjónustuveitanda:
   a. framkvæmd beingreiðslna, þ.m.t. einstakra beingreiðslna,
   b. framkvæmd greiðslna með greiðslukorti eða sambærilegum búnaði,
   c. framkvæmd eignfærslna, þ.m.t. boðgreiðslur.
4. Framkvæmd greiðslna ef fjármunir eru tryggðir með lánalínu fyrir notanda greiðsluþjónustu:
   a. framkvæmd beingreiðslna, þ.m.t. einstakra beingreiðslna,
   b. framkvæmd greiðslna með greiðslukorti eða sambærilegum búnaði,
   c. framkvæmd eignfærslna, þ.m.t. boðgreiðslur.
5. Útgáfu greiðslumiðla og/eða færsluhirðingu.
6. Peningasendingu.
7. Framkvæmd greiðslna þegar samþykki greiðanda fyrir framkvæmd greiðslu er veitt fyrir tilstilli hvers kyns fjarskipta, stafrænna tækja eða upplýsingatæknitækja og viðtakandi greiðslu er rekstraraðili fjarskiptafyrirtækisins, upplýsingatæknikerfisins eða netkerfisins sem er aðeins í hlutverki milliliðar milli notanda greiðsluþjónustu og afhendingaraðila á vörum og þjónustu.

5. gr.
Greiðsluþjónustuveitendur.

Greiðsluþjónustuveitendum er einum heimilt að veita greiðsluþjónustu hér á landi, enda hafi þeir tilskilin leyfi stjórnvalda hér á landi eða í öðru aðildarríki.

6. gr.
Þátttaka í greiðslukerfum.

Greiðsluþjónustuveitendum skal vera heimilt að gerast þátttakendur í greiðslukerfi í samræmi við 2. og 3. mgr., sbr. þó 4. mgr.

Reglur um þátttöku í greiðslukerfum skulu vera hlutlægar, án mismununar og hóflegar. Þær mega ekki hamla aðgangi meira en nauðsynlegt er til að verjast tiltekinni áhættu, svo sem uppgjörsáhættu, rekstraráhættu eða viðskiptaáhættu, og vernda fjárhags- og rekstrarlegan stöðugleika greiðslukerfisins.

Greiðslukerfi skulu ekki fela í sér kröfur til greiðsluþjónustuveitenda, notenda greiðsluþjónustu eða annarra greiðslukerfa sem:

a. takmarka virka þátttöku þeirra í öðrum greiðslukerfum,
b. mismuna greiðsluþjónustuveitendum að því er varðar rétt, skyldu eða heimildir þátttakenda, eða
c. setja takmarkanir á grundvelli félagaréttarlegrar stöðu.

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda ekki um:

a. greiðslukerfi sem viðurkennd hafa verið og hafa verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við lög nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum,
b. greiðslukerfi þar sem þátttaka einskorðast við greiðsluþjónustuveitendur sem tilheyra tiltekinni samstæðu, eða
c. greiðslukerfi þar sem greiðsluþjónustuveitandi, hvort sem hann er einn aðili eða samstæða, sbr. b-lið:
   1. kemur fram eða getur komið fram sem greiðsluþjónustuveitandi bæði fyrir greiðanda og viðtakanda greiðslu og ber einn ábyrgð á starfrækslu kerfisins, og
   2. heimilar öðrum greiðsluþjónustuveitendum þátttöku í kerfinu þar sem þátttökugjaldið vegna aðildar er ekki umsemjanlegt, en þátttakendur mega ákvarða eigin verðlagningu gagnvart greiðanda og viðtakanda greiðslu.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis, þ.m.t. að því er varðar eftirlit.

7. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.
2. *Beingreiðsla:* Greiðsluþjónusta við skuldfærslu á greiðslureikningi greiðanda þegar viðtakandi greiðslu á frumkvæði að greiðslu á grundvelli samþykkis greiðanda gagnvart viðtakanda, greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda eða eigin greiðsluþjónustuveitanda.
3. *Fjarsamskiptamiðill:* Miðill sem nota má til að koma á greiðsluþjónustusamningi milli greiðsluþjónustuveitanda og notanda greiðsluþjónustu án þess að aðilar séu viðstaddir samtímis í eigin persónu.
4. *Fjármunir:* Peningaseðlar og mynt, inneign á greiðslureikningum og rafeyrir samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.
5. *Gildisdagur:* Viðmiðunartími sem greiðsluþjónustuveitendur nota til að reikna vexti af fjármunum sem eru skuldfærðir eða eignfærðir á greiðslureikning.

6. *Greiðandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem á greiðslureikning og heimilar greiðslufyrirmæli tengd greiðslureikningnum eða, þegar engum greiðslureikningi er fyrir að fara, einstaklingur eða lögaðili sem gefur greiðslufyrirmæli.
7. *Greiðsla:* Aðgerð sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu á frumkvæði að með því að leggja inn, millifæra eða taka út fjármuni, án tillits til þess hvort skuldbindingar liggi til grundvallar aðgerðinni milli greiðanda og viðtakanda greiðslu.
8. *Greiðslufyrirmæli:* Hvers kyns fyrirmæli greiðanda eða viðtakanda greiðslu til greiðsluþjónustuveitanda síns um framkvæmd greiðslu.
9. *Greiðslukerfi:* Kerfi til að yfirfæra fjármuni með formlegu og stöðluðu fyrirkomulagi og sameiginlegum reglum um meðferð, greiðslujöfnun og/eða uppgjör greiðslna.
10. *Greiðslumiðill:* Hvers kyns persónubundinn búnaður og/eða verklag sem greiðsluþjónustuveitandi og notandi greiðsluþjónustu koma sér saman um og notandinn notar til að gefa greiðslufyrirmæli.
11. *Greiðslureikningur:* Reikningur á nafni eins eða fleiri notenda greiðsluþjónustu sem notaður er við framkvæmd greiðslu.
12. *Greiðslustofnun:* Lögaðili sem fengið hefur leyfi til starfrækslu greiðsluþjónustu skv. II. kafla hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.
13. *Greiðsluþjónusta:* Þjónusta skv. 4. gr.
14. *Greiðsluþjónustuveitandi:*
    a. Fjármálafyrirtæki með starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki til móttöku innlána eða annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi og veitingar útlána fyrir eigin reikning, þ.m.t. talin útibú.
    b. Rafeyrisfyrirtæki.
    c. Póstrekandi með rekstrarleyfi samkvæmt lögum um póstþjónustu.
    d. Seðlabanki Evrópu (ECB) og seðlabankar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu þegar þeir eru ekki í hlutverki stjórnvalds peningamála.
    e. Stjórnvöld ef greiðsluþjónusta tengist ekki hlutverki þeirra sem slíkra.
    f. Peninga- og verðmætasendingarþjónusta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti sem uppfyllir skilyrði II. kafla.
    g. Greiðslustofnun skv. II. kafla.
15. *Notandi greiðsluþjónustu:* Einstaklingur eða lögaðili sem nýtir sér greiðsluþjónustu annaðhvort sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu, eða hvort tveggja.
16. *Neytandi:* Einstaklingur sem í samningum um greiðsluþjónustu kemur fram í öðrum tilgangi en vegna starfs síns eða atvinnurekstrar.
17. *Peningasending:* Greiðsluþjónusta þar sem tekið er við fjármunum frá greiðanda, án þess að stofnaðir hafi verið greiðslureikningar í nafni greiðanda eða viðtakanda greiðslu, í þeim eina tilgangi að senda samsvarandi fjárhæð til viðtakanda greiðslu eða til annars greiðsluþjónustuveitanda fyrir hönd viðtakanda greiðslu og/eða þegar tekið er við fjármunum fyrir hönd viðtakanda greiðslu og þeir afhentir honum til ráðstöfunar.
18. *Rammasamningur:* Samningur um greiðsluþjónustu þar sem kveðið er á um framkvæmd einstakra greiðslna og röð greiðslna í framtíðinni og sem kann að fela í sér skyldu til stofnunar greiðslureiknings og skilmála þar um.
19. *Samstæða:* Samstæða í skilningi laga um ársreikninga.
20. *Sannvottun:* Aðferð sem gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að sannreyna notkun tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. persónubundnar öryggisráðstafanir.

21. *Sérstakt kennimerki:* Samsetning bókstafa, tölustafa eða tákna sem greiðsluþjónustuveitandi úthlutar notanda greiðsluþjónustu og tilgreina skal vegna framkvæmdar greiðslu til að unnt sé að bera ótvíræð kennsl á notandann og/eða greiðslureikning hans.
22. *Smágreiðslumiðill:* Greiðslumiðill sem rammasamningur kveður á um að einstakar greiðslur með fari ekki yfir jafnvirði 30 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni eða hefur annaðhvort útgjaldaþak sem nemur jafnvirði 150 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni eða geymir fjármuni sem fara aldrei yfir jafnvirði 150 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.
23. *Stofnfé:*
    a. Innborgað fé sem talið er til eigin fjár samkvæmt þeim lögum sem gilda um rekstrarform greiðslustofnunar, að viðbættum yfirverðsreikningi en að undanskilinni heildarfjárhæð forgangshlutar, og
    b. lögbundinn varasjóður og óráðstafað eigið fé.
24. *Útibú:* Starfsstöð önnur en aðalskrifstofa sem er hluti af greiðslustofnun og telst ekki sjálfstæður lögaðili og framkvæmir beint nokkrar eða allar greiðslur sem fylgja rekstri greiðslustofnunar. Allar starfsstöðvar greiðslustofnunar í einu og sama ríkinu á Evrópska efnahagssvæðinu skulu teljast eitt útibú ef aðalskrifstofa greiðslustofnunarinnar er í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.
25. *Varanlegur miðill:* Sérhvert tæki sem gerir notanda greiðsluþjónustu kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að þær séu aðgengilegar til samanburðar síðar og eins lengi og nægir miðað við tilgang upplýsinganna, og gerir kleift að afrita upplýsingarnar óbreyttar.
26. *Viðmiðunargengi:* Gengið sem er notað til grundvallar útreikningi við gjaldeyrisviðskipti og er aðgengilegt hjá greiðsluþjónustuveitanda eða opinberlega.
27. *Viðmiðunarvextir:* Vaxtastig sem notað er til grundvallar útreikningi á vöxtum og aðgengilegt er opinberlega og báðir aðilar að greiðsluþjónustusamningi geta sannreynt.
28. *Viðtakandi greiðslu:* Einstaklingur eða lögaðili sem er fyrirhugaður viðtakandi fjármuna sem hafa verið viðfang greiðslu.
29. *Viðskiptadagur:* Dagur þegar greiðsluþjónustuveitandi greiðanda eða viðtakanda, sem er aðili að framkvæmd greiðslu, er opinn og starfar eftir því sem þörf fyrir framkvæmd greiðslu krefur.

II. KAFLI
Greiðslustofnanir. Peninga- og verðmætasendingarþjónusta.
A. Stofnun og fjárhagsgrundvöllur.
8. gr.
Rekstrarform og höfuðstöðvar.

Greiðslustofnun skal starfa sem lögaðili.

Greiðslustofnun sem fengið hefur starfsleyfi skv. 14. gr. skal hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

9. gr.
Stofnfé.

Stofnfé greiðslustofnunar skal á hverjum tíma taka mið af þeirri greiðsluþjónustu skv. 4. gr. sem greiðslustofnun veitir.

Stofnfé greiðslustofnunar skal á hverjum tíma nema að lágmarki:

a. jafnvirði 20.000 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni ef greiðslustofnun veitir einungis greiðsluþjónustu skv. 6. tölul. 4. gr.,
b. jafnvirði 50.000 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni ef greiðslustofnun veitir greiðsluþjónustu skv. 7. tölul. 4. gr.,
c. jafnvirði 125.000 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni ef greiðslustofnun veitir greiðsluþjónustu skv. 1.–5. tölul. 4. gr.

10. gr.
Eiginfjárgrunnur.

Eiginfjárgrunnur greiðslustofnunar samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 9. eða 11. gr., hvor fjárhæðin sem er hærri.

Greiðslustofnun sem tilheyrir samstæðu þar sem í er önnur greiðslustofnun, fjármálafyrirtæki eða vátryggingafélag er einungis heimilt að telja eiginfjárliði einu sinni til eiginfjárgrunns. Það sama á við ef greiðslustofnun stundar aðra starfsemi en veitingu greiðsluþjónustu skv. 4. gr.

11. gr.
Útreikningur eigin fjár greiðslustofnana.

Eigið fé greiðslustofnunar skal reiknað í samræmi við eina af aðferðunum þremur sem greinir í 2.–5. mgr. samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Aðferð A: Eigið fé greiðslustofnunar skal nema að minnsta kosti 10% af föstum rekstrarkostnaði síðastliðinna tólf mánaða. Fjármálaeftirlitið getur breytt þessari ákvörðun verði umtalsverðar breytingar á rekstri greiðslustofnunar. Hafi greiðslustofnun starfað skemur en eitt rekstrarár þegar útreikningur eigin fjár fer fram skal eigið fé hennar nema að minnsta kosti 10% af samsvarandi föstum rekstrarkostnaði sem gert er ráð fyrir í rekstraráætlun, nema Fjármálaeftirlitið krefjist þess að þeirri áætlun sé breytt.

Aðferð B: Eigið fé greiðslustofnunar skal nema að minnsta kosti samanlagðri fjárhæð eftirfarandi liða margfaldaðri með kvarðastuðlinum k, sem skilgreindur er í 5. mgr., þar sem greiðslufjöldi (PV) samanstendur af einum tólfta af heildarfjárhæð greiðslna síðustu tólf mánuðina:

a. 4,0% af PV sem nemur allt að jafnvirði 5 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;
b. 2,5% af PV sem nemur jafnvirði 5 milljóna evra (EUR) og allt að jafnvirði 10 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;
c. 1% af PV sem nemur jafnvirði 10 milljóna evra (EUR) og allt að jafnvirði 100 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;

d. 0,5% af PV sem nemur jafnvirði 100 milljóna evra (EUR) og allt að jafnvirði 250 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni og
e. 0,25% af PV umfram jafnvirði 250 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

Aðferð C: Fjárhæð eigin fjár greiðslustofnunar skal vera að minnsta kosti viðeigandi vísir sem skilgreindur er í a-lið, margfaldaður með margfeldisstuðlinum sem skilgreindur er í b-lið og með kvarðafastanum k sem skilgreindur er í 5. mgr:

a. Viðeigandi vísir er samtala eftirfarandi liða:
   1. vaxtatekna,
   2. vaxtakostnaðar,
   3. fenginna umboðslauna og þóknana, og
   4. annarra rekstrartekna.
b. Hver liður skal tekinn með í samtöluna með plús- eða mínusmerki. Ekki má nota óreglulega tekjuliði í útreikningi á viðeigandi vísum. Útgjöld vegna útvistunar á þjónustu hjá þriðja aðila geta minnkað viðeigandi vísi ef félagið sem stofnar til útgjaldanna er eftirlitsskyldur aðili samkvæmt lögum þessum. Viðeigandi vísir er reiknaður á grundvelli síðasta reikningsárs. Viðeigandi vísir skal reiknaður yfir síðasta reikningsár. Eigi að síður skal eigið fé, sem reiknað er í samræmi við aðferð C, ekki vera undir 80% af meðaltali þriggja undanfarinna reikningsára fyrir viðeigandi vísi. Ef endurskoðaðar tölur liggja ekki fyrir má nota eigið mat greiðslustofnunarinnar.
c. Margföldunarstuðullinn skal vera:
   1. 10% af þeim hluta viðeigandi vísis sem nemur allt að jafnvirði 2,5 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;
   2. 8% af þeim hluta viðeigandi vísis sem nemur jafnvirði 2,5 milljóna evra (EUR) og allt að jafnvirði 5 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;
   3. 6% af þeim hluta viðeigandi vísis sem nemur jafnvirði 5 milljóna evra (EUR) og allt að jafnvirði 25 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;
   4. 3% af þeim hluta viðeigandi vísis sem nemur jafnvirði 25 milljóna evra (EUR) og allt að jafnvirði 50 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;
   5. 1,5% af þeim hluta viðeigandi vísis umfram jafnvirði 50 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

Kvarðastuðullinn k, sem nota skal í aðferðum B og C, sbr. 3. og 4. mgr., skal vera:

a. 0,5 ef greiðslustofnunin stundar aðeins greiðsluþjónustu skv. 6. tölul. 4. gr.;
b. 0,8 ef greiðslustofnun stundar aðeins greiðsluþjónustu skv. 7. tölul. 4. gr.;
c. 1 ef greiðslustofnun stundar greiðsluþjónustu skv. 1.–5. tölul. 4. gr.

Fjármálaeftirlitið getur á grundvelli mats á áhættustýringarferlum, gagnagrunni yfir tapsáhættu og innra eftirlitskerfi greiðslustofnunar, gert kröfu um að eigið fé greiðslustofnunar sé allt að 20% hærra en fjárhæðin sem stafar af beitingu aðferðarinnar sem valin er í samræmi við 1. mgr. Á sama grundvelli getur Fjármálaeftirlitið heimilað að fjárhæð eigin fjár

greiðslustofnunar sé allt að 20% lægri en fjárhæðin sem leiðir af beitingu þeirrar aðferðar sem valin er í samræmi við 1. mgr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt þessu ákvæði.

B. Starfsleyfi.

12. gr.

Starfsleyfi.

Aðilar, aðrir en þeir sem taldir eru upp í a–f-liðum 14. tölul. 7. gr., er hyggjast veita greiðsluþjónustu skulu afla sér starfsleyfis sem greiðslustofnun. Starfsleyfi skal ná til einnar eða fleiri tegunda greiðsluþjónustu í skilningi laga þessara.

Fjármálaeftirlitið veitir greiðslustofnun starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Greiðslustofnun er heimilt að stunda greiðsluþjónustu að fengnu starfsleyfi.

13. gr.

Umsókn um starfsleyfi og viðvarandi upplýsingaskylda.

Umsókn um starfsleyfi skal berast Fjármálaeftirlitinu. Hún skal vera skrifleg og ítarleg. Í umsókninni skal gera grein fyrir þeirri starfsemi sem fyrirhugað er að sinna og hvernig henni verður sinnt. Umsækjandi skal, með framvísun nauðsynlegra gagna, sýna fram á hæfi lögaðilans sem æskir starfsleyfis til starfrækslu greiðslustofnunar í samræmi við ákvæði laga þessara.

Fjármálaeftirlitið skal setja reglur um þær upplýsingar sem greina þarf í umsókn, svo og nauðsynleg fylgigögn, til þess að umsóknin teljist fullnægjandi.

Greiðslustofnun sem fengið hefur starfsleyfi skv. 14. gr. skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar um allar breytingar á áður veittum upplýsingum skv. 1. mgr. í tengslum við umsókn og veitingu starfsleyfis.

14. gr.

Starfsleyfisskilyrði. Tilkynning um veitingu eða synjun starfsleyfis.

Starfsleyfi skal veitt ef umsækjandi sýnir að mati Fjármálaeftirlitsins fram á að skipulag í fyrirhuguðum rekstri greiðsluþjónustu sé skýrt, fullnægjandi verklagsreglur séu til staðar er þjóni markmiðum um traustan og varfærinn rekstur og að starfsemin hafi á að skipa fullnægjandi innra eftirlitskerfi að því er varðar aðferðir við stjórnun, fyrirkomulag áhættustýringar og reikningsskil samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

Þær kröfur sem gerðar eru til umsækjanda skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við eðli og umfang þeirrar greiðsluþjónustu sem fyrirhugað er að veita.

Við mat á umsókn um starfsleyfi er Fjármálaeftirlitinu heimilt að leita ráðgjafar Seðlabanka Íslands eða annarra viðeigandi opinberra yfirvalda.

Fjármálaeftirlitið getur gert kröfu um stofnun sérstakrar einingar fyrir rekstur greiðsluþjónustu skv. 4. gr. ef greiðslustofnun sinnir annarri starfsemi samhliða veitingu greiðsluþjónustu og sá hluti rekstrarins hefur áhrif á fjárhagslegan styrk greiðslustofnunar eða torveldar eftirlit með henni.

Fjármálaeftirlitið skal synja um veitingu starfsleyfis ef það telur hluthafa eða eigendur virkra eignarhluta ekki hæfa með tilliti til traustrar og varfærinnar stjórnunar greiðslustofnunar.

Starfsleyfi skal ekki veitt ef náin tengsl greiðslustofnunar við einstaklinga eða lögaðila hindra eftirlit með starfseminni af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Hið sama á við ef lög eða reglur,

sem gilda um slíka tengda aðila, hindra eftirlit. Með nánum tengslum er í lögum þessum átt við náin tengsl í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.

Starfsleyfi skal gilda í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Hyggist greiðslustofnun veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í öðru aðildarríki skal þó tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrir fram. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin. Innan mánaðar frá viðtöku slíkrar tilkynningar skal Fjármálaeftirlitið veita lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi ríki upplýsingar um heiti og heimilisfang greiðslustofnunar, nöfn þeirra sem eru ábyrgir fyrir stjórn starfseminnar, skipulag hennar og hvers konar greiðsluþjónustu hún hyggst veita.

Fullnægi umsókn um starfsleyfi skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins veitir Fjármálaeftirlitið starfsleyfi. Að öðrum kosti skal Fjármálaeftirlitið synja um starfsleyfi með rökstuddum hætti.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu eða synjun starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst.

15. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi greiðslustofnunar í heild eða að hluta ef:

a. greiðslustofnun nýtir ekki starfsleyfið innan 12 mánaða frá því að það var veitt, afsalar sér ótvírætt leyfinu eða hættir starfsemi í meira en sex mánuði samfellt;
b. starfsleyfis hefur verið aflað á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt;
c. greiðslustofnun uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu;
d. áframhaldandi rekstur greiðsluþjónustu af hálfu greiðslustofnunar ógnar stöðugleika greiðslukerfis;
e. starfsemi greiðslustofnunar fellur undir annað ákvæði í landslögum sem kveður á um afturköllun leyfis; eða
f. greiðslustofnun brýtur að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal greiðslustofnun veittur hæfilegur frestur til úrbóta ef unnt er að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins. Þetta á þó ekki við um a-lið 1. mgr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna greiðslustofnun að stunda aðra starfsemi en veitingu greiðsluþjónustu. Um slíkt bann gilda ákvæði 1. og 2. mgr.

Afturköllun á starfsleyfi greiðslustofnunar skal tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Tilkynning skal enn fremur send lögbærum eftirlitsaðilum í þeim ríkjum þar sem hlutaðeigandi greiðslustofnun starfrækir útibú eða veitir greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila.

16. gr.

Góðir viðskiptahættir og þagnarskylda.

Greiðslustofnun skal viðhafa eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur.

Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur samkvæmt lögum þessum.

Um þagnarskyldu stjórnarmanna greiðslustofnunar, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, starfsmanna og hverra þeirra sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins fer samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

17. gr.
Skrá yfir greiðslustofnanir.

Fjármálaeftirlitið heldur skrá yfir greiðslustofnanir sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Í skránni skal tilgreina helstu upplýsingar um greiðslustofnanir, svo sem um starfsheimildir og, ef við á, um umboðsaðila og útibú.

Almenningur skal hafa aðgang að skrá Fjármálaeftirlitsins yfir greiðslustofnanir.

C. Starfsheimildir.

18. gr.
Varðveisla fjármuna.

Greiðslustofnun skal varðveita fjármuni sem mótteknir hafa verið frá notendum greiðsluþjónustu eða frá öðrum greiðsluþjónustuveitendum vegna framkvæmdar greiðslna tryggilega. Ráðherra skal kveða nánar á um hvernig varðveislu fjármuna skv. 1. mgr. skal háttað í reglugerð.

19. gr.
Önnur starfsemi.

Greiðslustofnun er heimilt að stunda aðra starfsemi, auk greiðsluþjónustu í skilningi laga þessara, samkvæmt ákvæði þessu.

Greiðslustofnun er heimilt að sinna rekstrarþjónustu og nátengdri stoðþjónustu, svo sem þjónustu við framkvæmd greiðslna, gjaldeyrisviðskiptum, ráðstöfunum til verndunar eigna og geymslu og vinnslu gagna. Greiðslustofnun er jafnframt heimilt að starfrækja greiðslukerfi.

Greiðslustofnun er heimilt að halda greiðslureikninga sem skal einungis nota við framkvæmd greiðslna.

Fjármunir sem greiðslustofnun móttekur frá notendum greiðsluþjónustu, vegna veitingar greiðsluþjónustu, teljast ekki innlán, endurgreiðanlegir fjármunir frá almenningi eða rafeyrir.

Greiðslustofnun er óheimilt að stunda innlánsstarfsemi eða taka við endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.

Í tengslum við veitingu greiðsluþjónustu skv. 4., 5. og 7. tölul. 4. gr. er greiðslustofnun heimilt að veita minni háttar lán, enda uppfylli eiginfjárgrunnur stofnunarinnar kröfur laga þessara og er að mati Fjármálaeftirlitsins fullnægjandi með tilliti til heildarlánveitinga. Lánveiting skal einungis veitt í tengslum við framkvæmd greiðslu. Lánveitingu má ekki fjármagna með fjármunum sem mótteknir eru eða varðveittir vegna framkvæmdar greiðslu. Endurgreiðslutími lánveitingar yfir landamæri skal ekki vera lengri en 12 mánuðir.

D. Stjórn. Reikningsskil og endurskoðun.

20. gr.
Hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda.

Um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda samkvæmt skipulagi greiðslustofnunar gilda hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki eftir því sem við á.

Greiðslustofnun skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn fyrirtækis og framkvæmdastjórn og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum 1. mgr. sé fullnægt.

21. gr.

Reikningsskil og lögboðin endurskoðun.

Reikningsár greiðslustofnunar er almanaksárið. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki gilda að öðru leyti um bókhald, endurskoðun og tilkynningarskyldu endurskoðenda greiðslustofnana til Fjármálaeftirlitsins.

E. Eftirlit.

22. gr.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi greiðslustofnana, þ.m.t. umboðsaðilum, útibúum og útvistunaraðilum, sem falla undir ákvæði II. kafla, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samstarf við lögbær yfirvöld í aðildarríkjum um framkvæmd eftirlits með starfsemi umboðsaðila, útibúa og útvistunaraðila á vegum greiðslustofnana sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum í þeim ríkjum.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbærum yfirvöldum um það fyrir fram hyggist það framkvæma skoðun erlendis á starfsstöð greiðslustofnunar sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Slík skoðun skal framkvæmd í samstarfi við lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi ríki. Óski Fjármálaeftirlitið á hinn bóginn eftir því er því heimilt að fela lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi ríki framkvæmd slíkrar skoðunar.

Fjármálaeftirlitið skal að ósk lögbærra yfirvalda í aðildarríkjum veita viðeigandi upplýsingar um greiðslustofnanir sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum, einkum þegar brot eða grunur um brot umboðsaðila, útibús eða einingar sem starfsemi er útvistuð til er annars vegar. Mikilvægar upplýsingar skulu enn fremur sendar að frumkvæði Fjármálaeftirlitsins til lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki þar sem greiðslustofnun sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum hefur starfsemi eða útvistar verkefni til.

F. Umboðsaðilar, útibú og útvistun.

23. gr.

Umboðsaðilar og útibú.

Greiðslustofnun sem hyggst veita greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Tilkynningunni skulu fylgja upplýsingar um nafn og heimilisfang umboðsaðilans og lýsing á innra eftirlitskerfi sem m.a. skal uppfylla kröfur laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, svo og nauðsynlegar upplýsingar og gögn til að sýna fram á að stjórnendur uppfylli hæfiskröfur að mati Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið skráir umboðsaðila í skrá yfir greiðslustofnanir skv. 17. gr., að fengnum upplýsingum skv. 1. mgr. Telji Fjármálaeftirlitið vafa leika á að upplýsingarnar séu réttar skal það grípa til aðgerða til að sannreyna að þær. Fjármálaeftirlitið synjar um skráningu á umboðsaðila í skrá yfir greiðslustofnanir ef það er mat þess að ósannað teljist að upplýsingar skv. 1. mgr. séu réttar.

Greiðslustofnun sem óskar eftir að veita greiðsluþjónustu í öðru aðildarríki, fyrir milligöngu umboðsaðila, skal fylgja málsmeðferðarreglum þeim sem greinir í 1. mgr. og 22. gr. Áður en Fjármálaeftirlitið skráir upplýsingar um umboðsaðila í skrá yfir greiðslustofnanir skv. 17. gr. skal Fjármálaeftirlitið senda tilkynningu til lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi

ríki. Ef gerðar eru athugasemdir við fyrirhugaða skráningu skal Fjármálaeftirlitið taka tillit til þeirra.

Ef lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki sem greiðslustofnun óskar eftir að veita greiðsluþjónustu í fyrir milligöngu umboðsaðila eða með stofnun útibús hafa gilda ástæðu til að ætla að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eigi sér stað, hafi átt sér stað eða sé í undirbúningi, eða að tilnefning umboðsaðilans eða stofnun útibúsins gæti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, skulu þau tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það. Fjármálaeftirlitið getur þá hafnað því að færa upplýsingar um umboðsaðilann eða útibúið í skrána yfir greiðslustofnanir skv. 17. gr. eða afturkallað skráningu ef hún hefur þegar farið fram.

Greiðslustofnun skal sjá til þess að umboðsaðili eða útibú sem veitir þjónustu fyrir hennar hönd upplýsi notendur greiðsluþjónustu um þá staðreynd.

24. gr.
Útvistun.

Greiðslustofnun sem hyggst útvista rekstrarþætti greiðsluþjónustu skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um það.

Útvistun mikilvægra rekstrarþátta sem dregur umtalsvert úr gæðum innra eftirlits greiðslustofnunar og torveldar eftirlit með framkvæmd laga þessara er óheimil. Rekstrarþáttur telst mikilvægur ef ágalli eða brestur í framkvæmd hans hefur umtalsverð neikvæð áhrif á getu greiðslustofnunar til að uppfylla þær kröfur sem liggja til grundvallar starfsleyfi hennar eða skyldur samkvæmt lögunum, fjárhagslega afkomu greiðslustofnunar eða styrkleika eða samfelldni greiðsluþjónustunnar sem um ræðir.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um hvernig greiðslustofnun er heimilt að standa að útvistun mikilvægra rekstrarþátta.

G. Annað.

25. gr.
Bótaábyrgð.

Greiðslustofnun ber skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem rakið verður til athafna starfsmanna hennar, umboðsaðila, útibúa og þeirra aðila sem rekstrarþáttum greiðsluþjónustu hefur verið útvistað til.

Greiðslustofnun sem reiðir sig á þriðja aðila til að annast tiltekna rekstrarþætti skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að lögum þessum.

26. gr.
Varðveisla gagna.

Greiðslustofnun ber að varðveita öll viðeigandi gögn er varða II. kafla að lágmarki í fimm ár.

H. Peninga- og verðmætasendingarþjónusta.

27. gr.

Peninga- og verðmætasendingarþjónustu samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er heimilt að veita greiðsluþjónustu skv. 6. tölul. 4. gr., að fullnægðum skilyrðum 2.–4. mgr.

Heildarfjárhæð greiðslna sem peninga- og verðmætasendingarþjónusta framkvæmir á grundvelli laga þessara á einum mánuði má að hámarki nema jafnviði 3 milljóna evra (EUR)

í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að kveða á um lægri viðmiðunarfjárhæð en greinir í 1. málsl.

Ákvæði þessa kafla gilda um peninga- og verðmætasendingarþjónustu skv. 1. mgr., að undanskildum ákvæðum 9.–11. gr., 7. mgr. 14. gr., 6. mgr. 19. gr., 2.–4. mgr. 22. gr., 3.–4. mgr. 23. gr. og 24. gr.

Fjármálaeftirlitið getur sett nánari reglur um skilyrði fyrir veitingu greiðsluþjónustu af hálfu peninga- og verðmætasendingarþjónustu.

III. KAFLI
Upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu.

A. Almenn ákvæði.

28. gr.
Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda um stakar greiðslur, rammasamninga og greiðslur sem falla undir þá.

Víkja má frá ákvæðum þessa kafla með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

Ákvæði 35.–38. gr. gilda aðeins um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu þegar um ræðir stakar greiðslur sem ekki falla undir rammasamninga.

Ákvæði 39.–46. gr. gilda aðeins um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu þegar um ræðir greiðslur sem falla undir rammasamninga.

Ef lög nr. 33/2005, um fjarsölu á fjármálaþjónustu, eiga einnig við víkja eftirtalin ákvæði II. kafla þeirra laga, um upplýsingaskyldu gagnvart neytanda áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði, fyrir ákvæðum 35., 36., 39. og 40. gr. laga þessara: 5. gr., 1. og 3. tölul. 6. gr., 3.–4. og 6.–7. tölul. 7. gr. og 1. tölul. 8. gr.

29. gr.
Undanþágur frá kröfum um upplýsingagjöf vegna smágreiðslumiðla.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð á um undanþágur frá kröfum þessa kafla um upplýsingagjöf þegar smágreiðslumiðill er annars vegar.

30. gr.
Sönnunarbyrði greiðsluþjónustuveitanda.

Greiðsluþjónustuveitandi ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi uppfyllt kröfur um upplýsingagjöf sem fram koma í þessum kafla.

31. gr.
Gjaldtaka vegna upplýsingagjafar.

Greiðsluþjónustuveitandi skal ekki krefja notanda greiðsluþjónustu um gjald fyrir upplýsingar sem veittar eru samkvæmt kafla þessum.

Semja má um gjaldtöku fyrir veitingu viðbótarupplýsinga, tíðari upplýsingagjöf eða veitingu upplýsinga með öðrum hætti en tilgreindur er í rammasamningi, að því tilskildu að það sé að beiðni notanda greiðsluþjónustunnar og að gjaldtakan sé viðeigandi og í samræmi við raunkostnað.

32. gr.

Gjaldmiðill og umreikningur gjaldmiðils.

Greiðslur skulu vera í þeim gjaldmiðli sem aðilar hafa komið sér saman um.

Ef boðinn er gjaldmiðilsumreikningur áður en greiðsla á sér stað og ef sú þjónusta er boðin á sölustað eða af hálfu viðtakanda greiðslu skal sá aðili sem býður greiðanda þjónustuna veita honum allar upplýsingar um gjöld og það gengi sem nota á við umreikning greiðslunnar. Greiðandi skal samþykkja þjónustu við umreikning gjaldmiðils á þeim grundvelli.

33. gr.

Notkun tiltekins greiðslumiðils.

Ef viðtakandi greiðslu býður lækkun vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils, umfram aðra, skal hann tilkynna greiðanda um það áður en greiðslan er framkvæmd.

Ef greiðsluþjónustuveitandi krefst gjalds vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils skal hann tilkynna notanda greiðsluþjónustu um það áður en greiðslan er framkvæmd.

34. gr.

Sérákvæði um greiðslufyrirmæli vegna stakrar greiðslu sem send eru með greiðslumiðli sem fellur undir rammasamning.

Þegar greiðslufyrirmæli vegna stakrar greiðslu eru send með greiðslumiðli sem fellur undir rammasamning er greiðsluþjónustuveitandi ekki skuldbundinn til að veita eða koma á framfæri upplýsingum sem notandi greiðsluþjónustu hefur þegar fengið á grundvelli rammasamnings við annan greiðsluþjónustuveitanda eða sem honum verða veittar í samræmi við slíkan rammasamning.

B. Stakar greiðslur sem ekki falla undir rammasamninga.

35. gr.

Almenn upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu.

Áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu skal greiðsluþjónustuveitandi koma upplýsingum og skilmálum skv. 36. gr. á framfæri við notandann á aðgengilegan hátt.

Upplýsingar og skilmálar skulu lagðir fram á pappír eða öðrum varanlegum miðli ef notandi greiðsluþjónustu æskir þess.

Framsetning upplýsinga og skilmála skal vera með skýrum og auðskiljanlegum hætti, á íslensku eða hverju því tungumáli öðru sem aðilar koma sér saman um.

Ef þjónustusamningur hefur verið gerður um stakar greiðslur að beiðni notanda greiðsluþjónustu með tilstyrk fjarsamskiptamiðils sem ekki gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að fara að 1.–3. mgr. skal greiðsluþjónustuveitandinn uppfylla skyldur sínar samkvæmt þeim ákvæðum þegar í stað eftir að greiðsla hefur verið framkvæmd.

Skyldu til upplýsingagjafar skv. 1.–3. mgr. má einnig uppfylla með því að leggja fram afrit af drögum að þjónustusamningi um staka greiðslu eða drögum að greiðslufyrirmælum sem geyma þær upplýsingar og skilmála sem komið skal á framfæri við notandann samkvæmt lögum þessum.

36. gr.

Upplýsingar og skilmálar um þjónustu í tengslum við stakar greiðslur.

Eftirfarandi upplýsingar og skilmálar skulu afhentir eða hafðir aðgengilegir fyrir notendur greiðsluþjónustu:

a. lýsing á upplýsingunum eða því sérstaka kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu þarf að gefa upp til að greiðslufyrirmæli verði framkvæmd á réttan hátt,
b. hámarkstími sem framkvæmd greiðsluþjónustunnar má taka,
c. öll gjöld sem notanda greiðsluþjónustu ber að greiða greiðsluþjónustuveitanda og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda,
d. ef við á, raunverulegt gengi eða viðmiðunargengi sem gilda skal um greiðslu,
e. ef við á, viðeigandi upplýsingar og skilmálar sem tilgreindir eru í 40. gr.

37. gr.

Upplýsingagjöf gagnvart greiðanda eftir viðtöku greiðslufyrirmæla um staka greiðslu.

Eftirfarandi upplýsingar skal greiðsluþjónustuveitandi afhenda eða gera greiðanda aðgengilegar með þeim hætti sem kveðið er á um í 1.–3. mgr. 35. gr. þegar í stað eftir viðtöku greiðslufyrirmæla:

a. tilvísun sem gerir greiðanda kleift að bera kennsl á greiðslu og, ef við á, upplýsingar sem varða viðtakanda greiðslu,
b. fjárhæð greiðslu í þeim gjaldmiðli sem kveðið er á um í greiðslufyrirmælunum,
c. fjárhæð gjalda sem greiðanda ber að greiða vegna framkvæmdar greiðslu og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda,
d. ef við á, gengið sem greiðsluþjónustuveitandi notar í greiðslunni eða tilvísun til þess ef um ræðir annað gengi en það sem kveðið er á um í samræmi við d-lið 36. gr., svo og fjárhæð greiðslu eftir gjaldmiðilsumreikning og
e. dagsetningu viðtöku greiðslufyrirmælanna.

38. gr.

Upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda greiðslu eftir framkvæmd stakrar greiðslu.

Eftirfarandi upplýsingar skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu afhenda eða gera viðtakandanum aðgengilegar með þeim hætti sem kveðið er á um í 1.–3. mgr. 35. gr., þegar í stað eftir að greiðsla hefur verið framkvæmd:

a. tilvísun sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að bera kennsl á greiðsluna og, ef við á, greiðanda, svo og þær upplýsingar sem kunna að hafa verið sendar með greiðslunni,
b. fjárhæð greiðslu í þeim gjaldmiðli sem fjármunirnir sem viðtakandi greiðslu fær til ráðstöfunar eru í,
c. fjárhæð gjalda sem viðtakanda hennar ber að greiða vegna framkvæmdar greiðslu og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda,
d. ef við á, gengið sem greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda notar í greiðslunni og fjárhæð greiðslu áður en gjaldmiðilsumreikningur fór fram og
e. gildisdag eignfærslu.

C. Greiðslur sem falla undir rammasamninga.

39. gr.

Almenn upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna greiðslna sem falla undir rammasamninga verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu.

Áður en rammasamningur eða tilboð um greiðsluþjónustu verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu skal greiðsluþjónustuveitandi afhenda notanda upplýsingar og skilmála skv. 40. gr. á pappír eða öðrum varanlegum miðli.

Framsetning upplýsinga og skilmála skal vera með skýrum og auðskiljanlegum hætti, á íslensku eða á hverju því tungumáli öðru sem aðilar koma sér saman um.

Ef rammasamningur hefur verið gerður að beiðni notanda greiðsluþjónustu með tilstyrk fjarsamskiptamiðils sem ekki gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að fara að 1. og 2. mgr. skal greiðsluþjónustuveitandinn uppfylla skyldur sínar samkvæmt þeim ákvæðum þegar í stað að lokinni gerð rammasamnings.

Skyldu til upplýsingagjafar skv. 1. og 2. mgr. má einnig uppfylla með því að leggja fram afrit af drögum að rammasamningi sem geyma upplýsingar og skilmála skv. 40. gr.

40. gr.

Upplýsingar og skilmálar um þjónustu í tengslum við greiðslur sem falla undir rammasamninga.

Eftirfarandi upplýsingar og skilmálar skulu afhentir notendum greiðsluþjónustu:

1. Að því er varðar greiðsluþjónustuveitandann:
   a. heiti, heimilisfang höfuðstöðva og viðeigandi póstföng, svo og sambærilegar upplýsingar um umboðsaðila og útibú ef við á, og
   b. hvaða lögbær eftirlitsaðili fer með eftirlit með starfsemi hans og, eftir því sem við kann að eiga, upplýsingar um viðeigandi opinbera skrá um starfsleyfi greiðsluþjónustuveitanda og skráningarnúmer eða jafngilda aðferð til auðkenningar í þeirri skrá.
2. Að því er varðar notkun greiðsluþjónustunnar:
   a. lýsing á þjónustunni sem um ræðir,
   b. lýsing á upplýsingunum eða því sérstaka kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu skal leggja fram til að greiðslufyrirmæli verði framkvæmd á réttan hátt,
   c. hvernig og á hvaða formi samþykki skal veitt fyrir framkvæmd greiðslu og afturköllun slíks samþykkis í samræmi við 49. og 61. gr.,
   d. við hvaða tímamark viðtaka greiðslufyrirmæla miðast, sbr. 59. gr., svo og um skilgreindan lokunartíma greiðsluþjónustuveitanda, ef við á,
   e. hámarksframkvæmdatími greiðsluþjónustu, og
   f. hvort mögulegt sé að ákvarða útgjaldaþak vegna greiðslna sem framkvæmdar eru með greiðslumiðli í samræmi við 1. mgr. 50. gr.
3. Að því er varðar gjaldtöku, vexti og gengi:
   a. öll gjöld sem notanda greiðsluþjónustu ber að greiða greiðsluþjónustuveitanda, með sundurliðuðum fjárhæðum ef við á,
   b. vextir og gengi, ef við á; ef notast skal við viðmiðunarvexti og viðmiðunargengi skulu notanda afhentar upplýsingar um hlutaðeigandi aðferðir við vaxtaútreikning og viðeigandi dagsetningar og vísitölu eða grunn til að ákvarða viðmiðunarvexti eða viðmiðunargengi; og
   c. reglur um breytingar á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi, þ.m.t. gildistíma slíkra breytinga, skv. 2. mgr. 42. gr., ef við á.

4. Að því er varðar boðleiðir og samskipti:
   a. umsamdar samskiptaaðferðir vegna sendingar upplýsinga eða tilkynninga samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. að því er varðar tæknilegar kröfur til búnaðar notanda greiðsluþjónustu,
   b. háttur og tíðni miðlunar upplýsinga samkvæmt lögum þessum,
   c. tungumál rammasamnings og boðskipta meðan á samningssambandi stendur, og
   d. réttur notanda greiðsluþjónustu til að fá afhenta skilmála rammasamnings og upplýsingar og skilmála í samræmi við 41. gr.
5. Að því er varðar varúðarráðstafanir og ábyrgð:
   a. lýsing á þeim ráðstöfunum sem notanda greiðsluþjónustu ber að grípa til í því skyni að tryggja örugga varðveislu greiðslumiðils, ef við á, svo og hvernig staðið skuli að tilkynningu til greiðsluþjónustuveitanda skv. 3. mgr. 51. gr.,
   b. skilyrði áskilnaðar greiðsluþjónustuveitanda til stöðvunar á notkun greiðslumiðils í samræmi við 50. gr., ef um það er samið,
   c. ábyrgð greiðanda skv. 56. gr., þ.m.t. upplýsingar um fjárhæðarmörk,
   d. hvernig og innan hvaða tímamarka notanda greiðsluþjónustu ber að tilkynna greiðsluþjónustuveitanda um óheimilaða eða rangt framkvæmda greiðslu skv. 53. gr., auk upplýsinga um ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda skv. 55. gr.,
   e. ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda á framkvæmd greiðslu skv. 69. gr. og
   f. skilyrði fyrir endurgreiðslu skv. 57. og 58. gr.
6. Að því er varðar breytingar og uppsögn rammasamnings:
   a. ef um það er samið, að notandi greiðsluþjónustu teljist hafa samþykkt breytingar á skilmálum rammasamnings skv. 42. gr. nema tilkynning berist um annað til greiðsluþjónustuveitanda áður en breytingarnar öðlast gildi,
   b. gildistími samningsins og
   c. réttur notanda greiðsluþjónustu til uppsagnar rammasamnings í samræmi við ákvæði laga þessara.
7. Að því er varðar úrlausn ágreiningsmála:
   a. hvaða lög gilda um rammasamninginn og
   b. hvaða kosti notandi greiðsluþjónustu á skv. V. kafla laga þessara um úrlausn ágreiningsmála utan dómstóla og meðferð bótamála.

41. gr.

Upplýsingar og skilmálar rammasamnings skulu ávallt aðgengilegir notanda greiðsluþjónustu.

Hvenær sem er, meðan á samningssambandi stendur, getur notandi greiðsluþjónustu óskað eftir og skal þá fá afhenta skilmála rammasamnings ásamt þeim upplýsingum og skilmálum sem tilgreind eru í 40. gr. á pappír eða öðrum varanlegum miðli.

42. gr.

Breytingar á skilmálum rammasamnings.

Greiðsluþjónustuveitandi skal leggja tillögur að breytingum á rammasamningi, sem og á upplýsingum og skilmálum skv. 40. gr., fyrir notanda greiðsluþjónustu með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 39. gr. eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir fyrirhugaðan gildistökudag breytinganna. Ef um það hefur verið samið, sbr. a-lið 6. tölul. 40. gr., skal greiðsluþjónustuveitandi tilkynna notanda greiðsluþjónustu að hann teljist hafa samþykkt

slíkar breytingar tilkynni hann ekki um annað fyrir fyrirhugaðan gildistökudag. Ef notanda greiðsluþjónustu er heimilt að segja rammasamningi upp þegar í stað án sérstakrar gjaldtöku áður en fyrirhugaðar breytingar öðlast gildi skal greiðsluþjónustuveitandi jafnframt upplýsa notandann um það.

Breytingar á vöxtum eða gengi taka gildi þegar í stað og án viðvörunar ef samið hefur verið um slíkt í rammasamningi og breytingarnar byggjast á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi sem samið hefur verið um í samræmi við b- og c-lið 3. tölul. 40. gr. Tilkynna skal notanda greiðsluþjónustu um allar breytingar á vöxtum eins fljótt og kostur er með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 39. gr., nema aðilar hafi komið sér saman um að slíkar upplýsingar skuli veittar eða gerðar aðgengilegar með tilteknum tíðleika eða á tiltekinn hátt. Þó má breyta vöxtum eða gengi án tilkynningar ef slíkar breytingar eru notanda greiðsluþjónustu í hag.

Breytingar á vöxtum eða gengi sem notað er í greiðslum skulu framkvæmdar og reiknaðar á hlutlausan hátt þannig að notendum greiðsluþjónustu sé ekki mismunað.

43. gr.

Uppsögn rammasamnings.

Notanda greiðsluþjónustu er heimilt að segja rammasamningi upp hvenær sem er, nema samið hafi verið um uppsagnarfrest. Slíkur uppsagnarfrestur skal ekki vera lengri en einn mánuður.

Uppsögn rammasamnings með föstum samningstíma eða með ótilteknum samningstíma skal vera notanda greiðsluþjónustu að kostnaðarlausu.

Greiðsluþjónustuveitanda er heimilt að segja rammasamningi með ótilteknum samningstíma upp með að minnsta kosti tveggja mánaða uppsagnarfresti ef samið hefur verið um það. Notanda greiðsluþjónustu skal tilkynnt um uppsögnina með þeim hætti sem greinir í 1. og 2. mgr. 39. gr.

Ef samið hefur verið um reglubundnar greiðslur á samningstímanum, fyrir greiðsluþjónustu samkvæmt rammasamningi, skal hlutfallslega tekið tillit til gildistíma uppsagnar við innheimtu greiðslna eftir uppsögn samnings. Ef gjöld vegna greiðsluþjónustu samkvæmt rammasamningi eru greidd fyrir fram skulu þau endurgreidd notanda hlutfallslega, með tilliti til gildistíma uppsagnar.

44. gr.

Upplýsingagjöf áður en kemur til framkvæmdar einstakra greiðslna sem falla undir rammasamning.

Við beiðni greiðanda um framkvæmd tiltekinnar greiðslu sem fellur undir rammasamning skal greiðsluþjónustuveitandi veita skýrar upplýsingar um hámarkstíma sem framkvæmd greiðslu má taka og þau gjöld sem greiðanda ber að greiða vegna hennar. Ef við á skal sundurliða fjárhæðir gjalda.

45. gr.

Upplýsingagjöf gagnvart greiðanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning.

Greiðsluþjónustuveitandi skal tafarlaust veita greiðanda eftirfarandi upplýsingar með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 39. gr. eftir að fjárhæð einstakrar greiðslu sem fellur

undir rammasamning er skuldfærð af reikningi greiðanda eða, ef greiðandi notar ekki greiðslureikning, eftir viðtöku greiðslufyrirmæla:

a. tilvísun sem gerir greiðanda kleift að bera kennsl hverja greiðslu og, ef við á, upplýsingar sem varða viðtakanda greiðslu,
b. fjárhæð greiðslu í þeim gjaldmiðli sem skuldfærður er á greiðslureikning greiðanda eða í þeim gjaldmiðli sem er notaður í greiðslufyrirmælunum,
c. fjárhæð gjalda vegna greiðslu og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda, svo og upplýsingar um vexti sem greiðanda ber að greiða,
d. það gengi sem greiðsluþjónustuveitandi greiðanda notar við framkvæmd greiðslu og fjárhæð greiðslu eftir gjaldmiðilsumreikning, ef við á, og
e. gildisdag skuldfærslu eða dagsetning viðtöku greiðslufyrirmælanna.

Heimilt er að kveða á um það í rammasamningi að upplýsingar skv. 1. mgr. skuli veittar eða gerðar aðgengilegar reglulega, að minnsta kosti einu sinni í mánuði, með hætti sem gerir greiðanda kleift að geyma eða kalla upplýsingarnar fram óbreyttar.

46. gr.

Upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning.

Greiðsluþjónustuveitandi skal tafarlaust veita viðtakanda greiðslu eftirfarandi upplýsingar með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 39. gr. eftir framkvæmd einstakrar greiðslu sem fellur undir rammasamning:

a. tilvísun sem gerir viðtakandanum kleift að bera kennsl á greiðslu og, ef við á, greiðanda, svo og aðrar upplýsingar sem kunna að hafa verið sendar með greiðslunni,
b. fjárhæð greiðslu í þeim gjaldmiðli sem eignfærður er á greiðslureikning viðtakanda,
c. fjárhæð gjalda vegna greiðslu og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda, svo og upplýsingar um vexti sem viðtakanda ber að greiða,
d. það gengi sem greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda notar við framkvæmd greiðslu og fjárhæð greiðslu áður en gjaldmiðilsumreikningur fór fram, ef við á, og
e. gildisdag eignfærslu.

Heimilt er að kveða á um það í rammasamningi að upplýsingar skv. 1. mgr. skuli veittar eða gerðar aðgengilegar reglulega, að minnsta kosti einu sinni í mánuði, með hætti sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að geyma eða kalla upplýsingarnar fram óbreyttar.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu.

A. Almenn ákvæði.

47. gr.

Gjaldtaka.

Greiðsluþjónustuveitanda er óheimilt að innheimta gjald af notanda greiðsluþjónustu vegna upplýsinga sem skylt er að veita samkvæmt lögum þessum, eða vegna leiðréttingarráðstafana eða fyrirbyggjandi ráðstafana samkvæmt kafla þessum, nema lög þessi kveði á um annað. Gjöld sem heimilt er að innheimta skv. 1. málsl. skulu vera viðeigandi og í samræmi við raunkostnað greiðsluþjónustuveitandans vegna umræddra ráðstafana. Víkja má frá ákvæði þessu með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

Ef í greiðslu felst enginn gjaldmiðilsumreikningur skal viðtakandi greiðslu greiða gjöldin sem greiðsluþjónustuveitandi hans leggur á vegna framkvæmdar greiðslu og greiðandi greiða gjöldin sem greiðsluþjónustuveitandi hans leggur á vegna framkvæmdar greiðslu.

Viðtakanda greiðslu er óheimilt að krefjast gjalds af greiðanda vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils, umfram aðra.

48. gr.

Undanþágur og frávik vegna smágreiðslumiðla.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð á um undanþágur og frávik frá ákvæðum þessa kafla þegar smágreiðslumiðill er annars vegar.

B. Framkvæmd greiðslu.

49. gr.

Samþykki fyrir greiðslu og afturköllun samþykkis.

Greiðsla telst því aðeins heimiluð að greiðandi hafi veitt samþykki fyrir framkvæmd hennar. Greiðandi getur heimilað greiðslu fyrir eða, ef greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi hans hafa samið um það, eftir framkvæmd greiðslunnar.

Samþykki fyrir framkvæmd greiðslu eða röð greiðslna skal veitt með þeim hætti sem greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi hans koma sér saman um. Ef samþykki er ekki fyrir hendi telst greiðsla ekki hafa verið heimiluð.

Greiðandi getur afturkallað samþykki hvenær sem er, en þó ekki eftir að greiðslufyrirmæli teljast óafturkallanleg í skilningi 61. gr. Samþykki fyrir framkvæmd á röð greiðslna má einnig afturkalla og hefur það þau áhrif að greiðslur sem framkvæmdar eru eftir það tímamark teljast óheimilaðar. Víkja má frá þessari málsgrein með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

50. gr.

Takmarkanir á notkun greiðslumiðils.

Ef nota skal tiltekinn greiðslumiðil til að veita samþykki fyrir framkvæmd greiðslna geta greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi samið um útgjaldaþak vegna þeirra greiðslna sem framkvæmdar eru með honum.

Ef um það er samið í rammasamningi getur greiðsluþjónustuveitandinn áskilið sér rétt til að stöðva notkun greiðslumiðils af ástæðum sem rökstuddar eru á hlutlægan hátt með hliðsjón af öryggi greiðslumiðilsins, grun um óheimila eða sviksamlega notkun greiðslumiðilsins eða, þegar um er að ræða greiðslumiðil sem lánsheimildir fylgja, verulega aukinni hættu á því að greiðandi kunni að vera ófær um að uppfylla greiðsluskyldu sína.

Greiðsluþjónustuveitandi skal tilkynna greiðanda um stöðvun notkunar greiðslumiðils og ástæður fyrir henni svo fljótt sem auðið er, nema lög kveði á um annað. Ef mögulegt er skal uppfylla þessa tilkynningarskyldu áður en notkun greiðslumiðils er stöðvuð, en hún skal í síðasta lagi uppfyllt tafarlaust í kjölfar stöðvunar.

Greiðsluþjónustuveitandi skal opna fyrir notkun greiðslumiðils eða afhenda nýjan greiðslumiðil í hans stað þegar ástæður fyrir stöðvun notkunar eru ekki lengur fyrir hendi.

51. gr.

Skyldur notanda greiðsluþjónustu í tengslum við greiðslumiðil.

Notandi greiðsluþjónustu, sem á rétt á að nota greiðslumiðil, skal nota greiðslumiðilinn í samræmi við skilmála um útgáfu og notkun hans.

Við viðtöku greiðslumiðils ber notandanum að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja persónubundna öryggisþætti greiðslumiðilsins.

Notandi greiðsluþjónustu, sem á rétt á að nota greiðslumiðil, skal án óþarfa tafar tilkynna greiðsluþjónustuveitanda, eða öðrum sem hann tilnefnir, um það verði hann var við tap, þjófnað eða misnotkun á greiðslumiðli eða óheimila notkun hans.

52. gr.

Skyldur greiðsluþjónustuveitanda í tengslum við greiðslumiðil.

Greiðsluþjónustuveitandi sem gefur út greiðslumiðil skal tryggja að persónubundnir öryggisþættir greiðslumiðils séu ekki aðgengilegir öðrum en þeim notanda greiðsluþjónustu sem á rétt á að nota greiðslumiðilinn.

Greiðsluþjónustuveitandi skal ekki óumbeðinn senda notanda greiðsluþjónustu greiðslumiðil, nema nýr greiðslumiðill eigi að koma í stað annars sem notandinn hefur þegar fengið.

Greiðsluþjónustuveitandi ber alla áhættu af sendingu greiðslumiðils og hvers kyns persónubundnum öryggisþáttum greiðslumiðils til greiðanda.

Greiðsluþjónustuveitandi skal tryggja að notanda greiðsluþjónustu sé kleift að koma tilkynningu skv. 3. mgr. 51. gr. á framfæri, hvenær sem er sólarhringsins, og að óska eftir opnun fyrir notkun greiðslumiðils í samræmi við 4. mgr. 50. gr. Greiðsluþjónustuveitanda ber jafnframt að sjá til þess að í 18 mánuði frá því að notandi kemur tilkynningu skv. 3. mgr. 51. gr. á framfæri hafi notandinn úrræði til að sanna að hann hafi gefið út slíka tilkynningu.

Greiðsluþjónustuveitandi skal koma í veg fyrir alla notkun greiðslumiðils þegar tilkynningu skv. 3. mgr. 51. gr. hefur verið komið á framfæri.

53. gr.

Tilkynning um óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu.

Notandi greiðsluþjónustu skal tilkynna greiðsluþjónustuveitanda um það án óþarfa tafar verði hann var við óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu sem gefur tilefni til kröfu um leiðréttingu samkvæmt ákvæðum laga þessara, þ.m.t. skv. 69. gr., og eigi síðar en 13 mánuðum eftir dagsetningu skuldfærslu. Þetta á þó ekki við ef greiðsluþjónustuveitandi veitti notanda greiðsluþjónustunnar ekki, eða hafði aðgengilegar fyrir hann, upplýsingar um greiðsluna í samræmi við III. kafla.

Heimilt er að semja um annan tímafrest en greinir í 1. mgr. þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

54. gr.

Sannvottun vegna framkvæmdar greiðslu.

Ef notandi greiðsluþjónustu neitar að hafa heimilað framkvæmd greiðslu eða heldur því fram að greiðsla hafi ekki verið réttilega framkvæmd skal greiðsluþjónustuveitandi hans sanna að sannvottun vegna framkvæmdar greiðslu hafi átt sér stað, að framkvæmd greiðslu hafi verið nákvæmlega skráð og færð í reikningshald og að tæknileg bilun hafi ekki haft áhrif á hana eða á henni sé einhver annar ágalli.

Ef notandi greiðsluþjónustu neitar að hafa heimilað framkvæmd greiðslu fer það eftir atvikum hvort notkun greiðslumiðils, sem greiðsluþjónustuveitandi skráir, dugi ein og sér til sönnunar því að greiðandi hafi annaðhvort heimilað greiðsluna eða hann hafi með sviksamlegum hætti, að yfirlögðu ráði eða af stórfelldu gáleysi látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum skv. 51. gr.

Víkja má frá 1. og 2. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

55. gr.

Ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu.

Þegar um óheimilaða greiðslu er að ræða í skilningi laga þessara skal greiðsluþjónustuveitandi, að uppfylltum skilyrðum 53. gr. og að teknu tilliti til annarra ákvæða IV. kafla, þegar í stað endurgreiða greiðanda fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar og, ef við á, bakfæra eignfærslu á greiðslureikninginn til sömu stöðu og hann hefði verið í ef óheimilaða greiðslan hefði ekki átt sér stað.

Ákvæði þetta gildir um rafeyri í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, nema greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hafi ekki getu til að frysta greiðslureikning eða loka greiðslumiðli.

56. gr.

Ábyrgð greiðanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu.

Þrátt fyrir 55. gr. skal greiðandi bera tjón vegna óheimilaðra greiðslna sem nemur allt að jafnvirði 150 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni sem rekja má til notkunar á týndum eða stolnum greiðslumiðli eða stafar af óréttmætri nýtingu greiðslumiðils sem leiðir af því að greiðandi hefur ekki uppfyllt skyldu sína samkvæmt lögum þessum til að tryggja persónubundna öryggisþætti greiðslumiðilsins.

Greiðandi skal bera allt tjón sem rekja má til óheimilaðra greiðslna ef hann hefur stofnað til þeirra með sviksamlegum hætti eða látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum skv. 51. gr. af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi. Þegar þetta á við gildir ekki hámarksfjárhæðin sem um getur í 1. mgr.

Þegar háttsemi greiðanda hefur hvorki verið með sviksamlegum hætti né hann af ásetningi látið ógert að uppfylla skyldur sínar skv. 51. gr. skal tekið tillit til eðlis persónubundinna öryggisþátta greiðslumiðils og málsatvika þegar hann týndist, honum var stolið eða hann nýttur með óréttmætum hætti við ákvörðun fjárhæðar þeirrar sem greiðanda verður gert að bera sjálfur skv. 1. og 2. mgr.

Greiðandi skal ekki bera tjón sem hlýst af notkun á greiðslumiðli sem týnist, er stolið eða nýttur með óréttmætum hætti eftir tímamark tilkynningar skv. 3. mgr. 51. gr. Þetta á þó ekki við ef greiðandi hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi.

Greiðandi skal ekki bera tjón sem hlýst af notkun greiðslumiðils ef greiðsluþjónustuveitandi hefur ekki gert viðeigandi ráðstafanir samkvæmt lögum þessum vegna tilkynningarskyldu um greiðslumiðil sem hefur týnst, verið stolið eða notaður með óréttmætum hætti, eins og krafist er skv. 4. mgr. 52. gr. Þetta á þó ekki við ef greiðandi hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi.

Víkja má frá 1.–5. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

Ákvæði þetta gildir um rafeyri í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, nema greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hafi ekki getu til að frysta greiðslureikning eða loka greiðslumiðli.

57. gr.

Endurgreiðslur á greiðslum sem viðtakandi á frumkvæði að eða hefur milligöngu um.

Greiðandi á rétt á endurgreiðslu frá greiðsluþjónustuveitanda sínum vegna heimilaðrar greiðslu, sem viðtakandi greiðslu hefur átt frumkvæði að eða haft milligöngu um og greiðslan hefur þegar verið framkvæmd, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. fjárhæð greiðslunnar var ekki nákvæmlega tilgreind í heimildinni þegar hún var veitt og
b. fjárhæð greiðslunnar var hærri en svo að greiðandi gæti með sanngjörnum hætti gert ráð fyrir þeirri fjárhæð miðað við útgjaldamynstur hans til þessa, skilmála í rammasamningi og málsatvik að öðru leyti.

Að beiðni greiðsluþjónustuveitanda skal greiðandi leggja fram gögn um að skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. teljist uppfyllt.

Að því er varðar beingreiðslur er heimilt að semja um það í rammasamningi um greiðsluþjónustu að greiðandi eigi rétt á endurgreiðslu frá greiðsluþjónustuveitanda, jafnvel þótt skilyrði fyrir endurgreiðslu skv. 1. mgr. séu ekki uppfyllt.

Að því er varðar b-lið 1. mgr. getur greiðandi þó ekki byggt kröfu um endurgreiðslu á gengisástæðum ef beitt var viðmiðunargengi sem hann samdi um við greiðsluþjónustuveitanda í samræmi við d-lið 36. gr. og b-lið 3. tölul. 40. gr.

Heimilt er að semja um það í rammasamningi um greiðsluþjónustu að greiðandi eigi ekki rétt á endurgreiðslu ef hann hefur veitt samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslu beint til greiðsluþjónustuveitanda og, ef við á, greiðsluþjónustuveitandi eða viðtakandi greiðslu veitti upplýsingar um greiðslur í framtíðinni eða kom þeim á framfæri við greiðanda á umsaminn hátt að minnsta kosti fjórum vikum fyrir gjalddaga.

Víkja má frá 1.–4. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

58. gr.

Meðferð beiðna um endurgreiðslu vegna greiðslna sem viðtakandi á frumkvæði að eða hefur milligöngu um.

Greiðandi skal óska eftir endurgreiðslu í samræmi við 57. gr. innan átta vikna frá þeim degi þegar fjármunir voru skuldfærðir.

Greiðsluþjónustuveitandi skal innan tíu viðskiptadaga frá móttöku skv. 1. mgr. annaðhvort endurgreiða að fullu fjárhæð greiðslunnar eða rökstyðja synjun um endurgreiðslu og tilgreina þá aðila sem greiðandi getur vísað málinu til í samræmi við V. kafla ef hann sættir sig ekki við rökstuðning fyrir synjuninni.

Réttur greiðsluþjónustuveitanda skv. 2. mgr. til að synja um endurgreiðslu gildir ekki í því tilviki sem sett er fram í 3. mgr. 57. gr.

Víkja má frá 1.–3. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

59. gr.

Viðtaka greiðslufyrirmæla.

Viðtökutími greiðslufyrirmæla er sá tími þegar greiðslufyrirmæli berast greiðsluþjónustuveitanda greiðanda, í kjölfar þess að greiðandi gefur þau beint eða óbeint með milligöngu viðtakanda greiðslu. Greiðsluþjónustuveitanda er heimilt að fastsetja lokunartíma nálægt

lokum viðskiptadags og skulu þá greiðslufyrirmæli, sem hann tekur við eftir það, teljast til næsta viðskiptadags á eftir.

Ef notandi greiðsluþjónustu sem gefur greiðslufyrirmæli og greiðsluþjónustuveitandi hans semja um að framkvæmd greiðslufyrirmæla skuli hefjast á tilgreindum degi, við lok tiltekins tímabils eða þann dag þegar greiðandi hefur lagt inn fjármuni til ráðstöfunar greiðsluþjónustuveitanda hans telst viðtökutími, sbr. 64. gr., vera dagurinn sem samið var um.

Ef viðtökutími skv. 1. mgr. eða dagurinn sem samið var um skv. 2. mgr. er ekki á viðskiptadegi að því er varðar greiðsluþjónustuveitanda greiðanda skal litið svo á að tekið hafi verið við greiðslufyrirmælunum næsta viðskiptadag á eftir.

60. gr.

Synjun um framkvæmd greiðslufyrirmæla.

Ef öll skilyrði rammasamnings greiðanda við greiðsluþjónustuveitanda eru uppfyllt er greiðsluþjónustuveitanda greiðanda óheimilt að neita að framkvæma heimiluð greiðslufyrirmæli, hvort sem greiðandi á frumkvæði að þeim eða viðtakandi greiðslu gefur eða hefur milligöngu um þau. Þetta á þó ekki við ef lög kveða á um annað.

Í þeim tilvikum sem greiðsluþjónustuveitanda er heimilt að synja um framkvæmd greiðslufyrirmæla skal tilkynna notanda greiðsluþjónustunnar um neitunina og, ef unnt er, ástæður fyrir henni og málsmeðferð við mögulega leiðréttingu á þeim atvikum sem valda neituninni. Þetta á þó ekki við ef lög kveða á um annað.

Greiðsluþjónustuveitandi skal koma tilkynningu skv. 2. mgr. á framfæri á umsaminn hátt við fyrsta tækifæri og í síðasta lagi innan þess frests sem greinir í 64. gr. Í rammasamningi um greiðsluþjónustu má kveða á um að greiðsluþjónustuveitanda sé heimilt að taka gjald fyrir þess háttar tilkynningu, enda sé synjun um framkvæmd greiðslufyrirmæla í samræmi við lög og rökstudd á hlutlægan hátt.

Að því er varðar 64. og 69. gr. skal líta á greiðslufyrirmæli, sem synjað hefur verið um framkvæmd á, eins og ekki hafi verið tekið við þeim.

61. gr.

Afturköllun greiðslufyrirmæla.

Notandi greiðsluþjónustu getur ekki afturkallað greiðslufyrirmæli þegar greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hefur tekið við þeim, nema 2.–6. mgr. eigi við.

Ef viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um greiðslu getur greiðandi ekki afturkallað greiðslufyrirmæli eftir að hann hefur sent greiðslufyrirmælin eða veitt samþykki sitt fyrir því að greiðslan til viðtakanda greiðslu verði framkvæmd.

Þrátt fyrir 2. mgr. getur greiðandi afturkallað greiðslufyrirmæli þegar um beingreiðslu er að ræða í síðasta lagi í lok síðasta viðskiptadags fyrir umsaminn gjaldfærsludag fjármuna.

Ef notandi greiðsluþjónustu sem gefur greiðslufyrirmæli og greiðsluþjónustuveitandi hans semja um að framkvæmd greiðslufyrirmæla skuli hefjast á tilgreindum degi, við lok tiltekins tímabils eða þann dag þegar greiðandi hefur lagt inn fjármuni til ráðstöfunar greiðsluþjónustuveitanda hans, sbr. 2. mgr. 59. gr., getur notandi greiðsluþjónustu afturkallað greiðslufyrirmæli í síðasta lagi við lok síðasta viðskiptadags fyrir umsaminn dag.

Eftir tímamörkin, sem tilgreind eru í 1.–4. mgr., er aðeins unnt að afturkalla greiðslufyrirmælin ef notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandi hafa samið um það. Í því tilviki sem um getur í 2. og 3. mgr. skal samþykki viðtakanda greiðslu jafnframt liggja fyrir.

Ef um það er samið í rammasamningi getur greiðsluþjónustuveitandi krafist gjalds vegna afturköllunar greiðslufyrirmæla samkvæmt þessari málsgrein.

Víkja má frá 1.–5. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

62. gr.

Fjárhæð greiðslu.

Greiðsluþjónustuveitendur og milliliðir þeirra skulu millifæra alla fjárhæð greiðslu óskerta. Gjöld skulu ekki dregin frá millifærðri fjárhæð.

Viðtakandi greiðslu og greiðsluþjónustuveitandi hans geta þó samið um að gjöld greiðsluþjónustuveitandans vegna greiðsluþjónustu verði dregin frá millifærðri fjárhæð áður en hún er eignfærð á viðtakanda greiðslu. Þegar þetta á við er öll fjárhæð greiðslunnar aðskilin frá gjöldunum í þeim upplýsingum sem viðtakanda greiðslu eru veittar.

Ef einhver önnur gjöld en þau sem um getur í 2. mgr. eru dregin frá millifærðri fjárhæð skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda sjá til þess að viðtakandi greiðslu fái alla fjárhæð greiðslunnar sem greiðandi á frumkvæði að. Í tilvikum þar sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um greiðslu skal greiðsluþjónustuveitandi hans tryggja að viðtakandinn fái óskerta fjárhæð greiðslunnar.

C. Framkvæmdatími greiðslu og gildisdagur.

63. gr.

Gildissvið C-hluta.

Um gildissvið 64.–67. gr. fer samkvæmt síðari málslið 3. mgr. 1. gr.

64. gr.

Greiðsla á greiðslureikning.

Frá viðtökutíma skv. 59. gr. skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda tryggja að fjárhæð greiðslu sé eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu og í síðasta lagi í lok næsta viðskiptadags. Þetta freststímabil má þó framlengja um einn viðskiptadag fyrir greiðslur sem eru á pappírsgrundvelli.

Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda skal eftir viðtöku fjármuna setja gildisdag á greiðsluna og tryggja að fjárhæð hennar sé viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar á greiðslureikningi hans í samræmi við 67. gr.

Að því er varðar greiðslur sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda senda greiðslufyrirmæli til greiðsluþjónustuveitanda greiðanda innan þess uppgjörsfrests sem viðtakandinn og greiðsluþjónustuveitandi hans hafa komið sér saman um. Þegar um ræðir beingreiðslur skulu greiðslufyrirmælin send á umsömdum gjalddaga.

65. gr.

Aðstæður þegar viðtakandi greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda.

Ef viðtakandi greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda skal greiðsluþjónustuveitandinn sem tekur við fjármununum fyrir viðtakandann hafa þá aðgengilega til ráðstöfunar fyrir viðtakandann innan þess frests sem tilgreindur er í 64. gr.

66. gr.

Reiðufé lagt inn á greiðslureikning.

Ef notandi greiðsluþjónustu leggur reiðufé á greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda í gjaldmiðli greiðslureikningsins skal greiðsluþjónustuveitandinn tryggja að fjárhæðin sé til ráðstöfunar og gildisdagsett tafarlaust eftir viðtöku fjármunanna.

67. gr.

Gildisdagur og fjármunir til ráðstöfunar.

Gildisdagur eignfærslu á greiðslureikning viðtakanda greiðslu telst vera eigi síðar en þann viðskiptadag þegar fjárhæð greiðslunnar er eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda. Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda skal tryggja að fjárhæð greiðslunnar sé viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar þegar í stað eftir að fjárhæðin er eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda.

Gildisdagur skuldfærslu á greiðslureikning greiðanda telst vera eigi fyrr en sá tímapunktur þegar fjárhæð greiðslunnar er skuldfærð á greiðslureikning greiðanda hjá greiðsluþjónustuveitanda.

D. Röng eða gölluð framkvæmd greiðslu, meðferð persónuupplýsinga o.fl.

68. gr.

Sérstakt kennimerki.

Ef greiðslufyrirmæli eru framkvæmd í samræmi við sérstakt kennimerki skulu þau teljast rétt framkvæmd að því er varðar þann viðtakanda greiðslu sem er tilgreindur með því sérstaka kennimerki.

Ef notandi greiðsluþjónustu leggur fram rangt sérstakt kennimerki er greiðsluþjónustuveitandi er ekki ábyrgur skv. 69. gr. hafi framkvæmd greiðslu ekki átt sér stað eða er gölluð. Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda skal þó gera ráðstafanir til að endurheimta fjármunina sem greiðsla fól í sér, ef mögulegt er. Semja má um gjaldtöku vegna slíkra ráðstafana í rammasamningi.

Ef notandi greiðsluþjónustu hefur veitt upplýsingar til viðbótar þeim sem hann þarf að gefa upp til að greiðslufyrirmæli verði framkvæmd á réttan hátt og tilgreindar eru í a-lið 36. gr. eða b-lið 2. tölul. 40. gr. er greiðsluþjónustuveitandi aðeins ábyrgur vegna framkvæmdar greiðslunnar í samræmi við sérstaka kennimerkið sem notandi greiðsluþjónustunnar leggur fram.

69. gr.

Framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð.

Ef greiðandi gefur greiðslufyrirmæli skal greiðsluþjónustuveitandi hans, með fyrirvara um 53. gr., 2.–3. mgr. 68. gr. og 72. gr., bera ábyrgð á því gagnvart honum að greiðsla verði framkvæmd réttilega. Þetta á þó ekki við ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda getur sannað fyrir greiðandanum, og greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda ef við á, að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda hafi tekið við greiðslu í samræmi við 1. mgr. 64. gr., en í því tilviki verður greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu ábyrgur gagnvart viðtakandanum um rétta framkvæmd greiðslunnar.

Ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda er ábyrgur skv. 1. mgr. skal hann án óþarfa tafar endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu og, ef við á, færa

skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað.

Ef greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu er ábyrgur skv. 1. mgr. skal hann tafarlaust setja fjárhæð greiðslunnar til ráðstöfunar viðtakanda greiðslu og, ef við á, eignfæra samsvarandi fjárhæð á greiðslureikning viðtakandans.

Hafi greiðandi gefið greiðslufyrirmæli, en framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð, skal greiðsluþjónustuveitandi hans tafarlaust gera ráðstafanir til að rekja greiðsluna og tilkynna greiðanda um niðurstöðuna ef þess er óskað. Þetta á við án tillits til þess hver er ábyrgur fyrir réttri framkvæmd greiðslu skv. 1.–3. mgr.

Ef viðtakandi greiðslu gefur greiðslufyrirmæli eða hefur milligöngu um það skal greiðsluþjónustuveitandi hans bera ábyrgð á því gagnvart honum að greiðslufyrirmæli verði réttilega send greiðsluþjónustuveitanda greiðanda í samræmi við 3. mgr. 64. gr. Skulu greiðslufyrirmælin send greiðsluþjónustuveitanda greiðanda tafarlaust eða, eftir atvikum, endursend tafarlaust. Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu er jafnframt ábyrgur gagnvart viðtakanda greiðslu samkvæmt þessari málsgrein um meðferð greiðslunnar í samræmi við skyldur hans skv. 67. gr. Skal hann tryggja að fjárhæð greiðslunnar sé viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar tafarlaust eftir að fjárhæðin er eignfærð á greiðslureikning viðtakanda greiðslunnar. Þessi málsgrein gildir með fyrirvara um 53. gr., 2. og 3. mgr. 68. gr. og 72. gr.

Ef um er að ræða óframkvæmda greiðslu eða gallaða framkvæmd greiðslu, sem greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu ber ekki ábyrgð á skv. 5. mgr., skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda vera ábyrgur gagnvart greiðanda. Skal hann án óþarfa tafar endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu og, ef við á, færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað.

Hafi viðtakandi greiðslu gefið greiðslufyrirmæli, en framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð, skal greiðsluþjónustuveitandi hans tafarlaust gera ráðstafanir til að rekja greiðsluna og tilkynna viðtakanda um niðurstöðuna ef þess er óskað. Þetta á við án tillits til þess hver er ábyrgur fyrir réttri framkvæmd greiðslu skv. 5. og 6. mgr.

Greiðsluþjónustuveitandi er ábyrgur gagnvart notanda greiðsluþjónustu að því er varðar gjöld og vexti sem kunna að falla á notandann sem afleiðing af óframkvæmdri eða gallaðri greiðslu, sbr. 1.–7. mgr.

Víkja má frá 1.–8. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

70. gr.
Frekari fébætur.

Ákvarða má frekari fébætur, til viðbótar við það sem kveðið er á um í 68.–72. gr., í samræmi við lög og samning notanda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitanda hans.

71. gr.
Endurkröfuréttur.

Ef ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda skv. 69. gr. má rekja til annars greiðsluþjónustuveitanda eða milliliðar skal sá greiðsluþjónustuveitandi eða milliliður bæta fyrrgreindum greiðsluþjónustuveitanda allt tjón, sem hann hefur orðið fyrir, eða fjárhæðir sem hann hefur þurft að greiða á grundvelli 69. gr.

Ákvarða má frekari fébætur í samræmi við lög og samninga milli greiðsluþjónustuveitenda og/eða milliliða.

72. gr.
Óviðráðanleg ytri atvik.

Bótaábyrgð skv. 49.–72. gr. nær ekki til tjóns vegna óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure) eða tjóns sem aðrar lagaskyldur sem greiðsluþjónustuveitandi er undirorpinn kunna að valda.

73. gr.
Meðferð persónuupplýsinga.

Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga er heimil af hálfu greiðslukerfa og greiðsluþjónustuveitenda þegar það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir, rannsaka og greina greiðslusvik. Um meðferð persónuupplýsinga fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

V. KAFLI
Eftirlit, réttarúrræði og viðurlög.

74. gr.
Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi greiðslustofnana og peninga- og verðmætasendingarþjónustu, þ.m.t. umboðsaðilum, útibúum og útvistunaraðilum, sem falla undir ákvæði II. kafla, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

75. gr.
Seðlabanki Íslands.

Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með framkvæmd 6. gr. laga þessara, um þátttöku í greiðslukerfum, sbr. lög nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

76. gr.
Úrskurðar- og réttarúrræði.

Greiðsluþjónustuveitendur skulu hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði ef ágreiningur rís milli notanda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitanda, m.a. um málskot til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki skv. 2. mgr.

Notendur greiðsluþjónustu geta skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 19. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Greiðslustofnunum og peninga- og verðmætasendingarþjónustu er skylt að eiga aðild að úrskurðarnefndinni um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

77. gr.
Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og, eftir atvikum, reglum settum á grundvelli þeirra:

1. 5. gr. um einkarétt greiðsluþjónustuveitenda til veitingar greiðsluþjónustu hérlendis.
2. 9. gr. um stofnfé.

3. 10. og 11. gr. um eiginfjárgrunn og útreikning eigin fjár.
4. 12. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis.
5. 1. og 3. mgr. 16. gr. um góða viðskiptahætti og þagnarskyldu.
6. 18. gr. um varðveislu fjármuna.
7. 5. og 6. mgr. 19. gr. um aðra starfsemi.
8. 20. gr. um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda.
9. 21. gr. um reikningsskil og lögboðna endurskoðun.
10. 1., 3. og 5. mgr. 23. gr. um umboðsaðila og útibú.
11. 1. og 2. mgr. 24. gr. um útvistun.
12. 2. mgr. 25. gr. um skyldu til að tryggja að þriðji aðili, sem falið hefur verið að annast tiltekna rekstrarþætti, geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að lögum þessum.
13. 26. gr. um varðveislu gagna.
14. 27. gr. um peninga- og verðmætasendingarþjónustu.
15. 32. gr. um gjaldmiðil og gjaldmiðilsumreikning.
16. 33. gr. um notkun tiltekins greiðslumiðils.
17. 35. og 36. gr. um upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu.
18. 37. gr. um upplýsingagjöf gagnvart greiðanda eftir viðtöku greiðslufyrirmæla um staka greiðslu.
19. 38. gr. um upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda greiðslu eftir framkvæmd stakrar greiðslu.
20. 39. og 40. gr. um upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna greiðslna sem falla undir rammasamning verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu.
21. 41. gr. um aðgengilegar upplýsingar og skilmála rammasamnings.
22. 42. gr. um breytingar á skilmálum rammasamnings.
23. 43. gr. um uppsögn rammasamnings.
24. 44. gr. um upplýsingagjöf áður en kemur til framkvæmdar einstakra greiðslna sem falla undir rammasamning.
25. 45. gr. um upplýsingagjöf gagnvart greiðanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning.
26. 46. gr. um upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning.
27. 47. gr. um gjaldtöku.
28. 2.–4. mgr. 50. gr. um takmarkanir á notkun greiðslumiðils.
29. 60. gr. um synjun um framkvæmd greiðslufyrirmæla.
30. 61. gr. um afturköllun greiðslufyrirmæla.
31. 62. gr. um fjárhæð greiðslu.
32. 64.–67. gr. um framkvæmdatíma greiðslu og gildisdag.
33. 69. gr. um þær aðstæður þegar framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármála-

eftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara, reglur settum á grundvelli þeirra eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 5. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

78. gr.

Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og, eftir atvikum, reglum settum á grundvelli þeirra:

1. 5. gr. um einkarétt greiðsluþjónustuveitenda til að veita greiðsluþjónustu hérlendis.
2. 10. og 11. gr. um eiginfjárgrunn og útreikning eigin fjár.
3. 12. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis.
4. 3. mgr. 16. gr. um þagnarskyldu.
5. 21. gr. um reikningsskil og lögboðna endurskoðun.

Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi greiðsluþjónustuveitanda eða annað er hann varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða notenda greiðsluþjónustu.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum og ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið

á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 7. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 7. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 7. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 7. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

79. gr.
Innleiðing.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2007/64/EB um greiðsluþjónustu á innri markaðnum er breytir tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og nemur úr gildi tilskipun 97/5/EB. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008 7. nóvember 2008, sem birt var í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 79/2008 18. desember 2008.

80. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2011.

81. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

1. *Lög nr. 46/2000, um húsgöngu- og fjarsölusamninga, með síðari breytingum:* 12. gr. laganna fellur brott.
2. *Lög nr. 33/2005, um fjarsölu á fjármálaþjónustu, með síðari breytingum:* 16. gr. laganna fellur brott.
3. *Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum:*
   a. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.
   b. 4. og 5. tölul. 1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:
      4. Greiðsluþjónustu samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu.
      5. Útgáfu og umsýslu greiðsluskjala, svo sem ferðatékka og víxla.
   c. Eftirfarandi breytingar verða á 85. gr. laganna:
      a. Í stað orðanna „í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði“ í 1. mgr. kemur: í öðrum fjármálafyrirtækjum, fyrirtækjum tengdum fjármálasviði eða greiðslustofnunum.

b. Í stað orðanna „í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði“ í 3. mgr. kemur: í öðrum fjármálafyrirtækjum, fyrirtækjum tengdum fjármálasviði eða greiðslustofnunum.

4. *Lög nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, með síðari breytingum:*
   a. Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Greiðslustofnanir samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu.
   b. Í stað orðanna „og sérstök lög gilda ekki um“ í 8. tölul. 3. gr. laganna kemur: og sérstök lög gilda ekki um, önnur en lög um greiðsluþjónustu.
5. *Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum:* Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Greiðslustofnanir samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu skulu greiða 0,0244% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.
6. *Lög nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum:* 10.–13. gr. laganna falla brott.
7. *Lög nr. 19/2002, um póstþjónustu, með síðari breytingum:* 42. gr. laganna orðast svo: Um fjármunasendingar fer samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara gilda um greiðsluþjónustuveitendur og notendur greiðsluþjónustu takmarkanir sem kunna að felast í ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, og reglum sem settar eru með stoð í þeim, á hverjum tíma.

II.

Fram til 1. janúar 2012 geta greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi hans samið um lengri frest en um getur í 1. mgr. 64. gr. Þó má slíkur frestur ekki vera lengri en þrír viðskiptadagar. Þessi freststímabil má þó framlengja um einn viðskiptadag fyrir greiðslur sem eru á pappírsgrundvelli.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að innleidd verði í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2007/64/EB um greiðsluþjónustu á innri markaðnum er breytir tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og nemur úr gildi tilskipun 97/5/EB. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008 7. nóvember 2008. Markmið tilskipunarinnar er að skapa heildstætt, samræmt og nútímalegt regluverk um greiðsluþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Samræmd löggjöf og framkvæmd á þessum vettvangi þykir mikilvæg til þess að tryggja frjálst flæði vöru, þjónustu, vinnuafls og fjármagns, svo sem nánar greinir í formála tilskipunarinnar. Tilskipunina átti að innleiða fyrir 1. nóvember 2009. Um ræðir *„full harmonisation“* gerð, sem þýðir að heimildir til frávika frá efnisákvæðum tilskipunarinnar, við innleiðingu í landsrétt, eru takmarkaðar. Sérstaklega er gerð grein fyrir valkvæðum ákvæðum í athugasemdum við einstök ákvæði frumvarpsins þegar það á við.

Til aðstoðar við frumvarpssmíði vegna innleiðingar tilskipunar 2007/64/EB skipaði viðskiptaráðherra nefnd sem í áttu sæti fulltrúar helstu hagsmunaaðila, þ.e. Fjármálaeftirlitsins, Neytendastofu, Neytendasamtakanna, Reiknistofu bankanna, Samtaka fjármálafyrirtækja og

Seðlabanka Íslands, auk ráðuneytisins. Tillögur nefndarinnar voru lagðar til grundvallar við gerð þessa frumvarps.

Með samþykkt frumvarpsins mun öðlast gildi fyrsti heildstæði lagabálkurinn um greiðsluþjónustu, en hugtakið greiðsluþjónusta er skilgreint í 4. gr. og nær yfir ýmislegt annað en notkun greiðslukorta og færsluhirðingu. Sem dæmi má nefna að greiðslur sem framkvæmdar eru í heimabönkum og svonefndar peningasendingar (e. money remittance) munu falla undir gildissvið laganna. Svonefndum greiðsluþjónustuveitendum verður einum heimilt að veita greiðsluþjónustu hér á landi, enda hafi þeir tilskilin leyfi stjórnvalda hér á landi eða í öðru aðildarríki. Eitt af markmiðum tilskipunarinnar er að efla réttarstöðu neytenda, með því að skýra leikreglur innan Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar greiðsluþjónustu. Með ákvæðum III. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir að ítarleg lagaákvæði verði sett um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu. Tilefni þykir til að minna á kröfur laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga til skýrleika staðlaðra samningsskilmála og þeirrar meginreglu að í vafamálum gildi sú túlkun sem neytandanum kemur best samkvæmt hefðbundnum skýringar- og túlkunarreglum neytendaréttar. Þá er í IV. kafla frumvarpsins gert ráð fyrir að sett verði ítarleg efnisákvæði um réttindi og skyldur aðila (þ.e. greiðsluþjónustuveitenda og notenda greiðsluþjónustu) í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu, þ.m.t. um framkvæmd greiðslu og framkvæmdatíma, skyldur notenda og greiðsluþjónustuveitenda í tengslum við greiðslumiðil og ábyrgð aðila þegar óheimilaðar greiðslur eru annars vegar.

Í II. kafla frumvarpsins er að finna nýmæli. Lagt er til að sett verði ákvæði um nýja tegund fyrirtækja á sviði fjármálaþjónustu sem mun sinna takmarkaðri og sérhæfðari starfsemi en viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki gera samkvæmt gildandi lögum, þ.e. svokallaðar greiðslustofnanir. Í ljósi þess að afmarkaðri áhætta fylgir slíkri starfsemi eru minni kröfur gerðar til greiðslustofnana en áðurgreindra tegunda fjármálafyrirtækja, svo sem að því er varðar kröfur um lágmarksstofnfé. Greiðslustofnanir taka ekki við innlánum og gefa ekki út rafeyri, enda er slík starfsemi leyfisskyld samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Þeim ber að varðveita fjármuni viðskiptavina tryggilega og þær eru til að mynda undirorpnar lögum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka líkt og fjármálafyrirtæki.

Til greiðsluþjónustuveitenda munu samkvæmt frumvarpi þessu teljast, auk greiðslustofnana skv. II. kafla frumvarpsins, eftirfarandi aðilar: Fjármálafyrirtæki með starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki til móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi (þ.e. viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki), rafeyrisfyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, póstrekendur með rekstrarleyfi samkvæmt lögum um póstþjónustu, seðlabankar þegar þeir eru ekki í hlutverki stjórnvalds peningamála, stjórnvöld ef greiðsluþjónusta tengist ekki hlutverki þeirra sem slíkra og loks peninga- og verðmætasendingarþjónusta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti sem uppfyllir skilyrði II. kafla frumvarpsins.

Notkun greiðslukorta er sennilega nærtækasta dæmið í hugum almennings, um greiðsluþjónustu í skilningi frumvarpsins. Engin sérlög gilda um greiðslukort hér á landi, en ýmis lög taka þó til slíkrar starfsemi. Rétt þykir að vekja athygli á að núverandi lagaumhverfi aðlútandi starfsleyfi greiðslukortafyrirtækja á Íslandi er strangara en tíðkast hefur í Evrópu til þessa. Samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki er útgáfa og umsýsla greiðslukorta starfsleyfisskyld starfsemi, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. Íslensk greiðslukortafyrirtæki teljast til fjármálafyrirtækja; þau hafa starfsleyfi sem lánafyrirtæki skv. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga

um fjármálafyrirtæki og eru því eftirlitsskyldir aðilar samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Skv. 3. gr. reglugerðar nr. 244/2004, um heimildir fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði og dótturfélaga lánastofnana með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins til að stunda fjármálastarfsemi hér á landi, er dótturfélagi lánastofnunar, eða sameiginlegu dótturfélagi tveggja eða fleiri lánastofnana, jafnframt heimilt að stunda umsýslu greiðslukorta skv. 4. tölul. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, enda sé þeim heimilt að stunda starfsemina í heimaríki sínu. Slík veiting fjármálaþjónustu yfir landamæri skal tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins, ásamt staðfestingu á því að hlutaðeigandi félag sé í eigu eftirlitsskyldra aðila og sé heimilt að stunda viðkomandi starfsemi í heimaríkinu.

Í samhengi við innleiðingu tilskipunar 2007/64/EB um greiðsluþjónustu er nauðsynlegt að gera grein fyrir efni tilskipunar nr. 98/26/EB um efndir og lok viðskipta í uppgjörskerfum fyrir verðbréf og greiðslur í fjármálaviðskiptum (þ.e. svokallað „Settlement Finality Directive“ eða SFD) sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum. Tilgangur þeirrar tilskipunar var að bregðast við kerfisbundinni áhættu og tryggja skilvirkni og öryggi í uppgjöri viðskipta á fjármagnsmarkaðnum á Evrópska efnahagssvæðinu. Í lögum nr. 90/1999 er greiðslukerfi skilgreint sem formlegt fyrirkomulag þriggja eða fleiri þátttakenda sem byggist á sameiginlegum reglum og stöðluðu fyrirkomulagi við framkvæmd greiðslufyrirmæla milli þeirra, enda hafi a.m.k. einn þátttakendanna aðalskrifstofu sína í aðildarríki, og greiðslukerfið fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru og það hefur verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Ísland hefur tilkynnt annars vegar stórgreiðslukerfi SÍ og hins vegar jöfnunarkerfi Greiðsluveitunnar ehf. (áður Fjölgreiðslumiðlunar hf.) í samræmi við ákvæði laga nr. 90/1999. Samkvæmt lögum nr. 90/1999 er aðgengi að greiðslukerfum sem rekin eru hér á landi í samræmi við ákvæði laganna bundið við fyrirtæki sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki; þ.m.t. viðskiptabanka, sparisjóði og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu; Seðlabanka Íslands eða stofnun með ríkisábyrgð sem heimild hefur til að stunda að hluta eða öllu leyti starfsemi sem fellur undir löggjöf um fjármálafyrirtæki; svo og deild eða deildir í fjármálafyrirtæki sem ekki teljast sérstakar persónur að lögum en tilheyra eftirlitsskyldri erlendri stofnun sem hefur starfsleyfi og útibú hér á landi.

Tilskipun 2007/64/EB er ætlað að efla samkeppni í greiðsluþjónustu. Greiðslustofnanir má þannig t.d. segja að verði samkeppnisaðilar banka í greiðsluþjónustu. Aftur á móti gerir tilskipunin ekki ráð fyrir skilyrðislausum aðgangi greiðslustofnana að öllum greiðslukerfum, þar sem greiðslustofnanir hafa ekki aðgang að þeim greiðslukerfum sem aðildarríki samningsins um Evrópskt efnahagssvæði hafa tilkynnt í samræmi við áðurgreinda tilskipun 98/26/EB (SFD). Til að öðlast aðgang að þeim greiðslukerfum verða greiðslustofnanir að semja við banka og aðra aðila sem uppfylla skilyrði laga nr. 90/1999 til aðgengis að slíkum kerfum innan þess ramma sem frumvarp þetta setur. Vísast til athugasemda í frumvarpi þessu við 6. gr., að því er varðar þátttöku greiðsluþjónustuveitenda í greiðslukerfum.

Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins nái til aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja, með vísan til svokallaðra Hoyvikur- og Vaduz-samninga.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Lagt er til að í I. kafla frumvarpsins verði innleidd helstu grundvallarákvæði tilskipunar 2007/64/EB. Um gildissvið laganna verði fjallað í 1. og 2. gr. og að kveðið verði á um að almennt sé óheimilt að víkja frá ákvæðum laganna notanda greiðsluþjónustu í óhag í 3. gr.

Í ákvæði 4. gr. verði lykilhugtakið greiðsluþjónusta skilgreint og í 7. gr. verði að finna helstu orðskýringar. Ákvæði 5. gr. bannar öðrum en svonefndum greiðsluþjónustuveitendum að veita greiðsluþjónustu og í 6. gr. er fjallað um skilyrði til þátttöku í greiðslukerfum.

Um 1. gr.

Lagt er til að gildissvið laganna verði skilgreint í 1. gr. Því er um að ræða innleiðingu á ákvæðum 2. og 68. gr. tilskipunarinnar. Vakin er athygli á að í 2. gr. frumvarpsins er sérstaklega getið um greiðslur og þjónustu sem frumvarpinu er ekki ætlað að gilda um, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar (neikvætt gildissvið).

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði skýrlega á um að ætlunin sé að lögin nái til greiðsluþjónustu sem veitt er hér á landi, jafnvel þó að aðeins hluti þjónustunnar fari fram hérlendis, þ.e. þó að móttaka eða sending greiðslunnar fari fram í öðru ríki, hvort sem að það er í aðildarríki eða utan Evrópska efnahagssvæðisins. Með ákvæðum 2. og 3. mgr. er gildissviðið þrengt, annars vegar með tilliti til staðsetningar greiðsluþjónustuveitenda sem koma að framkvæmd greiðslu og hins vegar með tilliti til gjaldmiðils greiðslu, til samræmis við efni tilskipunar 2007/64/EB.

Í 2. mgr. verði kveðið á um að III.–V. kafli, að undanskilinni 67. gr. (um gildisdag eignfærslu og skuldfærslu), skuli þó einungis gilda ef bæði greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu eru staðsettir í aðildarríki, eða ef einungis einn greiðsluþjónustuveitandi kemur að framkvæmd greiðslunnar og hann er staðsettur í aðildarríki. Greiðsluþjónustuveitandi telst staðsettur í aðildarríki ef hann hefur tilskilin leyfi til að veita greiðsluþjónustu í aðildarríki. Með aðildarríki er skv. 1. tölul. 7. gr. (orðskýringar) átt við ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.

Í 3. mgr. verði kveðið á um að III.–V. kafli gildi um greiðsluþjónustu sem veitt er í evrum eða gjaldmiðli annars ríkis. Um 64.–67. gr. (þ.e. C-hluta IV. kafla um framkvæmdatíma greiðslu og gildisdag) gilda þó sérreglur, sbr. a–d-liðir 3. mgr.

Um 2. gr.

Hér er um innleiðingu á 3. gr. tilskipunar 2007/64/EB að ræða.

Um 1. tölul. Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um milliliðalausar greiðslur frá greiðanda til viðtakanda greiðslu í reiðufé.

Um 2. tölul. Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um greiðslu frá greiðanda til viðtakanda greiðslu fyrir milligöngu umboðsmanns sem hefur leyfi til að semja um og ganga frá sölu eða kaupum á vörum eða þjónustu fyrir hönd greiðanda eða viðtakanda greiðslu. Framkvæmd greiðslna frá greiðanda til umboðsmanns annars vegar, og frá umboðsmanni til viðtakanda greiðslu hins vegar, falla aftur á móti undir ákvæði laga þessara. Með ákvæðinu er komið í veg fyrir að sama greiðslan falli tvisvar undir lögin.

Um 3. tölul. Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um flutning í atvinnuskyni á áþreifanlegum seðlum og mynt.

Um 4. tölul. Undantekning þessi á einungis við um greiðslur í reiðufé. Ef söfnun í þessu skyni fer t.d. fram með millifærslum af bankareikningum eða greiðslukortagreiðslum á veraldarvefnum falla greiðslurnar undir gildissvið laga þessara.

Um 5. tölul. Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um úttekt umfram kostnað vegna kaupa á vöru eða þjónustu. Það athugast að gert er ráð fyrir að lögin gildi um þann hluta fjárhæðar sem nemur kostnaði vegna kaupa á vöru eða þjónustu.

Um 6. tölul. Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um peningaskiptastarfsemi, þ.e. rekstur sem byggist á staðgreiðslu í reiðufé og sjóðir eru ekki fyrir hendi á greiðslureikningi. Sem dæmi um slíka starfsemi má nefna gjaldeyrisskiptastöðvar, sbr. ákvæði VI. kafla laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Undantekning þessi á því bæði við um skipti ólíkra gjaldmiðla, í reiðufé, og skipti á t.d. stærri mynt fyrir smærri í sama gjaldmiðli (svo sem fimm hundruð króna seðill í fimm hundraðkrónu peninga).

Um 7. tölul. Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um greiðslur á fjármunum til viðtakanda sem byggjast á tékkum, ferðatékkum, víxlum, úttektarseðlum og póstávísunum á pappír.

Um 8. tölul. Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um greiðslur sem fara fram í greiðslu- eða verðbréfauppgjörskerfi milli uppgjörsaðila, milligönguaðila, greiðslujöfnunarstöðva og/eða seðlabanka og annarra aðila að kerfinu og greiðsluþjónustuveitenda, með fyrirvara um 6. gr. frumvarpsins. Ákvæði þetta hefur því ekki áhrif á ákvæði 6. gr. um þátttöku í greiðslukerfum. Undantekning þessi hefur í för með sér að lögin gilda ekki um greiðslur milli Seðlabanka Íslands annars vegar og reikningseigenda í Seðlabankanum hins vegar, svo og um allar greiðslur milli reikningseigenda í Seðlabankanum. Sama gildir um greiðslur milli reikningseigendanna sem liða í stórgreiðslukerfi Seðlabankans, jöfnunarkerfi Greiðsluveitunnar ehf. (áður Fjölgreiðslumiðlunar hf.) og verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf.

Um 9. tölul. Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um greiðslur sem tengjast umsýslu verðbréfa, þ.m.t. arðgreiðslur, aðrar tekjur, svo sem vegna innlausnar eða sölu, sem nánar tilgreindir aðilar annast.

Um 10. tölul. Lagt er til að stoðþjónusta tækniþjónustufyrirtækja við greiðsluþjónustuveitendur falli utan gildissviðs laganna, þ.m.t. úrvinnsla og geymsla gagna, þjónusta við verndun trúnaðarupplýsinga, sannvottun gagna o.fl., enda hafi tækniþjónustufyrirtækin aldrei eignarhald á þeim fjármunum sem millifæra skal. Tækniþjónustufyrirtækin sem hér um ræðir eru ekki í beinu samningssambandi við notendur greiðsluþjónustu. Sem dæmi má nefna að á grundvelli þessa töluliðar mun núverandi starfsemi Reiknistofu bankanna falla utan gildissviðs laganna.

Um 11. tölul. Lagt er til að þjónusta sem byggist á miðlum sem aðeins er hægt að nota til kaupa á vöru eða þjónustu á athafnasvæði útgefanda eða samkvæmt viðskiptasamningi við útgefanda, annaðhvort innan afmarkaðs þjónustukerfis þjónustuveitanda eða fyrir takmarkað svið vara og þjónustu, falli utan gildissviðs laganna. Greiðslumiðill sem gefinn væri út af tiltekinni verslunarkeðju og einungis væri hægt að nota til kaupa á vörum eða þjónustu af henni mundi falla undir þessa undanþágu (t.d. rafræn gjafakort), enn fremur t.d. inneignarkort fyrir mat hjá vinnuveitanda sem hefur margar starfsstöðvar og nokkur mötuneyti, svo og ef sveitarfélag semdi við útgefanda inneignarkorts um notkun á inneignarkorti á sundstöðum og í strætisvögnum á vegum þess.

Um 12. tölul. Lagt er til að greiðslur sem framkvæmdar eru með tilstyrk hvers kyns fjarskiptabúnaðar, stafræns búnaðar eða upplýsingatæknibúnaðar þegar keyptar vörur eða þjónusta er afhent til og skal notuð í slíkum búnaði, að því tilskildu að rekstraraðili búnaðarins starfi ekki einvörðungu sem milliliður milli notanda greiðsluþjónustu og afhendingaraðila vara og þjónustu, falli utan gildissviðs laganna. Hér er einkum um kaup á stafrænni vöru eða upplýsingatækni að ræða, svo sem heimild til niðurhals tónlistar eða myndefnis á veraldarvefnum eða í gegnum ljósvakamiðil eða kaup á hugbúnaði á netinu sem afhendist beint í

tölvuna, og andvirðið er greitt beint til seljanda. Það áréttast að rekstraraðili fjarskiptabúnaðar, stafræns búnaðar eða upplýsingatæknibúnaðar verður að vera meira en einungis milliliður milli notanda greiðsluþjónustu og afhendingaraðila vöru eða þjónustu. Gagnálykta verður frá þessu ákvæði á þá vegu að ef hlutaðeigandi rekstraraðili búnaðar er einungis milliliður sem annast greiðsluþjónustu í skilningi tilskipunarinnar fellur starfsemi hans undir gildissvið frumvarpsins.

Um 13. tölul. Undantekning þessi á við um greiðslur sem ekki tilheyra notendum greiðsluþjónustu, heldur greiðsluþjónustuveitendum sjálfum.

Um 14. tölul. Lagt er til að greiðslur milli móður- og dótturfélaga, svo og greiðslur milli dótturfyrirtækja sama móðurfélagsins, falli utan gildissviðs laganna, enda séu þær framkvæmdar fyrir milligöngu greiðsluþjónustuveitanda sem tilheyrir sömu samstæðu.

Um 15. tölul. Lagt er til að þjónusta í tengslum við úttekt reiðufjár í hraðbanka fyrir hönd eins eða fleiri kortaútgefenda, og þjónustuveitandinn er ekki aðili að rammasamningi við viðskiptavini sem taka út peninga af greiðslureikningum, falli utan gildissviðs laganna. Þetta á þó ekki við ef þjónustuveitandinn veitir aðra greiðsluþjónustu í skilningi 4. gr. frumvarpsins. Almennt munu hraðbankar á Íslandi vera í eigu íslenskra fjármálafyrirtækja. Undanþágan frá gildissviði frumvarpsins sem felst í þessum tölulið á því væntanlega aðeins við um úttektir af íslenskum greiðslukortum í hraðbönkum erlendis sem uppfylla skilyrði ákvæðisins að öðru leyti, þ.e. eru almennt ekki í eigu fjármálafyrirtækja heldur t.d. verslanakeðja eða skemmtistaða. Um rammasamning um notkun greiðslumiðils, svo sem greiðslukorts, og greiðslur í samræmi við hann gilda eigi að síður ákvæði laganna.

Um 3. gr.

Hér er um innleiðingu á 3. mgr. 86. gr., tilskipunar 2007/64/EB að ræða. Lagt er til að kveðið verði á um það í 3. gr. frumvarpsins, í kjölfar gildissviðsákvæðanna, að ekki megi víkja með samningi frá ákvæðum laganna, notanda greiðsluþjónustu í óhag. Að meginstefnu gerir frumvarpið ráð fyrir að ákvæði þess séu ófrávíkjanleg, óháð því hvort notandi greiðsluþjónustu sé neytandi eða ekki. Tiltekin ákvæði frumvarpsins eru hins vegar frávíkjanleg með samningi, í heild eða að hluta, gagnvart notendum greiðsluþjónustu sem ekki eru neytendur. Ef ekki er berum orðum tekið fram að ákvæði séu frávíkjanleg eru frávik óheimil.

Tilefni þykir til að minna á kröfur laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga til skýrleika staðlaðra samningsskilmála og þeirrar meginreglu að í vafamálum gildi sú túlkun sem neytandanum kemur best samkvæmt hefðbundnum skýringar- og túlkunarreglum neytendaréttar.

Um 4. gr.

Með frumvarpi til nýrra heildarlaga um greiðsluþjónustu er lagt til að lögfestar verði heildstæðar reglur um notkun og veitingu greiðsluþjónustu. Kveðið verði á um heimildir til veitingar greiðsluþjónustu, upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu, svo og réttindi og skyldur í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu.

Lagt er til að hugtakið greiðsluþjónusta (e. payment services) verði skilgreint í sjö töluliðum í 4. gr. Um er að ræða orðrétta innleiðingu á efni viðauka tilskipunar 2007/64/EB, sem einnig er í sjö liðum. Gera verður ráð fyrir þróun greiðsluþjónustu og greiðslumiðla, en erlendis hefur mun fjölbreytilegri flóra þegar fest rætur en hér á landi.

Í 1.–4. tölul. er um að ræða þjónustu sem vera má íslenskum notendum greiðsluþjónustu að góðu kunn og þarfnast ekki nánari skýringa, þ.e. einkum hefðbundin banka- og kortaviðskipti.

Í 5. tölul. er tilgreind útgáfa greiðslumiðla og/eða færsluhirðing. Færsluhirðing felst í þeirri þjónustu við söluaðila að veita þeim heimildarþjónustu fyrir að taka við greiðslum með greiðslukortum, taka við færslum þeirra og greiða þeim út þegar korthafar greiða reikninga sína. Skv. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. gildandi laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er útgáfa og umsýsla greiðslukorta starfsleyfisskyld samkvæmt þeim lögum, með öðrum orðum einungis heimil fjármálafyrirtækjum. Með samþykkt frumvarps til laga um greiðsluþjónustu verður öllum þeim aðilum sem teljast til greiðsluþjónustuveitenda í skilningi 14. tölul. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins heimil slík útgáfa og umsýsla, að uppfylltum nánari skilyrðum, enda eru greiðslukort ein tegund greiðslumiðla í skilningi 10. tölul. sömu greinar. Sjá og skilgreiningu á greiðsluþjónustu í 4. gr. frumvarpsins (útgáfa og umsýsla greiðslumiðla fellur innan þess hugtaks). Í 3. tölul. 81. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að 4. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002 verði breytt, þannig að hann vísi framvegis til greiðsluþjónustu samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu.

Í 6. tölul. er peningasending skilgreind sem ein tegund greiðsluþjónustu. Rétt þykir að vekja athygli á að orðið peningasending er skilgreint í 7. gr. frumvarpsins (orðskýringar), þ.e. sem greiðsluþjónusta þar sem tekið er við fjármunum frá greiðanda, án þess að stofnaðir hafi verið greiðslureikningar, í þeim eina tilgangi að senda samsvarandi fjárhæð til viðtakanda greiðslu eða til annars greiðsluþjónustuveitanda fyrir hönd viðtakanda greiðslu, og/eða þegar tekið er við fjármunum fyrir hönd viðtakanda greiðslu og þeir afhentir honum til ráðstöfunar. Sem dæmi um fyrirtæki er sinna greiðsluþjónustu skv. 6. tölul. og tilkynnt hafa þjónustu yfir landamæri til Íslands eru Western Union Payment Services Ireland Limited (WUPSIL), WorldPay Limited og MoneyGram International Limited. Það athugast að í gildandi lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er að finna sérákvæði um svonefndar peninga- og verðmætasendingarþjónustu. Vísast til umfjöllunar um 14. tölul. 7. gr. og 27. gr. frumvarpsins.

Undir 7. tölul. ákvæðisins mundi t.d. greiðsluþjónusta á vegum símafyrirtækja falla.

Um 5. gr.

Hér er um innleiðingu á 29. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., tilskipunar 2007/64/EB að ræða. Lagt er til að hér á landi verði veiting greiðsluþjónustu, í skilningi frumvarpsins, einskorðuð við svokallaða greiðsluþjónustuveitendur með tilskilin leyfi stjórnvalda hér á landi eða í öðru aðildarríki. Öðrum aðilum, sem hvorki teljast til greiðsluþjónustuveitenda samkvæmt ákvæði þessu né eru ótvírætt undanskildir gildissviði frumvarpsins, er óheimilt að veita greiðsluþjónustu.

Í 7. gr. frumvarpsins er skilgreint hvaða aðilar teljast greiðsluþjónustuveitendur, þ.e. fjármálafyrirtæki með starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki til móttöku innlána eða annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi og veitingar útlána fyrir eigin reikning, rafeyrisfyrirtæki, póstrekendur með rekstrarleyfi samkvæmt lögum um póstþjónustu (póstgíróstofnanir), Seðlabanki Evrópu (ECB) og seðlabankar innan Evrópska efnahagssvæðisins þegar þeir eru ekki í hlutverki stjórnvalds peningamála, stjórnvöld ef greiðsluþjónusta tengist ekki hlutverki þeirra sem slíkra, svo og greiðslustofnanir skv. II. kafla frumvarpsins. Af umfjöllun um 7. tölul. 4. gr. hér að framan má ljóst vera að símafyrirtæki munu t.d. þurfa að afla

sér starfsleyfis sem greiðslustofnanir, ætli þau sér að veita greiðsluþjónustu í skilningi þessa frumvarps (að teknu tilliti til gildissviðsákvæða 1. og 2. gr.).

Um 6. gr.

Lagt er til að 28. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 6. gr. frumvarpsins. Samkvæmt tilskipuninni skulu aðildarríki tryggja að reglur um þátttöku greiðsluþjónustuveitenda í greiðslukerfum séu með ákveðnum hætti. Tiltekin greiðslukerfi eru þó undanþegin, þar á meðal greiðslukerfi sem viðurkennd hafa verið og tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við lög nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.

Ákvæði 6. gr. er nýmæli að því leyti að ekki hafa áður verið sett í lög almenn ákvæði um greiðslukerfi, önnur en þau sem lög nr. 90/1999 gilda um. Um síðastnefnd greiðslukerfi gilda reglur Seðlabankans nr. 703/2009 um stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands og reglur Seðlabankans nr. 704/2009 um starfsemi jöfnunarkerfa. Í þeim er m.a. mælt fyrir um skilyrði þátttöku í þeim greiðslukerfum sem þær gilda um. Seðlabanka Íslands er falið það verkefni samkvæmt lögum um bankann að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi. Í ljósi þessa hlutverks bankans, sem ekki er einskorðað við greiðslukerfi sem lög nr. 90/1999 gilda um (sjá 4. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands), er við hæfi að gera ráð fyrir að Seðlabankinn hafi eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis frumvarpsins í 75. gr. Orðið greiðslukerfi er skilgreint í 7. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að greiðsluþjónustuveitanda sé heimilt að gerast þátttakandi í greiðslukerfi, í samræmi við 2. og 3. mgr. Það athugast þó að í 4. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir takmörkunum á þessu.

Í 2. mgr. er fjallað um reglur um þátttöku í greiðslukerfum. Kröfur sem gerðar eru til þátttöku í greiðslukerfi skulu almennt miða að því að tryggja öryggi og skilvirkni þess. Það telst t.d. ekki hamla þátttöku í greiðslukerfi að krefja greiðsluþjónustuveitanda um sönnun þess að rekstur hans sé nægilega traustur eða að hann sé krafinn um tryggingu og gerð viðbúnaðaráætlunar áður en þátttaka er heimiluð.

Í 3. mgr. er fjallað um þær hömlur sem óheimilt er að setja fyrir þátttöku í greiðslukerfum. Ekki hafa verið sett sérstök lög, reglugerðir eða reglur um greiðslukerfi önnur en þau sem falla undir lög nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum um frumvarp þetta. Þó hefur Seðlabanki Íslands sett reglur um greiðsluuppgjör kortaviðskipta, nú reglur nr. 31/2011.

Í 4. mgr. er, líkt og áður segir, gert ráð fyrir takmörkun á gildissviði 1.–3. mgr. Stórgreiðslukerfi (SG-kerfi) og jöfnunarkerfi (JK-kerfi) Greiðsluveitunnar ehf. hafa verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við lög nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, er byggjast á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr 98/26/EB um efndir og lok viðskipta í uppgjörskerfum fyrir verðbréf og greiðslur í fjármálaviðskiptum. Ákvæði 1.–3. mgr. eiga því ekki við um áðurgreind greiðslukerfi. Í 16. tölul. í formála tilskipunar 2007/64/EB segir að 28. gr. hennar, sem innleidd er í ákvæði þessu, eigi ekki að hafa áhrif á rétt aðildarríkja ESB til að takmarka þátttöku í kerfislega mikilvægum greiðslukerfum í skilningi og samræmi við tilskipun 98/26/EB. Fyrirsjáanlegt er að greiðslustofnanir skv. II. kafla frumvarps þessa munu ekki uppfylla skilyrði laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, til þátttöku í greiðslukerfum sem þau lög gilda um, enda er tilskipun 98/26/EB ekki breytt í þá veru með tilskipun 2007/64/EB. Fyrrgreindar tilskipanir standa með öðrum orðum hvor óháð hinni. Því verða slíkar stofnanir væntanlega að gera samninga við aðra þátttakendur í slíkum greiðslukerfum um liðsinni við veitingu greiðslu-

þjónustu í gegnum þau, ef þörf krefur. Um lög nr. 90/1999 og tilskipun 98/26/EB er nánar fjallað í almennum athugasemdum við frumvarp þetta. Ákvæði 1.–3. mgr. eiga skv. 4. mgr. heldur ekki við um greiðslukerfi greiðsluþjónustuveitenda innan einnar og sömu samstæðunnar eða svokölluð „three party systems“ (sem e.t.v. má vitna til sem eins konar innanhússkerfa).

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir reglugerðarheimild, til handa ráðherra. E.t.v. kann t.d. að vera ástæða til að koma á fót sérstakri kæruleið fyrir greiðsluþjónustuveitendur, að því er varðar þátttöku í greiðslukerfum og til að skilgreina í lögum lágmarkskröfur til greiðslukerfa (sem þó geta verið ólík).

Um 7. gr.

Hér er m.a. um innleiðingu á 4. gr. tilskipunar 2007/64/EB að ræða.

Í 1. tölul. er orðið *aðildarríki* skilgreint. Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins nái til aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja, með vísan til svokallaðra Hoyvikur- og Vaduz-samninga.

Í 2. tölul. er orðið *beingreiðsla (e. direct debit)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 28. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. tölul. er orðið *fjarsamskiptamiðill (e. means of distance communication)* skilgreint. Það athugast að hefðbundin bréfasamskipti geta fallið hér undir, enda einungis gerð krafa um að aðilar séu ekki viðstaddir samningsgerðina í eigin persónu. Um ræðir innleiðingu á 24. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 4. tölul. er orðið *fjármunir (e. funds)* skilgreint. Átt er við eitthvað af eftirtöldu: Peningaseðla og mynt, inneign á reikningi (e. scriptural money) eða rafeyri samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki. Með inneign á reikningi er átt við fjármuni sem geymdir eru á hvers konar reikningi hjá greiðsluþjónustuveitanda. Þessa fjármuni er hægt að færa af einum reikningi á annan eða taka þá út í reiðufé með ýmsum greiðsluaðferðum, svo sem með greiðslum með greiðslukortum, millifærslum (e. credit transfers) eða beingreiðslum (e. direct debits). Í þessu tilliti er inneign á reikningi tæk sem peningagreiðsla, þ.e. andstæða lögeyris (e. fiduciary money), svo sem seðlar og mynt. Með inneign er einnig átt við úttektarheimild á greiðslukorti, yfirdrátt á debetkorta- eða tékkareikningi og þess háttar, þar sem eiginleg inneign er ekki alltaf til staðar, heldur t.d. í formi lánalínu. Samkvæmt gildandi 78. gr. laga um fjármálafyrirtæki er með rafeyri átt við peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda sem er geymd í rafrænum miðli, gefin út í skiptum fyrir fjárhæð sem er ekki lægri en þau peningalegu verðmæti sem eru gefin út og samþykkt sem greiðslumiðill af öðrum fyrirtækjum en útgefanda (sbr. b-liður 3. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/46/EB um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og eftirlit með þeim). Um ræðir innleiðingu á 15. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 5. tölul. er orðið *gildisdagur (e. value date)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 17. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 6. tölul. er orðið *greiðandi (e. payer)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 7. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 7. tölul. er orðið *greiðsla (e. payment transaction)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 5. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 8. tölul. er orðið *greiðslufyrirmæli (e. payment order)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 16. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 9. tölul. er orðið *greiðslukerfi (e. payment system)* skilgreint sem kerfi til að yfirfæra fjármuni með formlegu og stöðluðu fyrirkomulagi og sameiginlegum reglum um meðferð, greiðslujöfnun og/eða uppgjör greiðslna. Sem dæmi um alþjóðleg greiðslukerfi má nefna stórgreiðslukerfi (SG-kerfi) og jöfnunarkerfi (JK-kerfi) Greiðsluveitunnar ehf., TARGET2, EBA-STEP2, CHAPS, CHIP, Fedwire, VISA og MasterCard. Um ræðir innleiðingu á 6. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Samhengisins vegna þykir rétt að benda á að að skilgreining laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, á hugtakinu greiðslukerfi er þrengri en gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, en lög nr. 90/1999 byggjast á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/26/EB um efndir og lok viðskipta í uppgjörskerfum fyrir verðbréf og greiðslur í fjármálaviðskiptum (e. Settlement Finality Directive). Í lögum nr. 90/1999 merkir greiðslukerfi formlegt fyrirkomulag þriggja eða fleiri þátttakenda (þ.e. stofnunar, milligönguaðila, greiðslujöfnunarstöðvar eða uppgjörsaðila í skilningi þeirra laga) sem byggist á sameiginlegum reglum og stöðluðu fyrirkomulagi við framkvæmd greiðslufyrirmæla milli þeirra, enda hafi a.m.k. einn þátttakendanna aðalskrifstofu sína hér á landi, og greiðslukerfið fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru og það hefur verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), sbr. 3. gr. laganna.

Í 10. tölul. er orðið *greiðslumiðill (e. payment instrument)* skilgreint. Debet- og kreditkort og jafnvel símar eru dæmi um áþreifanlega greiðslumiðla. Notkun heimabanka, notendanafns og leyninúmera (e. login/password), PIN-kóða og auðkennislykla eru hins vegar dæmi um verklag við veitingu greiðslufyrirmæla. Um ræðir innleiðingu á 23. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Vakin er athygli á orðinu smágreiðslumiðill (e. low-value payment instrument), sem lagt er til að skilgreint verði í 22. tölul.

Í 11. tölul. er orðið *greiðslureikningur (e. payment account)* skilgreint, þ.e. reikningur á nafni eins eða fleiri notenda greiðsluþjónustu sem notaður er við, og ætlaður til, að framkvæma greiðslu (aðgerð sem felst í því að leggja inn, millifæra eða taka út fjármuni, sbr. 7. tölul. sem um er fjallað hér að framan). Slíkur reikningur verður því að vera þess eðlis að hýsa fjármuni eins og þeir eru skilgreindir í þessu frumvarpi, sbr. 4. tölul. Innlánsreikningar í viðskiptabönkum og sparisjóðum eru dæmi um greiðslureikninga. Skv. 113. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, skulu slíkir greiðslureikningar skráðir á nafn viðskiptamanns ásamt heimilisfangi hans og kennitölu. Um ræðir innleiðingu á 14. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 12. tölul. er orðið *greiðslustofnun (e. payment institution)* skilgreint, með vísan í II. kafla frumvarpsins. Greiðslustofnanir eru ný tegund fyrirtækja á sviði fjármálaþjónustu, sem sinna takmarkaðri og sérhæfðari starfsemi á sviði greiðsluþjónustu en t.d. viðskiptabankar og sparisjóðir. Vísast til athugasemda við 4. og 5. gr. Í ljósi þess að afmarkaðri áhætta fylgir slíkri starfsemi eru minni kröfur gerðar til greiðslustofnana en áðurgreindra tegunda fjármálafyrirtækja. Greiðslustofnunum er óheimilt að stunda innlánsstarfsemi eða taka við endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, líkt og sérstaklega er kveðið á um í 5. mgr. 19. gr. frumvarpsins, og þeim er jafnframt óheimilt að gefa út rafeyri, enda er starfsemi af þessu tagi bundin við tilteknar tegundir fjármálafyrirtækja, sbr. 1. og 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 1.–4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Um ræðir innleiðingu á 4. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 13. tölul. er vísað til skilgreiningar á lykilhugtakinu *greiðsluþjónusta* í 4. gr. frumvarpsins. Í ljósi þess að um grundvallarhugtak í frumvarpi þessu er að ræða þykir við hæfi að skilgreina það í sérstöku ákvæði. Samhengisins vegna þykir hins vegar rétt að minna á skilgreininguna í orðskýringaákvæði 7. gr. Vísast til athugasemda í greinargerð við 4. gr.

Í 14. tölul. er orðið *greiðsluþjónustuveitandi (e. payment service provider)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 1. mgr. 1. gr. og 9. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Skv. 5. gr. frumvarpsins er greiðsluþjónustuveitendum einum heimilt að veita greiðsluþjónustu hér á landi, enda hafi þeir tilskilin leyfi stjórnvalda hér á landi eða í öðru aðildarríki.

Um a-lið. Fjármálafyrirtækin sem um ræðir eru viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki, sbr. 3. og 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þ.e. fjármálafyrirtæki sem falla undir hugtakið lánastofnanir (e. credit institutions) samkvæmt skilgreiningu 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana, með síðari breytingum. Hérlend greiðslukortafyrirtæki hafa, samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu, nú starfsleyfi skv. b-lið 1. tölul. (móttaka endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi, þ.e. skuldaviðurkenninga), 2. tölul. (veiting útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi) og 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 (útgáfa og umsýsla greiðslukorta). Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu skv. 2. málsl. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 ætíð hafa starfsleyfi og veita þjónustu skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Skv. 2. mgr. 20. gr. getur starfsemi lánafyrirtækja tekið til útlánastarfsemi, líkt og starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða, sbr. 2. tölul. 1. mgr. sömu greinar. Vísast til 3. tölul. 81. gr. frumvarpsins um tillögur til breytinga á lögum nr. 161/2002, sem leiðir af innleiðingu tilskipunar 2007/64/EB. Um starfsemi fjármálafyrirtækja á milli landa gilda ákvæði V. kafla laga nr. 161/2002, þ.m.t. 31. gr. um stofnsetningu útibús hér á landi af hálfu fjármálafyrirtækis sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Slíku útibúi er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lög nr. 161/2002 taka til (minnt er á að verði frumvarp þetta að lögum verður greiðsluþjónusta samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu talin upp á meðal leyfisskyldrar starfsemi fjármálafyrirtækja í 3. gr.). Fjármálaeftirlitið getur heimilað stofnun útibús hér á landi af hálfu fjármálafyrirtækis með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skv. 33. gr. laga nr. 161/2002. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að hlutaðeigandi fyrirtæki hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi og að sú starfsemi sé háð sambærilegu eftirliti í heimaríkinu. Það athugast að í a-lið þessa 14. tölul. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins er um að ræða innleiðingu á a-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2007/64/EB, að teknu tilliti til breytingar sem gerð var á umræddum staflið með 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/111/EB frá 16. september 2009 um breytingar á tilskipunum 2006/48/EB o.fl. Vísast til athugasemda um 89. gr. frumvarpsins.

Um b-lið. Starfsemi rafeyrisfyrirtækja tekur til útgáfu og umsýslu rafeyris skv. 24. gr., sbr. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. og 5. tölul. 1. mgr. 3. gr., laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Færslur með rafeyri teljast til veitingar greiðsluþjónustu í skilningi frumvarpsins, sbr. 4. gr. Útgáfa rafeyris fellur hins vegar ekki undir greiðsluþjónustu. Vakin er athygli á að með nýju rafeyrisfyrirtækjatilskipuninni nr. 2009/110/EB, sem aðildarríki ESB eiga að innleiða fyrir 30. apríl nk., eru starfsheimildir slíkra fyrirtækja útvíkkaðar frá því sem nú er. Af þeim sökum eru gerðar auknar kröfur til starfrækslu slíkrar þjónustu. Fyrirhuguð er framlagning frumvarps til innleiðingar á efni tilskipunar nr. 2009/110/EB af hálfu efnahags- og viðskiptaráðherra á Alþingi haustið 2011. Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu er ekkert rafeyrisfyrirtæki starfrækt hér á landi, á grundvelli starfsleyfis samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Um c-lið. Í gildandi lögum um póstþjónustu er gert ráð fyrir að í svokallaðri alþjónustu felist m.a. fjármunasendingar. Alþjónusta er póstþjónusta sem allir landsmenn skulu samkvæmt lögunum eiga aðgang að á jafnræðisgrundvelli og fjármunasending er skilgreind í lög-

unum sem greiðsluviðskipti með millifærslum, póstávísanir, póstkröfur og önnur fjármunaþjónusta, sjá einkum 4., 6. og 12. gr. laga nr. 19/2002, um póstþjónustu. Gert er ráð fyrir breytingu á lögum nr. 19/2002 í 7. tölul. 81. gr. frumvarpsins, þannig að skýrt verði kveðið á um að um fjármunasendingar fari samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu, enda er með frumvarpi þessu lagt til að lögfestar verði grundvallarreglur um réttindi og skyldur greiðsluþjónustuveitenda, svo sem að því er varðar ábyrgð á greiðslum.

Um d-lið. Skv. 4. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, skal bankinn stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Seðlabanki Íslands annast uppgjör í íslenskum krónum, sér um miðlun lausafjár og býður íslenskum stofnunum fjármála- og greiðsluþjónustu.

Um e-lið. Stjórnvöld teljast til greiðsluþjónustuveitenda í skilningi tilskipunarinnar, að því marki sem greiðsluþjónusta tengist ekki hlutverki þeirra sem slíkra. Almennt veita íslensk stjórnvöld ekki eða bjóða greiðsluþjónustu í atvinnuskyni.

Um f-lið. Í samræmi við ákvæði 26. gr. tilskipunar 2007/64/EB er í frumvarpinu gert ráð fyrir að kveðið verði á um að peninga- og verðmætasendingarþjónustu samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, verði heimilt að veita greiðsluþjónustu skv. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr., þ.e. að annast peningasendingar í skilningi 17. tölul. 1. mgr. 7. gr. Sérstök athygli er vakin á að greiðslureikningar koma ekki við sögu þegar þessi tiltekna tegund greiðsluþjónustu er annars vegar. Það skilyrði er jafnframt sett fyrir heimild slíkra fyrirtækja til veitingar greiðsluþjónustu skv. 6. tölul. 4. gr. að heildarfjárhæð greiðslna sem framkvæmdar eru á einum mánuði má að hámarki nema jafnvirði 3.000.000 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni, sbr. 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins.

Peninga- og verðmætasendingarþjónusta er skilgreind með eftirfarandi hætti í 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. gildandi laga nr. 64/2006: „Starfsemi þar sem í atvinnuskyni er á einum stað tekið við reiðufé, tékkum eða annars konar verðmætum sem eru ígildi peninga og andvirði þess er á öðrum stað greitt til viðtakanda í reiðufé eða ígildi peninga með aðstoð hvers kyns skilaboða, millifærslu eða í gegnum greiðslukerfi sem hlutaðeigandi peninga- og verðmætasendingarþjónusta á aðild að og sérstök lög gilda ekki um. Yfirfærsla sem framkvæmd er af peninga- og verðmætasendingarþjónustu getur farið um hendur eins eða fleiri milligönguaðila áður en lokagreiðsla á sér stað til móttakanda.“ Ljóst er af athugasemdum í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 64/2006 (er varð að lögum nr. 77/2008), um fyrrgreinda skilgreiningu, að hugtakinu peninga- og verðmætasendingarþjónusta er ætlað að ná yfir fleiri tegundir þjónustu en þá sem frumvarp til laga um greiðsluþjónustu tekur til.

Samkvæmt 25. gr. a laga nr. 64/2006 er peninga- og verðmætasendingarþjónusta skráningarskyld hjá Fjármálaeftirlitinu, nema slík starfsemi sé á vegum fjármálafyrirtækja með starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Í 25. gr. b sömu laga, svo og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 917/2009 um gjaldeyrisskiptastöðvar og peninga- og verðmætasendingarþjónustu greinir nánari skilyrði skráningar o.fl.

Vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga íslenska ríkisins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka þykir ekki rétt að hrófla við efni eða staðsetningu meginákvæða um peninga- og verðmætasendingarþjónustu, þó svo að ákvæði þessi hafi lítið praktískt gildi í dag enda mun slíkri starfsemi einungis vera sinnt á vegum hérlendra fjármálafyrirtækja. Þess í stað er að mati frumvarpshöfunda heppilegra að líta á ákvæði frumvarpsins sem sérákvæði, um tiltekna tegund peninga- og verðmætasendingarþjónustu sem uppfyllir skilyrði II. kafla frumvarpsins, gagnvart ákvæðum 8. tölul. 1. mgr. 3. gr., 25. gr. a og 25. gr. b laga nr. 64/

2006. Það athugast að í 4. tölul. 81. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum laga nr. 64/2006, til samræmis við ákvæði tilskipunar 2007/64/EB.

Um g-lið. Tilskipun 2007/64/EB gerir ráð fyrir nýrri tegund fyrirtækja á sviði fjármálaþjónustu, þ.e. svokölluðum greiðslustofnunum, sem sinna takmarkaðri og sérhæfðari starfsemi en viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki. Greiðslustofnanir eiga ekki að taka við innlánum og gefa ekki út rafeyri. Nánar er kveðið á um skilyrði fyrir stofnun og starfsemi greiðslustofnana í II. kafla frumvarpsins.

Í 15. tölul. er orðið *notandi greiðsluþjónustu (e. payment service user)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 10. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 16. tölul. er orðið *neytandi (e. consumer)* skilgreint. Skilgreining þessi er í samræmi við skilgreiningar á sama hugtaki í annarri löggjöf er byggist á Evrópugerðum á sviði neytendaréttar. Um ræðir innleiðingu á 11. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 17. tölul. er orðið *peningasending (e. money remittance)* skilgreint. Sem dæmi um þjónustu sem fellur undir þessa skilgreiningu má nefna hraðsendingarþjónustu Western Union sem staðið hefur til boða í gegnum útibú Landsbankans hér á landi undanfarin ár. Vísast jafnframt til umfjöllunar um f-lið 14. tölul. hér að framan og 27. gr. Um ræðir innleiðingu á 13. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 18. tölul. er orðið *rammasamningur (e. framework contract)* skilgreint. Sem dæmi um rammasamninga má nefna samninga um notkun greiðslumiðla, samninga um stofnun og notkun heimabanka, samninga um stofnun debetkorta- eða tékkareikninga. Um ræðir innleiðingu á 12. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 19. tölul. er vísað til skilgreiningar laga um ársreikninga á orðinu *samstæða (e. group).* Um ræðir innleiðingu á 30. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 20. tölul. er orðið *sannvottun (e. authentication)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 19. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 21. tölul. er orðið *sérstakt kennimerki (e. unique identifier)* skilgreint. Númer á bankareikningi, þ.m.t. svokölluð IBAN-númer (International Bank Account Number) og BIC-auðkenni (Bank Identifier Code), svo og kortanúmer, eru dæmi um sérstök kennimerki í þessum skilningi. Tilgreining sérstakra kennimerkja er nauðsynleg svo framkvæma megi greiðslur. Um ræðir innleiðingu á 21. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 22. tölul. er orðið *smágreiðslumiðill (e. low-value payment instrument)* skilgreint. Orðið kemur fyrir í tveimur ákvæðum frumvarpsins, þ.e. í 29. og 48. gr.

Í 23. tölul. er orðið *stofnfé (e. initial capital)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, sbr. a- og b-liði 57. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana.

Í 24. tölul. er orðið *útibú (e. branch)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 29. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 25. tölul. er orðið *varanlegur miðill (e. durable medium)* skilgreint. Skilgreining þessi er sambærileg skilgreiningum á sama hugtaki í annarri löggjöf er byggist á Evrópugerðum á sviði neytendaréttar. Skv. 24. tölul. í formála tilskipunarinnar uppfylla upplýsingar á disklingi, geisladiski eða stafrænum mynddiski (DVD) til að mynda þessar kröfur, sem og harðir diskar í tölvum sem vista má tölvupóst á og vefsíður, svo lengi sem þær eru aðgengilegar eins lengi og nægir miðað við tilgang upplýsinganna og unnt er að kalla þær fram óbreyttar. Um ræðir innleiðingu á 25. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 26. tölul. er orðið *viðmiðunargengi (e. reference exchange rate)* skilgreint. Um ræðir innleiðingu á 18. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 27. tölul. er orðið *viðmiðunarvextir (e. reference interest rate)* skilgreint. Aðilar greiðsluþjónustusamnings þurfa að geta rakið vaxtarstig aftur í tímann. Um ræðir innleiðingu á 20. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 28. tölul. eru orðin *viðtakandi greiðslu (e. payee)* skilgreind. Um ræðir innleiðingu á 8. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Í 29. tölul. er orðið *viðskiptadagur (e. business day)* skilgreint, þ.e. dagur þegar greiðsluþjónustuveitandi greiðanda eða viðtakanda, sem er aðili að framkvæmd greiðslu, er opinn (e. open for business) og starfar eftir því sem þörf fyrir framkvæmd greiðslu krefur. Ekki er aðeins um opna starfsstöð að ræða í hefðbundinni merkingu, enda kann greiðsluþjónustuveitandi að veita þjónustu í gegnum veraldarvefinn og er ekki endilega með opna starfsstöð á sama tíma og hann veitir þjónustuna. Um ræðir innleiðingu á 27. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar.

Um II. kafla.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir nýrri tegund þjónustuveitenda á sviði fjármálaþjónustu; svokölluðum greiðslustofnunum. Gert er ráð fyrir að greiðslustofnanir sinni takmarkaðri og sérhæfðari starfsemi en t.d. lánafyrirtæki, viðskiptabankar og sparisjóðir sinna samkvæmt núgildandi lögum. Þess má vænta að t.d. símafyrirtæki sæki um leyfi til að gerast greiðslustofnun, enda verður öðrum en greiðsluþjónustuveitendum í skilningi frumvarpsins óheimilt að sinna greiðsluþjónustu, sbr. 5. og 12. gr. frumvarpsins. Vísast til athugasemda um 7. tölul. 4. gr. hér að framan. Í ljósi þess að afmarkaðri áhætta fylgir slíkri starfsemi eru minni kröfur gerðar til greiðslustofnana en áðurgreindra tegunda fjármálafyrirtækja, svo sem að því er varðar kröfur um lágmarkshlutafé. Greiðslustofnanir eiga ekki að taka við innlánum og gefa ekki út rafeyri. Þeim ber að varðveita fjármuni viðskiptavina tryggilega og þær eru til að mynda undirorpnar lögum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka líkt og fjármálafyrirtæki. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið veiti greiðslustofnunum starfsleyfi og hafi eftirlit með starfsemi þeirra. Því er í frumvarpi þessu lagt til að lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi gildi um eftirlit með greiðslustofnunum og að gert verði ráð fyrir innheimtu eftirlitsgjalds í samræmi við ákvæði laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Ákvæðum II. kafla frumvarpsins er skipt upp í átta undirkafla: A. Stofnun og fjárhagsgrundvöllur (8.–11. gr.). B. Starfsleyfi (12.–17. gr.). C. Starfsheimildir (18.–19. gr.). D. Stjórn, reikningsskil og endurskoðun (20.–21. gr.). E. Eftirlit (22. gr.). F. Umboðsaðilar, útibú og útvistun (23.–24. gr.). G. Annað (25.–26. gr.). H. Peninga- og verðmætasendingarþjónusta (27. gr.).

Um 8. gr.

Í 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar er gert ráð fyrir að starfsleyfi sem greiðslustofnun skuli aðeins veitt lögaðilum, en ekki einstaklingum. Því er lagt til að kveðið skuli á um það í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar er enn fremur gert ráð fyrir að greiðslustofnun skuli hafa höfuðstöðvar sínar í því ríki þar sem hún er skráð.

Um 9. gr.

Lagt er til að 6. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 9. gr. frumvarpsins, um lágmarksstofnfé greiðslustofnunar á hverjum tíma. Stofnfé greiðslustofnunar skal á hverjum tíma

nema að lágmarki jafnvirði 20.000 til 125.000 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni. Ólíkar kröfur eru gerðar um stofnfé eftir því hvers kyns greiðsluþjónustu greiðslustofnun veitir, en greiðslustofnunum er ávallt skylt að uppfylla þær frá því að starfsleyfi er veitt.

Um 10. gr.

Lagt er til að 7. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 10. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að eigið fé greiðslustofnunar, í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana (þ.e. 84. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki), megi á hverjum tíma ekki nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 9. gr. eða 11. gr. frumvarpsins, hvor fjárhæðin sem er hærri.

Um 11. gr.

Lagt er til að 8. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 11. gr. frumvarpsins, um eiginfjárkröfur.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að það sé ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hverju sinni hvaða aðferð (A, B eða C) skuli beitt við útreikning eigin fjár greiðslustofnunar. Hinar ólíku aðferðir, ásamt nauðsynlegum stuðlum, eru nánar skilgreindar í 2.–5. mgr. ákvæðisins.

Í 6. mgr. er gert ráð fyrir heimild Fjármálaeftirlitsins til að gera kröfu um aukið eigið fé greiðslustofnunar en leiðir af beitingu þeirrar aðferðar sem valin er í samræmi við 1. mgr. Enn fremur gerir ákvæðið ráð fyrir heimild Fjármálaeftirlitsins til eftirgjafar, þ.e. að fjárhæð eigin fjár greiðslustofnunar sé lægri en leiðir af beitingu þeirrar aðferðar sem valin er í samræmi við 1. mgr.

Loks er í 7. mgr. gert ráð fyrir heimild til handa Fjármálaeftirlitinu um nánari reglusetningu á grundvelli ákvæðisins.

Um 12. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Aðilar, aðrir en þeir sem taldir eru upp í a-, b-, c-, d-, e- og f- liðum 14. tölul. 7. gr., er hyggjast veita greiðsluþjónustu skulu afla sér starfsleyfis sem greiðslustofnun. Starfsleyfi skal einungis veita lögaðilum, en ekki einstaklingum (sbr. 8. gr.). Starfsleyfi skal ná til einnar eða fleiri tegunda greiðsluþjónustu í skilningi 4. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi umsjón með veitingu starfsleyfa greiðslustofnana. Greiðslustofnun er heimilt að stunda greiðsluþjónustu þegar hún hefur fengið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins, sbr. 5. gr. frumvarpsins og 29. gr. tilskipunarinnar.

Um 13. gr.

Lagt er til að 5. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 13. gr. frumvarpsins. Beina skal umsókn um starfsleyfi sem greiðslustofnun til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skal vera skrifleg og upplýsingar sem koma fram í henni skulu vera ítarlegar. Markmiðið er að umsækjendur geri fyrir fram grein fyrir þeirri starfsemi sem fyrirhugað er að sinna, hvernig henni verði sinnt og sýni fram á að þeir séu hæfir til að sinna henni. Það er ekki fullnægjandi að umsækjandi um leyfi til að starfrækja greiðslustofnun segi í umsókn að hann hyggist sinna allri þeirri starfsemi sem greiðslustofnun er heimil. Gera þarf grein fyrir einstökum þáttum starfseminnar, þ.m.t. ólíkum tegundum greiðsluþjónustu í skilningi 4. gr., svo og annarri starfsemi, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið setji reglur um hvaða upplýsingar verði að koma fram í umsókn til þess að hún teljist fullnægjandi, svo og nauðsynleg fylgigögn. Skulu slíkar reglur taka mið af efni 5. gr. tilskipunar nr. 2007/64/EB.

Lagt er til að 14. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 3. mgr. Í ákvæðinu felst að greiðslustofnun er skylt að uppfæra tafarlaust allar breytingar sem verða kunna á upplýsingum, sem Fjármálaeftirlitinu hafa verið gefnar í tengslum við umsókn og veitingu starfsleyfis samkvæmt ákvæðinu.

Um 14. gr.

Lagt er til að 10. og 11. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 14. gr. frumvarpsins, um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis og tilkynningu um veitingu eða synjun starfsleyfis.

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að starfsleyfi skuli veitt ef umsækjandi sýnir að mati Fjármálaeftirlitsins fram á að stjórnun hans sé skýr, traust, varfærin og undirsett fullnægjandi innra eftirliti samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur. Reglur Fjármálaeftirlitsins skulu því lúta að skýrleika stjórnskipulags, traustri og varfærinni stjórnun, skýrum verklagsreglum er lúta að áhættu sem starfsemin er eða kann að vera óvarin fyrir og fullnægjandi innri eftirlitskerfum. Með skýru stjórnskipulagi er varðar rekstur greiðsluþjónustu er átt við að ábyrgð umsækjanda sé vel skilgreind, gagnsæ og samræmd. Í 2. mgr. verði tekið fram að þær kröfur sem gerðar séu til umsækjanda um starfsleyfi skuli vera í samræmi við eðli og umfang þeirrar greiðsluþjónustu sem fyrirhugað sé að veita.

Í 3. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að leita ráðgjafar Seðlabanka Íslands eða annarra viðeigandi opinberra yfirvalda við mat á umsókn um starfsleyfi. Ráðgjöf getur til að mynda varðað fyrirhugaða þátttöku umsækjanda í greiðslukerfi.

Í 4. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti gert kröfu um stofnun sérstakrar einingar fyrir rekstur greiðsluþjónustu, til aðskilnaðar frá annarri starfsemi sem greiðslustofnun sinnir eða hyggst sinna og sá hluti rekstrarins hefur áhrif á fjárhagslegan styrk greiðslustofnunar eða torveldar eftirlit með henni.

Í 5. og 6. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að synja beri um starfsleyfisveitingu ef Fjármálaeftirlitið metur hluthafa eða eigendur virkra eignarhluta ekki hæfa með tilliti til traustrar og varfærinnar stjórnunar greiðslustofnunar og ef náin tengsl, í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, hindra eftirlit með starfsemi greiðslustofnunar.

Í 7. mgr. er gert ráð fyrir að starfsleyfi greiðslustofnunar skuli gilda í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Hér er enn fremur um innleiðingu á 1. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar að ræða.

Í 8. og 9. mgr. er lagt til að 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. tilskipunarinnar verði innleidd, um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu eða synjun um starfsleyfi og tilkynningu þar um. Það er Fjármálaeftirlitsins að meta hvenær umsókn telst fullbúin og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt.

Um 15. gr.

Lagt er til að 12. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 15. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er lagt til að talin verði upp helstu tilvik sem leitt geta til afturköllunar starfsleyfis greiðslustofnunar. Afturköllun starfsleyfis er íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun sem veltur á mati. Eðlilegt er að Fjármálaeftirlitið hafi svigrúm til að meta hvort beitt skuli afturköllun eða öðrum vægari úrræðum við nánar tilgreindar aðstæður. Þá felur orðalag 1. mgr. í sér að unnt er að afturkalla starfsleyfi fyrir einstökum þáttum starfsemi (afturköllun að

hluta). Fjármálaeftirlitið getur því látið við það sitja að afturkalla heimild greiðslustofnunar til að stunda tiltekna starfsemi ef ástæður afturköllunar snerta ekki hæfi til að sinna öðrum þáttum í starfseminni. Er þetta í samræmi við hina almennu meðalhófsreglu stjórnsýslurétt-arins.

Um a-lið 1. mgr. Í samræmi við a-lið 12. gr. tilskipunarinnar getur Fjármálaeftirlitið áskilið að starfsleyfi falli sjálfkrafa úr gildi ef þau atriði sem talin eru upp í ákvæðinu eiga við.

Um b-lið 1. mgr. Hafi starfsleyfi verið veitt á grundvelli rangra eða falsaðra yfirlýsinga, eða á annan óeðlilegan hátt að mati Fjármálaeftirlitsins, má afturkalla það.

Um c-lið 1. mgr. Uppfylli greiðslustofnun ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að afturkalla megi starfsleyfi hennar.

Um d-lið 1. mgr. Ef áframhaldandi rekstur greiðsluþjónustu af hálfu greiðslustofnunar ógnar stöðugleika greiðslukerfisins í heild að mati Fjármálaeftirlitsins má afturkalla starfsleyfi hennar. Eðlilegt er að gera ráð fyrir ráðgefandi hlutverki Seðlabanka Íslands í þessu samhengi, í ljósi lögbundinna verkefna hans. Í gildi er samstarfssamningur milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans frá 6. janúar 2011, í samræmi við 4. mgr. 15. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og 35. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Samstarfssamningurinn gerir ráð fyrir greiðum og fljótvirkum upplýsingaskiptum milli aðila og meðal markmiða hans er að stuðla að skilvirkni og öryggi greiðslu- og uppgjörskerfa og að þau kerfi uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Um e-lið 1. mgr. Kveði önnur ákvæði laga á um slíkt er gert ráð fyrir að afturkalla megi starfsleyfi greiðslustofnunar.

Um f-lið 1. mgr. Afturköllunarástæður eru ekki tæmandi taldar í 1. mgr., enda er ekki unnt að sjá fyrir öll þau tilvik sem kunna að gera afturköllun nauðsynlega vegna þeirra verndarhagsmuna sem frumvarp þetta byggist á. Því er gert ráð fyrir að alvarleg eða ítrekuð brot gegn lögunum eða reglum settum samkvæmt þeim kunni að varða afturköllun starfsleyfis.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að afturköllun starfsleyfis skuli að jafnaði ekki beitt án þess að greiðslustofnun hafi fyrst gefist færi á að færa starfsemi sína í löglegt horf. Slíkur frestur kann þó í einhverjum tilfellum að geta leitt til tjóns t.d. fyrir viðskiptamenn greiðslustofnunar, auk þess sem frestur til úrbóta á ekki við aðstæður samkvæmt sumum stafliðanna í 1. mgr. Því er ekki um fortakslausan rétt greiðslustofnunar til úrbóta að ræða samkvæmt ákvæðinu. Þá athugast að ekki er gert ráð fyrir að 2. mgr. eigi við um a-lið 1. mgr., enda eðlilegast að líta svo að starfsleyfi teljist niður fallið við þær aðstæður.

Í 3. mgr. verði kveðið á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að banna aðra starfsemi greiðslustofnunar en þá sem er starfsleyfisskyld samkvæmt frumvarpi þessu. Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga við um slíkt bann.

Loks er í 4. mgr. gert ráð fyrir að ákvörðun um afturköllun starfsleyfis samkvæmt ákvæði þessu verði tilkynnt stjórn hlutaðeigandi greiðslustofnunar, með skriflegum rökstuðningi, og kynnt opinberlega. Sérstaklega er kveðið á um að tilkynning um afturköllun skuli send lögbærum eftirlitsaðilum í þeim ríkjum þar sem hlutaðeigandi greiðslustofnun starfrækir útibú eða veitir greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsmanns.

Um 16. gr.

Lagt er til að í 16. gr. verði kveðið á um skyldu greiðslustofnunar til að viðhafa eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í starfsemi sinni. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi greiðslustofnana, sbr. 22. gr. frumvarpsins, og að um eftirlitið fari samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Sam-

kvæmt lögum nr. 87/1998 skal Fjármálaeftirlitið m.a. fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Við skýringu á því hvað felst í hugtökunum eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur verður bæði litið til laga, almennra siðareglna og viðtekinna venja. Þá geta ákvæði reglugerða og reglur og tilmæli Fjármálaeftirlitsins veitt leiðbeiningu hvað þetta varðar.

Í 3. mgr. er lagt til að stjórnarmenn greiðslustofnunar, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins verði bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Um þagnarskylduna fer samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki (58.–60. gr.).

Um 17. gr.

Lagt er til að 13. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 17. gr. frumvarpsins. Fjármálaeftirlitið skuli halda skrá yfir greiðslustofnanir, umboðsaðila og útibú þeirra, svo og hvers konar greiðsluþjónustu þær veita. Almenningur skal hafa aðgang að skránni, en í því felst að skráin skuli uppfærð reglulega og birtast á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, svo og vera aðgengileg á starfsstöð Fjármálaeftirlitsins.

Erlendar greiðslustofnanir sem hyggjast veita greiðsluþjónustu hér á landi fyrir milligöngu umboðsaðila eða með stofnun útibús skulu tilkynna það fyrirfram til lögbærs eftirlitsaðila í heimaríki sínu, í samræmi við efni 23. gr. frumvarpsins. Hinn erlendi eftirlitsaðili gefur þá Fjármálaeftirlitinu kost á að gera athugasemdir við fyrirhugaða skráningu upplýsinga um umboðsaðilann eða útibúsins hér á landi í skrá heimaríkisins yfir greiðslustofnanir. Það stendur eftirlitsaðilanum í heimaríki hlutaðeigandi greiðslustofnunar nær að uppfæra upplýsingar um umboðsmenn og útibú erlendis, þannig að skrá yfir greiðslustofnanir geymi sem réttastar upplýsingar á hverjum tíma. Æskilegt er þó að Fjármálaeftirlitið birti á vefsíðu sinni, og hafi aðgengilegar fyrir almenning á Íslandi, upplýsingar um og tengla á rafrænar skrár systurstofnana erlendis yfir greiðslustofnanir, umboðsmenn þeirra og útibú á erlendri grundu. Í III. kafla frumvarpsins er nánar fjallað um skyldur greiðsluþjónustuveitenda til upplýsingagjafar gagnvart notendum greiðsluþjónustu.

Um 18. gr.

Lagt er til að 9. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 18. gr. frumvarpsins og með nánari reglusetningu af hálfu ráðherra. Í 9. gr. tilskipunarinnar er fjallað um varðveislu og verndun fjármuna sem mótteknir hafa verið frá notendum greiðsluþjónustu eða frá öðrum greiðsluþjónustuveitanda vegna framkvæmdar greiðslu (e. safeguarding requirements).

Í 1. mgr. eru lagðar skyldur á herðar greiðslustofnunum um tryggilega varðveislu fjármuna sem mótteknir hafa verið vegna framkvæmdar greiðslu.

Í 2. mgr. er ráðherra falið að setja nánari reglur í reglugerð um það hvernig tryggilegri varðveislu fjármuna skal háttað, með hagsmuni notenda greiðsluþjónustu að leiðarljósi. Reglugerðin skal byggð á 9. gr. tilskipunar 2007/64/EB.

Um 19. gr.

Lagt er til að 16. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 19. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. segir að greiðslustofnunum sé heimilt samkvæmt ákvæðinu að stunda aðra starfsemi auk greiðsluþjónustu skv. 4. gr. Eigi að síður eru slíkum heimildum takmörk sett í ákvæðinu.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um heimild greiðslustofnunar til að sinna rekstrarþjónustu og stoðþjónustu sem er nátengd veitingu greiðsluþjónustu í skilningi laganna. Enn fremur er lagt til að greiðslustofnun verði heimilt að starfrækja greiðslukerfi. Greiðslustofnanir geti þannig hvort heldur smíðað eða keypt og rekið eigin greiðslukerfi, ellegar greitt fyrir þátttöku í öðrum greiðslukerfum (eða hvort tveggja).

Í 3. mgr. er heimild greiðslustofnana til að halda greiðslureikninga bundin því skilyrði að slíkir reikningar séu einungis notaðir í tengslum við framkvæmd greiðslna í skilningi frumvarpsins. Orðið greiðslureikningur er skilgreint í 7. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er sérstaklega tekið fram að fjármunir sem greiðslustofnun móttekur vegna greiðsluþjónustu teljast ekki innlán, endurgreiðanlegir fjármunir frá almenningi eða rafeyrir sem lög um fjármálafyrirtæki gilda um.

Í 5. mgr. er lagt til að kveðið verði skýrlega á um að greiðslustofnun sé óheimilt að stunda innlánsstarfsemi eða taka við endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi í skilningi laga um fjármálafyrirtæki (enda um starfsemi að ræða sem er leyfisskyld samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki).

Í 6. mgr. greinir loks skilyrði heimildar greiðslustofnana til lánveitinga. Það er í fyrsta lagi skilyrði að lánveiting sé minni háttar. Í öðru lagi er það skilyrði að lán sé veitt í tengslum við framkvæmd greiðslu. Í þriðja lagi verður eiginfjárgrunnur hlutaðeigandi greiðslustofnunar að uppfylla kröfur frumvarpsins og vera, að mati Fjármálaeftirlitsins, fullnægjandi með tilliti til heildarlánveitinga. Í fjórða lagi er óheimilt að fjármagna lánveitingu með fjármunum sem mótteknir eru eða varðveittir vegna greiðslu. Loks er sérregla varðandi lánveitingar yfir landamæri; endurgreiðslutími slíkra lána skal að hámarki vera 12 mánuðir.

Um 20. gr.

Lagt er til að kveðið verði á um að hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki skuli gilda að því er varðar stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur samkvæmt skipulagi greiðslustofnunar. Skv. i-lið 5. gr. tilskipunarinnar skal sýna fram á það við umsókn um starfsleyfi sem greiðslustofnun að fyrrgreindir aðilar hafi góðan orðstír og búi yfir viðeigandi þekkingu og reynslu til að annast greiðsluþjónustu samkvæmt því sem heimaaðildarríki ákvarðar. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið setji reglur um hvernig staðið skuli að hæfismati stjórnarmanna og framkvæmdastjóra samkvæmt ákvæðinu.

Tilkynna ber Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn og framkvæmdastjórn greiðslustofnunar. Upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að teljast til hæfismats hlutaðeigandi einstaklinga skulu fylgja slíkum tilkynningum, ellegar kann Fjármálaeftirlitið að kalla eftir ítarlegri gögnum við framkvæmd matsins.

Um 21. gr.

Lagt er til að 15. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 21. gr. frumvarpsins, um reikningsskil og lögboðna endurskoðun.

Þar segir að reikningsár greiðslustofnunar sé almanaksárið og að ákvæði laga um fjármálafyrirtæki gildi að öðru leyti um bókhald, endurskoðun og tilkynningarskyldu endurskoðenda greiðslustofnana til Fjármálaeftirlitsins.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði falið eftirlit með starfsemi greiðslustofnana sem falla undir ákvæði II. kafla laganna, þ.m.t. umboðsaðila, útibúa og útvistunaraðilum. Um

eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara svo og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í síðarnefndum lögum er m.a. fjallað um vettvangsathuganir og því m.a. ætlunin að heimild Fjármálaeftirlitsins til slíkra athugana nái til greiðslustofnana, þ.m.t. umboðsaðila þeirra, útibúa sem veita greiðsluþjónustu á ábyrgð greiðslustofnunar og útvistunaraðila. Í lögum um opinbert eftirlit er enn fremur t.d. fjallað um leiðbeinandi tilmæli, athugasemdir og úrbætur. Heimilt er að bera ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins undir dómstóla. Hér er um innleiðingu á 21. gr. tilskipunarinnar að ræða.

Í 2. mgr. er lagt til að innleidd verði 2. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar, um samstarf Fjármálaeftirlitsins við systurstofnanir erlendis vegna starfsemi á vegum greiðslustofnana sem fengið hafa starfsleyfi á grundvelli II. kafla.

Í 3. mgr. er lagt til að innleidd verði 3. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar, um tilkynningarskyldu og samstarf eftirlitsstofnana við framkvæmd skoðana á starfsstöðum á vegum greiðslustofnana erlendis.

Í 4. mgr. er lagt til að 4. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar verði innleidd, um upplýsingaskipti eftirlitsstofnana. Með mikilvægum upplýsingum er í ákvæði þessu einkum átt við upplýsingar um rekstur og starfsemi greiðslustofnunar sem kunna að hafa áhrif á skilyrði starfsleyfisveitingar hlutaðeigandi stofnunar eða traustleika og heilbrigði rekstrar hennar. Á það skal jafnframt minnt að gert er ráð fyrir að lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi gildi um eftirlit með greiðslustofnunum, sbr. 1. mgr., en í IV. kafla þeirra er m.a. fjallað um samskipti við eftirlitsstjórnvöld.

Um 23. gr.

Lagt er til að 1.–6. og 8. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 23. gr. frumvarpsins, um umboðsaðila og útibú.

Í 1. mgr. er lagt til að tilkynningarskylda verði lögð á greiðslustofnanir sem hyggjast veita greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila, gagnvart Fjármálaeftirlitinu. Tilkynningu skulu fylgja helstu upplýsingar um umboðsaðilann svo sem nánar greinir í ákvæðinu.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið sannreyni upplýsingar um umboðsaðila skv. 1. mgr., leiki grunur á um að þær séu ekki réttar, áður en þær eru færðar í skrá yfir greiðslustofnanir skv. 17. gr. frumvarpsins. Fjármálaeftirlitinu beri að synja um skráningu upplýsinga um umboðsaðila í skrá yfir greiðslustofnanir ef það kemst að þeirri niðurstöðu að ósannað sé að upplýsingar skv. 1. mgr. séu réttar. Hér er einungis átt við þær aðstæður þegar greiðslustofnun og umboðsaðili eru bæði staðsett á Íslandi.

Í 3. og 4. mgr. mgr. er fjallað um greiðsluþjónustu umboðsaðila á erlendri grundu. Gert er ráð fyrir tilkynningarskyldu um fyrirhugaða skráningu þeirra í skrá Fjármálaeftirlitsins yfir greiðslustofnanir gagnvart lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi ríki. Tekið skal tillit til mögulegra athugasemda þeirra áður en Fjármálaeftirlitið tekur endanlega ákvörðun um skráningu. Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að lögbær yfirvöld erlendis tilkynni Fjármálaeftirlitinu um það hafi þau gildar ástæður til að ætla að tilnefning umboðsaðila eða stofnun útibús kunni að auka hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eða að slík háttsemi kunni að eiga sér stað eða hafa átt sér stað eða sé í undirbúningi. Í slíkum tilfellum getur Fjármálaeftirlitið synjað greiðslustofnun um skráningu umboðsaðila eða útibús, eða afturkallað slíka skráningu.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að umboðsaðilar eða útibú, sem starfa á vegum greiðslustofnunar, tilkynni notendum greiðsluþjónustu um stöðu sína sem slíkra. Greiðslustofnunum ber að sjá til þess að umboðsaðilar og útibú uppfylli þessa skyldu.

Um 24. gr.

Lagt er til að 7. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 24. gr. frumvarpsins, um útvistun rekstrarþátta greiðsluþjónustu. Í 1. mgr. segir að greiðslustofnun beri að tilkynna um fyrirhugaða útvistun til Fjármálaeftirlitsins fyrir fram.

Í 2. mgr. er kveðið á um að það gilda sérstakar reglur um svokallaða mikilvæga rekstrarþætti. Rekstrarþáttur telst mikilvægur ef ágalli eða brestur í framkvæmd hans hefur umtalsverð neikvæð áhrif á getu greiðslustofnunar til að uppfylla þær kröfur sem liggja til grundvallar starfsleyfi hennar samkvæmt lögum þessum eða skyldur samkvæmt lögunum, eða fjárhagslega afkomu greiðslustofnunar, traustleika eða samfelldni greiðsluþjónustunnar sem um ræðir.Útvistun slíkra þátta má ekki draga verulega úr gæðum innra eftirlits greiðslustofnunar og getu Fjármálaeftirlitsins til að hafa eftirlit með starfsemi greiðslustofnunar, geri hún það er hún óheimil.

Í 3. mgr. er Fjármálaeftirlitinu falið að setja nánari reglur um hvernig greiðslustofnun skuli standa að útvistun mikilvægra rekstrarþátta samkvæmt þessu ákvæði, m.a. til að tryggja að reglur þessara laga séu í heiðri hafðar.

Um 25. gr.

Lagt er til að 18. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 25. gr. frumvarpsins. Ákvæðið mælir fyrir um að greiðslustofnun beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem rakið verður til athafna starfsmanna hennar, umboðsaðila, útibúa og þeirra aðila sem rekstrarþættir greiðsluþjónustu hafa verið útvistaðir til.

Um 26. gr.

Lagt er til að 19. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 26. gr. frumvarpsins. Ákvæðið kveður á um að greiðslustofnun beri að varðveita öll viðeigandi gögn er varða II. kafla frumvarpsins í a.m.k. fimm ár. Hafa verður í huga að önnur lög kunna að gera ríkari kröfur um varðveislu gagna en þetta ákvæði gerir ráð fyrir. Sem dæmi má nefna lög um bókhald og lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Um 27. gr.

Í 27. gr. er lagt til að nýtt verði valkvætt ákvæði 26. gr. tilskipunar 2007/64/EB, sbr. fyrri umfjöllun um 14. tölul. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Peninga- og verðmætasendingarþjónustu samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka verði heimilt að veita greiðsluþjónustu skv. 6. tölul. 4. gr. frumvarpsins, að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum: a) Heildarfjárhæð framkvæmdra greiðslna á einum mánuði nemur að hámarki nánar tilgreindri fjárhæð sem Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að lækka. b) Peninga- og verðmætasendingarþjónusta þarf að uppfylla skyldur samkvæmt nánar tilgreindum ákvæðum II. kafla frumvarpsins.

Með því að kveða á um hámarksfjárhæð greiðslna á mánuði er ætlunin að tryggja að heimildin til veitingar greiðsluþjónustu skv. 6. tölul. 4. gr., þegar peninga- og verðmætasendingarþjónusta er annars vegar, einskorðist við smærri fyrirtæki. Þegar umsvif eru með öðrum orðum slík að heildarfjárhæð framkvæmdra greiðslna á einum mánuði nemur hærri fjárhæð en tilgreind er í 2. mgr. er að mati frumvarpshöfunda æskilegra að ríkari kröfur séu gerðar til greiðsluþjónustuveitandans en ákvæði frumvarpsins um peninga- og verðmætasendingarþjónustu gera ráð fyrir.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að helstu ákvæði II. kafla frumvarpsins, um greiðslustofnanir, gildi um peninga- og verðmætasendingarþjónustu sem heimilt er að veita greiðsluþjónustu skv. 1. mgr. Ekki er gert ráð fyrir að eftirfarandi ákvæði gildi: 9. gr. (stofnfé), 10. gr. (eiginfjárgrunnur), 11. gr. (útreikningur eigin fjár greiðslustofnunar), 7. mgr. 14. gr. (er kveður á um að starfsleyfi skuli gilda í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu), 6. mgr. 19. gr. (heimild til lánveitinga), 2.–4. mgr. 22. gr. og 3.–4. mgr. 23. gr. (sem eiga við um veitingu greiðsluþjónustu yfir landamæri) og 24. gr. (heimild til útvistunar). Að öðru leyti gerir frumvarpið ráð fyrir að starfræksla peninga- og verðmætasendingarþjónustu skv. 1. mgr. sé háð sömu skilyrðum og greiðslustofnana. Vísast til athugasemda um 14. tölul. 7. gr. hér að framan, um tengsl laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti, og ákvæða frumvarpsins um peninga- og verðmætasendingarþjónustu.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir heimild til handa Fjármálaeftirlitinu um nánari reglusetningu á grundvelli 27. gr. Gera má ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins kalli á breytingar á reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 917/2009 um gjaldeyrisskiptastöðvar og peninga- og verðmætasendingarþjónustu. Enn fremur vísast til ákvæða IX. kafla frumvarpsins um breytingar á lögum nr. 64/2006.

Um III. kafla.

Lagt er til að 3. þáttur tilskipunar 2007/64/EB verði innleiddur í III. kafla, um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu. Í upphafi kaflans greinir almenn ákvæði, svo og undanþáguheimild að því er varðar svokallaða smágreiðslumiðla. Að öðru leyti skiptist kaflinn upp í efnisreglur sem gilda um annars vegar stakar greiðslur sem ekki falla undir rammasamninga og hins vegar um greiðslur sem falla undir rammasamninga.

Þykir til skýringar að skipta III. kafla upp í þrjá hluta:

A. Almenn ákvæði (28.–34. gr.).

B. Ákvæði um stakar greiðslur sem ekki falla undir rammasamninga (35.–38. gr.).

C. Ákvæði um greiðslur sem falla undir rammasamninga (39.–46. gr.).

Um 28. gr.

Lagt er til að gildissvið III. kafla frumvarpsins verði skilgreint í ákvæði þessu. Skv. 1. mgr. ná ákvæði kaflans til stakra greiðslna, rammasamninga og greiðslna sem falla undir slíka samninga. Svo sem nánar greinir í 3. og 4. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir sérákvæðum um annars vegar upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu þegar um ræðir stakar greiðslur sem ekki falla undir rammasamninga og hins vegar upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu þegar um ræðir greiðslur sem falla undir rammasamninga.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði að víkja frá ákvæðum III. kafla með samningi, hvort heldur í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi í skilningi 7. gr. frumvarpsins. Ef um neytanda er að ræða er hins vegar óheimilt að víkja frá ákvæðum III. kafla. Þetta er því dæmi um sérákvæði gagnvart 3. gr. frumvarpsins. Eitt af markmiðum tilskipunarinnar sem lagt er til að innleidd verði með frumvarpi þessu er einmitt að tryggja neytendum rétt til upplýsinga, m.a. til að auðvelda þeim samanburð á þjónustu greiðsluþjónustuveitenda og vernda þá gegn óréttmætum eða villandi viðskiptaháttum. Minnt skal á að önnur lög kunna að gera ríkari kröfur til upplýsingagjafar en greinir í frumvarpi þessu. Sem dæmi má nefna að skylda lánveitenda til upplýsingagjafar samkvæmt lögum um neytendalán stendur óhögguð þrátt fyrir að lánasamningar kunni að falla bæði undir þá löggjöf

og lög um greiðsluþjónustu. Lánveitanda ber með öðrum orðum að uppfylla skyldur sínar samkvæmt báðum lagabálkum. Um ræðir innleiðingu á 2. málsl. 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar.

Í 5. mgr. er lagt til að innleidd verði 2. mgr. 31. gr. tilskipunarinnar, sem mælir fyrir um að í þeim tilvikum sem ákvæði tilskipunar 2002/65/EB um fjarsölu á fjármálaþjónustu eigi við auk ákvæða laga þessara skuli hluti 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/65/EB, um upplýsingaskyldu gagnvart neytanda áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði, víkja fyrir 36.–37. og 41.–42. gr. tilskipunar 2007/64/EB um greiðsluþjónustu. Síðastgreind ákvæði tilskipunar 2007/64/EB er lagt til að verði innleidd með 35., 36., 39. og 40. gr. frumvarpsins.

Um 29. gr.

Lagt er til að ráðherra verði heimilt að kveða í reglugerð á um undanþágur frá kröfum III. kafla, um upplýsingagjöf greiðsluþjónustuveitanda gagnvart notendum greiðsluþjónustu, þegar smágreiðslumiðill (e. low-value payment instrument) í skilningi frumvarpsins er annars vegar. Gert er ráð fyrir sambærilegri heimild í 48. gr. frumvarpsins, þ.e. heimild til veitingar undanþága frá ákvæðum IV. kafla, um réttindi og skyldur í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu, þegar smágreiðslumiðlar eru annars vegar. Orðið smágreiðslumiðill er skilgreint í 7. gr. frumvarpsins. Einstakar greiðslur með smágreiðslumiðlum mega að hámarki nema jafnvirði 30 evra (þ.e. ca. 5.000 kr. á núverandi gengi) og/eða smágreiðslumiðill hefur útgjaldaþak/geymir að hámarki jafnvirði 150 evra (þ.e. u.þ.b. 24.000 kr. á núverandi gengi). Því er gert ráð fyrir að 34. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í reglugerð.

Samkvæmt 30. tölul. í formála tilskipunarinnar eiga smágreiðslumiðlar að vera ódýr og auðnýtanlegur kostur þegar um er að ræða lágverðsvörur og -þjónustu. Því eigi ekki að íþyngja þeim með óhóflegum kröfum um upplýsingagjöf; kröfurnar eigi að takmarkast við nauðsynlega upplýsingagjöf og tekið skuli tillit til tæknilegra möguleika sem réttlætanlegt sé að vænta af slíkum greiðslumiðlum. Þrátt fyrir það eigi notendur smágreiðslumiðla að njóta fullnægjandi verndar, að teknu tilliti til takmarkaðrar áhættu vegna þeirra, einkum að því er varðar fyrir fram greidda greiðslumiðla. Fjöldi smágreiðslumiðla í umferð á Íslandi er lítill, ef nokkur, og þýðing ákvæðisins því takmörkuð, enn sem komið er.

Um 30. gr.

Lagt er til að 33. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 30. gr. frumvarpsins. Ákvæðið leggur sönnunarbyrði á herðar greiðsluþjónustuveitanda fyrir því að hann hafi uppfyllt þær kröfur sem III. kafli frumvarpsins gerir um upplýsingagjöf. Fyrrgreind 33. gr. tilskipunarinnar er eitt af nokkrum valkvæðum ákvæðum hennar, en tilefni þykir til að nýta það með tilliti til þess að öflun sönnunargagna stendur greiðsluþjónustuveitanda nær. Það að leggja sönnunarbyrðina á herðar greiðsluþjónustuveitendum, að því er varðar uppfyllingu skyldna sem frumvarp þetta leggur á herðar þeim, er enn fremur í takti við auknar kröfur um upplýsingagjöf á sviði fjármálaþjónustu að mati frumvarpshöfunda.

Um 31. gr.

Lagt er til að 32. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 31. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að greiðsluþjónustuveitanda verði skylt að veita notendum greiðsluþjónustu þær lágmarksupplýsingar sem III. kafli frumvarpsins gerir ráð fyrir gjaldfrjálst.

Í 2. mgr. er hins vegar gert ráð fyrir að semja megi um gjaldtöku fyrir veitingu viðbótarupplýsinga eða tíðari upplýsingagjöf en III. kafli frumvarpsins gerir ráð fyrir, svo og veitingu

upplýsinga með öðrum hætti en tilgreindur er í rammasamningi. Það er skilyrði að notandi greiðsluþjónustunnar hafi óskað eftir slíkri aukinni þjónustu og að innheimt gjöld séu viðeigandi og í samræmi við raunkostnað sem aukin þjónusta, þ.e. umfram lágmarkskröfur III. kafla frumvarpsins, hefur í för með sér fyrir greiðsluþjónustuveitandann. Í 28. tölul. í formála tilskipunarinnar er vikið að mikilvægi gagnsæis við verðlagningu og ólíkum þörfum viðskiptavina, til grundvallar heimild þessari. Jafnframt er í 45. tölul. í formála tilskipunarinnar vikið að nauðsyn þess að notendur greiðsluþjónustu hafi upplýsingar um raunverulegan kostnað og gjöld fyrir greiðsluþjónustu, til samanburðar á þjónustu ólíkra greiðsluþjónustuveitenda.

Um 32. gr.

Lagt er til að 49. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 32. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að greiðslur skuli vera í þeim gjaldmiðli sem aðilar hafa komið sér saman um. Það athugast að heimild til að semja um gjaldmiðil í greiðslum er þó takmörkuð í núgildandi lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum (gjaldeyrishöft). Vísast til bráðabirgðaákvæðis I í frumvarpinu.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir upplýsingagjöf af hálfu þess aðila sem býður greiðanda gjaldmiðilsumreikning áður en greiðsla á sér stað, hvort sem það er á sölustað (þ.e. væntanlega einkum greiðsluþjónustuveitandi greiðanda) eða af hálfu viðtakanda greiðslu. Veittar skulu upplýsingar um gjöld og það gengi sem nota á við umreikning greiðslunnar og skal greiðandi samþykkja þjónustuna við gjaldmiðilsumreikninginn á þeim grundvelli. Gjaldmiðilsumreikningur er þjónusta sem boðin er notendum til að draga úr gengisáhættu þeirra. Í ákvæðinu er lagt til að greiðandinn fái allar upplýsingar um þau gjöld sem leggjast við vöruverðið vegna gjaldmiðilsumreikningsins áður en hann veitir samþykki fyrir greiðslu.

Um 33. gr.

Lagt er til að 50. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 33. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er lagt til að lögð skuli tilkynningarskylda á viðtakanda greiðslu gagnvart greiðanda um það, áður en greiðsla er framkvæmd, ef hann býður lækkun vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils. Það athugast að í 3. mgr. 47. gr. frumvarpsins er lagt til að viðtakanda greiðslu verði óheimilt að krefjast gjalds af greiðanda vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils. Þar er með öðrum orðum nýtt valkvætt ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 52. gr. tilskipunarinnar sem samkvæmt orðanna hljóðan heimilar aðildarríkjum að banna eða takmarka rétt til að krefjast slíkra gjalda að teknu tilliti til nauðsynjar á að efla samkeppni og notkun skilvirkra greiðslumiðla. Gagnályktað verður út frá 3. mgr. 47. gr. á þá vegu að viðtakanda greiðslu sé heimilt að bjóða greiðanda lækkun vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils umfram aðra, enda hefur framkvæmdastjórn ESB túlkað ákvæði 3. mgr. 52. gr. tilskipunarinnar þannig að það veiti aðildarríkjum ekki svigrúm til að banna veitingu afsláttar vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils.

Í 2. mgr. er lagt til að lögð verði sambærileg skylda á herðar greiðsluþjónustuveitendum að því er varðar gjaldtöku vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils. Það athugast að hér er um að ræða gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitanda, en ekki viðtakanda greiðslu sem bannið í 3. mgr. 47. gr. frumvarpsins snýr einmitt að. Sem dæmi má nefna að færslugjöld vegna debetkorta mundu falla undir 2. mgr. 33. gr.

Um 34. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 35. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 34. gr. frumvarpsins, þ.e. sérákvæði um greiðslufyrirmæli vegna stakrar greiðslu sem send eru með greiðslumiðli sem fellur undir rammasamning. Í slíkum tilfellum er greiðsluþjónustuveitandi ekki skuldbundinn til að veita eða koma á framfæri upplýsingum sem notandi greiðsluþjónustu hefur þegar fengið á grundvelli rammasamnings við annan greiðsluþjónustuveitanda, eða sem honum verða veittar á grundvelli rammasamningsins. Dæmi um greiðslufyrirmæli vegna stakrar greiðslu sem send eru með greiðslumiðli sem fellur undir rammasamning er úttekt reiðufjár úr hraðbanka á vegum aðila sem ekki er í samningssambandi við greiðanda vegna greiðslumiðilsins.

Um 35. gr.

Lagt er til að 36. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 35. gr. frumvarpsins. Líkt og fram kemur í 28 gr. frumvarpsins gilda ákvæði B-hluta, þ.e. 35.–38. gr. frumvarpsins, um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu þegar um ræðir stakar greiðslur sem ekki falla undir rammasamninga.

Í 1.–3. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi skuli koma ítarlegum upplýsingum og skilmálum um þjónustuna á framfæri við notanda greiðsluþjónustu á aðgengilegan hátt áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna verður bindandi fyrir notandann. Upplýsingar og skilmálar skulu settir fram á aðgengilegan hátt, m.a. með skýrum og auðskiljanlegum hætti.

Í 4. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að í þeim tilvikum sem greiðsluþjónustuveitanda er ómögulegt að uppfylla upplýsingaskyldu sína í samræmi við 1.–3. mgr. fyrir fram skuli metið fullnægjandi að veita tilskildar upplýsingar þegar í stað eftir að greiðsla hefur verið framkvæmd. Orðið fjarsamskiptamiðill er skilgreint í 7. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. er lagt til að skyldu til upplýsingagjafar skv. 1.–3 mgr. ákvæðisins megi uppfylla með því að leggja fram afrit af drögum að þjónustusamningi um stakar greiðslur eða drögum að greiðslufyrirmælum sem geyma upplýsingar og skilmála, sbr. 1.–3. mgr.

Um 36. gr.

Lagt er til að 37. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 36. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. eru skilgreindar þær upplýsingar og skilmálar sem greiðsluþjónustuveitanda ber að koma á framfæri við notanda greiðsluþjónustu á aðgengilegan hátt áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna verður bindandi fyrir notandann, sbr. 35. gr. frumvarpsins. Með orðunum að gera upplýsingar aðgengilegar er skv. 27. tölul. í formála tilskipunarinnar átt við að móttakandi upplýsinganna kunni að þurfa að eiga frumkvæði að tilteknum aðgerðum til að nálgast upplýsingarnar, svo sem að óska eftir því við greiðsluþjónustuveitanda að fá þær afhentar, skrá sig inn í heimabanka eða framvísa greiðslukorti í prentara eða hraðbanka til að prenta út kvittun.

Samkvæmt a-lið er í fyrsta lagi um að ræða nauðsynlegar upplýsingar, eða sérstakt kennimerki, sem notandi greiðsluþjónustu þarf að gefa upp svo að greiðslufyrirmæli verði framkvæmd á réttan hátt. Orðin sérstakt kennimerki eru skilgreind í 7. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er skv. b-lið um að ræða upplýsingar um hámarkstíma framkvæmdar greiðsluþjónustu. Í þriðja lagi er skv. c-lið um að ræða upplýsingar um gjaldtöku greiðsluþjónustuveitanda vegna veitingar greiðsluþjónustunnar. Í fjórða lagi er skv. d-lið um að ræða upplýsingar um raunverulegt gengi eða viðmiðunargengi sem gilda skal um greiðslu, ef við á. Orðið við-

miðunargengi er skilgreint í 7. gr. frumvarpsins. Loks er í e-lið kveðið á um að öðrum viðeigandi upplýsingum og skilmálum sem tilgreindir eru í 40. gr. frumvarpsins skuli, eftir því sem við kann að eiga, komið á framfæri (með vísan til 34. gr.).

Um 37. gr.

Lagt er til að 38. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 37. gr. frumvarpsins. Ákvæðið lýtur að upplýsingagjöf af hálfu greiðsluþjónustuveitanda gagnvart greiðanda þegar í stað eftir viðtöku greiðslufyrirmæla, þegar um ræðir stakar greiðslur. Upplýsingarnar skulu afhentar greiðanda, eða gerðar honum aðgengilegar, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 1.–3. mgr. 35. gr. frumvarpsins. Með orðunum að gera upplýsingar aðgengilegar er skv. 27. tölul. í formála tilskipunarinnar átt við að móttakandi upplýsinganna kunni að þurfa að eiga frumkvæði að tilteknum aðgerðum til að nálgast upplýsingarnar, svo sem að óska eftir því við greiðsluþjónustuveitanda að fá þær afhentar, skrá sig inn í heimabanka eða framvísa greiðslukorti í prentara eða hraðbanka til að prenta út kvittun.

Stafliðirnir þarfnast ekki nánari skýringa. Þó skal þess getið að því er varðar d-lið að óviðráðanlegar ytri aðstæður kunna t.d. að leiða til þess að grípa þurfi til notkunar á öðru gengi en upphaflega var upplýst um að notað yrði við framkvæmd greiðslu.

Um 38. gr.

Lagt er til að 39. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 38. gr. frumvarpsins. Ákvæðið lýtur að upplýsingagjöf af hálfu greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu gagnvart viðtakandanum þegar í stað eftir að greiðsla hefur verið framkvæmd. Upplýsingarnar skulu afhentar viðtakanda greiðslu, eða gerðar honum aðgengilegar, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 1.–3. mgr. 35. gr. frumvarpsins.

Stafliðirnir þarfnast ekki nánari skýringa. Þó skal þess getið að því er varðar e-lið, þ.e. gildisdag eignfærslu (e. credit value date), að orðið gildisdagur er skilgreint í 7. gr. frumvarpsins.

Um 39. gr.

Líkt og fram kemur í 28. gr. frumvarpsins gilda ákvæði 39.–46. gr. aðeins um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu þegar um ræðir greiðslur sem falla undir rammasamninga. Orðið rammasamningur er skilgreint í 7. gr. frumvarpsins sem samningur um greiðsluþjónustu þar sem kveðið er á um framkvæmd einstakra greiðslna og röð greiðslna í framtíðinni og kann að fela í sér skyldu til stofnunar greiðslureiknings og skilmála þar um. Eins og fram kemur í 24. tölul. formála tilskipunarinnar eru rammasamningar um greiðsluþjónustu og greiðslur sem falla undir slíka samninga mun algengari en stakar greiðslur. Rammasamnings er þörf ef greiðslureikningur eða tiltekinn greiðslumiðill er fyrir hendi vegna greiðsluþjónustu. Tilskipunin gerir kröfu um ítarlega upplýsingagjöf fyrir gerð rammasamnings á pappír eða öðrum varanlegum miðli.

Lagt er til að 41. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 39. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um upplýsingaskyldu greiðsluþjónustuveitanda gagnvart notanda greiðsluþjónustu, áður en rammasamningur eða tilboð um greiðsluþjónustu verður bindandi fyrir notandann. Vakin er athygli á að strangari kröfur eru gerðar til miðlunar upplýsinga gagnvart notendum greiðsluþjónustu þegar rammasamningur er annars vegar en þegar um ræðir stakar greiðslur, sbr. einkum 35. og 36. gr. frumvarpsins. Upplýsingar skulu veittar á pappír eða öðrum varanlegum miðli (með vísan til orðskýringa í 7. gr.); ekki er gert

ráð fyrir að frumkvæði notanda greiðsluþjónustu þurfi til með þeim hætti sem greinir í 2. mgr. 35. gr. frumvarpsins.

Í 2.–4. mgr. er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur eigi við um almenna upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna greiðslna sem falla undir rammasamninga verður bindandi fyrir notanda og kveðið er á um í 35. gr. frumvarpsins, um stakar greiðslur. Vísast því til athugasemda við 35. gr. hér að framan.

Um 40. gr.

Lagt er til að 42. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 40. gr. frumvarpsins. Ákvæðið kveður á um að upplýsingar og skilmálar er varða greiðsluþjónustuveitanda, notkun greiðsluþjónustu, gjöld, vexti og gengi, samskipti, ráðstafanir til verndar og úrbóta, breytingar og uppsögn rammasamnings, svo og úrlausn ágreiningsmála, skuli afhentir notendum greiðsluþjónustu. Þær upplýsingar og skilmálar um ræðir eru nákvæmlega tíundaðir í sjö töluliðum. Upplýsingar og skilmálar skulu afhentir með þeim hætti sem greinir í 39. gr. frumvarpsins.

Fyrsti töluliður snýr að hlutaðeigandi greiðsluþjónustuveitanda. Upplýsa skal notanda greiðsluþjónustu um heiti hans, heimilisfang höfuðstöðva og viðeigandi póstföng, þ.m.t. tölvupóstföng. Enn fremur skal upplýsa notandann um það hvaða lögbær eftirlitsaðili fer með eftirlit með starfseminni (t.d. Fjármálaeftirlitið) og, eftir því sem á, upplýsingar um opinbera skráningu greiðsluþjónustuveitandans (t.d. skrá yfir greiðslustofnanir skv. II. kafla frumvarpsins eða skrá yfir eftirlitsskylda aðila, sbr. lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi). Líkt og áður greinir er í 5. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að þeim einum verði heimilt að veita greiðsluþjónustu hér á landi sem teljast til greiðsluþjónustuveitenda í skilningi frumvarpsins (sbr. 7. gr.), enda hafi þeir tilskilin leyfi stjórnvalda hér á landi eða í öðru aðildarríki. Evrópsk fjármálafyrirtæki og greiðslustofnanir geta t.d. veitt slíka þjónustu hér á landi á grundvelli ákvæða tilskipunar 2007/64/EB um veitingu greiðsluþjónustu yfir landamæri (e. passporting).

Annar töluliður snýr að þeirri þjónustu sem um ræðir. Upplýsa skal notanda greiðsluþjónustu um helstu einkenni viðkomandi þjónustu, þ.e. þá grundvallarþætti sem framkvæmd og veiting greiðsluþjónustu felur í sér, enn fremur um það sérstaka kennimerki (sbr. orðskýringar í 7. gr. frumvarpsins) eða upplýsingar sem notandinn skal leggja fram til að greiðslufyrirmæli verði framkvæmd á réttan hátt (t.d. greiðslureikningsnúmer); hvernig og á hvaða formi samþykki skuli veitt fyrir framkvæmd greiðslu og afturköllun slíks samþykkis í samræmi við tiltekin ákvæði IV. kafla frumvarpsins; við hvaða tímamark viðtaka greiðslufyrirmæla miðast og um lokunartíma (e. cut-off time) sem greiðsluþjónustuveitandi fastsetur, ef um hann er að ræða; hámarksframkvæmdatíma greiðsluþjónustu; og loks hvort mögulegt sé að ákvarða útgjaldaþak vegna greiðslna sem framkvæmdar eru með greiðslumiðli.

Þriðji töluliður snýr að gjaldtöku, vöxtum og gengi. Upplýsa skal notanda greiðsluþjónustu um öll gjöld sem honum ber að greiða greiðsluþjónustuveitanda og skulu fjárhæðir sundurliðaðar, ef við á. Ef við á skal enn fremur upplýsa notandann um þá vexti og gengi sem nota skal við veitingu greiðsluþjónustunnar; eða, ef nota á viðmiðunarvexti og viðmiðunargengi, upplýsingar um þá aðferð sem nota skal við útreikning á vöxtum og viðeigandi dagsetningu og vísitölu eða grunn til að ákvarða viðmiðunarvexti eða -gengi. Loks skal, ef um það er samið, upplýsa notandann um að breytingar á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi og tilkynningarskylda í tengslum við slíkar breytingar taki gildi þegar í stað í samræmi

við 2. mgr. 42. gr. frumvarpsins. Orðin viðmiðunargengi og viðmiðunarvextir eru skilgreind í 7. gr. frumvarpsins.

Fjórði töluliður snýr að boðleiðum og samskiptum notanda greiðsluþjónustu við greiðsluþjónustuveitandann. Upplýsa skal notanda greiðsluþjónustu um það með hvaða hætti samskiptum við greiðsluþjónustuveitandann skuli háttað, þ.e. hvernig nauðsynlegum upplýsingum og tilkynningum skuli miðlað þeirra á milli. Ef við á skal upplýsa notanda um þær tæknilegu kröfur sem kunna að vera gerðar til búnaðar hans, t.d. tölvu. Þá skal kynna fyrir notanda með hvaða hætti og hve títt upplýsingar skuli veittar eða gerðar aðgengilegar honum vegna greiðsluþjónustunnar, á hvaða tungumáli rammasamningur og boðskipti skuli vera; og rétt hans til að fá afhenta skilmála rammasamnings og upplýsingar og skilmála í samræmi við 41. gr. frumvarpsins.

Fimmti töluliður snýr að varúðarráðstöfunum og ábyrgð. Lýsa ber þeim ráðstöfunum sem notandi greiðsluþjónustu skal grípa til í því skyni að tryggja örugga varðveislu greiðslumiðils, ef við á. Enn fremur skal upplýsa notanda um það hvernig tilkynningu til greiðsluþjónustuveitanda skuli háttað verði hann var við tap, þjófnað eða misnotkun á greiðslumiðli eða óheimila notkun hans. Þá skal upplýsa notandann um skilyrði áskilnaðar greiðsluþjónustuveitanda til stöðvunar á notkun greiðslumiðils, ef um það er samið, um ábyrgð greiðanda vegna óheimilaðrar færslu og tilheyrandi fjárhæðarmörk, hvernig og innan hvaða tímamarka tilkynna skal greiðsluþjónustuveitanda um óheimilaða eða rangt framkvæmda greiðslu, sem og ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda á óheimiluðum greiðslum. Loks er gert ráð fyrir skyldu til að upplýsa notanda um ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda á framkvæmd greiðslu skv. 69. gr. frumvarpsins; og skilyrði fyrir endurgreiðslu skv. 57. og 58. gr. frumvarpsins.

Sjötti töluliður snýr að breytingum og uppsögn rammasamnings. Upplýsa skal notanda greiðsluþjónustu um að notandi teljist hafa samþykkt breytingar á skilmálum rammasamnings skv. 42. gr. nema hann tilkynni greiðsluþjónustuveitanda að hann samþykki þær ekki áður en fyrirhugaður gildistími breytinganna hefst, ef um það er samið. Einnig skal upplýsa notanda um gildistíma rammasamnings og rétt notandans til uppsagnar rammasamnings í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Sjöundi töluliður snýr að úrlausn ágreiningsmála. Upplýsa skal notanda greiðsluþjónustu um hvaða lög gilda um rammasamninginn og hvaða kosti notandinn á um úrlausn ágreiningsmála utan dómstóla og meðferð bótamála.

Um 41. gr.

Lagt er til að 43. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 41. gr. frumvarpsins. Ákvæðið mælir fyrir um að skilmálar rammasamnings, svo og upplýsingar og skilmálar skv. 40. gr., skuli hvenær sem er meðan á samningssambandi stendur vera aðgengilegir notanda greiðsluþjónustu, á pappír eða öðrum varanlegum miðli. Þannig geti notandinn borið saman þjónustu ólíkra greiðsluþjónustuveitenda og skilmála þeirra, svo og í ágreiningsmálum gengið úr skugga um réttindi og skyldur samkvæmt samningnum.

Um 42. gr.

Lagt er til að 44. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 42. gr. frumvarpsins, um breytingar á skilmálum rammasamnings.

Í 1. mgr. er lagt til að tillögur að breytingum á rammasamningi skuli kynntar fyrir notanda greiðsluþjónustu eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir fyrirhugaðan gildistíma breytinganna, á pappír eða varanlegum miðli. Breytingartillögurnar skulu vera skýrar og auðskiljanlegar,

sbr. 2. mgr. 39. gr. frumvarpsins. Hafi aðilar samið um að notandi greiðsluþjónustu teljist hafa samþykkt slíkar breytingar ef hann tilkynnir ekki um annað áður en fyrirhugaður gildistími hefst skal greiðsluþjónustuveitandi árétta það við notandann. Í því tilviki skal greiðsluþjónustuveitandinn jafnframt taka fram að notandinn eigi rétt á að segja rammasamningnum upp þegar í stað án sérstakrar gjaldtöku áður en fyrirhugaðar breytingar öðlast gildi, ef við á.

Í 2. mgr. er sérstaklega fjallað um breytingar á vöxtum eða gengi. Lagt er til að slíkar breytingar öðlist gildi þegar í stað, án viðvörunar, ef samið hefur verið um slíkt í rammasamningi og breytingarnar byggjast á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi sem samið hefur verið um. Tilkynna skal notanda greiðsluþjónustu um allar breytingar á vöxtum eins fljótt og kostur er, nema aðilar hafi komið sér saman um að slíkar upplýsingar skuli veittar eða gerðar aðgengilegar reglulega eða á tiltekinn annan hátt. Þó má breyta vöxtum eða gengi án tilkynningar ef slíkar breytingar eru notanda greiðsluþjónustu í hag. Orðin viðmiðunarvextir og viðmiðunargengi eru skilgreind í 7. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að breytingar á vöxtum eða gengi sem notað er í greiðslum skuli framkvæmdar og reiknaðar á hlutlausan hátt, þannig að jafnræði notenda greiðsluþjónustu sé í heiðri haft (þeim sé ekki mismunað).

Um 43. gr.

Lagt er til að 45. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 43. gr. frumvarpsins, um uppsögn rammasamnings.

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um almenna uppsagnarheimild notanda greiðsluþjónustu. Uppsögn taki gildi þegar í stað, nema samið hafi verið um tiltekinn uppsagnarfrest. Ekki er heimilt að semja um lengri uppsagnarfrest en sem nemur einum mánuði.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að uppsögn rammasamnings, hvort heldur með föstum samningstíma eða með ótilteknum samningstíma, skuli vera notanda greiðsluþjónustu að kostnaðarlausu. Hér verði því nýtt valkvæð heimild 6. mgr. 45. gr. tilskipunarinnar, sem kveður á um að heimilt sé að gera uppsögn á greiðsluþjónustusamningum hagfelldari fyrir notendur en 45. gr. tilskipunarinnar kveður á um, í þessu tilviki 2. mgr. Þannig mun framkvæmdin almennt vera á Íslandi í dag, a.m.k. að því er greiðslukort varðar, og er jafnframt horft til þess markmiðs tilskipunarinnar að auka neytendavernd. Minnt skal á að skv. 2. mgr. 47. gr. frumvarpsins má víkja frá ákvæðum III. kafla með samningi þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi. Því á ákvæði 2. mgr. 43. gr. frumvarpsins ekki að koma í veg fyrir að greiðsluþjónustuveitandi geti samið um sérstakt uppsagnargjald þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

Í 3. mgr. er sérstaklega vikið að heimild greiðsluþjónustuveitanda til uppsagnar á rammasamningi um greiðsluþjónustu sem er með ótiltekinn samningstíma. Lagt er til að uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum verði bundinn við a.m.k. tvo mánuði, í samræmi við 3. mgr. 45. gr. tilskipunarinnar, enda greini þá heimild í hlutaðeigandi rammasamningi. Notanda greiðsluþjónustu skal tilkynnt um uppsögnina með þeim hætti sem 1. og 2. mgr. 39. gr. frumvarpsins gera ráð fyrir, þ.e. á pappír eða öðrum varanlegum miðli, með skýrum og auðskiljanlegum hætti.

Í 4. mgr. er fjallað um áhrif uppsagnar rammasamnings á innheimtu greiðslna fyrir greiðsluþjónustu. Lagt er til að kveðið verði á um að notanda greiðsluþjónustu beri aðeins að greiða hlutfallsleg gjöld vegna greiðsluþjónustu, sem krafist er reglubundið á samningstíma, fram að gildistíma uppsagnar rammasamnings. Ef slík gjöld hafa verið greidd fyrir fram skuli þau endurgreidd notanda hlutfallslega.

Um 44. gr.

Lagt er til að 46. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 44. gr. frumvarpsins, um upplýsingagjöf áður en kemur til framkvæmdar einstakra greiðslna sem falla undir rammasamning, þ.e. um hámarksframkvæmdatíma og gjöld vegna framkvæmdar greiðslunnar.

Um 45. gr.

Lagt er til að 47. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 45. gr. frumvarpsins, um upplýsingagjöf gagnvart greiðanda eftir að fjárhæð einstakrar greiðslu sem fellur undir rammasamning er skuldfærð af reikningi greiðanda eða, ef greiðandi notar ekki greiðslureikning, eftir viðtöku greiðslufyrirmæla. Greiðsluþjónustuveitandi skal tafarlaust veita greiðandanum nánar tilgreindar upplýsingar á pappír eða öðrum varanlegum miðli, með skýrum og auðskiljanlegum hætti. Orðið gildisdagur er skilgreint í 7. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði að semja um það í rammasamningi að upplýsingar skv. 1. mgr. ákvæðisins skuli veittar eða gerðar aðgengilegar reglulega, a.m.k. einu sinni í mánuði, með einhverjum þeim hætti (nánar skilgreindum í rammasamningi) sem gerir greiðanda kleift að geyma eða kalla fram upplýsingarnar óbreyttar.

Um 46. gr.

Lagt er til að 48. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með ákvæði 46. gr. frumvarpsins, um upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda greiðslu eftir framkvæmd einstakrar greiðslu sem fellur undir rammasamning. Greiðsluþjónustuveitandi skal tafarlaust veita viðtakandanum nánar tilgreindar upplýsingar á pappír eða öðrum varanlegum miðli, með skýrum og auðskiljanlegum hætti. Orðið gildisdagur er skilgreint í 7. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði að semja um það í rammasamningi að upplýsingar skv. 1. mgr. skuli veittar eða gerðar aðgengilegar reglulega, a.m.k. einu sinni í mánuði, með einhverjum þeim hætti (nánar skilgreindum í rammasamningi) sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að geyma eða kalla fram upplýsingarnar óbreyttar.

Um IV. kafla.

Lagt er til að bróðurpartur ákvæða 4. þáttar tilskipunar 2007/64/EB verði innleiddur í IV. kafla frumvarpsins, sem ber yfirskriftina réttindi og skyldur í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu. Geymir kaflinn m.a. grundvallarreglur um framkvæmd greiðslu, hvenær greiðsla telst heimiluð og kveður á um skyldur notanda greiðsluþjónustu annars vegar og greiðsluþjónustuveitanda hins vegar í tengslum við notkun greiðslumiðla. Þá er fjallað um ábyrgð greiðanda og greiðsluþjónustuveitanda vegna óheimilaðra greiðslna o.fl.

Líkt og áður greinir hefur ekki verið um auðugan garð að gresja í íslenskum rétti, að því er varðar reglur í settum lögum um þá starfsemi sem í frumvarpi þessu er skilgreind sem greiðsluþjónusta. Í tengslum við efnisákvæði IV. kafla frumvarpsins er rétt að minna á að viss fordæmi hafa skapast í málum sem kærð hafa verið til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, svo sem varðandi misnotkun á greiðslukortum.

Áréttað skal að notandi greiðsluþjónustu verður að uppfylla skilyrði laga þessara um upplýsingagjöf gagnvart greiðsluþjónustuveitanda svo að tryggja megi rétta framkvæmd greiðslu og framkvæmd greiðslu innan þeirra tímamarka sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Sem dæmi má nefna að upplýsingar þurfa eftir atvikum að liggja fyrir um sérstakt kennimerki skv. 68. gr. frumvarpsins. Áður en greiðsla yrði dæmd of seint framkvæmd kæmu til að mynda kröfur laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka enn fremur til skoðunar.

Um 47. gr.

Lagt er til að 52. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í ákvæði 47. gr. frumvarpsins, um gjaldtöku.

Í 1. mgr. er lagt til að meginreglan verði sú að greiðsluþjónustuveitanda sé ekki heimilt að innheimta gjald af notendum greiðsluþjónustu vegna upplýsinga sem honum er skylt að veita samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, eða vegna leiðréttingarráðstafana og fyrirbyggjandi ráðstafana skv. IV. kafla þess. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir undantekningum frá þeirri meginreglu. Í samræmi við 1. mgr. 51. gr. tilskipunarinnar er lagt til að 1. mgr. 47. gr. verði frávíkjanleg þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að viðtakandi greiðslu skuli bera kostnað af gjaldtöku greiðsluþjónustuveitanda hans vegna framkvæmdar greiðslu, og greiðandi sömuleiðis gagnvart sínum greiðsluþjónustuveitanda, ef í greiðslu felst enginn gjaldmiðilsumreikningur. Í 2. mgr. 32. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu greiðsluþjónustuveitanda til upplýsingagjafar um gjaldtöku og gengi vegna þjónustu sem felur í sér gjaldmiðilsumreikning.

Í 3. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að viðtakanda greiðslu sé óheimilt að krefjast gjalds af greiðanda vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils, umfram aðra. Hér yrði því nýtt valkvætt ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 52. gr. tilskipunarinnar, sem samkvæmt orðanna hljóðan heimilar aðildarríkjum að banna eða takmarka rétt til að krefjast slíkra gjalda að teknu tilliti til nauðsynjar á að efla samkeppni og notkun skilvirkra greiðslumiðla. Málsgrein þessi er því, að mati frumvarpshöfunda, í samræmi við markmið Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins um rafrænt samfélag. Hafa verður í huga gildandi reglur um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar sem gera seljendum vöru og þjónustu m.a. skylt að birta endanlegt verð þar sem vara eða þjónusta er boðin til sölu. Með öðrum orðum er hætta á að reglur um verðmerkingar og verðupplýsingar yrði ekki í heiðri hafðar þar sem endanlegt verð til neytanda verður að vera án nokkurra viðbótarálaga. Það þýðir að söluaðili vöru eða þjónustu yrði að greina við verðmerkingu hvert væri hið endanlega verð óháð greiðslumiðli. Með því að nýta ekki hið valkvæða ákvæði tilskipunarinnar yrðu skilyrði sköpuð til samkeppni milli ólíkra tegunda greiðslumiðla. Líklegast er að samkeppni greiðslumiðla yrði á milli reiðufjár og greiðslukorta. Aukning reiðufjár í umferð hefur í för með sér kostnað við prentun seðla og myntsláttu og kann þar að auki að leiða til frekari skattundandráttar en ella. Vegna þess hve notkun greiðslukorta á Íslandi er víðtæk hafa skattyfirvöld eimitt nýtt sér greiðslukortaveltu rekstraraðila sem sterka vísbendingu við áætlun raunverulegrar veltu. Er um að ræða mikilvægar hagrænar upplýsingar fyrir skattyfirvöld. Kjósi neytendur reiðufé í auknum mæli sem greiðslumiðil er líklegt að erfiðara verði fyrir skattyfirvöld að áætla raunverulega veltu sem getur þá bæði verið of- eða vanáætluð eða jafnvel áætlun veltu ekki talin nægjanlega rökstudd með vísan til greiðslukortaveltu. Rafrænar greiðslur eru enn fremur í samræmi við markmið Evrópusambandsins, sbr. SEPA. Hvað viðvíkur samkeppni á milli greiðslumiðla þá er hætta á að í tilviki greiðslukorta muni neytandinn missa yfirsýn yfir hvaða greiðslukort séu honum hagstæðust í notkun á hverjum sölustað. Þjónustugjöldum vegna móttöku greiðslumiðla hefur nú þegar verið velt í verðlagið til neytenda, af hálfu söluaðila. Verður að teljast ólíklegt að söluaðilar muni við heimild til að innheimta kostnað lækka vöruverð sitt á sama tíma. Er því líklegt að þarna verðir til auknar álögur á neytendur bæði strax í kjölfar þess að heimild fæst og við vörukaup með greiðslumiðlum sem söluaðili vill leggja á viðbótargjald vegna notkunar þess. Frumvarpshöfundar telja það því í anda þeirra neytendahagsmuna sem tilskipun 2007/64/EB sem hér er verið að innleiða að með jákvæðum hætti verði lagt bann við þess konar álögum.

Um 48. gr.

Lagt er til að ráðherra verði heimilt að kveða í reglugerð á um undanþágur og frávik frá reglum IV. kafla, um réttindi og skyldur í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu, þegar smágreiðslumiðill (e. low-value payment instrument) í skilningi frumvarpsins er annars vegar. Gert er ráð fyrir sambærilegri heimild í 29. gr. frumvarpsins og vísast til umfjöllunar um 29. gr. hér að framan.

Reglugerð skv. 48. gr. skal byggð á 53. gr. tilskipunar 2007/64/EB.

Um 49. gr.

Lagt er til að 54. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 49. gr. frumvarpsins. Samkvæmt ákvæðinu telst greiðsla því aðeins heimiluð að greiðandi hafi veitt samþykki fyrir framkvæmd hennar, sbr. 1. mgr. Samþykki skal veitt með þeim hætti sem greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi hans koma sér saman um, sbr. 2. mgr. Ef samþykki er ekki fyrir hendi telst greiðsla ekki hafa verið heimiluð.

Í 3. mgr. er fjallað um afturköllun samþykkis. Ákvæði 61. gr. kveður nánar á um það tímamark og aðstæður sem samþykki fyrir framkvæmd greiðslu verður óafturkallanlegt. Þessi málsgrein er frávíkjanleg þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi, líkt og 1. mgr. 51. gr. tilskipunarinnar gerir ráð fyrir.

Um 50. gr.

Lagt er til að 55. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 50. gr. frumvarpsins, um takmarkanir á notkun greiðslumiðils.

Í 1. mgr. er lagt til að í þeim tilvikum að notkun greiðslumiðils felur í sér samþykki fyrir framkvæmd greiðslu (sbr. 49. gr.), svo sem notkun greiðslukorta, geti greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi komið sér saman um hámarksúttektarheimild vegna greiðslna sem framkvæmdar eru með greiðslumiðlinum. Í tilviki greiðslukorta væri um að ræða úttektarheimild hjá útgefendum.

Í 2. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitandi geti í rammasamningi áskilið sér rétt til að stöðva notkun greiðslumiðils vegna öryggis, sviksamlegrar notkunar eða þegar verulegar líkur eru á að greiðandi kunni að vera ófær um að uppfylla greiðsluskyldu sína. Slíkur áskilnaður er bundinn því skilyrði að beiting stöðvunarréttarins grundvallist á áðurgreindum ástæðum og að hugsanlegt tilefni stöðvunar sé metið á hlutlægan hátt. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að ákvörðun um að stöðva notkun greiðslumiðils megi ekki byggjast á ómálefnalegum ástæðum, sbr. 2. mgr. 55. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir tilkynningarskyldu gagnvart greiðanda um stöðvun á notkun greiðslumiðils og ástæður fyrir henni, svo fremi að löggjöf geri ekki ráð fyrir öðru. Við beitingu þessa ákvæðis kemur löggjöf sem af öryggisástæðum kann að takmarka miðlun upplýsinga helst til álita, t.d. refsilöggjöf og lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilkynna ber um stöðvun fyrir fram ef það er framkvæmanlegt, en ella í síðasta lagi tafarlaust í kjölfar stöðvunar. Gera verður ráð fyrir að notandi greiðsluþjónustu hafi hagsmuni af því að fá sem fyrst upplýsingar um stöðvun á notkun greiðslumiðils, líkt og greiðsluþjónustuveitandi, þegar t.d. grunur leikur á stuldi á greiðslukortanúmerum eða misnotkun greiðslumiðils með öðrum hætti.

Í 4. mgr. er lagt til að greiðsluþjónustuveitanda verði skylt að opna fyrir notkun greiðslumiðils að nýju, sem notkun hefur verið stöðvuð á, eða að afhenda nýjan greiðslumiðil í stað þess fyrri þegar ástæður fyrir stöðvun notkunar eru ekki lengur fyrir hendi.

Um 51. gr.

Lagt er til að 56. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 51. gr. frumvarpsins, um skyldur notanda greiðsluþjónustu í tengslum við greiðslumiðil.

Notandanum ber að nota greiðslumiðil í samræmi við skilmála um útgáfu og notkun hans, sbr. 1. mgr. Þá er í 2. mgr. lagt til að sett verði varúðarregla gagnvart notanda greiðsluþjónustu, um að hann geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja persónubundna öryggisþætti greiðslumiðils síns, þ.e. að þeir komist ekki í hendur annarra aðila. Árétta ber að varúðarreglan á við um persónubundna öryggisþætti greiðslumiðils (e. personalised security features), en ekki greiðslumiðilinn sjálfan, þ.e. t.d. PIN-númer á greiðslukortum. Með nauðsynlegum ráðstöfunum er átt við aðgerðir af hálfu notandans sem réttmætt má telja að gera kröfu til af hans hálfu.

Í því skyni að draga úr áhættu og afleiðingum af óheimiluðum greiðslum er í 3. mgr. gert ráð fyrir að notandi greiðsluþjónustu tilkynni greiðsluþjónustuveitanda án tafar um það verði hann var við tap eða þjófnað á greiðslumiðli eða misnotkun.

Um 52. gr.

Lagt er til að 57. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 52. gr. frumvarpsins, um skyldur greiðsluþjónustuveitanda í tengslum við greiðslumiðil. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringa, en árétta ber að skv. 3. mgr. er gert ráð fyrir að greiðsluþjónustuveitandi beri alla áhættu af sendingu greiðslumiðils og hvers kyns persónubundnum öryggisþáttum greiðslumiðils til greiðanda. Jafnframt er vakin athygli á skyldu greiðsluþjónustuveitanda til að sjá notanda greiðsluþjónustu fyrir úrræðum til að sanna að sá síðarnefndi hafi komið tilkynningu skv. 3. mgr. 51. gr. frumvarpsins á framfæri í 18 mánuði, sbr. 4. mgr.

Um 53. gr.

Lagt er til að 58. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 53. gr. frumvarpsins. Ákvæðið felur í sér að gerð er sú krafa til notanda greiðsluþjónustu að hann tilkynni greiðsluþjónustuveitanda án óþarfa tafar um það verði hann var við óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu og eigi síðar en 13 mánuðum eftir dagsetningu eignfærslu. Þetta á þó ekki við ef greiðsluþjónustuveitandi hefur vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. III. kafla gagnvart notandanum.

Uppfylli notandi ekki tilkynningarskyldu skv. 1. málsl. 1. mgr. kann hann að tapa rétti gagnvart greiðsluþjónustuveitanda vegna óheimilaðra eða rangt framkvæmdra greiðslna.

Þó svo að ákvæðið geri ráð fyrir allt að 13 mánaða tilkynningarfresti getur notandi greiðsluþjónustu með tómlæti sínu fyrirgert rétti til leiðréttingar færslu, sbr. að grundvallarkrafan skv. 1. mgr. er að tilkynningarskyldu sé sinnt án óþarfa tafar. Hafi notandi t.d. móttekið greiðsluyfirlit frá greiðsluþjónustuveitanda eða haft aðgang að því í gegnum netbanka kann hann að fyrirgera 13 mánaða frestinum, enda yrði almennt litið svo á að hann hefði ekki tilkynnt um óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu án óþarfa tafar, nema hann geti sýnt fram á að greiðsluþjónustuveitandinn hafi ekki veitt honum nauðsynlegar upplýsingar svo að hann gæti uppgötvað hina ranglega framkvæmdu greiðslu. Upplýsingar í netbanka um greiðslu kunna til að mynda að hafa verið rangar.

Tímafrestur getur skv. 2. mgr. verið umsemjanlegur milli greiðsluþjónustuveitanda og notanda greiðsluþjónustu sem ekki er neytandi, sbr. síðasta málslið 1. mgr. 51. gr. tilskipunarinnar.

Um 54. gr.

Lagt er til að 59. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 54. gr. frumvarpsins. Ákvæðið snýr að sannvottun vegna framkvæmdar greiðslu eða sönnunarbyrði um notkun greiðslumiðils, í þeim tilvikum þegar notandi greiðsluþjónustu neitar að hann hafi heimilað framkvæmd greiðslu. Í 1. mgr. segir að ef notandi greiðsluþjónustu neitar að hann hafi heimilað greiðslu eða heldur því fram að greiðsla hafi ekki verið réttilega framkvæmd skal greiðsluþjónustuveitandi hans sanna að framkvæmd greiðslu hafi verið án ágalla. Greiðsla er m.a. haldin ágalla í skilningi ákvæðisins ef hún hefur ekki verið nákvæmlega skráð, ekki verið færð í reikningshald eða ef tæknileg bilun hefur haft áhrif á hana. Greiðsluþjónustuveitandanum ber að sýna fram á að hann hafi framkvæmt sannvottun í tengslum við framkvæmd greiðslu, en sannvottun er skilgreind í 7. gr. frumvarpsins, þ.e. aðferð sem gerir greiðsluþjónustuveitandanum kleift að sannreyna notkun tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. persónubundnar öryggisráðstafanir. Sönnunin snýst því að þessu leyti um að ganga t.d. úr skugga um að rétt PIN-númer hafi verið notað í ferlinu við framkvæmd greiðslu, ef við á.

Í 2. mgr. er sérstaklega tiltekið að ef notandi greiðsluþjónustu neitar að hafa heimilað framkvæmd greiðslu er sú staðreynd að greiðslumiðill var notaður ekki endilega fullnægjandi, ein og sér, til sönnunar því að greiðandi hafi annaðhvort heimilað greiðsluna eða af ásetningi eða stórfelldu gáleysi látið ógert að uppfylla skyldur skv. 51. gr. frumvarpsins. Af þessu leiðir að við mat á þætti notanda greiðsluþjónustu við framkvæmd greiðslu hverju sinni skal litið til annarra atvika.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ákvæðið verði frávíkjanlegt þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi, sbr. 1. mgr. 51. gr. tilskipunarinnar.

Um 55. gr.

Lag er til að 60. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 55. gr. frumvarpsins. Lagt er til að greiðsluþjónustuveitandi skuli endurgreiða greiðanda fjárhæð óheimilaðrar greiðslu og ef við á bakfæra eignfærslu á greiðslureikninginn til sömu stöðu og hann hefði verið ef óheimilaða greiðslan hefði ekki átt sér stað. Gengið er út frá því í ákvæðinu að skilyrðum 53. gr. frumvarpsins hafi verið fullnægt, svo og annarra ákvæða IV. kafla sem við kunna að eiga.

Í 2. mgr. er um innleiðingu á 3. mgr. 53. gr. tilskipunarinnar að ræða. Það mælir fyrir um að ákvæðið skuli gilda um rafeyri, nema greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hafi ekki getu til að frysta greiðslureikninginn eða loka.

Um 56. gr.

Lagt er til að 61. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 56. gr. frumvarpsins, um bótaábyrgð greiðanda vegna óheimilaðrar greiðslu. Það athugast að skv. 6. mgr. er ákvæðið frávíkjanlegt þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi, sbr. 1. mgr. 51. gr. tilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er lagt til að sjálfsábyrgð greiðanda á tapi vegna óheimilaðra greiðslna sem rekja má til notkunar á týndum eða stolnum greiðslumiðli, eða stafar af óréttmætri nýtingu greiðslumiðils sem leiðir af því að greiðandi hefur ekki uppfyllt skyldu sína til að tryggja persónubundna öryggisþætti greiðslumiðilsins með aðgerðum sem réttmætt má telja að gera kröfu til af hans hálfu, sbr. 2. mgr. 51. gr., skuli nema allt að jafnvirði 150 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni. Orðalagið kemur ekki í veg fyrir að kveðið sé á um lægri fjárhæð sjálfsábyrgðar í skilmálum um notkun greiðslumiðils. Enn fremur athugast að í 3. mgr. er gert ráð fyrir að lækka megi ábyrgð greiðanda skv. 1. mgr. ef aðstæður gefa tilefni til, þ.e. einkum að teknu

tilliti til eðlis persónubundinna öryggisþátta greiðslumiðils og málsatvika þegar greiðslumiðill týndist, var stolið eða var nýttur með óréttmætum hætti.

Í 2. mgr. er lagt til að greiðandi skuli bera allt tap sem rekja má til óheimilaðra greiðslna, hafi hann sjálfur stofnað til þeirra með sviksamlegum hætti eða hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi látið ógert að uppfylla skyldur sínar skv. 51. gr. Hið sama á við um 1. og 2. mgr.; í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ef aðstæður gefa tilefni til (einkum að teknu tilliti til eðlis persónubundinna þátta greiðslumiðils og málsatvika þegar greiðslumiðill týndist, var stolið eða var nýttur með óréttmætum hætti) skuli virða þær til lækkunar bótaskyldu greiðanda.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að nýtt verði valkvætt ákvæði 3. mgr. 61. gr. tilskipunarinnar. Til þessa ákvæðis frumvarpsins er vitnað til í umfjöllun um 1. og 2. mgr. hér að framan. Gera má ráð fyrir að fordæmi úrskurðarnefndar og dómstóla skapist fljótt um framkvæmd ákvæðisins og þykir heppilegt að svigrúm sé til lækkunar bótaskyldu greiðanda vegna óheimilaðra greiðslna, gefi kringumstæður tilefni til. Í þessu ákvæði felst mikilvæg neytendavernd.

Í 4. mgr. er lagt til að hafi greiðandi fullnægt tilkynningarskyldu sinni skv. 3. mgr. 51. gr. frumvarpsins skuli hann ekki bera tjón sem til verður vegna notkunar greiðslumiðilsins eftir að slík tilkynning var send greiðsluþjónustuveitanda. Þetta á þó ekki við ef greiðandinn hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi.

Í 5. mgr. er einnig gert ráð fyrir skaðleysi greiðanda vegna notkunar greiðslumiðils sem hefur týnst, verið stolið eða verið notaður með óréttmætum hætti, þ.e. í þeim tilvikum sem greiðsluþjónustuveitandi hefur ekki gert viðeigandi ráðstafanir vegna tilkynningarskyldu notanda greiðsluþjónustu við slíkar aðstæður, í samræmi við önnu ákvæði frumvarpsins. Þetta á þó ekki við ef greiðandinn hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi.

Þegar hefur verið vikið að 6. mgr. ákvæðisins hér að framan og í 7. mgr. er um innleiðingu á 3. mgr. 53. gr. tilskipunarinnar að ræða sem ekki þarfnast nánari skýringa (vísast til umfjöllunar hér að framan um 2. mgr. 55. gr. frumvarpsins).

Um 57. gr.

Lagt er til að 62. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 57. gr. frumvarpsins. Ákvæðið lýtur að rétti greiðanda til endurgreiðslu frá greiðsluþjónustuveitanda sínum vegna heimilaðra greiðslna sem viðtakandi hefur átt frumkvæði að eða haft milligöngu um. Endurgreiðsla tekur til allrar fjárhæðar greiðslunnar sem var framkvæmd. Ákvæðið leggur tilteknar skyldur á herðar greiðsluþjónustuveitendum, við framkvæmd slíkra greiðslna. Ljóst má vera að vanda þarf til verka við smíði rammasamninga og verklags við framkvæmd greiðsluþjónustu þegar um greiðslur sem viðtakandi á frumkvæði að eða hefur milligöngu um er að ræða.

Vakin er athygli á að orðin beingreiðslna og viðmiðunargengi eru skilgreind í 7. gr. frumvarpsins.

Í 6. mgr. er lagt til að 1.–4. mgr. séu frávíkjanlegar þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi, sbr. 1. mgr. 51. gr. tilskipunarinnar. Hins vegar er gert ráð fyrir að 5. mgr. sé umsemjanleg, hvort sem notandi greiðsluþjónustu er neytandi eður ei, sbr. 3. mgr. 62. gr. tilskipunarinnar.

Um 58. gr.

Lagt er til að 63. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 58. gr. frumvarpsins. Ákvæðið geymir reglur um meðferð beiðna um endurgreiðslu skv. 57. gr., þ.m.t. um frest greiðanda til að leggja fram slíka beiðni og afgreiðslufrest greiðsluþjónustuveitanda.

Í 1. mgr. er lagt til að greiðandi fái átta vikna frest frá þeim degi þegar fjármunir voru skuldfærðir til að óska eftir endurgreiðslu í samræmi við 57. gr. á greiðslu sem heimiluð var að frumkvæði eða fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu.

Í 2. mgr. er lagt til að afgreiðslufrestur beiðna um endurgreiðslu verði tíu viðskiptadagar. Greiðsluþjónustuveitandi annaðhvort framkvæmi endurgreiðslu í samræmi við kröfu greiðanda ellegar rökstyðji synjun á endurgreiðslu. Ef endurgreiðslu er hafnað skal greiðandi sérstaklega upplýstur um mögulegar leiðir til málskots. Orðið viðskiptadagur er skilgreint í 7. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að synjunarréttur greiðsluþjónustuveitanda skv. 2. mgr. gildi ekki að því er varðar beingreiðslur ef samið hefur verið um það í rammasamningi um greiðsluþjónustu að greiðandi eigi rétt á endurgreiðslu frá greiðsluþjónustuveitanda þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. 57. gr. séu ekki uppfyllt. Hér er um innleiðingu á 2. málsl. 2. mgr. 63. gr. tilskipunarinnar að ræða.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að ákvæði 1.–3. mgr. séu frávíkjanleg þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi, sbr. 1. mgr. 51. gr. tilskipunarinnar.

Um 59. gr.

Lagt er til að 64. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 59. gr. frumvarpsins, um viðtöku greiðslufyrirmæla.

Í 1. mgr. er lagt til að viðtökutími greiðslufyrirmæla sé skilgreindur sem sá tími þegar greiðslufyrirmæli berast greiðsluþjónustuveitanda greiðanda og er það óháð því hvort greiðandinn gefur greiðslufyrirmælin beint til síns greiðsluþjónustuveitanda eða hvort greiðandinn gefur greiðslufyrirmælin óbeint með milligöngu viðtakanda greiðslu (t.d. greiðsla með greiðslukorti á sölustað). Einnig er mælt fyrir um heimild til handa greiðsluþjónustuveitanda til að fastsetja lokunartíma nálægt lokum viðskiptadags og skulu þá greiðslufyrirmæli, sem hann tekur við eftir það, teljast til næsta viðskiptadags á eftir. Orðið viðskiptadagur er skilgreint í 7. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til að ef fyrir er að fara samningi milli annars vegar notanda greiðsluþjónustu sem gefur greiðslufyrirmæli (beint eða óbeint, sbr. 1. mgr.) og hins vegar greiðsluþjónustuveitanda hans um að framkvæmd greiðslufyrirmælanna skuli hefjast við tiltekin atvik telst viðtökutíminn í skilningi 64. gr., vera dagurinn sem samið var um. Hin tilteknu atvik geta verið tilgreindur dagur, við lok tiltekins tímabils eða þann dag sem greiðandi hefur lagt inn fjármuni til ráðstöfunar fyrir greiðsluþjónustuveitanda hans. Hér er um sérreglu að ræða að því er varðar framkvæmdartíma greiðslufyrirmæla.

Ákvæði 3. mgr. lýtur að þeim aðstæðum þegar viðtökutími skv. 1. mgr. eða sá dagur sem samið hefur verið um skv. 2. mgr. er ekki á viðskiptadegi, í skilningi laganna. Þá skal litið svo á að greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hafi tekið við greiðslufyrirmælunum næsta viðskiptadag á eftir.

Um 60. gr.

Lagt er til að 65. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 60. gr. frumvarpsins, um þær aðstæður þegar greiðsluþjónustuveitandi synjar um framkvæmd greiðslufyrirmæla, þ.e. hvenær heimild er til slíkrar synjunar, hvernig tilkynningu til notanda greiðsluþjónustu um synjunina skal háttað o.fl.

Í 1. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að neita notanda um framkvæmd greiðslufyrirmæla ef öll skilyrði rammasamnings um greiðsluþjónustu eru uppfyllt, hvort sem greiðandi eða

viðtakandi greiðslu á frumkvæði að þeim. Í rammasamningi kann til að mynda að vera kveðið á um að næg innstæða á greiðslureikningi sé forsenda fyrir framkvæmd greiðslu. Bann við neitun um framkvæmd greiðslufyrirmæla gildir þó ekki ef önnur ákvæði í löggjöf eiga við. T.d. kunna fjármunir á greiðslureikningi að vera greiðanda óaðgengilegir vegna dómsúrskurðar, svo sem á grundvelli ákvæða laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, um hald á munum, eða vegna kyrrsetningar samkvæmt lögum nr. 31/1990. Þá kann skylda til að forðast viðskipti skv. 18. gr. laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, jafnframt að koma til skoðunar í þessu samhengi.

Í þeim tilvikum sem lög um greiðsluþjónustu, og eftir atvikum önnur lög, gera ráð fyrir að heimilt sé að neita um framkvæmd greiðslufyrirmæla skal notanda greiðsluþjónustu tilkynnt um synjunina í samræmi við 2. og 3. mgr.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að líta skuli á greiðslufyrirmæli sem synjað hefur verið um framkvæmd á eins og ekki hafið verið tekið við þeim.

Um 61. gr.

Lagt er til að 66. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 61. gr. frumvarpsins. Notanda verði ekki heimilt að afturkalla greiðslufyrirmæli þegar greiðsluþjónustuveitandi hefur tekið við þeim nema 2.–6. mgr. ákvæðisins eigi við og eru skilyrði afturköllunar skilgreind með ólíkum hætti eftir aðstæðum.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eiga við þegar viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um greiðslu. Í síðarnefndri málsgrein er að finna sérreglu að því er varðar beingreiðslur, hvað sem líður mögulegum endurkröfuréttindum, en orðið beingreiðsla er skilgreint í 7. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 4. mgr. á við í því tilviki sem um getur í 2. mgr. 59. gr., þ.e. þegar samið hefur verið um að framkvæmd greiðslufyrirmæla skuli hefjast á tilgreindum degi, við lok tiltekins tímabils eða þann dag sem fjármunir hafa verið lagðir til ráðstöfunar hjá greiðsluþjónustuveitanda.

Eftir tímamörkin sem skilgreind eru í 1.–4. mgr. er aðeins unnt að afturkalla greiðslufyrirmæli ef aðilar semja um það, sbr. 5. mgr. Í rammasamningi má kveða á um heimild til gjaldtöku vegna afturköllunar greiðslufyrirmæla samkvæmt þessari málsgrein.

Loks athugast að 1.–5. mgr. eru frávíkjanlegar þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi, sbr. 1. mgr. 51. gr. tilskipunarinnar.

Um 62. gr.

Lagt er til að 67. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 62. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að meginreglan verði sú að greiðslur skuli millifærðar óskertar; gjöld skuli ekki dregin frá millifærðri fjárhæð. Þetta á við um allan feril greiðslu, þ.e. greiðsluþjónustuveitanda greiðanda, greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda og mögulega milliliði þeirra.

Þó er í 2. mgr. gert ráð fyrir að viðtakandi greiðslu og greiðsluþjónustuveitandi hans geti samið um að hinn síðarnefndi dragi gjöld sín vegna greiðsluþjónustunnar frá millifærðri fjárhæð áður en hún er eignfærð á viðtakandann. Semji aðilar með fyrrgreindum hætti skal öll fjárhæð greiðslunnar aðskilin frá gjöldunum í þeim upplýsingum sem viðtakanda greiðslu eru veittar skv. III. kafla frumvarpsins. Eingöngu er heimilt að draga frá umsamin gjöld vegna greiðsluþjónustunnar en ekki vegna t.d. annarra viðskipta aðila, sbr. 40. tölul. formála tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er lagt til að ef atvik eru með þeim hætti að einhver önnur gjöld en þau sem um getur í 2. mgr. eru dregin frá millifærðri fjárhæð skuli greiðsluþjónustuveitandi greiðanda sjá til þess að viðtakandi greiðslu fái alla fjárhæð greiðslunnar sem greiðandi á frumkvæði að. Í tilvikum þar sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um greiðslu skal greiðsluþjónustuveitandi hans tryggja að viðtakandinn fái óskerta fjárhæð greiðslunnar. Með ákvæðinu er ábyrgð því lögð á herðar greiðsluþjónustuveitendum um að meginregla 1. mgr. sé virt í framkvæmd.

Um 63. gr.

Um gildissvið C-hluta IV. kafla frumvarpsins fer samkvæmt síðari málslið 3. mgr. 1. gr. Rétt þykir, samhengisins vegna, að minna á þessa sérreglu í sérákvæði. Vísast að öðru leyti til 1. og 2. gr. um gildissvið.

Um 64. gr.

Lagt er til að 69. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 64. gr. frumvarpsins, um greiðslu á greiðslureikning.

Í 1. mgr. er lagt til að frá viðtökutíma þeim sem tilgreindur er í 59. gr. skuli greiðsluþjónustuveitandi tryggja að fjárhæð greiðslu sé eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda, í síðasta lagi í lok næsta viðskiptadags. Í samræmi við 2. málsl. 1. mgr. 69. gr. tilskipunarinnar er lagt til að í bráðabirgðaákvæði II verði kveðið á um að fram til 1. janúar 2012 geti greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi hans samið um lengri frest en um getur í 1. mgr. 64. gr. frumvarpsins. Þó má slíkur frestur ekki vera lengri en þrír viðskiptadagar. Þegar um ræðir greiðslur sem eru á pappírsgrundvelli (e. paper initiated payment transactions) má þó lengja fyrrgreind freststímabil um einn viðskiptadag.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda beri eftir viðtöku fjármuna að setja gildisdag á greiðslu og leggja fjárhæð hennar til ráðstöfunar viðtakanda á greiðslureikning hans í samræmi við 67. gr.

Ákvæði 3. mgr. er sérákvæði sem gildir um greiðslur sem viðtakandinn hefur milligöngu um (t.d. greiðsla með greiðslukorti á sölustað) og greiðslur sem viðtakandinn á frumkvæði að (t.d. beingreiðslur). Að því er færsluhirðingu varðar getur hér einungis verið um að ræða samning milli söluaðila og færsluhirðis. Samkvæmt skýringum framkvæmdastjórnar ESB um færsluhirðingu skulu greiðsluþjónustuveitandi og söluaðili semja sín á milli um tímafrest sendingar greiðslufyrirmæla til útgefanda. Viðtökudagur greiðslufyrirmæla skv. 59. gr. frumvarpsins er þá hinn umsamdi dagur og á þeim degi má í fyrsta lagi skuldfæra reikning greiðanda. Um það hvenær greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda (færsluhirðir) greiðir viðtakanda (söluaðila) uppgjör inn á greiðslureikning hans er hins vegar fjallað í 2. mgr. þessarar greinar og 67. gr. frumvarpsins. Skv. 8. tölul. 2. gr. frumvarpsins fellur færsluvísing (e. clearing) og uppgjör (e. settlement) milli útgefanda og færsluhirðis utan gildissviðs laga um greiðsluþjónustu. Að því er beingreiðslur varðar skulu viðtakandi og greiðsluþjónustuveitandi hans semja um tímafrest sendingar greiðslufyrirmæla til útgefanda, til þess að uppgjör eigi sér stað á þeim gjalddaga sem greiðandinn og viðtakandi greiðslu hafa komið sér saman um. Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda verður að treysta á þann gjalddaga sem viðtakandinn ákveður, vegna þess að gjalddaginn er ákveðinn með samningi milli greiðanda og viðtakanda. Viðtökudagur greiðslufyrirmæla skv. 59. gr. verður hinn umsamdi gjalddagi og á þeim degi má í fyrsta lagi skuldfæra reikning greiðanda.

Orðin beingreiðsla og viðskiptadagur eru skilgreind í 7. gr. frumvarpsins.

Um 65. gr.

Lagt er til að 70. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 65. gr. frumvarpsins. Ákvæðið á við þegar viðtakandi greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda og mælir fyrir um að fjármunir skuli hafðir aðgengilegir til ráðstöfunar fyrir viðtakandann innan þess frests sem tilgreindur er í 64. gr.

Um 66. gr.

Lagt er til að 71. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 66. gr. frumvarpsins, en þó þannig að valkvætt ákvæði 72. gr. tilskipunarinnar verði nýtt. Ákvæðið á við þegar reiðufé er lagt inn á greiðslureikning. Leggi notandi greiðsluþjónustu, hvort sem hann er neytandi eða ekki, reiðufé inn á greiðslureikning í gjaldmiðli reikningsins skal greiðsluþjónustuveitandi tryggja að fjárhæðin sé til ráðstöfunar og gildisdagsett tafarlaust eftir skráða viðtöku fjármunanna. Í 71. gr. tilskipunarinnar er gert ráð fyrir að gagnvart öðrum notendum greiðsluþjónustu en neytendum verði frestur til að tryggja að fjárhæð sé til ráðstöfunar notandanum og gildisdagsett í síðasta lagi næsta viðskiptadag eftir viðtöku fjármunanna. Skv. 72. gr. tilskipunarinnar er heimilt að kveða á um strangari tímafresti en 71. gr. gerir ráð fyrir og er líkt og áður greinir gert ráð fyrir að sú heimild verði nýtt, enda tæknilegt umhverfi með þeim hætti á Íslandi að slíkt er framkvæmanlegt. Orðin gildisdagur og viðskiptadagur eru skilgreind í 7. gr. frumvarpsins.

Um 67. gr.

Lagt er til að 73. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 67. gr. frumvarpsins.

Í 1. málsl. 1. mgr. er gildisdagur eignfærslu á greiðslureikning viðtakanda skilgreindur og telst hann vera eigi síðar en þann viðskiptadag þegar fjárhæð greiðslunnar er eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda. Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skuli tryggja að fjárhæð greiðslunnar sé viðtakanda til ráðstöfunar þegar í stað eftir að hún hefur verið eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda. Greiðslureikningur er skilgreindur í 7. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er gildisdagur skuldfærslu á greiðslureikning greiðanda skilgreindur og telst hann vera eigi fyrr en sá tímapunktur þegar fjárhæð greiðslunnar er skuldfærð á greiðslureikning greiðanda hjá greiðsluþjónustuveitanda. Hefur hún í för með sér að ekki má hætta að greiða vexti af innstæðu á greiðslureikningi hans fyrr en á þeim tímapunkti sem greiðsla er raunverulega framkvæmd af reikningi hans.

Orðin gildisdagur og viðskiptadagur eru skilgreind í 7. gr. frumvarpsins.

Um 68. gr.

Lagt er til að 74. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 68. gr. frumvarpsins. Ákvæðið á við þegar greiðsluþjónustuveitandi hefur úthlutað notanda greiðsluþjónustu sérstöku kennimerki, sem tilgreina skal vegna framkvæmdar greiðslu, til að unnt sé að bera ótvíræð kennsl á notandann og/eða greiðslureikning hans. Sérstakt kennimerki er samsett úr bókstöfum, tölustöfum og/eða táknum, sbr. orðskýring í 7. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. skulu greiðslufyrirmæli teljast hafa verið framkvæmd réttilega að því er varðar þann viðtakanda greiðslu sem tilgreindur er með tilteknu sérstöku kennimerki sem greiðslufyrirmæli eru framkvæmd í samræmi við.

Leggi notandi greiðsluþjónustu fram rangt sérstakt kennimerki og framkvæmd greiðslu á af þeim sökum sér ekki stað eða er gölluð gerir 2. mgr. ekki ráð fyrir ábyrgð greiðslu-

þjónustuveitanda skv. 69. gr. Þó ber greiðsluþjónustuveitanda að gera ráðstafanir til aðstoðar greiðanda, eftir því sem mögulegt er, um endurheimtu þeirra fjármuna sem greiðsla fól í sér. Semja má um gjaldtöku fyrir slíka aðstoð í rammasamningi; ef það er ekki gert, er slík gjaldtaka óheimil.

Í 3. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að ef notandi greiðsluþjónustu veitir upplýsingar til viðbótar þeim sem hann þarf samkvæmt frumvarpinu að gefa upp til að greiðslufyrirmæli verði framkvæmd á réttan hátt skuli greiðsluþjónustuveitandi aðeins vera ábyrgur vegna framkvæmdar greiðslunnar í samræmi við sérstaka kennimerkið sem notandi greiðsluþjónustunnar leggur fram. Markmið ákvæðisins er að skera úr um réttarstöðu greiðsluþjónustuveitanda þegar um mótsagnakenndar upplýsingar er að ræða frá notanda.

Um 69. gr.

Lagt er til að 75. gr. verði innleidd í 69. gr. frumvarpsins, um þau tilvik þegar framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð. Það athugast að skv. 9. mgr. ákvæðisins eru 1.–8. mgr. þess frávíkjanlegar þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi, sbr. 1. mgr. 51. gr. tilskipunarinnar.

Ákvæði 1.–4. mgr. eiga við þegar greiðandi gefur greiðslufyrirmæli. Ákvæðin gilda þó með fyrirvara um 53. gr. (notandi greiðsluþjónustu hafi fullnægt tilkynningarskyldu sinni um óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu), 2.–3. mgr. 68. gr. (ef sérstakt kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu leggur fram er rangt er greiðsluþjónustuveitandi ekki ábyrgur) og 72. gr. (force majeure ákvæði á ekki við).

Meginreglan er tilgreind í 1. málsl. 1. mgr., en hún er sú að greiðsluþjónustuveitandi greiðanda ber ábyrgð gagnvart greiðanda á því að greiðsla verði réttilega framkvæmd, þ.e. í samræmi við greiðslufyrirmæli hans. Ef greiðsluþjónustuveitandi greiðandans getur hins vegar sannað að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda hafi tekið við hlutaðeigandi greiðslu í samræmi við 1. mgr. 64. gr. frumvarpsins yfirfærist áhættan af réttri framkvæmd greiðslu yfir á greiðsluþjónustuveitanda viðtakandans. Ábyrgð hans á réttri framkvæmd greiðslu er gagnvart viðtakanda greiðslunnar.

Ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda er ábyrgur skv. 1. mgr. skal hann skv. 2. mgr. endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu án óþarfa tafar og, ef við á, færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið í ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað.

Ef greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu er ábyrgur skv. 1. mgr. skal hann skv. 3. mgr. þegar í stað setja fjárhæð greiðslunnar til ráðstöfunar viðtakanda greiðslu og, ef við á, eignfæra samsvarandi fjárhæð á greiðslureikning viðtakanda greiðslu.

Í 4. mgr. er lagt til að lögð verði sú skylda á herðar greiðsluþjónustuveitanda greiðanda að gera þegar í stað ráðstafanir til að rekja óframkvæmda greiðslu eða gallaða framkvæmd greiðslu ef greiðandi æskir þess, án tillits til þess hver ber ábyrgð skv. 1. mgr., og skal hann tilkynna greiðanda um niðurstöðuna.

Ákvæði 5.–8. mgr. eiga við þegar viðtakandi greiðslu gefur greiðslufyrirmælin eða hefur milligöngu um að þau eru gefin. Skv. 5. mgr. skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda bera ábyrgð á því gagnvart viðtakandanum að greiðslufyrirmælin verði réttilega send greiðsluþjónustuveitanda greiðanda, sbr. 3. mgr. 64. gr. frumvarpsins. Skulu greiðslufyrirmælin send tafarlaust, eða eftir atvikum endursend. Skv. 5. mgr. er greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu jafnframt ábyrgur gagnvart viðtakandanum um meðferð greiðslunnar í samræmi við skyldur hans skv. 67. gr. frumvarpsins. Málsgreinin gildir með fyrirvara um 53. gr. (notandi

greiðsluþjónustu hafi fullnægt tilkynningarskyldu sinni um óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu), 2.–3. mgr. 68. gr. (ef sérstakt kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu leggur fram er rangt er greiðsluþjónustuveitandi ekki bótaskyldur) og 72. gr. (force majeure ákvæði á ekki við).

Í 6. mgr. er lagt til að áhættan af réttri framkvæmd greiðslu yfirfærist á greiðsluþjónustuveitanda greiðanda í þeim tilvikum sem greiðsluþjónustuveitandi telst ekki ábyrgur skv. 5. mgr. Hinn fyrrnefndi skal þá án óþarfa tafar endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu og, ef við á, færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað.

Ákvæði 7. mgr. er efnislega sambærilegt ákvæði 4. mgr., nema hvað hún snýr að viðtakanda greiðslu og greiðsluþjónustuveitanda hans.

Í 8. mgr. er kveðið á um ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda gagnvart notanda greiðsluþjónustu að því er varðar gjöld og vexti sem mögulega falla á notandann sem afleiðing af óframkvæmdri eða gallaðri greiðslu. Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda ber ábyrgð samkvæmt þessari málsgrein gagnvart greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu gagnvart viðtakandanum. Notandi greiðsluþjónustu skal með öðrum orðum vera skaðlaus.

Vísast til athugasemda um 9. mgr. hér að framan, í upphafi umfjöllunar um efni 69. gr.

Um 70. gr.

Lagt er til að 76. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 70. gr. frumvarpsins, um frekari fébætur en gert er ráð fyrir í 68.–72. gr. Gert er ráð fyrir að ákvarða megi frekari fébætur, enda sé stoð fyrir slíku í samningi milli notanda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitanda hans.

Rétt þykir að minna í þessu samhengi t.d. á ákvæði 55. gr. um ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu, 56. gr. um ábyrgð greiðanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu og 57. og 58. gr. um endurgreiðslur á greiðslum sem viðtakandi á frumkvæði að eða hefur milligöngu um.

Um 71. gr.

Lagt er til að 77. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 71. gr. frumvarpsins, um ábyrgð annarra greiðsluþjónustuveitenda eða millilliða gagnvart greiðsluþjónustuveitendum greiðanda eða viðtakanda greiðslu (endurkröfuréttur) sem orðið hafa fyrir tjóni á grundvelli 69. gr., enda megi rekja tjónið til fyrrgreindra aðila.

Um 72. gr.

Lagt er til að 78. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 72. gr. frumvarpsins, um óviðráðanleg ytri atvik (e. force majeure). Bótaábyrgð skv. 49.–72. gr. laganna skuli ekki ná til tjóns vegna óviðráðanlegra ytri atvika, þ.e. tjóns sem rekja má til óviðráðanlegra og ófyrirsjáanlegra kringumstæðna sem ekki eru á valdi þess aðila sem ber fyrir sig þessar kringumstæður og hann hefur engin áhrif á og hefði ekki getað afstýrt þrátt fyrir tilraunir til þess. Bótaábyrgð samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum nær heldur ekki til tjóns sem aðrar lagaskyldur sem greiðsluþjónustuveitandi er undirorpinn kunna að valda. Sem dæmi má nefna mögulegar þvingandi aðgerðir á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Um 73. gr.

Lagt er til að 79. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í 73. gr. frumvarpsins, um gagnavernd. Ákvæðið heimilar greiðslukerfum og greiðsluþjónustuveitendum vinnslu og meðferð persónuupplýsinga þegar það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir, rannsaka og greina greiðslusvik. Um meðferð persónuupplýsinga fer samkvæmt lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, en með þeim voru innleidd í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Um V. kafla.

Lagt er til að í V. kafla verði ákvæði um eftirlit, réttarúrræði og viðurlög. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði falið eftirlit með framkvæmd laga um greiðsluþjónustu, sbr. nánari umfjöllun um 74. gr. Seðlabanka Íslands verði þó falið eftirlit með framkvæmd 6. gr., um þátttöku í greiðslukerfum. Ágreiningi sem varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni verður notendum greiðsluþjónustu heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 76. gr. frumvarpsins, enda er gert ráð fyrir aðild að þeirri nefnd verði útvíkkuð frá því sem nú er. Málarekstur fyrir úrskurðarnefndinni hefur reynst ódýr og skjótvirk leið fyrir viðskiptamenn fjármálafyrirtækja, til að fá úr einkaréttarlegum kröfum skorið. Um viðurlög við brotum gegn ákvæðum laganna er kveðið á um í 77. og 78. gr.

Um 74. gr.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði falið eftirlit með framkvæmd laga um greiðsluþjónustu, í samræmi við önnur lög á sviði fjármálaréttar. Tilskipun 2007/64/EB fellur undir IX. viðauka við EES-samninginn um fjármálaþjónustu, svo og XIX. viðauka hans um neytendavernd. Meginefni tilskipunarinnar snýr að skyldum greiðsluþjónustuveitenda gagnvart notendum greiðsluþjónustu og leggur þeim m.a. skyldur á herðar að því er varðar ítarlega samningsskilmála. Neytendur eru aðeins einn flokkur notenda greiðsluþjónustu. Hafa verður í huga að Fjármálaeftirlitið fer nú eitt með eftirlit með greiðslukortafyrirtækjum, sem skulu samkvæmt gildandi lögum hafa starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, svo og peninga- og verðmætasendingarþjónustu, sbr. lög nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Því má ljóst vera að það samræmist vel þeim venjum sem eru um eftirlit á fjármálamarkaði að fela Fjármálaeftirlitinu alfarið eftirlit með lögum um greiðsluþjónustu, utan ákvæðis 6. gr. um þátttöku í greiðslukerfum, sbr. 75. gr. frumvarpsins. Það athugast að Persónuvernd hefur eftirlit með ákvæðum laga sem snerta meðferð persónuupplýsinga, sbr. 73. gr. frumvarpsins.

Í ljósi þessa var það niðurstaða frumvarpshöfunda að ekki væri heppilegt að skipta eftirliti með framkvæmd laganna niður á ólíka eftirlitsaðila, svo sem á milli Fjármálaeftirlitsins og Neytendastofu. Um ræðir eftirlit með sérhæfðri starfsemi á sviði fjármálaþjónustu, sem hagkvæmara hlýtur að teljast að verði fyrir komið hjá einum eftirlitsaðila. Í ljósi þess að um flókið og sérhæft svið er að ræða er augljóst að gera verður ráð fyrir auknum fjárframlögum til stofnunarinnar vegna þessa (fjölgun stöðugilda).

Líkt og greinir í 14. og 22. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið veiti greiðslustofnunum starfsleyfi skv. II. kafla og hafi eftirlit með starfsemi þeirra. Í 27. gr. frumvarpsins, svo og VI. kafla laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, er jafnframt gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starf-

semi peninga- og verðmætasendingarþjónustu. Vísast til umfjöllunar um 14. tölul. 7. gr. og 27. gr. hér að framan.

Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessu ákvæði skulu gilda lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. 3. mgr.

Um 75. gr.

Lagt er til að Seðlabankanum verði sérstaklega falið eftirlit með framkvæmd 6. gr. frumvarpsins, um þátttöku í greiðslukerfum. Í 4. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, er bankanum falið almennt hlutverk að því er varðar greiðslukerfi: „Seðlabanki Íslands skal sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.“ Á grundvelli ákvæðisins hefur Seðlabankinn sett reglur um greiðslukerfi, þ.e. reglur nr. 703/2009 um stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands og reglur nr. 704/2009 um jöfnunarkerfi. Þá hefur Seðlabankinn mikilvægu hlutverki að gegna samkvæmt lögum nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, sbr. m.a. 3. gr.

Vakin er athygli á að gert er ráð fyrir heimild til handa ráðherra, um nánari reglusetningu um framkvæmd þessa ákvæðis í 5. mgr. 6. gr. frumvarpsins, þ.m.t. að því er varðar eftirlit.

Um 76. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir skyldu greiðsluþjónustuveitenda til upplýsingagjafar gagnvart notendum greiðsluþjónustu um möguleg úrskurðar- og réttarúrræði ef ágreiningur rís vegna veitingar greiðsluþjónustu. Hér er því um sambærilegt ákvæði og nú er í 1. mgr. 19. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið eða aðrir opinberir eftirlitsaðilar, svo sem Neytendastofa, skera ekki úr um einkaréttarleg álitaefni eða kröfur um skaðabætur. Eftirlit með framkvæmd laganna skv. 74. gr. er allsherjarréttarlegs eðlis. Því er gert ráð fyrir að notendur greiðsluþjónustu geti skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 19. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Notendur greiðsluþjónustu geta jafnframt, augljóslega, borið ágreining um fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni undir dómstóla, en í 83. gr. tilskipunar 2007/64/EB er gert ráð fyrir að aðildarríki sjái notendum greiðsluþjónustu fyrir þeim möguleika að skjóta slíkum málum til úrskurðaraðila, annars en dómstóla. Jafnframt er lagt til að greiðslustofnunum og peninga- og verðmætasendingarþjónustu verði gert skylt að eiga aðild að úrskurðarnefndinni. Málarekstur fyrir úrskurðarnefnd þessari hefur reynst ódýr og skjótvirk leið fyrir viðskiptamenn fjármálafyrirtækja til að fá úr einkaréttarlegum kröfum skorið. Í ljósi þess að helstu aðilar sem samkvæmt frumvarpi þessu munu teljast til greiðsluþjónustuveitenda eiga nú þegar aðild að nefndinni þykir ekki réttlætanlegt (m.a. út frá kostnaðarsjónarmiðum) að setja á fót sérstaka úrskurðarnefnd um greiðsluþjónustu. Málafjöldi fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki á sviði greiðsluþjónustu mun ekki hafa verið mikill síðastliðin ár (aðeins örfá mál raunar).

Um 77. og 78. gr.

Lagt er til kveðið verði á um viðurlagaheimildir o.fl. í 77. og 78. gr. frumvarpsins, að fyrirmynd sambærilegra ákvæða í annarri löggjöf á sviði fjármálaþjónustu.

Um 79. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tilskipun 2007/64/EB verði innleidd í íslenskan rétt, með vísan til ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008, að teknu tilliti til breytingar á a-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar sem gerð var með 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 um breytingar á tilskipunum 2006/48/EB o.fl. Tilskipun 2009/111/EB var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010 hinn 2. júlí 2010. Ákvæði a-liðar 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2007/64/EB er lagt til að innleitt verði í a-lið 14. tölul. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins (í umræddum tölulið er hugtakið greiðsluþjónustuveitandi skilgreint), þ.e. tilvísun til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki með starfsleyfi til móttöku innlána eða annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi og veitingar útlána fyrir eigin reikning, þ.m.t. útibú.

Um 80. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. október 2011. Í ljósi þess að aðilar sem undir lögin falla, þ.e. einkum greiðsluþjónustuveitendur, þurfa að aðlaga starfsemi sína að ítarlegum efnisákvæðum frumvarpsins (svo sem með skilmálabreytingum og tæknilegum aðlögunum) þykir rétt að fresta gildistöku fram á haust 2011.

Um 81. gr.

Í greininni er lagt til að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á öðrum lögum vegna innleiðingar tilskipunar 2007/64/EB.

Um 1. tölul.

Lagt er til að 89. gr. tilskipunarinnar verði innleidd, þ.e. að fellt verði úr gildi ákvæði 12. gr. laga nr. 46/2000, um húsgöngu- og fjarsölusamninga, um greiðslur með korti.

Um 2. tölul.

Lagt er til að 90. gr. tilskipunarinnar verði innleidd, þ.e. að fellt verði úr gildi ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2005, um fjarsölu á fjármálaþjónustu, um greiðslur með korti.

Um 3. tölul.

A-liður: Lagt er til að 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, verði felldur brott, til samræmis við ákvæði tilskipunar 2007/64/EB sem innleidd verður í íslenskan rétt með samþykkt frumvarpsins. Veiting greiðsluþjónustu verður framvegis heimil greiðsluþjónustuveitendum einum, sbr. 5. gr. frumvarpsins, en í þann flokk falla fleiri en fjármálafyrirtæki.

B-liður: Lagðar eru til breytingar á 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, samhliða áðurgreindum breytingum á 3. gr. sömu laga, sbr. a-lið. Ákvæði 20. gr. laga nr. 161/2002 kveður á um starfsheimildir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja, sjá einkum 1. og 2. mgr. Í 4. og 5. tölul. 1. mgr. verði eftirfarandi þættir tilgreindir: Í fyrsta lagi kemur greiðsluþjónusta samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu í stað „greiðslumiðlunar“. Í öðru lagi kemur útgáfa og umsýsla greiðsluskjala, svo sem ferðatékka og víxla, í stað „útgáfu og umsýslu greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, rafeyris, ferðatékka og víxla)“. Athygli er vakin á að greiðslur á fjármunum sem byggjast á tékkum, ferðatékkum, víxlum, úttektarseðlum eða póstávísunum á pappír falla utan gildissviðs tilskipunar 2007/64/EB, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

C-liður: Lagt er til að greiðslustofnanir verði upp taldar í ákvæðum 1. og 3. mgr. 85. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, í tengslum við eiginfjárákvæði 18. og 19. gr. frum-

varpsins, um greiðslustofnanir. Miðað er við skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki á eiginfjárgrunni greiðslustofnunar í 10. gr. frumvarpsins.

Um 4. tölul.

A-liður: Lagt er til að 91. gr. tilskipunarinnar verði innleidd, þ.e. að greiðslustofnunum verði bætt við upptalningu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, yfir þá sem falla undir gildissvið laganna.

B-liður: Lagt er til að skilgreiningu á peninga- og verðmætasendingarþjónustu í 8. tölul. 3. gr. laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, verði breytt til samræmis við efni frumvarpsins. Þannig verður að gæta samræmis milli laga nr. 64/2006 og laga um greiðsluþjónustu. Vísast til umfjöllunar um f-lið 14. tölul. 7. gr. og 27. gr. frumvarpsins.

Um 5. tölul.

Lagt er til að mælt verði fyrir um fjárhæð eftirlitsgjalds vegna greiðslustofnana skv. II. kafla frumvarpsins í lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Greiðslustofnanir samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu greiði 0,0244% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 1.000.000 kr. Eftirlitsgjald greiðslustofnana verði með öðrum orðum hið sama og nú gildir um sparisjóði, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skv. b-lið 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna.

Um 6. tölul.

Lagt er til að 93. gr. tilskipunarinnar verði innleidd. Felld verði brott ákvæði 11.–13. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, en með þeim voru innleidd í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB um færslu fjármuna milli landa sem felld er úr gildi með fyrrgreindu ákvæði tilskipunar 2007/64/EB.

Um 7. tölul.

Lagt er til að 42. gr. laga nr. 19/2002, um póstþjónustu, verði breytt, til samræmis við efni frumvarpsins, en verði það samþykkt munu póstrekendur með rekstrarleyfi samkvæmt lögum nr. 19/2002 teljast til greiðsluþjónustuveitenda. Um fjármunasendingar samkvæmt þeim lögum skal því fara samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu. Umrætt ákvæði er nú svohljóðandi: „Póstrekandi ber fulla ábyrgð á því fé sem hann hefur tekið við sem fjármunasendingu og skal standa sendanda full skil á verðmæti slíkrar sendingar glatist hún.“ Við gildistöku laga um greiðsluþjónustu öðlast gildi mun ítarlegri ákvæði um framkvæmd fjármunasendinga á vegum póstrekenda, þ.m.t. um ábyrgð þeirra sem greiðsluþjónustuveitenda gagnvart notendum greiðsluþjónustu. Vísast til ákvæða III. og IV. kafla frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Um ákvæðið vísast til athugasemda við 32. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Lagt er til að ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 69. gr. tilskipunarinnar verði innleidd í bráðabirgðaákvæði II. Vísast til athugasemda við 64. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um greiðsluþjónustu.

Með frumvarpinu er lagt til að innleidd verði tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB, um greiðsluþjónustu á innri markaðnum. Markmið tilskipunarinnar eru að skapa heildstætt, samræmt og nútímalegt regluverk um greiðslumiðlun og að efla réttarstöðu neytenda er varðar greiðsluþjónustu. Samkvæmt frumvarpinu verður þeim einum heimilt að veita greiðsluþjónustu hér á landi sem hafa til þess tilskilin leyfi stjórnvalda hér á landi eða í öðru aðildarríki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýrri tegund fyrirtækja á sviði fjármálaþjónustu, svokölluðum greiðslustofnunum, sem sinna munu takmarkaðri og sérhæfðari starfsemi en viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki gera samkvæmt gildandi lögum. Lögð eru til ítarleg ákvæði um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu og gerðar tillögur að ítarlegum ákvæðum um réttindi og skyldur aðila í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með framkvæmd laganna, utan ákvæðis 6. gr. um þátttöku í greiðslukerfum sem lúti eftirliti Seðlabanka Íslands.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að fjölga þurfi stöðugildum hjá Fjármálaeftirlitinu um eitt til tvö, ef stofnunin á að geta sinnt þessu eftirlitsverkefni með viðunandi hætti. Ætla má að það samsvari 10–20 m.kr. aukningu í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins. Til að standa undir þeim kostnaði er lagt til að nýjum tölulið verði bætt við 5. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þess efnis að greiðslustofnanir skuli greiða 0,0244% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 1 m.kr. Er það sama gjald og nú gildir um sparisjóði, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki. Er því gert ráð fyrir að árlegur launakostnaður Fjármálaeftirlitsins og markaðar ríkistekjur stofnunarinnar aukist um 10–20 m.kr. Að öðru leyti verður ekki séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á tekjur og gjöld ríkissjóðs.

1191. Frumvarp til laga [674. mál]

um Stjórnarráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Um Stjórnarráð Íslands.
1. gr.

Ráðherrar í ríkisstjórn Íslands og ráðuneyti þeirra mynda Stjórnarráð Íslands. Ráðherrar fara með og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, hver á sínu málefnasviði. Sá ráðherra sem forseti Íslands hefur skipað til forsætis í ríkisstjórn Íslands nefnist forsætisráðherra.

2. gr.

Ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands skulu á hverjum tíma ekki vera fleiri en tíu. Fjöldi ráðuneyta innan þeirra marka skal ákveðinn með forsetaúrskurði, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, samkvæmt tillögu forsætisráðherra.

Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.

II. KAFLI
Um skipun ráðherra og verkaskiptingu á milli þeirra.

3. gr.

Forseti Íslands skipar forsætisráðherra. Forseti Íslands skipar aðra ráðherra samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Forseti Íslands veitir forsætisráðherra og ráðuneyti hans sem og einstökum ráðherrum lausn frá embætti samkvæmt tillögu forsætisráðherra.

4. gr.

Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum forsetaúrskurðar, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveðinn er upp samkvæmt tillögu forsætisráðherra.

Hvert ráðuneyti skal óskipt lagt til eins og sama ráðherra. Heimilt er að fela sama ráðherra að fara með fleiri en eitt ráðuneyti á hverjum tíma.

Komi upp vafi eða ágreiningur um það undir hvaða ráðuneyti stjórnarmálefni heyrir sker forsætisráðherra úr.

5. gr.

Nú er stjórnarmálefni flutt milli ráðuneyta, sbr. 4. gr., og skal þá ljúka meðferð ólokinna stjórnsýslumála í því ráðuneyti sem við málefni tekur.

III. KAFLI
Um ríkisstjórn og samhæfingu starfa á milli ráðherra.

6. gr.

Ríkisstjórnarfundi skal halda um eftirfarandi mál:

1. Nýmæli í lögum, þ.e. lagafrumvörp sem ráðherrar hyggst leggja fram á Alþingi sem stjórnarfrumvörp, og önnur málefni sem bera á upp fyrir forseta Íslands til staðfestingar.
2. Mikilvæg stjórnarmálefni. Til mikilvægra stjórnarmálefna teljast t.d. reglugerðir og yfirlýsingar sem taldar eru fela í sér mikilvæga stefnumörkun eða áherslubreytingar eða ef sýnt þykir að reglugerð eða yfirlýsing geti haft á áhrif á útgjöld ríkissjóðs umfram fjárheimildir eða á efnahagsmál almennt.
3. Önnur mál sem ráðherrar óska eftir að bera þar upp.

Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórnarfundum.

7. gr.

Forsætisráðherra felur starfsmanni forsætisráðuneytisins að gegna störfum ritara ríkisstjórnar.

Í fundargerðir ríkisstjórnar skulu færðar niðurstöður, skýrt frá frásögnum og tilkynningum ráðherra auk þess sem greint skal frá umræðuefni, ef ekki er á því formleg niðurstaða, og bókuð afstaða samkvæmt sérstakri ósk ráðherra.

Fundargerðir skulu staðfestar af forsætisráðherra og dreift til annarra ráðherra þegar staðfesting liggur fyrir. Komi fram athugasemd við fundargerð frá ráðherra skal hún skráð í fundargerð næsta fundar.

Um störf ríkisstjórnar fer að öðru leyti eftir starfsreglum sem ríkisstjórnin setur sér.

8. gr.

Forsætisráðherra ber að gæta þess að verkaskipting á milli ráðherra, sbr. 4. gr., sé eins skýr og kostur er. Ráðherrar skulu leitast við að samhæfa stefnu og aðgerðir ráðuneyta þegar málefni og málefnasvið skarast. Forsætisráðherra skal beita sér fyrir því að stefna og aðgerðir ráðherra á einstökum sviðum séu samhæfðar ef á þarf að halda.

9. gr.

Forsætisráðherra getur ákveðið, með samþykki ríkisstjórnar, að skipa ráðherranefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflokka.

Forsætisráðherra stýrir fundum ráðherranefnda eða felur öðrum ráðherra að stýra fundum ráðherranefndar í sinn stað.

10. gr.

Forsætisráðherra, í samráði við viðkomandi ráðherranefnd, felur starfsmanni í Stjórnarráði Íslands að vera ritari ráðherranefndar.

Í fundargerðir ráðherranefndar skulu færðar niðurstöður, skýrt frá frásögnum og tilkynningum ráðherra auk þess sem greint skal frá umræðuefni, ef ekki er á því formleg niðurstaða, og bókuð afstaða samkvæmt sérstakri ósk ráðherra.

Fundargerðir skulu staðfestar af forsætisráðherra, eða þeim ráðherra sem forsætisráðherra hefur falið að stýra ráðherranefnd, og dreift til annarra ráðherra í ráðherranefnd þegar staðfesting liggur fyrir. Komi fram athugasemd við fundargerð frá ráðherra skal hún skráð í fundargerð næsta fundar.

Forsætisráðherra, að höfðu samráði við ríkisstjórn, setur reglur um störf ráðherranefnda.

11. gr.

Þótt ráðherra hafi tekið mál upp í ráðherranefnd leysir það hann ekki undan skyldu til að bera mál upp í ríkisstjórn, sbr. 6. gr.

IV. KAFLI
Um stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra.

12. gr.

Ráðherra fer með yfirstjórn stjórnvalda sem hafa á hendi framkvæmd stjórnarmálefna er undir ráðuneyti hans heyra, enda leiði ekki af lögum að stjórnvald skuli vera sjálfstætt gagnvart ráðherra.

Í yfirstjórn skv. 1. mgr. felst m.a. að ráðherra getur gefið stjórnvaldi almenn og sérstök fyrirmæli um starfrækslu á verkefnum þess, fjárreiður og meðferð eigna, enda mæli lög eða eðli máls því ekki í mót.

Ráðherra er heimilt að láta í té óbindandi álit sem þýðingu geta haft til leiðbeiningar fyrir stjórnarframkvæmd á málefnasviði hans, enda leiði ekki af lögum eða eðli máls að honum sé það óheimilt.

13. gr.

Ráðherra skal hafa eftirlit með starfrækslu, fjárreiðum og eignum á vegum stjórnvalda sem heyra undir almennar stjórnunarheimildir hans.

Ráðherra skal enn fremur hafa almennt eftirlit með starfrækslu, fjárreiðum og eignum þeirra sjálfstæðu stjórnvalda sem heyra stjórnarfarslega undir hann. Eftirlit með sjálfstæðum stjórnvöldum tekur ekki til einstakra ákvarðana þeirra.

14. gr.

Ráðherra getur krafið stjórnvald, sem heyrir undir yfirstjórn hans, um hverjar þær upplýsingar og skýringar sem honum er þörf á til að sinna yfirstjórnarhlutverki sínu.

Ráðherra getur krafið sjálfstæð stjórnvöld, sem heyra stjórnarfarslega undir hann, um hverjar þær upplýsingar og skýringar sem þörf er á til að sinna eftirliti skv. 13. gr. og öðrum lögmæltum skyldum ráðherra.

Ef nauðsynlegt reynist í þessu sambandi að afhenda ráðherra upplýsingar sem almennar eða sérstakar þagnarskyldureglur taka til eru hann og ráðuneyti hans bundin þagnarskyldu með sama hætti og í þeim reglum greinir.

15. gr.

Ráðherra skal hafa almennt eftirlit með þeim eignum ríkisins, þar á meðal eign í einkaréttarlegum lögaðilum, sem til viðkomandi ráðherra hafa verið lagðar.

V. KAFLI
Um innra skipulag ráðuneyta og starfsmannahald.

16. gr.

Ráðuneytisstjórar stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra. Í forföllum ráðuneytisstjóra gegnir staðgengill störfum ráðuneytisstjóra. Staðgengill ráðuneytisstjóra skal koma úr röðum skrifstofustjóra samkvæmt ákvörðun ráðuneytisstjóra.

Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins skal jafnframt því embætti gegna störfum ritara ríkisráðs Íslands.

17. gr.

Ráðherra skal, að fenginni tillögu ráðuneytisstjóra, skipuleggja ráðuneyti sitt með því að skipta því upp í skrifstofur og skal hverri skrifstofu stýrt af skrifstofustjóra undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra.

18. gr.

Ráðherra skipar ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra að fengnu mati hæfnisnefndar, sbr. 19. gr. Ráðuneytisstjóri er í fyrirsvari við ráðningu annarra starfsmanna ráðuneytis.

Ráðherra setur ráðuneytisstjóra, aðstoðarmanni ráðherra og ráðgjafa ráðherra erindisbréf og ráðuneytisstjórar setja skrifstofustjórum erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur. Forsætisráðuneytið skal gefa út leiðbeinandi erindisbréf fyrir ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra, aðstoðarmenn ráðherra og ráðgjafa ráðherra í Stjórnarráði Íslands.

19. gr.

Við skipun í embætti ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í ráðuneytum skv. 18. gr., sbr. þó 21. gr., skal ráðherra skipa þriggja manna nefnd til að meta hæfni umsækjenda um embættið.

Niðurstaða hæfnisnefndar er ráðgefandi við skipun í embætti. Forsætisráðherra setur reglur um hæfnisnefndir þar sem m.a. er fjallað um skipun nefndar, verkefni og málsmeðferð.

20. gr.

Ráðherra skal leita faglegs álits ráðuneytis til að tryggja að ákvarðanir og athafnir hans séu lögum samkvæmt.

Starfsmenn ráðuneyta skulu í samræmi við stöðu sína og hlutverk veita ráðherra þær upplýsingar og faglegu ráðgjöf, bæði um staðreyndir og önnur atriði, sem honum er almennt þörf á til að geta sinnt hlutverki sínu lögum samkvæmt.

21. gr.

Um heimildir ráðherra til að flytja embættismenn á milli embætta innan Stjórnarráðs Íslands fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og öðrum lögum eftir því sem við á.

Enn fremur er heimilt að starfsmenn sem ráðnir eru ótímabundið til starfa í ráðuneyti flytjist á milli ráðuneyta um afmarkaðan tíma eða varanlega enda liggi fyrir samþykki beggja ráðherra fyrir flutningnum og starfsmannsins sjálfs.

Nú flytjast stjórnarmálefni milli ráðuneyta, sbr. 4. gr., og skal þá bjóða hlutaðeigandi starfsmönnum að sinna þeim áfram í því ráðuneyti er tekur við málefninu. Við flutninginn verða ekki breytingar á starfskjörum starfsmanna.

Ákvæði um auglýsingaskyldu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eiga ekki við um flutning embættismanna og starfsmanna samkvæmt þessari grein.

Forsætisráðherra getur sett nánari reglur um tilhögun flutnings starfsmanna innan Stjórnarráðsins.

22. gr.

Ráðherra er heimilt að ráða til starfa í hverju ráðuneyti, sem hann fer með, einn aðstoðarmann og einn ráðgjafa. Ákvæði um auglýsingaskyldu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eiga ekki við um ráðningu aðstoðarmanns og ráðgjafa. Aðstoðarmaður ráðherra og ráðgjafi ráðherra gegna störfum fyrir ráðherra svo lengi sem ráðherra ákveður, þó ekki lengur en ráðherra sjálfur.

Aðstoðarmaður ráðherra og ráðgjafi heyra beint undir ráðherra. Meginhlutverk aðstoðarmanns ráðherra og ráðgjafa er að vinna að stefnumótun á málefnasviði ráðuneytis undir yfirstjórn ráðherra og í samvinnu við ráðuneytisstjóra. Aðstoðarmanni ráðherra og ráðgjafa er óheimilt að rita undir stjórnvaldserindi fyrir hönd ráðherra.

Aðstoðarmaður ráðherra og ráðgjafi eiga rétt á biðlaunum í þrjá mánuði eftir að þeir láta af starfi. Þiggi fyrrverandi aðstoðarmaður eða ráðgjafi ráðherra laun vegna annarra starfa á því tímabili sem hann á rétt á biðlaunum vegna fyrri starfa sinna sem aðstoðarmaður eða ráðgjafi skerðast biðlaunin sem þeim launum nemur.

23. gr.

Um réttindi og skyldur embættismanna og starfsmanna Stjórnarráðs Íslands fer að öðru leyti samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og öðrum lögum eftir því sem við á.

VI. KAFLI
Um siðferðileg viðmið í starfsemi Stjórnarráðs Íslands.

24. gr.

Forsætisráðherra staðfestir siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands. Við undirbúning reglnanna skal hafa samráð við starfsmenn sem í hlut eiga. Einstökum ráðuneytum er heimilt að útfæra siðareglurnar nánar með hliðsjón af sérstökum verkefnum sem þau sinna. Heimilt er forsætisráðherra að setja sérstakar siðareglur fyrir aðstoðarmenn ráðherra og ráðgjafa ráðherra, sbr. 22. gr.

Forsætisráðherra staðfestir siðareglur fyrir ráðherra ríkisstjórnar sinnar í kjölfar samráðs á ríkisstjórnarfundi.

Siðareglur skal birta almenningi á aðgengilegan hátt.

25. gr.

Forsætisráðherra skipar til þriggja ára í senn samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna. Í nefndinni eiga sæti formaður, skipaður án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Félags forstöðumanna ríkisstofnana, fulltrúi ráðherra sem fer með starfsmannamál ríkisins, tveir fulltrúar samtaka ríkisstarfsmanna og tveir aðrir valdir á grundvelli sérþekkingar sinnar á stjórnsýslu og siðfræðilegum efnum.

Forsætisráðuneytið sér nefndinni fyrir starfsaðstöðu.

Helstu verkefni samhæfingarnefndarinnar eru:

a. að stuðla að því að siðferðileg viðmið séu í hávegum höfð í opinberum störfum og veita stjórnvöldum ráðleggingar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og spillingu,
b. að veita umsögn um drög að siðareglum á grundvelli laga þessara og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gefa stjórnvöldum ráð um túlkun þeirra,
c. að beita sér fyrir upplýsingaöflun og fræðirannsóknum á málefnasviði nefndarinnar,
d. að stuðla að því að brugðist sé með samhæfðum hætti við ábendingum eftirlitsembætta Alþingis og öðrum tiltækum upplýsingum um brot á siðareglum eða hættu á spillingu hjá ríkinu,
e. að taka þátt í samstarfi við félagasamtök, stofnanir og embætti hér á landi og erlendis sem vinna gegn spillingu í opinbera geiranum,
f. að gefa forsætisráðherra árlega skýrslu um starf sitt þar sem komi fram ef ástæða þykir til tillögur til stjórnvalda um frekari aðgerðir til að efla traust á stjórnsýslu ríkisins, draga úr hættu á spillingu og vanda betur til verka í stjórnsýslunni. Skýrslan skal lögð fyrir Alþingi.

Til þess að tryggja samræmi við störf umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar skal samhæfingarnefndin hafa reglulegt samráð við þau embætti.

VII. KAFLI
Önnur ákvæði.

26. gr.

Forsætisráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 73/1969.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 22. gr. er ráðherrum óheimilt, þar til að afstöðnum næstu alþingiskosningum, að ráða til sín ráðgjafa.

Aðstoðarmenn ráðherra sem eru starfandi við gildistöku laga þessara og áður voru ríkisstarfsmenn eiga rétt til að hverfa til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins, sbr. 15. gr. eldri laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt.

Frumvarp þetta er samið í forsætisráðuneytinu í samráði við sérfræðinga á sviði stjórnsýsluréttar. Frumvarpið byggist að miklu leyti á tillögum sem gerðar voru í skýrslunni *Samhent stjórnsýsla* sem gefin var út í desember 2010. Í þeirri skýrslu er m.a. fjallað um það hvernig mæta megi ábendingum og tillögum sem fram komu í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og í skýrslu þingmannanefndar sem falið var að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Við vinnu skýrslunnar var haft ítarlegt samráð og m.a. fundað með fjölda embættis- og starfsmanna innan Stjórnarráðsins, ýmsum fræðimönnum og sérfræðingum á sviði stjórnsýslu og stjórnsýsluréttar auk formanna stéttarfélaga starfsmanna Stjórnarráðsins. Þá var í febrúar og mars 2010 framkvæmd eigindleg rannsókn á vegum Háskóla Íslands þar sem tekin voru viðtöl við ríflega 30 stjórnendur í Stjórnarráði Íslands, þar á meðal alla ráðuneytisstjóra, en einnig voru tekin viðtöl við núverandi og fyrrverandi ráðherra. Margar af tillögum nefndarinnar byggjast á þessari rannsókn. Þá voru Stjórnarráð og stjórnsýslukerfi annarra landa skoðuð og opið málþing haldið í október 2010 um fyrirhugaða endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands. Áfangaskýrsla nefndarinnar, sem kom út í júní 2010, var birt á heimasíðu forsætisráðuneytisins og almenningi gefinn kostur á að senda inn athugasemdir. Það voru einkum ráðuneyti sem nýttu sér þann mögulega að gera athugasemdir við áfangaskýrsluna og var tekið tillit til þeirra við gerð lokaskýrslunnar. Drög að frumvarpi þessu voru kynnt öllum ráðuneytum áður en þau voru afgreidd í ríkisstjórn til framlagningar á Alþingi. Þá voru drögin jafnframt kynnt fulltrúum stéttarfélaga starfsmanna Stjórnarráðsins.

Efnisákvæði frumvarpsins ráðast í veigamestu atriðunum, rétt eins og ákvæði núgildandi laga um Stjórnarráð Íslands, af ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, enda grundvallast staða Stjórnarráðsins, þ.e. ráðherra og ráðuneyta þeirra, sem æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins í landinu á ákvæðum stjórnarskrárinnar. Við vinnslu frumvarpsins var þess gætt í hvívetna að ákvæði þess væru í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar og óskráðar stjórnskipunarreglur.

Málefni Stjórnarráðs Íslands og stjórnsýslunnar almennt hafa verið mjög í umræðunni allt frá því að íslenskt samfélag varð fyrir því gríðarlega efnahagsáfalli sem fylgdi falli þriggja stærstu bankastofnana landsins og fleiri fjármálastofnana. Ljóst er að niðurstöður í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis eru áfellisdómur yfir stjórnsýslu efnahagsmála í landinu. Hrunið og atburðarásin í aðdraganda þess reyndi mjög á getu stjórnsýslunnar til viðbragða, samhæfingar, eftirlits, stefnumótunar og skynsamlegrar ákvörðunartöku. Við slíkar aðstæður er viðbúið að veikustu hlekkirnir í keðjunni gefi sig. Af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis má ráða að helsti veikleiki íslenskar stjórnsýslu hafi verið skortur á samhæfingu þeirra stjórnvalda sem störfuðu að skyldum verkefnum á sviði efnahagsmála. Smæð hins íslenska stjórnkerfis og það hversu mjög brýnustu verkefnin hvíldu á herðum fárra einstaklinga virðist einnig hafa verið alvarlegur veikleiki. Mikilvægt er að æðsta stjórnsýsla ríkisins, Stjórnarráð Íslands, dragi lærdóm af því sem úrskeiðis fór í aðdraganda hrunsins og vinni markvisst að því styrkja sig á þeim sviðum þar sem hún er veikust fyrir. Sú vinna mun taka mörg ár og

mun ekki einvörðungu byggjast á lagabreytingum og reglusetningu. Sú umbótavinna sem mestu mun skipta felst í breytingum á innra starfi ráðuneyta og stofnana. Auka þarf samvinnu, samhæfingu og samráð á milli stjórnvalda sem starfa að skyldum verkefnum. Löggjöf og reglur geta vissulega mælt fyrir um umgjörð slíkrar samvinnu en hugafarsbreytingar er jafnframt þörf hjá þeim sem starfa í stjórnsýslunni þar sem samvinna er lykilþáttur.

Ljóst er að útkoma skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þann 12. apríl 2010 skapaði endurbótastarfinu nýjan grundvöll. Fyrir útkomu skýrslunnar skipaði forsætisráðherra starfshóp sem ætlað var að taka skýrslu rannsóknarnefndarinnar til ítarlegrar umfjöllunar og meta þau atriði sem sérstaklega beindust að stjórnsýslunni og starfsháttum Stjórnarráðsins. Var starfshópnum falið að gera tillögur til forsætisráðherra og ríkisstjórnar um hugsanleg viðbrögð við þeim. Skýrsla starfshópsins kom út í maí árið 2010. Skýrsla nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands, *Samhent stjórnsýsla*, er byggð á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, skýrslu starfshóps forsætisráðherra og skýrslu þingmannanefndar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Skýrslan kom út í desember 2010 og er hún birt í fylgiskjali með frumvarpi þessu. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu eru í öllum meginatriðum grundvallaðar á þeim tillögum sem settar eru fram í skýrslunni. Í skýrslunni eru jafnframt settar fram fjölmargar aðrar tillögur til úrbóta í stjórnarháttum og verklagi í innra skipulagi og stjórnsýslu Stjórnarráðsins sem hrinda má í framkvæmd án lagabreytinga. Í XIII. kafla athugasemdanna eru tillögur nefndarinnar raktar og jafnframt hvort og þá með hvaða hætti ætlunin er að hrinda þeim í framkvæmd.

II. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.

Eins og fram er komið eiga mörg ákvæði laganna sér beina stoð í stjórnarskrá lýðveldisins. Stjórnarskráin takmarkar þannig svigrúm löggjafans í ýmsum atriðum þegar kemur að lagasetningu um Stjórnarráð Íslands. Hvað varðar skipulag Stjórnarráðsins þá er helsta breytingin í frumvarpinu fólgin í því að lagt er til að sú löggjafarframkvæmd að telja ráðuneyti upp með tæmandi hætti í lögum um Stjórnarráð Íslands verði aflögð. Þess í stað er lagt til að einungis verði kveðið á um hámarksfjölda ráðuneyta í Stjórnarráðinu, sbr. 2. gr. frumvarpsins, en ákvörðunarvald um það hvaða ráðuneyti skuli starfrækt hvíli hjá stjórnvöldum á hverjum tíma en talið verður að það sé í fyllra samræmi við 15. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að það sé á valdi stjórnvalda að ákveða tölu ráðherra. Samhliða framangreindri breytingu er lagt til í sérstöku frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi að afnumin verði sú löggjafarframkvæmd að tilgreina heiti ráðherraembætta og ráðuneyta í lögum um einstök málefnasvið og að verkaskipting á milli ráðuneyta verði einvörðungu ákveðin af stjórnvöldum með forsetaúrskurði eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Verður jafnframt talið að sú breyting sé í fyllra samræmi við 15. gr. stjórnarskrárinnar en af því ákvæði má ráða að það sé hlutverk æðstu handhafa framkvæmdarvalds að ákveða verkaskiptingu á milli ráðherra. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem hafa það að markmiði að efla samhæfingu starfa á milli ráðherra og er m.a. kveðið á um skyldu ráðherra til að leitast við að samhæfa stefnu sína og aðgerðir þegar málefni og málefnasvið skarast og auk þess kveðið sérstaklega á um skyldu forsætisráðherra til að hafa frumkvæði að samhæfingu starfa ef á þarf að halda. Sérstaklega er kveðið á um starfsemi ráðherranefnda í þessu sambandi en slíkar nefndir geta þjónað mikilvægu hlutverki við samhæfingu starfa milli ráðherra. Þá er í frumvarpinu lagt til að kveðið verði á um stjórnunar- og eftirlitsskyldur ráðherra með lægra settum stjórnvöldum (þ.e. þeim er heyra undir yfirstjórn hans) og sjálfstæðum stjórnvöldum (þ.e. þeim sem heyra stjórnarfarslega undir

hann) og jafnframt með eignum ríkisins, þar á meðal eignum ríkisins í einkaréttarlegum lögaðilum en þessar skyldur hafa hingað til byggst á ólögfestum meginreglum. Með lögfestingu þessara réttarreglna má gera ráð fyrir að vægi þeirra og gildi verði skýrara í störfum ráðuneyta og lögfesting þeirra tryggi fremur en ella að stjórnvöld axli þær skyldur sem í reglunum felast. Loks eru lagðar til ýmsar breytingar á ákvæðum laganna sem lúta að starfsmannahaldi og mannauðsmálum ráðuneyta. Lagt er til að ráðherrum verði skylt við skipun ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í ráðuneytum að skipa hæfnisnefndir sem hafi það hlutverk að meta hæfni umsækjanda við skipun í embætti ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra. Þá er lagt til að kveðið verði skýrar á um heimildir ráðherra til að flytja starfsmenn á milli ráðuneyta vegna tímabundinna verkefna og varanlega eftir atvikum. Í því skyni að efla pólitíska stefnumótun í ráðuneytum er loks lagt til að ráðherrum verði heimilað að ráða, auk aðstoðarmanns ráðherra, sérstakan ráðgjafa ráðherra til starfa í ráðuneyti án auglýsingar. Vegna aðhalds í rekstri ráðuneyta er þó ekki gert ráð fyrir að þessi heimild taki gildi fyrr en að afloknum næstu alþingiskosningum.

III. Mat á áhrifum frumvarpsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um mikilvægar breytingar sem miða fyrst og fremst að því að bæta störf og starfshætti ráðherra, ríkisstjórna og stjórnsýslu Stjórnarráðs Íslands almennt.

Sú festa sem leiðir af því að kveða með tæmandi hætti á um fjölda ráðuneyta og heiti þeirra í lögum, sbr. 4. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, hefur dregið úr möguleikum ríkisstjórna til að laga skipulagið að breyttum áherslum. Eitt af markmiðum frumvarpsins er að auka sveigjanleika framkvæmdarvaldsins til þess að skipuleggja starfsemi sína. Það auðveldar Stjórnarráðinu að laga sig að breyttum þörfum og áherslum við pólitíska stefnumörkun sem aftur ýtir undir skilvirkari undirbúning stjórnarframkvæmdar í hverjum málaflokki.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndarinnar Alþingis má ætla að forsætisráðherra hafi eða ætti að hafa víðtækara forustu- og stjórnunarhlutverk í ríkisstjórn. Af umfjöllun rannsóknarnefndar Alþingis má ráða að heimildir forsætisráðherra til að fela öðrum ráðherrum eða stjórnmálaleiðtogum hluta af valdi sínu eða ábyrgð sé takmörkuð. Í frumvarpinu er kveðið skýrar á um skipunar- og verkstjórnarvald forsætisráðherra sem forustumanns ríkisstjórnarinnar og skyldu hans til að hafa frumkvæði að því að samhæfa stefnu og aðgerðir þegar málefni og málefnasvið skarast, m.a. með skipun ráðherranefnda til að fjalla um einstök mál og málaflokka.

Ákvæði 9. gr. núgildandi laga um Stjórnarráð Íslands um eftirlit ráðherra með öðrum stjórnvöldum hefur þótt æði óljóst eins og bent var á í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (bindi 7, bls. 282) og eru í IV. kafla frumvarpsins settar fram almennar reglur um stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra með stjórnvöldum, bæði þeim sem heyra undir yfirstjórn hans (lægra sett stjórnvöld) sem og þeim sem heyra stjórnarfarslega undir ráðherra (sjálfstæð stjórnvöld). Þar sem lög um Stjórnarráð Íslands, svo og reglugerð um Stjórnarráð Íslands, taka til allra stjórnarmálefna ríkisins, þ.m.t. þeirra sem heyra undir sjálfstæð stjórnvöld, verður að ætla að sú eftirlitsskylda sem mælt er fyrir um í 9. gr. laga nr. 73/1969 taki til allra stjórnvalda. Ákvæði 14. gr. stjórnarskrárinnar styður einnig þá niðurstöðu. Þrátt fyrir framangreint er talið nauðsynlegt að kveða skýrar á um eftirlitsskylduna eins og lagt er til í frumvarpinu. Skýrari og skráðar reglur um eftirlit hafa það að markmiði að auka það og styrkja. Aukið eftirlit mun hins vegar óhjákvæmilega leiða til aukins álags á stjórnsýslu ráðuneytanna.

Til að stuðla að betri nýtingu mannauðs innan Stjórnarráðsins eru ákvæði í frumvarpinu sem ætlað er að stuðla að auknum hreyfanleika starfsmanna. Slíkt er einnig líklegt til að efla samvinnu og auka starfsánægju innan ráðuneyta. Munur er á lagalegri stöðu embættismanna og annarra starfsmanna Stjórnarráðins að þessu leyti. Á grundvelli 20. gr. stjórnarskrárinnar og 36. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, er heimilt að flytja embættismenn milli embætta án auglýsingar og án þeirra samþykkis. Þannig má færa ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra á milli embætta innan Stjórnarráðsins og eru dæmi um slíkt, sérstaklega hvað varðar ráðuneytisstjóra. Árið 2007 var heimild bætt í 11. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, þess efnis að færa aðra starfsmenn en embættismenn milli ráðuneyta með samþykki þeirra en án almennrar auglýsingar. Gert var ráð fyrir að forsætisráðherra setti reglur um tilhögun slíks flutnings, þar á meðal um auglýsingu lausra starfa innan Stjórnarráðs Íslands. Í frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir að heimilt verði að flytja starfsmenn innan Stjórnarráðs Íslands án opinberrar auglýsingar. Það eykur hreyfanleika starfsmanna innan Stjórnarráðsins en skerðir ekki möguleika annarra til að sækjast eftir þeim störfum sem þar kunna að losna eins og skýrt er í athugasemdum við 21. gr. frumvarpsins.

Fyrir ráðherra er mikilvægt að geta ráðið sér pólitíska ráðgjafa. Fyrir trúverðugleika ráðuneytis skiptir hins vegar sköpum að pólitískir ráðgjafar séu ekki ráðnir sem almennir sérfræðingar sem halda áfram störfum eftir að ráðherrann hverfur á braut. Hlutverk pólitískra ráðgjafa er að veita ráðherra aðstoð við að hrinda í framkvæmd pólitískum áherslum sínum í samstarfi við fasta starfsmenn stjórnsýslu ráðuneytanna. Með frumvarpinu er ætlunin að styrkja núverandi aðstoðarmannakerfi og gefa ráðherrum færi á að ráða sér, auk aðstoðarmanns, sérstakan ráðgjafa til þess að aðstoða þá við stefnumótun. Í frumvarpinu er kveðið á um sérstakar skyldur þeirra varðandi pólitíska stefnumótun og að þeir vinni náið með stjórnendum og starfsmönnum ráðuneytisins í umboði ráðherra en ráðuneytisstjóri kemur þeim samskiptum á í gegnum embættismannakerfi ráðuneytanna.

Telja verður, með vísan til framangreinds, að virtum þeim hagsmunum sem horft var til við samningu frumvarpsins, að ávinningur af samþykkt þess sé umtalsverður umfram það að núgildandi lög standi óbreytt.

IV. Lög um Stjórnarráð Íslands – Sögulegt yfirlit.

1. Þróun stjórnarráðsins frá heimastjórn fram yfir miðja 20. öld.

Stjórnarráð Íslands var stofnað í upphafi heimastjórnar árið 1904 á grundvelli laga sem samþykkt höfðu verið 3. október 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands. Löggjöf þessi var ekki ítarleg, mælti fyrst og fremst um starfskjör ráðherra og landritara og önnur fjárhagsleg atriði í tengslum við stofnun Stjórnarráðsins. Þar var þó í 1. gr. kveðið á um að skipa skyldi í Stjórnarráðið landritara og þrjá skrifstofustjóra og kveðið á um að konungur veitti þau embætti. Þessir þrír konungsskipuðu skrifstofustjórar fóru hver með sína skrifstofu í Stjórnarráðinu. Ein skrifstofa fór með dóms- og kirkjumál auk heilbrigðis- og skólamála. Á annarri skrifstofunni komu málefni atvinnugreinanna til umfjöllunar, banka- og viðskiptamál, samgöngumálefni auk sveitarstjórnar- og fátækramálefna. Þriðja skrifstofan fjallaði síðan um fjármál ríkisins, fjárlagagerð, skatta- og tollamál, gerð landsreikninga og ýmsa sameiginlega þætti í starfsmannamálum ríkisins.

Á fyrstu starfsárum Stjórnarráðsins var þessi verkaskipting hvorki bundin í lög né sett um hana almenn stjórnvaldsfyrirmæli. Þegar ráðherrum var fjölgað hér á landi í þrjá árið 1917 var verkaskipting milli þeirra ákveðin með úrskurði konungs og auglýsing birt í Stjórnartíðindum um skiptingu Stjórnarráðsins í þrjár deildir sem hver var lögð undir einn ráðherra.

Heiti deildanna réðust væntanlega af því hvað menn álitu að væru meginviðfangsefni þeirra, þ.e. dóms- og kirkjumáladeild, atvinnu- og samgöngumáladeild og fjármáladeild. Einstökum viðfangsefnum deildanna var enn fremur lýst í auglýsingunni sem réði þess vegna valdmörkum milli ráðherranna. Skömmu síðar var farið að kalla þessar deildir ráðuneyti.

Árið 1924 var sú breyting gerð að farið var að skipta einstökum viðfangsefnum stjórnarráðsins milli ráðherra með auglýsingu í Stjórnartíðindum en ekki milli ráðuneyta. Hélst sú skipan fram til gildistöku laga um Stjórnarráð Íslands í ársbyrjun 1970. Ekki er ljóst af hverju þessi breyting varð en hugsanlega má rekja hana til þess að í fullveldisstjórnarskránni frá 1920 var mælt fyrir um að konungur skyldi ákveða fjölda ráðherra og hvernig verkefnum væri skipt milli þeirra en ekki hvernig haga bæri skipan verkefna milli ráðuneyta. Hliðstætt ákvæði var í dönsku stjórnarskránni en þar var sá skilningur lagður í ákvæðið að stjórnskipulegri skjaldborg væri slegið um vald konungs, og þar með forsætisráðherra og ríkisstjórnar, til að ákveða tölu ráðherra, stofna ný ráðuneyti og færa verkefni milli þeirra. Óheimilt væri að takmarka þetta vald með almennri löggjöf heldur litið svo á að það væri hlutverk æðstu handhafa framkvæmdarvalds, en ekki löggjafans, að ákveða hvernig skipulagi æðstu stjórnsýslu ríkisins skyldi hagað.

Með auglýsingunni frá 1924 um skiptingu verkefna milli ráðherra var við það miðað að ráðherraembættin væru fjögur þó að þrír ráðherra gegndu þeim allt til 1939. Einn ráðherranna skyldi gegna embætti forsætisráðherra. Auk þess að vera í forsæti í ríkisstjórninni og fara með málefni stjórnskipunarinnar átti hann að annast utanríkismál. Vísir að sérstöku ráðuneyti, sem hélt utan um þessi verkefni, hafði myndast nokkru fyrr. Utanríkismálefni voru síðan skilin frá öðrum málefnum forsætisráðherraembættisins þegar utanríkismáladeild stjórnarráðsins var stofnuð árið 1938 og sérstakur skrifstofustjóri skipaður til að veita henni forstöðu. Í tengslum við það var lögunum um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 1903 breytt og konungi falið að skipa fjóra skrifstofustjóra í stjórnarráðinu í stað þriggja áður.

Við skipun þjóðstjórnarinnar 1939 var ráðherrum fjölgað úr þremur í fimm. Í tengslum við það var ákveðið að ráða fimmta skrifstofustjórann til starfa í Stjórnarráðinu. Hann hlaut hins vegar ekki konungsskipun í embætti eins og aðrir skrifstofustjórar og engin breyting gerð á lögunum frá 1903 í tengslum við ráðningu hans. Hinum nýráðna skrifstofustjóra var falið að hafa umsjón með þeim verkefnum sem fallið höfðu í hlut Eysteins Jónssonar við skiptingu verkefna ráðherranna. Þetta voru verslunar- og gjaldeyrismál auk bankamálefna og markaði þessi breyting upphafið að starfsemi viðskiptaráðuneytisins.

Næsta áratuginn fjölgaði ráðuneytunum ört. Utanríkismáladeild Stjórnarráðsins varð að utanríkismálaráðuneyti með bráðabirgðalögum árið 1940. Félagsmálaráðuneytið tók enn fremur til starfa sem sérstök stjórnarskrifstofa í september 1946 þegar skrifstofustjóri var ráðinn til að fara með daglega yfirstjórn þess málefnasviðs og þau færð undan atvinnumálaráðuneytinu. Sameiginlegu menntamála- og forsætisráðuneyti var enn fremur komið á fót í júní 1947 með ráðningu skrifstofustjóra þar. Þá voru samgöngu- og iðnaðarmál skilin frá öðrum viðfangsefnum atvinnumálaráðuneytisins í júlí 1947 og nýr skrifstofustjóri ráðinn til að hafa daglega stjórn á þeim málum í nýju ráðuneyti samgöngu- og iðnaðarmála.

Á tæpum áratug fjölgaði því ráðuneytum úr þremur í átta. Hliðstæð þróun átti sér stað í nágrannaríkjunum og átti hún sjálfsagt rætur að rekja til útvíkkunar á hlutverki ríkisvaldsins á tímum kreppu og heimsstyrjaldar er leiddi til stækkunar opinberrar stjórnsýslu. Jafnan var staðið mjög óformlega að verki þegar nýju ráðuneyti var komið á fót. Almennt var fulltrúi í Stjórnarráðinu ráðinn í starf skrifstofustjóra án þess að starfið væri auglýst opinberlega eða

nokkur tilkynning birt um stofnun hins nýja ráðuneytis.

Á sama tíma fjölgaði ráðherrum einnig nokkuð auk þess sem farið var að skipta verkefnum á milli þeirra án þess að taka fullt tillit til þess í hvaða ráðuneyti málin komu til afgreiðslu. Við þá verkaskiptingu virðist einkum hafa verið litið til pólitískra aðstæðna og hún sjálfsagt notuð til að greiða fyrir stjórnarmyndun. Með þessu skapaðist hins vegar viðvarandi ósamræmi milli þess hvernig ráðherrar skiptu með sér störfum og hvar sömu málefni komu til afgreiðslu innan Stjórnarráðsins. Þetta leiddi aftur til þess að ráðuneytin gátu haft fleiri en einn ráðherra við stjórnvölinn, jafnvel fleiri en tvo. Þessi skipan átti sér ekki samsvörun í norrænni stjórnsýslu. Ekki er ólíklegt að hana megi rekja til þess að erfitt hafi þótt að láta skipulag fáliðaðs Stjórnarráðs hér á landi fylgja óreglulegum og tíðum breytingum á verkaskiptingu milli ráðherra sem ekki tóku mið af þörfum stjórnsýslunnar fyrir stöðugleika og festu.

Ráðuneytum hélt áfram að fjölga á sjötta og sjöunda áratug 20. aldar. Með bréfi forsætisráðherra 15. október 1956 var ákveðið að Hagstofa Íslands skyldi teljast meðal ráðuneyta og um það vísað til laga um stofnunina þar sem fram kom að hún heyrði beint undir ráðherra. Þá var á árunum 1959 til 1962 starfandi hér á landi sérstakt efnahagsmálaráðuneyti. Í því tilviki virðist ráðuneytisformið einkum hafa verið valið þar sem ekki var talið hægt að nota annað form utan um starfsemina nema með sérstakri lagaheimild. Verkefni þessa ráðuneytis voru síðan færð til Efnahagsstofnunar árið 1962.

2. Aðdragandi að setningu laga um Stjórnarráð Íslands.

Á sjötta áratug 20. aldar fór að bera á gagnrýni á skipan mála í Stjórnarráðinu. Þar stóðu fremstir í flokki lagaprófessorarnir og alþingismennirnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson. Bjarni lagði fram tillögu til þingsályktunar í febrúar árið 1958 þar sem lagt var til að skipuð yrði fimm manna nefnd sem falið yrði að endurskoða löggjöf um Stjórnarráð Íslands og gera tillögur um skipan ráðuneyta og skiptingu starfa milli þeirra. Í greinargerð með tillögunni var talið að löggjöf um Stjórnarráðið væri mjög í molum og ráðuneytum hefði fjölgað með ákvörðunum einstakra ríkisstjórna eða ráðherra oft af veigalitlum ástæðum. Þegar Bjarni mælti fyrir tillögunni taldi hann meira að segja óljóst hvaða ráðuneyti væru raunverulega til í Stjórnarráðinu. Þingsályktunartillaga þessi var samþykkt en með þeirri breytingu að skorað var á ríkisstjórnina að sjá til þess að endurskoðun löggjafarinnar færi fram. Forsætisráðherra, Hermann Jónasson, skipaði síðan nefnd þriggja manna til að annast þetta verkefni um haustið 1958.

Ólafur Jóhannesson vakti einnig athygli á því í riti sínu Stjórnarfarsrétti, sem kom út árið 1955, að einungis fjögur af níu ráðuneytum Stjórnarráðsins hefðu verið stofnuð með lögum. Eftir að Ólafur tók sæti á Alþingi árið 1959 hélt hann því fram að ekki væri unnt að stofna til nýrra embætta og stjórnarstofnana eins og ráðuneyta án heimildar í lögum.

Bæði Ólafur og Bjarni virðast hafa verð sammála um að skipan þessara mála í Stjórnarráðinu væri ekki í réttu horfi og við því þyrfti að bregðast með því að styrkja vald Alþingis til að hlutast til um skipulag Stjórnarráðsins. Ekki verður betur séð en að almennt hafi verið tekið undir þessi sjónarmið á Alþingi. Stjórnarfrumvarp til nýrra laga um Stjórnarráð Íslands var þó ekki lagt fram á Alþingi fyrr en haustið 1968. Flutningsmaður þess var Bjarni Benediktsson forsætisráðherra sem tekið hafði við sem forsætisráðherra af Ólafi Thors í nóvember 1963. Í frumvarpinu voru fjölmörg nýmæli. Ein meginbreytinganna fólst í því að telja ráðuneytin upp í lögunum og skyldi þeim fjölgað úr níu í þrettán. Þar skipti miklu að málefnum höfuðatvinnuveganna þriggja, sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, skyldi skipt

niður á jafnmörg ráðuneyti, sem báru heiti atvinnugreinanna, og samgöngumál skilin frá málefnum iðnaðarins með stofnun sérstaks samgönguráðuneytis. Auk þess átti að stofna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og greina á milli forsætisráðuneytis og menntamálaráðuneytis. Ekki var farin sú leið að lögbinda verkaskiptingu milli ráðuneytanna heldur skyldi hún ákveðin með sérstakri reglugerð um Stjórnarráð Íslands þar sem gætt væri að því að þau málefni heyrðu undir viðkomandi ráðuneyti sem eðli sínu samkvæmt ættu þar heima. Í frumvarpinu var enn fremur kveðið á um að skylt væri að leggja hvert ráðuneyti óskipt til eins og sama ráðherra. Með því átti að koma í veg fyrir að verkefnum ráðuneyta væri skipt milli ráðherra þannig að fleiri en einn ráðherra færi með stjórn sama ráðuneytis eins og tíðkast hafði. Augljóslega var stefnt að því með þessu að koma í veg fyrir þann glundroða sem talið var að einkenndi skipulag Stjórnarráðsins. Að auki voru í frumvarpinu fyrirmæli um framkvæmd ríkisstjórnarfunda auk þess sem heimild var veitt fyrir ráðherra til að ráða sér pólitískan aðstoðarmann. Þá voru þar einnig ákvæði er lutu að innra skipulagi ráðuneytanna en í meginatriðum voru þau fyrirmæli reist á venjum og hefðum í því efni.

Frumvarpi þessu var vel tekið á Alþingi. Helst var fjölgun ráðuneytanna gagnrýnd auk þess sem efasemdir voru uppi um hvort rétt væri að Hagstofa Íslands teldist til ráðuneyta. Ráðuneytisstjórar í Stjórnarráðinu gagnrýndu einnig fjölgun ráðuneytanna. Þeir óttuðust að fjölgun ráðuneyta í fáliðuðu Stjórnarráði mundi leiða til þess að síður væri hægt að sinna faglegum undirbúningi stefnumarkandi ákvarðana ráðherra og að sérstök ráðuneyti atvinnugreina mundu auka hættuna á því að þar væri dreginn taumur sérhagsmuna viðkomandi greinar. Þessum sjónarmiðum virðist hafa verið hafnað á Alþingi. Frumvarpið var samþykkt 13. maí 1969 að mestu leyti í þeirri mynd sem það hafði verið lagt fram. Lögin voru síðan birt í Stjórnartíðindum sem lög nr. 73/1969. Þau tóku síðan gildi í ársbyrjun 1970 ásamt reglugerð þar sem einstökum viðfangsefnum ráðuneytisins hafði verið skipað niður á ráðuneytin. Sú skipting tók að ýmsu leyti mið af þeirri skipan sem verið hafði og í meginatriðum ekki gerðar umfangsmeiri breytingar en leiddi af þeirri fjölgun ráðuneyta sem lögin kváðu á um.

3. Skipulag Stjórnarráðs Íslands frá 1970 til dagsins í dag.

Með lögunum um Stjórnarráð Íslands komst varanleg festa á skipulag Stjórnarráðsins, eins og stefnt hafði verið að. Þessi festa endurspeglast í því að ekki voru gerðar breytingar á hinu lögbundna skipulagi Stjórnarráðsins fyrstu tvo áratugina að öðru leyti en því að Ríkisendurskoðun, sem verið hafði sérstök stjórnardeild undir fjármálaráðherra, var færð undir Alþingi árið 1986. Árið 1990 var ráðuneytunum síðan fjölgað um eitt þegar umhverfisráðuneytinu var komið á fót og málefni er lutu m.a. að mengunarvörnum, náttúruvernd og skipulagsmálum voru flutt til ráðuneytisins. Ári síðar voru fyrirmæli í lögunum um fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem starfað hafði undir fjármálaráðherra, felld brott.

Á síðustu árum hafa aftur á móti nokkuð umfangsmiklar breytingar verið gerðar á skipulagi Stjórnarráðsins og öðrum fyrirmælum laganna. Árið 2007 var samþykkt að sameina sjávarútvegsráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið auk þess sem Hagstofa Íslands var gerð að sjálfstæðri stofnun en ekki ráðuneyti. Á sama tíma voru málefni almannatrygginga færð til félagsmálaráðuneytis frá heilbrigðisráðuneyti og heitum þessara ráðuneyta breytt í lögunum. Enn fremur var samþykkt að sameina mætti ráðuneyti með forsetaúrskurði auk þess sem sett var ákvæði um réttarstöðu starfsmanna Stjórnarráðsins við flutning verkefna milli ráðuneyta. Á sama tíma voru ýmsar breytingar gerðar á verkaskiptingu ráðuneytanna. Þannig voru sveitarstjórnarmálefni t.d. færð frá félagsmálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins

og heiti samgönguráðuneytisins breytt í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Aftur urðu breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins árið 2009 þegar efnahagsmál voru færð undir viðskiptaráðuneytið og heiti ráðuneytisins breytt til samræmis. Ýmsar tilfærslur urðu þá einnig á verkefnum og heitum sumra ráðuneytanna var breytt. Mennta- og menningarmálaráðuneytið kom í stað menntamálaráðuneytis og dómsmála- og mannréttindaráðuneytið í stað dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Á sama ári var nýjum kafla bætt við lögin um siðareglur fyrir ráðherra, starfsmenn Stjórnarráðsins og aðstoðarmenn ráðherra.

Í ársbyrjun 2011 voru dómsmála- og mannréttindaráðuneytið og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið síðan sameinuð í eitt innanríkisráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti sameinuð í eitt velferðarráðuneyti, allt í samræmi við lög sem samþykkt höfðu verið á Alþingi í september 2010. Samkvæmt gildandi lögum eru ráðuneytin því tíu að tölu eða einu fleira en fjöldi þeirra var við gildistöku laganna frá 1969.

Allar þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagi Stjórnarráðsins á síðustu árum byggjast á þeirri meginforsendu, sem lögð var til grundvallar við setningu laga um Stjórnarráðið, að það sé hlutverk löggjafans að ákveða fjölda ráðuneyta og heiti þeirra og þar með hvernig skiptingu verkefna milli þeirra skuli hagað í meginatriðum. Þar sem hvert ráðuneyti skal lagt óskipt til eins og sama ráðherra ræður löggjöfin því í raun einnig fjölda ráðherra og að nokkru leyti hvernig verkaskiptingu þeirra er hagað.

Á níunda áratug 20. aldar voru tvívegis lagðar fram tillögur að heildarendurskoðun laganna. Í hvorugt skiptið stóð þó til að gera grundvallarbreytingar á þeim. Áfram skyldi lagt bann við því að stofnsetja ráðuneyti eða leggja þau niður nema með lögum og áfram átti að leggja þau óskipt til eins og sama ráðherra við skiptingu verkefna milli þeirra. Bæði frumvörpin miðuðu að fækkun ráðuneyta með sameiningu þeirra auk þess sem stefnt var að ákveðnum breytingum á skipulagi starfsmannamála innan ráðuneytanna.

Fyrra frumvarpið var samið af nefnd sem hafði verið skipuð í kjölfar stjórnarmyndunar árið 1983, stjórnkerfisnefndar eins og hún var nefnd. Fyrstu frumvarpsdrög nefndarinnar miðuðu að fækkun ráðuneyta úr þrettán í átta. Þá var stefnt að því að efla pólitíska yfirstjórn í ráðuneytunum með því að sameina stöður ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanna í embætti ráðherraritara. Skyldi hann vera æðstur embættismanna innan ráðuneyta utan ráðherra og væntanlega valinn á pólitískum forsendum þó að það hafi ekki komið beinlínis fram í frumvarpinu. Auk þess var stefnt að afnámi hinnar svonefndu æviráðningar starfsmanna ráðuneytanna sem þá var í gildi. Þess í stað átti að miða við að þeir yrðu ráðnir til starfa til allt að sex ára í senn og mættu ekki starfa þar lengur en í tólf ár. Þegar frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi árið 1986 hafði verið dregið nær alveg í land með fækkun ráðuneyta. Aðeins skyldi hætt að telja Hagstofuna til ráðuneyta. Áfram var hins vegar stefnt að því að koma á fót embættum ráðherraritara og að starfsmenn Stjórnarráðsins yrðu ráðnir til starfa tímabundið til sex ára í senn. Frumvarp þetta varð ekki útrætt á þessu löggjafarþingi og var ekki lagt aftur fram.

Síðara frumvarpið var einnig samið af nefnd, stjórnsýslunefnd, sem átti að endurskoða löggjöf um ýmis atriði í stjórnsýslu ríkisins og þá einkum löggjöfina um Stjórnarráðið. Hún skilaði af sér frumvarpsdrögum í ágúst 1989 þar sem markmiðin virðast hafa verið í meginatriðum þau sömu og í frumvarpi stjórnkerfisnefndar, þ.e. að fækka ráðuneytum, styrkja pólitíska forustu yfir þeim og auka sveigjanleika í starfsmannahaldi. Upphaflegu tillögurnar gerðu ráð fyrir að ráðuneytunum yrði fækkað úr þrettán í tíu. Sameining landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytis mætti hins vegar andstöðu í stjórnarflokkunum og þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi var aðeins gert ráð fyrir fækkun ráðuneyta í ellefu. Efla átti pólitíska

yfirstjórn með því að veita ráðherra heimild til að ráða aðstoðarmann í hvert ráðuneyti sem hann fór með og fela honum að rita undir stjórnvaldserindi sem snertu þau viðfangsefni. Þá var stefnt að afnámi æviráðningar starfsmanna ráðuneytanna. Skyldi ráðuneytisstjóri ráðinn tímabundið til sex ára í senn en aðrir starfsmenn ráðnir ótímabundið með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Ýmis önnur nýmæli voru í þessu frumvarpi. Til dæmis var þar ákvæði sem lýsti almennu hlutverki ráðuneyta og heimilað var að skipa ráðherra án ráðuneytis. Komið var undir þinglok árið 1990 þegar frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi og ekki mælt fyrir því. Það var ekki endurflutt á næstu þingum.

V. Stjórnskipuleg staða ráðherra, skipun þeirra og lausn frá embætti.

Þótt ákvæði stjórnarskrárinnar séu fáorð um verkefni og stöðu ráðherra er óumdeilt í stjórnskipan landsins að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands fara með æðsta framkvæmdarvald hver á sínu sviði eins og nánar er mælt fyrir um í reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Þeim mun ítarlegri er stjórnarskráin um verkefni og stöðu forseta Íslands. Stjórnskipuleg staða ráðherra í ríkisstjórn grundvallast í raun á þremur ákvæðum stjórnarskrárinnar. Í fyrsta lagi á 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum.“ Í öðru lagi á 1. mgr. 13. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.“ Í þriðja lagi á 1. málsl. 14. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum.“ Framangreind ákvæði leggja allar ákvarðanir um stjórnarathafnir, sem forseta Íslands er í orði kveðnu falið að sinna í stjórnarskránni, í hendur ráðherra og ábyrgðina af þeim sömuleiðis.

Þótt sú regla sé hvergi orðuð í stjórnarskránni með beinum hætti telst það ótvíræð stjórnskipunarvenja í íslenskum rétti að ríkisstjórn getur ekki setið að völdum né einstakir ráðherrar á ráðherrastóli í andstöðu við meiri hluta þingmanna á Alþingi. Reglan felur í sér meginstoð íslenskrar stjórnskipunar og skapar Alþingi Íslendinga ótvírætt þann sess að vera æðsta valdastofnun þjóðarinnar.

Í 1. málsl. 15. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn.“ Sú athöfn að skipa ráðherra og veita þeim lausn er stjórnarathöfn sem forsætisráðherra framkvæmir og ber hann jafnframt ábyrgð á henni, sbr. framangreind ákvæði stjórnarskrárinnar og lokamálsl. 1. mgr. 17. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fram kemur að forseti skuli kveðja einn ráðherra til forsætis í ríkisstjórn og skuli hann nefnast forsætisráðherra. Það leiðir hins vegar af þingræðisreglunni að það er í reynd Alþingi, eða þeir flokkar sem mynda þar meiri hluta, sem ræður því hverjir gegna ráðherraembættum.

Stjórnarskráin mælir ekki fyrir um málsmeðferð eða framkvæmd við myndun ríkisstjórnar og skipun ráðherra. Samkvæmt venju gerist þetta þannig að í kjölfar alþingiskosninga, og þess á milli ef nauðsyn krefur, felur forseti Íslands þeim einstaklingi, að jafnaði forustumanni stjórnmálahreyfingar, sem líklegastur er talinn til að geta myndað ríkisstjórn er njóti stuðnings meiri hluta Alþingis, eða hlutleysis meiri hluta Alþingis, umboð til myndunar ríkisstjórnar. Sú athöfn forseta að úthluta umboði til stjórnarmyndunar telst ekki stjórnarathöfn í skilningi stjórnarskrárinnar, enda er litið svo á að hendur forseta séu bundnar af þingræðisreglunni. Á hinn bóginn er ljóst, í því fjölflokkakerfi stjórnmálanna sem hér er við lýði, að það kann að vera háð mati forseta hverjum skuli falið stjórnarmyndunarumboð. Stjórnskipuleg ábyrgð á myndun ríkisstjórnar og skipun ráðherra hvílir hins vegar á þeim ráðherra sem fær skipun að eigin tillögu í embætti forsætisráðherra og ábyrgist þá jafnframt að hann og ráðuneyti hans, þ.e. ríkisstjórnin, sem og einstakir ráðherrar í henni njóti stuðnings eða hlutleysis meiri hluta Alþingis. Stjórnskipuleg ábyrgð forsætisráðherra birtist

í því að hann undirritar eigin skipunarbréf ásamt forseta sem og skipunarbréf annarra ráðherra í ríkisstjórn. Aðrir ráðherrar sitja í þessum skilningi annars vegar í skjóli Alþingis og hins vegar í skjóli forsætisráðherra.

Af þingræðisreglunni leiðir að forsætisráðherra er skylt að biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt eða einstaka ráðherra í ríkisstjórn ef í ljós er leitt á Alþingi að ríkisstjórnin eða einstakir ráðherrar njóta ekki stuðnings eða hlutleysis meiri hluta Alþingis. Þetta getur gerst með tvennum hætti, annars vegar þegar úrslit alþingiskosninga leiða í ljós að þingmeirihluti sem ríkisstjórn hefur stuðst við er ekki lengur til staðar og hins vegar ef Alþingi lýsir vantrausti á ríkisstjórn eða einstaka ráðherra. Er forsætisráðherra þá skylt að gera tillögu til forseta þar sem hann biðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt eða fyrir þann ráðherra sem vantrausti hefur verið lýst á.

Það að einstakir ráðherra sitji í skjóli forsætisráðherra birtist í því að forsætisráðherra hefur stjórnskipulegt vald til að gera tillögu til forseta um að einstakir ráðherrar verði leystir frá embætti. Tillögu um slíkt þarf þó fyrst að bera upp í ríkisstjórn eins og önnur málefni sem bera þarf undir forseta til staðfestingar. Forsætisráðherra er þó ekki bundinn af afstöðu ríkisstjórnar til tillögunnar en þarf þó jafnan að gæta að því að ákvörðun kann að hafa áhrif á afstöðu Alþingis til ríkisstjórnarinnar og þess stuðnings sem hún þar nýtur. Framangreint, ásamt verkskipulagsvaldinu sem fjallað er um í næsta kafla, markar stöðu forsætisráðherra öðru fremur sem forustumanns ríkisstjórnarinnar og veitir honum tiltekið agavald yfir ráðherrum í ráðuneyti hans þótt hann hafi ekki beinar valdheimildir til að hafa afskipti af þeim stjórnarmálefnum sem þeir bera ábyrgð á samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

VI. Skipulag Stjórnarráðs Íslands og verkaskipting á milli ráðherra.

15. gr. stjórnarskrárinnar er svohljóðandi: „Forseti skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.“ Um fyrri málslið þessa ákvæðis er fjallað í kaflanum hér á undan og vísast til þess sem þar segir m.a. um stjórnskipulega stöðu ráðherra. Síðari málsliðurinn felur í sér tvennt. Annars vegar að það er á valdi forsætisráðherra, með atbeina forseta, að ákveða fjölda ráðherra í ríkisstjórn og hins vegar að það er á valdi forsætisráðherra, með atbeina forseta, að ákveða verkaskiptingu á milli ráðherra. Ákvörðun um þessi atriði telst með öðrum orðum til stjórnarathafna í skilningi stjórnarskrárinnar og er á valdsviði framkvæmdarvaldsins, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrígreiningu ríkisvaldsins. Stjórnarskráin hefur hins vegar ekki að geyma reglur um hver fjöldi ráðuneyta megi vera eða um heimildir til að fela sama ráðherra að fara með fleiri en eitt ráðuneyti samtímis. Af því leiðir að ætla má að ákvörðun um þessi efni séu á valdi löggjafans svo sem núgildandi lög um Stjórnarráð Íslands bera með sér.

Með setningu laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, voru settar skorður við fjölda ráðuneyta í Stjórnarráðinu og jafnframt hvaða ráðuneyti skyldu starfrækt og hvert heiti þeirra skyldi vera. Sérstaklega var mælt fyrir um að óheimilt væri að stofna nýtt ráðuneyti eða leggja ráðuneyti niður nema með lögum. Jafnframt var mælt fyrir um að hvert ráðuneyti skyldi lagt óskipt til eins og sama ráðherra. Standa ákvæði laganna að þessu leyti enn óbreytt, en er þar kveðið á um það með tæmandi hætti hvaða ráðuneyti skuli starfrækt og að hvert ráðuneyti skuli lagt óskipt til eins og sama ráðherra. Hins vegar hafa margsinnis verið gerðar breytingar á lögunum hvað varðar fjölda ráðuneyta og heiti þeirra. Um sögulegar ástæður fyrir setningu þessara reglna vísast til IV. kafla almennra athugasemda.

Með lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, var í samræmi við 15. gr. stjórnarskrárinnar mælt fyrir um að stjórnarmálefni skyldu heyra undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglu-

gerðar, er forseti Íslands setur samkvæmt tillögum forsætisráðherra. Í lögunum var hins vegar jafnframt kveðið á um að þess skyldi jafnan gætt við verkaskiptingu á milli ráðuneyta að eðlisskyld málefni skyldu færð undir sama ráðuneyti. Þótt þessi regla sé í sjálfu sér eðlileg má færa fyrir því rök að með henni hafi löggjafinn að vissu leyti seilst inn á svið framkvæmdarvaldsins, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar.

Í kjölfar setningar laga nr. 73/1969, þar sem ráðuneyti voru talin upp með tæmandi hætti og nafngreind, og setningar reglugerðar um Stjórnarráð Íslands festist sú venja í smám saman í sessi við setningar laga að í þeim væri tiltekið hvaða ráðherra skyldi fara með yfirstjórn þeirra málefna sem um var fjallað í lögunum. Ástæður þessarar þróunar eru ekki að fullu ljósar en þó má geta sér til um að einmitt sú staðreynd að ráðuneyti voru talin upp og nafngreind í lögum hafi gert þann kost nærtækan við lagasetningu á einstökum sviðum að vísa til viðkomandi ráðherra og ráðuneytis. Þessi lagaframkvæmd breytir því hins vegar ekki að það er samkvæmt beinu ákvæði 15. gr. stjórnarskrárinnar á valdi forsætisráðherra með atbeina forseta Íslands að skipta verkum með ráðherrum, en ekki löggjafans. Stjórnvaldsfyrirmæli um verkaskiptingu milli ráðherra sem sett eru, samkvæmt núgildandi lögum, í formi reglugerðar um Stjórnarráð Íslands ganga með öðrum orðum framar settum lögum frá Alþingi, ef á reynir. Þótt sú niðurstaða kunni að hljóma einkennilega að unnt sé að skipa málum með stjórnvaldsfyrirmælum í ósamræmi við sett lög frá Alþingi þá leiðir hana eins og áður segir beint af ákvæði 15. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 2. gr. hennar þar sem mælt er fyrir um þrígreiningu ríkisvaldsins, en samkvæmt þessum ákvæðum má skýrt vera að það er verkefni framkvæmdarvaldsins, þ.e. forsætisráðherra með atbeina forseta Íslands, en ekki löggjafans að skipta verkum með ráðherrum og ráðuneytum þeirra. Með þessum hætti hafa sambærileg ákvæði í dönsku stjórnarskránni ætíð verið túlkuð og framkvæmd og mörg dæmi eru um það að stjórnarmálefni séu færð á milli ráðuneyta óháð því hvort lagafyrirmæli kveði á um annað. Hvað sem þessu líður verður almennt að teljast óheppilegt að ósamræmi sé á milli reglugerðar um Stjórnarráðið og settra laga. Til að bæta úr því er í sérstöku frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi lagt til að horfið verði frá þeirri löggjafarframkvæmd sem að framan greinir að telja ráðuneyti upp með tæmandi hætti í lögum um Stjórnarráð Íslands og jafnframt að heiti ráðherra og ráðuneyta verði felld brott í einstökum lögum. Þannig er lagt til að ekki verði kveðið á um það í lögum undir hvaða ráðherra tiltekin málefni og málefnasvið skuli heyra heldur verði verkaskipting á milli ráðherra í ríkisstjórn ákveðin alfarið með forsetaúrskurði í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Í þessu felast þó í reynd engar breytingar frá núverandi réttarástandi enda verður talið að verkaskiptingarvaldið liggi og hafi legið, óháð fyrri lagaframkvæmd, hjá forsætisráðherra með atbeina forseta og að það verði ekki af honum tekið nema með breytingum á stjórnarskránni.

Valdmörk á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds eru með svipuðum hætti annars staðar á Norðurlöndum, að Finnlandi frátöldu. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er skipulag ráðuneyta og verkaskipting milli þeirra ekki fest í lög heldur er skipulagsvaldið í höndum forsætisráðherra og ríkisstjórna. Mjög algengt er að gerðar séu breytingar á ráðuneytum við ríkisstjórnarskipti og verkefni færð á milli ráðuneyta. Í Finnlandi eru stjórnarmálefni hins vegar jafnan flutt á milli ráðuneyta með lögum enda á sú framkvæmd sér beina stoð í finnsku stjórnarskránni og eru frumvörp um slíkt jafnan á meðal fyrstu þingmála hverrar ríkisstjórnar.

Tilgangur framangreindra breytinga er að færa framkvæmdina til samræmis við ákvæði stjórnarskrárinnar og tryggja samræmi á milli forsetaúrskurðar, þ.e. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands eins og stjórnvaldsfyrirmælin heita nú, og laga.

Með framangreindum breytingum mun sveigjanleiki í skipulagi Stjórnarráðsins aukast til muna bæði hvað varðar ákvörðun um það hvaða ráðuneyti skuli starfrækt og hver fjöldi þeirra skuli vera og jafnframt hver verkaskipting á milli þeirra skuli vera og er þetta ekki síður markmið breytinganna. Áfram er þó gert ráð fyrir að svigrúm stjórnvalda séu sett þau mörk að ráðuneyti skuli á hverjum tíma ekki vera fleiri en tíu.

VII. Ríkisstjórnarstarfið og samhæfing starfa á milli ráðherra – ráðherranefndir.

Eina ákvæði stjórnarskrárinnar þar sem fjallað er um ríkisstjórnina og starfsemi hennar er 17. gr. stjórnarskrárinnar sem er svohljóðandi: „Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra.“ Allir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands hafa rétt og skyldu til að sitja ráðherrafundi, nema réttmæt forföll hamli, og eru slíkir fundir jafnan nefndir ríkisstjórnarfundir og er í frumvarpinu lagt til að það heiti verði fest í sessi í lögum um Stjórnarráð Íslands. Eins og rakið hefur verið fara ráðherrar í ríkisstjórn Íslands með æðsta framkvæmdarvald hver á sínu sviði. Ríkisstjórnin fer þannig ekki með beinar valdheimildir heldur þjónar hún fyrst og fremst hlutverki sem stjórnmálalegur samráðsvettvangur þeirra ráðherra sem mynda ríkisstjórn auk þess að vera vettvangur þverfaglegrar umfjöllunar um margvísleg mál. Ríkisstjórnin er með öðrum orðum ekki stjórnsýslunefnd eða fjölskipað stjórnvald í þeim skilningi að hún tekur ekki stjórnvaldsákvarðanir. Fram hjá því verður þó ekki litið að hér á landi líkt og í öðrum þingræðisríkjum gegna ríkisstjórnir mikilvægu hlutverki í því að tryggja samvinnu og samstarf milli ráðherra og yfirleitt setja þær sér sameiginleg markmið, t.d. í formi stjórnarsáttmála eða stefnuyfirlýsinga. Lýðræðisstjórnskipan gengur út á það að valdið sé sprottið frá fólkinu og að kjörnir fulltrúar og stjórnvöld starfi í umboði þess. Þessu má lýsa sem einfaldri umboðskeðju og í þeirri umboðskeðju gegnir ríkisstjórnin mikilvægu hlutverki. Umboðskeðjan hefur upphafspunkt hjá kjósendum, leiðir þaðan til þings, áfram til forsætisráðherra og ráðuneyti hans, þ.e. til ríkisstjórnar, áfram til ráðuneyta og síðan til annarra stjórnvalda sem starfa undir þeim beint eða stjórnarfarslega til að gæta hagsmuna fólksins. Hverjum hlekk í keðjunni fylgir framsal valds frá umbjóðanda til fulltrúa, en handhafi valdsins á hverjum tíma er ábyrgur gagnvart umbjóðanda sínum um meðferð þess. Í vissum tilvikum getur verið ástæða til að undanskilja aðila beinni íhlutun umbjóðenda sinna, þar sem mikilvægt er að óhlutdrægni þeirra sé ekki dregin í efa, sbr. sjálfstæðar ríkisstofnanir.

Eins og mælt er fyrir um í 17. gr. stjórnarskrárinnar er ráðherrum skylt að bera undir ríkisstjórn nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Með nýmælum í lögum er átt við að allar tillögur til lagabreytinga sem ráðherrar hyggjast bera upp á Alþingi verður fyrst að bera upp í ríkisstjórn. Þá ber þeim jafnframt að bera upp í ríkisstjórn þau mál sem teljast mikilvæg stjórnarmálefni. Ljóst er hins vegar að það er háð mati hverju sinni hvaða mál teljast mikilvæg í þessum skilningi og hvílir það mat á herðum viðkomandi ráðherra hverju sinni. Ljóst er að ýmis mál geta verið þess eðlis að þau teljist mikilvæg í skilningi stjórnskrárinnar og laga um Stjórnarráð Íslands. Má í því sambandi t.d. ætla að það geti átt við um reglugerðir og yfirlýsingar sem fela í sér einhverja stefnu- eða áherslubreytingu eða teljast pólitískt umdeilanlegar í einhverjum mikilvægum atriðum eða t.d. ef sýnt þykir að reglugerð eða yfirlýsing hafi umtalsverð áhrif á útgjöld ríkissjóðs umfram það sem fjárheimildir leyfa eða á efnahagsmál almennt. Regla stjórnarskrárinnar um að kynna skuli mikilvæg stjórnarmálefni í ríkisstjórn er afar þýðingarmikil í því skyni að tryggja pólitísk samráð og stuðning

við mál sem nauðsynlegt er að hafa við stjórn landsins og stefnumótun á hverjum tíma. Þykir rétt að lögfesta framangreinda afmörkun til leiðbeiningar fyrir ráðherra og til að tryggja meiri festu í störfum ríkisstjórnarinnar. Almennt séð verður það hins vegar að vera á ábyrgð hvers ráðherra að leggja mat á það hvaða mál teljast mikilvæg í þessum skilningi, bæði með hliðsjón af almennum viðmiðunum eins og þeim sem að framan greinir en einnig út frá pólitískum sjónarmiðum. Þá getur ríkisstjórn einnig á hverjum tíma afmarkað það nánar í starfsreglum hvaða mál skuli leggja fyrir ríkisstjórn.

Í reynd er það þannig að ráðherrar taka upp margvísleg mál í ríkisstjórn. Auk mála sem teljast í eðli sínu mikilvæg stjórnarmálefni og skylt er að taka upp eru ýmis önnur mál að jafnaði tekin upp eftir mati ráðherra á því hvort þeir telja sig þurfa pólitískan stuðning við mál eða að minnsta kosti samráð. Þverfaglegt samráð hlýtur að styrkja málatilbúnað en hið pólitíska samráð er grundvallaratriði í starfi ríkisstjórnar og ráðherra en brestur á pólitísku samráði getur haft þær afleiðingar að ráðherra eða ríkisstjórn glatar trausti Alþingis, sbr. þingræðisregluna, eða trausti forsætisráðherra sem hefur þá vald til að víkja ráðherrum úr embætti eins og rakið hefur verið.

Ákvarðanir ríkisstjórna eru samkvæmt framangreindu almennt pólitísks eðlis og pólitískt bindandi fyrir ráðherra en ekki lagalega. Mikilvægi þeirrar reglu að ráðherrar þurfi að kynna áform sín í ríkisstjórn helgast af því að samráðherrar þeirra bera hugsanlega pólitíska ábyrgð á gjörðum þeirra og hugsanlega vissa lagalega ábyrgð jafnframt, sbr. lög um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963. Nauðsynlegt er því að ráðherrar leiti samstöðu í ríkisstjórn áður en mál eru tekin til afgreiðslu. Formleg og lagalegt hlutverk ríkisstjórnar Íslands er að þessu leyti sambærilegt við ríkisstjórnir Danmerkur, Noregs og Finnlands. Sænska fyrirkomulagið er hins vegar frábrugðið en þar hefur ríkisstjórn stöðu stjórnsýslunefndar sem fer með beint ákvörðunarvald í ýmsum málum og getur gefið stjórnsýslu ríkisins bein fyrirmæli, að sama skapi er stjórnsýsluvald einstakra ráðherra takmarkað. Flest þingræðisríki búa hins vegar við fyrirkomulag sem liggur einhvers staðar á milli hins íslenska og hins sænska. Í Noregi ber ráðherra að bera mikilvæg málefni undir ríkisstjórn. Skrifstofa forsætisráðherra skilgreinir mikilvæg málefni sem mál sem geta haft mikilvægar efnahagslegar og stjórnsýslulegar afleiðingar, pólitískt mikilvæg mál og málefni sem ágreiningur ríkir um milli ráðherra. Lögð er áhersla á sameiginlega ábyrgð ríkisstjórnarinnar á ákvörðunum sem teknar eru. Finnska kerfið er að ýmsu leyti líkt hinu sænska, en það danska líkt hinu íslenska. Ráðherrafundir, þ.e. ríkisstjórnarfundir, gegna þannig afar mikilvægu hlutverki við að tryggja eðlilegt samráð og samhæfingu milli ráðherra við stjórn landsins. Mikilvægt er að störf ríkisstjórnar séu með þeim hætti að hlutverk ríkisstjórnar sem samráðs- og samhæfingarvettvangs virki sem best en um starfshætti og verklag ríkisstjórnar er nánar kveðið á um í starfsreglum sem ríkisstjórnin setur sér.

Í frumvarpinu er kveðið á um heimildir forsætisráðherra, með samþykki ríkisstjórnar, til að skipa ráðherranefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflokka og er það nýmæli. Tilgangur ráðherranefnda er skapa vettvang fyrir ráðherra sem bera ábyrgð á skyldum málefnum til að samhæfa stefnu sína og aðgerðir í tilteknum málum eða málaflokki. Sú aðferð að skipa ráðherranefndir í þessum tilgangi er notuð í flestum nágrannaríkjum okkar og er mikilvæg aðferð við að samhæfa störf ráðherra utan eiginlegra ríkisstjórnarfunda. Ráðherranefndir eru m.a. vettvangur til þess að undirbúa mál fyrir umfjöllun í ríkisstjórn og tryggja að þau hljóti nauðsynlega þverfaglega umfjöllun á undirbúningsstigi. Ráðherranefndir létta þannig álagi af ríkisstjórn og gera umræður þar markvissari en þær geta einnig gert forustumönnum í ríkisstjórnarsamstarfi auðveldara fyrir með að sinna leiðtogahlutverki sínu á einstökum málefnasviðum. Mikilvægt er þó að undirstrika að umfjöllun og formleg afgreiðsla mála í

ráðherranefndum getur ekki komið í stað formlegrar umfjöllunar um mál sem bera skal upp í ríkisstjórn en ráðherranefndir geta vissulega tekið ákvarðanir um margvísleg veigaminni mál sem þarfnast afgreiðslu. Í Danmörku starfa á hverjum tíma nokkrar formlegar ráðherranefndir sem m.a. fjalla um mál áður en þau koma til umfjöllunar í ríkisstjórn og má segja að þar í landi séu störf slíkra nefnda ein helsta samhæfingaraðferð ríkisstjórna. Sú aðferð að skipa ráðherranefndir hefur ekki verið notuð mikið hér á landi í gegnum tíðina. Lengst af hefur einungis ein ráðherranefnd verið starfandi, þ.e. ráðherranefnd um ríkisfjármál, en formleg umgjörð hennar hefur þó verið takmörkuð. Á þessu urðu breytingar á árinu 2009 þegar stofnaðar voru, með ákvörðun ríkisstjórnar, þrjár nýjar ráðherranefndir, þ.e. ráðherranefndir um efnahagsmál, Evrópumál og jafnréttismál. Jafnframt var formleg umgjörð ráðherranefnda styrkt með setningu starfsreglna, sem eru í meginatriðum að formi til hliðstæðar starfsreglum ríkisstjórnar, auk þess sem ráðherranefndum var markaður sess í skipuriti forsætisráðuneytisins. Frá þessum tíma hafa tvær nýjar ráðherranefndir verið settar á fót, annars vegar ráðherranefnd um skuldavanda heimila og hins vegar ráðherranefnd um atvinnumál. Þótt ekki sé komin mikil reynsla á störf ráðherranefnda hér á landi er reynslan af þeim almennt talin góð svo sem fram kemur í umsögnum ráðherra sem gerð er grein fyrir í skýrslu nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands. Er það mat ráðherra að þeir telja að nefndirnar efli samhæfingu milli ráðherra og víkki sjóndeildarhring þeirra út fyrir eigin málaefnasvið. Ráðherrar telja að slíkar nefndir styrki þá og geri þeim betur kleift að sinna verkefnum sínum. Í skýrslu nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands er lögð áhersla á að setja þurfi markvissa umgjörð utan um störf slíkra nefnda. Ákvæði frumvarpsins um ráðherranefndir miða að því að tryggja hina formlegu umgjörð um störf ráðherranefnda.

Forsætisráðherra gegnir mikilvægu hlutverki í að samhæfa störf ráðherra með verkstjórn í ríkisstjórn og ráðherranefndum. Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að forsætisráðherra skuli beita sér fyrir því að samhæfa stefnu og aðgerðir ráðherra á einstökum sviðum ef á þarf að halda. Samhæfingarhlutverk forsætisráðherra leiðir af stöðu hans sem forustumanns ríkisstjórnarinnar. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um skyldur annarra ráðherra til að leitast við að samhæfa stefnu sína og aðgerðir við stefnu og aðgerðir annarra ráðherra sem vinna að skyldum verkefnum. Af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis verður ráðið að brýnt sé að efla samhæfingu í störfum ráðherra og eru framangreind ákvæði sett fram til að undirstrika skyldu ráðherra í þessum efnum.

Forustu- og samhæfingarhlutverk forsætisráðherra birtist einnig í hlutverki hans við eftirfylgni með stjórnarsáttmála og stefnuyfirlýsingum ríkisstjórnarinnar. Við breytingar á stjórnarráðsreglugerðinni árið 2009 var hnykkt á þessu atriði og nefnt að forsætisráðuneytið færi með forustu og verkstjórn innan Stjórnarráðs Íslands.

VIII. Stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra.

Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins, hver á sínu sviði, og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum, sbr. 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 13. gr. og 14. gr. stjórnarskrárinnar. Þar sem ráðherra er æðsti handhafi framkvæmdarvalds er stjórnarframkvæmd á hans málefnasviði jafnframt undir yfirstjórn hans, séu ekki á því gerðar undantekningar með lögum. Þetta má orða svo að viðkomandi ráðuneyti og þau stjórnvöld sem fara með verkefni á málefnasviði ráðherrans heyra undir yfirstjórn hans enda séu ekki á því gerðar undantekningar með lögum. Þær yfirstjórnunarheimildir sem hér um ræðir eru nefndar almennar yfirstjórnunarheimildir. Af almennum yfirstjórnunarheimildum ráðherra og stjórnarskrárbundinni ábyrgð hans á stjórnarframkvæmdum leiðir

síðan að á ráðherra hvíla einnig almennar eftirlitsskyldur með þeirri framkvæmd stjórnarmálefna er undir hann heyra, bæði þeirri framkvæmd er fram fer á vegum viðkomandi ráðuneytis og annarra stjórnvalda, nema á því séu gerðar undantekningar með lögum.

Í lögum er ekki að finna afmarkaða lýsingu á inntaki almennra yfirstjórnunarheimilda ráðherra. Grundvöll þessara heimilda er að finna í stöðu ráðherra sem æðsta handhafa framkvæmdarvalds á sínu sviði og svo stigskiptingu stjórnsýslukerfisins. Í grófum dráttum má lýsa inntaki þessara heimilda með eftirfarandi hætti.

Í fyrsta lagi er ráðherra æðsti embættismaður viðkomandi ráðuneytis og fer með yfirstjórn þess að því leyti sem undantekningar eru ekki gerðar þar á með lögum. Í því felst að hann fer með þær valdheimildir sem honum eða ráðuneytinu eru faldar. Í krafti þeirrar stöðu felur hann starfsmönnum ráðuneytisins að fara með tiltekin verkefni og getur gefið þeim fyrirmæli um rækslu þeirra starfa. Ráðherra ber í þessu sambandi jafnframt að fylgjast með og hafa eftirlit með því að þessi störf séu innt af hendi samkvæmt lögum og á árangursríkan og hagkvæman hátt.

Í öðru lagi felst í stöðu ráðherra sem æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins að hann fer einnig með yfirstjórn lægra settra stjórnvalda, sem starfa á því málefnasviði sem honum er falið að sinna, enda séu ekki undantekningar gerðar þar á með lögum. Ráðherra hefur að mörgu leyti svipaðar heimildir til að gefa lægra settu stjórnvaldi fyrirmæli og hann hefur gagnvart starfsmönnum ráðuneytis síns. Fyrirmæli laga geta þó í ákveðnum tilvikum takmarkað möguleika ráðherra til að beita stjórnunarheimildum gagnvart lægra settum stjórnvöldum. Hér má til að mynda benda á að þegar starfsmenn lægra setts stjórnvalds, sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra, taka stjórnvaldsákvarðanir í skilningi stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, getur aðili máls kært hana til ráðherra skv. 26. gr. stjórnsýslulaga, nema undantekningar séu á gerðar með lögum. Ef starfsmaður ráðuneytis tekur slíka ákvörðun í umboði ráðherra er þessi möguleiki ekki fyrir hendi. Þetta réttarúrræði getur takmarkað heimildir ráðherra til að gefa lægra settu stjórnvaldi bein fyrirmæli um úrlausn einstakra mála enda væri slíkt til þess fallið að ganga gegn rétti aðila málsins til að fá skoðun þess á tveimur stjórnsýslustigum. Þessi takmörkun stjórnunarheimilda útilokar hins vegar ekki heimildir ráðherra til að gefa lægra settu stjórnvaldi almenn fyrirmæli um framkvæmd þeirra verkefna sem því eru falin og þá ber að hafa í huga að þegar og ef máli er beint til ráðherra á grundvelli stjórnsýslukæru þá felst í úrskurðarvaldinu mikilvægt stjórntæki ráðherrans gagnvart hinu lægra setta stjórnvaldi. Sambærilegar takmarkanir getur leitt af öðrum lagafyrirmælum um framkvæmd tiltekinna verkefna sem lægra settum stjórnvöldum eru falin. Fyrirmæli ráðherra mega þannig til að mynda ekki leiða til þess að lögbundið skyldubundið mat stjórnvalda sé afnumið eða þrengt verulega eða til þess að gengið sé gegn lögum eða óskráðum grundvallarreglum um meðferð og beitingu stjórnsýsluvalds að öðru leyti.

Sambærileg viðmið eiga almennt við um almennar eftirlitsheimildir og skyldur ráðherra og við eiga um yfirstjórnunarheimildir. Ráðherra hefur í grundvallaratriðum sömu heimildir og skyldur til að hafa eftirlit með lægra settum stjórnvöldum og hann hefur gagnvart starfsmönnum ráðuneytis. Ef út af er brugðið í starfsemi lægra setts stjórnvalds, svo sem um framkvæmd eftirlits eða annarra lögbundinna verkefna sem því eru falin, ber ráðherra almennt að bregðast við og nota einhver þeirra stjórnunarúrræða er hann hefur og felast í stjórnunarheimildum hans. Möguleiki aðila máls til að kæra ákvarðanir lægra setts stjórnvalds til ráðherra leiðir almennt ekki til sambærilegrar takmörkunar á eftirliti og á heimildum ráðherra til að gefa bein fyrirmæli um úrlausn mála þótt þess þurfi vitaskuld að gæta að útfærsla eftirlits feli ekki í reynd í sér fyrirmæli ráðherra um úrlausn máls sem kæranlegt er til hans. Stundum er

í lögum mælt svo fyrir að ákvarðanir lægra settra stjórnvalda séu kæranlegar til sérstakrar stjórnsýslunefndar. Þrátt fyrir slík lagafyrirmæli er meginreglan sú að ráðherra fer eftir sem áður með aðrar stjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart hlutaðeigandi stjórnvaldi nema á annan veg sé mælt í lögum.

Almennar yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra samkvæmt framangreindu eru ekki án undantekninga eða takmarkana. Í fyrsta lagi geta þær sætt þeim takmörkunum sem leiðir af lagafyrirmælum um úrlausn tiltekinna verkefna, eins og rakið var hér að framan. Í öðru lagi hefur verið litið svo á að löggjafanum sé heimilt, á grundvelli stjórnskipunarvenju, að ákveða með lögum að tiltekin starfsemi, t.d. stofnun eða stjórnsýslunefnd, skuli vera sjálfstæð. Í því felst að sú starfsemi sem um ræðir er þar með undanskilin hinum almennu stjórnunar- og eftirlitsheimildum ráðherrans. Valdheimild til að setja á fót sjálfstæð stjórnvöld er einvörðungu í höndum löggjafans. Ef setja skal á fót sjálfstætt stjórnvald, sem ekki heyrir undir almenna yfirstjórn ráðherra, verða fyrirmæli þar um því að leiða með skýrum hætti af lögum. Að öðrum kosti yrði litið svo á, í samræmi við þá meginreglu að ráðherra sé æðsti handhafi framkvæmdarvalds á sínu sviði, að viðkomandi starfsemi heyrði undir yfirstjórn ráðherra, væri lægra sett gagnvart honum. Þá verður að ætla að stjórnarskráin setji löggjafanum ákveðin mörk í þessu sambandi. Ef komið er á fót sjálfstæðu stjórnvaldi leiðir það bæði til takmörkunar á ráðherraábyrgð sem hvílir á viðkomandi ráðherra svo og þinglegri ábyrgð að því er snertir meðferð þeirra heimilda sem um ræðir. Í þriðja lagi verður hér að hafa í huga ákvæði 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. mgr. 16. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995. Þar er mælt fyrir um að sveitarfélögin ráði sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Af þessu ákvæði stjórnarskrárinnar verður leidd undantekning frá 14. gr. stjórnarskrárinnar þannig að ráðherra beri ekki ábyrgð á stjórnarframkvæmdum sem löggjafinn hefur falið sveitarfélögum að annast enda lúti þær framkvæmdir ekki yfirstjórn hans.

Taka ber fram að þær takmarkanir á hinum almennu yfirstjórnunarheimildum, ábyrgð og eftirliti ráðherra sem leiðir af framangreindu taka í grundvallaratriðum aðeins til þeirrar tilteknu starfsemi sem með lögum hefur verið undanskilin starfssviði þeirra. Vegna þeirrar meginreglu að ráðherra beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum getur ráðherra áfram borið almenna ábyrgð á framkvæmd tiltekinna laga sem og því að brugðist sé við kerfislægum annmörkum í framkvæmd stjórnsýslu eða yfirvofandi hættu á því málefnasviði er undir hann heyrir, jafnvel þó að sjálfstæðu stjórnvaldi hafi með lögum verið falið að sinna afmörkuðu lögbundnu hlutverki á viðkomandi sviði.

Þá verður einnig að hafa í huga að til viðbótar hinum almennu yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildum samkvæmt framangreindu getur yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir leitt af sérákvæðum í lögum. Er þá rætt um sérstakar yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir. Sérstakar yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra geta í reynd bæði tekið til lægra settra og sjálfstæðra stjórnvalda en vegna þeirra almennu stjórnunar- og eftirlitsheimilda sem ráðherra hefur gagnvart lægra settum stjórnvöldum hafa slík sérákvæði þó almennt meiri þýðingu í tengslum við möguleika og skyldur ráðherra til yfirstjórnunar og eftirlits með sjálfstæðum stjórnvöldum. Hér er ekki ástæða eða möguleiki til að rekja sérstaklega inntak sérstakra stjórnunar- og eftirlitsheimilda. Þær ráðast af lögum á hverjum tíma og eru mismunandi eftir stjórnvöldum. Í sumum tilvikum geta sérstakar stjórnunar- og eftirlitsheimildir falið í sér allríka möguleika til stjórnunar gagnvart hinu sjálfstæða stjórnvaldi, jafnvel þannig að í reynd verður fremur eðlis- en stigsmunur á því hvort stjórnarframkvæmd er falin lægra settu stjórnvaldi eða sjálfstæðu. Í dæmaskyni má nefna að ráðherra er iðulega falin heimild til að skipa forstöðumann eða stjórn sjálfstæðrar stofnunar og til að bregðast við ef forstöðumaður

brýtur af sér í starfi eða sinnir því ekki með fullnægjandi hætti. Þá kann ráðherra að hafa heimildir til að setja reglugerð um störf sjálfstæðs stjórnvalds, eða tiltekin verkefni þess. Að því leyti sem ráðherra hafa verið fengnar sérstakar stjórnunarheimildir verður að ætla að hann beri einnig ábyrgð á beitingu þeirra, sbr. fyrirmæli 14. gr. stjórnarskrárinnar. Af því leiðir að á ráðherra mundi hvíla skylda til að hafa eftirlit með því að þau verkefni sem hann ber þannig ábyrgð á séu framkvæmd í samræmi við lög og sjónarmið um vandaða stjórnsýsluhætti. Vandamál kunna þó að koma upp í því sambandi sé þess ekki gætt að útfæra með lögum tilhlýðilegar eftirlitsheimildir og úrræði fyrir ráðherra til að bregðast við sé út af brugðið í starfsemi sjálfstæðs stjórnvalds. Ef að slíku er ekki gætt hefði ráðherra almennt aðeins það úrræði að láta í ljós óbindandi álit um framkvæmd þeirrar stjórnsýslu er um ræðir og eftirlit hans beinist að, eða til að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga, sbr. 25., 38. og 55. gr. stjórnarskrárinnar.

IX. Innra skipulag ráðuneyta og starfsmannahald.

Hvort sem valdheimildir í lögum eru í orði kveðnu fengnar ráðherra eða ráðuneyti hans er valdið hjá ráðherra og meðferð þess á ábyrgð hans. Þar sem ráðherra kemst ekki sjálfur yfir að afgreiða öll erindi sem lögum samkvæmt falla undir valdsvið hans hefur hann í lagalegu tilliti skrifstofu sér til aðstoðar, þ.e. ráðuneyti. Í V. kafla frumvarpsins er kveðið á um innra skipulag ráðuneyta og starfsmannahald.

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra. Ráðuneytisstjóri er embættismaður, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og er ráðuneytisstjóri forstöðumaður í skilningi 5., 9., 11., 13., 17. og 21. gr. sömu laga. Í forföllum ráðuneytisstjóra gegnir staðgengill hans alla jafna störfum ráðuneytisstjóra og kemur hann oftast nær úr röðum skrifstofustjóra ráðuneytis sem jafnframt eru embættismenn, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að staðgengill ráðuneytisstjóra komi úr röðum skrifstofustjóra ráðuneytis.

Með frumvarpinu er horfið frá þeirri heimild sem er í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, að forsætisráðherra geti kveðið svo á um að ráðuneytisstjóri veiti fleiri en einu ráðuneyti forstöðu og að fleiri en eitt ráðuneyti hafi, eftir því sem við verður komið, sameiginlegt starfslið og húsnæði. Er slíkt ákvæði ekki talið nauðsynlegt þar sem ekki er kveðið á um heiti og fjölda ráðuneyta í frumvarpinu.

Með lögum nr. 83/1997 er breyttu meðal annars lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, var kveðið á um að ráðherra skipti ráðuneyti í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum en áður töldust grunneiningar ráðuneytanna vera deildir og ekki var gert ráð fyrir skrifstofum. Eftir því sem umsvif hins opinbera jukust og stjórnsýslan þróaðist þótti svo einfalt stjórnskipulag ekki fullnægjandi, a.m.k. ekki í hinum stærri ráðuneytum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ráðherra skipuleggi ráðuneyti sitt og skipti því upp í skrifstofur eftir verkefnum. Hverri skrifstofu er stýrt af skrifstofustjóra undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra. Í frumvarpinu er kveðið á um að um skipulag ráðuneyta fari að öðru leyti eftir ákvörðun ráðuneytisstjóra.

Þær reglur sem lúta að starfsmannahaldi og fram koma í V. kafla frumvarpsins eru m.a. settar fram til að stuðla að betri nýtingu mannauðs innan Stjórnarráðsins. Að þeim sérreglum slepptum sem fram koma í kaflanum gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins fullum fetum, sbr. 23. gr. frumvarpsins.

Nauðsynlegt er að tryggja aðgreiningu á milli hins tvíþætta hlutverks ráðherra sem stjórnvaldshafa annars vegar og pólitísks stefnumótunaraðila hins vegar. Í því sambandi skiptir

máli að fagleg yfirstjórn ráðuneytis sé styrkt þannig að sjálfstæði ráðuneytisstjóra og annarra starfsmanna sé tryggt gagnvart þeim ráðherra sem gegnir embætti hverju sinni. Til að styrkja sjálfstæði starfsmanna og faglega ásýnd ráðuneytis er í frumvarpinu kveðið á um að æðstu stjórnendur, þ.e. ráðuneytisstjóri og skrifstofustjórar, séu skipaðir að fengnu mati hæfnisnefndar. Þrátt fyrir að um sé að ræða ráðgefandi hæfnisnefndir verður að ætla að veigamiklar hlutlægar og málefnalegar ástæður verði að vera fyrir hendi ætli ráðherra að horfa fram hjá áliti hæfnisnefndar. Þá eru settar fram skýrar reglur um hlutverk og stöðu aðstoðarmanna ráðherra og heimild til handa ráðherrum til að ráða sér, auk aðstoðarmanns, sérstakan ráðgjafa. Þessi ákvæði frumvarpsins eru sett fram með það meginmarkmið að styrkja embættismannakerfið annars vegar og pólitíska aðstoðarmannakerfið hins vegar og til þess að tryggja fullt gagnsæi að þessu leyti.

Til að styrkja sjálfstæði starfsmanna enn frekar gagnvart þeim ráðherra sem gegnir embætti hverju sinni, þar á meðal ráðuneytisstjóra, er í frumvarpinu kveðið á um að starfsmenn skuli í samræmi við stöðu sína og hlutverk veita ráðherra þær upplýsingar og faglegu ráðgjöf, bæði um staðreyndir og önnur atriði, sem honum er almennt þörf á til að geta sinnt hlutverki sínu lögum samkvæmt. Einnig er gert ráð fyrir því að ráðherra beri að eigin frumkvæði að leita faglegs álits starfsmanna til að tryggja að ákvarðanir og athafnir hans séu lögum samkvæmt.

Ein leið til að stuðla að betri nýtingu mannauðs innan Stjórnarráðsins er að auka hreyfanleika starfsmanna. Slíkt er einnig líklegt til að efla samvinnu milli ráðuneyta og auka starfsánægju. Munur er á lagalegri stöðu embættismanna og annarra starfsmanna Stjórnarráðins að þessu leyti. Skv. 4. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar og 36. gr. laga nr. 70/1996 er heimilt að flytja embættismenn milli embætta án auglýsingar og án þeirra samþykkis. Þannig má flytja skrifstofustjóra og ráðuneytisstjóra á milli embætta innan stjórnarraáðsins og eru dæmi um slíkt, sérstaklega hvað varðar ráðuneytisstjóra. Árið 2007 var heimild bætt í 11. gr. laga nr. 73/1969, sbr. breytingarlög nr. 109/2007, þess efnis að færa mætti starfsmenn aðra en embættismenn milli ráðuneyta með samþykki þeirra en án almennrar auglýsingar. Gert var ráð fyrir að forsætisráðherra setti reglur um tilhögun slíks flutnings, þar á meðal um auglýsingu lausra starfa innan Stjórnarráðs Íslands, en það hefur ekki verið gert. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að heimilt verði að flytja fastráðið starfsfólk á milli ráðuneyta til lengri eða skemmri tíma. Gert er ráð fyrir að forsætisráðherra setji nánari reglur um tilhögun flutnings starfsmanna innan Stjórnarráðsins þar sem meðal annars getur komið fram með hvaða hætti ráðuneytin geta stuðlað að auknum hreyfanleika meðal starfsmanna m.a. í samræmi við forgangsröðun og brýn verkefni á hverjum tíma.

X. Siðareglur.

VI. kafli frumvarpsins fjallar um siðareglur. Tilgangur slíkra reglna er að efla traust á stjórnsýslu ríkisins, þ.m.t. æðstu stjórnsýslu ráðuneytanna, og vekja ráðherra, aðstoðarmenn þeirra, embættismenn og starfsmenn til vitundar um þau grunngildi sem búa að baki þeim ábyrgðarstörfum sem þeir sinna. Innleiðing siðareglna og eftirfylgni er fyrst og fremst verkefni hvers og eins ráðuneytis og stofnunar. Samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna gætir að samræmi í því efni og er henni ætlað að vera nokkurs konar miðstöð þekkingar á þessu sviði. Mikilvægt er að siðareglum sé fylgt eftir með markvissri fræðslu og að þær verði lifandi þáttur í starfi ráðuneyta og ríkisstofnana.

VI. kafli frumvarpsins er tekinn nánast óbreyttur úr gildandi lögum en ákvæði um siðareglur voru nýlega verið tekin upp í lög um Stjórnarráðið, sbr. lög nr. 86/2010. Þó eru lagðar

til tvær breytingar. Í fyrsta lagi verði hlutverk samhæfingarnefndar um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna skýrt betur þannig að nefndin veiti ekki einungis umsögn um drög að siðareglum heldur geti hún einnig gefið stjórnvöldum ráð um túlkun slíkra reglna, sbr. b-lið 3. mgr. 25. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er lagt til að heiti ráðherra annarra en forsætisráðherra verði fellt út úr lögunum og í stað „fjármálaráðherra“ verði talað um „ráðherra sem fer með málefni starfsmanna ríkisins“. Er þessi breyting lögð til í samræmi við almenna stefnumörkun þá sem felst í frumvarpinu og frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Lesa verður VI. kafla frumvarpsins í samhengi við aðrar þær lagabreytingar sem gerðar voru með lögum nr. 86/2010. Þannig er umboðsmanni Alþingis falið ákveðið eftirlitshlutverk með siðareglum. Koma má ábendingum á framfæri við umboðsmann Alþingis en hann gætir þess meðal annars að stjórnsýslan fari fram í samræmi við siðareglur settar á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Slíkar ábendingar um brot á siðareglum geta því leitt til þess að umboðsmaður Alþingis hefji frumkvæðisathugun. Telji einhver að brot á siðareglum hafi jafnframt falið í sér að hann sjálfur hafi verið beittur rangsleitni er unnt að bera fram kvörtun við umboðsmann Alþingis, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 85/1997. Í því tilfelli fjallar umboðsmaður Alþingis um kvörtun með hefðbundnum hætti.

XI. Helstu tillögur og ábendingar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að því er varðar Stjórnarráð Íslands.

Hér er gerð grein fyrir helstu tillögum rannsóknarnefndar Alþingis (RNA), sem tengjast Stjórnarráðinu og stjórnsýslunni almennt, þ.e. ekki er sérstaklega vikið að tillögum sem beinast sérstaklega að fjármálastarfssemi og fjármálamörkuðum, og gerð grein fyrir því hvernig brugðist er við þeim í frumvarpinu. Innan sviga er vitnað til þess í hvaða bindi skýrslu RNA og á hvað blaðsíðu tillögurnar eru settar fram.

1. *Brýnt er að ráðist verði í endurskoðun á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands (7:282).* Með frumvarpinu er brugðist við þessu.
2. *Nauðsynlegt er að endurskoða ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1969 varðandi eftirlit með starfrækslu stofnana sem undir ráðuneyti heyra og taka af allan vafa um efnissvið þess. Ef ákvæðinu verður einnig ætlað að ná til sjálfstæðra stofnana og nefnda er nauðsynlegt að tekið verði af skarið um það í lögum til hvaða úrræða ráðherra geti gripið gagnvart slíkum stjórnvöldum (7:282).* Á þessu er tekið í IV. kafla frumvarpsins um stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra.
3. *Augljóst er að fjölga þarf í þeim hópi starfsmanna Stjórnarráðsins sem eru vel menntaðir og þjálfaðir og hafa getu til að takast á við mjög flókin og krefjandi verkefni (7:280).* Breytingum sem lagðar eru til í V. kafla frumvarpsins, m.a. um hæfnisnefndir, er ætlað að tryggja enn frekar en verið hefur að til starfa í ráðuneytum veljist vel menntað og hæft starfsfólk og aukinn sveigjanleika í starfsmannahaldi.
4. *Til álita hlýtur að koma að ákvæði um hinar sérstöku starfsskyldur embættismanna Stjórnarráðs Íslands verði lögfest þannig að tekið sé af skarið um inntak þeirra (7:281).* Á þessu er tekið í V. kafla um innra skipulag ráðuneyta og starfsmannahald, sbr. einkum ákvæði 20. gr.
5. *Taka verður af skarið um hvort breyta eigi lögum þannig að heimilt verði að ráða fleiri starfsmenn (aðstoðarmenn) á hina pólitísku skrifstofu ráðherra (7:281).* Brugðist er við

þessu í 22. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að auk aðstoðarmanns verði ráðherra heimilt að ráða til sín einn ráðgjafa án auglýsingar.

6. *Mikilvægt er að mál sem koma til umræðu og ráðið er til lykta í innra starfi ríkisstjórnarinnar komi fram með skýrum hætti í formlegum fundargerðum hennar enda er þar um að ræða einhverjar mikilvægustu ákvarðanir sem teknar eru fyrir hönd þjóðarinnar (7:262).* Á þessu er tekið í 7. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um ritun fundargerða og innihald þeirra. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um ritun fundargerða af ríkisstjórnarfundum í starfsreglum sem ríkisstjórnin setur sér.
7. *Í ljósi reglna sem gilda um ábyrgð ráðherra á stjórnarmálefnum, bendir nefndin á að máli geti skipt að haga ritun fundargerða með þeim hætti að í ljós sé leitt hverjir hafa með ráðum, fortölum, atkvæði eða á annan hátt stuðlað að hverri þeirri athöfn sem tekin er fyrir á ráðherrafundi (5:48).* Brugðist er við þessu í 7. gr. frumvarpsins þar sem tiltekið er að afstaða einstakra ráðherra til mála sé bókuð samkvæmt sérstakri ósk.
8. *Að því marki sem samráð og fundir milli oddvita ríkisstjórnar koma í reynd í stað þess að fjallað sé um mál á fundum ríkisstjórnar kann að vera rétt að huga að því að setja reglur um skráningu þess sem fram fer við slíkt samráð (7:261).* Skv. 17. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 6. gr. frumvarpsins, er skylt að taka mikilvægt stjórnarmálefni upp í ríkisstjórn. Samráð og fundir milli oddvita ríkisstjórnar leysa þá ekki undan þessari skyldu. Hvað varðar samráð og fundi í ráðherranefndum þá er sérstaklega tekið fram í 11. gr. frumvarpsins að þótt ráðherra hafi tekið mál upp í ráðherranefnd leysir það hann ekki undan skyldu til að bera mál upp í ríkisstjórn, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Þá er jafnframt unnið að því innan Stjórnarráðsins að bæta skráningu upplýsinga og ritun fundargerða almennt innan Stjórnarráðsins.
9. *Sama á við um fundi þar sem oddvitar ríkisstjórnarinnar koma sameiginlega fram gagnvart aðilum úr stjórnkerfinu eða utanaðkomandi og þeim eru sem fulltrúum ríkisstjórnar veittar upplýsingar eða kynnt málefni sem þurfa að koma til úrlausnar innan stjórnsýslunnar (7:261).* Unnið að því innan Stjórnarráðsins að bæta skráningu upplýsinga og ritun fundargerða á formlegum fundum innan Stjórnarráðsins. Um skyldu til skráningar upplýsinga vísast jafnframt til ákvæða upplýsingalaga, sbr. frumvarp til nýrra upplýsingalaga.
10. *Brýnt er að samdar verði samræmdar reglur um skráningu munnlegra upplýsinga um samskipti innan Stjórnarráðsins við önnur stjórnvöld, einkaaðila og stjórnvöld annarra ríkja (7:281).* Um skráningu upplýsinga vegna slíkra samskipta gildir það sama og greinir í 9. tölul. hér að framan.

XII. Tillögur í skýrslu þingmannanefndar er fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og í skýrslu starfshóps sem forsætisráðherra skipaði til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem lúta að starfsemi Stjórnarráðs Íslands.

Í september 2010 skilað þingmannanefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis skýrslu til Alþingis þar sem farið var yfir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir. Í kafla 2.4 í skýrslu þingmannefndarinnar er sérstaklega ályktað um stjórnsýsluna og nefndir hlutir sem skoða þurfi sérstaklega. Í maí 2010 skilaði starfshópur forsætisráðherra skýrslu um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Að neðan er gerð grein fyrir helstu tillögum þessara tveggja skýrslna að því marki sem þær varða Stjórnarráðið og endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands sérstaklega.

Skýrsla þingmannanefndar.

Í skýrslu þingmannefndarinnar segir um stjórnsýsluna: *„Það er mat þingmannanefndarinnar að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé áfellisdómur yfir íslenskri stjórnsýslu, verklagi hennar og skorti á formfestu jafnt í ráðuneytum sem sjálfstæðum stofnunum sem undir ráðuneytin heyra. Svo virðist sem aðilar innan stjórnsýslunnar telji sig ekki þurfa að standa skil á ákvörðunum sínum og axla ábyrgð, eins og fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Vegna smæðar samfélagsins skiptir formfesta, skráning upplýsinga, verkferlar, tímamörk og skýr ábyrgðarsvið enn meira máli en í stærri samfélögum. Í ljós kemur að upplýsingaskylda ráðuneyta og stofnana, innbyrðis og út á við, virðist ekki hafa verið virk né heldur frumkvæðisskylda, gagnsæi og rekjanleiki.*

Þingmannanefndin telur að skortur á viðlagaundirbúningi stjórnvalda til að verja fjármálakerfi landsins og aðra grundvallarhagsmuni ríkis og þjóðar sé afar gagnrýnisverður og á engan hátt í samræmi við það hvernig þjóðir með þróaða fjármálamarkaði og stjórnsýslu ættu almennt að haga starfsháttum sínum. Verk- og ábyrgðarsvið samráðshóps um fjármálastöðugleika var óljóst, heildaryfirsýn var engin og mat og greining á aðstæðum lá ekki fyrir. Þess vegna m.a. voru íslensk stjórnvöld vanbúin til að mæta þeirri yfirvofandi hættu sem íslenska bankakerfið stóð frammi fyrir.

Oddvitaræðið og verklag þess sem tíðkast hefur í íslenskum stjórnmálum undanfarna áratugi dregur úr samábyrgð, veikir fagráðherra og Alþingi og dæmi eru um að mikilvægar ákvarðanir hafi verið teknar án umræðna í ríkisstjórn. Slíkt verklag er óásættanlegt. Ljóst er að ráðherraábyrgðarkeðjan slitnaði eða aflagaðist í aðdraganda hrunsins og ráðherrar gengu á verksvið hver annars, t.d. þegar fagráðherrar voru ekki boðaðir á fundi um málefni sem heyrðu undir þeirra ábyrgðarsvið. Ábyrgð og eftirliti fagráðherra með sjálfstæðum stofnunum sem undir ráðuneyti þeirra heyrðu virtist verulega ábótavant.“

Í ljósi þessa telur þingmannefndin m.a. mikilvægt að hið fyrsta verði ráðist í endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands og er frumvarp þetta viðbrögð við því. Í umfjöllun þingmannefndar um stjórnsýsluna má draga fram eftirfarandi tillögur sem tengjast Stjórnarráðinu sérstaklega.

1. *Komið verði í veg fyrir að einstakir ráðherrar gangi inn á valdsvið og ábyrgðarsvið annarra ráðherra.* Á þessu er tekið í frumvarpinu, sbr. 1. gr. og 4. gr. Í drögum að forsetaúrskurði eru málaflokkar ráðuneyta listaðir upp með skýrum hætti og ítarlegar en verið hefur m.a. til þess að skýra betur og afmarka og ná heildarsýn yfir ábyrgðarsvið einstakra ráðherra.
2. *Skarist valdsvið tveggja eða fleiri ráðherra ber þeim með formlegum hætti að hafa samvinnu um þau vinnubrögð sem viðhöfð skulu hverju sinni þannig að ávallt sé ljóst á ábyrgðarsviði hvers þeirra er starfað.* Um þetta er fjallað í III. kafla frumvarpsins um ríkisstjórn og samhæfingu starfa á milli ráðherra.
3. *Mikilvægt að fram komi(í endurskoðuðum lögum um Stjórnarráð Íslands) hvaða reglur eigi að gilda um pólitíska starfsmenn ráðherra.* Á þessu er tekið í 22. gr. frumvarpsins sem og í 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að pólitískum aðstoðarmönnum skuli sett erindisbréf.
4. *Verklag innan ráðuneyta verði samræmt sem og skráning samskipta.* Ekki er tekið á þessu með beinum hætti í frumvarpinu enda verður vinnulag sem þetta ekki í lög leitt nema að litlu leyti. Hvað varðar ritun fundargerða af ríkisstjórnarfundum og ráðherranefndarfundum þá er kveðið á um ritun fundargerða ríkisstjórnar og ráðherranefnda og innihald þeirra á í 7. og 10. gr. frumvarpsins auk þess sem gert er ráð fyrir að um þau

atriði verði nánar fjallað í sérstökum starfsreglum. Um skyldu til skráningar upplýsinga er fjallað um í upplýsingalögum, sbr. frumvarp til nýrra upplýsingalaga sem lagt hefur verið fyrir Alþingi. Þá verður að ætla að á grundvelli markmiðs frumvarpsins um aukna samhæfingu og samvinnu verði auðveldara að samræma verklag í þessum efnum. Sérstaklega er fjallað um þetta í skýrslunni *Samhent stjórnsýsla* og mun forsætisráðuneytið beita sér fyrir aukinni samræmingu hvað þetta varðar.

5. *Skýrt með hvaða hætti ráðuneyti hafi eftirlit með þeim sjálfstæðu stofnunum sem undir þau heyra.* Á þessu er tekið í frumvarpinu í IV. kafla frumvarpsins um stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra.
6. *Brýnt er að í ráðuneytum sé til staðar sú fagþekking og reynsla sem nauðsynleg er til að sinna þeim verkefnum sem ráðuneytum ber.* Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og snúa að starfsmannahaldi og mannauðsmálum, svo sem um ráðningar og hreyfanleika starfsmanna, er m.a. ætlað að stuðla að því að því enn frekar en nú er að nægjanleg fagþekking og reynsla sé til staðar í ráðuneytum.
7. *Ætíð sé ráðið í stöðu embættismanna á faglegum forsendum.* Í 18. og 19. gr. frumvarpsins er fjallað um ráðningu embættismanna og skipan hæfnisnefnda sem ætlað er að tryggja betur en nú er að faglega sé staðið að ráðningu embættismanna í ráðuneytum.
8. *Nefndin telur að verulega skorti á að starfshættir innan ríkisstjórnar, ráðuneyta og stofnana uppfylli nútímakröfur um formlega og opna stjórnsýslu.* Á þessu er að hluta til tekið í þessu frumvarpi og síðan frumvarpi til upplýsingalaga sem nú liggur fyrir þinginu. Í 16., 17., 18. og 22. gr. er sérstaklega fjallað um skipulag ráðuneyta og stöðu einstakra aðila innan þeirra.
9. *Fundargerðir ríkisstjórnar verði skráðar með skýrum hætti og þær birtar opinberlega. Samhliða fundargerðabók ríkisstjórnarfunda verði haldin sérstök trúnaðarmálabók sem notuð sé þegar rætt er um viðkvæm málefni ríkisins eða önnur mál sem lúta trúnaði.* Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um ritun fundargerða ríkisstjórnar og innihald þeirra. Þá er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin setji sér starfsreglur þar sem meðal annars verður fjallað um ritun fundargerða og hvaða reglur skuli gilda um aðgang að upplýsingum af fundum ríkisstjórnar. Í þessum sambandi er rétt að geta þess að samkvæmt núgildandi starfsreglum ríkisstjórnarinnar er ætíð tekin afstaða til þess í lok hvers ríkisstjórnarfundar hvaða mál megi gera opinber og er tilkynnt um þau í sérstakri fréttatilkynningu strax að loknum hverjum fundi. Er nánari kynning á málinu síðan í verkahring viðkomandi ráðherra. Þannig eru flest mál sem koma til umræðu í ríkisstjórn gerð opinber strax að loknum fundi.
10. *Á fundum innan Stjórnarráðsins séu skráðar fundargerðir.* Unnið er að því innan Stjórnarráðsins að efla skráningu upplýsinga og ritun fundargerða almennt. Í frumvarpinu er kveðið á um ritun fundargerða á ríkisstjórnarfundum og fundum ráðherranefnda, sbr. 7. og 10. gr. Um skyldu til skráningar upplýsinga fer hins vegar samkvæmt upplýsingalögum, sbr. frumvarp til nýrra upplýsingalaga.
11. *Það er mat þingmannanefndarinnar að eðlilegt sé að oddvitar stjórnmálaflokka eigi með sér samráðsfundi en engu síður sé nauðsynlegt að setja reglur um skráningu einstakra ákvarðana í mikilvægum málefnum á slíkum fundum. Nefndin vill þó árétta að ákvarðanir á slíkum fundum geta aldrei leyst ráðherra undan skyldum sínum samkvæmt stjórnarskrá.* Í frumvarpinu er sérstaklega kveðið á um skipun ráðherranefnda og ritun fundargerða á slíkum fundum. Þá er í 11. gr. sérstaklega kveðið á um að þótt ráðherra

hafi tekið mál upp í ráðherranefnd þá leysir það hann ekki undan skyldu til að bera mál upp í ríkisstjórn.

12. *Setji ríkisstjórn á fót samráðshópa verður að gæta þess að heimildir þeirra, verkefni og verklag sé skýrt.* Eins og fyrr segir er sérstaklega kveðið á um ráðherranefndir í frumvarpinu en hvað varðar aðra hópa er ekki talið nauðsynlegt að kveða á um það í lögum. Að þessu sögðu er að sjálfsögðu brýnt að þetta sé skýrt og tengist miðlægum leiðbeiningum um verklag innan Stjórnarráðsins (sjá umfjöllun í lið 4 hér að framan) sem forsætisráðuneytið mun beita sér fyrir og fjallað er um í skýrslunni *Samhent stjórnsýsla* (sjá sérstaklega 9. kafla) sem fylgir þessu frumvarpi sem fylgiskjal.

Skýrsla starfshóps forsætisráðherra.

Í skýrslu starfshópsins segir: *„Að hinn faglegi grundvöllur stjórnsýslunnar sé veikur, ekki bara vegna ómarkvissra pólitískra inngripa í störf hennar heldur einnig vegna smæðar eininga hennar, persónutengsla og ónógrar áherslu á faglega starfshætti. Á sama tíma sé umgjörðin utan um vinnulag ríkisstjórna með þeim hætti að hún stuðli ekki nægilega að samhentri forystu og ábyrgð við forystu framkvæmdarvaldsins en þar komi reyndar rangar áherslur í starfi stjórnmálaflokkanna einnig við sögu. Jafnframt virðist hið pólitíska vald búa við ófullnægjandi aðhald innan úr stjórnsýslunni og utan frá, hjá þingi, fjölmiðlum og mennta- og vísindastofnunum.“*

Eftirfarandi eru megintillögur starfshópsins sem tengjast Stjórnarráðinu og efni frumvarpsins sérstaklega. Mikið af þeim tillögum sem ræddar voru í skýrslu starfshópsins voru ræddar frekar í nefnd um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands og fjallað er um þær í sérstökum kafla í athugasemdum þessa frumvarps.

1. *Að leitast verði við að efla hinn faglega grundvöll stjórnsýslunnar með því að tryggja faglegar ráðningar æðstu stjórnenda og þróa áherslur í starfsmannamálum þannig að hún veiti stjórnendum hæfilega umbun og aðhald.* Á þessu er tekið í 18. og 19. gr. frumvarpsins þar sem er fjallað um ráðningu embættismanna og skipan hæfnisnefnda til þess að tryggja fagmennsku við ráðningar.
2. *Nauðsynlegt að skýra verksvið, vald og ábyrgð forsætisráðherra betur.* Í frumvarpinu er kveðið á um hlutverk forsætisráðherra og í 8. gr. frumvarpsins er sérstaklega fjallað um hlutverk forsætisráðherra við samhæfingu starfa ráðherra.
3. *Skapa þarf markvissari umgjörð um ríkisstjórnarfundi og ráðherranefndir.* Á þessu er tekið í III. kafla frumvarpsins og m.a. í 7. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að ríkisstjórn seti sér sérstakar starfsreglur og í 9. og 10. gr. frumvarpsins er sérstaklega fjallað um hlutverk ráðherranefnda.
4. *Huga að styrkingu hinnar pólitísku skrifstofu ráðuneytanna.* Á þessu er tekið í 22. gr. frumvarpsins.
5. *Huga þarf sérstaklega að því hvernig bæta megi samhæfingu og reglufestu í stjórnsýslu ríkisins. Í því sambandi er lagt til að gert verði átak til að bæta vinnubrögð stjórnvalda og skýra skyldur starfsmanna hins opinbera, m.a. um skráningu upplýsinga og almennt um skýrleika og aga í vinnubrögðum.* Á þessu er m.a. tekið í frumvarpinu í 20. gr. þar sem fjallað er um skyldur starfmanna til að sinna upplýsinga- og ráðgjafarhlutverki sínu við ráðherra. Þar er einnig kveðið á um að ráðherra beri leita faglegs álits ráðuneytis til að tryggja að ákvarðanir og athafnir hans séu lögum samkvæmt og að starfsmenn ráðuneytis skuli upplýsa ráðherra telji þeir ákvarðanir eða athafnir ráðherra fara út fyrir valdheimildir hans.

6. *Huga að forsendunum fyrir því að Stjórnarráðið geti í meira mæli starfað sem ein skipulagsheild.* Ákvæði III. kafla frumvarpsins um ríkisstjórn og samhæfingu starfa milli ráðherra miða að þessu sem og ákvæði V. kafla frumvarpsins um innra skipulag og starfsmannahald. Frekari hugmyndir í þessa veru sem forsætisráðherra mun fylgja eftir koma fram í skýrslunni *Samhent stjórnsýsla* sem fylgir sem fylgiskjal með þessu frumvarpi.

XIII. Tillögur í skýrslu nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands „Samhent stjórnsýsla“.

Í skýrslunni *Samhent stjórnsýsla*, skýrslu nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands, sem forsætisráðuneytið gaf út í desember 2010 eru settar fram fjölmargar tillögur um úrbætur í tengslum við skipulag og vinnubrögð innan Stjórnarráðsins (hér eftir nefnd skýrslan í þessum kafla athugasemda). Í kaflanum er gerð grein fyrir þeim tillögum sem settar eru fram í skýrslunni og hvort og þá með hvaða hætti brugðist er við þeim í frumvarpinu og þá jafnframt með hvaða öðrum hætti til standi að bregðast við þeim. Í því sambandi má benda á að margar af tillögum nefndarinnar velta á nýju viðhorfi til samvinnu og samstarfs sem ekki verður í lög leitt nema að litlu leyti.

Skýrslan fylgir með frumvarpinu sem fylgiskjal og má finna í henni mun ítarlegri umfjöllun um alla þá þætti sem tæpt verður á hér í þessum kafla. Í inngangskafla skýrslunnar og 2. kafla er Stjórnarráði Íslands, verkefnum og mannauði lýst. Í þessum tveimur fyrstu köflum skýrslunnar eru ekki settar fram beinar tillögur. Tillögurnar eru aftur á móti settar fram í tengslum við umfjöllun í köflum þrjú til níu í skýrslunni. Hér á eftir eru tillögurnar listaðar upp í einfaldri númeraröð undir hverjum kafla auk stuttrar umfjöllunar um hverja tillögu og hvort og þá hvernig við henni er brugðist í frumvarpinu auk þess sem vísað er til umfjöllunar í skýrslunni til nánari skýringa.

Tillögur úr 3. kafla, Lög um Stjórnarráðið.

1. *Ekki ætti að tilgreina heiti ráðuneyta í stjórnarráðslögum, sbr. 4. gr.* Í frumvarpinu er lagt til að þessari tillögu verði hrint í framkvæmd og er heiti ráðuneyta ekki talin upp líkt og gert er í núgildandi stjórnarráðslögum. (Sjá nánar umfjöllun í 3. kafla skýrslunnar, sérstaklega kafla 3.2 og 3.4.)
   a. Skoða mætti hvort setja ætti ákvæði um hámarksfjölda ráðuneyta í lög, þ.e. hvort 15. gr. stjórnarskrárinnar setji því skorður. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði á um að ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands skuli á hverjum tíma ekki vera fleiri en tíu og er sú takmörkun á hámarksfjölda ráðuneyta talin standast ákvæði 15. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að forseti ákveði fjölda ráðherra en ekki er fjallað um fjölda ráðuneyta. (Sjá nánar athugasemdir við 2. gr. og umfjöllun í kafla 3.4. í skýrslunni.)
2. *Hvorki ætti að tilgreina heiti ráðuneyta né ráðherra í lögum.* Á þessu er tekið í frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum, bandormur, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. (Sjá nánar kafla 3.4 í skýrslunni.)
   a. *Vísa mætti til „ráðherra“ (ótilgreint) eða ráðherra sem fer með tiltekin málaflokk.* Á þessu er tekið í framangreindu frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum. (Sjá nánar kafla 3.4. í skýrslunni.)
3. *Verkaskipting milli ráðuneyta verði ákveðin í reglugerð um Stjórnarráð Íslands í samræmi við 15. gr. stjórnarskrárinnar.* Sjá umfjöllun um tillögur 1 og 2 hér að framan. (Sjá nánar kafla 3.2 og 3.4 í skýrslunni.)

a. *Reglugerðin verði ítarlegri en nú er.* (Sjá nánar kafla 3.2. og 3.4 í skýrslunni.)

4. *Skýr heimild ætti að vera í stjórnarráðslögunum um að hægt sé að skipa ráðherra án ráðuneytis til að sinna mikilvægum stefnu- og samhæfingarmálum.* Ekki er útilokað að unnt sé að skipa ráðherra án ráðuneytisins samkvæmt núgildandi löggjöf. Hins vegar verður að horfa til þess að slíkt hefur aldrei verið gert og að slíkt gæti verið flókið í framkvæmd og kallar á fram ýmsar spurningar um stöðu slíks ráðherra. Frumvarpið er að þessu leyti efnislega sambærilegt við núgildandi lög að það útilokar ekki þann möguleika að skipaður sé ráðherra án ráðuneytis, í sérstökum aðstæðum, þótt ekki sé fjallað um það sérstaklega. (Sjá nánar kafla 3.4 í skýrslunni.)
5. *Mótuð verði stefna um þróun stjórnsýslunnar.* Mikilvægt er að unnin verði heildstæð stefna um þróun stjórnsýslunnar á næstu árum þar sem hlutverk og ábyrgð aðila verði skýrð. Í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er fyrsti vísir að slíkri stefnu þar sem hlutverk ráðherra og ráðuneyta er skýrð nánar sem og staða þeirra og samskipti gagnvart öðrum stjórnvöldum og aðilum sem vinna verkefni á ábyrgðarsviði þeirra. Sjá sérstaklega kafla I–VI í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að áfram verði unnið á þessari braut og er liður í því vinna við sérstaka umbótastefnu sem stjórnvöld undirbúa nú í tengslum við stefnumörkunina Ísland 2020. (Sjá nánar kafla 3, 4, 6 og 7 í skýrslunni.)

Tillögur úr 4. kafla, Valdmörk og hlutverk stjórnmála og stjórnsýslu innan ráðuneyta.

1. *Skilgreina þarf hlutverk ráðherra með skýrum hætti í stjórnarráðslögunum og eftir atvikum ráðherraábyrgðarlögum.*
   a. *Afmarka frumkvæðis- og eftirlitsskyldu ráðherra gagnvart stjórnvöldum á málefnasviði ráðherra þar sem greinarmunur er gerður á skyldunni m.t.t. stöðu stjórnvaldsins í stjórnsýslukerfinu.* Kveðið er á um almennar stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra í IV. kafla frumvarpsins. (Sjá kafla 6. í skýrslunni.)
   b. *Kveða á um samskipti ráðherra við embættismenn, þ.e. einkum að ráðherra skuli leita faglegs mats embættismanna áður en ákvarðanir eru teknar og að hann virði sjálfstæði embættismanna og hlutleysi í pólitískum skilningi.* Á þessu er tekið í 20. gr. frumvarpsins sbr. einnig athugasemdir við þá grein auk þess sem fjallað er um þetta í tillögu í 5. tölul. siðareglna fyrir ráðherra sem fylgir frumvarpinu og byggjast á 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins. (Sjá kafla 4.1. í skýrslunni.)
   c. *Kveða á um verkstjórnar- og ábyrgðarskyldu forsætisráðherra.* Á þessu er tekið í 1., 3., 4. og 8. gr. frumvarpsins og í III. kafla frumvarpsins um ríkisstjórn og samhæfingu starfa á milli ráðherra. (Sjá kafla 4.1. og 5.3. í skýrslunni.)
   d. *Kveða á um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra í lögum (bæði að eigin frumkvæði og í kjölfar beiðni) og afmarka hana með skýrum hætti. Upplýsingaskylda stjórnvalda gagnvart almenningi, þar á meðal fjölmiðlum, er afmörkuð í upplýsingalögum.* Brugðist er við þessari tillögu í 6. tölul. siðareglna fyrir ráðherra sem fylgir frumvarpinu og byggjast á 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins. Um upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi er fjallað um í lögum um þingsköp Alþingis. (Sjá kafla 4.1 í skýrslunni.)
2. *Hlutverk ráðuneytisstjóra verði skýrt skilgreint í stjórnarráðslögunum. Þar komi fram að:*
   a. *Ráðuneytisstjóri stýrir faglegu ráðuneyti og einungis ráðherra hafi boðvald yfir honum.* Á þessu er tekið í V. kafla frumvarpsins, 16. gr. (Sjá kafla 4.2. í skýrslunni.)
   b. *Ráðuneytisstjóra ber að skipuleggja upplýsingagjöf og ráðgjöf til ráðherra á*

málefnisviði ráðuneytisins. Ekki orðað beint með þessum hætti í frumvarpinu en leiðir af 16., 17. og 20. gr. frumvarpsins. (Sjá kafla 4.2. í skýrslunni.)

c. *Ráðuneytisstjóri hafi rétt (og/eða skyldu) til að mótmæla eða koma að athugasemdum telji hann gjörðir ráðherra ekki samræmast lögum eða vönduðum stjórnsýsluháttum. Þessi skylda ætti einnig að hvíla á næstu yfirmönnum, þ.e. skrifstofustjórum óháð afstöðu ráðuneytisstjóra.* Á þessu er tekið í 20. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um skyldu embættismanna og starfsmanna Stjórnarráðsins til að veita upplýsingar og faglega ráðgjöf en í því felst m.a. að ráðherra ber að mótmæla og koma að athugasemdum ef viðkomandi embættismaður eða starfsmaður telur að fyrirhuguð ákvörðun eða athöfn ráðherra sé ekki lögum samkvæmt. (Sjá kafla 4.2. í skýrslunni.)

d. *Ráðuneytisstjóri hafi það hlutverk að tryggja framgang pólitískrar stefnumörkunar (stjórnarsáttmála og stefnu ráðherra) innan ráðuneytisins í samstarfi við aðstoðarmann og ráðherra.* Á þessu er tekið í 16. gr., þar sem segir að ráðuneytisstórar stýri ráðuneyti undir yfirstjórn ráðherra, og 22. gr., sbr. athugasemdir við þá grein, þar sem fjallað er um hlutverk aðstoðarmanna ráðherra og ráðgjafa ráðherra og samvinnu þeirra við ráðuneytisstjóra. (Sjá kafla 4.2. í skýrslunni.)

3. *Aðstoðarmenn/pólitískir ráðgjafar.*

a. *Við myndum ríkisstjórnar verði ákveðið hvort ráðherrar geti ráðið sér einn eða tvo pólitíska aðstoðarmenn til að aðstoða sig við stefnumótun. Fjöldi aðstoðarmanna hvers ráðherra innan þessara marka verði samningsatriði milli stjórnarflokka en tæki mið af stærð og umfangi ráðuneytis. Aðstoðarmennirnir yfirgefi ráðuneytin um leið og ráðherrann, eins og nú er.* Brugðist við þessu í 22. gr. frumvarpsins. (Sjá kafla 4.3 í skýrslunni.)

b. *Aðstoðarmönnum og ráðgjöfum skulu sett erindisbréf þar sem hlutverk þeirra eru skýrð.* Um hlutverk aðstoðarmanna og ráðgjafa er fjallað í 22. gr. og athugasemdum með þeirri grein. Í 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðherra setji aðstoðarmanni og ráðgjafa ráðherra erindisbréf.

c. *Ráðherra, pólitískir aðstoðarmenn og ráðuneytisstjóri myndi saman skrifstofu yfirstjórnar ráðuneytis. Ráðherra getur kvatt til starfa í samráði við ráðuneytisstjóra starfsmenn úr ráðuneytinu til tímabundinna starfa á skrifstofu yfirstjórnar í tengslum við ákveðin stefnumál á hverjum tíma.* Hér er fjallað um afmarkaðan þátt í innra skipulagi ráðuneytanna en í frumvarpinu er farin sú leið (í samræmi við tillögu í 7. kafla skýrslunnar) að ráðuneytisstjórar hafi tillögurétt um hvernig skipulagi ráðuneyta skuli háttað og því ekki kveðið sérstaklega á um þessa tilteknu skrifstofu í lögunum. Í 22. gr. frumvarpsins er hlutverk aðstoðarmanna og ráðgjafa skilgreint nánar og samskipti hans við ráðuneytisstjóra í tengslum við pólitíska stefnumörkun á ábyrgðasviði ráðuneytis og í V. kafla frumvarpsins er fjallað um tengsl ráðherra og ráðuneytisstjóra. Flest ráðuneytin hafa í dag skrifstofu sem þessa þó að hún sé ekki alltaf skilgreind í skipuritum þeirra og verður að teljast líklegt að áfram muni skipulagi verða hagað með þeim hætti. (Sjá kafla 4.3, 7.4 og 7.5 í skýrslunni.)

d. *Þurfi ráðherra á frekari ráðgjöf að halda í afmörkuðum málaflokkum verður hann að nota þau tæki sem fyrir eru, þ.e. skipa nefndir, nýta sérfræðiþjónustu utan frá og ráða starfsmenn tímabundið að undangenginni auglýsingu í samræmi við almennar reglur.* Þetta er hægt að gera að óbreyttum lögum og því ekki tekið á því sérstaklega í þessu frumvarpi.

Tillögur úr 5. kafla, Ríkisstjórnir og starfshættir þeirra.

1. *Æskilegt er að tryggja með einhverjum hætti pólitíska samábyrgð ríkisstjórna í ákveðnum málum án þess þó að gera ríkisstjórnina almennt að fjölskipuðu stjórnvaldi.* Óumdeilt er í stjórnskipan landsins að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands fara með æðsta framkvæmdarvald hver á sínu sviði. Jafnframt telst það ótvíræð stjórnskipunarvenja í íslenskum rétti að ríkisstjórn getur ekki setið að völdum né einstakir ráðherrar á ráðherrastóli í andstöðu við meiri hluta þingmanna á Alþingi. Í reynd hefur þetta verið þannig að ríkisstjórnir sitja sem heild á meðan þær njóta trausts Alþingis en fara annars frá í heild (þ.e. ekki tíðkast að bera upp vantraust á einstaka ráðherra). Í þessu ljósi mynda ráðherrarnir í ákveðnum skilningi einingu sem sameiginlega heldur um stjórnartauma framkvæmdarvaldsins í landinu og sitja í skjóli hver annars og annarra þingmanna (oft stjórnmálaflokka) sem mynda meiri hluta Alþingis. Um þetta er fjallað í 5. kafla skýrslunnar og á þessari tillögu, innan marka núverandi stjórnskipunar, er tekið í III. kafla frumvarpsins um ríkisstjórn og samhæfingu starfa milli ráðherra og verður síðan nánar útfært í starfsreglum ríkisstjórnar sem kveðið er á um settar verði sbr. 7. gr. frumvarpsins. (Sjá kafla 5.1 og 5.2 í skýrslunni og athugasemdir við III. kafla.)
2. *Skerpa þarf á reglum um ríkisstjórnarfundi í stjórnarráðslögunum eða afleiddum reglum.* (Sjá kafla 5.2 í skýrslunni.)
   a. *Tilgreina þarf í lögum hvaða mál þarf að bera upp á ríkisstjórnarfundum og hvaða mál ríkisstjórn ákvarðar sameiginlega. Þegar um er að ræða sameiginlegar ákvarðanir ætti þó ávallt að fela tilteknum ráðherra að bera ábyrgð á að fylgja málum eftir í kjölfarið. Ritun fundagerða skiptir hér miklu máli.* Á þessu er tekið í III. kafla frumvarpsins um ríkisstjórn og samhæfingu starfa milli ráðherra og verður nánar útlistað í þeim starfsreglum sem ríkisstjórn setur sér. (Sjá kafla 5.2 í skýrslunni.)
   b. *Koma ætti upp innri vef ríkisstjórnar þar sem mál væru lögð fram og aðrir ráðherrar gætu kynnt sér þau.* Ekki þarf að kveða sérstaklega á um þetta í frumvarpinu en verður einn af þeim þáttum sem skoðaðir verða í tengslum við starfsreglur ríkisstjórnar. (Sjá kafla 5.2 í skýrslunni.)
   c. *Skýra þarf stöðu minnisblaða sem samþykkt eru í ríkisstjórn og huga að eftirfylgni með þeim.* Ekki þarf að kveða sérstaklega á um þetta í lögunum en verður skoðað í tengslum við starfsreglur ríkisstjórnar. (Sjá kafla 5.2 í skýrslunni.)
   d. *Setja ætti reglur um hvenær og hvernig mál eru lögð fyrir ríkisstjórnarfundi, t.d. að þeim skuli dreift degi fyrir fund.* Ekki þarf að kveða sérstaklega á um þetta í lögunum en verður skoðað í tengslum við starfsreglur ríkisstjórnar. (Sjá kafla 5.2 í skýrslunni.)
3. *Nauðsynlegt er að í lögum um Stjórnarráðið verði tekið með afgerandi hætti á stöðu forsætisráðherra og ráðuneytis hans.* Almennt er ekki gerður greinarmunur á ráðherra og ráðuneyti. Tekið er á þessu atriði í ýmsum köflum og greinum frumvarpsins, svo sem 1. gr., 3. gr., 4. gr., III. kafla, 12. gr., 21. gr., 24. gr. og 25. gr. Sjá einnig umfjöllun um tillögu 1.c í umfjöllun um tillögur 4. kafla hér að framan. (Sjá kafla 5.3. í skýrslunni.)
4. *Efla þarf eftirfylgni með stjórnarsáttmálum af hálfu forsætisráðuneytisins og styrkja umræðu um hvernig miðar í átt að þeim markmiðum sem þar eru sett fram.* Í 8. gr. og athugasemdum um hana er talað um frumkvæði forsætisráðherra við að samhæfa stefnu og aðgerðir ráðherra. Stjórnarsáttmálar hafa almennt skipað veigameiri sess í störfum ríkisstjórna og má líta á þá sem eitt helsta samhæfingartækið auk þess sem þeir eru lýðræðisleg aðferð til þess að gera borgurum kunnugt hvað ríkisstjórn hyggst fyrir milli kosninga. Forsætisráðherra ber ábyrgð á eftirfylgni þeirra en ekki er talið nauðsynlegt

að kveða á um það með beinum hætti í frumvarpinu heldur er það leitt af hlutverki forsætisráðherra sem forustumanns ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega í tengslum við verkaskiptingar- og samhæfingarhlutverk hans. (Sjá kafla 5.4 í skýrslunni.)

5. *Setja þarf fram skilgreiningar á hlutverki og stöðu ráðherranefnda í stjórnarráðslögunum.* Á þessu er tekið í 9. gr. og 10. gr. í frumvarpinu. (Sjá kafla 5.5 í skýrslunni.)
   a. *Að setja á fót ráðherranefnd ætti að vera ríkisstjórnarákvörðun.* Á þessu er tekið í 9. gr. frumvarpsins.

Tillögur úr 6. kafla, Ráðuneyti, stofnanir og sjálfstæðir aðilar.

1. *Styrkja þarf ráðuneytin á sviði stefnumótunar og eftirlits með stefnu sem framkvæmd er í umboði þeirra eða eru á málefnasviði þeirra.* Á þessu er tekið í IV. kafla frumvarpsins eins og nánar er gerð grein fyrir í umfjöllun um a- og b-lið tillögunnar hér að neðan. Hvað varðar styrkingu á stefnumótunarhlutverki ráðuneyta þá er nánar fjallað um það í 7. kafla skýrslunnar og byggist m.a. á þáttum sem ekki verða í lög leiddir nema að takmörkuðu leyti, svo sem stjórnun og forgangsröðun verkefna innan ráðuneyta sem og samsetningu- og þjálfun starfsfólks þeirra.
   a. *Skilgreina og flokka tegundir stofnana og stjórnsýslusamband þeirra við ráðuneyti.* Meginatriðin eru listuð upp í IV. kafla frumvarpsins en í kjölfar samþykktar þess þyrfti að fara í betur yfir þetta samband og er eðlilegt að það verði gert í tengslum við umbótastefnu sem fjallað var um hér að framan í 5. tillögu í 3. kafla skýrslunnar. (Sjá kafla 6.1, 6.2, 6.3, 6.4 og 6.5 í skýrslunni.)
   b. *Yfirfara lagaákvæði þar sem stjórnsýslusamband stofnana og ráðuneyta er skilgreint og samræma við tillögur í 2.–5. lið.* Þetta er vinna sem þarf að fara í gang í kjölfar samþykktar Alþingis á nýjum lögum um Stjórnarráðið eins og lagt er til í frumvarpi þessu.
2. *Árétta þarf frekar, t.d. í stjórnarráðslögunum, hlutverk ráðuneyta gagnvart stofnunum sem heyra undir boðvald ráðherra (lægra sett stjórnvöld).* Þetta er gert í 13. gr. frumvarpsins. (Sjá kafla 6.1 í skýrslunni.)
   a. *Leggja áherslu á að ráðherra (ráðuneyti) hefur rétt til þess að krefjast upplýsinga, gefa fyrirmæli og breyta ákvörðunum.* Á þessu er tekið í 13. gr. frumvarpsins og athugasemdum við greinina.
   b. *Sameina og fækka stofnunum til þess að minnka stjórnunarspönn ráðuneyta.* Ráðuneytum hefur verið fækkað og jafnframt hafa stofnanir verið sameinaðar á undanförnum missirum. Unnið hefur verið að þessari stefnumökun markvisst síðan 2009. Sem dæmi má nefna hafa allar skattstofur landsins verið sameinaðar í eina og Þjóðskrá og Fasteignaskrá hafa verið sameinaðar. Búast má við fleiri sameiningum í kjölfar breytinga á ráðuneytum og koma þær til kasta Alþingis í formi lagafrumvarpa hverju sinni. (Sjá kafla 6.1 í skýrslunni.)
   c. *Tryggja að virk samskipti eigi sér stað og unnið sé saman að samfélagslegum ávinningi, t.d. með lögfestingu á því hvað felst í forræði ráðherra yfir stofnunum.* Í IV. kafla eru eftirlitsheimildir ráðherra gagnvart lægra settum og sjálfstæðum stjórnvöldum. (Sjá kafla 6.2 í skýrslunni.)
   d. *Leggja af stjórnir og taka í staðinn upp ráðgjafarráð þar sem það er talið þurfa.* Að þessari stefnumörkun hefur verið unnið síðustu árin og stjórnum í lægra settum stjórnvöldum hefur fækkað mikið. Áfram verður haldið á þessar braut í tengslum við þær breytingar á stofnunum sem fram undan eru en þessu er síðan breytt í tengslum við sérlög um stofnanir og meta þarf í hverju tilviki hvort setja eigi ráðgjafarráð í

staðinn eða sleppa því. Forsætisráðherra áformar að setja á fót starfshóp til þess að skoða þessa hluti sérstaklega. (Sjá kafla 6.2.1 í skýrslunni.)

e. *Auðvelda tilfærslu starfsfólks og þannig þekkingar milli stofnana og ráðuneyta.* Á þessu er tekið í 21. gr. frumvarpsins hvað varðar flutning milli ráðuneyta. Skv. 20. gr. stjórnarskrárinnar er heimilt að flytja embættismenn á milli embætta og nær það yfir forstöðumenn ríkisstofnana og fleiri aðila sem teljast til embættismanna. Hvað varðar aðrar tilfærslur milli ráðuneyta og stofnana, umfram núverandi heimildir til vistaskipta í eitt ár, þyrfti að taka á því sérstaklega í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en lagt er til í skýrslu þingmannanefndar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndarinnar, að þau lög verði endurskoðuð og er það í raun einnig lagt til í skýrslunni *Samhent stjórnsýsla*. (Sjá 8. kafla í skýrslunni, sérstaklega kafla 8.5.3.)

3. *Skýra þarf betur, t.d. í stjórnarráðslögunum, hlutverk ráðuneyta gagnvart sjálfstæðum stjórnvöldum.* Á þessu er tekið í 13. gr. frumvarpsins. (Sjá kafla 6.3 í skýrslunni.)
   a. *Eftirlit með fjárreiðum og eignum.* Á þessu er tekið í IV. kafla frumvarpsins. (Sjá kafla 6.3 í skýrslunni.)
   b. *Skylda til frumkvæðis að stefnumótun á málasviði þeirra.* Á þessu er tekið í 14. gr. frumvarpsins en þar er kveðið á um að ráðuneyti skuli hafa eftirlit með starfsemi sjálfstæðra stjórnvalda. (Sjá kafla 6.3 í skýrslunni.)
   c. *Skylda stjórnvalds til að veita upplýsingar um almenna stefnu, ekki einstök mál.* Á þessu er tekið í 14. gr. þar sem segir að ráðherra geti krafið stjórnvald sem undir hann heyrir um upplýsingar og að þagnarskyldureglur, í þeim tilvikum sem um þær er að ræða, yfirfærist yfir ráðuneytið. (Sjá kafla 6.3 í skýrslunni.)
   d. *Réttur ráðuneyta til upplýsinga um þætti sem ekki tengjast beinni málsmeðferð stjórnvalds í einstökum málum.* Á þessu er tekið í 14. gr. frumvarpsins. (Sjá kafla 6.3 í skýrslunni.)
   e. *Tryggja þarf að upplýsingar geti gengið frá stjórnvaldi til ráðuneytis án þess að þær verði opinberar ef um er að ræða viðkvæm mál.* Á þessu er tekið í 14. gr. frumvarpsins en jafnframt í 6. tölul. 6. gr. frumvarps til upplýsingalaga sem nú er til meðferðar á Alþingi. (Sjá kafla 6.3 og 9.4 í skýrslunni.)
   f. *Fækka stjórnum og skýra hvaða tilgangi þær þjóna í þeim tilvikum þar sem ákveðið verður að halda þeim.* Þarf að skoðast í hverju tilviki fyrir sig þar sem kveðið er á um þetta í sérlögum um tiltekin stjórnvöld. Hvað varðar sjálfstæð stjórnvöld getur verið matskenndara hvort þörf sé á stjórn í ákveðnum tilvikum en í tilviki lægra settra stjórnvalda sem vikið er að í umfjöllun um d-lið 2. tölul. hér að framan. (Sjá kafla 6.3 í skýrslunni.)
   g. *Skilgreina þarf viðmið og móta stefnu um hvenær þörf er á sjálfstæðum úrskurðarnefndum.* Forsætisráðherra hefur skipað starfshóp til að móta stefnu og semja viðmiðunarreglur um það í hvaða tilvikum sjálfstæðar úrskurðarnefndir eigi rétt á sér. Starfshópnum hefur jafnframt verið falið að gera tillögur í formi lagafrumvarps um fækkun sjálfstæðra úrskurðarnefnda í samræmi við framsetta stefnumótun og leiðbeiningarreglur. (Sjá kafla 6.3 í skýrslunni.)
4. *Tryggja þarf að ríkið hafi raunveruleg áhrif á stjórnun opinberra hlutafélaga og að virkt eftirlit sé haft með þeim.* Tekið á þessu í 15. gr. frumvarpsins. (Sjá kafla 6.4 í skýrslunni.)

a. *Ríkið þarf að setja sér eigandastefnu og nýta hana sem virkt stjórntæki.* Mörkuð hefur verið sú stefna að fjármálaráðuneytið fari með eignarhluti ríkisins í fyrirtækjum og er það raunin að mestu. Stærsta fyrirtækið sem ráðuneytið fer ekki með eignarhlut í fyrir hönd ríkisins er Matís ohf. Fjármálaráðuneytið hefur sett fram eigandastefnu vegna eignarhluta þess í fjármálafyrirtækjum frá september 2009 og í ráðuneytinu er unnið að mótun eigandastefnu fyrir önnur fyrirtæki sem ríkið á hluti í. (Sjá kafla 6.4 í skýrslunni.)
b. *Gera á kröfu á opinber hlutafélög og önnur félög sem ríkið á hluti í um gagnsæi í rekstri þeirra.* Kveða ætti á um slíkt í eigandastefnu. Að störfum er starfshópur á vegum forsætisráðuneytisins til að yfirfara hvort jafnræði og gagnsæi við sölu á fyrirtækjum eða hlutum í fyrirtækjum í beinni eða óbeinni eigu ríkisins sé nægjanlega tryggt. (Sjá kafla 6.4 í skýrslunni.)

5. *Efla þarf vinnu við gerð, eftirlit og samstarf í tengslum við samninga við sjálfseignarstofnanir og einkaaðila.* (Sjá nánar kafla 6.5 í skýrslunni.) Sérstaklega er fjallað um samninga til lengri tíma en eins árs í 30. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, en þar segir að ráðherra sé heimilt, með samþykki fjármálráðherra „að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir ráðuneytið heyra, til lengri tíma en eins árs við þá ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu, aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum“. Á grundvelli þessarar greinar setti fjármálaráðherra reglugerð nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs. Skoða ætti hvort tímabært sé að endurskoða reglugerðina að skýra betur þá þætti sem nefndir eru í a–c-lið tillagnanna hér að neðan.
   a. Skýrt þarf að vera að hægt sé að fá upplýsingar frá einkaaðilum sem sinna opinberri þjónustu.
   b. Tryggja þarf vandaða samningagerð, t.d. hvað varðar endurskoðunar- og uppsagnarákvæði samninga.
   c. Tryggja þarf aukið samstarf milli ráðuneyta og þeirra sjálfseignarstofnana, félagasamtaka og einkaaðila sem sjá um að sinna opinberri þjónustu.

Tillögur úr 7. kafla, skipulag, starfsemi og stjórnun ráðuneyta.

1. *Greina þarf verkefni Stjórnarráðsins og meta þróun þeirra á næstu árum.* Ekki er þörf á lagabreytingu vegna þessarar tillögu. Skipa þarf starfshóp með aðkomu allra ráðuneyta til þess að vinna að þessari greiningu. (Sjá nánar umfjöllun í kafla 7. 3 í skýrslunni.)
   a. *Móta þarf stefnu um hvaða verkefni eiga að vera hjá ráðuneytunum og greina hvort gera þurfi breytingar á umfangi þeirra og með hvaða hætti.* Helst í hendur við greiningu verkefna.
2. *Setja þarf í auknum mæli stefnu og eða vinna miðlægar leiðbeiningar fyrir Stjórnarráðið varðandi verklag ráðuneyta.* Ekki er þörf á lagasetningu vegna þessa. Til er sérstök starfsmannahandbók fyrir Stjórnarráðið og þar er kveðið á um ýmsa þætti sem eru samræmdir milli ráðuneyta. Ástæða er til að fjölga miðlægum leiðbeiningum um verklag og mun forsætisráðuneytið beita sér fyrir því. (Sjá nánar kafla 7.2 í skýrslunni.)
   a. *Um undirbúning og eftirfylgni mála fyrir og eftir ríkisstjórnarfundi.* Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild ríkisstjórnar til að setja sér starfsreglur.
   b. *Samstarf og samráð við hagsmunahópa/hagsmunasamtök, t.d. við vinnu við gerð*

lagafrumvarpa. Styðjast mætti við leiðbeiningar frá OECD. Þarfnast ekki lagabreytingar við.

c. *Skipulag nefndarvinnu og stjórnun verkefna.* Þarf ekki lagasetningu.

3. *Efla þarf notkun málaskrár sem stjórntækis innan ráðuneyta.* Þarf ekki lagabreytingu til.
4. *Styrkja þarf stefnumótandi getu og hæfni ráðuneytanna.* Ekki er þörf á að taka sérstaklega á þessu í frumvarpinu en snýr að stjórnun og uppbygginu ráðuneytanna. (Sjá nánar kafla 7.2 í skýrslunni.)
   a. *Byggja upp þverfaglegt miðlægt stefnumótunar-, verkefnastjórnunar- og greiningarteymi innan Stjórnarráðsins.* Sjá umfjöllun hér að framan.
   b. *Bæta getu Stjórnarráðsins til upplýsingaöflunar og staðreyndaleitar.* Miðlægt stefnumótunar-, verkefnastjórnunar- og greiningarteymi gæti skipulagt þá vinnu. Sjá hér að framan.
   c. *Bæta upplýsingamiðlun innan ráðuneyta með markvissari notkun innri vefja þeirra.* Þarfnast ekki lagabreytingar. Forsætisráðuneytið mun virkja samráðshóp vefstjóra ráðuneytanna sem mun fá til liðs við sig fulltrúa ráðuneytisstjóra og mögulega fleiri aðila, svo sem fulltrúa miðlægrar tölvuþjónustu, til að endurskoða markmið með innri vef ráðuneytanna og útfæra þau í framhaldinu.
   d. *Tryggja meiri samvinnu milli fagsviða og fjármála-/rekstrarsviða innan ráðuneyta.* Þarf ekki lagabreytingu til þess að ná þessu fram.
5. *Leggja þarf aukna áherslu á góða stjórnunarhætti innan Stjórnarráðsins* (7.3).
   a. *Markviss stjórnendaþjálfun sem miðar jafnt að aukinni skilvirkni og vandvirkni stjórnsýslunnar.* Stjórnsýsluskóli Stjórnarráðsins sinnir þessu verkefni.
6. *Ekki ætti að binda skipulag ráðuneyta með lögum eins og nú er gert í stjórnarráðslögum.* Á þessu er tekið í 18. gr. frumvarpsins. (Sjá nánar kafla 3.4, 7.1, 7.4 og 7.5 í skýrslunni.)

Tillögur úr 8. kafla, Mannauðsmál Stjórnarráðsins.

1. *Komið verði á fót mannauðseiningu innan Stjórnarráðsins sem hefur forustu í mannauðsmálum Stjórnarráðsins og aðstoðar einstök ráðuneyti í mannauðsmálum.* Ekki er tekið á þessu sérstaklega í frumvarpinu en ekkert þar kemur í veg fyrir að slíkar einingar séu settar á fót. (Sjá nánar umfjöllun í kafla 8.3 og 8.4.)
2. *Sett verði stefna Stjórnarráðsins um hreyfanleika starfsmanna* (8.5.3). Á þessu er tekið í 21. gr. frumvarpsins. (Sjá kafla 8.5.3 í skýrslunni.)
   a. *Forsætisráðherra setji reglur um tilhögun flutnings starfsmanna innan Stjórnarráðsins, þar á meðal um auglýsingu innan þess á lausum störfum, sbr. 11. gr. stjórnarráðslaganna.* Þetta á við um núgildandi stjórnarráðslög, en eins og fyrr segir er á þessu tekið í 21. gr. frumvarpsins.
3. *Fagmennska og verklag við ráðningar.*
   a. *Sett verði á fót annaðhvort hæfnismatsnefnd eða ráðningarnefnd vegna ráðninga ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og forstöðumanna ríkisstofnana. Ákvæði um hæfnismatsnefnd eða ráðningarnefnd ætti að setja í lög um Stjórnarráðið ásamt reglugerðarheimild um starfsreglur nefndarinnar og skipan.* Brugðist hefur verið við þessari athugasemd í 18. og 19. gr. frumvarpsins en þar er fjallað um hæfnisnefnd og heimild forsætisráðherra til að setja leiðbeinandi reglur um skipun og störf slíkrar nefndar. (Sjá nánar kafla 8.6.2.)

b. *Ráðherra skipar í stöðu ráðuneytisstjóra og forstöðumanna ríkisstofnana eftir að val hans hefur verið borið upp til samþykkis í ríkisstjórn (8.6.2).* Ekki er í frumvarpinu lagt til að kveðið verði á um skyldu ráðherra til að bera skipanir í embætti upp í ríkisstjórn. Á hinn bóginn er lagt til í frumvarpinu, sbr. 18. og 19. gr., að við skipun í embætti ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu skuli skipa hæfnisnefndir til að meta hæfi umsækjanda. Er slík málsmeðferð til þess fallin að tryggja að faglega sé staðið að ráðningum í Stjórnarráðinu.

c. *Mannauðseiningin ætti að halda utan um reglur varðandi ráðningar innan Stjórnarráðsins og sinna leiðbeiningum og stuðla að samhæfðum vinnubrögðum ráðuneyta í þessum efnum.* Sjá lið 1.

d. *Þótt formlega skipi ráðherra skrifstofustjóra líkt og ráðuneytisstjóra og forstöðumenn ríkisstofnana ætti ráðuneytisstjóri að sjá um framkvæmd ráðningarinnar og ráðningarferilinn* Í 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðuneytisstjóri setji skrifstofustjórum erindisbréf. (Sjá nánar í kafla 8.6.2 í skýrslunni.)

e. *Skrifstofustjórar ættu alla jafna að sjá um ráðningar annar starfsmanna í samráði við ráðuneytisstjóra* Sjá d-lið hér að framan. (Sjá nánar kafla 8.6.4 í skýrslunni.)

4. *Nefndin mælir með því að hafist verði handa við endurskoðun starfsmannalaga sem að grunninum til eru frá árinu 1954. Í því sambandi leggur nefndin til að sérstaklega verði skoðað hvort afnema eigi fimm ára skipun embættismanna.* Í skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er lagt til að ráðist verði í endurskoðun á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Starfsmannamál ríkisins falla undir fjármálaráðuneytið og er undirbúningur endurskoðunar laganna hafinn. (Sjá nánar kafla 8.6.2 í skýrslunni.)

5. *Kjör verði samræmd milli ráðuneyta, m.a til auðvelda hreyfanleika starfsmanna innan Stjórnarráðsins. Gera þarf Stjórnarráðið að samkeppnishæfum vinnustað, a.m.k. við ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, og tryggja að Stjórnarráðinu haldist betur á starfsfólki.* Ekki er tekið á þessu í frumvarpinu en eins og áður sagði heyra starfsmannamál og kjarasamningar undir fjármálaráðuneytið. Þess má geta að Ríkisendurskoðun vinnur nú að úttektum á starfsmannamálum ríkisins. (Sjá nánar kafla 8.7 í skýrslunni.)

   a. *Breyta ætti reglum um Kjararáð þannig að hægt verði að umbuna stjórnendum fyrir umfang, ábyrgð og árangur.* Ekki er tekið á þessu í frumvarpi til laga um Stjórnarráðið. Lögin um kjararáð heyra undir fjármálaráðuneytið og verður þetta væntanlega skoðað í samhengi við endurskoðun starfsmannalaga. Þá eins og fyrr sagði er Ríkisendurskoðun að vinna úttektir á starfsmannamálum sem mun koma inn í þessa vinnu.

   b. *Til greina kemur að færa skrifstofustjóra undan ákvörðunum Kjararáðs og þeir semji við ráðuneytisstjóra um kaup og kjör.* Sjá a-lið 5. tölul.

6. *Verkefnastjórnun innan ráðuneyta sem og þvert á ráðuneyti verði efld.* Forsætisráðuneytið mun beita sér fyrir því að kynna aðferðafræði verkefnastjórnunar fyrir starfsmönnum Stjórnarráðsins. Stjórnsýsluskóli Stjórnarráðsins mun sinna þessu verkefni. (Sjá nánar kafla 8.5.3, 8. og 9. í skýrslunni.)

Tillögur úr 9. kafla, Samstarf innan Stjórnarráðsins.

1. *Koma þarf upp fyrirkomulagi og hvötum til að greiða fyrir auknu samstarfi innan Stjórnarráðsins.* (Sjá nánar kafla 9.1 í skýrslunni.)

   a. *Markviss tilfærsla starfsfólks og stjórnenda milli ráðuneyta og milli ráðuneyta og stofnana.* Við þessu er brugðist að hluta í 21. gr. frumvarpsins. Sjá einnig umfjöllun

um viðbrögð við tillögu 1 í 8. kafla hér að framan. (Sjá nánar kafla 8.5.3 og 7.2 í skýrslunni.)

b. *Miðlæg mannauðseining og miðlæg greiningar- og stefnumótunareining).* Sjá lið a. (Sjá nánar kafla 8.5.5 og 7.2 í skýrslunni.)

c. *Samræma skipulag og verklag vegna vinnu í nefndum og starfshópum.* Sjá viðbrögð við tillögu 3 í 7. kafla skýrslunnar sem fjallað er um hér að framan. (Sjá nánar kafla 9.2, 7.3 og 8.5.4 í skýrslunni.)

d. *Aukin áhersla á verkefnastjórnun.* Sjá viðbrögð við tillögu 7 í 8. kafla hér að framan. (Sjá nánar kafla 8.5.4. og 7.2 í skýrslunni.)

e. *Málaskrá og innri vefur nýttur til samstarfs milli ráðuneyta. Skoða ætti hvort aðgangsstýrð málaskrá gæti verði sameiginleg fyrir Stjórnarráðið þannig að auðveldara væri fyrir sérfræðinga úr mismunandi ráðuneytum að vinna saman.* Settur verður á fót starfshópur til að sinna þessu verkefni. (Sjá nánar kafla 9.2 í skýrslunni.)

2. *Við fyrirhugaðar breytingar á upplýsingalögum ætti að leitast við að tryggja að vinnuskjöl geti óhindrað gengið á milli ráðuneyta og einnig ráðuneyta og stofnana án þess að staða þeirra að lögum breytist. Óheppilegt er ef lögin hefta nauðsynlegt samstarf innan Stjórnarráðsins.* Á þessu er tekið í frumvarpi til nýrra upplýsingalaga, sjá 6. tölul. 6. gr. frumvarps til upplýsingalaga.

3. *Skýra þarf miðlægt hlutverk forsætisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins sérstaklega og tryggja gott samstarf þeirra í millum svo gott samhengi verði milli stefnu ríkisstjórnar og tillagna fyrir Alþingi um útdeilingu fjármuna.* Ekki er nauðsynlegt að taka sérstaklega á þessu í frumvarpinu heldur snýr þetta almennt að samstarfi og samvinnu milli ráðuneyta sem líkt og áður er nefnt verður ekki í lög leitt nema að litlu leyti. (Sjá nánar kafla 9.3, sjá einnig 5. kafla í skýrslunni.)

4. *Samþætta þarf og fækka stefnum og áætlunum ríkisins og tengja þær við fjárveitingar.* Ríkisstjórnin hefur samþykkt stefnumarkandi skjal er ber nafnið Ísland 2020. Þar er gert ráð fyrir að forsætisráðuneytið myndi samráðsvettvang um einföldun, fækkun og samþættingu lögbundinna stefna og áætlana. (Sjá kafla 9.1 og 9.4 í skýrslunni.)

5. *Formfesta þarf starfsemi Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga og tryggja aðkomu allra ráðuneyta að því).* Verður gert í samráði ráðuneytanna. (Sjá nánar kafla 9.3 í skýrslunni.)

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. málsl. ákvæðisins er sett fram skilgreining á Stjórnarráði Íslands og kveðið á um að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands og ráðuneyti þeirra myndi Stjórnarráðið. Þessi skilgreining er í samræmi við þann skilning sem almennt hefur verið lagður í hugtakið enda þótt hugtakið hafi stundum verið notað í víðtækari merkingu þannig að það hafi jafnframt verið talið ná til annarra stjórnvalda ríkisins. Þá hefur hugtakið stundum jafnframt verið notað í þeirri merkingu að það nái einungis til ráðuneyta en ekki til ráðherra sem slíkra. Er talið rétt, til skýringar, að taka af skarið um það hvaða skilningur skuli lagður í hugtakið í lögunum.

Í 2. málsl. ákvæðisins er kveðið á um að ráðherrar fari með og beri byrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, hver á sínu málefnasviði. Er ákvæðið í samræmi við 14. gr. stjórnarskrárinnar, að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Um stjórnskipulega stöðu ráðherra að þessu leyti vísast til V. kafla almennra athugasemda hér að framan.

Í 3. málsl. ákvæðisins er ákvæði 3. málsl. 17. gr. stjórnarskrárinnar endurómað en samkvæmt ákvæðinu skal sá ráðherra sem forseti Íslands hefur skipað til forsætis í ríkisstjórn

Íslands nefnast forsætisráðherra. Framangreint markar stöðu forsætisráðherra sem forustumanns Stjórnarráðsins og ríkisstjórnarinnar ásamt þeim valdheimildum sem honum eru veittar í stjórnarskránni og felast í fyrsta lagi í heimildum hans til að skipa ráðherra og veita þeim lausn og í öðru lagi í valdinu til að skipta verkum með ráðherrum en um þetta er nánar fjallað um í V. og VI. kafla almennra athugasemda.

Um 2. gr.

1. mgr. ákvæðisins felur í sér eina veigamestu breytinguna samkvæmt lögunum. Er lagt til að horfið verði frá þeirri löggjafarstefnu sem við lýði hefur verið allt frá setningu laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, að ráðuneyti séu talin upp með tæmandi hætti í lögunum. Þess í stað er lagt til að ákvörðunarvald um það hvaða ráðuneyti skuli starfrækt verði í höndum stjórnvalda á hverjum tíma. Verður talið að með þessari breytingu verði ákvæði laganna í fyllra samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar, sbr. ákvæði 15. gr. stjórnarskrárinnar, sem felur forsætisráðherra, með atbeina forseta, ákvörðunarvald um fjölda ráðherra og með hvaða hætti störfum er skipt á milli þeirra. Breytingin er jafnframt til þess fallin að auka sveigjanleika við skipulag Stjórnarráðsins þannig að unnt sé á hverjum tíma að haga skipulagi þess þannig að það þjóni sem best þeim markmiðum sem stjórnvöld hafa á hverjum tíma. Þrátt fyrir framangreint er lagt til að kveðið verði á um að ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands skuli á hverjum tíma ekki vera fleiri en tíu. Er framangreint hámark sett fram til að fyrirbyggja að ráðuneytum fjölgi umfram það sem eðlilegt getur talist með hliðsjón af smæð íslenskrar stjórnsýslu og nauðsyn þess að kröftum hennar sé ekki dreift um of með of mörgum og smáum einingum með því óhagræði og kostnaði sem því fylgir. Sveigjanleiki stjórnvalda til að skipuleggja Stjórnarráðið mun því takmarkast af þessu verði frumvarpið að lögum. Samkvæmt ákvæðinu skal fjöldi ráðuneyta innan framangreindra marka ákveðinn í forsetaúrskurði, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, sbr. 4. gr.

Í 2. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um, í samræmi við 2. mgr. 13. gr. stjórnarskrárinnar, að Stjórnarráð Íslands skuli hafa aðsetur í Reykjavík.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um skipun ráðherra og lausn þeirra. Skipunarvaldið sem og valdið til að veita ráðherrum lausn frá embætti er í höndum forsætisráðherra, með atbeina forseta Íslands. Á hinn bóginn leiðir það af þingræðisreglunni að ríkisstjórn getur ekki setið að völdum né einstakir ráðherrar á ráðherrastóli í andstöðu við meiri hluta þingmanna á Alþingi. Ákvörðunarvaldið um það hverjir skipa ráðherraembætti er þannig í reynd hjá Alþingi ef á reynir. Þótt þingræðisreglan sé ein af meginstoðum íslenskrar stjórnskipunar er hún ekki orðuð með beinum hætti í stjórnarskrá. Um framangreint er nánar fjallað í V. kafla almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að stjórnarmálefni beri undir ráðuneyti eftir ákvæðum forsetaúrskurðar, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveðinn er upp samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Ákvæðið er sambærilegt og ákvæði núgildandi laga og sækir stoð í 2. málsl. 15. gr. stjórnarskrárinnar þar sem verkaskiptingarvaldið er lagt í hendur forsætisráðherra með atbeina forseta Íslands. Í ákvæðinu er þó lögð til sú formbreyting að í stað þess að kveðið verði á um verkaskiptingu á milli ráðherra með reglugerð um Stjórnarráð Íslands verði það gert með forsetaúrskurði. Forsetaúrskurður þykir heppilegra hugtak í þessu efni þar sem stjórnvaldsfyrirmælin sem í því felast sækja stoð sína beint í stjórnarskrána. Hugtakið reglu-

gerð er hins vegar almennt notað um stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru með stoð í settum lögum frá Alþingi en ekki jafnframt með stoð í stjórnarskrá eins og á við í þessu tilviki. Ákvæðið felur jafnframt í sér breytingu frá núgildandi lögum þar er mælt fyrir um að við skiptingu verkefna skuli þess jafnan gætt að ráðuneyti lúti málefni sem eðli sínu samkvæmt eigi þar heima og er í því sambandi vísað til upptalningar á ráðuneytum í lögunum og heiti þeirra. Með hliðsjón af þeirri breytingu sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins um að ráðuneyti séu ekki talin upp í lögunum er ekki sama ástæða og ella til að kveða á um þetta enda má segja að reglan sé í eðli sínu sjálfsögð, þ.e. að reynt sé eins og unnt er að skipuleggja ráðuneytin með þeim hætti að eðlislík málefni séu falin sama ráðuneyti. Á hinn bóginn er jafnljóst að einhver skörun verður ávallt á milli málaflokka ráðuneyta í víðu samhengi og kann af þeim sökum oft að vera nauðsynlegt að samhæfa stefnu og aðgerðir ráðuneyta á einstökum sviðum. Þar hefur ríkisstjórnin mikilvægu hlutverki að gegna sem og forsætisráðherra og ráðherranefndir eins og nánar er kveðið á um í frumvarpinu. Um verkaskiptingu milli ráðherra og samhæfingu starfa á milli þeirra er nánar fjallað um í köflum VI. og VII. í almennum athugasemdum.

Í 2. mgr. er annars vegar kveðið á um að hvert ráðuneyti skuli lagt óskipt til eins og sama ráðherra. Þessi regla er tekin óbreytt upp úr núgildandi lögum um Stjórnarráð Íslands og þjónar því hlutverki að tryggja stöðuleika í skipulagi Stjórnarráðsins og koma í veg fyrir að ráðuneyti og starfsmenn þeirra geti heyrt undir yfirstjórn fleiri en eins ráðherra. Um sögulegar ástæður og forsendur þessarar reglu er fjallað í V. kafla almennra athugsemda. Hins vegar er í ákvæðinu kveðið á um að heimilt sé að fela sama ráðherra að fara með fleiri en eitt ráðuneyti á hverjum tíma. Þessi regla er jafnframt tekin óbreytt upp úr gildandi lögum og er hún í samræmi við 2. málsl. 15. gr. stjórnarskrárinnar þar sem forsætisráðherra, með atbeina forseta Íslands, er falið ákvörðunarvald um fjölda ráðherra.

Í 3. mgr. er kveðið á um að komi upp vafi eða ágreiningur um það undir hvaða ráðuneyti stjórnarmálefni heyrir skeri forsætisráðherra úr. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum og leiðir beint af verkstjórnarvaldi forsætisráðherra, sbr. 1. mgr. ákvæðisins.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að ef stjórnarmálefni er flutt á milli ráðuneyta þá skuli ljúka meðferð ólokinna stjórnsýslumála í því ráðuneyti sem við málefni tekur. Reglan er tekin óbreytt úr gildandi lögum og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að ríkisstjórnarfundi skuli halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni sem og önnur málefni sem ráðherrar óska eftir að bera þar upp. Ákvæðið er í samræmi við 1. málsl. 17. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir: „Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar eftir að bera þar upp mál.“ Í ákvæðinu er lagt til að framangreind fyrirmæli til ráðherra um að bera skuli mikilvæg stjórnarmálefni upp í ríkisstjórn verði afmörkuð og skilgreind í lögunum í dæmaskyni. Samkvæmt ákvæðinu er lagt til að hugtakið mikilvæg stjórnarmálefni verði skilgreint þannig að til þeirra teljist til dæmis reglugerðir og yfirlýsingar sem taldar eru fela í sér mikilvæga stefnumörkun eða áherslubreytingar eða ef sýnt þykir að reglugerð eða yfirlýsing geti haft á áhrif á útgjöld ríkissjóðs umfram fjárheimildir eða á efnahagsmál almennt. Eftir sem áður verður að hafa það hugfast að það er á ábyrgð hvers ráðherra fyrir sig að meta það hvaða málefni teljist mikilvæg í skilningi stjórn-

arskrárinnar. Framangreind afmörkun er einungis sett fram í dæmaskyni og ljóst að fleiri málefni og málefni annars eðlis geta einnig fallið hér undir. Auk framangreinds er skilgreint hvað átt er við með orðunum nýmæli í lögum samkvæmt stjórnarskránni en þar er, í samræmi við óslitna stjórnarskrárframkvæmd, átt við lagafrumvörp sem ráðherrar hyggjast leggja fram á Alþingi sem stjórnarfrumvörp. Um ríkisstjórnarsamstarfið og túlkun þessa ákvæðis er nánar fjallað í VII. kafla almennra athugasemda og er vísað til þess sem þar segir.

Með ráðherrafundi í stjórnarskránni er átt við þá fundi ráðherra sem öllum ráðherrum er rétt og skylt að sækja nema lögmæt forföll hamli. Slíkir ráðherrafundir ganga almennt undir heitinu ríkisstjórnarfundir og er í frumvarpinu lagt til að það heiti í verði fest í sessi í lögunum enda sé með því heiti átt við ráðherrafundi í skilningi stjórnarskrárinnar. Með þessu er jafnframt gerður greinarmunur á fundum ríkisstjórnar og öðrum fundum ráðherra, til að mynda fundum í ráðherranefndum þar sem einungis hluti ráðherra eiga sæti.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að forsætisráðherra skuli fela starfsmanni forsætisráðuneytisins að gegna störfum ritara ríkisstjórnar og er ákvæðið að því leyti óbreytt frá núgildandi lögum.

Í 2. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að í fundargerðir ríkisstjórnar skuli færðar niðurstöður, skýrt frá frásögnum og tilkynningum ráðherra auk þess sem greint skal frá umræðuefni, ef ekki er á því formleg niðurstaða, og bókuð afstaða samkvæmt sérstakri ósk ráðherra. Tilgangur ákvæðisins er að tryggja að faglega sé staðið að ritun fundargerða ríkisstjórnar og að þær endurspegli skýrlega þau málefni sem rædd eru á ríkisstjórnarfundum og þær niðurstöður sem fást í mál sem og afstöðu einstakra ráðherra óski þeir sérstaklega eftir því að slík afstaða sé bókuð. Í þessu sambandi verður þó ávallt að hafa í huga að ríkisstjórnarfundir eru fyrst og fremst pólitískur samráðs- og samhæfingarvettvangur ráðherra í ríkisstjórn. Þannig eru að jafnaði ekki teknar lagalega bindandi ákvarðanir í ríkisstjórn heldur eru umræður og ákvarðanir ríkisstjórnar framar öðru pólitískt bindandi fyrir ráðherra en endanlegt ákvörðunarvald eftir í höndum viðkomandi ráðherra. Af þessum sökum er að jafnaði ekki tilefni til að umræður séu raktar í smáatriðum í fundargerðum ríkisstjórnarfunda.

Í 3. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að fundargerðir ríkisstjórnar skuli staðfestar af forsætisráðherra og dreift til annarra ráðherra þegar staðfesting liggur fyrir. Þá er mælt fyrir um að komi fram athugasemd við fundargerð frá ráðherra skuli hún skráð í fundargerð næsta fundar.

Loks er í 4. mgr. mælt fyrir um að um störf ríkisstjórnar fari að öðru leyti eftir starfsreglum sem ríkisstjórnin setur sér.

Um 8. gr.

Í 1. málsl. ákvæðisins er kveðið á um að forsætisráðherra beri að gæta þess að verkaskipting milli ráðherra sé eins skýr og kostur er. Í því felst m.a. að forsætisráðherra ber ábyrgð á því að forsetaúrskurður um hvaða stjórnarmálefni eigi undir hvert ráðuneyti, sbr. 4. gr. frumvarpsins og 15. gr. stjórnarskrárinnar, sé eins skýr og kostur er.

Samkvæmt 2. málsl. ákvæðisins skulu ráðherrar leitast við að samhæfa stefnu og aðgerðir ráðuneyta þegar málefni og málefnasvið skarast. Þrátt fyrir að ákvæðið kveði á um skyldu ráðherra til samvinnu í málaflokkum sem skarast eða eiga undir fleiri en einn ráðherra, sem m.a. getur falið í sér nokkurt svigrúm við pólitíska stefnumótun, þá er það ljóst af stjórnskipun Íslands að sá ráðherra sem ábyrgð ber á tiltekinni ákvörðun verður að taka hana. Varði

ákvörðun verulega málefnasvið tiltekins ráðherra verður í samræmi við grunnreglu 14. gr. stjórnarskrárinnar að tryggja aðkomu þess ráðherra að málinu þannig að honum gefist kostur á að koma viðhorfum sínum og ráðuneytis síns að. Með því gefst hlutaðeigandi ráðherra einnig raunhæfur kostur á að leggja grunn að afstöðu sinni til fyrirhugaðrar ákvörðunar með því að nýta sér sérfræðiþekkingu og reynslu embættismanna og annarra sérfræðinga í ráðuneyti sínu. Er 2. málsl. ákvæðisins ætlað að tryggja aðkomu allra ráðherra að máli sem málefni eða málefnasvið heyrir undir og er í 3. málsl. ákvæðisins kveðið á um að forsætisráðherra skuli beita sér fyrir því að stefna og aðgerðir ráðherra á einstökum sviðum séu samhæfðar ef á þarf að halda.

Í ákvæðinu felst því í fyrsta lagi skylda forsætisráðherra til að stuðla að skýrri verkaskiptingu á milli ráðherra. Í öðru lagi skylda ráðherra til að samhæfa stefnu og aðgerðir ráðuneyta þegar málefni og málefnasvið skarast og í þriðja lagi skylda forsætisráðherra til að aðstoða ráðherra við samhæfingu stefnu og aðgerða þegar málefni og málefnasvið skarast ef nauðsyn krefur.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að forsætisráðherra geti ákveðið, með samþykki ríkisstjórnar, að skipa ráðherranefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflokka. Skipun ráðherranefnda er meðal þeirra aðferða sem nota má til að samhæfa stefnu og aðgerðir ráðherra sem starfa að skyldum málefnum. Þótt lagaákvæði af þessu tagi verði ekki talin forsenda þess að unnt sé að koma á fót ráðherranefndum til að fjalla um einstök mál og málaflokka er engu að síður talið rétt að kveða á um þessa heimild í lögum um Stjórnarráð Íslands enda er skipun ráðherranefnda skilvirk leið til að tryggja samráð og samhæfingu á milli ráðherra. Þannig ber að lesa ákvæði frumvarpsins um ráðherranefndir í samhengi við skyldur ráðherra og forsætisráðherra sérstaklega til að samhæfa stefnu aðgerðir ráðherra þar sem á þarf að halda.

Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að forsætisráðherra skuli stýra fundum ráðherranefnda nema hann hafi falið öðrum ráðherra að stýra henni í sinn stað.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að forsætisráðherra skuli, í samráði við viðkomandi ráðherranefnd, fela starfsmanni í Stjórnarráði Íslands að vera ritari ráðherranefndar.

Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að í fundargerðir ráðherranefndar skuli færðar niðurstöður, skýrt frá frásögnum og tilkynningum ráðherra auk þess sem greint skal frá umræðuefni, ef ekki er á því formleg niðurstaða, og bókuð afstaða samkvæmt sérstakri ósk ráðherra. Er hér mælt fyrir um að sambærilegar reglur skuli gilda um ritun fundargerða ráðherranefnda og gilda um ritun fundargerða ríkisstjórnar, sbr. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að fundargerðir ráðherranefndar skuli staðfestar af forsætisráðherra, eða þeim ráðherra sem forsætisráðherra hefur falið að stýra ráðherranefnd, og dreift til annarra ráðherra í ráðherranefnd þegar staðfesting liggur fyrir. Komi fram athugasemd við fundargerð frá ráðherra skal hún skráð í fundargerð næsta fundar. Er hér jafnframt mælt fyrir um að sambærilegar reglur skuli gilda að þessu leyti um fundargerðir ráðherranefndar og um fundargerðir ríkisstjórnar.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að forsætisráðherra, að höfðu samráði við ríkisstjórn, skuli setja reglur um störf ráðherranefnda.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að þótt ráðherra hafi tekið mál upp í ráðherranefnd þá leysi það hann ekki undan skyldu til að bera mál upp í ríkisstjórn, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Regla ákvæðisins leiðir beint af ákvæði 17. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um skyldu ráðherra til að bera mál upp í ríkisstjórn.

Um 12. gr.

Eins og rakið var í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu hefur verið litið svo á að af stöðu ráðherra í stjórnsýslukerfinu, sbr. m.a. 13. og 14. gr. stjórnarskrárinnar, og af stigskiptingu stjórnsýslukerfisins leiði að ráðherra hafi tilteknar yfirstjórnunarheimildir gagnvart ráðuneyti sínu og þeim stjórnvöldum sem undir ráðuneytið heyra. Í ákvæðum IV. kafla frumvarpsins er leitast við að orða nokkrar almennar leiðbeiningarreglur um þessar stjórnunarheimildir ráðherra og eftirlit sem af þeim leiðir gagnvart öðrum stjórnvöldum. Inntaki þeirra er hins vegar ekki lýst nema að mjög takmörkuðu leyti. Ákvæði kaflans fela ekki í sér tæmandi lýsingu á stjórnsýslulegri stöðu og sambandi ráðherra og annarra stjórnvalda. Frá ákvæðum hans verður því almennt ekki gagnályktað að þessu leyti. Þá er heldur ekki fjallað um yfirstjórnunarheimildir ráðherra gagnvart eigin ráðuneyti í kaflanum.

Í 1. mgr. felst árétting þess að ráðherra hefur yfirstjórn þeirra stjórnvalda er undir ráðuneyti hans heyra. Þær yfirstjórnunarheimildir sem hér er vísað til leiða af stigskiptingu stjórnsýslukerfisins og taka því aðeins til lægra settra stjórnvalda en ekki til sjálfstæðra stjórnvalda. Í ákvæðinu felast hins vegar ekki fyrirmæli um það hvort og þá hvenær löggjafanum er heimilt að setja á fót sjálfstæð stjórnvöld, sem ekki heyra undir yfirstjórn ráðherra, né afmörkun um það hvaða sérstöku stjórnunarheimildir ráðherra eru eða skuli fengnar gagnvart sjálfstæðum stjórnvöldum. Af ákvæði 4. gr. frumvarpsins leiðir að ef vafi rís um það undir hvaða ráðuneyti stjórnvald heyrir þá sker forsætisráðherra úr.

Í 2. mgr. eru til leiðbeiningar orðuð ákveðin sjónarmið um það hvað felst í almennum yfirstjórnunarheimildum ráðherra gagnvart lægra settum stjórnvöldum. Inntaki þessara heimilda er stuttlega lýst í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Ákvæðinu er ætlað að lýsa sambærilegum heimildum og þar er lýst. Ákvæðið er ekki tæmandi. Í því segir að ráðherra geti meðal annars gefið stjórnvaldi almenn og sérstök fyrirmæli um starfrækslu á verkefnum þess, fjárreiður og meðferð eigna. Fleiri stjórnunarheimildir geta hér átt við og komið til skoðunar, svo sem úrskurðarvald á grundvelli stjórnsýslukæru. Þá kunna ákveðnar takmarkanir að leiða af lögum sem sett hafa verið á viðkomandi sviði. Til að mynda getur réttur aðila máls til að kæra ákvörðun lægra sett stjórnvalds til ráðuneytis takmarkað möguleika ráðuneytisins til að beina sérstökum fyrirmælum til viðkomandi stjórnvalds um úrlausn viðkomandi máls.

Þær almennu yfirstjórnunarheimildir sem ákvæðið mælir fyrir um taka ekki til þeirrar stjórnsýsluframkvæmdar sem með lögum hefur verið tryggt sjálfstæði gagnvart ráðherra. Yfirstjórnunarheimildir ráðherra gagnvart sjálfstæðum stjórnvöldum, þ.e. sjálfstæðum stofnunum og stjórnsýslunefndum, ásamt sveitarfélögunum, ráðast af öðrum lagaákvæðum og túlkun þeirra. Mikilvægt er að slík lagaákvæði séu skýr um það hvort og þá hvaða stjórnunarheimildir á að fela ráðherra. Í sumum tilvikum kann að vera eðlilegt að útfæra í lögum almennar heimildir ráðherra gagnvart sjálfstæðum stjórnvöldum, svo sem í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eða í lögum um fjárreiður ríkisins, eins og að einhverju marki hefur verið gert. Þá skipta ákvæði sveitarstjórnarlaga um almennt stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum og úrræði því tengd miklu máli í þessu sambandi. Í öðrum tilvikum eiga slík

fyrirmæli betur heima í sérlögum um viðkomandi verkefni eða stjórnvald. Áréttað skal að stjórnvald telst ekki sjálfstætt í þessum skilningi nema þá niðurstöðu leiði með skýrum hætti af ákvæðum laga.

Í 3. mgr. lagt til að fest verði í lög almenn heimild ráðherra til að gefa út og birta leiðbeiningar, þ.e. óbindandi álit sem almenna þýðingu geta haft til leiðbeiningar fyrir stjórnarframkvæmdir á málefnasviði hans, eða eftir atvikum á málefnasviði tveggja eða fleiri ráðherra þegar málefnasvið skarast. Slíkar leiðbeiningar eru ekki stjórnvaldsákvarðanir þar sem þær fela ekki í sér bindandi úrlausn í tilteknu máli. Þær geta hins vegar haft ákveðin réttaráhrif. Þær geta m.a. komið til athugunar í því ljósi hvort þær séu í samræmi við lög og forsvaranlegar að öðru leyti. Gert er ráð fyrir að þessi heimild geti sætt takmörkun af lögum eða eðli máls. Þannig getur ráðherra verið með öllu óheimilt að hafa bein afskipti af starfsemi sjálfstæðra stjórnvalda. Auk þess má nefna að ráðherra verður, að vissu marki, að gæta að hæfi sínu til að fella úrskurð á stjórnsýslukæru vegna ákvörðunar lægra setts stjórnvalds og tryggja þannig réttaröryggi í stjórnsýslunni. Til samanburðar má geta þess að í Danmörku hafa óbindandi álit mikla þýðingu í stjórnsýslunni. Með ákvæðinu er ekki gert ráð fyrir eiginlegri nýbreytni í starfsháttum Stjórnarráðsins. Þannig hefur verið álitið að ráðherra geti ávallt látið í ljós álit sitt á öllum stjórnarmálefnum, er undir ráðuneyti hans heyra, enda þótt slíkt álit sé ekki bindandi fyrir sjálfstæða stofnun eða sjálfstæða stjórnsýslunefnd, nema lög standi til þess.

Um 13. gr.

Af almennum yfirstjórnunarheimildum ráðherra gagnvart lægra settum stjórnvöldum og þeirri ábyrgð sem ráðherra ber á stjórnarframkvæmdum, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar, leiðir að ráðherra hefur bæði heimildir og skyldur til að hafa eftirlit með framkvæmd þeirra stjórnarmálefna er lægra settum stjórnvöldum eru falin, séu ekki gerðar undantekningar þar á með lögum. Eftirlit leiðir að þessu leyti af yfirstjórn ráðherra og er nauðsynlegur þáttur í henni. Tilgangur 1. mgr. er að lýsa þessum almennu heimildum og skyldum ráðherra, sbr. nánari umfjöllun í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu. Taka ber fram að ábyrgð ráðherra á stjórnarframkvæmd lægra settra stjórnvalda er í eðli sínu víðtæk og getur tekið til mjög mismunandi þátta, þar á meðal framkvæmdar þjónustustarfsemi og gerðar samninga. Ráðherra hefur hins vegar ekki tök á því að hafa innsýn í alla þá starfsemi og ákvarðanir sem teknar eru af hálfu stjórnvalda sem undir hann heyra. Skyldu til eftirlits verður því fyrst og fremst fullnægt með því að tryggja viðhlítandi skipulag stjórnsýslunnar, þar á meðal um miðlun upplýsinga til ráðherra. Hér má til leiðbeiningar nefna að skv. 5. mgr. 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, skal í þjónustusamningi sem gerður er á grundvelli 30. gr. nefndra laga m.a. mæla fyrir um eftirlit með þjónustu og meðferð ágreiningsmála. Hluti af eftirlit ráðherra gæti m.a. falist í því að kanna hvort samningar sem lægra sett stjórnvald hefur staðið að með heimild í 3. mgr. nefndrar lagagreinar séu fullnægjandi um fyrirkomulag eftirlits og þeirrar miðlunar upplýsinga frá verktaka sem samningur er gerður við og eftirlit krefst, eftir atvikum að teknu tilliti til viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæla og hlutverks fjármálaráðherra samkvæmt ákvæðinu.

Eins og lýst er í almennum athugasemdum eru stjórnvöld í sumum tilvikum sjálfstæð að því leyti að starfsemi þeirra hefur, a.m.k. að hluta, með lögum verið færð undan almennum yfirstjórnunarheimildum ráðherra. Ákvæði þessu er ekki ætlað að mæla fyrir um það hvenær slíkum stjórnvöldum verður með lögum komið á fót heldur aðeins að vera til leiðbeiningar um þær almennu eftirlitsskyldur sem á ráðherra hvíla gagnvart þeim verkefnum sem slíkum

stjórnvöldum eru falin og stjórnarfarslega teljast til þeirra málefna sem undir viðkomandi ráðuneyti heyra.

Vegna stöðu ráðherra í stjórnsýslukerfinu verður almennt að byggja á því að þær takmarkanir á almennum yfirstjórnunarheimildum, ábyrgð og eftirliti ráðherra, sem leiðir af því að stjórnsýsluframkvæmd á tilteknu sviði er falin sjálfstæðu stjórnvaldi, taki í grundvallaratriðum aðeins til þeirrar tilteknu starfsemi sem með lögum hefur verið undanskilin starfsemi þeirra. Ráðherra getur áfram borið almenna ábyrgð á framkvæmd tiltekinna laga sem og því að brugðist sé við kerfislægum annmörkum í framkvæmd stjórnsýslu eða yfirvofandi hættu á því málefnasviði er undir hann heyrir, jafnvel þó að sjálfstæðu stjórnvaldi hafi með lögum verið falið að sinna afmörkuðu lögbundnu hlutverki á viðkomandi sviði. Af þessari ástæðu er jafnframt nauðsynlegt að ráðherra sinni ákveðnu eftirliti með almennri starfrækslu sjálfstæðra stjórnvalda, fjárreiðum þeirra og eignum á þeirra vegum, enda mæli lög ekki á annan veg.

Í orðalagi 2. mgr. um að ráðherra hafi eftirlit með „almennri starfrækslu, fjárreiðum og eignum á vegum sjálfstæðra stjórnvalda“ felst að eftirlit með sjálfstæðum stjórnvöldum er ekki með öllu sambærilegt við það eftirlit sem ráðherra hefur með stjórnsýsluframkvæmd lægra settra stjórnvalda. Áherslan liggur hér á að eftirlitið nær til almennrar starfrækslu, en ekki til þess hvernig leyst er úr einstökum málum af hálfu hins sjálfstæða stjórnvalds. Ástæðan fyrir þessu er sú að það virðist almennt tilgangurinn með því að stofna sjálfstæð stjórnvöld að færa tilteknar valdheimildir, svo sem um töku ákvarðana, setningu stjórnvaldsfyrirmæla eða reglubundna framkvæmd eftirlits, frá ráðherra. Í niðurlagi málsgreinarinnar er sérstaklega tekið fram að eftirlit ráðherra með sjálfstæðum stjórnvöldum taki ekki til einstakra ákvarðana þeirra. Í þessu felst nánari áréttingá þeirri afmörkun eftirlits ráðherra sem leiðir af upphafsmálslið ákvæðisins, þ.e. að eftirlit hans með sjálfstæðum stjórnvöldum tekur til almennrar starfrækslu, fjárreiðna og meðferðar á eignum.

Hafa ber í huga að ekki er útilokað að löggjafinn feli ráðherra tiltekið hlutverk, svo sem úrskurðarvald eða leiðbeinandi hlutverk, vegna tiltekinna verkefna sem sjálfstæðu stjórnvaldi eru falin. Eftir atvikum kann að vera að slíku verkefni tengist jafnframt eftirlit og önnur tiltekin stjórnunarúrræði ráðherra. Slík sérákvæði í lögum mundu ganga framar almennum ákvæðum þessa frumvarps um stjórnsýslusamband ráðherra og sjálfstæðra stjórnvalda. Á sama hátt kann að vera að löggjafinn telji mikilvægt að tryggja tilteknum stjórnvöldum sjálfstæða stöðu umfram það sem hér er gert ráð fyrir. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir slíkt, enda sé þá sjálfstæði viðkomandi stjórnvalds skýrlega útfært í lögum þannig að ljóst sé að ætlunin sé að gera frávik frá þeim almennu reglum sem hér er lagt til að verði lögfestar. Þá þurfa slík sérákvæði vitaskuld jafnframt að vera í samræmi við ákvæði stjórnarskrár.

Þær almennu yfirstjórnunarheimildir sem ráðherra hefur gagnvart lægra settum stjórnvöldum taka ekki til sjálfstæðra stjórnvalda, eins og áður er fram komið. Yfirstjórnunarheimildir og einstök úrræði ráðherra gagnvart sjálfstæðum stjórnvöldum, þ.e. sjálfstæðum stofnunum og stjórnsýslunefndum, ásamt sveitarfélögunum, ráðast af öðrum lagaákvæðum og túlkun þeirra. Ákvæði þetta felur í sér áréttingu á skyldu ráðherra til að hafa eftirlit með almennri starfrækslu á vegum sjálfstæðra stjórnvalda. Í frumvarpinu er hins vegar ekki að finna fyrirmæli um úrræði sem ráðherra getur beitt gagnvart sjálfstæðu stjórnvaldi telji hann ástæðu til að bregðast við þegar eftirlit leiðir í ljós atriði sem hann telur þörf á að bregðast við. Hér er á því byggt að slík úrræði eigi að leiða af öðrum lögum, fyrst og fremst ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins, sem og ákvæðum sérlaga á hverjum tíma. Þá hefur ráðherra heimild til að láta í ljós óbindandi álit

á öllum stjórnarmálefnum er undir ráðuneyti hans heyra og samkvæmt stjórnarskrá hefur hann heimild til að flytja frumvarp á Alþingi til breytingar á lögum á starfssviði sínu. Það er sérstakt álitamál, sem ekki er tekin afstaða til hér, hvort þau ákvæði sem m.a. felast í ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins séu nægilega markviss og skýr í þessu sambandi. Mikilvægt er hins vegar að þetta samhengi eftirlitsskyldunnar og viðeigandi úrræða að lögum sé haft í huga og tryggt að ákvæði laga séu skýr og myndi raunhæfan grundvöll að ábyrgð og eftirliti ráðherra á hverjum tíma, einnig gagnvart starfsemi sem fram fer á vegum sjálfstæðra stjórnvalda.

Um 14. gr.

Til að eftirlit það sem mælt er fyrir um í 13. gr. frumvarpsins sé virkt og framkvæmanlegt er nauðsynlegt að tryggja ráðherra rétt til viðeigandi upplýsinga um þá stjórnsýsluframkvæmd er undir starfssvið hans heyrir og hann ber ábyrgð á. Ákvæðið felur í sér fyrirmæli um rétt ráðherra til að krefjast þeirra upplýsinga sem honum er þörf á til að geta sinnt eftirliti sínu og samsvarandi skyldu viðeigandi stjórnvalda. Í ljósi þess að stjórnsýslulegt samband ráðherra og lægra settra stjórnvalda annars vegar og ráðherra og sjálfstæðra stjórnvalda hins vegar er ekki hið sama, þar á meðal hvað varðar eftirlit, þá er skylda til upplýsingagjafar afmörkuð með mismunandi hætti, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr.

Í ákvæði 3. mgr. er kveðið á um það, til að taka af allan vafa í því sambandi, að ef þagnarskylduákvæði í lögum eru samkvæmt orðanna hljóðan afmörkuð við tiltekið stjórnvald eða starfsmenn þess, þá yfirfærist þagnarskyldan engu að síður á starfsmenn ráðuneytisins þegar þeir taka við upplýsingum á grundvelli þessa ákvæðis. Þetta virðist nauðsynlegt þar sem á tíðum eru sérstök þagnarskylduákvæði samkvæmt orðanna hljóðan afmörkuð við starfslið þess tiltekna stjórnvalds. Almenn greining á slíkum lagaákvæðum hefur ekki farið fram. Með ákvæði þessu virðist hins vegar af tekinn vafi þannig að tryggt sé að sérstök þagnarskylduákvæði haldi gildi sínu gagnvart þeim upplýsingum sem um ræðir, en séu ekki bundin við starfsmenn þeirra stjórnvalda er upphaflega hafa aflað upplýsinganna.

Af stjórnsýslusambandi ráðherra og lægra setts stjórnvalds leiðir að hann getur fylgt fyrirmælum sínum um upplýsingagjöf eftir með beitingu almennra yfirstjórnunarheimilda og þeirra úrræða sem því tengjast. Heimildir ráðherra til að fylgja eftir fyrirmælum um afhendingu upplýsinga og skýringa gagnvart sjálfstæðum stjórnvöldum eru takmarkaðri og leiðir af ákvæðum annarra laga, eins og nánar er rakið í athugasemdum við 13. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að slík úrræði, til dæmis til að beita starfsmannaréttarlegum viðurlögum gagnvart forstöðumanni stofnunar, séu tryggð með lögum.

Um 15. gr.

Í ákvæði þessu felst almenn regla um skyldu ráðherra til að hafa almennt eftirlit með þeim eignum ríkisins, þar á meðal eign í einkaréttarlegum lögaðilum, sem til viðkomandi ráðherra hafa verið lagðar. Hér er fyrst og fremst litið til þess að ráðherra beri að hafa eftirlit með þeim fjárhagslegu hagsmunum sem bundnir eru í þeim eignum, þar á meðal eignarhlutum í einkaréttarlegum lögaðilum, sem til hans hafa verið lagðar. Að baki býr það almenna sjónarmið að á ráðherra hvíli, vegna stöðu sinnar í stjórnkerfinu og þeirrar ábyrgðar sem honum er falin skv. 14. gr. stjórnarskrárinnar, að leitast við að tryggja að farið sé með fjárhagslega hagsmuni ríkisins á ábyrgan hátt á hverjum tíma. Eftirlit samkvæmt þessu ákvæði lýtur því fyrst og fremst að meðferð fjárhagslegra hagsmuna en síður að faglegum þáttum sem tengjast framkvæmd þeirra stjórnsýslulegu verkefna, svo sem veitingu þjónustu, sem viðkomandi

lögaðila kann að hafa verið falið að sinna. Eftir atvikum kann ráðherra að hafa hlutverki að gegna að því leyti en í ákveðnum tilvikum kann jafnframt að vera um það að ræða að meðferð eigendavalds eða fyrirsvars fyrir eigur ríkisins hafi að þessu leyti verið falin öðrum ráðherra en þeim sem fer stjórnarfarslega með yfirstjórn þeirra opinberu verkefna eða þjónustu sem eignunum tengjast eða viðkomandi lögaðila hefur verið falið að sinna með lögum eða samningi.

Ákvæðið felur í sér almenna áréttingu á því að ráðherra beri að hafa eftirlit með þeim hagsmunum sem felast í eignum hins opinbera og til hans hafa verið lagðar. Það er hins vegar mismunandi eftir þeim lagareglum sem gilda um viðkomandi eign eða þá einkaréttarlegu lögaðila sem um ræðir hvernig ráðherra getur aflað sér viðhlítandi upplýsinga um meðferð þessara hagsmuna og þau úrræði sem hann hefur til viðbragða, telji hann tilefni til. Hér reynir m.a. á samspil ábyrgðar ráðherra, stjórntækja hans og þörf fyrir upplýsingar og svo ákvæði laga um rekstrarform og starfsemi einkaréttarlegra lögaðila. Skipulag ráðherra á því hvernig hann hagar eftirliti sem hér um ræðir ræðst af því svigrúmi sem slíkar reglur leyfa.

Um 16. gr.

Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. er eins og ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og þarfnast ekki skýringar.

Ákvæði 2. og 3. málsl. 1. mgr. eru nýmæli og kveða á um að í forföllum ráðuneytisstjóra gegni staðgengill störfum ráðuneytisstjóra og skal hann koma úr röðum skrifstofustjóra ráðuneytisins samkvæmt ákvörðun ráðuneytisstjóra. Þrátt fyrir að ákvæðið sé nýmæli er það byggt á venju sem myndast hefur í skipulagi ráðuneyta.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða ákvæði 3. mgr. 10. gr. laga nr. 73/1969 og þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Í 7. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, er gert ráð fyrir því ráðherra skipti ráðuneyti upp í skrifstofur og starfsdeildir og í 11. gr. sömu laga kemur fram að skrifstofu ráðuneytis sé stýrt af skrifstofustjóra og starfsdeild deildarstjóra undir umsjón ráðuneytisstjóra. Í þessu ákvæði, sbr. einnig 18. gr. frumvarpsins, er ekki gert ráð fyrir því að í ráðuneytum séu starfræktar deildir né að þar starfi deildarstjórar.

Í ákvæðinu er kveðið á um að það sé hlutverk ráðherra, að fenginni tillögu ráðuneytisstjóra, að skipta ráðuneyti sínu upp í skrifstofur. Í því felst einnig að ráðherra ber að skipuleggja starfshætti þannig að tryggt sé að hann sé upplýstur um öll mikilvægustu álitaefnin á málefnasviði sínu og að skýrar reglur gilda um hvaða stjórnarmálefni ber að leggja fyrir hann til afgreiðslu eða þurfa að öðru leyti atbeina hans til, sbr. 6. laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

Hverri skrifstofu skal stýrt af skrifstofustjóra sem eru embættismenn, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í ákvæðinu felst að einungis þeir sem sinna stjórnunarstöðum, þ.e. stýra skrifstofu í ráðuneyti og hafa með því mannaforráð, verða skipaðir skrifstofustjórar.

Að öðru leyti fer um skipulag ráðuneyta eftir ákvörðun ráðuneytisstjóra enda ráðuneytisstjóri æðsti faglegi embættismaður ráðuneytis. Ákvæðinu er ekki ætlað að koma í veg fyrir að í stærri ráðuneytum geti skipulag ráðuneytis verið stigskiptara en ákvæðið kveður á um. Hlutverk hans er yfirstjórn verkefna ráðuneytis og að sjá til þess að starfsemi þess og afgreiðsla mála sé í samræmi við lög og gildandi reglur, skráðar jafnt sem óskráðar. Ráðuneytisstjóri hefur einnig það hlutverk að koma á samskiptum milli ráðherra eða eftir atvikum

aðstoðarmanns og ráðgjafa við skrifstofustjóra innan ráðuneytisins um vinnu og útfærslu ákveðinna verkefna og skrifstofustjórinn getur síðan í framhaldinu vísað þeim áfram til starfsmanns innan skrifstofunnar.

Um 18. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir því að ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar verði skipaðir að fengnu mati hæfnisnefndar, sbr. 19. gr. frumvarpsins. Um er að ræða æðstu stjórnendur Stjórnarráðs Íslands, að ráðherrum sjálfum undanskildum, og því eðlilegt að samræmi sé viðhaft við skipanir þeirra m.a. til að tryggja enn frekar en nú er að ákvarðanir um skipan þeirra séu byggðar á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum. Samkvæmt ákvæðinu fer ráðuneytisstjóri með fyrirsvar við ráðningu annarra starfsmanna ráðuneytis. Um auglýsingu bæði embætta og starfa fer eftir reglu 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Með auglýsingu starfa er tryggt að allir þeir sem áhuga hafa geti sótt um og keppt um starf innan Stjórnarráðs Íslands á grundvelli hæfni sinnar, menntunar og annarra verðleika. Ávallt ber að ráða hæfasta umsækjandann til starfans. Mikilvægt er að menn geti treyst því að faglega sé staðið að skipun embættismanna og ráðningu starfsmanna í Stjórnarráðinu. Hæfnisnefndir við skipun æðstu embættismanna gegna mikilvægu hlutverki í því sambandi.

Í 12. gr. núgildandi laga er, auk ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra, kveðið á um starfsheiti annarra starfsmanna Stjórnarráðs Íslands. Þó er í 2. málsl. 12. gr. kveðið á um að heimilt sé að ráða starfsmenn undir öðrum starfsheitum en þeim sem þar eru talin upp, sbr. breytingarlög nr. 83/1997. Ekki þótti ástæða til að taka sambærilegt ákvæði upp í frumvarpið, þ.e. að kveða á um starfsheiti starfsmanna Stjórnarráðsins í lögum, og binda þar með hendur ráðherra og ráðuneytisstjóra um of við skipulag ráðuneytis.

Í 4. mgr. 11. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, er kveðið á um að ráðherra setji deildarstjórum og skrifstofustjórum erindisbréf. Ekki er í lögum kveðið á um að ráðuneytisstjórum skulu sett erindisbréf. Þó er í lögum nr. 70/1996 almenn heimild til að setja starfsmönnum ríkisins erindisbréf. Í 2. mgr. 8. gr. þeirra laga er kveðið á um að hver sá er starf veitir geti sett starfsmanni erindisbréf, enda skuli að jafnaði setja starfsmanni slík fyrirmæli ef hann óskar þess, hvort sem það varðar starf hans almennt eða einstaka grein þess eða greinar. Eðlilegt er að öllum embættismönnum innan Stjórnarráðs Íslands, ráðuneytisstjórum jafnt sem skrifstofustjórum, séu sett erindisbréf svo hægt sé að fylgjast með þróun og árangri þeirra í starfi. Í 2. mgr. ákvæðisins er því gert ráð fyrir því að ráðuneytisstjórum, aðstoðarmönnum ráðherra og ráðgjöfum ráðherra verði sett erindisbréf þar sem meðal annars verði kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur. Kveðið er á um að ráherrar setji ráðuneytisstjóra, aðstoðarmanni ráðherra og ráðgjafa ráðherra erindisbréf en að ráðuneytisstjórar setji skrifstofustjórum erindisbréf. Reglan um að ráðuneytisstjóri setji skrifstofustjórum erindisbréf er því sérregla gagnvart 2. mgr. 8. gr. laga nr. 70/1996 og gengur því framar henni. Ráðherra skipuleggur ráðuneyti sitt, að fenginni tillögu ráðuneytisstjóra, með því að skipta því upp í skrifstofur. Þykir eðlilegt að það sé hlutverk ráðuneytisstjóra á grundvelli þess skipulags að ákveða skipulag starfa skrifstofustjóra og fara með útgáfu erindisbréfa þar um. Gert er ráð fyrir því að forsætisráðuneytið semji erindisbréf fyrir ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra, aðstoðarmenn ráðherra og ráðgjafa ráðherra sem verði leiðbeinandi fyrir önnur ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands.

Um 19. gr.

Samkvæmt ákvæðinu skal ráðherra skipa þriggja manna nefnd þegar auglýst eru laus til umsóknar embætti í ráðuneyti hans. Hæfnisnefndum er ætlað að meta umsækjendur út frá hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum og er mat hæfnisnefndar ráðgefandi fyrir ráðherra við skipun í embætti.

Eftir sem áður er það ráðherra sem ber ábyrgð á ráðningarferlinu, þar á meðal að reglum stjórnsýsluréttar sé fylgt við ákvörðunina. Ráðherra ber ábyrgð á öllum ákvörðunum í ráðningarferlinu, svo sem hvaða sjónarmið eigi að leggja til grundvallar við ákvörðunartökuna, vægi þeirra sjónarmiða, hverjir verði kallaðir í viðtöl o.s.frv.

Niðurstaða nefndarinnar er ráðherra ráðgefandi við skipun í embætti, sbr. 1. málsl. 2. mgr. ákvæðisins, en ætla verður að veigamiklar hlutlægar og málefnalegar ástæður verði að vera fyrir hendi ætli ráðherra að horfa fram hjá áliti hæfnisnefndar. Álit hæfnisnefndar getur þó ekki komið í veg fyrir sjálfstætt mat ráðherra heldur verður hluti af þeim þáttum sem ráðherra skal byggja mat sitt á.

Í 2. málsl. 2. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að forsætisráðherra setji almennar reglur um skipun og störf hæfnisnefnda. Í þeim reglum skal m.a. fjallað um skipun nefndar, verkefni og málsmeðferð.

Um 20. gr.

Á ráðherra hvíla þær skyldur samkvæmt ákvæðinu að leita faglegs álits ráðuneytis til þess að tryggt sé að ákvarðanir og athafnir hans séu lögum samkvæmt. Ákvæðinu er ætlað að tryggja það að öll stjórnsýsla ráðherra og ráðuneytis sé í samræmi við ólögfesta réttmætisreglu stjórnsýsluréttar, þ.e. að ákvarðanir og athafnir séu byggðar á málefnalegum sjónarmiðum eða lögmætum sjónarmiðum sem taka mið af þeim opinberu hagsmunum sem um ræðir hverju sinni.

Vegna ábyrgðar ráðherra á stjórnarframkvæmdum er mikilvægt að hann hafi á að skipa hæfu starfsliði í ráðuneytum er getur veitt honum faglega ráðgjöf um framkvæmd ráðherrastarfsins. Í reynd má ganga svo langt að telja slíka ráðgjöf faglegra starfsmanna ráðuneyta nauðsynlega forsendu fyrir hefðbundinni ráðherrastjórnsýslu eins og íslenska stjórnsýslukerfið byggist á. Við fyrstu sýn mætti ætla að ráðgjöf af hálfu starfsmanna ráðuneyta til ráðherra ætti aðeins að beinast að framkvæmd hefðbundinna stjórnsýsluverkefna. Á hinn bóginn verður að hafa í huga að umboð ráðherrans er pólitískt. Hann situr í embætti í umboði Alþingis vegna þingræðisreglunnar. Það leiðir af stöðu ráðherra að honum er að vissu marki ætlað að móta tillögur um stefnu sem síðan verður eftir atvikum lögð fyrir Alþingi m.a. í formi lagafrumvarpa. Af þeirri ástæðu verður ekki auðveldlega skilið á milli hins pólitíska hlutverks ráðherra og þess hlutverks er lýtur að framkvæmd daglegrar lögmæltrar stjórnsýslu. Ráðgjöf starfsmanna ráðuneyta til ráðherra þarf því bæði að geta lotið að framkvæmd hefðbundinna stjórnsýsluverkefna og að pólitískri stefnu og fyrirsvari ráðherrans. Ráðgjöf hvað varðar pólitíska þætti í ráðherrastarfi ætti þó að vera fagleg og skyldi almennt beint að því að ráðherra geti sinnt þeim þætti starfsins innan ramma laga og stjórnarskrár og þá eftir hvaða leiðum. Vandasamt er að útfæra þetta hlutverk starfsmanna ráðuneyta í lögum. Það verður í reynd aðeins gert á grundvelli almennra viðmiðunar- og vísireglna um hlýðni- og hollustuskyldur starfsmanna ráðuneytanna annars vegar og með því að tryggja stöðu þeirra til að láta ráðherra í té fagleg ráð og neita að fylgja ólögmætum ákvörðunum hins vegar. Má orða það almenna viðmið í þessu sambandi að starfsmenn ráðuneyta verði að virða það lýðræðislega umboð sem ráðherrar hafa til að gegna starfi sem æðsti yfirmaður stjórnsýslunnar

en á sama tíma þurfi að tryggja starfsmönnum ráðuneytanna viðunandi aðstöðu til að koma á framfæri faglegum og réttmætum athugasemdum og ráðleggingum og heimildir til að neita að framkvæma skýrlega ólögmæt fyrirmæli. Þá verður einnig að gæta þess að ákveðin mörk hljóta eðli máls samkvæmt að vera á þeirri faglegu ráðgjöf sem starfsmönnum ráðuneyta verður gert að láta ráðherra í té. Þannig verður almennt að gæta þess að starfsmenn ráðuneyta taki ekki þátt í aðgerðum ráðherra sem beinlínis lúta að pólitískri stöðu hans í aðdraganda kosninga og jafnframt að þeir taki ekki þátt í athöfnum hans eða ákvörðunum sem beint er að innra flokkstarfi í þeim stjórnmálaflokki er hann tilheyrir.

Tilgangur ákvæðisins er að mæla fyrir um almenna ráðgjafar- og upplýsingaskyldu starfsmanna ráðuneyta, í samræmi við framangreind sjónarmið. Ákvæðið byggist á því að á starfsmönnum ráðuneyta hvíli ákveðin hollustuskylda gagnvart þeim ráðherra er fer með stjórn ráðuneytisins á hverjum tíma en á sama tíma er lögð á það áhersla að ráðgjöf starfsmanna ráðuneyta til ráðherra á að vera fagleg en ekki pólitísk. Ákvæði sem tryggja réttarstöðu starfsmanna ráðuneyta og vernd gegn því að pólitískur ráðherra misbeiti valdi sínu gagnvart þeim, m.a. ef hann telur faglega ráðgjöf ganga gegn pólitískum markmiðum, koma hins vegar fram í ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í orðalagi ákvæðisins felst að starfsmenn ráðuneyta skulu veita ráðherra upplýsingar og faglega ráðgjöf sem honum er þörf á. Þessi skylda er því ekki bundin við þau tilvik þegar ráðherra beinlínis óskar eftir upplýsingum, skýringum eða ráðgjöf, heldur getur það hvílt á starfsmanni ráðuneytis að fullnægja skyldunni að eigin frumkvæði. Starfsmenn hafa þar með einnig með óbeinum hætti rétt til að veita ráðherra þær upplýsingar og ráð sem honum eru nauðsynleg. Þeim yrði því almennt ekki vikið úr starfi eða látnir sæta starfsmannaréttarlegum viðurlögum, svo sem áminningu, vegna slíks. Ástæður þess að ákvæðið er orðað á þann veg að starfsmönnum ráðuneyta kunni að vera skylt að sjá til þess að eigin frumkvæði að ráðherra standi til boða mikilvægar upplýsingar sem honum er þörf á til að geta sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum eru fyrst og fremst tvær. Annars vegar ber ráðherra ríka lagalega ábyrgð á þeim stjórnarframkvæmdum er honum eru falin. Kerfið byggist óhjákvæmilega á þeirri forsendu að með ráðherra starfi hæft starfslið er vinnur með honum að því að fullnægja þeim lagalegu skyldum sem á ráðherra hvíla. Slíkt dregur ekki í sjálfu sér úr sjálfstæði ábyrgð ráðherrans að lögum heldur styður við hana. Hins vegar er það sú grundvallarregla að stjórnsýslan er lögbundin. Á öllum stjórnvöldum og starfsmönnum þeirra hvílir sú skylda að leitast við að starfa eftir lögum og tryggja hagkvæma og eðlilega meðferð þeirra opinberu hagsmuna sem þeim hefur verið falið að vinna að. Þrátt fyrir að ráðherra fari með yfirstjórn ráðuneytis þá ber öllum starfsmönnum viss skylda til að gera viðvart og leggja sitt af mörkum til að ákvarðanir sem teknar eru á vegum ráðuneytis séu lögmætar. Í þessu sambandi getur m.a. reynt á skyldu starfsmanna ráðuneyta til að gera ráðherra eða öðrum yfirmanni innan ráðuneytis viðvart ef ákvörðun í máli hefur byggst á röngum upplýsingum um staðreyndir eða lagalegur grundvöllur hennar var eða er veikur. Hið sama getur átt við ef útlit er fyrir að ráðherra ætli að beita valdi sínu með ólögmætum hætti eða byggja niðurstöðu máls á röngum upplýsingum um staðreyndir.

Af framangreindu leiðir að skyldur starfsmanna samkvæmt ákvæðinu velta almennt á mikilvægi þess málefnis sem um ræðir hverju sinni. Starfsmenn ráðuneyta verða því almennt að hafa næga innsýn og þekkingu á þeim málaflokkum sem þeir starfa við til að geta sjálfir metið þörf ráðherra, eða annarra yfirmanna ráðuneytis, fyrir upplýsingar og ráðgjöf. Í þessu ljósi er í ákvæðinu á því byggt að skylda og ábyrgð starfsmanna ráðuneyta sé mismunandi rík eftir því hvaða fagþekkingu má búast við að þeir hafi í því starfi sem þeir voru ráðnir til

og stöðu þeirra í viðkomandi ráðuneyti að öðru leyti. Því hærra sem viðkomandi situr í stjórnkerfi ráðuneytisins því meiri ábyrgð ber hann að þessu leyti.

Um 21. gr.

Ákvæði 1. mgr. vísar til 36. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. einnig 4. mgr. 20. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1994, og annarra laga eftir því sem við á, t.d. laga um utanríkisþjónustu Íslands, og þarfnast ekki frekari skýringar.

Í 2. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að flytja megi starfsmenn sem ráðnir eru ótímabundið milli ráðuneyta varanlega eða í afmarkaðan tími liggi samþykki beggja ráðuneyta fyrir flutningi og starfsmanns sjálfs. Ákvæðinu er ætlað að virka sem hvati fyrir starfsmenn til að vera viljugir að færa sig á milli ráðuneyta og til að öðlast sem víðtækasta reynslu innan Stjórnarráðsins og þar með eflast sem starfsmenn.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ef stjórnarmálefni flytjast á milli ráðuneyta, sbr. 4. gr., þá skuli bjóða hlutaðeigandi starfsmönnum að sinna þeim áfram í því ráðuneyti er tekur við málefninu. Við flutninginn verða ekki breytingar á starfskjörum starfsmanna. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum.

Samkvæmt 4. mgr. eiga ákvæði um auglýsingaskyldu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins ekki við um flutning embættismanna og starfsmanna samkvæmt þessari grein og skv. 5. mgr. setur forsætisráðherra nánari reglur um tilhögun flutnings starfsmanna innan Stjórnarráðsins. Í 7. gr. laga nr. 70/1996 kemur fram að auglýsa ber embætti og önnur störf opinberlega. Þær heimildir til flutnings sem hér um ræðir eiga ekki að draga úr möguleikum manna til að fá vinnu í Stjórnarráðinu því það gefur jafnan augaleið að fylla þarf í skörð þeirra sem færast til í starfi á þessum grundvelli. Gera má ráð fyrir að reglur settar á grundvelli ákvæðisins kveði á um það með hvaða hætti eigi að stuðla að auknum hreyfanleika innan Stjórnarráðsins, þar á meðal hvort og hvernig beri að auglýsa störf sem fyrirhugað er að heimild til flutnings nýtist í. Akkur getur verið að því að auglýsa störf innan Stjórnarráðsins ef þau eru þess eðlis að fyrirséð er að sérþekking starfsmanna geti nýst sérstaklega og vænlegt sé að fá reyndan starfsmann úr Stjórnarráðinu til að sinna þeim.

Um 22. gr.

Í 15. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, segir að ráðherra sé heimilt að kveðja sér til aðstoðar, meðan hann gegnir embætti, mann utan ráðuneytis sem starfi þar sem skrifstofustjóri, enda hverfi hann úr starfi jafnskjótt sem ráðherra. Aðstoðarmaður ráðherra, sem og ráðgjafi ráðherra, er eins og lagaákvæðið ber með sér einstaklingur sem er ráðherra til aðstoðar og hefur almennt verið litið svo á að ráðherra sé heimilt, þrátt fyrir jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, að horfa til stjórnmálaskoðana þegar hann velur sér aðstoðarmann eða ráðgjafa.

Í 1. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að ráðherra verði heimilt að ráða, auk aðstoðarmanns, sérstakan ráðgjafa til starfa. Þörf ráðherra fyrir pólitískt aðstoðarfólk er mikil og með sterku aðstoðarmannakerfi er auðveldara að tryggja aðgreiningu á milli hins tvíþætta hlutverks ráðherra sem stjórnvaldshafa annars vegar og pólitísks stefnumótunaraðila hins vegar. Aðstoðarmaður ráðherra og ráðgjafi ráðherra eru ekki embættismenn heldur starfa þeir í ráðuneyti sem ráðnir starfsmenn eins lengi og ráðherra ákveður en ekki lengur en ráðherrann sjálfur. Tekið er fram í ákvæðinu að ákvæði um auglýsingaskyldu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eiga ekki við um ráðningu aðstoðarmanna og ráðgjafa samkvæmt ákvæðinu.

Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um hlutverk aðstoðarmanns ráðherra og ráðgjafa ráðherra og um skyldur þeirra varðandi stefnumótun. Aðstoðarmaður ráðherra og ráðgjafi hafa ekki boðvald yfir starfsmönnum ráðuneytis en vinna náið með stjórnendum og starfsmönnum ráðuneytisins í umboði ráðherra en ráðuneytisstjóri kemur þeim samskiptum á í gegnum embættismannakerfi ráðuneytanna. Í ákvæðinu er tekið fram að aðstoðarmaður og ráðgjafi heyri beint undir ráðherra en sé óheimilt að rita undir stjórnvaldserindi fyrir hönd ráðherra. Er um að ræða mikilvægt ákvæði til tryggja aðgreiningu á milli hins tvíþætta hlutverks ráðherra sem stjórnvaldshafa annars vegar og pólitísks stefnumótunaraðila hins vegar.

Í 3. mgr. ákvæðisins eru ákvæði um rétt aðstoðarmanna og ráðgjafa við starfslok. Aðstoðarmaður og ráðgjafi eiga rétt á biðlaunum í þrjá mánuði sem skerðast sem nemur þeim launum sem þeir þiggja annars staðar frá meðan á biðlaunarétti stendur. Ef þau laun sem fyrrverandi aðstoðarmaður eða ráðgjafi þiggur á meðan á biðlaunarétti stendur eru lakari en laun aðstoðarmanns eða ráðgjafa á hann rétt á greiðslu þess mismunar í þrjá mánuði frá þeim degi sem hann lætur af starfinu.

Í 15. gr. laga nr. 73/1969 er kveðið á um rétt ríkisstarfsmanns til að hverfa aftur til fyrri starfs eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins hafi hann tekið að sér að gegna starfi aðstorðarmanns ráðherra um stund. Ekki þótti eðlilegt að kveða á um slíkan sérstakan rétt ríkisstarfsmanna í þessu frumvarpi enda getur það reynst stjórnvöldum ríkisins erfitt að þurfa að gera ráð fyrir því að starfsmaður sem ráðinn er aðstoðarmaður ráðherra komi aftur og jafnvel eftir nokkur ár. Í þessum sambandi er horft til þess að í 41. gr. laga nr. 70/1996 er einungis heimilt að ráða tímabundið í störf til allt að tveggja ára. Þá er einnig horft til þess að önnur regla eigi ekki að gilda um ríkisstarfsmenn sem gegna starfi aðstoðarmanns ráðherra en um aðra starfsmenn sem áður en þeir tóku við starfi aðstoðarmanns ráðherra voru á almennum vinnumarkaði eða starfsmenn sveitarfélaga.

Um 23. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að um réttindi og skyldur embættismanna og starfsmanna Stjórnarráðs Íslands fari að öðru leyti samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og öðrum lögum eftir því sem við á, sbr. til dæmis lög um utanríkisþjónustu Íslands.

Um 24. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að forsætisráðherra staðfesti siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands og þær eigi við um störf embættismanna og allra annarra starfsmanna Stjórnarráðsins. Orðalagið, þar sem talað er um að „staðfesta“ reglur en ekki „setja“ þær, vísar til þess að reglurnar eiga að vera afsprengi samráðs meðal starfsmanna og þær eiga því ekki að koma ofan frá ef svo má að orði komast. Gert er ráð fyrir að einstök ráðuneyti geti útfært þessar reglur nánar með hliðsjón af sérstökum verkefnum sem þau sinna. Má nefna að utanríkisráðuneytið hefur gefið út eigin siðareglur sem taka mið af sérstöku eðli utanríkisþjónustunnar.

Þá segir í niðurlagi 1. mgr. að forsætisráðherra sé heimilt að setja sérstakar reglur fyrir aðstoðarmenn ráðherra og ráðgjafa ráðherra skv. 22. gr. frumvarpsins. Þær reglur mundu væntanlega vera keimlíkar siðareglum ráðherra en taka þó mið af séreðli aðstoðarmannsstarfsins. Má benda á að samkvæmt frumvarpinu verður hlutverk aðstoðarmanns ráðherra og ráðgjafa ráðherra skilgreint betur en í gildandi lögum.

Samkvæmt 2. mgr. staðfestir forsætisráðherra siðareglur fyrir ráðherra ríkisstjórnar sinnar. Slíkar reglur voru staðfestar 22. mars 2011 með heimild í gildandi lögum og voru það fyrstu

siðareglurnar sem settar eru í kjölfar þeirra lagabreytinga sem gerðar voru með lögum nr. 86/2010.

Í 3. mgr. segir að birta skuli siðareglur almenningi á aðgengilegan hátt. Siðareglur ráðherra hafa verið birtar almenningi. Enn fremur má gera ráð fyrir að samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna komi á laggirnar heimasíðu þar sem allar siðareglur sem settar eru með stoð í lögum verði birtar auk annarra upplýsinga um starf nefndarinnar.

Um 25. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna. Sú nefnd sem fyrst var skipuð 1. október 2010 á grundvelli gildandi laga hefur fjölþætt samræmingar- og leiðbeiningarhlutverk að því er varðar aðgerðir stjórnvalda til að draga úr hættunni á spillingu og efla virðingu við grundvallargildi starfsemi ríkisins. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn skv. 1. mgr. Þar eiga sæti sjö fulltrúar, valdir á grundvelli tilnefninga frá félögum starfsmanna ríkisins, félagi forstöðumanna ríkisstofnana og vegna sérþekkingar á stjórnsýslu og siðfræðilegum efnum.

Í 3. mgr. er kveðið á um verkefni samhæfingarnefndarinnar. Vert er að árétta að nefndin fjallar ekki einvörðungu um siðareglur sem settar eru á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands heldur einnig aðrar siðareglur er varða ríkisstarfsmenn og settar verða á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar verður um að ræða reglur er varða ríkisstarfsmenn almennt, reglur fyrir starfsmenn dómstóla, aðra en dómara, og reglur fyrir starfsmenn skrifstofu Alþingis, sbr. 2.–4. mgr. 15. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Helstu verkefni samhæfingarnefndarinnar eru talin upp í a–f-liðum 3. mgr. Þau eru óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að áréttað er í b-lið að auk þess að veita umsögn um drög að siðareglum geti nefndin veitt stjórnvöldum ráð um túlkun þeirra.

Þá mun nefndin skv. 4. mgr. 25. gr. frumvarpsins hafa samráð við umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun en þau embætti hafa öðrum þræði það hlutverk að stuðla að vandaðri stjórnsýslu sem getur tengst mjög siðareglum og beitingu þeirra.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að forsætisráðherra sé heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að lögin, verði þau samþykkt á Alþingi, skuli þegar öðlast þegar gildi. Samhliða gildistöku laganna er lagt til að núgildandi lög nr. 73/1969 falli úr gildi.

Í 2. mgr. er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins sé ráðherrum óheimilt, þar til að afstöðunum næstu alþingiskosningum, að ráða til sín sérstakan ráðgjafa samkvæmt ákvæðinu. Tillagan er sett fram í hagræðingarskyni og tekur mið af þeirri ríku hagræðingarkröfu sem nú er í ráðuneytum eins og hjá öðrum stjórnvöldum og stofnunum í landinu.

Í 3. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að aðstoðarmenn ráðherra sem eru starfandi við gildistöku laganna og áður voru ríkisstarfsmenn eigi rétt til að hverfa til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins. Með ákvæðinu er komið í veg fyrir að staða aðstoðarmanna, sem hugsanlega hafa ráðið sig til starfa sem aðstoðarmenn á þeirri forsendu að þeir ættu rétt á að snúa til baka í fyrra starf að aðstoðarmannsstarfinu loknu, raskist.

Fylgiskjal I.

Forsætisráðuneytið:

Samhent stjórnsýsla.
Skýrsla nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands.
(Desember 2010.)

Samantekt

Nefnd um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands hafði það meginverkefni að setja fram tillögur sem miðuðu að því að auka sveigjanleika innan ráðuneyta og stofnana og tryggja að þekking og mannauður sé nýttur til fulls eftir því sem verkefni og áherslur breytast. Nefndin telur að enn sé þörf fyrir sérstök lög um Stjórnarráð Íslands, m.a. vegna sérstöðu ráðuneyta í samanburði við stofnanir, en laga þurfi þau að breyttum aðstæðum, nú 40 árum eftir setningu þeirra. Fella eigi brott ákvæði laganna þar sem heiti ráðuneyta eru tilgreind. Með því skapist svigrúm fyrir ríkisstjórn hverju sinni, einkum við stjórnarmyndun, að ákveða fjölda ráðuneyta og heiti þeirra.

Lagt er til að hlutverk ráðherra sé skýrt skilgreint í lögum um Stjórnarráð Íslands og eftir atvikum lögum um ráðherraábyrgð. Þannig verði mælt fyrir um frumkvæðis- og eftirlitsskyldu ráðherra gagnvart stjórnvöldum á málefnasviði hans og upplýsinga- og sannleiksskyldu, ekki síst gagnvart Alþingi. Kveðið verði á um samskipti ráðherra við embættismenn, t.d. þannig að ráðherra skuli leita faglegs mats embættismanna áður en ákvarðanir eru teknar og að hann virði sjálfstæði þeirra og hlutleysi í pólitískum skilningi. Hlutverk ráðuneytisstjóra verði betur skilgreint í lögum, hann beri ábyrgð á faglegri stjórnsýslu og skýrt sé tekið fram að hann lúti eingöngu boðvaldi ráðherra. Samtímis verði pólitískum aðstoðarmönnum fjölgað í því skyni að auðvelda ráðherra að hrinda pólitískri stefnu sinni í framkvæmd. Sér nefndin fyrir sér að við stjórnarmyndanir semji flokkarnir sín á milli um fjölda aðstoðarmanna, t.d. þannig að þeir verði misjafnlega margir (einn til tveir í ráðuneyti) eftir því hversu viðamiklir málaflokkar heyra undir ráðuneyti.

Að mati nefndarinnar er þörf á að tryggja betur samheldni innan ríkisstjórna, m.a. í því skyni að auðvelda þeim að taka erfiðar ákvarðanir. Rannsókn sem nefndin studdist við sýnir að sjálfstæði ráðherra er óvíða meira en hér á landi og hlutverk ríkisstjórnar og forsætisráðherra að sama skapi veigaminna. Telur nefndin æskilegt að ríkisstjórn hafi meira að segja um stefnumótandi yfirlýsingar einstakra ráðherra, fjárhagslega skuldbindandi ákvarðanir, þýðingarmiklar reglugerðarbreytingar, veitingu æðstu embætta í ráðuneytum og stofnunum og skipun nefnda sem undirbúa stefnumarkandi breytingar á löggjöf svo nokkur dæmi séu tekin. Þá væri æskilegt að koma betra skipulagi á ríkisstjórnarfundi þannig að ráðherrum og ráðuneytum gefist betra tóm til að kynna sér mál, sem þar á að ræða, áður en þau eru borin upp. Í því skyni mætti setja upp innri vef ríkisstjórnar þar sem dagskrá og gögn mála væru gerð aðgengileg ráðherrum og ráðuneytisstjórum með hæfilegum fyrirvara.

Lagt er til að skýrt verði betur í lögum um Stjórnarráðið hlutverk ráðuneyta gagnvart stofnunum sem undir þau heyra. Stjórnir stofnana verði almennt lagðar af en þess í stað tekin upp ráðgjafarráð ef á þarf að halda. Samskipti ráðuneyta og stofnana verði efld og tilfærsla starfsfólks þar á milli auðvelduð. Að því er varðar sjálfstæðar stofnanir telur nefndin að ráðuneyti eigi að hafa eftirlit með grunnþáttum í starfsemi þeirra og eiga frumkvæði að stefnu-

mótun á viðkomandi málefnasviði. Þá þurfi ríkið að móta sér eigandastefnu gagnvart opinberum hlutafélögum og nýta hana sem virkt stjórntæki.

Nefndin leggur ríka áherslu á að tekin verði upp markvissari mannauðsstjórnun í Stjórnarráði Íslands. Í því skyni verði komið á fót sérstakri mannauðseiningu sem hafi forystu í mannauðsmálum og aðstoði einstök ráðuneyti í þeim efnum. Mótuð verði stefna um hreyfanleika starfsmanna og kjör samræmd milli ráðuneyta til þess að auðvelda slíkt. Jafnframt verði séð til þess að ráðuneyti séu samkeppnishæf á vinnumarkaði. Þá verði verklag við ráðningu stjórnenda og annarra starfsmanna samræmt til þess að tryggja sem best að fagleg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi.

Að mati nefndarinnar þarf að styrkja getu ráðuneytanna til að móta stefnu. Byggja ætti upp þverfaglegt greiningar-, stefnumótunar- og verkefnastjórnunarteymi inn Stjórnarráðsins. Þá er nauðsynlegt að bæta endurmenntun starfsmanna, t.d. í Stjórnsýsluskóla Stjórnarráðs Íslands, með sérstakri áherslu á þjálfun sérfræðinga og stjórnenda. Hvetja þarf ráðuneytin til að eiga með sér gott samstarf og afstýra því að lög og reglur standi því í vegi. Skýra þarf betur miðlægt hlutverk forsætis- og fjármálaráðuneyta og samstarf þeirra á milli til að gott samhengi verði milli stefnu ríkisstjórnar og fjárlagatillagna til Alþingis.

1. Inngangur

Í stjórnarsáttmála Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar .. græns framboðs er lögð áhersla á stjórnkerfisumbætur. Endurskipulagning Stjórnarráðsins er þungamiðja þeirra umbóta enda fara ráðherrar með yfirstjórn stjórnsýslunnar, hver á sínu sviði. Þá ályktaði Alþingi í október 2010 að gera þyrfti breytingar á lögum um Stjórnarráðið. Í desember 2009 skipaði forsætisráðherra nefnd sem falið var það verkefni að gera tillögur um endurskoðun laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og eftir atvikum aðrar lagareglur sem lúta að starfsemi Stjórnarráðsins og stjórnsýslu hér á landi.

Í erindisbréfi nefndarinnar kemur fram að markmiðin með störfum hennar séu m.a. að auka sveigjanleika innan ráðuneyta og stofnana og tryggja að þekking og mannauður sé nýttur til fulls eftir því sem verkefni og áherslur breytast. Þá átti nefndin að skoða, m.t.t. verkefna hennar, hvernig auka mætti gagnsæi í vinnubrögðum innan Stjórnarráðsins og stofnana ríkisins og efla upplýsingastreymi til almennings. Þá var nefndinni gefið umboð til taka til umfjöllunar önnur álitaefni sem tengdust framangreindum sviðum og gera tillögur um þau. Jafnframt er í bréfinu tekið fram að nefndin skuli vinna greinargerðir og gera tillögur um úrbætur en lagafrumvörp á grundvelli tillagna nefndarinnar skuli í kjölfarið unnin í Stjórnarráðinu.

Nefndin ákvað að afmarka vinnu sína að mestu við Stjórnarráðið þar sem mun viðameira verkefni hefði verið að skoða alla stjórnsýslu ríkisins. Þrátt fyrir það lúta margar tillögur í skýrslunni að þáttum sem tengjast umhverfi ráðuneytanna og eru samskipti við ríkisstofnanir þar stór þáttur.

Í upphafi nefndarstarfsins, m.a. vegna þess að beðið var útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, var ákveðið að skipta vinnu nefndarinnar í tvo hluta. Umfjöllun um efni fyrri hluta nefndarstarfsins var birt í áfangaskýrslu í júní 2010 og beindust tillögurnar í þeim hluta aðallega að mannauðsmálum og innra skipulagi ráðuneyta. Í seinni hlutanum átti síðan að fjalla um samskipti og samvinnu milli ráðuneyta, samskipti stofnana og ráðuneyta og starfshætti ríkisstjórnar. Áfangaskýrslan var birt á netinu og óskað eftir athugasemdum við efni hennar. Nokkrar athugasemdir bárust og eftir að nefndin hóf skoðun á viðfangsefni síðari hluta nefndarstarfsins var ákveðið að endurskoða tillögur og efnistök áfangaskýrslunnar og setja

saman heildstæða skýrslu um Stjórnarráðið sem næði yfir alla þætti sem nefndin fjallaði um.

Í upphafi áttu sæti í nefndinni Anna Kristín Ólafsdóttir stjórnsýslufræðingur, formaður, Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur og Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, sem skipuð voru án tilnefningar, og Hafdís Ólafsdóttir, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, skipuð samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra. Sú breyting varð á nefndarskipaninni í júní 2010 að Anna Kristín Ólafsdóttir sagði sig úr nefndinni og tók Arnar Þór Másson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, sæti í hennar stað og varð formaður nefndarinnar.

Til að byrja með var Arnar Þór starfsmaður nefndarinnar en Elín Ósk Helgadóttir, lögfræðingur í forsætisráðuneytinu, tók við eftir að hann tók við formennskunni. Steinunn Halldórsdóttir, stjórnsýslufræðingur í forsætisráðuneytinu, starfaði einnig með nefndinni síðustu mánuðina.

Nefndin fundaði 34 sinnum og leitaði víða fanga við gagnaöflun hérlendis og erlendis eins og sjá má í heimildaskrá. Nefndin öll, eða hluti nefndarmanna, fundaði með fjölda embættis- og starfsmanna innan Stjórnarráðsins, ýmsum fræðimönnum og sérfræðingum á sviði stjórnsýslu og stjórnsýsluréttar og með formönnum stéttarfélaga starfsmanna Stjórnarráðsins. Í febrúar og mars 2010 voru tekin viðtöl við alla ráðuneytisstjóra og nokkra fyrrverandi ráðherra og aðstoðarmenn ráðherra. Stjórnarráð og stjórnsýslukerfi annarra landa voru skoðuð og símaviðtöl tekin við embættismenn í danska fjármálaráðuneytinu og norska umbóta- og stjórnsýsluráðuneytinu. Þá sat fulltrúi nefndarinnar fund með yfirmanni bresku ráðningarnefndarinnar (e. Civil Service Commission) og forstöðumanni stjórnenda- og leiðtogaþjálfunar á skrifstofu bresku ríkisstjórnarinnar (e. Cabinet Office).

Í samstarfi við Sverri Jónsson og Helgu Jóhannesdóttur, sérfræðinga á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, var aflað upplýsinga um starfsmenn ráðuneytanna og var upplýsingum um menntun og starfsreynslu hópsins safnað saman í könnun sem lögð var fyrir alla starfsmenn Stjórnarráðsins í nóvember 2010. Svörun var um 70%. Að auki lét nefndin taka saman yfirlit yfir alþjóðlegar mælingar á trausti almennings til ríkisstjórna og opinberra stofnana.

Á haustdögum 2010 lét nefndin gera sérstaka rannsókn í samvinnu við kennara við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Rannsóknin fólst í klukkustundarlöngum viðtölum við tíu núverandi og fyrrverandi ráðherra og 22 stjórnendur innan Stjórnarráðsins. Með rannsókninni fékk nefndin betri mynd af starfsemi ríkisstjórna og Stjórnarráðsins.

Hluti af starfi nefndarinnar var að halda málþing í október 2010 undir yfirskriftinni *Traustið endurheimt skipulag og starfsemi Stjórnarráðsins endurskoðuð.* Framsögumenn voru Ásmundur Helgason héraðsdómari, Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, og Ragna Árnadóttir, fyrrverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra. Málþingið var vel sótt og umræður líflegar.

Þeim tilmælum var beint til nefndarinnar 1. mars 2010 að hún tæki til umfjöllunar niðurstöður og tillögur nefndar sem fjallaði um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlögum við réttarbrotum í stjórnsýslu, en skýrsla þess efnis var gefin út árið 1999. Er á fjölmörgum stöðum vitnað til skýrslunnar í meginmáli en jafnframt var fjallað um hana í áfangaskýrslunni.

Nefndin fjallaði sérstaklega um niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis og ábendingar hennar varðandi Stjórnarráð Íslands, skýrslu starfshóps forsætisráðuneytis um viðbrögð stjórnsýslunnar við henni og skýrslu þingmannanefndar sem fjallaði um skýrslu rannsóknar-

nefndarinnar. Nefndin kynnti sér ennfremur skýrslur ráðuneyta sem brugðust sérstaklega við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Fjölmargir aðilar aðrir en þeir sem nefndir hafa verið hér að framan lögðu nefndinni til efni og lásu yfir drög og hluta skýrslunnar á vinnslustigi. Eru þeim öllum færðar kærar þakkir fyrir aðstoðina.

Verkefni nefndarinnar var sem fyrr segir að gera tillögur að heildarendurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands í þeim tilgangi að ná fram markmiðum um aukinn sveigjanleika milli ráðuneyta og stofnana, tryggja að þekking og mannauður sé nýttur til fulls og auka gagnsæi í vinnubrögðum Stjórnarráðsins og upplýsingastreymi til almennings. Með skýrslunni telur nefndin að þeim markmiðum sé náð og mælir með því að þegar verði hafist handa við endurskoðun stjórnarráðslaga og annarra laga með hliðsjón af því sem þar kemur fram. Nefndin telur einnig að margt af því sem hún vekur athygli á eigi erindi inn í vinnu stjórnlagaþings sem koma mun saman í febrúar 2011. Nefndin áréttar að margar af tillögum hennar velta á nýju viðhorfi til samvinnu og samstarfs sem ekki verður í lög leitt nema að litlu leyti.

Arnar Þór Másson, formaður

Hafdís Ólafsdóttir *Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir*
Páll Þórhallsson *Gunnar Helgi Kristinsson*

2. Stjórnarráð Íslands

Ríkisvaldið skiptist í framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald. Í skýrslunni er aðallega fjallað um fyrsta þáttinn, þ.e. þann hluta þess sem kallast stjórnsýsla ríkisins. Með því er átt við ríkisstjórn, ráðuneyti og stofnanir (sem skiptast í lægra sett stjórnvöld og sjálfstæð stjórnvöld). Ekki verður fjallað sérstaklega um embætti forseta lýðveldisins sem er æðsti handhafi framkvæmdarvalds samkvæmt stjórnarskránni.



Mynd 1. Stjórnsýsla ríkisins.

Stjórnarráðið er samheiti yfir ráðuneytin. Þau eru nú tólf talsins en fækkar í tíu í byrjun árs 2011 með sameiningu annars vegar félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í velferðarráðuneyti og hins vegar með sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í innanríkisráðuneyti.

2.1. Verkefni Stjórnarráðsins

Um Stjórnarráðið gilda lög nr. 73/1969 (hér eftir nefnd stjórnarráðslögin) og er verkaskipting ráðuneyta nánar útfærð í reglugerð nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands. Utanríkisþjónustan hefur nokkra sérstöðu innan Stjórnarráðsins en um hana gilda sérlög nr. 39/1971.

Verkefni starfsmanna Stjórnarráðsins greina sig í mörgu frá verkefnum sem sinnt er hjá ríkisstofnunum almennt. Í ráðuneytum er unnið að stefnu eða áherslum í málaflokkum ráðuneytisins, undirbúin lagafrumvörp og reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli samin. Þar er sinnt eftirliti með fjárveitingum og starfsemi annarra stjórnvalda á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis. Í ráðuneytum koma til úrskurðar kærur um rétt og skyldu einstaklinga ásamt öðrum lögbundnum verkefnum. Öll verkefni ráðuneytisins eru unnin á ábyrgð ráðherra en um hana gilda sérstök lög, þ.e. lög um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963. Þá sjá ráðuneytin árlega um undirbúning fjárlaga samkvæmt fjárlagaferli sem er undir yfirumsjón fjármálaráðuneytisins.

Almennt má segja um ríkisstofnanir að verkefni þeirra eru önnur og afmarkaðri. Oftast á grundvelli sérstakra laga. Meginreglan er sú að ríkisstofnun starfar undir yfirstjórn ráðuneytis. Þó eru ákveðin stjórnvöld sjálfstæð samkvæmt ákvörðun löggjafans. Ráðuneyti eru oftast nær æðstu stjórnvöld á sínu málefnasviði og þangað má kæra úrskurði lægra settra stjórnvalda. Í ljósi þessa ætti stefna í málaflokkum sem tengjast einstökum ríkisstofnunum að þurfa að taka mið af stefnu ráðuneytis á hverjum tíma. Um samskipti ráðuneyta og stofnana er nánar rætt í 6. kafla.

Í stjórnarráðslögunum segir að ráðherra skipti ráðuneytinu í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum. Raunin er sú að ráðuneytin hafa oftast nær á að skipa skrifstofu yfirstjórnar (stundum nefnd ráðherraskrifstofa), fagskrifstofum eftir málaflokkum og loks stoðskrifstofum, svo sem rekstrar- og fjármálaskrifstofum, sem vinna þvert á fagskrifstofurnar. Nánar er fjallað um skipulag innan ráðuneyta í 7. kafla. Ráðuneytisstjóri stýrir hverju ráðuneyti í umboði ráðherra. Skrifstofustjórar stýra skrifstofum eða fagsviðum ráðuneyta.

2.2. Starfsfólk Stjórnarráðsins

Starfsmenn ráðuneyta eru tæplega 600 talsins í tólf ráðuneytum (tíu frá ársbyrjun 2011). Séu taldir með 62 starfsmenn í sendiráðum Íslands erlendis, 40 starfsmenn þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins og níu starfsmenn Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga eru þeir hins vegar ríflega 700.[1]

Þegar talað er um starfsmenn Stjórnarráðsins í skýrslunni hefur nefndin kosið að undanskilja starfsmenn utanríkisráðuneytisins í sendiráðum erlendis sem og starfsmenn þýðingarmiðstöðvar sama ráðuneytis, nema annað sé sérstaklega tekið fram, enda eru störf þeirra að ýmsu leyti frábrugðin störfum í ráðuneyti. Tafla 1 sýnir skiptingu starfsmanna Stjórnarráðsins eftir kynjum og ráðuneytum. Þar sést að utanríkisráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti eru langstærst ráðuneytanna með yfir 90 starfsmenn en þau minnstu eru iðnaðarráðuneyti og efnahags- og viðskiptaráðuneyti með liðlega 20 starfsmenn. Þá sýnir taflan að konur eru allt að tvöfalt fleiri í nokkrum þeirra.

---

[1] Upplýsingar eru úr launavinnslukerfi Fjársýslu ríkisins og miðast við dagvinnustarfsmenn sem fengu greidd laun í september 2010. Inni í tölum um einstök ráðuneyti getur verið um að ræða starfsmenn nefnda sem sinna tímabundnum verkefnum.

Tafla 1. Starfsmenn ráðuneyta Stjórnarráðsins eftir kynjum í september 2010.

Ráðuneyti	Konur	Karlar	Samtals
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	28	12	40
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	14	11	25
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	36	15	51
Fjármálaráðuneyti	29	34	63
Forsætisráðuneyti	17	17	34
Heilbrigðisráðuneyti	42	19	61
Iðnaðarráðuneyti	15	8	23
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	59	32	91
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	17	17	34
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	27	17	44
Umhverfisráðuneyti	21	12	33
Utanríkisráðuneyti	48	46	94
Samtals	**353**	**240**	**593**

Í töflu 2 sést hvernig þessir sömu starfsmenn skiptust eftir starfi og kyni. Háskólamenntaðir starfsmenn eru langstærsti hluti starfsmanna. Nánar er fjallað um kynjaskiptingu starfsmanna að neðan.

Tafla 2. Starfsmenn ráðuneyta eftir störfum og kynjum.

Störf	Konur	Karlar	Samtals
Ráðuneytisstjórar	5	7	12
Skrifstofustjórar	28	57	85
Háskólamenntaðir sérfræðingar	183	144	327
Aðrir starfsmenn	137	32	169
Samtals	**353**	**240**	**593**

Á tímabilinu 2000–2010 voru starfsmenn ráðuneytanna 3% af heildarstarfsmannafjölda ríkisins. Hlutfallið hefur hækkað lítillega síðustu tvö ár, en það skýrist fremur af fækkun starfsmanna hjá stofnunum en fjölgun starfsmanna í ráðuneytunum.

Á árunum 2000–2009 fjölgaði ársverkum í dagvinnu um 22% hjá ráðuneytunum. Til samanburðar hefur ársverkum annars staðar innan ríkisins fjölgað um 29% og starfsfólki í æðstu stjórnsýslu um 27% en til hennar telst forsetaembættið, Alþingi og stofnanir þess.

Ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar, sendifulltrúar og sendiherrar eru einu embættismennirnir meðal starfsmanna Stjórnarráðsins, samkvæmt skilgreiningu laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (hér eftir nefnd starfsmannalög). Kjararáð, sem ákvarðar laun embættismanna, skiptir skrifstofustjórum í þrjá flokka: skrifstofustjóra 1 án mannaforráða, skrifstofustjóra 2 með mannaforráð og skrifstofustjóra 3 sem er staðgengill ráðuneytisstjóra. Embættismenn eru skipaðir til fimm ára í senn en aðrir starfsmenn eru ráðnir ótímabundið með þriggja mánaða uppsagnarfrest. Þá er hægt að ráða starfsfólk tímabundið í skamman tíma.

2.2.1. Kynjahlutfall og aldurssamsetning

Sex af hverjum tíu starfsmönnum Stjórnarráðsins eru konur. Engu síður er kynjahlutfallið jafnara innan Stjórnarráðsins en hjá ríkinu í heild þar sem konur eru tvær af hverjum þremur starfsmönnum. Skipting starfa eftir kynjum sést nánar á mynd 2.



Mynd 2. Skipting starfa innan Stjórnarráðsins eftir kynjum í september 2010.

Sé kynjaskiptingin skoðuð eftir flokkum starfa kemur í ljós að konur eru rúmlega 80% starfsmanna í öðrum störfum en þeim er krefjast háskólamenntunar og 56% háskólamenntaðra sérfræðinga. Þrátt fyrir þetta eru þær aðeins þriðjungur skrifstofustjóra. Ekki er einhlít skýring á því hvers vegna hlutfall kvenna er einungis 33% í stöðu skrifstofustjóra. Í því sambandi er athyglisvert að sjá að flestir sem gegna stöðu skrifstofustjóra án mannaforráða eru karlar, eða fimmfalt fleiri en konurnar (sjá töflu 3). Hlutfall kvenna sem gegna stöðu skrifstofustjóra og hafa mannaforráð er hins vegar 44%. Hlutfallið er síðan jafnt meðal staðgengla ráðuneytisstjóra. Frá og með 1. janúar 2011 verður hlutfall kvenna og karla í embætti ráðuneytisstjóra einnig jafnt eða fimm karlar og fimm konur. Þess má geta að skrifstofustjórum mun fækka 1. janúar 2011 vegna sameiningar ráðuneyta en ekki liggur enn fyrir hver áhrifin verða á kynjahlutföll.

Mögulega má skýra fjölda í hópnum skrifstofustjóri 1 með því að við breytingar á skipuriti ráðuneyta hafi einstakir starfsmenn, sem voru yfirmenn með mannaforráð, haldið titlinum skrifstofustjóri en aðrir verið ráðnir í stöður yfirmanna með mannaforráðum sem þeim fylgdu. Í því sambandi má nefna að meðalaldur karlanna er nokkuð hærri en kvennanna.

Tafla 3. Skipting skrifstofustjóra eftir flokkum, kyni og meðalaldri.

Staða	Meðalaldur kvenna (fjöldi)	Meðalaldur karla (fjöldi)
Skrifstofustjóri 1 (án mannaforráða)	50,3 ár (4)	56,8 ár (19)
Skrifstofustjóri 2 (með mannaforráð)	53,3 ár (18)	49,9 ár (30)
Skrifstofustjóri 3 (staðgengill ráðuneytisstjóra)	48,5 ár (6)	59,0 ár (6)
Ráðuneytisstjóri	52,4 ár (5)	55,0 ár (7)

Rétt er að skoða háskólamenntaða hópinn sérstaklega eftir kyni og stöðu enda sjaldgæft að aðrir séu embættismenn í ráðuneyti.

Tafla 4. Háskólamenntaðir starfsmenn Stjórnarráðsins eftir kyni og störfum.

Störf	Konur	Hlutfall af háskóla-menntuðum konum	Karlar	Hlutfall af háskóla-menntuðum körlum	Samtals
Ráðuneytisstjórar	5	2%	7	3%	12
Skrifstofustjórar	28	13%	57	27%	85
Háskólamenntaðir sérfræðingar	183	85%	144	69%	327
Samtals	216	100%	208	100%	424

Tafla 4 sýnir að 30% háskólamenntaðra karla eru í einhvers konar yfirmannsstöðum en 15% háskólamenntaðra kvenna. Athygli vekur hve illa háskólamenntun skilar konum í stöður skrifstofustjóra, aðeins 13% þeirra eru skrifstofustjórar en 27% karla með sömu menntun. Þá eru 85% háskólamenntaðra kvenna í sérfræðingsstöðum en um 70% karla. Konur eru 18% sendiherra í utanríkisþjónustunni.

Fróðlegt er að skoða aldursdreifingu allra starfsmanna Stjórnarráðsins. Meðalaldurinn er 48,3 ár, konur eru að meðaltali 47,1 árs og karlar 50,1 árs. Þess má geta til samanburðar að meðalaldur starfsmanna ríkisins í heild er eilítið lægri eða 47 ár, kvenna 46,4 ár og karla 48,1 ár. Meðalaldur starfsmanna Stjórnarráðsins hefur hækkað hin síðari ár en árið 1981 var hann 41 ár.[2] Aldurskipting starfsmanna er sýnd nánar í töflu 5.

Tafla 5. Aldursskipting starfsmanna Stjórnarráðsins í september 2010.

Aldurshópar	Konur	Karlar	Allir	Hlutfall (uppsafnað)
Yngri en 30 ára	20	17	37	6% (6%)
30-39 ára	76	34	110	19% (25%)
40-49 ára	103	57	160	27% (52%)
50-59 ára	106	70	176	30% (81%)
60-64 ára	32	33	65	11% (92%)
65 ára og eldri	16	29	45	8% (100%)
Samtals	**353**	**241**	**593**	

Þrátt fyrir að kveðið sé á um starfsheiti starfsmanna Stjórnarráðsins í lögum[3] eru þau fleiri og fjölbreyttari en þar greinir. Auk þess eru þau ekki alltaf sambærileg milli ráðuneyta. Meðal háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins eru algengustu skráðu starfsheiti í launavinnslukerfinu sérfræðingur, lögfræðingur og deildarstjóri. Algengustu skráðu starfsheiti annarra starfsmanna eru fulltrúi, ritari og skjalavörður.

---

[2] Ómar H. Kristmundsson 2004, bls. 455.
[3] Sbr. 12. gr. stjórnarráðslaga, nr. 73/1969.

2.2.2. Menntun

Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna er hærra innan Stjórnarráðsins en almennt hjá ríkinu og á vinnumarkaðinum í heild, eða um 70% samkvæmt skráningu í launavinnslukerfi og stéttarfélagsaðild. Til samanburðar eru 60% allra ríkisstarfsmanna með háskólamenntun. Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hækkaði úr 51% 1993 í 70% 2002[4] en hefur haldist óbreytt síðari ár.

Í nóvember 2010 var staðreyndakönnun lögð fyrir starfsmenn Stjórnarráðsins til að fá gleggri mynd af menntun þeirra og starfsreynslu.[5] Svörun var góð eða um 70% og í ágætu samræmi við raunverulega skiptingu starfsmanna eftir kyni og ráðuneytum. Alls 76% þátttakenda hafa háskólapróf, 9,5% iðnmenntun eða annað sérnám og 14,5% hafa lokið grunn- eða framhaldsskóla.



Mynd 3. Menntun starfsmanna Stjórnarráðsins eftir kyni.

Hlutfallslega fleiri karlar úr svarendahópnum voru með háskólamenntun, eða 88% á móti 69% kvennanna. Hærra hlutfall kvenna en karla hafði grunn- eða framhaldsskólapróf sem sitt hæsta lokapróf. Af svarendum með háskólapróf er fjórðungur með lögfræðipróf og tæpur fimmtungur með viðskipta- eða hagfræðimenntun.

---

[4] Ómar H. Kristmundsson 2004, bls. 457.
[5] Könnunin var send starfsmönnum í tölvupósti.



Mynd 4. Háskólamenntaðir starfsmenn eftir skiptingu menntunar 2010.

Helsta breytingin á samsetningu háskólamenntaða hópsins á undanförnum átta árum er sú að hlutfall þeirra sem hafa aðra háskólamenntun að baki (menntavísindi, hugvísindi og önnur háskólavísindi) en lögfræði og viðskipta- og hagfræði auk annarra félagsvísinda er nú hærra en áður. Þetta er sýnt nánar í töflu 6. Athygli vekur að rúmlega 70% háskólamenntaðra starfsmanna hefur menntun í félagsvísindum (lögfræði, viðskipta- og hagfræði eða öðrum félagsvísindum).

Tafla 6. Skipting háskólamenntaðra starfsmanna eftir tegund menntunar 2002 og 2010.

Menntun	2002 (%)	2010 (%)
Lögfræði	30	26
Viðskiptafræði	21	18
Önnur félagsvísindi	27	26
Tækni- og heilbrigðisvísindi	8	9
Önnur háskólamenntun (menntavísindi, hugvísindi og aðrar vísindagreinar)	14	21
Samtals	**100**	**100**

Menntun starfsmanna er nánar sýnd í töflu 7. Þar má sjá að algengast er að háskólamenntaðir starfsmenn séu með meistaragráðu eða um 70% svarenda. Um 4% hafa lokið doktorsgráðu.

Tafla 7. Skipting starfsmanna eftir flokkum menntunar og eftir háskólagráðum.

		Hæsta stig háskólagráðu			
Fjöldi starfsmanna með háskólapróf og hæsta stig háskólagráðu	**Hlut-fall**	**Fyrsta háskólagráða (BA/BS eða hliðstætt)**	**Meistaragráða (MS/MA/MPA eða hliðstætt)**	**Doktors-gráða**	**Sam-tals**
Lögfræði (91)	26%	8%	91%	1%	100%
Hagfræði/viðskiptafræði (64)	18%	31%	66%	3%	100%
Stjórnmálafræði/stjórnsýslufræði (55)	16%	11%	87%	2%	100%
Hugvísindi (46)	13%	54%	39%	7%	100%
Önnur félagsvísindi (38)	11%	47%	50%	3%	100%
Önnur háskólavísindi (14)	4%	57%	36%	7%	100%
Menntavísindi (14)	4%	43%	43%	14%	100%
Verk- og tæknivísindi (10)	3%	20%	70%	10%	100%
Heilbrigðisvísindi (10)	3%	10%	60%	30%	100%
Náttúruvísindi (10)	3%	20%	80%	0%	100%
Samtals með háskólapróf (352)	**100%**	**27%**	**69%**	**4%**	**100%**

2.2.3. Starfsreynsla

Í fyrrgreindri könnun voru starfsmenn Stjórnarráðsins spurðir hve lengi þeir hefðu starfað í núverandi ráðuneyti. Helmingur svarenda reyndist vera með minna en fimm ára starfsreynslu en fimmtungur hópsins hefur starfað í sínu ráðuneyti í 15 ár eða lengur, sbr. töflu 8.

Tafla 8. Starfsaldur eftir menntun.

Starfsaldur í Stjórnarráðinu	**Allir**	**Grunn- eða framhaldsskóli**	**Iðnmenntun eða annað sérnám**	**Háskólapróf**
Minna en eitt ár (60)	13%	6%	14%	13%
1-4 ár (178)	37%	19%	25%	43%
5-9 ár (76)	16%	22%	23%	14%
10-14 ár (67)	14%	13%	18%	14%
15-19 ár (31)	7%	8%	11%	6%
20 ár eða lengur (64)	13%	32%	9%	10%
Samtals (476)	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**
Starfsaldur að meðaltali	**8,5 ár**	**14,3 ár**	**9,0 ár**	**7,4 ár**

Starfsaldur starfsmanna í ráðuneytum er breytilegur eftir menntun svarenda. Mikil hreyfing er á háskólamenntuðum starfsmönnum. Þeir staldra stutt við í starfi og skemur en aðrir starfsmenn Stjórnarráðsins. Samkvæmt könnuninni hafa 56% háskólamenntaðra starfað hjá Stjórnarráðinu í fjögur ár eða skemur. Tölum um veltu starfsmanna Stjórnarráðsins er ekki safnað miðlægt og samanburður eftir árum því torveldur. Nefndin lét kanna hve margir voru á launaskrá árið 2006 og bar saman við árið 2010. Þær tölur staðfestu niðurstöður spurningakönnunarinnar og það að brottfall háskólamenntaðra starfsmanna virðist viðvarandi vandamál í Stjórnarráðinu. Brottfall sérhæfðra starfsmanna er Stjórnarráðinu dýrkeypt. Full ástæða er til að kanna hverju það sætir og gera viðeigandi ráðstafanir. Nánar er rætt um mannauðsmál Stjórnarráðsins í 8. kafla.

Starfsmenn voru einnig spurðir hvort þeir hefðu unnið annars staðar en í sínu ráðuneyti eftir að þeir luku námi. Um 18% starfsmanna reyndust ekki hafa aðra starfsreynslu en í ráðuneytinu eftir lokapróf sitt. Yfirgnæfandi meirihluti hefur þó unnið annars staðar eftir nám eða 82% þeirra sem svöruðu spurningunni. Ekki reyndist verulegur munur á menntun svarenda sem hófu störf í Stjórnarráðinu strax að loknu námi og hinna.

Algengast var að starfsmenn hefðu reynslu annars staðar úr opinbera geiranum, ýmist hjá ríki eða sveitarfélögum, en einnig höfðu margir reynslu af störfum úr einkageiranum. Þá er algengt að starfsfólk Stjórnarráðsins hafi reynslu af störfum á alþjóðavettvangi.

Tafla 9. Vinnustaðir starfsmanna eftir lokapróf.

Störf annars staðar en í núverandi ráðuneyti	Fjöldi	Hlutfall af 473 svarendum[6]
Í öðrum ráðuneytum	68	14%
Í ríkisstofnun á sviði ráðuneytisins sem ég vinn í núna	68	14%
Í ríkisstofnun á sviði annars ráðuneytis	120	25%
Annars staðar í opinbera geiranum	91	19%
Í einkageiranum	202	43%
Á alþjóðavettvangi	70	15%
Á öðrum vettvangi	56	12%

2.3. Samantekt

Konur eru meirihluti starfsmanna Stjórnarráðsins eða 60% þeirra. Mikill meirihluti starfsmanna hefur háskólamenntun, eða 70%. Nokkuð skortir á að tekist hafi að jafna stöðu kynjanna hvað varðar stöðuveitingar skrifstofustjóra ráðuneyta en háskólamenntun kvenna hefur ekki skilað þeim skrifstofustjóraembættum í sama mæli og körlum. Karlkyns skrifstofustjórar án mannaforráða eru tæplega fimmfalt fleiri en konur í sömu stöðu. Meðalaldur starfsmanna Stjórnarráðsins er rúmlega 48 ár og hefur hækkað síðari ár. Hlutfallslega flestir háskólamenntaðra innan Stjórnarráðsins eru lögfræðimenntaðir. Hlutfall lögfræðinga af heildarfjölda háskólamenntaðra hefur þó lækkað síðasta áratug en menntavísindi, hugvísindi og önnur vísindi hafa sótt í sig veðrið. Svörin sýna að háskólamenntaðir starfsmenn staldra stutt við í Stjórnarráðinu en rúmlega helmingur þeirra hefur minna en fjögurra ára starfsreynslu. Rúmlega 40% starfsmanna sem unnið hafa annars staðar en á núverandi vinnustað að loknu lokaprófi voru í einkageiranum en algengast var að starfsmenn hefðu reynslu annars staðar úr opinbera geiranum.

3. Lög um Stjórnarráðið

Eitt af meginmarkmiðum nefndarinnar, samkvæmt skipunarbréfi hennar, var setja fram tillögur sem miðuðu að því að auka sveigjanleika í starfsemi Stjórnarráðsins. Sett hafa verið almenn lög um starfsemi ríkisins, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lög um fjárreiður ríkisins, auk þess sem sérlög gilda um Stjórnarráð Íslands. Þá hefur forseti, að tillögu forsætisráðherra, sett sérstaka reglugerð þar sem verkum er skipt milli ráðuneyta. Að auki voru árið 1971sett sérstök lög um utanríkisþjónustuna. Í þessum kafla er sjónum beint að lagalegri umgjörð Stjórnarráðsins og sérstaklega skoðað hvaða áhrif þessi skipan hefur

[6] Hægt var að merkja við marga svarmöguleika og því eru svörin ekki 100% samanlagt.

haft á svigrúm ríkisstjórna til þess að skipuleggja Stjórnarráðið.[7]

3.1. Lög nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands

Eins og fyrr segir voru lög um Stjórnarráð Íslands sett árið 1969 og tóku þau gildi 1. janúar 1970. Lögin, sem oftast eru nefnd stjórnarráðslögin, voru nýmæli og með þeim var m.a. ætlunin að skapa festu í starfsemi Stjórnarráðsins.

3.1.1. Bakgrunnur stjórnarráðslaganna

Við heimastjórn árið 1904 færðist embætti ráðherra Íslands til landsins frá Danmörku. Hann hafði stjórnarskrifstofu í Reykjavík með þremur skrifstofustjórum sem stýrðu hver sinni skrifstofu. Þegar ráðherrum fjölgaði í þrjá árið 1917 var farið að kalla þessar skrifstofur deildir sem skiptust í dóms- og kirkjumáladeild, atvinnu- og samgöngumáladeild og fjármáladeild. Verkefnum var skipt milli þeirra með auglýsingu sem birt var í Stjórnartíðindum og var það fyrsta auglýsingin sem birt var um verkaskiptingu ráðherra. Til að byrja með voru deildirnar, eða ráðuneytin eins og farið var að kalla þær, lagðar undir sinn ráðherrann hver. Á þessu varð sú breyting árið 1924 að farið var að skipta einstökum viðfangsefnum Stjórnarráðsins í auglýsingu milli ráðherra en ekki milli ráðuneytanna. Þessi skipan var ekki lögbundin og raunar var það svo að með stjórnarskrárbreytingunni 1920 var konungi, eða þeim ráðherra sem fór með forsæti í ríkisstjórninni, falið það stjórnskipunarlega hlutverk að ákveða tölu ráðherra og skipta með þeim störfum líkt og í dönsku stjórnarskránni. Það skyldi því vera hlutverk æðstu handhafa framkvæmdarvalds en ekki löggjafans að taka afstöðu til þessara atriða og þá einnig til þess hvernig verkefni skiptust milli ráðuneytanna.[8]

Þessi skipan hélst næstu árin en tók að riðlast þegar ráðherrum fjölgaði, fyrst í fimm í þjóðstjórninni 1939, í sex árið 1944 og síðan í sjö með viðreisnarstjórninni 1959. Verkum var skipt á milli þeirra á grundvelli 15. gr. stjórnarskrárinnar um skiptingu verkefna ráðherra án þess að tekið væri fullt tillit til þess í hvaða ráðuneyti málin komu til afgreiðslu. Með þessu skapaðist ósamræmi milli þess hvernig ráðherrar skiptu með sér störfum og þess hvernig sömu málefnum var skipað milli ráðuneyta. Þetta leiddi aftur til þess að ráðuneytin gátu haft fleiri en einn ráðherra yfir sér, jafnvel fleiri en tvo. Á þessum árum fjölgaði ráðuneytum einnig. Sjálfsagt má rekja það til ákveðinnar útvíkkunar á hlutverki ríkisvaldsins á þessum árum en sams konar þróun varð í grannlöndunum. Yfirleitt var þó staðið óformlega að stofnun ráðuneytanna. Ráðherra réð t.d. til starfa nýjan skrifstofustjóra til að annast tiltekin málefnasvið og engin tilkynning var birt opinberlega um ráðstöfunina. Þannig var til að mynda staðið að stofnun forsætis- og menntamálaráðuneytisins árið 1947.[9]

Þegar leið á sjötta áratuginn tóku stjórnmálamenn í auknum mæli að gagnrýna þetta skipulag eða skipulagsleysi Stjórnarráðsins. Þar fóru fremstir í flokki þingmennirnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson. Þeir voru að sammála um að Stjórnarráðið einkenndist af glundroða og töldu að ráðuneytum hefði verið fjölgað óskipulega og oft af veigalitlum ástæðum. Þeim þótti jafnvel óljóst hvaða ráðuneyti væru starfandi og að nauðsynlegt væri að koma

---

[7] Kaflinn er að hluta byggður á erindi Ásmundar Helgasonar héraðsdómara, *Böndum komið á óreiðuna,* 19. október 2010 á málþingi nefndarinnar um stjórnarráðslögin, *Traustið endurheimt* og erindi Kristjáns Andra Stefánssonar, *Stjórnsýslan – stjórnarráðið, verkaskipting ráðuneyta og hlutverk forsætisráðuneytis,* á námskeiði um utanríkisþjónustuna 20. september 1999. Sjá einnig Ásmund Helgason 2004.
[8] Ásmundur Helgason 2004, bls. 87–88.
[9] Ásmundur Helgason 2004, bls. 87–88.

böndum á skipulag æðstu stjórnsýslunnar með löggjöf. Hluti þessarar gagnrýni beindist að því að fleiri en einn ráðherra gæti farið með yfirstjórn ráðuneytis en þó einkum að því hvernig staðið hefði verið að fjölgun ráðuneyta. Þessi gagnrýni fékk hljómgrunn á Alþingi og þingsályktunartillaga um endurskoðun löggjafar um Stjórnarráðið var samþykkt árið 1958. Enn liðu þó tólf ár þar til slík löggjöf tók gildi.[10]

3.1.2. Efni stjórnarráðslaganna

Með setningu laga um Stjórnarráðið Íslands 1969 virðist ætlunin einkum hafa verið sú að bæta úr þeim glundroða sem stjórnmálamenn töldu að einkenndi skipulag Stjórnarráðsins á fimmta og sjötta áratug 20. aldar. Ásmundur Helgason hefur gert grein fyrir því að með lögunum hafi orðið tvær grundvallarbreytingar á lagalegri umgjörð á starfsemi Stjórnarráðsins:[11]

1. Ákvörðunarvald um meginatriðin í skipulagi Stjórnarráðsins var fært frá forsætisráðherra og ríkisstjórn til Alþingis. Þannig er í 4. gr. laganna tæmandi talning á því hvaða ráðuneyti eigi að starfa í Stjórnarráðinu og raunar kveðið á um að ekki sé heimilt að stofna ný ráðuneyti eða leggja ráðuneyti niður nema með lögum. Ásmundur bendir á að lagasetningin hafi endurspeglað að þessu leyti vantrú stjórnmálamanna á getu Stjórnarráðsins til að ráða af sjálfsdáðum fram úr skipulagi sínu. Þá réði einnig að nokkru leyti sú hugmynd að ákvörðun um stofnun nýrra ráðuneytisskrifstofa ætti að taka á vettvangi þingsins þar sem opin umræða gæti farið fram um slík áform. Þá var einnig vísað til fjárstjórnarvalds þingsins og þessi skipan mála talin eðlileg til að koma mætti í veg fyrir óheftan fjölda ráðuneyta.
2. Hin grundvallarbreytingin fólst í því að lögbinda í 5. gr. að hvert ráðuneyti skyldi lagt óskipt til eins og sama ráðherra. Framvegis yrði því einstökum viðfangsefnum ríkisvaldsins ekki skipt milli ráðherra heldur aðeins einstakra ráðuneyta með öllum þeim málefnum sem undir þau heyrðu. Þannig yrði ekki við þeim hreyft nema með sérstakri breytingu á reglugerð um Stjórnarráðið, þar sem einstökum stjórnarmálefnum var fyrir komið í ráðuneytum, sem forseti setti samkvæmt tillögum forsætisráðherra. Forsætisráðherra hafði þó ekki takmarkalaust svigrúm við tillögugerð sína heldur bar honum skv. 8. gr. laganna að gæta þess að leggja til ráðuneytis þau málefni sem ættu þar heima samkvæmt eðli sínu. Þannig var við það miðað að upptalning laganna á ráðuneytaheitum væri bindandi fyrir forsætisráðherrann og ríkisstjórnina þegar verkefnum væri skipt milli ráðuneytanna.

Ásmundur nefnir að þessi tvö atriði hafi verið langmikilvægustu breytingarnar sem stjórnarráðslögin fólu í sér. Vissulega voru þó ýmis önnur nýmæli í lögunum.

1. Í 15. gr. laganna var ráðherra veitt sérstök heimild til að ráða sér pólitískan aðstoðarmann. Að mati þingmanna og ráðherra var þetta talin mikilvæg breyting sem gæti styrkt stöðu ráðherrans gagnvart embættismönnum ráðuneytisins. Ekki var þó mælt skýrt fyrir um það í lögunum hver staða þessara aðstoðarmanna ráðherra ætti að vera gagnvart starfsliði viðkomandi ráðuneyta.
2. Þá var í 2. gr. laganna sett ákvæði um svonefnda ráðherrafundi, sem í daglegu tali eru nefndir ríkisstjórnarfundir, sem byggist í meginatriðum á 17. gr. stjórnarskrárinnar. Þar kemur fram að málefni sem ætti að bera upp fyrir forseta til staðfestingar skyldu fyrst tekin til meðferðar á ráðherrafundi auk þess er í 3. gr. mælt fyrir um að starfsmaður for-

---

[10] Ásmundur Helgason 2004, bls. 87–88.
[11] Ásmundur Helgason 2010.

sætisráðuneytisins riti fundargerðir. Með þessu átti að tryggja að aðrir ráðherrar en sá sem málefnið heyrði undir gætu fylgst með fyrirhuguðum stjórnarráðstöfunum og jafnvel bókað mótmæli sín á ríkisstjórnarfundi svo ekki þyrfti að koma til þess á ríkisráðsfundi.

3. Í lögunum var einnig að finna fyrirmæli um innra skipulag ráðuneyta. Í 10. gr. er kveðið á um að ráðuneytisstjórar stýri ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra og í 7. gr. að ráðherra kveði á um skiptingu ráðuneytis í starfsdeildir eftir verkefnum. Þá segir í 11. gr. að unnt sé að skipta ráðuneyti í starfsdeildir sem deildarstjórar stýri. Í raun byggðist þessi skipan á því innra skipulagi ráðuneyta sem var almennt við lýði fyrir 40 árum. Árið 1997 var síðan einnig mælt fyrir um að skipta mætti ráðuneytum í skrifstofur sem skrifstofustjórar stýrðu.

Ásmundur telur að Stjórnarráðslögin hafa þjónað þeim tilgangi sem að var stefnt. Varanleg festa komst á skipulag Stjórnarráðsins og skipting verkefna milli ráðuneyta, og þar með ráðherra, varð skýrari. Sú festa sem komst á þessi mál endurspeglast vel í því að ekki voru gerðar neinar breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins fyrstu tvo áratugina eftir samþykkt laganna að öðru leyti en því að 1986 var Ríkisendurskoðun, sem verið hafði sérstök stjórnardeild undir fjármálaráðherra, færð undir Alþingi og umhverfisráðuneytinu var bætt við upptalningu ráðuneytanna í 4. gr. árið 1990. Fyrirmæli laganna um fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem starfaði undir fjármálaráðherra, voru felld brott ári síðar.

Árið 2007 varð umtalsverð breyting á skipan Stjórnarráðsins þegar sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti voru sameinuð, Hagstofa Íslands, sem verið hafði ráðuneyti, varð að sjálfstæðri stofnun og viðamiklir málaflokkar voru færðir milli þriggja annarra ráðuneyta og heitum þeirra breytt.[12] Enn frekari breytingar hafa verið samþykktar síðan þá og þær síðustu, sem fólu jafnframt í sér mestar breytingar á lögunum, voru samþykktar á Alþingi í september 2010 og taka gildi í ársbyrjun 2011. Samkvæmt þeim verða dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti sameinuð í innanríkisráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneytið í velferðarráðuneyti.

Eins og sést á þessari upptalningu eru viðamestu breytingarnar sem gerðar hafa verið á ákvæðum 4. gr. stjórnarráðslaganna, þar sem nöfn ráðuneytanna eru talin upp, en ekki er mikið um efnislegar breytingar á megininntaki laganna. Þó má geta þess að árið 2007 var sett inn í 2. mgr. heimild til að sameina ráðuneyti með úrskurði forseta (og valdið þá í raun veitt forsætisráðherra). Þessi heimild hefur enn ekki verið nýtt. Ástæða þess er væntanlega sú að heimildin í 2. mgr. 4. gr. segir ekkert til um hvernig hátta eigi undirbúningi að sameiningu né hvernig eigi að fara með heiti ráðuneyta eftir sameiningu. Eftir sem áður er ljóst að forsætisráðherra gæti ákveðið að fara þessa leið, þ.e. að gera tillögu til forseta Íslands um útgáfu forsetaúrskurðar um sameiningu ráðuneyta á tilteknu tímamarki og önnur atriði sem taka þyrfti á í því sambandi.

Þá var ákvæði bætt við lögin vorið 2010 þess efnis að forsætisráðherra skuli staðfesta siðareglur fyrir ráðherra, aðstoðarmenn og starfsmenn Stjórnarráðs Íslands. Um leið var ákvæði bætt við starfsmanna lög um að fjármálaráðherra staðfesti siðareglur fyrir ríkisstarfsmenn almennt. Eins og ráð er fyrir gert í lögunum hefur sérstök samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið í stjórnsýslunni nú verið sett á fót, sem veitir ráðgjöf og fræðslu um siðareglur og leggur til frekari ráðstafanir til að draga úr hættu á spillingu hjá ríkinu.

---

[12] Sem dæmi var heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu skipt upp og tryggingahlutinn að mestu leyti fluttur undir félagsmálaráðuneytið.

3.1.3. Lög um stjórnarráð annarra landa

Annars staðar á Norðurlöndum er almennt ekki farin sú leið að binda skipulag ráðuneyta og verkaskiptingu milli ráðherra í lög. Þetta á við um Noreg, Danmörku og Svíþjóð. Skipulagsvaldið er þannig í höndum ríkisstjórnar eða forsætisráðherra í þessum löndum og algengt að gerðar séu breytingar á ráðuneytum við ríkisstjórnarskipti og verkefni færð á milli ráðuneyta. Sömu sögu má segja um Bretland og Írland, Þýskaland og Frakkland og fleiri lönd sunnar í Evrópu.

Í Finnlandi er þessu hagað á annan veg. Þar er raunar kveðið á um það í 68. gr. stjórnarskrárinnar að setja skuli ákvæði í lög um fjölda ráðuneyta og almennar reglur um stofnun þeirra. Á þessum grundvelli hafa verið sett lög, Lag om statsrådet frá 2003, þar sem ráðuneytin eru talin upp með sama hætti og hér á landi. Finnsku lögin taka þó á fleiri atriðum og víkja m.a. að því hvernig mál eru afgreidd innan finnska Stjórnarráðsins. Það er síðan bundið í stjórnarskrána finnsku að nánari verkaskipting milli ráðuneytanna skuli ákveðin með lögum eða með ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Í reynd breytast heiti ráðuneyta oft. Frumvörp um breytingar á lögum um finnska Stjórnarráðið eru gjarnan fyrstu málin sem ný ríkisstjórn leggur fyrir þingið og setur með nýju skipulagi ráðuneytanna þannig fram stefnu sína. Sá munur er á skipan þessara mála í Finnlandi og hér á landi að þar er gott samræmi milli stjórnarskrárinnar, afleiddrar löggjafar og framkvæmdar eins og nánar verður vikið að síðar í þessum kafla.

3.1.4. Tilraunir til breytinga á stjórnarráðslögunum

Á níunda áratug síðustu aldar voru tvívegis lögð fram frumvörp um heildarendurskoðun stjórnarráðslaganna.[13] Í hvorugu tilvikinu var þó ætlunin að gera grundvallarbreytingar á reglum um skipulag Stjórnarráðsins. Áfram var gert ráð fyrir að óheimilt væri að stofnsetja ráðuneyti eða leggja þau niður nema með lögum og að skylt væri að leggja þau óskipt til ráðherra við skiptingu verkefna milli þeirra. Tillögurnar virtust í raun að öllu leyti byggjast á sömu meginforsendum og gildandi lög sem getið var um að framan.[14]

Bæði frumvörpin sem hér um ræðir miðuðu að fækkun ráðuneyta með sameiningu þeirra. Fyrra frumvarpið sem lagt var fram á Alþingi árið 1986 var afrakstur vinnu nefndar, sem skipuð var í kjölfar stjórnarmyndunar árið 1983, og nefnd var stjórnkerfisnefnd. Upphaflegar tillögur hennar miðuðu að því að ráðuneytunum yrði fækkað úr þrettán í átta, starfsdeildum innan ráðuneyta fækkað og skipulag þeirra einfaldað. Enn fremur var stefnt að því að efla pólitíska yfirstjórn í ráðuneytunum með því að sameina stöður ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanna ráðherra í embætti ráðherraritara sem yrði æðstur embættismanna ráðuneytanna fyrir utan ráðherra. Var um að ræða pólitíska stöðu. Auk þess var stefnt að afnámi æviráðningar starfsmanna ráðuneytanna og skyldi miðað við að þeir yrðu ráðnir til starfa í allt að sex ár í senn og mættu ekki starfa þar lengur en í 12 ár. Þegar frumvarpið var lagt fram á Alþingi var dregið í land með fækkun ráðuneyta og lagt til að hætt yrði að telja Hagstofuna til ráðuneyta. Í frumvarpinu var þó áfram stefnt að því að koma á fót embættum ráðherraritara og að tímabundnum ráðningartíma starfsmanna. Frumvarpið var ekki útrætt á þinginu 1986 og var ekki lagt fram aftur.[15]

---

[13] Ásmundur Helgason 2004, bls. 141.
[14] Ásmundur Helgason 2010.
[15] Ásmundur Helgason 2004 og Ásmundur Helgason 2010.

Síðara frumvarpið að heildarendurskoðun stjórnarráðslaganna var einnig afrakstur nefndarstarfs í kjölfar stjórnarmyndunar og tók nefndin til starfa árið 1988. Sú nefnd kallaðist stjórnsýslunefnd og skilaði frumvarpsdrögum í ágúst 1989. Markmið þeirra tillagana voru að mestu leyti þau sömu og tillagna stjórnkerfisnefndar, þ.e. að fækka ráðuneytum, styrkja pólitíska forystu og auka sveigjanleika í starfsmannahaldi. Upphaflegar tillögur gerðu ráð fyrir að ráðuneytin yrðu tíu í stað þrettán en sameining sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyta mætti hins vegar andstöðu. Þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi var því aðeins gert ráð fyrir fækkun ráðuneyta í ellefu. Miðað var við að ráðherra fengi heimild til að ráða sér aðstoðarmann í hvert ráðuneyti sem hann fór með og fela honum að rita undir stjórnvaldserindi sem snertu þau verkefni. Eins og í fyrra frumvarpinu var afnám æviráðningar starfsmanna ráðuneytanna á dagskrá. Skyldi ráðuneytisstjórinn ráðinn tímabundið til sex ára í senn en við aðra starfsmenn gerður ótímabundinn ráðningarsamningur með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Auk þessara atriða voru þar nýmæli eins og ákvæði sem lýsti almennu hlutverki ráðuneyta og heimild til að skipa ráðherra án ráðuneytis. Frumvarp sem byggðist á vinnu þessarar nefndar var ekki lagt fram á Alþingi fyrr en undir þinglok árið 1990 en ekki var mælt fyrir því. Í það minnsta tvær aðrar atrennur hafa verið gerðar að því breyta lögunum umtalsvert. Árið 1991 útbjó milliþinganefnd, undir formennsku Páls Péturssonar, frumvarp sem þó var aldrei lagt fram og sömu sögu er að segja um frumvarp sem nefnd undir formennsku Þorvaldar Garðars Kristjánssonar undirbjó veturinn 1995–1996.

Áhugi á breytingum á skipulagi Stjórnarráðsins virðist hafa dvínað nokkuð á tíunda áratug 20. aldar. Þess í stað beindust sjónir manna að stjórnsýslunni almennt[16] fremur en að Stjórnarráðinu sérstaklega.

Tilraunir þær til breytinga sem raktar hafa verið sýna ágætlega áhrif þess að hafa skipulag Stjórnarráðsins bundið í lög í eins ríkum mæli og nú er. Jafnvel þótt pólitískur vilji ríkisstjórna stæði til að breyta skipulagi Stjórnarráðsins, m.a. með fækkun ráðuneyta, tókst það ekki. Sú festa sem leiddi af lögbundnu skipulagi dró þannig úr möguleikum ríkisstjórna til að laga skipulagið að breyttum áherslum.

3.2. Reglugerð nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands

Fram til ársins 1970, þ.e. fyrir setningu stjórnarráðslaga, var það alfarið í höndum framkvæmdarvaldsins að skipta með sér verkum. Eins og rakið hefur verið er sams konar skipan annars staðar á Norðurlöndum, utan Finnlands. Í Danmörku, þar sem ríkisstjórnin býr yfir sambærilegum valdheimildum og hin íslenska, er það viðtekin stjórnarframkvæmd, varin af stjórnarskrá, að ríkisstjórnin skipti sjálf með sér verkum með atbeina konungs án aðkomu löggjafans.[17] Setning stjórnarráðslaganna hefur þótt athyglisverð fyrir margar sakir og þá meðal annars vegna þess hversu nærri hún gengur þeim valdheimildum sem taldar hafa verið ríkisstjórnarinnar á grundvelli 15. gr. stjórnarskrár eins og nánar verður rakið.

Eins og greint hefur verið frá var með setningu stjórnarráðslaga kveðið á um að stjórnarmálefni heyri undir ráðherra eftir ákvæðum reglugerðar sem forseti Íslands setur samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Þess sé enda jafnan gætt að undir ráðuneyti heyri málefni sem eðli sínu samkvæmt eigi þar heima miðað við upptalningu laganna á heitum ráðuneyta í 4. gr. þeirra. Í reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sem fyrst var sett 31. desember 1969 eru taldir upp

---

[16] Sett voru lög um störf og starfshætti stjórnvalda, þ.e. stjórnsýslulög, nr. 37/1993, og upplýsingalög, nr. 50/1996.

[17] Henrik Zahle 2004, bls. 111.

helstu málflokkar og verkefni sem falla undir verksvið hvers ráðuneytis. Sú upptalning er þó langt frá því að vera tæmandi. Reglugerðin hefur stoð í 8. gr. stjórnarráðslaganna og þar er kveðið á um að forseti setji hana að tillögu forsætisráðherra.

Fyrstu áratugina eftir að reglugerðin var sett voru gerðar litlar breytingar á henni og svo virðist sem þessu úrræði, þ.e. að færa viðfangsefni milli ráðuneyta með reglugerðarbreytingu, hafi lítið verið beitt. Meginreglan um flutning stjórnarmálefna milli ráðuneyta hefur jafnan verð sú að slíkt hefur verið gert með lagabreytingu, þar sem mælt er fyrir um það í sérlögum hvaða ráðherra fer með viðkomandi málaflokk. Hefur þá jafnvel verið undir hælinn lagt hvort stjórnarráðsreglugerðinni sé breytt til samræmis.[18]

Vera kann að svigrúm ríkisstjórnarinnar til að skipta með sér verkum sé óþarflega niðurnjörvað með því að forsætisráðherra þarf annars vegar að fylgja lögbundnum heitum ráðuneyta í 4. gr. stjórnarráðslaga við verkaskiptinu ráðherra og hins vegar að skipa málum í ráðuneyti eftir því hvar þau eiga „eðli sínu samkvæmt heima“, sbr. 1. mgr. 8. gr. Sú spurning vaknar hvort stjórnarmálefni sem lög fela tilteknum ráðherra eða ráðuneyti að fara með verði flutt í annað ráðuneyti án atbeina löggjafans. Því verður trauðla svarað en vísbendingar má finna í dómi Hæstaréttar Íslands frá 1954 (bls. 439) þar sem reyndi á flutning ákæruvalds að hluta til frá dómsmálaráðherra til utanríkisráðherra með forsetaúrskurði (stjórnvaldsfyrirmælum). Niðurstaða héraðsdóms var sú að löglegt væri með vísan til 15. gr. stjórnarskrár að skipta ákæruvaldinu á milli ráðherra með þessum hætti. Hæstiréttur taldi aftur á móti að „[m]eð forsetaúrskurði [yrði] ekki gerð breyting á gildandi lögum um það, að einn og hinn sami dómsmálaráðherra fari með ákæruvaldið á hverjum tíma“.

Dómurinn frá 1954 er merkilegur, m.a. fyrir þær sakir að hann er fyrsta dæmið um að farið var að þrengja að valdheimildum framkvæmdarvaldsins til þess að annast verkaskiptingu milli ráðuneyta, án tillits til vilja löggjafans. Nefna má tvo skýringarkosti varðandi niðurstöðu dómsins. Annars vegar að ríkisstjórn geti ekki á grundvelli stjórnvaldsfyrirmæla breytt verkaskiptingu sem kveðið er á um í lögum og hins vegar að eðlisskyldum málaflokkum verði ekki skipt upp á milli ráðuneyta án atbeina löggjafans. Með vísan til 15. gr. stjórnarskrár verður að hallast að síðari kostinum. Fræðimenn í stjórnskipunarrétti hafa þó talið að þrátt fyrir að lög mæli fyrir um að tiltekið málefni heyri undir ákveðinn ráðherra séu þau lagaákvæði því ekki til fyrirstöðu að forsetaúrskurður leggi þau undir annan ráðherra.[19]

Sú hefð að færa málaflokka til með lagasetningu í stað breytingar á reglugerð er líklega til komin vegna takmarkana stjórnarráðslaga á skipulagsvaldi forsætisráðherra. Í 8. gr. er tekið fram að verkefnum sé skipað í ráðuneyti þar sem þau eiga heima samkvæmt eðli sínu. Því kann að vera að öruggara hafi þótt að gera breytingar á verkaskiptingunni með lögum. Þrátt fyrir þetta hefur eftir setningu stjórnarráðsreglugerðarinnar tíðkast að taka fram í lögum um viðkomandi málefnasvið hvaða ráðherra eða ráðuneyti fari með yfirstjórn þeirra. Það er þó ekki einhlítt, dæmi eru um lagabálka þar sem hugtakið ráðherra eða ráðuneyti er notað án tilgreiningar. Það getur samt þótt einkennilegt að breyta lögbundinni skipan mála með því einu að breyta reglugerð og því ekki óeðlilegt að líta svo á að verkefni verði ekki færð til nema með lagabreytingu þar sem nafni ráðherra er breytt. Í ljósi þeirrar hefðar sem þróast hefur er þó athyglisvert að við gildistöku stjórnarráðsreglugerðarinnar voru verkefni flutt frá

---

[18] Ásmundur Helgason 2010.

[19] Sjá Gunnar G. Schram 1997, bls. 153, Kristján Andra Stefánsson 1999 og Ólaf Jóhannesson 1978, bls. 147.

einu ráðuneyti til annars þvert gegn því sem sagði í lögum um þessi verkefni.[20] Við gildistöku stjórnarráðslaganna virðist atbeini löggjafans þannig hafa verið talinn óþarfur við tilflutning verkefna milli ráðuneyta.[21]

Flutningur verkefna og málefna milli ráðuneyta með reglugerðarbreytingu, í stað lagabreytingar, eykur til muna sveigjanleika í verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Eins og rakið hefur verið er í 15. gr. stjórnarskrárinnar mælt fyrir um að forseti skuli ákveða tölu ráðherra og skipta með þeim verkum, ekki löggjafinn. Þá er forseta og öðrum stjórnvöldum tryggt sjálfstæði frá löggjafanum í 2. gr. stjórnarskrár sem kveður á um þrígreiningu ríkisvalds. Af stjórnarráðslögunum leiðir hins vegar að viðfangsefni ráðuneytanna ráða því alfarið hver verkaskipting ráðherranna er hverju sinni, enda ber að leggja hvert ráðuneyti óskipt til ráðherra þegar störfum er skipt með þeim, eins og segir í 5. gr. laganna. Með þessu ákvæði er augljóslega verið að skírskota til þess verkskipulagsvalds sem felst í áðurnefndri 15. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verður ekki fram hjá því litið að með lögunum í heild var löggjafinn að taka a.m.k. hluta af valdi forsetans skv. 15. gr. stjórnarskrárinnar og þá jafnframt forsætisráðherra eða ríkisstjórnarinnar. Í því ljósi var eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt að innbyrðis skipting verkefna milli ráðuneyta, og þar með ráðherra, væri ákveðin með reglugerð sem forseti setur að fenginni tillögu forsætisráðherra, líkt og 1. mgr. 8. gr. stjórnarráðslaganna kveður á um. Hér verður þó að hafa í huga að hvað sem líður túlkun á 15. gr. stjórnarskrárinnar fer Alþingi með fjárstjórnarvaldið á grundvelli 41. gr. stjórnarskrárinnar og tekur við afgreiðslu fjárlaga afstöðu til þess til hvaða verkefna, þ.m.t. ráðuneyta, fé verði veitt á fjárlögum.

Með vísan til framangreinds má draga þá ályktun og færa rök fyrir henni að stjórnarráðsreglugerðin eigi sér ekki aðeins stoð í 1. mgr. 8. gr. stjórnarráðslaga heldur í reynd einnig í 15. gr. stjórnarskrárinnar, þótt ákvæði reglugerðarinnar kveði ekki á um það.[22] Efnislega er sú ályktun í góðu samræmi við þrískiptingu ríkisvaldsins en með skiptingu verkefna milli ráðuneytanna er í raun aðeins verið að ákveða hvernig æðstu handhafar framkvæmdarvalds skipuleggja störf sín en ekki taka ákvörðun um að sinna nýjum málefnum eða úthlutun nýrrar fjárheimildar. Ekki verður séð að þörf sé á atbeina löggjafans við það.

Framangreint þarf þó hins vegar ekki að fela í sér að löggjafanum sé algerlega óheimilt að mæla fyrir um verkefni ráðherra og ráðuneyta. Í framkvæmd virðist í raun hafa verið litið svo á að hægt sé að breyta verkaskiptingu ráðuneyta og þar með ráðherra með tveimur aðferðum. Annars vegar með lögum samþykktum á Alþingi og hins vegar með því að forseti breyti stjórnarráðsreglugerðinni að tillögu forsætisráðherra.[23] Með vísan til almennra sjónarmiða um rétthæð réttarheimilda verður þó að draga þá ályktun að úrskurðir sem forseti Íslands gefur út með stoð í stjórnarskrá séu rétthærri en lög sem sett eru án slíkrar sérstakrar stjórnarskrárstöðu, þrátt fyrir að um sé að ræða yngri lög.[24]

---

[20] Í áfengislögum frá 1969 stóð t.d. að áfengismál heyrðu undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið en málaflokkurinn var fluttur til heilbrigðis- og tryggingarmálráðuneytisins við gildistöku stjórnarráðsreglugerðarinnar í ársbyrjun 1970 án þess að lögunum væri breytt. Sama var gert í tilviki Happdrættis Háskóla Íslands sem fært var í reglugerðinni árið 1970 frá fjármálaráðuneytinu til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þótt lagabreyting í þá veru væri ekki gerð fyrr en 1973.

[21] Ásmundur Helgason 2004, bls. 137.

[22] Ásmundur Helgason 2004, bls. 136.

[23] Ásmundur Helgason 2004, bls. 136.

[24] Reglan „lex specialis derogat legi generali“ gengur framar reglunni „lex posterior derogat legi priori“.

3.3. Er þörf fyrir sérstök lög um Stjórnarráðið?

Ekki er til nein heildarlöggjöf um stjórnsýslukerfið þar sem form og gerðir stofnana eða stjórnvalda eru skilgreindar. Þó hefur slíkt verið lagt til.[25] Þetta hefur leitt til þess að sérlög á ýmsum sviðum samrýmast stundum ekki almennri stefnumörkun um stjórnun ríkiskerfisins sem birtist í heildarlöggjöf á borð við lög um fjárreiður ríkisins, í starfsmannalögum og stjórnsýslulögum. Þá hefur uppbygging stjórnsýslukerfisins ekki alltaf mótast á markvissan hátt og stjórnsýslustaða stofnana er stundum óljós. Í skýrslu nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu er nefnt að æskilegt væri að mótuð yrði framtíðarstefna um þróun stjórnsýslunnar.[26] Umboðsmaður Alþingis hefur einnig í ársskýrslum sínum til Alþingis bent á nauðsyn þess að skýrari afstaða sé tekin til þess í lögum hvar mörkin milli opinbers réttar og einkaréttar liggi. Þetta á meðal annars við um stöðu þeirra starfseininga sem stofnað er til eða falin eru verkefni á vegum ríkisins.[27]

Þegar horft er til þess hvort útvíkka eigi Stjórnarráðslögin og láta þau ná til alls stjórnsýslukerfisins þarf að athuga að margbreytileg verkefni ríkisvaldsins kalla oft á mismunandi nálgun og skipulag. Mikilvægur hluti reglna um skipulag opinberrar starfsemi á einstökum sviðum hlýtur því að mótast í sérlögum. Hins vegar er einnig nauðsynlegt að halda til haga þeim meginsjónarmiðum sem gilda um tengsl ráðuneyta og stofnana þeirra þannig að kerfisbundin hugsun um mismunandi skipulagstengsl þar á milli fari ekki forgörðum.

Nefndin leggur til að í lögum um Stjórnarráð Íslands verði gerð almenn grein fyrir því hvernig sambandi ráðuneyta og stofnana geti verið háttað, þar á meðal hvers konar stjórnunarskyldur, eftirlitsskyldur og ábyrgðartengsl felist í sambandinu.[28] Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að styrkja samræmda yfirferð lagafrumvarpa þar sem þess er m.a. gætt að fyrirmæli um skipulag og uppbyggingu stjórnsýslunnar hvað þessi atriði varðar séu skýr.

Nefndin leggur áherslu á að lög um Stjórnarráðið eru lög um ákveðna tegund stjórnvalda, ráðuneyti, sem eins og fram kemur í skýrslunni eru á margan hátt frábrugðin öðrum stjórnvöldum. Ekki er fráleitt að löggjafinn setji slíkum stjórnvöldum sérstakan ramma sem að einhverju leyti er frábrugðinn þeirri umgjörð sem önnur stjórnvöld búa við. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að lögin voru upphaflega sett til þess að taka á þeirri óreiðu sem virtist ríkja um skipulag Stjórnarráðins og skapa festu í verkaskiptingu ráðuneytisskrifstofa.

Þrátt fyrir að hægt sé að halda því fram að markmiðinu um að skapa festu í skipulagi Stjórnarráðsins hafi verið náð er ekki þar með sagt að ekki sé þörf á að endurskoða lögin sem staðið hafa að mestu óbreytt undanfarin 40 ár. Þannig verður ekki framhjá því litið að með lögbundnu skipulagi Stjórnarráðsins hefur verkskipulagsvald yfir Stjórnarráðinu færst fjær vettvangi. Erfitt er fyrir ríkisstjórn að bregðast við breyttum áherslum í stjórnmálum með skipulagsbreytingum innan Stjórnarráðsins. Ef vilji er t.d. til þess innan ríkisstjórnar að taka ákveðin verkefni föstum tökum verður það ekki gert með því að setja sérstakan ráðherra yfir málaflokkinn með ákveðnu ráðuneyti nema með því að leggja upp í nokkuð tímafreka vegferð og fá samþykktar breytingar á stjórnarráðslögunum á Alþingi. Festan í skipulagi hefur verið á kostnað sveigjanleikans. Í þessu sambandi má benda á að ríkisstjórnin var gagnrýnd fyrir skort á skipulagi og verkstjórn strax eftir bankahrunið haustið 2008.

---

[25] Fjármálaráðuneytið 2000, bls. 103.
[26] Forsætisráðuneytið 1999, bls. 103.
[27] Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2009, bls. 17, og umfjöllun í 6. kafla.
[28] Sjá 4. og 6. kafla.

Nefndin telur að þörf sé fyrir sérstök lög um Stjórnarráð Íslands, m.a. vegna sérstöðu ráðuneyta í samanburði við stofnanir, og laga þurfi þau breyttum aðstæðum, nú 40 árum eftir setningu þeirra.

3.4. Aukinn sveigjanleiki

Þótt nefndin telji að ekki skuli fella stjórnarráðslögin úr gildi telur hún að gera þurfi á þeim grundvallarbreytingar í því skyni að auka sveigjanleika framkvæmdarvaldsins til þess að skipuleggja starfsemi sína og sinna þannig með sem skilvirkustum hætti framkvæmd stefnumarkandi löggjafar frá Alþingi í hverjum málaflokki.

Stjórnarráðslögin eins og þau eru nú setja valdheimildum forseta, þ.e. forsætisráðherra, samkvæmt stjórnarskránni töluverðar skorður varðandi fjölda ráðherra og tilhögun á skiptingu starfa milli þeirra. Þá verður ekki betur séð en að með lögunum hafi löggjafinn í raun tekið sér ákveðið vald sem stjórnarskráin felur forseta og áður er rakið. Slíkt misræmi er ekki æskilegt.[29] Sú hefð að í lögum um stofnanir og verkefni skipi löggjafinn verkefnum til sérstaks ráðherra, þannig að heiti ráðuneyta og ráðherra koma fram í lögunum, hefur þau áhrif að minnstu tilfærslur á verkefnum eða nafnabreytingar á ráðuneytum kalla á víðtækar lagabreytingar. Þær eru oft í formi bandormsfrumvarpa um breytingu á ráðherraheitum í ýmsum lögum sem hafa litla sem enga efnislega þýðingu og eyða dýrmætum tíma Alþingis og Stjórnarráðsins.[30] Hættan á óreiðu í skipulagi Stjórnarráðsins er ekki sú sama og var um miðja síðustu öld. Auðvelt er að tryggja skýrleika og festu í starfsemi ráðuneyta á annan hátt en með því að mæla fyrir um heiti þeirra í lögum og finna leiðir sem gefa meiri möguleika á að laga skipulagið að mismunandi þörfum á hverjum tíma án þess að allt fari úr böndunum.

Nefndin telur að á Íslandi eins og annars staðar á Norðurlöndum utan Finnlands eigi vald forsætisráðherra og ríkisstjórnar til að skipta með sér verkum að vera hjá þeim sjálfum en ekki löggjafanum og telur það samrýmast best ákvæðum stjórnarskrár um verkaskiptingarvaldið.[31] Þannig er auðvelt fyrir nýjar ríkisstjórnir að skipuleggja ráðuneytin eftir þeim áherslum sem uppi eru hverju sinni og með þeim fjölda ráðherra sem talinn er nægja. Nefndin telur að fella skuli á brott upptalningu ráðuneyta í lögum og að eins verði hætt að geta um tiltekið heiti ráðherra í lögum þegar „ráðherra“ (ótilgreint) nægir. Í tilvikum þar sem tveir eða fleiri ráðherrar koma við sögu mætti annaðhvort nefna ráðherra með vísan til málaflokks eða láta þeim ráðherra, sem fer með framkvæmd laganna, eftir svigrúm til að ákveða, eftir atvikum að fengnu samþykki forsætisráðherra, hvaða aðrir ráðherrar hafa þar hlutverki að gegna án þess að kveða á um það í lögum. Að mati nefndarinnar væri síðari kosturinn ákjósanlegri.

Skýr heimild þyrfti að vera í lögum um Stjórnarráðið til að koma á fót sérstakri verkefnastjórn (ígildi ráðuneytis) með *ad hoc* ráðuneytisstjóra sem aðgang hefði að sérfræðingum innan hefðbundinna ráðuneyta til að samræma verkefni á milli ráðuneyta þegar mjög sérstakar aðstæður koma upp í samfélaginu, t.d. verulegar náttúruhamfarir eða þjóðhagsleg

---

[29] Sjá t.d. umfjöllun um Finnland hér að framan þar sem samræmi er milli þessara þátta.

[30] Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar ráðuneyta var lagt fram 30. nóvember sl. (þskj. 356, 302. mál, 139. löggjafarþing 2010–2011). Í því eru lagðar til breytingar á heitum ráðherra og ráðuneyta í u.þ.b. 250 lagabálkum.

[31] Í þessu sambandi er einnig vísað til orðalags 14. gr. dönsku stjórnarskrárinnar: „Kongen udnævner og afskediger statsministeren og de øvrige ministre. Han bestemmer deres antal og forretningernes fordeling imellem dem. Kongens underskrift under de lovgivningen og regeringen vedkommende beslutninger giver disse gyldighed, når den er legsaget af en eller flere ministres underskrift. Enhver minister, som har underskrevet, er ansvarlig for bestlutningen.“ *Danmarks Riges Grundlov með kommentarer*

áföll. Skilgreina þarf slík verkefni vel og samþykkja utanumhald þeirra í ríkisstjórn.[32] Þá þyrfti einnig að vera heimilt að skipa ráðherra án ráðuneytis, þ.e. ekki yfir neitt þeirra ráðuneyta sem fyrir eru, eins og dæmi eru um frá síðustu árum frá hinum Norðurlöndunum. Þetta hefur aldrei verið gert og þótt íslenskir fræðimenn hafi talið slíkt heimilt hér á landi væri heppilegt að kveða skýrt á um slíkt í lögum.[33] Heimild af þessu tagi gæti þjónað því hlutverki t.d. að ná fram stefnu ríkisstjórna í umbótum og hagræðingu.

Ef vilji löggjafans stendur til þess að takmarka á einhvern hátt möguleika ríkisstjórna til að stofna ráðuneyti væri hægt að hugsa sér þak á hámarksfjölda ráðuneyta, þ.e. að þau séu t.d. ekki fleiri en tíu. Með því væri reynt að tryggja að einstaka ráðuneyti yrðu ekki lítil og veikburða. Slíkar skorður væru í samræmi við upphaflegan rökstuðning fyrir setningu stjórnarráðslaganna um að þingið hefði þetta vald í ljósi fjárstjórnarvalds þess. Í þessu sambandi má þó benda á að ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar hafa verið túlkuð með þeim hætti að löggjafinn geti í raun ekki ákveðið fjölda ráðherra.[34]

Ef breytingar í þessa átt ná fram að ganga mun reglugerð um Stjórnarráð Íslands verða meginheimildin um verkaskiptingu milli ráðuneyta. Hún yrði því ítarlegri en nú er. Til þess að tryggja gagnsæi gagnvart almenningi má hugsa sér að í lagasafninu eins og það birtist á vef Alþingis yrði hlekkur frá orðinu ráðherra eða ráðuneyti þar sem það kemur fyrir í lögum yfir í viðeigandi greinar í reglugerðinni.

3.5. Tillögur

1. Ekki ætti að tilgreina heiti ráðuneyta í stjórnarráðslögum, sbr. 4. gr. (3.2. og 3.4).
   a. Skoða mætti hvort setja ætti ákvæði um hámarksfjölda ráðuneyta í lög, þ.e. hvort 15. gr. stjórnarskrár setji því skorður (3.4).
2. Hvorki ætti að tilgreina heiti ráðuneyta né ráðherra í lögum (3.4).
   a. Vísa mætti til „ráðherra (ótilgreint) eða ráðherra sem fer með tiltekinn málaflokk (3.4).
3. Verkaskipting milli ráðuneyta verði ákveðin í reglugerð um Stjórnarráð Íslands í samræmi við 15. gr. stjórnarskrárinnar (3.4).
   a. Reglugerðin verði ítarlegri en nú er.
4. Skýr heimild ætti að vera í stjórnarráðslögunum um að hægt sé að skipa ráðherra án ráðuneytis til að sinna mikilvægum stefnu- og samhæfingarmálum (3.3).
5. Mótuð verði stefna um þróun stjórnsýslunnar (3.3 og 4. og 6. kafli).

4. Valdmörk og hlutverk stjórnmála og stjórnsýslu innan ráðuneyta

Í íslenskri stjórnskipan er á því byggt, eins og fram hefur komið, að ráðherra, hver á sínu sviði, fari í reynd með æðstu yfirstjórn stjórnsýslunnar. Í 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er mælt svo fyrir að forseti og önnur stjórnvöld fari með framkvæmdarvaldið og í 13. gr. er kveðið á um að forseti láti ráðherra framkvæma vald sitt. Stjórnsýsla er í efnismerkingu sú starfsemi ríkis og sveitarfélaga sem fellur undir framkvæmdarvaldið, sbr. þrígreiningu ríkisvalds í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald sem kveðið er

---

[32] Sjá umfjöllun um verkefnastjórn í 8. kafla.

[33] Ólafur Jóhannesson 1978, bls. 147. Þar kemur fram: „Vafalaust er heimilt að skipa ráðherra án stjórnardeildar, sem kallað er.“

[34] Sjá Henrik Zahle, 2006, bls. 158. Þar kemur fram: „Lovgivningsmagten kan derfor heller ikke bindende normere antellet af ministre.“

á um í 2. gr., og í formmerkingu þeir aðilar sem fara með stjórnsýslu í efnismerkingu, þ.e. stjórnvöld.

Hér á eftir verður stuttlega farið yfir hlutverk ráðherra, ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanns ráðherra ásamt því að tillögur verða gerðar um hvernig hlutverk þeirra verði skilgreind og valdmörk þeirra ættu að vera skýrð. Er það afstaða nefndarinnar að nauðsynlegt sé að skýra þessa þætti í lögum frekar en nú er gert. Sambúð stjórnmála og stjórnsýslu er eitt af megineinkennum Stjórnarráðsins og tryggja þarf að hlutverk aðila séu skýr en einnig að samstarfið sé skilvirkt og árangursríkt.

4.1. Ráðherra

Stjórnarskráin er fáorð um störf ráðherra, að frátöldum athöfnum sem atbeina forseta þarf til. Í 13. gr. er kveðið á um að ráðherra framkvæmi vald forseta og ber ráðherra, sbr. 14. gr., ábyrgð á stjórnarframkvæmdum[35] öllum. Í 15. gr. er kveðið svo á að forsetinn skipi ráðherra og veiti þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim. Er ákvæði 14. gr. byggt á þeirri forsendu að ráðherra fari með yfirstjórn stjórnarmálefna sem undir hann heyra og hafa fyrirmæli 14. gr. verið útfærð nánar með lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, og lögum nr. 3/1963, um landsdóm.

Hver ráðherra er því æðsti yfirmaður stjórnsýslunnar á því sviði sem undir hann heyrir og hefur einn ráðherra almennt ekki vald til þess að gefa öðrum ráðherra fyrirmæli. Í yfirstjórnunarheimildum ráðherra á grundvelli stjórnarskrár felst m.a. að hann getur gefið lægra settum stjórnvöldum almenn fyrirmæli um hvernig standa skuli að úrlausn mála án þess að sérstaklega sé mælt fyrir um það í lögum. Á yfirstjórnarheimildum ráðherra eru þó vissar takmarkanir þegar um er að ræða sjálfstæð stjórnvöld sem að lögum lúta ekki boðvaldi ráðherra þótt þau heyri stjórnarfarslega undir hann. Ráðherra getur einvörðungu gefið sjálfstæðum stjórnvöldum fyrirmæli og sett þeim reglugerðir ef til þess er sérstök heimild í lögum. Ráðherra ber ekki ábyrgð á embættisfærslu sjálfstæðra stjórnvalda þótt færa megi rök fyrir því að á honum hvíli vissar skyldur gagnvart sjálfstæðum stjórnvöldum jafnt sem lægra settum gagnvart ráðherra.[36]

Hvað frumkvæðis- og eftirlitsskyldur ráðherra varðar verður að telja að stjórnarráðslögin og reglugerð um Stjórnarráð Íslands taki til allra stjórnunarmálefna ríkisins, þ.m.t. þeirra sem heyra undir sjálfstæð stjórnvöld. Í 9. gr. stjórnarráðslaga er mælt svo fyrir að ráðuneyti[37] hafi eftirlit með starfrækslu stofnana sem undir þau heyra og eignum á vegum þeirra stofnana. Verður því að ætla að eftirlitsskylda 9. gr. stjórnarráðslaga taki til allra stjórnvalda. Þá styður orðalag 14. gr. stjórnarskrár einnig þá niðurstöðu.[38]38 Þrátt fyrir þann lögskýringarkost að 9. gr. stjórnarráðslaga taki til allra stjórnvalda veitir ákvæðið ráðherra engin úrræði ef í ljós kemur að eftirlitsskyld starfsemi er ekki í samræmi við lög og ræðst það þá af öðrum lögum og óskráðum meginreglum til hvaða úrræða ráðherra getur gripið. Ef t.d. deilur verða við úrlausn einstakra mála gæti sú staða komið upp að ráðherra hafi engin lagalega bindandi úrræði

---

[35] Vert er að geta þess ósamræmis sem er á milli 14. og 11. gr. stjórnarskrárinnar. Í 11. gr. er vísað til þess að forseti lýðveldisins sé ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Velta má fyrir sér hvort efnislegur munur er á hugtökunum stjórnarframkvæmd annars vegar og stjórnarathöfn hins vegar.

[36] Sjá nánari umfjöllun og tillögur í 6. kafla.

[37] Í lögum er almennt ekki gerður greinarmunur á hlutverki ráðherra annars vegar og ráðuneytis hins vegar.

[38] Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, kafli 16.1.2.8.

að grípa til gagnvart sjálfstæðu stjórnvaldi telji hann starfsemi þess ekki vera í samræmi við lög.[39]

Réttarreglur um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra að íslenskum rétti eru heldur rýrar. Upplýsingaréttur þingmanna er tryggður í 54. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. 49. gr. þingskapalaga, nr. 55/1991, og ber ráðherra að svara spurningum þingmanna í samræmi við þau lagaákvæði sem um ræðir. Greinarmun þarf að gera annars vegar á þessum rétti þingmanna og hins vegar upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi. Hvorki í stjórnarskránni né þingskapalögum er fjallað almennt um upplýsinga- eða sannleiksskyldu ráðherra. Þá eru ekki ákvæði í lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, sem lúta beint að upplýsinga- eða sannleiksskyldu ráðherra gagnvart Alþingi.

Í 1. mgr. 36. gr. þingskapalaga er þó fjallað um að lagafrumvarpi skuli fylgja greinargerð um tilgang þess og skýringu á höfuðákvæðum. Er þetta ákvæði þingskapalaga eina ákvæðið, að því er virðist, sem kveður beinlínis á um upplýsingaskyldu af hálfu ráðherra og er þá gerður skýr greinarmunur annars vegar á upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi, þ.e. að ráðherra sé skylt að veita upplýsingar án þess að óskað sé eftir þeim, og hins vegar upplýsingarétti þingmanna sem tryggður er í 54. gr. stjórnarskrárinnar.

Meira álitamál er hins vegar hvort upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra gagnvart Alþingi megi leiða af öðrum óskráðum réttarheimildum, svo sem meginreglum laga eða eðli máls.[40]

Nefndin tekur undir það með starfshópi forsætisráðherra um viðbrögð stjórnsýslunnar við rannsóknarskýrslu Alþingis að rétt sé að lögfesta með skýrari hætti frumkvæðisskyldu ráðherra gagnvart málaflokkum og stofnunum sem undir hann heyra og aðrar skyldur, svo sem upplýsingaskyldu og sannleiksskyldu. Ákvæði um frumkvæðisskylduna ættu helst heima í lögum um Stjórnarráð Íslands en um upplýsingaskylduna og sannleiksskylduna í ráðherraábyrgðarlögum. Einnig er æskilegt að lögfesta reglur um samskipti ráðherra við embættismenn, þ.e. einkum að ráðherra leiti faglegs mats embættismanna áður en ákvarðanir eru teknar og að hann virði sjálfstæði embættismanna og hlutleysi í pólitískum skilningi og feli þeim ekki verkefni sem tengjast stjórnmálastarfi hans. Þá tekur nefndin undir tillögur starfshóps forsætisráðherra um að lögfesta verkstjórnarhlutverk og -ábyrgð forsætisráðherra.[41] Verkstjórnarhlutverksins er nú þegar getið í lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands og þar ætti að útfæra það nánar. Kveða ætti skýrt á um frumkvæðisskyldu forsætisráðherra til að fylgjast með því að málefni dagi ekki uppi vegna þess að óljóst sé undir hvaða ráðherra þau heyri, t.d. í kjölfar ákvörðunar í ríkisstjórn.

4.2. Ráðuneytisstjóri

Hvort sem valdheimildir í lögum eru í orði kveðnu fengnar ráðherra eða ráðuneyti hans er valdið hjá ráðherra og meðferð þess á ábyrgð hans. Þar sem ráðherra kemst ekki sjálfur yfir að afgreiða öll erindi sem lögum samkvæmt falla undir valdsvið hans hefur hann í lagalegu tilliti skrifstofu sér til aðstoðar, þ.e. ráðuneyti.

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneyti undir yfirstjórn ráðherra, sbr. 1. mgr. 10. gr. stjórnarráðslaganna. Ráðuneytisstjóri er embættismaður, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. starfsmannalaganna, og er ráðuneytisstjóri „forstöðumaður“ í skilningi 9., 11., 13., 17. og 21. gr. sömu laga.

---

[39] Forsætisráðuneytið 1999, bls. 109–110.
[40] Sjá nánar Ásmund Helgason 2009.
[41] Sjá umfjöllun í 5. kafla.

Framangreindar lagatilvitnanir eiga að mestu við um hlutverk ráðuneytisstjóra gagnvart starfsmönnum ráðuneytis þegar viðkemur réttindum þeirra og skyldum og starfsháttum ráðuneytis. Upplýsingaskylda, ráðgjafarskylda og mótmælaskylda (og/eða réttur) ráðuneytisstjóra gagnvart ráðherra er ekki skilgreind í lögum. Þá hefur því verið haldið fram að líkur séu á því að starf ráðuneytisstjóra sé orðið „pólitískara“ en verið hefur.[42] Í þessu sambandi ber að nefna að ein af meginskyldum ráðuneytisstjóra, þótt ekki sé hún bundin í lög, er að tryggja framgang pólitískrar stefnumörkunar innan ráðuneytisins í samstarfi við aðstoðarmann ráðherra og ráðherra. Þá má einnig segja að hlutverk hans sé yfirstjórn verkefna ráðuneytis og að sjá til þess að starfsemi þess og afgreiðsla mála sé í samræmi við lög og gildandi reglur, skráðar jafnt sem óskráðar. Þá gegnir ráðuneytisstjóri mikilvægu hlutverki í samskiptum og eftir atvikum samstarfi við Alþingi, stofnanir ríkisins, fjölmiðla og hagsmunasamtök.

Nefndin tekur undir með starfshópi forsætisráðherra um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að rétt sé að lögfesta sérstakar skyldur æðstu embættismanna gagnvart ráðherrum, svo sem um upplýsingagjöf og ráðgjöf. Eins og fyrr segir eru í starfsmannalögum ákvæði um ýmsar helstu skyldur starfsmanna, þ.m.t. embættismanna, eins og um hlýðni, stundvísi, þagmælsku, samviskusemi, kurteisi og að aðhafast ekkert sem geti orðið honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað geti rýrð á starfið. Því til viðbótar mætti huga að því að lögfesta þá skyldu embættismanna að gera ráðherra viðvart telji þeir að ákvörðun kunni að vera í ósamræmi við lög. Þegar er ákvæði í starfsmannalögum um að starfsmanni beri einungis að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna en athuga mætti að bæta við að þeim beri heldur ekki að fara eftir fyrirskipunum sem stríði gegn grunngildum opinberrar þjónustu. Slík grunngildi yrðu síðan útfærð í siðareglum sem fjármálaráðherra staðfestir varðandi ríkisstarfsmenn almennt og forsætisráðherra fyrir starfsmenn Stjórnarráðsins sérstaklega.

Ráðuneytisstjóri hefur einnig það hlutverk að koma á samskiptum milli ráðherra eða eftir atvikum aðstoðarmanns við skrifstofustjóra innan ráðuneytisins um vinnu og útfærslu ákveðinna verkefna og skrifstofustjórinn getur síðan í framhaldinu vísað þeim áfram til starfsmanns innan skrifstofunnar.

4.3. Aðstoðarmaður ráðherra

Fyrir ráðherra er mikilvægt að geta ráðið sér pólitíska ráðgjafa. Fyrir trúverðugleika ráðuneytis skiptir hins vegar sköpum að pólitískir ráðgjafar séu ekki ráðnir sem almennir sérfræðingar sem halda áframstörfum eftir að ráðherrann hverfur á braut. Í Svíþjóð og Noregi er litið svo á að tímabundnar pólitískar ráðningar í tilteknar stöður séu eðlilegur þáttur í hinu lýðræðislega kerfi en pólitískar ráðningar í Danmörku eru taldar vera vandamál þar sem talin er hætta á því að flokkspólitísk óhlutdrægni og trúverðugleiki embættismannakerfisins kunni að vera dregin í efa ef ráðherra ræður marga valdamikla aðstoðarmenn.[43] Í Finnlandi hefur ráðherra nýlega verið heimilað að ráða sér valdamikla pólitíska aðstoðarmenn, nokkurs konar

---

[42] Forsætisráðuneytið 2010, bls. 24.

[43] Í Danmörku og Bretlandi er mikið lagt upp úr flokkspólitískri óhlutdrægni embættismannakerfisins og miðast leiðbeiningar og reglur með yfirlýstum hætti við það að varðveita og viðhalda faglegum trúverðugleika embættismanna og sérfræðinga. Er þess sérstaklega gætt í aðdraganda kosninga. Í Danmörku t.d. víkja aðstoðarmenn ráðherra úr ráðuneytum minnst þremur mánuðum fyrir kosningar eða um leið og boðað hefur verið til kosninga. Ein rökin fyrir því eru að ekki sé eðlilegt að aðstoðarmenn geti aðstoðað ráðherra í kosningabaráttu á launum hjá hinu opinbera. Embedsmænds raadgivning og bistand 2004 og símaviðtal við Carl Erik Johansen, deildarstjóra starfsmannadeildar í danska fjármálaráðuneytinu, 6. maí 2010.

pólitíska ráðuneytisstjóra (e. political state secretaries). OECD telur að þrátt fyrir að þetta fyrirkomulag hafi gert pólitíska stjórn ráðuneyta sýnilegri hafi það líka aukið spennuna milli ríkisstjórnar og stjórnsýslunnar og rætt sé um stjórnmálavæðingu embættismannakerfisins.[44]

Hlutverk pólitísks aðstoðarfólks er að styðja viðleitni ráðherra til að hrinda í framkvæmd pólitískumstefnuáherslum sínum í samstarfi við fastalið stjórnsýslu ráðuneytanna. Í 15. gr. stjórnarráðslaganna segir að ráðherra sé heimilt að kveðja sér til aðstoðar, meðan hann gegnir embætti, mann utan ráðuneytis sem starfi þar sem skrifstofustjóri, enda hverfi hann úr starfi jafnskjótt sem ráðherra. Aðstoðarmaður ráðherra er eins og lagaákvæðið ber með sér einstaklingur sem er ráðherra til aðstoðar og hefur almennt verið litið svo á að ráðherra sé heimilt, þrátt fyrir jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að horfa til stjórnmálaskoðana þegar hann velur sér aðstoðarmann.

Með lögum nr. 83/1997 var sú breyting gerð á lögum um Stjórnarráð Íslands að aðstoðarmaður ráðherra ætti að starfa sem skrifstofustjóri í ráðuneyti í stað deildarstjóra áður. Í athugasemdum með breytingunni kom eftirfarandi fram: „Hér er lagt til að stöðu aðstoðarmanna ráðherra innan ráðuneyta verði breytt úr deildarstjórastöðu í stöðu skrifstofustjóra eins og eðlilegt er með hliðsjón af öðrum breytingum á stjórnarráðslögum og hinum sérstöku trúnaðarskyldum sem aðstoðarmenn hafa við ráðherra. Til að taka af allan vafa þykir hins vegar rétt að taka fram að breyting þessi miðar ekki á nokkurn hátt að því að gera þá að einhvers konar staðgenglum ráðherranna eða aðstoðarráðherrum.“

Hlutverk aðstoðarmanns ráðherra er að öðru leyti ekki skilgreint í lögum. Ekki liggur því fyrir hvernig samskiptum hans við ráðuneytisstjóra eða aðra starfsmenn ráðuneytis á að vera háttað. Tilteknar venjur virðast þó hafa myndast um samskipti þessara aðila í hverju ráðuneyti fyrir sig. Nokkur vafi virðist þó leika á því innan Stjórnarráðsins hver sé raunveruleg staða aðstoðarmanna, til að mynda hvort þeir hafi rétt til að krefjast tiltekinnar þjónustu af starfsfólki ráðuneytanna (án milligöngu yfirmanna) og hvort þeir geti t.d. skrifað bréf í nafni ráðuneytisins.

Nær allir viðmælendur úr hópi ráðherra og fyrrverandi ráðherra lögðu mikla áherslu á hlutverk aðstoðarmanna sem aðstoð við þá í störfum sínum og ýmsir töldu eðlilegt að þeim væri fjölgað eitthvað, sérstaklega í stærri ráðuneytum. Hlutverk aðstoðarmanna virðast einkum vera þrenns konar. Í fyrsta lagi eru þeir eins konar pólitískir ritarar ráðherranna, sem fylgja þeim og skipuleggja dagskrá þeirra auk þess að vera tengiliðir við flokksstarfið og jafnvel starf í kjördæmi viðkomandi (sem er umdeilanlegt verkefni aðstoðarmanns ráðherra). Í öðru lagi eru sumir aðstoðarmenn faglegir ráðgjafar sem getaveitt ráðherrum ráðgjöf um málasvið ráðuneyta eða hluta þeirra. Í þriðja lagi gegna aðstoðarmenn hlutverki tengiliðs við fjölmiðla og margir þeirra hafa sérstaka reynslu á því sviði sem nýtist ráðherrum. Hlutverk pólitískra almannatengla eru, samkvæmt ráðherrum, ólík hlutverkum upplýsingafulltrúa í ráðuneytum, sem gegna fyrst og fremst faglegu upplýsingahlutverki og eru ekki sérstakir trúnaðarmenn ráðherra á hverjum tíma. Sjá má af þessari upptalningu að ekki virðist gert ráð fyrir því að aðstoðarmenn hafi það hlutverk að tryggja samstöðu í ríkisstjórninni sem slíkri heldur fyrst og fremst að aðstoða tiltekna ráðherra á málefnasviði þeirra.[45]

Pólitískir aðstoðarmenn eru valdir af viðkomandi ráðherra. Flestir leggja megináherslu á traust við valið, en í sumum tilvikum kemur fagleg þekking eða reynsla af fjölmiðlum

---

[44] OECD 2010a.

[45] Sjá umfjöllun um aðstoðarráðherra í 5. kafla.

einnig við sögu. Ekki eru allir aðstoðarmenn flokksbundnir, en almennt deila þeir þó ákveðinni grundvallarsýn með ráðherrum.

Reynslan hefur sýnt að ráðherra þarf í sumum tilvikum á fleiri en einum aðstoðarmanni að halda og hafa ráðherrar, ýmist á grundvelli auglýsingar eða ekki, ráðið ráðgjafa tímabundið til starfa í ráðuneyti sínu. Þrátt fyrir mikilvægi þess að aðstoðarmönnum í ráðuneytum verði fjölgað þarf samt sem áður að tryggja að það sé hlutverk ráðuneytisstjóra að stjórna ráðuneyti í umboði ráðherrans. Fyrirhuguð fækkun og stækkun ráðuneyta gæti gefið tilefni til að gefa gaum að því hvernig megi styrkja pólitíska forystu ráðuneytanna. Í þeim stóru ráðuneytum sem t.d. verða til við sameiningu ráðuneyta 1. janúar 2011 er líklegt að ráðherrar verði mjög störfum hlaðnir og forsendur þeirra til að stýra í reynd pólitískum áherslum í starfi ráðuneytanna gætu veikst.

Þörf ráðherra fyrir pólitískt aðstoðarfólk virðist því lítt umdeild á Íslandi og nokkur hljómgrunnur fyrir því að fjölga pólitísku aðstoðarfólki í samræmi við þær starfsvenjur sem í reynd hafa þróast innan Stjórnarráðsins. Eðlilegt virðist eigi að síður að fjölda pólitískra starfsmanna séu settar skorður, enda er ella hætt við því að stór hluti af reynslu, þekkingu og stofnanaminni ráðuneyta hverfi við stjórnarskipti.

Nefndin telur mikilvægt að styrkja núverandi aðstoðarmannakerfi og gefa ráðherrum færi á að ráða sér tvo ráðgjafa til þess að aðstoða þá við stefnumótun. Slíkir aðstoðarmenn eða ráðgjafar ættu að víkja úr starfi með ráðherranum. Æskilegt er að skilgreina betur hlutverk aðstoðarmanna í lögum um Stjórnarráð Íslands og kveða skýrar á um sérstakar skyldur þeirra varðandi pólitíska stefnumótun. Að mati nefndarinnar eiga sérstakir ráðgjafar ráðherra ekki fremur en nú að hafa beint boðvald yfir starfsmönnum ráðuneytis. Þeir vinna náið með stjórnendum og starfsmönnum ráðuneytisins í umboði ráðherra en ráðuneytisstjóri kemur þeim samskiptum á í gegnum embættismannakerfi ráðuneytanna.

4.4. Annað

Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar var henni sérstaklega falið að fjalla um stöðu bílstjóra. Nefndin ræddi við fulltrúa bílstjóra og skoðaði stöðu þeirra. Bílstjórar vinna náið með ráðherra og hafa verið ráðnir sérstaklega til ráðuneytanna en ekki hefur verið horft samræmt á þeirra mál. Þeir eru þó ekki einu starfsmenn ráðuneyta sem svo háttar til um. Má þar nefna ritara ráðherra sem einnig eru oft mjög nánir þeim. Bílstjórar eru ráðnir til hlutaðeigandi ráðuneytis á grundvelli sérstaks ótímabundins ráðningarsamnings. Ráðning bílstjóra er þannig óháð því hver situr í ráðherraembætti hverju sinni. Eitthvað virðist vera að litið sé á vinnuskyldu þeirra með mismunandi hætti.

Í október 2010 samþykkti ríkisstjórnin að endurnýjun og umsýsla ráðherrabifreiða skyldi flutt til Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga en að bílstjórar verði áfram ráðnir hjá hverju ráðuneyti.

Nefndin telur að skoða ætti hvort ekki væri hagfelldast fyrir Stjórnarráðið að ráðherrabílstjórar væru ráðnir til Rekstrarfélagsins og þannig haldið utan um réttindi og skyldur þeirra á samræmdan hátt. Nýting bíla og mannafla yrði jafnframt samræmd eins og kostur er á.

4.5. Tillögur

1. Skilgreina þarf hlutverk ráðherra með skýrum hætti í stjórnarráðslögunum og eftir atvikum ráðherraábyrgðarlögum (4.1).
   a. Afmarka frumkvæðis- og eftirlitsskyldu ráðherra gagnvart stjórnvöldum á málefnasviði ráðherra þar sem greinarmunur er gerður á skyldunni m.t.t. stöðu stjórnvaldsins

í stjórnsýslukerfinu, þ.e. eftir því hvort um er að ræða stjórnvald lægra sett ráðherra eða sjálfstætt stjórnvald (sjá einnig 6. kafla).[46]

b. Kveða á um samskipti ráðherra við embættismenn, þ.e. einkum að ráðherra skuli leita faglegs mats embættismanna áður en ákvarðanir eru teknar og að hann virði sjálfstæði embættismanna og hlutleysi í pólitískum skilningi.
c. Kveða á um verkstjórnar- og ábyrgðarskyldu forsætisráðherra (sjá einnig 5. kafla).
d. Kveða á um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra í lögum (bæði að eigin frumkvæði og í kjölfar beiðni) og afmarka hana með skýrum hætti. Upplýsingaskylda stjórnvalda gagnvart almenningi, þar á meðal fjölmiðlum, er afmörkuð í upplýsingalögum.

2. Hlutverk ráðuneytisstjóra verði skýrt skilgreint í stjórnarráðslögunum. Þar komi fram að (4.2):
   a. Ráðuneytisstjóri stýrir faglegu ráðuneyti og einungis ráðherra hafi boðvald yfir honum.
   b. Ráðuneytisstjóra ber að skipuleggja upplýsingagjöf og ráðgjöf til ráðherra á málefnisviði ráðuneytisins.
   c. Ráðuneytisstjóri hafi rétt (og/eða skyldu) til að mótmæla eða koma að athugasemdum telji hann gjörðir ráðherra ekki samræmast lögum eða vönduðum stjórnsýsluháttum. Þessi skylda ætti einnig að hvíla á næstu yfirmönnum, þ.e. skrifstofustjórum óháð afstöðu ráðuneytisstjóra.
   d. Ráðuneytisstjóri hafi það hlutverk að tryggja framgang pólitískrar stefnumörkunar (stjórnarsáttmála og stefnu ráðherra) innan ráðuneytisins í samstarfi við aðstoðarmann og ráðherra.
3. Aðstoðarmenn/pólitískir ráðgjafar (4.3).
   a. Við myndum ríkisstjórnar verði ákveðið hvort ráðherrar geti ráðið sér einn eða tvo pólitíska aðstoðarmenn til að aðstoða sig við stefnumótun. Fjöldi aðstoðarmanna hvers ráðherra innan þessara marka verði samningsatriði milli stjórnarflokka en tæki mið af stærð og umfangi ráðuneytis. Aðstoðarmennirnir yfirgefi ráðuneytin um leið og ráðherrann, eins og nú er.
   b. Í þeim ráðuneytum þar sem fleiri en einn pólitískur aðstoðarmaður er ráðinn þyrfti að skýra hlutverk þeirra vel. Aðstoðarmönnum skulu sett erindisbréf þar sem hlutverk þeirra eru skýrð.
   c. Ráðherra, pólitískir aðstoðarmenn og ráðuneytisstjóri myndi saman skrifstofu yfirstjórnar ráðuneytis. Ráðherra getur kvatt til starfa í samráði við ráðuneytisstjóra starfsmenn úr ráðuneytinu til tímabundinna starfa á skrifstofu yfirstjórnar í tengslum við ákveðin stefnumál á hverjum tíma.
   d. Þurfi ráðherra á frekari ráðgjöf að halda í afmörkuðum málaflokkum verður hann að nota þau tæki sem fyrir eru, þ.e. skipa nefndir, nýta sérfræðiþjónustu utan frá og ráða starfsmenn tímabundið að undangenginni auglýsingu í samræmi við almennar reglur.

5. Ríkisstjórnir og starfshættir þeirra

Í stjórnarráðslögunum er ekki mikið fjallað um hlutverk og starfshætti ríkisstjórna. Þar eru endurtekin ákvæði stjórnarskrár um að ráðherrafundi skuli halda um nýmæli í lögum (2. gr.) og stuttlega vikið aðfundargerðum (3. gr.) og greint frá því að ráðuneyti skuli óskipt lagt

[46] Sjá nánari umfjöllun og tillögur í 6. kafla.

til eins og sama ráðherra (5. gr.). Í þessum kafla verður fjallað um hlutverk ríkisstjórna og hvort gera skuli breytingar á því, t.d. í átt til fjölskipaðs stjórnvalds frá því fyrirkomulagi sem hér er þar sem ráðherrar eru yfirmenn stjórnsýslu á sínu málefnasviði.

5.1. Hlutverk ríkisstjórna í þingsræðisríkjum

Ríkisstjórnir í þingræðisríkjum tróna á toppi framkvæmdarvaldsins í umboði þingsins, sem aftur starfar í umboði kjósenda. Umboðskeðjan frá kjósendum yfir til stofnana framkvæmdarvaldsins á þannig að stuðla að því að ríkisvaldið sé næmt fyrir viðhorfum og hagsmunum kjósenda.

Umboðskeðjan, sett fram á einfaldan máta, á upphafspunkt hjá kjósendum, leiðir þaðan til þings, áfram yfir til ríkisstjórnar, þaðan oftast til ráðherra, áfram til ráðuneyta og síðan til stofnana eða annars konar aðila sem starfa á vegum ráðuneytanna að hagsmunum kjósenda (almannahag).[47] Hverjum hlekk í keðjunni fylgir framsal valds frá umbjóðanda til fulltrúa, en handhafi valdsins á hverjum tíma er ábyrgur gagnvart umbjóðanda sínum um meðferð þess.[48] Í vissum tilvikum getur verið ástæða til að undanskilja aðila beinni íhlutun umbjóðenda sinna, þar sem mikilvægt er að óhlutdrægni þeirra sé ekki dregin í efa.[49] Meginreglan er hins vegar sú að öllu valdi skuli fylgja ábyrgð.[50]



Mynd 5. Umboðskeðja í þingræðisríki.

---

[47] Strøm o.fl. 2003. Rétt er að geta þess að staða sveitarstjórna fellur ekki vel að hinni einföldu umboðskeðju þingræðisríkja vegna þess að þær byggjast á sérstöku og að nokkru leyti sjálfstæðu umboði frá kjósendum.
[48] Kiewiet og McCubbins 1991.
[49] Majone 2001.
[50] Christiansen 1996.

Ríkisstjórn gegnir mikilvægu hlutverki í umboðskeðjunni sem sá aðili sem ber meginábyrgð á stjórnsýslu ríkisins. Innri stjórnun ríkisstjórna getur hins vegar verið flókin, einkum þegar fleiri en einnflokkur eiga aðild að þeim. Í samsteypustjórnum vinna pólitískir keppinautar saman og bera þannig sameiginlega ábyrgð gagnvart þinginu. Þingræðisreglan felur í sér að ef ríkisstjórn glatar trausti þings þarf hún öll að víkja, en meðan meirihluti þings er tilbúinn til að umbera stjórn starfar hún á ábyrgð þeirra flokka sem veita henni brautargengi. Sá möguleiki er fyrir hendi í mörgum þingræðisríkjum að þing geti lýst vantrausti á einstaka ráðherra, en í reynd er það nær aldrei gert og valdið til að víkja ráðherrum úr stjórn liggur hjá forsætisráðherra eða aðildarflokkum stjórnarinnar.[51]

Þingræðið er þó flóknara fyrirbrigðið en svo að því verði einungis lýst þannig að ríkisstjórn geti ekki setið nema þingið styðji hana. Þingræði er líka kenning um samstarf framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Krafan um skýrari aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, sem stundum heyrist, virðist í sumum tilvikum ganga út frá því að á milli þingsins og framkvæmdarvaldsins sé valdabarátta, sem í reynd er sjaldnast til staðar. Átakalínan í þingræðiskerfum gengur þvert í gegnum þingið, á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, en meirihluti þingsins styður að öðru jöfnu stjórnina. Ef styrkja á aðhald þingsins með framkvæmdarvaldinu þýðir það í framkvæmd að efla þarf stöðu stjórnarandstöðunnar og minnihlutans á þingi (t.d. til að krefjast upplýsinga, rannsókna, úrskurða um hvort lög standist stjórnarskrá, þjóðaratkvæðagreiðslna o.s.frv.) frekar en að þingið sem stofnun sé styrkt.

Til að ríkisstjórn geti verið ábyrg í tvöfaldri merkingu þess orðs – þ.e. bæði tekið erfiðar ákvarðanir og staðið á þeim reikningsskil gagnvart þingi og þjóð þarf hún að geta unnið með samhentum hætti. Frá sjónarhóli lýðræðislegra stjórnarhátta getur mikið sjálfstæði ráðherra verið vandamál, en með því er átt við það fyrirkomulag að ráðherra sé einráður um starf framkvæmdarvaldsins á sínu málasviði og þurfi ekki að bera ákvarðanir sínar undir neinn. Jafnvel þótt ráðherra sé lagalega ábyrgur fyrir því að réttu formi sé fylgt, í þeim skilningi að honum beri að tryggja að stjórnsýsla sé í samræmi við lög, felur það ekki í sér að honum beri að taka allar ákvarðanir einn efnislega og pólitískt. Þvert á móti kallar sameiginleg pólitísk ábyrgð ríkisstjórnar gagnvart þingi á að ráðherrar vinni sameiginlega að ákvarðanatöku og hafi færi á að gera sjónarmið sín gildandi á ólíkum málasviðum, sem heyra undir mismunandi ráðherra úr ólíkum flokkum. Samkvæmt samanburði milli nokkurra ríkja má fullyrða að helstu aðferðir við að samhæfa störf ríkisstjórna byggjast á afgreiðslu á ríkisstjórnarfundi, sérstökum völdum forsætisráðherra, stjórnarsáttmálum, ráðherranefndum, pólitísku aðstoðarfólki og samskiptum við þingið.

Skýrasta mynd samábyrgðar ríkisstjórnar er það sem kallað hefur verið ríkisstjórn sem fjölskipað stjórnvald. Þar eru allar ákvarðanir teknar sameiginlega í ríkisstjórn og allir ráðherra bera á þeim sameiginlega ábyrgð. Nefndin leggur ekki til að í lög verði tekin sú almenna regla að ríkisstjórnir vinni eins og fjölskipað stjórnvald. Slíkt myndi krefjast mjög róttækrar uppstokkunar íslensku stjórnsýslunnar og valda röskun á störfum hennar sem hún má illa við nú. Atkvæðagreiðslur um flest mál í samsteypustjórnum, eins og jafnan starfa á Íslandi, gætu skapað pólitísk vandamál sem gerðu smærri stjórnmálaflokkum erfitt fyrir að starfa í ríkisstjórn. Starfið verður ekki mjög skilvirkt ef ríkisstjórn þarf að taka fjölda ákvarðana, smárra sem stórra. Meginreglur ráðherrastjórnsýslu eiga því, að mati nefndarinnar, áfram við á Íslandi. Með því er hins vegar ekki dregið úr mikilvægi þess að skilgreina betur

[51] Dowding og Dumont 2009.

frumkvæðisskyldur ráðherra og sameiginlegar skyldur og hugsanlega samábyrgð ríkisstjórna í ákveðnum málum.

Í umfjöllun þessa kafla er stuðst við rannsóknir á samhæfingu og stjórnun ríkisstjórna. Sá hluti gagnanna sem að Íslandi lýtur byggist á viðtölum við tíu núverandi og fyrrverandi ráðherra, auk þess semhliðsjón er höfð af viðtölum við 22 stjórnendur innan Stjórnarráðs Íslands. Samanburðargagna var aflað um sjö ríki Norður-Evrópu (Danmörku, Finnland, Holland, Írland, Noreg, Svíþjóð og Þýskaland), þ.e. meðal rótgróinna lýðræðisríkja í okkar heimshluta þar sem samsteypustjórnir eru algengar.[52]

5.2. Ríkisstjórnarfundir

Um ríkisstjórnarfundi er fjallað í 17. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem þeir eru nefndir ráðherrafundir. Greinin hljóðar svo:

> *Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra.*

Í þessari lagagrein og 2. gr. stjórnarráðslaganna er ríkisstjórn ekki gefið neitt vald til að ákveða mál. Þrátt fyrir það er í 2. mgr. 2. gr. vísir að skilgreiningu á því hvaða mál skuli taka upp á ríkisstjórnarfundi. Þar segir að mál sem bera skal upp við forseta til staðfestingar, skuli áður tekin til meðferðar á ráðherrafundi (ríkisstjórnarfundi). Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. stjórnarskrárinnar skal bera lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir upp við forseta í ríkisráði.[53] Í 5. gr. starfsreglna ríkisráðs kemur fram að þar skuli bera upp við forseta öll lög, þar á meðal bráðabirgðalög, og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Hvað flokkast sem mikilvægar stjórnarráðstafanir getur verið álitamál en í 5. gr. tilskipunar um starfsreglur ríkisráðs er eftirfarandi talið upp:[54]

1. Lagafrumvörp sem ráðherra vill leggja fyrir Alþingi.
2. Tillögur um að kveða saman Alþingi, slíta því, fresta fundum eða rjúfa það.
3. Samningar við erlend ríki sem eru mikilvægir eða þurfa staðfestingar ríkisstjóra (nú forseta).
4. Tillögur um veitingu á, lausn eða frávikningu frá embætti, eða flutning úr einu embætti í annað, sem forseti veitir.
5. Tillögur um að saksókn skuli falla niður, um náðun og um almenna uppgjöf saka.
6. Forsetaúrskurðir, tilskipanir, opin bréf og aðrar mikilvægar stjórnarráðsráðstafanir sem ekki hafa verið þegar taldar.

Upptalningin er augljóslega ekki tæmandi en gefur vísbendingar um hvaða mál þurfi að bera upp í ríkisstjórn og þá með tilvísan til 2. mgr. 2. gr. stjórnarráðslaga. Hvað það þýðir að mál séu borin upp er ekki eins skýrt.

Ráðherrar leggja oft fram í ríkisstjórn minnisblöð um stöðu einstakra mála þar sem óskað er samþykkis við áframhaldi tiltekinnar vinnu. Ekki er alveg ljóst hvaða stöðu slíkar ríkisstjórnarsamþykktir hafa fyrir utan að þær ættu að vera pólitískt bindandi fyrir ráðherrana. Ef ráðherra skiptir um skoðun eftir ríkisstjórnarfund og fylgir ekki samþykktinni er að mörgu

---

[52] Sjá nánar Gunnar Helga Kristinsson 2010a.
[53] Í ríkisráði eiga sæti ráðherrar og forseti.
[54] Forsætisráðuneytið 1993.

leyti óljóst hvað aðilar ríkisstjórnarsamstarfs geta gert til að bregðast við því.[55]

Vald forsætisráðherra (í raun ríkisstjórnar) yfir einstökum ráðherrum leiðir af þingræðisreglunni og þeirri umboðskeðju sem henni tengist, en hefur enga lagalega útfærslu í íslenskri löggjöf að öðru leyti.[56] Það þýðir m.a. að ríkisstjórnir taka ekki stjórnsýsluákvarðanir og greiða almennt ekki atkvæði. Ákvarðanir þeirra eru pólitísks eðlis og því pólitískt bindandi fyrir ráðherra fremur en lagalega.Andstæðan við það lagalega formleysi sem ríkisstjórnir á Íslandi búa við er sænska fyrirkomulagið, þar sem ríkisstjórnir eru fjölskipað stjórnvald. Sænskar ríkisstjórnir geta í sameiningu gefið stjórnsýslu ríkisins fyrirmæli og afgreiða tugi þúsunda erinda á hverju ári, á meðan stjórnsýsluvald einstakra ráðherra nær ekki út fyrir fremur þröngt afmörkuð ráðuneyti og þeim er óheimilt að reyna að stýra stjórnsýslu utan þeirra. Flest þingræðisríki búa hins vegar við fyrirkomulag sem liggur einhvers staðar á milli hins íslenska (þar sem ráðherrastjórn á ákveðnum málaflokkum er tiltölulega lítt heft) og hins sænska.[57] Slíkt fyrirkomulag mótast ýmist af lögum og reglum eða venjum og hefðum. Þannig er t.d. finnska kerfið að ýmsu leyti líkt hinu sænska, en það danska líkt hinu íslenska. Þó er það svo, að því er virðist, alls staðar nema á Íslandi að ríkisstjórnir þurfa formlega að afgreiða ýmis mál sem geta snúið að meiriháttar stefnuyfirlýsingum (t.d. skýrslum til þingsins), alþjóðasamskiptum, stöðuveitingum og áformum sem krefjast fjárútláta hins opinbera.[58]

Á ráðherrum á Íslandi hvílir eigi að síður sú kvöð að upplýsa samráðherra sína um öll áform sem lúta að flutningi lagafrumvarpa í þinginu og um „mikilvæg stjórnarmálefni“ eins og það er orðað í stjórnarskránni. Mikilvægi þeirrar reglu að ráðherrar þurfi að kynna áform sín í ríkisstjórn helgast af því að samráðherrar þeirra bera pólitíska ábyrgð á gjörðum þeirra og hugsanlega vissa lagalega ábyrgð einnig.[59] Séu þeir ekki upplýstir með eðlilegum hætti hafa þeir ekki forsendur til áhrifa og geta þessvegna ekki borið ábyrgð. Í þessu sambandi vakna m.a. spurningar um skyldu ráðherra til að fylgjast með og upplýsa á ríkisstjórnarfundum um alvarlega og hugsanlega afdrifaríka þróun mála á sínu málefnasviði t.d. í tilefni af yfirvofandi náttúruhamförum, fjárhagslegum áföllum fyrir almenning og ríkissjóð o.fl. Slík málefni kunna bæði að skipta máli pólitískt fyrir ríkisstjórnina í heild og einstaka ráðherra um viðbrögð af slíku tilefni innan ráðuneytis þeirra og stofnana sem undir það heyra.

Varðandi undirbúning löggjafar hafa einstakir ráðherrar yfirleitt lykiláhrif í krafti þess dagskrárvaldssem undirbúningur lagafrumvarpa og ákvarðanir um forgangsröð mála veita

---

[55] Þetta gæti hugsanlega átt við samþykkt á minnisblaði um að setja á fót nefnd nokkurra ráðuneyta sem einn ráðherrann myndi síðan ekki vilja kannast við.

[56] Sjá nánar Gunnar Helga Kristinsson 2006b.

[57] Í Noregi ber ráðherra að bera mikilvæg málefni undir ríkisstjórn. Skrifstofa forsætisráðherra skilgreinir mikilvæg málefni sem mál sem geta haft mikilvægar efnahagslegar og stjórnsýslulegar afleiðingar, pólitískt mikilvæg mál og málefni sem ágreiningur ríkir um milli ráðherra. Lögð er áhersla á sameiginlega ábyrgð ríkisstjórnarinnar á ákvörðunum sem teknar eru. Sjá Eiriksen 2003.

[58] Í málsmeðferðarreglum hollensku ríkisstjórnarinnar er t.d. áskilið að ráðherrar þurfi samþykki ríkisstjórnar fyrir afgreiðslu eftirfarandi málefna: lagafrumvörp og reglugerðarbreytingar; allir sáttmálar; allar hvítbækur og leiðsögn fyrir ráðgefandi aðila sem getur haft pólitískar eða efnahagslegar afleiðingar; stefnumótandi yfirlýsingar sem geta haft pólitískar afleiðingar eða snert svið annarra ráðherra; stofnun eða skipun ráðgefandi nefnda; stofnun eða skipun nefnda þvert á ráðuneyti sem starfa varanlega eða geta haft pólitískar eða efnahagslegar afleiðingar; skýrslur ráðgefandi nefnda eða nefnda sem starfa þvert á ráðuneyti; mikilvæg utanríkismál; samsetning og leiðsögn sendinefnda á alþjóðlegum ráðstefnum; öll konungsskipuð embætti (nokkrar undantekningar skráðar). Sjá Andeweg og Bakema 1994, bls. 62.

[59] Hvað lagalegu ábyrgðina áhrærir má nefna að í 4. gr. laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, er gert ráð fyrir því að ráðherra geti bakað sér ábyrgð með því að stuðla að vanrækslu annars ráðherra.

þeim. Íslenskir ráðherrar virðast telja sig hafa lítt heft forræði á forgangsröðun innan sinna ráðuneyta. Margir sem rætt var við hafa efasemdir um að ríkisstjórnin eigi að greiða atkvæði um mál en ýmsir telja þó að koma eigi á skýrara formi á ákvarðanatöku ríkisstjórna, jafnvel að gera þær að fjölskipuðu stjórnvaldi. Hins vegar er ljóst, hvað löggjafarmálefni varðar, að ráðherrar þurfa samþykki ríkisstjórnar til að geta lagt fram stjórnarfrumvörp.[60] Sama á við um útgjaldafrekar ákvarðanir. Algengast er að leitað sé samstöðu í ríkisstjórn, áður en mál er samþykkt, en ágreiningur leiðir oftast til þess að máli er frestað. Það er ekki talið vænlegt til að greiða götu frumvarps í þingflokkum ríkisstjórnarinnar og þinginu sjálfu ef ekki hefur tekist að ná samstöðu um það í ríkisstjórn.

Undirbúningi ríkisstjórnarfunda virðist vera áfátt hvað það varðar að aðrir ráðherrar en sá sem þar hyggst leggja fram mál hafa lítil færi á að kynna sér það fyrirfram. Algengast virðist að dagskrá ríkisstjórnarfunda verði ekki til fyrr en kvöldið fyrir fund og jafnvel að gögnum sé ekki dreift fyrr en sama morgun og fundur er haldinn. Það þýðir að aðrir en ráðherrann sem leggur fram mál hafa lítil færi á að fara yfir þau og undirbúa hugsanleg viðbrögð. Jafnvel þótt það sé, að því er virðist, ófrávíkjanleg regla að máli sé frestað ef við það eru gerðar athugasemdir verður að ætla að fyrirkomulag af þessu tagi torveldi ríkisstjórn að gegna sínu mikilvæga hlutverki með fullnægjandi hætti. Því er þó við að bæta að skylt er að láta fjármálaráðuneyti kostnaðargreina frumvörp og ný skrifstofa löggjafarmála í forsætisráðuneytinu hefur það hlutverk að lesa yfir öll stjórnarfrumvörp til þess að tryggja að þau uppfylli kröfur um vandaðan undirbúning og frágang. Hvorugt kemur hins vegar í staðinn fyrir það pólitíska mat sem þyrfti að vera undanfari þess að ríkisstjórn axli ábyrgð á frumvarpi.

Athugasemdir ráðherra við frumvörp meðráðherra sinna geta komið til af ýmsu. Algengast er að formenn stjórnarflokkanna, ekki síst forsætisráðherra, ræði efni frumvarpa. Stundum hafa ráðherrar rætt málefni áður við þá til að reyna að greiða götu sinna mála í ríkisstjórninni. Ef það mál sem frumvarp fjallar um hefur verulega snertifleti við önnur ráðuneyti eru líkur á að ráðherra þess komi við sögu umræðunnar. Hins vegar gerir vinnulag ríkisstjórna ekki ráð fyrir kerfisbundnu umsagnarferli þvert á ráðuneyti, þótt reyndar sé hvatt til samráðs við ráðuneyti sem hlut eiga að máli í reglum ríkisstjórnarinnar um undirbúning og meðferð lagafrumvarpa. Hætt er því við að pólitísk ábyrgð á stjórnsýsluathöfnum geti farið fyrir ofan garð og neðan þar sem samstarfsaðilar ráðherra í ríkisstjórn hafa þá hvorki upplýsingar né umræðuvettvang til að gera athugasemdir. Ríkisstjórnin öll getur þó fengið skömm í hattinn vegna þeirra. Sem dæmi má nefna ákvörðun um hvalveiðar í atvinnuskyni sem tekin var með reglugerðarbreytingu 27. janúar 2009.[61]

Sameiginleg ákvarðanataka ríkisstjórna, eins og í fjölskipuðu stjórnvaldi, er ekki það sama og samábyrgð ríkisstjórna (e. collective cabinet responsibility). Sameiginleg ákvarðanataka lýtur að því hvernig ákvarðanataka á sér stað í ríkisstjórn og heimildum ríkisstjórnarfunda til inngripa í einstök málasvið. Samábyrgð ríkisstjórna er hins vegar pólitísk meginregla sem lýtur að þeirri pólitísku kröfu að einstaka ráðherrar styðja opinberlega stefnu ríkisstjórnar-

---

[60] Hvergi er að vísu í lögum, eftir því sem best verður séð, skilgreint hvers konar ferli þurfi að liggja að baki stjórnarfrumvarpi, en viðtekinn skilningur, reglur um ríkisstjórnarfundi og álit allra ráðherra sem hér var rætt við er hins vegar að til að leggja fram stjórnarfrumvarp þurfi samþykki ríkisstjórnar. Ef marka má viðtöl við ráðherra túlkar forsætisráðherra niðurstöður fundar fremur en að beinlínis séu greidd atkvæði.

[61] Sjá reglugerð um breyting á reglugerð nr. 163, 30. maí 1973, um hvalveiðar, með síðari breytingum, nr. 58, 27. janúar 2009.

innar í heild, óháð því hvort þeir hafi athugasemdir við einstök atriði. Regla af þessu tagi er þekkt í öllum þingræðisríkjum og mikilvæg forsenda þess að þingræðisfyrirkomulagið virki.[62] Sú vinsældakeppni sem stjórnmál eru öðrum þræði getur virkað sem hvati fyrir einstaka ráðherra til að firra sig ábyrgð á gjörðum meðráðherra sinna. Það gæti þýtt að ríkisstjórnin styddi ekki við ráðherra sem þyrfti að taka á erfiðum málum, eins og oft er nauðsynlegt. Þar með getur skortur á samábyrgð dregið úr styrk stjórnarinnar til að stjórna með ábyrgum hætti. Hugmyndinni um samábyrgð ríkisstjórna er ætlað að draga úr þessari hættu.

Flestir ráðherrar sem rætt var við töldu óheppilegt að ráðherrar opinberuðu ágreining sinn, jafnvel þótt slíkt væri ekki beinlínis óleyfilegt. Ríkisstjórn þar sem ráðherrar væru farnir að deila utan ríkisstjórnarfunda væri veik að þeirra mati. Alþjóðleg gögn um tíðni þess að ráðherrar opinberi ágreining sín ámilli benda til að slíkt gerist mun oftar á Íslandi en í öðrum þingræðisríkjum sem gögn eru til um.[63]

5.2.1. Úrbætur

Nefndin telur að undirbúningur vegna ríkisstjórnarfunda þyrfti að vera í fastari skorðum til að ríkisstjórn hafi raunveruleg tækifæri til að veita stefnumótun ráðherra og ráðuneyta þeirra eðlilegt aðhald. Einnig væri eðlilegt að setja tímafresti við ákvörðun á dagskrá ríkisstjórnarfunda og rétt ráðherra til að leggja þar fram tillögur um nýmæli í lögum.

Eðlilegt væri að ríkisstjórnir settu sér vinnureglur sem tryggja aðkomu fleiri en viðkomandi fagráðherra að pólitískum álitaefnum sem snerta tillögur um nýmæli í lögum. Nefndin bendir á þann möguleika að tillögur um nýmæli í lögum verði almennt ekki afgreiddar úr ríkisstjórn fyrr en fjallað hefur verið um þær á að minnsta kosti tveimur fundum. Einnig kæmi til álita að taka frumvörp ekki á dagskrá fyrr en þau hefðu verið aðgengileg á innra neti ríkisstjórnar í tiltekinn lágmarkstíma (t.d. í viku).[64]

Styðja þarf við bakið á því gæðastarfi sem unnið hefur verið innan ráðuneytanna undanfarin ár og birtist m.a. í tilurð skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu sem les yfir öll stjórnarfrumvörp fráog með 1. október 2010. Ákveðnir hnökrar eru þó enn á framkvæmdinni. Þannig er mikill þrýstingur frá ráðherrum að fá umsögn afgreidda á skemmri tíma en viku sem er lágmarksfrestur samkvæmt reglum ríkisstjórnar. Ekki er heldur gengið úr skugga um það á vegum forsætisráðuneytisins áður en frumvarp er afgreitt hvort í raun hafi verið tekið tillit til umsagnar skrifstofunnar. Næsta skref í sömu átt væri að umsagnir löggjafarskrifstofunnar yrðu birtar sem fylgiskjal með frumvarpi. Það myndi enn auka aðhald með starfi ráðuneytanna á þessu sviði. Einnig verða ráðuneytin að skipuleggja undirbúning sinn þannig að skrifstofa löggjafarmála fái nægilegan tíma til að lesa frumvörp yfir. Loks mætti athuga þann möguleika að setja á fót sérstaka ráðherranefnd sem sinnti gæðamálum varðandi lagasetningu og tæki afstöðu til þess hvort hleypa eigi frumvarpi áfram til ríkisstjórnar jafnvel þótt eitthvað hafi skort á vandaðan undirbúning (t.d. vegna tímahraks).

Skýra þarf betur í löggjöf eða í öðrum reglum hvers konar málefni falla undir ákvæði 17. gr. stjórnarskrárinnar um „mikilvæg stjórnarmálefni“, sem kynna þarf í ríkisstjórn. Hugsan-

---

[62] Gunnar Helgi Kristinsson 2010a.

[63] Laver og Hunt 1992.

[64] Vísi að þessu má finna í reglum ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2010 þar sem segir: „Ef frumvarp varðar málefnasvið annars ráðuneytis skal það borið undir viðkomandi ráðuneyti í tæka tíð fyrir ráðherrafund. Einnig skal leitast við að kynna frumvarp öðrum ráðuneytum fyrir ráðherrafund ef ætla má að efni þess tengist málefnasviðum þeirra. Þegar um veigamikil mál er að ræða sem ekki er að finna í þingmálaskrá ríkisstjórnar er æskilegt að kynna þau í ríkisstjórn áður en samning frumvarps hefst.“

lega ætti að setja í lög eða stjórnarskrá ákvæði sem tryggðu að ríkisstjórnir þyrftu að taka sameiginlegar ákvarðanir í ákveðnum málum.

Meðal málefna sem nefndin telur að ríkisstjórn þurfi að beita sér í með virkari hætti eru stefnumótandi yfirlýsingar ráðherra (þar á meðal skýrslur ráðherra og svör við fyrirspurnum á Alþingi), allar fjárhagslega skuldbindandi ákvarðanir eða yfirlýsingar, þýðingarmiklar reglugerðarbreytingar, ákvarðanir sem varða skipulag eða staðsetningu opinberrar starfsemi, mikilvægar ákvarðanir sem lúta að stjórnun einstakra málaflokka, svo sem um kvóta, alþjóðasamninga og mikilvæg alþjóðasamskipti, veitingu stjórnunarstarfa í ráðuneytum og stofnunum skipun stærri nefnda sem undirbúa stefnumarkandi breytingar á löggjöf og sem vinna í einhverjum mæli þvert á ráðuneyti eða hafa pólitískt ráðgjafarhlutverk. Þetta þarf þó að íhuga vandlega og horfa til þess að ríkisstjórnarstarfið verði áfram skilvirkt og að ráðherrar geti lokið málum sem ekki flokkast sem stórmál.

Þá er æskilegt að skoða hvort leiða ætti í lög ákveðnar takmarkanir á heimild ráðherra og ríkisstjórnar til að taka ákvarðanir um mikilvæg stjórnarmálefni eftir að ljóst er að um starfsstjórn er að ræða og greina þannig á milli ríkisstjórnar með pólitískt umboð frá þinginu og starfsstjórnar.

Nefndin vekur athygli á mikilvægi þess að skilgreint sé hvernig ríkisstjórnir geta tekið ákvarðanir. Auk atkvæðagreiðslu í ríkisstjórn, sem rætt var um að framan, er bent á þrjár ólíkar leiðir til að komastað sameiginlegri niðurstöðu í málum án þess að til beinnar atkvæðagreiðslu þurfi að koma. Í tengslum við þetta þarf að huga að reglum um ritun fundargerða og hvernig ákvarðanir ríkisstjórnar, ef um slíkt verður að ræða í auknum mæli, verði bókaðar.

1. *Ráðherraákvörðun að aflokinni kynningu í ríkisstjórn:* Í sumum tilvikum getur verið nægjanlegt að ráðherra kynni hugmyndir sínar eða áform í ríkisstjórn og veki athygli samráðherra sinna á pólitísku álitaefnum og öðrum álitaefnum sem til staðar kunna að vera. Aðrir ráðherrar og flokkar fá þar með tækifæri til að gera sjónarmið sín gildandi, fá málum frestað ef svo ber undir og beina þeim í viðeigandi pólitískan farveg ef um þau ríkir ágreiningur.[65] Þessi aðferð gengur í meginatriðum út á að samstaða náist í ríkisstjórn um viðkomandi mál og að ráðherrum sé gefinn kostur á því að kynna sér mál sem lögð verða fyrir ríkisstjórn á ríkisstjórnarfundum.
2. *Afgreiðsla í ráðherranefnd:* Hugsanlegt er að sum málefni megi færa úr farvegi ríkisstjórnarfunda yfir á vettvang þar sem færri ráðherrar koma við sögu (sjá nánar aftar í þessum kafla). Þetta getur átt við um sérstök átaksverkefni ríkisstjórna eða málefni sem snerta svið fleiri en eins ráðuneytis. Eðlilegt er að ríkisstjórn taki formlega ákvörðun um stofnun tiltekinna ráðherranefnda en hún ætti jafnframt að geta heimilað þeim afgreiðslu á tilteknum málum.
3. *Aðkoma stjórnarforystu að málum:* Í öllum samsteypustjórnum gegna stjórnmálaflokkar meginhlutverkum og eðlilegt að hlutverkum þeirra sé ekki bara sinnt á bakvið tjöldin heldur einnig formlega, t.d. í nefnd. Hins vegar virðist einnig æskilegt að hafa ákveðinn sveigjanleika umhvernig þessu hlutverki sé sinnt, m.a. eftir því hversu margir flokkar

[65] Hugsanlegt væri auðvitað að ráðherra hefði vald til að fara sínu fram þrátt fyrir andmæli, en sú aðferð myndi kalla á að stjórnarflokkarnir slökuðu á flokksaga varðandi traust og vantraust gagnvart einstökum ráðherrum ef gæta ætti eðlilegra lýðræðislegra sjónarmiða. Þá yrði einstökum ráðherrum og stjórnarþingmönnum heimilt að taka þátt í vantrausti gagnvart einstökum ráðherrum samstarfsflokka sinna. Slíkir starfshættir tíðkast hins vegar hvergi í þingræðisríkjum og vandséð er hvernig ríkisstjórn ætti að geta starfað þar sem slík vinnubrögð væru tíðkuð.

eiga aðild að ríkisstjórn hverju sinni. Hér gæti verið um að ræða verkefni sem falla undir frumkvæðis- og eftirlitsskyldur forsætisráðherra auk ákvarðana um einstök mál sem heimilt væri að setja í þennan farveg. Forsætisráðherra myndi þá ráðfæra sig við formenn annarra stjórnarflokka um ýmis mál. Að svo miklu leyti sem hlutverki forsætisráðherra er beint í slíkan farveg er nauðsynlegt að um það gildi skýrar og formlegar reglur, þannig að ekki sé grafið undan pólitískri og lagalegri ábyrgð sem embætti forsætisráðherra fylgir.

5.3. Forsætisráðherra

Formlega skipar forsætisráðherra ráðherra og veitir þeim lausn, ákveður tölu þeirra og skiptir með þeim verkum eins og segir 15. gr. stjórnarskrárinnar. Eins og í öðrum ríkjum þar sem samsteypustjórnir eru algengar flækir það málin að forsætisráðherrann kemur jafnan úr einum aðildarflokkastjórnarinnar og gæti haft tilhneigingu til að draga taum síns flokks á kostnað hinna. Á Íslandi eru engin ótvíræð dæmi úr stjórnmálum síðari tíma um að stjórnmálaflokkar hafi haft afskipti af ráðherravali samstarfsflokka sinna, né að forsætisráðherra hafi beðist lausnar fyrir ráðherra án samþykkis þess stjórnmálaflokks sem valdi hann. Hvað þetta varðar, eins og um margt annað, eru flokkarnir einráðari um málefni sinna ráðherra en í öðrum ríkjum, þótt í reynd séu víðast takmörk fyrir því hversu mikil afskipti forsætisráðherra getur haft af vali á ráðherrum annarra flokka en síns eigin.[66]

Samkvæmt íslensku stjórnarskránni stýrir forsætisráðherra ríkisstjórnarfundum og samkvæmt stjórnarráðslögunum sker hann úr um valdmörk ráðherra, ef þau eru óljós eða skarast. Fáir málaflokkar heyra undir forsætisráðherra, en málefni stjórnarráðsins gera það hins vegar. Við breytingar á stjórnarráðsreglugerðinni árið 2009 var hnykkt á þessu atriði og nefnt að forsætisráðuneytið færi með forustu ogverkstjórn innan Stjórnarráðs Íslands auk þess sem málaflokkar voru færðir frá ráðuneytinu sem ekki voru taldir tengjast því hlutverki þess. Í hvaða mæli forsætisráðherra hefur frumkvæðisvald og skyldu til eftirlits með öðrum ráðherrum kann þó enn að vera umdeilanlegt og af viðtölunum að dæma er formleg umgjörð um slíkt vald að minnsta kosti óljós. Samkvæmt þeim eru þó dæmi þess að forsætisráðherra hafi vandað um við einstaka ráðherra. Sú þróun hefur hins vegar orðið á undanförnum árum að formenn þeirra stjórnarflokka sem aðild eiga að ríkisstjórn hafa í sameiningu tekið að sér forystuhlutverk í ríkisstjórninni og í nokkrum viðtölum er talað um stærri (fjögurra manna) ráðherrahóp sem í reynd gegni forystuhlutverki í ríkisstjórn. Í honum sitja leiðtogar stjórnarinnar og aðrir áhrifamenn í stjórnarflokkunum, hvort sem þeir eru varaformenn þeirra eða ekki. Sennilega er hér átt við sams konar hóp og í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er af einum ráðherra kallaður „súperráðherrahópur“ og gæti verið íslensk hliðstæða þess sem í enskumælandi löndum er kallað „the inner cabinet“.[67] Fyrirkomulag af þessu tagi vekur ekki bara upp spurningar um völd forsætisráðherra heldur einnig ábyrgð, því flókið getur verið að greiða úr því hver ábyrgð forsætisráðherra er ef hann deilir í reynd valdi sínu með stærri hópi ráðherra.

Viss þróun kann að hafa orðið á síðari árum í þá veru að styrkja stöðu forsætisráðherra og þó einkum þess tvíeykis sem forsætisráðherrann og formaður samstarfsflokksins mynda.

---

[66] Gunnar Helgi Kristinsson 2010a.
[67] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010.

Þetta getur skapað óvissu um hlutverk og ábyrgð ef það er ekki formbundið með einhverjum hætti.[68]

Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndarinnar og ákvörðun Alþingis um að stefna Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir landsdóm má ætla að forsætisráðherrar hafi víðtækara stjórnunarhlutverk í ríkisstjórn en þeir sjálfir hafa í sumum tilvikum talið og rakið er í umfjölluninni hér að framan. Jafnframt má ráða af umfjöllun rannsóknarnefndarinnar að heimildir forsætisráðherra til að úthluta öðrum ráðherrum eða stjórnmálaleiðtogum hluta af valdi sínu eða ábyrgð sé takmörkuð.

Skilgreina ætti í lögum um Stjórnarráðið völd og ábyrgð forsætisráðherra. Nefndin telur brýnt að því sérstaka hlutverki að veita ríkisstjórn forystu sé einnig sinnt af ráðuneyti forsætisráðherra. Hlutverk þess við forystu og samhæfingu vinnu ráðuneyta sé hliðstætt hlutverki forsætisráðherra við forystu og samhæfingu í ríkisstjórn.

5.4. Stjórnarsáttmálar

Lítil áhersla á samræmingu og pólitíska samábyrgð ríkisstjórna á Íslandi, bæði hvað varðar stutta stjórnarsáttmála og veigalítið hlutverk forsætisráðherra, gæti bent til þess að samningar um myndun ríkisstjórna hafi hér á landi viss einkenni hluta- eða helmingaskipta, þar sem málasviðum ráðuneyta er skipt milli flokka en tiltölulega lítil vinna lögð í að móta samræmda eða heildstæða stefnu. Þá hefur hver aðildarflokkur ríkisstjórnar tiltölulega mikið sjálfræði um hvernig farið er með vald ríkisstjórnar á málasviðum sem undir hans ráðuneyti heyra.[69]

Stuttir stjórnarsáttmálar þýða hins vegar ekki að þeir skipti engu máli og gildar ástæður þurfa að vera fyrir því að hverfa frá stefnu sem þar er mörkuð. Stjórnarsáttmálar virðast gjarnan samdir með þeim hætti að leiðtogar stjórnarflokkanna gegna nokkurs konar ritstjórnarhlutverki í að setja saman texta, sem unninn er í samstarfi undirhópa á vegum flokkanna. Ráðherrarnir hafa alls ekki allir tekið þátt í þeirri vinnu. Allir ráðherrarnir sem rætt var við eru sammála um að stjórnarsáttmálar séu vegvísir í störfum ríkisstjórna, einkum fyrst í stað þegar ríkisstjórnin og ráðherrar hennar eru að byrja að fóta sig innan Stjórnarráðsins. Hins vegar er mat þeirra á hversu bindandi ákvæði stjórnarsáttmála séu breytilegt. Kerfisbundin eftirfylgni með framkvæmd stjórnarsáttmála virðist almennt ekki hafa verið tíðkuð á Íslandi.

Athyglisverð þróun varð eftir kosningarnar 2009 þegar ríkisstjórn setti sér stjórnarsáttmála (kallast samstarfsyfirlýsing) sem var liðlega tveimur og hálfum sinnum lengri en stjórnarsáttmálar höfðu verið að meðaltali áratugina á undan, eða um sjö þúsund orð. Þetta bendir til þess að ný viðhorf til stjórnarsamstarfs hafi átt greiðan aðgang að þeim sem þá mynduðu ríkisstjórn. Þá setti núverandi ríkisstjórn í gang 100 daga áætlun, sem byggðist á áherslum í stjórnarsáttmála sem forsætisráðuneytið fylgdi eftir gagnvart ráðuneytunum. Aðstoðarmenn ráðherra ræða reglulega stjórnarsáttmálann á fundum sínum og fylgjast með framkvæmd hans. Almennt virðist ekki hafa verið haldið markvisst utan um framkvæmd stjórnarsáttmála hér á landi þar til nú.

Almennt gegna stjórnarsáttmálar mikilvægu pólitísku hlutverki í samsteypustjórnum. Engin lagaleg skylda er hins vegar að semja slíka sáttmála og efast má um gildi þess að setja um það reglur eða lög. Nefndin telur hins vegar æskilegt að við skilgreiningu á hlutverki for-

---

[68] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010.
[69] Gunnar Helgi Kristinsson og Indriði H. Indriðason 2010b.

sætisráðherra og ráðuneyti hans verði kveðið á um að forystu þeirra við eftirfylgni og framkvæmd stjórnarsáttmála.

5.5. Ráðherranefndir

Ráðherranefndir eru í flestum nágrannaríkjum okkar mikilvæg aðferð við að samhæfa störf ráðherra utan eiginlegra ríkisstjórnarfunda. Ráðherranefndir létta álagi af ríkisstjórn og gera umræður þar markvissari en þær geta einnig gert forystumönnum í ríkisstjórnarsamstarfi auðveldara fyrir að sinna leiðsagnar- og eftirlitshlutverki sínu á einstökum málasviðum. Í Danmörku starfa að jafnaði um 20 ráðherranefndir og má segja að þar í landi séu störf slíkra nefnda ein helsta samhæfingaraðferð ríkisstjórna.[70]

Á Íslandi starfa nú fjórar fastar ráðherranefndir sem sýndar eru í skipuriti forsætisráðuneytisins, þ.e. um ríkisfjármál, jafnréttismál, Evrópumál og efnahagsmál og funda þær reglulega. Lítil reynsla er hins vegar almennt af starfi slíkra formlegra ráðherranefnda, enda hefur einungis sú fyrstnefnda langa sögu að baki.[71] Hinar þrjár voru settar á fót árið 2009. Í öllum nefndunum eiga sæti formenn stjórnarflokkanna, sem gefur þeim aukið vægi. Auk formlegra nefnda af þessu tagi virðist hins vegar algengt að skipaðir séu óformlegri starfshópar ráðherra til að takast á við einstök mál eða verkefni til skemmri tíma.

Þótt of snemmt sé e.t.v. að kveða upp úr um gagnsemi eða áhrif ráðherranefnda eru umsagnir ráðherranna um þær almennt jákvæðar. Þeir telja að slíkar nefndir efli samhæfingu í ríkisstjórn og víkki sjóndeildarhring þeirra útfyrir málaefnasvið einstakra ráðherra. Fagráðherrar telja að slíkar nefndir styrki þá fremur en veiki og geri þeim betur kleift að sinna verkefnum sínum. Það sjónarmið kemur einnig fram í viðtölunum að nefndir vinni ekki nægilega markvisst, umræða sé óskipuleg, slíku starfi sé ekki gefinn nægur tími og afraksturinn eða niðurstaðan sé ekki nægilega gagnsæ.

Ráðherranefndir geta verið þrenns konar. Í fyrsta lagi er ráðherranefnd sem fer með stjórnarforystu ísamstarfi forsætisráðherra við leiðtoga stjórnarflokkanna. Í öðru lagi eru varanlegar ráðherranefndirsem stofnaðar hafa verið samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar utan um skýrt afmörkuð verkefni. Í þriðja eru lagi tilfallandi nefndir sem fjalla um sérstök álitaefni innan afmarkaðs tímaramma.

Segja má að formlegar ráðherranefndir séu að miklu leyti nýtt form í íslenskri stjórnsýslu eða a.m.k. mjög lítið notað, þótt elsta af núverandi nefndum hafi að vísu starfað frá því á tíunda áratugnum.Nefnd um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands telur að markvissari umgjörð utan um slíkt starf gæti komið til móts við áhyggjur af skorti á gagnsæi og ábyrgð sem greina má í sumum viðtalanna og til þess að tryggja að ráðherraábyrgð sé skýr. Þetta krefst þess m.a. að haldnar séu fundargerðir þar sem gerð er grein fyrir því, eftir atvikum, hvað einstakir ráðherrar hafa lagt til lokaniðurstöðu máls.

Meðal þess sem huga þarf að við mótun formlegrar umgjarðar um ráðherranefndir er að ríkisstjórnir samþykki formlega að koma slíkum nefndum á fót, skilgreini hlutverk þeirra og tímaramma, skýrt verði hvernig málum verði vísað frá ríkisstjórn til slíkra nefnda og í hvaða tilvikum slíkar nefndir hafa umboð til þess að ljúka einstökum málum. Þá sýnir reynslan að skortur er á formfestu þessara funda, svo sem skráninga fundargerða.

---

[70] Knudsen 2000.

[71] Um árabil starfaði reyndar ráðherranefnd um einkavæðingu. Starfið fór að mestu fram í framkvæmdanefnd á hennar vegum og formlega hittist ráðherranefndin sjaldan.

5.6. Aðstoðarráðherrar

Í mörgum grannlöndum okkar er hlutverk lægra settra pólitískra starfsmanna í ráðuneytum skilið víðari skilningi en hér á landi. Litið er á þá sem starfsmenn ríkisstjórnarinnar ekki síður en aðstoðarmenn viðkomandi ráðherra. Hlutverk þeirra er þess vegna ekki einungis að snúast fyrir ráðherra heldur að stuðla að því að ríkisstjórnin í heild nái markmiðum sínum. Þessi hugsun nær lengst þar sem aðstoðarráðherrar starfa sem sjálfir eru þingmenn (t.d. í Bretlandi) en Danmörk er það ríki sem næst kemst íslenska fyrirkomulaginu með aðstoðarfólk sem fyrst og fremst tengist viðkomandi ráðherra.

Samkvæmt 15. gr. stjórnarráðslaganna er ráðherrum heimilt að ráða tímabundið aðstoðarmann, sem hverfi úr starfi um leið og ráðherra. Þó virðist sem þörf sé fyrir fleiri aðstoðarmenn.[72] Almennt hefur verið litið svo á að pólitískir aðstoðarmenn hér á landi hafi ekki boðvald gagnvart embættismönnum og starfsmönnum ráðuneyta líkt og aðstoðarráðherrar eða pólitískt ráðnir ráðuneytisstjórar, t.d. í Bretlandi og Noregi.[73]

Persónuleg tengsl ráðherra og aðstoðarmanns eru mjög stór þáttur í hlutverki aðstoðarmanns eins ogþað hefur þróast á Íslandi. Í seinni tíð hefur engu síður sá háttur verið tekinn upp að aðstoðarmenn hittist reglulega til að bæta samhæfingu í störfum ríkisstjórnar. Það fyrirkomulag að aðstoðarmenn geti þjónað víðtækara hlutverki en persónulegu aðstoðarhlutverki fyrir ráðherra er þó framandi hugsun íStjórnarráði Íslands.

Að svo miklu leyti sem aðstoðarmenn eru fyrst og fremst persónulegir ráðgjafar og pólitískir samstarfsmenn einstakra ráðherra virðist hæpið að þeir fái beinar stjórnunarheimildir innan ráðuneytanna eða rétt til að tala í þeirra nafni nema í samráði við ráðherra og ráðuneytisstjóra. Að svo miklu leyti, hins vegar, sem þeir gegna víðtækara hlutverki fyrir ríkisstjórnina í heild má segja að verkefni þeirra sé ekki einungis þjónusta við ráðherra og þeir þurfi þess vegna sjálfstæðar stjórnunarheimildir í stjórnsýslunni. Hugmyndin um aðstoðarráðherra er af þeim toga. Aðstoðarráðherra er ekki einfaldlega aðstoðarmaður ráðherra heldur að hluta til samstarfsmaður og starfar ekki bara í umboði viðkomandi ráðherra heldur ríkisstjórnarinnar allrar. Eigi að stofna embætti aðstoðarráðherra á Íslandi með sérstakar stjórnunarheimildir innan ráðuneyta virðist eðlilegt að það sé gert samhliða endurskilgreiningu á hlutverkum lægra settra pólitískra starfsmanna í ráðuneytunum.[74]

5.7. Samskipti við þingið

Reglubundin tengsl ríkisstjórnar og ráðherra við þingið lúta ekki síst að löggjafarstarfinu, þótt þingið hafi einnig margháttuð tækifæri til að gera stjórnsýslu ráðherra að umfjöllunarefni. Samskiptin við þingið eru hluti af því aðhaldi sem ráðherrar búa við. Þótt aðhald við þá sé margháttað í þingsal er þó sá hluti sem lýtur að þingflokkum stjórnarinnar annars vegar og nefndum þingsins hins vegar mikilvægari í því samhengi sem hér um ræðir, þ.e. samábyrgð ríkisstjórnar á málefnum ráðuneyta.

Sú venja hefur skapast hér á landi að stjórnarfrumvörp eru borin undir þingflokka stjórnarflokkanna áður en þau eru lögð fyrir þingið. Þá hafa þau að öðru jöfnu þegar verið rædd í ríkisstjórn og samþykkt þar. Af viðtölum við ráðherra má ráða að þeir telji sig búa við talsvert aðhald frá eigin þingflokki. Ráðherrar eru jafnvel gerðir afturreka með mál. Sjaldgæft

---

[72] Sjá svar við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um aðstoðarmenn ráðherra og tímabundnar ráðningar. Þskj. 195, 42. mál, 138. löggjafarþing 2009–2010.
[73] Ómar H. Kristmundsson 2005, bls. 66.
[74] Sjá umfjöllun um aðstoðarmenn ráðherra í 4. kafla.

er að ráðherrar fundi með þinghópi samstarfsflokksins og af viðtölum má ætla að ekki sé um að ræða sterkt aðhald þingflokka með ráðherrum samstarfsflokka.

Hvað þingnefndir varðar veita þær þingmönnum færi á að tefla talsmönnum hagsmunasamtaka og óháðum sérfræðingum gegn sérfræðingum ráðuneytanna. Ráðherrar koma einnig stundum fyrir þingnefndir, en fundir þingnefnda eru almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Formenn þingnefnda gegna lykilhlutverki í samskiptum þingnefnda og ráðherra og ráðherrar telja það miklu skipta að eiga góð samskipti við þá, hvort sem þeir koma úr eigin flokki eða samstarfsflokknum. Þótt ráðherrar virðist almennt líta á samskiptin við þingnefndir jákvæðum augum benda þeir á að þegar mál eru komin í þennan farveg hafa þau þegar hlotið náð fyrir augum ríkisstjórnar og þingflokka stjórnarinnar. Frumvörp taka að vísu oft margháttuðum breytingum í meðförum nefnda eða fyrir þeirra tilstuðlan, en jafnan er það gert í góðu samstarfi við ríkisstjórnarflokkana og á svipuðum forsendum og lagt var upp með frá ráðuneyti.

Í opinberri umræðu gætir vaxandi gagnrýni á það fyrirkomulag að stærstan hluta samþykktra laga megi rekja til stjórnarfrumvarpa. Talað er í þessu sambandi um ofríki framkvæmdarvaldsins og það sé óeðlilegt að þingmenn skuli ekki eiga oftar frumkvæði að löggjöf. Þessi gagnrýni er óraunhæf þegar hliðsjón er höfð að því að þessi skipan mála er ekkert frábrugðin því sem tíðkast í öðrum þingræðisríkjum. Hjá framkvæmdarvaldinu liggur líka meiri sérþekking og vitneskja um þau vandamál sem koma upp í framkvæmd og kalla á lagabreytingar. Þar er líka haldið utan um alþjóðleg samskipti eins og innan vébanda EES en margar lagabreytingar eiga rætur að rekja til nýmæla á þeim vettvangi.

Að því er þingmannafrumvörpin varðar er ákveðinn vandi fólginn í því að þau fara ekki í gegnum sömu síu og stjórnarfrumvörp. Með nýjum reglum ríkisstjórnarinnar hafa t.d. verið stórauknar kröfur til frumvarpa að því er varðar faglegan undirbúning, t.d. mat á áhrifum. Því er hætt við að þingmannafrumvörpin verði ekki jafnvönduð og stjórnarfrumvörpin. Það er þó ekki beinlínis í verkahring þessarar nefndar að fjalla um þetta. Verkefni hennar er að stuðla að því að sú stefnumótun og undirbúningur löggjafar sem fram fer á vegum Stjórnarráðsins séu nægilega vönduð til að standa undir trausti fólks í samfélaginu.

5.8. Tillögur

1. Æskilegt er að tryggja með einhverjum hætti pólitíska samábyrgð ríkisstjórna í ákveðnum málum án þess þó að gera ríkisstjórnina almennt að fjölskipuðu stjórnvaldi (5.1 og 5.2).
2. Skerpa þarf á reglum um ríkisstjórnarfundi í stjórnarráðslögunum eða afleiddum reglum (5.2).
   a. Tilgreina þarf í lögum hvaða mál þarf að bera upp á ríkisstjórnarfundum og hvaða mál ríkisstjórn ákvarðar sameiginlega. Þegar um er að ræða sameiginlegar ákvarðanir ætti þó ávallt að fela tilteknum ráðherra að bera ábyrgð á að fylgja málum eftir í kjölfarið. Ritun fundagerða skiptir hér miklu máli.
   b. Koma ætti upp innri vef ríkisstjórnar þar sem mál væru lögð fram og aðrir ráðherrar gætu kynnt sé þau.
   c. Skýra þarf stöðu minnisblaða sem samþykkt eru í ríkisstjórn og huga að eftirfylgni með þeim (sjá einnig 7. kafla).
   d. Setja ætti reglur um hvenær og hvernig mál eru lögð fyrir ríkisstjórnarfundi, t.d. að þeim skuli dreift degi fyrir fund.
   e. Setja þarf reglur um hvað er bókað í fundargerðir og hvernig, t.d. ætti að bóka ákvarðanir og samþykktir sérstaklega.

3. Nauðsynlegt er að í lögum um Stjórnarráðið verði tekið með afgerandi hætti á stöðu forsætisráðherra og ráðuneytis hans (5.3).
4. Efla þarf eftirfylgni með stjórnarsáttmálum af hálfu forsætisráðuneytisins og styrkja umræðu um hvernig miðar í átt að þeim markmiðum sem þar eru sett fram (5.4).
5. Setja þarf fram skilgreiningar á hlutverki og stöðu ráðherranefnda í stjórnarráðslögunum (5.5).
   a. Að setja á fót ráðherranefnd ætti að vera ríkisstjórnarákvörðun.

6. Ráðuneyti, stofnanir og sjálfstæðir aðilar

Ábyrgð ráðherra á stjórnsýslu í málaflokkum er leidd af stjórnarskránni. Í 2. gr. hennar er mælt fyrir um að forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskránni og öðrum landslögum fari með framkvæmdarvaldið. Í 13. gr. segir að forseti láti ráðherra framkvæma vald sitt og í 14. gr. að ráðherrar séu ábyrgir fyrir stjórnarframkvæmdum öllum.

Eitt af stærstu verkefnum ráðuneyta er að hafa eftirlit með framkvæmd stefnu sem fram kemur í lögum frá Alþingi. Til þess að geta borið ábyrgð þarf að móta stefnu, skipuleggja framkvæmd og hafa eftirlit.Í umboði ráðherra og á vegum ráðuneytanna starfar mikill fjöldi aðila við þessa framkvæmd. Á milli ráðuneytanna og slíkra aðila er umboðssamband, þótt rekstrarform skipulagsheilda sem gegna umboðshlutverki geti verið mismunandi. Ýmist er um að ræða opinberar stofnanir, félagasamtök, sjálfseignarstofnanir eða einkafyrirtæki. Markmið umboðssambandsins er að umbjóðandinn, í þessu tilvikiráðuneytin, nái markmiðum sem sett hafa verið með aðstoð þeirra sem gegna umboðshlutverki. Ýmsir þættir geta haft áhrif á hvort umboðssamband skili þeim árangri sem að er stefnt fyrir umbjóðandann. Oft skiptir miklu hvort markmið umbjóðanda og þess sem rækir umboðshlutverk eru ólík. Eins skiptir miklu hvort sá sem rækir umboðshlutverk hefur upplýsingaforskot á umbjóðanda sinn.[75] Ef sá sem gegnir umboðshlutverki hefur betri upplýsingar en umbjóðandinn (eins og iðulega er raunin) getur það freistað viðkomandi að gæta eigin hagsmuna á kostnað umbjóðanda síns. Þar sem aðstæður bjóða upp á misnotkun á umboðshlutverkinu er einnig hætta á að óheppilegir aðilar sækist eftir að gegna slíkum hlutverkum.

Viðfangsefni þessa kafla er að skoða forsendur ráðuneytanna til að stýra og hafa eftirlit með starfsemi skipulagsheilda sem á þeirra vegum vinna að framkvæmd opinberrar stefnumótunar. Ekki er mikið fjallað um þennan þátt í stjórnarráðslögunum enda veruleikinn annar nú 40 árum eftir setningu þeirra, t.d. með fjölgun sjálfstæðra úrskurðaraðila og aukinni þátttöku einkaaðila við framkvæmd opinberraverkefna. Í 9. gr. laganna er einungis sagt að ráðuneyti hafi eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undirþað ber, og eignum á þeirra vegum. Ítrekað hefur verið bent á að þetta ákvæði sé langt því frá að vera nægjanlega skýrt, sérstaklega þegar kemur að eftirliti með sjálfstæðum stjórnvöldum.[76]

---

[75] Sjá t.d. Kiewiet og McCubbins 1991.

[76] Tekið er fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (kafla 21.4.7) að nauðsynlegt sé að endurskoða ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1969 og taka af allan vafa um efnissvið þeirra vegna þeirrar óvissu sem ríkir um það hvort þetta ákvæði taki einungis til lægra settra stjórnvalda gagnvart hlutaðeigandi ráðherra eða einnig sjálfstæðra stjórnvalda. Þar segir að ef ákvæðinu sé ætlað að ná til sjálfstæðra stjórnvalda verði að taka af skarið með þaði lögum til hvaða úrræða ráðherra geti gripið gagnvart slíkum stjórnvöldum. Í því sambandi verði að gera greinarmun annars vegar á eftirliti með fjárreiðum og eignum sjálfstæðra stjórnvalda og úrræðum fyrir ráðherra verði misbrestur á því að þær sinni lögbundnum skyldum sínum og hins vegar eftirliti með lögmæti ákvarðana slíkra stjórnvalda enda sé það beinlínis markmið margra laga að koma í veg fyrir að ráðherra geti breytt úrskurðum sjálfstæðra stofnana og stjórnsýslunefnda.

Í kaflanum er byggt á fjölþættum fyrirliggjandi heimildum auk viðtala við 22 stjórnendur ráðuneytanna (sem annars staðar er gerð grein fyrir). Sérstaklega er skoðað samband ráðuneytanna við stofnanir sem lúta boðvaldi ráðuneytanna og eru hér nefndar hefðbundnar ríkisstofnanir. Næst er skoðað samband þeirra við sjálfstæða opinbera aðila, þar sem að einhverju eða öllu leyti hefur verið höggvið á beint boðvald ráðuneyta. Loks eru skoðuð tengsl ráðuneyta við annars konar aðila, sem þau geta einungis haft áhrif á með óbeinum aðferðum.

6.1. Burðir ráðuneyta til eftirlits

Eftirlit á málefnasviði ráðuneytis er í meginatriðum þríþætt.

1. *Stjórnsýsluefirlit.* Yfirstjórnarheimildir og úrskurðir í kærumálum. Hugsunin að baki úrskurðarvaldi ráðherra er m.a. að samræma og fylgja eftir þeirri stefnu sem fram kemur í lögum og nánari stefnumörkun innan þess ramma. Þetta eftirlit ætti líka að vera ákveðin leið til fyrir ráðuneytið til þess að átta sig betur á og meta þörf fyrir lagabreytingar á viðkomandi sviði.
2. *Jákvæðar skyldur ráðherra/ráðuneytis.* Skyldan til að bregðast við að eigin frumkvæði ef vitneskja berst t.d. um að mál séu ekki í réttu horfi innan undirstofnunar eða í samskiptum forstöðumanns og starfsmanna.

3. *Almennt eftirlit.* Eftirlit með gæðum ákvarðana og þjónustu sem heyrir undir ráðuneytið og er veitt af stofnunum og sjálfstæðum aðilum samkvæmt samningi.

Ráðuneytin þurfa að vera vel í stakk búin til þess að sinna eftirlitshlutverki sínu gagnvart mismunandiaðilum af kostgæfni. Til þess þarf mismunandi hæfni starfsfólks. Í því sambandi skiptir miklu máli hvernig umgjörð og tíðni samskipta er háttað. Á mynd 5 er með einföldum hætti teiknað upp umhverfi ráðuneyta og þá aðila sem þau eiga í samskiptum við vegna framkvæmdar og eftirlits með stefnu sem þau bera ábyrgð á. Mismunandi er hvernig samskiptunum er háttað og hvaða tæki standa ráðuneytum til boða. Það fer eftir því hversu nálægur ráðuneytunum samstarfsaðilinn er.



Mynd 6. Eftirlitsspönn ráðuneyta.

Ráðuneytin þurfa að gera sér grein fyrir því, að svo miklu leyti sem þau hafa lagalegt svigrúm til að velja samstarfsaðila, hvers konar ábata þau hafi af samstarfinu og hvers konar aðferðir þau geti notað til að gæta almannahagsmuna. Boðvald og stigveldi eru þær aðferðir sem umbjóðendur nota oftast til að tryggja að fulltrúar þeirra vinni í samræmi við það sem til er ætlast.[77] Beint boðvald leyfir tiltölulega bein inngrip umbjóðanda í störf fulltrúa og veitir honum ótakmarkaðan aðgang að þeim upplýsingum sem fulltrúinn kann að búa yfir. Hins vegar geta annars konar sjónarmið, sem nánar verður vikið að síðar, mælt með því að haga samstarfi þannig að einhverjir samstarfsaðilar lúti ekki beinu boðvaldi ráðuneytis.

Stjórnarráðið er einungis lítill hluti opinbera geirans á Íslandi, hvort sem það er mælt í mannafla eða fjármunum. Þegar af þeirri ástæðu vakna spurningar um hvernig Stjórnarráðið sé í stakk búið til að gegna hlutverki sínu við eftirliti með stefnu.

Tafla 9. Starfsmannafjöldi ráðuneyta og stofnana 2010 (stöðugildi).[78]

Ráðuneyti	Fjöldi í ráðuneyti	Fjöldi í stofnunum	Alls	Hlutfall á aðalskrifstofu
Forsætisráðuneyti	34	25	59	57,6%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	91	4.939	5.030	1,8%
Utanríkisráðuneyti	94	200	294	31,9%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	44	439	483	9,1%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti [79]	41	1.964	2.005	2,0%
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	51	2.073	2124	2,5%
Heilbrigðisráðuneyti	61	8.514	8.575	0,7%
Fjármálaráðuneyti	63	1.087	1.151	5,5%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	34	574	608	5,7%
Iðnaðarráðuneyti	23	235	258	8,9%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	25	235	260	9,6%
Umhverfisráðuneyti	33	630	665	5,0%
Alls	593	20.917	21.510	2,8%

Í töflu 9 er tilgreindur fjöldi starfsmanna á aðalskrifstofum ráðuneyta og í stofnunum og hlutfall starfsmanna ráðuneytanna. Um 3% starfsmanna ríkisins vinna á aðalskrifstofum ráðuneytanna en 97% í stofnunum. Auk þess vinna margir opinberir starfsmenn hjá sveitarfélögum og nokkur hópur hjá æðstu stjórn ríkisins utan ráðuneyta, þ.e. Alþingi, stofnunum þess og forseta.

Ráðuneytin eru nú tólf en ríkisstofnanir tæplega tvö hundruð. Mismunandi aðferðir eru farnar við að telja stofnanir ráðuneyta. Þær má telja með því að skoða löggjöf um stofnanir, fjárlagaliði og fjölda þeirra sem gegna störfum forstöðumanna, svo dæmi séu tekin. Samkvæmt upplýsingum úr fjármálaráðuneytinu frá nóvember 2010, þar sem vísað er til 3. gr. reglugerðar nr. 1061/2004, um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana, og lista sem fjármálaráðuneytið heldur um forstöðumenn stofnana, kemur í ljós að fjöldi stofnana á málasviðum ráðuneyta er mjög mismunandi. Mestur er hann hjá menntamálaráðuneytinu, 57 stofnanir, en minnstur hjá utanríkisráðuneytinu, tvær stofnanir.

---

[77] Miller 1992.

[78] Unnið upp úr launakerfi ríkisins og miðað við þá sem fengu greidd mánaðarlaun (dagvinnulaun). Með aðalskrifstofu er átt við ráðuneytið sjálft.

[79] Meðtalið er starfsfólk héraðsdómstóla og Hæstaréttar sem heyra ekki undir ráðuneytið en ráðuneytið sér um vinnu við fjárlagagerð o.fl. sem tengist rekstri þeirra.

Tafla 10. Fjöldi og stærð ríkisstofnana 2010 eftir ráðuneytum.

Ráðuneyti	Fjöldi stofnana	Fámennasta stofnun	Fjölmennasta stofnun
Forsætisráðuneyti	4	3	11
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	57	4	1.596
Utanríkisráðuneyti[80]	2	23	205
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	12	2	154
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	40	1	388
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	16	2	583
Heilbrigðisráðuneyti	22	10	4.610
Fjármálaráðuneyti	11	4	272
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	8	2	354
Iðnaðarráðuneyti	4	17	101
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	4	24	95
Umhverfisráðuneyti	13	1	247
Samtals	**193**		

Í töflu 10 er fjöldi stofnana og stærð eftir ráðuneytum sýnd. Fjöldi stofnana hefur óhjákvæmilega áhrif á hversu flókið eða einfalt verkefni það er að stýra þeim, en fjölbreytileiki þeirra, skipulagsform og viðfangsefni hafa að sjálfsögðu einnig áhrif.

Í könnun sem framkvæmd var 2006–2007 um starfsumhverfi ríkisstarfsmanna var m.a. leitað eftir viðhorfum forstöðumanna ríkisstofnana til samstarfs og samskipta við ráðuneytin.[81] Spurt var almennt um ánægju forstöðumanna með samskipti við ráðuneyti sín vegna tiltekinna viðfangsefna. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 11 á grundvelli einfaldrar tvískiptingar stofnana með hliðsjón af verkefnum. Annars vegar eru stofnanir sem fást við regluframkvæmd og hins vegar fagstofnanir.[82]

Tafla 11. Ánægja forstöðumanna stofnana með samskipti við ráðuneytin (hlutfall mjög eða frekar ánægðra)

Samvinna við ráðuneyti um	Stofnanir sem einkum vinna að reglu-framkvæmd	Stofnanir sem einkum vinna að faglegum viðfangsefnum	Allar stofnanir	Fjöldi svara
Undirbúning fjárlaga	57%	26%	35%	139
Framkvæmd fjárlaga	54%	26%	34%	139
Fagleg verkefni stofnunar	65%	41%	47%	137
Stefnumótun stofnunar	41%	32%	35%	138
Meðaltal	**54%**	**31%**	**38%**	**138**

[80] Verður ein stofnun um áramótin 2010/2011 þegar Varnarmálastofnun verður lögð niður.
[81] Fjármálaráðuneytið 2007c.
[82] Fjármálaráðuneytið 2007c. Stofnanir sem einkum vinna við regluframkvæmd eru hér taldar sýslumannsembætti, löggæsla, fangelsi, stofnanir á sviði skatta- og tollamála og aðrar stofnanir fjármála- og dóms- og mannréttindamálaráðuneytis. Stofnanir sem einkum vinna að faglegum viðfangsefnum eru hér taldar heilbrigðisstofnanir, stofnanir á sviði félags- og lýðheilsumála, framhalds- og háskólar, aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir ásamt stofnunum atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála. Nákvæmari greining á verkefnum stofnana kynni að leiða til annars konar flokkunar þeirra, en hafa ber í huga að gögnum var safnað í öðrum tilgangi en þeim sem hér er fjallað um. Lítill vafi virðist hins vegar á því að meginlínurnar í töflunni kæmu svipað út þótt flokkun stofnana yrði breytt í einhverjum atriðum.

Taflan sýnir í fyrsta lagi að minnihluti forstöðumanna er ánægður með samskiptin við ráðuneyti sín. Að meðaltali eru 38% forstöðumanna ánægðir með samskipti við ráðuneyti hvað þau fjögur atriðivarðar sem spurt var um. Í öðru lagi er mikill munur á ánægju forstöðumanna eftir því hvers eðlis stofnanirnar eru sem þeir stýra. Forstöðumenn stofnana sem fyrst og fremst fást við regluframkvæmderu almennt mun ánægðari en forstöðumenn hinna sem fást við annars konar starfsemi. Í þriðja lagi sýnir taflan að óánægja forstöðumanna beinist að ólíkum hlutum eftir því hvers eðlis verkefni þeirra eru. Meiri ánægja er með samskipti sem varða fagleg verkefni en þau sem varða annaðhvort fjárveitingar eða stefnumótun.

Afstaða forstöðumanna getur átt sér mismunandi rætur. Afstaða þeirra sem stýra stofnunum sem fást við regluframkvæmd gæti átt rætur í því að mörg verkefni þeirra séu í tiltölulega föstum skorðum og að þær séu tiltölulega sjálfráðar innan þess hefðbundna ramma. Minni ánægja með stefnumótun gæti átt rætur í því að nýbreytni og önnur stefnumótun fái ekki þá athygli ráðuneytanna sem þörf er talin á.

Óánægja þeirra sem stýra faglegum stofnunum beinist sérstaklega að fjárhagslegum samskiptum við ráðuneytin, enda fjárþörf faglegrar starfsemi sífellt þrætuepli í opinberri stjórnsýslu. Hins vegar er einnig athyglisvert að einungis 41% eru ánægð með samstarf um fagleg verkefni og 32% með samskipti sem varða stefnumótun. Sérstaklega er áhugavert að innan við þriðjungur telur samskipti við ráðuneytin góð hvað varðar stefnumótun í málefnum sinna stofnana.

Viðhorf 22 stjórnenda í ráðuneytunum má nota til að bæta við þá mynd sem fæst í gegnum viðhorfakönnun meðal forstöðumanna. Stjórnendur í ráðuneytunum virðast hafa jákvæðari mynd af samskiptum við stofnanir en forstöðumenn stofnana. Hins vegar eru samskiptin mjög mismunandi eftir eðli verkefna, fjölda stofnana sem heyra undir ráðuneyti og faglegum styrk ráðuneytanna á þeim sviðum sem stofnanirnar sinna. Í sumum tilvikum hafa ráðuneytin ekki forsendur til að veita stofnunum leiðsögn vegna þess að sérþekking í viðkomandi málefnum er fyrst og fremst til innan viðkomandi stofnunar. Þar sem stofnanir eru margar er einnig vandkvæðum bundið að eiga náið samstarf við hverja um sig. Mikill fjöldi lítilla stofnana, sem einkennir íslenska stjórnsýslu, gerir þannig stjórnunarverkefni ráðuneytanna flóknari en ella. Margir stjórnendur í ráðuneytunum lýsa samskiptum við stofnanir þannig að þau hafi litlar forsendur til forvirkrar stjórnunar eða stefnumótunar í málefnum. Hlutverk ráðuneytanna sé meira að „slökkva elda“ eins og það er orðað og „gott samstarf“ í því samhengi merkir oft ekki mikið meira en að samskiptin séu lítil en vandræðalaus. „Einhverjar litlar stofnanir sem allt er í góðu lagi hjá, maður er ekkert að trufla þær“ lýsir vel þessu viðhorfi. Fámenni og skortur á sérfræðingum í ráðuneytunum er nær alltaf sú skýring sem gefin er á að samstarfið sé ekki nánara.

6.2. Hefðbundnar ríkisstofnanir (lægra sett stjórnvöld)

Meginreglan er sú að ráðherra fer með yfirstjórn stjórnsýslunnar og getur gefið lægra settum stjórnvöldum almenn fyrirmæli um hvernig standa skuli að meðferð mála, án þess að svo sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Stjórnsýsla ríkisins er stigskipt á þann hátt að æðri stjórnvöld (ráðuneyti) hafa yfirstjórn og eftirlit með stjórnvöldum sem lægra eru sett. Hafi stjórnvald stöðu lægra setts stjórnvalds gagnvart ákveðnum ráðherra leiðir af stjórnsýslusambandi þeirra að viðkomandi ráðherra hefur almennar eftirlitsheimildir gagnvart hlutaðeigandi stjórnvaldi, sé ekki á annan veg mælt í lögum.[83]

---

[83] Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, kafli 16.1.2.8.

Í reynd virðast stofnanir njóta töluverðs sjálfstæðis, jafnvel þótt þær séu lægra sett stjórnvöld og heyri þannig formlega undir boðvald ráðuneyta. Meiri afskipti tengjast gjarnan því að sérstök vandræði hafa skapast eða að málefni viðkomandi stofnunar eru af öðrum ástæðum til sérstakrar skoðunar. Virkustu stjórntæki ráðuneytanna í málefnum stofnana eru oftast fjárlögin og fjárhagslegt eftirlit. Hvað það varðar virðast samskiptin almennt vera í föstum skorðum.

6.2.1. Stjórnir

Þrátt fyrir að hér sé rætt um tiltekna tegund stofnana (lægra sett stjórnvöld) eru þau langt því frá að vera að öllu leyti hliðstæð þegar kemur að fyrirkomulagi stjórnunar þeirra. Sumar þessar stofnana hafa stjórnir þó að þeim hafi fækkið nokkuð á undanförnum árum.

Stjórnir hefðbundinna ríkisstofnana eru skipaðar af ráðherra til nokkurra ára í senn, oft þannig að hluti stjórnarmanna er skipaður samkvæmt tilnefningu utanaðkomandi aðila. Hlutverk stjórnanna fer í flestum tilvikum eftir sérlögum um hverja stofnun. Hlutverkin eru æði mismunandi þar sem sumar stjórnir eiga fyrst og fremst að vera ráðgefandi á meðan aðrar koma að stefnumótun og hafa eftirlitsskyldum að gegna gagnvart forstöðumanni. Yfirleitt er ekki kveðið sérstaklega á um hæfi stjórnarmanna eða tiltekið með skýrum hætti hver verkaskiptingin skuli vera milli stjórna og forstöðumanna annars vegar eða milli stjórna og ráðuneyta hins vegar. Ekki eru til neinar almennar reglur, lög eða leiðbeiningar um starfshætti stjórna hjá ríkinu þótt í 49. gr. fjárreiðulaga sé kveðið á um að forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila beri ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir og að ársreikningar séu gerðir í samræmi við lög. Af þessari lagagrein verður ekki annað ráðið en að allar stjórnir ríkisstofnana hafi ásamt forstöðumönnum ákveðnum skyldum að gegna varðandi fjármál stofnana þrátt fyrir náin samskipti ráðuneyta og stofnana er varðar fjármálastjórn og þá staðreynd að sumar stjórnir eru fyrst og fremst skipaðar til þess að veita faglega ráðgjöf.[84] Má í þessu sambandi einnig nefna skyldur forstöðumanna um ábyrgð á stofnunum sem þeir stýra skv. 2. mgr. 38. gr. starfsmannalaga sem sýnir þann árekstur sem getur orðið milli reglna um ábyrgð stjórnar annars vegar og forstöðumanns hins vegar.

Óhætt er að segja að hlutverk stjórna hjá ríkisstofnunum sé því oft og tíðum óljóst. Ráðherra skipar bæði stjórn og forstöðumann og báðir aðilar bera ábyrgð gagnvart honum. Stjórnir hafa sjaldnast bein völd yfir forstöðumanni og hafa fá tæki í hendi sér til þess að láta að sér kveða í rekstri stofnana þrátt fyrir að þess sé kannski vænst. Þetta flækir umboðs- og ábyrgðartengsl og upp geta komið álitamál um hver beri ábyrgð á ákveðnum málum. Er það ráðuneytið? Er það stjórnin? Eða er það forstöðumaðurinn? Í þessum tilvikum gæti hver bent á annan og erfitt yrði að ná sátt um niðurstöðu auk þess sem þetta fyrirkomulag brenglar skýrt vald ráðuneytis yfir stofnun samkvæmt stjórnskipun.[85]

Aflagning stjórna styrkir samskipti ráðuneytis og stofnunar og tryggir að boðvald ráðherra yfir málefnum sé með þeim hætti að hann geti brugðist við. Ef talið er að stjórnir þjóni öðrum sjónarmiðum, svo sem til þess að fá ráðgjöf frá hagsmunaðilum eða sjónarmið frá heimamönnum í héraði ætti frekar að setja á fót ráðgjafarráð í tengslum við þær stofnanir, sem tækifæri hefðu til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri án þess að upp kæmi óvissa um hver bæri ábyrgð á ákvörðunum.

---

[84] Arnar Þór Másson og Indriði H. Indriðason 2005.
[85] Arnar Þór Másson 2004.

6.2.2. Samfélagslegur ávinningur

Hvað varðar eftirlit með stefnu nefna ýmsir stjórnendur árangursstjórnun, en þó mun færri en ætla mætti miðað við að lögð hefur verið áhersla á árangursstjórnunarsamninga undanfarinn einn og hálfan áratug í samskiptum ráðuneyta og stofnana. Þótt árangursstjórnun haft ýmsa kosti verða öflug samskipti ráðuneyta og stofnana að eiga sér stað jafnhliða. Sumir stjórnenda í ráðuneytunum viðurkenna að þá samræðu sem þarf að haldast í hendur við tiltölulega formlega stjórnun, eins og t.d. árangurssamninga, vanti í mörgum tilvikum. Reglulegir fundir með forstöðumönnum, sem flest ráðuneytin halda, skila mismunandi miklu, en þar sem stofnanir eru margar virðist gagnsemin minni en ella. Endurskoða þarf vinnu við árangursstjórnun í samskiptum stofnana og ráðuneyta. Hún á að snúast um samfélagslegan ávinning af starfi stofnunar og ráðuneytis, skilgreiningu á virku samráði og samstarfi um framkvæmd. Ráðuneyti og stofnanir hafa sömu markmið og þurfa vinna saman að því að ná þeim þannig að hægt sé með skýrum hætti að tengja saman stefnu ráðuneyta og stofnana.[86] Í nýlegum úttektum OECD á stjórnsýslu Finna, Íra og Eistlendinga er bent á þetta sama, að ráðuneyti og stofnanir þurfi að endurskoða árangursstjórnunarkerfi (e. performance management system) sín til þess að tryggja að allir sem koma að framkvæmd stefnunnar vinni að sameiginlegum samfélagslegum markmiðum.

6.2.3. Samstarf og samskipti

Samskiptatæki eins og árangursstjórnun koma ekki í stað samskipta og samstarfs. Fyrir ráðuneytin varðar miklu að efla samskiptin við stofnanir, ekki einungis vegna þess að þau bera ábyrgð á starfsemi þeirra heldur einnig til að styrkja ráðuneytin faglega. Í stofnunum er til mikil þekking og reynsla af málaflokkum sem stjórnendur ráðuneytana telja oft að gæti nýst í mun ríkari mæli en nú er: „Hvernig eigum við að nota þessa auðlind?“ er spurning sem ýmsir spyrja sig. Sú stefna að láta afgreiðsluverkefni út fyrir ráðuneytin getur veikt þau ef ekki er jafnframt tryggður aðgangur ráðuneytanna að þeirri þekkingu sem jafnan fylgir miklu návígi við úrlausn verkefna. Núgildandi lagaákvæði hamla varanlegri tilfærslufærslu starfsmanna milli stofnana og ráðuneyta. Æskilegt væri að auðvelda slíkt með lagabreytingum. Þá kæmi til álita að setja nánari reglur um samskipti ráðuneyta og stofnana varðandi markmið með starfi þeirra síðarnefndu, upplýsingamiðlun til ráðuneyta o.þ.h.

Almennt virðist samstarf ráðuneyta og stofnana skila bestum árangri þar sem góð þekking er til staðar innan ráðuneytanna á málefnum stofnana. Í sumum tilvikum hafa ráðuneytin stuðlað að slíku með því að örva tímabundið starfsmannaflæði á milli stofnana og ráðuneyta, sem virðist skila góðum árangri.[87] Því er hins vegar ekki að neita að nokkrum tilviljunum virðist háð, og jafnvel einstaklingsbundnum þáttum, í hvaða mæli ráðuneytunum tekst að halda uppi nánum tengslum við undirstofnanir sínar. Skortur á samstarfi ýtir undir það viðhorf að ábyrgð ráðuneyta á stofnunum sem heyra undir boðvald þeirra sé einkum fjárhagslegs eðlis.

Efla þarf ráðuneytin og leggja meiri áherslu á stefnumótunarhlutverk þeirra. Það verður ekki gert nema með því að taka til endurskoðunar verkaskiptinguna milli ráðuneyta og margs konar aðila sem nú teljast til hefðbundinna stofnana. Nefndin vekur athygli á vandamálum þess, í jafnlítilli stjórnsýslu og á Íslandi, að flytja starfsemi og þá sérþekkingu sem henni

---

[86] Sjá fjármálaráðuneytið 2004 og Ríkisendurskoðun 2003.
[87] Sjá nánar 8. kafla.

tengist út í stofnanir, sem oft lifa tiltölulega sjálfstæðu lífi, án annarra tengsla við ráðuneytin en fjárhagslegra.

Sameining ráðuneyta getur í vissum mæli stuðlað að því að bæta forsendur ráðuneytanna til samstarfs við stofnanir og formfesta betur samskiptin. Hins vegar má ætla að mikill fjöldi smárra stofnana flæki einnig þessi tengsl og áfram þyrfti að gera átak í að einfalda stofnanaskipulag ríkisins og fækka stofnunum. Skýr flokkun á möguleikum ráðuneyta varðandi stjórnsýslusamband þeirra við ráðuneytin væri mikilvægur áfangi í þeirri vinnu og mælir nefndin með því að henni verði komið á.[88]

6.3. Sjálfstæð stjórnvöld

Þrátt fyrir víðtækar yfirstjórnar- og eftirlitsheimildir ráðherra gagnvart lægra settum stjórnvöldum hefur almennt ekki verið talið að ráðherra hafi þessar sérstöku heimildir gagnvart sjálfstæðum stjórnvöldum, þ.e. sjálfstæðum ríkisstofnunum, sjálfstæðum stjórnsýslunefndum, kærunefndum og sveitarfélögum.[89] Til þess hefur þó verið vísað að stjórnarráðslögin og stjórnarráðsreglugerðin taki til allra stjórnunarmálefna ríkisins, þ.m.t. þeirra sem heyra undir sjálfstæð stjórnvöld. Verði því að ætla að eftirlitsskylda 9. gr. stjórnarráðslaga til allra stjórnvalda. Þá styðji orðalag 14. gr. stjórnarskrár einnig þá niðurstöðu en þar segir að ráðherra beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum.[90] Þrátt fyrir þann lögskýringarkost að 9. gr. stjórnarráðslaga taki til allra stjórnvalda þá veitir ákvæðið ráðherra engin úrræði ef í ljós kemur að eftirlitsskyld starfsemi sé ekki í samræmi við lög og ræðst það þá af öðrum lögum og óskráðum meginreglum til hvaða úrræða ráðherra getur gripið. Ef t.d. deilur verða við úrlausn einstakra mála gæti sú staða komið upp að ráðherra hafi engin lagaleg bindandi úrræði að grípa til gagnvart sjálfstæðu stjórnvaldi telji hann starfsemi þess ekki vera í samræmi við lög.[91] Í því tilfelli má hins vegar leiða að því rök að á ráðherra geti hvílt skylda til að flytja frumvarp til laga sem geri honum kleift að bregðast við.

Sjálfstæðar stofnanir skapa viss álitaefni í opinbera geiranum hvað það varðar að þeim eru falin sérstök hlutverk á vegum ríkisins án þess að vera (nema í mjög almennum skilningi) hluti þeirrar umboðskeðju sem á að tryggja almennt aðhald um meðferð opinbers valds og pólitíska ábyrgð. Sjálfstæð stjórnvöld eru með lögum undanþegin boðvaldi ráðherra og lúta almennt sérstakri stjórn. Þar sem löggjafinn hefur undanskilið aðila valdi ráðuneytanna hefur hann um leið losað ráðuneytin undan ábyrgð á störfum þeirra sem því nemur.[92] Sjálfstæðum stjórnvöldum, svo sem úrskurðarnefndum, hefur fjölgað mjög á undanförnum árum.[93] Ekki verður séð að nein almenn stefnumótun hafi legið að baki þessari þróun og afar mismunandi er hvaða rök hafa verið færð fyrir breytingum af þessu tagi ef nokkur. Stundum helgast það af því að auðveldara sé að fá auknar fjárveitingar til sjálfstæðra verkefna. Í einhverjum tilvikum virðist tilgangurinn hafa verið sá að fjarlægja úrskurðarvald frá hinu pólitíska valdi ráðherra. Þá hefur það einnig verið talinn kostur að til setu í úrskurðarnefndum fáist nefndar-

---

[88] Sjá einnig forsætisráðuneytið 1999.

[89] Sveitarfélög hafa í þessu sambandi vissa sérstöðu á grundvelli 78. gr. stjórnarskrár sem tryggir þeim sjálfstjórn auk þess sem þau sækja pólitískt umboð sitt beint til kjósenda.

[90] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010, kafli 16.1.2.8.

[91] Forsætisráðuneytið 1999, bls. 109–110.

[92] Sjá m.a. Arnar Þór Másson 2007 og Gunnar Helga Kristinsson 2007b.

[93] Sjá Friðgeir Björnsson 2005.

menn með sérþekkingu sem ekki er til staðar í ráðuneyti.[94] Slík sjónarmið eiga oft við um sérhæfðar eftirlitsstofnanir af ýmsu tagi sem ætlað er að tryggja eðlilegar leikreglur í markaðsstarfsemi eða umhverfismálum, t.d. samkeppnismálum, fjármálaeftirliti, póst- og fjarskiptamálum og skipulagsmálum.[95] Þau geta einnig átt við þar sem sérstaklega er talið brýnt að pólitískir valdamenn séu ekki grunaðir um íhlutun, t.d. varðandi akademískt frelsi, fjölmiðlun, rannsóknarstarfsemi af ýmsu tagi og úrskurð um skyldu til að afhenda upplýsingar í fórum stjórnvalda. OECD hefur varað við því að stofna til sjálfstæðrar starfsemi í opinbera geiranum án þess að skýrar röksemdir liggi því til grundvallar og í skýrslunni um starfsskilyrði stjórnvalda frá 1999 segir að taka þurfi afstöðu til þess að í hvaða tilvikum réttlætanlegt getur talist að gera undantekningu frá þeirri meginreglu íslenskrar stjórnskipunar að setja á fót sjálfsstæða stofnun eða stjórnsýslunefnd.[96] Í þessu sambandi er vert að benda á að skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum hafa leitt til þess að settar hafa verið á fót sjálfstæðar stofnanir, líkt og Persónuvernd, Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið og Póst- og fjarskiptastofnun.

Þótt starfsemi sé undanþegin beinu boðvaldi ráðherra merkir það ekki að ráðuneyti hafi engin stjórntæki til áhrifa. Sjálfsstæð stjórnvöld hafa oft og tíðum stjórnir.[97] Skipanir í stjórnir veita ráðherrum viss færi til áhrifa. Óvíst er þó hversu skilvirk sú aðferð að tengja ráðuneyti og sjálfstæðar stofnanir í gegnum stjórnarfólk því hlutverk þess í opinberum stofnunum er í flestum tilvikum illa skilgreint.[98] Reyndin virðist vera sú að erfiðara er fyrir ráðuneytin að hafa eftirlit með stofnunum með stjórnir, hvort sem um er að ræða lægra sett eða sjálfstæð stjórnvöld.[99]

Ráðuneytin gera tillögur til Alþingis um fjárveitingar til sjálfstæðra stofnana og hafa í gegnum þær haft viss áhrif, en ekkert bendir til þess, samkvæmt viðtölum, að slíkt sé notað markvisst. Þá hafa ráðuneyti reglugerðarvald á grundvelli laga og vald til að hafa frumkvæði að stefnumótun og lagasetningu á málefnasviði viðkomandi sjálfstæðra stofnana, sem ef til vill er mikilvægasti þátturinn í hlutverki ráðuneyta gagnvart sjálfstæðum aðilum. Í því sambandi er þó rétt að hafa í huga að sérþekkingin og upplýsingar í viðkomandi málaflokkum (t.d. samkeppnismálum og eftirliti með fjármálamarkaði) eru að mestu leyti fyrir hendi í sjálfstæðum stofnunum, sem ráðuneytin hafa ekki beinan aðgang að, en ráðuneytunum er eigi að síður ætlað að bera meginþungann af stefnumótun og frumkvæði að lagasetningu. Viðtöl við stjórnendur í ráðuneytunum benda til að ráðuneytin telji sig hafa litlar forsendur til að stýra aðilum af þessu tagi. Ábyrgð ráðuneytanna getur þar af leiðandi orðið óljós. Helst nefna stjórnendurnir fjárhagslega ábyrgð í þessu efni.

Það er óviðunandi að málefnasvið sem sjálfstæðar stofnanir sinna falli undir ábyrgð ráðuneytanna en um leið ríki óvissa um forsendur þeirra til að hafa frumkvæði að stefnumótun, kalla eftir upplýsingum eða grípa til annarra aðgerða sem aðstæður krefjast hverju sinni. Horfa þarf til þess að jafnvel þegar boðvald í stjórnsýslumálum er með lögum tekið úr höndum ráðuneytis er ljóst, eins og m.a. er bent á í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, að

---

[94] Í október 2010 samþykkti ríkisstjórnin að skipa starfshóp til að móta stefnu og viðmiðunarreglur um hvenær sjálfstæðar úrskurðarnefndir eigi rétt á sér. Starfshópurinn á einnig að gera tillögur um fækkun slíkra nefnda.
[95] Majone 2001, bls. 103–122.
[96] OECD 2002.
[97] Slíkt er ekki algilt, t.d. er ekki stjórn yfir embætti skattrannsóknarstjóra.
[98] Sjá samantekt um stjórnsýslustöðu stofnana og hlutverk stjórna í fjármálaráðuneytið 2000. Sjá einnig umfjöllun í kafla 6.2.1.
[99] Sjá t.d. Arnar Þór Másson og Indriða H. Indriðason 2005 og kafla 6.2.1.

hið almenna stefnumótunarhlutverk ráðuneyta er áfram til staðar á viðkomandi málasviði. Ráðherrar og ráðuneyti þeirra hafa þar með áfram frumkvæðisskyldum að gegna en til þess að hafa möguleika til þess að sinna því þarf að vera hægt að nálgast upplýsingar og þekkja stefnu sjálfstæðra stofnana.

Sjálfstæði stofnana veikir óhjákvæmilega forsendur ráðuneyta til að gegna hlutverkum sínum á málasviði þeirra og í sumum tilvikum virðast þau telja óljóst í hverju þær felast. Þessi staða setur einnig ráðherra skorður við að sinna upplýsingaskyldu gagnvart Alþingi. Óskýrleiki af þessu tagi skapar vissa hættu í opinberri stjórnsýslu á að enginn opinber aðili telji það sitt hlutverk að gegna mikilvægu frumkvæðishlutverki. Styrkja þarf forsendur ráðuneytanna til stefnumótunar og frumkvæðis á málasviðum sem heyra undir sjálfstæðar stofnanir.

Nefndin telur nauðsynlegt að kveða nánar á um það í lögum um Stjórnarráð Íslands að eftirlit ráðherra lúti ekki eingöngu að lægra settum stjórnvöldum heldur einnig að sjálfstæðum stjórnvöldum. Hafa ber þó í huga að slíkum stjórnvöldum er jafnan komið á fót með lögum. Slík sérlög ganga framar almennum lögum ef þau stangast á. Ákvæði í lögum um Stjórnarráð Íslands um þetta efni myndi því ekki hafa neitt að segja nema viðkomandi sérlög taki ekki á viðkomandi málefni. Slíkt ákvæði í lögum um Stjórnarráð Íslands gæti mælt fyrir um eftirlit með fjárreiðum, eignum og stefnu slíkra stofnana og rétt til aðgangs að tilteknum upplýsingum. Hins vegar væri hæpnara að kveða á um eftirlit með lögmæti ákvarðana slíkra stofnana enda er þeim oft gagngert komið á fót til að koma í veg fyrir að ráðherra taki einn ákvörðun á viðkomandi sviði.[100]

Þá þarf að vera skýrt að ráðuneyti geti leitað upplýsinga frá sjálfstæðum stofnunum til þess að þau geti haft með þeim eftirlit. Vinnuskjöl, sem ekki tengjast einstökum málum heldur almennum þáttum í starfsemi stjórnvaldanna, verða að geta gengið þar á milli án þess að þau verði opinber fyrir þær sakir einar að þær fara á milli stjórnvalda.[101]

6.4. Opinber hlutafélög og önnur félög í eigu ríkisins

Ríkið er eigandi að fjölmörgum einkaréttarlegum félögum. Upp á síðkastið er algengast að slík félög séu í formi opinberra hlutafélaga[102] eins og Ríkisútvarpið ohf. og Isavia ohf. en einnig eru dæmi um að ríkið eigi einkaréttarlög félög í öðru formi. Má nefna sameignarfélagið Landsvirkjun sem dæmi og Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.

Í þessum tilvikum er um að ræða starfsemi sem færð er í einkaréttarlegan búning, formlega ber ríkið á henni takmarkaða ábyrgð og um hana gilda hlutafélagalög nema þegar félagsformið er annað, sbr. Landsvirkjun.[103] Ólíkt einkaaðilum og sjálfseignarstofnunum sem ríkið semur við um að sinna opinberri þjónustu fer ríkið líka með eigandavaldið í þessum félögum. Sum þeirra eru á samkeppnismarkaði og fá alfarið tekjur sínar af rekstri[104] en önnur fá stóran hluta tekna sinni einnig í formi sérstakra skatta og gjalda sem ríkið innheimtir og afhendir þeim.[105]

---

[100] Forsætisráðuneytið 1999, bls. 104.

[101] Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur túlkað vinnuskjalshugtakið þannig að fari skjal á milli stjórnvalda þá geti það ekki talist vinnuskjal. Lögð er til breyting á þessu í frumvarpi forsætisráðherra til nýrra upplýsingalaga sem afgreitt var í ríkisstjórn í nóvember 2010.

[102] Sjá umfjöllun um opinber hlutafélög í Arnar Þór Másson 2007.

[103] Inn í hlutafélagalögin, nr. 2/1995, hefur verið bætt nokkrum greinum sem sérstaklega eiga við um opinber hlutafélög.

[104] T.d. Landsbankinn, Landsvirkjun o.fl.

[105] T.d. RÚV og Isavia.

Hlutverk ráðuneyta gagnvart þessum félögum getur þannig í raun verið þrískipt, þ.e. eigandahlutverk, reglusetning á þeim markaði sem félagið starfar á (hugsanlega í samkeppni við aðra) og kaupandahlutverk. Æskilegt er að þessi hlutverk séu aðskilin innan ríkisins og hefur OECD í leiðbeiningum sínum um stjórnarhætti í opinberum hlutafélögum mælst til þess að mismunandi aðilum innan ríkisins verði falin þessi hlutverk.[106] Hér á landi var sú stefna mörkuð árið 2009 að aðskilja skyldi þessi hlutverk og var fjármálaráðuneytinu falið að fara með hlutverk eiganda í þessum félögum en önnur ráðuneyti fara með lagarammann um félögin eða/og þá markaði sem þau starfa á og kaupa af þeim þjónustu ef svo ber undir.[107]

Opinber hlutfélög bjóða ráðuneytum upp á nýjan matseðil stjórntækja – auk hinnar hefðbundnu lagasetningar – til að fylgjast með og hafa áhrif á rekstur opinberra hlutafélaga, svo sem eigendastefnu, samþykktir félaga og val á stjórnarmönnum. Öll þessi stjórntæki krefjast mismunandi hæfni og þekkingar í ráðuneytunum. Mikilvægt er að stjórntækin séu nýtt til hins ýtrasta til þess að móta stefnu og fylgjast með rekstri þeirra þannig að ráðuneyti geti brugðist við. Í áðurnefndum leiðbeiningum um stjórnarhætti frá OECD segir að ríkið skuli, til þess m.a. að tryggja umboðskeðjuna, haga sér eins og upplýstur og virkur eigandi og koma sér upp skýrri eigandastefnu,[108] sem tryggi að stjórnun opinberra hlutafélaga séu opin og ábyrgð á starfsemi þeirra sé tryggð.

6.5. Sjálfseignarstofnanir og einkaaðilar

Auk opinberra hlutafélaga og annarra félaga í eigu ríkisins eiga ráðuneytin í fjölþættu samstarfi við aðila sem hafa annars konar rekstrarform. Ýmiss konar félög, sjálfseignarstofnanir og einkafyrirtæki eru meðal þeirra aðila sem gegna hlutverkum í opinbera geiranum þótt ríkið eigi ekki hluti í þeim.

Slíkir aðilar fá greiðslu af opinberu fé, annaðhvort á fjárlögum eða með ákvörðun ráðuneyta, stofnana eða sveitarfélaga og sinna í staðinn verkefnum sem hið opinbera telur skipta máli að sé sinnt. Gerðir eru þjónustusamningar við þessa aðila þar sem segja má að ráðuneyti greiði þeim fyrir að inna af hendi tiltekna þjónustu. Í 30. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, er að finna reglur um hvernig ráðuneytum ber að útfæra slíka samninga og um réttindi og skyldur gagnvart ríkinu sem samningsaðila og borgurunum sem notendum þjónustunnar. Ástæður þess að þetta rekstrarform er valið, frekar en opinber rekstur, geta verið ýmsar. Í sumum tilvikum er stefnt að aukinni hagkvæmni með aðkomu einkaaðila, en samstarf af þessum toga getur einnig haft aðra kosti, t.d. aðgang að sérþekkingu og meiri sveigjanleika í rekstri verkefna. Slíkir samningar hafa þó oft verið gagnrýndir þar sem þeir hafa ekki alltaf verið nægjanlega skýrir, þeim ekki verið fylgt nægjanlega vel eftir eða endurskoðunarákvæði eru ekki skýr.[109]

Í sumum tilvikum þjóna samningar því hlutverki einnig að efla starfsemi félagasamtaka eða styðja við sjálfseignarstofnanir á þeirra vegum, sem getur haft jákvæð samfélagsleg áhrif

---

[106] OECD 2005b, bls. 185.

[107] Sjá lög nr. 89/2009, um breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins.

[108] Fjármálaráðuneytið setti eigandastefnu varðandi fjármálafyrirtæki árið 2009.

[109] Umboðsmaður Alþingis hefur t.d. í álitum í málum nr. 4552/2005, 4593/2005, 4888/2006 og 5044/2007 bent á að skort hafi á að mælt væri yfir um og fylgt eftir eftirliti af hálfu ríkisins með þjónustu samkvæmt þessum samningum. Þetta eftirlit er í raun tvíþætt. Annars vegar eftirlit með hinum fjárhagslega þætti og þá endurskoðun slíkra ákvæða ef þörf krefur. Hins vegar er það skylda ráðuneytis um eftirlit með réttarstöðu notenda þjónustunnar og gæðum hennar. Ríkið er þarna í ýmsum tilvikum að fela einkaaðilum að veita þjónustu sem borgararnir eiga lögvarinn rétt til, t.d. vegna ákvæða 76. gr. stjórnarskrárinnar.

þótt ekki sé endilega um hagkvæmustu lausnir að ræða. Mikilvægt er fyrir Stjórnarráðið að skilja vel kosti og galla þess að nýta óbein rekstrarform af þessu tagi. Netstjórnun, þar sem margs konar aðilar koma við sögu stefnumótunar og stjórnsýslu, getur gert opinberum aðilum kleift að ráðast í átaks- og tilraunaverkefni sem erfitt gæti verið að sinna innan ramma hefðbundinna stjórnsýsluforma. Í slíku samstarfi geta þróast lausnir sem ekki er á færi opinberra aðila að vinna á eigin vegum. Oft má einnig virkja áhuga og eldmóð í samfélaginu í þágu verkefna sem hefðbundið stofnanaviðmót leyfir e.t.v. ekki í sama mæli.[110]

Stjórnun með samningum og netum lýtur hins vegar öðrum lögmálum en hefðbundin stjórnun með stigveldi í opinberri stjórnsýslu.[111] Þeir aðilar sem hið opinbera fær til samstarfs hafa ekki endilega sömu markmið og ríkisvaldið og þegar um fyrirtæki er að ræða er eðlilegt að gera ráð fyrir að hagnaðarvonin ráði miklu um gjörðir þeirra. Milli sjálfseignarstofnana, félagasamtaka og annarra einkaaðila getur verið munur. Sjálfseignarstofnanir hafa oft og tíðum samfélagsleg markmið líkt og ríkið. Það breytir því ekki að þrátt fyrir að ríkið greiði fyrir þjónustu þeirra hefur það ekki sömu tæki til áhrifa og eftirlits og það hefur gagnvart hefðbundnum ríkisstofnunum. Eitthvað er um að ríkið líti á kaup af þjónustu frá sjálfseignarstofnunum sem styrki sem gefur stjórnum þeirra aukið frjálsræði við notkun fjármunanna, þótt slíkt mundi ekki líðast í samskiptum ríkis og annarra einkaaðila.[112]

Freistandi getur verið fyrir einkaaðila með sterk pólitísk tengsl að koma sér fyrir í samstarfi við opinbera aðila án þess að leggja til samstarfsins jafnmikið og eðlilegt væri að gera kröfur um. Svonefndur freistnivandi á sér stað ef slíkir aðilar nýta sér þekkingarforskot til að bæta hag sinn umfram það sem hægt er að réttlæta með fjárhagslegum rökum. Stjórnvöld þurfa þess vegna að setja sér skýr markmið með samstarfinu og þróa viðeigandi aðferðir við að stjórna því.[113] Mikilvægt er að efla eftirlit ráðuneyta með þjónustusamningum sem gerðir eru á þeirra vegum og skilgreina betur form eftirlits með þeim, uppsagnarákvæði o.fl.[114]

Samstarf við einkaaðila gerir annars konar kröfur til hæfni stjórnenda en stjórnun innan ramma hefðbundins stigveldis. Í slíku samstarfi reynir ekki einungis á túlkun reglna heldur ekki síður hæfni til samstarfs á jafnréttisgrundvelli, pólitískt mat, hagræna þekkingu og margvíslega faglega þekkingu. Þótt heildstæð úttekt á reynslunni af slíkri starfsemi hafi ekki farið fram benda skýrslur Ríkisendurskoðunar á undanförnum árum til að margt megi bæta í umsjón opinberra aðila með samstarfi af þessu tagi.[115] Viðtöl við stjórnendur í ráðuneytunum benda í sömu átt. Ráðuneytin hafa oft takmarkaðar forsendur til að stýra þjónustu sem þau eiga stóran þátt í að fjármagna og í sumum tilvikum (einkum þar sem fjárlaganefnd Alþingis hefur ákveðið útgjöld) líta þau á fjárframlög sem styrk. Í heilbrigðis-, mennta- og félagslega kerfinu er mikill fjöldi rekstraraðila sem fjármagnaðir eru að miklu leyti af almannafé en lýtur mjög óljósu eftirliti af hálfu opinberra aðila. Möguleikar ráðuneytanna til þess að hafa áhrif og eftirlit með slíkri starfsemi eru stundum óljósir og algengt viðhorf er að betra formi þurfi að koma á aðkomu ráðuneytanna að starfsemi af þessu tagi. Með samningum við einkaaðila láta ráðuneytin þeim eftir að taka mikilvægar ákvarðanir á sviði opin-

---

[110] Sjá nánar Goldsmith og Eggers 2004.
[111] Sbr. Kettl 2002.
[112] Sjá skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstur Sólheima.
[113] Sørensen og Torfing 2009.
[114] Sjá t.d. fjármálaráðuneytið 2005b.
[115] Skýrslur Ríkisendurskoðunar má nálgast á http://www.rikisendurskodun.is. Sjá t.d. umfjöllun hennar um Grímseyjarferju, Sólheima, Byrgið, Keili og Menntaskólann Hraðbraut.

berrar starfsemi, t.d. um aðgengi, innihald, staðsetningu, réttindi viðskiptavina o.fl., sem ráðuneytin ættu formlega að bera ábyrgð á en virðast varla telja sig gera í reynd.

Virkari stjórnun samstarfsneta gerir kröfu til að ráðuneytin tileinki sér í auknum mæli „fljótandi“ skipulagsform, þar sem sérfræðingar með þekkingu á ólíkum sviðum vinna saman að úrlausn verkefna, oft í samstarfi við utanaðkomandi aðila. Hins vegar þyrfti Stjórnarráðið líka að setja sér skýrari vinnureglur um samstarf af þessu tagi þar sem faglegra og fjárhagslegra hagsmuna ríkisins er betur gætt og skýrar hugað að ábyrgð ráðuneytanna á því sem gert er í nafni samstarfsins. Í 30. gr. fjárreiðulaganna, nr. 88/1997, og reglugerð nr. 343/2006, um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs, er kveðið á um skilyrði þess að gera megi þjónustusamninga til lengri tíma. Miðað við það viðhorf sem lesa má úr viðtölum um stjórnendur ráðuneytanna virðist þurfa meira til.

Útvistun verkefna til einkaaðila býður upp á tækifæri og hættur sem Stjórnarráðið þarf almennt að vera sér mun betur meðvitað um. Móta þarf almenn viðmið um ábyrgð ráðuneytanna á starfsemi sem fer fram á þeirra vegum eða í samstarfi við þau, jafnvel þótt ekki sé um ríkisaðila að ræða.[116] Í því samhengi þarf að skoða bæði þau stjórntæki sem ráðuneytin hafa til áhrifa í slíku samstarfi og pólitíska og lagalega ábyrgð sem ráðherrar bera á viðkomandi starfsemi. Hins vegar er einnig ástæða til að hvetja ráðuneytin til að rækta innan sinna vébanda hæfni starfsfólks til að vinna með samstarfsform af þessu tagi og nýta um leið til hins ýtrasta tækifæri sem óumdeilanlega er þar að finna.

6.6. Tillögur

1. Styrkja þarf ráðuneytin á sviði stefnumótunar og eftirlits með stefnu sem framkvæmd er í umboði þeirra eða eru á málefnasviði þeirra (6.1).
   a. Skilgreina og flokka tegundir stofnana og stjórnsýslusamband þeirra við ráðuneyti (6.1, 6.2., 6.3, 6.4 og 6.5.).
   b. Yfirfara lagaákvæði þar sem stjórnsýslusamband stofnana og ráðuneyta er skilgreint og samræma við tillögur í 2.–5. lið.
2. Árétta þarf frekar, t.d. í stjórnarráðslögunum, hlutverk ráðuneyta gagnvart stofnunum sem heyra undir boðvald ráðherra (lægra sett stjórnvöld) (6.2).
   a. Leggja áherslu á að ráðherra (ráðuneyti) hefur rétt til þess að krefjast upplýsinga, gefa fyrirmæli og breyta ákvörðunum (6.1).
   b. Sameina og fækka stofnunum til þess að minnka stjórnunarspönn ráðuneyta (6.2.3).
   c. Tryggja að virk samskipti eigi sér stað og unnið sé saman að samfélagslegum ávinningi, t.d. með lögfestingu á því hvað felst í forræði ráðherra yfir stofnunum (6.2 og 6.2.3.).
   d. Leggja af stjórnir og taka í staðinn upp ráðgjafarráð þar sem það er talið þurfa (6.2.1).
   e. Auðvelda tilfærslu starfsfólks og þannig þekkingar milli stofnana og ráðuneyta (6.2.3).
3. Skýra þarf betur, t.d. í stjórnarráðslögunum, hlutverk ráðuneyta gagnvart sjálfstæðum stjórnvöldum (6.3).
   a. Eftirlit með fjárreiðum og eignum.
   b. Skylda til frumkvæðis að stefnumótun á málasviði þeirra.
   c. Skylda stjórnvalds til að veita upplýsingar um almenna stefnu, ekki einstök mál.

---

[116] Nú er það aðallega 30. gr. fjárreiðulaga og áðurnefnd reglugerð nr. 343/2006.

d. Réttur ráðuneyta til upplýsinga um þætti sem ekki tengjast beinni málsmeðferð stjórnvalds í einstökum málum.
e. Tryggja þarf að upplýsingar geti gengið frá stjórnvaldi til ráðuneytis án þess að þær verði opinberar ef um er að ræða viðkvæm mál.
f. Fækka stjórnum og skýra hvaða tilgangi þær þjóna í þeim tilvikum þar sem ákveðið verður að halda þeim.
g. Skilgreina þarf viðmið og móta stefnu um hvenær þörf er á sjálfstæðum úrskurðarnefndum.

4. Tryggja þarf að ríkið hafi raunveruleg áhrif á stjórnun opinberra hlutafélaga og að virkt eftirlit sé haft með þeim (6.4).
   a. Ríkið þarf að setja sér eigandastefnu og nýta hana sem virkt stjórntæki.
   b. Gera á kröfu á opinber hlutafélög og önnur félög sem ríkið á hluti í um gagnsæi í rekstri þeirra.
5. Efla þarf vinnu við gerð, eftirlit og samstarf í tengslum við samninga við sjálfseignarstofnanir og einkaaðila (6.5).
   a. Skýrt þarf að vera að hægt sé að fá upplýsingar frá einkaaðilum sem sinna opinberri þjónustu.
   b. Tryggja þarf vandaða samningagerð, t.d. hvað varðar endurskoðunar- og uppsagnarákvæði samninga.
   c. Tryggja þarf aukið samstarf milli ráðuneyta og þeirra sjálfseignarstofnana, félagasamtaka og einkaaðila sem sjá um að sinna opinberri þjónustu.

7. Skipulag, starfsemi og stjórnun ráðuneyta

Eins og fram hefur komið er hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna hátt í Stjórnarráði Íslands, hærra en almennt gerist hjá ríkinu eða um 70%. Ljóst er að þarna er samankomin mikil þekking, bæði sértæk þekking meðal sérfræðinga og almenn þekking meðal stjórnenda. Stærð aðalskrifstofa ráðuneytanna er afar mismunandi eða frá því að vera um 20 starfsmenn upp tæplega 100. Fjöldi ríkisstofnana sem undir ráðuneytin heyra er einnig afar mismunandi frá einu ráðuneyti til annars.[117]

Stærð ráðuneytanna ákvarðast ekki einungis af fjölda undirstofnana heldur einnig af fjölda málaflokka sem undir ráðuneytin heyra, hversu margbreytilegir þeir eru, hversu mismunandi starfsemin er og þar með tegundir stofnana sem eru á ábyrgðarsviði ráðuneytanna. Hjá sumum ráðuneytum er mikill fjöldi stofnana. Þar er sums staðar að mestu um sjálfstæðar stofnanir að ræða sem ráðuneytin hafa ekki bein afskipti af, t.d. eftirlitsstofnanir undir efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Þá hafa sum ráðuneyti margar stofnanir af sömu tegundar, eins og mennta- og menningarmálaráðuneytið og dóms- og mannréttindamálaráðuneyti, sem ætti að auðvelda stöðlun samstarfs og samhæfingarvinnu. Sum ráðuneytanna eru hins vegar fámenn og einnig stofnanirnar og því geta þessi samskipti við margar fámennar stofnanir orðið þung í vöfum vegna fjöldans.

Umfjöllunin í kaflanum byggist m.a. á greiningu viðtala við 22 stjórnendur innan Stjórnarráðsins sem tekin voru á haustdögum 2010. Viðtölin eru hluti af þeirri rannsóknarvinnu sem nefndin hefur lagt til grundvallar undirbúningi að tillögugerð vegna endurskoðunar laganna um Stjórnarráð Íslands eins og fyrr er getið.

---

[117] Sjá nánar 2. og 6. kafla.

7.1. Skipulag og starfsheiti

Skipurit ráðuneytanna eru mismunandi þar sem þau endurspegla skipulag á starfsemi sem bæði er breytilegt að umfangi og fjölda málaflokka. Þau falla misvel að stjórnarráðslögunum en í 7. gr. þeirra segir: „Ráðherra kveður á um skiptingu ráðuneytis í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum.“ Flest ráðuneytin nota svokallað starfaskipulag og víðast hvar gengur stoð- og þjónustustarfsemi þvert á fagskrifstofur. Önnur notast við flatara starfaskipulag þar sem hver og ein skrifstofa virðist samkvæmt því vera jafnstæð. Nokkur ráðuneytanna hafa sérstaka skrifstofu yfirstjórnar þótt þær komi ekki alltaf fram á skipuritinu sjálfu heldur í upptalningu starfsmanna eftir skrifstofum. Önnur ráðuneyti eru með skrifstofu ráðherra þar sem einungis er að finna ráðherra, aðstoðarmann, bílstjóra, ráðuneytisstjóra og ritara. Sum skipuritanna gefa lýsandi upplýsingar um verkefni og verkaskiptingu en önnur sýna eingöngu nöfn eininga. Ekki er alltaf ljóst af skipuritunum hvernig ábyrgðartengslum á milli starfseininga og starfsmanna er háttað.

Þá hefur starfsemi ráðuneytanna verið skipt í skrifstofur og í sumum þeirra eru deildir eins og lögin um Stjórnarráð Íslands gera ráð fyrir. Hjá sumum ráðuneytum má sjá skipulagseiningar sem kallast svið. Svið sem skipulagseining er þó notað á mismunandi hátt innan ráðuneytanna. Þar sem svið eru á annað borð heyra þau í öllum tilvikum beint undir ráðuneytisstjóra. Í flestum tilvikum eru þau notuð sem heiti yfir stoð- og þjónustuskrifstofur sem veita þjónustu eða samhæfa starfsemina lárétt í skipulaginu, þ.e. þvert á meginskrifstofur ráðuneytanna. Í utanríkisráðuneytinu eru sviðin hins vegar notuð til að skipuleggja og samhæfa starfsemina bæði lárétt og lóðrétt í skipulaginu þar sem undir hvert svið heyrir fjöldi skrifstofa og fyrir hverju sviði fer sviðsstjóri sem heyrir beint undir ráðuneytisstjóra. Þar sem er að finna skipulagseiningu sem kallast deild er henni skipað undir skrifstofu eða svið í skipuritinu.

Starfsheiti þeirra sem stýra skipulagseiningum ráðuneyta eru breytileg þó að í 11. gr. stjórnarráðslaganna komi fram að: „Skrifstofu stýrir skrifstofustjóri og starfsdeild deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.“ Flestir yfirmenn ráðuneyta bera titilinn skrifstofustjóri, en þó er ekki einhlítt að skrifstofustjórar séu yfirmenn. Þónokkur dæmi eru um skrifstofustjóra og reyndar einnig deildarstjóra sem ekki hafa mannaforráð heldur starfa í raun sem almennir sérfræðingar.[118] Sú skipan virðist hafi þróast vegna launahagsmuna, enda fylgja stjórnendatitli að jafnaði hærri laun. Í 12. gr. laganna er gert ráð fyrir að aðrir starfsmenn beri titlana fulltrúar, bókarar og ritarar. Ráðherra er heimilað að ráða starfsmenn undir öðrum starfsheitum. Flestir í þessum hópi bera titil sem vísar til menntunar þeirra en aðrir óræðari starfsheiti, svo sem sérfræðingar, deildarsérfræðingar og verkefnastjórar.

Eins og fram kemur í 2. og 8. kafla er starfsfólk ráðuneytanna annars vegar embættismenn (ráðuneytisstjóri og skrifstofustjórar (sendifulltrúar og sendiherrar)) og hins vegar aðrir starfsmenn. Eins og fram kemur í 8. kafla felst munurinn m.a. í því að embættismenn er skipaðir, og eiga að vera stjórnendur, en aðrir starfsmenn eru ráðnir.

Nefndin telur að til þess að kerfið sé gagnsætt þurfi að tryggja að einungis þeir sem eru stjórnendur í ráðuneytum séu embættismenn. Skýrleiki af þessu tagi auðveldar skipulagningu á starfsemi ráðuneytanna og ýtir undir hreyfanleika. Fólk færist þá annaðhvort á milli sem stjórnendur eða sem almennir starfsmenn. Ef færsla verður á milli kerfa eru stöður síðan auglýstar.

---

[118] Sjá 2. kafla.

7.2. Vinnulag

Stjórnun og samhæfingaraðferðir innan ráðuneytanna virðast ekki ráðast eingöngu af stærð þeirra eða fjölda undirstofnana heldur einnig af hlutverki þeirra innan Stjórnarráðsins. Þetta á einkum við um forsætisráðuneytið, fjármálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið þar sem starfsemi þessara ráðuneyta hefur nokkra sérstöðu að því er varðar tíðni, umfang og tilefni samstarfs við önnur ráðuneyti innan Stjórnarráðsins.[119] Stjórnun forsætisráðuneytisins er í þróun og hefur áherslan undanfarið verið á að færa hefðbundin rekstrarverkefni frá ráðuneytinu en efla hlutverk þess sem samhæfingaraðila innan Stjórnarráðsins. Stjórnun utanríkisráðuneytisins þykir nokkuð flókin þar sem fólk er flutningsskylt meðan stjórnun fjármálaráðuneytisins er í fastari skorðum og byggist á fjölmennum skrifstofum sem sinna afmörkuðum hlutverkum hver á sínu sviði. Þetta gæti m.a. stafað af því að samstarf fjármálaráðuneytis við önnur ráðuneyti er mjög reglubundið og tengist einkum fjárlagavinnunni, eftirliti með fjárlögum, skipulagi opinberra framkvæmda, starfsmannamálum o.fl. málaflokkum þar sem verklag og vinnuferlar eru í nokkuð föstum skorðum. Verkefni sem forsætisráðuneytið sinnir og varðar önnur ráðuneyti eru aftur margbreytileg, tilfallandi og ber að með mismunandi hætti. Samskipti utanríkisráðuneytisins við önnur ráðuneyti eru einnig margbreytileg enda tengjast utanríkismál og alþjóðasamstarf öllum helstu málaflokkum Stjórnarráðsins. Í minni ráðuneytum eru það fremur verkefnin sem þykja stjórnunarlega flókin en ekki stjórnun ráðuneytanna sem slíkra. Það hversu flókin, fjölþætt og umfangsmikil verkefnin geta verið gera smærri ráðuneytin háðari sérfræðiþekkingu undirstofnana eða annarra sem ekki eru staðsettir á sama stað, nokkuð sem aftur gerir samhæfingu og skipulag þeirrar vinnu sem lýtur að samráði tímafrekari.

Í grunninn er vinnulag innan ráðuneytanna svipað. Fundir, vinnuhópar, verkefnanefndir, verklagsreglur, vinnuferlar, minnisblöð, málaskrá og handbækur eru helstu samhæfingartæki ráðuneytanna. Víða er að finna gæðahandbækur sem ráðuneytin byggja verklag sitt á. Fastir fundir ráðherra með æðstu yfirmönnum ráðuneytisins eru í öllum ráðuneytum, ýmist einu sinni í viku eða á tveggja vikna fresti. Fundir ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra, sérfræðinga og annarra starfsmanna eru bæði reglulegir og/eða tilfallandi eftir atvikum og verkefnum. Flestir fundir eru upplýsingafundir þar sem megintilgangurinn er að miðla upplýsingum, gera grein fyrir stöðu einstakra mála, móta tillögur fyrir ráðherra og ákvarða verkaskiptingu við afgreiðslu á fyrirspurnum og skrifum vegna erinda ráðherra. Í einstaka ráðuneytum er farin sú leið að hafa færri skrifstofur en hafa þess í stað þverfagleg teymi sem starfa þvert á skipulag skrifstofanna í þeim tilgangi að samhæfa þekkingu þvert á skrifstofurnar og ná þannig fram heildstæðari niðurstöðu við úrvinnslu verkefnanna.

Öll ráðuneytin eru með málaskrá þar sem haldið utan um flest mál sem unnin eru á þeirra vegum. Hins vegar virðist misbrestur á því að allir starfsmenn noti málaskrárkerfin og í stað þess vista þeir skjöl á drifum. Öll ráðuneytin byggja upplýsingamiðlun ennfremur á tíðum óformlegum samskiptum í síma, tölvupósti eða tilfallandi beinum samtölum milli þeirra einstaklinga sem fara með viðkomandi málaflokk eða verkefni. Tölvupóstar eru eitt algengasta samskiptaformið milli starfsmanna ráðuneytanna. Við það skapast sú hætta að mál séu ekki skráð kerfisbundið inn í málaskrá og þar með geta upplýsingar misfarist. Starfsmenn ráðuneytanna virðast vera meðvitaðir um þetta og því fer alltaf nokkur tími í flutning mála úr tölvupósthólfum yfir í málaskrár. Mál berast ráðuneytunum eftir ýmsum leiðum, bréfleiðis, með tölvupósti og stundum með gestum eða almennum borgurum sem koma beint til

---

[119] Sjá kafla 9.

ráðuneytisins. Fram kom að málum sem koma beint til ráðherra, t.d. á viðtalstíma hans eða sem berast á póstfang hans hjá Alþingi, er hættara við en öðrum málum sem berast að falla utan við formlegan farveg mála innan ráðuneytanna og að ef til vill orsakist það af ókunnugleika ráðherra um það hvernig mál eru skráð innan kerfisins. Tryggja þarf að málaskrár nýtist sem stjórntæki innan ráðuneyta og þær séu því ekki einungis skjalavistunarkerfi heldur einnig skjalastjórnar- og verkstjórnarkerfi. Þá má einnig að nýta betur innri vefi ráðuneytanna sem stjórntæki.

Fram kemur að afgreiðsla eða niðurstaða mála sem undirbúin hafa verið fyrir ríkisstjórnarfund berist ekki ráðuneytum með nægilega skipulögðum hætti og að stundum þurfi að nálgast niðurstöðurnar með því að spyrjast fyrir í öðrum ráðuneytum. Úr þessu þarf að bæta og tryggja að mál sem lögð eru fyrir ríkisstjórnarfundi séu vel unnin og að skipulega sé unnið úr þeim ákvörðunum og samþykktum sem þar eru gerðar.[120]

Í flestum ráðuneytum eru skýrar verklagsreglur og vinnuferlar um laga- og reglugerðarsmíð. Þar er m.a. stuðst við handbók um undirbúning og meðferð lagafrumvarpa sem gefin var út af forsætisráðuneytinu, dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og skrifstofu Alþingis haustið 2007. Í sumum ráðuneytum er ennfremur unnið eftir innanhús gæðahandbókum og til er fyrirmæla- og leiðbeiningabók utanríkisþjónustunnar. Það vinnuferli sem oftast er vísað til af starfsmönnum ráðuneyta er fjárlagaferlið. Það ferli er skipulagt af fjármálaráðuneytinu og unnið er eftir leiðbeiningum þess í öllum ráðuneytunum. Ekki var að heyra á viðmælendum að ráðuneytin hefðu eigið verklag og áherslur í fjárlagaferlinu þessu til viðbótar, heldur virtist unnið samkvæmt forskrift fjármálaráðuneytisins. Mörgum finnst hins vegar að mikið vanti á að nægilega góð tengsl séu innan ráðuneytanna milli faglegra og fjárhags- og rekstrarlegra þátta fjárlagavinnunnar og að almennt skorti á nánari samvinnu milli skrifstofa sem fara með fjármál og rekstur og þeirra sem eiga að sinna faglegri stefnumótun.

Þótt vinnulag og menning innan ráðuneytanna séu misjöfn er ekki hægt að segja að almennt hafi ráðuneytin komið á skipulögðu verklagi í tengslum við samstarf við hagsmunahópa/hagsmunasamtök eða hvernig fara skuli með hugsanleg hagsmunatengsl innan ráðuneytanna. Hér er átt við skipulagt verklag á borð við leiðbeiningar sem OECD hefur gefið út[121] og mörg lönd innan OECD hafa þegar innleitt. Þó er vert að draga fram að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur um árabil tíðkað víðtækt og opið samráð um drög að lagafrumvörpum og reglugerðum. Önnur ráðuneyti hafa ekki fylgt jafneindreginni stefnu að þessu leyti.[122] Ísland hefur ekki enn fullgilt sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu frá árinu 2003 og samning Evrópuráðsins á sviði einkaréttar um spillingu frá árinu 1999.[123] Því er ekki að finna innan ráðuneytanna verklagsreglur, t.d. um vernd starfsmanna sem koma á framfæri upplýsingum í almannaþágu og til verndar almannahagsmunum eins og þessir alþjóðlegu sáttmálar sem Ísland er aðili að gera ráð fyrir. Þó verður að nefna að árið 2006 voru sett viðmið um starfshætti fyrir ríkisstarfsmenn sem fjármálaráðuneytið gaf út og taka til dæmis á hagsmunaárekstrum. Þeim hefur ekki verið fylgt skipulega eftir. Á undanförnum árum hafa víða á Vesturlöndum komið upp mál tengd stjórnmálum og viðskiptum sem vakið

---

[120] Sjá umfjöllun um ríkisstjórnarfundi í 5. kafla.

[121] OECD 2005c og OECD 2008c.

[122] Í Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa er einnig að finna leiðbeiningar um tilhögun samráðs þar sem segir að æskilegt sé að efna til samráðs við hagsmunaaðila og almenning við gerð allra þýðingarmeiri frumvarpa eftir því sem tími og aðstæður leyfa.

[123] Með þingsályktun á 138. löggjafarþingi heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að gerast aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu.

hafa upp miklar umræður um ábyrgð, gagnsæi, upplýsingaleka og spillingu. Þar hafa aðgerðir til að sporna við spillingu og auka gagnsæi og aðhald í stjórnkerfum hins opinbera sem og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja verið á dagskrá stjórnmálanna. Í vaxandi mæli hefur verið gripið uppljóstrunar í þágu almannahagsmuna, eða það sem kallað er á ensku „whistleblowing policy and procedures“.

Með breytingu á starfsmannalögum var að frumkvæði forsætisráðherra tryggt að starfsmaður yrði ekki látinn gjalda þess ef hann greindi viðeigandi aðilum frá lögbrotum eða brotum á siðareglum sem hann hefði orðið áskynja um í starfi.[124] Einnig má gera ráð fyrir að tekið verði á þeim atriðum sem hér hafa verið nefnd í siðareglum sem settar verða á grundvelli starfsmannalaganna og stjórnarráðslaganna í kjölfar samþykktar frumvarps forsætisráðherra vorið 2010.

7.3. Afgreiðsluverkefni eða stefnumótun

Samkvæmt viðtölunum virðist sem álag innan ráðuneytanna hafi aukist mjög við afgreiðslu mála vegna stjórnsýslukæra, vinnu við beiðnir um upplýsingar samkvæmt upplýsingalögum, leyfisveitingar, löggildingar og verkefni tengd EES-samningnum. Vinna við afgreiðslu einstaklingsmála er mikil nákvæmnisvinna. Þeim fylgir oft umfangsmikil rannsóknarvinna og viðhafa þarf verklag sem felur í sér að réttur hins almenna borgara sé sem best tryggður (umsagnarréttur, andmælaréttur o.s.frv.). Hér er t.d. um að ræða stjórnsýslukærur og úrskurði í margs konar, oft afar persónulegum málefnum einstaklinga og fjölskyldna, sem vinna þarf með formlegum og skipulögðum hætti til að tryggja skýra málsmeðferð og réttmæti ákvarðana.

Þessi vinna og svör við fyrirspurnum frá Alþingi eiga það sameiginlegt að þeim þarf að ljúka innan tilskilins tíma. Tímafresturinn er ýmist lögboðin eða hann er settur samkvæmt viðmiðunarreglum viðkomandi ráðuneytis. Oft eru ráðuneytin háð undirstofnunum um upplýsingar vegna úrvinnslunnar og oft fer svo að málin eru unnin í mikilli tímaþröng. Þegar fyrirsjáanlegt er að mál munu tefjast hvílir sú skylda á stjórnvöldum á grundvelli 3. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, að tilkynna málsaðila frá því, upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Aukið vinnuálag innan ráðuneytanna við úrlausn og afgreiðslu mála í samræmi við reglur stjórnsýslu- og upplýsingalaga, afgreiðslu einstaklingsmála og fyrirspurna frá Alþingi, ásamt fullgildingu alþjóðlegra samþykkta og samninga, virðist þannig hafa dregið úr möguleikum ráðuneytanna til að sinna öðrum verkefnum á verksviði þeirra, t.d. stefnumótun, eftirfylgni með ákvörðunum, leiðsögn og eftirliti með undirstofnunum. Því minni sem ráðuneytin eru því minna svigrúm hafa þau til að taka á sig stærri stefnumótandi verkefni til viðbótar þessum lögbundnu afgreiðslu- og úrskurðarverkefnum. Mörgum starfsmönnum ráðuneyta finnst sem miklir kraftar fari í að bregðast við vandamálum og hvers kyns uppákomum. Þá virðist upplifun fólks af því að þegar verkefni eru flutt milli ráðuneyta fylgi starfsmenn ekki með til að tryggja getu og hæfni ráðuneytisins sem tekur við verkefninu til að greiða úr því. Ef það er ekki gert er nauðsynlegt að forgangsraða verkefnum innan ráðuneytanna, en það hefur hins vegar almennt ekki verið gert. Starfsmenn ráðuneytanna kalla nær undantekningarlaust eftir skýrari pólitískri leiðsögn og forgangsröðun verkefna en nú er raunin, markvissari stefnu og fjölgun sérfræðinga svo efla megi fagþekkingu og greiningarhæfni ráðuneytanna á málefnasviðum þeirra.

---

[124] Sbr. nú 13. gr.a. laganna.

Sú venja að vinna mál í miklum flýti og oft á síðasta snúningi í stað þess að ætla þeim betri og vandaðri undirbúning finnst starfsfólki ráðuneytanna almennt afleit og óásættanleg vinnubrögð. Svo virðist sem slíkt verklag skapi almenna óánægju þar sem starfsfólk telur sig geta gert betur og er ósátt við að þurfa skila af sér vinnu sem ekki stenst fyllilega gæðaviðmið sem ráðuneytin hafa einsett sér að vinna eftir til að tryggja vandaða stjórnsýslu. Of stór hluti vinnunnar fer í slökkvistarf vegna þess að ekki hefur verið hugsað fyrir hlutunum og vandað til undirbúnings. Í slökkvistarfinu missa starfsmenn nauðsynlega heildarsýn. Á hinn bóginn kom fram í máli flestra stjórnenda innan ráðuneytanna að höfuðáherslan væri á vönduð vinnubrögð sem þá gerist óhjákvæmilega á kostnað settra tímamarka. Þetta virðist einkennandi við sambúð stjórnsýslu og stjórnmála, tími stjórnmálamanna getur verið naumt skammtaður og ekki hægt að bíða of lengi eftir málum sem brýnt er að bregðast við. Finna þarf leiðir til þess að brúa þetta bil með sem bestu móti.

Nefndin telur að styrkja þurfi getu og hæfni ráðuneytanna til stefnumótunar. Ráðuneytin þurfa í aðdraganda að tillögugerð eða ákvörðunum ráðherra að geta tryggt sjálfstætt mat stjórnsýslunnar á stefnumótandi málum og byggja á bestu þekkingu innan sem utan Stjórnarráðsins. Hér þarf annaðhvort að byggja upp rannsóknar- og greiningargetu innan ráðuneytanna eða sækja hana annað með stuttum fyrirvara þegar á þarf að halda. Geta ráðuneytanna til að byggja upp greiningardeildir fer eftir stærð þeirra. Stærri ráðuneytin hafa meira svigrúm til að skipuleggja sig með slíkum hætti en minni ráðuneyti. Stór verkefni af þessu tagi berast ekki ráðuneytunum á hverjum degi og því mætti segja að sum ráðuneytanna þyrftu ekki á slíkri einingu að halda að staðaldri. Öll ráðuneyti þurfa þó að skipuleggja og sinna stöðugri upplýsingasöfnun sem miðast við töku stefnumótandi ákvarðana. Sumar upplýsingar þarf að flokka og vinna úr jafnóðum vegna reglubundinna ákvarðana. Frekari úrvinnsla og greining er bundin við tilfallandi verkefni.

Við sameiningu ráðuneyta og endurskipulagningu Stjórnarráðsins þarf að leggja áherslu á að fjölga sérfræðingum á sviði verkefnastjórnar og stefnumótunar og mynda þverfaglegt teymi sem sérhæfir sig í skipulagningu og undirbúningi að stefnumótandi ákvarðanatökum þvert á ráðuneyti og starfar með sérfræðingum í mismunandi ráðuneytum, eftir þörfum hverju sinni. Með þessu væri verið að styrkja rannsóknar- og greiningargetu ráðuneyta í lítilli stjórnsýslu þar sem greiningarhæfni þarf krítískan massa til að þjálfa og viðhalda hæfni og hún eflist því við að vera byggð upp á einum stað. Með þessu styrkist greiningargeta Stjórnarráðsins í heild og til verður greiningarhæfni sem miðast við þær sérstöku aðstæður sem greinir ráðuneyti frá öðrum stofnunum samfélagsins. Samvinnan við öll ráðuneytin ætti að leiða til þess að bestu og skilvirkustu vinnubrögðin innan ráðuneytanna (e. best practices) skili sér á milli þeirra. Þá dreifist kostnaður á ráðuneyti í samræmi við þörf á hverjum stað en er ekki sem fastur kostnaður sem getur reynst smærri ráðuneytum erfiður.

Nefndin telur nauðsynlegt að unnin verði greining á þeim verkefnum sem ráðuneytin sinna og mótuð um það stefna hvaða verkefni eigi almennt að vera innan þeirra. Í því sambandi þarf að spyrja hvort hugsanlega ætti að hætta að sinna einhverju af núverandi verkefnum.

7.4. Stjórnunaraðferðir og stjórnendaþjálfun

Stjórnun með lögum, reglum, verkferlum og leiðbeiningum innan ráðuneytanna dugir ekki ein og sér. Einungis stjórnun sem byggist á beinum mannlegum samskiptum, bæði formlegum og óformlegum, tryggir að stjórnunartæki virki og skili tilætluðum árangri. Stundum er vísað til stjórntækja af þessu tagi sem „mjúkra innviða“ en mikilvægur hluti slíkra innviða er þekkingarstjórnun og markviss stjórnendaþjálfun þar sem áhersla er lögð á samskiptaþjálf-

un. Þekkingarstjórnun miðar að því að tryggja að Stjórnarráðið hafi á að skipa þekkingu sem nauðsynleg er til að mæta hröðum samfélagslegum breytingum sem fylgja tæknilegri þróun og vaxandi kröfum almennings til opinberrar stjórnsýslu. Þekkingarstjórnun miðar einnig að því að tryggja að sveigjanleiki eða hreyfanleiki starfsfólks milli ráðuneyta leiði ekki til þess að skarð myndist í þekkingu ráðuneyta, en hættan á slíku er meiri í smærri stjórnsýslum en stærri. Skráning verkferla er t.d. hluti af þekkingarstjórnun að því leyti að með kerfisbundinni skráningu á vinnuferlum og verklagi varðveitist þekking um það hvernig mál skuli afgreidd innan ráðuneytisins þrátt fyrir að starfsfólk komi og fari.

Leggja þarf áherslu á góða stjórnarhætti innan Stjórnarráðsins með markvissri stjórnendaþjálfun sem miðar jafnt að aukinni skilvirkni og aukinni vandvirkni stjórnsýslunnar.[125] Ráðuneyti sem búa við innra skipulag sem fellur vel að eðli starfseminnar, umfangi og fjölbreytilegu málasviði eru líklegri til að ná fram skilvirkari og vandaðri vinnubrögðum en ráðuneyti sem eru skikkuð til að nota skipulag til þess eins að fullnægja skilyrðum um samræmt skipulag ráðuneyta. Starfsmenn ráðuneyta sem fá markvissa leiðsögn yfirmanna sem miðla þeirri sýn að Stjórnarráðið sé ein skipulagsheild eru betur í stakk búnir til að taka þátt í verkefnum sem skarast milli ráðuneyta eða stofnana en starfsmenn sem fá ekki markvissa leiðsögn eða stuðning yfirmanna sinna. Að kalla fram heildarsýn starfsmanna ráðuneytanna og undirbyggja þá sýn að Stjórnarráðið sé ein skipulagsheild er allt eins spurning um stjórnun og stjórnarhætti eins og skipulag, lög eða reglur. Þar af leiðir að stjórnendur innan Stjórnarráðsins þurfa sjálfir að fá leiðsögn og samhæfða stjórnendaþjálfun sem miðar að því að skapa sameiginlega sýn á Stjórnarráðið, hlutverk þess og tilgang. Í stuttu máli, leggja þarf aukna áherslu á stjórnunar- og leiðtogahlutverk stjórnenda Stjórnarráðsins.

Nefndin telur að til þess að ráðuneytisstjórar geti skilað sínu verki, þ.e. skilvirku samhentu ráðuneyti, þurfi þeir að hafa svigrúm til að skipuleggja ráðuneyti sín með hliðsjón af eðli og umfangi þeirrar starfsemi sem þeir eru ábyrgir fyrir. Krafan um aukinn sveigjanleika og hreyfanleika starfsmanna innan Stjórnarráðsins má aldrei gerast á kostnað þess styrkleika sem vera þarf innan ráðuneytanna sjálfra. Því telur nefndin að sveigjanleika í starfsmanna- og mannauðsmálum þurfi þvert á móti að ná fram með styrkingu ráðuneytanna og byggjast á þeirri sýn sem þar þarf að vera til staðar. Um leið og nefndin leggur til að ríkisstjórnin fái aukið svigrúm til að haga ráðuneytisskipan og verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins eftir því hvernig hentar hverju sinni telur hún eðlilegt að ráðuneytisstjórar hafi svigrúm til þess að skipuleggja ráðuneytin.

7.5. Erlendur samanburður

Lærdómur um skipulag og stjórnun ráðuneyta sem draga má af samanburði við skipulag ráðuneyta í nágrannalöndunum (Danmörk, Noregur, Holland og Bretland) er takmörkum háður. Af þeirri skoðun sem nefndin gerði er lítið hægt að alhæfa um hvort stjórnun og virkni samhæfingaraðgerða sé betri eða verri þar en í ráðuneytum á Ísland. Vissar ályktanir má þó draga um hugsanlega getu og hæfni ráðuneyta í grannlöndunum sem eiga sér nokkuð augljósar skýringar. Ráðuneytin þar eru miklu stærri og fleiri og fjölbreytilegri verkefni eru innan ráðuneytanna. Skipurit ráðuneytanna eru ekki samræmd og má sjá margar tegundir skipurita í ráðuneytunum. Hluti af starfsemi ráðuneytanna fer fram á skrifstofum í öðrum landshlutum (Danmörk og Bretland) þar sem starfsemi innan ráðuneytanna hefur verið skipulögð með tilliti til valddreifingar.

---

[125] Sjá umfjöllun í 8. kafla t.d. um Stjórnsýsluskóla Stjórnarráðsins.

Hefð er fyrir löngum og ítarlegum undirbúning fyrir ákvarðanatöku og við undirbúning lagasetningar. Sá undirbúningur ber vott um öfluga stefnumótunarvinnu, ýmist í tengslum við eða á vegum ráðuneytanna og að frumkvæði og á forræði ríkisstjórnanna. Í „Norges offentlige utredninger (NOU)“, „Statens Government White Paper“ má sjá hvernig einstök mál eru tekin til skoðunar og umræðu í aðdraganda ákvarðana t.d. um lagasetningu eða viðbrögð við samfélagslegum vanda. Í slíkri stefnumótunarvinnu felst jafnframt mikilvæg leiðsögn um innleiðingu laga, reglugerða og annarra stefnumótandi ákvarðana sem samþykktar eru í kjölfar slíkrar vinnu. Hér er samanburðurinn við getu og aðstæður íslenskra ráðuneyta erfiður, einkum vegna smæðar stjórnsýslunnar og fámennis þjóðarinnar. Í ráðuneytum í nágrannalöndunum sjá öflugrar skrifstofur um upplýsinga- og greiningarvinnu innan ráðuneytanna sjálfra. Þar er einnig að finna fjölda sjálfstæðra rannsóknarstofnana og hugmyndaveitna sem margar hverjar sérhæfa sig í rannsóknum á tilteknum stefnumálum hins opinbera. Stjórnsýsla þessara landa hefur því greiðari aðgang að rannsóknum og gagnreyndri þekkingu auk þess sem bæði stjórnsýslan og hagsmunaaðilar fá aðhald með því að slík upplýsingagjöf er aðgengileg fjölmiðlum og almenningi.

Nefndin telur að Stjórnarráð Íslands geti dregið úr ýmsum takmarkandi áhrifum smæðarinnar með stækkun og eflingu íslensku ráðuneytanna annars vegar og með uppbyggingu á miðlægri þjónustu, svo sem stefnumótunar-verkefnastjórnunar- og greiningarteymi (e. strategic policy unit). En nánar verður rætt um samstarf milli ráðuneyta í 9. kafla.

7.6. Tillögur

1. Greina þarf verkefni Stjórnarráðsins og meta þróun þeirra á næstu árum (7.3).
   a. Móta þarf stefnu um hvaða verkefni eiga að vera hjá ráðuneytunum og greina hvort gera þurfi breytingar á umfangi þeirra og með hvaða hætti.
2. Setja þarf í auknum mæli stefnu og eða vinna miðlægar leiðbeiningar fyrir Stjórnarráðið varðandi verklag ráðuneyta (7.2).
   a. Um undirbúning og eftirfylgni mála fyrir og eftir ríkisstjórnarfundi.
   b. Samstarf og samráð við hagsmunahópa/hagsmunasamtök, t.d. við vinnu við gerð lagafrumvarpa. Styðjast mætti við leiðbeiningar frá OECD.
   c. Skipulag nefndarvinnu og stjórnun verkefna.
3. Efla þarf notkun málaskrár sem stjórntækis innan ráðuneyta (7.2).
4. Styrkja þarf stefnumótandi getu og hæfni ráðuneytanna (7.2).
   a. Byggja upp þverfaglegt miðlægt stefnumótunar-, verkefnastjórnunar- og greiningarteymi innan Stjórnarráðsins.
   b. Bæta getu Stjórnarráðsins til upplýsingaöflunar og staðreyndaleitar. Miðlægt stefnumótunar-, verkefnastjórnunar- og greiningarteymi gæti skipulagt þá vinnu.
   c. Bæta upplýsingamiðlun innan ráðuneyta með markvissari notkun innri vefja þeirra.
   d. Tryggja meiri samvinnu milli fagsviða og fjármála-/rekstrarsviða innan ráðuneyta.
5. Leggja þarf aukna áherslu á góða stjórnunarhætti innan Stjórnarráðsins (7.3).
   a. Markviss stjórnendaþjálfun sem miðar jafnt að aukinni skilvirkni og vandvirkni stjórnsýslunnar (sjá einnig 8. kafla).
6. Ekki ætti að binda skipulag ráðuneyta með lögum eins og nú er gert í stjórnarráðslögum (7.1, 7.4 og 7.5).

8. Mannauðsmál Stjórnarráðsins

Stjórnarráðið er þekkingarvinnustaður sem byggist fyrst og fremst á því starfsfólki sem þar starfar á hverjum tíma. Því betur sem haldið eru utan um starfsfólkið og hlúð að þekkingarstjórnun[126] því meiri líkur eru til þess að farsællega takist að leysa úr mikilvægum og oft flóknum verkefnum sem þar er sinnt. Þrátt fyrir að starfsmannakerfi ríkisins í heild hafi ákveðna eiginleika og lúti að mestu sömu lögmálum telur nefndin nauðsynlegt að gera greinarmun á skipulagi, uppbyggingu og þróun mannauðsmála innan Stjórnarráðsins annars vegar og hjá öðrum stofnunum ríkisins hins vegar, innan þess ramma.

Eins og fram hefur komið eru ráðuneytin æðstu stjórnsýslustofnanir á hverju málefnasviði ríkisins. Þau fást við stefnumótun og eftirfylgni fyrir heilu málaflokkana en ekki afmarkaða stofnun innan þeirra. Það þýðir með öðrum orðum að þau fást meðal annars við undirbúning vandasamra og pólitískt viðkvæmra viðfangsefna sem lúta að forgangsröðun verkefna og ráðstöfun fjármuna samkvæmt ákvörðun Alþings. Önnur verkefni dæmigerð fyrir ráðuneyti eru eftirlit með starfsemi stofnana, úrskurðir og gerð lagafrumvarpa. Þá starfar hjá ráðuneytunum hátt hlutfall háskólamenntaðra sérfræðinga og embættismanna sem vinna í nánum tengslum við stjórnmálin, þ.e. ráðherra og Alþingi. Þó er utanríkisráðuneytið nokkuð frábrugðið öðrum ráðuneytum enda gilda um utanríkisþjónustuna sérstök lög. Þrátt fyrir ýmis sameiginleg einkenni er mannauðsmálum alfarið sinnt í hverju ráðuneyti fyrir sig.

8.1. Helstu áskoranir og viðfangsefni

Starfsmenn ráðuneyta standa nú frammi fyrir nýjum áskorunum. Þeir eru ekki aðeins ráðgefandi við stefnumótun heldur þurfa nú í vaxandi mæli að samhæfa stefnumótunina, þ.e. að byggja upp tengslaog samskiptanet sérfræðinga og hagsmunaaðila þvert á ráðuneyti og úti í samfélaginu. Þeir stýra stefnumótandi samskiptum og þurfa að ná til almennings og tryggja verklag sem auðveldar að unnt sé að draga lærdóm af nýjustu reynslu. Hnattvæðingin, fólksflutningar milli landa og breytt aldurssamsetning þjóðarinnar, upplýsingatæknivæðing, aukin almenn menntun, betra aðgengi almennings að upplýsingum og aukinn þrýstingur á stjórnvöld vegna starfsemi fjölmiðla og netmiðla auka kröfur til starfsfólks hins opinbera og ráðuneytanna sérstaklega. Starfsmenn Stjórnarráðsins þurfa að búa yfir lipurð og aðlögunarhæfni til að fylgja eftir stefnuáherslum mismunandi ráðherra. Á undanförnum árum hefur valddreifing aukist og verkefnum ýmist verið komið fyrir í sérstökum stofnunum, þau útvistuð eða falin einkaaðilum. Allt kallar þetta á ný vinnubrögð hjá ráðuneytum og breytingar á samsetningu mannauðs innan þeirra. Ráðuneyti þurfa þannig í auknum mæli að eiga samskipti við aðila utan ríkisins, svo sem hagsmunasamtök og einkaaðila sem reka þjónustu sem fjármögnuð er með almannafé. Valddreifingin hefur í för með sér sérhæfingu. Þeim fjölgar sem taka þátt í lausn einstakra mála innan ríkisins. Sífellt fleiri verkefni krefjast samstarfs þvert á málaflokka.[127] Þá hafa væntingar í garð stjórnvalda vaxið samhliða því að dregið hefur úr trausti, trúverðugleika og virðingu fyrir stjórnmálunum, sérstaklega í kjölfar bankahruns. Samkvæmt mælingum Þjóðarpúlsins minnkaði traust til Alþingis úr 42% í febrúar 2008 niður

---

[126] Með þekkingarstjórnun er hér átt við að tryggt sé með samræmingu og yfirsýn að mikilvæg sérþekking haldist innan ráðuneytis þótt starfsmenn hverfi á braut. Þekkingarstjórnun snýst einnig um að viða að sér nýrri þekkingu og vera ávallt viðbúinn nýjum áskorunum og viðfangsefnum.

[127] Dæmi um slík verkefni sem fram komu í viðtölum í rannsókn nefndarinnar eru viðbrögð við náttúruhamförum, lausn á skuldavanda heimila, viðbragðsráætlanir vegna fjármálaáfalla, atvinnuleysi ungmenna, málefni aldraðra, málefni upplýsingasamfélagsins, rannsóknir og nýsköpun atvinnutækifæra, ferðamál og menning, meðferðarheimili o.fl.

í 9% í október 2010.[128] Sambærilegar traustsmælingar eru ekki til fyrir Stjórnarráðið sérstaklega, en dregið hefur úr trausti til ríkisstjórna almennt í löndum sem við berum okkur saman við.[129] Gera má því skóna að tortryggni í garð stjórnmálamanna, sem eru æðstu menn ráðuneyta, hafi áhrif á traust almennings til ráðuneytanna sjálfra.

Breska hugmyndaveitan og rannsóknastofnunin Institute for Public Policy Research (IPPR) gerði árið 2007 ítarlega rannsókn á opinberum mannauðskerfum nokkurra landa og flokkaði sameiginlegar áskoranir þeirra í fimm meginþætti.[130]

1. Tryggja betur ábyrgð og fyrirsvar æðstu embættismanna:
   a. Bæta opinber stefnumótunarferli.
   b. Opnara ferli og gagnsærri og skipulegri aðgangur borgara og hagsmunaðila.
2. Auka rannsóknir og óháð mat á áhrifum opinberrar stefnumótunar til að meta hugsanlegan langtímaárangur og áhrif.
3. Byggja upp hvata fyrir starfsfólk til að bæta við sig þekkingu:
   a. Efla þekkingarstjórnun og tryggja stofnanaminni samhliða auknum hreyfanleika starfsmanna og sveigjanleika í ráðningum.
   b. Örva nýsköpun í starfi stjórnsýslunnar á öllum stigum og tryggja flæði nýrrar þekkingar, bæði lóðrétt og lárétt innan stjórnkerfisins.
4. Styrkja þjálfun starfsmanna og aðlaga verklag stjórnsýslunnar að nýjum kröfum:
   a. Auka fjölbreytni fagþekkingar og breikka þannig þekkingar- og hæfnigrunninn.
   b. Tengja saman reynslu starfmanna sem stýra opinberri stefnumótun og þeirra sem annast framkvæmd hennar og sinna þjónustu.
   c. Setja á laggirnar sérstaka stjórnsýsluskóla (e. schools of government) og auka þannig þjálfun starfsmanna á öllum stigum.
5. Auka samstarf og samhæfa úrlausnir verkefna þvert á ráðuneyti og stofnanir.[131]

Nefndin telur að þessar áskoranir eigi jafnt við hjá ráðuneytum og stofnunum á Íslandi.

8.2. Samanburður við erlend opinber mannauðskerfi

Opinber mannauðskerfi hafa verið flokkuð á ýmsan máta. Í þessum kafla er íslenska kerfið borið saman við aðstæður í öðrum löndum með hliðsjón af tveimur algengum flokkunum opinberra mannauðskerfa. Önnur byggist aðallega á því hvernig starfsmenn stjórnsýslu eru valdir til starfa en í hinni liggja fleiri atriði til grundvallar.

8.2.1. Stöðu- eða starfsferilskerfi

Flokkun samkvæmt stöðu- eða starfsferilskerfi byggist á því hvernig starfsmenn veljast til starfa við stjórnsýsluna og hvernig framgangskerfi innan hennar eru uppbyggð. Algengasta kerfið í flestum löndum á fyrri hluta 20. aldar var svokallað starfsferliskerfi. Dæmi um það er franska kerfið. Þar er fólk ráðið nokkuð ungt til starfa og ávinnur sér starfsreynslu og þekkingu og fær framgang og stöðuhækkun samkvæmt fyrirfram skilgreindu kerfi eftir því sem líður á starfsævina. Stjórnarráðið og íslenska stjórnsýslan byggist aftur á móti á svokölluðu stöðukerfi. Einkenni þess er að störf eru auglýst, einnig stjórnendastörf, og ráðið í stöður eftir auglýsingu á grundvelli hæfni og opinnar samkeppni. Í tilfelli Stjórnarráðsins virkar

---

[128] Capacent 2010.
[129] Félagsvísindastofnun 2010.
[130] Lodge og Kalitowski 2007.
[131] Lodge og Kalitowski 2007 og Lodge og Rogers 2006.

þetta þannig að þrátt fyrir að sérfræðingur sé ráðinn til starfa í kjölfar auglýsingar þarf hann að sækja um stöður skrifstofustjóra eða ráðuneytisstjóra vilji hann komast í stjórnunarstöðu. Mannauðskerfi í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Bretlandi og Hollandi eru líka stöðukerfi. Þessi lönd eiga það sameiginlegt að gera nákvæmar kröfur þegar ráðið er í tiltekin sérhæfð störf innan stjórnsýslunnar, enginn hámarksaldur er settur fyrir umsækjendur, fyrri störf og fagleg reynsla eru metin umsækjanda til framdráttar, framgangur hjá ríkinu er ekki endilega eftir fyrirfram ákveðnu kerfi og æviráðningar hafa verið aflagðar.[132]

Stöðukerfi og starfsferilskerfi hafa sína kosti og galla. Í löndum þar sem starfsferilskerfi eru enn við lýði hefur reynst erfitt að halda í við sífellt hraðari breytingar og kröfur um nýja sérfræðiþekkingu. Í stöðukerfum getur aftur á móti verið erfiðleikum bundið að koma á samræmdum gildum og starfs- og siðferðisviðmiðunum innan stjórnsýslunnar, en slík viðmið eru einkennandi fyrir starfsferilskerfi.

8.2.2. Westminister-kerfi eða norræn kerfi[133]

Í svokölluðum Westminster-kerfum (í Bretlandi, Ástralíu, Kanada og víðar) er mikið lagt upp úr sjálfstæðu aðhaldi og eftirliti þriðja aðila með stjórnsýslunni. Þar er leitast við að tryggja trúverðugleika hennar með skýru vinnulagi sem felur í sér setningu gæðastaðla, siðareglna, skilgreiningu á hæfniskröfum og beinni eða óbeinni aðkomu þriðja aðila að ákvörðunum um ráðningar starfsmanna. Mannauðsskrifstofur eða nefndir eru þannig oft sjálfstæðar og ráðuneyti afsala sér hluta af ráðningarvaldi sínu, sérstaklega hvað varðar æðstu stjórnendur.[134] Í norrænu kerfunum (í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð) er aftur á móti meiri áhersla lögð á eftirlit í gegnum umboðsmann þjóðþinga. Starfsmanna- og mannauðsskrifstofur eru yfirleitt ekki sjálfstæðar heldur tilheyra ráðuneytum og sjálfstæði ráðuneyta í ráðningarmálum er fremur mikið með þeim fyrirvara þó að t.d. í Danmörku verður að bera skipun æðstu embættismanna undir ríkisstjórn. Aðhaldið felst ekki síst í því að tryggður er réttur til að kvarta til umboðsmanns þjóðþinga eftir að ákvörðun, t.d. um ráðningu, hefur verið tekin.[135]

Á Norðurlöndum má segja að samfélagsleg sátt ríki um skipan mála þar sem opinber útgjöld eru tiltölulega há og hið opinbera velferðarkerfi víðfeðmt. Hugmyndafræðileg barátta um þessa þætti er hins vegar meiri í löndum þar sem Westminister-kerfi eru ráðandi. Félagsauður (e. social capital)[136] og traust á opinberum stofnunum og stjórnmálakerfinu mælist hvað hæstur í heiminum á Norðurlöndum en langtum lægri í löndum Westminister-kerfanna. Þessir þættir gætu verið ástæðan fyrir því að minni þörf virðist vera fyrir róttækar aðgerðir til að efla traust almennings til hins opinberra á Norðurlöndum en í Westminister-löndum.[137] Dæmi um þetta eru ítarlegar siðareglur fyrir ráðherra og starfsmenn ráðuneyta í Bretlandi.

---

[132] Bossaert o.fl. 2001.

[133] Í þessari flokkun frá IPPR er einnig talað um pólitísk kerfi (USA), Evrópumeginlandskerfi (Frakkland) og ný kerfi innan breska konungsdæmisins (Wales og Skotland). Til einföldunar er hér aðeins fjallað um Westminister-kerfi og norræn kerfi sem líkjast mest því íslenska.

[134] Þessi tegund aðhalds kallast „for-skoðun“, þ.e. „ex-ante mekanismi“ (e. screening, selection and contracting), sjá Lupia 2003.

[135] Þessi tegund aðhalds kallast „eftir-lit“, þ.e. ex-post mekanismi“ (e. audit, inspection, independent evaluation), sjá Lupia 2003.

[136] Verðmæti og áhrif félagstengsla sem einstaklingar mynda í fjölskyldum, vinahópum, félagasamtökum, á vinnustöðum o.s.frv.

[137] Putnam 2002.

Slíkar reglur hafa ekki verið settar með sambærilegum hætti á Norðurlöndum.[138]

8.2.3. Íslenska kerfið

Mannauðskerfi Stjórnarráðsins ber flest einkenni stöðukerfis. Uppbyggingu þess og skipulagi svipar einnig um margt til norræna kerfisins, t.d. með eftirliti umboðsmanns Alþingis og sjálfstæði ráðherra og ráðuneyta í tengslum við ráðningarmál.[139] Hugmyndir um þróun á mannauðskerfi Stjórnarráðins sem mest hafa verið ræddar síðustu misseri miða þó margar hverjar að því að þróa kerfið í átt til Westminister-kerfisins. Tvö dæmi má nefna þessu til stuðnings. Annars vegar eru áform um setningu siðareglna fyrir ráðherra, aðstoðarmenn og starfsmenn ráðuneyta[140] og hins vegar tillögur um að skýra betur ráðningarferla og færa skipunarvald frá ráðherrum til hæfnisnefnda eða jafnvel Alþingis.[141]

8.3. Traust og faglegt mannauðskerfi

Á undanförnum misserum hefur verið ráðist í aðgerðir til að efla traust á stjórnsýslunni, svo sem með heimild í stjórnarráðslögum fyrir setningu siðareglna. Ekki liggja fyrir mælingar á trausti almennings til Stjórnarráðsins eða einstakra ráðuneyta. Því er ekki ljóst hvers vegna talið er nauðsynlegt að grípa til úrræða sem ekki hafa tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Þó virðast aðferðir í ráðningarmálum hins opinbera sem virðast virka og njóta trausts á Norðurlöndunum ekki hafa sömu virkni á Íslandi.[142] Traust á stjórnmálakerfinu, einkum eftir bankahrunið, er mun minna en þar,[143] en erfitt er að greina nákvæmlega hvað veldur. Í alþjóðlegum samanburði ráða íslenskir ráðherrar miklu um sína málaflokka.[144] Lítil hefð er fyrir minnihlutastjórnum sem kalla á samráð og traust milli stjórnar og stjórnarandstöðu[145] en hvort tveggja getur skipt máli. Lítið traust til stjórnmálamanna hefur áreiðanlega áhrif á traust sem almenningur ber til Stjórnarráðsins, enda standa ráðuneytin næst pólitíkinni.

Neikvæð umræða um stjórnsýsluna síðustu mánuði, sem m.a. kemur fram í þingsályktun þingmannanefndar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, hefur ekki verið til þess fallin að auka traust á starfsemi Stjórnarráðsins. Þar er ályktað að skýrsla rannsóknar-

---

[138] Í athugasemdum með frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands (siðareglur) (þskj. 675, 375. mál, 138. löggjafarþing 2008–2009) kemur þó fram að í Noregi hafa verið settar siðareglur á afmörkuðum sviðum eins og varðandi heimildir til að taka við starfi í einkageiranum eftir að hafa þjónað hinu opinbera. Sömuleiðis hafa verið gefnar út leiðbeiningar í Danmörku um siðferðilega breytni opinberra starfsmanna.

[139] Í utanríkisráðuneytinu er þó vísir að starfsferliskerfi þar sem sérfræðingar byrja sem sendiráðsritarar og markmiðið er að þeir sem standa sig vel vinni sig upp í stöðu sendiherra. Þetta er þó ekki fullkomið starfsferilskerfi þar sem tilfærsla frá starfi sendiráðunautar yfir í stöðu sendifulltrúa verður ekki nema að undangenginni auglýsingu þar sem allir geta sótt um, líkt og ef sérfræðingar í öðrum ráðuneytum vilja komast í skrifstofu eða ráðuneytisstjórastöður. Samhliða þessu hefur fólk með litla eða enga reynslu af störfum innan utanríkisþjónustunnar verið skipað beint í sendiherrastöður.

[140] Umboðmaður Alþingis getur gefið álit á því hvort siðareglur hafi verið brotnar, annaðhvort í tengslum við kvörtun eða í kjölfar athugunar. Með þessu ákvæði verður til ákveðin blanda úr norrænna kerfinu (eftirlitshlutverk umboðsmanns) og Westminister-kerfinu (strangar, „forvirkar“ siðareglur).

[141] Tillaga til þingsályktunar um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar. Þskj. 68, 67. mál, 139. löggjafarþing 2010–2011.

[142] Sjá t.d. Gunnar Helga Kristinsson 2006.

[143] Félagsvísindastofnun 2010 og Capacent 2010.

[144] Gunnar Helgi Kristinsson 2010a.

[145] Sjá t.d. Stefaníu Óskarsdóttur 2007, Guðna Th. Jóhannesson 2007 og Þorstein Magnússon 2005.

nefndarinnar sé áfellisdómur yfir íslenskri stjórnsýslu, verklagi hennar og skorti á formfestu, jafnt í ráðuneytum sem sjálfstæðum stofnunum sem undir ráðuneytin heyra.[146] Þessi niðurstaða nefndarinnar er almennt orðuð og höfð um alla starfsmenn stjórnsýslunnar. Þó fjallaði skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis aðeins um afmarkaðan þátt í starfsemi Stjórnarráðsins, þ.e. tiltekin ráðuneyti og þann þátt í stjórnsýslu þeirra sem laut að starfsemi á fjármálamarkaði og tilteknum þætti ríkisfjármála og stjórnar efnahagsmála, og ekki hefur verið gerð sambærileg rannsókn á öðrum ráðuneytum. Stjórnarráðið og stjórnsýslan eiga ekki annan kost en að taka þessa umræðu alvarlega og snúa vörn í sókn. Bætt verklag í mannauðsmálum og ráðningum ætti þar að leika stórt hlutverk.

8.4. Skipulag mannauðsmála

Hér á landi sjá ráðuneytin sjálf um mannauðs- og ráðningarmál. Þó er almenn stefnumörkun um málefni starfsmanna ríkisins miðlæg, líkt og í öðrum OECD-ríkjum. Ráðuneytin þurfa því að fylgja reglum og öðrum viðmiðunum eins og aðrar ríkisstofnanir.[147]

Í Danmörku, Svíþjóð og Noregi hafa ráðuneyti einnig sjálfdæmi í mannauðsmálum en vinna eftir samræmdum reglum frá starfsmannadeildum fjármálaráðuneytanna.[148] Ráðuneytin í Danmörku og Noregi eru fjölmenn og í hverju þeirra eru öflugar mannauðsskrifstofur. Í Danmörku eru 19 ráðuneyti og um 50 starfsmenn í því fámennasta. Þau eru 18 í Noregi og 140 starfa í því fámennasta. Í fjölmennustu ráðuneytunum í þessum löndum vinna 500–600 starfsmenn. Í Hollandi og Bretlandi er mannauðsstjórnun aftur á móti meira miðstýrð, þ.m.t. ráðningar í stjórnunarstöður innan ráðuneyta og stofnana.

Taka verður tillit til þess að íslensku ráðuneytin eru smá og fámenn. Eftir fækkun ráðuneyta um áramótin 2010/2011 úr tólf í tíu mun fjölmennasta ráðuneytið aðeins hafa á að skipa um 90 starfsmönnum,[149] en í Stjórnarráðinu öllu eru tæplega 600 starfsmenn. Þetta breytir því ekki að kröfur til Stjórnarráðins eru síst minni en kröfur til ráðuneyta í öðrum löndum.

8.4.1. Rekstrarskrifstofur ráðuneyta

Í ráðuneytum sjá rekstrarskrifstofur jafnan um mannauðsmál. Í utanríkisráðuneytinu er þó mannauðsstjóri sem ekki heyrir undir rekstrarsvið þess. Sums staðar eru þessar skrifstofur nefndar stjórnsýslu- og mannauðssvið eða fjármálasvið en verkefnin eru þau sömu, þ.e. rekstrar- og mannauðsmál auk fjárlagagerðar og eftirliti með rekstri stofnana. Fæstir starfsmenn rekstrarskrifstofa hafa menntun í mannauðsmálum. Slíkt er skiljanlegt þar sem ráðuneytin eru fámenn en verkefnin fjölbreytt. Á undförnum árum hefur þó nokkuð verið um að sérfæðingar í þessum einingum hafi leitað sér menntunar í mannauðsmálum og þá notfæra þær sér ráðgjöf hvað þetta varðar. Þrátt fyrir það eiga litlar einingar sem þessar erfitt með að stýra mannauðsmálum, t.d. starfsþróunarmálum og fátíðari vandamálum, svo sem einelti á vinnustað.

Í könnun sem gerð var meðal starfsmanna árið 2006 töldu um 64% starfsmanna ráðuneyta

---

[146] Skýrsla þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknanefndar Alþingis 2010, bls. 11.
[147] OECD 2008a.
[148] Personalestyrelsen í Danmörku sem fer með samræmingu í starfsmannamálum dönsku stjórnsýslunnar er reyndar sérstök stofnun en skilgreind sem hluti fjármálaráðuneytisins.
[149] Hér er átt við aðalskrifstofur ráðuneyta. Utanríkisráðuneyti telur reyndar einnig sendiráð Íslands erlendis og Þýðingarmiðstöð ráðuneytisins til aðalskrifstofu sinnar og er því fjölmennara.

að starfslýsingar væru til en einungis 10% að þær væru oft notaðar. Þegar spurt var um starfsmannasamtöl höfðu rétt ríflega 50% farið í slík viðtöl á síðustu tveimur árum.[150] Það gefur vísbendingu um að nokkuð hafi skort á markvissa stjórnun mannauðsmála.

Nefndin telur að almennt verði að telja æskilegt að skilja á milli mannauðsmála og kostnaðarþátta við starfsmannahald.

8.4.2. Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins

Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins gegnir mikilvægu hlutverki við mótun stefnu ríkisins almennt í starfsmanna- og mannauðsmálum, í samræmi við áherslur stjórnvalda hverju sinni, en tæplega 22.000 einstaklingar vinna hjá ríkinu. Hún ber ábyrgð á lögum og reglum sem varða launa-, kjara og lífeyrismál starfsmanna ríkisins, réttindi þeirra og skyldur. Skrifstofan sinnir vinnuveitendahlutverki innan ríkisins og veitir stjórnvöldum og einstökum ráðuneytum og stofnunum ráðgjöf við framkvæmd og túlkun laga, reglna, samninga um vinnumarkaðs- og starfsmannamál. Almennar og sértækar úttektir og athuganir á sviði kjaramála og stefnumarkandi mála eru einnig í umsjá skrifstofunnar og þá falla verkefni samninganefndar ríkisins undir verksvið hennar.

Þrátt fyrir að starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sé málsvari ríkisins í málefnum vinnumarkaðarins hefur hún ekki sérstöku hlutverki að gegna gagnvart ráðuneytum, sem telja einungis um 3% heildarstarfsmanna ríkisins, umfram aðrar stofnanir þess. Þetta sést best á því að mannauðsmálum er sinnt í hverju ráðuneyti fyrir sig. Starfsmannaskrifstofan kemur heldur ekki að mótun og eftirfylgni mannauðsstefnu Stjórnarráðsins, frekar en mannauðsstefnum einstakra stofnana.

Þar sem starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sinnir verkefnum þvert á stjórnsýsluna telur nefndin mikilvægt að hún verði áfram leiðandi í mannauðsmálum ríkisins. Þrátt fyrir það er þörf á að samhæfa og efla mannauðsmál ráðuneytanna sérstaklega.

8.4.3. Almennt um skipulag mannauðsmála innan Stjórnarráðins

Skilningur á nauðsyn öflugrar mannauðsstjórnunar hefur aukist undanfarin ár. Samkvæmt niðurstöðum hinnar alþjóðlegu CRANET-rannsóknar á stöðu mannauðsmála hjá fyrirtækjum og stofnunum með yfir 100 starfsmenn (í Evrópu og víðar) bættu íslenskar opinberar stofnanir sig mikið milli áranna 2006 og 2009 og færðust ofar á fimm stiga kvarða um þroskastig mannauðsstjórnunar. Kvarðinn nær frá stigi 0 þar sem engin meðvituð mannauðsstjórnun fer fram, upp í stig 4 þar sem mannauðsstjórnun og rekstur eru að fullu samþætt.[151] Meirihluti íslenskra opinberra stofnana sem skoðaðar voru í rannsókninni eru nú á 2. þroskastigi og sumar nálgast 3. stig. Margar stórar stofnanir teljast þó á 1.–2. stigi.

Nefndin hefur skoðað skilgreiningar þroskastiga og skipulag mannauðsmála innan Stjórnarráðins og telur að fyrirkomulagið þar sé næst 1. stigi, sem kallast hefðbundið starfsmannahald.[152] Ef Stjórnarráðið á að geta keppt um hæft starfsfólk við stofnanir og fyrirtæki

---

[150] Fjármálaráðuneytið 2007a, bls. 33–35.

[151] Arney Einarsdóttir o.fl. 2009.

[152] Í skipulagsheildum á 1. þroskastigi eru stjórnendur meðvitaðir um að ákvarðanir um starfsmenn sem byggjast á innsæi eru ekki líklegar til árangurs. Starfsmannaskrár eru haldnar og fylgst með fjölda stöðugilda og launakostnaði og reynt að gæta samræmis í launum. Unnið er í samræmi við lög og kjarasamninga en ekki greitt fyrir árangur. Stjórnendur hafa ekki mikið frumkvæði að því að beita aðferðum mannauðsstjórnunar en þó eru einföld viðtöl notuð við ráðningar og námskeið tengd áhugasviðum starfsfólks í boði. Boðskipti eru nokkur en mest einhliða frá stjórnendum til starfsfólks. Sjá Arneyju Einarsdóttur o.fl. 2009.

á markaði verður það að bjóða starfsmönnum sömu möguleika, t.d. hvað varðar laun, starfsþróun og símenntun.

Nefndin telur að til þess að ráðuneytin geti staðið undir kröfum um sérfræðiþekkingu og vinnulag verði að gera róttækar breytingar á skipulagi og stjórnun mannauðsmála innan þeirra.

8.5. Samstarf um mannauðsmál

Þrátt fyrir sjálfstæði ráðuneytanna hefur í ákveðnum skilningi verið litið á Stjórnarráðið sem eina heild. Dæmi um það er rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga.[153] Auk þeirra vankanta sem nú eru á skipulagi mannauðsmála innan Stjórnarráðsins ýtir ýmislegt annað í þróun og starfsháttum þess undir þörfina fyrir aukið samstarf um mannauðsmál í framtíðinni. Hér verður tæpt á nokkrum þáttum sem ýmist eru til staðar í einhverjum mæli eða nefndin telur æskilegt að væru til staðar í tengslum við mannauðmál Stjórnarráðsins.

8.5.1. Mannauðsstefna Stjórnarráðins

Árið 2002 var í fyrsta skipti gefin út sameiginleg starfsmannahandbók fyrir starfsfólk Stjórnarráðsins. Áður höfðu slíkar handbækur, að því marki sem þær voru til, verið unnar í einstökum ráðuneytum án formlegs samráðs milli þeirra. Í handbókinni var í fyrsta sinn sett sérstök starfsmannastefna fyrir Stjórnarráðið með níu meginmarkmiðum og nokkrum áhersluþáttum.[154] Ráðuneytin voru hvert og eitt gerð ábyrg fyrir því að fylgja markmiðum stefnunnar eftir.

Veturinn 2009–2010 var ráðist í endurskoðun starfsmannahandbókarinnar og sérstökum starfshópi falið að halda utan um vinnuna. Meðal annars var starfsmannastefnan endurskoðuð og kallast nú mannauðsstefna Stjórnarráðsins. Eins og árið 2002 er ekki gert ráð fyrir að henni verði fylgt eftir miðlægt en starfshópurinn sem sá um endurskoðunina mun annast reglulega uppfærslu handbókarinnar. Í könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 2006 kom fram að einungis 23% starfsmanna Stjórnarráðsins taldi að starfsmannastefnum ráðuneytanna væri fylgt eftir.[155]

Nefndin telur að sameiginleg mannauðsstefna fyrir Stjórnarráðið sé liður í því styrkja það sem samhentan vinnustað og ýti undir samkennd meðal starfsmanna þess. Nauðsynlegt er að tilteknum aðila innan Stjórnarráðsins verði falin eftirfylgni með markmiðum hennar og að unnin verði aðgerðaáætlun til að hrinda henni í framkvæmd. Gera þarf samræmdar markmiðsbundnar starfslýsingar fyrir starfsmenn og samræma erindisbréf embættismanna þannig hægt sé að fylgjast með þróun og árangri starfsmanna með hliðsjón af mannauðsstefnu.

8.5.2. Stjórnsýsluskóli Stjórnarráðsins

Í ágúst 2010 setti forsætisráðuneytið á fót stjórnsýsluskóla Stjórnarráðs Íslands. Stofnun skólans á sér nokkurn aðdraganda. Í skýrslunni Starfsskilyrði stjórnvalda, sem unnin var fyrir forsætisráðuneytið 1999, var gagnrýnt að hér á landi væri ekki starfræktur stjórnsýsluskóli fyrir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga eins og tíðkast í flestum grannlöndum okkar. Þá væri ekki í gildi markviss endurmenntunarstefna sem mælti fyrir um að nýir starfsmenn, sem fá það hlutverk að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu borgaranna, væru sendir á grunnnámskeið

---

[153] Sjá nánar í 9. kafla.
[154] Starfsmannahandbók Stjórnarráðsins 2010, kafli 6.1.
[155] Fjármálaráðuneytið 2007a, bls. 30–31.

til að læra almennar reglur stjórnsýsluréttarins.[156] Þá var í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis nefnt að fjölga þyrfti í þeim hópi starfsmanna Stjórnarráðsins sem væru vel menntaðir og þjálfaðir og hefðu getu til að takast á við mjög flókin og krefjandi verkefni.[157] Umboðsmaður Alþingis hefur í ársskýrslum sínum til Alþingis ítrekað lagt áherslu á nauðsyn þess að auka og bæta fræðslu fyrir starfsfólk stjórnsýslunnar um stjórnsýslureglur og aðrar þær sérstöku reglur sem gilda um starfsemi og verkefni stjórnsýslunnar.[158]

Fyrstu verkefni stjórnsýsluskóla Stjórnarráðsins voru að skipuleggja námskeið fyrir nýja starfsmenn í Stjórnarráðinu og halda námskeið fyrir ráðherra og aðstoðarmenn haustið 2010. Stefnumótun fyrir skólann til frambúðar er hafin í samráði við fjármálaráðuneytið og háskólastofnanir sem sinna menntun af svipuðum toga.

Nefndin telur að til þess að fræðsla til starfsmanna Stjórnarráðsins verði markviss sé nauðsynlegt að taka saman upplýsingar um samsetningu þeirra og menntun. Til þess má nýta mannauðskerfi ríkisins (Oracle). Móta ætti stefnu skólans og sníða námskrá hans samkvæmt þessum upplýsingum. Skólinn ætti þannig að gegna lykilhlutverki við skipulag og samræmingu stjórnenda-, leiðtoga-, og nýliðaþjálfunar innan Stjórnarráðins.

8.5.3. Hreyfanleiki

Ein leið til að stuðla að betri nýtingu mannauðs er að auka hreyfanleika starfsmanna. Slíkt er einnig líklegt til að auka starfsánægju og efla samvinnu milli ráðuneyta. Munur er á lagalegri stöðu embættismanna og annarra starfsmanna Stjórnarráðins að þessu leyti. Skv. 20. gr. stjórnarskrárinnar og 36. gr. starfsmannalaga er heimilt að flytja embættismenn milli embætta án auglýsingar og án þeirra samþykkis. Þannig má „hrókera“ skrifstofustjórum og ráðuneytisstjórum milli embætta innan Stjórnarráðsins og eru dæmi um slíkt, sérstaklega hvað varðar ráðuneytisstjóra. Árið 2007 var heimild bætt í 11. gr. stjórnarráðslaga þess efnis að færa mætti starfsmenn aðra en embættismenn milli ráðuneyta með samþykki þeirra en án almennrar auglýsingar. Gert var ráð fyrir að forsætisráðherra setti reglur um tilhögun slíks flutnings, þar á meðal um auglýsingu lausra starfa innan Stjórnarráðs Íslands,[159] en það hefur ekki verið gert. Heimildin hefur því ekki verið nýtt nema í örfáum tilfellum.

Þrátt fyrir ofangreindar lagaheimildir er ekki við lýði stefna um hvernig ætti að nýta þær. Víða erlendis hafa opinberir aðilar hins vegar sett skýr markmið um hreyfanleika starfsmanna. Sem dæmi mega starfsmenn Sameinuðu þjóðanna ekki vera lengur en fimm ár í senn í sama starfi. Utanríkisráðuneytið er eina ráðuneytið sem notar tilflutning í starfi skipulega en skv. 10. gr. laga nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands, eru starfsmenn skyldir til að starfa erlendis eða í ráðuneytinu samkvæmt ákvörðun ráðherra. Ráðuneytið hefur sett sér ákveðnar reglur um hversu lengi fólk er í tilteknum stöðum o.s.frv. Þetta gildir þó aðeins innan ráðuneytisins og sendiráða og skrifstofa þess erlendis, en ekki milli annarra ráðuneyta.

---

[156] Forsætisráðuneytið 1999, bls. 73.
[157] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010, kafli 21.4.7, bls. 280.
[158] Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2005, bls. 23, og Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2006, bls. 17.
[159] Þessi lagaheimild mætti nokkurri tortryggni þegar hún var kynnt í frumvarpi forsætisráðherra. Gagnrýnt var að verið væri að reyna að koma upp lokuðu kerfi þar sem stöður yrðu síður auglýstar á almennum markaði. Sú gagnrýni á þó ekki fyllilega við rök að styðjast að því leyti að við tilflutning starfsmanna verður fyrr eða síðar til laust starf sem þarf að auglýsa. Áhrifin á fjölda lausra starfa sem auglýst eru á almennum markaði ættu því til lengri tíma ekki að vera nein.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið mótuð stefna um tilflutning hefur frá árinu 2005 verið nokkurt svigrúm til tímabundinna vistaskipta. Það ár kynnti fjármálaráðuneytið tilraunaverkefni á þessu sviði sem í upphafi var takmarkað við fjögur ráðuneyti og nýttu þónokkrir starfsmenn og stjórnendur sér þann möguleika að starfa tímabundið hjá annarri stofnun eða embætti. Árið 2008 var síðan ákveðið að verkefnið næði til allra ráðuneyta og stofnana ríkisins og samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu er töluvert um að þetta sé tíðkað. Frumkvæði að því að starfsmaður skipti um starf getur ýmist komið frá starfsmanni eða viðkomandi stofnun og vistaskiptin geta að hámarki staðið yfir í eitt ár. Samþykki aðila er jafnframt skilyrði og þá verður að vera samvinna milli stofnana um skiptin.[160]

Nefndin telur nauðsynlegt að mótuð verði stefna um hreyfanleika starfsmanna Stjórnarráðs Íslands. Mikilvægt er að hreyfanleiki milli ráðuneyta nái til æðstu embættismanna eins og ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra, forstöðumanna stofnana og jafnvel sendiherra þar sem hreyfanleiki gefur víðari mynd af Stjórnarráðinu og eykur hæfni þessara aðila til þess að þjóna mismunandi ráðherrum.

Á grundvelli stefnu um hreyfanleika verði settar reglur eins og heimild er fyrir í stjórnarráðslögunum. Slík stefna gæti einnig í ákveðnum tilvikum náð til starfsmanna stofnana ríkisins sem sinna þó að mörgu leyti sérhæfðari verkefnum. Varanlegur flutningur af því tagi kallar á lagabreytingu hvað varðar aðra starfsmenn en embættismenn.

Nefndin telur að slík stefna þyrfti að fela í sér eftirfarandi þætti:

1. Hvata í formi einhvers konar umbunar til starfsmanna sem færa sig um set.
2. Hvata fyrir stjórnendur til þess að gera fólki kleift að færast til í starfi.
3. Markmið um hvernig Stjórnarráðið geti sem best nýtt sér fyrirliggjandi reglur um tímabundin vistaskipti.
4. Samræmt frammistöðumat til að auðvelda valið þegar fleiri en einn koma til greina í laus störf eða embætti.
5. Hreyfingalista yfir starfsmenn sem hafa áhuga á tilfærslu, sem stjórnendur hefðu aðgang að.
6. Miðlægt utanumhald til að tryggja samræmda framkvæmd.

8.5.4. Verkefnastjórnun

Eins og kemur fram í 7. og 9. kafla eykst þörfin fyrir samstarf opinberra aðila stöðugt. Sífellt fleiri verkefni rúmast illa innan hefðbundinna ráðuneytismarka og þarf nýja nálgun við að leysa þau. Í úttekt IPPR og nýlegri úttekt OECD á finnsku stjórnsýslunni er þetta nú talið ein helsta áskorunin sem opinber mannauðskerfi standa frammi fyrir.[161]

Nú eru málin yfirleitt leyst á þann veg að sett er sérstök nefnd, starfshópur eða vinnuhópur til að halda utan um málið. Þessir hópar hafa oft stuttan tíma til þess að ljúka verkefninu og eiga að vinna það meðfram öðrum venjubundnum verkefnum. Þá virðist samkvæmt viðtölum sem nefndin átti að misbrestur geti verið á því að hlutverk og staða slíkra nefnda og hópa sé skilgreind nægjanlega vel.

Eins og rætt var í 3. kafla telur nefndin að ráðuneytisstjórar ættu að geta stýrt stórum verkefnum sem eru tilfallandi og falla þvert á ráðuneyti Stjórnarráðsins, t.d. í samráði við ráðherra án ráðuneytis. Jafnframt er mikilvægt að skrifstofustjórar og sérfræðingar geti til lengri eða skemmri tíma tekið að sér stýra nefndum og starfshópum, þvert á ráðuneyti, sem verk-

---

[160] Fjármálaráðuneytið 2005a.
[161] OECD 2010a, Lodge og Kalitowski 2007 og OECD 2008b.

efnastjórar. Mikilvægar stefnuáherslur sem þarfnast vinnu margra aðila innan og utan ríkis þarf að skilgreina vel og setja nefndum og starfshópum sem vinna að þeim skýr erindisbréf. Sá sem stýrir verkefninu ætti að heyra undir þann ráðherra sem er í forsvari fyrir verkefnið en getur komið hvaðan sem er úr Stjórnarráðinu. Til að hvetja stjórnendur og starfsfólk til þess að taka við verkefnum sem þessum ætti að létta af þeim hefðbundnum störfum meðan á verkefninu stendur og greiða formanni og þeim sem starfa fyrir nefndina hóflega viðbótarþóknun. Þetta myndi hvetja fólk til þess að taka að sér slík verkefni og um leið bæta vinnu við opinbera stefnumótun.

8.5.5. Samstarf um skipulag og þróun mannauðs og þekkingarstjórnunar

Fyrrgreind dæmi um samvinnu í mannauðsmálum eru aðeins brot af þeim tækifærum sem frekara samstarf ráðuneytanna á þessu sviði býður upp á, bæði fyrir Stjórnarráðið sem vinnuveitanda og starfsmenn þess.

Til að styrkja mannauðs- og þekkingarstjórnun innan Stjórnaráðsins og takast á við áskoranir sem nefndar voru að framan leggur nefndin til að komið verði á fót miðlægri mannauðseiningu innan þess. Henni verði falið að sinna stefnumótun og leiðbeiningum fyrir ráðuneyti, stuðla að samhæfðum vinnubrögðum í mannauðsmálum og halda utan um ýmsa miðlæga þætti sem tengjast framgangi og þróun mannauðsmála innan þess.

Helstu verkefni mannauðseiningarinnar gætu verið:

1. *Stefnumótun og áætlanagerð.* Sinna eftirfylgni með mannauðsstefnu Stjórnarráðsins, í samvinnu við ráðuneytin. Gera mannaflaspár fyrir Stjórnarráðið og meta þörf fyrir nýliðun. Sjá til þess að þekking og hæfni starfsmanna verði kortlögð og flokkuð með það að markmiði að nýta hana sem best.
2. *Starfslýsingar og starfsmannasamtöl.* Samræma og fylgja eftir gerð starfslýsinga og undirbúnings starfsmannasamtala innan Stjórnarráðsins þótt þau verði áfram á ábyrgð ráðuneytanna sjálfra. Afrakstur þeirrar vinnu er grunnur að kortlagningu á þekkingu og hæfni starfsmanna.
3. *Stjórnsýsluskóli Stjórnarráðsins.* Safna og greina upplýsingar um endurmenntunarþörf starfsmanna Stjórnarráðsins í samráði við ráðuneytin. Grunnfræðsla um hinar sérstöku stjórnsýslureglur.
4. *Gerð leiðbeininga og reglna.* Útbúa sérstakar leiðbeiningar og reglur um þekkingar- og mannauðsstjórnun innan Stjórnarráðsins sem ráðuneytin fylgdu eftir í störfum sínum. Dæmi um þetta eru leiðbeiningar fyrir hæfnismatsnefndir eða ráðningarnefndir vegna ráðningar embættismanna, um auglýsingar, starfsmannasamtöl o.fl.
5. *Erindisbréf.* Hafa umsjón með gerð og stöðlun erindisbréfa fyrir ráðuneytisstjóra, embættismenn og pólitíska aðstoðarmenn/ráðgjafa.
6. *Frammistöðumat æðstu stjórnenda.* Meta frammistöðu ráðuneytisstjóra og annarra stjórnenda stofnana á grundvelli markmiða í erindisbréfum. Auk þess þurfa almenn sjónarmið að liggja að baki matinu sem m.a. gæti farið fram í viðtali.
7. *Aðstoð við ráðningar.* Gerð auglýsinga o.fl.
8. *Siðareglur.* Eftirfylgni og samræming varðandi siðareglur starfsmanna Stjórnarráðsins, ráðherra og pólitískra aðstoðarmanna.
9. *Hreyfanleiki.* Bera ábyrgð á gerð og eftirfylgni stefnu um hreyfanleika til skemmri og lengri tíma.

10. *Verkefnastjórar.* Setja reglur um greiðslur vegna verkefnastjórnunar fyrir nefndarstarf og annars konar hópavinnu og semja leiðbeiningar um hvernig staðið verði að málum við skipun slíkra hópa.

Með sameiginlegri mannauðsstefnu og stjórnsýsluskóla Stjórnarráðsins sem og möguleikum á auknum hreyfanleika hefur brautin verið rudd. Mannauðs- og þekkingarstjórnun innan Stjórnarráðsins væri enn frekar efld með miðlægri mannauðseiningu sem sinnti m.a. ofangreindum þáttum. Aukin samhæfing og möguleikar til þverfaglegar vinnu væri liður í að gera Stjórnarráðið að spennandi og eftirsóttum vinnustað.

8.6. Ráðningar

Ráðningar[162] starfsfólks ráðuneyta og forstöðumanna stofnana eru mikilvægur hluti af starfsemi ráðuneyta. Fagleg og trúverðug umgjörð um ráðningar skapar traust á stjórnsýslunni. Borið hefur á umræðu um að íslenska stjórnsýslan sé veik og eigi erfitt með að takast á við verkefni sín og oft er staðhæft að í æðstu embætti tíðkist pólitískar ráðningar.[163] Ekki nægir að fylgja vel eftir reglum um ráðningar og skipun í embætti ef stjórnmálamenn njóta lítils trausts. Hugmyndir hafa því verið settar fram um að taka skipunarvald í æðstu embætti af ráðherrum.[164]

Efasemdir um að vel sé staðið að ráðningum og hugmyndir um að þær séu pólitískar koma illa við alla, bæði þann sem ræður í starfið og þann sem er ráðinn. Auk þess veikja þær ímynd stjórnsýslunnar. Oft á gagnrýnin ekki við rök að styðjast en í sumum tilvikum eru vísbendingar um að ekki sé allt með felldu.[165] Erfitt getur hins vegar reynst að meta hvort pólitísk tengsl hafi ráðið úrslitum við ráðningar í einstök störf. Til að ekki leiki vafi á um að ráðning sé fagleg og vönduð verður ferlið að vera skýrt og gagnsætt og ljóst að til starfa veljist jafnan hæfasta fólkið úr hópi umsækjenda. Hér er meira í húfi en traust á starfsemi ráðuneytanna þar sem ráðherrar skipa líka flesta forstöðumenn ríkisstofnana.

8.6.1. Almennt um fyrirkomulag ráðninga hjá Stjórnarráðinu

Í megindráttum eru þrenns konar ráðningarform í Stjórnarráðinu, auk ráðherra og aðstoðarmanns hans. Ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar, sendiherrar og sendifulltrúar eru skipaðir til fimm ára í senn af hlutaðeigandi ráðherra,[166] flestir sérfæðingar og aðrir starfsmenn eru ráðnir ótímabundið með gerð skriflegs ráðningarsamnings og þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti og einstaka starfsmenn eru ráðnir tímabundið. Nánar verður fjallað um hverja tegund ráðninga síðar.

---

[162] Hugtakið ráðningar vísar hér einnig til skipunar eða setningar í starf. Orðin skipun og/eða setning verða notuð þar sem það á við, til aðgreiningar frá hefðbundnum ráðningum.

[163] Með pólitískri ráðningu er hér átt við að grunur leiki á að við tiltekna ráðningu innan faglegrar stjórnsýslu hafi pólitísk sjónarmið ráðið frekar en fagleg.

[164] Tillaga til þingsályktunar um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar. Þskj. 68, 67. mál, 139. löggjafarþing 2010–2011.

[165] Gunnar Helgi Kristinsson 2006a.

[166] Í utanríkisráðuneytinu eru sendiherrar og sendifulltrúar skipaðir en aðrir starfsmenn ráðnir. Í 8. gr. laga um utanríkisþjónustu, nr. 39/1971, er ákvæði um starfsmenn utanríkisráðuneytisins. Þar kemur fram að sendiherrar séu í raun ráðuneytisstjórar þegar þeir vinna á aðalskrifstofu ráðuneytisins og sendifulltrúar skrifstofustjórar og því er hér til einföldunar talað um ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra en jafnframt átt við sendifulltrúa og sendiherra.

Lausar stöður í Stjórnarráðinu eru auglýstar á Starfatorgi og eftir atvikum einnig með sérauglýsingu í dagblöðum og Lögbirtingablaðinu (embættismenn). Um auglýsingar á lausum störfum gilda reglur nr. 464/1996 en þar kemur m.a. fram hvað skuli að lágmarki vera í auglýsingu um starf á vegum ríkisins. Mikilvægt er að auglýsingar séu vel úr garði gerðar þar sem ákvörðunin um ráðningu þarf að byggjast á mati á þeim þáttum sem fram koma í auglýsingu.[167]

Þrátt fyrir að reglur um ráðningar séu nokkuð skýrar hefur umboðsmaður Alþingis komist að þeirri niðurstöðu að við tilteknar ráðningar í ráðuneytum hafi a) ekki verið gerð skýr eða glögg grein fyrir sjónarmiðum sem lágu til grundvallar þeim; b) ekki verið sýnt fram á að sá umsækjandi sem varð fyrir valinu hafi haft yfirburði í samanburði við aðra, miðað við þær forsendur sem ráðherra hafi lagt fram, og c) ekki verið aflað sambærilegra gagna um alla umsækjendur til að unnt væri að gera sanngjarnan samanburð.[168]

Þá kom fram í könnun meðal starfsmanna ríkisins árið 2006 að 44% svarenda hjá ráðuneytum taldi sig þekkja dæmi um að ráðið hefði verið í starf á öðrum forsendum en hæfni umsækjenda.[169] Fagmennska við ráðningar er lykillinn að því að samfélagið teysti því að hæft fólk ráðist til starfa hjá ráðuneytunum. Ef starfsmennirnir trúa því ekki sjálfir að faglega sé staðið að ráðningum gera aðrir í samfélaginu það tæpast.

8.6.2. Ráðningar ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og forstöðumanna ríkisstofnana

Mörg OECD-ríki hafa farið þá leið að endurskipuleggja eða endurskilgreina stöður æðstu embættismanna og stjórnenda í áhrifastöðum í þeim tilgangi að auka metnað, skapa hvatningu til að skara fram úr, stuðla að samhæfðri stefnumótun þvert á ráðuneyti og rækta samstöðu meðal æðstu stjórnenda. Með þessu er reynt að endurskapa þau sérstöku gildi og viðmið sem prýða þurfa almannaþjónustu og innleiða heildstæða nálgun við stjórnun í opinberri stjórnsýslu.[170] Mikilvægt er að til stjórnendastarfa veljist hæfir einstaklingar – leiðtogar ráðuneyta, stofnana og skrifstofa.

Í samræmi við mikilvægi vals á góðum stjórnendum eru ráðningar þeirra hvað umdeildastar.[171] Annars staðar á Norðurlöndum er ráðningarferli æðstu embættismanna að mestu í höndum ráðuneytanna sjálfra. Undantekningin er ráðning ráðuneytisstjóra innan dönsku stjórnsýslunnar þar sem viðkomandi ráðherra þarf að bera tillögu sína undir ráðherranefnd sem skipuð er af forsætisráðherra, fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra. Áhrif ráðherranefndarinnar felast ekki síst í því að ráðherrar freistast síður til að leggja til ráðningar sem ríkisstjórnin sameiginlega er ekki tilbúin til að axla ábyrgð á.[172] Í Bretlandi hefur sérstök nefnd, Civil Service Commission (CSC), gegnt lykilhlutverki við ráðningar í embætti innan bresku stjórnsýslunnar í um 150 ár. CSC er sjálfstæð stofnun, óháð ráðuneytum og stofnunum hins opinbera. Veitingavald ráðherra er takmarkað og einskorðast við ráðuneytisstjóra

---

[167] Fjármálaráðuneytið 2007b, 6. kafli.
[168] Sjá t.d. álit umboðsmanns Alþingis, mál nr. 3490/2002, 3882/2003, 4205/2004, 4210/2004, 4413/2005 og 5220/2008.
[169] Fjármálaráðuneytið 2007a, bls. 33.
[170] OECD 2008a.
[171] Gunnar Helgi Kristinsson 2006a.
[172] „Hvor vidt dette udvalg griber ind i de enkelte ministres personaledispositioner varierer med ministerens status i regeringen. Men dets største betydning ligger formentilg i, at det virker præventivt over for ministtre, der ellerr kunne fristes til blot at föje embedsmænderne i deres udslillinger.“ Knudsen 2000, bls. 136.

og tiltekin háttsett stjórnunarstörf innan ráðuneytanna.[173]

Með breytingum á starfsmannalögum árið 1996 var sett ákvæði í 23. gr. um að embættismenn skuli skipaðir tímabundið til fimm ára. Er þetta séríslensk regla. Ef vilji er til þess að auglýsa starfið að fimm árum liðnum skal viðkomandi embættismanni tilkynnt það sex mánuðum áður en skipunartíminn rennur út annars framlengist skipunin sjálfkrafa um fimm ár. Tilgangurinn með þessu ákvæði var að afnema æviráðningar og auka hreyfanleika stjórnenda. Þetta hefur ekki gengið eftir og einungis í undantekningar tilvikum hefur ákvæðinu verið beitt. Ekki verður séð að haldbær rök séu fyrir þessum takmörkunum á skipunartíma og mun eðlilegra er að embættismenn séu líkt og aðrir starfsmenn ráðnir ótímabundið. Ef aftur á móti vilji er til þess að takmarka hversu lengi ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar eða forstöðumenn stofnana sitji í tilteknu starfi til þess að auka hreyfanleika væri hægt að setja almenna stefnu um hámarkstíma í tilteknu starfi. Þetta ákvæði flækir líka hugmyndir um hreyfanleika stjórnenda þar sem taka þarf afstöðu til þess hvort nýtt skipunartímabil taki gildi þegar þeir færa sig til og svo framvegis.

Í 2. kafla kemur fram að á þriðja tug skrifstofustjóra innan Stjórnarráðins flokkast sem skrifstofustjóri 1, þ.e. skrifstofustjóri án mannaforráða, og langflestir þeirra eru karlar. Nefndin telur að til þess að tryggja samræmingu og skýrleika ætti einungis að skipa í stöður skrifstofustjóra fólk sem sinnir stjórnunarstöðu í ráðuneyti undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra. Þá þarf að huga að jöfnum hlutföllum karla og kvenna í stjórnunarstöðum innan Stjórnarráðsins.

Rætt hefur verið um að setja á fót ráðningarnefndir hér á landi til þess að auka tiltrú á ráðningum í æðstu embætti stjórnsýslunnar, líkt og gert er í Bretlandi.[174] Með þeim er ráðningarvaldið nær alfarið tekið frá ráðherrunum. Hér á landi er ekki mikil hefð fyrir slíkum ráðningarnefndum en færst hefur í vöxt síðustu misseri að settar séu á fót nefndir sem meta hæfni umsækjenda og gera ráðherra grein fyrir matinu.[175] Hægt er setja á fót tvenns konar hæfnismatsnefndir eða ráðningarnefndir, annars vegar fastanefndir, þ.e. starfshópa sem sitja fastan skipunartíma, þrjú til fimm ár, og hins vegar nefndir sem skipaðar eru hverju sinni þegar laus störf eða embætti losna. Dæmi um fastanefnd er t.d. nefnd sem metur hæfni umsækjenda um stöður forstjóra heilbrigðisstofnana skv. 2. mgr. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, og dæmi um hitt fyrirkomulagið eru þrjár nefndir sem skipaðar voru til að meta hæfi umsækjenda vegna ráðningar jafnmargra ráðuneytisstjóra haustið 2010.[176] Hæfnismatsnefndir eða ráðningarnefndir geta aukið trúverðugleika við skipan og ráðningu í æðstu embætti stjórnsýslunnar, að því gefnu að reglur um starfsemi þeirra og ferlið allt séu skýrar.

Ef sett yrði hæfnismatsnefnd gæti fyrirkomulagið að mati nefndarinnar verið sem hér segir. Í nefndinni ættu sæti þrír til fimm einstaklingar og aðstoðuðu viðkomandi ráðherra og eftir atvikum ráðuneytisstjóra (sem ættu nær alfarið að bera ábyrgð á vali skrifstofustjóra þótt ráðherra skipi þá formlega) við val á ráðuneytisstjórum, skrifstofustjórum og forstöðumönnum ríkisstofnana. Ef um þriggja manna nefnd væri að ræða ættu tveir aðilar að vera skipaðir til nokkurra ára í senn en þriðji aðilinn kæmi inn í nefndina samkvæmt tilnefningu þess ráðuneytis sem auglýsa þyrfti eftir stjórnanda hverju sinni. Ef nefndarmenn væru fimm gætu þrír

---

[173] OECD 2008a.
[174] Sjá t.d. Ómar H. Kristmundsson 2009.
[175] Ómar H. Kristmundsson 2009.
[176] Skipan ráðuneytisstjóra í efnahags- og viðskiptaráðuneyti, innanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti. Sambærilegur háttur var hafður á við skipan ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu í nóvember 2009.

verið fastir nefndarmenn en tveir kæmu inn í tengslum við hverja ráðningu. Þannig væri í raun verið að setja á fót nýja nefnd í tengslum við hverja ráðningu en að hluta til með sömu einstaklingunum. Fastir fulltrúar í nefndinni ættu annars vegar að hafa sérþekkingu á ráðningum og mannauðsmálum en hins vegar á stjórnsýslunni.

Hin leiðin væri að skipa sjálfstæða óháða ráðningarnefnd til þess að sjá um ráðningarferlið. Ef sú leið er valin felst í því meira valdframsal ráðherra sem nauðsynlegt er að kveða á um í lögum. Með því væri ráðningarvaldið aðskilið frá pólitísku veitingavaldi og reynt að tryggja að eingöngu málefnaleg sjónarmið réðu för og tryggt að þeir sem koma að ráðningu hafi þekkingu á eðli þess starfs sem um er að ræða og/eða sérþekkingu í mannauðsmálum. Ráðherra þyrfti síðan að meta tillögur nefndarinnar. Hugsa má sér þann feril að nefnd gæti þá lagt fram tillögu að þeim umsækjanda sem hún telur hæfastan. Ráðherra bæri að fara eftir tillögum nefndarinnar.[177]

Nefndin telur að setja skuli ákvæði um hæfnismatsnefnd eða ráðningarnefnd í lög þegar um er að ræða ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og forstöðumenn stofnana. Þá ætti í reglugerð að setja leiðbeinandi reglur fyrir störf þeirra þannig að ljóst sé að þær vinni eftir skýrum ramma.

Nefndin telur jafnframt að til að tryggja að ráðningar ráðuneytisstjóra og forstöðumanna ríkisstofnana verði minna umdeildar eigi ráðherra að bera ráðningu þeirra upp í ríkisstjórn til samþykktar.

8.6.3. Ráðningar pólitískra aðstoðarmanna

Eins og rakið er í 3., 4. og 5. kafla skýrslunnar er í 15. gr. stjórnarráðslaganna að finna heimild fyrir ráðherra að kveðja sér til aðstoðar mann utan ráðuneytis, sem starfi þar sem skrifstofustjóri, enda hverfi hann úr starfi jafnskjótt og ráðherrann. Þetta hefur verið túlkað sem svo að ráðherrar geti ekki ráðið sér fleiri en einn aðstoðarmann, nema í þeim tilfellum er ráðherra fer með tvö eða fleiri ráðuneyti. Í svari við fyrirspurn á Alþingi um aðstoðarmenn ráðherra og tímabundnar ráðningar má ráða að nokkrir ráðherrar hafa ráðið sér sérstaka ráðgjafa án auglýsingar til viðbótar við aðstoðarmenn sem falla undir 15. gr. stjórnarráðslaganna.[178] Slíkt er ekki í samræmi við lög og getur einnig valdið tortryggni og leitt til erfiðleika á vinnustaðnum ef mörkin eru óljós. Rök hníga til þess að eftir því sem ráðuneytin stækka, málefnin verða viðameiri og þörfin á að styrkja pólitíska stefnumótun ráðherra eykst þurfi að rýmka heimildir ráðherra til þess að ráða til sín pólitíska ráðgjafa til að aðstoða við stefnumótun.[179]

Eins og fram kemur í 4. kafla er lagt til að ákvörðun um fjölda aðstoðarmanna/ráðgjafa í hverju ráðuneyti fyrir sig sé tekin um leið og ráðuneytum er skipt milli ráðherra við stjórnarmyndanir og því eðlilegt að haldið verði utan um ráðningarmál þeirra miðlægt. Sérstök mannauðseining sem nefnd var að framan gæti annast það.

8.6.4. Ráðningar sérfræðinga og annarra starfsmanna ráðuneyta

Eins og fyrr greinir eru aðrir starfsmenn ráðuneyta en embættismenn ráðnir með gagnkvæmum ráðningarsamningi. Nefndin telur að tryggja þurfi að ráðherra komi ekki að ákvörðunum um ráðningar einstakra sérfræðinga og starfsmanna innan Stjórnarráðsins. Ráðningar-

---

[177] Ómar H. Kristmundsson 2009.

[178] Svar við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um aðstoðarmenn ráðherra og tímabundnar ráðningar. Þskj. 195, 42. mál, 138. löggjafarþing 2009–2010.

[179] Sjá frekari umfjöllun í 4. og 5. kafla.

sambandið sé við ráðuneytisstjórann sem ráði formlega aðra starfsmenn, í samráði við viðkomandi skrifstofustjóra .. sem í raun ber ábyrgð á ráðningarferlinu. Meginreglan ætti áfram að vera sú að ráðið sé eftir auglýsingu en auka þarf möguleika starfsmanna til framgangs þannig að þeir geti færst milli ráðuneyta án auglýsingar, eins og fyrr er rakið, sbr. umfjöllun í kafla 8.5.4, og tekið að sér verkefnisstjórn sameiginlegra verkefna sem unnin eru þvert á ráðuneyti. Almennt virðast ráðningar sérfræðinga í ráðuneytum vera í nokkuð góðu horfi.

8.6.5. Ætti að ráða alla starfsmenn miðlægt til Stjórnarráðsins?

Sú hugmynd að gera grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi ráðninga þannig að allt starfsfólk sé ráðið miðlægt til Stjórnarráðins en ekki einstakra ráðuneyta er áhugaverð.[180] Þannig væri hægt að færa það til eftir álagi hverju sinni og minni líkur væru á að fólk festist í þeirri „einangrunarhyggju“ svo ríkjandi.[181] Við nánari skoðun er þó ljóst að ákveðnar hættur felast í jafnveigamikilli breytingu og ferlið gæti orðið flókið, þungt í vöfum og takmarkað sveigjanleika. Breytingin væri einnig í andstöðu við það starfsmannakerfi sem byggt hefur verið á hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum og samræmdist illa stjórnskipan landsins, stjórnarskrá og ábyrgð ráðherra á málaflokkum, þar sem óljóst gæti verið hvar ábyrgð á ráðningu lægi. Ef ætlunin væri að breyta stjórnskipan og færa hana ásanna á milli, frá ráðherrastjórnsýslu til fjölskipaðs stjórnvalds, kæmi þessi leið hins vegar til greina. Vert er þó að benda á að í Svíþjóð þar sem ríkisstjórnin er fjölskipað stjórnvald er ekki farin sú leið að ráða fólk miðlægt til Stjórnarráðsins heldur viðurkennt að betur fari á að ráðningarsambandið sé innan þess ráðuneytis sem viðkomandi aðili starfar hjá hverju sinni.

Nefndin telur að hyggilegar sé að ráðast í aðgerðir til þess að bæta vinnu við ráðningar hjá Stjórnarráðinu, eins og rætt er um í þessum kafla, án þess að umturna núverandi skipan mála. Árið 2007 gaf fjármálaráðuneytið út handbók um ráðningar. Ef stjórnendur færu almennt eftir leiðbeiningum sem þar eru settar fram væri hægt að tryggja aukna fagmennsku að þessu leyti. Nýta ætti í auknum mæli tímabundna sem varanlega möguleika starfsmanna til þess að færast milli ráðuneyta og auka þannig samkennd og skilvirkni í starfsemi Stjórnarráðsins. Einnig ætti að vinna að því að kortleggja heildstætt starfsmenn Stjórnarráðins og móta sameiginlega endurmenntunarstefnu fyrir þá. Sé gripið til þeirra aðgerða sem nefndin leggur til í þessum kafla ættu þær forsendur að vera fyrir hendi að hægt yrði að nýta krafta starfsmanna betur, bæði þeim og Stjórnarráðinu í hag, án þess að færa ráðningarsambandið frá ráðuneytunum.

8.7. Kjör

Launakjör starfsmanna Stjórnarráðsins eru ákvörðuð með tvenns konar hætti. Laun ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra eru ákvörðuð einhliða af Kjararáði. Laun annarra starfsmanna eru aftur á móti umsamin. Samninganefnd ríkisins, f.h. fjármálaráðherra, gerir kjarasamninga við stéttarfélög starfsmanna Stjórnarráðsins (Félag starfsmanna Stjórnarráðsins (FSS) og Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS)). Kjarasamningarnir eru nánar útfærðir í stofnanasamningi ráðuneyta og stéttarfélaga.

Ramminn sem Kjararáð vinnur eftir gefur ekkert svigrúm fyrir ráðuneytin til að umbuna stjórnendum en meiri sveigjanleiki er í launamálum sérfræðinga. Fara verður varlega í beinan samanburð launa enda áhrifavaldar launamyndunar margir og fleiri en hægt er að tæpa á hér.

---

[180] Þetta viðhorf kom fram í viðtölum við 22 stjórnendur innan Stjórnarráðins.
[181] Sjá umfjöllun í 7. og 9. kafla.

Í samanburði launa hjá ríkinu sést að meðallaun innan Stjórnarráðsins eru hærri en almennt hjá ríkinu. Í því samhengi verður að líta til þess að menntunarstig þar er einnig talsvert hærra og hefur farið hækkandi undanfarin ár.[182] Því verður að bera saman áþekka hópa, t.d. háskólamenn með svipaða menntun, innan Stjórnarráðsins og utan. Sá samanburður leiðir í ljós að meðalheildarlaun háskólamanna innan Stjórnarráðsins eru lægri en í Stéttarfélagi lögfræðinga og Kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga, en hærri en meðallaun stéttarfélaga félags- og hugvísindamanna. Launaþróun þessara sömu hópa síðustu tíu ár hefur nokkurn veginn verið í takt. Vísbendingar eru þó í þá átt að ráðuneytin séu heldur íhaldssamari en undirstofnanir þeirra hvað launaskrið starfsmanna varðar.

Þótt ráðuneytin sinni mannauðsmálum hvert fyrir sig, eins og áður er getið, gerðu þau sameiginlega stofnanasamninga við stéttarfélög Stjórnarráðsstarfsmanna. Þrátt fyrir það er röðun starfsmanna í launatöflu, samsetning heildarlauna og jafnvel meðallaun ólík milli ráðuneyta. Slíkt getur torveldað hreyfanleika starfsmanna innan Stjórnarráðsins, hvort sem heildarlaun starfsmanna eru áþekk eða ekki. Til þess að gera Stjórnarráðið samstæðara en nú er þarf að huga að samræmi í launakjörum og samsetningu heildarlauna innan þess, en samræmi í launum ætti að vera afleiðing af öðrum þáttum í mannauðsstjórnun.

Í könnun á vegum norrænu ráðherranefndarinnar 2009 voru m.a. könnuð laun í stjórnarráðum Norðurlanda. Í samanburði við hin ríki Norðurlandanna eru laun eftir skatta lægst í íslenska Stjórnarráðinu, vinnutími almennt lengri og orlofsdagar færri.

Eins og fram kom í 2. kafla staldra háskólamenntaðir starfsmenn stutt við í ráðuneytum, hærra hlutfall þeirra hverfur frá störfum innan fjögurra ára en annarra starfsmanna. Full ástæða er til að kanna hverju þetta sætir og bregðast við. Þetta brottfall er dýrt fyrir Stjórnarráðið þar sem með hverjum sérhæfðum starfsmanni glatast dýrmæt þekking og reynsla og stofnanaminni skerðist. Það er einnig dýrt fyrir Stjórnarráðið að þjálfa sífellt nýja sérfræðinga.

Nefndin telur mikilvægt að hugað verði að grundvallaratriðum í mannauðsmálum, svo sem starfsþróun starfsmanna, starfsumhverfi þeirra, starfskjörum o.fl.

8.8. Tillögur

1. Komið verði á fót mannauðseiningu innan Stjórnarráðsins sem hefur forustu í mannauðsmálum Stjórnarráðsins og aðstoðar einstök ráðuneyti í mannauðsmálum (8.3 og 8.4).
2. Sett verði stefna Stjórnarráðsins um hreyfanleika starfsmanna (8.5.3). Mannauðseining sinni þessu verkefni (8.5.4).
   a. Forsætisráðherra setji reglur um tilhögun flutnings starfsmanna innan Stjórnarráðsins, þar á meðal um auglýsingu innan þess á lausum störfum, sbr. 11. gr. stjórnarráðslaganna.
3. Fagmennska og verklag við ráðningar.
   a. Sett verði á fót annaðhvort hæfnismatsnefnd eða ráðningarnefnd vegna ráðninga ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og forstöðumanna ríkisstofnana. Ákvæði um hæfnismatsnefnd eða ráðningarnefnd ætti að setja í lög um Stjórnarráðið ásamt reglugerðarheimild um starfsreglur nefndarinnar og skipan (8.6.2).

---

[182] Sjá 2. kafla.

b. Ráðherra skipar í stöðu ráðuneytisstjóra og forstöðumanna ríkisstofnana eftir að val hans hefur verið borið upp til samþykkis í ríkisstjórn (8.6.2).
c. Mannauðseiningin ætti að halda utan um reglur varðandi ráðningar innan Stjórnarráðsins og sinna leiðbeiningum og stuðla að samhæfðum vinnubrögðum ráðuneyta í þessum efnum (8.5.5).
d. Þótt formlega skipi ráðherra skrifstofustjóra líkt og ráðuneytisstjóra og forstöðumenn ríkisstofnana ætti ráðuneytisstjóri að sjá um framkvæmd ráðningarinnar og ráðningarferilinn (8.6.2).
e. Skrifstofustjórar ættu alla jafna að sjá um ráðningar annar starfsmanna í samráði við ráðuneytisstjóra (8.6.4).

4. Nefndin mælir með því að hafist verði handa við endurskoðun starfsmannalaga sem að grunninum til eru frá árinu 1954. Í því sambandi leggur nefndin til að sérstaklega verði skoðað hvort afnema eigi fimm ára skipun embættismanna (8.6.2).
5. Kjör verði samræmd milli ráðuneyta, m.a til auðvelda hreyfanleika starfsmanna innan Stjórnarráðsins. Gera þarf Stjórnarráðið að samkeppnishæfum vinnustað, a.m.k. við ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, og tryggja að Stjórnarráðinu haldist betur á starfsfólki (8.7).
   a. Breyta ætti reglum um Kjararáð þannig að hægt verði að umbuna stjórnendum fyrir umfang, ábyrgð og árangur.
   b. Til greina kemur að færa skrifstofustjóra undan ákvörðunum Kjararáðs og þeir semji við ráðuneytisstjóra um kaup og kjör.
6. Verkefnastjórnun innan ráðuneyta sem og þvert á ráðuneyti verði efld (8.5.3, 8. og 9. kafli).

9. Samstarf innan Stjórnarráðsins

Íslenska stjórnsýslukerfið er byggt upp þannig að ráðuneytin eru lítil en stofnanirnar margar.[183] Nú á tímum verða verkefnin æ flóknari og gerð er meiri krafa um samstarf og samhæfingu fjölda aðila við lausn þeirra. Ef val á aðferðum til samhæfingar er ekki vandað geta tími, fjármunir og þekking farið til spillis.

Á Íslandi líkt og í flestum vestrænum ríkjum var á níunda og tíunda áratug 20. aldar lögð mikil áhersla á valddreifingu í tengslum við svokallaða nýskipan í ríkisrekstri (e. New Public Management, NPM). Rannsóknir á NMP á vegum OECD benda til þess að árangur hafi náðst í þeirri viðleitni að gera stjórnsýslu skilvirkari, gagnsærri, árangursmiðaðri og sveigjanlegri með aukinni áherslu á þarfir borgaranna. Þrátt fyrir þetta hefur NPM sætt vaxandi gagnrýni á undanförnum árum, ekki síst vegna þess að margar af þeim breytingum sem gerðar hafa verið í nafni NPM voru innleiddar án þess að gæta að því hvaða áhrif þær höfðu á gildi sem einkenna opinbera stjórnsýslu.[184] Á Íslandi var mikið lagt upp úr sjálfstæði eininga og valddreifingu innan opinberrar stjórnsýslu.[185] Staðan hér er því gott dæmi um hvernig gildi samstarfs og samráðs innan Stjórnsýslunnar virðast hafa orðið undir við innleiðingu nýskipunar í ríkisrekstri. Nýlegar úttektir OECD á stjórnsýslu Finna, Íra og Eistlendinga benda til þess að æ fleiri lönd séu að átta sig á þessum veikleikum NPM og að ríkur vilji sé til að taka á

[183] Sjá nánar 6. og 7. kafla.
[184] OECD 2005a.
[185] Fjármálaráðuneytið 1995, bls. 6.

þeim vanda sem upp er kominn vegna skorts á samráði og samstarfi innan opinbera kerfisins.[186]

Athygli vekur að þau lönd sem hvað lengst gengu í innleiðingu NPM (Bretland, Ástralía, Nýja-Sjáland og Kanada) hafa á undanförnum tíu árum kostað miklu til í þeirri viðleitni að draga úr óæskilegum og ef til vill ófyrirséðum áhrifum sem fylgja valddreifðri og sundurlausri stjórnsýslu. Ljóst er að valddreifing, stofnanavæðing og óskýr stjórnsýsluleg staða aðila sem sinna opinberri þjónustu hefur dregið úr kerfislægri heildarsýn á verkefni og ábyrgð stofnana og ráðuneyta innan opinberrar stjórnsýslu og þar með veikt getu stjórnsýslunnar til að nema, skilgreina og bregðast við hættumerkjum innan sem utan kerfisins.[187] Þessi stefna hefur leitt til þess að verkefni hafa verið fengin einkaaðilum, t.d. sjálfseignarstofnunum, án þess að þess væri nægilega gætt að koma við eftirliti með hvort og hvernig þjónustu borgararnir fá við slíka samninga. Þá hefur verið vísað til þess að markaðurinn sjái í raun um eftirlitið. Rannsóknarnefnd Alþingis dregur þessa veikleika fram í skoðun sinni á viðbrögðum stjórnvalda í aðdraganda bankahrunsins. Skortur á samhæfingu og samstarf á ýmsum sviðum innan Stjórnarráðsins er þó langt frá því að vera séríslenskt fyrirbrigði.

9.1. Þarf samstarf?

Á tímum hraða og breytinga þarf stjórnsýslan að vera tilbúin til þess að breyta hratt og örugglega um stefnuáherslur þegar aðstæður gefa tilefni til. Þetta krefst svokallaðrar „stefnulipurðar“ (e. stragetic agility), þ.e. að sjá fyrir og tryggja sveigjanleika til þess að geta brugðist skjótt við sífellt flóknari vandamálum og meta á hvaða stigi stjórnsýslunnar rétt er að grípa til aðgerða (hjá ráðuneytum, stofnunum eða sveitarfélögum). Í greiningu OECD á finnska stjórnkerfinu sem út kom sumarið 2010 segir að til að koma hratt og vel til móts við kröfur samtímans um skjóta þjónustu þarfnist stjórnsýslan stefnulipurðar. Hún þarf að geta greint hvers konar mál þarfnast sameiginlegra aðgerða (e. a whole-ofgovernment perspective) og hvenær fari betur á að valddreifa svo hægt sé að koma hratt og vel til móts við kröfur samtímans um skjóta þjónustu. Í skýrslunni er bent á þrjá eiginleika sem þurfa að vera til staðar svo hægt sé að tala um að opinbera kerfið búi yfir stefnulipurð.[188]

1. *Innsæi* (e. strategic insight). Þetta er sá eiginleiki sem þarf til að skilja og ná jafnvægi milli grundvallargilda ríkisstjórnar annars vegar og samfélagslegra væntinga, ávinnings og kostnaðar í nútíð og framtíð, sem og sérfræðilegrar greiningar og þekkingar hins vegar. Þá þarf ákveðna eiginleika til að nýta sér þennan skilning með samstilltum hætti við áætlanagerð, markmiðssetningu og forgangsröðun. Ríkisstjórn þarf skýra sýn á það hverju hún vill ná fram með markmiðum sínum.
2. *Sameiginleg markmið* (e. collective commitment). Ríkisstjórn þarf að tileinka sér og fylgja eftir sameiginlegri sýn og ákveðnum meginmarkmiðum. Stefnufesta ríkisstjórnar er sú leiðsögn sem þarf til að ná árangri í einstökum aðgerðum hins opinbera sem og í samhæfingar- og samstarfi með öðrum aðilum (bæði innan og utan opinbera kerfisins og milli stjórnsýslustiga) þar sem vinna þarf saman að sameiginlegum markmiðum.
3. *Sveigjanleiki í nýtingu bjargráða* (e. resource flexibility). Þetta er eiginleiki sem má kalla ráðrúm til breytinga og felst í því að vilja og geta fært til bjargir (starfsmenn og fjármagn) til að mæta nýrri forgangsröðun þegar þess gerist þörf; vera tilbúinn til að

---

[186] Sjá OECD 2008b, OECD 2010a og OECD 2010b.
[187] Sjá nánar 6. kafla.
[188] OECD 2010a.

greina og hvetja til nýrra leiða til að hámarka nýtingu á tiltækum bjargráðum; og auka skilvirkni og afköst bæði í þeim tilgangi að nýta betur fjármuni en einnig til þess að eiga kost á að fjárfesta í nýjum stefnumálum og áhrifaríkri þjónustu til framtíðar.

Nefndin telur að aukna stefnulipurð þurfi í starfsemi Stjórnarráðsins. Fyrsta leiðin í átt til hennar sé að efla samstarf og nýta betur þær bjargir sem til eru innan Stjórnarráðsins. Um leið þarf að gæta þess hvernig kerfið í heild sinni getur betur sinnt almannaþjónustu og þörfum borgaranna.

Í úttektinni kemur einnig fram að OECD telur einangrunarhyggju (e. silo-based approach) við stefnumótun og innleiðingu stefnu sé einn af stærstu göllum finnskrar stjórnsýslu. Þessir ágallar kerfisins hamli velgengni og framþróun innan finnska stjórnkerfisins. Að mati OECD mun áframhaldandi einangrunarhyggja draga úr getu þess til þess að innleiða sameiginlega stefnu, t.d. eins og hún birtist í stefnuáherslum ríkisstjórna hverju sinni. Skortur á þverfaglegri vinnu og samstarfi tengist einnig forgangsröðun stjórnenda, litlum hreyfanleika starfsfólks og mikilli áherslu á sérhæfingu meðal starfsmanna. OECD telur að vegna þessara einkenna á finnskri stjórnsýslu hafi starfsfólki í ráðuneytum ekki gefist tækifæri til að kynnast því og læra hvernig vinna þvert á ráðuneyti getur gagnast þeim í starfi. Engir hvatar til samstarfs séu í ráðuneytunum (eða viðurlög við því að vinna ekki saman).[189]

Þau vandamál sem OECD lýsir í úttekt sinni á finnskri stjórnsýslu eru að ýmsu leyti sambærileg við þann vanda sem Stjórnarráðið og íslenska stjórnsýslan eiga við að glíma, þ.e. einangrunarhyggjan er ríkjandi.[190] Í rannsókn nefndarinnar á starfsemi Stjórnarráðsins kemur fram að hugsanlega sé ástæðan sú að saman fari í íslenskri stjórnsýslu mjög sterkt forræði ráðherra í ákveðnum málaflokkum og samsteypustjórnir þar sem hver flokkur telur sig aðallega bera ábyrgð á sínu fólki.[191] Þessi samsetning og áhrif hennar eru ef til vill undirrót þeirrar óvissu og óöryggis sem gætir meðal starfsmanna ráðuneyta undir kringumstæðum þegar reynir á samstarf milli ráðuneyta (sjá umfjöllun síðar í kaflanum).

Í úttekt OECD á írsku stjórnsýslunni kemur fram að aukin samvinna sé stærsta verkefnið. Þar segir m.a.:[192]

> Írska stjórnsýslan þarf að hafa það hugfast að hún er líklegri til þess að ná árangri þegar hún vinnur saman sem ein heild. Umbætur í stjórnsýslu þurfa því að miðast við stjórnsýsluna í heild, frekar en hópa óskyldra aðila. Þannig verði áherslan á að vinna að verkefnum sem bæta hvert annað upp og hugað að því hvernig afurðir hjá einum aðila styðja við stærri samfélagsleg markmið. Þetta hefur í för með sér að greina þarf þá hvata sem nauðsynlegir eru til að tryggja og viðhalda flæði upplýs-

---

[189] OECD 2010a.

[190] Forsætisráðuneytið hefur í samvinnu við önnur ráðuneyti hafið greiningu á lögbundnum stefnum og áætlunum. Í fyrstu drögum að slíkri greiningu kemur í ljós að aðferðarfræði og uppbygging þeirra er mjög misjöfn. Þá er misjafnt hvort stefnur og áætlanir tengjast fjármunum, hvort þeim fylgir aðgerðaráætlun o.fl.

[191] Sjá einnig t.d. umfjöllun í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010, kafla 21.4., og 5. kafla þessarar skýrslu.

[192] OECD 2008b, bls. 45: „The Irish Public Service should keep in mind that it is more effective when it operates in a united and integrated fashion. Public Service reform therefore needs to focus on the Public Service as a whole, rather than on a group of disparate parts. This will allow it to focus on developing complementary capacities, which involves thinking about how the outputs of the parts support a greater outcome. It entails identifying the incentives needed to maintain the sharing of information and people in a networked fashion across the different parts of the Public Service. The modernisation agenda needs to transform a series of ad hoc initiatives into an integrated reform programme.“

inga og starfsfólks milli hinna mörgu stiga opinberrar stjórnsýslu. Stjórnsýsluumbætur ættu að miða að því að umbreyta ýmsum átaksverkefnum sem hrundið hefur verið af stað hér og hvar í eina samþætta umbótaáætlun.

Nefndin telur að til að Stjórnarráðið standist áskoranir framtíðarinnar og geti sinnt viðamiklum og flóknum verkefnum, tryggt hæft og gott starfsfólk, viðhaldið fagmennsku í stjórnsýslu og verið skilvirkt við innleiðingu stjórnarstefnu þurfi að auka samstarf milli ráðuneyta skipulega og jafnframt að styrkja samvinnu milli ráðuneyta og stofnana.[193]

9.2. Form og aðferðir við samstarf innan Stjórnarráðsins

Nokkrir hópar embættis- og starfsmanna innan Stjórnarráðsins funda reglulega, miðla upplýsingum og fjalla um sameiginleg mál ráðuneytanna og framvindu þeirra. Í starfsmannahandbók Stjórnarráðins kemur fram að jafnréttisfulltrúar, ráðuneytisstjórar, rekstrarstjórar, skjalastjórar, móttökufulltrúar og vefstjórar ráðuneytanna hittast reglulega.[194] Þá hittast aðstoðarmenn ráðherra reglulega. Sömuleiðis hafa skrifstofustjórar lagaskrifstofa ráðuneyta eða sambærilegir starfsmenn hist einu sinni til tvisvar á ári.

Samkvæmt viðtölum við stjórnendur innan Stjórnarráðsins eru almennt skipaðir formlegri vinnuhópar með fulltrúum nokkurra ráðuneyta þegar leysa þarf stærri og vandasamari verkefni sem snerta fleiri en eitt ráðuneyti. Í þessum tilfellum eru oftast send bréf og óskað eftir tilnefningum. Því næst eru viðkomandi aðilar skipaðir í nefnd og henni settur rammi með erindisbréfi.

Viðmælendur í rannsókn nefndarinnar bentu á að óformlegir vinnuhópar, verkefnahópar fyrir tilfallandi verkefni sem sýnt þykir að leysa megi á skömmum tíma, séu algengasta form samstarfs innan Stjórnarráðsins. Áður fyrr voru oftar skipaðar formlegar verkefnastjórnir í tengslum við hvers konar teymisvinnu, þar sem fastara form var á skipaninni og ábyrgð skýrari en nú er. Samkvæmt viðmælendum í rannsókninni komst los á þetta skipulag fyrir um 10–15 árum og virðist það vera í beinu samhengi við það að starfsmenn ráðuneyta hættu að fá sérstaklega greitt fyrir verkefni af þessu tagi. Í staðinn hafa tekið við samráðs- og vinnuhópar sem að einhverju marki eru óformlegri og stundum virðist sem vald, ábyrgð og staða sé ekki nægjanlega skýr.

Í viðtölunum kom fram að samstarf þvert á ráðuneyti væri í sumum tilvikum viðkvæmt mál vegna mikils sjálfstæðis ráðherra. Það geti skapað óvissu fyrir starfsmenn um hversu langt þeir megi ganga í þá átt að taka þátt í samstarfi þvert á ráðuneytin. Nefndin telur nokkuð ljóst að slíkt samstarf verður veikburða og gagnslítið nema til komi afdráttarlaus leiðsögn ráðherranna eða ráðuneytisstjóranna um það hverju samstarfið eigi að skila. Ef til vill er samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað sem skipaður var á árunum fyrir bankahrunið eitt afdrifaríkasta dæmið um samstarf þvert á ráðuneyti sem leið fyrir skort á skýrum skilgreiningum á hlutverki, umboði og ábyrgð.[195]

Eins og fram kemur í 7. kafla um skipulag og starfshætti ráðuneyta gegnir málaskrá ráðuneytanna lykilhlutverki innan þeirra. Opnun málskrár milli ráðuneytanna myndi gera samvinnu milli þeirra einfaldari. Nú hefur verið tekið upp nefndarkerfi sem er þá til hliðar við málaskrá og auðveldar samstarf milli ráðuneyta og reyndar við aðra aðila utan Stjórnar-

---

[193] Sjá 5. og 6. kafla.
[194] Starfsmannahandbók Stjórnarráðsins 2010.
[195] Rannsóknarnefnd Alþingis 2010, kafli 21.4.5.

ráðsins. Eigi að síður telur nefndin að við þróun málaskrár ráðuneytanna á næstu misserum þurfi að kanna hvernig hún geti nýst Stjórnarráðinu í heild sem best.

9.3. Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga

Stjórnarráðið er ekki óvant því að sameinast um stoðþjónustu. Skýrasta dæmið um það er Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga.

Rekstrarfélagið er félag sem falið hefur verið að sjá um daglegan rekstur eigna í eigu eða umsjón ráðuneytanna. Eignirnar eru fasteignir sem ráðuneytin hafa umráðarétt yfir, tölvukerfi og tölvubúnaður í eigu ráðuneytanna og símkerfi. Rekstur félagsins nær ekki til allra ráðuneyta, hvorki hvað varðar fasteignirnar né tölvukerfin. Félaginu er stjórnað af stjórn sem er skipuð fulltrúum ráðuneyta sem njóta fullrar þjónustu hjá félaginu, þ.e. ráðuneyti sem kaupa af félaginu þjónustu vegna reksturs fasteigna og tölvukerfa. Daglegur rekstur félagsins er á ábyrgð framkvæmdastjóra. Þjónustu félagsins má skipta í þrjá meginþætti:[196]

1. *Tölvuþjónusta.* Þjónustar öll ráðuneyti og sér um innkaup á tölvubúnaði nema fyrir utanríkisráðuneytið.
2. *Rekstur fasteigna.* Allar fasteignir ráðuneyta nema félags- og tryggingamálaráðuneytis, forsætisráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og utanríkisráðuneytis heyra undir Rekstrarfélagið.
3. *Símaþjónusta.* Rekstur allra símkerfa Stjórnarráðsins nema utanríkisráðuneytisins.

Nefndin telur mikilvægt að skoðað verði sérstaklega hvaða þætti megi reka sameiginlega innan Stjórnarráðsins. Byrja ætti á því að skoða ástæður þess að Rekstrarfélagið sér ekki um þjónustu við öll ráðuneyti og meta hvort það gæti tekið að sér fleiri sameiginlega þætti sem nú er sinnt á hverjum stað fyrir sig. Þessi vinna er þegar hafin, en í október 2010 var ákveðið að Rekstrarfélagið tæki að sér að sjá um bifreiðamál, þ.e. endurnýjun bifreiða og rekstur, og einum starfsmanna falið að sinna því.

Nefndin telur augljóst að aukin samlegð í rekstri ráðuneytanna á sviðum eins og þeim sem Rekstrarfélagið sinnir spari kostnað og gefi ráðuneytunum svigrúm til þess að styrkja sig og efla með fjölgun sérfræðinga.

9.4. Virkni og áhrif samstarfs

Hrun fjármálakerfisins og efnahagsleg áhrif þess kalla á að betur verði staðið að undirbúningi undir áföll en verið hefur. Þessi áskorun sem opinbera kerfið stendur frammi fyrir krefst þess að ráðuneyti vinni saman, ráðuneyti og stofnanir vinni saman, stofnanir vinni saman og að aukið samstarf eigi sér stað milli stjórnsýslustiga. Á Íslandi búa einungis um 320.000 manns, ríflega 20.000 manns vinna hjá ríkinu og um 600 í Stjórnarráðinu. Samvinna og samstarf í jafnlitlu kerfi er nauðsynleg ef Ísland á að geta tekist á við áskoranir framtíðarinnar.

Viðtöl við stjórnendur ráðuneytanna gefa til kynna að betur mætti standa að formlegu samstarfi milli ráðuneyta. Flestir lýstu því yfir að þennan þátt stjórnsýslunnar þyrfti að styrkja, þ.e. heildstæða stefnumótun innan Stjórnarráðsins sem fæli í sér sameiginlega sýn og skilgreiningu á sameiginlegum markmiðum. Stjórnunarleg hvatning og fjárhagslegir hvatar væru dæmi um leiðir að því markmiði.

Stjórnendur telja að vinnuhópar sem skipaðir eru mættu vera mun betur nestaðir fyrir fundi og fundir betur undirbúnir. Stundum vanti á góða greiningu á þeim málum sem fjallað er um, þannig að tilgangur og umboð fundanna sé ekki alltaf nægilega skýrt. Nokkuð vanti

---

[196] Starfsmannahandbók Stjórnarráðsins 2010.

á að stjórn nefndarstarfa sé góð og framlag fulltrúa ráðuneyta í slíku samstarfi jafnt. Starfsfólk sem oft er undir miklu álagi vegna vinnu og verkefna í eigin ráðuneytum ber því gjarnan við að það verði að láta vinnu fyrir eigið ráðuneyti ganga fyrir. Eins og fram kemur í 8. kafla leggur nefndin til að hægt verði að fela ráðuneytisstjóra að stýra stórum verkefnum, jafnvel undir leiðsögn ráðherra án ráðuneytis, eða fela skrifstofustjóra eða sérfræðingi stöðu verkefnastjóra við að stýra vinnu sem gengur þvert á ráðuneyti.

Samstarf milli ráðuneyta á Íslandi byggist að mestu leyti á persónulegum tengslum milli starfsmanna ráðuneyta og trúnaði milli stjórnenda. Viðmælendur voru flestir þeirrar skoðunar að eigi samstarf milli ráðuneyta að virka og skila árangri sé algjört lykilatriði að byggja upp traust milli fulltrúa í vinnuhópum. Fulltrúar í hópnum þurfi að hafa gott pólitískt bakland hver í sínu ráðuneyti, skýra stefnu að vinna eftir og góðar skilgreiningar á því hverju vinnan eigi að skila, í hvaða formi og hvenær. Allir þurfa að gera sér grein fyrir því hvert stefnt sé með samstarfinu og hvað þeir eru tilbúnir til að gera til þess að komast þangað.

Fram kemur að viðmælendur telja að ákvæði upplýsingalaga um vinnuskjöl ráðuneyta hafi hamlað samstarfi milli ráðuneyta. Ástæðan er sú að skv. 4. gr. upplýsingalaga er vinnuskjal innan ráðuneytis undanþegið ákvæðum upplýsingalaga, en ef það er sent milli ráðuneyta eða til stofnunar hættir það að vera vinnuskjal viðkomandi stjórnvalds og staða þess gagnvart undanþágu upplýsingaréttar breytist. Nefndin telur þetta fyrirkomulag ótækt og það geti beinlínis latt ráðuneytin til samstarfs um mikilvæg og viðkvæm málefni í ákveðnum tilfellum. Eins og áður segir er lagt til að þessu verði breytt í frumvarpi sem afgreitt hefur verið í ríkisstjórn.

Uppbygging fjárlagaferlisins getur hamlað samstarfi og dregið úr heildarhugsun um sameiginleg markmið sem ætlunin er að ná hverju sinni. Viðmælendur greina frá því að hætt sé við að verkefni sem eitthvað kosta og leysa þarf í samvinnu nokkurra ráðuneyta dagi uppi ef ekki er afdráttarlaus pólitískur stuðningur við þau.

Nefndin telur að setja þurfi markmið um heildstæðar úrlausnir verkefna og að þeim ætti að fylgja eftir með sveigjanleika í fjármögnun verkefna, m.ö.o. þurfa fjárlög í auknum mæli að miðast við tiltekin stefnumál og áætlanir sem fela í sér verkefni og aðgerðir sem sett hafa verið í sérstakan forgang af hálfu ríkisstjórnarinnar. Skoða þarf hvort ekki eigi í auknum mæli að láta fjárveitingar fylgja langtímastefnu og verkefnum.[197]

Þrjú ráðuneyti skera sig úr hvað varðar tíðni samskipta við önnur ráðuneyti. Utanríkisráðuneytið hefur mikið samstarf vegna utanríkismála á öllum málefnasviðum, bæði í tengslum við reglubundin verkefni, t.d. vegna EES-mála, og í tilfallandi málum. Velta má því fyrir sér hvort sérstök ástæða sé til að huga betur að hlutverki utanríkisráðuneytisins þegar um er að ræða hagsmuni íslenska ríkisins erlendis þó að þeir séu á málefnasviði annars ráðuneytis. Forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið eru aftur á móti oftar í beinu reglubundnu sambandi við önnur ráðuneyti eins og fram hefur komið. Samspil þessara tveggja ráðuneyta skiptir miklu máli þegar kemur að innleiðingu stefnu ríkisstjórna og hafa þau í því sambandi verið nefnd kjarnaráðuneyti.[198] Í úttekt OECD á finnsku stjórnsýslunni er vikið að mikilvægi þess að þessi ráðuneyti vinni vel saman og telur nefndin að lýsing sem þar kemur

[197] Nokkuð hefur þokast í þessa átt á undanförnum árum með þróun langtímaáætlunar í fjárlögum.
[198] Christensen og Jensen 2009.

fram eigi að mörgu leyti vel við hér. Þar segir:[199]

> Forsætisráðuneytið gegnir lykilhlutverki við að ná samstöðu innan stjórnsýslunnar um framkvæmd stefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Sem kjarni miðlægs framkvæmdarvalds þarf ráðuneytið að spila stærri þátt í því að stýra og samhæfa stjórnsýslu ríkisins. [...] Þar sem forsætisráðuneytið ber ábyrgð á stefnumörkun og því að horfa fram veginn þarf það að vera virkt í því hlutverki, en ekki eingöngu bregðast við upplýsingum frá öðrum. Áhrif þessa kjarna miðlæga framkvæmdarvaldsins byggist líka á samspili og dreifingu verkefna milli ráðuneyta sem það mynda – í Finnlandi er um að ræða fjármálaráðuneytið og forsætisráðuneytið.
> Skrifstofa umbótamála í fjármálaráðuneytinu vinnur vel með forsætisráðuneytinu og einnig starfmannaskrifstofan [...] Aftur á móti hættir fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins til að vinna ein án tengsla við aðra. Hvað þetta varðar er mikill fjárlagakúltúr (e. strong budget culture) í stjórnsýslunni og skortir á að forsætisráðuneyti komi skýrri stefnu inn í þá vinnu.

Þetta gæti verið lýsing á því hvernig málum er háttað hér á landi. Forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið verða að vinna vel saman til tryggja að stefna ríkisstjórnarinnar og tillögur um útdeilingu fjármuna haldist í hendur. Nefndin telur að almennt þurfi ráðuneytin að vinna betur saman að sameiginlegum samfélagslegum markmiðum. Sama máli gegnir um samvinnu milli ráðuneyta og stofnana. Samstaða innan ríkisstjórnar skiptir vitaskuld máli því eftir höfðinu dansa limirnir.

9.5. Tillögur

1. Koma þarf upp fyrirkomulagi og hvötum til að greiða fyrir auknu samstarfi innan Stjórnarráðsins (9.1).
   a. Markviss tilfærsla starfsfólks og stjórnenda milli ráðuneyta og milli ráðuneyta og stofnana (8.5.3 og 7.2).
   b. Miðlæg mannauðseining og miðlæg greiningar- og stefnumótunareining (8.5.5 og 7.2).
   c. Samræma skipulag og verklag vegna vinnu í nefndum og starfshópum (9.2, 7.3 og8.5.4).
   d. Aukin áhersla á verkefnastjórnun (8.5.4. og 7.2).
   e. Málaskrá og innri vefur nýttur til samstarfs milli ráðuneyta. Skoða ætti hvort aðgangsstýrð málaskrá gæti verði sameiginleg fyrir Stjórnarráðið þannig að auðveldara væri fyrir sérfræðinga úr mismunandi ráðuneytum að vinna saman (9.2).
2. Við fyrirhugaðar breytingar á upplýsingalögum ætti að leitast við að tryggja að vinnuskjöl

---

[199] OECD 2010a. bls. 20. „The Prime Minister´s Office has a key role to play in achieving collective commitment within the public administration for the operationalisation of the government´s strategic vision. As the embodiment of the centre of government, it needs to play a greater role in steering and co-ordination of the public administration. While, the Prime Minister´s Office has a strategic, and forwardlooking outlook, it needs to be more proactive in carrying it out. The authority of the centre of government also depends on the interplay of responsibilities and power between the ministries which it comprises – in Finland, the Ministry of Finance and the Prime Minister´s Office.
The Public Management Department in the Ministry of Finance collaborates well with the Prime Minister´s Office, as well as with the Personnel and Municipal The Budget Department of the Ministry of Finance, however, tends to go about its business in a much more stand-alone fashion. In this respect, there is a strong budget culture in the public administration that lacks the consideration of strategic steering from the Prime Minister´s Office, and workforce and management considerations.“

geti óhindrað gengið á milli ráðuneyta og einnig ráðuneyta og stofnana án þess að staða þeirra að lögum breytist. Óheppilegt er ef lögin hefta nauðsynlegt samstarf innan Stjórnarráðsins (9.2 og 9.3).
3. Skýra þarf miðlægt hlutverk forsætisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins sérstaklega og tryggja gott samstarf þeirra í millum svo gott samhengi verði milli stefnu ríkisstjórnar og tillagna fyrir Alþingi um útdeilingu fjármuna (9.3, sjá einnig 5. kafla).
4. Samþætta þarf og fækka stefnum og áætlunum ríkisins og tengja þær við fjárveitingar (9.1 og 9.4).
5. Formfesta þarf starfsemi Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga og tryggja aðkomu allra ráðuneyta að því (9.3).
   a. Athuga ætti hvort Rekstrarfélagið getur sinnt fleiri miðlægum verkefnum fyrir Stjórnarráðið (9.3).

Heimildaskrá

Alþingi (2009) *Eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Skýrsla vinnuhóps sem forsætisnefnd fól að fara yfir núgildandi lagareglur um eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu og leggja mat á hvort breytinga sé þörf.* Reykjavík: Skrifstofa Alþingis.

Alþingistíðindi.

Agnar Kl. Jónsson. *Stjórnarráð Íslands 1904–1964.* Reykjavík: Sögufélag.

Andeweg, R.B., og Bakema, W. (1994). „The Netherlands: ministers and cabinet policy.“ Í M. Laver og K.A. Shepsle (ritstj.), *Cabinet Ministers and Parliamentary Government.* Cambridge: Cambridge University Press.

Arnar Þór Másson (2004). „Hugleiðing um stjórnir ríkisstofnana.“ *Viðskiptablaðið,* 14. september 2004.

Arnar Þór Másson og Indriði H. Indriðason (2005). „Enginn kann tveimur herrum að þjóna: Stofnanir, stjórnir og halli.“ Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísinum VI.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Arnar Þór Másson (2007) „Ríkið hf. – hlutafélagavæðing ríkisrekstrar.“ *Stjórnmál og stjórnsýsla – veftímarit* 3 (2).

Arney Einarsdóttir, Ásta Bjarnadóttir og Finnur Oddsson (2010). *Staða mannauðsstjórnunar á Íslandi: CRANET rannsóknin 2009.* Reykjavík: Háskólinn í Reykjavík.

Ásmundur Helgason (2004). „Nýskipan Stjórnarráðsins 1970.“ Í Sumarliði R. Ísleifsson (ritstj.), *Stjórnarráð Íslands 1964–2004. 1. b. Skipulag og starfshættir.* Reykjavík: Sögufélag.

Ásmundur Helgason (2009). „Upplýsingaskylda ráðherra við Alþingi.“ *Tímarit lögfræðinga 59* (3): 305–328.

Ásmundur Helgason (2010). „Blöndun komið á óreiðuna.“ Erindi á málþingi nefndar um endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands, *Traustið endurheimt*, í Háskólanum í Reykjavík, 19. október.

Banisar, D. (2006). *Whistleblowing: International Standards and Developments*.“ Í I. Sandoval (ritstj.), *Corruption and Transparency: Debating the Frontiers between State, Market and Society, World Bank-Institute for Social Research*. Washington, DC: UNAM. Sótt 1. desember 2010 á http://www.corrupcion.unam.mx/ documentos/ investigaciones/banisar_paper.pdf.

Bossaert, D., Demmke, C., Nomden, K., og Polet, R. (2001). *Civil Services in the Europe of Fifteen: Trends and New Developments.* Maastricht: European Institute of Public Administration.

Capacent (2010). *Þjóðarpúlsinn.* Sótt 1. desember 2010 á http://www.capacent.is/Frettir-ogfrodleikur/Thjodarpulsinn/Thjodarpulsinn/2010/10/20/Traust-til-Althingis/.

Christiansen, P.M. (1996). „Magt uden ansvar? Offentlig institutionsdrift i nye organisationsformer.“ Politica 28 (3): 271–284.

Dowding, K., og Dumont, P. (ritstj.) (2009). *The selection of ministers in Europe. Hiring and firing*. London: Routledge.

Dwivedi, O.P., og Halligan, J. (2003). „The Canadien public service: balancing values an management“ Í J. Halligan (ritstj.), *Civil Service Systems in Anglo-American Countries*. Cheltenham, UK: Edward Elgar.

Eiriksen, S. (2003). *I kongens navn. Den norske regjeringen i europeisk perspektic.* Oslo: Statskonsult.

Emmott, B. (ritstj.) (2005). *Changing times: Leading perspectives on the Civil Service in the 21st century and its enduring values.* London: The Office of the Civil Service Commissioners (OCSC).
Félagsvísindastofnun (2010). Traust til stjórnsýslu og ríkisstjórna í nokkrum löndum. (Óbirt skýrsla.)
Finansministeriet (2004). *Embedsmænds raadgivning og bistand. Betænkning fra Utvalget om Embedsmænds raadgivning og bistand til regeringen og dens ministre. Betænkning 1443.* Danmark.
Fjármálaráðuneytið (1995). *Stefna um nýskipan í ríkisrekstri.* Reykjavík.
Fjármálaráðuneytið (2000). *Ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna ríkisstofnana – nefndarálit.* Reykjavík.
Fjármálaráðuneytið (2004). *Árangursstjórnun í ríkisrekstri handbók.* Reykjavík.
Fjármálaráðuneytið (2005a). *Hreyfanleiki ríkisstarfsmanna.* Sótt 1. desember 2010 á http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/yfirlit/starfsaevin/hreyfanleikistarfsmanna.
Fjármálaráðuneytið (2005b). *Þjónustusamningar – handbók.* Reykjavík.
Fjármálaráðuneytið (2007a). *Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 2006.* Aðalhöfundur og ritstjóri Ómar H. Kristmundsson. Reykjavík.
Fjármálaráðuneytið (2007b). *Ráðningar hjá ríkinu handbók.* Reykjavík.
Fjármálaráðuneytið (2007c). *Stjórnun og starfsmannamál ríkisstofnana – fyrsti hluti.* Aðalhöfundur og ritstjóri Ómar H. Kristmundsson. Reykjavík.
Fjármálaráðuneytið (2009). *Eigandastefna ríkisins 2009 – fjármálafyrirtæki.* Reykjavík.
Forsætisráðuneytið (1993). *Meðferð mála í ríkisráði – leiðbeiningar og skýringar.* Reykjavík.
Forsætisráðuneytið (1999). *Starfsskilyrði stjórnvalda – skýrsla nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu.* Reykjavík.
Forsætisráðuneytið (2010). *Viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis skýrsla – starfshóps forsætisráðuneytisins.* Reykjavík.
Forsætisráðuneytið (2010b). *Reglur um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa.* Samþykktar í ríkisstjórn 28. september 2010. Reykjavík.
Friðgeir Björnsson (2005). *Úrskurðarnefndir í stjórnsýslunni.* Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
Goldsmith, S., og Eggers, W. (2004). *Governbing by network. The new shape of the public sector. Washington:* Brookings.
Guðni Th. Jóhannesson (2007). „Stjórnarmyndanir á Íslandi 1971– 2007.“ *Stjórnmál og stjórnsýsla – veftímarit* 3 (1).
Gunnar G. Schram (1997). *Stjórnskipunarréttur.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Gunnar Helgi Kristinsson (2006a). „Pólitískar stöðuveitingar á Íslandi.“ Stjórnmál og stjórnsýsla veftímarit 2 (1).
Gunnar Helgi Kristinsson (2006b). „Sjálfstæði ráðherra og þingræðisreglan.“ *Stjórnmál og stjórnsýsla – veftímarit* 2 (2).
Gunnar Helgi Kristinsson (2007a). *Íslenska stjórnkerfið.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Gunnar Helgi Kristinsson (2007b) „Lýðræðisleg ábyrgð og rekstrarform stjórnsýslu.“ *Stjórnmál og stjórnsýsla – veftímarit* 3 (2).
Gunnar Helgi Kristinsson og Indriði H. Indriðason (2010a). Making words count. The role of coalition agreements in cabinet management (óbirt handrit).
Gunnar Helgi Kristinsson (2010b). „Samsteypustjórnir og sjálfstæði ráðherra.“ Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XI.* Sótt 1. desember 2010 á http://hdl.handle.net/1946/6759.
Christensen, J.G., og Jensen, L. (2009). The Executive Core and Governemnt Stragety in the Nordic countries (óútgefin samantekt fyrir fund norrænna fjármálaráðuneyta um umbótamál).
Halligan J. (2003). „The Australian Public Service: redefining bounderies.“ Í Halligan (ritstj.), *Civil Service Systems in Anglo-American Countries.* Cheltenham, UK: Edward Elgar.
Halligan, J. (ritstj.) (2003). *Civil Service Systems in Anglo-American Countries.* Cheltenham, UK: Edward Elgar.
Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa (2007). Reykjavík: Forsætisráðuneytið, dóms- og kirkjumálaráðuneytið og skrifstofa Alþingis.
House of Commons Public Administration Select Committee (2009). *Leaks and Whistleblowing in Whitehall.* London: The Stationery Office.
Kettl, D. (2002). *The transformation of governance.* Baltimore: The Johns Hopkins University Press.
Kiewiet, D.R., og McCubbins, M. (1991). *The logic of delegation.* Chicago: The University of Chicago Press.
Knudsen, T. (2000). *Regering og embedsmænd.* Århus: Systime.

Kristján Andri Stefánsson (1999). „Stjórnsýslan – stjórnarráðið, verkaskipting ráðuneyta og hlutverk forsætisráðuneytis.“ Erindi undirbúið fyrir námskeið um utanríkisþjónustuna (óútgefið).
Laver, M., og Hunt, B. (1992). *Policy and party competition.* New York: Routledge.
Lodge, G., og Kalitowski, S. (2007). *Innovations in Government International perspectives on civil service reform.* London: Institute for Public Policy Research.
Lodge, G., og Rogers, B. (2006). *Whitehall's Black Box: Accountability and performance in the senior civil service.* London: Institute for Public Policy Research.
Lupia, A (2003) „Delegation an its Perils,“ Í K.Ström, W.C. Muller og T. Bergman (ritstj.), *Delegation and Accountability in Parliamentary Democracies.* Oxford: Oxford University Press.
Majone, G. (2001). "Two Logics of Delegation.“ *European Union Politics 2* (1): 103–122.
Mascarenhas, R.C. (2003) „The New Zealand public service: national identity and international reform“ Í J. Halligan (ritstj.), *Civil Service Systems in Anglo-American Countries.* Cheltenham, UK: Edward Elgar.
Miller, G. (1992). *Managerial dilemmas. The political economy of hierarchy.* Cambridge: Cambridge University Press.
Mintzberg, H. (1993). *Structure in fives: Designing effective organizations.* Englewood Cliffs, NJ: Prentice-Hall.
OECD (2002). *Distributed public governance. Agencies, authorities and other government bodies.* París.
OECD (2005a). *Public Sector Modernisation. The Way Forward. París.*
OECD (2005b). *Corporate Governance of State-Owned Enterprises.* París.
OECD (2005c). *Guidelines for Managing Conflict of Interest in the Public Service. Policy Brief.* París.
OECD (2008a). *The Public Service of 2025 – Themes, Challenges and Trends: Human Resources Management Trends in OECD Countries.* París.
OECD (2008b). *Public Governance Reviews, Ireland: Towards An Intergrated Public Service.* París.
OECD (2008c). *Lobbyists, Governments and Public Trust: Building a Legislative Framework for Enhancing Transparency and Accountability in Lobbying.* París.
OECD (2010a). *Public Governance Reviews, Finland: Working Together to Sustain Success.* París.
OECD (2010b). *Public Governance Review, Estonia: Towards a Single Government Approach, Assessment Document.* París.
Ólafur Jóhannesson (1978). *Stjórnskipun Íslands.* Reykjavík: Iðunn.
Ómar H. Kristmundsson (2004). „Starfsmenn Stjórnarráðsins.“ Í Sumarliði R. Ísleifsson (ritstj.), *Stjórnarráð Íslands 1964–2004. 1. b. Skipulag og starfshættir.* Reykjavík: Sögufélag.
Ómar H. Kristmundsson (2005). „Bakgrunnur aðstoðarmanna ráðherra: Þróun 1971–2005.“ *Stjórnmál og stjórnsýsla – veftímarit* 1 (1).
Ómar H. Kristmundsson (2009). „Eru ráðningarnefndir gagnleg leið við skipanir æðstu embættismanna?“ Í Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritsj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
Peters, G. (2003), „Administrative traditions an the Anglo-American democracies.“ Í J. Halligan (ritstj.), *Civil Service Systems in Anglo-American Countries.* Cheltenham, UK: Edward Elgar.
Putnam, R.D. (2002). *Democracies in Flux: The evolution of social capital in contemporary society.* Oxford: Oxford University Press.
Rannsóknarnefnd Alþingis (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir.* Reykjavík: Skrifstofa Alþingis.
Ríkisendurskoðun (2003). *Náðist árangur? Úttekt á árangursstjórnun í ríkisrekstri.* Reykjavík.
Ríkisendurskoðun (1998–2010). Rekstur Sólheima og fleiri skýrslur. Aðgengilegar á slóðinni http://www.rikisendurskodun.is/utgefid-efni/skyrslur.html
Sarapuu, K. (2010), „Comparative Analysis of State Administrations: The size of State as an independent variable, *Halduskultur – Administrative Culture* 1 (1): 30–43.
Skivenes, M., og Trygstad, S.C. (2010). „When Whistle-blowing works; The Norwegian case“ *Human relations.* The Tavistock Institute. Sótt 1. desember 2010 á http://hum.sagepub.com/ content/63/7/1071.
Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2005 (2006). Reykjavík.
Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2006 (2007). Reykjavík.
Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2009 (2010). Reykjavík.
Skýrsla þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknanefndar Alþingis (2010). Þskj. 1537, 705. mál, 138. löggjafarþing 2009–2010.
Starfsmannahandbók Stjórnarráðsins (2010).

Stefanía Óskarsdóttir (2007). „Meirihluti og margræði: Ríkisstjórnarmyndanir 1939–1959 *Stjórnmál og stjórnsýsla veftímarit 3* (1).
Stjórnartíðindi.
Strøm, K., Müller, W.M., og Bergman, T., (ritstj.) (2003). *Delegation and Accountability in Parliamentary Democracies.* Oxford: Oxford University Press.
Sumarliði R. Ísleifsson (ritstj.) (2004). *Stjórnarráð Íslands 1964–2004*. Reykjavík. Sögufélag.
Sørensen, E., og Torfing, J. (2009), „Making governance networks effective and democratic through meta-governance."*Public Administration 87* (2): 234–258.
Zahle, H (2006). *Grundloven – Danmarks Riges Grundlov med kommentarer.* Kaupmannahöfn: Jurist- og Økonomforbundets Forlag.
Zahle, H. (2004). *Regering, forvaltning og dom – Dansk forfatningsret 2.* Kaupmannahöfn: Christian Ejlers' Forlag.
Þorsteinn Magnússon (2005). „Alþingi í ljósi samþættingar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds." *Stjórnmál og stjórnsýsla veftímarit 1* (1).

Fylgiskjal II.

SIÐAREGLUR
ráðherra.

Inngangur.

Í því skyni að efla traust á stjórnsýslunni staðfestir forsætisráðherra meðfylgjandi siðareglur ráðherra í kjölfar samráðs á ráðherrafundi, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands. Siðareglurnar veita leiðsögn um það hvers konar framganga hæfir svo veigamiklu embætti en jafnframt gefa þær almenningi færi á að bera hegðun ráðherra saman við skráðar og útgefnar reglur.

Hver og einn ráðherra gætir að því fyrir sitt leyti að farið sé eftir reglunum. Ráðherra getur í vafatilvikum leitað ráðgjafar hjá samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna, sbr. a- og d-lið 3. mgr. 17. gr. laga nr. 73/1969 og b-lið 8. gr. reglnanna.

Ennfremur má koma ábendingum á framfæri við umboðsmann Alþingis en hann gætir þess meðal annars að stjórnsýslan fari fram í samræmi við siðareglur settar á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands, sbr. 1. mgr 2. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis. Telji einhver að brot á siðareglum hafi jafnframt falið í sér að hann sjálfur hafi verið beittur rangsleitni er unnt að bera fram kvörtun við umboðsmann Alþingis, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 85/1997.

Reglur þessar gilda út starfstíma núverandi ríkisstjórnar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 73/1969.

1. gr.

Störf ráðherra.

a. Ráðherra sinnir starfi sínu af alúð, trúmennsku og heiðarleika. Hann beitir því valdi er fylgir embættinu á grundvelli laga og stjórnarskrár af hófsemi og sanngirni og án tillits til eigin hagsmuna.
b. Ráðherra sýnir ráðdeild við meðferð fjármuna hins opinbera og hvetur starfsfólk ráðuneytis síns til hins sama.
c. Ráðherra notfærir sér ekki stöðu sína, eða upplýsingar sem hún veitir honum sérstakan aðgang að, til persónulegs ávinnings fyrir sig eða aðila sér nákomna.
d. Ráðherra hefur í huga að skyldur hans eru fyrst og fremst við almenning.

2. gr.

Hagsmunatengsl og hagsmunaárekstrar.

a. Ráðherra forðast hagsmunaárekstra og gætir þess að persónuleg tengsl hafi ekki áhrif á störf sín.
b. Ráðherra leggur sig fram um að tryggja að faglega sé staðið að skipun embættismanna.
c. Ráðherra upplýsir um fjárhagsleg hagsmunatengsl eða önnur slík tengsl sem valdið geta hagsmunaárekstum. Eyðublað á vegum skrifstofu Alþingis þjónar þessu hlutverki, sbr. reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum utan þings. Hafi ráðherra ekki fyllt það út sem þingmaður skal hann gera það þegar í kjölfar embættistöku. Forsætisráðherra getur í samráði við ríkisstjórn ákveðið að kalla með skipulögðum hætti eftir frekari upplýsingum um hagsmunatengsl ráðherra sem birtar yrðu almenningi.
d. Ráðherra beitir sér fyrir því innan ráðuneytis og þeirra stofnana sem undir það heyra að tekið sé á hagsmunaárekstrum strax og þeir koma upp og hann fær vitneskju þar um. Þá skal hann beita sér fyrir því að starfsfólk sé sér meðvitað um mögulega hagsmunaárekstra og leiðir til að koma í veg fyrir þá.

3. gr.

Fjármál og launagreiðslur.

a. Ráðherrastarf (að jafnaði ásamt þingmennsku) telst fullt starf. Ráðherra gegnir ekki öðrum störfum á meðan.
b. Sinni ráðherra öðrum tilfallandi verkefnum er honum óheimilt að þiggja greiðslur fyrir nema þær séu innan hóflegra marka og að fengnu samþykki samhæfingarnefndar um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna sem starfar á grundvelli 17. gr. laga nr. 73/1969.
c. Ráðherra er ekki heimilt að hafa einkanot af gæðum starfsins nema að svo miklu leyti sem lög og reglur leyfa.
d. Halda skal skrá um þær gjafir sem ráðherra þiggur í krafti embættis síns og skulu þær renna til viðkomandi ráðuneytis. Það á þó ekki við um minniháttar persónulegar gjafir.
e. Ráðherra þiggur að jafnaði ekki boðsferðir af einkaaðilum nema opinberar embættisskyldur séu hluti af dagskrá ferðarinnar.

4. gr.

Háttsemi og framganga.

a. Ráðherra forðast allt athæfi sem líklegt er til að vekja grunsemdir um að hann notfæri sér stöðu sína í eiginhagsmunaskyni.
b. Ráðherra gætir þess að framganga hans gefi starfsmönnum ekki tilefni til að ætla að litið verði framhjá brotum á lögum eða siðareglum.
c. Ráðherra gætir jafnræðis þegar kemur að því að greiða götu einstakra fyrirtækja á erlendum vettvangi.
d. Ráðherra efnir ekki til móttöku fyrir hópa og samtök, sem hefur í för með sér útgjöld, nema slíkt samræmist starfsemi ráðuneytis.
e. Ráðherra gætir þess að rýra ekki virðingu embættis síns með ámælisverðri framkomu, skeytingarleysi um lög eða virðingarleysi við manngildi og mannréttindi.

5. gr.

Samskipti ráðherra við starfslið ráðuneytis.

a. Ráðherra virðir hlutleysi og faglegt sjálfstæði embættismanna og annarra almennra starfsmanna.
b. Ráðherra leitar faglegs mats starfsmanna ráðuneytis síns áður en ákvarðanir eru teknar um einstök mál eftir því sem tilefni er til.
c. Ráðherra gerir skýran greinarmun á flokkspólitísku starfi, svo sem í tengslum við kosningar, og verkefnum ráðuneytis síns hverju sinni. Hann felur starfsmönnum ráðuneyta, öðrum en aðstoðarmanni, ekki verkefni sem tengjast hinu fyrrnefnda.

6. gr.

Upplýsingagjöf og samskipti við almenning.

a. Ráðherra skal upplýsa almenning og fjölmiðla með reglulegum og skipulegum hætti um störf ráðuneytis síns. Leiðrétta ber eins fljótt og auðið er rangar upplýsingar eða misskilning sem upp kann að koma varðandi störf ráðherra.
b. Ráðherra leggur sig fram um að gera upplýsingar aðgengilegar eftir því sem lög leyfa og sér til þess að starfsmenn ráðuneytis vinni í sama anda.
c. Ráðherra leynir ekki upplýsingum sem varða almannahag nema lög bjóði eða almannahagsmunir krefjist þess að öðru leyti. Ráðherra ber að hafa frumkvæði að birtingu slíkra upplýsinga sé hún í almannaþágu.
d. Ráðherra leitast við að eiga greið og opin samskipti við frjáls félagasamtök, fagfélög og hagsmunahópa, með almannahagsmuni að leiðarljósi.

7. gr.

Ábyrgð.

a. Ráðherra skal sýna samstarfsvilja séu störf hans tekin til skoðunar af hálfu Alþingis eða eftirlitsstofnana þess og eins þegar þingmenn óska eftir upplýsingum á grundvelli laga um þingsköp.
b. Ráðherra bregst við ábendingum starfsmanna um siðferðilega ámælisvert eða ólögmætt athæfi í ráðuneyti hans eða á starfssviði ráðuneytisins. Hann gætir þess að starfsmenn sem benda á slíkt gjaldi ekki fyrir það.

8. gr.

Samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna.

a. Forsætisráðherra skipar samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna á grundvelli 17. gr. laga nr. 73/1969. Meðal helstu verkefna nefndarinnar er að stuðla að því að siðferðileg viðmið séu í hávegum höfð í opinberum störfum og veita stjórnvöldum ráðleggingar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og spillingu. Þá skal nefndin stuðla að því að brugðist sé með samhæfðum hætti við upplýsingum um brot á siðareglum eða hættu á spillingu hjá ríkinu.
b. Ráðherra getur borið vafamál er varða túlkun reglnanna undir samhæfingarnefndina.

Forsætisráðuneytinu, 22. mars 2011.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands.

Með frumvarpinu er gerð tillaga að nýjum lögum um Stjórnarráð Íslands. Meginmarkmið þess er að bæta störf og starfshætti ráðherra, ríkisstjórnar og Stjórnarráðsins almennt. Efnisákvæði frumvarpsins ráðast í veigamestu atriðum, rétt eins og ákvæði núgildandi laga um Stjórnarráð Íslands, af ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, enda grundvallast staða Stjórnarráðsins, þ.e. ráðherra og ráðuneyta þeirra sem æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins í landinu, á ákvæðum stjórnarskrárinnar. Frumvarpið byggir að miklu leyti á tillögum sem gerðar voru í skýrslunni Samhent stjórnsýsla sem gefin var út í desember 2010.

Helstu efnisbreytingar frumvarpsins frá gildandi lögum eru að fallið er frá því að telja ráðuneyti upp með tæmandi hætti í lögunum. Þess í stað er lagt til að hámarksfjöldi ráðuneyta verði tíu en að ákvörðunarvald um það hvaða ráðuneyti skuli starfrækt hvíli hjá stjórnvöldum á hverjum tíma. Lagðar eru til breytingar sem hafa það að markmiði að efla samhæfingu starfa milli ráðherra, m.a. þegar málefni og málefnasvið skarast, og kveðið á um frumkvæðisskyldu forsætisráðherra í því efni og sett ákvæði um skipan og stöðu ráðherranefnda. Þá eru í frumvarpinu skýr ákvæði um stjórnunar- og eftirlitsskyldur ráðherra með undirstofnunum og sjálfstæðum stofnunum sem heyra stjórnarfarslega undir hann sem og með eignum ríkisins, þar á meðal eignum þess í einkaréttarlegum lögaðilum, en þessar skyldur hafa hingað til almennt séð byggst á ólögfestum meginreglum. Einnig eru lagðar til ýmsar breytingar er varða starfsmannahald og mannauðsmál ráðuneyta sem miða að því að tryggja betur aðgreiningu milli stjórnvalds- og stefnumótunarþáttar í starfsemi ráðuneyta, styrkja sjálfstæði starfsmanna gagnvart þeim ráðherra sem gegnir embætti hverju sinni og stuðla að auknum hreyfanleika starfsmanna innan Stjórnarráðsins. Loks er í frumvarpinu lagt til að ráðherra verði heimilt að ráða, auk aðstoðarmanns, sérstakan ráðgjafa til starfa í hverju ráðuneyti sem hann fer með.

Eins og áður hefur komið fram þá er það meginmarkmið frumvarpsins að stuðla að bættum og faglegum starfsháttum og auka sveigjanleika í starfsemi Stjórnarráðs Íslands. Fjármálaráðuneytið telur að lögfesting frumvarpsins muni ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, ef frá er talin sú breyting sem heimilar ráðherra að ráða einn aðstoðarmann og einn ráðgjafa í hvert ráðuneyti í stað eins aðstoðarmanns svo sem verið hefur. Miðað við tíu ráðuneyti gæti sá kostnaður orðið allt að 100 m.kr. á ári. Samkvæmt frumvarpinu er þó ekki gert ráð fyrir að þessi heimild taki gildi fyrr en að afstöðnum næstu alþingiskosningum vegna þröngrar stöðu í ríkisfjármálum um þessar mundir.

1192. Frumvarp til laga [675. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

II. KAFLI

Breyting á lögum um landamerki o.fl., nr. 41/1919, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

III. KAFLI

Breyting á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

3. gr.

a. 6. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Sá ráðherra er fer með samningagerð á því sviði skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 4. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.

b. Í stað orðsins „Atvinnumálaráðherra“ í 151. gr. laganna kemur: Ráðherra.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926, með síðari breytingum.

4. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ tvívegis í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: ráðherra.

V. KAFLI

Breyting á lögum um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi, nr. 50/1928, með síðari breytingum.

5. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um laganefnd, nr. 48/1929.

6. gr.

Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um bókasöfn prestakalla, nr. 17/1931, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um utanfararstyrk presta, nr. 18/1931, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o.fl., nr. 22/1932.

9. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

X. KAFLI

Breyting á lögum um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, nr. 27/1932, með síðari breytingum.

10. gr.

a. Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 4. tölul. 1. gr. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytisins“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56/1932, með síðari breytingum.

11. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Atvinnumálaráðuneytið“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XII. KAFLI

Breyting á lögum um bráðabirgðaútflutningsskýrslur, nr. 53/1935, með síðari breytingum.

12. gr.

Í stað orðsins „fiskimálaráðuneyti“ í 6. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, með síðari breytingum.

13. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 40. gr. a laganna kemur: Ráðherra.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74/1938, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, með síðari breytingum.

15. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum um ostrurækt, nr. 21/1939.

16. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., 1. og 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

XVII. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

17. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. tölul. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

XVIII. KAFLI

Breyting á landskiptalögum, nr. 46/1941, með síðari breytingum.

18. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum um búfjártryggingar, nr. 20/1943, með síðari breytingum.

19. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XX. KAFLI

Breyting á lögum um ófriðartryggingar, nr. 2/1944.

20. gr.

a. Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 2., 27. og 29. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 23. gr. laganna kemur: Ráðuneyti er fer með tekjuöflun ríkisins.

XXI. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, með síðari breytingum.

21. gr.

a. Í stað orðanna „utanríkisráðuneytis Íslands“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með utanríkismál.
b. Í stað orðanna „utanríkisráðuneytis Íslands erlendis“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: fulltrúa þess ráðuneytis er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis.
c. Í stað orðsins „forsætisráðuneytið“ í 8. og 9. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „forsætisráðuneytisins“ í 4. og 5. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
e. Í stað orðsins „Forsætisráðuneytið“ í 13. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XXII. KAFLI

Breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, með síðari breytingum.

22. gr.

a. Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með málefni embættis forseta Íslands.
b. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra, sbr. 1. mgr.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 4. og 5. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
e. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 13. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með málefni embættis forseta Íslands.

XXIII. KAFLI

Breyting á lögum um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, nr. 74/1947.

23. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, nr. 44/1948, með síðari breytingum.

24. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 1. gr. og 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XXV. KAFLI

Breyting á lögum um hvalveiðar, nr. 26/1949, með síðari breytingum.

25. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 3. mgr. 1. gr., b-lið 3. gr., 1. málsl. 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXVI. KAFLI

Breyting á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum.

26. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XXVII. KAFLI

Breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum.

27. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum.

28. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. og 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneyti“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með skipulagsmál.

XXIX. KAFLI

Breyting á lögum um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

29. gr.

a. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 2. og 34. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. 2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:
   Sá ráðherra sem fer með ræktun nytjaskóga á bújörðum fer með málefni sem fjallað er um í þessum kafla.
c. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu“ í b-lið 2. mgr. 25. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðuneyti.
d. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins“ í 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðuneytis.
e. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 3. mgr. 27. gr., b-lið 28. gr. og 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
f. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið“ í 31. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðuneyti.

XXX. KAFLI

Breyting á lögum um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, nr. 18/1959, með síðari breytingum.

30. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í b-lið 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXI. KAFLI

Breyting á lögum um byggingarsjóð Listasafns Íslands, nr. 41/1959.

31. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XXXII. KAFLI

Breyting á lögum um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum, nr. 50/1961, með síðari breytingum.

32. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7/1962, með síðari breytingum.

33. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 20. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XXXIV. KAFLI

Breyting á erfðalögum, nr. 8/1962, með síðari breytingum.

34. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 3. mgr. 43. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 50. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XXXV. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum.

35. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytis“ í 3. tölul. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, nr. 68/1962.

36. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga, nr. 93/1962, með síðari breytingum.

37. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um landsdóm, nr. 3/1963, með síðari breytingum.

38. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 43. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69/1963, með síðari breytingum.

39. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 10. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: ráðherra.

XL. KAFLI

Breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.

40. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytinu“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 13. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með ríkisjarðir.

d. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 5. mgr. 23. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með málefni landbúnaðar.

XLI. KAFLI

Breyting á lögum um hreppstjóra, nr. 32/1965, með síðari breytingum.

41. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með launa- og kjaramál.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 7. gr. og 10. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni sýslumanna.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með launa- og kjaramál.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með lífeyrismál.
e. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

XLII. KAFLI

Breyting á lögum um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, nr. 38/1965, með síðari breytingum.

42. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 4. gr. og 8. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 9. gr. og 14. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XLIII. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

43. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 10. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 13. gr., 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðherra.
d. Í stað orðsins „iðnaðarmálaráðuneytisins“ í 57. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni iðnaðar.

XLIV. KAFLI

Breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, með síðari breytingum.

44. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

XLV. KAFLI

Breyting á lögum um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, með síðari breytingum.

45. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. tölul. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

XLVI. KAFLI

Breyting á lögum um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt, nr. 22/1966.

46. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytisins“ í 2. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni landbúnaðar.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.

XLVII. KAFLI

Breyting á lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, nr. 89/1966, með síðari breytingum.

47. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. og tvívegis í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

XLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, nr. 27/1968, með síðari breytingum.

48. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

XLIX. KAFLI

Breyting á lögum um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands, nr. 33/1968.

49. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneyti“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 3. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

L. KAFLI

Breyting á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum.

50. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. gr., 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

LI. KAFLI

Breyting á lögum um Kristnisjóð o.fl., nr. 35/1970, með síðari breytingum.

51. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 23. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

LII. KAFLI

Breyting á lögum um félagsheimili, nr. 107/1970, með síðari breytingum.

52. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 4. og 5. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

LIII. KAFLI

Breyting á lögum um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39/1971, með síðari breytingum.

53. gr.

a. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 2. gr. og 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 3. gr., 10. gr. og 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 2. mgr. 3. gr. og tvívegis í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 6. gr., 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 17. gr. og 18. gr. laganna kemur: ráðherra.

LIV. KAFLI

Breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

54. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

LV. KAFLI

Breyting á lögum um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20/1972, með síðari breytingum.

55. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LVI. KAFLI

Breyting á lögum um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum.

56. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðuneytið“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 10. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með fræðslumál.

LVII. KAFLI

Breyting á lögum um getraunir, nr. 59/1972, með síðari breytingum.

57. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. og 6. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneyti er fer með íþróttamál.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 5. gr. laganna kemur: Ráðuneyti er fer með málefni happdrætta.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytum er fara með íþróttamál og málefni happdrætta.

LVIII. KAFLI

Breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

58. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 8. gr., 5. mgr. 11. gr., 4. mgr. 15. gr. a, 3. mgr. 18. gr., 4. tölul. 1. mgr. 21. gr., 6. mgr. 23. gr., 2. mgr. 25. gr., 2. mgr. 53. gr., 57. gr., tvívegis í 58. gr. og 3. mgr. 59. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 6. mgr. 11. gr., 2. mgr. 15. gr. a, 2. mgr. 23. gr. a, 2. mgr. 45. gr. a og 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 15. gr. a, 1. og 4. mgr. 23. gr., 1. mgr. 23. gr. a, tvívegis í 2. mgr. 25. gr., 5. mgr. 25. gr. b, 1. mgr. 45. gr. a og 3. mgr. 47. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðherra“ í 53. gr. a laganna kemur: Ráðherra.
e. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 59. gr. a laganna kemur: ráðuneytisins.

LIX. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973, með síðari breytingum.

59. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 11. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LX. KAFLI

Breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum.

60. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXI. KAFLI

Breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16/1973, með síðari breytingum.

61. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

LXII. KAFLI

Breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, með síðari breytingum.

62. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneyti er fer með fræðslumál.

LXIII. KAFLI

Breyting á lögum um landgræðslustörf skólafólks, nr. 58/1974.

63. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 3. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

LXIV. KAFLI

Breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, með síðari breytingum.

64. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXV. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, nr. 7/1975, með síðari breytingum.

65. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXVI. KAFLI

Breyting á lögum um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, nr. 12/1975.

66. gr.

a. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

LXVII. KAFLI

Breyting á lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975, með síðari breytingum.

67. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: ráðherra.

LXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Leiklistarskóla Íslands, nr. 37/1975.

68. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXIX. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa, nr. 17/1976.

69. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 5. gr. laganna kemur: Það ráðuneyti er fer með málefni sjávarútvegs.

LXX. KAFLI

Breyting á lögum um aðild Íslands að samningi um stofnun aðstoðarsjóðs á vegum Efnahags- og framfarastofnunar, nr. 25/1976, með síðari breytingum.

70. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXI. KAFLI

Breyting á lögum um sálfræðinga, nr. 40/1976, með síðari breytingum.

71. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXII. KAFLI

Breyting á lögum um sjúkraþjálfun, nr. 58/1976, með síðari breytingum.

72. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 13. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um norræna vitnaskyldu, nr. 82/1976, með síðari breytingum.

73. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976, með síðari breytingum.

74. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

LXXV. KAFLI

Breyting á lögum um opinberar fjársafnanir, nr. 5/1977, með síðari breytingum.

75. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 4. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

LXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, nr. 18/1977, með síðari breytingum.

76. gr.

a. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni iðnaðar.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

LXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins, nr. 34/1977, með síðari breytingum.

77. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með málefni fjármálamarkaðar.
b. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með málefni fjármálamarkaðar.

LXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um iðjuþjálfun, nr. 75/1977, með síðari breytingum.

78. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 12. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um þroskaþjálfa, nr. 18/1978, með síðari breytingum.

79. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXX. KAFLI

Breyting á lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, með síðari breytingum.

80. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

81. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr., 1. og 6. mgr. 12. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 17. gr., 3. mgr. 21. gr. og 3. mgr. 30. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 3. og 4. mgr. 12. gr., 3. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 36. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 4. mgr. 12. gr., 13. gr. og 7. mgr. 35. gr. a laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 30. gr., 9. mgr. 35. gr. a og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: Ráðherra.
e. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 10. tölul. 35. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.

LXXXII. KAFLI

Breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum.

82. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXIII. KAFLI

Breyting á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

83. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 8. gr. og 2. og 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með fræðslumál.

LXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, nr. 48/1979.

84. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

85. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytis“ í 3. mgr. 51. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni efna og efnavara.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 73. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 1. mgr. 76. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins.

LXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, nr. 53/1980, með síðari breytingum.

86. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 16. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, nr. 94/1980.

87. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um lífeindafræðinga, nr. 99/1980, með síðari breytingum.

88. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 4. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um Grænlandssjóð, nr. 102/1980, með síðari breytingum.

89. gr.

Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðherra“ í 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XC. KAFLI

Breyting á lögum um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, nr. 27/1981, með síðari breytingum.

90. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

XCI. KAFLI

Breyting á lögum um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands að Stóra-Ármóti, nr. 29/1981, með síðari breytingum.

91. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

XCII. KAFLI

Breyting á lögum um horfna menn, nr. 44/1981, með síðari breytingum.

92. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XCIII. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, nr. 51/1981, með síðari breytingum.

93. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr., 4. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

XCIV. KAFLI

Breyting á lögum um steinullarverksmiðju, nr. 61/1981, með síðari breytingum.

94. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Þeim ráðherra er fer með málefni iðnaðar.

XCV. KAFLI

Breyting á lögum um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, nr. 68/1981.

95. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XCVI. KAFLI

Breyting á lögum um Blindrabókasafn Íslands, nr. 35/1982, með síðari breytingum.

96. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. gr., 1. mgr. 3. gr., 9. gr. og 10. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í d-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XCVII. KAFLI

Breyting á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, nr. 36/1982, með síðari breytingum.

97. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 3. gr., 3. málsl. 4. gr. og 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað 1. og 2. málsl. 4. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af Reykjavíkurborg, einum tilnefndum af starfsmannafélagi hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af því ráðuneyti er fer með fjárreiður ríkisins og einum tilnefndum af ráðuneytinu sem einnig skipar formann án tilnefningar.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með launa- og kjaramál ríkisins.

XCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðsöng Íslendinga, nr. 7/1983.

98. gr.

a. Í stað orðsins „forsætisráðuneytið“ í 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

XCIX. KAFLI

Breyting á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.

99. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. og 9. gr. laganna kemur: ráðherra.

C. KAFLI

Breyting á lögum um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, nr. 79/1983, með síðari breytingum.

100. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. gr., tvívegis í 1. og 2. mgr. 2. gr. og 2. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CI. KAFLI

Breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, með síðari breytingum.

101. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 27. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CII. KAFLI

Breyting á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, með síðari breytingum.

102. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CIII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug hf., nr. 30/1984.

103. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í heiti laganna kemur: ráðherra.

CIV. KAFLI

Breyting á lögum um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum.

104. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðuneytið“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CV. KAFLI

Breyting á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.

105. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CVI. KAFLI

Breyting á lögum um bókasafnsfræðinga, nr. 97/1984, með síðari breytingum.

106. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. og 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CVII. KAFLI

Breyting á lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985, með síðari breytingum.

107. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CVIII. KAFLI

Breyting á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

108. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneyti“ í 2. mgr. 220. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með samskipti við erlend ríki.

CIX. KAFLI

Breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985, með síðari breytingum.

109. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CX. KAFLI

Breyting á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985, með síðari breytingum.

110. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXI. KAFLI

Breyting á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 43/1985, með síðari breytingum.

111. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., 11. gr. og 12. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXII. KAFLI

Breyting á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, með síðari breytingum.

112. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ tvívegis í 2. mgr. 2. gr. og 23. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 9. gr., 8. mgr. 18. gr. og 22. gr. laganna kemur: ráðherra.
d. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. og fyrirsögn 21. gr. laganna kemur: ráðuneytis er fer með varnarmál.

CXIII. KAFLI

Breyting á lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum.

113. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 3. tölul. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 5. tölul. 1. gr. og 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 12. gr. og 14. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CXIV. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

114. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í h-lið 1. mgr. 1. gr. a laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 1. málsl. 2. mgr. og c-lið 4. mgr. 1. gr. a laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni sjávarútvegs.
c. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í g-lið 2. mgr. 1. gr. a laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs.

CXV. KAFLI

Breyting á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

115. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í b-lið 2. mgr. 14. gr., 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 2. mgr. 63. gr., 2. mgr. 66. gr., 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXVI. KAFLI

Breyting á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, nr. 24/1986, með síðari breytingum.

116. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 2. tölul. 8. gr., 3. og 4. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXVII. KAFLI

Breyting á lögum um talnagetraunir, nr. 26/1986, með síðari breytingum.

117. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986.

118. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: þeim ráðherra sem fer með vísindamál.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með vísindamál.

c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með varnir gegn dýrasjúkdómum.

CXIX. KAFLI

Breyting á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með síðari breytingum.

119. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 7. gr., 2. mgr. 9. gr., 2. mgr. 19. gr., 1. mgr. 25. gr., 3. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 3. gr. og 7. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra er fer með málefni sveitarfélaga.

CXX. KAFLI

Breyting á lögum um orlof, nr. 30/1987, með síðari breytingum.

120. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðuneytinu“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXXI. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með síðari breytingum.

121. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 7. gr., tvívegis í 2. mgr. 8. gr., 5. mgr. 11. gr., 3. mgr. 16. gr., 5. mgr. 20. gr., 27. gr., 7. mgr. 28. gr., 1. mgr. 32. gr. og 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 5. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 32. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni vinnumarkaðar.

CXXII. KAFLI

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

122. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 117. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með fræðslumál.

CXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum.

123. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 9. gr. laganna kemur: ráðuneyti er fer með tekjuöflun ríkisins.

CXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum.

124. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 13. gr. og ákvæði til bráðabirgða IX í lögunum kemur: Ráðherra.

CXXV. KAFLI

Breyting á lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, með síðari breytingum.

125. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988, með síðari breytingum.

126. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um bifreiðagjald, nr. 39/1988, með síðari breytingum.

127. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. og 9. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár, nr. 40/1988.

128. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í heiti laganna kemur: ráðherra.

CXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

129. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 7. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 7. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 8. gr., 2. mgr. 12. gr., 2. mgr., 6. tölul. 3. mgr. og 7. mgr. 16. gr., 5. mgr. 18. gr., 1. og 2. mgr. 21. gr., 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 24. gr., 5. mgr. 27. gr. A, 1. og 2. mgr. 33. gr., 3. mgr. 34. gr., 2. mgr. 36. gr., 2., 6. og 8. mgr. 42. gr., 4. mgr. 42. gr. A, 1.–3. mgr. 43. gr., 47. gr., 1.–4. mgr. 49. gr., 4. og 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, ákvæði til bráðabirgða X og XI og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XV í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 33. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.

CXXX. KAFLI

Breyting á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum.

130. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 23. gr., 2. mgr. 34. gr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með heilbrigðismál.

CXXXI. KAFLI

Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

131. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um Listasafn Íslands, nr. 58/1988, með síðari breytingum.

132. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 6. gr. og 14. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989.

133. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ tvívegis í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með meðhöndlun úrgangs.

CXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Félagsmálaskóla alþýðu, nr. 60/1989, með síðari breytingum.

134. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 6. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63/1989, með síðari breytingum.

135. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., 1. og 2. mgr. 3. gr., 7. gr. og 11. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytisins“ í 1. tölul. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um lögbókandagerðir, nr. 86/1989, með síðari breytingum.

136. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni ræðisskrifstofa Íslands erlendis.

CXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, með síðari breytingum.

137. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, með síðari breytingum.

138. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, nr. 15/1990, með síðari breytingum.

139. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CXL. KAFLI

Breyting á lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, með síðari breytingum.

140. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXLI. KAFLI

Breyting á lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 39/1990.

141. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ tvívegis í 2. gr., 3. gr., 6. gr. og 12. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXLII. KAFLI

Breyting á lögum um lánasýslu ríkisins, nr. 43/1990, með síðari breytingum.

142. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. gr., 1. og 2. mgr. 3. gr., tvívegis í 1. mgr. og 2.–4. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra.

CXLIII. KAFLI

Breyting á lögum um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, nr. 45/1990, með síðari breytingum.

143. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXLIV. KAFLI

Breyting á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

144. gr.

a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. gr., 2.–4. mgr. 2. gr., 1. mgr. 5. gr., 6.–8. gr., 3. mgr. 9. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr. og 19. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni náttúruverndar.
c. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CXLV. KAFLI

Breyting á lögum um flokkun og mat á gærum og ull, nr. 57/1990, með síðari breytingum.

145. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 4. gr. og 1., 2. og 5. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXLVI. KAFLI

Breyting á lögum um launasjóð stórmeistara í skák, nr. 58/1990.

146. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 6. og 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXLVII. KAFLI

Breyting á lögum um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, nr. 67/1990, með síðari breytingum.

147. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 8. og 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni er varða heilbrigði dýra og varnir gegn dýrasjúkdómum.

CXLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum.

148. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr., 1. og 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 5. gr. og 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXLIX. KAFLI

Breyting á lögum um Skákskóla Íslands, nr. 76/1990.

149. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. og 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CL. KAFLI

Breyting á lögum um félagsráðgjöf, nr. 95/1990, með síðari breytingum.

150. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLI. KAFLI

Breyting á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum.

151. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 2. gr., 6. tölul. 2. mgr. 3. gr., 1. tölul. 9. gr., 19. gr. og 22. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 1. tölul. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 20. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CLII. KAFLI

Breyting á lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, nr. 129/1990, með síðari breytingum.

152. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. málsl. og d-lið 3. gr., 4. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í c-lið 3. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni fatlaðs fólks.

CLIII. KAFLI

Breyting á lögum um ákvörðun dauða, nr. 15/1991, með síðari breytingum.

153. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með heilbrigðismál.

CLIV. KAFLI

Breyting á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum.

154. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. b, 2. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 68. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytið“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CLV. KAFLI

Breyting á lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, með síðari breytingum.

155. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLVI. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum.

156. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLVII. KAFLI

Breyting á lögum um samvinnufélögum, nr. 22/1991, með síðari breytingum.

157. gr.

a. 2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. og 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. a laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með skráningu félaga.

CLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Slysavarnaskóla sjómanna, nr. 33/1991, með síðari breytingum.

158. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLIX. KAFLI

Breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum.

159. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytinu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CLX. KAFLI

Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

160. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðuneyti“ í 3. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CLXI. KAFLI

Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

161. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðuneytis.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. 2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

   Innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum annast sýslumenn, héraðsdómarar og hliðstæðir embættismenn, svo og ráðuneytið. Ráðuneytinu er heimilt að fela öðrum ráðuneytum innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum.
d. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
e. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 22. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXII. KAFLI

Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

162. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytinu“ í 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með samskipti við erlend ríki.

CLXIII. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

163. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 15. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

164. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ Í 1. og 4. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr. a, 5. mgr. 7. gr., 2. mgr. 10. gr. og 4. og 6. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.
c. Í stað orðanna „menntamálaráðherra og fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: framangreindra ráðherra, sbr. 1. mgr.

CLXV. KAFLI

Breyting á lögum um yfirskattanefnd, nr. 30/1992, með síðari breytingum.

165. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 9. gr., 2. og 3. mgr. 15. gr., 20. gr. og tvívegis í 21. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXVI. KAFLI

Breyting á lögum um Jarðasjóð, nr. 34/1992, með síðari breytingum.

166. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytisins“ í 1. mgr. 1. gr. og 2. tölul. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytinu“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXVII. KAFLI

Breyting á lögum um Fiskistofu, nr. 36/1992, með síðari breytingum.

167. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. gr. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992, með síðari breytingum.

168. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 6. gr., 2. mgr. 9. gr., 1. mgr. 10. gr., 11. gr., 12. gr. og 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXIX. KAFLI

Breyting á lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

169. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „velferðarráðuneyti“ í 3. mgr. 6. gr., 2. mgr. 6. gr. b og 3. mgr. 41. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „velferðarráðuneytis“ í 3. og 4. mgr. 37. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðanna „Fjármálaráðherra, innanríkisráðherra“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða

VI í lögunum kemur: Ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins, ráðherra er fer með mannréttindamál.

CLXX. KAFLI

Breyting á lögum um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61/1992, með síðari breytingum.

170. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytið“ í 3. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXXI. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum.

171. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytið“ í 1. málsl. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 17. gr. og 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: ráðherra.

CLXXII. KAFLI

Breyting á lögum um innflutning, nr. 88/1992, með síðari breytingum.

172. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, nr. 98/1992.

173. gr.

Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

174. gr.

a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 7. gr., 1. málsl. 8. gr., 9. gr., 2.–4. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr., 1. og 2. mgr. 12. gr., 14. gr., tvívegis í 15. gr., 17.–19. gr., 1. mgr. 20. gr., 2. mgr. 23. gr., 26. gr., 28. gr. og 1. og 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. 2. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:
   Ráðherra skal setja sérstaka reglugerð um innflutning og útflutning sjávardýra.

CLXXV. KAFLI

Breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum.

175. gr.

a. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða X í lögunum kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis sem fer með málefni bílaleiga.

CLXXVI. KAFLI

Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum.

176. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 7. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 86. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „Utanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: Ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis.
d. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 3. mgr. 24. gr. laganna kemur: Það ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis.

CLXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum.

177. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 46. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CLXXVIII. KAFLI

Breyting á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, með síðari breytingum.

178. gr.

Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, með síðari breytingum.

179. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins.

CLXXX. KAFLI

Breyting á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

180. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993, með síðari breytingum.

181. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 20. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, nr. 78/1993.

182. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum.

183. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 46. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

184. gr.

a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr., 3. gr., 3. mgr. 4. gr., 5. og 7. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 3. mgr. 11. gr., 2. mgr. 24. gr., 2. mgr. 29. gr., 1. málsl. og a-lið 30. gr., 1. og 2. mgr. 31. gr., 2. mgr. 33. gr., 35. gr., 3. mgr. 39. gr., 3. mgr. 41. gr., 2. mgr. 50. gr., 2. mgr. 52. gr., 2. mgr. 53. gr., 4. mgr. 54. gr., 55. gr., 3. mgr. 56. gr., 1. mgr., 2. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 58. gr., 2. mgr. 59. gr., 1. mgr. 60. gr., 3. mgr. 61. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 64. gr., 1. og 5. mgr. 65. gr., 1. og 4. mgr. 65. gr. A, 1. og 2. mgr. 65. gr. B, 1. og 3. mgr. 66. gr., 79. gr., 81. gr., 1., 4. og 9. mgr. 84. gr., 1. og 2. mgr. 85. gr. A, 86. gr., 1.–3. mgr. 87. gr. og ákvæðum til bráðabirgða K, T og V í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 7. mgr. 7. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni vinnumarkaðar.
c. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis“ í 3. mgr. 85. gr. A laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 9. mgr. 84. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.
e. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 87. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.
f. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 87. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni innflutnings.

CLXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjumálasjóð, nr. 138/1993, með síðari breytingum.

185. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CLXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

186. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 11. gr., 2. og 3. mgr. 12. gr., 4. mgr. 13. gr., 2. mgr. 14. gr., 3. og 7. mgr. 16. gr., 1. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 17. gr. og 23. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni er varða velferð dýra og aðbúnað búfjár.

CLXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum.

187. gr.

Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 3. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

188. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 4. mgr. 14. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXXXIX. KAFLI

Breyting á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum.

189. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðuneyti“ í 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXC. KAFLI

Breyting á lögum um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu, nr. 49/1994, með síðari breytingum.

190. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXCI. KAFLI

Breyting á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.

191. gr.

Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1.–3. mgr. 3. gr., 1. og 2. mgr. 4. gr., tvívegis í 5. gr., 3.–5. mgr. og tvívegis í 7. mgr. 7. gr., 1. mgr. 10. gr., 2. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 12. gr., 1. mgr., 2. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 13. gr., 1. mgr. og tvívegis í 5. mgr. 14. gr., 4. mgr. 16. gr., 1. og 3. mgr. 17. gr., 1. mgr. 17. gr. a, 3. og 4. mgr. 19. gr. og 2. og 7. mgr. 20. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXCII. KAFLI

Breyting á lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, nr. 71/1994, með síðari breytingum.

192. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. gr., 1. og 5. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CXCIII. KAFLI

Breyting á lögum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., nr. 72/1994.

193. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 6. gr. og 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXCIV. KAFLI

Breyting á lögum um söfnunarkassa, nr. 73/1994, með síðari breytingum.

194. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXCV. KAFLI

Breyting á lögum um alferðir, nr. 80/1994, með síðari breytingum.

195. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 16. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXCVI. KAFLI

Breyting á lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994.

196. gr.

a. Í stað orðsins „Forsætisráðuneytið“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. og 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXCVII. KAFLI

Breyting á lögum um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 88/1994.

197. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings um opna lofthelgi, nr. 90/1994.

198. gr.

Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXCIX. KAFLI

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

199. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 7. mgr. 20. gr., 2. mgr. 32. gr. og 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 1. mgr. 43. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með tekjuöflun ríkisins.

CC. KAFLI

Breyting á lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, nr. 103/1994, með síðari breytingum.

200. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ tvívegis í 6. gr. og 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCI. KAFLI

Breyting á lögum um neytendalán, nr. 121/1994, með síðari breytingum.

201. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 21.–23. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCII. KAFLI

Breyting á lögum um Lýðveldissjóð, nr. 125/1994.

202. gr.

Í stað orðsins „forsætisráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með málefni er varða stjórnskipan lýðveldisins Íslands.

CCIII. KAFLI

Breyting á lögum um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, nr. 128/1994.

203. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCIV. KAFLI

Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

204. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 107. gr. b og 1. mgr. 107. gr. h laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
c. 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 107. gr. b og 1. mgr. 107. gr. h laganna kemur: þann ráðherra er fer með skráningu félaga.
e. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 121. gr. laganna kemur: Þeim ráðherra er fer með skráningu félaga.

CCV. KAFLI

Breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum.

205. gr.

a. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 42. gr. og 4. mgr. 43. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytinu“ í 2. mgr. 43. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CCVI. KAFLI
Breyting á lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, með síðari breytingum.

206. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCVII. KAFLI
Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

207. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 133. gr. a og 1. mgr. 133. gr. g laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
c. 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 133. gr. a og 1. mgr. 133. gr. g laganna kemur: þann ráðherra er fer með skráningu félaga.
e. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 147. gr. laganna kemur: Þeim ráðherra er fer með skráningu félaga.

CCVIII. KAFLI
Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

208. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytis“ í a-lið 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni þjóðkirkjunnar.
b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 4. mgr. 13. gr. a laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni fatlaðs fólks.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með tekjuöflun ríkisins.
d. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: Ráðuneyti er fer með tekjuöflun ríkisins.
e. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 15. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCIX. KAFLI
Breyting á lögum um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, nr. 27/1995.

209. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 2. gr. og 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneyti“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „umhverfisráðuneyti“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með málefni landgræðslu.

CCX. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, nr. 51/1995, með síðari breytingum.

210. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXI. KAFLI

Breyting á lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, nr. 53/1995, með síðari breytingum.

211. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 2. og 3. mgr. 6. gr. og 10. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með sveitarstjórnarmál.
c. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytisins“ í 7. og 8. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXII. KAFLI

Breyting á lögum um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, með síðari breytingum.

212. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. gr., tvívegis í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni menningarminja.

CCXIII. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum.

213. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXIV. KAFLI

Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

214. gr.

a. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í lögum þessum nefndur ráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 19. gr. laganna kemur: Það ráðuneyti er fer með fræðslumál.

CCXV. KAFLI

Breyting á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum.

215. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 4. gr., 4. mgr. 5. gr., 9. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni lýðheilsu og forvarna.

CCXVI. KAFLI

Breyting á lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, með síðari breytingum.

216. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 27. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXVII. KAFLI

Breyting á lögum um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl., nr. 160/1995, með síðari breytingum.

217. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

218. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni mengunarvarna.

CCXIX. KAFLI

Breyting á lögum um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 14/1996, með síðari breytingum.

219. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXX. KAFLI

Breyting á lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, með síðari breytingum.

220. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. og 3. mgr. 5. gr., tvívegis í 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 10. gr., tvívegis í 14. gr., 19. gr., 2. og 3. mgr. 23. gr., 3. mgr. 25. gr., 29. gr., 30. gr. og 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „velferðar-, menntamála- og landbúnaðarráðherra“ í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: þeirra ráðherra er fara með málefni vinnumarkaðar, landbúnaðar og vísinda.
c. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni vinnumarkaðar.

CCXXI. KAFLI

Breyting á lögum um köfun, nr. 31/1996, með síðari breytingum.

221. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXII. KAFLI

Breyting á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum.

222. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 27. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXXIII. KAFLI

Breyting á upplýsingalögum, nr. 50/1996, með síðari breytingum.

223. gr.

Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 4. mgr. 12. gr., 1. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, með síðari breytingum.

224. gr.

a. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneyti“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með samgöngumál.
d. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins“ í 4. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
e. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytis“ í 18. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXXV. KAFLI

Breyting á lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996, með síðari breytingum.

225. gr.

a. 2. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Skulu tveir nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningum annars vegar þess ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins og hins vegar þess ráðherra er fer með skuldamál heimila, en þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

226. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 4. gr., tvívegis í 2. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr., tvívegis í 3. mgr. 9. gr., 2. mgr. 15. gr., 2. mgr. 22. gr., tvívegis í 2. mgr. 27. gr., 2. mgr. 42. gr. og 1. mgr. 51. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXVII. KAFLI

Breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

227. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 26. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

CCXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, með síðari breytingum.

228. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 10. gr., 22. gr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögunum kemur: Ráðherra.

CCXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, með síðari breytingum.

229. gr.

a. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 4. tölul. 13. gr. a, 4. tölul. 13. gr. b, 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. c og 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. d laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með fræðslumál.

CCXXX. KAFLI

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum.

230. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 7. mgr. 4. gr., 6. gr., 2. mgr. 7. gr., 3. og 4. mgr. 31. gr., tvívegis í 4. mgr. 33. gr., 1. og 3. mgr. 34. gr. og 1. og 5. mgr. 41. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 3. mgr. 33. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, nr. 2/1997, með síðari breytingum.

231. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 3. gr., 2. mgr. 4. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 3. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 20. gr. og 1. og 5. mgr. 27. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCXXXII. KAFLI

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

232. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, nr. 23/1997, með síðari breytingum.

233. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um uppgjör á vangoldnum söluskatti, launaskatti, tekjuskatti og eignarskatti, nr. 27/1997.

234. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um sjóvarnir, nr. 28/1997, með síðari breytingum.

235. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um helgidagafrið, nr. 32/1997, með síðari breytingum.

236. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um almenningsbókasöfn, nr. 36/1997.

237. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr. og 15. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um vörumerki, nr. 45/1997, með síðari breytingum.

238. gr.

Í stað orðsins „forsætisráðuneytis“ í 9. tölul. 1. mgr. 32. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni þjóðfána Íslands.

CCXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum.

239. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 6. gr., 16. gr. og ákvæði til bráðabirgða I í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með rannsókn á orsökum ofanflóðs og afleiðinga þess ef manntjón hlýst af því.
c. Í stað orðanna „innanríkisráðherra og umhverfisráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með almannavarnir og ráðherra er fer með málefni varna gegn ofanflóðum.
d. Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: Hlutaðeigandi ráðherra, sbr. 2. mgr.
e. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með sveitarstjórnarmál.
f. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytisins“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

g. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

CCXL. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, nr. 50/1997, með síðari breytingum.

240. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með málefni fjármálamarkaðar.

CCXLI. KAFLI

Breyting á lögum um öryggisþjónustu, nr. 58/1997, með síðari breytingum.

241. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytis“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXLII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., nr. 60/1997, með síðari breytingum.

242. gr.

a. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðanna „Sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherrar er fara með málefni sjávarútvegs og iðnaðar.
c. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni iðnaðar.
d. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs.
e. Í stað orðanna „Iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra“ í 3. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherrarnir.

CCXLIII. KAFLI

Breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

243. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Stjórnin skal þannig skipuð: einn án tilnefningar, einn samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, einn eftir tilnefningu þess ráðherra er fer með málefni nýsköpunar og þróunar í sjávarútvegi, einn eftir tilnefningu sama ráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi og einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands.
c. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni nýsköpunar og þróunar í sjávarútvegi.
d. 2. málsl. 4. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Þar af skal einn maður tilnefndur af stjórn Nýsköpunarsjóðs sitja í nefndinni og fulltrúi ráðherra ásamt fulltrúum þeirra ráðherra er fara með fjárreiður ríkisins, nýsköpun og þróun í sjávarútvegi og útflutningsverslun.
e. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.

CCXLIV. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, nr. 62/1997, með síðari breytingum.

244. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ tvívegis í 1. mgr. og 3. mgr. 1. gr. og 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

CCXLV. KAFLI

Breyting á lögræðislögum, nr. 71/1997, með síðari breytingum.

245. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í e-lið 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytis“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 5. mgr. 19. gr., 3. mgr. 25. gr., 3. mgr. 26. gr. og 4. mgr. 28. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með heilbrigðismál.

CCXLVI. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, með síðari breytingum.

246. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðuneytið“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CCXLVII. KAFLI

Breyting á lögum um samningsveð, nr. 75/1997, með síðari breytingum.

247. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 4. mgr. 48. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum.

248. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 4. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLIX. KAFLI

Breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, með síðari breytingum.

249. gr.

a. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 5. mgr. 10. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 5. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCL. KAFLI

Breyting á lögum um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997, með síðari breytingum.

250. gr.

Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 4. gr., tvívegis í 1. mgr. 5. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLI. KAFLI

Breyting á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum.

251. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. og 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCLII. KAFLI

Breyting á lögum um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, með síðari breytingum.

252. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í d-lið 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLIII. KAFLI

Breyting á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, með síðari breytingum.

253. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 5. gr., 7. gr., 1. mgr. 21. gr., 2. mgr. 24. gr., 1. og 5. mgr. 30. gr., 32. gr., tvívegis í 33. gr., 35. gr., 39. gr., 40.–42. gr., 1. mgr. 46. gr., 47. gr., tvívegis í 1. mgr. 48. gr., 50. gr. og 51. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: ráðherra og hlutaðeigandi ráðherra.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 3. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 4. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni er varða stjórnskipan lýðveldisins Íslands.
e. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 27. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
f. Í stað orðanna „viðkomandi ráðherra og fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 29. gr. laganna kemur: ráðherra og viðkomandi ráðherra.
g. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 40. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
h. Í stað orðanna „ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis“ í 47. gr. laganna kemur: ráðuneytisstjórinn.

CCLIV. KAFLI

Breyting á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

254. gr.

a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis“ tvívegis í 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ tvívegis í 4. gr., 2.–4. mgr. 5. gr., 8. gr., 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 10. gr., 1. og 4. mgr. 11. gr., 2.–4. mgr. 14. gr., 1. og 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti“ tvívegis í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

d. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni dýraverndar.

CCLV. KAFLI

Breyting á lögum um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997.

255. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. málsl. og 3. tölul. 2. gr., 2. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 5. gr. og 9. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLVI. KAFLI

Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

256. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 6. mgr. 8. gr., þrívegis í 10. gr., 1. mgr. 25. gr., 28. gr., 2. mgr. 47. gr. og 56. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 48. gr., 1. mgr. 52. gr., 53. gr. og 1. mgr. 54. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CCLVII. KAFLI

Breyting á lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, með síðari breytingum.

257. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

258. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 21. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með sveitarstjórnarmál.

CCLIX. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

259. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 3. mgr. 93. gr. og 3. mgr. 98. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCLX. KAFLI

Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

260. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ tvívegis í 1. mgr. 9. gr., 3. mgr. 11. gr., 2. og 3. mgr. 12. gr., 1. og 2. mgr. 15. gr., 1. mgr. 31. gr. og 2. mgr. 32. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ tvívegis í 1. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

CCLXI. KAFLI

Breyting á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998, með síðari breytingum.

261. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ tvívegis í 2. gr. og 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 2. mgr. 6. gr. a laganna kemur: ráðuneytisins.

CCLXII. KAFLI

Breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

262. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXIII. KAFLI

Breyting á lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998, með síðari breytingum.

263. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytinu“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 6. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCLXIV. KAFLI

Breyting á lögum um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, með síðari breytingum.

264. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytisins“ í 4. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytið“ í 6. tölul. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 3. mgr. 19. gr. og 25. gr. laganna kemur: ráðherra.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 5. mgr. 23. gr. og 6. mgr. 23. gr. a laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

CCLXV. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, nr. 38/1998, með síðari breytingum.

265. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í d-lið 2. gr. og 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCLXVI. KAFLI

Breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

266. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 2. gr., 1. mgr. 30. gr. og 6. mgr. 47. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með fjárreiður ríkisins.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 43. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.

CCLXVII. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

267. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni hugverkaréttar.

CCLXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins, nr. 46/1998.

268. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ tvívegis í 4. gr., 1. mgr. 8. gr. og 9. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXIX. KAFLI

Breyting á lögum um sjávarafurðir, nr. 55/1998, með síðari breytingum.

269. gr.

a. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis“ í 5. mgr. 14. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 3. mgr. 31. gr. a laganna kemur: Ráðherra.

CCLXX. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, með síðari breytingum.

270. gr.

a. 5. mgr. 3. gr. a laganna orðast svo:
   Sá ráðherra er fer með samningagerð á því sviði skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 3. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 6. gr., 19. gr., 21. gr., 28. gr., tvívegis í 1. mgr. 29. gr., 1. mgr. 31. gr., 1.–3. mgr. 33. gr. og 1. og 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytis“ í 4. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni náttúruverndar.
d. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. og 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni náttúruverndar.

CCLXXI. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

271. gr.

a. 2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.
b. Orðið „forsætisráðherra“ í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr., fjórum sinnum í 4. mgr. og 5. mgr.

3. gr., 2. málsl. og tvívegis í 3. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr., 2. og 5. mgr. 6. gr. og 21. gr. laganna kemur: ráðherra.

c. 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Á vegum ráðherra skal starfa samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna er í eiga sæti fulltrúi ráðherra, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, fulltrúar þeirra ráðherra er fara með skipulagsmál, sveitarstjórnarmál, málefni iðnaðar og málefni landbúnaðar og tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

d. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 10. gr. og ákvæði til bráðabirgða II í lögunum kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

e. Í stað orðanna „Fjármálaráðherra skal fara“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: Hlutaðeigandi ráðherra fer.

CCLXXII. KAFLI
Breyting á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

272. gr.

Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 3. mgr. 78. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með varnarmál.

CCLXXIII. KAFLI
Breyting á íþróttalögum, nr. 64/1998.

273. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 1. og 4. mgr. 8. gr. og 13.–15. gr. laganna kemur: ráðherra.

c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CCLXXIV. KAFLI
Breyting á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

274. gr.

a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 6. gr., 1. mgr. 10. gr., 13. gr. og 17. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðanna „landbúnaðar- og fjármálaráðuneyti“ í 5. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytið og ráðuneyti er fer með málefni starfsmanna ríkisins.

c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni starfsmanna ríkisins.

CCLXXV. KAFLI
Breyting á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

275. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. tölul. 1. gr., tvívegis í 1. mgr. og 3. mgr. 3. gr., 4. gr., 1. mgr. 7. gr., 14. gr., 1. og 3. mgr. 16. gr. og 19. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXXVI. KAFLI

Breyting á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

276. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 5. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCLXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um lögmenn, nr. 77/1998, með síðari breytingum.

277. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCLXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum.

278. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og tvívegis í 16. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um bindandi álit í skattamálum, nr. 91/1998, með síðari breytingum.

279. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXXX. KAFLI

Breyting á lögum um vegabréf, nr. 136/1998, með síðari breytingum.

280. gr.

a. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
   Hlutaðeigandi ráðherra gefur út diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf samkvæmt reglum sem sami ráðherra setur.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCLXXXI. KAFLI

Breyting á leiklistarlögum, nr. 138/1998, með síðari breytingum.

281. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 16. gr., 17. gr. og 19. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCLXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139/1998, með síðari breytingum.

282. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög, nr. 153/1998, með síðari breytingum.

283. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðuneytinu“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCLXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998, með síðari breytingum.

284. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ tvívegis í 3. gr. og 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum.

285. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 2. gr., 5. mgr. 5. gr. og tvívegis í 7. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.

CCLXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um opinberar eftirlitsreglur, nr. 27/1999.

286. gr.

a. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 3. mgr. 3. gr., 1. og 4. mgr. 6. gr., 7. gr. og 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „forsætisráðuneyti“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „Forsætisráðuneyti“ í 5. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
d. Í stað orðanna „forsætisráðherra og annarra ráðherra“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999, með síðari breytingum.

287. gr.

a. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. og 44. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
c. 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.
d. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: Þeim ráðherra er fer með skráningu félaga.

CCLXXXVIII. KAFLI
Breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum.

288. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytinu“ í 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 2. mgr. 5. gr. og 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneyti“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðanna „menntamálaráðherra, fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherrar er fara með málefni kvikmynda og fjárreiður ríkisins.

CCLXXXIX. KAFLI
Breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

289. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. og fyrirsögn 4. gr., b- og j-lið 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. og 3. mgr. 10. gr., 4. mgr. 11. gr., 5. mgr. 16. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 19. gr., 26.–28. gr., 2. og 3. mgr. 29. gr., 30. gr., 1. mgr. 31. gr., 3. mgr. 32. gr., 1. og 2. mgr. 39. gr., 1. mgr. 40. gr., 2. mgr. 43. gr., 3. mgr. 44. gr., 1. mgr. 51. gr., 4. mgr. 52. gr., 1. mgr. 53. gr., 1. mgr. 54. gr., 1. mgr. 55. gr., 2. mgr. 58. gr., 1. mgr. 59. gr., 3. mgr. 60. gr., 1. mgr. 62. gr., 64. gr., 1. mgr. 65. gr., 1. mgr. 67. gr., 3. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 74. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 39. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.
c. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytis“ í 1. mgr. 40. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með jarðrænar auðlindir.
d. Í stað orðsins „Umhverfisráðuneytið“ í 2. mgr. 40. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
e. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með jarðrænar auðlindir.
f. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 54. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs.

CCXC. KAFLI
Breyting á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

290. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. gr., 5. gr., 14. gr., 3. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 23. gr., 1. mgr. 25. gr., 3. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 31. gr., 32. gr., 1. og 2. mgr. 35. gr., 1. og 2. mgr. 37. gr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 18. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. tölul. 1. mgr. 23. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 3. mgr. 27. gr. og 4. mgr. 34. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
e. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 5. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni fiskeldis, fiskræktar og skeldýraræktar.

f. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 6. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með sveitarstjórnarmál.

CCXCI. KAFLI

Breyting á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum.

291. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ þrívegis í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXCII. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

292. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. og 3. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með lífeyrismál.

CCXCIII. KAFLI

Breyting á lögum um Byggðastofnun, nr. 106/1999, með síðari breytingum.

293. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 1. gr., tvívegis í 2. mgr. 3. gr., 11. tölul. 4. gr., 5. gr., 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 7. gr., 1. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXCIV. KAFLI

Breyting á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999, með síðari breytingum.

294. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 4. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXCV. KAFLI

Breyting á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

295. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 5. mgr. 10. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með fjárreiður ríkisins.
c. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneyti“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: Því ráðuneyti er fer með fjárreiður ríkisins.

CCXCVI. KAFLI

Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum.

296. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXCVII. KAFLI

Breyting á lögum um vitamál, nr. 132/1999, með síðari breytingum.

297. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16/2000, með síðari breytingum.

298. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í c-lið 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCXCIX. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, nr. 17/2000, með síðari breytingum.

299. gr.

a. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðanna „innanríkisráðherra og utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þá ráðherra er fara með málefni almannaöryggis og málefni varnarsvæða.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 5. mgr. 3. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
d. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni varnarsvæða.

CCC. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

300. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 46. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytinu“ í 2. mgr. 49. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis.
d. 59. gr. laganna orðast svo:

Erlendis skal atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fara fram í skrifstofu sendiráðs eða fastanefndar hjá alþjóðastofnun, í sendiræðisskrifstofu eða í skrifstofu kjörræðismanns samkvæmt nánari ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis. Sama ráðuneyti getur og ákveðið að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum erlendis.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu erlendis eru forstöðumenn sendiráða og fastanefnda, sendiræðismenn, aðrir sendierindrekar eftir ákvörðun viðkomandi forstöðumanns, svo og aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiræðisskrifstofa eftir ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis, sbr. 1. mgr., kjörræðismenn samkvæmt nánari ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis, sbr. 1. mgr., svo og sérstakir kjörstjórar tilnefndir af hlutaðeigandi ráðuneyti, sbr. 1. mgr.

Hlutaðeigandi ráðuneyti, sbr. 1. mgr., auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram erlendis.

CCCI. KAFLI

Breyting á lögum um veiðieftirlitsgjald, nr. 33/2000.

301. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCII. KAFLI

Breyting á lögum um þjónustukaup, nr. 42/2000, með síðari breytingum.

302. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. og 4. mgr. 40. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCIII. KAFLI

Breyting á lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, með síðari breytingum.

303. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 20. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCIV. KAFLI

Breyting á lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, með síðari breytingum.

304. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. og 4. mgr. 99. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCV. KAFLI

Breyting á útvarpslögum, nr. 53/2000, með síðari breytingum.

305. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 34. gr. og 35. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCVI. KAFLI

Breyting á lögum um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, nr. 57/2000.

306. gr.

a. Í stað orðsins „Utanríkisráðuneytið“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í fyrirsögn 4. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytis“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
e. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCVII. KAFLI

Breyting á lögum um yrkisrétt, nr. 58/2000, með síðari breytingum.

307. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr., 5. mgr. 11. gr., 3. mgr. 12. gr., b-lið 4. tölul. 2. mgr. 14. gr., 2.–4. mgr. 18. gr. a, 1. mgr. 22. gr. og 27. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum.

308. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCIX. KAFLI

Breyting á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum.

309. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCX. KAFLI

Breyting á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

310. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 4. gr., 1. mgr. 13. gr. a og 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytinu“ í 2. mgr. 33. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 39. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með samgöngumál.

CCCXI. KAFLI

Breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, með síðari breytingum.

311. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXII. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, nr. 85/2000.

312. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. og 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. og 4. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs.

CCCXIII. KAFLI

Breyting á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.

313. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 4. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.
c. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 15. gr. a laganna kemur: Ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

CCCXIV. KAFLI

Breyting á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum.

314. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 7. gr., 4. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr.,

2. mgr. 16. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra varnarmála.

CCCXV. KAFLI

Breyting á lögum um starfsréttindi tannsmiða, nr. 109/2000, með síðari breytingum.

315. gr.

a. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með heilbrigðismál.

CCCXVI. KAFLI

Breyting á lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, með síðari breytingum.

316. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXVII. KAFLI

Breyting á lögum um dómtúlka og skjalaþýðendur, nr. 148/2000, með síðari breytingum.

317. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Námsmatsstofnun, nr. 168/2000.

318. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., 3. mgr. 2. gr., 3. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCCXIX. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

319. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

b. Í stað orðsins „velferðarráðuneytis“ í 8. mgr. 19. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með húsnæðismál.

CCCXX. KAFLI

Breyting á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, með síðari breytingum.

320. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 3. gr., 3. mgr. 6. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 8. gr. a, 1. mgr. 8. gr. b, tvívegis í 8. mgr. 10. gr., 3. mgr. 11. gr., tvívegis í 23. gr., 1. og 2. mgr. 24. gr., 27. gr. og 31. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðanna „sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis“ í 2. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: þeirra ráðuneyta er fara með málefni náttúruverndar sem og rannsóknir, verndun og nýtingu hafsbotnsins.

c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. a laganna kemur: þann ráðherra er fer með skráningu félaga.

d. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytis“ í 6. mgr. 26. gr. a laganna kemur: ráðuneytisins.

CCCXXI. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, nr. 25/2001.

321. gr.

a. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 4. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCCXXII. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd samnings um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra, nr. 26/2001.

322. gr.

a. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCCXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, með síðari breytingum.

323. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., a-lið 1. mgr. 9. gr. og 16. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, með síðari breytingum.

324. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 22. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXV. KAFLI

Breyting á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

325. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 15. gr. og ákvæði til bráðabirgða XI í lögunum kemur: ráðherra.

CCCXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, nr. 43/2001, með síðari breytingum.

326. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um hönnun, nr. 46/2001, með síðari breytingum.

327. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneyti“ í 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, með síðari breytingum.

328. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. gr. og 1. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum.

329. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 13. tölul. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með fræðslumál.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 13. tölul. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: Það ráðuneyti er fer með fræðslumál.

CCCXXX. KAFLI

Breyting á lögum um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001.

330. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 1. mgr. 1. gr., 4. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 2. og 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 6. gr., 3. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 12. gr., 15. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. tölul. 7. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 17. gr., c-lið 1. mgr. 20. gr. og 21.–23. gr. laganna kemur: ráðherra.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
e. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
f. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 2. mgr. 9. gr., 15. gr., 2. mgr. 17. gr. og 19. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCCXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um erfðaefnisskrá lögreglu, nr. 88/2001, með síðari breytingum.

331. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í a-lið 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um húsafriðun, nr. 104/2001.

332. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. og 3. mgr. 3. gr., 1. mgr. 5. gr., 4. mgr. 8. gr., 10. gr., 11. gr., 13. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 105/2001.

333. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 4. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. og tvívegis í 7. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXXIV. KAFLI

Breyting á safnalögum, nr. 106/2001, með síðari breytingum.

334. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 2. gr., 6., 7. og 9. gr., 1. mgr. 10. gr. og 12. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti“ í 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið og það ráðuneyti er fer með eignir ríkisins.

CCCXXXV. KAFLI

Breyting á þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

335. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 6. gr., tvívegis í 2. mgr. og 4. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 19. gr. og þrívegis í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 134/2001, með síðari breytingum.

336. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXXVII. KAFLI

Breyting á girðingarlögum, nr. 135/2001.

337. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXXXVIII. KAFLI

Breyting á kvikmyndalögum, nr. 137/2001, með síðari breytingum.

338. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1.–3. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr., 5. gr., 2. mgr. 7. gr., 9. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., tvívegis í 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 12. gr. og 13. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneyti“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með málefni iðnaðar.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðuneyti“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneyti er fer með útflutningsverslun.

CCCXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 139/2001, með síðari breytingum.

339. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXL. KAFLI

Breyting á lögum um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, nr. 141/2001, með síðari breytingum.

340. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CCCXLI. KAFLI

Breyting á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, með síðari breytingum.

341. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni lýðheilsu og forvarna.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 11. mgr. 8. gr. og 6. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni mengunarvarna.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 6. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með framkvæmd löggjafar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 8. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með íþróttamál.
e. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Það ráðuneyti er fer með fræðslumál.

CCCXLII. KAFLI

Breyting á lögum um póstþjónustu, nr. 19/2002, með síðari breytingum.

342. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXLIII. KAFLI

Breyting á lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, með síðari breytingum.

343. gr.

a. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytið“ tvívegis í 20. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCCXLIV. KAFLI

Breyting á lögum um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar, nr. 38/2002.

344. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXLV. KAFLI

Breyting á lögum um geislavarnir, nr. 44/2002, með síðari breytingum.

345. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXLVI. KAFLI

Breyting á lögum um útflutning hrossa, nr. 55/2002, með síðari breytingum.

346. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 4. gr. og 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXLVII. KAFLI

Breyting á lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002, með síðari breytingum.

347. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með lífeyrismál.

CCCXLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002, með síðari breytingum.

348. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXLIX. KAFLI

Breyting á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, með síðari breytingum.

349. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. gr., 1. mgr. 6. gr., 3. mgr. 17. gr., 2. mgr. 20. gr. og 21. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytinu“ í 16. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CCCL. KAFLI

Breyting á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

350. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðuneytið“ í 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCCLI. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast skuldabréf vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf., nr. 87/2002.

351. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ tvívegis í 1. gr. og heiti laganna kemur: ráðherra.

CCCLII. KAFLI

Breyting á lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002.

352. gr.

Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLIII. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, með síðari breytingum.

353. gr.

Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. gr., 2. mgr. 8. gr., 10. gr. og 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLIV. KAFLI

Breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.

354. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLV. KAFLI

Breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum.

355. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 20. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni persónuréttinda.

CCCLVI. KAFLI

Breyting á lögum um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, með síðari breytingum.

356. gr.

a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 13. gr., 15. gr. og 1. málsl. 17. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti“ í 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCCLVII. KAFLI

Breyting á lögum um skipamælingar, nr. 146/2002, með síðari breytingum.

357. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um félagamerki, nr. 155/2002, með síðari breytingum.

358. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneyti“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLIX. KAFLI

Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

359. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 19. gr. a og 2. mgr. 53. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ tvívegis í 3. mgr. 106. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með sveitarstjórnarmál.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr. 106. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með fræðslumál.

CCCLX. KAFLI

Breyting á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

360. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 6. gr., 11. mgr. 7. gr. a, 3. mgr. 8. gr., 10. gr. a, 14. gr., tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 16. gr., 1. og 4. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

CCCLXI. KAFLI

Breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003, með síðari breytingum.

361. gr.

a. Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í d-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni vísinda.
c. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í e-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni atvinnuþróunar og nýsköpunar.
d. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í f-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs.
e. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í g-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.
f. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í h-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með heilbrigðismál.
g. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í i-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með umhverfisrannsóknir.
h. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

   Auk framangreindra skulu ráðherra, sem jafnframt er formaður ráðsins, ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins, ráðherra er fer með málefni vísinda og ráðherra er fer með málefni atvinnuþróunar og nýsköpunar eiga föst sæti í ráðinu. Enn fremur er ráðherra heimilt að kveðja allt að fjóra ráðherra til setu í ráðinu.
i. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni vísinda.
j. Í stað orðanna „Ráðherra skipar“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Skipar hann.
k. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með málefni atvinnuþróunar og nýsköpunar.
l. 5. gr. laganna orðast svo:

Með reglugerð geta hlutaðeigandi ráðherrar mælt nánar fyrir um starfsemi Vísinda- og tækniráðs, starfsemi vísindanefndar og starfsemi tækninefndar.

CCCLXII. KAFLI

Breyting á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003.

362. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 6. gr., 9. gr., 1. málsl. og 1., 3. og 10. tölul. 10. gr. og tvívegis í 11. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. tölul. 10. gr. laganna kemur: ráðherra sem fer með málefni atvinnuþróunar og nýsköpunar.

CCCLXIII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, nr. 12/2003, með síðari breytingum.

363. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 3. mgr. 1. gr. og 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

CCCLXIV. KAFLI

Breyting á lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003.

364. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 1. gr., 3. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr. og 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXV. KAFLI

Breyting á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003, með síðari breytingum.

365. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 67. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXVI. KAFLI

Breyting á lögum um staðla og Staðlaráð Íslands, nr. 36/2003.

366. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXVII. KAFLI

Breyting á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, með síðari breytingum.

367. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, nr. 43/2003, með síðari breytingum.

368. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneyti“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXIX. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, með síðari breytingum.

369. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXX. KAFLI

Breyting á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

370. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 20. gr., 2. mgr. 22. gr., 4. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr., 3. mgr. 27. gr. og 5. mgr. 37. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 37. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni varnarsvæða.

CCCLXXI. KAFLI

Breyting á hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum.

371. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXII. KAFLI

Breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

372. gr.

a. Í stað orðsins „Iðnaðarráðuneytið“ í 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 30. gr., tvívegis í 2. mgr. 31. gr. og 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um húsnæðissamvinnufélög, nr. 66/2003, með síðari breytingum.

373. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðuneytinu“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 29. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, með síðari breytingum.

374. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXXV. KAFLI

Breyting á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.

375. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um námsstyrki, nr. 79/2003.

376. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ tvívegis í 5. gr., 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 5. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með fjárreiður ríkisins.

CCCLXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.

377. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nr. 83/2003, með síðari breytingum.

378. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um Íslenskar orkurannsóknir, nr. 86/2003.

379. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXXX. KAFLI

Breyting á lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003.

380. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. gr. og 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, með síðari breytingum.

381. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

382. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 2. gr., 8. tölul. 3. gr., 6. mgr. 17. gr., 3. og 10. tölul. 28. gr., 1. tölul. A-liðar og 10. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., 2. og 9. tölul. og 4. mgr. 9. tölul. a 31. gr., 6. mgr. 55. gr., 1. mgr. 58. gr., 3. mgr. 65. gr., 5. tölul. 1. mgr. 66. gr., 1. mgr. A-liðar 67. gr., 3. mgr. 69. gr., 4. mgr. 70. gr. a, 84. gr., 85. gr., 1. mgr. 93. gr., 1. mgr. og fyrirsögn 106. gr., 107. gr., 2.–4. mgr. 111. gr., 1. mgr. 112. gr., 1. mgr., tvívegis í 3. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 113. gr., 7. mgr. 116. gr., 118. gr., 3. mgr. 119. gr., 120. gr., 1. mgr. 121. gr., 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XIX og 1. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXVII í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 3. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni happdrætta.
c. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 7. mgr. 57. gr. a laganna kemur: Ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 107. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCCLXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, nr. 141/2003.

383. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004.

384. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 20. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um Evrópufélög, nr. 26/2004.

385. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Þeim ráðherra er fer með skráningu félaga.

CCCLXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004, með síðari breytingum.

386. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 12. gr., 2. mgr. 72. gr., 3. mgr. 113. gr., 119. gr., 3. mgr. 140. gr. og 1. og 3. mgr. 141. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, með síðari breytingum.

387. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 6. gr. og 1. og 3. mgr. 28. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 5. mgr. 4. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
c. Í stað orðanna „innanríkisráðherra, sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með samgöngumál og þann ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs.

CCCLXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, með síðari breytingum.

388. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum, nr. 47/2004, með síðari breytingum.

389. gr.

a. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „Forsætisráðuneytið“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CCCXC. KAFLI
Breyting á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, með síðari breytingum.
390. gr.
Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXCI. KAFLI
Breyting á lögum um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004.
391. gr.
Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. og tvívegis í 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXCII. KAFLI
Breyting á lögum um tónlistarsjóð, nr. 76/2004.
392. gr.
a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 3. og 4. mgr. 1. gr., 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCCXCIII. KAFLI
Breyting á ábúðarlögum, nr. 80/2004.
393. gr.
Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 14. mgr. 2. gr., 3. gr., 39. gr., 2. mgr. 44. gr. og 48. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXCIV. KAFLI
Breyting á jarðalögum, nr. 81/2004, með síðari breytingum.
394. gr.
a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytisins“ tvívegis í 16. mgr. 2. gr., 24. gr. og 53. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 25. mgr. 2. gr., 4. gr., tvívegis í 1. mgr. og 3. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 13. gr., 14. gr., tvívegis í 1. mgr. og 3. mgr. 15. gr., 16. gr., tvívegis í 20. gr., 21. gr., 1.–4. mgr. 23. gr., 24. gr., 3. mgr. 26. gr., 40. gr., 2. mgr. 41. gr., 51. gr., 52. gr. og 55. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytinu“ í 2. mgr. 6. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., 3. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ tvívegis í 1. mgr. 11. gr., 19. gr., tvívegis í 1. mgr. 26. gr., 33. gr., 37. gr. og 2. mgr. 39. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCCXCV. KAFLI
Breyting á lögum um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum.
395. gr.
a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 5. mgr. 4. gr., 1. og 4. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með samgöngumál.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytinu“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með málefni sendiráða og ræðisskrifstofa erlendra ríkja á Íslandi.

CCCXCVI. KAFLI
Breyting á lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 97/2004.
396. gr.

Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. mgr. 3. gr., 2. mgr. 4. gr., 6. gr., 1. mgr. 7. gr. og 1. og 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXCVII. KAFLI
Breyting á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004.
397. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXCVIII. KAFLI
Breyting á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum.
398. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr., fyrirsögn 23. gr. og 1. málsl. 26. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytis“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCCXCIX. KAFLI
Breyting á lögum um veðurþjónustu, nr. 142/2004.
399. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CD. KAFLI
Breyting á lögum um greiðslur yfir landamæri í evrum, nr. 146/2004, með síðari breytingum.
400. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDI. KAFLI
Breyting á lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, með síðari breytingum.
401. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CDII. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa, nr. 24/2005, með síðari breytingum.

402. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDIII. KAFLI

Breyting á lögum um miðlun vátrygginga, nr. 32/2005, með síðari breytingum.

403. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 4. mgr. 17. gr., 1. mgr. 18. gr., 2. mgr. 22. gr., 29. gr., 2. mgr. 44. gr., 50. gr. og 58. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDIV. KAFLI

Breyting á lögum um happdrætti, nr. 38/2005, með síðari breytingum.

404. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytis“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CDV. KAFLI

Breyting á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

405. gr.

a. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 35. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 32. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.

CDVI. KAFLI

Breyting á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005, með síðari breytingum.

406. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „velferðarráðuneytið“ í 22. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með heilbrigðismál.

CDVII. KAFLI

Breyting á lögum um skattskyldu orkufyrirtækja, nr. 50/2005.

407. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDVIII. KAFLI

Breyting á lögum um gæðamat á æðardúni, nr. 52/2005.

408. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarráðuneytið“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CDIX. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, með síðari breytingum.

409. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDX. KAFLI

Breyting á lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005, með síðari breytingum.

410. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXI. KAFLI

Breyting á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005, með síðari breytingum.

411. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 17. gr. og 5. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXII. KAFLI

Breyting á lögum um uppboðsmarkaði sjávarafla, nr. 79/2005.

412. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXIII. KAFLI

Breyting á lögum um Matvælastofnun, nr. 80/2005, með síðari breytingum.

413. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. gr., c- og g-lið 2. gr., 3. gr., 1. og 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXIV. KAFLI

Breyting á lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, nr. 85/2005, með síðari breytingum.

414. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. og 3. mgr. 3. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytið“ í 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með jarðrænar auðlindir.

CDXV. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

415. gr.

a. 13. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr., 5. mgr. og fyrra sinni í 6. mgr. 3. tölul. 1. mgr. 7. gr., 1. málsl. 3. mgr., 4. mgr. og fyrirsögn 12. gr. og 2. mgr. 138. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.

c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ síðara sinni í 6. mgr. 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 3. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðherrans.
d. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: Ráðherranum.
e. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 5. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: Ráðherrann.
f. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1., 2. og 7. mgr. og fyrirsögn 13. gr., 1. mgr. 38. gr., 4. tölul. 40. gr., 42. gr., 2. mgr. 147. gr. og 153. gr. laganna kemur: ráðherra.
g. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 42. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni sýslumanna.
h. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 137. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
i. 2. málsl. 1. mgr. 145. gr. laganna orðast svo: Við setningu upprunareglna skal samráð eftir atvikum haft við ráðuneyti er fara með almenn viðskiptamál, málefni sjávarútvegs, málefni landbúnaðar og útflutning.
j. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 151. gr. og 153. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni lögreglu og löggæslu.
k. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 6. mgr. 185. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með meðferð ákæruvalds.

CDXVI. KAFLI
Breyting á lögum um fjarskiptasjóð, nr. 132/2005, með síðari breytingum.

416. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXVII. KAFLI
Breyting á lögum um starfsmannaleigur, nr. 139/2005, með síðari breytingum.

417. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðuneytis“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXVIII. KAFLI
Breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum.

418. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXIX. KAFLI
Breyting á vatnalögum, nr. 20/2006, með síðari breytingum.

419. gr.

a. 5. mgr. 9. gr. a laganna orðast svo:
Sá ráðherra er fer með samningagerð á því sviði skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 3. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 4. mgr. 15. gr., 4. mgr. 29. gr., 1. og 2. mgr. 34. gr., 5. mgr. 35. gr. og 40. gr. laganna kemur: ráðherra.

c. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytið“ í 5. mgr. 35. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með málefni skipulagsmála.

CDXX. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006, með síðari breytingum.

420. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

CDXXI. KAFLI

Breyting á lögum um upplýsingarétt um umhverfismál, nr. 23/2006.

421. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 10. gr. og 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXII. KAFLI

Breyting á lögum um faggildingu o.fl., nr. 24/2006, með síðari breytingum.

422. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, nr. 25/2006, með síðari breytingum.

423. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með eignir ríkisins.
c. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með eignir ríkisins.

CDXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, nr. 40/2006.

424. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. gr., 1. og 4. mgr. 4. gr., tvívegis í 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 8. gr., tvívegis í 1. mgr. og þrívegis í 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXXV. KAFLI

Breyting á lögum um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum.

425. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneyti er fer með starfsmannamál ríkisins.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 4. gr. og 11. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins.

CDXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 52/2006, með síðari breytingum.

426. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, nr. 53/2006, með síðari breytingum.

427. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, með síðari breytingum.

428. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í b-lið 3. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með starfsmannamál ríkisins.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.
e. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 16. gr., 1. mgr., tvívegis í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 19. gr., 1. mgr. 24. gr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: hlutaðeigandi ráðherra, sbr. b-lið 3. gr.
f. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 39. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

CDXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006, með síðari breytingum.

429. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 3. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með starfsmannamál ríkisins.
c. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með fræðslumál.

CDXXX. KAFLI

Breyting á lögum um fiskrækt, nr. 58/2006, með síðari breytingum.

430. gr.

Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. og 13. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um Veiðimálastofnun, nr. 59/2006, með síðari breytingum.

431. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn fisksjúkdómum, nr. 60/2006, með síðari breytingum.

432. gr.

Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. og tvívegis í 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum.

433. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni sjávarútvegs.
b. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 44. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006.

434. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um háskóla, nr. 63/2006.

435. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 1. gr., 3. mgr. 19. gr., 1. mgr. 21. gr. og 26. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1., 2., 3., 5., 6. og 9. mgr. 3. gr., 4. gr., 5. gr., tvívegis í 4. mgr. 7. gr., 2. mgr. 11. gr., tvívegis í 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. og 5. mgr. 20. gr., 1. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 22. gr. og tvívegis í 26. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 7. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í a-lið 2. mgr. 21. gr. og 24. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CDXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, með síðari breytingum.

436. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 19. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni lögreglu og löggæslu.
b. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. málsl. 28. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun Matvælarannsókna hf., nr. 68/2006.

437. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006, með síðari breytingum.

438. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um evrópsk samvinnufélög, nr. 92/2006.

439. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með skráningu félaga.

CDXL. KAFLI

Breyting á lögum um landshlutaverkefni í skógrækt, nr. 95/2006.

440. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 3. mgr. 3. gr., 2. mgr. 4. gr., 1. og 3. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CDXLI. KAFLI

Breyting á lögum um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006, með síðari breytingum.

441. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXLII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, nr. 102/2006, með síðari breytingum.

442. gr.

a. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með eignir ríkisins.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXLIII. KAFLI

Breyting á lögum um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006, með síðari breytingum.

443. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytinu“ í 1. tölul. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CDXLIV. KAFLI

Breyting á lögum um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006.

444. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. mgr. 3. gr., 1. mgr. og b-lið 2. mgr. 4. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

CDXLV. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum.

445. gr.

a. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 8. mgr. 10. gr. og 24. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 19. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
d. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum kemur: Ráðherra.

CDXLVI. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 150/2006, með síðari breytingum.

446. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum kemur: ráðherra.

CDXLVII. KAFLI

Breyting á lögum um ættleiðingarstyrki, nr. 152/2006, með síðari breytingum.

447. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum.

448. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með sveitarstjórnarmál.

CDXLIX. KAFLI

Breyting á lögum um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, nr. 162/2006, með síðari breytingum.

449. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytis“ í 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CDL. KAFLI

Breyting á lögum um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, nr. 176/2006, með síðari breytingum.

450. gr.

a. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með umbreytingu varnarsvæða í borgaraleg not.

b. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með samgöngumál.
d. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með eignir ríkisins.

CDLI. KAFLI

Breyting á lögum um Ríkisútvarpið ohf., nr. 6/2007, með síðari breytingum.

451. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með eignir ríkisins.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í fyrirsögn 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLII. KAFLI

Breyting á lögum um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, nr. 26/2007.

452. gr.

Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. og 3. mgr. 1. gr. og 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLIII. KAFLI

Breyting á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, með síðari breytingum.

453. gr.

a. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með fræðslumál.
b. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðuneytið“ í 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: Það ráðuneyti er fer með fræðslumál.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLIV. KAFLI

Breyting á lögum um Náttúruminjasafn Íslands, nr. 35/2007.

454. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 4. gr., 1. mgr. 5. gr., 6. gr. og 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLV. KAFLI

Breyting á lögum um íslenska alþjóðlega skipaskrá, nr. 38/2007, með síðari breytingum.

455. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLVI. KAFLI

Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum.

456. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins.

CDLVII. KAFLI

Breyting á lögum um landlækni, nr. 41/2007, með síðari breytingum.

457. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Heyrnar- og talmeinastöð, nr. 42/2007, með síðari breytingum.

458. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLIX. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45/2007, með síðari breytingum.

459. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLX. KAFLI

Breyting á lögum um sameignarfélög, nr. 50/2007, með síðari breytingum.

460. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXI. KAFLI

Breyting á lögum um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, nr. 56/2007, með síðari breytingum.

461. gr.

a. Í stað orðsins „Viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með almenn viðskiptamál.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXII. KAFLI

Breyting á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007.

462. gr.

Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 3. gr., tvívegis í 4. gr., 1. mgr. 7. gr., þrívegis í 5. mgr. og 6. mgr. 12. gr., 1. mgr. 19. gr. og 21. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLXIII. KAFLI

Breyting á lögum um losun gróðurhúsalofttegunda, nr. 65/2007.

463. gr.

a. Í stað orðsins „Umhverfisráðuneyti“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

   Þriggja manna úthlutunarnefnd losunarheimilda, skipuð af ráðherra samkvæmt tilnefningu ráðuneytisins, þess ráðuneytis er fer með málefni iðnaðar og þess ráðuneytis er fer með fjárreiður ríkisins, úthlutar losunarheimildum til atvinnurekstrar sem fellur undir gildissvið laganna á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Fulltrúi þess ráðuneytis er fer með málefni iðnaðar skal vera formaður úthlutunarnefndar losunarheimilda.
c. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 3. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXIV. KAFLI

Breyting á æskulýðslögum, nr. 70/2007.

464. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXV. KAFLI

Breyting á lögum um námsgögn, nr. 71/2007.

465. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 4. gr., þrívegis í 1. mgr. 5. gr., tvívegis í 2. mgr. og 3. mgr. 6. gr., tvívegis í 2. mgr. og 4. mgr. 7. gr. og 9. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 5. mgr. 6. gr. og 8. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CDLXVI. KAFLI

Breyting á lögum um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl., nr. 72/2007.

466. gr.

Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 1. og 2. mgr. 3. gr. og 10. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXVII. KAFLI

Breyting á lögum um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu, nr. 73/2007.

467. gr.

a. Í stað orðsins „Utanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 2. gr. og 11. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr., 3. gr., 3. mgr. 6. gr., 11. gr. og 14. gr. laganna kemur: ráðherra.
d. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

e. Í stað orðsins „utanríkisráðuneyti“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
f. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 11. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins.

CDLXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr. 75/2007, með síðari breytingum.

468. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. gr., 6. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. og 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með fræðslumál.
c. Í stað orðanna „einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: einn sem tilnefndur er sameiginlega af þeim ráðherrum er fara með málefni sjávarútvegs og málefni landbúnaðar.

CDLXIX. KAFLI

Breyting á lögum um starfstengda eftirlaunasjóði, nr. 78/2007.

469. gr.

a. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 11. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXX. KAFLI

Breyting á vegalögum, nr. 80/2007, með síðari breytingum.

470. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXI. KAFLI

Breyting á lögum um opinber innkaup, nr. 84/2007.

471. gr.

a. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 5. mgr. 47. gr. og 82. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 82. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 83. gr., 84. gr., 2. og 3. mgr. 85. gr., 88. gr., 89. gr. og 104. gr. laganna kemur: ráðherra.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 85. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
e. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 4. mgr. 91. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CDLXXII. KAFLI

Breyting á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum.

472. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um skattlagningu kaupskipaútgerðar, nr. 86/2007, með síðari breytingum.

473. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um bókmenntasjóð og fleira, nr. 91/2007.

474. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr., 1., 4. og 5. mgr. 3. gr., 1.–3. mgr. 5. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CDLXXV. KAFLI

Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, með síðari breytingum.

475. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

476. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007, með síðari breytingum.

477. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum.

478. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ tvívegis í 6. mgr. 23. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með fræðslumál.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 7. mgr. 23. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með fræðslumál.

CDLXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., nr. 30/2008, með síðari breytingum.

479. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLXXX. KAFLI

Breyting á lögum um samgönguáætlun, nr. 33/2008, með síðari breytingum.

480. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXXI. KAFLI

Breyting á varnarmálalögum, nr. 34/2008, með síðari breytingum.

481. gr.

a. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr., 4. gr., 15. tölul. 5. gr., tvívegis í 7. tölul., 9. og 10. tölul. 7. gr., 7. gr. a, 1. og 2. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr., 1. og 2. mgr. 15. gr., tvívegis í 2. mgr. 16. gr., 17. gr., 1. mgr. 20. gr., 3. mgr. 21. gr., 3. mgr. 23. gr., 2. mgr. 24. gr., 25. gr. og 27. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 4. gr., 2. mgr. 9. gr., 19. gr., 2. mgr. 20. gr., 3. mgr. 21. gr., 1.–3. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni almannaöryggis.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 3. mgr. 21. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðuneyti.

CDLXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um samræmda neyðarsvörun, nr. 40/2008, með síðari breytingum.

482. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um efni og efnablöndur, nr. 45/2008.

483. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls, nr. 48/2008.

484. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CDLXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008, nr. 60/2008.

485. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um Landeyjahöfn, nr. 66/2008, með síðari breytingum.

486. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um Veðurstofu Íslands, nr. 70/2008.

487. gr.

Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um fiskeldi, nr. 71/2008.

488. gr.

a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 2. og 4. mgr. 14. gr., 20. gr. og 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytis“ í 5. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni náttúruverndar.

CDLXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um Fiskræktarsjóð, nr. 72/2008.

489. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. gr., 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXC. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl., nr. 76/2008, með síðari breytingum.

490. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með umbreytingu varnarsvæða í borgaraleg not.
c. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með eignir ríkisins.
d. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Þeim ráðherra er fer með málefni öryggissvæða.
e. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. málsl. 4. mgr. og 7. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni öryggissvæða.
f. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. málsl. 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: Sama ráðherra.
g. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 5. mgr. 8. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra, sbr. 4. mgr.
h. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með skipulagsmál.
i. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með eignir ríkisins.

CDXCI. KAFLI

Breyting á lögum um endurskoðendur, nr. 79/2008, með síðari breytingum.

491. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytisins“ í 6. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CDXCII. KAFLI
Breyting á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, með síðari breytingum.

492. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra er fer málefni almannaöryggis.
b. 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Í almannavarna- og öryggismálaráði eiga sæti sá ráðherra sem fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs, sem jafnframt er formaður þess, ráðherra er fer með málefni almannaöryggis, ráðherra er fer með málefni mengunarvarna, ráðherra er fer með heilbrigðismál, ráðherra er fer með orkumál og ráðherra er fer með varnarmál og samskipti við önnur ríki.
c. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs.
d. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
   Einnig eiga ráðuneytisstjórar þeirra ráðuneyta sem fara með málaflokka skv. 1. mgr. sæti í almannavarna- og öryggismálaráði. Þá eiga einnig sæti í ráðinu:
   1. Ríkislögreglustjóri, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands, flugmálastjóri, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, siglingamálastjóri og vegamálastjóri.
   2. Veðurstofustjóri, brunamálastjóri og forstjóri Umhverfisstofnunar.
   3. Landlæknir, sóttvarnalæknir og forstjóri Geislavarna ríkisins.
   4. Orkumálastjóri og forstjóri Landsnets.
   5. Fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.
   6. Fulltrúi Rauða kross Íslands.
   7. Fulltrúi samræmdrar neyðarsvörunar.
e. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs.

CDXCIII. KAFLI
Breyting á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008, með síðari breytingum.

493. gr.

a. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðuneyti“ í d-lið 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CDXCIV. KAFLI
Breyting á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, með síðari breytingum.

494. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 1. mgr. 18. gr., 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 15. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins.

CDXCV. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum.

495. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXCVI. KAFLI

Breyting á lögum um leikskóla, nr. 90/2008.

496. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneyti“ í 1. mgr. 15. gr. og 1. og 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í fyrirsögn 20. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 24. gr. og 3. mgr. 25. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CDXCVII. KAFLI

Breyting á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008.

497. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 4. gr., 4. mgr. 5. gr., 2. mgr. 19. gr., 5. mgr. 26. gr., 1. mgr. 34. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneyti“ í 3. mgr. 31. gr. laganna kemur: Ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í fyrirsögn 38. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
e. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 3. mgr. 46. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CDXCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008.

498. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 24. gr., 3. mgr. 25. gr., 3. mgr. 27. gr., 3. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 2. mgr. 32. gr., 2. mgr. 33. gr. og 49. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
e. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneyti“ í 1.–3. mgr. 42. gr. og 2. mgr. 53. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CDXCIX. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

499. gr.

a. Í stað orðsins „Utanríkisráðuneytið“ í 4. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 12. gr. laganna kemur: Ráðherra.

D. KAFLI

Breyting á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum.

500. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 12. gr., e-lið 1. mgr. 18. gr. og 21. gr. laganna kemur: ráðherra.

DI. KAFLI

Breyting á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

501. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. og 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með friðargæslu.

DII. KAFLI

Breyting á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2008, með síðari breytingum.

502. gr.

a. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. og fyrirsögn 9. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 5. gr. og 5. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1.–4. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „Utanríkisráðuneytinu“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðuneytinu.

DIII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008.

503. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

DIV. KAFLI

Breyting á lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum.

504. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DV. KAFLI

Breyting á lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, nr. 142/2008, með síðari breytingum.

505. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Hlutaðeigandi ráðherra.

DVI. KAFLI

Breyting á lögum um niðurfellingu laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 80/1966, með síðari breytingum, og um ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs, nr. 152/2008.

506. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DVII. KAFLI

Breyting á lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, nr. 160/2008, með síðari breytingum.

507. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðuneytis“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með fræðslumál.

DVIII. KAFLI

Breyting á lögum um skattlagningu kolvetnisvinnslu, nr. 170/2008, með síðari breytingum.

508. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 6. gr., 3. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DIX. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði í tengslum við málshöfðun fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008, nr. 172/2008.

509. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Þeim ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins er samkvæmt lögum þessum heimilt, fyrir hönd íslenska ríkisins, að veita fjárhagslega fyrirgreiðslu til að standa undir kostnaði af undirbúningi og rekstri dómsmála, sem kveðið er á um í 2. gr., fyrir erlendum dómstólum.

DX. KAFLI

Breyting á lögum um ábyrgðarmenn, nr. 32/2009, með síðari breytingum.

510. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 4. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr. og 11. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXI. KAFLI

Breyting á lögum um náms- og starfsráðgjafa, nr. 35/2009, með síðari breytingum.

511. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXII. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, nr. 40/2009, með síðari breytingum.

512. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

DXIII. KAFLI

Breyting á lögum um visthönnun vöru sem notar orku, nr. 42/2009.

513. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 49/2009.

514. gr.

a. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.

DXV. KAFLI

Breyting á lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, nr. 50/2009, með síðari breytingum.

515. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

DXVI. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til samninga um álver í Helguvík, nr. 51/2009, með síðari breytingum.

516. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 3. mgr. 1. gr. og 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

DXVII. KAFLI

Breyting á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009.

517. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, nr. 75/2009.

518. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 3. mgr. 6. gr. og 7. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „viðskiptaráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: þann ráðherra sem fer með almenn viðskiptamál.

DXIX. KAFLI

Breyting á lögum um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, nr. 86/2009.

519. gr.

a. Í stað orðsins „viðskiptaráðherra“ í 7. tölul. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 7. tölul. 3. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með skráningu félaga.

DXX. KAFLI

Breyting á lögum um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009, með síðari breytingum.

520. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., tvívegis í 1. mgr. og 3. mgr. 2. gr., g- og i-lið 4. gr., 3. mgr. 7. gr., tvívegis í 8. gr., tvívegis í ákvæði til bráðabirgða I og tvívegis í ákvæði til bráðabirgða II í lögunum kemur: ráðherra.

DXXI. KAFLI

Breyting á lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, nr. 107/2009, með síðari breytingum.

521. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Hlutaðeigandi ráðherra.

DXXII. KAFLI

Breyting á lögum um umhverfis- og auðlindaskatta, nr. 129/2009, með síðari breytingum.

522. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 11. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til að staðfesta breytingar á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf., Arion banka hf. og NBI hf., nr. 138/2009.

523. gr.

Í stað orðanna „Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs Íslands er heimilt að“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með eignir ríkisins er heimilt, f.h. ríkissjóðs Íslands, að.

DXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, með síðari breytingum.

524. gr.

a. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 4. tölul. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins og ráðherra er fer með málefni atvinnuþróunar og nýsköpunar.
c. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 5. mgr. 10. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.

DXXV. KAFLI

Breyting á lögum um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar, nr. 153/2009, með síðari breytingum.

525. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með eignir ríkisins.

DXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun), nr. 12/2010, með síðari breytingum.

526. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneyti“ í d-lið 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

DXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010.

527. gr.

a. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðuneytisins“ í 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðuneytið“ í 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðherra“ í 2.–4. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, með síðari breytingum.

528. gr.

a. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með starfsmannamál ríkisins.
c. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni vinnumarkaðar.

DXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um Íslandsstofu, nr. 38/2010.

529. gr.

a. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni ferðaþjónustu.
c. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni lista og menningar.

DXXX. KAFLI

Breyting á lögum um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, nr. 42/2010, með síðari breytingum.

530. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðuneytið“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, nr. 47/2010, með síðari breytingum.

531. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, nr. 57/2010.

532. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 3. mgr. 1. gr. og 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

DXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu, nr. 58/2010.

533. gr.

a. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneyti“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, nr. 64/2010.

534. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands, nr. 77/2010, með síðari breytingum.

535. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um stjórnlagaþing, nr. 90/2010, með síðari breytingum.

536. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: ráðherra sem fer með málefni almannakosninga.
b. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: þeim ráðherra er fer með málefni er varða stjórnskipan lýðveldisins Íslands.

DXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010, með síðari breytingum.

537. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 5. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir, nr. 97/2010, með síðari breytingum.

538. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 1. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með eignir ríkisins.

DXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, nr. 99/2010.

539. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 4. tölul. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., tvívegis í 1. mgr. og 5. mgr. 17. gr., 1. mgr. 18. gr., 1. og 2. mgr. 19. gr., tvívegis í 1. mgr. og 4. mgr. 21. gr., 26. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytinu“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðanna „fjármálaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins og ráðherra er fer með fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri.
d. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneyti“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
e. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneyti“ tvívegis í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

DXL. KAFLI

Breyting á lögum um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010, með síðari breytingum.

540. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða II í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum kemur: Ráðherra er fer með málefni fjármálamarkaðar.

DXLI. KAFLI

Breyting á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, með síðari breytingum.

541. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 32. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðherra“ í 34. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXLII. KAFLI

Breyting á skipulagslögum, nr. 123/2010, með síðari breytingum.

542. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 14. tölul. 2. gr., 1. mgr. 3. gr., 6. mgr. 7. gr., 1. mgr. 10. gr., 1., 3., 7. og 8. mgr. 11. gr., 4. mgr. 22. gr., 5. mgr. 25. gr., 3. mgr. 29. gr., 4. og

5. mgr. 32. gr., 1. mgr. 45. gr., tvívegis í 2. mgr. 52. gr. og tvívegis í 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „Umhverfisráðuneytið“ í 3. mgr. 11. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. tölul. 5. mgr. 7. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
d. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. og 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni varnar- og öryggissvæða.
e. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Sama ráðherra.

DXLIII. KAFLI

Breyting á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nr. 155/2010.

543. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXLIV. KAFLI

Breyting á lögum um mannvirki, nr. 160/2010.

544. gr.

a. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 41. gr., 2. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 62. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytið“ í 8. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í a-lið 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
d. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 62. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni varnar- og öryggissvæða.
e. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 62. gr. laganna kemur: ráðherra, sbr. 1. mgr.
f. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 3. málsl. 2. mgr. 62. gr. laganna kemur: ráðherrans.

DXLV. KAFLI

Breyting á lögum um útflutning hrossa, nr. 27/2011.

545. gr.

Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXLVI. KAFLI

Gildistaka.

546. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til heildarlaga um Stjórnarráð Íslands. Í 2. gr. þess frumvarps er gert ráð fyrir að heiti ráðuneyta verði ekki lengur tilgreind í lögum. Þess í stað verði eingöngu kveðið á um heiti ráðuneyta og fjölda þeirra, innan vissra marka, með forsetaúrskurði. Að sama skapi verði nýr forsetaúrskurður um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands tæmandi heimild um þau verkefni sem ráðherrar fara með og eiga sér stoð í lögum. Með þessum breytingum verður það á forræði stjórnvalda að kveða á um hvaða ráðuneyti skuli starfrækt á hverjum tíma og hvernig stjórnarmálefnum verður skipt niður á viðkomandi ráðuneyti. Er slíkt fyrirkomulag talið vera í samræmi við 15. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, en til frekari skýringa vísast til athugasemda við framangreint frumvarp til heildarlaga um Stjórnarráð Íslands. Þá er það jafnframt í betra samræmi við 15. gr. stjórnarskrárinnar að tala um forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna innan Stjórnarráðs Íslands í stað reglugerðar.

Í samræmi við þessa stefnumörkun er með frumvarpi þessu lagt til að gerðar verði breytingar á lögum þar sem fagheiti ráðherra eða ráðuneytis kemur fyrir. Í stað fagheitisins komi hugtakið „ráðherra“ eða „ráðuneyti“. Í þeim lögum þar sem tveir eða fleiri ráðherrar koma við sögu verði vísað til þess eða þeirra ráðherra sem ekki bera meginábyrgð á framkvæmd laganna með því að tilgreina það stjórnarmálefni sem farið er með. Þegar augljóst er af samhengi viðkomandi ákvæðis hvaða stjórnarmálefni er um að ræða er látið duga að vísa til „hlutaðeigandi ráðherra“ eða „hlutaðeigandi ráðuneytis“.

Samhliða undirbúningi þessa frumvarps hefur reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007 verið endurskoðuð. Farið hefur verið yfir hvort þar vanti tilvísun í málefni sem ákveðið er að ráðherrar eða ráðuneyti fari með samkvæmt lögum. Þegar nýr forsetaúrskurður (áður reglugerð) verður gefinn út verður þar að finna tæmandi talningu á öllum verkefnum ráðuneyta sem nú eru talin upp í lögum. Forsetaúrskurðurinn verður jafnframt, eins og vera ber, aðalheimildin um það hvaða ráðuneyti fer með hvaða stjórnarmálefni.

Þessi breyting mun þýða að framvegis verður alla jafna unnt að breyta heitum ráðuneyta og færa málefni milli þeirra án þess að um leið þurfi að leggja fram frumvarp til breytinga á ýmsum lögum (bandorm). Reynslan hefur líka sýnt að slík frumvörp eru eingöngu tæknilegs eðlis og hljóta litla sem enga efnislega umræðu.

Samþykkt frumvarpsins mun einnig þýða að mun meira samræmi verður í lagasafninu varðandi tilvísun til ráðherra og ráðuneyta. Í sumum lögum er þegar látið við það sitja að vísa til ráðherra án nánari afmörkunar á meðan fagheitin hafa verði tilgreind í öðrum. Þess hefur heldur ekki alltaf verið gætt að uppfæra reglugerð um Stjórnarráð Íslands til samræmis við lagabreytingar.

Gerð þessa frumvarps og endurskoðun á reglugerð um Stjórnarráð Íslands hafa óhjákvæmilega haldist í hendur. Hefur umtalsvert samráð farið fram við öll fagráðuneyti Stjórnarráðsins svo að tryggt sé með sem bestum hætti að réttaröryggi og skýrleiki lagasafnsins haldist. Þá er rétt að geta þess að gert er ráð fyrir að í rafrænni útgáfu lagasafnsins verði tilvísun neðanmáls, þar sem ráðherra eða ráðuneyti kemur við sögu, í viðkomandi ákvæði hins nýja forsetaúrskurðar.

Frumvarpið felur ekki í sér neinar efnislegar breytingar á verkefnum ráðherra eða ráðuneyta. Þess vegna kalla einstakar greinar þess ekki á skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að heiti ráðuneyta verði ekki tilgreind í lögum heldur kveðið nánar um það í reglugerð. Í samræmi við þessa stefnumörkun er með frumvarpi þessu lagt til að gerðar verði breytingar á öllum þeim sérlögum í lagasafninu þar sem fagheiti ráðherra eða ráðuneytis kemur fyrir. Í stað fagheitisins komi hugtakið „ráðherra“ eða „ráðuneyti“.

Ekki verður séð að lögfesting þessa frumvarps hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.

1193. Frumvarp til laga [676. mál]

um breyting á lögum nr. 74/1996, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum sem gerður var í Strassborg 25. janúar 1988 og bókun um breytingu á honum sem gerð var í París 27. maí 2010. Samningurinn og bókunin eru prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þegar samningurinn og bókunin er um ræðir í 1. gr. hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði þeirra hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Bókun
um breytingu á samningi um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

INNGANGSORÐ

Aðildarríki Evrópuráðsins og aðildarlönd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem undirritað hafa bókun þessa,

þar sem samningurinn um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, sem gerður var 25. janúar 1988 (hér á eftir nefndur „samningurinn“), var gerður áður en gengið var frá samkomulagi um alþjóðlega samþykkta viðmiðun um miðlun upplýsinga í skattamálum;

þar sem nýjar ytri aðstæður fyrir samvinnu hafa skapast eftir að lokið var við gerð samningsins;

þar sem æskilegt er að lokið verði við marghliða samning til að sem flest ríki geti notið þess ávinnings sem hinar nýju aðstæður fyrir samvinnu skapa og unnið jafnframt eftir ítarlegustu alþjóðlegum viðmiðunum um samvinnu á sviði skattamála;

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. gr.

1. Sjöunda forsendan í inngangsorðum samningsins falli brott og í stað hennar komi eftirfarandi:
   „eru því ákveðið þeirrar skoðunar að ríki skuli gera ráðstafanir eða veita upplýsingar, með hliðsjón af nauðsyn þess að standa vörð um upplýsingaleynd, og með tilliti til alþjóðasamninga um friðhelgi einkalífsins og streymi persónulegra upplýsinga,“

2. Eftirfarandi bætist við á eftir sjöundu forsendu í inngangsorðum samningsins:
   „telja að nýjar ytri aðstæður fyrir samvinnu hafi skapast og að æskilegt sé að marghliða samningur sé aðgengilegur til að sem flest ríki geti notið þess ávinnings sem hinar nýju aðstæður fyrir samvinnu skapa og unnið jafnframt eftir ítarlegustu alþjóðlegu stöðlum um samvinnu á sviði skattamála,“.

Protocol
amending the Convention on Mutual Administrative Assistance in Tax Matters

PREAMBLE

The member States of the Council of Europe and the member countries of the Organisation for Economic Co-operation and Development (OECD), signatories of this Protocol,

Considering that the Convention on Mutual Administrative Assistance in Tax Matters, done at Strasbourg on 25 January 1988 (hereinafter „the Convention“), was concluded before agreement was reached on the internationally agreed standard to exchange information in tax matters;

Considering that a new cooperative environment has emerged since the Convention was concluded;

Considering that it is desirable that a multilateral instrument is made available to allow the widest number of States to obtain the benefit of the new co-operative environment and at the same time to implement the highest international standards of co-operation in the tax field;

Have agreed as follows:

Article I

1. The seventh recital of the Preamble to the Convention shall be deleted and replaced by the following:
   „Convinced therefore that States should carry out measures or supply information, having regard to the necessity of protecting the confidentiality of information, and taking account of international instruments for the protection of privacy and flows of personal data;“
2. The following shall be added after the seventh recital of the Preamble to the Convention:
   „Considering that a new co-operative environment has emerged and that it is desirable that a multilateral instrument is made available to allow the widest number of States to obtain the benefits of the new co-operative environment and at the same time implement the highest international standards of co-operation in the tax field;“

II. gr.

4. gr. samningsins falli brott og í stað hennar komi eftirfarandi:

„4. gr. – *Almennt ákvæði.*

1. Aðildarríki skulu skiptast á öllum upplýsingum, einkum þeim sem kveðið er á um í þessum hluta, sem fyrirsjáanlega skipta máli fyrir stjórnvöld við að beita eða framfylgja landslögum um þá skatta sem fjallað er um í samningi þessum.
2. Fellur brott.
3. Sérhvert aðildarríki getur í yfirlýsingu til annars hvors vörsluaðilans skýrt frá því að samkvæmt landslögum sé stjórnvöldum þess heimilt að láta mann, sem heimilisfastur er þar í landi eða hefur þar ríkisfang, vita áður en upplýsingar, sem hann varða, eru veittar skv. 5. og 7. gr.“

Article II

Article 4 of the Convention shall be deleted and replaced by the following:

„**Article 4 – General provision**

1. The Parties shall exchange any information, in particular as provided in this section, that is foreseeably relevant for the administration or enforcement of their domestic laws concerning the taxes covered by this Convention.
2. Deleted.
3. Any Party may, by a declaration addressed to one of the Depositaries, indicate that, according to its internal legislation, its authorities may inform its resident or national before transmitting information concerning him, in conformity with Articles 5 and 7.“

III. gr.

1. Í stað „og“ komi „eða“ í b-lið 1. mgr. 18. gr. samningsins.
2. Í stað tilvísunar til „19. gr.“ í f-lið 1. mgr. 18. gr. samningsins komi tilvísun til g-liðar 2. mgr. 21. gr.

Article III

1. The term „and“ in paragraph 1.b of Article 18 of the Convention shall be replaced by the term „, or“.
2. The reference to „Article 19“ in paragraph 1.f of Article 18 of the Convention shall be replaced by a reference to „Article 21.2.g“.

IV. gr.

19. gr. samningsins falli brott.

Article IV

Article 19 of the Convention shall be deleted.

V. gr.

21. gr. samningsins falli brott og í stað hennar komi eftirfarandi:

„21. gr. — *Persónuvernd og takmarkanir aðstoðarskyldu.*

1. Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á réttindi og réttarvernd sem aðilum er veitt samkvæmt lögum eða stjórnsýsluvenju aðstoðarríkisins.
2. Með þeirri undantekningu sem í 14. gr. getur skulu ákvæði samnings þessa ekki túlkuð þannig að lögð sé á aðstoðarríkið skylda til að:

a. gera ráðstafanir sem ekki samrýmast lögum eða stjórnsýsluvenjum þess sjálfs eða lögum eða stjórnsýsluvenjum beiðniríkisins;
b. gera ráðstafanir sem myndu vera andstæðar allsherjarreglu (ordre public);
c. veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða stjórnsýsluvenjum þess sjálfs eða lögum eða stjórnsýsluvenjum beiðniríkisins;
d. veita upplýsingar sem afhjúpa mundu leyndarmál á sviði viðskipta, kaupsýslu, iðnaðar, verslunar eða sérfræðistarfa, eða viðskiptaferli, eða upplýsingar sem væri andstætt allsherjarreglu (ordre public) að afhjúpa;
e. veita stjórnsýsluaðstoð ef og að svo miklu leyti sem það telur skattlagninguna í beiðniríkinu vera

Article V

Article 21 of the Convention shall be deleted and replaced by the following:

„Article 21 – Protection of persons and limits to the obligation to provide assistance

1. Nothing in this Convention shall affect the rights and safeguards secured to persons by the laws or administrative practice of the requested State.
2. Except in the case of Article 14, the provisions of this Convention shall not be construed so as to impose on the requested State the obligation:

a. to carry out measures at variance with its own laws or administrative practice or the laws or administrative practice of the applicant State;
b. to carry out measures which would be contrary to public policy (*ordre public*);
c. to supply information which is not obtainable under its own laws or its administrative practice or under the laws of the applicant State or its administrative practice;
d. to supply information which would disclose any trade, business, industrial, commercial or professional secret, or trade process, or information, the disclosure of which would be contrary to public policy (*ordre public*);
e. to provide administrative assistance if and insofar as it considers the taxation in the applicant State

andstæða meginreglum um skattlagningu eða ákvæðum samnings til að komast hjá tvísköttun eða einhvers annars samnings sem aðstoðarríkið hefur gert við beiðniríkið;

f. veita stjórnsýsluaðstoð í því skyni að beita eða framfylgja ákvæði skattalaga beiðniríkisins eða hvers konar kröfu þar að lútandi, sem mismunar ríkisborgara aðstoðarríkisins, samanborið við ríkisborgara beiðniríkisins við sömu aðstæður;

g. veita stjórnsýsluaðstoð ef beiðniríkið hefur ekki gert allar eðlilegar ráðstafanir sem því eru tiltækar samkvæmt lögum þess og stjórnsýsluvenjum, nema í þeim tilvikum þegar slíkar ráðstafanir hefðu í för með sér óhóflega erfiðleika;

h. veita aðstoð við innheimtu þegar stjórnsýsluálag á það ríki er óhóflegt í hlutfalli við þann ávinning sem félli beiðniríkinu í skaut.

3. Ef beiðniríkið fer fram á upplýsingar í samræmi við samning þennan skal aðstoðarríkið beita þeim aðferðum sem það hefur yfir að ráða til að afla þeirra upplýsinga sem óskað er eftir, jafnvel þótt aðstoðarríkið þurfi ekki á þeim að halda vegna eigin skattamála. Sú skuldbinding sem felst í fyrri málslið er með fyrirvara um takmarkanir, sem felast í samningi þessum, en í engu tilviki skal skýra þær takmarkanir, einkum hvað varðar 1. og 2. mgr., þannig að þær heimili aðstoðarríki að synja um upplýsingar af þeirri ástæðu einni að það sjálft hafi enga þörf fyrir þær.

4. Í engu tilviki skal túlka ákvæði samnings þessa, einkum hvað varðar 1. og 2. mgr., þannig að þau heimili aðstoðarríki að synja um upplýsingar af þeirri ástæðu einni að þær séu í vörslu banka, annarrar fjármálastofnunar, tilnefnds aðila eða umboðseða fjárvörsluaðila, eða af þeirri ástæðu að þær tengjast hagsmunum eiganda í aðila.“

to be contrary to generally accepted taxation principles or to the provisions of a convention for the avoidance of double taxation, or of any other convention which the requested State has concluded with the applicant State;

f. to provide administrative assistance for the purpose of administering or enforcing a provision of the tax law of the applicant State, or any requirement connected therewith, which discriminates against a national of the requested State as compared with a national of the applicant State in the same circumstances;

g. to provide administrative assistance if the applicant State has not pursued all reasonable measures available under its laws or administrative practice, except where recourse to such measures would give rise to disproportionate difficulty;

h. to provide assistance in recovery in those cases where the administrative burden for that State is clearly disproportionate to the benefit to be derived by the applicant State.

3. If information is requested by the applicant State in accordance with this Convention, the requested State shall use its information gathering measures to obtain the requested information, even though the requested State may not need such information for its own tax purposes. The obligation contained in the preceding sentence is subject to the limitations contained in this Convention, but in no case shall such limitations, including in particular those of paragraphs 1 and 2, be construed to permit a requested State to decline to supply information solely because it has no domestic interest in such information.

4. In no case shall the provisions of this Convention, including in particular those of paragraphs 1 and 2, be construed to permit a requested State to decline to supply information solely because the information is held by a bank, other financial institution, nominee or person acting in an agency or a fiduciary capacity or because it relates to ownership interests in a person.“

VI. gr.

Eftirfarandi komi í stað 1. og 2. mgr. 22. gr. sem falli brott:

„1. Öllum upplýsingum, sem aðildarríki fær samkvæmt samningi þessum, skal haldið leyndum og skulu þær verndaðar á sama hátt og upplýsingar, sem fengnar eru samkvæmt lögum þess sjálfs, og, að því marki sem þörf krefur til að tryggja að persónulegar upplýsingar séu verndaðar með fullnægjandi hætti, í samræmi við þær verndarráðstafanir sem aðildarríkið, sem lagði þær fram, kann að tilgreina eftir því sem landslög þess útheimta.

2. Hvað sem öðru líður skulu slíkar upplýsingar að-

Article VI

Paragraphs 1 and 2 of Article 22 shall be deleted and replaced with the following:

„1. Any information obtained by a Party under this Convention shall be treated as secret and protected in the same manner as information obtained under the domestic law of that Party and, to the extent needed to ensure the necessary level of protection of personal data, in accordance with the safeguards which may be specified by the supplying Party as required under its domestic law.

2. Such information shall in any case be disclosed

eins látnar í té aðilum eða yfirvöldum (þar á meðal dómstólum og stjórnsýslu- eða eftirlitsaðilum) sem sjá um að leggja á, innheimta eða fullnusta skatta hjá því aðildarríki, eða leita fullnustu, lögsækja eða ákvarða um áfrýjun vegna þeirra, eða hafa eftirlit með framangreindu. Aðeins framangreindir aðilar eða yfirvöld mega nota þessar upplýsingar og þá aðeins í framangreindum tilgangi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega þeir láta þær uppi í opnum réttarhöldum eða í dómsúrlausnum varðandi þá skatta.“

only to persons or authorities (including courts and administrative or supervisory bodies) concerned with the assessment, collection or recovery of, the enforcement or prosecution in respect of, or the determination of appeals in relation to, taxes of that Party, or the oversight of the above. Only the persons or authorities mentioned above may use the information and then only for such purposes. They may, notwithstanding the provisions of paragraph 1, disclose it in public court proceedings or in judicial decisions relating to such taxes.“

VII. gr.

Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 27. gr. sem falli brott:

„2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta þau aðildarríki sem aðild eiga að Evrópusambandinu nýtt sér, í gagnkvæmum samskiptum sín á milli, hugsanlega aðstoð, sem kveðið er á um í samningnum, að svo miklu leyti sem sú aðstoð hefur í för með sér víðtækari samvinnu en sú sem í boði er samkvæmt gildandi reglum Evrópusambandsins.“

Article VII

Paragraph 2 of Article 27 of the Convention shall be deleted and replaced by the following:

„2 Notwithstanding paragraph 1, those Parties which are member States of the European Union can apply, in their mutual relations, the possibilities of assistance provided for by the Convention in so far as they allow a wider co-operation than the possibilities offered by the applicable European Union rules.“

VIII. gr.

1. Eftirfarandi málsgreinum er skeytt aftan við 28. gr. samningsins:

   „4. Sérhvert aðildarríki Evrópuráðsins eða sérhvert aðildarland Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem gerist aðili að samningnum eftir að bókunin um breytingu á samningi þessum öðlast gildi, en hún var lögð fram til undirritunar 27. maí 2010 („Bókunin frá 2010“), verður aðili að samningnum með áorðnum breytingum samkvæmt þeirri bókun, nema það láti í ljós aðra fyrirætlan í skriflegri orðsendingu til annars hvors vörsluaðilans.

   5. Eftir að bókunin frá 2010 öðlast gildi getur sérhvert ríki, sem hvorki á aðild að Evrópuráðinu né OECD, óskað eftir að vera boðið að undirrita og fullgilda samninginn eins og honum var breytt með bókuninni frá 2010. Sérhver beiðni í þessa veru skal bera utanáskrift annars vörsluaðilans sem framsendir hana aðildarríkjunum. Vörsluaðilinn skal einnig upplýsa ráðherranefnd Evrópuráðsins og ráð OECD. Aðildarríkin að samningnum taka ákvörðun, með samhljóða samþykki og á vettvangi samræmingarnefndarinnar, um að bjóða ríkjum, sem þess óska, aðild að samningnum. Gagnvart hverju því ríki sem fullgildir samninginn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010 og í samræmi við þessa málsgrein, öðlast hann gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að skjal um fullgildingu er afhent öðrum vörsluaðilanna til vörslu.

Article VIII

1. The following paragraphs shall be added at the end of Article 28 of the Convention:

   „4. Any member State of the Council of Europe or any member country of OECD which becomes a Party to the Convention after the entry into force of the Protocol amending this Convention, opened for signature on [27th May 2010] (the „2010 Protocol“), shall be a Party to the Convention as amended by that Protocol, unless they express a different intention in a written communication to one of the Depositaries.

   5. After the entry into force of the 2010 Protocol, any State which is not a member of the Council of Europe or of the OECD may request to be invited to sign and ratify this Convention as amended by the 2010 Protocol. Any request to this effect shall be addressed to one of the Depositaries, who shall transmit it to the Parties. The Depositary shall also inform the Committee of Ministers of the Council of Europe and the OECD Council. The decision to invite States which so request to become Party to this Convention shall be taken by consensus by the Parties to the Convention through the co-ordinating body. In respect of any State ratifying the Convention as amended by the 2010 Protocol in accordance with this paragraph, this Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit of the

6. Ákvæði samnings þessa, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, gilda um stjórnsýsluaðstoð sem tengist skattskyldum tímabilum sem hefjast 1. janúar eða síðar á því ári sem næst er á eftir því ári sem samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, öðlaðist gildi gagnvart aðildarríki, eða, ef ekki er um skattskylt tímabil að ræða, um stjórnsýsluaðstoð sem tengist skattlagningu 1. janúar eða síðar á því ári sem næst er á eftir því ári sem samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, öðlaðist gildi gagnvart aðildarríki. Tvö eða fleiri aðildarríki geta gert með sér gagnkvæmt samkomulag um að samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, gildi um stjórnsýsluaðstoð í tengslum við fyrri skattskyld tímabil eða skattlagningu.

7. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr., að því er varðar skattamál þar sem fram kemur ásetningshegðun sem leiðir til saksóknar samkvæmt hegningarlögum beiðniríkis, skulu ákvæði samnings þessa, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, gilda frá þeim degi er þau öðlast gildi gagnvart aðildarríki að því er varðar fyrri skattskyld tímabil eða skattlagningu.“

2. Eftirfarandi undirgrein er skeytt aftan við e-lið 1. mgr. 30. gr. samningsins:

„f. að beita ákvæði 7. mgr. 28. gr. eingöngu vegna stjórnsýsluaðstoðar, sem varðar skattskyld tímabil sem hefjast 1. janúar eða síðar á þriðja ári næst á undan því ári sem samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, öðlaðist gildi gagnvart aðildarríki, eða, ef ekki er um skattskyld tímabil að ræða, vegna stjórnsýsluaðstoðar sem varðar skattlagningu 1. janúar eða síðar á þriðja ári næst á undan því ári sem samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, öðlaðist gildi gagnvart aðildarríki.“

3. Orðin „ásamt sérhverju aðildarríki að samningi þessum“ bætist aftan við orðin „aðildarlöndum OECD“ í 1. mgr. 32. gr. samningsins.

IX. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir undirritunaraðila samningsins. Hún er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Undirritunaraðili getur ekki fullgilt, staðfest eða samþykkt bókun þessa nema hann hafi áður fullgilt, staðfest eða samþykkt samninginn

instrument of ratification with one of the Depositaries.

6. The provisions of this Convention, as amended by the 2010 Protocol, shall have effect for administrative assistance related to taxable periods beginning on or after 1 January of the year following the one in which the Convention, as amended by the 2010 Protocol, entered into force in respect of a Party, or where there is no taxable period, for administrative assistance related to charges to tax arising on or after 1 January of the year following the one in which the Convention, as amended by the 2010 Protocol, entered into force in respect of a Party. Any two or more Parties may mutually agree that the Convention, as amended by the 2010 Protocol, shall have effect for administrative assistance related to earlier taxable periods or charges to tax.

7. Notwithstanding paragraph 6, for tax matters involving intentional conduct which is liable to prosecution under the criminal laws of the applicant Party, the provisions of this Convention, as amended by the 2010 Protocol, shall have effect from the date of entry into force in respect of a Party in relation to earlier taxable periods or charges to tax.“

2. The following subparagraph shall be added after subparagraph e of paragraph 1 of Article 30 of the Convention:

„f to apply paragraph 7 of Article 28 exclusively for administrative assistance related to taxable periods beginning on or after 1 January of the third year preceding the one in which the Convention, as amended by the 2010 Protocol, entered into force in respect of a Party, or where there is no taxable period, for administrative assistance related to charges to tax arising on or after 1 January of the third year preceding the one in which the Convention, as amended by the 2010 Protocol, entered into force in respect of a Party.“

3. The words „and any Party to this Convention“ shall be added after the words „member countries of the OECD“ in paragraph 1 of Article 32 of the Convention.

Article IX

1. This Protocol shall be open for signature by the Signatories to the Convention. It is subject to ratification, acceptance or approval. A signatory may not ratify, accept or approve this Protocol unless it has previously or simultaneously ratified, accepted or approved the Convention. Instruments

eða geri það jafnhliða. Afhenda ber öðrum vörsluaðilanna skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.

2. Bókun þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fimm aðildarríki að samningnum hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af bókuninni í samræmi við ákvæði 1. mgr.

3. Bókunin öðlast gildi gagnvart hverju því aðildarríki að samningnum sem síðar lýsir sig samþykkt því að vera bundið af henni, á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er afhent til vörslu.

X. gr.

1. Sá vörsluaðili sem gerð, tilkynning eða orðsending hefur verið afhent hjá skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, aðildarlöndum OECD og hverju aðildarríki að samningnum, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, um eftirfarandi:
   a. sérhverja undirritun;
   b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu;
   c. hvern gildistökudag bókunar þessarar skv. ákvæðum IX. gr.;
   d. sérhverja aðra gerð, tilkynningu eða orðsendingu varðandi bókun þessa.
2. Vörsluaðilinn, sem veitir orðsendingu viðtöku eða sendir út tilkynningu samkvæmt ákvæðum 1. mgr., skal upplýsa hinn vörsluaðilann um það.

3. Vörsluaðilarnir skulu senda aðildarríkjum Evrópuráðsins og aðildarlöndum OECD staðfest endurrit af bókun þessari.

4. Þegar bókun þessi öðlast gildi skv. IX. gr. skal annar vörsluaðilinn ganga frá texta samningsins, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, og senda öllum aðildarríkjum að samningnum staðfest endurrit af honum með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókunina.

Gjört í París 27. maí 2010 í tveimur eintökum á ensku og frönsku og eru báðir textarnir jafngildir. Skal annað eintakið afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins og hitt í skjalasafni OECD.

of ratification, acceptance or approval shall be deposited with one of the Depositaries.

2. This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which five Parties to the Convention have expressed their consent to be bound by the Protocol in accordance with the provisions of paragraph 1.
3. In respect of any Party to the Convention which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article X

1. The Depositary with whom an act, notification or communication has been accomplished, shall notify the member States of the Council of Europe, the member countries of OECD and any Party to the Convention as amended by this Protocol of:
   a. any signature;
   b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
   c. any date of entry into force of this Protocol in accordance with the provisions of Article IX;
   d. any other act, notification or communication relating to this Protocol.
2. The Depositary receiving a communication or making a notification in pursuance of the provisions of paragraph 1 shall inform the other Depositary thereof.
3. The Depositaries shall transmit to the member States of the Council of Europe and the member countries of the OECD a certified copy of this Protocol.
4. When this Protocol enters into force in accordance with Article IX, one of the Depositaries shall establish the text of the Convention as amended by this Protocol and shall send a certified copy to all the Parties to the Convention as amended by this Protocol.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed the Protocol.

Done at Paris, this 27th day of May 2010, in English and French, both texts being equally authentic, in two copies, one of which shall be deposited in the archives of the Council of Europe and the other in the archives of the OECD.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda bókun, sem gerð var í París 27. maí 2010, um breytingu á samningi um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum milli aðildarríkja Evrópuráðsins og aðildarlanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem gerður var í Strassborg 25. janúar 1988. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæðum bókunarinnar verði veitt lagagildi hér á landi þegar bókunin hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Samningurinn um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum var fullgiltur með heimild í lögum nr. 74/1996 og öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 1. nóvember 1996. Texti samningsins var birtur sem fylgiskjal með framangreindum lögum í A-deild Stjórnartíðinda. Hinn 10. mars 2011 voru 14 ríki aðilar að samningnum, nokkur ríki hafa þegar undirritað bæði samninginn og bókunina og vinna að fullgildingu þeirra og fleiri ríki íhuga að gerast aðilar.

Tilgangurinn með gerð bókunarinnar er að færa samninginn að þeim alþjóðlega mælikvarða sem nú gildir um upplýsingaskipti og snýr einkum að aðgengi stjórnvalda að upplýsingum sem eru í vörslu banka og annarra fjármálafyrirtækja. Auk þess verður ríkjum sem hvorki eru aðilar að OECD né Evrópuráðinu gefinn kostur á að gerast aðilar að samningnum að undangengnu samþykki aðildarríkjanna. Samningurinn kveður meðal annars á um skipti á upplýsingum, sameiginlegar skattrannsóknir, útvegun gagna og skjala, og aðstoð við innheimtu skatta, en virðir jafnframt fullveldi ríkja og réttindi skattgreiðenda og tryggir vernd í því skyni að gæta trúnaðar vegna þeirra upplýsinga sem veittar eru á grundvelli samningsins. Bókunin um breytingu á samningnum kveður á um strangari skyldur aðildarríkja til að skiptast á upplýsingum frá því sem nú er.

Athugasemdir við einstakar greinar bókunarinnar.

Um I. grein.

Í 1. mgr. segir að ríki skuli gera ráðstafanir til þess að geta veitt upplýsingar en áður gátu ríki neitað að veita upplýsingar ef eigin lög eða framkvæmdavenjur heimiluðu það ekki.

Í 2. mgr. er nauðsyn þess að marghliða samningur sé aðgengilegur sem flestum ríkjum útskýrð.

Um II. grein.

Hér er núgildandi 4. gr. samningsins felld brott og ný 4. gr. kemur í stað hennar. Í 1. mgr. hennar er fjallað um að aðildarríki skuli skiptast á öllum upplýsingum sem fyrirsjáanlega skipta máli en 2. mgr. verður samhljóða núgildandi 3. mgr.

Um III. grein.

Í 1. mgr. er fallið frá því að nafn og heimilisfang verði að fylgja þegar óskað er eftir upplýsingum frá öðru ríki. Önnur atriði geta komið í staðinn. Í 2. mgr. er leiðrétt tilvísun í grein í ljósi breytinga á samningnum.

Um IV. grein.

Ákvæði 19. gr. samningsins er fellt brott en það takmarkaði þann rétt sem aðildarríki hafði til að óska aðstoðar.

Um V. grein.

Hér er 21. gr. samningsins skipt út fyrir nýja grein um persónuvernd og takmarkanir aðstoðarskyldu. Við 2. mgr. hefur verið bætt nýjum málsliðum sem útfæra nánar takmarkanir

á aðstoðarskyldu. Tveimur nýjum málsgreinum hefur verið bætt við. Í 3. mgr. er ítrekað að ríki sem beiðni er beint til skuli afla upplýsinganna með tiltækum ráðum þótt það þurfi ekki sjálft á þeim upplýsingum að halda vegna eigin skattamála. Í 4. mgr. er ákvæði sem skyldar ríki til að veita upplýsingar þótt þær séu í vörslu banka, annarra fjármálastofnana eða fjárvörsluaðila. Þetta er í samræmi við breytingu sem gerð var árið 2005 um upplýsingaskipti í samningsfyrirmynd OECD til að koma í veg fyrir tvísköttun.

Um VI. grein.

Nýjar málsgreinar koma í stað 1. og 2. mgr. 22. gr. og fjalla þær um hvernig skuli fara með þær upplýsingar sem látnar hafa verið í té.

Um VII. grein.

Í stað 2. mgr. 27. gr. kemur ný málsgrein sem fjallar um tengslin við reglur Evrópusambandsins en nú segir að Evrópusambandsríki geti nýtt sér þá hugsanlegu aðstoð sem kveðið er á um í samningnum að svo miklu leyti sem sú aðstoð hefur í för með sér víðtækari samvinnu.

Um VIII. grein.

Fjórum nýjum málsgreinum er bætt við 28. gr. Í nýrri 4. mgr. er kveðið á um að ríki sem gerist aðili að samningnum eftir að bókunin öðlast gildi verði aðili að samningnum með áorðnum breytingum samkvæmt þeirri bókun, nema það tilkynni um annað. Í nýrri 5. mgr. er gerð grein fyrir því hvernig ríki sem hvorki eru aðilar að Evrópuráðinu né OECD geti gerst aðilar að samningnum. Í nýrri 6. mgr. er fjallað um hvenær ákvæði samningsins með áorðnum breytingum öðlast gildi og í nýrri 7. mgr. er sérstakt gildistökuákvæði ef um er að ræða refsiverða háttsemi í skattamálum.

Að auki er bætt við nýrri undirgrein aftan við e-lið 1. mgr. 30. gr. vegna fyrirvara sem tengjast hinni nýju 7. mgr. 28. gr.

Aftan við 1. mgr. 32. gr. er skeytt nýrri setningu vegna þess að fleiri ríkjum gefst nú kostur á að gerast aðilar að samningnum.

Um IX. grein.

Hér er fjallað um framkvæmd við undirritun bókunarinnar og gildistöku hennar.

Um X. grein.

Greinin fjallar um skyldur vörsluaðila samnings til að tilkynna öllum aðildarríkjum um undirritanir, afhendingu skjala, gildstökudaga og annað það sem varðar bókunina.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð
í skattamálum.

INNGANGSORÐ

Aðildarríki Evrópuráðsins og aðildarlönd Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD), sem undirritað hafa samning þennan,

líta svo á að sú þróun sem orðið hefur í tilflutningi fólks, fjármagns, varnings og þjónustu milli landa – þótt hún sé í sjálfu sér mjög til góðs – hafi aukið möguleika á að sniðganga skatta og draga undan skatti og því sé þörf aukinnar samvinnu skattyfirvalda;

fagna hinum ýmsu aðgerðum sem gripið hefur verið til á síðari árum meðal þjóða, bæði tvíhliða og marghliða, til að hamla gegn því að skattar séu sniðgengnir og dregið sé undan skatti á alþjóðavettvangi;

telja samræmdar aðgerðir ríkja nauðsynlegar til að stuðla að hvers kyns stjórnsýsluaðstoð í málum sem varða skatta af öllu tagi, um leið og réttindum skattgreiðenda er tryggð fullnægjandi vernd;

viðurkenna að alþjóðleg samvinna geti haft mikilvægu hlutverki að gegna í því að auðvelda réttar ákvarðanir um skattskyldu og stuðla að því að tryggja réttindi skattgreiðenda;

telja að viðurkenna beri að grundvallarreglur um að hver maður eigi rétt á að réttindi hans og skyldur séu ákvörðuð í samræmi við viðeigandi réttarfarsreglur skuli gilda um skattamálefni í öllum ríkjum og að ríkjum beri að leitast við að vernda réttmæta hagsmuni skattgreiðenda, þar á meðal með viðeigandi vernd gegn mismunun og tvísköttun;

eru því ákveðið þeirrar skoðunar að ríki skuli ekki gera ráðstafanir eða veita upplýsingar nema í samræmi við lög sín og framkvæmdavenjur, með hliðsjón af nauðsyn þess að vernda upplýsingaleynd og með tilliti til alþjóðasamninga um friðhelgi einkalífsins og streymi persónulegra upplýsinga;

CONVENTION
on Mutual Administrative Assistance
in Tax Matters

PREAMBLE

The member states of the Council of Europe and the Member countries of the Organisation for Economic Co-operation and Development (OECD), signatories of this Convention,

Considering that the development of international movement of persons, capital, goods and services – although highly beneficial in itself – has increased the possibilities of tax avoidance and evasion and therefore requires increasing co-operation among tax authorities;

Welcoming the various efforts made in recent years to combat tax avoidance and tax evasion on an international level, whether bilaterally or multilaterally;

Considering that a co-ordinated effort between States is necessary in order to foster all forms of administrative assistance in matters concerning taxes of any kind whilst at the same time ensuring adequate protection of the rights of taxpayers;

Recognising that international co-operation can play an important part in facilitating the proper determination of tax liabilities and in helping the taxpayer to secure his rights;

Considering that fundamental principles entitling every person to have his rights and obligations determined in accordance with a proper legal procedure should be recognised as applying to tax matters in all States and that States should endeavour to protect the legitimate interests of taxpayers, including appropriate protection against discrimination and double taxation;

Convinced therefore that States should not carry out measures or supply information except in conformity with their domestic law and practice, having regard to the necessity of protecting the confidentiality of information, and taking account of international instruments for the protection of privacy and flows of personal data;

óska að gera með sér samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum;

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I. KAFLI
Gildissvið samningsins.
1. gr.
Markmið samningsins og aðilar sem hann tekur til.

1. Aðildarríki skulu veita hvert öðru stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, sbr. þó ákvæði IV. kafla. Slík aðstoð getur, þar sem það á við, falið í sér ráðstafanir handhafa dómsvalds.

2. Í slíkri stjórnsýsluaðstoð skal felast:
   a. skipti á upplýsingum, þar á meðal skattrannsóknir sem fram fara samtímis og þátttaka í skattrannsóknum erlendis;
   b. aðstoð við heimtu, þar með taldar tryggingarráðstafanir; og
   c. birting skjala.
3. Aðildarríki skal veita stjórnsýsluaðstoð hvort sem sá aðili, sem í hlut á, er heimilisfastur eða hefur ríkisfang í aðildarríki eða í einhverju öðru ríki.

2. gr.
Skattar sem samningurinn tekur til.

1. Samningur þessi tekur til:
   a. eftirtalinna skatta:
      i. skatta á tekjur og hagnað,
      ii. skatta á ágóða af eignum sem lagðir eru á óháð sköttum á tekjur eða hagnað,
      iii. skatta á hreina eign,

   sem lagðir eru á af hálfu aðildarríkis; og
   b. eftirtalinna skatta:
      i. skatta á tekjur, hagnað, ágóða af eignum eða hreina eign sem lagðir eru á af hálfu sjálfstjórnarhéraða eða sveitarstjórna aðildarríkis,
      ii. skyldubundinna almannatryggingagjalda sem greiða ber hinu opinbera eða almannatryggingastofnunum sem komið hefur verið á fót samkvæmt opinberum rétti, og
      iii. annarra flokka skatta, nema tolla, sem lagðir hafa verið á af hálfu aðildarríkis, þ.e:
         A. skatta á bú, erfðafé eða gjafir,
         B. skatta á fasteignir,
         C. almennra neysluskatta, svo sem virðisaukaskatts eða söluskatts,
         D. sérskatta á vörur og þjónustu, svo sem vörugjalda,
         E. skatta á notkun eða eignarrétt á vélknúnum ökutækjum,

Desiring to conclude a convention on mutual administrative assistance in tax matters;

Have agreed as follows:

CHAPTER I
Scope of the Convention
Article 1
Object of the Convention and persons covered

1. The Parties shall, subject to the provisions of Chapter IV, provide administrative assistance to each other in tax matters. Such assistance may involve, where appropriate, measures taken by judicial bodies.
2. Such administrative assistance shall comprise:
   a. exchange of information, including simultaneous tax examinations and participation in tax examinations abroad;
   b. assistance in recovery, including measures of conservancy; and
   c. service of documents.
3. A Party shall provide administrative assistance whether the person affected is a resident or national of a Party or of any other State.

Article 2
Taxes covered

1. This Convention shall apply:
   a. to the following taxes:
      i. taxes on income or profits,
      ii. taxes on capital gains which are imposed separately from the tax on income or profits,
      iii. taxes on net wealth,

   imposed on behalf of a party; and
   b. to the following taxes:
      i. taxes on income, profits, capital gains or net wealth which are imposed on behalf of political subdivisions or local authorities of a Party,
      ii. compulsory social security contributions payable to general government or to social security institutions established under public law, and
      iii. taxes in other categories, except customs duties, imposed on behalf of a Party, namely:
         A. estate, inheritance or gift taxes,
         B. taxes on immovable property,
         C. general consumption taxes, such as value-added or sales taxes,
         D. specific taxes on goods and services such as excise taxes,
         E. taxes on the use or ownership of motor vehicles,

F. skatta á notkun eða eignarrétt á lausafé öðru en vélknúnum ökutækjum,
G. allra annarra skatta;
iv. skatta í flokkum þeim sem greinir í iii-lið hér að framan sem lagðir eru á af hálfu sjálfstjórnarhéraða eða sveitarstjórna aðildarríkis.

2. Gildandi skattar, sem samningur þessi tekur til, eru skráðir í viðauka A eftir þeim flokkum sem í 1. mgr. greinir.
3. Samningsaðilar skulu tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins eða aðalframkvæmdastjóra OECD (sem hér eftir eru nefndir „vörsluaðilar“) um hverja þá breytingu sem gera ber á viðauka A vegna breytingar á skrá þeirri sem í 2. mgr. greinir. Slík breyting skal öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er vörsluaðili tekur við slíkri tilkynningu.

4. Samningur þessi skal frá gildistöku hans einnig taka til allra skatta sömu eða svipaðrar tegundar sem lagðir eru á í samningsríki eftir að samningurinn öðlast gildi gagnvart því aðildarríki til viðbótar við eða í staðinn fyrir þá skatta sem þegar hafa verið skráðir í viðauka A, og skal viðkomandi aðildarríki í slíkum tilvikum tilkynna öðrum hvorum vörsluaðilanum um skatt þann sem um ræðir.

II. KAFLI
Almennar skilgreiningar.
3. gr.
Skilgreiningar.

1. Í samningi þessum hafa neðangreind hugtök eftirfarandi merkingu nema annað leiði af samhenginu:
a. hugtakið „beiðniríki“ merkir hvert það aðildarríki sem óskar stjórnsýsluaðstoðar í skattamáli og hugtakið „aðstoðarríki“ merkir hvert það aðildarríki sem beðið er að veita slíka aðstoð;
b. hugtakið „skattur“ merkir hvern þann skatt eða almannatryggingagjald sem samningur þessi tekur til skv. 2. gr.;
c. hugtakið „skattkrafa“ merkir hverja þá skattfjárhæð sem gjaldfallin er og ógreidd, ásamt vöxtum af henni, tilheyrandi stjórnsýslusektum og heimtukostnaði;
d. hugtakið „bær stjórnvöld“ merkir aðila þá og stjórnvöld sem skráð eru í viðauka B;
e. hugtakið „ríkisborgari“ merkir, er það lýtur að aðildarríki:
i. alla þá menn sem hafa ríkisfang í því aðildarríki og
ii. alla lögaðila, sameignarfélög, samtök og aðra aðila sem byggja réttarstöðu sína sem slíkir á gildandi lögum þess aðildarríkis.

F. taxes on the use or ownership of movable property other than motor vehicles,
G. any other taxes;
iv. taxes in categories referred to in sub-paragraph (iii) above which are imposed on behalf of political sub-divisions or local authorities of a Party.

2. The existing taxes to which the Convention shall apply are listed in Annex A in the categories referred to in paragraph 1.
3. The Parties shall notify the Secretary General of the Council of Europe or the Secretary General of OECD (hereinafter referred to as the „Depositaries“) of any change to be made to Annex A as a result of a modification of the list mentioned in paragraph 2. Such change shall take effect on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Depositary.
4. The Convention shall also apply, as from their adoption, to any identical or substantially similar taxes which are imposed in a Contracting State after the entry into force of the Convention in respect of that Party in addition to or in place of the existing taxes listed in Annex A and, in that event, the Party concerned shall notify one of the Depositaries of the adoption of the tax in question.

CHAPTER II
General definitions
Article 3
Definitions

1. For the purposes of this Convention, unless the context otherwise requires:

a. the terms „applicant State“ and „requested State“ mean respectively any Party applying for administrative assistance in tax matters and any Party requested to provide such assistance;
b. the term „tax“ means any tax or social security contribution to which the Convention applies pursuant to Article 2;
c. the term „tax claim“ means any amount of tax, as well as interest thereon, related administrative fines and costs incidental to recovery, which are owed and not yet paid;
d. the term „competent authority“ means the persons and authorities listed in Annex B;
e. the term „nationals“, in relation to a Party, means:
i. all individuals possessing the nationality of that Party, and
ii. all legal persons, partnerships, associations and other entities deriving their status as such from the laws in force in that Party.

Að því er varðar hvert það aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu um það, skulu framangreind hugtök hafa þá merkingu sem skilgreind er í viðauka C.
2. Hvað snertir beitingu aðildarríkis á samningi þessum skal hvert það hugtak, sem ekki er þar skilgreint, hafa þá merkingu sem það hefur samkvæmt lögum þess aðildarríkis um þá skatta sem samningur þessi tekur til nema annað leiði af samhenginu.
3. Aðildarríki skulu tilkynna öðrum hvorum vörsluaðilanum um hverja þá breytingu sem gera ber á viðaukum B og C. Skal slík breyting öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er viðkomandi vörsluaðili tekur við slíkri tilkynningu.

For each Party that has made a declaration for that purpose, the terms used above will be understood as defined in Annex C.
2. As regards the application of the Convention by a Party, any term not defined therein shall, unless the context otherwise requires, have the meaning which it has under the law of that Party concerning the taxes covered by the Convention.
3. The Parties shall notify one of the Depositaries of any change to be made to Annexes B and C. Such change shall take effect on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Depositary in question.

III. KAFLI
Eðli aðstoðar.
I. hluti.
Upplýsingaskipti.
4. gr.
Almenn ákvæði.

1. Aðildarríki skulu skiptast á öllum upplýsingum, einkum þeim sem kveðið er á um í þessum hluta, sem fyrirsjáanlega skipta máli varðandi:
a. álagningu og innheimtu skatta, og heimtu og fullnustu skattkrafna, og
b. málsókn fyrir stjórnvaldi eða höfðun máls fyrir dómi.

Ekki skal skipst á upplýsingum samkvæmt samningi þessum sem ólíklegt er að skipti máli í þessum tilgangi.
2. Aðildarríki má aðeins nota upplýsingar sem fengnar eru samkvæmt samningi þessum sem sönnunargagn í sakamáli ef aðildarríki það sem upplýsingarnar veitti hefur áður heimilað það. Þó geta tvö eða fleiri aðildarríki gert með sér gagnkvæmt samkomulag um að falla frá skilyrðinu um áður veitta heimild.
3. Sérhvert aðildarríki getur í yfirlýsingu til annars hvors vörsluaðilans skýrt frá því að samkvæmt landslögum sé stjórnvöldum þess heimilt að láta mann, sem heimilisfastur er þar í landi eða hefur þar ríkisfang, vita áður en upplýsingar, sem hann varða, eru veittar skv. 5. og 7. gr.

CHAPTER III
Forms of assistance
Section I
Exchange of information
Article 4
General provision

1. The Parties shall exchange any information, in particular as provided in this Section, that is foreseeably relevant to:
a. the assessment and collection of tax, and the recovery and enforcement of tax claims, and
b. the prosecution before an administrative authority or the initiation of prosecution before a judicial body.
Information which is unlikely to be relevant to these purposes shall not be exchanged under this Convention.
2. A Party may use information obtained under this Convention as evidence before a criminal court only if prior authorisation has been given by the Party which has supplied the information. However, any two or more Parties may mutually agree to waive the condition of prior authorisation.

3. Any Party may, by a declaration addressed to one of the Depositaries, indicate that, according to its internal legislation, its authorities may inform its resident or national before transmitting information concerning him, in conformity with Articles 5 and 7.

5. gr.
Skipti á upplýsingum samkvæmt beiðni.

1. Að ósk beiðniríkis skal aðstoðarríki veita beiðniríkinu allar þær upplýsingar sem getið er um í 4. gr. og varða ákveðna aðila eða lögskipti.

2. Nú nægja upplýsingar í skattskrám aðstoðarríkisins ekki til þess að það geti orðið við beiðni um upplýsingar og skal það þá gera allar viðeigandi ráðstaf-

Article 5
Exchange of information on request

1. At the request of the applicant State, the requested State shall provide the applicant State with any information referred to in Article 4 which concerns particular persons or transactions.
2. If the information available in the tax files of the requested State is not sufficient to enable it to comply with the request for information, that State

anir til að veita beiðniríkinu þær upplýsingar sem óskað er.

6. gr.
Sjálfkrafa upplýsingaskipti.

Tvö eða fleiri aðildarríki skulu, innan þeirra málaflokka og samkvæmt þeim starfsháttum sem þau skulu koma sér saman um, skiptast sjálfkrafa á upplýsingum sem getið er í 4. gr.

7. gr.
Skipti á upplýsingum án beiðni.

1. Við eftirfarandi aðstæður skal aðildarríki veita öðru aðildarríki upplýsingar sem það hefur vitneskju um án undanfarandi beiðni:

a. ef fyrrnefnda aðildarríkið hefur ástæðu til að ætla að hitt aðildarríkið kunni að verða fyrir skattatapi;
b. ef skattskyldur aðili fær lækkun eða undanþágu frá skatti í fyrrnefnda aðildarríkinu sem leiða mundi til skattahækkunar eða skattskyldu í hinu aðildarríkinu;
c. ef lögskipti í atvinnurekstri milli aðila sem skattskyldur er í einu aðildarríki og aðila sem skattskyldur er í öðru aðildarríki fara fram gegnum eitt land eða fleiri á þann hátt að leiða kunni til skattsparnaðar í öðru hvoru aðildarríkinu eða báðum;
d. ef aðildarríki hefur ástæðu til að ætla að óeðlilegur tilflutningur á hagnaði milli hópa fyrirtækja kunni að leiða til skattsparnaðar;
e. ef upplýsingar sem fyrrnefnda aðildarríkið hefur fengið frá hinu aðildarríkinu hafa gert því kleift að afla upplýsinga sem máli kunna að skipta varðandi ákvörðun um skattskyldu í síðarnefnda aðildarríkinu.

2. Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir og beita þeim aðferðum sem nauðsynlegar eru til að tryggja að upplýsingar þær sem fjallað er um í 1. mgr. verði tiltækar til miðlunar til annars aðildarríkis.

8. gr.
Skattrannsóknir sem fara fram samtímis.

1. Tvö eða fleiri aðildarríki skulu að beiðni eins þeirra ráðgast sín á milli til að ákveða í hvaða málum og með hvaða hætti skattrannsóknir, sem fara fram samtímis, skuli eiga sér stað. Hvert aðildarríki, sem í hlut á, skal ákveða hvort það óski þess að taka þátt í tiltekinni skattrannsókn sem fer fram samtímis eða ekki.

2. Í samningi þessum merkir samtímis skattrannsókn tilhögun sem tvö eða fleiri aðildarríki koma á með sér til að rannsaka samtímis, hvort á sínu land-

shall take all relevant measures to provide the applicant State with the information requested.

Article 6
Automatic exchange of information

With respect to categories of cases and in accordance with procedures which they shall determine by mutual agreement, two or more Parties shall automatically exchange the information referred to in Article 4.

Article 7
Spontaneous exchange of information

1. A Party shall, without prior request, forward to another Party information of which it has knowledge in the following circumstances:

a. the first-mentioned Party has grounds for supposing that there may be a loss of tax in the other Party;
b. a person liable to tax obtains a reduction in or a exemption from tax in the first-mentioned Party which would give rise to an increase in tax or to liability to tax in the other Party;
c. business dealings between a person liable to tax in a Party and a person liable to tax in another Party are conducted through one or more countries in such a way that a saving in tax may result in one or the other Party or in both;
d. a Party has grounds for supposing that a saving of tax may result from artificial transfers of profits within groups of enterprises;
e. information forwarded to the first-mentioned Party by the other Party has enabled information to be obtained which may be relevant in assessing liability to tax in the latter Party.

2. Each Party shall take such measures and implement such procedures as are necessary to ensure that information described in paragraph 1 will be made available for transmission to another Party.

Article 8
Simultaneous tax examinations

1. At the request of one of them, two or more Parties shall consult together for the purposes of determining cases and procedures for simultaneous tax examinations. Each Party involved shall decide whether or not it wishes to participate in a particular simultaneous tax examination.

2. For the purposes of this Convention, a simultaneous tax examination means an arrangement between two or more Parties to examine simultaneously, each

svæði, skattamálefni aðila, eins eða fleiri, sem þeir hafa sameiginlega eða tengda hagsmuni af í því skyni að skiptast á öllum upplýsingum sem máli skipta og fram koma við rannsóknina.

9. gr.
Skattrannsóknir erlendis.

1. Að beiðni bærs stjórnvalds beiðniríkis getur bært stjórnvald aðstoðarríkis heimilað fulltrúum hins bæra stjórnvalds beiðniríkisins að vera viðstaddir viðeigandi hluta skattrannsóknar í aðstoðarríkinu.

2. Sé fallist á beiðnina skal hið bæra stjórnvald aðstoðarríkisins tilkynna hinu bæra stjórnvaldi beiðniríkisins eins fljótt og unnt er um stað og stund rannsóknarinnar, um stjórnvald það eða embættismann sem falið hefur verið að gera rannsóknina og um aðferðir og skilyrði sem uppfylla þarf í aðstoðarríkinu við framkvæmd rannsóknarinnar. Allar ákvarðanir, er lúta að framkvæmd skattrannsóknarinnar, skulu teknar af aðstoðarríkinu.

3. Aðildarríki getur tjáð öðum hvorum vörsluaðilanum um þá fyrirætlun sína að fallast almennt ekki á slíkar beiðnir sem í 1. mgr. ræðir. Slíka yfirlýsingu má gefa eða afturkalla hvenær sem er.

10. gr.
Ósamrýmanlegar upplýsingar.

Nú fær aðildarríki upplýsingar um skattamálefni aðila frá öðru aðildarríki sem ekki virðast samrýmast upplýsingum sem það hefur undir höndum og skal hann þá tilkynna það því aðildarríki sem upplýsingarnar veitti.

II. hluti.
Aðstoð við heimtu.

11. gr.
Heimta skattkrafna.

1. Að ósk beiðniríkis skal aðstoðarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að heimta skattkröfur fyrrnefnda ríkisins eins og þær væru kröfur þess sjálfs, sbr. þó ákvæði 14. og 15. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. tekur einungis til skattkrafna sem með skjali hefur verið veitt heimild til fullnustu á í beiðniríkinu og, hafi viðkomandi aðildarríki ekki komið sér saman um annað, sem ekki er mótmælt.

Beinist krafan hins vegar gegn aðila sem ekki er heimilisfastur í beiðniríkinu á 1. mgr. aðeins við ef kröfunni verður ekki lengur mótmælt, hafi viðkomandi aðildarríki ekki komið sér saman um annað.

in its own territory, the tax affairs of a person or persons in which they have a common or related interest, with a view to exchanging any relevant information which they so obtain.

Article 9
Tax examinations abroad

1. At the request of the competent authority of the applicant State, the competent authority of the requested State may allow representatives of the competent authority of the applicant State to be present at the appropriate part of a tax examination in the requested State.
2. If the request is acceded to, the competent authority of the requested State shall, as soon as possible, notify the competent authority of the applicant State about the time and place of the examination, the authority or official designated to carry out the examination and the procedures and conditions required by the requested State for the conduct of the examination. All decisions with respect to the conduct of the tax examination shall be made by the requested State.
3. A Party may inform one of the Depositaries of its intention not to accept, as a general rule, such requests as are referred to in paragraph 1. Such a declaration may be made or withdrawn at any time.

Article 10
Conflicting information

If a Party receives from another Party information about a person's tax affairs which appears to it to conflict with information in its possession, it shall so advise the Party which has provided the information.

Section II
Assistance in recovery

Article 11
Recovery of tax claims

1. At the request of the applicant State, the requested State shall, subject to the provisions of Articles 14 and 15, take the necessary steps to recover tax claims of the first-mentioned State as if they were its own tax claims.
2. The provision of paragraph 1 shall apply only to tax claims which form the subject of an instrument permitting their enforcement in the applicant State and, unless otherwise agreed between the Parties concerned, which are not contested.

However, where the claim is against a person who is not a resident of the applicant State, paragraph 1 shall only apply, unless otherwise agreed between the Parties concerned, where the claim may no longer be contested.

3. Skyldan til að veita aðstoð við heimtu skattkrafna sem varða látinn mann eða dánarbú hans takmarkast við verðmæti búsins eða eigna þeirra sem falla í hlut hvers viðtakanda verðmæta úr búinu, eftir því hvort kröfuna skuli heimta hjá búinu eða hjá þeim sem veitt hafa viðtöku verðmætum úr því.

3. The obligation to provide assistance in the recovery of tax claims concerning a deceased person or his estate, is limited to the value of the estate or of the property acquired by each beneficiary of the estate, according to whether the claim is to be recovered from the estate or from the beneficiaries thereof.

12. gr.
Tryggingarráðstafanir.

Að ósk beiðniríkis skal aðstoðarríki gera tryggingarráðstafanir með það fyrir augum að heimta skattfjárhæð, jafnvel þótt kröfunni sé mótmælt eða ekki sé enn fyrir hendi skjal er heimili fullnustu hennar.

Article 12
Measures of conservancy

At the request of the applicant State the requested State shall, with a view to the recovery of an amount of tax, take measures of conservancy even if the claim is contested or is not yet the subject of an instrument permitting enforcement.

13. gr.
Skjöl er fylgja skulu beiðni.

1. Beiðni um stjórnsýsluaðstoð samkvæmt þessum hluta skulu fylgja:
   a. yfirlýsing um að skattkrafan varði skatt er samningur þessi tekur til og, sé um heimtu að ræða, um að skattkröfunni hafi ekki verið eða verði ekki mótmælt, sbr. þó 2. mgr. 11. gr.;
   b. staðfest endurrit skjals þess er heimilar fullnustu í beiðniríkinu; og
   c. sérhver þau skjöl önnur sem þörf er á vegna heimtu eða tryggingaráðstafana.
2. Skjal það er veitir heimild til fullnustu í beiðniríkinu skal, þar sem við á og samkvæmt ákvæðum þeim er gilda í aðstoðarríkinu, samþykkt eða viðurkennt eða það stutt eða leyst af hólmi með skjali sem heimilar fullnustu í síðarnefnda ríkinu svo fljótt sem unnt er eftir að beiðni um aðstoð er móttekin.

Article 13
Documents accompanying the request

1. The request for administrative assistance under this Section shall be accompanied by:
   a. a declaration that the tax claim concerns a tax covered by the Convention and, in the case of recovery that, subject to paragraph 2 of Article 11, the tax claim is not or may not be contested,
   b. an official copy of the instrument permitting enforcement in the applicant State, and
   c. any other document required for recovery or measures of conservancy.
2. The instrument permitting enforcement in the applicant State shall, where appropriate and in accordance with the provisions in force in the requested State, be accepted, recognised, supplemented or replaced as soon as possible after the date of receipt of the request for assistance, by an instrument permitting enforcement in the latter State.

14. gr.
Frestir.

1. Úr álitaefnum varðandi fresti, sem gilda um hvenær skattkröfu verður ekki lengur fullnægt, skal leyst samkvæmt lögum beiðniríkisins. Í beiðni um aðstoð skulu tilgreindar upplýsingar um þann frest.
2. Heimtuaðgerðir er aðstoðarríkið lætur fram fara vegna beiðni um aðstoð, sem samkvæmt lögum þess ríkis mundu slíta eða rjúfa frest þann er í 1. mgr. greinir, skulu einnig hafa þau áhrif samkvæmt lögum beiðniríkisins. Aðstoðarríkið skal veita beiðniríkinu vitneskju um slíkar aðgerðir.
3. Aðstoðarríkinu er ekki í neinu tilviki skylt að sinna beiðni um aðstoð sem borin er fram eftir að 15 ár eru liðin frá dagsetningu hins upphaflega skjals sem heimilar fullnustu.

Article 14
Time limits

1. Questions concerning any period beyond which a tax claim cannot be enforced shall be governed by the law of the applicant State. The request for assistance shall give particulars concerning that period.
2. Acts of recovery carried out by the requested State in pursuance of a request for assistance, which, according to the laws of that State, would have the effect of suspending or interrupting the period mentioned in paragraph 1, shall also have this effect under the laws of the applicant State. The requested State shall inform the applicant State about such acts.
3. In any case, the requested State is not obliged to comply with a request for assistance which is submitted after a period of 15 years from the date of the original instrument permitting enforcement.

15. gr.
Forgangur.

Skattkrafa sú sem aðstoð er veitt til heimtu á skal ekki hafa neinn forgang í aðstoðarríkinu sem skattkröfum þess ríkis er sérstaklega veittur, enda þótt beitt sé sömu heimtuaðferðum og gilda um skattkröfur þess sjálfs.

16. gr.
Greiðslufrestur.

Aðstoðarríkið getur veitt greiðslufrest eða heimilað greiðslu með afborgunum ef lög þess eða stjórnsýsluvenjur heimila það við svipaðar aðstæður, en fyrst skal það upplýsa beiðniríkið um það.

III. hluti.
Birting skjala.

17. gr.
Birting skjala.

1. Að ósk beiðniríkis skal aðstoðarríki birta viðtakanda skjöl, þar á meðal þau sem varða dómsúrskurði, sem upprunnin eru í beiðniríkinu og varða skatt sem samningur þessi tekur til.

2. Aðstoðarríkið skal birta skjöl:

a. með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum þess um birtingu skjala sem eru að verulegu leyti sama eðlis;
b. að svo miklu leyti sem unnt er, með sérstökum hætti sem beiðniríkið óskar eftir eða þeim hætti sem næst honum kemst samkvæmt lögum þess sjálfs.

3. Aðildarríki getur birt aðila skjal beint með pósti á landsvæði annars aðildarríkis.

4. Ekkert í samningi þessum skal túlka þannig að það valdi ógildingu birtingar á skjali af hálfu aðildarríkis sem fram hefur farið í samræmi við lög þess.

5. Nú er skjal birt samkvæmt grein þessari og þarf þá ekki að fylgja því þýðing. Þó skal aðstoðarríkið, þegar það telur sýnt að viðtakandi skilji ekki það tungumál sem skjalið er ritað á, hlutast til um að fá það þýtt eða að gerður verði af því útdráttur á opinberu tungumáli þess eða einu þeirra. Að öðrum kosti getur það farið þess á leit við beiðniríkið að það láti annaðhvort þýða skjalið eða láti fylgja því útdrátt á einu hinna opinberu tungumála aðstoðarríkisins, Evrópuráðsins eða OECD.

Article 15
Priority

The tax claim in the recovery of which assistance is provided shall not have in the requested State any priority specially accorded to the tax claims of that State even if the recovery procedure used is the one applicable to its own tax claims.

Article 16
Deferral of payment

The requested State may allow deferral of payment or payment by instalments if its laws or administrative practice permit it to do so in similar circumstances, but shall first inform the applicant State.

Section III
Service of documents

Article 17
Service of documents

1. At the request of the applicant State, the requested State shall serve upon the addressee documents, including those relating to judicial decisions, which emanate from the applicant State and which relate to a tax covered by this Convention.

2. The requested State shall effect service of documents:

a. by a method prescribed by its domestic laws for the service of documents of a substantially similar nature;
b. to the extent possible, by a particular method requested by the applicant State or the closest to such method available under its own laws.

3. A Party may effect service of documents directly through the post on a person within the territory of another Party.

4. Nothing in this Convention shall be construed as invalidating any service of documents by a Party in accordance with its laws.

5. When a document is served in accordance with this Article, it need not be accompanied by a translation. However, where it is satisfied that the addressee cannot understand the language of the document, the requested State shall arrange to have it translated into or a summary drafted in its or one of its official languages. Alternatively, it may ask the applicant State to have the document either translated into or accompanied by a summary in one of the official languages of the requested State, the Council of Europe or the OECD.

IV. KAFLI

Ákvæði er lúta að hvers konar aðstoð.

18. gr.

Upplýsingar er beiðniríki skal veita.

1. Í beiðni um aðstoð skal tilgreina, þar sem við á:

a. stjórnvald það eða stofnun sem átti frumkvæði að beiðni hins bæra stjórnvalds;
b. nafn, heimilisfang og öll önnur atriði er orðið geta til hjálpar við að staðfesta hver sá er sem beiðnin lýtur að;
c. sé um beiðni um upplýsingar að ræða, í hvaða formi beiðniríkið óskar að þær séu veittar til að þörfum þess sé fullnægt;
d. sé um beiðni um heimtuaðstoð eða tryggingarráðstafanir að ræða, eðli skattkröfunnar, sundurliðun hennar og eignir þær er staðið geta henni til fullnustu;
e. sé um beiðni um birtingu skjals að ræða, eðli og efni skjals þess er birta skal;
f. hvort hún samræmist lögum og stjórnsýsluvenjum beiðniríkisins og hvort hún sé réttmæt í ljósi skilyrða 19. gr.

2. Um leið og einhverjar aðrar upplýsingar, sem máli skipta varðandi beiðni um aðstoð, koma til vitundar beiðniríkisins skal það framsenda þær aðstoðarríkinu.

19. gr.

Möguleiki á að synja beiðni.

Aðstoðarríki er ekki skylt að fallast á beiðni ef beiðniríkið hefur ekki neytt allra þeirra úrræða sem tiltæk eru á landsvæði þess nema það væri of miklum erfiðleikum bundið að grípa til slíkra úrræða miðað við aðstæður.

20. gr.

Svar við beiðni um aðstoð.

1. Sé fallist á beiðni um aðstoð skal aðstoðarríkið tjá beiðniríkinu svo fljótt sem unnt er til hvaða aðgerða hefur verið gripið og hvern árangur aðstoðin hefur borið.
2. Sé beiðni hafnað skal aðstoðarríkið svo fljótt sem unnt er tjá beiðniríkinu þá ákvörðun og ástæður hennar.
3. Nú hefur beiðniríkið í tengslum við beiðni um upplýsingar tilgreint með hvaða hætti það óskar eftir að upplýsingarnar séu veittar og aðstoðarríkið hefur tök á að veita þær með þeim hætti og skal það þá verða við því.

CHAPTER IV

Provisions relating to all forms of assistance

Article 18

Information to be provided by the applicant State

1. A request for assistance shall indicate where appropriate:

a .the authority or agency which initiated the request made by the competent authority;
b. the name, address and any other particulars assisting in the identification of the person in respect of whom the request is made;
c. in the case of a request for information, the form in which the applicant State wishes the information to be supplied in order to meet its needs;
d. in the case of a request for assistance in recovery or measures of conservancy, the nature of the tax claim, the components of the tax claim and the assets from which the tax claim may be recovered;
e. in the case of a request for service of documents, the nature and the subject of the document to be served;
f. whether it is in conformity with the law and administrative practice of the applicant State and whether it is justified in the light of the requirements of Article 19.

2. As soon as any other information relevant to the request for assistance comes to its knowledge, the applicant State shall forward it to the requested State.

Article 19

Possibility of declining a request

The requested State shall not be obliged to accede to a request if the applicant State has not pursued all means available in its own territory, except where recourse to such means would give rise to disproportionate difficulty.

Article 20

Response to the request for assistance

1. If the request for assistance is complied with, the requested State shall inform the applicant State of the action taken and of the result of the assistance as soon as possible.
2. If the request is declined, the requested State shall inform the applicant State of that decision and the reason for it as soon as possible.
3. If, with respect to a request for information, the applicant State has specified the form in which it wishes the information to be supplied and the requested State is in a position to do so, the requested State shall supply it in the form requested.

21. gr.
Persónuvernd og takmarkanir aðstoðarskyldu.

1. Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á réttindi eða réttarvernd sem aðilum er veitt samkvæmt lögum eða stjórnsýsluvenjum aðstoðarríkisins.
2. Með þeirri undantekningu sem í 14. gr. getur skulu ákvæði samnings þessa ekki túlkuð þannig að lögð sé á aðstoðarríkið skylda til að:
a. gera ráðstafanir sem ekki samrýmast lögum eða stjórnsýsluvenjum þess sjálfs eða lögum eða stjórnsýsluvenjum beiðniríkisins;
b. gera ráðstafanir sem það telur andstæðar allsherjarreglu (ordre public) eða grundvallarhagsmunum sínum;
c. veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða stjórnsýsluvenjum þess sjálfs eða lögum eða stjórnsýsluvenjum beiðniríkisins.
d. veita upplýsingar sem afhjúpa mundu leyndarmál á sviði viðskipta, kaupsýslu, verslunar eða sérfræðistarfa, eða viðskiptaferli, eða upplýsingar sem væri andstætt allsherjarreglu (ordre public) eða grundvallarhagsmunum þess að láta uppi;
e. veita stjórnsýsluaðstoð ef og að svo miklu leyti sem það telur skattlagninguna í beiðniríkinu vera andstæða meginreglum um skattlagningu eða ákvæðum samnings til að komast hjá tvísköttun eða einhvers annars samnings sem aðstoðarríkið hefur gert við beiðniríkið;
f. veita aðstoð ef beiting samnings þessa ylli mismunun milli ríkisborgara aðstoðarríkisins og ríkisborgara beiðniríkisins við sömu aðstæður.

Article 21
Protection of persons and limits to the obligation to provide assistance

1. Nothing in this convention shall affect the rights and safeguards secured to persons by the laws or administrative practice of the requested State.
2. Except in the case of Article 14, the provisions of this Convention shall not be construed so as to impose on the requested State the obligation:
a. to carry out measures at variance with its own laws or administrative practice or the laws or administrative practice of the applicant State;
b. to carry out measures which it considers contrary to public policy (ordre public) or to its essential interests;
c. to supply information which is not obtainable under its own laws or its administrative practice or under the laws of the applicant State or its administrative practice;
d. to supply information which would disclose any trade, business, industrial, commercial or professional secret, or trade process, or information the disclosure of which would be contrary to public policy (ordre public) or to its essential interests;
e. to provide administrative assistance if and insofar as it considers the taxation in the applicant State to be contrary to generally accepted taxation principles or to the provisions of a convention for the avoidance of double taxation, or of any other convention which the requested State has concluded with the applicant State;
f. to provide assistance if the application of this Convention would lead to discrimination between a national of the requested State and nationals of the applicant State in the same circumstances.

22. gr.
Leynd.

1. Öllum upplýsingum, sem aðildarríki fær samkvæmt samningi þessum, skal haldið leyndum á sama hátt og upplýsingum sem fengnar eru samkvæmt lögum þess sjálfs, eða samkvæmt kröfum um leynd sem gilda í því aðildarríki sem upplýsingarnar veitir ef þær kröfur eru strangari.
2. Hvað sem öðru líður skulu slíkar upplýsingar aðeins látnar í té aðilum eða yfirvöldum (þar á meðal dómstólum og stjórnsýslu- eða eftirlitsaðilum) sem starfa við að leggja á, innheimta eða heimta skatta hjá því aðildarríki eða leita fullnustu, lögsækja eða ákvarða um áfrýjun vegna þeirra. Aðeins framangreindir aðilar eða yfirvöld mega nota þessar upplýsingar og þá aðeins í framangreindum tilgangi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega þeir láta þær uppi í opnum réttarhöldum eða í dómsúrlausnum varðandi þá

Article 22
Secrecy

1. Any information obtained by a Party under this Convention shall be treated as secret in the same manner as information obtained under the domestic laws of that Party, or under the conditions of secrecy applying in the supplying Party if such conditions are more restrictive.
2. Such information shall in any case be disclosed only to persons or authorities (including courts and administrative or supervisory bodies) involved in the assessment, collection or recovery of, the enforcement or prosecution in respect of, or the determination of appeals in relation to, taxes of that Party. Only the persons or authorities mentioned above may use the information and then only for such purposes. They may, notwithstanding the provisions of paragraph 1, disclose it in public court proceedings

skatta hafi bær stjórnvöld þess aðildarríkis, sem upplýsingarnar lét í té, áður heimilað það. Þó geta tvö eða fleiri aðildarríki gert með sér gagnkvæmt samkomulag um að falla frá skilyrðinu um áður veitta heimild.

3. Hafi aðildarríki gert þann fyrirvara sem í a-lið 1. mgr. 30. gr. greinir skal ekkert annað aðildarríki, sem fær frá því upplýsingar, nota þær um skatta í flokki sem fellur undir fyrirvarann. Á sama hátt skal það aðildarríki, sem fyrirvarann gerði, ekki nota upplýsingar, sem fengnar eru samkvæmt samningi þessum, um skatta í flokki sem fellur undir fyrirvarann.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. mgr. getur aðildarríki, sem fær upplýsingar, notað þær í öðrum tilgangi þegar nota má þær upplýsingar í þeim sama tilgangi samkvæmt lögum þess aðildarríkis sem þær veitti og bært stjórnvald þess aðildarríkis heimilar þá notkun. Upplýsingar, sem eitt aðildarríki hefur veitt öðru aðildarríki, má síðarnefnda ríkið framsenda þriðja aðildarríkinu, enda hafi bært stjórnvald fyrstnefnda ríkisins áður veitt til þess heimild.

23. gr.

Rekstur máls.

1. Mál varðandi ráðstafanir, sem aðstoðarríkið hefur gripið til samkvæmt samningi þessum, skal aðeins borið fyrir viðeigandi stofnun þess ríkis.

2. Mál varðandi ráðstafanir sem beiðniríkið hefur gripið til samkvæmt samningi þessum, einkum þau sem á sviði heimtu lúta að tilvist eða fjárhæð skattkröfunnar eða að skjali því sem heimilar fullnustu hennar, skulu einungis borin fyrir viðeigandi stofnun þess ríkis. Nú er það gert og skal beiðniríkið þá upplýsa aðstoðarríkið um það sem þá skal fresta málarekstrinum meðan beðið er ákvörðunar viðkomandi stofnunar. Þó skal aðstoðarríkið, ef beiðniríkið óskar þess, grípa til tryggingarráðstafana til að tryggja heimtu. Einnig getur hver sá aðili, sem hagsmuna hefur að gæta, upplýst aðstoðarríkið um slíkan málarekstur. Er slíkar upplýsingar berast skal aðstoðarríkið, ef þörf krefur, ráðfæra sig við beiðniríkið um málið.

3. Jafnskjótt og lokaákvörðun í máli hefur verið tekin skal aðstoðarríkið eða beiðniríkið, eftir því sem við á, tilkynna hinu ríkinu um ákvörðunina og hvaða áhrif hún hafi á aðstoðarbeiðnina.

or in judicial decisions relating to such taxes, subject to prior authorisation by the competent authority of the supplying Party. However, any two or more Parties may mutually agree to waive the condition of prior authorisation.

3. If a Party has made a reservation provided for in sub-paragraph a. of paragraph 1 of Article 30, any other Party obtaining information from that Party shall not use it for the purpose of a tax in a category subject to the reservation. Similarly, the Party making such a reservation shall not use information obtained under this Convention for the purpose of a tax in a category subject to the reservation.

4. Notwithstanding the provisions of paragraphs 1, 2 and 3, information received by a Party may be used for other purposes when such information may be used for such other purposes under the laws of the supplying Party and the competent authority of that Party authorises such use. Information provided by a Party to another Party may be transmitted by the latter to a third Party, subject to prior authorisation by the competent authority of the first-mentioned Party.

Article 23

Proceedings

1. Proceedings relating to measures taken under this Convention by the requested State shall be brought only before the appropriate body of that State.

2. Proceedings relating to measures taken under this Convention by the applicant State, in particular those which, in the field of recovery, concern the existence or the amount of the tax claim or the instrument permitting its enforcement, shall be brought only before the appropriate body of that State. If such proceedings are brought, the applicant State shall inform the requested State which shall suspend the procedure pending the decision of the body in question. However, the requested State shall, if asked by the applicant State, take measures of conservancy to safeguard recovery. The requested State can also be informed of such proceedings by any interested person. Upon receipt of such information the requested State shall consult on the matter, if necessary, with the applicant State.

3. As soon as a final decision in the proceedings has been given, the requested State or the applicant State, as the case may be, shall notify the other State of the decision and the implications which it has for the request for assistance.

V. KAFLI
Sérstök ákvæði.
24. gr.
Framkvæmd samningsins.

1. Samskipti aðildarríkja vegna framkvæmdar samnings þessa skulu fara fram á milli bærra stjórnvalda aðildarríkjanna. Hin bæru stjórnvöld geta haft beint samband í þessu skyni og geta heimilað lægra settum stjórnvöldum að koma fram fyrir sína hönd. Bær stjórnvöld tveggja eða fleiri aðildarríkja geta gert með sér gagnkvæmt samkomulag um hvernig beita skuli samningnum þeirra á milli.
2. Nú telur aðstoðarríki að beiting samnings þessa mundi í einstöku máli hafa alvarlegar og óæskilegar afleiðingar og skulu þá bær stjórnvöld aðstoðarríkisins og beiðniríkisins bera saman ráð sín og leitast við að leysa það með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Samræmingarnefnd, sem skipuð skal fulltrúum bærra stjórnvalda aðildarríkjanna, skal fylgjast með framkvæmd og þróun samnings þessa á vegum OECD. Í því skyni skal samræmingarnefndin gera tillögur um sérhverjar þær aðgerðir sem líklegar eru til að ná fram markmiðum samnings þessa. Hún skal einkum vera vettvangur til athugunar á nýjum leiðum og aðferðum til að auka alþjóðasamvinnu í skattamálum og getur hún lagt til endurskoðun eða breytingar á samningi þessum eftir því sem við á. Ríki, sem undirritað hafa samning þennan en enn ekki fullgilt hann, viðurkennt eða samþykkt, eiga rétt á að senda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndarinnar.

4. Aðildarríki getur beðið samræmingarnefndina að láta í té álitsgerðir um túlkun ákvæða samningsins.

5. Nú kemur upp ágreiningur eða vafi milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um framkvæmd eða túlkun samningsins og skulu þá bær stjórnvöld þessara aðildarríkja leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi. Skýra skal samræmingarnefndinni frá samkomulaginu.
6. Aðalframkvæmdastjóri OECD skal skýra aðildarríkjum og þeim ríkjum, er undirritað hafa samninginn en enn ekki fullgilt hann, viðurkennt eða samþykkt, frá álitsgerðum sem samræmingarnefndin hefur látið í té samkvæmt ákvæðum 4. mgr. þessarar greinar og frá gagnkvæmu samkomulagi sem gert er skv. 5. mgr. þessarar greinar.

25. gr.
Tungumál.

Beiðnir um aðstoð og svör við þeim skulu rituð á einu hinna opinberu tungumála OECD og Evróparáðsins, eða á hverju því tungumáli öðru sem viðkomandi samningsríki verða bæði ásátt um.

CHAPTER V
Special provisions
Article 24
Implementation of the Convention

1. The Parties shall communicate with each other for the implementation of this Convention through their respective competent authorities. The competent authorities may communicate directly for this purpose and may authorise subordinate authorities to act on their behalf. The competent authorities of two or more Parties may mutually agree on the mode of application of the Convention among themselves.
2. Where the requested State considers that the application of this Convention in a particular case would have serious and undesirable consequences, the competent authorities of the requested and of the applicant State shall consult each other and endeavour to resolve the situation by mutual agreement.
3. A co-ordinating body composed of representatives of the competent authorities of the Parties shall monitor the implementation and development of this Convention, under the aegis of the OECD. To that end, the co-ordinating body shall recommend any action likely to further the general aims of the Convention. In particular it shall act as a forum for the study of new methods and procedures to increase international co-operation in tax matters and, where appropriate, it may recommend revisions or amendments to the Convention. States which have signed but not yet ratified, accepted or approved the Convention are entitled to be represented at the meetings of the co-ordinating body as observers.
4. A Party may ask the co-ordinating body to furnish opinions on the interpretation of the provisions of the Convention.
5. Where difficulties or doubts arise between two or more Parties regarding the implementation or interpretation of the Convention, the competent authorities of those Parties shall endeavour to resolve the matter by mutual agreement. The agreement shall be communicated to the co-ordinating body.
6. The Secretary General of OECD shall inform the Parties and the Signatory States which have not yet ratified, accepted or approved the Convention, of opinions furnished by the co-ordinating body according to the provisions of paragraph 4 above and of mutual agreements reached under paragraph 5 above.

Article 25
Language

Requests for assistance and answers thereto shall be drawn up in one of the official languages of the OECD and of the Council of Europe or in any other language agreed bilaterally between the Contracting States concerned.

26. gr.
Kostnaður.

Verði viðkomandi aðildarríki ekki ásátt um annað skal:

a. aðstoðarríkið bera venjulegan kostnað af aðstoð;

b. beiðniríkið bera sérstakan kostnað af aðstoð.

Article 26
Costs

Unless otherwise agreed bilaterally by the Parties concerned:

a. ordinary costs incurred in providing assistance shall be borne by the requested State;
b. extraordinary costs incurred in providing assistance shall be borne by the applicant State.

VI. KAFLI
Lokaákvæði.

27. gr.
Aðrir alþjóðasamningar eða önnur skipan mála.

1. Möguleikar þeir til aðstoðar, sem samningur þessi kveður á um, skulu ekki takmarka möguleika samkvæmt núgildandi eða síðari alþjóðasamningum eða annarri skipan mála milli viðkomandi aðildarríkja, eða öðrum samningum sem varða samvinnu í skattamálum, né sæta takmörkunum af þeim.
2. Þrátt fyrir ákvæði samnings þessa skulu þau aðildarríki, sem aðild eiga að Efnahagsbandalagi Evrópu, beita þeim sameiginlegu reglum sem gilda innan þess bandalags í samskiptum sínum.

CHAPTER VI
Final provisions

Article 27
Other international agreements or arrangements

1. The possibilities of assistance provided by this Convention do not limit, nor are they limited by, those contained in existing or future international agreements or other arrangements between the Parties concerned or other instruments which relate to co-operation in tax matters.
2. Notwithstanding the rules of the present Convention, those Parties which are members of the European Economic Community shall apply in their mutual relations the common rules in force in that Community.

28. gr.
Undirritun og gildistaka samningsins.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins og aðildarlanda OECD. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykkisskjali skal koma í vörslu hjá öðrum hvorum vörsluaðilanum.
2. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fimm ríki hafa lýst því yfir að þau vilji vera bundin af samningnum samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

3. Gagnvart hverju aðildarríki Evrópuráðsins og hverju aðildarlandi OECD, sem síðar lýsir því yfir að það vilji vera bundið af samningnum, skal hann öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykkisskjali er komið í vörslu.

Article 28
Signature and entry into force of the Convention

1. This Convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe and the Member countries of OECD. It is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with one of the Depositaries.
2. This Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which five States have expressed their consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of paragraph 1.
3. In respect of any member State of the Council of Europe or any Member country of OECD which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

29. gr.
Landsvæði sem samningurinn tekur til.

1. Hvert ríki getur, þegar undirritun fer fram eða þegar það kemur fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykkisskjali sínu í vörslu, tilgreint það eða þau landsvæði sem samningur þessi skal taka til.
2. Sérhvert ríki getur, hvenær sem er síðar með yfirlýsingu til annars hvors vörsluaðilans, fært út gildis-

Article 29
Territorial application of the Convention

1. Each State may, at the time of signature, or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.
2. Any State may, at any later date, by a declaration addressed to one of the Depositaries, extend the ap-

svið samnings þessa til sérhvers annars landsvæðis sem þar er tilgreint. Að því er slík landsvæði varðar skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er vörsluaðili tekur við slíkri yfirlýsingu.

3. Hverja þá yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt annarri hvorri málsgreininni hér að framan, má, að því er það landsvæði varðar sem þar er tilgreint, afturkalla með tilkynningu til annars hvors vörsluaðilans. Skal afturköllunin öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er vörsluaðilinn tekur við tilkynningunni.

plication of this Convention to any further territory specified in the declaration. In respect of such territory, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Depositary.

3. Any declaration made under either of the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to one of the Depositaries. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Depositary.

30. gr.

Fyrirvarar.

1. Sérhvert ríki getur, þegar undirritun fer fram eða þegar það kemur fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykkisskjali sínu í vörslu, eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir að það áskilji sér rétt til:

a. að veita enga aðstoð sem lýtur að sköttum annarra aðildarríkja í þeim flokkum sem tilgreindir eru í b-lið 1. mgr. 2. gr., enda hafi það ekki tilgreint neinn eiginn skatt úr þeim flokki í viðauka A við samninginn;

b. að veita ekki aðstoð við heimtu skattkröfu eða stjórnsýslusektar vegna neinna skatta, eða aðeins vegna skatta í einum flokki eða fleirum sem tilgreindir eru í 1. mgr. 2. gr.;

c. að veita ekki aðstoð varðandi neina skattkröfu sem í gildi er þann dag er samningurinn öðlast gildi gagnvart því ríki, eða, hafi fyrirvari áður verið gerður samkvæmt a- eða b-lið hér að framan, þann dag er fyrirvarinn er afturkallaður hvað varðar skatta í viðkomandi flokki;

d. að veita ekki aðstoð við birtingu skjala vegna neinna skatta, eða aðeins vegna skatta í einum flokki eða fleirum sem tilgreindir eru í 1. mgr. 2. gr.;

e. að leyfa ekki birtingu skjala með pósti eins og kveðið er á um í 3. mgr. 17. gr.

2. Aðra fyrirvara má ekki gera.

3. Eftir að samningurinn hefur öðlast gildi gagnvart aðildarríki getur það gert einn eða fleiri þeirra fyrirvara sem tilgreindir eru í 1. mgr. og hann gerði ekki þegar fullgilding, viðurkenning eða samþykki átti sér stað. Slíkur fyrirvari öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er annar hvor vörsluaðilinn tekur við fyrirvaranum.

Article 30

Reservations

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval or at any later date, declare that it reserves the right:

a. not to provide any form of assistance in relation to the taxes of other Parties in any of the categories listed in sub-paragraph (b) of paragraph 1 of Article 2, provided that it has not included any domestic tax in that category under Annex A of the Convention;

b. not to provide assistance in the recovery of any tax claim, or in the recovery of an administrative fine, for all taxes or only for taxes in one or more of the categories listed in paragraph 1 of Article 2;

c. not to provide assistance in respect of any tax claim, which is in existence at the date of entry into force of the Convention in respect of that State or, where a reservation has previously been made under sub-paragraph (a) or (b) above, at the date of withdrawal of such a reservation in relation to taxes in the category in question;

d. not to provide assistance in the service of documents for all taxes or only for taxes in one or more of the categories listed in paragraph 1 of Article 2;

e. not to permit the service of documents through the post as provided for in paragraph 3 of Article 17.

2. No other reservation may be made.

3. After the entry into force of the Convention in respect of a Party, that Party may make one or more of the reservations listed in paragraph 1 which it did not make at the time of ratification, acceptance or approval. Such reservations shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of the reservation by one of the Depositaries.

4. Hvert það aðildarríki, sem gert hefur fyrirvara skv. 1. eða 3. mgr., getur afturkallað hann að öllu leyti eða að hluta með tilkynningu til annars hvors vörsluaðilans. Afturköllunin öðlast gildi á þeim degi er viðkomandi vörsluaðili tekur við tilkynningunni.

5. Aðildarríki, sem gert hefur fyrirvara við ákvæði í samningi þessum, getur ekki krafist þess að neitt annað aðildarríki beiti því ákvæði, en þó getur það, ef um fyrirvara að hluta er að ræða, krafist þess að ákvæðinu verði beitt að svo miklu leyti sem það hefur samþykkt það sjálft.

31. gr.
Uppsögn.

1. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til annars hvors vörsluaðilans.
2. Slík uppsögn skal öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er vörsluaðilinn tekur við tilkynningunni.

3. Sérhvert aðildarríki, sem segir upp samningnum, skal áfram bundið af ákvæðum 22. gr. svo lengi sem það hefur í vörslum sínum skjöl eða upplýsingar sem fengist hafa samkvæmt samningi þessum.

32. gr.
Vörsluaðilar og störf þeirra.

1. Vörsluaðili sá sem aðgerð er beint til eða tilkynningu eða orðsendingu hefur verið komið á framfæri við skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins og aðildarlöndum OECD um:
   a. allar undirritanir;
   b. afhendingu allra fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjala;
   c. alla gildistökudaga samnings þessa samkvæmt ákvæðum 28. og 29. gr.;
   d. allar yfirlýsingar sem gefnar eru samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 4. gr. eða 3. mgr. 9. gr., svo og afturkallanir allra slíkra yfirlýsinga;
   e. alla fyrirvara sem gerðir eru samkvæmt ákvæðum 30. gr. og allar afturkallanir fyrirvara sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 30. gr.;
   f. allar tilkynningar, sem mótteknar eru samkvæmt ákvæðum 3. eða 4. mgr. 2. gr., 3. mgr. 3. gr., 29. gr. eða 1. mgr. 31. gr.;
   g. allar aðrar aðgerðir, tilkynningar og orðsendingar sem samning þennan varða.
2. Vörsluaðili sá sem tekur við orðsendingu eða annast tilkynningu samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skal

4. Any Party which has made a reservation under paragraphs 1 and 3 may wholly or partly withdraw it by means of a notification addressed to one of the Depositaries. The withdrawal shall take effect on the date of receipt of such notification by the Depositary in question.
5. A Party which has made a reservation in respect of a provision of this Convention may not require the application of that provision by any other Party; it may, however, if its reservation is partial, require the application of that provision insofar as it has itself accepted it.

Article 31
Denunciation

1. Any Party may, at any time, denounce this Convention by means of a notification addressed to one of the Depositaries.
2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of the notification by the Depositary.
3. Any Party which denounces the Convention shall remain bound by the provisions of Article 22 for as long as it retains in its possession any documents or information obtained under the Convention.

Article 32
Depositaries and their functions

1. The Depositary with whom an act, notification or communication has been accomplished, shall notify the member States of the Council of Europe and the Member countries of OECD of:
   a. any signature;
   b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
   c. any date of entry into force of this Convention in accordance with the provisions of Articles 28 and 29;
   d. any declaration made in pursuance of the provisions of paragraph 3 of Article 4 or paragraph 3 of Article 9 and the withdrawal of any such declaration;
   e. any reservation made in pursuance of the provisions of Article 30 and the withdrawal of any reservation effected in pursuance of the provisions of paragraph 4 of Article 30;
   f. any notification received in pursuance of the provisions of paragraph 3 or 4 of Article 2, paragraph 3 of Article 3, Article 29 or paragraph 1 of Article 31;
   g. any other act, notification or communication relating to this Convention.
2. The Depositary receiving a communication or making a notification in pursuance of the provisions

þegar upplýsa hinn vörsluaðilann um það.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 25. janúar 1988, í jafngildum textum á ensku og frönsku, í tveimur eintökum og skal annað þeirra varðveitt í skjalasafni Evrópuráðsins en hitt í skjalasafni OECD. Aðalframkvæmdastjórar Evrópuráðsins og OECD skulu senda staðfest endurrit til hvers aðildarríkis Evrópuráðsins og aðildarlands OECD.

of paragraph 1 shall inform immediately the other Depositary thereof.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, the 25th day of January 1988, in English and French, both texts being equally authentic, in two copies of which one shall be deposited in the archives of the Council of Europe and the other in the archives of OECD. The Secretaries General of the Council of Europe and of OECD shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe and Member country of OECD.

VIÐAUKI A

Skattar sem samningurinn tekur til.
(2. mgr. 2. gr. samningsins.)

Ísland.
A-liður 1. mgr. 2. gr.:
- i. tekjuskattur til ríkisins,
  sérstakur tekjuskattur til ríkisins;
- ii. eignarskattur til ríkisins,
  sérstakur eignarskattur til ríkisins;
- iii. tekju- og eignarskattur innlánsstofnana.

B-liður 1. mgr. 2. gr.:
- i. útsvar til sveitarfélaga;
- ii. tryggingagjald,
  gjald í framkvæmdasjóð aldraðra;
- iii. A. erfðafjárskattur;
  - B. fasteignaskattur sveitarfélaga,
    sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði;
  - C. virðisaukaskattur,
    vörugjald;
  - D. skemmtanaskattur,
    flugvallarskattur,
    skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur,
    höfundaréttargjald;
  - E. bifreiðargjald,
    þungaskattur,
    vegagjald,
    bensíngjald,
    sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum;
  - F. iðnaðarmálagjald,
    Iðnlánasjóðsgjald,
    markaðsgjald;

ANNEX A

Taxes to which the Convention would apply
(Paragraph 2 of Article 2 of the Convention)

Iceland
Paragraph 1 (a) of Article 2:
- i. the National Income Tax,
  the Extraordinary Income Tax;
- ii. the National Capital Tax,
  the Extraordinary Capital Tax;
- iii. the tax levied on the income and capital of banking institutions.

Paragraph 1 (b) of Article 2:
- i. the Municipal Income Tax;
- ii. the Payroll Tax,
  the Contribution to the Construction Fund for the Elderly;
- iii. A. the Inheritance Tax;
  - B. the Municipal Property Tax,
    the Extraordinary Tax on Business and Office Buildings;
  - C. the Value Added Tax,
    the Excise Tax;
  - D. the Entertainment Tax,
    the Airport Tax,
    the Deposit Charge on Disposable Bottles and Cans,
    the Royalties;
  - E. the Motor Vehicle Charge,
    the Weight Charge,
    the Road Charge,
    the Petrol Charge,
    the Extraordinary Charge on Automobiles and Motorcycles;
  - F. the Industrial Charge,
    the Industrial Loan Fund Contribution,
    the Market Charge;

G. skipulagsgjald,
stimpilgjald,
skipagjald,
vitagjald.

G. the Planning Charge,
the Stamp Tax,
the Charge on Ships,
the Lighthouse Charge.

VIÐAUKI B

Bær stjórnvöld.
(D-liður 1. mgr. 3. gr. samningsins.)

Ísland.
Hugtakið „bært stjórnvald“ merkir: Fjármálaráðherra eða umboðsmann hans.

ANNEX B

Competent authorities
(Paragraph 1 (d) of Article 3 of the Convention)

Iceland
The term „competent authority“ means: The Minister of Finance or his authorised representative.

VIÐAUKI C

Skilgreining hugtaksins „ríkisborgari“ að því er samning þennan varðar.
(E-liður 1. mgr. 3. gr. samningsins.)

Ísland.
Hugtakið „ríkisborgari“ merkir:
i. hvern þann mann sem hefur íslenskt ríkisfang;
ii. sérhvern lögaðila, sameignarfélag eða samtök sem byggja réttarstöðu sína sem slík á gildandi íslenskum lögum.

ANNEX C

Definition of the word „national“ for the purpose of the Convention
(Paragraph 1 (e) of Article 3 of the Convention)

Iceland
The term „national“ means:
i. any individual possessing Icelandic nationality;
ii. any legal person, partnership or association deriving its status as such from Icelandic law in force.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga, um breyting á lögum nr. 74/1996, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

Með frumvarpinu er verið að lögfesta bókun frá maí 2010 um breytingu á samningi um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð sem gerður var á milli aðildarríkja Evrópuráðsins og aðildarlanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Samningurinn er frá árinu 1988 en öðlaðist gildi hér á landi í nóvember 1996.

Bókunin miðar einkum að því að auka aðgengi stjórnvalda aðildarríkjanna að upplýsingum sem eru í vörslu banka og annarra fjármálafyrirtækja. Auk þess verður ríkjum sem hvorki eru aðilar að OECD né Evrópuráðinu nú gert mögulegt að gerast aðilar að samningnum.

Breytingarnar munu auka möguleika íslenskra stjórnvalda á því að fá upplýsingar um tekjur og eignir aðila erlendis og gætu þar með gert skattlagningu réttari og bætt innheimtu á opinberum gjöldum. Fram til þessa hefur lítið reynt á samninginn af hálfu Íslands en breyt-

ingarnar ættu að stuðla að aukinni virkni samningsins, meðal annars vegna fjölgunar aðildarríkja að samningnum.

Lögfesting frumvarpsins gæti leitt til aukinna verkefna innan stjórnsýslunnar en gera má ráð fyrir að sá kostnaður muni rúmast innan fjárheimilda viðkomandi stofnana.

1194. Tillaga til þingsályktunar [677.mál]

um fullgildingu Singapúr-samnings um vörumerkjarétt.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Singapúr-samning um vörumerkjarétt sem var gerður 27. mars 2006.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á Singapúr-samningi um vörumerkjarétt sem var gerður á ríkjaráðstefnu á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (World Intellectual Property Organization, WIPO) um samþykkt endurskoðaðs samnings um vörumerkjarétt sem haldin var í Singapúr 13.–28. mars 2006. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Singapúr-samningurinn er byggður á samningi WIPO um vörumerkjarétt frá árinu 1994, sem Ísland er ekki aðili að, en hefur mun víðara gildissvið en hann. Hann öðlaðist gildi 16. mars 2009 eða þremur mánuðum eftir að tíu ríki höfðu fullgilt hann. Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu 31. janúar 2007. WIPO hefur yfirumsjón með samningnum.

Markmið samningsins er að koma á samræmdu alþjóðlegu skipulagi fyrir skráningu vörumerkja. Hann tekur tillit til breytinga sem orðið hafa í samskiptum og gerir t.d. ráð fyrir að umsóknir um vörumerki geti verið með rafrænum hætti.

Samningurinn tekur til allra merkja sem heimilt er að skrásetja í aðildarríkjum hans. Þetta er í fyrsta sinn sem óhefðbundin merki eru viðurkennd í alþjóðasamningi um vörumerki. Samningurinn tekur m.a. til heilmynda, mynda í þrívídd, litar, staðsetningar og hreyfingar merkja og einnig ósýnilegra merkja, svo sem hljóð-, lyktar-, bragð- og snertimerkja. Gert er m.a. kleift að tilgreina merkin með ljósmyndum.

Með samningnum er komið á þingi aðildarríkja sem getur breytt reglugerðum sem settar eru á grundvelli samningsins. Þar með er komið á sveigjanleika í vernd vörumerkja þannig að auðveldara verður að bregðast við breyttum aðstæðum og nýrri þróun.

Hinn 1. mars 2011 voru aðildarríki að Singapúr-samningnum 24 talsins: Ástralía, Bandaríkin, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Frakkland, Holland, Ítalía, Kyrgystan, Króatía, Lettland, Liechtenstein, Makedónía, Moldóva, Mongólía, Pólland, Rúmenía, Rússland, Serbía, Singapúr, Slóvakía, Spánn, Sviss og Úkraína.

Samhliða þingsályktunartillögu þessari er af hálfu efnahags- og viðskiptaráðherra flutt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

Fylgiskjal.

SINGAPÚR-SAMNINGUR UM VÖRUMERKJARÉTT

Skrá yfir greinar

1. gr. Skilgreiningar
2. gr. Merki sem samningurinn gildir um
3. gr. Umsókn
4. gr. Umboð; heimilisfang vegna móttöku erinda
5. gr. Umsóknardagur
6. gr. Skráning vöru eða þjónustu nokkurra flokka
7. gr. Hlutun umsóknar og skráningar
8. gr. Erindi
9. gr. Flokkun vöru eða þjónustu
10. gr. Breytingar á nafni eða heimilisfangi
11. gr. Breyting á eignarhaldi
12. gr. Leiðrétting á villu
13. gr. Gildistími og endurnýjun skráningar
14. gr. Ívilnandi úrræði þegar tímamörk eru ekki virt
15. gr. Skylda til að fylgja Parísarsamningnum
16. gr. Þjónustumerki
17. gr. Beiðni um skráningu á nytjaleyfi
18. gr. Beiðni um breytingu á eða afnám skráningar á nytjaleyfi
19. gr. Áhrif þess að nytjaleyfi er ekki skráð
20. gr. Upplýsingar um nytjaleyfi
21. gr. Athugasemdir vegna fyrirhugaðrar synjunar
22. gr. Reglugerð
23. gr. Þing
24. gr. Alþjóðaskrifstofa
25. gr. Endurskoðun eða breyting
26. gr. Aðild að samningnum
27. gr. Framkvæmd samningsins um vörumerkjarétt frá 1994 og samnings þessa
28. gr. Gildistaka; gildistökudagur fullgildingar og aðildar
29. gr. Fyrirvarar
30. gr. Uppsögn aðildar að samningnum
31. gr. Tungumál samningsins; undirritun
32. gr. Vörsluaðili

SINGAPORE TREATY ON THE LAW OF TRADEMARKS

List of Articles

Article 1: Abbreviated Expressions
Article 2: Marks to Which the Treaty Applies
Article 3: Application
Article 4: Representation; Address for Service
Article 5: Filing Date
Article 6: Single Registration for Goods and/or Services in Several Classes
Article 7: Division of Application and Registration
Article 8: Communications
Article 9: Classification of Goods and/or Services
Article 10: Changes in Names or Addresses
Article 11: Change in Ownership
Article 12: Correction of a Mistake
Article 13: Duration and Renewal of Registration
Article 14: Relief Measures in Case of Failure to Comply with Time Limits
Article 15: Obligation to Comply with the Paris Convention
Article 16: Service Marks
Article 17: Request for Recordal of a License
Article 18: Request for Amendment or Cancellation of the Recordal of a License
Article 19: Effects of the Non-Recordal of a License
Article 20: Indication of the License
Article 21: Observations in Case of Intended Refusal
Article 22: Regulations
Article 23: Assembly
Article 24: International Bureau
Article 25: Revision or Amendment
Article 26: Becoming Party to the Treaty
Article 27: Application of the TLT 1994 and This Treaty
Article 28: Entry into Force; Effective Date of Ratifications and Accessions
Article 29: Reservations
Article 30: Denunciation of the Treaty
Article 31: Languages of the Treaty; Signature
Article 32: Depositary

1. gr.
Skilgreiningar.

Sé annars ekki sérstaklega getið í samningi þessum:

i) merkir „skrifstofa“ stofnun sem samningsaðili hefur falið skráningu merkja;

ii) merkir „skráning“ skráningu merkis hjá skrifstofu;

iii) merkir „umsókn“ umsókn um skráningu;

iv) merkir „erindi“ umsókn, beiðni, yfirlýsingu, bréfasamskipti eða aðrar upplýsingar viðvíkjandi umsókn eða skráningu sem lagðar eru inn hjá skrifstofu;

v) er með hugtakinu „aðili“ jöfnum höndum átt við einstakling og lögaðila;

vi) merkir „eigandi“ þann aðila sem vörumerkjaskrá sýnir að sé eigandi skráningar;

vii) merkir „vörumerkjaskrá“ safn gagna, sem skrifstofa heldur, þar á meðal efnisatriði allra skráninga og öll gögn sem skráð hafa verið varðandi einstakar skráningar án tillits til þess í hvaða formi slík gögn eru geymd;

viii) merkir „meðferð hjá skrifstofu“ málsmeðferð hjá skrifstofu varðandi umsókn eða skráningu;

ix) merkir „Parísarsamningurinn“ Parísarsamninginn um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar sem undirritaður var í París 20. mars 1883, endurskoðaðan með breytingum;

x) merkir „Niceflokkunin“ þá flokkun sem komið var á með Nicesamningnum um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar merkja er undirritaður var í Nice 15. júní 1957, endurskoðaðan með breytingum;

xi) merkir „nytjaleyfi“ leyfi til að nota merki samkvæmt lögum samningsaðila;

xii) merkir „nytjaleyfishafi“ aðila sem veitt hefur verið nytjaleyfi;

xiii) merkir „samningsaðili“ ríki eða milliríkjastofnun sem er aðili að samningi þessum;

xiv) merkir „ráðstefna fulltrúa ríkja“ fund samningsaðila sem haldinn er í þeim til-

Article 1
Abbreviated Expressions

For the purposes of this Treaty, unless expressly stated otherwise:

(i) “Office” means the agency entrusted by a Contracting Party with the registration of marks;

(ii) “registration” means the registration of a mark by an Office;

(iii) “application” means an application for registration;

(iv) “communication” means any application, or any request, declaration, correspondence or other information relating to an application or a registration, which is filed with the Office;

(v) references to a “person” shall be construed as references to both a natural person and a legal entity;

(vi) “holder” means the person whom the register of marks shows as the holder of the registration;

(vii) “register of marks” means the collection of data maintained by an Office, which includes the contents of all registrations and all data recorded in respect of all registrations, irrespective of the medium in which such data are stored;

(viii) “procedure before the Office” means any procedure in proceedings before the Office with respect to an application or a registration;

(ix) “Paris Convention” means the Paris Convention for the Protection of Industrial Property, signed at Paris on March 20, 1883, as revised and amended;

(x) “Nice Classification” means the classification established by the Nice Agreement Concerning the International Classification of Goods and Services for the Purposes of the Registration of Marks, signed at Nice on June 15, 1957, as revised and amended;

(xi) “license” means a license for the use of a mark under the law of a Contracting Party;

(xii) “licensee” means the person to whom a license has been granted;

(xiii) “Contracting Party” means any State or intergovernmental organization party to this Treaty;

(xiv) “Diplomatic Conference” means the convocation of Contracting Parties for the

gangi að endurskoða eða breyta samningnum;

xv) merkir „þing“ þingið sem vitnað er til í 23. gr.;

xvi) er með hugtakinu „fullgildingarskjal“ einnig átt við skjöl um staðfestingu og samþykki;

xvii) merkir „stofnunin“ Alþjóðahugverkastofnunina;

xviii) merkir „alþjóðaskrifstofa“ alþjóðaskrifstofu stofnunarinnar;

xix) merkir „aðalframkvæmdastjóri“ aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar;

xx) merkir „reglugerð“ þá reglugerð sem sett er samkvæmt samningi þessum og vísað er til í 22. gr.;

xxi) er með hugtökunum „grein“ eða tilvísun einstakra greina í „málsgrein,“ „málslið“ eða „lið“ einnig átt við samsvarandi ákvæði í reglugerð;

xxii) merkir „samningurinn um vörumerkjarétt 1994“ samninginn um vörumerkjarétt sem gerður var í Genf 27. október 1994.

2. gr.

Merki sem samningurinn gildir um.

1) [*Gerð merkja*] Samningsaðili skal beita samningi þessum um merki sem samanstanda af táknum sem heimilt er að skrá sem merki samkvæmt löggjöf samningsaðilans.

2) [*Tegundir merkja*]

a) Samningur þessi gildir um merki sem varða vörur (vörumerki) eða þjónustu (þjónustumerki) eða bæði vörur og þjónustu.

b) Samningur þessi gildir ekki um safnmerki, vottunarmerki og ábyrgðarmerki.

3. gr.

Umsókn.

1) [*Upplýsingar eða efnisatriði sem koma fram í umsókn eða fylgja henni; gjald*]

a) Samningsaðila er heimilt að setja skilyrði um að í umsókn skulu koma fram að hluta eða að öllu leyti eftirfarandi upplýsingar eða efnisatriði:

i) beiðni um skráningu;

ii) nafn og heimilisfang umsækjanda;

iii) nafn þess ríkis þar sem umsækjandi hefur ríkisfang, sé hann ríkisborgari einhvers ríkis, nafn þess ríkis þar sem lögheimili umsækjanda er, sé um slíkt að ræða, og nafn þess ríkis þar sem umsækjandi er með raunverulegan og virkan atvinnurekstur eða viðskipti sé um slíkt að ræða;

purpose of revising or amending the Treaty;

(xv) “Assembly” means the Assembly referred to in Article 23;

(xvi) references to an “instrument of ratification” shall be construed as including references to instruments of acceptance and approval;

(xvii) “Organization” means the World Intellectual Property Organization;

(xviii) “International Bureau” means the International Bureau of the Organization;

(xix) “Director General” means the Director General of the Organization;

(xx) “Regulations” means the Regulations under this Treaty that are referred to in Article 22;

(xxi) references to an “Article” or to a “paragraph”, “subparagraph” or “item” of an Article shall be construed as including references to the corresponding rule(s) under the Regulations;

(xxii) “TLT 1994” means the Trademark Law Treaty done at Geneva on October 27, 1994.

Article 2

Marks to Which the Treaty Applies

(1) [*Nature of Marks*] Any Contracting Party shall apply this Treaty to marks consisting of signs that can be registered as marks under its law.

(2) [*Kinds of Marks*]

(a) This Treaty shall apply to marks relating to goods (trademarks) or services (service marks) or both goods and services.

(b) This Treaty shall not apply to collective marks, certification marks and guarantee marks.

Article 3

Application

(1) [*Indications or Elements Contained in or Accompanying an Application; Fee*]

(a) Any Contracting Party may require that an application contain some or all of the following indications or elements:

(i) a request for registration;

(ii) the name and address of the applicant;

(iii) the name of a State of which the applicant is a national if he/she is the national of any State, the name of a State in which the applicant has his/her domicile, if any, and the name of a State in which the applicant has a real and effective industrial or commercial establishment, if any;

iv) lagalegt eðli lögaðila ef umsækjandi er lögaðili, svo og ríki, og eftir atvikum það landsvæði þess ríkis, þar sem lögaðili var stofnaður lögum samkvæmt;

v) nafn og heimilisfang umboðsmanns þegar umsækjandi hefur umboðsmann;

vi) heimilisfang vegna móttöku erinda ef gerð er krafa til þess að heimilisfang sé fyrir hendi skv. b-lið 2. mgr. 4. gr.;

vii) yfirlýsing þar sem gerð er krafa um forgangsrétt á grundvelli fyrri umsóknar ásamt umfjöllun og gögnum til stuðnings þeirri yfirlýsingu um forgangsrétt sem gera má kröfu um skv. 4. gr. Parísarsamningsins ef umsækjandi óskar eftir því að notfæra sér forgangsrétt á grundvelli fyrri umsóknar;

viii) ef umsækjandi óskar eftir því að notfæra sér vernd sem leiðir af því að vörur eða þjónusta er kynnt á sýningu þarf að setja fram yfirlýsingu þess efnis ásamt gögnum til stuðnings slíkri yfirlýsingu eftir því sem lög samningsaðila kveða á um;

ix) a.m.k. ein mynd af merki eins og mælt er fyrir um í reglugerð;

x) tilgreining, þar sem við á, eftir því sem mælt er fyrir um í reglugerð, á tegund merkis og sérkröfum um þá tegund merkis;

xi) tilgreining, þar sem við á, samkvæmt því sem mælt er fyrir um í reglugerð, þess efnis að umsækjandi óski eftir því að merki verði skráð og birt með þeirri stöðluðu leturgerð sem skrifstofan notar;

xii) tilgreining, þar sem við á, samkvæmt því sem mælt er fyrir um í reglugerð, þess efnis að umsækjandi óski eftir því að litur sé séreinkenni merkis;

xiii) umritun merkis eða ákveðinna hluta merkis;

xiv) þýðing á merki eða ákveðnum hlutum merkis;

xv) nöfn vöru eða þjónustu, sem óskað er skráningar á, flokkuð niður samkvæmt Niceflokkunarkerfinu þar sem á undan hverjum flokki kemur fram númer þess flokks kerfisins sem vörurnar eða þjónustan tilheyrir og sett er fram samkvæmt flokkunarröð téðs kerfis;

(iv) where the applicant is a legal entity, the legal nature of that legal entity and the State, and, where applicable, the territorial unit within that State, under the law of which the said legal entity has been organized;

(v) where the applicant has a representative, the name and address of that representative;

(vi) where an address for service is required under Article 4(2)(b), such address;

(vii) where the applicant wishes to take advantage of the priority of an earlier application, a declaration claiming the priority of that earlier application, together with indications and evidence in support of the declaration of priority that may be required pursuant to Article 4 of the Paris Convention;

(viii) where the applicant wishes to take advantage of any protection resulting from the display of goods and/or services in an exhibition, a declaration to that effect, together with indications in support of that declaration, as required by the law of the Contracting Party;

(ix) at least one representation of the mark, as prescribed in the Regulations;

(x) where applicable, a statement, as prescribed in the Regulations, indicating the type of mark as well as any specific requirements applicable to that type of mark;

(xi) where applicable, a statement, as prescribed in the Regulations, indicating that the applicant wishes that the mark be registered and published in the standard characters used by the Office;

(xii) where applicable, a statement, as prescribed in the Regulations, indicating that the applicant wishes to claim color as a distinctive feature of the mark;

(xiii) a transliteration of the mark or of certain parts of the mark;

(xiv) a translation of the mark or of certain parts of the mark;

(xv) the names of the goods and/or services for which the registration is sought, grouped according to the classes of the Nice Classification, each group preceded by the number of the class of that Classification to which that group of goods or services belongs and presented in the order of the classes of the said Classification;

xvi) yfirlýsing um ásetning þess efnis að merki verði notað samkvæmt því sem kveðið er á um í lögum samningsaðila.

b) Umsækjanda er heimilt að leggja fram yfirlýsingu um raunverulega notkun merkis og gögn því til sönnunar, í stað eða auk yfirlýsingar um ásetning um notkun merkis skv. xvi. lið a-liðar, samkvæmt því sem löggjöf samningsaðila kveður á um.

c) Hver samningsaðili má setja skilyrði um að greidd séu gjöld til skrifstofunnar vegna umsóknarinnar.

2) [*Ein umsókn fyrir vöru eða þjónustu í fleiri en einum flokki*] Heimilt er í einni og sömu umsókn að sækja um fleiri en einn flokk vöru eða þjónustu án tillits til hvort varan eða þjónustan fellur undir einn eða fleiri flokka samkvæmt Niceflokkunarkerfinu.

3) [*Raunveruleg not*] Ef yfirlýsing um ásetning um að nota merki hefur verið skráð skv. 1. mgr. xvi. lið a-liðar er samningsaðila heimilt að setja skilyrði um að umsækjandi afhendi skrifstofunni, innan lögbundinna tímamarka, gögn til sönnunar um raunverulega notkun merkis samkvæmt lögum samningsaðila og með fyrirvara um lágmarkstímamörk sem tilgreind eru í reglugerð.

4) [*Bann við öðrum skilyrðum*] Engum samningsaðila er heimilt að setja skilyrði um að fullnægja þurfi öðrum skilyrðum en þeim sem vísað er til í 1. og 3. mgr. og 8. gr. vegna umsóknarinnar. Sér í lagi má ekki setja eftirfarandi skilyrði varðandi umsóknina meðan hún er til meðferðar:

i) að afhent sé vottorð eða útdráttur úr viðskiptaskrá;

ii) að greint sé frá því að umsækjandi hafi með höndum atvinnustarfsemi, svo og að lögð séu fram gögn því til sönnunar;

iii) að greint sé frá því að umsækjandi hafi með höndum starfsemi, sem samræmist vörum þeim eða þjónustu þeirri sem talin er upp í umsókn, svo og að lögð séu fram gögn því til sönnunar;

iv) að lögð séu fram gögn því til sönnunar að merki hafi verið skráð í vörumerkjaskrá annars samningsaðila eða aðildarríkis Parísarsamningsins, sem er ekki samningsaðili, nema þegar umsækjandi ber fyrir sig heimild 6. gr. d í Parísarsamningnum.

5) [*Gögn til sönnunar*] Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að gögn til sönnunar séu afhent skrifstofunni meðan á meðferð umsóknar stendur hafi skrifstofan ástæðu til að vefengja áreiðanleika einhvers þess sem greint er frá í umsókn eða þeirra

(xvi) a declaration of intention to use the mark, as required by the law of the Contracting Party.

(b) The applicant may file, instead of or in addition to the declaration of intention to use the mark referred to in subparagraph (a)(xvi), a declaration of actual use of the mark and evidence to that effect, as required by the law of the Contracting Party.

(c) Any Contracting Party may require that, in respect of the application, fees be paid to the Office.

(2) [*Single Application for Goods and/or Services in Several Classes*] One and the same application may relate to several goods and/or services, irrespective of whether they belong to one class or to several classes of the Nice Classification.

(3) [*Actual Use*] Any Contracting Party may require that, where a declaration of intention to use has been filed under paragraph (1)(a)(xvi), the applicant furnish to the Office within a time limit fixed in its law, subject to the minimum time limit prescribed in the Regulations, evidence of the actual use of the mark, as required by the said law.

(4) [*Prohibition of Other Requirements*] No Contracting Party may demand that requirements other than those referred to in paragraphs (1) and (3) and in Article 8 be complied with in respect of the application. In particular, the following may not be required in respect of the application throughout its pendency:

(i) the furnishing of any certificate of, or extract from, a register of commerce;

(ii) an indication of the applicant's carrying on of an industrial or commercial activity, as well as the furnishing of evidence to that effect;

(iii) an indication of the applicant's carrying on of an activity corresponding to the goods and/or services listed in the application, as well as the furnishing of evidence to that effect;

(iv) the furnishing of evidence to the effect that the mark has been registered in the register of marks of another Contracting Party or of a State party to the Paris Convention which is not a Contracting Party, except where the applicant claims the application of Article 6*quinquies* of the Paris Convention.

(5) [*Evidence*] Any Contracting Party may require that evidence be furnished to the Office in the course of the examination of the application where the Office may reasonably doubt the veracity of any indication or element contained in the application.

efnisatriða sem fram koma í umsókn.

4. gr.

Umboð; heimilisfang vegna móttöku erinda.

1) [*Umboðsmenn með starfsleyfi*]

a) Samningsaðila er heimilt að setja skilyrði þess efnis að umboðsmaður, sem hefur verið tilnefndur í því skyni að fara með mál hjá skrifstofunni:
   i) hafi rétt samkvæmt gildandi lögum til að reka mál hjá skrifstofunni vegna umsókna og skráninga og hafi, þar sem við á, réttindi til reksturs mála hjá skrifstofunni;
   ii) gefi upp sem heimilisfang sitt heimilisfang innan landsvæðis sem samningsaðili mælir fyrir um.

b) Athöfn, sem tengist málarekstri hjá skrifstofunni, af hálfu eða í tengslum við umboðsmann, sem fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru af hálfu samningsaðila skv. a-lið, hefur sömu áhrif sem athöfn af hálfu eða í tengslum við umsækjanda, eiganda eða annan hagsmunaaðila, sem tilnefndi viðkomandi umboðsmann, hefur.

2) [*Lögmælt umboð; heimilisfang vegna móttöku erinda*]

a) Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði varðandi rekstur máls hjá skrifstofunni að umsækjandi, eigandi eða annar hagsmunaaðili, sem hvorki er með lögheimili né raunverulega eða virka atvinnustarfsemi á landsvæði sínu, hafi umboðsmann.

b) Samningsaðila er heimilt, að svo miklu leyti sem ekki er þörf á umboðsmanni samkvæmt a-lið, að setja það skilyrði varðandi rekstur máls hjá skrifstofunni, að umsækjandi, eigandi eða annar hagsmunaðili, sem hvorki er með lögheimili né raunverulega eða virka atvinnustarfsemi á landsvæði sínu, sé með heimilisfang vegna móttöku erinda á því landsvæði.

3) [*Umboð*]

a) Þegar samningsaðili heimilar eða setur það skilyrði að umsækjandi, eigandi eða annar hagsmunaaðili hafi umboðsmann gagnvart skrifstofunni getur samningsaðilinn sett það skilyrði að umboðsmaður sé tilnefndur með sérstakri orðsendingu (hér eftir nefnt „umboð") þar sem greint er frá nafni umsækjanda, eiganda eða annars hagsmunaaðila eftir því sem við á.

b) Umboðið kann að eiga við eina eða fleiri umsóknir eða skráningar sem tilgreindar eru í umboðinu, eða, með fyrirvara um undantekningar sem aðili sá sem tilnefnir kann að greina frá, við allar umsóknir eða skráningar þess aðila nú og í framtíðinni.

Article 4

Representation; Address for Service

(1) [*Representatives Admitted to Practice*]

(a) Any Contracting Party may require that a representative appointed for the purposes of any procedure before the Office
   (i) have the right, under the applicable law, to practice before the Office in respect of applications and registrations and, where applicable, be admitted to practice before the Office;
   (ii) provide, as its address, an address on a territory prescribed by the Contracting Party.

(b) An act, with respect to any procedure before the Office, by or in relation to a representative who complies with the requirements applied by the Contracting Party under subparagraph (a), shall have the effect of an act by or in relation to the applicant, holder or other interested person who appointed that representative.

(2) [*Mandatory Representation; Address for Service*]

(a) Any Contracting Party may require that, for the purposes of any procedure before the Office, an applicant, holder or other interested person who has neither a domicile nor a real and effective industrial or commercial establishment on its territory be represented by a representative.

(b) Any Contracting Party may, to the extent that it does not require representation in accordance with subparagraph (a), require that, for the purposes of any procedure before the Office, an applicant, holder or other interested person who has neither a domicile nor a real and effective industrial or commercial establishment on its territory have an address for service on that territory.

(3) [*Power of Attorney*]

(a) Whenever a Contracting Party allows or requires an applicant, a holder or any other interested person to be represented by a representative before the Office, it may require that the representative be appointed in a separate communication (hereinafter referred to as “power of attorney”) indicating the name of the applicant, the holder or the other person, as the case may be.

(b) The power of attorney may relate to one or more applications and/or registrations identified in the power of attorney or, subject to any exception indicated by the appointing person, to all existing and future applications and/or registrations of that person.

c) Umboðið kann að takmarka heimild umboðsmanns til að hafa í frammi ákveðnar athafnir. Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að umboð, sem heimilar umboðsmanni að afturkalla umsókn eða framselja skráningu, feli í sér ákvæði þess efnis.

d) Þegar erindi er afhent skrifstofunni af aðila sem tilgreinir sig í erindinu sem umboðsmann en skrifstofan hefur ekki, á þeim tíma þegar tekið er við erindinu, undir höndum tilskilið umboð er samningsaðila heimilt að setja skilyrði um að umboð sé afhent skrifstofunni innan þeirra tímamarka sem samningsaðili hefur ákveðið, með fyrirvara um þau lágmarkstímamörk sem reglugerð segir til um. Samningsaðila er heimilt að kveða á um, hafi umboð ekki verið afhent skrifstofunni innan þeirra tímamarka sem samningsaðili hefur ákveðið, að erindi frá viðkomandi aðila hafi engin áhrif.

4) [*Tilvísun í umboð*] Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að erindi, sem umboðsmaður sendir skrifstofunni vegna meðferðar máls hjá skrifstofunni, hafi að geyma tilvísun í umboð það sem umboðsmaður starfar eftir.

5) [*Bann við öðrum skilyrðum*] Engum samningsaðila er heimilt að krefjast þess að öðrum skilyrðum en þeim sem tilgreind eru í 3. og 4. mgr. og í 8. gr. beri að fullnægja að því er tekur til þeirra atriða sem þar greinir.

6) [*Gögn til sönnunar*] Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að gögn til sönnunar séu afhent skrifstofunni hafi skrifstofan ástæðu til þess að draga í efa áreiðanleika upplýsinga í erindi skv. 3. og 4. mgr.

(c) The power of attorney may limit the powers of the representative to certain acts. Any Contracting Party may require that any power of attorney under which the representative has the right to withdraw an application or to surrender a registration contain an express indication to that effect.

(d) Where a communication is submitted to the Office by a person who refers to itself in the communication as a representative but where the Office is, at the time of the receipt of the communication, not in possession of the required power of attorney, the Contracting Party may require that the power of attorney be submitted to the Office within the time limit fixed by the Contracting Party, subject to the minimum time limit prescribed in the Regulations. Any Contracting Party may provide that, where the power of attorney has not been submitted to the Office within the time limit fixed by the Contracting Party, the communication by the said person shall have no effect.

(4) [*Reference to Power of Attorney*] Any Contracting Party may require that any communication made to the Office by a representative for the purposes of a procedure before the Office contain a reference to the power of attorney on the basis of which the representative acts.

(5) [*Prohibition of Other Requirements*] No Contracting Party may demand that requirements other than those referred to in paragraphs (3) and (4) and in Article 8 be complied with in respect of the matters dealt with in those paragraphs.

(6) [*Evidence*] Any Contracting Party may require that evidence be furnished to the Office where the Office may reasonably doubt the veracity of any indication contained in any communication referred to in paragraphs (3) and (4).

5. gr.
Umsóknardagur.

1) [*Heimiluð skilyrði*]

a) Með fyrirvara um b-lið og 2. mgr. ber samningsaðila að samþykkja sem umsóknardag þann dag þegar skrifstofan tók við eftirtöldum upplýsingum og efnisatriðum á tungumáli sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr.:
   i) upplýsingum þar sem greint er frá því beint eða óbeint að óskað sé skráningar á merki;
   ii) upplýsingum sem gera kleift að sannreyna hver umsækjandi sé;
   iii) upplýsingum sem gera skrifstofunni kleift að komast í samband við umsækjanda eða umboðsmann hans sé um slíkan að ræða;

Article 5
Filing Date

(1) [*Permitted Requirements*]

(a) Subject to subparagraph (b) and paragraph (2), a Contracting Party shall accord as the filing date of an application the date on which the Office received the following indications and elements in the language required under Article 8(2):
   (i) an express or implicit indication that the registration of a mark is sought;
   (ii) indications allowing the identity of the applicant to be established;
   (iii) indications allowing the applicant or its representative, if any, to be contacted by the Office;

iv) nægilega skýrri mynd af því merki sem óskað er skráningar á;
v) lista yfir vörur eða þjónustu sem óskað er skráningar á;
vi) annars vegar þeirri yfirlýsingu, sem vísað er til í xvi. lið a-liðar 1. mgr. 3. gr., eða hins vegar yfirlýsingu og gögnum til sönnunar sem vísað er til í b-lið 1. mgr. 3. gr. ef xvi. liður a-liðar eða b-liður 1. mgr. 3. gr. á við eins og kveðið er á um í löggjöf samningsaðila.

b) Samningsaðila er heimilt að samþykkja sem umsóknardag þann dag þegar skrifstofan tók við hluta af en ekki öllum upplýsingum og efnisatriðum skv. a-lið eða tók við þeim á öðru tungumáli en því sem krafist er í 2. mgr. 8. gr.

2) [*Heimilað viðbótarskilyrði*]
a) Samningsaðila er heimilt að kveða á um að umsóknardag skuli ekki samþykkja fyrr en tilskilin gjöld hafa verið greidd.
b) Samningsaðila er einungis heimilt að beita því skilyrði sem vísað er til í a-lið hafi hann beitt slíku skilyrði þegar hann gerðist aðili að samningi þessum.

3) [*Leiðréttingar og tímamörk*] Form leiðréttinga og tímamörk fyrir þær skv. 1. og 2. mgr. skulu ákveðin með reglugerð.

4) [*Bann við öðrum skilyrðum*] Engum samningsaðila er heimilt að krefjast þess að öðrum skilyrðum en þeim sem vísað er til í 1. og 2. mgr. sé fullnægt að því er varðar umsóknardag.

6. gr.
Skráning vöru eða þjónustu í mörgum flokkum.

Ef vörur eða þjónusta, sem tilheyrir fleiri en einum flokki samkvæmt Niceflokkunarkerfinu, eru til meðferðar í einni og sömu umsókninni skal slík umsókn verða ein skráning.

7. gr.
Hlutun umsóknar og skráningar.

1) [*Hlutun umsóknar*]
a) Umsókn þar sem talinn er upp fleiri en einn flokkur vöru eða þjónustu (hér eftir nefnd „grunnumsókn“) er umsækjanda heimilt, eða heimilt er að beiðni hans:
i) að minnsta kosti fram að ákvörðun skrifstofunnar um skráningu merkis,
ii) meðan á meðferð stendur vegna andmæla gegn ákvörðun skrifstofunnar um að skrá merkið,

(iv) a sufficiently clear representation of the mark whose registration is sought;
(v) the list of the goods and/or services for which the registration is sought;
(vi) where Article 3(1)(a)(xvi) or (b) applies, the declaration referred to in Article 3(1)(a)(xvi) or the declaration and evidence referred to in Article 3(1)(b), respectively, as required by the law of the Contracting Party.

(b) Any Contracting Party may accord as the filing date of the application the date on which the Office received only some, rather than all, of the indications and elements referred to in subparagraph (a) or received them in a language other than the language required under Article 8(2).

(2) [*Permitted Additional Requirement*]
(a) A Contracting Party may provide that no filing date shall be accorded until the required fees are paid.
(b) A Contracting Party may apply the requirement referred to in subparagraph (a) only if it applied such requirement at the time of becoming party to this Treaty.

(3) [*Corrections and Time Limits*] The modalities of, and time limits for, corrections under paragraphs (1) and (2) shall be fixed in the Regulations.

(4) [*Prohibition of Other Requirements*] No Contracting Party may demand that requirements other than those referred to in paragraphs (1) and (2) be complied with in respect of the filing date.

Article 6
Single Registration for Goods and/or Services in Several Classes

Where goods and/or services belonging to several classes of the Nice Classification have been included in one and the same application, such an application shall result in one and the same registration.

Article 7
Division of Application and Registration

(1) [*Division of Application*]
(a) Any application listing several goods and/or services (hereinafter referred to as “initial application”) may,

(i) at least until the decision by the Office on the registration of the mark,
(ii) during any opposition proceedings against the decision of the Office to register the mark,

iii) meðan á meðferð stendur vegna áfrýjunar á ákvörðun um skráningu merkis,

að hluta í tvær eða fleiri umsóknir (hér eftir nefnt „hlutaðar umsóknir“) með því að skipta niður á slíkar umsóknir þeim vörum eða þjónustu sem talin er upp í grunnumsókn. Í hlutuðum umsóknum skal halda til haga umsóknardegi grunnumsóknar og forgangsréttindum sé um slíkt að ræða.

b) Með fyrirvara um ákvæði a-liðar skal samningsaðila vera frjálst að segja til um skilyrði fyrir hlutun umsóknar, þ.m.t. um greiðslu gjalda.

2) [*Hlutun skráningar*] Ákvæði 1. mgr. skulu að breyttu breytanda gilda um hlutun skráningar. Slík hlutun skal vera heimiluð:

i) við rekstur máls þar sem þriðji aðili vefengir gildi skráningar hjá skrifstofunni,

ii) við áfrýjun vegna ákvörðunar skrifstofunnar sem tekin var á fyrri stigum málsmeðferðar, að því tilskildu að samningsaðila sé heimilt að útiloka möguleikann á hlutun skráninga heimili ef löggjöf samningsaðila heimilar þriðja aðila að skráningu merkis sé andmælt áður en það er skráð.

8. gr.
Erindi.

1) [*Aðferð við sendingu og form erinda*] Samningsaðila er heimilt að velja þá aðferð sem notuð er við sendingu erinda, svo og hvort hann taki við erindum í pappírsformi, rafrænu formi eða annars konar formi.

2) [*Tungumál erinda*]

a) Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að erindi sé á því tungumáli sem skrifstofan leyfir. Ef skrifstofan leyfir fleiri en eitt tungumál er heimilt að setja það skilyrði að umsækjandi, eigandi eða annar hagsmunaaðili fullnægi öðrum skilyrðum er gilda um tungumál gagnvart skrifstofunni að því tilskildu að ekki má krefjast þess að upplýsingar eða efnisatriði erindisins séu á fleiri en einu tungumáli.

b) Engum samningsaðila er heimilt að setja skilyrði um vottfestingu, vottorð lögbókanda, staðfestingu, löggildingu eða annars konar vottun á þýðingu erindis umfram það sem kveðið er á um í samningi þessum.

c) Ef samningsaðili setur ekki skilyrði um að erindi sé á tungumáli sem skrifstofan leyfir er skrifstofunni heimilt að setja skilyrði um að lögð sé fram, innan eðlilegra tímamarka, þýðing skjalaþýðanda eða umboðsmanns á viðkomandi erindi á tungu-

(iii) during any appeal proceedings against the decision on the registration of the mark,

be divided by the applicant or at its request into two or more applications (hereinafter referred to as “divisional applications”) by distributing among the latter the goods and/or services listed in the initial application. The divisional applications shall preserve the filing date of the initial application and the benefit of the right of priority, if any.

(b) Any Contracting Party shall, subject to subparagraph (a), be free to establish requirements for the division of an application, including the payment of fees.

(2) [*Division of Registration*] Paragraph (1) shall apply, *mutatis mutandis*, with respect to a division of a registration. Such a division shall be permitted

(i) during any proceedings in which the validity of the registration is challenged before the Office by a third party,

(ii) during any appeal proceedings against a decision taken by the Office during the former proceedings, provided that a Contracting Party may exclude the possibility of the division of registrations if its law allows third parties to oppose the registration of a mark before the mark is registered.

Article 8
Communications

(1) [*Means of Transmittal and Form of Communications*] Any Contracting Party may choose the means of transmittal of communications and whether it accepts communications on paper, communications in electronic form or any other form of communication.

(2) [*Language of Communications*]

(a) Any Contracting Party may require that any communication be in a language admitted by the Office. Where the Office admits more than one language, the applicant, holder or other interested person may be required to comply with any other language requirement applicable with respect to the Office, provided that no indication or element of the communication may be required to be in more than one language.

(b) No Contracting Party may require the attestation, notarization, authentication, legalization or any other certification of any translation of a communication other than as provided under this Treaty.

(c) Where a Contracting Party does not require a communication to be in a language admitted by its Office, the Office may require that a translation of that communication by an official translator or a representative, into a language admitted

máli sem skrifstofan leyfir.

3) [*Undirritun erinda á pappírsformi*]
a) Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að erindi á pappírsformi sé undirritað af umsækjanda, eiganda eða öðrum hagsmunaaðila. Ef samningsaðili setur skilyrði um að erindi á pappírsformi sé undirritað skal viðkomandi samningsaðili taka til greina hverja þá undirritun sem fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru í reglugerð.
b) Engum samningsaðila er heimilt að setja skilyrði um vottfestingu, vottorð lögbókanda, staðfestingu, löggildingu eða annars konar vottun á undirritun nema þegar lög samningsaðila kveða á um slíkt og undirritun varðar framsal skráningar.
c) Þrátt fyrir ákvæði b-liðar er samningsaðila heimilt að setja skilyrði um að gögn til sönnunar séu lögð inn hjá skrifstofunni ef skrifstofan hefur rökstudda ástæðu til að vefengja áreiðanleika undirritunar erinda á pappírsformi.

4) [*Erindi skráð á rafrænu formi eða send með rafrænum hætti*] Ef samningsaðili heimilar innlagningu erinda á rafrænu formi eða sendingu með rafrænum hætti getur hann gert kröfu um að öll slík erindi fullnægi þeim skilyrðum sem kveðið er á um í reglugerð.

5) [*Framsetning erindis*] Samningsaðili skal taka til greina framsetningu einstakra erinda ef efni þeirra samræmist viðkomandi fyrirmynd að alþjóðlegu eyðublaði, sé um slíkt að ræða, og kveðið sé á um það í reglugerð.

6) [*Bann við öðrum skilyrðum*] Engum samningsaðila er heimilt að krefjast þess að öðrum skilyrðum en þeim, sem vísað er til í þessari grein, sé fullnægt að því er varðar 1.–5. mgr.

7) [*Aðferð við sendingu erinda til umboðsmanns*] Ekkert í þessari grein mælir fyrir um aðferð við sendingu erinda milli umsækjanda, eiganda eða annars hagsmunaaðila og umboðsmanns hans.

by the Office, be supplied within a reasonable time limit.

(3) [*Signature of Communications on Paper*]
(a) Any Contracting Party may require that a communication on paper be signed by the applicant, holder or other interested person. Where a Contracting Party requires a communication on paper to be signed, that Contracting Party shall accept any signature that complies with the requirements prescribed in the Regulations.

(b) No Contracting Party may require the attestation, notarization, authentication, legalization or other certification of any signature except, where the law of the Contracting Party so provides, if the signature concerns the surrender of a registration.
(c) Notwithstanding subparagraph (b), a Contracting Party may require that evidence be filed with the Office where the Office may reasonably doubt the authenticity of any signature of a communication on paper.

(4) [*Communications Filed in Electronic Form or by Electronic Means of Transmittal*] Where a Contracting Party permits the filing of communications in electronic form or by electronic means of transmittal, it may require that any such communications comply with the requirements prescribed in the Regulations.

(5) [*Presentation of a Communication*] Any Contracting Party shall accept the presentation of a communication the content of which corresponds to the relevant Model International Form, if any, provided for in the Regulations.

(6) [*Prohibition of Other Requirements*] No Contracting Party may demand that, in respect of paragraphs (1) to (5), requirements other than those referred to in this Article be complied with.

(7) [*Means of Communication with Representative*] Nothing in this Article regulates the means of communication between an applicant, holder or other interested person and its representative.

9. gr.
Flokkun vöru eða þjónustu.

1) [*Upplýsingar um vörur eða þjónustu*] Hver einstök skráning og útgáfa, sem skrifstofan stendur að og varðar umsókn eða skráningu þar sem greint er frá vörum eða þjónustu, verður að greina frá vörum eða þjónustu með nafni, allt flokkað samkvæmt Niceflokkunarkerfinu en framan við hvern flokk skal skrá það númer sem flokkur vöru eða þjónustu heyrir undir samkvæmt flokkunarkerfinu og skal þetta sett fram í flokkaröð viðkomandi flokkunarkerfis.

Article 9
Classification of Goods and/or Services

(1) [*Indications of Goods and/or Services*] Each registration and any publication effected by an Office which concerns an application or registration and which indicates goods and/or services shall indicate the goods and/or services by their names, grouped according to the classes of the Nice Classification, and each group shall be preceded by the number of the class of that Classification to which that group of goods or services belongs and shall be presented in the order of the classes of the said Classification.

2) [*Vörur eða þjónusta í sama flokki eða mismunandi flokkum*]

a) Vörur eða þjónustu skal ekki skoða sem líka innbyrðis á þeirri forsendu að í skráningu eða tilkynningu, sem skrifstofan birtir, komi vörur eða þjónusta fram í sama flokki samkvæmt Niceflokkunarkerfinu.

b) Vörur eða þjónustu skal ekki skoða sem ólíka innbyrðis á þeirri forsendu að í skráningum eða tilkynningum, sem skrifstofan birtir, komi vörur eða þjónusta fram í mismunandi flokkum samkvæmt Niceflokkunarkerfinu.

10. gr.

Breytingar á nafni eða heimilisfangi.

1) [*Breytingar á nafni eða heimilisfangi eiganda*]

a) Ef ekki verður breyting á eiganda en nafn eða heimilisfang hans breytist ber hverjum samningsaðila að taka til greina beiðni um skráningu skrifstofunnar á breytingunni í vörumerkjaskrá sem eigandi setur fram í erindi þar sem greint er frá viðkomandi skráningarnúmeri og þeirri breytingu sem skrá á.

b) Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að í beiðni sé greint frá;
   i) nafni og heimilisfangi eiganda;
   ii) nafni og heimilisfangi umboðsmanns ef eigandi hefur umboðsmann;
   iii) heimilisfangi vegna móttöku erinda ef eigandi er með slíkt heimilisfang.

c) Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að gjald sé greitt til skrifstofunnar vegna beiðni.

d) Ein beiðni telst nægja þótt breyting varði fleiri en eina skráningu að því tilskildu að greint sé frá númerum allra viðkomandi skráninga í beiðninni.

2) [*Breyting á nafni eða heimilisfangi umsækjanda*] Að breyttu breytanda skal 1. mgr. gilda ef breyting varðar umsókn eða umsóknir, eða bæði umsókn eða umsóknir og skráningu eða skráningar, þó þannig að númer fyrir þá umsókn, sem um ræðir, hafi enn ekki verið gefið út eða umsækjanda eða umboðsmanni hans er enn ekki kunnugt um slíkt númer að því tilskildu að umsókn sé að öðru leyti auðkennd í beiðni eins og mælt er fyrir um í reglugerð.

3) [*Breyting á nafni eða heimilisfangi umboðsmanns eða heimilisfangi vegna móttöku erinda*] Að breyttu breytanda skal 1. mgr. gilda um allar breytingar á nafni eða heimilisfangi umboðsmanns, sé um slíkt að ræða, og allar breytingar er snerta heimilisfang vegna móttöku erinda sé um slíkt að ræða.

4) [*Bann við öðrum skilyrðum*] Engum samningsaðila er heimilt að krefjast þess að fullnægja þurfi

(2) [*Goods or Services in the Same Class or in Different Classes*]

(a) Goods or services may not be considered as being similar to each other on the ground that, in any registration or publication by the Office, they appear in the same class of the Nice Classification.

(b) Goods or services may not be considered as being dissimilar from each other on the ground that, in any registration or publication by the Office, they appear in different classes of the Nice Classification.

Article 10

Changes in Names or Addresses

(1) [*Changes in the Name or Address of the Holder*]

(a) Where there is no change in the person of the holder but there is a change in its name and/or address, each Contracting Party shall accept that a request for the recordal of the change by the Office in its register of marks be made by the holder in a communication indicating the registration number of the registration concerned and the change to be recorded.

(b) Any Contracting Party may require that the request indicate
   (i) the name and address of the holder;
   (ii) where the holder has a representative, the name and address of that representative;
   (iii) where the holder has an address for service, such address.

(c) Any Contracting Party may require that, in respect of the request, a fee be paid to the Office.

(d) A single request shall be sufficient even where the change relates to more than one registration, provided that the registration numbers of all registrations concerned are indicated in the request.

(2) [*Change in the Name or Address of the Applicant*] Paragraph (1) shall apply, *mutatis mutandis*, where the change concerns an application or applications, or both an application or applications and a registration or registrations, provided that, where the application number of any application concerned has not yet been issued or is not known to the applicant or its representative, the request otherwise identifies that application as prescribed in the Regulations.

(3) [*Change in the Name or Address of the Representative or in the Address for Service*] Paragraph (1) shall apply, *mutatis mutandis*, to any change in the name or address of the representative, if any, and to any change relating to the address for service, if any.

(4) [*Prohibition of Other Requirements*] No Contracting Party may demand that requirements other

öðrum skilyrðum en þeim sem vísað til í 1.–3. mgr. og 8. gr. varðandi þá beiðni sem um er rætt í þessari grein. Sér í lagi á ekki að setja skilyrði um framlagningu vottorðs varðandi breytinguna.

5) [*Gögn til sönnunar*] Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að skrifstofunni séu afhent gögn til sönnunar ef skrifstofan hefur rökstudda ástæðu til að vefengja áreiðanleika upplýsinga.

11. gr.
Breyting á eignarhaldi.

1) [*Breyting á eignarhaldi skráningar*]

a) Ef breyting verður á eiganda ber hverjum samningsaðila að taka til greina beiðni frá honum eða þeim aðila, sem öðlaðist eignarhald (hér á eftir vísað til hans sem „nýs eiganda“), um innfærslu breytinga í vörumerkjaskrá hjá skrifstofunni enda sé beiðni sett fram í erindi þar sem greint er frá númeri viðkomandi skráningar og þeirri breytingu sem skrá á.

b) Ef samningur leiðir til breytinga á eignarhaldi er samningsaðila heimilt að setja það skilyrði að í beiðni sé greint frá þeirri staðreynd og að beiðni fylgi, að ósk þess aðila sem leggur fram beiðnina, eitthvert eitt eftirtalinna gagna:
   i) afrit samningsins sem heimilt er að setja skilyrði um að sé staðfest af lögbókanda eða öðrum réttbærum yfirvöldum þess efnis að afritið samræmist frumriti samnings;
   ii) útdráttur úr samningnum þar sem fram kemur breyting á eignarhaldi og má gera kröfu um að útdrátturinn sé staðfestur af lögbókanda eða öðrum réttbærum yfirvöldum þess efnis að um sé að ræða réttan útdrátt úr samningnum;
   iii) óstaðfest framsalsskírteini sem hefur verið ritað á því formi og með því efni, sem reglugerð segir til um, og undirritað er bæði af eiganda og nýjum eiganda;
   iv) óstaðfest framsalsskjal sem hefur verið ritað á því formi og með því efni, sem reglugerð segir til um, og undirritað er bæði af eiganda og nýjum eiganda.

c) Ef breytingu á eignarhaldi leiðir af samruna er samningsaðila heimilt að setja skilyrði um að í beiðni sé greint frá þeirri staðreynd og að henni fylgi afrit skjals sem komið er frá réttbæru yfirvaldi og ber vitni um samrunann, eins og t.d. afrit útdráttar úr viðskiptaskrá, og að það afrit sé staðfest af því yfirvaldi, sem gaf skjalið út, ellegar lögbókanda eða öðru réttbæru yfirvaldi þess efnis að afritið samræmist frumskjalinu.

than those referred to in paragraphs (1) to (3) and in Article 8 be complied with in respect of the request referred to in this Article. In particular, the furnishing of any certificate concerning the change may not be required.

(5) [*Evidence*] Any Contracting Party may require that evidence be furnished to the Office where the Office may reasonably doubt the veracity of any indication contained in the request.

Article 11
Change in Ownership

(1) [*Change in the Ownership of a Registration*]

(a) Where there is a change in the person of the holder, each Contracting Party shall accept that a request for the recordal of the change by the Office in its register of marks be made by the holder or by the person who acquired the ownership (hereinafter referred to as “new owner”) in a communication indicating the registration number of the registration concerned and the change to be recorded.

(b) Where the change in ownership results from a contract, any Contracting Party may require that the request indicate that fact and be accompanied, at the option of the requesting party, by one of the following:
   (i) a copy of the contract, which copy may be required to be certified, by a notary public or any other competent public authority, as being in conformity with the original contract;
   (ii) an extract of the contract showing the change in ownership, which extract may be required to be certified, by a notary public or any other competent public authority, as being a true extract of the contract;
   (iii) an uncertified certificate of transfer drawn up in the form and with the content as prescribed in the Regulations and signed by both the holder and the new owner;
   (iv) an uncertified transfer document drawn up in the form and with the content as prescribed in the Regulations and signed by both the holder and the new owner.

(c) Where the change in ownership results from a merger, any Contracting Party may require that the request indicate that fact and be accompanied by a copy of a document, which document originates from the competent authority and evidences the merger, such as a copy of an extract from a register of commerce, and that that copy be certified by the authority which issued the document or by a notary public or any other

d) Ef breyting verður á einum eða fleiri sameigendum en ekki öllum sameigendum og slíka breytingu á eignarhaldi leiðir af samningi eða samruna er hverjum samningsaðila heimilt að setja skilyrði um að sameigandi, sem lýtur ekki breytingum á eignaraðild, láti berum orðum í ljós samþykki sitt á breyttu eignarhaldi í skjali sem sé undirritað af honum.

e) Ef breytingu á eignarhaldi leiðir ekki af samningi eða samruna heldur öðrum orsökum, t.d. ef hana leiðir af lögum eða úrskurði dómstóls er samningsaðila heimilt að setja skilyrði um að í beiðni sé greint frá slíkri staðreynd og henni fylgi afrit skjals, sem ber breytingunni vitni, og að skjalið sé staðfest af því yfirvaldi, sem gaf skjalið út, ellegar lögbókanda eða öðru réttbæru yfirvaldi þess efnis að afritið samræmist frumskjalinu.

f) Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að í beiðni sé greint frá:
   i) nafni og heimilisfangi eiganda;
   ii) nafni og heimilisfangi nýs eiganda;
   iii) nafni þess ríkis þar sem nýr eigandi er ríkisborgari sé hann ríkisborgari einhvers ríkis, nafni þess ríkis þar sem nýr eigandi er með lögheimili, sé um slíkt að ræða, og nafni þess ríkis þar sem nýr eigandi er með raunverulegan og virkan atvinnurekstur sé um slíkt að ræða;
   iv) lagalegu eðli lögaðila, sé hinn nýi eigandi lögaðili, svo og ríki og eftir atvikum því landsvæði innan þess ríkis þar sem lögaðili var stofnaður lögum samkvæmt.
   v) nafni og heimilisfangi umboðsmanns þegar eigandi hefur umboðsmann;
   vi) heimilisfangi vegna móttöku erinda ef eigandi hefur slíkt heimilisfang;
   vii) nafni og heimilisfangi umboðsmanns þegar nýr eigandi hefur umboðsmann;
   viii) heimilisfangi vegna móttöku erinda ef gert er að skilyrði að nýr eigandi sé með slíkt heimilisfang skv. b-lið 2. mgr. 4. gr.

g) Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að greitt sé gjald til skrifstofunnar vegna beiðni.

h) Ein beiðni telst nægja jafnvel þótt breyting varði fleiri en eina skráningu að því tilskildu að eigandi og nýr eigandi sé sá sami varðandi hverja skráningu, svo og að greint sé frá númerum allra viðkomandi skráninga í beiðni.

competent public authority, as being in conformity with the original document.

(d) Where there is a change in the person of one or more but not all of several co-holders and such change in ownership results from a contract or a merger, any Contracting Party may require that any co-holder in respect of which there is no change in ownership give its express consent to the change in ownership in a document signed by it.

(e) Where the change in ownership does not result from a contract or a merger but from another ground, for example, from operation of law or a court decision, any Contracting Party may require that the request indicate that fact and be accompanied by a copy of a document evidencing the change and that that copy be certified as being in conformity with the original document by the authority which issued the document or by a notary public or any other competent public authority.

(f) Any Contracting Party may require that the request indicate
   (i) the name and address of the holder;
   (ii) the name and address of the new owner;
   (iii) the name of a State of which the new owner is a national if he/she is the national of any State, the name of a State in which the new owner has his/her domicile, if any, and the name of a State in which the new owner has a real and effective industrial or commercial establishment, if any;
   (iv) where the new owner is a legal entity, the legal nature of that legal entity and the State, and, where applicable, the territorial unit within that State, under the law of which the said legal entity has been organized;
   (v) where the holder has a representative, the name and address of that representative;
   (vi) where the holder has an address for service, such address;
   (vii) where the new owner has a representative, the name and address of that representative;
   (viii) where the new owner is required to have an address for service under Article 4(2)(b), such address.

(g) Any Contracting Party may require that, in respect of the request, a fee be paid to the Office.

(h) A single request shall be sufficient even where the change relates to more than one registration, provided that the holder and the new owner are the same for each registration and that the registration numbers of all registrations concerned are

i) Ef breyting á eignarhaldi varðar ekki allar þær vörur eða alla þá þjónustu, sem talin er upp í skráningu eiganda, og lög, sem um það gilda, heimila skráningu slíkra breytinga skal skrifstofan gera nýja skráningu þar sem vísað er til þeirra vara eða þeirrar þjónustu sem lýtur breyttu eignarhaldi.

2) [*Breyting á eignarhaldi umsóknar*] Að breyttu breytanda skal 1. mgr. gilda ef breyting á eignarhaldi varðar umsókn eða umsóknir, eða bæði umsókn eða umsóknir og skráningu eða skráningar, þó þannig, ef ekki hefur verið gefið út númer viðkomandi umsóknar eða umsækjanda eða umboðsmanni hans er ekki kunnugt um slíkt númer, að beiðnin skal að öðru leyti auðkenna umsóknina eins og mælt er fyrir um í reglugerð.

3) [*Bann við öðrum skilyrðum*] Engum samningsaðila er heimilt að krefjast þess að fullnægja þurfi öðrum skilyrðum en þeim sem vísað er til í 1. og 2. mgr. og 8. gr. að því er varðar þá beiðni sem fjallað er um í þessari grein. Sér í lagi er ekki heimilt að setja skilyrði um eftirtalið:

i) með fyrirvara um c-lið 1. mgr., að lagt skuli fram vottorð eða útdráttur úr viðskiptaskrá;

ii) að greint sé frá því að nýr eigandi hafi með höndum atvinnurekstur, svo og að lögð séu fram gögn því til sönnunar;

iii) að greint sé frá því að nýr eigandi hafi með höndum rekstur sem samsvari þeim vörum eða þeirri þjónustu sem lýtur breyttu eignarhaldi, svo og að lögð séu fram gögn því til sönnunar;

iv) að greint sé frá því að eigandi hafi framselt nýjum eiganda að öllu leyti eða að hluta atvinnurekstur sinn eða viðkomandi viðskiptavild, svo og að lögð séu fram gögn því til sönnunar;

4) [*Gögn til sönnunar*] Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði, að skrifstofunni séu afhent gögn til sönnunar, eða frekari gögn eigi c- eða e-liður 1. mgr. við, ef skrifstofan hefur rökstudda ástæðu til að vefengja áreiðanleika upplýsinga í beiðni eða skjölum sem vísað er til í þessari grein.

12. gr.

Leiðrétting á villu.

1) [*Leiðrétting á villu varðandi skráningu*]

a) Hverjum samningsaðila ber að fallast á að eigandi megi senda beiðni um leiðréttingu á villu sem fram kom í umsókn eða annars konar beiðni,

indicated in the request.

(i) Where the change of ownership does not affect all the goods and/or services listed in the holder's registration, and the applicable law allows the recording of such change, the Office shall create a separate registration referring to the goods and/or services in respect of which the ownership has changed.

(2) [*Change in the Ownership of an Application*] Paragraph (1) shall apply, *mutatis mutandis*, where the change in ownership concerns an application or applications, or both an application or applications and a registration or registrations, provided that, where the application number of any application concerned has not yet been issued or is not known to the applicant or its representative, the request otherwise identifies that application as prescribed in the Regulations.

(3) [*Prohibition of Other Requirements*] No Contracting Party may demand that requirements other than those referred to in paragraphs (1) and (2) and in Article 8 be complied with in respect of the request referred to in this Article. In particular, the following may not be required:

(i) subject to paragraph (1)(c), the furnishing of any certificate of, or extract from, a register of commerce;

(ii) an indication of the new owner's carrying on of an industrial or commercial activity, as well as the furnishing of evidence to that effect;

(iii) an indication of the new owner's carrying on of an activity corresponding to the goods and/or services affected by the change in ownership, as well as the furnishing of evidence to either effect;

(iv) an indication that the holder transferred, entirely or in part, its business or the relevant goodwill to the new owner, as well as the furnishing of evidence to either effect.

(4) [*Evidence*] Any Contracting Party may require that evidence, or further evidence where paragraph (1)(c) or (e) applies, be furnished to the Office where that Office may reasonably doubt the veracity of any indication contained in the request or in any document referred to in the present Article.

Article 12

Correction of a Mistake

(1) [*Correction of a Mistake in Respect of a Registration*]

(a) Each Contracting Party shall accept that the request for the correction of a mistake which was made in the application or other request commu-

sem send hefur verið skrifstofunni, þar sem villan kemur fram í vörumerkjaskrá eða hvers konar efni sem skrifstofan hefur birt, og að í slíkri beiðni um leiðréttingu á villu sé greint frá númeri þeirrar skráningar sem um ræðir, villu sem leiðrétta á og leiðréttingu sem skrá á.

b) Samningsaðili er heimilt að setja skilyrði um að beiðni greini frá:
   i) nafni og heimilisfangi eiganda;
   ii) nafni og heimilisfangi umboðsmanns þegar eigandi hefur umboðsmann;
   iii) heimilisfangi vegna móttöku erinda ef eigandi hefur slíkt heimilisfang.

c) Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að gjald sé greitt til skrifstofunnar vegna beiðni.

d) Ein beiðni skal nægja þótt leiðrétting varði fleiri en eina skráningu sama aðila að því tilskildu að villa og umbeðin leiðrétting séu þær sömu varðandi hverja skráningu, svo og að greint sé frá númeri allra viðkomandi skráninga í beiðni.

2) [*Leiðrétting á villu varðandi umsókn*] Að breyttu breytanda skal 1. mgr. gilda ef villa varðar umsókn eða umsóknir, eða bæði umsókn eða umsóknir og skráningu eða skráningar, þó þannig, þegar ekki hefur verið gefið út númer viðkomandi umsóknar eða umsækjanda eða umboðsmanni hans er ekki kunnugt um slíkt númer, að umsókn skal að öðru leyti auðkennd í beiðni eins og mælt er fyrir um í reglugerð.

3) [*Bann við öðrum skilyrðum*] Engum samningsaðila er heimilt að krefjast þess að fullnægja þurfi öðrum skilyrðum en þeim sem vísað er til í 1. og 2. mgr. og 8. gr. varðandi þá beiðni sem um er rætt í þessari grein.

4) [*Gögn til sönnunar*] Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að skrifstofu séu afhent gögn til sönnunar hafi skrifstofan rökstudda ástæðu til að vefengja að ætluð villa sé í raun villa.

5) [*Villur sem skrifstofan gerir*] Skrifstofa samningsaðila skal leiðrétta eigin villur af sjálfsdáðum eða samkvæmt beiðni án gjaldtöku.

6) [*Villur sem ekki er unnt að leiðrétta*] Engum samningsaðila skal skylt að beita 1., 2. og 5. mgr. varðandi villur sem að lögum samningsaðila verða ekki leiðréttar.

13. gr.

Gildistími og endurnýjun skráningar.

1) [*Upplýsingar eða efnisatriði í endurnýjunarbeiðni eða fylgiskjali með henni; gjald*]

a) Samningsaðila er heimilt að setja skilyrði um að endurnýjun skráningar sé háð því að beiðni sé

nicated to the Office and which mistake is reflected in its register of marks and/or any publication by the Office be made by the holder in a communication indicating the registration number of the registration concerned, the mistake to be corrected and the correction to be entered.

(b) Any Contracting Party may require that the request indicate
   (i) the name and address of the holder;
   (ii) where the holder has a representative, the name and address of that representative;
   (iii) where the holder has an address for service, such address.

(c) Any Contracting Party may require that, in respect of the request, a fee be paid to the Office.

(d) A single request shall be sufficient even where the correction relates to more than one registration of the same person, provided that the mistake and the requested correction are the same for each registration and that the registration numbers of all registrations concerned are indicated in the request.

(2) [*Correction of a Mistake in Respect of an Application*] Paragraph (1) shall apply, *mutatis mutandis*, where the mistake concerns an application or applications, or both an application or applications and a registration or registrations, provided that, where the application number of any application concerned has not yet been issued or is not known to the applicant or its representative, the request otherwise identifies that application as prescribed in the Regulations.

(3) [*Prohibition of Other Requirements*] No Contracting Party may demand that requirements other than those referred to in paragraphs (1) and (2) and in Article 8 be complied with in respect of the request referred to in this Article.

(4) [*Evidence*] Any Contracting Party may require that evidence be furnished to the Office where the Office may reasonably doubt that the alleged mistake is in fact a mistake.

(5) [*Mistakes Made by the Office*] The Office of a Contracting Party shall correct its own mistakes, *ex officio* or upon request, for no fee.

(6) [*Uncorrectable Mistakes*] No Contracting Party shall be obliged to apply paragraphs (1), (2) and (5) to any mistake which cannot be corrected under its law.

Article 13

Duration and Renewal of Registration

(1) [*Indications or Elements Contained in or Accompanying a Request for Renewal; Fee*]

(a) Any Contracting Party may require that the renewal of a registration be subject to the filing of

lögð inn og að í beiðninni séu eftirtaldar upplýsingar:

i) upplýsingar um að óskað sé endurnýjunar;
ii) nafn og heimilisfang eiganda;
iii) númer viðkomandi skráningar;
iv) að ósk samningsaðila, umsóknardag, sem leiddi til viðkomandi skráningar, eða skráningardag viðkomandi skráningar;
v) nafn og heimilisfang umboðsmanns þegar eigandi hefur umboðsmann;
vi) heimilisfang vegna móttöku erinda ef eigandi hefur slíkt heimilisfang;
vii) ef samningsaðili heimilar að endurnýjun skráningar fari aðeins fram vegna hluta þeirrar vöru eða þjónustu, sem skráð hefur verið í vörumerkjaskrá, og óskað er eftir endurnýjun skráningar þarf að greina frá nöfnum á skráðum vörum eða þjónustu, sem beðið er um endurnýjaða skráningu á, eða nöfnum á skráðum vörum eða þjónustu sem ekki er beðið um endurnýjaða skráningu á, allt flokkað niður samkvæmt Niceflokkunarkerfinu og framan við hvern flokk skal skrá það númer sem flokkur vöru eða þjónustu heyrir undir samkvæmt flokkunarkerfinu og skal þetta sett fram í flokkaröð viðkomandi flokkunarkerfis;
viii) ef samningsaðili heimilar öðrum aðila en eiganda eða umboðsmanni hans að láta leggja inn beiðni um endurnýjun og beiðni er lögð inn af slíkum aðila þarf að greina frá nafni og heimilisfangi þess aðila.

b) Samningsaðila er heimilt, vegna beiðni um endurnýjun, að setja skilyrði um greiðslu gjalds til skrifstofunnar. Þegar gjaldið hefur verið innt af hendi vegna upphafstímabils skráningar eða endurnýjunartímabils verður ekki farið fram á frekari greiðslur til að viðhalda skráningu vegna þess tímabils. Gjöld, sem tengjast framlagningu yfirlýsingar eða gagna til sönnunar um notkun, skal ekki skv. þessum lið telja greiðslur sem krafist er til viðhalds skráningar og hefur þessi liður engin áhrif að því er slík gjöld varðar.

c) Samningsaðila er heimilt að gera að skilyrði að beiðni um endurnýjun sé lögð fram og samsvarandi gjald skv. b-lið verði greitt til skrifstofunnar innan þeirra tímamarka sem ákveðin hafa verið í lögum samningsaðila, með fyrirvara um lágmarkstímabil þau sem mælt er fyrir um í reglugerð.

2) [*Bann við öðrum skilyrðum*] Engum samningsaðila er heimilt að krefjast þess að fullnægja þurfi

a request and that such request contain some or all of the following indications:

(i) an indication that renewal is sought;
(ii) the name and address of the holder;
(iii) the registration number of the registration concerned;
(iv) at the option of the Contracting Party, the filing date of the application which resulted in the registration concerned or the registration date of the registration concerned;
(v) where the holder has a representative, the name and address of that representative;
(vi) where the holder has an address for service, such address;
(vii) where the Contracting Party allows the renewal of a registration to be made for some only of the goods and/or services which are recorded in the register of marks and such a renewal is requested, the names of the recorded goods and/or services for which the renewal is requested or the names of the recorded goods and/or services for which the renewal is not requested, grouped according to the classes of the Nice Classification, each group preceded by the number of the class of that Classification to which that group of goods or services belongs and presented in the order of the classes of the said Classification;
(viii) where a Contracting Party allows a request for renewal to be filed by a person other than the holder or its representative and the request is filed by such a person, the name and address of that person.

(b) Any Contracting Party may require that, in respect of the request for renewal, a fee be paid to the Office. Once the fee has been paid in respect of the initial period of the registration or of any renewal period, no further payment may be required for the maintenance of the registration in respect of that period. Fees associated with the furnishing of a declaration and/or evidence of use shall not be regarded, for the purposes of this subparagraph, as payments required for the maintenance of the registration and shall not be affected by this subparagraph.

(c) Any Contracting Party may require that the request for renewal be presented, and the corresponding fee referred to in subparagraph (b) be paid, to the Office within the period fixed by the law of the Contracting Party, subject to the minimum periods prescribed in the Regulations.

(2) [*Prohibition of Other Requirements*] No Contracting Party may demand that requirements other

öðrum skilyrðum en þeim, sem vísað er til í 1. mgr. og 8. gr., varðandi beiðni um endurnýjun. Sér í lagi er ekki heimilt að setja skilyrði um eftirfarandi:

i) mynd af merki eða önnur auðkenni varðandi merki;
ii) framlagningu gagna til sönnunar þess að merki hafi verið skráð, eða að skráning þess hafi verið endurnýjuð, hjá öðrum skráningaraðilum merkja;
iii) framlagningu yfirlýsingar eða gagna til sönnunar um notkun viðkomandi merkis.

3) [*Gögn til sönnunar*] Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að skrifstofunni séu afhent gögn til sönnunar ef beiðni um endurnýjun er til skoðunar þegar skrifstofan hefur rökstudda ástæðu til að vefengja áreiðanleika upplýsinga eða efnisatriða í beiðni um endurnýjun.

4) [*Bann við efnislegri skoðun*] Engri skrifstofu samningsaðila er heimilt að taka efnisatriði skráningar til skoðunar vegna endurnýjunar.

5) [*Gildistími*] Gildistími upphafstíma skráningar og hvers endurnýjunartímabils fyrir sig skal vera tíu ár.

than those referred to in paragraph (1) and in Article 8 be complied with in respect of the request for renewal. In particular, the following may not be required:

(i) any representation or other identification of the mark;
(ii) the furnishing of evidence to the effect that the mark has been registered, or that its registration has been renewed, in any other register of marks;
(iii) the furnishing of a declaration and/or evidence concerning use of the mark.

(3) [*Evidence*] Any Contracting Party may require that evidence be furnished to the Office in the course of the examination of the request for renewal where the Office may reasonably doubt the veracity of any indication or element contained in the request for renewal.

(4) [*Prohibition of Substantive Examination*] No Office of a Contracting Party may, for the purposes of effecting the renewal, examine the registration as to substance.

(5) [*Duration*] The duration of the initial period of the registration, and the duration of each renewal period, shall be 10 years.

14. gr.
Ívilnandi úrræði þegar tímamörk eru ekki virt.

1) *[Ívilnandi úrræði fyrir lok tímamarka*] Samningsaðila er heimilt að setja ákvæði um framlengingu tímamarka við meðferð hjá skrifstofunni vegna umsóknar eða skráningar hafi beiðni þess efnis verið lögð inn hjá skrifstofunni fyrir lok tímamarka.

2) [*Ívilnandi úrræði eftir lok að tímamarka*] Ef umsækjandi, eigandi eða annar hagsmunaðili hefur ekki farið að ákvæðum um tímamörk („viðkomandi tímamörk“) við meðferð hjá skrifstofu samningsaðila vegna umsóknar eða skráningar skal samningsaðili setja ákvæði um eitt eða fleiri eftirtalinna ívilnandi úrræða í samræmi við þau skilyrði, sem reglugerð mælir fyrir um, hafi beiðni þess efnis verið lögð inn hjá skrifstofunni:

i) framlengingu viðkomandi tímamarka sem reglugerð mælir fyrir um;
ii) áframhaldandi meðferð máls vegna umsóknar eða skráningar;
iii) endurveitingu réttinda umsækjanda, eiganda eða annars hagsmunaaðila varðandi umsókn eða skráningu komist skrifstofan að þeirri niðurstöðu að misbrestur, sem olli því að ákvæðum um viðkomandi tímamörk var ekki fylgt, hafi átt sér stað þrátt fyrir að

Article 14
Relief Measures in Case of Failure to Comply with Time Limits

(1) [*Relief Measure Before the Expiry of a Time Limit*] A Contracting Party may provide for the extension of a time limit for an action in a procedure before the Office in respect of an application or a registration, if a request to that effect is filed with the Office prior to the expiry of the time limit.

(2) [*Relief Measures After the Expiry of a Time Limit*] Where an applicant, holder or other interested person has failed to comply with a time limit (“the time limit concerned”) for an action in a procedure before the Office of a Contracting Party in respect of an application or a registration, the Contracting Party shall provide for one or more of the following relief measures, in accordance with the requirements prescribed in the Regulations, if a request to that effect is filed with the Office:

(i) extension of the time limit concerned for the period prescribed in the Regulations;
(ii) continued processing with respect to the application or registration;
(iii) reinstatement of the rights of the applicant, holder or other interested person with respect to the application or registration if the Office finds that the failure to comply with the time limit concerned occurred in spite of due care required by the circumstances

nægileg gát hafi verið viðhöfð með hliðsjón af kringumstæðum, eða eftir atvikum, kjósi samningsaðili svo, að misbrestur hafi ekki stafað af ásetningi.

3) [*Undantekningar*] Ekki ber að skylda nokkurn samningsaðila til að setja ákvæði um ívilnandi úrræði, skv. 2. mgr. að því er varðar undantekningar sem reglugerð mælir fyrir um.

4) [*Gjald*] Samningsaðili getur sett skilyrði um gjaldtöku vegna framangreindra ívilnandi úrræða skv. 1. og 2. mgr.

5) [*Bann við öðrum skilyrðum*] Engum samningsaðila er heimilt að krefjast þess að öðrum skilyrðum en þeim sem vísað er til í þessari grein og 8. gr. sé fullnægt vegna ívilnandi úrræða skv. 2. mgr.

having been taken or, at the option of the Contracting Party, that the failure was unintentional.

(3) [*Exceptions*] No Contracting Party shall be required to provide for any of the relief measures referred to in paragraph (2) with respect to the exceptions prescribed in the Regulations.

(4) [*Fee*] Any Contracting Party may require that a fee be paid in respect of any of the relief measures referred to in paragraphs (1) and (2).

(5) [*Prohibition of Other Requirements*] No Contracting Party may demand that requirements other than those referred to in this Article and in Article 8 be complied with in respect of any of the relief measures referred to in paragraph (2).

15. gr.

Skylda til að fylgja Parísarsamningnum.

Samningsaðili skal fara eftir þeim ákvæðum Parísarsamningsins er varða merki.

Article 15

Obligation to Comply with the Paris Convention

Any Contracting Party shall comply with the provisions of the Paris Convention which concern marks.

16. gr.

Þjónustumerki.

Samningsaðili skal skrá þjónustumerki og beita um þau þeim ákvæðum Parísarsamningsins sem varða vörumerki.

Article 16

Service Marks

Any Contracting Party shall register service marks and apply to such marks the provisions of the Paris Convention which concern trademarks.

17. gr.

Beiðni um skráningu á nytjaleyfi.

1) [*Skilyrði er varða beiðni um skráningu*] Ef lög samningsaðila kveða á um skráningu nytjaleyfis hjá skrifstofu sinni er þeim samningsaðila heimilt að setja skilyrði um að beiðni um skráningu:

i) sé skráð í samræmi við þau skilyrði, sem reglugerð mælir fyrir um, og
ii) að með beiðninni séu lögð fram þau fylgiskjöl sem reglugerð mælir fyrir um.

2) [*Gjald*] Samningsaðili getur sett það skilyrði að gjald sé greitt til skrifstofunnar vegna skráningar nytjaleyfis.

3) [*Ein beiðni er varðar fleiri en eina skráningu*] Ein beiðni skal nægja þótt nytjaleyfi varði fleiri en eina skráningu að því tilskildu að í beiðni sé greint frá númerum allra viðkomandi skráninga, að eigandi og nytjaleyfishafi sé sami aðili að því er varðar allar skráningar og að í beiðni sé greint frá gildissviði nytjaleyfis í samræmi við reglugerð að því er varðar allar skráningar.

4) [*Bann við öðrum skilyrðum*]

a) Engum samningsaðila er heimilt að krefjast þess að fullnægja þurfi öðrum skilyrðum en þeim sem

Article 17

Request for Recordal of a License

(1) [*Requirements Concerning the Request for Recordal*] Where the law of a Contracting Party provides for the recordal of a license with its Office, that Contracting Party may require that the request for recordal

(i) be filed in accordance with the requirements prescribed in the Regulations, and
(ii) be accompanied by the supporting documents prescribed in the Regulations.

(2) [*Fee*] Any Contracting Party may require that, in respect of the recordal of a license, a fee be paid to the Office.

(3) [*Single Request Relating to Several Registrations*] A single request shall be sufficient even where the license relates to more than one registration, provided that the registration numbers of all registrations concerned are indicated in the request, the holder and the licensee are the same for all registrations, and the request indicates the scope of the license in accordance with the Regulations with respect to all registrations.

(4) [*Prohibition of Other Requirements*]

(a) No Contracting Party may demand that requirements other than those referred to in paragraphs

vísað er til í 1. og 3. mgr. og 8. gr. varðandi skráningu nytjaleyfis hjá skrifstofu sinni. Sér í lagi á ekki að setja eftirfarandi skilyrði:

i) að leggja skuli fram skráningarskírteini um merki það sem nytjaleyfi tekur til;

ii) að leggja beri fram nytjaleyfissamning eða þýðingu á honum;

iii) að greint sé frá fjárhagslegum skilyrðum í nytjaleyfissamningi.

b) Ákvæði a-liðar eru með fyrirvara um gildandi skuldbindingar sem stofnað hefur verið til á grundvelli laga samningsaðila og varða birtingu á upplýsingum í öðru skyni en því er varðar skráningu nytjaleyfis í vörumerkjaskrá.

5) [*Gögn til sönnunar*] Samningsaðila er heimilt að setja það skilyrði að skrifstofunni séu afhent gögn til sönnunar ef skrifstofan hefur rökstudda ástæðu til að vefengja áreiðanleika upplýsinga í beiðni eða skjali sem tilgreint er í reglugerð.

6) [*Beiðnir sem varðar umsóknir*] Að breyttu breytanda skulu 1.–5. mgr. gilda um beiðnir um skráningu nytjaleyfis fyrir umsókn þegar lög samningsaðila kveða á um slíka skráningu.

(1) to (3) and in Article 8 be complied with in respect of the recordal of a license with its Office. In particular, the following may not be required:

(i) the furnishing of the registration certificate of the mark which is the subject of the license;

(ii) the furnishing of the license contract or a translation of it;

(iii) an indication of the financial terms of the license contract.

(b) Subparagraph (a) is without prejudice to any obligations existing under the law of a Contracting Party concerning the disclosure of information for purposes other than the recording of the license in the register of marks.

(5) [*Evidence*] Any Contracting Party may require that evidence be furnished to the Office where the Office may reasonably doubt the veracity of any indication contained in the request or in any document referred to in the Regulations.

(6) [*Requests Relating to Applications*] Paragraphs (1) to (5) shall apply, *mutatis mutandis,* to requests for recordal of a license for an application, where the law of a Contracting Party provides for such recordal.

18. gr.

Beiðni um breytingu á eða niðurfellingu skráningar á nytjaleyfi.

1) [*Skilyrði er varða beiðni*] Ef lög samningsaðila kveða á um skráningu nytjaleyfis hjá skrifstofu hans er samningsaðila heimilt að setja skilyrði um að beiðni um breytingu á eða niðurfellingu skráningar á nytjaleyfi:

i) sé skráð í samræmi við þau skilyrði, sem sett eru í reglugerð, og

ii) að henni fylgi þau skjöl sem reglugerð mælir fyrir um.

2) [*Önnur skilyrði*] Að breyttu breytanda skulu 2. og 6. mgr. 17 gr. gilda um beiðnir um breytingu á eða niðurfellingu skráningar á nytjaleyfi.

Article 18

Request for Amendment or Cancellation of the Recordal of a License

(1) [*Requirements Concerning the Request*] Where the law of a Contracting Party provides for the recordal of a license with its Office, that Contracting Party may require that the request for amendment or cancellation of the recordal of a license

(i) be filed in accordance with the requirements prescribed in the Regulations, and

(ii) be accompanied by the supporting documents prescribed in the Regulations.

(2) [*Other Requirements*] Article 17(2) to (6) shall apply, *mutatis mutandis,* to requests for amendment or cancellation of the recordal of a license.

19. gr.

Áhrif þess að nytjaleyfi er ekki skráð.

1) [*Gildi skráningar og verndun merkis*] Það að nytjaleyfi sé ekki skráð hjá skrifstofu eða öðru yfirvaldi samningsaðila hefur ekki áhrif á gildi skráningar þess merkis, sem nytjaleyfi tekur til, eða vernd þess merkis.

2) [*Sérstök réttindi nytjaleyfishafa*] Samningsaðila er ekki heimilt að setja skilyrði um að skráning nytjaleyfis sé forsenda réttar sem nytjaleyfishafi kann að hafa samkvæmt lögum þess samningsaðila

Article 19

Effects of the Non-Recordal of a License

(1) [*Validity of the Registration and Protection of the Mark*] The non-recordal of a license with the Office or with any other authority of the Contracting Party shall not affect the validity of the registration of the mark which is the subject of the license or the protection of that mark.

(2) [*Certain Rights of the Licensee*] A Contracting Party may not require the recordal of a license as a condition for any right that the licensee may have under the law of that Contracting Party to join in-

til að gerast aðili að málarekstri á vegum eiganda vegna brota á réttindum eða fá með þeim hætti skaðabætur vegna þess að brotið hafi verið gegn réttindum er tengjast því merki er nytjaleyfi tekur til.

3) [*Notkun merkis ef nytjaleyfi er ekki skráð*] Samningsaðila er ekki heimilt að setja skilyrði um að skráning leyfis sé forsenda notkunar nytjaleyfishafa á merki til að telja megi slíkt fela í sér notkun af hálfu eiganda við málarekstur er varða kaup, eftirfylgni og fullnustu merkja.

20. gr.
Upplýsingar um nytjaleyfi.

Ef lög samningsaðila setja skilyrði um upplýsingar um að merki sé notað samkvæmt nytjaleyfi skal misbrestur á að sé farið eftir slíku skilyrði að öllu leyti eða að hluta ekki hafa áhrif á gildi skráningar þess merkis, sem nytjaleyfi tekur til, eða vernd merkis og hefur slíkt ekki áhrif á beitingu ákvæða 3. mgr. 19. gr.

21. gr.
Athugasemdir vegna væntanlegrar synjunar.

Skrifstofu er ekki heimilt að synja umsókn skv. 3. gr. eða beiðni skv. 7., 10.–14., 17. og 18. gr. að öllu leyti eða að hluta án þess að gefa umsækjanda eða þeim aðila sem leggur fram beiðni, eftir því sem við á, tækifæri til að leggja fram athugasemdir vegna væntanlegrar synjunar innan eðlilegra tímamarka. Að því er varðar 14. gr. skal engri skrifstofu gert skylt að gefa kost á framlagningu athugasemda ef sá aðili, sem leggur fram beiðni um ívilnandi úrræði, hefur þegar haft tækifæri til að leggja fram athugasemdir varðandi þau atriði sem ákvörðun mun byggja á.

22. gr.
Reglugerð.

1) [*Efni*]

a) Reglugerð sú, sem er viðauki við samning þennan, geymir reglur varðandi:
   i) málefni sem samningur þessi kveður skýrt á um að skuli „mæla fyrir um í reglugerð“;
   ii) atriði sem nýtast við framkvæmd ákvæða samnings þessa;
   iii) skilyrði, málefni eða málsmeðferð varðandi stjórnsýslu.

b) Í reglugerð er einnig fyrirmynd að alþjóðlegum eyðublöðum.

2) [*Breytingar á reglugerð*] Með fyrirvara um 3. mgr. þurfa allar breytingar á reglugerð að öðlast samþykki þriggja fjórðu hluta þeirra atkvæða sem greidd eru.

3) [*Skilyrði um einróma samþykki*]

a) Í reglugerðinni kunna að vera tilgreind ákvæði í

fringement proceedings initiated by the holder or to obtain, by way of such proceedings, damages resulting from an infringement of the mark which is the subject of the license.

(3) [*Use of a Mark Where License Is Not Recorded*] A Contracting Party may not require the recordal of a license as a condition for the use of a mark by a licensee to be deemed to constitute use by the holder in proceedings relating to the acquisition, maintenance and enforcement of marks.

Article 20
Indication of the License

Where the law of a Contracting Party requires an indication that the mark is used under a license, full or partial non-compliance with that requirement shall not affect the validity of the registration of the mark which is the subject of the license or the protection of that mark, and shall not affect the application of Article 19(3).

Article 21
Observations in Case of Intended Refusal

An application under Article 3 or a request under Articles 7, 10 to 14, 17 and 18 may not be refused totally or in part by an Office without giving the applicant or the requesting party, as the case may be, an opportunity to make observations on the intended refusal within a reasonable time limit. In respect of Article 14, no Office shall be required to give an opportunity to make observations where the person requesting the relief measure has already had an opportunity to present an observation on the facts on which the decision is to be based.

Article 22
Regulations

(1) [*Content*]

(a) The Regulations annexed to this Treaty provide rules concerning
   (i) matters which this Treaty expressly provides to be “prescribed in the Regulations”;
   (ii) any details useful in the implementation of the provisions of this Treaty;
   (iii) any administrative requirements, matters or procedures.

(b) The Regulations also contain Model International Forms.

(2) [*Amending the Regulations*] Subject to paragraph (3), any amendment of the Regulations shall require three-fourths of the votes cast.

(3) [*Requirement of Unanimity*]

(a) The Regulations may specify provisions of the

henni sem einungis má breyta með einróma samþykki.

b) Breytingar á reglugerð, sem leiðir af viðbótarákvæðum við eða niðurfellingu þeirra ákvæða sem tilgreind eru í reglugerðinni skv. a-lið, þurfa að hljóta einróma samþykki.

c) Þegar meta skal hvort einróma samþykki sé fengið ber aðeins að líta til þeirra atkvæða sem greidd eru. Hjáseta telst ekki greitt atkvæði.

4) [*Samningur og reglugerð stangast á*] Ef ákvæði samnings þessa stangast á við ákvæði reglugerðar ráða ákvæði samningsins.

Regulations which may be amended only by unanimity.

(b) Any amendment of the Regulations resulting in the addition of provisions to, or the deletion of provisions from, the provisions specified in the Regulations pursuant to subparagraph (a) shall require unanimity.

(c) In determining whether unanimity is attained, only votes actually cast shall be taken into consideration. Abstentions shall not be considered as votes.

(4) [*Conflict Between the Treaty and the Regulations*] In the case of conflict between the provisions of this Treaty and those of the Regulations, the former shall prevail.

23. gr.
Þing.

1) [*Skipan*]

a) Samningsaðilar skulu hafa með sér þing.

b) Hver samningsaðili skal hafa einn fulltrúa sem kemur fram fyrir hans hönd á þinginu og má hann njóta stuðnings varafulltrúa, ráðgjafa og sérfræðinga. Hver fulltrúi má einungis koma fram fyrir hönd eins samningsaðila.

2) [*Verkefni*] Þingið skal:

i) fjalla um málefni er varða þróun samnings þessa;

ii) breyta reglugerð, m.a. fyrirmynd að alþjóðlegum eyðublöðum;

iii) ákvarða skilyrði fyrir dagsetningu gildistöku einstakra breytinga skv. ii. lið;

iv) framkvæma önnur þau störf sem nauðsynleg þykja til framkvæmdar ákvæða samnings þessa.

3) [*Tilskilinn meirihluti*]

a) Helmingur þeirra þingfulltrúa, sem eru ríki, skal skoðast sem tilskilinn meirihluti.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar gildir að þingið getur, ef fundur er haldinn á þinginu og fjöldi þeirra aðila á þinginu sem eru ríki og hafa þar fulltrúa er minni en helmingur en samt fullur þriðjungur eða meira en þriðjungur þeirra þingfulltrúa, sem eru ríki, tekið ákvarðanir, þó ekki ákvarðanir varðandi eigin þingsköp en allar slíkar ákvarðanir skulu aðeins öðlast gildi sé neðangreindum skilyrðum fullnægt. Alþjóðaskrifstofan skal koma ofangreindum ákvörðunum á framfæri með orðsendingu við þá þingfulltrúa sem eru ríki og voru ekki með fulltrúa á þinginu og jafnframt bjóða þeim að lýsa skriflega atkvæði sínu eða hjásetu innan þriggja mánaða frá dagsetningu orðsendingarinnar. Ef fjöldi þeirra fulltrúa sem þannig hafa lýst atkvæði sínu eða hjásetu, við lok

Article 23
Assembly

(1) [*Composition*]

(a) The Contracting Parties shall have an Assembly.

(b) Each Contracting Party shall be represented in the Assembly by one delegate, who may be assisted by alternate delegates, advisors and experts. Each delegate may represent only one Contracting Party.

(2) [*Tasks*] The Assembly shall

(i) deal with matters concerning the development of this Treaty;

(ii) amend the Regulations, including the Model International Forms;

(iii) determine the conditions for the date of application of each amendment referred to in item (ii);

(iv) perform such other functions as are appropriate to implementing the provisions of this Treaty.

(3) [*Quorum*]

(a) One-half of the members of the Assembly which are States shall constitute a quorum.

(b) Notwithstanding subparagraph (a), if, in any session, the number of the members of the Assembly which are States and are represented is less than one-half but equal to or more than one-third of the members of the Assembly which are States, the Assembly may make decisions but, with the exception of decisions concerning its own procedure, all such decisions shall take effect only if the conditions set forth hereinafter are fulfilled. The International Bureau shall communicate the said decisions to the members of the Assembly which are States and were not represented and shall invite them to express in writing their vote or abstention within a period of three months from the date of the communication. If, at the expiration of this period, the number of

þessa þriggja mánaða tímabils, nær þeim fjölda fulltrúa sem skorti fyrir tilskilinn meirihluta á sjálfum þingfundinum skulu slíkar ákvarðanir taka gildi, að því tilskildu að um tilskilinn meirihluta sé að ræða.

such members having thus expressed their vote or abstention attains the number of the members which was lacking for attaining the quorum in the session itself, such decisions shall take effect, provided that at the same time the required majority still obtains.

4) [*Ákvarðanataka á þinginu*]
a) Þingið skal leitast við að ná samkomulagi um töku ákvarðana með einróma samþykki.
b) Ef samkomulag næst ekki um töku ákvörðunar með einróma samþykki ber að ákveða um málefnið með atkvæðagreiðslu. Í slíkum tilvikum:
   i) fer samningsaðili, sem er ríki, með eitt atkvæði og skal aðeins greiða atkvæði í eigin nafni; og
   ii) samningsaðili, sem er milliríkjastofnun, getur tekið þátt í atkvæðagreiðslu, fyrir hönd aðildarríkja að þeirri stofnun, þar sem fjöldi atkvæða er jafn fjölda aðildarríkja sem eru aðilar að samningi þessum. Engin slík milliríkjastofnun skal taka þátt í atkvæðagreiðslunni notfæri eitthvert aðildarríkja hennar sér rétt sinn til að greiða atkvæði og öfugt. Auk þess skal engin slík milliríkjastofnun taka þátt í atkvæðagreiðslu ef eitthvert aðildarríkja hennar, sem er aðili að samningi þessum, er aðildarríki annarrar slíkrar milliríkjastofnunar og sú milliríkjastofnun tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

(4) [*Taking Decisions in the Assembly*]
(a) The Assembly shall endeavor to take its decisions by consensus.
(b) Where a decision cannot be arrived at by consensus, the matter at issue shall be decided by voting. In such a case,
   (i) each Contracting Party that is a State shall have one vote and shall vote only in its own name; and
   (ii) any Contracting Party that is an intergovernmental organization may participate in the vote, in place of its Member States, with a number of votes equal to the number of its Member States which are party to this Treaty. No such intergovernmental organization shall participate in the vote if any one of its Member States exercises its right to vote and vice versa. In addition, no such intergovernmental organization shall participate in the vote if any one of its Member States party to this Treaty is a Member State of another such intergovernmental organization and that other intergovernmental organization participates in that vote.

5) [*Meirihluti*]
a) Með fyrirvara um ákvæði 2. og 3. mgr. 22. gr. þarf tvo þriðju hluta greiddra atkvæða til að ákvarðanir þingsins séu gildar.
b) Þegar meta skal hvort tilskilinn meirihluti sé fenginn ber aðeins að líta til þeirra atkvæða sem greidd eru. Hjáseta telst ekki greitt atkvæði.

(5) [*Majorities*]
(a) Subject to Articles 22(2) and (3), the decisions of the Assembly shall require two-thirds of the votes cast.
(b) In determining whether the required majority is attained, only votes actually cast shall be taken into consideration. Abstentions shall not be considered as votes.

6) [*Fundir*] Þingið skal koma saman eftir að aðalframkvæmdastjóri hefur boðað fund og, að frátöldum undantekningartilvikum, á sama tíma og stað og aðalþing stofnunarinnar fer fram.

(6) [*Sessions*] The Assembly shall meet upon convocation by the Director General and, in the absence of exceptional circumstances, during the same period and at the same place as the General Assembly of the Organization.

7) [*Þingsköp*] Þingið setur sér eigin reglur um þingsköp, þ.m.t. reglur um aukafundi.

(7) [*Rules of Procedure*] The Assembly shall establish its own rules of procedure, including rules for the convocation of extraordinary sessions.

24. gr.
Alþjóðaskrifstofa.

1) [*Stjórnsýsluverkefni*]
a) Alþjóðaskrifstofan skal sjá um stjórnsýsluverkefni samkvæmt samningi þessum.
b) Einkanlega skal alþjóðaskrifstofan sjá um undirbúning funda og ritarastörf þingsins og þeirra

Article 24
International Bureau

(1) [*Administrative Tasks*]
(a) The International Bureau shall perform the administrative tasks concerning this Treaty.
(b) In particular, the International Bureau shall prepare the meetings and provide the secretariat of

nefnda sérfræðinga og starfshópa sem þingið kann að koma á fót.

2) [*Aðrir fundir en þingfundir*] Aðalframkvæmdastjóri sér um fundarboð til nefnda og starfshópa sem þingið hefur komið á fót.

3) [*Hlutverk alþjóðaskrifstofunnar á þinginu og öðrum fundum*]

a) Aðalframkvæmdastjóri og einstaklingar, sem aðalframkvæmdastjóri tilnefnir, skulu án atkvæðisréttar taka þátt í öllum fundum þingsins og nefnda og starfshópa sem þingið hefur komið á fót.

b) Aðalframkvæmdastjóri eða starfsmaður, sem hann hefur tilnefnt, verður sjálfkrafa ritari þingsins og nefnda og starfshópa skv. a-lið.

4) [*Ráðstefnur*]

a) Alþjóðaskrifstofan skal í samræmi við leiðbeiningar þingsins sjá um undirbúning allra ráðstefna sem haldnar eru til að endurskoða samninginn.

b) Alþjóðaskrifstofan má ráðfæra sig við aðildarríki stofnunarinnar, milliríkjastofnanir og alþjóðlegar og innlendar óopinberar stofnanir varðandi umræddan undirbúning.

c) Aðalframkvæmdastjórinn og einstaklingar, sem hann hefur tilnefnt, skulu taka án atkvæðisréttar þátt í þeim umræðum sem fram fara á ráðstefnum sem haldnar eru til að endurskoða samninginn.

5) [*Önnur verkefni*] Alþjóðaskrifstofan skal framkvæma öll önnur verkefni sem henni eru falin vegna þessa samnings.

the Assembly and of such committees of experts and working groups as may be established by the Assembly.

(2) [*Meetings Other than Sessions of the Assembly*] The Director General shall convene any committee and working group established by the Assembly.

(3) [*Role of the International Bureau in the Assembly and Other Meetings*]

(a) The Director General and persons designated by the Director General shall participate, without the right to vote, in all meetings of the Assembly, the committees and working groups established by the Assembly.

(b) The Director General or a staff member designated by the Director General shall be *ex officio* secretary of the Assembly, and of the committees and working groups referred to in subparagraph (a).

(4) [*Conferences*]

(a) The International Bureau shall, in accordance with the directions of the Assembly, make the preparations for any revision conferences.

(b) The International Bureau may consult with Member States of the Organization, intergovernmental organizations and international and national non-governmental organizations concerning the said preparations.

(c) The Director General and persons designated by the Director General shall take part, without the right to vote, in the discussions at revision conferences.

(5) [*Other Tasks*] The International Bureau shall carry out any other tasks assigned to it in relation to this Treaty.

25. gr.
Endurskoðun eða breyting.

Samning þennan er einungis heimilt að endurskoða eða breyta á ráðstefnu sendifulltrúa ríkja. Þingið ákveður boðun til ráðstefna sendifulltrúa ríkja.

Article 25
Revision or Amendment

This Treaty may only be revised or amended by a diplomatic conference. The convocation of any diplomatic conference shall be decided by the Assembly.

26. gr.
Aðild að samningnum.

1) [*Kjörgengi*] Eftirtaldir aðilar mega undirrita og, með fyrirvara um 2. og 3. mgr. og 1. og 3. mgr. 28. gr., gerast aðilar að samningi þessum:

i) ríki sem er aðili að stofnuninni enda sé vegna þess ríkis heimilt að skrá merki hjá eigin skrifstofu;

ii) milliríkjastofnun sem starfrækir skrifstofu þar sem skrá má merki svo að gilt sé á því landsvæði sem stofnsáttmáli milliríkjastofnunarinnar nær til, í öllum aðildarríkjum sínum eða þeim aðildarríkjum sem tilnefnd

Article 26
Becoming Party to the Treaty

(1) [*Eligibility*] The following entities may sign and, subject to paragraphs (2) and (3) and Article 28(1) and (3), become party to this Treaty:

(i) any State member of the Organization in respect of which marks may be registered with its own Office;

(ii) any intergovernmental organization which maintains an Office in which marks may be registered with effect in the territory in which the constituting treaty of the intergovernmental organization applies, in all

hafa verið í því skyni í viðkomandi umsókn, að því tilskildu að öll aðildarríki milliríkjastofnunarinnar séu aðilar að stofnuninni;

iii) ríki sem er aðili að stofnuninni enda sé vegna þess ríkis einvörðungu heimilt að skrá merki fyrir milligöngu skrifstofu annars tilgreinds ríkis sem er aðili að stofnuninni;

iv) ríki sem er aðili að stofnuninni enda sé vegna þess ríkis einvörðungu heimilt að skrá merki fyrir milligöngu skrifstofu milliríkjastofnunar sem ríkið er aðili að;

v) ríki sem er aðili að stofnuninni enda sé vegna þess ríkis einvörðungu heimilt að skrá merki fyrir milligöngu skrifstofu sem er sameiginleg hópi ríkja sem eru aðilar að stofnuninni;

2) [*Fullgilding eða aðild*] Aðili skv. 1. mgr. getur lagt inn:

i) fullgildingarskjal hafi hann undirritað samninginn;

ii) aðildarskjal hafi hann ekki undirritað samninginn.

3) [*Gildistökudagur þegar skjal er afhent til vörslu*] Gildistökudagur afhendingar skjals um fullgildingu eða aðild til vörslu skal teljast:

i) þegar um er að ræða ríki skv. i. lið 1. mgr. sá dagur þegar skjal þess ríkis er afhent til vörslu;

ii) þegar um milliríkjastofnun er að ræða, sá dagur þegar skjal þeirrar milliríkjastofnunar er afhent til vörslu;

iii) þegar um er að ræða ríki skv. iii. lið 1. mgr., sá dagur þegar eftirfarandi skilyrði er fullnægt: þegar skjal þess ríkis hefur verið afhent til vörslu og skjal hins ríkisins, sem er tilgreint, hefur verið afhent til vörslu;

iv) þegar um er að ræða ríki skv. iv. lið 1. mgr., sá dagur sem gildir samkvæmt ii. lið hér að framan;

v) þegar um er að ræða ríki sem er aðili að hópi ríkja skv. v. lið 1. mgr., sá dagur þegar skjöl allra ríkja, sem eru aðilar að ríkjahópnum, hafa verið afhent til vörslu.

its Member States or in those of its Member States which are designated for such purpose in the relevant application, provided that all the Member States of the intergovernmental organization are members of the Organization;

(iii) any State member of the Organization in respect of which marks may be registered only through the Office of another specified State that is a member of the Organization;

(iv) any State member of the Organization in respect of which marks may be registered only through the Office maintained by an intergovernmental organization of which that State is a member;

(v) any State member of the Organization in respect of which marks may be registered only through an Office common to a group of States members of the Organization.

(2) [*Ratification or Accession*] Any entity referred to in paragraph (1) may deposit

(i) an instrument of ratification, if it has signed this Treaty,

(ii) an instrument of accession, if it has not signed this Treaty.

(3) [*Effective Date of Deposit*] The effective date of the deposit of an instrument of ratification or accession shall be,

(i) in the case of a State referred to in paragraph (1)(i), the date on which the instrument of that State is deposited;

(ii) in the case of an intergovernmental organization, the date on which the instrument of that intergovernmental organization is deposited;

(iii) in the case of a State referred to in paragraph (1)(iii), the date on which the following condition is fulfilled: the instrument of that State has been deposited and the instrument of the other, specified State has been deposited;

(iv) in the case of a State referred to in paragraph (1)(iv), the date applicable under item (ii), above;

(v) in the case of a State member of a group of States referred to in paragraph (1)(v), the date on which the instruments of all the States members of the group have been deposited.

27. gr.
Framkvæmd samningsins um vörumerkjarétt frá 1994 og samnings þessa.

1) [*Samskipti samningsaðila sem eru bæði aðilar að samningi þessum og samningnum um vörumerkjarétt frá 1994*] Einungis þessi samningur gildir um gagnkvæm samskipti samningsaðila sem eru bæði aðilar að samningi þessum og samningnum um vörumerkjarétt frá 1994.

2) [*Samskipti samningsaðila að samningi þessum og samningsaðila að samningnum um vörumerkjarétt frá 1994 sem eru ekki aðilar að þessum samningi*] Samningsaðili bæði að samningi þessum og samningnum um vörumerkjarétt frá 1994 skal halda áfram að beita samningnum um vörumerkjarétt frá 1994 varðandi samskipti sín við samningsaðila að samningnum um vörumerkjarétt frá 1994 sem eru ekki aðilar að samningi þessum.

Article 27
Application of the TLT 1994 and This Treaty

(1) [*Relations Between Contracting Parties to Both This Treaty and the TLT 1994*] This Treaty alone shall be applicable as regards the mutual relations of Contracting Parties to both this Treaty and the TLT 1994.

(2) [*Relations Between Contracting Parties to This Treaty and Contracting Parties to the TLT 1994 That Are Not Party to This Treaty*] Any Contracting Party to both this Treaty and the TLT 1994 shall continue to apply the TLT 1994 in its relations with Contracting Parties to the TLT 1994 that are not party to this Treaty.

28. gr.
Gildistaka; gildistökudagur fullgildingar og aðildar.

1) [*Skjöl sem tekin eru gild*] Samkvæmt þessari grein skal eingöngu taka þau fullgildingarskjöl eða aðildarskjöl gild sem hafa verið afhent til vörslu af hálfu aðila sem vísað er til í 1. mgr. 26. gr. og eru með gildistökudag skv. 3. mgr. 26. gr.

2) [*Gildistaka samningsins*] Samningur þessi tekur gildi þrem mánuðum eftir að tíu ríki eða milliríkjastofnanir skv. ii. lið 1. mgr. 26. gr. hafa afhent fullgildingarskjöl eða aðildarskjöl sín til vörslu.

3) [*Gildistaka fullgildingar og aðildar eftir gildistöku samningsins*] Aðili, sem fellur ekki undir 2. mgr., verður bundinn samkvæmt samningi þessum þremur mánuðum eftir þann dag sem hann afhenti fullgildingarskjal eða aðildarskjal sitt til vörslu.

Article 28
Entry into Force; Effective Date of Ratifications and Accessions

(1) [*Instruments to Be Taken into Consideration*] For the purposes of this Article, only instruments of ratification or accession that are deposited by entities referred to in Article 26(1) and that have an effective date according to Article 26(3) shall be taken into consideration.

(2) [*Entry into Force of the Treaty*] This Treaty shall enter into force three months after ten States or intergovernmental organizations referred to in Article 26(1)(ii) have deposited their instruments of ratification or accession.

(3) [*Entry into Force of Ratifications and Accessions Subsequent to the Entry into Force of the Treaty*] Any entity not covered by paragraph (2) shall become bound by this Treaty three months after the date on which it has deposited its instrument of ratification or accession.

29. gr.
Fyrirvarar.

1) [*Sérstakar tegundir merkja*] Ríki eða milliríkjastofnun er heimilt að setja fyrirvara þar sem því er lýst yfir, að þrátt fyrir 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 2. gr. skuli ákvæði 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 5. gr., 7. gr., 5. mgr. 8. gr., 11. gr. og 13. gr. ekki gilda um tengd merki, varnarmerki eða afleidd merki. Í slíkum fyrirvara skal tilgreina þau fyrrnefndra ákvæða sem fyrirvarinn varðar.

2) [*Skráning í marga flokka*] Ríki eða milliríkjastofnun þar sem lög, á þeim tíma þegar gengist var undir ákvæði samnings þessa, kveða á um fjölflokkaskráningu vöru og fjölflokkaskráningu þjónustu er heimilt, þegar ríkið eða stofnunin gerist aðili

Article 29
Reservations

(1) [*Special Kinds of Marks*] Any State or intergovernmental organization may declare through a reservation that, notwithstanding Article 2(1) and (2)(a), any of the provisions of Articles 3(1), 5, 7, 8(5), 11 and 13 shall not apply to associated marks, defensive marks or derivative marks. Such reservation shall specify those of the aforementioned provisions to which the reservation relates.

(2) [*Multiple-class Registration*] Any State or intergovernmental organization, whose legislation at the date of adoption of this Treaty provides for a multiple-class registration for goods and for a multiple-class registration for services may, when

að samningi þessum, að setja fyrirvara þar sem lýst er yfir að ákvæði 6. gr. skulu ekki gilda.

3) [*Efnisleg skoðun þegar endurnýjun fer fram*] Ríki eða milliríkjastofnun er heimilt að setja fyrirvara þar sem því er lýst yfir að þrátt fyrir 4. mgr. 13. gr. megi skrifstofan, þegar skráning á þjónustu kemur til endurnýjunar í fyrsta sinn, taka slíka skráningu til efnislegrar skoðunar að því tilskildu að slík skoðun takmarkist við afnám fjölskráninga sem byggjast á umsóknum sem skráðar hafa verið á sex mánaða tímabili eftir gildistöku laga þessa ríkis eða stofnunar þar sem innleidd var hugsanleg skráning þjónustumerkja fyrir gildistöku samnings þessa.

4) [*Ákveðin réttindi nytjaleyfishafa*] Ríki eða milliríkjastofnun er heimilt að setja fyrirvara þar sem því er lýst yfir að þrátt fyrir 2. mgr. 19. gr. sé það gert að skilyrði að skráning nytjaleyfis sé forsenda réttinda sem nytjaleyfishafi kann að hafa samkvæmt lögum þessa ríkis eða stofnunar til að gerast aðili að málarekstri sem eigandi höfðar vegna brota á vörumerkjarétti eða til að fá skaðabætur vegna brota á rétti til þess merkis sem nytjaleyfið tekur til.

5) [*Form*] Fyrirvari skv. 1., 2., 3. eða 4. mgr. skal settur fram með yfirlýsingu þess ríkis eða þeirrar milliríkjastofnunar sem setur fyrirvarann og skal fyrirvarinn fylgja fullgildingarskjali eða aðildarskjali að samningi þessum.

6) [*Afturköllun*] Fyrirvara samkvæmt 1., 2., 3. eða 4. mgr. er heimilt að afturkalla hvenær sem er.

7) [*Bann við öðrum fyrirvörum*] Enga aðra fyrirvara má setja við samning þennan en þá fyrirvara sem heimilaðir eru samkvæmt 1., 2., 3. og 4. mgr.

acceding to this Treaty, declare through a reservation that the provisions of Article 6 shall not apply.

(3) [*Substantive Examination on the Occasion of Renewal*] Any State or intergovernmental organization may declare through a reservation that, notwithstanding Article 13(4), the Office may, on the occasion of the first renewal of a registration covering services, examine such registration as to substance, provided that such examination shall be limited to the elimination of multiple registrations based on applications filed during a period of six months following the entry into force of the law of such State or organization that introduced, before the entry into force of this Treaty, the possibility of registering service marks.

(4) [*Certain Rights of the Licensee*] Any State or intergovernmental organization may declare through a reservation that, notwithstanding Article 19(2), it requires the recordal of a license as a condition for any right that the licensee may have under the law of that State or intergovernmental organization to join infringement proceedings initiated by the holder or to obtain, by way of such proceedings, damages resulting from an infringement of the mark which is the subject of the license.

(5) [*Modalities*] Any reservation under paragraphs (1), (2), (3) or (4) shall be made in a declaration accompanying the instrument of ratification of, or accession to, this Treaty of the State or intergovernmental organization making the reservation.

(6) [*Withdrawal*] Any reservation under paragraphs (1), (2), (3) or (4) may be withdrawn at any time.

(7) [*Prohibition of Other Reservations*] No reservation to this Treaty other than the reservations allowed under paragraphs (1), (2), (3) and (4) shall be permitted.

30. gr.

Uppsögn aðildar að samningnum.

1) [*Tilkynningar*] Samningsaðili má segja samningi þessum upp með tilkynningu sem beint er til aðalframkvæmdastjóra.

2) [*Gildistökudagur*] Uppsögn tekur gildi einu ári frá þeim degi þegar aðalframkvæmdastjóri tók við tilkynningu. Hún hefur ekki áhrif á gildi samnings þessa varðandi óafgreidda umsókn eða merki sem hefur verið skráð vegna þess samningsaðila sem segir upp á þeim tíma þegar téð eins árs tímabil rennur út að því tilskildu að samningsaðili sá, sem segir upp, geti, eftir lok téðs eins árs tímabils, hætt beitingu samnings þessa við hverja skráningu frá þeim tíma þegar komið er að endurnýjun þeirrar skráningar.

Article 30

Denunciation of the Treaty

(1) [*Notification*] Any Contracting Party may denounce this Treaty by notification addressed to the Director General.

(2) [*Effective Date*] Denunciation shall take effect one year from the date on which the Director General has received the notification. It shall not affect the application of this Treaty to any application pending or any mark registered in respect of the denouncing Contracting Party at the time of the expiration of the said one-year period, provided that the denouncing Contracting Party may, after the expiration of the said one-year period, discontinue applying this Treaty to any registration as from the date on which that registration is due for renewal.

31. gr.
Tungumál samningsins; undirritun.

1) [*Frumtextar; opinberir textar*]

a) Samningur þessi skal undirritaður í einu frumriti á ensku, arabísku, kínversku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allir textar jafngildir.

b) Opinber texti á tungumáli, sem ekki er vísað til í a-lið en er opinbert tungumál samningsaðila, skal staðfest af aðalframkvæmdastjóra að höfðu samráði við téðan samningsaðila og annan eða aðra samningsaðila sem hagsmuna hafa að gæta.

2) [*Tímamörk fyrir undirritun*] Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í höfuðstöðvum stofnunarinnar í eitt ár eftir að hann hefur verið samþykktur.

Article 31
Languages of the Treaty; Signature

(1) [*Original Texts; Official Texts*]

(a) This Treaty shall be signed in a single original in the English, Arabic, Chinese, French, Russian and Spanish languages, all texts being equally authentic.

(b) An official text in a language not referred to in subparagraph (a) that is an official language of a Contracting Party shall be established by the Director General after consultation with the said Contracting Party and any other interested Contracting Party.

(2) [*Time Limit for Signature*] This Treaty shall remain open for signature at the headquarters of the Organization for one year after its adoption.

32. gr.
Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri skal vera vörsluaðili samnings þessa.

Article 32
Depositary

The Director General shall be the depositary of this Treaty.

1195. Tillaga til þingsályktunar [678. mál]

um fullgildingu Árósasamnings um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum sem gerður var í Árósum 25. júní 1998.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum sem gerður var í Árósum 25. júní 1998. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningur sá sem hér um ræðir var samþykktur á fjórða ráðherrafundinum um umhverfi Evrópu í Árósum 25. júní 1998 og hefur verið nefndur Árósasamningur. Sama dag undirrituðu samninginn 35 ríki, þar á meðal Ísland. Aðild að samningnum er opin aðildarríkjum Efnahagsnefndarinnar fyrir Evrópu, þeim ríkjum sem hafa stöðu samráðsaðila í Efnahagsnefndinni fyrir Evrópu, svæðisstofnunum um efnahagssamvinnu sem fullvalda aðildarríki að Efnahagsnefndinni fyrir Evrópu hafa sett á stofn og falið vald í málum er falla undir þennan samning, sem og öðrum ríkjum Sameinuðu þjóðanna ef fundur aðildarríkjanna samþykkir það. Samningurinn öðlaðist gildi 30. október 2001 og hinn 22. mars 2011 voru aðilar að samningnum 44 talsins.

Árósasamningurinn er ný tegund samnings um umhverfismál. Hann tengir saman umhverfisrétt og mannréttindi. Þar er viðurkennt að menn hafi skyldum að gegna gagnvart komandi kynslóðum. Samningurinn staðfestir að sjálfbærri þróun verður ekki náð án aðildar allra hagsmunaaðila og tengir saman ábyrgð stjórnvalda og umhverfisvernd. Hann beinir athyglinni að gagnverkandi áhrifum almennings og stjórnvalda í lýðræðislegu samhengi og kveður á um ný ferli varðandi þátttöku almennings í viðræðum um alþjóðlega samninga og framkvæmd þeirra.

Markmið samningsins er sett fram í 1. gr. Samkvæmt því ákvæði skulu samningsaðilar ábyrgjast rétt til aðgangs að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgangs að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum í samræmi við ákvæði samningsins í því skyni að stuðla að verndun réttinda hvers einstaklings af núlifandi og komandi kynslóðum til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hans.

Árósasamningurinn veitir almenningi því réttindi sem eru þríþætt og mynda þrjár stoðir samningsins. Fyrsta stoðin leggur samningsaðilum og stjórnvöldum skyldur á herðar varðandi aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál. Önnur stoðin skyldar aðildarríki til að tryggja almenningi þátttöku í ákvarðanatöku sem snertir umhverfið. Með þriðju stoðinni styður samningurinn framangreind réttindi með ákvæðum um aðgang að réttlátri málsmeðferð sem stuðla að auknu vægi samningsins. Í formála samningsins eru umhverfisvernd og mannréttindi tengd saman og réttindum í umhverfismálum veitt sama staða og öðrum mannréttindum.

Helstu efnisatriði samningsins eru eftirfarandi:

Í formála samningsins er gerð grein fyrir þeim væntingum og markmiðum sem voru hvatinn að samningnum og sem verða höfð að leiðarljósi í framtíðinni. Sérstök áhersla er lögð á tvö grundvallaratriði: umhverfisrétt sem mannréttindi annars vegar og mikilvægi aðgangs að upplýsingum, þátttöku almennings og aðgangs að réttlátri málsmeðferð hins vegar.

Í formálanum er sú hugmynd að fullnægjandi umhverfisvernd sé undirstaða þess að menn geti notið grundvallarmannréttinda tengd þeirri hugmynd að hver einstaklingur eigi rétt á að lifa í heilbrigðu umhverfi og honum beri skylda til að vernda umhverfið. Í formálanum er síðan dregin sú ályktun að til þess að geta krafist þessa réttar og sinnt þessari skyldu verði borgarar að hafa aðgang að upplýsingum, hafa rétt til þátttöku í ákvarðanatöku og njóta réttlátrar málsmeðferðar í umhverfismálum.

Í fyrstu þremur greinum Árósasamningsins er lagður grunnur að samningnum í heild, en þar eru sett fram markmið, skilgreiningar og meginkröfur sem höfð eru að leiðarljósi við túlkun og framkvæmd samningsins. Í 3. gr., sem hefur að geyma almenn ákvæði samningsins, er gerð grein fyrir almennum meginreglum sem hafðar eru að leiðarljósi að því er varðar önnur nákvæmari og sérhæfðari ákvæði. Þær varða viðhorf sem eru mikilvæg fyrir framkvæmd samningsins, m.a. hvernig hinir ólíku þættir hans tengjast, leiðbeiningar um það hvernig samningurinn getur orðið almenningi að gagni, umhverfisfræðslu og aukna umhverfisvitund, sem og stuðning við hópa sem vinna að umhverfisvernd. Jafnframt er kveðið á um að réttindi samkvæmt samningnum skuli veitt án mismununar á grundvelli ríkisfangs, þjóðernis eða búsetu, og, hvað viðkemur lögaðilum, án mismununar á grundvelli aðseturs þeirra eða hvar þeir hafa aðalstarfsstöð sína.

Ákvæði fyrstu stoðar Árósasamningsins er að finna í 4. og 5. gr. hans. Í 4. gr. samningsins er fjallað um aðgang almennings að upplýsingum og í hvaða tilvikum megi hafna beiðni um aðgang að þeim. Í 5. gr. er fjallað um söfnun og dreifingu umhverfisupplýsinga, m.a. í þeim tilgangi að þær séu fyrir hendi og að þær séu sem aðgengilegastar. Í 6.–8. gr. eru

ákvæði annarrar stoðar samningsins um rétt almennings til þátttöku í málsmeðferð þegar undirbúnar eru ákvarðanir af hálfu stjórnvalda í umhverfismálum. Í 6. gr. samningsins er fjallað um þátttöku almennings í ákvarðanatöku um tiltekna starfsemi. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 6. gr. ná ákvæði greinarinnar til ákvarðana um hvort leyfa eigi starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við samninginn. Samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr. ná ákvæði hennar auk þess til annarrar starfsemi sem kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Skulu samningsaðilar ákveða hvort slík fyrirhuguð starfsemi sé háð ákvæðum 6. gr. Ákvæði 6. gr. samningsins felur í sér að gefa skuli almenningi kost á að taka þátt í ákvörðunum um útgáfu leyfa fyrir þeim framkvæmdum sem falla undir efnissvið greinarinnar. Nánar tiltekið felur ákvæðið í sér, sbr. 2.–10. mgr. 6. gr., að upplýsa skuli almenning sem málið varðar um umsókn um leyfi og fyrirhugað ferli ákvarðanatöku, að sanngjarnir frestir séu veittir til að gefa almenningi kost á að gera athugasemdir og koma að sínum sjónarmiðum áður en endanleg ákvörðun er tekin, að almenningi skuli gert kleift að taka snemma þátt í ferlinu þegar allir kostir eru fyrir hendi og um virka þátttöku getur verið að ræða, að þar til bær stjórnvöld skuli veita þeim sem málið varðar aðgang að öllum upplýsingum sem máli skipta varðandi ákvarðanatökuna, að tryggja skuli að við ákvarðantöku sé tekið eðlilegt tillit til þeirrar niðurstöðu sem liggur fyrir eftir aðkomu almennings og að almenningur skuli upplýstur um ákvörðun þegar hún liggur fyrir og rökin sem liggja að baki henni. Auk framangreindra ákvæða kemur fram í 11. mgr. 6. gr. að sérhver samningsaðili skuli, innan ramma landslaga og eftir því sem unnt er og viðeigandi, beita ákvæðum greinarinnar um ákvarðanir um hvort leyfa beri að sleppa erfðabreyttum lífverum út í umhverfið af ásettu ráði.

Í 7. gr. samningsins er fjallað um þátttöku almennings í ákvarðanatöku varðandi skipulag, áætlanir og stefnumótun um umhverfismál. Eftir að hafa látið almenningi í té nauðsynlegar upplýsingar skal sérhver samningsaðili gera viðeigandi hagnýtar og/eða aðrar ráðstafanir vegna aðkomu almennings meðan á undirbúningi áætlana og verkefna er varða umhverfið stendur, með gagnsæi og sanngirni að leiðarljósi. Jafnframt skulu samningsaðilar leitast við, að því marki sem eðlilegt má teljast, að veita almenningi tækifæri til að taka þátt í undirbúningi að stefnumótun er varðar umhverfið.

Í 8. gr. samningsins er fjallað um undirbúning bindandi reglna sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Samningsaðilar skulu leggja sig fram um að stuðla að virkri þátttöku almennings meðan á slíkum undirbúningi stendur og eru samningsaðilar hvattir til að kynna almenningi drög að reglugerðum og lagafrumvörpum sem snerta umhverfið.

Efni þriðju stoðar Árósasamningsins um aðgang að réttlátri málsmeðferð kemur fram í 9. gr. hans. Ákvæðum greinarinnar má í höfuðatriðum skipta í fjóra hluta. Í fyrsta lagi er samningsaðilum í 1. mgr. gert að tryggja að öllum sé opin endurskoðunarleið fyrir dómstólum eða öðrum hlutlausum og óháðum aðila vegna ákvarðana stjórnvalda sem varða aðgang að upplýsingum samkvæmt samningnum. Í öðru lagi er samningsaðilum í 2. mgr. gert að tryggja aðgang almennings sem málið varðar og sem á nægjanlegra hagsmuna að gæta að endurskoðunarleið fyrir dómstólum og/eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila um lagagildi ákvarðana, aðgerða og aðgerðarleysis sem 6. gr. samningsins nær til, bæði að því er varðar efni og form. Hvað teljast nægjanlegir hagsmunir skal ákvarðast eftir landslögum og ávallt með það að markmiði að veita almenningi sem málið varðar víðtækan aðgang að réttlátri málsmeðferð. Hagsmunir frjálsra félagasamtaka, sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla kröfur samkvæmt landslögum, skulu þó alltaf teljast nægjanlegir. Í þriðja lagi er í 3. mgr. að finna almennt ákvæði þess efnis að samningsaðilar skuli tryggja almenningi sem uppfyllir skilyrði landslaga aðgang að stjórnsýslu- eða dómstólameðferð til að geta krafist þess að

aðgerðir eða aðgerðaleysi af hálfu einstaklinga og stjórnvalda, sem ganga gegn ákvæðum landslaga um umhverfið, verði tekið fyrir. Að lokum er í 4. og 5. mgr. fjallað um að aðilar að samningnum skuli tryggja virk úrræði almennings til að beita rétti sínum samkvæmt framangreindum málsgreinum.

Í 10.–22. gr. samningsins er að finna ákvæði er lúta að framkvæmd samningsins, formsatriðum o.fl. Í 10. gr. er mælt fyrir um hlutverk funda aðila og í 11. gr. um atkvæðarétt samningsaðila. Hver samningsaðili hefur yfir einu atkvæði að ráða og svæðisbundin samtök neyta atkvæðaréttar síns með atkvæðafjölda sem er jafn fjölda aðildarríkja þeirra sem jafnframt eru aðilar að samningnum. Í 12. gr. kemur fram að skrifstofa samningsins sé hjá framkvæmdastjóra Efnahagsnefndarinnar fyrir Evrópu. Samkvæmt 13. gr. skulu viðaukar samningsins teljast óaðskiljanlegur hluti hans. Í 14. gr. er fjallað um hvernig skuli staðið að breytingum á samningnum. Í 15. gr. kemur fram hvernig eftirfylgni með ákvæðum samningsins skuli háttað. Í 16. gr. kemur fram hvernig leyst skuli úr deilumálum. Í samræmi við hefðbundnar reglur þjóðaréttar skulu aðilar leita sátta með samningum eða koma sér saman um að leggja deilumál fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag eða fyrir gerðardóm sem lýst er í II. viðauka. Í 17. gr. samningsins er fjallað um undirritun hans og í 18. gr. er mælt fyrir um að aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skuli vera vörsluaðili hans. Í 19. gr. er fjallað um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt og aðild og í 20. og 21. gr. er mælt fyrir um gildistöku samningsins og uppsögn. Loks er í 22. gr. kveðið á um að textar samningsins á ensku, frönsku og rússnesku séu allir jafngildir.

Samningnum fylgja tveir viðaukar sem eru óaðskiljanlegur hluti hans. I. viðauki hefur að geyma lista yfir starfsemi þar sem þátttaka almennings í ákvarðanatöku um hvort hún skuli leyfð er heimiluð, sbr. a-lið 1. mgr. 6. gr. samningsins. Í II. viðauka er fjallað um meðferð gerðardóms á deilum um túlkun eða beitingu samningsins.

Samhliða þingsályktunartillögu þessari er af hálfu umhverfisráðherra flutt frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins og frumvarp til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem samningurinn leggur aðildarríkjum á herðar.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM AÐGANG AÐ UPPLÝSINGUM, ÞÁTTTÖKU ALMENNINGS Í ÁKVARÐANATÖKU OG AÐGANG AÐ RÉTTLÁTRI MÁLSMEÐFERÐ Í UMHVERFISMÁLUM

Aðilar að samningi þessum,

sem minna á 1. grunnreglu Stokkhólmsyfirlýsingarinnar um umhverfi mannsins,

sem minna einnig á 10. grunnreglu Ríóyfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun,

sem minna enn fremur á ályktun allsherjarþingsins nr. 37/7 frá 28. október 1982 um heimssáttmálann um náttúruna og nr. 45/94 frá 14. desember

CONVENTION ON ACCESS TO INFORMATION, PUBLIC PARTICIPATION IN DECISION MAKING AND ACCESS TO JUSTICE IN ENVIRONMENTAL MATTERS

The Parties to this Convention,

Recalling principle l of the Stockholm Declaration on the Human Environment,

Recalling also principle 10 of the Rio Declaration on Environment and Development,

Recalling further General Assembly resolutions 37/7 of 28 October 1982 on the World Charter for Nature and 45/94 of 14 December 1990 on the need

1990 um þörf þess að tryggja heilnæmt umhverfi fyrir velferð einstaklingsins,

sem minna á Evrópusáttmálann um umhverfi og heilsu sem samþykktur var á fyrstu Evrópuráðstefnunni um umhverfi og heilsu á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í Frankfurt am Main, Þýskalandi, 8. desember 1989,

sem staðfesta þörfina á að vernda, varðveita og bæta ástand umhverfisins og að tryggja sjálfbæra þróun sem er jafnframt umhverfisvæn,

sem viðurkenna að fullnægjandi verndun umhverfisins er nauðsynleg fyrir velferð mannsins og til að hann geti notið grundvallarmannréttinda, þar með talinn rétturinn til sjálfs lífsins,

sem viðurkenna enn fremur rétt sérhvers einstaklings til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hans og að honum beri skylda til, bæði sem einstaklingi og í samvinnu við aðra, að vernda og bæta umhverfið til hagsbóta fyrir núverandi og komandi kynslóðir,

sem telja að til þess að geta staðið á þessum rétti sínum og uppfyllt þessar skyldur sínar verði borgararnir að hafa aðgang að upplýsingum, rétt til að koma að ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum og viðurkenna í þessu tilliti að borgararnir kunna að þurfa aðstoð til að beita rétti sínum,

sem viðurkenna að á sviði umhverfismála auki bættur aðgangur að upplýsingum og aukin þátttaka almennings í ákvarðanatöku gæði og framkvæmd ákvarðana, efli vitund almennings um umhverfismál, gefi almenningi tækifæri til að lýsa sjónarmiðum sínum og geri stjórnvöldum kleift að taka viðeigandi tillit til slíkra sjónarmiða,

sem stefna þannig að því að auka ábyrgð og gagnsæi í ákvarðanatöku og efla stuðning almennings við ákvarðanir varðandi umhverfið,

sem viðurkenna hve æskilegt gagnsæi er á öllum sviðum stjórnsýslu og hvetja löggjafarsamkundur til að hrinda í framkvæmd meginreglum samnings þessa,

sem viðurkenna einnig að almenningur þarf að vera upplýstur um hvernig þátttaka í ákvarðanatöku um umhverfismál fer fram, hafa frjálsan aðgang að henni og kunna að nota hana,

sem viðurkenna enn fremur mikilvægi þess hlutverks sem einstakir borgarar, frjáls félagasamtök og einkageirinn geta gegnt á sviði umhverfisverndar,

sem æskja þess að efla menntun í umhverfismálum til að auka skilning á umhverfinu og sjálfbærri þróun og til að vekja almenning til vitundar vítt og breitt um ákvarðanir, og hvetja til þátttöku hans í

to ensure a healthy environment for the well being of individuals,

Recalling the European Charter on Environment and Health adopted at the First European Conference on Environment and Health of the World Health Organization in Frankfurt am Main, Germany, on 8 December 1989,

Affirming the need to protect, preserve and improve the state of the environment and to ensure sustainable and environmentally sound development,

Recognizing that adequate protection of the environment is essential to human well being and the enjoyment of basic human rights, including the right to life itself,

Recognizing also that every person has the right to live in an environment adequate to his or her health and well being, and the duty, both individually and in association with others, to protect and improve the environment for the benefit of present and future generations,

Considering that, to be able to assert this right and observe this duty, citizens must have access to information, be entitled to participate in decision making and have access to justice in environmental matters, and acknowledging in this regard that citizens may need assistance in order to exercise their rights,

Recognizing that, in the field of the environment, improved access to information and public participation in decision making enhance the quality and the implementation of decisions, contribute to public awareness of environmental issues, give the public the opportunity to express its concerns and enable public authorities to take due account of such concerns,

Aiming thereby to further the accountability of and transparency in decision making and to strengthen public support for decisions on the environment,

Recognizing the desirability of transparency in all branches of government and inviting legislative bodies to implement the principles of this Convention in their proceedings,

Recognizing also that the public needs to be aware of the procedures for participation in environmental decision making, have free access to them and know how to use them,

Recognizing further the importance of the respective roles that individual citizens, non governmental organizations and the private sector can play in environmental protection,

Desiring to promote environmental education to further the understanding of the environment and sustainable development and to encourage widespread public awareness of, and participation in, de-

þeim, þ.e. ákvarðanir sem hafa áhrif á umhverfið og sjálfbæra þróun,

sem veita athygli, í þessu sambandi, mikilvægi þess að nýta fjölmiðla og rafrænar eða annars konar samskiptaleiðir í framtíðinni,

sem viðurkenna mikilvægi þess að fella umhverfissjónarmið að fullu inn í ákvarðanatöku stjórnvalda og þá þörf sem þar af leiðir fyrir stjórnvöld að hafa undir höndum réttar og alhliða upplýsingar um umhverfismál sem eru í takt við tímann,

sem samsinna því að stjórnvöld hafa undir höndum umhverfisupplýsingar í þágu almennings,

sem láta sig varða að almenningur, þ.m.t. samtök, hafi aðgang að virkum réttarfarslegum úrræðum, til þess að réttmætir hagsmunir hans séu varðir og lögum framfylgt,

sem veita athygli mikilvægi þess að neytendum séu látnar í té fullnægjandi upplýsingar um framleiðsluvörur til að gera þeim kleift að velja og hafna með upplýstum hætti með tilliti til umhverfissjónarmiða,

sem viðurkenna áhyggjur almennings af því að erfðabreyttum lífverum sé af ásetningi hleypt út í umhverfið og þörfina á auknu gagnsæi og aukinni þátttöku almennings í ákvarðanatöku á þessu sviði,

sem eru sannfærðir um að framkvæmd þessa samnings muni stuðla að eflingu lýðræðis á svæði Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (ECE),

sem gera sér grein fyrir því hlutverki sem Efnahagsnefndin fyrir Evrópu gegnir í þessu sambandi og minnast meðal annars viðmiðunarreglna hennar um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og þátttöku almennings í ákvarðanatöku um umhverfismál, sem hlutu stuðning í yfirlýsingu ráðherra á þriðja ráðherrafundinum „umhverfi fyrir Evrópu“, sem haldinn var í Sófíu, Búlgaríu, 25. október 1995,

sem hafa í huga viðeigandi ákvæði samningsins um mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri sem gerður var í Espoo í Finnlandi 25. febrúar 1991 og samningsins um áhrif iðnaðarslysa yfir landamæri og samningsins um verndun og nýtingu árfarvega og vatna sem ná yfir fleiri en eitt land sem báðir voru gerðir í Helsinki 17. mars 1992, og annarra svæðisbundinna samninga,

sem gera sér grein fyrir því að samþykkt samnings þessa muni stuðla enn frekar að því að efla ferlið „umhverfi fyrir Evrópu“ og að því að niðurstöður fjórða ráðherrafundarins í Árósum, Danmörku, í júní 1998 verði að veruleika,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

cisions affecting the environment and sustainable development,

Noting, in this context, the importance of making use of the media and of electronic or other, future forms of communication,

Recognizing the importance of fully integrating environmental considerations in governmental decision making and the consequent need for public authorities to be in possession of accurate, comprehensive and up to date environmental information,

Acknowledging that public authorities hold environmental information in the public interest,

Concerned that effective judicial mechanisms should be accessible to the public, including organizations, so that its legitimate interests are protected and the law is enforced,

Noting the importance of adequate product information being provided to consumers to enable them to make informed environmental choices,

Recognizing the concern of the public about the deliberate release of genetically modified organisms into the environment and the need for increased transparency and greater public participation in decision making in this field,

Convinced that the implementation of this Convention will contribute to strengthening democracy in the region of the United Nations Economic Commission for Europe (ECE),

Conscious of the role played in this respect by ECE and recalling, *inter alia*, the ECE Guidelines on Access to Environmental Information and Public Participation in Environmental Decision making endorsed in the Ministerial Declaration adopted at the Third Ministerial Conference "Environment for Europe" in Sofia, Bulgaria, on 25 October 1995,

Bearing in mind the relevant provisions in the Convention on Environmental Impact Assessment in a Transboundary Context, done at Espoo, Finland, on 25 February 1991, and the Convention on the Transboundary Effects of Industrial Accidents and the Convention on the Protection and Use of Transboundary Watercourses and International Lakes, both done at Helsinki on 17 March 1992, and other regional conventions,

Conscious that the adoption of this Convention will have contributed to the further strengthening of the "Environment for Europe" process and to the results of the Fourth Ministerial Conference in Aarhus, Denmark, in June 1998,

Have agreed as follows:

1. gr.
Markmið.

Sérhver samningsaðili skal, í því skyni að stuðla að verndun réttinda hvers einstaklings af núverandi og komandi kynslóðum til að lifa í umhverfi, sem er fullnægjandi fyrir heilsu hans og velferð, ábyrgjast rétt til aðgangs að upplýsingum, til þátttöku almennings í ákvarðanatöku og til aðgangs að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum í samræmi við ákvæði þessa samnings.

Article 1
OBJECTIVE

In order to contribute to the protection of the right of every person of present and future generations to live in an environment adequate to his or her health and well being, each Party shall guarantee the rights of access to information, public participation in decision making, and access to justice in environmental matters in accordance with the provisions of this Convention.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „samningsaðili“ merkir aðila að þessum samningi, nema textinn gefi annað til kynna.
2. „stjórnvald“ merkir:
a) stjórnvöld ríkis, landsvæðis eða stjórnvöld á öðru stigi,
b) einstakling eða lögaðila, sem sinnir opinberri stjórnsýslu samkvæmt landslögum, þar með taldar sérstakar skyldur, starfsemi eða þjónusta á sviði umhverfismála,
c) sérhvern annan einstakling eða lögaðila sem ber opinbera ábyrgð eða gegnir opinberu hlutverki eða veitir opinbera þjónustu á sviði umhverfismála og lýtur stjórn stofnunar eða aðila sem fellur undir a- eða b-lið hér að framan,
d) undirstofnanir hverrar svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu sem um getur í 17. gr. og er aðili að þessum samningi.

Þessi skilgreining tekur ekki til aðila eða stofnana sem hafa dóms- eða löggjafarvald,

3. „upplýsingar um umhverfismál“ merkir hvers kyns upplýsingar sem settar eru fram á ritaðan, sjónrænan, hljóðrænan, rafrænan eða einhvern annan efnislegan hátt og fjalla um:
a) ástand grunnþátta umhverfisins, eins og lofts og lofthjúps, vatns, jarðvegs, lands, landslags og náttúrusvæða, líffræðilegrar fjölbreytni og efnisþátta hennar, þar með taldar erfðabreyttar lífverur, og samspil þessara grunnþátta,

b) þætti á borð við efni, orku, hávaða og geislun og starfsemi eða ráðstafanir, þar með taldar stjórnvaldsráðstafanir, umhverfissamningar, stefnumál, löggjöf, skipulag og áætlanir, sem hafa áhrif eða líkur eru á að hafi áhrif á þá grunnþætti umhverfisins sem falla undir gildissvið a-liðar hér að framan, og kostnaðar- og ábatagreiningu og aðrar efnahagslegar greiningar og forsendur sem eru notaðar við ákvarðanatöku í umhverfismálum,

Article 2
DEFINITIONS

For the purposes of this Convention,

1. “Party” means, unless the text otherwise indicates, a Contracting Party to this Convention;
2. “Public authority” means:
(a) Government at national, regional and other level;

(b) Natural or legal persons performing public administrative functions under national law, including specific duties, activities or services in relation to the environment;
(c) Any other natural or legal persons having public responsibilities or functions, or providing public services, in relation to the environment, under the control of a body or person falling within subparagraphs (a) or (b) above;
(d) The institutions of any regional economic integration organization referred to in article 17 which is a Party to this Convention.

This definition does not include bodies or institutions acting in a judicial or legislative capacity;

3. “Environmental information” means any information in written, visual, aural, electronic or any other material form on:

(a) The state of elements of the environment, such as air and atmosphere, water, soil, land, landscape and natural sites, biological diversity and its components, including genetically modified organisms, and the interaction among these elements;
(b) Factors, such as substances, energy, noise and radiation, and activities or measures, including administrative measures, environmental agreements, policies, legislation, plans and programmes, affecting or likely to affect the elements of the environment within the scope of subparagraph (a) above, and cost benefit and other economic analyses and assumptions used in environmental decision making;

c) heilsufar, öryggi og lífsskilyrði manna og menningarstaði og mannvirki, að því marki sem þau eru eða kunna að verða undir áhrifum þess ástands sem grunnþættir umhverfisins eru í eða, fyrir tilverknað þessara grunnþátta, áhrifum þeirra þátta, starfsemi eða ráðstafana er um getur í b-lið hér að framan,

4. „almenningur“ merkir einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila og, í samræmi við innlend lög og venjur, samtök þeirra, skipulagsheildir eða hópa,

5. „almenningur er málið varðar“ merkir almenning sem verður fyrir eða er líklegt að verði fyrir áhrifum af, eða á hagsmuna að gæta í tengslum við, ákvarðanatöku í umhverfismálum. Frjáls félagasamtök, sem vinna að umhverfisvernd og uppfylla kröfur samkvæmt landslögum af hvaða tagi sem er, teljast eiga hagsmuna að gæta að því er þessa skilgreiningu varðar.

(c) The state of human health and safety, conditions of human life, cultural sites and built structures, inasmuch as they are or may be affected by the state of the elements of the environment or, through these elements, by the factors, activities or measures referred to in subparagraph (b) above;

4. “The public” means one or more natural or legal persons, and, in accordance with national legislation or practice, their associations, organizations or groups;

5. “The public concerned” means the public affected or likely to be affected by, or having an interest in, the environmental decision making; for the purposes of this definition, non governmental organizations promoting environmental protection and meeting any requirements under national law shall be deemed to have an interest.

3. gr.

Almenn ákvæði.

1. Sérhver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir með lagasetningu, reglugerðum eða öðrum aðgerðum, þar með taldar ráðstafanir til að ná fram samræmi milli ákvæða um framkvæmd þeirra ákvæða samningsins er varða upplýsingar, þátttöku almennings og aðgang að réttlátri málsmeðferð, svo og viðeigandi ráðstafanir um framfylgd, til að koma á fót og viðhalda skýrri, gagnsærri og samræmdri rammaáætlun til að framkvæma ákvæði þessa samnings.

2. Sérhver samningsaðili skal leitast við að tryggja að embættismenn og stjórnvöld veiti almenningi aðstoð og leiðbeiningar við leit að upplýsingum, vegna aðkomu að ákvarðanatöku og við að leita eftir aðgangi að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

3. Sérhver samningsaðili skal efla kennslu um umhverfismál og stuðla að vitundarvakningu almennings um þau, einkum um hvernig unnt er að fá aðgang að upplýsingum, koma að ákvarðanatöku og hafa aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

4. Sérhver samningsaðili skal viðurkenna og styðja með tilhlýðilegum hætti félög, samtök og hópa sem vinna að umhverfisvernd og tryggja að réttarkerfi landsins sé í samræmi við þessa skuldbindingu.

5. Ákvæði þessa samnings hafa ekki áhrif á rétt samningsaðila til að viðhalda ráðstöfunum eða innleiða ráðstafanir sem veita víðtækari aðgang að upplýsingum, gera ráð fyrir aðkomu almennings að ákvarðanatöku í ríkari mæli og tryggja opnari aðgangi að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum en kveðið er á um í þessum samningi.

Article 3

GENERAL PROVISIONS

1. Each Party shall take the necessary legislative, regulatory and other measures, including measures to achieve compatibility between the provisions implementing the information, public participation and access to justice provisions in this Convention, as well as proper enforcement measures, to establish and maintain a clear, transparent and consistent framework to implement the provisions of this Convention.

2. Each Party shall endeavour to ensure that officials and authorities assist and provide guidance to the public in seeking access to information, in facilitating participation in decision making and in seeking access to justice in environmental matters.

3. Each Party shall promote environmental education and environmental awareness among the public, especially on how to obtain access to information, to participate in decision making and to obtain access to justice in environmental matters.

4. Each Party shall provide for appropriate recognition of and support to associations, organizations or groups promoting environmental protection and ensure that its national legal system is consistent with this obligation.

5. The provisions of this Convention shall not affect the right of a Party to maintain or introduce mea sures providing for broader access to information, more extensive public participation in decision making and wider access to justice in environmental matters than required by this Convention.

6. Þessi samningur skal ekki skerða gildandi rétt til aðgangs að upplýsingum, til aðkomu almennings í ákvarðanatöku og til aðgangs að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.
7. Sérhver samningsaðili skal stuðla að því að meginreglur þessa samnings verði hafðar að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar um umhverfismál þjóða í milli og á vettvangi alþjóðastofnana í málum er varða umhverfið.
8. Sérhver samningsaðili skal tryggja að einstaklingum, sem halda fram rétti sínum samkvæmt ákvæðum þessa samnings, skuli ekki refsað, þeir sóttir til saka eða áreittir á neinn hátt vegna afskipta sinna. Þetta ákvæði hefur ekki áhrif á vald innlendra dómstóla til að dæma sanngjarnan málskostnað í málaferlum.
9. Almenningur skal, innan marka viðeigandi ákvæða þessa samnings, hafa aðgang að upplýsingum, eiga kost á að koma að ákvarðanatöku og hafa aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, án mismununar hvað varðar ríkisfang, þjóðerni eða lögheimili, og, að því er lögaðila varðar, án mismununar hvað varðar skráð aðsetur hans eða raunverulega miðstöð starfsemi hans.

4. gr.
Aðgangur að umhverfisupplýsingum.

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja, með fyrirvara um eftirfarandi málsgreinar þessarar greinar, að stjórnvöld bregðist við beiðni um umhverfisupplýsingar með því að láta slíkar upplýsingar almenningi í té, innan þeirra marka sem landslög leyfa, þar með talin, ef leitað er eftir og með fyrirvara um ákvæði b-liðar hér að aftan, eintök af eiginlegum skjölum sem innihalda eða mynda slíkar upplýsingar:
a) án þess að geta þurfi um hagsmuni,
b) í þeirri mynd sem óskað er eftir, nema:
   i. réttmætt sé að viðkomandi stjórnvald geri þær aðgengilegar í annarri mynd, en þá skal tilgreina ástæður þess að upplýsingarnar eru gerðar aðgengilegar í þeirri mynd eða
   ii. upplýsingarnar séu þegar aðgengilegar almenningi í annarri mynd.
2. Þær umhverfisupplýsingar sem vísað er til í 1. mgr. hér að framan skulu gerðar aðgengilegar svo skjótt sem auðið er og eigi síðar en innan mánaðar frá því að beiðni var lögð fram, nema magn og flókin gerð upplýsinganna réttlæti að fresturinn verði framlengdur í allt að tvo mánuði eftir að beiðni er lögð fram. Upplýsa ber umsækjanda um sérhverja framlengingu og ástæður sem réttlæta hana.

6. This Convention shall not require any derogation from existing rights of access to information, public participation in decision making and access to justice in environmental matters.
7. Each Party shall promote the application of the principles of this Convention in international environmental decision making processes and within the framework of international organizations in matters relating to the environment.
8. Each Party shall ensure that persons exercising their rights in conformity with the provisions of this Convention shall not be penalized, persecuted or harassed in any way for their involvement. This provision shall not affect the powers of national courts to award reasonable costs in judicial proceedings.

9. Within the scope of the relevant provisions of this Convention, the public shall have access to information, have the possibility to participate in decision making and have access to justice in environmental matters without discrimination as to citizenship, nationality or domicile and, in the case of a legal person, without discrimination as to where it has its registered seat or an effective centre of its activities.

Article 4
ACCESS TO ENVIRONMENTAL INFORMATION

1. Each Party shall ensure that, subject to the following paragraphs of this article, public authorities, in response to a request for environmental information, make such information available to the public, within the framework of national legislation, including, where requested and subject to subparagraph (b) below, copies of the actual documentation containing or comprising such information:
(a) Without an interest having to be stated;
(b) In the form requested unless:
   (i) It is reasonable for the public authority to make it available in another form, in which case reasons shall be given for making it available in that form; or
   (ii) The information is already publicly available in another form.
2. The environmental information referred to in paragraph 1 above shall be made available as soon as possible and at the latest within one month after the request has been submitted, unless the volume and the complexity of the information justify an extension of this period up to two months after the request. The applicant shall be informed of any extension and of the reasons justifying it.

3. Hafna má beiðni um umhverfisupplýsingar ef:

a) viðkomandi stjórnvald, sem beiðninni er beint til, hefur ekki hinar umbeðnu upplýsingar undir höndum,
b) beiðnin er augljóslega ósanngjörn eða sett fram á of almennan hátt eða
c) beiðnin varðar efni sem er í vinnslu eða innri samskipti stjórnvalda, þar sem slík undanþága er samkvæmt landslögum eða viðteknum starfsvenjum, að teknu tilliti til þeirra almannahagsmuna sem þjónað yrði með birtingu upplýsinganna.

4. Hafna má beiðni um umhverfisupplýsingar ef birting þeirra myndi skaða:

a) trúnað í störfum stjórnvalda, sé kveðið á um slíkan trúnað í landslögum,
b) milliríkjasamskipti, landvarnir eða almannaöryggi,
c) framgang réttvísinnar, ráðrúm einstaklings til að fá réttláta málsmeðferð fyrir dómstólum eða getu stjórnvalds til að framkvæma rannsókn sem varðar glæp eða refsingu,
d) trúnað um viðskipta- og iðnaðarupplýsingar, þegar slíkur trúnaður er lögvarinn í því skyni að vernda lögmæta hagsmuni efnahagslegs eðlis. Upplýsingar um útstreymi, sem varða umhverfisvernd, skal láta í té með hliðsjón af þessum takmörkunum,
e) hugverkaréttindi,
f) leynd persónuupplýsinga og/eða skrár sem varða einstakling, hafi sá einstaklingur ekki samþykkt að veita almenningi aðgang að upplýsingunum, sé kveðið á um slíka leynd í landslögum,
g) hagsmuni þriðja aðila sem hefur útvegað umbeðnar upplýsingar án þess að honum beri lagaleg skylda, eða geti borið lagaleg skylda, til þess og þar sem sá aðili samþykkir ekki að efnið sé látið af hendi eða
h) það umhverfi sem upplýsingarnar varða, til að mynda uppeldisstöðvar sjaldgæfra tegunda.

Framangreindar synjunarástæður skal túlka þröngt, að teknu tilliti til þeirra almannahagsmuna sem birting upplýsinganna þjónar og þess hvort umbeðnar upplýsingar varða streymi út í umhverfið.

5. Í þeim tilvikum þegar stjórnvald býr ekki yfir þeim upplýsingum um umhverfismál sem beðið er um skal það stjórnvald, svo skjótt sem unnt er, greina umsækjandanum frá því til hvaða stjórnvalds það telur að unnt sé að sækja umbeðnar upplýsingar eða beina beiðninni til þess stjórnvalds og tilkynna umsækjandanum um það.

3. A request for environmental information may be refused if:

(a) The public authority to which the request is addressed does not hold the environmental information requested;
(b) The request is manifestly unreasonable or formulated in too general a manner; or
(c) The request concerns material in the course of completion or concerns internal communications of public authorities where such an exemption is provided for in national law or customary practice, taking into account the public interest ser ved by disclosure.

4. A request for environmental information may be refused if the disclosure would adversely affect:

(a) The confidentiality of the proceedings of public authorities, where such confidentiality is provided for under national law;
(b) International relations, national defence or public security;
(c) The course of justice, the ability of a person to receive a fair trial or the ability of a public aut hority to conduct an enquiry of a criminal or disciplinary nature;
(d) The confidentiality of commercial and industrial information, where such confidentiality is protected by law in order to protect a legitimate economic interest. Within this framework, information on emissions which is relevant for the protection of the environment shall be disclosed;
(e) Intellectual property rights;
(f) The confidentiality of personal data and/or files relating to a natural person where that person has not consented to the disclosure of the information to the public, where such confidentiality is provided for in national law;
(g) The interests of a third party which has supplied the information requested without that party being under or capable of being put under a legal obligation to do so, and where that party does not consent to the release of the material; or
(h) The environment to which the information relates, such as the breeding sites of rare species.

The aforementioned grounds for refusal shall be interpreted in a restrictive way, taking into account the public interest served by disclosure and taking into account whether the information requested relates to emissions into the environment.

5. Where a public authority does not hold the environmental information requested, this public authority shall, as promptly as possible, inform the applicant of the public authority to which it believes it is possible to apply for the information requested or transfer the request to that authority and inform the applicant accordingly.

6. Sérhver samningsaðili skal tryggja, sé unnt að aðgreina upplýsingar sem eru undanþegnar birtingu skv. c-lið 3. mgr. og 4. mgr. hér að framan án þess að setja trúnað upplýsinganna sem undanþegnar eru í hættu, að stjórnvöld geri það sem eftir er af hinum umbeðnu umhverfisupplýsingum aðgengilegt.

7. Höfnun beiðni skal vera skrifleg ef beiðnin var skrifleg eða ef umsækjandinn æskir þess. Í höfnun beiðni skal tilgreina ástæður fyrir höfnuninni og veita upplýsingar um aðgang að endurskoðunarleiðinni sem gert er ráð fyrir skv. 9. gr. Beiðni skal hafnað svo skjótt sem unnt er og í síðasta lagi innan eins mánaðar, nema flókin gerð upplýsinganna réttlæti að sá frestur sé framlengdur um allt að tvo mánuði eftir að beiðni er lögð fram. Umsækjandanum skal tilkynnt um hvers konar framlengingu og ástæður sem réttlæta hana.

8. Sérhver samningsaðili getur heimilað stjórnvöldum að taka gjald fyrir að láta upplýsingar í té, en slíkt gjald skal vera innan eðlilegra marka. Stjórnvöld, sem hyggjast taka slíkt gjald fyrir að láta upplýsingar té, skulu hafa gjaldskrá tiltæka umsækjendum, þar sem kemur fram hvenær gjalds kunni að vera krafist eða undanþága veitt frá því og hvenær afhending upplýsinga er háð fyrirframgreiðslu slíks gjalds.

6. Each Party shall ensure that, if information exempted from disclosure under paragraphs 3 (c) and 4 above can be separated out without prejudice to the confidentiality of the information exempted, public authorities make available the remainder of the environmental information that has been requested.

7. A refusal of a request shall be in writing if the request was in writing or the applicant so requests. A refusal shall state the reasons for the refusal and give information on access to the review procedure provided for in accordance with article 9. The refusal shall be made as soon as possible and at the latest within one month, unless the complexity of the information justifies an extension of this period up to two months after the request. The applicant shall be informed of any extension and of the reasons justifying it.

8. Each Party may allow its public authorities to make a charge for supplying information, but such charge shall not exceed a reasonable amount. Public authorities intending to make such a charge for supplying information shall make available to applicants a schedule of charges which may be levied, indicating the circumstances in which they may be levied or waived and when the supply of information is conditional on the advance payment of such a charge.

5. gr.
Söfnun og dreifing umhverfisupplýsinga.

1. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess:
a) að stjórnvöld búi yfir og uppfæri umhverfisupplýsingar sem varða hlutverk þeirra,
b) að komið verði á lögboðnu fyrirkomulagi þannig að fullnægjandi upplýsingar berist stjórnvöldum um fyrirhugaða og yfirstandandi starfsemi sem kann að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið,
c) sé um að ræða yfirvofandi ógnun við heilsu manna eða umhverfið, af manna völdum eða náttúrunnar, að öllum upplýsingum, sem eru í fórum stjórnvalds og gætu gert almenningi kleift að gera ráðstafanir til að girða fyrir eða minnka þann skaða sem er yfirvofandi, sé dreift strax og án tafar til þess hluta almennings sem kann að verða fyrir áhrifum fyrrnefndrar ógnunar.

2. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess, innan þeirra marka sem landslög leyfa, að stjórnvöld veiti almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál með gagnsæjum hætti og að slíkar upplýsingar séu aðgengilegar í reynd, meðal annars með því að:
a) láta almenningi í té fullnægjandi upplýsingar um

Article 5
COLLECTION AND DISSEMINATION OF ENVIRONMENTAL INFORMATION

1. Each Party shall ensure that:
(a) Public authorities possess and update environmental information which is relevant to their functions;
(b) Mandatory systems are established so that there is an adequate flow of information to public authorities about proposed and existing activities which may significantly affect the environment;
(c) In the event of any imminent threat to human health or the environment, whether caused by human activities or due to natural causes, all information which could enable the public to take measures to prevent or mitigate harm arising from the threat and is held by a public authority is disseminated immediately and without delay to members of the public who may be affected.

2. Each Party shall ensure that, within the framework of national legislation, the way in which public authorities make environmental information available to the public is transparent and that environmental information is effectively accessible, *inter alia*, by:
(a) Providing sufficient information to the public

gerð og umfang umhverfisupplýsinga, sem viðkomandi stjórnvöld varðveita, um grundvallarskilmála og -skilyrði fyrir því að slíkar upplýsingar eru til afnota og aðgengilegar og um hvernig unnt er að nálgast þær,

b) koma á fót og viðhalda hagnýtu fyrirkomulagi, eins og:
   i. listum, skrám eða skjölum aðgengilegum almenningi,
   ii. þeirri skyldu að embættismenn aðstoði almenning við að leita upplýsinga samkvæmt þessum samningi og
   iii. upplýsingum um tengiliði og

c) veita aðgang að umhverfisupplýsingum, sem er að finna í listum, skrám eða skjölum sem vísað er til í i. lið b-liðar hér að framan, endurgjaldslaust.

3. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að umhverfisupplýsingar verði smám saman aðgengilegar í rafrænum gagnagrunnum sem eru auðveldlega aðgengilegir almenningi gegnum almenn fjarskiptanet. Upplýsingar, sem unnt er að nálgast í þessari mynd, ættu að innihalda eftirfarandi:

a) skýrslur um ástand umhverfisins, svo sem tilgreint er í 4. mgr. að aftan,
b) lagatexta um umhverfið eða varðandi það,
c) eftir því sem við á, stefnumið, skipulag og áætlanir um eða varðandi umhverfið og umhverfissamninga og
d) aðrar upplýsingar, svo fremi að aðgengi að þeim upplýsingum í þessari mynd myndi auðvelda beitingu landslaga, sem framkvæmd þessa samnings byggir á,

að því tilskildu að slíkar upplýsingar séu þegar aðgengilegar í rafrænni mynd.

4. Sérhver samningsaðili skal með reglulegu millibili, á þriggja til fjögurra ára fresti í það lengsta, gefa út og dreifa landsskýrslu um ástand umhverfisins, meðal annars upplýsingar um umhverfisgæði og upplýsingar um ágang við umhverfið.

5. Sérhver samningsaðili skal gera ráðstafanir, innan ramma landslaga sinna, í því augnamiði að dreifa, meðal annars:

a) lögum og skjölum með stefnumörkun, svo sem skjölum um heildaráætlanir, stefnumið, skipulag og aðgerðaáætlanir sem varða umhverfið og skýrslum um árangur af framkvæmd þeirra sem gerðar eru á hinum ýmsu stigum stjórnsýslunnar,
b) alþjóðasamningum um umhverfismál og
c) öðrum mikilvægum alþjóðlegum skjölum um umhverfismál, eftir því sem við á.

about the type and scope of environmental information held by the relevant public authorities, the basic terms and conditions under which such information is made available and accessible, and the process by which it can be obtained;

(b) Establishing and maintaining practical arrangements, such as:
   (i) Publicly accessible lists, registers or files;
   (ii) Requiring officials to support the public in seeking access to information under this Convention; and
   (iii) The identification of points of contact; and

(c) Providing access to the environmental information contained in lists, registers or files as referred to in subparagraph (b) (i) above free of charge.

3. Each Party shall ensure that environmental information progressively becomes available in electronic databases which are easily accessible to the public through public telecommunications networks. Information accessible in this form should include:

(a) Reports on the state of the environment, as referred to in paragraph 4 below;
(b) Texts of legislation on or relating to the environment;
(c) As appropriate, policies, plans and programmes on or relating to the environment, and environmental agreements; and
(d) Other information, to the extent that the availability of such information in this form would facilitate the application of national law implementing this Convention,

provided that such information is already available in electronic form.

4. Each Party shall, at regular intervals not exceeding three or four years, publish and disseminate a national report on the state of the environment, inclu ding information on the quality of the environment and information on pressures on the environment.

5. Each Party shall take measures within the framework of its legislation for the purpose of disseminating, *inter alia*:

(a) Legislation and policy documents such as documents on strategies, policies, programmes and action plans relating to the environment, and progress reports on their implementation, prepared at various levels of government;
(b) International treaties, conventions and agreements on environmental issues; and
(c) Other significant international documents on environmental issues, as appropriate.

6. Sérhver samningsaðili skal hvetja þá atvinnurekendur sem stunda starfsemi, sem hefur umtalsverð áhrif á umhverfið, til að upplýsa almenning reglulega um umhverfisáhrif af völdum starfsemi þeirra og framleiðsluvara, þar sem við á, með umhverfismerkingum eða -eftirliti, sem þeir hafa sjálfir frumkvæði að, eða með öðrum hætti.
7. Sérhver samningsaðili skal:
   a) birta staðreyndir og greiningu á staðreyndum sem hann telur að skipti máli og séu mikilvægar við mótun tillagna um stefnu í umhverfismálum,
   b) birta, eða gera aðgengilegt með öðrum hætti, efni sem fyrir hendi er til útskýringar á samskiptum sínum við almenning í málefnum sem falla undir gildissvið þessa samnings og
   c) láta í té, í viðeigandi mynd, upplýsingar um hvernig stjórnvöld á öllum stigum sinna opinberu hlutverki sínu eða veita opinbera þjónustu á sviði umhverfismála.

8. Sérhver samningsaðili skal þróa leiðir í því augnamiði að tryggja að nægilegar upplýsingar um framleiðsluvörur séu gerðar almenningi aðgengilegar á þann hátt að neytendum sé gert kleift að taka upplýstar ákvarðanir um umhverfismál.
9. Sérhver samningsaðili skal gera ráðstafanir til að setja upp í áföngum, með hliðsjón af alþjóðlegum starfsháttum þar sem við á, heildstætt landskerfi sem skráir upplýsingar um mengun í skipulagðan og tölvuvæddan gagnagrunn sem er unninn eftir stöðluðum tilkynningum og almenningur hefur aðgang að. Slíkt kerfi getur innihaldið upplýsingar um aðflutning, losun og tilflutning tiltekinna flokka efna og framleiðsluvara, þar með talin notkun vatns, orku og auðlinda, frá starfsemi á tilteknu sviði út í umhverfið og til meðhöndlunar- og förgunarstöðva á staðnum eða annars staðar.
10. Ekkert í þessari grein má skerða rétt samningsaðila til að synja um afhendingu ákveðinna umhverfisupplýsinga skv. 3. og 4. mgr. 4. gr.

6. Each Party shall encourage operators whose activities have a significant impact on the environment to inform the public regularly of the environmental impact of their activities and products, where appropriate within the framework of voluntary eco labelling or eco auditing schemes or by other means.

7. Each Party shall:
(a) Publish the facts and analyses of facts which it considers relevant and important in framing major environmental policy proposals;

(b) Publish, or otherwise make accessible, available explanatory material on its dealings with the public in matters falling within the scope of this Convention; and
(c) Provide in an appropriate form information on the performance of public functions or the provision of public services relating to the environment by government at all levels.

8. Each Party shall develop mechanisms with a view to ensuring that sufficient product information is made available to the public in a manner which enables consumers to make informed environmental choices.
9. Each Party shall take steps to establish progressively, taking into account international processes where appropriate, a coherent, nationwide system of pollution inventories or registers on a structured, computerized and publicly accessible database compiled through standardized reporting. Such a system may include inputs, releases and transfers of a specified range of substances and products, including water, energy and resource use, from a specified range of activities to environmental media and to on site and off site treatment and disposal sites.

10. Nothing in this article may prejudice the right of Parties to refuse to disclose certain environmental information in accordance with article 4, paragraphs 3 and 4.

6. gr.
Þátttaka almennings í ákvörðunum um tiltekna starfsemi.

1. Sérhver samningsaðili:
a) skal beita ákvæðum þessarar greinar þegar teknar eru ákvarðanir um hvort leyfa eigi fyrirhugaða starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka,
b) skal, í samræmi við landslög, einnig beita ákvæðum þessarar greinar við ákvarðanatöku um fyrirhugaða starfsemi sem ekki er tilgreind í I. viðauka og kann að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Samningsaðilar skulu, í þessu augna-

Article 6
PUBLIC PARTICIPATION IN DECISIONS ON SPECIFIC ACTIVITIES

1. Each Party:
(a) Shall apply the provisions of this article with respect to decisions on whether to permit proposed activities listed in annex I;
(b) Shall, in accordance with its national law, also apply the provisions of this article to decisions on proposed activities not listed in annex I which may have a significant effect on the environment. To this end, Parties shall determine

miði, ákveða hvort slík fyrirhuguð starfsemi sé háð þessum ákvæðum og

c) getur ákveðið, í hverju tilviki fyrir sig ef landslög mæla svo fyrir um, að beita ekki ákvæðum þessarar greinar, þegar um ræðir fyrirhugaða starfsemi í þágu landvarna, telji sá samningsaðili að beiting þeirra ákvæða myndi hafa skaðleg áhrif þar á.

2. Upplýsa ber almenning er málið varðar, með almennri tilkynningu eða á einstaklingsgrundvelli, eftir því sem við á, snemma í umhverfisákvörðunarferlinu og á fullnægjandi hátt, tímanlega og með árangursríkum hætti, meðal annars um:

a) fyrirhugaða starfsemi og þá umsókn sem ákvörðun verður tekin um,
b) eðli hugsanlegra ákvarðana eða um drög að ákvörðun,
c) hvaða stjórnvald annast ákvörðunartökuna,
d) fyrirhugaðan framgangsmáta, meðal annars eftirfarandi upplýsingar, ef og þegar unnt er að láta þær í té:
   i. upphaf ferlisins,
   ii. tækifæri almennings til þátttöku,
   iii. staður og stund opinbers fundar sem kann að vera fyrirhugaður,
   iv. ábending um hvaða stjórnvald getur veitt viðeigandi upplýsingar og hvar viðeigandi upplýsingum hefur verið komið fyrir svo almenningur geti kynnt sér þær,
   v. ábending um viðkomandi stjórnvald eða aðra opinbera stofnun sem tekur við athugasemdum eða spurningum og um hvenær hægt er að leggja fram athugasemdir og spurningar og
   vi. ábending um hvaða umhverfisupplýsingar viðvíkjandi fyrirhugaðri starfsemi eru fyrirliggjandi og
e) þá staðreynd að umrædd starfsemi sé háð mati á umhverfisáhrifum innanlands eða yfir landamæri.

3. Í þeim framgangsmáta er lýtur að þátttöku almennings skal gera ráð fyrir eðlilegum tímamörkum fyrir mismunandi áfanga þannig að nægilegur tími gefist til að upplýsa almenning skv. 2. mgr. hér að framan og til að almenningur geti undirbúið sig og verið virkur þátttakandi í umhverfisákvarðanatöku.

4. Sérhver samningsaðili skal gera ráð fyrir þátttöku almennings snemma í ferlinu þegar allir kostir eru fyrir hendi og um virka þátttöku almennings getur verið að ræða.

5. Sérhver samningsaðili ætti, þar sem við á, að hvetja væntanlega umsækjendur til að benda á þann hóp almennings er málið varðar, hefja umræður og

whether such a proposed activity is subject to these provisions; and

(c) May decide, on a case by case basis if so provided under national law, not to apply the provisions of this article to proposed activities serving national defence purposes, if that Party deems that such application would have an adverse effect on these purposes.

2. The public concerned shall be informed, either by public notice or individually as appropriate, early in an environmental decision making procedure, and in an adequate, timely and effective manner, *inter alia*, of:

(a) The proposed activity and the application on which a decision will be taken;
(b) The nature of possible decisions or the draft decision;
(c) The public authority responsible for making the decision;
(d) The envisaged procedure, including, as and when this information can be provided:
   (i) The commencement of the procedure;
   (ii) The opportunities for the public to participate;
   (iii) The time and venue of any envisaged public hearing;
   (iv) An indication of the public authority from which relevant information can be obtained and where the relevant information has been deposited for examination by the public;
   (v) An indication of the relevant public authority or any other official body to which comments or questions can be submitted and of the time schedule for transmittal of comments or questions; and
   (vi) An indication of what environmental information relevant to the proposed activity is available; and
(e) The fact that the activity is subject to a national or transboundary environmental impact assessment procedure.

3. The public participation procedures shall include reasonable time frames for the different phases, allowing sufficient time for informing the public in accordance with paragraph 2 above and for the public to prepare and participate effectively during the environmental decision making.

4. Each Party shall provide for early public participation, when all options are open and effective public participation can take place.

5. Each Party should, where appropriate, encourage prospective applicants to identify the public concerned, to enter into discussions, and to provide in-

veita upplýsingar um markmiðið með umsókn sinni áður en sótt er um leyfi.

6. Sérhver samningsaðili skal gera þá kröfu til þar til bærra stjórnvalda að þau veiti almenningi er málið varðar, að fram kominni beiðni sé þess krafist eftir landslögum, tækifæri til að kanna allar upplýsingar, sem máli skipta varðandi þá ákvarðanatöku er um getur í þessari grein og fyrir liggja þegar þeim framgangsmáta er lýtur að þátttöku almennings er hrundið af stað, endurgjaldslaust og strax og þær liggja fyrir, að óskertum þeim rétti samningsaðila að synja um að láta í té ákveðnar upplýsingar í samræmi við ákvæði 3. og 4. mgr. 4. gr. Þær upplýsingar sem máli skipta skulu innihalda eftirfarandi að minnsta kosti, að óskertum ákvæðum 4. gr.:

a) lýsingu á staðháttum og ytri efnislegum og tæknilegum einkennum fyrirhugaðrar starfsemi, þar með talið mat á væntanlegum úrgangi og útstreymi,
b) lýsingu á umtalsverðum áhrifum fyrirhugaðrar starfsemi á umhverfið,
c) lýsingu á aðgerðum sem fyrirsjáanlegar eru til að hindra og/eða draga úr áhrifunum, þar með talið útstreymi,
d) samantekt af framangreindu án tæknilegrar útfærslu,
e) yfirlit yfir helstu valkosti sem umsækjandinn hefur kannað og
f) í samræmi við landslög, helstu skýrslur og ráðgjöf sem viðkomandi stjórnvaldi hafa borist þegar upplýsa skal þann hluta almennings er málið varðar í samræmi við ákvæði 2. mgr. hér að framan.

7. Í þeim framgangsmáta er lýtur að þátttöku almennings skal almenningi gert kleift að leggja fram, skriflega eða eftir atvikum á opinberum fundi eða í opinberum fyrirspurnum til umsækjanda, hvers konar athugasemdir, upplýsingar, greiningar eða álit sem hann telur að skipti máli vegna fyrirhugaðrar starfsemi.

8. Sérhver samningsaðili skal tryggja að við ákvarðanatöku sé tekið eðlilegt tillit til þeirrar niðurstöðu sem liggur fyrir eftir aðkomu almennings.

9. Sérhver samningsaðili skal tryggja að þegar ákvörðun viðkomandi stjórnvalds liggur fyrir sé almenningur upplýstur um hana án tafar eftir viðeigandi verklagsreglum. Sérhver samningsaðili skal láta almenningi í té texta ákvörðunarinnar ásamt þeim forsendum og sjónarmiðum sem ákvörðunin er byggð á.

10. Sérhver samningsaðili skal tryggja að þegar stjórnvald endurskoðar eða uppfærir þau skilyrði fyrir rekstri starfsemi er um getur í 1. mgr. verði ákvæðum 2. til 9. mgr. þessarar greinar beitt að breyttu breytanda og eftir því sem við á.

formation regarding the objectives of their application before applying for a permit.

6. Each Party shall require the competent public authorities to give the public concerned access for examination, upon request where so required under national law, free of charge and as soon as it becomes available, to all information relevant to the decision making referred to in this article that is available at the time of the public participation procedure, without prejudice to the right of Parties to refuse to disclose certain information in accordance with article 4, paragraphs 3 and 4. The relevant information shall include at least, and without prejudice to the provisions of article 4:

(a) A description of the site and the physical and technical characteristics of the proposed activity, including an estimate of the expected residues and emissions;
(b) A description of the significant effects of the proposed activity on the environment;
(c) A description of the measures envisaged to prevent and/or reduce the effects, including emissions;
(d) A non technical summary of the above;
(e) An outline of the main alternatives studied by the applicant; and
(f) In accordance with national legislation, the main reports and advice issued to the public authority at the time when the public concerned shall be informed in accordance with paragraph 2 above.

7. Procedures for public participation shall allow the public to submit, in writing or, as appropriate, at a public hearing or enquiry with the applicant, any comments, information, analyses or opinions that it considers relevant to the proposed activity.

8. Each Party shall ensure that in the decision due account is taken of the outcome of the public participation.

9. Each Party shall ensure that, when the decision has been taken by the public authority, the public is promptly informed of the decision in accordance with the appropriate procedures. Each Party shall make accessible to the public the text of the decision along with the reasons and considerations on which the decision is based.

10. Each Party shall ensure that, when a public authority reconsiders or updates the operating conditions for an activity referred to in paragraph 1, the provisions of paragraphs 2 to 9 of this article are applied *mutatis mutandis*, and where appropriate.

11. Sérhver samningsaðili skal, innan þeirra marka sem landslög leyfa og eftir því sem unnt er og viðeigandi, beita ákvæðum þessarar greinar um ákvarðanir um hvort leyfa beri að sleppa erfðabreyttum lífverum út í umhverfið af ásettu ráði.

7. gr.
Þátttaka almennings viðvíkjandi skipulagi, áætlunum og stefnumiðum er varða umhverfið.

Eftir að hafa látið almenningi í té nauðsynlegar upplýsingar skal sérhver samningsaðili gera viðeigandi hagnýtar og/eða aðrar ráðstafanir vegna aðkomu almennings meðan á undirbúningi áætlana og verkefna, er varða umhverfið, stendur, með gagnsæi og sanngirni að leiðarljósi. Ákvæðum 3., 4. og 8. mgr. 6. gr. skal beitt í þessu samhengi. Viðkomandi stjórnvald skal tilgreina þann hluta almennings sem hefur aðkomu að ferlinu, að teknu tilliti til markmiða þessa samnings. Sérhver samningsaðili skal leitast við, að því marki sem eðlilegt má teljast, að veita almenningi tækifæri til að taka þátt í undirbúningi að stefnumótun er varðar umhverfið.

8. gr.
Þátttaka almennings meðan á undirbúningi framkvæmdareglna og/eða almennra lagalega bindandi samninga stendur.

Sérhver samningsaðili skal leggja sig fram um að stuðla að virkri þátttöku almennings á viðeigandi stigi og meðan valkostir eru enn fyrir hendi, meðan á undirbúningi stjórnvalda á framkvæmdareglum og öðrum almennum lagalega bindandi reglum stendur sem kunna að hafa veruleg áhrif á umhverfið. Gera ætti eftirfarandi ráðstafanir í þessu skyni:

a) setja tímamörk sem eru fullnægjandi til að ná fram virkri þátttöku,
b) birta drög að reglum eða gera þau almenningi aðgengileg á annan hátt og
c) gefa almenningi kost á að gera athugasemdir, beint eða fyrir atbeina ráðgefandi aðila sem kemur fram fyrir hönd almennings.

Taka skal tillit til þeirrar niðurstöðu sem þátttaka almennings færir eins og frekast er unnt.

9. gr.
Aðgangur að réttlátri málsmeðferð.

1. Sérhver samningsaðili skal, innan þeirra marka sem landslög leyfa, tryggja að hver maður, sem telur að beiðni hans um upplýsingar skv. 4. gr. hafi verið sniðgengin, ranglega hafnað, hvort heldur að hluta til eða í heild, svarað á ófullnægjandi hátt eða að hún hafi að öðru leyti ekki fengið meðferð í sam-

11. Each Party shall, within the framework of its national law, apply, to the extent feasible and appropriate, provisions of this article to decisions on whether to permit the deliberate release of genetically modified organisms into the environment.

Article 7
PUBLIC PARTICIPATION CONCERNING PLANS, PROGRAMMES AND POLICIES RELATING TO THE ENVIRONMENT

Each Party shall make appropriate practical and/or other provisions for the public to participate during the preparation of plans and programmes relating to the environment, within a transparent and fair framework, having provided the necessary information to the public. Within this framework, article 6, paragraphs 3, 4 and 8, shall be applied. The public which may participate shall be identified by the relevant public authority, taking into account the objectives of this Convention. To the extent appropriate, each Party shall endeavour to provide opportunities for public participation in the preparation of policies relating to the environment.

Article 8
PUBLIC PARTICIPATION DURING THE PREPARATION OF EXECUTIVE REGULATIONS AND/OR GENERALLY APPLICABLE LEGALLY BINDING NORMATIVE INSTRUMENTS

Each Party shall strive to promote effective public participation at an appropriate stage, and while options are still open, during the preparation by public authorities of executive regulations and other generally applicable legally binding rules that may have a significant effect on the environment. To this end, the following steps should be taken:

(a) Time frames sufficient for effective participation should be fixed;
(b) Draft rules should be published or otherwise made publicly available; and
(c) The public should be given the opportunity to comment, directly or through representative consultative bodies.

The result of the public participation shall be taken into account as far as possible.

Article 9
ACCESS TO JUSTICE

1. Each Party shall, within the framework of its national legislation, ensure that any person who considers that his or her request for information under article 4 has been ignored, wrongfully refused, whether in part or in full, inadequately answered, or otherwise not dealt with in accordance with the pro-

ræmi við ákvæði þeirrar greinar, hafi aðgang að endurskoðunarleið fyrir dómstólum eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila sem er settur á fót með lögum.

Í þeim tilvikum þegar samningsaðili gerir ráðstafanir til að fyrir hendi sé slík endurskoðunarleið fyrir dómstólum skal hann tryggja að viðkomandi einstaklingur hafi einnig aðgang að fljótvirkri, lögformlegri málsmeðferð, sem er honum að kostnaðarlausu eða ódýr, þar sem stjórnvald tekur mál hans upp að nýju eða óháður og hlutlaus aðili annar en dómstóll.

Endanlegar ákvarðanir skv. 1. mgr. skulu vera bindandi fyrir það stjórnvald sem býr yfir upplýsingunum. Ástæður skulu tilgreindar skriflega, að minnsta kosti ef aðgangi að upplýsingum er hafnað samkvæmt þessari málsgrein.

2. Sérhver samningsaðili skal tryggja, innan ramma landslaga sinna, að almenningur er málið varðar, sem:

a) á nægjanlegra hagsmuna að gæta

eða, að öðrum kosti,

b) heldur því fram að gengið hafi verið á rétt hans, þar sem gerð er krafa um slíkt sem skilyrði samkvæmt lögum samningsaðila um opinbera stjórnsýslu,

hafi aðgang að endurskoðunarleið fyrir dómstólum og/eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila, sem er settur á fót með lögum, til að véfengja lögmæti sérhverrar ákvörðunar, aðgerðar eða aðgerðaleysis, hvað varðar efni og form, sem fellur undir ákvæði 6. gr. og, þar sem kveðið á um það í landslögum og með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. hér að aftan, undir önnur viðeigandi ákvæði þessa samnings.

Hvað telst nægjanlegir hagsmunir og hvenær talið er að gengið hafi verið á rétt manna skal ákvarðast í samræmi við skilyrði landslaga og ávallt með það að markmiði að veita almenningi er málið varðar, víðtækan aðgang að réttlátri málsmeðferð innan ramma þessa samnings. Hagsmunir sérhverra frjálsra félagasamtaka, sem uppfylla þau skilyrði sem vísað er til í 5. mgr. 2. gr., skulu, hvað þetta varðar, taldir vera nægjanlegir með tilliti til a-liðar hér að framan. Slík samtök skulu einnig teljast eiga rétt sem hægt er að ganga á í skilningi b-liðar hér að framan.

Ákvæði 2. mgr. skulu ekki útiloka hugsanlega endurskoðunarleið til bráðabirgða fyrir stjórnsýslustofnun og hafa ekki áhrif á þá kröfu að endurskoðunarferli fyrir stjórnsýslustofnunum sé lokið að fullu áður en endurskoðunferli fyrir dómstólum er hafið, þar sem slík krafa er gerð í landslögum.

visions of that article, has access to a review procedure before a court of law or another independent and impartial body established by law.

In the circumstances where a Party provides for such a review by a court of law, it shall ensure that such a person also has access to an expeditious procedure established by law that is free of charge or inexpensive for reconsideration by a public authority or review by an independent and impartial body other than a court of law.

Final decisions under this paragraph 1 shall be binding on the public authority holding the information. Reasons shall be stated in writing, at least where access to information is refused under this paragraph.

2. Each Party shall, within the framework of its national legislation, ensure that members of the public concerned

(a) Having a sufficient interest

or, alternatively,

(b) Maintaining impairment of a right, where the administrative procedural law of a Party requires this as a precondition,

have access to a review procedure before a court of law and/or another independent and impartial body established by law, to challenge the substantive and procedural legality of any decision, act or omission subject to the provisions of article 6 and, where so provided for under national law and without prejudice to paragraph 3 below, of other relevant provisions of this Convention.

What constitutes a sufficient interest and impairment of a right shall be determined in accordance with the requirements of national law and consistently with the objective of giving the public concerned wide access to justice within the scope of this Convention. To this end, the interest of any non governmental organization meeting the requirements referred to in article 2, paragraph 5, shall be deemed sufficient for the purpose of subparagraph (a) above. Such organizations shall also be deemed to have rights capable of being impaired for the purpose of subparagraph (b) above.

The provisions of this paragraph 2 shall not exclude the possibility of a preliminary review procedure before an administrative authority and shall not affect the requirement of exhaustion of administrative review procedures prior to recourse to judicial review procedures, where such a requirement exists under national law.

3. Til viðbótar og með fyrirvara um þær endurskoðunarleiðir sem vísað er til í 1. og 2. mgr. hér að framan skal sérhver samningsaðili tryggja að uppfylli almenningur þau viðmiðunarskilyrði, ef einhver eru, sem mælt er fyrir um í landslögum skuli hann hafa aðgang að stjórnsýslu- og dómstólameðferð til að geta krafist þess að aðgerðir og aðgerðaleysi af hálfu einstaklinga og stjórnvalda, sem ganga gegn ákvæðum eigin landslaga um umhverfið, verði tekin fyrir.
4. Til viðbótar og með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. hér að framan skal sú málsmeðferð sem vísað er til í 1., 2. og 3. mgr. hér að framan veita fullnægjandi og virk úrræði, þar með talin lögbannsleið, eftir því sem við á, og vera sanngjörn, réttlát, tímanleg og ekki kostnaðarsöm úr hófi fram. Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar eða skráðar með skriflegum hætti. Niðurstöður dómstóla og, þegar aðstæður leyfa, annarra aðila skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Sérhver samningsaðili skal tryggja, í því skyni að bæta skilvirkni ákvæða þessarar greinar, að almenningur fái upplýsingar um aðgang að endurskoðunarleið fyrir stjórnsýslustofnunum og dómstólum og skal huga að því að koma á viðeigandi stuðningsfyrirkomulagi til að fjarlægja eða draga úr fjárhagslegum og öðrum hindrunum sem hefta aðgang að réttlátri málsmeðferð.

3. In addition and without prejudice to the review procedures referred to in paragraphs 1 and 2 above, each Party shall ensure that, where they meet the criteria, if any, laid down in its national law, members of the public have access to administrative or judicial procedures to challenge acts and omissions by private persons and public authorities which contravene provisions of its national law relating to the environment.

4. In addition and without prejudice to paragraph 1 above, the procedures referred to in paragraphs 1, 2 and 3 above shall provide adequate and effective remedies, including injunctive relief as appropriate, and be fair, equitable, timely and not prohibitively expensive. Decisions under this article shall be given or recorded in writing. Decisions of courts, and whenever possible of other bodies, shall be publicly accessible.

5. In order to further the effectiveness of the provisions of this article, each Party shall ensure that information is provided to the public on access to administrative and judicial review procedures and shall consider the establishment of appropriate assistance mechanisms to remove or reduce financial and other barriers to access to justice.

10. gr.
Fundir samningsaðila.

1. Fyrsti fundur samningsaðila skal kallaður saman eigi síðar en einu ári eftir að samningur þessi öðlast gildi. Síðan skal halda reglulegan fund samningsaðila að minnsta kosti á tveggja ára fresti, nema samningsaðilarnir ákveði annað eða að fenginni skriflegri beiðni einhvers samningsaðila, að því tilskildu að beiðnin hljóti stuðnings minnst þriðjungs samningsaðila innan sex mánaða frá því að framkvæmdastjóri Efnahagsnefndarinnar fyrir Evrópu sendir beiðnina til allra samningsaðila.

2. Samningsaðilarnir skulu hafa framkvæmd þessa samnings til stöðugrar endurskoðunar á fundum sínum á grundvelli reglulegrar skýrslugerðar samningsaðilanna og skulu, í þessu augnamiði:
a) endurskoða stefnumið og lagalega og aðferðafræðilega nálgun viðvíkjandi aðgangi að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, í því augnamiði að bæta þau enn frekar,
b) skiptast á upplýsingum um reynslu sem aflað hefur verið við gerð og framkvæmd tvíhliða og marghliða samninga eða annars konar samkomulags sem varðar tilgang þessa samnings og sem

Article 10
MEETING OF THE PARTIES

1. The first meeting of the Parties shall be convened no later than one year after the date of the entry into force of this Convention. Thereafter, an ordinary meeting of the Parties shall be held at least once every two years, unless otherwise decided by the Parties, or at the written request of any Party, provided that, within six months of the request being communicated to all Parties by the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe, the said request is supported by at least one third of the Parties.
2. At their meetings, the Parties shall keep under continuous review the implementation of this Convention on the basis of regular reporting by the Parties, and, with this purpose in mind, shall:
(a) Review the policies for and legal and methodological approaches to access to information, public participation in decision making and access to justice in environmental matters, with a view to further improving them;
(b) Exchange information regarding experience gained in concluding and implementing bilateral and multilateral agreements or other arrangements having relevance to the purposes of this

einn eða fleiri aðilar að þessum samningi eru aðilar að,

c) leita, þar sem við á, eftir þjónustu stofnana Efnahagsnefndarinnar fyrir Evrópu og annarra þar til bærra alþjóðlegra stofnana og sérstakra nefnda varðandi alla þætti er lúta að því að ná fram markmiðum þessa samnings,

d) setja á fót hvers konar undirnefndir eftir því sem þeir telja nauðsynlegt,

e) undirbúa, þar sem við á, bókanir við þennan samning,

f) fjalla um og samþykkja tillögur um breytingar á þessum samningi í samræmi við ákvæði 14. gr.,

g) fjalla um og hrinda í framkvæmd sérhverjum viðbótaraðgerðum sem kunna að vera nauðsynlegar til að ná fram markmiðum þessa samnings,

h) fjalla um, á fyrsta fundi sínum, og samþykkja samhljóða fundarsköp fyrir fundi sína og fundi undirnefnda,

i) yfirfara, á fyrsta fundi sínum, reynslu sína af framkvæmd ákvæða 9. mgr. 5. gr. og fjalla um þau skref sem eru nauðsynleg til að þróa frekar það fyrirkomulag sem þar er vísað til, að teknu tilliti til alþjóðlegra starfshátta og þróunar, þar með talin útfærsla viðeigandi gernings um skýrslur eða skrár um losun og flutning mengunarefna sem mætti gera að viðauka við þennan samning.

3. Fundur samningsaðila getur, eftir því sem þörf krefur, fjallað um þann kost að samþykkja fjárhagslegar ráðstafanir með samhljóða samþykki.

4. Rétt til að sitja fundi samningsaðila sem áheyrnarfulltrúar hafa Sameinuðu þjóðirnar, sérstofnanir þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, ásamt öllum ríkjum eða svæðisstofnunum um efnahagssamvinnu sem er heimilt skv. 17. gr. að undirrita þennan samning en eru ekki aðilar að honum, ennfremur allar milliríkjastofnanir sem hafa sérþekkingu á þeim sviðum sem þessi samningur snertir.

5. Öllum frjálsum félagasamtökum, sem hafa sérþekkingu á þeim sviðum sem þessi samningur snertir og hafa tilkynnt framkvæmdastjóra Efnahagsnefndarinnar fyrir Evrópu að þau vilji eiga fulltrúa á fundum samningsaðila, skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa, nema minnst þriðjungur þeirra samningsaðila sem eiga fulltrúa á fundinum hreyfi andmælum.

6. Að því er varðar 4. og 5. mgr. hér að framan skal í þeim fundarsköpum sem vísað er til í h-lið 2. mgr. hér að framan fjallað um hagnýtar ráðstafanir varðandi aðgang og aðra viðeigandi skilmála.

Convention and to which one or more of the Parties are a party;

(c) Seek, where appropriate, the services of relevant ECE bodies and other competent international bodies and specific committees in all aspects pertinent to the achievement of the purposes of this Convention;

(d) Establish any subsidiary bodies as they deem necessary;

(e) Prepare, where appropriate, protocols to this Convention;

(f) Consider and adopt proposals for amendments to this Convention in accordance with the provisions of article 14;

(g) Consider and undertake any additional action that may be required for the achievement of the purposes of this Convention;

(h) At their first meeting, consider and by consensus adopt rules of procedure for their meetings and the meetings of subsidiary bodies;

(i) At their first meeting, review their experience in implementing the provisions of article 5, paragraph 9, and consider what steps are necessary to develop further the system referred to in that paragraph, taking into account international processes and developments, including the elaboration of an appropriate instrument concerning pollution release and transfer registers or inventories which could be annexed to this Convention.

3. The Meeting of the Parties may, as necessary, consider establishing financial arrangements on a consensus basis.

4. The United Nations, its specialized agencies and the International Atomic Energy Agency, as well as any State or regional economic integration organization entitled under article 17 to sign this Convention but which is not a Party to this Convention, and any intergovernmental organization qualified in the fields to which this Convention relates, shall be entitled to participate as observers in the meetings of the Parties.

5. Any non governmental organization, qualified in the fields to which this Convention relates, which has informed the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe of its wish to be represented at a meeting of the Parties shall be entitled to participate as an observer unless at least one third of the Parties present in the meeting raise objections.

6. For the purposes of paragraphs 4 and 5 above, the rules of procedure referred to in paragraph 2 (h) above shall provide for practical arrangements for the admittance procedure and other relevant terms.

11. gr.
Atkvæðisréttur.

1. Sérhver samningsaðili skal ráða yfir einu atkvæði, með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.
2. Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu skulu, í þeim málum sem falla undir valdsvið þeirra, neyta atkvæðisréttar síns með atkvæðafjölda sem er jafn fjölda aðildarríkja þeirra sem jafnframt eru aðilar að þessum samningi. Stofnanir þessar skulu ekki neyta atkvæðisréttar síns geri aðildarríki þeirra hið sama og öfugt.

Article 11
RIGHT TO VOTE

1. Except as provided for in paragraph 2 below, each Party to this Convention shall have one vote.

2. Regional economic integration organizations, in matters within their competence, shall exercise their right to vote with a number of votes equal to the number of their member States which are Parties to this Convention. Such organizations shall not exercise their right to vote if their member States exercise theirs, and vice versa.

12. gr.
Skrifstofan.

Framkvæmdastjóri Efnahagsnefndarinnar fyrir Evrópu skal inna af hendi eftirtalin störf skrifstofunnar:

a) kalla saman og undirbúa fundi samningsaðilanna,
b) dreifa til samningsaðilanna skýrslum og öðrum upplýsingum sem berast í samræmi við ákvæði þessa samnings og
c) hver þau önnur störf sem samningsaðilarnir kunna að ákveða.

Article 12
SECRETARIAT

The Executive Secretary of the Economic Commission for Europe shall carry out the following secretariat functions:

(a) The convening and preparing of meetings of the Parties;
(b) The transmission to the Parties of reports and other information received in accordance with the provisions of this Convention; and
(c) Such other functions as may be determined by the Parties.

13. gr.
Viðaukar.

Viðaukarnir við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti hans.

Article 13
ANNEXES

The annexes to this Convention shall constitute an integral part thereof.

14. gr.
Breytingar á samningnum.

1. Sérhver samningsaðili getur borið fram tillögu um breytingu á þessum samningi.
2. Texti sérhverrar tillögu um breytingu á þessum samningi skal lagður fram skriflega hjá framkvæmdastjóra Efnahagsnefndarinnar fyrir Evrópu sem skal senda hann til allra samningsaðila eigi síðar en níutíu dögum fyrir fund samningsaðilanna þar sem tillagan er lögð fram til samþykktar.
3. Samningsaðilar skulu gera sitt ítrasta til að ná samkomulagi um tillögu um breytingu á þessum samningi með samhljóða samþykki. Hafi allar tilraunir til að ná samhljóða samþykki reynst árangurslausar og ekkert samkomulag liggur fyrir skal sem síðasta úrræðið samþykkja breytinguna með atkvæðum þriggja fjórðu þeirra samningsaðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða á fundinum.
4. Vörsluaðili skal senda öllum samningsaðilum breytingar á þessum samningi, sem samþykktar eru í samræmi við ákvæði 3. mgr. hér að framan, til fullgildingar, samþykktar eða staðfestingar. Breytingar á þessum samningi, aðrar en á viðauka við hann, öðlast gildi að því er varðar samningsaðila sem hafa

Article 14
AMENDMENTS TO THE CONVENTION

1. Any Party may propose amendments to this Convention.
2. The text of any proposed amendment to this Convention shall be submitted in writing to the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe, who shall communicate it to all Parties at least ninety days before the meeting of the Parties at which it is proposed for adoption.
3. The Parties shall make every effort to reach agreement on any proposed amendment to this Convention by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the amendment shall as a last resort be adopted by a three fourths majority vote of the Parties present and voting at the meeting.

4. Amendments to this Convention adopted in accordance with paragraph 3 above shall be communicated by the Depositary to all Parties for ratification, approval or acceptance. Amendments to this Convention other than those to an annex shall enter into force for Parties having ratified, approved or accept-

fullgilt þær, samþykkt eða staðfest á nítugasta degi eftir að vörsluaðili hefur veitt tilkynningu um fullgildingu, samþykki eða staðfestingu þeirra viðtöku frá þremur fjórðu samningsaðila hið minnsta. Eftir þann tíma öðlast þær gildi, að því er sérhvern annan samningsaðila varðar, á nítugasta degi eftir að sá samningsaðili afhendir skjal sitt um fullgildingu, samþykkt eða staðfestingu á breytingunum til vörslu.

5. Sérhver samningsaðili, sem getur ekki samþykkt breytingu á viðauka við þennan samning, skal tilkynna það vörsluaðilanum skriflega eigi síðar en tólf mánuðum frá dagsetningu tilkynningar um samþykkt á fundi samningsaðila. Vörsluaðilinn skal án tafar greina öllum samningsaðilum frá sérhverri slíkri tilkynningu sem hann veitir viðtöku. Samningsaðili getur hvenær sem er látið staðfestingu sína koma í stað fyrri tilkynningar sinnar og skulu breytingar á viðkomandi viðauka öðlast gildi að því er þann samningsaðila varðar þegar hann afhendir vörsluaðila skjal sitt um staðfestingu til vörslu.

6. Að liðnum tólf mánuðum frá dagsetningu tilkynningar vörsluaðila, sem kveðið er á um í 4. mgr. að framan, tekur breyting á viðauka gildi fyrir þá samningsaðila sem hafa ekki sent vörsluaðila tilkynningu í samræmi við ákvæði 5. mgr. hér að framan, að því tilskildu að eigi fleiri en þriðjungur samningsaðila hafi sent slíka tilkynningu.

7. Í þessari grein merkir „samningsaðilar sem viðstaddir eru og atkvæði greiða“ þá samningsaðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði með eða á móti.

ed them on the ninetieth day after the receipt by the Depositary of notification of their ratification, approval or acceptance by at least three fourths of these Parties. Thereafter they shall enter into force for any other Party on the ninetieth day after that Party deposits its instrument of ratification, approval or acceptance of the amendments.

5. Any Party that is unable to approve an amendment to an annex to this Convention shall so notify the Depositary in writing within twelve months from the date of the communication of the adoption. The Depositary shall without delay notify all Parties of any such notification received. A Party may at any time substitute an acceptance for its previous notification and, upon deposit of an instrument of acceptance with the Depositary, the amendments to such an annex shall become effective for that Party.

6. On the expiry of twelve months from the date of its communication by the Depositary as provided for in paragraph 4 above an amendment to an annex shall become effective for those Parties which have not submitted a notification to the Depositary in accordance with the provisions of paragraph 5 above, provided that not more than one third of the Parties have submitted such a notification.

7. For the purposes of this article, “Parties present and voting” means Parties present and casting an affirmative or negative vote.

15. gr.
Athugun á því hvernig ákvæðum samningsins er fylgt.

Fundur samningsaðila skal, með samhljóða samþykki, koma á valfrjálsu fyrirkomulagi sem ekki leiðir til árekstrar, er ótengt dómstólum og í formi ráðgjafar, til að fara yfir það hvernig ákvæðum samnings þessa er fylgt. Fyrirkomulagið skal gera ráð fyrir viðeigandi þátttöku almennings og kann að fela í sér þann kost að taka til athugunar ábendingar frá almenningi um málefni er varða þennan samning.

Article 15
REVIEW OF COMPLIANCE

The Meeting of the Parties shall establish, on a consensus basis, optional arrangements of a non confrontational, non judicial and consultative nature for reviewing compliance with the provisions of this Convention. These arrangements shall allow for appropriate public involvement and may include the option of considering communications from members of the public on matters related to this Convention.

16. gr.
Lausn deilumála.

1. Komi upp deila milli tveggja eða fleiri samningsaðila um túlkun eða beitingu ákvæða þessa samnings skulu þeir þá leita lausnar með samningum eða með einhverjum öðrum hætti sem deiluaðilar eru ásáttir um.

Article 16
SETTLEMENT OF DISPUTES

1. If a dispute arises between two or more Parties about the interpretation or application of this Convention, they shall seek a solution by negotiation or by any other means of dispute settlement acceptable to the parties to the dispute.

2. Samningsaðili getur, við undirritun, fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þessa samnings eða samhliða aðild að honum eða hvenær sem er síðar, lýst því skriflega yfir við vörsluaðila, viðvíkjandi deilu sem ekki er leyst í samræmi við ákvæði 1. mgr. hér að framan, að hann skuldbindi sig til að fara aðra eða báðar eftirfarandi leiða til að leysa deilu við samningsaðila sem samþykkir sömu skuldbindingu:
a) að leggja deiluna fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag,
b) að leggja deiluna í gerð samkvæmt þeirri málsmeðferð sem er lýst í II. viðauka.
3. Hafi deiluaðilar samþykkt báðar leiðir til lausnar deilu skv. 2. mgr. má aðeins leggja deiluna fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag, nema þeir komi sér saman um annað.

2. When signing, ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention, or at any time thereafter, a Party may declare in writing to the Depositary that, for a dispute not resolved in accordance with paragraph 1 above, it accepts one or both of the following means of dispute settlement as compulsory in relation to any Party accepting the same obligation:
(a) Submission of the dispute to the International Court of Justice;
(b) Arbitration in accordance with the procedure set out in annex II.
3. If the parties to the dispute have accepted both means of dispute settlement referred to in paragraph 2 above, the dispute may be submitted only to the International Court of Justice, unless the parties agree otherwise.

17. gr.
Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Árósum (Danmörku) hinn 25. júní 1998 og eftir það í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York fram til 21. desember 1998 af hálfu aðildarríkja Efnahagsnefndarinnar fyrir Evrópu, auk þeirra ríkja sem hafa stöðu samráðsaðila hjá Efnahagsnefndinni fyrir Evrópu skv. 8. og 11. mgr. ályktunar Efnahags- og félagsmálaráðsins nr. 36 (IV) frá 28. mars 1947, og af hálfu svæðisstofnana um efnahagssamvinnu sem fullvalda aðildarríki að Efnahagsnefndinni fyrir Evrópu hafa sett á stofn og falið vald í málum er falla undir þennan samning, m.a. vald til að gera samninga varðandi þessi mál.

Article 17
SIGNATURE

This Convention shall be open for signature at Aarhus (Denmark) on 25 June 1998, and thereafter at United Nations Headquarters in New York until 21 December 1998, by States members of the Economic Commission for Europe as well as States having consultative status with the Economic Commission for Europe pursuant to paragraphs 8 and 11 of Economic and Social Council resolution 36 (IV) of 28 March 1947, and by regional economic integration organizations constituted by sovereign States members of the Economic Commission for Europe to which their member States have transferred competence over matters governed by this Convention, including the competence to enter into treaties in respect of these matters.

18. gr.
Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili þessa samnings.

Article 18
DEPOSITARY

The Secretary General of the United Nations shall act as the Depositary of this Convention.

19. gr.
Fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu sem hafa undirritað hann.
2. Ríki og svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu, sem vísað er til í 17. gr., geta gerst aðilar að þessum samningi frá og með 22. desember 1998.

3. Sérhvert annað ríki, sem ekki er vísað til í 2. mgr. hér að framan og er aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, getur gerst aðili að þessum samningi með samþykki fundar samningsaðilanna.

Article 19
RATIFICATION, ACCEPTANCE, APPROVAL AND ACCESSION

1. This Convention shall be subject to ratification, acceptance or approval by signatory States and regional economic integration organizations.
2. This Convention shall be open for accession as from 22 December 1998 by the States and regional economic integration organizations referred to in article 17.
3. Any other State, not referred to in paragraph 2 above, that is a Member of the United Nations may accede to the Convention upon approval by the Meeting of the Parties.

4. Samtök, sem vísað er til í 17. gr. og gerast aðili að þessum samningi án þess að nokkurt aðildarríkja þeirra sé samningsaðili, takast á herðar allar skyldur samkvæmt þessum samningi. Ef eitt eða fleiri aðildarríki að slíkum samtökum er aðili að þessum samningi skulu samtökin og aðildarríki þeirra skera úr um hvar ábyrgð hvers þeirra um sig liggur að því er varðar að efna skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi. Í slíkum tilvikum skal samtökunum og aðildarríkjum þeirra óheimilt að halda fram réttindum sínum samkvæmt þessum samningi samtímis.
5. Í skjölum sínum um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skulu þær svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu sem um getur í 17. gr. tilgreina hvert valdsvið þeirra nær í málefnum sem þessi samningur tekur til. Þessi samtök skulu ennfremur skýra vörsluaðila frá öllum umtalsverðum breytingum á valdsviði sínu.

4. Any organization referred to in article 17 which becomes a Party to this Convention without any of its member States being a Party shall be bound by all the obligations under this Convention. If one or more of such an organization's member States is a Party to this Convention, the organization and its member States shall decide on their respective responsibilities for the performance of their obligations under this Convention. In such cases, the organization and the member States shall not be entitled to exercise rights under this Convention concurrently.
5. In their instruments of ratification, acceptance, approval or accession, the regional economic integration organizations referred to in article 17 shall declare the extent of their competence with respect to the matters governed by this Convention. These organizations shall also inform the Depositary of any substantial modification to the extent of their competence.

20. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag þegar sextánda skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur verið afhent til vörslu.
2. Að því er varðar 1. mgr. hér að framan skal sérhvert skjal, sem svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu afhenda til vörslu, ekki talið viðbót við skjöl sem aðildarríki hennar afhenda.

3. Að því er varðar hvert ríki eða stofnanir, sem vísað er til í 17. gr. og fullgilda, staðfesta eða samþykkja þennan samning eða gerast aðili að honum eftir þann dag þegar sextánda skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur verið afhent til vörslu, skal samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi eftir að viðkomandi ríki eða stofnun afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

Article 20
ENTRY INTO FORCE

1. This Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the sixteenth instrument of ratification, acceptance, approval or accession.
2. For the purposes of paragraph 1 above, any instrument deposited by a regional economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by States members of such an organization.
3. For each State or organization referred to in article 17 which ratifies, accepts or approves this Convention or accedes thereto after the deposit of the sixteenth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit by such State or organization of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

21. gr.
Uppsögn.

Samningsaðili getur, hvenær sem er að liðnum þremur árum frá því að samningur þessi öðlast gildi gagnvart honum, sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila. Sérhver uppsögn skal taka gildi á nítugasta degi eftir að vörsluaðili veitir henni viðtöku.

Article 21
WITHDRAWAL

At any time after three years from the date on which this Convention has come into force with respect to a Party, that Party may withdraw from the Convention by giving written notification to the Depositary. Any such withdrawal shall take effect on the ninetieth day after the date of its receipt by the Depositary.

22. gr.
Gildir textar.

Frumrit samnings þessa, en textar hans á ensku, frönsku og rússnesku eru allir jafngildir, skal afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Árósum (Danmörku) hinn 25. júní 1998.

Article 22
AUTHENTIC TEXTS

The original of this Convention, of which the English, French and Russian texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

DONE at Aarhus (Denmark), this twenty fifth day of June, one thousand nine hundred and ninety eight.

I. VIÐAUKI
Skrá um starfsemi sem vísað er til í a-lið 1. mgr. 6. gr.

1. Orkugeirinn:
- hreinsunarstöðvar fyrir jarðolíu og gas,
- verksmiðjur til gösunar og þéttingar,
- varmaorkuver og önnur brennslusver með orkuaðveitu 50 megavött (MW) eða meira,
- koksofnar,
- kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar, þar með talið að taka í sundur eða taka úr notkun slík orkuver eða kljúfa[1] (nema rannsóknarver fyrir framleiðslu og ummyndun kjarnakleyfra og frjórra efna með orku sem er ekki meiri en 1 kW stöðugt varmaálag),
- stöðvar þar sem geisluð kjarnakleyf efni eru endurunnin,
- stöðvar sem hannaðar eru:
  - til að framleiða eða auðga kjarnakleyf efni,
  - til vinnslu geislaðra kjarnakleyfra efna eða mjög geislavirks úrgangs,
  - til endanlegrar förgunar geislaðra, kjarnakleyfra efna,
  - eingöngu til endanlegrar förgunar geislavirks úrgangs,
  - eingöngu til geymslu (til meira en 10 ára) á geisluðum kjarnakleyfum efnum eða geislavirkum úrgangi annars staðar en á framleiðslustað.
2. Framleiðsla og vinnsla málma:
- verksmiðjur til að baka eða sindra málmgrýti (þar með talið brennisteinssúlfið),
- stöðvar til framleiðslu á steypujárni eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla) ásamt samfelldri steypingu með afköstum yfir 2,5 tonnum á klst.,

Annex I
LIST OF ACTIVITIES REFERRED TO IN ARTICLE 6, PARAGRAPH 1 (a)

1. Energy sector:
- Mineral oil and gas refineries;
- Installations for gasification and liquefaction;
- Thermal power stations and other combustion installations with a heat input of 50 megawatts (MW) or more;
- Coke ovens;
- Nuclear power stations and other nuclear reactors including the dismantling or decommissioning of such power stations or reactors [1] (except research installations for the production and conversion of fissionable and fertile materials whose maximum power does not exceed 1 kW continuous thermal load);
- Installations for the reprocessing of irradiated nuclear fuel;
- Installations designed:
  - For the production or enrichment of nuclear fuel;
  - For the processing of irradiated nuclear fuel or high level radioactive waste;
  - For the final disposal of irradiated nuclear fuel;
  - Solely for the final disposal of radioactive waste;
  - Solely for the storage (planned for more than 10 years) of irradiated nuclear fuels or radioactive waste in a different site than the production site.
2. Production and processing of metals:
- Metal ore (including sulphide ore) roasting or sintering installations;
- Installations for the production of pig iron or steel (primary or secondary fusion) including continuous casting, with a capacity exceeding 2.5 tons per hour;

– stöðvar til framleiðslu á járnkenndum málmum:

  i. heitvölsunarstöðvar með afköstum yfir 20 tonn af hrástáli á klst.,
  ii. smiðjur með hömrum sem eru yfir 50 kílójoule hver og þar sem kaloríuorkan, sem notuð er, er yfir 20 MW,
  iii. varnarhúðun með bræddum málmum þar sem notkun er yfir 2 tonnum af hrástáli á klst.,
– málmsteypusmiðjur fyrir járnkennda málma með afköst yfir 20 tonnum á dag,
– stöðvar:
  i. til að framleiða málma sem hafa ekki eiginleika járns úr málmgrýti, uppsafni eða brotamálmum með aðferðum málmvinnslu, efnafræði eða rafgreiningar,
  ii. til bræðslu, einnig málmblendis, á járnlausum málmum, þar á meðal endurheimtum vörum (hreinsun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.), með bræðsluafköst yfir 4 tonn á dag fyrir blý og kadmíum og 20 tonn á dag fyrir alla aðra málma,
– stöðvar til vinnslu málma og plastefna ofan jarðar með rafgreiningar- eða efnameðferð ef rúmmál meðferðarkeranna er meira en 30 m^3.

3. Steinefnaiðnaður:
– verksmiðjur til að framleiða sementsgjall í snúningsbrennsluofnum með afköst yfir 500 tonn á dag eða kalk í snúningsbrennsluofnum með afköst yfir 50 tonn á dag eða í annars konar brennsluofnum með afköst yfir 50 tonn á dag,
– stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum,
– stöðvar til framleiðslu á gleri og trefjaefni með bræðsluafköst yfir 20 tonn á dag,
– stöðvar til að bræða steinefni og framleiða steinefnatrefjar með bræðsluafköst yfir 20 tonn á dag,
– stöðvar til framleiðslu á leirvöru með brennslu, einkum þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísum, leirmunum og postulíni, með afköst yfir 75 tonn á dag og/eða ofnarými yfir 4 m^3 og með hleðsluþéttleika yfir 300 kg/m^3 á hvern brennsluofn.

– Installations for the processing of ferrous metals:
  (i) Hot rolling mills with a capacity exceeding 20 tons of crude steel per hour;
  (ii) Smitheries with hammers the energy of which exceeds 50 kilojoules per hammer, where the calorific power used exceeds 20 MW;
  (iii) Application of protective fused metal coats with an input exceeding 2 tons of crude steel per hour;
– Ferrous metal foundries with a production capacity exceeding 20 tons per day;
– Installations:
  (i) For the production of non ferrous crude metals from ore, concentrates or secondary raw materials by metallurgical, chemical or electrolytic processes;
  (ii) For the smelting, including the alloying, of non ferrous metals, including recovered products (refining, foundry casting, etc.), with a melting capacity exceeding 4 tons per day for lead and cadmium or 20 tons per day for all other metals;
– Installations for surface treatment of metals and plastic materials using an electrolytic or chemical process where the volume of the treatment vats exceeds 30 m^3.

3. Mineral industry:
– Installations for the production of cement clinker in rotary kilns with a production capacity exceeding 500 tons per day or lime in rotary kilns with a production capacity exceeding 50 tons per day or in other furnaces with a production capacity exceeding 50 tons per day;
– Installations for the production of asbestos and the manufacture of asbestos based products;
– Installations for the manufacture of glass including glass fibre with a melting capacity exceeding 20 tons per day;
– Installations for melting mineral substances including the production of mineral fibres with a melting capacity exceeding 20 tons per day;
– Installations for the manufacture of ceramic products by firing, in particular roofing tiles, bricks, refractory bricks, tiles, stoneware or porcelain, with a production capacity exceeding 75 tons per day, and/or with a kiln capacity exceeding 4 m^3 and with a setting density per kiln exceeding 300 kg/m^3.

4. Efnaiðnaður: Framleiðsla innan þeirra flokka starfsemi sem greinir í þessum töluliið merkir framleiðslu á stærðargráðu iðnaðar með kemískri vinnslu efna eða flokka efna sem getið er í a- til g-liðum:

a) efnaverksmiðjur til að framleiða lífræn hráefni, svo sem:
   i. einföld kolefnissambönd (línu- eða hring tengd, mettuð eða ómettuð, alifatísk eða arómatísk),
   ii. súrefnisinnihaldandi kolvetni, svo sem alkóhól, aldehýð, ketón, karboxýlsýrur, esterar, asetöt, eterar, peroxíð, epoxý- efni,
   iii. kolvetnissúlfíð,
   iv. níturkolvetni svo sem amín, amíð, nítur sambönd, nítró- eða nítratsambönd, nítríl, síanöt, ísósíanöt,
   v. kolvetni sem innihalda fosfór,
   vi. halótgenísk kolvetni,
   vii. lífræn málmefnasambönd,
   viii. hráefni í plastiðnaði, (pólýmer, gervi þræðir og sellulósaþræðir),
   ix. gervigúmmí,
   x. litunarefni og litarefni,
   xi. yfirborðsvirk efni,
b) efnaverksmiðjur til að framleiða ólífræn hráefni, svo sem:
   i. gastegundir, svo sem ammóníak, klór eða klórvetni, flór eða flórvetni, kolefnisoxíð, brennisteinssambönd, níturoxíð, vetni, brennisteinsdíoxíð, karbónílklóríð,
   ii. sýrur, svo sem krómsýru, flórvetnissýru, fosfórsýru, saltpéturssýru, saltsýru, brennisteinssýru, olíusýru, brennisteins tvísýrlinga,
   iii. basa, svo sem ammóníumhýdroxíð, kalí umhýdroxíð, natríumhýdroxíð,
   iv. sölt, svo sem ammóníumklóríð, kalíumklóríð, kalíumkarbónat, natríumkarbónat, perbórat, silfurnítrat,
   v. málmleysingja, málmoxíð og önnur ólíf ræn efnasambönd svo sem kalsíumkarbíð, silíkon, silíkonkarbíð,
c) efnaverksmiðjur til að framleiða áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur),
d) efnaverksmiðjur til að framleiða grunnvörur fyrir plöntuvarnarefni og lífeyða,
e) verksmiðjur til að framleiða grunnlyfjavörur með efnafræðilegum eða líffræðilegum aðferðum,

4. Chemical industry: Production within the meaning of the categories of activities contained in this paragraph means the production on an industrial scale by chemical processing of substances or groups of substances listed in subparagraphs (a) to (g):

(a) Chemical installations for the production of basic organic chemicals, such as:
   (i) Simple hydrocarbons (linear or cyclic, saturated or unsaturated, aliphatic or aromatic);
   (ii) Oxygen containing hydrocarbons such as alcohols, aldehydes, ketones, carboxylic acids, esters, acetates, ethers, peroxides, epoxy resins;
   (iii) Sulphurous hydrocarbons;
   (iv) Nitrogenous hydrocarbons such as amines, amides, nitrous compounds, nitro compounds or nitrate compounds, nitriles, cyanates, isocyanates;
   (v) Phosphorus containing hydrocarbons;
   (vi) Halogenic hydrocarbons;
   (vii) Organometallic compounds;
   (viii) Basic plastic materials (polymers, synthetic fibres and cellulose based fibres);
   (ix) Synthetic rubbers;
   (x) Dyes and pigments;
   (xi) Surface active agents and surfactants;
(b) Chemical installations for the production of basic inorganic chemicals, such as:
   (i) Gases, such as ammonia, chlorine or hydrogen chloride, fluorine or hydrogen fluoride, carbon oxides, sulphur compounds, nitrogen oxides, hydrogen, sulphur dioxide, carbonyl chloride;
   (ii) Acids, such as chromic acid, hydrofluoric acid, phosphoric acid, nitric acid, hydrochloric acid, sulphuric acid, oleum, sulphurous acids;
   (iii) Bases, such as ammonium hydroxide, potassium hydroxide, sodium hydroxide;
   (iv) Salts, such as ammonium chloride, potassium chlorate, potassium carbonate, sodium carbonate, perborate, silver nitrate;
   (v) Non metals, metal oxides or other inorganic compounds such as calcium carbide, silicon, silicon carbide;
(c) Chemical installations for the production of phosphorous , nitrogen or potassium based fertilizers (simple or compound fertilizers);
(d) Chemical installations for the production of basic plant health products and of biocides;
(e) Installations using a chemical or biological process for the production of basic pharmaceutical products;

f) kemískar verksmiðjur til framleiðslu á sprengiefni,
g) kemískar verksmiðjur þar sem kemískar eða líffrænar aðferðir eru notaðar til að framleiða viðbótarefni í prótínfóðurbæta, hvata og önnur prótínefni.
5. Meðferð úrgangs:
– stöðvar fyrir brennslu, endurvinnslu, efnameðferð eða urðun hættulegra úrgangsefna,
– verksmiðjur fyrir brennslu heimilisúrgangs með afköst yfir 3 tonn á klst.,
– verksmiðjur fyrir förgun úrgangs, sem ekki er hættulegur, með afköst yfir 50 tonn á dag,
– urðunarstaðir sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða með heildarrými fyrir meira en 25.000 tonn, að frátöldum urðunarstöðum fyrir óbreytanlegan úrgang.
6. Skólphreinsistöðvar með meiri afkastagetu en sem svarar til 150.000 íbúa byggðar.
7. Verksmiðjur fyrir:
a) framleiðslu á pappírsdeigi úr timbri eða svipuðum trefjaefnum,
b) framleiðslu á pappír og pappa sem geta framleitt yfir 20 tonn á dag.
8. a) Lagning járnbrauta yfir miklar vegalengdir, svo og flugvalla,[2] með 2100 metra langa meginflugbraut eða lengri,
b) lagning vega og hraðbrauta,[3]
c) lagning nýs vegar með fjórum akreinum eða fleiri, eða lagfæring á veglínu og/eða breikkun vegar með tveimur akreinum eða færri til þess að fjölga akreinum í minnst fjórar, ef nýi vegurinn, lagfærð veglína og/eða breikkaður vegarhluti væri 10 km eða meira að lengd samfellt.
9. a) Skipgengar vatnaleiðir og innhafnir sem skip yfir 1350 tonn að stærð komast um,
b) viðskiptahafnir, bryggjur til útskipunar og uppskipunar tengdar landi og ytri hafnir (að frátöldum ferjubryggjum) sem skip yfir 1350 tonn að stærð geta lagst að.
10. Kerfi til að vinna grunnvatn eða veita því á svæði, ef árlegt magn vatns, sem unnið er eða veitt á, er 10 milljónir rúmmetrar eða meira.
11. a) Mannvirki til að flytja vatnslindir milli vatnasviða ef flutningurinn miðar að því að koma í veg fyrir vatnsskort og magn vatnsins, sem flutt er, er yfir 100 milljónir rúmmetrar á ári.

(f) Chemical installations for the production of explosives;
(g) Chemical installations in which chemical or biological processing is used for the production of protein feed additives, ferments and other protein substances.
5. Waste management:
– Installations for the incineration, recovery, chemical treatment or landfill of hazardous waste;
– Installations for the incineration of municipal waste with a capacity exceeding 3 tons per hour;
– Installations for the disposal of non hazardous waste with a capacity exceeding 50 tons per day;
– Landfills receiving more than 10 tons per day or with a total capacity exceeding 25,000 tons, excluding landfills of inert waste.
6. Waste water treatment plants with a capacity exceeding 150,000 population equivalent.
7. Industrial plants for the:
(a) Production of pulp from timber or similar fibrous materials;
(b) Production of paper and board with a production capacity exceeding 20 tons per day.
8. (a) Construction of lines for long distance railway traffic and of airports[2] with a basic runway length of 2,100 m or more;
(b) Construction of motorways and express roads;[3]
(c) Construction of a new road of four or more lanes, or realignment and/or widening of an existing road of two lanes or less so as to provide four or more lanes, where such new road, or realigned and/or widened section of road, would be 10 km or more in a continuous length.
9. (a) Inland waterways and ports for inland waterway traffic which permit the passage of vessels of over 1,350 tons;
(b) Trading ports, piers for loading and unloading connected to land and outside ports (excluding ferry piers) which can take vessels of over 1,350 tons.
10. Groundwater abstraction or artificial groundwater recharge schemes where the annual volume of water abstracted or recharged is equivalent to or exceeds 10 million cubic metres.
11. (a) Works for the transfer of water resources between river basins where this transfer aims at preventing possible shortages of water and where the amount of water transferred exceeds 100 million cubic metres/year;

b) Í öllum öðrum tilvikum, mannvirki til að flytja vatnslindir milli vatnasviða ef meðalstreymi um svæðið, sem safnað er af, er yfir 2000 milljónir rúmmetrar á ári og magnið, sem flutt er, er yfir 5% af því streymi.

Í báðum tilvikum er flutningur drykkjarvatns í leiðslum undanskilinn.

12. Vinnsla í viðskiptaskyni á meira en 500 tonnum á dag af jarðolíu og meira en 500.000 rúmmetrum á dag af jarðgasi.

13. Gerð stíflna og annarra mannvirkja til að hemja vatn eða geyma það til langs tíma, ef vatnsmagnið, sem hamið er eða geymt, er yfir 10 milljónir rúmmetrar.

14. Leiðslur, sem eru yfir 800 mm í þvermál og meira en 40 km langar, til flutnings á gasi, olíu eða efnum.

15. Stöðvar þar sem fram fer þauleldi alifugla eða svína með yfir:

a) 40.000 stæði fyrir alifugla,
b) 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg), eða
c) 750 stæði fyrir gyltur.

16. Grjótnámur og opnar námur sem ná yfir meira en 25 hektara ofanjarðar eða mótekja þar sem yfirborðið nær yfir meira en 150 hektara.

17. Lagning loftlína sem eru gerðar til raforkuflutnings með að minnsta kosti 220 kV spennu og eru lengri en 15 km.

18. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða efnavörur með 200.000 tonna geymslugetu eða meira.

19. Önnur starfsemi:

– verksmiðjur þar sem fram fer formeðferð (svo sem þvottur, bleiking og mersivinnsla) eða litun trefja eða textílefna þar sem afkastageta við meðferðina er yfir 10 tonn á dag,
– verksmiðjur fyrir sútun skinna og húða þar sem afkastageta er yfir 12 tonn af unninni vöru á dag,
  a) sláturhús sem afkasta yfir 50 tonnum af sláturafurðum á dag,
  b) meðferð og vinnsla sem er ætluð til framleiðslu matvöru til manneldis úr:
    i. hráefnum úr dýraríkinu (öðrum en mjólk) með afkastagetu á unnum afurðum yfir 75 tonn á dag,
    ii. hráefnum úr jurtaríkinu með afkastagetu á unnum afurðum yfir 300 tonn á dag (meðalgildi, mælt á ársfjórðungsgrundvelli),

(b) In all other cases, works for the transfer of water resources between river basins where the multiannual average flow of the basin of abstraction exceeds 2,000 million cubic metres/year and where the amount of water transferred exceeds 5 per cent of this flow.

In both cases transfers of piped drinking water are excluded.

12. Extraction of petroleum and natural gas for commercial purposes where the amount extracted exceeds 500 tons/day in the case of petroleum and 500,000 cubic metres/day in the case of gas.

13. Dams and other installations designed for the holding back or permanent storage of water, where a new or additional amount of water held back or stored exceeds 10 million cubic metres.

14. Pipelines for the transport of gas, oil or chemicals with a diameter of more than 800 mm and a length of more than 40 km.

15. Installations for the intensive rearing of poultry or pigs with more than:

(a) 40,000 places for poultry;
(b) 2,000 places for production pigs (over 30 kg); or
(c) 750 places for sows.

16. Quarries and opencast mining where the surface of the site exceeds 25 hectares, or peat extraction, where the surface of the site exceeds 150 hectares.

17. Construction of overhead electrical power lines with a voltage of 220 kV or more and a length of more than 15 km.

18. Installations for the storage of petroleum, petrochemical, or chemical products with a capacity of 200,000 tons or more.

19. Other activities:

– Plants for the pretreatment (operations such as washing, bleaching, mercerization) or dyeing of fibres or textiles where the treatment capacity exceeds 10 tons per day;
– Plants for the tanning of hides and skins where the treatment capacity exceeds 12 tons of finished products per day;
– (a) Slaughterhouses with a carcass production capacity greater than 50 tons per day;
  (b) Treatment and processing intended for the production of food products from:
    (i) Animal raw materials (other than milk) with a finished product production capacity greater than 75 tons per day;
    (ii) Vegetable raw materials with a finished product production capacity greater than 300 tons per day (average value on a quarterly basis);

c) meðferð og vinnsla mjólkur, sé magn móttekinnar mjólkur yfir 200 tonn á dag (meðalgildi, mælt á ársgrundvelli),
– mannvirki til förgunar eða endurvinnslu á dýraskrokkum og dýraúrgangi með afkastagetu yfir 10 tonn á dag,
– verksmiðjur fyrir yfirborðsmeðferð efna, hluta eða framleiðsluvara, þar sem notast er við lífræn leysiefni, einkum til að klæða, prenta, húða, hreinsa fitu, vatnsverja, gljábera, mála, þrífa og gegnvæta, með notkun yfir 150 kg á klst eða meira en 200 tonn á ári,
– verksmiðjur til framleiðslu á kolefni (harðbrenndum kolum) eða rafgrafíti með brennslu eða grafítmyndun.

20. Starfsemi sem fellur ekki undir 1. til 19. tölul. að framan, þar sem gert er ráð fyrir þátttöku almennings í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar samkvæmt landslögum.

21. Ákvæði a-liðar 1. mgr. 6. gr. þessa samnings gildir ekki um neina framangreinda starfsemi sé hún eingöngu eða aðallega í þágu rannsókna, þróunar eða prófana á nýjum aðferðum eða framleiðsluvörum og standi yfir skemur en tvö ár, nema líklegt sé að hún valdi umtalsverðum skaðlegum áhrifum á umhverfi eða heilsu.

22. Allar breytingar á eða viðbætur við starfsemi, sem falla í sjálfu sér undir viðmiðanir/takmarkanir þessa viðauka, skulu háðar ákvæðum a-liðar 1. mgr. 6. gr. þessa samnings. Allar aðrar breytingar á eða viðbætur við starfsemi skulu háðar ákvæðum b-liðar 1. mgr. 6. gr. samningsins.

Athugasemdir.

[1] Kjarnorkuver og aðrir kjarnaofnar teljast ekki lengur slík ver eða búnaður þegar búið er að fjarlægja varanlega allt kjarnaeldsneyti og önnur geislavirk efni úr verinu.

[2] Að því er varðar þennan samning merkir „flugvöllur“ flugvöll sem fellur að skilgreiningunni í Chicago-samningnum frá 1944 um stofnsetningu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (14. viðauki).

[3] Hvað varðar þennan samning merkir „hraðbraut“ veg sem fellur að skilgreiningunni í Evrópusamningi um aðalumferðaræðar milli landa frá 15. nóvember 1975.

(c) Treatment and processing of milk, the quantity of milk received being greater than 200 tons per day (average value on an annual basis);
– Installations for the disposal or recycling of animal carcasses and animal waste with a treatment capacity exceeding 10 tons per day;
– Installations for the surface treatment of substances, objects or products using organic solvents, in particular for dressing, printing, coating, degreasing, waterproofing, sizing, painting, cleaning or impregnating, with a consumption capacity of more than 150 kg per hour or more than 200 tons per year;
– Installations for the production of carbon (hard burnt coal) or electrographite by means of incineration or graphitization.

20. Any activity not covered by paragraphs 1 19 above where public participation is provided for under an environmental impact assessment procedure in accordance with national legislation.

21. The provision of article 6, paragraph 1 (a) of this Convention, does not apply to any of the above projects undertaken exclusively or mainly for research, development and testing of new methods or products for less than two years unless they would be likely to cause a significant adverse effect on environment or health.

22. Any change to or extension of activities, where such a change or extension in itself meets the criteria/thresholds set out in this annex, shall be subject to article 6, paragraph 1 (a) of this Convention. Any other change or extension of activities shall be subject to article 6, paragraph 1 (b) of this Convention.

Notes

[1] Nuclear power stations and other nuclear reactors cease to be such an installation when all nuclear fuel and other radioactively contaminated elements have been removed permanently from the installation site.

[2] For the purposes of this Convention, “airport” means an airport which complies with the definition in the 1944 Chicago Convention setting up the International Civil Aviation Organization (Annex 14).

[3] For the purposes of this Convention, “express road” means a road which complies with the definition in the European Agreement on Main International Traffic Arteries of 15 November 1975.

II. VIÐAUKI

Gerð.

1. Nú er deila lögð í gerð skv. 2. mgr. 16. gr. þessa samnings og skal aðili eða aðilar þá tilkynna skrifstofunni um efnisinnihald gerðarinnar og tilgreina sérstaklega þær greinar samningsins sem deilt er um túlkun eða beitingu á. Skal skrifstofan senda öllum aðilum að þessum samningi þær upplýsingar sem borist hafa.

2. Í gerðardómi skulu eiga sæti þrír gerðarmenn. Bæði umkvörtunaraðilinn eða -aðilarnir og hinn aðilinn eða aðilarnir skulu skipa einn gerðarmann og þeir tveir gerðarmenn sem þannig eru skipaðir skulu síðan koma sér saman um tilnefningu hins þriðja er skal vera forseti gerðardómsins. Hann skal hvorki vera ríkisborgari deiluaðila, eiga aðsetur að jafnaði í landi deiluaðila, vera í starfi hjá deiluaðilum né áður hafa haft afskipti af sama máli í nokkru öðru starfi.

3. Nú hefur forseti gerðardóms eigi verið tilnefndur innan tveggja mánaða frá því að hinn síðari gerðarmaður var skipaður og skal þá framkvæmdastjóri Efnahagsnefndarinnar fyrir Evrópu tilnefna hann, að ósk annars hvors deiluaðila, innan annarra tveggja mánaða.

4. Nú skipar annar deiluaðili ekki gerðarmann innan tveggja mánaða frá því er ósk kemur fram um það og getur þá hinn deiluaðilinn tilkynnt það framkvæmdastjóra Efnahagsnefndarinnar fyrir Evrópu sem tilnefnir forseta gerðardómsins innan annarra tveggja mánaða. Er hann hefur verið tilnefndur skal forseti gerðardómsins beina því til þess deiluaðila sem ekki hefur skipað gerðarmann að gera það innan tveggja mánaða. Ef hann gerir það ekki innan þess tíma skal forsetinn skýra framkvæmdastjóra Efnahagsnefndarinnar fyrir Evrópu frá því og skal hann þá skipa gerðarmanninn innan annarra tveggja mánaða.

5. Gerðardómur skal byggja úrlausn sína á reglum þjóðaréttar og ákvæðum þessa samnings.

6. Gerðardómur, sem komið er á samkvæmt ákvæðum þessa viðauka, skal setja sér starfsreglur.

7. Ákvarðanir gerðardóms, bæði um málsmeðferð og efni máls, skulu teknar með atkvæðum meirihluta gerðarmanna.

8. Gerðardómur getur gert allar viðeigandi ráðstafanir til að leiða málsatvik í ljós.

9. Deiluaðilar skulu leitast við að auðvelda störf gerðardómsins og einkum neyta allra ráða sem þeir búa yfir til að:

Annex II

ARBITRATION

1. In the event of a dispute being submitted for arbitration pursuant to article 16, paragraph 2, of this Convention, a party or parties shall notify the secretariat of the subject matter of arbitration and indicate, in particular, the articles of this Convention whose interpretation or application is at issue. The secretariat shall forward the information received to all Parties to this Convention.

2. The arbitral tribunal shall consist of three members. Both the claimant party or parties and the other party or parties to the dispute shall appoint an arbitrator, and the two arbitrators so appointed shall designate by common agreement the third arbitrator, who shall be the president of the arbitral tribunal. The latter shall not be a national of one of the parties to the dispute, nor have his or her usual place of residence in the territory of one of these parties, nor be employed by any of them, nor have dealt with the case in any other capacity.

3. If the president of the arbitral tribunal has not been designated within two months of the appointment of the second arbitrator, the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe shall, at the request of either party to the dispute, designate the president within a further two month period.

4. If one of the parties to the dispute does not appoint an arbitrator within two months of the receipt of the request, the other party may so inform the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe, who shall designate the president of the arbitral tribunal within a further two month period. Upon designation, the president of the arbitral tribunal shall request the party which has not appointed an arbitrator to do so within two months. If it fails to do so within that period, the president shall so inform the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe, who shall make this appointment within a further two month period.

5. The arbitral tribunal shall render its decision in accordance with international law and the provisions of this Convention.

6. Any arbitral tribunal constituted under the provisions set out in this annex shall draw up its own rules of procedure.

7. The decisions of the arbitral tribunal, both on procedure and on substance, shall be taken by majority vote of its members.

8. The tribunal may take all appropriate measures to establish the facts.

9. The parties to the dispute shall facilitate the work of the arbitral tribunal and, in particular, using all means at their disposal, shall:

a) útvega gerðardóminum öll viðeigandi skjöl, aðstöðu og upplýsingar,
b) gera honum kleift, ef nauðsyn krefur, að kalla til vitni og sérfræðinga og heyra vitnisburð þeirra.

10. Aðilarnir og gerðarmennirnir skulu viðhafa trúnað varðandi allar upplýsingar sem þeir taka við í trúnaði við málsmeðferð gerðardómsins.

11. Gerðardómurinn getur, að ósk annars deiluaðila, mælst til þess að gerðar séu nauðsynlegar verndarráðstafanir til bráðabirgða.

12. Komi deiluaðili ekki fyrir gerðardóminn eða haldi ekki fram máli sínu getur hinn deiluaðilinn farið þess á leit við gerðardóminn að hann haldi málarekstrinum áfram og leggi fram úrskurð sinn. Útivist aðila eða skortur á vörnum fyrir máli hindrar ekki framgang máls.

13. Gerðardómur getur fjallað um og skorið úr um gagnkröfur sem beinlínis eiga rætur að rekja til deiluefnisins.

14. Ákveði gerðardómur ekki annað vegna sérstakra atvika í máli skulu deiluaðilar bera kostnað af störfum gerðardóms að jöfnu, þ.m.t. þóknun gerðarmanna. Dómurinn skal færa allan kostnað sinn til bókar og láta deiluaðilum í té endanlegt yfirlit um hann.

15. Sérhverjum aðila að þessum samningi, sem á lagalegra hagsmuna að gæta varðandi deiluefnið og úrlausn í málinu getur haft áhrif á, er heimil meðalganga með samþykki gerðardómsins.

16. Gerðardómur skal leggja fram úrskurð sinn innan fimm mánaða frá því er hann var skipaður, nema hann telji nauðsynlegt að lengja þann frest um tíma sem ekki skyldi vera lengri en fimm mánuðir.

17. Rökstuðningur skal fylgja úrskurði gerðardóms. Úrskurðurinn er endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila. Gerðardómurinn skal tilkynna deiluaðilum og skrifstofunni um dóminn. Skrifstofan sendir fengnar upplýsingar til allra aðila að þessum samningi.

18. Nú kemur upp deila milli aðila um túlkun eða fullnustu á úrskurði gerðardóms og getur þá deiluaðili vísað henni til þess gerðardóms sem kvað upp úrskurð eða, ef hann er ekki tiltækur, til annars gerðardóms sem komið er á fót í því skyni með sama hætti og þeim fyrri.

(a) Provide it with all relevant documents, facilities and information;
(b) Enable it, where necessary, to call witnesses or experts and receive their evidence.

10. The parties and the arbitrators shall protect the confidentiality of any information that they receive in confidence during the proceedings of the arbitral tribunal.

11. The arbitral tribunal may, at the request of one of the parties, recommend interim measures of protection.

12. If one of the parties to the dispute does not appear before the arbitral tribunal or fails to defend its case, the other party may request the tribunal to continue the proceedings and to render its final decision. Absence of a party or failure of a party to defend its case shall not constitute a bar to the proceedings.

13. The arbitral tribunal may hear and determine counter claims arising directly out of the subject matter of the dispute.

14. Unless the arbitral tribunal determines otherwise because of the particular circumstances of the case, the expenses of the tribunal, including the remuneration of its members, shall be borne by the parties to the dispute in equal shares. The tribunal shall keep a record of all its expenses, and shall furnish a final statement thereof to the parties.

15. Any Party to this Convention which has an interest of a legal nature in the subject matter of the dispute, and which may be affected by a decision in the case, may intervene in the proceedings with the consent of the tribunal.

16. The arbitral tribunal shall render its award within five months of the date on which it is established, unless it finds it necessary to extend the time limit for a period which should not exceed five months.

17. The award of the arbitral tribunal shall be accompanied by a statement of reasons. It shall be final and binding upon all parties to the dispute. The award will be transmitted by the arbitral tribunal to the parties to the dispute and to the secretariat. The secretariat will forward the information received to all Parties to this Convention.

18. Any dispute which may arise between the parties concerning the interpretation or execution of the award may be submitted by either party to the arbitral tribunal which made the award or, if the latter cannot be seized thereof, to another tribunal constituted for this purpose in the same manner as the first.

1196. Tillaga til þingsályktunar [679. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Noregs um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Noregs um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur sem gerður var í Reykjavík 3. nóvember 2008.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Noregs um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur sem undirritaður var af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra Íslands, og Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, í Reykjavík 3. nóvember 2008. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal I með tillögu þessari.

Um er að ræða rammasamning um einingarnýtingu kolvetnisauðlinda sem er að finna beggja vegna markalína landgrunns Íslands og Noregs. Þar er að finna meginreglur um einingarnýtingu en með því hugtaki er átt við að viðkomandi auðlind er nýtt sem ein eining samkvæmt samkomulagi aðila. Samkvæmt samningnum skal í þeim tilvikum þegar olíu- eða gasauðlind nær yfir á landgrunn beggja landanna gera sérstakan samning um skiptingu auðlindarinnar milli landanna og um nýtingu hennar sem einingar.

Með samkomulagi milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál frá 28. maí 1980, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1980, var 200 sjómílna efnahagslögsaga Íslands viðurkennd, en fjarlægðin milli Íslands og Jan Mayen er 292 sjómílur. Með samkomulagi landanna um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen frá 22. október 1981, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 3/1982, var kveðið á um að mörk landgrunnsins á svæðinu skyldu vera hin sömu og mörk efnahagslögsögu þeirra. Jafnframt var afmarkað sameiginlegt nýtingarsvæði og á Ísland rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi á þeim hluta svæðisins sem liggur norðan markalínu landgrunnsins en Noregur á rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi á þeim hluta svæðisins sem liggur sunnan markalínunnar.

Með viðbótarbókun frá 11. nóvember 1997 við samkomulagið frá 28. maí 1980 og samkomulagið frá 22. október 1981, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1998, var gengið frá vestasta hluta markalínunnar milli landgrunns Íslands og Noregs í framhaldi af afmörkun lítils þríhyrnds hafsvæðis milli Íslands, Grænlands og Jan Mayen.

Hinn 20. september 2006 var undirrituð samþykkt fundargerð (e. Agreed Minutes) um afmörkun landgrunns utan 200 sjómílna milli Íslands, Færeyja og Noregs í suðurhluta Síldarsmugunnar. Skipting landgrunnsins samkvæmt fundargerðinni er með fyrirvara um að aðilum takist hverjum fyrir sig með greinargerð til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna að sýna fram á tilkall sitt til jafnstórs hafsbotnssvæðis og fundargerðin kveður á um að hann skuli fá í sinn hlut. Gert er ráð fyrir að aðilar skuli svo fljótt sem verða má, og seinast þremur mánuðum eftir að málsmeðferð þeirra gagnvart landgrunnsnefndinni er lokið, ganga frá þremur formlegum tvíhliða samningum þar sem kveðið verði endanlega á um afmörkun landgrunnsins þeirra á milli. Þar á meðal verður samningur milli Íslands og Noregs.

Í 8. gr. samkomulagsins milli Íslands og Noregs frá 22. október 1981 segir:

„Finnist olíuefni á svæði sem liggur báðum megin markalínu efnahagslögsögu landanna eða sé það allt sunnan markalínunnar en teygist út yfir þau hnit sem nefnd eru í 2. gr. [hnit hins sameiginlega nýtingarsvæðis] skulu venjulegar meginreglur um einingarnýtingu auðlinda („unitisering“) gilda um skiptingu og nýtingu fundarins. Aðilar skulu semja um nánari reglur sem gilda eiga í slíkum tilvikum.

Finnist olíuefni á svæði sem allt liggur norðan markalínu, en teygist út yfir þau hnit sem nefnd eru í 2. gr., skal það allt teljast liggja innan hnitanna, sbr. 5., 6. og 7. gr.“

Með samningnum um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur er kveðið á um umræddar meginreglur um einingarnýtingu auðlinda og settar nánari reglur. Reglurnar eru almennt sambærilegar við ákvæði annarra milliríkjasamninga á þessu sviði en taka sérstakt tillit til hins sameiginlega nýtingarsvæðis, þar á meðal þeirra sérstöku réttinda sem Ísland nýtur þar umfram Noreg samkvæmt samkomulaginu frá 22. október 1981. Reglurnar gilda ekki aðeins um markalínu landgrunnsins milli Íslands og Jan Mayen, heldur um markalínu landgrunnsins milli Íslands og Noregs í heild. Ákvæðin gilda því einnig um þann hluta markalínunnar sem skilgreindur er í viðbótarbókuninni frá 11. nóvember 1997 og um fyrirhugaðan hluta markalínunnar utan 200 sjómílna sem gert er ráð fyrir í samþykktu fundargerðinni frá 20. september 2006.

Samkvæmt 1. gr. samningsins um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur getur hvorugur aðila byrjað að hagnýta sér kolvetnisauðlind, sem nær yfir á landgrunn hins aðilans, fyrr en gerður hefur verið samningur milli aðila um nýtingu auðlindarinnar sem einingar.

Í 2. gr. segir að sé staðfest að kolvetnisauðlind sé að finna í eða á landgrunni annars aðilans og hinn aðilinn telji að fyrrnefnd auðlind nái yfir á landgrunn hans geti síðarnefndi aðilinn tilkynnt þeim fyrrnefnda um það og samtímis lagt fram þau gögn sem hann byggir álit sitt á. Ef slíkt álit er látið í ljós skulu aðilar hefja viðræður sín á milli um hversu langt auðlindin nær og um möguleika á nýtingu hennar. Meðan viðræðurnar standa yfir skal sá aðili sem átti frumkvæði að þeim renna stoðum undir álit sitt með frekari sönnunargögnum byggðum á jarðeðlisfræðilegum og/eða jarðfræðilegum gögnum, þ.m.t. aðgengilegum borunargögnum, og skulu báðir aðilar kappkosta að tryggja að allar upplýsingar, sem málið varða, liggi fyrir í viðræðunum. Leiði viðræðurnar í ljós að auðlindin nái yfir á landgrunn beggja aðila og að unnt sé að nýta auðlindina á landgrunni annars aðilans frá landgrunni hins aðilans að öllu leyti eða að hluta, eða að nýting auðlindarinnar á landgrunni annars aðilans mundi hafa áhrif á möguleika á nýtingu auðlindarinnar á landgrunni hins aðilans, skal, að ósk annars aðilans, gera samning um skiptingu auðlindarinnar milli aðilanna og um nýtingu hennar sem einingar, m.a. um tilnefningu rekstraraðila einingar, hvernig auðlindin verður nýtt á sem skilvirkastan hátt og hvernig skipta ber afrakstrinum. Slíkan samning skal gera í formi samnings um einingarnýtingu.

Í 3. gr. samningsins eru talin upp ítarleg ákvæði sem samningur um einingarnýtingu skv. 2. gr. skal innihalda.

Í 4. gr. er fjallað um lausn deilumála og í 5. gr. um gerðardóm. Í 6. gr. segir að nái aðilar ekki samkomulagi um skiptingu auðlindar sín á milli beri þeim að skipa óháðan sérfræðing til þess að ákvarða skiptinguna. Ákvörðun hins óháða sérfræðings er bindandi fyrir aðilana.

Í 7. gr. er fjallað um endurskoðun skiptingar auðlindar eftir að framleiðsla er hafin á því svæði sem lýst hefur verið eining.

Í 8. gr. samningsins er tekið fram að ákvæði 2.–7. gr. skuli, þegar við á, gilda að breyttu breytanda um sérhverja kolvetnisauðlind sem kann að ná þvert yfir eina eða fleiri þeirra lína,

sem skilgreindar eru í 2. gr. samkomulagsins frá 22. október 1981 og afmarka hið sameiginlega nýtingarsvæði, með fyrirvara um 2. mgr. 8. gr. þess samkomulags. Skal hvor aðili um sig tryggja að öllum gögnum, sem nauðsynleg eru til að ákvarða hvort kolvetnisauðlind nái yfir eina eða fleiri þessara lína, sé safnað og senda hinum aðilanum öll þau gögn án ástæðulausrar tafar.

Í 9. gr. er tekið fram að samningurinn sé með fyrirvara um afstöðu hvors aðila um sig til álitamála, sem samningurinn fjallar ekki um, þ.m.t. álitamála er varða beitingu fullveldisréttinda eða lögsögu samkvæmt þjóðarétti.

Samkvæmt 10. gr. öðlast samningurinn gildi þegar aðilarnir hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega að nauðsynlegri innlendri málsmeðferð sé lokið.

Samhliða undirritun samningsins um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur var undirrituð samþykkt fundargerð (e. Agreed Minutes) þar sem nánar er kveðið á um 25% þátttökurétt Íslands og Noregs í olíustarfsemi á hluta hvors annars af landgrunninu á hinu sameiginlega nýtingarsvæði milli Íslands og Jan Mayen samkvæmt samkomulaginu frá 22. október 1981. Fundargerðin er prentuð sem fylgiskjal II með þingsályktunartillögu þessari.

Hvort tveggja samningurinn og sameiginlega fundargerðin eru forsenda þess að unnt sé að veita leyfi til leitar og vinnslu á kolvetnisauðlindum á Drekasvæðinu á íslenska landgrunninu, en það svæði nær norður til þess hluta hins sameiginlega nýtingarsvæðis milli Íslands og Jan Mayen sem liggur sunnan markalínunnar. Til glöggvunar er prentuð mynd sem fylgiskjal III með tillögu þessari sem sýnir hið sameiginlega nýtingarsvæði og norðurhluta Drekasvæðisins.

Fylgiskjal I.

Samningur milli Íslands og Noregs um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn konungsríkisins Noregs,

sem vilja viðhalda hinum góðu tengslum nágrannaþjóðanna Íslendinga og Norðmanna og styrkja þau og

sem vísa til samkomulagsins frá 22. október 1981 milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen, viðbótarbókunarinnar frá 11. nóvember 1997 við samkomulagið milli ríkisstjórna Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál og samkomulagið milli ríkisstjórna Íslands og Noregs um landgrunnið milli Íslands og Jan Mayen, og samningsins milli Íslands og Noregs um afmörkun landgrunnsins utan 200 sjómílna sem til stendur að gera á grundvelli samþykktrar fundargerðar frá 20. september 2006 um afmörkun landgrunnsins utan 200 sjómílna milli Færeyja, Íslands

Agreement between Iceland and Norway concerning transboundary hydrocarbon deposits

The Government of Iceland and the Government of the Kingdom of Norway,

Desiring to maintain and strengthen the good neighbourly relations between Iceland and Norway, and

Referring to the Agreement of 22 October 1981 between Iceland and Norway on the Continental Shelf in the Area between Iceland and Jan Mayen, the Additional Protocol of 11 November 1997 to the Agreement between the Governments of Iceland and Norway on Fisheries and Continental Shelf Issues and the Agreement between the Governments of Iceland and Norway on the Continental Shelf between Iceland and Jan Mayen, and the Agreement between Iceland and Norway concerning the delimitation of the continental shelf beyond 200 nautical miles to be concluded on the basis of the Agreed

og Noregs í suðurhluta Síldarsmugunnar í Norðaustur-Atlantshafi,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Hvorugur aðila getur byrjað að hagnýta sér kolvetnisauðlind, sem nær yfir á landgrunn hins aðilans, fyrr en gerður hefur verið samningur milli aðila um nýtingu auðlindarinnar sem einingar.

2. gr.

1. Sé staðfest að kolvetnisauðlind sé að finna í eða á landgrunni annars aðilans og hinn aðilinn telur að fyrrnefnd auðlind nái yfir á landgrunn hans getur síðarnefndi aðilinn tilkynnt þeim fyrrnefnda um það og samtímis lagt fram þau gögn sem hann byggir álit sitt á.

2. Ef slíkt álit er látið í ljós skulu aðilar hefja viðræður sín á milli um hversu langt auðlindin nær og um möguleika á nýtingu hennar. Meðan viðræðurnar standa yfir skal sá aðili sem átti frumkvæði að þeim renna stoðum undir álit sitt með frekari sönnunargögnum byggðum á jarðeðlisfræðilegum og/eða jarðfræðilegum gögnum, þ.m.t. aðgengileg borunargögn, og skulu báðir aðilar kappkosta að tryggja að allar upplýsingar, sem málið varða, liggi fyrir í viðræðunum.

3. Leiði fyrrnefndar viðræður í ljós að auðlindin nái yfir á landgrunn beggja aðila og að unnt sé að nýta auðlindina á landgrunni annars aðilans frá landgrunni hins aðilans að öllu leyti eða að hluta, eða að nýting auðlindarinnar á landgrunni annars aðilans myndi hafa áhrif á möguleika á nýtingu auðlindarinnar á landgrunni hins aðilans, skal, að ósk annars aðilans, gera samning um skiptingu auðlindarinnar milli aðilanna og um nýtingu hennar sem einingar, m.a. um tilnefningu rekstraraðila einingar, hvernig auðlindin verður nýtt á sem skilvirkastan hátt og hvernig skipta ber afrakstrinum. Slíkan samning skal gera í formi samnings um einingarnýtingu.

3. gr.

Samningurinn um einingarnýtingu, sem aðilum ber að gera skv. 3. mgr. 2. gr. um nýtingu skilgreindrar kolvetnisauðlindar sem liggur yfir marka-

Minutes of 20 September 2006 on the Delimitation of the Continental Shelf beyond 200 Nautical Miles between the Faroe Islands, Iceland and Norway in the Southern Part of the Banana Hole of the Northeast Atlantic,

Have agreed as follows:

Article 1

Neither Party can begin exploitation of any hydrocarbon deposit which extends to the continental shelf of the other Party until agreement on the exploitation of the deposit as a unit is reached between the Parties.

Article 2

1. If the existence of a hydrocarbon deposit in or on the continental shelf of one of the Parties is established and the other Party is of the opinion that the said deposit extends to its continental shelf, the latter Party may notify the former Party accordingly and, at the same time, submit the data on which it bases its opinion.

2. If such an opinion is submitted, the Parties shall initiate discussions on the extent of the deposit and the possibility for its exploitation. In the course of these discussions, the Party initiating them shall support its opinion with further evidence from geophysical data and/or geological data, including any available drilling data, and both Parties shall make their best efforts to ensure that all relevant information is made available for the purpose of these discussions.

3. If it is established during these discussions that the deposit extends to the continental shelf of both Parties and that the deposit on the continental shelf of the one Party can be exploited wholly or in part from the continental shelf of the other Party, or that the exploitation of the deposit on the continental shelf of the one Party would affect the possibility of exploitation of the deposit on the continental shelf of the other Party, agreement on the apportionment of the deposit between the Parties and on the exploitation of it as a unit shall be reached at the request of one of the Parties, including as to the appointment of a unit operator, the manner in which any such deposit shall be most effectively exploited and the manner in which the proceeds relating thereto shall be apportioned. Such agreement shall be reached in the form of a Unitisation Agreement.

Article 3

The Unitisation Agreement to be agreed by the Parties in accordance with Article 2, paragraph 3, concerning the exploitation of a defined trans-

línur, skal innihalda eftirfarandi ákvæði:

1. Skilgreina ber kolvetnisauðlindina sem liggur yfir markalínur og til stendur að nýta sem einingu (breiddargráður og lengdargráður venjulega sýndar í sérstöku fylgiskjali).
2. Lýsa skal jarðeðlisfræðilegum og jarðfræðilegum eiginleikum kolvetnisauðlindarinnar sem liggur yfir markalínur, ásamt þeirri aðferð sem er beitt við flokkun gagna. Þeir lögaðilar, sem eiga rétt á því að nýta kolvetnisauðlind sem liggur yfir markalínur sem einingu, skulu hafa jafnan aðgang að öllum jarðfræðigögnum sem eru notuð sem grunnur að lýsingu á fyrrnefndum jarðfræðilegum eiginleikum.
3. Gefa skal upp áætlað heildarmagn þess forða sem er til staðar í kolvetnisauðlindinni sem liggur yfir markalínur. Lýsa ber þeirri aðferð sem er beitt við þá útreikninga. Greina ber frá skiptingu forðans á milli aðilanna (venjulega í sérstöku fylgiskjali).
4. Hvor aðili um sig á rétt á því að fá í hendur eintök af öllum jarðfræðigögnum, svo og öllum öðrum gögnum sem hafa þýðingu varðandi kolvetnisauðlindina, sem nýta ber sem einingu, og sem safnað hefur verið í tengslum við nýtingu kolvetnisauðlindarinnar.
5. Hvor aðili um sig skal veita öll nauðsynleg leyfi sem krafist er samkvæmt landslögum hans vegna úrvinnslu og reksturs kolvetnisauðlindarinnar, sem liggur yfir markalínur, sem einingar í samræmi við samninginn milli Íslands og Noregs um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur.
6. Hvor aðili um sig skal skylda viðkomandi lögaðila, sem eiga rétt á því að leita að og framleiða kolvetni hans megin markalínunnar, til þess að gera samstarfssamning sín á milli í því skyni að stjórna nýtingu kolvetnisauðlindarinnar, sem liggur yfir markalínur, sem einingar í samræmi við ákvæði samningsins um einingarnýtingu.
7. Eftirfarandi ákvæði skulu gilda með tilliti til samstarfssamningsins:
   - Samstarfssamningurinn skal vísa til samningsins um einingarnýtingu svo tryggt sé að ákvæði síðarnefnda samningsins gangi framar.
   - Samstarfssamningurinn skal vera háður samþykki beggja aðila. Samþykki skal gefið án ástæðulausrar tafar og eigi synja um það að ástæðulausu.

boundary hydrocarbon deposit shall include the provisions set out below:

1. The transboundary hydrocarbon deposit to be exploited as a unit shall be defined (latitudes and longitudes normally shown in a separate attachment).
2. The geographical and geological characteristics of the transboundary hydrocarbon deposit and the methodology used for data classification shall be described. The legal persons holding rights to exploit the transboundary hydrocarbon deposit as a unit shall have equal access to any geological data used as a basis for such geological characterisation.
3. The estimated total amount of the reserves in place in the transboundary hydrocarbon deposit shall be stated. The methodology used for such calculation shall be stated. The apportionment of the reserves between the Parties shall be set out (normally in a separate attachment).
4. Each Party shall be entitled to copies of all geological data, as well as all other data of relevance for the unitised hydrocarbon deposit, and which are gathered in connection with the exploitation of the hydrocarbon deposit.
5. The two Parties shall individually grant all necessary authorisations required by their respective national laws for the development and operation of the transboundary hydrocarbon deposit as a unit in accordance with the Agreement between Iceland and Norway concerning transboundary hydrocarbon deposits.
6. Each Party shall require the relevant legal persons holding rights to explore for and produce hydrocarbons on its respective side of the delimitation line to enter into a Joint Operating Agreement between them to regulate the exploitation of the transboundary hydrocarbon deposit as a unit in accordance with the Unitisation Agreement.
7. The following provisions shall apply in relation to the Joint Operating Agreement:
   - The Joint Operating Agreement shall refer to the Unitisation Agreement to ensure that the provisions contained therein shall prevail.
   - The Joint Operating Agreement shall be subject to approval by both Parties. Such approval shall be given with no undue delay and shall not be unduly withheld.

- Tilnefna skal rekstraraðila einingar sem sameiginlegan fulltrúa þeirra lögaðila sem eiga rétt á því að nýta hina skilgreindu kolvetnisauðlind, sem liggur yfir markalínur, sem einingu í samræmi við meginreglur samningsins um einingarnýtingu. Tilnefning rekstraraðila einingar og sérhver breyting á tilnefningu skal vera háð fyrirframsamþykki beggja aðila.

8. Hvorugur aðila skal, með fyrirvara um ákvæði landslaga hvors um sig, synja lögaðilum, sem eiga rétt á því að leita að og framleiða kolvetni hans megin markalínunnar, um leyfi til þess að bora í lindir, eða að það sé gert fyrir þeirra hönd, í því skyni að ákvarða kolvetnisauðlind sem liggur yfir markalínur og skiptingu hennar.
9. Aðilarnir skulu sammælast, í tæka tíð áður en framleiðslu kolvetna úr kolvetnisauðlindinni sem liggur yfir markalínur er um það bil að ljúka, um það hvenær framleiðslu úr kolvetnisauðlindinni sem liggur yfir markalínur skuli hætt.
10. Aðilarnir tveir skulu eiga samráð sín á milli í því skyni að tryggja að gerðar séu ráðstafanir á sviði heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismála í samræmi við ákvæði landslaga hvors um sig.
11. Hvor aðili um sig er ábyrgur fyrir eftirliti með kolvetnismannvirkjum, sem eru staðsett á landgrunni hans, og fyrir kolvetnisstarfsemi sem fer fram þar í tengslum við nýtingu kolvetnisauðlindarinnar sem liggur yfir markalínur. Hvor aðili um sig skal tryggja skoðunarmönnum hins aðilans aðgang að fyrrnefndum mannvirkjum að fram kominni ósk þar um og jafnframt tryggja að þeir hafi aðgang að viðeigandi mælikerfum á landgrunni eða landsvæði hvors aðila sem er. Hvor aðili um sig skal enn fremur tryggja að hinn aðilinn fái reglulega viðeigandi upplýsingar til þess að hann geti gætt grundvallarhagsmuna sinna, m.a., en þó ekki einvörðungu, á sviði heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismála, kolvetnisframleiðslu og mælinga.
12. Rétti til að leita að og framleiða kolvetni, sem annar aðilinn veitir og gildir um kolvetnisauðlind sem liggur yfir markalínur og háð er einingarnýtingu samkvæmt samningnum milli Íslands og Noregs um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur, skal ekki breyta eða ráðstafa til annarra lögaðila án undanfarandi samráðs við hinn aðilann.

- A unit operator shall be appointed as the joint agent of the legal persons holding the rights to exploit the defined transboundary hydrocarbon deposit as a unit in accordance with the principles set out in the Unitisation Agreement. The appointment of, and any change of, the unit operator shall be subject to prior approval by the two Parties.

8. Subject to its national laws, neither Party shall withhold a permit for the drilling of wells by, or on account of, the legal persons holding rights to explore for and produce hydrocarbons on its respective side of the delimitation line for purposes related to the determination and apportionment of the transboundary hydrocarbon deposit.
9. In due time before the production of hydrocarbons from the transboundary hydrocarbon deposit is about to cease, the two Parties shall agree on the timing of cessation of the production from the transboundary hydrocarbon deposit.
10. The two Parties shall consult each other with a view to ensuring that health, safety and environmental measures are taken in accordance with the national laws of each Party.
11. Each Party shall be responsible for inspection of hydrocarbon installations located on its continental shelf and for the hydrocarbon activities carried out thereon in relation to the exploitation of the transboundary hydrocarbon deposit. Each Party shall ensure inspectors of the other Party access to such installations on request, and that they have access to relevant metering systems on the continental shelf or in the territory of either Party. Each Party shall also ensure that relevant information is given to the other Party on a regular basis to enable it to safeguard its fundamental interests including, but not limited to health, safety, environment, hydrocarbon production and metering.
12. A right to explore for and produce hydrocarbons awarded by one Party, and which applies to a transboundary hydrocarbon deposit that is subject to unitisation in accordance with the Agreement between Iceland and Norway concerning transboundary hydrocarbon deposits, shall not be altered or assigned to new legal persons without prior consultation with the other Party.

4. gr.

Aðilar skulu leggja allt kapp á að leysa hvern þann ágreining sem kann að rísa eins fljótt og unnt er. Komist aðilar hins vegar ekki að samkomulagi skulu þeir í sameiningu kanna alla aðra viðeigandi kosti til þess að leysa málið.

5. gr.

Geti aðilarnir ekki komist að samkomulagi um nýtingu kolvetnisauðlindar, sem liggur yfir markalínur, sem einingar skal leysa ágreininginn með samningaviðræðum. Reynist ógerlegt að leysa deiluna með fyrrnefndum hætti eða eftir öðrum leiðum, sem aðilar koma sér saman um, ber að vísa deilunni, að ósk annars aðilans, til sérlegs gerðardóms sem er skipaður með eftirfarandi hætti:

Hvor aðili um sig skal tilnefna einn gerðarmann og þeir tveir, sem þannig eru tilnefndir, skulu velja þriðja gerðarmanninn sem skal vera forseti dómsins. Forsetinn skal ekki hafa ríkisfang eða fasta búsetu á Íslandi eða í Noregi. Láti annar aðilinn hjá líða að tilnefna gerðarmann innan þriggja mánaða frá því að beiðni berst um það getur hvor aðilinn sem er farið þess á leit við forseta Alþjóðadómstólsins í Haag að hann skipi gerðarmann. Sama málsmeðferð gildir hafi þriðji gerðarmaðurinn ekki verið valinn innan eins mánaðar frá því að annar gerðarmaðurinn var tilnefndur eða skipaður. Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, en þó skulu allar ákvarðanir teknar, liggi samhljóða samþykki ekki fyrir, með meirihluta atkvæða þeirra sem í dóminum sitja. Ákvarðanir gerðardómsins eru bindandi fyrir aðilana.

6. gr.

Nái aðilar ekki samkomulagi um skiptingu auðlindarinnar sín á milli ber þeim að skipa óháðan sérfræðing til þess að ákvarða skiptinguna. Ákvörðun hins óháða sérfræðings er bindandi fyrir aðilana.

7. gr.

Hvor aðili um sig getur farið fram á að hafnar verði viðræður um endurskoðun skiptingar auðlindarinnar eftir að framleiðsla er hafin á því svæði sem lýst hefur verið eining. Sérhver ósk um endurskiptingu skal byggð á umtalsverðum nýjum jarðfræðigögnum. Báðir aðilar skulu gera sitt ítrasta til þess að tryggja að öll viðeigandi gögn liggi fyrir vegna viðræðnanna. Aðilar geta á þessum grundvelli komið sér saman um að skipta auðlindinni sín á milli að nýju samkvæmt nánari tilgreindum skilyrðum.

Article 4

The Parties shall make every effort to resolve any disagreement as rapidly as possible. If, however, the Parties fail to agree, they shall jointly consider all other relevant options for resolving the impasse.

Article 5

If the Parties fail to agree on exploitation of a transboundary deposit as a unit, the disagreement shall be resolved by negotiation. If any such dispute cannot be resolved in this manner or by any other procedure agreed to by the Parties the dispute shall, at the request of either Party, be submitted to an ad hoc arbitral tribunal composed as follows:

Each Party shall designate one arbitrator, and the two arbitrators so designated shall elect a third arbitrator, who shall be the Chairman. The Chairman shall not be a national of or habitually reside in Iceland or Norway. If either Party fails to designate an arbitrator within three months of a request to do so, either Party may request the President of the International Court of Justice to appoint an arbitrator. The same procedure shall apply if, within one month of the designation or appointment of the second arbitrator, the third arbitrator has not been elected. The tribunal shall determine its own procedure, save that all decisions shall be taken, in the absence of unanimity, by a majority vote of the members of the tribunal. The decisions of the tribunal shall be binding upon the Parties.

Article 6

If the Parties fail to agree on the apportionment of the deposit between themselves, they shall appoint an independent expert to determine the apportionment. The decision of the independent expert shall be binding upon the Parties.

Article 7

Each Party may after commencement of production from the unitised field request discussions to be initiated on review of the apportionment of the deposit. Any request for reapportionment must be based on substantial new geological information. Both Parties shall make their best efforts to ensure that all relevant information is made available for the purpose of these discussions. The Parties may on this basis agree that the deposit shall be reapportioned between themselves according to specified conditions.

8. gr.

1. Ákvæði 2.–7. gr. samnings þessa skulu, þegar við á, gilda að breyttu breytanda um sérhverja kolvetnisauðlind sem kann að ná þvert yfir eina eða fleiri þeirra lína, sem skilgreindar eru í 2. gr. samkomulagsins frá 22. október 1981 um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen, með fyrirvara um 2. mgr. 8. gr. þess samkomulags.
2. Hvor aðili um sig skal tryggja að öllum gögnum, sem nauðsynleg eru til að ákvarða hvort kolvetnisauðlind nái yfir eina eða fleiri þeirra lína sem skilgreindar eru í 2. gr. fyrrnefnds samkomulags frá 22. október 1981, sé safnað og senda hinum aðilanum öll þau gögn án ástæðulausrar tafar.

9. gr.

Samningur þessi er með fyrirvara um afstöðu hvors aðila um sig til álitamála, sem samningur þessi fjallar ekki um, þ.m.t. álitamál er varða beitingu fullveldisréttinda eða lögsögu samkvæmt þjóðarétti.

10. gr.

Samningur þessi öðlast gildi þegar aðilarnir hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega að nauðsynlegri innlendri málsmeðferð sé lokið.

Gjört í Reykjavík hinn 3. nóvember 2008 á íslensku, norsku og ensku og eru allir textar jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd Íslands	Fyrir hönd Noregs
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir	Jonas Gahr Støre

Article 8

1. The provisions of Articles 2–7 of this Agreement shall, where applicable, apply *mutatis mutandis* to any hydrocarbon deposit which may extend across one or more of the lines defined in Article 2 of the Agreement of 22 October 1981 on the Continental Shelf in the Area between Iceland and Jan Mayen, subject to Article 8, paragraph 2, of that Agreement.
2. Each Party shall ensure that all data necessary to establish whether a hydrocarbon deposit extends beyond one or more of the lines defined in Article 2 of the said Agreement of 22 October 1981 are collected and shall submit all such data to the other Party without undue delay.

Article 9

This Agreement is without prejudice to the respective Parties' views on questions that are not governed by this Agreement, including questions relating to the exercise of sovereign rights or jurisdiction under international law.

Article 10

This Agreement enters into force when the Parties have notified each other in writing that the necessary internal procedures have been completed.

Done at Reykjavik on the 3rd day of November 2008 in the Icelandic, Norwegian and English languages, all texts being equally authentic. In case of any divergence of interpretation, the English text shall prevail.

For Iceland	For Norway
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir	Jonas Gahr Støre

Fylgiskjal II.

Samþykkt fundargerð varðandi þátttökurétt samkvæmt 5. og 6. gr. samkomulags frá 22. október 1981 milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.

Samkvæmt samkomulagi frá 22. október 1981 milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen hafa Ísland og Noregur, sem hér eftir eru nefnd „aðilar“, rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi á landgrunni hins aðilans í samræmi við ákvæði samkomulagsins.

Aðilar eru sammála um að beita eftirfarandi málsmeðferð að því er þátttökurétt þennan varðar.

1. Áður en aðili tilkynnir um svæði, sem sækja má um leitar- og vinnsluleyfi á, innan þess svæðis sem skilgreint er í 2. gr. samkomulagsins skal hann upplýsa hinn aðilann um fyrirhugaða tilkynningu.

2. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um þátttökurétt hins aðilans og rétt hans sem þar af leiðir til að hafa einnig aðgang að öllum umsóknum ásamt tilheyrandi skjölum.

3. Aðilinn sem veitir leyfi skal láta hinum aðilanum í té afrit af öllum umsóknum ásamt tilheyrandi skjölum án ótilhlýðilegrar tafar eftir að þau hafa borist.
4. Aðilinn sem veitir leyfi skal hafa samráð við hinn aðilann þegar hann semur skyldubundnar verkáætlanir vegna leyfa sem veita skal og skal tryggja síðarnefnda aðilanum tímalegan aðgang að viðeigandi upplýsingum þar að lútandi.
5. Til þess að gera hinum aðilanum kleift að taka upplýsta ákvörðun um hvort hann beitir þátttökurétti sínum, og ef svo er að hve miklu leyti, skal aðilinn sem veitir leyfi án ótilhlýðilegrar tafar láta fyrrnefnda aðilanum í té áætlanir og tillögur um leyfisveitingar, þ.á m. allar verkáætlanir og önnur drög að skjölum.
6. Innan 30 daga frá viðtöku allra upplýsinga sem vísað er til í 5. mgr. skal hinn aðilinn tilkynna aðilanum sem veitir leyfi um ákvörðun sína um hvort hann beitir þátttökurétti sínum, og ef svo er að hve miklu leyti. Að því er varðar

Agreed Minutes concerning the Right of Participation pursuant to Articles 5 and 6 of the Agreement of 22 October 1981 between Iceland and Norway on the continental shelf in the area between Iceland and Jan Mayen

In accordance with the Agreement of 22 October 1981 between Iceland and Norway on the continental shelf in the area between Iceland and Jan Mayen, Iceland and Norway, hereinafter referred to as “the Parties”, have the right to participate with a share of 25 percent in petroleum activities on the other Party’s continental shelf, in conformity with the terms of the said Agreement.

The Parties agree that the following procedures shall apply in relation to these rights of participation.

1. Before a Party announces an area, for which applications for exploration and production licences may be submitted, within the area defined in Article 2 of the Agreement, that Party shall inform the other Party about the forthcoming announcement.
2. The announcement shall include information concerning the other Party’s right of participation and hence, its right to also have access to all applications with appurtenant documentation.
3. A copy of all applications with appurtenant documentation shall be submitted by the awarding Party to the other Party with no undue delay after they have been received.
4. The awarding Party shall consult the other Party when formulating mandatory work programmes for licences to be awarded and shall ensure the other Party timely access to relevant information in that respect.

5. In order to enable the other Party to make an informed decision on whether to exercise its right of participation, and if so to what extent, the awarding Party shall without undue delay forward to the other Party plans and proposals to award licences, including all work programmes and other draft documents.
6. Within 30 days of receipt of all information referred to in paragraph 5, the other Party shall notify the awarding Party of its decision on whether to exercise its right of participation, and if so to what extent. With regard to Ice-

þátttökurétt Íslands skv. 5. gr. samkomulagsins má gefa slíka tilkynningu allt að 30 dögum eftir tilkynningu Noregs, ásamt tilheyrandi skjölum, um að því hafi verið lýst yfir að arðbær kolvetnisauðlind hafi fundist. Noregur skal upplýsa Ísland þegar ákvörðunarferli hefst varðandi yfirlýsingu um að arðbær kolvetnisauðlind hafi fundist og skal láta Íslandi í té allar viðeigandi upplýsingar.

7. Hvor aðili á rétt á að framselja sinn hlut – í heild eða að hluta til – í leyfi sem hinn aðilinn hefur veitt honum samkvæmt samkomulaginu, að undangengnu samráði og í samræmi við löggjöf aðilans sem veitir leyfi.

8. Beita skal þátttökurétti á grundvelli leyfis og innan ramma samnings um sameiginlegt verkefni. Aðili sem ákveður að taka þátt í olíustarfsemi á landgrunni hins aðilans skal annaðhvort sjálfur vera aðili að samningnum um sameiginlegt verkefni eða tilnefna lögaðila til að koma þar fram fyrir sína hönd.

9. Samningurinn um sameiginlegt verkefni skal hafa að geyma reglur um atkvæðagreiðslu sem í jafnvægi hvort tveggja endurspegla hagsmuni af þátttöku og vernda hagsmuni minnihluta. Samningurinn um sameiginlegt verkefni skal hafa að geyma ákvæði sem heimila þátttakanda að ákveða sjálfstætt hvort hann tekur þátt í vinnsluáætlun varðandi kolvetnisauðlindir á tilteknu svæði eða ekki, og til að framselja þátttökurétt.

10. Málsmeðferðin, sem kveðið er á um í þessari fundargerð, hefur ekki áhrif á hin sérstöku ákvæði 5. og 8. gr. samkomulags frá 22. október 1981 milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.

Undirritað í tvíriti í Reykjavík hinn 3. nóvember 2008 á ensku.

F.h. Íslands	F.h. Noregs
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir	Jonas Gahr Støre

land's right of participation pursuant to Article 5 of the Agreement, such notification may be given up to 30 days after a notification, with appurtenant documentation, from Norway that a hydrocarbon deposit has been declared commercial. Norway shall inform Iceland when a decision-making process for a declaration on commercialization of a hydrocarbon deposit has been initiated and shall submit all relevant information to Iceland.

7. Each Party has the right to transfer its share – in whole or in part – in any licence awarded to it by the other Party in accordance with the Agreement, subject to prior consultation and in accordance with the awarding Party's national legislation.

8. Participation rights shall be exercised on the basis of a licence and within the framework of a joint venture agreement. A Party deciding to participate in the petroleum activities on the continental shelf of the other Party shall either itself be a party to the joint venture agreement or appoint a legal person to hold this position on its behalf.

9. The joint venture agreement shall contain voting rules which in a balanced manner both reflect the participating interest and protect a minority interest. The joint venture agreement shall contain provisions allowing a participant to individually decide whether or not to take part in a particular field development plan for hydrocarbon deposits, and the right to assign a participating interest.

10. The procedures set out in these Agreed Minutes do not affect the particular provisions contained in Articles 5 and 8 of the Agreement of 22 October 1981 between Iceland and Norway on the continental shelf in the area between Iceland and Jan Mayen.

Signed in duplicate at Reykjavik on 3 November 2008 in the English language.

For Iceland	For Norway
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir	Jonas Gahr Støre

Fylgiskjal III.

Sameiginlegt nýtingarsvæði á landgrunninu milli Íslands og Noregs og norðurhluti Drekasvæðisins.



1197. Tillaga til þingsályktunar [680. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2011.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2011 sem gerðir voru í London 21. október 2010:

1. Sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2011.
2. Samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2011.
3. Samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2011.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á eftirtöldum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2011 sem gerðir voru í London 21. október 2010: 1. sameiginlegri bókun milli Evrópusambandsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2011; 2. samkomulagi milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2011; og 3. samkomulagi milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2011. Sameiginlega bókunin er prentuð sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari, samkomulagið við Noreg sem fylgiskjal II og samkomulagið við Rússneska sambandsríkið sem fylgiskjal III.

Á fundi strandríkjanna Íslands, Færeyja, Noregs, Rússlands og Evrópusambandsins í London 20. og 21. október 2010 náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2011. Í samræmi við ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og fyrri ákvörðun aðila um nýtingarstefnu til lengri tíma var heildaraflamark ákveðið 988.000 lestir, sbr. sameiginlegu bókunina, fylgiskjal I. Er það veruleg lækkun frá árinu 2010 en heildaraflamarkið var þá 1.483.000 lestir. Veiðiheimildir aðila skiptast í sömu hlutföllum og verið hefur frá árinu 2007 og verða á árinu 2011 sem hér segir:

Ísland	143.359	lestir
Færeyjar	50.981	lest
Noregur	602.680	lestir
Rússneska sambandsríkið	126.661	lest
Evrópusambandið	64.319	lestir

Í sameiginlegu bókuninni er sem fyrr gert ráð fyrir að heimilt verði að færa hluta kvóta milli ára til að skapa sveigjanleika við nýtingu veiðiheimildanna. Hver aðili getur fært ónotaðan hluta veiðiheimildar, allt að 10% af þeim kvóta sem honum er úthlutað fyrir árið 2011, yfir á þann kvóta sem honum verður úthlutað fyrir árið 2012. Hver aðili getur einnig

heimilað skipum sínum að veiða allt að 10% umfram hinn úthlutaða kvóta á árinu 2011 og skal þá það magn, sem veitt er umfram kvótann fyrir árið 2011, dregið frá kvóta aðilans fyrir árið 2012.

Samhliða hinni fimmhliða sameiginlegu bókun voru sem fyrr gerðir ýmsir tvíhliða samningar milli aðilanna, einkum um heimildir til síldveiða í lögsögu hvers annars á árinu 2011. Samkvæmt tvíhliða samkomulagi milli Íslands og Noregs, sbr. fylgiskjal II, fá íslensk skip ótakmarkaðan aðgang að fiskveiðilögsögu Jan Mayen og mega veiða 26.676 lestir af kvóta Íslands í efnahagslögsögunni við meginland Noregs norðan 62°N. Norsk skip fá heimild til að veiða 69.469 lestir í íslenskri lögsögu. Veiði íslensk fiskiskip minna en 19.760 lestir af síld í efnahagslögsögu Noregs á árinu 2011 mun Noregur færa 988 lestir af síldarkvóta sínum á árinu 2012 til Íslands.

Samkvæmt tvíhliða samkomulagi milli Íslands og Rússlands er rússneskum skipum veitt heimild til að veiða allt að 4.256 lestir á takmörkuðu svæði í austurhluta efnahagslögsögu Íslands, sbr. fylgiskjal III.

Tekið skal fram að í samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2011, sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 18. og 22. febrúar 2011, er kveðið á um að skipum hvors aðila verði heimilt að veiða allan sinn kvóta í norsk-íslenskri síld í lögsögu hins. Samhliða þingsályktunartillögu þessari er lögð fram þingsályktunartillaga um staðfestingu þess samnings.

Sameiginlegu bókuninni og tvíhliða samningum á grundvelli hennar skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2011. Bókunin og samningarnir öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri innlendri málsmeðferð sé lokið.

Fylgiskjal I.

SAMEIGINLEG BÓKUN

um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norð-austur-Atlantshafi á árinu 2011.

1. Sendinefnd Noregs undir forystu Sigrun M. Holst, sendinefnd Evrópusambandsins undir forystu John Spencer, sendinefnd Færeyja undir forystu Andras Kristiansen, sendinefnd Íslands undir forystu Kristjáns Freys Helgasonar og sendinefnd Rússneska sambandsríkisins undir forystu Elenu Samoylova hittust í London 20. og 21. október 2010 til að eiga viðræður um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2011.

2. Sendinefndirnar komu sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, að því fyrirkomulagi um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2011, sem greinir í I. viðauka við bókun þessa, verði komið á. Sendinefndirnar lýstu þeirri ætlan sinni að leitast við að ná stöðugleika í hlutdeild aðila

AGREED RECORD

of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock in the North-East Atlantic for 2011

1. A Delegation of Norway, headed by Ms Sigrun M. Holst, a Delegation of the European Union, headed by Mr John Spencer, a Delegation of the Faroe Islands, headed by Mr Andras Kristiansen, a Delegation of Iceland, headed by Mr Kristján Freyr Helgason, and a Delegation of the Russian Federation, headed by Ms Elena Samoylova, met in London on 20 to 21 October 2010 to consult on the management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock for 2011.

2. The Delegations agreed to recommend to their respective authorities the arrangement for the regulation of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in 2011 set out in Annex I to this Agreed Record. The Delegations stated their intention of retaining stability in the relative shares

í fyrirkomulagi stjórnunar í framtíðinni. Enn fremur komu þær sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, það fyrirkomulag langtímastjórnunar sem greinir í II. viðauka.

3. Bókun þessari, ásamt tvíhliða samningum sem tengjast framkvæmd hennar, skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2011 og öðlast bókunin og samningarnir gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð þeirra sé lokið.

4. Sendinefndirnar hvöttu aðila til að þróa vísindarannsóknir sínar til að auka upplýsingar um mat á stofninum og stjórnun veiða úr honum.

5. Sendinefndirnar komu sér saman um að fara þess á leit að Noregur, sem gestgjafi viðræðnanna, láti Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni (NEAFC) í té eintak af þessari sameiginlegu bókun ásamt viðaukunum við hana.

Gjört í London 21. október 2010 í fimm frumeintökum á ensku.

Fyrir sendinefnd Noregs
Sigrun M. Holst

Fyrir sendinefnd Evrópusambandsins
John Spencer

Fyrir sendinefnd Færeyja
Andras Kristiansen

Fyrir sendinefnd Íslands
Kristján Freyr Helgason

Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins
Elena Samoylova

I. VIÐAUKI

1. Leyfilegur heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2011 er ákveðinn 988.000 lestir.
2. Samkvæmt framantöldu munu aðilar takmarka veiðar sínar úr síldarstofninum á árinu 2011 á grundvelli eftirfarandi kvóta:

Evrópusambandið	64.319	lestir
Færeyjar	50.981	lest
Ísland	143.359	lestir
Noregur	602.680	lestir
Rússneska sambandsríkið	126.661	lest

3. Hver aðili getur fært ónotaðan hluta, allt að 10% af þeim kvóta sem honum er úthlutað fyrir árið 2011, yfir á þann kvóta sem honum verður úthlutað fyrir árið 2012. Slík færsla kemur til við-

of the Parties in arrangements for future years. Furthermore, they agreed to recommend to their respective authorities the long-term management arrangement set out in Annex II.

3. This Agreed Record, including the bilateral arrangements related to the implementation of this Agreed Record, shall be applied provisionally from 1 January 2011 and enter into force when all Parties have notified each other of the completion of their necessary procedures.

4. The Delegations encouraged the Parties to develop their scientific research activities in order to improve the information available for the assessment and the management of this stock.

5. The Delegations agreed to request Norway as host of the consultations, to provide the North-East Atlantic Fisheries Commission (NEAFC) with a copy of this Agreed Record and its Annexes.

Done at London, 21 October 2010 in five originals in English.

For the Delegation of Norway
Sigrun M. HOLST

For the Delegation of the European Union
John SPENCER

For the Delegation of the Faroe Islands
Andras KRISTIANSEN

For the Delegation of Iceland
Kristján Freyr Helgason

For the Delegation of the Russian Federation
Elena Samoylova

ANNEX I

1. A TAC (total allowable catch) for the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock of 988,000 tonnes is established for 2011.
2. In keeping with the above, the Parties will restrict their fishing on the herring stock in 2011 on the basis of the following quotas:

European Union	64,319	tonnes
Faroe Islands	50,981	tonnes
Iceland	143,359	tonnes
Norway	602,680	tonnes
Russian Federation	126,661	tonnes

3. Each Party may transfer unutilised quantities of up to 10% of the quota allocated to the Party for 2011 to the quota allocated to that Party for

bótar þeim kvóta sem aðilanum er úthlutað fyrir árið 2012.

4. Hver aðili getur heimilað skipum sínum að veiða allt að 10% umfram hinn úthlutaða kvóta. Allt það magn sem veitt er umfram hinn úthlutaða kvóta fyrir árið 2011 skal dregið frá úthlutun til aðilans fyrir árið 2012.
5. Aðilar munu láta í té upplýsingar um kvóta og afla á því formi sem sett er fram í viðbæti við þennan viðauka. Hver aðili skal fyrir 1. maí 2011 láta Noregi, sem gestgjafa viðræðna um stjórnunarráðstafanir fyrir árið 2011, í té uppfærðar upplýsingar um heildarafla sinn á árinu 2010 og úthlutun kvóta til annarra aðila á árinu 2011. Noregur skal senda þessar upplýsingar eins fljótt og unnt er til allra aðila þessa samnings.

6. Aðilar koma sér tvíhliða saman um aðrar ráðstafanir, m.a. um heimildir til veiða hver í annars fiskveiðilögsögu og önnur skilyrði fyrir veiðum þar.

2012. Such transfer shall be in addition to the quota allocated to the Party concerned for 2012.

4. Each Party may authorise fishing by its vessels of up to 10% beyond the quota allocated. All quantities fished beyond the allocated quota for 2011 shall be deducted from the Party's allocation for 2012.
5. The Parties will provide information regarding quotas and catches in the format set out in the Appendix to this Annex. Each Party shall within 1 May 2011 provide updated information to Norway as host of the consultations on management measures for 2011 regarding their total catches in 2010 and on any allocation of quotas to other Parties in 2011. Norway shall forward this information as soon as possible to all Parties of this agreement.
6. Further arrangements, including arrangements for access and other conditions for fishing in the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties, are regulated by bilateral arrangements.

II. VIÐAUKI

Fyrirkomulag langtímastjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Aðilar voru sammála um að framkvæma langtímastjórnunaráætlun vegna veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum sem sé í samræmi við varúðarleiðina og sé ætlað að halda nýtingu innan öruggra líffræðilegra marka og tryggja sjálfbærar veiðar. Áætlunin skal samanstanda af eftirfarandi:

1. Leitast skal við eftir fremsta megni að halda hrygningarstofninum yfir hættumörkunum (B_{lim}) 2.500.000 tonnum.
2. Að því er árið 2011 og eftirfarandi ár varðar voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar á grundvelli leyfilegs heildarafla í samræmi við fiskveiðidánarstuðul undir 0,125 fyrir viðeigandi aldurshópa eins og skilgreint er af ICES, nema vísindaráðgjöf í framtíðinni krefjist breytinga á þessum fiskveiðidánarstuðli.
3. Skyldi hrygningarstofninn minnka niður fyrir viðmiðunarmörkin 5.000.000 tonn (B_{pa}) skal aðlaga fiskveiðidánarstuðulinn sem getið er um í 2. mgr. í ljósi vísindalegs mats á ríkjandi aðstæðum til að tryggja að hrygningarstofninum verði með öruggum og skjótum hætti komið yfir 5.000.000 tonn. Grundvöllur slíkrar aðlögunar skal vera a.m.k. hlutfallsleg lækkun fiskveiðidánarstuðuls

ANNEX II

Arrangement on the Long-Term Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock

The Parties agreed to implement a long-term management plan for the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock, which is consistent with a precautionary approach, intended to constrain harvesting within safe biological limits and designed to provide for sustainable fisheries. The plan shall consist of the following:

1. Every effort shall be made to maintain a level Spawning Stock Biomass (SSB) greater than the critical level (B_{lim}) of 2,500,000 tonnes.
2. For 2011 and subsequent years, the Parties agreed to restrict their fishing on the basis of a TAC consistent with a fishing mortality rate of less than 0.125 for appropriate age groups as defined by ICES, unless future scientific advice requires modification of this fishing mortality rate.
3. Should the SSB fall below a reference point of 5,000,000 tonnes (B_{pa}), the fishing mortality rate, referred to under paragraph 2, shall be adapted in the light of scientific estimates of the conditions then prevailing to ensure a safe and rapid recovery of the SSB to a level in excess of 5,000,000 tonnes. The basis for such adaptation should be at least a linear reduction in the fishing mortality

frá 0,125 við B_{pa} (5.000.000 tonn) niður í 0,05 við B_{lim} (2.500.000 tonn).

4. Aðilar skulu, eftir því sem við á, endurskoða þessar stjórnunarráðstafanir og nýtingarstefnu á grundvelli nýrrar ráðgjafar sem ICES lætur í té.

rate from 0.125 at B_{pa} (5,000,000 tonnes) to 0.05 at B_{lim} (2,500,000 tonnes).

4. The Parties shall, as appropriate, review and revise these management measures and strategies on the basis of any new advice provided by ICES.

Fylgiskjal II.

SAMKOMULAG

milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands.

Í samræmi við 3. mgr. sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2011 milli Íslands, Evrópusambandsins, Færeyja, Noregs og Rússneska sambandsríkisins 21. október 2010 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 2011 heimilt að veiða 143.359 lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 26.676 lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er á árinu 2011 heimilt að veiða allt að 69.469 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands.

Í því tilviki að íslensk fiskiskip veiða minna en 19.760 lestir af síld í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N á árinu 2011 mun Noregur færa 988 lestir af síldarkvóta sínum á árinu 2012 til Íslands.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í London 21. október 2010.

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:	Fyrir hönd norsku sendinefndarinnar:
Kristján Freyr Helgason	Sigrun M. Holst

ARRANGEMENT

between Iceland and Norway on access to the Norwegian Economic Zone North of 62°N, the Fishery Zone around Jan Mayen and the Icelandic Exclusive Economic Zone

In accordance with paragraph 3 of the Agreed Record of Conclusion of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2011 between Iceland, the European Union, the Faroe Islands, Norway and the Russian Federation of 21 October 2010, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 2011 to fish 143,359 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62°N, of which a maximum of 26,676 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62°N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 2011 to fish 69,469 tonnes of herring in the Icelandic Exclusive Economic Zone.

In the event that Icelandic fishing vessels catch less than 19,760 tonnes of herring in the Norwegian Economic Zone north of 62°N during 2011, Norway will transfer 988 tonnes of its herring quota for 2012 to Iceland.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at London, 21 October 2010

For the Icelandic Delegation	For the Norwegian Delegation
Kristján Freyr Helgason	Sigrun M. Holst

Fylgiskjal III.

SAMKOMULAG

milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2011.

1. Með vísan til sameiginlegrar bókunar um niðurstöður viðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2011, sem undirrituð var í dag af Íslandi, Evrópusambandinu, Færeyjum, Noregi og Rússneska sambandsríkinu, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 2011 allt að 4.256 lestir af síld innan efnahagslögsögu Íslands utan línu sem er dregin milli eftirtalinna punkta:
   A. 64°00'N – 09°00'V
   B. 67°00'N – 09°00'V
   C. 69°25'N – 13°00'V
2. Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

London, 21. október 2010.

Fyrir hönd sendinefndar Íslands:	Fyrir hönd sendinefndar Rússneska sambandsríkisins:
Kristján Freyr Helgason	Elena Samoylova

ARRANGEMENT

between Iceland and the Russian Federation on Access to the Icelandic Exclusive Economic Zone in 2011

1. With reference to the Agreed Record of Conclusions signed today between Iceland, the European Union, the Faroe Islands, Norway and the Russian Federation on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2011, the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels shall be granted access in 2011 to take up to 4.256 tonnes of herring within the Icelandic Exclusive Economic Zone outside a line drawn between the following points:
   A. 64°00´N – 09°00´W
   B. 67°00´N – 09°00´W
   C. 69°25´N – 13°00´W
2. The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

London, 21 October 2010

For the Delegation of Iceland	For the Delegation of the Russian Federation
Kristján Freyr Helgason	Elena Samoylova

1198. Tillaga til þingsályktunar [681. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Albaníu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Lýðveldisins Albaníu.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd annars vegar fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Albaníu sem undirritaður var 17. desember 2009 í Genf og hins vegar landbúnaðarsamning milli Íslands og Lýðveldisins Albaníu sem undirritaður var sama dag.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á fríverslunarsamningi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Albaníu sem undirritaður var í Genf 17. desember 2009. Jafnframt er leitað heimildar til fullgildingar á landbúnaðarsamningi milli Íslands og Lýðveldisins Albaníu sem undirritaður var sama dag. Meginmál fríverslunarsamningsins er prentað sem fylgiskjal I með tillögu þessari og meginmál landbúnaðarsamningsins sem fylgiskjal II. Viðaukar og bókanir sem fylgja fríverslunarsamningnum og viðaukar við landbúnaðarsamninginn munu liggja frammi í lestrarsal Alþingis.

EFTA-ríkin, Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss, hafa gert 22 fríverslunarsamninga við ríki eða ríkjahópa, að samningnum við Albaníu meðtöldum. Í tengslum við þessa samninga hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar á milli einstakra EFTA-ríkja og hvers ríkis eða ríkjahóps fyrir sig um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur.

Samningaviðræðum EFTA-ríkjanna og Albaníu um fríverslunarsamninginn og landbúnaðarsamninginn lauk í júní 2009. Fríverslunarsamningurinn er af svokallaðri fyrstu kynslóð fríverslunarsamninga en slíkir samningar fela einkum í sér tollaívilnanir. Í fríverslunarsamningi EFTA-ríkjanna og Albaníu eru jafnframt almenn ákvæði um vernd hugverka, fjárfestingar, þjónustuviðskipti og opinber innkaup.

Tollar á iðnaðarvörur, sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur falla niður eða lækka frá gildistöku samningsins. Tollar á allar helstu útflutningsafurðir Íslands munu því falla niður. Vöruviðskipti milli Íslands og Albaníu eru hins vegar mjög lítil.

Landbúnaðarsamningurinn milli Íslands og Albaníu er viðbótarsamningur og gerður með vísan til fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og Albaníu. Landbúnaðarsamningurinn myndar hluta fríverslunarsvæðisins, ásamt slíkum samningum annars vegar milli Noregs og Albaníu og hins vegar milli Sviss og Albaníu, auk fríverslunarsamningsins. Viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur falla undir landbúnaðarsamninginn og kveður hann á um að tollar á tilteknar landbúnaðarvörur verði lækkaðir eða felldir niður. Albanía mun m.a. fella niður tolla á vatn, lifandi hross og osta frá gildistöku samningsins. Ísland mun m.a. fella niður tolla á ýmsar matjurtir, kaffi, kakó og ávaxtasafa. Landbúnaðarsamningurinn öðlast gildi á sama degi og fríverslunarsamningurinn.

Fylgiskjal I.

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR MILLI LÝÐVELDISINS ALBANÍU OG EFTA-RÍKJANNA

FORMÁLSORÐ

Lýðveldið Albanía (hér á eftir nefnt „Albanía“), annars vegar,

Lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Ríkjasambandið Sviss (hér á eftir nefnd EFTA-ríkin), hins vegar,

þar sem hvert einstakt ríki verður hér á eftir nefnt „samningsaðili“ og öll ríkin í heild „samningsaðilarnir“,

SEM VIÐURKENNA gagnkvæman vilja til þess að efla tengsl milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Albaníu hins vegar, með því að stofna til náinna og varanlegra samskipta,

SEM VÍSA til þess ásetnings síns að stuðla á virkan hátt að efnahagslegum samruna Miðjarðarhafssvæðis Evrópu og lýsa sig reiðubúin til að leita sameiginlegra leiða og aðferða til að styrkja þá þróun,

SEM ÁRÉTTA skuldbindingu sína um að virða lýðræði, mannréttindi og mannfrelsi, einnig stjórnmálafrelsi og efnahagsfrelsi í samræmi við skyldur sínar að þjóðarétti, þ.m.t. meginreglur sem settar eru fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennu mannréttindayfirlýsingunni,

SEM ÁRÉTTA skuldbindingar sínar um hagþróun og félagslega þróun, um að standa vörð um heilbrigðis- og öryggismál og um virðingu fyrir grundvallarréttindum launafólks, þ.m.t. þær meginreglur sem eru settar fram í samningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

SEM HAFA AÐ MARKMIÐI að skapa ný atvinnutækifæri og bæta heilbrigðisskilyrði og lífskjör á yfirráðasvæðum sínum,

FREE TRADE AGREEMENT BETWEEN THE REPUBLIC OF ALBANIA AND THE EFTA STATES

PREAMBLE

The Republic of Albania (hereinafter referred to as “Albania”), on the one part,

and Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway, the Swiss Confederation (hereinafter referred to as “the EFTA States”), on the other,

hereinafter each individual State referred to as a “Party” or collectively referred to as the “Parties”:

RECOGNISING the common wish to strengthen the links between Albania on the one part and the EFTA States on the other by establishing close and lasting relations;

RECALLING their intention to participate actively in the process of Euro Mediterranean economic integration and expressing their preparedness to co-operate in seeking ways and means to strengthen this process;

REAFFIRMING their commitment to democracy, human rights and fundamental freedoms, and to the political and economic freedoms, in accordance with their obligations under international law, including the United Nations Charter and the Universal Declaration of Human Rights;

REAFFIRMING their commitment to economic and social development, the protection of health and safety, and the respect for the fundamental rights of workers, including the principles set out in the relevant International Labour Organisation (ILO) Conventions;

AIMING to create new employment opportunities, and improve health and living standards in their respective territories;

SEM VILJA skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín á milli og aukna samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem samningsaðilar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnréttis, gagnkvæms ávinnings, jafnræðis og þjóðaréttar,

DESIRING to create favourable conditions for the development and diversification of trade between them and for the promotion of commercial and economic co-operation in areas of common interest on the basis of equality, mutual benefit, non-discrimination and international law;

SEM ERU STAÐRÁÐIN í að efla og stuðla að marghliða viðskiptakerfi, á grundvelli viðkomandi réttinda og skuldbindinga í samræmi við Marakess-samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og aðra samninga, sem gerðir hafa verið á vettvangi hennar, og stuðla þar með að samstilltri þróun og eflingu alþjóðaviðskipta,

DETERMINED to promote and further strengthen the multilateral trading system, building on their respective rights and obligations under the Marrakesh Agreement establishing the World Trade Organisation (hereinafter referred to as “the WTO”) and the other agreements negotiated thereunder, thereby contributing to the harmonious development and expansion of world trade;

SEM HAFA Í HUGA að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi samningsaðilana undan skuldbindingum sínum samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, einkum Marakess-samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina og öðrum samningum sem gerðir hafa verið á vettvangi hennar,

CONSIDERING that no provision of this Agreement may be interpreted as exempting the Parties from their obligations under other international agreements, especially the Marrakesh Agreement establishing the WTO and the other agreements negotiated thereunder;

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að beita þessum samningi með það að markmiði að varðveita og vernda umhverfið og tryggja hagkvæmustu nýtingu náttúruauðlinda í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun,

DETERMINED to implement this Agreement with the objectives to preserve and protect the environment and to ensure the use of natural resources in accordance with the principle of sustainable development;

SEM STAÐFESTA þá skuldbindingu sína að virða reglur réttarríkisins til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu í alþjóðaviðskiptum og fjárfestingum og efla meginreglur um gagnsæi og góða stjórnunarhætti,

AFFIRMING their commitment to the rule of law, to prevent and combat corruption in international trade and investment and to promote the principles of transparency and good governance;

SEM HAFA Í HUGA vægi ábyrgrar háttsemi fyrirtækja og gildi hennar fyrir sjálfbæra efnahagsþróun og staðfesta stuðning sinn við þá viðleitni að innleiða viðeigandi alþjóðlega staðla,

ACKNOWLEDGING the significance of responsible corporate conduct and its contribution to sustainable economic development and affirming their support to efforts for the promotion of relevant international standards;

SEM LÝSA SIG REIÐUBÚIN til að skoða hvort unnt sé að þróa og auka efnahagstengsl sín á milli til að þau megi ná til sviða sem þessi samningur gildir ekki um,

DECLARING their readiness to examine the possibility of developing and deepening their economic relations in order to extend them to fields not covered by this Agreement;

SEM ERU SANNFÆRÐ UM að þessi samningur muni efla samkeppnishæfni fyrirtækja sinna á heimsmarkaði og skapa skilyrði sem örva efnahagsleg tengsl, viðskiptatengsl og tengsl á sviði fjárfestinga sín á milli,

CONVINCED that this Agreement will enhance the competitiveness of their firms in global markets and create conditions encouraging economic, trade and investment relations between them;

HAFA ÁKVEÐIÐ, í samræmi við framangreind markmið, að gera með sér svohljóðandi samning (hér á eftir nefndur „þessi samningur“):

1. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið.

1. Albanía og EFTA-ríkin skulu koma á fríverslunarsvæði með þessum samningi og viðbótarsamningum um viðskipti með landbúnaðarafurðir, sem nú hafa verið gerðir milli Albaníu og hvers einstaks EFTA-ríkis, með það í huga að örva hagsæld og hagþróun á yfirráðasvæðum þeirra.

2. Samningur þessi, sem byggist á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa og á því að lýðræði og mannréttindi séu virt, miðar að því:

a) að auka frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“),
b) að auka gagnkvæm fjárfestingartækifæri samningsaðilanna og þróa í áföngum umhverfi sem stuðlar að auknum viðskiptum á sviði þjónustu,
c) að skapa eðlileg samkeppnisskilyrði í viðskiptum milli samningsaðilanna og tryggja næga og áhrifaríka vernd hugverkaréttinda,
d) að auka enn frekar og í áföngum gagnkvæmt frelsi á mörkuðum samningsaðilanna fyrir opinber innkaup og
e) að stuðla þannig að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum.

2. gr.

Viðskiptatengsl sem falla undir þennan samning.

Samningur þessi gildir um viðskiptatengsl milli Albaníu, annars vegar, og einstakra EFTA-ríkja, hins vegar, en ekki um viðskiptatengsl milli einstakra EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

3. gr.

Svæðisbundið gildissvið.

1. Samningur þessi gildir, með fyrirvara um viðauka B, um:

a) landsvæði, innhöf og landhelgi samningsaðila og loftrými yfir landsvæði samningsaðila í samræmi við reglur þjóðaréttar og

HAVE DECIDED, in pursuit of the above, to conclude the following Agreement (hereinafter referred to as “this Agreement”):

CHAPTER 1
GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1

Objectives

1. Albania and the EFTA States shall establish a free trade area by means of this Agreement and the complementary agreements on trade in agricultural products, concurrently concluded between Albania and each individual EFTA State, with a view to spurring prosperity and economic development in their territories.

2. The objectives of this Agreement, which is based on trade relations between market economies and on the respect of democratic principles and human rights, are:

(a) to achieve the liberalisation of trade in goods, in conformity with Article XXIV of the General Agreement on Tariffs and Trade (hereinafter referred to as “the GATT 1994”);
(b) to mutually increase investment opportunities between the Parties, and to gradually develop an environment conducive to enhanced trade in services;
(c) to provide fair conditions of competition for trade between the Parties and to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights;
(d) to gradually achieve further liberalisation on a mutual basis of the government procurement markets of the Parties; and
(e) to contribute in this way to the harmonious development and expansion of world trade.

ARTICLE 2

Trade Relations Governed by this Agreement

This Agreement shall apply to trade relations between Albania, on the one side, and the individual EFTA States, on the other side, but not to the trade relations between individual EFTA States, unless otherwise provided for in this Agreement.

ARTICLE 3

Territorial Application

1. Without prejudice to Protocol B, this Agreement shall apply:

(a) to the land territory, internal waters, and the territorial sea of a Party, and the air-space above the territory of a Party, in accordance with international law; as well as

b) svæði utan landhelgi með tilliti til ráðstafana sem samningsaðili gerir í krafti fullveldisréttinda eða lögsögu sinnar í samræmi við reglur þjóðaréttar.

2. Samningur þessi gildir ekki um Svalbarðasvæðið, nema að því er varðar vöruviðskipti.

(b) beyond the territorial sea, with respect to measures taken by a Party in the exercise of its sovereign right or jurisdiction in accordance with international law.

2. This Agreement shall not apply to the Norwegian territory of Svalbard, with the exception of trade in goods.

4. gr.
Ríkisstjórnir, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld.

Hver samningsaðili skal sjá til þess að hlutaðeigandi ríkisstjórn, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld, svo og óopinberar stofnanir sem fara með opinbert vald sem ríkisstjórn, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld eða yfirvöld fela þeim, uppfylli allar skyldur og skuldbindingar samkvæmt þessum samningi á yfirráðasvæði hans.

ARTICLE 4
Central, Regional and Local Government

Each Party shall ensure within its territory the observance of all obligations and commitments under this Agreement by its respective central, regional and local governments and authorities, and by non-governmental bodies in the exercise of governmental powers delegated to them by central, regional and local governments or authorities.

5. gr.
Gagnsæi.

1. Samningsaðilarnir skulu birta eða veita almenningi aðgang með öðrum hætti að lögum sínum, reglugerðum, dómsniðurstöðum, stjórnsýsluákvörðunum, sem hafa almennt gildi, og alþjóðasamningum sem geta haft áhrif á framkvæmd þessa samnings.

2. Hver samningsaðili skuldbindur sig til þess að kappkosta að birta fyrirfram, einkum á Netinu, þau lög sem varða milliríkjaviðskipti með vörur og tengda þjónustu og hann hyggst samþykkja og skal veita áhugasömum aðilum tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri áður en þau eru samþykkt.

3. Samningsaðilarnir skulu þegar í stað svara sértækum spurningum og veita hver öðrum, að fenginni beiðni þar um, upplýsingar um málefni sem um getur í 1. mgr. Þeim er ekki gert að greina frá trúnaðarupplýsingum.

4. Samningsaðilarnir skulu halda öll lög sín og stjórnsýslufyrirmæli, sem varða milliríkjaviðskipti með vörur og tengda þjónustu, á samræmdan og óhlutdrægan hátt.

ARTICLE 5
Transparency

1. The Parties shall publish or otherwise make publicly available their laws, regulations, judicial decisions, administrative rulings of general application and their respective international agreements that may affect the operation of this Agreement.

2. Each Party commits to make every effort to publish in advance, in particular on the Internet, the laws relevant for international trade in goods and related services that it aims to adopt and shall offer interested persons the opportunity to submit comments prior to such an adoption.

3. The Parties shall promptly respond to specific questions and provide, upon request, information to each other on matters referred to in paragraph 1. They are not required to disclose confidential information.

4. The Parties shall administer in a uniform and impartial manner all their laws, regulations and administrative decisions relevant for international trade in goods and related services.

2. KAFLI
VÖRUVIÐSKIPTI

6. gr.
Gildissvið.

1. Kafli þessi gildir um eftirtaldar framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Albaníu eða EFTA-ríki:

a) allar framleiðsluvörur, sem heyra undir 25. til 97. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskránni (ST), að undanskildum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í I. viðauka,

CHAPTER 2
TRADE IN GOODS

ARTICLE 6
Scope

1. This Chapter applies to the following products originating in Albania or in an EFTA State:

(a) all products classified under Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (HS), excluding the products listed in Annex I;

b) unnar landbúnaðarafurðir, sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu viðeigandi tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun og
c) fisk og aðrar sjávarafurðir, eins og kveðið er á um í II. viðauka.

2. Albanía og sérhvert EFTA-ríki hafa gert tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þessir samningar eru hluti af gerningum um að koma á fót fríverslunarsvæði Albaníu og EFTA-ríkjanna.

7. gr.
Upprunareglur og samvinna stjórnvalda.

1. Í viðauka B eru ákvæði um upprunareglur og samvinnu stjórnvalda.

2. Samningsaðilarnir eru því samþykkir að bregðast vel við beiðnum um samningaviðræður um að gera tvíhliða samninga um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í tollamálum.

8. gr.
Tollar.

1. Við gildistöku þessa samnings skulu samningsaðilar fella niður alla tolla á inn- og útflutning vara, sem eru upprunnar í Albaníu eða EFTA-ríki og sem ákvæði 1. mgr. 6. gr. taka til, nema kveðið sé á um annað í viðeigandi viðaukum og bókunum. Frá því að þessi samningur öðlast gildi er óheimilt að leggja á nýja tolla eða hækka þá sem þegar eru í gildi í viðskiptum milli samningsaðilanna, nema samkvæmt því sem kveðið er á um í 1. gr. bókunar A.

2. Til tolla teljast hvers konar tollar eða gjöld, sem eru lögð á í tengslum við inn- eða útflutning framleiðsluvöru, þ.m.t. aukaskattar eða aukagjöld í hvaða mynd sem er, að frátöldum gjöldum sem eru lögð á í samræmi við III. og VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994.

9. gr.
Takmarkanir á inn- og útflutningi.

XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 gildir um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar takmarkanir á inn- og útflutningi og er hún hér með felld inn í þennan samning og er hluti af honum.

10. gr.
Innlendir skattar og reglur.

1. Samningsaðilarnir skulu leggja á innlenda skatta og önnur gjöld og beita innlendum reglum í sam-

(b) processed agricultural products specified in Protocol A, with due regard to the arrangements provided for in that Protocol; and
(c) fish and other marine products as provided for in Annex II.

2. Albania and each EFTA State have concluded agreements on trade in agricultural products on a bilateral basis. These agreements form part of the instruments establishing a free trade area between Albania and the EFTA States.

ARTICLE 7
Rules of Origin and Methods of Administrative Co-operation

1. The provisions on rules of origin and methods of administrative co-operation are set out in Protocol B.

2. The Parties agree to consider favourably requests for negotiations aiming at concluding bilateral Agreements on Mutual Administrative Assistance in Customs Matters.

ARTICLE 8
Customs Duties

1. Upon entry into force of this Agreement, the Parties shall abolish all customs duties on imports and exports of products originating in Albania or in an EFTA State covered by paragraph 1 of Article 6, except as otherwise provided for in the relevant Annexes and Protocols. No new customs duties shall be introduced, nor shall those already applied be increased in trade between the Parties from the entry into force of this Agreement, except as provided for in Article 1 of Protocol A.

2. A customs duty includes any duty or charge of any kind imposed in connection with the importation or exportation of a product, including any form of surtax or surcharge, but does not include any charge imposed in conformity with Articles III and VIII of the GATT 1994.

ARTICLE 9
Import and Export Restrictions

The rights and obligations of the Parties in respect of export and import restrictions shall be governed by Article XI of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

ARTICLE 10
Internal Taxation and Regulations

1. The Parties commit themselves to apply any internal taxes and other charges and regulations in

ræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994 og aðra viðeigandi samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
2. Útflytjendur skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum sköttum en nemur óbeinum sköttum á framleiðsluvörur sem eru fluttar út til yfirráðasvæðis samningsaðila.

accordance with Article III of the GATT 1994 and other relevant WTO Agreements.

2. Exporters may not benefit from repayment of internal taxes in excess of the amount of indirect taxation imposed on products exported to the territory of a Party.

11. gr.
Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.
2. Samningsaðilarnir skulu skiptast á nöfnum og heimilisföngum tengiliða með sérþekkingu á hollustuháttum og heilbrigði dýra og plantna í því skyni að auðvelda samskipti og upplýsingaskipti.

ARTICLE 11
Sanitary and Phytosanitary Measures

1. The rights and obligations of the Parties in respect of sanitary and phytosanitary measures shall be governed by the WTO Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures.

2. The Parties shall exchange names and addresses of contact points with sanitary and phytosanitary expertise in order to facilitate communication and the exchange of information.

12. gr.
Tæknireglugerðir.

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar tæknireglugerðir, staðla og samræmismat, í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.
2. Samningsaðilarnir skulu auka samvinnu sín á milli á sviði tæknireglugerða, staðla og samræmismats í því skyni að auka gagnkvæman skilning á kerfum hvers þeirra um sig og auðvelda aðgang að mörkuðum sínum.

ARTICLE 12
Technical Regulations

1. The rights and obligations of the Parties in respect of technical regulations, standards and conformity assessment shall be governed by the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade.

2. The Parties shall strengthen their co-operation in the field of technical regulations, standards and conformity assessment, with a view to increasing the mutual understanding of their respective systems and facilitating access to their respective markets.

13. gr.
Greitt fyrir viðskiptum.

Samningsaðilarnir skulu, í samræmi við þau ákvæði sem sett eru fram í III. viðauka og með það í huga að greiða fyrir viðskiptum milli Albaníu og EFTA-ríkjanna:
a) einfalda reglur um vöruviðskipti og tengda þjónustustarfsemi eftir því sem frekast er unnt,
b) stuðla að samstarfi sín á milli í því skyni að auka þátttöku í gerð og framkvæmd alþjóðasamninga og alþjóðlegra tilmæla um að greiða fyrir viðskiptum og
c) starfa saman að því að greiða fyrir viðskiptum á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar.

ARTICLE 13
Trade Facilitation

The Parties, in accordance with the provisions set out in Annex III, with the aim to facilitate trade between Albania and the EFTA States, shall:

(a) simplify, to the greatest extent possible, procedures for trade in goods and related services;
(b) promote co-operation among them in order to enhance their participation in the development and implementation of international conventions and recommendations on trade facilitation; and
(c) co-operate on trade facilitation within the framework of the Joint Committee.

14. gr.
Undirnefnd um upprunareglur, reglur um tollmeðferð og um að greiða fyrir viðskiptum.

1. Með vísun til ákvæða 7., 8. og 13. gr. er hér með stofnuð undirnefnd sameiginlegu nefndarinnar um

ARTICLE 14
Sub-Committee on Rules of Origin, Customs Procedures and Trade Facilitation

1. With reference to Articles 7, 8 and 13, a Sub-Committee of the Joint Committee on Rules of Ori-

upprunareglur, tollmeðferð og greiðari viðskipti (hér á eftir nefnd „undirnefndin“).

2. Í VI. viðauka er gerð grein fyrir umboði undirnefndarinnar.

15. gr.
Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki.

Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar ríkisrekin viðskiptafyrirtæki, í samræmi við ákvæði XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulagið um túlkun XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem eru hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

16. gr.
Styrkir og jöfnunarráðstafanir.

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, nema kveðið sé á um annað í 2. mgr.

2. Áður en Albanía eða EFTA-ríki, eftir því sem við á, hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti styrkir eru veittir í Albaníu eða EFTA-ríki og áhrif þess, eins og kveðið er á um í 11. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, skal samningsaðili, sem hyggst hefja rannsókn, senda skriflega tilkynningu um það til þess samningsaðila sem vörurnar tilheyra, sem rannsóknin tekur til, og veita 45 daga frest frá móttöku tilkynningarinnar til samráðs til að leita lausnar sem allir samningsaðilar geta sætt sig við. Efna skal til samráðs í sameiginlegu nefndinni, ef einhver samningsaðila fer fram á það, innan 20 daga frá því að tilkynningunni er veitt viðtaka.

17. gr.
Undirboð.

1. Samningsaðili skal ekki beita ráðstöfunum um undirboð, eins og kveðið er á um VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994, í tengslum við framleiðsluvörur sem eru upprunnar hjá öðrum samningsaðila.

2. Samningsaðilar viðurkenna að með því að beita samkeppnisreglum með skilvirkum hætti sé unnt að bregðast við efnahagslegum orsökum undirboða.

18. gr.
Reglur um samkeppni fyrirtækja.

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttri framkvæmd þessa samnings að því leyti sem það hefur áhrif á viðskipti milli Albaníu og EFTA-ríkis:

gin, Customs Procedures and Trade Facilitation (hereinafter referred to as “the Sub-Committee”) is hereby established.

2. The mandate of the Sub-Committee is set out in Annex IV.

ARTICLE 15
State Trading Enterprises

The rights and obligations of the Parties in respect of state trading enterprises shall be governed by Article XVII of the GATT 1994 and the Understanding on the Interpretation of Article XVII of the GATT 1994, which are hereby incorporated into and made part of this Agreement.

ARTICLE 16
Subsidies and Countervailing Measures

1. The rights and obligations of the Parties relating to subsidies and countervailing measures shall be governed by Articles VI and XVI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, except as provided for in paragraph 2.

2. Before Albania or an EFTA State, as the case may be, initiates an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged subsidy in Albania or in an EFTA State, as provided for in Article 11 of the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, the Party considering initiating an investigation shall notify in writing the Party whose goods are subject to investigation and allow for a 45 day period with a view to finding a mutually acceptable solution. The consultations shall take place in the Joint Committee if any Party so requests within 20 days from the receipt of the notification.

ARTICLE 17
Anti-dumping

1. A Party shall not apply anti-dumping measures as provided for under Article VI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Implementation of Article VI of the GATT 1994 in relation to products originating in another Party.

2. The Parties recognise that the effective implementation of competition rules may address economic causes leading to dumping.

ARTICLE 18
Rules of Competition Concerning Undertakings

1. The following are incompatible with the proper functioning of this Agreement in so far as they may affect trade between Albania and an EFTA State:

a) allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltra aðgerða fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks og

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á öllu yfirráðasvæði samningsaðila eða á verulegum hluta þess.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja, sem njóta sér- eða einkaréttinda sem samningsaðilar hafa veitt þeim, að því marki sem beiting þessara ákvæða hindrar ekki, að lögum eða í reynd, framkvæmd opinberra verkefna sem þessum fyrirtækjum hafa verið falin.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skal eigi túlka þannig að skapi fyrirtækjum beinar kvaðir.

4. Telji samningsaðili að tilteknar starfsvenjur samrýmist ekki ákvæðum 1. og 2. mgr. skulu hlutaðeigandi samningsaðilar veita sameiginlegu nefndinni nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, ef við á, binda enda á þær starfsvenjur sem er andmælt. Leggi viðkomandi samningsaðili ekki af þær starfsvenjur sem er andmælt innan þess tímafrests sem sameiginlega nefndin ákveður, eða nái sameiginlega nefndin ekki samkomulagi að loknu samráði, eða þrjátíu dögum eftir að málinu er vísað til hennar, er hinum samningsaðilanum heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að fást við þann vanda sem umræddar starfsvenjur hafa skapað.

(a) all agreements between undertakings, decisions by associations of undertakings and concerted practices between undertakings which have as their object or effect the prevention, restriction or distortion of competition; and

(b) abuse by one or more undertakings of a dominant position in the territory of a Party as a whole or in a substantial part thereof.

2. The provisions of paragraph 1 shall apply to the activities of public undertakings and undertakings for which the Parties grant special or exclusive rights, in so far as the application of these provisions does not obstruct the performance, in law or in fact, of the particular public tasks assigned to them.

3. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not be construed to create any direct obligations for undertakings.

4. If a Party considers that a given practice is incompatible with the provisions of paragraphs 1 and 2, the Parties concerned shall give to the Joint Committee all the assistance required in order to examine the case and, where appropriate, eliminate the practice objected to. If the Party concerned fails to put an end to the practice objected to within the period set by the Joint Committee, or if the Joint Committee fails to reach an agreement after consultations, or after thirty days following referral for such consultations, the other Party may adopt appropriate measures to deal with the difficulties resulting from the practice in question.

19. gr.
Almennar verndarráðstafanir.

Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðila, að því er varðar almennar verndarráðstafanir, í samræmi við ákvæði XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir. Þegar samningsaðili gerir ráðstafanir samkvæmt þessum ákvæðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skal hann gera undantekningu að því er varðar innflutning á upprunavöru frá einum eða nokkrum samningsaðilum ef ekkert í slíkum innflutningi bendir til þess að honum fylgi hætta á alvarlegum skaða. Samningsaðilinn, sem gerir fyrrnefndar ráðstafanir, skal sýna fram á að slíkar undanþágur samræmist regluverki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

ARTICLE 19
General Safeguard Measures

The rights and obligations of the Parties in respect of general safeguards shall be governed by Article XIX of GATT 1994 and the WTO Agreement on Safeguards. In taking measures under these WTO provisions, a Party shall exclude imports of an originating product from one or several Parties if such imports do not in and of themselves cause or threaten to cause serious injury. The Party taking the measure shall demonstrate that such exclusion is in accordance with WTO jurisprudence.

20. gr.
Tvíhliða verndarráðstafanir.

1. Þar sem innflutningur upprunavöru frá samningsaðila inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila eykst í svo miklum mæli, annaðhvort sem hrein aukning eða sem hlutfall af innlendri framleiðslu, vegna þess að tollar hafa verið lækkaðir eða af-

ARTICLE 20
Bilateral Safeguard Measures

1. Where, as a result of the reduction or elimination of a customs duty under this Agreement, any product originating in a Party is being imported into the territory of another Party in such increased quantities, in absolute terms or relative to domestic pro-

numdir samkvæmt þessum samningi og við slíkar aðstæður að það er eða gæti verið veruleg orsök skaða eða hættu á skaða fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra vara eða samkeppnisvara á yfirráðasvæði samningsaðilans sem flytur inn, getur samningsaðili gert tvíhliða verndarráðstafanir, að því marki sem nauðsynlegt til að bæta skaðann eða koma í veg fyrir hann, samanber þó ákvæði 2. til 10. mgr.

2. Því aðeins má gera tvíhliða verndarráðstafanir að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegum skaða eða að hætta sé á því samkvæmt rannsókn sem er gerð í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.

3. Samningsaðili, sem hyggst grípa til tvíhliða verndarráðstöfunar samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað, og eigi síðar en gripið er til ráðstöfunarinnar, tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það. Í tilkynningunni skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar, þar á meðal sönnunargögn um alvarlegan skaða eða hættu á slíku af völdum aukins innflutnings, nákvæm lýsing á þeirri vöru er um ræðir, upplýsingar um fyrirhugaða ráðstöfun og frá hvaða degi og hversu lengi ráðstöfunin gildir og á hve löngum tíma hún verður afnumin í áföngum. Bjóða skal samningsaðila, sem slíkar ráðstafanir gætu haft áhrif á, bætur í formi aukins, nokkurn veginn jafngilds viðskiptafrelsis í tengslum við innflutning frá honum.

4. Ef skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt getur samningsaðilinn sem flytur inn gert ráðstafanir til að hækka toll af framleiðsluvörunni og skal miða við þann toll sem lægri er af eftirfarandi:

a) bestukjaratollur sem er álagður á þeim tíma þegar aðgerðin er framkvæmd eða
b) bestukjaratollur sem er álagður daginn fyrir gildistöku þessa samnings.

5. Tvíhliða verndarráðstafanir skulu ekki vara lengur en eitt ár. Við mjög óvenjulegar aðstæður og að lokinni athugun sameiginlegu nefndarinnar er heimilt að gera ráðstafanir til þriggja ára að hámarki. Eigi skal gera ráðstöfun vegna innflutnings framleiðsluvöru, hafi slík ráðstöfun áður verið gerð vegna hennar.

6. Sameiginlega nefndin skal, innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, rannsaka þær upplýsingar sem eru veittar samkvæmt 3. mgr. í þeim tilgangi að greiða fyrir lausn málsins þannig að báðir aðilar geti vel við unað. Ef engin lausn finnst er samningsaðilanum, sem er innflytjandi, heimilt að samþykkja viðeigandi ráðstafanir skv. 4. mgr. til að ráða bót á vandanum og samningsaðilanum, þaðan

duction, and under such conditions as to constitute a substantial cause of serious injury or threat thereof to the domestic industry of like or directly competitive products in the territory of the importing Party, the importing Party may take bilateral safeguard measures to the minimum extent necessary to remedy or prevent the injury, subject to the provisions of paragraphs 2 to 10.

2. Bilateral safeguard measures shall only be taken upon clear evidence that increased imports have caused or are threatening to cause serious injury pursuant to an investigation in accordance with the procedures laid down in the WTO Agreement on Safeguards.

3. The Party intending to take a bilateral safeguard measure under this Article shall immediately, and in any case before taking a measure, make notification to the other Parties and the Joint Committee. The notification shall contain all pertinent information, which shall include evidence of serious injury or threat thereof caused by increased imports, a precise description of the product involved and the proposed measure, as well as the proposed date of introduction, expected duration and timetable for the progressive removal of the measure. A Party that may be affected by the measure shall be offered compensation in the form of substantially equivalent trade liberalisation in relation to the imports from any such Party.

4. If the conditions set out in paragraph 1 are met, the importing Party may take measures consisting in increasing the rate of customs duty for the product to a level not to exceed the lesser of:

(a) the MFN rate of duty applied at the time the action is taken; or
(b) the MFN rate of duty applied on the day immediately preceding the date of the entry into force of this Agreement.

5. Bilateral safeguard measures shall be taken for a period not exceeding one year. In very exceptional circumstances, after review by the Joint Committee, measures may be taken up to a total maximum period of three years. No measure shall be applied to the import of a product which has previously been subject to such a measure.

6. The Joint Committee shall within 30 days from the date of notification examine the information provided under paragraph 3 in order to facilitate a mutually acceptable resolution of the matter. In the absence of such resolution, the importing Party may adopt a measure pursuant to paragraph 4 to remedy the problem, and, in the absence of mutually agreed compensation, the Party against whose product the

sem varan, sem ráðstöfunin beinist gegn, kemur, er heimilt að grípa til jöfnunaraðgerða ef ekki næst gagnkvæmt samkomulag um jöfnunargreiðslur. Tilkynna skal hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni þegar í stað um tvíhliða verndarráðstöfun og mótvægisaðgerð. Við val á verndarráðstöfun og jöfnunaraðgerð skal líta fyrst til ráðstöfunar eða aðgerðar sem raskar sem minnst framkvæmd þessa samnings. Jöfnunaraðgerðin skal að öllu jöfnu felast í frestun ívilnana, sem hafa í reynd jafngild áhrif á viðskipti, eða ívilnana sem í reynd jafngilda þeim viðbótartollum sem búast má við að leiði af hinni tvíhliða verndarráðstöfun. Sá samningsaðili sem gerir mótvægisaðgerð skal beita henni eins lengi og nauðsyn krefur til þess að ná fram í megindráttum jafngildum áhrifum á viðskipti og í öllu falli aðeins meðan gripið er til þeirrar ráðstöfunar er um getur í 4. mgr.

7. Þegar ráðstöfun er hætt skal tolltaxti jafngilda þeim tolli sem myndi hafa gilt hefði ráðstöfunin ekki verið gerð.

8. Ef aðstæður eru tvísýnar og tafir myndu valda skaða, sem erfitt yrði að bæta, er samningsaðila heimilt að grípa til neyðarráðstafana til bráðabirgða ef ákvarðað hefur verið að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið innlendum iðnaði alvarlegum skaða eða að hætta sé á því. Samningsaðili, sem hyggst grípa til þess konar ráðstöfunar, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það. Hefja skal viðeigandi málsmeðferð, sem getið er í 2. til 6. mgr., einnig vegna jöfnunaraðgerða, innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar. Allar jöfnunaraðgerðir skulu miðast við samanlagðan gildistíma neyðarráðstöfunar til bráðabirgða og neyðarráðstöfunar.

9. Bráðabirgðaráðstöfunum skal hætt innan 200 daga í síðasta lagi. Gildistími slíkrar bráðabirgðaráðstöfunar skal rúmast innan gildistíma þeirrar ráðstöfunar er um getur í 5. mgr. og framlengingar sem kann að verða ákveðin á honum. Endurgreiða skal tollahækkanir þegar í stað leiði sú athugun sem lýst er í 2. mgr. ekki í ljós að skilyrðum 1. mgr. sé fullnægt.

10. Fimm árum eftir gildistöku þessa samnings skulu samningsaðilarnir endurskoða innan sameiginlegu nefndarinnar hvort þörf sé á að viðhalda þeim kosti að grípa til tvíhliða verndarráðstafana þeirra á milli. Ef samningsaðilarnir ákveða, að lokinni fyrstu endurskoðun, að viðhalda fyrrnefndum kosti skal endurskoðun fara fram í sameiginlegu nefndinni annað hvert ár eftir það.

measure is taken may take compensatory action. The bilateral safeguard measure and the compensatory action shall be immediately notified to the other Parties and the Joint Committee. In the selection of the bilateral safeguard measure and the compensatory action, priority must be given to the measure which least disturbs the functioning of this Agreement. The compensatory action shall normally consist of suspension of concessions having substantially equivalent trade effects or concessions substantially equivalent to the value of the additional duties expected to result from the bilateral safeguard measure. The Party taking compensatory action shall apply the action only for the minimum period necessary to achieve the substantially equivalent trade effects and in any event, only while the measure under paragraph 4 is being applied.

7. Upon the termination of the measure, the rate of customs duty shall be the rate which would have been in effect but for the measure.

8. In critical circumstances, where delay would cause damage which would be difficult to repair, a Party may take a provisional emergency measure pursuant to a preliminary determination that there is clear evidence that increased imports constitute a substantial cause of serious injury, or threat thereof, to the domestic industry. The Party intending to take such a measure shall immediately notify the other Parties and the Joint Committee thereof. Within 30 days of the date of the notification, the procedures set out in paragraphs 2 to 6, including for compensatory action, shall be initiated. Any compensation shall be based on the total period of application of the provisional emergency measure and of the emergency measure.

9. Any provisional measure shall be terminated within 200 days at the latest. The period of application of any such provisional measure shall be counted as part of the duration of the measure set out in paragraph 5 and any extension thereof. Any tariff increases shall be promptly refunded if the investigation described in paragraph 2 does not result in a finding that the conditions of paragraph 1 are met.

10. Five years after the date of entry into force of this Agreement, the Parties shall review in the Joint Committee whether there is need to maintain the possibility to take safeguard measures between them. If the Parties decide, after the first review, to maintain such possibility, they shall thereafter conduct biennial reviews of this matter in the Joint Committee.

21. gr.
Almennar undantekningar.

Ákvæði XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar almennar undantekningar og eru þau hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

ARTICLE 21
General Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of general exceptions shall be governed by Article XX of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

22. gr.
Undantekningar af öryggisástæðum.

Ákvæði XXI. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar undantekningar öryggis vegna og eru þau hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

ARTICLE 22
Security Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of security exceptions shall be governed by Article XXI of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

3. KAFLI
HUGVERKAVERND

23. gr.
Hugverkavernd.

1. Samningsaðilunum ber að gera ráðstafanir til að veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar, þar með taldar ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, einkum eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, V. viðauka og þá alþjóðasamninga sem um getur í honum.
2. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila óhagstæðari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu veittar í samræmi við efnisleg ákvæði 3. og 5. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur „samningurinn um hugverkarétt í viðskiptum“).
3. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu vera í samræmi við efnisákvæði samningsins um hugverkarétt í viðskiptum, einkum 4. og 5. gr.
4. Samningsaðilarnir samþykkja, að fram kominni beiðni samningsaðila til sameiginlegu nefndarinnar, að endurskoða ákvæðin um vernd hugverkaréttinda í þessari grein og í V. viðauka með það í huga að auka þá vernd sem þeir veita enn frekar og forðast eða ráða bót á röskun í viðskiptum sem stafar af verndun hugverkaréttinda eins og hún er nú.

CHAPTER 3
PROTECTION OF INTELLECTUAL PROPERTY

ARTICLE 23
Protection of Intellectual Property

1. The Parties shall grant and ensure adequate, effective and non-discriminatory protection of intellectual property rights, and provide for measures for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Article, Annex V and the international agreements referred to therein.
2. The Parties shall accord to each other's nationals treatment no less favourable than that they accord to their own nationals. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of Articles 3 and 5 of the WTO Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (hereinafter referred to as "the TRIPS Agreement").
3. The Parties shall grant to each other's nationals treatment no less favourable than that accorded to nationals of any other State. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of the TRIPS Agreement, in particular Articles 4 and 5 thereof.
4. The Parties agree, upon request of any Party to the Joint Committee, to review the provisions on the protection of intellectual property rights contained in the present Article and in Annex V, with a view to further improving the level of protection they provide for and to avoiding or remedying trade distortions caused by actual levels of protection of intellectual property rights.

4. KAFLI
FJÁRFESTINGAR, ÞJÓNUSTA OG OPINBER INNKAUP

24. gr.

Fjárfestingar.

1. Samningsaðilarnir skulu leitast við að skapa stöðug, sanngjörn og gagnsæ skilyrði fyrir fjárfesta hinna samningsaðilanna sem fjárfesta eða hyggjast fjárfesta á yfirráðasvæðum þeirra.

2. Samningsaðilarnir skulu leyfa fjárfestingar fjárfesta hinna samningsaðilanna í samræmi við lög sín og reglur. Þeir viðurkenna að óviðeigandi er að hvetja til fjárfestinga með því að draga úr kröfum um heilsufar og öryggi eða kröfum á sviði umhverfismála.

3. Samningsaðilarnir viðurkenna að mikilvægt er að auka flæði fjárfestinga og tækniþekkingar í þágu hagvaxtar og framþróunar. Samvinna á þessu sviði getur falist í:

a) að finna réttar leiðir til að koma auga á tækifæri til fjárfestinga og upplýsingarásir um þær reglur sem gilda um fjárfestingar,
b) upplýsingaskiptum um ráðstafanir til að stuðla að fjárfestingum erlendis og
c) að þróa lagaumhverfi sem hvetur til aukins flæðis fjárfestinga.

4. Samningsaðilarnir staðfesta vilja sinn til að endurskoða mál sem tengjast fjárfestingum innan sameiginlegu nefndarinnar eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þessa samnings, m.a. staðfesturétt fjárfesta eins samningsaðila á yfirráðasvæði annars samningsaðila.

5. Albanía, annars vegar, og Ísland, Furstadæmið Liechtenstein og Ríkjasambandið Sviss, hins vegar, skulu láta vera að grípa til geðþóttaráðstafana eða ráðstafana sem leiða til mismununar að því er varðar fjárfestingar fjárfesta annars samningsaðila sem um getur í þessari málsgrein og virða hverja þá skuldbindingu sem þau hafa tekið á sig varðandi tiltekna fjárfestingu fjárfestis annars samningsaðila sem um getur í þessari málsgrein.

25. gr.

Þjónustuviðskipti.

1. Samningsaðilarnir skulu stefna að því að auka í áföngum frelsi og opna markaði sína í þjónustuviðskiptum í samræmi við ákvæði hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (hér á eftir nefndur „samningurinn um þjónustuviðskipti“ (GATS)), með hliðsjón af þeirri vinnu sem nú fer fram á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

2. Ef samningsaðili veitir, eftir að þessi samningur öðlast gildi, aðila, sem stendur utan þessa samnings, aukinn ávinning með tilliti til aðgangs að þjónustu-

CHAPTER 4
INVESTMENT, SERVICES AND GOVERNMENT PROCUREMENT

ARTICLE 24

Investment

1. The Parties shall endeavour to provide in their territories stable, equitable and transparent investment conditions for investors of the other Parties that are making or seeking to make investments in their territories.

2. The Parties shall admit investments by investors of the other Parties in accordance with their laws and regulations. They recognise that it is inappropriate to encourage investment by relaxing health, safety or environmental standards.

3. The Parties recognise the importance of promoting investment and technology flows as a means for achieving economic growth and development. Cooperation in this respect may include:

(a) appropriate means of identifying investment opportunities and information channels on investment regulations;
(b) exchange of information on measures to promote investment abroad; and
(c) the furthering of a legal environment conducive to increased investment flows.

4. The Parties affirm their commitment to review issues related to investment in the Joint Committee no later than five years after the entry into force of this Agreement, including the right of establishment of investors of one Party in the territory of another Party.

5. Albania, on the one part, and Iceland, the Principality of Liechtenstein, and the Swiss Confederation, on the other, shall refrain from arbitrary or discriminatory measures regarding investments by investors of another Party mentioned in this paragraph and shall observe any obligation they have entered into with regard to a specific investment by an investor of another Party mentioned in this paragraph.

ARTICLE 25

Trade in Services

1. The Parties shall aim at achieving gradual liberalisation and the opening of their markets for trade in services in accordance with the provisions of the General Agreement on Trade in Services (hereinafter referred to as “the GATS”), taking into account ongoing work under the auspices of the WTO.

2. If a Party grants to a non-Party, after the entry into force of this Agreement, additional benefits with regard to the access to its services markets, it

markaði skal hann veita næg tækifæri til samningaviðræðna í því augnamiði að annar samningsaðili geti notið þessa ávinnings með gagnkvæmum hætti.
3. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að endurskoða ákvæði 1. og 2. mgr. í því skyni að koma á samningi um frelsi í þjónustuviðskiptum í samræmi við V. gr. samningsins um þjónustuviðskipti.

shall afford adequate opportunities for negotiations with a view to extending these benefits to another Party on a reciprocal basis.
3. The Parties undertake to keep under review paragraphs 1 and 2 with a view to establishing an agreement on liberalisation of trade in services in accordance with Article V of the GATS.

26. gr.
Opinber innkaup.

1. Samningsaðilarnir skulu efla gagnkvæman skilning á lögum sínum og reglum um opinber innkaup í því skyni að auka stig af stigi viðskiptafrelsi á mörkuðum hvers annars fyrir opinber innkaup, á grundvelli banns við mismunun og á grundvelli gagnkvæmni.
2. Samningsaðilarnir skulu, í því skyni að auka gagnsæi, gefa út lög sín eða veita almenningi, með öðrum hætti, aðgang að lögum sínum, reglum og almennum stjórnsýsluúrskurðum og milliríkjasamningum sem kunna að hafa áhrif á markaði þeirra fyrir opinber innkaup. Samningsaðilarnir skulu þegar í stað svara sértækum spurningum og veita hver öðrum, að fenginni beiðni þar um, upplýsingar um málefni sem um getur í þessari málsgrein.
3. Ef samningsaðili veitir, eftir að þessi samningur öðlast gildi, aðila, sem stendur utan þessa samnings, aukinn ávinning með tilliti til aðgangs að markaði fyrir opinber innkaup skal hann samþykkja að ganga til samningaviðræðna í því augnamiði að annar samningsaðili geti notið þess ávinnings með gagnkvæmum hætti.

ARTICLE 26
Government Procurement

1. The Parties shall enhance their mutual understanding of their government procurement laws and regulations with a view to progressively liberalising their respective procurement markets on the basis of non-discrimination and reciprocity.

2. In order to improve transparency, the Parties shall publish their laws, or otherwise make publicly available their laws, regulations and administrative rulings of general application as well as their respective international agreements that may affect their procurement markets. The Parties shall promptly respond to specific questions and provide, upon request, information to each other on matters referred to in this paragraph.
3. If a Party grants to a non-Party, after the entry into force of this Agreement, additional benefits with regard to the access to its procurement markets, it shall agree to enter into negotiations with a view to extending these benefits to another Party on a reciprocal basis.

5. KAFLI
GREIÐSLUR VEGNA VIÐSKIPTA OG FJÁRMAGNSFLUTNINGA

27. gr.
Greiðslur vegna yfirstandandi viðskipta.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig, með fyrirvara um ákvæði 29. gr., til að heimila að allar greiðslur í yfirstandandi viðskiptum geti farið fram í auðskiptanlegum gjaldmiðli.

28. gr.
Fjármagnsflutningar.

1. Samningsaðilarnir skulu tryggja frjálsar yfirfærslur á fé, sem er notað til að fjárfesta í félögum sem eru stofnuð samkvæmt lögum þeirra, ágóða af rekstri slíkra félaga og fjármunum sem eftir standa við lok fjárfestinga.
2. Samningsaðilarnir skulu efna til samráðs í því skyni að greiða fyrir fjármagnsflutningum milli Albaníu og EFTA-ríkjanna og ná fram fullkomnu frelsi í þeim, strax og aðstæður leyfa.

CHAPTER 5
PAYMENTS AND CAPITAL MOVEMENTS

ARTICLE 27
Payments for Current Transactions

Subject to the provisions of Article 29, the Parties undertake to allow all payments for current transactions to be made in a freely convertible currency.

ARTICLE 28
Capital Movements

1. The Parties shall ensure that capital for investments made in companies formed in accordance with their laws, any returns stemming therefrom, and the amounts resulting from liquidations of investments are freely transferable.
2. Parties shall hold consultations with a view to facilitating the movement of capital between Albania and the EFTA States and achieve its complete liberalisation as soon as conditions permit.

29. gr.
Erfiðleikar viðvíkjandi greiðslujöfnuði.

Eigi Albanía eða EFTA-ríki í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð, eða sé hætta á að slíkir erfiðleikar komi upp, getur Albanía eða hlutaðeigandi EFTA-ríki, eftir því sem við á og samkvæmt þeim skilmálum sem mælt er fyrir um í GATT-samningnum frá 1994 og VIII. og XIV. gr. stofnsamþykktar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, gert takmarkandi ráðstafanir viðvíkjandi greiðslum vegna yfirstandandi viðskipta, ef þær ráðstafanir eru bráðnauðsynlegar. Albanía eða hlutaðeigandi EFTA-ríki, eftir því sem við á, ber að tilkynna hinum samningsaðilanum þegar í stað um slíka ráðstöfun og leggja fram, eins fljótt og unnt er, tímaáætlun um afnám þeirra.

ARTICLE 29
Balance of Payments Difficulties

Where Albania or an EFTA State is in serious balance of payments difficulties, or under threat thereof, Albania or the EFTA State concerned, respectively, may, in conformity with the conditions laid down within the framework of the GATT and in Articles VIII and XIV of the Statutes of the International Monetary Fund, take restrictive measures with regard to current payments if such measures are strictly necessary. Albania or the EFTA State concerned, as the case may be, shall inform the other Parties immediately of such a measure and shall provide as soon as possible a timetable for their removal.

30. gr.
Nánari útskýringar.

Litið er svo á að skuldbindingarnar, sem tíundaðar eru í þessum kafla, séu með fyrirvara um sanngjarna og óhlutdræga beitingu ráðstafana sem gerðar eru í góðri trú samkvæmt úrskurði dómstóla eða dómum og í kjölfar málsmeðferðar innan stjórnsýslu. Enn fremur er litið svo á að réttur fjárfestis til frjálsra flutninga fjármagns í tengslum við fjárfestingu sína sé með fyrirvara um hugsanlegar skuldbindingar slíks fjárfestis að því er skattheimtu varðar.

ARTICLE 30
Clarifications

It is understood that the obligations stated in this Chapter are without prejudice to the equitable, non-discriminatory and good faith application of measures pursuant to court orders or judgements and administrative proceedings. It is also understood that the right of an investor to freely transfer amounts in relation to his investment is without prejudice to any fiscal obligation such an investor may have.

6. KAFLI
STOFNANAÁKVÆÐI

31. gr.
Sameiginlega nefndin.

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót sameiginlegri nefnd Albaníu og EFTA. Í henni eiga sæti fulltrúar samningsaðilanna og skulu ráðherrar eða háttsettir embættismenn, sem þeir tilnefna í þessum tilgangi, gegna formennsku í henni.
2. Sameiginlega nefndin skal:
a) hafa umsjón með og endurskoða framkvæmd þessa samnings, m.a. með því að fara ítarlega yfir beitingu ákvæða hans, með tilhlýðilegu tilliti til sérstakrar endurskoðunar sem fjallað er um í þessum samningi,
b) hafa til endurskoðunar hvort unnt sé að afnema frekar viðskiptahindranir og aðrar takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum milli Albaníu og EFTA-ríkjanna,
c) hafa umsjón með frekari þróun þessa samnings,
d) hafa yfirumsjón með starfi allra undirnefnda og vinnuhópa sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi,
e) leitast við að leysa deilumál sem upp kunna að

CHAPTER 6
INSTITUTIONAL PROVISIONS

ARTICLE 31
The Joint Committee

1. The Parties hereby establish the Albania-EFTA Joint Committee. It shall be composed of representatives of the Parties, which shall be headed by Ministers or by senior officials delegated by them for this purpose.
2. The Joint Committee shall:
(a) supervise and review the implementation of this Agreement, *inter alia* by means of a comprehensive review of the application of the provisions of this Agreement, with due regard to any specific reviews contained in this Agreement;
(b) keep under review the possibility of further removal of barriers to trade and other restrictive measures concerning trade between Albania and the EFTA States;
(c) oversee the further development of this Agreement;
(d) supervise the work of all sub-committees and working groups established under this Agreement;
(e) endeavour to resolve disputes that may arise re-

koma í tengslum við túlkun eða beitingu þessa samnings,

f) hafa yfirumsjón með framkvæmd ákvæða 5. gr. og

g) taka til umfjöllunar hvert það mál annað sem kann að hafa áhrif á framkvæmd þessa samnings.

3. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á sér til aðstoðar við störfin. Undirnefndirnar og vinnuhóparnir skulu starfa í umboði sameiginlegu nefndarinnar, nema kveðið sé sérstaklega á um annað í þessum samningi.

4. Sameiginlega nefndin skal taka ákvarðanir eins og kveðið er á um í þessum samningi og getur lagt fram tilmæli sem eru samþykkt með almennu samkomulagi.

5. Sameiginlega nefndin skal koma saman innan eins árs frá gildistöku þessa samnings. Hún skal þaðan í frá koma saman samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi og þegar nauðsyn krefur en að öllu jöfnu annað hvert ár. Albanía og eitt EFTA-ríkjanna skulu fara sameiginlega með fundarstjórn á fundum sameiginlegu nefndarinnar. Sameiginlega nefndin setur sér starfsreglur.

6. Samningsaðili getur, hvenær sem er, farið fram á sérstakan fund í sameiginlegu nefndinni með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna. Slíkur fundur skal haldinn innan 30 daga frá því að beiðni berst, nema samningsaðilar komi sér saman um annað.

7. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að breyta viðaukum og bókunum við þennan samning. Hún getur ákveðið gildistökudag slíkra ákvarðana, sbr. þó ákvæði 8. mgr.

8. Ef fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni hefur samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að stjórnskipuleg skilyrði séu uppfyllt, skal ákvörðunin öðlast gildi á þeim degi þegar síðasti samningsaðilinn tilkynnir að innlend skilyrði hans hafi verið uppfyllt, nema síðari dagsetning sé tilgreind í ákvörðuninni sjálfri. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að ákvörðunin skuli öðlast gildi að því er varðar þá samningsaðila sem hafa uppfyllt innlend skilyrði sín, að því tilskildu að Albanía sé einn þessara samningsaðila. Samningsaðila er heimilt að beita ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar til bráðabirgða þar til ákvörðunin öðlast gildi gagnvart þeim samningsaðila, með fyrirvara um stjórnskipuleg skilyrði hans.

garding the interpretation or application of this Agreement;

(f) oversee the implementation of Article 5; and

(g) consider any other matter that may affect the operation of this Agreement.

3. The Joint Committee may decide to set up such sub-committees and working groups as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks. Except where otherwise provided for in this Agreement, the sub-committees and working groups shall work under a mandate established by the Joint Committee.

4. The Joint Committee shall take decisions as provided for in this Agreement, and may make recommendations, by consensus.

5. Joint Committee shall meet within one year of the entry into force of this Agreement. Thereafter, it shall meet whenever necessary upon mutual agreement but normally every two years. Its meetings shall be chaired jointly by Albania and one of the EFTA States. The Joint Committee shall establish its rules of procedure.

6. Each Party may request at any time, through a notice in writing to the other Parties, that a special meeting of the Joint Committee be held. Such a meeting shall take place within 30 days of receipt of the request, unless the Parties agree otherwise.

7. The Joint Committee may decide to amend the Annexes and Protocols to this Agreement. Subject to paragraph 8, it may set a date for the entry into force of such decisions.

8. If a representative of a Party in the Joint Committee has accepted a decision subject to the fulfilment of constitutional requirements, the decision shall enter into force on the date that the last Party notifies that its internal requirements have been fulfilled, unless the decision itself specifies a later date. The Joint Committee may decide that the decision shall enter into force for those Parties that have fulfilled their internal requirements, provided that Albania is one of those Parties. A Party may apply a decision of the Joint Committee provisionally until such decision enters into force for that Party, subject to its constitutional requirements.

7. KAFLI
LAUSN DEILUMÁLA

32. gr.

Samráð.

1. Komi í ljós að túlkun, framkvæmd og beiting þessa samnings sé með mismunandi hætti skulu samningsaðilarnir, á grundvelli samvinnu og samráðs, gera sitt ýtrasta til að finna lausn sem samningsaðilar geta sætt sig við.
2. Samningsaðili getur, með skriflegum hætti, farið fram á samráð við annan samningsaðila um ráðstafanir sem hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar eða önnur málefni sem hann telur að haft geti áhrif á framkvæmd þessa samnings. Samningsaðili, sem fer fram á samráð, skal jafnframt tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um það og veita allar viðeigandi upplýsingar.
3. Efna skal til samráðs í sameiginlegu nefndinni ef einhver samningsaðilanna fer fram á það innan 20 daga frá viðtöku tilkynningarinnar, sem um getur í 2. mgr., með það í huga að finna lausn sem allir samningsaðilar geta sætt sig við. Ef samningsaðili, sem beiðni er beint til skv. 2. mgr., eða þessari málsgrein svarar ekki innan tíu daga, eða hefur ekki viðræður innan 20 daga frá móttöku beiðninnar, hefur samningsaðilinn, sem ber fram beiðnina, rétt til að krefjast þess að gerðardómur sé stofnaður samkvæmt ákvæðum 33. gr.

33. gr.

Gerðardómsmeðferð.

1. Deilur milli samningsaðila, sem lúta að túlkun á réttindum og skyldum samkvæmt samningi þessum og sem ekki hefur tekist að leysa í beinum viðræðum í sameiginlegu nefndinni innan 60 daga frá viðtöku beiðni um samráð, getur sá samningsaðili sem ber fram kvörtun lagt málið í gerð með skriflegri tilkynningu til samningsaðilans sem kvörtun beinist gegn. Afrit af tilkynningunni skal einnig sent til allra annarra samningsaðila þannig að hver þeirra um sig geti ákveðið hvort hann vilji eiga hlut að deilunni.
2. Ef fleiri en einn samningsaðili fer fram á stofnun gerðardóms vegna sama máls er unnt að stofna einn gerðardóm til að fjalla um slíkar deilur þegar það er gerlegt.[1]

[1] Í þessum kafla eru hugtökin „samningsaðili“ og „deiluaðili“ notuð án tillits til þess hvort tveir eða fleiri samningsaðilar eiga hlut að deilumáli.

CHAPTER 7
DISPUTE SETTLEMENT

ARTICLE 32

Consultations

1. In case of any divergence with respect to the interpretation, implementation and application of this Agreement, the Parties shall make every attempt through cooperation and consultations to arrive at a mutually satisfactory solution.
2. Any Party may request in writing consultations with any other Party regarding any actual or proposed measure or any other matter that it considers might affect the operation of this Agreement. The Party requesting consultations shall at the same time notify the other Parties in writing thereof and supply all relevant information.

3. The consultations shall take place in the Joint Committee if any of the Parties so requests within 20 days from the receipt of the notification referred to in paragraph 2, with a view to finding a commonly acceptable solution. If the Party to which a request in accordance with paragraph 2 or this paragraph is made does not reply within ten days or does not enter into consultations within 20 days after receipt of the request, the Party making the request is entitled to request the establishment of an arbitration panel in accordance with Article 33.

ARTICLE 33

Arbitration

1. Disputes between the Parties relating to the interpretation of rights and obligations under this Agreement, which have not been settled through direct consultations or in the Joint Committee within 60 days from the date of the receipt of the request for consultations, may be referred to arbitration by the complaining Party by means of a written notification addressed to the Party complained against. A copy of this notification shall be communicated to all other Parties so that each of those Parties may determine whether to participate in the dispute.
2. Where more than one Party requests the establishment of an arbitration panel relating to the same matter, a single arbitration panel may, whenever feasible, be established to consider such disputes.[1]

[1] For the purpose of this Chapter, the terms ”Party” and ”party to the dispute” are used regardless of whether two or more Parties are involved in a dispute.

3. Samningsaðili, sem er ekki deiluaðili, skal, samhliða því að afhenda deiluaðilum skriflega beiðni, eiga rétt á að leggja skrifleg gögn fyrir gerðardóminn, fá afhent skrifleg gögn, þ.m.t. viðaukar, sem deiluaðilar leggja fram, vera viðstaddur málsmeðferð og gefa munnlegar yfirlýsingar.
4. Þrír menn skipa gerðardóminn. Í skriflegri tilkynningu skv. 1. mgr. þessarar greinar skal samningsaðilinn, sem leggur deiluna í gerð, tilnefna einn gerðarmann sem getur haft ríkisfang eða heimilisfesti hjá honum. Samningsaðili, sem tilkynningu er beint til, skal síðan tilnefna, innan 30 daga frá því að tilkynningin, sem um getur í 1. mgr. berst, einn gerðarmann getur haft ríkisfang eða heimilisfesti hjá honum.
5. Gerðarmennirnir tveir, sem hafa þegar verið tilnefndir, skulu, innan 60 daga frá móttöku tilkynningarinnar er um getur í 1. mgr., koma sér saman um tilnefningu þriðja gerðarmannsins. Þriðji gerðarmaðurinn skal hvorki vera ríkisborgari deiluaðila né hafa heimilisfesti á yfirráðasvæði hvorugs þeirra. Sá gerðarmaðurinn sem þannig er skipaður skal gegna formennsku í gerðardóminum.
6. Hafi þessir þrír gerðarmenn ekki verið tilnefndir eða skipaðir innan 60 daga frá móttöku þeirrar tilkynningar er um getur í 1. mgr. getur hvor deiluaðili sem er farið þess á leit við framkvæmdastjóra Alþjóðagerðardómsins í Haag að hann tilnefni valdaaðila til að annast skipanir.
7. Gerðardómur skal taka til meðferðar það mál sem um getur í beiðni um stofnun gerðardóms með hliðsjón af þeim ákvæðum þessa samnings sem er beitt, og þau túlkuð, í samræmi við reglur um túlkun þjóðaréttar. Úrskurður gerðardóms er endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila.

8. Hinar valkvæðu reglur um lausn deilumála tveggja ríkja sem eiga aðild að Alþjóðagerðardóminum í Haag (PCA), sem gengu í gildi 20. október 1992, gilda, nema annað sé tekið fram í þessum samningi eða deiluaðilar komi sér saman um annað.

3. A Party that is not a party to the dispute shall be entitled, on delivery of a written request to the parties to the dispute, to make written submissions to the arbitration panel, receive written submissions, including annexes, from the parties to the dispute, attend hearings and make oral statements.
4. The arbitration panel shall comprise three members. In its written notification pursuant to paragraph 1 of this Article the Party referring the dispute to arbitration shall designate one member, who may be its national or resident. Within 30 days from the receipt of the notification referred to in paragraph 1 of this Article, the Party to which it was addressed shall, in turn, designate one member, who may be its national or resident.
5. Within 60 days from the receipt of the notification referred to in paragraph 1 of this Article, the two members already designated shall agree on the designation of a third member. The third member shall not be a national of either party to the dispute, nor permanently reside on the territory of either party to the dispute. The member thus appointed shall be the President of the arbitration panel.
6. If all three members have not been designated or appointed within 60 days from the receipt of the notification referred to in paragraph 1, either party to the dispute may request the Secretary–General of the Permanent Court of Arbitration at the Hague to designate an appointing authority.
7. The arbitration panel shall examine the matter referred to it in the request for the establishment of an arbitration panel in light of the provisions of this Agreement applied and interpreted in accordance with the rules of interpretation of public international law. The award of the arbitration panel shall be final and binding upon the parties to the dispute.
8. Unless otherwise specified in this Agreement or agreed between the parties to the dispute, the Optional Rules for Arbitrating Disputes between Two States of the Permanent Court of Arbitration (PCA), effective 20 October 1992, shall apply.

34. gr.
Fullnusta gerðardómsúrskurðar.

1. Viðkomandi samningsaðili skal hlíta úrskurði gerðardóms án tafar. Ef ekki reynist unnt að hlíta úrskurði gerðardóms án tafar, skulu deiluaðilar leitast við að semja um hæfilegan frest til þess. Liggi slíkt samkomulag ekki fyrir innan 30 daga frá dagsetningu gerðardómsúrskurðar, getur annar deiluaðila farið fram á, innan 10 daga áður en fresturinn rennur út, að upphaflegi gerðardómurinn úrskurði um hæfilegan frest.

ARTICLE 34
Implementation of the Award

1. The Party concerned shall promptly comply with the award of the arbitration panel. If it is impracticable to comply immediately, the parties to the dispute shall endeavour to agree on a reasonable period of time to do so. In the absence of such agreement within 30 days from the date of the award, either party to the dispute may, within 10 days from the expiration of such period, request the original arbitration panel to determine the length of the reasonable period of time.

2. Viðkomandi samningsaðili skal tilkynna hinum deiluaðilanum um þá ráðstöfun sem samþykkt hefur verið til fullnustu gerðardómsúrskurðar.
3. Hlíti viðkomandi samningsaðili ekki gerðardómsúrskurði innan hæfilegs tíma og hafi deiluaðilar ekki komið sér saman um neinar bætur getur hinn deiluaðilinn, þar til gerðardómsúrskurði hefur verið hlítt eða deilumálið er leyst með öðrum hætti og að því tilskildu að hann tilkynni um það með 30 daga fyrirvara, frestað þeim ávinningi sem þessi samningur veitir, en einungis að jafngildi þess ávinnings sem ráðstöfunin, sem gerðardómur hefur komist að niðurstöðu um að brjóti í bága við ákvæði þessa samnings, hefur haft áhrif á.
4. Gerðardómurinn skal leysa öll deilumál, sem varða fullnustu úrskurðar hans eða þá frestun sem hefur verið tilkynnt, að beiðni annars deiluaðilans áður en unnt er að sækja bætur eða fresta þeim tímabundið. Gerðardómur getur einnig úrskurðað um það hvort framkvæmdarráðstafanir, sem samþykktar eru eftir tímabundna niðurfellingu ávinnings, samræmist gerðardómsúrskurðinum og hvort fella beri úr gildi tímabundna niðurfellingu ávinnings eða breyta henni. Úrskurður gerðardóms samkvæmt þessari málsgrein skal að öllu jöfnu felldur innan 45 daga frá þeim degi er beiðninni er veitt viðtaka.

2. The Party concerned shall notify the other party to the dispute of the measure adopted in order to implement the award.
3. If the Party concerned fails to comply with the award within a reasonable period of time and the parties to the dispute have not agreed on any compensation, the other party to the dispute may, until the award has been properly implemented or the dispute has been otherwise resolved, and subject to a prior notification of 30 days, suspend the application of benefits granted under this Agreement, but only equivalent to those affected by the measure that the arbitration panel has found to violate this Agreement.
4. Any dispute regarding the implementation of the award or the notified suspension shall be decided by the arbitration panel upon request of either party to the dispute before compensation can be sought or suspension of benefits can be applied. The arbitration panel may also rule on the conformity with the award of any implementing measures adopted after the suspension of benefits and whether the suspension of benefits should be terminated or modified. The ruling of the arbitration panel under this paragraph shall normally be given within 45 days from the date of receipt of the request.

8. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

35. gr.
Efndir skuldbindinga.

Samningsaðilarnir skulu gera allar almennar eða sértækar ráðstafanir til að efna skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi.

36. gr.
Viðaukar og bókanir.

Viðaukar og bókanir við samning þennan, að meðtöldum viðbætum, eru óaðskiljanlegur hluti hans.

37. gr.
Þróunarákvæði.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að endurskoða þennan samning í ljósi frekari þróunar efnahagslegra samskipta á alþjóðavettvangi, svo sem innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og kanna, í ljósi þeirra þátta sem máli skipta, tækifæri á að þróa og styrkja frekar þá samvinnu sem til hefur verið stofnað með þessum samningi og færa hana út til sviða sem samningurinn tekur ekki til. Sameiginlega nefndin getur kannað þennan kost og lagt fyrir samningsaðila tillögur, þegar það á við, einkum með það fyrir augum að samningsviðræður verði hafnar.

CHAPTER 8
FINAL PROVISIONS

ARTICLE 35
Fulfilment of Obligations

The Parties shall take any general or specific measures required to fulfil their obligations under this Agreement.

ARTICLE 36
Annexes and Protocols

The Annexes and Protocols to this Agreement, including their Appendices, are an integral part of this Agreement.

ARTICLE 37
Evolutionary Clause

1. The Parties undertake to review this Agreement in light of further developments in international economic relations, *inter alia*, in the framework of the WTO, and to examine in this context and in light of any relevant factor the possibility of further developing and deepening their co-operation under this Agreement and to extend it to areas not covered therein. The Joint Committee may examine this possibility and, where appropriate, make recommendations to the Parties, particularly with a view to opening up negotiations.

2. Samningar á grundvelli þeirrar málsmeðferðar sem um getur í 1. mgr. eru með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki samningsaðilanna samkvæmt þeirra eigin málsmeðferðarreglum.

38. gr.
Breytingar.

1. Samningsaðilarnir geta komið sér saman um breytingar á þessum samningi. Breytingarnar öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu, nema samningsaðilarnir ákveði annað.
2. Texta breytinga og skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal afhenda vörsluaðila til vörslu.

39. gr.
Tengsl við aðra milliríkjasamninga.

1. Ákvæði þessa samnings gilda með fyrirvara um réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina og öðrum samningum sem eru gerðir á grundvelli hans og þeir eru aðilar að og öðrum milliríkjasamningum sem þeir eiga aðild að.
2. Þessi samningur kemur ekki í veg fyrir að tollabandalögum, fríverslunarsvæðum og samningum um landamæraviðskipti og öðrum fríðindasamningum verði við haldið eða til þeirra stofnað, svo fremi það hafi ekki áhrif á fyrirkomulag þeirra viðskipta sem kveðið er á um í þessum samningi.
3. Þegar samningsaðili gerist aðili að tollabandalagi eða fríverslunarsamningi við þriðja aðila skal hann, að fram kominni beiðni hvaða annars samningsaðila sem er, reiðubúinn að efna til samráðs við þann samningsaðila sem fer fram á það.

40. gr.
Aðild.

1. Sérhvert ríki, sem gerist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu, getur gerst aðili að samningi þessum, svo fremi sameiginlega nefndin samþykki aðild þess með þeim kjörum og skilyrðum sem þessi ríki og samningsaðilarnir verða ásátt um. Skjal um aðild skal afhenda vörsluaðila til vörslu.
2. Að því er varðar inngönguríki skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjal þess um aðild hefur verið afhent til vörslu eða þeir samningsaðilar sem fyrir eru hafa samþykkt aðildarskilmála, hvort sem síðar verður.

2. Agreements resulting from the procedure referred to in paragraph 1 shall be subject to ratification, acceptance or approval by the Parties in accordance with their own procedures.

ARTICLE 38
Amendments

1. The Parties may agree on any amendment to this Agreement. Unless otherwise agreed by the Parties, amendments shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval.

2. The text of the amendments as well as the instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.

ARTICLE 39
Relation to Other International Agreements

1. The provisions of this Agreement shall be without prejudice to the rights and obligations of the Parties under the WTO Agreement and the other agreements negotiated thereunder, to which they are a party, and any other international agreement, to which they are a party.
2. This Agreement shall not preclude the maintenance or establishment of customs unions, free trade areas, arrangements for frontier trade and other preferential agreements insofar as they do not have the effect of altering the trade arrangements provided for in this Agreement.
3. When a Party enters into a customs union or free trade agreement with a third party it shall, upon request by any other Party, be prepared to enter into consultations with the requesting Party.

ARTICLE 40
Accession

1. Any State, becoming a Member of the European Free Trade Association may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee approves its accession, on terms and conditions to be agreed upon by the Parties. The instrument of accession shall be deposited with the Depositary.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of accession, or the approval of the terms of accession by the existing Parties, whichever is later.

41. gr.
Úrsögn og gildislok.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt sig frá samningi þessum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Úrsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku.

2. Segi Albanía sig frá samningnum telst hann útrunninn þegar úrsögnin tekur gildi.
3. Segi EFTA-ríki sig frá samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum niður af þeim sökum sama dag og úrsögn tekur gildi.

ARTICLE 41
Withdrawal and Expiration

1. Each Party may withdraw from this Agreement by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect six months after the date on which the notification is received by the Depositary.
2. If Albania withdraws, this Agreement shall expire when its withdrawal becomes effective.
3. Any EFTA State which withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association shall, *ipso facto* on the same day as the withdrawal takes effect, cease to be a Party to this Agreement.

42. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers samningsaðila. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila til vörslu.
2. Samningur þessi skal öðlast gildi 1. apríl 2010 að því er varðar þá samningsaðila sem hafa afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu, eða tilkynnt honum um beitingu samningsins til bráðabirgða, að minnsta kosti tveimur mánuðum fyrir fyrrnefnda dagsetningu og að því tilskildu að Albanía sé í hópi þeirra samningsaðila.
3. Öðlist samningur þessi ekki gildi 1. apríl 2010 öðlast hann gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að Albanía og a.m.k. eitt EFTA-ríki hafa afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.

4. Fyrir EFTA-ríki, sem undirritar samning þennan og afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eftir að samningur þessi öðlast gildi, skal samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að skjal þess um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu.
5. Heimili stjórnskipuleg skilyrði Albaníu eða EFTA-ríki það geta þau beitt samningi þessum til bráðabirgða meðan beðið er fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis viðkomandi samningsaðila. Vörsluaðila skal tilkynnt um það ef ákvæðum þessa samnings er beitt til bráðabirgða.
6. Samningur þessi öðlast ekki gildi og honum skal ekki beitt til bráðabirgða milli Albaníu og EFTA-ríkis nema viðbótarsamningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Albaníu og þess EFTA-ríkis öðlist gildi eða sé beitt til bráðabirgða samtímis. Hann gildir milli Albaníu og viðkomandi

ARTICLE 42
Entry into Force

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval in accordance with the respective constitutional requirements of the Parties. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.
2. This Agreement shall enter into force on 1 April 2010 in relation to those Parties which have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval, or notified provisional application to the Depositary, at least two months before that date, and provided that Albania is among those Parties.

3. In case this Agreement does not enter into force on 1 April 2010 it shall enter into force on the first day of the third month after Albania and at least one EFTA State have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval, or notified provisional application to the Depositary.
4. In relation to an EFTA State depositing its instrument of ratification, acceptance or approval after this Agreement has entered into force, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

5. If its constitutional requirements permit, Albania or any EFTA State may apply this Agreement provisionally pending ratification, acceptance or approval by that Party. Provisional application of this Agreement shall be notified to the Depositary.

6. This Agreement shall not enter into force or be applied provisionally between Albania and an EFTA State unless the complementary agreement on trade in agricultural products between Albania and that EFTA State enters into force or is applied provisionally simultaneously. It shall remain in force between

EFTA-ríkis eins lengi og viðbótarsamningurinn milli þessara samningsaðila er í gildi.

43. gr.
Vörsluaðili.
Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Genf 17. desember 2009 í einu frumriti. Vörsluaðili skal senda öllum samningsaðilunum staðfest endurrit.

Fyrir hönd Íslands _____

Fyrir hönd Lýðveldisins Albaníu _____

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins _____

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs _____

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss _____

Albania and that EFTA State as long as the complementary agreement remains in force between them.

ARTICLE 43
Depositary
The Government of Norway shall act as Depositary.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Geneva, this 17th day of December 2009, in one original. The Depositary shall transmit certified copies to all the Parties.

For Iceland _____

For the Republic of Albania _____

For the Principality of Liechtenstein _____

For the Kingdom of Norway _____

For the Swiss Confederation _____

Fylgiskjal II.

Landbúnaðarsamningur Íslands og lýðveldisins Albaníu.

1. gr.
Gildissvið

Samningur þessi um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Íslands (hér á eftir nefnt „Ísland“) og Lýðveldisins Albaníu (hér á eftir nefnt „Albanía“)er gerður með vísan til fríverslunarsamnings Albaníu og EFTA-ríkjanna sem var undirritaður 17. desember 2009, einkum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 6. gr. þess samnings.

2. gr.
Tollaívilnanir.

Albanía skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir sem eru upprunnar á Íslandi, eins og tilgreint er í 1. viðauka. Ísland skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir sem eru upprunnar í Albaníu, eins og tilgreint er í 2. viðauka.

3. gr.
Upprunareglur og reglur um tollmeðferð.

1. Upprunareglurnar og ákvæðin um samvinnu á sviði tollamála, sem sett eru fram í bókun B við fríverslunarsamninginn, gilda um þennan samning með þeirri undantekningu sem kveðið er á um í 2. mgr. Litið skal svo á að allar vísanir til „EFTA-ríkja“ í þeirri bókun eigi við Ísland.
2. Í samningi þessum gilda ákvæði 3.og 4. gr. bókunar B við fríverslunarsamninginn ekki um framleiðsluvörur sem falla undir þennan samning og eru fluttar út frá einu EFTA-ríki til annars.

4. gr.
Viðræður.

Samningsaðilar skulu skoða þá erfiðleika sem kunna að koma upp í viðskiptum þeirra með landbúnaðarafurðir og freista þess að leita viðunandi lausna.

5. gr.
Aukið frelsi í viðskiptum.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að vinna áfram að því að auka frelsi í viðskiptum sínum með landbúnaðarafurðir, að teknu tilliti til fyrirkomulags slíkra viðskipta sín á milli, þess hve slíkar afurðir eru viðkvæmar og til þróunar í landbúnaðarstefnu hvors aðila um sig. Samningsaðilarnir skulu,

Agreement on Agriculture Between Iceland and the Republic of Albania

ARTICLE 1
Scope

This Agreement concerning trade in agricultural products between Iceland and the Republic of Albania (hereinafter referred to as “Albania”) is concluded further to the Free Trade Agreement between Albania and the EFTA States (hereinafter referred to as “the Free Trade Agreement”), which was signed on 17 December 2009, and in particular pursuant to paragraph 2 of Article 6 of that Agreement.

ARTICLE 2
Tariff Concessions

Albania shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Iceland as specified in Annex 1. Iceland shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Albania as specified in Annex 2.

ARTICLE 3
Rules of Origin and Customs Procedures

1. The rules of origin and the provisions on co-operation in customs matters set out in Protocol B to the Free Trade Agreement shall apply to this Agreement, except as provided for in paragraph 2. Any reference to “EFTA States” in that Protocol shall be taken to refer to Iceland.
2. For the purposes of this Agreement, Articles 3 and 4 of Protocol B to the Free Trade Agreement shall not apply to products covered by this Agreement which are exported from one EFTA State to another.

ARTICLE 4
Dialogue

The Parties shall examine any difficulties that might arise in their trade in agricultural products and shall endeavour to seek appropriate solutions.

ARTICLE 5
Further Liberalisation

The Parties undertake to continue their efforts with a view to achieving further liberalisation of their trade in agricultural products, taking account of the pattern of such trade between them, the particular sensitivities of such products, and the development of agricultural policy on either side. At the

að beiðni hvors aðilans sem er, hafa samráð í þeim tilgangi að ná þessu markmiði, þ.m.t. úrbætur á markaðsaðgangi með því að lækka eða afnema tolla á landbúnaðarvörum og með því að útvíkka vörusvið landabúnaðarafurða sem þessi samningur tekur til.

6. gr.
Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.

Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.

7. gr.
Ákvæði fríverslunarsamningsins.

Ákvæðin um svæðisbundið gildissvið (3. gr.), ríkisstjórnir, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld (4. gr.), takmarkanir á inn- og útflutningi (9. gr.), ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna (11. gr.), tæknilegar reglur (12. gr.) og tvíhliða verndarráðstafanir (20. gr.), auk 7. kafla um lausn deilumála í fríverslunarsamningnum skulu gilda, að breyttu breytanda, milli aðila að þessum samningi.

8. gr.
Gildistaka og tengsl milli þessa samnings og fríverslunarsamningsins.

Samningur þessi öðlast gildi, eða er beitt til bráðabirgða, þann dag þegar fríverslunarsamningurinn öðlast gildi eða er beitt til bráðabirgða milli Albaníu og Íslands. Hann gildir svo lengi sem fríverslunarsamningurinn á milli þeirra er í gildi.

request of either Party, the Parties shall consult to achieve this objective, including through improvements in market access by reduction or elimination of customs duties on agricultural products and through extension of the scope of agricultural products covered by this Agreement.

ARTICLE 6
WTO Agreement on Agriculture

The Parties confirm their rights and obligations under the WTO Agreement on Agriculture.

ARTICLE 7
Provisions of the Free Trade Agreement

The provisions on Territorial Application (Article 3), Central, Regional and Local Government (Article 4), Import and Export Restrictions (Article 9), Sanitary and Phytosanitary Measures (Article 11), Technical Regulations (Article 12), and Bilateral Safeguard Measures (Article 20) as well as Chapter 7 on Dispute Settlement of the Free Trade Agreement shall apply, *mutatis mutandis,* between the Parties to this Agreement.

ARTICLE 8
Entry into Force and Relationship between this Agreement and the Free Trade Agreement

This Agreement shall enter into force on, or be applied provisionally from the same date as the Free Trade Agreement enters into force or is applied provisionally between Iceland and Albania. It shall remain in force as long as the Free Trade Agreement remains in force between them.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Genf, 17. desember 2009, í tveimur frumritum.

Fyrir hönd Íslands _____

Fyrir hönd lýðveldisins Albaníu _____

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Geneva, this 17th day of December 2009, in two originals.

For Iceland _____

For the Republic of Albania _____

1199. Tillaga til þingsályktunar [682. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa og landbúnaðarsamnings milli Íslands og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd annars vegar fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa, sem undirritaður var 22. júní 2009 í Hamar og hins vegar landbúnaðarsamning milli Íslands og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa sem undirritaður var sama dag.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á fríverslunarsamningi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa (Co-Operation Council for the Arab States of the Gulf (GCC) sem Sameinuðu arabísku furstadæmin, Konungsríkið Barein, Konungsríkið Sádi-Arabía, Soldánsveldið Óman, Katar og Kúveit eru aðilar að), hér á eftir nefnd sameiginlega „Flóabandalagið“, sem undirritaður var í Hamar 22. júní 2009. Jafnframt er leitað heimildar til fullgildingar á landbúnaðarsamningi milli Íslands og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa sem undirritaður var sama dag. Meginmál fríverslunarsamningsins er prentað sem fylgiskjal I með tillögu þessari og meginmál landbúnaðarsamningsins sem fylgiskjal II. Viðaukar og bókanir sem fylgja fríverslunarsamningnum og viðaukar við landbúnaðarsamninginn munu liggja frammi í lestrarsal Alþingis.

EFTA-ríkin, Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss, hafa gert 22 fríverslunarsamninga við ríki eða ríkjahópa, að samningnum við Flóabandalagið meðtöldum. Í tengslum við þessa samninga hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar á milli einstakra EFTA-ríkja og hvers ríkis eða ríkjahóps fyrir sig um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur.

Samningaviðræðurnar um fríverslunarsamninginn og landbúnaðarsamninginn tóku tvö ár og lauk þeim í apríl 2008. Fríverslunarsamningurinn er af svokallaðri annarri kynslóð fríverslunarsamninga og inniheldur, auk ákvæða um vöruviðskipti, ákvæði um þjónustuviðskipti, fjárfestingar, hugverkaréttindi, samkeppnismál, opinber innkaup, stofnanaákvæði og ákvæði um lausn ágreiningsmála.

Fríverslunarsamningurinn við Flóabandalagið kveður á um lækkun eða niðurfellingu tolla á iðnaðarvörur, sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur. Þannig munu tollar á sjávarafurðir og allar helstu iðnaðarvörur frá Íslandi falla niður frá gildistöku samningsins eða að loknu fimm ára aðlögunartímabili.

Landbúnaðarsamningurinn milli Íslands og Flóabandalagsins er viðbótarsamningur og gerður með vísan til fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og Flóabandalagsins. Landbúnaðarsamningurinn myndar hluta fríverslunarsvæðisins, ásamt slíkum samningum annars vegar milli Noregs og Flóabandalagsins og hins vegar milli Sviss og Flóabandalagsins, auk fríverslunarsamningsins. Viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur falla undir landbúnaðarsamninginn og kveður hann á um að tollar á tilteknar landbúnaðarvörur verði lækkaðir eða felldir niður. Flóabandalagið mun m.a. fella niður tolla á lifandi hross og íslenskt lambakjöt

frá gildistöku samningsins. Ísland mun m.a. fella niður tolla á ýmsar matjurtir, kaffi, kakó og ávaxtasafa. Landbúnaðarsamningurinn öðlast gildi á sama degi og fríverslunarsamningurinn.

Fylgiskjal I.

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR MILLI EFTA-RÍKJANNA OG AÐILDARRÍKJA SAMSTARFSRÁÐS ARABARÍKJANNA VIÐ PERSAFLÓA

FREE TRADE AGREEMENT BETWEEN THE EFTA STATES AND THE MEMBER STATES OF THE CO-OPERATION COUNCIL FOR THE ARAB STATES OF THE GULF

FORMÁLSORÐ

Lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Ríkjasambandið Sviss (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin“)

og

ríkisstjórnir Sameinuðu arabísku furstadæmanna, Konungsríkisins Bareins, Konungsríkisins Sádi-Arabíu, Soldánsveldisins Ómans, Katars og Kúveit (hér á eftir nefnd sameiginlega „Flóabandalagið“ (GCC) eða hvert fyrir sig „aðildarríki Flóabandalagsins“),

þar sem sérhvert EFTA-ríki og sérhvert aðildarríki Flóabandalagsins er hér á eftir nefnt „samningsaðili“ og saman „samningsaðilarnir“,

SEM KANNAST VIÐ langvarandi vináttu og sterk efnahagsleg og pólitísk tengsl milli aðildarríkja Flóabandalagsins og EFTA-ríkjanna, einkum yfirlýsingu um samstarf, sem var undirrituð í Brussel hinn 23. maí 2000, og sem vilja styrkja þessi tengsl með því að koma á fót fríverslunarsvæði og koma þannig á nánum og varanlegum samskiptum,

SEM ÁRÉTTA stuðning sinn við þær meginreglur og markmið sem eru sett fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennu mannréttindayfirlýsingunni,

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að stuðla að og efla hið marghliða viðskiptakerfi, eins og því er komið á með Alþjóðaviðskiptastofnuninni, með þeim hætti að stuðli að framgangi samvinnu milli svæða og ríkja og ýti þannig undir samstillta þróun og útbreiðslu viðskipta um heim allan,

SEM ERU MEÐVITUÐ um virkan og síbreytilegan alþjóðavettvang sem hnattvæðing og tækniframfarir hafa getið af sér og leggur í hendur samningsaðilun-

PREAMBLE

The Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the Swiss Confederation (hereinafter referred to as “the EFTA States”);

and

the Governments of the United Arab Emirates, the Kingdom of Bahrain, the Kingdom of Saudi Arabia, the Sultanate of Oman, the State of Qatar and the State of Kuwait (hereinafter referred to jointly as “GCC” or severally as the “GCC Member States”);

hereinafter each EFTA State and each GCC Member State being referred to as a “Party” and collectively as “the Parties”.

RECOGNIZING the longstanding friendship and strong economic and political ties between the GCC Member States and the EFTA States, in particular the Declaration on Co-operation signed in Brussels on 23 May 2000, and wishing to strengthen these links through the creation of a free trade area, thus establishing close and lasting relations;

REAFFIRMING their commitment to the principles and objectives set out in the United Nations Charter and the Universal Declaration of Human Rights;

DETERMINED to promote and strengthen the multilateral trading system, as set up through the World Trade Organization (WTO), in a manner conducive to the development of regional and international cooperation, thereby contributing to the harmonious development and expansion of world trade;

CONSCIOUS of the dynamic and rapidly changing global environment brought about by globalization and technological progress presenting various eco-

um margvísleg og krefjandi verkefni og tækifæri sem lúta að fjárhag og skipulagi,

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að þróa og efla efnahags- og viðskiptatengsl sín á milli með viðskiptafrelsi og auknum viðskiptum með vörur og þjónustu, sem þjónar sameiginlegum hagsmunum samningsaðila og færir þeim gagnkvæman ávinning,

SEM ERU ÁKVEÐIN Í að sjá til þess að umhverfi fyrir fjárfestingar sé stöðugt og áreiðanlegt,

SEM ERU ÁKVEÐIN Í að ýta undir skapandi starf og nýsköpun með því að vernda hugverkaréttindi,

SEM HAFA AÐ MARKMIÐI að skapa ný atvinnutækifæri, bæta heilsu og lífskjör, fjölga tækifærum til miðlunar tækniþekkingar og tryggja góðar og auknar rauntekjur á yfirráðasvæðum hvers þeirra um sig með auknum viðskiptum og fjárfestingum,

SEM ÁRÉTTA stuðning sinn við efnahags- og félagslegar framfarir á grundvelli meginþátta viðeigandi samninga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO),

SEM VIÐURKENNA ólíka stöðu samningsaðilanna með tilliti til þróunar og efna,

SEM VIÐURKENNA nauðsyn þess að bæta samkeppnisumhverfi á mörkuðum sínum,

SEM LEITAST VIÐ að varðveita og vernda umhverfið í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun,

SEM ERU SANNFÆRÐ UM að með því að stofnsetja fríverslunarsvæði myndist skilyrði til að stuðla að og þróa efnahags- og viðskiptatengsl milli samningsaðilanna,

HAFA ÁKVEÐIÐ, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér svohljóðandi fríverslunarsamning (hér á eftir nefndur „þessi samningur“):

nomic and strategic challenges and opportunities to the Parties;

DETERMINED to develop and strengthen their economic and trade relations through the liberalization and expansion of trade in goods and services in their common interest and for their mutual benefit;

RESOLVED to ensure a stable and predictable investment environment;

RESOLVED to foster creativity and innovation by protecting intellectual property rights;

AIMING to create new employment opportunities, improve health and living standards, promote opportunities for transfer of technology, and ensure a large and steadily growing volume of real income in their respective territories through the expansion of trade and investment flows;

REAFFIRMING their commitment to economic and social development based on the principles set out in the relevant International Labour Organisation (ILO) Conventions;

ACKNOWLEDGING the differences in the development levels and capacities between the Parties;

RECOGNIZING the need to enhance the competitive environment in their markets;

SEEKING to preserve and protect the environment in accordance with the principle of sustainable development;

CONVINCED that the establishment of a free trade area will provide a more favourable climate for the promotion and development of economic and trade relations between the Parties;

HAVE AGREED, in pursuit of the above, to conclude the following free trade agreement (hereinafter referred to as “this Agreement”):

1. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

GREIN 1.1.
Markmið.

1. EFTA-ríkin og aðildarríki Flóabandalagsins koma hér með á fót fríverslunarsvæði í samræmi við ákvæði þessa samnings.
2. Markmið þessa samnings eru:

CHAPTER 1
GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1.1
Objectives

1. The EFTA States and the GCC Member States hereby establish a free trade area in accordance with the provisions of this Agreement.
2. The objectives of this Agreement are:

a) að auka frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“), eins og mælt er fyrir um í 2. kafla,
b) að auka frelsi í þjónustuviðskiptum í samræmi við V. gr. hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (hér á eftir nefndur „GATS-samningurinn“), eins og mælt er fyrir um í 3. kafla,
c) að stuðla að samkeppni innan efnahagslífs hvers um sig, eins og mælt er fyrir um í 4. kafla,
d) að tryggja fullnægjandi og áhrifaríka vernd hugverkaréttinda, eins og mælt er fyrir um í 5. kafla,
e) að auka enn frekar gagnkvæmt frelsi á mörkuðum samningsaðilanna fyrir opinber innkaup, eins og mælt er fyrir um í 6. kafla, og
f) stuðla, á gagnkvæman hátt, að auknum fjárfestingartækifærum.

(a) to achieve the liberalisation of trade in goods, in conformity with Article XXIV of the General Agreement on Tariffs and Trade (hereinafter referred to as “the GATT 1994”), pursuant to Chapter 2;
(b) to achieve the liberalisation of trade in services, in conformity with Article V of the General Agreement on Trade in Services (hereinafter referred to as “the GATS”), pursuant to Chapter 3;
(c) to promote competition in their economies pursuant to Chapter 4;
(d) to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights, pursuant to Chapter 5;
(e) to achieve further liberalisation on a mutual basis of the government procurement markets of the Parties, pursuant to Chapter 6; and
(f) mutually enhance investment opportunities.

GREIN 1.2.
Landfræðilegt gildissvið.

1. Þessi samningur gildir, með fyrirvara um ákvæði IV. viðauka:
a) um landsvæði, innhöf og landhelgi aðila og loftrými yfir landsvæði aðila, í samræmi við reglur þjóðaréttar, og
b) svæði utan landhelgi með tilliti til ráðstafana sem samningsaðili gerir í krafti fullveldisréttinda sinna eða lögsögu í samræmi við reglur þjóðaréttar.
2. Ákvæði I. viðauka eiga við um Noreg.

ARTICLE 1.2
Geographical Scope

1. Without prejudice to Annex IV, this Agreement shall apply:
(a) to the land territory, internal waters, and the territorial sea of a Party and the air-space above the territory of a Party in accordance with international law; as well as
(b) beyond the territorial sea, with respect to measures taken by a Party in the exercise of its sovereign rights or jurisdiction in accordance with international law.
2. Annex I applies with respect to Norway.

GREIN 1.3.
Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir þennan samning.

Ákvæði þessa samnings eiga við um viðskipta- og efnahagstengsl milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og einstakra aðildarríkja Flóabandalagsins hins vegar eða, þar sem sérstaklega er kveðið á um það, aðildarríkja Flóabandalagsins í heild í nafni Flóabandalagsins. Þessi samningur gildir hvorki um viðskiptatengsl milli EFTA-ríkjanna innbyrðis né um viðskiptatengsl milli aðildarríkja Flóabandalagsins innbyrðis.

ARTICLE 1.3
Trade and Economic Relations Governed by this Agreement

The provisions of this Agreement apply to the trade and economic relations between, on the one side, the individual EFTA States and, on the other side, the individual GCC Member States or, where specifically provided for, the GCC Member States acting jointly as GCC. This Agreement applies neither to the trade relations amongst the EFTA States nor to the trade relations amongst the GCC Member States.

GREIN 1.4.
Tengsl við aðra samninga.

Samningsaðilar árétta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og öðrum samningum á grundvelli hans, sem þeir eru aðilar að, og samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem þeir eiga aðild að.

ARTICLE 1.4
Relationship to Other Agreements

The Parties reaffirm their rights and obligations under the WTO Agreement and the other agreements negotiated thereunder to which they are a party and any other international agreement to which they are a party.

GREIN 1.5.
Svæðisstjórnir og staðbundin stjórnvöld.

1. Hver samningsaðili skal gera ráðstafanir við hæfi sem kunna að vera honum tiltækar til þess að svæðisstjórnir og -yfirvöld og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld virði ákvæði þessa samnings á yfirráðasvæði hans.
2. Túlka ber þetta ákvæði og beita samkvæmt þeim meginreglum sem eru settar fram í a-lið 3. mgr. I. gr. GATS-samningsins og í samkomulaginu um túlkun XXIV. gr. GATT-samningsins frá 1994, eftir atvikum. Ákvæði a-liðar 3. mgr. I. gr. GATS-samningsins og samkomulagsins um túlkun XXIV. gr. GATT-samningsins frá 1994 eru hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

ARTICLE 1.5
Regional and Local Government

1. Each Party shall take such reasonable measures as may be available to it to ensure observance of the provisions of this Agreement by the regional and local governments and authorities within its territory.
2. This provision is to be interpreted and applied in accordance with the principles set out in paragraph 3 (a) of Article I of the GATS and the Understanding on the Interpretation of Article XXIV of the GATT 1994, as applicable. Paragraph 3 (a) of Article I of the GATS and the Understanding on the Interpretation of Article XXIV of the GATT 1994 are hereby incorporated and made part of this Agreement.

GREIN 1.6.
Gagnsæi.

1. Samningsaðilar skulu birta eða veita almenningi með öðrum hætti aðgang að lögum sínum, reglugerðum, dómsúrskurðum og stjórnsýsluákvörðunum sem hafa almennt gildi og alþjóðasamningum sem geta haft áhrif á framkvæmd þessa samnings.

2. Samningsaðilarnir skulu þegar í stað svara sértækum spurningum og veita hver öðrum, að fenginni beiðni, upplýsingar um málefni sem um getur í 1. mgr.

ARTICLE 1.6
Transparency

1. The Parties shall publish or otherwise make publicly available their laws, regulations, judicial decisions and administrative rulings of general application as well as their respective international agreements which may affect the operation of this Agreement.
2. The Parties shall promptly respond to specific questions and provide, upon request, information to each other on matters referred to in paragraph 1.

GREIN 1.7.
Trúnaðarupplýsingar.

1. Sérhver samningsaðili skal viðhalda trúnaði um upplýsingar sem samningsaðilinn, sem upplýsingarnar sendir, hefur skýrgreint trúnaðarmál.
2. Ekkert í þessum samningi skyldar samningsaðila til að láta af hendi trúnaðarupplýsingar, sem myndi hindra að lögum sé framfylgt eða myndi á annan hátt vera andstætt almannahagsmunum eða skaða lögmæta viðskiptahagsmuni atvinnurekenda.

ARTICLE 1.7
Confidential Information

1. Each Party shall maintain the confidentiality of information which the Party submitting the information has designated as confidential.
2. Nothing in this Agreement shall require any Party to disclose confidential information, which would impede law enforcement, or otherwise be contrary to the public interest or would prejudice the legitimate commercial interests of any economic operator.

2. KAFLI
VÖRUVIÐSKIPTI[1]

GREIN 2.1.
Gildissvið.

1. Þessi kafli tekur til:

[1] Í framhaldi af tilurð tollabandalags þess sem var stofnað með samningi frá 29. mars 1923 milli Sviss og Furstadæmisins Liechtensteins kemur Sviss fram fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins í málum sem sá samningur tekur til.

CHAPTER 2
TRADE IN GOODS[1]

ARTICLE 2.1
Scope

1. This Chapter applies to:

[1] As a result of the customs union established by the Treaty of 29 March 1923 between Switzerland and the Principality of Liechtenstein, Switzerland is representing the Principality of Liechtenstein in matters covered thereby.

a) framleiðsluvara, sem um er fjallað í 25. til 97. kafla samræmdu vörulýsingar- og vöruheitaskrárinnar, hér á eftir nefnd „samræmda tollskráin“, að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem eru taldar upp í II. viðauka,
b) unninna landbúnaðarafurða sem tilgreindar eru í III. viðauka, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þess fyrirkomulags er um getur í þeim viðauka,
c) fisks og annarra sjávarafurða, sbr. ákvæði V. viðauka.

2. Flóabandalagið og sérhvert EFTA-ríki hafa gert tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þessir samningar eru hluti af gerningum um stofnun fríverslunarsvæðis EFTA-ríkjanna og Flóabandalagsins.

(a) products falling within Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (hereinafter referred to as “HS”), excluding the products listed in Annex II;

(b) processed agricultural products specified in Annex III, with due regard to the arrangements provided for in that Annex; and
(c) fish and other marine products as provided for in Annex V.

2. GCC and each EFTA State have concluded agreements on trade in agricultural products on a bilateral basis. These agreements form part of the instruments establishing a free trade area between the EFTA States and GCC.

GREIN 2.2.
Tollar.

1. Engir nýir tollar skulu innleiddir í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Flóabandalagsins fyrir utan það sem kveðið er á um í þessum samningi.
2. EFTA-ríkin skulu, frá og með gildistöku þessa samnings, afnema alla innflutningstolla á framleiðsluvöru sem upprunnin er í Flóabandalaginu.
3. Flóabandalagið skal, frá og með gildistöku þessa samnings, afnema alla innflutningstolla á framleiðsluvöru, sem upprunnin er í EFTA-ríkjunum, fyrir utan það sem kveðið er á um í VI. viðauka.
4. Samningsaðila er heimilt að innleiða eða viðhalda útflutningstollum í tengslum við ráðstafanir innanlands, að því marki sem hann telur slíka tolla nauðsynlega. Þessa tolla skal leggja á óháð því hvert senda á vöruna. Samningsaðilarnir skulu tilkynna sameiginlegu nefndinni um alla álagða tolla.
5. Til tolla teljast hvers konar tollar eða gjöld, sem eru lögð á í tengslum við innflutning framleiðsluvöru, einnig hvers konar aukaskattar eða aukagjöld að frátöldum gjöldum sem eru lögð á í samræmi við III. og VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994.

ARTICLE 2.2
Customs Duties

1. No new customs duties shall be introduced in trade between the EFTA States and GCC, except as provided for in this Agreement.
2. The EFTA States shall, on entry into force of this Agreement, abolish all customs duties on imports of originating products from GCC.
3. GCC shall, on entry into force of this Agreement, abolish all customs duties on imports of originating products from the EFTA States, except as provided for in Annex VI.
4. A Party may introduce or maintain duties on exports in conjunction with domestic measures, in so far as it considers that such duties are necessary. Such duties shall be applied irrespective of the destination of the product. The Parties shall inform the Joint Committee of all export duties applied.
5. A customs duty includes any duty or charge of any kind imposed in connection with the importation of a product, including any form of surtax or surcharge, but does not include any charge imposed in conformity with Articles III and VIII of the GATT 1994.

GREIN 2.3.
Magntakmarkanir á inn- og útflutningi.

Ákvæði XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 eru felld inn í þennan samning og eru hluti af honum að breyttu breytanda.

ARTICLE 2.3
Quantitative Restrictions on Import and Export

Article XI of the GATT 1994 is incorporated into and made a part of this Agreement *mutatis mutandis*.

GREIN 2.4.
Innlend meðferð.

Samningsaðilar skulu beita innlendri meðferð skv. III. gr. GATT-samningsins frá 1994, þ.m.t. athugasemdir um túlkun, sem er hér með felld inn í þennan samning og er hluti af honum.

ARTICLE 2.4
National Treatment

The Parties shall apply national treatment in accordance with Article III of the GATT 1994, including its interpretative notes, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

GREIN 2.5.
Upprunareglur og samvinna stjórnvalda.

Í IV. viðauka eru ákvæði um upprunareglur og samvinnu stjórnvalda.

ARTICLE 2.5
Rules of Origin and Methods of Administrative Co-operation

The provisions on rules of origin and methods of administrative co-operation are set out in Annex IV.

GREIN 2.6.
Tollverð.

Samningsaðilarnir ákveði tollverð framleiðsluvara, sem viðskipti fara fram með þeirra á milli, samkvæmt ákvæðum VII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framkvæmd VII. gr. GATT-samningsins frá 1994.

ARTICLE 2.6
Customs Valuation

The Parties shall determine the customs value of goods traded between them in accordance with the provisions of Article VII of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Implementation of Article VII of the GATT 1994.

GREIN 2.7.
Tæknilegar reglur.

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar tæknilegar reglur, staðla og samræmismat, í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir (sem nefnist hér á eftir „samningurinn um tæknilegar viðskiptahindranir“).
2. Samningsaðilarnir skulu auka samvinnu sín á milli á sviði tæknilegra reglna, staðla og samræmismats með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum hvers þeirra um sig og auðvelda aðgang að mörkuðum þeirra.
3. Samningsaðilarnir samþykkja, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr., að hafa samráð á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar, telji samningsaðili að EFTA-ríki eða Flóabandalagið hafi gert ráðstafanir, sem gætu skapað eða hafa skapað viðskiptahindrun, til að finna viðeigandi lausn í samræmi við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir.

ARTICLE 2.7
Technical regulations

1. The rights and obligations of the Parties in respect of technical regulations, standards and conformity assessment shall be governed by the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade (hereinafter referred to as “the TBT Agreement”).

2. The Parties shall strengthen their co-operation in the field of technical regulations, standards and conformity assessment, with a view to increasing the mutual understanding of their respective systems and facilitating access to their respective markets.
3. Without prejudice to paragraph 1, the Parties agree to hold consultations in the framework of the Joint Committee where a Party considers that an EFTA State or GCC has taken measures which are likely to create, or have created, an obstacle to trade, in order to find an appropriate solution in conformity with the TBT Agreement.

GREIN 2.8.
Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.

1. Ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna eiga við um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (sem nefnist hér á eftir „samningurinn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna“).
2. Samningsaðilarnir skulu skiptast á nöfnum og heimilisföngum tengiliða með sérþekkingu á hollustuháttum og heilbrigði dýra og plantna í því skyni að auðvelda tæknilegt samráð og upplýsingaskipti.
3. Samningsaðilarnir samþykkja, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr., að hafa samráð á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar, telji samningsaðili að EFTA-ríki eða Flóabandalagið hafi gert ráðstafanir,

ARTICLE 2.8
Sanitary and Phytosanitary Measures

1. The rights and obligations of the Parties in respect of sanitary and phytosanitary measures shall be governed by the WTO Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures (hereinafter referred to as “the SPS Agreement”).

2. The Parties shall exchange names and addresses of contact points with sanitary and phytosanitary expertise in order to facilitate technical consultations and the exchange of information.
3. Without prejudice to paragraph 1, the Parties agree to hold consultations in the framework of the Joint Committee where a Party considers that an EFTA State or GCC has taken measures which are

sem gætu skapað eða hafa skapað viðskiptahindrun, til að finna viðeigandi lausn í samræmi við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir.

likely to create, or have created, an obstacle to trade, in order to find an appropriate solution in conformity with the SPS Agreement.

GREIN 2.9.
Undirboð.

1. EFTA-ríkin og Flóabandalagið skulu reyna að komast hjá því að hefja, hvorir gagnvart öðrum, aðgerðir gegn undirboðum.
2. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, viðvíkjandi því að ráðstöfunum gegn undirboðum sé beitt, í samræmi við VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samninginn um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994, að undanskildu því sem kveðið er á um í þessari grein.
3. Áður en EFTA-ríki eða Flóabandalagið hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti meintir styrkir eru veittir í EFTA-ríki eða Flóabandalaginu og áhrif þess, eins og kveðið er á um í VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samninginn um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994, skal samningsaðili sá sem hyggst hefja rannsókn senda skriflega tilkynningu um það til þess samningsaðila sem vörurnar tilheyra og rannsóknin tekur til og veita 30 daga frest til að leita lausnar sem aðilar geta sætt sig við. Samráð skal fara fram á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar, fari EFTA-ríki eða Flóabandalagið fram á það innan tíu daga frá því að tilkynningunni var veitt viðtaka.
4. Ætli EFTA-ríki eða Flóabandalagið að beita ráðstöfunum gegn undirboðum skal slíkum ráðstöfunum undantekningarlaust hætt eigi síðar en þremur árum eftir þann dag þegar gripið var til þeirra. Ekkert í þessari málsgrein kemur í veg fyrir að EFTA-ríki eða Flóabandalagið grípi til nýrra ráðstafana gegn undirboðum í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar vegna framleiðsluvara sem ráðstafanir, sem hætt hefur verið, beindust gegn.
5. Samningsaðilarnir skulu, fimm árum eftir að þessi samningur öðlast gildi og á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar, endurskoða hvort þörf sé á að gera ráð fyrir þeim kosti að gera ráðstafanir, gagnvart hver öðrum, gegn undirboðum. Ákveði samningsaðilarnir, að fyrstu endurskoðun lokinni, að þörf sé á að viðhalda fyrrnefndum kosti, skulu þeir eftir það endurskoða þetta mál annað hvert ár innan sameiginlegu nefndarinnar.

ARTICLE 2.9
Anti-dumping

1. The EFTA States and GCC shall endeavour to refrain from initiating antidumping procedures and measures against each other.
2. The rights and obligations of the Parties in respect of the application of antidumping measures shall be governed by Article VI of the GATT 1994 and the Agreement on Implementation of Article VI of the GATT 1994 except as provided for in this Article.
3. Before an EFTA State or GCC initiates an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged action in an EFTA State or GCC, as provided for in Article VI of the GATT 1994 and the Agreement on Implementation of Article VI of the GATT 1994, the Party considering initiating an investigation shall notify in writing the EFTA State or GCC whose goods are subject to investigation and allow for a 30 days period with a view to finding a mutually acceptable solution. The consultations shall take place in the Joint Committee if an EFTA State or GCC so requests within ten days from the receipt of the notification.

4. If any anti-dumping measure were to be applied by an EFTA State or GCC, the measure shall without exception be terminated on a date not later than three years from its imposition. Nothing in this paragraph shall prevent an EFTA State or the GCC from introducing new anti-dumping measures in accordance with paragraph 2 and 3 of this Article on products subject to measures that have been terminated.
5. Five years after the date of entry into force of this Agreement, the Parties shall in the Joint Committee review whether there is need to maintain the possibility to take anti-dumping measures between them. If the Parties decide, after the first review, that there is a need to maintain the possibility, they shall thereafter conduct biennial reviews of this matter in the Joint Committee.

GREIN 2.10.
Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki.

Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, viðvíkjandi ríkisreknum viðskiptafyrirtækjum, í samræmi við XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulagið um túlkun XVII. gr. GATT-

ARTICLE 2.10
State Trading Enterprises

The rights and obligations of the Parties in respect of state trading enterprises shall be governed by Article XVII of the GATT 1994 and the Understanding on the Interpretation of Article XVII of the

samningsins frá 1994, þ.m.t. athugasemdir um túlkun, sem eru hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

GREIN 2.11.

Styrkir og jöfnunarráðstafanir.

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir, í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og WTO-samninginn um styrki og jöfnunarráðstafanir, nema kveðið sé á um annað í 2. mgr.

2. Áður en EFTA-ríki eða Flóabandalagið hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti meintir styrkir eru veittir í EFTA-ríki eða aðildarríki Flóabandalagsins og áhrif þess, eins og kveðið er á um í 11. gr. WTO-samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir, skal samningsaðili sá sem hyggst hefja rannsókn senda skriflega tilkynningu um það til þess samningsaðila sem vörurnar tilheyra og rannsóknin tekur til og veita 30 daga frest til að leita lausnar sem aðilar geta sætt sig við. Samráð skal fara fram á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar, fari samningsaðili fram á það innan tíu daga frá því að tilkynningunni var veitt viðtaka.

GREIN 2.12.

Víðtækar verndarráðstafanir.

Samningsaðilarnir staðfesta réttindi sín og skyldur skv. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og WTO-samningnum um verndarráðstafanir. Þegar samningsaðili gerir ráðstafanir samkvæmt þessum ákvæðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skal hann undanskilja innflutning á upprunavöru frá EFTA-ríki eða Flóabandalaginu ef slíkur innflutningur, einn og sér, veldur ekki alvarlegu tjóni eða hættu á slíku tjóni. Samningsaðilinn, sem gerir ráðstafanirnar, skal sýna fram á að slík undanþága sé í samræmi við skuldbindingar hans tengdum Alþjóðaviðskiptastofnuninni, eins og þær ber að túlka samkvæmt réttarkerfi hennar.

GREIN 2.13.

Almennar undantekningar.

Ákvæði XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar almennar undantekningar og er hún hér með felld inn í þennan samning og er hluti af honum.

GREIN 2.14.

Undantekningar öryggis vegna.

Ákvæði XXI. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar undantekningar öryggis vegna og eru þau hér með felld inn í þennan samning og er hluti af honum.

GATT 1994, including its interpretive notes which are hereby incorporated into and made part of this Agreement.

ARTICLE 2.11

Subsidies and Countervailing Measures

1. The rights and obligations of the Parties relating to subsidies and countervailing measures shall be governed by Articles VI and XVI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, except as provided for in paragraph 2.

2. Before an EFTA State or GCC initiates an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged subsidy in an EFTA State or in a GCC Member State, as provided for in Article 11 of the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, the Party considering initiating an investigation shall notify in writing the Party whose goods may be subject to investigation and allow for a 30 days period with a view to finding a mutually acceptable solution. The consultations shall take place in the Joint Committee if any Party so requests within ten days from the receipt of the notification.

ARTICLE 2.12

Global Safeguard Measures

The Parties confirm their rights and obligations under Article XIX of GATT 1994 and the WTO Agreement on Safeguards. In taking measures under these WTO provisions, a Party shall exclude imports of an originating good from an EFTA State or GCC if such imports do not in and of themselves cause or threaten to cause serious injury. The Party taking the measure shall demonstrate that such exclusion is in accordance with its WTO obligations, as interpreted through the WTO jurisprudence.

ARTICLE 2.13

General Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of general exceptions shall be governed by Article XX of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

ARTICLE 2.14

Security Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of security exceptions shall be governed by Article XXI of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

3. KAFLI
VÖRUVIÐSKIPTI

GREIN 3.1.
Gildissvið og umfang.

1. Þessi kafli gildir um ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti. Hann gildir um allar þjónustugreinar.
2. Að því er varðar flutningaþjónustu í lofti gildir þessi kafli ekki um ráðstafanir sem hafa áhrif á flugumferðarréttindi eða ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustu sem tengist beint nýtingu flugumferðarréttinda, að undanskildu því sem kveðið er á um í 3. mgr. GATS-viðaukans um flutningaþjónustu í lofti. Skilgreiningar í 6. mgr. viðaukans við GATS-samninginn um flutningaþjónustu í lofti eru hér með felldar inn í þennan samning og er hluti af honum.
3. Ákvæði greina 3.4, 3.5 og 3.6 eiga ekki við um lög, reglur eða kröfur varðandi innkaup opinberra stofnana á þjónustu til handa hinu opinbera en ekki til endursölu í hagnaðarskyni eða til að veita þjónustu í hagnaðarskyni.

GREIN 3.2.
Upptaka ákvæða úr GATS-samningnum.

Þegar kveðið er á um það í þessum kafla að ákvæði GATS-samningsins sé fellt inn í þennan samning og gert hluti af honum skal merking hugtaka í ákvæði GATS-samningsins vera sem hér segir:

a) „aðili“ merkir samningsaðili,
b) „skrá“ merkir skrá sem um getur í grein 3.16 og er að finna í VII. viðauka og
c) „sérstök skuldbinding“ merkir sérstaka skuldbindingu í skrá sem um getur í grein 3.16.

GREIN 3.3.
Skilgreiningar.

Að því er varðar þennan kafla og með vísan til greinar 3.2:

a) eru eftirfarandi skilgreiningar í I. gr. GATS-samningsins felldar inn í þennan samning og eru hluti hans:
   i. „þjónustuviðskipti“,
   ii. „þjónusta“ og
   iii. „þjónusta sem opinber yfirvöld veita“,
b) merkir „ráðstafanir samningsaðila“[2] ráðstafanir:

[2] Þessi skilgreining felur í sér skilgreininguna í i. og ii. lið 3. mgr. I. gr. GATS-samningsins. Hér með er vísað til greinar 1.5 þessa samnings.

CHAPTER 3
TRADE IN SERVICES

ARTICLE 3.1
Scope and Coverage

1. This Chapter applies to measures by Parties affecting trade in services. It applies to all services sectors.
2. In respect of air transport services, this Chapter shall not apply to measures affecting air traffic rights or measures affecting services directly related to the exercise of air traffic rights, except as provided for in paragraph 3 of the GATS Annex on Air Transport Services. The definitions of paragraph 6 of the GATS Annex on Air Transport Services are hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis.*
3. Articles 3.4, 3.5 and 3.6 shall not apply to laws, regulations or requirements governing the procurement by governmental agencies of services purchased for governmental purposes and not with a view to commercial resale or with a view to use in the supply of services for commercial sale.

ARTICLE 3.2
Incorporation of Provisions from the GATS

Wherever a provision of this Chapter provides that a provision of the GATS is incorporated into and made part of this Agreement, the meaning of the terms used in the GATS provision shall be understood as follows:

(a) “Member” means Party;
(b) “Schedule” means a Schedule referred to in Article 3.16 and contained in Annex VII; and
(c) “specific commitment” means a specific commitment in a Schedule referred to in Article 3.16.

ARTICLE 3.3
Definitions

For the purpose of this Chapter, and with reference to Article 3.2:

(a) the following definitions of Article I of the GATS are incorporated into and made part of this Agreement:
   (i) “trade in services”;
   (ii) “services”; and
   (iii) “a service supplied in the exercise of governmental authority”;
(b) “measures by Parties”[2] means measures taken by:

[2] This definition incorporates the definition of subparagraphs (a) (i) and (ii) of paragraph 3 of Article I of the GATS. Reference is hereby made to Article 1.5 of this Agreement.

i. ríkisstjórnar, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda og yfirvalda og
ii. óopinberra stofnana sem fara með vald í umboði ríkisstjórnar, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda eða yfirvalda,

c) merkir „þjónustuveitandi“ hvern þann aðila sem veitir eða óskar eftir að veita þjónustu,[3]

d) merkir „einstaklingur hjá öðrum samningsaðila“ einstakling sem er ríkisborgari eða hefur fasta búsetu í EFTA-ríki eða í aðildarríki Flóabandalagsins,

e) merkir „lögaðili hjá öðrum samningsaðila“: lögaðila sem er annaðhvort:
i. stofnaður eða skipulagður samkvæmt lögum fyrrnefnds annars samningsaðila og stundar umtalsverða viðskiptaþjónustu á yfirráðasvæði:
A) hvaða samningsaðila sem er eða
B) einhvers aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og er í eigu eða lýtur stjórn einstaklinga hjá fyrrnefndum öðrum samningsaðila eða lögaðila sem uppfylla öll skilyrði A-undirliðar i. liðar,

eða

ii. er í eigu eða lýtur stjórn einstaklinga hjá fyrrnefndum öðrum samningsaðila, lögaðila sem uppfylla skilyrði i. undirliðar e-liðar eða ríkisstofnana fyrrnefnds annars samningsaðila,

f) eftirfarandi skilgreiningar í XXVIII. gr. GATS-samningsins eru hér með felldar inn í þennan samning og eru hluti af honum:
i. „ráðstöfun“,
ii. „veiting þjónustu“,
iii. „ráðstafanir aðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti“,
iv. „viðskiptanærvera“,
v. „svið“ þjónustu,
vi. „þjónusta annars aðila“,

(i) central, regional or local governments and authorities; and
(ii) non-governmental bodies in the exercise of powers delegated by central, regional or local governments or authorities;

(c) “service supplier” means any person that supplies, or seeks to supply, a service;[3]

(d) “natural person of another Party” means a natural person who is a national or a permanent resident of an EFTA State or of a GCC Member State, under their respective legislation;

(e) “juridical person of another Party” means a juridical person that is either:
(i) constituted or otherwise organised under the law of that other Party, and is engaged in substantive business operations in the territory of:
(A) any Party; or
(B) any Member of the WTO and is owned or controlled by natural persons of that other Party or by juridical persons that meet all the conditions of subparagraph (i)(A);

or

(ii) in the case of the supply of a service through commercial presence, owned or controlled by natural persons of that other Party, juridical persons that meet the conditions of subparagraph (e)(i) or State entities of that other Party;

(f) the following definitions of Article XXVIII of the GATS are hereby incorporated into and made part of this Agreement:
(i) “measure”;
(ii) “supply of a service”;
(iii) “measures by Members affecting trade in services”;
(iv) “commercial presence”;
(v) “sector” of a service;
(vi) “service of another Member”;

[3] Ef þjónustan er ekki veitt, eða eftir því er óskað að hún sé veitt, beinlínis af lögaðila heldur með viðskiptanærveru, t.d. gegnum útibú eða umboðsskrifstofu, skal þjónustuveitandinn (þ.e. lögaðilinn), eftir sem áður og með þess konar viðskiptaþjónustu, hljóta sömu meðferð og þjónustuveitendur fá samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Meðferð af þeim toga skal ná til þeirrar viðskiptanærveru sem þjónustuveitingin fer um eða sem óskað er eftir að þjónustan sé veitt um og ekki er nauðsynlegt að fyrrnefnd meðferð nái til annarrar starfsemi þjónustuveitandans sem fer fram utan þess yfirráðasvæðis þar sem þjónustan er veitt eða óskað er eftir að hún sé veitt.

[3] Where the service is not supplied or sought to be supplied directly by a juridical person but through other forms of commercial presence such as a branch or a representative office, the service supplier (*i.e.* the juridical person) shall, nonetheless, through such commercial presence be accorded the treatment provided for service suppliers under this Chapter. Such treatment shall be extended to the commercial presence through which the service is supplied or sought to be supplied and need not be extended to any other parts of the service supplier located outside the territory where the service is supplied or sought to be supplied

vii. „einstaklingur eða lögpersóna sem hefur fengið einokunaraðstöðu til að veita þjónustu“,
viii. „þjónustuneytandi“,
ix. „einstaklingur eða lögaðili“,
x. „lögaðili“,
xi. „í eigu“, „undir stjórn“ og „tengd“ og
xii. „beinir skattar“,

g) „GATS“ merkir hinn almenna samning um þjónustuviðskipti frá 1994.

GREIN 3.4.
Bestukjarameðferð.

1. Samningsaðili skal, með fyrirvara um ráðstafanir sem eru gerðar í samræmi við VII. gr. GATS-samningsins og nema að því leyti sem kveðið er á um í skrá hans yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar sem er að finna í VIII. viðauka, þegar í stað og án skilyrða, að því er varðar allar ráðstafanir sem hafa áhrif á veitingu þjónustu, veita þjónustu og þjónustuveitendum annars samningsaðila eigi lakari meðferð en hann veitir vegna sambærilegrar þjónustu eða veitir þjónustuveitendum aðila sem á ekki hlut að samningnum.
2. Meðferð, sem er veitt samkvæmt öðrum samningum sem samningsaðili hefur gert og tilkynnt hefur verið um skv. V. gr. eða V. gr. a í GATS-samningnum, fellur ekki undir 1. mgr.[4]
3. Ákvæði 3. mgr. II. gr. GATS-samningsins eiga við um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar þá skilmála sem veittir eru aðliggjandi löndum og eru þau hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

GREIN 3.5.
Markaðsaðgangur.

Skuldbindingar um markaðsaðgang falla undir XVI. gr. GATS-samningsins og eru þær hér með felldar inn í þennan samning og eru hluti af honum.

GREIN 3.6.
Innlend meðferð.

Skuldbindingar um innlenda meðferð falla undir XVII. gr. GATS-samningsins og eru þær hér með felldar inn í þennan samning og eru hluti af honum.

[4] Samningsaðilar staðfesta þann skilning að samningarnir milli aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa og Stór-fríverslunarsvæðis Arabaríkja (GAFTA) taka ekki til framkvæmdar skuldbindinga um bestukjarameðferð samkvæmt þessari grein.

(vii) “monopoly supplier of a service”;
(viii) “service consumer”;
(ix) “person”;
(x) “juridical person”;
(xi) “owned”, “controlled” and “affiliated”; and
(xii) “direct taxes”;

(g) “GATS” means the General Agreement on Trade in Services of 1994.

ARTICLE 3.4
Most-Favoured-Nation Treatment

1. Without prejudice to measures taken in accordance with Article VII of the GATS, and except as provided for in its List of MFN Exemptions contained in Annex VIII, a Party shall accord immediately and unconditionally, in respect of all measures affecting the supply of services, to services and service suppliers of another Party treatment no less favourable than the treatment it accords to like services and service suppliers of any non-party.
2. Treatment granted under other existing or future agreements concluded by one of the Parties and notified under Article V or Article V *bis* of the GATS shall not be subject to paragraph 1.[4]
3. The rights and obligations of the Parties in respect of advantages accorded to adjacent countries shall be governed by paragraph 3 of Article II of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

ARTICLE 3.5
Market Access

Commitments on market access shall be governed by Article XVI of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

ARTICLE 3.6
National Treatment

Commitments on national treatment shall be governed by Article XVII of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

[4] The Parties confirm their understanding that the Agreements between the Member States of the Cooperation Council of the Arab States of the Gulf and the Greater Arab Free Trade Area (GAFTA) are excluded from the application of the MFN obligation under this Article.

GREIN 3.7.
Viðbótarskuldbindingar.

Ákvæði XVIII. gr. GATS-samningsins gilda um viðbótarskuldbindingar og eru þau hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

GREIN 3.8.
Innlendar reglur.

1. Ákvæði 1. til 3. mgr. VI. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna með tilliti til innlendra reglna og eru þau hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

2. Til þess að tryggja megi að ráðstafanir, sem varða hæfniskröfur og málsmeðferð, tæknilega staðla og kröfur um leyfisveitingu, feli ekki í sér viðskiptahindranir í þjónustugeiranum skal sameiginlega nefndin þróa reglukerfi eftir þörfum. Með slíku reglukerfi skal reynt að tryggja að fyrrnefndar kröfur og málsmeðferð séu m.a.:

a) byggðar á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðunum, svo sem hæfni og getu til að veita þá þjónustu sem um ræðir,
b) séu ekki íþyngjandi umfram það sem nauðsynlegt er til að tryggja gæði þjónustunnar,
c) í tilviki leyfisveitingar, hamli því ekki í sjálfu sér að þjónusta verði veitt.

3. a) Innan geira, þar sem samningsaðili hefur tekist á hendur sérstakar skuldbindingar meðan þess er beðið að reglukerfi, sem unnið er að innan geiranna skv. 2. mgr., öðlist gildi, skulu samningsaðilarnir ekki framfylgja kröfum um leyfisveitingu, hæfniskröfum og tæknilegum stöðlum, sem gera fyrrnefndar skuldbindingar að engu eða draga úr gildi þeirra með þeim hætti sem samræmist ekki þeim viðmiðunum sem greint er frá í a-, b- og c-lið 2. mgr.
   b) Þegar ákveða skal hvort samningsaðili uppfylli skuldbindingar skv. a-lið skal taka mið af alþjóðlegum stöðlum viðkomandi alþjóðlegra stofnana[5] sem hann beitir.

4. Sérhver samningsaðili skal koma á fullnægjandi aðferðum til að sannprófa menntun og hæfi fagfólks annarra samningsaðila.

[5] Hugtakið „viðkomandi alþjóðastofnanir“ vísar til alþjóðastofnana sem viðkomandi stofnunum allra samningsaðila er frjálst að eiga aðild að.

ARTICLE 3.7
Additional Commitments

Additional commitments shall be governed by Article XVIII of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

ARTICLE 3.8
Domestic Regulation

1. The rights and obligations of the Parties in respect of domestic regulation shall be governed by paragraphs 1 to 3 of Article VI of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Agreement.

2. With a view to ensuring that measures relating to qualification requirements and procedures, technical standards and licensing requirements and procedures do not constitute unnecessary barriers to trade in services, the Joint Committee shall develop any necessary disciplines. Such disciplines shall aim to ensure that such requirements and procedures are, *inter alia:*

(a) based on objective and transparent criteria, such as competence and the ability to supply the service;
(b) not more burdensome than necessary to ensure the quality of the service;
(c) in the case of licensing procedures, not in themselves a restriction on the supply of the service.

3. (a) In sectors in which a Party has undertaken specific commitments, pending the entry into force of disciplines developed in these sectors pursuant to paragraph 2, the Parties shall not apply licensing and qualification requirements and technical standards that nullify or impair such specific commitments in a manner which does not comply with the criteria outlined in subparagraphs 2(a), (b) or (c).
   (b) In determining whether a Party is in conformity with the obligation under subparagraph (a), account shall be taken of international standards of relevant international organisations[5] applied by that Party.

4. Each Party shall provide for adequate procedures to verify the competence of professionals of any other Party.

[5] The term “relevant international organisations” refers to international bodies whose membership is open to the relevant bodies of at least all Parties.

GREIN 3.9.
Viðurkenning.

1. Til að uppfylla viðkomandi staðla sína eða viðmiðanir, sem gilda um útgáfu heimilda, leyfa eða skírteina til handa þjónustuveitendum, skal hver samningsaðili taka tilhlýðilegt tillit til umsókna annars samningsaðila um að sá fyrrnefndi viðurkenni menntun eða reynslu, sem hefur verið aflað, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini sem síðarnefndi samningsaðilinn veitir. Slíka viðurkenningu má byggja á samningi eða fyrirkomulagi við fyrrnefndan annan samningsaðila eða veita hana einhliða að öðrum kosti.
2. Ef samningsaðili viðurkennir, með samningi eða fyrirkomulagi, menntun eða reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini, sem eru veitt á yfirráðasvæði aðila sem á ekki hlut að samningnum, skal sá samningsaðili veita öðrum samningsaðila næg tækifæri til að semja um aðild að slíkum fyrirliggjandi eða síðari samningi eða fyrirkomulagi eða semja við hann með sambærilegum samningum eða fyrirkomulagi. Ef viðurkenning samningsaðila er einhliða skal hann veita öðrum samningsaðila næg tækifæri til að sýna fram á að viðurkenna beri einnig menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða vottorð sem eru veitt á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.
3. Allir slíkir samningar eða fyrirkomulag eða einhliða viðurkenning skal vera í samræmi við viðeigandi ákvæði WTO-samningsins og þá einkum 3. mgr. VII. gr. GATS-samningsins.
4. Í IX. viðauka eru sett fram frekari réttindi og skyldur sem lúta að viðurkenningu hæfni þjónustuveitenda.

ARTICLE 3.9
Recognition

1. For the purpose of the fulfilment of its relevant standards or criteria for the authorisation, licensing or certification of service suppliers, each Party shall give due consideration to any request by another Party to recognise the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted in that other Party. Such recognition may be based upon an agreement or arrangement with that other Party, or otherwise be accorded autonomously.

2. Where a Party recognises, by agreement or arrangement, the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted in the territory of a non-party, that Party shall afford another Party adequate opportunity to negotiate its accession to such an agreement or arrangement, whether existing or future, or to negotiate a comparable agreement or arrangement with it. Where a Party accords recognition autonomously, it shall afford adequate opportunity for another Party to demonstrate that the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted in the territory of that other Party should also be recognised.
3. Any such agreement or arrangement or autonomous recognition shall be in conformity with the relevant provisions of the WTO Agreement, in particular paragraph 3 of Article VII of the GATS.
4. Annex IX sets out further rights and obligations regarding recognition of qualifications of service suppliers of the Parties.

GREIN 3.10.
För einstaklinga.

1. Viðauki um för einstaklinga í GATS-samningnum gildir um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar för einstaklinga sem veita þjónustu og eru ríkisborgarar samningsaðila og er hann hér með felldur inn í þennan samning og er hluti af honum.
2. Í X. viðauka eru sett fram frekari réttindi og skyldur að því er varðar för einstaklinga sem veita þjónustu og eru ríkisborgarar samningsaðila.

ARTICLE 3.10
Movement of Natural Persons

1. The rights and obligations of the Parties in respect of the movement of natural persons of a Party supplying services shall be governed by the GATS Annex on Movement of Natural Persons Supplying Services, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.
2. Annex X sets out further rights and obligations regarding movement of natural persons of a Party supplying services.

GREIN 3.11.
Gagnsæi.

Ákvæði 1. og 2. mgr. III. gr. og III. gr. a í GATS-samningnum eiga við um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar gagnsæi og eru þau hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

ARTICLE 3.11
Transparency

The rights and obligations of the Parties in respect of transparency shall be governed by paragraphs 1 and 2 of Article III and by Article III *bis* of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Agreement.

GREIN 3.12.
Einokun og þjónustuveitendur með einkarétt.

Ákvæði 1., 2. og 5. mgr. VIII. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar einokun og þjónustuveitendur með einkarétt og eru þau hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

ARTICLE 3.12
Monopolies and Exclusive Service Suppliers

The rights and obligations of the Parties in respect of monopolies and exclusive service suppliers shall be governed by paragraphs 1, 2 and 5 of Article VIII of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Agreement.

GREIN 3.13.
Viðskiptahættir.

Ákvæði IX. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar viðskiptahætti og eru þau hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

ARTICLE 3.13
Business Practices

The rights and obligations of the Parties in respect of business practices shall be governed by Article IX of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

GREIN 3.14.
Greiðslur og yfirfærslur.

1. Samningsaðili skal ekki, nema við þær aðstæður sem tilgreindar eru í gr. 9.2, beita takmörkunum á alþjóðlegar yfirfærslur og greiðslur í yfirstandandi viðskiptum við annan samningsaðila.
2. Ekkert í þessum kafla hefur áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt greinum samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, (hér á eftir nefndur „Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn“), þ.m.t. ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við greinar þess samnings, að því gefnu að samningsaðili setji ekki takmarkanir á fjármagnsviðskipti, sem eru í ósamræmi við sérstakar skuldbindingar hans um slík viðskipti, nema skv. gr. 9.2 eða að beiðni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

ARTICLE 3.14
Payments and Transfers

1. Except under the circumstances envisaged in Article 9.2, a Party shall not apply restrictions on international transfers and payments for current transactions with another Party.
2. Nothing in this Chapter shall affect the rights and obligations of the Parties under the Articles of the Agreement of the International Monetary Fund (hereinafter referred to as “IMF”), including the use of exchange actions which are in conformity with the Articles of the Agreement of the IMF, provided that a Party shall not impose restrictions on capital transactions inconsistently with its specific commitments regarding such transactions, except under Article 9.2 or at the request of the IMF.

GREIN 3.15.
Undantekningar.

Ákvæði XIV. gr. og 1. mgr. XIV. gr. a í GATS-samningnum gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar almennar undantekningar og undantekningar af öryggisástæðum og eru þau hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

ARTICLE 3.15
Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of general exceptions and security exceptions shall be governed by Article XIV and paragraph 1 of Article XIV *bis* of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Agreement.

GREIN 3.16.
Skrár um sérstakar skuldbindingar.

1. Sérhver samningsaðili skal færa í skrá þær sérstöku skuldbindingar sem hann tekur á sig samkvæmt greinum 3.5, 3.6 og 3.7. Í hverri skrá skal tilgreina þá þætti sem getið er í a- til e-lið 1. mgr. XX. gr. GATS-samningsins með tilliti til þeirra geira þar sem samningsaðili tekur á sig þær sérstöku skuldbindingar er áður getur.
2. Farið skal með ráðstafanir, sem eru ósamrýmanlegar bæði gr. 3.5 og 3.6, á þann hátt sem kveðið er á um í 2. mgr. XX. gr. GATS-samningsins.
3. Skrár um sérstakar skuldbindingar samningsaðilanna eru settar fram í VII. viðauka.

ARTICLE 3.16
Schedules of Specific Commitments

1. Each Party shall set out in a schedule the specific commitments it undertakes under Articles 3.5, 3.6 and 3.7. With respect to sectors where such specific commitments are undertaken, each Schedule shall specify the elements set forth in subparagraphs (a) to (e) of paragraph 1 of Article XX of the GATS.

2. Measures inconsistent with both Articles 3.5 and 3.6 shall be dealt with as provided for in paragraph 2 of Article XX of the GATS.
3. The Parties’ Schedules of specific commitments are set out in Annex VII.

GREIN 3.17.
Breytingar á skrám.

Samningsaðilarnir skulu, að fenginni skriflegri beiðni frá samningsaðila, hafa með sér samráð til að fjalla um breytingar eða afturköllun á sérstökum skuldbindingum í skrá samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, um sérstakar skuldbindingar. Samráðið skal eiga sér stað innan þriggja mánaða frá því að samningsaðili leggur fram beiðni sína. Í slíku samráði skulu samningsaðilarnir leitast við að haga almennu stigi skuldbindinga á þann veg að þær séu hagstæðar hverjum og einum þeirra og ekki óhagstæðari fyrir viðskipti en þær sem þegar var kveðið á um í skránni um sérstakar skuldbindingar áður en samráðið hófst. Breytingar á skrám eru með fyrirvara um þá málsmeðferð sem fjallað er um í gr. 7.1 og 9.6.

ARTICLE 3.17
Modification of Schedules

The Parties shall, upon written request by a Party, hold consultations to consider any modification or withdrawal of a specific commitment in the requesting Party's Schedule of specific commitments. The consultations shall be held within three months after the requesting Party made its request. In the consultations, the Parties shall aim to ensure that a general level of mutually advantageous commitments no less favourable to trade than that provided for in the Schedule of specific commitments prior to such consultations is maintained. Modifications of Schedules are subject to the procedures set out in Articles 7.1 and 9.6

GREIN 3.18.
Endurskoðun.[6]

1. Samningsaðilarnir skulu, í því skyni að gera þjónustuviðskipti sín á milli enn frjálsari, einkum með því að uppræta svo um munar þá mismunun sem enn fyrirfinnst á innan við tíu árum, endurskoða, á tveggja ára fresti hið minnsta eða oftar sé samkomulag þar um, skrár sínar um sérstakar skuldbindingar og skrá yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar, að teknu sérstöku tilliti til einhliða aukningar viðskiptafrelsis og yfirstandandi vinnu á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Fyrsta endurskoðun af því tagi skal fara fram eigi síðar en tveimur árum eftir að þessi samningur öðlast gildi.

2. Geri samningsaðili samning um þjónustuviðskipti, eftir að þessi samningur öðlast gildi, við aðila, aðila sem á ekki hlut að samningnum, skal samningsaðilinn semja, að fram kominni beiðni annars samningsaðila, um að fella inn í þennan samning meðferð sem er ekki óhagstæðari en sú sem er veitt samkvæmt samningnum við þann aðila sem á ekki hlut að samningnum. Samningsaðilarnir skulu taka mið af ríkjandi aðstæðum þegar samningsaðili gerir samninga um þjónustuviðskipti við aðila sem á ekki hlut að samningnum.

ARTICLE 3.18
Review[6]

1. With the objective of further liberalising trade in services between them, in particular eliminating substantially all remaining discrimination within a period of ten years, the Parties shall review at least every two years, or more frequently if so agreed, their Schedules of specific commitments and their Lists of MFN Exemptions, taking into account in particular any autonomous liberalisation and on-going work under the auspices of the WTO. The first such review shall take place no later than two years after the entry into force of this Agreement.

2. If, after the entry into force of this Agreement, a Party enters into any agreement on trade in services with a non-party, it shall negotiate, upon request by another Party, the incorporation into this Agreement of a treatment no less favourable than that provided under the agreement with the non-party. The Parties shall take into consideration the circumstances under which a Party enters into any agreement on trade in services with a non-party.

[6] Samningsaðilarnir staðfesta þann skilning sinn að endurskoðun, sem er gerð samkvæmt þessari grein, nær ekki til samninganna milli aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa og Stór-fríverslunarsvæðis Arabaríkja (GAFTA) og til EFTA-samningsins og samninga milli sérhvers EFTA-ríkis og annarra Evrópuríkja.

[6] The Parties confirm their understanding that the Agreements between the Member States of the Cooperation Council of the Arab States of the Gulf and the Greater Arab Free Trade Area (GAFTA), as well as the EFTA Convention and agreements between any EFTA State and other European countries are excluded from any review conducted pursuant to this Article.

GREIN 3.19.
Viðaukar.

Eftirfarandi viðaukar mynda hluta af þessum kafla:

– VII. viðauki (Skrár um sérstakar skuldbindingar),
– VIII. viðauki (Skrár yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar),
– IX. viðauki (Viðurkenning á hæfni þjónustuveitenda),
– X. viðauki (För einstaklinga sem veita þjónustu),
– XI. viðauki (Fjármálaþjónusta) og
– XII. kafli (Fjarskiptaþjónusta).

ARTICLE 3.19
Annexes

The following Annexes form part of this Chapter:

– Annex VII (Schedules of Specific Commitments);
– Annex VIII (Lists of MFN Exemptions);
– Annex IX (Recognition of Qualifications of Service Suppliers);
– Annex X (Movement of Natural Persons Supplying Services);
– Annex XI (Financial Services); and
– Annex XII (Telecommunications Services).

4. KAFLI
SAMKEPPNI

GREIN 4.1.
Markmið og meginreglur.

1. Samningsaðilarnir eru því sammála að samkeppnishamlandi starfshættir fyrirtækja kunni að takmarka viðskipti milli samningsaðilanna. Af þessum sökum skal hver samningsaðili samþykkja eða viðhalda ráðstöfunum um bann við slíkum starfsháttum og grípa til viðeigandi aðgerða þar að lútandi.
2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að samþykkja eða viðhalda samkeppnislögum sem fjalla sérstaklega um samkeppnishamlandi samninga, misnotkun yfirburðastöðu og samruni og yfirtökur.

CHAPTER 4
COMPETITION

ARTICLE 4.1
Objective and General Principles

1. The Parties agree that anticompetitive business conduct may restrict trade between the Parties. Accordingly, each Party shall adopt or maintain measures to proscribe such conduct and take appropriate action with respect thereto.
2. The Parties undertake to adopt or maintain competition laws that give particular attention to anticompetitive agreements, abuse of a dominant position and mergers and acquisitions.

GREIN 4.2.
Samstarf.

Samningsaðilarnir geta unnið saman að því að uppræta samkeppnishamlandi starfshætti eða skaðleg áhrif þeirra á viðskipti milli samningsaðilanna. Samstarf þetta getur tekið til tilkynninga, upplýsingaskipta og samráðs. Öll upplýsingaskipti skulu lúta reglum og stöðlum um trúnaðarkvaðir sem gilda á yfirráðasvæði hvers samningsaðila.

ARTICLE 4.2
Co-operation

The Parties may cooperate with the aim of putting an end to anti-competitive practices or their adverse effects on trade between the Parties. This cooperation may include notification, exchange of information and consultation. Any exchange of information shall be subject to the rules and standards of confidentiality applicable in the territory of each Party.

GREIN 4.3.
Trúnaðarkvöð.

Ekkert í þessum kafla gerir samningsaðila að veita upplýsingar, kunni það að hafa áhrif á yfirstandandi rannsókn eða ganga í berhögg við lög hans, þar með talin lög um afhendingu upplýsinga, trúnað eða viðskiptaleynd.

ARTICLE 4.3
Confidentiality

Nothing in this Chapter shall require a Party to provide information when this may affect an ongoing investigation or may be contrary to its laws, including those regarding disclosure of information, confidentiality or business secrecy.

GREIN 4.4.
Viðræður.

Samningsaðili getur farið fram á að efnt verði til samráðs um hvert það málefni sem tengist þessum kafla. Í beiðni um samráð skal tilgreina tilefni þess.

ARTICLE 4.4
Consultations

A Party may request consultations regarding any matter related to this Chapter. The request for consultations shall indicate the reasons therefore. Con-

Samráð skal fara fram án tafar. Samningsaðili getur farið fram á að samráði verði haldið áfram innan sameiginlegu nefndarinnar til þess að fá fram tillögur hennar í málinu. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal veita alla nauðsynlega aðstoð við rannsókn málsins og til þess að leita lausnar.

GREIN 4.5.
Endurskoðun.

Samningsaðilarnir samþykkja að endurskoða ákvæði þessa kafla á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar í því skyni að þróa viðfangsefnið áfram í ljósi framtíðarþróunar, einkum eftir að samningsaðilarnir hafa gengið frá löggjöf sinni um samkeppnismál.

5. KAFLI
HUGVERKARÉTTINDI

GREIN 5.1.
Vernd hugverkaréttinda.

1. Í þessum kafla tekur „hugverk“ til höfundarréttar, m.a. höfundarréttar viðvíkjandi tölvuforritum og gagnasöfn og skyld réttindi, vörumerki sem auðkenna vöru og þjónustu, landfræðilegar merkingar, iðnhönnun, einkaleyfi, yrki, svæðislýsingar smárása svo og óbirtar upplýsingar í skilningi 39. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur „TRIPS-samningurinn“).

2. Samningsaðilum ber að veita viðunandi og örugga vernd hugverkaréttinda án mismununar; nefna má virkar ráðstafanir til að halda þeim réttindum fram gegn brotum á þeim í samræmi við ákvæði þessa kafla.
3. Sérhver samningsaðili skal bjóða ríkisborgurum hinna samningsaðilanna eigi lakari meðferð en hann býður eigin ríkisborgurum vegna verndar hugverkaréttinda. Undanþágur frá þess konar skuldbindingu skulu samræmast undantekningum sem kveðið er á um í 3. og 5. gr. TRIPS-samningsins.

4. Samningsaðilarnir skulu ekki bjóða ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en þeir bjóða ríkisborgurum annarra ríkja. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu samræmast ákvæðum TRIPS-samningsins, einkum ákvæðum 4. og 5. gr. hans.
5. Samningsaðilarnir samþykkja, að fram kominni beiðni einhvers þeirra þar um, að endurskoða þennan kafla innan sameiginlegu nefndarinnar til þess að unnt sé að forðast eða ráða bót á röskun í viðskiptum og efla enn frekar vernd hugverkaréttar. Komi í ljós vandkvæði vegna verndar hugverkaréttinda, sem

sultations shall be held promptly. Any Party may request that consultations continue within the Joint Committee in order to obtain its recommendations in relation to the issue at hand. The Party addressed shall provide all assistance required to examine the issue and seek a solution thereto.

ARTICLE 4.5
Review

The Parties agree to review this Chapter at the level of the Joint Committee with a view to elaborating further steps in the light of future developments, in particular after the adoption of competition legislation by the Parties.

CHAPTER 5
INTELLECTUAL PROPERTY RIGHTS

ARTICLE 5.1
Protection of Intellectual Property Rights

1. For the purpose of this Chapter, “intellectual property” comprises copyright, including copyright in computer programmes and compilations of data, as well as neighbouring rights, trademarks for goods and services, geographical indications, industrial designs, patents, plant varieties, topographies of integrated circuits, as well as undisclosed information within the meaning of Article 39 of the WTO Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (hereinafter referred to as “the TRIPS Agreement”).
2. The Parties shall ensure adequate, effective and non-discriminatory protection of intellectual property rights, including effective means of enforcing such rights against infringement thereof, in accordance with the provisions of this Chapter.
3. Each Party shall accord to the nationals of the other Parties treatment no less favorable than that it accords to its own nationals with regard to the protection of intellectual property rights. Exemptions from such obligation must be in accordance with exceptions provided for under Articles 3 and 5 of the TRIPS Agreement.
4. The Parties shall grant to each other’s nationals treatment no less favourable than that accorded to nationals of any other country. Exemptions from this obligation must be in accordance with the provisions of the TRIPS Agreement, in particular Articles 4 and 5 thereof.
5. The Parties agree, upon request of any Party to review this Chapter in the Joint Committee in order to avoid or remedy trade distortions and to improve the level of protection. If problems in the area of intellectual property protection affecting trading conditions were to occur, urgent consultations shall

hafa áhrif á viðskiptakjör, skal efna til samráðs án tafar í sameiginlegu nefndinni, að beiðni samningsaðila, í því skyni að ná fram lausnum sem málsaðilar geta sætt sig við.

6. Samningsaðilarnir skulu, eigi síðar en tveimur árum eftir að þessi samningur öðlast gildi, ljúka samningaviðræðum um viðauka sem innihaldi frekari ákvæði um að vernda hugverkaréttindi og framfylgja þeim.

take place in the Joint Committee at the request of a Party, with a view to reaching mutually satisfactory solutions.

6. The Parties shall not later than two years after the entry into force of this Agreement conclude negotiations on an Annex containing further provisions on the protection and enforcement of intellectual property rights.

6. KAFLI
OPINBER INNKAUP

GREIN 6.1.
Gildissvið og umfang.

1. Samningsaðilarnir skulu tryggja, í samræmi við ákvæði þessa kafla, að markaðir þeirra fyrir opinber innkaup verði opnaðir á virkan og gagnkvæman hátt í áföngum.

2. Þessi kafli fjallar um lög, reglugerðir, málsmeðferð eða starfsvenjur viðvíkjandi innkaupum, sem þessi samningur tekur til og innkaupastofnun annast, hvort sem þau fara fram með rafrænum hætti að öllu leyti eða að hluta.

3. Í þessum kafla merkir „innkaup sem þessi samningur tekur til“ innkaup í þágu stjórnvalda:

a) á vörum[7] þjónustu eða samblandi af hvoru tveggja:
   i. eins og lýst er í XIII. og XIV. viðauka fyrir hvern og einn samningsaðila og
   ii. sem hvorki er ætlunin að selja eða endurselja í hagnaðarskyni né heldur að nota til að framleiða vörur eða veita þjónustu í hagnaðarskyni eða til að endurselja.
b) eftir hvers konar samningsleiðum, þ.m.t. kaup, langtíma- eða skammtímaleiga eða kaupleiga, með eða án kaupréttar,
c) þar sem verðgildi þeirra, eins og það er metið skv. grein 6.7, nær eða fer yfir viðeigandi mörk sem eru tilgreind í XIII. og XIV. viðauka á þeim tímapunkti þegar tilkynning er birt skv. grein 6.14.
d) sem eru ekki undanskilin ákvæðum þessa samnings skv. 4. mgr. eða XIII. og XIV. viðauka að því er samningsaðila varðar.[8]

CHAPTER 6
GOVERNMENT PROCUREMENT

ARTICLE 6.1
Scope and Coverage

1. In accordance with the provisions of this Chapter, the Parties shall ensure the effective, reciprocal and gradual opening of their government procurement markets.

2. This Chapter applies to any law, regulation, procedure or practice regarding covered procurement by a procuring entity, whether or not it is conducted exclusively or partially by electronic means.

3. For the purpose of this Chapter, “covered procurement” means procurement for governmental purposes:

(a) of goods[7], services, or any combination thereof:
   (i) as specified in Annexes XIII and XIV for each Party, and
   (ii) not procured with a view to commercial sale or resale, or for use in the production or supply of goods or services for commercial sale or resale;
(b) by any contractual means, including purchase; lease; and rental or hire purchase, with or without an option to buy;
(c) for which the value, as estimated in accordance with Article 6.7, equals or exceeds the relevant threshold specified in Annexes XIII and XIV at the time of publication of a notice in accordance with Article 6.14;
(d) that is not excluded from coverage in paragraph 4 or in Annexes XIII and XIV for a Party.[8]

---

[7] Með hugtakinu „vörur“ er í þessum kafla átt við vörur sem flokkast í 1. til 97. kafla í samræmdu tollskránni.

[8] Forgjöf handa litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem soldánsveldið Óman lætur í té, er skilgreind í XIV. viðauka.

[7] For the purpose of this Chapter, “goods” shall mean goods classified in Chapters 1 to 97 of the HS.

[8] The price preference for small and medium-sized enterprises (SMEs) applied by the Sultanate of Oman is defined in Annex XIV.

4. Þessi kafli gildir ekki, nema kveðið sé að um annað í XIII. og XIV. viðauka, um:

a) samninga sem er úthlutað:
   i. samkvæmt milliríkjasamningi og eru til komnir vegna sameiginlegrar vinnu við verkefni eða sameiginlegrar hagnýtingar þess af hálfu þeirra sem slíka samninga gera,
   ii. samkvæmt milliríkjasamningi um staðsetningu herliðs,
   iii eftir tiltekinni verklagsreglu alþjóðastofnunar,
   iv. vegna allra innkaupa stjórnvalda á vörum, þjónustu og mannvirkjagerð sem fara fram í eða til hagsbóta fyrir hinar tvær helgu borgir Mekka og Medína,
b) samkomulag utan samnings eða hvers kyns aðstoð frá hinu opinbera og kaup sem eru gerð innan ramma áætlana um aðstoð eða samstarfsáætlana,
c) kaup eða öflun þjónustu frá fjármála- eða innlánastofnunum, þjónustu á sviði félagsslita og reksturs fyrir eftirlitsskyldar fjármálastofnanir eða þjónustu sem tengist sölu, innlausn og dreifingu skulda ríkissjóðs, þ.m.t. lán og ríkisskuldabréf, skuldarviðurkenningar og önnur verðbréf,
d) samninga um:
   i. kaup eða leigu á landi, byggingum sem til eru fyrir eða öðrum fasteignum eða réttindum yfir slíku,
   ii. kaup, þróun, framleiðslu eða samframleiðslu útvarpsrekenda á dagskrárefni og samninga um útsendingartíma,
   iii. gerðardóms- og sáttagerðarþjónustu,
   iv. ráðningarsamninga hins opinbera og
   v. þjónustu á sviði rannsókna og þróunar, að þeirri frátalinni þar sem allur ávinningur safnast á hendur viðkomandi stofnunar til eigin nota í rekstri eigin mála, að því tilskildu að umrædd þjónusta sé að fullu greidd af viðkomandi stofnun.

5. Sérhver samningsaðili skal tilgreina eftirfarandi:

a) í XIII. viðauka:
   i. í 1. viðbæti, þær ríkisstofnanir sem gera innkaup samkvæmt ákvæðum þessa kafla,
   ii. í 2. viðbæti, þær undirstofnanir á vegum ríkisins sem gera innkaup samkvæmt ákvæðum þessa kafla,
   iii. í 3. viðbæti, allar aðrar stofnanir sem gera innkaup samkvæmt ákvæðum þessa kafla,
   iv. í 4. viðbæti, þær vörur sem þessi kafli fjallar um,

4. Except where provided otherwise in Annexes XIII or XIV, this Chapter shall not apply to:

(a) contracts awarded pursuant to:
   (i) an international agreement and intended for the joint implementation or exploitation of a project by the contracting parties;
   (ii) an international agreement relating to the stationing of troops;
   (iii) the particular procedure of an international organisation;
   (iv) all government procurement in goods, services and construction that will be executed in or for the benefits of the two Holy Cities of Makkah and Medina.
(b) non-contractual agreements or any form of government assistance and procurement made in the framework of assistance or co-operation programmes;
(c) the procurement or acquisition of fiscal agency or depository services, liquidation and management services for regulated financial institutions, or services related to the sale, redemption and distribution of public debt, including loans and government bonds, notes and other securities;
(d) contracts for:
   (i) the acquisition or rental of land, existing buildings, or other immovable property or concerning rights thereon;
   (ii) the acquisition, development, production or co-production of programme material by broadcasters and contracts for broadcasting time;
   (iii) arbitration and conciliation services;
   (iv) public employment contracts; and
   (v) research and development services other than those where the benefits accrue exclusively to the entity for its use in the conduct of its own affairs, on condition that the service is wholly remunerated by the entity.

5. Each Party shall specify the following information:

(a) in Annex XIII:
   (i) in Appendix 1, the central government entities whose procurement is covered by this Chapter;
   (ii) in Appendix 2, the sub-central government entities whose procurement is covered by this Chapter;
   (iii) in Appendix 3, all other entities whose procurement is covered by this Chapter;
   (iv) in Appendix 4, the goods covered by this Chapter;

v. í 5. viðbæti, þá þjónustu sem þessi kafli fjallar um og
vi. í 6. viðbæti, þá þjónustu á sviði mannvirkjagerðar sem þessi kafli fjallar um,

b) í XIV. viðauka, allar almennar athugasemdir sem eiga við samningsaðila.

GREIN 6.2.
Undantekningar.

Ekkert í þessum kafla skal túlka þannig að aftri samningsaðila í að innleiða eða grípa til aðgerða, samanber þó þá kröfu að slíkum aðgerðum sé ekki beitt með þeim hætti að mismuni samningsaðilum, þar sem sömu aðstæður ríkja eða duldar takmarkanir á milliríkjaviðskiptum, á handahófskenndan eða óréttlætanlegan hátt, þ.e. aðgerða:

a) sem eru nauðsynlegar til þess að vernda almennt siðgæði, allsherjarreglu eða almannaöryggi,
b) eru nauðsynlegar til að vernda líf og heilsu manna, dýra eða plantna,
c) eru nauðsynlegar til þess að vernda hugverk eða
d) sem varða vörur eða þjónustu sem fatlaðir einstaklingar, góðgerðarstofnanir eða fangar framleiða eða veita.

GREIN 6.3.
Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „stofnun“ merkir stofnun sem er fjallað um í XIII. viðauka,
b) „skriflega eða skrifleg“ merkir hverja framsetningu í orðum eða tölustöfum sem má lesa, endurgera og miðla síðar. Framsetning af því tagi getur innhaldið upplýsingar, sendar og geymdar á rafrænan hátt,
c) „varanleg skrá“ merkir skrá yfir birgja sem innkaupastofnun hefur ákveðið að uppfylli skilyrði fyrir að vera í slíkri skrá og að hún hyggist skipta við þá oftar en einu sinni,
d) „uppbætur“ merkir skilyrði eða starfsemi sem stuðlar að byggðaþróun eða bætir viðskiptajöfnuð samningsaðila, s.s. notkun innlends efnis, veiting leyfa fyrir tækni, fjárfestingar, gagnkvæm viðskipti og álíka aðgerðir,
e) „aðili“ merkir einstakling eða lögaðila.
f) „þjónusta“ felur í sér mannvirkjagerð, nema annað sé tekið fram,
g) „staðall“ er skjal sem viðurkenndur aðili hefur samþykkt, þar sem kveðið er á um, til sameiginlegrar og endurtekinnar beitingar, reglur, viðmiðunarreglur eða eiginleika vöru eða þjónustu

(v) in Appendix 5, the services covered by this Chapter; and
(vi) in Appendix 6, the construction services covered by this Chapter;

(b) in Annex XIV, any general notes applicable to a Party.

ARTICLE 6.2
Exceptions

Subject to the requirement that such measures are not applied in a manner that would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between Parties where the same conditions prevail or a disguised restriction on international trade, nothing in this Chapter shall be construed to prevent any Party from imposing or enforcing measures:

(a) necessary to protect public morals, order, or safety;
(b) necessary to protect human, animal or plant life or health;
(c) necessary to protect intellectual property; or
(d) relating to goods produced or services supplied by persons with disabilities, philanthropic institutions, or prison labour.

ARTICLE 6.3
Definitions

For the purpose of this Chapter, the following definitions shall apply:

(a) “entity” means an entity covered in Annex XIII;
(b) “in writing or written” means any worded or numbered expression that can be read, reproduced and later communicated. It may include electronically transmitted and stored information;
(c) “permanent list” means a list of suppliers that a procuring entity has determined that they satisfy the conditions for participation in that list, and that the procuring entity intends to use more than once;
(d) “offsets” means any condition or undertaking that encourage local development or improve a Party's balance-of-payments accounts, such as the use of domestic content, the licensing of technology, investment, counter-trade, and similar actions;
(e) “person” means a natural person or a juridical person;
(f) “services” includes construction services, unless otherwise specified;
(g) “standard” is a document approved by a recognized body, that provides, for common and repeated use, rules, guidelines or characteristics for products or services or related processes and

eða vinnsluferli og framleiðsluaðferðir sem tengjast þeim og ekki er skylt að fylgja. Staðall getur enn fremur náð yfir eða fjallað eingöngu um hugtakanotkun, tákn, pökkun, merkingar eða merkimiða sem skylt er að nota í tengslum við vöru, þjónustu, vinnsluferli eða framleiðsluaðferð,

h) „birgir“ merkir einstakling eða lögaðila eða opinbera stofnun eða hóp slíkra einstaklinga, aðila eða stofnana hjá samningsaðila sem geta útvegað vörur, þjónustu eða verkframkvæmdir. Hugtakið tekur jafnt til birgja sem útvega vöru eða þjónustu sem verktaka,

i) „tæknileg reglugerð“ er skjal þar sem lýst er eiginleikum framleiðsluvöru eða þjónustu eða vinnsluferlum og framleiðsluaðferðum sem tengjast þeim, þ.m.t. gildandi stjórnsýsluákvæði sem skylt er að fylgja. Hugtakið getur enn fremur náð yfir eða fjallað eingöngu um hugtakanotkun, tákn, pökkun, merkingar eða merkimiða sem skylt er að nota í tengslum við vöru, þjónustu, vinnsluferli eða framleiðsluaðferð,

j) „tækniforskrift“ merkir útboðskröfu þar sem:

   i. lýst er eiginleikum vöru eða þjónustu sem kaupa á, svo sem gæðum, nothæfi, öryggi og stærðum eða vinnsluferli og aðferðum við framleiðslu eða útvegun eða

   ii. fjallað er um kröfur um hugtakanotkun, tákn, pökkun, merkingar eða merkimiða eftir því sem við á um tiltekna vöru eða þjónustu.

k) „bjóðandi“ merkir birgi sem hefur gert tilboð.

production methods, with which compliance is not mandatory. It may also include or deal exclusively with terminology, symbols, packaging, marking or labelling requirements as they apply to a product, service, process or production method;

(h) “supplier” means any natural or juridical person or public body or group of such persons of a Party or bodies of a Party which can provide goods, services or the execution of works. The term shall cover equally a supplier of goods, a service provider or a contractor;

(i) “technical regulation” is a document which lays down characteristics of a product or a service or their related processes and production methods, including the applicable administrative provisions, with which compliance is mandatory. It may also include or deal exclusively with terminology, symbols, packaging, marking or labelling requirements as they apply to a product, service, process or production method;

(j) “technical specifications” means a tendering requirement that:

   (i) lays down the characteristics of goods or services to be procured, including quality, performance, safety and dimensions, or the processes and methods for their production or provision; or

   (ii) addresses terminology, symbols, packaging, marking or labelling requirements, as they apply to a good or service; and

(k) “tenderer” means a supplier who has submitted a tender.

GREIN 6.4.
Innlend meðferð og bann við mismunun.

1. Hver samningsaðili skal, með tilliti til laga, reglna, málsmeðferðar og starfsvenju varðandi opinber innkaup sem falla undir þennan kafla, sjá til þess að vörur, þjónusta og birgjar frá öðrum samningsaðila njóti, tafar- og skilyrðislaust, meðferðar sem er ekki óhagstæðari en sú sem innlendar vörur, þjónusta og birgjar njóta.

2. Hver samningsaðili skal, með tilliti til laga, reglna, málsmeðferðar og starfsvenju varðandi opinber innkaup sem falla undir þennan kafla, sjá til þess:

a) að stofnanir hans veiti ekki birgjum með staðfestu í landinu óhagstæðari meðferð en öðrum staðbundnum birgjum vegna umfangs erlendra eignatengsla við aðila hjá öðrum samningsaðila eða eignarhalds slíks aðila og

b) að stofnanir hans mismuni ekki birgjum með staðfestu í landinu af þeirri ástæðu að vörur eða

ARTICLE 6.4
National Treatment and Non-discrimination

1. With respect to all laws, regulations, procedures and practices regarding government procurement covered by this Chapter, each Party shall provide immediately and unconditionally to the goods, services and suppliers of another Party a treatment no less favourable than that accorded by it to domestic goods, services and suppliers.

2. With respect to all laws, regulations, procedures and practices regarding government procurement covered by this Chapter, each Party shall ensure that:

(a) its entities do not treat a locally-established supplier less favourably than another locally-established supplier on the basis of the degree of foreign affiliation to, or ownership by, a person of another Party; and

(b) its entities do not discriminate against a locally-established supplier on the basis that the goods

þjónusta frá viðkomandi birgi vegna tiltekinna opinberra innkaupa séu vörur eða þjónusta frá öðrum samningsaðila.

GREIN 6.5.
Upprunareglur.

Samningsaðila er óheimilt að beita upprunareglum, sem eru frábrugðnar eða í ósamræmi við upprunareglur sem samningsaðilinn beitir í almennum viðskiptum, gagnvart innfluttum vörum eða veittri þjónustu frá öðrum samningsaðila vegna opinberra innkaupa sem falla undir þennan kafla.

GREIN 6.6.
Uppbætur.

1. Hver samningsaðili skal, með fyrirvara um ákvæði 2. mgr., sjá til þess að stofnanir hans íhugi ekki, sækist ekki eftir eða beiti uppbótum við mat á hæfi birgja eða mat á gæðum vöru og þjónustu og val á þeim eða við mat á tilboðum og gerð samninga.
2. Samningsaðili getur samþykkt eða viðhaldið uppbótum, eins og fram kemur í 6. viðbæti við XIV. viðauka, að því tilskildu að allar kröfur eða hugmyndir um að uppbótum verði beitt komi skýrt fram í tilkynningu um fyrirhuguð innkaup. Þessar ráðstafanir skulu miðaðar við þróunarþarfir fyrrnefnds samningsaðila og skulu færa birgjum annars samningsaðila ráðstafanir sem eru ekki óhagstæðari en þær sem fyrrnefndi samningsaðilinn færir birgjum hjá aðila sem á ekki hlut að samningnum.

GREIN 6.7.
Matsreglur.

1. Stofnanir skulu hvorki skipta innkaupum upp né beita öðrum aðferðum við mat á verðgildi samnings í því skyni að komast hjá því að beita ákvæðum þessa kafla, þegar ákvarðað er hvort samningur falli undir reglur hans, með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru í XIII. og XIV. viðauka.
2. Stofnun ber, þegar hún metur verðgildi samnings, að taka mið af greiðslum í sérhverri mynd, t.d. framlögum, gjöldum, þóknunum og vöxtum.

GREIN 6.8.
Gagnsæi.

1. Hver samningsaðili skal birta tafarlaust lög, reglugerðir, dómsúrskurði og stjórnsýsluákvarðanir sem hafa almennt gildi og vísa til almennra starfshátta, þ.m.t. stöðluð samningsákvæði og málsmeðferðarreglur um kvartanir vegna innkaupa, sem falla undir þennan kafla, í viðeigandi tilkynningum, er um getur í 2. viðbæti við XIV. viðauka, m.a. opinberlega tilnefndum rafrænum miðlum.

or services offered by that supplier for a particular procurement are goods or services of another Party.

ARTICLE 6.5
Rules of Origin

No Party may apply rules of origin to goods imported or services supplied from another Party for purposes of government procurement covered by this Chapter that are different from, or inconsistent with, the rules of origin which that Party applies in the normal course of trade.

ARTICLE 6.6
Offsets

1. Except as provided for in paragraph 2, each Party shall ensure that its entities do not, in the qualification and selection of suppliers, goods or services, in the evaluation of bids or in the award of contracts, consider, seek or impose offsets.
2. A Party may adopt or retain an offset as set out in Appendix 6 of Annex XIV, provided that any requirement for, or consideration of, the imposition of the offset is clearly stated in the notice of intended procurement. Such measures shall be based on the development needs of that Party and shall accord suppliers of another Party treatment no less favourable than the treatment it accords to suppliers of any non-party.

ARTICLE 6.7
Valuation Rules

1. Entities shall not split up a procurement, nor use any other method of contract valuation with the intention of avoiding the application of this Chapter when determining whether a contract is covered by the disciplines thereof, subject to the conditions set out in Annexes XIII and XIV.
2. In calculating the value of a contract, an entity shall take into account all forms of remuneration, such as premiums, fees, commissions and interests.

ARTICLE 6.8
Transparency

1. Each Party shall promptly publish any law, regulation, judicial decision and administrative ruling of general application and procedure, including standard contract clauses and challenge procedures, regarding procurement covered by this Chapter in the appropriate publications referred to in Appendix 2 of Annex XIV, including officially designated electronic media.

2. Hver samningsaðili skal þegar í stað birta með sama hætti allar breytingar á slíkum ráðstöfunum.
3. Þrátt fyrir önnur ákvæði þessa samnings skal samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, ekki veita tilteknum birgi upplýsingar sem gætu skaðað réttmæta samkeppni milli birgja.

GREIN 6.9.
Útboðsaðferð.

1. Við útboð og gerð samninga skulu stofnanir beita aðferðum á borð við opin útboð eða útboð með forvali, allt eftir innlendum reglum og í samræmi við ákvæði þessa kafla.
2. Stofnanir skulu fara með tilboð sem trúnaðarmál. Þær skulu, einkum og sér í lagi, ekki veita upplýsingar sem er ætlað að hjálpa tilteknum þátttakendum við að breyta tilboðum sínum þannig að þau jafnist á við tilboð annarra þátttakenda.
3. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) almennt útboð er útboðsaðferð þar sem öllum áhugasömum birgjum er heimilt að leggja inn tilboð.
b) útboð með forvali er útboðsaðferð þar sem aðeins birgjum, sem fullnægja hæfniskröfum viðkomandi stofnana, er boðið að leggja inn tilboð, sbr. ákvæði greinar 6.10. og önnur viðeigandi ákvæði í þessum kafla.

c) lokað útboð er útboðsaðferð þar sem stofnanir geta ákveðið að birta ekki auglýsingu um fyrirhuguð innkaup og geta haft samráð við birgja að eigin vali og samið um samningsskilmála við einn eða fleiri þeirra samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í grein 6.12.

GREIN 6.10.
Útboð með forvali.

1. Innkaupastofnanir, sem hyggjast efna til útboðs með forvali, skulu, í tilkynningu um fyrirhuguð innkaup eða í tilkynningu þar sem birgjum er boðið að sækja um að taka þátt í útboði, bjóða hæfum birgjum að senda umsókn og kynna frest til þess.

2. Innkaupastofnun skal viðurkenna sem hæfa birgja þá innlendu birgja og birgja annarra samningsaðila sem uppfylla skilyrði fyrir þátttöku í tilteknum innkaupum, nema innkaupastofnunin tilgreini, í tilkynningu um fyrirhuguð innkaup eða í útboðsgögnum, ef þau eru aðgengileg almenningi, hvers konar takmarkanir á þeim fjölda birgja sem verður heimilað að leggja fram tilboð og forsendur fyrir vali takmarkaðs fjölda birgja. Innkaupastofnanir skulu velja birgja til þátttöku í útboði með

2. Each Party shall promptly publish in the same manner all modifications to such measures.
3. Notwithstanding any other provision of this Agreement, a Party, including its procuring entities, shall not provide information to a particular supplier that might prejudice fair competition between suppliers.

ARTICLE 6.9
TenderingProcedures

1. Entities shall award their public contracts by using methods such as open or selective tendering procedures according to their national procedures, in compliance with this Chapter.
2. Entities shall treat tenders in confidence. In particular, they shall not provide information intended to assist particular participants to bring their tenders up to the level of other participants.

3. For the purposes of this Chapter:

(a) open tendering procedures are those procedures whereby any interested supplier may submit a tender;
(b) selective tendering procedures are those procedures whereby, consistent with Article 6.10 and other relevant provisions of this Chapter, only suppliers satisfying qualification requirements established by the entities are invited to submit a tender;
(c) limited tendering procedures are those procedures whereby entities may choose not to publish a notice of intended procurement, and may consult the suppliers of their choice and negotiate the terms of contract with one or more of these suppliers, under the conditions laid down in Article 6.12.

ARTICLE 6.10
Selective Tendering

1. Entities that intend to use selective tendering shall in the notice of intended procurement or in the notice inviting suppliers to submit a request for participation invite qualified suppliers to submit a request for participation and indicate the time-limit for submitting requests for participation.
2. When using selective tendering procedures, a procuring entity shall recognize as qualified suppliers such domestic suppliers and suppliers of another Party that meet the conditions for participation in a particular procurement, unless the procuring entity states in the notice or, where publicly available, in the tender documentation, any limitation on the number of suppliers that will be permitted to tender and the objective criteria for such limitation. Procuring entities shall select the suppliers to participate in

forvali af sanngirni og án mismununar.

3. Ef útboðsgögn eru ekki gerð aðgengileg almenningi frá og með þeim degi þegar tilkynningin, sem um getur í 1. mgr., er birt skulu innkaupastofnanir sjá til þess að gögnin séu samtímis aðgengileg öllum hæfum birgjum sem eru valdir í samræmi við 2. mgr.
4. Stofnanir, sem halda varanlegar skrár um hæfa birgja, mega velja birgja úr hópi þeirra sem eru skráðir til að gera tilboð, með þeim skilyrðum sem gert er ráð fyrir í grein 6.11. Við allt val skal gert ráð fyrir sanngjörnum tækifærum allra birgja í skránum.

GREIN 6.11.
Hæfi birgja.

1. Hvers kyns skilyrði fyrir þátttöku í útboðum skulu takmarkast við skilyrði sem eru óhjákvæmileg til þess að tryggja getu birgis til þess að uppfylla kröfur vegna innkaupanna og getu til að hrinda ákvæðum viðkomandi samnings í framkvæmd.
2. Þegar stofnanir ákvarða hæfi birgja skulu þær ekki gera greinarmun á birgjum í eigin landi og birgjum hjá öðrum samningsaðila. Innkaupastofnun skal, við mat á því hvort birgir uppfylli þátttökuskilyrði, kanna fjárhagslega, viðskiptalega og tæknilega getu birgis á grundvelli starfsemi hans, jafnt innan sem utan yfirráðasvæðis þess samningsaðila sem innkaupastofnunin tilheyrir. Innkaupastofnunin skal byggja mat sitt á þeim skilyrðum sem hún hefur tilgreint fyrirfram í tilkynningum eða útboðsgögnum.
3. Ekkert í þessum kafla kemur í veg fyrir að birgir verði útilokaður af ástæðum á borð við gjaldþrot, rangar yfirlýsingar eða dóm fyrir alvarlega glæpi á borð við þátttöku í glæpasamtökum.
4. Stofnanir skulu birta, með nægum fyrirvara, öll skilyrði fyrir þátttöku í útboði til þess að gera áhugasömum birgjum kleift að hefja og, að því marki sem slíkt samræmist skilvirkri framkvæmd útboðsins, að ljúka hæfisferlinu.

5. Innkaupastofnunum er heimilt að stofna varanlegar skrár um hæfa birgja og viðhalda þeim. Þær skulu sjá til þess að birgjar geti, hvenær sem er, sótt um að verða dæmdir hæfir og að allir hæfir birgjar, sem þess óska, séu færðir í skrána innan eðlilegra tímamarka án nokkurrar mismununar. Hlutaðeigandi stofnanir skulu tilkynna birgi, sem hefur sótt um að ferða færður í skrána, tímanlega um ákvörðun þar að lútandi.
6. Stofnanir, sem starfa í veitugeirunum eða öðrum, geta notað tilkynningu, þar sem birgjum er boðið að sækja um að verða færðir í varanlega skrá, sem tilkynningu um fyrirhuguð innkaup og geta útilokað

the selective tendering procedure in a fair and non-discriminatory manner.
3. Where the tender documentation is not made publicly available from the date of publication of the notice referred to in paragraph 1, procuring entities shall ensure that the tender documentation is made available at the same time to all the qualified suppliers selected in accordance with paragraph 2.
4. Entities maintaining permanent lists of qualified suppliers may select suppliers to be invited to tender from among those listed, under the conditions foreseen in Article 6.11. Any selection shall allow for equitable opportunities for suppliers on the lists.

ARTICLE 6.11
Qualification of Suppliers

1. Any conditions for participation in procurement shall be limited to those that are essential to ensure that the potential supplier has the capability to fulfil the requirements of the procurement and the ability to execute the contract in question.
2. In the process of qualifying suppliers, entities shall not discriminate between domestic suppliers and suppliers of another Party. In assessing whether a supplier satisfies the conditions for participation, a procuring entity shall evaluate the financial, commercial and technical abilities of a supplier on the basis of that supplier's business activities both inside and outside the territory of the Party of the procuring entity. The procuring entity shall base its assessment on the conditions that it has specified in advance in notices or tender documentation.
3. Nothing in this Article shall preclude the exclusion of any supplier on grounds such as bankruptcy, false declarations or conviction for serious crime such as participation in criminal organizations.
4. Entities shall publish in adequate time any conditions for participation in tendering procedures to enable interested suppliers to initiate and, to the extent that it is compatible with the efficient operation of the procurement practices, to complete the qualification procedure.
5. Procuring entities may establish or maintain a permanent list of qualified suppliers. They shall ensure that suppliers may apply for qualification at any time and that all qualified suppliers so requesting are included in the list within a reasonable and non-discriminatory short period of time. A supplier having requested to be included in the list shall be informed by the entities concerned of the decision in this regard in a timely fashion.
6. Entities operating in the utilities sectors or others may use a notice inviting suppliers to apply for inclusion on a permanent list as a notice of intended procurement and may exclude requests for participa-

umsóknir um þátttöku frá birgjum sem, enn sem komið er, hafa ekki verið dæmdir hæfir með tilliti til viðkomandi innkaupa af þeirri ástæðu að hlutaðeigandi innkaupastofnun hafi ekki nægan tíma til þess að fjalla um umsóknina.

GREIN 6.12.
Lokuð útboð.

1. Innkaupastofnun getur, með fyrirvara um þau skilyrði sem kveðið er á um í 2. mgr. og þegar um lokað útboð er að ræða, valið að birta ekki útboðstilkynningu áður en samningur um innkaup er gerður.

2. Stofnanir geta gert samninga um opinber innkaup í lokuðu útboði í eftirfarandi tilvikum, að því gefnu að lokað útboð sé ekki notað til þess að komast hjá sem mestri hugsanlegri samkeppni eða þannig að til verði mismunun, sem bitni á birgjum annars samningsaðila, eða vernd til handa innlendum framleiðendum eða birgjum:

a) þegar engin nothæf tilboð hafa verið lögð inn í opnu eða lokuðu útboði, enda sé upphaflegum útboðskröfum ekki breytt svo neinu nemi,

b) þegar einungis tiltekinn birgir getur uppfyllt samning af tæknilegum eða listrænum ástæðum, eða þegar um vernd einkaréttar er að ræða, og ekki gefst neinn annar raunhæfur valkostur,

c) þegar um er að ræða knýjandi aðstæður vegna atburða sem stofnunin gat ekki séð fyrir og ekki var hægt að fá þá vöru eða þjónustu sem um ræðir tímanlega með opnu útboði eða útboði með forvali,

d) þegar um það er að ræða að afla viðbótarvara eða -þjónustu frá upphaflegum birgi og tilkoma annars birgis myndi knýja stofnunina til þess að kaupa tækjabúnað eða þjónustu sem þýddi að ókleift yrði að mæta kröfum um umskiptanleika að því er ríkjandi tækjabúnað eða þjónustu varðar,

e) þegar stofnun kaupir frumgerðir eða fyrstu vöru eða þjónustu sem þróuð er að beiðni hennar í tengslum við og vegna tiltekins samnings um rannsókn, tilraun, athugun eða frumþróun,

f) þegar viðbótarþjónusta, sem ekki fólst í upphaflega samningnum en var eitt af markmiðunum í upphaflegu útboðsgögnunum, hefur, af ófyrirsjáanlegum ástæðum, orðið nauðsynleg til þess að ljúka þjónustunni sem þar er lýst.

g) þegar um ræðir nýja þjónustu, sem í er fólgin endurtekning svipaðrar þjónustu, og viðkomandi stofnun hefur gefið til kynna í tilkynningu um

tion from suppliers not yet qualified in respect of the procurement on the grounds that the procuring entity has insufficient time to examine the application.

ARTICLE 6.12
Limited Tendering

1. Subject to the conditions established in paragraph 2 when using the limited tendering procedure, a procuring entity may choose not to publish a contract notice prior to the award of the procurement contract.

2. Provided that limited tendering is not used to avoid maximum possible competition or in a manner which would constitute a means of discrimination among suppliers of another Party or protection to domestic producers or suppliers, entities may award their public contracts by limited tendering procedure in the following cases:

(a) where no suitable tenders have been submitted in response to an open or selective tender, on condition that the requirements of the initial tender are not substantially modified;

(b) where, for technical or artistic reasons, or for reasons connected with protection of exclusive rights, the contract may be performed only by a particular supplier and no reasonable alternative or substitute exists;

(c) for reasons of extreme urgency brought about by events unforeseen by the entity, the products or services could not be obtained in time by means of open or selective tendering procedures;

(d) for additional deliveries of goods or services by the original supplier where a change of supplier would compel the entity to procure equipment or services not meeting requirements of interchangeability with already existing equipment or services;

(e) when an entity procures prototypes or a first product or service which are developed at its request in the course of, and for, a particular contract for research, experiment, study or original development;

(f) when additional services which were not included in the initial contract but which were within the objectives of the original tender documentation have, through unforeseeable circumstances, become necessary to complete the services described therein;

(g) for new services consisting of the repetition of similar services and for which the entity has indicated in the notice concerning the initial ser-

upphaflega þjónustu að lokað útboð kynni að verða notað við gerð samninga um slíka nýja þjónustu,
h) þegar um ræðir innkaup á vörumarkaði,
i) þegar um ræðir samninga sem eru gerðir við vinningshafa í hönnunarsamkeppni. Ef vinningshafar eru fleiri en einn skal bjóða þeim að ganga til samninga eins og tilgreint er í útboðstilkynningu eða útboðsgögnum,
j) þegar um ræðir innkaup, sem eru gerð við sérlega hagstæðar aðstæður sem eru einungis fyrir hendi í mjög skamman tíma þegar óvenjulegar ráðstafanir eru gerðar, t.d. við félagsslit, skiptameðferð eða gjaldþrotameðferð, en ekki þegar um ræðir venjubundin innkaup af venjulegum birgjum.

GREIN 6.13.
Samningaviðræður.

1. Samningsaðili getur kveðið á um að stofnanir þeirra efni til samningaviðræðna:
a) vegna innkaupa, hafi þær greint frá fyrirætlunum um slíkar viðræður í tilkynningu um fyrirhugað útboð eða
b) ef mat leiðir í ljós að ekkert eitt tilboð sé augljóslega hagstæðast samkvæmt þeim matsviðmiðunum sem settar eru fram í tilkynningum eða útboðsgögnum.
2. Allar stofnanir skulu:
a) tryggja að útilokun birgja frá þátttöku í samningaviðræðum samræmist matsviðmiðunum sem settar eru fram í auglýsingum eða útboðsgögnum og
b) veita birgjum, sem eftir eru þegar viðræðum lýkur, tiltekinn frest til þess að leggja fram ný eða endurskoðuð tilboð.

GREIN 6.14.
Birting tilkynninga.

1. Hver samningsaðili skal tryggja að stofnanir hans sjái til þess að upplýsingum um tækifæri til tilboðsgerðar, sem leiðir af viðkomandi ríkiskaupum, sé miðlað á virkan hátt og að birgjar hjá öðrum samningsaðilum fái allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að geta tekið þátt í útboði vegna fyrrnefndra innkaupa.
2. Að því er varðar hvern samning sem fellur undir þennan kafla, sbr. 3. mgr. greinar 6.1, að undanskildum ákvæðum c-liðar 3. mgr. greinar 6.9 og greinar 6.12, skulu stofnanir birta tilkynningu fyrir fram þar sem áhugasömum birgjum er boðið að leggja fram tilboð eða, eftir atvikum, umsóknir um þátttöku vegna viðkomandi samningsgerðar.
3. Sérhver tilkynning um fyrirhuguð innkaup, sem falla undir þennan kafla, skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

vice, that limited tendering procedures might be used in awarding contracts for such new services;
(h) for products purchased on a commodity market;
(i) in the case of contracts awarded to the winner of a design contest; in the case of several successful candidates, successful candidates shall be invited to participate in the negotiations as specified in the notice or the tender documents;
(j) for purchases made under exceptionally advantageous conditions that only arise in the very short term in the case of unusual disposals such as those arising from liquidation, receivership, or bankruptcy, but not for routine purchases from regular suppliers.

ARTICLE 6.13
Negotiations

1. A Party may provide for its entities to conduct negotiations:
(a) in the context of procurements in which they have indicated such intent in the notice of intended procurement; or
(b) where it appears from the evaluation that no one tender is obviously the most advantageous in terms of the specific evaluation criteria set forth in the notices or tender documentation.
2. An entity shall:
(a) ensure that any elimination of tenderers in the negotiations is carried out in accordance with the evaluation criteria set out in the notices or tender documentation; and
(b) when negotiations are concluded, provide a common deadline for the remaining tenderers to submit any new or revised tenders.

ARTICLE 6.14
Publication of Notices

1. Each Party shall ensure that its entities provide for effective dissemination of the tendering opportunities generated by the relevant government procurement processes, providing suppliers of another Party with all the information required to take part in such procurement.

2. For each covered procurement as defined in paragraph 3 of Article 6.1, except as set out in paragraph 3(c) of Article 6.9 and in Article 6.12, entities shall publish in advance a notice inviting interested suppliers to submit tenders, or where appropriate, requests for participation for that contract.
3. The information in each notice of intended covered procurement shall include at least the following:

a) heiti, heimilisfang, bréfsímanúmer, ef um það er að ræða, og tölvupóstfang viðkomandi stofnunar og, ef við á, heimilisfang þar sem hægt er að nálgast öll skjöl varðandi innkaupin,
b) útboðsaðferð sem valin er og form samnings,
c) lýsing á fyrirhuguðum innkaupum, ásamt grunnkröfum sem fullnægja þarf vegna samningsgerðar,
d) öll skilyrði sem birgjar verða að uppfylla vegna þátttöku í innkaupunum,
e) skilafrestur tilboða og aðrir frestir, ef við á,
f) greiðsluskilmálar og aðrir skilmálar ef unnt er og
g) kostnaður vegna útboðsgagna.

4. Allan þann tíma, sem útboð vegna viðkomandi innkaupa stendur yfir, skal vera hægt að nálgast hverja þá tilkynningu sem um getur í þessari grein og 5. viðbæti við XIV. viðauka.

5. Stofnanir skulu birta tilkynningar tímanlega með því að nota úrræði sem veita áhugasömum birgjum hjá samningsaðilunum sem víðtækastan aðgang án mismununar. Tilkynningar skulu vera aðgengilegar á þeim þjónustustöðum sem er tilgreindur í 2. viðbæti við XIV. viðauka.

(a) name, address, and if available telefax number, electronic address of the entity and, if different, the address where all documents relating to the procurement may be obtained;
(b) the tendering procedure chosen and the form of the contract;
(c) a description of the intended procurement, as well as essential contract requirements to be fulfilled;
(d) any conditions that suppliers must fulfil to participate in the procurement;
(e) time-limits for submission of tenders and, where appropriate, other time limits;
(f) if possible, terms of payment and any other terms; and
(g) costs of the tendering documentation.

4. Each notice referred to in this Article and Appendix 5 of Annex XIV, shall be accessible during the entire time period established for tendering for the relevant procurement.

5. Entities shall publish the notices in a timely manner through means which offer the widest possible and non-discriminatory access to the interested suppliers of the Parties. The notices shall be accessible through the points of access specified in Appendix 2 of Annex XIV.

Grein 6.15.
Útboðsgögn.

1. Innkaupastofnun skal láta áhugasömum birgjum í té útboðsgögn sem innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar sem gera þeim kleift að undirbúa og leggja fram tilboð. Í gögnunum skulu koma fram þau viðmið sem viðkomandi stofnun mun vega og meta við val samningsaðila, m.a. allir kostnaðarþættir, einnig það vægi eða, eftir atvikum, það hlutfallslega gildi sem stofnunin mun gefa fyrrnefndum viðmiðum við mat tilboða.

2. Hafi heildarlýsing ekki þegar komið fram í tilkynningu um fyrirhuguð innkaup skal eftirfarandi lýst í útboðsgögnum:
a) innkaupunum, þ.m.t. eðli, umfang og magn, sé það þekkt, þeirrar vöru eða þjónustu sem kaupa á og allar kröfur sem þarf að uppfylla, m.a. að því er varðar allar tækniforskriftir, samræmisvottun, áætlanir, teikningar eða fyrirmæli,
b) öllum skilyrðum fyrir þátttöku, þ.m.t. gild gjöld, fjárhagslegar tryggingar, upplýsingar og skjöl sem birgjum ber að leggja fram,
c) ef tilboð verða opnuð opinberlega, hvaða dag og hvenær dags þau verða opnuð og hvar og

Article 6.15
Tender Documentation

1. A procuring entity shall provide interested suppliers with tender documentation that includes all the information necessary to permit suppliers to prepare and submit responsive tenders. The documentation shall include the criteria that the entity will consider in awarding the contract, including all cost factors, and the weights or, where appropriate, the relative values that the entity will assign to these criteria in evaluating tenders.

2. Unless already provided in the notice of intended procurement, such documentation shall include a complete description of:
(a) the procurement, including the nature, scope, and, where known, the quantity of the goods or services to be procured and any requirements to be fulfilled, including any technical specifications, conformity certifications, plans, drawings, or instructional materials;
(b) any conditions for participation, including any applicable fees, financial guarantees, information, and documents that suppliers are required to submit;
(c) where there will be a public opening of tenders, the date, time, and place for the opening of tenders; and

d) öllum öðrum skilmálum eða skilyrðum sem máli skipta við mat tilboða.

GREIN 6.16.
Tækniforskriftir.

1. Hver samningsaðili skal sjá til þess að stofnanir hans taki ekki saman, samþykki eða noti neinar tækniforskriftir í þeim tilgangi eða með þeim afleiðingum að til verði óþarfa hindranir í viðskiptum milli samningsaðilanna.
2. Tækniforskriftir, sem innkaupastofnanir tilgreina, skulu, eftir atvikum:
a) varða nothæfi og kröfur um virkni fremur en hönnun eða lýsandi eiginleika og

b) byggðar á alþjóðlegum stöðlum, ef til eru, að öðrum kosti á innlendum tæknireglugerðum, viðurkenndum innlendum stöðlum eða byggingarreglugerðum.
3. Ef hönnun eða lýsandi eiginleikar koma fram í tækniforskriftum ber viðkomandi stofnun, eftir atvikum, að láta fylgja orð eins og „eða sambærilegt“ í tækniforskriftum og taka til umfjöllunar tilboð sem sýnilega uppfylla gerðar kröfur með tilliti til þeirrar hönnunar og lýsandi eiginleika er um ræðir og þjóna þeim markmiðum sem stefnt er að.
4. Innkaupastofnun skal ekki tilgreina tækniforskriftir þar sem gerð er krafa um eða vísað til tiltekins vörumerkis eða viðskiptaheitis, einkaleyfis, höfundarréttar, hönnunar eða gerðar, tiltekins uppruna, framleiðanda eða birgis, nema ókleift sé að lýsa útboðsskilmálum nægilega vel eða skiljanlega öðruvísi og að því gefnu að í slíkum tilvikum séu orð eins og „eða sambærilegt“ látin fylgja í útboðsgögnum.

(d) any other terms or conditions relevant to the evaluation of tenders.

ARTICLE 6.16
Technical Specifications

1. Each Party shall ensure that its entities do not prepare, adopt or apply any technical specifications with a view to, or with the effect of, creating unnecessary obstacles to trade between the Parties.

2. Technical specifications prescribed by entities shall, where appropriate:
(a) be in terms of performance and functional requirements rather than design or descriptive characteristics; and
(b) be based on international standards, where these exist or, in their absence, on national technical regulations, recognised national standards, or building codes.
3. Where design or descriptive characteristics are used in the technical specifications, an entity shall, where appropriate, include words such as “or equivalent” in the technical specifications and consider tenders that demonstrably meet the required design or descriptive characteristics and are fit for the purposes intended.
4. An entity shall not prescribe technical specifications that require or refer to a particular trademark or trade name, patent, copyright, design or type, specific origin, producer or supplier, unless there is no other sufficiently precise or intelligible way of describing the procurement requirements and provided that, in such cases, words such as “as equivalent” are included in the tender documentation.

GREIN 6.17.
Frestir.

1. Skilafrestur tilboða og umsókna um þátttöku til stofnana skal vera nægur til þess að birgjar hjá öðrum samningsaðila, sem og birgjar í heimalandi, geti undirbúið og skilað tilboðum og, eftir atvikum, umsóknum um þátttöku eða um að teljast hæfir. Þegar fyrrnefndur frestur er ákveðinn ber stofnunum, allt eftir eðlilegum þörfum þeirra, að taka mið af þáttum eins og hve flókin fyrirhuguð innkaup eru og hve langan tíma eðlilegt má telja að taki tilboð að berast, jafnt utan- sem innanlands frá.

2. Hver samningsaðili skal tryggja að stofnanir hans taki eðlilegt tillit til tafa, sem verða á birtingu, þegar ákveðinn er lokafrestur til að skila tilboðum eða umsóknum um þátttöku eða um að teljast hæfur til að verða færður í birgjaskrána.

ARTICLE 6.17
Time Limits

1. All time limits established by the entities for the receipt of tenders and requests to participate shall be adequate to allow suppliers of another Party, as well as domestic suppliers, to prepare and to submit tenders, and where appropriate, requests for participation or applications for qualifying. In determining any such time limit, entities shall, consistent with their own reasonable needs, take into account such factors as the complexity of the intended procurement and the normal time for transmitting tenders from foreign as well as domestic points.
2. Each Party shall ensure that its entities shall take due account of publication delays when setting the final date for receipt of tenders or of requests for participation or for qualifying for the suppliers’ list.

3. Lágmarksskilafrestur tilboða er tilgreindur í 3. viðbæti við XIV. viðauka.

3. The minimum time limits for the receipt of tenders are specified in Appendix 3 to Annex XIV.

GREIN 6.18.
Meðferð tilboða og samningsgerð.

1. Tilboð og umsóknir um þátttöku skulu vera skrifleg.
2. Innkaupastofnun skal taka við öllum tilboðum og opna eftir verklagi sem tryggir sanngirni og óhlutdrægni í innkaupum og að farið sé með tilboð sem trúnaðarmál.
3. Innkaupastofnun ber, nema hún ákveði að tiltekin samningsgerð þjóni ekki hagsmunum almennings, að semja við þann birgi sem stofnunin telur fullfæran um að rísa undir skuldbindingum samningsins og hefur, einvörðungu á grundvelli þeirra matsviðmiðana sem eru tilgreindar í tilkynningum og útboðsgögnum:
a) sé verð eina viðmiðunin, boðið lægsta verð eða

b) lagt fram hagstæðasta tilboðið.
4. Hver samningsaðili skal sjá til þess að stofnanir hans miðli niðurstöðum úr opinberum innkaupum á skilvirkan hátt.
5. Stofnanir skulu, eins fljótt og verða má, birta allar ákvarðanir er varða viðkomandi samningsgerð og um sérkenni og kosti þess tilboðs sem var tekið, samanborið við önnur tilboð. Innkaupastofnunum ber, að fram kominni beiðni þar um, að upplýsa alla bjóðendur, sem ekki voru valdir, um ástæður þess að tilboðum þeirra var ekki tekið.

ARTICLE 6.18
Treatment of Tenders and Contract Awards

1. Tenders and requests to participate in procedures shall be submitted in writing.
2. A procuring entity shall receive, open, and treat all tenders under procedures that guarantee the fairness and impartiality of the procurement process, and the confidentiality of tenders.
3. Unless a procuring entity determines that it is not in the public interest to award a contract, it shall award the contract to the supplier that the entity has determined to be fully capable of undertaking the contract and, based solely on the evaluation criteria specified in the notices and tender documentation, has submitted:
(a) where price is the sole criterion, the lowest price; or
(b) the most advantageous tender.
4. Each Party shall ensure that its entities provide for effective dissemination of the results of government procurement processes.
5. Entities shall as soon as possible publish the decisions regarding the award of the contract and of the characteristics and relative advantages of the selected tender. Upon request, entities shall inform any eliminated tenderer of the reasons for the rejection of its tender.

GREIN 6.19.
Útboð vefengd.

1. Hver samningsaðili skal gefa kost á málsmeðferð sem mismunar ekki, er tímanleg, gagnsæ og skilvirk og gerir birgjum kleift að kvarta vegna meintra brota á ákvæðum þessa kafla, að því er varðar innkaup þar sem þeir eiga eða hafa átt hagsmuna að gæta.
2. Óvilhallur og óháður úrskurðaraðili skal hlýða á málflutning vegna umkvartana. Úrskurðaraðili, sem ekki er dómstóll, skal annaðhvort háður endurskoðun dómstóla eða hafa viðeigandi málsmeðferðarrétt.
3. Hver samningsaðili getur, uppfylli hann ákvæðin hér að framan, ákveðið, eftir innlendum lögum og reglum, málsmeðferð vegna umkvartana samkvæmt þessari grein.
4. Hver samningsaðili skal gefa birgjum hæfilegan frest til þess að undirbúa og leggja fram umkvörtunarefni sín.

ARTICLE 6.19
Bid Challenges

1. Each Party shall provide non-discriminatory, timely, transparent and effective procedures enabling suppliers to challenge alleged breaches of any obligations specified in this Chapter for procurements in which they have, or have had, an interest.
2. Challenges shall be heard by an impartial and independent reviewing authority. A reviewing authority, if it is not a court, shall either be subject to judicial review or shall have procedural guarantees of due process.
3. Provided it respects the previous paragraphs, each Party can determine according to its domestic laws and regulations the review procedures applicable to the hearing of challenges under this Article.
4. Each Party shall allow sufficient period of time for suppliers to prepare and submit a challenge.

GREIN 6.20.
Upplýsingatækni.

1. Samningsaðilar skulu leitast við, eftir bestu getu, að nota rafrænar samskiptaleiðir til þess að unnt sé að dreifa upplýsingum um innkaup hins opinbera með skilvirkum hætti, einkum að því er varðar þátttökutækifæri sem stofnanir bjóða, og jafnframt virða grundvallarreglurnar um gagnsæi og bann við mismunun.
2. Þegar gerð eru innkaup sem þessi samningur tekur til með rafrænum hætti skal innkaupastofnun:
a) tryggja að innkaupum sé stýrt með upplýsingatækni- og hugbúnaði sem almenningi stendur til boða og er rekstrarsamhæfður, þ.m.t. búnaður sem gerir kleift að sanna uppruna upplýsinga og dulkóða þær og
b) viðhalda starfsaðferðum sem tryggja vammleysi að því er þátttökubeiðnir og tilboð varðar og útiloka óviðeigandi aðgang að þeim.

ARTICLE 6.20
Information Technology

1. The Parties shall, to the extent possible, endeavour to use electronic means of communication to permit efficient dissemination of information on government procurement, particularly as regards tender opportunities offered by entities, while respecting the principles of transparency and non-discrimination.
2. When conducting covered procurement by electronic means, a procuring entity shall:
(a) ensure that the procurement is conducted using generally available and interoperable information technology products and software, including those related to authentication and encryption of information; and
(b) maintain mechanisms that ensure the integrity of, and prevent inappropriate access to, requests for participation and tenders.

GREIN 6.21.
Samstarf og aðstoð.

1. Samningsaðilar munu vinna saman á sviði opinberra innkaupa með því að miðla með gagnkvæmum hætti reynslu og upplýsingum um bestu starfsvenjur og regluramma.
2. Samningsaðilar skulu leitast við að vinna saman til að öðlast betri skilning á opinberu innkaupaferli hvers annars og fá betri aðgang að mörkuðum hvers annars.
3. Láta ber tækniaðstoð í té að fram kominni rökstuddri beiðni, einkum með þjálfunaráætlunum sem eru undirbúnar sameiginlega.

ARTICLE 6.21
Co-operation and Assistance

1. The Parties will co-operate in the area of government procurement by exchanging experience and information about best practices and regulatory frameworks.
2. The Parties shall endeavour to co-operate with a view to achieving a better understanding of their respective government procurement systems, as well as a better access to their respective markets.
3. Technical assistance shall be provided upon a duly motivated request, in particular through jointly developed training programmes.

GREIN 6.22.
Breytingar á gildissviði.

1. Samningsaðila er heimilt að breyta gildissviði samkvæmt þessum kafla svo fremi hann:
a) tilkynni hinum samningsaðilunum um breytinguna og
b) láti hina samningsaðilana njóta, innan 30 daga eftir að þetta er tilkynnt, viðeigandi mótvægisaðgerða vegna breytts gildissviðs til þess að viðhalda gildissviði sambærilegu því sem var fyrir breytinguna.
2. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 1. mgr. skal samningsaðili ekki láta hina samningsaðilana njóta mótvægisaðgerða ef gildissviðsbreyting hans samkvæmt þessum kafla varðar:
a) leiðréttingar sem eru einungis formlegs eðlis eða minni háttar breytingar á XIII. og XIV. viðauka,
b) eina stofnun eða fleiri þar sem ríkisumsjá eða -áhrifum hefur í raun verið aflétt.

ARTICLE 6.22
Modifications to Coverage

1. A Party may modify its coverage under this Chapter, provided that it:
(a) notifies the other Parties of the modification; and
(b) provides the other Parties, within 30 days following the date of such notification, appropriate compensatory adjustments to its coverage in order to maintain a level of coverage comparable to that existing prior to the modification.
2. Notwithstanding paragraph 1(b), no compensatory adjustments shall be provided to the other Parties where the modification by a Party of its coverage under this Chapter concerns:
(a) rectifications of a purely formal nature and minor amendments to Annexes XIII and XIV;
(b) one or more covered entities on which government control or influence has been effectively eliminated.

3. Sameiginlega nefndin skal styðja allar breytingar á gildissviði, sbr. ákvæði þessarar greinar, með því að breyta viðeigandi viðauka.

GREIN 6.23.
Frekari samningaviðræður.

Bjóði samningsaðili þriðja aðila síðar meir betri skilyrði fyrir aðgangi að markaði sínum fyrir opinber innkaup en samkomulag er um samkvæmt þessum kafla, skal sá samningsaðili, að beiðni annars samningsaðila, hefja samningaviðræður um gagnkvæma víkkun gildissviðs samkvæmt þessum kafla.

GREIN 6.24.
Endurskoðun og framkvæmd.

1. Sameiginlega nefndin skal endurskoða framkvæmd ákvæða þessa kafla á tveggja ára fresti, nema samningsaðilar ákveði annað. Hún skal taka öll málefni sem upp koma til umfjöllunar og grípa til viðeigandi aðgerða þegar hún aðhefst.
2. Sameiginlega nefndin skal, að beiðni samningsaðila, kveðja saman vinnuhóp til að fjalla um mál er varða framkvæmd ákvæða þessa kafla.

GREIN 6.25.
Aðlögunartímabil.

1. Aðildarríkjum Flóabandalagsins er heimilt, þrátt fyrir ákvæði um innlenda meðferð í grein 6.4, að veita heimild fyrir forgjöf sem innlendar vörur og þjónusta njóti á aðlögunartímabili sem vari í lengst tíu ár frá því að samningur þessi öðlast gildi.

2. Forgjöf, veitt samkvæmt þessari grein, skal ekki vera umfram 10% af verðgildi framleiðsluvöru og veittrar þjónustu innanlands.

7. KAFLI
STOFNANAÁKVÆÐI

GREIN 7.1.
Sameiginlega fríverslunarnefndin.

1. Samningsaðilar koma hér með á fót fríverslunarnefnd EFTA og Flóabandalagsins (hér á eftir nefnd „sameiginlega nefndin“) sem í eiga sæti fulltrúar hvers samningsaðila um sig.
2. Sameiginlega nefndin getur komið á fót föstum eða sérlegum undirnefndum eða og vinnuhópum sér til aðstoðar við að ljúka verkefnum sínum.
3. Sameiginlega nefndin heldur reglulega fundi annað hvert ár. Halda ber reglulega fundi til skiptis í aðildarríki Flóabandalagsins eða EFTA-ríki. Heimilt er að halda sérstaka fundi að beiðni hvaða samningsaðila sem er. Þessa fundi skal halda innan 30 daga frá dagsetningu beiðni, á yfirráðasvæði þess samningsaðila sem biður um fund, nema samningsaðilarnir ákveði annað.

3. The Joint Committee shall endorse any modifications to coverage as set forth by this Article by amending the relevant Annex.

ARTICLE 6.23
Further Negotiations

If a Party offers in the future a non-party more favourable conditions for access to its government procurement market than agreed under this Chapter, it shall, upon request of another Party, enter into negotiations with a view to extending coverage under this Chapter on a reciprocal basis.

ARTICLE 6.24
Review and Implementation

1. The Joint Committee shall review the implementation of this Chapter every two years, unless otherwise agreed by the Parties; it shall consider any issue arising from it, and take appropriate action in the exercise of its functions.
2. At the request of a Party, the Joint Committee shall convene a working group to address issues related to the implementation of this Chapter.

ARTICLE 6.25
Transitional Period

1. Notwithstanding the provisions on national treatment set out in Article 6.4, GCC Member States may grant, for a transitional period not exceeding ten years from the date of entry into force of this Agreement, a price preference programme in favour of their domestic goods and services.
2. A price preference granted under this article shall not exceed 10% of the value of the goods and services produced domestically.

CHAPTER 7
INSTITUTIONAL PROVISIONS

ARTICLE 7.1
The Joint Free Trade Committee

1. The Parties hereby establish the Joint EFTA-GCC Free Trade Committee (hereinafter referred to as the “Joint Committee”) comprising representatives of each Party.
2. The Joint Committee may establish standing or *ad hoc* sub-committees or working groups to assist it in accomplishing its tasks.
3. The Joint Committee shall meet for regular sessions every two years. The regular sessions shall be held alternately in the GCC Member States and the EFTA States. Special sessions can also be held at the request of any Party. Such sessions shall be held within 30 days from the date of the request in the territory of the requesting Party except if the Parties otherwise agree.

4. Eitt EFTA-ríkjanna og eitt aðildarríkja Flóabandalagsins skulu gegna formennsku sameiginlega á fundum sameiginlegu nefndarinnar. Sameiginlega nefndin setur sér starfsreglur.

5. Hlutverk sameiginlegu nefndarinnar eru, auk þeirra hlutverka sem um getur annars staðar í þessum samningi, sem hér segir:

a) hafa yfirumsjón með framkvæmd þessa samnings,
b) endurskoða og meta allan rekstur þessa samnings,
c) endurskoða og meta útkomu þessa samnings í ljósi fenginnar reynslu af beitingu ákvæða hans og í ljósi markmiða hans,
d) kanna leiðir til þess að örva enn frekar verslun og fjárfestingar milli samningsaðilanna,
e) taka til umfjöllunar útfærslu og breytingar á þessum samningi sem hvaða samningsaðili sem er getur lagt til,
f) leitast við að leysa deilumál sem upp kunna að koma í tengslum við túlkun eða beitingu þessa samnings,
g) hafa yfirumsjón með starfi allra undirnefnda og vinnuhópa sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi,
h) vinna öll önnur verkefni sem samningsaðilarnir fela henni og falla undir hlutverk og markmið þessa samnings.

6. Ákvarðanir og tilmæli sameiginlegu nefndarinnar skulu samþykkt með samhljóða samþykki.

7. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að breyta viðaukunum og viðbætunum við þennan samning. Hún getur ákveðið gildistökudag slíkra ákvarðana, sbr. þó ákvæði 8. mgr.

8. Ef fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni hefur samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að stjórnskipuleg skilyrði séu uppfyllt skal ákvörðunin öðlast gildi á þeim degi þegar síðasti samningsaðilinn tilkynnir að innlend skilyrði hans hafi verið uppfyllt, nema síðari dagsetning sé tilgreind í ákvörðuninni sjálfri. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að ákvörðunin skuli öðlast gildi að því er varðar þá samningsaðila sem hafa uppfyllt innlend skilyrði sín, að því tilskildu að minnsta kosti eitt EFTA-ríki og aðildarríki Flóabandalagsins séu í hópi þeirra samningsaðila. Samningsaðila er heimilt að beita ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar til bráðabirgða þar til ákvörðunin öðlast gildi gagnvart þeim samningsaðila, með fyrirvara um stjórnskipuleg skilyrði hans.

9. Hver samningsaðili skal tilnefna, innan eins mánaðar frá því að þessi samningur öðlast gildi, opinbera stofnun sem gegni hlutverki tengiliðar viðvíkjandi þessum samningi, taki við opinberum

4. The meetings of the Joint Committee shall be chaired jointly by one of the EFTA States and one of the GCC Member States. The Joint Committee shall establish its rules of working procedures.

5. The functions of the Joint Committee shall, in addition to functions set out elsewhere in this Agreement, be as follows:

(a) to supervise the implementation of this Agreement;
(b) to review and assess the overall operation of this Agreement;
(c) to review and assess the results of this Agreement, in the light of the experience gained during its application and in the light of its objectives;
(d) to examine ways to further encourage trade and investment flows between the Parties;
(e) to consider any further elaborations and amendments to this Agreement that may be proposed by any Party;
(f) to endeavour to resolve disputes that may arise regarding the interpretation or application of this Agreement;
(g) to supervise the work of all sub-committees and working groups established under this Agreement; and
(h) to carry out any other task assigned to it by the Parties within the scope and objectives of this Agreement.

6. The Joint Committee shall take decisions and make recommendations by consensus.

7. The Joint Committee may decide to amend the Annexes and Appendices to this Agreement. Subject to paragraph 8, the Joint Committee may set a date for the entry into force of such decisions.

8. If a representative of a Party in the Joint Committee has accepted a decision subject to the fulfilment of constitutional requirements, the decision shall enter into force on the date that the last Party notifies that its internal requirements have been fulfilled, unless the decision itself specifies a later date. The Joint Committee may decide that the decision shall enter into force for those Parties that have fulfilled their internal requirements, provided that at least one EFTA State and the GCC Member States are among those Parties. A Party may apply a decision of the Joint Committee provisionally until such decision enters into force for that Party, subject to its constitutional requirements.

9. Each Party shall, within one month after the entry into force of this Agreement, designate an official body to act as a contact point with regard to this Agreement, to receive official communications re-

orðsendingum vegna hans og veiti sameiginlegu nefndinni aðstoð á sviði stjórnunar.

8. KAFLI
LAUSN DEILUMÁLA

GREIN 8.1.
Markmið og gildissvið.

1. Markmiðið með þessum kafla er að samningsaðilum standi til boða tilhögun lausnar deilumála þar sem stefnt er að því að leysa, með gagnkvæmu samkomulagi eða með gerðardómsmeðferð, hverja þá deilu sem kann að rísa vegna þessa samnings.
2. Deilur vegna máls, er varðar bæði þennan samning og WTO-samninginn, má setja niður á vettvangi annars hvors þeirra að vali þess samningsaðila sem leggur fram kvörtun.[9] Sá vettvangur sem þannig er valinn skal notaður eingöngu.
3. Að því er þessa grein varðar telst málsmeðferð við lausn deilumáls, samkvæmt WTO-samningnum eða þessum samningi, hafin þegar samningsaðili leggur fram beiðni um að gerðardómur verði skipaður.
4. Áður en samningsaðili hefur málsmeðferð um lausn deilumáls samkvæmt WTO-samningnum gegn öðrum samningsaðila í máli er varðar bæði þennan samning og WTO-samninginn skal hann tilkynna samningsaðilunum um fyrirætlan sína með minnst þrjátíu daga fyrirvara.

GREIN 8.2.
Sáttaumleitanir.

1. Samningsaðilum er frjálst að nýta sér málsmeðferð sem felst í sáttaumleitunum ef þeir koma sér saman um það. Þær má hefja og þeim má ljúka hvenær sem er.
2. Málsmeðferð, sem felst í sáttaumleitunum, skal, ásamt öllum upplýsingum sem látnar eru í té meðan hún stendur yfir, vera trúnaðarmál, valfrjáls og ekki hafa áhrif á rétt samningsaðila til þess að notfæra sér annars konar málsmeðferð.

GREIN 8.3.
Samráð.

1. Samningsaðilar skulu ætíð leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu þessa samnings og gera sitt ítrasta með samvinnu og samráði til að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við í hverju því máli sem getur haft áhrif á framkvæmd hans.

[9] Í þessum kafla eru hugtökin „samningsaðili“, „deiluaðili“, „samningsaðili sem leggur fram kvörtun“ og „samningsaðili sem kvörtun beinist gegn“ notuð án tillits til þess hvort tveir eða fleiri samningsaðilar eiga hlut að deilunni.

lating thereto and to provide the Joint Committee with administrative assistance.

CHAPTER 8
DISPUTE SETTLEMENT

ARTICLE 8.1
Objective and Scope

1. The objective of this Chapter is to provide the Parties with a dispute settlement mechanism that aims at achieving, mutually agreed solutions to, or settlement by arbitration of, any dispute arising from this Agreement.
2. Disputes on the same matter arising under both this Agreement and the WTO Agreement may be settled in either forum at the discretion of the complaining Party.[9] The forum thus selected shall be used to the exclusion of the other.
3. For the purpose of this Article, dispute settlement proceedings under the WTO Agreement or this Agreement are deemed to be initiated upon a request for the establishment of a panel by a Party.

4. Before a Party initiates dispute settlement proceedings under the WTO Agreement against another Party as regards a matter arising under both this Agreement and the WTO Agreement, it shall notify the Parties of its intention at least thirty days in advance.

ARTICLE 8.2
Good Offices, Conciliation or Mediation

1. Good offices, conciliation and mediation are procedures that are undertaken voluntarily if the Parties involved so agree. They may begin at any time and be terminated at any time.
2. Proceedings involving good offices, conciliation and mediation and all information disclosed during such proceedings shall be confidential, non binding and without prejudice to the Parties' rights in any other proceedings.

ARTICLE 8.3
Consultations

1. The Parties shall at all times endeavour to agree on the interpretation and application of this Agreement, and shall make every attempt through co-operation and consultations to arrive at a mutually satisfactory resolution of any matter that might affect its operation.

[9] For the purpose of this Chapter the terms "Party", "Party to the dispute", "complaining Party", "Party complained against" are used regardless of whether two or more Parties are involved in a dispute.

2. Samningsaðili getur óskað skriflega eftir samráði við annan samningsaðila telji sá fyrrnefndi að ráðstafanir, sem sá síðarnefndi gerir, samræmist ekki ákvæðum þessa samnings. Samráð skal fara fram á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar, nema sá samningsaðili sem fer fram á samráð eða sá sem berst beiðni um samráð sé því ósamþykkur.
3. Samráð skal fara fram á yfirráðasvæði þess samningsaðila sem hefur málstað að verja, nema samningsaðilarnir komi sér saman um annað.
4. Efnt skal til samráðs í góðri trú innan 30 daga frá því að beiðni um samráð er veitt viðtaka. Samráð um brýn málefni, þ.m.t. um landbúnaðarafurðir, sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum, skal hefjast í góðri trú innan 15 daga frá því að beiðni um samráð er veitt viðtaka.

5. Líta ber svo á að samráði sé lokið innan 60 daga frá dagsetningu samráðsbeiðni, nema báðir samningsaðilarnir samþykki að halda því áfram. Hafi sameiginlega nefndin ekki komið að samráðinu og beri samráð ekki tilætlaðan árangur skal sameiginlega nefndin koma saman eins fljótt og aðstæður leyfa í því skyni að finna lausn á því máli sem deilan snýst um. Samráð innan sameiginlegu nefndarinnar skal fara fram innan 30 daga, nema samningsaðilarnir samþykki annað.
6. Samningsaðilarnir, sem taka þátt í samráðinu, skulu veita nægar upplýsingar til að unnt sé að kanna til fulls hvernig gildandi ráðstöfun gæti haft áhrif á rekstur þessa samnings.
7. Trúnaður skal ríkja um þá málsmeðferð og þær upplýsingar sem látnar eru í té meðan samráð stendur yfir. Samningsaðilarnir skulu fara með allar trúnaðarupplýsingar eða þær upplýsingar sem einkaréttur hvílir á og þeir skiptast á meðan á samráði stendur á sama hátt og sá samningsaðili sem upplýsingarnar veitir.
8. Samráð hefur engin áhrif á rétt hlutaðeigandi samningsaðila til frekari málsmeðferðar.

9. Samningsaðilarnir, sem taka þátt í samráðinu, skulu tilkynna hinum samningsaðilunum um gagnkvæmt samkomulag um lausn málsins.

GREIN 8.4.
Stofnun gerðardóms.

1. Hafi það mál sem við er að etja ekki verið leyst innan sameiginlegu nefndarinnar skv. grein 8.3 getur einn samningsaðili eða fleiri, sem málið varðar, sett það í gerð með því að senda þeim samningsaðila sem kvörtun beinist gegn skriflega beiðni þess efnis. Afrit af beiðninni skal einnig sent öllum samningsaðilum þannig að hver um sig geti ákveðið hvort hann vilji eiga hlut að deilumálinu.

2. A Party may request in writing consultations with another Party whenever it considers that a measure applied by the Party to which the request is made is inconsistent with this Agreement. Consultations shall take place in the Joint Committee unless the Party making or receiving the request for consultations disagrees.
3. Consultations shall, unless the Parties agree otherwise, be held in the territory of the defending Party.
4. Consultations shall be entered into in good faith within 30 days from the date of receipt of the request for consultations. Consultations on urgent matters, including those on perishable agricultural goods, shall be entered into in good faith within 15 days from the receipt of the request for consultations.
5. The consultations shall be deemed concluded within 60 days from the date of the consultation request, unless both Parties agree to continue consultations. If the Joint Committee has not been involved in the consultations and if the consultations fail the Joint Committee shall as soon as possible meet with the aim of solving the issue at hand. Consultations within the Joint Committee shall take place within 30 days unless the Parties agree otherwise.
6. The Parties involved in the consultations shall provide sufficient information to enable a full examination of how the measure might affect the operation of this Agreement.
7. The proceedings and all information disclosed during the consultations shall remain confidential. The Parties shall treat any confidential or proprietary information exchanged in the course of consultations in the same manner as the Party providing the information.

8. Consultations shall be without prejudice to the rights of the Parties involved in any further proceedings.
9. The Parties involved in the consultations shall inform the other Parties of any mutually agreed resolution of the matter.

ARTICLE 8.4
Establishment of Arbitration Panel

1. If the matter has not been resolved within the Joint Committee pursuant to Article 8.3, it may be referred to arbitration by one or more of the Parties involved by means of a written request addressed to the Party complained against. A copy of this request shall also be communicated to all other Parties so that each Party may determine whether to participate in the dispute.

2. Ef fleiri en einn samningsaðili fer fram á stofnun gerðardóms vegna sama máls eða ef beiðnir þess efnis varða fleiri en einn varnaraðila skal einn gerðardómur stofnaður til að fjalla um þessar beiðnir ef því verður við komið.

3. Samningsaðilinn, sem leggur fram kvörtun, skal tilgreina í beiðni sinni þá ráðstöfun sem hann telur brot á ákvæðum þessa samnings og leggja fram stutt yfirlit um lagagrundvöll umkvörtunarefnis síns.
4. Samningsaðli, sem er ekki deiluaðili, skal, samhliða því að afhenda þeim samningsaðilum sem eiga hlut að deilumálinu skriflega tilkynningu, eiga rétt á að leggja skrifleg gögn fyrir gerðardóminn, fá afhent skrifleg gögn, þ.m.t. viðaukar, sem deiluaðilar leggja fram, vera viðstaddur málflutning og gefa munnlegar yfirlýsingar.

2. Where more than one Party requests the establishment of an arbitration panel relating to the same matter or the request involves more than one defending Party a single arbitration panel shall be established to examine these requests whenever feasible.
3. The complaining Party shall state in its request the measure it considers to be in breach of this Agreement and provide a brief summary of the legal basis of the complaint.
4. A Party which is not a Party to the dispute shall be entitled, on delivery of a written notice to the disputing Parties, to make written submissions to the arbitration panel, receive written submissions, including annexes, of the disputing Parties, attend hearings and make oral statements.

GREIN 8.5.
Gerðardómur.

1. Þrír menn skipa gerðardóminn.

2. Í skriflegri tilkynningu skv. grein 8.4 skal sá samningsaðili sem setur deilumálið í gerð tilnefna einn mann í gerðardóm.
3. Samningsaðilinn, sem beiðninni, er um getur í 2. mgr., er beint til, skal tilnefna einn mann í gerðardóminn innan 15 daga frá því að beiðninni er veitt viðtaka.
4. Deiluaðilar skulu, innan 30 daga frá tilnefningu annars gerðarmannsins, samþykkja tilnefningu hins þriðja. Sá sem þannig er skipaður skal gegna formennsku í gerðardóminum.
5. Hafi allir þrír gerðarmenn ekki verið tilnefndir eða skipaðir innan 45 daga frá því að tilkynningunni, er um getur í 2. mgr., var veitt viðtaka skal aðalframkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar annast nauðsynlegar tilnefningar, að beiðni hvaða deiluaðila sem er, innan 30 daga til viðbótar. Hafi tilnefning eða skipun allra þriggja gerðarmanna ekki farið fram innan áðurnefndra 30 daga, skal beiðninni beint til aðalframkvæmdastjóra Alþjóðagerðardómsins í Haag (PCA). Geti aðalframkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eða aðalframkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins í Haag ekki aðhafst samkvæmt þessari málsgrein eða séu þeir ríkisborgarar aðila að þessum samningi, skal staðgengill aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eða staðgengill aðalframkvæmdastjóra Alþjóðagerðardómsins í Haag annast þær tilnefningar eða skipanir sem um ræðir.
6. Formaður gerðardóms skal ekki vera ríkisborgari samningsaðila eða vera að jafnaði búsettur á yfirráðasvæði samningsaðila, vera starfsmaður samn-

ARTICLE 8.5
Arbitration Panel

1. The arbitration panel shall comprise three members.
2. In the written request pursuant to Article 8.4, the Party referring the dispute to arbitration shall designate one member of the arbitration panel.
3. Within 15 days of the receipt of the request referred to in paragraph 2, the Party to which it was addressed shall designate one member of the arbitration panel.
4. The Parties to the dispute shall agree on the appointment of the third member within 30 days of the appointment of the second member. The member thus appointed shall chair the arbitration panel.
5. If all three members have not been designated or appointed within 45 days from the date of receipt of the notification referred to in paragraph 2, the necessary designations shall be made at the request of any Party to the dispute by the Director-General of the WTO within a further 30 days. Should the designation or appointment of all three members not have taken place within the 30 days, the request shall be made to the Secretary-General of the Permanent Court of Arbitration (PCA). If the Director-General of the WTO or the Secretary-General of the PCA is unable to act under this paragraph or is a national of a Party to this Agreement, the designation or appointment shall be effected by the Deputy Director-General of the WTO or the Deputy Secretary General of the PCA.

6. The Chair of the arbitration panel shall not be a national of any of the Parties, nor have his or her usual place of residence in the territory of any of the Parties, nor be employed or previously have been

ingsaðila eða hafa komið að málinu með öðrum hætti.
7. Unnt er að vefengja hæfi hvaða gerðarmanns sem er ef aðstæður eru fyrir hendi sem gefa tilefni til réttmætra efasemda um að viðkomandi gerðarmaður uppfylli skilyrði þessa kafla eða fari eftir þeirri fyrirmynd af starfsreglum sem sett er fram í XV. viðauka. Mæti vefenging andstöðu gagnaðilans eða dragi gerðarmaður, sem efasemdir eru uppi um, sig ekki í hlé, mun framkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eða aðalframkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins í Haag úrskurða um vefenginguna samkvæmt þeirri aðferð sem sett er fram í 5. mgr.
8. Sé gerðarmaður ófær um að taka þátt í málsmeðferð, falli frá, dragi sig í hlé eða sé látinn víkja, skal velja gerðarmann í hans stað innan 15 daga eftir þeirri valaðferð sem var notuð til þess að velja upphaflega gerðarmanninn og skal sá sem við tekur hafa sömu heimildir og skyldur og sá upphaflegi. Hátti þannig skal málsmeðferð í gerðardómi frestað á meðan.
9. Stofndagur gerðardómsins telst vera dagurinn þegar formaðurinn er skipaður.

GREIN 8.6.
Störf gerðardómsins.

1. Gerðardómsmeðferð skal fara fram samkvæmt ákvæðum þessa kafla og þeirri fyrirmynd af starfsreglum sem sett er fram í XV. viðauka, nema deiluaðilar komi sér saman um annað.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1 mgr. skal í öllum tilvikum tryggja að við málsmeðferð fyrir gerðardómi:
a) eigi deiluaðilar rétt á að koma að minnsta kosti einu sinni fyrir gerðardóm og fái jafnframt tækifæri til að leggja fram skrifleg gögn og gagnrök,
b) séu deiluaðilar boðaðir í hvert sinn sem skýrslugjöf fer fram fyrir gerðardómi,
c) hafi deiluaðilar aðgang að öllum gögnum og athugasemdum sem eru lögð fyrir gerðardóm og
d) megi gera almenningi kleift að fylgjast með skýrslugjöf, gefi báðir deiluaðilar skriflegt samþykki sitt fyrir því.
3. Málsmeðferð, skýrslugjöf og umræða, frumskýrsla, ásamt öllum skriflegum gögnum og öllum upplýsingum, sem almenningi eru ekki aðgengilegar og koma fram við gerðardómsmeðferð, skulu vera trúnaðarmál, nema deiluaðilar komi sér saman um annað. Upplýsingar, sem þriðji aðili, er um getur í 4. mgr. greinar 8.4, tiltekur sem trúnaðarmál, skal fara með sem slíkar, þrátt fyrir samkomulag af því tagi er fyrr getur.

employed by any of the Parties, nor have dealt with the case in any capacity.
7. Any arbitrator may be challenged if circumstances exist that give rise to justifiable doubts as to the arbitrator's compliance with this Chapter or the Model Rules of Procedure as set out in Annex XV. If the other Party does not agree to the challenge or the challenged arbitrator does not withdraw, the decision on the challenge will be made by the Director-General of the WTO or the Secretary-General of the PCA in accordance with the procedure set out in paragraph 5.
8. If an arbitrator is unable to participate in the proceeding, dies, withdraws or is removed, a replacement shall be selected within 15 days in accordance with the selection procedure followed to appoint the original arbitrator and the succeeding arbitrator shall have all powers and duties of the original arbitrator. In such a case, the arbitration panel proceedings shall be suspended during this period.
9. The date of establishment of the arbitration panel shall be the date on which the chair is appointed.

ARTICLE 8.6
Procedures of the Arbitration Panel

1. Unless the Parties to the dispute agree otherwise, the arbitration panel proceedings shall be conducted in accordance with this Chapter and the Model Rules of Procedure as set out in Annex XV.
2. Notwithstanding paragraph 1, the procedures for all arbitration panel proceedings shall ensure that:
(a) the Parties to the dispute have the right to at least one hearing before the arbitration panel as well as the opportunity to provide initial and rebuttal written submissions;
(b) the Parties to the dispute be invited to all the hearings held by the arbitration panel;
(c) all submissions and comments made to the arbitration panel be available to the Parties to the dispute; and
(d) hearings can be opened to the public if both Parties agree in writing.
3. Unless otherwise agreed by the Parties to the dispute, the proceedings, hearings and deliberations, the initial report and all written submissions as well as all information not publicly available that is disclosed during arbitration shall remain confidential. Regardless of any such an agreement, information designated as confidential by a third Party referred to in paragraph 4 of Article 8.4 shall be kept confidential.

4. Erindisbréf gerðardóms er sem hér segir, nema deiluaðilar komi sér saman um annað innan 20 daga frá þeim degi þegar beiðni um stofnun gerðardóms er veitt viðtaka:

„Að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða þessa samnings, það mál sem um getur í beiðninni um stofnun gerðardóms samkvæmt grein 8.4 og komast að rökstuddri niðurstöðu á grundvelli laga eða staðreynda og gefa út tilmæli, ef við á, um lausn deilunnar og fullnustu úrskurðar.“

5. Gerðardómurinn skal úrskurða á grundvelli ákvæða þessa samnings sem er beitt og túlkuð eru í samræmi við reglur um túlkun þjóðaréttar sbr. ákvæði Vínarsamningsins um alþjóðasamningarétt. Með úrskurði gerðardóms er eigi unnt að auka eða takmarka réttindi og skyldur sem ákvæði þessa samnings hafa að geyma.

6. Meirihluti gerðarmanna skal standa að ákvörðunum gerðardóms reynist ekki unnt að ná fram samhljóða samþykki. Gerðarmönnum er heimilt að skila séráliti um mál reynist eigi unnt að ná fram samhljóða samþykki þar um. Gerðardómi er óheimilt að gefa upp hverjir gerðarmanna standa að meirihluta- eða minnihlutaáliti gerðardómsins.

7. Deiluaðilar skulu skipta jafnt með sér kostnaði af störfum gerðardóms, þ.m.t. þóknanir til gerðarmanna.

GREIN 8.7.

Gerðardómsmeðferð slegið á frest, kvörtun dregin til baka og málsmeðferð hætt.

1. Gerðardómi er heimilt, séu deiluaðilar því samþykkir, að gera, hvenær sem er, tímabundið hlé á störfum sínum og málsmeðferð í allt að 12 mánuði. Hafi störfum og málsmeðferð gerðardóms verið frestað lengur en 12 mánuði skal heimild hans til að fjalla um deilumálið falla niður nema deiluaðilar verði ásáttir um annað.

2. Samningsaðila sem leggur fram kvörtun er heimilt að draga umkvörtun sína til baka hvenær sem er áður en lokaskýrsla er gefin út. Slíkt hefur þó ekki áhrif á rétt hans til að leggja fram nýja kvörtun síðar vegna sama máls.

3. Samningsaðilarnir geta, hvenær sem er, fundið lausn á deilu, sem gagnkvæm sátt ríkir um, eða ákveðið að málsmeðferð gerðardóms, sem komið er á fót samkvæmt ákvæðum þessa samnings, skuli hætt.

4. Hlutaðeigandi samningsaðili eða -aðilar skulu tilkynna öðrum samningsaðilum og gerðardóminum um það þegar störfum dómsins er hætt tímabundið og málsmeðferð slegið á frest, kvörtun er afturköll-

4. Unless the Parties to the dispute otherwise agree within 20 days from the date of receipt of the request for the establishment of the arbitration panel, the terms of reference shall be:

"To examine, in the light of the relevant provisions of this Agreement, the matter referred to in the request for the establishment of an arbitration panel pursuant to Article 8.4 and to make findings of law and fact together with the reasons therefore as well as recommendations, if any, for the resolution of the dispute and the implementation of the ruling."

5. The arbitration panel shall make its ruling based on the provisions of this Agreement, applied and interpreted in accordance with the rules of interpretation of public international law as laid down in the Vienna Convention on the Law of Treaties. The rulings cannot add to or diminish the rights and obligations provided in the provisions of this Agreement.

6. Decisions of the arbitration panel shall be taken by a majority of its members if consensus can not be reached. Any member may furnish separate opinions on matters not unanimously agreed. No arbitration panel may disclose which members are associated with majority or minority opinions.

7. The expenses of the arbitration panel, including the remuneration of its members, shall be borne by the Parties to the dispute in equal shares.

ARTICLE 8.7

Suspension, Withdrawal and Termination of Panel Proceedings

1. Where the Parties to the dispute agree, the arbitration panel may suspend its work and proceedings at any time for a period not exceeding 12 months. If the work and the proceedings of the arbitration panel have been suspended for more than 12 months, the arbitration panel's authority for considering the dispute shall lapse unless the Parties agree otherwise.

2. A complaining Party may withdraw its complaint at any time before the final report has been issued. Such withdrawal is without prejudice to its right to introduce a new complaint regarding the same issue at a later point in time.

3. The Parties may, at any time, reach a mutually agreed solution to a dispute or decide to terminate the proceedings of an arbitration panel established under this Agreement.

4. The Party or Parties concerned shall notify the other Parties and the arbitration panel of a suspension of the panel work and proceedings, withdrawal of a complaint, termination of the panel proceedings

uð, málsmeðferð dómsins er hætt eða lausn er fundin sem gagnkvæmt samkomulag er um. Gerðardómur skal hætta störfum þegar kvörtun er dregin til baka, málsmeðferð er hætt eða lausn fundin sem gagnkvæmt samkomulag er um.

5. Gerðardómur getur, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er og áður en lokaskýrslan er gefin út, lagt til að deiluaðilar geri tilraun til að leysa deilumálið í vinsemd og getur ennfremur lagt fram tillögu til lausnar.

or a mutually agreed solution. In the case of withdrawal, termination or a mutually agreed solution, the arbitration panel shall terminate its proceedings.

5. An arbitration panel may, at any stage of the proceeding prior to release of the final report, propose that the Parties to the dispute seek to settle the dispute amicably and may propose a solution.

GREIN 8.8.
Frumskýrsla.

1. Gerðardómur skal, eftir að hafa fjallað um framlögð gögn og munnleg rök, afhenda deiluaðilum frumskýrslu innan 90 daga frá stofnun hans. Frumskýrslan skal innihalda niðurstöðu á grundvelli staðreynda og laga ásamt rökstuðningi.

2. Þegar brýna nauðsyn ber til, t.d. þegar um ræðir landbúnaðarafurðir sem liggja undir skemmdum, skal gerðardómurinn gera sitt ítrasta til að birta úrskurð sinn innan 60 daga frá stofnun gerðardómsins.

3. Telji gerðardómur að frestur sá er um getur í 1. og 2. mgr. sé ónógur skal formaður gerðardóms tilkynna deiluaðilunum það skriflega, ennfremur um ástæður tafa og nauðsynlegan viðbótarfrest.

4. Deiluaðila er heimilt að senda gerðardómi skriflegar athugasemdir um efni frumskýrslunnar innan 14 daga frá því að hún er lögð fram. Gerðardómurinn skal, að beiðni deiluaðila, boða deiluaðilana til frekari fundahalda um efnisatriði hinna skriflegu athugasemda.

5. Dómurinn skal, í niðurstöðum lokaskýrslu, leggja mat á rökstuðning á millistigi málsmeðferðar.

ARTICLE 8.8
Initial Report

1. Following the consideration of submissions and oral arguments the arbitration panel shall present to the Parties to the dispute an initial report within 90 days from the date of the establishment of the arbitration panel. The initial report shall include the findings of fact and law together with the reasons therefore.

2. In cases of urgency, including those on perishable agricultural goods, the arbitration panel shall make every effort to issue its ruling within 60 days from the establishment of the arbitration panel.

3. Where the arbitration panel considers that the deadline referred to in paragraphs 1 and 2 cannot be met, the Chair shall notify the Parties in writing, stating the reasons for the delay and the additional time needed.

4. A Party to the dispute may submit written comments to the arbitration panel on the initial report within 14 days of the presentation of the report. At the request of a Party, the arbitration panel shall hold a further meeting with the Parties on the issues identified in the written comments.

5. The findings of the final panel report shall include its assessment of the arguments made at the interim review stage.

GREIN 8.9.
Lokaskýrsla.

1. Gerðardómurinn skal afhenda deiluaðilunum lokaskýrsluna, sem skal innihalda þau efnisatriði er um getur í grein 8.8, þ.m.t. öll sérálit um efnisatriði sem samstaða er ekki um, innan 30 daga frá því að frumskýrslan var afhent eða, sé farið fram á frekari fundahöld skv. 4. mgr. greinar 8.8, innan 45 daga frá því að frumskýrslan var afhent.

2. Lokaskýrslan skal birt 15 dögum eftir að hún er afhent deiluaðilum, nema þeir ákveði annað.

ARTICLE 8.9
Final Report

1. The arbitration panel shall present to the Parties to the dispute the final report, containing the matters referred to in Article 8.8, including any separate opinions on matters not unanimously agreed, within 30 days of presentation of the initial report or in case an additional hearing is requested in accordance with paragraph 4 of Article 8.8, within 45 days of the presentation of the initial report.

2. Unless the Parties to the dispute decide otherwise, the final report shall be published 15 days after it is presented to them.

GREIN 8.10.

Framkvæmd efnisatriða lokaskýrslu gerðardóms.

1. Úrskurður gerðardóms er endanlegur og bindandi frá þeim degi að hann er gefinn út og birtur deiluaðilum. Samningsaðili, sem er uppvís að því að brjóta ákvæði þessa samnings, skal virða þann úrskurð sem lokaskýrslan inniheldur án tafar. Ef ekki reynist unnt að fylgja lokaskýrslunni eftir þegar í stað skulu deiluaðilar leitast við að semja um hæfilegan frests til þess. Verði slíkt samkomulag ekki gert innan 30 daga er hvorum deiluaðila sem er heimilt að óska eftir því við upphaflega gerðardóminn að hann ákvarði hæfilegan frest til þess að fullnægja skilyrðum úrskurðarins í ljósi sérstakra málsatvika. Úrskurður gerðardóms ætti að liggja fyrir innan 30 daga frá því að fyrrnefnd beiðni er lögð fram.

2. Samningsaðilinn, sem kvörtun beinist gegn, skal tilkynna gagnaðila um þá ráðstöfun sem gerð hefur verið til þess að fullnægja skilyrðum úrskurða gerðardómsins og jafnframt gefa nákvæma lýsingu á því hvernig sú ráðstöfun fullnægir fyrrnefndum skilyrðum, sem aftur nægi til þess að gagnaðilinn geti lagt mat á ráðstöfunina.

3. Upphaflegi gerðardómurinn skal, að beiðni deiluaðila og áður en unnt er að fara fram á bætur eða fella tímabundið niður ávinning skv. 4. og 5. mgr., úrskurða um hvort ráðstafanir til þess að fullnægja skilyrðum úrskurða dómsins séu í gildi eða hvort þeim sé hlítt. Gerðardómur skal fella úrskurð innan 90 daga frá dagsetningu beiðninnar.

4. Fullnægi samningsaðilinn, sem er uppvís að því að brjóta ákvæði þessa samnings, ekki skilyrðum úrskurðar gerðardómsins, sem lokaskýrslan inniheldur, eða síðari úrskurði hans skv. 3. mgr. á viðunandi hátt að hæfilegum fresti liðnum skv. 1. mgr., skal sá samningsaðili, að fram kominni beiðni samningsaðilans sem leggur fram kvörtun þar um, efna til samráðs í því skyni að ná samkomulagi um bætur sem deiluaðilar sætta sig við. Náist slíkt samkomulag ekki innan 20 daga frá því að beiðnin um samráð er lögð fram er samningsaðilanum, sem leggur fram kvörtun, heimilt að fresta þeim ávinningi sem fæst með þessum samningi um jafngildi þess ávinnings sem leiðir af ráðstöfuninni sem talin er brjóta gegn þessum samningi.

5. Þegar skoðað er hvaða ávinningi rétt er að fresta skal samningsaðilinn, sem leggur fram kvörtun, fyrst leitast við að fresta ávinningi í sama geira eða geirum og ráðstöfunin, sem gerðardómurinn hefur ákvarðað að brjóti gegn þessum samningi, fellur undir. Samningsaðilinn, sem leggur fram kvörtun og telur það hvorki gerlegt né vænlegt til árangurs að

ARTICLE 8.10

Implementation of Final Panel Report

1. The arbitration panel ruling is final and binding from the date it is issued and notified to the Parties to the dispute. The Party found in violation of this Agreement shall promptly comply with the ruling in the final report. If it is impracticable to comply immediately, the Parties to the dispute shall endeavour to agree on a reasonable period of time to do so. In the absence of such an agreement within 30 days, either Party to the dispute may request the original arbitration panel to determine the length of the reasonable period of time for compliance, in light of the particular circumstances of the case. The ruling of the arbitration panel should be given within 30 days from that request.

2. The Party complained against shall notify the other Party of the measure adopted in order to implement the rulings of the panel, as well as a detailed description of how the measure ensures implementation sufficient to allow the other Party to assess the measure.

3. At the request of a Party to the dispute, and before compensation can be sought or suspension of benefits can be applied in accordance with paragraphs 4 and 5, the original arbitration panel shall rule on the existence or on the conformity of any measure taken to comply with the rulings. The ruling of the arbitration panel shall be given within 90 days from the date of that request.

4. If the Party found in violation of this Agreement fails to properly implement, after the expiry of the reasonable period of time according to paragraph 1, the ruling of the final report of the arbitration panel or any subsequent ruling of the arbitration panel according to paragraph 3that Party shall, if so requested by the complaining Party, enter into consultations with a view to agreeing on a mutually acceptable compensation. If no such agreement has been reached within 20 days from date of the request for consultations, the complaining Party shall be entitled to suspend the application of benefits granted under this Agreement that are equivalent to those affected by the measure found to violate this Agreement.

5. In considering the benefits to be suspended, the complaining Party shall first seek to suspend benefits in the same sector or sectors as that affected by the measure that the arbitration panel has found to violate this Agreement. The complaining Party that considers it is not practicable or effective to suspend benefits in the same sector or sectors, may suspend

fresta ávinningi í sama geira eða geirum, getur frestað ávinningi í öðrum geira með tilhlýðilegum rökstuðningi.

6. Samningsaðilinn, sem leggur fram kvörtun, skal tilkynna hinum samningsaðilanum um þann ávinning sem hann hyggst fresta eigi síðar en 60 dögum fyrir þann dag sem frestunin á að koma til framkvæmda. Deiluaðila er heimilt að fara fram á það við upphaflega gerðardóminn, innan 15 daga frá tilkynningunni, að hann felli úrskurð um það hvort ávinningur, sem samningsaðilinn, sem leggur fram kvörtun, hyggst fresta, sé jafngildur þeim ávinningi sem hlýst af þeirri ráðstöfun sem komið hefur í ljós að brjóti gegn þessum samningi og hvort fyrirhuguð frestun sé í samræmi við ákvæði 4. og 5. mgr. Úrskurður gerðardóms skal liggja fyrir innan 45 daga frá því að slík beiðni er lögð fram. Eigi skal fresta ávinningi fyrr en gerðardómur hefur fellt úrskurð sinn.

7. Frestun ávinnings skal vera tímabundin ráðstöfun sem einungis skal beita uns sú ráðstöfunin sem í ljós hefur komið að brjóti gegn þessum samningi hefur verið afturkölluð eða henni breytt þannig að samrýmist þessum samningi eða deiluaðilar hafa komist að samkomulagi um lausn deilumálsins. Varnaraðilinn skal tilkynna gagnaðilanum og sameiginlegu nefndinni um þær ráðstafanir sem hann hefur gert til þess að uppfylla ákvæði samningsins.

8. Upphaflegi gerðardómurinn skal, að beiðni deiluaðila, úrskurða um hvort ráðstafanir, sem gripið er til og eru samþykktar eftir að ávinningi hefur verið frestað, samræmist úrskurði sem felldur hefur verið um slíkar ráðstafanir og, í ljósi slíks úrskurðar, hvort rétt sé að aflétta eða breyta frestun ávinnings. Gerðardómur skal fella úrskurð innan 45 daga frá dagsetningu beiðninnar. Á því tímabili skal ávinningi ekki frestað.

benefits in another sector, indicating the reasons justifying its decision.

6. The complaining Party shall notify the other Party of the benefits which it intends to suspend no later than 60 days before the date on which the suspension is due to take effect. Within 15 days from that notification, any of the Parties to the dispute may request the original arbitration panel to rule on whether the benefits which the complaining Party intends to suspend are equivalent to those affected by the measure found to violate this Agreement, and whether the proposed suspension is in accordance with paragraphs 4 and 5. The ruling of the arbitration panel shall be given within 45 days from that request. Benefits shall not be suspended until the arbitration panel has issued its ruling.

7. The suspension of benefits shall be temporary and only be applied until the measure found to violate this Agreement has been withdrawn or amended so as to bring it into conformity with this Agreement, or the Parties to the dispute have reached an agreement on a resolution of the dispute. The defending Party shall notify the other Party and the Joint Committee of the measures it has taken to comply.

8. At the request of a Party to the dispute, the original arbitration panel shall rule on the conformity with the ruling of any implementing measure adopted after the suspension of benefits and, in light of such ruling, whether the suspension of benefits should be terminated or modified. The ruling of the arbitration panel shall be given within 45 days from the date of that request. During this period benefits shall no longer be suspended.

GREIN 8.11.
Önnur ákvæði.

1. Fresti, sem getið er í þessum kafla, er heimilt að breyta með gagnkvæmu samkomulagi hlutaðeigandi samningsaðila.

2. Sömu gerðarmenn og gáfu út lokaskýrsluna skulu sitja í gerðardóminum, er um getur í 1., 3., 6. og 8. mgr. greinar 8.10, verði því við komið. Geti meðlimur í upphaflegum gerðardómi ekki sinnt störfum skal viðhafa það verklag sem mælt er fyrir um í grein 8.4 til þess að velja annan gerðarmann í hans stað.

ARTICLE 8.11
Other Provisions

1. Any time period mentioned in this Chapter may be modified by mutual agreement of the Parties involved.

2. When possible, the arbitration panel referred to in paragraphs 1, 3, 6 and 8 of Article 8.10 shall comprise the same panelists who issued the final report. If a member of the original arbitration panel is unavailable, the procedures laid down under Article 8.4 shall apply for the selection of a replacement arbitrator.

9. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

GREIN 9.1.
Skattlagning.

Ekkert í þessum samningi hefur áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila sem leiðir af samningum um skattamál. Ef þessi samningur stangast á við samning um skattamál ganga ákvæði hins síðarnefnda framar að því marki sem misræmið nær.

GREIN 9.2.
Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.

1. Samningsaðilar skulu reyna að komast hjá því að gera takmarkandi ráðstafanir til að tryggja greiðslujöfnuð.
2. Sé aðili að samningi þessum í verulegum erfiðleikum að því er greiðslujöfnuð varðar, eða vofi slíkt ástand yfir, er honum heimilt að samþykkja eða viðhalda takmarkandi ráðstöfunum vegna viðskipta með vöru og þjónustu, þ.m.t. ráðstafanir varðandi greiðslur og yfirfærslu.
3. Ákvæði 1. til 3. mgr. XII. gr. GATS-samningsins, XII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulagið um ákvæðin um greiðslujöfnuð í GATT-samningnum frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar slíkar takmarkanir. Samningsaðili, sem grípur til eða viðheldur takmörkunum, skal þegar í stað tilkynna sameiginlegu nefndinni um það.

GREIN 9.3.
Rafræn viðskipti.

Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir vaxandi hlutverki rafrænna viðskipta í viðskiptum sín á milli. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að auka samstarf sín á milli á sviði rafrænna viðskipta, þeim öllum til hagsbóta, með það fyrir augum að styðja við þau ákvæði þessa samnings sem tengjast vöru- og þjónustuviðskiptum. Með það í huga hafa samningsaðilarnir sett þau rammaákvæði sem er að finna í XVI. viðauka.

GREIN 9.4.
Sýningar.

Samningsaðilarnir skulu hvetja innlendar stofnanir sínar og félög til þess að taka þátt í alþjóðlegum sýningum og kaupstefnum sem eru haldnar á yfirráðasvæði annars samningsaðila. Sérhver samningsaðili skal heimila hinum samningsaðilunum að halda sýningar, almenns eðlis eða sérhæfðar, á yfirráðasvæði sínu í samræmi við ákvæði viðeigandi innlendra laga og reglugerða.

CHAPTER 9
FINAL PROVISIONS

ARTICLE 9.1
Taxation

Nothing in this Agreement shall affect the rights and obligations of a Party under any tax convention. In the event of any inconsistency between this Agreement and any tax convention, the tax convention shall prevail to the extents of the inconsistency.

ARTICLE 9.2
Restrictions to Safeguard the Balance of Payments

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictions to safeguard the balance of payments.
2. Where any of the Parties to this Agreement is in serious balance of payments difficulties, or under threat thereof, it may adopt or maintain restrictive measures with regard to trade in goods and services, including on payments and transfers.

3. The rights and obligations of the Parties in respect of such restrictions shall be governed by paragraphs 1 to 3 of Article XII of the GATS, Article XII of the GATT 1994 and the Understanding on the Balance-of-Payments Provisions of the GATT 1994. A Party adopting or maintaining such restrictions shall promptly notify the Joint Committee thereof.

ARTICLE 9.3
Electronic Commerce

The Parties recognize the growing role of electronic commerce for trade between them. With a view to supporting provisions of this Agreement related to trade in goods and services the Parties undertake to intensify their co-operation on electronic commerce for their mutual benefit. For that purpose the Parties have established the framework contained in Annex XVI.

ARTICLE 9.4
Exhibitions

The Parties shall encourage participation by their national institutions and companies in international exhibitions and fairs held in the territory of another Party. Each Party shall permit the other Parties to hold temporary, general or specialized exhibitions in its territory, pursuant to its relevant domestic laws and regulations.

GREIN 9.5.
Viðaukar og viðbætur.

Viðaukar og viðbætar við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti af honum.

GREIN 9.6.
Breytingar.

1. Samningsaðilunum er heimilt að gera breytingar á þessum samningi, viðaukum við hann og viðbætum með gagnkvæmu samkomulagi. Tillögur um breytingar skal senda sameiginlegu nefndinni til umfjöllunar og samþykktar.
2. Breytingar á þessum samningi og viðaukum við hann skulu öðlast gildi, nema samningsaðilarnir samþykki annað og með fyrirvara um 7. mgr. greinar 7.1, fyrsta dag þriðja mánaðar eftir þann dag þegar síðustu skriflegu tilkynningunni til vörsluaðila, þar sem honum er tilkynnt að öllum nauðsynlegum skilyrðum hafi verið fullnægt, er veitt viðtaka.

3. Texta allra breytinga, ásamt skjölum um staðfestingu, skal komið til vörslu hjá vörsluaðila.

GREIN 9.7.
Aðild.

1. Öllum ríkjum, sem gerast aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) eða aðilar að Samstarfsráði Arabaríkjanna við Persaflóa (GCC), er heimilt að gerast aðilar að þessum samningi eftir skilmálum og skilyrðum sem samningsaðilarnir skulu samþykkja, að því tilskildu að sameiginlega nefndin samþykki aðild viðkomandi ríkja.
2. Að því er varðar inngönguríki skal samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að skjal þess um aðild eða skjal þeirra samningsaðila sem fyrir eru um samþykki aðildarskilmála og -skilyrða hefur verið afhent vörsluaðila til vörslu, hvort sem síðar verður.

GREIN 9.8.
Gildistími, úrsögn og samningsslit.

1. Samningur þessi er gerður til ótiltekins tíma.

2. Samningsaðili getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Uppsögnin tekur gildi 12 mánuðum eftir að vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku.

3. Ef EFTA-ríki, sem segir sig frá EFTA-samningnum, eða aðildarríki Flóabandalagsins, sem segir sig frá samningnum um Samstarfsráð Arabaríkjanna við Persaflóa, skal hætta aðild sinni að samningi þessum, sjálfkrafa og þann dag sem úrsögnin tekur gildi. Senda ber öðrum samningsaðilum án tafar

ARTICLE 9.5
Annexes and Appendices

The Annexes and Appendices to this Agreement are an integral part thereof.

ARTICLE 9.6
Amendments

1. This Agreement, and its Annexes and Appendices, may be amended with mutual consent of the Parties. Any proposal for amendment shall be submitted to the Joint Committee for consideration and approval.
2. Unless otherwise agreed by the Parties, and without prejudice to paragraph 7 of Article 7.1, the amendments to this Agreement and its Annexes shall enter into force on the first day of the third month following the date of the receipt of the last written notification to the Depositary informing the Depositary that all necessary requirements have been fulfilled.
3. The text of any amendments as well as the instruments of acceptance shall be deposited with the Depositary.

ARTICLE 9.7
Accession

1. Any State becoming a Member of the European Free Trade Association (EFTA) or a Member of the Co-operation Council for the Arab States of the Gulf (GCC), may accede to this Agreement, on terms and conditions to be agreed upon by the Parties, provided that the Joint Committee approves the accession of such State.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit to the Depositary of such State's instrument of accession or the approval of the terms of accession by the existing Parties, whichever is later.

ARTICLE 9.8
Duration, Withdrawal and Termination

1. This Agreement shall be valid for an indefinite period.
2. A Party may withdraw from this Agreement by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect 12 months after the date on which the notification is received by the Depositary.
3. Any EFTA State which withdraws from the EFTA Convention or any GCC Member State which withdraws from the Charter of the Co-operation Council for the Arab States of the Gulf, shall, *ipso facto* on the same day as the withdrawal takes effect, cease to be a Party to this Agreement. A copy of the

afrit tilkynningar um úrsögn samkvæmt EFTA-samningnum eða uppsögn samningsins um Samstarfsráð Arabaríkjanna við Persaflóa.

4. Segi öll EFTA-ríkin eða öll aðildarríki Flóabandalagsins samningi þessum upp skv. 2. mgr. skal honum slitið frá og með þeim degi þegar úrsögn hefur tekið gildi fyrir öll EFTA-ríkin eða öll aðildarríki Flóabandalagsins.

GREIN 9.9.
Gildistaka.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers samningsaðila. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila til vörslu.
2. Hvaða samningsaðili sem er getur beitt samningi þessum til bráðabirgða heimili stjórnskipuleg skilyrði þess það. Vörsluaðila skal tilkynnt um bráðabirgðabeitingu samnings þessa samkvæmt þessari grein.
3. Samningur þessi öðlast ekki gildi og honum skal ekki beitt til bráðabirgða milli EFTA-ríkis og Flóabandalagsins nema viðbótarsamningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli viðkomandi EFTA-ríkis og Flóabandalagsins öðlist gildi eða sé beitt til bráðabirgða samtímis.
4. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að aðildarríki Flóabandalagsins og a.m.k. eitt EFTA-ríki hafa afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.
5. Að því er varðar EFTA-ríki, sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi, skal samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að skjalið hefur verið afhent vörsluaðila til vörslu.

GREIN 9.10.
Vörsluaðili.

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Hamar 22. júní 2009, sem samsvarar 29. degi Jumada'II 1430 Hijri, í fjórum frumritum, tveimur á ensku, sem eru gild, og tveimur á arabísku. Ein ensk útgáfa og ein arabísk skal afhent ríkisstjórn Noregs til vörslu og einni enskri útgáfu og einni arabískri

notification of withdrawal under the EFTA Convention or withdrawal from the Charter of the Cooperation Council for the Arab States of the Gulf shall promptly be submitted to the other Parties.
4. If all EFTA States withdraw or if all GCC Member States withdraw in accordance with paragraph 2, this Agreement shall be terminated as of the date when the withdrawal has taken effect for all EFTA States or all GCC Member States.

ARTICLE 9.9
Entry into Force

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval in accordance with the respective constitutional requirements of the Parties. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.
2. If its constitutional requirements permit, any Party may apply this Agreement provisionally. Provisional application of this Agreement under this paragraph shall be notified to the Depositary.

3. This Agreement shall not enter into force or be applied provisionally between an EFTA State and GCC unless the complementary agreement on trade in basic agricultural goods between the EFTA State and GCC enters into force or is applied provisionally simultaneously.
4. This Agreement shall enter into force on the first day of the third month after the GCC Member States and at least one EFTA State have deposited their respective instruments of ratification, acceptance or approval with the Depositary.
5. In relation to an EFTA State depositing its instrument of ratification, acceptance or approval after this Agreement has entered into force this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument with the Depositary.

ARTICLE 9.10
Depositary

The Government of Norway shall act as the Depositary.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Hamar, this 22nd day of June 2009, which corresponds to this 29th day of Jumada'II 1430 Hijri, in four originals, two in the English language which shall be authentic and two in Arabic, one English and one Arabic version being deposited

skal komið fyrir í skrifstofu Arababandalagsins. Vörsluaðili skal senda öllum samningsaðilunum staðfest endurrit.

with the Government of Norway and one English and one Arabic version being lodged with the GCC Secretariat. The Depositary shall transmit certified copies to all the Parties.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands	Fyrir hönd ríkisstjórna aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa	For the Republic of Iceland	For the Governments of the Member States of the Cooperation Council for the Arab States of the Gulf
Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins	Yusuf Bin Alawi Bin Abdullah ráðherra utanríkismála í Soldánsveldinu Óman Forseti ráðherraráðs Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa	For the Principality of Liechtenstein	Yusuf Bin Alawi Bin Abdullah Minister Responsible for Foreign Affairs of Sultanate of Oman President of the Ministerial Council of the Cooperation Council for the Arab States of the Gulf
Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs		For the Kingdom of Norway	
Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss	Abdulrahman Bin Hamad Al-Attiyah aðalframkvæmdastjóri Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa	For the Swiss Confederation	Abdulrahman Bin Hamad Al-Attiyah Secretary-General of the Cooperation Council for the Arab States of the Gulf

Fylgiskjal II.

Landbúnaðarsamningur milli Íslands og aðildarríkja Flóabandalagsins

1. gr.

Samningur þessi varðar viðskipti með landbúnaðarvörur (hér á eftir nefndur „þessi samningur“) milli Lýðveldisins Íslands (hér á eftir nefnt „Ísland“) og ríkisstjórna Sameinuðu arabísku furstadæmanna, Konungsríkisins Bareins, Konungsríkisins Sádí-Arabíu, Soldánsveldisins Ómans, Katarsríkis og Kúveitríkis (hér á eftir nefnd „Flóabandalagið“ (GCC)) og hér á eftir nefnd sameiginlega „samningsaðilar“, og er hann til viðbótar við fríverslunarsamning aðildarríkja Flóabandalagsins og EFTA-ríkjanna (hér eftir nefndur „fríverslunarsamningurinn“) sem undirritaður var 22. júní 2009, einkum með hliðsjón grein 2.1 í þeim samningi.

2. gr.

Flóabandalagið skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar á Íslandi, eins og tilgreint er í 1. viðauka við þennan samning. Ísland skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar í Flóabandalaginu, eins og tilgreint er í 2. viðauka við þennan samning.

3. gr.

1. Upprunareglurnar og ákvæðin um samvinnu á sviði tollamála í IV. viðauka við fríverslunarsamninginn gilda um þennan samning, með þeirri undantekningu sem kveðið er á um í 2. mgr. Litið skal svo á að allar tilvísanir til „EFTA-ríkja“ í þeim viðauka eigi við Ísland.
2. Í samningi þessum gilda ákvæði 3. gr. IV. viðauka við fríverslunarsamninginn, að breyttu breytanda, um Flóabandalagið og Ísland.

4. gr.

Samningsaðilar skulu skoða þá erfiðleika sem kunna að koma upp í viðskiptum þeirra með landbúnaðarafurðir og freista þess að leita viðunandi lausna.

5. gr.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að vinna áfram að því að auka frelsi í viðskiptum sínum með landbúnaðarafurðir innan ramma landbúnaðarstefnu hvors um sig.

Agricultural Agreement Between Iceland and the GCC Member States

ARTICLE 1

This Agreement concerning trade in agricultural products (hereinafter referred to as “this Agreement”) between the Governments of the Republic of Iceland (hereinafter referred to as “Iceland”) and the United Arab Emirates, the Kingdom of Bahrain, the Kingdom of Saudi Arabia, the Sultanate of Oman, the State of Qatar and the State of Kuwait (hereinafter referred to as the “GCC”), hereinafter jointly referred to as “the Parties” is concluded further to the Free Trade Agreement between the GCC Member States and the EFTA States (hereinafter referred to as “the Free Trade Agreement”), which was signed on 22nd June 2009, and in particular pursuant to Article 2.1 of that Agreement.

ARTICLE 2

GCC shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Iceland as specified in Annex 1 to this Agreement. Iceland shall grant tariff concessions to agricultural products originating in GCC as specified in Annex 2 to this Agreement.

ARTICLE 3

1. The rules of origin and the provisions on co-operation in customs matters in Annex IV to the Free Trade Agreement shall apply to this Agreement, except as provided for in paragraphs 2. Any references to “EFTA States” in that Annex shall be taken to refer to Iceland.
2. For the purpose of this Agreement, Article 3 of Annex IV to the Free Trade Agreement shall apply, *mutatis mutandis*, to Iceland and GCC.

ARTICLE 4

The Parties shall examine any difficulties that might arise in their trade in agricultural products and shall endeavour to seek appropriate solutions.

ARTICLE 5

The Parties undertake to continue their efforts with a view to achieving further liberalization of their agricultural trade, within the framework of their respective agricultural policies.

6. gr.

Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt *samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað,* nema annað sé tekið fram í þessum samningi.

ARTICLE 6

The Parties confirm their rights and obligations under the *WTO Agreement on Agriculture* unless otherwise specified in this Agreement.

7. gr.

1. Ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna eiga við um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (sem hér á eftir nefnist „samningurinn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna“).
2. Flóabandalagið og Ísland skulu skiptast á nöfnum og heimilisföngum tengiliða með sérþekkingu á hollustuháttum og heilbrigði dýra og plantna í því skyni að auðvelda tæknilegt samráð og upplýsingaskipti.
3. Samningsaðilar samþykkja, með fyrirvara um 1. mgr., að hafa samráð innan sameiginlegu nefndarinnar til að finna viðeigandi lausn í samræmi við samninginn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna telji samningsaðili að annar samningsaðili hafi gert ráðstafanir sem gætu skapað eða hafi skapað hindrun í viðskiptum.

ARTICLE 7

1. The rights and obligations of the Parties in respect of sanitary and phytosanitary measures shall be governed by the WTO Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures (hereinafter referred to as the “SPS Agreement”).

2. Iceland and GCC shall exchange names and addresses of contact points with sanitary and phytosanitary expertise in order to facilitate technical consultations and the exchange of information.

3. Without prejudice to paragraph 1, the Parties agree to hold consultations in the framework of the Joint Committee if one of the Parties considers that another Party has taken measures which are likely to create, or have created, an obstacle to trade, in order to find an appropriate solution in conformity with the SPS Agreement.

8. gr.

Samningur þessi öðlast gildi, eða er beitt til bráðabirgða, þann dag þegar fríverslunarsamningur milli Flóabandalagsins og Íslands öðlast gildi. Hann gildir svo lengi sem samningsaðilarnir eru aðilar að fríverslunarsamningnum.

ARTICLE 8

This Agreement shall enter into force on or be applied provisionally from the same date as the Free Trade Agreement enters into force between Iceland and GCC. It shall remain in force as long as the Parties to it remain Parties to the Free Trade Agreement.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Gjört að Hamri, 22. júní 2009, sem svarar til 29. dags Jumada'II Hijri, í tveimur frumritum á ensku.

Done at Hamar, this 22nd day of June 2009, which corresponds to this 29th day of Jumada'II 1430 Hijri, in two original copies in the English language.

Fyrir hönd ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands

Fyrir hönd ríkisstjórna aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa

Yusuf Bin Alawi Bin Abdullah ráðherra utanríkismála í Soldánsveldinu Óman Forseti ráðherraráðs Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa

Abdulrahman Bin Hamad Al-Attiyah, aðalframkvæmdastjóri Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa

For the Republic of Iceland

For the Governments of the Member States of the Cooperation Council for the Arab States of the Gulf

Yusuf Bin Alawi Bin Abdullah Minister Responsible for Foreign Affairs of Sultanate of Oman President of the Ministerial Council of the Cooperation Council for the Arab States of the Gulf

Abdulrahman Bin Hamad Al-Attiyah Secretary-General of the Cooperation Council for the Arab States of the Gulf

1200. Tillaga til þingsályktunar [683. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Perús og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Lýðveldisins Perús.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd annars vegar fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Perús sem undirritaður var af ráðherrum EFTA-ríkjanna 24. júní 2010 í Reykjavík og af Perú í Líma 14. júlí 2010 og hins vegar landbúnaðarsamning milli Íslands og Lýðveldisins Perús sem undirritaður var í Reykjavík og Líma sömu daga.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á fríverslunarsamningi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Perús sem undirritaður var af ráðherrum EFTA-ríkjanna 24. júní 2010 í Reykjavík og af Perú í Líma 14. júlí 2010. Jafnframt er leitað heimildar til fullgildingar á landbúnaðarsamningi milli Íslands og Lýðveldisins Perús sem undirritaður var í Reykjavík og Líma sömu daga. Meginmál fríverslunarsamningsins er prentað sem fylgiskjal I með tillögu þessari og meginmál landbúnaðarsamningsins sem fylgiskjal II. Viðaukar og bókanir sem fylgja fríverslunarsamningnum og viðaukar við landbúnaðarsamninginn munu liggja frammi í lestrarsal Alþingis.

EFTA-ríkin, Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss, hafa gert 22 fríverslunarsamninga við ríki eða ríkjahópa, að samningnum við Perú meðtöldum. Í tengslum við þessa samninga hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar á milli einstakra EFTA-ríkja og hvers ríkis eða ríkjahóps fyrir sig um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur. Samningaviðræður stóðu yfir tveggja ára tímabil og þeim lauk í október 2008.

Fríverslunarsamningurinn við Perú er af svokallaðri annarri kynslóð fríverslunarsamninga og inniheldur, auk ákvæða um vöruviðskipti, ákvæði um þjónustuviðskipti, fjárfestingar, hugverkaréttindi, samkeppnismál, opinber innkaup, stofnanaákvæði og ákvæði um lausn ágreiningsmála.

Fríverslunarsamningurinn kveður á um lækkun eða niðurfellingu tolla á iðnaðarvörur, sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur. Þannig munu tollar á sjávarafurðir og allar helstu iðnaðarvörur frá Íslandi falla niður frá gildistöku samningsins eða fara stiglækkandi á níu ára aðlögunartímabili.

Útflutningur til Perús er lítill. Á undanförnum árum hefur einkum verið um að ræða tæki til matvælaframleiðslu og útbúnað til fiskveiða.

Landbúnaðarsamningurinn milli Íslands og Perús er viðbótarsamningur og gerður með vísan til fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og Perús. Landbúnaðarsamningurinn myndar hluta fríverslunarsvæðisins, ásamt slíkum samningum annars vegar milli Noregs og Perús og hins vegar milli Sviss og Perús, auk fríverslunarsamningsins. Viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur falla undir landbúnaðarsamninginn og kveður hann á um að tollar á tilteknar landbúnaðarvörur verði lækkaðir eða felldir niður. Perú mun m.a. fella niður tolla á lifandi hross frá gildistöku samningsins en tollar á íslenskt lambakjöt falla að fullu niður að loknum fimm til tíu ára aðlögunartíma. Ísland mun m.a. fella niður tolla á ýmsar tegundir lifandi plantna, svo sem ákveðnar tegundir afskorinna blóma, jólatré, ýmsar matjurtir og ávaxtasafa. Landbúnaðarsamningurinn öðlast gildi á sama degi og fríverslunarsamningurinn.

Fylgiskjal I.

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR MILLI LÝÐVELDISINS PERÚS OG EFTA-RÍKJANNA

INNGANGSORÐ

Lýðveldið Perú (hér á eftir nefnt „Perú“) annars vegar og Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Ríkjasambandið Sviss (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin“) hins vegar, þar sem hvert einstakt ríki er nefnt „samningsaðili“ og ríkin til samans „samningsaðilar“,

SEM EINSETJA SÉR að styrkja hin sérstöku vináttubönd og samstarf sín á milli og æskja þess að stuðla að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum og hvetja til víðtækara alþjóðasamstarfs, einkum á milli Evrópu og Suður-Ameríku, með því að fjarlægja viðskiptahindranir,

SEM HAFA Í HUGA þau mikilvægu tengsl sem eru á milli Perús og EFTA-ríkjanna, einkum *sameiginlega yfirlýsingu um samstarf*, sem var undirrituð í Genf 24. apríl 2006, og vilja styrkja þessi tengsl með því að koma á fót fríverslunarsvæði og koma þannig á nánum og varanlegum samskiptum,

SEM ÁRÉTTA skuldbindingu sína um að virða lýðræði, réttarreglu, mannréttindi og mannfrelsi í samræmi við skyldur sínar samkvæmt þjóðarétti, þ.m.t. meginreglur sem settar eru fram í *sáttmála Sameinuðu þjóðanna* og *almennu mannréttindayfirlýsingunni,*

SEM VIÐURKENNA að samband er á milli góðra stjórnarhátta í fyrirtækjum og hjá hinu opinbera og heilbrigðrar efnahagsþróunar og staðfesta stuðning sinn við meginreglur um stjórnun fyrirtækja í hinu alþjóðlega framtaksverkefni Sameinuðu þjóðanna *hnattrænt samkomulag Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (UNGC)* og einnig áform sín um að auka gagnsæi og koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu,

SEM BYGGJA Á réttindum og skyldum hvers og eins samkvæmt *Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar* (hér á eftir nefndur

FREE TRADE AGREEMENT BETWEEN THE REPUBLIC OF PERU AND THE EFTA STATES

PREAMBLE

The Republic of Peru (hereinafter referred to as “Peru”) on one part, and Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the Swiss Confederation (hereinafter referred to as “the EFTA States”) on the other, each individual State referred to as a “Party” or collectively referred to as the “Parties”:

RESOLVED to strengthen the special bonds of friendship and co-operation between them and desirous, by way of the removal of obstacles to trade, to contribute to the harmonious development and expansion of world trade and provide a catalyst for broader international co-operation, in particular between Europe and South America;

CONSIDERING the important links existing between Peru and the EFTA States, in particular the *Joint Declaration on Co-operation* signed in Geneva on 24 April 2006, and wishing to strengthen these links through the creation of a free trade area, thus establishing close and lasting relations;

REAFFIRMING their commitment to democracy, the rule of law, human rights and fundamental freedoms in accordance with their obligations under international law, including the principles set out in the *United Nations Charter* and the *Universal Declaration of Human Rights*;

ACKNOWLEDGING the relationship between good corporate and public sector governance and sound economic development, and affirming their support to the principles of corporate governance in the *United Nations Global Compact*, as well as their intent to promote transparency and prevent and combat corruption;

BUILDING on their respective rights and obligations under the *Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization* (hereinafter referred

„samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina“) og öðrum samningum á grundvelli hans og öðrum marghliða og tvíhliða gerningum um samstarf,

to as “the WTO Agreement”) and the other agreements negotiated thereunder and other multilateral and bilateral instruments of co-operation;

SEM ÁRÉTTA skuldbindingar sínar um hagþróun og félagslega þróun og virðingu fyrir grundvallarréttindum launþega og þeim meginreglum sem settar eru fram í samningum *Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO)* sem samningsaðilarnir eiga aðild að,

REAFFIRMING their commitment to economic and social development and the respect for the fundamental rights of workers, including the principles set out in the *International Labour Organisation (ILO)* Conventions to which the Parties are party;

SEM HAFA AÐ MARKMIÐI að skapa ný atvinnutækifæri, bæta heilsu og lífskjör og tryggja góðar og auknar rauntekjur á yfirráðasvæði hvers og eins með auknum viðskiptum og fjárfestingum og styrkja með því efnahagsþróun á víðum grundvelli í því augnamiði að draga úr fátækt og skapa tækifæri til að stunda sjálfbæra atvinnustarfsemi aðra en ræktun nytjaplantna til eiturlyfjaframleiðslu,

AIMING to create new employment opportunities, improve health and living standards and ensure a large and steadily growing volume of real income in their respective territories through the expansion of trade and investment flows, thereby promoting broad-based economic development in order to reduce poverty and generating opportunities for sustainable economic alternatives to drug-crop production;

SEM ERU REIÐUBÚIN að viðhalda getu sinni til að standa vörð um almannahag,

WILLING to preserve their ability to safeguard the public welfare;

SEM HYGGJAST auka samkeppnishæfni fyrirtækja sinna á heimsmörkuðum,

INTENDING to enhance the competitiveness of their firms in global markets;

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að skapa aukinn og öruggan markað fyrir vörur og þjónustu á yfirráðasvæðum sínum og tryggja fyrirsjáanlegan lagaramma og lagaumhverfi fyrir verslun, viðskipti og fjárfestingar með því að setja skýrar reglur sem eru öllum til hagsbóta,

DETERMINED to create an expanded and secure market for goods and services in their territories and to ensure a predictable legal framework and environment for trade, business and investment by establishing clear and mutually advantageous rules;

SEM VIÐURKENNA að ávinningur af auknu viðskiptafrelsi megi ekki fara forgörðum vegna samkeppnishamlandi starfshátta,

RECOGNISING that the gains from trade liberalisation should not be offset by anti-competitive practices;

SEM EINSETJA SÉR að styðja við sköpun og nýsköpun með því að standa vörð um hugverkarétt en viðhalda um leið jafnvægi á milli réttinda rétthafa og almenningshagsmuna almennt, einkum að því er varðar menntun, rannsóknir, lýðheilsu og aðgang að upplýsingum,

RESOLVED to foster creativity and innovation by protecting intellectual property rights while maintaining a balance between the rights of the holders and the interests of the public in general, particularly in education, research, public health and access to information;

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að framkvæma þennan samning á þann hátt að samrýmist vernd og varðveislu umhverfisins, stuðli að sjálfbærri þróun og efli samstarf þeirra á milli í umhverfismálum,

DETERMINED to implement this Agreement in a manner consistent with environmental protection and conservation, promote sustainable development, and strengthen their co-operation on environmental matters;

HAFA ÁKVEÐIÐ, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér eftirfarandi fríverslunarsamning (hér á eftir nefndur „þessi samningur“):

HAVE AGREED, in pursuit of the above, to conclude the following Free Trade Agreement (hereinafter referred to as “this Agreement”):

1. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

GREIN 1.1.

Stofnun fríverslunarsvæðis.

Samningsaðilar stofna hér með fríverslunarsvæði með þessum samningi og viðbótarsamningum um landbúnað, sem eru gerðir jafnframt á milli Perús og hvers og eins EFTA-ríkjanna, í samræmi við XXIV. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“) og V. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (hér á eftir nefndur „GATS-samningurinn“).

GREIN 1.2.

Markmið.

Markmiðin með þessum samningi eru:

a) að auka frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. GATT-samningsins frá 1994,
b) að auka frelsi í þjónustuviðskiptum í samræmi við V. gr. GATS-samningsins,
c) að fjölga fjárfestingatækifærum verulega á fríverslunarsvæðinu í því augnamiði að stuðla að sjálfbærri þróun samningsaðilanna,
d) að auka enn frekar gagnkvæmt frelsi á mörkuðum samningsaðilanna fyrir opinber innkaup,
e) að stuðla að aukinni samkeppni í atvinnulífi samningsaðilanna, einkum með tilliti til efnahagstengsla þeirra á milli,
f) að tryggja fullnægjandi og árangursríka vernd hugverkaréttinda,
g) að stuðla, með afnámi viðskiptahindrana, að samstilltri framþróun og aukningu alþjóðaviðskipta og
h) að tryggja samstarf í tengslum við uppbyggingu viðskiptafærni, í því augnamiði að auka og bæta þann ávinning sem hlýst af þessum samningi, og að draga úr fátækt og glæða samkeppnishæfni og hagþróun.

GREIN 1.3.

Svalbarði.

Samningur þessi gildir ekki um Svalbarðasvæðið, nema að því er varðar vöruviðskipti.

GREIN 1.4.

Tengsl við aðra alþjóðasamninga.

Beita skal ákvæðum þessa samnings með fyrirvara um réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina

CHAPTER 1
GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1.1

Establishment of a Free Trade Area

The Parties to this Agreement, consistent with Article XXIV of the *General Agreement on Tariffs and Trade 1994* (hereinafter referred to as “the GATT 1994”) and Article V of the *General Agreement on Trade in Services* (hereinafter referred to as “the GATS”), hereby establish a free trade area by means of this Agreement and the complementary Agreements on Agriculture, concurrently concluded between Peru and each individual EFTA State.

ARTICLE 1.2

Objectives

The objectives of this Agreement are:

(a) to achieve the liberalisation of trade in goods, in conformity with Article XXIV of the GATT 1994;
(b) to achieve the liberalisation of trade in services, in conformity with Article V of the GATS;
(c) to substantially increase investment opportunities in the free trade area to contribute to the sustainable development of the Parties;
(d) to achieve further liberalisation on a mutual basis of the government procurement markets of the Parties;
(e) to promote competition in their economies, particularly as it relates to economic relations between the Parties;
(f) to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights;
(g) to contribute, by the removal of barriers to trade and investment, to the harmonious development and expansion of world trade; and
(h) to ensure co-operation related to trade capacity building, in order to expand and improve the benefits of this Agreement, and to reduce poverty and foster competitiveness and economic development.

ARTICLE 1.3

Svalbard

This Agreement shall not apply to the territory of Svalbard, with the exception of trade in goods.

ARTICLE 1.4

Relation to Other International Agreements

The provisions of this Agreement shall be applied without prejudice to the rights and obligations of the Parties under the WTO Agreement and the other agreements negotiated thereunder to which

og öðrum samningum á grundvelli hans og öðrum alþjóðasamningum sem þeir eiga aðild að.

GREIN 1.5.
Viðskipta- og efnahagstengsl sem þessi samningur tekur til.

1. Ákvæði þessa samnings eiga við um viðskipta- og efnahagstengsl milli Perús annars vegar og hvers og eins EFTA-ríkis hins vegar, en eiga ekki við um viðskiptatengsl milli einstakra EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

2. Af tollabandalaginu, sem stofnað var með samningi frá 29. mars 1923 milli Sviss og Furstadæmisins Liechtensteins, leiðir að Sviss er fulltrúi Furstadæmisins Liechtensteins í málefnum sem falla undir gildissvið þess samnings.

GREIN 1.6.
Ríkisstjórnir, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld.

Hver samningsaðili skal sjá til þess að ríkisstjórn hans, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld, svo og óopinberar stofnanir, sem fara með opinbert vald sem ríkisstjórn, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld eða yfirvöld fela þeim, uppfylli allar skyldur og skuldbindingar samkvæmt samningi þessum á yfirráðasvæði hans.

GREIN 1.7.
Skattamál.

1. Samningur þessi takmarkar ekki fjárhagslegt fullveldi samningsaðila til að samþykkja skattaráðstafanir,[1] nema að því er varðar eftirfarandi reglur:

a) ákvæði greinar 2.11 (Innlend meðferð) og þau ákvæði önnur í þessum samningi sem eru nauðsynleg til að framfylgja ákvæðum þeirrar greinar að sama marki og ákvæði III. gr. GATT-samningsins frá 1994 gera,
b) ákvæði greinar 5.3 (Innlend meðferð), samanber þó ákvæði greinar 5.8 (Undantekningar).

2. Þrátt fyrir 1. mgr. hefur þessi samningur ekki áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila sem leiðir af samningum um skattamál. Ef samningur þessi stangast á við ákvæði slíkra samninga ganga ákvæði þeirra framar að því marki sem misræminu nemur.

[1] Sá skilningur ríkir að ráðstafanir í skattamálum feli hvorki í sér innflutningstolla né ráðstafanir sem eru taldar upp í ii. og iii. undirlið b-liðs í grein 2.2 (Skilgreiningar).

they are a party and any other international agreement to which they are a party.

ARTICLE 1.5
Trade and Economic Relations Covered by this Agreement

1. The provisions of this Agreement apply to the trade and economic relations between on the one side Peru and on the other side each individual EFTA State, but not to trade relations between individual EFTA States, unless otherwise provided for in this Agreement.

2. As a result of the customs union established by the Treaty of 29 March 1923 between Switzerland and the Principality of Liechtenstein, Switzerland shall represent the Principality of Liechtenstein in matters covered thereby.

ARTICLE 1.6
Central, Regional and Local Government

Each Party shall ensure within its territory the observance of all obligations and commitments under this Agreement by its respective central, regional and local governments and authorities, and by non-governmental bodies in the exercise of governmental powers delegated to them by central, regional and local governments or authorities.

ARTICLE 1.7
Taxation

1. This Agreement shall not restrict a Party's fiscal sovereignty to adopt taxation measures[1], except for the disciplines referred to hereafter:

(a) Article 2.11 (National Treatment) and such other provisions of this Agreement as are necessary to give effect to that Article to the same extent as does Article III of the GATT 1994;

(b) Article 5.3 (National Treatment), subject to Article 5.8 (Exceptions).

2. Notwithstanding paragraph 1, this Agreement shall not affect the rights and obligations of a Party under any tax convention. In the event of any inconsistency between this Agreement and such convention, the latter shall prevail to the extent of the inconsistency.

[1] It is understood that taxation measures do not include: customs duties on imports or measures listed in subparagraphs (b) (ii) and (iii) of Article 2.2 (Definitions).

GREIN 1.8.
Rafræn viðskipti.

Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir vaxandi hlutverki rafrænna viðskipta í verslunarviðskiptum sín á milli. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að auka samstarf sín á milli á sviði rafrænna viðskipta, þeim öllum til hagsbóta, með það fyrir augum að styðja við þau ákvæði þessa samnings sem tengjast vöru- og þjónustuviðskiptum. Samningsaðilarnir hafa, í því skyni, sett rammann sem er að finna í I. viðauka (Rafræn viðskipti).

ARTICLE 1.8
Electronic Commerce

The Parties recognise the growing role of electronic commerce for trade between them. With a view to supporting provisions of this Agreement related to trade in goods and services, the Parties undertake to intensify their co-operation on electronic commerce for their mutual benefit. For that purpose the Parties have established the framework contained in Annex I (Electronic Commerce).

GREIN 1.9.
Almennar skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað sé tekið fram:

a) „dagar“ almanaksdagar,
b) „vörur“ söluvarningur, framleiðsluvara, vörutegund eða efni,
c) „lögaðili“ aðili að lögum sem er stofnaður eða skipulagður með öðrum hætti samkvæmt gildandi lögum, í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem er í einkaeign eða í eigu hins opinbera, þ.m.t. hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, einkafyrirtæki eða samtök,
d) „ráðstöfun“ lög, reglugerðir, málsmeðferð, krafa, ákvæði eða starfshættir,
e) „ríkisborgari“ einstaklingur sem hefur ríkisfang hjá samningsaðila eða fasta búsetu hjá samningsaðila í samræmi við landslög hans,
f) „aðili“ einstaklingur eða lögaðili.

ARTICLE 1.9
Definitions of General Application

For the purposes of this Agreement, unless otherwise specified:

(a) “days” means calendar days;
(b) “goods” means any merchandise, product, article or material;
(c) “juridical person” means any legal entity duly constituted or otherwise organised under applicable law, whether for profit or otherwise, and whether privately-owned or governmentally-owned, including any corporation, trust, partnership, joint venture, sole proprietorship or association;
(d) “measure” means any law, regulation, procedure, requirement, provision or practice;
(e) “national” means a natural person who has the nationality of a Party or is a permanent resident of a Party in accordance with its domestic law;
(f) “person” means a natural person or a juridical person.

2. KAFLI
VÖRUVIÐSKIPTI

GREIN 2.1.
Gildissvið.

Þessi kafli gildir um eftirtaldar vörur sem samningsaðilar versla með sín á milli:

a) vörur, sem falla undir 25. til 97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni (hér á eftir nefnd „samræmda tollskráin“), að undanskildum framleiðsluvörum sem eru taldar upp í II. viðauka (Undanskildar vörur),
b) unnar landbúnaðarafurðir tilgreindar í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir), að teknu viðeigandi tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í 3. kafla (Unnar landbúnaðarafurðir) og
c) fisk og aðrar sjávarafurðir eins og kveðið er á um í IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir).

CHAPTER 2
TRADE IN GOODS

ARTICLE 2.1
Scope

This Chapter applies to the following goods traded between the Parties:

(a) goods classified under chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (hereinafter referred to as “the HS”), excluding the products listed in Annex II (Excluded Products);
(b) processed agricultural products specified in Annex III (Processed Agricultural Products), with due regard to the arrangements provided for in Chapter 3 (Processed Agricultural Products); and
(c) fish and other marine products as provided for in Annex IV (Fish and Other Marine Products).

GREIN 2.2.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað sé tekið fram:

a) „tollyfirvald“ það yfirvald sem, samkvæmt löggjöf samningsaðila, ber ábyrgð á stjórnsýslu vegna tollalöggjafar hans,

b) „innflutningstollar“ hvers konar tollar eða gjöld sem eru lögð á eða tengjast vöruinnflutningi, þ.m.t. hvers konar aukaskattar eða aukagjöld nema:
   i. gjöld sem jafngilda innlendum skatti sem er álagður með samræmdum hætti skv. 2. mgr. III. gr. GATT-samningsins frá 1994,
   ii. undirboðs- eða jöfnunartollar sem eru álagðir skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 eða
   iii. þóknun eða önnur gjöld sem tengjast innflutningi í réttu hlutfalli við kostnað vegna veittrar þjónustu,

c) „tollalöggjöf“ hvers konar laga- eða reglugerðarákvæði, sem samningsaðili samþykkir og gilda um inn-, út- eða umflutning vöru og tollmeðferð hennar, að meðtöldu banni, takmörkunum og eftirliti.

ARTICLE 2.2
Definitions

For the purposes of this Chapter, unless otherwise specified:

(a) "customs authority" means the authority that according to the legislation of a Party is responsible for the administration of its customs legislation;

(b) "customs duties on imports" means any duty or a charge of any kind imposed on, or in connection with, the importation of goods, including any form of surtax or surcharge, except:
   (i) charges equivalent to an internal tax imposed consistently with paragraph 2 of Article III of the GATT 1994;
   (ii) antidumping or countervailing duties that are applied pursuant to Article VI of the GATT 1994; or
   (iii) fees or other charges in connection with importation commensurate with the cost of services rendered.

(c) "customs legislation" means any legal or regulatory provision adopted by a Party, governing the import, export or transit of goods and their placing under any customs procedure, including measures of prohibition, restriction and control.

GREIN 2.3.
Upprunareglur og gagnkvæm aðstoð í tollamálum.

1. Ákvæði um upprunareglur og samstarf á sviði stjórnsýslu eru sett fram í V. viðauka (Upprunareglur og stjórnsýslusamvinna).
2. Ákvæði um gagnkvæma aðstoð á sviði tollamála er að finna í VI. viðauka (Gagnkvæm stjórnsýsluaðstoð á sviði tollamála).

ARTICLE 2.3
Rules of Origin and Mutual Assistance in Customs Matters

1. The provisions on rules of origin and administrative co-operation are set out in Annex V (Rules of Origin and Administrative Co-operation).
2. The provisions on mutual assistance in customs matters are set out in Annex VI (Mutual Administrative Assistance in Customs Matters).

GREIN 2.4.
Greitt fyrir viðskiptum.

Samningsaðilarnir skulu, í því skyni að greiða fyrir viðskiptum milli Perús og EFTA-ríkjanna:

a) einfalda reglur um vöruviðskipti og tengda þjónustustarfsemi eftir því sem frekast er unnt,
b) stuðla að marghliða samstarfi sín á milli í því skyni að auka þátttöku í gerð og framkvæmd alþjóðasamninga og alþjóðlegra tilmæla um að greiða fyrir viðskiptum og
c) starfa saman að því að greiða fyrir viðskiptum á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar,

í samræmi við ákvæðin sem eru sett fram í VII. viðauka (Tollmeðferð og greitt fyrir viðskiptum).

ARTICLE 2.4
Trade Facilitation

With the aim to facilitate trade between Peru and the EFTA States, the Parties shall:

(a) simplify, to the greatest extent possible, procedures for trade in goods and related services;
(b) promote multilateral co-operation among them in order to enhance their participation in the development and implementation of international conventions and recommendations on trade facilitation; and
(c) co-operate on trade facilitation within the framework of the Joint Committee,

in accordance with the provisions set out in Annex VII (Customs Procedures and Trade Facilitation).

GREIN 2.5.
Stofnun undirnefndar um vöruviðskipti, upprunareglur og tollamál.

1. Undirnefnd sameiginlegu nefndarinnar um vöruviðskipti, upprunareglur og tollamál er hér með komið á fót.
2. Hlutverk undirnefndarinnar er, nema mælt sé fyrir um annað í þessum samningi, að miðla og taka við upplýsingum, fylgjast með þróun, leitast við að leysa vanda samfara tæknilegu ósamræmi sem kann að koma upp milli samningsaðilanna, undirbúa tæknilegar breytingar á II. viðauka (Undanskildar framleiðsluvörur), III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir), IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir), V. viðauka (Upprunareglur og stjórnsýslusamvinna), VI. viðauka (Gagnkvæm stjórnsýsluaðstoð á sviði tollamála), VII. viðauka (Greitt fyrir viðskiptum) og VIII. viðauka (Iðnaðarvörur) og að aðstoða sameiginlegu nefndina.
3. Fulltrúi Perús eða EFTA-ríkis skipa formannssæti í undirnefndinni til skiptis í ákveðinn tíma sem samkomulag er um. Formaður er kosinn á fyrsta fundi undirnefndarinnar. Undirnefndin tekur ákvarðanir með einróma samþykki.
4. Undirnefndin skal skila skýrslu til sameiginlegu nefndarinnar. Undirnefndin getur beint tilmælum til sameiginlegu nefndarinnar um mál er varða hlutverk hennar.
5. Undirnefndin skal koma saman eins oft og þörf krefur. Sameiginlega nefndin getur kallað undirnefndina saman, formaður hennar að eigin frumkvæði, eða samningsaðili að fram kominni beiðni hans þar um. Funda skal til skiptis í Perú og EFTA-ríki.
6. Formaðurinn skal, í samráði við samningsaðilana, taka saman bráðabirgðadagskrá hvers fundar og senda samningsaðilunum, að jafnaði eigi síðar en tveimur vikum áður en fundur er haldinn.

ARTICLE 2.5
Establishment of a Sub-Committee on Trade in Goods, Rules of Origin and Customs Matters

1. The Sub-Committee of the Joint Committee on Trade in Goods, Rules of Origin and Customs Matters is hereby established.
2. Unless otherwise provided for in this Agreement, the functions of the Sub-Committee shall be to exchange information, review developments, endeavour to resolve any technical differences that may arise among the Parties, prepare technical amendments to Annexes II (Excluded Products), III (Processed Agricultural Products), IV (Fish and Other Marine Products), V (Rules of Origin and Administrative Co-operation), VI (Mutual Administrative Assistance in Customs Matters), VII (Customs Procedures and Trade Facilitation) and VIII (Industrial Goods), and to assist the Joint Committee.

3. The Sub-Committee shall be chaired alternately by a representative of Peru or an EFTA State for an agreed period of time. The chairperson shall be elected at the first meeting of the Sub-Committee. The Sub-Committee shall act by consensus.
4. The Sub-Committee shall report to the Joint Committee. The Sub-Committee may make recommendations to the Joint Committee on matters related to its functions.
5. The Sub-Committee shall meet as often as required. It may be convened by the Joint Committee, by the chairperson of the Sub-Committee on his or her own initiative, or upon request of a Party. The venue shall alternate between Peru and an EFTA State.
6. A provisional agenda for each meeting shall be prepared by the chairperson in consultation with the Parties, and forwarded to them, as a general rule, no later than two weeks before the meeting.

GREIN 2.6.
Niðurfelling innflutningsgjalda.

1. Við gildistöku þessa samnings skal Perú fella niður innflutningstolla á vörur sem eiga uppruna sinn í EFTA-ríki, eins og kveðið er á um í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir), IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) og VIII. viðauka (Iðnaðarvörur).

2. Við gildistöku þessa samnings skulu EFTA-ríkin fella niður alla innflutningstolla á framleiðsluvörur sem falla undir ákvæði greinar 2.1 (Gildissvið) og upprunnar eru í Perú, nema kveðið sé á um annað í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir) og IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir).
3. Hafa skal samráð, að beiðni samningsaðila, með

ARTICLE 2.6
Dismantling of Import Duties

1. Upon entry into force of this Agreement, Peru shall dismantle its customs duties on imports of goods originating in an EFTA State, as provided for in Annexes III (Processed Agricultural Products), IV (Fish and Other Marine Products) and VIII (Industrial Goods).
2. Upon entry into force of this Agreement, the EFTA States shall eliminate all customs duties on imports of goods covered by Article 2.1 (Scope) originating in Peru, unless otherwise provided for in Annexes III (Processed Agricultural Products) and IV (Fish and Other Marine Products).
3. At the request of a Party, consultations shall be

það fyrir augum að hraða niðurfellingu innflutningstolla sem tilgreindir eru í viðkomandi viðaukum. Samningur á milli samningsaðilanna um að hraða niðurfellingu tolla skal koma í stað allra tolla- og niðurfellingarflokka sem settir eru fram í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir), IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) og VIII. viðauka (Iðnaðarvörur), ef samningsaðilarnir samþykkja það í samræmi við lagaskilyrði í löndum þeirra.

4. Ekki skal leggja á nýja innflutningstolla eða önnur gjöld í tengslum við innflutning á upprunavörum til samningsaðila né heldur hækka tolla eða gjöld sem fyrir eru, nema mælt sé fyrir um það í þessum samningi.

5. Samningsaðilarnir viðurkenna að þeim er heimilt:

a) í kjölfar einhliða tollalækkunar, að hækka tilteknn toll að því marki sem er fastsett í niðurfellingarskipulagi hvers og eins samningsaðila fyrir það ár er um ræðir eða
b) að hækka toll samkvæmt grein 12.17 (Úrskurður kemur ekki til framkvæmda og ávinningi frestað).

held to consider accelerating the elimination of the customs duties on imports set out in the respective Annexes. An agreement between the Parties to accelerate the elimination of a customs duty on imports shall supersede any duty rate or dismantling category set out in Annexes III (Processed Agricultural Products), IV (Fish and other Marine Products) and VIII (Industrial Goods), if approved by the Parties in accordance with their internal legal requirements.

4. No new customs duties on imports or other charges in relation to the importation of originating goods to a Party shall be introduced nor shall those already applied be increased, except as provided for in this Agreement.

5. The Parties recognise that they may:

(a) following a unilateral tariff reduction, raise a customs duty to the level established in the tariff dismantling schedules of each Party, for the respective year; or
(b) increase a customs duty pursuant to Article 12.17 (Non-Implementation and Suspension of Benefits).

GREIN 2.7.

Grunntollur.

1. Grunntollur á vörur, sem á að fara stiglækkandi eins og fram kemur í III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir), IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) og VIII. viðauka (Iðnaðarvörur), skal vera tollur sem fæst í bestukjarameðferð og tekur gildi 1. apríl 2007.

2. Ef samningsaðili lækkar gildandi bestukjaratoll sinn á innflutning, einhvern tíma eftir gildistökudag þessa samnings, skal sá tollur því aðeins gilda að hann sé lægri en sá tollur sem er reiknaður út í samræmi við viðeigandi viðauka.

ARTICLE 2.7

Base Rate

1. The base rate of customs duty for goods, to which the successive reductions set out in Annexes III (Processed Agricultural Products), IV (Fish and other Marine Products) and VIII (Industrial Goods) are to be applied, shall be the most-favoured nation rate of duty applied on 1 April 2007.

2. If at any moment after the date of entry into force of this Agreement a Party reduces its applied most favoured nation (hereinafter referred to as "MFN") customs duty on imports that customs duty shall apply only if it is lower than the customs duty calculated in accordance with the relevant Annexes.

GREIN 2.8.

Tollar, skattar eða önnur gjöld lögð á útflutning.

Engum samningsaðila er heimilt að leggja á eða viðhalda tolli, skatti eða öðru gjaldi vegna útflutnings vara til annars samningsaðila, nema tollurinn, skatturinn eða gjaldið sé einnig álagt eða viðhaldið vegna þessara vara þegar þær eru ætlaðar til neyslu innanlands.

ARTICLE 2.8

Duties, Taxes or Other Charges on Exports

No Party may adopt or maintain any duty, tax or other charge on exports of goods to another Party, unless the duty, tax or charge is also adopted for or maintained on these goods when they are destined for domestic consumption.

GREIN 2.9.

Takmarkanir á inn- og útflutningi.

1. Fella skal niður bönn eða takmarkanir, nema tolla, skatta eða önnur gjöld, hvort sem um ræðir kvóta, innflutnings- eða útflutningsleyfa eða aðrar ráðstafanir, í viðskiptum milli samningsaðilanna, í

ARTICLE 2.9

Import and Export Restrictions

1. Prohibitions or restrictions other than duties, taxes or other charges, whether made effective through quotas, import or export licenses or other measures, shall be eliminated in trade between the

samræmi við XI. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem er hér með felld inn í þennan samning og er hluti hans.

2. Samningsaðilarnir hafa þann skilning að ákvæði 1. mgr. komi í veg fyrir að samningsaðili geti samþykkt eða viðhaldið:

a) verðkröfum vegna út- og innflutnings, að því marki sem leyfilegt er við heimtu jöfnunar- og undirboðstolla og fullnustu skuldbindinga vegna jöfnunar og undirboða eða

b) leyfisveitingu vegna innflutnings sem er háð skilyrðum um að tiltekin nothæfiskrafa sé uppfyllt.

3. Samningsaðili skal hvorki samþykkja né viðhalda ráðstöfun sem er í ósamræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa. Nýja málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa og allar breytingar á gildandi málsmeðferð viðkomandi samningsaðila við leyfisveitingu eða á skrá hans um framleiðsluvörur skal birta, verði því við komið, 21 degi fyrir þann dag þegar það skilyrði er um ræðir verður virk, en í öllu falli eigi síðar en þann dag.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um ráðstafanir sem settar eru fram í IX. viðauka (Notaðar vörur).

Parties in accordance with Article XI of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

2. The Parties understand that paragraph 1 prohibits a Party from adopting or maintaining:

(a) export and import price requirements, except as permitted in enforcement of countervailing and antidumping duties and undertakings; or

(b) import licensing conditioned on the fulfilment of a performance requirement.

3. No Party shall adopt or maintain a measure that is inconsistent with the WTO Agreement on Import Licensing Procedures. Any new import licensing procedure and any modification to its existing import licensing procedures or list of products shall be published, whenever practicable, 21 days prior to the date when the requirement becomes effective but in any event no later than that date.

4. Paragraphs 1 and 2 shall not apply to the measures set out in Annex IX (Used Goods).

GREIN 2.10.
Umsýsluþóknun og formsatriði.

1. Sérhver samningsaðili skal ganga úr skugga um að þóknanir og gjöld hvers konar, önnur en inn- og útflutningstollar og skattar er um getur í III. gr. GATT-samningsins frá 1994, séu álögð í samræmi við 1. mgr. VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og athugasemdir um túlkun hans.

2. Enginn samningsaðili skal gera kröfu um þjónustu ræðismanns, með tilheyrandi þóknunum og gjöldum, í tengslum við innflutning vöru frá öðrum samningsaðila. Í þessum samningi merkir „þjónusta ræðismanns“ alla gerninga ræðismanna innflutningssamningsaðila á yfirráðasvæði útflutningssamningsaðilans sem miða að því að til verði ræðismannsreikningar eða áritanir ræðismanns vegna viðskiptareikninga, upprunavottorða, farmskráa, útflutningsyfirlýsinga farmsendenda eða annarra tollskjala sem er krafist vegna innflutnings eða í tengslum við hann.

3. Sérhver samningsaðili skal hafa aðgengilegar og skal jafnan hafa á Netinu uppfærðar upplýsingar um þóknanir og gjöld sem hann krefst vegna innflutnings eða útflutnings.

ARTICLE 2.10
Administrative Fees and Formalities

1. Each Party shall ensure that all fees and charges of whatever character other than import and export duties and other than taxes referred to in Article III of the GATT 1994, are applied in accordance with paragraph 1 of Article VIII of the GATT 1994 and its interpretative notes.

2. No Party shall require consular transactions, including related fees and charges, in connection with the importation of goods of another Party. For the purposes of this Agreement, “consular transaction” means any act by consular authorities of the importing Party in the exporting Party for the purpose of obtaining consular invoices or consular visas for commercial invoices, certificates of origin, manifests, shippers’ export declarations, or any other customs documentation required on or in connection with imports.

3. Each Party shall make available and maintain through the Internet updated information about the fees and charges it imposes in connection with importation or exportation.

GREIN 2.11.
Innlend meðferð.

Samningsaðilar skulu, nema kveðið sé á um annað í IX. viðauka (Notaðar vörur), beita innlendri

ARTICLE 2.11
National Treatment

Except as provided for in Annex IX (Used Goods), the Parties shall apply national treatment in

meðferð í samræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994, að meðtöldum athugasemdum um túlkun, sem er hér með felld inn í þennan samning og verður hluti af honum að breyttu breytanda.

accordance with Article III of the GATT 1994, including its interpretative notes, which are hereby incorporated and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.

GREIN 2.12.
Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki.

Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar ríkisrekin viðskiptafyrirtæki, í samræmi við ákvæði XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulag um túlkun XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem eru hér með felld inn í þennan samning og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

ARTICLE 2.12
State Trading Enterprises

The rights and obligations of the Parties in respect of state trading enterprises shall be governed by Article XVII of the GATT 1994 and the Understanding on the Interpretation of Article XVII of the GATT 1994, which are hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.

GREIN 2.13.
Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.

1. Samningsaðilarnir staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (hér á eftir nefndur „samningurinn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna“) og eftir ákvörðunum um beitingu þess samnings sem eru samþykktar af nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um ráðstafanir er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna. Skilgreiningarnar í viðauka A við samninginn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, svo og orðalisti um samræmd hugtök viðkomandi alþjóðastofnana, gilda að því er þennan kafla varðar og um öll samskipti samningsaðilanna um mál er varða heilbrigði og hollustuhætti dýra og plantna.

2. Samningsaðilarnir skulu vinna saman að því að hrinda samningnum um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í framkvæmd með skilvirkum hætti og þeim ákvæðum sem sett eru fram í þessari grein í því augnamiði að greiða fyrir tvíhliða viðskiptum, með fyrirvara um réttinn til að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda heilbrigði manna, dýra og plantna og að vernda hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna svo viðunandi sé.

3. Samningsaðilarnir skulu ekki beita ráðstöfunum sínum til verndar hollustuháttum eða heilbrigði dýra og plantna sem tengjast eftirliti, skoðun, samþykki eða vottun til að takmarka markaðsaðgang, án vísindalegs rökstuðnings, samanber þó 7. mgr. 5. gr samningsins um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

4. Samningsaðilar skulu auka samstarf á sviði ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum hvers um sig og bæta kerfi sín að

ARTICLE 2.13
Sanitary and Phytosanitary Measures

1. The Parties confirm their rights and obligations under the WTO Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures (hereinafter referred to as the “SPS Agreement”) and by the decisions on the application of the SPS Agreement adopted by the WTO Committee on Sanitary and Phytosanitary Measures. For the purposes of this Chapter and for any communication on sanitary or phytosanitary related matters between the Parties, the definitions in Annex A of the SPS Agreement, as well as the glossary of harmonised terms of the relevant international organisations, shall apply.

2. The Parties shall work together in the effective implementation of the SPS Agreement and of the provisions set forth in this Article for the purpose of facilitating bilateral trade, without prejudice to the right to adopt measures necessary to protect human, animal or plant health and to achieve the appropriate level of sanitary or phytosanitary protection.

3. The Parties shall not use their sanitary or phytosanitary measures related to control, inspection, approval or certification to restrict market access without scientific justification, without prejudice to paragraph 7 of Article 5 of the SPS Agreement.

4. The Parties shall strengthen their co-operation in the field of sanitary and phytosanitary measures, with a view to increasing the mutual understanding

því er varðar hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

5. Perú og EFTA-ríkin skulu, þegar nauðsyn krefur og til að auðvelda aðgang að mörkuðum hvers annars, taka upp tvíhliða samninga, að meðtöldum samningum á milli eftirlitsstofnana hvers og eins.

6. Samningsaðilar samþykkja að tilnefna og tilkynna hver öðrum, við gildistöku þessa samnings, um tengiliði vegna tilkynninga- og upplýsingaskipta um málefni er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

7. Samningsaðilar koma hér með á fót umræðuhópi sérfræðinga á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna. Umræðuhópurinn skal funda að ósk samningsaðila. Samningsaðilar skulu, til að unnt sé að nýta fjármuni sem best og eins og aðstæður frekast leyfa, leitast við að nýta sér samskiptatækni á borð við rafræn samskipti, mynd- eða símafundi eða gera ráðstafanir til að funda í tengslum við fundi sameiginlegu nefndarinnar eða fundi nefndar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna. Umræðuhópurinn skal meðal annars:

a) yfirfara ákvæði þessarar greinar og kanna hvort þeim sé beitt,
b) fjalla um ráðstafanir, sem líklegt er að hafi, eða hafa haft, áhrif á aðgang að mörkuðum annarra samningsaðila í því skyni að finna viðeigandi lausnir í tæka tíð í samræmi við samninginn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna,
c) meta framgang að því er varðar hagsmuni samningsaðilanna á sviði markaðsaðgangs,
d) ræða frekari þróun samningsins um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna,
e) fjalla um skuldbindingar samningsaðilanna sem tengjast hollustuháttum og heilbrigði dýra og plantna í öðrum alþjóðasamningum og
f) koma á fót sérfræðingahópum í tæknimálum eftir þörfum.

GREIN 2.14.

Tæknilegar reglur.

1. Fara skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar tæknilegar reglur, staðla og samræmismat í samræmi við ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir (hér á eftir nefndur „samningurinn um tæknilegar viðskiptahindranir“), sem eru hér með felldar inn í þennan samning og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

2. Samningsaðilarnir skulu auka samvinnu á sviði tæknilegra reglna, staðla og samræmismats með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum

of their respective systems and to improving their sanitary and phytosanitary systems.

5. Peru and any of the EFTA States shall, whenever necessary, for facilitating access to their respective markets, develop bilateral agreements including those between their respective regulatory authorities.

6. The Parties agree to designate and notify to each other, upon entry into force of this Agreement, contact points for notification and information exchange on issues related to sanitary and phytosanitary matters.

7. The Parties hereby establish a forum for SPS experts. The forum shall meet when requested by one of the Parties. In order to permit the efficient use of resources, the Parties shall, to the extent possible, endeavour to use technological means of communication, such as electronic communication, video or phone conference, or arrange for meetings to take place in conjunction with Joint Committee meetings or with meetings of the WTO Committee on Sanitary and Phytosanitary Measures. The forum shall *inter alia*:

(a) overview and ensure the implementation of this Article;
(b) consider measures that are likely to affect, or have affected, access to markets of another Party with the aim of finding appropriate and timely solutions in conformity with the SPS Agreement;
(c) assess progress on market access interests of the Parties;
(d) discuss further developments of the SPS Agreement;
(e) consider the Parties' obligations related to sanitary and phytosanitary matters in other international Agreements; and
(f) establish technical expert groups, as needed.

ARTICLE 2.14

Technical Regulations

1. The rights and obligations of the Parties in respect of technical regulations, standards and conformity assessment shall be governed by the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade (hereinafter referred to as "the TBT Agreement") which is hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.

2. The Parties shall strengthen their co-operation in the field of technical regulations, standards and conformity assessment, with a view to increasing the

hvers og eins og auðvelda aðgang að mörkuðum hvers og eins. Þeir skulu, í þessu skyni, einkum vinna saman að því að:

a) efla hlutverk alþjóðlegra staðla sem grundvöll tæknilegra reglna, þ.m.t. verklag við samræmismat,
b) vinna að framgangi faggildingar samræmismatsstofa á grundvelli viðeigandi staðla og leiðbeininga Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) og Alþjóðaraftæknifndarinnar (IEC),
c) stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu á niðurstöðum samræmismats samræmismatsstofa sem hafa verið viðurkenndar samkvæmt viðeigandi, marghliða samningum á milli hlutaðeigandi faggildingarkerfa eða -stofa og
d) stuðla að gagnsæi við þróun tæknilegra reglna og verklags samningsaðilanna við samræmismat, m.a. til þess að tryggja að allar tæknilegar reglur, sem eru samþykktar, séu birtar á opinberum vefsetrum sem almenningur hefur frjálsan aðgang að. Þegar samningsaðili heldur eftir vörum í innflutningshöfn, sem eru upprunnar hjá öðrum samningsaðila, vegna þess að talið er að þær samrýmist ekki tæknilegum reglum skal hann, þegar í stað, tilkynna innflytjandanum um ástæður þess.

3. Samningsaðilarnir skulu skiptast á nöfnum og heimilisföngum tilnefndra tengiliða vegna mála er varða tæknilegar viðskiptahindranir til að auðvelda tæknilegt samráð og skipti upplýsinga um öll mál sem geta komið upp vegna beitingar sérstakra tæknilegra reglna, staðla og aðferða við samræmismat.

4. Ef samningsaðili leitar eftir upplýsingum eða útskýringum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, veita slíkar upplýsingar eða gefa skýringar á prenti eða á rafrænan hátt innan hæfilegs tíma. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal leitast við að svara slíkri beiðni innan 60 daga.

5. Telji samningsaðili að annar samningsaðili hafi gert ráðstafanir, sem fara í bága við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir og líklegt er að hafi, eða hafi haft, áhrif á aðgang að markaði hans, getur hann óskað eftir, með fulltingi tilnefnds tengiliðs sem settur er skv. 3. mgr., að efnt verði til tæknilegs samráðs í því skyni að finna viðeigandi lausn í samræmi við ákvæði samningsins um tæknilegar viðskiptahindranir. Slíkt samráð, sem getur farið fram bæði innan og utan vébanda sameiginlegu nefndarinnar, skal fara fram innan 40 daga frá þeim degi þegar beiðni um samráð er veitt viðtaka. Samráð getur einnig farið fram með því að halda mynd- eða

mutual understanding of their respective systems and facilitating access to their respective markets. To this end, they shall in particular co-operate in:

(a) reinforcing the role of international standards as a basis for technical regulations, including conformity assessment procedures;
(b) promoting the accreditation of conformity assessment bodies on the basis of relevant Standards and Guides of the International Standards Organisation (ISO) and the International Electrotechnical Commission (IEC);
(c) promoting mutual acceptance of conformity assessment results of conformity assessment bodies, which have been recognised under appropriate multilateral agreements between their respective accreditation systems or bodies; and
(d) reinforcing the transparency in the development of technical regulations and conformity assessment procedures of the Parties, among others, to ensure that all adopted technical regulations are published on official websites with free and public access. Where a Party detains at a port of entry, goods originating in another Party due to a perceived failure to comply with a technical regulation, it shall immediately notify the importer of the reasons for the detention.

3. The Parties shall exchange names and addresses of designated contact points for technical barriers to trade related matters in order to facilitate technical consultations and the exchange of information on all matters that may arise from the application of specific technical regulations, standards and conformity assessment procedures.

4. If a Party requests any information or explanation pursuant to the provisions of this Article, the requested Party shall provide such information or explanation in print or electronically within a reasonable time. The requested Party shall endeavour to respond to such request within 60 days.

5. If a Party considers that another Party has taken measures, not in conformity with the TBT Agreement, which are likely to affect or have affected access to its market that Party may request, through the designated contact point established according to paragraph 3, technical consultations with a view to finding an appropriate solution in conformity with the TBT Agreement. Such consultations, which can take place both within and outside the framework of the Joint Committee, shall be held within 40 days following the date of the receipt of the request. Consultations may also be held by phone-conference or video-conference. Consultations within the Joint

símafund. Samráð innan sameiginlegu nefndarinnar er samráð samkvæmt grein 12.5 (Samráð).

GREIN 2.15.
Styrkir og jöfnunarráðstafanir.

1. Farið skal með réttindi og skyldur varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, samanber þó ákvæði 2. mgr.
2. Áður en samningsaðili hefur rannsókn til að ákvarða hvort og að hve miklu leyti um meintan styrk er að ræða í Perú eða EFTA-ríki og hver áhrif hans eru, eins og kveðið er á um í 11. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, skal samningsaðilinn, sem hyggst hefja rannsókn, senda skriflega tilkynningu þar um til þess samningsaðila sem þær vörur tilheyra sem kunna að verða rannsakaðar og veita 30 daga frest til að leita lausnar sem báðir aðilar geta sætt sig við. Samráð skal fara fram milli lögbærra yfirvalda samningsaðilanna, innan 15 daga frá þeim degi þegar fyrrnefndri tilkynningu er veitt viðtaka, fari samningsaðili fram á slíkt samráð.
3. Ákvæði 12. kafla (Lausn deilumála) gilda ekki um efnisatriði þessarar greinar, að undanskildum efnisatriðum 2. mgr. hennar.

GREIN 2.16.
Undirboð.

1. Réttindi og skyldur, sem tengjast undirboðsráðstöfunum, skulu vera í samræmi við VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 (hér á eftir nefndur „samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um undirboð“), samanber þó ákvæði 2. mgr.
2. Þegar samningsaðila berst nægilega rökstutt erindi skal hann tilkynna þeim samningsaðila sem talinn er bjóða vörur sínar á undirboðskjörum um það skriflega áður en rannsókn hefst samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um undirboð og veita 20 daga frest til samráðs til þess að leita lausnar sem báðir aðilar geta sætt sig við. Sé ekki hægt að finna lausn skal hvor samningsaðili halda réttindum sínum og skyldum skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um undirboð.
3. Sameiginlega nefndin skal endurskoða þessa grein til að ákvarða hvort efni hennar sé enn nauðsynlegt til að ná stefnumiðum samningsaðilanna.
4. Ákvæði 12. kafla (Lausn deilumála) gilda ekki um efnisatriði þessarar greinar, að undanskildum efnisatriðum 2. mgr. hennar.

Committee shall constitute consultations pursuant to Article 12.5 (Consultations).

ARTICLE 2.15
Subsidies and Countervailing Measures

1. The rights and obligations relating to subsidies and countervailing measures shall be governed by Articles VI and XVI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, subject to paragraph 2.
2. Before a Party initiates an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged subsidy in Peru or an EFTA State, as provided for in Article 11 of the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, the Party considering initiating an investigation shall notify in writing to the Party whose goods may be subject to investigation and allow a 30 days period for consultations with a view to finding a mutually acceptable solution. The consultations shall take place within 15 days following the date of the receipt of the notification, among the competent authorities of the Parties, if any Party so requests.

3. Chapter 12 (Dispute Settlement) shall not apply to this Article, except to paragraph 2.

ARTICLE 2.16
Anti-Dumping

1. The rights and obligations relating to anti-dumping measures shall be governed by Article VI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on the implementation of Article VI of the GATT 1994 (hereinafter referred to as “the WTO Anti-dumping Agreement”), subject to paragraph 2.

2. When a Party receives a properly documented application and before initiating an investigation under the WTO Anti-Dumping Agreement, the Party shall notify in writing to the other Party whose product is allegedly being dumped and allow a 20 days period for consultations with a view to finding a mutually acceptable solution. If a solution cannot be reached, each Party retains its rights and obligations under Article VI of the GATT 1994 and the WTO Anti-Dumping Agreement.

3. The Joint Committee shall review this Article in order to determine whether its content is still necessary to achieve the policy objectives of the Parties.
4. Chapter 12 (Dispute Settlement) shall not apply to this Article, except to paragraph 2.

GREIN 2.17.
Víðtækar verndarráðstafanir.

1. Samningsaðilarnir staðfesta réttindi sín og skyldur skv. XIX. gr.GATT-samningsins frá 1994 og samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir (hér á eftir nefndur „samningurinn um verndarráðstafanir“).
2. Þegar samningsaðili gerir ráðstafanir samkvæmt ákvæðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. skal hann undanskilja innflutning upprunavöru frá einum eða fleiri samningsaðilum ef slíkur innflutningur sem slíkur veldur ekki eða honum fylgir ekki alvarlegur skaði eða líkur eru á því. Samningsaðilinn, sem gerir ráðstafanir, skal gera slíkar undantekningar í samræmi við reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
3. Engum samningsaðila er heimilt að beita eftirfarandi ráðstöfunum samtímis vegna sömu framleiðsluvöru:
a) tvíhliða verndarráðstöfun og
b) ráðstöfun skv. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningnum um verndarráðstafanir.

ARTICLE 2.17
Global Safeguard Measures

1. The Parties confirm their rights and obligations under Article XIX of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Safeguards (hereinafter referred to as “the Safeguards Agreement”).

2. In taking measures under the WTO provisions referred to in paragraph 1, a Party shall exclude imports of an originating product from one or several Parties if such imports do not in and of themselves cause or threaten to cause serious injury. The Party taking the measure shall make such exclusion in accordance with WTO jurisprudence.

3. No Party may apply, with respect to the same product, at the same time:

(a) a bilateral safeguard measure; and
(b) a measure under Article XIX of the GATT 1994 and the Safeguards Agreement.

GREIN 2.18.
Tvíhliða verndarráðstafanir.

1. Ef vara, upprunnin hjá samningsaðila, er flutt inn til annars samningsaðila, á aðlögunartímabilinu og í framhaldi af lækkun eða niðurfellingu tolls samkvæmt þessum samningi, í slíku auknu magni, að raungildi eða samanborið við innlenda framleiðslu, og við þær aðstæður að valdi svo um munar alvarlegu tjóni eða hættu á slíku fyrir innlenda iðnaðarframleiðslu sambærilegrar vöru eða vöru í beinni samkeppni hjá innflutningssamningsaðila, getur innflutningssamningsaðilinn gripið til verndarráðstafana í eins litlum mæli og nauðsyn krefur til þess að unnt sé að bæta skaðann eða koma í veg fyrir hann, þó með fyrirvara um ákvæði þessarar greinar.
2. Í þessari grein hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:
a) „Aðlögunartímabil“ tíu ára tímabil frá gildistökudegi þessa samnings. Að því er varðar vörur, sem afnema skal tolla af í meira en tíu ár samkvæmt ákvæðum VIII. viðauka (Iðnaðarvörur), merkir „aðlögunartímabil“ það tímabil sem afnám tolla af vörunum er í gildi og um getur í þeim viðauka og
b) „að valda svo um munar“ merkir orsök sem er þungvægari en aðrar orsakir.
3. Því aðeins er heimilt að gera verndarráðstafanir að óyggjandi sönnun liggi fyrir um að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegu tjóni eða hættu á slíku samkvæmt rannsókn í samræmi við verklag og

ARTICLE 2.18
Bilateral Safeguard Measures

1. During the transition period, where, as a result of the reduction or elimination of a customs duty under this Agreement, a product originating in a Party is being imported into another Party in such increased quantities, in absolute terms or relative to domestic production, and under such conditions as to constitute a substantial cause of serious injury or threat thereof to the domestic industry of like or directly competitive products in the importing Party, the importing Party may take safeguard measures to the minimum extent necessary to remedy or prevent the injury, subject to the provisions of this Article.

2. For the purposes of this Article:

(a) “transition period” means ten years from the date of entry into force of this Agreement. For goods for which Annex VIII (Industrial Goods) provides for tariff elimination of more than ten years, “transition period” means the tariff elimination period for the goods set out in that Annex; and
(b) “substantial cause” means a cause which is more important than any other cause.
3. Safeguard measures shall only be taken upon clear evidence that increased imports have caused or are threatening to cause serious injury pursuant to an investigation in accordance with the procedures and

skilgreiningar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr. samningsins um verndarráðstafanir.

4. Samningsaðili, sem hyggst grípa til eða framlengja verndarráðstöfun samkvæmt þessari grein, skal, þegar í stað og eigi síðar en 30 dögum áður en ráðstöfun er gerð, tilkynna hinum samningsaðilunum um það. Í tilkynningunni skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar, þar á meðal sönnunargögn um alvarlegt tjón eða hættu á slíku tjóni af völdum aukins innflutnings, nákvæm lýsing á þeirri vöru er um ræðir og á fyrirhugaðri ráðstöfun og hvenær rannsókninni, er um getur í 3. mgr., lýkur, hve lengi búast megi við að ráðstöfunin vari og tímaáætlun um lok hennar í áföngum.

5. Samningsaðili, sem beitir tvíhliða verndarráðstöfun, skal, að höfðu samráði við hinn samningsaðilann, bjóða fram aðgerð til jöfnunar í þágu viðskiptafrelsis, sem báðir aðilar samþykkja, í formi ívilnana sem hafa í reynd sömu áhrif í viðskiptalegu tilliti eða eru ígildi þeirra viðbótartolla sem talið er að ráðstöfunin hafi í för með sér. Samningsaðilinn, sem beitir ráðstöfuninni, skal veita tækifæri til slíks samráðs eigi síðar en 15 dögum eftir þann dag þegar tvíhliða verndarráðstöfuninni er beitt.

6. Ef skilyrðum 1. og 3. mgr. er fullnægt er innflutningssamningsaðilanum heimilt, að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir eða bæta alvarlegt tjón eða hættu á því, að:

a) fresta frekari lækkun á hvaða tolltaxta sem er og kveðið er á um í þessum samningi vegna vörunnar eða
b) hækka tolltaxta framleiðsluvörunnar sem eigi er hærri tollur en sá sem lægri er af eftirfarandi:
   i. þeim tolli sem fæst í bestukjarameðferð og er í gildi á þeim degi þegar ráðstöfunin er gerð eða
   ii. þeim tolli sem fæst í bestukjarameðferð og er í gildi daginn fyrir gildistöku þessa samnings.

7. Enginn samningsaðili hefur heimild til að viðhalda tvíhliða verndarráðstöfun:

a) nema að því marki og í þann tíma sem kann að vera nauðsynlegt til að koma í veg fyrir eða bæta alvarlegt tjón og til að auðvelda aðlögun,
b) lengur en í tvö ár. Tímabilið má framlengja allt að einu ári ef viðkomandi lögbært yfirvald ákveður, í samræmi við þær verklagsreglur sem settar eru fram í 3. og 4. mgr., að ráðstöfunin sé áfram nauðsynleg til að koma í veg fyrir eða bæta alvarlegt tjón og til að auðvelda aðlögun hinnar innlendu iðngreinar og fyrir liggi að sú sé raunin eða
c) fram yfir lok aðlögunartímabilsins.

8. Ekki skal beita tvíhliða verndarráðstöfun vegna

definitions laid down in Articles 3 and 4 of the Safeguards Agreement.

4. The Party intending to take or extend a safeguard measure under this Article shall, immediately and in any case no later than 30 days before taking a measure, make notification to the other Parties. The notification shall contain all pertinent information, which shall include evidence of serious injury or threat thereof caused by increased imports, a precise description of the product involved, and the proposed measure, as well as the date of completion of the investigation procedure referred to in paragraph 3, expected duration and timetable for the progressive removal of the measure.

5. A Party applying a bilateral safeguard measure shall, after consultations with the other Party, provide mutually agreed trade liberalisation compensation in the form of concessions having substantially equivalent trade effects or equivalent to the value of the additional duties expected to result from the measure. The Party applying the measure shall provide an opportunity for such consultations no later than 15 days following the date of the application of the bilateral safeguard measure.

6. If the conditions in paragraphs 1 and 3 are met, the importing Party may to the extent necessary to prevent or remedy serious injury or threat thereof:

(a) suspend the further reduction of any rate of duty provided for under this Agreement for the product; or
(b) increase the rate of customs duty for the product to a level not to exceed the lesser of:
   (i) the MFN applied rate of duty in effect at the time the measure is imposed; or
   (ii) the MFN applied rate of duty in effect on the day immediately preceding the date of the entry into force of this Agreement.

7. No Party may maintain a bilateral safeguard measure:

(a) except to the extent, and for such period of time, as may be necessary to prevent or remedy serious injury and to facilitate adjustment;
(b) for a period exceeding two years. The period may be extended by up to one year if the competent authority determines, in conformity with the procedures set out in paragraphs 3 and 4, that the measure continues to be necessary to prevent or remedy serious injury and to facilitate adjustment and that there is evidence that the domestic industry is adjusting; or
(c) beyond the expiration of the transition period.

8. No bilateral safeguard measure shall be applied

innflutnings vöru, hafi slík ráðstöfun áður verið gerð vegna hennar.

9. Samningsaðili, sem gerir verndarráðstöfun samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal ganga, innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar sem er tilgreind í 4. mgr., til samráðs við samningsaðilann, þaðan sem framleiðsluvaran sem verndarráðstöfunin snertir kemur, til að greiða fyrir lausn sem báðir aðilar geta sætt sig við og skal hann tilkynna samningsaðilunum um niðurstöður samráðsins. Ef engin slík lausn finnst er innflutningssamningsaðilanum heimilt að samþykkja ráðstöfun skv. 6. mgr.

10. Sé ekki um neina aðgerð til jöfnunar að ræða sem báðir aðilar samþykkja og um getur í 5. mgr. getur samningsaðilinn, þaðan sem sú framleiðsluvara kemur sem ráðstöfun beinist gegn, gripið til jöfnunaraðgerðar. Tilkynna skal hinum samningsaðilunum þegar í stað um þá verndarráðstöfun og jöfnunaraðgerð sem gripið er til. Við val á verndarráðstöfun og jöfnunaraðgerð skal sú aðgerð hafa forgang sem raskar sem minnst framkvæmd þessa samnings. Jöfnunaraðgerð skal venjulega fela í sér niðurfellingu ívilnana sem hafa jafngild áhrif í reynd á viðskipti eða ívilnanir sem í reynd jafngilda þeim viðbótartollum sem búist er við að leiði af verndarráðstöfuninni. Samningsaðili, sem grípur til jöfnunaraðgerðar, skal beita henni í eins stuttan tíma og nauðsyn krefur til að ná fram í reynd jafngildum áhrifum á viðskipti og einungis á meðan ráðstöfun skv. 6. mgr. er beitt.

11. Til að auðvelda aðlögun, þegar gert er ráð fyrir að verndarráðstöfun standi yfir í eitt ár eða lengur, skal samningsaðilinn, sem beitir ráðstöfuninni, draga úr áhrifum hennar smám saman þann tíma sem henni er beitt.

12. Þegar ráðstöfuninni er hætt skal beita þeim tolli sem hefði verið lagður á ef ráðstöfunin hefði ekki verið gerð.

13. Ef aðstæður eru tvísýnar og tafir myndu valda skaða, sem erfitt yrði að bæta, er samningsaðila heimilt að grípa til bráðabirgðaverndarráðstöfunar ef bráðabirgðamat leiðir í ljós svo ekki verður um villst að aukinn innflutningur hafi valdið svo um munar alvarlegu tjóni á innlendum iðnaði eða að hætta sé á því. Samningsaðili sem hyggst grípa til slíkrar ráðstöfunar skal tilkynna það öllum samningsaðilunum án tafar. Uppfylla skal viðeigandi kröfur og fylgja þeirri málsmeðferð sem um getur í 3. til 9. mgr. þann tíma sem bráðabirgðaverndarráðstöfuninni er beitt.

14. Bráðabirgðaverndarráðstöfun skal hætt innan 180 daga í síðasta lagi. Eftirfarandi fyrirkomulag skal gilda:

a) Gildistími slíkrar bráðabirgðaráðstöfunar skal

to the import of a product, which has previously been subject to such a measure.

9. Within 30 days following the date of notification specified in paragraph 4, the Party conducting a safeguard proceeding under this Chapter, shall enter into consultations with a Party whose product is subject to that proceeding, in order to facilitate a mutually acceptable solution of the matter and shall notify to the Parties the results of the consultations. In the absence of such solution, the importing Party may adopt a measure pursuant to paragraph 6.

10. In the absence of mutually agreed compensation referred to in paragraph 5, the Party against whose product the measure is taken may take compensatory action. The safeguard measure and the compensatory action shall be immediately notified to the other Parties. In the selection of the safeguard measure and the compensatory action, priority must be given to the action which least disturbs the functioning of this Agreement. The compensatory action shall normally consist of suspension of concessions having substantially equivalent trade effects or concessions substantially equivalent to the value of the additional duties expected to result from the safeguard measure. The Party taking compensatory action shall apply the action only for the minimum period necessary to achieve the substantially equivalent trade effects and in any event only while the measure under paragraph 6 is being applied.

11. In order to facilitate adjustment in a situation where the expected duration of a safeguard measure is one year or more, the Party applying the measure shall progressively liberalise it at regular intervals during the period of application.

12. Upon the termination of the measure, the rate of customs duty shall be the rate which would have been in effect but for the measure.

13. In critical circumstances, where delay would cause damage which would be difficult to repair, a Party may take a provisional safeguard measure pursuant to a preliminary determination that there is clear evidence that increased imports constitute a substantial cause of serious injury, or threat thereof, to the domestic industry. The Party intending to take such a measure shall immediately notify all the Parties. During the time of the application of the provisional safeguard measure, the pertinent requirements and procedures set out in paragraphs 3 to 10 shall be met.

14. Any provisional safeguard measures shall be terminated within 180 days at the latest. The following modalities shall apply:

(a) the period of application of any such provisional

teljast vera hluti af því tímabili sem ráðstöfunin, sem getið er í 7. mgr., varir, ásamt hvers konar framlengingu hennar,

b) bráðabirgðaverndarráðstöfun er einungis heimilt að gera sem tollahækkun skv. 6. mgr. Endurgreiða skal alla greidda viðbótartolla án tafar og aflétta öllum ábyrgðum ef rannsóknin, sem er lýst í 3. mgr., leiðir ekki í ljós að skilyrðum í 1. mgr. hafi verið fullnægt og

c) allar jöfnunargreiðslur, sem gagnkvæmt samkomulag er um, eða jöfnunaraðgerðir skulu miðast við samanlagðan gildistíma bráðabirgðaverndarráðstöfunarinnar og verndarráðstöfunarinnar.

measure shall be counted as part of the duration of the measure set out in paragraph 7 and any extension thereof;

(b) a provisional safeguard measure may only be imposed as a tariff increase pursuant to paragraph 6. Any additional duty actually paid shall be promptly refunded, and any guarantee shall be liberated, if the investigation described in paragraph 3 does not result in a finding that the conditions of paragraph 1 are met; and

(c) any mutually agreed compensation, or compensatory action, shall be based on the total period of application of the provisional safeguard measure and of the safeguard measure.

GREIN 2.19.

Almennar undantekningar.

Að því er varðar þennan kafla skal XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar almennar undantekningar og er hún hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum að breyttu breytanda.

ARTICLE 2.19

General Exceptions

For the purposes of this Chapter, the rights and obligations of the Parties in respect of General Exceptions shall be governed by Article XX of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.

GREIN 2.20.

Undantekningar af öryggisástæðum.

Að því er varðar þennan kafla skulu ákvæði XXI. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar öryggismál og eru þau hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

ARTICLE 2.20

Security Exceptions

For the purposes of this Chapter, the rights and obligations of the Parties in respect of Security Exceptions shall be governed by Article XXI of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.

3. KAFLI
UNNAR LANDBÚNAÐARAFURÐIR

GREIN 3.1.

Gildissvið.

1. Fara skal með unnar landbúnaðarafurðir skv. 2. kafla (Vöruviðskipti), nema kveðið sé á um annað í þessum kafla.
2. Samningsaðilar árétta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.

CHAPTER 3
PROCESSED AGRICULTURAL PRODUCTS

ARTICLE 3.1

Scope

1. Processed agricultural products shall be governed by Chapter 2 (Trade in Goods), unless otherwise provided for in this Chapter.
2. The Parties reaffirm their rights and obligations under the WTO Agreement on Agriculture.

GREIN 3.2.

Verðjöfnunaraðgerðir.

1. Til þess að tekið sé tillit til mismunandi verðs á landbúnaðarhráefnum, sem eru notuð í framleiðsluvörur sem um getur í grein 3.3. (Tollaívilnanir), útilokar þessi samningur ekki að tollur sé lagður á innflutningsvörur.
2. Tollur, sem er lagður á innflutning, skal grundvallaður á en ekki vera umfram þann mun sem er á verði innanlands og heimsmarkaðsverði á þeim land-

ARTICLE 3.2

Price Compensation Measures

1. In order to take account of differences in the cost of the agricultural raw materials incorporated into the products referred to in Article 3.3 (Tariff Concessions), this Agreement does not preclude the levying, upon import, of a duty.
2. The duty levied upon import shall be based on, but not exceed, the difference between the domestic price and the world market price of the agricultural

búnaðarhráefnum sem eru notuð í viðkomandi framleiðsluvörur.

raw materials incorporated into the products concerned.

GREIN 3.3.
Tollaívilnanir.

1. EFTA-ríkin skulu, með hliðsjón af þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í grein 3.2. (Verðjöfnunaraðgerðir), ekki veita lakari meðferð en Evrópusambandið nýtur, að því er varðar framleiðsluvörur sem eru taldar upp í 1. viðbæti við III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir) og upprunnar eru í Perú.
2. Perú skal, á grundvelli lækkunar tolla á innflutningi skv. 1. mgr. sem EFTA-ríkin veita Perú, lækka innflutningstolla sína með gagnkvæmum hætti. Lækkunin skal vera í réttu hlutfalli við minnstu lækkun sem EFTA-ríki veitir Perú.

3. Þegar um er að ræða framleiðsluvörur, sem eru taldar upp í 2. viðbæti við III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir) og upprunnar í EFTA-ríki, skal Perú lækka innflutningstolla eins og tilgreint er þar.

ARTICLE 3.3
Tariff Concessions

1. Taking into account the provisions laid down in Article 3.2 (Price Compensation Measures) the EFTA States shall accord for products listed in Appendix 1 to Annex III (Processed Agricultural Products), originating in Peru, treatment no less favourable than that accorded to the European Union.
2. Based on any reduction of customs duties on imports according to paragraph 1 granted by the EFTA States to Peru, Peru shall reciprocally reduce its customs duties on imports. The reduction shall be proportional to the lowest reduction granted by an EFTA State to Peru.
3. For products listed in Appendix 2 to Annex III (Processed Agricultural Products), and originating in an EFTA State, Peru shall reduce its customs duties on imports as specified therein.

GREIN 3.4.
Útflutningsstyrkir í landbúnaði.

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. grein 3.1 skulu samningsaðilarnir ekki samþykkja, viðhalda, innleiða eða endurinnleiða útflutningsstyrki, eins og skilgreint er í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað, í viðskiptum sínum með vörur sem njóta tollaívilnana í samræmi við þennan samning.
2. Ef samningsaðili samþykkir, viðheldur, innleiðir eða endurinnleiðir útflutningsstyrki vegna framleiðsluvöru, sem nýtur tollaívilnana í samræmi við grein 3.3 (Tollaívilnanir), er hinum samningsaðilanum heimilt að hækka slíkan innflutningstoll allt að þeim tolli í þeirri bestukjarameðferð sem gildir á þeim tíma. Hækki samningsaðili toll skal hann tilkynna hinum samningsaðilanum það innan 30 daga frá þeim degi þegar tollurinn var hækkaður.

ARTICLE 3.4
Agricultural Export Subsidies

1. Notwithstanding paragraph 2 of Article 3.1, the Parties shall not adopt, maintain, introduce or reintroduce export subsidies, as defined in the WTO Agreement on Agriculture, in their trade in products subject to tariff concessions in accordance with this Agreement.
2. Should a Party adopt, maintain, introduce or reintroduce export subsidies on a product subject to a tariff concession in accordance with Article 3.3 (Tariff Concessions), the other Party may increase the rate of duty on such imports up to the applied MFN customs duty on imports in effect at that date. If a Party increases the rate of duty, it shall notify the other Party within 30 days following the date the duty was increased.

GREIN 3.5.
Inngripsverðkerfi.

Perú er heimilt að viðhalda inngripsverðkerfi sínu vegna landbúnaðarafurða, eins og fram kemur í 3. viðbæti við III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir).

ARTICLE 3.5
Price Band System

Peru may maintain its Price Band System for agricultural products as set out in Appendix 3 to Annex III (Processed Agricultural Products).

GREIN 3.6.
Tilkynningar.

1. EFTA-ríkin skulu tilkynna Perú sem fyrst um allar ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt grein 3.2 (Verðjöfnunaraðgerðir), eigi síðar en 30 dögum eftir að samningur þessi öðlast gildi.

ARTICLE 3.6
Notification

1. The EFTA States shall notify Peru, of all measures applied under Article 3.2 (Price Compensation Measures), at an early stage, at the latest 30 days after the entry into force of this Agreement.

2. EFTA-ríkin skulu tilkynna Perú um allar breytingar á þeirri meðferð sem Evrópusambandið nýtur.

GREIN 3.7.
Samráð.

Perú og EFTA-ríkin skulu yfirfara reglulega þróun viðskipta sín á milli með unnar landbúnaðarafurðir sem falla undir þennan kafla. Samningsaðilarnir skulu, í ljósi fyrrnefndar yfirferðar og með hliðsjón af því fyrirkomulagi sem gildir milli samningsaðilanna og Evrópusambandsins eða innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, ákveða hugsanlegar breytingar á þessum kafla.

4. KAFLI
ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI

GREIN 4.1.
Þjónustuviðskipti.

1. Samningsaðilarnir árétta þau réttindi og skyldur sem gilda í samskiptum þeirra og kveðið er á um í GATS-samningnum.
2. Samningsaðilarnir viðurkenna vaxandi mikilvægi þjónustuviðskipta í hagkerfum sínum. Þeir skulu, í þeirri viðleitni sinni að þróa í áföngum og víkka samstarf sín á milli, vinna saman að því að skapa sem hagstæðust skilyrði til þess að geta rýmkað til fyrir fjárfestingum og opnað markaði sína enn frekar og með gagnkvæmum hætti fyrir þjónustuviðskiptum.
3. Samningsaðilarnir geta skoðað í sameiningu og á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar hvert það mál sem hefur áhrif á þjónustuviðskipti.
4. Samningsaðilarnir skulu semja um efnisatriði kafla um þjónustuviðskipti, m.a. sjóflutningaþjónustu milli landa, á grundvelli gagnkvæms hagræðis, þar sem almennt jafnvægi réttinda og skyldna er tryggt og tilhlýðilegt tillit tekið til V. gr. GATS-samningsins. Þessar samningaviðræður skulu fara fram eigi síðar en einu ári eftir að samningur þessi öðlast gildi.

GREIN 4.2.
Viðurkenning.

1. Í því skyni að uppfylla, í heild eða að hluta, viðeigandi staðla eða viðmiðanir, sem gilda hjá sérhverjum samningsaðila um heimildir, leyfi eða skírteini til handa þjónustuveitendum og,[1] með fyrirvara um kröfur skv. 3. mgr., skal sérhver samningsaðili

[1] Í þessari grein og X. viðauka (Viðurkenning menntunar og hæfi þjónustuveitenda) merkir „þjónustuveitandi“ hvern þann aðila sem veitir, eða leitar eftir því að veita, þjónustu.

2. The EFTA States shall inform Peru of all changes in the treatment accorded to the European Union.

ARTICLE 3.7
Consultations

Peru and the EFTA States shall periodically review the development of their trade in processed agricultural products covered by this Chapter. In light of these reviews and taking into account the arrangements between the Parties and the European Union or in the WTO, the Parties shall decide on possible changes to this Chapter.

CHAPTER 4
TRADE IN SERVICES

ARTICLE 4.1
Trade in Services

1. The Parties reaffirm the rights and obligations between them as provided for in the GATS.

2. The Parties recognise the increasing importance of trade in services in their economies. In their efforts to gradually develop and broaden their co-operation, they shall work together with the aim of creating the most favourable conditions for achieving further liberalisation and additional mutual opening of markets for trade in services.

3. The Parties may jointly review any issues related to measures affecting trade in services in the Joint Committee.
4. The Parties shall negotiate a Chapter on Trade in Services, including international maritime transport services, on a mutually advantageous basis, securing an overall balance of rights and obligations, and having due regard to Article V of the GATS. Such negotiation shall take place no later than one year after the entry into force of this Agreement.

ARTICLE 4.2
Recognition

1. For the purposes of the fulfilment, in whole or in part, of its standards or criteria for the authorisation, licensing or certification of service suppliers[1], and subject to the requirements of paragraph 3, each Party shall give due consideration to any requests by

[1] For the purpose of this Article and Annex X (Recognition of Qualifications of Service Suppliers), “service supplier” means any person that supplies, or seeks to supply, a service.

taka tilhlýðilegt tillit til allra beiðna annarra samningsaðila um að hann viðurkenni menntun eða reynslu, sem hefur verið aflað hjá öðrum samningsaðila, uppfylltar kröfur þar eða leyfi eða skírteini sem hann hefur veitt. Slíka viðurkenningu má byggja á samningi eða samkomulagi við fyrrnefndan annan samningsaðila eða veita einhliða að öðrum kosti.

2. Viðurkenni samningsaðili, samkvæmt samningi eða samkomulagi, menntun eða reynslu sem hefur verið aflað, kröfur sem hafa verið uppfylltar, veitt leyfi eða útgefin skírteini á yfirráðasvæði aðila, sem á ekki hlut að þessum samningi, skal sá samningsaðili veita öðrum samningsaðila næg tækifæri til að semja um aðild að slíkum samningi eða samkomulagi, hvort sem samningur eða samkomulag liggur fyrir eða mun liggja fyrir síðar, eða ganga frá sambærilegum samningi eða samkomulagi við hann. Ef viðurkenning samningsaðila er einhliða skal hann veita öðrum samningsaðila næg tækifæri til að sýna fram á að viðurkenna beri einnig menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini sem eru veitt á yfirráðasvæði fyrrnefnds annars samningsaðila.

3. Viðurkenning samningsaðila skal ekki vera með þeim hætti að hann mismuni löndum, þegar hann beitir stöðlum sínum eða viðmiðunum sem gilda um heimildir, leyfi eða skírteini til handa þjónustuveitendum, eða takmarki þjónustuviðskipti með duldum hætti.

4. Í X. viðauka (Viðurkenning menntunar og hæfi þjónustuveitenda) eru sett fram frekari réttindi og skyldur sem lúta að viðurkenningu menntunar og hæfi þjónustuveitenda.

another Party to recognise the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted in that other Party. Such recognition may be based upon an agreement or arrangement with that other Party, or otherwise be accorded autonomously.

2. Where a Party recognises, by agreement or arrangement, the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted, in the territory of a non-party, that Party shall afford another Party adequate opportunity to negotiate its accession to such an agreement or arrangement, whether existing or future, or to negotiate a comparable agreement or arrangement with it. Where a Party accords recognition autonomously, it shall afford adequate opportunity for another Party to demonstrate that the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted, in the territory of that other Party should also be recognised.

3. A Party shall not accord recognition in a manner which would constitute a means of discrimination between countries in the application of its standards or criteria for the authorisation, licensing, or certification of service suppliers, or a disguised restriction on trade in services.

4. Annex X (Recognition of Qualifications of Service Suppliers) sets out further rights and obligations regarding recognition of qualifications of service suppliers of the Parties.

5. KAFLI
FJÁRFESTINGAR

GREIN 5.1.
Umfang.

Ákvæði þessa kafla gilda um viðskiptanærveru í öllum geirum nema þeim þar sem alhliða þjónusta er veitt.

GREIN 5.2.
Skilgreiningar.

1. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lögaðili hjá samningsaðila“ lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt landslögum Perús eða EFTA-ríkis og stundar umtalsverð viðskipti í Perú eða viðkomandi EFTA-ríki,

b) „einstaklingur“ ríkisborgari í Perú eða EFTA-ríki samkvæmt löggjöf viðkomandi ríkis,

CHAPTER 5
INVESTMENT

ARTICLE 5.1
Coverage

This Chapter shall apply to commercial presence in all sectors, with the exception of all services sectors.

ARTICLE 5.2
Definitions

1. For the purposes of this Chapter:

(a) “juridical person of a Party” means a juridical person constituted or otherwise organised under the law of Peru or an EFTA State and engaged in substantive business operations in Peru or in the EFTA State concerned;

(b) “natural person” means a national of Peru or an EFTA State according to its respective legislation;

c) „viðskiptanærvera“ hvers konar viðskiptastarfsemi, þar á meðal:
   i. með stofnun, kaupum á eða áframhaldandi rekstri lögaðila eða
   ii. með myndun eða áframhaldandi rekstri útibús eða umboðsskrifstofu,
   á yfirráðasvæði annars samningsaðila í því skyni að stunda atvinnustarfsemi.

2. Að því er varðar einstaklinga tekur þessi kafli ekki til atvinnuleitar eða atvinnuþátttöku á vinnumarkaði eða veitir rétt til aðgangs að vinnumarkaði annars samningsaðila.

GREIN 5.3.
Innlend meðferð.

Sérhver samningsaðili skal, að því er varðar viðskiptanærveru og með fyrirvara um þá fyrirvara sem settir eru fram í XI. viðauka (Fyrirvarar), veita lögaðilum og einstaklingum annars samningsaðila og viðskiptanærveru þessara aðila meðferð sem er ekki óhagstæðari en sú sem hann veitir, við líkar aðstæður, eigin lögaðilum og einstaklingum.

GREIN 5.4.
Fyrirvarar.

1. Innlend meðferð, sem kveðið er á um í grein 5.3 (Innlend meðferð), gildir ekki um:
a) þá fyrirvara sem samningsaðili telur upp í XI. viðauka (Fyrirvarar),
b) breytingu á fyrirvara, sem fjallað er um í a-lið 1. mgr., að því marki sem breytingin eykur ekki ósamræmi fyrirvarans við grein 5.3 (Innlend meðferð) og

c) nýjan fyrirvara sem samningsaðili samþykkir skv. 4. mgr. og felldur er inn í XI. viðauka (Fyrirvarar), að því tilskildu að þess konar fyrirvari hafi ekki áhrif á heildarumfang skuldbindinga samningsaðilans samkvæmt ákvæðum þessa kafla,

að því marki sem þess konar fyrirvari samræmist ekki fyrrnefndri grein.

2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig, sem er liður í þeirri endurskoðun sem kveðið er á um í grein 5.9 (Endurskoðun), til að endurskoða stöðu þeirra fyrirvara sem settir eru fram í XI. viðauka (Fyrirvarar), á a.m.k. þriggja ára fresti, með það í huga að fækka slíkum fyrirvörum eða fella þá niður.

3. Samningsaðila er hvenær sem er heimilt, annaðhvort að fenginni beiðni annars samningsaðila eða einhliða, að fella niður fyrirvara sem settir eru fram í XI. viðauka (Fyrirvarar), í heild eða að hluta, með skriflegri tilkynningu til annarra samningsaðila.

4. Komi til þess að nýr fyrirvari sé samþykktur, eins

(c) "commercial presence" means any type of business establishment, including through:
   (i) the constitution, acquisition or maintenance of a juridical person, or
   (ii) the creation or maintenance of a branch or a representative office,
   within the territory of another Party for the purpose of performing an economic activity.

2. As regards natural persons, this Chapter shall not extend to seeking or taking employment in the labour market or confer a right of access to the labour market of another Party.

ARTICLE 5.3
National Treatment

With respect to commercial presence, and subject to the reservations set out in Annex XI (Reservations), each Party shall grant to juridical and natural persons of another Party, and to the commercial presence of such persons, treatment no less favourable than that it accords, in like situations to its own juridical and natural persons.

ARTICLE 5.4
Reservations

1. National treatment as provided for under Article 5.3 (National Treatment) shall not apply to:
(a) any reservation that is listed by a Party in Annex XI (Reservations);
(b) an amendment to a reservation covered by subparagraph 1 (a) to the extent that the amendment does not increase the non-conformity of the reservation with Article 5.3 (National Treatment); and
(c) any new reservation adopted by a Party in accordance with paragraph 4, and incorporated into Annex XI (Reservations), provided that such reservation does not affect the overall level of commitments of that Party under this Agreement;

to the extent that such reservation is inconsistent with that Article.

2. As part of the review provided for in Article 5.9 (Review), the Parties undertake to review at least every three years the status of the reservations set out in Annex XI (Reservations) with a view to reducing or removing such reservations.

3. A Party may, at any time, either upon the request of another Party or unilaterally, remove in whole or in part reservations set out in Annex XI (Reservations) by written notification to the other Parties.

4. In case of the adoption of a new reservation, as

og um getur í c-lið 1. mgr., skal hlutaðeigandi samningsaðili tilkynna öðrum samningsaðilum um hann án tafar. Þegar samningsaðila berst slík tilkynning er honum heimilt að fara fram á samráð um fyrirvarann og málefni honum tengd. Hefja skal slíkt samráð án tafar.

referred to in subparagraph 1 (c), the Party concerned shall promptly notify the other Parties of the reservation. On receiving such notification, any other Party may request consultations regarding the reservation and related issues. Such consultations shall be entered into without delay.

GREIN 5.5.

Lykilstarfsmenn.

1. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um lög sín og reglur, veita einstaklingum annars samningsaðila, ásamt lykilstarfsmönnum í þjónustu einstaklinga eða lögaðila annars samningsaðila, heimild til tímabundinnar komu og dvalar á yfirráðasvæði sínu í því skyni að stunda starfsemi í tengslum við viðskiptanærveru, m.a. að veita ráðgjöf og tæknilega þjónustu.
2. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um lög sín og reglugerðir, heimila einstaklingum eða lögaðilum annarra samningsaðila, ásamt viðskiptanærveru, að ráða til sín, í tengslum við fyrrnefnda viðskiptanærveru, lykilstarfsmenn, að því tilskildu að þessir starfsmenn hafi fengið heimild til að koma, dvelja og starfa á yfirráðasvæði hans og að viðkomandi starf sé með sömu skilmálum, skilyrðum og tímamörkum og heimildin sem er veitt slíkum lykilstarfsmönnum.
3. Samningsaðilarnir skulu, með fyrirvara um lög sín og reglur, veita tímabundnar heimildir til komu og dvalar og gefa út nauðsynleg staðfestingarskjöl fyrir maka og ólögráða börn lykilstarfsmanna sem hafa fengið tímabundna heimild til komu og dvalar, ásamt tímabundnu atvinnuleyfi, í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. Maka og ólögráða börnum fyrrnefnds einstaklings skal veitt dvalarleyfi til jafns við hann.

ARTICLE 5.5

Key Personnel

1. Each Party shall, subject to its laws and regulations, grant natural persons of another Party, and key personnel employed by natural or juridical persons of another Party, temporary entry and stay in its territory in order to engage in activities connected with commercial presence, including the provision of advice or technical services.

2. Each Party shall, subject to its laws and regulations, permit natural or juridical persons of another Party, and their commercial presence, to employ, in connection with the commercial presence, any key personnel provided that such personnel has been permitted to enter, stay and work in its territory and that the employment concerned conforms to the terms, conditions and time limits of the permission granted to such key personnel.

3. The Parties shall, subject to their laws and regulations, grant temporary entry and stay and provide any necessary confirming documentation to the spouse and minor children of key personnel who has been granted temporary entry, stay and authorisation to work in accordance with paragraphs 1 and 2. The spouse and minor children shall be admitted for the period of the stay of that person.

GREIN 5.6.

Réttur til reglusetningar.

Samningsaðila er ekki fyrirmunað, með fyrirvara um ákvæði þessa kafla og XI. viðauka (Fyrirvarar), að setja reglur um viðskiptanærveru sbr. c-lið 1. mgr. greinar 5.2 (Skilgreiningar).

ARTICLE 5.6

Right to Regulate

Subject to the provisions of this Chapter and Annex XI (Reservations), a Party is not prevented from regulating the commercial presence as set out in subparagraph 1 (c) of Article 5.2 (Definitions).

GREIN 5.7.

Tengsl við aðra milliríkjasamninga.

Beita ber ákvæðum þessa kafla með fyrirvara um réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt öðrum milliríkjasamningum um fjárfestingar sem Perú og EFTA-ríki eiga aðild að. Sá skilningur ríkir að ekki sé hægt að beita neinni tilhögun á lausn deilumála sem er að finna í samningum um fjárfestingarvernd, sem Perú og EFTA-ríki eiga aðild að, vegna meintra brota á ákvæðum þessa kafla.

ARTICLE 5.7

Relation to Other International Agreements

The provisions of this Chapter shall be applied without prejudice to the rights and obligations of the Parties under other international investment agreements, to which Peru and an EFTA State are parties. It is understood that any dispute settlement mechanism in investment protection agreements, to which Peru and an EFTA State are parties, is not applicable to alleged breaches of this Chapter.

GREIN 5.8.
Undantekning.

Undantekningin í d-lið XIV. gr. GATS-samningsins er hér með felld inn í þennan kafla og er hluti af honum að breyttu breytanda.

GREIN 5.9.
Endurskoðun.

1. Endurskoða skal þennan kafla reglulega, á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar, með tilliti til þess að þróa enn frekar skuldbindingar samningsaðilanna.

2. Samningsaðilarnir skulu, með tilliti til 4. mgr. greinar 4.1 (Þjónustuviðskipti), stefna að því að samræmi haldist, eftir því sem við á, við niðurstöður samningaviðræðna í framtíðinni um efnisatriði 4. kafla (Þjónustuviðskipti), einkum vegna skuldbindinga viðvíkjandi greiðslum og yfirfærslum.

6. KAFLI
HUGVERKAVERND

GREIN 6.1.
Almenn ákvæði.

1. Samningsaðilarnir skulu gera ráðstafanir til að veita og tryggja hugverkaréttindum fullnægjandi og árangursríka vernd án mismununar, þ.m.t. ráðstafanir sem gera kleift að framfylgja slíkum réttindum þegar brotið er gegn þeim, eftirlíkingar eru gerðar og ólöglegg nýting á sér stað, í samræmi við ákvæði þessa kafla og alþjóðasamninga sem þar er getið.
2. Sérhver samningsaðili skal koma ákvæðum þessa kafla til framkvæmda og er honum heimilt, en ber ekki skylda til, að leiða í landslög víðtækari vernd en krafist er í þessum kafla, að því tilskildu að slík vernd brjóti ekki í bága við ákvæði þessa kafla.

3. Samningsaðilarnir skulu veita ríkisborgurum annarra samningsaðila meðferð sem er eigi óhagstæðari en þeir veita eigin ríkisborgurum, að því er varðar vernd[1] hugverka, með fyrirvara um þær undantekningar sem kveðið er á um í 3. og 5. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur „samningurinn um hugverkarétt í viðskiptum“).
4. Hagræði, sérkjör, forréttindi eða friðhelgi, sem samningsaðili veitir ríkisborgurum annars lands með tilliti til verndar[1] hugverka, skal veita, þegar í stað

[1] Í 3. og 4. mgr. merkir hugtakið „vernd“ m.a. atriði er hafa áhrif á framboð, öflun, gildissvið, viðhald og framfylgd hugverkaréttinda, einnig atriði er hafa áhrif á nýtingu hugverkaréttinda sem er sérstaklega fjallað um í þessum kafla.

ARTICLE 5.8
Exception

The exception in subparagraph (d) of Article XIV of the GATS is hereby incorporated into and made part of this Chapter, *mutatis mutandis*.

ARTICLE 5.9
Review

1. This Chapter shall be subject to periodic reviews in the framework of the Joint Committee regarding the possibility to further develop the Parties' commitments.
2. In view of paragraph 4 of Article 4.1 (Trade in Services), the Parties shall aim at consistency, as far as appropriate, with the results of future negotiations on Chapter 4 (Trade in Services), in particular regarding commitments on payments and transfers.

CHAPTER 6
PROTECTION OF INTELLECTUAL PROPERTY

ARTICLE 6.1
General Provisions

1. The Parties shall grant and ensure adequate, effective and non-discriminatory protection of intellectual property rights, and provide for measures for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Chapter and the international agreements referred to therein.
2. Each Party shall give effect to the provisions of this Chapter and may, but shall not be obliged to, implement in the national legislation more extensive protection than is required by this Chapter, provided that such protection does not contravene the provisions of this Chapter.
3. The Parties shall accord to the nationals of the other Parties treatment no less favourable than that they accord to their own nationals with regard to the protection[1] of intellectual property, subject to the exceptions provided in Articles 3 and 5 of the WTO Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (hereinafter referred to as "the TRIPS Agreement").
4. With regard to the protection[1] of intellectual property, any advantage, favour, privilege or immunity granted by a Party to the nationals of any other

[1] For the purposes of paragraphs 3 and 4, "protection" shall include matters affecting the availability, acquisition, scope, maintenance and enforcement of intellectual property rights as well as those matters affecting the use of intellectual property rights specifically addressed in this Chapter.

og án skilyrða, ríkisborgurum annarra samningsaðila, með fyrirvara um þær undantekningar sem kveðið er á um í 4. og 5. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum.

5. Samningsaðilar geta gert, í samræmi við 2. mgr. 8. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum, viðeigandi ráðstafanir, að því tilskildu að þær séu í samræmi við ákvæði þessa samnings, ef nauðsynlegt reynist til þess að koma í veg fyrir að rétthafar misbeiti hugverkaréttindum eða að gripið sé til aðgerða sem hamla viðskiptum á óeðlilegan hátt eða hafa skaðleg áhrif á miðlun tækni landa í milli.

country shall be accorded immediately and unconditionally to the nationals of the other Parties, subject to the exceptions provided in Articles 4 and 5 of the TRIPS Agreement.

5. In accordance with paragraph 2 of Article 8 of the TRIPS Agreement, Parties may take appropriate measures, provided that they are consistent with the provisions of this Agreement, if needed to prevent the abuse of intellectual property rights by right holders or the resort to practices which unreasonably restrain trade or adversely affect the international transfer of technology.

GREIN 6.2.

Grundvallarreglur.

1. Samningsaðilarnir viðurkenna, í samræmi við 7. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum, að vernd og fullnusta hugverkaréttinda ætti að ýta undir tækninýjungar og miðlun og útbreiðslu tækni, þannig að nýtist bæði framleiðendum og notendum tækniþekkingar og með þeim hætti að stuðli að félagslegri og efnahagslegri velferð og jafnvægi milli réttinda og skyldna.

2. Samningsaðilarnir viðurkenna að miðlun tækni stuðlar að aukinni getu og hæfni á landsvísu, þar sem markmiðið er að skapa traustan og raunhæfan tæknigrundvöll.

3. Samningsaðilarnir viðurkenna að upplýsinga- og samskiptatækni hefur áhrif á sköpun og notkun bókmenntaverka og listaverka.

4. Samningsaðilunum er heimilt, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum og þegar þeir móta lög sín og reglur eða breyta þeim, að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að standa vörð um almannaheilbrigði og næringu almennings og til að efla áhuga almennings á sviðum sem hafa grundvallarþýðingu fyrir félagslega, hagræna og tæknilega þróun, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir samrýmist ákvæðum þessa kafla.

5. Samningsaðilarnir viðurkenna þær meginreglurnar sem eru settar fram í yfirlýsingunni um samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og lýðheilsu, sem var samþykkt 14. nóvember 2001 á fjórða ráðherrafundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem haldinn var í Dóha í Katar, og í ákvörðun aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framkvæmd 6. mgr. Dóha-yfirlýsingarinnar, sem var samþykkt 30. ágúst 2003, og í breytingunni á samningnum um hugverkarétt í viðskiptum sem aðalráð Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar samþykkti 6. desember 2005.

ARTICLE 6.2

Basic Principles

1. In accordance with Article 7 of the TRIPS Agreement, the Parties recognise that the protection and enforcement of intellectual property rights should contribute to the promotion of technological innovation and to the transfer and dissemination of technology, to the mutual advantage of producers and users of technological knowledge and in a manner conducive to social and economic welfare, and to a balance of rights and obligations.

2. The Parties recognise that technology transfer contributes to strengthen national capabilities with the aim to establish a sound and viable technological base.

3. The Parties recognise the impact of information and communication technologies on the creation and usage of literary and artistic works.

4. In accordance with paragraph 1 of Article 8 of the TRIPS Agreement, the Parties may, in formulating or amending their laws and regulations, adopt measures necessary to protect public health and nutrition, and to promote the public interest in sectors of vital importance to their socio-economic and technological development, provided that such measures are consistent with the provisions of this Chapter.

5. The Parties recognise the principles established in the Declaration on the TRIPS Agreement and Public Health, adopted on 14 November 2001 by the WTO at its Fourth Ministerial Meeting, held in Doha, Qatar, and the Decision of WTO's General Council on the Implementation of Paragraph 6 of the Doha Declaration, adopted on 30 August 2003 and the Amendment of the TRIPS Agreement adopted by the General Council of the WTO on 6 December 2005.

GREIN 6.3.
Skilgreining á hugverkum.

Í þessum samningi vísar hugtakið „hugverk“ til allra flokka hugverka sem fjallað er um í grein 6.6 (Vörumerki) til greinar 6.11 (Óbirtar upplýsingar og ráðstafanir sem tengjast tilteknum vörum sem reglur hafa verið settar um).

GREIN 6.4.
Alþjóðasamningar.

1. Samningsaðilarnir árétta, með fyrirvara um réttindi og skyldur sem um getur í þessum kafla, þau réttindi og skyldur sem í gildi eru að því er þá varðar, þ.m.t. rétturinn til að gera undantekningar og nýta sér sveigjanleika samkvæmt samningnum um hugverkarétt og öðrum marghliða samningum, sem tengjast hugverkum, og samningum á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) (hér á eftir nefnd „Alþjóðahugverkastofnunin“), sem þeir eru aðilar að, einkum:

a) Parísarsamningnum frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (Stokkhólmsgerð frá 1967) hér á eftir nefndur „Parísarsamningurinn“,
b) Bernarsáttmálanum frá 9. september 1886 til verndar bókmenntum og listaverkum (Parísargerð frá 1971) og
c) alþjóðasamningnum frá 26. október 1961 um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana (Rómarsamningurinn).

2. Samningsaðilarnir, sem eiga ekki aðild að einum eða fleiri þeirra samninga sem taldir eru upp hér á eftir, skulu fullgilda eftirtalda marghliða samninga, eða gerast aðilar að þeim, við gildistöku þessa samnings:

a) Búdapestsáttmálinn frá 28. apríl 1977 um alþjóðlega viðurkenningu á innlagningu örvera til varðveislu vegna meðferðar einkaleyfamála,
b) alþjóðasamningur um vernd nýrra plöntuyrkja frá 1978 (UPOV-samningurinn frá 1978) eða alþjóðasamningur um vernd nýrra plöntuyrkja frá 1991 (UPOV-samningurinn frá 1991) og
c) samstarfsamningur um einkaleyfi frá 19. júní 1970 (Washington-gerð, breytt 1979 og lagfærður 1984).

3. Samningsaðilarnir, sem eiga ekki aðild að einum eða fleiri þeirra samninga sem eru taldir upp á eftir, skulu fullgilda eftirtalda marghliða samninga, eða gerast aðilar að þeim, frá og með gildistöku þessa samnings:

ARTICLE 6.3
Definition of Intellectual Property

For the purposes of this Agreement, “intellectual property” refers to all categories of intellectual property that are the subject of Articles 6.6 (Trademarks) to 6.11 (Undisclosed Information and Measures Related to Certain Regulated Products).

ARTICLE 6.4
International Conventions

1. Without prejudice of the rights and obligations contained in this Chapter, the Parties reaffirm their existing rights and obligations, including the right to apply the exceptions and to make use of the flexibilities, under the TRIPS Agreement and under any other multilateral agreement related to intellectual property and agreements administered under the auspices of the World Intellectual Property Organization (hereinafter referred to as “the WIPO”) to which they are parties, in particular the following:

(a) Paris Convention of 20 March 1883 for the Protection of Industrial Property (Stockholm Act, 1967, hereinafter referred to as the “Paris Convention”);
(b) Berne Convention of 9 September 1886 for the Protection of Literary and Artistic Works (Paris Act, 1971); and
(c) International Convention of 26 October 1961 for the Protection of Performers, Producers of Phonograms and Broadcasting Organizations (Rome Convention).

2. The Parties to this Agreement which are not a party to one or more of the agreements listed below shall ratify or accede to the following multilateral agreements upon entry into force of this Agreement:

(a) Budapest Treaty of 28 April 1977 on the International Recognition of the Deposit of Microorganisms for the Purposes of Patent Procedure;
(b) International Convention for the Protection of New Varieties of Plants 1978 (1978 UPOV Convention), or the International Convention for the Protection of New Varieties of Plants 1991 (1991 UPOV Convention); and
(c) Patent Cooperation Treaty of 19 June 1970 (Washington Act, amended in 1979 and modified in 1984).

3. The Parties to this Agreement which are not a party to one or more of the agreements listed below shall ratify or accede to the following multilateral agreements within one year from the date of entry into force of this Agreement:

a) samningur Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) frá 20. desember 1996 um flutning og hljóðritanir (WPPT) og
b) samningur Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) frá 20. desember 1996 um höfundarrétt (WCT).

4. Samningsaðilarnir munu gera nauðsynlegar ráðstafanir, eins fljótt og við verður komið, til þess að leggja fyrir lögbær landsyfirvöld samningsaðilanna til umfjöllunar aðild sína að Genfargerð Haagsamnings frá 1999 um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar og að bókun frá 27. júní 1989 við Madrídarsamninginn um alþjóðlega skráningu merkja.

5. Samningsaðilarnir geta samþykkt, með sameiginlegri ákvörðun, að sérfræðingar skiptist á skoðunum um aðgerðir sem tengjast gildandi eða komandi alþjóðasamningum um hugverkarétt og önnur mál sem varða hugverkarétt, eftir því sem samningsaðilarnir koma sér saman um.

(a) WIPO Performances and Phonograms Treaty of 20 December 1996 (WPPT); and

(b) WIPO Copyright Treaty of 20 December 1996 (WCT).

4. The Parties will carry out as soon as possible the necessary actions to submit to the Parties' competent national authorities the adherence to the Geneva Act (1999) of the Hague Agreement concerning the International Registration of Industrial Designs, and to Protocol of 27 June 1989 Relating to the Madrid Agreement concerning the International Registration of Marks for their consideration.

5. The Parties to this Agreement may agree, upon mutual consent, to have an exchange of views of experts on activities relating to existing or future international conventions on intellectual property rights and on any other matter related to intellectual property rights as the Parties may agree upon.

GREIN 6.5.

Ráðstafanir er varða líffræðilega fjölbreytni.

1. Samningsaðilarnir árétta fullveldisrétt sinn yfir innlendum auðlindum og viðurkenna réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum um líffræðilega fjölbreytni að því er varðar aðgang að erfðaauðlindum og sanngjarna og réttmæta hlutdeild í ávinningi af nýtingu þeirra.

2. Samningsríkin viðurkenna mikilvægi og gildi líffræðilegrar fjölbreytni sinnar og tengdrar og rótgróinnar þekkingar, nýsköpunar og starfsvenja frumbyggjasamfélaga og staðbundinna samfélaga. Sérhver samningsaðili skal ákvarða skilyrði fyrir aðgangi að erfðaauðlindum sínum í samræmi við meginreglur og ákvæði gildandi landslaga og þjóðaréttar.

3. Samningsaðilarnir viðurkenna framlag frumbyggjasamfélaga og staðbundinna samfélaga í fortíð, nútíð og framtíð og þekkingu þeirra, nýsköpun og starfsvenjur, með tilliti til þess að varðveita og nota með sjálfbærum hætti lífrænar auðlindir og erfðaauðlindir, og viðurkenna almennt framlag rótgróinnar þekkingar frumbyggjasamfélaga og staðbundinna samfélaga sinna til menningar þjóða og efnahagslegrar og félagslegrar þróunar þeirra.

4. Samningsaðilarnir skulu íhuga að efna til samstarfs um tilvik þegar misbrestur er á því að farið sé eftir gildandi ákvæðum laga um aðgang að erfðaauðlindum og rótgróna þekkingu, nýsköpun og starfsvenjur.

5. Samningsaðilar skulu krefjast þess, í samræmi við landslög hvers og eins, að í einkaleyfisumsóknum sé greint frá uppruna eða upptökum erfðaauð-

ARTICLE 6.5

Measures Related to Biodiversity

1. The Parties reaffirm their sovereign rights over their natural resources and recognise their rights and obligations under the Convention on Biological Diversity with respect to access to genetic resources and to the fair and equitable sharing of benefits arising out of the utilisation of these genetic resources.

2. The Parties recognise the importance and the value of their biological diversity and of the associated traditional knowledge, innovations and practices of indigenous and local communities. Each Party shall determine the access conditions to its genetic resources in accordance with the principles and provisions contained in applicable national and international law.

3. The Parties recognise past, present and future contributions of indigenous and local communities and their knowledge, innovations and practices to the conservation and sustainable use of biological and genetic resources and in general the contribution of the traditional knowledge of their indigenous and local communities to the culture and economic and social development of nations.

4. The Parties shall consider collaborating in cases regarding non compliance with the applicable legal provisions on access to genetic resources and traditional knowledge, innovations and practices.

5. According to their national law, the Parties shall require that patent applications contain a declaration of the origin or source of a genetic resource, to

lindar sem viðkomandi uppfinningamaður eða umsækjandi um einkaleyfi hefur haft aðgang að. Aðildarríkin munu einnig krefjast þess, eftir því sem landslög þeirra kveða á um, að fyrirfram upplýst samþykki liggi fyrir og þau munu beita ákvæðum þessarar greinar um rótgróna þekkingu eftir því sem við á.

6. Samningsaðilarnir skulu, í samræmi við landslög sín, ákveða viðurlög, samkvæmt stjórnsýslulögum, einkamálarétti eða hegningarlögum, við því að uppfinningamaður eða umsækjandi um einkaleyfi lýsi vísvitandi með villandi eða röngum hætti, uppruna eða upptökum. Dómari getur krafist þess að dómsúrskurður verði birtur.

7. Kveði lög samningsaðila á um það:

a) skal aðgangur að erfðaauðlindum vera háður fyrirfram upplýstu samþykki þess samningsaðila sem leggur til erfðaauðlindirnar og

b) skal aðgangur að rótgróinni þekkingu frumbyggjasamfélaga og staðbundinna samfélaga, sem tengjast þessum auðlindum, vera háður samþykki og þátttöku þessara samfélaga.

8. Sérhver samningsaðili skal móta stefnu og gera laga- og stjórnsýslulegar ráðstafanir til þess að auðveldara verði að uppfylla aðgangsskilmála og -skilyrði sem samningsaðilarnir setja vegna fyrrnefndra erfðaauðlinda.

9. Samningsaðilarnir staðfesta og viðurkenna gildandi réttindi sín og skuldbindingar hver gagnvart öðrum í samræmi við alþjóðasamning Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um erfðaauðlindir plantna fyrir fæðu og landbúnað.

10. Samningsaðilarnir skulu gera ráðstafanir á sviði lagasetningar, stjórnsýslu eða stefnumótunar, eftir því sem við á, sem miða að því að tryggja sanngjarna og réttmæta hlutdeild í ávinningi af notkun erfðaauðlinda eða tengdrar rótgróinnar þekkingar. Þessa hlutdeild ber að byggja á skilmálum sem gagnkvæmt samkomulag er um.

which the inventor or the patent applicant has had access. As far as provided in their national legislation, the Parties will also require the fulfilment of prior informed consent and they will apply the provisions set out in this Article to traditional knowledge as applicable.

6. The Parties, in accordance with their national laws, shall provide for administrative, civil or criminal sanctions if the inventor or the patent applicant wilfully make a wrongful or misleading declaration of the origin or source. The judge may order the publication of the ruling.

7. If the law of the Party so provides:

(a) access to genetic resources shall be subject to the prior informed consent of the Party providing the genetic resources; and

(b) access to traditional knowledge of indigenous and local communities associated to these resources shall be subject to the approval and involvement of these communities.

8. Each Party shall take policy, legal and administrative measures, with the aim of facilitating the fulfilment of terms and conditions for access established by the Parties for such genetic resources.

9. The Parties affirm and recognise their existing rights and obligations with respect to each other under the International Treaty of Plant Genetic Resources for Food and Agriculture of the Food and Agriculture Organization.

10. The Parties shall take legislative, administrative or policy measures, as appropriate, with the aim of ensuring the fair and equitable sharing of the benefits arising from the use of genetic resources or associated traditional knowledge. Such sharing shall be based on mutually agreed terms.

GREIN 6.6.
Vörumerki.

1. Samningsaðilarnir skulu veita rétthöfum vörumerkja vöru og þjónustu fullnægjandi og árangursríka vernd. Vörumerki geta verið hvers konar tákn, eða samsetning tákna, sem eru til þess fallin að greina vörur eða þjónustu fyrirtækis frá vörum og þjónustu annarra fyrirtækja. Slík tákn, einkum orð samsett úr orðum, mannanöfnum, bókstöfum, tölustöfum, myndeiningum, hljóði og litasamsetningum, ásamt samsetningum slíkra tákna, skulu skráningarhæf sem vörumerki. Ef tákn eru ekki sem slík til þess fallin að greina á milli viðkomandi vara eða þjónustu geta samningsaðilar ákveðið að skráningarhæfi fari

ARTICLE 6.6
Trademarks

1. The Parties shall grant adequate and effective protection to trademark right holders of goods or services. Any sign, or any combination of signs, capable of distinguishing the goods or services of one undertaking from those of other undertakings, shall be capable of constituting a trademark. Such signs, in particular words including combinations of words, personal names, letters, numerals, figurative elements, sounds and combinations of colours as well as any combination of such signs, shall be eligible for registration as trademarks. Where signs are not inherently capable of distinguishing the relevant

eftir greinileika sem áunnist hefur við notkun. Samningsaðilar geta sett það skilyrði fyrir skráningu að tákn séu sýnileg.

2. Samningsaðilar skulu nota hina alþjóðlegu flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja (hér á eftir nefnd „alþjóðlega flokkunarkerfið“), sem var komið á með Nice-sáttmálanum frá 15. júní 1957 og gildandi breytingum á honum, til að flokka þá vöru og þjónustu sem nota á vörumerkin fyrir.

3. Eigi skal nota vöru- og þjónustuflokka hins alþjóðlega flokkunarkerfis til að ákvarða hvort sú vara eða þjónusta sem tiltekið vörumerki er skráð fyrir sé lík eða frábrugðin vöru eða þjónustu undir öðru vörumerki.

4. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi sameiginlegu tilmælanna varðandi ákvæði um vernd þekktra tákna (1999) og sameiginlegu tilmælanna varðandi ákvæði um vernd tákna og annarra hugverkaréttinda á sviði iðnaðar sem tengjast táknum á Netinu (2001), sem voru samþykkt á þingi Parísarsamtakanna um vernd hugverkaréttar á sviði iðnaðar og á aðalfundi Alþjóðahugverkastofnunarinnar, og skulu þeir byggja á meginreglum þessara tilmæla.

GREIN 6.7.

Landfræðilegar merkingar, þ.m.t. upprunaheiti og vísbendingar um upptök.

1. Samningsaðilarnir skulu sjá til þess að í landslögum þeirra sé kveðið á um fullnægjandi og árangursrík úrræði til verndar landfræðilegum merkingum, þ.m.t. upprunaheiti[2] og vísbendingar um upptök.

2. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „landfræðilegar merkingar“ vísbendingar sem gefa til kynna að vara sé upprunnin á yfirráðasvæði samningsaðila, eða á landsvæði eða í umhverfi innan þess yfirráðasvæðis, og að rekja megi tiltekin gæði, orðspor eða önnur einkenni vörunnar í meginatriðum til landfræðilegs uppruna hennar og

b) „vísbendingar um upptök“ nöfn, framsetning, myndir, fánar eða tákn sem eru beinar eða óbeinar vísanir til tiltekins lands, svæðis, umhverfis eða staðar sem gefur til kynna landfræðilegan uppruna vöru eða þjónustu. Ekkert í þessum samningi krefst þess að samningsaðili breyti löggjöf sinni ef vernd vísbendinga um upptök er,

[2] Til að eyða óvissu, sjái samningsaðili fram á vernd upprunaheita samkvæmt löggjöf sinni, skal ekkert í samningi þessum krefjast þess að því verði breytt.

goods or services, the Parties may make registrability depend on distinctiveness acquired through use. Parties may require, as a condition of registration, that signs be visually perceptible.

2. Parties shall use the International Classification of Goods and Services for the Purposes of the Registration of trademarks (hereinafter referred to as “International Classification”) established by the Nice Agreement of 15 June 1957 and its effective amendments to classify the goods and services to which the trademarks shall be applied.

3. The classes of goods and services of the International Classification shall not be used to determine whether the goods or services listed for a specific trademark are similar or different to those of another trademark.

4. The Parties recognise the importance of the Joint Recommendation Concerning Provisions on the Protection of Well-Known Marks (1999), and the Joint Recommendation Concerning Provisions on the Protection of Marks, and other Industrial Property Rights in Signs, on the Internet (2001), adopted by the Assembly of the Paris Union for the Protection of Industrial Property and the General Assembly of WIPO, and shall be guided by the principles contained in these Recommendations.

ARTICLE 6.7

Geographical Indications, including Appellations of Origin, and Indications of Source

1. The Parties to this Agreement shall ensure in their national laws adequate and effective means to protect geographical indications, including appellations of origin[2], and indications of source.

2. For the purposes of this Chapter:

(a) “geographical indications” means indications which identify goods as originating in the territory of a Party, or in a region or locality of that territory, where a given quality, reputation or other characteristic of those goods is essentially attributable to their geographical origin; and

(b) “indications of source” means names, expressions, images, flags or signs that constitute direct or indirect references to a particular country, region, locality or place as the geographical origin of goods or services. Nothing in this Agreement shall require a Party to this Agreement to amend its legislation if, at the date of entry into

[2] For greater certainty, if any Party foresees the protection of appellations of origin in its national legislation, nothing in this Agreement shall require to amend this.

á gildistökudegi þessa samnings, takmörkuð í löggjöf hans við tilvik þar sem rekja má tiltekin gæði, orðspor eða önnur einkenni vörunnar eða þjónustunnar í meginatriðum til landfræðilegs uppruna.

3. Óheimilt er að nota vísbendingu um upptök í viðskiptum með vörur eða þjónustu ef sú vísbending er röng eða misvísandi eða ef líklegt er að notkun hennar valdi ruglingi hjá almenningi varðandi landfræðilegan uppruna viðkomandi vöru eða þjónustu eða hafi í för með sér óréttmæta samkeppni í skilningi 10. gr. a í Parísarsamningnum.

4. Samningsaðilar skulu, með fyrirvara um 23. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum, veita þeim sem eiga hagsmuna að gæta lagaúrræði til að koma í veg fyrir að landfræðilegar merkingar séu notaðar á samskonar vörur eða sambærilegar, sem eru ekki upprunnar á þeim stað sem er tilgreindur í viðkomandi merkingu, á þann hátt að sé villandi eða skapi rugling hjá almenningi að því er varðar landfræðilegan uppruna þeirrar vöru eða hafi í för með sér óréttmæta samkeppni í skilningi 10. gr. a í Parísarsamningnum.

5. Perú og Sviss eru því samþykk, í því skyni að vernda enn frekar landfræðilegar merkingar sín á milli, að gera tvíhliða samning um gagnkvæma viðurkenningu og verndun landfræðilegra merkinga og stefna að því að ljúka þeirri samningsgerð innan þriggja ára frá því að samningur þessi öðlast gildi. Allir aðrir aðilar að þessum samningi geta tekið þátt í samningaviðræðunum eða gerst aðilar að samningnum eftir að hann öðlast gildi.

GREIN 6.8.

Höfundarréttur og skyld réttindi.

1. Samningsaðilar skulu veita og tryggja höfundum bókmennta og listaverka og listflytjendum, framleiðendum hljóðrita svo og útvarpsstofnunum fullnægjandi og skilvirka vernd á verkum þeirra, flutningi, hljóðritum og útvarpssendingum.

2. Óháð fjárhagslegum réttindum höfundar, og jafnvel þótt höfundur hafi framselt þess konar réttindi, skal hann þó hafa rétt til að krefjast viðurkenningar á því að hann sé höfundur verksins og til að mótmæla hvers konar afbökun, sköddun eða breytingum, eða annars konar spjöllum á því, sem skerða myndu heiður hans eða orðspor.

3. Þau réttindi sem höfundi eru veitt í samræmi við 2. mgr. skulu haldast að honum látnum, a.m.k. þangað til fjárhagslegu réttindin falla niður og skulu þau

force of this Agreement, in its national law, it limited the protection of indications of source to cases where a given quality, reputation or other characteristic of those goods or services is essentially attributable to their geographical origin.

3. An indication of source may not be used in the course of trade for goods or services where that indication is false or misleading with respect to its geographical origin or where its use is likely to cause confusion in the public as to the geographical origin of those goods or services, or which constitutes an act of unfair competition within the meaning of Article 10bis of the Paris Convention.

4. Without prejudice to Article 23 TRIPS Agreement, the Parties shall provide the legal means to interested parties to prevent the use of a geographical indication for identical or comparable goods not originating in the place indicated by the designation in question in a manner which misleads or confuses the public as to the geographical origin of those goods, or which constitutes an act of unfair competition within the meaning of Article 10bis of the Paris Convention.

5. In order to further strengthen the protection of geographical indications among each other, Peru and Switzerland agree to negotiate a bilateral agreement on the mutual recognition and protection of geographical indications aiming to conclude it within three years after the entry into force of this Agreement. Any other Party to this Agreement may join the negotiations or accede to the agreement after its entry into force.

ARTICLE 6.8

Copyright and Related Rights

1. The Parties shall grant and assure to the authors of literary and artistic works and to performers, producers of phonograms and broadcasting organisations, an adequate and effective protection of their works, performances, phonograms and broadcasts, respectively.

2. Independently of the author's economic rights, and even after the transfer of the said rights, the author shall have the right to claim, at least, authorship of the work and to object to any distortion, mutilation or other modification of, or other derogatory action in relation to, the said work, which would be prejudicial to his honour or reputation.

3. The rights granted to the author in accordance with paragraph 2 shall, after his death, be maintained, at least until the expiry of the economic rights, and shall be exercisable by the persons or

vera í höndum þeirra einstaklinga og stofnana sem lög ákveða í því landi þar sem verndar er krafist.
4. Réttindi sem eru veitt skv. 2. og 3. mgr. skulu, að breyttu breytanda, veitt listflytjendum vegna lifandi listflutnings eða listflutnings sem tekinn hefur verið upp.

institutions authorised by the legislation of the country where protection is claimed.
4. Rights granted under paragraphs 2 and 3 shall be granted, *mutatis mutandis*, to performers as regards their live performances or fixed performances.

GREIN 6.9.
Einkaleyfi.

1. Einkaleyfi skulu fáanleg fyrir öllum uppfinningum, hvort heldur um er að ræða framleiðslu eða aðferðir, á öllum sviðum tækni, að því tilskildu að um nýja uppfinningu sé að ræða sem felur í sér nýbreytni og hægt að hagnýta í iðnaði. Ef ekki er kveðið á um annað í 3. mgr. skal vera unnt að fá einkaleyfi og nýta einkaleyfisrétt án mismununar eftir uppfinningastað, tæknisviði og því hvort vörurnar eru innfluttar eða framleiddar innanlands.
2. Samningsaðila er heimilt að synja um einkaleyfi fyrir uppfinningum ef nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að þær séu nýttar í ábataskyni á yfirráðasvæði hans, í því skyni að halda uppi allsherjarreglu eða siðgæði, þ.m.t. að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra og plantna eða að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á umhverfið, svo fremi að slík synjun sé ekki eingöngu fram komin vegna þess að fyrrnefnd nýting er bönnuð samkvæmt lögum hans.
3. Sérhverjum samningsaðila er einnig heimilt að synja um einkaleyfi fyrir:
a) aðferðir sem lúta að sjúkdómsgreiningu, lækningu eða skurðlækningar á mönnum eða dýrum og
b) jurtir og dýr, að undanskildum örverum, einkum aðferðir líffræðinnar við framleiðslu jurta eða dýra, þó ekki fyrir aðferðir sem eru ekki líffræðilegs og örverufræðilegs eðlis. Samningsaðilar skulu þó kveða á um vernd plöntuyrkja, annaðhvort með einkaleyfum eða skilvirku, sérlegu kerfi eða samblandi af hvoru tveggja. Þrátt fyrir það sem að framan greinir skal samningsaðili, sem kveður ekki á um vernd fyrir plöntur í formi einkaréttar, leitast við að bjóða slíka einkaleyfisvernd sem samrýmist ákvæðum 1. mgr.
4. Hver samningsaðili skal kappkosta að taka fljótt til umfjöllunar umsóknir um einkaleyfi og umsóknir um samþykki fyrir markaðssetningu, til þess að komast hjá óeðlilegum töfum. Samningsaðilar skulu hafa með sér samstarf og veita hver öðrum aðstoð við að ná þessu markmiði.
5. Sérhverjum samningsaðila er heimilt, að því er hvers konar lyfjavörur varðar, sem einkaleyfi gildir um, að bjóða fram endurheimt einkaleyfistímabils eða einkaleyfisréttinda eða jöfnun þess eða þeirra, til þess að bæta einkaleyfishafa upp ósanngjarna stytt-

ARTICLE 6.9
Patents

1. Patents shall be available for any inventions, whether products or processes, in all fields of technology, provided that they are new, involve an inventive step and are capable of industrial application. Subject to paragraph 3, patents shall be available and patent rights enjoyable without discrimination as to the place of invention, the field of technology and whether products are imported or locally produced.
2. Each Party may exclude from patentability inventions, the prevention within their territory of the commercial exploitation of which is necessary to protect *ordre public* or morality, including to protect human, animal or plant life or health or to avoid serious prejudice to the environment, provided that such exclusion is not made merely because the exploitation is prohibited by its law.

3. Each Party may also exclude from patentability:

(a) diagnostic, therapeutic and surgical methods for the treatment of humans or animals; and

(b) plants and animals other than micro-organisms, and essentially biological processes for the production of plants or animals other than non-biological and microbiological processes. However, Parties shall provide for the protection of plant varieties either by patents or by an effective *sui generis* system or by any combination thereof. Notwithstanding the foregoing, a Party that does not provide patent protection for plants, shall undertake reasonable efforts to make such patent protection available consistent with paragraph 1.
4. Each Party shall make best efforts to process patent applications and marketing approval applications expeditiously with a view to avoiding unreasonable delays. The Parties shall co-operate and provide assistance to one another to achieve this objective.
5. With respect to any pharmaceutical product that is covered by a patent, each Party may make available a restoration or compensation of the patent term or patent rights to compensate the patent owner for unreasonable curtailment of the effective patent

ingu virks einkaleyfistímabils sem rekja má til málsmeðferðar við öflun markaðssamþykkis sem tengist fyrstu markaðssetningu framleiðsluvörunnar hjá viðkomandi samningsaðila. Endurheimt samkvæmt þessari málsgrein skal veita allan einkarétt, sem fylgir einkaleyfi, með fyrirvara um sömu takmarkanir og undanþágur og gilda um upphaflega einkaleyfið.

GREIN 6.10.
Snið.

Samningsaðilar skulu tryggja, með lagasetningu innanlands, að iðnhönnun njóti fullnægjandi og haldgóðrar verndar, einkum með því að gera ráð fyrir nægilega löngu verndartímabili í samræmi við staðla sem gilda á alþjóðavísu. Samningsaðilar skulu leitast við að samræma lengd verndartímabila sinna.

GREIN 6.11.
Óbirtar upplýsingar og ráðstafanir í tengslum við vörur sem reglur hafa verið settar um.

1. Aðilar að samningi þessum skulu vernda óbirtar upplýsingar í samræmi við 39. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum.
2. Ef samningsaðili setur það skilyrði fyrir því að markaðssetning á lyfjavörum eða efnavörum fyrir landbúnað, þar sem notaðar eru nýjar efnaeiningar,[3] verði samþykkt, að lögð verði fram óbirt prófunargögn sem tengjast öryggi og verkun og verulega erfitt er að rekja uppruna þeirra, skal samningsaðilinn ekki heimila markaðssetningu vöru, sem inniheldur þá sömu nýju efnaeiningu og byggð er á þeim upplýsingum sem fyrsti umsækjandi lagði fram og það er gert án hans samþykkis, í hæfilegan tíma sem, þegar um er að ræða lyfjavörur, er oftast fimm ár og, þegar um er að ræða efnavörur fyrir landbúnað, tíu ár frá þeim degi er markaðssetning á yfirráðasvæði samningsaðilans er samþykkt. Þrátt fyrir þetta ákvæði skal samningsaðili ekki bundinn neinum takmörkunum varðandi styttri málsmeðferð við samþykki slíkra vara á grundvelli rannsókna á lífjafngildi (e. bioequivalence) eða lífaðgengi (e. bioavailability).
3. Leyfa má að stuðst sé við eða vísað til gagna sem um getur í 2. mgr.:

[3] Í þessari málsgrein merkir „ný efnavara fyrir landbúnað“ vöru sem inniheldur efnaeiningu sem hefur ekki verið viðurkennd áður á yfirráðasvæði samningsaðilans. Þurfi samningsaðili að skilgreina „nýja efnavöru fyrir landbúnað“ fyrir lyfjavörur í landslögum sínum til þess að geta hrundið þessum samningi í framkvæmd, skal hann taka tillit til gildandi alþjóðlegra staðla og ganga frá því áður en samningur þessi öðlast gildi.

term resulting from the marketing approval process related to the first commercial marketing of the product in that Party. Any restoration under this paragraph shall confer all exclusive rights of a patent subject to the same limitations and exceptions applicable to the original patent.

ARTICLE 6.10
Designs

The Parties shall ensure in their national laws adequate and effective protection of industrial designs by providing in particular, an adequate term of protection in accordance with internationally prevailing standards. Parties shall seek to harmonise their respective term of protection.

ARTICLE 6.11
Undisclosed Information and Measures Related to Certain Regulated Products

1. The Parties to this Agreement shall protect undisclosed information in accordance with Article 39 TRIPS Agreement.
2. Where a Party requires, as a condition for marketing approval of pharmaceutical products or agricultural chemical products which utilise new chemical entities[3], the submission of undisclosed test data related to safety and efficacy the origination of which involves a considerable effort, the Party shall not allow the marketing of a product which contains the same new chemical entity, based on the information provided by the first applicant without his consent, for a reasonable period, which, in the case of pharmaceutical products, means normally five years and, in the case of agricultural chemical products, ten years from the date of the marketing approval in the territory of the Party. Subject to this provision, there shall be no limitation on any Party to implement abbreviated approval procedures for such products on the basis of bioequivalence or bioavailability studies.

3. Reliance on or reference to data referred to in paragraph 2 may be permitted:

[3] For the purposes of this paragraph, “new agricultural chemical product” means a product that contains a chemical entity that has not been previously approved in the territory of the Party. If a Party needs to define “new chemical entity” for pharmaceutical products in the domestic legislation in order to implement this Agreement, it shall take into consideration prevailing international standards and do so before the entry into force of this Agreement.

a) ef leitað er eftir samþykki fyrir endurinnfluttar vörur sem hafa verið samþykktar áður en útflutningur fór fram og
b) til að komast hjá ónauðsynlegri endurtekningu prófana á efnavörum fyrir landbúnað sem varða hryggdýr, hafi fyrsta umsækjanda þegar verið launað hæfilega.

4. Samningsaðili getur gert ráðstafanir til að vernda lýðheilsu í samræmi við:
a) framkvæmd yfirlýsingar vegna samningsins um hugverkarétt í viðskiptum og lýðheilsu[4] (í þessari málsgrein nefnd „yfirlýsingin“),
b) undanþágur frá ákvæðum samningsins um hugverkarétt í viðskiptum sem aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni samþykkja í því skyni að koma yfirlýsingunni til framkvæmda og
c) breytingar á samningnum um hugverkarétt í viðskiptum í því skyni að koma yfirlýsingunni til framkvæmda.

5. Ef samningsaðili styðst við samþykki fyrir markaðssetningu sem annar samningsaðili veitir og veitir samþykki sitt innan sex mánaða frá framlagningu fullbúinnar umsóknar um samþykki fyrir markaðssetningu, sem er lögð fram hjá samningsaðilanum, skal hæfilegt tímabil fyrir einkanot gagna, sem lögð eru fram í tengslum við það að fá samþykkið sem stuðst er við, hefjast þann dag þegar fyrsta samþykki fyrir markaðssetningu er veitt.

(a) where approval is sought for re-imported products that have already been approved before exportation; and
(b) in order to avoid unnecessary duplication of tests of agricultural chemical products involving vertebrate animals where the first applicant is adequately compensated.

4. A Party may take measures to protect public health in accordance with:
(a) implementation of the Declaration of the TRIPS Agreement and Public Health[4] (in this paragraph referred to as the "Declaration");
(b) any waiver of any provision of the TRIPS Agreement adopted by WTO members in order to implement the Declaration; and
(c) any amendment to the TRIPS Agreement to implement the Declaration.

5. Where a Party relies on a marketing approval granted by another Party, and grants approval within six months of the filing of a complete application for marketing approval filed in the Party, the reasonable period of exclusive use of the data submitted in connection with obtaining the approval relied on shall begin on the date of the first marketing approval.

GREIN 6.12.
Öflun og viðhald hugverkaréttar.

Ef öflun hugverkaréttinda er háð því að þau séu veitt eða skráð skulu samningsaðilar sjá til þess að málsmeðferð við veitingu eða skráningu sé sambærileg þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í samningnum um hugverkarétt í viðskiptum, einkum 62. gr.

ARTICLE 6.12
Acquisition and Maintenance of Intellectual Property Rights

Where the acquisition of an intellectual property right is subject to the right being granted or registered, the Parties shall ensure that the procedures for grant or registration are of the same level as provided in the TRIPS Agreement, in particular Article 62.

GREIN 6.13.
Framfylgd hugverkaréttar.

Samningsaðilar skulu setja ákvæði um framfylgd hugverkaréttinda í landslög sín, sambærileg þeim sem kveðið er á um í samningnum um hugverkarétt í viðskiptum, einkum í 41.– 61. gr.

ARTICLE 6.13
Enforcement of Intellectual Property Rights

The Parties shall establish provisions for the enforcement of intellectual property rights in their national laws that are of the same level as that provided in the TRIPS Agreement, in particular Articles 41 to 61.

GREIN 6.14.
Réttur til upplýsinga við meðferð einkamála og stjórnsýslumeðferð.

Samningsaðilarnir geta kveðið á um að í meðferð einkamála og stjórnsýslumeðferð skuli dómsmála-

ARTICLE 6.14
Right of Information in Civil and Administrative Procedures

The Parties may provide that, in civil and administrative procedures, the judicial authorities shall

[4] WT/MIN(01)/DEC/2.

[4] WT/MIN(01)/DEC/2.

yfirvöld hafa vald til þess, nema það sé í ósamræmi við alvarleika brotsins, að fyrirskipa þeim sem er brotlegur að upplýsa rétthafa um deili á þriðja aðila sem á hlut að framleiðslu og dreifingu ólöglegrar vöru eða þjónustu og um dreifingarleiðir.[5]

have the authority, unless this would be out of proportion to the seriousness of the infringement, to order the infringer to inform the right holder of the identity of third persons involved in the production and distribution of the infringing goods or services and of their channels of distribution.[5]

GREIN 6.15.
Frestun lögbærra yfirvalda á afgreiðslu.

1. Samningsaðilar skulu samþykkja málsmeðferð sem gerir rétthafa, sem hefur gildar ástæður til að ætla að innflutningur á vörum eigi sér stað þar sem brotið sé gegn höfundarrétti eða vörumerki, kleift að leggja fyrir lögbær yfirvöld á sviði stjórnsýslu eða dómsmála skriflega umsókn um að tollyfirvöld fresti því að afhenda slíkar vörur til frjálsrar dreifingar. Samningsaðilar skulu íhuga að beita slíkum ráðstöfunum gagnvart öðrum hugverkaréttindum.

2. Sá skilningur ríkir að eigi sé skylt að beita málsmeðferð sem kemur fram í 1. mgr. að því er varðar frestun afgreiðslu á vörum til frjálsrar dreifingar sem rétthafi hefur markaðssett eða markaðssett hefur verið í öðru landi með samþykki hans.

ARTICLE 6.15
Suspension of Release by Competent Authorities

1. The Parties shall adopt procedures to enable a right holder, who has valid grounds for suspecting that the importation of copyright or trademark infringing goods may take place, to lodge an application in writing with the competent authorities, administrative or judicial, for the suspension by the customs authorities of the release into free circulation of such goods. The Parties shall consider the application of these measures to other intellectual property rights.

2. It is understood that there shall be no obligation to apply procedures set forth in paragraph 1 to the suspension of the release into free circulation of goods put on the market in another country by or with the consent of the right holder.

GREIN 6.16.
Réttur til skoðunar.

1. Lögbær yfirvöld skulu gefa umsækjanda um frestun á afgreiðslu vöru og öðrum aðilum, sem frestunin varðar, kost á að skoða vörur sem frestað hefur verið að afgreiða eða lagt hefur verið hald á.

2. Þegar vörur eru rannsakaðar geta lögbær yfirvöld tekið sýni og afhent eða sent þau til rétthafans, samkvæmt gildandi reglum viðkomandi samningsaðila og að eindreginni ósk rétthafa, eingöngu til greiningar og til þess að auðvelda síðari málsmeðferð. Þegar aðstæður leyfa skal skila sýnum að lokinni tæknilegri greiningu og, eftir atvikum, áður en varan er afgreidd eða kyrrsetningu aflétt. Öll greining á þessum sýnum skal vera alfarið á ábyrgð rétthafa.

ARTICLE 6.16
Right of Inspection

1. The competent authorities shall give the applicant for the suspension of the release of goods and the other persons involved in the suspension the opportunity to inspect goods whose release has been suspended or which have been detained.

2. When examining goods, the competent authorities may take samples and, according to the rules in force in the Party concerned and at the express request of the right holder, hand over or send such samples to the right holder, strictly for the purposes of analysis and facilitating the subsequent procedure. Where circumstances allow, samples must be returned on completion of the technical analysis and, where applicable, before goods are released or their detention is lifted. Any analysis of these samples shall be carried out under the sole responsibility of the right holder.

GREIN 6.17.
Ábyrgðaryfirlýsing, trygging eða jafngild ráðstöfun.

1. Lögbær yfirvöld skulu hafa heimild til að krefjast þess að umsækjandi leggi fram tryggingu eða jafn-

Article 6.17
Liability Declaration, Security or Equivalent Assurance

1. The competent authorities shall have the authority to require an applicant to provide a security or

[5] Til nánari glöggvunar þá gildir þetta ákvæði ekki þegar það stríðir gegn ábyrgðum samkvæmt stjórnarskrá eða lögum.

[5] For greater certainty, this provision does not apply when it conflicts with constitutional or statutory guarantees.

gildi hennar sem nægir til að vernda varnaraðila og lögbær yfirvöld og til að koma í veg fyrir misnotkun eða, í tilvikum sem kveðið er á um í landslögum þeirra, að hann lýsi yfir eða samþykki ábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að afgreiðslu var frestað.
2. Trygging eða jafngildi hennar skal ekki að ástæðulausu koma í veg fyrir að þessari málsmeðferð sé beitt.

equivalent assurance sufficient to protect the defendant and the competent authorities and to prevent abuse, or in the cases provided in their domestic legislation to declare to accept liability for damages resulting from the suspension of release.
2. The security or equivalent assurance shall not unreasonably deter recourse to these procedures.

GREIN 6.18.
Hvatning til rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar.

1. Samningsaðilar viðurkenna mikilvægi þess að stuðla að rannsóknum, tækniþróun og nýsköpun, að miðlun tæknilegra upplýsinga og því að auka og efla tæknigetu sína og þeir munu kappkosta að vinna saman á þessum sviðum, eftir því sem þeir eiga kost á.
2. Samstarf á milli Perús og Ríkjasambandsins Sviss á þessum sviðum má einkum byggja á viljayfirlýsingum milli ríkisskrifstofu um menntun og rannsóknir í ráðuneyti innanríkismála í Ríkjasambandinu Sviss og *Consejo Nacional de Ciencia, Tecnología e Innovación Tecnológica* (CONCYTEC) frá 28. desember 2006.

3. Í samræmi við það geta Perú og Ríkjasambandið Sviss leitað eftir og ýtt undir tækifæri til samstarfs samkvæmt þessari grein og, eftir því sem við á, unnið að sameiginlegum, vísindalegum rannsóknarverkefnum. Yfirvöldin, er um getur í 2. mgr., skulu starfa sem tengiliðir til að auðvelda þróun samstarfsverkefna og endurskoða reglubundið stöðu slíks samstarfs með aðferðum sem allir aðilar verða ásáttir um.
4. Perú annars vegar og Ísland, Liechtenstein og Noregur hins vegar skulu leita tækifæra til samstarfs samkvæmt þessari grein. Byggja skal slíkt samstarf á skilmálum sem gagnkvæmt samkomulag er um og móta það á viðeigandi hátt.
5. Öllum tillögum eða fyrirspurnum um vísinda- og tæknisamstarf milli samningsaðilanna má beina til hvaða samningsaðila sem er með milligöngu þeirra tengiliða er um getur í XII. viðauka (Tengiliðir vegna vísindasamstarfs).

ARTICLE 6.18
Promotion of Research, Technological Development and Innovation

1. The Parties acknowledge the importance of promoting research, technological development and innovation, of disseminating technological information, and of building and strengthening their technological capacities, and they will seek to co-operate in such areas, taking into account their resources.
2. Co-operation in those fields, between Peru and Switzerland, may be based, in particular, on the respective Letters of Intent between the State Secretariat for Education and Research of the Federal Department of Home Affairs of the Swiss Confederation and the *Consejo Nacional de Ciencia, Tecnología e Innovación Tecnológica* (CONCYTEC) of 28 December 2006.
3. Accordingly, Peru and Switzerland may seek and encourage opportunities for co-operation pursuant to this Article and, as appropriate, engage in collaborative scientific research projects. The authorities referred to in paragraph 2 shall act as contact points to facilitate the development of collaborative projects and they shall periodically review the status of such collaboration through mutually agreed means.

4. Peru on one side and Iceland, Liechtenstein and Norway on the other side will seek opportunities for co-operation pursuant to this Article. Such co-operation shall be based on mutually agreed terms and will be formalised through appropriate means.
5. Any proposal or inquiry regarding scientific and technological collaboration between the Parties shall be directed to any of the Parties through the contact points set out in Annex XII (Contact Points for Scientific Collaboration).

7. KAFLI
OPINBER INNKAUP

GREIN 7.1.
Gildissvið og umfang.

1. Þessi kafli gildir um allar ráðstafanir samningsaðila varðandi innkaup sem þessi samningur tekur til. Í þessum kafla teljast „innkaup sem þessi samningur tekur til“ vera innkaup á vegum stjórnvalda:

CHAPTER 7
GOVERNMENT PROCUREMENT

ARTICLE 7.1
Scope and Coverage

1. This Chapter applies to any measure of a Party regarding covered procurement. For the purposes of this Chapter, “covered procurement” means procurement for governmental purposes:

a) á vörum, þjónustu eða samblandi af hvoru tveggja:
   i. eftir því sem sérstakar skuldbindingar hvers samningsaðila um sig, er um getur í XIII. viðauka (Stofnanir sem þessi samningur tekur til), gefa til kynna og
   ii. sem ekki er ætlunin að selja eða endurselja í hagnaðarskyni né heldur að nota til að framleiða vörur eða veita þjónustu í hagnaðarskyni eða til að endurselja,
b) eftir hvers konar samningsleiðum, þ.m.t. kaup, langtíma- eða skammtímaleiga eða kaupleiga, með eða án kaupréttar,
c) þar sem verðmæti, eins og það er metið skv. 3. og 4. mgr. eftir því sem við á, jafngildir eða fer yfir viðeigandi viðmiðunarfjárhæð sem er tilgreind í 1. til 3. viðbæti við XIII. viðauka (Stofnanir sem þessi samningur tekur til),
d) sem er stjórnað af innkaupastofnun og
e) með fyrirvara um þau skilyrði er um getur í XIII. viðauka (Stofnanir sem þessi samningur tekur til) og XIV. viðauka (Almennar athugasemdir).

2. Þessi kafli gildir ekki um:
a) samkomulag utan samnings eða neina þá aðstoð, sem samningsaðili, þ.m.t. ríkisfyrirtæki, veitir, þ.m.t. samstarfssamningar, fjárveitingar, lán, styrkir, eiginfjáraukning, ábyrgðir og skattameðferð,
b) kaup eða öflun þjónustu frá fjármála- eða innlánastofnunum, þjónustu á sviði skiptameðferðar og reksturs fyrir eftirlitsskyldar fjármálastofnanir eða þjónustu sem tengist sölu, innlausn og dreifingu skulda ríkissjóðs,[1] þ.m.t. lán og ríkisskuldabréf, skuldarviðurkenningar og önnur verðbréf,
c) kaup, sem eru fjármögnuð með alþjóðlegum styrkjum, lánum eða annarri aðstoð, þegar gildandi málsmeðferð eða skilyrði myndu vera í ósamræmi við þennan kafla,
d) samninga sem eru gerðir samkvæmt:
   i. alþjóðlegum samningi og eru til komnir vegna sameiginlegrar framkvæmdar eða hagnýtingar verkefnis af hálfu þeirra sem gera samningana eða
   ii. samkvæmt alþjóðlegum samningi um staðsetningu herliðs,
e) ráðningarsamninga hins opinbera og ráðstafanir sem tengjast slíkum samningum eða
f) kaup eða leigu á landi, byggingum sem eru til fyrir eða öðrum fasteignum eða rétt yfir þeim.

[1] Til frekari skýringar þá gildir þessi kafli ekki um kaup á bankaþjónustu, fjármálaþjónustu eða sérhæfðri þjónustu sem tengist skuldsetningu eða skuldastýringu hins opinbera.

(a) of goods, services, or any combination thereof:
   (i) as specified in each Party's specific commitments set out in Annex XIII (Covered Entities); and
   (ii) not procured with a view to commercial sale or resale, or for use in the production or supply of goods or services for commercial sale or resale;
(b) by any contractual means, including purchase, lease, rental or hire purchase, with or without an option to buy;
(c) for which the value, as estimated in accordance with paragraphs 3 and 4, as appropriate, equals or exceeds the relevant threshold specified in Appendices 1 to 3 to Annex XIII (Covered Entities);
(d) that is conducted by a procuring entity; and
(e) subject to the conditions specified in Annex XIII (Covered Entities) and XIV (General Notes).

2. This Chapter does not apply to:
(a) non-contractual agreements or any form of assistance that a Party, including a government enterprise, provides, including co-operative agreements, grants, loans, subsidies, equity infusions, guarantees, and fiscal incentives;
(b) the procurement or acquisition of fiscal agency or depository services, liquidation and management services for regulated financial institutions, or services related to the sale, redemption and distribution of public debt[1], including loans and government bonds, notes and other securities;
(c) procurement funded by international grants, loans, or other assistance where the applicable procedure or condition would be inconsistent with this Chapter;
(d) contracts awarded pursuant to:
   (i) an international agreement and intended for the joint implementation or exploitation of a project by the contracting parties; or
   (ii) an international agreement relating to the stationing of troops;
(e) public employment contracts and related employment measures; or
(f) the acquisition or rental of land, existing buildings, or other immovable property or the rights thereon.

[1] For greater certainty, this Chapter does not apply to procurement of banking, financial, or specialised services related to the incurring of public indebtedness or public debt management.

3. Við mat á verðgildi innkaupa, með það fyrir augum að komast að raun um hvort um innkaup sé að ræða sem falla undir þennan samning, skal innkaupastofnun:

a) hvorki skipta innkaupum í aðskilin innkaup né nota sérstaka aðferð til að meta verðgildi innkaupanna í þeim tilgangi að komast hjá því að beita ákvæðum þessa kafla,
b) taka tillit til greiðslna í hvaða formi sem er, þ.m.t. bónusgreiðslur, þóknanir, umboðslaun, vextir, aðrar tekjuleiðir, sem kann að vera kveðið á um í samningnum og, ef möguleiki er á valfrjálsum ákvæðum í innkaupunum, hámarksverðgildi innkaupanna í heild, að teknu tilliti til valfrjálsu innkaupanna og
c) byggja útreikninga sín á hámarki heildarverðgildis innkaupanna allan þann tíma sem þau standa yfir, ef skipta á innkaupunum í marga hluta með samningum sem gera á við einn eða fleiri birgja samtímis eða á tilteknu tímabili.

4. Ef áætlað hámarksverðgildi innkaupa í heild, allan þann tíma sem þau standa yfir, er óþekkt skulu innkaupin falla undir þennan kafla.

5. Ekkert í þessum kafla skal koma í veg fyrir að samningsaðili geti mótað nýja stefnu varðandi innkaup, málsmeðferð eða samningsleiðir, að því tilskildu að samræmis við ákvæði þessa kafla sé gætt.

3. In estimating the value of a procurement for the purpose of ascertaining whether it is a covered procurement, a procuring entity shall:

(a) neither divide a procurement into separate procurements, nor use a particular method for estimating the value of a procurement for the purpose of avoiding the application of this Chapter;
(b) take into account all forms of remuneration, including any premiums, fees, commissions, interest, other revenue streams that may be provided for under the contract and, where the procurement provides for the possibility of option clauses, the total maximum value of the procurement, inclusive of optional purchases; and
(c) where the procurement is to be conducted in multiple parts, with contracts to be awarded at the same time or over a given period to one or more suppliers, base its calculation of the total maximum value of the procurement over its entire duration.

4. Where the total estimated maximum value of a procurement over its entire duration is not known, the procurement shall be covered by this Chapter.

5. Nothing in this Chapter shall prevent a Party from developing new procurement policies, procedures or contractual means, provided that they are consistent with this Chapter.

GREIN 7.2.
Undantekningar frá ákvæðum kaflans.

1. Ekkert í þessum kafla skal túlka þannig að það komi í veg fyrir að samningsaðili grípi til einhverra aðgerða eða birti ekki upplýsingar, sem hann telur nauðsynlegar til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína sem tengjast innkaupum á vopnum, skotfærum eða herbúnaði eða innkaupum sem eru óhjákvæmileg vegna þjóðaröryggis eða landvarna.

2. Ekkert í þessum kafla skal túlka svo að komi í veg fyrir að samningsaðili samþykki eða viðhaldi ráðstöfunum sem eru, með þeim fyrirvara þó að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að um tilviljunarkennda eða óréttlætanlega mismunun samningsaðila sé að ræða eða duldar hindranir í viðskiptum þeirra í milli:

a) nauðsynlegar til þess að vernda almennt siðgæði, allsherjarreglu eða öryggi,
b) nauðsynlegar til að vernda líf og heilsu manna, dýra eða plantna,
c) nauðsynlegar til þess að vernda hugverk eða
d) í tengslum við vöru eða þjónustu fatlaðra eða góðgerðarstofnana eða afrakstur af fangelsisvinnu.

ARTICLE 7.2
Exceptions to the Chapter

1. Nothing in this Chapter shall be construed to prevent a Party from taking any action or not disclosing any information that it considers necessary for the protection of its essential security interests relating to the procurement of arms, ammunition, or war materials, or to procurement indispensable for national security or for national defense purposes.

2. Subject to the requirement that such measures are not applied in a manner that would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between the Parties or a disguised restriction to trade between the Parties, nothing in this Chapter shall be construed to prevent a Party from adopting or maintaining measures:

(a) necessary to protect public morals, order or safety;
(b) necessary to protect human, animal or plant life or health;
(c) necessary to protect intellectual property; or
(d) relating to goods or services of persons with disabilities, philanthropic institutions, or prison labour.

3. Af hálfu samningsaðila ríkir sá skilningur að í ákvæðum b-liðar 2. mgr. felist ráðstafanir á sviði umhverfismála sem eru nauðsynlegar til að vernda líf eða heilsu manna, dýra eða plantna.

3. The Parties understand that subparagraph 2 (b) includes environmental measures necessary to protect human, animal or plant life or health.

GREIN 7.3.
Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skilyrði fyrir þátttöku“ hvers konar skráning, menntun og hæfi eða aðrar forsendur fyrir þátttöku í innkaupum,
b) „byggingarþjónusta“ þjónusta þar sem markmiðið er að annast mannvirkjagerð eða húsbyggingar, með hvaða aðferðum sem er, á grundvelli 51. deildar í bráðabirgðaaðalvöruflokkun Sameinuðu þjóðanna (CPC),
c) „skriflegt“ hvers konar tjáning með orðum eða tölum eða öðrum táknum sem hægt er að lesa, endurgera og miðla síðar. Slík tjáning getur innihaldið upplýsingar sem eru sendar og geymdar með rafrænum hætti,
d) „ráðstöfun“ hvers konar lög, reglusetning eða málsmeðferð eða leiðsögn eða verklag stjórnsýslunnar eða hvers konar aðgerð innkaupastofnunar sem tengist innkaupum sem falla undir þennan samning,
e) „innkaup“ ferli þar sem hið opinbera fær til afnota eða kaupir vörur eða þjónustu, eða sambland af hvoru tveggja, sem hvorki er ætlunin að selja eða endurselja í hagnaðarskyni né heldur að nota við framleiðslu á vörum eða veitingu þjónustu í hagnaðarskyni eða til endursölu,
f) „innkaupastofnun“ stofnun sem fellur undir 1. til 3. viðbæti við XIII. viðauka (Stofnanir sem samningurinn tekur til),
g) „hæfur birgir“ birgir sem innkaupastofnun viðurkennir að uppfylli skilyrði fyrir þátttöku,
h) „þjónusta“ felur í sér byggingarþjónustu, nema annað sé tekið fram,
i) „staðall“ skjal, sem viðurkennd stofnun hefur samþykkt, þar sem kveðið er á um, til almennrar og endurtekinnar notkunar, reglur, viðmiðunarreglur eða eiginleika viðvíkjandi vöru eða þjónustu, eða vinnsluferli og framleiðsluaðferðir sem henni tengjast, sem ekki er skylt að fylgja. Hann getur einnig tekið til eða átt eingöngu við um kröfur sem eru gerðar vegna hugtakanotkunar, tákna, umbúða, merkinga eða merkimiða eftir því sem við á um vörur, þjónustu, vinnsluferli eða framleiðsluaðferðir.

ARTICLE 7.3
Definitions

For the purposes of this Chapter:

(a) “conditions for participation” means any registration, qualification or other pre-requisites for participation in a procurement;
(b) “construction service” means a service that has as its objective the realisation by whatever means of civil or building works, based on Division 51 of the United Nations Provisional Central Product Classification (CPC);
(c) “in writing or written” means any worded, numbered expression, or other symbols that can be read, reproduced and later communicated. It may include, electronically transmitted and stored information;
(d) “measure” means any law, regulation, procedure, administrative guidance or practice, or any action of a procuring entity relating to a covered procurement;
(e) “procurement” means the process by which a government obtains the use of or acquires goods or services, or any combination thereof, for governmental purposes and not with a view to commercial sale or resale or with a view to use in the production or supply of goods or services for commercial sale or resale;
(f) “procuring entity” means an entity covered under Appendices 1 to 3 to Annex XIII (Covered Entities);
(g) “qualified supplier” means a supplier that a procuring entity recognises as having satisfied the conditions for participation;
(h) “services” including construction services, unless otherwise specified;
(i) “standard” means a document approved by a recognised body, that provides, for common and repeated use, rules, guidelines, or characteristics for goods or services, or related processes and production methods, with which compliance is not mandatory. It may also include or deal exclusively with terminology, symbols, packaging, marking, or labelling requirements as they apply to goods, services, processes, or production methods;

j) „birgir“ aðili eða hópur aðila sem lætur eða getur látið innkaupastofnun í té vörur eða þjónustu,

k) „tækniforskrift“ útboðskrafa þar sem:

i. lýst er eiginleikum vöru eða þjónustu sem á að kaupa, s.s. gæðum, nothæfi, öryggi og stærðum eða ferli og aðferðum við framleiðslu eða útvegun hennar eða

ii. fjallað er um kröfur um hugtakanotkun, tákn, pökkun, merkingar eða merkimiða eftir því sem við á um vöru eða þjónustu.

(j) "supplier" means a person or group of persons that provides or could provide goods or services to a procuring entity; and

(k) "technical specification" means a tendering requirement that:

(i) lays down the characteristics of goods or services to be procured, including quality, performance, safety, and dimensions, or the processes and methods for their production or provision; or

(ii) addresses terminology, symbols, packaging, marking, or labelling requirements, as they apply to goods or services.

GREIN 7.4.

Innlend meðferð og bann við mismunun.

1. Að því er varðar hvers konar ráðstafanir varðandi innkaup, sem þessi samningur tekur til, skal hver samningsaðili, ásamt innkaupastofnunum sínum, veita tafarlaust og skilyrðislaust meðferð sem er eigi óhagstæðari gagnvart vörum og þjónustu frá öðrum samningsaðila og gagnvart birgjum hvaða annars samningsaðila sem er, sem býður sambærilega vörur og þjónustu, en sú meðferð sem hann veitir gagnvart innlendum vörum, þjónustu og birgjum.

2. Að því er varðar hvers konar ráðstafanir varðandi innkaup, sem þessi samningur tekur til, skal samningsaðili og innkaupastofnanir hans:

a) ekki veita birgi með staðfestu í landinu óhagstæðari meðferð en öðrum birgi með staðfestu þar eftir því um hve mikil erlend eignartengsl eða erlent eignarhald er að ræða og

b) ekki mismuna birgjum með staðfestu í landi þeirra á grundvelli þess að vörur eða þjónusta, sem viðkomandi birgir býður fram vegna tilteknina innkaupa, séu vörur eða þjónusta frá öðrum samningsaðila.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um tolla eða annars konar gjöld, sem eru lögð á innflutning eða tengjast honum, aðferðir við innheimtu slíkra tolla eða gjalda eða um aðrar innflutningsreglur og formsatriði og ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti, aðrar en ráðstafanir er varða opinber innkaup sem þessi samningur tekur til.

ARTICLE 7.4

National Treatment and Non-Discrimination

1. With respect to any measure regarding covered procurement, each Party, including its procuring entities, shall accord immediately and unconditionally to the goods and services of another Party and to the suppliers of any other Party offering such goods or services, treatment no less favourable than the treatment accorded to domestic goods, services and suppliers.

2. With respect to any measure regarding covered procurement, a Party, including its procuring entities, shall not:

(a) treat a locally established supplier less favourably than another locally established supplier on the basis of degree of foreign affiliation or ownership; nor

(b) discriminate against a locally established supplier on the basis that the goods or services offered by that supplier for a particular procurement are goods or services of another Party.

3. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply to customs duties and charges of any kind imposed on, or in connection with, importation, the method of levying such duties and charges, other import regulations or formalities, and measures affecting trade in services other than measures governing covered procurement.

GREIN 7.5.

Upplýsingatækni.

1. Samningsaðilar skulu, eftir því sem unnt er, leitast við að nota rafræna samskiptamiðla til þess að koma upplýsingum um opinber innkaup á framfæri með skilvirkum hætti, einkum um tækifæri, sem stofnanir veita til að gera tilboð, en virða jafnframt meginreglurnar um gagnsæi og bann við mismunun.

ARTICLE 7.5

Information Technology

1. The Parties shall, to the extent possible, endeavour to use electronic means of communication to permit efficient dissemination of information on government procurement, particularly as regards tender opportunities offered by entities, while respecting the principles of transparency and non-discrimination.

2. Þegar innkaupastofnun annast innkaup, sem þessi samningur tekur til og fara fram með rafrænum hætti, skal hún:

a) tryggja að við innkaupin sé stuðst við upplýsingatækni og hugbúnað, þ.m.t. tækni sem tengist því að sanna uppruna upplýsinga og dulkóða þær, sem eru almenningi aðgengileg og nothæf með öðrum kerfum á sviði upplýsingatækni og hugbúnaðar sem almenningi eru aðgengileg og

b) nota kerfi sem tryggja áreiðanleika þátttökubeiðna og tilboða, þ.m.t. aðferðum til að staðfesta hvenær þeim var veitt viðtaka og til að koma í veg fyrir óviðeigandi aðgang.

2. When conducting covered procurement by electronic means, a procuring entity shall:

(a) ensure that the procurement is conducted using information technology systems and software, including those related to authentication and encryption of information, that are generally available and inter-operable with other generally available information technology systems and software; and

(b) maintain mechanisms that ensure the integrity of requests for participation and tenders, including establishment of the time of receipt and the prevention of inappropriate access.

GREIN 7.6.

Framkvæmd innkaupa.

Innkaupastofnun skal annast innkaup, sem þessi samningur tekur til, á gagnsæjan og óhlutdrægan hátt:

a) sem er í samræmi við þennan kafla og skal beita aðferðum á borð við almenn útboð, útboð með forvali og lokuð útboð, eins og tilgreint er í grein 7.18 (Útboðsferli) til greinar 7.20 (Lokuð útboð),

b) þannig að komast megi hjá hagsmunaárekstrum og

c) þannig að koma megi í veg fyrir óheiðarlega viðskiptahætti.

ARTICLE 7.6

Conduct of Procurement

A procuring entity shall conduct covered procurement in a transparent and impartial manner that:

(a) is consistent with this Chapter, using methods such as open tendering, selective tendering, and limited tendering as specified in Articles 7.18 (Tendering Procedures) to 7.20 (Limited Tendering);

(b) avoids conflicts of interest; and

(c) prevents corrupt practices.

GREIN 7.7.

Upprunareglur.

Við vöruinnkaup, sem þessi samningur tekur til, skal hver samningsaðili beita þeim upprunareglum sem hann beitir að jafnaði í viðskiptum með slíkar vörur.

ARTICLE 7.7

Rules of Origin

Each Party shall apply to covered procurement of goods the rules of origin that it applies in the normal course of trade to those goods.

GREIN 7.8.

Jöfnunaraðgerðir.

1. Að því er varðar innkaup, sem þessi samningur tekur til, skal samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, ekki falast eftir, reikna með, koma á eða innleiða jöfnunaraðgerðir á neinu stigi innkaupa.

2. Í þessum kafla merkir „jöfnunaraðgerðir“ skilyrði eða framkvæmd sem stuðlar að staðbundinni framþróun eða bætir viðskiptajöfnuð samningsaðila, s.s. notkun innlends efnis, veiting leyfa fyrir tækni, fjárfestingar, gagnkvæm viðskipti og álíka aðgerðir eða kröfur,

ARTICLE 7.8

Offsets

1. With regard to covered procurement, a Party, including its procuring entities, shall not seek, take account of, impose, or enforce offsets at any stage of a procurement.

2. For the purposes of this Chapter, “offsets” means any condition or undertaking that encourages local development or improves a Party’s balance-of-payments accounts, such as the use of domestic content, the licensing of technology, investment, countertrade and similar actions or requirements.

GREIN 7.9.

Birting upplýsinga um innkaup.

1. Hver samningsaðili skal þegar í stað birta allar ráðstafanir sem hafa almennt gildi varðandi innkaup

ARTICLE 7.9

Publication of Procurement Information

1. Each Party shall promptly publish any measure of general application regarding covered procure-

sem þessi samningur tekur til og allar breytingar á þeim upplýsingum í viðeigandi miðlum, sem um getur í 2. viðbæti við XIV. viðauka (Almennar athugasemdir), þ.m.t. opinberlega tilnefndir rafrænir miðlar.

2. Hver samningsaðili skal skýra fyrrnefndar upplýsingar fyrir öðrum samningsaðila ef sá aðili óskar eftir því.

ment and any modification to this information, in the appropriate publications referred to in Appendix 2 to Annex XIV (General Notes), including officially designated electronic media.

2. Each Party shall, on request, provide to another Party an explanation relating to such information.

GREIN 7.10.

Birting auglýsinga.

1. Hver innkaupastofnun skal, vegna allra innkaupa, sem þessi samningur tekur til, birta auglýsingu þar sem birgjum er boðið að leggja fram tilboð eða, ef við á, umsóknir um þátttöku í því útboði (hér á eftir nefndar „auglýsing um fyrirhuguð innkaup“), nema við þær aðstæður sem um getur í 2. mgr. greinar 7.20 (Lokuð útboð). Birta skal auglýsinguna í þeim rafrænu miðlum eða prentmiðlum sem eru tilgreindir í 2. viðbæti við XIV. viðauka (Almennar athugasemdir) og allar slíkar auglýsingar skulu vera aðgengilegar allan þann tíma sem skila má tilboðum í viðkomandi innkaup.

2. Í hverri auglýsingu um fyrirhuguð innkaup komi eftirfarandi fram, nema kveðið sé á um annað í þessum kafla:

a) lýsing á fyrirhuguðum innkaupum,
b) aðferð sem notuð er við innkaupin,
c) öll skilyrði sem birgjar verða að uppfylla vegna þátttöku í innkaupunum,
d) heiti þeirrar stofnunar sem sendir út auglýsinguna,
e) heimilisfang og tengiliður þar sem birgjar geta nálgast öll skjöl varðandi innkaupin,
f) eftir atvikum, heimilisfang og lokadagsetning fyrir framlagningu beiðni um þátttöku í innkaupunum,
g) heimilisfang þar sem leggja skal fram tilboð og lokafrestur til þess,
h) dagsetningar fyrir afhendingu þeirrar vöru eða þjónustu sem kaupa á eða gildistími samningsins og
i) ábending um að innkaupin falli undir þennan kafla.

3. Innkaupastofnanir skulu birta auglýsingar tímanlega með því að nota úrræði sem veita áhugasömum birgjum hjá samningsaðilunum sem víðtækastan aðgang án mismununar. Slík úrræði skulu veitt endurgjaldslaust í gegnum einn þjónustustað sem er tilgreindur í 2. viðbæti við XIV. viðauka (Almennar athugasemdir).

4. Hver samningsaðili skal hvetja innkaupastofnanir sínar til að birta upplýsingar um fyrirhuguð innkaup þeirra í rafrænum miðli, sem er skráður í 2. viðbæti

ARTICLE 7.10

Publication of Notices

1. For each covered procurement, a procuring entity shall publish a notice inviting suppliers to submit tenders, or where appropriate, applications for participation for that procurement (hereinafter referred to as “the notice of intended procurement”), except in the circumstances referred to in paragraph 2 of Article 7.20 (Limited Tendering). The notice shall be published in the electronic or paper media listed in Appendix 2 to Annex XIV (General Notes), and each such notice shall be accessible during the entire period established for tendering for the relevant procurement.

2. Except as otherwise provided in this Chapter, each notice of intended procurement shall include:

(a) a description of the intended procurement;
(b) the procurement method;
(c) any conditions that suppliers must fulfil to participate in the procurement;
(d) the name of the entity issuing the notice;
(e) the address and contact where suppliers may obtain all documents relating to the procurement;
(f) where applicable, the address and any final date for the submission of requests for participation in the procurement;
(g) the address and the final date for the submission of tenders;
(h) the dates for delivery of the goods or services to be procured or the duration of the contract; and
(i) an indication that the procurement is covered by this Chapter.

3. Procuring entities shall publish the notices in a timely manner through means which offer the widest possible and non-discriminatory access to the interested suppliers of the Parties. These means shall be accessible free of charge through a single point of access specified in Appendix 2 to Annex XIV (General Notes).

4. Each Party shall encourage its procuring entities to publish in an electronic medium listed in Appendix 2 to Annex XIV (General Notes), as early as

við XIV. viðauka (Almennar athugasemdir), eins snemma og hægt er á viðkomandi reikningsári. Í slíkum auglýsingum skal tilgreina viðfangsefni opinberra innkaupa og áætlaðan birtingardag auglýsingar um fyrirhuguð innkaup.

possible in the fiscal year, information regarding the entities' future procurement plans. Such notices should include the subject matter of the procurement and the planned date of the publication of the notice of intended procurement.

GREIN 7.11.
Skilyrði fyrir þátttöku.

1. Við mat á því hvort birgir uppfylli skilyrði fyrir þátttöku skal samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans:

a) takmarka slík skilyrði við þau sem eru nauðsynleg til að tryggja að birgir hafi lagalegar og fjárhagslegar forsendur og viðskipta- og tæknilega getu til að sinna þeim innkaupum sem um ræðir og meta þær forsendur og þá getu á grundvelli viðskiptastarfsemi birgisins, bæði innan og utan yfirráðasvæðis samningsaðilans þar sem innkaupastofnunin er,
b) grundvalla ákvarðanir sínar eingöngu á þeim skilyrðum sem innkaupastofnun hefur tilgreint fyrir fram í auglýsingum eða útboðsgögnum,
c) ekki setja það skilyrði fyrir þátttöku birgis í opinberum innkaupum að innkaupastofnun viðkomandi samningsaðila hafi áður gert við hann einn eða fleiri samninga,
d) hafa heimild til að gera kröfu um fyrri reynslu þar sem það er nauðsynlegt til að uppfylla gerðar kröfur vegna innkaupanna og
e) heimila að allir innlendir birgjar og birgjar annars samningsaðila, sem uppfylla þátttökuskilyrði, verði viðurkenndir sem hæfir birgjar og sé heimilt að taka þátt í innkaupunum.

2. Samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, getur, þegar sönnunargögn styðja það, útilokað birgi af ástæðum eins og:

a) gjaldþroti,
b) röngum yfirlýsingum,
c) verulega miklum eða viðvarandi annmörkum á því að uppfylla efnislegar kröfur eða standa við skuldbindingar samkvæmt fyrri samningi eða samningum,
d) endanlegum dómum í alvarlegum sakamálum eða fyrir önnur alvarleg brot,
e) alvarlegu misferli í starfi eða aðgerðum eða aðgerðaleysi sem gefur neikvæða mynd af viðskiptaráðvendni viðkomandi birgis eða
f) ógreiddum sköttum.

ARTICLE 7.11
Conditions for Participation

1. In assessing whether a supplier satisfies the conditions for participation, a Party, including its procuring entities:

(a) shall limit such conditions to those that are essential to ensure that a supplier has the legal and financial capacities and the commercial and technical abilities to undertake the relevant procurement and evaluate those capacities and abilities on the basis of that supplier's business activities both inside and outside the territory of the Party of the procuring entity;
(b) shall base its determination solely on the conditions that the procuring entity has specified in advance in notices or tender documentation;
(c) may not impose the condition that, in order for a supplier to participate in a procurement, the supplier has previously been awarded one or more contracts by a procuring entity of the given Party;
(d) may require relevant prior experience where essential to meet the requirements of the procurement; and
(e) allow all domestic suppliers and suppliers of another Party that satisfy the conditions for participation to be recognised as qualified suppliers and to participate in the procurement.

2. Where there is supporting evidence, a Party, including its procuring entities, may exclude a supplier on grounds such as:

(a) bankruptcy;
(b) false declarations;
(c) significant or persistent deficiencies in performance of any substantive requirement or obligation under a prior contract or contracts;
(d) final judgments in respect of serious crimes or other serious offences;
(e) professional misconduct or acts or omissions that adversely reflect upon the commercial integrity of the supplier; or
(f) failure to pay taxes.

GREIN 7.12.
Skráningarkerfi og verklag
við ákvörðun hæfis.

1. Samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans,

ARTICLE 7.12
Registration Systems and
Qualification Procedures

1. A Party, including its procuring entities, may

getur haldið úti skráningarkerfi fyrir birgja þar sem áhugasömum birgjum er gert að skrá sig og veita tilteknar upplýsingar.

2. Innkaupastofnanir skulu ekki taka upp eða nota skráningarkerfi eða verklag við ákvörðun hæfis í þeim tilgangi eða með þeim afleiðingum að hindri að óþörfu þátttöku birgja annars samningsaðila í innkaupaferli þeirra.

3. Innkaupastofnanir skulu þegar í stað tilkynna þeim birgjum sem hafa farið fram á hæfismat um ákvörðun sína þar að lútandi. Ef innkaupastofnun hafnar beiðni um hæfismat eða viðurkennir ekki lengur hæfi birgis skal sú stofnun, að beiðni viðkomandi birgis, þegar í stað láta honum í té skriflega skýringu.

GREIN 7.13.

Fjölnotaskrár.

1. Innkaupastofnun getur stofnað eða viðhaldið skrá yfir birgja sem uppfylla skilyrði til að vera í þeirri skrá, þ.e. skrá sem hún hyggst nota oftar en einu sinni (hér á eftir nefnd „fjölnotaskrá“), að því tilskildu að auglýsing, þar sem áhugasömum birgjum er boðið að sækja um að vera í skránni, sé birt í viðeigandi miðli sem er skráður í 2. viðbæti við XIV. viðauka (Almennar athugasemdir).

2. Í auglýsingunni, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal eftirfarandi koma fram:

a) lýsing á vörum eða þjónustu eða flokkum þeirra sem heimilt er að hafa í fjölnotaskránni,

b) frestur til að leggja fram beiðni um að vera færður í skrána,

c) þau skilyrði fyrir þátttöku sem birgjar þurfa að uppfylla og þær aðferðir sem viðkomandi innkaupastofnun mun beita til að sannreyna að skilyrðin hafi verið uppfyllt,

d) nafn og heimilisfang innkaupastofnunar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um hvernig ná megi sambandi við stofnunina og fá öll viðeigandi skjöl sem skrána varða,

e) gildistími skrárinnar og hvernig hún er endurnýjuð eða henni eytt eða, þegar gildistíminn er ekki gefinn upp, upplýsingar um með hvaða hætti tilkynnt verður um að notkun skrárinnar hafi verið hætt og

f) ábending um að nota megi skrána fyrir innkaup sem falla undir ákvæði þessa kafla.

3. Innkaupastofnun skal heimila birgjum að óska, hvenær sem er, eftir því að verða færðir í fjölnotaskrá og skal færa alla hæfa birgja í skrána eins skjótt og aðstæður leyfa.

maintain a supplier registration system under which interested suppliers are required to register and provide certain information.

2. Procuring entities shall not adopt or apply any registration system or qualification procedure with the purpose or the effect of creating unnecessary obstacles to the participation of suppliers of another Party in its procurement.

3. A procuring entity shall promptly communicate to any supplier that has applied for qualification its decision on whether that supplier is qualified. Where an entity rejects an application for qualification or ceases to recognise a supplier as qualified, that entity shall, on request of the supplier, promptly provide it a written explanation.

ARTICLE 7.13

Multi-Use Lists

1. A procuring entity may establish or maintain a list of suppliers that satisfy the conditions for participation in that list, and that the procuring entity intends to use more than once (hereinafter referred to as “the multi-use list”), provided that a notice inviting interested suppliers to apply for inclusion in the list is published in the appropriate medium listed in Appendix 2 to Annex XIV (General Notes).

2. The notice provided for in paragraph 1 shall include:

(a) a description of the goods or services, or categories thereof, for which the multi-use list may be used;

(b) any deadlines for submission of applications for inclusion in the list;

(c) the conditions for participation to be satisfied by suppliers and the methods that the procuring entity will use to verify a supplier’s satisfaction of the conditions;

(d) the name and address of the procuring entity and any other information necessary to contact the entity and obtain all relevant documents relating to the list;

(e) the period of validity of the list and the means for its renewal or termination, or where the period of validity is not provided, an indication of the method by which notice will be given of the termination of use of the list; and

(f) an indication that the list may be used for procurement covered by this Chapter.

3. A procuring entity shall allow suppliers to apply at any time for inclusion in its multi-use list and shall include in that list all qualified suppliers within a reasonably short time.

GREIN 7.14.
Útboðsgögn.

1. Innkaupastofnun skal láta birgjum í té útboðsgögn sem innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til að gera þeim kleift að semja og leggja fram svartilboð. Útboðsgögnin skulu, nema það komi þegar fram í auglýsingu um fyrirhuguð innkaup skv. grein 7.10 (Birting auglýsinga), innihalda ítarlega lýsingu á:

a) innkaupunum, m.a. á því hvers eðlis sú vara eða þjónusta er sem kaupa á inn og á magni hennar eða, þegar magnið er óþekkt, á því hvert áætlað magn er og á þeim kröfum sem uppfylla ber, þ.m.t. allar tækniforskriftir, vottorð um samræmismat, áætlanir, teikningar eða leiðbeiningar,

b) öllum skilyrðum fyrir þátttöku birgja, þ.m.t. skrá með upplýsingum og skjölum sem birgjar þurfa að leggja fram í þessu sambandi,

c) öllum matsviðmiðunum, sem þarf að taka tillit til við úthlutun samnings, nema eingöngu sé miðað við verð en þá skal lýsa hlutfallslegu mikilvægi slíkra viðmiðana,

d) þegar innkaupastofnun hyggst gera innkaup með rafrænum hætti, hvers konar kröfum um sannvottun og dulkóðun eða öðrum kröfum sem tengjast viðtöku upplýsinga í rafrænu formi,

e) þegar innkaupastofnun heldur rafrænt uppboð samkvæmt grein 7.21 (Rafræn uppboð), þeim reglum sem gilda um uppboðið, þ.m.t. auðkenni þeirra þátta tilboðsins sem tengjast matsviðmiðunum,

f) þegar tilboð eru opnuð opinberlega, dagsetningu, tímasetningu og staðsetningu opnunar og, eftir atvikum, upplýsingum um þá aðila sem mega vera viðstaddir,

g) hvers konar öðrum skilmálum eða skilyrðum, þ.m.t. greiðsluskilyrðum og hvers konar takmörkunum á því með hvaða hætti heimilt er að leggja inn tilboð, t.d. á pappír eða á rafrænu formi og

h) dagsetningu fyrir afhendingu vöru eða veitingu þjónustu eða gildistíma samningsins.

2. Ef samningsstofnanir bjóða ekki frjálsan og beinan aðgang að öllum útboðsgögnum og öllum fylgiskjölum með rafrænum hætti skulu stofnanirnar hafa útboðsgögnin tiltæk, án tafar, ef einhver af birgjum samningsaðilanna vill kynna sér þau.

ARTICLE 7.14
Tender Documentation

1. A procuring entity shall provide to suppliers tender documentation that includes all information necessary to permit suppliers to prepare and submit responsive tenders. Unless already provided for in the notice of intended procurement pursuant to Article 7.10 (Publication of Notices), such documentation shall include a complete description of:

(a) the procurement, including the nature and the quantity of the goods or services to be procured or, where the quantity is not known, the estimated quantity and any requirements to be fulfilled, including any technical specifications, conformity assessment certification, plans, drawings, or instructional materials;

(b) any conditions for participation of suppliers, including a list of information and documents that suppliers are required to submit in connection therewith;

(c) all evaluation criteria to be considered in the awarding of the contract, and, except where price is the sole criterion, the relative importance of such criteria;

(d) where the procuring entity will conduct the procurement by electronic means, any authentication and encryption requirements or other requirements related to the receipt of information by electronic means;

(e) where the procuring entity will hold an electronic auction pursuant to Article 7.21 (Electronic Auctions), the rules, including identification of the elements of the tender related to the evaluation criteria, on which the auction will be conducted;

(f) where there will be a public opening of tenders, the date, time, and place for the opening and, where appropriate, the persons authorised to be present;

(g) any other terms or conditions, including terms of payment and any limitation on the means by which tenders may be submitted, e.g., paper or electronic means; and

(h) any dates for the delivery of goods or the supply of services or the duration of the contract.

2. Where contracting entities do not offer free direct access to the entire tender documents and any supporting documents by electronic means, entities shall make promptly available the tender documentation at the request of any interested supplier of the Parties.

GREIN 7.15.
Tækniforskriftir.

1. Innkaupastofnun skal ekki undirbúa, samþykkja eða beita neinum tækniforskriftum eða mæla fyrir um aðferðir við samræmismat í því skyni eða sem leiða til þess að settar verði óþarfar hindranir í milliríkjaviðskiptum samningsaðilanna.
2. Þegar samningsstofnun mælir fyrir um tækniforskriftir fyrir vörur eða þjónustu sem kaupa á, skal hún, eftir atvikum:
a) setja tækniforskriftir með tilliti til nothæfis og krafa um virkni fremur en til hönnunar eða lýsandi eiginleika og
b) byggja tækniforskriftirnar á alþjóðlegum stöðlum, ef til eru, en að öðrum kosti á innlendum tækninreglum, viðurkenndum landsstöðlum eða byggingarreglugerðum.
3. Innkaupastofnun hefur ekki heimild til að mæla fyrir um tækniforskriftir, þar sem krafist er eða vísað til tiltekins vörumerkis eða viðskiptaheitis, einkaleyfis, höfundarréttar, hönnunar eða gerðar, sérstaks uppruna, framleiðanda eða birgis, nema ekki sé hægt að lýsa útboðsskilmálum með öðrum hætti nægilega vel eða svo að skiljist og að því tilskildu að í slíkum tilvikum séu orð eins og „eða sambærilegt“ látin fylgja með í útboðsgögnum.
4. Innkaupastofnun skal ekki leita eftir eða taka við ráðgjöf, sem hefði þau áhrif að útiloka samkeppni, þ.e. ráðgjöf sem kann að verða notuð til að undirbúa eða samþykkja tækniforskriftir vegna sérstakra innkaupa frá aðila sem kann að hafa viðskiptalegra hagsmuna að gæta í innkaupunum.
5. Til frekari glöggvunar er skilningur samningsaðilanna sá að samningsaðila, þar með taldar innkaupastofnanir hans, sé heimilt, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, að undirbúa, samþykkja eða beita tækniforskriftum til þess að stuðla að aukinni varðveislu náttúruauðlinda eða umhverfisvernd.

ARTICLE 7.15
Technical Specifications

1. A procuring entity shall not prepare, adopt, or apply any technical specification or prescribe any conformity assessment procedure with the purpose or the effect of creating unnecessary obstacles to international trade among the Parties.
2. In prescribing the technical specifications for the goods or services being procured, a procuring entity shall, where appropriate:
(a) establish the technical specification in terms of performance and functional requirements, rather than design or descriptive characteristics; and
(b) base the technical specification on international standards, where such exist or otherwise, on national technical regulations, recognised national standards or building codes.
3. A procuring entity may not prescribe any technical specifications that require or refer to a particular trademark or trade name, patent, copyright, design or type, specific origin, producer, or supplier, unless there is no other sufficiently precise or intelligible way of describing the procurement requirements and provided that, in such cases, words such as “or equivalent” are also included in the tender documentation.
4. A procuring entity shall not seek or accept, in a manner that would have the effect of precluding competition, advice that may be used in the preparation or adoption of any technical specification for a specific procurement from a person that may have a commercial interest in the procurement.
5. For greater certainty, the Parties understand that a Party, including its procuring entities, may, in accordance with this Article, prepare, adopt, or apply technical specifications to promote the conservation of natural resources or protect the environment.

GREIN 7.16.
Breytingar á útboðsgögnum og tækniforskriftum.

Ef innkaupastofnun breytir, áður en samningi er úthlutað, viðmiðunum eða tæknilegum kröfum, sem settar eru fram í auglýsingu eða útboðsgögnum sem eru afhent birgjum sem taka þátt í útboði, eða breytir eða gefur út að nýju auglýsingu eða útboðsgögn, skal hún senda, í skriflegu formi, allar slíkar breytingar eða breyttar eða endurútgefnar auglýsingar eða útboðsgögn:
a) öllum birgjum, sem taka þátt í útboðinu á þeim tíma sem upplýsingunum er breytt, ef vitað er hverjir þeir eru, og í öllum öðrum tilvikum á

ARTICLE 7.16
Modifications of the Tender Documentation and Technical Specifications

Where, prior to the award of a contract, a procuring entity modifies the criteria or technical requirements set out in a notice or tender documentation provided to participating suppliers, or amends or re-issues a notice or tender documentation, it shall transmit in writing all such modifications or amended or re-issued notice or tender documentation:

(a) to all suppliers that are participating at the time the information is amended, if known, and in all

sama hátt og upprunalegu upplýsingarnar voru sendar og

b) í tæka tíð til að slíkir birgjar geti gert breytingar og lagt fram að nýju breytt tilboð, eftir því sem við á.

other cases, in the same manner as the original information was transmitted; and

(b) in adequate time to allow such suppliers to modify and re-submit amended tenders, as appropriate.

GREIN 7.17.

Frestur.

Innkaupastofnun skal gefa birgjum nægan tíma til að sækja um að taka þátt í innkaupum og undirbúa og leggja fram tilboð, að teknu tilliti til hvers eðlis og hve flókin innkaupin eru. Hver samningsaðili skal gefa frest sem samrýmist þeim skilyrðum er um getur í 3. viðbæti við XIV. viðauka (Almennar athugasemdir).

ARTICLE 7.17

Time Limits

A procuring entity shall provide suppliers sufficient time to submit applications to participate in a procurement, and prepare and submit responsive tenders, taking into account the nature and complexity of the procurement. Each Party shall apply time limits according to the conditions specified in Appendix 3 to Annex XIV (General Notes).

GREIN 7.18.

Útboðsferli.

1. Innkaupastofnanir gera innkaupasamninga með almennum útboðum, útboðum með forvali eða lokuðum útboðum samkvæmt landslögum sínum í samræmi við ákvæði þessa kafla og án mismununar.

2. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „almennt útboð“ innkaupaaðferð þar sem allir áhugasamir birgjar geta lagt fram tilboð. Það er skilningur samningsaðila að í almennu útboði felist fyrirkomulag eins og rammasamningur og gagnvirkt innkaupakerfi (niðurboð) samkvæmt löggjöf hvers og eins,

b) „útboð með forvali“ merkir innkaupaaðferð þar sem einungis hæfir birgjar fá boð frá innkaupastofnun um að leggja fram tilboð,

c) „lokað útboð“ merkir innkaupaaðferð þar sem innkaupastofnunin hefur samband við birgir eða birgja að vild,

ARTICLE 7.18

Tendering Procedures

1. Procuring entities shall award their public contracts by open, selective or limited tendering procedures according to their national legislation in compliance with this Chapter and in a non-discriminatory manner.

2. For the purposes of this Chapter:

(a) "open tendering" means a procurement method whereby all interested suppliers may submit a tender. The Parties understand that open tendering procedures include modalities such as framework agreement and reverse auction according to their respective legislation;

(b) "selective tendering" means a procurement method whereby only qualified suppliers are invited by the procuring entity to submit a tender; and

(c) "limited tendering" means a procurement method whereby the procuring entity contacts a supplier or suppliers of its choice.

GREIN 7.19.

Útboð með forvali.

1. Þegar innkaupastofnun hyggst efna til útboðs með forvali skal hún:

a) fella inn í auglýsingu um fyrirhuguð innkaup a.m.k. þær upplýsingarnar sem eru tilgreindar í a-, b-, c-, d-, e-, f-, og i-lið 2. mgr. í grein 7.10 (Birting auglýsinga) og bjóða birgjum að leggja fram þátttökubeiðni og

b) veita hæfum birgjum, við upphaf útboðsfrests, a.m.k. þær upplýsingar sem gert er ráð fyrir skv. g- og h-lið 2. mgr. í grein 7.10 (Birting auglýsinga) og tilkynnt er að séu tilgreindar í 2. mgr. 3. viðbætis við XIV. viðauka (Almennar athugasemdir).

ARTICLE 7.19

Selective Tendering

1. Where a procuring entity intends to use selective tendering, the entity shall:

(a) include in the notice of intended procurement at least the information specified in subparagraphs 2 (a), (b), (c), (d), (e), (f) and (i) of Article 7.10 (Publication of Notices) and invite suppliers to submit a request for participation; and

(b) provide, by the commencement of the time-period for tendering, at least the information in subparagraphs 2 (g) and (h) of Article 7.10 (Publication of Notices) to the qualified suppliers that it notifies as specified in paragraph 2 of Appendix 3 to Annex XIV (General Notes).

2. Innkaupastofnun skal viðurkenna sem hæfa birgja þá innlendu birgja og birgja annarra samningsaðila sem uppfylla skilyrði fyrir þátttöku í tilteknum innkaupum nema innkaupastofnunin tilgreini, í auglýsingu um fyrirhuguð innkaup eða í útboðsgögnum, ef þau eru aðgengileg almenningi, hvers konar takmarkanir á þeim fjölda birgja, sem verður heimilað að leggja fram tilboð, og forsendur fyrir vali takmarkaðs fjölda birgja.
3. Ef útboðsgögn eru ekki gerð aðgengileg almenningi frá og með þeim degi þegar auglýsingin, sem um getur í 1. mgr., er birt skulu innkaupastofnanir sjá til þess að gögnin séu samtímis aðgengileg öllum hæfum birgjum sem eru valdir.

4. Innkaupastofnanir, sem halda varanlegar skrár yfir hæfa birgja, geta valið birgja, sem fá boð um að leggja fram tilboð, úr hópi þeirra sem eru skráðir, með þeim skilyrðum sem um getur í grein 7.10 (Birting auglýsinga).

2. A procuring entity shall recognise as qualified suppliers such domestic suppliers and suppliers of another Party that meet the conditions for participation in a particular procurement, unless the procuring entity states in the notice of intended procurement or, where publicly available, in the tender documentation, any limitation on the number of suppliers that will be permitted to tender and the criteria for selecting the limited number of suppliers.
3. Where the tender documentation is not made publicly available from the date of publication of the notice referred to in paragraph 1, procuring entities shall ensure that those documents are made available at the same time to all selected qualified suppliers.
4. Procuring entities maintaining permanent lists of qualified suppliers may select suppliers to be invited to tender from among those listed, under the conditions set out in Article 7.10 (Publication of Notices).

GREIN 7.20.
Lokuð útboð.

1. Innkaupastofnun er heimilt, að því tilskildu að hún beiti ekki þessu ákvæði í þeim tilgangi að komast hjá samkeppni meðal birgja eða á þann hátt að mismuni birgjum frá öðrum samningsaðila eða verndi innlenda birgja, að nota lokað útboð og að kjósa að beita ekki ákvæðum greinar 7.10 (Birting auglýsinga), greinar 7.11 (Skilyrði fyrir þátttöku), greinar 7.14 (Útboðsgögn), greinar 7.15 (Tækniforskriftir), greinar 7.16 (Breytingar á útboðsgögnum og tækniforskriftum), greinar 7.17 (Tímamörk), greinar 7.21 (Rafræn uppboð), greinar 7.22 (Samningaviðræður), greinar 7.23 (Opnun tilboða) og greinar 7.24 (Samningsgerð) einvörðungu við eftirfarandi kringumstæður:

a) að því tilskildu að ekki séu gerðar verulegar breytingar á kröfum um útboðsgögn, þegar:
   i. engin tilboð berast eða engir birgjar óska eftir þátttöku,
   ii. engin tilboð, sem samrýmast meginkröfum í útboðsgögnum, eru lögð fram,
   iii. engir birgjar uppfylla skilyrði fyrir þátttöku eða
   iv. tilboð, sem eru lögð fram, fela í sér samráð,
b) þegar einungis tiltekinn birgir getur útvegað vörur eða þjónustu og ekki er um annan raunhæfan valkost að ræða eða vöru eða þjónustu sem getur komið í staðinn, af eftirfarandi ástæðum:
   i. kröfurnar eru vegna listaverks,
   ii. vegna verndar einkaleyfa, höfundarréttar eða annars einkaréttar eða

ARTICLE 7.20
Limited Tendering

1. Provided that it does not use this provision for the purpose of avoiding competition among suppliers or in a manner that discriminates against suppliers of another Party or protects domestic suppliers, a procuring entity may use limited tendering and may choose not to apply Articles 7.10 (Publication of Notices), 7.11 (Conditions for Participation), 7.14 (Tender Documentation), 7.15 (Technical Specifications), 7.16 (Modifications of the Tender Documentation and Technical Specifications), 7.17 (Time Limits), 7.21 (Electronic Auctions), 7.22 (Negotiations), 7.23 (Opening of Tenders) and 7.24 (Contract Awards) only under the following circumstances:

(a) provided that the requirements of the tender documentation are not substantially modified where:
   (i) no tenders were submitted, or no supplier requested participation;
   (ii) no tenders that conform to the essential requirements of the tender documentation were submitted;
   (iii) no suppliers satisfied the conditions for participation; or
   (iv) the tenders submitted have been collusive;
(b) where the goods or services can be supplied only by a particular supplier and no reasonable alternative or substitute goods or services exist for any of the following reasons:
   (i) the requirement is for a work of art;
   (ii) the protection of patents, copyrights or other exclusive rights; or

iii. vegna ónógrar samkeppni af tæknilegum ástæðum,

c) þegar um er að ræða frekari afhendingu upphaflegs birgis á vöru eða þjónustu, sem var ekki innifalin í hinum upphaflegu innkaupum, og skipti á birgi vegna afhendingar á slíkum viðbótarvörum eða -þjónustu:

i. getur ekki orðið af efnahagslegum eða tæknilegum ástæðum, s.s. vegna krafna um skiptihæfi eða rekstrarsamhæfi við þann búnað, hugbúnað, þjónustu eða uppsetningu sem fyrir er og fylgir í upphaflegu innkaupunum og

ii. myndi valda viðkomandi innkaupastofnun verulegum óþægindum eða umtalsverðum kostnaðarauka,

d) ef það er bráðnauðsynlegt og ekki er hægt, af knýjandi ástæðum sem innkaupastofnunin gat ekki séð fyrir, að fá vörur eða þjónustu í tæka tíð með því að efna til almenns útboðs eða útboðs með forvali,

e) þegar um er að ræða innkaup á vörumarkaði,

f) þegar innkaupastofnun kaupir frumgerðir eða fyrstu vöru eða þjónustu sem þróuð er að beiðni viðkomandi stofnunar í tengslum við, tiltekinn samning um rannsókn, tilraun, athugun eða frumþróun,

g) þegar um er að ræða innkaup við sérlega hagstæð skilyrði, sem skapast um skamma hríð þegar óvenjulegar ráðstafanir eru gerðar, t.d. við skuldalúkningu, skiptameðferð, opinbert uppboð eða gjaldþrot, en ekki við venjubundin kaup af venjulegum birgjum eða

h) þegar samningur er gerður við sigurvegara í hönnunarsamkeppni, að því tilskildu að:

i. samkeppnin hafi verið skipulögð með þeim hætti að samrýmist meginreglum þessa kafla, einkum að því er varðar birtingu auglýsingar um fyrirhuguð innkaup samkvæmt grein 7.10 (Birting auglýsinga) og

ii. þátttakendur séu metnir af óháðri dómnefnd með það fyrir augum að gengið verði til samninga um hönnunina við sigurvegara.

2. Innkaupastofnun skal taka saman skriflega skýrslu um sérhvern samning sem er gerður skv. 1. mgr. Í skýrslunni skal koma fram nafn viðkomandi innkaupastofnunar, andvirði og tegund keyptrar vöru eða þjónustu og yfirlýsing þar sem fram koma aðstæður og skilyrði sem er lýst í 1. mgr. og voru rökstuðningur fyrir lokuðu útboði.

(iii) due to an absence of competition for technical reasons;

(c) for additional deliveries by the original supplier of goods or services that were not included in the initial procurement where a change of supplier for such additional goods or services:

(i) cannot be made for economic or technical reasons such as requirements of interchangeability or inter-operability with existing equipment, software, services or installations procured under the initial procurement; and

(ii) would cause significant inconvenience or substantial duplication of costs for the procuring entity;

(d) insofar as is strictly necessary where, for reasons of extreme urgency brought about by events unforeseeable by the procuring entity, the goods or services cannot be obtained in time using an open or selective tendering procedure;

(e) for purchases made on a commodity market;

(f) where a procuring entity procures prototypes or a first good or service which are developed at its request in the course of, and for, a particular contract for research, experiment, study or original development;

(g) for purchases made under exceptionally advantageous conditions that only arise in the very short term in the case of unusual disposals such as those arising from liquidation, receivership, public auction or bankruptcy, but not for routine purchases from regular suppliers; or

(h) where a contract is awarded to a winner of a design contest provided that:

(i) the contest has been organised in a manner that is consistent with the principles of this Chapter, in particular relating to the publication of a notice of intended procurement pursuant to Article 7.10 (Publication of Notices); and

(ii) the participants are judged by an independent jury with a view to a design contract being awarded to a winner.

2. A procuring entity shall prepare a report in writing on each contract awarded under paragraph 1. The report shall include the name of the procuring entity, the value and kind of goods or services procured, and a statement indicating the circumstances and conditions described in paragraph 1 that justified the use of limited tendering.

GREIN 7.21.
Rafræn uppboð.

1. Ef innkaupastofnun hyggst gera innkaup, sem þessi samningur tekur til, með rafrænu uppboði skal hún láta hverjum þátttakanda í té, áður en rafræna uppboðið hefst:

a) sjálfvirka matsaðferð, þ.m.t. reiknilíkan, sem er byggð á þeim matsviðmiðunum sem eru settar fram í útboðsgögnum og sem verður notuð við sjálfvirka flokkun eða endurflokkun meðan á uppboðinu stendur,
b) niðurstöður úr frummati á þáttum tilboðs hans þegar gera á samning á grundvelli hagstæðasta tilboðs og
c) allar aðrar viðeigandi upplýsingar varðandi framkvæmd uppboðsins.

2. Í þessum kafla merkir „rafrænt uppboð“ endurtekningarferli sem felst í því að birgjar nota rafrænar aðferðir til að kynna annaðhvort nýtt verð eða ný gildi fyrir magnmælanlega þætti tilboðsins, ótengda verðlagningu, sem tengjast matsviðmiðunum, eða hvort tveggja, sem leiðir til þess að tilboðum er raðað eða endurraðað.

ARTICLE 7.21
Electronic Auctions

1. Where a procuring entity intends to conduct a covered procurement using an electronic auction, the entity shall provide each participant, before commencing the electronic auction, with:

(a) the automatic evaluation method, including the mathematical formula, that is based on the evaluation criteria set out in the tender documentation and that will be used in the automatic ranking or re-ranking during the auction;
(b) the results of any initial evaluation of the elements of its tender where the contract is to be awarded on the basis of the most advantageous tender; and
(c) any other relevant information relating to the conduct of the auction.

2. For the purposes of this Chapter, "electronic auction" means an iterative process that involves the use of electronic means for the presentation by suppliers of either new prices, or new values for quantifiable non-price elements of the tender related to the evaluation criteria, or both, resulting in a ranking or re-ranking of tenders.

GREIN 7.22.
Samningaviðræður.

1. Samningsaðili getur mælt fyrir um að innkaupastofnanir hans hefji samningaviðræður:

a) vegna innkaupa, hafi þær greint frá fyrirætlunum um slíkar viðræður í auglýsingu um fyrirhugað innkaup samkvæmt grein 7.10 (Birting auglýsinga) eða
b) ef mat leiðir í ljós að ekkert eitt tilboð sé augljóslega hagstæðast með tilliti til þeirra ákveðnu matsviðmiðana sem settar eru fram í auglýsingum eða útboðsgögnum.

2. Innkaupastofnanir skulu ekki mismuna birgjum sem taka þátt í samningaviðræðum.

3. Stofnun skal:

a) sjá til þess hvers konar útilokun birgja frá þátttöku í samningaviðræðum sé í samræmi við þær matsviðmiðanir sem eru settar fram í auglýsingum og útboðsgögnum og
b) veita þeim birgjum sem eftir eru þegar viðræðum lýkur sama frest til þess að leggja fram ný eða endurskoðuð tilboð.

ARTICLE 7.22
Negotiations

1. A Party may provide for its procuring entities to conduct negotiations:

(a) in the context of procurements in which they have indicated such intent in the notice of intended procurement pursuant to Article 7.10 (Publication of Notices); or
(b) where it appears from the evaluation that no one tender is obviously the most advantageous in terms of the specific evaluation criteria set forth in the notices or tender documentation.

2. Procuring entities shall not, in the course of negotiations, discriminate between participating suppliers.

3. An entity shall:

(a) ensure that any elimination of suppliers participating in negotiations is carried out in accordance with the evaluation criteria set out in the notices or tender documentation; and
(b) where negotiations are concluded, provide a common deadline for the remaining participating suppliers to submit any new or revised tenders.

GREIN 7.23.
Opnun tilboða.

1. Innkaupastofnun skal taka á móti og opna öll tilboð með aðferðum sem tryggja sanngirni og óhlutdrægni í innkaupaferlinu og þagnarskyldu varðandi

ARTICLE 7.23
Opening of Tenders

1. A procuring entity shall receive and open all tenders under procedures that guarantee the fairness and impartiality of the procurement process and the

tilboðin. Hún skal einnig gæta trúnaðar í meðferð tilboða, a.m.k. þar til þau hafa verið opnuð.

2. Þegar innkaupastofnun veitir birgjum tækifæri til að leiðrétta óviljandi formgalla milli þess að tilboð eru opnuð og þar til samningi er úthlutað skal stofnunin veita öllum birgjum, sem taka þátt í útboðinu, sama tækifæri.

GREIN 7.24.
Úthlutun samninga.

1. Innkaupsstofnun skal gera kröfu um að til þess að eiga möguleika á samningi skuli tilboð lagt fram:

a) skriflega og samræmast, þegar það er opnað, þeim grunnkröfum sem tilgreindar eru í auglýsingum og útboðsgögnum og
b) af birgi sem uppfyllir öll skilyrði um þátttöku.

2. Innkaupastofnun skal, nema hún ákveði að úthlutun samnings þjóni ekki hagsmunum almennings, ganga til samninga við þann birgi sem stofnunin hefur ákvarðað að uppfylli skilyrði fyrir þátttöku og sé fyllilega fær um að standa við samninginn og tilboð hans sé hagstæðast þegar eingöngu er tekið tillit til krafna og matsviðmiðana sem eru tilgreindar í auglýsingum og útboðsgögnum eða, þegar verð er eina viðmiðunin, á grundvelli lægsta verðs.

3. Ef innkaupastofnun fær tilboð þar sem verð er óeðlilega lágt, miðað við tilgreint verð í öðrum tilboðum sem hafa verið lögð fram, er henni heimilt að sannreyna hjá birgi hvort hann sé fær um að uppfylla þátttökuskilyrðin og standa við samningsskilmála.

4. Innkaupastofnun er óheimilt að hætta við innkaup eða falla frá eða breyta samningum sem hefur verið úthlutað á þann hátt að farið sé í kringum skuldbindingar samkvæmt þessum kafla.

GREIN 7.25.
Gagnsæi upplýsinga um innkaup.

1. Innkaupastofnun skal þegar í stað upplýsa birgja, sem hafa lagt fram tilboð, um ákvarðanir sínar um samningsgerð og gera það skriflega sé þess óskað. Innkaupastofnun skal, með fyrirvara um ákvæði greinar 7.26 (Upplýsingagjöf) og samkvæmt beiðni, gefa birgi, sem hefur lagt fram tilboð sem ekki er gengið að, skýringu á ástæðum stofnunarinnar fyrir því og hvaða kosti tilboð þess birgis sem samið er við hefur umfram tilboð hans.
2. Eigi síðar en 72 dögum eftir ákvörðun um samningsgerð skal innkaupastofnun birta, á pappír eða í rafrænum miðli sem er tilgreindur í XIV. viðauka

confidentiality of tenders. It also shall treat tenders in confidence until at least the opening of the tenders.
2. Where a procuring entity provides suppliers with an opportunity to correct unintentional errors of form between the opening of tenders and the awarding of the contract, the entity shall provide the same opportunity to all participating suppliers.

ARTICLE 7.24
Contract Awards

1. A procuring entity shall require that, in order to be considered for an award, a tender shall be submitted:
(a) in writing and shall, at the time of opening, comply with the essential requirements specified in the notices and tender documentation; and
(b) by a supplier that satisfies any conditions for participation.
2. Unless a procuring entity determines that it is not in the public interest to award a contract, the entity shall award the contract to the supplier that the entity has determined satisfies the conditions for participation and is fully capable of undertaking the contract and whose tender is determined to be the most advantageous solely on the basis of the requirements and evaluation criteria specified in the notices and tender documentation, or where price is the sole criterion, the lowest price.
3. Where a procuring entity receives a tender with a price that is abnormally lower than the prices in other tenders submitted, it may verify with the supplier that it can comply with the conditions of participation and is capable of fulfilling the terms of the contract.
4. A procuring entity may not cancel a procurement or terminate or modify awarded contracts in a manner that circumvents the obligations under this Chapter.

ARTICLE 7.25
Transparency in Procurement Information

1. A procuring entity shall promptly inform suppliers that have submitted tenders of its contract award decisions and, on request, shall do so in writing. Subject to Article 7.26 (Disclosure of Information), a procuring entity shall, on request, provide an unsuccessful supplier with an explanation of the reasons for not selecting that supplier's tender and the relative advantages of the successful supplier's tender.
2. No later than 72 days after an award, a procuring entity shall publish in a paper or electronic medium listed in Annex XIV (General Notes), a notice that

(Almennar athugasemdir), auglýsingu þar sem fram koma a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um samninginn:

a) nafn og heimilisfang innkaupastofnunarinnar,
b) lýsing á þeirri vöru eða þjónustu sem er keypt,
c) dagsetning úthlutunar,
d) nafn og heimilisfang birgis sem samið er við,
e) verðgildi samningsins og
f) sú innkaupaaðferð sem er notuð og, í tilvikum þar sem beitt hefur verið málsmeðferð samkvæmt grein 7.20 (Lokuð útboð), lýsing þeirra aðstæðna sem réttlæta notkun slíkrar málsmeðferðar.

3. Innkaupastofnun skal halda skýrslur og skrár yfir útboðsferli við innkaup sem þessi samningur tekur til, þ.m.t. skýrslur sem kveðið er á um í 2. mgr. í grein 7.20 (Lokuð útboð), og skal geyma þessar skýrslur og skrár í a.m.k. þrjú ár eftir gerð samnings.

includes at least the following information about the contract:

(a) name and address of the procuring entity;
(b) description of the goods or services procured;
(c) date of award;
(d) name and address of the successful supplier;
(e) contract value; and
(f) procurement method used and, in cases where a procedure has been used pursuant to Article 7.20 (Limited Tendering), a description of the circumstances justifying the use of such procedure.

3. A procuring entity shall maintain reports and records of tendering procedures relating to covered procurement, including the reports provided for in paragraph 2 of Article 7.20 (Limited Tendering), and shall retain such reports and records for a period of at least three years after the award of a contract.

GREIN 7.26.
Upplýsingagjöf.

1. Samningsaðili skal, ef annar samningsaðili óskar eftir því, veita þegar í stað allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að ákvarða hvort innkaup hafi farið fram með sanngjörnum hætti, hvort óhlutdrægni hafi verið gætt og hvort þau hafi farið fram í samræmi við ákvæði þessa kafla. Upplýsingarnar skulu m.a. gefa til kynna eiginleika þess tilboðs sem er tekið og kosti þess samanborið við önnur.

2. Engum samningsaðila, innkaupastofnun eða endurskoðunaryfirvaldi er heimilt að veita upplýsingar, ef sá aðili sem upplýsingarnar veitti hefur merkt þær sem trúnaðarmál í samræmi við landslög, nema til komi leyfi þess aðila.

3. Þrátt fyrir önnur ákvæði þessa kafla hefur samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, ekki heimild til að veita tilteknum birgi upplýsingar sem gætu skaðað eðlilega samkeppni milli birgja.

4. Ekkert í þessum kafla skal túlka þannig að þess sé krafist að samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, yfirvöld og endurskoðunarstofnanir láti af hendi trúnaðarupplýsingar samkvæmt þessum kafla ef afhending þeirra:

a) myndi hindra framfylgd laga,
b) gæti heft eðlilega samkeppni milli birgja,
c) myndi skaða lögmæta viðskiptahagsmuni tiltekinna aðila, þ.m.t. vernd hugverkaréttar, eða
d) myndi á annan hátt stríða gegn almannahagsmunum.

ARTICLE 7.26
Disclosure of Information

1. On request of another Party, a Party shall provide promptly any information necessary to determine whether a procurement was conducted fairly, impartially and in accordance with this Chapter. The information shall include information on the characteristics and relative advantages of the successful tender.

2. No Party, procuring entity or review authority may disclose information that the person providing it has designated as confidential in accordance with domestic law, except with the authorisation of such person.

3. Notwithstanding any other provision of this Chapter, a Party, including its procuring entities, may not provide information to a particular supplier that might prejudice fair competition between suppliers.

4. Nothing in this Chapter shall be construed to require a Party, including its procuring entities, authorities, and review bodies, to release confidential information under this Chapter where release:

(a) would impede law enforcement;
(b) might prejudice fair competition between suppliers;
(c) would prejudice the legitimate commercial interests of particular persons, including the protection of intellectual property; or
(d) would otherwise be contrary to the public interest.

GREIN 7.27.
Innlend málsmeðferð vegna vefengingar birgja.

1. Ef birgir samningsaðila ber fram kvörtun um meint brot á ákvæðum þessa kafla um innkaup, sem þessi samningur tekur til, skal sérhver samningsaðili hvetja birgja til að leita eftir skýringum hjá innkaupastofnunum sínum með viðræðum með það fyrir augum að greiða fyrir lausn slíkra kvörtunarmála.
2. Hver samningsaðili skal sjá til þess að tímanleg, skilvirk og gagnsæ endurskoðun fari fram af hálfu stjórnsýslu eða dómsvalds, án mismununar, samkvæmt viðeigandi grunnreglu um málsmeðferð sem birgir getur nýtt sér til að vefengja meint brot á ákvæðum þessa kafla sem upp koma í tengslum við innkaup sem þessi samningur tekur til og varða eða hafa varðað hagsmuni hans.
3. Hver birgir skal fá nægan tíma til að undirbúa og leggja fram vefengingu og skal hann undir engum kringumstæðum vera skemmri en tíu dagar frá þeim tíma þegar birgi varð kunnugt, eða hefði mátt ætla að honum væri kunnugt, um tilefni vefengingar.

4. Hver samningsaðili skal koma á fót eða tilnefna a.m.k. eina óhlutdræga stjórnsýslustofnun eða dómsvald, sem er óháð innkaupastofnunum hans, til að taka við og taka til athugunar erindi birgis um vefengingu, sem tengist innkaupum sem þessi samningur tekur til, og leggja fram viðeigandi niðurstöður og tilmæli.
5. Ef annar aðili en sú stofnun eða dómsvald sem um getur í 4. mgr. tekur erindi um vefengingu fyrst til athugunar skal viðkomandi samningsaðili sjá til þess að hlutaðeigandi birgir geti áfrýjað upphaflegu ákvörðuninni til óhlutdrægrar stjórnsýslustofnunar eða dómsvalds sem er óháð innkaupastofnuninni sem gerir innkaupin sem eru tilefni vefengingarinnar.
6. Umfjöllunaraðili, sem er ekki dómstóll, skal annaðhvort vera háður endurskoðun dómstóls eða starfa samkvæmt málsmeðferðarreglum sem mæla fyrir um að:

a) innkaupastofnunin svari erindi um vefengingu skriflega og afhendi umfjöllunaraðila öll viðeigandi skjöl,
b) aðilar að málsmeðferðinni (hér á eftir nefndir „málsaðilar“) eigi rétt á því að láta álit sitt í ljós áður en umfjöllunaraðili tekur ákvörðun um vefenginguna,
c) málsaðilar eigi rétt á fyrirsvari og föruneyti,

d) málsaðilar hafi aðgang að allri málsmeðferð,

ARTICLE 7.27
Domestic Review Procedures for Supplier Challenges

1. In the event of a complaint by a supplier of a Party regarding an alleged breach of this Chapter in the context of covered procurement, each Party shall encourage suppliers to seek clarification from its entities through consultations with a view to facilitating the resolution of any such complaints.
2. Each Party shall provide a timely, effective, transparent and non-discriminatory administrative or judicial review procedure according to the due process principle through which a supplier may challenge alleged breaches of this Chapter arising in the context of covered procurements in which the supplier has, or has had, an interest.

3. Each supplier shall be allowed a sufficient period of time to prepare and submit a challenge, which in no case shall be less than 10 days from the time when the basis of the challenge became known or reasonably should have become known to the supplier.
4. Each Party shall establish or designate at least one impartial administrative or judicial authority that is independent of its procuring entities to receive and review a challenge by a supplier arising in the context of a covered procurement, and to make appropriate findings and recommendations.

5. Where a body other than an authority referred to in paragraph 4 initially reviews a challenge, the Party shall ensure that the supplier may appeal the initial decision to an impartial administrative or judicial authority that is independent of the procuring entity whose procurement is the subject of the challenge.
6. A review body that is not a court shall either be subject to judicial review or have procedures that provide that:

(a) the procuring entity shall respond in writing to the challenge and disclose all relevant documents to the review body;
(b) the participants to the proceedings (hereinafter referred as “participants”) shall have the right to be heard prior to a decision of the review body being made on the challenge;
(c) the participants shall have the right to be represented and accompanied;
(d) the participants shall have access to all proceedings;

e) málsaðilar skuli hafa rétt til að fara þess á leit að málið verði tekið fyrir opinberlega og að heimilt sé að leiða fram vitni og
f) ákvarðanir eða tilmæli, er varða erindi birgis um vefengingu, séu sett fram tímanlega, skriflega og með skýringu á forsendum fyrir hverri ákvörðun eða tilmælum.

7. Hver samningsaðili skal samþykkja eða viðhalda málsmeðferð þar sem:
a) gert er ráð fyrir skjótvirkum bráðabirgðaráðstöfunum til að gefa viðkomandi birgi kost á því að taka þátt í innkaupunum. Slíkar bráðabirgðaráðstafanir geta leitt til þess að innkaupaferlinu verði frestað. Málsmeðferðin getur falið í sér að taka megi tillit til alvarlegra og skaðlegra afleiðinga fyrir þá hagsmuni sem um ræðir, þ.m.t. almannahagsmuni, þegar ákvörðun er tekin um hvort slíkum ráðstöfunum skuli beitt. Réttmætar ástæður fyrir því að hafast ekki að skulu lagðar fram skriflega og
b) þar sem gert er ráð fyrir, þegar umfjöllunaraðili hefur ákvarðað að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessa kafla eða þegar birgir hefur ekki rétt til að rísa beint gegn broti á ákvæðum þessa kafla samkvæmt landslögum samningsaðila, að innkaupastofnun hafi ekki fylgt aðgerðum samningsaðilans til framkvæmdar ákvæðum þessa kafla, aðgerð til leiðréttingar eða jöfnunar vegna taps eða skaða sem orðinn er sem má takmarka annaðhvort við kostnað við gerð tilboðsins eða kostnað vegna erindis um vefengingu eða hvort tveggja.

(e) the participants shall have the right to request that the proceedings take place in public and that witnesses may be presented; and
(f) decisions or recommendations relating to supplier challenges shall be provided, in a timely fashion, in writing, with an explanation of the basis for each decision or recommendation.

7. Each Party shall adopt or maintain procedures that provide for:
(a) rapid interim measures to preserve the supplier's opportunity to participate in the procurement. Such interim measures may result in suspension of the procurement process. The procedures may provide that overriding adverse consequences for the interests concerned, including the public interest, may be taken into account when deciding whether such measures should be applied. Just cause for not acting shall be provided in writing; and

(b) where a review body has determined that there has been a breach of this Chapter or, where the supplier does not have a right to challenge directly a breach of this Chapter under the domestic law of a Party, a failure by a procuring entity to comply with a Party's measures implementing this Chapter, corrective action or compensation for the loss or damages suffered, which may be limited to either the costs for the preparation of the tender or the costs relating to the challenge, or both.

GREIN 7.28.
Breytingar og leiðréttingar á umfangi.

1. Samningsaðila er heimilt að gera leiðréttingar, einungis formlegs eðlis, á því að hve miklu leyti umfang samkvæmt þessum kafla varðar hann eða gera minniháttar breytingar á skrám sínum í XIII. viðauka (Stofnanir sem þessi samningur tekur til), að því tilskildu að hann tilkynni hinum samningsaðilunum skriflega um það og enginn samningsaðili andmæli skriflega innan 30 daga frá tilkynningunni. Samningsaðili, sem gerir slíkar leiðréttingar, eða minniháttar breytingar, þarf ekki að gera leiðréttingu til jöfnunar gagnvart öðrum samningsaðilum.

2. Samningsaðila er að öðru leyti heimilt að gera breytingar á því að hvaða leyti umfang samkvæmt þessum kafla varðar hann, að því tilskildu að:
a) hann tilkynni hinum samningsaðilunum skriflega um það og bjóði jafnframt viðunandi leiðréttingar til jöfnunar til að viðhalda sambærilegu umfangi og því sem gilti fyrir breytingar, nema kveðið sé á um annað í 3. mgr.,

ARTICLE 7.28
Modifications and Rectifications to Coverage

1. A Party may make rectifications of a purely formal nature to its coverage under this Chapter, or minor amendments to its Schedules in Annex XIII (Covered Entities), provided that it notifies the other Parties in writing and no other Party objects in writing within 30 days following the date of the notification. A Party that makes such a rectification or minor amendment need not provide compensatory adjustments to the other Parties.

2. A Party may otherwise modify its coverage under this Chapter provided that:

(a) it notifies the other Parties in writing and offers at the same time acceptable compensatory adjustments to maintain a level of coverage comparable to that existing prior to the modification, except where provided for in paragraph 3; and

b) enginn samningsaðili andmæli skriflega innan 30 daga frá tilkynningunni.

3. Samningsaðili þarf ekki að gera leiðréttingu til jöfnunar séu samningsaðilarnir því sammála að fyrirhuguð breyting nái til innkaupastofnunar sem samningsaðili stjórnar ekki lengur í reynd eða hefur áhrif á. Ef samningsaðili andmælir þeirri fullyrðingu að slík opinber stjórn eða áhrif hafi verið afnumin í reynd getur hann farið fram á frekari upplýsingar eða samráð til að fá skýringu á því hvers konar opinbera stjórn eða áhrif um sé að ræða og til að ná samkomulagi um áframhaldandi umfang viðkomandi innkaupastofnunar samkvæmt þessum kafla.

(b) no Party objects in writing within 30 days following the date of the notification.

3. A Party need not provide compensatory adjustments when the Parties agree that the proposed modification covers a procuring entity over which a Party has effectively eliminated its control or influence. When a Party objects to the assertion that such government control or influence has been effectively eliminated, the objecting Party may request further information or consultations with a view to clarifying the nature of any government control or influence and reaching agreement on the procuring entity's continued coverage under this Chapter.

GREIN 7.29.

Þátttaka lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

1. Samningsaðilar viðurkenna mikilvægi þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja (hér á eftir nefnd „lítil og meðalstór fyrirtæki") í opinberum innkaupum. Samningsaðilar viðurkenna einnig mikilvægi viðskiptabandalaga milli birgja hvers og eins samningsaðila, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

2. Samningsaðilarnir samþykkja að vinna sameiginlega að því að skiptast á upplýsingum og auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðgang að málsmeðferð, aðferðum og samningskröfum sem varða opinber innkaup, með áherslu á sérstakar þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

ARTICLE 7.29

Small and Medium Enterprises Participation

1. The Parties recognise the importance of the participation of small and medium enterprises (hereinafter referred to as "SMEs") in government procurement. The Parties also recognise the importance of business alliances between suppliers of each Party, and in particular of SMEs.

2. The Parties agree to work jointly towards exchanging information and facilitating SMEs access to government procurement procedures, methods and contracting requirements, focused on SMEs special needs.

GREIN 7.30.

Samstarf.

1. Samningsaðilar viðurkenna mikilvægi samstarfs í því skyni að fá betri skilning á fyrirkomulagi opinberra innkaupa hvers um sig og betri aðgang að mörkuðum hver annars, einkum fyrir birgja sem teljast lítil og meðalstór fyrirtæki.

2. Samkvæmt 10. kafla (Samstarf) skulu samningsaðilarnir leitast við að vinna saman að málefnum á borð við:

a) þróun og notkun rafrænna samskipta í opinberum innkaupakerfum og
b) miðlun reynslu og upplýsinga, s.s. regluramma, bestu starfshátta og hagskýrslna.

ARTICLE 7.30

Co-operation

1. The Parties recognise the importance of co-operation with a view to achieving a better understanding of their respective government procurement systems, as well as a better access to their respective markets, in particular for SMEs.

2. According to Chapter 10 (Co-operation) the Parties shall endeavour to co-operate in matters such as:

(a) development and use of electronic communications in government procurement systems; and
(b) exchange of experiences and information, such as regulatory frameworks, best practices and statistics.

GREIN 7.31.

Frekari samningaviðræður.

Ef samningsaðili býður þriðja aðila síðar meir aukinn ávinning varðandi aðgang að markaði fyrir opinber innkaup með tilliti til þess umfangs sem er samþykkt samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal hann, að beiðni annars samningsaðila, samþykkja að hefja frekari samningaviðræður um gagnkvæma útvíkkun umfangs samkvæmt þessum kafla.

ARTICLE 7.31

Further Negotiations

In case a Party offers, in the future, a third party additional advantages with regard to its respective government procurement market access coverage agreed under this Chapter, it shall agree, upon request of another Party, to enter into negotiations with a view to extending coverage under this Chapter on a reciprocal basis.

8. KAFLI
STEFNA Í SAMKEPPNISMÁLUM

GREIN 8.1.

Markmið.

1. Samningsaðilar viðurkenna að samkeppnishamlandi starfhættir kunni að draga úr ávinningi af auknu frjálsræði sem fæst með þessum samningi. Þeir starfshættir samrýmist ekki réttri framkvæmd þessa samnings að því leyti sem þeir kunna að hafa áhrif á viðskipti milli Perús og EFTA-ríkis.
2. Samningsaðilar skuldbinda sig til að beita samkeppnislögum sínum með það fyrir augum að banna slíka starfshætti og vinna saman að málum sem falla undir þennan kafla. Samstarf þetta tekur til tilkynninga, upplýsingaskipta, tæknilegrar aðstoðar og samráðs.

GREIN 8.2.

Samkeppnishamlandi starfshættir.

1. Í þessum kafla eiga „samkeppnishamlandi viðskiptahættir“ við um:
a) lárétta eða lóðrétta samninga milli fyrirtækja, samstilltar aðgerðir sem fyrirtæki standa að eða um ákvarðanir samtaka fyrirtækja sem stefna að því markmiði eða hafa þau áhrif að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni og
b) misnotkun yfirburðastöðu á markaði.
2. Stefna landsyfirvalda samningsaðilanna varðandi framfylgd skal vera í samræmi við meginreglur um gagnsæi, bann við mismunun og sanngjarna málsmeðferð.
3. Þegar við á getur Perú staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar eftir samkeppnislögum Bandalags Andesfjallaríkjanna og fyrir tilstuðlan hlutaðeigandi lögbærs yfirvalds þess bandalags. Réttindi og skyldur samkvæmt þessum kafla gilda aðeins milli Perús og EFTA-ríkjanna.

GREIN 8.3.

Samstarf.

1. Samningsaðilar skulu, á grundvelli landslaga og fyrir tilstilli lögbærra yfirvalda, gera sitt ýtrasta til að koma á samstarfi um málefni sem varða framfylgd samkeppnislaga.
2. Hver samningsaðili skal tilkynna öðrum samningsaðila um þær aðgerðir til að framfylgja samkeppnislögum sem gætu haft áhrif á mikilvæga hagsmuni þess samningsaðila. Í tilkynningum skulu koma fram nægilega ítarlegar upplýsingar til að samningsaðilinn, sem tekur við þeim, geti gert frummat á því hvaða áhrif aðgerðir til að framfylgja samkeppnislögum hafa á yfirráðasvæði hans.
3. Hver samningsaðili skal, í samræmi við landslög sín, taka tillit til mikilvægra hagsmuna hinna samn-

CHAPTER 8
COMPETITION POLICY

ARTICLE 8.1

Objectives

1. The Parties recognise that anti-competitive practices have the potential to undermine the benefits of liberalisation arising from this Agreement. These practices are incompatible with the proper functioning of this Agreement, in so far as they may affect trade between Peru and an EFTA State.
2. The Parties undertake to apply their respective competition laws with a view to proscribing such practices and to co-operate in matters covered by this Chapter. This co-operation includes notification, exchange of information, technical assistance and consultation.

ARTICLE 8.2

Anti-competitive Practices

1. For the purposes of this Chapter, “anti-competitive practices” refer to:
(a) horizontal or vertical agreements between enterprises, concerted practices between enterprises, or decisions by associations of enterprises which have as their object or effect the prevention, restriction or distortion of competition; and
(b) the abuse of a dominant position in a market.
2. The enforcement policy of the Parties’ national authorities shall be consistent with the principles of transparency, non-discrimination and procedural fairness.
3. When applicable, Peru may implement its obligations under this Article through the Andean Community competition laws and the competent authority of the Andean Community. Rights and obligations under this Chapter will only apply between Peru and the EFTA States.

ARTICLE 8.3

Co-operation

1. The Parties shall make best efforts to co-operate, subject to their national laws and through their competent authorities, on issues concerning competition law enforcement.
2. Each Party shall notify another Party of competition enforcement activities that may affect important interests of that Party. Notifications shall be sufficiently detailed to enable the notified Party to make an initial evaluation of the effect of the competition enforcement activity within its territory.

3. Each Party should, in accordance with its laws, take into consideration the important interests of the

ingsaðilanna þegar hann grípur til aðgerða til að framfylgja lögum um samkeppnishamlandi starfshætti. Ef samningsaðili telur að samkeppnishamlandi starfshættir kunni að skaða mikilvæga hagsmuni slíks samningsaðila er honum heimilt að koma áliti sínu á málinu á framfæri við hinn samningsaðilann með milligöngu lögbærs yfirvalds síns. Samningsaðilinn, sem málinu er beint til, skal, með fyrirvara um aðgerðir samkvæmt eigin samkeppnislögum og um fullt frelsi til að taka endanlega ákvörðun, fjalla á viðeigandi hátt um þau sjónarmið sem samningsaðilinn, sem leggur fram fyrirspurn, lætur í ljós.

4. Telji samningsaðili að samkeppnishamlandi starfshættir á yfirráðasvæði annars samningsaðila hafi umtalsverð skaðleg áhrif á yfirráðasvæði hans sjálfs eða á viðskiptatengsl milli samningsaðilanna getur hann farið fram á það við hinn samningsaðilann að hann hefji viðeigandi aðgerðir til að framfylgja samkeppnislögum. Beiðnin skal vera eins ítarleg og unnt er varðandi eðli og áhrif samkeppnishamlandi starfshátta. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal íhuga hvort hefja skuli aðgerðir varðandi þá samkeppnishamlandi starfshætti sem eru tilgreindir í beiðninni og skal tilkynna samningsaðilanum, sem leggur fram beiðnina, um ákvörðun sína og lyktir slíkrar aðgerðar.

5. Samningsaðilar eru hvattir til að skiptast á upplýsingum, þ.m.t. upplýsingar sem almenningur hefur ekki aðgang að, að því tilskildu að slík upplýsingaskipti hafi ekki áhrif á yfirstandandi athugun. Öll upplýsingaskipti skulu lúta reglum og stöðlum um trúnaðarkvaðir sem gilda á yfirráðasvæði hvers samningsaðila. Enginn samningsaðili er skuldbundinn til að veita upplýsingar ef það gengur þvert á lög hans sjálfs um afhendingu upplýsinga. Hver samningsaðili skal uppfylla trúnaðarkvaðir vegna þeirra upplýsinga sem honum eru veittar með þeim takmörkunum á notkun þeirra sem samningsaðilinn, sem leggur fram upplýsingarnar, fer fram á.

6. Til að efla samstarfið enn frekar geta samningsaðilar undirritað samstarfssamninga.

GREIN 8.4.
Samráð.

Samningsaðili getur óskað eftir samráði innan sameiginlegu nefndarinnar til að efla skilning á milli samningsaðilanna eða fjalla um málefni, sem kemur upp samkvæmt þessum kafla, og, með fyrirvara um sjálfræði sérhvers samningsaðila, til að þróa, viðhalda og framfylgja stefnu sinni og lögum um samkeppni. Í beiðninni skal greina frá ástæðum fyrir samráði. Hefja skal samráð þegar í stað með það fyrir augum að komast að niðurstöðu sem samrýmist markmiðum þessa kafla. Hlutaðeigandi samnings-

other Parties in the course of its enforcement activities on anti-competitive practices. If a Party considers that an anti-competitive practice may adversely affect such Party's important interests, it may transmit its views on the matter to the other Party through its competent authority. Without prejudice to any action under its competition laws and to its full freedom of ultimate decision, the Party so addressed should give appropriate consideration to the views expressed by the requesting Party.

4. If a Party considers that an anti-competitive practice carried out within the territory of another Party has a substantially adverse effect within its territory or on trade relations between the Parties, it may request that the other Party initiate appropriate enforcement activities. The request shall be as specific as possible about the nature and the effect of the anti-competitive practice. The requested Party shall consider whether to initiate an enforcement activity with respect to the anti-competitive practice identified in the request, and shall advise the requesting Party of its decision and of the outcome of such activity.

5. The Parties are encouraged to exchange information, including information that is not publicly available, provided that this does not affect any ongoing investigation. Any exchange of information shall be subject to the rules and standards of confidentiality applicable in the territory of each Party. No Party shall be required to provide information when this is contrary to its laws regarding disclosure of information. Each Party shall maintain the confidentiality of any information provided to it subject to the limitations that the submitting Party requests for the use of such information.

6. To further strengthen co-operation, the Parties may sign co-operation agreements.

ARTICLE 8.4
Consultations

To foster understanding between the Parties, or to address any matter arising under this Chapter and without prejudice to the autonomy of each Party to develop, maintain and enforce its competition policy and legislation, a Party may request consultations within the Joint Committee. This request shall indicate the reasons for the consultations. Consultations shall be held promptly with a view to reaching a conclusion consistent with the objectives set forth in this Chapter. The Parties concerned shall give to the

aðilar skulu veita sameiginlegu nefndinni allan nauðsynlegan stuðning og upplýsingar, með fyrirvara um þær viðmiðanir og reglur sem settar eru fram í 5. mgr. greinar 8.3 (Samstarf).

Joint Committee all the support and information needed, subject to the criteria and standards set out in paragraph 5 of Article 8.3 (Co-operation).

GREIN 8.5.

Ríkisfyrirtæki og aðilar með einokunaraðstöðu.

1. Ekkert í þessum kafla skal túlka svo að það komi í veg fyrir að samningsaðili geti komið á fót eða viðhaldið ríkisfyrirtæki eða tilnefnt aðila með einokunaraðstöðu.
2. Samningsaðilar skulu sjá til þess að ríkisfyrirtæki og tilnefndir einokunaraðilar taki ekki upp eða viðhaldi samkeppnishamlandi starfsháttum, sem hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna, svo framarlega sem beiting þessa ákvæðis hindrar ekki, að lögum eða í reynd, framkvæmd opinberra verkefna sem þeim eru fengin.
3. Þessi grein gildir ekki um opinber innkaup.

ARTICLE 8.5

State Enterprises and Designated Monopolies

1. Nothing in this Chapter shall be construed to prevent a Party from establishing or maintaining a state enterprise or designated monopolies.

2. The Parties shall ensure that state enterprises and designated monopolies do not adopt or maintain anti-competitive practices affecting trade between the Parties, insofar as the application of this provision does not obstruct the performance, in law or in fact, of the particular public tasks assigned to them.

3. This Article does not apply to government procurement.

GREIN 8.6.

Lausn deilumála.

Enginn samningsaðili getur nýtt sér málsmeðferð við lausn deilumála samkvæmt 12. kafla (Lausn deilumála) í málum er varða þennan kafla.

ARTICLE 8.6

Dispute Settlement

No Party may have recourse to dispute settlement under Chapter 12 (Dispute Settlement) for any matter arising under this Chapter.

9. KAFLI
GAGNSÆI

GREIN 9.1.

Birting og afhending upplýsinga.

1. Hver samningsaðili skal sjá til þess að lög hans, reglur, stjórnsýsluákvarðanir sem hafa almennt gildi, svo og alþjóðasamningar, sem hann er bundinn af, sem gætu haft áhrif á framkvæmd þessa samnings, séu birt eða gerð aðgengileg með öðrum hætti þannig að einstaklingar og aðrir, sem eiga hagsmuna að gæta, geti kynnt sér þau.
2. Samningsaðilar skulu leitast við að birta, eða gera aðgengilegar með öðrum hætti, dómsniðurstöður sem geta haft áhrif á framkvæmd þessa samnings.
3. Samningsaðilarnir skulu þegar í stað svara sértækum spurningum og veita hver öðrum, að fenginni beiðni, upplýsingar um málefni er um getur í 1. mgr.
4. Ekkert í þessum samningi skyldar samningsaðila til að láta af hendi trúnaðarupplýsingar, sem myndi hindra að lögum væri framfylgt eða myndi á annan hátt vera andstætt almannahagsmunum eða skaða lögmæta viðskiptahagsmuni atvinnurekenda.

5. Ef samningsaðili, sem veitir öðrum samningsaðila upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessa samnings, auðkennir upplýsingarnar sem trúnaðarmál skal

CHAPTER 9
TRANSPARENCY

ARTICLE 9.1

Publication and Disclosure of Information

1. Each Party shall ensure that its laws, regulations, administrative rulings of general application and its respective international agreements, which may affect the operation of this Agreement, are published or otherwise made available in such a manner as to enable persons and other interested parties to become acquainted with them.
2. The Parties shall endeavour to publish or otherwise make available judicial decisions that may affect the operation of this Agreement.
3. The Parties shall promptly respond to specific questions and provide, upon request, information to each other on matters referred to in paragraph 1.
4. Nothing in this Agreement shall require any Party to disclose confidential information, which would impede law enforcement, or otherwise be contrary to the public interest or would prejudice the legitimate commercial interests of any economic operator.
5. Where a Party providing information to another Party in accordance with this Agreement designates

hinn samningsaðilinn uppfylla trúnaðarkvaðir sem á þeim hvíla.
6. Ef ósamræmi er á milli ákvæða þessarar greinar og ákvæða varðandi gagnsæi í öðrum köflum, skulu þau síðarnefndu gilda sem því ósamræmi nemur.

the information as confidential, the other Party shall maintain the confidentiality of the information.
6. In case of any inconsistency between the provisions of this Article and provisions relating to transparency in other Chapters, the latter shall prevail to the extent of the inconsistency.

GREIN 9.2.
Tilkynningar.

1. Talið skal að tilkynningu eða annars konar skriflegri orðsendingu, sem setur annaðhvort af stað tímabil, sem er tilgreint í þessum samningi, eða sem nauðsynlegt er að komi fram á slíku tímabili, hafi verið veitt viðtaka, nema kveðið sé á um annað, þegar hún hefur verið afhent gegn kvittun, send í ábyrgðarpósti eða með sendiboða eða með öðrum hætti í samskiptum þar sem viðtaka er skráð.
2. Sérhver aðili að samningi þessum skal, með fyrirvara um ákvæði greinar 11.2 (Samræmingaraðilar samningsins og tengiliðir), tilnefna yfirvald, sem ber ábyrgð á viðtöku þeirra tilkynninga eða skriflegum orðsendingum er um getur í 1. mgr., og tilkynna hinum samningsaðilunum um þá tilnefningu innan 90 daga frá því að samningur þessi öðlast gildi.

ARTICLE 9.2
Notifications

1. A notification or any other written communication that either sets in motion a period of time specified in this Agreement or needs to be made during such a period shall be deemed received, unless otherwise provided for, when it has been delivered against receipt, registered post, courier or any other means of communication providing a record of receipt thereof.
2. Without prejudice to Article 11.2 (Agreement Co-ordinators and Contact Points), each Party to this Agreement shall designate a responsible authority for the purpose of receiving notifications or written communications mentioned in paragraph 1 and shall communicate such designation to the other Parties within 90 days following the date of the entry into force of this Agreement.

10. KAFLI
SAMSTARF

GREIN 10.1.
Gildissvið og markmið.

1. Samningsaðilar skulu ákveða að efla samstarf sem gerir kleift að styðja við framtaksverkefni á sviði uppbyggingar viðskiptafærni (hér á eftir nefnt „uppbygging viðskiptafærni“) með það fyrir augum að auka og bæta ávinning af þessum samningi, með skilmálum sem gagnkvæmt samkomulag er um, í samræmi við innlendar áætlanir og stefnumið.
2. Með samstarfi samkvæmt þessum kafla skal stefnt að eftirfarandi markmiðum:
a) að efla og þróa þau samskipti sem fyrir eru milli samningsaðilanna og varða uppbyggingu viðskiptafærni,
b) að ýta undir og skapa ný viðskipta- og fjárfestingartækifæri sem eykur samkeppnishæfni og stuðlar að nýsköpun og
c) að framfylgja ákvæðum þessa samnings og nýta þann árangur sem af honum hlýst sem hvata efnahagsvaxtar og þróunar og að stuðla að því að draga úr fátækt.

CHAPTER 10
CO-OPERATION

ARTICLE 10.1
Scope and Objectives

1. The Parties decide to foster co-operation that allows support of trade capacity building (hereinafter referred to as “TCB”) initiatives in order to expand and improve the benefits of this Agreement, on mutually agreed terms, in accordance with national strategies and policy objectives.

2. The co-operation under this Chapter shall pursue the following objectives:
(a) strengthening and developing the existing relations with regard to TCB between the Parties;

(b) enhancing and creating new trade and investment opportunities, fostering competitiveness and innovation; and
(c) implementing this Agreement and optimising its results, in order to provide an impulse for economic growth and development and to contribute to the reduction of poverty.

GREIN 10.2.
Aðferðir og leiðir.

1. Samningsaðilarnir skulu vinna saman að því markmiði að finna og beita þeim aðferðum og koma

ARTICLE 10.2
Methods and Means

1. The Parties shall co-operate with the objective of identifying and employing the most effective meth-

auga á og fara þær leiðir sem skila sem mestum árangri þegar hrinda skal ákvæðum þessa kafla í framkvæmd. Þeir skulu, í þessu skyni, samræma aðgerðir sínar starfsemi viðkomandi alþjóðastofnana og ýta undir, þar sem það á við, samvirkni með tvíhliða samstarfi í annarri mynd milli samningsaðilanna.

2. Samstarf samkvæmt þessum kafla skal fara fram á vettvangi EFTA eða á tvíhliða grundvelli eða sem sambland af þessu tvennu.

3. Samningsaðilarnir munu, meðal annars, nýta sér eftirtalin atriði til að hrinda ákvæðum þessa kafla í framkvæmd:

a) skipti á upplýsingum og reynslu,
b) sameiginlega greiningu, þróun og framkvæmd samstarfsverkefna og samvinnu á sviði nýsköpunar, þ.m.t. málþing og málstofur og
c) tæknisamstarf og samvinnu á sviði stjórnsýslu.

4. Samningsaðilar geta hleypt af stokkunum og hrint í framkvæmd verkefnum og starfsemi í tengslum við uppbyggingu viðskiptafærni með þátttöku innlendra og alþjóðlegra sérfræðinga og stofnana.

ods and means for the implementation of this Chapter. To this end they shall co-ordinate efforts with relevant international organisations and develop, where applicable, synergies with other forms of bilateral co-operation between the Parties.

2. Co-operation under this Chapter shall be carried out through EFTA activities, bilaterally or through a combination of the two.

3. The Parties will use, among others, the following instruments for the implementation of this Chapter:

(a) exchange of information and experience;
(b) joint identification, development and implementation of projects and innovating activities of co-operation, including seminars and workshops; and
(c) technical and administrative co-operation.

4. The Parties may initiate and implement projects and activities related to TCB with the participation of national and international experts and institutions.

GREIN 10.3.

Sameiginlega nefndin og tengiliðir.

1. Eftirtaldir tengiliðir eru tilnefndir vegna framgangs ákvæða þessa kafla:

a) fyrir EFTA-ríkin: aðalskrifstofa EFTA og
b) fyrir Perú: ráðuneyti utanríkisverslunar og ferðamála.

2. Tengiliðirnir eru ábyrgir fyrir því að tillögur um verkefni fari rétta boðleið. Auk þess bera þeir ábyrgð á stjórnun og framvindu samstarfsverkefna EFTA og eru tengiliðir við sameiginlegu nefndina. Þeir skulu, í þessu skyni, setja reglur og ákveða verklag til að auðvelda þetta starf.

3. EFTA-ríki, sem bjóða fram tvíhliða samstarf, sem fer fram samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skulu tilnefna tengilið vegna slíks samstarfs.

4. Sameiginlega nefndin skal endurskoða framkvæmd ákvæða þessa kafla reglulega og gegna hlutverki samræmingaraðila eftir því sem við á.

ARTICLE 10.3

Joint Committee and Contact Points

1. For the implementation of this Chapter, the following contact points are designated:

(a) for the EFTA-States: the EFTA Secretariat; and
(b) for Peru: the Ministry of Foreign Trade and Tourism.

2. The contact points shall be responsible for the channelling of project proposals. In addition they are responsible for managing and developing of joint EFTA co-operation projects and are the links to the Joint Committee. For this purpose they shall establish rules and procedures in order to facilitate this work.

3. For co-operation on a bilateral basis taking place under this Chapter, EFTA States providing such co-operation shall designate a Contact point.

4. The Joint Committee shall periodically review the implementation of this Chapter and act as a co-ordinating body as appropriate.

11. KAFLI
STJÓRNSÝSLA VEGNA SAMNINGSINS

GREIN 11.1.

Sameiginlega nefndin.

1. Samningsaðilar koma hér með á fót sameiginlegri nefnd EFTA-ríkjanna og Perús og skal hún skipuð fulltrúum allra samningsaðila. Fulltrúar samningsaðilanna skulu vera fulltrúar ríkisstjórna samningsaðilanna eða háttsettir embættismenn, tilnefndir af þeim í þessu skyni.

CHAPTER 11
ADMINISTRATION OF THE AGREEMENT

ARTICLE 11.1

Joint Committee

1. The Parties hereby establish the Joint Committee EFTA-Peru comprising of representatives of each Party. The Parties shall be represented by cabinet-level representatives of the Parties or senior officials delegated by them for this purpose.

2. Sameiginlega nefndin skal:
a) hafa eftirlit með því að ákvæði þessa samnings séu uppfyllt og þeim beitt á réttan hátt,
b) meta þann árangur sem hefur náðst með því að beita ákvæðum þessa samnings,
c) hafa yfirsýn yfir frekari mótun þessa samnings, t.d. þann kost að afnema eftirstandandi viðskiptahindranir og aðrar takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum milli Perús og EFTA-ríkjanna,
d) hafa eftirlit með starfi undirnefnda og vinnuhópa sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi og mæla með viðeigandi aðgerðum við þá,
e) setja sér starfsreglur,
f) gefa álit sitt á því hvernig túlka eða beita beri ákvæðum þessa samnings, að beiðni samningsaðila,
g) leitast við að leysa deilumál, sem kunna að rísa um túlkun eða beitingu ákvæða þessa samnings, samkvæmt ákvæðum 12. kafla (Lausn deilumála),
h) ákveða fjárhæð þóknunar og útgjalda sem verða greidd gerðardómsmönnum,
i) semja og samþykkja staðlaðar reglur um málsmeðferð fyrir gerðardóma sem fela í sér siðareglur gerðardómsmanna og
j) taka til umfjöllunar öll önnur málefni sem geta haft áhrif á framkvæmd þessa samnings eða sem samningsaðilarnir fela sameiginlegu nefndinni.

3. Sameiginlega nefndin getur:
a) skipað undirnefndir og starfshópa, eftir því sem hún telur nauðsynlegt til að aðstoða hana við verkefni sín, og falið þeim skyldustörf. Undirnefndirnar og starfshóparnir skulu starfa í umboði sameiginlegu nefndarinnar, nema kveðið sé sérstaklega á um annað í þessum samningi,
b) ákveðið að breyta viðaukum og viðbætum við þennan samning, ákveðið gildistökudag slíkra ákvarðana, samanber þó ákvæði 4. mgr. og
c) boðað samningsaðilana til samningaviðræðna síðar til að kanna hvort unnt sé að auka það frelsi sem þegar hefur náðst að tryggja í ólíkum geirum sem þessi samningur tekur til.

4. Hafi fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að skilyrðum landslaga samningsaðilans sé fullnægt skal ákvörðunin öðlast gildi á þeim degi þegar síðasti samningsaðilinn tilkynnir vörsluaðila að skilyrðum landslaga hans hafi verið fullnægt, nema síðari dagsetning sé tilgreind í ákvörðuninni sjálfri. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að ákvörðunin öðlist gildi

2. The Joint Committee shall:
(a) supervise the fulfilment and correct application of the provisions of this Agreement;
(b) evaluate the achieved results in the application of this Agreement;
(c) oversee the further elaboration of this Agreement, including the possibility of removing remaining barriers to trade and other restrictive measures concerning commerce between Peru and the EFTA States;
(d) supervise the work of the sub-committees and working groups established under this Agreement and recommend appropriate actions to them;
(e) adopt its own rules of procedure;
(f) upon request of any Party, provide its opinion regarding the interpretation or application of this Agreement;
(g) seek to resolve disputes that may arise regarding the interpretation or application of this Agreement, in accordance with Chapter 12 (Dispute Settlement);
(h) decide on the amount of remuneration and expenses that will be paid to panelists;
(i) prepare and adopt the Model Rules of Procedure for panels which shall include the standards of conduct for panelists; and
(j) consider any other matter that may affect the operation of this Agreement, or that is entrusted to it by the Parties.

3. The Joint Committee may:
(a) set up sub-committees and working groups as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks and delegate responsibilities to them. Except where specifically provided for in this Agreement, sub-committees and working groups shall work under a mandate established by the Joint Committee;
(b) decide to amend the Annexes and Appendices to this Agreement. Subject to paragraph 4, it may set a date for the entry into force of such decisions; and
(c) convene the Parties for future negotiations to examine deepening the already reached liberalisation in the different sectors covered by this Agreement.

4. If a representative of a Party in the Joint Committee has accepted a decision subject to the fulfilment of its internal legal requirements, the decision shall enter into force on the date when the last Party notifies the Depositary that its internal legal requirements have been fulfilled, unless the decision itself specifies a later date. The Joint Committee may decide that the decision shall enter into force for those

gagnvart þeim samningsaðilum sem hafa fullnægt lagaskilyrðum sínum, að því tilskildu að Perú og a.m.k. eitt EFTA-ríkjanna séu meðal þeirra samningsaðila. Samningsaðila er heimilt að beita ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar til bráðabirgða þar til ákvörðunin öðlast gildi gagnvart honum, með fyrirvara um lagaleg skilyrði hans.

5. Sameiginlega nefndin skal halda fundi hvenær sem nauðsyn krefur, en alla jafna reglulega fundi annað hvert ár og aukafundi samkvæmt skriflegri beiðni samningsaðila til hinna samningsaðilanna. Aukafundur skal haldinn innan 30 daga frá þeim degi er beiðninni er veitt viðtaka, nema samningsaðilar komi sér saman um annað.

6. Verði samningsaðilarnir ekki ásáttir um annað skulu fundir sameiginlegu nefndarinnar haldnir til skiptis í Líma og Genf eða með tæknilegum aðferðum sem eru fyrir hendi. Perú og eitt EFTA-ríkjanna skulu gegna formennsku sameiginlega á slíkum fundum.

7. Sameiginlega nefndin getur tekið ákvarðanir eftir því sem kveðið er á um í þessum samningi og lagt fram tilmæli um öll önnur mál.

8. Sameiginlega hefndin tekur ákvarðanir og samþykkir tilmæli með samhljóða samþykki.

Parties that have fulfilled their internal requirements, provided that Peru and at least one EFTA State are among those Parties. A Party may apply a decision of the Joint Committee provisionally until such decision enters into force for it, subject to its legal requirements.

5. The Joint Committee shall meet whenever necessary but normally every two years in regular session and in special session by written request of any Party to the other Parties. The special session shall take place within 30 days following the date of the receipt of the request, unless the Parties agree otherwise.

6. Unless otherwise agreed by the Parties, sessions of the Joint Committee shall be held alternately in Lima and Geneva or by any technological means available. Such sessions shall be chaired jointly by Peru and one of the EFTA States.

7. The Joint Committee may take decisions as provided for in this Agreement and on all other matters it may make recommendations.

8. The Joint Committee shall take decisions and make recommendations by consensus.

GREIN 11.2.
Samræmingaraðilar og tengiliðir.

1. Hver samningsaðili skal tilnefna samræmingaraðila samnings og tilkynna hinum samningsaðilunum um slíka tilnefningu innan 90 daga frá þeim degi er samningur þessi öðlast gildi.

2. Samræmingaraðilar samningsins skulu, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum:

a) vinna sameiginlega að því að semja dagskrár og sjá um annan undirbúning fyrir fundi sameiginlegu nefndarinnar og fylgja eftir ákvörðunum sameiginlegu nefndarinnar, eftir því sem við á,
b) vera tengiliðir til að auðvelda samskipti milli samningsaðilanna um hvert það málefni sem fellur undir þennan samning,
c) tilgreina, að beiðni samningsaðila, embætti eða embættismenn sem bera ábyrgð á tilteknu málefni og aðstoða við að auðvelda samskipti eftir því sem þörf krefur og
d) fjalla um hvert það málefni annað sem sameiginlega nefndin felur þeim.

3. Sérhver samningsaðili skal bera ábyrgð á starfsemi þess samræmingaraðila samningsins sem hann tilnefnir og þeim kostnaði sem hlýst af starfsemi hans.

ARTICLE 11.2
Agreement Co-ordinators and Contact Points

1. Each Party shall designate an Agreement Co-ordinator and communicate such designation to the other Parties within 90 days following the date of the entry into force of this Agreement.

2. Unless otherwise provided for in this Agreement, the Agreement Co-ordinators shall:

(a) work jointly to develop agendas and make other preparations for Joint Committee meetings and follow up on Joint Committee decisions as appropriate;
(b) act as a contact point to facilitate communications between the Parties on any matter covered by this Agreement;
(c) on the request of a Party, identify the office or official responsible for a given matter and assist in facilitating communication as necessary; and
(d) address any other matter entrusted to it by the Joint Committee.

3. Each Party shall be responsible for the operation and expenses of its designated Agreement Co-ordinator.

12. KAFLI
LAUSN DEILUMÁLA

GREIN 12.1.

Samstarf.

Samningsaðilar skulu jafnan leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu þessa samnings og gera sitt ítrasta, með samvinnu, samráði eða með öðrum hætti, til að finna lausn, sem allir aðilar geta sætt sig við, á hverju því máli sem getur haft áhrif á framkvæmd hans.

GREIN 12.2.

Gildissvið.

Sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum skulu ákvæði þessa kafla gilda um lausn allra deilumála á milli samningsaðilanna varðandi túlkun eða beitingu þessa samnings, einkum þegar samningsaðili telur að ráðstöfun annars samningsaðila samrýmist ekki skuldbindingum samkvæmt þessum samningi.

GREIN 12.3.

Vettvangur valinn.

1. Heimilt er að leysa deilu, vegna máls er varðar bæði þennan samning og samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina, á vettvangi hvors samningsins sem er, að vali þess samningsaðila sem ber fram kvörtun.
2. Þegar samningsaðili, sem ber fram kvörtun, hefur óskað eftir því að skipaður verði gerðardómur á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skv. 6. mgr. um samkomulag Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála eða gerðardóm samkvæmt þessum samningi, þ.e. 1. mgr. greinar 12.6 (Beiðni um gerðardóm), skal einungis velja annan þessara tveggja kosta í því máli, nema deiluaðilar verði ásáttir um annað.
3. Samningsaðili skal, áður en hann hefur málsmeðferð samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um lausn deilumáls við annan samningsaðila, tilkynna hinum samningsaðilunum um þá fyrirætlan sína.

GREIN 12.4.

Sáttaumleitanir.

1. Sáttaumleitanir er málsmeðferð sem samningsaðilar velja sér af frjálsum vilja verði þeir ásáttir um það. Hefja má sáttaumleitanir eða hætta þeim hvenær sem er. Þær geta haldið áfram meðan málsmeðferð gerðardóms, sem komið er á fót samkvæmt ákvæðum þessum kafla, stendur yfir.

CHAPTER 12
DISPUTE SETTLEMENT

ARTICLE 12.1

Co-operation

The Parties shall at all times endeavour to agree on the interpretation and application of this Agreement, and shall make every attempt through co-operation, consultations or other means to reach a mutually satisfactory resolution of any matter that might affect its operation.

ARTICLE 12.2

Scope of Application

Except as otherwise provided in this Agreement, the provisions of this Chapter shall apply with respect to the settlement of all disputes between the Parties regarding the interpretation or application of this Agreement, in particular when a Party considers that a measure of another Party is inconsistent with the obligations of this Agreement.

ARTICLE 12.3

Choice of Forum

1. Disputes regarding the same matter arising under this Agreement and the WTO Agreement may be settled in either forum at the discretion of the complaining Party.

2. Unless the disputing Parties agree otherwise, once the complaining Party has requested a WTO panel under Article 6 of the WTO Understanding on Rules and Procedures Governing the Settlement of Disputes or a panel under this Agreement pursuant to paragraph 1 of Article 12.6 (Request for a Panel), the forum selected shall be used to the exclusion of the other in respect of that matter.

3. Before a Party initiates a dispute settlement procedure against another Party under the WTO Agreement, that Party shall notify the other Parties of its intention.

ARTICLE 12.4

Good Offices, Conciliation or Mediation

1. Good offices, conciliation and mediation are procedures that are undertaken voluntarily if the Parties so agree. They may begin and be terminated at any time. They may continue while procedures of a panel established in accordance with this Chapter are in progress.

2. Málsmeðferð, sem felst í sáttaumleitunum, skal vera trúnaðarmál og hefur ekki áhrif á rétt samningsaðila til að nýta sér aðra málsmeðferð.

2. Proceedings involving good offices, conciliation and mediation shall be confidential and without prejudice to the Parties' rights in any other proceedings.

GREIN 12.5.
Samráð.

1. Samningsaðili getur óskað skriflega eftir viðræðum við hvaða annan samningsaðila sem er um hvert það málefni sem um getur í grein 12.2 (Gildissvið). Samningsaðili, sem leggur fram beiðnina, skal tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um það.
2. Viðræður skulu fara fram á vegum sameiginlegu nefndarinnar ef samningsaðilinn sem leggur fram beiðni um samráð og sá sem beiðninni er beint til samþykkja það.
3. Í beiðni um samráð skal tilgreina ástæður fyrir kvörtuninni, m.a. benda á þá ráðstöfun sem um ræðir og á þann lagagrundvöll sem kvörtunin er byggð á.

4. Viðræður skulu fara fram innan:
a) 30 daga frá þeim degi er beiðni um samráð um áríðandi mál er veitt viðtaka,[1]

b) 45 daga frá þeim degi er beiðni um samráð um önnur mál er veitt viðtaka eða
c) einhverra annarra tímamarka sem þeir samningsaðilar sem efna til samráðs verða ásáttir um.
5. Samráð getur farið fram þannig að menn koma saman eða með því að nota þann tæknibúnað sem þeir samningsaðilar sem efna til samráðs hafa aðgang að. Ef um er að ræða samráð þar sem menn koma saman skal það fara fram á þeim stað sem þeir samningsaðilar sem efna til samráðs eru ásáttir um. Nái þeir ekki samkomulagi skal samráðið fara fram í Líma.
6. Þeir samningsaðilar sem efna til samráðs skulu veita nægilegar upplýsingar til að unnt sé að rannsaka til fulls hvernig þær ráðstafanir sem í gildi eru gætu haft áhrif á rekstur þessa samnings og hvernig ákvæðum hans er beitt og fara með trúnaðarupplýsingar eða einkamál stofnana á sama hátt og samningsaðilinn sem veitir upplýsingarnar.
7. Samráð skal bundið trúnaði og vera með fyrirvara um rétt samningsaðilanna, sem efna til þess, komi til frekari meðferðar málsins.

[1] Áríðandi mál varða m.a. vörur (landbúnaðarafurðir, fisk og iðnaðarvörur) og þjónustu sem tapa gæðum sínum eða ástandi á skömmum tíma. Áríðandi mál varða m.a. vörur sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum eða þjónustu sem tapar viðskiptagildi sínu eftir tiltekna dagsetningu.

ARTICLE 12.5
Consultations

1. A Party may request in writing consultations with any other Party with respect to any matter referred to in Article 12.2 (Scope of Application). The requesting Party shall notify the other Parties in writing thereof.
2. Consultations shall take place in the Joint Committee if the Parties making and receiving the request for consultations so agree.

3. The request for consultations shall set out the reasons for the complaint, including an identification of the measure concerned and an indication of the legal basis of the complaint.
4. Consultations shall be held within:
(a) 30 days following the date of the receipt of the request for consultations regarding urgent matters[1];
(b) 45 days following the date of the receipt of the request for consultations for all other matters; or
(c) such other period as the consulting Parties may agree.
5. Consultations may be held in person or by any technological means available to the consulting Parties. If in person, consultations shall be held in the place agreed by the consulting Parties. If no agreement has been reached by them, consultations shall be held in Lima.

6. The consulting Parties shall provide sufficient information to enable a full examination of how the measure in force might affect the operation and application of this Agreement and treat any confidential or proprietary information exchanged in the course of consultations in the same manner as the Party providing the information.
7. The consultations shall be confidential and without prejudice to the rights of the consulting Parties in any further proceedings.

[1] Urgent matters include goods (agriculture, fish, and industrial) and services that lose their quality or current condition in a short period of time. Urgent matters include such perishable goods or services which lose their trade value when a certain date is passed.

8. Þeir samningsaðilar sem efna til samráðs skulu tilkynna hinum samningsaðilunum um hverja þá lausn mála sem gagnkvæmt samkomulag er um.

8. The consulting Parties shall inform the other Parties of any mutually agreed resolution of the matter.

GREIN 12.6.
Beiðni um stofnun gerðardóms.

1. Samningsaðili, sem efnir til samráðs, getur óskað skriflega eftir því að gerðardómur verði stofnaður:
a) ef samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, hefur ekki svarað beiðni um samráð innan 15 daga frá þeim degi er hann veitir beiðninni viðtöku,
b) fari samráð ekki fram innan þeirra tímamarka er um getur í grein 12.5 (Samráð) eða innan annarra tímamarka sem þeir samningsaðilar sem efna til samráðs kunna að hafa orðið ásáttir um eða
c) ef samningsaðilunum, sem efna til samráðs, tekst ekki að leysa það mál sem er til umfjöllunar innan 60 daga frá þeim degi er beiðni um samráð er veitt viðtaka eða, ef um áríðandi mál er að ræða, innan 45 daga eða innan annarra tímamarka sem þeir verða ásáttir um.

2. Samningsaðili, sem ber fram kvörtun, skal afhenda samningsaðilanum, sem kvörtun er beint til, beiðni um að stofnaður verði gerðardómur. Í beiðninni skal koma fram ástæða fyrir því að hún er lögð fram, þær sérstöku ráðstafanir sem um er að ræða og henni skal fylgja stutt samantekt um þann lagagrundvöll sem kvörtunin byggist á sem nægir til þess að leggja málið fyrir með skýrum hætti.

3. Afrit af beiðninni skal senda hinum aðilunum að þessum samningi, þannig að þeir geti ákveðið hvort þeir vilji eiga hlut að deilumálinu.

4. Velja skal í gerðardóm og skal hann gegna hlutverki sínu í samræmi við ákvæði þessa kafla og staðlaðar reglur um málsmeðferð, nema deiluaðilar verði ásáttir um annað.

ARTICLE 12.6
Request for the Establishment of a Panel

1. A consulting Party may request in writing the establishment of a panel:
(a) if the requested Party has not responded to the request for consultations within 15 days following the date of receipt of such request;
(b) if consultations are not held within the periods established in Article 12.5 (Consultations) or within any other periods as the consulting Parties may have agreed; or
(c) in the event that the consulting Parties fail to resolve a matter within 60 days following the date of the receipt of the request for consultations or as regards urgent matters within 45 days, or within any other period as they may agree.

2. The complaining Party shall deliver the request for the establishment of a panel to the Party complained against. The request shall contain the reason for the request, the identification of the specific measures, and a brief summary of the legal basis of the complaint sufficient to present the problem clearly.

3. A copy of the request shall be communicated to the other Parties to this Agreement so that they may determine whether to participate in the dispute.

4. Unless otherwise agreed by the disputing Parties, the panel shall be selected and perform its functions in a manner consistent with the provisions of this Chapter and the Model Rules of Procedure.

GREIN 12.7.
Þátttaka þriðja aðila.

Samningsaðili sem er ekki deiluaðili skal, þegar þeim samningsaðilum sem deila er afhent skrifleg auglýsing, eiga rétt á að leggja skriflega greinargerð fyrir gerðardóm, fá afhentar skriflegar greinargerðir, þ.m.t. viðaukar þeirra samningsaðila sem deila, vera viðstaddur málflutning og gefa munnlegar yfirlýsingar.

ARTICLE 12.7
Third Party Participation

A Party which is not a party to the dispute shall be entitled, on delivery of a written notice to the disputing Parties, to make written submissions to the panel, receive written submissions including annexes of the disputing Parties, attend hearings and make oral statements.

GREIN 12.8.
Val í gerðardóm.

1. Þrír menn skulu sitja í gerðardómi. Stofndagur gerðardóms telst vera sá dagur þegar formaður er skipaður.

2. Hver og einn samningsaðili sem er deiluaðili skal, innan 20 daga frá því að samningsaðilinn, sem

ARTICLE 12.8
Panel Selection

1. The panel shall comprise three members. The date of establishment of the panel shall be the date on which the chair is appointed.

2. Each disputing Party shall, within 20 days following the date of receipt of the request for the es-

kvörtun er beint til veitir viðtöku beiðni um stofnun gerðardóms, skipa gerðardómsmann, sem getur verið ríkisborgari í ríki viðkomandi samningsaðila, gera tillögu um allt að fjóra frambjóðendur til formanns í gerðardómi og tilkynna hinum samningsaðilanum, sem er deiluaðili, skriflega um nafn hins skipaða gerðardómsmanns og nöfn frambjóðenda sinna til formanns, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar um bakgrunn þeirra.

3. Deiluaðilar skulu, innan tíu daga eftir að samningsaðilinn, sem kvörtun er beint til, veitir beiðni um stofnun gerðardóms viðtöku, leitast við að ná samkomulagi um formann og velja hann úr hópi þeirra frambjóðenda sem samningsaðilarnir hafa gert tillögu um.

4. Hafi einhver hinna þriggja nefndarmanna ekki verið tilnefndur eða skipaður innan 30 daga eftir að samningsaðilinn, sem kvörtun er beint til, veitir beiðni um stofnun gerðardóms viðtöku, skal aðalframkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar annast tilnefningar, að beiðni samningsaðila sem er deiluaðili, að höfðu samráði við samningsaðilana sem deila. Tilnefning skal gerð innan 30 daga eftir að beiðni þar um er veitt viðtaka.

5. Hætti gerðardómsmaður, sem er skipaður, störfum, sé honum vikið frá eða forfallist hann, skal skipa annan í hans stað á eftirfarandi hátt:

a) sé um að ræða gerðardómsmann, sem samningsaðili hefur skipað, skal sá samningsaðili tilnefna annan sáttanefndarmann innan 15 daga, en sé það ekki gert skal skipa annan í hans stað skv. 4. mgr. og
b) sé um að ræða formann gerðardóms skulu samningsaðilarnir koma sér saman um skipun annars formanns í hans stað innan 30 daga, en sé það ekki gert skal skipa annan formann í hans stað skv. 4. mgr.

6. Framlengja skal þann frest sem gildir fyrir meðferð málsins frá og með þeim degi er gerðardómsmaður eða formaður hættir störfum, er vikið frá eða forfallast og til þess dags þegar eftirmaður hans hefur verið skipaður.

7. Ef aðalframkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar getur ekki annast þær tilnefningar er um getur í þessum kafla eða er ríkisborgari í landi samningsaðila, sem er deiluaðili, skal aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar annast tilnefningarnar.

tablishment of the panel by the Party complained against, appoint a panelist, who may be a national of that Party, propose up to four candidates to serve as the chair of the panel, and notify the other disputing Party in writing of the name of the appointed panelist and its proposed candidates to serve as the chair, including their relevant background information.

3. Within ten days following the date of the receipt of the request for the establishment of the panel by the Party complained against, the disputing Parties shall endeavour to agree on and appoint the chair from among the candidates proposed by both Parties.

4. If any of the three members have not been designated or appointed within 30 days following the date of the receipt of the request for the establishment of the panel by the Party complained against, the designations shall be made at the request of any disputing Party by the Director-General of the WTO, after having consulted with the disputing Parties. The designation should be made within 30 days following the date of the receipt of that request.

5. If an appointed panelist withdraws, is removed, or becomes unable to serve, a replacement shall be appointed in the following manner:

(a) in the case of a panelist appointed by a Party, that Party shall designate a new panelist within 15 days, failing which the replacement shall be appointed in accordance with paragraph 4; and
(b) in the case of the chair of the panel, the Parties shall agree on the appointment of a replacement within 30 days, failing which the replacement shall be appointed in accordance with paragraph 4.

6. Any time period applicable to the proceedings shall be suspended for a period beginning on the date the panelist or chair withdraws, is removed, or becomes unable to serve and ending on the date the replacement is appointed.

7. If the Director-General of the WTO is unable to make the designations as set forth in this Chapter or is a national of a disputing Party, the designations shall be made by any Deputy Director-General of the WTO

GREIN 12.9.

Menntun og hæfi gerðardómsmanna.

1. Sáttanefndarmenn skulu:

a) sérfróðir eða hafa reynslu á sviði lögfræði, alþjóðaviðskipta og annarra málefna sem þessi

ARTICLE 12.9

Qualifications of Panelists

1. Panelists shall:

(a) have expertise or experience in law, international trade, other matters covered by this Agreement,

samningur tekur til eða á sviði úrlausna deilumála sem rísa vegna alþjóðlegra viðskiptasamninga,

b) valdir einungis á grundvelli hlutlægni, óhlutdrægni, áreiðanleika og góðrar dómgreindar,

c) óháðir, ekki í eignartengslum við neinn samningsaðila eða taka við fyrirmælum frá neinum þeirra og

d) fara að siðareglum sem eiga sér stoð í hinum stöðluðum málsmeðferðarreglum.

2. Ef samningsaðili, sem er deiluaðili, hefur réttmætar efasemdir um hvort gerðardómsmaður uppfylli reglur um háttsemi, sem eiga sér stoð í hinum stöðluðu málsmeðferðarreglum, getur hann lagt til við hinn samningsaðilann, sem er deiluaðili, að gerðardómsmaðurinn verði færður úr starfi. Ef hinn samningsaðilinn, sem er deiluaðili, er því ósamþykkur eða víki gerðardómsmaðurinn ekki skal aðalframkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar taka ákvörðun í málinu.

or in the resolution of disputes arising under international trade agreements;

(b) be chosen strictly on the basis of objectivity, impartiality, reliability, and sound judgment;

(c) be independent of and not be affiliated with or take instructions from, any Party; and

(d) comply with the standards of conduct established by the Model Rules of Procedure.

2. If a disputing Party has justifiable doubts as to a panelist's compliance with the standards of conduct established in the Model Rules of Procedure, it may propose to the other disputing Party the removal of that panelist. If the other disputing Party does not agree, or the panelist does not withdraw, the decision shall be made by the Director-General of the WTO.

GREIN 12.10.

Hlutverk gerðardóms.

1. Gerðardómur skal leggja hlutlægt mat á það mál sem hún hefur til umfjöllunar í ljósi viðeigandi ákvæða þessa samnings, sem túlkuð eru í samræmi við reglur um túlkun þjóðaréttar og í ljósi greinargerða og röksemda þeirra samningsaðila sem deila, einnig annarra upplýsinga, sem henni berast meðan á málsmeðferð stendur, og bera fram nauðsynlegar niðurstöður fyrir lausn deilumálsins í samræmi við beiðnina um stofnun gerðardóms og erindisbréf hennar.

2. Verði þeir samningsaðilar sem deila ekki ásáttir um annað, innan 20 daga frá því að beiðni um stofnun sáttanefndar er veitt viðtaka, skal erindisbréf sáttanefndarinnar vera sem hér segir:

„Að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða þessa samnings, það mál sem er vísað til hennar í beiðninni um aðkomu gerðardóms og komast að niðurstöðu, taka ákvarðanir og leggja fram tilmæli um þau mál er um getur í 3. mgr. greinar 12.13 (Skýrsla gerðardóms).“

3. Ákvarðanir gerðardóms, þ.m.t. samþykkt skýrslunnar, skulu alla jafna teknar með einróma samþykki. Ef einróma samþykki næst ekki innan gerðardóms getur hann samþykkt ákvarðanir sínar með meirihluta atkvæða. Gerðardómur hefur ekki heimild til að veita upplýsingar um það hverjir gerðardómsmanna eiga hlut að meirihluta- eða minnihlutaáliti nefndarinnar.

4. Senda ber samningsaðilunum skýrslur gerðardóms, ásamt öllum öðrum ákvörðunum hans. Birta

ARTICLE 12.10

Role of the Panel

1. The panel shall make an objective assessment of the matter under its consideration, in light of the relevant provisions of this Agreement interpreted in accordance with rules of interpretation of public international law and in light of the submissions and arguments of the disputing Parties as well as other information received during the proceedings, and formulate the necessary findings for settling the dispute in accordance with the request for the establishment of the panel and its terms of reference.

2. Unless otherwise agreed by the disputing Parties, within 20 days following the date of the receipt of the request for the establishment of the panel, its terms of reference shall be:

"To examine, in light of the relevant provisions of this Agreement, the matter referred to it in the panel request and to make findings, determinations and recommendations on the matters referred to in paragraph 3 of Article 12.13 (Report of the Panel)."

3. The decisions of the panel, including the adoption of the report, shall normally be taken by consensus. If the panel is not able to reach consensus, it may adopt its decisions by majority. No panel may disclose which panelists are associated with majority or minority opinions.

4. The reports, as well as any other decision of the panel, shall be communicated to the Parties. The

skal skýrslurnar opinberlega, nema þeir deiluaðilar ákveði annað.

GREIN 12.11.
Staðlaðar málsmeðferðarreglur.

1. Málsmeðferð í gerðardómi skal vera í samræmi við hinar stöðluðu málsmeðferðarreglur, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi. Þeir samningsaðilar sem deila geta komið sér saman um að öðrum reglum sé beitt í gerðardómi.

2. Sameiginlega nefndin skal, innan sex mánaða frá gildistöku þessa samnings, samþykkja hinar stöðluðu málsmeðferðarreglur sem skulu tryggja a.m.k. eftirfarandi:

a) að hver samningsaðili, sem er deiluaðili, skuli eiga rétt á málflutningi a.m.k. einu sinni fyrir gerðardómi og jafnframt að fá tækifæri til að leggja fram skrifleg gögn og gagnrök,
b) að málflutningur fyrir gerðardómi sé opinn almenningi, nema þeir samningsaðilar sem deila verði ásáttir um annað,
c) vernd upplýsinga sem samningsaðili, sem er deiluaðili, auðkennir sem trúnaðarmál,
d) að málflutningur fari fram í Washington DC, nema þeir samningsaðilarnir sem deila verði ásáttir um annað,
e) að þeir samningsaðilar sem deila eigi rétt á að nota annaðhvort sitt eigið tungumál eða ensku við munnlegan málflutning. Skrifleg gögn skulu lögð fram á spænsku með enskri þýðingu eða á ensku með spænskri þýðingu,
f) sáttanefndinni er heimilt, að fram kominni beiðni samningsaðila sem er deiluaðili eða að eigin frumkvæði, að leita eftir upplýsingum og tæknilegri ráðgjöf sérfræðinga sem hún telur við eiga,
g) samningsaðili, sem er deiluaðili, skal bera eigin kostnað, þ.m.t. kostnaður við þýðingar framlagðra, skriflegra gagna, stjórnsýslukostnað þeirra samningsaðila sem deila og annan kostnað sem tengist undirbúningi og framkvæmd málsmeðferðarinnar og
h) þeir samningsaðilarnir sem deila skulu bera að jöfnu kostnað vegna gerðardómsmanna og stjórnsýslukostnað vegna munnlegs málflutnings, þ.m.t. túlkun. Gerðardómur getur engu að síður ákveðið að kostnaði skuli öðruvísi skipt, þar sem m.a. er tekið tillit til einstakra atriða málsins og annarra aðstæðna sem kunna að vera talin skipta máli.

GREIN 12.12.
Sameiginleg málsmeðferð.

Ef fleiri en einn samningsaðili fer fram á að gerðardómur verði stofnaður vegna sama máls eða

reports shall be made public, unless the disputing Parties agree otherwise.

ARTICLE 12.11
Model Rules of Procedure

1. The procedure before the panel shall be conducted in accordance with the Model Rules of Procedure, unless otherwise provided for in this Agreement. The disputing Parties may agree on different rules to be applied by the panel.

2. Within six months following the date of entry into force of this Agreement, the Joint Committee shall approve the Model Rules of Procedure, which shall ensure at least the fulfilment of the following:

(a) each disputing Party shall have the right to at least one hearing before the panel, as well as the opportunity to provide initial and rebuttal written submissions;
(b) the hearings before the panel will be open to the public unless otherwise agreed by the disputing Parties;
(c) the protection of information designated as confidential by any of the Parties;
(d) the hearings shall be held in Washington DC, unless otherwise agreed by the disputing Parties;
(e) in presenting oral arguments the disputing Parties have the right to use either their own language or English. Written submissions must be submitted in Spanish with an English translation or in English with a Spanish translation;
(f) at the request of a disputing Party, or on its own initiative, the panel may seek information and technical advice from experts it deems appropriate;
(g) each disputing Party's individual costs, including costs for the translation of the written submissions, the disputing Party´s administration costs and other costs related to the preparation and the carrying out of the proceedings, shall be borne by each disputing Party; and
(h) costs for the panelists and the administrative costs for the oral hearings, including interpretation, shall be borne by the disputing Parties in equal parts. However, the panel may decide that the costs be distributed differently, taking into account, *inter alia*, the particulars of the case and other circumstances that may be deemed relevant.

ARTICLE 12.12
Consolidation of Proceedings

Where more than one Party requests the establishment of a panel relating to the same matter or

ráðstöfunar skal, ætíð þegar því verður komið við, stofna einn gerðardóm til að fjalla um kvartanir sem varða sama mál.

measure, and whenever feasible, a single panel should be established to examine complaints relating to the same matter.

GREIN 12.13.

Skýrsla gerðardóms.

1. Gerðardómur skal leggja fram bráðabirgðaskýrslu innan 90 daga frá stofndegi hans, eða 50 daga þegar um áríðandi mál er að ræða, nema þeir samningsaðilar sem deila verði ásáttir um annað.

2. Samningsaðila, sem er deiluaðili, er heimilt að leggja skriflegar athugasemdir fyrir sáttanefndina um frumskýrslu hennar innan 14 daga frá því að skýrslan er lögð fram. Sáttanefndin skal afhenda þeim samningsaðilum sem deila lokaskýrslu innan 30 daga frá því að frumskýrslan er lögð fram.

3. Skýrslurnar skulu innihalda:

a) niðurstöður, byggðar á staðreyndum og lögum, ásamt rökstuðningi fyrir þeim, m.a. ákvörðun þess efnis hvort samningsaðili, sem er deiluaðili, hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt þessum samningi eða hvers konar aðrar ákvarðanir sem farið er fram á í erindisbréfi,

b) tilmæli um lausn deilunnar og hvernig beri að hrinda atriðum lokaskýrslunnar í framkvæmd,

c) ef um það er beðið, niðurstöður athugunar á því hversu skaðleg áhrif það hefur haft á viðskiptahagsmuni þess samningsaðila sem ber fram kvörtun að samningsaðilinn, sem kvörtun er beint til, hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi og

d) ef um það er beðið, hæfilegan frest til þess að uppfylla þær kröfur sem fram koma í lokaskýrslunni.

ARTICLE 12.13

Report of the Panel

1. Unless the disputing Parties agree otherwise, the panel shall submit an initial report within 90 days, or 50 days in the event of urgent matters, following the date of its establishment.

2. A disputing Party may submit written comments to the panel on its initial report within 14 days following its presentation. The panel shall present to the disputing Parties a final report within 30 days following the presentation of the initial report.

3. The reports shall contain:

(a) the findings of fact and law together with the reasons therefor, including the determination as to whether a disputing Party has not conformed with its obligations under this Agreement or any other determination requested in the terms of reference;

(b) its recommendations for the resolution of the dispute and the implementation of the final report;

(c) if requested, the findings about the level of adverse trade effects caused to the complaining Party by the Party complained against's failure to conform with the obligations of this Agreement; and

(d) if requested, a reasonable period to comply with the final report.

GREIN 12.14.

Beiðni um útlistun skýrslunnar.

1. Samningsaðili, sem er deiluaðili, getur lagt fyrir gerðardóm skriflega beiðni um útskýringu á þeim ákvörðunum eða tilmælum í lokaskýrslunni sem hann telur óljós, innan 10 daga frá því að skýrslan er lögð fram. Gerðardómur skal svara beiðninni innan 10 daga frá því að henni er veitt viðtaka.

2. Framlagning beiðni skv. 1. mgr. hefur ekki áhrif á tímafrest er um getur í grein 12.16 (Framkvæmd ákvæða lokaskýrslunnar og jöfnunaraðgerðir) og grein 12.17 (Úrskurður kemur ekki til framkvæmda og ávinningi frestað), nema gerðardómur ákveði annað.

ARTICLE 12.14

Request for Clarification of the Report

1. Within ten days following the presentation of the final report, a disputing Party may submit a written request to the panel for clarification of any determination or recommendation in the report that the Party considers ambiguous. The panel shall respond to the request within ten days following the date of its receipt.

2. The submission of a request pursuant to paragraph 1 shall not affect the time periods referred to in Article 12.16 (Implementation of the Final Report and Compensation) and Article 12.17 (Non-Implementation and Suspension of Benefits), unless the panel decides otherwise.

GREIN 12.15.
Málsmeðferð frestað eða hætt.

1. Samningsaðilarnir sem deila geta ákveðið að fresta starfi gerðardóms hvenær sem er, þó ekki lengur en 12 mánuði frá því að slíkt samkomulag er samþykkt. Ef vinnu gerðardóms er frestað lengur en 12 mánuði skal heimild hans til að fjalla um deilumálið falla niður nema þeir samningsaðilar sem deila verði ásáttir um annað.
2. Ekkert í samningi þessum hindrar samningsaðila, sem er deiluaðili, í því að leggja fram nýja kvörtun vegna sama máls, ef heimild sáttanefndarinnar fellur niður og þeir samningsaðilarnir sem deila hafa ekki orðið ásáttir um lausn deilunnar.
3. Þeir samningsaðilar sem deila geta ákveðið að hætta málsmeðferð gerðardóms hvenær sem er með sameiginlegri tilkynningu um það til formanns gerðardóms.
4. Samningsaðila, sem ber fram kvörtun, er heimilt að draga hana til baka hvenær sem er áður en lokaskýrslan er gefin út. Það hefur þó ekki áhrif á rétt hans til að leggja fram nýja kvörtun síðar vegna sama máls.
5. Gerðardómur getur, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er og áður en lokaskýrslan er gefin út, lagt til að þeir samningsaðilar sem deila reyni að leysa deiluna í vinsemd.

ARTICLE 12.15
Suspension and Termination of Procedure

1. The disputing Parties may agree to suspend the work of the panel at any time for a period not exceeding 12 months following the date of such agreement. If the work of the panel has been suspended for more than 12 months, the authority of the panel to consider the dispute shall lapse, unless the disputing Parties agree otherwise.
2. If the authority of the panel lapses and the disputing Parties have not reached an agreement on the settlement of the dispute, nothing in this provision shall prevent a Party from introducing a new complaint regarding the same matter.
3. The disputing Parties may agree to terminate the proceedings before a panel at any time by jointly notifying the chairperson of the panel.

4. A complaining Party may withdraw its complaint at any time before the final report has been issued. Such withdrawal is without prejudice to its right to introduce a new complaint regarding the same issue at a later point in time.
5. A panel may, at any stage of the proceedings prior to release of the final report, propose that the disputing Parties seek to settle the dispute amicably.

GREIN 12.16.
Framkvæmd lokaskýrslunnar og jöfnunaraðgerðir.

1. Úrskurðir gerðardóms í þeim málum er um getur í a- og d-lið 3. mgr. greinar 12.13 (Skýrsla gerðardóms) eru endanlegir og bindandi fyrir þá samningsaðila sem deila.
2. Samningsaðilinn, sem kvörtun er beint til, skal, innan 30 daga frá því að lokaskýrslan er gefin út, tilkynna hinum samningsaðilanum um það hvenær og hvernig hann muni fylgja úrskurðinum. Samningsaðilinn, sem kvörtun er beint til, skal fylgja úrskurðinum þegar í stað eða, ef það er óframkvæmanlegt, innan hæfilegs frests, nema gefinn sé frestur í skýrslu gerðardóms til að hrinda efnisatriðum úrskurðarins í framkvæmd skv. d-lið 3. mgr. greinar 12.13 (Skýrsla gerðardóms) eða samningsaðilarnir sem deila verði ásáttir um annan frest. Samningsaðilinn, sem kvörtun er beint til, skal taka tillit til allra tilmæla gerðardóms um lausn deilunnar og framkvæmd úrskurðarins.
3. Samningsaðilinn, sem kvörtun er beint til, getur einnig, innan 30 daga frá því að lokaskýrslan er gefin út, tilkynnt samningsaðilanum, sem ber fram kvörtun, að hann telji ógerlegt að fylgja úrskurðinum og boðið jöfnunaraðgerð. Ef samningsaðili, sem ber

ARTICLE 12.16
Implementation of the Final Report and Compensation

1. The rulings of the panel on the matters referred to in subparagraphs 3 (a) and (d) of Article 12.13 (Report of the Panel) shall be final and binding for the disputing Parties.
2. The Party complained against shall within 30 days following the issuance of the final report notify the other Party when and how it will comply with the ruling. The Party complained against shall comply with the ruling immediately or, if impracticable, within a reasonable period of time, unless the panel report sets a period of time for the implementation of the ruling pursuant to subparagraph 3 (d) of Article 12.13 (Report of the Panel) or the disputing Parties agree on a different period of time. The Party complained against shall take into account any recommendation of the panel for the resolution of the dispute and the implementation of the ruling.

3. The Party complained against may also notify the complaining Party within 30 days following the issuance of the final report that it considers it impracticable to comply with the ruling and offer compensation. If the complaining Party considers the

fram kvörtun, telur að áformuð jöfnunaraðgerð sé óviðunandi eða ekki nægilega ítarleg til að endurspegla rétt mat, getur hann farið fram á að efnt verði til samráðs til þess að ná samkomulagi um jöfnunaraðgerð. Ef ekki næst samkomulag um jöfnunaraðgerð innan 30 daga eftir að beiðni um samráð er veitt viðtaka, verður samningsaðilinn, sem kvörtun er beint til, að hlíta upprunalegum úrskurði gerðardóms skv. 2. mgr.

GREIN 12.17.
Úrskurður kemur ekki til framkvæmda – ávinningi frestað.

1. Ef samningsaðilinn, sem kvörtun er beint til, fylgir ekki:

a) úrskurði samkvæmt lokaskýrslunni innan þess frests sem ákveðinn er skv. 2. mgr. greinar 12.16 (Framkvæmd lokaskýrslunnar og jöfnunaraðgerð) eða
b) ákvæðum samkomulags um jöfnunaraðgerð skv. 3. mgr. greinar 12.16 (Framkvæmd lokaskýrslunnar og jöfnunaraðgerð) innan þess frests sem samningsaðilarnir sem deila eru ásáttir um, getur samningsaðilinn, sem ber fram kvörtun, frestað því að ávinningur, sem fæst samkvæmt þessum samningi, komi til framkvæmda til jafns við þann sem ráðstöfun, sem gerðardómur hefur gengið úr skugga um að fari í bága við þennan samning, að teknu tilliti til niðurstaðna athugunar á því um hversu skaðleg áhrif á viðskiptahagsmuni skv. c-lið 3. mgr. greinar 12.13 (Skýrsla gerðardóms) er að ræða.

2. Þegar hugað er að því hvaða ávinningi skuli fresta skv. 1. mgr. skal samningsaðili, sem ber fram kvörtun, fyrst leitast við að fresta ávinningi í sama geira eða geirum og þeim sem ráðstöfunin, sem gerðardómur hefur ákvarðað að samrýmist ekki skyldum samkvæmt þessum samningi, hefur haft áhrif á. Ef samningsaðili, sem ber fram kvörtun, telur það hvorki gerlegt né vænlegt til árangurs að fresta ávinningi í sama geira eða geirum, getur hann frestað ávinningi í öðrum geirum.

3. Frestun ávinnings skal vera tímabundin ráðstöfun sem samningsaðili, sem ber fram kvörtun, beitir einungis þar til ráðstöfunin, sem fer í bága við þennan samning, hefur verið samrýmd úrskurði sáttanefndarinnar eða þar til samningsaðilarnir sem deila hafa leyst deilumálið á annan hátt.

4. Samningsaðili, sem ber fram kvörtun, skal tilkynna samningsaðilanum, sem kvörtun er beint til, um þann ávinning sem fyrirhugað er að fresta og ástæður slíkrar frestunar og hvenær henni lýkur, eigi síðar en 30 dögum fyrir þann dag er frestun á að koma til framkvæmda. Samningsaðilinn, sem kvört-

proposed compensation to be unacceptable or not sufficiently detailed to asses properly, it may request consultation with the aim of reaching an agreement on compensation. If there is no agreement on compensation within 30 days following the date of the receipt of the request, the Party complained against must comply with the ruling of the original panel pursuant to paragraph 2.

ARTICLE 12.17
Non-Implementation and Suspension of Benefits

1. If the Party complained against fails to comply:

(a) with the ruling in the final report within the time period defined in accordance with paragraph 2 of Article 12.16 (Implementation of the Final Report and Compensation); or
(b) with an agreement on compensation pursuant to paragraph 3 of Article 12.16 (Implementation of the Final Report and Compensation) within the time period agreed by the disputing Parties, the complaining Party may suspend benefits granted under this Agreement equivalent to those affected by the measure that the panel has found to violate this Agreement, taking into account findings about the level of adverse trade effects pursuant to subparagraph 3 (c) of Article 12.13 (Report of the Panel).

2. In considering which benefits to suspend pursuant to paragraph 1, the complaining Party should first seek to suspend the application of benefits in the same sector or sectors affected by the measure that the panel has found to be inconsistent with the obligations of this Agreement. If the complaining Party considers that it is not practicable or effective to suspend benefits in the same sector or sectors, it may suspend benefits in other sectors.

3. The suspension of benefits shall be temporary and shall only be applied by the complaining Party until the measure found to violate this Agreement has been brought into conformity with the rulings of the panel or until the disputing Parties have otherwise settled the dispute.

4. The complaining Party shall notify the Party complained against of the benefits which it intends to suspend, the grounds for such suspension and when suspension will commence no later than 30 days before the date on which the suspension is due to take effect. Within 15 days following the date of

un er beint gegn, getur, innan 15 daga frá dagsetningu fyrrnefndrar tilkynningar, farið þess á leit við upphaflega gerðardóminn að hann úrskurði um hvers konar ágreining um hinn tilkynnta frest, þ.m.t. hvort frestun ávinnings sé réttmæt og hvort sá ávinningur sem samningsaðilinn, sem ber fram kvörtun, hyggst afnema sé of mikill. Gerðardómur skal fella úrskurð innan 45 daga frá dagsetningu beiðninnar og er sá úrskurður endanlegur og bindandi. Ekki skal fresta ávinningi fyrr en gerðardómur hefur fellt úrskurð sinn.

5. Sé ágreiningur um hvort samningsaðilinn, sem kvörtun er beint til, hafi farið að tilmælum í skýrslunni innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í 2. mgr. greinar 12.16 (Framkvæmd lokaskýrslunnar og jöfnunaraðgerðir), getur hvor samningsaðili sem er, sem á aðild að deilunni, vísað málinu til upphaflega gerðardómsins. Sáttanefndin skal, að öllu jöfnu, kveða upp úrskurð sinn innan 45 daga frá dagsetningu beiðninnar og er sá úrskurður endanlegur og bindandi. Eigi skal fresta ávinningi fyrr en gerðardómur hefur birt úrskurð sinn.

6. Upphaflegi gerðardómurinn skal, að beiðni samningsaðila sem er deiluaðili, skera úr um það hvort ráðstafanir til framkvæmdar, sem eru samþykktar eftir að samningsaðilinn, sem ber fram kvörtun, frestar ávinningi, séu í samræmi við úrskurð gerðardóms í þessum kafla og hvort frestun ávinnings skuli hætt eða henni breytt. Í þessu tilfelli skal gerðardómur fella úrskurð sinn innan 30 daga frá dagsetningu beiðninnar.

7. Gerðardómur samkvæmt þessari grein skal, ávallt þegar aðstæður leyfa, skipuð aðilum upphaflega gerðardómsins. Ef gerðardómsmaður fellur frá, hættir störfum, er vikið frá störfum eða sé hann ekki tiltækur af öðrum ástæðum skal annar gerðardómsmaður, sem er skipaður skv. 5. mgr. greinar 12.8 (Val gerðardóms), koma í hans stað.

that notification, the Party complained against may request the original panel to rule on any disagreement regarding the notified suspension, including whether the suspension of benefits is justified and whether the benefits which the complaining party intends to suspend are excessive. The ruling of the panel shall be given within 45 days following the date of that request and shall be final and binding. Benefits shall not be suspended until the panel has issued its ruling.

5. In case of disagreement as to whether the Party complained against has complied with the report within the time periods set out in paragraph 2 of Article 12.16 (Implementation of the Report and Compensation), either disputing Party may refer the dispute to the original panel. The report of the panel shall normally be rendered within 45 days following the date of the request and shall be final and binding. Benefits shall not be suspended until the panel has issued its ruling.

6. At the request of a disputing Party, the original panel shall determine the conformity with the rulings of the panel in this Chapter of any implementing measures adopted after the suspension of benefits by the complaining Party and whether the suspension of benefits should be terminated or modified. The ruling of the panel in this case shall be given within 30 days following the date of that request.

7. A panel under this Article shall, whenever possible, be composed by members of the original panel. If a panelist dies, withdraws, is removed or is otherwise unavailable, that panelist shall be replaced by a panelist appointed pursuant to paragraph 5 of Article 12.8 (Panel Selection).

13. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

GREIN 13.1.
Viðaukar, viðbætar og neðanmálsgreinar.

Viðaukar, viðbætar og neðanmálsgreinar við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti hans.

GREIN 13.2.
Gildistaka.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki í samræmi við laga- og stjórnskipuleg skilyrði samningsaðilanna. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila til vörslu.

CHAPTER 13
FINAL PROVISIONS

ARTICLE 13.1
Annexes, Appendices and Footnotes

The Annexes, Appendices and footnotes to this Agreement constitute an integral part of this Agreement.

ARTICLE 13.2
Entry into Force

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval in accordance with the respective legal and constitutional requirements of the Parties. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.

2. Samningur þessi öðlast gildi 1. júní 2011, að því tilskildu að Perú og a.m.k. eitt EFTA-ríki hafi afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eða tilkynnt honum um beitingu samningsins til bráðabirgða að minnsta kosti tveimur mánuðum fyrir fyrrnefnda dagsetningu.
3. Ef samningurinn öðlast ekki gildi 1. júní 2011, öðlast hann gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðara ríkið, þ.e. Perú og a.m.k. eitt EFTA-ríki, hefur afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eða tilkynnt honum um beitingu samningsins til bráðabirgða.

4. Afhendi EFTA-ríki skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjal þess er afhent til vörslu.
5. Hafi Perú fullgilt þennan samning getur EFTA-ríki, heimili laga- og stjórnskipuleg skilyrði þess það, beitt ákvæðum þessa samnings til bráðabirgða meðan þess er beðið að það ríki fullgildi samninginn, staðfesti hann eða samþykki. Tilkynna ber vörsluaðila um að ákvæðum þessa samnings verði beitt til bráðabirgða og gildir slík beiting frá fyrsta degi þriðja mánaðar frá þeirri tilkynningu.
6. Ef samningsaðili fullgildir ekki samninginn, staðfestir hann eða samþykkir og hafi sá samningsaðili beitt ákvæðum hans til bráðabirgða, gildir ákvæði 1. mgr. greinar 13.15 (Úrsögn) að breyttu breytanda. Bráðabirgðabeitingu skal fram haldið í sex mánuði eftir þann dag er vörsluaðili veitir tilkynningu viðkomandi samningsaðila um að samningurinn verði ekki fullgiltur, staðfestur eða samþykktur viðtöku.

2. This Agreement shall enter into force on 1 June 2011, provided that Peru and at least one EFTA State have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval with, or notified provisional application to the Depositary at least two months prior to that date.
3. In case the Agreement does not enter into force on 1 June 2011, it shall enter into force on the first day of the third month following the latter date on which Peru and at least one EFTA State have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval with, or notified provisional application to the Depositary.
4. If an EFTA State deposits its instrument of ratification, acceptance or approval after this Agreement has entered into force, the Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument.
5. Where Peru has ratified this Agreement, an EFTA State may, if its legal and constitutional requirements so permit, apply this Agreement provisionally pending ratification, acceptance or approval by that State. Provisional application of this Agreement shall be notified to the Depositary, and shall apply from the first day of the third month following the notification.
6. If the Agreement is not ratified, accepted or approved by a Party, and it had been provisionally applied by that Party, paragraph 1 of Article 13.5 (Withdrawal) shall apply *mutatis mutandis*. Provisional application shall continue for a period of six months following the date of the receipt of the Party's notification by the Depositary regarding the non-ratification, non-acceptance or non-approval of the Agreement.

GREIN 13.3.
Breytingar.

1. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að leggja fyrir sameiginlegu nefndina tillögur um breytingar á þessum samningi til umfjöllunar og samþykkis.
2. Breytingar á þessum samningi ber, með fyrirvara um ákvæði b-liðar 3. mgr. greinar 11.1 (Sameiginlega nefndin) og eftir að sameiginlega nefndin hefur samþykkt þær, að senda samningsaðilunum til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis í samræmi við laga- og stjórnskipuleg skilyrði samningsaðilanna sem við eiga.
3. Breytingarnar öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er afhent til vörslu, nema samningsaðilarnir verði ásáttir um annað.
4. Samningsaðilarnir geta komið sér saman um að breyting öðlist gildi gagnvart þeim samningsaðilum

ARTICLE 13.3
Amendments

1. Any Party may submit proposals for amendments to this Agreement to the Joint Committee for consideration and approval.
2. Without prejudice to subparagraph 3 (b) of Article 11.1 (Joint Committee), amendments to this Agreement shall, after approval by the Joint Committee, be submitted to the Parties for ratification, acceptance or approval in accordance with their respective legal and constitutional requirements.

3. Amendments shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval, unless the Parties agree otherwise.
4. The Parties may agree that an amendment shall enter into force for those Parties that have fulfilled

sem hafa fullnægt skilyrðum landslaga sinna, að því tilskildu að Perú og a.m.k. eitt EFTA-ríki séu á meðal þessara samningsaðila. Samningsaðili getur, með fyrirvara um skilyrði landslaga sinna og eftir að hafa tilkynnt vörsluaðila um það, tekið breytinguna upp til bráðabirgða meðan þess er beðið að hún sé fullgilt, staðfest eða samþykkt.
5. Texti breytinga og skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila til vörslu.

their internal legal requirements, provided that Peru and at least one EFTA State are among those Parties. A Party may apply, subject to its internal legal requirements and upon notification to the Depositary, the amendment provisionally, pending its ratification, acceptance or approval.

5. The text of the amendments and the instruments or ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.

GREIN 13.4.
Aðild.

1. Ríki, sem gerist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), getur gerst aðili að samningi þessum, svo fremi að sameiginlega nefndin ákveði að samþykkja aðild þess, með þeim skilmálum og skilyrðum sem það ríki og samningsaðilarnir kunna að verða ásátt um.
2. Að því er varðar inngönguríki skal samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að síðasta skjalið um samþykki samningsaðilanna og um aðild inngönguríkisins hefur verið afhent til vörslu.

ARTICLE 13.4
Accession

1. Any State becoming a member of European Free Trade Association (EFTA), may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee decides to approve its accession, on such terms and conditions as may be agreed between that State and the Parties.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the last deposit of the instrument of approval of the Parties and of the instrument of accession of the acceding State.

GREIN 13.5.
Úrsögn.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt sig frá samningi þessum eftir að hafa komið skriflegri tilkynningu um það til hinna samningsaðilanna. Úrsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar vörsluaðilinn veitir tilkynningunni viðtöku, nema samningsaðilarnir verði ásáttir um annað.
2. Segi Perú sig frá samningnum telst hann útrunninn þegar úrsögnin tekur gildi.
3. Ef EFTA-ríki segir sig frá samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu skal það jafnframt segja sig frá samningi þessum í samræmi við ákvæði 1. mgr.

ARTICLE 13.5
Withdrawal

1. Any Party may withdraw from this Agreement after it provides written notification to the other Parties. Such withdrawal shall be effective six months after the date on which the notification is received by the Depositary, except otherwise agreed by the Parties.
2. If Peru withdraws, this Agreement shall expire when the withdrawal becomes effective.
3. In case any EFTA State withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association, it shall withdraw at the same time from this Agreement in accordance with paragraph 1.

GREIN 13.6.
Tengsl við viðbótarsamninga.

1. Samningur þessi öðlast ekki gildi og verður ekki beitt til bráðabirgða í samskiptum Perús og EFTA-ríkis nema viðbótarsamningurinn um landbúnaðarmál milli Perú og þess EFTA-ríkis, er um getur í grein 1.1 (Stofnun fríverslunarsvæðis), öðlist jafnframt gildi eða sé jafnframt beitt til bráðabirgða. Samningurinn heldur gildi sínu eins lengi og viðbótarsamningurinn heldur gildi sínu milli fyrrnefndra samningsaðila.
2. Segi Perú eða einstakt EFTA-ríki sig frá viðbótarsamningnum um landbúnaðarmál milli Perús og þess EFTA-ríkis, skal litið svo á að viðkomandi ríki

ARTICLE 13.6
Relation to the Complementary Agreements

1. This Agreement shall not enter into force or be applied provisionally between Peru and an EFTA State unless the complementary Agreement on Agriculture between Peru and that EFTA State referred to in Article 1.1 (Establishment of a Free Trade Area) enters into force or is applied provisionally simultaneously. It shall remain in force as long as the complimentary agreement remains in force between those Parties.
2. If Peru or an individual EFTA State withdraws from the complementary Agreement on Agriculture between Peru and that EFTA State, it is understood

segi sig einnig frá þessum samningi. Báðar úrsagnirnar taka gildi á þeim degi þegar fyrri uppsögnin tekur gildi skv. grein 13.5 (Úrsögn).

that it is also withdrawing from this Agreement. Both withdrawals shall become effective on the date the first withdrawal becomes effective pursuant to Article 13.5 (Withdrawal).

GREIN 13.7.
Gildir textar.

1. Enskir og spænskir textar þessa samnings eru jafngildir og jafnréttir nema að því leyti sem kemur fram í 2. mgr. Ef ágreiningur ís skal enski textinn ráða.
2. Eftirfarandi textar eru aðeins gildir og réttir á ensku annars vegar og spænsku hins vegar:
a) Á ensku:
   i. taflan í II. viðauka (Undanskildar vörur),
   ii. 1. viðbætir við III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir) og
   iii. töflur 1 og 2 í IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir).
b) Á spænsku:
   i. 2. og 3. viðbætir við III. viðauka (Unnar landbúnaðarafurðir),
   ii. tafla 3 í IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) og
   iii. tafla í VIII. viðauka (Iðnaðarvörur).

ARTICLE 13.7
Authentic Texts

1. Except as provided in paragraph 2, the English and Spanish texts of this Agreement are equally valid and authentic. In case of divergence, the English version shall prevail.
2. The following texts are only valid and authentic in English or Spanish respectively:
(a) in English:
   (i) Table in Annex II (Excluded Products);
   (ii) Appendix 1 to Annex III (Processed Agricultural Products); and
   (iii) Tables 1 and 2 in Annex IV (Fish and Other Marine Products).
(b) in Spanish:
   (i) Appendixes 2 and 3 to Annex III (Processed Agricultural Products);
   (ii) Table 3 in Annex IV (Fish and Other Marine Products); and
   (iii) Table in Annex VIII (Industrial Goods).

GREIN 13.8.
Vörsluaðili.

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili samningsins.

ARTICLE 13.8
Depositary

The Government of Norway shall act as Depositary.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem hafa til þess fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Undirritað af hálfu EFTA-ríkjanna í Reykjavík 24. júní 2010 og af hálfu Perús í Líma 14. júlí 2010 í einu frumriti á ensku og spænsku sem skal afhenda ríkisstjórn Noregs (vörsluaðila) til vörslu. Vörsluaðili skal senda samningsaðilunum staðfest endurrit.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorised by their respective Governments have signed this Agreement.

Signed by the EFTA States at Reykjavik, this 24 day of June 2010, and by Peru at Lima, this 14 July 2010, in one original text in the English and the Spanish languages, which shall be deposited with the Government of Norway (Depositary). The Depositary shall transmit certified copies to the Parties.

Fyrir hönd Íslands

Fyrir hönd Lýðveldisins Perús

For Iceland

For the Republic of Peru

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins

For the Principality of Liechtenstein

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

For the Kingdom of Norway

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss

For the Swiss Confederation

Fylgiskjal II.

Landbúnaðarsamningur milli Íslands og Lýðveldisins Perús.

1. gr.
Gildissvið og umfang.

Viðbótarsamningur þessi um viðskipti með grunnlandbúnaðarafurðir (hér á eftir nefndur „þessi samningur“) milli Íslands og Lýðveldisins Perús (hér á eftir nefnt „Perú“), sem hvort um sig eru nefnd „samningsaðili“, er gerður með vísan til fríverslunarsamnings Lýðveldisins Perús og EFTA-ríkjanna (hér á eftir nefndur „fríverslunarsamningurinn“) sem er undirritaður samtímis, 24. júní 2010, og einkum í samræmi við grein 1.1 (Stofnun fríverslunarsvæðis) í fríverslunarsamningnum.

2. gr.
Almennar reglur.

Þessi samningur tekur til ráðstafana sem samningsaðilarnir samþykkja eða viðhalda og varða eftirfarandi landbúnaðarafurðir:

a) landbúnaðarafurðir sem heyra undir 1. til 24. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni (hér á eftir nefnd „samræmda tollskráin“ (ST)) og ekki er getið í III. viðauka (Unnar landbúnaðarvörur) og IV. viðauka (Fiskur og aðrar sjávarafurðir) við fríverslunarsamninginn og

b) afurðir sem heyra undir II. viðauka (Framleiðsluvörur sem eru undanskildar) við fríverslunarsamninginn.

3. gr.
Tollaívilnanir.

Perú skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar á Íslandi, eins og tilgreint er í I. viðauka (Ívilnanir sem Íslandi eru veittar af hálfu Perús). Ísland skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar í Perú, eins og tilgreint er í II. viðauka (Ívilnanir sem Perú eru veittar af hálfu Íslands).

4. gr.
Upprunareglur og reglur um tollmeðferð.

1. Ákvæðin um upprunareglur og samvinnu stjórnvalda, sem sett eru fram í V. viðauka við fríverslunarsamninginn (Upprunareglur og samvinna stjórnvalda), gilda um þennan samning, með þeirri undan-

Agreement on Agriculture Between Iceland and the Republic of Peru

ARTICLE 1
Scope and Coverage

This complementary Agreement on trade in basic agricultural products (hereinafter referred to as “this Agreement”) between Iceland and the Republic of Peru (hereinafter referred to as “Peru”), each referred to as a “Party”, is concluded further to the Free Trade Agreement between the Republic of Peru and the EFTA States (hereinafter referred to as “the Free Trade Agreement”), which is signed simultaneously on 24 June 2010, and in particular pursuant to Article 1.1 of the Free Trade Agreement (Establishment of a Free Trade Area) of the Free Trade Agreement.

ARTICLE 2
General Rules

This Agreement applies to the measures adopted or maintained by the Parties related to the following agricultural products:

(a) agricultural products classified under Chapters 1 to 24 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (hereinafter referred to as “the HS”), and not included in Annex III (Processed Agricultural Products) of the Free Trade Agreement or Annex IV (Fish and Other Marine Products) of the Free Trade Agreement; and

(b) products covered by Annex II (Excluded Products) of the Free Trade Agreement.

ARTICLE 3
Tariff Concessions

Peru shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Iceland as specified in Annex I (Peruvian Concessions to Iceland). Iceland shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Peru as specified in Annex II (Icelandic Concessions to Peru).

ARTICLE 4
Rules of Origin and Customs Procedures

1. The provisions on rules of origin and administrative co-operation set out in Annex V of the Free Trade Agreement (Rules of Origin and Administrative Co-operation) shall apply to this Agreement,

tekningu sem kveðið er á um í 2. mgr. Litið skal svo á að allar tilvísanir til „EFTA-ríkja“ í þeim viðauka eigi við Ísland.

2. Í samningi þessum gilda ákvæði 3. gr. (Uppsöfnun uppruna) V. viðauka við fríverslunarsamninginn (Upprunareglur og samvinna stjórnvalda) ekki um framleiðsluvörur sem falla undir þennan samning og eru fluttar út frá Íslandi til annars EFTA-ríkis eða frá öðru EFTA-ríki til Íslands.

except as provided for in paragraph 2. Any references to “EFTA States” in that Annex shall be taken to refer to Iceland.

2. For the purposes of this Agreement, Article 3 (Accumulation of Origin) of Annex V of the Free Trade Agreement (Rules of Origin and Administrative Co-operation) shall not apply to products covered by this Agreement, which are exported from Iceland to another EFTA State or from another EFTA State to Iceland.

5. gr.

Ákvæði fríverslunarsamningsins.

Eftirfarandi ákvæði fríverslunarsamningsins gilda, að breyttu breytanda, um þennan samning, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi: Ákvæði greina 1.1 (Stofnun fríverslunarsvæðis), 1.2 (Markmið), 1.3 (Svalbarði), 1.4 (Tengsl við aðra alþjóðasamninga), 1.6 (Ríkisstjórnir, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld), 1.7 (Skattamál), 1.9 (Almennar skilgreiningar), 2.2. (Skilgreiningar), 2.3 (Upprunareglur og gagnkvæm aðstoð í tollamálum), 2.4 (Greitt fyrir viðskiptum), 2.8 (Tollar, skattar eða önnur gjöld lögð á útflutning), 2.9 (Takmarkanir á inn- og útflutningi), 2.10 (Umsýsluþóknun og formsatriði), 2.11 (Innlend meðferð), 2.12 (Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki), 2.13 (Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna), 2.14 (Tæknilegar reglur), 2.15 (Styrkir og jöfnunarráðstafanir), 2.16 (Undirboð), 2.17 (Víðtækar verndarráðstafanir), 2.18 (Tvíhliða verndarráðstafanir), 2.19 (Almennar undantekningar), 2.20 (Undantekningar af öryggisástæðum), 8.3 (Samstarf), 13.1 (Viðaukar, viðbætar og neðanmálsgreinar), 13.3 (Breytingar), 13.5 (Úrsögn) og 9. kafla (Gagnsæi) og 12. kafla (Lausn deilumála).

ARTICLE 5

Provisions of the Free Trade Agreement

Except as otherwise provided for in this Agreement, the following provisions of the Free Trade Agreement shall apply, *mutatis mutandis*, to this Agreement: Articles 1.1 (Establishment of a Free Trade Area), 1.2 (Objectives), 1.3 (Svalbard), 1.4 (Relation to Other International Agreements), 1.6 (Central, Regional and Local Government), 1.7 (Taxation), 1.9 (Definitions of General Application), 2.2 (Definitions), 2.3 (Rules of Origin and Mutual Assistance in Customs Matters), 2.4 (Trade Facilitation), 2.8 (Duties, Taxes or Other Charges on Exports), 2.9 (Import and Export Restrictions), 2.10 (Administrative Fees and Formalities), 2.11 (National Treatment), 2.12 (State Trading Enterprises), 2.13 (Sanitary and Phytosanitary Measures), 2.14 (Technical Regulations), 2.15 (Subsidies and Countervailing Measures), 2.16 (Anti-Dumping), 2.17 (Global Safeguard Measures), 2.18 (Bilateral Safeguard Measures), 2.19 (General Exceptions), 2.20 (Security Exceptions), 8.3 (Co-operation), 13.1 (Annexes, Appendices, and Footnotes), 13.3 (Amendments), 13.5 (Withdrawal) Chapters 9 (Transparency) and 12 (Dispute Settlement).

6. gr.

Tvíhliða nefnd.

1. Hér með er komið á fót tvíhliða nefnd um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Hún skal koma saman að beiðni annars samningsaðilans. Til þess að fjármunir nýtist sem best skulu samningsaðilarnir gera sér far um, að því marki sem unnt er, að nota samskiptatækni á borð við rafræn samskipti, myndfundabúnað eða símafundi og koma saman hvenær sem nauðsyn krefur, helst í tengslum við fundi hinnar sameiginlegu nefndar fríverslunarsamningsins.

2. Tvíhliða nefndin skal:

a) hafa yfirumsjón með framkvæmd og umsýslu skuldbindinga samkvæmt þessum samningi,

ARTICLE 6

Bilateral Committee

1. A Bilateral Committee on trade in agricultural products is hereby established. It shall meet when requested by one of the Parties. In order to permit the efficient use of resources, the Parties shall, to the extent possible, endeavour to use technological means of communication, such as electronic communication, video or phone conferences, and meet whenever necessary, preferably taking advantage of meetings of the Joint Committee of the Free Trade Agreement.

2. The Bilateral Committee shall:

(a) supervise the implementation and administration of the commitments under this Agreement;

b) leggja mat á viðskipti með landbúnaðarvörur samkvæmt þessum samningi og áhrif hans á landbúnaðargeira samningsaðilanna,
c) vinna áfram að því að auka frelsi í viðskiptum með landbúnaðarafurðir innan ramma landbúnaðarstefnu hvors samningsaðila um sig,
d) leitast við að leysa deilumál sem upp kunna að koma við túlkun eða beitingu þessa samnings og
e) taka til umfjöllunar hvert það mál annað sem gæti haft áhrif á framkvæmd þessa samnings.

7. gr.
Aukið frelsi í viðskiptum.

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að vinna áfram að því að auka frelsi í viðskiptum sínum með landbúnaðarafurðir, að teknu tilliti til fyrirkomulags viðskipta sín á milli með landbúnaðarafurðir, þess hve slíkar afurðir eru viðkvæmar og til þróunar í landbúnaðarstefnu hvors aðila um sig. Samningsaðilarnir skulu, að beiðni hvors aðilans sem er, hafa samráð í þeim tilgangi að auka frelsi í viðskiptum sínum með landbúnaðarafurðir, þ.m.t. úrbætur á markaðsaðgangi með því að lækka eða afnema tolla á landbúnaðarvörum og með því að útvíkka vörusvið sem þessi samningur tekur til.

8. gr.
Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.

Samningsaðilar árétta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.

9. gr.
Útflutningsstyrkir í landbúnaði.

1. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skulu samningsaðilarnir ekki samþykkja, viðhalda, innleiða eða endurinnleiða útflutningsstyrki, eins og skilgreint er í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað, í viðskiptum með vörur sem njóta tollaívilnana í samræmi við þennan samning.
2. Ef samningsaðili samþykkir, viðheldur, innleiðir eða endurinnleiðir útflutningsstyrki vegna framleiðsluvöru, sem nýtur tollaívilnana í samræmi við ákvæði 3. gr., er hinum samningsaðilanum heimilt að hækka tolla á slíkan innflutning allt að þeim tolli sem gildir í bestukjarameðferð á þeim tíma. Sá samningsaðili sem hækkar tollinn skal tilkynna það hinum samningsaðilanum innan 30 daga.

(b) evaluate developments of trade in agricultural products under this Agreement and its impact on the agricultural sector of the Parties;
(c) continue the efforts towards further liberalisation on trade in agricultural products, within the framework of the Parties' respective agricultural policies;
(d) endeavour to resolve disputes that may arise regarding the interpretation or application of this Agreement; and
(e) consider any other matter that may affect the operation of this Agreement.

ARTICLE 7
Further Liberalisation

The Parties undertake to continue their efforts with a view to achieving further liberalisation of their agricultural trade taking account of the pattern of trade in agricultural products between them, the particular sensitivities of such products, and the development of agricultural policy on either side. At the request of either Party, the Parties shall consult to achieve further liberalisation of their agricultural trade, including through improvements in market access by reduction or elimination of customs duties on agricultural products and through extending the scope of products covered by this Agreement.

ARTICLE 8
WTO Agreement on Agriculture

The Parties reaffirm their rights and obligations under the WTO Agreement on Agriculture.

ARTICLE 9
Agricultural Export Subsidies

1. Notwithstanding Article 8, the Parties shall not adopt, maintain, introduce or re-introduce export subsidies, as defined in the WTO Agreement on Agriculture, on their trade of products subject to tariff concessions in accordance with this Agreement.

2. If a Party adopts, maintains, introduces or re-introduces export subsidies on a product subject to tariff concessions in accordance with Article 3, the other Party may increase the rate of duty on such imports up to the applied most-favoured nation tariff in effect at that time. The Party that increases the rate of duty shall notify the other Party at the latest 30 days before the adoption of the measure.

10. gr.
Inngripsverðkerfi.

Perú er heimilt að viðhalda inngripsverðkerfi sínu vegna landbúnaðarafurða, eins og fram kemur í III. viðauka (Inngripsverðkerfi Perús).

11. gr.
Gildistaka og tengsl milli þessa samnings og fríverslunarsamningsins.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvors samningsaðila um sig.
2. Samningur þessi öðlast gildi þann dag þegar fríverslunarsamningur milli Íslands og Perús öðlast gildi. Samningur þessi gildir svo lengi sem samningsaðilarnir eru aðilar að fríverslunarsamningnum.

3. Segi Ísland eða Perú fríverslunarsamningnum upp ber að skilja það svo að hlutaðeigandi ríki segi einnig upp þessum samningi. Báðar uppsagnirnar taka gildi á þeim degi þegar fyrri uppsögnin tekur gildi samkvæmt grein 13.5 (Afturköllun) í fríverslunarsamningnum.

12. gr.
Gildir textar.

1. Enskur og spænskur texti þessa samnings eru jafngildir og fullgildir, nema að því leyti sem kveðið er á um í 2. mgr. Ef ágreiningur rís skal enski textinn ráða.
2. Eftirfarandi textar eru aðeins gildir og áreiðanlegir á ensku annars vegar og spænsku hins vegar:
a) á ensku: II. viðauki (Ívilnanir sem Perú eru veittar af hálfu Íslands) og
b) á spænsku:
   i. Tafla við I. viðauka (Ívilnanir sem Íslandi eru veittar af hálfu Perús) og
   ii. III. viðauki (Inngripsverðkerfi Perús).

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík 24. júní 2010 í tveimur frumritum á ensku og spænsku.

Þessir frumtextar eru undirritaðir í Líma 14. júlí 2010.

Fyrir hönd Íslands	Fyrir hönd Lýðveldisins Perús

ARTICLE 10
Price Band System

Peru may maintain its Price Band System for agricultural products as set out in Annex III (Price Band System of Peru).

ARTICLE 11
Entry into Force and Relationship between this Agreement and the Free Trade Agreement

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval in accordance with the respective legal and constitutional requirements of the Parties.
2. This Agreement shall enter into force on the same date as the Free Trade Agreement enters into force between Iceland and Peru. This Agreement shall remain in force as long as the Parties to it remain Parties to the Free Trade Agreement.
3. In case Iceland or Peru withdraws from the Free Trade Agreement, it shall be understood that it is also withdrawing from this Agreement. Both withdrawals shall become effective on the date the first withdrawal becomes effective pursuant to Article 13.5 (Withdrawal) of the Free Trade Agreement.

ARTICLE 12
Authentic Texts

1. Except as provided in paragraph 2, the English and Spanish texts of this Agreement are equally valid and authentic. In case of divergence, the English version shall prevail.
2. The following texts are only valid and authentic in English or Spanish respectively:
(a) in English: Annex II (Icelandic Concessions to Peru); and
(b) in Spanish:
   (i) Table to Annex I (Peruvian Concessions to Iceland); and
   (ii) Annex III (Price Band System of Peru).

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Reykjavik, this 24th day of June 2010, in two originals in the English and Spanish languages.

Those original texts are signed in Lima, the 14th of July 2010.

For Iceland	For the Republic of Peru

1201. Tillaga til þingsályktunar [684. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Serbíu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Lýðveldisins Serbíu.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd annars vegar fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Serbíu sem undirritaður var 17. desember 2009 í Genf og hins vegar landbúnaðarsamning milli Íslands og Lýðveldisins Serbíu sem undirritaður var sama dag.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á fríverslunarsamningi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Serbíu sem undirritaður var í Genf 17. desember 2009. Jafnframt er leitað heimildar til fullgildingar á landbúnaðarsamningi milli Íslands og Lýðveldisins Serbíu sem undirritaður var sama dag. Meginmál fríverslunarsamningsins er prentað sem fylgiskjal I með tillögu þessari og meginmál landbúnaðarsamningsins sem fylgiskjal II. Viðaukar og bókanir sem fylgja fríverslunarsamningnum og viðaukar við landbúnaðarsamninginn munu liggja frammi í lestrarsal Alþingis.

EFTA-ríkin, Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss, hafa gert 22 fríverslunarsamninga við ríki eða ríkjahópa, að samningnum við Serbíu meðtöldum. Í tengslum við þessa samninga hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar á milli einstakra EFTA-ríkja og hvers ríkis eða ríkjahóps fyrir sig um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur.

Samningaviðræðunum um fríverslunarsamninginn og landbúnaðarsamninginn lauk í júlí 2009. Fríverslunarsamningurinn er af svokallaðri fyrstu kynslóð fríverslunarsamninga en slíkir samningar fela einkum í sér afnám eða lækkun tolla. Í fríverslunarsamningi EFTA-ríkjanna og Serbíu eru jafnframt almenn ákvæði um vernd hugverka, fjárfestingar, þjónustuviðskipti og opinber innkaup.

Fríverslunarsamningurinn við Serbíu kveður á um lækkun eða niðurfellingu tolla á iðnaðarvörur, sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur. Þannig munu tollar á sjávarafurðir og allar helstu iðnaðarvörur frá Íslandi falla niður frá gildistöku samningsins eða að afloknu fimm ára aðlögunartímabili.

Sjávarafurðir og lyf eru um þessar mundir mikilvægustu útflutningsvörur Íslands til Serbíu. Útflutningur til Serbíu hefur aukist undanfarin ár. Tollar við innflutning á sjávarafurðum til Serbíu eru á bilinu 5–30%. Með lækkun þessara tolla skapar samningurinn forsendur fyrir auknum viðskiptum með sjávarafurðir.

Landbúnaðarsamningurinn milli Íslands og Serbíu er viðbótarsamningur og gerður með vísan til fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og Serbíu. Landbúnaðarsamningurinn myndar hluta fríverslunarsvæðisins, ásamt slíkum samningum annars vegar milli Noregs og Serbíu og hins vegar milli Sviss og Serbíu, auk fríverslunarsamningsins. Viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur falla undir landbúnaðarsamninginn og kveður hann á um að tollar á tilteknar landbúnaðarvörur verði lækkaðir eða felldir niður. Serbía mun m.a. fella niður tolla á vatn, lifandi hross og hangikjöt en tollar á íslenskt lambakjöt munu lækka um helming, eða úr 30% í 15%. Ísland mun m.a. fella niður tolla á ýmsar matjurtir, kaffi, kakó og ávaxtasafa. Landbúnaðarsamningurinn öðlast gildi á sama degi og fríverslunarsamningurinn.

Fylgiskjal I.

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR MILLI EFTA-RÍKJANNA OG LÝÐVELDISINS SERBÍU

FORMÁLSORÐ

Lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Svissneska ríkjasambandið (hér á eftir nefnd EFTA-ríkin) annars vegar,

og lýðveldið Serbía (hér á eftir nefnt „Serbía“) hins vegar,

þar sem hvert einstakt ríki verður hér á eftir nefnt „samningsaðili“ og öll ríkin saman „samningsaðilar“,

SEM VIÐURKENNA gagnkvæman vilja til þess að efla tengsl milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Serbíu hins vegar, með því að stofna til náinna og varanlegra samskipta,

SEM VÍSA til þess ásetnings síns að stuðla á virkan hátt að efnahagslegum samruna Miðjarðarhafssvæðis Evrópu og lýsa sig reiðubúin til að leita sameiginlegra leiða og aðferða til að styrkja þá þróun,

SEM ÁRÉTTA skuldbindingu sína um að virða lýðræði, mannréttindi og mannfrelsi, einnig stjórnmálafrelsi og efnahagsfrelsi í samræmi við skyldur sínar að þjóðarétti, þ.m.t. meginreglur sem settar eru fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennu mannréttindayfirlýsingunni,

SEM ÁRÉTTA skuldbindingar sínar um hagþróun og félagslega þróun, um að standa vörð um heilbrigðis- og öryggismál og um virðingu fyrir grundvallarréttindum launafólks, þ.m.t. þær meginreglur sem eru settar fram í samningum Alþjóðavinnumálastofnunar,

SEM HAFA AÐ MARKMIÐI að skapa ný atvinnutækifæri og bæta heilbrigðisskilyrði og lífskjör á yfirráðasvæðum sínum,

FREE TRADE AGREEMENT BETWEEN THE EFTA STATES AND THE REPUBLIC OF SERBIA

PREAMBLE

Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway, the Swiss Confederation (hereinafter referred to as “the EFTA States”), on the one part,

and the Republic of Serbia (hereinafter referred to as “Serbia”), on the other,

hereinafter each individual State referred to as a “Party” or collectively referred to as the “Parties”:

RECOGNISING the common wish to strengthen the links between the EFTA States on the one part and Serbia on the other by establishing close and lasting relations;

RECALLING their intention to participate actively in the process of Euro-Mediterranean economic integration and expressing their preparedness to co-operate in seeking ways and means to strengthen this process;

REAFFIRMING their commitment to democracy, human rights and fundamental freedoms, and to the political and economic freedoms, in accordance with their obligations under international law, including the United Nations Charter and the Universal Declaration of Human Rights;

REAFFIRMING their commitment to economic and social development, the protection of health and safety, and the respect for the fundamental rights of workers, including the principles set out in the relevant International Labour Organisation (ILO) Conventions;

AIMING to create new employment opportunities and improve health and living standards in their respective territories;

SEM VILJA skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín á milli og aukna samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem samningsaðilar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnréttis, gagnkvæms ávinnings, jafnræðis og þjóðaréttar,

DESIRING to create favourable conditions for the development and diversification of trade between them and for the promotion of commercial and economic co-operation in areas of common interest on the basis of equality, mutual benefit, non-discrimination and international law;

SEM ERU STAÐRÁÐIN í að efla og stuðla að marghliða viðskiptakerfi, á grundvelli viðkomandi réttinda og skuldbindinga í samræmi við Marakess-samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og aðra samninga, sem gerðir hafa verið á vettvangi hennar, og stuðla þar með að samstilltri þróun og eflingu alþjóðaviðskipta,

DETERMINED to promote and further strengthen the multilateral trading system, building on their respective rights and obligations under the Marrakesh Agreement establishing the World Trade Organisation (hereinafter referred to as "the WTO") and the other agreements negotiated thereunder, thereby contributing to the harmonious development and expansion of world trade;

SEM HAFA Í HUGA að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi samningsaðilana undan skuldbindingum sínum samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, einkum Marrakess-samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina og öðrum samningum sem gerðir hafa verið á vettvangi hennar,

CONSIDERING that no provision of this Agreement may be interpreted as exempting the Parties from their obligations under other international agreements, especially the Marrakesh Agreement establishing the WTO and the other agreements negotiated thereunder;

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að beita þessum samningi með það að markmiði að varðveita og vernda umhverfið og tryggja hagkvæmustu nýtingu náttúruauðlinda í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun,

DETERMINED to implement this Agreement with the objectives to preserve and protect the environment and to ensure the use of natural resources in accordance with the principle of sustainable development;

SEM STAÐFESTA þá skuldbindingu sína að virða reglur réttarríkisins til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu í alþjóðaviðskiptum og fjárfestingum og efla meginreglur um gagnsæi og góða stjórnunarhætti,

AFFIRMING their commitment to the rule of law, to prevent and combat corruption in international trade and investment and to promote the principles of transparency and good governance;

SEM HAFA Í HUGA vægi ábyrgrar háttsemi fyrirtækja og gildi hennar fyrir sjálfbæra efnahagsþróun og staðfesta stuðning sinn við þá viðleitni að innleiða viðeigandi alþjóðlega staðla,

ACKNOWLEDGING the significance of responsible corporate conduct and its contribution to sustainable economic development and affirming their support to efforts for the promotion of relevant international standards;

SEM LÝSA SIG REIÐUBÚIN til að skoða hvort unnt sé að þróa og auka efnahagstengsl sín á milli til að þau megi ná til sviða sem þessi samningur gildir ekki um,

DECLARING their readiness to examine the possibility of developing and deepening their economic relations in order to extend them to fields not covered by this Agreement;

SEM ERU SANNFÆRÐ UM að þessi samningur muni efla samkeppnishæfni fyrirtækja sinna á heimsmarkaði og skapa skilyrði sem örva efnahagsleg tengsl, viðskiptatengsl og tengsl á sviði fjárfestinga sín á milli,

CONVINCED that this Agreement will enhance the competitiveness of their firms in global markets and create conditions encouraging economic, trade and investment relations between them;

HAFA ÁKVEÐIÐ, í samræmi við framangreind markmið, að gera með sér svohljóðandi samning (hér á eftir nefndur „þessi samningur"):

HAVE DECIDED, in pursuit of the above, to conclude the following Agreement (hereinafter referred to as "this Agreement"):

1. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.
Markmið.

1. EFTA-ríkin og Serbía skulu koma á fríverslunarsvæði með þessum samningi og viðbótarsamningum um viðskipti með landbúnaðarafurðir, sem nú hafa verið gerðir milli hvers einstaks EFTA-ríkis og Serbíu, með það í huga að örva hagsæld og hagþróun á yfirráðasvæðum þeirra.

2. Samningur þessi, sem byggist á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa og á því að lýðræði og mannréttindi séu virt, miðar að því:

a) að auka frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“),
b) að auka gagnkvæm fjárfestingartækifæri samningsaðilanna og þróa í áföngum umhverfi sem stuðlar að auknum viðskiptum á sviði þjónustu,
c) að skapa eðlileg samkeppnisskilyrði í viðskiptum milli samningsaðilanna og tryggja næga og áhrifaríka vernd hugverkaréttinda,
d) að auka enn frekar og í áföngum gagnkvæmt frelsi á mörkuðum samningsaðilanna fyrir opinber innkaup og
e) að stuðla þannig að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum.

2. gr.
Viðskiptatengsl sem falla undir þennan samning.

Samningur þessi gildir um viðskiptatengsl milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Serbíu hins vegar en ekki um viðskiptatengsl milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

3. gr.
Svæðisbundið gildissvið.

1. Samningur þessi gildir, með fyrirvara um viðauka B, um:
a) landsvæði, innhöf og landhelgi samningsaðila og loftrými yfir landsvæði samningsaðila, í samræmi við reglur þjóðaréttar, og
b) svæði utan landhelgi með tilliti til ráðstafana sem samningsaðili gerir í krafti fullveldisréttinda eða lögsögu sinnar í samræmi við reglur þjóðaréttar.

CHAPTER 1
GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1
Objectives

1. The EFTA States and Serbia shall establish a free trade area by means of this Agreement and the complementary agreements on trade in agricultural products, concurrently concluded between each individual EFTA State and Serbia, with a view to spurring prosperity and economic development in their territories.
2. The objectives of this Agreement, which is based on trade relations between market economies and on the respect of democratic principles and human rights, are:
(a) to achieve the liberalisation of trade in goods, in conformity with Article XXIV of the General Agreement on Tariffs and Trade (hereinafter referred to as “the GATT 1994”);
(b) to mutually increase investment opportunities between the Parties, and to gradually develop an environment conducive to enhanced trade in services;
(c) to provide fair conditions of competition for trade between the Parties and to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights;
(d) to gradually achieve further liberalisation on a mutual basis of the government procurement markets of the Parties; and
(e) to contribute in this way to the harmonious development and expansion of world trade.

ARTICLE 2
Trade Relations Governed by this Agreement

This Agreement shall apply to trade relations between, on the one side, the individual EFTA States and, on the other side, Serbia, but not to the trade relations between individual EFTA States, unless otherwise provided for in this Agreement.

ARTICLE 3
Territorial Application

1. Without prejudice to Protocol B, this Agreement shall apply:
(a) to the land territory, internal waters, and the territorial sea of a Party, and the air-space above the territory of a Party, in accordance with international law; as well as
(b) beyond the territorial sea, with respect to measures taken by a Party in the exercise of its sovereign right or jurisdiction in accordance with international law.

2. Samningur þessi gildir ekki um Svalbarðasvæðið, nema að því er varðar vöruviðskipti.

2. This Agreement shall not apply to the Norwegian territory of Svalbard, with the exception of trade in goods.

4. gr.
Ríkisstjórnir, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld.

Hver samningsaðili skal sjá til þess að hlutaðeigandi ríkisstjórn, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld, svo og óopinberar stofnanir sem fara með opinbert vald, sem ríkisstjórn, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld eða yfirvöld fela þeim, uppfylli allar skyldur og skuldbindingar samkvæmt þessum samningi á yfirráðasvæði hans.

ARTICLE 4
Central, Regional and Local Government

Each Party shall ensure within its territory the observance of all obligations and commitments under this Agreement by its respective central, regional and local governments and authorities, and by non-governmental bodies in the exercise of governmental powers delegated to them by central, regional and local governments or authorities.

5. gr.
Gagnsæi.

1. Samningsaðilarnir skulu birta eða veita almenningi aðgang með öðrum hætti að lögum sínum, reglugerðum, dómsniðurstöðum, stjórnsýsluákvörðunum, sem hafa almennt gildi, og alþjóðasamningum sem geta haft áhrif á framkvæmd þessa samnings.
2. Samningsaðilarnir skulu þegar í stað svara sértækum spurningum og veita hver öðrum, að fenginni beiðni þar um, upplýsingar um málefni sem um getur í 1. mgr. Þeim er ekki gert að greina frá trúnaðarupplýsingum.

ARTICLE 5
Transparency

1. The Parties shall publish or otherwise make publicly available their laws, regulations, judicial decisions, administrative rulings of general application and their respective international agreements that may affect the operation of this Agreement.
2. The Parties shall promptly respond to specific questions and provide, upon request, information to each other on matters referred to in paragraph 1. They are not required to disclose confidential information.

2. KAFLI
VÖRUVIÐSKIPTI

6. gr.
Gildissvið.

1. Kafli þessi gildir um eftirtaldar framleiðsluvörur sem eru upprunnar í EFTA-ríki eða Serbíu:
a) allar framleiðsluvörur sem heyra undir 25. til 97. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskránni (ST), að undanskildum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í I. viðauka,
b) unnar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu viðeigandi tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun og
c) fisk og aðrar sjávarafurðir eins og kveðið er á um í II. viðauka.
2. Hvert EFTA-ríki og Serbía hafa gert með sér tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þeir samningar eru hluti af gerningum um stofnun fríverslunarsvæðis EFTA-ríkjanna og Serbíu.

CHAPTER 2
TRADE IN GOODS

ARTICLE 6
Scope

1. This Chapter applies to the following products originating in an EFTA State or in Serbia:
(a) all products classified under Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (HS), excluding the products listed in Annex I;
(b) processed agricultural products specified in Protocol A, with due regard to the arrangements provided for in that Protocol; and
(c) fish and other marine products as provided for in Annex II.
2. Each EFTA State and Serbia have concluded agreements on trade in agricultural products on a bilateral basis. These agreements form part of the instruments establishing a free trade area between the EFTA States and Serbia.

7. gr.
Upprunareglur og samvinna stjórnvalda.

Í viðauka B eru ákvæði um upprunareglur og samvinnu stjórnvalda.

ARTICLE 7
Rules of Origin and Methods of Administrative Co-operation

The provisions on rules of origin and methods of administrative co-operation are set out in Protocol B.

8. gr.
Tollar.

1. Við gildistöku þessa samnings skulu samningsaðilar fella niður alla tolla og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, af innflutningi og útflutningi á vörum sem eru upprunnar í EFTA-ríkjum eða Serbíu og sem a-liður 1. undirgr. 6. gr. á við um, nema kveðið sé á um annað í III. viðauka. Óheimilt er að leggja á nýja tolla.

2. Til tolla teljast hvers konar tollar eða gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, sem eru lögð á í tengslum við inn- eða útflutning framleiðsluvöru, einnig hvers konar aukaskattar eða aukagjöld, að frátöldum gjöldum sem eru lögð á í samræmi við ákvæði III. og VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994.

ARTICLE 8
Customs Duties

1. Upon entry into force of this Agreement, the Parties shall abolish all customs duties and charges having equivalent effect to customs duties on imports and exports of products originating in an EFTA State or in Serbia covered by subparagraph 1 (a) of Article 6, except as otherwise provided for in Annex III. No new customs duties shall be introduced.
2. Customs duties and charges having equivalent effect to customs duties include any duty or charge of any kind imposed in connection with the importation or exportation of a product, including any form of surtax or surcharge, but does not include any charge imposed in conformity with Articles III and VIII of the GATT 1994.

9. gr.
Grunntollar.

1. Grunntollur á hverja framleiðsluvöru, sem á að fara stiglækkandi samkvæmt þessum samningi, skal eiga við um innflutning milli samningsaðilanna og skal samsvara bestukjaratollinum sem í gildi var 1. febrúar 2009.
2. Komi almennar tollalækkanir til framkvæmda fyrir, við eða eftir gildistöku þessa samnings, skulu lækkuðu tollarnir koma í stað grunntolla, sem um getur í 1. mgr., frá þeim tíma sem lækkanirnar koma til framkvæmda eða frá og með gildistöku þessa samnings, verði hún síðar.

3. Reikna skal lækkuðu tollana með einum aukastaf eða, þegar um ræðir sérstaka tolla, með tveimur aukastöfum.

ARTICLE 9
Basic Duties

1. The basic duty to which the successive reductions set out in this Agreement are to be applied for imports between the Parties shall be the most-favoured-nation rate of duty (MFN rate) applied by each Party on 1 February 2009.
2. If before, by or after entry into force of this Agreement, any tariff reduction is applied on an erga omnes basis, such reduced duties shall replace the basic duties referred to in paragraph 1 as from the date on which the reduction is applied, or from the entry into force of this Agreement, whichever is later.
3. Reduced duties shall be rounded to the first decimal place or, in the case of specific duties, to the second decimal place.

10. gr.
Magntakmarkanir.

Ákvæði XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar magntakmarkanir, með fyrirvara um XII. gr. GATT-samningsins frá 1994, og eru þau hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

ARTICLE 10
Quantitative Restrictions

The rights and obligations of the Parties in respect of quantitative restrictions, except as provided for in Article XII of the GATT 1994, shall be governed by Article XI of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

11. gr.
Innlendir skattar og reglur.

1. Samningsaðilarnir skulu leggja á innlenda skatta og önnur gjöld og beita innlendum fjármálareglum í samræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994 og aðra viðeigandi samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
2. Útflytjendur skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum sköttum en nemur óbeinum sköttum á framleiðsluvörur sem eru fluttar út til yfirráðasvæðis samningsaðila.

ARTICLE 11
Internal Taxation and Regulations

1. The Parties commit themselves to apply any internal taxes and other charges and regulations in accordance with Article III of the GATT 1994 and other relevant WTO Agreements.

2. Exporters may not benefit from repayment of internal taxes in excess of the amount of indirect taxation imposed on products exported to the territory of a Party.

12. gr.
Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.
2. Samningsaðilarnir skulu skiptast á nöfnum og heimilisföngum tengiliða með sérþekkingu á hollustuháttum og heilbrigði dýra og plantna í því skyni að auðvelda samskipti og upplýsingaskipti.

ARTICLE 12
Sanitary and Phytosanitary Measures

1. The rights and obligations of the Parties in respect of sanitary and phytosanitary measures shall be governed by the WTO Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures.

2. The Parties shall exchange names and addresses of contact points with sanitary and phytosanitary expertise in order to facilitate communication and the exchange of information.

13. gr.
Tæknilegar reglur.

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar tæknireglugerðir, staðla og samræmismat, í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.
2. Samningsaðilarnir skulu auka samvinnu sín á milli á sviði tæknilegra reglna, staðla og samræmismats með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum hvers þeirra um sig og auðvelda aðgang að mörkuðum þeirra.

ARTICLE 13
Technical Regulations

1. The rights and obligations of the Parties in respect of technical regulations, standards and conformity assessment shall be governed by the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade.

2. The Parties shall strengthen their co-operation in the field of technical regulations, standards and conformity assessment, with a view to increasing the mutual understanding of their respective systems and facilitating access to their respective markets.

14. gr.
Greitt fyrir viðskiptum.

Í samræmi við ákvæðin, sem sett eru fram í IV. viðauka með það í huga að greiða fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Serbíu, skulu samningsaðilar:

a) einfalda reglur um vöruviðskipti og tengda þjónustustarfsemi eftir því sem frekast er unnt,
b) stuðla að samstarfi sín á milli í því skyni að auka þátttöku í gerð og framkvæmd alþjóðasamninga og alþjóðlegra tilmæla um að greiða fyrir viðskiptum og
c) starfa saman að því að greiða fyrir viðskiptum innan ramma sameiginlegu nefndarinnar.

ARTICLE 14
Trade Facilitation

The Parties, in accordance with the provisions set out in Annex IV, with the aim to facilitate trade between the EFTA States and Serbia, shall:

(a) simplify, to the greatest extent possible, procedures for trade in goods and related services;
(b) promote co-operation among them in order to enhance their participation in the development and implementation of international conventions and recommendations on trade facilitation; and
(c) co-operate on trade facilitation within the framework of the Joint Committee.

15. gr.
Undirnefnd um upprunareglur, reglur um tollmeðferð og um að greiða fyrir viðskiptum.

1. Með vísun til 7. og 14. gr. er hér með stofnuð undirnefnd sameiginlegu nefndarinnar um upprunareglur, reglur um tollmeðferð og greiðari viðskipti (hér á eftir nefnd „undirnefndin“).

2. Í V. viðauka er gerð grein fyrir umboði undirnefndarinnar.

ARTICLE 15
Sub-Committee on Rules of Origin, Customs Procedures and Trade Facilitation

1. With reference to Articles 7 and 14, a Sub-Committee of the Joint Committee on Rules of Origin, Customs Procedures and Trade Facilitation (hereinafter referred to as “the Sub-Committee”) is hereby established.
2. The mandate of the Sub-Committee is set out in Annex V.

16. gr.
Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki.

Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar ríkisrekin viðskiptafyrirtæki, í samræmi við ákvæði XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulag um túlkun XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem eru hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

ARTICLE 16
State Trading Enterprises

The rights and obligations of the Parties in respect of state trading enterprises shall be governed by Article XVII of the GATT 1994 and the Understanding on the Interpretation of Article XVII of the GATT 1994, which are hereby incorporated into and made part of this Agreement.

17. gr.
Styrkir og jöfnunarráðstafanir.

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, nema kveðið sé á um annað í 2. mgr.
2. Áður en EFTA-ríki eða Serbía, eftir því sem við á, hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti styrkir eru veittir í Serbíu eða EFTA-ríki og áhrif þess, eins og kveðið er á um í 11. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, skal samningsaðili, sem hyggst hefja rannsókn, senda þeim samningsaðila sem vörurnar, sem rannsaka á, tilheyra skriflega tilkynningu um það og ákveða 45 daga frest til að leita lausnar sem báðir samningsaðilar geta sætt sig við. Efna skal til samráðs í sameiginlegu nefndinni, ef einhver samningsaðila fer fram á það, innan 20 daga frá því að tilkynningunni er veitt viðtaka.

ARTICLE 17
Subsidies and Countervailing Measures

1. The rights and obligations of the Parties relating to subsidies and countervailing measures shall be governed by Articles VI and XVI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, except as provided for in paragraph 2.
2. Before an EFTA State or Serbia, as the case may be, initiates an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged subsidy in an EFTA State or in Serbia, as provided for in Article 11 of the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, the Party considering initiating an investigation shall notify in writing the Party whose goods are subject to investigation and allow for a 45 day period with a view to finding a mutually acceptable solution. The consultations shall take place in the Joint Committee if any Party so requests within 20 days from the receipt of the notification.

18. gr.
Undirboð.

1. Samningsaðili skal ekki beita ráðstöfunum um undirboð, eins og kveðið er á um í VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994, í tengslum við framleiðsluvörur sem eru upprunnar hjá öðrum samningsaðila.
2. Samningsaðilar viðurkenna að með því að beita samkeppnisreglum með skilvirkum hætti sé unnt að bregðast við efnahagslegum orsökum undirboða.

ARTICLE 18
Anti-dumping

1. A Party shall not apply anti-dumping measures as provided for under Article VI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Implementation of Article VI of the GATT 1994 in relation to products originating in another Party.

2. The Parties recognise that the effective implementation of competition rules may address economic causes leading to dumping.

19. gr.

Reglur um samkeppni fyrirtækja.

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttri framkvæmd þessa samnings að því leyti sem það hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Serbíu:

a) allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltra aðgerða fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks og

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á öllu yfirráðasvæði samningsaðila eða á verulegum hluta þess.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja, sem njóta sér- eða einkaréttinda sem samningsaðilar hafa veitt þeim, að því marki sem beiting þessara ákvæða hindrar ekki, að lögum eða í reynd, framkvæmd opinberra verkefna sem þessum fyrirtækjum hafa verið falin.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skal eigi túlka þannig að skapi fyrirtækjum beinar kvaðir.

4. Telji samningsaðili að tilteknar starfsvenjur samrýmist ekki ákvæðum 1. og 2. mgr. skulu hlutaðeigandi samningsaðilar veita sameiginlegu nefndinni nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, ef við á, binda enda á þær starfsvenjur sem er andmælt. Leggi viðkomandi samningsaðili ekki af þær starfsvenjur sem er andmælt innan þess tímafrests sem sameiginlega nefndin ákveður, eða nái sameiginlega nefndin ekki samkomulagi að loknu samráði, eða þrjátíu dögum eftir að málinu er vísað til hennar, er hinum samningsaðilanum heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að fást við þann vanda sem umræddar starfsvenjur hafa skapað.

ARTICLE 19

Rules of Competition Concerning Undertakings

1. The following are incompatible with the proper functioning of this Agreement in so far as they may affect trade between an EFTA State and Serbia:

(a) all agreements between undertakings, decisions by associations of undertakings and concerted practices between undertakings which have as their object or effect the prevention, restriction or distortion of competition; and

(b) abuse by one or more undertakings of a dominant position in the territory of a Party as a whole or in a substantial part thereof.

2. The provisions of paragraph 1 shall apply to the activities of public undertakings and undertakings for which the Parties grant special or exclusive rights, in so far as the application of these provisions does not obstruct the performance, in law or in fact, of the particular public tasks assigned to them.

3. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not be construed to create any direct obligations for undertakings.

4. If a Party considers that a given practice is incompatible with the provisions of paragraphs 1 and 2, the Parties concerned shall give to the Joint Committee all the assistance required in order to examine the case and, where appropriate, eliminate the practice objected to. If the Party concerned fails to put an end to the practice objected to within the period set by the Joint Committee, or if the Joint Committee fails to reach an agreement after consultations, or after thirty days following referral for such consultations, the other Party may adopt appropriate measures to deal with the difficulties resulting from the practice in question.

20. gr.

Víðtækar verndarráðstafanir.

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðila, að því er varðar víðtækar verndarráðstafanir, í samræmi við ákvæði XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.

2. Þegar samningsaðili gerir víðtækar verndarráðstafanir skal hann undanþiggja innflutning upprunavöru frá einum eða nokkrum samningsaðilum, ef slíkur innflutningur veldur ekki í sjálfu sér eða leiðir til alvarlegs skaða. Samningsaðilinn, sem gerir fyrrnefndar ráðstafanir, skal sýna fram á að slíkar undanþágur samræmist reglum og starfsvenjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

ARTICLE 20

Global Safeguard Measures

1. The rights and obligations of the Parties in respect of global safeguards shall be governed by Article XIX of GATT 1994 and the WTO Agreement on Safeguards.

2. In taking global safeguard measures, a Party shall exclude imports of an originating product from one or several Parties if such imports do not in and of themselves cause or threaten to cause serious injury. The Party taking the measure shall demonstrate that such exclusion is in accordance with WTO rules and practice.

21. gr.
Tvíhliða verndarráðstafanir.

1. Ef innflutningur framleiðsluvöru, sem er upprunnin hjá samningsaðila, inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila eykst svo mjög, annaðhvort sem hrein aukning eða sem hlutfall af innlendri framleiðslu, á grundvelli þess að tollar hafa verið lækkaðir eða afnumdir samkvæmt þessum samningi, og við slík skilyrði að það veldur eða gæti valdið alvarlegum skaða fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra vara eða samkeppnisvara á yfirráðasvæði samningsaðilans, sem flytur inn, er honum heimilt að grípa til tvíhliða verndarráðstafana, í eins litlum mæli og frekast er unnt, í því skyni að ráða bót á skaðanum, eða koma í veg fyrir hann, með fyrirvara um ákvæði 2. til 10. mgr.

2. Því aðeins má gera tvíhliða verndarráðstafanir að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegum skaða eða að hætta sé á því samkvæmt rannsókn sem er gerð í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.

3. Samningsaðili, sem hyggst grípa til tvíhliða verndarráðstöfunar samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað, og eigi síðar en gripið er til ráðstöfunarinnar, tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það. Í tilkynningunni skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar, þar á meðal sönnunargögn um alvarlegan skaða eða hættu á slíku af völdum aukins innflutnings, nákvæm lýsing á þeirri vöru er um ræðir, upplýsingar um fyrirhugaða ráðstöfun og frá hvaða degi og hversu lengi ráðstöfunin gildir og á hve löngum tíma hún verður afnumin í áföngum.

4. Sé skilyrðum 1. mgr. fullnægt getur samningsaðilinn, sem fæst við innflutning, gert ráðstafanir sem felast í:

a) því að fresta frekari lækkun tolltaxta sem kveðið er á um í þessum samningi vegna viðkomandi vöru eða
b) því að hækka álagðan toll á viðkomandi vöru að því marki sem ekki er hærra en sá tollur sem lægri er af eftirfarandi:
   i. bestukjaratollur sem er álagður á þeim tíma þegar aðgerðin er framkvæmd eða
   ii. bestukjaratollur sem er álagður daginn fyrir gildistöku þessa samnings.

5. Tvíhliða verndarráðstafanir skulu ekki vara lengur en tvö ár. Við mjög óvenjulegar aðstæður og að lokinni athugun sameiginlegu nefndarinnar er heimilt að gera ráðstafanir til þriggja ára að hámarki. Eigi skal gera ráðstöfun vegna innflutnings fram-

ARTICLE 21
Bilateral Safeguard Measures

1. Where, as a result of the reduction or elimination of a customs duty under this Agreement, any product originating in a Party is being imported into the territory of another Party in such increased quantities, in absolute terms or relative to domestic production, and under such conditions as to constitute a substantial cause of serious injury or threat thereof to the domestic industry of like or directly competitive products in the territory of the importing Party, the importing Party may take bilateral safeguard measures to the minimum extent necessary to remedy or prevent the injury, subject to the provisions of paragraphs 2 to 10.

2. Bilateral safeguard measures shall only be taken upon clear evidence that increased imports have caused or are threatening to cause serious injury pursuant to an investigation in accordance with the procedures laid down in the WTO Agreement on Safeguards.

3. The Party intending to take a bilateral safeguard measure under this Article shall immediately, and in any case before taking a measure, make notification to the other Parties and the Joint Committee. The notification shall contain all pertinent information, which shall include evidence of serious injury or threat thereof caused by increased imports, a precise description of the product involved and the proposed measure, as well as the proposed date of introduction, expected duration and timetable for the progressive removal of the measure.

4. If the conditions set out in paragraph 1 are met, the importing Party may take measures consisting in:

(a) suspending the further reduction of any rate of duty provided for under this Agreement for the product; or
(b) increasing the rate of customs duty for the product to a level not to exceed the lesser of:
   (i) the MFN rate of duty applied at the time the action is taken; or
   (ii) the MFN rate of duty applied on the day immediately preceding the date of the entry into force of this Agreement.

5. Bilateral safeguard measures shall be taken for a period not exceeding two years. In very exceptional circumstances, after review by the Joint Committee, measures may be taken up to a total maximum period of three years. No measure shall be applied to

leiðsluvöru, hafi slík ráðstöfun áður verið gerð vegna hennar.

6. Sameiginlega nefndin skal, innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar þeirrar er um getur í 3. mgr. kanna þær upplýsingar sem eru veittar, í því skyni að greiða fyrir lausn málsins þannig að báðir aðilar geti við unað. Ef engin lausn finnst er samningsaðilanum, sem er innflytjandi, heimilt að samþykkja viðeigandi ráðstöfun skv. 4. mgr. til að ráða bót á vandanum. Tvíhliða verndarráðstöfun skal fyrst og fremst velja með hliðsjón af því að valdi sem minnstri röskun á framkvæmd þessa samnings. Tilkynna ber hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni án tafar um tvíhliða verndarráðstöfun og skal sameiginlega nefndin efna til samráðs um þá ráðstöfun reglulega, einkum til að gera tímaáætlun um afnám hennar eins fljótt og aðstæður leyfa.

7. Þegar ráðstöfun er hætt skal tolltaxti jafngilda þeim tolli sem myndi hafa gilt hefði ráðstöfunin ekki verið gerð.

8. Ef aðstæður eru tvísýnar og tafir myndu valda skaða, sem erfitt yrði að bæta, er samningsaðila heimilt að grípa til tvíhliða verndarráðstöfunar til bráðabirgða samkvæmt bráðabirgðamati þess efnis að allt bendi til þess að aukinn innflutningur valdi innlendum iðnaði alvarlegu tjóni eða að hætta sé á því. Samningsaðili, sem hyggst grípa til þess konar ráðstöfunar, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það. Hefja skal þá málsmeðferð er um getur í 2. til 6. mgr. innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar.

9. Bráðabirgðaráðstöfunum skal hætt innan 200 daga í síðasta lagi. Gildistími slíkrar bráðabirgðaráðstöfunar skal rúmast innan gildistíma þeirrar ráðstöfunar er um getur í 5. mgr. og framlengingar sem kann að verða ákveðin á honum. Endurgreiða skal tollahækkanir þegar í stað leiði sú athugun sem lýst er í 2. mgr. ekki í ljós að skilyrðum 1. mgr. sé fullnægt.

10. Fimm árum eftir gildistöku þessa samnings skulu samningsaðilar í sameiginlegu nefndinni endurskoða hvort þörf sé á að viðhalda þeim möguleika að grípa til tvíhliða verndarráðastafana þeirra á milli. Ef samningsaðilarnir ákveða, að lokinni fyrstu endurskoðun, að viðhalda fyrrnefndum möguleika skal endurskoðun fara fram í sameiginlegu nefndinni annað hvert ár eftir það.

the import of a product which has previously been subject to such a measure.

6. The Joint Committee shall, within 30 days from the date of notification referred to in paragraph 3, examine the information provided in order to facilitate a mutually acceptable resolution of the matter. In the absence of such resolution, the importing Party may adopt a measure pursuant to paragraph 4 to remedy the problem. In the selection of the bilateral safeguard measure, priority must be given to the measure which least disturbs the functioning of this Agreement. The bilateral safeguard measure shall be immediately notified to the other Parties and the Joint Committee and shall be the subject of periodic consultations in the Joint Committee, particularly with a view to establishing a timetable for their abolition as soon as circumstances permit.

7. Upon the termination of the measure, the rate of customs duty shall be the rate which would have been in effect but for the measure.

8. In critical circumstances, where delay would cause damage which would be difficult to repair, a Party may take a provisional bilateral safeguard measure pursuant to a preliminary determination that there is clear evidence that increased imports constitute a substantial cause of serious injury, or threat thereof, to the domestic industry. The Party intending to take such a measure shall immediately notify the other Parties and the Joint Committee thereof. Within 30 days of the date of the notification, the procedures set out in paragraphs 2 to 6 shall be initiated.

9. Any provisional measure shall be terminated within 200 days at the latest. The period of application of any such provisional measure shall be counted as part of the duration of the measure set out in paragraph 5 and any extension thereof. Any tariff increases shall be promptly refunded if the investigation described in paragraph 2 does not result in a finding that the conditions of paragraph 1 are met.

10. Five years after the date of entry into force of this Agreement, the Parties shall review in the Joint Committee whether there is need to maintain the possibility to take bilateral safeguard measures between them. If the Parties decide, after the first review, to maintain such possibility, they shall thereafter conduct biennial reviews of this matter in the Joint Committee.

22. gr.

Almennar undantekningar.

Ákvæði XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar almennar undantekningar og eru þau hér

ARTICLE 22

General Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of general exceptions shall be governed by

með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

23. gr.
Undantekningar af öryggisástæðum.

Ákvæði XXI. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar undantekningar öryggis vegna og eru þau hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

Article XX of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

ARTICLE 23
Security Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of security exceptions shall be governed by Article XXI of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

3. KAFLI
HUGVERKAVERND

24. gr.
Hugverkavernd.

1. Samningsaðilunum ber að gera ráðstafanir til að veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar og kveða á um ráðstafanir til að vernda þessi réttindi fyrir brotum gegn þeim, eftirlíkingu þeirra og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, VI. viðauka og þeirra alþjóðasamninga sem þar er getið.
2. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila óhagstæðari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu veittar í samræmi við efnisleg ákvæði 3. og 5. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur „samningurinn um hugverkarétt í viðskiptum“).
3. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu vera í samræmi við efnisákvæði samningsins um hugverkarétt í viðskiptum, einkum 4. og 5. gr.
4. Samningsaðilarnir samþykkja, að fram kominni beiðni samningsaðila til sameiginlegu nefndarinnar, að endurskoða ákvæðin um vernd hugverkaréttinda í þessari grein og í VI. viðauka með það í huga að auka þessa vernd enn frekar og forðast eða ráða bót á röskun í viðskiptum sem stafar af verndun hugverkaréttinda eins og hún er nú.

CHAPTER 3
PROTECTION OF INTELLECTUAL PROPERTY

ARTICLE 24
Protection of Intellectual Property

1. The Parties shall grant and ensure adequate, effective and non-discriminatory protection of intellectual property rights, and provide for measures for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Article, Annex VI and the international agreements referred to therein.
2. The Parties shall accord to each other's nationals treatment no less favourable than that they accord to their own nationals. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of Articles 3 and 5 of the WTO Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (hereinafter referred to as "the TRIPS Agreement").
3. The Parties shall grant to each other's nationals treatment no less favourable than that accorded to nationals of any other State. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of the TRIPS Agreement, in particular Articles 4 and 5 thereof.
4. The Parties agree, upon request of any Party to the Joint Committee, to review the provisions on the protection of intellectual property rights contained in the present Article and in Annex VI, with a view to further improving the level of protection and to avoiding or remedying trade distortions caused by actual levels of protection of intellectual property rights.

4. KAFLI
FJÁRFESTINGAR, ÞJÓNUSTA OG OPINBER INNKAUP

25. gr.
Fjárfestingar.

1. Samningsaðilarnir skulu leitast við að skapa stöðug, sanngjörn og gagnsæ skilyrði fyrir fjárfesta hinna

CHAPTER 4
INVESTMENT, SERVICES AND GOVERNMENT PROCUREMENT

ARTICLE 25
Investment

1. The Parties shall endeavour to provide in their territories stable, equitable and transparent investment conditions for investors of the other Parties

samningsaðilanna sem fjárfesta eða hyggjast fjárfesta á yfirráðasvæðum þeirra.
2. Samningsaðilarnir skulu leyfa fjárfestingar fjárfesta hinna samningsaðilanna í samræmi við lög sín og reglur. Þeir viðurkenna að óviðeigandi er að hvetja til fjárfestinga með því að draga úr kröfum um heilsufar og öryggis eða kröfum á sviði umhverfismála.
3. Samningsaðilarnir viðurkenna að mikilvægt er að auka flæði fjárfestinga og tækniþekkingar í þágu hagvaxtar og framþróunar. Samvinna á þessu sviði getur falist í:
a) að finna réttar leiðir til að koma auga á tækifæri til fjárfestinga og upplýsingarásir um þær reglur sem gilda um fjárfestingar,
b) upplýsingaskiptum um ráðstafanir til að stuðla að fjárfestingum erlendis og
c) að þróa lagaumhverfi sem hvetur til aukins flæðis fjárfestinga.
4. Samningsaðilarnir staðfesta þá skuldbindingu sína að endurskoða málefni varðandi fjárfestingar í sameiginlegu nefndinni eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þessa samnings, að meðtöldum staðfesturétti fjárfesta eins samningsaðila á yfirráðasvæði annars samningsaðila.
5. Ísland, Furstadæmið Liechtenstein og Ríkjasambandið Sviss, annars vegar, og Serbía, hins vegar, skulu láta vera að grípa til geðþóttaráðstafana eða ráðstafana sem leiða til mismununar að því er varðar fjárfestingar fjárfesta annars samningsaðila sem um getur í þessari málsgrein og virða skuldbindingar sem þau hafa tekið á sig varðandi sérstakar fjárfestingar fjárfestis annars samningsaðila sem um getur í þessari málsgrein.

that are making or seeking to make investments in their territories.
2. The Parties shall admit investments by investors of the other Parties in accordance with their laws and regulations. They recognise that it is inappropriate to encourage investment by relaxing health, safety or environmental standards.

3. The Parties recognise the importance of promoting investment and technology flows as a means for achieving economic growth and development. Cooperation in this respect may include:
(a) appropriate means of identifying investment opportunities and information channels on investment regulations;
(b) exchange of information on measures to promote investment abroad; and
(c) the furthering of a legal environment conducive to increased investment flows.
4. The Parties affirm their commitment to review issues related to investment in the Joint Committee no later than five years after the entry into force of this Agreement, including the right of establishment of investors of one Party in the territory of another Party.
5. Iceland, the Principality of Liechtenstein and the Swiss Confederation, on the one part, and Serbia, on the other, shall refrain from arbitrary or discriminatory measures regarding investments by investors of another Party mentioned in this paragraph and shall observe obligations they have entered into with regard to specific investments by an investor of another Party mentioned in this paragraph.

26. gr.
Þjónustuviðskipti.

1. Samningsaðilarnir skulu stefna að því að auka í áföngum frelsi og opna markaði sína í þjónustuviðskiptum í samræmi við ákvæði hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (hér á eftir nefndur „samningurinn um þjónustuviðskipti“ (GATS)), með hliðsjón af þeirri vinnu sem nú fer fram á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
2. Ef samningsaðili veitir, eftir að þessi samningur öðlast gildi, aðila, sem stendur utan þessa samnings, aukinn ávinning með tilliti til aðgangs að þjónustumarkaði skal hann veita næg tækifæri til samningaviðræðna í því augnamiði að annar samningsaðili geti notið þessa ávinnings með gagnkvæmum hætti.
3. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að endurskoða ákvæði 1. og 2. mgr. í því skyni að koma á samningi um frjálsari þjónustuviðskipti sín á milli í

ARTICLE 26
Trade in Services

1. The Parties shall aim at achieving gradual liberalisation and the opening of their markets for trade in services in accordance with the provisions of the General Agreement on Trade in Services (hereinafter referred to as “the GATS”), taking into account ongoing work under the auspices of the WTO.
2. If a Party grants to a non-Party, after the entry into force of this Agreement, additional benefits with regard to the access to its services markets, it shall afford adequate opportunities for negotiations with a view to extending these benefits to another Party on a reciprocal basis.
3. The Parties undertake to keep under review paragraphs 1 and 2 with a view to establishing an agree-

samræmi við V. gr. samningsins um þjónustuviðskipti.

27. gr.
Opinber innkaup.

1. Samningsaðilarnir skulu efla gagnkvæman skilning á lögum sínum og reglum um opinber innkaup í því skyni að auka stig af stigi viðskiptafrelsi á mörkuðum hvers annars fyrir opinber innkaup, á grundvelli banns við mismunun og á grundvelli gagnkvæmni.
2. Samningsaðilarnir skulu, í því skyni að auka gagnsæi, gefa út lög sín eða veita almenningi, með öðrum hætti, aðgang að lögum sínum, reglum og almennum stjórnsýsluúrskurðum og milliríkjasamningum sem kunna að hafa áhrif á markaði þeirra fyrir opinber innkaup. Samningsaðilarnir skulu þegar í stað svara sértækum spurningum og veita hver öðrum upplýsingar um slík málefni, að fram kominni beiðni þar um
3. Ef samningsaðili veitir, eftir að þessi samningur öðlast gildi, aðila, sem stendur utan þessa samnings, aukinn ávinning með tilliti til aðgangs að markaði fyrir opinber innkaup skal hann samþykkja að ganga til samningaviðræðna í því augnamiði að sá ávinningur nái til annars samningsaðila á grundvelli gagnkvæmi.

ment liberalising trade in services between them in accordance with Article V of the GATS.

ARTICLE 27
Government Procurement

1. The Parties shall enhance their mutual understanding of their government procurement laws and regulations with a view to progressively liberalising their respective procurement markets on the basis of non-discrimination and reciprocity.

2. In order to improve transparency, the Parties shall publish their laws, or otherwise make publicly available their laws, regulations and administrative rulings of general application as well as their respective international agreements that may affect their procurement markets. The Parties shall promptly respond to specific questions and provide, upon request, information to each other on such matters.

3. If a Party grants to a non-Party, after the entry into force of this Agreement, additional benefits with regard to the access to its procurement markets, it shall agree to enter into negotiations with a view to extending these benefits to another Party on a reciprocal basis.

5. KAFLI
GREIÐSLUR VEGNA VIÐSKIPTA OG FJÁRMAGNSFLUTNINGA

28. gr.
Greiðslur vegna yfirstandandi viðskipta.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig, með fyrirvara um ákvæði 30. gr., til að heimila að allar greiðslur í yfirstandandi viðskiptum geti farið fram í auðskiptum gjaldmiðli.

29. gr.
Fjármagnsflutningar.

1. Samningsaðilarnir skulu tryggja frjálsar yfirfærslur á fé, sem er notað til að fjárfesta í félögum sem eru stofnuð samkvæmt lögum hvers um sig, ágóða af rekstri slíkra félaga og fjármunum sem eftir standa við lok fjárfestinga.
2. Samningsaðilarnir skulu efna til samráðs í því skyni að greiða fyrir fjármagnsflutningum milli EFTA-ríkjanna og Serbíu og ná fram fullkomnu frelsi í þeim eins fljótt og aðstæður leyfa.

30. gr.
Erfiðleikar viðvíkjandi greiðslujöfnuði.

Eigi EFTA-ríki eða Serbía í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð, eða sé hætta á að slíkir

CHAPTER 5
PAYMENTS AND CAPITAL MOVEMENTS

ARTICLE 28
Payments for Current Transactions

Subject to the provisions of Article 30, the Parties undertake to allow all payments for current transactions to be made in a freely convertible currency.

ARTICLE 29
Capital Movements

1. The Parties shall ensure that capital for investments made in companies formed in accordance with their respective laws, any returns stemming therefrom, and the amounts resulting from liquidations of investments are freely transferable.
2. The Parties shall hold consultations with a view to facilitating the movement of capital between the EFTA States and Serbia and achieve its complete liberalisation as soon as conditions permit.

ARTICLE 30
Balance of Payments Difficulties

Where an EFTA State or Serbia is in serious balance of payments difficulties, or under threat there-

erfiðleikar komi upp, getur hlutaðeigandi EFTA-ríki eða Serbía, eftir því sem við á og samkvæmt þeim skilmálum sem mælt er fyrir um í GATT-samningurinn frá 1994 og VIII. og XIV. gr. stofnsamþykktar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, gert takmarkandi ráðstafanir viðvíkjandi greiðslum vegna yfirstandandi viðskipta, ef þær ráðstafanir eru bráðnauðsynlegar. Viðkomandi EFTA-ríki eða Serbía, eftir því sem við á, ber að tilkynna hinum samningsaðilanum þegar í stað um slíkar ráðstafanir og leggja fram, eins fljótt og unnt er, tímaáætlun um afnám þeirra.

31. gr.
Nánari útskýringar.

Litið er svo á að skuldbindingarnar, sem tíundaðar eru í þessum kafla, séu með fyrirvara um sanngjarna og óhlutdræga beitingu ráðstafana sem gerðar eru í góðri trú samkvæmt úrskurði dómstóla eða dómum og í kjölfar málsmeðferð innan stjórnsýslu. Enn fremur er litið svo á að réttur fjárfestis til frjálsra flutninga fjármagns í tengslum við fjárfestingu sína sé með fyrirvara um hugsanlegar skuldbindingar þess fjárfestis gagnvart skattheimtu.

6. KAFLI
STOFNANAÁKVÆÐI

32. gr.
Sameiginlega nefndin.

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót sameiginlegri nefnd EFTA og Serbíu. Í henni eiga sæti fulltrúar samningsaðilanna og skulu ráðherrar eða háttsettir embættismenn, sem þeir tilnefna í þessum tilgangi, gegna formennsku í henni.
2. Sameiginlega nefndin skal:
a) hafa umsjón með og endurskoða framkvæmd þessa samnings, m.a. með því að fara ítarlega yfir beitingu ákvæða hans, með tilhlýðilegu tilliti til sérstakrar endurskoðunar sem fjallað er um í þessum samningi,
b) endurskoða reglulega þann kost að afnema enn frekar viðskiptahindranir og aðrar takmarkandi reglur í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Serbíu,
c) hafa umsjón með frekari þróun þessa samnings,
d) hafa yfirumsjón með starfi allra undirnefnda og vinnuhópa sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi,
e) leitast við að leysa deilumál sem upp kunna að koma í tengslum við túlkun eða beitingu þessa samnings og
f) taka til umfjöllunar hvert það málefni sem haft gæti áhrif á framkvæmd þessa samnings.
3. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa

of, the EFTA State concerned or Serbia, respectively, may, in conformity with the conditions laid down within the framework of the GATT and in Articles VIII and XIV of the Statutes of the International Monetary Fund, take restrictive measures with regard to current payments if such measures are strictly necessary. The EFTA State concerned or Serbia, as the case may be, shall inform the other Parties immediately of such measures and shall provide as soon as possible a timetable for their removal.

ARTICLE 31
Clarifications

It is understood that the obligations stated in this Chapter are without prejudice to the equitable, non-discriminatory and good faith application of measures pursuant to court orders or judgements and administrative proceedings. It is also understood that the right of an investor to freely transfer amounts in relation to his investment is without prejudice to any fiscal obligation such an investor may have.

CHAPTER 6
INSTITUTIONAL PROVISIONS

ARTICLE 32
The Joint Committee

1. The Parties hereby establish the EFTA-Serbia Joint Committee. It shall be composed of representatives of the Parties, which shall be headed by Ministers or by senior officials delegated by them for this purpose.
2. The Joint Committee shall:
(a) supervise and review the implementation of this Agreement, inter alia by means of a comprehensive review of the application of the provisions of this Agreement, with due regard to any specific reviews contained in this Agreement;
(b) keep under review the possibility of further removal of barriers to trade and other restrictive measures concerning trade between the EFTA States and Serbia;
(c) oversee the further development of this Agreement;
(d) supervise the work of all sub-committees and working groups established under this Agreement;
(e) endeavour to resolve disputes that may arise regarding the interpretation or application of this Agreement; and
(f) consider any other matter that may affect the operation of this Agreement.
3. The Joint Committee may decide to set up such

undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á sér til aðstoðar við störfin. Undirnefndirnar og vinnuhóparnir skulu starfa í umboði sameiginlegu nefndarinnar, nema kveðið sé sérstaklega á um annað í þessum samningi.

4. Sameiginlega nefndin skal taka ákvarðanir eins og kveðið er á um í þessum samningi og getur lagt fram tilmæli sem eru samþykkt með almennu samkomulagi.
5. Sameiginlega nefndin skal koma saman innan eins árs frá gildistöku þessa samnings. Hún skal þaðan í frá koma saman samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi og þegar nauðsyn krefur en að öllu jöfnu annað hvert ár. Eitt EFTA-ríkjanna og Serbía skulu gegna formennsku sameiginlega á fundum sameiginlegu nefndarinnar. Sameiginlega nefndin setur sér starfsreglur.
6. Samningsaðili getur, hvenær sem er, farið fram á sérstakan fund í sameiginlegu nefndinni með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna. Slíkur fundur skal haldinn innan 30 daga frá því að beiðni berst, nema samningsaðilar komi sér saman um annað.
7. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að breyta viðaukum og bókunum við þennan samning. Hún getur ákveðið gildistökudag slíkra ákvarðana, sbr. þó ákvæði 8. mgr.
8. Ef fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni hefur samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að stjórnskipuleg skilyrði séu uppfyllt, skal ákvörðunin öðlast gildi á þeim degi þegar síðasti samningsaðilinn tilkynnir að innlend skilyrði hans hafi verið uppfyllt, nema síðari dagsetning sé tilgreind í ákvörðuninni sjálfri. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að ákvörðunin skuli öðlast gildi að því er varðar þá samningsaðila sem hafa uppfyllt innlend skilyrði sín, að því tilskildu að Serbía sé einn þessara samningsaðila. Samningsaðila er heimilt að beita ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar til bráðabirgða þar til ákvörðunin öðlast gildi gagnvart þeim samningsaðila, með fyrirvara um stjórnskipuleg skilyrði hans.

sub-committees and working groups as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks. Except where otherwise provided for in this Agreement, the sub-committees and working groups shall work under a mandate established by the Joint Committee.
4. The Joint Committee shall take decisions as provided for in this Agreement, and may make recommendations, by consensus.

5. The Joint Committee shall meet within one year of the entry into force of this Agreement. Thereafter, it shall meet whenever necessary upon mutual agreement but normally every two years. Its meetings shall be chaired jointly by one of the EFTA States and Serbia. The Joint Committee shall establish its rules of procedure.

6. Each Party may request at any time, through a notice in writing to the other Parties, that a special meeting of the Joint Committee be held. Such a meeting shall take place within 30 days of receipt of the request, unless the Parties agree otherwise.

7. The Joint Committee may decide to amend the Annexes and Protocols to this Agreement. Subject to paragraph 8, it may set a date for the entry into force of such decisions.
8. If a representative of a Party in the Joint Committee has accepted a decision subject to the fulfilment of constitutional requirements, the decision shall enter into force on the date that the last Party notifies that its internal requirements have been fulfilled, unless the decision itself specifies a later date. The Joint Committee may decide that the decision shall enter into force for those Parties that have fulfilled their internal requirements, provided that Serbia is one of those Parties. A Party may apply a decision of the Joint Committee provisionally until such decision enters into force for that Party, subject to its constitutional requirements.

7. KAFLI
LAUSN DEILUMÁLA

33. gr.

Samráð.

1. Komi í ljós að túlkun, framkvæmd og beiting þessa samnings sé með mismunandi hætti skulu samningsaðilarnir, á grundvelli samvinnu og samráðs, gera sitt ýtrasta til að finna lausn sem samningsaðilar geta sætt sig við.
2. Samningsaðili getur, með skriflegum hætti, farið fram á samráð við annan samningsaðila um ráð-

CHAPTER 7
DISPUTE SETTLEMENT

ARTICLE 33

Consultations

1. In case of any divergence with respect to the interpretation, implementation and application of this Agreement, the Parties shall make every attempt through cooperation and consultations to arrive at a mutually satisfactory solution.
2. Any Party may request in writing consultations with any other Party regarding any actual or pro-

stafanir sem hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar eða önnur málefni sem hann telur að haft geti áhrif á framkvæmd þessa samnings. Samningsaðili, sem fer fram á samráð, skal jafnframt tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um það og veita allar viðeigandi upplýsingar.

3. Efna skal til samráðs í sameiginlegu nefndinni ef einhver samningsaðilanna fer fram á það innan tuttugu daga frá viðtöku tilkynningarinnar, sem um getur í 2. mgr., með það í huga að finna lausn sem allir samningsaðilar geta sætt sig við. Ef samningsaðili, sem beiðni er beint til í samræmi við 2. mgr., svarar ekki innan tíu daga, eða hefur ekki viðræður innan tuttugu daga frá móttöku beiðninnar, hefur samningsaðilinn, sem ber fram beiðnina, rétt til að krefjast stofnunar gerðardóms í samræmi við 34. gr.

posed measure or any other matter that it considers might affect the operation of this Agreement. The Party requesting consultations shall at the same time notify the other Parties in writing thereof and supply all relevant information.

3. The consultations shall take place in the Joint Committee if any of the Parties so requests within 20 days from the receipt of the notification referred to in paragraph 2, with a view to finding a commonly acceptable solution. If the Party to which a request is made in accordance with paragraph 2 does not reply within ten days or does not enter into consultations within 20 days after receipt of the request, the Party making the request is entitled to request the establishment of an arbitration panel in accordance with Article 34.

34. gr.

Gerðardómsmeðferð.

1. Deilur milli samningsaðila, sem lúta að túlkun á réttindum og skyldum samkvæmt samningi þessum og sem ekki hefur tekist að leysa í beinum viðræðum í sameiginlegu nefndinni innan sextíu daga frá viðtöku beiðni um samráð, getur sá samningsaðili sem ber fram kvörtun lagt í gerð með skriflegri tilkynningu til samningsaðilans sem kvörtun beinist gegn. Afrit af tilkynningunni skal einnig sent til allra annarra samningsaðila þannig að hver þeirra um sig geti ákveðið hvort hann vilji eiga hlut að deilunni.

2. Ef fleiri en einn samningsaðili fer fram á stofnun gerðardóms vegna sama máls er unnt að stofna einn gerðardóm til að fjalla um slíkar deilur þegar það er gerlegt.[1]

3. Samningsaðili, sem ekki er deiluaðili, hefur rétt á því, þegar deiluaðilum hefur verið afhent skrifleg beiðni, að leggja fram skriflegar orðsendingar til gerðardóms, taka við skriflegum orðsendingum, einnig viðaukum, frá deiluaðilum, vera viðstaddur málsmeðferð og bera fram munnlegar yfirlýsingar.

4. Þrír menn skulu skipa gerðardóminn. Hver deiluaðili skal, innan 25 daga frá því að þeirri tilkynningu er um getur í 1. mgr. er veitt viðtaka, tilnefna einn gerðarmann, nema einn gerðardómur sé skipaður skv. 2. mgr. Í síðara tilvikinu skulu EFTA-ríkin tilnefna einn gerðarmann og Serbía tilnefni einn. Þeir tveir gerðarmenn sem hafa þegar verið tilnefndir skulu, innan 30 daga frá tilnefningu annars gerðarmanns, koma sér saman um tilnefningu hins þriðja.

[1] Í þessum kafla eru hugtökin „samningsaðili“ og „deiluaðili“ notuð án tillits til þess hvort tveir eða fleiri samningsaðilar eiga hlut að deilumáli.

ARTICLE 34

Arbitration

1. Disputes between the Parties relating to the interpretation of rights and obligations under this Agreement, which have not been settled through direct consultations or in the Joint Committee within 60 days from the date of the receipt of the request for consultations, may be referred to arbitration by the complaining Party by means of a written notification addressed to the Party complained against. A copy of this notification shall be communicated to all other Parties so that each of those Parties may determine whether to participate in the dispute.

2. Where more than one Party requests the establishment of an arbitration panel relating to the same matter, a single arbitration panel may, whenever feasible, be established to consider such disputes[1].

3. A Party that is not a party to the dispute shall be entitled, on delivery of a written request to the parties to the dispute, to make written submissions to the arbitration panel, receive written submissions, including annexes, from the parties to the dispute, attend hearings and make oral statements.

4. The arbitration panel shall comprise three members. Within 25 days of the receipt of the notification referred to in paragraph 1, each party to the dispute shall appoint one member, unless a single arbitration panel is established in accordance with paragraph 2. In the latter case, the EFTA States shall appoint one member and Serbia shall appoint one member. The two members already appointed shall agree on the appointment of the third member within

[1] For the purpose of this Chapter, the terms “Party” and “party to the dispute” are used regardless of whether two or more Parties are involved in a dispute.

Sá gerðarmaður skal ekki vera ríkisborgari neins samningsaðila eða hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði neins þeirra. Sá gerðarmaðurinn sem þannig er skipaður skal gegna formennsku í gerðardóminum.

5. Gerðardómur skal taka til meðferðar það mál sem um getur í beiðni um stofnun gerðardóms með hliðsjón af þeim ákvæðum þessa samnings sem er beitt, og þau túlkuð, í samræmi við reglur um túlkun þjóðaréttar. Úrskurður gerðardóms er endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila.

6. Úrskurður gerðardóms skal liggja fyrir innan 180 daga frá því að forseti gerðardómsins var skipaður. Framlengja má þennan frest um mest 90 daga ef deiluaðilar samþykkja það.

7. Deiluaðilar skulu skipta jafnt með sér kostnaði af gerðardómi, þ.m.t. þóknanir til gerðarmanna.

8. Hinar valkvæðu reglur um lausn deilumála tveggja ríkja sem eiga aðild að Alþjóðagerðardóminum í Haag (PCA), sem gengu í gildi 20. október 1992, gilda, nema annað sé tekið fram í þessum samningi eða deiluaðilar komi sér saman um annað.

30 days of the appointment of the second member. The third member shall not be a national of the Parties, nor permanently reside in the territory of any such Party. The member thus appointed shall be the President of the arbitration panel.

5. The arbitration panel shall examine the matter referred to it in the request for the establishment of an arbitration panel in light of the provisions of this Agreement applied and interpreted in accordance with the rules of interpretation of public international law. The award of the arbitration panel shall be final and binding upon the parties to the dispute.

6. The award of the arbitration panel shall be rendered within 180 days of the date on which the President of the panel was appointed. This period can be extended by a maximum of 90 days, if the parties to the dispute so agree.

7. The expenses of the arbitration panel, including the remuneration of its members, shall be borne by the parties to the dispute in equal shares.

8. Unless otherwise specified in this Agreement or agreed between the parties to the dispute, the Optional Rules for Arbitrating Disputes between Two States of the Permanent Court of Arbitration (PCA), effective 20 October 1992, shall apply.

35. gr.

Fullnusta gerðardómsúrskurðar.

1. Viðkomandi samningsaðili skal hlíta úrskurði gerðardóms án tafar. Ef ekki reynist unnt að hlíta úrskurði gerðardóms án tafar, skulu deiluaðilar leitast við að semja um hæfilegan frest til þess. Liggi slíkt samkomulag ekki fyrir innan 30 daga frá dagsetningu gerðardómsúrskurðar, getur annar deiluaðila farið fram á, innan tíu daga áður en fresturinn rennur út, að upphaflegi gerðardómurinn úrskurði um hæfilegan frest.

2. Viðkomandi samningsaðili skal tilkynna hinum deiluaðilanum um þá ráðstöfun sem samþykkt hefur verið til fullnustu gerðardómsúrskurðar.

3. Hlíti viðkomandi samningsaðili ekki gerðardómsúrskurði innan hæfilegs frests, og hafi deiluaðilar ekki samið um bætur, getur hinn deiluaðilinn, þar til gerðardómsúrskurði hefur verið hlítt eða deilumálið er leyst á annan hátt og að því tilskildu að hann tilkynni um það með 30 daga fyrirvara, frestað þeim bótum sem samþykktar eru samkvæmt þessum samningi, en einungis að jafngildi þeirra bóta sem ráðstöfunin, sem gerðardómur hefur komist að niðurstöðu um að brjóti í bága við ákvæði þessa samnings, hefur haft áhrif á.

4. Gerðardómurinn skal leysa öll deilumál, sem varða fullnustu úrskurðar hans eða þá frestun sem

ARTICLE 35

Implementation of the Award

1. The Party concerned shall promptly comply with the award of the arbitration panel. If it is impracticable to comply immediately, the parties to the dispute shall endeavour to agree on a reasonable period of time to do so. In the absence of such agreement within 30 days from the date of the award, either party to the dispute may, within ten days from the expiration of such period, request the original arbitration panel to determine the length of the reasonable period of time.

2. The Party concerned shall notify the other party to the dispute of the measure adopted in order to implement the award.

3. If the Party concerned fails to comply with the award within a reasonable period of time and the parties to the dispute have not agreed on any compensation, the other party to the dispute may, until the award has been properly implemented or the dispute has been otherwise resolved, and subject to a prior notification of 30 days, suspend the application of benefits granted under this Agreement, but only equivalent to those affected by the measure that the arbitration panel has found to violate this Agreement.

4. Any dispute regarding the implementation of the award or the notified suspension shall be decided by

hefur verið tilkynnt, að beiðni annars deiluaðilans áður en unnt er að sækja bætur eða fresta þeim tímabundið. Gerðardómur getur einnig úrskurðað um það hvort framkvæmdarráðstafanir, sem samþykktar eru eftir tímabundna niðurfellingu bóta, samræmist gerðardómsúrskurðinum og hvort fella beri úr gildi tímabundna niðurfellingu bóta eða breyta henni. Úrskurður gerðardóms samkvæmt þessari málsgrein skal að öllu jöfnu falla innan 45 daga frá þeim degi er beiðni er veitt viðtaka.

36. gr.
Frávik frá gildissviði.

Ákvæði þessa kafla eiga ekki við um 12. og 13. grein, 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 20. gr., þar sem samkomulag Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála kann að eiga við.

8. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

37. gr.
Efndir skuldbindinga.

Samningsaðilarnir skulu gera allar almennar eða sértækar ráðstafanir til að efna skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi.

38. gr.
Viðaukar og bókanir.

Viðaukar og bókanir við samning þennan, að meðtöldum viðbætum, eru óaðskiljanlegur hluti hans.

39. gr.
Þróunarákvæði.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að endurskoða þennan samning í ljósi frekari þróunar efnahagslegra samskipta á alþjóðavettvangi, svo sem innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og kanna, í ljósi þeirra þátta sem máli skipta, tækifæri á að þróa og styrkja frekar þá samvinnu sem til hefur verið stofnað með þessum samningi og færa hana út til sviða sem samningurinn tekur ekki til. Sameiginlega nefndin skal kanna þennan kost reglulega og leggja fyrir samningsaðila tillögur, þegar það á við, einkum með það fyrir augum að hefja samningsviðræður.

2. Samningar á grundvelli þeirrar málsmeðferðar sem um getur í 1. mgr. eru með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki samningsaðilanna samkvæmt þeirra eigin málsmeðferðarreglum.

the arbitration panel upon request of either party to the dispute before compensation can be sought or suspension of benefits can be applied. The arbitration panel may also rule on the conformity with the award of any implementing measures adopted after the suspension of benefits and whether the suspension of benefits should be terminated or modified. The ruling of the arbitration panel under this paragraph shall normally be given within 45 days from the date of receipt of the request.

ARTICLE 36
Non-Application

This Chapter shall not apply to Articles 12 and 13, paragraph 1 of Article 17 and paragraph 1 of Article 20, where the WTO Understanding on Rules and Procedures Governing the Settlement of Disputes may be applicable.

CHAPTER 8
FINAL PROVISIONS

ARTICLE 37
Fulfilment of Obligations

The Parties shall take any general or specific measures required to fulfil their obligations under this Agreement.

ARTICLE 38
Annexes and Protocols

The Annexes and Protocols to this Agreement, including their Appendices, are an integral part of this Agreement.

ARTICLE 39
Evolutionary Clause

1. The Parties undertake to review this Agreement in light of further developments in international economic relations, inter alia in the framework of the WTO, and to examine in this context and in light of any relevant factor the possibility of further developing and deepening their co-operation under this Agreement and to extend it to areas not covered therein. The Joint Committee shall regularly examine this possibility and, where appropriate, make recommendations to the Parties, particularly with a view to opening up negotiations.

2. Agreements resulting from the procedure referred to in paragraph 1 shall be subject to ratification, acceptance or approval by the Parties in accordance with their own procedures.

40. gr.
Breytingar.

1. Samningsaðilarnir geta komið sér saman um breytingar á þessum samningi. Breytingarnar öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu, nema samningsaðilarnir ákveði annað.
2. Texta breytinga og skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal afhenda vörsluaðila til vörslu.

ARTICLE 40
Amendments

1. The Parties may agree on any amendment to this Agreement. Unless otherwise agreed by the Parties, amendments shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval.

2. The text of the amendments as well as the instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.

41. gr.
Tengsl við aðra milliríkjasamninga.

1. Ákvæði þessa samnings gilda með fyrirvara um réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina og öðrum samningum sem eru gerðir á grundvelli hans og þeir eru aðilar að og öðrum milliríkjasamningum sem þeir eiga aðild að.
2. Þessi samningur kemur ekki í veg fyrir að tollabandalögum, fríverslunarsvæðum og samningum um landamæraviðskipti og öðrum fríðindasamningum verði við haldið eða til þeirra stofnað, svo fremi það hafi ekki áhrif á fyrirkomulag þeirra viðskipta sem kveðið er á um í þessum samningi.
3. Samningsaðili skal, gerist hann aðili að tollabandalagi eða fríverslunarsamningi við þriðja aðila og að fram kominni beiðni annars samningsaðila þar um, veita næg tækifæri til samráðs við þann samningsaðila sem leggur fram beiðnina.

ARTICLE 41
Relation to Other International Agreements

1. The provisions of this Agreement shall be without prejudice to the rights and obligations of the Parties under the WTO Agreement and the other agreements negotiated thereunder to which they are a party and any other international agreement to which they are a party.
2. This Agreement shall not preclude the maintenance or establishment of customs unions, free trade areas, arrangements for frontier trade and other preferential agreements insofar as they do not have the effect of altering the trade arrangements provided for in this Agreement.
3. When a Party enters into a customs union or free trade agreement with a third party it shall, upon request by any other Party, afford adequate opportunity for consultations with the requesting Party.

42. gr.
Aðild.

1. Sérhvert ríki, sem er aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu, getur gerst aðili að samningi þessum, svo fremi að sameiginlega nefndin samþykki aðild þess með þeim kjörum og skilyrðum sem þessi ríki og samningsaðilarnir verða ásátt um. Skjal um aðild skal afhenda vörsluaðila til vörslu.
2. Að því er varðar inngönguríki skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjal þess um aðild hefur verið afhent til vörslu eða þeir samningsaðilar sem fyrir eru hafa samþykkt aðildarskilmála, hvort sem síðar verður.

ARTICLE 42
Accession

1. Any State becoming a member of the European Free Trade Association may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee approves its accession, on terms and conditions to be agreed upon by the Parties. The instrument of accession shall be deposited with the Depositary.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of accession, or the approval of the terms of accession by the existing Parties, whichever is later.

43. gr.
Úrsögn og gildislok.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Úrsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku.

ARTICLE 43
Withdrawal and Expiration

1. Each Party may withdraw from this Agreement by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect six months after the date on which the notification is received by the Depositary.

2. Ef Serbía segir sig frá samningnum telst hann útrunninn þegar uppsögnin tekur gildi.
3. Ef EFTA-ríki segir sig frá samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum niður af þeim sökum sama dag og úrsögn tekur gildi.

2. If Serbia withdraws, this Agreement shall expire when its withdrawal becomes effective.
3. Any EFTA State which withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association shall, ipso facto on the same day as the withdrawal takes effect, cease to be a Party to this Agreement.

44. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers samningsaðila. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila til vörslu.
2. Samningur þessi skal öðlast gildi 1. apríl 2010 að því er varðar þá samningsaðila sem hafa afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu, eða tilkynnt honum um beitingu samningsins til bráðabirgða, að minnsta kosti tveimur mánuðum fyrir fyrrnefnda dagsetningu og að því tilskildu að Serbía sé í hópi þeirra samningsaðila.
3. Öðlist samningur þessi ekki gildi 1. apríl 2010 öðlast hann gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að a.m.k. eitt EFTA-ríki og Serbía hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki vörsluaðila til vörslu.

4. Fyrir EFTA-ríki, sem undirritar samning þennan og afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eftir að samningur þessi öðlast gildi, skal samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að skjal þess um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu.
5. Heimili stjórnskipuleg skilyrði EFTA-ríkis eða Serbíu það geta þau beitt samningi þessum til bráðabirgða meðan beðið er fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis viðkomandi samningsaðila. Vörsluaðila skal tilkynnt um bráðabirgðabeitingu samnings þessa.
6. Samningur þessi öðlast ekki gildi og honum skal ekki beitt til bráðabirgða milli EFTA-ríkis og Serbíu nema viðbótarsamningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir öðlist gildi eða sé beitt til bráðabirgða samtímis. Hann gildir milli viðkomandi EFTA-ríkis og Serbíu svo lengi sem viðbótarsamningurinn milli þessara samningsaðila er í gildi.

ARTICLE 44
Entry into Force

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval in accordance with the respective constitutional requirements of the Parties. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.
2. This Agreement shall enter into force on 1 April 2010 in relation to those Parties which have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval, or notified provisional application to the Depositary, at least two months before that date, and provided that Serbia is among those Parties.

3. In case this Agreement does not enter into force on 1 April 2010 it shall enter into force on the first day of the third month after at least one EFTA State and Serbia have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval, or notified provisional application to the Depositary.
4. In relation to an EFTA State depositing its instrument of ratification, acceptance or approval after this Agreement has entered into force, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

5. If its constitutional requirements permit, any EFTA State or Serbia may apply this Agreement provisionally pending ratification, acceptance or approval by that Party. Provisional application of this Agreement shall be notified to the Depositary.

6. This Agreement shall not enter into force or be applied provisionally between an EFTA State and Serbia unless the complementary agreement on trade in agricultural products between that EFTA State and Serbia enters into force or is applied provisionally simultaneously. It shall remain in force between that EFTA State and Serbia as long as the complementary agreement remains in force between them.

45. gr.
Vörsluaðili.
Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

ARTICLE 45
Depositary
The Government of Norway shall act as Depositary.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Gjört í Genf 17. desember 2009 í einu frumriti. Vörsluaðili skal senda öllum samningsaðilunum staðfest endurrit.

Done at Geneva, this 17th day of December 2009, in one original. The Depositary shall transmit certified copies to all the Parties.

Fyrir hönd Íslands

Fyrir hönd Lýðveldisins Serbíu

For Iceland

For the Republic of Serbia

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins

For the Principality of Liechtenstein

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

For the Kingdom of Norway

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss

For the Swiss Confederation

Fylgiskjal II.

Landbúnaðarsamningur milli Íslands og Lýðveldisins Serbíu

1. gr.
Gildissvið.

Samningur þessi um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Íslands og Lýðveldisins Serbíu (hér á eftir nefnt „Serbía“) er gerður með vísan til fríverslunarsamnings Serbíu og EFTA-ríkjanna (hér á eftir nefndur „fríverslunarsamningurinn“), sem var undirritaður hinn 17. desember 2009, einkum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 6. gr. þess samnings.

2. gr.
Tollaívilnanir.

Ísland skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar í Serbíu, eins og tilgreint er í II. viðauka. Serbía skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar á Íslandi, eins og tilgreint er í I. viðauka.

3. gr.
Upprunareglur og reglur um tollmeðferð.

1. Upprunareglurnar og ákvæðin um samvinnu á sviði tollamála, sem sett eru fram í bókun B við fríverslunarsamninginn, gilda um þennan samning með þeirri undantekningu sem kveðið er á um í 2. mgr. Litið skal svo á að allar vísanir til „EFTA-ríkja“ í þeirri bókun eigi við Ísland.
2. Í samningi þessum gilda ákvæði 3. og 4. gr. bókunar B við fríverslunarsamninginn ekki um framleiðsluvörur sem falla undir þennan samning og eru fluttar út frá einu EFTA-ríki til annars.

4. gr.
Viðræður.

Samningsaðilar skulu skoða þá erfiðleika sem kunna að koma upp í viðskiptum þeirra með landbúnaðarafurðir og freista þess að leita viðunandi lausna.

5. gr.
Aukið viðskiptafrelsi.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að vinna áfram að því að auka frelsi í viðskiptum sínum með landbúnaðarafurðir, að teknu tilliti til fyrirkomulags slíkra viðskipta sín á milli, þess hve slíkar afurðir eru viðkvæmar og til þróunar í landbúnaðar-

Agreement on Agriculture Between Iceland and the Republic of Serbia

ARTICLE 1
Scope and Coverage

This Agreement concerning trade in agricultural products between Iceland and the Republic of Serbia (hereinafter referred to as “Serbia”) is concluded further to the Free Trade Agreement between Serbia and the EFTA States (hereinafter referred to as “the Free Trade Agreement”), which was signed on 17 December 2009, and in particular pursuant to paragraph 2 of Article 6 of that Agreement.

ARTICLE 2
Tariff Concessions

Serbia shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Iceland as specified in Annex I. Iceland shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Serbia as specified in Annex II.

ARTICLE 3
Rules of Origin and Customs Procedures

1. The rules of origin and the provisions on co-operation in customs matters set out in Protocol B to the Free Trade Agreement shall apply to this Agreement, except as provided for in paragraph 2. Any reference to “EFTA States” in that Protocol shall be taken to refer to Iceland.
2. For the purposes of this Agreement, Articles 3 and 4 of Protocol B to the Free Trade Agreement shall not apply to products covered by this Agreement which are exported from one EFTA State to another.

ARTICLE 4
Dialogue

The Parties shall examine any difficulties that might arise in their trade in agricultural products and shall endeavour to seek appropriate solutions.

ARTICLE 5
Further Liberalisation

The Parties undertake to continue their efforts with a view to achieving further liberalisation of their trade in agricultural products, taking account of the pattern of such trade between them, the particular sensitivities of such products, and the develop-

stefnu hvors aðila um sig. Samningsaðilarnir skulu, að beiðni hvors aðilans sem er, hafa samráð í þeim tilgangi að ná þessu markmiði, þ.m.t. úrbætur á markaðsaðgangi með því að lækka eða afnema tolla á landbúnaðarvörum og með því að útvíkka vörusvið landabúnaðarafurða sem þessi samningur tekur til.

ment of agricultural policy on either side. At the request of either Party, the Parties shall consult to achieve this objective, including through improvements in market access by reduction or elimination of customs duties on agricultural products and through extension of the scope of agricultural products covered by this Agreement.

6. gr.
Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.

Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.

ARTICLE 6
WTO Agreement on Agriculture

The Parties confirm their rights and obligations under the WTO Agreement on Agriculture.

7. gr.
Ákvæði fríverslunarsamningsins.

Ákvæðin um svæðisbundið gildissvið (3. gr.), ríkisstjórnir, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld (4. gr.), magntakmarkanir (10. gr.), ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna (12. gr.), tæknilegar reglur (13. gr.), undirboð (18. gr.) og tvíhliða verndarráðstafanir (21. gr.) og 7. kafla um lausn deilumála viðvíkjandi fríverslunarsamningnum skulu gilda, að breyttu breytanda, milli aðila að þessum samningi.

ARTICLE 7
Provisions of the Free Trade Agreement

The provisions on territorial application (Article 3), Central, Regional and Local Government (Article 4), Quantitative Restrictions (Article 10), Sanitary and Phytosanitary Measures (Article 12), Technical Regulations (Article 13), Anti-dumping (Article 18) and Bilateral Safeguard Measures (Article 21) as well as Chapter 7 on Dispute Settlement of the Free Trade Agreement shall apply, *mutatis mutandis*, between the Parties to this Agreement.

8. gr.
Gildistaka og tengsl milli þessa samnings og fríverslunarsamningsins

Fyrirkomulag þetta öðlast gildi, eða skal beitt til bráðabirgða, þann dag sem fríverslunarsamningurinn milli Serbíu og Íslands öðlast gildi eða er beitt til bráðabirgða. Það gildir svo lengi sem fríverslunarsamningurinn á milli þeirra er í gildi.

ARTICLE 8
Entry into Force and Relationship between this Agreement and the Free Trade Agreement

This Arrangement shall enter into force on, or be applied provisionally from, the same date as the Free Trade Agreement enters into force or is applied provisionally between Iceland and Serbia. It shall remain in force as long as the Free Trade Agreement remains in force between them.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Genf, 17. desember 2009, í tveimur frumritum.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Geneva, this 17th day of December 2009, in two originals.

Fyrir hönd Íslands	Fyrir hönd lýðveldisins Serbíu	For Iceland	For the Republic of Serbia

1202. Tillaga til þingsályktunar [685. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Úkraínu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Úkraínu.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd annars vegar fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Úkraínu sem undirritaður var 24. júní 2010 í Reykjavík og hins vegar landbúnaðarsamning milli Íslands og Úkraínu sem undirritaður var sama dag.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á fríverslunarsamningi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Úkraínu sem undirritaður var 24. júní 2010 í Reykjavík. Jafnframt er leitað heimildar til fullgildingar á landbúnaðarsamningi milli Íslands og Úkraínu sem undirritaður var sama dag. Meginmál fríverslunarsamningsins er prentað sem fylgiskjal I með tillögu þessari og meginmál landbúnaðarsamningsins sem fylgiskjal II. Viðaukar og bókanir sem fylgja fríverslunarsamningnum og viðaukar við landbúnaðarsamninginn munu liggja frammi í lestrarsal Alþingis.

EFTA-ríkin, Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss, hafa gert 22 fríverslunarsamninga við ríki eða ríkjahópa, að samningnum við Úkraínu meðtöldum. Í tengslum við þessa samninga hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar á milli einstakra EFTA-ríkja og hvers ríkis eða ríkjahóps fyrir sig um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur.

Fríverslunarsamningurinn er af svokallaðri annarri kynslóð fríverslunarsamninga og inniheldur, auk ákvæða um vöruviðskipti, ákvæði um þjónustuviðskipti, fjárfestingar, hugverkaréttindi, samkeppnismál, opinber innkaup, stofnanaákvæði og ákvæði um lausn ágreiningsmála. Samningaviðræður hófust í apríl 2009 og þeim lauk í júní 2010.

Fríverslunarsamningurinn við Úkraínu kveður á um lækkun eða niðurfellingu tolla á iðnaðarvörur, sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur. Þannig munu tollar á sjávarafurðir og allar helstu iðnaðarvörur frá Íslandi falla niður frá gildistöku samningsins eða að loknu 5–10 ára aðlögunartímabili. Sjávarafurðir eru um þessar mundir langmikilvægasta útflutningsvara Íslands til Úkraínu.

Landbúnaðarsamningurinn milli Íslands og Úkraínu er viðbótarsamningur og gerður með vísan til fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og Úkraínu. Landbúnaðarsamningurinn myndar hluta fríverslunarsvæðisins, ásamt slíkum samningum annars vegar milli Noregs og Úkraínu og hins vegar milli Sviss og Úkraínu, auk fríverslunarsamningsins. Viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur falla undir landbúnaðarsamninginn og kveður hann á um að tollar á tilteknar landbúnaðarvörur verði lækkaðir eða felldir niður. Úkraína mun m.a. fella niður tolla á lifandi hross en tollar á íslenskt lambakjöt munu falla niður að loknum fimm ára aðlögunartíma. Ísland mun m.a. fella niður tolla á ýmsar matjurtir, kakó og ávaxtasafa. Landbúnaðarsamningurinn öðlast gildi á sama degi og fríverslunarsamningurinn.

Fylgiskjal I.

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR MILLI EFTA-RÍKJANNA OG ÚKRAÍNU

FORMÁLSORÐ

Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Ríkjasambandið Sviss (hér á eftir nefnd EFTA-ríkin) annars vegar

og Úkraína hins vegar,

hér á eftir verður hvert einstakt ríki nefnt „samningsaðili“ og öll ríkin í heild „samningsaðilar“:

SEM VIÐURKENNA gagnkvæman vilja til þess að efla tengsl milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Úkraínu hins vegar, með því að stofna til náinna og varanlegra samskipta,

SEM VÍSA TIL þess ásetnings síns að stuðla á virkan hátt að efnahagslegum samruna og lýsa sig tilbúin til að leita sameiginlegra leiða og aðferða til að styrkja þá þróun,

SEM ÁRÉTTA skuldbindingu sína um að virða lýðræði, mannréttindi og mannfrelsi, einnig stjórnmálafrelsi og efnahagsfrelsi í samræmi við skyldur sínar samkvæmt þjóðarétti, þ.m.t. meginreglur sem settar eru fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennu mannréttindayfirlýsingunni,

SEM ÁRÉTTA skuldbindingar sínar um hagþróun og félagslega þróun, um að standa vörð um heilbrigðis- og öryggismál og virðingu fyrir grundvallarréttindum launafólks og þeim meginreglum sem eru settar fram í samningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

SEM HAFA AÐ MARKMIÐI að skapa ný atvinnutækifæri og bæta heilbrigðisskilyrði og lífskjör á yfirráðasvæðum sínum,

SEM VILJA skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín á milli og fyrir aukna samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem samningsaðilar eiga sameiginlegra

FREE TRADE AGREEMENT BETWEEN THE EFTA STATES AND UKRAINE

PREAMBLE

Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway, the Swiss Confederation (hereinafter referred to as the “EFTA States”), on the one part,

and Ukraine, on the other,

hereinafter each individual State referred to as “a Party” or collectively referred to as “the Parties”:

RECOGNISING the common wish to strengthen the links between the EFTA States on the one part and Ukraine on the other by establishing close and lasting relations;

RECALLING their intention to participate actively in the process of economic integration and expressing their preparedness to cooperate in seeking ways and means to strengthen this process;

REAFFIRMING their commitment to democracy, human rights and fundamental political and economic freedoms in accordance with their obligations under international law, including principles and objectives set out in the United Nations Charter and the Universal Declaration of Human Rights;

REAFFIRMING their commitment to economic and social development, the protection of health and safety, and the respect for the fundamental rights of workers, including the principles set out in the relevant International Labour Organisation (ILO) Conventions;

AIMING to create new employment opportunities, and improve health and living standards in their respective territories;

DESIRING to create favourable conditions for the development and diversification of trade between them and for the promotion of commercial and economic cooperation in areas of common interest on

hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnréttis, gagnkvæms ávinnings, jafnræðis og þjóðaréttar,

the basis of equality, mutual benefit, non-discrimination and international law;

SEM VIÐURKENNA mikilvægi þess að greiða fyrir viðskiptum, með því að stuðla að virkum og gagnsæjum aðferðum við að draga úr kostnaði og tryggja áreiðanleika að því er varðar viðskiptasvæði samningsaðilanna,

RECOGNISING the importance of trade facilitation in promoting efficient and transparent procedures to reduce costs and to ensure predictability for the trading communities of the Parties;

SEM ERU STAÐRÁÐIN í að stuðla að og efla enn frekar marghliða viðskiptakerfi, á grundvelli réttinda og skuldbindinga hvers og eins, í samræmi við Marakess-samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og aðra samninga sem gerðir hafa verið á vettvangi hennar, og stuðla þar með að samstilltri þróun og eflingu alþjóðaviðskipta,

DETERMINED to promote and further strengthen the multilateral trading system, building on their respective rights and obligations under the Marrakesh Agreement establishing the World Trade Organisation (hereinafter referred to as "the WTO") and the other agreements negotiated thereunder, thereby contributing to the harmonious development and expansion of world trade;

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að beita ákvæðum þessa samnings með það að markmiði að varðveita og vernda umhverfið og tryggja hagkvæmustu nýtingu náttúruauðlinda í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun,

DETERMINED to implement this Agreement with the objectives to preserve and protect the environment and to ensure the use of natural resources in accordance with the objective of sustainable development;

SEM STAÐFESTA skuldbindingu sína að standa vörð um réttarríkið, að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu í alþjóðaviðskiptum og fjárfestingum og að efla meginreglur um gagnsæi og góða stjórnunarhætti,

AFFIRMING their commitment to the rule of law, to prevent and combat corruption in international trade and investment and to promote the principles of transparency and good governance;

SEM HAFA Í HUGA vægi ábyrgrar háttsemi í fyrirtækjum og gildi hennar fyrir sjálfbæra hagþróun og staðfesta stuðning sinn við að vinna að framgangi viðeigandi alþjóðlegra staðla,

ACKNOWLEDGING the significance of responsible corporate conduct and its contribution to sustainable economic development and affirming their support to efforts for the promotion of relevant international standards;

SEM ERU SANNFÆRÐ UM að þessi samningur muni auka samkeppnishæfni fyrirtækja þeirra á heimsmarkaði og skapa skilyrði sem örva efnahagsleg samskipti, viðskiptatengsl og fjárfestingar milli þeirra,

CONVINCED that this Agreement will enhance the competitiveness of their firms in global markets and create conditions encouraging economic, trade and investment relations between them;

HAFA ÁKVEÐIÐ, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér svohljóðandi samning (sem nefnist hér á eftir „þessi samningur"):

HAVE DECIDED, in pursuit of the above, to conclude the following Agreement (hereinafter referred to as "this Agreement"):

1. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

GREIN 1.1.
Markmið.

1. Samningsaðilar stofna hér með fríverslunarsvæði með þessum samningi og viðbótarsamningum um viðskipti með landbúnaðarafurðir sem gerðir eru

CHAPTER 1
GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1.1
Objectives

1. The Parties hereby establish a free trade area by means of this Agreement and the complementary agreements on agriculture, concurrently concluded

jafnhliða milli Úkraínu og hvers EFTA-ríkis um sig.

2. Markmiðin með þessum samningi, sem er byggður á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa, eru:

a) að ná fram frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. *hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994* (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“),
b) að ná fram frelsi í þjónustuviðskiptum í samræmi við V. gr. *hins almenna samnings um þjónustuviðskipti* (hér á eftir nefndur „GATS-samningurinn“),
c) að fjölga verulega tækifærum til fjárfestinga á fríverslunarsvæðinu,
d) að ná fram frekara frelsi með gagnkvæmum hætti á mörkuðum samningsaðilanna fyrir opinber innkaup,
e) að stuðla að aukinni samkeppni í atvinnulífi samningsaðilanna, einkum að því er varðar efnahagstengsl milli þeirra,
f) að tryggja fullnægjandi og áhrifaríka vernd hugverkaréttinda og
g) að stuðla þannig, með afnámi viðskiptahindrana, að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum.

between Ukraine and each individual EFTA State.

2. The objectives of this Agreement, which is based on trade relations between market economies, are:

(a) to achieve the liberalisation of trade in goods, in conformity with Article XXIV of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994 (hereinafter referred to as the “GATT 1994”);
(b) to achieve the liberalisation of trade in services, in conformity with Article V of the General Agreement on Trade in Services (hereinafter referred to as the “GATS”);
(c) to substantially increase investment opportunities in the free trade area;
(d) to achieve further liberalisation on a mutual basis of the government procurement markets of the Parties;
(e) to promote competition in their economies, particularly as it relates to economic relations between the Parties;
(f) to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights; and
(g) to contribute, by the removal of barriers to trade and investment, to the harmonious development and expansion of world trade.

GREIN 1.2.

Viðskiptatengsl sem falla undir þennan samning.

1. Samningur þessi gildir um viðskiptatengsl milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Úkraínu hins vegar, en ekki um viðskiptatengsl milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

2. Af tollabandalaginu, sem stofnað var með samningi frá 29. mars 1923 milli Sviss og Furstadæmisins Liechtensteins, leiðir að Sviss er fulltrúi Furstadæmisins Liechtensteins í málefnum sem falla undir gildissvið þess samnings.

ARTICLE 1.2

Trade Relations Governed by this Agreement

1. This Agreement shall apply to trade relations between, on the one side, the individual EFTA States and, on the other side, Ukraine, but not to the trade relations between individual EFTA States, unless otherwise provided for in this Agreement.

2. As a result of the customs union established by the Treaty of 29 March 1923 between Switzerland and the Principality of Liechtenstein, Switzerland shall represent the Principality of Liechtenstein in matters covered thereby.

GREIN 1.3.

Tengsl við aðra alþjóðasamninga.

1. Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og öðrum samningum á grundvelli hans og samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem þeir eiga aðild að.

2. Samningur þessi skal ekki koma í veg fyrir að tollabandalögum, fríverslunarsvæðum, samningum um landamæraviðskipti og öðrum fríðindasamningum verði haldið við eða til þeirra stofnað, enda hafi þeir ekki áhrif til breytinga á því viðskiptafyrirkomulagi sem kveðið er á um í samningi þessum.

3. Þegar samningsaðili gerist aðili að tollabandalagi eða fríverslunarsamningi við þriðja aðila skal hann, að fram kominni beiðni hvaða annars samningsaðila sem er, reiðubúinn að efna til samráðs við þann samningsaðila sem fer fram á það.

ARTICLE 1.3

Relation to Other International Agreements

1. The Parties confirm their rights and obligations under the Marrakesh Agreement establishing the WTO, the other agreements negotiated under the WTO to which they are a party, and any other international agreement to which they are a party.

2. This Agreement shall not preclude the maintenance or establishment of customs unions, free trade areas, arrangements for frontier trade and other preferential agreements insofar as they do not have the effect of altering the trade arrangements provided for in this Agreement.

3. When a Party enters into a customs union or free trade agreement with a third party it shall, upon request by any other Party, be prepared to enter into consultations with the requesting Party.

GREIN 1.4.
Svæðisbundið gildissvið.

1. Samningur þessi gildir um eftirfarandi, með fyrirvara um bókunina um upprunareglur:

a) landsvæði, innhöf og landhelgi samningsaðila og loftrými yfir landsvæði samningsaðila, í samræmi við reglur þjóðaréttar, svo og

b) svæði utan landhelgi með tilliti til ráðstafana sem samningsaðili gerir í krafti fullveldisréttinda eða lögsögu sinnar í samræmi við reglur þjóðaréttar.

2. Samningur þessi gildir ekki um Svalbarðasvæðið, nema að því er varðar vöruviðskipti.

ARTICLE 1.4
Territorial Application

1. Without prejudice to the Protocol on Rules of Origin, this Agreement shall apply:

(a) to the land territory, internal waters, and the territorial sea of a Party, and the air-space above the territory of a Party, in accordance with international law; as well as

(b) beyond the territorial sea, with respect to measures taken by a Party in the exercise of its sovereign right or jurisdiction in accordance with international law.

2. This Agreement shall not apply to the Norwegian territory of Svalbard, with the exception of trade in goods.

GREIN 1.5.
Ríkisstjórn, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld.

Hver samningsaðili skal sjá til þess að ríkisstjórn hans, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld, svo og óopinberar stofnanir, sem fara með opinbert vald sem ríkisstjórn, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld eða yfirvöld fela þeim, uppfylli, á yfirráðasvæði hans, allar skyldur og skuldbindingar samkvæmt samningi þessum.

ARTICLE 1.5
Central, Regional and Local Government

Each Party shall ensure within its territory the observance of all obligations and commitments under this Agreement by its respective central, regional and local governments and authorities, and by non-governmental bodies in the exercise of governmental powers delegated to them by central, regional and local governments or authorities.

GREIN 1.6.
Gagnsæi.

1. Aðilar skulu birta lög sín og reglugerðir, dómsniðurstöður og stjórnsýsluákvarðanir sem hafa almennt gildi, eða veita almenningi aðgang að þeim með öðrum hætti, svo og alþjóðasamninga sem hver og einn þeirra á aðild að og geta haft áhrif á framkvæmd þessa samnings.

2. Samningsaðilarnir skulu svara sértækum spurningum án tafar og veita hver öðrum upplýsingar um málefni, er um getur í 1. mgr., að fram kominni beiðni þar um. Þeim ber ekki að láta trúnaðarupplýsingar í té.

ARTICLE 1.6
Transparency

1. The Parties shall publish or otherwise make publicly available their laws, regulations, judicial decisions, administrative rulings of general application and their respective international agreements that may affect the operation of this Agreement.

2. The Parties shall promptly respond to specific questions and provide, upon request, information to each other on matters referred to in paragraph 1. They are not required to disclose confidential information.

2. KAFLI
VÖRUVIÐSKIPTI

GREIN 2.1.
Gildissvið.

1. Þessi kafli gildir um eftirfarandi vörur sem samningsaðilar versla með sín á milli:

a) allar framleiðsluvörur, sem heyra undir 25. til 97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vöruheitaskránni (samræmdu tollskránni, ST), að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í I. viðauka,

b) unnar landbúnaðarafurðir, sem tilgreindar eru í II. viðauka, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þess fyrirkomulags er um getur í þeim viðauka og

CHAPTER 2
TRADE IN GOODS

ARTICLE 2.1
Scope

1. This Chapter applies to the following products traded between the Parties:

(a) all products classified under Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (HS), excluding the products listed in Annex I;

(b) processed agricultural products specified in Annex II, with due regard to the arrangements provided for in that Annex; and

c) fisk og aðrar sjávarafurðir eins og kveðið er á um í III. viðauka.

2. Úkraína og sérhvert EFTA-ríki hafa gert tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þeir samningar eru hluti af gerningunum um stofnun fríverslunarsvæðis EFTA-ríkjanna og Úkraínu.

(c) fish and other marine products as provided for in Annex III.

2. Ukraine and each EFTA State have concluded agreements on trade in agricultural products on a bilateral basis. These agreements form part of the instruments establishing a free trade area between the EFTA States and Ukraine.

GREIN 2.2.
Upprunareglur og fyrirkomulag samvinnu stjórnvalda.

Í bókuninni um upprunareglur er mælt fyrir um upprunareglur og fyrirkomulag samvinnu stjórnvalda.

ARTICLE 2.2
Rules of Origin and Methods of Administrative Cooperation

The Protocol on Rules of Origin lays down the rules of origin and methods of administrative cooperation.

GREIN 2.3.
Innflutningstollar.

1. Við gildistöku þessa samnings skulu samningsaðilar fella niður alla tolla á vörum sem eru upprunnar í EFTA-ríki eða Úkraínu og sem 1. mgr. greinar 2.1 á við um, nema kveðið sé á um annað í IV. viðauka. Óheimilt er að leggja nýja tolla á innfluttar vörur.

2. Til tolla teljast hvers konar tollar eða gjöld, sem eru lögð á í tengslum við inn- eða útflutning vöru, einnig hvers konar aukaskattar eða aukagjöld í tengslum við slíkan inn- eða útflutning, að frátöldum gjöldum sem eru lögð á skv. III. og VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994.

ARTICLE 2.3
Customs Duties on Imports

1. Upon entry into force of this Agreement, the Parties shall abolish all customs duties on imports of products originating in an EFTA State or in Ukraine covered by paragraph 1 of Article 2.1, except as otherwise provided for in Annex IV. No new customs duties on imports shall be introduced.

2. A customs duty includes any duty or charge of any kind imposed in connection with the importation or exportation of a product, including any form of surtax or surcharge in connection with such importation or exportation, but does not include any charge imposed in conformity with Articles III and VIII of the GATT 1994.

GREIN 2.4.
Útflutningstollar.

1. Samningsaðilar skulu, jafnhliða gildistöku þessa samnings, fella niður tolla á útfluttar vörur, sem falla undir gildissvið 1. mgr. greinar 2.1, til annarra samningsaðila, að undanskildu því sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar. Óheimilt er að leggja nýja tolla á vörur sem eru fluttar út frá tollsvæði eins samningsaðila inn á tollsvæði annars.

2. Tolla á útfluttar vörur til EFTA-ríkjanna, sem eru upprunnar í Úkraínu, skal lækka í áföngum í samræmi við skuldbindingar Úkraínu á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

3. Ef Úkraína lækkar eða fellir niður, eftir að þessi samningur öðlast gildi, tolla á útflutning til Evrópusambandsins skal Úkraína veita EFTA-ríkjunum eigi lakari kjör.

4. Til útflutningstolla teljast hvers konar tollar eða gjöld, sem eru lögð á í tengslum við útflutning vöru, einnig hvers konar aukaskattar eða aukagjöld í tengslum við slíkan útflutning, að frátöldum gjöldum sem eru lögð á skv. VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994.

ARTICLE 2.4
Customs Duties on Exports

1. Upon entry into force of this Agreement, the Parties shall eliminate customs duties on exports of products covered by paragraph 1 of Article 2.1 to the other Parties; except as provided for in paragraph 2 of this Article. No new customs duties on exports shall be introduced on products exported from the customs territory of one Party into the customs territory of another Party.

2. Customs duties on exports to the EFTA States of products originating in Ukraine shall be gradually reduced in accordance with the commitments of Ukraine within the WTO.

3. If, after the entry into force of this Agreement, Ukraine lowers or eliminates its duties on exports to the European Union, it shall accord to the EFTA States no less favourable treatment.

4. A customs duty on exports includes any duty or charge of any kind imposed in connection with the exportation of a product, including any form of surtax or surcharge in connection with such exportation, but does not include any charge imposed in conformity with Articles VIII of the GATT 1994.

GREIN 2.5.
Grunntollar.

1. Sá grunntollur sem á að fara stiglækkandi samkvæmt þessum samningi skal lagður á innfluttar vörur milli samningsaðilanna og skal samsvara þeim bestukjaratolli (hér á eftir nefndur „bestukjaratollur-inn“) sem var lagður á 1. janúar 2009.
2. Komi almennar tollalækkanir til framkvæmda fyrir, við eða eftir gildistöku þessa samnings, skulu lækkuðu tollarnir koma í stað grunntolla, sem um getur í 1. mgr., frá og með þeim degi þegar lækkanirnar koma til framkvæmda eða frá og með gildistöku þessa samnings, verði hún síðar.

3. Lækkaðir tollar, sem eru reiknaðir út skv. 1. mgr. þessarar greinar, skulu álagðir með einum aukastaf eða, þegar um ræðir sérstaka tolla, tveimur aukastöfum.

ARTICLE 2.5
Basic Duties

1. The basic duty, to which the successive reductions set out in this Agreement are to be applied for imports between the Parties, shall be the most-favoured-nation (hereinafter referred to as the “MFN”) rate of duty applied on 1 January 2009.
2. If before, by or after entry into force of this Agreement, any tariff reduction is applied on an *erga omnes* basis, such reduced duties shall replace the basic duties referred to in paragraph 1 as from the date when such reductions are applied, or from the entry into force of this Agreement, if this is later.
3. Reduced duties calculated in accordance with paragraph 1 of this Article shall be applied rounded to the first decimal place or, in the case of specific duties, to the second decimal place.

GREIN 2.6.
Takmarkanir á inn- og útflutningi.

XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 gildir um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar takmarkanir á inn- og útflutningi og er hún hér með felld inn í þennan samning og er hluti af honum.

ARTICLE 2.6
Import and Export Restrictions

The rights and obligations of the Parties in respect of export and import restrictions shall be governed by Article XI of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

GREIN 2.7.
Innlendir skattar og reglur.

1. Samningsaðilar skulu leggja á innlenda skatta og önnur gjöld og beita innlendum fjármálareglum í samræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994 og aðra viðeigandi samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
2. Útflytjendur skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum sköttum en nemur óbeinum sköttum á framleiðsluvörur sem eru fluttar út til yfirráðasvæðis eins af samningsaðilunum.

ARTICLE 2.7
Internal Taxation and Regulations

1. The Parties commit themselves to apply any internal taxes and other charges and regulations in accordance with Article III of the GATT 1994 and other relevant WTO Agreements.

2. Exporters may not benefit from repayment of internal taxes in excess of the amount of indirect taxation imposed on products exported to the territory of one of the Parties.

GREIN 2.8.
Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.
2. Samningsaðilarnir skulu skiptast á nöfnum og heimilisföngum tengiliða með sérþekkingu á hollustuháttum og heilbrigði dýra og plantna í því skyni að auðvelda samskipti og upplýsingaskipti.

ARTICLE 2.8
Sanitary and Phytosanitary Measures

1. The rights and obligations of the Parties in respect of sanitary and phytosanitary measures shall be governed by the WTO Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures.

2. The Parties shall exchange names and addresses of contact points with sanitary and phytosanitary expertise in order to facilitate communication and the exchange of information.

GREIN 2.9.
Tæknilegar reglur.

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar tæknilegar reglur, staðla og samræmismat, í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir (sem nefnist hér á eftir „samningurinn um tæknilegar viðskiptahindranir“ (TBT)).
2. Samningsaðilar eru því samþykkir, samanber þó ákvæði 1. mgr., að eiga samráð sín á milli, telji samningsaðili annan samningsaðila hafa gert ráðstafanir sem samræmast ekki samningnum um tæknilegar viðskiptahindranir og líklegt má telja að hindri eða hafi hindrað viðskipti, til þess að finna rétta lausn í samræmi við ákvæði samningsins um tæknilegar viðskiptahindranir.

ARTICLE 2.9
Technical Regulations

1. The rights and obligations of the Parties in respect of technical regulations, standards and conformity assessment shall be governed by the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade (hereinafter referred to as “the TBT Agreement”).

2. Without prejudice to paragraph 1, the Parties agree to hold consultations where a Party considers that another Party has taken measures not in conformity with the TBT Agreement which are likely to create, or have created, an obstacle to trade, in order to find an appropriate solution in conformity with the TBT Agreement.

GREIN 2.10.
Greitt fyrir viðskiptum.

Til að greiða fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Úkraínu skulu samningsaðilar:
a) einfalda reglur um vöruviðskipti og tengda þjónustustarfsemi eftir því sem frekast er unnt,
b) stuðla að samstarfi sín á milli á marghliða vettvangi í því skyni að auka þátttöku sína í gerð og framkvæmd alþjóðasamninga og alþjóðlegra tilmæla um að greiða fyrir viðskiptum og

c) vinna saman að því að greiða fyrir viðskiptum á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar,

í samræmi við ákvæði V. viðauka.

ARTICLE 2.10
Trade Facilitation

To facilitate trade between the EFTA States and Ukraine, the Parties shall:
(a) simplify, to the greatest extent possible, procedures for trade in goods and related services;
(b) promote the cooperation of the Parties in multilateral fora in order to enhance their participation in the development and implementation of international conventions and recommendations on trade facilitation; and
(c) cooperate on trade facilitation within the framework of the Joint Committee,

in accordance with the provisions set out in Annex V.

GREIN 2.11.
Undirnefnd um upprunareglur, tollmeðferð og greiðari viðskipti.

1. Með vísun til greina 2.2 og 2.10 er hér með stofnuð undirnefnd sameiginlegu nefndarinnar um upprunareglur, tollmeðferð og greiðari viðskipti (hér á eftir nefnd „undirnefndin“).

2. Í VI. viðauka er gerð grein fyrir umboði undirnefndarinnar.

ARTICLE 2.11
Sub-Committee on Rules of Origin, Customs Pro-cedures and Trade Facilitation

1. With reference to Articles 2.2 and 2.10, a Sub-Committee of the Joint Committee on Rules of Origin, Customs Procedures and Trade Facilitation (hereinafter referred to as “the Sub-Committee”) is hereby established.
2. The mandate of the Sub-Committee is set out in Annex VI.

GREIN 2.12.
Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki.

Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar ríkisrekin viðskiptafyrirtæki, í samræmi við ákvæði XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulag um túlkun XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem eru hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

ARTICLE 2.12
State Trading Enterprises

The rights and obligations of the Parties in respect of state trading enterprises shall be governed by Article XVII of the GATT 1994 and the Understanding on the Interpretation of Article XVII of the GATT 1994, which are hereby incorporated into and made part of this Agreement.

GREIN 2.13.
Styrkir og jöfnunarráðstafanir.

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, nema kveðið sé á um annað í 2. mgr.

2. Áður en EFTA-ríki eða Úkraína, eftir atvikum, hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti styrkir séu veittir í Úkraínu eða EFTA-ríki og áhrif þess, eins og kveðið er á um í 11. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, skal samningsaðili, sem hyggst hefja rannsókn, senda þeim samningsaðila sem vörurnar, sem rannsókn mun beinast að, tilheyra skriflega tilkynningu þar um og veita 60 daga frest til að leita lausnar sem hlutaðeigandi samningsaðilar geta báðir sætt sig við. Efna skal til samráðs í sameiginlegu nefndinni, ef einhver samningsaðila fer fram á það, innan 30 daga frá því að tilkynningunni var veitt viðtaka.

ARTICLE 2.13
Subsidies and Countervailing Measures

1. The rights and obligations of the Parties relating to subsidies and countervailing measures shall be governed by Articles VI and XVI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, except as provided for in paragraph 2.

2. Before an EFTA State or Ukraine, as the case may be, initiates an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged subsidy in Ukraine or in an EFTA State, as provided for in Article 11 of the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, the Party considering initiating an investigation shall notify in writing the Party whose goods are subject to investigation and allow for a 60 day period with a view to finding a mutually acceptable solution. The consultations shall take place in the Joint Committee if any Party so requests within 30 days from the receipt of the notification.

GREIN 2.14.
Undirboð.

1. Samningsaðili skal ekki beita undirboðum, eins og kveðið er á um VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994, í tengslum við framleiðsluvörur sem eru upprunnar hjá öðrum samningsaðila.

2. Að fimm árum liðnum frá því að samningur þessi öðlast gildi geta samningsaðilarnir tekið til endurskoðunar, innan sameiginlegu nefndarinnar, hvernig tekist hefur að beita ákvæðum 1. mgr. Eftir það geta samningsaðilarnir endurskoðað þau mál, innan sameiginlegu nefndarinnar, á tveggja ára fresti.

ARTICLE 2.14
Anti-Dumping

1. A Party shall not apply anti-dumping measures, as provided for under Article VI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Implementation of Article VI of the GATT 1994 in relation to products originating in another Party.

2. Five years after the date of entry into force of this Agreement, the Parties may in the Joint Committee review the operation of paragraph 1. Thereafter the Parties may conduct biennial reviews of this matter in the Joint Committee.

GREIN 2.15.
Víðtækar verndarráðstafanir.

Samningur þessi færir hvorki samningsaðilum nein viðbótarréttindi né skuldbindur þá aukreitis að því er varðar aðgerðir sem er gripið til samkvæmt XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og ákvæðum samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir, að öðru leyti en því að samningsaðili, sem gerir verndarráðstöfun skv. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og ákvæðum samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir, skal, eftir því sem fer saman við skuldbindingar samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir, undanskilja innflutning upprunavara frá öðrum samningsaðila, ef slíkur innflutningur er ekki grunnorsök mikils skaða eða hættu á slíkum skaða.

ARTICLE 2.15
Global Safeguard Measures

This Agreement does not confer any additional rights or impose any additional obligations on the Parties with regard to actions taken pursuant to Article XIX of GATT 1994 and the WTO Agreement on Safeguards, except that a Party taking a safeguard measure under Article XIX of GATT 1994 and the WTO Agreement on Safeguards shall, to the extent consistent with the obligations under the WTO Agreements, exclude imports of an originating good from another Party if such imports are not a substantial cause of serious injury or threat thereof.

GREIN 2.16.

Tvíhliða verndarráðstafanir.

1. Ef framleiðsluvara, sem er upprunnin hjá samningsaðila, er flutt inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila, í framhaldi af því að tollar hafa verið lækkaðir eða afnumdir samkvæmt þessum samningi, í svo auknum mæli, annaðhvort sem hrein aukning eða sem hlutfall af innlendri framleiðslu, og við slík skilyrði að valdi eða gæti valdið alvarlegum skaða fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra vara eða samkeppnisvara á yfirráðasvæði samningsaðilans, sem er innflytjandi, er honum heimilt að grípa til neyðarráðstafana, í eins litlum mæli og unnt er að komast af með, til að ráða bót á skaðanum eða koma í veg fyrir hann með fyrirvara um ákvæði 2. til 10. mgr.

2. Því aðeins má gera tvíhliða verndarráðstafanir að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegum skaða eða að hætta sé á því samkvæmt rannsókn sem er gerð í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.

3. Samningsaðili, sem hyggst grípa til tvíhliða verndarráðstafana samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal, þegar í stað og ætíð áður en gripið er til ráðstöfunar, tilkynna hinum samningsaðilunum þar um. Í tilkynningunni skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar, þar á meðal sönnunargögn um alvarlegan skaða eða hættu á slíku af völdum aukins innflutnings, nákvæm lýsing á þeirri vöru sem um ræðir, upplýsingar um fyrirhugaða ráðstöfun og frá hvaða degi og hversu lengi ráðstöfunin gildir og á hve löngum tíma hún verður afnumin í áföngum. Bjóða skal samningsaðila, sem tvíhliða verndarráðstafanir gætu haft áhrif á, bætur í formi jafngilds viðskiptafrelsis í reynd með tilliti til innflutnings frá honum.

4. Sé skilyrðum þeim sem sett eru fram í 1. mgr. fullnægt getur samningsaðilinn, sem er innflytjandi, gert ráðstafanir sem felast í:

a) að fresta frekari lækkun allra tolla, sem kveðið er á um í samningi þessum, á þeirri vöru sem um ræðir eða
b) að hækka toll á vörunni að marki sem er ekki hærra en sá tollur sem lægri er af tvennu eftirfarandi:
   i. bestukjaratollinum sem í gildi var þegar gripið var til aðgerðarinnar eða
   ii. bestukjaratollinum sem í gildi var daginn fyrir gildistökudag þessa samnings.

5. Tvíhliða verndarráðstafanir skulu ekki vara lengur en tvö ár. Við mjög óvenjulegar aðstæður og

ARTICLE 2.16

Bilateral Safeguard Measures

1. Where, as a result of the reduction or elimination of a customs duty under this Agreement, any product originating in a Party is being imported into the territory of another Party in such increased quantities, in absolute terms or relative to domestic production, and under such conditions as to constitute a substantial cause of serious injury or threat thereof to the domestic industry of like or directly competitive products in the territory of the importing Party, the importing Party may take bilateral safeguard measures to the minimum extent necessary to remedy or prevent the injury, subject to the provisions of paragraphs 2 to 10.

2. Bilateral safeguard measures shall only be taken upon clear evidence that increased imports have caused or are threatening to cause serious injury pursuant to an investigation in accordance with the procedures laid down in Articles 3 and 4 of the WTO Agreement on Safeguards.

3. The Party intending to take a bilateral safeguard measure under this Article shall immediately, and in any case before taking a measure, make notification to the other Parties. The notification shall contain all pertinent information, which shall include evidence of serious injury or threat thereof caused by increased imports, a precise description of the product involved and the proposed measure, as well as the proposed date of introduction, expected duration and timetable for the progressive removal of the measure. A Party that may be affected by the bilateral safeguard measure shall be offered compensation in the form of substantially equivalent trade liberalisation in relation to the imports from any such Party.

4. If the conditions set out in paragraph 1 are met, the importing Party may take measures consisting in:

(a) suspending the further reduction of any rate of customs duty provided for under this Agreement for the product; or
(b) increasing the rate of customs duty for the product to a level not to exceed the lesser of:
   (i) the MFN rate of duty applied at the time the action is taken; or
   (ii) the MFN rate of duty applied on the day immediately preceding the date of the entry into force of this Agreement.

5. Bilateral safeguard measures shall be taken for a period not exceeding one year. In very exceptional

að lokinni athugun sameiginlegu nefndarinnar er heimilt að gera ráðstafanir til þriggja ára að hámarki. Ekki skal gera tvíhliða verndarráðstöfun vegna innflutnings vöru, hafi slík ráðstöfun áður verið gerð vegna hennar.

6. Sameiginlega nefndin skal, innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, rannsaka þær upplýsingar sem eru veittar samkvæmt 3. mgr. í þeim tilgangi að greiða fyrir lausn málsins þannig að báðir aðilar geti vel við unað. Ef engin lausn finnst er samningsaðilanum, sem er innflytjandi, heimilt að samþykkja viðeigandi ráðstafanir skv. 4. mgr. til að ráða bót á vandanum og samningsaðilanum, þaðan sem varan, sem ráðstöfunin beinist gegn, kemur, er heimilt að grípa til jöfnunaraðgerða ef ekki næst gagnkvæmt samkomulag um jöfnunargreiðslur. Tilkynna skal hinum samningsaðilunum þegar í stað um þá tvíhliða verndarráðstöfun og jöfnunaraðgerð sem gripið er til. Við val á verndarráðstöfun og jöfnunaraðgerð skal líta fyrst til ráðstöfunar eða aðgerðar sem raskar sem minnst framkvæmd þessa samnings. Jöfnunaraðgerðin skal að öllu jöfnu felast í frestun ívilnana, sem hafa í reynd jafngild áhrif á viðskipti, eða ívilnana sem í reynd jafngilda þeim viðbótartollum sem búast má við að leiði af hinni tvíhliða verndarráðstöfun. Jöfnunaraðgerð samningsaðila skal aðeins standa yfir eins lengi og nauðsynlegt er til að ná fram í reynd jafngildum áhrifum á viðskipti og aldrei lengur en tvíhliða verndarráðstöfun skv. 4. mgr varir.

7. Þegar tvíhliða verndarráðstöfun lýkur skal leggja þann toll á sem hefði verið gert hefði ekki verið gripið til ráðstöfunarinnar.

8. Ef aðstæður eru tvísýnar og töf á því að innleiða tvíhliða verndarráðstöfun í samræmi við ákvæði þessarar greinar myndi valda skaða sem erfitt yrði að bæta, er samningsaðila heimilt að grípa til tvíhliða verndarráðstafana til bráðabirgða ef ljóst er, samkvæmt bráðabirgðamati, að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi skaðað innlendan iðnað verulega eða að hætta sé á því. Samningsaðili, sem hyggst grípa til fyrrnefndra ráðstafana, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum þar um. Hefja skal viðeigandi málsmeðferð, sem getið er í 2. til 6. mgr., einnig vegna jöfnunaraðgerða, innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar. Jöfnunaraðgerðir miðast við allan gildistíma tvíhliða verndarráðstöfunar til bráðabirgða og gildistíma tvíhliða verndarráðstöfunar.

9. Öllum tvíhliða verndarráðstöfunum til bráðabirgða skal lokið eigi síðar en eftir 200 daga. Gildistími slíkrar tvíhliða verndarráðstöfunar til bráðabirgða skal teljast hluti af þeim tíma sem hin tvíhliða

circumstances, after review by the Joint Committee, measures may be taken up to a total maximum period of three years. No bilateral safeguard measures shall be applied to the import of a product which has previously been subject to such a measure.

6. The Joint Committee shall, within 30 days from the date of notification, examine the information provided under paragraph 3 in order to facilitate a mutually acceptable resolution of the matter. In the absence of such resolution, the importing Party may adopt a measure pursuant to paragraph 4 to remedy the problem, and, in the absence of mutually agreed compensation, the Party against whose product the measure is taken may take compensatory action. The bilateral safeguard measure and the compensatory action shall be immediately notified to the other Parties. In the selection of the bilateral safeguard measure and the compensatory action, priority must be given to the measure which least disturbs the functioning of this Agreement. The compensatory action shall normally consist of suspension of concessions having substantially equivalent trade effects or concessions substantially equivalent to the value of the additional duties expected to result from the bilateral safeguard measure. The Party taking compensatory action shall apply the action only for the minimum period necessary to achieve the substantially equivalent trade effects and in any event, only while the bilateral safeguard measure under paragraph 4 is being applied.

7. Upon the termination of the bilateral safeguard measure, the rate of customs duty shall be the rate which would have been in effect but for the measure.

8. In critical circumstances, where delay in the introduction of a bilateral safeguard measure in accordance with this Article would cause damage which would be difficult to repair, a Party may take a provisional bilateral safeguard measure pursuant to a preliminary determination that there is clear evidence that increased imports constitute a substantial cause of serious injury, or threat thereof, to the domestic industry. The Party intending to take such a measure shall immediately notify the other Parties thereof. Within 30 days of the date of the notification, the procedures set out in paragraphs 2 to 6, including for compensatory action, shall be initiated. Any compensation shall be based on the total period of application of the provisional bilateral safeguard measure and of the bilateral safeguard measure.

9. Any provisional bilateral safeguard measure shall be terminated within 200 days at the latest. The period of application of any such provisional bilateral safeguard measure shall be counted as part of

verndarráðstöfun, sem getið er í 5. mgr., varir og framlenging hennar ef við á. Endurgreiða skal tollahækkanir þegar í stað ef rannsóknin, sem er lýst í 2. mgr., leiðir ekki í ljós að skilyrðum 1. mgr. hafi verið fullnægt.

10. Að fimm árum liðnum frá því að samningur þessi öðlast gildi skulu samningsaðilarnir taka til endurskoðunar, innan sameiginlegu nefndarinnar, hvort þörf sé á því að viðhalda þeim kosti að grípa til tvíhliða verndarráðstafana þeirra á milli. Ef samningsaðilarnir ákveða, að lokinni fyrstu endurskoðun, að viðhalda slíkum kosti skal endurskoðun fara fram í sameiginlegu nefndinni annað hvert ár eftir það.

the duration of the bilateral safeguard measure set out in paragraph 5 and any extension thereof. Any tariff increases shall be promptly refunded if the investigation described in paragraph 2 does not result in a finding that the conditions of paragraph 1 are met.

10. Five years after the date of entry into force of this Agreement, the Parties shall review in the Joint Committee whether there is need to maintain the possibility to take bilateral safeguard measures between them. If the Parties decide, after the first review, to maintain such possibility, they shall thereafter conduct biennial reviews of this matter in the Joint Committee.

GREIN 2.17.
Almennar undantekningar.

Ákvæði XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar almennar undantekningar og eru þau hér með felld inn í samning þennan sem hluti af honum.

ARTICLE 2.17
General Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of general exceptions shall be governed by Article XX of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

GREIN 2.18.
Undantekningar af öryggisástæðum.

Ákvæði XXI. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar undantekningar öryggis vegna og er hún hér með felld inn í samning þennan sem hluti af honum.

ARTICLE 2.18
Security Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of security exceptions shall be governed by Article XXI of the GATT 1994, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

GREIN 2.19.
Greiðslujöfnuður.

1. Samningsaðilar skulu reyna að komast hjá því að setja á takmarkanir vegna greiðslujafnaðar.

2. Eigi samningsaðili í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð, eða yfirvofandi hætta er á því, er honum heimilt að gera takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum, samkvæmt þeim skilyrðum sem eru sett í GATT-samningnum frá 1994 og samkomulagi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um greiðslujöfnuðarákvæði GATT-samningsins frá 1994, sem skulu vara í takmarkaðan tíma og vera án mismununar og ekki hafa víðtækari áhrif en þörf er á til að ráða bót á erfiðleikum vegna greiðslujafnaðar.

3. Samningsaðili, sem innleiðir ráðstafanir samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum um það.

ARTICLE 2.19
Balance-of-Payments

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictive measures for balance of payments purposes.

2. A Party in serious balance of payments difficulties, or under imminent threat thereof, may, in accordance with the conditions established under the GATT 1994 and the WTO Understanding on the Balance of Payments Provisions of the GATT 1994, adopt trade restrictive measures, which shall be of limited duration and non-discriminatory, and may not go beyond what is necessary to remedy the balance of payments situation.

3. The Party introducing a measure under this Article shall promptly notify the other Parties thereof.

3. KAFLI
ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI

GREIN 3.1.

Gildissvið.

1. Þessi kafli gildir um ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti. Hann gildir um allar þjónustugreinar.
2. Að því er varðar flutningaþjónustu í lofti gildir þessi kafli ekki um ráðstafanir sem hafa áhrif á flugumferðarréttindi eða ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustu sem tengist beint nýtingu flugumferðarréttinda, að undanskildu því sem kveðið er á um í 3. mgr. GATS-viðaukans um flutningaþjónustu í lofti. Skilgreiningar í 6. mgr. viðaukans við GATS-samninginn um flutningaþjónustu í lofti eru hér með felldar inn í þennan kafla og eru hluti af honum.
3. Ákvæði greina 3.4, 3.5 og 3.6 eiga ekki við um lög, reglur eða kröfur sem gilda um innkaup opinberra stofnana á þjónustu til handa hinu opinbera og ekki með endursölu eða veitingu þjónustu í hagnaðarskyni í huga.

GREIN 3.2.

Upptaka ákvæða úr GATS-samningnum.

Þegar kveðið er á um það í þessum kafla að ákvæði úr GATS-samningnum skuli fellt inn í þennan kafla og vera hluti af honum skal merking hugtaka í ákvæði GATS-samningsins vera sem hér segir:

a) „Aðili“ merkir samningsaðila,
b) „skrá“ merkir skrá sem um getur í grein 3.17 og er að finna í VII. viðauka og
c) „sérstök skuldbinding“ merkir sérstaka skuldbindingu í skrá sem um getur í grein 3.17.

GREIN 3.3.

Skilgreiningar.

Í þessum kafla:

a) eru eftirfarandi skilgreiningar í I. gr. GATS-samningsins felldar inn í þennan samning og eru hluti af honum:
   i. „þjónustuviðskipti“,
   ii. „þjónusta“ og
   iii. „þjónusta sem opinber yfirvöld veita“,

b) merkir hugtakið „ráðstafanir samningsaðila“ þær ráðstafanir sem samningsaðilar gera og eru skilgreindar í i. og ii. undirlið a-liðar 3. mgr. I. gr. GATS-samningsins,

CHAPTER 3
TRADE IN SERVICES

ARTICLE 3.1

Scope and Coverage

1. This Chapter applies to measures by Parties affecting trade in services. It applies to all services sectors.
2. In respect of air transport services, this Chapter shall not apply to measures affecting air traffic rights or measures affecting services directly related to the exercise of air traffic rights, except as provided for in paragraph 3 of the GATS Annex on Air Transport Services. The definitions of paragraph 6 of the GATS Annex on Air Transport Services are hereby incorporated and made part of this Chapter.

3. Articles 3.4, 3.5 and 3.6 shall not apply to laws, regulations or requirements governing the procurement by governmental agencies of services purchased for governmental purposes and not with a view to commercial resale or with a view to use in the supply of services for commercial sale.

ARTICLE 3.2

Incorporation of Provisions from the GATS

Wherever a provision of this Chapter provides that a provision of the GATS is incorporated into and made part of this Chapter, the meaning of the terms used in the GATS provision shall be understood as follows:

(a) “Member” means Party;
(b) “Schedule” means a Schedule referred to in Article 3.17 and contained in Annex VII; and
(c) “specific commitment” means a specific commitment in a Schedule referred to in Article 3.17.

ARTICLE 3.3

Definitions

For the purpose of this Chapter:

(a) the following definitions of Article I of the GATS are incorporated into and made part of this Agreement:
   (i) “trade in services”;
   (ii) “services”; and
   (iii) “a service supplied in the exercise of governmental authority”;
(b) “measures by Parties” means measures taken by the Parties as defined in Article I paragraph 3 (a) (i) and (ii) of the GATS;

c) merkir hugtakið „þjónustuveitandi“ hvern þann aðila sem veitir eða leitar eftir því að veita þjónustu,[1]

d) merkir hugtakið „einstaklingur frá öðrum samningsaðila“ einstakling sem, samkvæmt lögum þess samningsaðila,:
   i. hefur ríkisfang hjá fyrrnefndum öðrum samningsaðila og býr á yfirráðasvæði einhvers aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni eða
   ii. hefur fasta búsetu hjá fyrrnefndum öðrum samningsaðila og býr á yfirráðasvæði einhvers samningsaðila, ef fyrrnefndur annar samningsaðili veitir þeim sem hafa fasta búsetu hjá honum í meginatriðum sömu meðferð og sínum eigin ríkisborgurum, að því er varðar ráðstafanir sem snerta þjónustuviðskipti. Að því er varðar þjónustuveitingu gegnum nærveru einstaklings (Aðferð 4), nær þessi skilgreining til þeirra sem hafa fasta búsetu hjá fyrrnefndum öðrum samningsaðila og búa á yfirráðasvæði einhvers samningsaðila eða yfirráðasvæði einhvers aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni,

e) merkir hugtakið „lögaðili hjá öðrum samningsaðila“ lögaðila sem er annaðhvort:
   i. stofnaður eða skipulagður með öðrum hætti samkvæmt lögum fyrrnefnds annars samningsaðila og stundar umtalsverða viðskiptaþjónustu á yfirráðasvæði:
      aa) hvaða samningsaðila sem er eða
      bb) einhvers aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og er í eigu eða lýtur stjórn einstaklinga hjá fyrrnefndum öðrum samningsaðila eða lögaðila sem uppfylla öll skilyrði undirliðar aa í i. lið,

   eða
   ii. ef um ræðir þjónustu sem er veitt um viðskiptanærveru þar sem eigandi eða stjórnandi eru:
      aa) einstaklingar hjá fyrrnefndum öðrum samningsaðila eða
      bb) lögaðilar hjá fyrrnefndum öðrum samningsaðila sem um getur í i-undirlið eliðar,

[1] Ef lögaðili veitir ekki þjónustuna beinlínis eða leitar ekki beinlínis eftir því að veita hana, heldur sé hún veitt á grundvelli annars konar viðskiptanærveru, t.d. gegnum útibú eða umboðsskrifstofu, skal þjónustuveitandinn (þ.e. lögaðilinn), eftir sem áður og á grundvelli slíkrar viðskiptanærveru, hljóta þá meðferð sem þjónustuveitendur hljóta samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Meðferð af því tagi skal ná til þeirrar viðskiptanærveru sem þjónustan er veitt um eða leitað er eftir að hún sé veitt um og ekki er nauðsynlegt að fyrrnefnd meðferð nái til annarra deilda þjónustuveitandans sem staðsettar eru utan þess yfirráðasvæðis þar sem þjónustan er veitt eða leitað er eftir því að hún sé veitt.

(c) “service supplier” means any person that supplies, or seeks to supply, a service;[1]

(d) “natural person of another Party” means a natural person who, under the legislation of that other Party, is:
   (i) a national of that other Party who resides in the territory of any WTO Member; or

   (ii) a permanent resident of that other Party who resides in the territory of any Party, if that other Party accords substantially the same treatment to its permanent residents as to its nationals in respect of measures affecting trade in services. For the purpose of the supply of a service through presence of natural persons (Mode 4), this definition covers a permanent resident of that other Party who resides in the territory of any Party or in the territory of any WTO Member;

(e) “juridical person of another Party” means a juridical person which is either:
   (i) constituted or otherwise organised under the law of that other Party, and is engaged in substantive business operations in the territory of:
      (aa) any Party; or
      (bb) any Member of the WTO and is owned or controlled by natural persons of that other Party or by juridical persons that meet all the conditions of subparagraph (i) (aa);

   or
   (ii) in the case of the supply of a service through commercial presence, owned or controlled by:
      (aa) natural persons of that other Party; or

      (bb) juridical persons of that other Party identified under subparagraph (e) (i);

[1] Where the service is not supplied or sought to be supplied directly by a juridical person but through other forms of commercial presence such as a branch or a representative office, the service supplier (i.e. the juridical person) shall, nonetheless, through such commercial presence be accorded the treatment provided for service suppliers under this Chapter. Such treatment shall be extended to the commercial presence through which the service is supplied or sought to be supplied and need not be extended to any other parts of the service supplier located outside the territory where the service is supplied or sought to be supplied.

f) eru eftirfarandi skilgreiningar í XXVIII. gr. GATS-samningsins hér með felldar inn í þennan kafla og eru hluti af honum:
   i. „ráðstöfun“,
   ii. „veiting þjónustu“,
   iii. „ráðstafanir aðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti“,
   iv. „viðskiptanærvera“,
   v. „svið“ þjónustu,
   vi. „þjónusta annars aðila“,
   vii. „einstaklingur eða lögpersóna sem hefur fengið einokunaraðstöðu til að veita þjónustu“,
   viii. „þjónustuneytandi“,
   ix. „einstaklingur eða lögaðili“,
   x. „lögaðili“,
   xi. „í eigu“, „undir stjórn“ og „tengd“ og
   xii. „beinir skattar“.

(f) the following definitions of Article XXVIII of the GATS are hereby incorporated into and made part of this Chapter:
   (i) “measure”;
   (ii) “supply of a service”;
   (iii) “measures by Members affecting trade in services”;
   (iv) “commercial presence”;
   (v) “sector” of a service;
   (vi) “service of another Member”;
   (vii) “monopoly supplier of a service”;
   (viii) “service consumer”;
   (ix) “person”;
   (x) “juridical person”;
   (xi) “owned”, “controlled” and “affiliated”; and
   (xii) “direct taxes”.

GREIN 3.4.
Bestukjarameðferð.

1. Samningsaðili skal, með fyrirvara um ráðstafanir sem eru gerðar skv. VII. gr. GATS-samningsins og að öðru leyti en því sem kveðið er á um í skrá hans yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar sem er að finna í VIII. viðauka, veita þjónustu og þjónustuveitendum annars samningsaðila, þegar í stað og án skilyrða og að því er varðar allar ráðstafanir sem hafa áhrif á veitingu þjónustu, eigi lakari meðferð en hann veitir vegna sambærilegrar þjónustu eða veitir þjónustuveitendum aðila sem ekki er samningsaðili.
2. Meðferð, sem er veitt samkvæmt öðrum gildandi eða komandi samningum sem samningsaðili hefur gert og tilkynnt hefur verið um skv. V. gr. eða V. gr. a í GATS-samningnum, fellur ekki undir 1. mgr.
3. Gangi samningsaðili frá eða geri breytingu á samningi af því tagi er um getur 2. mgr. skal hann tilkynna hinum samningsaðilunum um það án tafar og leitast við að veita þeim meðferð sem er ekki lakari en sú sem er veitt samkvæmt þeim samningi. Fyrrnefndur samningsaðili skal, að fram kominni beiðni hvaða annars samningsaðila sem er þar um, semja um innleiðingu meðferðar, sem er eigi lakari en sú sem er veitt samkvæmt fyrrnefndum samningi, í ákvæði þessa samnings.
4. Ákvæði 3. mgr. II. gr. GATS-samningsins eiga við um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar þá skilmála sem veittir eru aðliggjandi löndum og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

ARTICLE 3.4
Most-Favoured-Nation Treatment

1. Without prejudice to measures taken in accordance with Article VII of the GATS, and except as provided for in its List of MFN Exemptions contained in Annex VIII, a Party shall accord immediately and unconditionally, in respect of all measures affecting the supply of services, to services and service suppliers of another Party treatment no less favourable than the treatment it accords to like services and service suppliers of any non-party.

2. Treatment granted under other existing or future agreements concluded by one of the Parties and notified under Article V or Article V *bis* of the GATS shall not be subject to paragraph 1.
3. If a Party concludes or amends an agreement of the type referred to in paragraph 2, it shall notify the other Parties without delay and endeavour to accord to the other Parties treatment no less favourable than that provided under that agreement. The former Party shall, upon request by any other Party, negotiate the incorporation into this Agreement of a treatment no less favourable than that provided under the former agreement.

4. The rights and obligations of the Parties in respect of advantages accorded to adjacent countries shall be governed by paragraph 3 of Article II of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GREIN 3.5.
Markaðsaðgangur.

Skuldbindingar um markaðsaðgang falla undir XVI. gr. GATS-samningsins og eru þær hér með felldar inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

GREIN 3.6.
Innlend meðferð.

Um skuldbindingar varðandi meðferð innanlands fer eftir XVII. gr. GATS-samningsins og eru ákvæði hennar hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

GREIN 3.7.
Viðbótarskuldbindingar.

Ákvæði XVIII. gr. GATS-samningsins gilda um viðbótarskuldbindingar og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

GREIN 3.8.
Innlendar reglur.

1. Hver samningsaðili skal sjá til þess að öllum ráðstöfunum, sem hafa almennt gildi og áhrif á þjónustuviðskipti, sé beitt á sanngjarnan, hlutlægan og óhlutdrægan hátt.
2. Hver samningsaðili skal hafa eða koma á fót, eins fljótt og unnt er, dómstólum, gerðardómi, stjórnsýsludómstólum eða málsmeðferð þar sem stjórnsýsluákvarðanir, sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti, verða tafarlaust endurskoðaðar, að beiðni þjónustuveitanda hjá öðrum samningsaðila sem málið varðar, og gripið verður til viðeigandi úrræða ef það telst réttmætt. Ef slík málsmeðferð er ekki óháð þeirri stofnun sem tekur viðkomandi stjórnsýsluákvörðun skal samningsaðilinn sjá til þess að málsmeðferðin feli í reynd í sér hlutlæga og óhlutdræga endurskoðun.
3. Geri samningsaðili kröfu um að sérstaka heimild þurfi til að veita þjónustu skulu lögbær yfirvöld þess samningsaðila tilkynna viðkomandi umsækjanda um afgreiðslu umsóknarinnar, innan hæfilegs tíma eftir að framlögð umsókn er talin uppfylla ákvæði landslaga og -reglna umrædds samningsaðila. Lögbær yfirvöld fyrrnefnds samningsaðila skulu veita allar upplýsingar um stöðu umsóknarinnar, án ástæðulausrar tafar, fari umsækjandi fram á það.

4. Sérhver samningsaðili skal koma á fullnægjandi málsmeðferð til að sannprófa menntun og hæfi fagfólks annarra samningsaðila.

GREIN 3.9.
Viðurkenning.

1. Sérhver samningsaðili skal, í því skyni að upp-

ARTICLE 3.5
Market Access

Commitments on market access shall be governed by Article XVI of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

ARTICLE 3.6
National Treatment

Commitments on national treatment shall be governed by Article XVII of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

ARTICLE 3.7
Additional Commitments

Additional commitments shall be governed by Article XVIII of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

ARTICLE 3.8
Domestic Regulation

1. Each Party shall ensure that all measures of general application affecting trade in services are administered in a reasonable, objective and impartial manner.
2. Each Party shall maintain or institute as soon as practicable judicial, arbitral or administrative tribunals or procedures which provide, at the request of an affected service supplier of another Party, for the prompt review of, and where justified, appropriate remedies for, administrative decisions affecting trade in services. Where such procedures are not independent of the agency entrusted with the administrative decision concerned, the Party shall ensure that the procedures in fact provide for an objective and impartial review.

3. Where authorisation is required by a Party for the supply of a service, the competent authorities of that Party shall, within a reasonable period of time after the submission of an application is considered complete under that Party's domestic laws and regulations, inform the applicant of the decision concerning the application. At the request of the applicant, the competent authorities of that Party shall provide, without undue delay, information concerning the status of the application.
4. Each Party shall provide for adequate procedures to verify the competence of professionals of any other Party.

ARTICLE 3.9
Recognition

1. For the purpose of the fulfilment of its relevant

fylla viðeigandi staðla eða viðmiðanir sem gilda hjá honum um heimildir, leyfi eða skírteini til handa þjónustuveitendum, taka tilhlýðilegt tillit til sérhverrar beiðni annars samningsaðila um að viðurkenna menntun eða reynslu, sem hefur verið aflað hjá síðarnefnda samningsaðilanum, uppfylltar kröfur þar eða leyfi eða skírteini sem hann hefur veitt. Slíka viðurkenningu má byggja á samningi eða samkomulagi við fyrrnefndan annan samningsaðila eða veita einhliða að öðrum kosti.

2. Viðurkenni samningsaðili, samkvæmt samningi eða samkomulagi, menntun eða reynslu sem hefur verið aflað, kröfur sem hafa verið uppfylltar, veitt leyfi eða útgefin skírteini á yfirráðasvæði aðila sem ekki er samningsaðili, skal sá samningsaðili veita öðrum samningsaðila næg tækifæri til að semja um aðild að slíkum samningi eða samkomulagi, hvort sem samningur eða samkomulag liggur fyrir eða mun liggja fyrir síðar, eða ganga frá sambærilegum samningi eða samkomulagi við hann. Ef viðurkenning samningsaðila er einhliða skal hann veita öðrum samningsaðila næg tækifæri til að sýna fram á að viðurkenna beri einnig menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini sem eru veitt á yfirráðasvæði fyrrnefnds annars samningsaðila.

3. Allir slíkir samningar eða samkomulag eða einhliða viðurkenning skal vera í samræmi við viðeigandi ákvæði samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, einkum 3. mgr. VII. gr. GATS-samningsins.

standards or criteria for the authorisation, licensing or certification of service suppliers, each Party shall give due consideration to any requests by another Party to recognise the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted in that other Party. Such recognition may be based upon an agreement or arrangement with that other Party, or otherwise be accorded autonomously.

2. Where a Party recognises, by agreement or arrangement, the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted, in the territory of a non-party, that Party shall afford another Party adequate opportunity to negotiate its accession to such an agreement or arrangement, whether existing or future, or to negotiate a comparable agreement or arrangement with it. Where a Party accords recognition autonomously, it shall afford adequate opportunity for another Party to demonstrate that the education or experience obtained, requirements met, or licences or certifications granted in the territory of that other Party should also be recognised.

3. Any such agreement or arrangement or autonomous recognition shall be in conformity with the relevant provisions of the WTO Agreement, in particular paragraph 3 of Article VII of the GATS.

GREIN 3.10.

För einstaklinga.

1. Þessi grein gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga, sem eru þjónustuveitendur hjá samningsaðila, og einstaklinga hjá samningsaðila, sem þjónustuveitandi hjá samningsaðila ræður til starfa, með tilliti til þess að veita þjónustu.

2. Þessi kafli gildir hvorki um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga, sem leita eftir aðgangi að vinnumarkaði hjá samningsaðila, né ráðstafanir varðandi ríkisfang, búsetu eða fasta atvinnu.

3. Einstaklingum, sem sérstakar skuldbindingar gilda um, skal heimilt að veita þá þjónustu er um ræðir samkvæmt skilmálum þeirra skuldbindinga.

4. Ákvæði þessa kafla koma ekki í veg fyrir að samningsaðili geri ráðstafanir til að hafa stjórn á för einstaklinga annars samningsaðila inn á yfirráðasvæði sitt eða tímabundinni dvöl þeirra þar, þ.m.t. nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda landamæri hans og tryggja skipulega för einstaklinga yfir þau, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir séu ekki gerðar með þeim hætti að geri að engu eða skerði ávinning

ARTICLE 3.10

Movement of Natural Persons

1. This Article applies to measures affecting natural persons who are service suppliers of a Party, and natural persons of a Party who are employed by a service supplier of a Party, in respect of the supply of a service.

2. This Chapter shall not apply to measures affecting natural persons seeking access to the employment market of a Party, nor shall it apply to measures regarding nationality, residence or employment on a permanent basis.

3. Natural persons covered by a specific commitment shall be allowed to supply the service in accordance with the terms of that commitment.

4. This Chapter shall not prevent a Party from applying measures to regulate the entry of natural persons of another Party into, or their temporary stay in, its territory, including those measures necessary to protect the integrity of, and to ensure the orderly movement of natural persons across, its borders, provided that such measures are not applied in such a manner as to nullify or impair the benefits accru-

sem aðila fellur í skaut eftir skilmálum sérstakrar skuldbindingar.[2]

GREIN 3.11.
Gagnsæi.

Ákvæði 1. og 2. mgr. III. gr. og III. gr. a í GATS-samningnum eiga við um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er gagnsæi varðar og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

GREIN 3.12.
Einokun og þjónustuveitendur með einkarétt.

Ákvæði 1., 2. og 5. mgr. VIII. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar einokun og þjónustuveitendur með einkarétt og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

GREIN 3.13.
Viðskiptahættir.

Ákvæði IX. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar viðskiptahætti og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

GREIN 3.14.
Greiðslur og yfirfærslur.

1. Samningsaðili skal ekki, nema við þær aðstæður sem tilgreindar eru í grein 3.15, takmarka yfirfærslur og greiðslur ríkja í milli í yfirstandandi viðskiptum við annan samningsaðila.
2. Ekkert í þessum kafla hefur áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt greinum samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, (hér á eftir nefndur „Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn“), þ.m.t. ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við greinar þess samnings, að því gefnu að samningsaðili setji ekki takmarkanir á fjármagnsviðskipti, sem eru í ósamræmi við sérstakar skuldbindingar hans um slík viðskipti, nema samkvæmt grein 3.15 eða að beiðni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

GREIN 3.15.
Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.

1. Samningsaðilar skulu reyna að komast hjá því að setja á takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.

[2] Þótt vegabréfsáritunar sé krafist fyrir einstaklinga skal ekki litið svo á að verið sé að gera að engu eða skerða ávinning sem fæst samkvæmt sérstakri skuldbindingu.

ing to any Party under the terms of a specific commitment.[2]

ARTICLE 3.11
Transparency

The rights and obligations of the Parties in respect of transparency shall be governed by paragraphs 1 and 2 of Article III and by Article III *bis* of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter.

ARTICLE 3.12
Monopolies and Exclusive Service Suppliers

The rights and obligations of the Parties in respect of monopolies and exclusive service suppliers shall be governed by paragraphs 1, 2 and 5 of Article VIII of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter.

ARTICLE 3.13
Business Practices

The rights and obligations of the Parties in respect of business practices shall be governed by Article IX of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

ARTICLE 3.14
Payments and Transfers

1. Except under the circumstances envisaged in Article 3.15, a Party shall not apply restrictions on international transfers and payments for current transactions with another Party.
2. Nothing in this Chapter shall affect the rights and obligations of the Parties under the Articles of the Agreement of the International Monetary Fund (hereinafter referred to as the “IMF”), including the use of exchange actions which are in conformity with the Articles of the Agreement of the IMF, provided that a Party shall not impose restrictions on capital transactions inconsistently with its specific commitments regarding such transactions, except under Article 3.15 or at the request of the IMF.

ARTICLE 3.15
Restrictions to Safeguard the Balance of Payments

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictions to safeguard the balance of payments.

[2] The sole fact of requiring a visa for natural persons shall not be regarded as nullifying or impairing benefits under a specific commitment.

2. Takmarkanir í því skyni að tryggja greiðslujöfnuð, sem samningsaðili samþykkir eða viðheldur skv. XII. gr. GATS-samningsins, gilda í kafla þessum.

2. Any restriction to safeguard the balance of payments adopted or maintained by a Party under and in conformity with Article XII of the GATS shall apply under this Chapter.

GREIN 3.16.
Undantekningar.

Ákvæði XIV. gr. og 1. mgr. XIV. gr. a í GATS-samningnum gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar almennar undantekningar og undantekningar af öryggisástæðum og eru þau hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

ARTICLE 3.16
Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of general exceptions and security exceptions shall be governed by Article XIV and paragraph 1 of Article XIV *bis* of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GREIN 3.17.
Skrár um sérstakar skuldbindingar.

1. Sérhver samningsaðili skal færa í skrá þær sérstöku skuldbindingar sem hann tekur á sig samkvæmt greinum 3.5, 3.6 og 3.7. Að því er varðar þau svið sem skuldbindingarnar taka til skal eftirfarandi tilgreint í hverri skrá:

a) skilmálar, takmarkanir og skilyrði fyrir markaðsaðgangi,
b) skilyrði og forsendur fyrir innlendri meðferð,
c) verkefni viðvíkjandi viðbótarskuldbindingum, sem um getur í grein 3.7, og
d) þar sem það á við, tímamörk til að efna fyrrnefndar skuldbindingar og gildistökudagur þeirra.

2. Farið skal með ráðstafanir sem hvorki samrýmast grein 3.5 né 3.6 eins og ákvæði 2. mgr. XX. gr. GATS-samningsins segja til um.

3. Skrár um sérstakar skuldbindingar samningsaðilanna eru settar fram í VII. viðauka.

ARTICLE 3.17
Schedules of Specific Commitments

1. Each Party shall set out in a schedule the specific commitments it undertakes under Articles 3.5, 3.6 and 3.7. With respect to sectors where such commitments are undertaken, each Schedule shall specify:

(a) terms, limitations and conditions on market access;
(b) conditions and qualifications on national treatment;
(c) undertakings relating to additional commitments referred to in Article 3.7; and
(d) where appropriate, the time-frame for implementation of such commitments and the date of entry into force of such commitments.

2. Measures inconsistent with both Articles 3.5 and 3.6 shall be dealt with as provided for in paragraph 2 of Article XX of the GATS.

3. The Parties' Schedules of specific commitments are set out in Annex VII.

GREIN 3.18.
Breytingar á skrám.

Samningsaðilarnir skulu, að fenginni skriflegri beiðni frá samningsaðila, efna til samráðs til að fjalla um breytingar eða afturköllun á sérstökum skuldbindingum í skrá samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, um sérstakar skuldbindingar. Samráðið skal eiga sér stað innan þriggja mánaða frá því að samningsaðili leggur fram beiðni sína. Með samráðinu skulu samningsaðilarnir leitast við að tryggja að viðhaldið sé almennu stigi skuldbindinga sem gagnkvæmt hagræði er að og ekki er óhagstæðara fyrir viðskipti en kemur fram í skránni um sérstakar skuldbindingar áður en samráðið fer fram. Breytingar á skrám eru með fyrirvara um þá málsmeðferð sem fjallað er um í 8. grein og grein 10.5.

ARTICLE 3.18
Modification of Schedules

The Parties shall, upon written request by a Party, hold consultations to consider any modification or withdrawal of a specific commitment in the requesting Party's Schedule of specific commitments. The consultations shall be held within three months after the requesting Party made its request. In the consultations, the Parties shall aim to ensure that a general level of mutually advantageous commitments no less favourable to trade than that provided for in the Schedule of specific commitments prior to such consultations is maintained. Modifications of Schedules are subject to the procedures set out in Articles 8 and 10.5.

GREIN 3.19.
Endurskoðun.

Samningsaðilarnir skulu, í því skyni að gera þjónustuviðskipti sín á milli enn frjálsari, einkum með því að uppræta svo um munar mismunun, sem enn fyrirfinnst, á innan við tíu árum, endurskoða, á tveggja ára fresti hið minnsta eða oftar sé samkomulag þar um, skrár sínar um sérstakar skuldbindingar og skrá um undanþágur vegna bestukjarameðferðar, að teknu sérstöku tilliti til einhliða aukningar viðskiptafrelsis og yfirstandandi vinnu á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Fyrsta endurskoðun af því tagi skal fara fram eigi síðar en þremur árum eftir að þessi samningur öðlast gildi.

ARTICLE 3.19
Review

With the objective of further liberalising trade in services between them, in particular eliminating substantially all remaining discrimination within a period of ten years, the Parties shall review at least every other year, or more frequently if so agreed, their Schedules of specific commitments and their Lists of MFN Exemptions, taking into account in particular any autonomous liberalisation and on-going work under the auspices of the WTO. The first such review shall take place no later than three years after the entry into force of this Agreement.

GREIN 3.20.
Viðaukar.

Eftirfarandi viðaukar eru óaðskiljanlegur hluti af þessum kafla:

- VII. viðauki (Skrár um sérstakar skuldbindingar),
- VIII. viðauki (Skrár um undanþágur vegna bestukjarameðferðar),
- IX. viðauki (Fjármálaþjónusta) og
- X. viðauki (Fjarskiptaþjónusta).

ARTICLE 3.20
Annexes

The following Annexes form an integral part of this Chapter:

- Annex VII (Schedules of Specific Commitments);
- Annex VIII (Lists of MFN Exemptions);
- Annex IX (Financial Services); and
- Annex X (Telecommunications Services).

4. KAFLI
FJÁRFESTINGAR

GREIN 4.1.
Gildissvið.

1. Ákvæði þessa kafla gilda um fjárfestingar fjárfestis eins samningsaðila á yfirráðasvæði annars samningsaðila, þ.e. fjárfestingar sem eru bein fjárfesting eða tengjast beinni fjárfestingu. Ákvæði kaflans eiga ekki við um fjárfestingar í þeim þjónustugeirum sem 3. kafli tekur til.[3]

2. Þessi kafli á við um fjárfestingar, hvort sem stofnað hefur verið til þeirra fyrir eða eftir gildistöku þessa samnings. Hann á ekki við um deilur sem rísa vegna atburða sem verða áður en samningurinn öðlast gildi.

3. Ákvæði þessa kafla eru með fyrirvara um hvernig réttindi og skyldur, samkvæmt öðrum milliríkjasamningum um fjárfestingar eða skattlagningu sem Úkraína og eitt eða fleiri EFTA-ríki eru aðilar að, eru túlkuð eða þeim beitt.

[3] Til að taka af öll tvímæli er hér með staðfest að litið er svo á að þjónusta, sem er sérstaklega undanskilin gildissviði 3. kafla (flugumferðarréttindi), sé þjónusta sem fylgi með og falli því ekki undir gildissvið kaflans um fjárfestingar.

CHAPTER 4
INVESTMENT

ARTICLE 4.1
Scope and Coverage

1. This Chapter shall apply to investments in the territory of one Party by an investor of another Party, which constitute, or are related to, a direct investment. It shall not apply to investments in the services sectors covered by Chapter 3[3].

2. This Chapter shall apply to investments irrespective of whether they have been made prior to or after the entry into force of this Agreement. It shall however not apply to disputes arising out of events which occurred prior to the entry into force of the Agreement.

3. The provisions of this Chapter shall be without prejudice to the interpretation or application of the rights and obligations under any other international agreement relating to investment or taxation to which Ukraine and one or several EFTA States are parties.

[3] For the avoidance of doubt, it is confirmed that services specifically exempted from the scope of Chapter 3 (air traffic rights) are considered to be covered services sectors, and therefore do not fall under the scope of the Investment Chapter.

GREIN 4.2.

Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „bein fjárfesting“ merkir þátttöku fjárfestis í fyrirtæki sem jafngildir eignarhaldi sem nemur, beint eða óbeint, a.m.k. 10% af öllum hlutum í fyrirtækinu með atkvæðisrétti. „Óbein fjárfesting“ vísar til allra þeirra hluta með atkvæðisrétti sem eru rekjanlegir til fjárfestis samkvæmt þeim ítarlegu efnisatriðum skilgreiningar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á „bein fjárfesting“ sem við eiga,

b) „fyrirtæki samningsaðila“ merkir alla lögaðila eða aðra aðila sem eru stofnsettir eða skipulagðir með öðrum hætti samkvæmt lögum samningsaðila og halda úti viðskiptaþjónustu á yfirráðasvæði þess samningsaðila eða einhvers annars samningsaðila,

c) „fjárfesting“ merkir eign, hverju nafni sem nefnist, þ.m.t. en ekki einvörðungu: hvers kyns eigið fé eða þátttaka í fyrirtæki, fjárkröfur og kröfur um efndir, hugverkaréttindi, réttindi sem eru veitt samkvæmt lögum eða með samningi, t.d. sérleyfi, leyfi og heimildir og réttindi í lausafé og fasteignum,

d) „fjárfestingarstarfsemi“ merkir að stofna til, yfirtaka, færa út, stjórna, stýra, reka, viðhalda, nota, njóta og selja eða ráðstafa fjárfestingu,

e) „fjárfesting fjárfestis hjá samningsaðila“ merkir fjárfestingu sem fjárfestir samningsaðilans á eða ræður yfir, annaðhvort beint eða óbeint,

f) „fjárfestir hjá samningsaðila“ merkir:
   i. einstakling með ríkisfang hjá samningsaðila eða sem hefur fasta búsetu hjá samningsaðila í samræmi við gildandi lög hans eða
   ii. lögaðila eða aðra aðila sem eru stofnsettir eða skipulagðir samkvæmt gildandi lögum samningsaðila og halda úti umtalsverðri fyrirtækjaþjónustu hjá samningsaðilum, í hagnaðarskyni eður ei og hvort sem um ræðir fyrirtækjaþjónustu í eigu, eða sem lýtur stjórn, einkaaðila eða hins opinbera,

   sem fjárfestir eða hefur fjárfest á yfirráðasvæði annars samningsaðila.

g) „ráðstöfun“ merkir sérhverja ráðstöfun samningsaðila, hvort sem um er að ræða lög, reglugerð, reglu, málsmeðferð, ákvörðun, stjórnsýsluaðgerð eða annað.

ARTICLE 4.2

Definitions

For the purposes of this Chapter,

(a) “direct investment” means participation of an investor in an enterprise, consisting of at least 10 per cent ownership, whether direct or indirect, of the total vote-entitled shares in that enterprise. “Indirect ownership” refers to the total of vote-entitled shares that is attributable to an investor in accordance with the relevant precisions to the definition of “direct investment” by the IMF;

(b) “enterprise of a Party” means any legal person or any other entity, constituted or otherwise organised under the law of a Party, that is engaged in business operations in the territory of the same or any other Party;

(c) “investment” means every kind of asset, including but not limited to: any form of equity or other participation in an enterprise; claims to money and claims to performance; intellectual property rights; rights conferred pursuant to law or under contract, such as concessions, licenses and permits; and any rights on movable and immovable property;

(d) “investment activities” means the establishment, acquisition, expansion, management, conduct, operation, maintenance, use, enjoyment and sale or other disposition of an investment;

(e) “investment of an investor of a Party” means an investment that is owned or controlled, either directly or indirectly, by an investor of that Party;

(f) “investor of a Party” means:
   (i) a natural person having the nationality of, or permanent residence in, a Party in accordance with its applicable law; or
   (ii) a legal person or any other entity constituted or organised under the applicable law of a Party, and engaged in substantive business operations in any Party, whether or not for profit, and whether private or government owned or controlled;

   that is making or has made an investment in the territory of another Party.

(g) “measure” means any measure by a Party, whether in the form of a law, regulation, rule, procedure, decision, administrative action, or any other form.

GREIN 4.3.
Almenn meðferð.

Sérhver samningsaðili skal veita fjárfestum hins samningsaðilans, og fjárfestingum þeirra, meðferð í samræmi við reglur þjóðaréttar, þ.m.t. sanngjarna og réttláta meðferð og fulla vernd og öryggi.

ARTICLE 4.3
General Treatment

Each Party shall accord to investors of the other Party, and their investments, treatment in accordance with international law, including fair and equitable treatment and full protection and security.

GREIN 4.4.
Innlend meðferð.

Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um ákvæði greinar 4.11 og fyrirvarana í XI. viðauka, veita fjárfestum hins samningsaðilans, og fjárfestingum þeirra, eigi lakari meðferð en hann veitir, við svipaðar aðstæður, eigin fjárfestum, og fjárfestingum þeirra, með tilliti til fjárfestingastarfsemi á yfirráðasvæði sínu.

ARTICLE 4.4
National Treatment

Each Party shall, subject to Article 4.11 and the reservations set out in Annex XI, accord to investors of the other Party and their investments treatment no less favourable than it accords, in like situations, to its own investors and their investments with respect to investment activities in its territory.

GREIN 4.5.
Bestukjarameðferð.

1. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um ákvæði XII. viðauka, veita fjárfestum hins samningsaðilans, og fjárfestingum þeirra, eigi lakari meðferð en hann veitir, við svipaðar aðstæður, fjárfestum hjá aðilum sem ekki eru samningsaðilar og fjárfestingum þeirra fjárfesta, með tilliti til fjárfestingastarfsemi á yfirráðasvæði sínu.
2. Ef samningsaðili veitir fjárfestingum fjárfesta þriðja ríkis fríðindameðferð með skírskotun til fríverslunarsamnings, tollabandalags, sameiginlegs markaðar eða annarra samninga um efnahagssamvinnu, ber honum ekki skylda til að veita fjárfestingum fjárfesta hins samningsaðilans sömu kjör. Hið sama á við um meðferð sem samningsaðili veitir með skírskotun til samninga um vernd fjárfestinga eða samninga um að komast hjá tvísköttun.

3. Ef samningsaðili veitir aðila, sem ekki er samningsaðili, meðferð, eftir gildistöku þessa samnings, með skírskotun til samnings, eins og fram kemur í 2. mgr., það er meðferð sem er hagstæðari þeirri sem kveðið er á um í þessum samningi, skal hann taka til athugunar beiðni annars samningsaðila um að fella inn í þennan samning fyrrnefnda hagstæðari meðferð sem er veitt fyrrnefndum aðila sem ekki er samningsaðili.

ARTICLE 4.5
Most Favoured Nation Treatment

1. Except as provided for in Annex XII, each Party shall accord to investors of the other Party and their investments treatment no less favourable than that it accords, in like situations, to investors of any non-party and to their investments with respect to investment activities in its territory.

2. If a Party accords preferential treatment to investments of investors of any third State by virtue of a free trade agreement, customs union, common market or any other economic integration agreement, it shall not be obliged to accord such treatment to investments of investors of the other Party. The same applies with respect to treatment accorded by a Party by virtue of any investment protection agreement or agreement on avoidance of double taxation.
3. If a Party, after the entry into force of this Agreement, has granted to a non-party by virtue of an agreement as referred to in paragraph 2, treatment more favourable than that provided for by this Agreement, it shall consider a request by another Party to incorporate into this Agreement the more beneficial treatment granted to the non-party.

GREIN 4.6.
Aðgengi að dómstólum.

Sérhver samningsaðili skal, á sínu yfirráðasvæði, veita fjárfestum hjá öðrum samningsaðila meðferð, sem ekki er lakari en sú meðferð sem hann veitir eigin fjárfestum eða fjárfestum aðila, sem ekki eru samningsaðilar, að því er varðar lögsögu dómstóla

ARTICLE 4.6
Access to Courts

Each Party shall in its territory accord to investors of another Party treatment no less favourable than the treatment which it accords to its own investors or investors of a non-party with respect to the jurisdiction of its courts as well as its administrative

sinna og stjórnsýsludómstóla og stofnana, bæði hvað varðar að fjárfestar geti leitað réttar síns og varið rétt sinn.

tribunals and agencies, both in pursuit and in defence of investors' rights.

GREIN 4.7.
Lykilstarfsmenn.

1. Samningsaðilarnir skulu, með fyrirvara um eigin lög og reglur um komu, dvöl og atvinnu einstaklinga, fjalla í einlægni um beiðnir fjárfesta annars samningsaðila og starfsmanna í lykilstöðum, sem starfa hjá þessum fjárfestum eða í tengslum við fjárfestingar, um heimild til að koma og dvelja tímabundið á yfirráðasvæðum þeirra í því skyni að stunda starfsemi sem tengist því að stjórna, viðhalda, nota, njóta, auka eða ráðstafa fjárfestingum sem um ræðir, þ.m.t. að veita ráðgjöf eða mikilvæga tækniþjónustu.
2. Samningsaðilarnir skulu, með fyrirvara um eigin lög og reglur, heimila fjárfestum hins samningsaðilans og fjárfestingum þeirra að ráða lykilstarfsmenn að eigin vali, án tillits til þjóðernis þeirra og ríkisfangs, að því tilskildu að þessir starfsmenn hafi heimild til að koma, dvelja og vinna á yfirráðasvæði hins samningsaðilans og að það starf sem um ræðir sé með þeim skilmálum, skilyrðum og tímamörkum sem felast í þeirri heimild sem fyrrnefndir lykilstarfsmenn fá.
3. Samningsaðilarnir skulu, með fyrirvara um lög sín og reglur, veita heimild til að koma og dvelja tímabundið á yfirráðasvæði sínu og láta maka og ólögráða börnum einstaklings, sem hefur verið veitt tímabundin heimild til að koma og dvelja þar ásamt atvinnuleyfi skv. 1. og 2. mgr., í té nauðsynleg staðfestingarskjöl. Maka og ólögráða börnum fyrrnefnds einstaklings skal veitt dvalarleyfi til jafns við hann.

ARTICLE 4.7
Key Personnel

1. The Parties shall, subject to their laws and regulations relating to the entry, stay and work of natural persons, examine in good faith requests by investors of another Party, and key personnel who are employed by such investors or by investments, to enter and remain temporarily in their territories in order to engage in activities connected with the management, maintenance, use, enjoyment, expansion or disposal of relevant investments, including the provision of advice or key technical services.

2. The Parties shall, subject to their laws and regulations, permit investors of the other Party and their investments, to employ any key person of the investor's or the investment's choice regardless of nationality and citizenship provided that such key person has been permitted to enter, stay and work in the territory of the other Party and that the employment concerned conforms to the terms, conditions and time limits of the permission granted to such key person.
3. The Parties shall, subject to their laws and regulations, grant temporary entry and stay and provide any necessary confirming documentation to the spouse and minor children of a natural person who has been granted temporary entry, stay and authorisation to work in accordance with paragraphs 1 and 2. The spouse and minor children shall be admitted for the period of the stay of that person.

GREIN 4.8.
Réttur til reglusetningar.

1. Ekkert í þessum kafla ber að túlka svo að meini samningsaðila að samþykkja, viðhalda eða framfylgja ráðstöfunum, sem samræmast ákvæðum þessa kafla og eru í almannaþágu, t.d. ráðstöfunum til þess að mæta heilbrigðis-, öryggis- eða umhverfissjónarmiðum eða ráðstöfunum sem horfa til hagsýni.
2. Samningsaðili skal ekki fella slíkar ráðstafanir niður eða víkja með öðrum hætti frá þeim, eða bjóðast til slíks, til að hvetja til að stofnað verði til fjárfestingar fjárfestis samningsaðila eða fjárfestis aðila, sem ekki er samningsaðili, að hennar verði aflað, við hana aukið eða henni haldið á yfirráðasvæði hans.

ARTICLE 4.8
Right to Regulate

1. Nothing in this Chapter shall be construed to prevent a Party from adopting, maintaining or enforcing any measure consistent with this Chapter that is in the public interest, such as measures to meet health, safety or environmental concerns or reasonable measures for prudential purposes.
2. A Party shall not waive or otherwise derogate from, or offer to waive or otherwise derogate from, such measures as an encouragement for the establishment, acquisition, expansion or retention in its territory of an investment of an investor of a Party or a non-party.

GREIN 4.9.
Gagnsæi.

Lög, reglugerðir, dómsniðurstöður og stjórnsýsluúrskurði, sem hafa almennt gildi og samningsaðilar hrinda í framkvæmd, ásamt samningum sem í gildi eru milli samningsaðila, og áhrif hafa á mál sem falla undir gildissvið þessa kafla, skal birta tafarlaust eða gera almenningi aðgengileg með öðrum hætti til þess að gera samningsaðilum og fjárfestum kleift að kynna sér þau. Ákvæði þessa samnings skylda ekki samningsaðila til að láta af hendi upplýsingar sem myndi hindra að lögum yrði framfylgt eða ganga gegn almannahagsmunum eða skaða lögmæta viðskiptahagsmuni fjárfesta.

ARTICLE 4.9
Transparency

Laws, regulations, judicial decisions and administrative rulings of general application made effective by any Party, and agreements in force between Parties, which affect matters covered by this Chapter shall be published promptly, or otherwise made publicly available, in such a manner as to enable Parties and investors to become acquainted with them. The provisions of this Article shall not require any Party to disclose information which would impede law enforcement or otherwise be contrary to the public interest or would prejudice the legitimate commercial interests of any investor.

GREIN 4.10.
Fjárfestingarráðstafanir í viðskiptum.

Samningsaðilarnir árétta skuldbindingar sínar gagnvart samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina viðvíkjandi fjárfestingarráðstöfunum í viðskiptum og fella hér með ákvæði þar að lútandi inn í þennan samning.

ARTICLE 4.10
Trade Related Investment Measures

The Parties reaffirm their commitments to the WTO Agreement on Trade-Related Investment Measures (hereinafter referred to as the "TRIMs") and hereby incorporate the provisions of TRIMs, as part of this Agreement.

GREIN 4.11.
Fyrirvarar.

1. Innlend meðferð, sem kveðið er á um í grein 4.4, gildir ekki um:

a) þá fyrirvara sem samningsaðili telur upp í XI. viðauka,
b) breytingu á fyrirvara, sem fellur undir a-lið, að því marki að breytingin minnki ekki samræmi fyrirvarans við grein 4.4,
c) nýja fyrirvara, sem samningsaðili samþykkir og eru felldir inn í XI. viðauka og hafa ekki áhrif á heildarumfang skuldbindinga þess samningsaðila samkvæmt þessum samningi,

að því marki sem slíkir fyrirvarar samrýmast ekki grein 4.4.

2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig, sem lið í þeirri endurskoðun sem kveðið er á um í grein 4.15, til að endurskoða stöðu þeirra fyrirvara sem settir eru fram í XI. viðauka með það fyrir augum að fækka þeim eða fella þá niður.

3. Samningsaðila er hvenær sem er heimilt og með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna, annaðhvort að beiðni annars samningsaðila eða einhliða, að fella þá fyrirvara sína niður sem settir eru fram í XI. viðauka, í heild eða að hluta.

4. Samningsaðila er hvenær sem er heimilt að fella nýjan fyrirvara inn í XI. viðauka í samræmi við ákvæði c-liðar 1. mgr. þessarar greinar og með skriflegri tilkynningu til annarra samningsaðila. Þegar hinum samningsaðilunum berst skrifleg tilkynning af

ARTICLE 4.11
Reservations

1. National treatment as provided for under Article 4.4 shall not apply to:

(a) any reservation that is listed by a Party in Annex XI;
(b) an amendment to a reservation covered by paragraph (a) to the extent that the amendment does not decrease the conformity of the reservation with Article 4.4;
(c) any new reservation adopted by a Party, and incorporated into Annex XI which does not affect the overall level of commitments of that Party under this Agreement;

to the extent that such reservations are inconsistent with Article 4.4.

2. As part of the reviews provided for in Article 4.15 the Parties undertake to review the status of the reservations set out in Annex XI with a view to reducing the reservations or removing them.

3. A Party may, at any time, either upon the request of another Party or unilaterally, remove, in whole or in part, its reservations set out in Annex XI by written notification to the other Parties.

4. A Party may, at any time, incorporate a new reservation into Annex XI in accordance with paragraph 1 (c) of this Article by written notification to the other Parties. On receiving such written notification, the other Parties may request consultations re-

því tagi geta þeir óskað eftir að efnt verði til samráðs um fyrirvarann. Þegar samningsaðilanum, sem fellir hinn nýja fyrirvara inn í viðaukann, berst beiðni um samráð skal hann efna til samráðs við hina samningsaðilana.

GREIN 4.12.
Greiðslur og yfirfærslur.

1. Samningsaðili skal ekki, nema við þær aðstæður sem tilgreindar eru í grein 4.13, takmarka hlaupandi greiðslur og fjármagnsflutninga sem tengjast beinum fjárfestingum sem falla undir gildissvið þessa kafla.
2. Ekkert í þessum kafla hefur áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt efnisgreinum samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, þ.m.t. ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við efnisgreinar hans, að því tilskildu að samningsaðili setji engar takmarkanir á fjármagnsviðskipti sem ekki samrýmast skuldbindingum hans samkvæmt þessum kafla.

GREIN 4.13.
Takmarkanir til að standa vörð um greiðslujöfnuð.

1. Samningsaðilar skulu reyna að komast hjá því að setja á takmarkanir til að standa vörð um greiðslujöfnuð.
2. Ákvæði 1. til 3. mgr. XII. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar fyrrnefndar takmarkanir og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum, að breyttu breytanda.
3. Samningsaðili, sem grípur til eða viðheldur áðurnefndum takmörkunum, skal þegar í stað tilkynna sameiginlegu nefndinni um það.

GREIN 4.14.
Undantekningar.

Ákvæði XIV. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar almennar undantekningar og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum, að breyttu breytanda.

GREIN 4.15.
Endurskoðunarákvæði.

EFTA-ríkin og Úkraína staðfesta að þau skuldbinda sig til þess að endurskoða rammaákvæðin um fjárfestingar og streymi fjárfestinga milli yfirráðasvæða þeirra í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt alþjóðlegum samningum um fjárfestingar, eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þessa samnings og reglubundið eftir það.

garding the reservation. On receiving the request for consultations, the Party incorporating the new reservation shall enter into consultations with the other Parties.

ARTICLE 4.12
Payments and Transfers

1. Except under the circumstances envisaged in Article 4.13, a Party shall not apply restrictions on current payments and capital movements relating to direct investments covered by this Chapter.
2. Nothing in this Chapter shall affect the rights and obligations of the Parties under the Articles of the Agreement of the IMF, including the use of exchange actions which are in conformity with the said Articles, provided that a Party does not impose restrictions on capital transactions inconsistent with its obligations under this Chapter.

ARTICLE 4.13
Restrictions to Safeguard the Balance-of-Payments

1. The Parties shall endeavor to avoid the imposition of restrictions to safeguard the balance of payments.
2. The rights and obligations of the Parties in respect of such restrictions shall be governed by paragraphs 1 to 3 of Article XII of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter, *mutatis mutandis.*
3. A Party adopting or maintaining such restrictions shall promptly notify the Joint Committee.

ARTICLE 4.14
Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of general exceptions shall be governed by Article XIV of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter, *mutatis mutandis.*

ARTICLE 4.15
Review Clause

The EFTA States and Ukraine affirm their commitment to review the investment framework and the flow of investment between their territories consistent with their commitments in international investment agreements not later than three years after the entry into force of this Agreement and in regular intervals thereafter.

5. KAFLI
HUGVERKAVERND

GREIN 5.
Hugverkavernd.

1. Samningsaðilunum ber að gera ráðstafanir til að veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar, þar með taldar ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, einkum eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, XIII. viðauka og þá alþjóðasamninga sem um getur í honum.
2. Samningsaðilar skulu ekki veita ríkisborgurum hvers annars óhagstæðari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skyldu skulu vera í samræmi við efnisákvæði 3. og 5. gr. samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina frá 15. apríl 1994 um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur „samningurinn um hugverkarétt í viðskiptum“).
3. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum hvers annars lakari meðferð en þá sem er veitt ríkisborgurum annarra ríkja. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu vera í samræmi við efnisákvæði samningsins um hugverkarétt í viðskiptum, einkum 4. og 5. gr.
4. Samningsaðilarnir samþykkja, að fram kominni beiðni samningsaðila til sameiginlegu nefndarinnar, að endurskoða ákvæðin um vernd hugverkaréttinda í þessari grein og í XIII. viðauka með það í huga að auka þessa vernd enn frekar og að forðast eða ráða bót á röskun í viðskiptum sem stafar af núverandi verndun hugverkaréttinda.

CHAPTER 5
PROTECTION OF INTELLECTUAL PROPERTY

ARTICLE 5
Protection of Intellectual Property

1. The Parties shall grant and ensure adequate, effective and non-discriminatory protection of intellectual property rights, and provide for measures for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Article, Annex XIII and the international agreements referred to therein.
2. The Parties shall accord to each other's nationals treatment no less favourable than that they accord to their own nationals. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of Articles 3 and 5 of the WTO Agreement of 15 April 1994 on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (hereinafter referred to as "the TRIPS Agreement").
3. The Parties shall grant to each other's nationals treatment no less favourable than that accorded to nationals of any other State. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of the TRIPS Agreement, in particular Articles 4 and 5 thereof.
4. The Parties agree, upon request of any Party to the Joint Committee, to review the provisions on the protection of intellectual property rights contained in the present Article and in Annex XIII, with a view to further improving the levels of protection and to avoiding or remedying trade distortions caused by actual levels of protection of intellectual property rights.

6. KAFLI
OPINBER INNKAUP

GREIN 6.1.
Markmið.

Samningsaðilarnir skulu opna markaði sína fyrir opinber innkaup fyrir hver öðrum og með virkum hætti, í samræmi við ákvæði þessa kafla og viðauka við hann, í því skyni að hámarka tækifæri birgja til að keppa innbyrðis og að opinber útgjöld nýtist sem best.

GREIN 6.2.
Gildissvið.

Þessi kafli gildir um ráðstafanir samningsaðila viðvíkjandi „innkaupum sem ákvæði hans taka til“. Í þessum kafla er merking „innkaupa sem þessi kafli tekur til“ sem hér segir: Innkaup á vöru og þjónustu í þágu hins opinbera, eins og þær eru skilgreindar í 1. gr. XIV. viðauka, eða hvaða samsetningu þeirra

CHAPTER 6
GOVERNMENT PROCUREMENT

ARTICLE 6.1
Objective

The Parties shall ensure the reciprocal and effective opening of their government procurement markets, in accordance with the provisions of this Chapter and its Annexes, in order to maximize competitive opportunities for suppliers and make government spending more efficient.

ARTICLE 6.2
Scope

This Chapter applies to measures of a Party regarding "covered procurement". For the purposes of this Chapter, "covered procurement" means procurement for governmental purposes of goods and services, as defined in Article 1 of Annex XIV, or any

sem er, eins og tilgreint er í 2. gr. XIV. viðauka og í XV. viðauka.

GREIN 6.3.
Fyrirkomulag innkaupa.

Samningsaðilarnir skulu sjá til þess að fyrirkomulag innkaupa þeirra samræmist, og að innkaupastofnanir fylgi, þeim ákvæðum sem tilgreind eru í XIV. og XV. viðauka.

GREIN 6.4.
Innlend meðferð og bann við mismunun.

1. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess, að því er varðar ráðstafanir viðvíkjandi innkaupum sem þessi kafli tekur til, að innkaupastofnanir hans veiti vöru og þjónustu annarra samningsaðila og birgjum annarra samningsaðila sem bjóða slíka vöru og þjónustu, tafarlaust og skilyrðislaust, eigi óhagstæðari meðferð en þá meðferð sem hann veitir innlendri vöru og þjónustu og innlendum birgjum.
2. Samningsaðili skal sjá til þess, að því er varðar ráðstafanir viðvíkjandi innkaupum sem þessi kafli tekur til, að innkaupastofnanir hans:
a) veiti birgi með staðfestu á yfirráðasvæði hans ekki óhagstæðari meðferð en öðrum birgi með staðfestu þar vegna umfangs erlendra tengsla eða eignarhalds né
b) mismuni birgi með staðfestu á yfirráðasvæði hans vegna þess að sú vara eða þjónusta sem viðkomandi birgir býður fram vegna tiltekinna innkaupa sé vara eða þjónusta frá öðrum samningsaðilum.

GREIN 6.5.
Framkvæmd innkaupa.

Samningsaðili skal sjá til þess að innkaupastofnanir hans standi að innkaupum, sem þessi kafli tekur til, á gagnsæjan og óhlutdrægan hátt sem:
a) samræmist ákvæðum þessa kafla og beiti aðferðum á borð við almenn útboð, útboð með forvali og lokuð útboð, eins og tilgreint er í 11. til 13. gr. í XIV. viðauka,
b) þannig að komast megi hjá hagsmunaárekstrum og
c) þannig að koma megi í veg fyrir óheiðarlega viðskiptahætti.

GREIN 6.6.
Upprunareglur.

Samningsaðila er, vegna innkaupa sem þessi kafli tekur til, óheimilt að beita upprunareglum ólíkum þeim sem hann beitir almennt í viðskiptum á sama tíma.

combination thereof, as specified in Article 2 of Annex XIV and in Annex XV.

ARTICLE 6.3
Procurement Systems

The Parties shall ensure that their procurement systems are in conformity with, and that their procuring entities adhere to, the provisions set out in Annex XIV and Annex XV.

ARTICLE 6.4
National Treatment and Non-Discrimination

1. With respect to any measure regarding covered procurement, each Party shall ensure that its procuring entities, shall accord immediately and unconditionally to the goods and services of any other Party and to the suppliers of any other Party offering such goods or services, treatment no less favourable than the treatment accorded to domestic goods, services and suppliers.
2. With respect to any measure regarding covered procurement, a Party shall ensure that its procuring entities shall not:
(a) treat a locally established supplier less favourably than another locally established supplier on the basis of degree of foreign affiliation or ownership; nor
(b) discriminate against a locally established supplier on the basis that the goods or services offered by that supplier for a particular procurement are goods or services of any other Party.

ARTICLE 6.5
Conduct of Procurement

A Party shall ensure that its procuring entities shall conduct covered procurement in a transparent and impartial manner that:
(a) is consistent with this Chapter, using methods such as open tendering, selective tendering and limited tendering, as specified in Articles 11 to 13 of Annex XIV;
(b) avoids conflicts of interest; and

(c) prevents corrupt practices.

ARTICLE 6.6
Rules of Origin

For purposes of covered procurement, no Party may apply rules of origin that are different from the rules of origin the Party applies at the same time in the normal course of trade.

GREIN 6.7.
Jöfnunaraðgerðir.

Samningsaðili skal, vegna innkaupa sem þessi kafli tekur til, sjá til þess að innkaupastofnanir hans sækist ekki í jöfnunaraðgerðir eða hafi hliðsjón af þeim, innleiði þær eða framkvæmi.

ARTICLE 6.7
Offsets

With regard to covered procurement, a Party shall ensure that its procuring entities, shall not seek, take account of, impose, or enforce any offset.

GREIN 6.8.
Birting upplýsinga um innkaup.

1. Sérhver samningsaðili skal upplýsa án tafar um allar ráðstafanir, sem hafa almennt gildi og varða innkaup sem þessi kafli tekur til, og um allar breytingar, sem verða á upplýsingum um þær ráðstafanir, í opinberlega tilgreindum miðli, rafrænum og/eða prentmiðli, sem hefur mikla útbreiðslu og er og verður almenningi vel aðgengilegur.
2. Sérhver samningsaðili skal skýra fyrrnefndar upplýsingar fyrir öðrum samningsaðilum, komi fram beiðni þar um.

ARTICLE 6.8
Publication of Procurement Information

1. Each Party shall promptly publish any measure of general application regarding covered procurement and any modification to this information, in an officially designated electronic and/or paper medium that is widely disseminated and remains readily accessible to the public.

2. Each Party shall, on request, provide to any other Party an explanation relating to such information.

GREIN 6.9.
Upplýsingatækni.

1. Samningsaðilar skulu, eftir því sem unnt er, leitast við að nota rafræna samskiptamiðla til þess að koma upplýsingum um opinber innkaup á framfæri með skilvirkum hætti, einkum um tækifæri, sem stofnanir veita til að gera tilboð, en virða jafnframt meginreglurnar um gagnsæi og bann við mismunun.

2. Þegar innkaupastofnun annast innkaup, sem þessi kafli tekur til og fara fram með rafrænum hætti, skal hún:

a) tryggja að við innkaupin sé stuðst við upplýsingatækni og hugbúnað, þ.m.t. tækni sem tengist því að sanna uppruna upplýsinga og dulkóða þær, sem eru almenningi aðgengileg og nothæf með öðrum kerfum á sviði upplýsingatækni og hugbúnaðar sem almenningi eru aðgengileg og

b) beita að staðaldri aðferðum til að ganga úr skugga um að þátttökubeiðnir og tilboð séu lýtalaus, m.a. aðferðum til að staðfesta hvenær þeim var veitt viðtaka og til að koma í veg fyrir óæskilegan aðgang.

ARTICLE 6.9
Information Technology

1. The Parties shall, to the extent possible, endeavour to use electronic means of communication to permit efficient dissemination of information on government procurement, particularly as regards tender opportunities offered by entities, while respecting the principles of transparency and non-discrimination.
2. When conducting covered procurement by electronic means, a procuring entity shall:

(a) ensure that the procurement is conducted using information technology systems and software, including those related to authentication and encryption of information, that are generally available and interoperable with other generally available information technology systems and software; and
(b) maintain mechanisms that ensure the integrity of requests for participation and tenders, including establishment of the time of receipt and the prevention of inappropriate access.

GREIN 6.10.
Samstarf.

1. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi þess að vinna saman að því að öðlast betri skilning á fyrirkomulagi opinberra innkaupa hvers um sig og tryggja birgjum, sem eru lítil fyrirtæki, betri aðgang að mörkuðum hvers og eins.
2. Samningsaðilarnir skulu vinna saman á sviði opinberra innkaupa með því að miðla með gagn-

ARTICLE 6.10
Cooperation

1. The Parties recognise the importance of cooperation with a view to achieving a better understanding of their respective government procurement systems, as well as a better access to their respective markets, in particular for small business suppliers.
2. The Parties shall endeavour to cooperate in the area of government procurement by exchanging ex-

kvæmum hætti reynslu og upplýsingum um bestu starfsvenjur og regluramma.
3. Unnt væri að láta í té tækniaðstoð að fram komin rökstuddri beiðni þar um.

GREIN 6.11.
Almennar undantekningar.

1. Ekkert í þessum kafla skal túlka þannig að hindri samningsaðila í að grípa til aðgerða eða láta hjá líða að birta upplýsingar sem hann telur nauðsynlegt að gera til verndar grundvallaröryggishagsmunum sínum sem aftur tengjast innkaupum á vopnum, skotfærum eða hergögnum eða innkaupum sem eru nauðsynleg vegna þjóðaröryggis eða landvarna.
2. Ekkert í þessum kafla skal túlka þannig að hindri samningsaðila í að samþykkja eða viðhalda nauðsynlegum ráðstöfunum til að vernda almennt siðgæði, reglu eða öryggi, líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna eða hugverk, eða nauðsynlegum ráðstöfunum sem tengjast vöru eða þjónustu fatlaðs fólks, mannúðarsamtaka eða fanga, samanber þó þá kröfu að ráðstafanir af því tagi leiði ekki til handahófskenndrar eða óréttlætanlegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti samningsaðilanna.

GREIN 6.12.
Breytingar og leiðréttingar á gildissviði.

1. Samningsaðila er heimilt að breyta eða leiðrétta gildissvið hjá sér skv. XIV. eða XV. viðauka, að því tilskildu að:
a) hann tilkynni hinum samningsaðilunum um það,
b) hann bjóði jafnhliða fram leiðréttingu til jöfnunar til þess að viðhalda megi gildissviði sem er sambærilegt því sem var fyrir breytinguna, að undanskildu ákvæði 2. mgr., og
c) enginn samningsaðili andmæli skriflega innan 45 daga frá dagsetningu tilkynningar. Samningsaðilar geta lengt fyrrnefndan frest uns innlendri málsmeðferð er lokið.
2. Samningsaðili þarf ekki að gera leiðréttingu til jöfnunar séu samningsaðilarnir því sammála að fyrirhuguð breyting nái til innkaupastofnunarinnar sem samningsaðili stjórnar ekki lengur í reynd eða hefur áhrif á. Ef samningsaðili andmælir þeirri fullyrðingu að fyrrnefnd stjórn eða áhrif hafi verið afnumin í reynd, getur hann farið fram á frekari upplýsingar eða samráð í því skyni að varpað verði ljósi á hvers eðlis stjórn hins opinbera eða áhrif þess eru og samkomulagi náð um að ákvæði þessa kafla taki áfram til viðkomandi innkaupastofnunar.
3. Breytingar samkvæmt þessari grein öðlast gildi 45 dögum eftir þann dag er tilkynningu var dreift eða þegar andmælafrestur er út runninn. Samnings-

perience and information about best practices and regulatory frameworks.
3. Technical assistance could be provided upon a duly motivated request.

ARTICLE 6.11
General Exceptions

1. Nothing in this Chapter shall be construed to prevent a Party from taking any action or not disclosing any information that it considers necessary for the protection of its essential security interests relating to the procurement of arms, ammunition, or war materials, or to procurement indispensable for national security or for national defence purposes.
2. Subject to the requirement that such measures are not applied in a manner that would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between the Parties or a disguised restriction to trade between the Parties, nothing in this Chapter shall be construed to prevent a Party from adopting or maintaining measures necessary to protect public morals, order or safety, human, animal or plant life or health or intellectual property; or relating to goods or services of persons with disabilities, of philanthropic institutions or of prison labour.

ARTICLE 6.12
Modifications and Rectifications to Coverage

1. A Party may modify or rectify its coverage under Annex XIV or Annex XV provided that:

(a) it notifies the other Parties in writing;
(b) it offers at the same time adequate compensatory adjustments to maintain a level of coverage comparable to that existing prior to the modification, except as provided in paragraph 2; and
(c) no Party objects in writing within 45 days following the date of notification. The Parties may agree to extend the deadline pending completion of their internal procedures.
2. A Party need not provide compensatory adjustments when the Parties agree that the proposed modification covers a procuring entity over which a Party has effectively eliminated its control or influence. When a Party objects to the assertion that such government control or influence has been effectively eliminated, the objecting Party may request further information or consultations with a view to clarifying the nature of any government control or influence and reaching agreement on the procuring entity's continued coverage.
3. Amendments pursuant to this Article shall enter into force 45 days following the date of the circulation of the notification or upon expiration of the

aðilinn, sem hefur farið fram á að gera breytingu eða leiðréttingu, skal tilkynna vörsluaðila um breytinguna eða leiðréttinguna.

agreed time for objections to the notification. The Party having requested the modification or rectification shall notify the Depositary of the modification or rectification.

GREIN 6.13.
Frekari samningaviðræður.

Ef samningsaðili býður þriðja aðila síðar meir aukið hagræði að því er varðar gildissvið með tilliti til aðgangs að markaði fyrir opinber innkaup sem hjá honum ríkir og samþykkt er með ákvæðum þessa kafla og XIV. og XV. viðauka, skal hann, að beiðni annars samningsaðila, samþykkja að hefja samningaviðræður um gagnkvæma útvíkkun þess gildissviðs.

ARTICLE 6.13
Further Negotiations

In case a Party offers, in the future, a third party additional advantages with regard to its respective government procurement market access coverage agreed under this Chapter and Annexes XIV and XV it shall agree, upon request of any other Party, to enter into negotiations with a view to extending the coverage on a reciprocal basis.

7. KAFLI
SAMKEPPNI

GREIN 7.
Reglur um samkeppni sem varða fyrirtæki.

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttri framkvæmd þessa samnings að því leyti sem það kann að hafa áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Úkraínu:

a) samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks á yfirráðasvæði hvers samningsaðila,

b) misnotkun eins fyrirtækis eða fleiri á yfirburðastöðu á yfirráðasvæði hvers samningsaðila.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja, sem njóta sér- eða einkaréttinda sem samningsaðilarnir hafa veitt þeim, svo fremi að beiting ákvæðanna hindri ekki, að lögum eða í reynd, framkvæmd opinberra verkefna sem þeim hafa verið falin.

3. Ekkert í 2. mgr. skal túlka þannig að hindri samningsaðila í að stofna eða viðhalda opinberu fyrirtæki, að fela fyrirtækjum sér- eða einkaréttindi eða að viðhalda slíkum réttindum.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. skal eigi túlka þannig að af þeim leiði beinar skuldbindingar fyrir fyrirtæki.

5. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi þess að vinna saman og eiga samráð sín á milli til þess að binda enda á samkeppnishamlandi starfshætti, eins og útskýrt er í 1. og 2. mgr., eða skaðleg áhrif þeirra á viðskipti. Samningsaðilarnir geta falið lögbærum yfirvöldum sínum að annast þessa samvinnu og samráð. Samvinna felst meðal annars í því að skiptast á viðeigandi upplýsingum sem samningsaðilarnir hafa aðgang að. Enginn samningsaðili er skuldbundinn til að veita upplýsingar sem eru bundnar trúnaði samkvæmt landslögum hans.

CHAPTER 7
COMPETITION

ARTICLE 7
Rules of Competition concerning Undertakings

1. The following practices are incompatible with the proper functioning of this Agreement in so far as they may affect trade between an EFTA State and Ukraine:

(a) agreements between undertakings, decisions by associations of undertakings and concerted practices between undertakings which have as their object or effect the prevention, restriction or distortion of competition in the territory of each Party;

(b) abuse by one or more undertakings of a dominant position in the territory of each Party.

2. The provisions of paragraph 1 shall also apply to the activities of public undertakings, and undertakings to which the Parties grant special or exclusive rights, in so far as the application of these provisions does not obstruct the performance, in law or in fact, of the particular public tasks assigned to them.

3. Nothing in paragraph 2 shall be construed as preventing a Party from establishing or maintaining a public enterprise, entrusting enterprises with special or exclusive rights or maintaining such rights.

4. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not be construed so as to create any direct obligations for undertakings.

5. The Parties recognize the importance of cooperation and consultations with the aim of putting an end to anti-competitive practices as outlined in paragraphs 1 and 2 or their adverse effects on trade. The Parties may conduct such cooperation and consultations through their competent authorities. Cooperation shall include the exchange of pertinent information that is available to the Parties. No Party shall be required to disclose information that is confidential according to its law.

6. Í því skyni að efla skilning milli samningsaðilanna eða fjalla um málefni, sem kemur upp samkvæmt ákvæðum þessa kafla, getur samningsaðili, með fyrirvara um frelsi sérhvers samningsaðila til að þróa, viðhalda og framfylgja stefnu sinni og lögum um samkeppni, óskað eftir samráði innan sameiginlegu nefndarinnar. Í beiðninni skal greina frá ástæðum þess að efnt verði til samráðs. Hefja ber samráð skv. grein 9.3 án tafar til að komast að niðurstöðu sem samrýmist markmiðum þessa kafla. Hlutaðeigandi samningsaðilar skulu veita sameiginlegu nefndinni allan nauðsynlegan stuðning og upplýsingar.
7. Enginn samningsaðili getur leitað eftir lausn deilumála samkvæmt þessum samningi vegna mála sem upp koma og tengjast ákvæðum þessarar greinar, með þeirri undantekningu þó að rétturinn til samráðs skv. 6. mgr. gildir.

6. To foster understanding between the Parties, or to address any matter arising under this Chapter, and without prejudice to the autonomy of each Party to develop, maintain and enforce its competition policy and legislation, a Party may request consultations within the Joint Committee. This request shall indicate the reasons for the consultations. Consultations in accordance with Article 9.3 shall be held promptly with a view to reaching a conclusion consistent with the objectives set forth in this Chapter. The Parties concerned shall give to the Joint Committee all the support and information needed.
7. With the exception of the right for consultations in accordance with paragraph 6, no Party may have recourse to dispute settlement under this Agreement for any matter arising under this Article.

8. KAFLI
STOFNANAÁKVÆÐI

GREIN 8.

Sameiginlega nefndin.

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót sameiginlegri nefnd EFTA og Úkraínu. Í henni eiga sæti fulltrúar samningsaðilanna og skulu ráðherrar eða háttsettir embættismenn, sem þeir tilnefna í þessum tilgangi, gegna formennsku í henni.
2. Sameiginlega nefndin skal:
a) hafa umsjón með og endurskoða framkvæmd þessa samnings, m.a. með því að fara ítarlega yfir það hvernig ákvæðum hans er beitt, að teknu tilhlýðilegu tilliti til sérstakrar endurskoðunar sem samningur þessi kveður á um,
b) hafa til endurskoðunar hvort unnt sé að afnema frekar viðskiptahindranir og aðrar takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum milli Úkraínu og EFTA-ríkjanna,
c) hafa umsjón með frekari þróun þessa samnings,
d) hafa yfirumsjón með starfi allra undirnefnda og vinnuhópa sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi,
e) leitast við að leysa deilumál, sem upp kunna að koma þegar ákvæði þessa samnings eru túlkuð eða þeim beitt, og
f) taka til umfjöllunar hvert það mál annað sem kann að hafa áhrif á framkvæmd þessa samnings.
3. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á sér til aðstoðar við störfin. Undirnefndirnar og vinnuhóparnir skulu starfa í umboði sameiginlegu nefndarinnar, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

CHAPTER 8
INSTITUTIONAL PROVISIONS

ARTICLE 8

The Joint Committee

1. The Parties hereby establish the Ukraine-EFTA Joint Committee. It shall be composed of representatives of the Parties, which shall be headed by Ministers or by senior officials delegated by them for this purpose.
2. The Joint Committee shall:
(a) supervise and review the implementation of this Agreement, *inter alia* by means of a comprehensive review of the application of the provisions of this Agreement, with due regard to any specific reviews provided for in this Agreement;
(b) keep under review the possibility of further removal of barriers to trade and other restrictive measures concerning trade between Ukraine and the EFTA States;
(c) oversee the further development of this Agreement;
(d) supervise the work of all sub-committees and working groups established under this Agreement;
(e) endeavour to resolve disputes that may arise regarding the interpretation or application of this Agreement; and
(f) consider any other matter that may affect the operation of this Agreement.
3. The Joint Committee may decide to set up such sub-committees and working groups as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks. Except where otherwise provided for in this Agreement, the sub-committees and working groups shall work under a mandate established by the Joint Committee.

4. Sameiginlega nefndin skal taka ákvarðanir eins og mælt er fyrir um í þessum samningi, og getur lagt fram tilmæli, með samhljóða samþykki.
5. Sameiginlega nefndin skal koma saman innan tveggja ára frá gildistöku þessa samnings. Hún skal koma saman eftir það þegar nauðsyn krefur og eftir gagnkvæmu samkomulagi, en að öllu jöfnu annað hvert ár. Úkraína og eitt EFTA-ríkjanna skulu fara sameiginlega með fundarstjórn á fundum sameiginlegu nefndarinnar. Sameiginlega nefndin setur sér starfsreglur.
6. Sérhver samningsaðili getur, hvenær sem er, farið fram á sérstakan fund í sameiginlegu nefndinni með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna. Slíkur fundur skal haldinn innan 30 daga frá því að beiðni er veitt viðtaka, nema samningsaðilar komi sér saman um annað.
7. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að breyta viðaukum og bókunum við þennan samning. Þær breytingar öðlast gildi eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni um breytinguna sem sameiginlega nefndin tekur.

4. The Joint Committee shall take decisions as provided for in this Agreement, and may make recommendations, by consensus.
5. The Joint Committee shall meet within two years of the entry into force of this Agreement. Thereafter, it shall meet whenever necessary upon mutual agreement but normally every two years. Its meetings shall be chaired jointly by Ukraine and one of the EFTA States. The Joint Committee shall establish its rules of procedure.

6. Each Party may request at any time, through a notice in writing to the other Parties, that a special meeting of the Joint Committee be held. Such a meeting shall take place within 30 days of receipt of the request, unless the Parties agree otherwise.

7. The Joint Committee may decide to amend the Annexes and Protocols to this Agreement. Such amendment enters into force as set forth in the amending decision taken by the Joint Committee.

9. KAFLI
LAUSN DEILUMÁLA

GREIN 9.1.
Gildissvið.

1. Ákvæði þessa kafla gilda um lausn deilumála, sem rísa um túlkun eða beitingu ákvæða þessa samnings, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

2. Heimilt er að leysa deilur vegna sama máls, þ.e. deilur sem varða bæði þennan samning og samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina, á vettvangi hvors samnings sem er að vali kæranda.[4] Sá vettvangur sem þannig er valinn skal notaður eingöngu.
3. Að því er varðar 2. mgr. er málsmeðferð við lausn deilumála samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina talin hefjast með því að samningsaðili fer fram á að gerðardómur verði stofnaður skv. 6. gr. samkomulags Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um málsmeðferð við lausn deilumála, en málsmeðferð við lausn deilumála samkvæmt þessum samningi er talin hefjast að fram kominni beiðni um gerðardómsmeðferð skv. 1. mgr. greinar 9.4.
4. Áður en samningsaðili hefur málsmeðferð við lausn deilumála gagnvart öðrum samningsaðila samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina, skal sá fyrrnefndi tilkynna öllum hinum samningsaðilunum um fyrirætlan sína.

[4] Í þessum kafla geta hugtökin „samningsaðili“, „deiluaðili“, „kærandi“ og „samningsaðili sem kvörtun beinist gegn“ haft að merkingu einn samningsaðila eða fleiri.

CHAPTER 9
DISPUTE SETTLEMENT

ARTICLE 9.1
Scope and Coverage

1. The provisions of this Chapter shall apply with respect to the settlement of any disputes concerning the interpretation or application of this Agreement, except as otherwise provided in this Agreement.
2. Disputes regarding the same matter arising under both this Agreement and the WTO Agreement may be settled in either forum at the discretion of the complaining Party[4]. The forum thus selected shall be used to the exclusion of the other.
3. For purposes of paragraph 2, dispute settlement proceedings under the WTO Agreement are deemed to be initiated by a Party's request for the establishment of a panel under Article 6 of the WTO Dispute Settlement Understanding, whereas dispute settlement proceedings under this Agreement are deemed to be initiated upon a request for arbitration pursuant to paragraph 1 of Article 9.4.

4. Before a Party initiates dispute settlement proceedings under the WTO Agreement against another Party, that Party shall notify all other Parties of its intention.

[4] In this Chapter, the terms "Party", "Party to the dispute", "complaining Party" and "Party complained against" can denote one or more Parties.

GREIN 9.2.
Sáttaumleitanir.

1. Samningsaðilum er frjálst að nýta sér málsmeðferð sem felst í sáttaumleitunum ef þeir verða ásáttir um það. Hefja má sáttaumleitanir eða hætta þeim hvenær sem er. Þeim má halda áfram meðan málsmeðferð gerðardóms, sem stofnsettur er samkvæmt ákvæðum þessa kafla, stendur yfir.
2. Málsmeðferð, sem felst í sáttaumleitunum, skal vera trúnaðarmál og hefur ekki áhrif á rétt samningsaðila við aðra málsmeðferð.

ARTICLE 9.2
Good Offices, Conciliation or Mediation

1. Good offices, conciliation and mediation are procedures that are undertaken voluntarily if the Parties so agree. They may begin and be terminated at any time. They may continue while procedures of an arbitration panel established in accordance with this Chapter are in progress.
2. Proceedings involving good offices, conciliation and mediation shall be confidential and without prejudice to the Parties' rights in any other proceedings.

GREIN 9.3.
Samráð.

1. Samningsaðilar skulu ætíð leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu ákvæða þessa samnings og gera sitt ítrasta, með samvinnu og samráði, til að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við í hverju því máli sem kann að rísa vegna ákvæða þessarar greinar.
2. Samningsaðili getur óskað skriflega eftir samráði við annan samningsaðila telji sá fyrrnefndi að ráðstöfun eða annað málefni samræmist ekki ákvæðum þessa samnings. Samningsaðili, sem fer fram á samráð, skal jafnframt tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um það. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal svara beiðninni innan 10 daga frá þeim degi er henni er veitt viðtaka. Samráð skal fara fram á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar, nema sá samningsaðili sem leggur fram beiðni um samráð og sá sem beiðninni er beint til samþykki annað.
3. Samráð skal hefjast innan 30 daga frá því að beiðni um samráð er veitt viðtaka. Samráð um brýn málefni, þ.m.t. um vörur sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum, skal hefjast innan 15 daga frá því að beiðni um samráð er veitt viðtaka. Svari samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, ekki innan 10 daga eða hefji hann ekki samráð innan 30 daga frá þeim degi er beiðni um samráð er veitt viðtaka, eða innan 15 daga, er um ræðir brýn málefni, getur samningsaðilinn, sem lagði fram beiðnina, farið fram á að gerðardómi verði komið á fót samkvæmt grein 9.4.

4. Deiluaðilar skulu veita nægilegar upplýsingar til að unnt sé að rannsaka til fulls hvernig viðkomandi ráðstöfun eða annað málefni samræmist ekki ákvæðum þessa samnings og fara með trúnaðarupplýsingar eða einkamál stofnunar á sama hátt og samningsaðilinn sem veitir upplýsingarnar.

5. Samráð skal bundið trúnaði og vera með fyrirvara um rétt samningsaðilanna til frekari málsmeðferðar.

ARTICLE 9.3
Consultations

1. The Parties shall at all times endeavour to agree on the interpretation and application of this Agreement, and shall make every attempt through cooperation and consultations to reach a mutually satisfactory resolution of any matter raised in accordance with this Article.
2. A Party may request in writing consultations with another Party if it considers that a measure or other matter is inconsistent with this Agreement. The Party requesting consultations shall at the same time notify the other Parties in writing thereof. The Party to which the request is made shall reply to the request within 10 days after the date of its receipt. Consultations shall take place in the Joint Committee unless the Parties making and receiving the request for consultations agree otherwise.

3. Consultations shall commence within 30 days from the date of receipt of the request for consultations. Consultations on urgent matters, including those on perishable goods, shall commence within 15 days from the receipt of the request for consultations. If the Party to which the request is made does not reply within 10 days or does not enter into consultations within 30 days from the date of receipt of the request for consultations, or within 15 days for urgent matters, the Party making the request is entitled to request the establishment of an arbitration panel in accordance with Article 9.4.
4. The parties to the dispute shall provide sufficient information to enable a full examination of how the measure or other matter is inconsistent with this Agreement and treat any confidential or proprietary information exchanged in the course of consultations in the same manner as the Party providing the information.
5. The consultations shall be confidential and without prejudice to the rights of the Parties in any further proceedings.

6. Deiluaðilarnir skulu tilkynna hinum samningsaðilunum um gagnkvæmt samkomulag um lausn málsins.

GREIN 9.4.
Stofnun gerðardóms.

1. Verði ekki unnt að leysa deilumál með samráði, er um getur í grein 9.3, innan 60 daga, eða 30 daga ef um ræðir brýn málefni, þ.m.t. deilumál viðvíkjandi vörum sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum, frá þeim degi er samningsaðilinn, sem kvörtun beinist gegn, veitir beiðni um gerðardómsmeðferð viðtöku, getur kærandi lagt málið í gerð með skriflegri beiðni þar um til samningsaðilans sem kvörtun beinist gegn. Afrit af beiðninni skal senda hinum samningsaðilunum þannig að þeir geti ákveðið hvort þeir vilji eiga hlut að deilumálinu.
2. Í beiðni um gerðardómsmeðferð skal tilgreina þá ráðstöfun er málið varðar eða önnur mál sem uppi eru og leggja fram stutt yfirlit um lagalegan grundvöll umkvörtunar.
3. Í gerðardómi skulu sitja þrír gerðarmenn tilnefndir samkvæmt valkvæðum reglum Alþjóðagerðardómsins í Haag um gerðardómsmeðferð deilna milli tveggja ríkja, sem öðluðust gildi 20. október 1992, (hér á eftir nefndar „valkvæðu reglurnar“). Stofndagur gerðardómsins telst vera dagurinn þegar formaðurinn hans er skipaður.

4. Erindisbréf gerðardóms er sem hér segir, nema deiluaðilar komi sér saman um annað innan 20 daga frá þeim degi þegar beiðni um stofnun gerðardóms er veitt viðtaka:

> „Að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða þessa samnings, það mál sem um getur í beiðninni um stofnun gerðardóms samkvæmt grein 9.4 og komast að rökstuddri niðurstöðu á grundvelli laga eða staðreynda og gefa út tilmæli, ef við á, um lausn deilunnar og fullnustu úrskurðar.“

5. Ef fleiri en einn samningsaðili fer fram á stofnun gerðardóms vegna sama máls eða ef beiðnin varðar fleiri en einn varnaraðila skal, ávallt þegar því verður komið við, stofna einn gerðardóm til að fjalla um umkvörtunarefni sem varða sama málið.

6. Samningsaðili, sem er ekki deiluaðili, skal, samhliða því að afhenda deiluaðilum skriflega tilkynningu, eiga rétt á að leggja skrifleg gögn fyrir gerðardóminn, fá afhent skrifleg gögn, þ.m.t. viðauka, sem deiluaðilar leggja fram, vera viðstaddur málsmeðferð og gefa munnlegar yfirlýsingar.

6. The parties to the dispute shall inform the other Parties of any mutually agreed resolution of the matter.

ARTICLE 9.4
Establishment of Arbitration Panel

1. If the consultations referred to in Article 9.3 fail to settle a dispute within 60 days, or 30 days in relation to urgent matters, including those on perishable goods, after the date of the receipt of the request for consultations by the Party complained against, it may be referred to an arbitration panel by means of a written request from the complaining Party to the Party complained against. A copy of this request shall be communicated to the other Parties so that they may determine whether to participate in the dispute.
2. The request for arbitration shall identify the specific measure or other matter at issue and provide a brief summary of the legal basis of the complaint.

3. The arbitration panel shall comprise three members who shall be nominated in accordance with the “Optional Rules for Arbitrating Disputes between Two States of the Permanent Court of Arbitration”, effective 20 October 1992 (hereinafter referred to as “the Optional Rules”). The date of establishment of the arbitration panel shall be the date on which the Chairperson is appointed.
4. Unless the parties to the dispute otherwise agree within 20 days from the date of receipt of the request for the establishment of the arbitration panel, the terms of reference for the arbitration panel shall be:

> “To examine, in the light of the relevant provisions of this Agreement, the matter referred to in the request for the establishment of an arbitration panel pursuant to Article 9.4 and to make findings of law and fact together with the reasons therefor, as well as recommendations, if any, for the resolution of the dispute and the implementation of the ruling.”

5. Where more than one Party requests the establishment of an arbitration panel relating to the same matter or where the request involves more than one defending Party, and whenever feasible, a single arbitration panel should be established to examine complaints relating to the same matter.
6. A Party which is not a party to the dispute shall be entitled, on delivery of a written notice to the parties to the dispute, to make written submissions to the arbitration panel, receive written submissions, including annexes, from the parties to the dispute, attend hearings and make oral statements.

GREIN 9.5.

Störf gerðardómsins.

1. Málsmeðferð gerðardóms skal vera samkvæmt valkvæðu reglunum, nema mælt sé fyrir um annað í þessum samningi eða deiluaðilar semji um annað sín á milli.

2. Gerðardómur skal fjalla um málið, sem um getur í beiðni um stofnun gerðardóms, í samræmi við viðeigandi ákvæði þessa samnings sem túlka ber samkvæmt reglum um túlkun ákvæða þjóðaréttar.

3. Málflutningur fyrir gerðardómi skal fara fram í Genf, nema deiluaðilar komi sér saman um annað. Málið skal rekið á ensku. Málflutningur fyrir gerðardómi skal fara fram fyrir opnum tjöldum, nema deiluaðilarnir komi sér saman um annað.

4. Enginn skal hafa einhliða samskipti við gerðardóminn um þau mál sem hann hefur til umfjöllunar.

5. Samningsaðili skal senda skrifleg gögn, útskriftir af munnlegum yfirlýsingum og svör við spurningum gerðardóms til hins deiluaðilans og þeirra samningsaðila sem hafa sent frá sér tilkynningu skv. 6. mgr. greinar 9.4, samtíða því að fyrrnefnd málsskjöl eru send gerðardómnum.

6. Samningsaðilarnir skulu fara með upplýsingar, sem aðrir samningsaðilar senda gerðardómi og merkja trúnaðarupplýsingar, sem trúnaðarmál.

7. Meirihluti gerðarmanna ræður þegar ákvarðanir gerðardóms eru teknar. Gerðarmönnum er heimilt að skila séráliti um mál reynist eigi unnt að ná fram samhljóða samþykki þar um. Gerðardómi er óheimilt að gefa upp hverjir gerðarmanna standa að meirihluta- eða minnihlutaáliti gerðardómsins.

ARTICLE 9.5

Procedures of the Arbitration Panel

1. Unless otherwise specified in this Agreement or agreed between the parties to the dispute, the procedures of the arbitration panel shall be governed by the Optional Rules.

2. The arbitration panel shall examine the matter referred to it in the request for the establishment of an arbitration panel in the light of the relevant provisions of this Agreement interpreted in accordance with rules of interpretation of public international law.

3. Unless the parties to the dispute agree otherwise, the hearings of the arbitration panel shall take place in Geneva. The language of any proceeding shall be English. The hearings of the arbitration panel shall be open to the public unless the parties to the dispute agree otherwise.

4. There shall be no *ex parte* communications with the arbitration panel concerning matters under its consideration.

5. A Party's written submissions, written versions of oral statements and responses to questions put by an arbitration panel, shall, at the same time as it is submitted to the arbitration panel, be transmitted by that Party to the other party to the dispute and any other Party that has delivered a notice pursuant to paragraph 6 of Article 9.4.

6. The Parties shall treat as confidential the information submitted by any other Party to the arbitration panel which that Party has designated as confidential.

7. Decisions of the arbitration panel shall be taken by a majority of its members. Any member may furnish separate opinions on matters not unanimously agreed. The arbitration panel may not disclose which members are associated with majority or minority opinions.

GREIN 9.6.

Skýrslur gerðardóms.

1. Almenna reglan er sú að gerðardómurinn skuli, eigi síðar en 90 dögum eftir stofnun hans, leggja fyrir deiluaðila frumskýrslu með niðurstöðum sínum og úrskurði. Þó skal það aldrei dragast lengur en í fimm mánuði frá stofndegi. Deiluaðila er heimilt að leggja skriflegar athugasemdir fyrir gerðardóminn um frumskýrslu hans innan 14 daga frá því að skýrslunni er veitt viðtaka. Gerðardómurinn skal afhenda deiluaðilum lokaskýrslu innan 30 daga frá því að þeir veittu fumskýrslunni viðtöku.

2. Senda skal samningsaðilunum lokaskýrsluna, ásamt sérhverjum úrskurði samkvæmt greinum 9.8

ARTICLE 9.6

Arbitration Panel Reports

1. The arbitration panel should, as a general rule, submit an initial report containing its findings and ruling to the parties to the dispute not later than 90 days from the date of establishment of the arbitration panel. In no case should it do so later than five months from this date. A party to the dispute may submit written comments to the arbitration panel on its initial report within 14 days of receipt of the report. The arbitration panel shall present to the parties to the dispute a final report within 30 days of their receipt of the initial report.

2. The final report, as well as any ruling under Articles 9.8 and 9.9, shall be communicated to the Par-

og 9.9. Birta skal skýrslurnar opinberlega, nema deiluaðilar ákveði annað.
3. Úrskurður gerðardóms, samkvæmt ákvæðum þessa kafla, er endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila.

ties. The reports shall be made public, unless the parties to the dispute decide otherwise.
3. Any ruling of the arbitration panel under any provision of this Chapter shall be final and binding upon the parties to the dispute.

GREIN 9.7.
Málsmeðferð fyrir gerðardómi frestað eða hætt.

1. Gerðardómi er heimilt, séu deiluaðilar því samþykkir, að gera, hvenær sem er, tímabundið hlé á störfum sínum í allt að 12 mánuði. Hafi störfum gerðardóms verið frestað lengur en 12 mánuði skal heimild hans til að fjalla um deilumálið falla niður nema deiluaðilar verði ásáttir um annað.

2. Samningsaðila, sem leggur fram kvörtun, er heimilt að draga umkvörtun sína til baka hvenær sem er áður en lokaskýrsla er gefin út. Slíkt hefur þó ekki áhrif á rétt hans til að leggja fram nýja kvörtun síðar vegna sama máls.
3. Deiluaðilar geta, hvenær sem er, komið sér saman um að hætta málsmeðferð fyrir gerðardómi, sem er komið á fót samkvæmt þessum samningi, með því að tilkynna formanni gerðardóms sameiginlega um það.
4. Gerðardómur getur, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er og áður en lokaskýrslan er gefin út, lagt til að deiluaðilar geri tilraun til að leysa deilumálið í vinsemd.

ARTICLE 9.7
Suspension or Termination of Arbitration Panel Proceedings

1. Where the parties to the dispute agree, an arbitration panel may suspend its work at any time for a period not exceeding 12 months. If the work of an arbitration panel has been suspended for more than 12 months, the arbitration panel's authority for considering the dispute shall lapse unless the parties to the dispute agree otherwise.
2. A complaining Party may withdraw its complaint at any time before the final report has been issued. Such withdrawal is without prejudice to its right to introduce a new complaint regarding the same issue at a later point in time.
3. The parties to the dispute may agree at any time to terminate the proceedings of an arbitration panel established under this Agreement by jointly notifying the Chairperson of that arbitration panel.

4. An arbitration panel may, at any stage of the proceedings prior to release of the final report, propose that the parties to the dispute seek to settle the dispute amicably.

GREIN 9.8.
Framkvæmd efnisatriða lokaskýrslu gerðardóms.

1. Viðkomandi samningsaðili skal hlíta úrskurði gerðardóms án tafar. Ef ekki reynist unnt að hlíta úrskurði gerðardóms þegar í stað skulu deiluaðilar leitast við að semja um hæfilegan frest til þess. Verði slíkt samkomulag ekki gert innan 30 daga frá þeim degi er lokaskýrslan var gefin út er hvorum deiluaðila sem er heimilt að óska eftir því við upphaflega gerðardóminn að hann ákvarði hæfilegan frest í ljósi sérstakra málsatvika. Úrskurður gerðardóms ætti að liggja fyrir innan 30 daga frá því að fyrrnefnd beiðni er lögð fram.

2. Viðkomandi deiluaðili skal tilkynna gagnaðila um þá ráðstöfun sem gerð hefur verið til þess að fullnægja skilyrðum úrskurðar gerðardómsins, jafnframt því að gefa nákvæma lýsingu á því hvernig sú ráðstöfun fullnægir fyrrnefndum skilyrðum þannig að nægi til þess að gagnaðilinn geti lagt mat á ráðstöfunina.
3. Komi upp ágreiningur um hvort ráðstöfun hafi verið gerð til þess að fullnægja skilyrðum úrskurðar

ARTICLE 9.8
Implementation of Final Report

1. The Party concerned shall promptly comply with the ruling of the arbitration panel. If it is impracticable to comply immediately, the parties to the dispute shall endeavour to agree on a reasonable period of time to do so. In the absence of such agreement within 30 days from the date of the issuance of the final report, either party to the dispute may request the original arbitration panel to determine the length of the reasonable period of time, in light of the particular circumstances of the case. The ruling of the arbitration panel should be given within 30 days from that request.
2. The party to the dispute concerned shall notify the other party to the dispute of the measure adopted in order to comply with the ruling of the arbitration panel, as well as provide a detailed description of how the measure ensures compliance sufficient to allow the other party to the dispute to assess the measure.
3. In case of disagreement as to the existence of a measure complying with the the ruling of the arbi-

gerðardómsins eða hvort fyrrnefnd ráðstöfun sé í samræmi við úrskurðinn skal sami gerðardómur útkljá deilu af þeim toga áður en bætur verða sóttar eða unnt er að fresta ávinningi skv. grein 9.9. Úrskurður gerðardóms skal, að öllu jöfnu, liggja fyrir innan 90 daga.

GREIN 9.9.

Bætur og ávinningi frestað.

1. Fullnægi viðkomandi deiluaðili ekki þeim úrskurði er fram kemur í lokaskýrslunni innan eðlilegra tímamarka, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. greinar 9.8, skal sá aðili að deilunni, að fram kominni beiðni kæranda, ganga til samráðs í því skyni að gera samkomulag um bætur sem báðir deiluaðilar geta sætt sig við. Náist ekki samkomulag innan 20 daga frá því að beiðnin var lögð fram er kæranda heimilt að fresta þeim ávinningi sem hlýst af þessum samningi, en aðeins ávinningi til jafns við þann sem leiðir af þeirri ráðstöfun eða máli sem gerðardómur hefur úrskurðað að samræmist ekki ákvæðum þessa samnings.

2. Kærandi ætti fyrst, er hann íhugar hvaða ávinningi beri að fresta, að gera sér far um að fresta ávinningi í sama geira eða geirum og sú ráðstöfun eða mál sem gerðardómur hefur úrskurðað að samræmist ekki ákvæðum þessa samnings hafði áhrif innan. Kærandi, sem telur það hvorki gerlegt né vænlegt til árangurs að fresta ávinningi í sama geira, getur frestað ávinningi innan annars geira.

3. Kærandi skal tilkynna gagnaðila að deilunni um þann ávinning sem hann hyggst fresta, um ástæður frestunar og hvenær frestun tekur gildi, eigi síðar en 30 dögum fyrir þann dag er frestunin á að koma til framkvæmda. Samningsaðili, sem kvörtun beinist gegn, getur farið þess á leit við upphaflega gerðardóminn, innan 15 daga frá tilkynningunni, að hann felli úrskurð um það hvort ávinningur, sem kærandi hyggst fresta, sé jafngildur þeim ávinningi sem hlýst af þeirri ráðstöfun sem komið hefur í ljós að samræmist ekki ákvæðum þessa samnings og hvort fyrirhuguð frestun sé í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. Úrskurður gerðardóms skal liggja fyrir innan 45 daga frá því að slík beiðni er lögð fram. Eigi skal fresta ávinningi fyrr en gerðardómur hefur fellt úrskurð sinn.

4. Bætur og frestun ávinnings skulu vera tímabundnar ráðstafanir sem kærandi beitir einungis uns ráðstöfunin, sem komið hefur í ljós að samræmist ekki ákvæðum þessa samnings, hefur verið dregin til baka eða henni breytt þannig að hún sé í samræmi við þennan samning eða uns deiluaðilar hafa leyst deiluna með öðrum hætti.

tration panel or to the consistency of that measure with the ruling of the arbitration panel, such dispute shall be decided by the same arbitration panel before compensation can be sought or suspension of benefits can be applied in accordance with Article 9.9. The ruling of the arbitration panel shall normally be rendered within 90 days.

ARTICLE 9.9

Compensation and Suspension of Benefits

1. If the Party concerned fails to properly comply with the ruling in the final report within a reasonable period of time as provided for in paragraph 1 of Article 9.8, that Party shall, if so requested by the complaining Party, enter into consultations with a view to agreeing on a mutually acceptable compensation. If no such agreement has been reached within 20 days from the request, the complaining Party shall be entitled to suspend the application of benefits granted under this Agreement but only equivalent to those affected by the measure or matter that the arbitration panel has found to be inconsistent with this Agreement.

2. In considering what benefits to suspend, the complaining Party should first seek to suspend benefits in the same sector or sectors as that affected by the measure or matter that the arbitration panel has found to be inconsistent with this Agreement. The complaining Party that considers it is not practicable or effective to suspend benefits in the same sector or sectors may suspend benefits in other sectors.

3. The complaining Party shall notify the other party to the dispute of the benefits which it intends to suspend, the grounds for such suspension and when suspension will commence, no later than 30 days before the date on which the suspension is due to take effect. Within 15 days from that notification, the Party complained against may request the original arbitration panel to rule on whether the benefits which the complaining Party intends to suspend are equivalent to those affected by the measure found to be inconsistent with this Agreement, and whether the proposed suspension is in accordance with paragraphs 1 and 2. The ruling of the arbitration panel shall be given within 45 days from that request. Benefits shall not be suspended until the arbitration panel has issued its ruling.

4. Compensation and suspension of benefits shall be temporary measures and shall only be applied by the complaining Party until the measure or matter found to be inconsistent with this Agreement has been withdrawn or amended so as to bring it into conformity with this Agreement, or until the parties to the dispute have resolved the dispute otherwise.

5. Upphaflegi gerðardómurinn skal, að beiðni deiluaðila, fella úrskurð um það hvort ráðstafanir til efnda, sem eru samþykktar eftir að ávinningi er frestað, séu í samræmi við lokaskýrsluna og hvort rétt sé að aflétta eða breyta frestun ávinnings á grundvelli úrskurðarins. Gerðardómur skal fella úrskurð innan 30 daga frá dagsetningu beiðninnar.

5. At the request of a party to the dispute, the original arbitration panel shall rule on the conformity with the final report of any implementing measures adopted after the suspension of benefits and, in light of such ruling, whether the suspension of benefits should be terminated or modified. The ruling of the arbitration panel shall be given within 30 days from the date of that request.

GREIN 9.10.
Önnur ákvæði.

1. Sömu gerðarmenn og gáfu út lokaskýrsluna skulu sitja í gerðardómnum, er um getur í grein 9,8 og 9.9, verði því komið við. Ef gerðarmaður úr upphaflega gerðardómnum er ekki til taks skal skipa gerðarmann í hans stað eftir þeirri aðferð sem var beitt við val upphaflega gerðarmannsins.

2. Fresti, sem getið er í þessum kafla, er heimilt að breyta með gagnkvæmu samkomulagi hlutaðeigandi samningsaðila.

ARTICLE 9.10
Other Provisions

1. Whenever possible, the arbitration panel referred to in Articles 9.8 and 9.9 shall comprise the same panellists who issued the final report. If a member of the original arbitration panel is unavailable, the appointment of a replacement panellist shall be conducted in accordance with the selection procedure for the original panellist.
2. Any time period mentioned in this Chapter may be modified by mutual agreement of the Parties involved.

10. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

GREIN 10.1.
Uppfylling skuldbindinga.

Samningsaðilarnir skulu gera allar almennar eða sértækar ráðstafanir til að efna skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi.

CHAPTER 10
FINAL PROVISIONS

ARTICLE 10.1
Fulfilment of Obligations

The Parties shall take any general or specific measures required to fulfil their obligations under this Agreement.

GREIN 10.2.
Viðaukar, bókanir og viðbætar.

Viðaukar og bókanir við samning þennan, að meðtöldum viðbætum, eru óaðskiljanlegur hluti hans.

ARTICLE 10.2
Annexes, Protocols and Appendices

The Annexes and Protocols to this Agreement, including their Appendices, are an integral part thereof.

GREIN 10.3.
Þróunarákvæði.

Samningsaðilarnir skulu endurskoða þennan samning á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar, innan þriggja ára frá gildistöku hans, í ljósi frekari þróunar efnahagstengsla á alþjóðavettvangi, meðal annars innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og á vettvangi fríverslunarviðskipta við þriðju lönd, og kanna þann kost að þróa og auka samstarf sín á milli samkvæmt samningi þessum. Að fyrstu endurskoðun lokinni skal taka mál þessi til skoðunar annað hvert ár innan sameiginlegu nefndarinnar, að teknu tilhlýðilegu tilliti til sérákvæða í þessum samningi um frekara frjálsræði eða endurskoðun.

ARTICLE 10.3
Evolutionary Clause

The Parties shall review this Agreement in the Joint Committee within three years after the entry into force of this Agreement in light of further developments in international economic relations, *inter alia* in the framework of the WTO and free trade relations with third countries, and examine the possibility of developing and deepening their cooperation under this Agreement. After the first review they shall conduct biennial reviews of this matter in the Joint Committee, with due regard to any specific provisions relating to further liberalisation or review contained in this Agreement.

GREIN 10.4.
Sjálfbær þróun.

Samningsaðilarnir skulu endurskoða þennan samning á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar, innan þriggja ára frá gildistöku hans, í ljósi þróunar verslunarviðskipta og sjálfbærrar þróunar.

ARTICLE 10.4
Sustainable Development

The Parties shall review this Agreement in the Joint Committee within three years after the entry into force of this Agreement in light of developments in the field of trade and sustainable development.

GREIN 10.5.
Breytingar.

1. Samningsaðilum er heimilt að koma sér saman um breytingar á samningi þessum. Breytingar á samningi þessum, aðrar en þær er um getur í 7. mgr. 8. gr., skal senda samningsaðilunum til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis, að undangenginni umfjöllun sameiginlegu nefndarinnar.
2. Breytingarnar öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu, nema samningsaðilarnir ákveði annað.
3. Texta breytinga og skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal afhenda vörsluaðila til vörslu.

ARTICLE 10.5
Amendments

1. The Parties may agree on any amendment to this Agreement. Amendments to this Agreement other than those referred to in paragraph 7 of Article 8 shall, after consideration by the Joint Committee, be submitted to the Parties for ratification, acceptance or approval.
2. Unless otherwise agreed by the Parties, amendments shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval.
3. The text of the amendments as well as the instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.

GREIN 10.6.
Aðild.

1. Sérhvert ríki, sem gerist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu, getur gerst aðili að samningi þessum, svo fremi að sameiginlega nefndin samþykki aðild þess með þeim kjörum og skilyrðum sem þessi ríki og samningsaðilarnir verða ásátt um. Skjal um aðild skal afhenda vörsluaðila til vörslu.
2. Að því er varðar inngönguríki skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjal þess hefur verið afhent til vörslu eða þeir samningsaðilar sem fyrir eru hafa samþykkt aðildarskilmála, hvort sem síðar verður.

ARTICLE 10.6
Accession

1. Any State, becoming a Member of the EFTA, may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee approves its accession, on terms and conditions to be agreed upon by the Parties. The instrument of accession shall be deposited with the Depositary.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of accession, or the approval of the terms of accession by the existing Parties, whichever is later.

GREIN 10.7.
Uppsögn og samningslok.

1. Hver samningsaðili getur sagt sig frá samningi þessum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Úrsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku.

2. Ef Úkraína segir sig frá samningnum telst hann útrunninn þegar úrsögn tekur gildi.
3. Ef EFTA-ríki segir sig frá samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum niður af þeim sökum sama dag og úrsögnin tekur gildi.

ARTICLE 10.7
Withdrawal and Expiration

1. Each Party may withdraw from this Agreement by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect six months after the date on which the notification is received by the Depositary.
2. If Ukraine withdraws, this Agreement shall expire when its withdrawal becomes effective.
3. Any EFTA State which withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association shall, *ipso facto* on the same day as the withdrawal takes effect, cease to be a Party to this Agreement.

GREIN 10.8.
Gildistaka.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers samningsaðila um sig. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila til vörslu.
2. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að Úkraína og a.m.k. eitt EFTA-ríki hafa afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.

3. Þegar um ræðir EFTA-ríki, sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi, skal samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjal þess um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu.
4. Samningur þessi öðlast ekki gildi milli EFTA-ríkis og Úkraínu nema viðbótarsamningur um landbúnaðarmál milli þess og Úkraínu öðlist jafnframt gildi. Samningurinn heldur gildi sínu eins lengi og viðbótarsamningurinn heldur gildi sínu milli fyrrnefndra samningsaðila.

ARTICLE 10.8
Entry into Force

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval in accordance with the respective domestic legal requirements of the Parties. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.
2. This Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the date on which Ukraine and at least one EFTA State have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval with the Depositary.
3. In relation to an EFTA State depositing its instrument of ratification, acceptance or approval after this Agreement has entered into force, the Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.
4. This Agreement shall not enter into force between an EFTA State and Ukraine, unless the complementary Agreement on Agriculture between that EFTA State and Ukraine enters into force simultaneously. It shall remain in force as long as the complimentary agreement remains in force between those Parties.

GREIN 10.9.
Vörsluaðili.

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík 24. júní 2010 í einu frumriti. Vörsluaðili skal senda öllum samningsaðilunum staðfest endurrit.

Fyrir hönd Íslands

Fyrir hönd Úkraínu

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss

ARTICLE 10.9
Depositary

The Government of Norway shall act as Depositary.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Reykjavik, this 24th day of June 2010, in one original. The Depositary shall transmit certified copies to all the Parties.

For Iceland

For Ukraine

For the Principality of Liechtenstein

For the Kingdom of Norway

For the Swiss Confederation

Fylgiskjal II.

Landbúnaðarsamningur milli Íslands og Úkraínu.

1. gr.
Umfang.

Samningur þessi um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Íslands og Úkraínu (hér á eftir nefnd „samningsaðilar“) er gerður með vísan til fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og Úkraínu (hér á eftir nefndur „fríverslunarsamningurinn“), sem var undirritaður 24. júní 2010, einkum í samræmi við ákvæði 1. mgr. 2. gr. þess samnings. Samningur þessi er hluti af gerningunum um að koma á fót fríverslunarsvæði EFTA-ríkjanna og Úkraínu.

2. gr.
Gildissvið.

Samningur þessi tekur til ráðstafana sem samningsaðilarnir samþykkja eða viðhalda og varða landbúnaðarafurðir:

a) sem heyra undir 1. til 24. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni (hér á eftir nefnd „samræmda tollskráin“ (ST)) og ekki er getið í II. eða III. viðauka við fríverslunarsamninginn og
b) sem I. viðauki við fríverslunarsamninginn tekur til.

3. gr.
Tollaívilnanir.

Úkraína skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar á Íslandi, eins og tilgreint er í I. viðauka. Ísland skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir sem eru upprunnar í Úkraínu, eins og tilgreint er í II. viðauka.

4. gr.
Upprunareglur og reglur um tollmeðferð.

1. Upprunareglurnar og ákvæðin um samvinnu á sviði tollamála, sem sett eru fram í bókun um upprunareglur sem fylgir fríverslunarsamningnum, gilda um þennan samning, með þeirri undantekningu sem kveðið er á um í 2. mgr. Litið skal svo á að allar tilvísanir til „EFTA-ríkja“ í þeirri bókun eigi við Ísland.
2. Í samningi þessum gilda ákvæði 3. og 4. gr. bókunar um upprunareglur við fríverslunarsamninginn að breyttu breytanda, þar sem einungis er gert ráð fyrir tvíhliða uppsöfnun milli samningsaðilanna.

Agreement on Agriculture Between Iceland and Ukraine

ARTICLE 1
Coverage

This Agreement concerning trade in agricultural products between Iceland and Ukraine (hereinafter referred to as “the Parties”) is concluded further to the Free Trade Agreement between the EFTA States and Ukraine (hereinafter referred to as “the Free Trade Agreement”), which was signed on 24 June 2010, and in particular pursuant to Article 2.1 of the Free Trade Agreement. This Agreement forms part of the instruments establishing a free trade area between the EFTA States and Ukraine.

ARTICLE 2
Scope

This Agreement applies to the measures adopted or maintained by the Parties related to agricultural products:

(a) classified under Chapters 1 to 24 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (hereinafter referred to as “the HS”) and not included in Annex II or III to the Free Trade Agreement; and
(b) covered by Annex I to the Free Trade Agreement.

ARTICLE 3
Tariff Concessions

Ukraine shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Iceland as specified in Annex I. Iceland shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Ukraine as specified in Annex II.

ARTICLE 4
Rules of Origin and Customs Procedures

1. The rules of origin and the provisions on cooperation in customs matters set out in the Protocol on Rules of Origin to the Free Trade Agreement shall apply to this Agreement, except as provided for in paragraph 2. Any references to “EFTA States” in that Protocol shall be taken to refer to Iceland.

2. For the purposes of this Agreement, Articles 3 and 4 of the Protocol on Rules of Origin to the Free Trade Agreement shall apply *mutatis mutandis* allowing only bilateral cumulation between the Parties.

5. gr.
Viðræður.

Samningsaðilar skulu skoða þá erfiðleika sem kunna að koma upp í viðskiptum þeirra með landbúnaðarafurðir og freista þess að leita viðunandi lausna.

ARTICLE 5
Dialogue

The Parties shall examine any difficulties that might arise in their trade in agricultural products and shall endeavour to seek appropriate solutions.

6. gr.
Aukið viðskiptafrelsi.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að vinna áfram að því að auka frelsi í viðskiptum sínum með landbúnaðarafurðir, að teknu tilliti til fyrirkomulags slíkra viðskipta sín á milli, þess hve slíkar afurðir eru viðkvæmar og til þróunar í landbúnaðarstefnu hvors aðila um sig. Samningsaðilarnir skulu, að beiðni hvors þeirra sem er, efna til samráðs í því skyni að ná þessu markmiði, m.a. með því að auka markaðsaðgang með því að lækka eða afnema tolla á landbúnaðarafurðum og með því að útvíkka vörusvið landbúnaðarafurða sem samningur þessi tekur til.

ARTICLE 6
Further Liberalisation

The Parties undertake to continue their efforts with a view to achieving further liberalisation of their trade in agricultural products, taking account of the pattern of such trade between them, the particular sensitivities of such products, and the development of agricultural policy on either side. At the request of either Party, the Parties shall hold consultations to achieve this objective, including through improvements in market access by reduction or elimination of customs duties on agricultural products and through extension of the scope of agricultural products covered by this Agreement.

7. gr.
Ákvæði fríverslunarsamningsins.

Eftirfarandi ákvæði fríverslunarsamningsins gilda milli aðila að þessum samningi: Ákvæði greina 1.4 (Svæðisbundið gildissvið), 1.5 (Ríkisstjórnir, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld), 1.6 (Gagnsæi), 2.6 (Takmarkanir á inn- og útflutningi), 2.8 (Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna), 2.9 (Tæknilegar reglur), 2.12 (Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki), 2.16 (Tvíhliða verndarráðstafanir), 2.17 (Almennar undantekningar), 2.18 (Undantekningar af öryggisástæðum) og ákvæði 9. kafla (Lausn deilumála). Þau eru hér með felld inn í þennan samning og gerð hluti af honum að breyttu breyttanda.

ARTICLE 7
Provisions of the Free Trade Agreement

The following provisions of the Free Trade Agreement shall apply between the Parties to this Agreement: Articles 1.4 (Territorial application), 1.5 (Central, Regional and Local Government), 1.6 (Transparency), 2.6 (Import and Export Restrictions), 2.8 (Sanitary and Phytosanitary Measures), 2.9 (Technical Regulations), 2.12 (State Trading Enterprises), 2.16 (Bilateral Safeguard Measures), 2.17 (General Exceptions), 2.18 (Security Exceptions), and Chapter 9 (Dispute Settlement). They are hereby incorporated and made part of this Agreement, *mutatis mutandis.*

8. gr.
Verndarráðstafanir á sviði landbúnaðar.

1. Grípa ber til verndarráðstafana á sviði landbúnaðarvara, samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. greinar 2.16 í fríverslunarsamningnum.

2. Verndarráðstöfun skal ekki vara lengur en eitt ár og getur hún falist í öðru hvoru af eftirfarandi:

a) hækkun innflutningsgjalda á þeirri vöru sem um ræðir en ekki umfram þá tolla á vöruna sem bestukjarameðferð veitir og eru í gildi þann dag þegar ráðstöfunin er gerð eða
b) upptöku innflutningskvóta fyrir fríðindaviðskipti, sem grundvallast á viðskiptamagni næstu fimm ár á undan, að undanskildu því innflutn-

ARTICLE 8
Agricultural Safeguard Measures

1. Safeguard measures on agricultural products shall be taken pursuant to the conditions laid down in paragraph 1 of Article 2.16 of the Free Trade Agreement.
2. A safeguard measure shall not be taken for a period exceeding one year and may consist in either of the following:
(a) an increase of the import duty on the product in question to a level not higher than the MFN applied rate of duty on the product in effect at the time the measure is taken; or
(b) the introduction of a tariff quota for preferential trade, based on historical trade volumes for the five preceding years, excluding the import surge

ingsflæði sem leiddi til þess að nauðsynlegt var að grípa til verndarráðstafana.

3. Áður en samningsaðili grípur til verndarráðstöfunar skal hann senda hinum samningsaðilanum skriflega tilkynningu um þá ráðstöfun sem til stendur að gera. Samningsaðilinn, sem sendir frá sér tilkynningu, skal, innan 60 daga frá því að tilkynning er send út, leggja fram allar upplýsingar um verndarráðstöfunina sem máli skipta. Að fenginni beiðni skal sá samningsaðili hafa samráð við þann samningsaðila sem verður fyrir neikvæðum áhrifum um þau skilyrði sem ráðstöfuninni verður beitt við.

volumes that necessitated the introduction of the safeguard measure.

3. Before taking a safeguard measure, a Party shall notify the other Party in writing of the measure to be taken. Within 60 days after notification, the notifying Party shall provide all relevant information concerning the safeguard measure. On request, that Party shall consult with the affected Party with respect to the conditions of application of the measure.

9. gr.

Gildistaka og tengsl milli þessa samnings og fríverslunarsamningsins.

1. Samningur þessi öðlast gildi þann dag þegar fríverslunarsamningur milli Íslands og Úkraínu öðlast gildi. Hann gildir svo lengi sem samningsaðilarnir eru aðilar að fríverslunarsamningnum.

2. Vörsluaðili fríverslunarsamningsins skal, í upplýsingaskyni, fá eintak af samningi þessum í hendur, ásamt skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samnings þessa.

ARTICLE 9

Entry into Force and Relationship between this Agreement and the Free Trade Agreement

1. This Agreement shall enter into force on the same date as the Free Trade Agreement enters into force between Iceland and Ukraine. It shall remain in force as long as the Parties remain parties to the Free Trade Agreement.

2. The Depositary of the Free Trade Agreement shall receive a copy of this Agreement and the instruments of ratification, acceptance or approval of this Agreement for information.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Gjört í Reykjavík 24. júní 2010 í tveimur frumritum á ensku.

Done at Reykjavik, this 24th day of June 2010, in two originals in the English language.

Fyrir hönd Íslands	Fyrir hönd Úkraínu	For Iceland	For Ukraine
_____	_____	_____	_____

1203. Frumvarp til laga [377. mál]

um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 31. mars.)

1. gr.

Á eftir 33. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (33. gr. a.)

Hundar og kettir. Samþykki allra.

Hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi er háð samþykki allra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang eða stigagang.

Þegar svo háttar getur húsfélag eða húsfélagsdeild með samþykki allra veitt annaðhvort almennt leyfi til hunda- og/eða kattahalds eða einstökum eigendum slíkt leyfi vegna tiltekins dýrs. Getur húsfélagið bundið slíkt leyfi skilyrðum.

Eigandi skal afla samþykkis annarra eigenda og fá leyfi fyrir dýrinu samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags, þar sem það á við, áður en dýrið kemur í húsið. Skal eigandi láta húsfélagi í té ljósrit af leyfinu.

Gæta skal jafnræðis við veitingu samþykkis skv. 1. mgr. og er óheimilt að mismuna eigendum sem eiga jafnan rétt í þessu efni.

Samþykkið er óafturkallanlegt að óbreyttum forsendum en þinglýsingar er þörf til að það haldi gagnvart síðari eigendum í góðri trú.

Skemmri heimsóknir hunda og katta eru heimilar ef enginn mótmælir en vistun eða dvöl þeirra yfir nótt er óheimil nema fyrir liggi leyfi skv. 1. og 2. mgr.

Þessar takmarkanir gilda ekki þegar um hjálparhunda er að ræða, sbr. 33. gr. d.

b. (33. gr. b.)

Samþykkis ekki þörf.

Þegar hvorki er um sameiginlegan inngang né stigagang að ræða, sbr. 33. gr. a, er samþykkis annarra eigenda ekki þörf fyrir hunda- og kattahaldi í húsinu. Á það til dæmis við þegar sérinngangur er í íbúð á jarðhæð eða frá sameiginlegum útitröppum. Gildir það þótt lóð sé sameiginleg og annað sameiginlegt rými sé í húsinu. Þegar sameiginlegur stigagangur er utanáliggjandi og gengið er inn í íbúðir af svölum þarf samþykki þeirra eigenda sem hann tilheyrir.

Áður en dýr kemur í hús skal eigandi tilkynna húsfélaginu skriflega um dýrahaldið og afhenda því ljósrit af leyfi frá viðkomandi sveitarfélagi þar sem við á.

Húsfélagið getur með reglum og ákvörðunum á húsfundi, með einföldum meiri hluta, sett hunda- og kattahaldi í slíku húsi skorður, enda séu þær eðlilegar, málefnalegar og á jafnræði reistar.

Húsfélagið getur með sama hætti lagt bann við dýrahaldi ef það veldur öðrum íbúum verulegum ama, ónæði og truflunum og eigandi dýrsins neitar að gera bót þar á.

c. (33. gr. c.)

Sameiginlegar reglur.

Með öllu er óheimilt að halda skráningar- og leyfisskyld dýr í fjöleignarhúsum, sbr. 33. gr. a og 33. gr. b, nema leyfi sveitarfélags fyrir dýrinu, þar sem við á, liggi fyrir.

Hundar og kettir mega ekki vera í sameign eða á sameiginlegri lóð nema þegar verið er að færa dýrin að og frá séreign. Skulu þau ávallt vera í taumi og í umsjá manns sem hefur fulla stjórn á þeim. Lausaganga hunda í sameign eða á sameiginlegri lóð telst alvarlegt brot, sbr. 4. mgr.

Það er skilyrði fyrir hunda- og kattahaldi í fjöleignarhúsum að búið sé vel að dýrunum og vel sé hugsað um þau. Jafnframt skal þess gætt í hvívetna að þau valdi öðrum íbúum hússins ekki ama, ónæði eða óþægindum.

Nú brýtur eigandi dýrs verulega eða ítrekað gegn skyldum sínum og áminningar hafa ekki áhrif, og getur húsfélag þá með ákvörðun skv. D-lið 1. mgr. 41. gr. afturkallað samþykki skv. 33. gr. a og bannað dýrahald skv. 33. gr. b og gert honum að fjarlægja dýrið úr húsinu. Ef allt um þrýtur geta gróf eða ítrekuð brot leitt til þess að húsfélagið beiti úrræðum 55. gr. gagnvart eiganda dýrsins.

d. (33. gr. d.)

Leiðsögu- og hjálparhundar.

Sé eigandi, eða annar varanlegur íbúi í hans skjóli, blindur eða fatlaður á annan máta þannig að hann þurfi á sérþjálfuðum leiðsögu- eða hjálparhundi að halda er honum heimilt að halda slíkan hund óháð fyrirmælum og takmörkunum laga þessara.

Slíkur hundur skal vera sérþjálfaður og skráður sem leiðsögu- eða hjálparhundur og fyrir skulu liggja vottorð sérfræðinga um þörf hans og þjálfun. Skulu gögn um það afhent húsfélaginu ásamt fróðleik og leiðbeiningum um slíka hunda, þjálfun þeirra og hvernig beri að umgangast þá.

Stjórn húsfélagsins skal láta þinglýsa yfirlýsingu um að leiðsögu- eða hjálparhundur sé í húsinu. Einnig skal stjórnin láta þess getið í yfirlýsingu húsfélags í tengslum við sölu íbúða.

Sé eigandi eða einhver í hans fjölskyldu með ofnæmi fyrir hundum á svo háu stigi að sambýlið við leiðsögu- eða hjálparhund sé óbærilegt og læknisfræðileg gögn staðfesta það skal kærunefnd húsamála leita lausna að fengnu áliti ofnæmislækna, leiðsögu- eða hjálparhundaþjálfara og sérfræðinga á öðrum sviðum ef því er að skipta.

2. gr.

13. tölul. A-liðar 1. mgr. 41. gr. laganna orðast svo: Um hvort halda megi hunda og/eða ketti í húsinu, sbr. 33. gr. a.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1204. Þingsályktun [276. mál]

um úttekt á öryggisbúnaði Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs.

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars 2011.)

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að gera könnun á nauðsyn þess að endurnýja björgunarbúnað Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs. Ráðherra kynni samgöngunefnd Alþingis niðurstöður könnunarinnar.

1205. Frumvarp til laga [686. mál]

um breytingu á lögum um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, nr. 162/2006, með síðari breytingum.

Flm.: Þór Saari, Margrét Tryggvadóttir, Birgitta Jónsdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi stjórnmálasamtaka sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn á Alþingi. Fjárhæðinni skal skipt jafnt milli stjórnmálasamtaka. Hafi stjórnmálasamtök náð 2,5% atkvæða í næstliðnum kosningum en ekki fengið þingmann kjörinn skulu þau fá úthlutað helmingi þeirrar fjárhæðar sem stjórnmálasamtök skv. 1. málsl. fá úthlutað.

b. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórnmálasamtök sem bjóða ekki fram í öllum kjördæmum skulu frá framlög í samræmi við fjölda frambjóðenda sem hlutfallstölu af 126.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „þingmann og nefnist hún eining“ í 2. málsl. kemur: þingflokk.

b. 3. og 4. málsl. falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Fjárhæðinni skal skipt jafnt milli stjórnmálasamtaka.

b. Orðin „í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum“ í síðari málslið 2. mgr. falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað tilvísunarinnar „2.–5. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 2.–3. mgr.

b. 3. og 4. mgr. falla brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Stjórnmálasamtökum og frambjóðendum er óheimilt að taka á móti framlögum frá lögaðilum.

b. 2. mgr. orðast svo:

Stofnframlög frá lögráða einstaklingum sem eru veitt í beinum tengslum við stofnun stjórnmálasamtaka mega að hámarki nema 400.000 kr.

c. Í stað orðanna „400.000 kr. á ári“ í 3. mgr. kemur: 200.000 kr. á ári og skal gera framlög sem nema hærri fjárhæð en 20.000 kr. opinber innan þriggja daga frá greiðslu þeirra.

d. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Upplýsingar um framlög einstaklinga skal birta á heimasíðu stjórnmálasamtaka.

e. Í stað fjárhæðanna „75 kr.“, „100 kr.“, „125 kr.“, „150 kr.“ og „175 kr“ í 4. mgr. kemur: 38 kr., 50 kr., 63 kr., 75 kr. og: 88 kr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Orðin „framlaga frá lögaðilum“ í 4. málsl. falla brott.
b. 5. og 6. málsl. falla brott.
c. Í stað fjárhæðarinnar „200.000 kr.“ í lokamálslið kemur: 20.000 kr.

7. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „400.000 kr.“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: 200.000 kr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 11. gr. laganna:

a. Orðin „framlaga frá lögaðilum“ í 4. málsl. falla brott.
b. 5. og 6. málsl. falla brott.
c. Í stað orðanna „einnig skal birta“ í lokamálslið kemur: Birta skal.
d. Í stað fjárhæðarinnar „200.000 kr.“ í lokamálslið kemur: 20.000 kr.

9. gr.

Á eftir 11. gr. laganna kemur ný grein, 11. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Stjórnmálasamtök sem fá ekki þingmann kjörinn.

Stjórnmálasamtök sem fá 2,5% atkvæða en fá ekki þingmann kjörinn, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 3. gr., skulu á sex mánaða fresti skila árituðum reikningum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, nr. 162/2006. Þær breytingar sem lagðar eru til eru í samræmi við markmið laganna um að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum, sem og að auka traust á stjórnmálum og efla lýðræði.

Helstu breytingar frumvarpsins eru þær að banna framlög lögaðila til stjórnmálasamtaka og að takmarka fjárframlög einstaklinga við 200 þús. kr., þó þannig að framlög hærri en 20 þús. kr. skuli gera opinber innan þriggja daga frá því að þau voru móttekin.

Þá er lagt til að horfið verði frá því fyrirkomulagi að stærri stjórnmálasamtök fái hærri fjárframlög en þau sem eru minni. Lagt er til að stjórnmálasamtök fái fjárframlag sem þarf til að reka skrifstofu og fundaraðstöðu í hóflegri stærð í hverju kjördæmi. Stjórnmálasamtök fái einnig framlög til að greiða framkvæmdastjóra laun sem og starfsmanni í hálfu starfi í hverju kjördæmi fyrir sig. Þá verði fjárframlög til þingflokka þau sömu fyrir alla flokka.

Hvað varðar framlög vegna kosninga er í frumvarpinu gert ráð fyrir jöfnu framlagi til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram á landsvísu en bjóði stjórnmálasamtök ekki fram í öllum kjördæmum fái þau fjárframlag í samræmi við fjölda frambjóðenda þeirra sem hlutfallstölu af 126.

1206. Fyrirspurn [687. mál]

til forsætisráðherra um fundi með fulltrúum hagsmunasamtaka.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Fulltrúa hvaða hagsmunasamtaka á ýmsum sviðum samfélagsins hefur ráðherra hitt frá ársbyrjun 2011, hvaða dag og hversu oft?

Skriflegt svar óskast.

1207. Fyrirspurn [688. mál]

til velferðarráðherra um Íbúðalánasjóð og sérfræðiaðstoð.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Í hverju fólst sú sérfræðiaðstoð sem Íbúðalánasjóður keypti af einstaklingum og lögaðilum á árunum 2000–2008, hverjum greiddi sjóðurinn fyrir sérfræðiaðstoð og hve mikið, sundurliðað eftir einstökum sérfræðingum?

Skriflegt svar óskast.

1208. Fyrirspurn [689. mál]

til umhverfisráðherra um ferðir hreyfihamlaðra á vélknúnum ökutækjum utan vega.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

Hvað líður undirbúningi lagafrumvarps sem heimili ferðir hreyfihamlaðra á vélknúnum ökutækjum utan vega á leiðum sem aðeins er leyft að fara um fótgangandi, svo þeim sé gert kleift að njóta útivistar sem er þeim annars illmöguleg, t.d. stangveiða eða ferða um þjóðgarða og önnur vernduð svæði?

Skriflegt svar óskast.

1209. Frumvarp til laga [690. mál]

um breytingu á lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, með síðari breytingum.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Mörður Árnason, Birgitta Jónsdóttir, Skúli Helgason, Ólafur Þór Gunnarsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að:

a. tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða eru geymdar fyrir þeirra hönd,
b. tryggja rétt fólks til að búa við heilsusamleg skilyrði og varðveita lífsgæði sín,
c. stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál,
d. tryggja rétt almennings til þess að fá og frumkvæðisskyldu stjórnvalda til þess að veita upplýsingar um umhverfismál.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Orðin „sé þess óskað“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: nema ástand sé yfirvofandi sem haft geti skaðleg áhrif á umhverfi eða heilsu fólks eða dýra.

3. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórnvöldum er ævinlega skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf sé ástæða til að ætla að veruleg frávik vegna mengandi efna í umhverfi geti haft í för með sér hættu eða skaðleg áhrif á umhverfi eða heilsu fólks eða dýra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á löggjöf er snertir umhverfis- og mengunarmál. Í kjölfar frétta um mikla díoxínmengun frá sorpbrennslustöðinni Funa í Skutulsfirði í Engidal ákvað umhverfisnefnd Alþingis að skoða nánar þá löggjöf um umhverfismál og upplýsingaskyldu stjórnvalda er snýr að mengunarmálum. Niðurstaðan var sú að kveða þurfi skýrar á um frumkvæðis- og viðbragðsskyldu stjórnsýslustofnana í íslenskri löggjöf og um rétt almennings til þess að vernda heilsu sína og lífsgæði. Þeir lagabálkar sem komu sérstaklega til skoðunar voru lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lög nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál.

Í frumvarpinu eru lagðar til þónokkrar breytingar á lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál. Í lögunum kemur fram að markmið þeirra sé að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru

fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál og voru lögin sett til innleiðingar á tilskipun 2003/4/EB um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Í lögunum liggur áherslan á rétt almennings til að fá upplýsingar, og skyldu stjórnvalda til þess að veita upplýsingar og miðla þeim greiðlega og skipulega. Að mati flutningsmanna er hins vegar hvorki í lögunum né tilskipuninni beinlínis kveðið á um frumkvæðisskyldu stjórnvalda þar sem þau fela ekki í sér bein fyrirmæli til stjórnvalda um að veita óumbeðnar upplýsingar og viðvaranir vegna mengunarhættu. Bent hefur verið á að tilskipun Evrópusambandsins sé ekki afdráttarlaus en flutningsmenn telja að hana megi þó skilja á þann veg að stjórnvöld hafi frumkvæðisskyldu í upplýsingagjöf sé mengunarhætta til staðar. Eru því lagðar til breytingar á þremur greinum laganna, markmiðsákvæði, um upplýsingarétt almennings um umhverfismál og um almenna miðlun upplýsinga um umhverfismál. Er vonast til þess að með breytingunum verði staða almennings gagnvart stjórnvöldum og skylda stjórnvalda tryggð, sem og að tryggður verði réttur fólks til að búa við heilsusamleg skilyrði og varðveita lífsgæði sín.

1210. Beiðni um skýrslu [691. mál]

frá mennta- og menningarmálaráðherra um stöðu skólamála.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur, Ásbirni Óttarssyni, Einari K. Guðfinnssyni, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Jóni Gunnarssyni, Kristjáni Þór Júlíussyni, Ólöfu Nordal, Pétri H. Blöndal, Ragnheiði E. Árnadóttur, Ragnheiði Ríkharðsdóttur og Tryggva Þór Herbertssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að mennta- og menningarmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu skólamála í leik-, grunn- og framhaldsskólum árið 2011.

Í skýrslunni komi meðal annars fram upplýsingar um:

1. Innleiðingu skólalöggjafar árið 2008.
2. Sveigjanleg skólaskil og val nemenda. Farið verði m.a. yfir hversu margir nemendur hafi nýtt sér þau úrræði og hvar á landinu þeir hafi verið, einnig hver þróunin varð eftir að fjárveiting var skorin niður til framhaldsskóla vegna nemenda í grunnskólum sem skráðu sig í einstaka áfanga í framhaldsskóla.
3. Eflingu iðn- og starfsnáms.
4. Árleg rekstrargjöld til leik-, grunn- og framhaldsskóla frá árinu 2008.
5. Áhrif kjarasamninga á skólastarf og rekstur skóla.
6. Stöðu og þróun sérkennslu í leik,- grunn- og framhaldsskólum. Einnig verði farið yfir hvernig börnum með sérþarfir er mætt í skólakerfinu og hvernig ráðuneytið komi að þeim málum, jafnframt hvort ætlunin sé að bæta sveitarfélögum aukinn kostnað við að sinna þessari þjónustu.
7. Sálfræðiþjónustu og forvarnir í framhaldsskólum.
8. Hvernig unnið hafi verið úr niðurstöðum síðustu Pisa-könnunar til framtíðar.
9. Kostnað við að mennta einn nemanda til stúdentsprófs, skilgreint eftir skólum.
10. Kostnað við brottfall á hvern einstakling sem fellur út úr skólakerfinu. Einnig verði

greint frá því hvort, og þá hvar, unnið sé samræmt á landsvísu í að draga úr brottfalli í framhaldsskóla, sem og hvort dregið hafi úr brottfalli sl. 10 ár.

11. Hvort fleiri framhaldsskólar hafi verið hvattir til að bjóða upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs en nú gera það og hvaða þýðingu það hefði fjárhagslega fyrir ríkisvaldið og þjóðhagslega fyrir samfélagið að fleiri einstaklingar útskrifuðust með stúdentspróf eftir þrjú ár en með nýrri skólalöggjöf væri bæði unnið og stefnt að slíkum breytingum.
12. Hvort um stefnubreytingu sé að ræða í skólamálum og hugað hafi verið að nýju að því hvort stytta eigi grunnskólann um eitt ár þannig að nemendur hefji framhaldsskólanám að jafnaði ári fyrr en nú. Farið verði yfir hver áhrif slík breyting hefði á nám nemenda og fjárhag sveitarfélaga.
13. Stöðu tónlistarskólanna. Verði m.a. farið yfir stöðu viðræðna ríkis og sveitarfélaga um þátttöku ríkisins í rekstri tónlistarkennslu.

1211. Tillaga til þingsályktunar [692. mál]

um nýsköpunarátak til að stórefla heilsársferðaþjónustu úti á landi.

Flm.: Sigmundur Ernir Rúnarsson, Álfheiður Ingadóttir, Ásbjörn Óttarsson, Birkir Jón Jónsson, Björn Valur Gíslason, Einar K. Guðfinnsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þór Þórhallsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Kristján L. Möller, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Magnús Orri Schram, Ólína Þorvarðardóttir, Skúli Helgason, Tryggvi Þór Herbertsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir og Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að hlutast hið fyrsta til um að hafið verði nýsköpunarátak í ferðaþjónustu úti á landi í þeim þríþætta tilgangi að fjölga erlendum ferðamönnum utan háannatíma, bæta við áfangastöðum á landinu, svo að álag á ferðamannastaði dreifist betur, og nýta betur og efla öll þau fjölmörgu samgöngu- og menningarmannvirki sem ríki og sveitarfélög hafa fjárfest í.

Átakið verði sjálfstætt samvinnuverkefni Íslandsstofu, Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi og ISAVIA með beinni aðkomu ráðuneyta ferðamála og samgangna, auk eftirlits og ráðgjafar að hálfu Ferðamálastofu og Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála.

Greinargerð.

1. Dreifing ferðamanna um árið og landið.

Með þingsályktunartillögu þessari er ætlunin að bregaðast við gríðarlegri fjölgun erlendra ferðamanna til landsins á síðustu árum og þeim spám að fjöldi þeirra muni tvöfaldast á næstu 10 árum. Ljóst er að margir helstu ferðamannastaðir á suðvestanverðu landinu, sem liggja næst Keflavíkurflugvelli, þola vart eða ekki meiri ásókn ferðamanna á háannatíma, nema gripið sé til aðgerða sem mögulega spilla ásýnd og yfirbragði þess sem ferðamenn sækjast eftir. Einn helsti veikleiki íslenskrar ferðaþjónustu er annars vegar mikið álag á ferðamannastaði yfir sumarið og hins vegar lítil dreifing erlendra ferðamanna utan höfuðborgarsvæðisins og Suðvesturlands utan sumartímans.

Það er af þessum sökum afar brýnt er að fjölga áfangastöðum á landinu svo að álag af völdum ferðamanna dreifist betur en nú er. Hætt er við því að ella glatist upplögð sóknarfæri

í þessari mikilvægu atvinnugrein. Hér er um mikla fjárhagslega hagsmuni fyrir íslenskt samfélag að ræða, enda er ferðaþjónusta ein af þremur meginstoðum atvinnulífs í landinu og er í þriðja sæti hvað varðar útflutningstekjur sem landið aflar. Ferðaþjónusta skapar 16,9% af tekjum þjóðarinnar (samkvæmt tölum frá 2008) og telur Hagstofan að árið 2008 hafi heildarkaup á ferðaþjónustu hér á landi numið tæplega 171 milljörðum kr., eða sem svarar til 11,5% af vergri landsframleiðslu.

Með tillögunni er þess freistað að styrkja ferðaþjónustu á landsbyggðinni í fullu samræmi við markmið Sóknaráætlunar 20/20 um tímabundinn stuðning við vaxtargreinar, sérstakan stuðning við vetrarferðaþjónustu, stuðning við klasasamstarf fyrirtækja og umhverfismál ferðaþjónustu. Tillagan tekur einnig tillit til nýrrar ferðamálaáætlunar stjórnvalda þar sem áhersla er lögð á vetrarferðamennsku og fjölgun viðkomustaða fyrir allan þorra ferðafólks sem sækir landið heim.

Í þessari tillögu er sérstaklega horft til þess svæðis á landinu utan stærsta þéttbýliskjarnans sem getur á sem auðveldastan hátt tekið við auknum straumi ferðamanna á næstu árum, en þar er átt við svæðið frá Húnavatnssýslum og austur á firði með augljósum miðpunkti í Eyjafirði þar sem fullbúinn millilandaflugvöll er að finna, svo og sterka innri samfélagsgerð í langfjölmennasta þéttbýliskjarnanum utan höfuðborgarsvæðisins. Á þessu svæði, sem liggur beggja vegna Tröllaskaga og austur á firði, hefur á síðustu árum orðið gríðarleg uppbygging í fjölþættri ferðaþjónustu; jafnt íþrótta-, afþreyingar- og menningarstarfsemi, auk þess sem framboð á hótelum, gistihúsum og veitingahúsum á Norðurlandi hefur aukist hröðum skrefum á tiltölulega stuttum tíma. Þá er það einnig liður í þeirri tillögu, sem hér er gerð grein fyrir, að nýta betur innviði ferðaþjónustunnar utan höfuðborgarsvæðisins og þá miklu fjárfestingu í samgöngu- og menningarmannvirkjum sem sveitarfélög – og ekki síst ríkið – hafa ráðist þar í á síðustu árum. Þar nægir að nefna lengingu millilandaflugvallarins á Akureyri, nýleg (og áætluð) jarðgöng í Eyjafirði, uppbyggingu Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands á sama stað, viðamikla og stóraukna rannsóknarþjónustu Háskólans á Akureyri og byggingu Menningarhússins Hofs.

Ferðaþjónusta á Norðurlandi, og raunar víðar á þeim svæðum sem liggja fjærst suðvesturhorninu, hefur að mörgu leyti liðið fyrir þá staðreynd að yfirgnæfandi meiri hluti ferðamanna sem kemur til landsins, rúmlega 97,7% (samkvæmt tölum ISAVIA frá 2009), fer um Keflavíkurflugvöll og dvelur þar af leiðandi mestmegnis á sunnan- og vestanverðu landinu. Til samanburðar má geta þess að hlutdeild Akureyrarflugvallar í þessum hópi ferðamanna er innan við hálft prósent. Því má segja að þeirri auðlind sem ferðafólk er í atvinnulífi landsmanna sé misjafnlega skipt milli landshluta. Það hefur bein áhrif á vaxtarmöguleika greinarinnar frá einu svæði til annars, eins og allar tölur og rannsóknir benda til. Gagnaöflun á sviði ferðamála, sem er m.a. í höndum Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands, virðist sýna að staðsetning flugvallar skiptir sköpum um ferðamynstur fólks: Þeir sem lenda í Keflavík dvelja að meðaltali 1,8 nótt á Norðurlandi, en þeir sem lenda á Akureyri dvelja að meðaltali 7,8 nætur á Norðurlandi.

Hér ber allt að sama brunni: Rannsóknir Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála benda líka eindregið til þess að erlendir ferðamenn fljúgi varla beint til Akureyrar nema þeir hafi áður komið til Íslands: 60 prósent erlendra ferðamanna sem fljúga beint að utan til Akureyrar hafa áður komið til landsins, en 18% erlendra ferðamanna sem koma til Keflavíkur eru endurkomufarþegar. Þá sýna nýjar rannsóknir enn fremur að einungis 6% útlendinga sem lenda í Keflavík dvelja mestan sinn tíma á Norðurlandi, en 76% þeirra halda sig aðallega á Suðurlandi. Dæmið snýst algerlega við hjá þeim erlendu ferðamönnum sem fljúga beint til Akur-

eyrar, 20% þeirra ferðast um sunnanvert landið, en 92% þeirra verja mestum ferðatíma sínum á Norðurlandi.

Í þessu efni er einnig rétt að hafa hagtölur í huga. Á árunum 2004–2008, sem er langmesta hagvaxtarskeið í sögu ferðaþjónustu á Íslandi var hagvöxtur mjög misjafn milli landshluta á Íslandi. Á þessu árabili nam hann 41% á höfuðborgarsvæðinu, en var mun minni úti á landi og raunar neikvæður (-6%) í tveimur landshlutum; á Norðurlandi vestra og á Norðurlandi eystra. Gera má ráð fyrir að misjöfn skilyrði til vaxtar ferðaþjónustu hafi hér haft sín áhrif, en stjórnvaldsaðgerðir á hverjum tíma hafa þar mikið að segja.

2. Þróun ferðaþjónustu í nágrannalöndum.

Á síðustu árum hefur opinbert markaðsátak í ferðaþjónustu á Norðurlöndum og norðanverðri Evrópu beinst mjög að því að fjölga áfangastöðum fyrir erlenda ferðamenn. Ástæðan er einkum sú að ferðamálayfirvöld í hverju landi telja sig ekki geta aukið ferðamannastraum til landsins, og þar með tekjur af ferðaþjónustu, nema með því að dreifa ferðaþjónustunni eins vel um landið og kostur er. Það eykur ekki eingöngu arðsemi í greininni og hámarkar afkastagetu hennar, heldur hefur það einnig í för með sér skipulagslegt hagræði, nýtir betur innviði samfélagsins og er að auki umhverfisvænt. Ágæt dæmi í þessa veru eru markaðsverkefni sem ferðamálayfirvöld í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafa ráðist í á síðustu árum og áratugum: Norsk stjórnvöld hafa varið 120 milljónum íslenskra króna á ári í sex ár samfellt til að laða erlenda ferðamenn til Bergen á vesturströnd landsins, en þar er millilandaflugvöllur sem hefur lítið verið notaður sem slíkur um langt árabil. Þetta átak Norðmanna, sem ber nafnið Innovation Norway, hefur meðal annars verið fólgið í því að greiða auglýsingar fyrir evrópsk flugfélög í Bandaríkjunum, þar á meðal Icelandair, svo þau geti flutt þaðan ferðamenn beint á nýjan áfangastað í Noregi; stað sem státar af háum hömrum til klifurs og þröngum fjörðum til siglinga. Sænsk stjórnvöld hafa að sama skapi greitt fyrir auknum ferðamannastraumi til námubæjarins Kiruna í norðurhluta landsins, en þar búa um 35 þúsund manns. Gulrótin þar er að gista á eina íshótelinu sem til er í heiminum, en að öðru leyti eru ferðaþjónustutilboð á svæðinu tiltölulega fábreytt. Finnsk stjórnvöld eru hér engir eftirbátar, því með margra ára markvissu markaðsstarfi hefur þeim tekist að gera bæinn Rovaniemi í norðanverðu landinu að lögheimili jólasveinsins en ekki færri en 600 þúsund útlendingar leggja nú árlega leið sína til þessa vetrarferðabæjar þar sem, vel að merkja, álíka margir búa og á norðaustanverðu Ísland. Rovaniemi-sagan er reyndar eitt þekktasta dæmið um markaðssetningu flugvallar á jaðarsvæði sem hefur borið árangur og hefur vísað öðrum veginn við að lengja ferðamannatímann, sem í tilviki ferðaþjónustu á jaðarsvæðum er fundið fé. Sagan frá Rovaniemi er ekki síst athyglisverð í ljósi þess að áhugi ferðamanna á því að heimsækja heimkynni jólasveinsins hefur farið vaxandi á aðventu – einum erfiðasta ferðamannatímanum, sem fyrir vikið er nú orðinn að háannatíma ferðaþjónustunnar á svæðinu.

3. Misjafnt ferðamynstur á landinu.

Ferðaþjónusta á Íslandi er í mótun. Greinin þekkir enn ekki öll sín sóknarfæri. Ljóst er þó að áhersla á vetrarferðamennsku skiptir hana sköpum. Á sama hátt og betri dreifing ferðamanna um landið er greininni lífsnauðsynleg, er dreifing þjónustunnar yfir allt árið einn þeirra meginþátta sem tryggir hana í sessi sem fullburða og arðbæra atvinnugrein. Áhersla á vetrarferðamennsku á Íslandi hefur verið ofarlega á baugi í íslenskri ferðaþjónustu um langt skeið og má í reynd rekja hana aftur til þess að forráðamenn stærsta flugfélags Íslands, Icelandair, tóku upp nýtt leiðakerfi í kringum 1990. Áhrifin eru augljós á suðvestanverðu

landinu. Magnús Oddsson, fyrrverandi ferðamálastjóri, hefur bent á það í skrifum sínum að á árinu 1990 komu yfir 60% erlendra gesta yfir sumartímann og innan við 40% aðra mánuði ársins – og er hér átt við flugtölur um Keflavíkurflugvöll. Eftir mikla vinnu hafi það markmið loksins náðst um 1997 að hingað til lands hafi fleiri erlendir ferðamenn komið utan hefðbundins háannatíma í greininni en yfir sumarmánuðina. Og Magnús bendir enn fremur á að 10 árum síðar, árið 2007, hafi 46% gestanna komið yfir sumarmánuðina, en 54% utan þeirra. Til samanburðar megi nefna Finnland sem hafi unnið gífurlega mikið og lengi að jöfnun ferðaálags. Þar sé nú svo komið að um 40% gestanna komi yfir sumarmánuðina en 60% utan þeirra.

Rétt er að benda sérstaklega á að þessar tölur eiga við um suðvesturhorn landsins og sýna ferðamynstur þess ferðafólks sem notar flugvöllinn í Keflavík. Sveiflan er miklu mun sterkari úti á landi, enda nýtur það svæði ekki beins millilandsflugs að vetri til nema í algerum undantekningatilvikum og nýtur raunar heldur ekki sömu aðstoðar stjórnvalda og flug um Keflavík. Hér munar miklu: Álag af völdum erlendra ferðamanna dreifist orðið nokkuð jafnt yfir árið í þeim landshlutum sem liggja næst Keflavíkurflugvelli en hlutföllin eru allt önnur á þeim svæðum sem liggja fjærst honum. Úti á landi koma 80% ferðamanna að sumri en aðeins 20% að vetri. Þar er því gríðarlega mikið verk að vinna, ekki síst hvað varðar vor- og hausttímann, sem samkvæmt gagnaöflun er vannýttasti ferðamannatíminn um allt land og þessi þingsályktunartillaga er liður í þeirri vinnu.

Áhersla á vetrarferðamennsku hefur verið sérstakt markmið ferðamálaáætlunar stjórnvalda frá árinu 1996 og ljóst er að þótt mikilsverður árangur hafi náðst í því að dreifa erlendum gestum betur yfir árið hér á suðvestanverðu landinu, er enn hægt að gera miklu betur. Markmiðið hlýtur að vera að ekki færri en 70% ferðamanna komi hingað til lands að hausti, vetri og vori, enda fengist með því besta hugsanlega nýting á þeirri fjárfestingu sem þegar hefur orðið í greininni. Þegar þessi aukna dreifing ferðamanna yfir árið fer saman við betri dreifingu ferðamanna um landið næst fram hámarksafkastageta greinarinnar og er þar komið að meginröksemdinni fyrir því að þessi þingsályktunartillaga er lögð fram, en hún er í anda nýrrar ferðamálaáætlunar og á að styðja við hana.

4. Vöxtur ferðaþjónustu á Íslandi.

Flestar ef ekki allar tölur og rannsóknir benda til þess að það sé á vísan að róa í ferðaþjónustu í heiminum. Vöxtur í greininni er og hefur verið mikill. Í nýrri skýrslu um millilandaflug frá Akureyri, sem Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens hjá Rannsóknarmiðstöð ferðamála hafa unnið, kemur fram að einkavæðing þjóðarflugfélaga og almenn markaðsvæðing á síðustu árum hafi gert það að verkum að flugleiðum hafi fjölgað mjög mikið. Á sama tíma hafi ný flugfélög, sem keppist um að ná til sín fleiri viðskiptavinum, sprottið upp um allt. Þó að eitthvað megi búast við samþjöppun og hagræðingu í flugrekstri á næstu árum eru nú í Evrópu um 2.100 flugvellir opnir fyrir farþegaumferð og enda þótt rúmur helmingur af allri umferð innan álfunnar fari um 35 stærstu vellina, hefur markaðssetning og keppni þessara valla um flugfélög og farþega aldrei verið harðari. Það er því ekki að undra að Alþjóðasamtök flugfélaga spá viðvarandi vexti í flugrekstri á næstu árum, um nærri 7% á hverju ári. Samtökin fullyrða að flugvellir verði í lykilstöðu til að auka hagvöxt þjóða á 21. öldinni „ekki aðeins sem hlið inn á tiltekna staði, heldur og sem hvatar efnahagslífs og samfélagsþróunar," eins og segir í skýrslu þeirra um flugrekstur á næstu áratugum.

Engin ástæða er til að ætla annað en að sami vaxtarkippur verði í ferðaþjónustu hér á landi á næstu árum og spáð er annars staðar í heiminum. Saga síðustu áratuga vísar þar veginn.

Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi hefur fimmfaldast á síðusta fjórðungi aldar og eins og sjá má á meðfylgjandi töflu eru stökkin stór:

Þróun í fjölda erlendra ferðamanna 1985–2010.

1985	100.000
1993	150.000
1996	200.000
1998	250.000
2000	300.000
2004	350.000
2005	400.000
2006	450.000
2008	500.000
2010	500.000

Ferðamálastofa hefur spáð 8,3% árlegri fjölgun ferðamanna hér og er það í samræmi við vöxt greinarinnar á síðustu árum. Miðað við þessa framtíðarspá Ferðamálastofu má því gera ráð fyrir 1,2 milljónum ferðamanna til Íslands árið 2020. Því blasir við sú spurning hvort vinsælustu ferðamannasvæði á landinu anni þessum gríðarlega fjölda ferðamanna. Edward H. Huijbens, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála, veltir þessari áleitnu spurningu fyrir sér í grein sem hann sendi frá sér haustið 2010, en þar segir hann: „Við sjáum á einstökum stöðum hvernig traðk og mikill fjöldi ferðafólks er byrjaður að spilla ásýnd, t.d við Gullfoss og Goðafoss, en báðir hafa prýtt forsíður landkynningarbæklings Ferðamálastofu. Rusl og frárennsli eru orðin meiri háttar mál á mörgum stöðum og á Hveravöllum kláraðist drykkjarhæft vatn í sumar. Hvernig bregst náttúra landsins við auknum ágangi ferðafólks, hvar þolir hún ágang og hvar ekki? Sem dæmi má spyrja hvort það hafi verið skynsamlegt að gefa út bók sem gefur upp hvar flestar heitar laugar eru á landinu. Er búið að kanna hvort nægilega streymi í gegnum þær til að þær hreinsi sig við aukið álag, líkt og kröfur eru um í heitapottum landsmanna? Hvað þola einstakir staðir einfaldlega af ágangi og hvað þarf að gera til að bregðast við?“

Við þessum spurningum Edwards liggja ekki mörg svör, önnur en þau helst að reyna að dreifa álagi ferðafólks betur um árið – og landið. Í því sambandi er eðlilegt að horfa til þess svæðis á landinu, sem næst á eftir suðvestanverðu landinu, á auðveldast með að taka á móti miklum og auknum fjölda ferðafólks. Hér er átt við Eyjafjarðarsvæðið en jafnt á svæðinu sjálfu og beggja vegna við það er að finna margar helstu náttúruperlur landsins. Önnur skilyrði til mikils vaxtar í ferðaþjónustu er einnig til staðar, svo sem gistiaðstaða fyrir 2900 manns (gildir um Norðurland), en framboð af veitinga- og gistihúsum (hótelum) á svæðinu eykst með hverju árinu; bara á Akureyri eru að bætast við 700 gistipláss um þessar mundir. Á svæðinu er góður millilandaflugvöllur, sterk innri samfélagsgerð og afar fjölþættir og þróaðir ferða- og afþreyingarmöguleikar, jafnt að sumri sem vetri til, en ljóst er að margir þeirra eru vannýttir mestan hluta ársins.

5. Ferðamynstur og ferðahegðun.

Undanfarin missiri hafa ferðamálafrömuðir á Norðurlandi beitt sér í auknum mæli fyrir markaðssetningu Akureyrarflugvallar fyrir erlend flugfélög, svo að ferðaþjónusta á Norðurlandi geti dafnað og fest sig betur í sessi en verið hefur á síðustu áratugum. Það er eftir miklu að slægjast. Í áðurnefndri skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála kemur fram að gestir sem komu með beinu flugi um Akureyravöll eyddu að meðaltali rúmum 29.000 kr. á sólarhring. Ef tekið er mið af meðaldvalarlengd og meðalferðahóp má draga þá ályktun að meðal-

ferðalangur á ferð með vísitölufjölskyldu eyði rúmum 221.000 kr. ef aðeins er dvalið á Norðurlandi en um 265.000 kr. ef allt landið er undir. Hér safnast þegar saman kemur: Svipaðar rannsóknir benda til þess að ein farþegaþota með 160 farþega sem dvelja í eina viku á Norðurlandi skili 35–38 millj. kr. eftir í landinu. Og enn má fara með tölur, ef aðeins er horft til Húsavíkur er talið að velta í bænum í tengslum við ferðaþjónustu sé um 2 milljarðar kr. á ári.

Augljóst er af svörum þeirra erlendu ferðamanna sem flugu beint til Akureyrar sumarið 2009 og 2010 að margir þeirra eru ekki síður spenntir að koma til þessa landshluta á öðrum árstíðum en yfir hásumarið. Í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála segir orðrétt um þetta efni: „Þegar spurt var hvort farþegarnir hefðu áhuga á að heimsækja Norðurland á öðrum árstíma en sumri kom í ljós að flestir höfðu áhuga á því. Í ljós kom að 42% höfðu áhuga á að koma að vetri, 41% svarenda hafði áhuga á að koma að vori og 37% að hausti. Tæplega 32% svarenda höfðu ekki áhuga á að koma aftur á Norðurland á öðrum árstíma.“

Þessi áhugi erlendu ferðamannana á vetrarferðamennsku á Íslandi kemur ekki á óvart, enda mælist mikil ánægja þeirra með sumarferðir um landið. Nær allir, eða 93% útlendinganna, meta heildarupplifun sína sem frábæra eða yfir meðallagi, samkvæmt könnun sem gerð var meðal þeirra og birt er í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála. Einungis 7% töldu upplifun sína vera í meðallagi og 0,3% undir meðallagi. Enginn mat upplifun sína af Norðurlandi slæma.

Áberandi er af svörum þessara ferðalanga að þeir eru einkum og sér í lagi komnir til Íslands til að upplifa náttúruna og það er auðvitað hægt jafnt að vetri sem sumri. Ferðamynstrið er annars áberandi: „Þeir staðir sem standa uppúr af þeim sem fólk heimsækir eru austan Eyjafjarðar í Mývatnssveit og Þingeyjarsýslum,“ segir í skýrslunni og ennfremur: „Hvað varðar sérstöðu Norðurlands er kemur að náttúru má ráða að fossarnir Goðafoss og Dettifoss skapa sérstöðu ásamt náttúrufari Mývatnssveitar.“ Og þegar möguleikar til afþreyingar eru skoðaðir sérstaklega kemur í ljós að þar er af nógu að taka; ferðir í sundlaugar eða jarðböð eru vinsælasta afþreyingin, en 72% höfðu nýtt sér þann möguleika. Hvalaskoðun kemur þar á eftir með 53%, áhugi á söfnum mælist 37%, gönguferðir með leiðsögn hrífa 33%, hestaferðir 32%, fuglaskoðun 29%, ýmiss konar hátíðir 14%, jeppaferðir 13% og sjóstangaveiði 9%. Taflan yfir vinsælustu ferðamannastaði þeirra erlendu ferðamanna sem fljúga beint til Akureyrar er annars merkileg:

Vinsælustu áfangastaðir erlendra ferðamanna sem fljúga beint til Akureyrar.

Akureyri	100%
Mývatn	75%
Goðafoss	63%
Húsavík	57%
Dettifoss	33%
Krafla	33%
Dalvík	27%
Ásbyrgi	19%
Grenivík	14%
Sauðárkrókur	12%
Bakkagerði	11%
Ólafsfjörður	11%
Hrísey	11%
Hofsós	11%
Hauganes	11%

Það sem vekur sérstaka athygli rannsakenda er að þeir sem koma með flugi til Akureyrar fara margir hverjir, eða 48%, ekkert út fyrir Norðurland, og ef einhverjir aðrir landshlutar eru sóttir heim þá er það einna helst Austurland. Almennt má þó ljóst vera af þessari rannsókn, sem og öðrum sambærilegum, að fólk dvelur á og skoðar þá landshluta sem eru næst flugvelli. Ályktun rannsakenda er því þessi: „Svo virðist sem fólk sé töluvert bundið nærsvæði flugvallar og rennir það stoðum undir þær hugmyndir að hægt sé að búa til nýjan áfangastað á Íslandi á Norður- og Austurlandi með beinu flugi.“

6. Staða millilandaflugs um Akureyrarflugvöll.

Millilandaflug um Akureyrarflugvöll hefur ekki náð að festa sig í sessi á undanliðnum árum og áratugum. Skýringar eru margar en þær helstar að fjármagn, jafnt opinbert sem frá einkaaðilum, hefur tilfinnanlega skort til markaðssetningar á flugvellinum á erlendri grundu. Þá má og skrifa það á reikning stjórnvalda og forkólfa í ferðaþjónustu að nýir áfangastaðir í þjónustu við erlenda ferðamenn á Íslandi, aðrir en Keflavík, hafa lítt eða ekki verið skoðaðir af alvöru; áhersla við opinbert kynningarátak fyrir ferðaþjónustu hefur svo að segja öll miðað að því að efla flug um Keflavíkurflugvöll.

Enda þótt umtalsverð fjölgun hafi orðið á komum erlendra ferðamanna til Akureyrarflugvallar á undanliðnum árum, en nærri lætur að farþegum hafi fjölgað að meðaltali um 60% á síðustu 11 árum, hafa töluverðar sveiflur verið í fjölda farþega í millilandaflugi á þessari leið. Eins og fram kemur í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála, sem hér hefur gjarnan verið vitnað til, er að mestu leyti hægt að skýra sveiflurnar út frá framboði millilandaflugs á tímabilinu sem hefur verið nokkuð stopult. Árið 2003 fjölgaði millilandafarþegum um rúmlega 380% frá árinu á undan, en það ár bauð Air Greenland upp á áætlunarflug milli Akureyrar og Kaupmannahafnar. Árið þar á eftir fækkaði farþegum aftur, en svo jókst umferðin mikið þegar Iceland Express hóf áætlunarflug sumarið 2006. Í kjölfar kreppunnar, heima og erlendis, og hinnar almennu fækkunar flugfarþega í heiminum af hennar völdum, fækkaði mikið í millilandaflugi um Akureyrarvöll 2009. Hefði líklegast svo haldist ef ekki hefði verið fyrir gosið í Eyjafjallajökli vorið eftir. Vegna gossins hafa aldrei farið jafn margir farþegar um flugvöllinn í millilandaflugi og árið 2010, eða tæplega 16.000 farþegar, en á þeim tíma kom reyndar í ljós að Akureyrarflugvöllur á í erfiðleikum með að rísa undir nafni sem varaflugvöllur á landinu, sakir þrengsla á flughlaði og í flughöfn.

Fullljóst er hins vegar að Akureyrarflugvöllur ræður við töluverða fjölgun flugfarþega frá því sem nú er í eðlilegu árferði. Að sögn Sigurðar Hermannssonar, umdæmisstjóra ISAVIA á Norðurlandi, er talið að miðað við núverandi aðstæður geti völlurinn annað 5–7 meðalstórum farþegaþotum í viku hverri, án aukins tilkostnaðar. Í þessu efni er rétt að geta þess að árið 2009 lauk umtalsverðum endurbótum á vellinum, en þær kostuðu ríkissjóð 1,7 milljarð kr. Auk uppsetningar á nýjum og fullkomnum aðflugsljósabúnaði var völlurinn lengdur um 460 metra og er flugtakslengd hans nú allt að 2.550 metrar, sem þýðir að um völlinn geta farið allar helstu farþegaþotur sem nú eru í notkun í heiminum. Rétt er að taka fram að það aukna millilandaflug sem hér er nefnt mundi vitanlega þrengja að því mikla innanlandsflugi sem nú fer um völlinn og því væri mikilvægt að stýra flugtímum eins og frekast er kostur til að nýta mannvirki og mannskap á sem hagkvæmastan hátt. Deiliskipulag og teikning að stækkun flugstöðvar og flughlaða norðan núverandi aðalbyggingar á vellinum liggur fyrir, en það verk hefur tafist vegna erfiðleika við fjármögnun eins og margar aðrar samgönguframkvæmdir á síðustu árum. Áætlaður kostnaður við stækkun stöðvar og hlaðs er um 1 milljarður kr.

Verði þingsályktunartillaga þessi samþykkt er eðlilegt að horft verði til þess að flýta þeim framkvæmdum á Akureyrarflugvelli sem að framan greinir, enda er ljóst að þær miklu annir sem nú eru í innanlandsflugi á staðnum setja hömlur á vöxt í millilandaflugi. Rétt er í þessu efni að benda á að meðalvöxtur í innanlandsflugi á síðustu 40 árum hefur numið 3%, þrátt fyrir miklar vegabætur og fækkun áfangastaða úr liðlega 30 í 10 á sama tímabili – og aukningin er langmest um Akureyrarflugvöll.

7. Nýir markhópar.

Góður millilandaflugvöllur er ekki aðdráttarafl í sjálfu sér. Hann er vissulega mikilvægt tæki í ferðaþjónustu, en meira þarf til. Eins og segir í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála er „varasamt að líta á flugvöll sem allsherjarlausn ferðaþjónustu, þrátt fyrir að hann geti annað alþjóðlegri flugumferð. Önnur umgjörð ferðaþjónustunnar; nauðsynleg grunngerð og þjónusta þarf líka að vera til staðar. Þannig er flugvöllurinn ekki hin eiginlega „ferðaþjónustuvara“ (e. tourism product) heldur hluti hennar, þar sem flugvöllur er hlið áfangastaðarins. Ferðaþjónustuvaran er ákveðin heild gæða, vöru og þjónustu sem er í boði á áfangastað, þar með talið flugvöllurinn.“

Í þessu átaki, sem hér er gerð grein fyrir, er rétt að leita nýrra sóknarfæra. Nýir áfangastaðir kalla á nýja markhópa. Í nýlegri samantekt Ásbjörns Björgvinssonar, framkvæmdastjóra Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi, segir að samráðshópur um millialandaflug til Akureyrar hafi kannað ýmsa kosti sem lúta að markaðssetningu á reglubundnu flugi í Danmörku og Svíþjóð, auk Bretlands. Komið hafi í ljós að um 600 þúsund Danir séu í skíðaklúbbum, en stór hluti þess hóps ferðist til Norður-Svíþjóðar til að komast á skíði yfir vetrartímann. Um 1,5 milljónir Breta fari í skíðaferðir, ýmist til Bandaríkjanna eða Kanada og í Alpana, en einnig í auknum mæli til Noregs og Svíþjóðar. Einnig segir í samantekt Ásbjörns að í Evrópu séu um 80 þúsund félagar í samtökum sem tengjast íslenska hestinum og þar liggi mikil tækifæri utan háannar, svo sem í ísútreiðum, skoðunarferðum til ræktenda og söguferðum á slóðir íslenska hestsins hérlendis. Þá beri einnig að hafa í huga að sjóstangaveiðar og strandveiðar með stöng njóti sífellt meiri vinsælda, sem og köfunarferðir og alls kyns ævintýraferðir; þar á meðal ísklifur, fjallaskíði, fjallahjól og fjallgöngur hvers konar. Í samantektinni segir loks að enda þótt Ísland sé ekki augljósasti kostur evrópskra kylfinga sé þar einnig eftir miklu að slægjast, um 145 þúsund kylfingar séu virkir meðlimir í golfklúbbum í kring um Kastrup-flugvöll en á þeim slóðum, og reyndar á Bretlandi líka, sé áhugi á svokölluðu Exotic Golfi alltaf að aukast – og þar sé Ísland áhugaverður kostur.

Í þessu sambandi er einnig vert að minna á að á Vestnorden ferðakaupstefnunni sem haldin var á Akureyri í september 2010 kom enn frekar í ljós að sívaxandi áhugi er hjá erlendum ferðaskrifstofum á að koma að sölu og kynningu á millilandafluginu til Akureyrar, ekki síst eftir að Iceland Express tilkynnti um nýja flugleið sumarið 2010 á milli London Gatwick og Akureyrar. Smyril Line hefur einnig sýnt þessari nýju flugleið mikinn áhuga vegna nýrra ferðamöguleika sem millilandaflugið til Akureyrar skapar, en hann felst í því að bjóða siglingu aðra leið og flug til/eða frá Akureyri hina leiðina.

8. Kostnaður og verktími.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ríkið leggi til samtals 75 millj. kr. á árunum 2012, 2013 og 2014 svo að hefja megi sérstakt átak til að festa millilandaflug um Akureyrarflugvöll í sessi og auka þar með tækifæri ferðaþjónustunnar á svæðinu, ekki síst með það í huga að dreifa ferðamannaálaginu um landið og lengja ferðamannatímann og horfa þar sérstaklega til vetrarferða útlendinga. Lagt er til að átakið verði sjálfstætt samvinnuverk-

efni Íslandsstofu, ISAVIA og Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi með beinum stuðningi innanríkisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis, sem fara með málefni samgangna og ferðamála. Megináhersla átaksins verði að markaðsetja nýjan áfangastað á Íslandi fyrir erlenda ferðasala og flugrekendur, auk þess að tengja saman helstu hagsmunahópa á heimasvæðinu, svo sem yfirvöld samgöngumála og sveitarstjórna, stjórnendur í ferðaþjónustu, menningarlífi og matargerð, svo og markaðsfólk og rannsakendur í greininni. Verkið verði unnið af hópi fagfólks sem fulltrúar Íslandsstofu, ISAVIA og Markaðsstofa ferðamála á Norðurlandi ráða til verksins í ljósi nákvæmrar verkáætlunar og verklýsingar sem þessir aðilar hafa komið sér saman um. Þess verði sérstaklega gætt að átakið verði unnið í sem mestri og bestri samvinnu við heimamenn og verði að meginstöðu vistað á Norðurlandi.

Eitt af megin markmiðum þessa nýsköpunarátaks í ferðamálum verður að kortleggja auðlindir ferðaþjónustunnar á Norðurlandi og austur á firði, byggja upp öflug tengslanet með lykilhagsmunaaðilum í ferðaþjónustu og sníða loks sjálfa ferðavöruna að viðskiptamódeli flugrekstraraðila. Lagt er til að sérstaklega verði hugað að því að bjóða upp á hvatakerfi til að laða að erlend flugfélög til Norðurlands, svo sem gert hefur verið við markaðsátak sambærilegra flugvalla á jaðarsvæðum í grannlöndum Íslands. Flestir þessara flugvalla bjóða upp á hvatakerfi (e. incentive programme) eða upphafsaðstoð (e. start up aid) sem felur í sér að þau flugfélög sem hefja flug á nýjar flugleiðir gangi inn í verkefni til tveggja til þriggja ára að uppfylltum ákveðnum skilmálum.

Markaðssetning flugvalla á Íslandi hefur hingað til verið af skornum skammti, eins og fram kemur í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála. Þar segir að Keflavíkurflugvöllur sé sá flugvöllur sem er talinn vera kominn lengst í markaðssetningu íslenskra flugvalla. Í febrúar 2009 hafi iðnaðarráðherra sett á laggirnar starfshóp til að móta aðkomu ferðamennskunnar að markaðssetningu Keflavíkurflugvallar, þar sem talið væri að íslensk ferðaþjónusta þyrfti að koma sterkar að markaðssetningu flugvallarins. Tæpum fimm mánuðum eftir að hópurinn hafi verið skipaður hafi honum verið tilkynnt að jafnframt ætti að huga að öðrum flugvöllum á Íslandi í þessu sambandi. Því er á þetta minnst að þingsályktunin sem hér er gerð tillaga um getur verið liður í þessari úttekt.

9. Þáttur sóknaráætlunar 20/20.

Þingsályktunartillaga þessi, sem hér er gerð grein fyrir, er sett fram í anda sóknaráætlunar 20/20 sem stjórnvöld standa að, en einkunnarorð hennar eru þekking, sjálfbærni og velferð. Í sóknaráætluninni eru helstu vaxtargreinar íslensks atvinnulífs skilgreindar. Þar er sagt að vöxtur í íslensku atvinnulífi þurfi að vera grænn, snjall og ná til margra þátta atvinnulífsins. Í áætluninni segir að ferðaþjónusta teljist hiklaust til helstu vaxtargreina framtíðarinnar á Íslandi og mikilvægt sé að nýsköpun á því sviði verði stutt „með myndun klasa þar sem tækifæri er fyrir hendi til ábyrgs vaxtar.“ Áhersla er lögð á tímabundinn stuðning við vaxtargreinar, þær eigi að njóta sérstaks stuðnings í rannsóknum og þróun, menntun og endurmenntun, fjárfestingum í innviðum og grunngerð samfélagsins og stuðningi við markaðssetningu Íslands.

Í sóknaráaætluninni er sérstaklega vikið að umhverfismálum ferðaþjónustu og lagt til að framkvæmdasjóður ferðaþjónustu, þjóðgarða og friðlýstra svæða verði stofnaður með innheimtu ferðamannagjalds. Sjóðurinn renni til fjárfestinga í innviðum til að tryggja að vöxtur í ferðaþjónustu og heimsóknir í þjóðgarða og friðlýst svæði valdi ekki röskun eða spjöllum.

Þá er einnig sérstaklega vikið að vaxtarsamningi um ferðaþjónustu í sóknaráætlun 20/20. Þar er sagt að unninn verði samningur byggður á sameiginlegri sýn á vöxt í ferðaþjónustu næstu 10 ár. Hann feli í sér markmið um sameiginlega markaðssetningu, lengingu ferða-

mannatímans, nauðsynlega uppbyggingu innviða, gæðastarf og aðra þætti sem mikilvægt er að huga að til að tryggja öruggan, ábyrgan og farsælan vöxt þessarar mikilvægu greinar. Menningar-, heilsu-, lífsstíls- og vetrarferðir verði hér áhersluatriði. Sérstaklega verði hugað að því að efla rannsóknir og gagnaöflun til að styðja við vöxt og verðmætasköpun í greininni. Loks segir um þennan vaxtarsamning um ferðaþjónustu að að samningnum og fjármögnun hans komi samtök og fyrirtæki í ferðaþjónustu ásamt stjórnvöldum og fulltrúum sveitarfélaga, en ábyrgð á samningnum verði á herðum iðnaðarráðuneytisins.

Af þessu má fullljóst vera að þingsályktunartillaga þessi er í fullu samræmi við stefnu stjórnvalda í atvinnumálum og þeirri stefnumörkun sem sett hefur verið fram um íslenskt samfélag á næstu árum undir heitinu Sóknaráætlun 20/20.

10. Markaðsátak víðar úti á landi.

Nái þingsályktunartillaga þessi fram að ganga og verði reynslan af framkvæmd hennar góð og til farsældar fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi, er fyllsta ástæða til að huga að sams konar opinberu átaki fyrir Austurland, en þar er einn þriggja varaflugvalla landsins að finna (hinir eru í Reykjavík og á Akureyri). Þar á eftir er svo eðlilegt að horfa til Vestfjarða og tryggja þannig til lengdar bestu hugsanlegu dreifingu erlends ferðafólks um landið, á öllum tímum ársins.

11. Samantekt.

Verkefni: Nýsköpunarátak í ferðaþjónustu á Norðurlandi.
Kostnaður: 75 milljónir króna.
Fjöldi stöðugilda: 4–6.
Verktími: 2012, 2013, 2014.
Verkumsjón: Íslandsstofa, ISAVIA og Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi.
Ráðgjöf: Rannsóknarmiðstöð ferðamála.
Eftirlit: Ferðamálastofa / Ríkisendurskoðun.
Ábyrgð: Iðnaðarráðuneytið og innanríkisráðuneytið.

1212. Frumvarp til laga [693. mál]

um breytingu á lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Valgerður Bjarnadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson,
Helgi Hjörvar, Magnús Orri Schram, Margrét Tryggvadóttir, Mörður Árnason,
Oddný G. Harðardóttir, Róbert Marshall, Skúli Helgason,
Þór Saari, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

2. mgr. 62. gr. laganna hljóðar svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar bókstaf þess lista, eða nafn eða nöfn þeirra frambjóðenda af listum, sem hann vill kjósa, allt upp í tvöfalda tölu þingmanna í viðkomandi kjördæmi.

2. gr.

82. gr. laganna hljóðar svo:

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann markar með ritblýi kross í ferning fyrir framan bókstaf lista á kjörseðlinum eða setur kross fyrir framan eitt nafn eða fleiri á framboðslista eða listum, allt upp í tvöfalda tölu þingmanna í viðkomandi kjördæmi.

Hver kjósandi hefur eitt atkvæði. Skipti hann atkvæði sínu á fleiri en einn frambjóðanda, hljóta þeir sama brot atkvæðis.

3. gr.

B- og c-liðir 100. gr. laganna orðast svo:

b. ef hvorki verður séð við hvern lista er merkt eða hverja frambjóðendur merkt er við eða ef ekki verður séð með vissu hvort það sem stendur á utankjörfundarseðli getur átt við nokkurn af listum sem í kjöri eru eða nokkurn eða nokkurra af frambjóðendum,
c. ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn eða skrifaðir fleiri en einn listabókstafur á utankjörfundarseðil enda sé ekki merkt við neina frambjóðendur.

4. gr.

1. mgr. 105. gr. laganna orðast svo:

Í kjördæmi skal telja atkvæði framboðslista með eftirfarandi hætti:

1. Fyrst skal telja þá kjörseðla, þar sem merkt er við listabókstaf, en engar merkingar gerðar við einstaka frambjóðendur.
2. Þá skal telja þá kjörseðla þar sem merkt hefur verið við einstaka frambjóðendur hvort sem auk þess hefur verið merkt við lista eða ekki. Á hverjum þessara kjörseðla skal telja saman atkvæði eða atkvæðisbrot greidd einstökum frambjóðendum á sama lista, sbr. 2. mgr. 82. gr.
3. Atkvæðatala lista er samtala atkvæða eða atkvæðisbrota greidd listanum skv. 1. og 2. tölul.

5. gr.

110. gr. laganna orðast svo:

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista, skal landskjörstjórn reikna frambjóðendunum atkvæðatölu á eftirfarandi hátt:

1. Ákvarða skal röðunartölu hvers lista og er hún tvöföld tala þeirra sæta er komu í hlut listans samkvæmt kosningaúrslitum, sbr. 107. og 108. gr.
2. Skipta skal atkvæði óbreytts kjörseðils, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 105. gr., milli efstu manna viðkomandi lista, jafnmargra og nemur röðunartölu listans, eins og greinir í 3. og 4. tölul.
3. Frambjóðandi sem skipar 1. sæti á óbreyttum kjörseðli, sbr. 2. tölul., fær eina hlutdeild í atkvæðinu. Sá í 2. sæti fær það brot úr atkvæðishlutdeild að í nefnara sé röðunartala en í teljara sú tala að frádregnum einum. Síðan lækkar teljarinn um einn við hvert sæti. Atkvæðinu skal síðan skipt á milli þeirra sem tilgreindir eru í 2. tölul. í hlutfalli við atkvæðishlutdeildirnar.
4. Leggja skal saman persónuleg atkvæði eða atkvæðisbrot hvers frambjóðanda, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 105. gr. Við þá útkomutölu skulu lögð atkvæði frambjóðandans skv. 2. tölul. Útkoman er atkvæðatala frambjóðandans.

Sá frambjóðandi á hverjum lista, sem fær hæsta atkvæðatölu skv. 1. mgr., hlýtur 1. sæti listans. Sá frambjóðandi, sem fær næsthæsta atkvæðatölu, hlýtur 2. sætið og þannig koll af

kolli uns lokið er úthlutun þingsæta svo og sæta varamanna. Nú fá tveir eða fleiri frambjóðendur jafnháa atkvæðatölu og skal þá hluta um röð þeirra á listanum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til að kosningalögum verði svo breytt að kjósandi eigi þrjá möguleika á því hvernig hann nýtir atkvæði sitt í kjörklefanum: 1) að merkja við listabókstaf, enda fellir hann sig þá við þá röð, sem fram hefur verið sett á röðuðum lista; 2) að merkja við einn frambjóðanda, og nýtist þá atkvæðið þeim lista, sem frambjóðandinn sem atkvæðið hlýtur á sæti á; og 3) að kjósandi eigi rétt á að skipta atkvæði sínu á svo marga frambjóðendur sem fjöldi þingmanna í viðkomandi kjördæmi segir til um og *geti hann þá kosið einstaklinga af hvaða lista sem vera skal*. Kjósi menn með þeirri aðferð skiptast atkvæði milli lista í þeim hlutföllum, sem kjósandi hefur ákveðið.

Setjum svo að atkvæði greidd lista skiptist þannig að 3.000 séu greidd listanum einum, en ekki merkt við frambjóðendur, en 3.300 atkvæði hafi verið greidd frambjóðendum listans persónulega. Samtalan er 6.300 atkvæði sem ráða því hversu mörg þingsæti listinn hlýtur. Niðurstaða gæti verið að hún gæfi tvö þingsæti. Þrjú þúsund atkvæði greidd listanum skiptust sem persónuleg atkvæði á hina fjóra efstu menn listans samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þeir hinir sömu gætu hafa fengið einhver hinna 3.300 persónulegu atkvæða að auki. Hafi hins vegar frambjóðandi neðar á listanum fengið fleiri persónuleg atkvæði en samanlögð atkvæði einhvers þessara fjögurra efstu þá flyst hann ofar og gæti hreppt þingsæti. Sjá eftirfarandi dæmi:

Dæmi I.

X **Listi A**	**Listi B**	**Listi C**	**Listi D**	**Listi F**
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn

Hér er um að ræða ímyndað kjördæmi sem hefur fimm þingmenn, í kjördæmis- og jöfnunarsætum. Kjósandinn hefur kosið lista A og þar með fellt sig við röðun hans. Atkvæði kjósandans kemur til með að skiptast á milli þeirra efstu manna listans jafmargra og nemur tölu þingsæta og varaþingsæta listans. Skipting atkvæðisins fer í grundavallaratriðum eftir sömu reglu og í gildandi lögum en einungis hvað þessa óbreyttu kjörseðla varðar.

Dæmi II.

Listi A	Listi B	Listi C	Listi D	Listi F
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	X Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn

Hér hefur kjósandi kosið einstakling á lista. Sá eða sú hlýtur þá heilt atkvæði, og jafnframt hlýtur B-listi þetta atkvæði.

Dæmi III.

Listi A	Listi B	Listi C	Listi D	Listi F
Nafn	Nafn	X Nafn	X Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	X Nafn	Nafn
Nafn	X Nafn	Nafn	Nafn	X Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	X Nafn	Nafn	X Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	X Nafn	Nafn
X Nafn	Nafn	X Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
Nafn	Nafn	Nafn	Nafn	Nafn
0,1	**0,1**	**0,3**	**0,3**	**0,2**

Hér hefur kjósandi kosið að skipta atkvæði sínu í tíu staði, sem er hámark þar sem þingmenn kjördæmisins eru fimm; og ennfremur kosið að dreifa því milli lista. Listarnir hljóta þá þau brot úr atkvæði (í þessu tilfelli hljóta A, og B 1/10 hver eða samtals 2/10 og C og D 3/10 hver eða samtals 6/10 og loks fær F 2/10 eða samtals 10/10 = 1) og kjósandi hefur jafnframt kosið tíu einstaklinga.

Þessi tillaga er einungis um kosninga- og talningaraðferðina og hefur ekki önnur áhrif á kosningalöggjöfina.

Í máli innanríkisráðherra hefur komið fram að ekki mun verða lagt fram frumvarp um persónukjör á þessu þingi. Þingmenn hafa því ákveðið að leggja fram frumvarp þetta, sem er ólíkt stjórnarfrumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi að því leyti að með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir kjósendur geti valið frambjóðendur þvert á flokka.

Frumvarpið er í efnisatriðum samhljóða frumvarpi sem Vilmundur Gylfason flutti á Alþingi í febrúar 1983, eða fyrir rétt rúmum tuttugu og átta árum. Möguleikar kjósenda til að hafa áhrif í kjörklefanum hafa lítt sem ekkert aukist hér á landi frá því sem þá var.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Kosning utan kjörstaðar er löguð að þeirri almennu reglu sem verið er að leggja til.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að kjósandi geti merkt X við lista; við frambjóðanda á lista; eða við frambjóðendur á einum eða fleiri listum, allt upp í svo marga frambjóðendur sem fjöldi þingmanna og varaþingmanna í viðkomandi kjördæmi segir til um.

Um 3. gr.

Ákvæði um gilda seðla breytt til að rúma það sem leyfa á, að velja frambjóðendur og það af mörgum listum. Séu frambjóðendur valdir skiptir listamerking engu máli. Því er heldur ekki fett fingur út í það þótt merkt sé við lista ásamt frambjóðendum og það við fleiri en einn lista.

Um 4. gr.

Atkvæði eru tvenns konar: Annars vegar eru hrein listaatkvæði, þar sem kjósendur hafa ekki merkt við neina frambjóðendur. Listaatkvæðin skiptast á milli efstu frambjóðenda hvers lista með nánast sama hætti og í gildandi lögum. Hins vegar eru persónuleg atkvæði greidd einstökum frambjóðendum. Sé svo gert skiptist atkvæði kjósandans jafnt á milli þeirra frambjóðenda sem hann hefur merkt við.

Heildaratkvæðatala lista er fengin með því að leggja saman listaatkvæði hans og persónleg atkvæði greidd frambjóðendum listans.

Úthlutun þingsæta, jafnt kjördæmissæta sem og jöfnunarsæta, tekur mið af þessum atkvæðatölum. Þar breytir engu að atkvæðatölurnar eru e.t.v. ekki heiltölur.

Um 5. gr.

Atkvæði einstakra frambjóðenda eru sett saman úr persónulegum atkvæðum hvers og eins auk hlutdeildar í listaatkvæðum. Atkvæði greidd lista skiptast jafn á milli efstu manna listans, jafnmargra og nemur tvöfaldri þingsætatölu listans, það er tvöfaldri tölu kjördæmissæta og jöfnunarsæta.

Sætum lista er síðan útdeilt til frambjóðenda hans í þeirri röð sem ræðst af framangreindum atkvæðatölum frambjóðendanna.

1213. Skýrsla [694. mál]

fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. Inngangur

1.1. Formáli

Skýrsla þessi er unnin í fjármálaráðuneytinu og er tilgangur hennar að skjalfesta og gera grein fyrir aðgerðum íslenskra stjórnvalda vegna viðskiptabankanna þriggja á grundvelli

hinna svokölluðu neyðarlaga sem tóku gildi 7. október 2008.[1] Skýrslan tekur ekki til atburða sem urðu fyrir setningu nefndra laga, en um þau efni er vísað til skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis.[2] Þá tekur skýrslan ekki til aðgerða stjórnvalda vegna annarra fjármálafyrirtækja, nema að svo miklu leyti sem þær snerta bankana þrjá, en fjármálaráðherra hefur í hyggju að skila annarri skýrslu um aðgerðir vegna þeirra þegar endurreisn sparisjóðanna er lokið, en eðli málsins samkvæmt mun sú skýrsla aðallega fjalla um málefni sparisjóðanna.

Með neyðarlögunum voru bæði Fjármálaeftirlitinu (FME) og fjármálaráðherra veittar víðtækar heimildir til aðgerða á fjármálamarkaði vegna yfirvofandi hættu, eins og nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir. Til þess að geta í þessari skýrslu sett fram heildstæða lýsingu á atburðum hefur fjármálaráðuneytið leitað til FME eftir því sem þörf hefur verið á og notið aðstoðar eftirlitsins og ráðgjafa þess við skýrslugerðina. Hér má sérstaklega nefna undirkafla 2.3. og 4. kafla. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið fer með málefni fjármálamarkaða og hefur fjármálaráðuneytið fengið upplýsingar frá því um málefni sem hafa verið á borðum þess, svo sem breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Þetta á aðallega við um 5. kafla þessarar skýrslu. Þá skipaði forsætisráðherra nefnd til að fjalla um misvægi í gjaldeyrisjöfnuði bankanna og er vitnað í niðurstöður nefndarinnar í undirkafla 2.4.4.1. í skýrslunni.

Þegar rætt er um gömlu bankana í þessari skýrslu, þ.e. hina föllnu banka sem nú eru í slitameðferð að greiðslustöðvun lokinni, er átt við Glitni banka hf. (eða Glitni), Kaupþing banka hf. (eða Kaupþing) og Landsbanka Íslands hf. (eða LBI). Þau hlutafélög sem stofnuð voru af fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins í október 2008 til að taka við innlendri starfsemi þeirra, *nýju bankarnir*, fengu upprunalega nöfnin Nýi Glitnir banki hf., Nýi Kaupþing banki hf. og Nýi Landsbanki Íslands hf. Þeim nöfnum var síðan breytt og í þessari skýrslu eru núverandi nöfn þeirra notuð, þ.e. Íslandsbanki, Arion banki (eða Arion) og Landsbankinn (eða NBI hf. eða NBI).

Þeir aðilar sem að málinu koma hafa fengið tækifæri til að fara yfir þá efnisþætti í skýrslunni sem þá varða og koma með athugasemdir. Tillit hefur verið tekið til þeirra athugasemda. Hér er um að ræða FME, Seðlabanka Íslands, Deloitte, Oliver Wyman, Arion banka, Íslandsbanka, Landsbankann, Glitni banka, Kaupþing banka og Landsbanka Íslands.

1.2. Samantekt

1. Íslensk stjórnvöld stóðu í október 2008 frammi fyrir fordæmalausri áskorun sem var að viðhalda bankastarfsemi í landinu eftir fall viðskiptabankanna. Sú leið sem stjórnvöld ákváðu að fara kemur fram í neyðarlögunum, sem tóku gildi 7. október 2008. Með lögunum voru FME veittar áður óþekktar heimildir til að yfirtaka fjármálafyrirtæki og ráðstafa eignum þeirra og skuldum eftir því sem nauðsyn krafði. Innstæður fengu forgangsrétt við slitameðferð fjármálafyrirtækja en jafnframt lýstu stjórnvöld yfir ábyrgð á innstæðum. Þá fékk fjármálaráðherra heimildir meðal annars til að stofna ný fjármálafyrirtæki.
2. Vegna hinna sérstöku aðstæðna, sem tengdust umfangi bankakerfisins í samanburði við fjárhagslega burði ríkissjóðs, voru valkostir íslenskra stjórnvalda takmarkaðir og lausnirnar því að mörgu leyti frábrugðnar þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í öðrum

---

[1] Lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

[2] Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir, Rannsóknarnefnd Alþingis, apríl 2010.

löndum við erfiðleika í fjármálakerfum. Þótt ekki hefði verið um að ræða fulla tryggingu á öllum kröfum hefðu slíkar aðgerðir meðal annars getað haft í för með sér að veita ríkisábyrgð á öllum innlánum bankanna, láta nýju bankana yfirtaka innstæður í erlendum útibúum þeirra, yfirtaka innstæður með hámarki á hvern aðila eða að skipta bönkunum upp í góða banka og lélega. Niðurstaðan var að aðrar leiðir en þær sem valdar voru með neyðarlögunum hefðu ekki náð þeim markmiðum sem sett voru.

3. Fjármálaráðherra stofnaði þrjú hlutafélög um innlenda starfsemi gömlu bankanna og skipaði þeim stjórnir og FME ráðstafaði síðan innlendum innstæðum og innlendum eignum gömlu bankanna til hinna nýju banka. Í bráðabirgðastofnefnahagsreikningum bankanna sem gerðir voru 14. nóvember 2008 var gert ráð fyrir að heildarefnahagur nýju bankanna yrði 2.886 ma.kr. með 385 ma.kr. eiginfjárframlagi ríkisins og að útgefin skuldabréf til gömlu bankanna sem greiðsla fyrir mismun eigna og skulda yrði samtals 1.153 ma.kr. Eins og gert var ráð fyrir í hinni upphaflegu endurreisnaráætlun lét FME síðan óháðan aðila, Deloitte LLP, leggja mat á yfirfærðar eignir og skuldir. Mati Deloitte var skilað 22. apríl 2009. Matið gaf til kynna að endurheimtur lána gætu í heildina verið á bilinu 47–55% og útgefin skuldabréf til gömlu bankanna yrðu þá samtals 442–766 ma.kr.
4. Í samningagerð FME um framkvæmd matsins varð ljóst að matsmaðurinn myndi ekki skila einni tölu sem mati heldur ákveðnu verðbili. Þá var einnig orðið ljóst að kröfuhafar bankanna voru ósáttir við fyrirliggjandi áætlun, töldu hana einhliða og að þeir hefðu ekki möguleika á að gæta hagsmuna sinna. Þetta varð til þess að endurreisnaráætluninni var breytt þannig að reynt yrði með samningum að ná niðurstöðu um verðmat frekar en með einhliða ákvörðun. Fyrir hönd nýju bankanna leiddi fjármálaráðuneytið viðræðurnar en fjármálaráðherra fór með eignarhald ríkisins í nýju bönkunum. Hinum megin borðsins voru skilanefndir gömlu bankanna studdar af fulltrúum kröfuhafa.
5. Áður en samningaviðræður hófust lét fjármálaráðherra ráðgjafa sína meta stöðu bankanna. Eitt helsta vandamál nýju bankanna var misvægi í gjaldeyrisjöfnuði þeirra en yfirtekin útlán voru að mestu í erlendum myntum eða gengistryggð en innlánin að mestu í krónum. Nauðsynlegt var að finna lausn á þessu vandamáli áður en bankarnir gætu lagt fram viðskiptaáætlanir sínar og viðræður hafist. Meginlausnin var talin felast í skuldbreytingu gengistryggðra lána til aðila sem ekki höfðu tekjur í erlendum myntum í krónulán og einnig með því að uppgjör við gömlu bankanna gæti verið í erlendri mynt til mótvægis við útlán í erlendum myntum til aðila með gjaldeyristekjur.
6. Ljóst var að mjög erfitt myndi reynast að ná samkomulagi um ákveðið verðmat enda var matið háð mörgum mismunandi forsendum sem samningsaðilarnir höfðu mismunandi skoðanir á. Markmið ríkisins var því að reyna að semja um ákveðið grunnmat sem stofnfjármögnun bankanna gæti tryggilega grundvallast á. Hækkanir umfram grunnmatið gætu þá runnið til kröfuhafa í formi verðmætaaukningar hlutabréfa eða skilyrtra skuldabréfa, en komið hafði í ljós að skilanefndir og meirihluti kröfuhafa í Glitni og Kaupþingi gætu haft áhuga á að eignast hluti í hinum nýju bönkum og njóta þannig hugsanlegrar verðmætaaukningar á yfirfærðum eignum.
7. Niðurstaða stofnefnahagsreikninga bankanna að samningum loknum varð 2.088 ma.kr. og sýndu þeir grunnmat á yfirfærðum eignum samtals að fjárhæð 1.765 ma.kr. Á þeim grunni yrðu greiðslur til gömlu bankanna samtals 289 ma.kr. en umsamdar skilyrtar viðbótargreiðslur voru 215 ma.kr. Við yfirtöku gömlu bankanna á eignarhaldi í nýju bönkunum lækkaði hámark skilyrtra greiðslna í 135 ma.kr.

8. Niðurstaða samninga varðandi Landsbankann varð að eignir næmu 275 ma.kr. umfram skuldir. Þar af yrðu 28 ma.kr. greiddir með hlutafé en það sem eftir stæði með skuldabréfi til 10 ára. Var skuldabréfið í erlendum myntum til að mynda mótvægi við útlán bankans í erlendum myntum. Auk þess skyldi gefið út skilyrt skuldabréf að fjárhæð allt að 92 ma.kr. í árslok 2012 ef ákveðnar eignir reyndust verðmætari en samið var um í upphafi. Samhliða tilurð hins skilyrta skuldabréfs myndi hlutabréfaeign gamla bankans renna til ríkisins án endurgjalds. Hlutafjárframlag ríkisins var 122 ma. kr. eða um 81% af heildarhlutafé.
9. Niðurstaða samninga varðandi Íslandsbanka varð að eignir umfram skuldir væru 52 ma.kr. og skilyrt skuldabréf gæti orðið allt að 80 ma.kr. Hlutafé var ákveðið 65 ma.kr. Glitnir valdi síðan þann kost að nýta skuldabréfið til að kaupa 95% af eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka og féll skilyrta skuldabréfið þar með niður. Samhliða veitti ríkið bankanum víkjandi lán í EUR að jafnvirði 25 ma.kr. og lausafjárstuðning.
10. Niðurstaða samninga varðandi Arion banka varð að skuldir umfram eignir væru 38 ma.kr. og að skilyrt viðbótargreiðsla gæti numið allt að 43 ma.kr. Hlutafé var ákveðið 72 ma.kr. Kaupþing valdi síðan að leggja fram eignir til að yfirtaka 87% af hlut ríkisins í Arion banka, en skilyrta greiðslan féll þó ekki niður. Samhliða veitti ríkið bankanum víkjandi lán í EUR að jafnvirði um 30 ma.kr. og lausafjárstuðning.
11. Þegar upp var staðið reyndist fjárfesting ríkissjóðs vegna endurreisnar bankanna þriggja um 135 ma.kr. vegna hlutafjárframlaga og 55 ma.kr. vegna víkjandi lána eða samtals um 190 ma.kr. Auk þess var tveimur af bönkunum veittur lausafjárstuðningur. Hlutafjárframlög gömlu bankanna til nýju bankanna voru samtals um 156 ma.kr. Samtals var því varið um 346 ma.kr. til stofnfjármögnunar bankanna eða einungis um 40 ma.kr. minna en ráðgert var í upphaflegri áætlun. Fjárframlag ríkisins var fjármagnað með útgáfu skuldabréfa með breytilegum vöxtum sem nú eru 3,25% árlega.
12. FME setti fram skilyrði sín gagnvart bönkunum í svokölluðu úttektarverkefni. Helstu skilyrði voru um fjárhagslegan styrk þannig að eigið fé banka væri að lágmarki 16% af áhættugrunni og þar af að lágmarki 12% samkvæmt eiginfjárþætti A. Þá voru einnig sett skilyrði um lausafjárstyrk sem gerði ráð fyrir að aðgangur að lausu fé skyldi nema að lágmarki 20% af innstæðum. Einnig voru settar kröfur um önnur atriði eins og endurskipulagningu útlána, áhættustýringu, stjórnarhætti og eignarhald.
13. Eignir gömlu bankanna fengu vernd gegn skuldheimtumönnum og sett voru í lög ákvæði til að tryggja skipulega slitameðferð þeirra. Skilanefndir og kröfuhafar hafa þannig ráðrúm til að losa um eignir þrotabúanna á skipulegan hátt yfir lengri tíma og hámarka þannig verðmæti þeirra.
14. Meðal verkefna framundan er að móta stefnu um meðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum sem komið hafa til í kjölfar fjármálahrunsins er hér varð. Þar þarf að kom fram með hvað hætti verður losað um eignarhluti í þeim tilvikum sem það verður gert og í hvaða tilvikum og í hve ríkum mæli ríkið hyggst eiga til eitthvað lengri framtíðar ákveðna kjölfestueignarhluti. Má í þessu samhengi hugsa sér að líta til fordæma frá Noregi þar sem mörkuð var stefna um eignarhald ríkisins á bönkum og stórfyrirtækjum.

2. Björgun og endurreisn íslenskrar bankastarfsemi

Fáa óraði fyrir því hversu hratt íslenska bankakerfið hrundi í byrjun október 2008, né að hrunið yrði svo yfirgripsmikið. Segja má að stjórnvöld hafi staðið frammi fyrir fordæmalausri áskorun þar sem meginverkefnið var í raun að varðveita lágmarksbankastarfsemi á

Íslandi og tryggja greiðslumiðlun innan lands og utan. Þær aðstæður sem sköpuðust takmörkuðu mjög svigrúm til athafna, en rétt er í upphafi að rifja upp nokkur aðalatriði sem mótuðu aðgerðir íslenskra stjórnvalda:

Án róttækra aðgerða myndi skapast vantraust á bönkunum og hætta á áhlaupi á þá. Erfitt var talið eða útilokað að endurreisa bankastarfsemina ef hið yfirvofandi bankahrun hefði náð fram að ganga.

Skortur var á gjaldeyri í landinu til að mæta erlendum skuldbindingum. Gömlu bankana skorti laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Stórfelld eignarýrnun í kjölfar hruns á hlutabréfamarkaði var staðreynd.

Fyrirsjáanleg var umtalsverð skerðing lífskjara almennings m.a. vegna hruns krónunnar.

Bankakerfið var orðið svo stórt í hlutfalli við þjóðhagsstærðir og þar af leiðandi fjárhagsgetu ríkissjóðs að engin fordæmi voru til um slíkt.

Ríkjandi var algjört vantraust annarra ríkja og erlendra viðskiptamanna íslenskra aðila á Íslandi á getu bankanna til að standa við skuldbindingar sínar.

Engir starfandi bankar voru fyrir hendi til að taka við þeirri starfsemi sem þeir gömlu höfðu haft með höndum.

Almenningur þurfti að geta leitað til starfandi banka með skuldamál sín.

Umtalsverðar líkur voru orðnar á gjaldþroti gömlu bankanna og skiptameðferð þeirra.

Viðhalda þurfti sem kostur er verðgildi þeirra eigna sem bankarnir áttu.

Við þessar aðstæður varð fljótlega ljóst að skilja þurfti á milli innlendrar og erlendrar starfsemi bankanna. Þá varð að leggja áherslu á að viðhalda greiðslumiðlunarhlutverki þeirra en þar gegna innstæður á veltu- og sparireikningum lykilhlutverki. Í grunninn má segja aðgerðirnar sem gripið var til hafi falist í:

FME voru veittar áður óþekktar heimildir til að taka völdin í þeim bönkum sem voru að falli komnir og ráðstafa eigum þeirra og skuldbindingum eftir því sem nauðsyn krafði.

Innstæður fengu forgangsrétt við slitameðferð fjármálafyrirtækja og stjórnvöld lýstu yfir ábyrgð á innstæðum.

FME beitti heimildum sínum með því að ráðstafa innlendum eignum bankanna til nýju bankanna. Með því var tryggt að lágmarksbankastarfsemi gæti haldið áfram. Jafnframt voru innstæður í innlendum útibúum bankanna fluttar til hinna nýju banka. Ekki var hreyft við öðrum eignum eða skuldbindingum bankanna.

Eignir gömlu bankanna fengu vernd gegn skuldheimtumönnum og sett voru ákvæði í lög til að tryggja skipulega slitameðferð.

Með þessum samhæfðu aðgerðum tókst að koma í veg fyrir áhlaup á gömlu og nýju bankana og grundvöllur var lagður að endurreisn bankastarfsemi á Íslandi úr rústum þeirrar gömlu. Nánar er vikið að hverju atriði fyrir sig í köflunum hér á eftir.

2.1. Valkostir

Íslensk stjórnvöld hafa haldið því fram frá falli bankanna að þau hefðu ekki átt annarra raunhæfra kosta völ en að leggja út í aðgerðirnar í október 2008 eins og gert var. Vissulega eru aðrir kostir þekktir við fall banka eða aðra erfiðleika í fjármálakerfum. Gagnrýnisraddir hafa bent á að frekar hefði átt (i) að gefa út heildartryggingu á allar innstæður, (ii) að færa allar erlendar innstæður yfir í nýju bankana, (iii) að færa aðeins innstæður upp að ákveðinni fjárhæð eða að ákveðnu hlutfalli af innstæðum yfir í nýju bankana eða (iv) að skipta bönkunum í góða banka og lélega. Hér á eftir er farið yfir hvern þessara valkosta fyrir sig og sýnt fram á hvers vegna aðrar leiðir en sú leið sem var farin voru ekki færar.

2.1.1. Ríkisábyrgð á öllum innstæðum

Einn valkosturinn í stöðunni sem íslensk stjórnvöld stóðu frammi fyrir var að ríkið gæfi út ábyrgðaryfirlýsingu gagnvart öllum innstæðum, bæði innlendum og erlendum, til þess eftir atvikum að viðhalda eða endurvekja traust á bankakerfinu. Hér er traust lykilhugtakið og því gefur auga leið að slík heildartrygging á innstæðum getur aðeins gengið upp ef hún er trúverðug. Ótrúverðug yfirlýsing nær ekki þeim tilgangi að endurvinna traust og aðgerðin í heild getur ekki heppnast án trausts sökum þess að bankar eiga aldrei laust fé til að mæta öllum sínum skuldbindingum.

Þegar viðskiptabankarnir þrír féllu námu innstæður í þeim um 2.770 ma.kr. Þar af voru um 1.230 ma.kr. í erlendum myntum í erlendum útibúum bankanna og um 103 ma.kr. í erlendum dótturbönkum þeirra. Innstæður almennra viðskiptamanna innanlands voru um 1.170 ma.kr. og innlán Seðlabankans og fjármálafyrirtækja 269 ma.kr. eða samtals 1.438 ma.kr. í innlendum útibúum bankanna. Á þessum tíma námu árlegar heildartekjur ríkisins á fjárlögum um 460 ma.kr. og gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands nam um 410 ma.kr. um þetta leyti, sem samsvarar um þriðjungi af innstæðum í erlendum útibúum íslensku bankanna.

Þegar litið er á þessar tölur er það augljóst að heildartrygging íslenska ríkisins á öllum innstæðum í íslenskum bönkum var ekki trúverðug þar sem íslensk stjórnvöld höfðu enga fjárhagslega burði til að standa við slíka yfirlýsingu. Úttektir innstæðueigenda hefðu samstundis skapað óleysanleg vandamál.

Slík heildartrygging af hálfu ríkisins hefði því ekki leyst vanda bankanna og íslenska hagkerfisins.

2.1.2. Yfirtaka nýrra banka á innstæðum í erlendum útibúum

Annar möguleiki fyrir ríkið var að færa ekki aðeins innlendar innstæður til nýju bankanna heldur einnig innstæður í erlendum útibúum.

Sú leið var ófær með öllu. Ekki var til erlendur gjaldeyrir til að mæta þeim gríðarlegu innstæðuskuldbindingum sem Kaupþing og Landsbankinn höfðu stofnað til erlendis. Áhlaup var þá þegar hafið á erlendu útibúin. Við það bættist að í vikunni 6.–10. október 2008 voru eignir hinna erlendu útibúa ýmist teknar í vörslu skiptaráðenda, fjármálaeftirlita eða kyrrsettar. Þá var greiðslumiðlun við útlönd mjög höktandi þessa daga og því vandséð hvernig hefði átt að miðla greiðslum til og frá landinu til fjarstaddra innstæðueigenda.

Megintilgangur íhlutunar íslenskra stjórnvalda haustið 2008 var að halda íslenska hagkerfinu gangandi og koma í veg fyrir algjört hrun þess með ófyrirsjáanlegum neikvæðum afleiðingum ef ekkert yrði að gert. Tilgangur aðgerðanna var einnig sá að viðhalda skilvirku flæði fjármagns til og frá landinu, að endurvekja traust á bankageiranum og fjármálakerfinu í heild og tryggja að greiðslukerfi innanlands héldu áfram að virka, svo og að koma í veg fyrir að hrun bankanna leiddi til allsherjarhruns íslenska hagkerfisins. Því var það afar mikilvægt til að aðgerðirnar heppnuðust að innlendar innstæður væru færðar yfir í nýju bankana, því það var eina leiðin til að endurvekja traust almennings á kerfinu.

Hafa verður í huga að fjárhæðir á innlendum reikningum sem fluttir voru yfir í nýju bankana voru nálægt vergri landsframleiðslu að stærð. Þá er það einnig staðreynd að innstæðueigendur á Íslandi stóðu frammi fyrir hruni á 80% af bankakerfinu ef ekkert yrði að gert, en það hefði mjög líklega haft áhrif í hinum hlutum fjármálakerfisins. Því var fyrirsjáanlegt að landið hefði staðið frammi fyrir óvirku bankakerfi og enginn staður hefði verið fyrir hendi fyrir almenning og fyrirtæki til að geyma fjármuni sína á öruggan hátt. Einnig verður að hafa í huga að innstæður eru ekki aðeins sparnaður einstaklinga heldur einnig bankareikningar fyrirtækja sem nauðsynlegir eru fyrir rekstur íslenskra fyrirtækja frá degi til dags.

Á þessum grundvelli var það mat íslenskra stjórnvalda að millifærsla innlendra innstæðna til nýju bankanna myndi endurvekja traust og koma í veg fyrir stórar úttektir innlendra innstæðueigenda. Þetta hefur gengið eftir. Hið sama hefði hins vegar ekki átt við innstæðueigendur erlendis. Í vikunni fyrir hrun íslensku bankanna höfðu Landsbanki Íslands og Kaupþing banki orðið fyrir fordæmalausum úttektum af innstæðureikningum þeirra. Það er mjög ólíklegt að þessi fjárflótti hefði hætt þó innstæður utan lands hefðu verið færðar í nýju bankana. Þetta er byggt á þeirri staðreynd að innstæðueigendur í Evrópulöndum utan Íslands áttu marga valkosti við að geyma fjármuni sína. Þetta er einnig byggt á þeirri staðreynd að traustið á íslensku bönkunum fór hratt minnkandi í Evrópu snemma í október 2008. Því er það mjög líklegt að innstæðueigendur utan lands hefðu haldið áfram að taka út innstæður sínar úr íslensku bönkunum jafnvel þótt innstæður þeirra hefðu verið fluttar yfir í nýju bankana, en það hefði leitt til þess að björgunaraðgerðirnar hefðu misheppnast. Þá er það og staðreynd að allir innstæðueigendur utan lands voru með reikninga sína í erlendum gjaldeyri. Ef innstæður af þessari stærðargráðu hefðu verið færðar yfir í nýju bankana hefði mikil hætta orðið á því að endurskipulagning þeirra hefði misheppnast þar sem þeir höfðu ekki aðgang að gjaldeyri til að greiða út innstæðurnar og hefðu strax lent í greiðsluþroti.

Millifærsla allra innstæðna utan lands frá yfir í nýju bankana var því ekki raunhæfur valkostur fyrir íslensk stjórnvöld.

2.1.3. Yfirtaka á innstæðum með hámarki á hvern aðila

Ekki var heldur fýsilegt að millifæra allar innstæður, innlendar sem erlendar, upp að vissri fjárhæð eða prósentu yfir í nýju bankana, en það hefði líklega getað leitt til þess að endurskipulagningin hefði misheppnast. Hafa verður í huga að innstæður á bankareikningum eru ekki einungis sparifé einstaklinga. Fjölmörg fyrirtæki og stofnanir geyma laust fé á innstæðureikningum og ef yfirfærslan hefði takmarkast við lágar fjárhæðir hefði ekki verið unnt að greiða laun eða framkvæma hefðbundna greiðslumiðlun í samfélaginu. Það hefði leitt til keðjuverkandi vandræða sem ekki hefði verið unnt að bregðast við. Með því móti hefði tjónið orðið mun meira en það þó varð vegna bankahrunsins.

Millifærsla á aðeins hluta af innlendum innstæðum hefði ekki nægt til að endurvekja traust á íslensku bönkunum. Ef þetta hefði verið gert er líklegt að innlendir innstæðueigendur hefðu tekið út innstæður sínar og því hefði endurreisn bankakerfisins ekki tekist. Ennfremur var ljóst að mörg fyrirtæki og stofnanir sem áttu innstæður í bönkunum og hefðu misst aðgang sinn að þeim hefðu orðið greiðsluþrota.

Millifærsla á ákveðinni prósentu af innstæðum utan lands yfir í nýju bankana var ekki líkleg til að breyta trausti innstæðueigenda utan lands á íslensku bönkunum. Það er því líklegt að þeir hefðu haldið áfram að taka út innstæður úr íslensku bönkunum.

Eftir skiptingu bankanna hefur sú skoðun skotið upp kollinum í opinberri umræðu að hagstætt hefði verið fyrir efnahagslífið og þá sérstaklega lántakendur að flytja aðeins hluta innlendra innstæðna til nýju bankanna. Hefur þetta verið sett fram þannig að við það hefðu bankarnir skapað sér meira svigrúm til niðurfærslu skulda. Þetta er röng röksemdafærsla. Ef bankarnir hefðu tekið minna yfir af innlendum innstæðum en þeir gerðu, hefðu þeir orðið að gefa út stærra skuldabréf til gömlu bankanna sem bætur fyrir yfirteknar eignir. Staða nýju bankanna hefði því að þessu leyti verið óbreytt, en tiltrú innlendra innstæðueigenda á fjármálakerfinu hefði beðið hnekki.

Því var það ekki fýsilegur kostur fyrir íslensk stjórnvöld að millifæra innstæður, innlendar og/eða utan lands upp að vissri fjárhæð eða prósentu yfir í nýju bankana.

2.1.4. Skipting í góðan banka og lélegan

Íslensk stjórnvöld íhuguðu þann kost sem oft er notaður við banka í erfiðleikum, þ.e. að skipta þeim upp í góðan hluta og lélegan með því að færa heilbrigðar eignir yfir í góða bankann, sem almennt ætti að geta fjármagnað sig á markaði, og skilja eignir sem eru minna virði eftir í lélega bankanum og fjármagna þær af ríkinu.

Þessi skipting í góðan og lélegan banka hefur oftast verið notuð erlendis þegar erfiðleikar hafa stafað frá eignahlið efnahagsreikningsins. Þetta átti ekki við um íslensku bankana, þar sem aðalvandamálið var að flótti var brostinn á fjármögnunarhliðina vegna þess að lánalínum var lokað og úttektir af innstæðureikningum voru hafnar í stórum stíl. Vegna þessa var ólíklegt að góðu bankarnir hefðu getað aflað nægilegs fjármagns til að fjármagna rekstur sinn þrátt fyrir almennt góða eignastöðu.

Annað vandamál tengt skiptingunni í góðan banka og lélegan var að rekstur á lélegum banka útheimti meiriháttar eiginfjárframlag frá ríkinu. Þegar stjórnvöld stóðu frammi fyrir því að þrír stærstu bankar landsins þurftu á hjálp að halda og efnahagur þeirra var nær 12 sinnum stærri en verg landsframleiðsla var það álit stjórnvalda að slíkt mundi leiða til meiriháttar erfiðleika fyrir ríkið.

Sú lausn að skipta bönkunum í góða banka og lélega var ekki talin raunhæfur kostur af íslenskum stjórnvöldum í viðleitni þeirra við að koma í veg fyrir hrun innlends hluta bankakerfisins.

2.1.5. Niðurstaða

Eini raunhæfi kosturinn fyrir íslensk stjórnvöld var því að stofna nýja innlenda banka og færa innlendar innstæður og innlendar eignir til þeirra. Aðrar lausnir voru skoðaðar en taldar leiða til hruns á öllu efnahagskerfinu.

Að gera ekkert var heldur ekki talið ásættanlegt, því það hefði mjög líklega leitt til hruns á öllu íslenska bankakerfinu sem aftur hefði leitt til meiriháttar neikvæðra og óbætanlegra áhrifa á hagkerfið í heild. Því til viðbótar hefði hrun á bankakerfi heillar þjóðar getað haft alvarleg áhrif í öðrum löndum.

Því ákváðu stjórnvöld að velja eina raunhæfa kostinn í þessari þröngu stöðu, sem var að stofna nýja banka sem yfirtækju innlenda starfsemi gömlu bankanna. Á þessum grunni voru neyðarlögin sett.

2.2. Neyðarlögin

Þann 6. október 2008 samþykkti Alþingi lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. (neyðarlögin).

Með lögunum var *FME* heimilað á grundvelli laganna að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði vegna sérstakra aðstæðna. Á grundvelli 5. gr. neyðarlaganna, sem bætti 100. gr. a við lög um fjármálafyrirtæki, var FME m.a. veitt heimild til að taka yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í því skyni að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir, m.a. víkja stjórn frá að hluta til eða í heild sinni, taka yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafa slíku fyrirtæki í heild eða að hluta m.a. með samruna þess við annað fyrirtæki.

FME voru veittar heimildir til að skipa viðkomandi fyrirtæki fimm manna skilanefnd í stað fráfarandi stjórnar. Skilanefndin fer með allar heimildir stjórnar samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga, þar á meðal hefur hún umsjón með allri meðferð eigna og annast annan

rekstur. Skilanefnd skyldi einnig fara eftir og framkvæma þær ákvarðanir FME sem teknar voru á grundvelli neyðarlaganna.

Í neyðarlögunum var *fjármálaráðherra* fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að reiða fram fjármagn til að stofna ný fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða að hluta. Heimildinni má beita við sérstaka fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleika hjá fjármálafyrirtæki, m.a. líkur á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum. Þá er með sérstökum aðstæðum í þessum skilningi m.a. átt við það, ef fjármálafyrirtæki hefur óskað eftir eða fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga eða óskað eftir gjaldþrotaskiptum eða verið úrskurðað gjaldþrota.

Þá er kveðið á um það í lögunum að ýmsar takmarkanir og málsmeðferðarreglur laga gildi ekki um heimild ríkisins til að eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki samkvæmt þessum lögum svo sem ákvæði laga um yfirtökuskyldu og lýsingar, ákvæði laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, ákvæði hlutafélagalaga um lágmarksfjölda hluthafa svo og ákvæðum hlutafélagalaganna um sérfræðiskýrslu. Fyrirtæki sem stofnað er samkvæmt neyðarlögunum hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki.

Auk framangreindra heimilda til FME og fjármálaráðherra eru ákvæði í neyðarlögunum um rétthæð innstæðna, þ.e. að innstæður njóti forgangs við skipti á búi fjármálafyrirtækis. Þá er einnig að finna ákvæði í lögunum um heimild fjármálaráðherra til að leggja sparisjóðum til stofnfé, um heimild til Íbúðalánasjóðs til að yfirtaka húsnæðislán fjármálafyrirtækja með því að kaupa skuldabréf þeirra sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði og ennfremur nánari skilgreiningar og breytingar á skyldum og stöðu Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) og rétthæð krafna hans.

Við slitameðferð á fjármálafyrirtækjum eftir 7. október 2008 kom í ljós þörf á að breyta ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki[3] varðandi slitameðferð fjármálafyrirtækja. Helstu breytingarnar felast í tveimur frumvörpum sem lögð voru fyrir Alþingi og urðu bæði að lögum. Hér er um að ræða lög nr. 129/2008 frá 14. nóvember 2008 og lög nr. 44/2009 frá 20. apríl 2009. Þá var einnig gerð breyting með lögum nr. 132/2010. Gerð er grein fyrir þessum lagabreytingum í 5. kafla þessarar skýrslu, en með þeim breytingum var meðferð gömlu bankanna, bæði greiðslustöðvun og slitameðferð, sett í fastan farveg.

Með neyðarlögunum voru FME veittar afar víðtækar heimildir til að grípa inn í rekstur og valdakerfi fjármálafyrirtækjanna. Þess var skammt að bíða að nýta þurfti þær heimildir. Rétt er að geta þess að í vettvangsskýrslum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafði verið bent á nauðsyn þess að kveða á um víðtækari úrræði eftirlitsaðila við neyðaraðstæður. Ítarlega er fjallað um undirbúning og aðdraganda endanlegrar gerðar neyðarlaganna í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og vísast til hennar um þau atriði.

2.3. Aðgerðir Fjármálaeftirlitsins

2.3.1. Yfirtaka bankanna

Strax eftir að neyðarlögin voru samþykkt töldu stjórnir bankanna þriggja að bankarnir gætu ekki haldið áfram rekstri sínum og báðu FME að grípa inn í hann á grundvelli heimilda í lögunum. Beiðnir bárust frá Landsbankanum og Glitni 7. október 2008 og frá Kaupþingi 9. október 2008. FME ákvað að verða við beiðnunum og yfirtók völd stjórnar og hluthafa-

---

[3] Lög nr. 161/202 um fjármálafyrirtæki með síðari breytingum.

funda í bönkunum þremur og setti stjórnir þeirra af. Ennfremur skipaði FME skilanefndir á grundvelli neyðarlaganna sem yfirtóku sem áður segir öll völd bankastjórna.

2.3.2. Skipting bankanna

Í kjölfar yfirtökunnar eða 9. október 2008 fyrir LBI, 14. október 2008 fyrir Glitni og 22. október 2008 fyrir Kaupþing tók FME síðan ákvarðanir um eignir og skuldir bankanna. Með þeim var ákveðið að skipta hverjum bankanna þriggja upp í það sem kallað var nýjan banka og gamlan banka. Nýju bankarnir yfirtóku innlendar eignir og innlendar innstæður gömlu bankanna til að tryggja áframhald almennrar bankastarfsemi og öryggi innstæðna á Íslandi. Eignirnar og innlánin voru þegar í stað afhent þremur nýjum hlutafélögum sem ríkissjóður hafði stofnað í þessu skyni og voru málefni gömlu bankanna er vörðuðu innlenda starfsemi að þessu leyti þar með færð úr höndum skilanefndanna og í hendur stjórna hinna nýju banka sem fjármálaráðherra hafði skipað.

Gömlu bankarnir sem heyrðu undir skilanefndirnar og FME sátu með það sem eftir var þegar nýju bankarnir höfðu verið stofnaðir, þ.e. rekstur og eignir í erlendum útibúum og dótturfélögum, sem aðallega höfðu verið fjármagnaðar með útgáfu skuldabréfa og með erlendum innstæðum, og það af innlendum eignum sem ekki var fært yfir í nýju bankana á grundvelli ákvörðunar FME. Þá voru í gömlu bönkunum allar skuldir aðrar en innlendar innstæður og allir afleiðusamningar.

Hér var um algerlega ótroðnar slóðir að fara fyrir FME þar sem svona aðgerð hafði aldrei farið fram áður, enda kom í ljós að breyta þurfti einstaka ákvörðunum sem reyndust erfiðar eða ómögulegar í framkvæmd. Þann 19. október 2008, eftir að ákvarðanir um skiptingu Landsbanka og Glitnis höfðu verið teknar en áður en ákvörðun um skiptingu Kaupþings var tekin, setti FME fram staðlaðar forsendur um skiptingu bankanna. Forsendurnar eru birtar hér á eftir. Þeim sem vilja kynna sér ákvarðanir um skiptingu eigna og skulda einstakra banka er bent á heimasíðu FME.[4]

„**Forsendur fyrir skiptingu efnahagsreiknings**

Forsendur fyrir skiptingu efnahagsreiknings Landsbanka Íslands hf., Kaupþings hf. og Glitnis hf. í samræmi við lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Með vísan í 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, hefur Fjármálaeftirlitið sett saman samræmt viðmið um framsetningu stofnefnahagsreiknings nýs banka. Markmiðið með þessu er að samræma vinnubrögð við yfirfærslu eigna og skulda í nýjan banka og koma með tillögu um áætlað mat en formlegt verðmat eigna og skulda fer fram síðar. Við yfirfærslu eigna er haft til hliðsjónar að flytja allar eignir sem tengjast innlendri starfsemi gamla bankans yfir í hinn nýja. Erlend dótturfélög og erlend útibú bankans verða því eftir í gamla bankanum nema í þeim tilfellum sem meginstarfsemi þeirra fer fram á Íslandi. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir yfirferð einstakra liða opnunrefnahagsreiknings.

---

4 http://www.fme.is/?PageID=866

Eignir

Sjóður og innstæður í Seðlabanka færast allar yfir í nýja bankann á bókfærðu verði. Afleiðusamningar eru ekki færðir yfir í nýja bankann.

Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum eru færð yfir í nýja bankann á áætluðu gangvirði nema þau verðbréf sem gefin eru út af fjármálafyrirtæki þar sem Fjármálaeftirlitið hefur gripið til aðgerða á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008.

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum eru færð yfir í nýja bankann á áætluðu gangvirði.

Verðbréf vegna áhættuvarna eru færð yfir í nýja bankann á gangvirði.

Kröfur á lánastofnanir eru færðar yfir í nýja bankann á áætluðu gangvirði nema kröfur á fjármálafyrirtæki þar sem Fjármálaeftirlitið hefur gripið til aðgerða á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008.

Útlán til viðskiptavina önnur en þau sem tilgreind eru hér á eftir eru færð yfir í nýja bankann á bókfærðu verði að teknu tilliti til áætlaðra afskrifta einstakra útlána. Við yfirferð einstakra útlána skal miðað við að skoðuð séu stærstu útlán eða að lágmarki 40% af heildarútlánasafni gamla bankans.

Eftirfarandi útlán eru ekki færð yfir í nýja bankann:

- Veðsett útlán
- Rekstrareiningar um sérverkefni (SPV)
- Útlán sem eru hluti af „total return swap“
- Útlán sem heyra undir reglur um sértryggð skuldabréf
- Sérstaklega áhættusöm útlán, t.d. millilagslán (mezzanine) og útlán sem falið geta í sér framtíðarskuldbindingar (undrawn revolvers)

Hlutir í hlutdeildarfélögum. Allir hlutir í innlendum hlutdeildarfélögum flytjast yfir í nýja bankann á áætluðu gangvirði.

Fjárfesting í dótturfélögum. Innlend og erlend dótturfélög sem tengjast innlendri starfsemi flytjast yfir í nýja bankann á bókfærðu verði, önnur ekki.

Rekstrarfjármunir fara allir yfir í nýja bankann á bókfærðu verði nema þeir tilheyri erlendum útibúum sem skilin eru eftir í gamla bankanum.

Óefnislegar eignir sem nýtast í rekstri nýja bankans flytjast yfir á matsvirði.

Fastafjármunir til sölu eru allir færðir yfir á bókfærðu verði að teknu tilliti til áætlaðrar niðurfærslu.

Skatteign er ekki færð yfir í nýja bankann.

Aðrar eignir. Eftirtaldar aðrar eignir eru færðar yfir í nýja bankann:

- Óuppgerð viðskipti á bókfærðu verði
- Viðskiptakröfur á bókfærðu verði að teknu tilliti til áætlaðrar niðurfærslu
- Listmunir á bókfærðu verði
- Aðrar eignir sem eiga við hverju sinni

Skuldir

Innlán, önnur en í erlendum útibúum gamla bankans, skal færa á bókfærðu verði.

Verðbréfaútgáfa og önnur lántaka er ekki færð yfir í nýja bankann.

Víkjandi lán eru ekki færð yfir í nýja bankann.

Skattskuldbindingar eru ekki færðar yfir í nýja bankann.

Aðrar skuldir. Óuppgerð viðskipti færast yfir í nýja bankann á bókfærðu verði, annað verður eftir í gamla bankanum, þar með talið skuldir tengdar afleiðusamningum.

Önnur atriði

Kröfur og skuldir við innlend greiðslukortafyrirtæki sem ekki hafa verið færð á efnahagsreikning gamla bankans þarf að færa sem útlán og skuld við fjármálafyrirtæki í opnunarefnahagsreikningi nýja bankans.

Rekstrarskuldir gamla bankans eru ekki færðar yfir í nýja bankann, sama hvaða nafni þær nefnast. Það er í höndum stjórnenda nýju bankanna hvers um sig að ganga frá málum við þá aðila sem þeir telja bankann þurfa að vera í áframhaldandi viðskiptum við.

Áætla þarf verðmæti óbókfærðra listmuna í eigu bankans og færa í opnunarefnahagsreikning.

Hafa skal í huga ákvarðanir sem fram koma í minnisblöðum um afleiðusamninga og endurhverf viðskipti.

Veita skal upplýsingar um eftirfarandi:

– Ónýttar yfirdráttarheimildir.
– Skuldbindingar vegna skuldbindandi lánalína (committed loan facilities) og
– Ábyrgðir vegna innlendrar starfsemi.

Miðað er við gengi gjaldmiðla 30. september 2008.

Fyrirvari er gerður um að forsendur þessar gætu breyst á meðan vinna við skiptingu efnahags bankanna þriggja stendur yfir.“

Þótt almenna reglan hafi verið að nýju bankarnir yfirtækju innlendar eignir bankanna voru ekki allar innlendar eignir færðar yfir til þeirra. Meðal annars voru sem meginregla (i) skuldir þeirra aðila sem áttu virkan eignarhlut í bönkunum, (ii) stórar áhættuskuldbindingar sem nýju bankarnir réðu ekki við, (iii) veðsettar eignir og (iv) mjög áhættusamar eignir ekki teknar yfir. Þetta varð til þess að endanleg uppskipting bankanna tók langan tíma og var í raun ekki komin í endanlegt horf fyrr en um sumarið 2009.

Afleiðusamningar voru einnig skildir eftir í gömlu bönkunum hvort sem mótaðilar þeirra voru innlendir eða erlendir. Upphafleg áætlun FME var að flytja réttindi og skyldur samkvæmt öllum afleiðusamningum til nýju bankanna eins og sést á fyrstu ákvörðun FME um flutning eigna og skulda til NBI dags. 9. október 2008. Strax kom í ljós að hinn nýi banki hafði enga möguleika á að standa við skuldbindingar samkvæmt afleiðusamningunum og tók FME því nýja ákvörðun varðandi þá 12. október 2008 og var hætt við að færa þá til NBI. Þetta varð síðan til þess að sami aðili gat átt kröfu á gamla bankann vegna afleiðusamnings en að nýi bankinn ætti samtímis kröfu á aðilann vegna útláns sem hafði hafnað hjá NBI. Aðallega vegna þessa staðfesti FME síðar heimild til handa slíkum aðilum til skuldajöfnunar sem varð til þess að gera varð sérstaka nettunarsamninga milli bankanna til að leysa þau vandamál sem þessu fylgdi.

Eftir skiptingu FME í nýjan og gamlan banka hafa nýju og gömlu bankarnir fært einhverjar eignir milli bankanna. Þær millifærslur hafa verið á viðskiptagrundvelli og án íhlutunar FME.

FME réð síðan endurskoðunarfyrirtæki, Deloitte, KPMG og PriceWaterhouse-Coopers, eitt fyrir hvern bankanna, sem sömdu stofnefnahagsreikninga þeirra til bráðabirgða á stofndegi þeirra. Stofnefnahagsreikningurinn var gerður á grundvelli ákvarðana FME um yfirfærslu eigna og skulda til nýrra banka. Samhliða því fór fram bráðabirgðaverðmat endurskoðenda á yfirfærðum eignum og voru þær afskrifaðar til að færa virði þeirra sem næst markaðsvirði. Voru reikningarnir birtir á heimasíðu FME 14. nóvember 2008.

Rétt er að endurtaka að hér er um bráðabirgðatölur að ræða, sem áttu eftir að taka breytingum enda var yfirfærslu eigna, eignamati og stofnfjármögnun ekkki lokið á þessum tíma. Samkvæmt þessum bráðabirgðatölum var talið að greiðslur vegna mismunar eigna og skulda nýju bankanna til þeirra gömlu fyrir yfirfærðar nettóeignir gætu numið 11.153 ma. kr., eins og fram kemur í töflu 1 hér á efttir. Greiðslurnar urðu að lokum töluvert lægri eins og fram kemur í töflu 4 síðar í skýrslunni.

Tafla 1:

Stofnefnahagsreikningar nýrra banka Bráðabirgðatölur 14. nóvember 2008 í m.kr.	Arion banki 21.10.2008	Íslands-banki 15.10.2008	Lands-bankinn 8.10.2008	Samtals
Sjóður og innistæður hjá seðlabönkum	77.187	146.461	238.133	**461.781**
Kröfur á lánastofnanir	27.144	18.998	87.574	**133.716**
Útlán til viðskiptavina	455.532	631.369	739.405	**1.826.306**
Veltufjáreignir	16.617	0	0	**16.617**
Fjáreignir á gangvirði	49.637	51.692	151.997	**253.326**
Hlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum	15.130	16.131	52.657	**83.918**
Óefnislegar eignir	5.867	0	1.002	**6.869**
Rekstrarfjármunir	8.792	1.446	8.185	**18.423**
Fjármunir til sölu eða í sölumeðferð	449	456	2.782	**3.687**
Aðrar eignir	43.571	19.347	18.414	**81.332**
Eignir samtals	**699.925**	**885.901**	**1.300.149**	**2.885.975**
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og seðlabönkum	78.348	14.923	63.783	**157.054**
Innlán viðskiptamanna	339.043	338.556	478.275	**1.155.874**
Skuldabréf útgefið til gamla banka	172.337	422.423	558.091	**1.152.851**
Aðrar skuldir	35.197	0	0	**35.197**
Skuldir samtals	**624.925**	**775.901**	**1.100.149**	**2.500.975**
Hlutafé	75.000	110.000	200.000	**385.000**
Eigið fé samtals	75.000	110.000	200.000	**385.000**
Eigið fé og skuldir samtals	**699.925**	**885.901**	**1.300.149**	**2.885.975**

Ein af forsendum reikninganna var að hlutafé ríkisins í bönkunum yrði greitt með reiðufé og er sjóðstaða bankanna því mjög hhá samkvæmt þessum bráðabirgðatölum. Í reynd var hlutafjárframlagið greitt með skuldabréfum.

2.3.3. Óháð mat á yfirfærðum eignasöfnum

Ákvörðun FMME um ráðstöfun eigna oog skulda bankanna náði einnig til formlegs og óháðs mats á yfirfærðum eignum og greiðslu fyrir netttóyfirfærsluna. Í ákvörðuninni kom fram að FME myndi skipa óháðan matsaðila til að meta sannvirði eigna og skulda sem yfirfærðar voru til nýju bankanna samkvæmt ákvörðuninni. Eftir að það mat hafði farið fram skyldi fara fram uppgjör þar sem nýju bankarnir skyldu greiða gömlu bönkunum mismuninn milli virðis eigna og skulda miðað við þann tímapunkt sem millifærslan átti sér stað. Þó varð ljóst í árslok 2008 að hið óháða mat yrði ekki ein tala heldur verðbil.

Samkvæmt upprunalegum ákvörðunum FME um LBI og Glitni átti niðurstaða matsmanna að liggja fyrir innan 60 daga frá ákvörðunum um skiptingu. Með ákvörðunum FME frá 19. október 2008 var þessi frestur lengdur í 90 daga og í ákvörðuninni um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings var matstímabilið ákveðið 90 dagar.

Ennfremur var kveðið svo á að nýju bankarnir skyldu gefa út skuldabréf til gömlu bankanna til greiðslu endurgjaldsins og að skilmálar skuldabréfsins skyldu liggja fyrir innan 10 daga frá því að niðurstaða matsmannsins var tilkynnt. Fjárhæð skuldabréfsins skyldi staðfest af óháðu matsfyrirtæki sem skipað yrði af FME.

Síðar kom í ljós að tímaáætlanirnar byggðu á vanmati á því verkefni sem framundan var við matið og frágangi fjármálagerninga milli aðila. Í þessu sambandi benti matsmaðurinn á að skort hefði á gæði upplýsinga frá bönkunum og hvenær þeim var unnt að afhenda þær matsmanninum til úrvinnslu, en þessi atriði hefðu tafið vinnuna við matið. Var matinu sjálfu skilað 22. apríl 2009. Fyrir þann tíma var einnig búið að ákveða að breyta hinni upprunalegu endurreisnaráætlun þannig að í stað einhliða ákvörðunar um útgáfu skuldabréfs kæmu samningaviðræður um fjármálagerninga sem lengdi enn frekar tímann frá því að matsniðurstöður lágu fyrir og þar til samkomulag náðist um bætur og um stofnfjármögnun.

2.3.3.1. Ráðgjafar

Að loknum undirbúningi og viðræðum réð FME þann 24. desember 2008 endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið Deloitte LLP frá London til að leggja mat á þær eignir sem færðar voru til nýju bankanna. Naut ráðgjafinn aðstoð ar Deloitte á Íslandi. FME fól Deloitte að setja fram aðferðafræði fyrir matsútreikningana í samræmi við markmið íslenskra stjórnvalda um endurreisn en á sama tíma yrði gætt hagsmuna annarra aðila, svo sem kröfuhafa gömlu bankanna. Nánar tiltekið var Deloitte falið að setja fram virði eigna og skulda nýju bankanna byggt á þeirri meginforsendu að nýju bankarnir myndu halda áfram rekstri sem innlendir bankar sem væru að fullu fjármagnaðir og sem ekki yrðu knúnir til að losa eignir á skömmum tíma á neyðargrundvelli. Önnur meginforsenda var að matið skyldi, eftir því sem við væri komið, miðað við stöðu efnahagsmála eins og hún yrði líklega að meðaltali en ekki þær erfiðu aðstæður sem við var að glíma í augnablikinu.

Langveigamesti hluti þeirra eigna sem yfirfærðar voru til nýju bankanna voru útlán til innlendra viðskiptamanna. Þessum útlánum var í matinu skipt í þrjá meginflokka: (i) Lán til stórra fyrirtækja, en stór fyrirtæki voru skilgreind sem aðilar með 2,5 ma.kr. eða hærri heildarlántökur, (ii) lán til smárra og meðalstórra fyrirtækja (iii) lán til einstaklinga og (iv) aðrar eignir og skuldir. Stærri fyrirtæki voru metin hvert fyrir sig en minni fyrirtæki og einstaklingar mynduðu einsleita hópa þar sem matið byggðist á úrtaki og ákveðnum forsendum um lánaflokkana.

Meginaðferðin við matið er núvirðing á væntu framtíðargreiðsluflæði eignanna. Þessu fylgir að setja þarf fram forsendur um fjölmarga þætti varðandi hina ýmsu eignaflokka. Í tilfelli útlána þurfti að meta getu skuldarans til að greiða skuld sína og taka þá meðal annars tillit til líka á greiðslufalli og tapi við greiðslufall, vexti í mismunandi myntum og vaxtaálag bankans, EBITDA margfaldara, verðmæti veða svo sem fasteigna og fiskveiðikvóta svo eitthvað sé nefnt.

Mat Deloitte er að finna í þremur skýrslum, einni fyrir hvern hinna nýju banka. Deloitte-skýrslunum er hverri fyrir sig skipt í tvo meginhluta: Fyrri hlutinn gefur heildaryfirsýn yfir aðferðafræði og forsendur sem notaðar eru til að reikna út hreint eignavirði. Lýst er þeim sviðsmyndum sem notaðar eru við útreikningana, hversu viðkvæmur útreikningurinn er, verðbilinu í niðurstöðu útreikningsins og athugasemdum sem fram komu um lykilþætti í

matinu og um verðbilið. Í þessum hluta skýrslna Deloitte er einnig samantekt um heildareignasöfn bankanna. Seinni hlutinn felur í sér nákvæma greiningu stærri viðskiptavina og forsendur sem liggja að baki þeim útreikningum og inniheldur viðkvæmar trúnaðarupplýsingar um alla stærri viðskiptavini bankanna.

Deloitte lagði mikla áherslu á að aðgangur að matsskýrslunum væri bundinn trúnaði og fengist ekki nema undirritaðar væru sérstakar trúnaðar- og skaðleysisyfirlýsingar. Þá var það skilyrði Deloitte fyrir aðgangi að upplýsingum að þær yrðu aldrei birtar og aldrei notaðar sem grundvöllur málaferla gagnvart neinum, þ.m.t. íslenskum stjórnvöldum. Þetta atriði olli nokkrum vandræðum og töfum síðar í ferlinu varðandi aðgang kröfuhafa gömlu bankanna að upplýsingunum og þá helst kröfuhafa sem ekki vildu undirgangast þær takmarkanir á nýtingu upplýsinganna sem Deloitte krafðist.

Samhliða þessu réð FME alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið Oliver Wyman (OW) til að ráðleggja sér um hversu viðeigandi þær aðferðir væru sem Deloitte legði til og meta hvort þeirri aðferðafræði væri beitt rétt og á samræmdan hátt. OW var einnig ráðgjafi FME um efni og leiðbeiningar sem láta þyrfti Deloitte í té.

Niðurstöður OW voru settar fram í þremur aðgreindum skýrslum, einni fyrir hvern hinna þriggja banka. Hver skýrsla er í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn er mat á hvort aðferðafræði Deloitte var viðeigandi fyrir viðkomandi verkefni eins og það var skilgreint af FME, en síðari hlutinn mat á hvort aðferðafræðinni hefði verið beitt á samræmdan og viðeigandi hátt. Tekið skal fram að aðferðafræðin sem Deloitte beitti var lögð fram og samþykkt fyrirfram af FME.

2.3.3.2. Mat á forsendum og aðferðafræði

Í heild var það mat OW að aðferðafræði Deloitte væri viðeigandi fyrir það verkefni sem skilgreint var af FME og ennfremur að ekki væri ástæða til að ætla að aðferðum væri ekki beitt á samræmdan og viðeigandi hátt. OW benti þó á nokkur mikilvæg atriði í matinu sem vert væri að hafa í huga:

I. Þar sem ytri mörk matsniðurstaðna voru ekki tengd við ákveðnar þjóðhagslegar sviðsmyndir eða byggð á tilteknum líkindum veitti samanburður á vikmörkum ekki innsýn í þá óvissu sem fælist í matinu.
II. Ytri mörk matsins voru fengin með því að leggja saman efri og neðri mörk mats á einstökum flokkum og einstökum fyrirtækjum. Þar eð mörkin voru ekki fengin með því að beita samræmdum sviðsmyndum, þ.e. sérstakar þjóðhagslegar sviðsmyndir voru ekki tengdar við neðri/efri mörk einstakra matsniðurstaðna, var erfitt að túlka niðurstöðurnar. Það leiðir af þessari samlagningaraðferð að vikmörk matsupphæða þrengjast ekki hlutfallslega eftir því sem þær eru lagðar saman eins og vænta hefði mátt ef vikmörkin hefðu verið tölfræðilega skilgreind.
III. Matsaðferðin gerir ráð fyrir að bankinn sé í fullum rekstri og með nægilegt eigið fé og að hann geti fjármagnað gjaldeyrisþarfir sínar og/eða tryggt sig gegn misvægi í erlendum gjaldmiðlum. Ljóst er því að verðmæti eigna gæti verið frábrugðið því sem Deloitte telur vera ef breyta yrði lánum úr erlendum gjaldeyri í krónulán í náinni framtíð.
IV. Mat Deloitte fól í sér þá forsendu að fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja og einstaklinga yrði í samræmi við bestu alþjóðlega viðurkenndar aðferðir. Ef bankarnir myndu ekki beita slíkum aðferðum í endurskipulagningunni gætu endurheimtur eigna orðið minni en ætla mætti á grundvelli Deloitte-skýrslunnar.
V. Matsaðferðir þær sem Deloitte notaði bæði fyrir mat á stórum fyrirtækjum og einsleitum

hópum lítilla og meðalstórra fyrirtækja og einstaklinga eru ekki beinlínis tengdar heildstæðum þjóðhagslegum forsendum. Sérstaklega var tekið fram að:

a. Fyrir stærri fyrirtæki er ekki auðvelt að endurreikna matið út frá mismunandi efnahagsforsendum.
b. Tiltölulega auðvelt er að fá fram næmnigreiningu með tilliti til líkinda á greiðslufalli (e. Probability of Default – PD), tapi vegna greiðslufalls (e. Loss Given Default – LGD) vaxtaþróun, verðbólgu og kostnaði bankans við fjármögnun. Hins vegar er ekki auðvelt að meta eignirnar út frá mismunandi þjóðhagslegum forsendum svo sem landsframleiðslu, atvinnuleysi eða gengi gjaldmiðla.

VI. Fyrir bæði lítil og meðalstór fyrirtæki og einstaklinga yrði erfitt að rökstyðja forsendur um PD og LGD í ljósi þeirra efnahagserfiðleika sem Ísland er að kljást við. Skoðun OW var að sögulegar tímaraðir um íslenskt efnahagslíf hafi takmarkað gildi við að framreikna PD og LGD vegna þessara efnahagserfiðleika. Betra væri að nota sambærilegar grunnstærðir frá fyrri fjárhagsóförum á öðrum svæðum. Takmörk eru því á sambærileika þeirra viðmiða sem notuð eru í Deloitte-skýrslunni:

a. PD-stuðullinn fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki er grundvallaður á alþjóðlegri rannsókn Moody‘s á stórum fyrirtækjum sem gefin er lánshæfiseinkunn, en þau eru ekki fyllilega sambærileg við lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi. Þau síðarnefndu eru almennt minni, án lánshæfiseinkunnar og í raun undir fjárfestingarhæfi.
b. PD-stuðullinn fyrir einstaklinga er grundvallaður á rannsókn sem gerð var af Federal Reserve Bank of Philadelphia. Greiðslufall fasteignaveðlána getur verið mismunandi milli Bandaríkjanna og Íslands.
c. LGD-viðmiðin fyrir lán til einstaklinga án fasteignalána og lítilla og meðalstórra fyrirtækja voru fengin með nálgun við leiðbeinandi vísa úr Basel II-reglunum, en þeir þurfa ekki að vera rétt viðmiðun fyrir íslenska banka.

Í þeim samningaviðræðum sem fylgdu í kjölfar matsins urðu mikil skoðanaskipti, meðal annars um forsendur um aðgang að fjármögnun í erlendum myntum og þann tíma sem fjárhagsleg endurskipulagning myndi taka, en nýju bankarnir töldu að fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja myndi taka lengri tíma en Deloitte gerði ráð fyrir.

Deloitte hefur hins vegar bent á að við mat á virði lána til fyrirtækja hafi verið tekið tillit til áhrifa mismunandi gengis á undirliggjandi sjóðflæði lánsins og ennfremur að forsenda um tíma við endurskipulagningu lánasafna hafi verið eðlileg og í samræmi við alþjóðleg viðmið en ýmis atvik hafi orðið til þess að bankarnir uppfylltu ekki þessa forsendu.

2.3.3.3. Mat á eignum

Deloitte afhenti FME endanlegt mat sitt 22. apríl 2009. Vegna tafa sem höfðu orðið á endanlegum tilflutningi eigna, og þar með á frágangi endurskoðenda á stofnefnahagsreikningum nýju bankanna, endurspegluðu tölurnar ekki nákvæmlega efnahagsreikninga þeirra á þeim tíma. Sérstaklega átti þetta við um Kaupþing.

Ennfremur höfðu nýju bankarnir gert sitt eigið mat sem hluta af áætlunum þeirra um enduruppbyggingu og sem innlegg í samningaviðræður. Endanlegt mat bankanna varð á endanum í neðra bili verðbils Deloitte, en ma t kröfuhafa í efri mörkum. Mat hins óháða matsmanns var því í raun samþykkt af báðum samningsaðilum sem viðmið í þeim samningaviðræðum sem í hönd fóru.

Útkoman úr matinu er tekin saman í töflu 2 fyrir alla bankana þrjá í einu lagi. Hafa ber í huga að taflan endurspeglar túlkun FME á útkomu Deloitte og er ekki sú sama og niðurstaða Deloitte. Einnig ber að hafa í huga að sú skipting eigna sem Deloitte byggði mat sitt á var

ekki endanlega skiptingin því að leiðréttingar fóru fram á skiptingunni eftir að gögn til handa Deloitte voru tekin út úr upplýsingakerfum bankanna. Hin endanlega skipting kemur ekki fram fyrr en með stofnefnahagsreikningum nýju bankanna.

Tafla 2: Óháð mat á eignum yfirfærðum til nýju bankanna

Ma.kr.	Efnahagsr. Nafnverð	Mat lægri mörk	Mat hærri mörk	Áætluð endurheimta lægri mörk	hærri mörk
Heildareignir	4.000	1.880	2.204	47%	55%
Innlán*)	1.438	1.438	1.438		
Nettó eignir	2.562	442	766	17%	35%

*) Heildarinnlán skv. endanlegum stofnefnahagsreikningum.

Eins og fram kemur í töflunni kom eins og áður er nefnt ekki ein ákveðin tala út úr matinu fyrir hvern banka heldur ákveðið matsbil og var stærð bilsins í hverju tilfelli 95 til 131 ma. kr., mismunandi eftir bönkum. Að mati Deloitte er hér um eðlilegt verðbil að ræða miðað við heildarstærðir eignasafnanna.

Frá sjónarhóli nýju bankanna hafði þessi niðurstaða nokkrar afleiðingar í för með sér:

Telja yrði að virði millifærðra eigna væri mjög óvisst og erfitt að meta í ljósi eðlis eignanna og ríkjandi efnahagsástands.

Lágmarksendurheimtur voru taldar á bilinu 35–55% af nafnverði eftir bönkum. Nýju bankarnir stæðu því frammi fyrir verulegum áskorunum við fjárhagslega endurskipulagningu lánasafnanna og tilheyrandi rekstraróvissu í því sambandi.

Ef forsendan um sanngjarnt markaðsvirði eða svokallað „through the cycle view“ sem FME ákvað að notuð yrði myndi bregðast, væri verulega kerfislæg hætta fólgin í lánasöfnunum. Sú nálgun við matið var þó talin eðlilegri en einhverskonar sjónarmið neyðarsölu („fire sale“).

Í upphaflegu endurreisnaráætluninni frá október 2008 hafði verið gert ráð fyrir að hægt væri að taka einhliða ákvörðun um útgáfu skuldabréfs frá nýjum banka til hins gamla sem greiðslu fyrir yfirfærðar eignir.

Með viðræðum og samningum við Deloitte í lok desember varð hins vegar ljóst að útkoman úr hinu óháða mati yrði verðbil en ekki ein ákveðin tala, enda gekk Deloitte út frá að matið yrði grundvöllur viðræðna en ekki grundvöllur einhliða ákvörðunar. Því lá fyrir að setjast yrði að samningaborði til að ná samkomulagi um endurreisn bankanna.

2.3.4. Eftirfylgni FME

Breyting á endurreisnaráætluninni sem aðallega fólst í því að reyna að semja um uppgjör á eignum og skuldum í stað þess að ákveða uppgjör einhliða í formi skuldabréfs varð til þess þungi verkefnisins færðist frá FME til fjármálaráðuneytisins sem fór með eignarhald ríkisins í nýju bönkunum. Endanleg skipting bankanna var þó verkefni FME skv. neyðarlögunum og þurfti FME því að fylgjast náið með framgangi samningaviðræðna og meta á hverjum tíma

hvort líklegt væri að sú leið leiddi til niðurstöðu eða hvort grípa yrði til annarra ráðstafana.

Segja má að athygli FME hafi í vaxandi mæli beinst að rekstrarforsendum nýju bankanna og hvaða skilyrði þyrfti að setja um eigið fé, laust fé og aðra þætti til að hægt væri að veita þeim starfsleyfi. Nánar er fjallað um þann þátt í 4. kafla þessarar skýrslu.

2.4. Aðgerðir fjármálaráðuneytisins

2.4.1. Stofnun nýrra hlutafélaga og eiginfjárþörf þeirra

Á grundvelli heimilda í neyðarlögunum setti fjármálaráðherra á stofn þrjú hlutafélög sem fengu í upphafi nöfnin Nýi Glitnir banki hf., Nýi Kaupþing banki hf. og Nýi Landsbanki Íslands hf. Voru félögin stofnuð með 775 m.kr. hlutafjárframlagi hvert, en það var lágmarks hlutafé í fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum. Tóku félögin við innlendum rekstri bankanna eftir skiptingu FME á þeim sbr. kafla 2.3.

Fyrirætlunin var að auka síðan hlutafé þessara fyrirtækja þegar fyrir lægju endanlegt mat á yfirfærðum eignum og kröfur FME um lágmarks eigið fé fjármálafyrirtækja. Mjög lauslega var áætlað í október 2008 að yfirfærðar eignir gætu orðið 3.850 ma.kr. og var eiginfjárþörfin gróflega metin 10% af þeirri fjárhæð eða 385 ma.kr. Að samningum loknum voru yfirfærðar eignir til nýju bankanna þriggja hins vegar metnar á um 1.765 ma.kr. en krafan um eigið fé varð í heild 16% af áhættugrunni. Stærð efnahagsreikningsins segir þó ekki alla söguna í því efni þar sem markaðsáhætta bankanna er hluti af áhættugrunninum og hluti af henni var áhætta vegna misvægis í gjaldeyrisjöfnuði bankanna sem var verulegt í upphafi.

Þegar upp var staðið reyndist nauðsynleg fjárfesting ríkissjóðs vegna endurreisnar bankanna þriggja um 190 ma.kr. og þar af 55 ma.kr. vegna víkjandi lána. Hlutafjárframlög gömlu bankanna til nýju bankanna voru samtals um 156 ma.kr. Samtals var því varið um 346 ma.kr. til stofnfjármögnunar bankanna eða einungis um 40 ma.kr. minna en ráðgert var í upphaflegri áætlun.

2.4.2. Breytt endurreisnaráætlun

Í upprunalegum áætlunum um endurreisn bankanna var gert ráð fyrir að meginverkefni fjármálaráðuneytisins yrði að leggja nýju bönkunum til eigið fé að loknu uppgjöri milli nýrra og gamalla banka. Eftir því sem tíminn leið frá falli bankanna fór óánægja kröfuhafa gömlu bankanna, ekki síst þeirra erlendu, vaxandi. Sjónarmið þeirra var að lagt væri upp með áætlun sem væri einhliða, ekki væri gætt sjónarmiða þeirra og því yrðu þeir óhjákvæmilega að leita réttar síns hjá þar til bærum yfirvöldum. Þrátt fyrir að þetta sjónarmið væri ekki réttmætt var orðið ljóst í ársbyrjun 2009 að gera yrði breytingar á upprunalegum áætlunum um endurreisn bankanna. Með þetta í huga ákvað ríkisstjórnin í febrúar 2009 að koma á formlegum samningaviðræðum milli nýju bankanna og ríkisins sem eiganda annars vegar og skilanefnda og kröfuhafa gömlu bankanna hins vegar.

Fyrir hönd ríkisins fékk fjármálaráðuneytið það verkefni að leiða og samræma þessar viðræður, en það ráðuneyti fer með eignarhald ríkisins í nýju bönkunum. Sett var á laggirnar sérstök þriggja manna stýrinefnd með fulltrúum frá fjármála-, forsætis- og viðskiptaráðuneyti undir forsæti þess fyrstnefnda, sem hafa skyldi yfirumsjón með verkefninu. Þá réð fjármálaráðuneytið til verksins fjármála- og lögfræðilega ráðgjafa, bæði innlenda og erlenda. Í upphafi setti ríkisstjórnin fram meginmarkmið sín í þessum samningaviðræðum en þau voru:

Að tryggja jafna og réttláta meðferð kröfuhafa í öllum þremur gömlu bönkunum.

Að beitt yrði alþjóðlega viðurkenndum aðferðum við samningaviðræðurnar og uppgjörið.

Að tryggja rekstrargrundvöll bankanna þannig að þeir tækju ekki á sig meiri skuldbindingar en þeir réðu við vegna yfirtöku eignanna.

Að taka upp viðræður og samvinnu við skilanefndir gömlu bankanna og ráðgjafa þeirra og taka tillit til sjónarmiða kröfuhafa eftir því sem fært er. Lögð yrði áhersla á skilvirka og réttláta miðlun upplýsinga milli aðila í samningaferlinu.

Að leitast við finna lausnir sem kröfuhafar sætti sig við og greiða þar með fyrir aðgangi ríkissjóðs og nýju bankanna að alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

2.4.3. Mat á stöðu nýju bankanna

Til að undirbúa samningaviðræðurnar fór í upphafi fram mat á fjárhagslegri stöðu nýju bankanna, væntingum og afstöðu skilanefnda, ráðgjafa þeirra og kröfuhafa auk undirbúnings að stofnfjármögnun nýju bankanna. Var matið framkvæmt af ráðgjöfum fjármálaráðuneytisins. Helstu niðurstöður þessa mats voru:

Verulegt misvægi var í gjaldeyrisjöfnuði nýju bankanna sem leiddi til meiriháttar gjaldeyrisáhættu hjá þeim. Nýju bankarnir höfðu miklar áhyggjur af því að þeir væru ekki færir um að greiða af skuldabréfi í framtíðinni vegna þessa. Nauðsynlegt yrði að leysa þetta grundvallaratriði í starfsemi nýju bankanna áður en hægt yrði að hefja samninga um uppgjör eigna og skulda. Einnig var um að ræða misvægi í verðtryggingarjöfnuði þótt það væri ekki metið sem jafnalvarlegt rekstrarvandamál.

Vegna mikillar þarfar á afskriftum útlána var mikil óvissa um niðurstöður úr fjárhagslegri endurskipulagningu á útlánasafninu sem að viðbættri almennri efnahagsóvissu gaf til kynna að allt mat á útlánum yrði háð verulegum skilyrðum og vikmörkum. Óraunhæft væri að búast við samkomulagi um hlutlægt mat á eignum og yrði því væntanlega að semja um skilyrtar greiðslur.

Lausafjárstaða bankanna var ágæt enda lítil eftirspurn eftir nýjum útlánum. Hins vegar var töluvert um innlán frá erlendum aðilum og einnig innlendum fagfjárfestum sem dregið gæti verulega úr við afnám gjaldeyrishafta og með tilkomu nýrra fjárfestingakosta á markaði. Einnig þyrfti að gera ráð fyrir að yfirlýsing ríkisstjórnar um ábyrgð á innstæðum myndi falla úr gildi á einhvern hátt. Tillit til alls þessa yrði að taka við fjármögnun bankanna.

Semja yrði um uppgjör fyrir hvern hinna nýju banka á grundvelli endurskoðaðra fjárhagsupplýsinga og viðskiptaáætlana, auk Deloitte-matsins. Upplýsingar um rekstur og viðskiptaáætlanir nýju bankanna væru á þessu stigi ekki nægilegar til að hægt væri að semja um uppgjör til kröfuhafa og ákvarða stofnfé á grundvelli þeirra. Þá myndi raunhæf viðskiptaáætlun útheimta að tekist yrði á við gjaldeyrismisvægið og yrði því að finna lausn á því máli áður en samningaviðræður gætu hafist.

Lítið hafði miðað við að setja upp endurskoðaða reikninga fyrir nýju bankana þar sem nýju bankarnir og endurskoðendur þeirra höfðu verið að bíða eftir hinu óháða mati Deloitte. Talið var að í biðinni eftir skýrslu Deloitte hefðu nýju bankarnir ekki einbeitt sér nægilega að raunverulegri viðskiptaafkomu á tímabilinu frá millifærslunni í október 2008 og því að móta áform um sjálfstæða framtíð sína sem hluta af innlendu bankakerfi í eðlilegum rekstri. Svo virðist sem þeir hafi talið að þeir kæmust ekki áfram með þetta verkefni á meðan vinnu Deloitte við eignamatið væri ólokið. Reyndar höfðu bankarnir lagt viðskiptaáætlanir sínar fyrir FME í desember 2008, en telja verður að þar hafi verið um bráðabirgðaáætlanir að ræða þar sem meðal annars var gert ráð fyrir að gjaldeyrismisvægi í efnahagsreikningi yrði leyst með gjaldeyrisskiptasamningi við Seðlabanka Íslands.

Ákveða varð stofnfjárframlag nýju bankanna frá ríkissjóði á sama tíma og samningar um uppgjör yrðu gerðir, eða síðar. Á þessum tíma voru hugmyndir uppi um að mögulegt væri að ljúka stofnfjármögnun bankanna áður en samningaviðræðum lyki, en það töldu ráðgjafarnir óraunhæft.

Ónóg upplýsingagjöf til kröfuhafa hafði leitt til verulegs vantrausts af þeirra hálfu. Mikilvægt væri að koma á opnu og gagnsæju samskiptaferli við skilanefndirnar, ráðgjafa þeirra og kröfuhafa til að tryggja að samningaviðræður færu fram á grundvelli fullnægjandi upplýsinga og skilnings aðila beggja vegna samningaborðsins.

Kröfuhafarnir óttuðust að þeir yrðu neyddir til að taka við greiðslum á grundvelli vanmats á eignum og yrði neitað um tækifæri til að fá hlutdeild í mögulegum framtíðarendurbata hjá nýju bönkunum og í hagkerfinu. Þeir töldu ekki að þeir hefðu haft nægilegan aðgang að upplýsingum til að gera þeim kleift að meta hvort þeir fengju sanngjarna meðferð eða ekki. Þeir voru mjög vantrúaðir á að nægilegum árangri yrði náð fyrir áformaðan lokadag, sem þá var um miðjan maí 2009, ef þeir ættu að fá tækifæri til að taka þátt í samningsferlinu á sanngjarnan hátt.

Að matinu loknu var gerð verkáætlun um hvernig mögulegt væri að ljúka þeim verkþáttum sem nauðsynlegt var að ljúka til að skapa grundvöll að samningaviðræðum. Áætlunin sneri að (i) leiðréttingu á gjaldeyrismisvægi í efnahagsreikningum bankanna, (ii) gerð viðskiptaáætlana með samræmdum þjóðhagslegum forsendum, (iii) mati á getu nýju bankanna til að sjá um fjárhagslega endurskipulagningu viðskiptavina og þar með lánasafnsins, (iv) uppgjöri og endurskoðun bankanna í samvinnu við Ríkisendurskoðun og ennfremur (v) bættum samskiptum við kröfuhafa og skilanefndir til undirbúnings viðræðum.

Þessu til viðbótar var óháðu mati Deloitte á yfirfærðum eignum skilað til FME 22. apríl 2009. Nauðsynlegt var að allir samningsaðilar hefðu aðgang að þeim gögnum til að koma nægilega vel undirbúnir til samninga. Tryggja þurfti jafnræði aðila í aðgangi að gögnunum og vörðu ráðgjafar fjármálaráðuneytisins miklum tíma í þessu skyni í samvinnu við FME, en kröfur Deloitte um trúnað og skaðleysi ollu töluverðum vanda og tímatöfum við dreifingu upplýsinga til kröfuhafa.

Nýju bankarnir og ráðgjafar fjármálaráðuneytisins unnu samkvæmt framangreindri verkáætlun í apríl og maí 2009 og voru viðskiptaáætlanir nýju bankanna ásamt þeirra eigin mati á yfirfærðum eignum lagt fyrir skilanefndir og kröfuhafa á kynningarfundum í byrjun júní 2009.

2.4.4. Misvægi í gjaldeyrisjöfnuði

Misvægi í gjaldeyrisjöfnuði nýju bankanna, og reyndar annarra fjármálafyrirtækja, var vandamál sem stjórnvöld vörðu miklum tíma í að fást við og finna lausn á og er því ástæða til að gera sérstaka grein fyrir því máli. Talið var að lausn á því væri forsenda fyrir að hægt yrði að hefja samningaviðræður um bætur og taka ákvarðanir um fjármögnun bankanna.

2.4.4.1 Nefnd á vegum forsætisráðherra

Með bréfi til forsætisráðherra frá bankastjórn Seðlabanka Íslands dagsettu 11. desember 2008 er vakin athygli á því að nýju bankarnir eiga mun meira af gengisbundnum eignum en skuldum. Sú staða felur í sér áhættu þar sem efnahagur og afkoma bankanna eru við þessar aðstæður mjög næm fyrir breytingum á gengi krónunnar. Í kjölfarið skipaði forsætisráðherra nefnd með fulltrúum forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneytis auk Seðlabanka Íslands og FME. Skilaði nefndin áliti sínu í maí 2009. Þar segir um misvægið:

„Misvægi af þessu tagi hefur mikil áhrif á rekstrargrundvöll viðskiptabankanna og gerir rekstur þeirra mjög viðkvæman fyrir breytingum á gengi krónunnar. Í grundvallaratriðum má skipta þessum áhrifum í þrennt:

Með opið gjaldeyrismisvægi af þessu tagi leiðir styrking á gengi krónunnar til þess að virði eigna bankanna lækkar og neikvæður gengismunur myndast. Miðað við heildarupphæð

á gjaldeyrismisvægi stóru viðskiptabankanna þriggja myndi 10% styrking á gengi krónunnar leiða til þess að tæplega 30% af áætluðu eigin fé bankanna upp á 385 milljarða tapast. Ef styrkingin yrði 35% myndi allt áætlað eigið fé bankanna hverfa.

Veiking krónunnar hefur öfug áhrif, þ.e. skapar gengishagnað fyrir bankana þar sem virði bókfærðra eigna hækkar umfram virði bókfærðra skulda. Hins vegar leiðir lækkun á gengi krónunnar til þess að staða þeirra viðskiptavina bankans sem tekið hafa gengistryggð lán versnar. Eignagæði bankans rýrna af þeim sökum og því má búast við neikvæðum áhrifum á reksturinn.

Þar sem vextir af gengistryggðum lánum eru að jafnaði lægri en vextir af lánum í íslenskum krónum myndar gjaldeyrismisvægið neikvæðan vaxtamun fyrir bankana.

Af ofangreindu má ráða að grípa verður til aðgerða hið fyrsta til þess að leiðrétta gjaldeyrismisvægið áður en fyrirhuguð endurfjármögnun bankakerfisins á sér stað. Meðal annars verður gjaldeyrisjöfnuður nýju bankanna að uppfylla reglur Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð til að FME geti veitt þeim starfsleyfi. Nefndin telur nauðsynlegt að ráðast nú þegar að rótum vandans með samræmdum aðgerðum. Gera verður ráð fyrir að bankarnir hafi ekki aðgang að fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum í náinni framtíð og verði því ekki í aðstöðu til að veita gengisbundin útlán. Þorri innlendra fyrirtækja hefur að auki ekki tekjur í erlendum gjaldmiðlum og ætti því ekki að taka á sig umtalsverða gjaldmiðlaáhættu. Möguleikar fyrirtækjanna til að verja sig gegn gjaldmiðlaáhættu eru litlir sem engir við núverandi aðstæður á fjármálamörkuðum. Því er nauðsynlegt að leysa þann kerfisvanda sem gjaldmiðlaójafnvægi bankanna skapar sem fyrst, einnig með tilliti til gjaldeyrisáhættu fyrirtækja og einstaklinga.“

Nefndin skoðaði vandlega hugsanlegar leiðir til að bregðast við þessu ójafnvægi en þær voru að hennar mati fjórar:

Skuldbreyting gengistryggðra lána yfir í lán í íslenskum krónum. Uppgjör milli nýju og gömlu bankanna í erlendri mynt.

Nýju bankarnir kaupi minna af gengisbundnum lánum frá gömlu bönkunum en reiknað hefur verið með.

Gjaldeyrisskiptasamningur milli Seðlabankans fyrir hönd ríkissjóðs og bankanna.

Mat nefndarinnar var að eðlilegt væri að uppgjör milli nýju og gömlu bankanna færi fram í erlendri mynt, til að draga úr misvæginu, en augljóslega væri vandamálið miklu stærra en væntanlegir fjármálagerningar milli bankanna. Breyting á millifærslu eigna milli bankanna með því að skila aftur gengistryggðum eignum kæmi til greina en sem slík myndi hún einungis minnka og þá draga úr áhrifum fjármálagerningsins milli bankanna. Ekki var talið raunhæft að jafna út misvægið með skiptasamningi við Seðlabanka Íslands. Meðal annars var talið að slíkur samningur væri allt of áhættusamur fyrir ríkið.

Meginniðurstaða nefndarinnar varð því að myntbreyting útlána í íslenskar krónur væri nauðsynleg til að lagfæra gjaldeyrisjöfnuð bankanna og eina raunhæfa leiðin.

2.4.4.2. Útfærsla á gjaldeyrisjöfnuði bankanna

Í framhaldi af áliti nefndarinnar unnu ráðgjafar fjármálaráðuneytisins með nýju bönkunum að útfærslu á gjaldeyrisjöfnuði bankanna. Niðurstaðan var að skipuleggja ætti efnahag bankanna þannig að þeir ættu að vera með skuld í erlendum gjaldmiðlum sem samsvaraði útlánum bankans til fyrirtækja með tekjur í erlendum gjaldeyri. Öðrum útlánum bankanna í erlendri mynt yrði að skuldbreyta í lán í íslenskum krónum. Ennfremur að þar sem vextir í íslenskum krónum væru enn tiltölulega háir væri óraunhæft að ætla að hægt væri að skuldbreyta nefnd-

um lánum í einu vetfangi og því yrðu bankarnir að setja upp skuldbreytingaráætlun, þ.e.a.s. tímaáætlun um skuldbreytinguna.

Hina opnu gjaldeyrisstöðu sem myndaðist tímabundið við þessa lausn yrði að verja með auknu eigin fé til bankanna. Bent var á að í raun væri ekki rétt að verja þá gjaldeyrisstöðu sem myndaðist með útlánum til aðila sem ekki hafa gjaldeyristekjur með samsvarandi gengistryggðri skuldsetningu bankans vegna þess að við breytingar á gengi íslensku krónunnar verða ekki samsvarandi breytingar á greiðslugetu þessara lántakenda. Sýnt var fram á að til dæmis við veikingu íslensku krónunnar gagnvart þeim gjaldmiðlum sem lán til slíkra aðila væri veitt í ykist ekki greiðslugeta lántakandans. Gengishagnaður vegna veikingar krónunnar fengi þá mótsvar sitt í virðisrýrnun útlána. Virðisrýrnun eða virðisaukning útlána myndaði því að hluta til náttúrulega vörn gegn gengishagnaði eða gengistapi við sveiflur í gengi krónunnar. Sú vörn ætti að leiða til minni þarfar á eigin fé til að verja hina opnu gjaldeyrisstöðu.

Til að hrinda þessum áætlunum í framkvæmd varð Seðlabanki Íslands að veita tímabundna undanþágu frá reglum sínum um misvægi í gjaldeyrisjöfnuði og FME að samþykkja ákveðnar aðferðir við mat á gengisáhættu með náttúrulegri vörn.

Talið var að gjaldeyrismisvægi í efnahagsreikningum nýju bankanna hafi verið um 800 ma.kr. í upphafi, en að minnsta kosti helming þess mætti rekja til útlána til aðila sem ekki hefðu tekjur í erlendum gjaldmiðlum og þyrfti því að skuldbreyta í íslenskar krónur.

Samningarnir milli nýju og gömlu bankanna og fjármögnun nýju bankanna tók mið af þessari áætlun við útgáfu skuldabréfa nýju bankanna til hinna gömlu í tilfelli Landsbankans og Íslandsbanka og ennfremur fjármögnun í formi víkjandi lána í EUR til Arion banka og Íslandsbanka sem greidd voru með íslenskum krónum. Þar sem yfirfærðar eignir til Arion reyndust minni en yfirfærðar skuldir gaf Arion ekki út skuldabréf til Kaupþings og var því ekki unnt að leysa gjaldeyrismisvægi Arion að fullu í samningunum eða við fjármögnun bankans. Í samkomulagi Seðlabanka Íslands og Kaupþings um yfirtöku húsnæðislána (sbr. undirkafla 3.2.6.) varð þó mögulegt að leggja nokkuð af mörkum við að leiðrétta gjaldeyrismisvægi Arion. Þess má að lokum geta að við yfirtöku Glitnis á 95% eignarhaldi í Íslandsbanka skapaðist að nýju þörf fyrir gengisvarnir hjá bankanum þar sem Glitnir notaði skuldabréfið frá Íslandsbanka sem gefið var út í EUR til að yfirtaka eignarhlutinn.

Lokaniðurstaðan eftir samninga varð að gengistryggð skuld Landsbankans væri ívið of há miðað við útlán til aðila með gjaldeyristekjur en gengistryggðar skuldir hinna bankanna of lágar, en að í heild væru bankarnir væntanlega með heldur hærri „hreinar“ gengistryggðar eignir en skuldir eins og þær voru skilgreindar. Seðlabanki Íslands hefur í framhaldinu verið með þessi málefni til skoðunar í samvinnu við bankana, þ.e. hvernig hægt væri að leiðrétta að fullu gjaldeyrismisvægi hvers og eins út frá ákveðnum forsendum um raunverulegt gjaldeyrisflæði.

Í þessu skyni bauð Seðlabankinn fjármálafyrirtækjum til viðræðna um samninga með það að markmiði að gjaldeyrismisvægi vegna hreinnar eignar í erlendum gjaldmiðlum sem skilar tekjum í erlendum gjaldeyri verði ekki meira en sem nemur 15% af eigin fé þeirra. Undir lok ársins 2010 átti Seðlabankinn gjaldeyrisviðskipti við viðskiptabankana vegna þessa. Nánar er fjallað um gjaldeyrismisvægi fjármálafyrirtækja í riti Seðlabankans, Fjármálastöðugleiki, fyrra og síðara hefti 2010.

2.4.5. Umgjörð samningaviðræðna

Eins og áður er getið lögðu nýju bankarnir fram viðskiptaáætlanir sínar ásamt eigin mati á yfirfærðum eignum og tillögu að uppgjöri fyrir skilanefndirnar, ráðgjafa þeirra og fulltrúa

kröfuhafa í samningaviðræðunum í byrjun júní 2009. Deloitte (UK) hafði skilað mati sínu til FME 22. apríl 2009 og samningsaðilar fengið aðgang að því.

Í framhaldinu hófust samningaviðræður milli aðila þar sem fulltrúar nýju bankanna og fjármálaráðuneytis sátu öðrum megin borðsins og skilanefndir gömlu bankanna ásamt ráðgjöfum þeirra og fulltrúum kröfuhafa hinum megin. Mismunandi hópar kröfuhafa höfðu mismunandi sjónarmið og mismunandi markmið um samningsniðurstöður. Sérstaklega var þetta ljóst varðandi fulltrúa innstæðueigenda vegna rétthæðar krafna þeirra, en einnig voru mismunandi sjónarmið milli fulltrúa skuldabréfaeigenda og banka þótt kröfur þeirra væru jafnréttháar. Talið var að skuldabréfaeigendur ættu meira en helming krafna í Glitni og Kaupþingi og myndu því hafa mest áhrif þar, en fulltrúar innstæðueigenda reyndust fyrirferðarmestir í samningum um skiptingu Landsbankans vegna innstæðukrafna í Bretlandi og Hollandi.

Samningaviðræðurnar fóru aðallega fram í Reykjavík í húsnæði ríkissáttasemjara en einnig í London í húsnæði Hawkpoint, ráðgjafa fjármálaráðuneytisins, og einnig undir lokin í húsnæði LOGOS, ráðgjafa skilanefnda Glitnis og LBI, í Reykjavík.

Viðræðurnar reyndust flóknar bæði út frá fjármálalegum og lögfræðilegum sjónarmiðum. Samningsaðilar nýttu sér því þjónustu ráðgjafa í ríkum mæli. Hér á eftir er birtur listi yfir helstu ráðgjafa samningsaðilanna:

Fjármálaráðuneytið og nýju bankarnir:
Þorsteinn Þorsteinsson, rekstrarhagfræðingur, fjármál og stjórn viðræðna.
Landslög (ÍS), lögfræðimálefni.
Hawkpoint (UK), fjármál.
Lovells (UK), lögfræðimálefni.
Allan & Overy (UK), lögfræðimálefni (á vegum ÍSB og NBI).
Skilanefnd Glitnis banka:
LOGOS (ÍS), lögfræðimálefni. UBS (NY/UK), fjármál.
Morrison & Foerster (NY), lögfræðimálefni.
Skilanefnd Kaupþings banka:
Deloitte (ÍS), fjármál.
Morgan Stanley (UK), fjármál.
Weil, Gotshal & Manges (NY), lögfræðimálefni.
Skilanefnd Landsbanka Íslands:
LOGOS (ÍS), lögfræðimálefni.
Barclays (NY/UK), fjármál.
Morrison & Foerster (NY), lögfræðimálefni.
Kröfuhafar:
Skuldabréfaeigendur:
Bingham McCutchen (NY), lögfræðimálefni.
Houlihan Lokey (NY/UK), fjármál.
Ríkissjóður Bretlands:
Slaughter and May (UK), lögfræðimálefni.
Ernst & Young (UK), fjármál.
Bresk sveitarfélög:
Bevan Brittan (UK), lögfræðimálefni.
KPMG (UK), fjármál.
Seðlabanki Hollands:
Stibbe (NL), lögfræðimálefni.

Deloitte (NL), fjármál.

Erlendir bankar:

Deutsche Bank (undir lok viðræðna).

Hver hinna nýju banka var með sitt eigið teymi sérfræðinga við samningaborðið bæði fjármálalega og lögfræðilega. Helstu verkefni þeirra voru varðandi eignamatið þar sem starfsmenn bankanna höfðu gleggsta þekkingu á því sviði. Ennfremur voru kjör skuldabréfs, veðsamningar og nettunarsamningar mikilvæg verkefni þeirra. Bankastjórar tóku einnig þátt í viðræðum eða fylgdust grannt með þeim og héldu bankaráðum upplýstum, en stjórnir bankanna þurftu á endanum að samþykkja þá samninga sem bankarnir voru aðilar að og í framhaldinu stofnefnahagsreikningana sem byggðu á samningsniðurstöðum.

Samningar um stofnfjármögnun, víkjandi lán, hlutafjárvalréttir og ennfremur hluthafasamningar voru hins vegar aðallega á hendi ríkisins.

Rammasamningar (e. Head of Terms) náðust við Glitni banka og Kaupþing banka 20. júlí 2009 og við Landsbanka Íslands 10. október 2009. Í beinu framhaldi hófst vinna við útfærslu samninganna og samningsumleitanir um útfærsluatriði. Voru aðalsamningarnir við Glitni og Kaupþing síðan undirritaðir í byrjun september 2009, en gerðir voru breytingarsamningar við Kaupþing um frekari útfærslu nokkurra atriða sem dagsettir eru 30. október 2009 og 30. nóvember 2009. Samningar varðandi Landsbankann voru undirritaðir 15. desember 2009. Fleiri aðilar komu að samningaborðinu í tengslum við Landsbankasamningana vegna innstæðukrafna í Bretlandi og Hollandi. Þetta varð til þess að þær samningaviðræður urðu flóknari og tóku lengri tíma.

Niðurstöðum samninga er lýst í 3. kafla þessarar skýrslu.

2.4.6. Helstu álitaefni

Helstu fjárhagslegu álitaefnin vörðuðu þrjá þætti samninganna, þ.e. (i) nettóverðmæti yfirfærðra eigna, (ii) raunverulegt verðmæti þeirrar greiðslu sem innt yrði af hendi og (iii) kjör á yfirtöku Glitnis og Kaupþings á Íslandsbanka og Arion.

2.4.6.1. Nettóverðmæti yfirfærðra eigna

Ljóst var talið í upphafi að erfitt myndi reynast að ná samningum um eitt ákveðið nettóverðmæti. Óháða matið með sínu verðbili í verðmati hvers banka styrkti þetta sjónarmið. Því var talið álitlegast að breyta uppgjörinu sem fyrirhugað var með einföldu skuldabréfi í fjölþættari fjármálagerning þar sem hin endanlega greiðsla fyrir yfirfærðar eignir færi eftir því hversu mikið kæmi út úr þeim eignum að lokum. Hugmyndin var að kröfuhafar fengju til sín hið endanlega verðmæti yfirfærðu eignanna með skilyrtu viðbótarskuldabréfi sem gefið yrði út síðar.

Erfitt reyndist að þróa fjármálagerninga sem tækju mið af bæði hugsanlegum niðursveiflum og uppsveiflum í verðmæti eignanna en það var talið æskilegast. Fljótlega kom þó upp sú hugmynd að tengja endurgjald til gömlu bankanna við eignarhald þeirra að þeim nýju, en verðmæti hlutabréfanna getur sveiflast bæði upp og niður í takt við raunverulegt verðgildi eignanna sem ráðstafað var til hinna nýju banka. Markmið ríkisins og nýju bankanna var því að semja um lágt eignamat – grunnmat – sem gæti hækkað síðar ef vel gengi eða hins vegar eignarhald gömlu bankanna á þeim nýju.

Eins og sjá má á töflunni hér á eftir reyndist umsamið grunnmat nettóeigna samtals 289 ma.kr., en skilyrtu viðbótargreiðslurnar námu í upphafi samtals 215 ma.kr. Í einum banka reyndust yfirfærðar eignir minni en yfirfærðar skuldir.

Tafla 3. Uppgjör nýju bankanna á nettóeignum

Ma.kr.	Nettó	Skilyrt
Íslandsbanki	52	80
Arion banki	-38	43
Landsbankinn	275	92
Samtals	289	215

Með eignarhaldi Glitnis að Íslandsbanka var 52 ma.kr. kröfunni breytt í hlutafé og skilyrta skuldabréfið að fjárhæð 80 ma.kr. féll niður. Skilyrtu kröfurnar í heild lækkuðu því úr 215 ma.kr. í 135 ma.kr. Rétt er einnig að geta þess að af 275 ma.kr. greiðslum til LBI voru 28 ma.kr. í formi hlutabréfa og 247 ma.kr. með skuldabréfum.

2.4.6.2. Lögmæti gengistryggðra lána

Í tengslum við og eftir dóma Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggðra lána hefur komið upp opinber umræða um hvaða viðhorf hafi verið uppi um þetta atriði hjá samningsaðilum í samningum milli bankanna um yfirfærslu eigna til nýju bankanna. Hafa sumir viljað deila á íslensk stjórnvöld fyrir að hafa ekki í nægilegum mæli tekið tillit til þessa í samningunum og hafa hefði átt fyrirvara um þetta atriði í samningunum.

Eins og greinir hér að framan voru sérstö k álitaefni við mat eignanna (útlánanna) tengd þeirri staðreynd að skuldarar gengistryggðra lána voru að miklu leyti aðilar með tekjur í íslenskum krónum. Með falli krónunnar var augljóslega ríkuleg þörf á að færa verðmæti þessara lána niður. Það var gert að verulegu leyti. Þó verður að hafa í huga að ýmis erlend og gengistryggð lán voru og eru í fullum skilum, einkum hjá útflutningsatvinnugreinunum. Við samninga um endurgjald fyrir útlánin var farið niður í neðstu mörk Deloitte-matsins og þannig reynt að girða fyrir að áhættur sem tengdust lánasöfnunum myndu reynast nýju bönkunum ofviða. Ef betur gengi myndi hins vegar vera greitt í formi aukins verðmætis hlutabréfa eða útgáfu viðbótarskuldabréfa eins og áður er rakið.

Mat eignanna miðast við októbermánuð 2008 en á þeim tíma voru tugþúsundir gengistryggðra lána í bönkunum sem greitt var af og engum hafði blandast hugur um að væru gildir gerningar. Seðlabanki Íslands og FME höfðu látið þessar lánveitingar óátaldar og þær höfðu tíðkast um árabil. Um það leyti sem endanlega var gengið frá samningum við gömlu bankana heyrðust raddir um að gengistrygging lána kynni að vera ólögmæt. Það atriði var á þeim tíma umdeilt meðal lögfræðinga og algjörlega óraunhæft að meðhöndla öll slík lán sem ólögmæt í samningunum. Bent var á að öll gengistryggð lán hefðu verið afskrifuð um meira en helming við yfirfærslu þeirra til nýju bankanna, engin greining hefði farið fram á lánaskilmálum m.t.t. ólögmætis og þótt svo færi að hluti þeirra yrði metinn ógildur myndu ákvæði 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 leiða til þess að upphaflegur höfuðstóll yrði framreiknaður með óverðtryggðum vöxtum.

Þegar þetta er ritað liggja fyrir dómar Hæstaréttar sem skera úr um ólögmæti bindingar lána í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla og hvernig skuli fara með vaxtareikning slíkra ólögmætra gengistryggðra lána vegna bifreiðakaupa og húsnæðislána. Niðurstaða Hæstaréttar er sú að ákvæði um bindingu fjárhæðar láns í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla sé ógilt. Við mat á því hvort lán vegna bílakaupa og húsnæðislán sé gilt erlent lán eða íslenskt lán með ólögmætri gengistryggingu skipti mestu hvort lánsfjárhæð sé

ákveðin í íslenskum krónum og að greiða beri lánið til baka í íslenskum krónum. Lögum um vexti og verðtryggingu var breytt í árslok 2010 með lögum nr. 151/2010 þar sem kveðið var með nákvæmari hætti á um framkvæmd endurútreiknings lána sem dæmd hafi verið ógild, auk ákvæða til bráðabirgða um endurútreikning húsnæðislána.

Ekki liggur enn fyrir að hvaða marki fyrirtækjalán teljast hafa að geyma ólögmæta gengistryggingu en á það mun líklega reyna fyrir dómstólum á næstu misserum, þótt fyrirtæki og bankar hafi raunar í miklum mæli samið um breytingar á þeim lánum. Enn er mjög umdeilt meðal lögfræðinga að hvaða marki fyrirtækjalánin verði talin hafa að geyma ólögmæta gengistryggingu. Hins vegar liggur fyrir að jafnvel þótt stór hluti þeirra falli þar undir mun það ekki hafa í för með sér verulegar umframafskriftir á þeim lánum í heild sinni, þegar tekið er mið af því matsverði sem samningar nýju og gömlu bankanna gerðu ráð fyrir.

Óvissan kringum gengistryggðu lánin var einn af þeim fjölmörgu þáttum sem tekið var tillit til við mat og samninga um eignavirðið. Miðað við þá dóma sem nú þegar hafa fallið um endurreikning ólögmætra lána er tjón nýju bankanna innan þeirra marka sem samningarnir settu. Mikilvægt var á sínum tíma að ljúka samningum og gerð endanlegra stofnefnahagsreikninga bankanna og verður að telja að á heildina litið hafi það verið betri kostur en að stöðva samningaferlið í ljósi þeirrar óvissu sem enn hefur ekki verið eytt að fullu.

2.4.6.3. Verðmæti greiðslu

Uppgjör vegna mismunar á yfirteknum eignum og skuldum átti að fara fram með skuldabréfi. Vaxtakjör skuldabréfsins og try ggingar yrðu því mikilvægir þættir í mati á raunverulegu verðmæti uppgjörsins.

Sjónarmið kröfuhafa var að þar sem innlán væ ru forgangskrafa við þrot yrði að líta á útgefið skuldabréf nánast sem víkjandi lán þar sem það stæði á eftir innlánum í kröfuröðinni. Vextir af slíku skuldabréfi yrðu því að vera tiltölulega háir. Skuldabréf sem hefði sömu stöðu og innlán eða væri veðtryggt gæti því verið jafnverðmætt, þó að það væri með talsvert lægri vöxtum. Þetta leiddi til þess samið var um að skuldabréf Landsbankans, sem varð að lokum eina skuldabréfið sem gefið var út af nýju bönkunum, væri tryggt með veði.

Tafla 4. Endanlegir stofnefnahagsreikningar nýrra banka

Endanlegt uppgjör í m.kr.	Arion banki 22.10.2008	Íslands-banki 15.10.2008	Lands-bankinn 9.10.2008	Samtals
Sjóður og innistæður hjá seðlabönkum	9.554	53.829	38.602	**101.985**
Markaðsskuldabréf	7.939	3.762	24.624	**36.325**
Hlutabréf og önnur verðbréf	8.826	3.944	36.158	**48.928**
Skuldbréf vegna yfirfærslu eigna	38.300	0	0	**38.300**
Kröfur á lánastofnanir	35.265	10.597	5.291	**51.153**
Útlán til viðskiptavina	324.727	482.586	655.725	**1.463.038**
Fjáreignir á gangvirði	11.598	1.589	0	**13.187**
Hlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum	2.345	296	2.325	**4.966**
Óefnislegar eignir	2.441	0	1.206	**3.647**
Rekstrarfjármunir	8.346	1.773	6.909	**17.028**
Fjármunir til sölu eða í sölumeðferð	0	1.894	6.498	**8.392**
Skatteign	578	0	4.935	**5.513**
Hlutafjárloforð	71.225	64.225	149.225	**284.675**
Aðrar eignir	3.090	6.470	1.157	**10.717**
Eignir samtals	**524.234**	**630.965**	**932.655**	**2.087.854**
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og seðlabönkum	52.179	134.303	82.517	**268.999**
Innlán viðskiptamanna	389.756	361.302	418.045	**1.169.103**
Skuldabréf útgefið til gamla banka	0	53.808	274.800	**328.608**
Skattskuldbindingar	274	137	1.420	**1.831**
Skuldbindingar vegna sölu eigna	38	1.285	4.519	**5.842**
Aðrar skuldir	9.987	14.471	1.306	**25.764**
Skuldir samtals	**452.234**	**565.305**	**782.607**	**1.800.146**
Hlutafé	12.646	10.000	24.000	**46.646**
Yfirverð hlutafjár	59.354	55.000	125.880	**240.234**
Annað eigið fé	0	660	168	**828**
Eigið fé samtals	72.000	65.660	150.048	**287.708**
Egið fé og skuldir samtals	**524.234**	**630.965**	**932.655**	**2.087.854**

Heimild: Ársreikningar bankanna þriggja fyrir árið 2008 og viðbótaruppl. um hlutafé Arion banka.

Stofnefnahagsreikningar bankanna bera með sér að endanlegt grunnmat yfirtekinna eigna var um 1.760 ma.kr. en skilyrt verðmætaaukning sem greiðsla kæmi fyrir til viðbótar var 215 ma.kr. skv. töflu 3 hér á undan.

2.4.6.4. Stofnfjármögnun Glitnis og Kaupþings

Skilanefndir Glitnis og Kaupþings létu snemma í samningaferlinu í ljós vissan áhuga á að láta reyna á hvort hag þeirra yrði hugsanlega betur borgið með því að eignast viðkomandi nýja banka að verulegu leyti, en þó með skilyrði um fjárhagslegan stuðning ríkisins. Þetta var í góðu samræmi við það markmið íslenskra stjórnvalda að minnka bæri fjárhagslega áhættu ríkissjóðs eftir föngum af fjárhagslegri endurreisn bankakerfisins og ef til vill ekki heppilegt fyrir fjármálamarkaðinn og atvinnulífið í heild að ríkið ætti alla bankana. Því var tekið jákvætt í þessar hugmyndir og ráðagerðir. Ríkisstjórnin setti það skilyrði að við slíka yfirtöku gæti ríkið að hámarki staðið undir 35% af stofnfjármögnun nýju bankanna og gömlu bankarnir stæðu þá undir 65% fjármögnunar að lágmarki. Var einnig miðað við að ríkissjóður sæi um áhættuminni þátt stofnfjármögnunar, þ.e. veitti víkjandi lán sem næmi 25% af stofnfjármögnun og gæti þar af leiðandi ekki eignast meira en 13,3% af hlutafénu.

Þegar samningum um eignamat hinna tveggja nýju banka var lokið kom í ljós að staða gömlu bankanna tveggja með hliðsjón af yfirtöku eignarhalds á nýju bönkunum var mjög misjöfn. Mati á þeim eignum sem færðar voru til Íslandsbanka lauk þannig að Íslandsbanki þyrfti að gefa út skuldabréf að fjárhæð 52 ma.kr. til að greiða fyrir yfirfærðar eignir umfram yfirfærðar skuldir. Hins vegar reyndust þær eignir sem yfirfærðar voru til Arion banka 38 ma.kr. verðminni en þær skuldir sem yfirfærðar voru. Kaupþing banki þurfti því í raun að gefa út skuldayfirlýsingu til Arion, en við því hafði ekki verið búist í upphafi. Glitnir gat því notað nefnt skuldabréf til að eignast allt að 95% af heildarhlutafé Íslandsbanka, en Kaupþing varð að koma með nýjar nettó eignir inn í Arion til að greiða fyrir 87% eignarhlut sinn sem var lágmarkseignarhlutur samkvæmt þeim mörkum sem íslensk stjórnvöld höfðu sett um hámarksfjármögnun ríkisins.

Við fjármögnun Kaupþings í janúar 2010 var einnig gengið frá samkomulagi við Seðlabanka Íslands um yfirfærslu húsnæðislána og annarra lána og uppgjör á þeim (sbr. kafla 3. 2.6.), sem varð til þess að bæði eignir og skuldir Arion jukust við þessar aðgerðir og áhættugrunnur bankans stækkaði.

Í viðræðum um yfirtöku Glitnis og Kaupþings á eignarhlutunum olli það nokkrum vandræðum að fjármögnun ríkisins var miðuð við falldag bankanna í október 2008. Yfirtaka gömlu bankanna varð hins vegar síðar eða í september 2010 hvað Íslandsbanka varðaði og 8. janúar 2010 hvað Arion varðaði. Þar hafði verið beðið eftir samþykki FME á fyrirkomulagi eignarhalds og hinum nýja eiganda bankans.

Á þessum millibilstíma frá október 2008 og fram að yfirtöku gömlu bankanna greiddi ríkissjóður vexti af þeim skuldabréfum sem hann hafði gefið út miðað við október 2008 til að greiða fyrir hlutabréfin. Um samdist í tilfelli Íslandsbanka að skuldabréfunum yrði skilað til ríkissjóðs með áföllnum vöxtum að mestu fyrir tímabilið en í tilfelli Arion að bankinn myndi greiða ríkinu arð fyrir það tímabil sem hann var í eigu ríkisins sem myndi samsvara stórum hluta af vaxtagjöldunum.

Meginástæða þess að erfitt var að ná vaxtagjöldunum að fullu til baka var að ákveðið hafði verið að greiða hlutaféð með skuldabréfum með breytilegum vöxtum sem voru mjög háir á þessu tímabili, en fyrsta árið reyndust árlegir vextir af skuldabréfinu vera 13,3% að meðaltali (sbr. kafla 2.4.5.). Hefði ríkissjóður fjármagnað hlutabréfakaupin með skuldabréfum með föstum vöxtum hefðu vaxtagjöldin orðið minni á upphafstímabilinu, en væntanlega hærri þegar til lengri tíma er litið, en árlegir vextir af skuldabréfinu með breytilegum vöxtum eru nú 3,25% (febrúar 2011).

Þá er einnig rétt að nefna að við skil nýju bankanna tveggja á ríkisskuldabréfum til ríkissjóðs áttu þeir erfitt með að uppfylla ný skilyrði FME um lausafjárstöðu, en ríkistryggð

skuldabréf eru eina veðandlagið sem Seðlabankinn samþykkir í tengslum við lausafjárfyrirgreiðslu til fjármálafyrirtækja. Til að leysa þetta vandamál varð niðurstaðan að ríkið samþykkti að veita bönkunum lausafjárstuðning til að þeir gætu uppfyllt öll skilyrði um laust fé, sbr. kafla 3.1.5. og 3.2.5.

2.4.7. Fjármögnun ríkisins

Fjármögnun ríkisins á hlutafjárframlagi til bankanna og á víkjandi lánum til þeirra fór fram með afhendingu ríkisskuldabréfa sem veðhæf eru í Seðlabanka Íslands sem trygging fyrir lausafjárfyrirgreiðslu. Hin hefðbundnu ríkisskuldabréf eru með föstum vöxtum og henta því ekki vel fyrir bankana sem eign þar sem efnahagsreikningur þeirra er að mestu tengdur breytilegum vöxtum bæði á eigna- og skuldahlið. Móttaka skuldabréfa með föstum vöxtum hefði því skapað viðbótarvaxtaáhættu í efnahagsreikningum þeirra.

Einnig var það sjónarmið ríkisins að með þeirri lækkun á vöxtum sem framundan væri myndi ábati af vaxtalækkun falla bönkunum í skaut í formi gengishagnaðar ef valið yrði að greiða bönkunum fyrir hlutaféð með skuldabréfum með föstum vöxtum. Hins vegar myndi ríkið njóta góðs af vaxtalækkun ef hlutaféð yrði greitt með skuldabréfum með breytilegum vöxtum.

Því var gripið til þess ráðs að stofna nýjan skuldabréfaflokk með breytilegum vöxtum sem notaður yrði til að greiða fyrir hlutabréf og víkjandi lán. Flokkurinn ber heitið RIKH 18 1009. Einnig var ákveðið að vaxtaviðmiðun skyldi ekki vera innlendir millibankavextir, REIBOR, sem er hefðbundin vaxtaviðmiðun skuldabréfa með breytilegum vöxtum, vegna þess að bankarnir, eigendur skuldabréfanna, ákveða að miklu leyti þá vexti. Í upphafi var ráðgert að skuldabréfið væri til 7 ára en þegar samningar hófust um að ríkið myndi hugsanlega veita Arion banka og Íslandsbanka víkjandi lán til 10 ára var ákveðið að ríkisskuldabréfið yrði einnig til 10 ára. Þessi áætlun gekk þó ekki að öllu leyti eftir þar sem víkjandi skuldabréfin voru að lokum gefin út árið 2009 og eru því á lokagjalddaga 2019 eða um ári eftir gjalddaga ríkisskuldabréfanna.

Breytilegu vextirnir miðast við þá vexti sem Seðlabanki Íslands birtir reglulega sem vexti af viðskiptareikningum innlánsstofnana í Seðlabankanum tveimur viðskiptadögum fyrir sérhvern vaxtadag. Fyrsti vaxtadagur var 9. október 2008. Vextir greiðast eftir á og var fyrsti gjalddagi vaxta hinn 9. október 2009. Reyndust meðalvextir af skuldabréfinu fyrsta árið 13,285%.

Eftir 8. október 2009 greiðast vextir einu sinni í mánuði, hinn 9. hvers mánaðar. Meðalvextir á 12 mánaða tímabili frá 9. október 2009 urðu 7,8%, en eru nú 3,25% (febrúar 2011). Á lokagjalddaga 9. október 2018 greiðist höfuðstóll skuldabréfsins.

2.4.8. Stofnanaumgjörð og eigandastefna

Í tengslum við endurreisn íslensks efnahagslífs naut ríkisstjórnin um tíma ráðgjafar Mats Jósefsson, sænsks sérfræðings með fjölþætta reynslu úr störfum sínum fyrir sænska fjármálaeftirlitið og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Meðal ráða hans var að ríkið stofnaði tvö hlutafélög til að halda utan um endurreisn fjármálakerfisins, annars vegar félag sem færi með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum og hins vegar félag sem nefnt var eignaumsýslufélag og gæti yfirtekið eignarhluti í mikilvægum fyrirtækjum og stjórnað endurskipulagningu þeirra. Ennfremur var reiknað með að slíkt félag gæti haft sérfræðinga á sínum snærum sem gætu veitt bönkunum ráðgjöf um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja í viðskiptum við þá.

Tillögur þessar tóku mið af því að ríkissjóður myndi eignast þrjá viðskiptabanka að fullu. Þegar fyrir lá að Glitnir banki og Kaupþing banki og kröfuhafar þeirra væru tilbúnir til að

yfirtaka megnið af eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka og Arion banka, breyttust aðstæður þannig að ekki yrði mögulegt að færa fyrirtæki til sérstaks eignaumsýslufélags í eigu ríkisins nema með því að ríkissjóður keypti viðkomandi félög af bönkunum á grundvelli sérstakra fjárveitinga í því skyni. Þá varð einnig ljóst að umfang félags til að halda utan um eignarhald ríkisins í fjármálafyrirtækjum yrði minna en fyrirsjáanlegt var í upphafi.

Niðurstaða stjórnvalda varð að hafa utanumhald ríkisins um eignarhald í fjármálafyrirtækjum í sérstakri stofnun og var Bankasýsla ríkisins (BR) stofnuð í ágúst 2009 með sérstökum lögum.[5] Fjármálaráðherra skipaði BR stjórn í september 2009 og tók stofnunin formlega til starfa 1. janúar 2010. Færði ráðuneytið í kjölfarið eignarhluti ríkisins í bönkunum þremur formlega til BR 4. janúar 2010. BR tók einnig við réttindum og skyldum ríkisins samkvæmt þeim hluthafasamningum sem gerðir voru við meðeigendur ríkisins í bönkunum frá sama tíma. Þá er rekstrarleg endurskipulagning fjármálamarkaðar til að leita aukins hagræðis á þeim markaði á hendi BR, að svo miklu leyti sem stofnunin hefur aðstöðu til.

BR hefur 5 ára líftíma skv. lögunum og er ætlað að hafa lokið starfi sínu í september árið 2014. Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á heimasíðu hennar.[6]

Heimildarlög um eignaumsýslufélag fyrirtækja voru einnig sett,[7] en slíkt félag var ekki stofnað vegna þeirra breytinga sem urðu á endurreisnaráætluninni með eignarhaldi gömlu bankanna, Glitnis og Kaupþings, á tveimur hinna nýju banka.

Fjármálaráðuneytið mótaði einnig sérstaka eigandastefnu um eignaraðild ríkisins í fjármálafyrirtækjum sem Bankasýslan framfylgir. Eigandastefnu ríkisins er að finna á heimasíðu Bankasýslunnar.

Í ársbyrjun 2011 eru eftirfarandi eignarhlutir komnir í umsýslu BR:

Viðskiptabankar:	
NBI hf – Landsbankinn	81,3%
Arion banki hf	13,3%
Íslandsbankihf	5,0%
Sparisjóðir:	
Sparisjóður Bolungarvíkur	90,9%
Sparisjóður Norðfjarðar	49,5%
Sparisjóður Svarfdæla	90,0%
Sparisjóður Vestmannaeyja	55,3%
Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis	75,9%

Þá hefur ríkissjóður stofnað hlutafélagið Byr hf. og sparisjóðinn SpKef Sparisjóður um starfsemi fyrirrennara þeirra sem fóru í þrot og var ráðgert að eignarhlutir í þeim félögum yrðu færðir til BR þegar samningum lyki um endurreisn þeirra.

Málefni SpKef þróuðust þó á annan veg en ætlað var í upphafi þegar ljóst varð hver raunveruleg efnahagsleg staða hans var og var hann að lokum sameinaður Landsbankanum.

---

5 Lög nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins

6 www.bankasysla.is

7 Lög nr. 75/2009 um stofnun opinbers hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja

2.4.9. Álitaefni varðandi ríkisaðstoð – Ákvarðanir ESA

Fljótlega í kjölfar þeirra hræringa sem áttu sér stað í október 2008 hófu stjórnvöld samskipti við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) vegna hugsanlegrar endurreisnar bankakerfisins og þátt ríkisins í fjármögnun þess. Samkvæmt 61. gr. EES-samningsins getur fjármögnun á fyrirtækjum falið í sér ríkisaðstoð sem skylt er að tilkynna til ESA og var svo í tilviki viðskiptabankanna þriggja.

ESA og framkvæmdastjórn ESB settu haustið 2008 fram leiðbeiningar til aðildarríkja EES um ríkisaðstoð til fjármálafyrirtækja í þeirri fjármálakreppu sem skollið hafði á. Leiðbeiningarnar taka m.a. á endurfjármögnun fjármálafyrirtækja, endurreisn þeirra og meðferð virðisrýrðra eigna. Flest ríki EES gripu til ráðstafana til að aðstoða innlend fjármálafyrirtæki, bæði þau sem illa stóðu og eins þau sem einungis liðu fyrir lokun fjármagnsmarkaða.

Vegna þess hve flókið verkefni það var að semja um verðmæti innlendra eigna sem fluttar voru yfir til nýju bankanna og ekki síður vegna óvissu í efnahagsmálum varð töf á fyrirætlunum stjórnvalda um að tilkynna ráðstafanirnar í tengslum við bankana til ESA, enda réðst fjármögnunarþörf bankanna og þáttur ríkisins í fjármögnuninni af niðurstöðu þeirra viðræðna. Auk endurreisnar og fjármögnunar bankanna kemur til skoðunar hvort í tryggingu stjórnvalda á innstæðum í íslenskum bönkum felist ríkisaðstoð. Jafnframt er metið hvort ríkisaðstoð felist í flutningi innstæðna frá SPRON og Straumi við fall þeirra yfir til Arion banka og Íslandsbanka.

Eftir umfangsmikið fortilkynningarferli þar sem ráðstafanir stjórnvalda voru kynntar ítarlega fyrir eftirlitsstofnuninni var endurreisn bankanna endanlega tilkynnt sem ríkisaðstoð í september 2010. Með tilkynningunni var þeim sjónarmiðum Íslands komið á framfæri að aðstoðin, sem fólst í fjármögnun bankanna þriggja þegar fjármagnsmarkaðir voru lokaðir, hafi verið nauðsynleg og ekki hafi verið gengið lengra en þörf var á. Þá hafi endurskipulagningin, sem fólst í stofnun nýju bankanna, verið til þess fallin að ráða bót á mörgum þeim vandamálum sem leitt höfðu til falls gömlu bankanna. Ráðstafanirnar hafi því falið í sér nauðsynlega og lögmæta ríkisaðstoð, samrýmanlega framkvæmd EESsamningsins.

Þann 15. desember 2010 ákvað ESA að setja málin í farveg formlegrar rannsóknar. Í tilkynningu stofnunarinnar sama dag kom fram að óumdeilt væri að Ísland hefði glímt við alvarlegar og fordæmalausar aðstæður á fjármálamarkaði og afskipti ríkisvaldsins hefðu verið nauðsynleg. Vegna þess hve málin eru umfangsmikil og án fordæma taldi stofnunin rétt að rannsókn á málunum yrði ýtarleg og þeim sem teldu sig eiga hagsmuna að gæta yrði gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við ESA. Í formlegri rannsókn felst að upplýsingar um ráðstafanir stjórnvalda eru birtar opinberlega og þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta geta komið athugasemdum til stofnunarinnar áður en endanleg ákvörðun er tekin. Stjórnvöld munu jafnframt koma frekari upplýsingum um lífvænleika bankanna þriggja til framtíðar á framfæri við ESA áður en endanleg niðurstaða fæst.

Ákvarðanir ESA eru aðgengilegar á skrá stofnunarinnar yfir ríkisaðstoðarmál (state aid register) á www.eftasurv.int.

Lögmæti neyðarlaganna:

Eftirlitsstofnun EFTA bárust sjö kvartanir vegna laga nr. 125/2008, hinna svokölluðu neyðarlaga, og þeirra breytinga sem urðu með lögunum á forgangi innstæðna við slit fjármálafyrirtækja. Um var að ræða erlenda banka sem töldu sig hafa orðið fyrir mismunun sem gengi gegn ákvæðum 40. gr. EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns.

Þann 15. desember 2010 komst ESA að þeirri niðurstöðu að innstæðueigendur væru í annarri aðstöðu en almennir kröfuhafar og ættu tilkall til ríkari verndar við greiðsluþrot

banka. Stofnunin taldi að hvorki neyðarlögin né ákvarðanir FME hafi falið í sér ólögmæta mismunun gagnvart almennum kröfuhöfum gömlu bankanna.

Ennfremur taldi stofnunin að ráðstafanirnar, sem ætlað var að tryggja virkni fjármálakerfisins og efla traust almennings á því, yrðu taldar réttlætanlegar ef niðurstaðan hefði orðið sú að ráðstafanirnar teldust hafa hamlað frjálsu flæði fjármagns.

Stofnunin taldi ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna kvartananna og var málunum því lokað. Niðurstaða ESA er aðgengileg á vef stofnunarinnar, www.eftasurv.int.

3. Niðurstöður samninga

3.1. Glitnir banki hf. / Íslandsbanki hf

Í kafla 3.1. er lýst endanlegum samningum milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins (FJR), Íslandsbanka og Glitnis, en þann 20. júlí 2009 náðu íslensk stjórnvöld og skilanefnd Glitnis rammasamkomulagi um stofnfjármögnun Íslandsbanka og valkosti um endurgjald til Glitnis fyrir yfirfærslu innlendra eigna og innlána til Íslandsbanka. Samkomulaginu var breytt lítillega 31. júlí 2009, 14. ágúst 2009 og 4. september 2009 og endanlegir samningar undirritaðir 13. september 2009.

Á hluthafafundi Íslandsbanka sem haldinn var 14. ágúst 2009 skuldbatt FJR sig til að leggja Íslandsbanka til stofnfé á grundvelli samkomulagsins. Á fundinum skrifaði fjármálaráðherra ríkissjóð fyrir 64,2 ma.kr. í hlutafé sem greitt var með ríkisskuldabréfum og hækkaði eigið fé Íslandsbanka við það í 65 ma.kr, en ríkissjóður hafði lagt fram 775 m.kr. í hlutafé í október 2008. Gengi hlutanna var ákveðið 6,5 og fékk ríkissjóður þá afhenta 10 ma. almenna hluti í Íslandsbanka. Eiginfjárhlutfall (CAD-hlutfall) bankans var þar með orðið um 12% og samræmdist kröfum FME hvað eiginfjárþátt A varðar.

Samkvæmt samningunum þurfti skilanefnd Glitnis að ákveða fyrir 30. september 2009 hvaða valkost fyrir endurgjald hún myndi velja. Valkostirnir voru tveir: (1) Glitnir eignast 95% af hlutafé Íslandsbanka, en sá valkostur kallast hér Sameiginleg stofnfjármögnun og er settur fram í Samningi um sameiginlega stofnfjármögnun og hlutafjárþátttöku FJR og Glitnis dags. 13. september 2009 (SSH) og (2) Glitnir fái í hendur skuldaviðurkenningu gefna út af Íslandsbanka ásamt valrétti á að eignast hlutafé sem tæki til allt að 90% af almennum hlutum í Íslandsbanka. Þessi valkostur er kallaður Stofnfjármögnun ríkisins og er settur fram í Samningi um valkvæða stofnfjármögnun milli FJR og Glitnis dags. 13. september 2009 (SVS). Báðir valkostirnir gefa Glitni kost á að njóta góðs af mögulegri batnandi stöðu Íslandsbanka í rekstri og fjárhag.

Í lok september 2009 óskaði Glitnir eftir framlengingu á frestinum frá 30. september til 15. október til að ákveða hvor valkostur í fjármögnun yrði valinn þar sem áreiðanleikakönnun á Íslandsbanka af hálfu Glitnis og kröfuhafa yrði ekki lokið tímanlega. Snemma í október 2009 tilkynnti Glitnir fjármálaráherra að sameiginleg stofnfjármögnun hefði orðið fyrir valinu sem þýddi að Glitnir yfirtæki 95% af eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka.

3.1.1. Sameiginleg stofnfjármögnun

3.1.1.1. Samningur um sameiginlega stofnfjármögnun Aðalefni SSH er sem hér segir:

Ef SSH tekur gildi mun Íslandsbanki millifæra til Glitnis ríkisskuldabréf, sem hafa verið færð til hans af FJR vegna ofangreindrar stofnfjármögnunar. Þessi ríkisskuldabréf verða samtals jöfn að fjárhæð og Skuldabréf A sem lýst er hér á eftir hefði verið ef það hefði verið gefið út að viðbættum uppsöfnuðum og ógreiddum vöxtum. Glitnir mun nota fyrrnefnd ríkisskuldabréf til að kaupa 9,5 ma. hluti í Íslandsbanka, en það samsvarar 95% af útgefnu hlutafé. Jafnframt afsalar Glitnir sér öllum réttindum samkvæmt SVS.

Á tímabilinu frá því að samningsaðilar undirrituðu SSH og þar til frestinum lýkur samþykkir FJR að sjá til þess að Íslandsbanki verði rekinn í samræmi við eðlilegar viðskiptavenjur og að stjórnarmaður tilnefndur af Glitni verði skipaður í stjórn Íslandsbanka. Á þessu tímabili er áskilið að ákveðin mál, þ.m.t. meiriháttar sölur eða breytingar á rekstri, krefjist samþykkis Glitnis eða stjórnarmanns hans. Íslandsbanki fellst einnig á að leyfa Glitni og ráðgjöfum hans að halda áfram áreiðanleikakönnun á umræddu tímabili.

FJR felst á að leggja til frekari stofnfjármögnun í formi víkjandi láns, að fjárhæð 25 ma.kr.

FJR, Íslandsbanki og Glitnir munu gera með sér hluthafasamkomulag sem fjallar um þá skilmála er gilda um fjárfestingu Glitnis og ríkisins í Íslandsbanka og hvernig þeim verður fyrir komið milli hluthafanna tveggja svo og um viss önnur mál er varða framtíðarrekstur Íslandsbanka og dótturfélög hans sem nánar er lýst hér á eftir.

Glitnir skuldbindur sig til að halda á bundnum innlánsreikningum í Íslandsbanka jafngildi eigi minna en 25 ma.kr. í að lágmarki 15 mánuði frá því SSH var undirritað.

Ef íslensk stjórnvöld eða Seðlabanki Íslands veita frekara stofnfé eða lausu fé almennt til íslenska bankakerfisins og slíkt viðbótarfé stendur hverjum íslenskum banka til boða þar sem staða hans er í aðalatriðum álíka og Íslandsbanka (fyrir utan eignarhald) munu íslensk stjórnvöld beita sér fyrir því af sanngirni að Seðlabanki Íslands komi ekki óhagstæðar fram við Íslandsbanka en við annan íslenskan banka hvað varðar aðgang að slíku fé.

SSH fellur undir íslensk lög og eingöngu undir íslenska dómstóla.

Ef einhverjir skilmála SSH eru ekki uppfylltir eða aðilar segja sig frá þeim í síðasta lagi 15. október 2009 (eftir framlengingu) eða Glitnir tilkynnir íslenskum stjórnvöldum og Íslandsbanka að hann hyggist ekki ljúka hinni sameiginlegu stofnfjármögnun, er SSH þar með slitið og SVS hinn gildi samningur milli aðila.

3.1.1.2. Víkjandi lán

Við sameiginlega fjármögnun mun FJR veita Íslandsbanka EUR 138.106.287 víkjandi lán. Helstu atriði slíkrar fjármögnunar eru sem hér segir:

Lánið verður í formi skuldabréfa og er lánstíminn tíu ár.

Vextir verða greiddir eftir á 31. mars, 30. júní, 30. september og 31. desember ár hvert og skal fyrsta vaxtagreiðslan fara fram 31. desember 2009. Vextir skulu vera EURIBOR plus 4% álag í fimm ár og hækka þá í 5%.

Íslandsbanki getur endurgreitt hvaða skuldabréf sem er eða allt lánið á vaxtagreiðsludegi eftir fimm ár frá útgáfudegi að eigin vali eða fyrr ef FME leyfir.

Skuldabréfin víkja fyrir ótryggðum skuldum Íslandsbanka. Ef Íslandsbanki verður gerður upp, verða allar kröfur handhafa skuldabréf anna að víkja fyrir almennum kröfum og ekkert má greiða upp í skuldabréfin fyrr en almennum kröfum hefur verið fullnægt. Afborganir höfuðstóls og vaxtagreiðslur eru háðar því að ekki hafi verið samþykkt að gera Íslandsbanka upp og að greiðsla valdi því ekki að Íslandsbanki gerist brotlegur við þær eiginfjárkröfur sem gerðar eru til hans.

Ef greiðslufall verður á höfuðstól eða vö xtum á skuldabréfunum í tíu virka daga eða lengur, annað en frestun vaxtagreiðslu vegna víkjandi ákvæða, geta handhafar skuldabréfanna krafist þess að Íslandsbanki verði tekinn til gjaldþrotaskipta.

3..1.1.3. Hluthafasamningur

FJR, Íslandsbanki og Glitnir gerðu með sér hluthafasamning. Helstu atriði samningsins eru sem hér segir:

Íslandsbanki gengst inn á að rekstri hans verði hagað með skynsamlegum og skilvirkum hætti og í samræmi við hluthafasamninginn og samþykktir bankans, svo og að fylgt verði samþykktri viðskiptaáætlun.

Íslensk stjórnvöld munu eiga möguleika á að skipa einn stjórnarmann í stjórn Íslandsbanka sem verður skipaður í kjaranefnd, sem er undirnefnd stjórnar.

Ákveðin mál, þ.m.t. breytingar á samþykktum Íslandsbanka og dótturfélaga hans, nýjar útgáfur hlutabréfa eða meiriháttar breytingar á reikningsskilastefnu krefjast samþykkis FJR.

FJR hefur neitunarvald vegna greiðslu arðs í þrjú ár frá dagsetningu SSH og varðandi viðskipti Íslandsbanka við Glitni eða dótturfélög hans að undanskildum viðskiptum í almennum rekstri og á sömu kjörum og öðrum viðskiptavinum Íslandsbanka standa til boða. Þó munu íslensk stjórnvöld ekki beit a neitunarvaldi sínu á arðgreiðslur að því marki að þær geti orðið allt að samsvarandi greiðslum á höfuðstól og vöxtum sem inntar hefðu verið af hendi samkvæmt skuldabréfi A, skuldabréfi B og skuldabréfi C á sama tíma ef SVS hefði verið lokið eins og nánar er lýst hér á eftir. Slíkar arðgreiðslur skulu þó ætíð vera í samræmi við íslensk lög og kröfur um eigið fé.

Á gildistíma hluthafasamningsins, skal leita samþykkis FJR á kaupum hluthafa annars en Glitnis á meiru en 33,2% af atkvæðisrétti í Íslandsbanka, þ.m.t. yfirtöku vegna úthlutunar Glitnis eða kröfuhafa á eignarhlutum. Ef slíkt samþykki fæst ekki, verður slíkum hluthafa meinað að neyta atkvæðisréttar af hlutum umfram umsamið hámark.

Ef hluthafar (aðrir en FJR) selja í viðskiptum eða hrinu viðskipta hlut í Íslandsbanka er nemur meiru en 33,2%, munu hluthafar eiga þann rétt að geta krafið FJR um að samþykkja tilboð frá kaupandanum á sömu kjörum og skilmálum (þ.m.t. kaupverð) og seljandanum standa til boða. Í sambandi við slíka sölu skal FJR einnig eiga þátttökurétt sem gefur því rétt til að krefjast að fyrirhugaður kaupandi geri FJR skriflegt tilboð um að kaupa öll almenn hlutabréf á sömu kjörum og skilmálum (þ.m.t. kaupverð) og seljendum í hópi hluthafa standa til boða.

Sérhver aðili sem fær hluti í Glitni á gildistímabili hluthafasamningsins, þ.m.t. kröfuhafi sem hlutum er dreift til, verður að staðfesta skriflega að hann gangist undir hluthafasamninginn.

Hluthafasamningurinn er gerður samkvæmt íslenskum lögum og fellur undir lögsögu íslenska dómstóla.

3.1.2. Stofnfjármögnun ríkisins

Ef ekki er gengið frá SSH, samþykkir Íslandsbanki samkvæmt Samkomulagi um útgáfu skuldabréfa milli Íslandsbanka og Glitnis (SVS) að gefa út skuldabréf A, skuldabréf B og skuldabréf C til Glitnis eins og nánar er lýst hér á eftir. Auk þess mun FJR gefa út yfirlýsingu Glitni til handa um hlutabréfavalrétt þess efnis að Glitnir get keypt allt að 90% hlutafjár í Íslandsbanka á tilteknum kjörum.

3.1.2.1. Skuldabréf A

Skuldabréfaflokkur A verður gefinn út til Glitnis að lokinni undirritun á SVS samtals að fjárhæð EUR 346.182.012 er samsvarar 52 ma.kr. 15. október 2008. Skuldabréf A er tryggt með veðsamningi eins og lýst er hér á eftir. Helstu atriði í skuldabréfi A eru sem hér segir:

Höfuðstóll skuldabréfs A verður greiddur í 12 jöfnum afborgunum, hin fyrsta 15. janúar 2013 og lokagjalddagi verður 15. október 2015.

Vextir verða greiddir ársfjórðungslega eftir á 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október ár hvert og skal fyrsta greiðsla vera 15. október 2009. Vextir skulu vera EURIBOR að við-

bættu 3% árlegu álagi fyrstu þrjú árin frá útgáfudegi og hækkar álagið í 4% á ári eftir það. Vaxtagreiðsla á fyrsta vaxtatímabili skal reiknast eins og vextir hefðu safnast upp frá 15. október 2008 til 15. október 2009 og skulu vextir á þessu fyrsta vaxtatímabili nema 5,710% á ári.

Greiðslur samkvæmt skuldabréfi A skulu vera í EUR. Nú hefur Íslandsbanki gert sitt besta í a.m.k. tíu virka daga til að komast yfir næga fjárhæð í EUR til að inna af hendi greiðslu samkvæmt skuldabréfi A en getur það ekki sökum atburðar sem gerir það ómögulegt að skipta krónum í EUR eftir venjubundnum fjármálaleiðum eða það reynist ómögulegt að skila EUR inn á reikning viðkomandi handhafa skuldabréfs. Þá á Íslandsbanki rétt á að inna slíka greiðslu af hendi í krónum en þó með skilmálum um bætur sem skylda Íslandsbanka til að bæta handhafa skuldabréfanna mismun á fjárhæð í EUR sem hann hefði átt að fá og fjárhæð í EUR sem hann gat fengið fyrir greiðsluna í krónum.

Handhafi skuldabréfanna á rétt á að krefjast innlausnar skuldabréfanna með því að segja þeim upp með minnst 30 daga og mest 60 daga skriflegum fyrirvara til Íslandsbanka ásamt áföllnum og ógreiddum vöxtum ef (i) Íslandsbanki leggur í endurskipulagningu, aðra en þá sem samþykkt hefur verið skriflega fyrirfram af handhafa skuldabréfs (hvort sem það er með sameiningu, yfirtöku, skiptingu, aðskilnaði eða umbreytingu, eins og þessi hugtök kunna að vera skilgreind í samræmi við viðkomandi lög eða hann tekur þátt í hverri annarri fyrirtækja-endurskipulagningu) nema ef slík endurskipulagning hefur ekki meiriháttar óhagstæð áhrif á fjárhagsstöðu Íslandsbanka og dótturfélaga hans á heildina litið eða á hæfi Íslandsbanka til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfi A eða (ii) ef íslensk stjórnvöld hætta að eiga hlutabréf með atkvæðisrétti er nemur meiru en 50% af atkvæðisrétti í Íslandsbanka.

Allar greiðslur af höfuðstól svo og vextir af skuldabréfunum skulu inntar af hendi án afdráttar eða frádráttar skatta eða annarra opinberra álaga nema þegar slíkur afdráttur er bundinn lögum. Í því tilfelli ber Íslandsbanka (með ákveðnum takmörkuðum undantekningum) skylda til að inna af hendi viðbótargreiðslu þannig að handhafi skuldabréfanna móttaki greiðslu eins og ekki hefði verið um slíkan afdrátt eða frádrátt að ræða.

Skuldabréfið tilgreinir nokkur atriði um greiðslufall sem veita handhafa skuldabréfanna rétt til að gjaldfella skuldabréfin og krefjast greiðslu höfuðstóls og áfallinna, ógreiddra vaxta ásamt lögfræðikostnaði. Til greiðslufalls telst:

(i) Íslandsbanki greiðir ekki gjaldfallna fjárhæð samkvæmt skuldabréfunum á gjalddaga eða innan þriggja virkra daga frá þeim degi.

(ii) Íslandsbanki fer ekki eftir einu eða fleiri ákvæðum um skyldur sínar samkvæmt skuldabréfi A og ekki tekst að leiðrétta það innan 30 daga frá því að handhafi skuldabréfs tilkynnir Íslandsbanka skriflega um það.

(iii) Ef aðrar skuldir Íslandsbanka og veigamestu dótturfélaga hans eins og þær koma fram í síðasta ársreikningi hans, sem falla í gjalddaga fyrir lokagjalddaga ef greiðslufall á sér stað, eru ekki greiddar á gjalddaga að því tilskildu að heildarfjárhæð höfuðstóls viðkomandi skuldar sé jöfn eða meiri en EUR 25 m. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðlum.

(iv) Ákveðnir atburðir tengdir greiðslufalli eiga sér stað.

(v) Þekjuhlutfall veðsettra eigna samkvæmt veðsamningi sem lýst er hér á eftir fellur niður fyrir 140% og er ekki lagað innan 14 daga (ef hlutfallið fellur niður fyrir 120% verður að hækka það í 120% innan sjö daga og í 140% innan sjö daga þar á eftir).

(vi) Íslandsbanki hættir allri bankastarfsemi eða hluta hennar og í því tilfelli að hætt er við hluta hennar, að það hafi meiriháttar óhagstæð áhrif.

Íslandsbanki lýsir yfir að:

(i) Svo lengi sem eitthvert skuldabréf er útistandandi mun Íslandsbanki ekki, né mun hann leyfa neinu veigamiklu dótturfélagi öðrum en ákveðnum dótturfélögum sem yfirtekin hafa verið gegnum skipti á skuld fyrir hlutafé eða með fullnustu í veði í hlutabréfum slíks félags („dótturfélög yfirtekin vegna skulda“), veita beint eða óbeint eða láta viðgangast að veitt verði veð eða nokkur önnur trygging fyrir lánum eða skuldbindingum, nema nokkur sérstaklega tilgreind tilfelli.

(ii) Að undanskildum lánum teknum í tengslum við almenn viðskipti mun Íslandsbanki ekki og mun ekki leyfa neinu veigamiklu dótturfélagi að taka lán né láta viðgangast að skuldir myndist með ákveðnum tilteknum undantekningum, svo sem ótryggðar skuldir sem ekki njóta forgangs og víkjandi skuldir, skuldir innan samstæðunnar, skuldir þegar til orðnar svo og skuldir við Seðlabanka Íslands.

(iii) Íslandsbanki mun ekki fara út í viðskipti við tengd félög öðruvísi en á óhagsmunatengdum grundvelli og mun sjá til þess að ekkert dótturfélag geri það heldur.

(iv) Hvorki Íslandsbanki né nokkur veigamikil dótturfélag munu gefa yfirlýsingu um greiðslu eða greiða arð eða aðrar greiðslur til eigenda fyrir desember 2011. Á árunum 2012 og 2013 má Íslandsbanki og veigamikið dótturfélag hans inna af hendi slíkar greiðslur að því tilskildu að ekkert greiðslufall hafi átt sér stað, sé í aðsigi eða muni leiða af slíkri greiðslu og að samtala af slíkum greiðslum fari ekki yfir 50% af nettóhagnaði Íslandsbanka eins og hann er ákvarðaður í nýjustu samstæðureikningum sem samdir eru í samræmi við alþjóðlega reikningsstaðla (IFRS).

(v) Íslandsbanki mun halda grunneiginfjárhlutfalli (Eiginfjárþáttur A) í 9% að lágmarki.

(vi) Hvorki Íslandsbanki né neitt af veigamiklum dótturfélögum hans mun láta frá sér nokkurn hluta af eignum sínum hvort heldur í einum viðskiptum eða í hrinu tengdra viðskipta að verðmæti yfir EUR 20 m. eða á nokkru fjárhagsári láta frá sér eignir fyrir meira en 5% af samstæðuefnahagsreikningi Íslandsbanka nema salan sé hluti af almennum viðskiptum Íslandsbanka eða sé sala eða yfirfærsla á yfirteknu skuldunautardótturfélagi og tveir þriðju stjórnar séu þeirrar skoðunar að viðskiptin séu til hagsbóta fyrir Íslandsbanka.

(vii) Íslandsbanki mun ekki láta viðgangast að veigamiklu dótturfélag verði hindrað í að greiða arð af hlutafé sínu eða að lána eða færa eignir á annan hátt til Íslandsbanka með ákveðnum takmörkuðum undantekningum.

(viii) Íslandsbanki mun láta handhöfum skuldabréfa í té tilteknar fjárhagslegar og aðrar upplýsingar, þ.m.t. endurskoðaðan samstæðureikning Íslandsbanka fyrir sérhvert fjárhagsár innan 100 daga frá lokum slíks árs. Íslandsbanki mun einnig, svo fljótt sem auðið er en eigi síðar en innan 60 daga frá lokum hvers ársfjórðungs, láta í té afrit af óendurskoðuðu uppgjöri fyrir viðkomandi ársfjórðung.

(ix) Skuldabréf A er að fullu framseljanlegt.

(x) Samkvæmt samþykkt um útgáfu skuldabréfanna hefur handhafi skuldabréfanna rétt til að breyta skuldabréfi A algjörlega að eigin vali í markaðsverðbréf, eitt eða fleiri, eða gera hvað annað sem er til að gera skuldabréf A að markaðsbréfi. Markaðsbréf er almennt, veðtryggt skuldabréf með stöðluðum ákvæðum fyrir slík skuldabréf og er gert ráð fyrir að skuldabréfin verði skráð á kauphöll í Dublin, London eða Luxemborg og að viðskipti með þau fari fram gegnum Euroclear, Clearstream og DTC og að veitt verði leyfi til tilboða í samræmi við Reglu S í verðbréfalögum Bandaríkjanna frá 1933 með síðari breytingum („verðbréfalögin“) eða með einkaviðskiptum við hæfa fagfjárfesta eins og skilgreint er í Reglu 144A í verðbréfalögunum eða í öðrum álíka fjármálaviðskiptum. Slík verðbréf munu ná yfir vexti og höfuðstólsákvæði, yfirlýsingar og greiðsluföll sem efnislega eru þau sömu

og þau sem fram koma í skuldabréfi A. Handhafi skuldabréfsins á einnig fullan rétt á að breyta skuldabréfi A í bundið innlán hjá Íslandsbanka með sama gjalddaga og skuldabréf A.

(xi) Skuldabréf A heyrir undir íslensk lög og eingöngu undir íslenska dómstóla.

(xii) Skuldabréf A nýtur veðsamnings eins og lýst er hér á eftir.

3.1.2.2. Skuldabréf B og C

Þegar gengið hefur verið frá SVS, mun Íslandsbanki einnig undirrita endanlegt skuldabréf B og bráðabirgðaskuldabréf C án þess að sérstök fjárhæð sé skráð á þau á útgáfudegi. Skuldabréf B og skuldabréf C verða geymd af Landslögum og Logos er verða sameiginlegur vörsluaðili í samræmi við sk ilmála vörslusamnings milli vörsluaðilanna, Íslandsbanka og Glitnis.

Viðkomandi ákvæði til ákvörðunar höfuðstóls og vaxta á skuldabréfi B og skuldabréfi C eru sem hér segir:

(a) Gert verður bráðabirgðaendurmat 31. mars 2010 og endanlegt verðmat 31. mars 2012.

(b) Í sambandi við bráðabirgðaendurmatið 31. mars 2010 mun Íslandsbanki ákvarða höfuðstól skuldabréfs C sem gildir frá 31. desember 2009. Í því skyni mun Íslandsbanki nota ársreikninga sína dagsetta 31. desember 2009 sem settir eru upp og endurskoðaðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IF RS og að slíkur höfuðstóll verður jafn og rekstrarafgangur eins og hann er skilgreindur í lið (g) hér á eftir og hefur þannig verið reiknaður fyrir árið 2009. Mat á eignum Íslandsbanka verður gert af stjórn Íslandsbanka í samræmi við IFRS-staðla að loknum viðræðum stjórnar bankans við Glitni samkvæmt samþykktu fyrirkomulagi sem metur meginforsendur sem notaðar voru í mati eigna 1. janúar 2009 og hvernig þær hafa breyst til 31. desember 2009. Fjárhæðin sem þannig reiknast nefnist endurmatsfjárhæðin. Glitnir má skipa matsmann til að sannreyna útreikningana. Ef þetta tekst ekki, munu Íslandsbanki og Glitnir gera sitt besta til að ná ásættanlegri lausn. Ef það tekst ekki, verður hægt að vísa málinu til íslenskra dómstóla.

(c) Endurmatsfjárhæðinni allt að 17 ma.kr. verður skipt í EUR á því gengi sem þá er skráð hjá Seðlabanka Íslands. Sú fjárhæð verður færð inn á skuldabréfið af vörsluaðilanum sem höfuðstóll skuldabréfs C sem þá verður afhent úr vörslu til Glitnis. Ef endurmatsfjárhæðin er núll eða neikvæð, fellur skuldabréf C úr gildi.

(d) Vextir verða reiknaðir af höfuðstól skuldabréfs C frá 1. janúar 2010. Vextirnir verða þeir sömu og á skuldabréfi A sem lýst er hér að framan að því fráteknu að hækkun álagsins úr 3% í 4% mun eiga sér stað frá 15. október 2011.

(e) Þann 31. mars 2012 mun Íslandsbanki ákvarða höfuðstól skuldabréfs B sem gildir frá 31. desember 2011. Í því skyni að ákvarða nýja höfuðstólinn mun Íslandsbanki reikna út hagnað sinn fyrir tímabilið 1. janúar 2009 – 31. desember 2011 og skal útreikningurinn staðfestur af endurskoðendum Íslandsbanka og vera í samræmi við endurskoðuð reikningsskil Íslandsbanka sem samin eru samkvæmt IFRS. Aftur mun Glitnir eiga rétt á að skipa matsmann til að sannreyna útreikningana ásamt þeim möguleika að vísa málinu til dómstóla ef samkomulag næst ekki. Eftir að hagnaðurinn hefur verið reiknaður út verður fjárhæð skuldabréfs C dregin frá. Útkomunni, allt að 80 ma.kr., verður einnig breytt í EUR á gengi Seðlabanka Íslands og verður sú fjárhæð færð inn á skuldabréfið sem höfuðstóll skuldabréfs B af vörsluaðilanum er síðan afhendir skuldabréfið úr vörslu til Glitnis. Ef slík fjárhæð er núll eða neikvæð fellur skuldabréf B úr gildi.

(f) Vextir verða reiknaðir af höfuðstól skuldabréfs B frá 31. desember 2011. Vextirnir verða þeir sömu og á skuldabréfi A sem lýst er hér að framan.

(g) Hagnaðurinn vegna skuldabréfs B og skuldabréfs C er skilgreindur sem fjárhæð í krónum allt að 80 ma.kr. sem jafngildir 0,9x (heildarhagnaður mínus viðmiðunararðsemi; deilt með einum mínus vegið meðaltal af raunverlegri tekjuskattsprósentu sem greidd er eða á að greiða af Íslandsbanka fyrir viðkomandi tímabil). Heildarhagnaður er skilgreindur sem hækkanir/lækkanir á eigin fé Íslandsbanka á viðkomandi tímabili (i) áður en tekið er tillit til útgáfu skuldabréfs B og skuldabréfs C eftir því sem við á og (ii) að meðtöldum hækkunum/lækkunum á ásættanlegu mati eigna í efnahagsreikningi Íslandsbanka, burtséð frá því hvort þær verða til vegna breytinga á ásættanlegu matsvirði í rekstrarreikningi eða á eigin fé eða rekstrarárangri. Viðmiðunararðsemi er skilgreind með tilvísan til fjárhæðar sem myndi fást af upphaflegu eigin fé á viðkomandi tímabili með því að beita vöxtum grundvölluðum á ríkisskuldabréfum í eigu Íslandsbanka sem notuð voru til greiðslu hlutafjár ríkisins. Að svo miklu leyti sem viðbótareiginfé kemur inn á viðkomandi tímabili, verður viðlíka útreikningur gerður vegna slíks eigin fjár fyrir tímabilið frá því það var gefið út. Einnig verður tekið tillit til þess að hlutafé verði endurkeypt og greiddur verði arður með því að draga frá fjárhæð endurkaupanna eða arðsins á viðkomandi tímabili.

(h) Höfuðstóllinn á skuldabréfi B og skuldabréfi C verður greiddur með 12 jöfnum afborgunum er hefjast 15. janúar 2013 og lýkur á lokagjalddaga, 15. október 2015. Allir aðrir skilmálar skuldabréfs B og skuldabréfs C nema þeir sem lýst er hér að framan, þ.m.t. greiðsluföll og yfirlýsingarnar, eru þeir sömu og fyrir skuldabréf A sem lýst er hér að framan.

(i) Ef það gerist áður en ofangreind möt fara fram, að greiðslufall á skuldabréfi B og skuldabréfi C á sér stað eða handhafinn óskar eftir að neyta réttar síns til endurgreiðslu fyrir gjalddaga, verður höfuðstóll skuldabréfs B og skuldabréfs C ákvarðaður þegar fjárhagsupplýsingar verða fyrir hendi til að ákvarða viðkomandi bráðabirgðafjárhæð fyrir skuldabréf C eða hagnaðinn fyrir skuldabréf B. Þessar fjárhæðir verða notaðar til að ákvarða höfuðstól skuldabréfs B og skuldabréfs C með sömu aðferðafræði og lýst er hér að framan.

(j) Ef höfuðstólsfjárhæðin sem færð verður inn á annaðhvort skuldabréf B eða skuldabréf C leiðir til þess að Íslandsbanki getur ekki uppfyllt eiginfjárskyldur sínar, skulu aðilar sameinast um að semja og gera sitt besta til að finna lausn sem er heppilegust fyrir aðilana.

(k) Samkvæmt skilmálum samningsins um útgáfu skuldabréfanna, hefur handhafi skuldabréfanna þann rétt eftir þrjá mánuði frá dagsetningu SVS að skylda Íslandsbanka til að setja á stofn hvatningarkerfi fyrir stjórnendur í samræmi við góðar venjur á Íslandi og alþjóðlega til að reyna að tryggja að Íslandsbanki hafi ásættanlegan hvata til að hámarka virði skuldabréfs B. Handhafi skuldabréfanna mun endurgreiða Íslandsbanka allan skynsamlegan kostnað sem hlýst af slíku fyrirkomulagi og er samþykkt af handhafa skuldabréfanna.

(l) Skuldabréf B og skuldabréf C eru tryggð og njóta veðsamnings sem lýst er frekar hér á eftir.

(m) Skuldabréf B og skuldabréf C falla undir íslensk lög og eingöngu undir íslenska dómstóla.

3.1.2.3. Samningur um útgáfu skuldabréfa

Samningurinn um útgáfu skuldabréfa skilgreinir í aðalatriðum aðferðina við að ákvarða höfuðstólsfjárhæð skuldabréfs B og skuldabréfs C eins og lýst er hér að framan og lýsir hann ákveðnum atriðum í veðsamningum sem lýst er hér á eftir. Íslandsbanki mun einnig gefa út ákveðnar yfirlýsingar til Glitnis í tengslum við undirritun hans og getu hans til að stofna til samninga í tengslum við skjölin sem lýst er hér. Þar á meðal verður sú yfirlýsing að fjárhagslegar og aðrar upplýsingar sem Glitni verða látnar í té af Íslandsbanka í því skyni að reikna út fjárhæð skuldabréfanna innihaldi engar ósannar staðhæfingar um mikilvægar stað-

reyndir eða víkist undan að skýra frá einhverri efnislegri staðreynd sem nauðsynleg er til að slíkar upplýsingar verði ekki misvísandi í ljósi þeirra kringumstæðna sem ríktu þegar slíkar upplýsingar voru lagðar fram og að allar upplýsingar sem Glitni, fulltrúum hans og ráðgjöfum eru látnar í té fyrir framkvæmd SVS séu fullnægjandi, réttar og ekki misvísandi og að engum upplýsingum hafi verið vikið undan.

3.1.2.4. Veðsamningur

Skuldabréf A, skuldabréf B og skuldabréf C eru tryggð með veði í tilgreindum réttindum, eignum, kjörum og hagsmunum Íslandsbanka. Veðsetningin skal vera í samræmi við gerðan veðsamning.

Íslandsbanki mun leggja til eignir til veðsetningar um leið og eða áður en gengið er frá SVS og þar með tryggja 35% af höfuðstóls fjárhæð skuldabréfs A hið minnsta. Innan 30 daga frá frágangi SVS er Íslandsbanka skylt að hafa veðsett nægjanlegar eignir til ná upp í lágmarksþekjuhlutfall. Þegar skuldabréf B og skuldabréf C verða gefin út mun Íslandsbanki veðsetja nægjanlegar viðbótareignir til að tryggja að lágmarksþekjuhlutfalli verði náð.

Eignir sem hæfar eru til veðsetningar af Íslandsbanka samkvæmt veðsamningnum eru veðbréf einstaklinga, fyrirtækjaveðbréf og samsett veðbréf er fullnægja tilteknum skilyrðum. Eftirfarandi kvaðir gilda um hæfi eigna til veðsetningar:

(a) Hæf veðbréf einstaklinga geta verið milli 20% og 100% af veðsettum eignum.
(b) Hæf veðbréf fyrirtækja geta verið milli 0 og 50% af veðsettum eignum.
(c) Hæfir lánasamningar geta verið milli 0 og 50% af veðsettum eignum.
(d) Hæfir eignasamningar geta verið milli 0 og 50% af veðsettum eignum.
(e) Hæfir sjávarútvegssamningar geta verið milli 0 og 50% af veðsettum eignum.
(f) Tuttugu stærstu skuldararnir mega ekki skulda meira en 50% af nafnverði veðsettra eigna.

Íslandsbanka er skylt að viðhalda þekjuhlutfalli af (i) heildarbókfærðu virði hinna veðsettu eigna samkvæmt veðsamningnum á móti (ii) heildarskuldbindingunum samkvæmt skuldabréfi A, skuldabréfi B og skuldabréfi C sem er eigi minna en 140%. Falli þekjuhlutfallið á einhverjum tíma niður fyrir 140% er Íslandsbanka skylt að leggja til viðbótarveð til að færa hlutfallið í 140% innan 14 daga en ef hlutfallið fellur undir 120% verður að hækka það í 120% innan 7 daga og í 140% innan 7 daga þar á eftir. Íslandsbanka er skylt að leggja fram skýrslu sem staðfestir að þekjuhlutfallinu hafi verið náð innan 60 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

Íslandsbanki hefur rétt á að draga til baka og setja önnur veð í staðinn eða láta önnur veð koma í stað þeirra sem sett hafa verið inn að því tilskildu að þekjuhlutfallið sé a.m.k. 140% eftir að slík veð hafa verið dregin til baka og önnur sett í staðinn. Slíkar breytingar sem hér er lýst eru ekki leyfðar án samþykkis handhafa skuldabréfanna þegar greiðslufall hefur átt sér stað eða er yfirvofandi.

Þekjuhlutfallið er summan af heildarbókfærðu virði hinna veðsettu eigna samkvæmt veðsamningunum að frádregnum fjárhæðum sem gjaldfallnar eru en ekki greiddar samkvæmt nettunarsamningi milli Glitnis og Íslandsbanka deilt með hinum tryggðu fjárhæðum.

Greiðslufall telst hafa átt sér stað samkvæmt veðsamningnum þegar (i) greiðslufall hefur átt sér stað samkvæmt skuldabréfi A, skuldabréfi B og skuldabréfi C, (ii) ekki er greitt af skuldabréfi A, skuldabréfi B eða skuldabréfi C á gjalddaga, (iii) lágmarksþekjuhlutfallið fer niður fyrir 140% og það er ekki leiðrétt innan settra tímamarka, (iv) Íslandsbanki stendur ekki við yfirlýsingar og fer ekki eftir ákvæðum tryggingarskjalanna eða skyldra viðskiptaskjala eða (v) einhverjar af staðhæfingunum og fullyrðingunum í viðskiptaskjölunum reynast

rangar eða hætta að vera sannar á viðkomandi degi. Eftir að greiðslufall hefur átt sér stað, verður þegar í stað hægt að leita fullnustu í veðum samkvæmt veðsamningum.

Ef Íslandsbanki er tekinn til skipta, fer í gjaldþrot, honum skipuð skilanefnd eða aðrir atburðir verða sem myndu leiða til þess að Íslandsbanki þurfi að standa skil á innlánum sem forgangskröfu eins og skilgreint er í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, skulu Íslandsbanki og handhafar skuldabréfa A, B og C gera sitt besta til að skiptastjóri eða jafngildur aðili fallist á að gera það mögulegt að úthluta fjárhæðunum ásamt öðrum eignum Íslandsbanka jafnhliða milli handhafa skuldabréfanna og innlánseigenda.

Handhafa skuldabréfanna er skylt að losa næg veð til að varðir innlánseigendur fái úthlutað til jafns við handhafa skuldabréfanna. Ef slíkur skiptastjóri óskar ekki eftir því að losuð verði veð til handa handhöfum skuldabréfanna til úthlutunar, verður handhafi skuldabréfanna ekki skyldaður á þann hátt sem greint er hér að framan. Ef handhafi skuldabréfanna knýr fram veðsamninginn af öðrum ástæðum en gjaldþroti skulu þessi ákvæði ekki gilda nema Íslandsbanki verði gjaldþrota innan 90 daga frá því að handhafi skuldabréfanna knýr á um fullnustu veðsamningsins.

3.1.2.5. Hlutafjárvalréttur

Samningur um hlutafjárvalrétt Glitni til handa verður gefin út af FJR, þegar SVS hefur verið undirritaður og verður í vörslu þar til SVS hefur verið fullnustaður. Þá verður samningurinn yfirfærður til Glitnis. Samkvæmt skilmálunum hefur handhafi valréttarins völ á að kaupa almenna hluti í Íslandsbanka fyrir reiðufé.

Kaupverð hluta í Íslandsbanka samkvæmt hlutafjárvalréttinum er jafnt virði á hlut í upphaflegri fjárfestingu FJR en hækkar í samræmi við lágmarksarðsemiskröfu ríkisins sem reiknuð er út með tilvísun til vaxta á íslensk ríkisskuldabréf í eigu Íslandsbanka á sama tímabili að viðbættum 5% á tímabilinu frá 14. ágúst 2009 þar til tilkynning berst um að valkosturinn verði nýttur.

Kaupréttinn má nýta á eins mánaðar tímabili strax að lokinni útgáfu á ársskýrslu Íslandsbanka fyrir hvert fjárhagsár er lýkur 31. desember árin 2010–2014 að báðum árum meðtöldum eða hvaða annan dag sem tilkynntur er af FJR. Því til viðbótar verður hægt að nýta réttinn í allt að tíu daga eftir að FJR hefur tilkynnt (a) að almennir hlutir í Íslandsbanka eða einhverju af dótturfélögum hans hafi verið skráðir í alþjóðlega viðurkenndri kauphöll, (b) að sölutryggt almennt hlutafjárútboð sem nemur eigi minna en 50% af útgefnum hlutum í Íslandsbanka eigi sér stað eða (c) að breyting verði á yfirráðum Íslandsbanka af öðrum orsökum, hvert um sig nefnt útgönguleið. Þegar tilkynnt er um útgönguleið, fellur allur kaupréttur niður sem ekki hefur verið nýttur þegar hún er farin og valrétturinn fellur þar með niður. Ef einhver kaupréttur hefur ekki verið nýttur einum mánuði eftir að ársskýrsla Íslandsbanka var gefin út fyrir fjárhagsárið sem endar 31. desember 2014, fellur rétturinn einnig niður.

Önnur skilyrði hlutabréfavalréttarins eru m.a.:

Skilmálar hlutabréfavalréttarins breytast í samræmi við atburði er þynna út eða samþjappa hlutafé, svo sem endurskipulagning eða endurflokkun á hlutafé Íslandsbanka.

Á hverju vikutímabili næst á undan valréttartímabili getur FJR gert tilboð í að kaupa valréttinn af valréttarhöfum. Ef valréttarhafar í sameiningu ráða eigi minna en 80% af kauprétti og taka tilboðinu getur FJR keypt allan kaupréttinn á sömu skilmálum og tilboðinu nemur.

Meðan kaupréttur er í gildi geta valréttarhafar skipað mann í stjórn Íslandsbanka fyrir sína hönd.

Hálfsársreikningar Íslandsbanka verða látnir valréttarhöfum í té eftir 30. júní og 31. desember ár hvert. Valréttarhafar eiga einnig rétt á að fá aðrar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um öll meiriháttar kaup eða yfirtöku eða þá atburði er snerta Íslandsbanka sem af sanngirni mega teljast hafa meiriháttar áhrif á rétt valréttarhafa.

Valrétturinn er framseljanlegur.

Valrétturinn fellur undir íslensk lög og íslenska dómstóla eingöngu.

Ákvæði eru um fundi meðal valréttarhafa. Á slíkum fundum valréttarhafa geta valréttarhafar sem eiga eigi minna en 75% af kaupréttarhlutum samþykkt ákveðin atriði sem verða bindandi fyrir alla valréttarhafa, þ.m.t. að (i) samþykkja samkomulagsatriði milli FJR og valréttarhafanna, (ii) samþykkja breytingar á valréttinum, (iii) samþykkja skipti á valréttinum í hlutabréf, skuldabréf, skuldaviðurkenningar eða aðrar skuldir eða verðbréf Íslandsbanka eða sérhvers annars félags og (iv) skipa mann í stjórn Íslandsbanka til að koma fram fyrir hönd valréttarhafa.

3.1.3. Nettunarsamningur

Nettunarsamningur er gerður milli Íslandsbanka og Glitnis og varðar ákveðin atriði uppgjörs milli aðilanna, um hvernig þeir munu fara með mál er varða nettun sem verða kann vegna eigna og skulda sama aðila sem aðskildar voru með ákvörðun FME, ásamt meðferð veða og annarra trygginga sem færðar voru til Íslandsbanka en Glitnir gæti átt rétt í.

Ef millifærð eign er endurgreidd Íslandsbanka af viðskiptavini að hluta eða að fullu með nettun með því að nota gagnkröfu á Glitni, mun Glitnir greiða Íslandsbanka fjárhæð sem er jöfn nettunarfjárhæðinni. Slík fjárhæð skal þó aldrei vera hærri en millifærsluvirði viðkomandi eigna samkvæmt stofnefnahagsreikningi Íslandsbanka.

Með ákvörðunum FME voru veð og aðrar tryggingar frá innlendum aðilum flutt til Íslandsbanka frá Glitni. Í sumum tilfellum var um að ræða veð sem Glitnir gat átt rétt í vegna skulda viðskiptavina sem skildar voru eftir í Glitni. Dæmi um þetta er skuld vegna skiptasamninga. Samningurinn inniheldur ákvæði um hvernig með slík mál skuli farið. Samkomulagið tilgreinir aðferð til að leysa úr málum sem upp kunna að koma í því efni, þ.m.t. skyldu til að gera sitt besta til að ná samkomulagi um skipt veð og að aðilar muni í því efni taka tillit til skiptra hagsmuna varðandi veðið.

Samningurinn heyrir undir og er gerður í samræmi við íslensk lög og hafa íslenskir dómstólar eingöngu lögsögu í tengslum við hann.

3.1.4. Flutningur á innstæðum Straums til Íslandsbanka

Þann 9. mars 2009 ákvað FME á grundvelli heimilda sinna skv. neyðarlögunum að yfirtaka vald stjórnar og hluthafafundar í Straumi-Burðarás fjárfestingarbanka hf. (Straumur) og skipa honum skilanefnd. Þann 17. mars 2009 ákvað FME að flytja innstæður Straums til Íslandsbanka, eftir að hafa haft samráð við skilanefndina, kröfuhafa, Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytið, til að tryggja innstæðueigendum aðgang að innstæðum sínum. Ekki voru allar innstæður fluttar en FME taldi að sumar innstæður hefðu verið myndaðar stuttu fyrir fall Straums með því að breyta vissum skuldabréfa- og víxilkröfum fyrir gjalddaga þeirra í innstæðukröfur í þeim eina tilgangi að tryggja þær kröfur við slitameðferð.

Samhliða ákvað FME að Straumur skyldi gefa út skuldabréf til handa Íslandsbanka með veði í öllum eigum félagsins til að tryggja Íslandsbanka greiðslu fyrir yfirteknar innstæðuskuldbindingar. Var skuldabréfið gefið út 3. apríl 2009 að fjárhæð um 43,7 ma.kr. með lokagjalddaga 31. mars 2013. Vextir skuldabréfsins voru íslenskir millibankavextir, REIBOR, að viðbættu 1,9% álagi fyrstu 12 mánuðina en síðan 1,0% álagi.

Á útgáfudegi skuldabréfsins gerðu síðan FJR og Íslandsbanki með sér samning um lausafjárstuðning við Íslandsbanka vegna hugsanlegs útflæðis á yfirfærðum innstæðum. Um var að ræða samkomulag um að FJR tæki yfir nefnt skuldabréf að fullu eða hluta og léti af hendi í staðinn ríkisskuldabréf sem hæf væru til veðtöku hjá Seðlabanka Íslands sem trygging fyrir lausafjárfyrirgreiðslu. Íslandsbanki var í samkomulaginu skuldbundinn til að afhenda ríkisskuldabréfin að nýju í takt við afborganir Straums af skuldabréfinu. Hluti af samkomulaginu var einnig að ef Íslandsbanki hefur ekki fengið fulla endurgreiðslu á skuldabréfinu á lokagjaldaga þess þann 31. mars 2013 gæti Íslandsbanki haldið eftir ríkisskuldabréfum sem samsvöruðu mismuninum á yfirteknum innstæðum og því sem greitt hafði verið af skuldabréfi Straums en FJR fengi skuldabréfið afhent til eignar og myndi innheimta hjá Straumi það sem út af stæði. Þannig væri tryggt að Íslandsbanki yrði ekki fyrir áföllum vegna yfirfærslu innstæðna Straums til hans.

3.1.5. Samningur um lausafjárfyrirgreiðslu

Við sameiginlega fjármögnun Glitnis og ríkisins á Íslandsbanka fær ríkissjóður til baka frá Íslandsbanka hluta af þeim ríkisskuldabréfum sem ríkissjóður lagði fram sem greiðslu fyrir hlutafé. Við þá aðgerð versnaði lausafjárstaða Íslandsbanka þar sem ríkisskuldabréfin eru veðhæf við lausafjárfyrirgreiðslu frá Seðlabanka Íslands.

Þegar SSH var undirritaður samþykktu íslensk stjórnvöld því að veita Íslandsbanka aðgang að lausu fé með láni á ríkisbréfum gegn veði í traustum eignum Íslandsbanka, allt að 25 ma.kr. Samkomulagið gildir til 30. september 2012.

Samhliða féllst Glitnir á að ákveðinn hluti innstæðna Glitnis yrði bundinn í Íslandsbanka sbr. undirkafla 3.1.1. hér á undan.

Samningurinn er hugsaður þannig að fyrirgreiðslan verði eigi notuð nema Íslandsbanki hafi áður notað aðra þá möguleika sem fyrir hendi eru til öflunar lausafjár. Ef Íslandsbanki nýtir fyrirgreiðsluna greiðir hann 0,5% gjald af notaðri fjárhæð í hvert skipti og auk þess 3–4% í árlega vexti en vextirnir fara hækkandi með hækkandi nýtingarhlutfalli fyrirgreiðslunnar.

3.1.6. Samkomulag Íslandsbanka og Seðlabankans um húsnæðislán

Við yfirfærslu innlendra eigna og innlendra innstæðna frá Glitni til Íslandsbanka voru öll innlend húsnæðislán flutt til Íslandsbanka. Glitnir hafði veðsett Seðlabanka Íslands sértryggð skuldabréf sem tryggð voru með safni húsnæðislána vegna hefðbundinnar lausafjárfyrirgreiðslu Seðlabankans til Glitnis fyrir fall hans í október 2008 og var krafa Seðlabankans gjaldfallin. Nýi Glitnir banki hf. (nú Íslandsbanki) tók yfir skuldbindingu Glitnis við Seðlabankann í samræmi við ákvörðun FME þ. 14. október 2008 um ráðstöfun eigna og skulda Glitnis.

Í tengslum við yfirtöku Glitnis á 95% eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka var það krafa Glitnis að gert yrði samkomulag milli Íslandsbanka og Seðlabanka Íslands um skuld nýja bankans við Seðlabankann þannig að ekki væri hætta á að Seðlabankinn gripi til ráðstafana gagnvart Íslandsbanka sem stefndu lausafjárstöðu hans í hættu. Samkomulagið var undirritað 11. september 2009.

Að lokum varð að samkomulagi að Seðlabankinn breytti kröfu sinni í verðtryggt lán til 10 ára með 4,5% vöxtum tryggðu með veði í íbúðalánum Íslandsbanka sem voru undirliggjandi trygging sértryggðu skuldabréfanna. Nafnverð skuldabréfsins var 55,6 ma.kr. Auk þess að tryggja fjármögnun húsnæðislánanna var lánið til þess fallið að minnka misvægi verðtryggingarjafnaðar Íslandsbanka.

3.2. Kaupþing banki hf. / Arion banki hf.

Í þessum kafla er lýst samningum milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins (FJR), Arion banka og Kaupþings banka, en þann 20. júlí 2009 náðu FJR og skilanefnd Kaupþings rammasamkomulagi um stofnfjármögnun Arion og fyrirkomulag vegna yfirfærslu innlendra eigna og skulda til Arion. Samningurinn er að því leyti frábrugðinn samningum um Íslandsbanka að eignir yfirfærðar til Arion reyndust verðminni en yfirfærðar innstæður. Því reyndist nauðsynlegt til að ná jöfnuði í yfirfærðum eignum og skuldum að Kaupþing gæfi út skuldayfirlýsingu til Arion og setti í aðgreinda vörslu tilgreindar eignir sem Arion hefði ákveðin réttindi í til viðbótar við yfirfærðar eignir sem Arion fengi vaxtatekjur af.

Samið var um tvo valkosti fyrir Kaupþing um fjármögnun Arion. Annars vegar var um að ræða sameiginlega fjármögnun þar sem Kaupþing ætti 87% hlutafjár en að ríkið legði til 13% hlutafjár og víkjandi lán. Hinn valkosturinn var að ríkið ætti Arion banka að fullu en að Kaupþing fengi valrétt um að yfirtaka allt að 90% af eignarhlut ríkisins á síðara stigi. Undir fyrri valkostinum, sem er sameiginleg stofnfjármögnun, voru eftirfarandi samningar/löggerningar undirritaðir:

Samningur um sameiginlega stofnfjármögnun (SS).
Víkjandi lán.
Hluthafasamkomulag.

Undir seinni valkostinum, sem er stofnfjármögnun ríkisins, voru eftirfarandi samningar undirritaðir:

Samningur um vörslu og skilyrt virðisréttindi (SVSV).
Samningur um hlutafjárvalrétt.
Þá var einnig gerður nettunarsamningur milli Kaupþings og Arion.

3.2.1. Sameiginleg stofnfjármögnun

3.2.1.1. Samningur um sameiginlega stofnfjármögnun

Eftir að FJR lagði fram hlutafé í Arion banka átti ríkið allt hlutafé í bankanum, samtals 72 ma.kr. Við stofnun félagsins í október 2008 höfðu verið lagðar fram 775 m.kr. í reiðufé en við endanlega stofnfjármögnun í ágúst 2009 voru lagðir fram 71,25 ma.kr. í ríkisskuldabréfum. Eigið fé Arion varð þar með um 12% af áhættugrunni bankans. FJR og Kaupþing áformuðu að ef ákveðin skilyrði í samningnum væru uppfyllt myndi eignarhaldsfélagið Kaupskil ehf. sem er 100% í eigu Kaupþings, fjármagna og yfirtaka 87% af eignarhlut FJR í Arion með því að leggja fram eignir í þessu skyni.

Á umþóttunartíma Kaupþings frá samningsdegi 3. september 2009 til 31. október 2009 áttu báðir samningsaðilar jafnan rétt á að skipa menn í stjórn Arion þannig að hvor aðili réði fimm atkvæðum í stjórninni. Á meðan þetta millibilsástand varði var ekki hægt að leggja út í tiltekin viðskipti án fyrirfram skriflegs samþykkis FJR og Kaupþings, en eigi mátti á ósanngjarnan hátt neita um samþykki eða tefja mikilvæg viðskipti. Ennfremur hafði Kaupþing leyfi til að láta fara fram kostgæfniathugun á Arion.

Skuldbinding Kaupþings til áskriftar að eignarhlutum í Arion var háð því að ákveðnum skilyrðum væri fullnægt, eða fallið yrði frá þeim eftir aðstæðum, en þau voru aðallega: (i) að kostgæfniathugun Kaupþings og kröfuhafa þess á Arion yrði ásættanlega lokið að mati skilanefndar Kaupþings, (ii) að viðbrögð kröfuhafa til málsins væru jákvæð að mati skilanefndar Kaupþings, (iii) að FME samþykki Kaupskil ehf. sem eiganda að ráðandi eignarhlut í Arion og (iv) að skilanefnd Kaupþings tæki ákvörðun um stofnfjármögnun Arion.

Ef skilyrðum fyrir stofnfjármögnun Kaupþings væri fullnægt yrði hlutafé Arion aukið og Kaupþing myndi kaupa nægilega marga hluti í Arion til að uppfylla skuldbindingar sínar

samkvæmt samningnum. Til endurgjalds myndi Kaupþing færa ákveðnar eignir til Arion en á sama tíma myndi FJR ákveða lækkun hlutafjár í Arion og fá í þess stað millifært til sín ríkisskuldabréf í samræmi við samninginn.

Fjárhæð í ríkisskuldabréfum sem ríkið mun leggja fram í formi víkjandi láns yrði haldið eftir af Arion til endurgjalds fyrir útgáfu Arion á hinu víkjandi skuldabréfi. Að hinni sameiginlegu stofnfjármögnun lokinni tæki hluthafasamkomulagið gildi.

Í upprunalegum samningi, sem undirritaður var 3. september 2009, var gert ráð fyrir að ef ekki yrði lokið við stofnfjármögnun Kaupþings í síðasta lagi 31. október 2009 skuli aðilar líta svo á að samningurinn um sameiginlega stofnfjármögnun sé brott fallinn. Þá gat Kaupþing hvenær sem var fram til 31. október 2009 lýst því yfir að það muni ekki hrinda stofnfjármögnuninni í framkvæmd með skriflegri tilkynningu til ríkisins. Þar sem kostgæfniathugun en þó sérstaklega samþykki FME á Kaupskilum sem eiganda dróst á langinn lá endanleg ákvörðun skilanefndar Kaupþings um stofnfjármögnun Arion banka ekki fyrir fyrr en á hluthafafundi Arion 8. janúar 2010.

Samningurinn gerir ráð fyrir að ríkið standi undir 35% af heildarfjármögnun Arion og að Kaupþing leggi fram samtals 65% af stofnfénu. Framlag ríkisins í Arion tekur til alls víkjandi lánsins sem nemur 25% af heildarfjármögnun en afgangurinn af 35% stofnfjármögnun ríkisins skal vera í formi hlutafjár. Framlag Kaupþings til Arion skal að öllu leyti vera í formi hlutafjár með eignarhlut sem er 100% að frádregnum eignarhluta ríkisins.

Fyrir það tímabil sem Arion var að fullu í eigu ríkisins ber því arður af rekstri bankans samkvæmt nánara samkomulagi.

Á sex mánaða tímabili frá undirritun samnings skulu millifærðar eignir, sem metnar voru á núllvirði í stofnefnahagsreikningi Arion, færðar til baka til Kaupþings á núllvirði ef Kaupþing biður um það.

Samningurinn er saminn undir íslenskum lögum og hlítir þeim og íslenskum dómstólum eingöngu.

3.2.1.2. Víkjandi lán

Þegar samningurinn tekur gildi gefur Arion út og FJR kaupir ótryggð víkjandi skuldabréf í EUR að fjárhæð sem nemur 4% af áhættugrunni bankans þannig að eiginfjárhlutfallið hækki úr 12% í 16%. Áætlað var í upphafi að heildarfjárhæð skuldabréfanna yrði um 25 ma.kr. en endanleg fjárhæð varð um 29,6 ma.kr. Skuldabréfin skulu vera eigendaskráð og skulu vera í þeim fjárhæðum sem Arion banki ákveður. Skuldabréfin verða víkjandi á eftir öðrum skuldum Arion.

Lánstími skuldabréfanna er tíu ár frá útgáfudegi. Skuldabréfin bera vexti sem Arion greiðir ársfjórðungslega eftir á 31. mars, 30. júní, 30. september og 31. desember ár hvert og fellur fyrsta greiðslan í gjalddaga 31. desember 2009. Þó má Arion fresta vaxtagreiðslum fyrstu tvö árin. Vextir verða 4% yfir EURIBOR á ári fyrstu fimm árin og hækka í 5% yfir EURIBOR eftir það.

Arion getur endurgreitt hvaða skuldabréf sem er, eða hluta af því, á hvaða vaxtadegi sem er eftir fimm ár frá útgáfudegi eða fyrr, ef FME leyfir, ásamt áföllnum en ógreiddum vöxtum.

Arion á völ á hvenær sem er, ef FME leyfir, að breyta hluta eða í heild öllum útistandandi skuldabréfum í hlutafé. Kjósi Arion að fara þá leið getur eigandi skuldabréfanna valið á milli þess að fá almenn hlutabréf eða forgangshlutabréf án kosningaréttar með vöxtum er samsvara áhættulausum vöxtum í íslenskum krónum að viðbættu 4% álagi ásamt vissum hækkunarákvæðum.

Réttur skuldabréfaeigenda er að öllu leyti víkjandi fyrir réttindum almennra kröfuhafa. Verði Arion slitið skulu kröfur skuldabréfaeigenda koma á eftir kröfum þeirra og þar af leiðandi skal eigi greiða neitt til skuldabréfaeigenda fyrr en öllum kröfum almennra kröfuhafa hefur verið fullnægt í slitunum. Sérhver greiðsla af skuldabréfunum eða í tengslum við þau, hvort heldur af höfuðstól, í vexti eða á annan hátt, skal í öllu tilliti vera háð því skilyrði að ekki hafi verið tekin ákvörðun um slit á Arion og að ekki hafi orðið greiðslufall á kröfum og að greiðslan verði ekki til þess að Arion brjóti reglur um lágmarks eigið fé.

Ef greiðslufall varir lengur en tíu virka daga vegna greiðslu á höfuðstól skuldabréfanna eða vegna gjaldfallinna vaxta af skuldabréfunum (nema frestaðra vaxta eins og leyft er í skuldabréfunum) geta skuldabréfaeigendur krafist slita á Arion í samræmi við íslensk lög, að tilskildum víkjandi ákvæðum.

Skuldabréfin skulu heyra undir íslensk lög, vera upp byggð samkvæmt þeim og heyra undir íslenska dómstóla eingöngu.

3.2.1.3. Hluthafasamkomulag

Þegar SS er frágenginn gengur hluthafasamningur sem Kaupþing, Arion og FJR eru aðilar að í gildi. Hluthafasamningurinn verður í gildi þar til heildarhlutur ríkisins verður minni en 5% af heildarhlutafé Arion. Helstu ákvæði samningsins eru sem hér segir:

Kaupþing á rétt á að skipa fjóra stjórnarmenn í stjórn Arion og skal einn þeirra vera formaður stjórnar. FJR á rétt á að tilnefna einn stjórnarmann í stjórn Arion sem skal, ef FJR óskar þess, eiga sæti í kjaranefnd Arion.

Ríkið skal eiga neitunarvald í eftirfarandi málum:

Að Arion banki verði lagður niður sem viðskiptabanki.

Að allar eða mestallar eignir Arion verði látnar af hendi.

Að Arion verði gert upp eða því slitið.

Að samþykktum Arion verði breytt á þann veg að það verði FJR í óhag nema breytingin hafi sömu efnislegu áhrif á aðra hluthafa.

Að arður verði greiddur fyrstu þrjú árin.

Viðskiptum milli Arion og Kaupþings.

Ef FJR hyggst færa eitthvað af hlutabréfum sínum til þriðja aðila skal það fyrst bjóða Kaupþingi að kaupa þau hlutabréf á sama verði og með sömu skilmálum og verið er að bjóða þriðja aðila.

Ef Kaupþing óskar eftir að selja meira en 50% af hlutum sínum sem þá eru útistandandi í Arion og finnur kaupanda sem ekki er aðildarfélag Kaupþings og kemst að samkomulagi um söluna við kaupandann á slíkum hlutum skal FJR vera skylt að samþykkja tilboð frá kaupandanum á sömu kjörum og samþykkt er af Kaupþingi.

Ekki er leyfilegt að selja eða millifæra hluti í einum viðskiptum eða hrinu tengdra viðskipta gerðum af Kaupþingi ef það verður til þess að Kaupþing hættir að eiga meira en 50% af útistandandi hlutum nema fyrirhugaður yfirtökuaðili að slíkum hlutum hafi fyrst gert FJR tilboð í að kaupa hlutfallslega sama fjölda hluta á sama verði á hlut og á sömu kjörum og skilmálum og greiða á til Kaupþings. Kaupskyldan á ekki við um víkjandi lán.

Ekki skal gefa út hluti né yfirfæra til aðila sem ekki er aðili að hluthafasamningnum nema hann hafi fyrst samþykkt að gerast aðili að honum.

Samningur hluthafa skal heyra undir íslensk lög og skulu íslenskir dómstólar eingöngu hafa lögsögu í deilumálum er upp kunna að koma.

3.2.2. Stofnfjármögnun ríkisins

3.2.2.1. Samningur um vörslu og skilyrtan virðisrétt

Samningur um vörslu og skilyrtan virðisrétt (SVSV) kveður á um hvernig eignir Kaupþings eru látnar í vörslu til að þekja virði þess sem upp á vantar vegna færslu eigna og skulda frá Kaupþingi til Arion. Það sem upp á vantar er metið á 38 ma.kr. en af því ber að greiða vexti. Samþykkt er að helmingur þess sem upp á vantar verði talinn skuld í íslenskum krónum sem ber vexti sem eru 0,15% yfir meðalvöxtum greiddum af Arion af innlánsreikningi Kaupþings hjá Arion. Hinn helmingurinn skal teljast vera skuld í EUR sem ber eins mánaðar EURIBOR vexti að viðbættu 1,75% álagi. Fjárhæðin sem upp á vantar getur aldrei orðið hærri en 38 ma.kr. að undanskildu því sem nemur gjaldföllnum vöxtum og gengisflökti samkvæmt SVSV.

Þá fær Kaupþing skilyrtan virðisrétt á safni st ærstu lána Arion sem samanstendur af um 67% af millifærsluvirði heildarlánanna til viðs kiptavina og 50% af brúttóvirði millifærðra eigna. Hugsanlegum ábata umfram væntan hagnað af eignunum verður skipt milli Arion og Kaupþings þannig að Kaupþing fær 80% af ábatanum þar til náðst hefur að endurheimta 38 ma.kr. og 50% af næstu 10 ma.kr. í endurheimtu. Ábatinn verður eignfærður á móti því er vantaði upp á upphaflega vegna færslu nettóeigna til Arion. Samkomulagið gildir til 30. júní 2012. Kaupþing mun einnig greiða umsamda vexti af því sem upp á vantaði í upphafi til Arion þar til það sem upp á vantaði verður endurheimt eða eignir að jafnhárri fjárhæð verða millifærðar til Arion.

Kaupþing skal leggja fram yfirlit sem tilgreinir hvaða eignir það hyggst leggja fram sem vörslueignir. Þessar eignir verða að vera a.m.k. jafnmikils virði og sem nemur því er upp á vantar í millifærslu eigna og skulda. Eftir að skráin hefur verið lögð fram skal Arion hafa 20 virka daga til að fara yfir skrána og meta heildarvirði eignanna. Ef Arion er þeirrar skoðunar að heildarvirði eignanna sé lægra en það sem upp á vantar í upphafi getur Arion andmælt við Kaupþing með því að senda skriflega tilkynningu innan 20 virkra daga frá því að hafa fengið skrána. Ef Arion andmælir skulu Kaupþing og Arion leitast við að ná samkomulagi innan 20 virkra daga frá því Kaupþing tók við andmælatilkynningunni. Ef vörsluskilatímabilið rennur út og Arion og Kaupþing hafa ekki náð samningum um ágreiningsefni, geta annaðhvort Arion eða Kaupþing vísað málinu til sjálfstæðs endurskoðunarfyrirtækis sem aðilar koma sér saman um í sameiningu á þeim grundvelli að það skuli ákveða virði fyrirhugaðra vörslueigna og mæla með, ef nauðsyn þykir, að virði eigna Kaupþings verði lagfært.

Kaupþingi er skylt að tilkynna Arion 1. apríl ár hvert um heildarvirði vörslueigna 31. desember fyrra árs. Ennfremur ber Kaupþingi að tilkynna Arion um sérhvert meiriháttar greiðslufall skuldara og meiriháttar breytingar í skilmálum einhverra af vörslueignunum. Kaupþing á rétt á að flytja eignir úr vörslueignasafninu í tíu daga eftir hvern virðisdag vörslueigna og áður en kemur til endurskipulagningar eða sölu á vörslueign. Ef þetta leiðir til þess að virði vörslueignar verður lægra en það er upphaflega vantaði upp á er Kaupþing skyldugt til að leggja aðrar eignir til í staðinn til að bæta upp mismuninn. Ef Arion andmælir millifærslunni og því að eignir komi þar í staðinn, skal fara út í viðlíka aðferðir og lýst er hér að framan, en með þeim hætti skulu aðilar reyna að ná samkomulagi. Ef samkomulag næst samt ekki verður hægt að vísa málinu til sjálfstæðs endurskoðunarfyrirtækis til úrlausnar.

Ef virði vörslueigna reynist vera lægra en sem nemur því er upp á vantaði í upphafi á einhverjum virðisdegi vörslueigna skal Kaupþing gera tillögu um viðbótareignir sem lagðar verða inn í safn vörslueigna. Sama aðferð og lýst var hér að framan verður notuð ef Arion andmælir fyrirhuguðum eignum á þeim grundvelli að virði þeirra sé of lágt. Til að taka af

allan vafa ber að geta þess að fjárhæðin sem upp á vantar getur aldrei orðið hærri en 38 ma.kr. nema í tilfelli vaxta sem ber að greiða og gengisflökts samkvæmt SVSV.

Allar tekjur sem hljótast af vörslueignunum skulu greiddar á vaxtareikning Kaupþingi til handa. Geta ber þess að Kaupþing getur tekið út umframfjárhæðir af reikningnum hvenær sem er.

Ef Kaupþing leggur ekki fram vörslueignir sem eru jafnverðmætar og það sem vantar upp á eða lætur á annan hátt undir höfuð leggjast að gegna meiriháttar skuldbindingu samkvæmt SVSV og lagar þetta ekki innan fimm virkra daga frá því að Arion tilkynnir því þar um hefur Arion rétt til að framfylgja rétti sínum yfir vörslueignunum, þ.m.t. að yfirtaka eignirnar og selja þær. Ef Arion nýtir sér rétt sinn skal litið svo á að SVSV hafi verið slitið af Arion og að endanlegt mat fari fram samkvæmt samningnum. Þetta getur leitt til þess að annaðhvort verði Kaupþing skyldugt til að greiða Arion viðbótarfjárhæð umfram það sem sem endurheimt verður með framfylgdinni ef virði þessara eigna er talið vera lægra en það sem upp á vantaði eða Arion verði skuldbundið til að endurgreiða Kaupþingi ef svo reynist að eignirnar á tíma framfylgdarinnar reynast meiri en það sem upp á vantaði. Krafa Arion samkvæmt því sem upp á vantaði er forgangskrafa á Kaupþing.

SVSV inniheldur skrá yfir fráteknar eignir í Arion ásamt áætluðu virði þeirra, sem bundin er trúnaði. Þann 1. apríl á hverju almanaksári skal Arion leggja fram skrá fyrir Kaupþing með uppfærðu mati á fráteknum eignum m.v. 31. desember næstliðins árs. Kaupþing skal hafa 20 virka daga eftir að hafa móttekið matið til að bera fram ágreining. Fari svo skulu Kaupþing og Arion leitast við að ná samkomulagi um fráteknar eignir en reynist það ómögulegt getur annar hvor aðilinn vísað málinu til sjálfstæðs endurskoðunarfyrirtækis til úrlausnar.

Ef og að svo miklu leyti sem heildarvirði frátekinna eigna í bráðabirgðamati er meira en heildarvirði frátekinna eigna eins það var sýnt í upphaflegu mati, má leysa út fjárhæð sem jafngildir 80% af mismuninum úr vörslueignum Kaupþings. Eftir að slík fjárhæð hefur verið leyst út, skulu þær eignir sem þannig hafa verið leystar út hætta að teljast til vörslueigna. Ef þetta gerist oftar en einu sinni skal í SVSV taka viðeigandi tillit til hvaða eignir hafa verið leystar undan vörslueignum. Hafa skal í huga að sá hluti skuldarinnar sem talin er í EUR verður lækkaður áður en komið er að þeim hluta sem er í íslenskum krónum.

Kaupþing hefur rétt til að skipa tilsjónarmann til að fylgjast með fráteknum eignum. Tilsjónarmaðurinn skal hafa rétt á að sitja alla fundi lánanefnda og stjórnarfundi Arion þegar fráteknar eignir eru til umræðu eða ákvarðanir eru teknar vegna þeirra. Skylt er ennfremur að tilkynna honum um allar ákvarðanir tengdar fráteknum eignum að því leyti sem slíkar ákvarðanir eru ekki teknar á umræddum fundum og skal hann eiga rétt á að fá viðkomandi upplýsingar tengdar hinum fráteknu eignum fyrir fundi þar sem þær eiga að vera til umræðu, og eigi síðar en aðrir fundarmenn á slíkum fundum. Að lokum skal slíkur tilsjónarmaður eiga rétt á að leggja til við Arion sérhverjar ráðstafanir um fráteknar eignir í þeim tilgangi að hámarka virði þeirra. Vakin er athygli á að tilsjónarmaðurinn mun ekki hafa neitunarvald varðandi ákvarðanir teknar af Arion.

Í tíu virka daga eftir að ákvörðun hefur verið tekin um fráteknar eignir á Kaupþing rétt á að vísa ágreiningi eða andmælum til gerðardóms. Kaupþing á rétt á bótum sem kveðnar eru upp af gerðardómi vegna fjárhagsskaða sem það verður fyrir af ákvörðunum teknum af Arion vegna frátekinna eigna sem taldar eru vera í ósamræmi við hámörkun virðis á fráteknum eignum fyrir lokamatsdag eða sem á annan hátt eru ósanngjarnar eða vinna gegn hagsmunum Kaupþings.

Lokamat á fráteknum eignum skal fara fram innan 20 virkra daga frá 30. júní 2012 og skal Arion innan þess tíma leggja fram eintak af lokamati fyrir Kaupþing til skoðunar. Kaupþing

skal hafa 20 virka daga eftir að hafa fengið lokamatið í hendur til að endurskoða lokamatið og ef Kaupþing gerir ágreining um matið verður það innan 20 daga frestsins að tilkynna Arion um það. Ef þetta gerist skulu aðilar hafa 10 virka daga til að ná samkomulagi um lokamat. Náist samkomulag ekki innan þess tíma getur hvor aðilinn um sig vísað ágreiningnum til endurskoðunarfyrirtækis til úrlausnar.

Vextir verða reiknaðir af meðaltali þess er árlega vantar upp á á tímabilinu frá 21. október 2008 til lokadags. Fjárhæð höfuðstóls sem þannig er ákvörðuð skal bera vexti er nema EURIBOR að viðbættu 1,75% álagi af EUR-hluta skuldarinnar og meðaltali vaxta er Arion greiðir af innlánum Kaupþings hjá Arion að viðbættum 0,15% á hlut skuldarinnar í íslenskum krónum.

Ef Kaupþing þarf að greiða Arion í samræmi við lokamat getur það greitt EUR-hluta skuldarinnar í gjaldmiðli að eigin vali, fært í EUR og krónuhlutann í íslenskum krónum. Ef Kaupþing hyggst greiða alla skuldina eða hluta hennar í gjaldmiðli sem ekki er hægt að nota til slíkra skipta á greiðsludegi vegna markaðstruflunar eða hamfaraatburða getur Arion neitað að taka við slíkri greiðslu þar til slík truflun eða hamfaraatburður er genginn yfir. Á þeim degi verða eftirstöðvar skuldarinnar greiddar með vöxtum. Ef Arion á að greiða Kaupþingi að fengnu lokamati getur hann greitt í íslenskum krónum.

3.2.2.2. Hlutafjárvalréttur

Ef ekki verður af fjármögnun Kaupþings eins og gert er ráð fyrir í SS skal FJR leysa samninginn um hlutafjárvalrétt úr vörslu og gefa út rétt til að kaupa fyrir reiðufé allt að 90% af útgefnu hlutafé í Arion.

Kaupréttinn samkvæmt hlutafjárvalréttinum er hægt að nýta á eins mánaðar tímabili strax að lokinni útgáfu á ársskýrslu Arion fyrir hvert fjárhagsáranna 2010–2014. Ennfremur verður kauprétturinn virkur á tímabili með tilliti til útgöngu. Útganga verður til þegar (a) almennir hlutir í Arion eða einhverju af dótturfélögum þess eru skráðir á skipulegum markaði, (b) breyting verður á yfirráðum yfir Arion. Ef kauprétturinn hefur ekki verið notaður í samræmi við viðkomandi ákvæði í samningnum um hlutafjárvalrétt rennur hann út og hlutafjárvalrétturinn fellur niður, en þó aðeins ef viðkomandi útganga hefur náð fram að ganga.

Kaupverðið er reiknað út sem fjárhæð í íslenskum krónum á hvern hlut samkvæmt samningnum um rétt til kaupa á hlutum út frá eftirfarandi formúlu:

(5,6935 krónur) margfaldað með (1+[áhættulausir vextir + 5%]) x

þar sem „x“ er jafnt og árafjöldinn frá 22. október 2008 fram að þeim degi er tilkynning er gefin. Áhættulausir vextir vísa til ársvaxta er Arion fær á ríkisskuldabréfinu á ákvörðunartímabilinu.

Á meðan hlutafjárvalrétturinn er í gildi skal Kaupþing eiga einn mann í stjórn Arion banka með full réttindi. Stjórnarmaðurinn skal eiga rétt á að taka sæti í þeim nefndum Arion sem taldar eru skipta máli í tengslum við hlutafjárvalréttinn.

Í ákveðnum málum hefur stjórnarmaðurinn fyrir hönd handhafa hlutafjárvalréttarins neitunarvald, þ.m.t. yfir meiriháttar breytingum á samþykktum, slitum, meiriháttar breytingum á eðli rekstrarins, þ.m.t. yfirtökum, sölu eða lokum starfrækslu viðskiptaþátta, öllum meiriháttar viðskiptum við hluthafa eða tengd félög hans (öðruvísi en á óhagsmunatengdum grundvelli og sem hluta af eðlilegum rekstri), tökum á meiriháttar lánum, veitingu meiriháttar ábyrgða eða trygginga, veitingu meiriháttar láns og greiðslu arðs eða öðrum greiðslum til hluthafa (öðru en í eðlilegum rekstri).

Hálfsársreikningar Arion verða aðgengilegir fyrir valréttarhafa innan þrjátíu daga eftir 30. júní og 31. desember ár hvert. Ársfjórðungsreikningar Arion (ef þeir verða gerðir) verða að-

gengilegir fyrir valréttarhafa jafnskjótt og það er með sanngirni gerlegt eftir að þeir liggja fyrir. Ennfremur verða upplýsingar veittar um endurskipulagningu og meiriháttar eftirgjöf skulda og getur stjórnarmaður valréttarhafa gert athugasemdir við ákvörðun en ekki beitt neitunarvaldi á hana.

Á fundum valréttarhafa geta valréttarhafar með kauprétt fyrir eigi minna en 75% af valréttarhlutum samþykkt ákveðin atriði sem skulu teljast bindandi fyrir alla valréttarhafa, þ.m.t. að veita samþykki fyrir sérhverri málamiðlun eða fyrirkomulagi sem gerð er tillaga um milli FJR og valréttarhafanna, samþykkt breytingar á valréttinum, samþykkt að valréttinum verði breytt í hlutabréf, skuldabréf, breytanleg skuldabréf eða aðrar skuldaviðurkenningar eða verðbréf Arion eða í öðru félagi og að skipa stjórnarmann í Arion til að koma fram fyrir hönd valréttarhafa.

Hlutafjárvalrétturinn er að fullu framseljanlegur og fellur undir bresk lög og er að öllu leyti undir lögsögu breskra dómstóla.

3.2.3. Nettunarsamningur

Nettunarsamningur er gerður milli Arion og Kaupþings og varðar ákveðin atriði uppgjörs milli aðilanna, um hvernig þeir munu fara með mál er varða nettun sem verða kann vegna eigna og skulda sama aðila sem aðskildar voru með ákvörðun FME, ásamt meðferð veða og annarra trygginga sem færðar voru til Arion en sem Kaupþing gæti átt rétt í.

Ef millifærð eign er endurgreidd Arion af viðskiptavini að hluta eða að fullu með nettun með því að nota gagnkröfu á Kaupþing, mun Kaupþing greiða Arion fjárhæð sem er jöfn nettunarfjárhæðinni. Slík fjárhæð skal þó aldrei vera hærri en millifærsluvirði viðkomandi eigna samkvæmt stofnefnahagsreikningi Arion.

Þar sem um er að ræða allsherjarveð sem Arion hefur yfir að ráða og Kaupþing á ekki hlut í skal Arion hafa forgang til nýtingar veðsins. Það sem eftir kann að verða af veðinu eftir fulla greiðslu til Arion getur Kaupþing nýtt sér.

Þar sem allsherjarveð er fyrir hendi sem skipt er milli Arion og Kaupþings skal hvor aðili um sig eiga hlutfallslegan rétt í hagsmunum er fylgja allsherjarveðinu. Hlutfallsleg skipting er gerð á grundvelli nafnverðs krafna í höndum Arion og Kaupþings. Samkomulagið tilgreinir aðferð til að leysa úr málum sem koma kunna upp í því efni, þ.m.t. skyldu til að gera sitt besta til að ná samkomulagi um veðin og að aðilar muni í þessu efni taka tillit til skiptra hagsmuna varðandi veðið.

Samningurinn heyrir undir og er gerður í samræmi við íslensk lög og hafa íslenskir dómstólar eingöngu lögsögu í tengslum við hann.

3.2.4. Flutningur á innstæðum SPRON til Arion

Þann 21. mars 2009 ákvað FME á grundvelli heimilda sinna skv. neyðarlögunum að yfirtaka vald stjórnar og hluthafafundar í SPRON og skipa honum skilanefnd. Þá ákvað FME að flytja hæfar innstæður SPRON til Arion banka, eftir hafa haft samráð við skilanefndina, kröfuhafa, Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytið, til að tryggja innstæðueigendum aðgang að innstæðum sínum. Þá ákvað FME að SPRON skyldi stofna sérstakt hlutafélag (sem fékk nafnið Drómi ehf.) að fullu í sinni eigu sem myndi yfirtaka allar eignir SPRON þar með talin veðréttindi og ábyrgðir. Drómi tók einnig yfir skuldbindingar SPRON gagnvart Arion vegna flutnings á innstæðum og skyldi gefa út skuldabréf til Arion sem samsvaraði yfirteknum innstæðukröfum með veði í öllum eignum félagsins ásamt hlutafjáreign SPRON í Dróma, hið svokallaða SPRON-skuldabréf.

Vegna yfirtöku Arion á innstæðum SPRON var samið um sérstaka lausafjárfyrirgreiðslu FJR við Arion vegna hugsanlegs útflæðis á yfirfærðum innstæðum áður en greiðslur af SPRON-skuldabréfinu ættu sér stað. Nánar er gerð grein fyrir þeirri fyrirgreiðslu undir lið 3.2.5 hér á eftir, en sú fyrirgreiðsla samsvarar fyrirgreiðslu til Íslandsbanka skv. liðum 3.1.4. og 3.1.6. hér á undan.

Fjármálaráðuneytið hefur einnig lýst því yfir gagnvart Arion að ríkið muni halda Arion banka skaðlausum að því er varðar SPRON-viðskiptin og þar með í raun tryggja greiðslu á SPRON-skuldabréfinu.

3.2.5. Samkomulag um lausafjárfyrirgreiðslu

Við sameiginlega fjármögnun Kaupþings og ríkisins á Arion banka fær ríkissjóður til baka frá Arion hluta af þeim ríkisskuldabréfum sem ríkissjóður lagði fram sem greiðslu fyrir hlutafé. Við þá aðgerð versnaði lausafjárstaða Arion þar sem ríkisskuldabréfin eru veðhæf við lausafjárfyrirgreiðslu frá Seðlabanka Íslands. Einnig þurfti að tryggja að Arion yrði ekki fyrir áföllum vegna yfirfærslu á innstæðum SPRON til hans.

Þann 3. september 2009 afhenti fjármálaráðuneytið Arion bréf þar sem staðfest er að ef SS verður fullnustaður eins og gert er ráð fyrir í samningnum muni ríkið tryggja Arion ákveðna lausafjárfyrirgreiðslu. Ríkið staðfesti þar að það muni lána Arion allt að 75 ma.kr. í ríkisskuldabréfum með veði í skuldabréfi SPRON en sú fjárhæð getur lækkað um fjárhæð er samsvarar lækkun á SPRON-skuldabréfinu. Ríkisskuldabréfið mun uppfylla kröfur Seðlabanka Íslands um veðhæfi fyrir lausafé á stöðluðum kjörum.

Gjald Arion fyrir afnot af fyrirgreiðslunni verður sem hér segir:

Þegar SPRON-bréfið er notað sem veð:

Ekkert lántökugjald.

Notkunargjald:

1. Ádráttur frá 0–25 ma.kr.: Ekkert gjald. Hið sama mun eiga við um frekari ádrátt ef hægt er að sýna fram á að þörf fyrir laust fé stafi beinlínis af úttektum á SPRON-innstæðum.
2. Ádráttur 25–75 ma.kr. fyrir umsamið gjald.

Ef aðrar eignir en skuldabréf SPRON eru settar sem veð:

0,5% lántökugjald.

3% p.a. notkunargjald.

Ríkið lýsti því yfir í bréfi sínu að það muni halda samningaumleitunum sínum við Seðlabanka Íslands áfram og gera sitt besta til að fá Seðlabankann til að taka skuldabréf SPRON beint sem veð í þeim tilgangi að veita aðgang að lausafé. Yfirlýsingin er í gildi til lokagjalddaga SPRON-skuldabréfsins á árinu 2014.

Ennfremur lýsti ríkið því yfir að það væri reiðubúið að hefja samninga við Arion um frekari lausafjáraðgang ef svo færi að útflæði annarra innlána en SPRON-innlána skapaði lausafjárerfiðleika hjá Arion.

3.2.6. Samkomulag Kaupþings og Seðlabankans um húsnæðislán

Í tengslum við yfirtöku Kaupþings á 87% eignarhlut ríkisins í Arion var gengið frá samkomulagi um m.a. gjaldfallin dag- og veðlán sem Seðlabankinn hafði veitt Kaupþingi fyrir fall hans í október 2008. Að því marki sem um var að ræða lán tryggð með veði í húsnæðislánum og/eða lánum til ríkisfyrirtækja og sveitarfélaga varð það að samkomulagi að þau lán yrðu framseld til Arion gegn lánssamningi Arion við Seðlabankann. Samkomulag þetta var gert 30. nóvember 2009.

Til að stuðla að auknu jafnvægi í gjaldeyrisjöfnuði Arion var samið um fjölmyntalán. Höfuðstóll lánssamningsins var að jafnvirði 61,3 ma.kr. miðað við 8. janúar 2010. Lánssamningurinn er til 7 ára en hægt er að framlengja hann í 6 ár til viðbótar. Vaxtakjör lánssamningsins eru þriggja mánaða erlendir millibankavextir að viðbættu 3% álagi. Lánssamningurinn er veðtryggður með öllum þeim lánssamningum sem upphaflegu höfðu verið veðsettir Seðlabankanum.

3.3. Landsbanki Íslands hf. / Landsbankinn (NBI hf.)

Í þessum kafla er lýst samningum milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs (FJR), Landsbankans (NBI) og Landsbanka Íslands hf. (LBI), en þann 15. desember 2009 náðu þessir aðilar samkomulagi um stofnfjármögnun NBI og uppgjör milli bankanna sem fólst í útgáfu skuldabréfa og hlutabréfa sem NBI myndi afhenda LBI sem greiðslu fyrir tilflutning eigna og skulda til NBI í október 2008. Samningurinn gerir ráð fyrir útgáfu á upphaflegum skuldabréfum í EUR, GBP og USD og skilyrtu skuldabréfi ásamt eignarhluta LBI sem næmi um 19% af hlutafé NBI í upphafi, en sem gæti minnkað að hluta eða að fullu. Eftir að búið verður að ákveða fjárhæð skilyrta skuldabréfsins, afhendist allt eða hluti af hlutafé í NBI í eigu LBI til FJR eins og lýst er hér á eftir.

Í framhaldinu skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að leggja NBI til hlutafé þannig að á hluthafafundi skráði FJR ríkissjóð fyrir 18.745.000.000 hlutum í NBI á 6,4670579 krónur á hlut, samtals 121.225.000.000 kr. Þetta var til viðbótar við 775 milljón hluti sem ríkið hafði skrifað sig fyrir og greitt í október 2008. Þá gera samningarnir ráð fyrir að LBI muni eignast 4.480.000.000 hluti sem samsvarar um 19% hlut í NBI eins og nánar er lýst hér á eftir.

Þetta fyrirkomulag mun tryggja NBI grunneiginfjárhlutfall samkvæmt eiginfjárþætti A er nemur um 12% af áhættugrunni.

Samkomulagið í heild er bundið í nokkrum samningum og löggerningum:

Samningur um stofnfjármögnun (SS) milli FJR og LBI.

Rammasamningur og samningur um útgáfu skuldabréfa (RASÚS eða Rammasamningurinn) milli FJR, NBI og LBI.

Skuldabréf og skilyrt skuldabréf útgefin af NBI til LBI ásamt vörslusamningi.

Veðsamningur milli NBI og LBI til tryggingar skuldabréfunum.

Hluthafasamningur (HS) milli FJR og LBI.

Nettunarsamningur (NS) milli NBI og LBI.

3.3.1. Samningur um stofnfjármögnun

Við undirritun SS og RASÚS mun FJR skrifa sig fyrir 18.745.000.000 hlutum í NBI á genginu 6,4670579 á hvern hlut greitt með afhendingu á ríkisskuldabréfum með höfuðstól og áföllnum vöxtum er nemur samtals ISK 121.225.000.000. Að meðtaldri eign FJR á 775.000.000 almennum hlutum, sem ríkið skrifaði sig fyrir í október 2008 á genginu 1, nema hlutir ríkisins í NBI samtals 19.520.000.000 að meðaltali á genginu 6,25.

Þegar þetta skilyrði var uppfyllt skrifaði LBI sig fyrir 4.480.000 hlutum í NBI á genginu 6,25 á hlut í því skyni að láta af kröfum gegn NBI samtals að fjárhæð ISK 28 ma.kr. Þessir hlutir nema um 19% af útgefnu hlutafé í NBI.

Eftir að hlutir hafa verið gefnir út eins og gert er ráð fyrir í SS mun hlutafé NBI nema 24 ma. almennum hlutum að verðmæti ISK 150 ma.kr.

SS heyrir undir íslensk lög og verður undir lögsögu íslenskra dómstóla eingöngu.

3.3.2. Rammasamningur og samningur um útgáfu skuldabréfa

Útgáfa hluta í NBI til LBI er háð því (i) að lokið sé við lögfræðilega áreiðanleikakönnun er telst ásættanleg af hálfu LBI, (ii) að lögfræðingur íslenskra stjórnvalda leggi fram fullnægjandi lögfræðiálit og (iii) að FME samþykki án skilyrða eða með skilyrðum sem eru fullnægjandi fyrir LBI eign LBI á allt að 20% af útgefnum hlutum í NBI. Þessum skilmálum var fullnægt og endanleg eiginfjármögnun LBI fór fram 22. janúar 2010.

Útgáfa skuldabréfa sem vísað er til sem fullnaðaruppgjörs skulda LBI er háð því (i) að ekki verði um greiðslufall að ræða (eins og skilgreint er í skuldabréfunum) eða framhald á slíku, (ii) að lögfræðingur íslenskra stjórnvalda leggi fram fullnægjandi lögfræðiálit og (iii) fullnægjandi trygging að mati LBI verði sett fyrir kröfum LBI á hendur NBI.

Við uppgjör skuldar við LBI, mun NBI (i) gefa út skuldabréf í EUR GBP og USD, (ii) undirrita skilyrt skuldabréf án tiltekinnar fjárhæðar eða útgáfudags og afhenda vörsluaðila í samræmi við samning um vörslu á skilyrta skuldabréfinu og (iii) undirrita veðsamninginn eins og nánar er lýst hér á eftir undir 3.3.5.

Í RASÚS er lýst aðferð við útgáfu og ákvörðun á höfuðstólsfjárhæð hins skilyrta skuldabréfs sem nánar er lýst í kafla 3.3.4.

Í RASÚS er lýst aðferð við að breyta skuldabréfunum í markaðshæf skuldabréf sem nánar er lýst í kafla 3.3.3.

Í RASÚS er lýst aðferðinni við setningu NBI á tryggingum fyrir skuldabréfunum eins og nánar er lýst í kafla 3.3.5.

RASÚS hefur að geyma ýmsar yfirlýsingar af hálfu NBI, þ.m.t. þá yfirlýsingu að, eftir því sem NBI best veit, séu upplýsingar um fjárhag og aðrar upplýsingar til LBI frá NBI í því skyni að reikna út fjárhæðir skuldabréfanna í heild sinni án rangra staðhæfinga um efnisleg atriði og engum efnislegum staðreyndum sé sleppt sem nauðsynlegar teljast til að slíkar upplýsingar verði ekki misvísandi í ljósi þeirra kringumstæðna sem voru við lýði þegar upplýsingarnar voru gefnar.

RASÚS fellur undir íslensk lög og íslenska lögsögu, þótt hið síðara kunni ekki að eiga við að öllu leyti varðandi skuldabréfin ef þeim verður breytt í markaðshæf skuldabréf eins og lýst er nánar í kafla 3.3.3.

Í samningnum sem undirritaður var 15. desember 2009 var ákveðið að ef útgáfu skuldabréfanna yrði ekki lokið 15. apríl 2010 gæti LBI rofið samninginn og ef ekki yrði af undirritun veðsamningsins fyrir þann tíma hafi bæði LBI og NBI rétt til að segja sig frá samningnum og öllum öðrum viðskiptaskjölum. Fari svo, verða allir þegar útgefnir hlutir NBI til LBI ógiltir og aðilar verða aftur settir í sömu lagalegu stöðu og fyrir 15. desember 2009. Eins og fram kemur í kafla 3.3.5. reyndist ekki unnt að undirrita veðsamninginn fyrir þann tíma og veitti LBI aukinn frest í þessu skyni.

3.3.3. Upphafleg skuldabréf

Við skuldalúkningu LBI samkvæmt RASÚS mun NBI gefa út skuldabréf í þremur myntum að fjárhæð EUR 870.788.398,42, GBP 275.001.322,12 og USD 734.255.859,93. Nafnverð skuldabréfanna var samtals 260 ma.kr. miðað við tilgreint gengi gjaldmiðla þann 30. september 2008, en markaðsverðmæti þeirra var metið 247 ma.kr. vegna hagstæðra vaxtakjara skuldabréfanna fyrstu fimm árin.

Höfuðstóll skuldabréfanna verður greiddur í 20 jöfnum afborgunum, þær fyrstu 9. janúar 2014 og þær síðustu 9. október 2018.

Vextir reiknast af eftirstöðvum höfuðstóls upphaflegu skuldabréfanna frá og með 9. október 2008 til 9. október 2013 og skulu vextirnir nema EURIBOR/LIBOR að viðbættu 1,75%

álagi. Frá 9. október 2013 skulu vextir reiknast á EURIBOR/LIBOR að viðbættu 2,9% álagi á ári. Vexti skal greiða ársfjórðungslega og skal fyrsta greiðslan eiga sér stað 9. apríl 2010 eða ef skuldalúkningu LBI er þá ekki lokið, 9. júlí 2010. Varðandi fyrsta vaxtatímabilið skal ákvarða vexti á þeim grundvelli að viðkomandi vaxtatímabil hafi hafist 9. október 2008 og því hafi lokið á útgáfudegi upphaflegu skuldabréfanna og að vextirnir sem hefðu fallið í gjalddaga á hverjum ársfjórðungi ef upphaflegu skuldabréfin hefðu verið útgefin 9. október 2008 og að slíkir ógreiddir vextir hefðu borið sömu vexti og höfuðstóll viðkomandi skuldabréfs. Upphaflega vaxtagreiðslan getur lækkað eins og lýst er í kafla 3.3.6. um nettun.

Þótt greiðslur samkvæmt skuldabréfunum skuli vera í EUR, USD og GBP, eftir því sem við á, getur komið upp sú staða að NBI hafi gert sitt ýtrasta á tímabili er nemur eigi skemur en 15 virkum dögum í röð til að komast yfir næga fjárhæð í viðkomandi gjaldmiðli til að inna af hendi greiðslu á gjalddaga samkvæmt viðkomandi skuldabréfi en ekki tekist það vegna atburða er leiða til þess að: (i) það á sér stað truflun á gjaldeyrismörkuðum sem leitt hefur til meiriháttar sveiflna í gengi ISK gagnvart viðkomandi gjaldmiðli, (ii) það reynist ógerlegt að skipta ISK í viðkomandi gjaldeyri eftir venjubundnum viðskiptaleiðum notuðum af íslenskum fjármálafyrirtækjum, eða (iii) það reynist ógerlegt (af öðrum sökum en greiðslufalli NBI) að afhenda viðkomandi gjaldeyri inn á reikning handhafa viðkomandi skuldabréfa, þá getur NBI innt af hendi greiðslu viðkomandi fjárhæðar í ISK (sem reiknast af sjálfstæðum vörsluaðila með vísan til meðaltals af útgefnu kaupgengi Seðlabanka Íslands fyrir viðkomandi gjaldeyri á undanförnum þremur mánuðum) inn á vörslureikning hjá vörsluaðila þar sem féð er geymt til handa handhafa skuldabréfsins. Ef greiðslan er lögð inn á slíkan reikning, mun NBI ekki teljast vera í greiðslufalli gagnvart viðkomandi skuldabréfi sökum þess að hafa ekki innt greiðslu af hendi í viðkomandi gjaldeyri, en NBI skal reiða greiðsluna af hendi eins fljótt og hægt er eftir að viðkomandi ástandi léttir. Ef greiðslan hefur ekki verið innt af hendi sex mánuðum eftir að hún féll fyrst í gjalddaga, mun NBI eiga rétt á að inna viðkomandi greiðslu af hendi í ISK en þó að tilskildu ákvæði um gjaldeyrisbætur samkvæmt skuldabréfunum svo að handhafi skuldabréfs fái fullnægjandi fjárhæð í ISK til að greiða fyrir fjárhæð í viðkomandi gjaldeyri er hann hefði átt að fá. Slíkar fjárhæðir má greiða af vörslureikningi og sérhvern afgang á vörslureikningi eftir slíka greiðslu skal endurgreiða NBI.

NBI hefur rétt á að endurgreiða fyrirfram sérhvert skuldabréf að fullu eða að hluta ásamt áföllnum vöxtum.

Hér á eftir verður lýst þeim atburðum er geta orðið til þess að NBI verði skylt að hraða endurgreiðslu skuldabréfanna umfram umsamið greiðsluferli og greiða skuldabréfin upp að fullu eða að hluta:

Í því tilfelli að yfirráð breytist þannig að íslensk stjórnvöld hætti, beint eða óbeint, að geta nýtt öll réttindi tengd hlutabréfum sem nema meira en 50% af útgefnu hlutafé NBI, eða 34% eftir að meira en 50% af útgefnu hlutafé NBI hefur verið selt í einu eða fleiri almennum útboðum, munu skuldabréfin verða endurgreidd að fullu ásamt áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Ef kaupverð eigna á tímabili fjögurra ársfjórðunga í röð (sem skilgreint er sem sérhver önnur eign en íslenskur sparisjóður sem sameinaður er NBI eða tekinn yfir) jafngildir 10% eða meiru af heildareignum NBI miðað við síðustu ársfjórðungsreikninga við upphaf slíks tímabils.

Ef það gerist á einhverju fjárhagsári fyrir 2014 að NBI eða eitthvert dótturfélag þess fái nettó tekjur af sölu eigna (nema um sé að ræða sölur milli NBI og dótturfélaga og sölur sem eiga sér stað í venjulegum bankaviðskiptum) og þær nettó sölutekjur ásamt nettó sölutekjum af öllum öðrum samsvarandi eignasölum á sama fjárhagsári nemi meiru en ISK 35 ma.kr., skal NBI verða skylt að nota 50% af slíku umframfé til greiðslu inn á skuldabréfin; þó skal

hámarksendurgreiðslan eigi nema hærri fjárhæð en ISK 25 ma.kr. á viðkomandi fjárhagsári.

Ef það gerist á einhverjum tíma áður en skuldabréfunum verður breytt í markaðshæf skuldabréf á alþjóðlegum skuldabréfamarkaði svo sem lýst er hér á eftir að NBI gefur út ný hlutabréf, hvort heldur í almennu hlutabréfaútboði eða á annan hátt, og heildarfjárhæðin sem fengist með því móti ásamt heildarfjárhæð sem fengist úr öllum öðrum útgáfum hlutabréfa eftir útgáfudaginn og heildarfjárhæðin nemur meiru en ISK 3 ma.kr. skal NBI verða skylt (að því tilskildu að vera innan þeirra fjárhagslegu eiginfjárviðmiða sem lýst er hér á eftir) að nota 50% af slíkri umframfjárhæð til að endurgreiða höfuðstól skuldabréfanna.

Ef NBI eða veigamikið dótturfélag, eins og skilgreint er í skuldabréfinu, greiðir arð, eða sambærilega greiðslu til hluthafa, eða greiðslu inn á einhverja víkjandi skuld, skal það endurgreiða skuldabréfin hlutfallslega að fjárhæð sem jöfn er slíkri greiðslu.

Skuldabréfin skilgreina tilfelli sem veitir heimild til að gjaldfella skuld samkvæmt skuldabréfinu. Þar á meðal eru eftirfarandi tilfelli:

(i) NBI greiðir ekki einhverja fjárhæð sem greiða á samkvæmt skuldabréfunum á gjalddaga að tilskildum fimm daga fresti í tilfelli tæknilegra villna;

(ii) NBI hefur brotið verulega gegn samningum að tilskildum 30 daga leiðréttingarfresti (sá frestur styttist í 15 daga ef fjárhagslegir skilmálar eru brotnir);

(iii) (i) lántökur eða skuldir NBI eða veigamikils dótturfélags þess falla í gjalddaga eða falla til greiðslu fyrir lokagreiðsludag eða (ii) einhver greiðsla höfuðstóls, afgjalds eða vaxta af skuldum NBI eða veigamikilla dótturfélaga er ekki greidd þegar að greiðslu kemur, að því tilskildu að summa höfuðstólsfjárhæðarinnar sem greiðslufall hefur orðið á sé jafnt eða meira en EUR 10 m. eða jafnvirði þess í öðrum gjaldmiðlum;

(iv) tilteknir atburðir tengdir skertri greiðslugetu eiga sér stað;

(v) NBI glatar leyfi sínu til bankastarfsemi eða hefur ekki lengur leyfi samkvæmt íslenskum lögum til að stunda bankaviðskipti;

(vi) NBI hættir að stunda öll bankaviðskipti eða hluta þeirra, og lok þeirra hafa meiriháttar óhagstæð áhrif; og

(vii) NBI gegnir ekki skyldum sínum samkvæmt RASÚS, þ.m.t. þeirri skyldu að breyta skuldabréfunum í markaðshæf skuldabréf við kringumstæður sem lýst er hér á eftir.

Skuldabréfin hafa að geyma hagstæðustu lánskjaraákvæði þess efnis að ef NBI setur inn í aðra skuldasamninga aðrar gjaldfellingarheimildir sem ekki eru í skuldabréfunum eða sem eru þrengri en samsvarandi gjaldfellingarheimildir skuldabréfanna, skal NBI tilkynna kröfuhafa skuldabréfsins um slíkt ákvæði og skal líta svo á að ákvæðið verði sjálfkrafa fellt inn í skuldabréfin.

Þá gefur NBI út ýmsar yfirlýsingar m.a. að tryggja að:

(i) NBI mun ekki sjálfur og mun ekki leyfa neinu veigamiklu dótturfélagi öðru en félögum sem NBI yfirtekur vegna skuldavanda viðkomandi félaga að veita veð eða tryggja með öðrum hætti skuldir sínar annarra en ákveðinna leyfðra skuldbindinga. Markmið mótaðilans LBI með því semja um slíkt ákvæði er að ekki verði til of miklar skuldir hjá NBI sem standi framar eða samhliða skuldum LBI eða að efnahagur NBI versni með óhóflegri útlánaaukningu, nema að skuldabréfin verði þá greidd niður. Ákvæðið er þannig að það hamlar ekki almennri starfsemi NBI. Ákvæðið tekur ekki til útvegunar á lausu fé frá Seðlabanka Íslands eða lántöku sem væri ætlað að koma í stað innlána svo dæmi séu tekin.

(ii) NBI mun ekki, og mun sjá til þess að ekkert dótturfélag muni, fara í viðskipti við tengd félög öðruvísi en á óhagsmunatengdum grundvelli.

(iii) NBI skal fá skriflegt samþykki handhafa skuldabréfsins áður en hann sameinast eða tekur yfir íslenskan sparisjóð.

(iv) NBI skal viðhalda eiginfjárþætti A að lágmarki í 12% eða 1% yfir lágmarkseiginfjárhlutfalli sem lagt er fyrir á Íslandi á hverjum tíma af FME, hvort heldur sem lægra er.

(v) NBI skal viðhalda að lágmarki heildareiginfé umfram heildareignir sem nemur eigi minna en 5%.

(vi) NBI skal standa við þau veðhlutföll sem samið er um í veðsamningnum.

(vii) NBI skal ekki leyfa veigamiklu dótturfélagi að samþykkja að takmarka möguleika hans til að greiða arð af hlutafé sínu eða að veita lán eða færa eignir á annan hátt til NBI með tilteknum takmörkuðum undantekningum.

(viii) NBI skal veita handhafa skuldabréfanna tilteknar fjárhagslegar og aðrar upplýsingar, þ.m.t. (i) allar skýrslur til hluthafa hans eða til lánardrottna almennt á sama tíma og þær eru sendar, (ii) og um leið og hann verður þeirra var, nánari upplýsingar um öll málaferli, gerðardóma eða stjórnsýslumálsmeðferð sem uppi eru, er hótað eða eru á döfinni gegn einhverjum aðila í NBI-samstæðunni og sem gætu, ef ákvörðun yrði í óhag, haft umtalsverð óhagstæð áhrif, (iii) ef svo á við, allar tilkynningar til kauphalla, og (iv) þegar í stað frekari upplýsingar um fjárhagslega stöðu, viðskipti og rekstur á hvaða aðila sem er í NBI-samstæðunni sem handhafi skuldabréfs getur með sanngirni krafist.

(ix) Fram að þeim tíma að skuldabréfunum verður breytt í markaðshæf skuldabréf á alþjóðlegum skuldabréfamarkaði skal NBI leyfa handhafa skuldabréfanna að koma í heimsóknir á skrifstofu NBI og ræða viðskipti og fjármál NBI við stjórnendur hans. Ef einhverjar gjaldfellingarheimildir verða virkar verður heimsóknarréttur þessi útvíkkaður og nær til skoðunar á eignum NBI og til skoðunar á bókhaldi hans og bókhaldsgögnum.

Skuldabréfin eru að fullu framseljanleg.

LBI eða síðari skuldabréfaeigandi hefur rétt til að skylda NBI til að breyta öllum skuldabréfunum í skuldabréf sem markaðshæf eru á alþjóðlegum skuldabréfamarkaði frá og með 30. júní 2010. Slíkt skuldabréf verður að vera tryggt skuldabréf með stöðluðum ákvæðum fyrir slík skuldabréf. Gert sé ráð fyrir að slík skuldabréf séu skráð á kauphöll í London, Lúxemborg eða Dublin og hægt sé að gera þau upp gegnum Euroclear, Clearstream og/eða The Depository Trust Company og séu hæf til viðskipta samkvæmt Reglu S í bandarísku verðbréfalögunum eða viðskipta fagfjárfesta svo sem skilgreint er í Reglu 144A í sömu lögum. Svo fljótt sem auðið er eftir að hafa móttekið slíka beiðni skal NBI framkvæma það sem í valdi hans stendur og skal hann að öðru leyti beita sér fyrir því að út verði gefin skuldabréf til handa LBI og/eða til kröfuhafa hans. NBI ber einnig að gera það sem hann getur til að skrá slík skuldabréf á kauphöll í London, Lúxemborg eða Dublin (eða á öðrum kauphöllum sem samkomulag verður um milli NBI og eigenda skuldabréfsins) þegar í stað eða svo fljótt sem auðið er eftir slíka breytingu. Skuldabréfin verða með sömu kjörum og skilyrðum og skuldabréfin fyrir breytingu, með ákveðnum undantekningum. Ef LBI og NBI geta ekki náð samkomulagi um skilmála skuldabréfsins innan 30 daga frá þeim tíma er óskað var eftir umbreytingunni, skulu LBI og NBI samþykkja að stofna til hóps sérfræðinga í slíkum skuldabréfum til að ákveða slíka skilmála aðra en þá sem sérstaklega er gert ráð fyrir í skuldabréfunum.

Skuldabréfin munu njóta réttinda veðsamnings eins og nánar er greint frá hér á eftir.

Skuldabréfin falla undir íslensk lög og lögsögu íslenskra dómstóla þar með, þótt hið síðara kunni ekki að eiga við að öllu leyti ef bréfunum er breytt í markaðshæf skuldabréf.

3.3.4. Skilyrt skuldabréf

NBI undirritar einnig skilyrt skuldabréf án tilgreindrar höfuðstólsfjárhæðar og útgáfudags. Skilyrta skuldabréfið verður geymt í vörslu lögfræðistofanna Logos og Landslaga sem verða vörsluaðili samkvæmt skilmálum vörslusamnings fyrir skilyrta skuldabréfið.

Að frátaldri fjárhæð höfuðstóls, útgáfudegi, endurgreiðsluferli og matsaðferð verða skilmálar skilyrta skuldabréfsins hinir sömu og á upphaflegu skuldabréfunum.

Höfuðstóll skilyrta skuldabréfsins fer eftir hækkun á virði viðmiðunareigna á tímabilinu frá 9. október 2008 til lokamatsdags, sem er 31. desember 2012, en á þeim degi verður aukning á virði viðmiðunareigna ákvörðuð.

Viðmiðunarfjárhæðunum er skipt í tvo aðskilda flokka: „Pegasus“ eignirnar sem eru kröfur á stór fyrirtæki og „Pony“ eignirnar sem eru kröfur á fyrirtæki sem greindar eru hverjar fyrir sig innan lánaflokks NBI fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

LBI og NBI munu sameiginlega ráða matsmann á síðari helmingi ársins 2011. Ef þeir geta ekki komið sér saman um matsmann fyrir 1. desember 2011 verður hann skipaður af forseta félags endurskoðenda í Englandi og Wales. Ekki mun verða þörf á matsmanni ef NBI staðfestir að skilyrta skuldabréfið verði útgefið með fjárhæð höfuðstóls jafnri skilyrtu hámarki sem er ISK 92 ma.kr. eða ef LBI samþykkir ásamt NBI að ekki sé þörf á lokamati þar eð hægt sé að ná samkomulagi um matið.

Þegar höfuðstólsfjárhæð skilyrta skuldabréfsins er ákveðin mun matsmaðurinn reikna út lokavirði á sérhverri viðmiðunarfjárhæð með tilvísan til matsforsenda. Áskilið er að matið verði grundvallað á viðskiptum á matsdegi milli ótilknúðs kaupanda og ótilknúðs seljanda í óhagsmunatengdum viðskiptum þar sem aðilarnir hafa komið fram af fullri vitund, af hófi og án þess að vera tilknúðir og eftir því sem við á þar sem NBI er banki í áframhaldandi rekstri á Íslandi og ekki á þeim grundvelli að eignirnar séu til sölu í nauðum.

Þegar lokið er við mat á hverri viðmiðunareign, verður beitt tilteknum leiðréttingum sem endurspegla innkomnar greiðslur af viðmiðunareign á skilyrta tímabilinu til að meta framtíðarvirði á innkomnum greiðslum og upphafsvirði á slíkum viðmiðunareignum. Hægt verður að aðlaga lokamatið þannig að það endurspegli andmælabreytingar tilsjónarmanns LBI.

Við ákvörðun á höfuðstólsfjárhæð skilyrta skuldabréfsins mun matsmaðurinn reikna út samtölu lokamats. Þegar hún hefur verið ákvörðuð er hún endanleg og verður ekki hægt að breyta henni fyrir rétti eða gerðardómi.

NBI hefur útnefnt sérstakan lánafulltrúa sem skal vera ábyrgur fyrir og fylgjast með viðmiðunareignum og framfylgja lánastefnu í samvinnu við nefndina sem fylgist með viðmiðunareignum.

LBI hefur skipað tilsjónarmann sem fulltrúa sinn til að fylgjast með viðmiðunareignunum fyrir hönd LBI á skilyrta tímabilinu. Tilsjónarmaðurinn skal vinna með lánafulltrúa NBI. Lánafulltrúinn skal fyrir hönd NBI leggja fram nákvæma skýrslu fyrir tilsjónarmanninn um framvindu viðmiðunareignanna á hverjum ársfjórðungi á skilyrta tímabilinu og skulu tilsjónarmaðurinn og NBI vinna saman við að setja fram upplýsingar fyrir LBI og kröfuhafa hans á ársfjórðungsgrundvelli. Tilsjónarmaðurinn skal einnig eiga rétt á að ganga að upplýsingum um viðmiðunareignir og taka þátt í öllum stjórnarfundum og nefndarfundum þar sem viðmiðunareignir eru ræddar.

Í sambandi við viðmiðunareign getur tilsjónarmaðurinn sett fram formleg andmæli við tillögum henni tengdum. Í slíku tilfelli skal tilsjónarmaðurinn leggja lánafulltrúanum til upplýsingar er styðja slík andmæli og setja fram aðrar tillögur. Ef viðkomandi stjórn eða nefnd ákveða að fara gegn andmælum tilsjónarmannsins eftir að hafa farið yfir þau, getur tilsjónarmaðurinn lagt fram andmælatilkynningu. Innan 30 daga frá viðtöku andmælatilkynn-

ingarinnar skal NBI vera skylt að upplýsa tilsjónarmanninn hvort NBI muni breyta upphaflegri ákvörðun sinni. Í því tilfelli að NBI tekur ákvörðun í tengslum við viðkomandi viðmiðunareign sem tekur ekki tillit til andmælatilkynningarinnar, mun tilkynningin og skjöl henni tengd koma til álits matsmannsins á þeim tíma er hann gerir mat sitt. Það álit mun ákvarða að hve miklu leyti samtala lokamatsins verður hærri eða lægri en hún hefði verið ef farið hefði verið eftir tilmælum tilsjónarmannsins í andmælatilkynningu hans. Þegar leiðréttingarnar vegna andmæla eru reiknaðar út, skal ákvarða nettójöfnuð fyrir hvert almanaksár. Ef samtala af nettójöfnuði allra andmælaleiðréttinganna er jákvæð, verður henni bætti við lokanettóvirðið. Ef jöfnuðurinn er neikvæður fyrir eitthvert almanaksár, verður hann metinn sem núll fyrir það ár.

Ef samtala lokamatsins er jákvæð, skal umbreyta því í EUR (eða þann annan gjaldmiðil sem samkomulag næst um milli NBI og LBI) á viðkomandi gengi Seðlabanka Íslands þann 31. desember 2012, en sú fjárhæð í EUR (eða öðrum gjaldmiðli) skal vera höfuðstóll skilyrta skuldabréfsins. Ef samtala lokamatsins er núll eða neikvæð, skal nýi höfuðstólsjöfnuðurinn teljast vera núll og verður þá skilyrta skuldabréfinu aflýst.

Ef skilyrta skuldabréfið er útgefið í samræmi við hið skilyrta hámark sem er 92 ma.kr., skal LBI skila öllum hlutabréfum sínum í NBI að fjárhæð 28 ma.kr. til FJR. Ef skilyrta skuldabréfið er gefið út með höfuðstólsfjárhæð sem er minni en skilyrta hámarkinu nemur, skal LBI skila hluta af þeim hlutabréfum í NBI til FJR með tilvísun til hlutfalls höfuðstólsfjárhæðar á skilyrta skuldabréfinu gagnvart skilyrta hámarkinu. Hluta af þessum hlutabréfum skal nýta sem hvatakjör fyrir starfsmenn NBI svo framarlega sem það er í samræmi við íslensk lög og stefnu stjórnvalda.

Vextir byrja að reiknast af höfuðstól skilyrta skuldabréfsins frá 1. janúar 2013. Vextir verða þeir sömu og á skuldabréfunum sem lýst er hér að framan, þ.m.t. hækkun álags úr 1,75% í 2,9% sem verður frá 9. október 2013.

Þar til höfuðstólsfjárhæðin er ákvörðuð skal skilyrta skuldabréfið vera í vörslu vörsluaðila í samræmi við skilmála vörslusamnings. Vörslusamningurinn skal tilgreina fyrirkomulag þess að skilyrta skuldabréfið sé yfirfært frá vörsluaðila til LBI eða arftaka hans eftir að samtala lokamats hefur verið ákvörðuð.

3.3.5. Tryggingar

Skuldabréfin eru tryggð samkvæmt veðsamningi. Frágangur veðsamningsins er skilyrði fyrir endanlegri skuldalúkningu LBI.

Bókfært virði þeirra eigna sem lagðar eru til tryggingar samkvæmt veðsamningnum skulu nema 127,5% af höfuðstólsfjárhæð skuldabréfanna. Eftir að skilyrta skuldabréfið hefur verið gefið út breytist tryggingarhlutfallið á þann veg að trygging á móti upphaflegum skuldabréfum verður 127,5% en trygging á móti skilyrta skuldabréfinu verður um 118%. Trygging beggja skuldabréfanna er grundvölluð á tryggingu upphaflegu skuldabréfanna en skilyrta skuldabréfið nýtur hlutfallslega góðs af tryggingunni og fer meðaltalstryggingarhlutfallið þá eftir endanlegri höfuðstólsfjárhæð skilyrta skuldabréfsins.

Heimilt er að setja að veði kröfur á þriðja aðila og aðrar eignir sem samkomulag verður um milli LBI og NBI. Hægt verður að taka eignir út úr veðsafninu og setja aðrar í staðinn í samræmi við skilmála veðsamningsins. Þó er ekki heimilt að taka eignir út og setja aðrar í staðinn án samþykkis skuldabréfaeigandans verði gjaldfellingarheimildir skuldabréfanna virkar.

Erfitt var að finna leið til samkomulags um fyrirkomulag veðsetningar sem báðir samningsaðilar gátu sætt sig við. Meðal annars vildi NBI komast hjá því að tilkynna lántakendum

um að útlán til þeirra hefðu verið veðsett, en LBI vildi tryggja sér möguleika á beinni aðkomu að veðinu. Vegna sérstöðu málsins var leitað til ríkisstjórnar og Alþingis um úrlausn. Í framhaldinu voru sett lög nr. 67/2010 um heimild fjármálafyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Voru lögin samþykkt á Alþingi 22. júní 2010. Þá fyrst var mögulegt að ganga frá veðsamningnum og var hann undirritaður 12. október 2010.

3.3.6. Samningur um meðferð krafna um skuldajöfnun

Samkvæmt ákvörðun FME mátti millifærsla á eignum ekki verða til þess að viðskiptavinur yrði sviptur rétti til að skuldajafna kröfu sem hann hefur gegn LBI á móti skuld við NBI eftir að slíkar skuldir höfðu verið millifærðar. Samkvæmt samningi um meðferð krafna um skuldajöfnun hafa NBI og LBI samþykkt að þegar NBI verður fyrir tapi vegna skuldajöfnunar skal LBI greiða NBI fjárhæð sem er jöfn tapi NBI. Í samningnum eru ákvæði um fyrirkomulag þegar yfirlýsing um skuldajöfnun er samþykkt. Skuldajöfnun öðlast gildi ef skilanefnd og slitastjórn taka einróma ákvörðun þess efnis eða ef skuldajöfnun er ákvörðuð af dómstóli með lögsögu í málinu.

Samþykktar kröfur um skuldajöfnuð á tímabilinu 15.12.2009 – 15.12.2010 skulu dregnar frá næstu vaxtagreiðslu af upphaflegu skuldabréfunum. Samþykktar kröfur um skuldajöfnun eftir 15. desember 2010 skal meðhöndla þannig að samtala þeirra kemur til lækkunar á höfuðstólsfjárhæð skilyrta skuldabréfsins.

NBI hefur ekki rétt til að krefjast bóta frá LBI vegna kröfu um skuldajöfnun sem ekki er samþykkt fyrir 31. desember 2012 nema slík krafa hafi áður komið til meðferðar hjá skilanefnd og slitastjórn, en í því tilfelli er LBI skylt að annaðhvort setja fjármuni til hliðar til að mæta tapi NBI vegna slíkrar kröfu ef hún verður að samþykktri nettun eða lækka höfuðstólsfjárhæð skilyrta skuldabréfsins um slíka fjárhæð.

Samkvæmt samningnum hefur NBI einnig samþykkt að draga til baka ákveðnar kröfur sem hann hafði áður sett fram gegn LBI.

3.3.7. Hluthafasamningur

Eftir að hafa gengið frá stofnfjármögnun LBI gerðu FJR, NBI og LBI með sér hluthafasamning. Samningurinn verður í gildi í sex ár en fellur úr gildi fyrr ef (i) hæft hlutafjárútboð á sér stað, að því tilskildu að LBI eða kröfuhafar LBI sem eiga hluti í NBI og sem hafa gefið til kynna að þeir óski eftir að taka þátt í slíku hlutafjárútboði fá að taka þátt eða (ii) LBI eða kröfuhafar LBI hætta að eiga hluti í NBI. Hluthafasamningurinn færir LBI ákveðinn rétt vegna minnihlutaeignar hans. Aðalatriði hans eru sem hér segir:

LBI á rétt á að skipa einn stjórnarmann og einn til vara í stjórn NBI.

Ákveðin mál þarfnast samþykkis LBI, þ.m.t. breytingar á samþykktum NBI og dótturfélaga hans, breytingum á hlutafé NBI þar sem NBI fær ekki fullt markaðsvirði fyrir slíka hlutabréfabreytingu og slit eða meiriháttar endurskipulagningu á NBI.

Ákveðin málefni krefjast samþykkis stjórnarmanns LBI, þ.m.t. framsal á valdi stjórnar NBI til undirnefndar annarra en kjaranefndar og endurskoðunarnefndar eða ef NBI breytir verulega stefnu sinni í reikningsskilamálum nema slíkt sé skylt að lögum eða leggur út í viðræður eða samninga með það að markmiði að fara út á nýjar brautir í viðskiptum.

Ef einn eða fleiri hluthafar í NBI óska eftir að selja eignarhluti er nema a.m.k. 51% af heildarhlutafé NBI í einum viðskiptum eða hrinu af tengdum viðskiptum og samþykkja söluskilmála fyrir slíka hluti við raunverulegan óhagsmunatengdan kaupanda er sérhverjum öðrum hluthafa skylt að samþykkja greiðslu í reiðufé frá slíkum kaupanda fyrir sömu hlut-

deild hluta sinna eins og hlutdeild hluta sem aðrir hluthafar eru að selja á sömu skilmálum og á sama verði á hlut og þeir.

Engin sala eða yfirfærsla á hlutum í NBI má eiga sér stað af hálfu hluthafa sem heldur á meiru en 33,2% af útistandandi hlutum í NBI sem nemur samtals 20% eða meira af útistandandi hlutum í einum viðskiptum eða hrinu af tengdum viðskiptum nema sá er taka á við hlutunum hafi fyrst sett fram skriflegt tilboð til annarra hluthafa um að kaupa a.m.k. sömu hlutdeild hluta og hann hefur á sömu skilmálum og sama verði á hlut. Í því tilfelli þar sem hluthafar eiga minna en 2% af útistandandi hlutum verður tilboðið að ná til allra hluta þeirra.

Eftir útgáfudag skilyrta skuldabréfsins geta aðilar að hluthafasamningnum ekki, nema með samþykki annarra samningsaðila, selt eða yfirfært hluti eða hagsmuni að hlutum nema slíkir hlutir eða hagsmunir að hlutum leiði til þess að viðtakandi ásamt fyrri viðtakendum haldi á samtals minna en 10% af útstandandi atkvæðarétti í NBI.

LBI hefur neitunarrétt varðandi meiriháttar viðskipti NBI við íslensk stjórnvöld eða stofnanir tengdar þeim sem ætla má að hafi óhagstæð áhrif á NBI, að frátöldum viðskiptum sem (i) eru talin venjuleg og á sömu kjörum og öðrum viðskiptavinum NBI standa til boða í hliðstæðum viðskiptum eða (ii) ef stjórnarmaður LBI í NBI samþykkir að viðskiptin séu gerð á kjörum ótengdra aðila.

Ef FJR eða aðili undir þess stjórn ræður yfir 51% af útistandandi hlutum í NBI fimm árum eftir að hluthafasamningurinn tekur gildi, er því skylt að gera eitt af eftirfarandi: (i) sjá til þess að hæft upphaflegt hlutafjárútboð eigi sér stað innan sex mánaða frá þeim degi (eða ef það er ekki hægt innan 12 mánaða frá slíkum degi eða enn síðar ef LBI samþykkir að það sé ásættanlegt miðað við kringumstæður); (ii) sjá til þess að tilboð verði gert innan sex mánaða frá þeim degi í alla hluti sem LBI eða kröfuhafar sem hafa fengið slíka hluti í sinn hlut sem samþykkt er af hluthöfum sem eiga 75% eða meira af þeim hlutum sem í upphafi voru færðir til LBI; eða (iii) bjóðast til að kaupa alla hluti sem úthlutað var til LBI og sem annaðhvort eru enn í eigu LBI eða hefur verið dreift til og eru enn í eigu kröfuhafa LBI innan sjö mánaða frá þeim degi á verði sem talið er markaðsverð samkvæmt áliti alþjóðlegs viðurkennds fjárfestingarbanka sem sameiginlega er skipaður af LBI og FJR.

Með hæfu upphaflegu hlutabréfaútboði er átt við tilboð og sölu hluta í NBI sem nær yfir það sem mest er af (i) 10% af þeim hlutum sem eru útistandandi að lokinni slíkri sölu, (ii) fjölda hluta er nemur meira á markaðsvirði en ISK 10 ma.kr. og (iii) fjölda hluta sem upphaflega var úthlutað til LBI sem LBI eða kröfuhöfum LBI sem halda á hlutum og gefa til kynna að þeir óski að bjóða þá til sölu í slíku hlutabréfaútboði. Ef sá aðili sem sölutryggir útboðið telur að hæft upphaflegt hlutabréfaútboð þurfi að vera stærra eða minna til að forðast óhagstæða verðmyndun hlutabréfanna skal hlutabréfaútboðið nema prósentuhluta eða markaðsvirði þeirra hluta er hann ráðleggur. Ef af slíkri ráðgjöf leiðir að ekki verða allir hæfir hlutir taldir með í slíku hlutabréfaútboði, verður hægt að framlengja viðkomandi frest um níu mánuði til viðbótar. Hæft upphaflegt hlutabréfaútboð verður einnig að uppfylla önnur skilyrði, þ.m.t. að viðkomandi hlutir verði teknir til viðskipta á alþjóðlegri viðurkenndri kauphöll og að útboðið verði sölutryggt og boðið almenningi.

NBI er skylt að veita tilteknar fjárhagslegar upplýsingar til hluthafa og semja árlega viðskiptaáætlun sem leggja skal fyrir hluthafafund.

Allir þeir aðilar sem hlutir í NBI eru færðir til á meðan hluthafasamningurinn er í gildi, þ.m.t. kröfuhafar sem hlutum er úthlutað til, verða að undirrita skuldbindingu um að þeir fylgi hluthafasamningnum.

Hluthafasamningurinn fellur undir íslensk lög.

4. Rekstrarhæfi nýrra banka og hæfi nýrra eigenda

4.1. Verkaskipting fjármálaráðuneytisins og FME

Eins og greint er frá í 2. kafla þessarar skýrslu var það mat stjórnvalda í upphafi árs 2009 að óháð einhliða ákvörðun endurgjalds fyrir þær eignir sem fluttar voru til nýju bankanna væri í reynd ekki líkleg til að stuðla að sátt um rekstur bankanna, meðal annars sökum þess að hið óháða mat yrði verðbil en ekki ein tala. Því hóf fjármálaráðuneytið undirbúning viðræðna sem gætu leitt af sér tvíhliða samkomulag. Mat FME var að tvíhliða samkomulag myndi gagnast ekki síður vel en óháð mat við ákvörðun endurgjaldsins í samræmi við neyðarlögin og væri líklegt til að draga úr deilum og málaferlum í kjölfarið og styðja þar með við rekstur nýrra fjármálafyrirtækja og hið nýja fjármálakerfi í heild. Við þetta bættist sá ávinningur að tvíhliða samningar kynnu að leiða til þátttöku gömlu bankanna í þeirri áhættu sem tengdist óvissu verðmati hinna fluttu eigna, en slík þátttaka myndi stuðla að auknu öryggi innlends fjármálamarkaðar á þeim viðsjálu tímum sem í hönd fóru.

Eins og áður sagði hafði þessi breyting á endurreisnarferlinu í för með sér að þungi samningaviðræðna færðist til fjármálaráðuneytisins en FME gat snúið sér að mati á rekstrarhæfi bankanna, sem reyndar er hið eiginlega hlutverk þess. Þessi verkaskipting samræmdist betur kjarnahlutverki FME sem er meðal annars að meta á hverjum tíma þá áhættu sem starfsemi eftirlitsskyldra aðila hefur í för með sér og gera ráðstafanir til að varðveita fjármálastöðugleika í ljósi þess mats. Í neyðarlögunum var kveðið á um að endurreistir bankar skuli hafa starfsleyfi án þess að fara í gegnum sérstakt ferli þar að lútandi eins og venja er. Eigi að síður lá ljóst fyrir að þegar fjármálastarfsemi færðist í eðlilegan farveg á nýjan leik myndi FME áfram hafa með höndum eftirlit með því að starfsemi fjármálafyrirtækja samrýmdist venjulegum öryggiskröfum. Eins og málin þróuðust þegar leið á árið 2009 kom í ljós að slík greining var nauðsynleg til að skapa þann skilning á horfum í rekstri bankanna sem þurfti til að hægt væri að fjármagna þá til framtíðar.

Viðræður fjármálaráðuneytisins fyrir hönd nýju bankanna við skilanefndir gömlu bankanna sem fulltrúa kröfuhafa byggðust á nokkrum forsendum sem voru undir FME komnar. Þannig þurfti að liggja fyrir að niðurstaða viðræðnanna um verðmæti fluttra eigna umfram skuldir gæti komið í stað þess óháða mats sem neyðarlögin gerðu ráð fyrir. Þá urðu slíkir samningar og útfærsla þeirra mikilvægur þáttur í mati á rekstrarhæfi hinna nýju banka. Áherslur í aðkomu FME að endurreisn viðskiptabankanna breyttust talsvert við þá ákvörðun stjórnvalda að ganga til formlegra samninga við gömlu bankana um úrlausn deilumála. Í stað þess að koma í reynd fram bæði sem fulltrúi íslenska ríkisins sem eiganda nýju bankanna og sem hlutlaus faglegur úrskurðaraðili, tók fjármálaráðuneytið yfir það verkefni að rækja eigandahlutverkið, en FME mótaði ramma samningaviðræðnanna með kröfum sem lutu að skjótri endurreisn bankanna og þar með að hagsmunum íslenska fjármálakerfisins í heild.

4.2. Úttektarverkefni FME

Í ljósi þessarar stöðu var nauðsynlegt að FME setti fram skýra greiningu á hvaða skilyrði þyrftu að vera uppfyllt til að bankarnir teldust rekstrarhæfir frá sjónarmiði eftirlitshagsmuna. Til að skera úr um þetta þurfti að fara fram ýtarleg greining á áhættu bankanna þriggja.

Í maí 2009 hleypti FME því af stokkunum svokölluðu Úttektarverkefni (e. Sign-off project) sem miðaði að því að móta eftirlitskröfur um fjárhagslegan styrk og rekstrarhæfi bankanna sem nauðsynlegt var að taka mið af við samninga um framtíð þeirra. Skipaður var starfshópur innan FME og einnig fengnir utanaðkomandi ráðgjafar til verksins, þ.á m. Oliver Wyman, sem hafði tekið þátt í eftirliti með verðmatsverkefni Deloitte LLP fyrir hönd FME. Útgangspunktur verkefnisins, eins og samningaviðræðnanna sjálfra, var fimm ára við-

skiptaáætlun hvers banka, sem byggðist á samræmdum forsendum sem ráðgjafar fjármálaráðuneytisins höfðu látið bönkunum í té í mars 2009. Gerðu þessar viðskiptaáætlanir í öllum tilvikum ráð fyrir að þróun yrði í samræmi við hagspár AGS og skyldu bankarnir geta haldið eiginfjárstyrk sem næmi 12% af áhættuvegnum eignum í venjulegu hlutafé (eiginfjárþætti A) og 4% til viðbótar í formi víkjandi lána til bankans (eiginfjárþætti B).

4.2.1. Fjárhagslegur styrkur

FME greindi viðskiptaáætlanir bankanna þegar þær lágu fyrir í því augnamiði að skera úr um hvort fjárhagslegur styrkur væri nægilegur til að tryggja traustan rekstur. Var það gert með því að semja nýtt álagspróf sem kallað var PDR-próf (e. Prolonged Deep Recession) sem gerði ráð fyrir langvinnri og djúpri efnahagslægð á árunum 2009-2013. Byggði prófið á forsendum sem voru samdar í samráði við Seðlabanka Íslands og með hliðsjón af öðrum gögnum eftir því sem við átti. Var bönkunum gert að endurreikna viðskiptaáætlanir sínar í samræmi við forsendur prófsins og leiða þannig í ljós væntanlegt tap yfir ákveðið árabil ef forsendur þess gengju eftir. Var sett það viðmið, í samræmi við þá mælikvarða sem voru í deiglunni víða erlendis um þessar mundir, að áætlað tapsberandi eigið fé umfram skuldir þyrfti að haldast í 4% að lágmarki gegnum efnahagslægðina til að bankinn teldist rekstrarhæfur við upphaf tímabilsins. Ljóst er að niðurstöður prófs af þessu tagi eru viðkvæmar fyrir ofmati á endurheimtum útlána og annarra eigna í upphaflegri viðskiptaáætlun og var tekið tillit til þess í allri vinnu FME.

Við álagsprófið bætti FME síðan sérstökum forsendum um útlánatap og tafir á endurheimtum lána á fyrstu árum starfseminnar eftir hrun. Þrátt fyrir það var niðurstaðan sú að 16% áhættuvegið eigið fé, þ.e. 12% venjulegt eigið fé og 4% víkjandi lán, væri nægilegt í öllum þremur tilvikum.

4.2.2. Lausafjárstyrkur

Greining FME leiddi í ljós að útlánatap og tafir á endurheimtum útlána myndi ekki einungis fela í sér álag á eiginfjárgrunn fyrirtækjanna, heldur einnig valda því að sjóðsstreymi frá lánasöfnum þeirra gæti orðið umtalsvert minna en nauðsynlegt var talið til að standa undir heilbrigðri fjárstýringu.

Átti þetta ekki síst við í ljósi þess að fjármögnun bankanna byggði að langstærstum hluta á óbundnum innlánum sparifjáreigenda. Óbundin innlán eru að mörgu leyti traust fjármögnun í venjulegu árferði og ljóst var að yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um fulla innstæðutryggingu myndi styðja við innstæður í bönkum um nokkra hríð. Aftur á móti eru óbundin innlán ótraust á óvissutímum og ekki þarf alltaf mikið til að innstæðueigendur flytji innlán sín á milli banka jafnvel þótt slík yfirlýsing liggi fyrir. Meðal annars getur tímabundinn orðsporsskellur haft ófyrirsjáanleg áhrif á lausafjárstöðu þegar jafnstór hluti fjármögnunar er óbundinn eins og við átti um nýju bankana.

Því taldi FME nauðsynlegt að setja sérstakar kvaðir um lausafjárstyrk til viðbótar við nýjar eiginfjárkröfur. Á grundvelli gagna um fjármálakreppur og áhlaup á banka í öðrum löndum og að teknu tilliti til aðstæðna hérlendis, sér í lagi ríkjandi óvissu um sjóðsstreymi frá útlánasafni, mótaði FME reglur um laust fé sem skilyrði fyrir rekstrarhæfi. Ákveðið var að bankarnir skyldu á hverjum tíma eiga reiðufé og lausar eignir til að geta staðist 20% fyrirvaralaust útflæði innstæðna, þar af a.m.k. 5% í reiðufé.

4.2.3. Önnur skilyrði

4.2.3.1. Endurskipulagning útlána

Úttektin renndi stoðum undir það sjónarmið FME að eiginfjár- og lausafjárstyrkur, jafnvel þótt hann væri nægjanlegur til að tryggja rekstrarhæfi nýju bankanna til skamms tíma, gæti ekki að fullu komið í staðinn fyrir traust og stöðugt viðskiptasamband bankans við lántakendur sína til langs tíma. Því þyrftu bankarnir að leggja höfuðáherslu á að endurreisa þetta samband, og nýta til þess það svigrúm sem góð fjármögnun og umtalsverð afföll frá nafnverði við yfirtöku lá nasafnanna veittu. Í þessu fólst þó ekki að bönkunum bæri að gefa eftir skuldir umfram það sem óhjákvæmilegt reyndist, enda var hætta á því að slíkt myndi grafa undan styrk og stöðugleika bankanna og kalla á frekari fjárútlát úr sameiginlegum sjóðum. Aftur á móti bæri bönkunum að leggja áherslu á að greina þörfina fyrir skuldaaðlögun hratt og faglega og gera nauðsynlegar ráðstafanir eins fljótt og aðstæður leyfðu. Það væri eina leiðin til að fjármálamarkaðir næðu jafnvægi til langs tíma á nýjan leik. Því var það gert að skilyrði fyrir rekstrarhæfi, að bankarnir settu fram tímasettar áætlanir um úrlausn þessa verkefnis og gerðu ráðstafanir til að tryggja faglega framkvæmd þess og greindu áhrif þess á efnahag sinn og rekstur.

4.2.3.2. Áhættustýring og stjórnarhættir

Auk greiningar á viðskiptaáætlunum og fjárhag nýju bankanna byggði FME úttekt sína á sérstakri upplýsingaöflun um skipulag þeirra, stjórnarhætti og áhættustýringu. Stjórnendum bankanna voru sendir spurningalistar sem vörðuðu þessi mál og haldnir voru fjölmargir fundir þar sem svörunum var fylgt eftir með frekari upplýsingaöflun. Niðurstaðan var sú að nokkuð vantaði upp á að framkvæmd þessara þátta stæðist alþjóðlegar kröfur um bestu framkvæmd. Til að styðja við úrbætur innan bankanna var gerður listi fyrir hvern banka um þá þætti sem brýnt var að breyta og þeim raðað í forgangsröð. Ljóst var að ekki myndi auðnast að koma á öllum nauðsynlegum breytingum áður en bankarnir yrðu endurfjármagnaðir á grundvelli samninga, en sett var skilyrði um það að þeir skyldu leggja fram trúverðuga áætlun um úrbætur sem síðan yrði fylgt eftir í samstarfi við FME.

4.2.3.3. Stjórnun og eignarhald

Greining FME leiddi einnig til þeirrar niðurstöðu að mikilvægt væri að skammtímahagsmunir yrðu ekki ofan á í stefnumótun og rekstri bankanna fyrstu ár endurreisnarinnar, óháð því hvernig eignarhald þeirra yrði að loknum samningum. Því voru nokkur atriði sem að þessu lúta gerð að skilyrðum fyrir úrskurði FME um rekstrarhæfi. Þar á meðal eru skilyrði um að (i) bankarnir greiði ekki út arð á fyrstu þremur árum nýs eignarhalds, (ii) starfskjarakerfi þeirra sé háð samþykki FME, (iii) stjórnarhættir og birting upplýsinga úr rekstri samrýmist kröfum sem gerðar eru til skráðra félaga, (iv) mat á hæfi stjórnenda fari fram og (v) kvaðir verði settar á viðskipti við eigendur. Mörg af þessum úttektarskilyrðum voru einnig tekin upp í þann ramma sem FME setti síðar eignarhaldi gömlu bankanna á virkum hlut í þeim nýju og útfærðar nánar í því samhengi.

4.3. Eignarhald gömlu bankanna á þeim nýju

Úttektarskilyrði FME voru kynnt hagsmunaaðilum sem komu að samningaviðræðum um framtíð nýju bankanna í drögum þann 7. júlí 2009 og send formlega til bankanna 13. ágúst og 11. september sama ár. Samningar lágu fyrir í meginatriðum síðar um haustið og bárust umsóknir frá öllum gömlu bönkunum um leyfi til að fara með virkan eignarhlut í samsvarandi nýjum banka. Í Íslandsbanka og Arion banka var um yfirgnæfandi meirihlutaeignaraðild

að ræða, en í NBI var ljóst að ríkið yrði ráðandi hluthafi þótt eignarhlutur gamla bankans væri þar einnig umtalsverður.

Lögum samkvæmt ber FME að hafa eftirlit með að áhrifamiklir aðilar í eigendahópi fjármálafyrirtækja séu hæfir til að fara með þá ábyrgð sem eignarhaldinu fylgir. Fer slíkt eftirlit fram í samræmi við VI. kafla laganna um fjármálafyrirtæki þar sem kveðið er á um kröfur til þeirra sem fara með virkan eignarhlut. Samningar fjármálaráðuneytisins við gömlu bankana gerðu í öllum tilvikum ráð fyrir virku eignarhaldi og voru því skilyrtir niðurstöðu FME í þessu efni. Í samræmi við þetta sendu gömlu bankarnir hver fyrir sig inn umsókn um leyfi til að fara með virkan eignarhlut.

FME hafði nokkru áður, þegar ljóst varð í hvað stefndi, hafið vinnu við að greina þessa spurningu lagalega og efnislega. Sú vinna leiddi til þeirrar niðurstöðu að aðili á borð við gömlu bankana gæti ekki undir venjulegum kringumstæðum talist hæfur eigandi að virkum hlut. Gömlu bankarnir voru í fyrsta lagi í greiðslustöðvun og myndu síðar fara í slitameðferð og því væri fjárhagslegur styrkur þeirra verulegum vafa undirorpinn. Í öðru lagi mátti draga í efa að hið eiginlega markmið starfsemi þeirra, að hámarka andvirði eftirstandandi eignasafns í þágu kröfuhafa á tiltölulega skömmum tíma, færi í öllum tilvikum saman við farsælan rekstur starfandi fjármálafyrirtækis til langs tíma. Í þriðja lagi var ekki ljóst hverjir myndu verða ráðandi eigendur þeirra sjálfra þegar fram liðu stundir og nauðasamningar, slit og úthlutun úr búum þeirra næðu fram að ganga.

Á móti þessum augljósu annmörkum þurfti þó einnig að líta til þess að fárra kosta var völ um eignarhald nýju bankanna og að auk þeirra var eini fyrirsjáanlegi eigandinn að öllum bönkunum íslenska ríkið.

Ljóst var að ríkiseign allra bankanna myndi binda mun meira af almannafé í stuðningi við fjármálakerfið en annars yrði raunin. Eiginfjárframlag eigandans til fjármálafyrirtækisins er það fé sem fyrst tapast ef framvinda verður því óhagstæð og því myndi ríkissjóður sem eini eigandi bankanna bera áhættuna af rekstri þeirra óskipta ef þetta yrði raunin. Við þær kringumstæður var hætt við að geta ríkisins til að mæta frekari áföllum á fjármálamarkaði yrði minni og lánshæfi þess yrði lengur en ella að styrkjast sem hvort tveggja grefur undan fjármálastöðugleika.

Eignaraðild gömlu bankanna myndi aftur á móti flytja umtalsvert nýtt áhættufé inn í íslenska fjármálakerfið. Þeir myndu deila hagnaðarvon bankanna ef vel gengi, sem stuðlaði að því markmiði neyðarlaganna að tryggja sanngjarnt endurgjald fyrir yfirfærðar eignir og drægi ennfremur úr matsáhættu, en bæru einnig hallann af því með íslenskum skattgreiðendum ef rekstur bankanna þróaðist á verri veg. Það myndi stuðla að traustara fjármálakerfi.

Í ljósi hlutverksins sem FME var ætlað í neyðarlögunum var talið óráðlegt að raska niðurstöðu frjálsra samninga aðilanna nema nauðsyn bæri til, enda væri hún traustari og líklegri til að stuðla að stöðugleika en einhliða ákvörðun annars aðilans. Sátt um framtíð bankanna milli helstu hagsmunaaðila kynni einnig að leiða til þess að þeir næðu sér fyrr á strik en ella, t.d. að þeir yrðu fljótari að fá aðgang að erlendu lánsfé og nytu góðs af þjónustu breiðari hóps sérfræðinga og fagaðila í starfsemi sinni.

Með hliðsjón af þessum sjónarmiðum taldi FME skylt að kanna hvort kveða mætti á um skilyrði fyrir eignarhaldinu sem drægju nægilega mikið úr óæskilegum áhrifum þess til að rétt væri að heimila það, þrátt fyrir að hæfi hins endanlega eiganda væri umtalsverðum vafa undirorpið. Heimild til þessa var að finna í 42. grein laganna um fjármálafyrirtæki eins og þau voru á þeim tíma.

Niðurstaða FME í þessu tilviki var að unnt væri að setja skilyrði um slíkar ráðstafanir. Var því veitt heimild fyrir eignarhaldinu með víðtækum skilyrðum. Skilyrðin eru að einhverju

leyti ólík milli banka. Þau eru vægust í tilviki Landsbankans, enda eignarhluturinn minnstur þar og vægi ríkisins sem ráðandi hluthafa mikið. Skilyrðin eru almennt á þá lund að þau tryggja fjárhagslegan styrk gamla bankans sem eiganda með því að halda til hliðar lausu fé til að taka þátt í endurfjármögnun bankans sé hennar þörf og kjósi eigandinn að taka þátt í henni. Leitast er við að tryggja heilbrigða stjórnarhætti með því að áskilja að sjálfstætt félag undir óháðri stjórn fari með eignarhaldið og að aukinn meirihluti stjórnarmanna hins nýja banka sé óháður gamla bankanum. Dregið er úr hættu á að skammtímasjónarmið ráði stefnu með kvöðum á arðgreiðslur til eigenda og tekið á hættu á hagsmunaárekstrum með því að takmarka viðskipti banka og eiganda.

Greining FME leiddi í ljós að ekki væri ástæða til að taka sérstaklega á óvissu um endanlegt eignarhald gamla bankans. Ábyrgðarsvið skilanefnda og slitastjórna er vel skilgreint fram til þess tíma að frumvarp til úthlutunar eða nauðasamninga verður lagt fram. Slíkt frumvarp gæti falið í sér breytingar á eignarhaldi bankans sem hins vegar ná ekki fram að ganga nema með samþykki FME. Við þær aðstæður verður ljóst hverjir hinir nýju eigendur eru og mun FME þá taka afstöðu til hæfis þeirra.

4.4. Eftirfylgni úttektarskilyrðanna

Nýju bankarnir þrír uppfylltu við stofnun á grundvelli samninga fjármálaráðuneytisins og gömlu bankanna skilyrði FME um fjárhagslegan styrk, að NBI undanskildum.Veitti FME honum tímabundna undanþágu frá skilyrðinu um 4% víkjandi lán þar sem venjulegt eigið fé bankans (eiginfjárþáttur A) var umtalsvert yfir mörkum. Í maí 2010 náði bankinn að uppfylla 16% skilyrðið með venjulegu eigin fé eingöngu og án víkjandi lána. Í framhaldi af útgáfu skilyrðanna hóf FME að fylgjast nánar með lausafjárstýringu bankanna en venja hafði verið og bendir skýrslugerð þeirra til að þeir uppfylli lausafjárskilyrðin.

Þann 16. júní 2010 felldi Hæstiréttur dóm þess efnis að tiltekin tegund útlána þar sem höfuðstóll lánsins var bundinn gengi erlendra gjaldmiðla væri óskuldbindandi enda slík gengistrygging ólögmæt. Í þessu fólst að endurkröfuréttur banka á skuldara gæti orðið minni en áður hafði verið vænst að því er varðaði þessi lán.

FME gerði í framhaldi af þessu ráðstafanir til að meta áhrif þeirrar þróunar sem vænta mátti á fjárhagslegan styrk bankanna. Niðurstaðan var sú að tapið myndi verða umtalsvert en þó mjög mismunandi eftir því hvernig dómar féllu í framhaldinu. Gerði FME í framhaldi af þessu ráðstafanir til að meta hversu mikið tapið yrði miðað við ólíkar forsendur um niðurstöðu síðari dóma sem skæru úr um hverjar þær vaxtaforsendur yrðu sem kæmu í stað gengistryggingarákvæða. Þau lögfræðiálit sem FME byggði á hnigu einkum að þeirri niðurstöðu að lægstu verðtryggðu eða óverðtryggðu vextir sem Seðlabanki Íslands birtir væru líklegastir til að koma í stað upprunalegra samningsákvæða, án þess að hægt væri að útiloka með öllu að dómsniðurstaða kynni að verða sú að upprunalegir erlendir vextir yrðu látnir gilda. Niðurstaða FME var að í síðarnefnda tilfellinu myndi tap bankanna reyna mjög á fjárhagslegan styrk þeirra. Aftur á móti væru þeir líklegir til að þola þá niðurstöðu síðari dómsmála að seðlabankavextir skyldu gilda án þess að fara niður fyrir áður sett öryggismörk.

Hinn 16. september 2010 féll nýr dómur Hæstaréttar sem staðfesti að seðlabankavextir skyldu taka við af gengistryggingu og erlendum vöxtum í ákveðnum tilvikum þegar gengistrygging teldist ólögmæt. Stjórnvöld boðuðu í framhaldi af því lagasetningu sem ætlað var að eyða óvissu og forðast mikið álag á dómskerfi landsins ef skera þyrfti úr miklum fjölda svipaðra vafamála sem að þessu lutu.

Miðað við þær forsendur að niðurstöður í svipuðum tilfellum yrðu í takt við þær sem þegar höfðu fengist, kannaði FME hvort hætta á frekara tapi hefði minnkað nægilega mikið

við þessar breytingar til að það réttlætti að slaka á gildandi eiginfjárkröfum miðað við óbreyttar efnahagshorfur. Niðurstaðan var sú að svo væri ekki.

Þess má geta að í upphaflegri úttekt FME á rekstrarhæfi nýju bankanna var meðal annars litið til þess að vafi kynni að leika á lögmæti gengistryggðra lána. Ásamt fjölmörgum öðrum áhættuþáttum sem ýmist gengu eftir í framhaldinu eða ekki, var þetta talið tilefni til þess að gæta sérstakrar varfærni og gera frekar ráð fyrir meira útlánatapi en minna þegar frekari álagspróf voru framkvæmd til viðbótar við forsendur um langvinna efnahagslægð. Endurspegluðust þessi sjónarmið meðal annars í því að bönkunum er gert að halda tvöfalt hærra áhættuvegnu eiginfjárhlutfalli en almennt gerist (16% í stað 8%).

Vorið 2010 kallaði FME eftir skýrslum frá bönkunum um ferli þeirra til innra mats á eiginfjárþörf (ICAAP-skýrslu) og kvað nánar á um innihald hennar í sérstöku bréfi til nýrra stjórna bankanna. Í skýrslunni, sem bankarnir skiluðu á tímabilinu 15. nóvember 2010 til 31. janúar 2011, er farið yfir áhættuþætti í starfsemi og áhættustýringu. Koma þar einnig fram upplýsingar um stöðu bankanna að því er varðar önnur úttektarskilyrði.

Í desember 2010 kynnti FME sérstakar kröfur um útfærslu á endurskipulagningaráætlun útlánasafna bankanna sem byggir á fyrri úttektarskilyrðum og skal áætlunin liggja fyrir í febrúar 2011. Úttekt FME á þeirri vinnu er þáttur í reglubundnu ferli könnunar og mats eftirlitsins (SREP) sem fyrirhugað er að ljúka í apríl 2011. Mun FME meta í því samhengi hvort tilefni sé til að gera kröfu um frekari ráðstafanir bankanna til að uppfylla úttektarskilyrðin frá 2009 og hvort tilefni verði til að breyta þeim eftirlitskröfum sem gerðar voru í upphafi.

5. Slitameðferð gömlu bankanna

Eins og áður kom fram yfirtók FME rekstur bankanna í október 2008 að beiðni stjórna þeirra og skipaði þeim skilanefndir í samræmi við neyðarlögin. Fljótlega kom í ljós að nokkrir annmarkar þóttu á lagaákvæðum um greiðslustöðvun og slitameðferð fjármálafyrirtækja og var lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 ítrekað breytt í kjölfarið til að bæta úr þessum annmörkum. Þeim breytingum er lýst í þessum kafla.

Rétt er að hafa í huga að slitameðferðin er afar viðamikil. Umfang eigna, fjöldi kröfuhafa og fjöldi ágreiningsmála er í hverjum einstökum banka margfalt það sem áður hefur þekkst við búskipti á Íslandi og er slitameðferð bankanna reyndar einhver stærstu búskipti í Evrópu. Jafnframt er eðli eigna banka þannig að meginsjónarmiðið um að ljúka skiptum hratt og með sem minnstum tilkostnaði er ekki ávallt í þágu kröfuhafa. Þetta á ekki síst við þegar efnahagsástand er bágborið og eignaverð í lágmarki.

Með þetta í huga þurfti að skapa slitameðferðinni farveg sem miðaði að því að hámarka virði eigna og tryggja hagsmuni og jafnræði kröfuhafa.

5.1. Lög nr. 129/2008

Þann 14. nóvember 2008 voru lög nr. 129/2008 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 samþykkt á Alþingi. Helstu breytingar sem fólust í lögunum sneru að greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja og voru eftirfarandi:

Fjármálafyrirtækjum var heimilað að vera í greiðslustöðvun í allt að 24 mánuði, en áður hafði lengd greiðslustöðvunar verið takmörkuð við 6 mánuði og þrjár vikur.

Lögfest var ákvæði um að við skipti á búi fjármálafyrirtækis skyldi frestdagur miðast við það tímamark þegar FME veitti fyrirtækinu frest að hætti 4. mgr. 86. gr., skipaði því skilanefnd á grundvelli 100. gr. a, veitt væri heimild til greiðslustöðvunar á grundvelli 3. mgr. 98. gr. eða heimild væri veitt til þess að leita nauðasamninga, sbr. 27. gr. laga um gjaldþrota-

skipti o.fl., nr. 21/1991. Ef ekkert af þessu er undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa Fjármálaeftirlitsins skv. 1. eða 2. mgr. 102. gr. Í ákvæði til bráðabirgða var kveðið á um að í þeim fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hefði skipað skilanefnd í á grundvelli 100. gr. a skyldi miða frestdag við gildistöku laganna, sem var 15. nóvember 2008.

Ekki skyldi unnt að höfða dómsmál gegn fjármálafyrirtækjum á meðan á greiðslustöðvun stæði, nema mælt væri sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða ef um opinbert mál væri að ræða þar sem krafist væri refsiviðurlaga á hendur fjármálafyrirtæki.

Í kjölfar setningar laganna fengu Kaupþing og Glitnir heimild til greiðslustöðvunar þann 24. nóvember 2008 og Landsbankinn þann 5. desember sama ár.

5.2. Lög nr. 44/2009

Frumvarp það sem varð að lögum nr. 44/2009 til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 var samið á vegum viðskiptaráðuneytisins. Hófst vinna við gerð frumvarpsins í desember 2008 og var markmiðið með því að settar yrðu heildstæðar reglur um endurskipulagningu fjárhags fjármálafyrirtækja, slit þeirra og samruna við önnur fjármálafyrirtæki í XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki. Var frumvarpið unnið í nokkru samráði við skilanefndir bankanna og helstu kröfuhafa bankanna.

Með setningu laganna voru settar heildstæðar reglur um slit fjármálafyrirtækja en um þau atriði sem ekki er kveðið á um í lögunum gilda ákvæði gjaldþrotaskiptalaga. Ákvæði laga nr. 44/2009 voru í raun tvíþætt. Annars vegar heildstæð ákvæði um framtíðarskipan slita og endurskipulagningu fjármálafyrirtækja og hins vegar sérstakar reglur um þau fjármálafyrirtæki sem þegar höfðu verið tekin yfir af FME.

Við meðferð frumvarpsins á Alþingi lagði viðskiptanefnd til í breytingartillögu að ákvæði um skilanefndir féllu úr gildi sex mánuðum eftir gildistöku laganna og að verk þau sem skilanefndum voru falin samkvæmt lögum skyldu þá falla til slitastjórna. Kröfuhafar gömlu bankanna mótmæltu fyrirhuguðum breytingum og voru þær því dregnar til baka. Því gera lögin ráð fyrir að skilanefndir fjármálafyrirtækja sem skipaðar höfðu verið fyrir gildistöku þessara laga sitji áfram og gegni því hlutverki sem lögin mæla fyrir um. Skilanefndirnar sæta eftirleiðis ábyrgð gagnvart kröfuhöfum gömlu bankanna enda bera búin kostnað af vinnu skilanefndanna og kröfuhafar eiga almenn úrræði til að kvarta yfir störfum nefndanna til dómstóla og hafa áhrif á störfin á vettvangi kröfuhafafunda.

5.2.1. Almennar reglur

Með hinum nýju lögum var FME heimilað að taka við ráðum í fjármálafyrirtæki, að ósk stjórnar slíks fyrirtækis. Í slíkum tilvikum skyldi FME skipa fyrirtækinu bráðabirgðastjórn þriggja eða fimm manna sem færi ein með sömu heimildir að lögum og eftir samþykktum þess og stjórn og hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda hefði ella haft á hendi. Meginreglan er að bráðabirgðastjórnir geti aðeins setið í þrjá mánuði. Koma bráðabirgðastjórnir í stað skilanefnda í neyðarlögunum.

Ef fjármálafyrirtæki fer í slitameðferð felst eftirfarandi í því:

Slitameðferð hefst með dómsúrskurði og getur staðið í ótakmarkaðan tíma.

Slitameðferð fjármálafyrirtækis er stjórnað af allt að fimm manna slitastjórn sem skipuð er af dómstóli.

Slitameðferð getur lokið með nauðasamningum.

Fjármálafyrirtæki í slitameðferð getur stofnað nýtt fyrirtæki um hluta starfseminnar.

Fjármálafyrirtæki sem er í slitameðferð getur hafið störf að nýju að fengnu leyfi FME.
Slitameðferð fjármálafyrirtækis getur lokið með skiptum á búi fjármálafyrirtækis.

5.2.2. Reglur um þau fjármálafyrirtæki sem FME hafði tekið yfir við gildistöku laganna

Í fjórum bráðabirgðaákvæðum laga nr. 44/2009 var að finna sérstakar reglur um þau fjármálafyrirtæki sem FME hafði tekið yfir við gildistöku laga nr. 44/2009.

Í ákvæði til bráðabirgða I var kveðið á um að í þeim fjármálafyrirtækjum sem skipuð hefði verið skilanefnd í fyrir gildistöku laganna, en hefðu ekki fengið heimild til greiðslustöðvunar, skyldi skilanefnd verða bráðabirgðastjórn. SPRON féll undir þetta ákvæði og gilda því almenn ákvæði laga XII kafla um fjármálafyrirtæki um slit þess fyrirtækis. Þau ákvæði eiga einnig við um slit þeirra fjármálafyrirtækja sem tekin hafa verið yfir eftir gildistöku laganna þann 22. apríl 2009.

Í ákvæði til bráðabirgða II með lögunum, sem er ákvæði til bráðabirgða V í lögum um fjármálafyrirtæki, er að finna sérreglur um þau fjármálafyrirtæki sem fengið höfðu heimild til greiðslustöðvunar við gildistöku laganna, en það voru Landsbanki, Kaupþing, Glitnir, Straumur-Burðarás og Sparisjóðabankinn.

Í sérreglum ákvæðisins felst að umrædd fjármálafyrirtæki geta verið í greiðslustöðvun í allt að 24 mánuði. Þrátt fyrir að þau séu í greiðslustöðvun skal beita ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki um slitameðferð, eins og fyrirtækin hefðu verið tekin til slita með dómsúrskurði á þeim degi sem lögin tóku gildi. Því gilda um fjármálafyrirtækin, með örfáum undantekningum, almennar reglur XII kafla laganna um kröfulýsingar, meðferð krafna og lok slita.

Þá felst í sérákvæðum laga um fjármálafyrirtæki að þegar heimild til greiðslustöðvunar rennur sitt skeið skuli viðkomandi fyrirtæki, án sérstaks dómsúrskurðar, sjálfkrafa teljast vera til slitameðferðar. Þrátt fyrir það heldur skilanefnd áfram störfum og gegnir hluta af verkefnum slitastjórnar þar til slitum er lokið með einhverjum hætti. Ef sæti í skilanefnd losnar skal FME, ef þörf þykir með tilliti til þeirra verkefna sem nefndin á enn ólokið, skipa mann til að taka við því.

Eftir að lögin höfðu tekið gildi óskuðu skilanefndirnar eftir því á grundvelli laganna að héraðsdómur skipaði fjármálafyrirtækinu slitastjórn. Aðstoðarmaður í greiðslustöðvun situr í slíkri stjórn ásamt yfirleitt tveimur öðrum aðilum.

5.2.3. Verkaskipting milli skilanefnda og slitastjórna

Í bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 44/2009 er kveðið á um verkaskiptingu skilanefnda og slitastjórna. Segja má að skilanefndum sé ætlað að sjá um rekstur fyrirtækisins, en slitastjórnum ætlað að sjá um kröfulýsingarferlið.

Samkvæmt lögunum er skilanefndum ætlað:

Að annast tiltekna leyfisbundna starfsemi fjármálafyrirtækis, að svo miklu leyti sem hún er nauðsynleg vegna ráðstöfunar hagsmuna fyrirtækisins.

Að fara með réttindi og skyldur stjórnar fyrirtækis og hluthafafundar/fundar stofnfjáreigenda.

Að leggja mat á, þegar kröfulýsingarfrestur er á enda, hvort horfur séu á að eignir fjármálafyrirtækis nægi til að standa við skuldbindingar þess.

Að ráðstafa hagsmunum fyrirtækis eftir sömu reglum og gilda um bústjórn skiptastjóra við gjaldþrotaskipti, þ.e. að eignum og réttindum bankanna verði ráðstafað á sem hagkvæmastan hátt, að kröfur og innstæður verði heimtar inn, að engin réttindi fari forgörðum sem geta haft verðgildi og að gripið verði til allra nauðsynlegra aðgerða til að varna tjóni fyrir

hagsmuni bankans (og þar með kröfuhafa). Þá ber skilanefnd að sjá til þess að peningalegar eignir búsins beri sem hagkvæmasta vexti og séu varðveittar á sem öruggastan hátt.

Að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis, þar á meðal skal skilanefnd bíða eftir þörfum efndatíma á útistandandi kröfum fremur en að koma þeim fyrr í verð.

Að boða til kröfuhafafundar í sama skyni og skiptastjóri heldur skiptafundi um bústjórn við gjaldþrotaskipti.

Ef kröfuhafar eða aðrir sem hafa hagsmuna að gæta telja að ráðstafanir skilanefndar stríði gegn meginskyldum skilanefnda á grundvelli laganna, ellegar ef ágreiningur kemur upp að öðru leyti um ráðstafanir skilanefndar, er hægt að skjóta ágreiningi um það til héraðsdóms.

Rétt er að benda á í þessu samhengi að allir bankarnir þrír, Landsbankinn, Glitnir og Kaupþing, eru enn með fullt starfsleyfi.

Samkvæmt lögunum er slitastjórnum ætlað að sinna þeim verkefnum sem skilanefndum eru ekki falin sérstaklega í ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009. Helstu verkefni slitastjórna eru:

Að lýsa eftir kröfum.

Að taka afstöðu til krafna.

Að gæta hagsmuna fjármálafyrirtækis í dómsmálum vegna deilna um kröfur og rétthæð þeirra.

5.3 Lög nr. 132/2010

Þann 16. nóvember 2010 voru samþykkt á Alþingi lög um breytingar á ákvæðum um slitameðferð og gjaldþrotaskipti í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Ástæða breytinganna voru ábendingar af hálfu skilanefnda og slitastjórna Landsbanka, Kaupþings og Glitnis vegna dóma sem kveðnir voru upp af áfrýjunardómstóli í Frakklandi 4. nóvember 2010. Af dómunum var talið að draga mætti þá ályktun að fyrir hendi kynni að vera ákveðin réttaróvissa er lyti að upphafi slitameðferðar fjármálafyrirtækja eftir almennum reglum sem ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 161/2002 tekur til. Einnig kom fram í dómunum að tilvísun til riftunarreglna laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, væri ekki nægjanlega skýr í þágildandi ákvæði laganna. Þótti nauðsynlegt að eyða öllum vafa um aðkomu dómstóla að slitameðferðinni og tryggja að enginn vafi gæti leikið á því að formskilyrðum tilskipunar 2001/24/EB, um endurskipulagningu og slit fjármálafyrirtækja, væri fullnægt.

Lögin fólu í sér tvíþættar breytingar. Annars vegar fólst í þeim breyting á 4. mgr. 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki þess efnis að lögfest var með skýrum hætti að öll ákvæði XX kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, gilda við slitameðferð fjármálafyrirtækja og þar með öll þau réttarúrræði sem þar koma fram og er ætlað að jafna stöðu kröfuhafa. Hins vegar fólu breytingarnar í sér að fjármálafyrirtæki sem falla undir sérreglur ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009, verða með dómsúrskurði tekin til slitameðferðar sem um gilda almennar reglur, í stað þess að slíkt gerist sjálfkrafa þegar heimild til greiðslustöðvunar hefur runnið sitt skeið á enda.

5.4. Núverandi staða gömlu bankanna

Greiðslustöðvun bankanna rann út 24. nóvember 2010 hjá Glitni og Kaupþingi og 5. desember 2010 hjá LBI. Áður en greiðslustöðvun rann út, eða þann 22. nóvember 2010, voru birtir úrskurðir Héraðsdóms Reykjavíkur um að Glitnir, Kaupþing og LBI hefðu verið teknir til formlegrar slitameðferðar. Með úrskurðunum lauk greiðslustöðvun bankanna, en slitameðferð þeirra heldur áfram.

Það að formleg slitameðferð sé hafin hefur ekki áhrif á starfsemi bankanna, þar sem skilanefndir munu halda áfram að stjórna rekstri bankanna með sömu markmiðum og fyrr og slitastjórnir munu áfram sjá um kröfuferlið.

5.5. Kröfulýsingar í bú gömlu bankanna

Slitastjórnir bankanna hafa nú þegar gefið út innköllun vegna kröfumeðferðar. Kröfulýsingarfrestur er liðinn hjá öllum þeim fjármálafyrirtækjum sem falla undir ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009. Eftir að kröfulýsingafresti lauk gerði slitastjórn skrá yfir þær kröfur sem lýst var. Jafnframt skal slitastjórn taka afstöðu til einstakra krafna og upplýsa um þá afstöðu í kröfuskránni. Hér á eftir verður gerð grein fyrir núverandi stöðu kröfumeðferðar hjá hverjum af gömlu bönkunum þremur:

Landsbanki Íslands (LBI)

Í bú LBI var lýst 11.993 kröfum. Haldnir hafa verið nokkrir kröfuhafafundir. Á kröfuhafafundi þann 1. desember 2010 hafði slitastjórn bankans tekið afstöðu til 9.152 krafna. Á þeim fundi var afstaða slitastjórnar til 6.659 krafna á hendur bankanum kynnt, en á fyrri fundum hafði slitastjórn kynnt afstöðu til 2.789 krafna, en þær eru langflestar umþrættar. Þann 1. desember 2010 hafði slitastjórn haldið fundi í þeim tilgangi að jafna ágreining um 921 kröfu. Þar af hefur 309 ágreiningsmálum verið vísað til héraðsdóms, en fyrir liggja fjórir úrskurðir héraðsdóms og af þeim hafa tveir verið kærðir til Hæstaréttar.

Glitnir

Í bú Glitnis var lýst 8.685 kröfum. Haldnir hafa verið nokkrir fundir kröfuhafa Glitnis banka. Síðasti kröfuhafafundur var haldinn þann 2. desember 2010. Í maí 2010 hafði slitastjórn Glitnis tekið afstöðu til um helmings krafna, en enn hefur ekki verið tekin afstaða til allra krafna. Hvenær kröfumeðferðinni lýkur er óvíst og líklegt er að dómsmeðferð þurfi til að leysa úr ágreiningi um kröfur.

Kaupþing

Í bú Kaupþings banka var lýst 28.167 kröfum að heildarfjárhæð 7.316 ma.kr.

Ríflega helmingur krafnanna voru vaxtakröfur innstæðueigenda hjá Kaupthing Edge í Þýskalandi. Þann 3. desember 2010 hafði slitastjórn lokið afstöðutöku til allra krafna.

Fjölmargir kröfuhafar una ekki niðurstöðum slitastjórna og mótmæla afstöðunni. Ef ekki tekst að jafna ágreining um kröfu á kröfuhafafundi eða sérstökum fundi sem haldinn er í kjölfarið skal slitastjórn vísa málinu til héraðsdóms. Fjölmörgum málum hefur verið vísað til dómstóla og má telja víst að þau verði mun fleiri. Erfitt er að segja til um hvenær meðferð þeirra mála lýkur, en það fer nokkuð eftir álagi á dómstóla.

Lok slitameðferðar

Á þessari stundu er ekki hægt að segja til um hvenær slitameðferð bankanna lýkur, en slitameðferð getur lokið með nauðasamningi við kröfuhafa eða með gjaldþroti. Í lögunum eru engar takmarkanir á lengd slitameðferðar.

6. Lokaorð

Þessi skýrsla lýsir viðbrögðum íslenskra stjórnvalda við þeim vanda sem steðjaði að viðskiptabönkunum þremur haustið 2008. Hún hefst með lýsingu á þeirri stöðu sem stjórnvöld stóðu frammi fyrir í byrjun október 2008, þeim valkostum sem fyrir hendi voru og þeirri leið sem valin var og kom fram með setningu neyðarlaganna 6. október 2008. Lýst er aðgerðum stjórnvalda vegna bankanna til febrúarloka 2011.

Þó að liðin séu meira en tvö ár frá falli bankanna er þeirri atburðarás sem hófst haustið 2008 ekki lokið. Hvað nýju bankana varðar er endurskipulagning lánasafna einstaklinga og

fyrirtækja sá verkþáttur sem reynst hefur hvað erfiðastur og tafsamastur. Sá verkþáttur hefur ítrekað orðið fyrir töfum. Samningar milli nýju og gömlu bankanna um verðmat á yfirfærðum eignum tóku langan tíma og var ekki lokið fyrr en um haustið og í árslok 2009. Í kjölfarið kom óvissa um lögmæti gengistryggðra lána sem endaði með dómum Hæstaréttar og setningu laga nr. 151/2010.[8]

Með ákvörðunum stjórnvalda og samkomulagi við fjármálafyrirtæki undir lok ársins 2010 um þessi málefni standa vonir til að verulegur árangur náist á árinu 2011 hvað varðar skuldaaðlögun einstaklinga og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.

Sala banka á eignarhlutum í fyrirtækjum sem þeir hafa eignast, annaðhvort vegna þess að þeir hafa breytt skuldum í eignarhlut eða veitt lán með veði í eignarhlutum, er verkþáttur sem hafinn er en engan veginn lokið. Bankarnir hafa samþykkt samræmd verkferli um fyrirkomulag við slíka sölu. Nauðsynlegt er að fylgst sé með að þeim reglum sé framfylgt.

Þá má nefna að gjaldeyrishöftin hafa áhrifá lausafjárstöðu bankanna þannig að hafa þarf stöðu þeirra í huga þegar áætlanir eru gerðar og ákvarðanir teknar um afnám þeirra.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu hefur ríkissjóður gefið út skuldabréf sem nema um 190 ma.kr. til að fjármagna björgun og endurreisn viðskiptabankanna þriggja. Eru skuldabréfin á gjalddaga árið 2018. Af þessari fjárhæð eru 55 ma.kr. vegna víkjandi lána í EUR sem bera nú hærri vexti en skuldabréf ríkisins og greiðast upp á svipuðum tíma. Ekki er talin þörf sérstakra aðgerða vegna þeirra.

Stærsta fjárframlagið var hins vegar vegna stofnfjármögnunar Landsbankans eða 122 ma.kr. en miðað við núverandi vaxtastig eru vaxtagjöld ríkissjóðs vegna þessa um 4,3 ma.kr. á ári.

Meðal verkefna framundan er að móta stefnu um meðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum sem komið hafa til í kjölfar fjármálahrunsins er hér varð. Þar þarf að kom fram með hvað hætti verður losað um eignarhluti í þeim tilvikum sem það verður gert og í hvaða tilvikum og í hve ríkum mæli ríkið hyggst eiga til eitthvað lengri framtíðar ákveðna kjölfestueignarhluti. Má í þessu samhengi hugsa sér að líta til fordæma frá Noregi þar sem mörkuð var stefna um eignarhald ríkisins á bönkum og stórfyrirtækjum.

---

[8] Lög um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lög um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lög um umboðsmann skuldara.

1214. Skýrsla [695. mál]

velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánum samböndum.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

TILLÖGUR TIL STJÓRNVALDA UM AÐGERÐIR

Heildstæð stefna

Áætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum í nánum samböndum byggist á þeirri sýn að ofbeldi gegn konum varði allt samfélagið og verði ekki þolað. Markmiðið með áætluninni er að fyrirbyggja ofbeldi gegn konum, styrkja úrræði fyrir konur sem eru beittar ofbeldi og börn þeirra, og hjálpa körlum til að binda endi á ofbeldisbeitingu.

Stefna stjórnvalda í málaflokknum byggist á heildstæðri sýn og samræmdum aðgerðum. Sameiginlega skulu ríki, sveitarfélög og félagasamtök vinna að því að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum og efla stuðningsaðgerðir. Málaflokknum verði afmarkað sérstakt fjármagn. Kannað verði hvort lagabreytingar séu nauðsynlegar á grundvelli þeirra tillagna sem hér koma fram og niðurstaðna rannsóknanna.

Samstarfsteymi

Komið verði á fót samstarfsteymi til þriggja ára sem hafi umsjón með því að fylgt sé samræmdri heildarstefnu, gerðir samstarfssamningar um tiltekna þjónustu og tilraunaverkefnum hrint í framkvæmd. Í samstarfsteyminu verði fulltrúar velferðarráðuneytis, innanríkisráðuneytis, sveitarfélaga, lögreglu, Jafnréttisstofu og félagasamtaka.

Aðgerðaáætlanir sveitarfélaga

Eftirfarandi ábendingu er komið á framfæri við sveitarfélög: Sveitarfélög geri aðgerðaáætlanir um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum. Akureyrarkaupstaður hefur gert slíka áætlun sem gæti verið fyrirmynd annarra sveitarfélaga. Akureyrarkaupstaður og nokkur önnur sveitarfélög hafa undirritað jafnréttissáttmála Sambands evrópskra sveitarfélaga. Í sáttmálanum er kveðið á um aðgerðir sveitarfélaga gegn kynbundnu ofbeldi sem geta orðið fyrirmynd við gerð aðgerðaáætlana. Sveitarfélög leggi mikla áherslu á fræðslu til fagstétta sem vinna hjá þeim þar sem margar þeirra koma að fræðslu barna og félagsþjónustu. Konur á fámennum stöðum eiga oft erfitt með að leita til þjónustu í heimahéraði eða heimabæ sínum. Sveitarfélög og heilsugæsluþjónusta komi á samvinnu svo konur sem verða fyrir kynbundnu ofbeldi geti nýtt sér þjónustu annarra sveitarfélaga. Þá er æskilegt að sveitarfélög séu í samvinnu við ríki og félagasamtök við fræðslu til almennings og við forvarnir. Sveitarfélög sameinist um nokkrar íbúðir (húsaskjól), til dæmis fimm íbúðir alls á landinu, eina á Akureyri, eina á Egilsstöðum, eina á Selfossi, eina í Reykjanesbæ og eina á Ísafirði fyrir konur með börn áður en þær fara í Kvennaathvarfið.

Sérstakt árvekniverkefni á Reykjanesi

Velferðarráðuneytið mun taka upp viðræður við sveitarfélög á Reykjanesi að gerð verði sameiginleg árvekni- og aðgerðaáætlun. Í spurningakönnuninni kom fram að hæsta ofbeldistíðnin var á Reykjanesi en annars var lítill munur á landshlutum. Ýmsir aðrir mælikvarðar

benda til þess að auka þurfi velferðarþjónustu á svæðinu. Atvinnuleysi er þar hæst á landinu, eins og komið hefur fram hjá velferðarvaktinni, og einnig hefur komið fram nemendur á svæðinu koma lakar út úr PISA-könnuninni en aðrir landshlutar.

Áfengisstefna

Stjórnvöld beiti markvissri áfengisstefnu sem hafi það að markmiði að draga úr áfengisneyslu og ölvun og þar með ofbeldi sem tengist henni. Áhrifaríkustu forvarnirnar eru verðstýring og takmarkað aðgengi að áfengi.

Skráning

Skráning er undirstaða þekkingar á ofbeldi gegn konum í nánum samböndum. Ekki er mögulegt að koma á miðlægri skráningu fyrir landið allt og því er hún ekki lögð til hér. Á hinn bóginn er lagt til að hvert stjórnsýslusvið fyrir sig sem fæst við þessi mál komi á samræmdri skráningu um þetta málefni.

Skimun/leit

Lagt er til að skimun (leit) að konum sem hafa verið beittar ofbeldi verði hafin á heilsugæslustöðvum. Þegar reynsla er fengin af skimun á völdum deildum Landspítala verði tekin ákvörðun um hvort skimun skuli haldið áfram og hafin á fleiri deildum.

Meðferðarstofnanir

Á meðferðarstofnum vegna áfengis- og vímuefnaneyslu verði skimað eftir þeim körlum sem hafa beitt maka sína ofbeldi og meðferð þeirra taki mið af því. Sömuleiðis verði skimað eftir konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum og tekið tillit til slíkra áfalla í meðferðinni.

Fræðsla til starfsmanna heilbrigðisþjónustu

Fræðsla um ofbeldi í nánum samböndum er hluti af námi verðandi hjúkrunarfræðinga. Þá fá félagsráðgjafar slíka menntun í sínu námi. Aðrir sem starfa á heilbrigðisstofnunum fá ekki slíka menntun í sínu grunnnámi og þyrfti að koma henni á. Auk þess þurfa allir sem starfa að heilbrigðisþjónustu að fá færi á endurmenntun.

Fræðsla til kennara

Börn eru bæði þolendur ofbeldis og vitni og getur slík reynsla hamlað þroska þeirra og uppvaxtarskilyrðum. Kennarar eiga samskipti við börn daglega og í rannsókninni á grunnskólunum kom fram að þeir óskuðu eftir að bæta færni sína við að meta líðan barna. Komið verði til móts við óskir kennara um fræðslu með sérstökum námskeiðum. Námskeiðin geta verið á vegum ríkisins, sveitarfélaga eða endurmenntunarsjóðs kennara.

Menntun í grunnnámi fagstétta

Nauðsynlegt er að menntun um ofbeldi gegn konum verði tekin upp í grunnnámi hjá ýmsum faghópum, svo sem í námi lækna, lögfræðinga, kennara og presta.

Fræðsla til almennings

Velferðarráðuneytið og Jafnréttisstofa sjái um árlegan fræðsludag fyrir almenning með tilheyrandi auglýsingaherferð.

Meðferð karla

Karlameðferðin *karlar til ábyrgðar* verði fest í sessi. Meðferð þessi hefur nú sannað gagnsemi sína. Frá árinu 2006 til loka árs 2010 hafa 112 einstaklingar komið í eitt viðtal eða fleiri. Fjöldi einstaklingsviðtala á árinu 2010 var 173 auk 12 viðtala við maka.

Starfsemin er vistuð hjá Jafnréttisstofu og er fjármögnuð frá ári til árs. Nauðsynlegt er koma þessu mikilvæga forvarnarverkefni í fast form með því að ríkið geri samning við meðferðaraðilana til nokkurra ára í senn.

Brýnt er að fram fari formlegt utanaðkomandi mat á þeim árangri sem náðst hefur af meðferð þessari.

Áfallaþjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi

Barnaverndarstofa er nú að hefja tilraunaverkefni á höfuðborgarsvæðinu í eitt ár til að styðja börn sem búa við heimilisofbeldi. Barnaverndarstofa mun leita eftir samstarfi við lögreglu og barnaverndarnefndir á svæðinu um að ráða sérhæfða starfsmenn á bakvakt sem hafi það hlutverk að fara á heimili í þeim tilvikum sem lögregla fer í útkall vegna heimilisofbeldis og börn eru á staðnum. Verkefni starfsmanns á bakvakt verður að huga að barninu sérstaklega og tryggja því stuðning innan 48 tíma.

Gangi þetta tilraunaverkefni eftir þarf bæði að festa það í sessi á höfuðborgarsvæðinu og koma því á um allt land.

Erlendar konur

Komið verði á fót samstarfsverkefni við Félag kvenna af erlendum uppruna vegna kvenna utan EES-svæðisins um símaþjónustu fyrir konur sem eru beittar ofbeldi, en tala ekki íslensku eða þekkja lítið til íslensks samfélags. Skipta þarf aðstoð við erlendar konur niður í forvarnir og eftirfylgd. Með forvörnum er átt við íslenskukennslu og aðstoð til að aðlagast íslensku þjóðfélagi. Eftirfylgdin komi fram í því að miðla upplýsingum og veita ráðgjöf. Eitt af því sem þarf að upplýsa konurnar um er að þær geta sótt ráðgjöf og stuðning til félagsþjónustunnar svo og aðstoð til að fá húsnæði og húsaleigubætur án þess að eiga á hættu að missa dvalarleyfið. Það er einungis aðstoð til framfærslu, fjárhagsaðstoð, sem veldur því að konurnar missa dvalarleyfið.

Eldri konur

Kannanirnar náðu ekki sérstaklega til eldri kvenna. Huga þarf að ofbeldi gegn þeim almennt enda er ofbeldi í nánum samböndum einn þáttur í því.

Fatlaðar konur

Fatlaðar konur eru breytilegur hópur og æskilegt er að ofbeldi í nánum samböndum gegn þeim sé rannsakað sérstaklega sem liður í rannsóknum á fötluðum konum almennt.

Samkynhneigðar konur

Upplýsinga um ofbeldi í nánum samböndum var ekki aflað sérstaklega meðal lesbía. Æskilegt er að ofbeldi gegn þeim sé rannsakað sem liður í öðrum rannsóknum á lesbíum.

Sáttamiðlun

Tekið verði til sérstakrar athugunar að koma á fót sáttamiðlun sem tilraunaverkefni. Skipaður verði lítill vinnuhópur sem komi með tillögur að sáttamiðlun. Forvarnargildi sáttameð-

ferðar er mikið þar sem hún gagnast bæði konunum sem eru beittar ofbeldi, körlunum sem beita ofbeldinu og börnum alveg sérstaklega. Talið er að sáttamiðlun henti bæði pörum sem hafa slitið sambandinu jafnt sem þeim sem ætla að halda sambúð áfram.

Félagasamtök

Framlag félagsamtaka sem hafa það sem meginverkefni að sinna konum sem beittar hafa verið ofbeldi er ómetanlegt og ómissandi. Nauðsynlegt er því að ríki og sveitarfélög styðji samtökin fjárhagslega með skipulögðum hætti svo dýrmæt orka þeirra fari ekki í að afla fjár, eins og nú er.

Kvennaathvarf

Í öllum rannsóknunum sem gerðar voru á þjónustu stjórnvalda kom fram sérstök ánægja með starfsemi kvennaathvarfsins. Þá hefur Kvennaathvarfið haldið úti mikilli fræðslustarfsemi til faghópa, félagasamtaka og almennings. Þótt Kvennaathvarfið sé staðsett í Reykjavík þjónar það líka dreifbýli og konur af öllu landinu geta dvalist þar. Starfsemin virðist svo traust og föst í sessi að lagt er til að ríki og sveitarfélög skuldbindi sig til að gera samstarfssamninga til lengri tíma. Í slíkum samningi yrði kveðið á um ný verkefni eins og aðkomu að árvekniverkefninu á Reykjanesi.

I. KAFLI.
AÐGERÐIR SAMKVÆMT AÐGERÐAÁÆTLUN RÍKISSTJÓRNARINNAR.

1. INNGANGUR.

Ríkisstjórnin samþykkti þann 26. september 2006 aðgerðaáætlun um ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum sem tekur til áranna 2006–2011.

Gerð aðgerðaáætlunarinnar byggði á tillögum félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra frá október 2005. Áætlunin var unnin á vettvangi samráðsnefndar félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi félagsmálaráðuneytis í nefndinni stýrði verkinu.

Fljótlega eftir samþykkt áætlunarinnar haustið 2006 var tekið til við að hrinda henni í framkvæmd. Framangreindri nefnd sem samdi áætlunina var falið það verkefni, en nokkrar breytingar urðu á skipan fulltrúa í nefndinni, meðal annars á þann hátt að fulltrúi frá Jafnréttisstofu var skipaður í nefndina.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir aðgerðum þeirra fjögurra ráðuneyta sem tóku þátt í aðgerðaáætluninni svo og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

2. DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTI (NÚ INNANRÍKISRÁÐUNEYTI).

2.1 Menntun fagstétta.

Á árinu 2007 gerði Lögregluskóli ríkisins áætlun í tíu liðum til að efla fræðslu um heimilisofbeldi, ofbeldi gegn börnum og kynferðislegt ofbeldi og hafa þau markmið sem þar voru sett fram að verulegu leyti gengið eftir. Samkvæmt upplýsingum frá lögregluskólanum eru heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi tilgreind sérstaklega í námskrá grunnnámsdeildar skólans sem viðfangsefni í lögreglukerfinu, lögreglufræði, lögregluannsóknum og verklegri þjálfun. Þá flytur formaður félagasamtakanna Blátt áfram nemendum grunnnámsdeildar fyrirlestur um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum en einnig hafa aðrir fagmenn

verið fengnir til að annast fræðslu um viðfangsefnin, þar með taldir fyrirlesarar frá Neyðarmóttöku og Kvennaathvarfi. Rannsóknarskýrsla vinnuhóps ríkissaksóknara sem rannsakaði meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi er lesefni og umfjöllunarefni á grunnnámskeiðum fyrir rannsóknarlögreglumenn. Loks hafa verið haldin námskeið um yfirheyrslur í hljóði eða hljóði og mynd fyrir um 270 lögreglumenn á tímabilinu. Námskeiðin hafa verið frá einum degi að lengd og upp í þrjá daga, allt eftir markhópnum. Á öllum námskeiðunum er sérstaklega vikið að rannsóknum kynferðisbrota og annarra ofbeldismála.

Frá og með árinu 2007 hefur aðsókn á símenntunarnámskeið verið minni en áður. Reynt hefur verið að bregðast við því með því að halda styttri námskeið í einu. Þá hefur einnig dregið úr aðsókn á námskeið á vegum CEPOL (Samtaka evrópskra lögregluskóla).

2.2 Meðferð í afplánun.

Ekki er hægt að þvinga gerendur til þátttöku í reiðistjórnun en engu að síður hefur gerendum staðið til boða að sækja slík námskeið meðan á afplánun stendur. Á undanförnum árum hefur hins vegar þurft að forgangsraða í hópi fanga hvað meðferð varðar en þrátt fyrir fjölgun fanga í fangelsum hefur sálfræðingum ekki fjölgað að sama skapi. Meðal þeirra sem fremstir eru í forgangsröðinni eru dómþolar sem brotið hafa gegn börnum og konum. Vegna aukins álags hefur slík meðferð þó ekki getað verið eins markviss og æskilegast er og samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun má búast við því, með auknu álagi og frekari niðurskurði, að þjónusta sálfræðinga minnki enn frekar.

2.3 Reglulegir samráðsfundir.

Í 12. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er mælt fyrir um samstarfsnefndir lögreglu og sveitarfélaga sem funda skulu a.m.k. tvisvar sinnum á ári. Eru slíkar nefndir vettvangur fyrir samskipti og samvinnu lögreglunnar og sveitarfélaga í umdæminu, sbr. 2. mgr. 12. gr. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra hefur embættið ekki gefið út fyrirmæli um að málefni sem varða aðgerðaáætlun ríkisstjórnar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis skuli rædd sérstaklega á fundum samstarfsnefndanna. Hins vegar er gert ráð fyrir að lögreglustjórar og sveitarstjórnarmenn hafi haft framangreinda áætlun til hliðsjónar á samstarfsfundum sínum þar sem um er að ræða opinbera aðgerðaáætlun.

Árið 2007 gerði ríkislögreglustjóri úttekt á samstarfi lögreglu og sveitarfélaga. Helstu niðurstöður voru þær að ekki hafi verið haldnir reglulegir fundir í samstarfsnefndunum í samræmi við ákvæði laganna. Síðan þá hefur embættið unnið náið með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga að endurskoðun viljayfirlýsingar á samstarfi lögreglu og sveitarfélaga. Endurskoðuninni hefur þó verið frestað tímabundið vegna fyrirhugaðrar endurskipulagningar á lögregluembættunum.

2.4 Söfnun tölfræðiupplýsinga um kynbundið ofbeldi.

Aðgerðin kom ekki til framkvæmda af hálfu dómsmálaráðuneytisins (nú innanríkisráðuneytisins) á tímabilinu þar sem Hagstofa Íslands heyrir undir efnahags- og viðskiptaráðherra.

2.5 Verklagsreglur lögreglu.

Ríkissaksóknari setti ítarlegar verklagsreglur um rannsókn kynferðisbrotamála í apríl 2002 og voru þær endurnýjaðar í maí 2007. Þá liggja jafnframt fyrir verklagsreglur ríkissaksóknara sem settar voru fram í bréfi dagsettu í maí 2003 til allra lögreglustjóra um tilnefningu réttargæslumanna.

2.6 Réttargæslumenn.

Í 2. mgr. 41. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, segir að sé þess óskað, sé lögreglu skylt að tilnefna brotaþola réttargæslumann í þeim tilvikum þar sem rannsókn beinist að broti á XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga eða 251.–253. gr. laganna og ætla má að brotaþoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins eða að brotið hafi verið gegn honum af einhverjum sem er honum nákominn. Það er skilyrði fyrir tilnefningu réttargæslumanns samkvæmt ákvæðinu að brotaþoli hafi að mati lögreglu þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu.

2.7 Nálgunarbann.

Í núgildandi lögum um nálgunarbann, nr. 122/2008, er ekki að finna heimild fyrir lögreglu til þess að taka ákvörðun um nálgunarbann. Í áliti allsherjarnefndar um frumvarp það sem varð að framangreindum lögum er því hins vegar beint til dómsmálaráðuneytisins (nú innanríkisráðuneytisins) að skoða þær útfærslur sem efnislega er að finna í aðgerðaáætluninni, þ.e. að lögreglu verði heimilt að kveða á um nálgunarbann í stað dómara, auk þess að skoða svokallaða austurríska leið um brottvísun ofbeldismanns eða -konu af heimili.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – grens framboðs kemur fram að vinna skuli að því að lögfesta hina svokölluðu austurrísku leið. Dómsmála- og mannréttindaráðherra (nú innanríkisráðherra) skipaði starfshóp í lok árs 2010 sem falið var að gera drög að frumvarpi er leiddi í lög hina svokölluðu austurrísku leið. Hefur drögum að frumvarpi verið skilað til innanríkisráðuneytisins og er fyrirhugað að leggja frumvarpið fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi.

2.8 Úttekt á réttarúrræðum (vitnavernd og nálgunarbann).

Einungis hefur reynt einu sinni á ákvæði laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, um vitnavernd, eða nafnleynd vitna og má því segja að ókleift sé því að meta það úrræði kerfisbundið.

Samkvæmt upplýsingum sem innanríkisráðuneytið aflaði frá lögreglunni er gerð krafa um nálgunarbann í um tíu málum á ári og hefur framkvæmdin á þeim gefist vel.

3. FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI (NÚ VELFERÐARRÁÐUNEYTI).

3.1 Kynningarátak og fræðsla til almennings. Samráðsfundir.

Vorið 2010 fól ráðuneytið Jafnréttisstofu að sjá um kynningarátak og fræðslu til almennings um ofbeldi karla gegn konum. Kynningar fóru fram í fjölmiðlum, þ.e. sjónvarpi og með greinarskrifum í dagblöð. Einnig var haldin ráðstefnan *Þögul þjáning* í samvinnu við Háskólann á Akureyri 16. apríl 2010 sem var sérstakur fræðsludagur. Haft var samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga við kynninguna.

Þá hafa verið haldnir tveir samráðsfundir með fjölmörgum aðilum.

Þegar verkefninu lýkur fyrri hluta árs 2011 verður haldið nýtt kynningarátak. Jafnframt verður haldinn samráðsfundur með ýmsum aðilum sem koma að þessu verkefni.

3.2 Leiðbeinandi aðgerðaáætlun fyrir sveitarfélögin.

Félagsmálaráðuneytinu var falin ábyrgð þessa verkefnis með þátttöku Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sett var á laggirnar sérstök undirnefnd samráðsnefndarinnar, undir stjórn full-

trúa sambandsins, með fulltrúum nokkurra sveitarfélaga um land allt. Verkefnið gekk ekki eftir.

Aftur á móti hefur nýlega verið gerð aðgerðaáætlun á Akureyri um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi. Von er til þess að sú aðgerðaáætlun verði öðrum sveitarfélögum fyrirmynd, sjá nánar í kaflanum *Tillögur til stjórnvalda um aðgerðir.*

3.3 Handbók um heimilisofbeldi.

Félagsmálaráðuneytinu var falin ábyrgð þessa verkefnis, en verkefnið var unnið í samráði við önnur ráðuneyti sem stóðu að aðgerðaáætluninni og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Ingólfur V. Gíslason, dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands, var fenginn til að semja bækur undir heitinu *Ofbeldi í nánum samböndum.* Undirbúningur stóð yfir á árunum 2006–2008. Haustið 2008 voru gefnar út fimm bækur, þ.e. bók almenns efnis, einkum ætluð til kennslu á háskólastigi, og fjórar bækur fyrir starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, ein sérstaklega ætluð ljósmæðrum, ein fyrir starfsmenn félagsþjónustu svo og fyrir lögreglu. Bókunum var dreift víða, meðal annars til allra framangreindra aðila, skóla, bókasafna o.fl. Bækurnar eru auk þess gefnar út á heimasíðu ráðuneytisins.

3.4 Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum.

Samkvæmt aðgerðaáætluninni bar félagsmálaráðuneytið ábyrgð á gerð rannsóknanna. Undirbúningur að rannsóknunum hófst í janúar 2008 og má skipta þeim í tvo meginflokka. Annars vegar *spurningakönnun/símakönnun* þar sem rætt var við konur sem valdar voru af handahófi úr þjóðskrá. Þeirri könnun er ætlað að upplýsa um eðli og umfang ofbeldis karla gegn konum í nánum samböndum. Hins vegar viðtalskannanir hjá *stjórnsýslusviðum og félagasamtökum* þar sem rætt var við forsvarsmenn.

Kannanirnar voru undirbúnar í félagsmálaráðuneyti með sérfræðiráðgjöf Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotafræðings. Framkvæmd kannananna var hjá Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd í Háskóla Íslands. Kannanirnar eru alls sex, annars vegar spurningakönnun um reynslu kvenna á aldrinum 18–80 ára og hins vegar fimm kannanir um viðbrögð stjórnvalda og félagasamtaka þegar slík mál koma upp. Ítarlegar upplýsingar um kannanir þessar eru í II. kafla skýrslunnar auk þess sem rannsóknirnar í heild sinni eru birtar á fylgiskjali I–VI.

3.5 Meðferðarúrræði fyrir gerendur. Karlar til ábyrgðar.

Þessu úrræði var komið á laggirnar árið 1998. Verkefnið felst í að veita körlum, sem beitt hafa konur sínar ofbeldi, meðferð og aðstoð ef þeir eru reiðubúnir að leita sér aðstoðar vegna þess ofbeldis sem þeir hafa beitt. Framkvæmdin er sú að ríkið greiðir sálfræðistofu með nokkrum sálfræðingum ákveðna fjárhæð á ári sem notuð er til að niðurgreiða kostnaðinn vegna meðferðarinnar. Verkefnið féll niður um skeið en hófst að nýju í lok árs 2006. Verkefni þetta er nú vistað hjá Jafnréttisstofu. Nánari upplýsingar um verkefnið eru í II. kafla í skýrslu þessari.

3.6 Reglulegir samráðsfundir.

Haldnir hafa verið tveir fjölmennir samráðsfundir á tímabilinu. Jafnframt hafa rannsóknirnar verið kynntar sérstaklega þegar þær komu út, auk þess sem þær voru kynntar á jafnréttisþingi í janúar 2011. Síðasti samráðsfundur verður haldinn fyrri hluta árs 2011 þegar verkefninu lýkur.

4. HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTI (NÚ VELFERÐARRÁÐUNEYTI).

4.1 Gátlisti til notkunar í mæðravernd.

Í mars 2008 gaf landlæknisembættið út klínískar leiðbeiningar um mæðravernd heilbrigðra kvenna í eðlilegri meðgöngu þar sem fram kemur meðal annars eftirfarandi:

„Meðgönguvernd þarf að fara fram í umhverfi sem gerir konunni kleift að ræða viðkvæm mál eins og heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi, geðsjúkdóma og neyslu ólöglegra vímuefna eða önnur félagsleg vandamál.“

„Alla meðgönguna eiga heilbrigðisstarfsmenn að vera vakandi fyrir einkennum eða ástandi sem gæti haft áhrif á heilsu móður og fósturs, svo sem fíkniefna- og áfengisneyslu, næringarástandi, heimilisofbeldi, andlegri líðan, háþrýstingi, meðgöngueitrun og sykursýki.“

Heimilisofbeldi: „Heilbrigðisstarfsfólk þarf að vera vakandi fyrir einkennum eða vísbendingum um heimilisofbeldi. Skapa þarf aðstæður í viðtalinu sem auðvelda konu að tjá sig um ofbeldi.“

Vakin er athygli á að til eru „Klínískar leiðbeiningar fyrir hjúkrunarfræðinga til að nota við greiningu, mat og fyrstu viðbrögð við heimilisofbeldi gegn konum“ eftir dr. Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur og Brynju Örlygsdóttur.

Sjá nánar: http://www.landlaeknir.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3607

4.2 Aðstoð og meðferð fyrir þolendur heimilisofbeldis. Styrking Neyðarmóttöku og Miðstöðvar áfallahjálpar hjá Landspítala.

Neyðarmóttaka vegna nauðgunar hefur nú verið starfrækt frá 8. mars 1993. Fram til 1. september 2010 höfðu 1889 einstaklingar leitað til Neyðarmóttökunnar.

Þær skipulagsbreytingar sem farið var í haustið 2009 miðuðu að því að efla grunnstoðir þjónustu sjúkrahússins við þolendur kynferðisofbeldis. Með endurskipulagningu er tryggt að á hverjum tíma sé hjúkrunarfræðingur á vakt á bráðamóttöku í Fossvogi sem hefur sérstaka þjálfun til að sinna brotaþolum. Með þessu var unnt að fella niður sérstakar bakvaktir sem sinntu útköllum. Hvað varðar meðferð vegna áfallastreituröskunar þá var sálfræðiþjónusta efld innan Landspítala á sama tíma. Hætt var að vísa skjólstæðingum til sjálfstætt starfandi sálfræðinga, þjónustu sem Landspítalinn greiddi fyrir. Meiri hluta þolenda eða um 80% er vísað til sálfræðings. Rúmlega helmingur þolenda þiggur sálfræðimeðferð hjá sálfræðingi á vegum Miðstöðvar áfallahjálpar. Auk þessa er þolendum vísað til annarra fagaðila, svo sem á geðdeild Landspítala, í Barnahús, í áfengis- og eða vímuefnameðferð, til Kvennaathvarfs og Stígamóta. Starfsemi Neyðarmóttökunnar snýr fyrst og fremst að brotaþola með það að markmiði að veita stuðning og meðferð, safna sakargögnum og útbúa gögn með stöðluðum hætti sem er hægt að nýta ef brotaþoli ákveður að kæra brotið. Starfsumhverfi Neyðarmóttökunnar hefur nýlega verið bætt verulega. Góð aðstaða er til skoðunar og aðgengi er gott. Sömu læknar eru enn starfandi við Neyðarmóttökuna og hafa tveir heimilislæknar bæst í hópinn.

Fulltrúar Neyðarmóttöku hafa öflugt samstarf við aðra hagsmunaaðila og funda reglulega með lögreglu og saksóknara.

Komur á Neyðarmóttöku voru þessar á árunum 1999–2009:

Ár	Komur
1999	103
2000	97
2001	134
2002	119
2003	119

2004	104
2005	130
2006	145
2007	136
2008	118
2009	130

Ekki er vitað hversu margar konur leituðu til Neyðarmóttökunnar vegna ofbeldis maka eða vegna ofbeldis sem þær höfðu verið beittar af ókunnugum.

4.3 Handbók um heimilisofbeldi.

Tók þátt í að undirbúa efni og útgáfu bóka um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum, sjá nánar um verkefnið í kafla 3.3.

5. MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI.

5.1 Styrkja starfsfólk stofnana í því að sjá einkenni ofbeldis hjá börnum.

Nauðsynlegt er að styrkja starfsfólk skólanna í því að sjá einkenni hjá börnum sem líða fyrir ofbeldi á heimilum sínum og koma þeim til aðstoðar.

5.2 Menntun fagstétta.

Nú stendur yfir endurskoðun námskráa fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Rauður þráður í almennum hluta sem verður sameiginlegur fyrir öll skólastigin þrjú er velferð nemenda. Þar má nefna að námskráin byggist á grunnstoðum eins og jafnrétti, mannréttindum og lýðræðislegri stöðu nemenda. Í námskránni verða lykilhæfniþættir eins og lýðheilsa og tengd svið þar sem vellíðan, öryggi, sjálfsstyrking og meðvitund nemenda um eigin rétt, hafðir að leiðarljósi.

Kannað verður sérstaklega hvort í námsefni sem útgefið er af Námsgagnastofnun sé að finna fræðslu um málefnið.

Fræðslufundir um bókina *Verndum þau* hafa verið haldnir fyrir um 3.000 manns sem starfa við íþrótta- og æskulýðsmál.

Minnisblað um framangreint efni hefur verið sent til ráðherra um að ráðherra beini tilmælum til stofnana sem mennta kennara að kennsla og fræðsla um kynbundið ofbeldi verði hluti af námskrá og stuðlað verði að gerð fræðsluefnis.

Ráðuneytið mun vekja athygli fagfélaga sjúkraliða, félagsliða og fleiri aðila á málefninu.

5.3 Annað.

Í æskulýðslögum frá 2007 og lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2008 hafa öll ákvæði varðandi ráðningu kennara og starfsfólks um að viðkomandi hafi hreina sakaskrá (að óska megi eftir sakavottorði við umsókn). Einnig eru komin ákvæði um nemendaverndarráð í grunnskólum og nemendur eiga fulltrúa í skólaráði.

6. SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA.

6.1 Aðgerðir til að berjast gegn kynbundnu ofbeldi á sveitarstjórnarstigi.

Evrópusamtök sveitarfélaga (CEMR), sem Samband íslenskra sveitarfélaga á aðild að, stóðu fyrir því á árinu 2005 með aðstoð aðildarsamtaka sinna og með styrk frá Evrópusambandinu, að gera sáttmála um jafna stöðu karla og kvenna á sveitarstjórnarstigi. Nú hafa um

1.000 sveitarfélög og héruð í Evrópu undirritað sáttmálann og þar á meðal sex íslensk sveitarfélög, þ.e. Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Mosfellsbær, Akraneskaupstaður og Akureyrarkaupstaður. Undirritun felur í sér pólitíska viljayfirlýsingu um að vinna að jafnréttismálum í samræmi við sáttmálann. Hann spannar alla starfsemi sveitarfélaga og í honum eru meðal annars ákvæði um aðgerðir til að berjast gegn kynbundnu ofbeldi. Aðildarsveitarfélögin eiga að skilgreina forgangsverkefni í aðgerðaáætlun. Meðal íslensku aðildarsveitarfélaganna hefur verið rætt um að aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi verði meðal forgangsverkefna. Hugmyndin er sú að aðildarsveitarfélögin vinni saman að innleiðingu og gerð aðgerðaáætlunar með það fyrir augum að þeirra vinna geti í kjölfarið nýst fleiri sveitarfélögum. Sérfræðingur Jafnréttisstofu mun taka þátt í vinnunni í samræmi við samstarfsyfirlýsingu um aðstoð Jafnréttisstofu við sveitarfélögin vegna innleiðingar sáttmálans.

6.2 Handbækur um heimilisofbeldi.

Sambandið tók þátt í að undirbúa efni og útgáfu bóka um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum, sjá nánar um verkefnið í kafla 3.3.

6.3 Kynningarstarfsemi.

Sambandið tók einnig þátt í kynningarstarfsemi með Jafnréttisstofu, sjá nánar um verkefnið í kafla 3.1.

II. KAFLI.
RANNSÓKNIR.

1. OFBELDI KARLA GEGN KONUM Í NÁNUM SAMBÖNDUM

Frá því á áttunda áratugnum þegar fyrst var vakin athygli á því dulda ofbeldi sem konur hafa verið beittar af mökum sínum, sambýlismönnum eða kærustum, hefur orðið mikil vitundarvakning. Í fyrstu var lítið vitað um umfang þessa ofbeldis og rannsóknir beindust frekar að því að varpa ljósi á eðli þess. Fljótlega varð þó ljóst að ofbeldi í nánum samböndum var alþjóðlegt vandamál. Ein af fyrstu norrænu rannsóknunum á þessu sviði var gerð hér á landi árið 1979. Hún byggði á sjúkraskrám slysavarðstofu Borgarspítala og staðfesti að slíkt ofbeldi var til staðar hér á landi líkt og annars staðar (Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir 1982).

Í ritum félags- og tryggingamálaráðuneytisins um ofbeldi í nánum samböndum eftir Ingólf V. Gíslason er að finna ofbeldislíkan sem ætlað er að skýra samspil einstaklingsbundinna þátta og samfélagslegra formgerða á ofbeldi í nánum samböndum (Ingólfur V. Gíslason 2008). Líkanið byggir á fjórum þáttum: Heimsástandi, samfélaginu, makasambandi og einstaklingseinkennum. Helstu atriði skýringaþáttanna eru þessi:

1. Almennt ástand heimsmála er talið hafa áhrif á ofbeldi í nánum samböndum. Stríðsástand hefur í för með sér herþjálfun karla sem ýtir undir ofbeldi og styrkir hugmyndir um karlmennsku og yfirburði karla. Á alþjóðavísu eru völd kvenna miklu minni en karla og slík kynjaslagsíða ýtir undir hugmyndir um að konur séu ekki jafngildar körlum. Hefðbundið og fastmótað kynhlutverk og tenging karlmennsku við yfirráðagirni og árásarhneigð eru þættir sem geta aukið eða viðhaldið ofbeldi gegn konum.
2. Félagslegir og efnahagslegir erfiðleikar auka á almenna streitu og geta leyst ofbeldi úr læðingi. Atvinnuleysi og fátækt geta ógnað stöðu fólks og aukið streitu. Lágar tekjur þurfa ekki að vera orsök ofbeldis heldur fjárhagslegar áhyggjur og stress. Hærra streitustig samfélags er talið auka líkur á að konur verði fyrir ofbeldi. Þeir sem beita ofbeldi

hafa flestir alist upp við erfiðleika eins og fátækt, ofbeldi og misnotkun áfengis og hafa litla menntun og lítil tengsl við vinnumarkað. Hér á landi var atvinnustig mjög hátt allt fram til ársins 2008 svo atvinnuleysi var ekki mikill áhættuþáttur. Í samfélögum sem viðurkenna yfirráðastöðu karla yfir konum búa konur oftar við meira ofbeldi en í samfélögum þar sem slíkum sjónarmiðum er hafnað. Ef bæði konur og karlar afla heimilistekna er slíkt jafnræði líklegt til að vinna gegn ofbeldi líka á tímum efnahagslegra og félagslegra erfiðleika.

3. Átök í samböndum virðast einkennast af því að samskipti para eru niðurlægjandi og þau tala saman í árásargjörnum tón. Pörin komast ekki úr slíkum vítahring heldur stigmagnast átökin þar til komið er að beitingu líkamlegs ofbeldis. Þótt konurnar taki þátt í þessu niðurlægjandi samskiptamunstri er ekki hægt að tala um jafningjasamskipti. Konurnar hafa meiri tilhneigingu til að draga sig í hlé en ofbeldi karlanna er frekar tilraun til stjórnunar.
4. Einstaklingseinkenni eru oft tengd fyrri reynslu, aðstæðum og persónuleikatruflunum. Reynsla af ofbeldi í æsku og skortur á umhyggju á mótunarárum eykur líkur á ofbeldisbeitingu. Neysla áfengis og ofbeldi í nánum samböndum eru nátengdir þættir. Áfengisneysla dregur úr hömlum og því meiri sem hún er þeim mun meiri líkur eru á beitingu ofbeldis. Önnur örvandi efni eins og amfetamín, kókaín og sterar geta verið ofbeldishvatar.

Önnur nálgun er að skipta kenningum um ofbeldi í nánum samböndum í tvennt: Kynbundnar valdakenningar og lífsháttakenningar (Kyvsgaard og Snare 2007). Kynbundna valdakenningin byggist á því að ofbeldi gegn konum sé tengt valdbeitingu og að slík athöfn sé kynbundin og endurspegli feðraveldið þar sem karlar eru kúgarar og konur kúgaðar. Yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum sem samþykkt var á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1995 gengur út frá þessari skýringu. Þessi kenning byggist á þeirri skoðun að í öllum samfélögum sé til valdakerfi þar sem karlar hafi yfirburðastöðu fram yfir konur. Þeir sem aðhyllast þessa skoðun hafa oft notað hana til að setja baráttu gegn kynbundnu ofbeldi á dagskrá. Þótt valdamisvægi kynjanna sé óumdeilt verður ekki séð að það sé fullnægjandi skýring á ofbeldi gegn konum í nánum samböndum.

Lífsháttakenningin gengur út frá því að líkur kvenna á því að vera beittar ofbeldi í nánum samböndum séu ekki tilviljanakenndar og óháðar stund og stað. Það sé heldur ekki tilviljunum háð hvor karlar beiti konur ofbeldi í nánum samböndum, fremur sé um að ræða tiltekna áhættuþætti. Með lífsháttum í þessu samhengi er átt við daglegar athafnir eins og starf, nám, heimilisstörf, frístundir og neyslu. Aðrar breytur sem hafa áhrif á lífshætti eru aldur, kyn, tekjur, þjóðfélagsstaða, menntun og atvinna. Bæði einstaklingar og hópar tileinka sér ólíka lífshætti og þess vegna er áhætta þeirra á því að beita eða vera beittir ofbeldi mismikil.

Í skýrslu frá jafnréttisþingi 2011 kemur fram að samkvæmt mælikvarða alþjóðaefnahagsráðsins (World Economic Forum) sem kom út árið 2010 er jafnrétti kynjanna hvergi meira en á Íslandi (Jafnréttisþing 2011). Samkvæmt kynbundnu valdakenningunni ætti því ofbeldi í nánum samböndum hvergi að vera minna. Þegar niðurstöður úr íslensku ofbeldisrannsókninni frá 2008, sem gerð var samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar, eru bornar saman við alþjóðakönnun í 11 löndum á ofbeldi í nánum samböndum kom í ljós að tíðni ofbeldis var sú sama á Íslandi og í Danmörku. Jafnrétti kynjanna mældist samt aðeins hærra á Íslandi en í Danmörku.

Frá því að fyrsta ofbeldisrannsóknin á Íslandi var gerð 1996 og þar til framangreind rannsókn frá 2008 var gerð hefur ekki tekist að draga úr ofbeldi gegn konum þar sem tíðni

ofbeldis gegn konum er nánast sú sama samkvæmt báðum rannsóknunum. Hærri valdastaða kvenna hefur væntanlega komið í veg fyrir ofbeldi en aðrir og þá lífsháttatengdir þættir hafa vegið upp á móti þeim og verið ofbeldishvetjandi. Á tímabilinu 1996–2008 má sjá breytingar í þá átt að valdastaða kvenna hefur batnað (Jafnréttisþing 2011). Hlutfall kvenna á Alþingi hækkaði úr 25% í 32% frá 1995 til 2007. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum hefur hækkað úr 25% í 40% frá 1994 til 2006. Atvinnuþátttaka kvenna jókst úr 75% og í 78% frá 1991 til 2008. Hlutfall heildarlauna kvenna af launum í landinu hækkaði úr 39% í 42% frá 1999 til 2007. Fjöldi kvenna í námi þrefaldaðist frá 1996 til 2008. Þannig hafa konur styrkt stöðu sína og samhliða því hefur ofbeldi gegn konum verið viðurkennt sem sérstakt vandamál sem samfélagið líður ekki og þarf að takast á við. Kynbundin valdakenning dugir því ekki ein og sér til að skýra ofbeldi gegn konum en með því að tengja hana við lífsháttakenningar má fá betri skýringar og skilning á ofbeldinu. Af þeim þáttum sem auka áhættu á ofbeldi er áfengisneysla sá þáttur sem mest breyttist frá 1996 til 2008. Áfengisneysla jókst úr 4,9 lítrum í 7,5 á íbúa 15 ára og eldri frá 1996 til 2007, eða um 53% á 12 árum. Um 75% alls áfengis er selt í útsölum ÁTVR og fer því væntanlega til neyslu á heimilum en tæplega fjórðungur áfengis er drukkinn á vínveitingastöðum (Nordic statistics 1993–2007). Þetta bendir til þess að áfengisneysla á heimilum hafi aukist verulega. Í báðum rannsóknunum, 1996 og 2008 eru nokkrar upplýsingar um áfengisneyslu. Í fyrri rannsókninni töldu 71% kvenna sem höfðu verið beittar grófu ofbeldi að ástæðan væri áfengisdrykkja. Í rannsókninni frá 2008 töldu 48% kvennanna að við síðasta ofbeldistilvik hefði ofbeldismaðurinn verið undir áhrifum áfengis, 4% töldu að hann hefði verið undir áhrifum fíkniefna eða lyfja og 7% að hann hefði verið undir áhrifum áfengis, lyfja og fíkniefna. Alls skýrði 41% kvennanna frá því að hann hefði ekki verið undir neinum áhrifum. Mat kvennanna á áfengisneyslu karlanna, núverandi og fyrrverandi maka, sem höfðu beitt þær ofbeldi var að 32% fyrrverandi maka og 7% núverandi maka yrðu drukknir einu sinni í viku eða oftar. Um 26% fyrrverandi maka neyttu fíkniefna en um 3% núverandi maka. Samkvæmt upplýsingum kvennanna hafa áfengisvandamál fyrrverandi maka því verið veruleg og mun meiri en núverandi maka sem kann að skýra af hverju þær hafa slitið fyrra sambandinu eða hjónabandinu.

Ef ekki er tekist á við áfallastreituröskun eftir reynslu af ofbeldi maka er það talið auka líkur á misnotkun áfengis og lyfja. Samkvæmt könnununum frá 1996 og 2008 hafði þeim konum sem notuðu áfengi og lyf til að takast á við reynsluna af ofbeldinu fækkað á tímabilinu. Í fyrri könnuninni höfðu 22% kvennanna notað áfengi og 20% höfðu notað lyf en í þeirri seinni höfðu aðeins 14% notað áfengi og lyf. Hugsanlega hefur aukin þekking þar á meðal á úrræðum haft þau áhrif að konurnar leita annarra leiða til komast yfir reynsluna af ofbeldinu en sjálfslækninga með áfengi og lyfjum.

Þegar seinni könnunin var gerð árið 2008 voru áhrif hrunsins ekki komin fram. Á árunum fyrir hrun var mikill efnahagslegur uppgangur í samfélaginu og andrúmsloftið í þjóðfélaginu var á þá lund að margir væru „að gera það gott“. Þeir sem ekki voru þátttakendur í uppsveiflunni voru því ekki með í leiknum og kunna að hafa fundið fyrir stressi eða óánægju þar sem þeir stæðu sig ekki í lífskjarakapphlaupinu. Bilið milli þeirra sem nutu mikillar velgengni og hinna sem ekki vegnaði vel varð því breiðara. Slíkar tilfinningar geta ýtt undir streitu og minna þol gegn áreiti sem geta birst í beitingu ofbeldis. Upplýsingar um atvinnuþátttöku og menntun má sjá í riti jafnréttisþings 2011. Árið 2008 var atvinnuþátttaka allra karla 87% en í spurningakönnuninni kemur fram að atvinnuþátttaka ofbeldismannanna var heldur lægri, 77% meðal núverandi maka og 82% meðal fyrrverandi maka. Ofbeldismennirnir voru því ekki eins virkir á vinnumarkaði og aðrir karlmenn sem kann að hafa sett þá í lakari stöðu en

aðra karla. Menntun meðal 25–64 ára karla árið 2009 skiptist þannig að 29% höfðu háskólamenntun, 44% starfs- og framhaldsmenntun og 27% grunnmenntun. Spurningakönnunin leiddi í ljós að menntun ofbeldismannanna var minni, 18% núverandi maka hafði háskólapróf en aðeins 10% fyrrverandi maka, 54% núverandi maka hafði framhaldsskólapróf og 41% fyrrverandi maka, og 26% maka hafði grunnmenntun en 47% fyrrverandi maka. Menntun ofbeldismannanna, og átti það sérstaklega við um ofbeldismenn í hópi fyrrverandi maka, var heldur minni en annarra karla sem kann að hafa gert stöðu þeirra í samfélaginu verri en annarra karla.

1. Spurningakönnun. Umfang.

Í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn ofbeldi gegn konum sem samþykkt var í ríkisstjórn árið 2006 var einn liður að gera rannsóknir á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum. Ein þessara kannana var spurningakönnun sem var gerð árið 2008 og er hún birt í heild sinni í fylgiskjali 1. Þetta er í annað sinn sem stjórnvöld láta gera slíka könnun en sú fyrri var gerð fyrir 12 árum. Árið 1994 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu þar sem dómsmálaráðherra var falið að skipa nefnd til að hafa umsjón með rannsókn á ástæðum, umfangi og eðli ofbeldis gegn konum. Samþykkt þessarar þingsályktunartillögu leiddi til þess að fyrsta íslenska rannsóknin á umfangi ofbeldis í nánu sambandi var gerð árið 1996 (dóms- og kirkjumálaráðuneytið 1997). Sú könnun leiddi í ljós að 1,3% kvenna eða um 1.100 konur höfðu verið beittar ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka árið fyrir könnunina. Tæp 14% kvenna greindu frá því að hafa sætt ofbeldi maka einhvern tíma á æviskeiðinu.

Niðurstöður nýju könnunarinnar leiddu í ljós að 1–2% kvenna á aldrinum 18–80 ára höfðu verið beittar ofbeldi í nánum samböndum undangengna 12 mánuði fyrir könnunina. Þetta hlutfall jafngildir því að á bilinu 1.200–2.300 konur hafi mátt þola ofbeldi af hendi maka. Alls höfðu 22% kvenna sætt ofbeldi maka einhvern tíma á ævinni. Kannanirnar frá 1996 og 2008 byggja á hliðstæðum spurningum, en ekki þó alveg þeim sömu. Í könnuninni frá 1996 voru þátttakendur á aldrinum 18–65 ára en í könnuninni frá 2008 var aldursbilið breiðara, 18–80 ára. Þessar tvær kannanir eru því ekki fullkomlega sambærilegar en gefa samt skýra vísbendingu um að ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum hafi hvorki minnkað né vaxið, heldur verið nokkuð stöðugt. Meiri umræða, betri þekking og aukin þjónusta hefur því ekki dregið úr ofbeldinu.

Heimildir.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (1997). *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum.* Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir (1982). Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum. *Geðvernd,* 17, 7–31.

Ingólfur V. Gíslason (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir, afleiðingar, úrræði.* Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Jafnréttisþing 2011. Skýrsla velferðarráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála. Jafnrétti kynjanna í tölum. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.

Kyvsgaard, B. og Snare, A. (2007). *Vold mod kvinder. En- eller flerdimensionel?* Í von Hofer, H. og Nilsson, A. (ritstj.), „Brott i välfärden, om brottslighet, utsatthet och kriminalpolitik: festskrift till Henrik Tham“, Stockholm: Stockholm Universitet. Kriminologiska Institutionen, bls. 181–201.

2. KANNANIR HJÁ FJÓRUM STJÓRNSÝSLUSVIÐUM.

Engar erlendar fyrirmyndir er við að styðjast til að kanna úrræði og þjónustu við konur sem beittar eru ofbeldi. Lítið er um slíkar heildstæðar kannanir og fáar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvað nýtist konum best til að takast á við afleiðingar ofbeldis eða hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir skila mestum árangri. Velferðarþjónusta, skólar og heilbrigðisþjónusta, skipulag löggæslu og virkni félagasamtaka er mjög breytileg milli landa svo vandkvæðum getur verið bundið að yfirfæra niðurstöður frá einu landi til annars.

Við undirbúning rannsóknanna var ákveðið að reyna að fá sem heildstæðasta mynd af þeirri þjónustu sem hér stendur til boða þeim konum sem verða fyrir ofbeldi í nánum samböndum. Í því skyni voru gerðar viðtalsrannsóknir hjá félagsþjónustu og barnavernd (ein rannsókn), grunnskólum, heilbrigðisþjónustu og lögreglu, auk þess hjá félagasamtökum, sjá kafla II. Þetta urðu alls fimm rannsóknir og voru tekin um 70 viðtöl við stjórnendur og starfsfólk.

Markmiðið var að fá fram upplýsingar um skráningu, þjónustu og stuðning sem er í boði og óskir um úrbætur. Sjónum var aðallega beint að almennri þjónustu en líka að sértækri þjónustu.

Þótt spurt væri um aðstoð sem öllum konum stendur til boða var reynt að afla jafnframt upplýsinga um stuðning við fatlaðar konur, aldraðar konur og konur af erlendum uppruna sem hafa sætt ofbeldi. Enn fremur hvernig væri hugað að börnum sem byggju á ofbeldisheimilum.

Í spurningakönnuninni kom fram að fæstar kvennanna sem sögðust hafa verið beittar ofbeldi hefðu leitað til samtaka eða stofnana um aðstoð. Þær sem höfðu leitað til Kvennaathvarfs, Stígamóta, lækna, sálfræðinga og annarra ráðgjafa voru mjög ánægðar með aðstoðina. Þess vegna er mikilvægt að standa vörð um slíka starfsemi.

Meiri hluti kvennanna sögðu nánum fjölskylduvini, vinkonu eða nágranna frá ofbeldinu. Þær sögðu einnig fagfólki frá ofbeldinu. Þetta sýnir tvennt. Í fyrsta lagi að konurnar leita til sinna nánustu, sem er eðlilegt að gera hvað varðar ofbeldi eins og önnur áföll í lífinu. Í öðru lagi eru margir í samfélaginu nánir fjölskyldumeðlimir, vinkonur og nágrannar og þess vegna hefur almenningur töluverða vitneskju um ofbeldi í nánum samböndum.

Aðeins 13% kvennanna höfðu tilkynnt atvikið til lögreglu en meiri hluti þeirra sem það gerði var ánægður með viðbrögð hennar.

Hér á eftir verða nokkur helstu atriði úr hverri könnun kynnt.

2.1 Félagsþjónusta. Barnavernd.

Félagsþjónusta.

Mál er varða ofbeldi gegn konum í nánum samböndum eru ekki skráð á skipulagðan hátt hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Konur eru ekki spurðar hvort þær hafi orðið fyrir slíku ofbeldi heldur getur þetta vandamál komið í ljós í viðtölum starfsmanna við konur um aðra hluti. Ekki hefur verið til umræðu að taka upp þá reglu að spyrja konur ávallt um þetta atriði (kembileit) þegar þær leita til félagsþjónustunnar.

Konur virðast sjaldan leita til félagsþjónustunnar út af ofbeldinu einu og sér, en snúa sér þangað til að óska eftir aðstoð í praktískum málum sem geta, þegar nánar er að gætt, tengst slíku ofbeldi. Þá er forsenda þess að konur leiti til félagsþjónustunnar oft sú að börn eru á heimilinu eða að borist hefur tilkynning vegna barnanna og eru þau mál þá a.m.k. að hluta til unnin eftir barnaverndarlögum.

Félagsþjónustan hefur ýmis úrræði til handa konum sem beittar hafa verið ofbeldi í nánum samböndum. Hvað ofbeldið sjálft varðar er boðið upp á viðtöl ýmist innan eða utan félagsþjónustunnar. Í nokkrum sveitarfélögum starfa einnig sjálfstyrkingarhópar. Á stærri stöðunum voru mál sem varða þetta ofbeldi rædd á teymisfundi eða þá að fleiri en einn starfsmaður sinnir þessum málum. Þetta þóttu flókin mál og handleiðsla fyrir starfsmenn væri nauðsynleg. Alls staðar er bent á Kvennaathvarfið og er þá kostnaður fyrir dvölina greiddur. Samstarfið við Kvennaathvarfið er alls staðar talið mikilvægt og er mikið traust borið til þess. Félagsþjónustan hefur síðan praktísk úrræði eftir almennum reglum, svo sem varðandi húsnæði og fjárhagsaðstoð. Slík úrræði geta einkum átt við þegar kona hefur ákveðið að fara úr ofbeldissambandinu.

Þekking starfsmanna á málaflokknum er almennt góð og kennsla um ofbeldi í nánum samböndum hefur lengi verið námsefni í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Hún hefur líka vaxið á undanförnum árum með aukinni umræðu í þjóðfélaginu, en áhugi er á meiri fræðslu og ávallt þarf að huga að skipulagðri endurmenntun.

Hópar kvenna, sem eru í sérstakri áhættu fyrir því að verða fyrir ofbeldi í nánum samböndum, þ.e. erlendar konur, fatlaðar og aldraðar, leita lítið til félagsþjónustunnar. Það er helst að félagsþjónustan fái vitneskju um ofbeldi gegn öldruðum vegna starfa við heimaþjónustu inn á heimilum aldraðra. Þá leita fatlaðar konur mjög sjaldan eftir aðstoð vegna ofbeldis, en fyrir kemur að upplýsingar um það berast félagsþjónustu þar sem starfsfólk í heimaþjónustu eða heimahjúkrun láti vita af slíku máli. Hvað erlendar konur varðar kom fram að í heild hefur þeim fjölgað sem leita til félagsþjónustunnar vegna ofbeldis í nánum samböndum, bæði andlegs og líkamlegs. Á nokkrum stöðum leita þær sjaldan eftir fjárhagsaðstoð þar sem slík aðstoð geti haft áhrif á möguleika þeirra til að fá íslenskan ríkisborgararétt. Sums staðar var bent á að erlendu konurnar kæmu stundum frá menningarsvæðum þar sem viðhorf til ofbeldis er annað en hér á landi. Starfsfólk eigi erfitt með að nálgast konur sem koma úr framandi menningarheimi.

Með hliðsjón af þeirri þekkingu og áhuga starfsmanna félagsþjónustu á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum vekur sérstaka athygli hve fáar konur leita þangað út af ofbeldisatviki eingöngu, eins og kom fram í spurningakönnuninni. Þetta bendir til þess að kynna þurfi mun betur en nú er gert úrræði félagsþjónustunnar, þá þekkingu sem þar er og þá aðstoð sem þar er hægt að veita. Í fræðsluritum og upplýsingabæklingum mætti benda á úrræði félagsþjónustunnar sem geta bæði verið hagnýt þjónusta eins og fjárhags- og húsnæðisaðstoð en líka ráðgjöf. Þá mætti hvetja konur til að nýta sér slíka þjónustu.

Barnavernd.

Í barnaverndarmálum eru börnin þungamiðja skráningar, en ekki foreldrarnir, og því ekki hægt að greina málin út frá aðstæðum foreldranna. Skráning barnaverndarmála virðist að sumu leyti skipulegri en skráning mála samkvæmt lögum um félagsþjónustu. Sérstaklega hefur skráning tekið framförum eftir að Barnaverndarstofa tók upp sérstakt skráningakerfi árið 2005. Á nokkrum stöðum er alltaf spurt um heimilisofbeldi þegar verið er að kanna barnaverndarmál. Á flestum stöðum er það hins vegar ekki gert og aðeins spurt um slíkt

ofbeldi ef eitthvað sérstakt gefur tilefni til þess. Málin berast barnaverndarnefnd oftast þar sem lögregla er kölluð til.

Verði barn beint eða óbeint vitni að ofbeldi milli foreldra er það skráð sem tilfinningalegt eða sálrænt ofbeldi. Fyrstu viðbrögð barnaverndarnefnda eru að tryggja öryggi barnsins. Íhlutunin miðast því alltaf við velferð og hagsmuni barnsins. Barnaverndarnefndir hafa ýmis úrræði á sínum vegum, en í vissum tilvikum þarf að taka barn af heimili til að tryggja öryggi þess. Algengara er þó að reynt sé að styðja móðurina og barnið sameiginlega, enda mjög erfitt fyrir barn að vera skilið frá móður sinni í slíkum tilvikum. Móðirin fer þá e.t.v. í Kvennaathvarfið með barnið eða að reynt er að koma ofbeldismanninum af heimilinu. Þegar móðir býr áfram á heimilinu getur hún fengið stuðningsaðila inn á heimilið, svo sem stuðningsfjölskyldu eða persónulegan ráðgjafa fyrir börnin. Jafnframt sem móðir og barn eru studd samkvæmt framansögðu nýtir barnaverndin flest þau úrræði sem félagsþjónustan hefur. Hvert einstakt mál er metið fyrir sig. Mál af þessu toga njóta forgangs hjá barnaverndarnefndum.

Athyglin hefur að undanförnu beinst mjög að því að almennt virðist ekki vera rætt við börn sem búa á heimilum þar sem ofbeldi á sér stað gagnvart mæðrum þeirra. Bent er á góða þjónustu Barnahúss í því sambandi þar sem rætt er við börn sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi. Kemur þetta meðal annars skýrt fram í skýrslu Barnaheilla frá febrúar 2011 eftir viðtöl hjá lögreglu, barnavernd og félagsþjónustu. Þannig ræðir lögregla yfirleitt ekki við börn á heimilum í útköllum vegna heimilisofbeldis nema börnin hafi sjálf orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Barnavernd hittir börnin eingöngu ef ákveðið er að hefja könnun máls sem er í minni hluta tilfella. Í Kvennaathvarfinu var til skamms tíma sérstakur barnaverndarstarfsmaður en svo er ekki nú. Til að ráða bót á þessu mun Barnaverndarstofa leita eftir samstarfi við lögreglu og barnaverndarnefndir á höfuðborgarsvæðinu um tilraunaverkefni til eins árs. Markmið stofunnar með slíku tilraunarverkefni er fyrst og fremst að leggja mat á líðan, hugsanir og óskir barnanna með það fyrir augum að veita þeim áfallahjálp og annan viðeigandi stuðning strax í kjölfar atburða af þessu tagi. Felst verkefnið í því að ráða sérhæfða starfsmenn á bakvakt sem hafa það hlutverk að fara á heimili í þeim tilvikum sem lögregla fer í útköll vegna ofbeldis á heimili og börn eru á staðnum. Verkefni starfsmanns á bakvakt verður að huga að barninu sérstaklega og tryggja því stuðning innan 48 tíma. Þá hefur börnum, sem búa við þær aðstæður að ofbeldi hefur verið þáttur í heimilislífi þeirra, verið boðið upp á hópmeðferð á vegum Barnaverndarstofu frá árinu 2010.

Auk þess sem þarf að styðja og styrkja barn sem býr við ofbeldi gegn móður, og jafnframt móður og barn, þarf að styðja móðurina sérstaklega svo hún geti verið fær um að sinna uppeldishlutverki sínu eftir það sem á undan er gengið. Engir fjármunir eru fyrir hendi til að veita konunum meðferð og einnig skortir fjármuni til að veita konum stuðning til að efla færni þeirra sem uppalanda.

Flestir nefndu lögregluna sem mikilvægasta samstarfsaðilann, en aðrir mikilvægir samstarfsaðilar eru Kvennaathvarf, skólar og leikskólar, svo og sjúkrahús og heilsugæsla. Samstarfið fer fram með sama hætti og þegar um annars konar vanda barna er um að ræða. Verklag hefur orði betra eftir að verklagsreglur lögreglu tóku gildi árið 2005. Fram kom að markviss kynning á barnaverndarstarfi við heilsugæslu og sjúkrahús hafi haft áhrif og tilkynningum úr heilbrigðiskerfinu til barnaverndarnefnda hafi fjölgað.

Gera verður kröfur um það að barnaverndarstarfsmenn séu vel að sér í þessum málaflokki. Félagsráðgjafar fá kennslu á þessu sviði í Háskóla Íslands. Almennt var talið að þekking starfsmanna barnaverndar á ofbeldi í nánum samböndum væri mikil, en þrátt fyrir það væri nauðsynlegt að auka þekkinguna og koma á fót símenntun. Flestir nefndu að þörf væri á

fræðslu um áhrif þess að börn alist upp við heimilisofbeldi og hvernig best væri að nálgast konur sem beittar hafa verið ofbeldi. Miklu skiptir að starfsmenn veiti uppruna og menningarmun athygli þegar þeir vinna með fjölskyldum af erlendum uppruna.

2.2 Grunnskólar.

Margir skólastjórar grunnskóla sem rætt var við töldu að ofbeldi gegn móður barns væri vel varðveitt fjölskylduleyndarmál sem ólíklegt væri að nemendur segðu frá í skólanum. Það fylgdi því skömm að slík mál yrðu uppvís í skólanum.

Flestir töldu að umsjónarkennari yrði fyrst var við slík mál, hann ráðfærði sig við skólastjóra og málinu væri síðan vísað til nemendavarnarráðs jafnframt sem málið væri tilkynnt barnavernd. Í nemendavarnarráði sitja yfirleitt í þéttbýlinu: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og sálfræðingur. Fundir eru haldnir reglulega. Í dreifbýlinu sitja sömu aðilar í nemendavarnarráði en oft eru aðstæður þannig að margir skólar sameinast um námsráðgjafa, hjúkrunarfræðing og sálfræðing.

Fram kom að tilkynningarskyldu til barnaverndarnefndar væri alls staðar sinnt. Samvinna væri góð við barnavernd og félagsþjónustu.

Fullyrt var að kennarar væru óöruggir gagnvart þessu vandamáli. Eitt sjónarmið var að kennarar ættu að halda tengslum við barnið, veita því öryggistilfinningu með því að fylgjast sérstaklega með líðan þess. Öðrum fannst mikilvægt að halda daglegum venjum áfram og enn aðrir sögðust ekki vita hvað kennari ætti að gera í slíkum tilfellum. Það eru þannig greinilegar vísbendingar um ákveðinn vandræðagang í þessum málaflokki í skólunum og enginn skilgreindur aðili innan skólans tekur að sér persónulega ráðgjöf við nemendur, heldur er þetta meira tilfallandi og ekki er leitað sérstaklega eftir upplýsingum meðal nemenda um líðan þeirra. Í einstaka skóla hafa þó verið gerðar kannanir á líðan nemenda.

Fram kom að kennsla annars vegar og uppeldishlutverk hins vegar séu samþætt í skólastarfi en óvissa væri um hversu langt kennarar ættu að ganga í því að sinna uppeldishlutverkinu.

Greinilegt var að aðgengi nemenda að hinum ýmsu faghópum er ólíkt milli skóla. Nemendur í þéttbýli áttu aðgang að fleiri faghópum en í dreifbýli. Hér er átt við skólahjúkrunarfræðinga, námsráðgjafa og sálfræðinga.

Langflestir skólastjóranna voru því fylgjandi að auka fræðslu um ofbeldi gegn konum og vildu fá grundvallarfræðslu í skólana. Lítil umræða væri um málaflokkinn í skólasamfélaginu. Vandinn væri að kennarar þekktu ekki einkenni þess að barn búi við ofbeldi gegn móður fremur en að úrræði skorti.

2.3 Heilbrigðisþjónusta.

Í heilbrigðiskerfinu er ekki spurt með skipulögðum hætti (kembileit) um reynslu af ofbeldi Í ákveðnum áhættuhópum, fyrst og fremst hjá fíkniefnaneytendum, er spurt um slíkt ofbeldi, en með mismunandi reglubundnum hætti. Þó er talið að víða sé aukin árvekni starfsmanna þegar viðkvæmir hópar eiga í hlut, svo sem konur af erlendum uppruna sem þekki ekki vel til í íslensku samfélagi.

Umræða hefur verið um það á heilbrigðisstofnunum að spyrja sjúklinga oftar, leita meira að ofbeldi, því ljóst væri af könnunum að ofbeldið væri meira vandamál en birtist heilbrigðisstarfsmönnum. Ofbeldið sé mjög falið. Orsakir þess að ekki væri spurt séu svipaðar þeim sem fram koma í erlendum athugunum, þ.e. að starfsfólk á erfitt með það, finnst það vera að hnýsast. Á fámennum stöðum bætist við hvað fólk þekkist innbyrðis. Vakin skal þó athygli

á því að þegar þetta er ritað stendur til að gera tilraun með kembileit á þremur deildum Landspítalans, en um er að ræða tilteknar deildir sem valdar voru sérstaklega, þ.e. geðsvið, kvennasvið og barnasvið.

Með hliðsjón af framansögðu liggur sú sláandi niðurstaða fyrir að skráningar í heilbrigðiskerfinu veita ekki þekkingu á tíðni ofbeldis karla gegn konum í nánum samböndum eða hvort það hafi aukist eða dregið úr því.

Hvað þjónustu við konurnar varðar veitir heilbrigðiskerfið að sjálfsögðu bráðahjálp vegna áverka og áfalla. Væntanlega sinnir heilbrigðiskerfið líka konum sem glíma við afleiðingar af völdum ofbeldis frá fyrri tíð. Sértæk heilbrigðisþjónusta er líka í boði, þ.e. mæðravernd, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar og meðferð vegna vímuefnafíknar. Vakin er athygli á því að í Neyðarmóttöku vegna nauðgunar er áfallateymi sem veitir líka andlegan stuðning. Engin meðferð er hins vegar í boði innan heilbrigðiskerfisins til að byggja upp konur svo þær geti haldið áfram lífi sínu og tekist á við uppeldi barna sinna.

Í mæðravernd er lögð áhersla á að heilbrigðisstarfsfólk sé vakandi fyrir einkennum eða ástandi sem geti haft áhrif á meðgönguna. Ekki er þó beitt skipulagðri leit að ofbeldi í mæðraverndinni, að undanteknum tveimur stöðum, þ.e. á heilsugæslunni á Akureyri og Ólafsvík. Það kemur á óvart að spurningar um reynslu af ofbeldi skuli ekki vera sjálfsagður þáttur í mæðravernd, enda sýna innlendar og erlendar athuganir að meðganga er áhættuþáttur. Í spurningakönnuninni 2008 kom fram að 5% kvennanna höfðu verið ófrískar þegar síðasta ofbeldisatvik átti sér stað. Landlæknisembættið hefur birt klínískar leiðbeiningar um mæðravernd heilbrigðra kvenna á eðlilegri meðgöngu. Þar er lögð áhersla á að heilbrigðisstarfsfólk sé vakandi fyrir einkennum eða ástandi sem haft geti áhrif á meðgönguna. Ekki er þó lögð til kembileit.

Fræðsla um ofbeldi er nú hluti af námi verðandi hjúkrunarfræðinga og hefur svo verið í nokkur ár. Slík fræðsla mun ekki veitt í grunnnámi annarra heilbrigðisstarfsmanna, en sumir hafa sótt endurmenntunarnámskeið. Þörf er því á aukinni menntun og þekkingu, einkum á spurningatækni og hvernig sé best að haga framhaldinu ef ofbeldi kemur í ljós. Heilbrigðisstarfsmenn þyrftu að læra að þekkja einkennin og hafa fastar vinnureglur og verkferla um viðbrögð um framhaldið.

Fram kom að heilbrigðisstarfsfólki þætti nokkuð óljóst hvaða úrræði væru fyrir hendi ef það yrði vart við ofbeldi gegn konum í störfum sínum og hvar hægt væri að fá heildarsýn yfir hvað stæði til boða. Nefnt var að gott væri að hafa einhvers konar miðstöð sem veitt gæti heildstæða ráðgjöf. Ekki væri sjálfgefið að miðla upplýsingum til utanaðkomandi aðila, að barnaverndarnefnd undanskilinni.

Samstarf um ofbeldið er innan heilbrigðiskerfisins en síður við stofnanir utan þess. Barnaverndin var að sjálfsögðu nefnd sem samstarfsaðili þegar verið var að leysa málefni barna. Akureyri sker sig úr hvað samstarf við aðila utan heilbrigðiskerfisins varðar en þar tengist heilsugæslan félagsþjónustunni meðal annars gegnum skipulagðan samráðsvettvang.

2.4 Lögreglan.

Afbrotatölfræðin veitir ekki upplýsingar um tengsl brotamanns og brotaþola og þess vegna er þar engar upplýsingar að finna um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum eða ofbeldi gegn konum yfirleitt. Afbrotatölfræði sem ríkislögreglustjórinn gefur út árlega sýnir fjölda tilkynntra manndrápa og líkamsmeiðinga eins og þau eru flokkuð eftir hegningarlagagreinum; manndráp (211. gr.), manndráp af gáleysi (215. gr.), líkamsárás, minniháttar (217. gr.), líkamsárás meiriháttar/stórfelld (218. gr.), líkamsmeiðingar af gáleysi (219. gr.), lífi eða

heilsu stefnt í háska (220. gr.), manndráp, tilraun (211. gr. sbr. 20. gr.) og líkamsmeiðingar, annað. Ofbeldisbrotin eru flokkuð eftir brotavettvangi og vikudögum og manndráp eftir kyni. Makaofbeldi getur varðað við allar framangreindar hegningarlagagreinar en líklegast er oftast um að ræða brot á 217. gr. sem er langalgengasta ofbeldisbrotið.

Lögreglan skráir hins vegar ofbeldisbrot karla og kvenna í nánum samböndum í einn flokk sem kallast heimilisofbeldi en birtir þá skráningu ekki reglulega. Sérstök rannsókn hefur verið birt um ofbeldi milli skyldra og tengdra: *Heimilisofbeldi. Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu.* Þessi rannsókn var gefin út af ríkislögreglustjóranum og lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu árið 2010. Skilgreiningin á heimilisofbeldi sem lögreglan notar er víðari en venja er þar sem hún nær yfir öll fjölskyldutengsl en er ekki bundin við samband maka.

Lagt er til að lögreglan skrái sérstaklega ofbeldi gegn konum í nánum samböndum og birti slíkar upplýsingar árlega. Slíkt ætti að vera auðvelt þar sem þessum upplýsingum er þegar safnað en flokkaðar öðruvísi.

Lögreglan hefur ýmis úrræði eins og að koma á staðinn og stöðva ofbeldið og veita ofbeldismanninum tiltal eða handtaka hann. Þá getur lögreglan aðstoðað konur og börn við að komast til vandamanna, vina eða í Kvennaathvarf og á sjúkrahús eða til læknis.

Í spurningakönnuninni kom fram að aðeins 13% kvennanna sem höfðu verið beittar ofbeldi höfðu tilkynnt ofbeldið til lögreglu. Til viðbótar sögðu 4% kvennanna að lögreglan hefði fengið upplýsingar um ofbeldið á annan hátt. Helstu ástæður þess að konurnar höfðu ekki samband við lögreglu voru þessar: Smávægilegt/ekki nógu alvarlegt/hugsaði ekki út í það (44%); tókst á við það sjálf/sagði vinkonu/vini frá því (21%); skammarlegt/vandræðalegt 19%; vildi halda þessu leyndu 7%; af ótta við ofbeldismanninn (7%).

Þótt 65% kvennanna sem leituðu til lögreglu hafi verið ánægðar með afskipti lögreglu var fjórðungur þeirra mjög ósáttur með það hvernig lögreglan tók á málinu. Tillögur kvennanna um hvað lögreglan gæti gert voru margvíslegar: Taka frásögn þeirra af alvöru/hlustað/stutt þær (17%); handtekið (11%); farið með hann burt (8%); veitt vernd/hjálpað konunni til að yfirgefa húsið (8%); veitt honum tiltal (6%); komið fyrr á staðinn (4%); útskýrt hvernig gangur málsins yrði (4%); vísað á Kvennaathvarf (4%). Alls nefndu 55% kvennanna að lögreglan hefði ekki getað gert neitt annað en hún gerði.

Konurnar virðast því leita til lögreglu til þess að stöðva ofbeldið, láta ofbeldismanninn vita að ofbeldið er óþolandi og að samfélagið styðji þær. Hins vegar verður ekki séð að þær vilji að ofbeldismaðurinn verði ákærður og sakfelldur fyrir dómstólum. Þess vegna eru þær oft ekki tilbúnar til að vinna með lögreglu að áframhaldandi rannsókn málsins. Í fæstum tilvikum hentar dómstólaleiðin til þess að takast á við ofbeldi í nánum samböndum. Lögreglan hefur hins vegar tæki til að vernda konur í áhættu og getur fylgst með ofbeldismönnunum til að koma í veg fyrir ítrekað ofbeldi. Hvað grófasta ofbeldið varðar er samt eðlilegt að lögreglan ákveði framhald máls fremur en konan sem sætir ofbeldinu.

Til þess að lögreglan geti aflað gagna svo saksóknari geti ákært í málinu þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði: Brotaþoli þarf að koma að rannsókninni, finna verður vitni sem styrkja framburð konunnar, skjalfestar sannanir á miska verða að liggja fyrir og grunaðir játi brot sitt a.m.k. að hluta til. Þar sem börn eru oft til staðar þegar ofbeldi er beitt þarf lögreglan að huga að þeim bæði sem þolendum og vitnum. Í slíkum tilvikum ætti að mega yfirheyra börn í Barnahúsi.

Lagt er til að tekin verði upp sáttamiðlun. Á Nýja-Sjálandi hefur sáttamiðlun verið beitt í margs konar ágreiningsmálum þar með talið ofbeldi maka gegn konum. Sáttamiðlunin er

framkvæmd á mismunandi vegu í landinu. Rannsóknir sem dómsmálaráðuneytið á Nýja-Sjálandi hefur látið gera hafa leitt í ljós að þátttakendur eru ánægðir með sáttamiðlunina (Kingi, Paulin og Porima 2008). Þeim fannst gott að ræða málin í öruggu umhverfi og gera upp sín á milli ef sambandinu var lokið. Brotaþolarnir vildu að ofbeldismennirnir fengju hjálp til að breyta hegðun sinni og ofbeldismennirnir vildu taka ábyrgð á gerðum sínum og bæta brotaþolanum skaðann. Brotaþolarnir töldu kostina vera lækningamátt opinskárrar umræðu og að konurnar gætu mætt ofbeldismanninum í öruggu umhverfi. Ofbeldismennirnir töldu að kostirnir væru þeir að geta gert hreint fyrir sínum dyrum, fá stuðning og þeim væri sýnd virðing. Brotaþolarnir höfðu blandaða reynslu af því hvort ofbeldið hefði minnkað eftir að sáttamiðlunin hófst. Hjá sumum hafði ofbeldið hætt en hjá nokkrum hafði ofbeldið breyst. Mikill meiri hluti þátttakendanna í sáttamiðluninni sagðist myndi taka þátt í henni aftur ef til þess kæmi og mæla með henni við aðra í sömu stöðu. Reynslan frá Nýja-Sjálandi leiddi í ljós að sáttamiðlun hentaði pörum sem vilja halda sambandi sínu áfram, einkum ef ofbeldismennirnir væru í karlameðferð. Þá væri sáttamiðlun styrkur fyrir pör sem ekki væru lengur saman og gætu lokið sambandinu á friðsamlegan hátt. Þetta var talið sérstaklega heppilegt ef parið átti saman börn, en stirt samband milli foreldra skilnaðarbarna getur haft mikil áhrif á þau. Skilyrði fyrir því að beita sáttamiðlun er að bæði brotamaður og brotaþoli samþykki að taka þátt í henni og að hún fari fram undir leiðsögn þjálfaðra stjórnenda. Gerðar hafa verið tilraunir með sáttamiðlun hér á landi og hefur lögreglan haft sáttamiðlun með höndum. Lögreglan hefur því nokkra reynslu af slíkri starfsemi.

Heimildir.

Kingi, V., Paulin, J. og Porima, L. (2008). *A review of the delivery of restorative justice in family violence cases.* Victoria: Crime and Justice Research Centre. Victoria University of Wellington.

3. KÖNNUN HJÁ FÉLAGASAMTÖKUM.

Félagsamtökunum var skipt í tvo flokka, annars vegar þau sem hafa að meginmarkmiði að aðstoða konur sem beittar hafa verið ofbeldi í nánum samböndum og hins vegar þau sem stundum veita konum aðstoð við þær aðstæður.

3.1 Félagasamtök sem hafa aðstoð við konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi sem meginverkefni.

Þau félagasamtök sem hafa það sem meginverkefni að veita konum aðstoð sem orðið hafa fyrir ofbeldi eru Aflið, Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfin, Sólstafir og Stígamót. Þrjú þeirra eru í Reykjavík, þ.e. Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfin og Stígamót, en Aflið er á Akureyri og Sólstafir eru á Ísafirði.

Kvennaathvarfið hefur verið rekið frá 1982. Markmið þess er að reka athvarf fyrir konur og börn þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra. Jafnframt er markmið að veita ráðgjöf, upplýsingar og fræðslu, án þess að konur þurfi að dvelja í athvarfinu. Kvennaathvarfið er einungis starfrækt í Reykjavík, en veitir konum aðstoð alls staðar af landinu.

Stígamót eru fræðslu- og ráðgjafarmiðstöð um kynferðisofbeldi og hefur því sérstöðu í þessum hópi félagsamtaka þar sem starfsemin snýst ekki sérstaklega um að aðstoð við konur sem beittar eru ofbeldi í nánum samböndum. Aflið er starfrækt í anda Stígamóta. Símavakt

er allan sólarhringinn og boðið er upp á einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa. Sólstafir eru jafnframt starfræktir í anda Stígamóta.

Kvennaráðgjöfin er rekin til að bæta aðgang kvenna að sérfræðiráðgjöf á sviði lögfræði og félagsráðgjafar. Hún er staðsett í Reykjavík.

Sameiginlegt með þessum samtökum er að þau taka á einhvern hátt þátt í að upplýsa samfélagið um ofbeldi gegn konum ýmist með heimsóknum í skóla, fyrirtæki og stofnanir eða með því að taka á móti þeim sem vilja kynna sér starfsemina. Þau beita sér fyrir umræðu um kynbundið ofbeldi með það fyrir augum að upplýsa samfélagið og opna umræðuna. Kvennaathvarfið sker sig úr að því leyti að það býður auk þess upp á dvöl kvenna og barna.

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að framlag félagasamtaka sem vinna að þessum málaflokki er ómetanlegt og ómissandi. Nauðsynlegt er því að ríki og sveitarfélög styðji þau fjárhagslega.

3.2 Félagasamtök sem sinna ofbeldi gegn konum ásamt öðrum verkefnum.

Mörg önnur samtök styðja konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi í nánum samböndum þótt ekki sé það meginverkefni samtakanna. Þetta eru félög eins og Efling, Félag einstæðra foreldra, Fjölmenningarsetrið, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn og Samtök kvenna af erlendum uppruna. Konur leita oft til þessara félaga vegna þess að þær eru í vanda en greina ekki alltaf frá því að ofbeldi hafi valdið erfiðleikunum sem þær eru í. Aðstoð og upplýsingagjöf þessara félaga skiptir miklu máli og sýnir hvað margir í samfélaginu koma að málum sem varða ofbeldi gegn konum. Árvekni starfsfólks og félagsmanna getur skipt miklu máli. Sem dæmi má nefna að þegar trúnaðarlæknir kom til starfa hjá Eflingu var farið að kalla eftir vandaðri læknisvottorðum en áður og þá kom ofbeldi fram í meira mæli en áður. Samtök kvenna af erlendum uppruna hafa nokkra sérstöðu þar sem þau hafa ekki neina starfsaðstöðu eða síma og starfa á grundvelli tengslanets. Hlutverk samtakanna er að ná til erlendra kvenna sem oft eru einangraðar og á það ekki síst við um konur sem beittar eru ofbeldi af mökum sínum. Tengsl samtakanna við erlendar konur sem búa í ofbeldissamböndunum geta verið afar mikilvæg þar sem þessar konur vita lítið sem ekkert um rétt sinn og þá aðstoð sem þeim stendur til boða. Ástæða er til að ríki og sveitarfélög styðji samtökin fjárhagslega.

3.3 Samfélagsverkefnið *karlar til ábyrgðar.*

Rannsóknirnar náðu ekki til þessa úrræðis, en þar sem það er liður í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar verður gerð grein fyrir því hér, enda er það að forminu til skylt starfsemi félagasamtaka.

Þessu úrræði var komið á laggirnar árið 1998. Verkefnið felst í að niðurgreiða kostnað við sálfræðimeðferð hjá körlum sem beitt hafa konur sínar ofbeldi, ef þeir eru reiðubúnir að leita sér aðstoðar vegna ofbeldis þess sem þeir hafa beitt. Verkefninu var hætt árið 2002 vegna fjárskorts, þrátt fyrir að um 70 karlar hefðu þá komið í viðtöl. Árið 2006 fór verkefnið aftur af stað og var sett inn í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í september 2006.

Framkvæmdin er sú að ríkið styrkir verkefnið með ákveðinni fjárhæð á ári sem notuð er til að niðurgreiða kostnaðinn vegna meðferðarinnar. Verkefni þetta er nú vistað hjá Jafnréttisstofu. Verkefnið er nefnt Samlagsfélagið Karlar Til Ábyrgðar slf. og er í eigu tveggja sálfræðinga sem sinna verkefninu.

Ein meginbreyting var gerð á starfseminni eftir að hún fór aftur af stað á árinu 2006. Mökum er nú boðið upp á tvö viðtöl, annars vegar við upphaf og hins vegar lok meðferðar. Meginmarkmiðin eru að upplýsa maka um eðli meðferðarinnar, meta öryggi konunnar og

barna ef parið á börn og benda á önnur stuðningsúrræði sem konum og börnum standa til boða. Að auki gefst konunum þarna færi á að lýsa ofbeldinu frá sínum sjónarhóli.

Þeir sem sinna þessu verkefni hafa lagt áherslu á að gæta velferðar og öryggis barna sem búa við ofbeldi á heimili sínu. Reynslan sýnir að það er sterk hefð í samfélaginu að gera lítið úr „hugsanlegum“ neikvæðum afleiðingum þess. Þessi afneitun er sterk bæði hjá gerendum og mökum og hefur því verið lýst þannig að neikvæðar afleiðingar ofbeldis fyrir börn sé síðasta vígi afneitunar sem falli. Rannsóknir sýna að afleiðingar þess að búa við ofbeldi á heimili sínu í æsku er viðlíka alvarlegar og að búa við stríðsástand.

Frá árinu 2006 til loka árs 2010 hafa 112 einstaklingar komið í eitt viðtal eða fleiri. Greinileg aukning varð á aðsókn árið 2010 og má vera að þar sé um að ræða áhrif kreppunnar eða hitt að úrræðið sé orðið þekktara. Þá komu 29 nýir karla í viðtöl auk þess sem 12 héldu áfram viðtalsmeðferð frá fyrra ári. Fjöldi einstaklingsviðtala á árinu 2010 var 173 auk 12 viðtala við maka. Skjólstæðingar voru samtals 41. Fullskipað er í hópmeðferðinni og nokkrir bíða eftir að komast að. Í reynd er það svo að stofna þyrfti annan meðferðahóp fyrir gerendur.

Þjónusta sálfræðinganna nær í raun einungis til höfuðborgarsvæðisins þar sem skrifstofur þeirra eru þar, en þjónustan er að sjálfsögðu öllum opin. Til sálfræðinganna hafa leitað karlar frá Akureyri og Austfjörðum, en þeir bera sjálfir kostnaðinn af ferðunum og því dýrt fyrir þá að leita sér aðstoðar. Áhugi er á að koma þessar þjónustu upp á Akureyri en það hefur strandað á skorti á fjármagni.

Auk mikilvægis þessa verkefnis sem að framan er lýst tengist það efni frumvarps til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili sem innanríkisráðherra mun leggja fyrir Alþingi vorið 2011. Verði það frumvarp að lögum má búast við að karlar sem fjarlægðir hafa verið af heimilum sínum muni í auknum mæli leita sér meðferðar við vanda sínum. Mun það enn frekar auka þörf á meðferð fyrir karla. Lagasetning þessi gerir það því enn nauðsynlegra en áður að stjórnvöld marki sér ákveðna stefnu um það hvernig þau hyggist styðja það verkefni sem felst í því að karlar láti af ofbeldishegðun sinni. Öflugur stuðningur samfélagsins til að fá ofbeldismenn til að hætta ofbeldinu sendir ótvíræð skilaboð til ofbeldismannanna um að slíkt ofbeldi er ekki liðið í íslensku samfélagi.

4. YFIRLIT YFIR SKRÁNINGU, ÞJÓNUSTU OG ÓSKIR UM ÚRRÆÐI.

Skráning er undirstaða þess að unnt sé að meta þörf fyrir umfang þjónustu. Niðurstaða rannsóknanna er augljós: Það er engin miðlæg skráning í landinu á ofbeldi gegn konum. Barnaverndarstofa, Kvennaathvarfið og lögreglan eru með skráningar sem miðast við eigin starfsemi. Erfitt er því að leggja mat á hversu mikla stuðningsþjónustu þarf að veita svo viðunandi sé.

Mynd 1. Skráning og umfang.

	Félags-þjónustan	**Barnavernd**	**Grunnskólar**	**Félaga-samtök**	**Heilbrigðis-þjónustan**	**Lögreglan**
Skráning	Engin samræmd skráning	SOF skráning hjá Barna-verndarstofu og hjá nokkrum barnaverndar-nefndum	Engin samræmd skráning	Skráning í Kvenna-athvarfi	Engin samræmd skráning	Eigin skil-greining. Eigið skrán-ingarkerfi
Fjölgun eða fækkun?	Ekki vitað, fleiri konur af erlendum uppruna leita aðstoðar	Sennilega stöðugt	Ekki vitað	Sveiflur í aðsókn	Ekki vitað	Ekki vitað

Vegna þess hve skráningin er ófullkomin er erfitt að meta hvort ofbeldi eykst eða minnkar eða hvort fleiri eða færri leita sér aðstoðar. Vísbending var þó um að erlendar konur leiti sér aðstoðar í auknum mæli. Fræðsla og kynning á íslenska velferðarkerfinu virðist því vera að skila sér til þeirra.

Mynd 2. Hvað er í boði? Þjónusta og samstarf.

	Félags-þjónustan	**Barnavernd**	**Grunnskólar**	**Félaga-samtök**	**Heilbrigðis-þjónustan**	**Lögreglan**
Þjónusta í boði	Forgangsmál, ráðgjöf, aðstoð við hagnýt vandamál, fjárhags-aðstoð, hús-næðisaðstoð, hópastarf	Íhlutun, meðferð og stuðningur við börn, stuðningur við mæður	Nemenda-verndarráð, stuðningur skóla-hjúkrunar-fræðings, tilkynningar-skylda til barnaverndar	Breytileg eftir sam-tökum, ráð-gjöf, stuðn-ingshópar, Kvenna-athvarf: Ráð-gjöf og athvarf Kvennaráð-gjöf: Lögfræði-aðstoð	Almenn heil-brigðisþjónusta, mæðravernd, áfallahjálp, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, meðferð vegna vímuefnafíknar	Útköll á vettvang, rannsókn sem getur leitt til ákæru og dóms-meðferðar
Samstarf	Kvenna-athvarf, barnavernd	Félagsþjónusta, Kvennaathvarf, lögregla	Barnavernd, félagsþjón-usta	Önnur félaga-samtök	Lítið samstarf	Lítið formlegt samstarf

Hvaða þjónusta er í boði?

Niðurstöður spurningakönnunarinnar gáfu til kynna að fáar konur leiti til félagsþjónustu sem kemur á óvart vegna þess að félagsþjónusta sveitarfélaganna hefur svo mörg úrræði. Í könnun á félagsþjónustunni kom hins vegar fram að í skjólstæðingahópnum eru konur sem ekki eru beint að leita aðstoðar vegna ofbeldis, heldur eru þær búnar að slíta ofbeldissambúðinni og þurfa hagnýta aðstoð til að byrja nýtt líf. Ofbeldið er því stundum undirliggjandi orsök þess að þær snúa sér til félagsþjónustunnar og eru þá oft að hugsa um hag barnanna.

Ofbeldismálin eru forgangsmál hjá félagsþjónustunni. Þar er bæði um að ræða almenna ráðgjöf, fjárhags- og húsnæðisaðstoð og sums staðar eru í boði sjálfsstyrkingar- og geðræktarhópar.

Barnaverndin hefur möguleika á íhlutun ef í ljós kemur að barn býr við ofbeldi og hefur ýmis úrræði hvað snertir stuðning við börn og mæður. Í öllum könnununum kom fram að ef börn eiga í hlut er tilkynningarskylda til barnaverndar virt.

Grunnskólarnir hafa mótað verklag og í skólunum eru nemendaverndarráð rétti vettvangurinn fyrir kennara að snúa sér til, viti þeir um börn sem líða fyrir ofbeldissamband foreldra.

Félagasamtökunum í könnuninni var skipt í tvo hópa: Félagasamtök sem hafa að meginmarkmiði að aðstoða konur í ofbeldissambönd um eins og Samtök um kvennaathvarf og hliðstæð samtök, en ýmis önnur félagasamtök aðstoða líka stundum konur í erfiði stöðu eins og til dæmis Félag einstæðra foreldra, Samtök kvenna af erlendum uppruna og Efling. Önnur félagasamtök hafa þjónustu við konurnar sem beittar hafa verið ofbeldi sem eitt af fleiri verkefnum sínum, eins og Rauði krossinn, Félag einstæðra foreldra, Samtök kvenna af erlendum uppruna o.fl. Þriðji geirinn veitir því margvíslega aðstoð og hefur töluvert samstarf sín á milli.

Heilbrigðiskerfið veitir eðlilega bráðahjálp vegna áverka og áfalla. Væntanlega sinnir heilbrigðiskerfið líka konum sem glíma við afleiðingar af völdum ofbeldis frá fyrri tíð. Sértæk heilbrigðisþjónusta er líka í boði, mæðravernd, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar og meðferð vegna vímuefnafíknar.

Flestar kvennanna leita til lögreglu til að stöðva ofbeldið, en fæstar eru tilbúnar til að halda áfram með málið til þess að ná fram sakfellingu. Oftast var tilgreint að ofbeldið hefði ekki verið nógu alvarlegt til að blanda lögreglu í málið eða konurnar hefðu ekki hugsað út í það. Sú skömm sem fylgir því að tengjast dæmdum afbrotamönnum hefur sennileg þau áhrif að konur vilja ekki að feður barna sinna fái dóma með þeirri flekkun sem dómurinn getur haft fyrir fjölskylduna.

Kannanirnar sýndu ekki mikið samstarf við aðra utan síns verksviðs og margir settu fram óskir um meiri samvinnu. Barnaverndin var að sjálfsögðu nefnd því ef verið er að leysa málefni barna þarf mjög oft samvinnu við hana. Heilbrigðiskerfið virtist hafa lítið samstarf við aðra utan sinna eigin stofnana enda er heilbrigðiskerfið umfangsmikið og innra samstarf þar er töluvert. Í könnun á lögreglu kom fram að hún hafði ekki mikið formlegt samstarf við aðra enda er hún eftirlitsaðili og starfar samkvæmt því.

Mynd 3. Vísbendingar um óskir um fræðslu og betri úrræði.

	Félags-þjónustan	Barnavernd	Grunnskólar	Félaga-samtök	Heilbrigðis-þjónustan	Lögreglan
Fræðsla til starfs-fólks og annarra	Símenntun alls starfsfólks, líka í heima-þjónustu og heimahjúkrun		Meiri umræða, efla færni starfsmanna, þekkja einkenni	Almenn fræðsla, fræðsla til erlendra kvenna, fræðsla til fagfólks	Símenntun, starfs-mannavelta mikil, efla kennslu í grunnnámi	Fræðsla til erlendra kvenna
Óskir um úrræði	Markvissari verklagsreglur, samstarfsvett-vangur fag-aðila, fagteymi á landsvísu, gátlisti, hand-leiðsla	Nýta Barnahúsið fyrir börn sem búa við ofbeldi, kenna börnum á Neyðarlínuna			Leit (skimun) á heilsugæslustöðv-um, spurningar um ofbeldi í mæðraskrám	Aðgangur að sálfræði- og félags-þjónustu

Óskir um fræðslu komu fram í könnununum en mjög breytilegt var hver áherslan var. Margir faghópar, sem hafa fengið kennslu um ofbeldismál og náin sambönd í grunnnámi, vilja fá símenntun til halda þekkingunni við. Þetta átti sérstaklega við í félagsþjónustu og heilbrigðiskerfinu. Talað var um mikla starfsmannaveltu í heilbrigðiskerfinu og því þyrfti stöðugt að vera með fræðslu. Nefnt var að óþjálfað starfsfólk hikaði við og vissi ekki hvernig ætti að spyrja eða spyrði ekki nógu oft fremur en að sjúklingurinn vildi ekki svara. Aðrir hafa ekki fengið slíka þjálfun í grunnnámi og í könnuninni á félagsþjónustunni komu fram óskir um fræðslu fyrir starfsfólk í heimaþjónustu og heimahjúkrun.

Grunnskólakönnunin leiddi í ljós mjög mikinn áhuga innan skólanna á meiri umræðu og fræðslu og kennslu í að þekkja einkenni og bæta færni til að bregðast við ofbeldismálum.

Félagasamtök hafa séð um mikla fræðslu til almennings en hafa líka staðið fyrir fræðslu til faghópa. Lögreglan taldi þörf á meiri fræðslu til erlendra kvenna um réttindi þeirra.

Óskir um úrræði voru margs konar og má nefna að í félagsþjónustunni var sums staðar óskað eftir markvissari verklagsreglum og bent á þörf fyrir samstarfsvettvang og fagteymi á landsvísu. Þá var vakin athygli á því að nýta mætti Barnahúsið einnig fyrir börn sem eru þolendur makaofbeldis.

Tillögur um úrbætur í heilbrigðiskerfinu voru kerfisbundin leit á heilsugæslustöðvum og setja ætti spurningar inn í mæðraverndina þannig að allar konur væru spurðar á sama hátt og spurt er um áfengisneyslu og reykingar.

Lögreglan lagði sérstaka áherslu á mikilvægi þess að hafa aðgang að sálfræði- og félags-þjónustu.

Utan höfuðborgarsvæðisins töldu nær allir viðmælendur að nándin væri til trafala. Á fámennum stöðum eiga konur mjög erfitt með að leita til félagsþjónustu og heilsugæslu vegna þess að þær þekkja starfsfólkið og vilja ekki bera upp erindi við starfsfólk sem oft eru nágrannar eða ættingjar, þótt trúnaðar sé gætt. Athyglisvert er að lögreglan var eini aðilinn sem taldi að nándin gæti verið kostur. Ólíkt öðrum hefur lögreglan vald til að grípa inn í án samþykkis gerenda og þolenda og gagnlegt getur verið að þekkja til fólks þegar meta þarf réttmæti slíkra inngripa. Í dreifbýlinu skortir oft fagfólk og tillögur komu um samstarfsvettvang

fagaðila og fagteymi á landsvísu. Hvað þennan málaflokk varðar virtust stærri einingar þjóna fólki betur en þær minni.

Þrátt fyrir aukna þekkingu á afleiðingum ofbeldisins er enn verið að glíma við ofbeldi í makasamböndum. Það hljóta að vera vonbrigði að nýja spurningakönnunin skuli ekki sýna minna ofbeldi en kom fram í könnuninni sem gerð var árið 1996.

Vitundarvakningin um ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum, sem hófst fyrir meira en 30 árum, gerðist með þeim hætti að athyglinni var beint að konunum og þeim áföllum sem þær urðu fyrir. Í fyrstu beindist athyglin eingöngu að konunum en karlarnir sem beittu ofbeldinu hafa verið ósýnilegir. Verkefnið *karlar til ábyrgðar* er tilraun sem hefur gefist vel en nær aðeins til takmarkaðs hóps. Eitt af þeim verkefnum sem þarf að takast á við er að ná til karla sem beita konur sínar ofbeldi. Þessir karlar geta verið skjólstæðingar félagsþjónustu, sjúklingar í heilbrigðiskerfinu og lögreglan hefur afskipti af þeim vegna margs konar brota. En þeir eru líka feður barnanna sinna.

Í spurningakönnuninni kom fram að börn voru til staðar við ofbeldisverk. Þessi börn eru bæði vitni og þolendur og slík lífsreynsla hefur áhrif á tengsl barna við foreldra sína.

Við útfærslu á tillögum til úrbóta er unnið eftir þeirri stefnu að konur sem sæta ofbeldi og börn þeirra fái aðstoð í almenna kerfinu, félagsþjónustu, skólakerfinu og heilbrigðisþjónustunni og að starfsfólki þekki til þessarar tegundar af ofbeldi. Sértækar hjálparaðgerðir eiga svo að koma til viðbótar. Við nánari útfærslu á tillögunum má huga enn frekar að niðurstöðum rannsóknanna sem sýna óskir um meiri samvinnu, símenntun, sértækar aðgerðir vegna sérstakra markhópa eins og kvenna af erlendum uppruna og hvernig hægt er að byggja upp þjónustu sem hentar bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Án rannsóknanna væri undirbúningur að tillögum um öflugri þjónustu velferðarkerfisins miklu skemur á veg kominn.

Rannsókn á ofbeldi gegn konum
Reynsla kvenna á aldrinum 18–80 ára á Íslandi

Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds
Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd
Unnið fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið
(Desember 2010)

Samantekt

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) var falið að gera rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum að beiðni Félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar á eðli, umfangi og afleiðingum líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis sem konur eru beittar af karlmönnum. Þessi skýrsla tekur fyrst og fremst til ofbeldis karla gegn konum í nánum samböndum en einnig er fjallað um ofbeldi gegn konum sem *ekki* eru í nánum samböndum. Niðurstöður byggja á símakönnun þar sem tekið var 3000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá meðal kvenna af öllu landinu á aldrinum 18 til 80 ára. Spurningakönnunin byggir á *The International Violence against Women Survey* (IVAWS). Sameinuðu þjóðirnar áttu frumkvæðið að rannsókninni og var spurningalistinn þróaður af alþjóðlegum rannsóknarhópi undir forustu HEUNI (Evrópustofnun um afbrotavarnir og eftirlit í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar). Spurningalistinn hefur þegar verið lagður fyrir í 11 löndum: Ástralíu, Danmörku, Kostaríku Tékklandi, Grikklandi, Hong Kong, Ítalíu, Mósambik, Filippseyjum, Póllandi og Sviss (Johnson, Ollus og Nevala, 2008). Ofbeldi í nánum samböndum er alvarlegt alþjóðlegt vandamál og það að alþjóðamælikvarði á ofbeldi var notaður við rannsóknina sem hér er til umfjöllunar eykur gildi hennar þar sem hægt er að bera tíðni ofbeldis karla gegn konum hér á landi saman við tíðnina í öðrum löndum. Í umræðukafla verður fjallað um niðurstöður og þær bornar saman við niðurstöður könnunar Dómsmálaráðuneytisins frá árinu 1996 eftir því sem hægt er.

Umfang ofbeldis gegn konum

Í könnuninni sögðust rúmlega 42% kvennanna hafa verið beittar ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri, en tæp 4% sögðu ofbeldið hafa átt sér stað á undangengnum 12 mánuðum (haust 2007–2008). Sé hlutfallið umreiknað í fjöldatölur miðað við fjölda kvenna á Íslandi á aldrinum 18–80 ára 1. desember 2008 (Hagstofa Íslands) jafngildir það að á bilinu 44–49 þúsund konur á þessu aldursbili hafi verið beittar ofbeldi af einhverju tagi á lífsleiðinni. Um það bil 30% kvennanna sögðust hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi en rúmlega 24% kynferðislegu ofbeldi. Þessi hlutföll samsvara því að á bilinu 30–35 þúsund konur á aldrinum 18–80 ára hafi verið beittar líkamlegu ofbeldi einhvern tíma á ævinni og milli 24–29 þúsund konur kynferðislegu ofbeldi. Rúm 13% kvennanna (um 12–16 þúsund allra kvenna) sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í formi nauðgunar eða tilraunar til nauðgunar. Rúmlega 3% kvenna verið beittar einhvers konar ofbeldi síðastliðna 12 mánuði (haust 2007–2008). Þetta jafngildir að um það bil 2600–4400 konur hafi verið beittar ofbeldi á umræddu tímabili.

Ofbeldi gegn konum í nánum samböndum

Rúmlega 22% kvenna sögðust hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi[1] einhvern tíma frá 16 ára aldri. Þetta jafngildir að á bilinu 23–27 þúsund konur hafi verið beittar ofbeldi í nánu sambandi á Íslandi einhvern tíma á ævinni. Um það bil 20% kvennanna höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi að hálfu aðila sem þær voru í nánu sambandi við eða um 20 þúsund íslenskra kvenna, en rúm 6% höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi að hálfu maka. Hlutfallið er hærra þar sem stundum er um sömu konurnar að ræða sem verða fyrir líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Milli 1 og 2% kvenna höfðu orðið fyrir einhvers konar ofbeldi af hálfu maka undangengna 12 mánuði, sem jafngildir að á bilinu 1200 til 2300 konur hafi verið beittar einhvers konar ofbeldi í nánu sambandi. Hlutfallslega fleiri konur voru beittar ofbeldi af hendi fyrrverandi maka (19%) en núverandi maka (7%). Algengast var að konurnar yrðu fyrir ofbeldinu á meðan á sambandinu stóð (16% höfðu orðið fyrir einhverskonar ofbeldi, 14% fyrir líkamlegu ofbeldi og 5% fyrir kynferðislegu ofbeldi). Tæplega 3% kvennanna urðu fyrir einhvers konar ofbeldi eftir að sambandinu lauk og rúm 2% bæði á meðan og eftir að sambandinu lauk. Það hversu mikið hærra hlutfall kvenna hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi fyrrverandi maka (eiginmanni, sambýlismanni eða kærasta) bendir til að konurnar fari í flestum tilfellum út úr nánu sambandi þegar þær eru beittar ofbeldi. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á því hvort konur höfðu verið beittar ofbeldi eða ekki eftir búsetu og atvinnuþátttöku. Ekki reyndist heldur munur á umfangi ofbeldis eftir tekjum kvennanna, utan þess að konur sem höfðu orðið fyrir einhverju ofbeldi á undangengnum 12 mánuðum voru tekjulægri en þær sem ekki höfðu verið beittar ofbeldi á undangengnum 12 mánuðum. Hlutfallslega fleiri konur sem hafa verið beittar ofbeldi eru fráskildar í dag (51%) en þær sem eru giftar (17%) eða hvorki giftar né fráskildar (18%). Þetta skýrist af því að flestar konur sem beittar eru ofbeldi í nánum samböndum, skilja eða fara úr þessum ofbeldissamböndum. Þá hafa marktækt fleiri konur verið beittar einhverri tegund ofbeldis á aldursbilinu 25–44 (24%) og 45–64 ára (24%) en yngri en 25 ára (17%) eða 65–80 ára (11%). Þetta getur skýrst af því að líklegra er að konur yfir 25 ára séu í föstu sambandi. Þá er algengara að heimilistekjur séu lægri hjá konum sem hafa verið beittar ofbeldi en þeim sem hafa ekki verið beittar ofbeldi.

Þegar spurt var um síðasta ofbeldisatvik kom í ljós að algengast var að konur sem voru beittar ofbeldi í nánum samböndum urðu fyrir ofbeldinu á eða við heimili sitt (67%). Um 75% kvenna mátu atvikið sem mjög eða frekar alvarlegt. Oftast var um að ræða yfirborðsskrámur (58%), mar (36%), beinbrot/nefbrot (11%) eða skurð- eða brunasár (11%). Um 5% kvennanna voru ófrískar þegar síðasta ofbeldisatvik átti sér stað og 15% höfðu notað áfengi eða tekið lyf til að komast yfir ofbeldið.

Hvert leita konurnar?

Rúmlega 21% kvenna sem voru beittar ofbeldi höfðu leitað til samtaka og stofnana sem geta aðstoðað konur sem hafa verið beittar ofbeldi. Flestar þeirra (6%) leituðu til Kvennaathvarfsins og Stígamóta (4%). Mikill meirihluti þeirra sem leitaði til Kvennaathvarfsins (77%) og Stígamóta (65%) fannst það gagnlegt. Þó að minnihluti kvenna leitaði til samtaka eða stofnana, kom í ljós að meirihluti (77%) sagði einhverjum öðrum frá ofbeldinu. Lítið var um að konurnar kærðu atvikið til lögreglu (13%) og í 4% tilfella fékk lögreglan upplýsingar um ofbeldið á annan hátt. Alls voru 65% þeirra sem kærðu til lögreglu mjög sáttar eða sáttar

---

[1] Ofbeldi í nánu sambandi samanstendur af ofbeldi af hendi fyrrverandi/núverandi maka, sambýlismanns eða kærasta.

við hvernig lögreglan tók á málinu. Helmingur kvennanna töldu að lögreglan hefði ekki átt að gera neitt annað en hún gerði til að hjálpa þeim, en hinsvegar sögðu 17% kvennanna að lögreglan hefði getað hlustað eða tekið frásögn þeirra af alvöru og 11% vildu að lögreglan hefði handtekið ofbeldismanninn.

Samanburður við önnur lönd – ofbeldi í nánu sambandi

Hlutfall kvenna sem voru beittar ofbeldi í nánu sambandi einhvern tíma á ævinni sem og á síðastliðnum 12 mánuðum var mjög sambærilegt á Íslandi og Danmörku. Alls höfðu 22% kvenna verið beittar einhvers konar ofbeldi í báðum löndunum, 21% íslenskra kvenna og 20% danskra kvenna voru beittar líkamlegu ofbeldi á æviskeiðinu og í báðum löndum höfðu 6% kvenna orðið fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis. Engar danskar eða íslenskar konur nefndu að þær hefðu verið beittar kynferðislegu ofbeldi síðastliðið ár, en 2% íslenskra kvenna og 1% danskra kvenna voru beittar líkamlegu ofbeldi síðastliðið ár. Það er sammerkt í báðum löndunum að aðeins lágt hlutfall kvenna tilkynntu ofbeldisatvikið til lögreglu. Á Íslandi tilkynntu 8% kvenna ofbeldisatvik af hendi núverandi maka en danskar konur tilkynntu ofbeldisatvikið í 13% tilfella. Íslenskar konur tilkynntu frekar ofbeldisatvik fyrrverandi maka (14%) en danskar konur sem tilkynntu í 10% tilfella. Af þessu má sjá að ekki er hægt að meta umfang ofbeldis út frá tilkynningum til lögreglu.

Umfang, eðli og afleiðingar ofbeldis gegn konum eftir tengslum við ofbeldismanninn

Um það bil 10% kvenna á Íslandi höfðu bæði verið beittar ofbeldi í nánu sambandi og af öðrum körlum. Um 4% höfðu orðið fórnarlömb líkamlegs ofbeldis bæði af hendi núverandi eða fyrrverandi maka og annarra, tæp 3% kynferðislegu ofbeldi og þar á meðal höfðu rúmlega 1% orðið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar. Það er því ljóst að stundum er um sömu konurnar að ræða þegar verið er að fjalla um konur sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum og konur sem hafa verið beittar ofbeldi ekki í nánu sambandi.

Þegar ofbeldi gegn konum var skoðað eftir tengslum við ofbeldismanninn kom í ljós að algengara var að konur væru beittar líkamlegu ofbeldi af hendi fyrrverandi maka (16%) en núverandi maka (4%) og hlutfallslega fleiri konur voru beittar kynferðislegu ofbeldi (11%) af hendi vina, kunningja, yfirmanni eða vinnufélaga en af fjölskyldumeðlimi öðrum en maka (3,5%). Ölítið hærra hlutfall kvenna var beitt kynferðilegu ofbeldi (8%) en líkamlegu ofbeldi (6%) af ókunnugum.

Niðurstöður sýna að í 84% tilvika átti síðasta ofbeldisatvik í nánu sambandi sér stað á heimili eða við heimili kvennanna, á eða við heimili ofbeldismanns eða á öðru heimili. Ofbeldisverk sem framin voru af öðrum en maka áttu í 46% tilfella sér stað á sömu stöðum. Einnig var algengt að síðasta ofbeldisatvik gegn konum sem framin voru af öðrum en maka ætti sér stað á bar eða dansstað (14,5%), vinnustað (13%) og í 8% tilfella á götu eða í húsasundi.

Hærra hlutfall kvenna í nánu sambandi mat síðasta ofbeldisatvik mjög eða nokkuð alvarlegt (75%) en konur sem voru beittar ofbeldi af öðrum en maka (67%). Heldur fleiri konur sem beittar voru ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka sögðust hafa hlotið yfirborðsskrámur eða skeinur (58%) við síðasta ofbeldisatvik samanborið við 52% kvenna sem beittar voru ofbeldi af öðrum en maka. Hins vegar höfðu 10% kvenna sem beittar voru ofbeldi af hendi maka eða fyrrverandi maka hlotið áverka á höfði eða heila samanborið við 15% kvenna sem beittar voru ofbeldi af einhverjum öðrum. Við samanburð á eðli ofbeldis kom í ljós að algengast var að konur í nánu sambandi (65%) hefðu verið beittar ofbeldi í þá veru að þeim

hafi verið hrint, þrifið í þær, o.s.frv., en umfangsmesta ofbeldið gegn konum ekki í nánu sambandi var kynferðisleg snerting sem olli vanlíðan (54%). Heldur hærra hlutfall kvenna sem áttu ekki í nánu sambandi við ofbeldismanninn (67%) taldi að hann hefði verið undir áhrifum áfengis, lyfja eða hvoru tveggja við síðasta ofbeldisatvik, samanborið við konur sem beittar voru ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka (59%).

Hvert leita konurnar? – skoðað eftir tengslum við ofbeldismanninn

Um 90% kvenna sem voru beittar ofbeldi af öðrum en maka höfðu ekki samband við nein samtök eða stofnanir sem geta aðstoðað konur sem hafa verið beittar ofbeldi (á við um 21% kvenna sem áttu í nánu sambandi við ofbeldismanninn). Konurnar leituðu til vina (55%), náins fjölskyldumeðlims (51%) eða annars fjölskyldumeðlims (15%). Þetta hlutfall er mjög sambærilegt og hjá konum sem beittar voru ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka. Þrátt fyrir að um 30% kvenna hafi metið ofbeldið sem þær voru beittar (bæði í nánu og ekki í nánu sambandi) refsivert voru eingöngu um 13% sem tilkynntu atvikið til lögreglu. Algengasta ástæða þess að atvikið var ekki tilkynnt var að konunum fannst atvikið of smávægilegt (56% ekki í nánu á móti 44% í nánu) og einnig tókst nokkur hópur kvenna sjálfar á við ofbeldið eða með aðstoð vina (15% ekki í nánu á móti 20,5% í nánu). Af þeim sem tilkynntu atvikið til lögreglu voru aðeins um 34% kvenna mjög sáttar með hvernig lögreglan tók á málinu (á bæði við um konur sem beittar voru ofbeldi í nánu og ekki í nánu sambandi).

Samanburður við önnur lönd – ofbeldi ekki í nánu sambandi

Mun færri íslenskar (29%) en danskar konur (37%) höfðu verið beittar ofbeldi af öðrum en maka. Mismunurinn kemur fyrst og fremst fram í líkamlegu ofbeldi en 16% íslenskra kvenna höfðu einhvern tíma á lífsleiðinni verið beittar líkamlegu ofbeldi samanborið við 22% danskra kvenna. Munurinn er minni þegar kemur að kynferðislegu ofbeldi, en 21% íslenskra og 23% danskra kvenna höfðu einhvern tíma verið beittar kynferðislegu ofbeldi af hendi annarra en maka. Hærra hlutfall íslenskra kvenna (19–24%) en danskra (10–11%) hafði verið unnið líkamlegt mein við síðasta ofbeldisatvik, en álíka hátt hlutfall kvenna á Íslandi (8–18%) og í Danmörku (10–18%) hafði tilkynnt atvikið til lögreglu.

Formáli

Rannsókn þessi er þáttur í aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn ofbeldi karla gegn konum. Aðgerðaáætlunin var unnin af samráðsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis,heilbrigðisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlunin var samþykkt í ríkisstjórn í september 2006. Einn liður í aðgerðaáætluninni er rannsókn á ofbeldi karla gegn konum. Félags- og tryggingamálaráðuneytið er ábyrgðaraðili þeirrar rannsóknar.

Rannsóknin skiptist í sex hluta; símakönnun annars vegar og rannsókn hjá félagsþjónustu og barnavernd, grunnskólum, heilbrigðisþjónustu, lögreglu og félagasamtökum hins vegar.

Þessi hluti rannsóknarinnar tekur til símakönnunarinnar. Undirbúningur rannsóknarinnar fór fram í Félags- og tryggingamálaráðuneyti undir stjórn Þorgerðar Benediktsdóttur lögfræðings með ráðgjöf Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotafræðings. Rannsóknin var unnin af Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands.

Þessi skýrsla tekur fyrst og fremst til ofbeldis karla gegn konum í nánum samböndum, en þar er jöfnum höndum um að ræða fjölskyldumál, jafnréttismál og barnverndarmál eftir atvikum. Slíkt ofbeldi er jafnframt lögreglumál, heilbrigðismál og mannréttindamál. Þá veitir

símakönnunin upplýsingar um ofbeldi karla gegn konum almennt, þ.e. án þess að um tengsl milli þeirra sé að ræða. Í skýrslunni hefur áhersla verið lögð á að kynna meginniðurstöður. Gagnasafn símakönnunarinnar er umfangsmikið og gefur tilefni til frekari skoðunar og fræðilegrar umfjöllunar en tök eru á að gera í þessari skýrslu.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið væntir þess að hin viðamikla símakönnun veiti mikilvægar upplýsingar um umfang og eðli ofbeldis karla gegn konum, hvaða úrræði konur sem verða fyrir slíku ofbeldi nota og hvernig þau hafi reynst þeim, svo og upplýsingar um ofbeldismennina. Byggt verður á niðurstöðum rannsóknarinnar í frekari aðgerðum af hálfu stjórnvalda á þessum vettvangi.

Desember 2010,
Félags- og tryggingamálaráðuneytið

1 Inngangur

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) var falið að gera rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum að beiðni Félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Þegar fjallað er um ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum er átt við ofbeldi af hendi eiginmanns, sambýlismanns eða kærasta hér eftir oft nefnt ofbeldi maka. Rannsóknin skiptist í sex hluta; fyrsti hlutinn er símakönnun meðal íslenskra kvenna, hluti 2-6 eru kannanir á viðbrögðum og verklagi á ofbeldi gegn konum hjá félagsþjónustu og barnavernd, grunnskólum, félagssamtökum, heilbrigðisþjónustu og lögreglu.

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum símakönnunarinnar. Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar á eðli, umfangi og afleiðingum líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis sem konur eru beittar af karlmönnum. Í þessari skýrslu er aðaláherslan lögð á að fjalla um ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum. Til fróðleiks eru niðurstöður um ofbeldi sem konur verðar fyrir af hendi núverandi eða fyrrverandi maka bornar saman við niðurstöður um ofbeldi sem konur verða fyrir af hendi annarra karla. Þessi samanburður er fyrst og fremst lýsandi fyrir þær konur sem tóku þátt í rannsókninni, en fara verður varlega í að alhæfa að munur sé á eðli ofbeldis í nánum samböndum og ekki í nánum samböndum þar sem oft á tíðum var um fáa svarendur að ræða.

Niðurstöður byggja á símakönnun þar sem tekið var 3000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá meðal kvenna af öllu landinu á aldrinum 18 til 80 ára. Spurningakönnunin byggir á erlendum spurningalista sem heitir *The International Violence against Women Survey* (IVAWS). Sameinuðu þjóðirnar áttu frumkvæðið að rannsókn á ofbeldi gegn konum og var spurningalistinn þróaður af alþjóðlegum rannsóknarhópi undir forustu HEUNI (Evrópustofnun um afbrotavarnir og eftirlit í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar). Spurningalistinn hefur verið lagður fyrir í 11 löndum: Ástralíu, Danmörku, Kostaríku, Tékklandi, Grikklandi, Hong Kong, Ítalíu, Mósambik, Filippseyjum, Póllandi og Sviss (Johnson, Ollus og Nevala, 2008). Það að alþjóðlegur mælikvarði á ofbeldi var notaður í rannsókninni sem hér er til umfjöllunar gerir kleift að bera tíðni ofbeldis karla gegn konum hér á landi saman við tíðnina í öðrum löndum.

Skýrslunni er skipt upp í sex meginkafla. Í fyrsta kafla er fjallað um fyrri rannsóknir á ofbeldi karla gegn konum á Íslandi. Í öðrum kafla er fjallað um aðferð rannsóknarinnar. Í köflum þrjú til fimm er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar; í kafla þrjú er fjallað almennt um ofbeldi karla gegn konum eins og það birtist í könnuninni, í kafla fjögur er fjallað um niðurstöður um ofbeldi í nánum samböndum og í kafla fimm er fjallað um ofbeldi sem konur verða fyrir af hendi karla sem þær þekkja ekki eða eiga ekki í nánu sambandi við.

Í köflum fjögur og fimm eru niðurstöður íslensku rannsóknarinnar einnig bornar saman við niðurstöður úr sambærilegum rannsóknum í öðrum löndum.

Jóhanna Rósa Arnardóttir hafði umsjón með undirbúningi og framkvæmd rannsóknarinnar fyrir hönd RBF. Hrefna Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri á Félagsvísindastofnun HÍ, vann að framkvæmd könnunarinnar. Höfundur skýrslunnar er Elísabet Karlsdóttir, verkefnisstjóri hjá RBF, og Ásdís A. Arnalds, sérfræðingur RBF. Hluti skýrslunnar var unninn í samstarfi við Chien Tai Shill, aðjúnkt í Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og Heiðu Björk Vigfúsdóttur, fyrrverandi verkefnisstjóra hjá RBF. Hér er um að ræða fyrstu útgáfu skýrslunnar en útdráttur með bráðabirgðaniðurstöðum var kynntur vorið 2009 og höfundar hans voru Jóhanna Rósa Arnardóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Heiða Björk Vigfúsdóttir. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor og formaður stjórnar RBF, leiðbeindi við undirbúning rannsóknarinnar, gagnasöfnun og skýrslufrágang. Einnig komu að rannsókninni; Sigþrúður Gunnarsdóttir og starfsfólk Kvennaathvarfsins, Guðrún Kristinsdóttir, prófessor, Ingólfur V. Gíslason, lektor, Anni G. Haugen, lektor og Sigrún Ingvarsdóttir, félagsráðgjafi. Öllu þessu fólki og öðrum sem komið hafa að rannsókninni eru færðar bestu þakkir. Sérstakar þakkir fá Hildigunnur Ólafsdóttir, afbrotafræðingur og Þorgerður Benediktsdóttir, lögfræðingur, fyrir gott samstarf og gagnlegar ábendingar. Þeim konum sem tóku þátt í könnuninni eru færðar þakkir fyrir mikilsvert framlag til rannsóknarinnar.

2 Aðferð

Í þessum kafla er gerð grein fyrir þeirri aðferð sem rannsóknin byggir á. Gerð er grein fyrir þátttakendum, mælitæki og framkvæmd. Stuðst var við aðferðir alþjóðlegu rannsóknarinnar *The International Violence against Women Survey* (IVAWS).

2.1 Þátttakendur

Tekið var 3000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá meðal kvenna á aldrinum 18–80 ára á öllu landinu. Alls svöruðu 2050 konur og er svarhlutfall því gott, eða 68% (sjá töflu 1). Þess má geta að í sambærilegri könnun í Danmörku var svarhlutfallið 52%. Þegar reiknuð er nettósvörun, þar sem frá upphaflegu úrtaki eru dregnar þær sem voru búsettar erlendis, töluðu ekki íslensku, voru veikar eða látnar er svarhlutfallið í þessari rannsókn 73%.

Tafla 1. Yfirlit yfir svörun í könnuninni

	Fjöldi	Brúttó svarhlutfall	Nettó svarhlutfall
Tók þátt í könnun	2.050	68,3%	73,4%
Neitar að svara	397	13,2%	14,2%
Næst ekki í	345	11,5%	12,4%
Samtals	2.792		100%
Býr erlendis	35	1,2%	
Er erlend, talar ekki íslensku	148	4,9%	
Veik/með þroskahömlun/heyrnarlaus	24	0,8%	
Látin	1	0,0%	
Samtals	3.000	100,0%	

Meðalaldur svarenda var 44 ár. Um 33% svarenda voru á aldrinum 18–34 ára, um 40% voru á aldrinum 35–54 ára og 27% á aldrinum 55–80 ára (sjá töflu 2). Eins og sjá má í töflunni var aldursdreifing í þýði og meðal svarenda borin saman. Samkvæmt niðurstöðum tölfræðiprófsins kí-kvaðrat var ekki marktækur munur á aldursdreifingu svarenda í úrtakinu og í þýði sem bendir til þess að svarendur endurspegli vel konur Íslandi á aldrinum 18–80 ára.

Tafla 2. Aldur svarenda

	Þýði		Svarendur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
18–24 ára	15.657	14,2%	247	12,0%
25–34 ára	22.433	20,4%	420	20,5%
35–44 ára	21.464	19,5%	410	20,0%
45–54 ára	20.645	18,8%	416	20,3%
55–64 ára	15.238	13,9%	298	14,5%
65–80 ára	14.531	13,2%	259	12,6%
Samtals	109.968	100,0%	2.050	100,0%

Þýðistölur byggja á tölum Hagstofu Íslands um mannfjöldi 1. desember 2008.

Svarhlutfall var heldur lægra á höfuðborgarsvæðinu og heldur hærri á Suðurlandi en í öðrum landshlutum. Í öðrum landshlutum var svarhlutfall í samræmi við íbúafjölda. Almennt séð endurspegla því svarendur þýði hvað varðar aldur og búsetu. Sá annmarki er þó á þátttöku í könnuninni að erlendar konur sem ekki töluðu íslensku áttu þess ekki kost að svara listanum, en þær voru 4,9% úrtaksins.

Tafla 3. Búseta svarenda

	Þýði		Svarendur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæðið	70.787	64,4%	1.292	63,0%
Reykjanes	6.879	6,3%	112	5,5%
Vesturland	5.168	4,7%	106	5,2%
Vestfirðir	2.529	2,3%	48	2,3%
Norðurland vestra	2.469	2,2%	53	2,6%
Norðurland eystra	9.950	9,0%	190	9,3%
Austurland	3.517	3,2%	69	3,4%
Suðurland	8.669	7,9%	176	8,6%
Vantar			4	0,2%
Samtals	109.968	100,0%	2.050	100,0%

Þýðistölur byggja á tölum Hagstofu Íslands um mannfjöldi 1. desember 2008.

2.2 Mælitæki

Spurningakönnunin byggir á alþjóðlegum spurningalista sem heitir *The International Violence against Women Survey* (IVAWS). Spurningalistinn var þýddur, lesinn yfir af sérfræðingum og prófaður af spyrlum og starfsfólki Kvennaathvarfsins.

Spurningalistanum er skipt í fimm meginhluta. Í fyrsta hluta er spurt um hjúskaparstöðu og bakgrunn svarenda. Í öðrum hluta er spurt um reynslu svarenda af ofbeldi með 12 spurningum um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Þá er sérstaklega spurt um tengsl við ofbeldismanninn, tíðni ofbeldisins, hvenær það gerðist síðast og hversu oft það gerðist á undangengnum 12 mánuðum. Í þriðja hluta er spurt nánar um síðasta ofbeldisatvik sem svarendur urðu fyrir; hvar það átti sér stað, ástand ofbeldismannsins, alvarleika ofbeldisins, áverka sem þolandi varð fyrir, aðstoð samtaka/stofnana og aðkomu lögreglu að atvikinu. Í fjórða hluta er spurt um bakgrunn núverandi og/eða fyrrverandi maka. Einnig er í þessum hluta spurt um andlegt ofbeldi af hendi núverandi og/eða fyrrverandi maka, en andlegt ofbeldi er skilgreint sem stjórnsemi, yfirgangur og ofríki. Í fimmta og síðasta hluta spurningalistans er svaranda gefinn kostur á að bæta einhverju við. Ef svarandi hafði ekki orðið fyrir neinni tegund þess ofbeldis, sem spurt var um í öðrum hluta könnunarinnar, er hluta þrjú og fjögur sleppt og svaranda gefinn kostur á að svara fimmta hluta listans.

Skilgreining rannsóknarinnar á ofbeldi byggir á svörum við 12 spurningum sem tiltaka í hverju ofbeldið er fólgið (*e. behaviourally – specific questions*). Ofbeldið er skilgreint út frá tilteknum ofbeldisathöfnum, líkamlegum eða kynferðislegum, en ekki út frá huglægri upplifun svarenda á því hvort þeir hafi orðið fyrir ofbeldi eða ekki. Þetta er gert til þess að þátttakendur svari til um samskonar hegðun (hugtakaréttmæti) í stað þess að styðjast við eigin skilgreiningu á ofbeldi. Jafnframt þjónar það þeim tilgangi að vekja minningar þátttakenda á hugsanlega löngu liðnum atburðum. Spurt er um reynslu þátttakenda frá 16 ára aldri. Eftirtaldar 12 spurningar voru notaðar til að skilgreina ofbeldið:

1. Eftir að þú varðst 16 ára, hefur þá einhver karlmaður nokkurn tíma hótað að vinna þér líkamlegt mein þannig að þú varst hrædd?
2. Frá því að þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður nokkurn tíma hent einhverju á eftir þér eða barið þig með einhverju, svo þú meiddist eða varst hrædd?
3. Frá því þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður nokkurn tíma hri nt þér eða þrifið í þig eða snúið upp á handlegginn á þér eða hárreytt þig þannig að þú meiddist eða varst hrædd?
4. Frá því þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður nokkurn tíma slegið þig með flötum lófa, sparkað í þig, bitið þig eða barið þig með krepptum hnefa?
5. Frá því þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður að yfirlögðu ráði reynt að kyrkja þig eða kæfa þig eða reynt að brenna t.d. með því að skvetta á þig heitum vökva?
6. Frá því þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður beitt eða hótað að beita hnífi eða byssu gegn þér?
7. Frá því þú varðst 16 ára, ef þú lítur fram hjá kynferðislegu ofbeldi, hefur þá einhver karlmaður nokkurn tíma beitt þig líkamlegu ofbeldi á einhvern hátt sem ekki er búið að nefna?
8. Frá því að þú varðst 16 ára, hefur karlmaður einhvern tíma þvingað þig til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi?
9. Frá því þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður nokkurn tíma reynt að þvinga þig til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi?
10. Frá því þú varðst 16 ára, hefur nokkur karlmaður einhvern tíma snert þig kynferðislega á þann hátt sem þú vildir ekki, og sem olli þér mikilli vanlíðan?
11. Frá því þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður nokkurn tíma þvingað þig eða reynt að þvinga þig til kynlífs með öðrum, þar með talið til kynlífs gegn greiðslu í peningum eða öðru?

12. Frá því þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður beitt þig kynferðislegu ofbeldi á annan hátt en ég er búin að nefna?

Fyrstu sjö spurningarnar vísa til líkamlegs ofbeldis og næstu fimm spurningar til kynferðislegs ofbeldis. Þar sem það er umdeilanlegt að skilgreina hótun sem líkamlegt mein er það undanskilið í umfjöllun um líkamlegt ofbeldi nema þegar samanburður er gerður við aðrar rannsóknir sem nota hótun í sínum skilgreininum á líkamlegu ofbeldi. Líkamlegt ofbeldi byggist á svörum við spurningum 2–7 hér eftir. Kynferðislegt ofbeldi vísar til spurninga 8–12 héðan í frá. Nauðgun eða tilraun til nauðgunar vísa til spurninga 8 og 9.

Niðurstöður eru birtar í einföldum tíðnitöflum. Vikmörk eru sýnd í nokkrum taflanna og er miðað við 95% öryggismörk. Vikmörkin sýna því á hvaða bili hlutfallið liggur í þýði, miðað við 95% vissu. Í krosstöflum er reiknað kí-kvaðrat marktektarpróf til að greina hvort tölfræðilega marktækur munur væri til staðar milli hlutfalla. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p<0{,}05$). Með öðrum orðum má segja með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu sé einnig til staðar í þýði allra íslenskra kvenna á aldrinum 18 til 80 ára. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p<0{,}01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p<0{,}001$). Í nokkrum töflum er auk þess að finna skammstöfunina *óg* sem táknar að kí-kvaðratpróf hafi verið ógilt vegna of fárra svara á bak við hvern hóp.

2.3 Framkvæmd

Undirbúningur rannsóknarinnar fór fram í Félags- og tryggingamálaráðuneyti með ráðgjöf Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotafræðings. Rannsóknin var unnin af Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands. Gögnum var safnað í gegnum síma dagana 22. september til 7. desember 2008. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands bar ábyrgð á gagnaöflun.

Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar (númer tilkynningar S3992) með tilvísan í lög nr. 77/2000 um persónuupplýsingar og persónuvernd. Bréf var sent til allra í úrtakinu þar sem þátttakendum var tilkynnt að þeir hefðu verið valdir í úrtakið fyrir rannsókn á ofbeldi karla gegn konum, að hringt yrði í þá á næstunni og óskað eftir þátttöku þeirra í rannsókninni. Tekið var fram að þátttakendum bæri ekki skylda til að taka þátt í rannsókninni og að ekki væri unnt að rekja svör til þeirra. Einnig var tekið fram að úrtaksskrá verði eytt þegar gagnahreinsun ljúki. Þegar hringt var í þátttakendur var þeim kynnt rannsóknin og óskað eftir þátttöku þeirra.

Farið var eftir leiðbeiningum frá IVAWS um framkvæmd á gagnaöfluninni. Ef karlmaður svaraði í símann var spurt eftir þátttakandanum með nafni. Ef hún var ekki við var spurt hvenær væri best að ná í hana í síma eða hvort að það væri annað símanúmer sem ætti heldur að hringja í. Ef karlmaðurinn spurði um erindið var sagt að konan væri í úrtaki fyrir rannsókn en ekki var getið um efni rannsóknarinnar. Ef kona svaraði og hikaði eitthvað við þátttöku, eða það heyrðist að fólk væri í kringum hana, var henni boðið að hringt yrði á öðrum tíma sem henni hentaði betur eða í annað símanúmer. Þessar ráðstafanir eru gerðar til að tryggja öryggi kvenna sem taka þátt í rannsókninni og búa við ofbeldi.

Spyrlar könnunarinnar voru allt konur með reynslu af gagnaöflun í spurningakönnunum en auk þess fengu spyrlar sérstaka þjálfun vegna könnunarinnar þar sem um viðkvæmt viðfangsefni var að ræða. Þjálfunin var í höndum sérfræðinga á sviði ofbeldis og ráðgjafar við félagsráðþgjafardeild Háskóla Íslands, sem jafnframt sáu um handleiðslu spyrla á fram-

kvæmdatímanum. Spyrlar höfðu skriflegar upplýsingar um hvert vísa mætti konum á frekari ráðgjöf. Leitast var við að eldri spyrlar hringdu í eldri konur og yngri spyrlar hringdu í yngri konur.

3 Umfang ofbeldis gegn konum

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum könnunarinnar á ofbeldi karla gegn konum. Hér er um að ræða heildaryfirlit óháð tengslum við ofbeldismanninn. Í næsta kafla er fjallað sérstaklega um ofbeldi sem konur verða fyrir af hendi núverandi eða fyrrverandi maka kvennanna (það sem hér er nefnt ofbeldi í nánum samböndum) og að lokum verður fjallað um ofbeldi gegn konum eftir því hver tengslin eru við ofbeldismanninn. Niðurstöðurnar eru settar fram annars vegar út frá því hvort svarandi hafi orðið fyrir ofbeldi einhvern tíma um ævina (frá 16 ára aldri) og hins vegar á síðustu 12 mánuðum áður en könnunin fór fram.

Tafla 4 birtir hlutfall kvenna sem hafa reynslu af ofbeldi, annars vegar einhvern tíma um ævina (frá 16 ára aldri) og hins vegar á síðustu 12 mánuðum. Flestar konurnar eða 21% höfðu orðið fyrir því að að karlmaður hafi hrint þeim, þrifið í þær, snúið upp á handlegg eða hárreytt einhvern tíma frá 16 ára aldri. Um 17% kvennanna segja að karlmaður hafi hótað að vinna þeim líkamlegt mein svo að þær urðu hræddar, frá 16 ára aldri. Þá nefndu um 16% þeirra sem svöruðu að þær hafi verið slegnar með flötum lófa, sparkað í þær, bitið eða barið með krepptum hnefa. Jafnstór hópur (16%) höfðu upplifað það að karlmaður hafi snert þær kynferðislega á þann hátt sem þær vildu ekki og ollu þeim mikilli vanlíðan. Um 13% svarenda höfðu orðið fyrir því að karlmaður hafi hent einhverju á eftir þeim eða barið þær með einhverju svo þær meiddust eða urðu hræddar. Um 9% höfðu orðið fyrir því að karlmaður hafi reynt að þvinga þær til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi og 7% höfðu verið þvingaðar til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi.

Þegar litið er til síðustu 12 mánaða var algengast að konurnar höfðu upplifað það að karlmaður hafi hrint þeim, þrifið í þær, snúið upp á handlegg eða hárreytt (1,5%). Um 1% kvennanna höfðu orðið fyrir því að karlmaður hafi snert þær kynferðislega á þann hátt sem þær vildu ekki og olli þeim mikilli vanlíðan og jafnmörgum hafði verið hótað líkamlegu meini. Þá nefndi um 1% kvennanna að þær hafi verið slegnar með flötum lófa eða álíka aðferðum. Færri nefndu aðrar tegundir ofbeldis.

Tafla 4. Hlutfall kvenna 18–80 ára sem sögðust hafa upplifað ofbeldi einhvern tíma um ævina og á síðustu 12 mánuðum eftir því hvers eðlis ofbeldið var. Hlutfall sem svara

	Frá 16 ára aldri		**Síðustu 12 mánuði**	
	%	Vikmörk	%	Vikmörk
Hótun um líkamlegt mein	16,5%	+/-1,6%	1,0%	+/-0,4%
Einhverju hent á eftir viðkomandi eða barið með einhverju	12,7%	+/-1,4%	0,6%	+/-0,3%
Hrint þrifið í snúið upp á handlegg eða hárreytt	21,0%	+/-1,8%	1,5%	+/-0,5%
Slegið með flötum lófa sparkað bitið barið með kr. hnefa	15,9%	+/-1,6%	0,8%	+/-0,4%
Reynt að kyrkja kæfa eða brenna	3,3%	+/-0,8%	0,1%	+/-0,1%
Hnífi eða byssu beitt eða hótað að beita	3,1%	+/-0,8%	0,2%	+/-0,2%
Annað líkamlegt ofbeldi þó ekki kynferðislegt	2,8%	+/-0,7%	0,0%	+/-0,0%

	Frá 16 ára aldri		Síðustu 12 mánuði	
	%	Vikmörk	%	Vikmörk
Þvingun til samfara með ofbeldi eða hótun	7,0%	+/-1,1%	0,1%	+/-0,1%
Tilraun til samfara með ofbeldi eða hótun	8,5%	+/-1,2%	0,3%	+/-0,2%
Kynferðisleg snerting sem olli vanlíðan	15,5%	+/-1,6%	0,9%	+/-0,4%
Þvingað eða reynt að þvinga til kynlífs með öðrum	4,2%	+/-0,9%	0,2%	+/-0,2%
Annað kynferðislegt ofbeldi	2,4%	+/-0,7%	0,1%	+/-0,1%

Í töflu 5 eru ofbeldisatvikin tekin saman og skipt niður í flokka. Þar má sjá að 42% svarenda höfðu frá 16 ára aldri verið beittar að minnsta kosti einu af þeim 12 mismunandi birtingarmyndum ofbeldis sem spurt var um í könnuninni. Þetta þýðir að 58% svarenda höfðu ekki verið beittar ofbeldi. Um 4% höfðu upplifað að minnsta kosti eitt atvik á 12 mánaða tímabili.

Um 30% kvennanna höfðu upplifað líkamlegt ofbeldi, þ.e. einhvern tíma frá 16 ára aldri verið beittar a.m.k. einni tegund þess ofbeldis sem spurt var um í spurningum 2–7 og um 2% höfðu verið beittar þess háttar ofbeldi á undangengnum 12 mánuðum. Undir skilgreininguna á líkamlegu ofbeldi fellur því m.a. að karlmaður hafi hent einhverju á eftir konunni eða barið hana með einhverju; henni verið hrint, þrifið í hana, snúið upp á handlegg hennar eða verið hárreytt; konan verið slegin með flötum lófa, sparkað í hana, bitin eða barin með krepptum hnefa; að karlmaður hafi að yfirlögðu ráði reynt að kyrkja hana, kæfa hana o.s.frv.eða að karlmaður hafi beitt eða hótað að beita hnífi eða byssu gegn svaranda.

Einn flokkurinn í töflu 5 inniheldur atvik sem flokkast sem kynferðislegt ofbeldi (spurningar 8–12). Í þessari skilgreiningu er m.a. að karlmaður hafi þvingað konuna til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi; að karlmaður hafi gert tilraun til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi; að karlmaður hafi snert konuna kynferðislega á þann hátt sem hún vildi ekki og sem olli henni mikilli vanlíðan og að karlmaður hafi þvingað konuna eða reynt að þvinga hana til kynlífs með öðrum. Um 24% svarenda höfðu upplifað a.m.k. eitt af þessum atvikum frá 16 ára aldri og tæplega 2% á síðustu 12 mánuðum.

Tafla 5. Hlutfall kvenna á aldrinum 18-80 ára sem hafa orðið fyrir ofbeldi einhvern tíma um ævina og á síðustu 12 mánuðum, greint niður í fimm flokka ofbeldis

	Frá 16 ára aldri		Síðustu 12 mánuði	
	%	Vikmörk	%	Vikmörk
Allt ofbeldi, kynferðislegt og líkamlegt (sp. 1-12)	42,2%	+/-2,1%	3,7%	+/-0,8%
Allt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-12)	40,2%	+/-2,1%	3,2%	+/-0,8%
Líkamlegt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-7)	29,8%	+/-2,0%	2,1%	+/-0,6%
Kynferðislegt ofbeldi (sp. 8-12)	24,2%	+/-1,9%	1,6%	+/-0,5%
Nauðgun eða tilraun til nauðgunar (sp. 8 og 9)	13,2%	+/-1,5%	0,4%	+/-0,3%

Eins og sjá mátti í töflu 5 höfðu 42% (±2,1%) kvenna orðið fyrir ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri. Þetta jafngildir því að 44.097–48.716 konur á landsvísu hafi orðið fyrir ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri. Þá er skiptingin sú að ætla má að á bilinu 30.571–34.970

kvenna hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi en á bilinu 24.523–28.701 kvenna hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi (tafla 6).

Tafla 6. Fjöldi kvenna á aldrinum 18–80 sem hafa orðið fyrir ofbeldi yfirfærður á þýði kvenna í landinu

	Fjöldi í þýði með 95% vissu	
	Frá 16 ára aldri	Síðustu 12 mánuði
Allt ofbeldi, kynferðislegt og líkamlegt (sp. 1-12)	44.097 - 48.716	3.189 - 4.949
Allt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-12)	41.898 - 46.516	2.639 - 4.399
Líkamlegt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-7)	30.571 - 34.970	1.650 - 2.969
Kynferðislegt ofbeldi (sp. 8-12)	24.523 - 28.701	1.210 - 2.309
Nauðgun eða tilraun til nauðgunar (sp. 8 og 9)	12.866 - 16.165	110 - 770

Konurnar voru spurðar að því hve langt var liðið frá því atvikið átti sér stað (sjá töflu 7). Um 3% kvenna höfðu orðið fyrir ofbeldi á síðustu 12 mánuðum. Um 11% sögðu að atburðurinn hefði gerst fyrir 1–5 árum og um 5% sögðu að atburðurinn hefði gerst fyrir 6–10 árum. Um 14% höfðu orðið fórnarlömb ofbeldis fyrir 11–20 árum og 15% máttu þola ofbeldi fyrir meira en 20 árum síðan.

Tafla 7. Hlutfall svarenda sem hafa orðið fyrir ofbeldi eftir því hvenær síðasti atburður átti sér stað

	Á síðustu 12 mán.	Fyrir 1 til 5 árum	Fyrir 6 til 10 árum	Fyrir 11 til 20 árum	Fyrir meira en 20 árum
Allt ofbeldi, ekki hótun	3,2%	10,9%	4,7%	13,6%	15,1%
Líkamlegt ofbeldi	2,1%	7,8%	6,1%	8,7%	9,3%
Kynferðislegt ofbeldi	1,6%	5,5%	4,2%	6,9%	9,5%

4 Ofbeldi karla gegn konum í nánu sambandi

Í þessum kafla er greint frá eðli, umfangi og afleiðingum líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis sem konur eru beittar af karlmönnum sem þær eru í nánu sambandi við. Með nánum samböndum er átt við að ofbeldismaðurinn sé skilgreindur af svaranda sem núverandi eiginmaður, sambýlismaður eða kærasti, fyrrverandi eiginmaður, sambýlismaður eða kærasti[2].

Í fyrsta hluta er greint frá reynslu af ofbeldi yfir æviskeiðið og á undangengnum 12 mánuðum. Í öðrum hluta er greint frá síðasta ofbeldisatviki sem konan varð fyrir, í þriðja hluta koma fram bakgrunnsupplýsingar um konuna sem fyrir ofbeldinu varð, í fjórða hluta er greint frá bakgrunnsupplýsingum um ofbeldismanninn og að lokum eru niðurstöðurnar skoðaðar í samanburði við alþjóðlegar IVAWS niðurstöður í fimmta hluta.

[2] Hér eftir nefnt fyrrverandi og núverandi maki, eða hugtakið ofbeldi í nánum samböndum.

4.1 Umfang ofbeldis gegn konum í nánu sambandi

Í þessum hluta er greint frá umfangi ofbeldis í nánum samböndum gegn konum sem svöruðu könnuninni, annars vegar yfir æviskeið, frá 16 ára aldri (algengi) og hins vegar á síðustu 12 mánuðum fyrir könnunina (nýgengi).

Í töflu 8 má sjá hversu margir svarendur höfðu orðið fyrir einhvers konar ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka ásamt upplýsingum um umreiknaðan fjölda kvenna í samfélaginu. Miðað við þær niðurstöður sem hér eru settar fram má áætla með 95% vissu að milli 22.600–26.700 konur á Íslandi hafi verið beittar ofbeldi í nánu sambandi einhvern tíma á ævinni. Um það bil 20.000 (19.794–21.533) konur voru beittar líkamlegu ofbeldi og milli 5.608–7.808 kynferðislegu ofbeldi.

Tafla 8. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi – flokkað

	Frá 16 ára aldri		Síðustu 12 mánuði		Fjöldi í þýði með 95% vissu	
	%	Vikmörk	%	Vikmörk	Frá 16 ára aldri	Síðustu 12 mánuði
Allt ofbeldi, kynferðislegt og/eða líkamlegt (sp. 1-12)	22,4%	+/-1,8%	1,6%	+/-0,5%	22653 - 26612	1210 - 2309
Allt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-12)	21,4%	+/-1,8%	1,3%	+/-0,5%	21554 - 25513	880 - 1979
Líkamlegt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-7)	19,7%	+/-1,7%	1,2%	+/-0,5%	19794 - 21533	770 - 1869
Kynferðislegt ofbeldi (sp. 8-12)	6,1%	+/-1,0%	0,1%	+/-0,1%	5608 - 7808	0 - 220
Nauðgun eða tilraun til nauðgunar (sp. 8 og 9)	4,6%	+/-0,9%	0,0%	+/-0,0%	4069 - 6048	-

Tafla 9 sýnir hlutfall kvenna á aldrinum 18–80 ára sem höfðu orðið fyrir ofbeldi eftir 16 ára aldur af hendi núverandi maka annars vegar og fyrrverandi maka hins vegar. Þar má sjá að flestar konur höfðu orðið fyrir ofbeldi af hendi fyrrverandi maka sem bendir til þess að konur slíti ofbeldissamböndum. Tæplega 17% kvennanna urðu fyrir líkamlegu ofbeldi af hendi fyrrverandi maka en 4% urðu fyrir kynferðislegu ofbeldi. Um 4% kvenna sögðust hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hendi núverandi maka og minna en 1% fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Tafla 9. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir tengslum við ofbeldismanninn

	Allt ofbeldi, hótun meðtalin	Allt ofbeldi, ekki hótun	Líkamlegt ofbeldi	Kynferðislegt ofbeldi	Nauðgun eða tilraun til nauðgunar
Núverandi maki	4,5%	4,3%	3,9%	0,6%	0,5%
Fyrrverandi maki	18,7%	17,8%	16,3%	5,6%	4,2%

Í töflu 10 má sjá að flestar kvennanna greina frá ofbeldi sem þær voru beittar fyrir mörgum árum.

Tafla 10. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir því hvenær obeldið átti sér stað

	Á síðustu 12 mán.	Fyrir 1 til 5 árum	Fyrir 6 til 10 árum	Fyrir 11 til 20 árum	Fyrir meira en 20 árum
Allt ofbeldi, ekki hótun	1,3%	5,5%	4,7%	6,7%	6,5%
Líkamlegt ofbeldi	1,2%	5,2%	4,0%	5,8%	5,7%
Kynferðislegt ofbeldi	0,1%	1,3%	1,4%	2,0%	1,8%

Í töflu 11 kemur fram á hvaða tímapunkti í sambandinu ofbeldið átti sér stað. Þær konur sem voru beittar ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka urðu helst fyrir því meðan á sambandinu stóð. Líkamlegt ofbeldi átti sér stað á meðan á sambandinu stóð hjá um 14% svarenda, en eftir að því lauk hjá um rúmlega 2% kvennanna og um 2% kvennanna kváðust bæði hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi á meðan á sambandinu stóð og eftir að því lauk.

Kynferðislegt ofbeldi átti sér nær eingöngu stað meðan á sambandinu stóð hjá um 5% kvenna, eftir að því lauk hjá 0,6% kvenna og 0,3% kvenna urðu fyrir kynferðislegu ofbeldi bæði á meðan á sambandinu stóð og eftir að því lauk. Af þessu má ráða að í flestum tilfellum lýkur ofbeldinu við sambandsslit. Þó eru nokkrar konur sem bæði hafa verið beittar ofbeldi meðan á sambandinu stóð og einnig eftir að því lauk. Þetta er í samræmi við þekkingu á því að ofbeldi getur oft magnast upp í kringum skilnaði og sambandsslit.

Tafla 11. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir því hvenær ofbeldið átti sér stað í sambandinu

	Á meðan sambandi stóð	Eftir að sambandi lauk	Hvoru tveggja
Allt ofbeldi, ekki hótun	16,0%	2,6%	2,2%
Líkamlegt ofbeldi	13,9%	2,2%	2,1%
Kynferðislegt ofbeldi	4,9%	0,6%	0,3%

Konurnar voru einnig spurðar um tíðni ofbeldisatvika í nánu sambandi og eins og má sjá á töflu 12 var algengast að ofbeldið hafi átt sér stað að minnsta kosti einu sinni, en tæp 18% kvennanna sögðu líkamlegu ofbeldi þannig háttað, og rúm 4% sögðu þetta eiga við um kynferðislegt ofbeldi. Mun færri konur greindu frá því að ofbeldið ætti sér stað svo oft sem 1–3 sinnum í mánuði, 1–3 í viku eða nær daglega.

Tafla 12. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi, eftir því hversu reglulega ofbeldi var beitt

	Að minnsta kosti einu sinni	1 - 3 sinnum í mánuði	1 - 3 sinnum í viku	Daglega eða næstum daglega
Allt ofbeldi, ekki hótun	18,8%	3,8%	1,4%	0,1%
Líkamlegt ofbeldi	17,3%	3,1%	1,1%	0,1%
Kynferðislegt ofbeldi	4,1%	1,2%	0,3%	0,0%

4.2 Staða kvennanna

Í þessum hluta er dregin upp mynd af stöðu kvennanna sem sögðust hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum. Kannað var hvort tölfræðilega marktækur munur væri á félagslegri stöðu þessara kvenna og þeirra sem sögðust ekki hafa verið beittar ofbeldi. Greint var eftir búsetu, aldri, menntun, launuðu starfi, launatekjum, heimilistekjum og áfengis- og vímuefnaneyslu. Greiningarnar eiga annars vegar við um ofbeldi sem konurnar urðu fyrir frá 16 ára aldri og hins vegar um tíðni ofbeldis á síðastliðnum 12 mánuðum áður en könnunin var framkvæmd.

Í töflu 13 er birt hlutfall 18–80 ára kvenna í hverjum landshluta sem hefur orðið fyrir ofbeldi eftir 16 ára aldur í nánu sambandi. Lítill munur var á tíðni ofbeldis eftir landshlutum en Reykjanes sker sig þó úr með hæstu ofbeldistíðnina hvort sem konur hafa orðið fyrir því á æviskeiðinu eða á síðustu 12 mánuðum. Næsthæst er tíðni ofbeldis á höfuðborgarsvæðinu, á Norðurlandi eystra og Austurlandi. en Vestfirðir er sá landshluti þar sem ofbeldið er lægst. Munur á tíðni ofbeldis frá 16 ára aldri eftir búsetu var þó ekki tölfræðilega marktækur.

Sé litið til tíðni ofbeldis síðastliðna 12 mánuði eftir búsetu urðu tæplega 4% kvenna á Reykjanesi fyrir einhverri tegund ofbeldis, innan við 2% kvenna á Norðurlandi eystra og rúmlega 1% kvenna á höfuðborgarsvæðinu. Ekki var unnt að reikna út marktækniþróf vegna smæðar gagnasafnsins.

Tafla 13. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir búsetu.

	Höfuðborgarsvæðið (N=1292)		Reykjanes (N=112)		Vesturland (N=106)		Vestfirðir og Norðurland vestra (N=101)		Norðurland eystra og Austurland (N=259)		Suðurland (N=176)	
	%	*n*	%	*n*	%	*n*	%	*n*	%	*n*	%	*n*
Allt ofbeldi												
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	21,9%	*282*	23,2%	*26*	19,8%	*21*	12,0%	*12*	22,9%	*59*	21,1%	*35*
Síðustu 12 mánuði [óg]	1,2%	*16*	3,6%	*4*	0,0%	*0*	0,0%	*0*	1,9%	*5*	0,6%	*1*
Líkamlegt ofbeldi												
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	20,2%	*260*	22,3%	*25*	17,0%	*18*	10,0%	*10*	20,9%	*54*	19,5%	*34*
Síðustu 12 mánuði [óg]	1,2%	*15*	3,6%	*4*	0,0%	*0*	0,0%	*0*	1,6%	*4*	0,6%	*1*
Kynferðislegt ofbeldi												
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	6,3%	*81*	6,3%	*7*	5,7%	*6*	4,0%	*4*	6,6%	*17*	5,2%	*9*
Síðustu 12 mánuði [óg]	0,2%	*2*	0,0%	*0*	0,0%	*0*	0,0%	*0*	0,4%	*1*	0,0%	*0*

**p* <0,05; ***p* <0,01; ****p* <0,001; [óg] Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Í töflu 14 sést hlutfall kvenna sem hefur orðið fyrir ofbeldi eftir aldri kvennanna. Það reyndist vera marktækur munur á ofbeldi eftir aldri kvennanna. Þannig höfðu um 24% kvennanna á aldrinum 25–64 ára orðið fyrir ofbeldi. Þetta er líka sá aldurshópur þar sem flestar kvennanna eru í hjúskap eða sambúð. Færri konur eða rúmlega 17% kvenna á aldrinum 18–24 ára og tæplega 11% kvenna á aldrinum 65–80 ára höfðu orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi einhvern tíma á lífsleiðinni. Þar sem eldri konurnar eru að líta til baka um lengri tíma en þær yngstu má vera að þær muni ekki eftir, geri lítið úr eða greini ekki frá öllu ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir. Einnig er hugsanlegt að um kynslóðamun sé að ræða og að þær hafi síður orðið fyrir ofbeldi en yngri konurnar.

Þegar ofbeldi á undangengnum 12 mánuðum var greint eftir aldri kom í ljós að 1,7% kvenna á aldrinum 25–44 ára, 0,4% kvenna á aldrinum 45–64 ára og 0,4% kvenna á aldrinum 65–80 ára höfðu orðið fyrir ofbeldi af hendi maka eða kærasta. Ekki var unnt að reikna marktektarpróf vegna smæðar hópsins.

Tafla 14. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir aldri.

	18-24 ára (N=247)		25-44 ára (N=826)		45-64 ára (N=711)		65-80 ára (N=257)	
	%	*n*	%	*n*	%	*n*	%	*n*
Allt ofbeldi								
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	17,4%	*43*	23,8%	*197*	23,8%	*169*	10,9%	*28*
Síðustu 12 mánuði [óg]	3,6%	*9*	1,7%	*14*	0,4%	*3*	0,4%	*1*
Líkamlegt ofbeldi								
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	16,6%	*41*	21,9%	*181*	21,9%	*156*	9,7%	*25*
Síðustu 12 mánuði [óg]	3,6%	*9*	1,6%	*13*	0,3%	*2*	0,4%	*1*
Kynferðislegt ofbeldi								
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	2,0%	*5*	7,4%	*61*	7,5%	*53*	2,3%	*6*
Síðustu 12 mánuði [óg]	0,0%	*0*	0,2%	*2*	0,1%	*1*	0,0%	*0*

*p <0,05; **p <0,01; ***p <0,001; [óg] Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Í töflu 15 er greint frá hlutfalli kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir núverandi hjúskaparstöðu kvennanna. Marktækur munur reyndist á hlutfalli kvenna sem hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi yfir æviskeiðið eftir hjúskaparstöðu kvennanna. Hlutfallslega fleiri fráskildar en giftar konur og konur sem aldei hafa gifst greindu frá því að þær hefðu verið beittar ofbeldi einhvern tíma frá því þær voru 16 ára. Um 17% kvenna sem voru giftar þegar rannsóknin fór fram höfðu orðið fyrir ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka á æviskeiðinu. Af konum sem voru fráskildar þegar rannsóknin fór fram höfðu nærri 52% orðið fyrir ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka á æviskeiðinu. Um 18% þeirra sem hvorki voru giftar né fráskildar höfðu orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi frá 16 ára aldri. Í þessum tölum kemur þó ekki fram hvort þær urðu fyrir ofbeldi í núverandi sambandi. Eins og áður hefur komið fram er líklegt að fleiri í hópi fráskildra kvenna greini frá ofbeldi þar sem ofbeldið hefur einmitt verið ein ástæðan fyrir skilnaði eða sambúðarslitum.

Sé litið til síðustu 12 mánaða má sjá að fráskildar konur voru stærsti hópur kvenna sem höfðu verið beittar ofbeldi (2,5%). Einungis mjög lítill hluti giftra kvenna (0,4%) höfðu verið beittar ofbeldi á síðustu 12 mánuðum, en rúmlega 2% kvenna sem aldrei hafa gifst höfðu verið beittar ofbeldi í nánu sambandi.

Tafla 15. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir hjúskaparstöðu.

	Gift (N=988)		Fráskilin (N=241)		Hvorki gift né fráskilin (N=811)	
	%	*n*	%	*n*	%	*n*
Allt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	16,8%	*166*	51,7%	*125*	18,0%	*146*
Síðustu 12 mánuði**	0,4%	*4*	2,5%	*6*	2,1%	*17*
Líkamlegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	15,7%	*155*	48,1%	*116*	16,3%	*132*
Síðustu 12 mánuði**	0,3%	*3*	2,5%	*6*	2,0%	*16*
Kynferðislegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	4,2%	*41*	17,8%	*43*	5,1%	*41*
Síðustu 12 mánuði [óg]	0,1%	*1*	0,0%	*0*	0,2%	*2*

*p <0,05; **p <0,01; ***p <0,001; [óg] Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 16 sýnir hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir hæsta menntunarstigi sem konurnar höfðu lokið. Ekki reyndist marktækur munur á ofbeldi í heild og líkamlegu ofbeldi eftir menntunarstigi en hlutfallslega færri konur með háskólapróf (4%) höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi en konur með grunn- eða framhaldsskólapróf (7%). Ekki er ljóst hvað skýrir þennan mun.

Tafla 16. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir menntun.

	Grunnskólapróf (N=695)		Framhaldsskólapróf (N=648)		Háskólapróf (N=617)	
	%	*n*	%	*n*	%	*n*
Allt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	22,1%	*154*	22,4%	*145*	20,1%	*124*
Síðustu 12 mánuði	1,4%	*10*	1,9%	*12*	0,6%	*4*
Líkamlegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	20,0%	*139*	21,1%	*137*	18,5%	*114*
Síðustu 12 mánuði	1,4%	*10*	1,5%	*10*	0,6%	*4*
Kynferðislegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri*	7,4%	*51*	6,9%	*45*	3,9%	*24*
Síðustu 12 mánuði [óg]	0,0%	*0*	0,5%	*3*	0,0%	*0*

*p <0,05; **p <0,01; ***p <0,001; [óg] Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Í töflu 17 má sjá hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir atvinnuþátttöku þeirra. Ekki reyndist marktækur á því hvort konur höfðu orðið fórnarlömb ofbeldis eftir atvinnustöðu þeirra.

Tafla 17. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir atvinnuþátttöku.

	Í launuðu starfi á heimilinu eða utan heimilis (N=1504)		Ekki í launuðu starfi (N=531)	
	%	*n*	%	*n*
Allt ofbeldi				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	21,8%	*329*	20,1%	*107*
Síðustu 12 mánuði	1,4%	*21*	1,1%	*6*
Líkamlegt ofbeldi				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	20,3%	*305*	18,3%	*97*
Síðustu 12 mánuði	1,3%	*20*	0,9%	*5*
Kynferðislegt ofbeldi				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	6,3%	*94*	5,8%	*31*
Síðustu 12 mánuði [óg]	0,1%	*2*	0,2%	*1*

**p* <0,05; ***p* <0,01; ****p* <0,001; [óg] Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Marktækt fleiri konur sem voru með tekjur undir 250 þúsund (2,1%) höfðu orðið fyrir ofbeldi á síðustu 12 mánuðum en tekjuhærri konur (0–1%) (tafla 18).

Tafla 18. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðasta ári greint eftir tekjum kvennanna.

	Undir 250 þús. (N=926)		250 - 399 þús. (N=616)		400 þús. eða hærri (N=252)	
	%	*n*	%	*n*	%	*n*
Allt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	22,3%	*206*	23,1%	*142*	23,4%	*59*
Síðustu 12 mánuði*	2,1%	*19*	1,0%	*6*	0,0%	*0*
Líkamlegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	20,2%	*187*	21,6%	*133*	21,0%	*53*
Síðustu 12 mánuði	1,8%	*17*	1,0%	*6*	0,0%	*0*
Kynferðislegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	7,9%	*73*	5,9%	*36*	4,8%	*12*
Síðustu 12 mánuði [óg]	0,3%	*3*	0,0%	*0*	0,0%	*0*

**p* <0,05; ***p* <0,01; ****p* <0,001; [óg] Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Konur með lægri laun kunna að vera háðari maka sínum fjárhagslega og því erfiðara að verjast ofbeldinu eða slíta sambandinu.

Konurnar voru einnig spurðir um tekjur heimilisins. Marktækur munur reyndist á tíðni alls ofbeldis og líkamlegs ofbeldis eftir heimilistekjum. Hærra hlutfall kvenna þar sem heimilistekjur eru undir 250.000 höfðu orðið fyrir ofbeldi en þar sem heimilistekjur eru hærri. Hlutfall kvenna sem hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi síðastliðið ár er einnig hæst þar sem heimilistekjur eru lægstar. (tafla 19).

Tafla 19. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðasta ári greint eftir heimilistekjum.

	Undir 250 þús. (N=266)		250-399 þús. (N=397)		400-599 þús. (N=406)		600-799 þús. (N=289)		800 þús. eða hærri (N=266)	
	%	*n*	%	*n*	%	*n*	%	*n*	%	*n*
Allt ofbeldi										
Einhvern tíma frá 16 ára aldri**	30,5%	*81*	25,9%	*103*	23,2%	*94*	17,3%	*50*	18,0%	*48*
Síðustu 12 mánuði [óg]	3,4%	*9*	1,3%	*5*	1,2%	*5*	0,3%	*1*	0,4%	*1*
Líkamlegt ofbeldi										
Einhvern tíma frá 16 ára aldri**	26,3%	*70*	24,2%	*96*	21,4%	*87*	16,6%	*48*	15,8%	*42*
Síðustu 12 mánuði [óg]	3,4%	*9*	1,0%	*4*	1,2%	*5*	0,3%	*1*	0,4%	*1*
Kynferðislegt ofbeldi										
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	13,2%	*35*	8,1%	*32*	6,9%	*28*	3,1%	*9*	3,0%	*8*
Síðustu 12 mánuði [óg]	0,4%	*1*	0,3%	*1*	0,0%	*0*	0,0%	*0*	0,0%	*0*

*p <0,05; **p <0,01; ***p <0,001; [óg] Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Hér má velta fyrir sér hvort konur frá tekjulægri heimilum eigi erfiðara með að slíta sambandi og standa á eigin fótum fjárhagslega en tekjuhærri konurnar.

4.3 Síðasta ofbeldisatvik

Í könnuninni voru konurnar spurðar ýmissa spurninga sem tengjast síðasta ofbeldisatviki sem þær urðu fyrir. Þetta gefur mynd af því hvernig ofbeldið birtist í nánum samböndum. Í þessum hluta verður m.a. skoðað hvar síðasta ofbeldisatvik átti sér stað, hvaða áverka viðkomandi hlaut við atvikið, alvarleika þess og hvort þær hafi verið ófrískar við síðasta ofbeldisatvik.

Í töflu 20 kemur fram hvar síðasta ofbeldisatvik átti sér stað. Langflestar kvennanna, eða 68%, sögðu að síðasta ofbeldisatvik hefði gerst á heimili sínu eða út í garði við heimili sitt. Um 10% svarenda sögðu síðasta ofbeldisatvik hafa átt sér stað á heimili mannsins eða úti í garði við heimili hans og 6,5% svarenda sögðu á heimili annars eða í garði. Um 4% svarenda sögðu að síðasta ofbeldisatvik hefði gerst á bar/dansstað og rúmlega 2% að það hafi átt sér stað á götu eða í húsasundi. Samkvæmt þessu má áætla að heimilið og nærumhverfi sé sá staður sem konur eru í mestri hættu á að vera beittar ofbeldi sem er eðlilegt þar sem heimilið er sá staður þar sem fólk ver tíma sínum.

Tafla 20. Hvar síðasta ofbeldisatvik í nánu sambandi átti sér stað. Hlutfall sem svara

	Fjöldi svara	Hlutfall
Á heimili konunnar eða úti í garði við heimili hennar	299	67,8%
Heimili hans eða úti í garði við heimili hans	44	10,0%
Heimili annars eða garði	26	5,9%
Á götu, í húsasundi	10	2,3%
Í bíl/á bílastæði	12	2,7%
Á vinnustað	6	1,4%
Á bar, dansstað	17	3,9%
Á fáförnu svæði, útivistarsvæði, garði, tjaldstæði	6	1,4%
Í opinberri byggingu	1	0,2%
Skóla, háskóla, stúdentagarði	3	0,7%
Á hóteli eða í sumarbústað	6	1,4%
Annars staðar	11	2,5%
Alls	441	100%

Konurnar voru spurðar um alvarleika síðasta ofbeldisatviks (tafla 21). Um það bil 75% sögðu ofbeldið hafa verið mjög eða nokkuð alvarlegt.

Tafla 21. Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks að mati konunnar

	Fjöldi svara	Hlutfall
Mjög alvarlegt	167	38,3%
Nokkuð alvarlegt	164	37,6%
Ekki sérstaklega alvarlegt	105	24,1%
Alls	436	100%

Ofbeldi í nánum samböndum er mismunandi. Í töflu 22 hefur alvarleiki síðasta ofbeldisatviks verið greindur eftir því hvers konar ofbeldi er um að ræða.

Tafla 22. Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks að mati konunnar greindur eftir hvers konar ofbeldi var um að ræða

	Mjög alvarlegt	Nokkuð alvarlegt	Ekki sérstaklega alvarlegt	Alls	Fjöldi
Hótun um líkamlegt mein	56,9%	34,0%	9,0%	100%	144
Einhverju hent á eftir viðkomandi eða barið með einhverju	43,5%	44,6%	12,0%	100%	92
Hrint, þrifið í, snúið upp á handlegg eða hárreytt	44,0%	34,2%	21,8%	100%	257
Slegið með flötum lófa, sparkað, bitið, barið með krepptum hnefa	48,7%	34,6%	16,7%	100%	156
Reynt að kyrkja, kæfa eða brenna	79,5%	20,5%	0,0%	100%	39
Hnífi eða byssu beitt eða hótað að beita	69,6%	26,1%	4,3%	100%	23
Annað líkamlegt ofbeldi, þó ekki kynferðislegt	58,5%	32,1%	9,4%	100%	53
Þvingun til samfara með ofbeldi eða hótun	59,4%	32,8%	7,8%	100%	64
Tilraun til samfara með ofbeldi eða hótun	46,4%	36,2%	17,4%	100%	69
Kynferðisleg snerting sem olli vanlíðan	48,5%	36,6%	14,9%	100%	101
Þvingað eða reynt að þvinga til kynlífs með öðrum	16,7%	83,3%	0,0%	100%	6
Annað kynferðislegt ofbeldi	44,4%	33,3%	22,2%	100%	9

Tafla 23 sýnir hvers konar áverkar hlutust af síðasta ofbeldisatviki. Rúmlega 58% sögðust hafa hlotið yfirborðsskrámur/skeinur, um 36% mar, tæplega 12% áverka á höfði eða heila og tæplega 11% skurðsár/brunasár og rúmlega 10% sögðust hafa beinbrotnað/nefbrotnað við síðasta ofbeldisatvik.

Tafla 23. Áverkar við síðasta ofbeldisatvik

	Fjöldi svara	Hlutfall
Yfirborðsskrámur/skeinur	102	58,3%
Skurðsár/brunasár/o.s.frv.	19	10,9%
Brákaðist	10	5,7%
Áverkar á höfði eða heila	17	9,7%
Beinbrot, nefbrot	20	11,4%
Innvortis meiðsl	4	2,3%
Missti fóstur	1	0,6%
Mar	63	36,0%
Annað	16	9,1%
Alls	252	144,0%[i]

[i] Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Um 5% kvenna sem höfðu verið beittar ofbeldi í nánu sambandi áttu von á barni þegar síðasta ofbeldisatvik átti sér stað (tafla 24). Vert er að benda á þá staðreynd að í könnuninni voru konurnar einungis spurðar að því hvort þær hefðu verið ófrískar þegar síðasta ofbeldisatvik átti sér stað. Ekki kemur fram hvort konurnar voru ófrískar þegar um önnur tilvik var að ræða.

Tafla 24. Hlutfall kvenna sem voru ófrískar þegar atvikið átti sér stað

	Fjöldi svara	Hlutfall
Var ófrísk	21	4,8%
Var ekki ófrísk	418	95,2%
Alls	439	100%

Í töflu 25 kemur fram að flestar konurnar sem voru ófrískar þegar síðasta ofbeldisatvik átti sér stað nefndu líkamlegt ofbeldi, oftast að þeim hafi verið hrint, snúið upp á handlegg þeirra eða þær hárreyttar. Næst algengast var að þær hafi verið slegnar með flötum lófa, sparkað í þær eða þær barðar eða bitnar. Þá nefna nokkrar einnig kynferðislega snertingu sem olli þeim vanlíðan eða að þær hafi verið þvingaðar til samfara.

Tafla 25. Tegund ofbeldis sem konur sem voru ófrískar við síðasta ofbeldisatvik urðu fyrir

	Fjöldi svara	Hlutfall
Hótun um líkamlegt mein	7	35,0%
Einhverju hent á eftir viðkomandi eða barið með einhverju	6	30,0%
Hrint, þrifið í, snúið upp á handlegg eða hárreytt	13	65,0%
Slegið með flötum lófa, sparkað, bitið, barið með kr. hnefa	11	55,0%
Reynt að kyrkja, kæfa eða brenna	3	15,0%
Hnífi eða byssu beitt eða hótað að beita	1	5,0%
Annað líkamlegt ofbeldi, þó ekki kynferðislegt	4	20,0%
Þvingun til samfara með ofbeldi eða hótun	3	15,0%
Tilraun til samfara með ofbeldi eða hótun	5	25,0%
Kynferðisleg snerting sem olli vanlíðan	6	30,0%
Þvingað eða reynt að þvinga til kynlífs með öðrum	0	0,0%
Annað kynferðislegt ofbeldi	0	0,0%
Alls	59	295,0%[i]

[i] Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Nær helmingur kvennanna (48%) sem beittar voru ofbeldi í nánum samböndum töldu að árásarmaðurinn hefði verið undir áhrifum áfengis, um 7% töldu að hann hefði verið bæði undir áhrifum áfengis og lyfja eða annarra fíkniefna (tafla 26).

Tafla 26. Hlutfall kvenna sem hafði á tilfinningunni að ofbeldismaður væri undir áhrifum fíkniefna, lyfja eða áfengis þegar atvikið átti sér stað?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, undir áhrifum áfengis	209	47,7%
Já, undir áhrifum fíkniefna eða lyfja	18	4,1%
Já, undir áhrifum áfengis og lyfjum eða annarra fíkniefna	31	7,1%
Hvorugt	180	41,1%
Alls	438	100%

Kannað var hvort konur mátu alvarleika síðasta ofbeldisatviks á mismunandi hátt eftir því hvort ofbeldismaðurinn var undir áhrifum vímugjafa eða ekki. Helmingur kvenna sem kvað ofbeldismanninn hafa verið undir áhrifum fíkniefna eða lyfja mat atvikið mjög alvarlegt. Hið sama átti við um 37% kvenna sem kváðu ofbeldismanninn hafa verið undir áhrifum áfengis og 38% kvenna sem voru á því að maðurinn hafi hvorki verið undir áhrifum áfengis né fíkniefna. En þó hlutfallslega fleiri konur sem voru á því að ofbeldismaðurinn hafi verið undir áhrifum fíkniefna hafi metið atvikið mjög alvarlegt en konur sem voru á því að hann hafi verið allsgáður, var þessi munur ekki tölfræðilega marktækur ($\chi^2(6)=2{,}813$; $p=0{,}832$). Þess vegna er ekki hægt að álykta að samband sé milli fíkniefnanotkunar ofbeldismanna og mati kvenna á alvarleika ofbeldis.

Konurnar voru spurðar hvort þær hefðu notað áfengi (8%) eða lyf (3%) eða hvoru tveggja (3,5%) til að komast yfir reynsluna af því að vera beittar ofbeldi (tafla 27).

Tafla 27. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma drukkið áfengi eða tekið lyf til að komast yfir þessa reynslu

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, drukkið áfengi	35	8,1%
Já, tekið lyf	13	3,0%
Já, drukkið áfengi og tekið lyf	15	3,5%
Nei	371	85,5%
Alls	434	100%

Í ljósi þess að ofbeldið er konunum mikið áfall sem veldur þeim líkamlegu og andlegu tjóni er athyglisvert að langfæstar þeirra grípa til þess að fá sér í glas eða taka lyf. Tæp 15% kvennanna hafa þó reynt slíkt.

4.3.1 Leitað aðstoðar

Þær konur sem urðu fyrir ofbeldi í nánu sambandi voru spurðar að því hvort þær hefðu leitað hjálpar eða sótt eftir stuðningi til t.d. fjölskyldu og vina eða þjónustustofnana eftir síðasta ofbeldisatvik.

Í töflu 28 kemur fram að tæplega 80% kvennanna sem urðu fyrir ofbeldi í nánu sambandi höfðu ekki samband við samtök og/eða stofnanir sem geta aðstoðað konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi, eftir síðasta ofbeldisatvik.

Tafla 28. Hlutfall kvenna sem hafði samband við samtök og stofnanir, sem geta aðstoðað konur

	Fjöldi svara	Hlutfall
Kvennaathvarfið	28	6,4%
Stígamót	17	3,9%
Kvennaráðgjöf/Hlaðvarpi	2	0,5%
Neyðarmóttaka v/nauðgunar	0	0,0%
Félagsþjónusta sveitarfélaga	1	0,2%
Slysadeild	9	2,1%
Rauði krossinn	0	0,0%
Aðrir sem veitt geta ráðgjöf, s.s. læknar, sál	48	11,0%
Annað	10	2,3%
Hafði ekki samband við nein samtök	345	78,8%
Alls	461	105,0%[i]

[i] Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Um 6% kvennanna sögðust hafa haft samband við Kvennaathvarfið eftir síðasta ofbeldisatvik, um 4% við Stígamót og 2% slysadeild. Alls kváðust 11% kvennanna hafa haft samband við aðra sem geta veitt ráðgjöf.

Rúmlega helmingur kvennanna sagði vini eða nágranna frá því sem gerðist og rúmlega helmingur nánum fjölskyldumeðlimi. Um 18% sögðust hafa sagt sálfræðingi/geðlækni/félagsráðgjafa frá, um 13% öðrum fjölskyldumeðlimi og tæplega 7% lækni eða hjúkrunarfræðingi (tafla 29).

Tafla 29. Hlutfall kvenna sem hefur sagt einhverjum frá því sem gerðist að frátöldu því fólki sem þegar var búið að nefna

	Fjöldi svara	Hlutfall
Nánum fjölskyldumeðlimi	198	52,4%
Öðrum fjölskyldumeðlimi	50	13,2%
Vini/nágranna	196	51,9%
Vinnufélaga/yfirmanni/skólafélaga	12	3,2%
Presti eða starfsmanni trúfélags	8	2,1%
Lækni, hjúkrunarfræðingi	25	6,6%
Sálfræðingi, geðlækni, félagsráðgjafa	68	18,0%
Öðrum	6	1,6%
Ekkert að ofantöldu	73	19,3%
Alls	636	168,3%[i]

[i] Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Viðbrögð kvennanna við ofbeldinu voru misjöfn og sumar nýttu sér alla þá aðstoð sem þær gátu fengið en aðrar gerðu það ekki.

Tafla 30. Hlutfall kvenna sem hafði samband (eða ekki) við samtök og stofnanir eftir því hvort þær sögðu einnig öðrum frá.

	Fjöldi svara	Hlutfall
Hafði hvorki samband við samtök eða stofnanir né sagði öðrum frá	67	17,9%
Hafði ekki samband við samtök eða stofnanir en sagði öðrum frá	225	60,3%
Hafði samband við samtök eða stofnanir en sagði engum öðrum frá	4	1,1%
Hafði samband við samtök eða stofnanir og sagði einnig öðrum frá	77	20,6%
Alls	373	100%

Þá má sjá að 18% kvenna sem beittar hafa verið ofbeldi hafa hvorki haft sambandi við samtök eða stofnanir né sagt vinum eða fjölskyldu frá (tafla 30). Þær konur sem höfðu samband við samtök eða stofnanir voru spurðar að því hversu gagnleg samtökin eða aðilarnir hefðu verið. Langflestar sögðu samtökin eða aðilana hafa verið mjög eða að hluta til gagnlega (tafla 31).

Tafla 31. Gagnsemi samtakanna eða aðilanna að mati kvennanna

	Mjög gagnleg/að hluta til gagnleg	Alls ekki gagnleg	Fjöldi
Kvennaathvarfið	92,3%	7,7%	26
Stígamót	82,3%	17,6%	17
Slysavarðstofa/hjálparsími RKÍ	77,8%	22,2%	9
Önnur ráðgjöf	86,1%	13,9%	36

Af þessu má sjá að sú þjónusta sem er í boði nýtist ekki öllum konum og sumar þeirra leita líka eftir stuðningi vina og fjölskyldu. Það er eðlilegt að leita eftir stuðningi hjá fjölskyldu og svo virðist vera að fjölskylda og vinkonur veiti langmesta stuðninginn. Hins vegar vekur þetta upp spurningar um hvort þær stofnanir og þau samtök sem geta aðstoðað konur sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum geti gert sig sýnilegri fyrir konur sem þurfa á þjónustu þeirra að halda. Þá má ekki horfa fram hjá því að um 18% kvennanna hafa hvorki leitað sér stuðnings eða aðstoðar hjá stofnunum, samtökum, fjölskyldu, vinum eða öðrum aðilum (tafla 31). Það má velta því fyrir sér hvort þessar konur þurfi ekki á einhverri aðstoð að halda og hvernig sé þá hægt að ná til þeirra.

4.3.2 Tilkynningar til lögreglu

Í þessum hluta er m.a. gerð grein fyrir því hversu algengt er að konurnar tilkynni ofbeldið til lögreglu, hvað lögreglan gerir og hversu ánægðar konurnar eru með hana.

Nær helmingur kvennanna sem urðu fyrir ofbeldi í nánu sambandi fannst síðasta ofbeldisatvik vera rangt en ekki refsivert athæfi (tafla 32). Um þriðjungi fannst það vera refsivert athæfi og tæplega 19% fannst það vera „bara eitthvað sem gerist“.

Tafla 32. Hlutfall kvenna sem fannst athæfið vera refsivert

	Fjöldi svara	Hlutfall
Athæfið var refsivert	139	32,5%
Athæfið var rangt, en ekki refsivert	209	48,8%
Athæfið var bara eitthvað sem gerðist	80	18,7%
Alls	428	100%

Hér á undan kom fram að tæplega 33% kvennanna töldu síðasta ofbeldisatvik refsivert. Hins vegar má sjá í töflu 33 að einungis 13% kvennanna sögðust hafa tilkynnt síðasta atvikið til lögreglunnar. Um 4% sögðust ekki hafa tilkynnt atvikið en að lögreglan hafi fengið upplýsingar um það á annan hátt. Um 83% sögðust ekki hafa tilkynnt um atvikið og að lögreglan hefði ekki fengið upplýsingar um það.

Tafla 33. Hlutfall kvenna sem tilkynnti atvikið til lögreglunnar

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, tilkynnti atvikið til lögreglu	54	13,1%
Nei, en lögreglan fékk upplýsingar um það á annan hátt	16	3,9%
Nei, og lögreglan fékk ekki upplýsingar um atvikið	343	83,1%
Alls	413	100%

Þær sem ekki tilkynntu atvikið til lögreglunnar voru spurðar um ástæðu þess (sjá töflu 34). Flestar (44%) sögðu að þeim hafi fundist það smávægilegt, ekki nógu alvarlegt eða hafi ekki hugsað út í það.

Tafla 34. Ástæður þess að konurnar tilkynntu atvikið ekki til lögreglu

	Fjöldi svara	Hlutfall
Ég tókst á við það sjálf/Sagði vinkonu eða vini frá því	67	20,5%
Smávægilegt/Ekki nógu alvarlegt/Hugsaði ekki út í það	144	44,0%
Hélt að lögreglan myndi ekki gera neitt	9	2,8%
Hélt að lögreglan gæti ekki gert neitt	1	0,3%
Af ótta við ofbeldismanninn/Af ótta við hefnd	24	7,3%
Skammarlegt/Vandræðalegt/Kenndi sjálfri mér um	31	9,5%
Vildi ekki að neinn vissi af þessu/Hélt þessu leyndu	24	7,3%
Vildi ekki að maðurinn yrði handt./Hef átt í útist. við lögr.	1	0,3%
Enginn hefði trúað mér	6	1,8%
Hluti af vinnunni/Fylgir vinnunni	1	0,3%
Tilkynnt til annars aðila	1	0,3%
Annað	41	12,5%
Alls	350	107,0%[i]

[i] Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Tæplega 10% kvennanna tilkynntu ekki atvikið þar sem þeim fannst það skammarlegt, vandræðalegt eða kenndu sjálfri sér um.

Þær sem tilkynntu síðasta ofbeldisatvik til lögreglunnar voru spurðar nánar út í það, þar á meðal hvað lögreglan hefði gert til að hjálpa þeim (tafla 35). Um 37% kvennanna sögðu að lögreglan hefði skrifað skýrslu, um 24% að hún hefði handtekið ofbeldismanninn (ofbeldismennina), 22% sögðu að lögreglan hefði ekki gert neitt og um 20% kvennanna greindu frá því að lögreglan hefði veitt honum (þeim) tiltal.

Tafla 35. Hlutfall svara við spurningunni um hvað lögreglan hafi gert til að hjálpa konunum

	Fjöldi svara	Hlutfall
Skrifaði skýrslu	15	36,6%
Handtók hann (þá)	10	24,4%
Veitti honum (þeim) tiltal	6	14,6%
Veitti mér vernd	0	0,0%
Hélt honum (þeim) frá mér	2	4,9%
Sá til þess að málið var rannsakað	2	4,9%
Veitti mér uppl. um mögul. mína skv. lögunum	4	9,8%
Annað	8	19,5%
Lögreglan gerði ekki neitt	9	22,0%
Alls	56	136,6%[i]

[i] Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Rúmlega helmingur kvennanna sagði að lögreglan hefði ekki átt að gera neitt annað en það sem hún gerði til að hjálpa sér (tafla 36). Um 17% kvennanna sögðu að lögreglan hefði getað tekið frásögn sína af alvöru, hlustað eða stutt sig. Um 11% þeirra sögðu að lögreglan hefði getað kært eða handtekið manninn.

Tafla 36. Hlutfall svara við spurningunni um hvað lögreglan hefði átt að gera til að hjálpa konunum

	Fjöldi svara	Hlutfall
Útskýrt fyrir mér hvernig gangur málsins yrði	2	3,8%
Komið fyrr á staðinn	2	3,8%
Kært/handtekið hann	6	11,3%
Veitt honum tiltal	3	5,7%
Tekið frásögn mína af alvöru / hlustað/stutt mig	9	17,0%
Farið með hann/úrskurða nálgunarbann	4	7,5%
Vísað mér á Kvennaathvarf	2	3,8%
Veitt vernd/hjálpað mér við að yfirgefa húsið	4	7,5%
Farið með mig á sjúkrahús/til læknis	2	3,8%
Annað	5	9,4%
Nei, ekkert	29	54,7%
Alls	68	128,3%[i]

[i] Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Konurnar sem tilkynntu atvikið voru einnig spurðar að því hversu sáttar þær væru við það hvernig lögreglan hafi tekið á málinu (sjá töflu 37). Um 65% þeirra sögðust vera mjög sáttar eða sáttar við það hvernig lögreglan hafi tekið á málinu, en um 35% ósáttar eða mjög ósáttar.

Tafla 37. Hlutfall svara við spurningunni um hversu sáttar konurnar voru við hvernig lögreglan tók á málinu

	Fjöldi svara	Hlutfall
Mjög sátt	18	34,6%
Sátt	16	30,8%
Ósátt	5	9,6%
Mjög ósátt	13	25,0%
Alls	52	100%

4.3.3 Börn til staðar

Eins og hefur komið fram hér á undan er heimilið eða nærumhverfið sá staður sem mesta hættan er á að konurnar verði fyrir ofbeldi. Konurnar voru því spurðar hvort einhver börn hafi verið á heimilinu og orðið vitni að ofbeldisfullri hegðun makans. Hjá tæplega 75% svarenda bjuggu börn á heimilinu við síðasta ofbeldisatvik (tafla 38). Um 24% svarenda sem höfðu orðið fyrir ofbeldi í nánum samböndum sögðust halda að börn hefðu orðið vitni að síðasta ofbeldisatviki en helmingur sagðist halda að svo hafi ekki verið.

Í rannsóknum hefur komið fram að algengt sé að þögn ríki milli barna og mæðra um ofbeldið. Einnig að foreldrar hneigist til að vanmeta í hvaða mæli börnin séu til staðar eða verða vitni að því (Buckley o.fl., 2006; Hydén,1998; McGee, 2000). Af þessum sökum verður að slá varnagla við svörunum um fjölda barna sem verða vitni að ofbeldinu.

Tafla 38. Hlutfall svara við spurningunni um hvort börn hafi búið á heimilinu sem urðu vitni að ofbeldisfullri hegðun makans

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, það held ég	91	23,8%
Nei, það held ég ekki	195	50,9%
Engin börn/Það bjuggu engin börn hjá mér á þessum tíma	97	25,3%
Alls	383	100%

Um 62% þeirra kvenna sem töldu að barn hefði orðið vitni að atvikinu mátu síðasta ofbeldisatvik sem mjög alvarlegt (tafla 39). Hugsanlegt er að konurnar telji ofbeldið alvarlegra einmitt vegna þess að börn eru til staðar. Athyglisvert er að ofbeldið virðist alvarlegra þegar börn eru á heimilinu en þegar þau eru fjarstödd.

Tafla 39. Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks að mati konunnar eftir því hvort barn hafi verið á staðnum eða ekki

	Barn á heimili og barn á staðnum	Barn á heimili en ekki á staðnum
Mjög alvarlegt	62,2%	30,7%
Nokkuð alvarlegt	32,2%	41,7%
Ekki sérstaklega alvarlegt	5,6%	27,6%
Alls	100%	100%
Fjöldi svarenda	90	192

Í töflu 40 má sjá greiningu á því hvort börn voru á staðnum við síðasta ofbeldisatvik eftir því hvort ofbeldismennirnir voru undir áhrifum eða allsgáðir.

Tafla 40. Áfengis-, fíkniefna- eða lyfjaneysla við síðasta ofbeldisatvik eftir því hvort barn hafi verið á staðnum

	Ofbeldismaður undir áhrifum	Ofbeldismaður allsgáður
Barn á heimili sem varð vitni að atviki	25,0%	22,4%
Barn á heimili en varð ekki vitni að atviki	52,8%	47,8%
Engin börn á heimilinu	22,2%	29,8%
Alls	100%	100%
Fjöldi svarenda	216	161

Þar kemur einnig fram að við síðasta ofbeldisatvik voru börn á 78% heimila þar sem ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann beitti konuna ofbeldi og í 25% tilfella var barn/börn á staðnum. Þá kom í ljós að í rúmlega 22% tilvika síðasta ofbeldisatviks voru ofbeldismennirnir allsgáðir og börn á staðnum.

4.4 Staða ofbeldismannanna

Litlar upplýsingar eru til um karla sem beita konur ofbeldi í nánum samböndum. Til að fá sem gleggsta mynd af geranda ofbeldis gegn konum í nánum samböndum voru konurnar spurðar bæði um ofbeldi í sambandi við núverandi og fyrrverandi maka[3].

Í þessum kafla verður dregin upp mynd af stöðu karla sem beita konur ofbeldi í nánu sambandi út frá svörum kvennanna um þann sem beitti þær ofbeldi. Ef um endurtekið ofbeldi var að ræða voru konurnar beðnar að svara með síðasta atvik í huga.

Tæplega 60% kvennanna, sem höfðu mátt þola ofbeldi, voru búnar að vera með núverandi maka í 21 ár eða meira og um 21% í 11–20 ár (tafla 41). Sambönd við fyrrverandi maka stóðu alla jafna mun styttra. Tæplega helmingur kvennanna (46%) voru með fyrrverandi eiginmanni, sambýlismanni eða kærasta í 1–5 ár og um 22% í 6–10 ár.

[3] Eiginmanni, sambýlismanni eða kærasta.

Tafla 41. Lengd sambands við núverandi/fyrrverandi maka

	Núverandi		Fyrrverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Minna en eitt ár	0	0,0%	29	8,1%
1-5 ár	12	13,8%	163	45,5%
6-10 ár	6	6,9%	78	21,8%
11-20 ár	18	20,7%	54	15,1%
21 ár eða meira	51	58,6%	34	9,5%
Alls	87	100%	358	100%

Þegar ofbeldi í nánum samböndum var skoðað kom í ljós að í flestum tilvikum var ofbeldismaðurinn fyrrverandi maki. Þetta hlýtur að merkja að konurnar hafi komist út úr sambandinu við ofbeldismanninn. Miklu færri konur voru ennþá í nánu sambandi við maka sem beitti þær ofbeldi og er meirihluti þeirra búinn að vera lengi í sambandinu. Það er umhugsunarefni hvort þær hafa ekki treyst sér til eða viljað slíta sambandinu. En eins og áður hefur komið fram hafa um 13% kvennanna verið beittar ofbeldi af fyrrverandi maka og 4,3% af núverandi. Hér verður þó að hafa í huga að í einstaka tilfellum hefur aðeins verið um eitt atvik ofbeldis að ræða.

Tafla 42 birtir aldur ofbeldismannanna. Um 39% voru á aldrinum 45–59 ára og um 28% 60 ára og eldri. Um 21% fyrrverandi maka voru á aldrinum 25–44 ára, 25% á aldrinum 34–44 ára og 15% voru 60 ára og eldri. Flestir bæði fyrrverandi (34%) og núverandi (40%) makar voru á aldrinum 45–59 ára. Það er eðlilegt að fyrrverandi makar séu yngri en núverandi, þar sem langur tími getur verið liðinn frá því ofbeldið átti sér stað.

Tafla 42. Aldur núverandi/fyrrverandi maka

	Núverandi		Fyrrverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
18 - 24 ára	5	5,7%	20	5,6%
25 - 34 ára	10	11,5%	73	20,6%
34 - 44 ára	14	16,1%	88	24,8%
45 - 59 ára	34	39,1%	120	33,8%
60 ára og eldri	24	27,6%	54	15,2%
Alls	87	100%	355	100%

Konurnar voru spurðar um stöðu karlanna á vinnumarkaði sem beittu þær ofbeldi (tafla 43). Um 82% fyrrverandi maka voru í launuðu starfi utan heimilis og 77% núverandi maka. Hér er vert að hafa í huga að þátttakendur í rannsókninni voru á aldrinum 18–80 ára. Makar þeirra voru á svipuðum aldri. Þannig voru nærri 28% núverandi maka komnir yfir 60 ára aldur og gætu því verið komnir á eftirlaun.

Tafla 43. Er núverandi/var fyrri maki þinn í launuðu starfi á heimilinu eða utan heimilisins?

	Núverandi		Fyrrverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já, á heimilinu	4	4,6%	13	3,6%
Já, utan heimilis	67	77,0%	297	81,8%
Já, bæði á heimilinu og utan þess	0	0,0%	7	1,9%
Hann er/var ekki í launuðu starfi	16	18,4%	46	12,7%
Alls	87	100%	363	100%

Konurnar voru spurðar nánar út í tekjur karlanna (tafla 44). Um 36% núverandi maka höfðu aðrar tekjur en atvinnutekjur en hið sama átti við um 15% fyrrverandi maka. Hluti þessara karla er trúlega með eftirlaun eða lífeyri.

Tafla 44. Hafði hann aðrar tekjur? (t.d. atvinnuleysisbætur, greiðslur frá almannatryggingum eða lífeyrissjóði, fjárhagsaðstoð sveitarfélags, barnabætur, leigutekjur eða fjármagnstekjur) Hlutfall sem svarar

	Núverandi		Fyrrverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já, hann hafði aðrar tekjur	31	35,6%	52	14,7%
Nei, hann hafði ekki aðrar tekjur	56	64,4%	301	85,3%
Alls	87	100%	353	100%

Um 65% kvennanna sögðu að þær hefðu ekki haft áhrif á það hvernig tekjur fyrrverandi maka voru notaðar. Hins vegar sögðust um 77% hafa áhrif á það hvernig tekjur núverandi maka væru notaðar (tafla 45). Þetta bendir til þess að ráðstöfun tekna hafi verið eitt af ágreiningsefnum í fyrri sambúð en að það sé ekki í núverandi sambandi.

Tafla 45. Hefur þú/hafðir þú einhver áhrif á það hvernig tekjur eiginmanns/sambýlismanns/kærasta þíns eru/voru notaðar? Hlutfall sem svarar

	Núverandi		Fyrrverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já	59	76,6%	110	35,5%
Nei	18	23,4%	200	64,5%
Alls	77	100%	310	100%

Samkvæmt upplýsingum kvennanna um ofbeldismennina voru um 55% núverandi maka með framhaldsskólapróf og um 19% með sérskóla- og háskólapróf. Um 47% fyrrverandi maka voru með grunnskólapróf eða minni menntun, 41% var með framhaldsskólapróf og um 11% með sérskóla- og háskólapróf (tafla 46). Því má einnig velta fyrir sér hvort það sé slæm staða kvennanna sem gerir það að verkum að þær slíta ekki sambandinu við núverandi maka sem beita þær ofbeldi eða sterk staða karlanna sem gerir það að verkum að þær treysta sér ekki til þess. En menntunarstig núverandi eiginmanns/sambýlismanns er hærra en þess fyrrverandi.

Tafla 46. Menntun núverandi/fyrrverandi eiginmanns/sambýlismanns/kærasta (meðan á sambandinu stóð)

	Núverandi		Fyrrverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Grunnskólapróf eða minna	23	26,1%	171	47,4%
Framhaldsskólapróf	48	54,5%	148	41,1%
Sérskóla- og háskólapróf	17	19,3%	38	10,5%
Önnur menntun	0	0,0%	4	1,1%
Alls	88	100%	361	100%

Konurnar voru spurður út í áfengisneyslu karlanna (tafla 47). Svo hátt hlutfall sem 28% núverandi maka drukku ekki áfengi á móti um 5% fyrrverandi maka. Fyrrverandi makar drukku því frekar áfengi og urðu mun oftar ölvaðir. Um tveir þriðju hlutar þeirra urðu drukknir nokkrum sinnum í mánuði eða oftar borið saman við að 21% núverandi maka.

Tafla 47. Hversu oft drekkur núverandi/drakk fyrrverandi eiginmaður/sambýlismaður/kærasti svo mikið að hann verður/varð drukkinn?

	Núverandi		Fyrrverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Hann drakk aldrei	24	27,6%	20	5,6%
Hann drakk, en varð aldrei drukkinn	13	14,9%	23	6,4%
Varð drukkinn nokkrum sinnum á ári	29	33,3%	83	23,2%
Varð drukkinn nokkrum sinnum í mánuði	12	13,8%	115	32,2%
Varð drukkinn einu sinni til tvisvar í viku	5	5,7%	98	27,5%
Varð drukkinn daglega, næstum daglega	1	1,1%	17	4,8%
Drakk mikið áður fyrr, en hætti	3	3,4%	1	0,3%
Alls	87	100%	357	100%

Athygli vekur að nær 28% núverandi maka drekkur aldrei en í nýlegri rannsókn má sjá að hlutfall íslenskra karla sem drekka aldrei áfengi er 11% (Mäkelä, Gmel, Grittner, Kuendig, Kuntsche, Bloomfield, & Room, 2006).

Ljóst er að fyrrverandi makar urðu oftar drukknir en núverandi makar. Það er því eðlilegt að álykta sem svo að áfengisneysla sé þáttur sem tengist ofbeldinu. Ekki er vitað hvort fyrrverandi makar hafi hætt að drekka eða aldrei drukkið áfengi. Eins og áður hefur komið fram (tafla 27) telja 60% kvennanna sem beittar hafa verið ofbeldi að ofbeldismaðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis, eða fíkniefna/lyfja eða hvoru tveggja við síðasta ofbeldisatvik. Það má því velta fyrir sér í hve miklu mæli ofbeldið tengist neyslu ofbeldismanns í þau skipti sem hann beitti ofbeldi. Í það minnsta má áætla að hér sé um stóran áhættuþátt að ræða.

Konurnar voru spurðar um fíkniefnaneyslu núverandi og fyrrverandi maka. Um 26% fyrrverandi maka neyttu einhvern tíma fíkniefna en hið sama átti við um 3% núverandi maka (tafla 48). Fyrrverandi makar neyttu einnig fíkniefni í meira mæli en núverandi. Fyrrverandi makar notuðu því bæði fíkniefni og áfengi í miklu meira mæli en núverandi makar.

Tafla 48. Neytir/neytti hann nokkurn tíma fíkniefna?

	Núverandi		Fyrrverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já	3	3,4%	89	26,3%
Nei	84	96,6%	249	73,7%
Alls	87	100%	338	100%

Um 17% kvennanna sögðu að fyrrverandi eiginmaður/sambýlismaður/kærasti hafi beitt aðra í fjölskyldunni en konuna sjálfa ofbeldi en tæplega 4% þeirra sem voru beittar ofbeldi af hendi núverandi maka sögðu hann hafa gert slíkt (tafla 49). Hugsanlega á þessi hópur erfitt með tilfinningaleg samskipti, ekki bara við maka sinn heldur einnig nánustu fjölskyldu og notar ofbeldi til að takast á við ágreining.

Tafla 49. Hefur hann nokkurn tíma beitt aðra í fjölskyldunni en þig líkamlegu ofbeldi? Hlutfall sem svarar

	Núverandi		Fyrrverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já	3	3,6%	59	17,3%
Nei	81	96,4%	282	82,7%
Alls	84	100%	341	100%

Tafla 50 sýnir að tæplega 36% fyrrverandi maka höfðu ekki einungis beitt konur sínar ofbeldi heldur einnig aðra úti í samfélaginu.

Tafla 50. Beitti hann nokkurn tíma einhvern utan fjölskyldunnar líkamlegu ofbeldi, t.d. á bar, í vinnunni, eða fyrri maka? Hlutfall sem svarar

	Núverandi		Fyrrverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já	18	3,6%	116	35,7%
Nei	60	96,4%	209	64,3%
Alls	78	100%	325	100%

Það að nær 36% fyrrverandi maka hafi einnig beitt aðra ofbeldi en konu sína hlýtur að merkja að ofbeldið er ekki eingöngu bundið við konuna sem ofbeldismennirnir hafa verið í nánu sambandi við. Lítil stjórn á reiði og hvatvís viðbrögð sem brjótast út í ofbeldi virðast því einkenna ofbeldismennina, ekki bara á heimlinu heldur einnig utan þess svo sem á bar eða ef til vill á vinnustað (tafla 50). Tæp 4% núverandi maka höfðu beitt aðra utan fjölskyldunnar ofbeldi, sem bendir til að konurnar hafi ef til vill losað sig við „verstu“ ofbeldismennina.

Þær konur sem höfðu orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi voru spurðar nokkurra spurninga sem tengjast sambandi þeirra við núverandi eða fyrrverandi maka og hegðun hans (sjá töflu

51). Athygli vekur að í öllum tilvikum sögðu fleiri konur þessi atriði eiga við um fyrrverandi en núverandi maka.

Tafla 51. Hlutfall kvennanna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka og töldu að eftirtaldir þættir eigi við um hann

	Á stundum, oft eða alltaf við um núverandi maka		Átti stundum, oft eða alltaf við um fyrrverandi maka	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Reiðist/hafi reiðst ef þú talar/talaðir við aðra karlmenn?	31	36,0%	80	70,8%
Reyni/hafi reynt að hindra samskipti þín við fjölskyldu og vini?	14	16,3%	63	57,3%
Elti/hafi elt þig eða fylgist/fylgst með hvert þú ferð/fórst á þann hátt sem þér finnst/fannst vera eins og eftirlit eða ógnvekjandi?	16	18,6%	39	35,1%
Uppnefni/hafi uppnefnt þig, móðgi/móðgað þig eða hagi/hagað sér þannig að þú verðir/varst leið eða það vekur/vakti með þér vanlíðan?	41	47,4%	90	79,6%
Skemmi/hafi skemmt eða eyðileggi/hafi eyðilagt persónulegar eigur þínar?	6	7,0%	35	31,0%
Gruni/hafi grunað þig sífellt um að halda framhjá?	18	20,9%	56	49,6%
Krefjist/hafi krafist þess að fá að vita með hverjum þú sért og hvar þú sért öllum stundum?	28	32,6%	58	52,3%
Hafi unnið börnum þínum mein eða hótað því?	2	2,4%	12	11,4%
Hafi unnið einhverjum sem þér þykir vænt um mein eða hótað því?	4	4,7%	19	17,3%
Hafi hótað að drepa þig?	6	7,0%	21	19,3%
Hafi hótað að fyrirfara sér?	23	26,7%	40	35,7%
Hafi hótað að vinna þér eða börnum þínum mein, ef þú yfirgæfir hann?	5	5,8%	17	16,0%

Um 80% kvennanna sögðu að fyrrverandi maki hafi uppnefnt sig, móðgað eða hagað sér þannig að þær hafi orðið leiðar eða það hafi vakið með þeim vanlíðan. Tæplega helmingur svarenda sögðu þetta eiga við um núverandi maka. Næst algengast var að konurnar nefndu að fyrrverandi maki (71%) hefði reiðst þegar hún talaði við aðra karlmenn samanborið við 36% núverandi maka, sambúðaraðila eða kærasta. Þá nefna konurnar að fyrrverandi maki hafi reynt að hindra samskipti við fjölskyldu og vini (57%) en í 16% tilfella hjá núverandi maka (tafla 51).

4.5 Samanburður við önnur lönd

Hér verða niðurstöður íslensku könnunarinnar bornar saman við niðurstöður úr fjölþjóðarannsókninni sem gerð var af Johnson og fleirum (2008). Í skýringamyndunum eru niðurstöður frá Íslandi og Danmörku settar hlið við hlið til að auðveldara sé að bera saman ofbeldi í þessum tveimur löndum. Samanborið við hin þátttökulöndin í fjölþjóðarannsókninni eru Ísland og Danmörk líkust hvað varðar menningu, lífskjör og stöðu kvenna.

Mynd 1 sýnir að sambærilegt hlutfall íslenskra og danskra kvenna (22%) hafði verið beitt einhverri tegund ofbeldis frá 16 ára aldri. Hins vegar er hlutfall kvenna sem hefur verið beitt einhverri tegund ofbeldis undanfarið ár 2% á Íslandi samanborðið við 1% í Danmörku.



Mynd 1. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi – yfir ævina og síðastliðna 12 mánuði

Öllu fleiri íslenskar konur (21%) en danskar (20%) höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri (mynd 2).



Mynd 2. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi í nánu sambandi – yfir ævina og síðastliðna 12 mánuði

Alls höfðu 6 % íslenskra og danskra kvenna verið beittar kynferðislegu ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri en í báðum löndum var hlutfall kvenna sem beittar voru kynferðislegu ofbeldi á undangengnum 12 mánuðum innan við 1 % (mynd 3).



Mynd 3. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í nánu sambandi – yfir ævina og síðastliðna 12 mánuði

Spurt var hvort konurnar teldu að ofbeldismennirnir hefðu verið undið áhrifum áfengis, fíkniefna, lyfja eða alls þessa við síðasta ofbeldisatvik.

Eins og sjá má á mynd 4 var ofbeldismaðurinn undir áhrifum áfengis í 48% tilvika á Íslandi en 38% tilvika í Danmörku.



Mynd 4. Hlutfall kvenna sem kváðu ofbeldismann hafa verið undir áhrifum áfengis eða vímuefna

Hlutfall kvenna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi og hlotið af því líkamlegt mein var greint eftir því hvort um núverandi eða fyrrverandi maka var að ræða.

Í öllum löndum utan Hong Kong var hærra hlutfall kvenna sem hafði orðið fyrir ofbeldi af hendi fyrrverandi maka en núverandi. Hlutfall íslenskra kvenna sem hafði verið unnið líkamlegt mein af hendi bæði núverandi og fyrrverandi maka var mun hærra en danskra kvenna. En 33% íslenskra kvenna hafði verið unnið líkamlegt mein af núverandi maka samanborið 20% danskra kvenna og 44% íslenskra kvenna hafði verið unnið líkamlegt mein af hendi fyrrverandi maka samanborið við 31% danskra kvenna (mynd 5).



Mynd 5. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi sem var unnið líkamlegt mein

Á Íslandi var algengara að ofbeldistilvik af hendi fyrrverandi maka (14%) en núverandi maka (8%) væri tilkynnt til lögreglu, sem er í samræmi við það sem þekkist alls staðar utan Danmerkur, þar sem algengara er að ofbeldi núverandi maka (13%) hafi verið tilkynnt til lögreglu en ofbeldi af hendi fyrrverandi maka (10%) (mynd 6). Danskar konur virðast því enn meðvitaðri en aðrar um mikilvægi þess að tilkynna ofbeldi til lögreglunnar og gæti það einnig bent til að það væri þeirra leið til að losa sig út úr ofbeldissambandinu.



Mynd 6. Hlutfall kvenna sem tilkynntu atvikið til lögreglunnar

Það var algengara á Íslandi (24%) en í Danmörku (20%) (og í Hong Kong) að börn hefðu orðið vitni að ofbeldisfullri hegðun af hendi fyrrverandi maka (sambýlismanns). Þetta hlutfall er lægra en í hinum löndunum (utan Hong Kong) sem tóku þátt í rannsókninni (mynd 7).



Mynd 7. Hlutfall kvenna sem sögðu að börn hafi búið á heimilinu sem urðu vitni að ofbeldisfullri hegðun (fyrrverandi) eiginmanns/sambýlismanns/kærasta

Sama hlutfall kvenna voru ófrískar við síðasta ofbeldisatvik á Íslandi og í Danmörku (5%) (einnig Tékklandi og Ástralíu).



Mynd 8. Hlutfall kvenna sem voru ófrískar við síðasta ofbeldisatvik

Hlutfallið var örlítið hærra í Póllandi (7%) en 3–4 sinnum hærra í Kostaríku (17%) sem og á Filippseyjum og Mósambík (19%) (mynd 8).

5 Umfang, eðli og afleiðingar ofbeldis gegn konum eftir tengslum við ofbeldismanninn

Í þessum kafla er greint frá umfangi, eðli og afleiðingum ofbeldis eftir tengslum þeirra við ofbeldismanninn. Hér er því bæði um að ræða ofbeldi sem konur verða fyrir af hendi núverandi eða fyrrverandi maka og ofbeldi af hendi kunnugra eða ókunnugra karlmanna. Í fyrsta hluta er greint frá umfangi ofbeldisins, þá verður fjallað um síðasta ofbeldisatvik, hvert konurnar leita sér aðstoðar og aðkomu lögreglu. Að lokum eru niðurstöður um ofbeldi sem konur eru beittar af hendi annarra en maka bornar saman við sömu upplýsingar úr alþjóðlegu IVAWS könnuninni. Hér eftir er ofbeldi sem konur voru beittar af hendi annarra en núverandi eða fyrrverandi maka nefnt ofbeldi ekki í nánum samböndum.

5.1 Umfang

Hér á undan hefur verið fjallað um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum en tæplega 10% kvenna hafa bæði verið beittar ofbeldi í nánum samböndum og af öðrum körlum en þeim sem þær hafa verið í nánu sambandi við.

Tafla 52. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi bæði í nánum samböndum og ekki

	%	Vikmörk
Allt ofbeldi, kynferðislegt og líkamlegt (sp. 1-12)	9,8%	+/-1,3%
Allt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-12)	9.8%	+/-1,3%
Líkamlegt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-7)	3,8%	+/-0,8%
Kynferðislegt ofbeldi (sp. 8-12)	2,6%	+/-0,7%
Nauðgun eða tilraun til nauðgunar (sp. 8 og 9)	1,2%	+/-0,5%

Það er því ljóst að stundum er um sömu konurnar að ræða sem hafa verið beittar ofbeldi bæði í nánu sambandi og ekki. Í töflu 53 hefur ofbeldið verið greint eftir tengslum við ofbeldismanninn.

Tafla 53. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi eftir tengslum við ofbeldismanninn

	Allt ofbeldi, hótun meðtalin	Allt ofbeldi, ekki hótun	Líkamlegt ofbeldi	Kynferðislegt ofbeldi	Þar af nauðgun eða tilraun til nauðgunar
Vinur, kunningi, yfirmaður eða vinnufélagi	13,5%	12,8%	3,3%	10,7%	4,5%
Fjölskyldumeðlimur, annar en maki	4,9%	4,9%	3,5%	1,7%	0,6%
Skjólstæðingur eða einhver annar sem konan þekkir	4,6%	4,3%	1,3%	3,1%	1,3%
Ókunnugur	14,3%	13,0%	6,3%	8,0%	3,7%
Núverandi maki (eiginmaður/ sambýlismaður/kærasti)	4,5%	4,3%	3,9%	0,6%	0,5%
Fyrrv. maki (eiginmaður/ sambýlismaður/kærasti)	18,7%	17,8%	16,3%	5,6%	4,2%

Eins og áður hefur komið fram er konum hættast við ofbeldi af hendi fyrrverandi maka (19%). Aftur á móti var einnig algengt að konur væru beittar ofbeldi af hendi vina, kunn-

ingja, yfirmanna eða vinnufélaga (14%) og ókunnugra (14%). Konurnar greindu hins vegar frá því að það voru oftast karlar sem þær þekktu sem beittu þær kynferðislegu ofbeldi.

Þetta sama mynstur kemur fram í töflu 54 og 55 en þar er borið saman hlutfall þeirra kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánum samböndum og þeirra sem hafa verið beittar ofbeldi af öðrum en núverandi eða fyrrverandi maka.

Tafla 54. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánum og ekki nánum samböndum um ævina

	Ekki náið samband		Náið samband	
	%	Vikmörk	%	Vikmörk
Allt ofbeldi, kynferðislegt og líkamlegt (sp. 1-12)	29,3%	+/-2,0%	22,4%	+/-1,8%
Allt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-12)	28,1%	+/-2,0%	21,4%	+/-1,8%
Líkamlegt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-7)	13,2%	+/-1,5%	19,7%	+/-1,7%
Kynferðislegt ofbeldi (sp. 8-12)	20,5%	+/-1,8%	6,1%	+/-1,0%
Nauðgun eða tilraun til nauðgunar (sp. 8 og 9)	9,7%	+/-1,3%	4,6%	+/-0,9%

Tafla 55. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánum og ekki nánum samböndum á sl. 12 mánuðum

	Ekki náið samband		Náið samband	
	%	Vikmörk	%	Vikmörk
Allt ofbeldi, kynferðislegt og líkamlegt (sp. 1-12)	2,4%	+/-0,7%	1,6%	+/-0,5%
Allt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-12)	2,2%	+/-0,6%	1,3%	+/-0,5%
Líkamlegt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-7)	1,0%	+/-0,4%	1,2%	+/-0,5%
Kynferðislegt ofbeldi (sp. 8-12)	1,4%	+/-0,5%	0,1%	+/-0,1%
Nauðgun eða tilraun til nauðgunar (sp. 8 og 9)	0,3%	+/-0,2%	0,0%	+/-0,0%

Eins og áður hefur verið getið eru hóparnir tveir þó ekki óháðir því í sumum tilvikum var sama konan beitt ofbeldi í nánu sambandi og ekki nánu sambandi. Vikmörkin gefa til kynna hvort tölfræðilega marktækur munur er á hlutfalli ofbeldis í hópunum tveimur. Ef vikmörkin skarast ekki er tölfræðilega marktækur munur á þeim sem urðu fyrir ofbeldi í nánum samböndum og þeim sem urðu fyrir ofbeldi af hendi annarra en maka. Sé litið til ofbeldis sem konur hafa verið beittar um ævina er marktækur munur á umfangi alls ofbeldis, líkamlegs ofbeldis, kynferðislegs ofbeldis og nauðgunar eftir því hvort ofbeldið átti sér stað í nánu eða ekki í nánu sambandi. Hlutfallslega fleiri konur hafa verið beittar ofbeldi af hendi manns sem þær áttu ekki í nánu sambandi við en af hendi núverandi eða fyrrverandi maka. Ekki reyndist munur á umfangi ofbeldis á síðustu 12 mánuðum eftir sambandi kvennanna við ofbeldismanninn, ef frá er talið kynferðislegt ofbeldi. Meiri líkur eru á að konur hafi verið beittar kynferðislegu ofbeldi á síðustu 12 mánuðum af hendi manns sem þær áttu ekki í nánu sambandi við en af hendi núverandi eða fyrrverandi maka.

5.2 Síðasta ofbeldisatvik

Konurnar voru spurðar sérstaklega út í síðasta ofbeldisatvik. Niðurstöður í töflu 56 sýna að þrátt fyrir að ofbeldi ekki í nánu sambandi hafi oftar en ekki átt sér stað á heimili kvennanna (eða garði) (23%) er hlutfallið mun lægra en þegar um náið samband var að ræða. Aðrir

staðir sem algengt var að konurnar nefndu voru barir, dansstaðir (14,5%) eða vinnustaður (13%.) Þetta er í samræmi við það að ofbeldið er ekki í nánu sambandi og á sér því í meira mæli stað utan veggja heimilis kvennanna eða ofbeldismannanna sjálfra.

Tafla 56. Samanburður á staðsetningu síðasta ofbeldisatviks eftir því hvort um náið samband eða ekki er að ræða

	Ekki náið samband		Náið samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Á heimili þínu eða úti í garði við heimili svarenda	132	22,5%	299	67,8%
Heimili hans eða úti í garði við heimili hans	72	12,3%	44	10,0%
Heimili annars eða garði	63	10,8%	26	5,9%
Á götu, í húsasundi	48	8,2%	10	2,3%
Í bíl/á bílastæði	17	2,9%	12	2,7%
Á vinnustað	75	12,8%	6	1,4%
Á bar, dansstað	85	14,5%	17	3,9%
Á fáförnu svæði, útivistarsvæði, garði, tjaldstæði	27	4,6%	6	1,4%
Í opinberri byggingu	7	1,2%	1	0,2%
Skóla, háskóla, stúdentagarði	9	1,5%	3	0,7%
Í almenningssamgöngutæki	5	0,9%	0	0,0%
Á hóteli eða í sumarbústað	15	2,6%	6	1,4%
Annars staðar	31	5,3%	11	2,5%
Alls	586	100%	441	100%

Hærra hlutfall kvenna í nánu sambandi mat síðasta ofbeldisatvik mjög eða nokkuð alvarlegt samanborið við konur ekki í nánu sambandi. Hafa verður í huga að oft er um að ræða endurtekin ofbeldisatvik hjá konum í nánum samböndum og ekki er óþekkt að ofbeldið fari stigvaxandi (tafla 57).

Tafla 57. Samanburður á alvarleika síðasta ofbeldisatviks að mati kvennanna

	Ekki náið samband		Náið samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	jöldi svara	Hlutfall
Mjög alvarlegt	173	29,4%	167	38,3%
Nokkuð alvarlegt	220	37,4%	164	37,6%
Ekki sérstaklega alvarlegt	195	33,2%	105	24,1%
Alls	588	100%	436	100%

Um 19% svarenda sögðu að sér hafi verið unnið líkamlegt mein við síðasta ofbeldisatvik. Þær konur sem sögðu slíkt eiga við sig voru spurðar að því hvaða áverka þær hlutu við atvikið. Hlutfallslega fleiri konur höfðu hlotið yfirborðsskrámur eða skeinur í nánu sambandi (59%) en ekki í nánu sambandi (52%). Sama má segja um mar (36% í nánu sambandi samanborið við 21% ekki í nánu sambandi). Hins vegar höfðu hlutfallslega fleiri konur sem voru beittar ofbeldi ekki í nánu sambandi hlotið áverka á höfði eða heila (15%) en konur í nánu sambandi (tafla 58).

Tafla 58. Samanburður á áverkum við síðasta ofbeldisatvik

	Ekki náið samband		Náið samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Yfirborðsskrámur/skeinur	58	52,3%	102	58,3%
Skurðsár/brunasár/o.s.frv.	13	11,7%	19	10,9%
Brákaðist	8	7,2%	10	5,7%
Áverkar á höfði eða heila	17	15,3%	17	9,7%
Beinbrot, nefbrot	12	10,8%	20	11,4%
Innvortis meiðsl	6	5,4%	4	2,3%
Áverkar á kynfærum	4	3,6%	1	0,6%
Mar	23	20,7%	63	36,0%
Annað	3	2,7%	16	9,1%
Alls	144	129,7%[i]	252	144,0%[i]

[i] Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Ef miðað er við síðasta ofbeldisatvik er eðli ofbeldis í nánu og ekki nánu sambandi nokkuð ólíkt. Meirihluti kvenna í nánu sambandi lýsti líkamlegu ofbeldi, eins og að þeim hafi verið hrint, þrifið í þær, o.s.frv. (62%) og 38% sögðu að þær hafi verið slegnar með flötum lófa, o.s.frv. (55%). Aftur á móti greindu hlutfallslega flestar konur sem höfðu verið beittar ofbeldi ekki í nánu sambandi frá kynferðislegu ofbeldi. Meirihluti þessara kvenna (54%) sagði að þær hafi verið snertar kynferðislega (54%) og þriðjungur sagði að einhver hafi gert tilraun til samfara með ofbeldi eða hótun (tafla 59).

Tafla 59. Samanburður á eðli ofbeldis gegn konum

	Ekki náið samband		Náið samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Hótun um líkamlegt mein	136	23,8%	145	34,7%
Einhverju hent á eftir viðkomandi eða barið með einhverju	53	9,3%	94	22,5%
Hrint, þrifið í, snúið upp á handlegg eða hárreytt	182	31,8%	260	62,2%
Slegið með flötum lófa, sparkað, bitið, barið með kr. hnefa	100	17,5%	159	38,0%
Reynt að kyrkja, kæfa eða brenna	11	1,9%	39	9,3%
Hnífi eða byssu beitt eða hótað að beita	22	3,8%	23	5,5%
Annað líkamlegt ofbeldi, þó ekki kynferðislegt	64	11,2%	54	12,9%
Þvingun til samfara með ofbeldi eða hótun	85	14,9%	64	15,3%
Tilraun til samfara með ofbeldi eða hótun	187	32,7%	69	16,5%
Kynferðisleg snerting sem olli vanlíðan	307	53,7%	101	24,2%
Þvingað eða reynt að þvinga til kynlífs með öðrum	6	1,0%	6	1,4%
Annað kynferðislegt ofbeldi	22	3,8%	10	2,4%
Alls	1175	205,4%[i]	1024	245,0%[i]

[i] Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Algengt er að konur sem beittar hafa verið ofbeldi telji að ofbeldismaðurinn hafi verið undir áhrifum, sérstaklega áfengis en einnig lyfja eða hvoru tveggja. Þetta átti bæði við ofbeldi í nánu sambandi og ekki. Hlutfallið var þó enn hærra þegar um var að ræða ofbeldi

sem átti sér stað í nánu sambandi (67%) en þegar ekki var um slíkt samband að ræða (59%) (tafla 60).

Tafla 60. Hafðir þú á tilfinningunni að hann (þeir) væri/væru undir áhrifum fíkniefna, lyfja eða áfengis þegar síðasta ofbeldisatvikið átti sér stað?

	Ekki náið samband		Náið samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, undir áhrifum áfengis	312	54,7%	209	47,7%
Já, undir áhrifum fíkniefna eða lyfja	25	4,4%	18	4,1%
Já, undir áhrifum áfengis og lyfja/annarra fíkniefna	48	8,4%	31	7,1%
Hvorugt	185	32,5%	180	41,1%
Alls	570	100%	438	100%

Að verða fyrir ofbeldi er mikil raun og erfitt að glíma við slíka reynslu. Spurningin er hvort konurnar hafi drukkið eða tekið lyf til að reyna að komast yfir reynsluna. Lítill munur reyndist vera á konunum í hópunum tveimur þar sem tæplega 14% kvenna í nánu sambandi höfðu fengið sér í glas, tekið inn lyf eða hvoru tveggja til að komast yfir reynsluna samanborið við 12% kvenna ekki í nánu sambandi (tafla 61).

Tafla 61. Hefur þú einhvern tíma drukkið áfengi eða tekið lyf til að komast yfir þessa reynslu?

	Ekki náið samband		Náið samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, áfengi	49	8,3%	35	8,1%
Já, lyf	8	1,4%	13	3,0%
Já, áfengi og lyf	15	2,5%	15	3,5%
Nei	517	87,8%	371	85,5%
Alls	589	100%	434	100%

5.2.1 Leitað aðstoðar

Áður hefur komið fram að konur sem höfðu orðið fyrir ofbeldi í nánum samböndum leituðu mikið til fjölskyldu sinnar í stað eða til viðbótar við að leita til stofnanna og samtaka sem veita konum sem hafa verið beittar ofbeldi þjónustu og stuðning. Umhugsunarvert er að ennþá hærra hlutfall þeirra kvenna sem höfðu verið beittar ofbeldi ekki í nánu sambandi höfðu ekki samband við nein samtök eða stofnanir eftir að hafa verið beittar ofbeldi.

Tafla 62. Hlutfall kvenna sem höfðu samband við samtök og stofnanir, sem geta aðstoðað konur

	Ekki náið samband		Náið samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Kvennaathvarfið	9	1,5%	28	6,4%
Stígamót	19	3,2%	17	3,9%
Kvennaráðgjöf/Hlaðvarpi	0	0,0%	2	0,5%
Neyðarmóttaka v/nauðgunar	6	1,0%	0	0,0%
Félagsþjónusta sveitarfélaga	0	0,0%	1	0,2%
Slysadeild	5	0,9%	9	2,1%
Rauði krossinn	1	0,2%	0	0,0%
Aðrir sem veitt geta ráðgjöf	27	4,6%	48	11,0%
Annað	3	0,5%	10	2,3%
Hafði ekki samband við nein samt	527	89,6%	345	78,8%
Alls	597	101,5%[i]	461	105,0%[i]

[i] Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Þótt einungis lítill hluti kvenna hafi leitað til samtaka eða stofnana sem aðstoða konur, voru þær konur sem það gerðu almennt mjög ánægðar með þjónustu þeirra stofnana sem þær leituðu til (tafla 63).

Tafla 63. Hversu gagnleg voru þessi samtök, stofnanir eða aðilar?

	Ekki náið samband			Náið samband		
	Mjög gagnleg/að hluta til gagnleg	Alls ekki gagnleg	Fjöldi	Mjög gagnleg/að hluta til gagnleg	Alls ekki gagnleg	Fjöldi
Kvennaathvarfið	100,0%	0,0%	8	92,3%	7,7%	26
Stígamót	88,9%	11,1%	18	82,3%	17,6%	17
Slysavarðstofa/hjálparsími RKÍ	83,3%	16,7%	6	77,8%	22,2%	9
Önnur ráðgjöf	100,0%	0,0%	15	86,1%	13,9%	36

Konur sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum og þær sem voru beittar ofbeldi af öðrum en maka sögðu fyrst og fremst fjölskyldu og vinum frá ofbeldinu. Öllu fleiri konur sem voru beittar ofbeldi ekki í nánu sambandi (12%) sögðu yfirmanni eða vinnufélaga frá atvikinu en konur í nánu sambandi (3%).

Tafla 64. Aðrir aðilar sem leitað hefur verið til

	Ekki náið samband		Náið samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Náinn fjölskyldumeðlimur	302	51,4%	198	52,4%
Annar fjölskyldumeðlimur	87	14,8%	50	13,2%
Vinur/nágranni	325	55,3%	196	51,9%
Vinnufélagi/yfirmaður/skólafélagi	68	11,6%	12	3,2%
Prestur eða starfsmaður trúfélags	3	0,5%	8	2,1%
Læknir, hjúkrunarfræðingur	22	3,7%	25	6,6%
Sálfræðingur, geðlæknir, félagsráðgjafi	45	7,7%	68	18,0%
Aðrir	6	1,0%	6	1,6%
Ekkert að ofantöldu	107	18,2%	73	19,3%
Alls	965	164,2%[1]	636	168,3%[1]

[1] Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

5.2.2 Kærur/tilkynningar til lögreglu

Hér verður fjallað um aðkomu lögreglunnar í málum þar sem konur eru beittar ofbeldi eftir tengslum þeirra við ofbeldismanninn. Um það bil helmingur kvennanna sögðu síðasta atvik hafa verið rangt en ekki refsivert athæfi. Um það bil 30% (29–32,5%) kvennanna mátu síðasta ofbeldisatvik refsivert (tafla 65).

Tafla 65. Var þetta atvik að þínu mati refsivert athæfi, rangt en ekki refsivert athæfi eða bara eitthvað sem gerist?

	Ekki náið samband		Náið samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Athæfið var refsivert	167	29,0%	139	32,5%
Athæfið var rangt, en ekki refsivert	299	51,9%	209	48,8%
Athæfið var bara eitthvað sem gerðist	110	19,1%	80	18,7%
Alls	576	100%	428	100%

Svipað hlutfall kvenna sem voru beittar ofbeldi í nánu sambandi og þær sem voru beittar ofbeldi af öðrum en maka tilkynntu síðasta ofbeldisatvik til lögreglu (13%) (tafla 66). Þetta bendir til þess að það séu önnur atriði en náin tengsl við ofbeldismanninn sem hafa áhrif á það hvort konurnar tilkynna lögreglunni um ofbeldið.

Tafla 66. Tilkynntir þú atvikið til lögreglunnar?

	Ekki náið samband		Náið samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	69	12,5%	54	13,1%
Nei, en lögreglan fékk upplýsingar um það á annan hátt	19	3,4%	16	3,9%
Nei, og lögreglan fékk ekki upplýsingar um atvikið	463	84,0%	343	83,1%
Alls	551	100%	413	100%

Þær sem tilkynntu ekki atvikið til lögreglunnar voru spurðar um ástæðu þess (tafla 67). Heldur meira var um að konur sem voru beittar ofbeldi af öðrum en maka ákváðu að kæra

ekki síðasta ofbeldisatvik til lögreglu þar sem þeim fannst það ekki nógu alvarlegt eða hugsuðu ekki út í það (56%) en konur sem höfðu verið beittar ofbeldi í nánu sambandi (44%).

Tafla 67. Af hverju tilkynntir þú ekki atvikið til lögreglunnar?

	Ekki náið samband		Náið samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Ég tókst á við það sjálf/Sagði vinkonu eða vini frá því	66	14,8%	67	20,5%
Smávægilegt/Ekki nógu alvarlegt/Hugsaði ekki út í það	249	55,8%	144	44,0%
Hélt að lögreglan myndi ekki gera neitt	12	2,7%	9	2,8%
Hélt að lögreglan gæti ekki gert neitt	5	1,1%	1	0,3%
Af ótta við ofbeldismanninn/Af ótta við hefnd	13	2,9%	24	7,3%
Skammarlegt/Vandræðalegt/Kenndi sjálfri mér um	54	12,1%	31	9,5%
Vildi ekki að neinn vissi af þessu/Hélt þessu leyndu	11	2,5%	24	7,3%
Vildi ekki að maðurinn yrði handt./Hef átt í útist. við lögr.	7	1,6%	1	0,3%
Enginn hefði trúað mér	15	3,4%	6	1,8%
Hluti af vinnunni/Fylgir vinnunni	8	1,8%	1	0,3%
Tilkynnt til annars aðila	3	0,7%	1	0,3%
Annað	48	10,8%	41	12,5%
Alls	491	110,1%[i]	350	107,0%[i]

[i] Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Þær konur sem sögðust hafa tilkynnt síðasta ofbeldisatvik til lögreglunnar voru spurðar nánar út í samskipti sín við lögregluna. Samkvæmt konunum eru þau úrræði sem lögreglan veitir þolendum ofbeldis nánast þau sömu hvort sem um er að ræða ofbeldi í nánu sambandi eða ekki (tafla 68). Athygli vekur að algengara var að lögreglan hafði handtekið eða veitt ofbeldismanninum tiltal ef um ofbeldi í nánu sambandi var að ræða en þegar svo var ekki.

Tafla 68. Hvað gerði lögreglan til að hjálpa þér?

	Ekki náið samband		Náið samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Skrifaði skýrslu	23	33,8%	15	36,6%
Handtók hann (þá)	12	17,6%	10	24,4%
Veitti honum (þeim) tiltal	7	10,3%	6	14,6%
Veitti mér vernd	5	7,4%	0	0,0%
Hélt honum (þeim) frá mér	3	4,4%	2	4,9%
Sá til þess að málið var rannsakað	4	5,9%	2	4,9%
Veitti mér uppl. um mögul. mína skv. lögunum	4	5,9%	4	9,8%
Annað	12	17,6%	8	19,5%
Lögreglan gerði ekki neitt	16	23,5%	9	22,0%
Alls	86	126,5%[i]	56	136,6%[i]

[i] Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Konurnar voru spurðar að því hvort lögreglan hefði átt að gera eitthvað annað til að hjálpa þeim (tafla 69). Um helmingur sagði svo vera. Alls sögðu 20% þeirra sem voru beittar ofbeldi af öðrum en maka að lögreglan hefði mátt taka frásögn sína af alvöru, hlustað á sig eða stutt sig. Heldur lægra hlutfall kvenna (17%) var á sömu skoðun (ofbeldi í nánu sambandi).

Tafla 69. Er eitthvað annað sem lögreglan hefði átt að gera til að hjálpa þér?

	Ekki náið samband		Náið samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Útskýrt fyrir mér hvernig gangur málsins yrði	3	4,9%	2	3,8%
Komið fyrr á staðinn	2	3,3%	2	3,8%
Kært/handtekið hann	7	11,5%	6	11,3%
Veitt honum tiltal	4	6,6%	3	5,7%
Tekið frásögn mína af alvöru / hlustað/stutt mig	12	19,7%	9	17,0%
Farið með hann/úrskurða nálgunarbann	1	1,6%	4	7,5%
Vísað mér á Kvennaathvarf	3	4,9%	2	3,8%
Veitt vernd/hjálpað mér við að yfirgefa húsið	1	1,6%	4	7,5%
Farið með mig á sjúkrahús/til læknis	2	3,3%	2	3,8%
Annað	10	16,4%	5	9,4%
Nei, ekkert	30	49,2%	29	54,7%
Alls	75	123,0%[i]	68	128,3%[i]

[i] Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Heldur lægra hlutfall kvenna sem voru beittar ofbeldi ekki í nánu sambandi (59%) voru mjög sáttar eða sáttar við hvernig lögreglan tók á málinu samanborið við konur í nánum samböndum (65%) (tafla 70).

Tafla 70. Hversu sátt ert þú við hvernig lögreglan tók á málinu?

	Ekki náið samband		Náið samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Mjög sátt	21	33,3%	18	34,6%
Sátt	16	25,4%	16	30,8%
Ósátt	16	25,4%	5	9,6%
Mjög ósátt	10	15,9%	13	25,0%
Alls	63	100%	52	100%

5.3 Samanburður við önnur lönd

Þótt meginumfjöllunarefni þessarar skýrslu sé ofbeldi sem konur verða fyrir af hendi núverandi eða fyrrverandi maka, er hér til fróðleiks greint frá umfangi ofbeldis sem konur verða fyrir af hendi annarra en maka (þ.e. ofbeldi ekki í nánum samböndum) í þeim löndum sem IVAWS rannsóknin náði til. Eins og áður eru Ísland og Danmörk höfð hlið við hlið til að auðvelda samanburð þessara tveggja landa sem eru líkust að samfélagsgerð.

Mun færri íslenskar konur (29%) hafa orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri en danskar (37%) og heldur færri en í Sviss eða Ástralíu (31%).



Mynd 9. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánu sambandi, einhvern tíma frá 16 ára aldri

Mun lægra hlutfall íslenskra kvenna (16%) hefur orðið fyrir líkamlegu ofbeldi ekki í nánu sambandi en kynsystur þeirra í Danmörku (22%) og hlutfallið er einnig heldur lægra en í Sviss (17%) (mynd 10).



Mynd 10. Hlutfall kvenna sem hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi, ekki í nánu sambandi, einhvern tíma frá 16 ára aldri

Hlutfall íslenskra kvenna sem höfðu verið beittar kynferðislegu ofbeldi frá 16 ára aldri ekki í nánu sambandi var 21% sem var jafnhátt og í Sviss en heldur lægra en gerðist meðal danskra kvenna (23%). Ástæður þess að konur í löndum eins og Hong Kong, Filippseyjum og Mósambík urðu sjaldnar fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi annarra en maka kunna að liggja í því að þær lifi í verndaðra umhverfi, vinni inni á heimilum, umgangist nær eingöngu fjölskyldu og séu lítið á almannafæri (mynd 11).



Mynd 11. Hlutfall kvenna sem hafa verið beittar kynferðislegu ofbeldi, ekki í nánu sambandi, einhvern tíma frá 16 ára aldri

Á mynd 12 má sjá að tæplega fjórðungur íslenskra kvenna sem voru beittar ofbeldi af ókunnugum var unnið líkamlegt mein. Þetta hlutfall er meira en helmingi hærra en meðal danskra kvenna.



Mynd 12. Hlutfall kvenna sem var unnið líkamlegt mein, ekki í nánu sambandi.

Á mynd 13 má sjá að hlutfallslega fáar konur (8-18%) kærðu ofbeldi til lögreglu. Sama hlutfall kvenna á Íslandi og í Danmörku (18%) hafði tilkynnt ofbeldi af hálfu ókunnugra til lögreglu. Heldur lægra hlutfall kvenna (8%) á Íslandi hafði tilkynnt um ofbeldisatvik sem þær urðu fyrir af hendi vina, kunningja eða skyldmenna en í Danmörku (10%).



Mynd13. Hlutfall kvenna sem tilkynntu síðasta ofbeldisatvik, ekki í nánu sambandi, til lögreglu

Kærur til lögreglu voru svipaðar í löndunum níu. Ástralskar konur voru þó líklegastar til að kæra ofbeldi af hendi ókunnugra en hvað varðar kærur vegna ofbeldis kunnugra voru þær svipaðar og hjá konum í hinum löndunum átta.

6 Lokaorð

Hér verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman og rætt um þær í ljósi fyrri rannsókna á sviðinu. Greint hefur verið frá ofbeldi sem konur verða annars vegar fyrir af hendi núverandi eða fyrrverandi maka og hins vegar ofbeldi sem þær verða fyrir af hendi annarra. Í skýrslunni var lögð meginánhersla á að greina frá ofbeldi í nánum samböndum þar sem markmiðið er að afla upplýsinga sem geta nýst stjórnvöldum við aðgerðaáætlanir gegn ofbeldi í nánum samböndum.

Ofbeldi í nánum samböndum er alvarlegt alþjóðlegt vandamál. Á Íslandi hafa ekki verið gerðar margar rannsóknir á ofbeldi í nánum samböndum. Fyrsta íslenska rannsóknin á ofbeldi í nánum samböndum var gerð árið 1979 en hún byggði á sjúkraskrám slysavarðstofu Borgarspítala og sýndi að ofbeldi gegn konum var til staðar hér á landi eins og annars staðar (Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir, 1981).

Þá var unnin umfangsmikil könnun á umfangi og eðli ofbeldis í nánum samböndum árið 1996 að frumkvæði dómsmálaráðuneytisins (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997). Í framhaldinu vann Ingólfur V. Gíslason (2008) fræðslurit fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið fyrir ýmsar fagstéttir, sem byggir að hluta til á rannsókninni frá 1996. Þessi rannsókn var sú umfangsmesta sem unnin hafði verið fram að því.

Í rannsókninni 1996 var tekið 3000 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá. Svarhlutfall var 74% og voru 52,2% svarenda konur og 47,8% karlmenn á aldrinum 18–65 ára (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, febrúar 1997). Áhugi á ofbeldi gegn konum hefur farið vaxandi. Sem

dæmi má nefna að nýlega hefur komið út bók sem ber heitið Ofbeldi, margbreytileg birtingarmynd (Erla Kolbrún Svavarsdóttir (ritstj.), 2010). Hér verður aðallega fjallað um þær niðurstöður sem snúa að konunum.

Taka verður tillit til að margt hefur breyst í samfélaginu og umræðan um ofbeldi gegn konum aukist til muna.

Þrátt fyrir að könnunin sem gerð var 1996 og sú er þessi skýrsla byggir á séu ekki sambærilegar, er forvitnilegt að bera saman þætti sem gefa vísbendingar um þróun á ofbeldi. Í niðurstöðum könnunarinnar frá 1996 (Ingólfur V. Gíslason, 2008) kom í ljós að 29% kvenna hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi[4] samanborið við 30% kvenna árið 2008. Samkvæmt þessu hefur líkamlegt ofbeldi gegn konum ekki aukist á þessum 12 árum sem skilja á milli þessara tveggja kannana.

Ef skoðað er hvernig skipting ofbeldis er eftir því hvort um náið samband er að ræða má sjá að árið 1996 höfðu 14% kvenna orðið fyrir líkamlegu ofbeldi[5] í nánu sambandi en 2008 var hlutfallið 20%. Miðað við þetta er ekki að sjá að líkamlegt ofbeldi gegn konum í nánu sambandi hafi aukist svo neinu nemi.

Ef bornar eru saman niðurstöður fyrir ofbeldi ekki í nánu sambandi, breytist myndin. Í könnuninni 1996 (sama heimild) hafa 15% kvenna orðið fyrir líkamlegu ofbeldi en 2008 er hlutfallið 13%. Þetta getur bent til að ofbeldi af hendi annarra en maka hafi staðið í stað eða jafnvel minnkað lítið eitt.

Í báðum könnunum var spurt um líkamlegt ofbeldi í nánu sambandi síðastliðna 12 mánuði. Engin breyting er á hlutfalli kvenna sem hafa verið beittar ofbeldi undangengna 12 mánuði og er hlutfallið rúmlega 1% í báðum könnunum.

Með samanburði við rannsókn frá árinu 1996 hefur í þessum kafla verið gerð tilraun til að meta hvort ofbeldi hafi aukist í íslensku samfélagi síðastliðin 10 ár. Þessi samanburður gefur vísbendingar um að ofbeldi gegn konum hafi staðið í stað. Afar mikilvægt er þó að alhæfa ekki út frá þessum samanburði þar sem kannanirnar tvær eru ekki sambærilegar.

Auk þess sem niðurstöður könnunarinnar voru bornar saman við niðurstöður könnunar frá árinu 1996 voru þær í skýrslunni bornar saman við niðurstöður úr fjölþjóðakönnuninni IVAWS (Johnson o.fl., 2008). Sú könnun var framkvæmd í mjög ólíkum löndum og af henni sést að umfang og eðli ofbeldis gegn konum er minna í löndum þar sem staða kvenna er betri en í löndum þar sem þæra hafa litla eða enga möguleika á að koma sér úr ofbeldissambandinu. Umfang og eðli ofbeldis á Íslandi svipaði um margt til Danmerkur enda þjóðfélagsgerð og staða kvenna svipuð í alþjóðlegum samanburði.

7 Heimildir

Buckley, H., Horwath, J., og Wheelan,S. (2006). *Framework for assessment of vulnerable children and their families.* Dublin, Children´s Research Centre, Trinity College and Sheffield: Sheffield University.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (1997). *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum.*

Erla Kolbrún Svavarsdóttir. (2010). *Ofbeldi, margbreytileg birtingarmynd.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

---

[4] Af núverandi, fyrrverandi maka eða öðrum.

[5] Í nánu sambandi

Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir. (1982). Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum. *Geðvernd* 17,7–31.
Holt, S., Buckley, H. og Whelan, S. (2008). The impact of exposure to domestic violence on children and young people: A review of the literature. *Child Abuse and Neglect,* 32, 797–810.
Hydén, M. (1998). *Woman battering as a marital act – the construction of a violent marriage.* Oslo: Scandinavian Press.
Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum. Orsakir, afleiðingar og úrræði.* Félagsþjónustan. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
Johnson, H., Ollus, N. og Nevala, S. (2008). *Violence Against Women. An International perspective.* Helsinki: Springer.
Lög (137/2000) um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
Mäkelä, P., Gmel, G., Grittner, U., Kuendig, H., Kuntsche, S., Bloomfield, K. & Room, R. (2006). Drinking patterns and their gender differences in Europe. *Alcohol and Alcoholism,* Vol. 41., Supplement 1, October/November, i8-i18.
McGee, C. (2000). *Childhood experience of domestic violence.* London and Philadelphia: Jessica Kingsley Publishers.
Mannfjöldaspá Hagstofunnar. (jan. 2009). Sótt þann 9. sept. 2009 af: http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Framreikningur-mannfjoldans

8 Fylgiskjöl

Tafla 71. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi ekki í nánu sambandi, greint eftir búsetu

	Höfuðborgarsvæðið (N=1292)		Reykjanes (N=112)		Vesturland (N=106)		Vestfirðir og Norðurland vestra (N=101)		Norðurland eystra og Austurland (N=260)		Suðurland (N=176)	
	%	*n*	%	*n*	%	*n*	%	*n*	%	*n*	%	*n*
Allt ofbeldi												
Einhvern tíma frá 16 ára aldri*	29,1%	*375*	31,3%	*35*	14,2%	*15*	28,0%	*28*	29,5%	*76*	24,1%	*42*
Síðustu 12 mánuði [óg]	2,2%	*28*	0,9%	*1*	1,9%	*2*	2,0%	*2*	3,1%	*8*	1,1%	*2*
Líkamlegt ofbeldi												
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	13,4%	*173*	15,2%	*17*	3,8%	*4*	16,0%	*16*	13,6%	*35*	13,8%	*24*
Síðustu 12 mánuði [óg]	0,9%	*11*	0,0%	*0*	0,9%	*1*	2,0%	*2*	1,9%	*5*	0,6%	*1*
Kynferðislegt ofbeldi												
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	21,6%	*278*	20,5%	*23*	13,2%	*14*	18,0%	*18*	21,3%	*55*	16,1%	*28*
Síðustu 12 mánuði [óg]	1,7%	*22*	0,9%	*1*	0,9%	*1*	0,0%	*0*	1,2%	*3*	0,6%	*1*

*p <0,05; **p <0,01; ***p <0,001; [óg] Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 72. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánu sambandi, greint eftir aldri

	18-24 ára (N=247)		25-44 ára (N=826)		45-64 ára (N=711)		65-80 ára (N=257)	
	%	*n*	%	*n*	%	*n*	%	*n*
Allt ofbeldi								
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	34,8%	*86*	29,7%	*245*	25,6%	*182*	16,3%	*42*
Síðustu 12 mánuði***	9,3%	*23*	2,1%	*17*	0,4%	*3*	0,4%	*1*
Líkamlegt ofbeldi								
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	18,6%	*46*	13,6%	*112*	10,3%	*73*	6,2%	*16*
Síðustu 12 mánuði [óg]	4,9%	*12*	0,8%	*7*	0,1%	*1*	0,0%	*0*
Kynferðislegt ofbeldi								
Einhvern tíma frá 16 ára aldri*	24,3%	*60*	21,7%	*179*	20,1%	*143*	14,0%	*36*
Síðustu 12 mánuði [óg]	5,7%	*14*	1,5%	*12*	0,3%	*2*	0,4%	*1*

*p <0,05; **p <0,01; ***p <0,001; [óg] Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 73. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánu sambandi, greint eftir hjúskaparstöðu

	Gift (N=988)		Fráskilin (N=241)		Hvorki gift né fráskilin (N=811)	
	%	*n*	%	*n*	%	*n*
Allt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	22,3%	*220*	36,5%	*88*	30,5%	*247*
Síðustu 12 mánuði***	0,6%	*6*	4,1%	*10*	3,5%	*28*
Líkamlegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri**	9,6%	*95*	14,5%	*35*	14,4%	*117*
Síðustu 12 mánuði***	0,1%	*1*	2,1%	*5*	1,7%	*14*
Kynferðislegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	16,7%	*165*	29,5%	*71*	22,4%	*182*
Síðustu 12 mánuði**	0,5%	*5*	2,9%	*7*	2,1%	*17*

*p <0,05; **p <0,01; ***p <0,001; [óg] Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 74. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánu sambandi, greint eftir menntun

	Grunnskólapróf (N=695)		Framhaldsskólapróf (N=648)		Háskólapróf (N=617)	
	%	*n*	%	*n*	%	*n*
Allt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	27,1%	*188*	27,2%	*176*	27,2%	*168*
Síðustu 12 mánuði*	3,0%	*21*	2,5%	*16*	0,8%	*5*
Líkamlegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	14,0%	*97*	11,9%	*77*	10,5%	*65*
Síðustu 12 mánuði**	1,4%	*10*	1,5%	*10*	0,0%	*0*
Kynferðislegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	19,9%	*138*	21,0%	*136*	20,4%	*126*
Síðustu 12 mánuði	2,0%	*14*	1,2%	*8*	0,8%	*5*

*p <0,05; **p <0,01; ***p <0,001; [óg] Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 75. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánu sambandi, greint eftir atvinnuþátttöku

	Í launuðu starfi á heimilinu eða utan heimilis (N=1504)		Ekki í launuðu starfi (N=531)	
	%	*n*	%	*n*
Allt ofbeldi				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	27,1%	*407*	27,7%	*147*
Síðustu 12 mánuði	1,9%	*28*	3,0%	*16*
Líkamlegt ofbeldi				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	11,7%	*176*	13,2%	*70*
Síðustu 12 mánuði*	0,7%	*10*	1,9%	*10*
Kynferðislegt ofbeldi				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	20,6%	*310*	20,3%	*108*
Síðustu 12 mánuði	1,4%	*21*	1,5%	*8*

*p <0,05; **p <0,01; ***p <0,001; [óg] Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 76. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánu sambandi, greint eftir tekjum kvennanna

	Undir 250 þús. (N=926)		250-399 þús. (N=616)		400 þús. eða hærri (N=252)	
	%	*n*	%	*n*	%	*n*
Allt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	28,9%	*267*	27,3%	*168*	28,6%	*72*
Síðustu 12 mánuði	2,5%	*23*	1,8%	*11*	1,2%	*3*
Líkamlegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	13,9%	*129*	10,6%	*65*	12,3%	*31*
Síðustu 12 mánuði	1,2%	*11*	0,6%	*4*	0,0%	*0*
Kynferðislegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	21,5%	*199*	21,3%	*131*	20,6%	*52*
Síðustu 12 mánuði	1,7%	*16*	1,1%	*7*	1,2%	*3*

*p <0,05; **p <0,01; ***p <0,001; [óg] Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 77. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánu sambandi, greint eftir heimilistekjum

	Undir 250 þús. (N=266)		250-399 þús. (N=397)		400-599 þús. (N=406)		600-799 þús. (N=289)		800 þús. eða hærri (N=266)	
	%	*n*	%	*n*	%	*n*	%	*n*	%	*n*
Allt ofbeldi										
Einhvern tíma frá 16 ára aldri**	36,5%	*97*	28,5%	*113*	26,6%	*108*	22,8%	*66*	29,7%	*79*
Síðustu 12 mánuði	3,8%	*10*	2,8%	*11*	1,7%	*7*	1,4%	*4*	1,5%	*4*
Líkamlegt ofbeldi										
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	16,5%	*44*	11,3%	*45*	12,8%	*52*	11,1%	*32*	11,7%	*31*
Síðustu 12 mánuði [óg]	2,3%	*6*	1,3%	*5*	0,5%	*2*	0,3%	*1*	0,8%	*2*
Kynferðislegt ofbeldi										
Einhvern tíma frá 16 ára aldri**	28,2%	*75*	21,9%	*87*	20,0%	*81*	15,2%	*44*	23,3%	*62*
Síðustu 12 mánuði [óg]	2,6%	*7*	1,8%	*7*	1,2%	*5*	1,0%	*3*	0,8%	*2*

*p <0,05; **p <0,01; ***p <0,001; [óg] Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 78. Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks, ekki í nánu sambandi, greindur eftir því hvers konar ofbeldi er um að ræða

	Mjög alvarlegt	Nokkuð alvarlegt	Ekki sérstaklega alvarlegt	Alls	Fjöldi
Hótun um líkamlegt mein	52,0%	38,0%	10,0%	100%	50
Einhverju hent á eftir viðkomandi eða barið með einhverju	52,2%	43,5%	4,3%	100%	23
Hrint, þrifið í, snúið upp á handlegg eða hárreytt	53,2%	37,1%	9,7%	100%	62
Slegið með flötum lófa, sparkað, bitið, barið með kr. hnefa	52,5%	35,0%	12,5%	100%	40
Reynt að kyrkja, kæfa eða brenna t.d. með því að skvetta á þig vökva	83,3%	16,7%	0,0%	100%	6
Hnífi eða byssu beitt eða hótað að beita	20,0%	60,0%	20,0%	100%	5
Annað líkamlegt ofbeldi, þó ekki kynferðislegt	40,0%	44,0%	16,0%	100%	25
Þvingun til samfara með ofbeldi eða hótun	57,1%	33,3%	9,5%	100%	42
Tilraun til samfara með ofbeldi eða hótun	46,8%	43,0%	10,1%	100%	79
Kynferðisleg snerting sem olli vanlíðan	41,2%	37,7%	21,1%	100%	114
Þvingað eða reynt að þvinga til kynlífs með öðrum	40,0%	60,0%	0,0%	100%	5
Annað kynferðislegt ofbeldi	27,3%	54,5%	18,2%	100%	11

Rannsókn á ofbeldi gegn konum
Viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar

Anni G. Haugen
Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd
Unnið fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið
(Október 2009)

Formáli félags- og tryggingamálaráðuneytis í rannsókninni um félagsþjónustu og barnavernd.

Rannsókn þessi er þáttur í aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn ofbeldi karla gegn konum. Aðgerðaáætlunin var unnin af samráðsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlunin var samþykkt í ríkisstjórn í september 2006.

Einn liður í aðgerðaáætluninni er rannsókn á ofbeldi karla gegn konum. Félags- og tryggingamálaráðuneytið er ábyrgðaraðili þeirrar rannsóknar.

Rannsóknin skiptist í sex hluta, símakönnun annars vegar og rannsókn hjá félagsþjónustu og barnavernd, grunnskólum, heilbrigðisþjónustu, lögreglu og félagasamtökum hins vegar.

Þessi hluti rannsóknarinnar tekur til félagsþjónustu og barnaverndar. Undirbúningur rannsóknarinnar fór fram í félags- og tryggingamálaráðuneyti með ráðgjöf Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotafræðings. Rannsóknin var framkvæmd af Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd í Háskóla Íslands undir stjórn Anni G. Haugen, lektors við Háskóla Íslands. Fjölmargir aðrir komu að rannsókninni og ber að þakka þeim sérstaklega. Fyrst ber að nefna viðmælendur sem allir voru reiðubúnir til að verja tíma sínum í að svara spurningum um heimilisofbeldi. Spyrlunum er þakkað fyrir sinn þátt og Arndísi Tómasdóttur nemenda í M.A.-námi í félagsráðgjöf fyrir að skrá flest viðtölin. Jóhanna Rósa Arnardóttir las handrit og Þorvaldur Kristinsson próförk.

Niðurstöður sem hér birtast veita mikilvægar upplýsingar um að hvaða leyti mál er varða ofbeldi karla til konum í nánum samböndum koma til kasta félagsþjónustu og barnaverndar og hver úrræðin eru. Þær upplýsingar geta síðan orðið grundvöllur að frekari aðgerðum félagsþjónustu og barnaverndar á þessum vettvangi.

Útdráttur

Í rannsókninni var rætt við starfsmenn hjá félagsþjónustu og barnavernd í níu sveitarfélögum á landinu. Markmiðið var að fá yfirlit yfir á hvern hátt þessar stofnanir bregðast við þegar kona leitar aðstoðar vegna heimilisofbeldis og fá fram hugmyndir til úrbóta á þjónustunni.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru:

- Börn virðast oftast vera forsenda fyrir beiðni um aðstoð frá félagsþjónustu og ekki er algengt að barnlausar konur leiti aðstoðar. Tilvist barna á heimili er einnig ástæða tilkynninga í þessum málaflokki.
- Skráning mála er varða heimilisofbeldi er ábótavant og ekki hægt að kalla fram upplýsingar um fjölda kvenna sem leita aðstoðar vegna þess.
- Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um ofbeldi gegn viðkvæmum hópum kvenna, þ.e. gömlum konum, konur af erlendum uppruna og fötluðum konum.

- Kvennaathvarfið er talið mikilvægasti samstarfsaðli í málum sem tengjast heimilisofbeldi og mikið traust borið til starfsmanna þess.
- Talið er að andlegt ofbeldi í garð kvenna hafi aukist á síðustu árum en erfitt getur verið að nálgast þau mál og veita konunum nauðsynlega aðstoð.
- Sérstakt tillit er tekið til stöðu barna á heimili þegar mál sem tengjast heimilisofbeldi koma upp og veita þeim stuðning.
- Margir viðmælenda telja að þegar leitað er aðstoðar vegna heimilisofbeldis tengist það í flestum tilvikum áfengisneyslu.
- Þörf er á aukinni þekkingu og fræðslu um heimilisofbeldi bæði til starfsmanna sem sinna ráðgjöf hjá félagsþjónustu og barnavernd en einnig hjá starfsmönnum heimaþjónustu og heimahjúkrunar auk samstarfsaðila eins og starfsmanna leikskóla og lögreglu.

1 Inngangur

Í september 2006 samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaráætlun um ofbeldi gegn konum. Meginmarkmið áætlunarinnar er að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist að konum og börnum svo og að bæta aðbúnað þeirra sem orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi.

Vitað er að hluti þeirra kvenna sem verða fyrir ofbeldi leita til félagsþjónustunnar eftir aðstoð, og barnaverndarnefndir sinna oft og tíðum börnum sem búa við heimilisofbeldi. Til þessa hafa ekki legið fyrir upplýsingar um það hve margar þessar konur eru, hvernig aðstæður þeirra eru, á hvern hátt félagsþjónustan hefur aðstoðað þær og síðast en ekki síst hvort sérstaklega sé hugað að aðstæðum barna sem búa við ofbeldi á heimilum sínum. Til að afla upplýsinga um þessi atriði óskaði ráðuneytið eftir að RBF tæki að sér að framkvæma rannsókn til að safna þessum upplýsingum. Þorgerði Benediktsdóttur var falið að hafa umsjón með rannsókninni fyrir hönd ráðuneytisins, en Anni G. Haugen, lektor í félagsráðgjafardeild við Háskóla Íslands fyrir hönd RBF.

Skýrslunni er skipt í fimm kafla. Á eftir inngangi og lýsingu á rannsókninni er í 3. kafla skýrslunnar samantekt úr viðtölunum og kynning á þeim tillögum til úrbóta sem þar komu fram. Í 4. kafla er gerð grein fyrir viðtölunum sem tekin voru svo að unnt er að fá mynd af málaflokknum á hinum ólíku stöðum sem þátt tóku í rannsókninni. Fyrst er gerð grein fyrir því hvernig þessi mál snúa að barnavernd. Á þeim stöðum þar sem barnaverndarmál og félagsþjónusta eru aðskilin og ekki unnin af sömu starfsmönnum er fjallað um það sérstaklega. Síðan er fjallað um aðkomu félagsþjónustu að málaflokknum. Í 5. kafla er að lokum fjallað um niðurstöður.

2 Rannsóknin

2.1 Þátttakendur

Leitað var til yfirmanna félags- og velferðarþjónustu svo og barnaverndar í níu sveitarfélögum og óskað eftir þátttöku þeirra eða starfsmanna þeirra í rannsókninni. Val á sveitarfélögum miðaðist við það að afla upplýsinga bæði frá þéttbýlis- og dreifbýlissvæðum, stöðum þar sem uppbygging er mikil og þar sem ákveðinnar hnignunar hefur gætt svo og stöðum þar sem uppbygging félagsþjónustu og barnaverndar er með ólíku sniði. Skipulag þjónustunnar ræðst að hluta til af sérstöðu hvers svæðis. Nánari upplýsingar um sveitarfélögin er að finna í Viðauka I. Að auki var rætt við forstöðumann Barnaverndarstofu.

Hér verður gerð stutt grein fyrir skipulagi félagsþjónustu og barnaverndar í þeim sveitarfélögum sem skoðuð voru.

Reykjavík: Í Reykjavík ber Velferðarsvið ábyrgð á stefnumótun í velferðarmálum í umboði Velferðarráðs. Velferðarsvið sér um rekstur sex þjónustumiðstöðva auk Barnaverndar Reykjavíkur, heimahjúkrunar o.fl. Þjónustumiðstöðvarnar sinna m.a. þjónustu við einstaklinga svo sem fjárhagsaðstoð auk þess sem veitt er félagsleg ráðgjöf. Sérstök barnaverndarnefnd ber ábyrgð á starfi Barnaverndar. Rætt var við starfsmenn á þjónustumiðstöðvum Miðborgar og Hlíða, Laugardals og Háaleitis, Breiðholts, Vesturbæjar og Barnavernd Reykjavíkur (Reykjavíkurborg e.d.).

Reykjanesbær: Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar sér um framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélagsins. Fjölskyldu- og félagsmálaráð starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um húsaleigubætur, lögum um málefni aldraðra og fatlaðra o.fl. Barnaverndarnefnd starfar samkvæmt barnaverndarlögum og sérstök deild sinnir þeim málaflokki eingöngu (Reykjanesbær e.d).

Ísafjörður: Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar sér um framkvæmd félagslegrar þjónustu á Ísafirði undir stjórn félagsmálanefndar. Sérstök barnaverndarnefnd ber ábyrgð á vinnslu barnaverndarmála, en þjónustusvæði hennar er Ísafjarðarbær, Bolungavíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur (Ísafjarðarbær e.d).

Húnaþing vestra: Aðsetur félagsþjónustunnar í Húnaþingi vestra er á Hvammstanga. Stofnunin sinnir einnig málefnum fatlaðra undir stjórn félagsmálaráðs. Sameiginleg barnaverndarnefnd er fyrir Húnaþing vestra og Héraðsnefnd Strandasýslu (Húnaþing vestra e.d.).

Akureyri: Fjölskyldudeild Akureyrar veitir m.a. félagslega þjónustu og sérstök deild sinnir barnaverndarmálum. Auk þess að sinna íbúum Akureyrar er samningur um þjónustu við nágrannasveitarfélögin, Arnarneshrepp, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahrepp, Hörgárbyggð og Svalbarðstrandarhrepp um ráðgjafarþjónustu. Þá er fötluðum íbúum Dalvíkurbyggðar, Grímseyjar og Ólafsjarðar veitt sérhæfð aðstoð á grundvelli þjónustusamnings (Akureyri e.d.).

Norðurþing: Félagsþjónusta Norðurþings veitir félagslega þjónustu og sinnir barnaverndarmálum á svæðinu undir stjórn félagsmála- og barnaverndarnefndar Þingeyinga. Þjónustan er staðsett á skrifstofu félags- og skólaþjónustu Þingeyinga (Norðurþing e.d.).

Fjarðabyggð: Félagsþjónustusvið Fjarðabyggðar veitir félagslega þjónustu og sinnir barnaverndarmálum undir stjórn félagsmálaráðs Fjarðabyggðar (Fjarðabyggð e.d.).

Mýrdalshreppur: Mýrdalshreppur tekur þátt í samstarfsverkefni Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Skaftárhrepps um Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu þar sem sinnt er félagslegri þjónustu og barnavernd. Þessi sveitarfélög hafa rekið sameiginlega félagsmálanefnd frá því í júní 2007. Áður höfðu sömu sveitarfélag unnið saman að barnaverndarmálum og enn eru málaflokkarnir aðskildir þannig að bæði eru starfandi barnaverndar- og félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (Rangárþing eystra e.d.).

Vestmannaeyjar: Félagsleg þjónusta og barnavernd er veitt af fjölskyldu- og fræðslusviði Vestmannaeyja sem starfar í umboði fræðslu- og menningarráðs og fjölskyldu- og tómstundaráðs (Vestmannaeyjar, e.d.).

2.2 Aðferð

Leitað var til yfirmanna félags- og velferðarþjónustu svo og barnaverndar í ofangreindum sveitarfélögum og óskað eftir upplýsingum frá lykilstarfsmönnum um það á hvern hátt viðkomandi stofnun skráði, fjallaði um og aðstoðaði konur sem beittar hefðu verið heimilisofbeldi og leituðu eftir aðstoð eða var vísað til stofnunarinnar af öðrum. Allir þeir sem leitað var til voru tilbúnir að taka þátt í rannsókninni. Viðtölin fóru fram á tímabilinu nóvember 2008 til janúar 2009 og spyrlar voru félagsráðgjafarnir Sigrún Karlsdóttir, Guðrún Söderholm, Guðný Hildur Magnúsdóttir og Anni G. Haugen. Notast var við ákveðinn viðtalsramma en jafnframt reynt að tryggja að sérstaða hvers staðar kæmi fram. Viðtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð og greind. Arndís Tómasdóttir, MA-nemi í félagsráðgjöf, aðstoðaði við afritun og greiningu. Viðtalsrammann er að finna í Viðauka II.

Þau sjónarmið og upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu byggjast á þeim svörum sem fengust úr viðtölunum og gefa þau góða heildarmynd af starfsemi sveitarfélaga í landinu þó ekki sé hægt að alhæfa um niðurstöðurnar yfir á önnur sveitarfélög. Engu að síður er hér að finna gagnlegt yfirlit yfir stöðu þessara mála á þeim stöðum sem þátt tóku í rannsókninni. Niðurstöðurnar eiga að geta gefið allskýrar leiðbeiningar um vinnubrögð og áherslur í málaflokknum.

3 Núverandi þjónusta og tillögur viðmælenda til úrbóta

3.1 Skráning

Þær stofnanir félagsþjónustu sem rætt var við skrá ekki mál er varða heimilisofbeldi á markvissan hátt. Upplýsingar um ofbeldið er að finna í dagálum, en ekki er hægt að kalla þær fram á einfaldan hátt og tölur um heimilisofbeldi koma ekki fram í ársskýrslum stofnananna. Á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur var á það minnst að erfitt hefði reynst að finna tölvukerfi sem hentaði vel skráningu mála í félagsþjónustu. Á einum stað er verið að taka upp nýtt tölvukerfi og þá er vonast til að unnt verði að skrá málin betur. Þá var þess getið á nokkrum stöðum að skráningu mála væri stundum ábótavant þar sem starfsmenn hefðu mikið að gera og létu stundum verkefni eins og skrif í dagála sitja á hakanum.

Konur virðast sjaldan leita til félagsþjónustunnar vegna ofbeldis en leita þangað aftur á móti til að óska eftir aðstoð varðandi ýmis praktísk mál sem t.d. tengjast rétti til fjárhagsaðstoðar eða húsaleigubóta ellegar möguleika á að fá húsnæði á vegum sveitarfélagsins. Þegar farið er að ræða við viðkomandi konu og myndast hefur ákveðið traust milli starfsmanns og konunnar koma upplýsingar um ofbeldi síðan fram. Oftar en ekki er konan þá búin að koma sér út úr ofbeldissambandinu. Í þeim tilvikum þegar kona leitar aðstoðar vegna ofbeldis eru oftast börn á heimilinu og málin þá í mörgum tilvikum unnin sem barnaverndarmál.

Hvergi er það regla að spyrja sérstaklega um ofbeldi þegar konur koma og leita aðstoðar, heldur er hvert mál metið sjálfstætt. Ef einhver vísbending um ofbeldi kemur fram í frásögn konu eða framkomu er spurt um það sérstaklega. Á einum stað var tekið fram að starfsmenn vildu mæta fólki með það erindi sem það sjálft kemur með og því væri ekki spurt. Á öðrum stað var nefnt að nú væri oftar en ekki spurt um ofbeldi og að það væri orðið auðveldara en áður þar sem konur bregðast nú orðið ekki eins illa við spurningunni og fyrr. Fyrir kemur að upplýsingar um ofbeldi koma fram í ólíkum stuðningshópum sem konan tekur þátt í svo sem í geðræktar- og sjálfstyrkingarhópum.

Ýmsir aðilar hafa samband við félagsþjónustuna vegna ofbeldismála. Þar má til dæmis nefna Kvennaathvarfið sem hefur stundum samband til að óska eftir viðtali og aðstoð fyrir

konu sem dvelur þar, en þær beiðnir virðast oftast snúa að praktískum málum. Þá virðast ættingjar, nágrannar og aðrir stundum hafa samband vegna fatlaðra kvenna.

Lítil breyting virðist hafa orðið á skráningu mála á undanförnum árum á þeim stöðum sem úttektin náði til. Með hliðsjón af því sem að framan segir myndi skráning mála út frá ástæðu komu ekki segja til um fjölda þeirra kvenna sem búa við heimilisofbeldi.

Skráning barnaverndarmála virðist að sumu leyti skipulegri en skráning mála sem unnin eru á grundvelli félagsþjónustulaga. Þegar tilkynningar berast eru þær flokkaðar eftir ákveðnu kerfi sem Barnaverndarstofa kom á fót árið 2005 og kallast Skilgreiningar og flokkun (SOF). Ofbeldi sem snýr beint að barninu er skráð sem líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi. Verði barn beint eða óbeint vitni að ofbeldi milli foreldra, er það skráð sem tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi. Sá flokkur rúmar hins vegar ýmis önnur atriði þannig að talning á þessum tilkynningum gefur ekki rétta mynd af fjölda tilkynninga er varða börn sem búa við heimilisofbeldi. Í mörgum tilvikum er það hins vegar ekki fyrr en við könnun málsins að í ljós kemur að barnið býr við aðstæður þar sem það verður vitni að ofbeldi milli foreldra. Þær upplýsingar eru eingöngu skráðar í dagál eða greinargerðir og birtast ekki í ársskýrslum.

Á nokkrum stöðum er alltaf eða oftast spurt um heimilisofbeldi þegar verið er að kanna mál. Á flestum stöðunum er þetta hins vegar ekki regla og aðeins spurt um ofbeldi ef eitthvað gefur tilefni til þess. Nefnt var á einum stað að við könnun mála væri meðalhófsreglunnar gætt og könnun því ekki umfangsmeiri en tilefni gefst til hverju sinni.

Tölur um fjölda þeirra barna sem búa við heimilisofbeldi og barnaverndarnefnd hefur afskipti af er því óljós. Í málsskjölum á einnig að vera hægt að lesa hvaða stuðningsúrræði barnið og fjölskylda þess hefur fengið, en grunur leikur á að einhver vanhöld séu á þeirri skráningu. Barnaverndarstofa hefur nú tekið upp breytt form á skráningu mála, bæði í sískráningu mála þar sem nefndirnar senda Barnaverndarstofu upplýsingar um fjölda tilkynninga á þriggja mánaða fresti og á skráningarblaði sem nefndirnar nota til að skrá niður upplýsingar þegar tilkynningar berast. Þar er nú sérstakur dálkur sem merkja á við, búi barnið við heimilisofbeldi. Þetta fyrirkomulag gildir frá og með árinu 2009.

Skráning á ástæðum tilkynninga mun hins vegar ekki gefa nákvæmar tölur um fjölda þeirra barna sem búa við heimilisofbeldi, því eins og áður hefur komið fram eru þetta oft upplýsingar sem koma í ljós við vinnslu málsins og eru þá skráðar í dagál. Hér er mikilvægt að undirstrika að skráning í barnavernd er skráning sem snýr að börnunum, ekki skráning um aðstæður foreldra.

3.2 Ofbeldi gegn viðkvæmum hópum kvenna

3.2.1 Aldraðar konur

Í viðtölunum var sérstaklega spurt um ofbeldi nákominna gegn öldruðum konum. Á þremur stöðum kom fram að vitað væri um slík tilvik og alls staðar var nefnt að mjög erfitt væri að komast að þeim málum. Aldraðir kæmu ekki oft til félagsþjónustunnar, sú aðstoð sem þeir fá er einkum heimilishjálp eða heimahjúkrun og flestir eru jafnframt mjög háðir ættingjum sínum. Í Reykjavík eru starfsmenn með afmörkuð verkefni og hafa því ekki alltaf yfirsýn yfir allan málaflokkinn og þeir sem rætt var við höfðu því ekki í öllum tilvikum upplýsingar um mál er varðaði aldraða. Í einhverjum tilvikum hafa mál af þessu tagi verið leyst á þann hátt að hjónin hafa fengið vist á stofnun. Fram kom að haldin hefði verið ráðstefna þar sem eitt af umfjöllunaratriðunum hefði verið ofbeldi gegn öldruðum og í framhaldi af því nefnt að meðvitund um slíkt ofbeldi ætti því að vera til staðar í starfshópnum.

3.2.2 Fatlaðar konur

Á nokkrum stöðum höfðu komið upp tilvik þar sem fatlaðar konur höfðu sætt heimilisofbeldi. Einnig kom fram á einum stað að ættingjar fatlaðra kvenna hefðu haft samband og lýst yfir áhyggjum vegna mögulegs ofbeldis. Starfsmenn töldu að mjög erfitt væri að komast að þessum málum þar sem þessar konur hefðu stundum ekki skilning á því að ofbeldið væri ekki eðlilegur hluti af sambúðinni. Starfsmönnum fannst mjög sárt að horfa á eftir þessum konum snúa aftur til sambýlismannsins eða eiginmannsins og á einum stað var lagt til að sérstakur trúnaðarmaður yrði skipaður fyrir þessar konur sem gæti náð betur til þeirra en starfsmönnum félagsþjónustunnar fannst þeir gera.

3.2.3 Konur af erlendum uppruna

Þegar spurt var um breytingar á ofbeldi á síðustu árum kom fram að fjölgun hefði orðið í hópi kvenna af erlendum uppruna sem leituðu aðstoðar vegna ofbeldis, bæði andlegs og líkamlegs. Á tveimur stöðum var tekið fram að mjög fáar erlendar konur byggju á svæðinu og ekki hefðu komið upp ofbeldismál er tengdust þeim. Á nokkrum stöðum var nefnt að erlendar konur leituðu sjaldan eftir aðstoð og að ástæðan væri et til vill sú að hafi þær fengið fjárhagsaðstoð getur það haft áhrif á möguleika þeirra til að öðlast íslenskan ríkisborgararétt. Á einum stað hafði verið reynt að koma til þeirra upplýsingum um réttindi, t.d. um félagslega ráðgjöf í gegnum Alþjóðahús. Á öðrum stað kom fram að erlendar konur leita ef til vill frekar eftir aðstoð en íslenskar konur því að þær eiga oft og tíðum færri vini eða ættingja sem þær geta leitað til auk þess sem þær þekkja síður réttindi sín. Margir starfsmannanna sem rætt var við lýstu yfir áhyggjum vegna þessa hóps og nefndu dæmi þar sem þessar konur hefðu verið beittar ýmiss konar ofbeldi svo sem andlegu, líkamlegu, kynferðislegu og efnahagslegu. Nefnt var að eftir mjög alvarlegt ofbeldismál, sem upp kom fyrir nokkrum árum, hefðu bæði félagsþjónustan og lögregla endurskoðað starfsaðferðir sínar í þessum málum.

Fram kom í nokkrum viðtölum að erlendu konurnar kæmu stundum frá menningarsvæðum þar sem viðhorf til ofbeldis virtist vera annað en hér á landi og þetta ætti einnig við um líkamlegar refsingar barna. Starfsmenn virðast oft eiga erfitt með að nálgast þessi mál þar sem taka þarf tillit til ólíkrar menningar um leið og leitast er við að leiðbeina fólki um aðrar uppeldisaðferðir og koma því til skila að líkamlegar refsingar séu ekki viðurkenndar hér á landi.

Notkun túlka virtist almenn á þeim stöðum þar sem mál af þessu tagi höfðu verið til meðferðar, en jafnframt var undirstrikað hve mikilvægt það væri að starfsmenn félagsþjónustu og barnaverndar hefðu þjálfun í að nýta sér aðstoð túlka.

3.3 Þjónusta og úrræði

Eins og áður hefur komið fram virðast konur sem beittar eru heimilisofbeldi fyrst og fremst leita til félagsþjónustunnar til að fá ráð og aðstoð við hagnýt vandamál eins og rétt til fjárhagsaðstoðar, húsnæðis eða húsaleigubóta. Í þessum tilvikum er konan stundum að undirbúa sambúðarslit eða er flutt frá ofbeldismanninum. Aðstoð sem veitt er getur verið aðstoð við húsnæði, hvort heldur er húsnæði á vegum sveitarfélagsins á almennum markaði eða hjá félagasamtökum auk fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta. Á öllum stöðunum gat félagsþjónustan boðið upp á viðtöl, bæði hjá félagsráðgjöfum og sálfræðingum, ýmist á stofnuninni eða utan hennar. Í nokkrum sveitarfélögum starfa einnig hópar sem hægt er að bjóða konunum að taka þátt í svo sem sjálfstyrkingar- og geðræktarhópar. Á einum stað var nefnt að hópastarf sem í boði hefði verið fyrir konur sem beittar höfðu verið kynferðislegu ofbeldi mætti

einnig bjóða konum sem orðið hafa fyrir annars konar ofbeldi og jafnvel börnum. Eitt af því sem getur takmarkað möguleika á viðtölum á minni stöðunum er skortur á fagmönnum á staðnum og það kostar bæði talsvert fé, umstang og tíma að leita til Reykjavíkur, auk þess sem því fylgir talsverður kostnaður. Þessu er hins vegar mætt með því að nýta fagmenn sem koma reglulega á staðinn. Í Reykjavík var nefnt að hækka þyrfti þá upphæð sem einstaklingar fá til að greiða viðtöl hjá sérfræðingum utan stofnunarinnar.

Kvennaathverfið er úrræði sem allir staðirnir benda konum á og þá er sá kostnaður sem fylgir dvölinni þar greiddur. Nefnt var að fjarlægðin gæti haft jákvæða þýðingu þar sem konurnar ættu þá ekki á hættu að mæta ofbeldismanninum og einnig væri það tími sem nýttist til að taka á eigin vanlíðan, en aðrir töldu hins vegar að vegna fjarlægðar ættu konur erfitt með að nýta sér þjónustu Kvennaathvarfsins. Samstarf við Kvennaathvarfið var alls staðar talið mikilvægt, en viðmælendur höfðu ólíka skoðun á því hvort það væri kostur eða ókostur að það væri eingöngu í Reykjavík. Nefnt var að það gæti verið ákveðinn léttir fyrir viðkomandi konu að komast í burtu með börnin, en aðrir töldu það hins vegar mikinn ókost að þurfa að fara til Reykjavíkur og lögðu áherslu á að reynt væri að finna úrræði í heimabyggð. Á öllum stöðunum var talað um mikilvægi Kvennaathvarfsins og mikið traust borið til þess starfs sem þar fer fram.

Á stærri stöðunum virðast mál er varða heimilisofbeldi vera rædd á teymisfundi eða þá að fleiri en einn starfsmaður sinnir málinu þannig að hver og einn kemur að ólíkum þáttum þess. Margir nefndu að þetta væru flókin mál að fást við og að handleiðsla fyrir starfsmenn væri nauðsynleg. Alls staðar var nefnt að miklu máli skipti að hvert tilvik væri skoðað fyrir sig svo að mögulegt væri að veita þann stuðning sem hægt er í samræmi við þörfina hverju sinni.

Barnaverndin nýtir flest þau úrræði sem félagsþjónustan hefur, auk þess að bjóða upp á úrræði sem bundin eru í barnaverndarlögum, svo sem stuðningsfjölskyldur og persónulega ráðgjafa fyrir börnin. Á einum stað var þó tekið fram að oft fyndist fjölskyldum erfitt að fá einhvern stuðningsaðila inn á heimilið eins og í þeim tilvikum þegar tilsjónarmaður er fenginn til að aðstoða fjölskylduna. Á öllum stöðunum var lögð áhersla á að geta boðið konunni, og í sumum tilvikum börnunum, upp á viðtöl en misjafnt er hvort slíkur möguleiki er fyrir hendi. Á flestum stöðum utan Reykjavíkur var nefnt að skortur væri á fagfólki eins og sálfræðingum og félagsráðgjöfum til að sinna viðtölunum. Rétt eins og félagsþjónustan nýtir barnaverndin sér oft þjónustu sérfræðinga sem koma á staðinn reglulega, t.d. á vegum heilsugæslu eða skólaþjónustu, en það nýtist misjafnlega vel og verður stundum til þess að erfitt er að veita heildstæða og markvissa þjónustu.

Á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur var tekið fram að oft væri auðveldara að finna úrræði og sníða það sérstaklega að þörfum viðkomandi barns og fjölskyldu á minni stöðum en þeim stærri. Kerfið væri minna í sniðum og bjargirnar nær, og vegna smæðar samfélagsins væri einnig þekking til staðar um ólíka aðila sem veitt gætu stuðning í málum viðkomandi fjölskyldu.

Alls staðar virðist lögð áhersla á það að þessi málaflokkur njóti ákveðins forgangs. Vinna í málum barnanna er fyrst og fremst metin út frá öryggi þeirra. Í þeim tilvikum þegar barn og móðir búa við ótryggar aðstæður er hægt að bregðast fljótt við og veita aðstoð til að koma þeim í öruggt skjól. Stundum er það með því að veita þeim aðstoð til að komast í Kvennaathvarfið, eða að komast til ættingja eða vina. Á meðan er svo unnið að því að finna fjölskyldunni varanlega lausn. Flest sveitarfélögin ráða yfir húsnæði sem hægt er að bjóða fjölskyldunni þegar í stað, en á öðrum stöðum er nokkurra mánaða eða jafnvel eins árs bið eftir

slíku húsnæði. Aðstoð við að útvega húsnæði á almennum markaði verður því oft lausnin. Á einum stað var nefndur sá möguleiki að óska eftir að ofbeldismaður væri fjarlægður af heimili og síðan nálgunarbanni.

Einn viðmælenda lagði áherslu á að það vantaði heildstæða þjónustu í málaflokknum. Þess væri dæmi að þegar barn væri að bíða eftir þjónustu frá heilbrigðiskerfinu veitti barnaverndin því engan stuðning meðan beðið væri.

3.4 Samstarf við aðra

Þau mál er varða heimilisofbeldi og berast félagsþjónustunni eða barnaverndinni koma flest frá lögreglu og flestir nefna lögreglu sem mikilvægasta samstarfsaðila í slíkum málum. Samstarfið er stundum í formi reglulegra samstarfsfunda en einnig kallar lögregla stundum til barnaverndarstarfsmenn til þess að fara með þeim inn á heimili í þeim tilvikum þegar börn eru á staðnum. Þannig virðist samstarfið oftast tengt börnunum og aðstoð sem veitt er vegna þeirra. Aðrir mikilvægir samstarfsaðilar eru skólar og leikskólar í þeim tilvikum þegar verið er að veita börnum ákveðinn stuðning svo og sjúkrahús og heilsugæsla. Samstarfið fer fram á sama hátt í þessum málaflokki og þegar um annars konar vanda barna er að ræða. Starfsmaður félagsþjónustunnar á stundum sæti í nemendaverndarráðum og víðast hvar hafa verið markvissar kynningar á störfum barnaverndarnefndar og tilkynningaskyldunni, sem síðan hefur leitt til þess að tilkynningum hefur fjölgað. Tengslanet konunnar virðist almennt ekki vera hluti af markvissum stuðningi, en ef konan þarf að yfirgefa heimili sitt er stundum athugað hvort hún geti farið tímabundið til ættingja eða vina.

Fram kom að eftir að verklagsreglur lögreglu tóku gildi árið 2005 hefði verklag og samvinna orðið betri í málaflokknum. Einnig var nefnt að með markvissri kynningu á barnaverndarstarfi við heilsugæslu og sjúkrahús hefði tilkynningum úr heilbrigðiskerfi fjölgað.

Eins og fram hefur komið er samstarf við Kvennaathvarfið mikilvægt. Samstarfið virðist fyrst og fremst vera í málum einstaklinga þannig að Kvennaathvarfið hefur samband við félagsþjónustu/þjónustumiðstöð vegna konu sem hjá þeim dvelur og þarfnast t.d. fjárhagsaðstoðar eða húsnæðis. Í öðrum tilvikum bendir félagsþjónusta/þjónustumiðstöð eða barnavernd konu á að leita í Kvennaathvarfið til að komast í öruggt skjól eða til að fá ráð og leiðbeiningar. Fundir um málefni barnanna og kvennanna milli þessara aðila virðast ekki algengir. Hvergi kom fram að haldnir væru reglulegir samstarfsfundir um verklag eða stefnu í málaflokknum.

3.5 Breytingar á skráningu

Mikil breyting virðist hafa átt sér stað í skráningu mála með tilkomu skilgreiningar og flokkunarkerfis (SOF) Barnaverndarstarstofu árið 2005 eins og áður var nefnt. Kerfið virðist hafa leitt til þess að sjónum er nú frekar beint að börnunum og markvissari flokkun málanna fer fram sem síðan leiðir til betri yfirsýnar. Annað atriði sem virðist hafa skipt miklu máli eru „Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála“ sem tóku gildi hjá lögreglu sama ár. Þær reglur eru taldar hafa leitt til þess að fleiri mál af þessu tagi berast nú barnaverndinni auk þess sem lögreglan vinnur nú að þessum málum með markvissari hætti. Önnur atriði sem virðast hafa skipt máli er fast samstarf barnaverndar við slysadeild og markviss kynning barnaverndarnefndar á starfi sínu og tilkynningaskyldu hjá helstu samstarfsaðilum svo sem skólum og leikskólum. Þetta hefur leitt til þess að tilkynnt er um fleiri mál sem tengjast heimilisofbeldi.

Á flestum stöðum er það ekki regla að spyrja um heimilisofbeldi við könnun mála en tekið fram að það væri gert ef einhver ástæða þætti til. Þetta er þó ekki algilt og á einum stað var t.d. nefnt að ætíð væri spurt um heimilisofbeldi þegar mál væri kannað. Á öðrum stað var tekið fram að nú væri mun auðveldara en fyrir nokkrum árum að spyrja þessarar spurningar, konur færu nú síður í vörn en áður fyrr. Á tveimur stöðum var bók Thelmu Ásdísardóttur, Myndin af pabba, talin hafa breytt miklu varðandi umræðuna, ekki bara í tengslum við kynferðislegt ofbeldi heldur einnig varðandi líkamlegt ofbeldi. Víða var tekið fram að heimilisofbeldi tengdist áfengisneyslu og því ástæða til að vera vakandi fyrir ofbeldi í þeim tilvikum. Þetta var bæði nefnt í tilvikum Íslendinga og útlendinga.

3.6 Óskir um símenntun og þekkingu

Almennt var talið að þekking á heimilisofbeldi væri mikil meðal starfsmanna félagsþjónustu og barnaverndar, en að þrátt fyrir það væri nauðsynlegt að auka þekkingu og símenntun. Flestir nefndu að þörf væri á fræðslu um áhrif þess á börn að alast upp við heimilisofbeldi eða þegar þau eru sjálf beitt beinu ofbeldi, t.d. hvaða áhrif ofbeldið hefði á geðtengslamyndun barnsins í frumbernsku. Einnig var nefnt að fræðslan þyrfti að beinast að því hvernig best væri að nálgast konur sem beittar eru ofbeldi, hvaða úrræði hentaði þeim best og hvernig best væri að mæta þörfum barnanna. Fræðslan þarf einnig að taka mið af ólíkum menningarlegum þáttum, bæði hvað varðar ólík viðhorf meðal Íslendinga, t.d. í þéttbýli og dreifbýli, og milli ólíkra menningarsvæða í heiminum, en þá getur verið nauðsynlegt nota túlka þegar rætt er við konurnar. Þá var talið að fræðslan þyrfti einnig að taka mið af þeirri skömm sem oft fylgdi heimilisofbeldi. Flestir töldu að fræðslan ætti að koma frá fagfólki og sérfræðingum og ósk kom fram um að þeir sem sinntu þessari fræðslu væru einnig aðilar sem daglega eru að fást við mál tengd ofbeldi, svo sem starfsmenn Kvennaathvarfsins.

Nefnt var að fræðsla gæti líka verið í formi náms á vegum Háskóla Íslands á svipaðan hátt og áður hefur verið boðið upp á hjá félagsráðgjafardeild varðandi aðra málaflokka. Á einum stað kom fram að sérþekkingu vanti hjá fulltrúum barnaverndarnefndar þannig að þeir ættu erfitt með að meta störf starfsmanna og gætu veitt lítinn stuðning. Á einum stað var nefnt að fræðsla af þessu tagi gæti einnig verið sameiginleg fleiri starfshópum svo sem starfsmönnum félagsþjónustu og barnaverndar, heimilisþjónustu, lögreglu, heimahjúkrunar og heilbrigðiskerfisins.

3.7 Tillögur til úrbóta

Helstu tillögur sem viðmælendur höfðu varðandi úrbætur í málaflokknum voru:

1. Að nýta Barnahúsið fyrir börn sem verða fyrir líkamlegu og andlegu ofbeldi.
2. Opnir viðtalstímar í Kvennaathvarfinu sem starfsmenn þjónustumiðstöðva í Reykjavík sinna.
3. Ráðgjöf og stuðningur við starfsmenn Kvennaathvarfsins til að styrkja þá í starfi. Starfsmenn þjónustumiðstöðva í Reykjavík myndu sinna þessari ráðgjöf.
4. Starfsmenn Kvennaathvarfsins sjái um fræðslu fyrir starfsmenn félagsþjónustu og barnaverndar um vinnu í málum sem tengjast heimilisofbeldi.
5. Verklagsreglur innan félagsþjónustu og barnaverndar til að hægt verði að sinna málaflokknum betur og markvissar. Verklagsreglurnar þyrftu annars vegar að snúa að viðbrögðum og því sem gert er þegar mál berast en einnig því hvað hægt er að gera til að koma betur auga á þessi mál.
6. Samstarfsverkefni milli barnaverndarnefnda, Barnaverndarstofu, Kvennaathvarfsins,

Sambands íslenskra sveitarfélaga og jafnvel Barnaheilla þar sem börnum verði kennt að hafa samband við barnaverndarnefndir gegnum Neyðarlínuna112.
7. Skipa sérstakan trúnaðarmann fyrir fatlaðar konur.
8. Skipa sérstakt fagteymi á landsvísu sem starfsmenn félagsþjónustu og barnaverndar geta leitað til vegna vinnslu mála er tengjast heimilisofbeldi.
9. Samráðsvettvangur milli þeirra aðila sem vinna í málaflokknum eins og til dæmis félagsþjónustu, lögreglu, barnaverndar, Landspítala og Kvennaathvarfs. Hópurinn myndi hittast einu sinni til tvisvar á ári til að fara yfir það sem væri að gerast í þessum málum, hægt væri að kynna rannsóknir og notendur gætu komið og sagt frá reynslu sinni af þjónustunni.
10. Gátlisti fyrir starfsmenn félagsþjónustu og barnaverndar.
11. Handleiðsla fyrir starfsmenn félagsþjónustu og barnaverndar sem sinna þessum málum.

4 Starfsaðferðir, úrræði og hugmyndir einstakra stofnana

4.1 Barnaverndarstofa

Barnaverndarstofa er stjórnsýslustofnun sem fer með daglega stjórn barnaverndarmála í umboði félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Í reglugerð um Barnaverndarstofu segir að stofan skuli vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs á landinu. Barnaverndarstofa sinnir því ekki grunnvinnslu einstakra mála heldur vinnur m.a. að því að samhæfa málsmeðferðina og að leiðbeina barnaverndarstarfsmönnum. Á Barnaverndarstofu var rætt við Braga Guðbrandsson forstjóra.

Mál er varða heimilisofbeldi berast barnaverndarnefndum og þá oftast vegna þess að lögregla er kölluð til. Ef börn eru á staðnum tilkynnir hún málið til barnaverndarnefndar á grundvelli tilkynningarskyldu 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í sumum tilvikum eru barnaverndarstarfsmenn einnig kallaðir til af lögreglu.

Barnaverndarnefndir skrá mál sín eftir Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF) sem Barnaverndarstofa lét gera og tók í notkun árið 2005. Mál sem berast nefndunum vegna heimilisofbeldis eru ekki skráð sem slík heldur sem andlegt eða sálrænt ofbeldi. Í þeim málaflokki geta verið ýmis önnur atriði en að barn verði vitni að eða búi við heimilisofbeldi. Árið 2007 bárust barnaverndarnefndum um 700 slíkar tilkynningar en ekki er vitað hve margar þeirra vörðuðu heimilisofbeldi. Þessari skráningu þarf að breyta þannig að fjöldi þeirra barna sem búa við heimilisofbeldi verði sýnilegri.[1]

Ekki er talið að þessum málum hafi fjölgað á sl. fimm árum. Ástæðurnar eru að mati viðmælanda breyttir starfshættir lögreglu og aukinn vilji hennar til að tilkynna mál svo og ríkari samfélagsvitund almennings um mikilvægi þess að tilkynna mál til barnaverndarnefnda. Þetta sést m.a. á því að á sl. fimm árum hefur tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgað um nánast 10% á ári.

Einn þáttur í rannsókn mála hjá barnaverndarnefndum er að spyrja um heimilisofbeldi. Ofbeldi getur verið hugsanleg skýring á líðan barnsins eða verið liður í að skýra aðstæður þess og varpa ljósi á þan aðbúnað sem um ræðir.

Viðmælandi á erfitt með að svara því hvort spurt sé sérstaklega um heimilisofbeldi gagnvart ákveðnum hópum þar sem skráningu varðandi þessi atriði er ábótavant auk þess sem

---

[1] Barnaverndarstofa hefur nú breytt skráningarformi þannig að sérstaklega verður skráð hvort um heimilisofbeldi er að ræða þegar tilkynningar berast. Þessi skráning gildir frá árinu 2009.

erfitt getur verið að skrá allt. Ákveðnar vísbendingar eru hins vegar um að mál af þessum toga séu algengari á meðal aðflutts fólks en Íslendinga. Hér getur verið um að ræða ákveðinn menningarmun sem sést m.a. í rannsókn sem verið er að vinna að á Barnaverndarstofu varðandi líkamlegt ofbeldi gegn börnum og leiðir í ljós nokkur alvarleg tilvik þar sem um er að ræða fjölskyldur frá erlendum menningarsvæðum.

Við skráningu mála í barnavernd er notast við ákveðið flokkunarkerfi eins og áður hefur verið nefnt. Börnin eru þungamiðja skráningarinnar og málin skráð út frá þeirra vanda eða aðstæðum en ekki foreldranna nema að því leyti sem það hefur áhrif á barnið. Ekki hefur orðið breyting á skráningu á sl. fimm árum.

Engin gögn eru til sem geta svarað því hvort breyting hafi orðið á ofbeldi síðustu tíu ár. Tilfinningin er hins vegar sú að ekki hafi orðið nein eðlisbreyting á þessum málum. Ef farið er enn lengra aftur í tímann er þó hugsanlegt að ofbeldi hafi verið tengdara áfengisneyslu. Nú virðist hins vegar eins og þolmörk fólks séu önnur og lægri en áður og að ofbeldishegðun geti verið afleiðing streitu og spennu.

Ef í ljós kemur að barn býr við heimilisofbeldi eru fyrstu viðbrögð að tryggja öryggi barnsins. Íhlutunin miðast því alltaf við velferð og hagsmuni barnsins. Barnaverndarnefndirnar hafa úr ýmsum úrræðum að spila og í vissum tilvikum er barn tekið af heimilinu til að tryggja öryggi þess. Algengara er þó að reynt sé að styðja móðurina og barnið, enda er það mjög erfitt fyrir barn að vera skilið frá móður sinni í slíkum tilvikum. Móðirin fer þá e.t.v. í Kvennaathvarfið með barnið eða að reynt er að koma heimilisföðurnum af heimilinu, að minnsta kosti tímabundið. Slíkt ferli getur tekið mjög mislangan tíma, það fer allt eftir eðli málsins. Það er nokkuð mismunandi hvernig þetta ferli er skráð hjá nefndunum en það á að vera hægt að lesa þetta út úr málsskjölum. Hins vegar virðast vera nokkur vanhöld á því að upplýsingar um það hvaða stuðningsúrræðum hafi verið beitt séu nægjanlega vel skráðar.

Þörf er á að beina athyglinni meira að skipulagðri meðferð og stuðningi fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi en gert hefur verið fram til þessa, þar sem ýmislegt bendir til að börnin fái ekki nægilegan stuðning. Sem dæmi má nefna að börn sem jafnvel sjálf hafa sætt líkamlegu og andlegu ofbeldi hafi verið á biðlista hjá Barna- og unglingageðdeild Landspítalans eða einhverri annarri stofnun um lengri tíma án þess að hafa fengið fyrstu hjálp frá barnaverndarnefndum. Þessi börn þurfa á hjálp að halda þegar í stað, en hún virðist ekki vera tryggð sem skyldi.

Með tilkomu Barnahúss, sem rekið er af Barnaverndarstofu, varð unnt að bregðast hratt við kynferðisofbeldi gagnvart börnum, svo að þau eiga kost á hjálp strax eftir að málið kemur upp á yfirborðið. Svipað verklag mætti taka upp í málum þar sem börn hafa orðið fyrir annars konar ofbeldi.

Barnaverndin eða aðrar stofnanir getur aldrei tryggt velferð barna til frambúðar, það gera foreldrar, fjölskyldur og aðrir uppalendur. Skortur er á stuðningi og eflingu foreldrafærni fyrir foreldra barna á ólíkum aldursskeiðum. Brýnt er að veita foreldrum sem eiga í erfiðleikum með tengslamyndun við börn á forskólaaldri sérstaka meðferð og stuðning. Slíkur stuðningur getur dregið úr ofbeldi inni á heimili því að hann myndi auka færni fólks við uppeldi barna sinna og styrkja gagnkvæm samskipti. *„Það er mín reynsla af heimilisofbeldi að þetta eru oft mjög flóknir ferlar sem fara í gang og það er mjög mikil einföldun að vandinn liggi einfaldlega bara í kynjunum.“*

Helstu samstarfsaðilar barnaverndarstarfsmanna í þessum málum er lögregla, en einnig Kvennaathvarfið. Miklu skiptir að lögreglan sinni tilkynningaskyldu sinni og það hefur hún

gert. Lögreglan hefur góðan skilning á þessum málum og Barnaverndarstofa fær fáar kvartanir um að lögreglan hafi ekki sinnt skyldu sinni í þeim efnum.

Fræðsla um málaflokkinn er mjög mikilvæg. Það sem mestu máli skiptir að mati viðmælanda er geðtengslamyndun barns í frumbernsku og þau áhrif sem ofbeldi getur haft á sálarþroska þess á fyrstu þremur árum æviskeiðsins. Gera þarf kröfu um að barnaverndarstarfsmenn séu vel að sér í mjög mörgum málaflokkum, en erfitt er að segja til um hvort þekking þeirra á þessu sviði sé lakari en á öðrum sviðum.

4.2 Barnavernd Reykjavíkur

Barnavernd Reykjavíkur (BVR) heyrir undir Velferðarsvið Reykjavíkur og sinnir barnaverndarmálum í allri borginni. Rætt var við Halldóru Dröfn Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra.

Yfirgnæfandi meirihluti tilkynninga sem berast BVR um heimilisofbeldi kemur frá lögreglu. Flest málanna snúa að konum sem beittar eru ofbeldi á heimilum sínum af fyrrverandi eða núverandi maka eða sambýlismanni. Tilkynningar af þessu tagi koma þó einnig frá nágrönnum eða öðrum aðilum.

Engin stöðluð spurning um ofbeldi er við könnun mála hjá BVR. Ef grunur leikur hins vegar á ofbeldi á heimilinu er spurt um það sérstaklega. Þetta gildir líka í þeim tilvikum þegar foreldri á við áfengis- eða fíkniefnavanda að stríða, er af erlendum uppruna eða líkamlega eða andlega fatlað. *„Könnunin afmarkast af tilkynningarefninu og við leggjum áherslu á meðalhófsreglu og það að könnun skuli ekki vera umfangsmeiri en tilkynning gefur tilefni til.“*

Mál eru ætíð skráð á nafn barnsins, enda berast tilkynningar ekki til BVR nema á grundvelli barnaverndarlaga. Heimilisofbeldi er skráð sem tilfinningalegt og sálrænt ofbeldi. Skráningin hefur verið með þessum hætti allt frá því að Barnaverndarstofa kom á kerfinu Skilgreiningar og flokkun barnaverndarmála (SOF). Oft og tíðum koma upplýsingar um ofbeldi í ljós þegar farið er að vinna að málinu og þær upplýsingar geta verið skráðar í gögnum þess. Upplýsingar um tilkynningar sem varða tilfinningalegt og sálrænt ofbeldi eru birtar í ársskýrslu, en í þessum flokki eru fleiri þættir en heimilisofbeldi. Upplýsingar um ofbeldi gegn konum eru ekki birtar í ársskýrslu.

Á síðustu árum hafa tilkynningar frá lögreglu orðið skilvirkari en áður og nú er það regla að tilkynna um öll mál þar sem börn koma við sögu. Einnig hefur tilkynningum frá slysadeild fjölgað eftir að tekið var upp samstarf milli slysadeildarinnar og BVR. Á hinn bóginn virðist ofbeldi gagnvart konum ekki hafa aukist. Umræður um heimilisofbeldi hafa hins vegar leitt til þess að fólk lætur nú frekar vita af því og konurnar leita sér frekar aðstoðar. Helsta breytingin, sem merkja má á síðustu fimm árum, er sú að í fjölskyldum frá tilteknum erlendum menningarsvæðum virðist ofbeldi tengjast áfengisneyslu, og talsvert af tilkynningum hefur borist af þeim sökum. Fjölgun útlendinga hér á landi virðist einnig hafa leitt til þess að nú má sjá ólíkar birtingarmyndir ofbeldis, bæði líkamlegar og andlegar. Þetta tengist að nokkru leyti fólki frá erlendum menningarsvæðum eða fjölskyldum þar sem t.d. konan er erlend og karlinn íslenskur. Tilkynningum um ofbeldi gagnvart íslenskum konum hefur hins vegar ekki fjölgað.

Þegar tilkynning berst frá lögreglu um heimilisofbeldi hjá fjölskyldu sem BVR hefur ekki haft afskipti af áður og þar sem meintur gerandi er fyrrverandi sambýlismaður eða eiginmaður og býr ekki á heimilinu, er fjölskyldunni sent bréf og upplýst um að borist hafi lögregluskýrsla um málið. Konunni er þá boðið að hafa samband auk þess sem henni er bent á

að hún geti leitað til Kvennaathvarfsins, þjónustumiðstöðvar í borginni eða nýtt sér önnur úrræði. Ef um konu af erlendum uppruna er að ræða, er reynt að bjóða henni viðtal með túlki. Í þeim tilvikum sem um ítrekuð tilvik er að ræða er konan boðuð í viðtal og reynt að skoða málið frekar og er þá miðað við að þrjár tilkynningar hafi borist.

Biðin eftir aðstoð er misjafnlega löng. Bakvakt er starfandi allar nætur og um helgar og hægt er að bregðast mjög skjótt við. Ef lögreglan kallar út barnaverndarstarfsmann getur reynst nauðsynlegt að taka barn af heimili þegar í stað, móðir getur þurft að fara á slysadeild og faðir orðið að sæta handtöku lögreglunnar. Í þessum tilvikum er oft reynt að hafa samband við ættingja barnsins eða aðra sem það þekkir, en ef það tekst ekki eða er ekki talið heppilegt, er barninu komið í öruggt skjól á vegum barnaverndar og mikil vinnsla hefst strax í málinu. Reykjavíkurborg hefur á að skipa einu vistheimili og einu einkaheimili sem getur tekið við börnum allan sólarhringinn. Það getur hins vegar verið afar vandasamt að skilja barn frá foreldri sínu við slíkar aðstæður og það kann auðveldlega að upplifa aðskilnaðinn sem ákveðna refsingu. Í vægari tilvikum getur tekið allt að viku að koma málinu í farveg. Sumar þessara kvenna hafa áður leitað til Kvennaathvarfsins og þar fá þær þjónustu svo og á þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Alltaf þarf að meta hvert einstakt mál, aldrei er um að ræða neina sjálfvirkni í málsmeðferðinni og það er ekki hægt að ákveða að öll þessi mál verði barnaverndarmál.

Til að unnt sé að veita fullnægjandi þjónustu væri óskandi *„að við gætum boðið öllum börnum, mæðrum þeirra og feðrum ef því er að skipta, eitt viðtal ... Það fengju allir greinandi viðtal þar sem hægt væri að ... hvort sem það væri innan hins opinbera kerfis eða hjá Kvennaathvarfi eða annars staðar. Þá væri hægt að beina fólkinu áfram í viðeigandi þjónustu. Við erum með þetta dásamlega Barnahús fyrir þolendur kynferðisafbrota og ég hefði gjarnan viljað sjá slíkt hús bæði fyrir þolendur líkamlegs ofbeldis og andlegs ofbeldis.“* Með þessu móti væri hægt að efla barnaverndina. Forvarnarvinna á ekki endilega að vera á höndum barnaverndarinnar. Hún gæti hins vegar komið að forvarnarstarfi með því að kenna börnum að hafa sjálf samband gegnum Neyðarlínuna 112. Þetta væri líka dæmigert verkefni sem margir aðilar gætu komið að svo sem Kvennaathvarfið, Barnaverndarstofa og mögulega Samband íslenskra sveitarfélaga, jafnvel samtökin Barnaheill.

Samstarfsaðilar BVR í málum sem tengjast heimilisofbeldi eru fyrst og fremst Kvennaathvarfið og þjónustumiðstöðvar borgarinnar að ógleymdum sjúkrahúsunum og lögreglu. Samstarfið felst stundum í fundum um einstök mál eða almennu efni þar sem verið er að fjalla um vinnulag og fleira.

Það sem helst þarf að leggja áherslu á varðandi fræðslu er áhrif ofbeldis á börn og hvað það þýðir fyrir barn að alast upp við að horfa á ofbeldi milli ástvina sinna.

Kvennaathvarfið er mikilvæg stofnun og spyrja má hvort barnaverndin og félagsþjónustan treysti um of á að það sinni þeirri þjónustu sem nauðsynleg er fyrir konur sem verða fyrir ofbeldi. Ef til vill þarf að verða til sterkara opinbert kerfi sem tekur á þessum málum á sama hátt og gert er á Neyðarmóttöku nauðgana.

4.3 Reykjanesbær

Hjá fjölskyldu og félagsþjónustu Reykjanesbæjar er sérstakur starfshópur sem sinnir barnavernd. Rætt var við forstöðumann barnaverndar Reykjanesbæjar Rannveigu Einarsdóttur, félagsráðgjafa.

Berist mál til félagsþjónustunnar vegna ofbeldis og börn eru á heimilinu, er málinu vísað til barnaverndar. Oftast er þó um andlegt ofbeldi að ræða. Tilkynningarnar koma frá leik-

skólum, grunnskólum, heilsugæslu og stundum frá foreldrunum sjálfum. Þegar farið er að vinna að málinu kemur stundum í ljós að um er að ræða ofbeldi föður gegn móður. Ekki er hægt að merkja fjölgun slíkra mála á undanförnum árum nema hvað varðar þau sem tengjast konum af erlendum uppruna.

Þegar verið er að kanna barnaverndarmál er ekki spurt sérstaklega um ofbeldi gegn móður nema sérstakt tilefni gefist til þess. Þetta á einnig við í þeim tilvikum þar sem móðir er erlend, en hins vegar má telja að starfsmenn séu meira vakandi fyrir þessum málum þegar þau tengjast áfengis- eða fíkniefnavanda.

Ofbeldi gegn börnum, hvort sem það er líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt, er skráð í dagál og samkvæmt SOF-kerfinu. Ofbeldi gagnvart móður er skráð á sama hátt, og þær upplýsingar koma ekki fram í ársskýrslum.

Þær breytingar sem starfsmenn hafa helst séð á síðustu árum er að ofbeldi hefur aukist gagnvart konum af erlendum uppruna og er þá oftast um að ræða andlegt ofbeldi eða einangrun.

Þegar tilkynning berst vegna gruns um heimilisofbeldi eru viðbrögðin þau sömu og í öðrum barnaverndarmálum. Ef grunur er ekki rökstuddur og þar af leiðandi ekki forsendur til að hefja könnun, er móðir upplýst um tilkynninguna og hún jafnvel boðuð á fund. Ef grunurinn er rökstuddur hefst könnun samkvæmt barnaverndarlögum.

Börn sem verða vitni að ofbeldi fá þann stuðning sem þau þarfnast og eftirfylgd sem felst t.d. í ráðgjöf og viðtölum.

Starfsmenn barnaverndar búa yfir góðri þekkingu að mati viðmælanda. Þó mætti efla þekkingu þeirra á málaflokknum svo að þeir væru sér meðvitaðri og spyrðu um ofbeldi gegn móður. Hugsanlega gætu fleiri tekið sig saman og boðið upp á slíka fræðslu. Einnig mætti hugsa sér að aðilar frá lögreglu, heilsugæslu og öðrum sveitarfélögum kæmu að fræðslu þar sem farið væri yfir þessa þætti. Þá væri gott að hafa fleiri sérfræðinga í starfshópnum svo sem sálfræðinga og lögfræðinga, og þegar sveitarfélagið tekur við málefnum fatlaðra þarf einnig þroskaþjálfa og iðjuþjálfa til að vinna að barnaverndarmálum. *„Ég held að það sem þarf sé meiri vakning í samfélaginu, alveg eins og gerðist með kynferðisbrotamálin ... Reyndar er það mín tilfinning að á Íslandi sé ekki mjög mikið um líkamlegt ofbeldi, ekki nærri eins mikið og kynferðislegt til dæmis, en hins vegar alveg örugglega í meira mæli en við fáum upplýsingar um ...“* Einnig er mikilvægt að efla skráningu þessara mála til að betra yfirlit fáist yfir þau. Þó að Reykjanesbær sé tiltölulega vel staddur hvað varðar starfslið til þessara verka er nauðsynlegt að fjölga félagsráðgjöfum. Með því móti má efla málaflokkinn því að þessi mál eru afar tímafrek og krefjast mikils tíma starfsmanna og meðferðaraðila.

Helstu samstarfsaðilar barnaverndar í þeim málum sem hér um ræðir eru leik- og grunnskólar. Starfsmenn barnaverndar fara reglulega í skólana með fræðslu um barnavernd þar sem m.a. er fjallað um hvernig megi greina ofbeldi. Mikið og gott samstarf er á milli barnaverndar Reykjanesbæjar og sérfræðiþjónustu fræðsluskrifstofunnar og ákveðið teymi starfar með fulltrúum frá báðum aðilum. Sálfræðingar fræðsluskrifstofunnar veita til dæmis þjónustu í barnaverndarmálum samkvæmt samningi. Þá er samstarf við barnalækni og barnasálfræðing á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

4.4 Barnavernd Eyjafjarðar

Sérstök deild innan Fjölskyldudeildar Akureyrar sinnir barnavernd og þar var rætt við Hörpu Ágústsdóttur, uppeldisráðgjafa.

Mál vegna heimilisofbeldis berast til barnaverndar. Þau koma frá lögreglu og sjúkrahúsi og voru fleiri árið 2008 en á árunum þar á undan. Ástæður aukningar geta annars vegar verið aukin meðvitund í þjóðfélaginu um ofbeldi og hins vegar breyttar verklagsreglur lögreglu í málaflokknum, en þær voru settar af ríkislögreglustjóra í október 2005. Einnig berast nú mun fleiri tilkynningar frá sjúkrahúsinu en áður. Þaðan koma til dæmis tilkynningar í þeim tilvikum þegar kona leitar aðstoðar á slysadeild, jafnvel þó að barn hennar sé ekki með áverka og hafi jafnvel ekki verið á heimilinu þegar ofbeldið átti sér stað.

Ekki er spurt sérstaklega um ofbeldi þegar mál eru könnuð hjá barnavernd nema eitthvað gefi tilefni til þess. Þó er frekar spurt út í ofbeldi þegar um er að ræða mál sem tengjast áfengis- og fíkniefnaneyslu, enda virðist hún oft liggja að baki mála er varða ofbeldi. Ekki er spurt sérstaklega um ofbeldi í málum þar sem foreldrar eru líkamlega eða andlega fatlaðir né heldur í málum kvenna af erlendum uppruna.

Mál eru skráð samkvæmt SOF-kerfi Barnaverndarstofu, en upplýsingar um ofbeldi sem koma í ljós við vinnslu málsins eru skráðar í dagála og ekki birtar í ársskýrslu. Telja má að ofbeldi sé grófara nú en áður fyrr, áverkar eru meiri og einnig neysla áfengis- og fíkniefna. Upp hafa komið mál sem varða konur af erlendum uppruna, en þau geta verið erfið þar sem konurnar hafa mjög takmarkað tengslanet.

Þegar mál sem varða heimilisofbeldi koma upp eru þau unnin í samræmi við barnaverndarlög og reynt að finna þær lausnir sem henta í hverju einstöku tilviki. Ef börnin hafa orðið vitni að ofbeldinu er undantekningarlaust rætt við þau. Ef um endurtekið ofbeldi er að ræða, er einnig er rætt við þau þó að þau hafi ekki verið stödd á heimilinu þegar það átti sér stað.

Mál sem hafa verið í vinnslu á síðustu mánuðum hafa endað á því að viðkomandi sambúðarfólk hefur skilið að skiptum. Ef konan leitar til Kvennaathvarfsins er allur kostnaður sem því tengist greiddur. Hægt er að bjóða bæði konunni og börnunum viðtöl og samvinna er við fjölskylduráðgjafa auk þess sem konan er hvött til að nýta sér aðstoð úr eigin tengslaneti, svo sem fjölskyldu og vini. Þá er höfð samvinna við félagsþjónustuna um að finna henni nýtt húsnæði. Þessi mál er hægt að vinna mjög hratt ef þörf krefur og farið er með þau sem forgangsmál. Það er langt að leita í Kvennaathvarfið, en í mörgum tilvikum telur konan að það geti verið jákvætt að fara úr sínu umhverfi og þurfa ekki að óttast að rekast á maka sinn á götu. Þannig fái hún betra tóm til að ná fótfestu og fái aðstoð til að byrja að vinna úr sínum málum meðan starfsmenn barnaverndar vinna að því að hún og börn hennar fái húsnæði á vegum bæjarins.

Starfsmenn myndu vilja eiga kost á fleiri úrræðum, eins og til dæmis því að einhver innan stofnunarinnar sinnti þessum málum sérstaklega. Einnig er þörf á að geta leitað aðstoðar út fyrir stofnunina í meira mæli þannig að hægt væri að bjóða fólki viðtöl hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum. Þá má einnig nefna að skortur er á sálfræðingum hjá sveitarfélaginu. Helstu samstarfsaðilar í þessum málum eru lögregla, sjúkrahúsið, heilsugæslan og Kvennaathvarfið.

Nauðsynlegt er að auka þekkingu fagfólks á málaflokknum. Áhersla ætti að vera á afleiðingarnar, hvers konar meðferð eða úrvinnsla sé best, áhrif ofbeldisins á börnin, hvernig sé best að mæta þörfum barnanna og sjá þarfir þeirra. Einnig þarf að fjalla um mögulegar forvarnir. *„Ofbeldinu fylgir oft svo mikil skömm, þannig að það þarf að opna þessa umræðu svo konurnar þori að stíga fram.“*

Til að bæta vinnslu þessara mála væri hægt að setja markvissar verklagsreglur um vinnslu mála er varða heimilisofbeldi. Verklagsreglurnar þyrftu bæði að fjalla um það hvað gert er þegar svona mál berast en einnig um það hvað gert er til að koma auga á þessi mál. Einnig

mætti hugsa sér teymi með fulltrúum ólíkra aðila sem koma að þessum málum svo sem frá sjúkrahúsinu, barnaverndinni og mögulega frá lögreglu.

4.5 Reykjavík

Rætt var við starfsmenn á fjórum þjónustumiðstöðvum. Þar sem starfssvið starfsmanna er ólík og áherslur þjónustumiðstöðvanna mismunandi er gerð grein fyrir öllum viðtölunum.

4.5.1 Þjónustumiðstöðin í Breiðholti

Þjónustumiðstöðin í Breiðholti sinnir alhliða upplýsingamiðlun um þjónustu borgarinnar. Þar er m.a. veitt félagsleg ráðgjöf auk þess sem hægt er að sækja um ýmiss konar þjónustu svo sem fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur, félagslegt leiguhúsnæði og fleira. Þjónustumiðstöðin er jafnframt þekkingarmiðstöð í málefnum fjölskyldunnar. Rætt var við Bryndísi Ósk Gestsdóttur, félagsráðgjafa.

Konur sem beittar hafa verið ofbeldi koma stundum í viðtöl. Algengara er þó að konan fari að tala um ofbeldið þegar myndast hefur ákveðið traust milli hennar og félagsráðgjafans. Þá hafa mál sem snúast um heimilisofbeldi einnig komið upp á sjálfstyrkingarnámskeiðum. Algengast er að konur segi frá ofbeldinu þegar þær eru farnar frá manni sínum.

Kvennaathvarfið vísar einnig konum sem þar hafa dvalið í þjónustumiðstöðina. Það er oftast vegna þess að huga þarf að húsnæði fyrir þær. Þá má einnig gera ráð fyrir að samtök eins og Stígamót og embætti sýslumanns bendi konum sem beittar hafa verið ofbeldi á að leita sér aðstoðar hjá þjónustumiðstöðinni. Aðrar stofnanir vísa sjaldan málum af þessum toga þangað.

Líklegt er að málum sem varða heimilisofbeldi hafi fjölgað á síðustu árum. Nú ber meira á því en áður að konur af erlendum uppruna leiti aðstoðar og kanni rétt sinn. Þær virðast oft fá upplýsingar frá vinum eða vinnuveitendum um það hvert þær geti snúið sér.

Það er ekki föst regla að spyrja konur um það hvort þær búi eða hafi búið við heimilisofbeldi þegar þær leita aðstoðar nema þær gefi einhverjar vísbendingar um það. Upp hafa komið mál þar sem aldraðir hafa verið beittir heimilisofbeldi, en viðmælandi hefur ekki yfirsýn um fjölda þeirra mála eða til hvaða viðbragða hafi verið gripið.

Mál er varða heimilisofbeldi eru ekki skráð sérstaklega og upplýsingar um þau er aðeins hægt að finna í dagálum. Þau eru ekki talin sérstaklega og því engar upplýsingar um þau í ársskýrslum.

Sú aðstoð sem Þjónustumiðstöðin getur boðið er fjölbreytt og metin í hverju einstöku tilviki. Algengt er að konum sé vísað í Kvennaathvarfið, bæði til dvalar og í viðtöl. Félagsráðgjafi veitir félaglega ráðgjöf og stuðning og einnig hafa konum verið boðin sérfræðiviðtöl, ýmist á þjónustumiðstöðinni eða hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum, félagsráðgjöfum eða fjölskylduráðgjöfum úti í bæ. Þjónustumiðstöðin hefur boðið upp á sjálfstyrkingarnámskeið sem þessum konum hefur gefist kostur á að taka þátt í, en þau hafa gefið góða raun og hjálpað konum til að byggja upp eigið sjálfsmat og til að takast á við kvíða og vanlíðan.

Það er mismunandi hve langan tíma tekur að finna viðeigandi úrræði fyrir konuna og fer það eftir því hvernig málum er háttað í lífi hennar þá stundina. Til dæmis þarf að bregðast við á annan hátt á meðan konan býr við ofbeldi en eftir að hún er laus undan því. Í fyrra tilvikinu geta málin snúist um aðstoð við að slíta sambúðinni eða hjónabandinu. Ef börn eru á heimilinu þarf að huga sérstaklega að stöðu þeirra og meta hvort tilkynna eigi málið til Barnaverndar Reykjavíkur. Það getur tekið tíma að útvega konunni og börnunum húsnæði á vegum borgarinnar þannig að Kvennaathvarfið, húsnæði á vegum Félags einstæðra foreldra

eða leiguhúsnæði á almennum markaði getur komið til greina. Þá þarf einnig að huga að rétti konunnar til húsaleigubóta og fjárhagsaðstoðar. Oftast nær er eftirfylgd í þessum málum nokkuð góð og er þá fólgin í viðtölum við félagsráðgjafa. Þó að málaflokkurinn sé flókinn er þjónustan allgóð. Konurnar eru oft hikandi við að yfirgefa mann sinn og ekki alltaf tilbúnar að þiggja þá aðstoð sem í boði er.

Helstu samstarfsaðilar þjónustumiðstöðvarinnar í þessum málum eru Kvennaathvarfið og Stígamót. *„Maður tekur oft upp tólið og pantar tíma fyrir konur og allt þetta. ... Stundum þarf maður að vera í samstarfi við skólana ef þetta hefur haft áhrif inn í þá, ef krakkarnir hafa orðið vitni að einhverju sem kemur upp ... Þannig að það er mjög misjafnt við hverja við eigum samstarf, jafnvel ÍTR ef þetta hefur eitthvað komið til umræðu á frístundaheimilinu.“* Einnig er um að ræða samstarf við Barnavernd Reykjavíkur ef málin hafa borist til hennar.

Að mati viðmælanda er þörf á frekari fræðslu um mál er snúa að heimilisofbeldi. *„Það er náttúrlega bæði gott að fá sérfræðinga, en svo held ég að væri líka gott að fá konur sem hafa lent í svona málum og hafa náð að vinna sig út úr þeim, vegna þess að þó að við séum sérfræðingar ... þá held ég að við séum mörg ennþá einhvern veginn haldin ákveðnum fordómum ... af hverju lætur hún bjóða sér þetta, af hverju fer hún ekki bara. ... Ég held að fólk mætti alveg læra meira um það hvernig svona mynstur verður til.“* Þá þarf einnig að leggja áherslu á handleiðslu þegar unnið er með mál sem snúa að heimilisofbeldi og að nota teymisfundi þar sem fleiri fagmenn koma saman og ræða málið til að fá fram ólík sjónarhorn frá mismunandi fagfólki. Teymisfundir af þessu tagi eru haldnir reglulega í Þjónustumiðstöðinni í Breiðholti.

Mikilvægt er að huga að stöðu barna á heimili þar sem heimilisofbeldi á sér stað og að forða þeim úr slíkum aðstæðum. Meðal annars þarf að greina málið með hliðsjón af aldri barnsins og kanna hvernig það upplifir það sem gerst hefur. Unnt er að bjóða barninu, eða móður og barni saman, upp á nokkur viðtöl hjá sálfræðingi á þjónustumiðstöðinni eða hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingi.

Miklu máli skiptir að skoða hver einstakt mál fyrir sig og meðhöndla það út frá sérstöðu þess. Þó eru ávallt ákveðnir þættir sem hafa þarf í huga eins og t.d. hvort börn búi á heimilinu. Þá þarf að vinna að forvörnum sérstaklega gagnvart ungum stúlkum í því skyni að styrkja sjálfsmynd þeirra og hefja þarf slíka fræðslu í skólanum.

4.5.2 Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður

Í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar er alhliða upplýsingamiðstöð þar sem meðal annars er veitt félagsleg ráðgjöf auk þess sem hægt er að sækja um fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur, félagslegt leiguhúsnæði og fleira. Börn og samfélag er þekkingarmiðstöðvarverkefni Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar. Rætt var við Þórarinn Þórsson, félagsráðgjafa.

Mál er varða heimilisofbeldi berast Vesturgarði ekki oft. Upplýsingar um ofbeldi koma oftast upp í viðtölum þegar konur eru að leita annarrar þjónustu, eru til dæmis atvinnulausar eða vilja fá upplýsingar um endurhæfingarúrræði. Þá er farið yfir sögu konunnar og þá kemur stundum fram að hún hafi búið við, eða búi við, ofbeldi. Stundum berast mál af þessu tagi þó frá sjúkrahúsum ellegar Kvennaathvarfinu sem hefur haft samband og er þá að leita eftir aðstoð fyrir konu. Þá koma slík mál einnig í einhverjum tilvikum frá barnavernd þar sem verið er að óska eftir stuðningi við mæður.

Á þeim þremur árum sem viðmælandi hefur starfað í Vesturgarði hefur hann ekki séð mikla breytingu á fjölda mála sem tengjast heimilisofbeldi. Breytingin er helst sú að nú leita

fleiri konur af erlendum uppruna aðstoðar vegna heimilisofbeldis, bæði andlegs og líkamlegs. *„Þessar konur eru oft og tíðum alveg mállausar á íslenskuna og án allra réttinda hér á landi. Í sumum tilfellum hafa menn þessara kvenna útvegað þeim íbúðir annars staðar og notað þær sem ákveðið kúgunartæki gagnvart þeim eins og það að þeir taki af þeim húsnæðið ef þær geri ekki það sem þeir vilja.“* Mál þessara kvenna koma ef til vill frekar til kasta þjónustumiðstöðvanna en mál innlendra kvenna, sem hafa yfirleitt fleiri bjargráð og eiga fjölskyldu og vini sem þær geta leitað til. Starfsfólk hefur orðið vart við að aldraðir hafi verið beittir ofbeldi en þær upplýsingar koma þá oftast frá starfsfólki heimaþjónustu. Varðandi breytingar á ofbeldi á síðustu árum er talið að andlegt ofbeldi fái oft og tíðum litla athygli vegna þess að beinir áverkar eru ekki sýnilegir á viðkomandi manneskju.

Mál er varða heimilisofbeldi eru ekki skráð sérstaklega og því engar upplýsingar um fjölda þeirra í ársskýrslum. Sú aðstoð sem Vesturgarður getur veitt er fjölbreyttur og er metinn í hverju einstöku tilviki. Horft er heildrænt á hvert mál og reynt að aðstoða einstaklinginn til sjálfstæðis. Ef um er að ræða konu með barn er unnt að veita aðstoð sem snýr að uppeldisráðgjöf og fleira. Þá er hægt að veita aðstoð til að taka þátt í sjálfstyrkingarnámskeiði eða öðrum námskeiðum sem í boði eru í borginni til að byggja upp sjálfstraust og takast á við vanlíðan og kvíða. Konum hefur einnig verið veitt aðstoð til að greiða viðtöl hjá sálfræðingum eða öðrum sérfræðingum.

Vesturgarður hefur aðgang að Félagsbústöðum sem sjá um húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar, og þar hafa konur sem eru að losa sig úr ofbeldissambúð notið forgangs. Á meðan beðið er eftir varanlegri húsnæðislausn eru konurnar aðstoðaðar við að fá húsnæði á vegum Félags einstæðra foreldra eða leiguíbúð á almennum markaði. Dæmi um aðstoð sem hægt er að veita er fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar og aðstoð við að greiða leikskóla.

Félagsþjónustan getur veitt takmarkaða hjálp ef einstaklingur kemur og óskar eftir aðstoð, vernd eða stuðningi til að verjast ofbeldismanninum, *„við höfum ekkert vald til að stíga inn í svona mál“*. Ef börn eru á heimilinu er hægt að tilkynna málið til barnaverndar með ósk um að það verði kannað og sérstaklega hugað að því hvort lífi eða heilsu barnsins sé hætta búin. Búi konan með manninum er hún hvött til að fara af heimilinu og bent á stað eins og Kvennaathvarfið þar sem hún getur dvalið á meðan hún vinnur í sínum málum. Ferlið þarf ekki að taka langan tíma og strax er hægt að leita hagnýtra lausna eins og til dæmis að tímabundnu húsnæði. Hægt er að fá fjárhagsaðstoð til að greiða viðtöl hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum, en sú upphæð er ekki nægilega há. Mál af þessu tagi eru stundum unnin af nokkrum starfsmönnum þar sem sérþekking hvers og eins er nýtt, en ekki er myndað sérstakt teymi til að vinna að hverju máli.

Vesturgarður er í samstarfi við fjölda aðila í málum sem snúa að heimilisofbeldi. Má þar nefna Kvennaathvarfið, Félag einstæðra foreldra, skóla, leikskóla og sjúkrahús. Góð túlkaþjónusta er lykilatriði fyrir erlendu konurnar og hún hefur aukist á undanförnum árum. Þá er einnig samstarf við lögreglu og barnavernd.

Starfsfólk Vesturgarðs hefur góða menntun, flest með framhaldsmenntun í sinni grein. Engu að síður er þörf á aukinni þekkingu fagfólks í öllum málaflokkum. Slíkt má t.d. veita með fyrirlestrum sérfræðinga og jafnvel háskólanámi þar sem sérstaklega væri hugað að fórnarlömbum ofbeldis.

Ef mál um heimilisofbeldi berast Vesturgarði og börn eru á heimilinu er haft samband við barnavernd. Einnig er haft samband við skóla eða leikskóla barns og fleiri sem barnið er í tengslum við. Reglulegir samráðsfundir eru með starfsfólki skóla og leikskóla í hverfinu og

þá er rætt um þau mál sem upp hafa komið. Að mati viðmælanda vantar samráðsvettvang milli þeirra aðila sem vinna að málum sem snúa að ofbeldi gegn konum, eins og t.d. félagsþjónustu, lögreglu, barnaverndar, Landspítala og Kvennaathvarfs. Þessi hópur gæti hist einu sinni til tvisvar á ári og farið yfir það sem er að gerast í þessum málum, hægt væri að kynna rannsóknir og notendur gætu komið og sagt frá reynslu sinni af þjónustunni. Á þennan hátt mætti bæta þjónustuna. Einnig er þörf á að auðvelda aðgengi að þjónustunni fyrir konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi.

4.5.3 Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða veitir alhliða upplýsingamiðlun um þjónustu borgarinnar. Þar er hægt að sækja um ýmiss konar þjónustu eins og leikskólapláss, fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur. Þjónustumiðstöðin er þekkingarstöð í fjölmenningu og margbreytileika og hefur á að skipa starfsfólki sem er sérhæft í málefnum útlendinga og minnihlutahópa. Rætt var við Eddu Ólafsdóttur, félagsráðgjafa.

Konur sem beittar hafa verið ofbeldi leita fyrst og fremst til þjónustumiðstöðvarinnar vegna praktískra vandamála eins og t.d. varðandi fjárhagsaðstoð. Einnig er málum vísað þangað frá Kvennaathvarfinu og fyrirspurnir hafa borist frá starfsfólki Alþjóðahúss, en 50% af þeim konum sem dvelja í Kvennaathvarfinu eru af erlendum uppruna. Að mati viðmælanda er erfitt að átta sig á því hvort orðið hafi breyting á þessum málaflokki því að umræðan um hann er lítil. *„Ég sakna þess að Kvennaathvarfið sé ekki meira áberandi og líka að við ráðgjafarnir og félagsráðgjafarnir séum ekki meira vakandi fyrir þessu.“* Á undanförnum árum hafa verið haldnar ráðstefnur þar sem fjallað hefur verið um ofbeldi gegn öldruðum og því ættu ráðgjafarnir að vera sér meðvitaðir um ofbeldi og aldraða. Það sama er að segja um sérfræðiþekkingu varðandi erlendar konur. Þá eru heimilislausar konur enn einn hópur sem er í mikilli áhættu varðandi ofbeldi.

Helsta breytingin sem orðið hefur á birtingarmynd ofbeldis tengist málefnum innflytjenda og mansali. *„Ég hef verið þátttakandi í verkefni sem heitir Dafne. Það var reyndar árið 2003 en því hefur verið haldið vakandi. Það var samstarfsverkefni með þremur eða fjórum öðrum Evrópulöndum og yfirskriftin var að vekja athygli á ofbeldi gegn erlendum konum… Við héldum ráðstefnu þar sem ræddar voru skuggahliðar nútíma fólksflutninga þannig að við höfum verið sérstaklega að skoða þennan hóp.“*

Upplýsingar um ofbeldi eru skráðar í dagála en ekki er hægt að kalla þær fram á auðveldan hátt og þær eru ekki birtar í ársskýrslu.

Aðstoðin sem er í boði fyrir konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi, eru viðtöl hjá sérfræðingum, t.d. sálfræðingum og félagsráðgjöfum. Hvert mál er sérstakt og einstakt þannig að skoða þarf heildarmyndina og meta síðan þörfina fyrir aðstoð. Biðtími eftir viðeigandi þjónustu tengist m.a. því hvort konan ætli að fara af heimilinu eða vera þar áfram. Sú þjónusta sem helst skortir er stuðningur við þá hópa sem helst eiga í vök að verjast svo sem konur af erlendum uppruna, fatlaða og aldraða. Erfitt getur verið að aðstoða með húsnæði. Kvennaathvarfið er stundum fullskipað og þess eru dæmi að erlendri konu hafi verið vísað þar frá vegna plássleysis og í Konukot sem er athvarf fyrir heimilislausar konur.

Helstu samstarfsaðilar Miðborgar og Hlíða í málum sem snúa að heimilisofbeldi er Kvennaathvarfið og Stígamót auk Alþjóðahúss. Samstarfið er oft í formi samráðs þar sem t.d. starfsmenn Kvennaathvarfsins leita ráðgjafar. Í starfshópnum hefur einnig verið rætt um það hvort starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar ættu að bjóða upp á opna viðtalstíma í Kvennaathvarfinu *„að það sé sem sagt hreyfanleg ráðgjöf“*.

Þörf er á fræðslu varðandi þennan málaflokk eins og t.d. um notkun túlka og upplýsingar um stöðu minnihlutahópa. Til dæmis mætti semja gátlista til að auka meðvitund starfsmanna og auka þannig gæði þjónustunnar.

Ætíð er hugað að stöðu barnanna þegar mál um heimilisofbeldi berast, m.a. með það í huga hvort rétt sé að vísa því til Barnaverndar Reykjavíkur, en þá er stundum samvinna um málið milli þjónustumiðstöðvarinnar og barnaverndar.

Miklu skiptir að veita uppruna og menningarmun meiri athygli svo að starfsmenn öðlist aukið öryggi þegar þeir vinna með fjölskyldu af erlendum uppruna. *„Ég man eftir símtali sem ég fékk frá skólastarfsmanni. Þá kom barn af erlendum uppruna og það fór ekkert á milli mála að það hafði verið barið af föður, það hafði verið staðfest. Og það fóru einhvern veginn allir í pat í skólanum um hvað ætti að gera og það var hringt í mig og ég spurð ráða. Ég spurði: „Já, en hvað ef þetta hefði verið íslenskt barn, hvað hefðuð þið gert þá?“ „Við hefðum farið með það beint upp á Slysadeild.““*

4.5.4 Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Þjónustumiðstöðin sinnir alhliða upplýsingagjöf og veitir meðal annars félagslega ráðgjöf. Hægt er að sækja um fjölbreytta þjónustu svo sem fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur, félagslegt húsnæði og fleira. Þjónustumiðstöðin sinnir sérstaklega tveimur þekkingarmiðstöðvarverkefnum undir kjörorðinu „Samfélag fyrir alla“ og miðast verkefnin bæði við eldri borgara og fatlaða einstaklinga. Rætt var við Aðalbjörgu Traustadóttur, framkvæmdastjóra.

Mál sem varða ofbeldi gegn konum berast fyrst og fremst þannig að konan leitar eftir fjárhagsaðstoð. Í viðtalinu kemur síðan í ljós hvers kyns er, að konan á ekki einungis við fjárhagsvanda að stríða, heldur lifir hún í ótta og ógn og á sér enga undankomuleið. Hún hefur áhyggjur af fjárhag sínum eða húsnæðismálum. Þá er það hlutverk ráðgjafans að upplýsa konuna um þær leiðir sem hún getur farið. Það kemur einnig fyrir að prestur hafi samband við þjónustumiðstöðina svo og Kvennaathvarfið, Stígamót eða Landspítalinn til að óska eftir aðstoð við konu sem býr við heimilisofbeldi.

Engar tölur liggja fyrir um það hvort þessum málum hafi fjölgað og þess verður ekki vart að konur leiti nú meira en áður eftir aðstoð vegna ofbeldissambanda. Ofbeldi gegn konum kemur oft og iðulega fram í tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur og tengist þetta allt að nokkru leyti, vanlíðan barnanna, erfiðar heimilisaðstæður og einhvers konar ofbeldi. Þannig fara þessi mál oft frekar til barnaverndar en til þjónustumiðstöðvar. Umræðan um ofbeldi hefur breyst eftir að Thelma Ásdísardóttir hóf opinberlega að ræða kynferðislegt ofbeldi í fjölskyldum. Sú saga hafði áhrif á mjög margar konur sem hafa verið beittar ofbeldi, hvort heldur var í æsku eða núna. Saga hennar sagði konum að hægt væri að leita aðstoðar án þess að skammast sín og bent á leiðir eins og Kvennaathvarfið og Stígamót.

„Það hafa komið upp alvarleg mál á síðustu árum. Ég held að þau mál hafi orðið til þess að kerfið fór að skoða mál af þessum toga með öðrum hætti og þá ekki bara hið opinbera hjálparkerfi eins og þjónustumiðstöðvar borgarinnar heldur einnig lögregla. Lögreglan hefur að mínu mati endurskoðað vinnubrögð í kjölfar slíkra atburða.“

Ekki er spurt sérstaklega út í ofbeldi þegar leitað er aðstoðar, *„alveg eins og við spyrjum aldrei sérstaklega út í fötlun, við tökum á móti fólki og fólk gefur upp sína komuástæðu í viðtali. Síðan er farið í gegnum ástæðu fyrir þessari komu og þá kemur ýmislegt í ljós.“* Starfsmenn hafa verið mjög opnir og vakandi fyrir ofbeldi gegn öldruðum og skoðað það sérstaklega, en þó ekki í viðtölum. Aldraðir leita lítið eftir viðtölum í þjónustumiðstöðinni, starfsmenn fara til þeirra og hitta þá í þeirra umhverfi. Það sama gildir um fatlaðar konur.

Erlendar konur skera sig ekki úr og leita ekki sérstaklega til þjónustumiðstöðvarinnar vegna ofbeldis. Það getur verið mjög flókið fyrir þær að leita þangað. *„Þær eru mjög hræddar við að óska eftir stuðningi hjá sveitarfélaginu þar sem það getur haft áhrif á möguleika þeirra á að búa áfram hér á landi.“* Reynt hefur verið að koma skilaboðum til þeirra gegnum þeirra eigin samtök og Alþjóðahús um að ósk eftir ráðgjöf og stuðningi hafi ekki áhrif á umsókn um ríkisborgararétt.

Upplýsingar um ofbeldi eru skráðar í dagála en eru ekki birtar í ársskýrslum. *„Núna er yfirleitt unnið með dagálaskrifin á mjög faglegan hátt. Þar er lýst þeim hlutlægu þáttum sem gerast og ef einhverjir huglægir þættir koma inn, þá kemur það mjög skýrt fram, það eru hugleiðingar ráðgjafa eftir viðtal.“* Engin ákveðin tegund mála er skráð á kerfisbundinn hátt.

Eins og áður hefur komið fram eru ekki til tölur um breytingu á fjölda þessara mála og tilfinningin er sú að svo sé ekki þrátt fyrir umræðuna. Skömmin sem fylgir ofbeldinu er enn til staðar.

Fjölbreytt úrræði eru í boði. Ef fyrst er litið á hóp eldri borgara þá er það að mörgu leyti viðkvæmur hópur vegna þess hve háður hann er ættingjum sínum og það getur verið mjög erfitt að uppgötva ofbeldið. Ef litið er á aðstoð í málum þar sem karlar beita eiginkonur eða sambýliskonur ofbeldi þá er hægt að aðstoða fólk með húsnæði, kynna því rétt til húsaleigubóta, aðstoða konur við fyrirframgreiðslu húsaleigu eða við að komast tímabundið inn hjá Félagi einstæðra foreldra, og hægt er að veita fjárhagsaðstoð. Ýmiss konar ráðgjöf er veitt bæði á þjónustumiðstöðinni af félagsráðgjöfum og hjá sálfræðingi ef á þarf að halda. Þá eru konur stundum aðstoðaðar við að komast í samband við Kvennaathvarf, Stígamót eða embætti sýslumanns. Mikil áhersla er lögð á túlkaþjónustu ef um konur af erlendum uppruna er að ræða. Aðstoð er hægt að veita mjög fljótt ef um bráðainngrip er að ræða og svo er hægt í samvinnu við viðkomandi konu að fara að huga að framtíðarlausn. Þó má alltaf bæta þjónustuna. Hægt er að nýta áfrýjunarleiðir til að aðstoða í ákveðnum tilvikum, ákveðnir starfsmenn hafa sérþekkingu á málaflokknum og unnt er að finna lausnir. Kona fer þá ef til vill í Kvennaathvarf en stundum tekst mjög fljótt að tryggja henni varanlegt húsnæði.

Helstu samstarfsaðilar eru geðdeildir sjúkrahúsa, Kvennaathvarfið, lögregla og í sumum tilvikum prestar. Ekkert sérstakt form er á samstarfinu, það miðast við einstaklinginn sem um ræðir hverju sinni.

Alltaf er þörf á að efla fræðslu til fagfólks um ofbeldi og afleiðingar þess, bæði á þolandann og á börnin sem eru þolendur líka. *„Sænskur fræðimaður, Eva Lundgren, hefur skrifað mikið um þetta, hvernig konur fara líta svo á að þær verðskuldi ofbeldi með einhverjum hætti. Þetta verður vítahringur, vítahringur hræðslu ... það er oft ekki fyrr en konurnar verða hræddar um börnin sín sem að þær fá þennan kraft sem þarf til að rífa sig út úr þessum vítahring.“* Endurmenntun fyrir fagfólk mætti t.d. hugsa sér í Háskóla Íslands. Hægt væri að sjá fyrir sér námskeið í svipuðum dúr og Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir buðu þar upp á um fjölskyldumeðferð. Þetta gætu verið bæði styttri og lengri námskeið.

Ætið er hugað sérstaklega að stöðu barna á heimili og stundum hitta ráðgjafarnir börnin. Ef talið er að börnin séu í hættu eru málin tilkynnt til Barnaverndar Reykjavíkur þar sem starfsmenn þjónustumiðstöðva hafa ekki umboð til að hlutast til um aðgerðir á heimili nema ef fjölskyldan óskar sérstaklega eftir því. Hugsanlega leita barnlausar konur síður eftir aðstoð og þola ofbeldið lengur. Eins og áður segir er það oft fyrst þegar konur verða hræddar um börn sín að þær bregðast við aðstæðum. Barnlausar konur eiga hins vegar að fá sömu þjónustu og aðrir, en þær leita líklega síður til þjónustumiðstöðvarinnar.

Til að bæta þjónustuna væri óskandi að þjónustumiðstöðvarnar hefðu *„þrjár litlar íbúðir hér í Reykjavík, svona svolítið faldar íbúðir sem við gætum í samráði við Kvennaathvarfið útvegað konum sem þurfa bara algjört skjól í einhvern smátíma á meðan þær eru að ná áttum, stað þar sem ráðgjafi gæti verið til taks þegar konur eru tilbúnar en komast ekki inn í Kvennaathvarfið eða eru búnar að vera í Kvennaathvarfi og gætu þá dvalið þarna tímabundið ... meðan við erum að finna þeim búsetu“.*

4.6 Reykjanesbær

Hjá Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar var rætt við Hjördísi Árnadóttur, framkvæmdastjóra.

Ekki er algengt að konur leiti aðstoðar vegna heimilisofbeldis en fyrir kemur að þær leiti aðstoðar vegna andlegs ofbeldis. Líkamlegt ofbeldi kemur frekar í ljós þegar farið er að ræða við konuna vegna einhverrar annarrar þjónustu sem hún leitar eftir. Þetta kemur ekki eingöngu fram í viðtölum heldur líka þegar fólk nýtir sér þjónustuna hjá Björginni sem er geðræktarmiðstöð í Reykjanesbæ. Málum af þessu tagi er stundum vísað til stofnunarinnar frá lögreglu og heilsugæslu, og stundum lýsa ættingjar yfir áhyggjum vegna gruns um ofbeldi. Þessi mál eru mjög falin og tilfinning viðmælanda er sú að þeim hafi almennt ekki fjölgað. Hins vegar hafi ákveðinn menningarmunur komið í ljós á undanförnum árum við það að konur af erlendu bergi brotnar hafa flust í umdæmið. Þær eru oft mjög einangraðar, og auk þess virðist margt erlent fólk sem flyst til landsins hafa annað viðhorf til lífsins en Íslendingar. Svo virðist sem það sé ásættanlegra í sumum menningarhópum en öðrum að beita konur ofbeldi.

Konur af erlendum uppruna leita ekki oft eftir aðstoð en þær koma samt og það hefur aukist. *„Þær eru svona að verða meðvitaðri um réttindi sín og það kemur þá gjarnan kannski í kjölfarið á því að þær eru að leita eftir einhverri aðstoð, jafnvel leita eftir möguleikum til að losna bara úr sambandinu.“* Ekki hafa komið upp mál vegna ofbeldis gegn öldruðum konum, en það er mjög dulið og vel falið. Erfitt hefur verið að vinna mál sem upp hafa komið varðandi ofbeldi gegn fötluðum konum þar sem viðkomandi vill oft og tíðum lítið gera í sínum málum og þá getur félagsþjónustan ekkert gert. *„Það getur verið erfitt að fara inn í mál sem ættingjar eða aðrir láta vita um ef konurnar eru ekki tilbúnar til að taka á því.“*

Ekki er spurt sérstaklega um ofbeldi þegar leitað er eftir þjónustu nema í þeim tilvikum þar sem grunur leikur á ofbeldi eða eitthvað kemur fram í viðtali sem gefur tilefni til þess að spyrja frekar. Mál er varða heimilisofbeldi eru ekki skráð sérstaklega en upplýsingar um ofbeldið er að finna í dagálum. Ekki koma fram neinar tölulegar upplýsingar um fjölda mála af þessu tagi í ársskýrslum.

Í boði eru fjölbreytt úrræði og ef kona er í hættu er hægt að veita henni aðstoð þegar í stað. Ef hún getur ekki leitað til neins í nánasta umhverfi sínu, svo sem fjölskyldu, er vísað á Kvennaathvarfið. Þó kemur fyrir að konur hafi óskað eftir aðstoð til að losna úr hjónabandi en hafi búið áfram á heimili sínu meðan verið var að leita lausna, jafnvel án þess að upplýsa makann um fyrirætlun sína. Óskir af þessu tagi eru virtar svo framarlega sem metið er að börn á heimilinu séu ekki í hættu. Oftar en ekki er um er að ræða andlegt ofbeldi í slíkum tilvikum. Hægt er að bjóða upp á viðtöl hjá sálfræðingi og félagsráðgjafa. Ef að börn eru á heimilinu þarf að huga að stöðu þeirra og meta hvort vinna eigi mál þeirra út frá barnaverndarsjónarmiði. Ef þörf krefur getur barn einnig fengið viðtal við sálfræðing eða félagsráðgjafa. Stundum er greitt fyrir viðtöl hjá sérfræðingi utan stofnunar. Nær undantekningarlaust eru þessar konur illa settar fjárhagslega og þurfa því fjárhagsaðstoð. Í Reykjanesbæ er

meira félagslegt húsnæði en annars staðar miðað við höfðatölu, en samt er alltaf fólk þar á biðlista. Neyðartilvik ganga hins vegar fyrir og biðtími getur verið frá tveimur upp í sex mánuði. Einnig er hægt að veita aðstoð til að fá leiguhúsnæði á almennum markaði.

Í Reykjanesbæ er starfrækt geðræktarmiðstöð sem nefnist Björgin. Þar er t.d. geðlæknir með viðtalstíma, geðræktarskóli er starfandi svo og iðjuþjálfun og ýmiss konar fræðsla. Þangað getur fólk komið og átt notalega stund, borðað saman eða spjallað. Björgin hentar til dæmis þeim sem eru félagslega illa staddir og líður illa af þeim sökum og getur jafnvel orðið til þess að fólk nær að styrkja sig uns það er tilbúið að kveðja óæskilegar aðstæður sínar.

Reykjanesbær er ágætlega í stakk búinn til að sinna þessum málum. Margir félagsráðgjafar eru starfandi á stofnuninni, og á fræðsluskrifstofunni, sem er í sama húsi, starfa margir sálfræðingar og góð samvinna er þar á milli. Þó er skortur á sálfræðiþjónustu á svæðinu og þörf á aukinni þekkingu fagfólks á málaflokknum. Einnig vantar skýrari skráningu þessara mála svo að þau komi frekar upp á yfirborðið.

Helsti samstarfsaðili er Kvennaathvarfið. Samstarfið felst t.d. í því að félagsþjónustan finnur húsnæði fyrir konur sem þar dvelja. Samstarfið fer einkum fram á símafundum. Gott samstarf er einnig við heilsugæsluna, presta, og lögreglu á staðnum, en félagsþjónustan hefur þó aldrei kært mál til lögreglu vegna ofbeldis gegn konu. Þá á Fjölskyldu- og félagsþjónustan gott samstarf við fræðslusviðið og þessar stofnanir halda reglulega samstarfsfundi.

Yfirleitt má segja að fagfólkið á staðnum sé vel til þess fallið að takast á við mál er tengjast heimilisofbeldi. Hins vegar er þörf á vakningu um málaflokkinn þannig að hann komi upp á yfirborðið á svipaðan hátt og gerðist um kynferðisbrotamálin, *„umræðan þarf að vera þannig að fólk sem er í þessum sporum átti sig á að það er ekki eitt í heiminum og hvert það geti leitað“*.

Þegar mál sem berast tengjast heimilisofbeldi er ætíð hugað að stöðu barnanna. *„Ég man ekki að svona mál hafi komið inn án þess að það hafi verið barnaverndarmál.“* Þau fara þá í þann farveg og eru unnin út frá barnaverndarlögum.

Til þess að tryggja betri þjónustu í þessum málaflokki er t.d. þörf á að fá trúnaðarmann eða einhvern sérstakan starfsmann til að aðstoða fatlaðar konur, ef upp kemur grunur um ofbeldi gagnvart þeim.

4.7 Ísafjarðarbær

Á Ísafirði var rætt við Margréti Geirsdóttur, yfirmann Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðar.

Mál er varða heimilisofbeldis berast til félagsþjónustunnar eftir ólíkum leiðum. Sjaldgæft er að kona komi sérstaklega til að leita aðstoðar vegna ofbeldis, en það kemur stundum í ljós þegar farið er að vinna með henni vegna einhvers konar þjónustu sem hún hefur óskað eftir. Einnig tilkynnir lögregla stundum heimilisofbeldi.

Nokkuð er um að mál sem varða ofbeldi gegn konum berist til barnaverndarnefndar og þá í flestum tilvikum frá lögreglu. Oftast nær er óregla tengd þessum málum. Í barnaverndinni er unnt að fara ítarlegar ofan í saumana á ástæðum tilkynningar en gert er hjá félagsþjónustunni og þannig fæst oft vitneskja um ofbeldi í fjölskyldu. Almennt er ekki spurt sérstaklega um ofbeldi, hvorki í félagsþjónustunni eða barnaverndinni, heldur ekki gagnvart ákveðnum áhættuhópum svo sem erlendum konum eða fólki sem á við áfengisog fíkniefnavanda að stríða. *„Þetta er ekki svona eitt af því sem við erum sérstaklega að sigta eftir. En ef það vaknar einhver grunur eða vísbending þá förum við í saumana á því.“*

Ekki er að merkja breytingu á málafjölda af þessu tagi. Starfsmenn verða þó varir við ákveðnar breytingar vegna þeirrar stöðu sem nú ríkir í þjóðfélaginu, merkja má ákveðinn titring og samskiptaerfiðleikar eru að koma upp á yfirborðið. Einnig virðist andlegt ofbeldi vera að aukast.

Upplýsingar um ofbeldi eru skráðar í dagnótur á sama hátt og allar aðrar upplýsingar og ekki aðgengilegar í ársskýrslu. Reyndar hefur ársskýrsla ekki verið gerð í þeirri mynd sem æskileg væri, en hún mun verða gerð fyrir árið 2009. Skráningin hefur verið óbreytt síðustu fimm ár. *„Við skráum það þegar það kemur upp á yfirborðið eða þegar við verðum varar við eitthvað sem veldur grunsemdum hjá okkur. Þetta er allt háð því að einstaklingurinn sé tilbúinn til að tjá sig og við reynum að styðja fólk í því, en það er ekki um að ræða sérstaka skráningu, þetta er bara partur af máli.“*

Mál í barnavernd eru skráð í dagál samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi Barnaverndarstofu (SOF) og þá sem tilfinningalegt ofbeldi gagnvart barninu, þar sem þessi flokkun snýr að því, ekki að móður. Ekki eru til neinar tölur eða rannsóknir sem sýna hvort breytingar hafi orðið á eðli ofbeldis. Hins vegar bendir margt til þess að erfiðara sé að eiga við andlega ofbeldið, það er meira falið og því erfiðara að nálgast það. Ekki hefur heldur orðið vart við breytingar varðandi ofbeldi gegn fötluðum konum og konum af erlendum uppruna. Þessum hópum er sérstaklega hætt við ofbeldi og því er mikilvægt að huga að þeim.

Í barnaverndinni sjá starfsmenn helst þær breytingar að það er eins og mörkin eða leikreglurnar í kynferðislegri nálgun ungs fólks séu nú mjög á reiki. *„Það er eins og það ríki á margan hátt algjört markaleysi og virðingarleysi í kynferðismálum. Það er lítillækkun, það er niðurlæging, virðingarleysi algjört. ... Við erum alltof oft að fá mál vegna ungra stúlkna sem eru ... bara misnotaðar.“*

Í boði eru úrræði sem eru svolítið misjöfn eftir málunum. Ef aðstæður eru erfiðar er stundum reynt að hlutast til um að viðkomandi fái íbúð og geti flutt strax frá ofbeldismanninum. Hægt er að bjóða upp á sérhæfða meðferð, en þá í Reykjavík. Konan fær þá til dæmis stuðning til að komast í Kvennaathvarfið. Sálfræðingur kemur á staðinn reglulega og þá er unnt að bjóða viðtöl. „Það er mjög mismunandi hvernig farið er með mál og allt snýst þetta um samvinnu við einstaklinginn sem um ræðir og það er oft bara … hvað vill viðkomandi og við reynum að styðja hann í því.“ Í svona litlum sveitarfélögum er þjónustan oft nálæg og það tekur ekki langan tíma að veita hana. Fylgja þarf ákveðnum málsmeðferðarreglum eins og t.d. í barnaverndinni, en þegar neyðaraðstæður koma upp er unnt að bregðast við þeim strax.

Þegar mál sem varða heimilisofbeldi berast eru viðbrögð barnaverndarinnar svipuð og hjá félagsþjónustunni. Reynt er að finna fagaðila og bjóða upp á þjónustu, en sálfræðingur starfar á skrifstofunni auk þess sem hægt er að leita aðstoðar skólasálfræðings. Viðbrögðin og stuðningurinn sem veittur er ræðst af eðli hvers máls og því hvað börnin hafa upplifað. Auk þess er lögð áhersla á að mæta þolandanum þar sem hann er staddur og ná samvinnu við hann.

Yfirleitt má segja að úrræðin séu nægjanleg, en stundum er þörf á úrræðum sem ekki bjóðast á staðnum. Þá er reynt að leita í önnur sveitarfélög eftir þjónustunni t.d. til sérfræðinga í Reykjavík. Því fylgir mikill kostnaður að aðstoða konu til að komast í Kvennaathvarfið eða að fara í áfengis- og fíkniefnameðferð, en að öðru leyti er þetta ekki nein hindrun. Reynt er að skoða málin og bæta þjónustuna eftir því sem tilefni gefst. Lögregla og sálfræðingur eru helstu samstarfsaðilar félagsþjónustunnar þegar í hlut eiga konur sem verða fyrir ofbeldi í nánum samböndum. Auk þess er um að ræða samstarf við Kvennaathvarfið og Stígamót.

Hvað varðar þekkingu fagfólks í þessum málaflokki væri æskilegt að starfsmenn Kvennaathvarfsins, sem er sérhæft í þessum málum og nýtur oft styrkja frá sveitarfélögum, kæmu öðru hvoru á staðinn með fyrirlestra. Einnig mætti auka fræðslu með námskeiðum sem gætu t.d. farið fram gegnum fjarfundarbúnað svo að ekki þurfi að greiða fargjöld til Reykjavíkur og dagpeninga vegna slíkra ferðalaga. Þörf er á frekari fræðslu um þennan málaflokk bæði fyrir starfsmenn barnaverndar og félagsþjónustu, og þá helst frá fólki sem hefur það að sérgrein sinni að fást við ofbeldi gegn konum. Fræðslan þarf að snúa að birtingamyndum ofbeldis og fyrstu skrefunum til að nálgast konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Einnig þarf fræðslu og umræðu um nálgun starfsmanna í málum ungra kvenna, því að mikilvægt er að styrkja þær og hjálpa þeim að efla sjálfsvirðingu sína og sjálfstraust. Sú aukning sem starfsmenn sjá í málaflokknum tengist ofbeldi eða misbeitingu gagnvart ungum konum og unglingsstúlkum eins og nefnt var hér að framan og tengist oft Internetinu, þar sem stundum er skrifað á niðurlægjandi hátt um stúlkur eða birtar myndir af þeim sem særa blygðunarkennd þeirra.

Sérstaklega er hugað að aðstæðum barna þegar tilkynning um ofbeldismál berst. Í því felst oft samvinna við lögreglu sem sendir skýrslur vegna málsins og haldnir eru reglulegir samstarfsfundir.

Það er áhyggjuefni hve illa tekst að aðstoða fatlaðar konur sem verða fyrir ofbeldi. Stundum er unnt að aðstoða konuna tímabundið með því að hjálpa henni úr aðstæðunum, en síðan tekur hún ef til vill ákvörðun um það sjálf að snúa aftur í sömu aðstæður og enginn getur haft áhrif á það því hún er sjálfráða.

4.8 Húnaþing vestra

Hjá Félagsþjónustu Húnaþings var rætt við Henrike Wappler, félagsráðgjafa.

Konur koma sjaldan til félagsþjónustunnar til að biðja um aðstoð vegna ofbeldis, heldur kemur það í ljós þegar verið er að fjalla um aðra þjónustu sem konan hefur óskað eftir. Flest málin tengjast þó barnaverndarmálum. Ekki er algengt að aðrir vísi ofbeldismálum til félagsþjónustunnar.

Ekki verður vart breytinga á fjölda ofbeldismála sem félagsþjónustan fjallar um og ekki er leitað sérstaklega eftir því hvort um ofbeldi sé að ræða þegar konur leita til stofnunarinnar. Fáar konur af erlendum uppruna búa á svæðinu, en upp hafa komið mál sem varða ofbeldi gegn öldruðum. Ekkert er skráð sérstaklega um ofbeldið í málum sem tengjast félagsþjónustunni, en skráning er markvissari í barnaverndarmálunum. Þörf er á að skrá þessi mál betur.

Þegar um er að ræða barnaverndarmál eru þau unnin samkvæmt barnverndarlögum, tilkynning er könnuð og aðstæður metnar út frá þörfum barnanna. Ekki er spurt sérstaklega um ofbeldi nema einhverjar ástæður gefi tilefni til þess.

Félagsþjónustan getur boðið ýmsa þjónustu svo sem húsnæði sem sveitarfélagið á og þessi mál fá venjulega forgang. Langt er að fara í Kvennaathvarfið svo að þess er sjaldan kostur. Fjárhagsaðstoð er möguleiki auk stuðningsviðtala, annaðhvort á stofnuninni eða hjá sálfræðingi sem kemur reglulega á staðinn. Ef um barnaverndarmál er að ræða er einnig hægt að veita stuðningsfjölskyldu og persónulegan ráðgjafa *„en oft er fjölskyldan ekki tilbúin að láta einhvern koma inn á heimilið“*. Það er heldur ekki auðvelt að finna fólk sem er tilbúið að taka að sér þessi stuðningshlutverk. Oft vantar möguleika til að vinna með fjölskyldunum sem heild, sálfræðingur sem kemur einu sinni í mánuði getur ekki unnið nógu markvisst og starfsmenn á svæðinu hafa ekki haft möguleika á að bjóða fjölskylduvinnu. Í raun þarf að skapa úrræði kringum hvert einstakt tilvik og leita leiða til að finna möguleika á stuðningi í

umhverfinu. Þar sem stofnunin sinnir einnig málefnum fatlaðra er gott samstarf milli þessara sviða í málum er varða ofbeldi. Þá er samstarf við skólana, enda situr félagsmálastjóri í nemendaverndarráði, og einnig er unnið með heilbrigðisstofnuninni. Þörf er á aukinni þekkingu í þessum málaflokki, t.d. með námskeiðum og *„svo einhvers konar teymi ... sem hægt væri að leita til og væri á landsvísu ...“*

Viðmælandi telur að sérfræðiþekkingu á barnaverndarmálum vanti hjá barnaverndarnefndinni sem treystir á starfsmenn og hefur takmarkaðar forsendur til að gagnrýna störf þeirra eða veita stuðning. Stofnunin sinnir einnig Strandasýslu en mikil þörf er á félagsmálastjóra á því svæði svo að unnt verði að bæta þjónustuna þar. Þá er mikilvægt fyrir starfsmenn að hafa aðgang að handleiðslu, en erfitt getur verið að nálgast hana vegna fjarlægðar og annríkis.

4.9 Akureyri

Á Akureyri var rætt við Guðrúnu Sigurðardóttur, deildarstjóra fjölskyldudeildar Akureyrar.

Mál sem varða heimilisofbeldi eru ekki mörg, um það bil 5–7 á ári. Oftast er það konan sem leitar aðstoðar, en ofbeldið kemur ekki í ljós fyrr en farið er að vinna málið út frá þeirri beiðni sem konan kemur með, t.d. hvað varðar möguleika á húsnæði eða fjárhagsaðstoð. Konan er þannig að leita ráða varðandi praktísk mál sem geta tengst því á hvern hátt hún geti spjarað sig án maka með börn sín, enda eru þetta yfirleitt konur með börn. Ekki hefur orðið vart breytinga á fjölda þeirra mála sem upp koma.

Ofbeldismál eru ekki skráð sérstaklega en upplýsingar um ofbeldi eru í dagálum. Skráning mála hefur verið nokkrum annmörkum háð, m.a. vegna þess að illa hefur gengið að fá gott tölvukerfi sem hentar félagsþjónustu. Þá telja starfsmenn oft að erfitt sé að finna tíma til að skrá mál vegna anna. Fyrir vikið er þekking á þessum málaflokki takmörkuð og það gildir raunar um fleiri flokka.

Fáar konur af erlendum uppruna búa á svæðinu og þær leita sér sjaldan aðstoðar. Ein ástæða þess getur verið sú að ætli þær að sækja um íslenskan ríkisborgararétt mega þær ekki hafa þegið félagslega aðstoð. Afar fá mál hafa komið upp er varða ofbeldi gegn eldri konum en það hefur þó gerst. Ef heimahjúkrun vissi af slíku máli er ekki víst að hún myndi leita til félagsþjónustunnar með það. *„Ég held að það sé dálítið gróið í hugum fólks að félagsþjónustan er praktísk, félagsþjónustan stendur fyrir félagslegum úrræðum fyrst og fremst svo sem fjárhagsaðstoð og húsnæði. Þegar menn sjá að þörf er á slíkri aðstoð þá er það félagsþjónustan örugglega, en ef ekki er um það að ræða þá er ég ekki alveg viss um hvað fólk gerir.“* Einhver mál hafa komið upp sem tengjast ofbeldi gegn fötluðum konum. Þau mál getur verið erfitt að nálgast því að konan á ef til vill erfitt með að koma orðum að líðan sinni og getur talið að aðstæður hennar séu eins og þær eigi að vera.

Í ofbeldismálum er í raun öllu til tjaldað og öllum þeim úrræðum beitt sem félagsþjónustan hefur yfir að ráða. Konur eru aðstoðaðar við að komast í Kvennaathvarfið og allur kostnaður sem því fylgir greiddur. Þær njóta forgangs að leiguíbúðum, fá fjárhags- aðstoð og geta einnig fengið greiddan ýmsan kostnað sem tengist börnum þeirra. Þá er unnt að veita ráðgjöf og viðtöl hjá þeim félagsráðgjafa sem fjallar um málið á stofnuninni. Gott samstarf er við geðheilbrigðisþjónustuna og unnt er að fá viðtal þar við geðlækni eða sálfræðing ef þörf krefur auk þess sem fjölskylduráðgjöf stendur þeim til boða hjá heilsugæslunni. Um tíma var rekið kvennaathvarf á Akureyri, en í svo litlu samfélagi virðist það henta konunum betur að leita til Kvennaathvarfsins í Reykjavík, þurfi þær á annað borð að yfirgefa heimili sitt. Þrátt

fyrir alla þá aðstoð sem unnt er að veita þarf að koma betur til móts við þarfir þeirra kvenna sem hér um ræðir. Helstu samstarfsaðilar fjölskyldudeildar í málum er tengjast heimilisofbeldi eru lögregla, heilsugæsla, sjúkrahúsið og Kvennaathvarfið.

Starfsmenn gera sér grein fyrir því að heimilisofbeldi er til staðar, en hætt er við að þeir séu ekki eins vakandi fyrir þeirri staðreynd og æskilegt væri. *„Það þarf kjark og fagmennsku til að horfast í augu við vonda hluti sem eru að gerast á heimilum fólks. Starfsmenn hafa mikið að gera og það er léttast að komast í gegnum daginn án þess að vera að spyrja mikið óþægilegra spurninga – maður afgreiðir það sem maður fær – þetta er ákveðin tilhneiging hér.“*

Auka þarf fræðslu fyrir starfsmenn um einkenni og skaðsemi ofbeldis, hvað það þýði fyrir börn að búa við þær aðstæður og hvað hægt sé að gera. Þetta tengist líka skólanum og leikskólanum – þar þarf starfsfólk að læra að sjá og bregðast við.

Skipulag þjónustunnar á Akureyri er gott þar sem fjölskyldudeildin sinnir öllum málaflokknum, þar með talið öldrunarþjónustu og málefnum fatlaðra, og heimilishjálpin og heimahjúkrun eru því staðsett á sama stað. Þannig ætti að vera auðvelt að afla upplýsinga um það hvar ofbeldi kunni að leynast og veita aðstoð. Í nýrri framkvæmdaáætlun fjölskyldudeildar er þessi stefna sett skýrt fram þannig að starfið á að geta orðið markvissara.

Hvað börn varðar má almennt telja að félagsþjónustan gæti gefið þeim meiri gaum. Það er fullorðni aðilinn sem kemur og leitar aðstoðar og þá er talað um börnin, enda eru þau stundum ástæða þess að leitað er aðstoðar. Í félagsþjónustunni er hins vegar ekki oft talað við börnin, *„það er hlutur sem liggur einhvern veginn í hefðinni, en mér finnst alveg tímabært að reyna að breyta því“*. Leiti kona í Kvennaathvarfið er metið hvort barn hennar þurfi sérstakan stuðning og þá er unnt að nýta sérfræðinga á stofnuninni eins og kennsluráðgjafa og fleiri. Þetta gerist þó ekki sjálfkrafa og oft er einhver utan stofnunarinnar fenginn til að ræða við barnið.

Á Akureyri hefur verið talsverð umræða um heimilisofbeldi í kjölfar kynningar á meistaraprófsritgerð nemenda við Háskólann á Akureyri, en hún var byggð á viðtölum við þolendur ofbeldis. Í kjölfarið varð til grasrótarhreyfing fagfólks og leikmanna sem ákvað að eitthvað þyrfti að gera. Bæjaryfirvöld ákváðu að fela félagsmálaráði að semja framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins gegn kynbundnu ofbeldi og hún er nú í vinnslu.

4.10 Norðurþing

Hjá Félagsþjónustu Norðurþings var rætt við Freydísi Jónu Freysteinsdóttur, félagsmálastjóra.

Mál er varða heimilisofbeldi berast ekki oft til félagsþjónustunnar og þegar það gerist tengjast þau barnaverndarmálum og koma þá frá lögreglu. Slíkum málum virðist ekki hafa fjölgað en þau eru ekki skráð sérstaklega sem heimilisofbeldi.

Það er ekki regla að spyrja um ofbeldi þegar konur leita aðstoðar hjá félagsþjónustunni, en það er gert ef tilefni gefst, t.d. ef konan er buguð á einhvern hátt. Trúlega eru konur frá framandi menningarsvæðum frekar spurðar um ofbeldi en aðrir hópar. Upplýsingar um ofbeldi eru skráðar í dagála og ekki hægt að kalla þær upplýsingar fram sjálfvirkt.

Við könnun mála sem lúta að barnavernd er hins vegar spurt sérstaklega um ofbeldi sem hluta af fjölskyldusögu. Upplýsingar eru skráðar í dagála og þá sem tilfinningalegt ofbeldi samkvæmt SOF-kerfi Barnaverndarstofu, en eins og áður hefur komið fram hefur sá flokkur einnig að geyma ýmis önnur atriði, þannig að ekki er unnt að kalla fram upplýsingar um fjölda tilvika er varða heimilisofbeldi á auðveldan hátt eða í ársskýrslu. Málin eru unnin sam-

kvæmt barnaverndarlögum og það tekur ekki langan tíma að finna úrræði. *„Ég myndi segja að við værum ótrúlega vel stödd. Mín reynsla að það sé mun betur haldið utan um hvert barn á smærri stað.“*

Hægt er að veita konum sem beittar hafa verið ofbeldi fjölbreyttan stuðning. Þær eiga kost á aðstoð við að leita til Kvennaathvarfsins, reynt er að fá geranda til að fara af heimilinu og hægt er að óska eftir nálgunarbanni. Möguleiki er á félagslegri ráðgjöf og sálfræðiviðtölum auk þess sem unnt er að bjóða stuðningsviðtöl hjá geðræktarstöðinni Setrinu. Þá er hægt að aðstoða með húsnæði og fjárhagsaðstoð. Kosturinn við litla staði er sá að hægt er að klæðskerasauma úrræði í hverju einstöku tilviki og hægt að bregðast fljótt við og veita nauðsynlega aðstoð þegar í stað. *„Það er tiltölulega auðvelt af því að þetta er ekki svona bákn eins og víða annars staðar.“*

Á vegum félagsþjónustunnar hefur konum, sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku, verið boðið upp á hópastarf. Uppi eru hugmyndir um að útbúa svipað tilboð fyrir konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi af hálfu maka og jafnvel líka fyrir börn. Einnig væri æskilegt að geta boðið börnum upp á leik- eða listmeðferð, en sérfræðiþekking er til staðar um þess konar meðferðarform.

Helstu samstarfsaðilar eru skólar, lögregla og heilsugæsla. Skólaþjónusta er hluti af félagsþjónustunni og því er auðvelt að vinna saman að málum.

Það er þörf á að auka þekkingu um ofbeldi, t.d. menningaráhrif ofbeldis, og einnig um einkenni þess svo og birtingamyndir andlegs ofbeldis. Ekki hefur á það reynt hvort samstarfsaðilar þurfi frekari fræðslu um ofbeldi og einkenni þess. Í stefnumótandi framkvæmdaáætlun í barnavernd fyrir árin 2007–2010 er lögð áhersla á fræðslu til samstarfsaðila um barnavernd, og ofbeldi og einkenni þess eru hluti af þeirri fræðslu.

Sérstaklega er hugað að stöðu barna þegar upplýsingar berast um ofbeldi gegn konum. Í fyrsta lagi er hugað að öryggi þeirra og reynt að meta hve alvarlegt ofbeldið er. Málið er þá kannað og síðan boðið upp á viðtöl ef þurfa þykir – bæði fyrir foreldra og börn. Ef mál af þessum toga þar sem börn eru inni í myndinni bærist til félagsþjónustunnar yrði það gert að barnaverndarmáli og unnið í samræmi við það.

4.11 Fjarðabyggð

Hjá Félagsþjónustusviði Fjarðabyggðar var rætt við Sigríði Stefánsdóttur, félagsmálastjóra.

Mál er varða heimilisofbeldi eru ekki mörg og þau sem berast tengjast flest barnavernd. Konurnar koma til að spyrjast fyrir um húsnæði, þær eru að leita leiða úr sambúð og kanna hvernig þær geti bjargað sér einar, en þá kemur stundum í ljós að þær búa við ofbeldi. Lögreglan hefur líka tilkynnt mál af þessu tagi í tilvikum þar sem börn eru á heimilinu.

Ekki liggja fyrir tölur sem sýna breytingar á fjölda mála. Nú er þó oftar leitað til félagsþjónustunnar vegna heimilisofbeldis en fyrir nokkrum árum. Ástæðan tengist trúlega menningarárekstrum. Í kjölfar markvissrar kynningar á tilkynningarskyldunni hefur málum þó fjölgað í barnavernd. Þá er ástæða til að hafa áhyggjur af aukningu í því efnahagsástandi sem nú ríkir.

Það er ekki vinnuregla að spyrja um ofbeldi þegar leitað er aðstoðar hjá félagsþjónustunni. Þó má ætla að spurt sé í fleiri tilvikum en færri, *„það er orðið manni eðlilegra og tamara. Viðbrögðin eru heldur ekki eins og þau voru, konur taka þessu ekki eins illa og hrökkva ekki eins í vörn.“* Ástæðan fyrir þessu er útkoma bókarinnar *Myndin af pabba* eftir Thelmu Ásdísardóttur, *„það varð vitundarvakning, ekki bara um kynferðislegt ofbeldi“*. Við könnun

barnaverndarmála er spurt sérstaklega um ofbeldi, en það er liður í að fá sem besta mynd af aðstæðum barnsins og meta síðan nauðsynlegan stuðning fyrir það. Upplýsingar um ofbeldi, bæði í málum sem tengjast félagsþjónustunni og barnaverndinni eru skráðar í dagála en þær birtast ekki í ársskýrslu.

Fatlaðir eiga ágætt skjól í Fjarðabyggð og hvorki hafa komið upp ofbeldismál tengd fötluðum né öldruðum. Nokkurn menningarmunur virðist mega greina í viðhorfum til þess hvað teljist vera ofbeldi þegar um er að ræða sambúðarfólk þar sem annar aðili eða báðir eru af erlendum uppruna, og slík mála hafa komið upp.

Félagsþjónustan getur boðið fjölþættan stuðning. Má þar nefna viðtöl hjá sálfræðingi, en hálft stöðugildi sálfræðings er hjá stofnuninni. Einnig er boðið upp á viðtöl og aðstoð félagsráðgjafa og hjá sérfræðingum sem koma reglulega á svæðið. Konur hafa notið aðstoðar til að fara í Kvennaathvarfið og samstarf hefur verið við Stígamót. Unnt er að aðstoða konur við að fá félagslegt leiguhúsnæði og veita fjárhagsaðstoð. Hægt er að bjóða konunum viðtöl annars staðar en á skrifstofu félagsþjónustunnar því það getur verið viðkvæmt mál að láta sjá sig þar. Í barnaverndarmálum er jafnframt hægt að veita stuðning tilsjónarmanns og í bígerð er að opna neyðarvistun fyrir börn sem af einhverjum ástæðum þurfa að fara af heimili sínu, en slíkt gæti komið að gagni í þessum málum. Hvað varðar úrræði skortir helst meiri tíma til að sinna öllum málaflokkum.

Helstu samstarfsaðilar í málum er varða heimilisofbeldi eru lögregla, heilsugæsla, skólar/námsráðgjafar og sérfræðingar sem koma reglulega á staðinn. Þá er einnig samstarf við Kvennaathvarfið og Alþjóðahús í þeim tilvikum þegar þörf er á túlkaþjónustu.

Það er alltaf þörf á meiri fræðslu fyrir fagfólk, t.d. við að þekkja einkenni ofbeldis. Áhugi er á að mennta betur það fólk sem sinnir heimaþjónustu og liðveislu. Haldin hafa verið námskeið á vegum Rauða krossins og heilsugæslunnar, en hér þarf að bæta um betur.

Sérstaklega er hugað að börnum sem búa við heimilisofbeldi en það fer eftir aðstæðum hverju sinni hvernig starfsmenn nálgast þau. *„Það fer eftir aldri barnanna og hvaða merki þau bera hvernig maður leggur upp áætlun.“*

4.12 Mýrdalshreppur

Hjá Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu var rætt við Mörtu Bergmann, félagsmálastjóra.[2]

Á svæðinu eru sameiginleg félags- og barnaverndarþjónusta. Félagsmálastjóri hefur verið starfandi sl. fimm ár. Í upphafi var boðið upp á fasta viðtalstíma í Vík, en nú eru viðtöl samkvæmt samkomulagi og þegar þörf krefur. Sveitarfélögin sem standa að þjónustunni eru ólík. Í Vík eru afar fáir útlendingar, ólíkt því sem er á öðrum þéttbýlisstöðum á svæðinu. Tekjur íbúa á svæðinu eru lágar.

Flest þeirra mála sem berast og varða heimilisofbeldi tengjast barnaverndinni. Þau koma flest frá lögreglu, en einnig koma þær konur sem í hlut eiga stundum og eru þá að leita eftir einhverri annarri þjónustu. Ofbeldið kemur síðan í ljós þegar farið er að skoða beiðni konunnar nánar. Oftast tengist ofbeldið áfengisneyslu.

Félagsþjónusta á svæðinu er að mörgu leyti nýjung þar um slóðir og hún hefur ekki verið kynnt sérstaklega með ofbeldismál í huga. Því erfitt að sjá hvort breyting sé á fjölda mála. Í þeim málum sem berast félagsþjónustunni fer það eftir eðli þeirra hvort spurt er um ofbeldi. Það sama á við um barnaverndarmál, en þó er ætíð spurt um ofbeldi í málum sem tengjast

---

[2] Marta Bergmann lét af störfum félagsmálastjóra 31. desember 2008.

áfengis- og fíkniefnaneyslu. Upplýsingarnar eru skráðar í dagála og ekki er hægt að kalla þær fram sérstaklega, en skráning hefur hins vegar oft verið látin sitja á hakanum vegna annríkis.

Í Mýrdalshreppi eru nær engar konur af erlendum uppruna ólíkt því sem er í nágrannasveitarfélögum. Fatlaðir fá takmarkaða þjónustu og verða að yfirgefa byggðarlagið ef þeir þurfa á sambýli að halda. Ekki hafa komið upp nein mál er tengjast ofbeldi gagnvart þessum hópum né heldur gegn öldruðum.

Konur sem beittar hafa verið ofbeldi geta fengið fjárhagsaðstoð, og húsnæði er hægt að útvega með stuttum fyrirvara. Það er langt að fara í Kvennaathvarfið og því getur verið erfitt að taka sig upp og leita þangað. Sálfræðingur kemur reglulega á Hvolsvöll og þar eiga konurnar kost á viðtölum. *„Þjónustan utan höfuðborgarsvæðisins er oft sveigjanleg. Við getum frekar sveigt reglur og við getum verið fljót að útvega úrræðin.“* Í barnaverndarmálum hefur verið lögð sérstök áhersla á að veita foreldrum ráðgjöf varðandi uppeldi og hvaða áhrif það hefur á börn að alast upp við heimilisofbeldi. Úrræðin eru þó takmörkuð og ýmislegt vantar. Helstu samstarfsaðilar í þessum málum er lögregla og heilsugæsla.

Mikil þörf er á að auka þekkingu fagfólks á ofbeldi, birtingamyndum þess og afleiðingum. Þetta á sérstaklega við um þá sem veita aðstoð á heimilum fólks, eins og heimilishjálp og heimahjúkrun. Þá þarf einnig að auka símenntun allra fagmanna á þessu sviði.

4.13 Vestmannaeyjar

Rætt var við Guðrúnu Jónsdóttur, yfirfélagsráðgjafa hjá fjölskyldu- og fræðslusviði Vestmannaeyjarbæjar.

Þolendur ofbeldis leita sjaldan beint eftir aðstoð heldur koma þær til að leita eftir aðstoð vegna ýmissa annarra félagslegra vandamála. Stundum er eins og konurnar treysti sér ekki til að leita aðstoðar fyrr en ofbeldissambandinu er lokið. Ástæðan fyrir þessu er að öllum líkindum sú hversu kúgaðar þær eru og að þær kenni jafnvel sjálfum sér um ofbeldið. Flest málanna berast barnaverndinni og er þá t.d. vísað þangað af lögreglu sem ýmist hefur samband strax eða sendir skýrslu síðar. Mál berast einnig til barnaverndar frá nágrönnum, kunningjum, almenningi, skóla, leikskóla og heilsugæslu.

Ekki er talið að málum sem tengjast heimilisofbeldi hafi fjölgað í samfélaginu, þau hafi alltaf verið fyrir hendi. Nú koma þau þó frekar upp á yfirborðið en áður og málum sem berast félagsþjónustunni og barnaverndinni hefur fjölgað. Ástæðan er til dæmis aukin meðvitund lögreglu og annarra um að tilkynna mál til barnaverndar.

Engin markviss skráning er á ofbeldismálum gegn konum. Mikil bót var að því þegar Barnaverndarstofa gaf út skilgreiningar- og flokkunarkerfið SOF til notkunar við skráningu barnaverndarmála, en samkvæmt því er heimilisofbeldi skráð sem tilfinningalegt ofbeldi gegn börnum þegar þau berast. Hins vegar er ekki auðvelt að finna fjölda þeirra mála sem tengjast heimilisofbeldi og upplýsingar um þau eru ekki birtar í ársskýrslu.

Ekkert staðlað spurningarform er til fyrir konur sem leita aðstoðar og því ekki spurt sérstaklega um ofbeldi. Ef þær upplýsingar sem gefnar eru vekja grun um ofbeldi er spurt um það. Það sama á við í barnaverndarmálum þar sem ofbeldi getur til dæmis tengst málum sem snúa að hegðunarerfiðleikum stálpaðra barna. Ofbeldi gegn konum virðist magnast við áfengis- og fíkniefnaneyslu fólks og þessi vandi virðist því oft tengjast neyslu.

Af einhverjum ástæðum hafa ofbeldismál er varða aldraða ekki komið upp, en þau mál eru að öllum líkindum mjög falin. Grunur hefur vaknað um ofbeldi gegn fötluðum konum, en mjög erfitt getur verið að komast að þeim málum, *„það er mjög erfitt að nálgast þessi mál þegar við höfum ekki þennan aðgöngumiða eins og ég segi ... börnin“*. Mál er varðar konur

af erlendum uppruna hafa komið upp og þá sem barnaverndarmál. *„Kannski finnst erlendum konum það sjálfsagðara eða að svona eigi hlutirnir að vera … líka kannski bara þekkingarleysi á íslensku samfélagi, þær þora kannski síður að leita sér aðstoðar, vita jafnvel ekki hvert þær eigi að leita og eru oft og tíðum hræddar við kerfið.“* Sú breyting sem orðið hefur í seinni tíð felst kannski einkum í því að andlegt ofbeldi hafi aukist. *„Manni finnst oft ferlið vera þannig að það er byrjað á andlegu ofbeldi og síðan kemur líkamlegt ofbeldi og jafnvel kynferðislegt ofbeldi.“*

Það er mjög persónubundið hvaða úrræði er unnt að bjóða í hverju einstöku tilviki og það sem skiptir mestu máli er hversu tilbúnar konurnar eru að vinna í sínum málum. Ætíð er mælt með því að konan leiti sér aðstoðar í Kvennaathvarfinu, hvort heldur hún leitar símaráðgjafar eða fer þangað til dvalar. Ef kona er tilbúin til að yfirgefa maka sinn þá er veittur stuðningur, t.d. hvað varðar húsnæði, fjárhagsaðstoð, viðtöl við sálfræðing og/eða félagsráðgjafa. Ef konur kjósa að fara upp á land og tala þar við einhvern fagaðila þá er einnig hægt að aðstoða þær fjárhagslega til þess. Félagsráðgjöf og sálfræðiþjónusta er veitt af félagsþjónustunni, en sálfræðiviðtölin eru oft meira til að greina þörfina fyrir frekari viðtöl. Eftir nokkur viðtöl er viðkomandi oft vísað annað í sálfræðiviðtöl og þá er yfirleitt sótt um aðstoð til að fara í tíu viðtöl.

Biðlisti er eftir húsnæði og fjölskyldur hafa forgang fram yfir einstaklinga. Ef um er að ræða konu með börn er allt reynt til að leysa málið, t.d. með bráðabirgðahúsnæði sem Rauði krossinn hefur yfir að ráða í Vestmannaeyjum. Hægt er að leysa málin nokkuð fljótt og oftast unnt að fá viðtal innan viku. Alltaf má þó bæta þjónustuna og stundum setja landfræðilegir annmarkar strik í reikninginn. Að leita eftir þjónustu í Reykjavík er ekki aðeins kostnaðarsamt heldur einnig tímafrekt og það getur verið erfitt að fá frí í vinnu. Það sem helst vantar heim í hérað er geðlækna- og sálfræðiþjónusta.

Barnaverndarmál sem tengjast heimilisofbeldi eru unnin á sama hátt og önnur mál sem berast barnaverndinni. Þau eru oftast unnin í teymi þar sem starfsmenn ræða saman tiltekið mál. Sömu úrræði eru í boði og hjá félagsþjónustunni, en barnaverndarnefnd er síðan upplýst um þau stuðningsúrræði sem beitt er. Barninu er veitt ráðgjöf ef það hefur aldur og þroska til að nýta sér hana, en einnig hefur listmeðferð gagnast þessum börnum vel. Ef aðstæður á heimilinu eru óviðunandi fyrir barnið er reynt að fjarlægja ofbeldismanninn eða fá samþykki foreldra fyrir því að börnin fari í vistun til ættingja í skammtímafóstur. Þá er einnig hægt að bjóða fjölskyldunni stuðning tilsjónarmanns, barninu persónulegan ráðgjafa eða sjá til þess að börnin fái stuðningsfjölskyldu. Áhersla er lögð á að bjóða úrræði á heimaslóðum nema ef börnunum stafar ógn af því að vera í nágrenni við ofbeldismanninn. Börn geta líka fengið viðtal við félagsráðgjafa eða sálfræðing.

Helstu samstarfsaðilar félagsþjónustunnar í málum sem varða heimilisofbeldi eru lögreglan, en vikulega sendir hún skýrslur um það sem fjölskyldu- og fræðslusvið þarf að fá vitneskju um. Gott samstarf er við skóla, leikskóla og einstaka lækna og heilbrigðisstarfsmenn. Nú er unnið að tilraunaverkefni milli félagsþjónustunnar, heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja og Landakirkju um aukna samvinnu. Í þessum málaflokki hefur einnig verið samstarf við Stígamót og Kvennaathvarfið.

Þörf er á að auka þekkingu fagfólks, t.d. barnaverndarstarfsmanna og lögreglu, á þáttum er tengjast heimilisofbeldi. Fræðslan þyrfti að vera í formi námskeiða og fyrirlestra. Einnig er þörf á að auka umfjöllum um þessi mál innan skólakerfisins og í heilbrigðiskerfinu. Áhersla þarf meðal annars að snúa að því á hvern hátt hægt sé að nálgast þær konur sem beittar eru ofbeldi og fá þær til samstarfs, og á hvern hátt hægt sé að bjóða þeim aðstoð við

að komast út úr vandanum, sérstaklega þegar þær eiga ekki börn. Ætíð er hugað að aðstæðum barna þegar mál er tengjast heimilisofbeldi berast og litið á það sem tilfinningalegt ofbeldi gegn þeim. Einnig þarf að útiloka þann möguleika að börnin séu beitt ofbeldi.

5 Niðurstöður

5.1 Börn oft forsenda fyrir beiðni um aðstoð eða tilkynningu

Á öllum þeim stöðum sem þátt tóku í rannsókninni koma upp mál sem tengjast ofbeldi gegn konum. Flest málin virðast þó tengjast því að börn séu á heimili og málin voru því oft unnin á grundvelli barnaverndarlaga. Oft koma þó upplýsingar um ofbeldi ekki í ljós fyrr en farið er að vinna að máli, annaðhvort í könnunarferli barnaverndarmálsins eða ef verið er að ræða praktíska aðstoð við konur. Þannig virtust börnin stundum þjóna því hlutverki að vera ákveðinn aðgangur að aðstoð og því nærtækt að velta fyrir sér hvert barnlausar konur fara til að leita sér hjálpar.

> Tryggja þarf að konur með börn og konur án barna sem beittar hafa verið ofbeldi geti jöfnum höndum leitað aðstoðar hjá félagsþjónustu og barnavernd.

5.2 Skortur á skráningu

Á þeim stöðum sem skoðaðir voru skráir félagsþjónustan heimilisofbeldi ekki markvisst. Málin eru unnin út frá því erindi sem fólk kemur með, og eins og áður segir virðist það sjaldgæft að kona óski gagngert eftir aðstoð vegna ofbeldis. Þær upplýsingar sem unnt er að finna í dagálum er ekki unnt að kalla fram sjálfkrafa svo að yfirlit um málaflokkinn er ekki til staðar. Það sama á við um barnaverndina þó svo að skráning þar sé að nokkru leyti skipulegri. Þær breytingar sem Barnaverndarstofa hefur gert á skráningu tilkynninga hjá barnaverndarnefndum mun ekki geta gefið nákvæmar upplýsingar um fjölda barnaverndarmála sem tengjast heimilisofbeldi. Upplýsingar um breytingar á fjölda mála byggjast því eingöngu á tilfinningu.

Skiptar skoðanir voru á því hvort ætíð ætti að spyrja um ofbeldi þegar mál berast félagsþjónustu eða barnavernd. Bent var á að við könnum mála þurfi að gæta meðalhófsreglu en aðrir töldu að rétt væri að semja einhvers konar gátlista varðandi málaflokkinn. Bent hefur verið á að árangursríkasta leiðin til að komast að því hvort kona búi við ofbeldi og koma henni síðan til aðstoðar sé fólgin í kembileit (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

> Huga þarf að því hvort ekki sé rétt að taka upp kembileit, bæði innan félagsþjónustu og barnaverndar. Samtímis þarf að bæta skráningu í málaflokknum þannig að bæði verði hægt að fá upplýsingar um fjölda þeirra einstaklinga sem leita eftir aðstoð gagngert vegna ofbeldis og um þá sem segja frá ofbeldi á meðan verið er að vinna að máli þeirra hjá félagsþjónustu og barnavernd.

5.3 Viðkvæmir hópar

Bent hefur verið á að ákveðnir hópar kvenna eru í meiri áhættu en aðrir hvað varðar ofbeldi (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Hér er átt við gamlar konur, konur af erlendum uppruna og fatlaðar konur, auk kvenna sem eiga við áfengis- eða fíkniefnavanda að stríða. Í viðtölunum kom fram að það var helst í tilvikum þegar um var að ræða neyslu áfengis og fíkniefna að spurt var um ofbeldi, en þau mál tengdust nær undantekningalaust börnum og barnaverndarmálum.

Konur af erlendum uppruna leita í nokkrum mæli eftir aðstoð, en margar virðast þó veigra sér við því af hræðslu við að möguleg aðstoð geti haft áhrif á möguleika þeirra á að dvelja áfram í landinu. Fatlaðar konur og aldraðar leita mjög sjaldan eftir aðstoð vegna ofbeldis, en fyrir kemur að ættingjar eða opinberir aðilar eins og heimilishjálp eða heimahjúkrun láti vita af grun um ofbeldi. Það er hins vegar erfitt fyrir félagsþjónustuna að hlutast til um mál á slíkum grundvelli þar sem lagaumhverfi félagsþjónustu gerir ekki ráð fyrir slíku.

Tryggja þarf að erlendar konur sem beittar hafa verið ofbeldi geti leitað aðstoðar án þess að eiga á hættu að geta ekki sótt um ríkisborgararétt. Jafnframt þarf að tryggja að fatlaðar konur og aldraðar geti leitað aðstoðar til félagsþjónustu og barnaverndar.

Starfsmenn sem rætt var við höfðu mjög litla reynslu af ofbeldismálum er tengdust öldruðum og vísuðu til þess að það væru frekar aðilar sem sinna þeim heima sem komast að því hvort um ofbeldi sé að ræða eða ekki. Í þeim tilvikum sem mál af þessu tagi höfðu komið upp fannst starfsmönnum þau erfið og virtust óöruggir um það hvernig best væri að nálgast þau.

Það sama á við varðandi fatlaða. Greinilegt var að þau mál sem upp höfðu komið voru starfsmönnum erfið. Þeir höfðu efasemdir um hvort konurnar hefðu skilið það sem fram fór og veltu því fyrir sér hvort verið væri að brjóta á rétti þeirra. Þetta átti sérstaklega við þegar konurnar ákváðu að snúa aftur heim til eiginmanns/sambýlismanns, og á einum stað þótti ástæða til að skipa fötluðum konum sérstakan trúnaðarmann.

Ástæða virðist til að skoða nánar þá viðkvæmu hópa sem hér eru nefndir til að fá upplýsingar um umfang ofbeldis í þeirra garð og hvort þessar konur séu að fá þá aðstoð sem þeim ber.

5.4 Miklar væntingar til Kvennaathvarfsins

Kvennaathvarfið var af öllum talið einn mikilvægasta samstarfsaðilinn og á nær öllum stöðum var talað um að aðstoða konur við að komast í Kvennaathvarfið. Miklar væntingar virðast vera til starfsmanna þar og ósk kom fram um að starfmenn Kvennaathvarfsins sinntu fræðslu til starfsmanna félagsþjónustu og barnaverndar. Fram kom á tveimur stöðum að samstarf væri einnig við Stígamót, en ekki kom fram að neitt samstarf væri við samtökin Aflið, systursamtök Stígamóta á Akureyri, sem býður upp á ýmiss konar stuðning við þolendur kynferðislegs ofbeldis og heimilisofbeldis (Aflið, e.d.). Á einum stað komu fram vangaveltur um það að ef til vill þyrfti að styrkja starf Kvennaathvarfsins og jafnvel koma á sterkara kerfi í líkingu við Neyðarmóttöku vegna nauðgana.

Meta þarf hvort styrkja eigi starfsemi Kvennaathvarfsins þannig að starfsmenn þar eigi möguleika á að sinna öflugra fræðslustarfi en verið hefur, m.a. með því að fara út á land. Einnig þarf að meta á hvern hátt slík fræðsla getur farið fram með fjarfundarbúnaði.

5.5 Ólíkar tegundir ofbeldis

Starfsmenn sem rætt var við voru almennt á þeirri skoðun að andlegt ofbeldi í garð kvenna hefði aukist og var það ítrekað nefnt, bæði í sambandi við íslenskar og erlendar konur. Þetta var einnig tengt við ákveðið markaleysi sem sumir telja að sé fyrir hendi í kynhegðun ungra stúlkna og þá misnotkun sem því tengist. Greinilegt var að starfsmönnum finnst erfitt að fást

við mál er tengjast andlegu ofbeldi og töldu að enn erfiðara væri að nálgast þau en mál sem tengjast líkamlegu ofbeldi, þar sem oft sé um sjáanlega áverka að ræða.

Auka þarf fræðslu um andlegt ofbeldi og ólíkar birtingarmyndir þess.

5.6 Staða barna

Á öllum stöðunum er tekið sérstakt tillit til stöðu barna þegar mál sem tengjast heimilisofbeldi koma upp. Nokkuð mismunandi er hvort málin séu alltaf unnin sem barnaverndarmál eða ekki. Á einum stað var það nefnt að lítil hefð væri fyrir því innan félagsþjónustunnar að rætt væri við börn og því fengju þau ef til vill ekki alltaf þann stuðning sem þau þyrftu. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á þær alvarlegu afleiðingar sem það hefur fyrir börn að verða, bæði beint og óbeint, vitni að ofbeldi gegn móður. Jafnframt er vitað að börn hafa talsverða þekkingu á ofbeldi (Guðrún Kristinsdóttir, 2007; Ingólfur V. Gíslason, 2008). Einnig ber að hafa í huga að ákveðin hætta er á að börn sem búa við þessar aðstæður verði sjálf beitt ofbeldi.

Útbúa þarf verklagsreglur fyrir bæði félagsþjónustu og barnavernd um það hvernig unnið skuli markvisst með börn í þessum málaflokki.

5.7 Ofbeldi tengt áfengis- og fíkniefnaneyslu

Hjá allmörgum viðmælendum kom fram að ofbeldið sem þeir yrðu varir við væri oftar enn ekki tengt áfengisneyslu. Starfsmenn virðast oft og tíðum vera vakandi fyrir aukinni hættu á ofbeldi hjá þessum hópi. Þá komu jafnframt fram hugmyndir um að álag og áhrif kreppunnar gætu leitt til aukins heimilisofbeldis.

Tryggja þarf að þeir starfsmenn sem koma að málum fjölskyldna sem tengjast áfengisneyslu þekki einkenni heimilisofbeldis og geti brugðist við þeim.

5.8 Þekking á málaflokknum og fræðsla

Starfsmenn töldu að aukin umræða á síðustu árum hefði skilað sér í aukinni þekkingu á málaflokknum, en þörf væri á aukinni fræðslu. Starfsmenn greindi hins vegar nokkuð á um það hvert beina skyldi fræðslunni. Sumir vildu leggja áherslu á starfsmenn félagsþjónustu og barnaverndar, en aðrir vildu fyrst og fremst beina henni til samstarfsaðila þannig að þeir gætu verið betur vakandi fyrir einkennum og afleiðingum ofbeldis. Eftir að þessi viðtöl voru tekin hefur félags- og tryggingamálaráðuneytið gefið út fræðslurit, *Ofbeldi í nánum samböndum, orsakir, afleiðingar, úrræði* eftir Ingólf V. Gíslason, sem m.a. beinist að ákveðnum faghópum.

Tryggja þarf að haldnir séu reglulegir fræðslufundir og endurmenntunarnámskeið fyrir starfsmenn félagsmálaþjónustu, barnaverndar og helstu samstarfsaðila þeirra þar sem fjallað er um ofbeldi, birtingamyndir þess og á hvern hátt fagmenn geta helst stutt þær konur og börn sem fyrir ofbeldinu verða. Annars vegar að nýta það efni sem þegar er til og hins vegar að gera úttekt á því hvers konar fræðsluefni vanti.

Viðauki I

Hér má finna upplýsingar um þau sveitarfélög sem þátt tóku í rannsókninni.

Umdæmi sveitarfélaganna er misstórt eins og sjá má í eftirfarandi töflu.

Flatarmál sveitarfélaga

	Flatarmál (km²)
0000 Reykjavíkurborg	273
2000 Reykjanesbær	145
4200 Ísafjarðarbær	2379
5508 Húnaþing vestra	2506
6000 Akureyrarkaupstaður	133
6100 Norðurþing	3729
7300 Fjarðabyggð	1164
8000 Vestmannaeyjabær	17
8508 Mýrdalshreppur	755

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Sótt 20.02.2009 á www.samband.is

Félagsþjónustan í Norðurþingi, Ísafjarðarbæ og Húnaþingi vestra[3]3 þjóna mjög stóru umdæmi sem þýðir m.a. að hluti íbúanna þarf að fara langan veg til að nálgast þjónustuna. Í Norðurþingi er félagsþjónustan með viðtalstíma á nokkrum stöðum og í Fjarðabyggð eru útibú frá félagsþjónustunni á nokkrum þéttbýlisstöðum.

Atvinnuvegir sveitarfélaganna gefa nokkurn þverskurð af atvinnuháttum á landinu öllu. Valdir voru staðir þar sem atvinnulífið einkennist af sjávarútvegi svo sem Ísafjörður og Vestmannaeyjar. Húnaþing vestra, Mýrdalshreppur og Norðurþing hafa sína þéttbýlisstaði sem eru umkringdir landbúnaðarsvæðum, en mikill uppgangur hefur verið að undanförnu í Fjarðabyggð.

Flest sveitarfélögin sem skoðuð voru eru þéttbýlisstaðir. Aðeins Mýrdalshreppur og Húnaþing vestra eru þéttbýlissvæði og sveit, og í báðum sveitarfélögunum fer íbúum fækkandi. Íbúum hefur einnig farið fækkandi í Vestmannaeyjum og Ísafjarðarbæ en atvinnulífið þar einkennist af sjávarútvegi. Fjarðabyggð hefur fram til þessa verið mikið uppgangssvæði og talsverður fjöldi útlendinga búsettur þar, en Reykjavík, Reykjanesbær og Akureyri eru þjónustusvæði.

Þróun svæðanna má að hluta til sjá þegar bornar eru saman upplýsingar um tekjur og gjöld sveitarfélaganna árin 2002 og 2007.

[3] Félagsþjónustan í Húnaþingi vestra þjónar einnig Strandasýslu.

Tekjur og gjöld sveitarfélaga 2002 og 2007

	2002		2007	
	Tekjur samtals	Gjöld samtals	Tekjur samtals	Gjöld samtals
Landið allt	112.497.251	116.453.909	203.496.572	174.231.353
Reykjavík	48.602.066	51.877.951	87.243.152	71.990.685
Reykjanesbær	3.354.814	4.079.431	6.170.705	6.300.952
Ísafjarðarbær	1.997.740	2.020.015	2.606.120	2.385.134
Húnaþing vestra	539.980	612.918	834.539	730.131
Akureyrarkaupstaður	7.762.008	8.006.326	13.165.204	12.405.077
Norðurþing	1.454.412	1.310.841	2.371.378	2.196.082
Fjarðarbyggð	1.869.898	1.958.159	4.042.824	3.269.415
Vestmannaeyjarbær	1.885.926	2.077.868	2.919.464	2.820.331
Mýrdalshreppur	200.619	196.059	298.253	252.470

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Sótt 20.02.2009 á www.samband.is

Í þessum tölum eru hins vegar engar upplýsingar um það hve stór hluti útgjalda fer til félags- og barnaverndarmála. Þá verður einnig að hafa í huga að mikil breyting kann að verða á þessum tölum í næstu framtíð vegna efnahagsástandsins.

Í rannsókninni var lögð sérstök áhersla á að skoða aðstæður aldraðra kvenna, fatlaðra og erlendra.

Mannfjöldi 1. desember 2008 eftir sveitarfélögum

	Mannfjöldi	Karlar	Konur	Konur 18–66 ára	Konur 18–80 ára	Konur 67 ára +
Alls	319.756	162.538	157.218	100.060	112.439	17.861
Reykjavík	119.848	59.998	59.850	38.959	43.656	7.350
Reykjanesbær	14.208	7.342	6.866	4.394	4.858	607
Ísafjarðarbær	3.968	2.007	1.961	1.185	1.377	255
Húnaþing vestra	1.142	557	585	351	404	82
Akureyri	17.522	8.674	8.848	5.453	6.195	1.080
Norðurþing	2.998	1.515	1.483	892	1.043	206
Fjarðabyggð	4.736	2.608	2.128	1.329	1.478	231
Vestmannaeyjar	4.090	2.147	1.943	1.240	1.407	222
Mýrdalshreppur	487	262	225	139	166	41

Heimild: Hagstofa Íslands. Sótt 22.12 2008 á www.hagstofa.is

Alls eru 157.218 konur á landinu, ríflega 100.000 eru á aldrinum 18–66 ára og tæplega 18.000 eru 67 ára og eldri. Um 11% kvenna á Íslandi eru 67 ára og eldri.

Þegar þau sveitarfélög sem hér um ræðir eru skoðuð í samanburði við landið í heild vekur athygli hve hlutfall aldraðra kvenna í einstökum sveitarfélögum er hátt. Um 18% kvenna í Mýrdalshreppi voru 67 ára eða eldri 1. desember 2008, um 14% í Húnaþingi vestra og Norðurþingi.

Um 5% kvenna á landinu eru með erlent ríkisfang. Þegar hlutfall kvenna með erlent ríkisfang er greint eftir sveitarfélögunum sést að hlutfallslega fleiri eru með erlent ríkisfang í Fjarðabyggð (11%), Reykjavík (6,5%), Ísafjarðarbær (7,5%) og Reykjanesbæ (5,9%) en landsmeðaltal sýnir.

Fjöldi kvenna eftir sveitarfélagi, aldri og ríkisfangi árið 2008

	Alls	18–66 ára	67 ára og eldri	Hlutfall aldraðra	Erlent ríkifang*	Hlutfall m/erl r.
Allt landið	157.218	100.060	17.861	11,36	8.477	5,4
Reykjavík	59.850	38.959	7.350	12,28	3.886	6,5
Reykjanesbær	6.866	4.394	607	8,84	403	5,9
Ísafjarðarbær	1.961	1.185	255	13,00	148	7,5
Húnaþing vestra	585	351	82	14,02	26	4,4
Akureyri	8.848	5.453	1.080	12,21	204	2,3
Norðurþing	1.483	892	206	13,89	87	5,9
Fjarðabyggð	2.128	1.329	231	10,86	232	10,9
Vestmannaeyjar	1.943	1.240	222	11,43	38	2,0
Mýrdalshreppur	225	139	41	18,22	13	5,8

Heimild: Hagstofa Íslands. Sótt 22.12 2008 á www.hagstofa.is

Viðauki II

Viðtalsvísir

Ég kem frá Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd sem vinnur fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið að rannsókn hjá félagsþjónustu sveitarfélaga og barnavernd á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum. Rannsóknin beinist að því að afla þekkingar á þjónustu við konur sem beittar hafa verið ofbeldi með aðgangi að upplýsingum hjá níu sveitarfélögum.

Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar og samþykki þinnar stofnunar liggur fyrir um þátttöku í rannsókninni (athuga að það getur verið viðmælandi sem samþykkti). Niðurstöður verða birtar í skýrslu þar sem nafn þitt og vinnustaðarins mun koma fram. Áður en endanlega verður gengið frá skýrslunni mun þér gefast tækifæritil að lesa yfir og koma með athugasemdir. Má ég halda áfram að spyrja þig? – Gefur þú mér einnig leyfi til að taka viðtalið upp?

Fyrst verður eingöngu spurt um félagsþjónustuna og síðan um barnavernd. (Þetta á eingöngu við þegar viðmælandi svarar fyrir báða þættina).

Félagsþjónusta

1. Hvernig berast mál er varða ofbeldi gegn konum til félagsþjónustunnar/þjónustumiðstöðvar?
   - Kona óskar eftir aðstoð vegna ofbeldis.
   - Óskað er eftir aðstoð vegna annars en ofbeldið kemur þá í ljós.
   - Annar aðili vísar máli til félagsþjónustunnar.
2. Er ástæða til að ætla að oftar sé leitað til félagsþjónustu en var fyrir fimm árum þar sem ofbeldi gegn konum í nánum samböndum er ein af ástæðum þess að leitað er eftir þjónustu? Hvaða skýringar eru á fjölgun – fækkun – óbreyttum fjölda?
3. Þegar mál berast félagsþjónustu, er þá spurt sérstaklega um ofbeldi gegn konum?
   En gagnvart ákveðnum hópum svo sem öldruðum, erlendum konum og fötluðum konum?
   Hvernig eru upplýsingar um ofbeldi skráðar? Eru upplýsingar um ofbeldi gegn konum birtar í ársskýrslu eða aðgengilegar á annan hátt? Hefur skráning mála breyst á síðastliðnum 5 árum?
4. Hafa orðið breytingar á tegundum ofbeldis gegn konum í nánum samböndum á síðasta áratug eða svo? (Kanna sérstaklega með erlendar, gamlar og fatlaðar konur).
5. Hvaða þjónusta eða úrræði er í boði hjá félagsþjónustunni fyrir þá sem þangað leita vegna ofbeldis gegn konum í nánum samböndum? Og vegna ofbeldis nákominna gagnvart öldruðum konum? Dæmi: Fjárhagsaðstoð, húsnæðisaðstoð, ráðgjöf, sálfræðiþjónusta,annað?
   Hvernig er ferlið? Hversu er lengi verið að finna úrlausnir?
6. Er þjónustan nægjanleg að mati svaranda?
   Ef ekki …
   a. Er hægt að bæta hana á einhvern hátt?
   b. Hvað skortir varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði?
7. Hverjir eru helstu samstarfsaðilar félagsþjónustunnar vegna ofbeldis gegn konum í nánum samböndum?
   Hvernig er samstarfinu háttað?
8. Er þörf á að auka þekkingu fagfólks og efla símenntun á sviði ofbeldis gegn konum í nánum samböndum?
   Ef svo er …
   Hvaða þætti fræðslunnar ætti sérstaklega að leggja áherslu á?
9. Ef upplýsingar berast um ofbeldi gegn konum er þá hugað sérstaklega að stöðu barna á heimilinu og þá hvernig?
10. Eitthvað sérstakt sem fagaðili hefur tekið eftir eða vill benda á varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði fyrir konur á nánum samböndum sem verða fyrir ofbeldi.

SÍÐASTA SPURNING Í FÉLAGSÞJÓNUSTUHLUTANUM

Spyrja í lok viðtals: Ef einhverjar spurningar vakna hjá mér við úrvinnslu viðtalsins má ég þá hafa samband við þig.

Barnavernd

1) Berast mál til barnaverndar þar sem ástæða er til að ætla að um ofbeldi gegn móður sé að ræða?
   Hvernig berast þessi mál til barnaverndar?
2) Er ástæða til að ætla að oftar sé haft samband við barnavernd en var fyrir fimm árum þar sem ofbeldi gegn konum í nánum samböndum er ein af ástæðum afskipta barnaverndar?
   Hvaða skýringar eru á fjölgun – fækkun – óbreyttum fjölda?
3) Er spurt sérstaklega um ofbeldi gegn móður við könnun barnaverndarmála?
   Er spurt sérstaklega um ofbeldi gegn móður hjá sérstökum hópum svo sem fólki af erlendum uppruna, líkamlega eða andlega fötluðu eða fólki sem á við áfengis- og fíkniefnavanda að stríða?
   Hvernig eru upplýsingar um ofbeldi skráðar?
   Eru upplýsingar um ofbeldi gegn konum birtar í ársskýrslu eða aðgengilegar á annan hátt?
   Hefur skráning mála breyst á síðastliðnum 5 árum?
4) Hafa orðið breytingar á tegundum ofbeldis gegn konum í nánum samböndum á síðasta áratug eða svo?
5) Hvernig bregst barnaverndin við þegar ofbeldi gegn konum í nánum samböndum kemur í ljós í barnaverndarmálum? Dæmi: Gerir sjálf ráðstafanir? Vísar á aðra? Hverja?
   a. Hvernig er ferlið? Hvað er lengi verið að finna úrlausnir?
   b. Hvernig er börnum sem verða vitni að ofbeldinu sinnt?
6) Eru þetta nægjanleg viðbrögð að mati svaranda?
   Ef ekki …
   a. Er hægt að bæta þau á einhvern hátt og þá hvernig?
   b. Hvað skortir varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði?
7) Er hægt að efla barnavernd svo hún verði betur í stakk búin til að takast á við aðstæður og líðan barna sem búa við ofbeldi gegn mæðrum sínum?
8) Hverjir eru helstu samstarfsaðilar barnaverndar vegna ofbeldis gegn konum í nánum samböndum?
   Hvernig er samstarfinu háttað?
9) Er þörf á að auka þekkingu og efla símenntun fagfólks um þau áhrif sem ofbeldi gegn móður hefur á líðan og þroska barna?
   Ef svo er …
   Hvaða þætti fræðslunnar ætti sérstaklega að leggja áherslu á?
10) Eitthvað sérstakt sem fagaðili hefur tekið eftir eða vill benda á varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði við konur í nánum samböndum sem verða fyrir ofbeldi.

Ef einhverjar spurningar vakna hjá mér við úrvinnslu viðtalsins má ég þá hafa samband við þig.

Heimildir

Aflið. (e.d.). *Hvað er Aflið.* Sótt 30. mars 2009 á http://aflidak.is/.

Akureyri. (e.d.). *Félagsleg aðstoð.* Sótt 28. mars 2009 á http://www.akureyri.is/thjonusta/Felagslegadstod/.

Fjarðabyggð. (e.d.). *Félagsleg þjónusta.* Sótt 4. apríl 2009 á http://www.fjardabyggd.is/Thjonusta/Felagslegthjonusta/.

Guðrún Kristinsdóttir. (ritstjóri) (2007). *Það er ljótt að meiða Þekking og skilningur barna á ofbeldi á heimilum: Helstu niðurstöður könnunar.* Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

Hagstofa Íslands. (e.d.a) *Sveitarfélög.* Sótt 20. febrúar 2009 á http://www.hagstofa.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN02000%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+sveitarf%E9lagi%2C+kyni+og+aldri+1%2E+desember+1997%2D2008++%26path=../Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi.

Hagstofa Íslands. (e.d.b). *Ríkisfang, fæðingarland og uppruni íbúa.* Sótt 22. desember 2008 á http://www.hagstofa.is/?PageID=626&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN12104%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+f%E6%F0ingarlandi%2C+kyni+og+aldri+1%2E+desember+2006%2D2008+%26path=../Database/mannfjoldi/Faedingarland/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi

Húnaþing vestra. (e.d.). *Félagsmálastjóri.* Sótt 28. mars 2009 á http://www.hunathing.is/Starfsemi/F%C3%A9lags%C3%BEj%C3%B3nusta/F%C3%A9lagsm%C3%A1lastj%C3%B3ri/tabid/1298/Default.aspx.

Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir, afleiðingar, úrræði.* Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Ísafjörður. (e.d.). *Félagsþjónusta í Ísafjarðarbæ.* Sótt 28. mars 2009 á http://www.isafjordur.is/thjonusta/felagsleg%5Fradgjof%5F%2D%5Ffjarhagsadstod/.

Jóhanna Rósa Arnardóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Heiða Björk Vigfúsdóttir. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum.* Sótt 15. apríl 2009 á http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Samantekt_um_rannsokn_a_ofbeldi_gegn_konum.pdf.

Norðurþing. (e.d.). *Félagsþjónusta.* Sótt 4. apríl 2009 á http://felagsthjonusta.nordurthing.is/?mod=sidur&mod2=view&id=2.

Rangárþing eystra e.d. *Félagsþjónusta.* Sótt 4. apríl 2009 á http://www.hvolsvollur.is/thjonusta/felagsthjonusta.

Reykjanesbær. (e.d.). *Fjölskyldu- og félagsþjónusta: Ársskýrsla 2006.* Sótt 28. mars 2009 á http://www.reykjanesbaer.is/upload/files/%C3%81rssk%C3%BDrsla%20FFR%202007.pdf.

Reykjavíkurborg. (e.d.). *Um Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.* Sótt 28. mars 2009 á http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-307/18_read-2891/.

Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Fjármál sveitarfélaga.* Sótt 20. febrúar 2009 á http://www.samband.is/ fjarmal-sveitarfelaga/.

Vestmannaeyjar e.d. *Fjölskyldu- og fræðslusvið.* Sótt 4. apríl 2009 á http://www.vestmannaeyjar.is/?p=100&id=2168&u=2168

Rannsókn á ofbeldi gegn konum
Viðbrögð skólastjóra 10 grunnskóla

Rannsóknasetur í barna-og fjölskylduvernd
Unnið fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið

Guðrún Helga Sederholm
(September 2009)

Formáli félags- og tryggingamálaráðuneytis í rannsókninni um grunnskólann.

Rannsókn þessi er þáttur í aðgerðaráætlun stjórnvalda gegn ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum. Aðgerðaráætlunin var unnin af samráðsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlunin var samþykkt í ríkisstjórn í september 2006.

Einn liður í aðgerðaráætluninni er rannsókn á ofbeldi karla gegn konum. Félags- og tryggingamálaráðuneytið er ábyrgðaraðili þeirrar rannsóknar.

Rannsóknin skiptist í sex hluta, símakönnu annars vegar og rannsókn hjá félagsþjónustu og barnavernd, grunnskólum, heilbrigðisþjónustu, lögreglu og félagasamtökum hins vegar.

Þessi hluti rannsóknarinnar tekur til grunnskóla. Undirbúningur rannsóknarinnar fór fram í félags- og tryggingamálaráðuneyti með ráðgjöf Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotafræðings. Rannsóknin var framkvæmd af Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd í Háskóla Íslands undir stjórn Guðrúnar Helgu Sederholm, MSW fræðslu- og skólafélagsráðgjafa. Margir komu að rannsókninni en helst ber að nefna viðmælendur sem gáfu sér tíma til að svara spurningum um heimilisofbeldi.

Niðurstöður sem hér birtast veita mikilvægar upplýsingar um að hvaða leyti mál er varða ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum koma til kasta skólastjóra grunnskólanna og hvaða starfsaðferðum er þar beitt. Upplýsingarnar geta síðar orðið að frekari aðgerðum yfirvalda í grunnskólum á þessum vettvangi.

Útdráttur

Í rannsókninni var rætt við skólastjóra í tíu grunnskólum víðsvegar á landinu. Markmiðið var að fá mynd af því hvernig skólinn bregst við þegar barn þarfnast hjálpar vegna ofbeldis gegn móður á heimili þess og fá fram hugmyndir um úrbætur á þjónustunni.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru:

- Vitneskja skólastjóra um ofbeldi gegn mæðrum nemenda er lítil.
- Skólastjórar tilkynna til Barnaverndar/félagsþjónustu ef um ofbeldi er að ræða á heimili.
- Hlutverk skólans er óljóst. Fræðslu – og uppeldishlutverk togast á. Sitt sýnist hverjum.
- Hlutverk einstakra starfsmanna er óljóst. Mjög misjafnt hvort og hvert nemendur leita með persónuleg vandamál.
- Auka þarf umræðu um ofbeldi gegn konum innan skólasamfélagsins. Nánast engin umræða um þennan málaflokk í skólunum.
- Auka þarf fræðslu um ofbeldi gegn konum í skólum. Fyrst og fremst að fræðslan miðist að því að kennarar átti sig á einkennum þess að nemandi búi við ofbeldi og að fræðslan breyti verklagi í skólanum.
- Vantar sérþekkingu á sviði persónulegrar ráðgjafar inn í skólana. Tryggja þarf þjónustu við nemendur þegar kemur að persónulegri ráðgjöf.

1 Inngangur

Í september 2006 samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaráætlun um ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum. Meginmarkmið áætlunarinnar er að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist að konum og börnum svo og að bæta aðbúnað þeirra sem orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi.

Í grunnskólum landsins eyða börn miklum tíma við nám og störf. Rannsókn þessi beinir sjónum að þeirri þjónustu og þeim úrræðum sem grunnskólarnir hafa til að bregðast við þegar uppvíst verður um að barn búi við ofbeldi gegn móður. Rannsóknin veitir einnig innsýn inn í þá vitneskju sem skólstjórar grunnskólans hafa um þennan málaflokk og hvernig brugðist er við ef og þegar slík mál koma upp í skólunum.

Fram að þessu hafa engar upplýsingar legið fyrir um viðbrögð grunnskólans þegar ofbeldi gegn konum ber á góma. Til að afla upplýsinga um þetta óskaði ráðuneytið eftir að RBF tæki að sér að framkvæma rannsókn til að safna þessum upplýsingum. Þorgerður Benediktsdóttir hefur umsjón með rannsókninni fyrir hönd ráðuneytisins en Guðrún Helga Sederholm MSW fræðslu- og skólafélagsráðgjafi og stundakennari við félagsráðgjafardeild HÍ fyrir hönd RBF.

Skýrslunni er skipt í fimm kafla. Á eftir inngangi og lýsingu á rannsókninni er í þriðja kafla skýrslunnar fjallað um núverandi þjónustu og tillögur til úrbóta. Í fjórða kafla er fjallað um starfsaðferðir einstakra skóla og dregin fram sérstaða þeirra. Í fimmta kafla er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar.

2 Rannsóknin

2.1 Þátttakendur

Leitað var til skólastjóra tíu grunnskóla úr hinum ólíku landshlutum og óskað eftir þátttöku þeirra í rannsókninni. Aðstæður í þessum sveitarfélögum eru ólíkar og gefa því innsýn í mismunandi aðstæður og vinnulag. Eftirtaldir grunnskólar tóku þátt í rannsókninni en allir hafa þeir 1.–10. bekk innan sinna vébanda og samtals voru 3.107 nemendur að baki þessum tíu skólastjórum.

Grundaskóli á Akranesi, skólastjóri Hrönn Ríkharðsdóttir. Nemendur 594.
Grunnskóli Siglufjarðar, skólastjóri Jónína Magnúsdóttir. Nemendur 170.
Hallormsstaðaskóli, skólastjóri Pétur Þorsteinsson. Nemendur 51.
Háteigsskóli í Reykjavík, skólastjóri Ásgeir Beinteinsson. Nemendur 380.
Hjallaskóli í Kópavogi, skólastjóri Friðþjófur Karlsson. Nemendur 380.
Hrafnagilsskóli í Eyjafirði, skólastjóri Karl Frímannsons. Nemendur 200.
Hvolsskóli á Hvolsvelli, skólastjóri Unnar Þór Böðvarsson. Nemendur 233.
Ingunnarskóli í Reykjavík, skólastjóri Guðlaug Erla Gunnarsdóttir. Nemendur 450.
Nesskóli í Neskaupsstað, skólastjóri Marías Ben. Kristjánsson. Nemendur 213.
Snælandsskóli í Kópavogi, skólastjóri Hanna S. Hjartardóttir. Nemendur 436.

2.2 Aðferð

Leitað var til skólastjóra grunnskólanna og þeir beðnir um að veita viðtal. Viðtölin fóru fram í maí 2009. Spyrlar voru félagsráðgjafarnir Guðrún Helga Sederholm og Sigrún Karlsdóttir. Notast var við ákveðinn viðtalsramma en jafnframt reynt að tryggja að sérstaða hvers skóla fyrir sig kæmi fram í viðtalinu. Viðtölin voru hljóðrituð. Afritun og greiningu viðtalanna unnu þær Guðrún Helga Sederholm og Heiða Björk Vigfúsdóttir verkefnisstjóri RBF. Viðtalsrammann er að finna í viðauka við rannsóknina.

Þau sjónarmið og upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu byggjast á svörum sem fengust úr viðtölunum og gefa þau heildarmynd af þeirri vitneskju sem skólastjórnir hafa um ofbeldi gegn konum, þeim farvegi sem slíkum málum er beint í ef og þegar þau verða uppvís í skólanum, þætti einstakra starfsmann og skólastjórnenda í vinnslu mála. Samstarf við aðrar stofnanir og tillögur til úrbóta koma einnig fram í skýrslunni. Á sama hátt gefur skýrslan mynd af starfsháttum einstakra skóla og sérstöðu þeirra.

3. Núverandi þjónusta og tillögur viðmælenda til úrbóta

3.1 Vitneskja skólastjórnenda

Fram kom að aðeins þrír skólastjórar sögðust beinlínis hafa orðið varir við ofbeldi gegn konum í sínum skóla en sjö sögðust ekki hafa fengið mál til sín sem flokka mætti sem ofbeldi gegn konum. Þeir sögðu að ef grunur vaknaði um slíkt yrði málinu vísað til nemendaverndarráðs og flestir sögðu að ef slík mál kæmu upp þá yrði ekki beðið eftir nemendaverndarráðsfundi heldur gripið inní strax og málið tilkynnt til Barnaverndar eða félagsþjónustu/þjónustumiðstöðvar.

Flestir töldu að umsjónarkennari yrði fyrstur var við slík mál þar sem hann væri í mestu návígi við börnin. Engin regla virtist vera á því hvert barnið gæti leitað ef slíkt kæmi upp á heimili þess. Aðeins einn taldi að foreldrar annarra barna myndu hafa samband við skólann ef slíkt kæmi upp, aðrir sögðust ekki hafa fengið vísbendingar frá foreldrum um ofbeldi gegn konum. Margir töldu að þetta væri vel varðveitt fjölskylduleyndarmál sem ólíklegt væri að nemendur segðu frá í skólanum vegna þess að skömm fylgdi slíkum málum. Einnig tóku margir sérstaklega fram að fyrst og fremst væri það skólans að fylgjast með nemandanum en ekki móðurinni, en viðurkenndu þó að ofbeldi gegn móður hefði að sjálfsögðu áhrif á nemandann.

Einn skóli framkvæmir svokallaða „líðankönnun“ meðal nemenda sem hefur það markmið að fylgjast með því hvernig börnunum líður í skólanum og þetta hefur verið gert síðustu tíu árin. Við þennan skóla starfar félagsráðgjafi.

3.2 Vinnulag í skólunum

Í mörgum tilfellum ráðfæra kennarar sig við skólastjórnendur ef þeir verða varir við eða grunur vaknar um ofbeldi á heimili eða vanlíðan barns er augljós. Oftast er það umsjónarkennari sem kemur til stjórnenda með slík mál. Málinu er nær undantekningarlaust vísað til nemendaverndarráðs skólans til umfjöllunar en þó eru misjafnar leiðir í því. Einn skólastjóri sagði að kennarar í sínum skóla þyrftu að vísa máli skriflega til nemendaverndarráðs og jafnframt að láta foreldra vita að þeir hafi vísað málinu þangað meðan hinir láta vísun nægja og nefna ekki að þeir tilkynni foreldrum ef málum er vísað til nemendaverndarráðs.

Í þeim skóla þar sem félagsráðgjafi starfar þá kynnir hann sig og starf sitt fyrir nemendum þannig að öllum er ljóst hvert hægt er að leita með persónuleg vandamál. Í öðrum skóla kynnir námsráðgjafi verksvið sitt fyrir nemendum en oftast er skólahjúkrunarfræðingur nefndur sem sá aðili sem tekur þennan málaflokk að sér. Mismundandi aðgengi er að skólahjúkrunarfræðingum og námsráðgjöfum í dreifbýli en mun meiri festa í þéttbýlinu og þessir fagaðilar starfa þar við skólana, hvern og einn.

Nemendaverndarráð er sá staður sem málum sem þessum er vísað til en í ráðinu sitja yfirleitt í þéttbýlinu: skólastjóri, aðstoðaskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og sálfræðingur. Einstakir kennarar eru kallaðir inn ef þeir tengjast málinu sem fjallað er um og oft er fulltrúi félagsþjónustu/þjónustumiðstöðvar á þessum fundum þó ekki

sé beinlínis regla á því. Fundir eru haldnir reglulega á tveggja, þrigga eða fjögurra vikna fresti. Í dreifbýlinum er nemendaverndarráð skipað sömu aðilum en oft eru aðstæður þannig að margir skólar sameinast um námsráðgjafa, hjúkrunarfræðing og sálfræðing. Tengsl við félagsþjónustu eru svipuð og í þéttbýlinu. Fundir eru reglulega en veður getur hamlað mætingu á fundina.

Tilkynningarskyldan virtist vera mjög ljós í hugum skólastjórnenda og ábyrgðin sem henni fylgir. Allir skólastjórar voru sammála um að tilkynningarskyldu bæri að sinna skilyrðislaust ef svona mál kæmi upp í skólanum og þá er það oftast skólastjóri sem tilkynnir málið til Barnaverndar eða félagsþjónustu/þjónustumiðstöðvar. Margir tóku fram, sérstaklega í dreifbýlinu, að þeir tilkynntu málin til þess að einstakir kennarar væru hlémegin gagnvart samfélaginu. Þeir upplifa mjög sterkt þá ábyrgð sem hvílir á þeim varðandi tilkynningarskylduna. Þetta á fyrst og fremst við þegar um ofbeldi er að ræða gegn börnunum sjálfum af hálfu foreldra. Nokkur óvissa kom fram um viðbrögðin við ofbeldi gegn mæðrum barnanna enda sögðu flestir að slíkt hefði ekki komið upp í þeirra skóla. Einn skólastjóri í dreifbýli sagði að ef svona mál kæmi upp yrði það „stofnað“ strax sem mál og sett inná sameiginlegt svæði hans og aðstoðarskólastjóra, sem er öðrum lokað, en upplýsingum dreift til hjúkrunarfræðings og námsráðgjafa.

Fram kom að farvegurinn sem mál af þessum toga fer í er oftast sá að kennari ráðfærir sig við skólastjóra sem tekur ákvörðun um hvort tilkynna eigi málið strax til Barnaverndar eða félagsþjónustu/þjónustumiðstöðvar sem þá tekur formlega við málinu. Nokkuð misjafnt er hvort skólarnir fá upplýsingar frá félagsþjónustu/þjónustumiðstöð um í hvaða farveg málið hefur farið, hvort því er lokið eða hvar það stendur. Tveir skólastjórar í þéttbýli sögðu að þeir fylgdust með málum og sendu inn lista yfir þau mál sem þeir vildu fá nánari upplýsingar um en þá eru einnig haldnir fundir með fulltrúum félagsmiðstöðvar/þjónustumiðstöðvar og fulltrúum skólans. Aðrir skólastjórar kvörtuðu nokkuð undan því að þeir fengju ekki að vita hvar málin stæðu og þeim þætti það miður en að þeir gerðu sér grein fyrir að þetta væri þungt í vöfum og velktist oft lengi í kerfinu. Allir töluðu um að samvinna við þessar stofnanir væri yfirleitt góð. Fram kom hjá einum skólastjóra í Reykjavík að þeir funda með fulltrúum Barnaverndar tvisvar á ári.

3.3 Hlutverk einstakra starfsmanna

Greinilegt var að aðgengi nemenda að einstökum starfsmönnum er ólíkt milli skóla en sérlega áberandi þegar samanburður er gerður á þéttbýli og dreifbýli. Hér er átt við skólahjúkrunarfræðing, námráðgjafa og sálfræðing. Í dreifbýlinu deila stundum margir skólar með sér sérfræðiaðstoð. Færð og veður hamla líka aðgengi að þessum aðilum. Aðeins í einum skóla starfar félagsráðgjafi en það er í Reykjavík.

Umsjónarkennari virðist gegna lykilhlutverki þegar tengsl nemenda við starfsmenn ber á góma. Skólastjórarnir eru yfirleitt sammála um að kennarar séu mjög meðvitaðir um að fylgjast með líðan barnanna sem þeir hafa umsjón með og telji það vera í sínum verkahring að gæta barnanna og sjá til þess að þeim líði vel í skólanum. Þeir taka fram að ef barn á undir högg að sækja þá reyni kennarinn að tryggja tengslin við barnið. Einn skólastjóri tók fram að meira gætu kennarar ekki gert án þess að vera komnir út fyrir verksvið sitt eða á hálan ís. Skólastjórarnir eru meðvitaðir um að allir starfsmenn skóla séu bundnir þagnarheiti og sumir áminna starfsmenn reglulega um það á starfsárinu og minna á tilkynningarskylduna. Skólahjúkrunarfræðingur er oftast nefndur og þá námsráðgjafi þegar rætt er um trúnað og tengsl nemenda við einstaka starfsmenn. Sálfræðingur er oftast nefndur í tengslum við meðferð eða

ráðgjöf til kennara. Félagsráðgjafi starfar einungis við einn af þessum skólum en þar leita nemendur til hans eða skólahjúkrunarfræðings með persónuleg vandamál.

Einn skólastjóri nefndi að hann hefði ekki hugmynd um hvort aukning hefði orðið á því að nemendur leituðu til hjúkrunarfræðings, námsráðgjafa eða sálfræðings. Annar benti á að hann héldi að almenna regla væri sú að kennarar leituðu til hjúkrunarfræðings, námsráðgjafa eða sálfræðings en ekki öfugt. Nokkrir skólastjórar tóku fram að samvinna milli þessara aðila innan skólans væri að styrkjast og að áhersla væri lögð á hana. Aðrir höfðu ekki mikla reynslu af þessum aðilum sem starfsmönnum skólans en reyndu að leysa úr málum með tiltækum ráðum.

Einn af þéttbýlisskólastjórunum nefndi dæmi um skömmina sem fylgdi því að svona mál yrðu uppvís. Hann minntist þess að stúlka hafði sagt frá því, aðspurð, að pabbi hennar hefði slegið hana í andlitið. Pabbinn reiddist þessu og lengi vel hefði fjölskyldan verið ofsalega sár yfir því að hún hefði sagt frá þessu í skólanum og var skömmuð fyrir það heima.

Margir sögðu að hlutverk kennara væri að halda tengslum við barnið ef slíkt mál kæmi upp og veita því öryggistilfinningu með því að fylgjast sérstaklega með líðan þess í skólanum. Öðrum fannst mikilvægt að halda daglegum venjum áfram og sumir sögðust ekki vita hvað kennarinn ætti að gera í slíkum tilfellum.

Greinilegar vísbendingar eru um ákveðinn vandræðagang í þessum málaflokki í grunnskólunum og enginn skilgreindur aðili innan skólans tekur að sér persónulega ráðgjöf við nemendur heldur er þetta meira tilfallandi og ekki er leitað sérstaklega eftir upplýsingum meðal nemenda um líðan þeirra nema í einum skóla á Reykjavíkursvæðinu. Skólastjórarnir hafa mjög ólíka vitneskju um hverjir leiti ráða hjá hverjum þegar þessi mál ber á góma. Ef eineltisáætlun er í gangi í skólanum þá virðist farvegurinn vera ljósari.

3.4 Fræðsla og símenntun

Langflestir skólastjóranna eru því fylgjandi að auka fræðsluna um ofbeldi gegn konum og sumir nefna námskeið sem *Blátt áfram* og *Stígamót* hafa haldið í skólanum, bæði fyrir börn og starfsfólk og láta mjög vel af þeim. Þeir telja flestir að eftir þau námskeið séu kennarar betur undirbúnir að greina hvort barn hefur orðið fyrir kynferðislegri ofbeldi. Barnið læri líka sjálft hvar mörkin liggja í samskiptum við fullorðna.

Þeir nefna fræðslu í formi fyrirlestra, námskeiða, vinnufunda og einn nefnir símenntunaráætlun skólans sem farveg fyrir fræðslu af þessu tagi. Nær allir vilja efla færniþáttinn sem lýtur að því að greina vandann og þekkja einkenni sem fylgja ofbeldi af þessu tagi. Þeim finnst það grundvallarfræðsla sem þeir vilja fá inn í skólana.

Nokkrir nefna að lítil umræða sé um ofbeldi gegn konum í skólasamfélaginu og að hana þurfi tvímælalaust að efla svo starfsfólkið sé betur í stakk búið að greina vandann þar sem félagslegur grunnur barnanna sé ólíkur og gríðarlegar varnir fjölskyldna og foreldra séu áberandi ef leitað er eftir samstarfi í kringum viðkvæm mál. Fáeinir nefna að efla eigi umræðuna og fræðsluna í kennaranáminu meðan aðrir telja hana næga.

Varðandi fræðsluformið, erindi, fyrirlestra námskeið, vinnufundi og slíkt eru margar skoðanir á lofti en einn skólastjóri í dreifbýli sagði að erindi og fyrirlestrar skiluðu litlu og tilgreindi eina íslenska rannsókn máli sínu til stuðnings. Í þeirri rannsókn kom fram að einungis 5% af því sem menn heyra í fyrirlestrum eða hlusta á í erindum skili sér aftur inn í skólastarfið og verði þess vegna aldrei að verklagi. Hann vildi skipuleggja fræðsluna, innleiða hana og nýta eftirfylgdina til að styðja við breytt verklag. Annar minntist á að skólastjórarnir

þyrftu að vera vel að sér um ferlana og kynna þá fyrir starfsfólki þannig að allir væru vakandi. Bæklingar og blöðungar taldi einn að hefðu ekki mikið að segja sem fræðslumiðlun.

3.5 Úrræði

Sex skólastjórar töldu að úrræði væru fyrir hendi í skólunum. Vandinn væri hins vegar að þekkja einkenni þess að barn búi við ofbeldi gegn móður. Sumir töldu úrræðin fremur fátækleg en flestir minntust á samvinnu við sálfræðing, félagsþjónustu og foreldra í þessu sambandi. Nokkrir töluðu um að þeir gætu kallað eftir stuðningi sveitarfélagsins/félagsþjónustunnar og að hann væri veittur hindrunarlaust. Aðrir höfðu ekki lent í málum af þessu tagi en töluðu um tilkynningarskylduna ef á þyrfti að halda og að kennarar vísuðu málum inn á nemendaverndarráðsfundi þar sem ákvarðanir væru teknar um framhaldið. Í sumum skólum eru fagaðilar til staðar eins og hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur eða námsráðgjafi en þetta á fyrst og fremst við um þéttbýlisskólana.

Einn talaði um að haldnir væru árgangafundir og þá væri farið yfir alla nafnalista í þeim árgangi og mál rædd ef þurfa þætti á þeim fundum. Í þessum skóla þar sem könnun á líðan nemenda er árviss viðburður er markmið að nemendum líði vel í skólanum og bekkjarandinn sé hliðhollur nemendum. Upplýsingar um vanlíðan nemanda á einhverju stigi, yngsta stigi, miðstigi og unglingastigi fara til allra kennara sem kenna viðkomandi barni. Skólastjórinn fer einnig yfir það með kennurum ef það eru einhver sérstök börn sem hann vill að fylgst sé sérstaklega með.

Það virðist vera mismunandi verklag í skólunum varðandi þau úrræði sem þar eru til staðar og munur er á þéttbýli og dreifbýli hvað varðar aðgengi að stoðteymum þegar mál af þessu tagi kemur upp í skólanum.

3.6 Tillögur til úrbóta

Efla beri umræðuna um ofbeldi gegn konum í skólasamfélaginu

Flestir skólastjóranna telja að efla beri umræðu um ofbeldi gegn konum til muna innan skólasamfélagsins þar sem umræðan sé alltof lítil eins og er.

Stórefla fræðslu um einkenni ofbeldis gegn móður, nýtt verklag

Einnig þurfi að stórefla fræðsluna með sérstakri áherslu á að kennarar læri að þekkja einkennin sem koma fram hjá barni sem býr við ofbeldi gegn móður. Þeir vísa margir í námskeið og fræðslu sem *Blátt áfram* hefur komið með í skólana varðandi kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Margir telja mikilvægt að fræðslan skili sér þannig til skólanna að verklag þróist um málaflokkinn.

Vakin sé athygli á tilkynningarskyldu og löggjöf um barnavernd

Mikilvægt að athygli sé vakin á tilkynningarskyldunni sem allir hafa sem starfa við skólann og löggjöf um barnavernd sérstaklega með tilliti til þess að opinberir starfsmenn geta ekki notið nafnleyndar sem er erfitt í litlum samfélögum. Skólastjórar tilkynna yfirleitt til félagsmálayfirvalda og barnaverndar til að hlífa kennurum við að vera í fylkingarbrjósti í slíkum málum. Styrkja þarf vitund samfélagsins alls á skyldum skólans við börnin.

Efla beri upplýsingaflæði frá félagsmálayfirvöldum til skólanna

Nokkrir skólastjórar telja að upplýsingaflæði frá félagsmálayfirvöldum til skólanna mætti vera betra þannig að skólarnir fái upplýsingar um hvar mál sem þeir hafa vísað sé statt og hver urðu lok málsins. Einum finnst málin velkjast um of í kerfinu og að inngrip séu of sjaldan notuð þegar fjölskyldur eiga sér langa sögu um vandamál.

Efla beri stoðþjónustuna þar sem hún að margra mati er ekki nægjanleg

Margir telja að stoðþjónustan sé of fátækleg og geti verið markvissari, betri og öflugri.

Ráða eigi fleiri fagaðila að skólunum til að efla þjónustu við nemendur

Nokkrir skólastjórar kalla eftir fleiri fagaðilum inn í skólana til að efla þjónustu við nemendur og gera hana markvissari. Einn minnist á hin sérstöku tengsl sem félagsráðgjafinn hafi við barnaverndaryfirvöld og annar vill sjá félagsráðgjafa og þroskaþjálfa í öllum skólum. Rétt greining vandans í upphafi skipti miklu máli.

4 Starfsaðferðir og hugmyndir viðmælenda einstakra grunnskóla

4.1 Grundaskóli á Akranesi. Nemendur 594

Skólastjórinn minnist þess ekki að hafa fengið ábendingu um að barn búi við ofbeldi gegn móður. Hann tekur fram að í kjölfar heimsóknar *Blátt áfram* hafi krakkar komið og sagt frá því að eldri systkini hefðu slegið til þeirra. *„Og þá í raun og veru kemur það í minn s.s. í mitt hlutverk að tilkynna það til Barnaverndaryfirvalda“.* Fyrst og fremst sé tilkynningarskyldunni sinnt í svona málum ef og þegar það er metið svo að henni eigi að sinna.

Skólastjórinn tók fram að skólasálfræðingur væri í 80% starfi við skólann sem væri meira en aðrir skóla byggju yfirleitt við, skólahjúkrunarfræðingur í 60% starfi og námsráðgjafi í 50% starfi. Umsjónarkennararkerfið væri þannig í skólanum að umsjónarkennari kenndi nær allar námsgreinarnar þannig að nemendur ættu greiðan aðgang að honum. Ef nemandi tryði umsjónarkennarar eða skólahjúkrunarfræðingi fyrir því að ofbeldi væri á heimilinu þá færi það frá umsjónarkennara til nemendaverndarráðs. Umsjónarkennarinn skrifaði bréf til ráðsins og léti jafnframt foreldra vita að málinu hefði verið vísað þangað. Samvinna er við félagsþjónustuna með því að fulltrúi hennar kemur á nemendaverndarráðsfundi einu sinni í mánuði.

Ef nemendur eru óeðlilega mikið fjarverandi vegna veikinda þá eru umsjónarkennarar beðnir að hafa samband við skólahjúkrunarfræðinginn eða skólasálfræðinginn sem þá hefur samband heim til að grennslast fyrir um ástæður fjarvistanna. Barninu eru boðin viðtöl við sálfræðinginn á skólatíma og eftir skóla.

Ef í ljós kemur að foreldrar yngri barna eru ekki nógu vel í stakk búnir til að aðstoða börnin t.d. með heimanámið þá finnur skólinn einhvern sem gerir verkefnin með barninu.

Varðandi samvinnu ýmissa aðila þá nefndi skólastjórinn fyrirbæri á Akranesi sem kallast *Brúin.* Félagsþjónustan, lögreglan, grunnskólarnir og Fjölbrautarskólinn og fulltrúi frá forvarnarsviði funda reglulega um mál eins og busaball, átök milli unglinga svo eitthvað sé nefnt. Vettvangurinn fyrir slíka umræðu er samvinna þessara aðila.

Aðspurður um hugmyndir um fræðslu til kennara gat skólastjórinn þess að umræða eins og *Blátt áfram* viðhafði í skólanum, þar sem börnunum var gerð grein fyrir rétti sínum og kennararnir ræddu við börnin í sínum bekkjum samkvæmt leiðarljósum frá *Blátt áfram,* hefði skilað árangri í þá átt að börnin viðurkenndu t.d. ofbeldi af hálfu eldri systkina sem væru að passa þau. Enn um fræðsluna sagði skólastjórinn: *„Sko ég er ekki viss um að t.d. meiri*

fræðsla í grunnmenntun kennara myndi skila okkur meiri árangri. Ég held að við eigum að nota nánast hvert einasta tækifæri sem gefst, hvort sem það gerist í okkar skóla eða öðrum skóla annars staðar, til að taka umræðuna upp".

Rætt var við Hrönn Ríkarðsdóttur, skólastjóra.

4.2 Grunnskóli Siglufjarðar. Nemendur 170

Skólatjórinn minnist þess ekki að hafa fengið vitneskju um ofbeldi gegn móður frá öðrum eins og t.d. foreldrum. Ef slíkt kæmi upp þá er það kennarinn sem sem verður fyrstur var við það að hans mati og þá tekur vinnuferli við þ.e.a.s. skólahjúkrunarfræðingur kemur inn í myndina og eða félagsþjónusta ef um barnaverndarmál er að ræða. Skólahjúkrunarfræðingur er við skólann í hálfu starfi og veitir börnunum oft meiri stuðning en umsjónarkennari getur veitt þegar erfiðleikar steðja að.

Nemendaverndaráðið er virkt og þangað er málum vísað til umfjöllunar og þar á sæti fulltrúi félagsþjónustunnar auk hins hefðbundna kjarna ráðsins. Fundað er einu sinni í mánuði. Sálfræðingurinn er sá eini sem býr utan Siglufjarðar en hann býr á Ólafsfirði. Síðastliðinn vetur hamlaði veður reglubundnum mætingum hans en með Héðinsfjarðargöngum breytist það. Samvinna milli skólahjúkrunarfræðings og sálfræðings er góð og til þeirra leita kennarar eftir stuðningi auk skólastjórnenda.

Skólastjóri tilkynnir mál sem þarf að tilkynna þar sem samfélagið er lítið og nándin mikil þá hentar það best, en öllum er ljóst að þeir hafa tilkynningarskyldu ef barnaverndarmál koma upp. Hann segir vitneskju um gang máls hjá félagsmálayfirvöldum ekki koma til þeirra og vildi gjarnan í vissum tilfellum fá frekari upplýsingar.

Að læra að þekkja einkennin sem börn bera sem búa við ofbeldi gegn móður er mikilvægt og þar þarf að auka fræðsluna til muna. Greiningarþáttinn þarf að stórefla og þá vitnar skólastjórinn til heimsóknar *Blátt áfram* varðandi umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi og taldi þann þátt hafa verið af hinu góða. Símenntunaráætlun er í gangi í skólanum og þá er kallað eftir fræðslu um ýmislegt eins og kynferðislegt ofbeldi, skyndihjálp og hegðunarvanda til að nefna eitthvað.

„Félagslegi grunnurinn hjá börnunum er náttúrlega mjög mismunandi og við finnum fyrir gríðarlegum vörnum hjá foreldrum og fjölskyldum og leitum oft samstarfs við foreldra og fjölskyldur þegar við áttum okkur ekki á því hvað er að og mætum þá vörnum".

Skólastjóranum finnast úrræðin sem skólinn hefur til að bregðast við í málum sem þessum frekar fátækleg og spurð hvernig efla megi þau er svarið: *„Ekki annað en það að efla þennan félagsþjónustuþátt mér finnst það alveg númer eitt. Auðvitað þurfum við kennarar og starfsfólk skólans að fræðast og þekkja einkenni og geta vísað fólki svo eigum við bara að vera nokkuð örugg um það að þegar mál barna og fjölskyldu þeirra eru komin í farveg að þeim sé sinnt en málin eru stundum bara mjög flókin og ég veit að fólki hefur verið boðin aðstoð þ.e.a.s. fjölskyldum en hún hefur ekki verið þegin. Það er ekkert að hjá mér".*

Rætt var við Jónínu Magnúsdóttur skólastjóra.

4.3 Hallormsstaðaskóli. Nemendur 51

Skólastjórinn vildi taka það sérstaklega fram að þann tíma sem hann hefði verið við skólann eða í 4 ár hefði ofbeldi gegn móður barns aldrei komið upp í skólanum. Líklegast þætti honum að sá kennari sem væri í mestum tengslum við barnið fengi vitneskjuna fyrstur. Hann minntist á að við skólann væri tveggja kennara kerfi þannig að einn kennari bæri aldrei ábyrgð á námshópi heldur alltaf tveir. Hann taldi það af hinu góða því nemendum líkaði

misvel við kennara og kennarar nytu stuðnings hver af öðrum. Stefna skólans er að allir beri ábyrgð á öllum og fylgist þar af leiðandi vel með náunganum. Gæslan fylgist með nemendum, konurnar í matsalnum og skólaliðarnir ekki síður en aðrir við skólann. *„Allir á vaktinni alltaf“.*

Varðandi stoðkerfi þá er námsráðgjafi í innan við 10% starfi við skólann og vinnur fyrst og fremst með eldri nemendum. Skólahjúkrunarfræðingur vinnur frekar stopult við skólann en samstarf við félagsþjónustu og fræðsluyfirvöld er gott og aðgengi að skólafélagsráðgjafa á Egilsstöðum er fyrir hendi þannig að ef mál af þessu tagi kæmi upp í skólanum þá yrði brugðist fljótt og vel við því á þeim vígstöðvum. Sálfræðingur frá Skólaþjónustu Austurlands myndi koma að svona máli og fjallað væri um það í nemendaverndarráði á fyrri stigum og einnig getur skólinn kallað til prest.

Ferlið væri á þann hátt að upplýsingar kæmu frá kennara til skólastjóra eða öfugt og þá færi málið fyrir nemendaverndarráð og þaðan til félagsþjónustu eða barnaverndar. Tilkynningarskyldan er mjög ljós í skólanum.

Vel er fylgst með líðan barns ef mál þess eru til umfjöllunar og áhersla lögð á tengslin við barnið og haft er samráð við sálfræðinginn um einkenni og viðmót.

Skólastjórinn taldi að aðrar fagstéttir þyrftu að taka mál af þessu tagi þar sem hvorki skólastjórar né kennarar væru sérmenntaðir til þess. Foreldrasamskipti hefði hann oft hugsað um þegar og ef svona kæmi upp. *„Ja, það verður náttúrlega, það er hlutur sem ég hef oft á tíðum velt fyrir mér. Hvernig ætti að fara með það, hvort að ... mig brestur hreinlega þekkingu til að...ég myndi telja sko að sérmenntaðir, sérmenntað fólk í félagsráðgjöf ..., ... þetta er ekki sérfag okkar kennara“.*

Hann segir að reynslumikill kennari sinni nemendaviðtölum við skólann með reglubundnum hætti frá 5.–10. bekk, tvær til þrjár kennslustundir á viku. Samvinna sé milli hennar og skólastjóra. Hún er tengd félagsmálayfirvöldum, er þar einn dag í viku að hluta til. Góð sálfræðiþjónusta er nauðsynleg og yfirleitt góð stoðþjónusta við skólana að hans mati.

Aukin þekking er nauðsynleg í formi fræðslu á starfsmannafundum, námskeiðshald en ekki blöðungar né bæklingar séu fræðsla sem henti um svona málefni. *„Og síðan held ég, síðan náttúrlega líka er geysilegt atriði að, að skólarnir sko temji sér það að, eða setji sér það viðhorf að ... verkefni skólans sé ekki bara að fræða. Það ríkti yfir mjög þegar formaður skólastjórafélagsins, fyrir fáeinum árum, lýsti yfir því alveg blákalt að sko uppeldi kæmi skólunum bara ekkert við. Að skólinn væri eingöngu fræðslustofnun. Ég held því fram eftir hér um bil 40 ár í starfi við skóla, byrjaði ´71, þá var það mín óbifanleg skoðun að ... hvað eigum við að segja, að uppeldis-og ummönnurhlutverkið sé ... sé ekki síst vinna inn í skólunum heldur en sjálf hérna, sjálf námskráin, sjálf fræðslan“.*

Rætt var við Pétur Þorsteinsson skólastjóra.

4.4 Háteigsskóli í Reykjavík. Nemendur 380

Skólastjórinn tók fram að félagsráðgjafi starfaði við skólann í hálfu starfi og að upp hafi einmitt komið mál um ofbeldi gegn móður á þann hátt að barnið snéri sér beint til félagsráðgjafans með málið og það var svo tilkynnt í beinu framhaldi til Barnaverndar.

Félagsráðgjafinn kynnir verksvið sitt fyrir öllum nemendum eins og skólahjúkrunarfræðingurinn svo nemendur vita vel hvert þeir eiga að leita með sín mál. Annar tekur á sálinni en hinn á líkamanum, yfirleitt. Reglubundin viðtöl eru veitt hjá félagsráðgjafa ef þurfa þykir. Sálfræðingur er í 25% starfshlutfalli við skólann. Aðgengi er að sálfræðingi hjá heilsugæslu þegar um meðferðarviðtöl er að ræða. Spurður hvort námsráðgjafi starfi við skólann

er svarið: „*Nei, félagsráðgjafinn sinnir þeirri námsráðgjöf sem við teljum þurfa. En í rauninni teljum við, eða tel ég að það sé meiri þörf í grunnskólum fyrir félagsráðgjafa heldur en námsráðgjafa*“. Að mati skólastjórans virðist sem námsráðgjafar væru að sinna störfum félagsráðgjafa oft á tíðum. Kennarar leita ráða hjá þeim fagaðilum sem starfa við skólann.

Málum er einnig vísað til nemendaverndarráðs þar sem þessir aðilar sitja ásamt skólastjóra og sérkennara skólans og síðan er þar fulltrúi frá Þjónustumiðstöð Miðborgarog Hlíða. Ráðið fundar hálfsmánaðarlega. Mál eru ekki látin bíða fundar hjá ráðinu ef um tilkynningarskyldu er að ræða, þá er haft beint samband við Barnavernd.

Tengsl við Barnavernd eru eiginlega á annan veginn. Skólinn er hvattur til að tilkynna um mál og Barnavernd leitar eftir upplýsingum frá skólanum en sendir ekki upplýsingar tilbaka vegna þess trúnaðar sem starfsmenn þar eru bundnir. Þetta segir skólastjórinn að geti verið bagalegt sérlega ef skólinn veit t.d. ekki að máli lauk fyrir mörgum mánuðum. Stundum hefur félagsráðgjafinn samband við Barnaverndina til að fylgjast með, þar er trúnaðarsamband á milli. Skólastjóranum finnst að þarna þurfi að laga ferlið.

„Líðankönnun“ er framkvæmd í skólanum alltaf á miðvikudegi í október á sama tíma og svo hefur verið í 10 ár. Könnunin er sex spurningar sem lagðar eru fyrir á ákveðinn hátt og ýmsar niðurstöður eru bornar saman milli ára, kynja og bekkja. Brugðist yrði við ef breyting yrði veruleg á milli ára. Markmiðið er að fylgjast með líðan nemenda í skólanum og tryggja að þeir hafi farveg til að tjá sig enda eru þeir vel kunnugir könnuninni frá fyrri árum. Þetta er nokkurs konar öryggisventill. Ef vart verður vanlíðunar hjá nemanda þá er umsjónarkennari beðinn að ræða við barnið til að skoða málið betur. Einnig er tiltæk svokölluð tengslakönnun ef vísbendingar eru um vanlíðan í tilteknum árgangi. Skólastjóri sýnir kennurum myndbönd af því hvernig best sé að tala við nemendur. Skólastjóri heldur reglulega fundi með kennurum um einstök tilfelli og farið er yfir nafnalista nemenda á haustin með kennurum svo allir séu á varðbergi og hafi upplýsingar.

Ef ber á afbrigðilegri hegðun nemanda þá fær skólstjóri tilkynningu um það, hefur svo samband við umsjónarkennara til upplýsingaöflunar og þá er þetta skráð í trúnaðarbók skólastjóra ef ástæða þykir til. Öryggi nemenda er í fyrirrúmi. Skólastjórinn segist ekki geta rekið skólann nema hafa svona tæki eins og „líðankönnunina“ sér til fulltingis.

Varðandi fræðslu telur skólastjórinn að stuttir hnitmiðaðir fyrirlestrar séu af hinu góða sem falla að dagskrá skólans eru t.d. 40 mínútur. Í því sambandi minntist hann á fyrirlestur Blátt áfram sem haldinn var í skólanum og heppnaðist vel. Hann tekur fram að hann hafi í raun ekki orðið var við ofbeldi gegn mæðrum nema í þessu eina tilfelli þar sem barnið snéri sér beint til félagsráðgjafans.

Rætt var við Ásgeir Beinteinsson skólastjóra.

4.5 Hjallaskóli í Kópavogi. Nemendur 380

Skólastjórinn sagðist ekki minnast máls af því tagi að ofbeldi gegn móður hefði komið upp í skólanum meðan hann hefði verið þar. *„Ég verð að viðurkenna að maður er ekki nógu meðvitaður um hversu mikið algengið er, hversu algengt þetta er“*. Hann taldi víst að brugðist yrði við því á þann hátt að samband yrði haft við félagsþjónustuna en ekki beðið eftir nemendaverndarráðsfundi sem væri þó hin hefðbunda leið sem farin væri til að ræða mál einstakra nemenda. Nemendaverndarráð fundar hálfsmánaðarlega. Í ráðinu sitja skólastjóri, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, deildarstjóri sérkennslu og sálfræðingur. Barnið væri alltaf látið njóta vafans varðandi tilkynningar til yfirvalda og skólastjóri sinnir tilkynningarskyldunni.

Fram kom að nemendur hafa greiðan aðgang að námsráðgjafa skólans og hjúkrunarfræðingi eins og millistjórnendum þegar þeir vilja ræða mál sem hvíla á þeim. Kennarar leita eftir handleiðslu og ráðgjöf frá stjórnendum, styðja hverjir aðra. Sálfræðingur er í 20% starfi við skólann og hjúkrunarfræðingur starfar þar eins og námsráðgjafi. Hann taldi skólan vel mannaðan til að fást við mál af þessu tagi og úrræðin væru fyrir hendi. Verklagsreglur væru skýrar og öllum kunnugar og samvinna við félagsmálayfirvöld góð. Fundað er einu sinni á ári með þeim.

Hann undirstrikar mikilvægi umsjónarkennara í málum af þessu tagi eins og í öðrum málum sem tengjast nemendum og bendir á að yfirleitt sé þar trúnaðarsamband á milli kennarar og nemanda. Kennarar sinni nemendum vel og verndi þá eins og kostur er. Þeir leiti ráðgjafar hjá hjúkrunarfræðingi og námsráðgjafa, sérstaklega námsráðgjafa þegar mál sem líkjast ofbeldi gegn móður koma upp í skólanum. Mál fari hins vegar ekki beint til sálfræðings því vísun verður að koma til og samþykkir foreldra þarf til þess að málinu sé vísað þangað.

Varðandi fræðslu og aukna þekkingu á ofbeldi gegn konum þá taldi skólastjórinn aukna umræðu mikilvæga eins og fræðslu. Hann minntist á að grasrótarsamtök eins og *Blátt áfram* og *Stígamót* væru hugsanlega vel til þess fallin að koma með fræðslu um ofbeldi gegn konum inn í skólana, því þar væri gríðarleg þekking á málaflokknum. Hann taldi mikilvægt að starfsmenn skólans lærðu að þekkja einkenni sem birtust hjá barni sem byggi við ofbeldi gegn móður á heimili. *„Við mættum sjálfsagt vera duglegri að leita eftir slíkri fræðslu sko en við reynum að styðja við okkar starfsmenn“ ... „en eins og ég sagði áðan eru kennarar mjög vakandi yfir sko velferð barnanna og öllu því sem að þeim, börnunum ... en eins og réttilega er komið inná þá er þetta nátengt og staðan á heimilinu ef barnið er beitt ofbeldi af hálfu föður að þá er eflaust í mörgum tilfellum sem það er andlegt eða líkamlegt ofbeldi gagnvart fleirum á heimilinu og þá móðurinni líka án þess að það sé sá hluti sem kemur fyrst inn á borð til okkar. Ég man ekki eftir neinu slíku tilfelli“.*

Rætt var við Friðþjóf H. Karlsson skólastjóra.

4.6 Hrafnagilsskóli í Eyjafirði. Nemendur 200

Skólastjórinn tók strax dæmi af máli sem upp hafði komið s.l. vetur í skólanum, móðir hafði verið beitt ofbeldi af hálfu sonar á unglingsaldri. Málið var strax tilkynnt til Barnaverndar án tafar. *„Ef það er eiginmaður, sambýlismaður eða annar sem á í hlut þá er það frekar tilviljun að við fréttum af því“.* Þegar og ef grunur um ofbeldi gegn móður berst starfsfólki til eyrna þá er ákveðið verklag í gangi og þá er hjúkrunarfræðingur eða námsráðgjafi fenginn til að ræða við barnið sem í hlut á því reynslan sýni að barninu létti mjög þegar það veit að aðrir vita. Allir starfsmenn grunnskólans eru þagnarskyldir gagnvart börnunum og eru reglulega áminntir um það, með skylduumfjöllun. Hann vakti athygli á öryggisneti skólans sem byggir á því að fleiri en áðurnefndir starfsmenn séu settir inn í mál sem eru alvarleg eins og ritari, yfirmaður skólaliða og bókavörður upp að vissu marki.

Nemendaverndarráð er skipað á hefðbundinn hátt en auk þess situr þar fastur fulltrúi félagsþjónustunnar, sérfræðiþjónustunnar. Fljótt er gripið inn í mál ef þurfa þykir. *„Þetta er kannski nokkuð einfalt hérna vegna þess að það hefur skapast það vinnulag að við skólastjórarnir tökum eiginlega öll þessi mál inn á okkar borð. Við látum t.d. ekki alfarið frá okkur mál í hendur námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings eða kennara“.* Skólastjórinn tilkynnir mál sem þarf að tilkynna til Barnaverndar svo kennarar þurfi ekki að vera í fylkingarbrjósti hvað það varðar. Starfsmenn hafa vakandi auga með viðkomandi barni meðan mál barnsins er í vinnslu og gæta að líðan þess. Kennarar leita ráða hjá stjórnendum, hjúkrunarfræðingi

og námsráðgjafa meira en að þetta sé á hinn veginn. Skólinn er með fastan samning við Akureyrarbæ, fjölskyldudeildina. Hann er einnig í tengslum við fjölskylduráðgjafa sem starfar sjálfstætt og reynist notadrjúgur fyrir skólann og nemendur hans. Tvisvar á ári er farið yfir skráningu hjá hjúkrunarfræðingi en hún vegur og metur málin sjálf þar sem hún er bundin meiri trúnaði sem heilbrigðisstarfsmaður en aðrir í skólanum.

Varðandi fræðsluna kemur eftirfarandi fram: *„Það er í sjálfu sér einfalt, það er fræðsla sem byggir á því að við aukum færni okkar í að greina þ.e.s. ekki bara fræðsla og ekkert meira heldur þurfum við færniþáttinn, endurtekninguna, endurgjöfina frá þeim sem eru að fræða þannig að við fáum að reyna þetta sjálf í framkvæmd“.* Hann minntist á námskeið sem Blátt áfram hefði verið með og taldi að slíkt væri af hinu góða. Hann saknar þess að hafa ekki tölulegar staðreyndir um útbreiðslu ofbeldis af þessu tagi og telur slæmt að vita ekki hve algengt þetta er. Hann telur að erindi og fyrirlestrar skili takmörkuðu til skólans þannig að af því mótist verklag og vísar í íslenska rannsókn og erlendar sem sýni að einungis 5% af efni sem sett er fram á þennan hátt skilar sér inn í skólana.

Rætt var við Karl Frímannsson skólastjóra.

4.7 Hvolsskóli, Hvolsvelli. Nemendur 233

Skólastjórinn sagðist sjálfur hafa orðið var við einmitt svona ofbeldi, frammi á gangi skólans að morgni enda segist hann vera mikið á göngum skólans. *„Ég varð var við það og þetta tiltekna atvik gerðist s.l. haust að ég er frammi á gangi og krakkarnir eru að koma og það gengur allt vel síðan kemur ... þegar allt er tæmt og byrjað er að kenna þá kemur einn drengur og ég segi við hann, þú hefur ekki vaknað nógu snemma, einhvern veginn svona segi ég við hann. Jú. En pabbi er alltaf að lemja mömmu og ég læsti mig inni í herbergi“.* Í svona sterku tilviki sem þessu snéri skólastjórinn sér beint til sálfræðingsins og félagsráðgjafa hjá félagsþjónustunni til þess að ráðfæra sig um framhaldið.

Hann segir að allt sem snúi að nemendum sé rætt í nemendaverndarráði en í því sitja skólastjóri, fulltrúi félagsþjónustunnar, heilsugæslunnar og sérkennslufulltrrúi sem sé jafnframt sá sem sér um stuðningsbrautina við skólann. Fram kemur að þeir sem eru skráðir á stuðningsbrautina eru sérkennslunemendur en aðrir eru einnig tengdir henni þó þeir njóti ekki sérkennslu ef mál þeirra eru þess eðlis að þeir þurfi sérþjónustu. Tilkynningarskyldan er mjög virk og skólastjóri sinnir henni þar sem samfélagið er lítið og allir nánir. *„Já við erum alveg með það á hreinu hérna og það er mjög hart gegnið eftir því af okkur sem eru hérna í stjórnun og við áminnum fólk um það margsinnis á vetri þessa lagalegu skyldu sem á þeim hvílir eða öllu heldur samfélaginu hvað þá heldur uppeldisstéttum“.*

Mál sem fer til Barnaverndar og er sett í rannsóknarfarveg skilar sér aftur inn til skólastjóra frá ríkissaksóknara sem álit eða úrskurður þess síðarnefnda og það eru lok þess máls. Minniháttarmál fara til sálfræðings félagsþjónustunnar eða heilsugæslunnar og þaðan fær skólastjórinn niðurstöður frá þessum aðilum. Sumt er afgreitt í nemendaverndarráði þannig að því lýkur þar.

Hjúkrunarfræðingur starfar ekki við skólann og enginn námsráðgjafi. *„Nei, við höfum nú ekki gert mikið af því að reyna að fá námsráðgjafa heldur leggjum við mikla áherslu á að þetta fari í gegnum umsjónarkennara, kennara og umsjónarkennara stuðningsbrautar sem er undantekningarlítið sérkennari nema núna síðastliðið haust þá tókst mér að ráða í það sálfræðimenntaðann mann“.*

Ráðgjafar leita kennarar hjá umsjónarkennara stuðningsbrautar, skólastjóra eða deildarstjórum þegar alvarleg mál koma upp.

Varðandi fræðslu þá taldi skólastjórinn mjög mikilvægt að allir væru vel upplýstir um þann farveg sem löggjafinn setur í barnaverndarmálum og hvernig tilkynningarskyldan er skilgreind og hverjir eigi að sinna henni. Hann segir erfitt í litlu samfélagi að komast hjá því að menn fái á sig stimpil ef grunur kemur upp t.d. varðandi kynferðislegt ofbeldi. Hann telur mikilvægt að fólk átti sig á að eðlilegur málarekstur sé tilkynning til Barnaverndar og að starfsfólk sé aðeins að sinna skyldum sínum en ekki að dæma fólk. Hann telur að með því að fólk í samfélaginu sé vel upplýst um þetta væri það óneitanlega stuðningur ekki bara við grunnskólann heldur allt samfélagið.

Hann telur nægileg úrræði til staðar í sínum skóla til að fást við mál sem tengjast barni sem býr við ofbeldi gegn móður. Hann getur sérstaklega um tilsjónarmenn sem séu í hans skóla og hlutverk þeirra þegar barn þarf stuðning umfram það sem venja er að veita. Tilsjónarmenn hitta barnið reglulega og geta komið úr ýmsum hópum starfsmanna.

Rætt var við Unnar Þór Böðvarsson skólastjóra.

4.8 Ingunnarskóli í Reykjavík. Nemendur 450

Skólstjórinn segist ekki hafa orðið mikið var við þetta meðan hún hefur starfað innan grunnskólans. *„Ég er nú búin að vera dáldið lengi í sambærilegu starfi þó ég hafi ekki verið lengi hér þá man ég ekki til þess að það hafi komið inn á mitt borð akkúrat þetta“.* Ef hins vegar einhver í skólanum verður var við að barn búi við ofbeldi gegn móður þá sé farvegurinn oft þannig að menn ráðgist við skólastjórann, deildarstjóra sérkennslu eða námsráðgjafa og ef tilkynna þarf mál til Barnaverndar þá er það gert hiklaust. Önnur mál eru rædd í nemendaverndarráði sem fundar þrisvar í mánuði og þar sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, sálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og unglingaráðgjafi frá frá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Skólinn tilkynnir mál til Barnaverndar með því að senda bréf og einnig með því að hringja. Tvisvar á ári er fundur með fulltrúum Barnaverndar sem þá koma í skólann. Fyrir slíkan fund hefur skólinn sent nafnalista til að fá vitnesku um hvar málin eru stödd. Upplýsingar fær skólinn ekki ef um er að ræða kynferðilegt ofbeldi heldur einungis upplýsingar um að málið sé í farvegi.

Ráðleggingar gefur skólasálfræðingurinn hjá Þjónustumiðstöðinni í erfiðum málum og samskipti við miðstöðina eru góð þó nokkuð beri á að málin séu þung í vöfum ef sama fjölskyldan hefur verið í erfiðleikum ár eftir ár án inngrips. Ekki sé alltaf augljóst að hlutirnir séu að lagast hjá henni.

Kennarar sýna barni sem á erfitt alúð og umhyggju og huga að velferð barnsins. Skólinn hefur boðið börnum í vissum tilviku uppá sjálfsstyrkingarnámskeið sem Þjónustumiðstöðin greiðir fyrir barnið.

Varðandi hlutverk einstakra fagaðila skólans og hvort börn leituðu til þeirra með mál af þessu tagi var svarið: *„Ég held að börn sem búa við þetta og þau eru ekki sýnileg og auðvitað eru þessi börn hérna hjá okkur, ég held að þau haldi þessu sem leyndarmáli að þau ræði ekki þessi mál við þessa trúnaðaraðila“.*

Um fræðsluna sagði skólastjórinn að sér fyndist mikil þörf fyrir umræðu í skólakerfinu því hún væri ekki mikil og einnig væri mikilvægt að kennarar lærðu að þekkja einkennin sem börnin bera sem búa við heimilisofbeldi. Blátt áfram hafði verið með námskeið í skólanum sem heppnaðist mjög vel að mati skólastjórans um kynferðislegt ofbeldi og ofbeldi gagnvart konum m.a. í formi leikrits sem náði vel tilgangi sínum og var unnið faglega að mati hans. *„Ég held að þetta sé bara fyrst og fremst að læra að þekkja einkennin ... ég held að við höfum kannski alveg úrræðin en það er kannski þessi fræðsla að fólk þekki einkennin þannig*

að það þekki leiðirnar þannig held ég að stoðúrræðin séu alveg fyrir hendi, alla vega hérna hjá Reykjavíkurborg en eflaust er þetta mjög mismunandi eftir aðstæðum grunnskólanna“.

Rætt var við Guðlaugu Erlu Gunnarsdóttur skólastjóra.

4.9 Nesskóli í Neskaupsstað. Nemendur 213

Umsjónarkennari verður að mati skólastjóra fyrstur var við ef barni líður illa eða eitthvað er óeðlilegt í fari þess. Hann gat um að skólinn hefði verið að taka þátt í Olweusaráætlun og þar af leiddi að athygli kennara og starfsfólks á vanlíðan barnanna væri skörp. Ef mál sem varða ofbeldi gagnvart móður kemur upp þá er það strax tilkynnt til félagsmálayfirvalda en ekki látið bíða afgreiðslu nemendaverndarráðs. Áhersla er lögð á að bregðast hratt og vel við. Kennarar leita ráðgjafar skólastjóra í vafamálum og nemendaverndarráð er vettvangur þar sem yfirleitt er fjallað um málefni einstakra nemenda og kennarar vísa málum þangað. Í ráðinu eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og deildarstjóri sérkennslu. Ráðið fundar hálfsmánaðarlega. Fundina heimsækir fulltrúi félagsmálayfirvalda til að kynna sig og starfsemina sem hann er fulltrúi fyrir.

Börnin geta snúið sér til námsráðgjafa sem er í skólanum alla daga og til hjúkrunarfræðings sem sinnir meira líkamlegum þörfum barnanna en starfar bara einn dag í viku við skólann. Samvinna við félagsmálayfirvöld er góð og skólinn sækist eftir því að fá upplýsingar um í hvaða farveg mál hafa farið en yfirvöld eru bundin trúnaði við sína skjólstæðinga og þá eru upplýsingar takmarkaðar en skólastjórinn leggur áherslu á að á honum hvíli skylda að vita hvort barn verði áfram í skólanum eða ekki og hvenær það komi þá tilbaka eða hvað varð um barnið.

Ef barn byggi við ofbeldi gegn móður þá væri fylgst vel með því og þeir sem væru í gæslu á leikvelli yrðu látnir vita auk umsjónarkennara. Allir starfsmenn vinna samkvæmt trúnaði við barnið. Barnið á að hafa öryggistilfinningu í skólanum. Sálfræðiþjónusta kemur frá Skólaskrifstofu Austurlands.

Varðandi fræðsluna þá telur skólastjórinn kennara vel í stakk búna til að greina einkenni ofbeldis sem birtist hjá barni sem býr við það. *„Það þekkir enginn börnin eins vel eins og umsjónarkennarinn“.* Hann vill þó taka fram að fræðsla um hvernig ræða eigi við foreldra sé nauðsynleg. Fyrirlestrar kæmu vel til greina en fyrst og fremst er mikils virði að menn tali hreint út um málin, ekki sé farið í kringum hlutina. Úrræðin telur hann vera til staðar. Málum sé skilað til félagsmálayfirvalda og börnin hafi aðila í skólanum sem þau geti talað við og í skólanum sé batterí sem geti tekið við svona málum, ef þau fara ekki beint til félagsmálayfirvalda. Fjölskylduráðgjöf telur hann að félagsþjónustan gæti útvegað ef svo bæri undir.

Rætt var við Marías Ben. Kristjánsson skólastjóra.

4.10 Snælandsskóli í Kópavogi. Nemendur 436

Aðspurður um hvernig einstakir starfsmenn skólans verði varir við ef barn býr við ofbeldi geng mæðrum sagðist skólastjórinn sem betur fer ekki verða mikið var við það og hann taldi þetta hreint ekki algengt í sínu skólahverfi. Aðeins hefðu vaknað grunsemdir um vandamál á heimili en ekki komið til staðfestingar á ofbeldi. Kæmi hins vegar til þess þá myndi skólastjóri tilkynna Félagsþjónustunni um málið eins og í örðum svipuðum málum og þeir tilkynna til Barnaverndar.

Nemendaverndarráð er vettvangur umræðu um málefni einstakra nemenda og þar sitja skólastjóri, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, sálfræðingur og fagstjóri sérkennslu og þar er fundað vikulega. Umsjónarkennari spjallar fyrstur við barn ef grunur um vanlíðan vaknar

þá námsráðgjafi eða hjúkrunarfræðingur og þaðan er málinu vísað til skólastjóra sem tilkynnir til félagsþjónustu ef málið fellur undir tilkynningarskylduna. Fylgst er með barninu í reglulegum viðtölum við námsráðgjafa. Ef barni er vísað til sálfræðings þá þarf samþykkir foreldra fyrir því, skólastjóri kynnir það bæði munnlega og skriflega fyrir foreldrum. Í viðtölum við foreldra eru yfirleitt tveir fulltrúar skólans viðstaddir, umsjónarkennari og námsráðgjafi.

Samstarf er við félagsmálayfirvöld og reynt er að fylgjast með gangi mála þar en er oft erfitt þar sem yfirvöld eru bundin af lögum um trúnað við skjólstæðinga sína og hafa útskýrt það fyrir fulltrúum skólans á starfsmannafundi. *„Þarna finnst mér algjörlega vanta að við fáum svo aldrei að vita“.*

Kennarar leita ráða hjá hjúkrunarfræðingi, námsráðgjafa og sálfræðingi ef með þarf og öfugt. Mest leita umsjónarkennarar eftir ráðgjöf.

Varðandi fræðslu þá telur skólastjórinn alltaf þörf á að efla þekkingu fólks t.d. með fyrirlestrum eins og þeim sem Guðrún Jónsdóttir frá Stígamótum kom með til starfsmanna. *„Við erum akkúrat núna að panta fyrirlestur sem verður í ágúst um þunglyndi og þunglyndiseinkenni ... mér finnst alltaf vera svona meiri og meiri áhugi fyrir því að fá svona aukna þekkingu á þessum einkennum vanlíðunar eftir því sem börnin eru meira hjá okkur“.* Sjálfstyrking í starfi er námskeið sem skólinn hyggst leitast eftir að fá. Skólstjórinn tekur fram að námsráðgjöfum og hjúkrunarfræðingum standi oft til boða námskeið af ýmsu tagi en hann vill að allir starfsmenn eigi kost á slíku.

Um úrræðin sagði skólastjórinn: *„Grunnskólinn hefur náttúrlega ekki sérfræðinga á þessu sviði. Ég er að tala sérstaklega um félagsráðgjafa og fleiri sálfræðinga eða meiri ráðgjöf á þeim vettvangi. Ég held að venjulegir kennarar hafi ekki endilega þekkingu til að takast á við þetta þeir eru fyrst og fremst með þessa fagþekkingu í kennslunni en ekki að takast á við svona andlega vanlíðan og persónuleg vandamál nema að litlu leyti og er mjög einstaklingsbundið hvernig það gengur þannig að ég vildi sjá félagsráðgjafa í öllum skólum, þroskaþjálfa í öllum skólum vegna þá atferlismeðferðar sem er þá ekki beint kennaranna fag“.*

Rætt var við Hönnu S. Hjartardóttur skólastjóra.

5. Niðurstöður

5.1 Vitneskja skólastjóra um ofbeldi gegn mæðrum nemenda er lítil

Aðeins þrír af tíu skólastjórum höfðu upplýsingar um ofbeldi gegn mæðrum í gegnum nemendur eða fengið vitneskju um það og þá aðeins eitt tilvik hver. Návígi skólastjóra við nemendur er mismikið. Nokkrir segjast ekki vita neitt um algengi ofbeldis gegn konum og kalla eftir tölulegum upplýsingum um það.

Mikilvægt er að upplýsa skólastjóra og uppeldisstéttir um tíðni ofbeldis gegn konum í samfélaginu.

5.2 Skólastjórar tilkynna til Barnaverndar/félagsþjónustu

Skólastjórar tilkynna ofbeldi gegn börnum til Barnaverndar eða félagsþjónustu. Í dreifbýlinu finnst þeim mikilvægt að kennari sé ekki í fylkingarbrjósti vegna smæðar samfélagsins og nándarinnar. Þeim finnst mikilvægt að öllum sé ljós sú tilkynningarskylda sem starfsmenn skólans hafa gagnvart Barnaverndinni og áminna starfsfólk sitt yfirleitt reglulega um það og þagnarheitin sem þeir eru bundir gagnvart því sem þeir verða áskynja í tengslum við nemendur.

Aðstæður eru ólíkar í þéttbýli og dreifbýli varðandi viðkvæm mál fjölskyldna.

5.3 Hlutverk skólans er óljóst

Sumir skólastjórar telja fræðsluhlutverk skólans vera meginhlutverk hans meðan aðrir telja uppeldishlutverkið mjög mikilvægt og fráleitt að skólinn víkji sér undan því þar sem börnin eyði meiri tíma í skólanum en nokkru sinni fyrr. Sumir telja að skólinn eigi að sinna hvoru tveggja.

Nauðsynlegt er að halda uppi markvissri umræðu um hlutverk skólans í nútímanum.

5.4 Hlutverk einstakra starfsmanna er óljóst

Margir af skólastjórunum töldu að barn myndi segja umsjónarkennarar frá því ef það byggi við ofbeldi gegn móður meðan aðrir töldu að barnið myndi halda því leyndu fyrir starfsmönnum skólans. Allir minntust á nemendaverndarráð þegar vandamál barna bæri á góma og að þar væri fjallað um málefni einstakra nemenda. Hlutverk einstakra starfsmanna innan skólanna var illa skilgreint þegar kom að persónulegum vanda barna eins og ofbeldi gegn móður. Margir voru nefndir, eins og kennarar, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, prestur, tilsjónarmaður, skólastjórnendur, sálfræðingur og deildarstjóri stuðningsbrautar. Þar sem félagsráðgjafi starfaði var hlutverk hans mjög ljóst.

Hlutverk einstakra starfsmanna skólanna er illa skilgreint þegar kemur að viðkvæmum, persónulegum málum nemenda.

5.5 Auka þarf umræðu um ofbeldi gegn konum innan skólasamfélagsins

Umræðan virðist lítil ef nokkur um ofbeldi gegn konum í skólasamfélaginu og nokkrir skólastjórar töldu mikilvægt að efla þessa umræðu einstaklingum og samfélagi til heilla. Margoft vísuðu skólastjórar á námskeið, fyrirlestra og leikrit sem Blátt áfram hefði komið með inn í skólana til að upplýsa starfsmenn og nemendur um kynferðislegt ofbeldi og töldu að þar hefði verið staðið faglega að málum.

Umræðu um ofbeldi gegn konum vantar inn í skólana. Einstaklingar og samfélagið myndu hagnast á henni.

5.6 Auka þarf fræðslu um ofbeldi gegn konum í skólum

Flestir skólastjórar töldu mikilvægast að fræðslan næði þannig til starfsmanna skólanna að nýtt verklag myndaðist innan skólanna og að starfsmenn yrðu færari í að greina einkenni þess að barn byggi við ofbeldi gegn móður á heimili. Allir vildu auka fræðsluna.

Mikilvægt er að auka færni starfsmanna í að greina ef barn býr við ofbeldi gegn móður og að móta nýtt verklag í málum af því tagi innan skólanna.

5.7 Vantar sérþekkingu á sviði persónulegrar ráðgjafar inn í skólana

Nokkrir skólastjórar töldu kennarar ekki búa yfir þekkingu til að greina né taka á persónulegum vandamálum nemenda og kölluðu eftir sérþekkingu félagsráðgjafa á því sviði sem störfuðu innan skólanna í nærumhverfi nemenda.

Tryggja þarf þjónustu við nemendur þegar kemur að viðkvæmum persónulegum málum þeirra.

Viðauki

VIÐTALSVÍSIR
Ofbeldi gegn konum – grunnskólar

Ég kem frá Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd sem vinnur fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið að rannsókn á grunnskólum á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum. Rannsóknin beinist að því að afla þekkingar á því hvort stjórnendur grunnskóla verði varir við að börn búi við ofbeldi gegn móður á heimilum sínum og ef svo er í hvaða ferli mál barns fari þá.

Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar og samþykki þinnar stofnunar liggur fyrir um þátttöku í rannsókninni (athuga að það er viðmælandi sem samþykkti). Niðurstöður verða birtar í skýrslu þar sem nafn þitt og vinnustaðarins mun koma fram. Áður en endanlega verður gengið frá skýrslunni mun þér gefast tækifæri til að lesa yfir og koma með athugasemdir. Má ég halda áfram að spyrja þig? – Gefur þú mér einnig leyfi til að taka viðtalið upp?

A. Hvernig verður kennari, sérkennari, námsráðgjafi, félagsráðgjafi eða skólahjúkrunarfræðingur var við, að barn búi við ofbeldi gegn móður?
   – Tekur eftir einkennum/vanlíðan hjá nemanda
   – Fær vitneskju frá öðrum, hverjum t.d. foreldrum annarra barna?
B. Hver eru í flestum tilfellum viðbrögðin?
   – Vísað til nemendaverndarráðs.
   – Vísað til skólastjóra.
   – Vísað til ráðgjafarþjónustu/félagsþjónustu sveitarfélags.
   – Vísað til barnaverndar.
   – Annað, hvað?
C. Í hvaða ferli fer slíkt mál venjulega?
D. Geturðu lýst upphafi, ferli og lok máls þar sem vitað var að barn í þínum grunnskóla bjó við ofbeldi gegn móður?
   (Upphaf, ferli og lok máls).
E. Hvað getur kennari gert sérstaklega fyrir barn, sem býr við ofbeldi gegn móður?
   – Fylgst með líðan barnsins.
   – Sinnt því sérstaklega.
   – Annað, hvað?
F. Hvert er hlutverk skólahjúkrunarfræðinga, námsráðgjafa og félagsráðgjafa?
   – Er algengt að börn, sem búa við ofbeldi gegn mæðrum sínum, leiti til þeirra?
   – Ráðgast þær við kennara?
   – Leita kennarar ráða hjá þeim?
G. Er þörf á að auka þekkingu og efla símenntun kennara um ofbeldi gegn konum og áhrif þess á börn sem búa við ofbeldi gegn mæðrum sínum?
   – Hvaða þætti fræðslunnar ætti að leggja sérstaka áherslu á?
H. Hvernig er hægt að efla grunnskólann svo að kennari og annað starfsfólk þekki betur einkenni vanlíðunar barna sem búa við ofbeldi gegn mæðrum sínum?
I. Hefur grunnskólinn nægileg úrræði til að kennarar og annað starfsfólk hans geti sinnt börnum, sem búa við ofbeldi gegn mæðrum sínum? Ef ekki, hvernig má efla úrræðin?

Spyrja í lok viðtals: Ef einhverjar spurningar vakna hjá mér við úrvinnslu viðtalsins má ég þá hafa samband við þig.

Heimildir

Grundaskóli. Sótt 14.09.09 á http://www.grundaskoli.is/
Grunnskóli Siglufjarðar. Sótt 14.09.09 á http://www.sigloskoli.is/
Hallormsstaðaskóli. Sótt 14.09.09 á http://www.fljotsdalsherad.is/hallormsstadaskoli
Háteigsskóli. Sótt 14.09.09 á http://www.hateigsskoli.is/
Hjallaskóli. Sótt 14.09.09 á http://www.hjallaskoli.is/
Hrafnagilsskóli. Sótt 14.09.09 á http://www.hrafnagilsskoli.is
Hvolsskóli. Sótt 14.09.09 á http://www.hvolsskoli.is
Ingunnarskóli. Sótt 14.09.09 á http://www.ingunnarskoli.is
Nesskóli. Sótt 14.09.09 á http://www.nesskoli.is/
Snælandsskóli. Sótt 14.09.09 á http://www.snaelandsskoli.is/

Rannsókn á ofbeldi gegn konum

Viðbrögð heilbrigðisþjónustunnar

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd
Unnið fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið

Ingólfur V. Gíslason
(September 2010)

1. Aðdragandi

Rannsókn sú sem hér er gerð grein fyrir er unnin sem hluti af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn ofbeldi karla gegn konum. Aðgerðaáætlunin var unnin af samráðsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún var samþykkt í ríkisstjórn í september 2006 og fól meðal annars í sér að skoðað skyldi hver væru viðbrögð heilbrigðisþjónustunnar gagnvart konum sem þangað leituðu og hefðu verið beittar ofbeldi af maka eða fyrrverandi maka. Það er sá hluti aðgerðaáætlunarinnar sem hér er til umfjöllunar.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd tók að sér framkvæmd verksins og fékk dr. Ingólf V. Gíslason dósent við Háskóla Íslands til að framkvæma rannsóknina.

2. Rannsóknin

Rannsóknin fór fram með þeim hætti að rætt var við starfsfólk heilbrigðisstofnana sem líklegast þótti til að hafa yfirlit yfir stöðu þessara mála á sinni stofnun. Alls voru viðmælendur 19 og unnu á 9 stofnunum. Rætt var við 8 manneskjur í fimm viðtölum á Landspítala Íslands, eina á Sjúkrahúsinu Vogi og tvær sem starfa á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Önnur viðtöl voru við starfsfólk á Heilsugæslu Seltjarnarness, Breiðholts, Ólafsvíkur, Eskifjarðar, Suðurlands og Akureyrar. Viðtölin voru frá 40 mínútum að einum og hálfum tíma að lengd.

Viðtalsvísirinn sem stuðst var við er birtur aftast í þessari skýrslu en í grundvallaratriðum var verið að leita svara við sex meginþáttum. Í fyrsta lagi hvernig skráningu mála væri háttað þegar í ljós kemur að kona hefur verið beitt ofbeldi af nákomnum aðila. Tilgangurinn var að reyna að átta sig á því hvort unnt væri að nota skráningakerfi heilbrigðisþjónustunnar til að meta umfang vandans. Í öðru lagi hvort sérstaklega væri leitað eftir upplýsingum um það hvort ofbeldi væri hluti af vanda kvenna sem leituðu til heilbrigðisþjónustunnar, þ.e. hvort beitt væri skimun (kembileit) annaðhvort almennt eða þá gagnvart ákveðnum hópum svo sem þunguðum konum eða þekktum áhættuhópum eins og fíklum. Í þriðja lagi hver væru viðbrögð viðkomandi stofnunar ef það kæmi með einhverjum hætti í ljós að kona byggi við, eða hefði búið við, ofbeldi. Hér var þá leitað eftir því hvort fyrir hendi væru ljósir og almennir verkferlar eða hvort það færi eftir hverjum starfsmanni hver viðbrögðin væru. Í fjórða lagi hvort talið væri að þau úrræði sem væru til staðar væru fullnægjandi eða hvort einhver viðbót væri æskileg. Í fimmta lagi hvort þekking starfsfólks á ofbeldi í nánum samböndum væri talin fullnægjandi og loks í sjötta lagi hvort einhver tilfinning væri fyrir fjölda mála og hvort þeim hefði farið fjölgandi eða fækkandi á síðustu árum. Í fjórða hluta skýrslunnar verður nánar fjallað um niðurstöður hvers þáttar fyrir sig.

3. Núverandi staða og helstu breytingatillögur

Það er ljóst að hvergi í hinu almenna heilbrigðiskerfi eru spurningar um reynslu af ofbeldi hluti af almennum upplýsingum um skjólstæðinga. Þegar kemur að ákveðnum áhættuhópum, fyrst og fremst fíklum, þá er hins vegar spurt með (mis-) reglubundnum hætti. Víða var þó nefnt að aukin árvekni væri gagnvart öðrum þekktum áhættuhópum svo sem konum af erlendum uppruna. En heilbrigðisstarfsfólk er mjög sjálfstætt í vinnu sinni með skjólstæðingum og því er það í raun bundið áhuga og þekkingu hvers og eins hvort spurt er eða hvaða þættir geta valdið grunsemdum.

Oft var nefnt í viðtölum að ofbeldi hefði afar sjaldan komið upp í samskiptum við skjólstæðinga jafnvel þannig að ekki var munað eftir nema einu til tveimur tilfellum á áratug eða jafnvel enn lengra aftur í tímann. Það er e.t.v. þess vegna sem ekki hafi verið litið svo á að eðlilegt væri að taka upp skimun. En því var þá oft einnig bætt við að lítið hafi verið hugað að reykingum skjólstæðinga heilbrigðiskerfisins eða notkun á öðrum ávana- og fíkniefnum fyrr en farið var að spyrja með reglubundnum hætti. Í ljósi sárafárra tilfella þar sem ofbeldi hefur komið fram er ekki um að ræða neina sérstaka tilfinningu fyrir því hvort málum fari fjölgandi eða fækkandi. Að auki væri alls ekki sjálfgefið að upplýsingar um ofbeldisreynslu skjólstæðings væru í sjúkrasögu hans, þær gætu verið skráðar hjá viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni með öðrum hætti.

Flestir viðmælendur töldu að nokkuð skorti á þekkingu hjá starfsfólki á málaflokknum. Því væri endurmenntun eða námskeið vel þegið þar sem m.a. væri farið yfir hugsanlegar vísbendingar um að kona búi við ofbeldi, áhættuhópa og hvernig bæri að nálgast skjólstæðinga þ.e. hvenær ætti að spyrja og hvernig. Margir viðmælendur nefndu að fyrirstaðan gagnvart skimum væri e.t.v. mest hjá þeim sjálfum, ef spurt væri eðlilega og af sjálfsöryggi þá væri svarað á sama hátt.

Meginniðurstöður:

1. Ljóst er að skráningar í heilbrigðiskerfinu geta ekki verið grundvöllur að mati á tíðni heimilisofbeldis eða hvort tilfellum fer fækkandi eða fjölgandi.
2. Ekki eru neinar fastmótaðar leiðir varðandi það hvernig tekið er á þeim tilfellum þar sem kona skýrir frá ofbeldi.
3. Almennt var ósk um meiri fræðslu á sviðinu, hver séu helstu einkenni, hvernig eigi að spyrja og hvað eigi að gera ef upp kemur ofbeldisbeiting. Sú fræðsla þyrfti bæði að vera þáttur í grunnnámi heilbrigðisstarfsfólks og einnig yrði boðin endurmenntun.
4. Oft var nefnt að mikilvægt væri að til staðar væri miðstöð sem gæti komið málum tengdum ofbeldi í réttan farveg.

Tillögur:

1. Fræðsla um eðli og einkenni ofbeldis í nánum samböndum verði hluti af grunnnámi allra starfshópa í heilbrigðiskerfinu.
2. Starfsfólki í öllu heilbrigðiskerfinu verði séð fyrir endurmenntunarnámskeiði á þessu sviði.
3. Skimunartilraun verði gerð á nokkrum heilsugæslustöðvum og í kjölfarið verði metið hvort skynsamlegt sé að taka upp allsherjar skimun.
4. Skilgreindir verði verkferlar ef í ljós kemur að kona búi við eða hafi búið við ofbeldi í sambúð. Vera má að skynsamlegast sé að ein miðstöð sinni öllum slíkum málum.

5. Skoðað verði hvort ekki sé skynsamlegt að spurningar um reynslu af ofbeldi verði í mæðraskrám og allar þungaðar konur þannig spurðar um reynslu af ofbeldi.
6. Hugað verði að leiðum til að tryggja að sjúkraskrár einstaklinga innihaldi upplýsingar um reynslu viðkomandi af ofbeldi.
7. Tryggt verði að ákvörðun um skimun, á hvorn veginn sem hún fellur, sé tekin eftir umræður meðal starfsfólks þannig að ljóst sé hvaða rök séu á bak við niðurstöðuna og þá liggi jafnframt fyrir hvaða breytingar gætu leitt til þess að ákvörðunin verði endurskoðuð.

4. Nánari umfjöllun um hvern þátt

a. Skráning mála

Einn vandinn við samfélagslegt mat á fjölda tilfella þar sem kona býr við ofbeldi er ósýnileiki. Til að fá einhverja hugmynd um fjöldann er ýmist unnt að reyna að styðjast við aðgengilegar tölur eða nota kannanir. Nokkrar kannanir hafa verið gerðar á Íslandi til að meta fjöldann og benda þær til þess að árlega verði milli 0,5% til 2% kvenna fyrir ofbeldi af hendi maka eða fyrrverandi maka. Ef við miðum við fjölda íslenskra kvenna 18 ára og eldri árið 2009 þá þýðir þetta að milli 590 og 2360 konur eru beittar slíku ofbeldi árlega. Um fimmtungur íslenskra kvenna verði fyrir slíku einhvern tíma á lífsleiðinni. Alvarleiki þessa ofbeldis er auðvitað mismunandi. Hins vegar er málefnið þannig að reikna má með að ekki skýri allir satt og rétt frá í könnunum auk þess sem líklegt er að illa náist í þekkta áhættuhópa svo sem fíkla og konur af erlendu bergi brotnar.

Hin leiðin, að nota aðgengileg gögn og opinberar tölur, er líka með mörgum vandkvæðum. Tölur lögreglu byggja á tilkynningum fyrst og fremst auk þess sem eitthvað misræmi mun vera í skráningu. Ljóst virðist að komur til Kvennaathvarfs fara að einhverju leyti eftir umræðu í samfélaginu, auk þess sem könnun dómsmálaráðuneytis frá 1996 bendir til þess að þangað leiti ekki nema hluti kvenna sem beittar eru ofbeldi. Í sjálfu sér á það sama við í heilbrigðisþjónustunni og annars staðar, að ekki koma nema sumar þeirra kvenna sem búa við ofbeldi þangað beinlínis vegna þess. Það er þó líklegt að þær noti heilbrigðiskerfið í meira mæli en aðrar konur. Ef skráning er samræmd og markviss er hugsanlega hægt að nota tölur þaðan til að meta tíðnibreytingar og e.t.v. einnig hvort breytingar verða á alvarleika ofbeldisins.

Ljóst er af þeim viðtölum sem fram fóru að núverandi skráningakerfi heilbrigðisstofnana verður ekki nýtt til að meta umfang ofbeldis eða hvort breytingar verða á alvarleika. Ekkert samræmi er í því hvort eða hvernig það er skráð að kona búi við, eða hafi búið við ofbeldi. Ef ofbeldi nákomins aðila er uppgefin ástæða komunnar, svo sem á bráðamóttöku, er það auðvitað skráð. Ef hins vegar önnur ástæða er gefin í upphafi þá er skráningu ekki breytt síðar jafnvel þó í ljós komi að ekki var rétt sagt frá í upphafi. Sama á við um heilsugæsluna. Einnig getur komið til að kona óski sérstaklega eftir því að það sem hún segi verði ekki skráð heldur verði aðeins milli hennar og starfsmanns. Einn hjúkrunarfræðingur lýsti þessu þannig: „En mjög oft ef þetta kemur upp, eða þegar að þetta kemur upp, að þá erum við beðin um að halda þessu leyndu, eða að halda þessu hálfleyndu og einhvern vegin að dulkóða það svolítið … Svo það er alls ekkert víst að þó að það komi upp í samtali og jafnvel skráð í nótu að í sögu viðkomandi sé greiningin sett upp.“ Það er þannig t.d. alls ekki sjálfgefið að þó kona hafi sagt lækni sínum frá ofbeldisreynslu þá sjái ljósmóðir það í sögu hennar þegar hún kemur í mæðraskoðun. Þetta virðist geta verið bagalegt því oft á tíðum getur slík reynsla skýrt ýmislegt sem óljóst hefur verið varðandi líðan konu.

Hluti vandans virðist líka vera að ekki er samræmi í því hvernig eigi að skrá slíkt. Læknar sem rætt var við sögðu sumir að þá rámaði í að til væri sérstakt greininga númer fyrir þessi tilfelli en mundu ekki eftir að hafa notað það. Aðrir greininga möguleikar væru til: „Það er problem in relation to spouse/partner er greining sem ég nota venjulega í svona og ég held að þetta mundi falla undir það. Ég efast um að læknar séu að bæta því almennt sem aukagreiningu heldur hafa, þú veist, einhverja áfallagreiningu eða depurðar-, kvíðagreiningu eða transent situational disturbance.“

Svipaður vandi kemur upp í mæðraverndinni í og með að enginn reitur er til fyrir slík tilfelli í því skráningablaði, mæðraskránni, sem starfsmaður fylgir líkt og er t.d. fyrir reykingar eða áfengisneyslu. „… ég skrifa ekkert, ég skrifa ekki í söguna, ég skrifa bara …, maður punktar bara inní“ var lýsingin á slíkum tilfellum hjá einum viðmælanda.

Landlæknisembættið hefur birt klínískar leiðbeiningar um meðgönguvernd heilbrigðra kvenna á eðlilegri meðgöngu. Þar er lögð áhersla á að alla meðgönguna sé heilbrigðisstarfsfólk vakandi fyrir einkennum eða ástandi sem geti haft áhrif á heilsu móður og fósturs, svo sem heimilisofbeldi. Ekki er þó mælt með skimun eða kembileit en ekkert virðist þó mæla gegn því að settur sé inn sérstakur reitur fyrir slíkar upplýsingar í mæðraskrána.

b. Leit og skimun

Þeir sem leita til heilbrigðiskerfisins eru beðnir um að veita bakgrunnsupplýsingar sem talið er að geti skipt máli fyrir greiningu og rétta meðhöndlun vandans. Það kallast skimun eða kembileit (e. screening) þegar allir eru spurðir um einhverja þætti og er þá unnt að fá heildarmynd af tíðninni. Víða hefur verið talað fyrir því að slík kembileit yrði tekin upp varðandi reynslu kvenna af ofbeldi í nánu sambandi. Réttlætingin væri þá sú að slík reynsla hefði mikil áhrif á almenna líðan kvenna og skipti máli til að þær fengju rétta aðstoð. Að auki hefur verið bent á að slík kembileit auðveldi konum að segja frá þessari reynslu og gæti stuðlað að því að réttari mynd fengist af umfangi vandans. Það er þó alls ekki óumdeilt að taka upp kembileit en það hefur verið gert á nokkrum stöðum erlendis.

Staðan er þannig hérlendis að hjá almennum heilbrigðisstofnunum er engin sérstök leit gerð að konum sem búa við ofbeldi. Það er þannig ekki nema ef konan segir frá að eigin frumkvæði eða ef eitthvað vekur grunsemdir, sem ofbeldi getur komið til umræðu. Þó nefndu sumir viðmælenda að viss árvekni væri til staðar ef konan væri í mikilli neyslu vímuefna enda er það vel þekkt að slíkar konur eru í verulegum áhættuhóp. En áhættuhóparnir eru fleiri án þess þó að sérstök árvekni virðist viðhöfð gagnvart þeim. Einna helst kemur á óvart að spurningar um reynslu af ofbeldi skuli ekki vera sjálfsagður þáttur í mæðravernd. Innlendar og erlendar athuganir hafa sýnt að meðganga er ákveðinn áhættuþáttur. Könnun dómsmálaráðuneytisins frá 1996 sýndi þannig að 4,5% þeirra kvenna sem höfðu verið beittar grófu ofbeldi af maka eða fyrrverandi maka töldu að meðganga þeirra hefði verið ástæða ofbeldisins.

Það er hins vegar aðeins á tveimur stöðum, sem þátt tóku í þessari rannsókn, sem verðandi mæður eru markvisst spurðar um reynslu af ofbeldi. Annar þeirra er heilsugæslan á Akureyri þar sem þetta er hluti af verkefni þeirra, „Nýja barnið.“ Á hinum staðnum (Ólafsvík) er spurt í fyrstu skoðun: „… bæði spyr ég alltaf um áfengis- og vímuefnavanda og hvort að hérna, einhvern tíma hafi hérna, lent í einhverju slíku.“

Tvær stofnanir sem taka á móti konum í þekktum áhættuhópum spyrja konur sem þangað leita með skipulegum hætti. Annars vegar er það sú deild mæðraverndar Landspítalans sem tekur við konum í áhættumeðgöngu. Þangað koma meðal annars konur sem stríða við vímuefnafíkn. Hins vegar er það sjúkrastofnun SÁÁ, Vogur. Þar hefur núna á annað ár verið

lagður fyrir sjúklinga staðlaður spurningalisti, alþjóðlegt greiningartæki, og meðal annars spurt hvort viðkomandi hafi einhvern tíma verið misnotaður eða beittur ofbeldi. Það mætti því hugsanlega nota skráninguna á Vogi til að skoða fjölgun eða fækkun. Á því eru þó þrír annmarkar. Í fyrsta lagi er ofbeldi nokkuð sameiginlega reynsla kvenna sem leita á Vog, þær hafa langflestar verið beittar einhverju ofbeldi. Raunar var það samdóma álit viðmælenda, bæði á Vogi og í áhættumeðgöngunni hjá Landspítalanum, að konur sem væru í mikilli neyslu væru með ofbeldi sem „sjálfsagðan“ þátt í sínu lífi og raunar eitthvað sem þær upplifi yfirleitt ekki sem sitt megin vandamál. Þannig var talið að a.m.k. 70–80% þeirra kvenna sem stríddu við fíkn hefðu verið beittar einhverju ofbeldi.

Í öðru lagi er ekki sjálfgefið að ljóst sé hver hafi beitt ofbeldinu, hvert samband þeirra hafi verið. Spurningalistinn hefur engan reit fyrir slíkt en auðvitað er unnt að skrá það í athugasemdadálkinn. Í þriðja lagi er spurningalistinn aðeins lagður fyrir einu sinni, við innlögn og því sem þar er skráð ekki breytt síðar. Þannig að ef kona neitar því í upphafi að hafa verið beitt ofbeldi þá stendur sú skráning jafnvel þó það komi fram síðar í meðferðinni að hún sé vissulega þolandi ofbeldis.

Þrátt fyrir að heilbrigðisstofnanir leiti ekki með skipulegum hætti að konum sem búa við ofbeldi er þó víða fyrir hendi ákveðin þekking á einkennum og árvekni. Þannig var nefnt að vissir þættir gætu gert að verkum að grunur vaknaði um að eitthvað væri að í sambandinu. Það á t.d. við ef kona kemur alltaf með maka, hann svarar spurningum fyrir hana og hún fær varla að fara ein á salernið. Undir slíkum kringumstæðum er reynt að búa til einhverja stund þar sem starfsmaður er einn með konunni þannig að unnt sé að spyrja nánar um fjölskylduhagi. Þetta birtist sérstaklega þegar fjallað var um mæðra- og ungbarnaverndina. Sé um erlenda konu að ræða eru gerðar ráðstafanir til að fá túlk sem ekki er hluti af fjölskyldunni.

Í samtölum kom oft fram að það hefði komið til umræðu á viðkomandi stofnun að spyrja oftar, leita meira, því ljóst væri af könnunum að ofbeldi væri meira vandamál en birtist þeim starfsmönnum sem rætt var við. Þannig sagði einn læknirinn: „… þetta er í rauninni rosalega falið. Konur virðast vera komnar algjörlega út í horn þegar þær leita sér hjálpar og þá virðist það vera bara í kjölfar trúlegast ofbeldisins þá niður á slysó því það … Ég get ekki sagt að þetta sé erindi sem konur bera upp og þá er maður kannski bara svo utan við sig að maður er ekki að leita að þessu eða bara þegar konur eru daprar eða líður illa þá eru kannski einhverjar ákveðnar spurningar sem maður spyr, bíddu eru fjárhagsvandamál, reyndar samskiptavandamál í hjónabandi en ekki beint líkamlegt ofbeldi.“

Þegar spurst var fyrir um orsakir þess að ekki væri meira leitað og spurt komu fram mjög svipaðir þættir og birst hafa í erlendum athugunum. Í fyrsta lagi að starfsfólk upplifi þetta þannig að það sé að hnýsast um of ef spurt er um ofbeldi, andstaðan við að spyrja sé frekast innra með starfsfólki. Einn viðmælanda sagði: „Það er kannski bara maður sjálfur sem að er kannski þannig að maður telur sig vera að hnýsast of mikið.“ Nokkrir viðmælendur bentu þó á að ekki þurfi að fara nema nokkur ár aftur í tímann til að það þótti óþægilegt, eða hnýsni, að spyrja um notkun á tóbaki, áfengi eða öðrum vímuefnum en nú sé það sjálfsagður þáttur. Aðalvandinn virðist þó einfaldlega felast í því að brjóta ísinn og hefja spurningar. Einn viðmælenda benti á að hann ætti ekkert erfitt með að spyrja „dísent“ konur um neyslu fíkniefna án þess að óttast að móðga viðkomandi. Í sínum huga gilti það sama um ofbeldisspurningar og það væri í sjálfu sér ekkert mál að bæta slíkum spurningum við. Einnig kom það fram að í mæðravernd Akureyrar þar sem allar ófrískar konur eru inntar eftir reynslu sinni af ofbeldi og misnotkun hafi það ekki komið upp að konur hafi móðgast eða firrst við slíkar spurningar.

Í öðru lagi var nefnt að vandinn væri e.t.v. meiri á fámennum stöðum á landsbyggðinni þar sem allir þekkja alla og dagleg nánd er mikil: „Þú veist, á þessum stóru stöðum þá er miklu auðveldara þar sem maður hittir ekki fólk úti í búð eða eitthvað eftir tvo klukkutíma.“ Það geti verið erfitt „ef maður er kannski að spyrja hvort að gamli bekkjarbróðir minn sé kannski að lemja konuna sína eða eitthvað svoleiðis“.

Loks er rétt að vekja athygli á því að innan Landspítalans er að fara af stað tilraun með skimun á þremur deildum spítalans. Þá er einnig í nýsamþykktri „Aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum“ eitt af markmiðunum að „Kanna hvort æskilegt sé að verklag verði með þeim hætti í félagsþjónustu, barnavernd og heilsugæslu að skimað verði markvisst eftir kynbundnu ofbeldi og þannig bættir möguleikar þolenda til að opna á þessi erfiðu mál.“ Það er því ljóst að skimun er víða til umræðu sem raunhæfur möguleiki.

c. Viðbrögð

Hjá þeim sem rætt var við í þessari rannsókn virðist það aðeins vera í mæðra- og ungbarnavernd heilsugæslu Akureyrar sem fyrir hendi eru skýrar verklagsreglur um hvernig bregðast skuli við ef upp kemur að kona búi við ofbeldi. Annars staðar er það fyrst og fremst mat viðkomandi starfsmanns sem ræður því hvernig tekið er á málinu og hvert er leitað. „Það eru engar verklagsreglur um slíkt,“ var svarið á einum stað og það er megin niðurstaðan.

d. Úrræði

Í flestum tilfellum er það einfaldlega viðkomandi starfsmanns að ákveða hvert framhald máls er ef upp kemur að kona búi við ofbeldi. Undantekning er ef börn eru á heimilinu, þá er það sjálfgefið að barnaverndarnefnd fái vitneskju um málið. Þeir aðilar sem helst er leitað til ef kona býr við ofbeldi eru félagsþjónustan, Kvennaathvarfið, Stígamót og Aflið. Stofnanir hafa líka aðgang að sálfræðingum og geðlæknum og vísa þangað.

Hins vegar var á nokkrum stöðum bent á að staða konunnar getur verið með þeim hætti að tilvísun vegna ofbeldisins er einfaldlega ekki tímabær þegar það mál kemur upp. Þetta á sérstaklega við um konur sem verið hafa í mikilli vímuefnaneyslu og þurfa fyrst og fremst aðstoð til að losna úr henni og öðlast nokkurn vegin eðlilegt líf áður en takast þarf á við þennan þátt í lífi þeirra. Félagsráðgjafar Landspítalans bentu einmitt á að ofbeldi væri svo „eðlilegur“ þáttur í lífi kvenna sem hefðu verið í mikilli neyslu að það væri ekki fyrr en aðrir þættir tilverunnar væru komnir í lag sem ofbeldið færðist ofar í forgangsröðinni hjá þeim. Sérstaklega á þetta við um verðandi mæður sem „eru miklu uppteknari af því að hafa bara venjulega umgjörð í kringum sig, hafa húsnæði, hafa fjármálin í lagi, þú veist, hafa bara þessar grundvallarþarfir öruggar.“ „… konur sem eru með þessa neyslusögu og eru að koma inn í mæðraverndina og hætta neyslu vegna þess að þær eru þungaðar, að þær eru einhvern veginn að hugsa um allt aðra hluti og staddar kannski svolítið á öðrum stað heldur en akkúrat tilbúnar til þess að vera að ræða eitthvað fyrrum ofbeldi. Það er bara ekki efst á döfinni.“

Oft var bent á að það hefði lítið upp á sig að spyrja um ofbeldi ef ekki væru skýr úrræði fyrir hendi, „það þýðir lítið að skima eftir einhverju sem að er ekki hægt að bjóða hjálp við.“ Á öðrum stað hafði verið rætt um að taka upp kembileit „en þá vorum við að hugsa „bíddu ef við opnum þetta box þá erum við … hvað eigum við þá að gera í næsta skrefi … Þú veist, kannski ef þú opnar eitthvað þá hefurðu engin úrræði. Þannig að það var ákveðið að við myndum bara ekki gera það. Ekki svona að allir yrðu spurðir, nema það væri eitthvað svona tilefni til.“

Viðmælendur viku oft að því að þeim þætti sviðið nokkuð óljóst hvað úrræði varðar og erfitt að fá heildarsýn yfir hvað stæði til boða. Einhvers konar miðstöð eða ráðgjafastöð var oft nefnd, stöð sem gæti veitt heildstæða ráðgjöf og vísað á úrræði og möguleika á sviðinu því konur væru svo misjafnlega staddar. Ef til vill má draga saman almenna viðhorfið í orðum viðmælanda á Vogi: „Ég held að það megi segja það að það vantar oft upp á að þeir sem eiga erfiðast … að það vantar sko heildstæða þjónustu fyrir þá og þess vegna verður nú oft um svona endurinnlagnir og fólk er að þvælast milli stofnana."

Einn viðmælandi lýsti því sem þyrfti að gera þannig: „Ég held að frá okkar hendi sé það fyrst og fremst að læra að þekkja einkennin og geta búið til aðstæður þar sem við getum gefið viðkomandi tíma og komið þeim í einhvern farveg. Og að við höfum einhverjar svona fastar vinnureglur þá held ég að þá gangi bara öllum betur að vinna því það er rosalega vont að „og bíddu og hvað geri ég nú svo" þannig að ef maður hefur einhvern tengilið í næsta þannig að maður skilji ekki viðkomandi eftir í lausu lofti og þá held ég að öllum gangi betur að vinna með þessi mál."

Ekki er sjálfgefið að miðla upplýsingum á milli staða eða stofnana að því undanteknu að barnaverndarnefnd er alltaf látin vita ef börn koma við sögu þegar ofbeldi er á heimili eða í sambúð. Í mæðra- og ungbarnavernd Akureyrar er upplýsingamiðlunin leyst þannig að konur eru einfaldlega spurðar hvort þær séu samþykkar því að farið sé með mál þess inn á önnur borð í þeim tilgangi að veita sem besta þjónustu. Að sögn viðmælanda hefur aldrei verið neitt mál að fá heimild til þess.

e. Þekking

Fræðsla um ofbeldi í nánum samböndum er hluti af námi verðandi hjúkrunarfræðinga og hefur verið svo í nokkur ár. Einnig hafi sumir starfsmenn heilbrigðisstofnana sótt endurmenntunarnámskeið þar sem farið hefur verið yfir þau mál. Engu að síður var það samdóma álit viðmælenda að þörf væri á aukinni menntun og þekkingu. Þeir þættir sem helst voru nefndir sem mikilvægir voru þekking á einkennum og spurningatækni, það er að segja hvernig best sé að nálgast málið án þess að móðga eða fæla frá og hvernig best sé að haga framhaldi viðtalsins ef í ljós komi að ofbeldi er hluti af lífsreynslu skjólstæðings. Þannig benti einn viðmælenda á að það færi að verulegu leyti eftir öryggi þess sem spyrði hvernig því væri tekið: „… ef að sá sem spyr spyr af því að honum finnst auðvelt að spyrja, sko ef það er eðlilegt fyrir hann, þá er það eðlilegt fyrir þann sem verður fyrir spurningunni, það er nú oft það sem maður rekur sig á að hindranirnar eru líka hjá manni sjálfum."

Annar viðmælandi sagði: „Við höfum einmitt rætt þetta, ljósmæður, og það var einhver sko umræða í fyrra á einhverju þingi að … sko til þess að fólk yrði öruggara að spyrja um þetta að þá vantaði svona meiri fræðslu, bara í hvernig spyr maður, hvernig … já tekur maður þessi viðtöl, eða sem sagt, já það vantaði að gera fólk öruggara."

Einnig var nefnt að það væri mikilvægt að ákveðið traust hefði skapast áður en líklegt væri að konur opnuðu á þennan þátt. „Við byrjum milt og svo segja þær oft"„ nei, nei, nei nei, hann hefur aldrei …" og svo kannski tveimur tímum seinna þá segja þær „þú varst að spyrja um þetta fyrir mánuði síðan og hann var nú aðeins að ýta við mér í gær." Það kemur svona hægt og rólega … Þær byrja aldrei á að segja spontant og byrja yfirleitt ekki á að segja um leið og þú spyrð þá segja þær ekki „já, já hann er alltaf að berja mig" eða „nei, nei ja hann ber mig stundum." Þær segja það ekki. Þær segja kannski tveimur, þremur vikum eftir að þú spurðir, þú veist, þannig að þetta er alveg … þetta er heilmikið ferli að fá þetta upp."

Það voru einna helst læknarnir sem rætt var við sem töldu lítið hafa verið vikið að þessum þætti tilverunnar í þeirra námi: „Ég held að í okkar tilfelli megi nú bara skerpa á öllum þáttum sko. Það megi vekja athygli á og kynna betur hvað eru hugsanlegir áhættuhópar, hvenær við eigum að vera sérstaklega vakandi, hvort við eigum að leita … allavega umræðu um hvort að við eigum að setja þetta inn sem standard spurningu í einhverjum tilfellum sko, á einhverjum vettvangi og svo aðeins að aðferðafræðinni … og svo náttúrlega þetta með úrræðin.“

f. Fjöldi mála

Almennt séð mundu starfsmenn ekki eftir nema örfáum málum tengdum ofbeldi í nánum samböndum, jafnvel þó þeir hefðu verið að störfum áratugum saman. Einn viðmælenda mundi eftir tilfelli fyrir 3–4 árum og svo öðru fyrir 10–12 árum. Það er því marklaust að reyna að meta hvort málum hafi fjölgað eða fækkað, til þess eru þau einfaldlega of fá. „Það eru fleiri, fleiri ár síðan“. „Við munum ekki eftir neinu tilviki“. Fleiri virtust kannast við að hafa fengið dæmi um andlegt eða kynferðislegt ofbeldi en það sem oftast er átt við þegar talað er um líkamlegt ofbeldi.

Víða var líka nefnt að aukin samfélagsleg umræða gæti skekkt myndina, bæði þannig að málið kæmi oftar upp, væri ekki jafn mikið feimnismál, og eins á þann hátt að starfsfólki fyndist það oftar koma upp einfaldlega af því að það væri oftar í fjölmiðlum. Í einu viðtali kom fram sú tilfinning að um aukningu væri að ræða en síðan var bætt við: „Kannski, já ég held að það sé bara meira að konur séu farnar að segja frá, það sé ekki aukning á heimilisofbeldi heldur bara, við erum bara, já kannski erum við líka bara farnar að hafa augun meira opin.“

5. Yfirlit svarenda

a. Heilsugæsla Seltjarnarness

Spurningar um reynslu af ofbeldi eru ekki hluti af almennum spurningum til skjólstæðinga. Sú hugmynd að taka slíkt upp hefur þó verið rædd, bæði innan mæðraverndarinnar og í almennu heilsugæslunni. Þrennt virðist helst hafa hindrað að skrefið væri stigið til fulls og spurningar teknar upp. Í fyrsta lagi óvissa um hvernig ætti að haga framhaldinu ef skjólstæðingur segði frá ofbeldisreynslu. Í öðru lagi óöryggi um hvernig eigi að nálgast málið, hvernig eigi að spyrja. Og í þriðja lagi skortur á úrræðum. Þó var nefnt að ef fyrirmæli kæmu um að taka slíkt upp þá yrði það auðvitað gert. En þær klínísku leiðbeiningar sem landlæknir hafi gefið út til ljósmæðra hafi ekki breytt venjum í mæðraverndinni.

En þó ekki sé spurt almennt er þekking fyrir hendi um að það séu ákveðnir hópar kvenna sem séu líklegri en aðrir til að vera beittar ofbeldi af nákomnum aðila. Þetta getur átt við um fatlaðar konur og aðfluttar konur. Með sama hætti er fyrir hendi ákveðin meðvitund um þætti sem gætu verið vísbendingar um ofbeldisbeitingu svo sem almenn vanlíðan, þunglyndi eða slíkt.

Viðmælendur töldu að aukin menntun á þessu sviði gæti haft mjög jákvæð áhrif. Bæði þyrfti fræðsla að vera hluti af almennu grunnnámi heilbrigðisstarfsfólks og eins væri jákvætt að gefa starfandi heilbrigðisstarfsmönnum færi á endurmenntun þar sem m.a. væri farið yfir hver hugsanleg einkenni ofbeldis séu, hvernig eigi að spyrja um ofbeldi og hver þróun ofbeldissambands geti verið.

Samstarf við aðra aðila er fyrst og síðast á ábyrgð og að frumkvæði viðkomandi starfsmanns. Undantekning er ef málum er þannig háttað að líklegt sé að vernda þurfi barn en þá

er barnaverndarnefnd látin vita eins og lagaskylda er til. Ekki er því unnt að segja að um formlegt samstarf sé að ræða við aðra aðila.

Að auki töldu viðmælendur mikilvægt að komið væri upp einhverri miðstöð þar sem unnt væri að leita aðstoðar ef skjólstæðingur segi frá ofbeldisreynslu eða staður sem hægt væri að vísa konum til.

Ekki er unnt að nota skráningakerfi stöðvarinnar til að meta umfang ofbeldis, þar eru þessir þættir yfirleitt ekki skráðir. Komi slíkt mál upp þá sé það frekar skráð í svokallaðar „trúnaðarnótur læknis“ í sögukerfinu en í þær á enginn annar en viðkomandi læknir að komast. Starfsfólk sé oft beðið um að halda málinu leyndu. Skráning sé því oft með hálfgerðum „dulkóðuðum“ hætti. Hins vegar var nefnt dæmi um að slík skráning hafi verið aðgengileg og skipt máli þegar viðkomandi kona kom í mæðraskoðun.

Viðmælendur töldu sig ekki hafa orðið vara við neina aukningu á ofbeldistilfellum.

b. Mæðravernd Landspítala, áhættumeðganga

Hér er um að ræða hluta af almennri mæðravernd Landspítalans en til þessarar einingar koma konur sem af einhverjum ástæðum flokkast í áhættuhóp svo sem konur með sykursýki, háþrýsting, byrjandi meðgöngueitrun, fíklar og konur sem eiga við geðraskanir að stríða.

Alltaf er farið yfir forsögu hvað snertir reykingar og neyslu annarra ávana- og fíkniefna. Aldrei er spurt um ofbeldi í fyrstu komu en ákveðnir áhættuhópar eru spurðir við þriðju eða fjórðu komu eftir að traust hefur verið byggt upp. Þannig eru allir fíklar spurðir, konur sem eiga við geðraskanir að stríða og konur sem aldrei eru einar þ.e. karlinn kemur alltaf með, talar fyrir þær og gefur ekki færi á að þær séu einar. Þar hefur meira að segja verið gripið til þess ráðs að setja miða á íslensku og pólsku á kvennasalernið þar sem konum er bent á að ef það sé eitthvað sem þær vilji tala um þá geti þær hringt. Nefnt var að ef til vill væri skynsamlegt að setja upp einn tíma í mæðraverndinni þar sem skýrt væri að sá tími væri bara fyrir konurnar.

Árlega koma um 40 konur sem eru í neyslu og 8–10 konur með geðraskanir. Í skrám ætti því að vera unnt að sjá útbreiðslu ofbeldis í þessum hópum. Viðmælandi taldi að um 80% fíklanna hefðu verið beittar ofbeldi.

Mikil þekking er til staðar um einkenni sem benda til þess að kona búi við ofbeldi og stjórnun og á ýmsan hátt er reynt að bregðast við því. Þannig er alltaf reynt að fá túlk ef konan skilur lítið í íslensku en ekki látið nægja að karlinn túlki. Allar ljósmæður sem starfa í tengslum við áhættumeðgöngu hafa mikla reynslu og umræðan hefur verið þannig að meðvitund um ofbeldi hefur aukist verulega. Að auki hafi þeim verið kennt hvernig beri að spyrja um neyslu og svipaðri tækni sé beitt þegar spurt er um ofbeldi, það sé byrjað milt en spurt markvisst. Oftast sé því neitað í upphafi að ofbeldi sé beitt en síðan geti það gerst í seinni komu að konan bryddi upp á því að í síðustu viku hafi nú eitthvað gerst sem spurt hafi verið um áður. Þannig komi þetta fram smátt og smátt og meðal annars þess vegna sé afar mikilvægt að konan hitti alltaf sama einstakling þegar hún kemur til skoðunar. Ekki sé þó einvörðungu spurt um ofbeldi í núverandi sambandi heldur sé reynt að grafast fyrir um alla ofbeldisreynslu kvennanna, allt frá æsku. Engin sérstök tilfinning var fyrir því hvort ofbeldi hefði aukist eða minnkað enda hefði ekkert verið spurt um þetta fyrir 10 árum og spurningar hefðu bara verið að koma inn smátt og smátt. Í raun og veru þá vandi ljósmæðurnar sig mikið við að reyna að hafa upp á þeim konum sem búa við eða hafa búið við ofbeldi.

Ef í ljós kemur að kona er beitt ofbeldi þá er málinu vísað áfram til félagsráðgjafa spítalans sem þá einnig virkja félagsráðgjafann í þeim bæ eða því hverfi sem þær koma frá. Félags-

ráðgjafinn ákveður svo framhaldið í samvinnu við ljósmæðurnar en þær taka ekki viðtöl sem beinlínis snúa að ofbeldinu. Tilkynnt er til barnaverndarnefndar ef kona er í neyslu en ekki þó makaofbeldi sé til staðar ef ekki er einnig um neyslu að ræða.

Að mati viðmælanda á það við um bæði fíklana og konur sem búa við ofbeldi að eftirfylgni er of lítil og úrræði of fá. Raunar er vinna í gangi til að auka eftirfylgni varðandi fíkla en nú er hún aðeins í 3 mánuði. Til samanburðar var nefnt að í Danmörku væri börnum fíkla fylgt eftir þar til þau ná sex ára aldri. Lengri eftirfylgni gæti líka skipt máli ef konurnar yfirgefa karlana því þær viti að ef þær yfirgefa sambandið þá muni þeir leita þær uppi.

c. Sjúkrahúsið Vogur

Fyrir nokkrum árum var gerð könnun á því á Vogi hversu margar þeirra kvenna sem þangað leituðu hefðu orðið fyrir ofbeldi og niðurstaðan varð að um 70% hefðu slíka lífsreynslu á bakinu. Viðmælandi lagði áherslu á að líkamlega ofbeldið eitt og sér segði ekki alla söguna. Oft væri um að ræða hegðun maka sem e.t.v. virkaði eðlileg fyrir utanaðkomandi en sem konan gerði sér grein fyrir að væru ógnanir. Með slíkum hætti væri mörgum þeirra stjórnað og það væri auðvitað ekki annað en andlegt ofbeldi.

Fyrir alla sjúklinga á Vogi er lagt staðlað greiningartæki sem meta á stöðu þeirra í tilverunni. Meðal þeirra atriða sem þar er forvitnast um er reynsla af ofbeldi, spurt er hvort einhver hafi misnotað viðkomandi eða beitt ofbeldi. Byggja má mat á umfangi og þróun ofbeldis að einhverju leyti á þessum lista. Þó ber að hafa í huga að listinn er ekki leiðréttur eftir á. Það er að segja ef manneskja neitar því í greiningarviðtalinu að hafa verið beitt ofbeldi þá er þeirri færslu ekki breytt síðar þó svo að það komi fram að hún hafi ekki sagt satt. Hins vegar geta þær upplýsingar verið í vinnuplöggum. Jafnframt er ekki nema ríflega ár síðan listinn var tekinn í notkun og því enn ekkert unnt að byggja á þeim niðurstöðum varðandi þróunina.

Læknar eru ábyrgir fyrir meðferðinni á Vogi og ákveða í hvaða farveg málum er vísað. Eitthvað hefur verið um að sálfræðingar eða geðlæknar aðstoði konur sem hafa búið við eða verið beittar ofbeldi en ekki er um formlegt samstarf við aðra aðila að ræða. Þó sé það þannig að ef um kynferðislegt ofbeldi sé að ræða þá sé strax spurt hvort viðkomandi hafi farið á Neyðarmóttöku vegna nauðgana eða þurfi á því að halda. Hins vegar sé litið svo á að stofnunin beri ábyrgð á því að hugað sé að þessum þætti og reynt að koma skjólstæðingi til einhverrar meðferðar og þá hjá fagaðila. Sálfræðingar vinna með stofnuninni og hafa oft komið að málum af þessu tagi. Það geti hins vegar farið eftir því hver staðan er varðandi meðferð vímuefnavandans hvenær skynsamlegast sé að taka á þessum þætti. Stundum séu skjólstæðingar raunar sjálfir búnir að setja málið í einhvern farveg og þá sé því ekkert breytt.

Að mati viðmælanda fer því fjarri að þau úrræði sem eru til staðar fyrir þessar konur séu fullnægjandi. Í raun og veru vanti heildstæða þjónustu á sviðinu. Ekki nauðsynlega með því að búa til nýtt apparat heldur með því að gera þeim sem til staðar eru betur fært að sinna málunum.

Viðmælandi taldi líklegt að ofbeldismálum í nánum samböndum hafi farið fjölgandi einfaldlega sökum þess að þeir skjólstæðingar sem á Vog koma sýni nú mun árásagjarnari hegðun og virðingarleysi gagnvart starfsfólki og umhverfi hafi þar aukist verulega. Að einhverju leyti megi rekja það til neyslu á efnum á borð við amfetamín og stera en samfélagsleg þróun sé líka í átt að þessu virðingarleysi.

d. Heilsugæslustöðin Vík

Upplýsinga var aflað með tölvupóstsamskiptum við lækni og símtali við hjúkrunarforstjórann. Læknirinn sagði að hann hefði verið þar í 25 ár en ofbeldi karls gegn konu sinni hefði ekki verið komuástæða nema í einu tilfelli hjá aðkomufólki sem hefði stoppað stutt. Hjúkrunarforstjóri staðfesti það að ekki hefði nema einu sinni vaknað grunur og í annað sinn hefði ofbeldi komið í ljós en þó ekki þannig að konan hafi leitað á heilsugæsluna. Hún benti jafnframt á að um væri að ræða fámennt svæði og þekking heilsugæslunnar á félagslegum og heilsufarslegum ástæðum fólks væri mikil. Ekki væri skimað varðandi ofbeldisreynslu en hins vegar væri til staðar þekking á áhættuhópum og einkennum og sérstaklega í mæðraverndinni og ungbarnaeftirlitinu væri skoðað hvort einhverjar vísbendingar um ofbeldi væru til staðar.

e. Heilsugæslan Breiðholti

Ekki eru neinir skráðir verkferlar varðandi viðbrögð vegna ofbeldis gegn konum líkt og er á mörgum öðrum sviðum hjá stöðinni. Læknar vinna mjög sjálfstætt og það er í raun og veru undir hverjum og einum komið hvernig hann hagar sínum viðtölum, um hvað er spurt, hverju er fylgst með og hvernig viðbrögð verða ef í ljós kemur að kona búi við eða hafi búið við ofbeldi. Þar af leiðandi er það líka undir hverjum og einum komið hvert leitað er ef mál af þessari tegund koma upp. Kvennaathvarfið, Stígamót og bráðamóttaka voru nefnd. Sama á við í mæðravernd og ungbarnaeftirliti. Þar er á heildina litið fylgt ákveðnum skimblöðum og spurt meðal annars um andlega líðan en ekki ofbeldi.

Viðmælendur lögðu áherslu á að starfsfólk heilbrigðisstofnana starfaði daglega við það að fá fólk til að opna sig og segja frá. Það sem fyrst og fremst þyrfti væri ákveðin vitundarvakning til þess að farið sé að skima. Ef spurningar á þessu sviði séu á skimunarblaði þá sé lítið mál að spyrja, ekki meira en að spyrja um fíkniefnaneyslu. Jafnframt verði þó alveg skýr úrræði að vera til staðar, annars hafi það ekki mikinn tilgang að leita. Stöðin hafi hins vegar mikla reynslu af samvinnu við aðrar stofnanir og sérfræðinga á ýmsum sviðum og ætti ekki að þurfa að vera erfitt að finna verkferla á þessu sviði.

Viðmælendur mundu eftir afar fáum dæmum og þurftu jafnvel að fara aftur á 10. áratug síðustu aldar til að finna dæmi um konu sem búið hefði við líkamlegt ofbeldi. Þetta sé ekkert sem konur beri upp og lítið sé leitað þó svo spurt sé um fjárhagsleg vandamál eða samskiptavandamál í hjónabandi ef konur eru daprar eða líður augljóslega illa. Það er því ljóslega ekki unnt að nota skrár stöðvarinnar til að átta sig á umfangi málsins né er um nokkra tilfinningu að ræða gagnvart því hvort þessum málum fari fækkandi eða fjölgandi. Til þess eru tilfellin einfaldlega of fá.

Þau sem þó hafi komið upp hafi birst með þrennum hætti. Í fyrsta lagi að kona leiti á slysadeild vegna áverka og læknir hennar fái læknabréf frá slysadeildinni og það staðfesti grunsemdir sem e.t.v. hafi verið farnar að vakna. Í öðru lagi ef konur komi í áfalli eða sökum andlegrar vanlíðunar. Þá komi þetta á stundum upp í samtali um samskipti í og við fjölskylduna. Í þriðja lagi sé það svo ef kona kemur beinlínis með áverka og segir frá.

Ekki töldu viðmælendur að það ætti að þurfa að vera erfitt að spyrja um ofbeldi. Það þyrfti bara öryggi og oft væri það einfaldlega þannig að hindranirnar væru hjá heilbrigðisstarfsmanninum frekar en konunum.

f. Heilsugæslan í Ólafsvík

Viðmælandi taldi að það væru mörg ár liðin síðan kona hefði leitað til heilsugæslunnar og sagt frá því að hún hefði verið beitt líkamlegu ofbeldi af maka. Grunur hefði hins vegar vaknað í einstökum tilfellum og þá hefði verið spurt. Annars væri ekki sérstaklega spurt um þetta atriði, nema í mæðraverndinni þar sem það hefði verið tekið upp. Einnig hefði stundum verið spurt ef kona væri í þekktum áhættuhóp svo sem vímuefnaneytandi. Hins vegar sé enginn sérstakur reitur fyrir slíka reynslu í mæðraskránni og því sé þetta ekki skráð með sama hætti og t.d. vímuefnavandi. Spurningarnar hafa leitt til þess að upp hefur komist um kynferðislegt ofbeldi en ekki líkamlegt ofbeldi í sambúð. Þegar mál koma upp þá sé fyrst og fremst samvinna við félagþjónustuna nema þegar um nauðganir eða annað kynferðislegt ofbeldi sé að ræða, þá sé oft vísað til aðila í Reykjavík svo sem Neyðarmóttökunnar. Þá hefur verið gætt að því ef grunur vaknar um ofbeldi meðal fólks af erlendum uppruna að fá konuna eina í viðtal og með túlk utan fjölskyldunnar. Viðmælandi nefndi að grunur hefði verið til staðar um ofbeldi innan ákveðinna fjölskyldna í bæjarfélaginu og í kjölfarið hefði verið reynt að nálgast þær en án árangurs.

Ekki er unnt að nota skráningar til að fá yfirlit yfir ofbeldisþróun og taldi viðmælandi það gilda almennt um skráningar í heilbrigðiskerfinu. Þegar kæmi að þessu atriði þá væru skráningar ekki áreiðanlegar. Því gæti verið til bóta að sérstakur reitur væri fyrir skráningar á þessum málaflokki t.d. í mæðraverndinni.

Viðmælandi taldi tvímælalausa þörf fyrir aukna þekkingu heilbrigðisstarfsfólks á þessu sviði svo sem með endurmenntun. Það væri líka þörf á ákveðinni þjálfun í náminu, þjálfun í því hvernig eigi að spyrja um málefni sem geti verið viðkvæm eða mjög persónuleg.

g. Heilsugæslan Eskifirði

Í þessu tilfelli var upplýsinga aflað með símtali. Þar kom fram að engar verklagsreglur væru varðandi spurningar um reynslu af ofbeldi. Málið væri reyndar sérstaklega erfitt núna því ekkert gangi að manna lausar stöður lækna og hjúkrunarfræðinga. Þar af leiðandi væri lítill tími hjá þeim sem störfunum sinntu auk þess sem erfitt væri að búa til nauðsynlegt trúnaðarsamband.

Hvorki viðmælandi né aðrir sem hún hafði rætt við á öðrum stöðum fyrir austan kannaðist við að hafa „fengið einhverja konu inn sem hefur verið unnið með eftir líkamlegt ofbeldi.“ Þó hefur hún starfað fyrir austan í 13 ár. Hins vegar muni hún eftir einu eða tveimur tilfellum andlegs ofbeldis. Ekki hefur verið spurt um ofbeldi í mæðra- eða ungbarnavernd en auðvitað sé andleg líðan kvenna eftir barnsburð könnuð.

Viðmælandi taldi að endurmenntun á sviðinu meðal hjúkrunarfræðinga væri mjög þarft verk en jafnframt að það gæti verið erfiðara að taka upp kembileit á litlum stöðum en stórum. Það gæti verið að konur tækju það illa upp en „það er kannski bara maður sjálfur sem er kannski þannig að maður telur sig vera að hnýsast of mikið.“ Sem hugsanlega lausn nefndi hún að tekinn væri upp gátlisti sem konur gætu svarað þannig að þær þyrftu ekki að „segja þetta beint framan í mann.“ Það gæti verið auðveldara að opna málið með þeim hætti.

h. Félagsráðgjafar Landspítalans

Í viðræðum um áhættumeðgöngu á Landspítalanum kom fram að ofbeldismálum væri vísað til félagsráðgjafa Landspítalans. Því var ákveðið að ræða við þá líka. Í samræðunum kom fram að tilvísanirnar væru fyrst og fremst vegna vímuefnaneyslu kvennanna frekar en ofbeldis. Raunar mundu ráðgjafarnir ekki eftir nema einu eða tveimur dæmum um að ofbeldi

væri meginvandi þeirra þunguðu kvenna sem þangað kæmu að mati þeirra sjálfra. Hins vegar væri ofbeldið lang oftast hluti af þeirra veruleika ýmist í nútíð eða fortíð en það væri ekki í forgrunni hjá þeim undir þessum kringumstæðum. Það sem mestu skipti í þeirra huga væri að reyna að vera án vímuefna og geta tekið sómasamlega á móti því barni sem væri á leiðinni, ofbeldið „væri bara ekki efst á döfinni.“ Konur sem verið hafi í fíkniefnaheiminum hafi mjög erfiða lífsreynslu á bakinu. Í fíkla samfélaginu sé ofbeldi bara sjálfsagður hluti tilverunnar og engan veginn það erfiðasta sem þær hafi reynt. Þetta komi þó oft fram en ekki vegna þess að félagsráðgjafarnir séu sérstaklega að fiska eftir því eða spyrja í þá áttina. Mál sem þær mundu eftir og sneru fyrst og fremst að ofbeldi voru flest tilfelli erlendra kvenna. Þó mundu þær eftir einu tilfelli þar sem kona hafði verið í aðgerð og þá tóku sig upp afar erfiðar minningar um ofbeldi. Það var hins vegar kona sem ekki var í neyslu. Hún fór fyrst í stuðning í Kvennaathvarfinu en síðan í viðtöl hjá sálfræðingi á kvennadeild Landspítalans.

Þannig sé það í raun og veru ekki fyrr en konurnar telja sig hafa náð tökum á fíkninni og búnar að fá líf sitt í sæmilega öruggar skorður sem unnt sé að fara að vinna meira með önnur mál svo sem ofbeldisreynslu. Raunar geti verið að sumar þessara kvenna séu með önnur mál hjá öðrum aðilum. Sumar hafi t.d. verið hjá Stígamótum. En þegar þær komi til félagsráðgjafa Landspítalans þá sé það fyrst og fremst vegna vímuefna. Þess vegna sé óvíst að það henti í upphafi að spyrja um reynslu af ofbeldi, betra sé að vinna fyrst með það sem helst brenni á konunum og þá sé síðar unnt að opna á þennan þátt. Þar að auki sé nauðsynlegt að einhver farvegur sé þá fyrir þau tilfelli sem upp kunna að koma.

Ekki er unnt að nota þeirra skráningu til mats á umfangi ofbeldis því þær skrá ekki sögu kvennanna með þeim hætti.

Félagsráðgjafarnir hafa fyrst og fremst samstarf við félagsþjónustu bæjarfélaga eða hverfa, hvort heldur um er að ræða vanda vegna vímuefnaneyslu eða ofbeldis. Auk þess eru sálfræðingar spítalans og bráðamóttaka. Þeir töldu jafnframt að almennt væri ástæða til endurmenntunar á þessu sviði þó svo þær hafi fengið allnokkra fræðslu í sínu námi.

i. Bráðamóttaka Sjúkrahússins á Akureyri

Hér kom fram að til stæði að hefja vinnu við það í haust að setja saman „protokol“ eða lýsingu á því hvernig verkferlar ættu að vera ef upp kæmi að kona byggi við ofbeldi. Það yrði þannig ekki lengur undir hverjum og einum starfsmanni komið hvernig brugðist væri við heldur væri um skipulögð og samræmd viðbrögð að ræða. Ekki hafi þó verið ákveðið að taka upp skimun en það hafi verið nefnt og sé eitt af því sem verði tekið til athugunar. Jafnframt kom þó fram að smæð samfélagsins gæti verið ákveðin hindrun. Hins vegar ætti að vera möguleiki á að gefa slíku tilfelli þann tíma sem þurfi ekki síður en unnt er að bæta við tíma (fólki) ef stórslys verður. Fram kom að þau mál sem komið hafa upp hjá bráðamóttökunni eru oft tengd óreglu og vímuefnaneysla og ofbeldið geti vel verið gagnkvæmt undir þeim kringumstæðum. Helst hefur verið samstarf við Aflið, félagsráðgjafa og sálfræðinga. Talin var þörf á endurmenntun og fyrirlestrum til aukinnar þekkingar, til þess að eiga auðveldar með að koma auga á einkennin og læra samtalstækni. Einnig væri mikilvægt að fara yfir fordóma fólks almennt, starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar eins og annarra, þ.e. losna undan hugsuninni „af hverju læturðu hann fara svona með þig.“

j. Félagsráðgjafi á Sjúkrahúsi Akureyrar

Ekki er um neitt fast kerfi að ræða þannig að tryggt sé að félagsráðgjafi fái vitneskju um það ef upp kemur að manneskja sem leitar til spítalans hafi verið beitt ofbeldi. Hins vegar

hafi verið umræður um að setja upp ákveðna verkferla á sviðinu þannig að ekki sé tilviljun háð hvert verði framhald mála. Samstarf sé helst við sálfræðinga, lögregluna og starfsfólks spítalans en að auki sé unnt að leita til fjölskyldudeildar bæjarins og auðvitað til barnaverndarnefndar ef staðan er þannig hvort svo sem um ofbeldi sé að ræða eða aðra þætti. Viðmælandi taldi að fjöldi mála sem hún fengi vegna ofbeldis í nánum samböndum væri um tvö á ári. Ekki var talið að smæð bæjarfélagsins ætti að þurfa að koma í veg fyrir kembileit. Hvað endurmenntun varðar taldi viðmælandi að þekking á málaflokknum væri almennt góð þó hún væri misjöfn en hins vegar væri málaflokkurinn þannig að ástæða væri til að rifja hann upp með reglulegu millibili.

k. Heilsugæslustöðin á Akureyri

Við heilsugæsluna hefur í um tuttugu ár verið unnið eftir vinnulagi og humyndafræði sem kallast „Nýja barnið“. Eitt af því sem þar er gert er að skima eftir áhættuþáttum hjá ófrískum konum og eru þær meðal annars spurðar um ofbeldi og misnotkun. Ástæðan er sú að þegar konur hafa búið við slíkt ástand er aukin hætta á erfiðleikum við að mynda góð tengsl við barnið og ef tengslamyndun er ekki í lagi þá eru auknar líkur á að barnið nái ekki að þróa með sér nauðsynlega hæfni til varnar áföllum og sjúkdómum sem upp kunna að koma síðar á æfinni. Þegar mál tengd ofbeldi og misnotkun koma upp, ekki síður gömul en núverandi, þá eru úrræði heilsugæslunnar nýtt s.s. aukin aðkoma ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga og heimilislækna en aðallega með aðgangi að fjölskylduráðgjöfum sem vinna sérstaklega með slík mál. Skimun á sér stað í upphafi meðgöngu með viðtali hjá heimilislækni og mati ljósmóður sem flokkar konurnar í þrjá hópa. Mál kvenna og fjölskyldna sem þurfa á auknum stuðningi að halda og eru í áhættuhópunum tveimur eru rædd á vikulegum samráðsfundi mæðraverndar, ungbarnaverndar, heimilislækna og fjölskylduráðgjafar, til þess að finna þau úrræði sem best henta hverju sinni. Heilsugæslan tengist félagsþjónustu Akureyrarbæjar m.a. gegnum skipulagðan samráðsvettvang þar sem fulltrúar heilsugæslunnar og félagsþjónustunnar vinna sameiginlega að úrræðum fyrir skjólstæðinga beggja aðila. Þessi samvinna gengur undir nafninu „Fagráð um fjölskylduvernd“. Allir aðilar á þessum sviðum geta sent þangað mál til umfjöllunar. Að auki er samstarf við Aflið og unnið er að því að skýra verkferla fyrir ofbeldismál. Á heilsugæslunni virðist ekki hafa verið um aukningu mála að ræða en viðtölum hefur hins vegar fjölgað. Líklega er ekki unnt að nota skráningar þar sem grundvöll mats á fjölda mála, enda tekur sjúkraskrárkerfi heilsugæslunnar ekki nægilega mið af vanda af þessu tagi. Einnig leitar fólk oft aðstoðar vegna kvíða, óróleika, svefnleysis eða slíks og þó upp komi að ofbeldi sé í myndinni þá verður það ekki aðalatriði eða nauðsynlega skráð sérstaklega.

Viðmælandi taldi ekkert því til fyrirstöðu að útfæra kembileit mæðraverndar á aðra þætti heilsugæslunnar. Hindranir væru oft meira í hugum starfsfólks en hjá skjólstæðingum. Almennt séð hafi verið unnið mikið að því hjá Akureyrarbæ að samþætta þjónustu þannig að þegar þörf sé á aðstoð þá sé horft á málin í heild og með samvinnu í huga þannig að dragi úr tvíverknaði og þjónusta öll verði markvissari.

l. Áfallamiðstöð LSH og Neyðarmóttaka vegna nauðgunar.

Viðmælendur töldu að alltaf yrði tilhneiging til þess á bráðadeildinni að aðeins úrtak skjólstæðinga yrði spurt ef farið væri í skimun, einfaldlega vegna eðlis starfseminnar og stöðugs þrýstings að afgreiðsla mála gangi fljótt fyrir sig. Einnig kom fram að skráningakerfi sjúkrahúsa sé í skoðun með það í huga að auðveldara verði fyrir hjúkrunarfræðinga að setja

þar inn upplýsingar og greiningu t.d. um ofbeldisreynslu skjólstæðings. Myndatökur eru að verða fastur liður í móttöku ofbeldismála á bráðadeildinni og fastir verkferlar ef manneskja greinir frá ofbeldi. Sé það ofbeldi í nánu sambandi þá er konum sagt frá Kvennaathvarfinu og oft haft samband við lögregluna ef vilji konunnar er til þess. Með leyfi brotaþola er málinu vísað til áfallamiðstöðvar sem hefur samband við konuna næsta virka dag. Þetta gerist hins vegar aðeins ef kona segir frá ofbeldinu að eigin frumkvæði. Ástæða komu er þá oftast tilgreind sem umsókn um áverkavottorð. Hins vegar hafi verið reynt að haga málum þannig að reyndari hjúkrunarfræðingar setjist niður með viðkomandi konu og ræði við hana. Sögukerfið á að geta gefið ákveðna mynd af fjölda mála en það kallar þó á yfirlegu og einnig ber að hafa í huga að skráningu er yfirleitt ekki breytt eftir á. Um það bil 120 konur komi árlega á bráða- og göngudeild vegna ofbeldis í nánu sambandi og um helmingur þeirra þiggi aðstoð áfallamiðstöðvarinnar. Þjónustan þar er að veita andlegan stuðning, lagt er mat á áhættuþætti og tilvísun í viðeigandi úrræði. Einnig er þar ráðgefandi þjónusta fyrir aðila utan LSH.

Varðandi menntun töldu viðmælendur að fræðsla hefði aukist hin síðari ár en hins vegar væri starfsmannavelta svo mikil að þörf væri á sífelldri símenntun. Reyndar er farið af stað fræðsluverkefni sem allir hjúkrunarfræðingar sem hefja störf á spítalanum þurfa að fara í gegnum og þar er vikið að ofbeldi í nánum samböndum. Viðmælendur töldu áhuga lækna og hjúkrunarfræðinga á málaflokknum hafa aukist og töldu meðal annars að breytingar á kynjaskiptingu læknahópsins ætti þar hlut að máli því nú sé meirihluti ungra lækna konur og þær geri þetta meira að sínum málaflokki. Viðmælendur töldu að lokum að það yrði málaflokknum til mikils framdráttar ef þær mörgu einingar innan og utan sjúkrahússins, samtök og stofnanir sem sinna afmörkuðum þáttum málaflokksins, mynduðu eina heild með einum eða öðrum hætti. Það kæmi í veg fyrir tvíverknað og gerði allt starf, eftirfylgd og þjónustu, þjálfun og rannsóknir skilvirkari.

Viðtalsrammi

Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum.
Spurningar fyrir heilbrigðisþjónustuna

1. Geturðu lýst fyrir mér hvernig þið skráið mál þar sem kona hefur verið beitt ofbeldi í nánu sambandi?
2. Eru spurningar um ofbeldisreynslu hluti af venjulegum spurningum ef kona leitar til ykkar?
3. Ef ekki, eru þá leiðbeiningar um hvað skuli gera ef grunur vaknar um að kona búi við ofbeldi þó það sé ekki ástæða komu?
4. Hvað gerið þið ef kona segir frá því að hún búi við ofbeldi eða hafi gert það?
5. Eru einhver sérstök úrræði eða þjónusta í boði fyrir þær konur?
6. Er einhver sérstök árvekni ef um er að ræða konur í þekktum áhættuhópum svo sem erlendar konur, fatlaðar eða konur í mikilli áfengis- og/eða vímuefnaneyslu?
7. Við hverja hafið þið sérstaklega samstarf vegna ofbeldis gegn konum í nánum samböndum og hvernig er því samstarfi háttað? (Með samstarfsaðilum er hér m.a. átt við aðrar deildir á sjúkrahúsi, önnur sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, sérfræðilækna, sálfræðinga, félagsþjónustu, barnavernd og lögreglu).
8. Eru þau úrræði sem eru til staðar fullnægjandi að þínu mati?

9. Ef ekki hverju þarf þá að breyta?
10. Er þörf á aukinni þekkingu starfsfólks á þessu sviði (t.d. endur- og símenntun)?
11. Sé svo hvaða þættir eru það þá aðallega sem leggja ber áherslu á?
12. Hvert er umfang mála sem varða ofbeldi gegn konum í nánu sambandi síðastliðin tvö ár?
13. Er einhver vitneskja eða tilfinning fyrir því hvort slíkum málum hafi farið fjölgandi eða fækkandi?
14. Er eitthvað sérstakt sem þú hefur tekið eftir eða vilt benda á varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði fyrir konur sem verða fyrir ofbeldi í nánum samböndum?

Rannsókn á ofbeldi gegn konum
Lögreglan

Ingólfur V. Gíslason
Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd
Unnið fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið
(Desember 2010)

Aðdragandi

Rannsókn sú sem hér er gerð grein fyrir er unnin sem hluti af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um ofbeldi karla gegn konum. Aðgerðaáætlunin var unnin af samráðsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún var samþykkt í ríkisstjórn í september 2006. Í þessari rannsókn er unnið að því að afla þekkingar á því hver séu afskipti og ákvarðanir lögreglu þegar tilkynningar um ofbeldi karla gegn konum berast lögreglunni.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd tók að sér framkvæmd verksins og fékk dr. Ingólf V. Gíslason, dósent við Háskóla Íslands, til að framkvæma rannsóknina. Fljótlega eftir að hafist var handa kom í ljós að Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir félagsfræðingar voru að vinna að úttekt á gögnum lögreglu sem sneru að ofbeldi í nánum samböndum. Ljóst var að þar yrði svarað mörgum þeim spurningum sem lagt hafði verið upp með í þessari rannsókn. Rannsóknin var því skorin niður, en hér er rétt að nefna nokkur atriði úr bók þeirra Guðbjargar og Rannveigar *Heimilisofbeldi*.

Í ritinu eru athuguð 993 mál sem tilkynnt voru til lögreglunnar á árunum 2006 og 2007 og flokkuðust undir ofbeldi eða ágreining milli skyldra og tengdra. Meðal þeirra atriða sem fram koma í þeirri rannsókn og tengjast beint efni þessarar skýrslu er að nokkur munur virðist vera á skráningu mála eftir lögregluembættum landsins þannig að færri mál eru skráð á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þá virðast ítrekanir ekki vera margar þessi tvö ár þannig að 87% þolenda koma aðeins einu sinni við sögu. Þegar hins vegar skýrslur eru lesnar kemur í ljós að í þriðjungi mála hafði gerandi áður beitt þolanda ofbeldi. Yfirgnæfandi meiri hluti gerenda höfðu áður verið kærðir fyrir önnur brot en heimilisofbeldi, svo sem of hraðan akstur, þjófnað, ölvun og meðferð ávana- og fíkniefna. Í tæpum 40% tilvika var a.m.k. eitt barn á vettvangi þegar atvikið átti sér stað. Sú staðreynd er afar alvarleg í ljósi þekkingar á því hvaða afleiðingar það getur haft fyrir börn að alast upp á heimilum þar sem ofbeldi er beitt og undirstrikar mikilvægi þess að barnavernd og félagsmálayfirvöld hafi aðkomu að þessum málum í ríkari mæli en verið hefur. Loks ber að nefna að lögregla handtók 20% gerenda en í 40% tilvika varð gerandi eftir á vettvangi þannig að í reynd var ekkert aðhafst gagnvart honum (Guðbjörg Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2010).

Meginniðurstöður og hugmyndir

- Skráning lögreglu er með þeim hætti að ofbeldisbrot karla og kvenna í nánum samböndum er, ásamt ofbeldi sem á sér stað milli tengdra og skyldra aðila, sett í einn flokk sem kallast heimilisofbeldi[1]. Ofbeldi í nánum samböndum verður því ekki tekið út úr skráningarkerfi lögreglu nema með nokkurri vinnu. Skráning hefur breyst frá því sérstakar verklagsreglur lögreglu voru settar árið 2005. Samræmi hefur aukist en eins og kerfið er nú verður ekki, án töluverðrar vinnu, lesið úr málaskrám hver sé fjöldi mála sem flokkast undir heimilisofbeldi og þar af leiðandi ekki hvort þeim fer fjölgandi eða fækkandi eða hvort hlutfall makaofbeldis hefur breyst. Í afbrotatölfræði sem Ríkislögreglustjóri gefur út árlega er hægt að sjá fjölda líkamsmeiðinga og manndrápa eins og þau brot eru færð undir hegningarlagagreinar, en þar eru engar upplýsingar um tengsl brotamanns og brotaþola.
- Meginvandi lögreglunnar þegar kemur að alvarlegu ofbeldi í nánum samböndum er að meintir þolendur þora ekki eða vilja ekki fara með málin fyrir dómstóla. Þeir sem ekki þora að kæra gætu þurft aðra aðstoð en þeir sem ekki vilja.
- Lögreglan virðist ekki telja þörf á frekari úrræðum innan málaflokksins hvað hana sjálfa varðar. Hins vegar sé þörf á að huga að aðgerðum fyrir þolendur, svo sem sálfræðiaðstoð, sem geti byggt konurnar upp og gert þeim fært að losna úr ofbeldissambandi og jafnvel treyst sér til að standa að kæru.
- Öll lögregluembættin hafa góðan aðgang að túlkum þegar þarf að taka skýrslu af fólki sem ekki talar íslensku.
- Mörg þeirra heimilisofbeldismála sem flokkast undir 217. gr. almennra hegningarlaga eiga takmarkað erindi til lögreglunnar. Þar er mikilvægt að kostur sé á öðrum úrræðum, svo sem nánara samstarfi lögreglu og félagsþjónustu. Ef til vill er ástæða til að lögregla hefði félagsráðgjafa eða sálfræðing starfandi hjá sér til að taka á sumum málum sem snúa að ofbeldi í nánum samböndum.
- Íhugandi er hvort alltaf ætti að kæra ef brot fellur undir 218. gr. almennra hegningarlaga án tillits til viðhors meints þolanda og láta þannig dómstólum eftir að meta sekt eða sakleysi. Hvort svo sem sakfellingum fjölgar við það eður ei virðist líklegt að slík málsmeðferð gæti haft forvarnargildi og jafnvel aukið líkur á því að þolandi segði frá því sem raunverulega átti sér stað.
- Ljóst virðist að sérstaklega þurfi að huga að þjónustu fyrir konur af erlendu bergi brotnar. Með einum eða öðrum hætti þarf að tryggja að þær hafi þekkingu á grundvallarréttindum sínum, íslenskum viðhorfum til ofbeldis og þeim úrræðum sem í boði eru ef á þeim er brotið. Ef til vill er skynsamlegast að útbúið sé stutt myndband á nokkrum tungumálum sem konur, sem koma til landsins með leyfi sem tengjast makanum, horfa á áður en þær fá sín skilríki.
- Finna þarf leiðir til að lögreglan geti átt samstarf við þá aðila sem veitt geta gerendum meðferð. Til að mynda væri hugsanlegt að lögreglan gæti vísað gerendum beint í fyrsta viðtal án þess að þeir þurfi að bíða eftir því. Einnig væri æskilegt að fulltrúar meðferðaúrræðis kynntu þá starfsemi hjá Lögregluskólanum.

---

[1] Í þessari skýrslu er hugtakið heimilisofbeldi notað um ofbeldi sem á sér stað milli tengdra og skyldra aðila. Það hugtak er raunar nokkuð umdeilt en meginástæða þess að það er notað í þessari skýrslu er að það er það hugtak sem lögreglan notar í starfi sínu á þessu sviði. Hugtakið heimilisofbeldi eins og lögreglan notar það er víðara en hugtakið ofbeldi í nánum samböndum.

1. Rannsóknin

Rannsóknin fór fram með þeim hætti að rætt var við lögreglustjóra eða aðra starfandi lögreglumenn við fimm lögregluembætti landsins, á Akureyri, höfuðborgarsvæðinu, Ísafirði, Suðurlandi og Suðurnesjum. Að auki var rætt við Guðbjörgu S. Bergsdóttur og Rannveigu Þórisdóttur félagsfræðinga hjá ríkislögreglustjóra og lögreglu höfuðborgarsvæðisins og loks við skólastjóra og kennara við Lögregluskólann. Alls voru viðmælendur tólf. Viðtölin voru frá 35 mínútum að 75 mínútum að lengd. Allir voru viðmælendur fúsir til þátttöku og er þeim hér með þakkað fyrir viðræðurnar og þær upplýsingar sem veittar voru.

Í viðtölunum var leitað svara við sex meginatriðum: Í fyrsta lagi hvernig skráningu mála væri háttað þegar í ljós kemur að kona hafi verið beitt ofbeldi af nákomnum aðila. Í öðru lagi hvernig háttað væri verklagi lögreglunnar varðandi ofbeldi í nánum samböndum. Í þriðja lagi hvort einhver sérhæfing væri innan lögreglunnar, þ.e. hvort ákveðnir lögreglumenn tækju þessi brot sérstaklega að sér. Í fjórða lagi við hvaða stofnanir samvinna væri helst og hvort sú samvinna teldist fullnægjandi. Í fimmta lagi hvort lögreglan teldi sig hafa næg úrræði til að fást við ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum og ef ekki, hvað skorti þá helst. Í sjötta lagi hvernig kennslu í Lögregluskólanum væri háttað hvað þessi brot varðar.

2. Skráning mála

Með verklagsreglum ríkislögreglustjóra frá 2005 breyttist skráning ofbeldisbrota þannig að auðveldara á að vera að nota skráningarkerfið til að gera sér grein fyrir fjölda brota. Líklega hafa verklagsreglurnar einnig aukið samræmi í skráningu milli lögregluembætta. Hér er bæði um að ræða ofbeldisbrot og það sem kallað er ágreiningur. Sjaldnast er kært vegna svokallaðs heimilisofbeldis, heldur vegna annarra brota sem skráð eru í málið svo sem líkamsárása, kynferðisbrota eða húsbrota.

Ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum er ekki skilgreint sérstaklega í íslenskum lögum heldur er litið svo á að nokkrar greinar almennra hegningarlaga nái yfir þetta ofbeldi.

Það eru sérstaklega ofbeldisbrot eins og þau eru skilgreind í 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga sem við eiga þótt fleiri ákvæði laganna geti komið við sögu. Munur á þessum tveimur lagagreinum er sá að 217. gr. tekur til minniháttar líkamsárásar[2] en 218. gr. til meiri háttar líkamsárásar.[3] Fram kom í þeim viðtölum sem liggja þessari skýrslu til grundvallar að flest þeirra mála sem komið hefðu til kasta lögregluembættanna flokkuðust undir 217. gr. og jafnframt að viðbrögð væru önnur ef ofbeldið væri slíkt að það flokkaðist undir 218. gr. Kemur það raunar fram í lagatextanum þar sem sagt er að ekki eigi að höfða mál vegna brota á 217. gr. „nema almenningshagsmunir krefjist þess.“ Ljóst virðist einnig af bókinni Heimilisofbeldi, þar sem unnið er úr gögnum lögreglu á þessu sviði, að stærstur hluti þeirra brota sem lögreglan fær vitneskju um fellur undir 217. gr. Í meirihluta tilfella (65%) eru engir líkamlegir áverkar á þolendum og í fimmtungi tilfella minniháttar áverkar (Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir 2010:10. Sjá einnig: 53–58 í sama riti).

---

[2] 217. gr. Hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segir, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum en fangelsi allt að 1 ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaverð. Málssókn er opinber út af broti samkvæmt 1. mgr., og skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist þess.

[3] 3 218. gr. Hafi maður með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar árásarinnar verða taldar honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru. Nú hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón af árás eða brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þ. á m. tækja, sem notuð eru, svo og þegar sá, er sætir líkamsárás, hlýtur bana af atlögu, og varðar brot þá fangelsi allt að 16 árum.

Árið 2005 sendi ríkislögreglustjóri frá sér verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála. Á heimasíðu ríkislögreglustjóra segir að með verklagsreglunum sé ætlunin að „taka af tvímæli um vafaatriði við rannsókn þessara brota og að skýra betur hlutverk lögreglunnar við meðferð þeirra. Með breytingum sem verklagsreglurnar kveða á um ætti að nást betri yfirsýn yfir þessa tegund ofbeldisbrota en með nýju málaskrárkerfi lögreglu hefur skapast aukinn möguleiki á nákvæmari skráningu“ (Ríkislögreglustjóri 2010). Tilgangur með verklagsreglunum var þannig meðal annars að gögn lögreglu yrðu nákvæmari hvað þennan brotaflokk varðar. Eðlilega er það forsenda þess að það markmið náist að skráning sé sem samræmdust milli embætta og milli einstakra lögreglumanna.

Samkvæmt þessum verklagsreglum er það forsenda þess að mál sé skráð sem heimilisofbeldi að gerandi og þolandi séu skyldir eða tengdir. Hins vegar þarf brotið ekki að eiga sér stað innan veggja heimilis viðkomandi, það getur eins átt sér stað á öðrum vettvangi þar sem þolandi og gerandi hittast eða dvelja. Í fjórðu grein þessara verklagsreglna segir:

> „Mál samkvæmt reglum þessum skal skrá í málaskrá undir verkefnaflokkinn heimilis-ofbeldi og vísa til brots eða brota, sbr. 2. gr. Sömu aðferð skal beita við skráningu máls í málaskrá þótt ekki sé talin þörf á frekari afskiptum lögreglu á vettvangi.
> Nú er lögreglan kölluð á heimili eða á annan stað þar sem ágreiningur er á milli skyldra og tengdra, en ekki er grunur um brot, sbr. 2. gr., og skal þá færa málið í málaskrá undir verkefnaflokkinn ágreiningur. Ávallt skal skrá tengsl aðila í máli...“ (Ríkislögreglustjóri 2005).

Með þessu opnast mun betri möguleikar en áður að nýta málaskrá lögreglunnar til þess að fylgjast með þróun þessara afbrota og þá jafnframt til ýmissa athugana á einkennum gerenda og þolenda, hvar og hvenær brotin eiga sér stað, hversu oft þau séu endurtekin og annað slíkt. Hins vegar er til þess að taka að heimilisofbeldi eins og það er skilgreint í verklagsreglunum nær yfir fleiri tilvik en ofbeldi milli maka eða fyrrverandi maka. Ofbeldi barna gegn foreldrum og ofbeldi milli systkina eru dæmi um tilvik sem einnig falla undir skilgreininguna. Í áðurnefndu riti Guðbjargar S. Bergsdóttur og Rannveigar Þórisdóttur kemur fram að í 28% tilvika, þar sem mál hafði verið skráð sem heimilisofbeldi hjá lögreglunni 2006 og 2007, var um önnur fjölskyldutengsl að ræða en milli maka og fyrrverandi maka (bls. 40). Það er því ekki unnt að nota tölur lögreglu um heimilisofbeldi beint sem tölur um þau tilfelli þar sem karl beitir konu ofbeldi í nánu sambandi. Við bætist raunar að í 24% tilvika (allra heimilisofbeldismála) eru konur gerendur.

Brotavettvangur, aldur, búseta, tengsl aðila, hvort einhver sé undir áhrifum vímugjafa er hins vegar yfirleitt skráð og því má með nokkurri fyrirhöfn fá þokkalega mynd af nokkrum félagslegum þáttum heimilisofbeldismála með því að nýta gögn lögreglu.

Verklagsreglur ríkislögreglustjóra hafa ekki haft áhrif á þær tölur sem birtar eru í opinberum skýrslum lögreglunnar. Þar eru ekki upplýsingar um þennan málaflokk og því ekki unnt að fylgjast með þróun brotaflokksins með þeim hætti. Aftur á móti eru þær tölur í gagnasafni lögreglu aðgengilegar rannsakendum sem eftir þeim óska.

Í viðtölum var vikið að því hvort unnt væri að nota afbrotatölfræðina til að meta hvort brotum af þessu tagi færi fjölgandi eða fækkandi og hvaða skýringar væru hugsanlegar á breytingum ef einhverjar væru. Að líkindum er unnt að meta þróunina á grundvelli þessara talna en þó með þeim fyrirvara að samfélagsleg umræða virðist skipta hér máli eins og t.d. á við um kynferðisbrot. Mikil umræða virðist fjölga tilkynningum. Hvað viðmælendur varðar þá treystu þeir sér yfirleitt ekki til að meta þá þróun en voru þó helst á því að litlar breytingar hefðu orðið. Tveir nefndu raunar að þeir teldu að umburðarlyndi fólks gagnvart ofbeldi hefði minnkað hvað almennt ofbeldi varðar, þ.e. að mál sem áður hefðu ekki þótt þess virði að

blanda lögreglu í væru nú kærð. Hvort það sama á við um heimilisofbeldi er ekki sjálfgefið. Málafjöldi þar er svipaður frá ári til árs þannig að ef tekið er tillit til fólksfjölgunar hefur þeim heldur fækkað.

Heimilisofbeldismál koma aðallega til lögreglu með útköllun. Það hefur komið á óvart hversu sjaldan einhver utanaðkomandi kemur máli á framfæri við lögreglu. Verulega mikið er um að annar hvor aðilinn hringi í lögreglu og þá mun oftar þolandi. Um leið og lögregla hefur verið látin vita af afbroti þá tilheyrir það réttarkerfinu í raun og veru. Þá hefur lögreglan heimild til að fara áfram með málið, rannsaka það og gefa út ákæru. Í raun ræður þolandi engu um það lengur. Lögreglu ber hins vegar ekki skylda til að gera þetta og verður sjálf að meta hvort mál sé þannig vaxið að líklegt sé að það leiði til sakfellingar. Ef meintur þolandi vill ekki halda áfram, vill ekki fá áverkavottorð, vill ekki kæra og vill ekki bera vitni þá eru litlar líkur á sakfellingu og lögreglan fellir málið yfirleitt niður. Ef einstaklingur tilkynnir að hún vilji draga kæru til baka þá verður lögregla yfirleitt við því þar sem hún metur stöðuna svo að sakfelling sé ólíkleg.

Eðlilega ber öllum embættum að fara eftir verklagsreglum ríkislögreglustjóra. En þótt farið sé eftir reglunum sem slíkum þá getur framkvæmdin verið misjöfn og farið eftir mismunandi aðstæðum lögregluembættanna. Í riti Guðbjargar S. Bergsdóttur og Rannveigar Þórisdóttur, *Heimilisofbeldi*, er ítarleg úttekt á þessum málaflokki eins og hann birtist í gögnum lögreglu. Eitt af því sem þar kemur fram er að nokkur munur virðist vera á fjölda skráninga slíkra mála eftir lögregluembættum. Niðurstöður þeirra Guðbjargar og Rannveigar gætu verið vísbending um mismunandi framkvæmd og því var ákveðið að forvitnast um það atriði í viðtölunum hjá embættunum.

Það skiptist nokkuð í tvö horn hjá viðmælendum, hvort þeir teldu að framkvæmdin væri með sama hætti hjá öllum embættum. Einn viðmælenda lýsti þessu ágætlega: „... þegar margar reglur eru og mörg fyrirmæli og um vítt svið eins og heyrir undir lögregluna ... að þá, og eins og með öll mannanna verk að þá ... þau eru ekki nákvæmlega eins alls staðar og á öllum tímum. Þannig að vissulega ... og það kemur ekki óvart þær samantektir Rannveigar og þeirra að þá hafi skráningin ekki alltaf verið með nákvæmlega sama hætti og verklagsreglurnar voru en menn eru náttúrulega alltaf að leitast við að reyna að bæta og fylla í það sem á að gera. En ég held nú samt að sko að sem sagt framkvæmdin, sem sagt skráningin er annað og svo framkvæmdin, hún sko, hún sé yfirleitt með mjög svipuðum hætti og fyrirmæli og reglur segja til um.“

Á hinn bóginn fór ekki á milli mála að verklagsreglurnar sem slíkar voru teknar alvarlega og að þær höfðu verið kynntar lögreglumönnum:

> „... þessar verklagsreglur eru kynntar fyrir öllum lögreglumönnum, það er passað vel upp á það að þær séu í heiðri hafðar, ég man eftir einu máli þar sem það, þar sem það virtist sem það hefði ekki verið farið eftir verklagsreglunum og það var uppi fótur og fit ..., viðkomandi kallaðir fyrir og spurt hvers vegna, hvað hefði orðið til þess að þeir hefðu ekki farið eftir reglunum og svo framvegis, þannig að í rauninni, þær eru ekki aðlagaðar, heldur eru þetta bara fínar reglur sem að smella inn í okkar starfsemi, og þetta eru mjög góðar reglur, ég hef ekki fengið neina gagnrýni á þær.“

Grundvallarspurningin virtist vera hvort stærð svæðisins og embættisins skipti hér máli. Sumir viðmælenda töldu að framkvæmdin væri með nákvæmlega sama hætti alls staðar en aðrir töldu líklegt að minni embættin tækju öðruvísi á málunum en hin stærri. Þeir sem voru þessarar skoðunar töldu sumir að minni embættin hefðu einfaldlega ekki úrræði sem dygðu til að fullnægja kröfum verklagsreglnanna og það væri meginskýringin á því að hlutfallslega færri heimilisofbeldismál væru skráð hjá minni embættunum en hinum stærri.

Tveir viðmælenda nefndu sérstaklega að vitað væri að það hefði verið verulegur metnaður í þá átt að gera vel eftir að umburðarbréf með verklagsreglunum barst til lögregluembættanna og sömu viðmælendur töldu að verklagsreglurnar hefðu að minnsta kosti skilað þeim árangri að landsbyggð og höfuðborgarsvæði hafi færst nær hvort öðru hvað skráningu varðar. Áður hafi verið minni líkur á því á landsbyggðinni að mál væru skráð.

3. Verklag lögreglunnar

Formlega séð er sama verklag við skráningu mála hjá öllum embættum en líklegt er að svo sé ekki að fullu. Öll embættin hafa greiðan aðgang að túlkaþjónustu. Málin eru rannsökuð á sama hátt og önnur brot. Mestu skiptir fyrir ákæru að meintur þolandi vilji bera vitni en á því er verulegur misbrestur. Vitni eru sjaldnast til staðar en ef áverkar eru á konunni getur það dugað til að ákæra sé gefin út þó svo að meintur brotaþoli neiti samvinnu.

Í 6. gr. verklagsreglna ríkislögreglustjóra er fjallað um söfnun upplýsinga á vettvangi. Þar segir: „Leggja ber áherslu á eftirtalin atriði:

a. Að kanna vettvang eins fljótt og mögulegt er og lýsa aðstæðum skilmerkilega, og taka myndir og nærmyndir þegar við á.
b. Skrá frásögn þolanda strax og fá hana undirritaða ef þess er nokkur kostur, upplýsa hann um réttindi sín samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og þar á meðal ákvæða 50. gr. um undanþágu frá vitnaskyldu.
c. Nauðsynlegt er að lýsa andlegu ástandi þolanda og sýnilegum áverkum eins nákvæmlega og unnt er.
d. Að leita vitna og skrá upplýsingar um þau og aðra sem hlut eiga að máli.
e. Athuga fyrri útköll eða afskipti lögreglu af heimilinu og heimilisfólki, hafi upplýsinga ekki verið aflað áður en á komið var á vettvang“ (Ríkislögreglustjóri 2005).

Í grundvallaratriðum er ekki munur á verklagi lögreglunnar varðandi heimilisofbeldi og önnur ofbeldismál. Eðli málsins samkvæmt getur þó verið erfiðara að taka á slíkum málum en götuofbeldi. Þó svo fylgt sé títtnefndum verklagsreglum frá ríkislögreglustjóra getur það verið snúið þar sem alls ekki er alltaf ljóst hver sé gerandi eða þolandi, þ.e. um getur verið að ræða ágreining eða slagsmál. Þess vegna eru aðilar málsins ekki alltaf skráðir sem gerandi og þolandi. En brotavettvangur, aldur, búseta og tengsl milli aðila eru skráð. Athuga ber líka að um er að ræða ofbeldi milli tengdra og skyldra samkvæmt verklagsreglunum og því ekki sjálfgefið að um maka sé að ræða. Ofbeldið getur verið milli systkina eða milli foreldris (eða foreldra) og barns (barna). Mikilvægt er einnig að þeir lögreglumenn sem fara á vettvang fá að vita (að minnsta kosti á höfuðborgarsvæðinu) hvort lögreglan hafi áður verið kölluð á þetta heimili þannig að þeir geti frekar en ella gert sér grein fyrir því hvort hér geti verið um að ræða kúgunarferli.

Að öðru leyti fer fram vettvangsrannsókn, lögreglan ræðir við aðila málsins, vitni, ef einhver eru, eru yfirheyrð, teknar eru myndir og skráð atriði sem líkleg eru til að skipta máli ef kært verður. Algengast er að lögregla komi á vettvang vegna útkalls. Það er sjaldan sem einhver utanaðkomandi kemur málinu á framfæri við lögregluna. Algengast er að annarhvor aðilinn hringi í lögregluna.

Hvað þarf til sakfellingar?

Viðmælendur voru sammála um það að ef ætlaður þolandi vildi ekki samvinnu við lögregluna væri afskaplega erfitt að fá sakfellingu. Framburður þolanda skipti mestu máli, vitni væru mikilvæg en þau væru afar sjaldan til staðar og loks gætu áverkar verið mikilvægir sem sönnunargögn.

Allir höfðu viðmælendur svipaða reynslu og lesa má um í erlendum athugunum, þ.e. að þolendur hafa takmarkaðan áhuga á samvinnu við lögreglu. Ástæður geta verið margar og misjafnar, allt frá því að viðkomandi telji málið ekki vera með þeim hætti að það eigi erindi til lögreglu, hvað þá til dómstóla, og til þess að það sé einfaldlega ótti sem hindri viðkomandi frá því að fylgja málinu eftir.

> „... þó svo að þar hafi klárlega verið framin líkamsárás eins og hún er innrömmuð í lögunum ... en hún nær ekki 218. gr., sem sagt meiriháttar líkamsárás ... að sem sagt hún heyrir undir 217. gr. að þá er yfirleitt ekki lögð fram ákæra og það er ekki farið með mál fyrir dóm nema að sá krefjist þess sem misgert er við. Og það er þá í þessu tilviki konan og það verður bara að segjast eins og er að það er í mjög fáum tilvikum þar sem konan treystir sér til þess að halda slíkri kæru til streitu og þar með stoppar málið hjá lögreglu og fer ekki lengra í ákærufarveginn. Og það er ansi erfitt að horfa upp á svoleiðis mál stoppa þar ... og svo er sko maður út í bæ sem slær annan mann á kjaftinn og hann ... þetta eru menn sem þekkjast ekki kannski og annar ... eða brotaþolinn, hann fylgir kærunni eftir og vill að viðkomandi sé refsað og hann fær refsingu fyrir sko, en svo er nákvæmlega sami verknaður sem gerist inn á heimili og jafnvel enn meira brútal ... að hann ... sá verknaður ... hann stoppar.“

Annar sagði:

> „Ég tel hins vegar, og hef reyndar oft sagt, að ofbeldisbrot, sem að öðru jöfnu falla undir 218. gr. almennra hegningarlaga ber lögreglu að rannsaka án kæru. Vandamálið er hins vegar það að þegar brotaþoli, sem oft er einn, eða lykilvitni, vill ekki taka þátt í ferlinu, þá erum við verkfæralaus ef svo má að orði komast. Við höfum ekki tæki, við höfum ekki möguleikann á að fylgja málinu eftir og því miður gerist þetta. Og ég ... skil í dag betur af hverju fólk, sem að oftast eru nú konur, bakka út ... en ég skil það samt ekki!“

Þriðja dæmið:

> „... langstærstur hluti mála þar sem konur eru þolendur, þá fer málið ekki í ákæru, ég hef tekið nokkrar af þessum konum til mín hérna, komið hérna bláar og ég hef verið reyna að hvetja þær áfram í að fara með þetta í feril, og þær eru harðar í tvo daga og síðan afturkalla þær allt saman, og þau eru bara mjög erfið þessi mál í sönnun ef þolandinn er bara ekkert að vinna með okkur, og ég hef svona viljað gjarnan fara lengra með sum þessara mála en ef við skoðum dómaframkvæmdina þá bara, þá er hún ekki sérstaklega „beysin“ hvað þetta varðar.“

Þekkt eru þó dæmi þess að haldið hafi verið áfram með mál þó svo að þolandi hafi ekki verið samvinnuþýður. Reynslan af því var mismunandi:

> „... ég fylgdi þessu máli alla leið. Til þess eins að sitja frammi fyrir því í réttinum að meira að segja ... sem hafði haft stór orð um það að þetta yrði ekki liðið, bar við minnisleysi, kannaðist ekki við neitt. Og konan dró allt til baka og ég held að það hafi nú allir séð það í réttinum að þetta var ekki mjög sannfærandi, en niðurstaðan var sú að viðkomandi var sýknaður!“

Í öðrum tilfellum hefur betur gengið:

> „... fórnarlömb heimilisofbeldis [eru oft] ekkert sérstaklega ginkeypt fyrir því að upplýsa lögreglu um það sem gerðist inni á heimilinu eða kalla eftir aðstoð, hvort heldur sem er hjá lögreglu eða annarra aðila og þess vegna svona vildum við stíga framsæknara skref og ... við eigum orðið nokkur dæmi um mál þar sem að við höfum farið inn í aðstæður þar sem að þolandi og að sjálfsögðu ekki gerandi vildu gera nokkurn skapaðan hlut sem að hefur leitt til þess að við höfum náð að brjóta upp mjög alvarleg

> ofbeldissambönd og eitt skýrasta dæmið er ... maður sem er dæmdur í átta ára fangelsi í Hæstarétti núna fyrir langvarandi heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi gagnvart sambýliskonu sinni ... það kemur upp með þeim hætti að lögreglan er kölluð til þar sem að maður á í átökum við föður sinn og er þá búinn að leggja hendur á þessa sambýliskonu sína og hún er þá flutt á sjúkrahús með mjög alvarlega áverka en hún neitar allri samvinnu við lögreglu. Hún segir bara að þetta gerist með öðrum hætti, þetta eru ekki afleiðingar af þessu ofbeldi og svo framvegis og svo framvegis. Við erum ekki alveg tilbúnir að kaupa það og fáum álit læknana sem hafa meðhöndlað hana sem að segja „þessi áverki hér og þar og annarsstaðar er augljóslega út af heimilisofbeldi“ eða ofbeldi sem sagt og að hún fær ekki þennan áverka nema að vera lamin með áhaldi ... málinu er haldið áfram þrátt fyrir að hún sé ekki tilbúin að vinna með okkur í þessu og það er gefin út ákæra í málinu fyrir þetta brot og byggt á mati læknanna og skýrslum lögreglumannanna það sem að þeir sjá og þegar að þeir komu á vettvang. Konan mætir þarna með sambýlismanni sínum þegar að ákæran er þingfest og hann neitar og lögmaður mannsins segir „ég vil fá að vera lögmaður, réttargæslumaður, konunnar líka þar sem að þetta er bara vitleysa og sjónarspil“ og eitthvað slíkt. Og konan er, þegar að þingfesting er búin og þegar hún sér það að lögreglan ætlar að halda málinu áfram, ætlar að gefa út ákæru og ætlar að keyra málið áfram, þá hefur hún samband við lögfræðinginn og óskar eftir því að fá aðstoð okkar og Kvennaathvarfsins til þess að losna úr þessu sambandi og þá fer hún beint inn í Kvennaathvarfið og þá opnast þetta stóra mál þar sem að í ljós kemur að hann hefur ekki bara beitt hana ofbeldi heldur líka kynferðisofbeldi í langan tíma og tekið myndir af henni með öðrum mönnum og svo framvegis.“

Staðan virðist vera þannig að falli mál undir 217. gr. almennra hegningarlaga þá sé vonlítið að sakfellt verði ef brotaþoli tekur ekki þátt í ferlinu. Líkurnar eru meiri ef málið heyrir undir 218. gr. en eftir sem áður er það torsótt ef þolandi neitar samvinnu.

Einn lögreglustjóranna hafði raunar velt fyrir sér hvort æskilegt væri að færa ákvarðanir úr höndum lögreglunnar:

> „... ein leiðin til að komast út úr þessu er að búa til þá reglu að við ákærum alltaf í þessum málum, setja þetta í hendurnar á dómstólum. Láta brotaþola, fínt bara, hann vinnur ekki með okkur en við förum samt með málið, það er það sem ég vil gera í þessum kynferðisbrotamálum, ég vil ekki að málið sé fellt niður hjá rannsóknarlögreglu af því það er ekki líklegt til sakfellingar, þetta á allt saman í heild sinni að fara til dómstóla.“

Loks ber að nefna að allir viðmælendur vissu um það kúgunarferli sem heimilisofbeldi getur verið og hvernig það getur verið ástæða þess að þolendur dragi framburð sinn til baka á seinni stigum. Þannig rakti einn lögreglustjóranna málin:

> „[Ég] held að þetta sé einfaldlega það að þeir eru með tak á þeim, og ég þekki þessi mál svo vel frá [staðarheiti], af því þar hjálpaði ég svo oft konum, notaði öll mín sambönd og fékk félagsmálabatteríið og kom þeim undan með krakkana, og þær voru komnar aftur eftir viku, fluttar inn til kallana, og horfðust ekki í augu við mig ef þær hittu mig, þetta er held ég vandamálið, tökin eru svo sterk að það virðist þurfa að ganga svo mikið á. Þessar konur eru að koma aftur og aftur í athvarf en þær fara alltaf heim aftur, einhvern veginn þarf að, ég held að það sé búið að brjóta þær svo mikið, í mörgum tilfellum, ... ég er oft að eiga við þessar konur, og þær koma sko, mjög illa farnar, svo er eins og iðrunin hjá þeim, þeir koma og ná að tala sig inn á þær aftur, þetta var bara í þetta eina skipti og þetta hefur bara gerst tvisvar og eiginlega eina skiptið sem þær virkilega brjóta sig lausar er þegar ofbeldið er farið að koma mikið niður á krökkunum.“

Margir nefndu líka að nokkur breyting hefði orðið á málaflokknum með fjölgun fólks af erlendu bergi brotnu á Íslandi. Hér væru nú búsettir hópar frá löndum þar sem ofbeldi væri ríkari þáttur í almennri hegðun en raunin væri hérlendis. Það birtist bæði með þeim hætti að eðlilegra teldist að leggja hendur á eiginkonuna (og börnin) og eins sem slagsmál. Einnig var nefnt að erlendar konur sem gifst hefðu íslenskum mönnum væru í sérlega slæmri aðstöðu. Þar kæmi m.a. til félagsleg einangrun, málleysi og ótti við það að vera send aftur til heima-

landsins ef slitnaði upp úr hjónabandinu. Hvað málleysið varðar er þó rétt að taka fram að allir viðmælendur töldu sig hafa fullnægjandi aðgang að túlkum og sjálfgefið væri að túlkur væri kallaður til ef manneskja ætti erfitt með að tjá sig með öðrum hætti.

Loks ber að nefna að nokkrir viðmælenda töldu það hafa forvarnargildi að kalla meintan geranda til lögreglunnar til yfirheyrslu og skýrslugerðar. Alvarleiki málsins yrði þá meintum geranda ljósari og líklegra að hann gerði eitthvað í sínum málum.

4. Sérhæfing

Sérhæfing á þessu sviði er til staðar hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins og í vissum mæli einnig hjá öðrum embættum. Á höfuðborgarsvæðinu er sérstök deild sem sér um málaflokkinn, annars staðar er fremur reynt að sjá til þess að sömu menn sinni sem oftast slíkum málum. Lögreglumenn hafa verið sendir í sérstaka þjálfun m.a. til útlanda til að vera betur í stakk búnir til að takast á við þennan brotaflokk.

Umræður um sérhæfingu lögreglunnar þróuðust í það að tekið var til athugunar hvernig unnið væri almennt að málum af þessu tagi. Ljóst er að embættið á höfuðborgarsvæðinu hefur lagt metnað í þennan þátt starfsemi sinnar og starfar að sumu leyti á fyrirbyggjandi hátt. Með þessu er ekki sagt að önnur embætti hafi lítinn metnað á þessu sviði, en augljóst er að möguleikar til sérhæfingar eru mestir á höfuðborgarsvæðinu og þeir möguleikar hafa meðal annars verið nýttir til sérhæfingar á þessu sviði.

Embættið á höfuðborgarsvæðinu skiptist í þrjú svið, löggæslusvið, ákæru- og rannsóknarsvið og stjórnsýslu- og þjónustusvið. Rannsóknardeildin sem annast rannsóknir heimilisofbeldismála (þ.e. þeirra mála sem teljast viðameiri og flóknari) tilheyrir rannsóknar- og ákærusviði og er ein af þremur miðlægum rannsóknardeildum embættisins. Hinar deildirnar sjá um rannsóknir á fjármunabrotum og fíkinefnabrotum.

Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins lýsti málflokknum þannig:

> „... þegar að kemur að ofbeldi og stórum uppákomum á ... því sviði að þá er mjög auðvelt að sjá samhengið á milli mjög alvarlegra líkamsárása og manndrápa og síðan sögu um heimilisofbeldi í einhverri mynd og þá erum við að tala um hvort heldur sem er ef að fórnarlömbin séu þeir sem að hafa orðið fyrir ofbeldi í langan tíma eða þeir sem að hafa beitt ofbeldinu í langan tíma þegar að þolandinn loks snýr gegn þeim og ákveður að losa sig undan þessu ofbeldi með svona mjög afdrifaríkum hætti. Og það má kannski segja að ansi stór hluti af okkar, okkar ofbeldisbrotaflóru og manndrápum, er af þessum toga, sem sagt gerist í nánum samböndum og á sér mjög langan aðdraganda og þess vegna töldum við það mjög mikilvægt að taka þetta miklu lengra heldur en verklagsreglurnar og þau fyrirmæli kveða á um og setja þetta í þann farveg að hafa við hliðina á kynferðisbrotadeildinni deild sem að rannsakar sérstaklega heimilisofbeldi og í því skyni að reyna að brjóta upp ferlið sem við fáum innsýn í stöku sinnum og við eigum þá að geta með leiðbeiningum til lögreglumanna og annarra sérfræðinga sem að hjá okkur starfa, lögfræðinga eða annarra áttað okkur á því að það er einhver þróun í gangi á þessu tiltekna heimili þar sem að lögreglan þarf að fara inn í og brjóta upp það ástand. Það auðvitað kallar á það að við þurfum að taka frumkvæðið, við þurfum að taka málið úr höndum fórnarlambsins og reka það áfram burtséð frá því hvort að fórnarlambið vilji halda málinu áfram eða ekki.“

Við þessa deild, sem annast rannsóknir kynferðisbrota og heimilisofbeldi, vinna m.a. fjórir starfsmenn sem hafa sérhæft sig í yfirheyrslum þolenda ofbeldisbrota, bæði barna og fullorðinna. Þeir hafa meðal annars fengið sérstaka þjálfun hjá lögregluskólanum í Manchester í Englandi sem að sögn er mjög framarlega í heiminum á þessu sviði. Fleiri starfa í deildinni sem hafa mikla reynslu og hafa jafnframt notið leiðsagnar reyndra og þjálfaðra lögreglumanna. Þegar nýtt fólk kemur í deildina byrjar það á því að starfa við hlið hinna reynslumeiri, og eftir því sem þeir nýju starfa lengur og reynsla þeirra eykst, eru þeir sendir á námskeið til

að sérhæfa sig. Þetta er gert með skipulegum hætti, m.a. þannig að í rannsóknardeildinni er starfandi sérstakt fagráð sem er m.a. ætlað að tryggja og bæta fagmennsku við rannsóknir sakamála.

Hér er sem sagt lýst starfsemi þar sem sérstök deild við embættið fæst við málaflokkinn og þar sem unnið er á þann hátt að þegar ljóst er að stefnir í meiriháttar hörmungar þá grípi lögreglan inn í ferlið með virkum hætti. Þessi nálgun hefur m.a. skilað því að lögreglan hefur farið áfram með mál, þó þolandi hafi lengst af neitað samvinnu, og unnið slík mál fyrir dómi. „... við höfum gengið dálítið langt í þessu og svona kannski erum mjög nálægt þessari grensu sem að er eðlilegt að lögreglan sé.“

Lögreglulið annars staðar á landinu geta leitað til deildarinnar og gerir það í verulegum mæli, bæði formlega og óformlega. Einhver dæmi eru um að deildin hafi tekið yfir stærri og flóknari mál og afar oft haft einhverja aðkomu, svo sem með leiðbeiningum í síma, tölvupósti, með yfirheyrslum og öðru álíka.

Í ljós kom að fleiri embætti starfa með fyrirbyggjandi hætti á þessu sviði. Lögreglustjóri Suðurnesja vék að starfsháttum hjá sínu embætti:

> „Ég er núna að vinna með Grindavíkurbæ í svona pilot verkefni, þar sem við erum búin að taka ungt fólk fyrir..., sem er að byrja í áfengisneyslu og neyslu, af því við ætlum að reyna að fækka ofbeldisbrotum og við sjáum að nánast öll ofbeldisbrot eru framin undir áhrifum einhverja vímuefna, þannig að við ákváðum að byrja þar og ég er með konu sem ... er sálfræðingur og lögreglukona, sem vinnur með skólayfirvöldum og bæjaryfirvöldum, þessi lögreglukona fer á staðinn, hún er með verkefni þar sem við erum að banka upp á hjá foreldrum þó við séum með óstaðfestar sögur, bara að sagan gangi, kenna foreldrum að nota fíkniefnapróf á krakkana og vera bara miklu sýnilegri og virkari í þessu samfélagi. Við ætlum að taka forvarnarpakkann föstum tökum ... ég er bara sannfærð um það að þetta muni skila sér ... við höfum kallað til fundar með öllum skólastjórum á svæðinu og beðið að við séum innvinkluð í öll mál, við komumst að því að það voru ýmis mál sem voru í gangi í skólanum sem skólarnir leystu bara á sínum vettvangi, og við teljum að þetta séu ekki þeirra einkamál. Meðal annars vegna kynferðisbrota.“

Sérhæfing af þeirri gerð sem á sér stað hjá lögregluembætti höfuðborgarsvæðisins krefst auðvitað mannafla og fjármagns sem ekki er fyrir hendi hjá minni embættunum. Á öðrum stöðum var þó nefnt að reynt væri að senda sama fólk í útkall af þessari gerð og þá oft fólk sem hefur sótt námskeið um kynferðisbrot. Ákveðin sérhæfing er því víðast hvar til staðar.

Í lýsingum frá lögreglunni á landsbyggðinni kom einnig fram sú skoðun að alls ekki sé sjálfgefið að fámennið og fáir lögreglumenn hafi í för með sér að minna upplýsist eða færri mál séu leyst. Fámennið geti haft það í för með sér að samband íbúanna við lögregluna verði jafnvel nánara en á höfðuborgarsvæðinu, ef traust sé fyrir hendi, og íbúar segi lögreglu frá ýmsu með óformlegum hætti.

Einn viðmælenda sagði: „... ég held einmitt ... að fámenni sé einmitt frekar til bóta hvað þetta varðar. Það er styttra í lögregluna í fámenni. Það er auðveldara aðgengi, það er jafnvel svona ... fólk þekkir jafnvel ákveðna lögreglumenn, jafnvel persónulega. Og oftar en ekki þá er fólk jafnvel tilbúnara til þess að hvísla einhverju að viðkomandi lögreglumanni. Að það hafi grun um að það sé eitthvað að gerast þarna og þarna. Án þess að það vilji láta hafa sig fyrir því og svo framvegis.“ Annar nefndi að í fámenni væri oft unnt að leysa mál með einu símtali sem á höfuðborgarsvæðinu kallaði á fund og skýrsluskrif.

Önnur skýring á mismunandi fjölda skráðra heimilisofbeldismála var einnig nefnd. Hún var sú að einstaklingum (eða fjölskyldum) sem tengdust ofbeldismálum væri einfaldlega ekki vært á smærri stöðum þar sem allir vissu allt um alla og leituðu því í nafnleysi höfuðborgarsvæðisins. Einn viðmælenda vék að þessu í tengslum við misháar tölur milli lögregluembætta:

„... síðan er í rauninni, tölfræðilega, þá komum við mjög oft á eftir höfuðborginni, þetta er þannig svæði, nálægt borginni, við erum að fá dálítið mikið af fólki, hvað á að ég að segja, vandræðafólki, annars staðar frá sem hefur hvergi ílengst, við sjáum til dæmis þó nokkuð mörg kynferðisbrotamál gegn börnum þar sem fólk hefur verið á flakki og er síðan hér. Þú veist alveg hvernig þetta virkar, ef það er mikið ofbeldi á heimilum þar sem er kynferðisofbeldi, þá sko um leið og barnavernd er komin í málið að þá fer fólk á ferðina, og ég held að það sé kannski skýringin. Ég var nú líka sýslumaður á [staðarheiti] og þú felur ekkert svona í pínulitlum samfélögum, þannig að þetta var dálítið þannig að ef þú varst í fíkniefnum, fólk sem var í fíkniefnum, sérstaklega þessir ungu krakkar, aðalbrotatíðni upp að 26 ára, þá settlast flestir niður, eignast góða konu og hætta þessu veseni, það eru Íslendingarnir, útlendingarnir eru með allt öðruvísi aldurssamsetningu, en hérna varðandi þetta þá var það þannig, mín reynsla að það var alveg liðið að unga fólkið væri í einhverjum efnum, eitthvað að prófa sig áfram, svo fremi það væri annað hvort í skóla eða vinnu. Um leið og það var ljóst að það var hvorki í skóla eða vinnu og varð að framfleyta sér með afbrotum, var þeim samfélagslega ýtt út, það var ekkert lögreglan sem gerði það, það bara gerist í smærri samfélögum, og ég held að það sé nákvæmlega sama ... geti verið ástæðan fyrir því í þessum ofbeldismálum, þau séu færri út á landsbyggðinni, það sé meðal annars útaf því að þú býrð í litlu samfélagi, og ef börn eru að koma marin og blá að þá er það ekki eitthvað sem dylst í samfélaginu ... fólk er þá dálítið knúið til að flytja, hérna áður fyrr var kannski breitt yfir þetta, en það er ekki gert lengur.“

Annar viðmælandi vék að hinu sama: „Og ég hugsa að í fámenni að þá sé það erfiðara að vera ofbeldisfullur heimilisfaðir heldur en í fjölmenni. Þú felur það síður.“ Hann hallaðist að því að líklega væri þetta a.m.k. hluti skýringarinnar á muninum sem sést á tölunum milli lögregluumdæma.

Það voru þó ekki allir sannfærðir um að fámennið gæti ekki haft neikvæð áhrif: „... þá eru þetta menn sem eru að leika lykilhlutverkið í litlu samfélagi, eru vel liðnir og hérna ... og fjölskyldan vill ekki trúa neinu upp á þá og ef að það eru einhver tengsl inn í lögregluna þá gæti það viðhorf smitast þangað inn, þó svo að ég sé ekki að ... hafi engin sérstök dæmi um það, en hérna ... þetta er bara áhættan sem fylgir litlu samfélagi.“

5. Samvinna

Ekki er um að ræða formlegt samstarf lögreglu við aðrar stofnanir sem fást við ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum. Í samræmi við lög er barnaverndarnefnd látin vita ef barn eða börn eru á heimili sem lögregla er kölluð til. Að auki ekur lögreglan þolendum í Kvennaathvarf ef þess er óskað. Þörf væri á samvinnu við félagsmálayfirvöld en ekki er ljóst hvort lögreglan getur haft slíkt samstarf innan ramma núgildandi laga.

Samvinna lögreglu á þessu sviði er helst við þær stofnanir sem sinna þolendum ofbeldis. Lögreglan aðstoðar konur við að fara í Kvennaathvarfið ef þær vilja það eða í Neyðarmóttökuna ef um kynferðislegt ofbeldi hefur verið að ræða. Barnaverndarnefnd er auðvitað alltaf látin vita ef börn koma við sögu. Engar samræmdar reglur eru um málið fyrir allt landið og fram kom hjá einum viðmælanda að höfuðborg og landsbyggð hafi verið mjög ólík hvað þetta varðar. Mun meira sé tilkynnt á höfuðborgarsvæðinu. Þar sé meðal annars starfsmaður hjá lögreglunni sem leitar að því hvort börn eru skráð á heimili þar sem lögregla hefur verið kölluð til vegna ofbeldis þó svo þau hafi e.t.v. ekki verið á vettvangi. Félagsmálayfirvöld fá því yfirleitt vitneskju um málin. Í sumum tilfellum bendir lögreglan einnig konum á að félagsmálayfirvöld geti ef til vill eitthvað aðstoðað. Hins vegar er þetta samstarf ekki með neinum formlegum hætti og lögreglan hefur hvorki félagsráðgjafa né sálfræðing á sínum snærum. Það virðist þó vera atriði sem rétt væri að huga að í ljósi þess að svo mörg þeirra mála sem lögregla hefur afskipti af virðast þurfa annan farveg en lögregluna eða réttarkerfið ef koma á í veg fyrir áframhaldandi ofbeldi.

Á heildina litið var talið að samvinna væri nægjanleg þó að nefnt væri að gott gæti verið að hafa greiðari aðgang að úrræði fyrir gerendur. En það málefnasvið sem taldist þó mest þörf á að lagfæra var það sem sneri að konum af erlendu bergi brotnu. Oft og tíðum væru þær einangraðar, hefðu litla þekkingu á íslensku samfélagi og hefðu stundum slæma reynslu af lögreglu í heimalöndum sínum. Því var það að sú hugmynd hefur komið upp að reyna að koma til þeirra nauðsynlegum upplýsingum:

„... við vorum með þá hugmynd að þegar konur, að fólk kæmi hingað ..., ekki á skilríkjum heldur kæmi hingað á makaleyfi, að þá ætti alltaf ..., þá kemurðu til að sækja skilríkin til að fá dvalarleyfið eða þau skilríki sem þú þarft að fá, þú þarft að sækja það til sýslumanns, og við vildum búa til fræðsluefni á öllum tungumálum sem væri stutt, hálftíma spóla. Við vildum hafa þetta sem video svo þetta væri aðgengilegt, ekki sem texta sem við sendum heim til viðkomandi, heldur eitthvað sem fólk mundi þurfa að hlusta á, um leið og það tæki við skírteininu sínu. Þá væri bara búin til einhver lítil aðstaða á flestum lögreglustöðum, sjónvarp og sófi, og það væri bara skilyrði, og að þarna yrðu þessi grundvallarréttindi, það má ekki ganga í skrokk á þér og þú verður ekki rekin úr landi þó þú kvartir, börnin verða ekki tekin af þér, við erum hérna grundvallar ..., við erum þetta samfélag sem að stendur vörð um grundvallarmannréttindi og þér er óhætt að trúa því og ef eitthvað kemur upp á, þá er það þetta símanúmer eða næsta lögreglustöð .... Lögreglan er ekki spillt og eitthvað svona, bara þessi grundvallaratriði, til þess að reyna að fyrirbyggja það að það sé hægt að segja þessum konum að þær þurfi að þola hvað sem er ...“

Því miður hefur þessari hugmynd enn ekki verið hrint í framkvæmd en það var ljóst af viðtölunum að margir töldu brýna þörf á að aðhafast eitthvað til að aðstoða sérstaklega konur af erlendum uppruna.

6. Úrræði

Á heildina litið virðist lögreglan meta það svo að þau úrræði sem hún hefur nú séu nægjanleg. Meiri þörf sé á að auðvelda aðgengi að félagslegum úrræðum eða sálfræðilegum.

Þó það hljómi ef til vill einkennilega þá beindust flestar óskir lögreglustjóranna og annarra viðmælenda frekar að aðstoð sem veitt er utan hins hefðbundna lögreglustarfs, en að þeir teldu eitthvað verulega skorta á í því sem fellur undir hlutverk lögreglunnar. Þrennt stóð upp úr varðandi óskir um breytingar:

Í fyrsta lagi að aðilar sem hefðu möguleika á að taka á rót vandans gætu gripið inn í. Hér var þá bæði um að ræða að félagsþjónustan aðstoði fólk sem ætti í erfiðleikum í tilverunni og einnig að aðgangur væri að sálfræðingum sem ef til vill gætu veitt þolendum styrk til að koma sér úr ofbeldissambandi. Einn viðmælenda sagði:

„... það verður bara að passa það að lögreglan hafi takmarkaða aðkomu að málum, það þarf að vera einhver annar sem grípur fórnarlömbin ... Það vantar stundum að afhenda fórnarlambið eitthvert annað, mér finnst þær stundum standa svolítið einar, þær koma til lögreglunnar til að kæra, svo er stöðugt verið að hamast í þeim heima fyrir að draga kæruna til baka, ég sakna þess svolítið að þær hafi ekki einhverja fagmanneskju sem þær geta talað við ... Ef við gætum bara haft þetta alveg eins og við erum með í barnaverndar ... bara í kynferðisbrotamálum gegn börnum. Ef þú ferð inn á Neyðarmóttökuna þá sjálfkrafa færðu sálfræðing, réttargæslumann og þetta er þér að kostnaðarlausu.“

Hvað sálfræðinga varðar sagði einn lögreglustjóranna:

„Ég held að stundum það sem kannski dygði best væri að það væri hægt að vísa fólki á sálfræðiaðstoð strax vegna þess að ég hef trú á því að þegar sko ... hlutlaus og hlutlægur utanaðkomandi aðili, annar en lögregla, myndi ræða við brotaþolann, að þá hugsanlega gerði brotaþolinn sér grein fyrir því að þetta er ferli, þetta er einskonar spírall ... Og ef það spyrnir ekki við fæti að þá ... endar það venjulega með ósköpum. Þannig að það er kannski ... kannski þyrftum við að meðhöndla þessi mál ... að sumu leyti líkt og kynferðisbrotamál.“

Þetta var atriði sem fleiri viku að, þ.e. þörfinni á að byggja konuna upp þannig að hún treysti sér til að taka þá ákvörðun að slíta sambandinu og jafnvel að kæra.

Í öðru lagi var nefnt að úrræði fyrir gerendur þyrftu að vera betri:

„... það væri svona kannski helst að fá virkari úrræði fyrir gerendurna ... Það væri áhugavert að fá, hvað á ég að segja, sterkari möguleika fyrir lögregluna til að skikka manninn á slík námskeið ... Ég held að ef við hefðum meiri möguleika á því að koma gerendunum frá okkur úr fangaklefanum og beint inn á námskeið að þá myndi það vera hjálplegt því að flestir þessara manna vilja losna úr þessu ástandi. Þó að ég sé ekkert að draga úr þeirra ábyrgð eða kalla þetta sjúkdóm með einhverjum hætti, þá eru þetta bara menn sem þurfa einhverja hjálp og ef að við getum veitt hana og hún virkar eins og rannsóknir sýna þá á bara ekkert að hika við það.“

Í þriðja lagi voru miklar vangaveltur um kosti og galla nálgunarbanns eða hins gamla möguleika lögreglunnar að áminna einstaklinga. Hvað nálgunarbannið varðar voru sumir á því að betra væri að lögreglan hefði rétt til að beita þeim viðurlögum og síðan færi málið fyrir rétt til staðfestingar eða synjunar. Aðrir voru efins um að skynsamlegt væri að lögreglan fengi þau auknu völd og bættu þá við að dómstólar væru yfirleitt ekki svo lengi að afgreiða mál af þessu tagi. Hins vegar var því stundum bætt við að það þyrfti að herða refsingar við því að brjóta nálgunarbannið. En einn viðmælenda var með aðra hugmynd:

„... þetta nálgunarbann er allt of flókið fyrirbrigði. Og hérna ... einu sinni gat lögreglan áminnt menn fyrir ofsóknir. Áminnt og ef þeir brutu þá áminningu þá var það refsivert. Ég ... sakna þess úrræðis. Því var breytt í einhvern óskapnað sem heitir nálgunarbann ... dómarar eru náttúrlega mjög ... já strangir. Það þurfa að vera orðnar verulega miklar ofsóknir ... eða já ... jafnvel miklar líkamlegar snertingar. Dómarar eru svo skeptískir á að takmarka athafnafrelsi einstaklinga. En þessi áminning var eiginlega þannig að lögreglan bara lagði fyrir viðkomandi að hætta þessu atferli sem hann var í ... og ef hann gerði það ekki þá gat hann séð fram á refsingu. Það væri hugsanlegt að taka þetta upp aftur.“

7. Kennsla í Lögregluskólanum

Nýnemar í Lögregluskólanum fá umtalsverða kennslu um málaflokkinn, bæði í formi fyrirlestra og æfinga. Þá koma fulltrúar nokkurra samtaka sem starfa á þessum vettvangi í skólann og flytja fyrirlestra. Framhaldsmenntun er einnig í boði.

Meginreglan á Íslandi er sú að enginn sé ráðinn sem lögregluþjónn nema að hafa lokið námi við Lögregluskólann. Hins vegar er enn í lögum heimild til þess að ráða ófaglært fólk. Það er þó líklegt að sú heimild hverfi fljótlega úr lögum. Skólinn er almennt þrjár annir, tvær annir í skólanum og þar á milli starfsþjálfun í eina önn. Aðsókn í skólann hefur verið mjög góð og umsækjendur fleiri en unnt er að taka við. Lögregluskólinn er því um margt í lykilstöðu hvað varðar fræðslu til verðandi lögregluþjóna um ofbeldi í nánum samböndum.

Almenn ofbeldisbrot eru hluti af kennslu í grunnnámi og einnig er fjallað nánar um heimilisofbeldi sem er sérstaklega tilgreint efni í fjórum námsgreinum, þ.e. lögreglukerfi, lögreglufræði, lögreglurannsóknir og verkleg þjálfun. Bæði er um að ræða fyrirlestra og verklegar æfingar og þar er tekið fyrir heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi. Kennslan beinist að öllum þáttum málsins, þ.e. vettvangsathugun, yfirheyrslum, ljósmyndun, skýrsluskrifum, úrræðum fyrir þolendur, lagagreinum sem snúa að málinu, framburði sjónarvotta o.s.frv. Auk sérfræðinga frá ýmsum deildum lögreglunnar koma einnig fulltúar frá Neyðarmóttöku vegna nauðgunar, samtökunum Blátt áfram, Kvennaathvarfinu og Stígamótum.

Sérstakt „æfingasvæði“ er í Lögregluskólanum, þ.e. íbúð þar sem unnt er að sviðsetja ýmis brot, t.d. heimilisofbeldi og nemendur eru látnir æfa útkall á vettvangi, þ.e. þeir hafa verið kallaðir að íbúð þar sem eitthvað hefur átt sér stað og læra hvernig eigi að fara inn, eftir

hverju beri að taka á vettvangi, hvernig beri að spyrja, ljósmyndun og annað sem á þarf að halda. Þeirra er að framkvæma alla þessa þætti og ákvarða framhald málsins. Að auki er áhersla á þekkingu á því hvaða upplýsingar þurfi að liggja fyrir ef málið verður kært og hvað sé líklegt til að leiða til sakfellingar.

Verklegu æfingunum í íbúðinni var lýst þannig: „...fara á þennan stað þar sem er eitthvað sem að er ekki í lagi, hvort sem það er ... hversu miklar upplýsingar sem þau fá ... síðan bara lenda þau inn í atburðarás sem er bara leikin fyrir þau og þau verða síðan sem lögreglumenn að fara réttar leiðir og svo grípum við inn í og kennum þeim og leiðbeinum eftir því sem þörf er á.“

Auk þessa hefur verið reynt að koma kynferðisbrotum og heimilisofbeldi að undir öðrum kringumstæðum í þeim tilgangi að skapa umræður. Það á t.d. við um yfirheyrsluþjálfun. Loks ber að nefna að eftir að lögreglumenn hafa farið í gegnum öll atriði málsins, þannig að unnt sé að leggja fram ákæru, þá eru réttarhöld sett á svið með þátttöku raunverulegra dómara og verjenda þannig að reynslan af því að hafa farið með mál í gegnum réttarhöld er einnig hluti af náminu. Hér er þó ekki átt við að alltaf sé um heimilisofbeldi að ræða í þessum réttarhöldum heldur að sá möguleiki sé fyrir hendi.

Ekki var að skilja á þeim sem við var rætt í Lögregluskólanum að það væri mikið fleira en að framan segir sem talið væri að gæti hjálpað lögreglunni við að takast á við mál sem snúa að heimilisofbeldi. Aftur á móti var þar, líkt og hjá lögreglustjórunum, bent á að mörg þessara mála væru með þeim hætti að það þyrftu aðrir en lögreglan að koma til: „... lögreglan sko hún, hún reynir að vinna þetta með tilliti til vettvangs og sönnunargagna og allt saman eins og öll önnur sakamál, en kannski minnihlutinn af þessum málum verður raunverulegt sakamál, þetta er á öðrum vettvangi leyst, þetta er ... þetta er viðfangsefni sem fer inn ... barnaverndarnefnd og ýmsir aðilar sem þurfa að koma að þessu. Það kemur kannski aldrei til þess að maður verði ákærður.“ Og síðar í samtalinu: „... það eru þessi vandamál sem við sitjum uppi með að ... málin, þessi mál eru sko oft þannig að kannski sem minnstar líkur á að það verði alveg stórt dómsmál úr þessu, en við sitjum uppi bara með vandann. Því að, því að klukkutíma síðar að kannski lögreglan lýkur sér af, að þá eru menn komnir af stað aftur. Auðvitað væri ... mjög gott ef að í svona málum væri hægt að koma í veg fyrir það, að þetta héldi áfram.“

Framhaldsdeild er einnig starfandi við skólann þar sem endurmenntun fer fram og námskeið eru haldin um einstaka þætti lögreglustarfsins. Heimilisofbeldi er eitt af þeim þemum sem boðið er upp á framhaldsmenntun í. Meðal fyrirlesara á námskeiði sem átti að fara að halda vikuna eftir samtalið, var lögreglumaður sem hafði verið sendur á sérstakt námskeið um heimilisofbeldi hjá Evrópska lögregluskólanum (CEPOL), Domestic violence, international aspects and experiences. Kostnaðurinn var greiddur til hálfs af Lögregluskólanum á móti lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Sé þetta dregið saman þá verður ekki betur séð en fræðslu verðandi og starfandi lögregluþjóna um ofbeldi í nánum samböndum sé ágætlega sinnt í Lögregluskóla ríkisins. Þar, líkt og í öðrum viðtölum fyrir þessa skýrslu, kom þó skýrt fram að lausn vandans er á heildina litið ekki fyrst og fremst lögreglumál. Þar þurfa aðrir aðilar að koma til og taka á hinum félagslega þætti málsins.

Lokaorð

Samkvæmt þeim upplýsingum sem aflað var við gerð þessarar skýrslu er starf lögreglunnar verulegt á þessu sviði, hún býr yfir mikilli þekkingu og sýn hennar er lausnamiðuð. Á þessu sviði líkt og öðrum er ljóst að lögreglan vill ná árangri sem birtist í því að brotum fækki og að þeir sem fyrir ofbeldi verða fái aðstoð sem best getur gagnast þeim. Lögreglan vinnur að einhverju leyti að forvörnum og að minnsta kosti á höfuðborgarsvæðinu með þeim hætti að hún hefur möguleika á að grípa inn í þegar ljóst virðist vera að um meira en einangrað tilvik sé að ræða. Vera má að þetta sé gert á fleiri stöðum og raunar var það einn af áhugaverðum þáttum viðtalanna að hugsanlega hefur fámennið og nándin í dreifbýli landsins það í för með sér að lögreglan veit meira um fjölskyldur en á fjölmennari stöðum og hefur því möguleika til að grípa inn í. Hvort það er gert er annað mál og var bent á þá ókosti fámennisins að e.t.v. sé frekar litið undan þar sem allir þekkja alla.

Skráning mála hefur augljóslega batnað eftir að ríkislögreglustjóri sendi frá sér sérstakar verklagsreglur en eftir sem áður er ekki unnt að nota opinbera afbrotatölfræði lögreglunnar til að meta umfang vandans eða hvort brotum fjölgi eða fækki. Til þess þarf sérstaka vinnu í málaskrá lögreglunnar.

Það virðist jafnframt ljóst að þau úrræði sem best myndu duga til að ná varanlegum árangri eru að miklu leyti utan verksviðs lögreglunnar. Megnið af þeim ofbeldisbrotum sem lögreglan flokkar sem heimilisofbeldi eru minniháttar í lagalegum skilningi og kærur fátíðar. Í flestum tilfellum kalla þau mál á félagslegar og sálfræðilegar lausnir. Betra aðgengi og meiri samvinna lögreglu, félagsþjónustu, og úrræða fyrir gerendur og þolendur er það sem líklegast er til árangurs í þeirri vinnu að draga úr ofbeldi.

Heimildir

Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir (2010): Heimilisofbeldi. Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu. Reykjavík. Ríkislögreglustjórinn og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Ríkislögreglustjóri (2005): Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála. Sótt 12. 11. 2006 af http://www.logreglan.is/upload/files/Heimilisofbeldi_verklagsreglur.pdf

Ríkislögreglustjóri (2010): Sótt 27.12. 2010 af:
http://www.logreglan.is/displayer.asp?cat_id=81&module_id=220&element_id=6572

Rannsókn á ofbeldi gegn konum
Þjónusta 11 félagasamtaka

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd
Unnið fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið

Guðrún Helga Sederholm
(Júlí 2010)

Formáli félags- og tryggingamálaráðuneytis í rannsókninni um félagasamtök.

Rannsókn þessi er þáttur í aðgerðaráætlun stjórnvalda gegn ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum. Aðgerðaráætlunin var unnin af samráðsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlunin var samþykkt í ríkisstjórn í september 2006.

Einn liður í aðgerðaráætluninni er rannsókn á ofbeldi karla gegn konum. Félags- og tryggingamálaráðuneytið er ábyrgðaraðili þeirrar rannsóknar.

Rannsóknin skiptist í sex hluta, símakönnun annars vegar og rannsókn hjá félagsþjónustu og barnavernd, grunnskólum, heilbrigðisþjónustu, lögreglu og félagasamtökum hins vegar.

Þessi hluti rannsóknarinnar tekur til félagasamtaka. Undirbúningur rannsóknarinnar fór fram í félags- og tryggingamálaráðuneyti með ráðgjöf Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotafræðings. Rannsóknin er framkvæmd af Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) í Háskóla Íslands undir stjórn Guðrúnar Helgu Sederholm, MSW fræðslu- og skólafélagsráðgjafa. Fjölmargir komu að rannsókninni en helst ber að nefna viðmælendur sem gáfu sér tíma til að svara spurningum um ofbeldi í nánum samböndum.

Niðurstöður sem hér birtast veita mikilvægar upplýsingar um að hvaða leyti mál er varða ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum koma til kasta félagasamtaka sem annars vegar hafa að meginmarkmiði að aðstoða konur í ofbeldissamböndum og hins vegar félagasamtaka sem stundum aðstoða konur í sömu stöðu. Könnunin veitir viðkomandi stjórnvöldum gagnlegar upplýsingar.

Útdráttur

Í rannsókninni var rætt við þrettán fulltrúa frá ellefu félagasamtökum sem annars vegar hafa að *meginmarkmiði* að veita aðstoð konum sem beittar hafa verið ofbeldi í nánum samböndum og hins vegar fulltrúa félagasamtaka sem *stundum* veita aðstoð konum sem beittar hafa verið ofbeldi í nánum samböndum.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru:

- **Þjónusta er mest á höfuðborgarsvæðinu.** Kvennaathvarfið og Kvennaráðgjöfin eru í Reykjavík.
- **Þjónustuþörfin er fyrst og fremst í kringum aðstæður kvennanna.** Um helmingur kvenna sem dvaldi í Kvennaathvarfinu fór aftur heim í óbreyttar aðstæður þegar dvöl þar lauk.
- **Fatlaðar, aldraðar og erlendar konur eru afskiptar hvað þjónustu varðar og sérstaða erlendra kvenna er mikil.** Aðgengismál fyrir fatlaðar konur er vandamál og lítið er vitað um aðstæður aldraðra kvenna. Sérstaða erlendra kvenna er mikil og mest hjá konum utan EES sem þurfa að sýna fram á trygga framfærslu til að fá dvalarleyfi á Íslandi auk þess að hafa takmarkað aðgengi að fræðslu um samfélagið.

- **Konur leita ýmist sjálfar eftir aðstoð eða koma í fylgd annarra.** Allur gangur virðist vera á því hvernig konur leita eftir aðstoð. Margar koma sjálfar en aðrar í fylgd vinkvenna eða fagaðila.
- **Takmörkuð þjónusta er í boði.** Aðeins eitt kvennaathvarf er á landinu og það er í Reykjavík. Kvennaráðgjöfin er í Reykjavík. Þjónusta annarra er í uppnámi vegna takmarkaðs fjármagns.
- **Túlkaþjónustu er verulega ábótavant.** Allir viðmælendur tóku fram að túlkaþjónustu væri verulega ábótavant og oft væri hún ekki í boði.
- **Viðhorf fagfólks skiptir verulegu máli.** Þegar fagfólk er upplýst og vakandi fyrir einkennum ofbeldis þá verður ofbeldið sýnilegra. Vandaðri læknisvottorð skila gleggri sýn á ofbeldið.
- **Fræðslu um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum er ábótavant.** Fjármagnsskortur félagasamtaka er meginhindrun þess að ekki er hægt að bjóða uppá meiri fræðslu um ofbeldi í nánum samböndum.
- **Hugað er sérstaklega að stöðu barna.** Yfirleitt er spurt sérstaklega um stöðu barna á heimilum þar sem ofbeldi kemur við sögu í nánum samböndum og tilkynningarskylda til barnaverndaryfirvalda er alltaf virt.

1 Inngangur

Í september 2006 samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaráætlun um ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum. Meginmarkmið áætlunarinnar er að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist að konum og börnum svo og að bæta aðbúnað þeirra sem orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi.

Rannsóknin beinist að því að afla þekkingar á því hvort og með hvaða hætti konur leiti til ákveðinna félagasamtaka vegna slíks ofbeldis og hvaða þjónusta sé þá veitt. Rannsóknin er gerð með því að ræða við starfsmenn hjá þeim félagasamtökum sem taka þátt í verkefninu. Til að framkvæma rannsóknina leitaði ráðuneytið til Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands. Þorgerður Benediktsdóttir hefur umsjón með rannsókninni fyrir hönd ráðuneytisins en Guðrún H. Sederholm MSW fræðslu- og skólafélagsráðgjafi og stundakennari við félagsráðgjafardeild HÍ fyrir hönd RBF.

Skýrslunni er skipt í sex kafla. Á eftir inngangi og lýsingu á rannsókninni er í þriðja kafla fjallað um þjónustu og ábendingar um úrbætur félagasamtaka sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem beittar hafa verið ofbeldi í nánum samböndum. Í fjórða kafla er fjallað um þjónustu og ábendingar um úrbætur félagasamtaka sem stundum veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum. Í fimmta kafla koma fram sérstakar hugmyndir viðmælenda og í sjötta kafla er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar.

2 Rannsóknin

2.1 Um félagasamtökin og þátttakendur

Leitað var til 11 félagasamtaka vegna þátttöku í rannsókninni og tvö viðtöl voru tekin hjá Kvennaathvarfinu og Rauða krossinum eða alls 13 viðtöl. Flest þessara samtaka eru staðsett í Reykjavík en þrjú utan höfuðborgarsvæðisins: Aflið á Akureyri, Sólstafir á Ísafirði og Fjölmenningarsetur á Ísafirði.

Hér á eftir verður gerð stuttleg grein fyrir félagasamtökunum, stofnun, markmiðum, stefnu og þjónustu þeirra. Getið verður hverjir veittu viðtölin og greint frá starfsheiti þeirra. Félagasamtökin eru greind í tvo flokka, annars vegar þau sem hafa að meginmarkmiði að veita

aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum og hins vegar þau sem stundum veita konum aðstoð í fyrrgreindri stöðu. Þjónustan sem veitt er af þessum félagasamtökum er endurgjaldslaus en verulegur tími fer í að afla fjár til að halda starfseminni úti.

Stærðarmunur er á þessum félagasamtökum en þeirra verður getið í stafrófsröð. Fyrst er getið þeirra félagasamtaka sem hafa að meginmarkmiði að veita konum aðstoð: **Aflið, Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfin, Sólstafir og Stígamót** og þá þeirra sem stundum veita konum aðstoð: **Efling, Félag einstæðra foreldra, Fjölmenningarsetrið, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn og Samtök kvenna af erlendum uppruna.** Heimildir voru sóttar á heimasíður félagasamtakanna og í viðtölin.

Aflið er samtök sem stofnuð voru á Akureyri árið 2002 í framhaldi af tilraunastarfsemi Stígamóta þar sem í ljós kom mikil þörf fyrir samtök af þessu tagi. Starfsemin byggir á forsendum þolenda kynferðislegs ofbeldis og/eða heimilisofbeldis. Ein starfsstúlka í 50% starfshlutfalli sér um daglegan rekstur. Þrjár starfskonur sjá um viðtölin sem verktakar en annað er unnið í sjálfboðavinnu. Sjálfboðaliðum hefur fækkað nú í kreppunni og álag því aukist á þá sem nú starfa.

Ríkið lagði 1,6 milljónir fram til rekstrar í ár, Akureyrarbær lagði til húsnæði og smá styrk en að öðru leyti koma styrkir frá öðrum bæjarfélögum, stofnunum og einstaklingum. Verið er að gera þjónustusamning við Akureyrarbæ.

Markmið og stefna samtakanna er að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta.

Þjónusta sem er í boði er fjölþætt, símavakt er allan sólarhringinn, boðið er upp á einstaklingsviðtöl, sjálfshjálparhópar eru starfandi, farið er með fræðslu í skóla, fyrirtæki og stofnanir. Þeir sem leita til Aflsins eru alls staðar að af landinu en þó sérstaklega af Norðurlandi. Aflið er staðsett á Akureyri.

Viðtal veitti Sæunn Guðmundsdóttir, stofnandi og formaður Aflsins.

Kvennaathvarfið

Samtök um kvennaathvarf voru grasrótarsamtök frá 1982 og allt til ársins 1995. Kvennaathvarfið var opnað 6. desember 1982. Kvennaathvarfið er nú rekið sem sjálfseignarstofnun undir stjórn Samtaka um kvennaathvarf. Núgildandi lög um starfsemina voru samþykkt á aðalfundi 23. maí 1995 en hafa tekið smávægilegum breytingum síðan.

7,75 stöðugildi eru í Kvennaathvarfinu þar af er hlutfall háskólamenntaðs fagfólks 2,75%. Framkvæmdastýra, rekstrarstýra og vaktstýra hafa háskólamenntun. Starfskonur eru átta. Fimm starfskonur eru á vaktinni og þar af eru nokkrar með háskólamenntun. Sjálfboðaliðar starfa ekki reglulega en kallað er eftir þjónustu þeirra miðað við aðstæður. Mest er þjónusta þeirra í kringum börn sem dvelja í Kvennaathvarfinu. Þörfin fyrir þá hefur ekki aukist nú í kreppunni.

Kvennaathvarfið er á fjárlögum og árið 2008 kom 41,5 milljón af 51 milljón frá ríkissjóði. Þjónustusamningur er við Reykjavíkurborg og sama ár komu þaðan níu milljónir. Styrkbeiðnir eru sendar á önnur sveitarfélög en stopult hver framlög þeirra eru ef nokkur. Gjafir og frjáls framlög er hluti af fjármagninu en mismunandi milli ára.

Markmið Kvennaathvarfsins eru að reka kvennaathvarf, annars vegar fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra og hins vegar fyrir konur sem verða fyrir nauðgun.

Einnig er markmiðið að veita ráðgjöf og upplýsingar, efla fræðslu og umræðu um kynbundið ofbeldi, m.a. til að auka skilning í þjóðfélaginu á eðli ofbeldis og afleiðingum þess og stuðla að því að þjóðfélagið, lög þess og stofnanir verndi og aðstoði þau er slíku ofbeldi eru beitt.

Stefna stjórnar Kvennaathvarfsins frá árinu 2006 er m.a. að tryggja að þörfum barna og mæðra sé vel sinnt, að beina sérstaklega sjónum að þörfum unglingsstúlkna og eldri kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi t.d. með fræðslu í framhaldsskólum um jafnrétti og virðingu, að tryggja áframhaldandi starf sjálfshjálparhópa og að efla tengsl við Samtök kvenna af erlendum uppruna. Stjórnin telur mikilvægt að kynna starfsemi samtakanna úti í þjóðfélaginu og meðal fagfólks.

Árið 2008 var meðaldvöl í Kvennaathvarfinu 18–19 nætur en miðað er við að konur dvelji þar ekki lengur en fjórar vikur en sumar dvelja miklu lengur vegna húsnæðisleysis.

Þjónustan er margvísleg. Símaráðgjöf er allan sólarhringinn, boðið er upp á ókeypis viðtöl, sjálfshjálparhópa undir handleiðslu starfskonu Kvennaathvarfsins, húsaskjól og stuðningur er í boði og samskipti við konur með svipaða reynslu. Kvennaathvarfið er staðsett í Reykjavík.

Viðtöl veittu Sigþrúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra, og Hildur Guðmundsdóttir, vaktstýra.

Kvennaráðgjöfin

Tók til starfa í febrúar 1984 og hefur starfað óslitið síðan. Hún var stofnuð af konum til að bæta aðgang kvenna að sérfræðiaðstoð. Kvennaráðgjöfin spratt upp úr hræringum sem urðu meðal kvenna seint á sjöunda áratugnum og í byrjun hins áttunda. Markmið og megintilgangur starfseminnar er að veita konum stuðning og ráðgjöf. Ráðgjöfin er opin öllum konum og körlum. Hjá Kvennaráðgjöfinni starfa bæði lögfræðingar og félagsráðgjafar en auk þeirra eru laganemar og félagsráðgjafanemar í sjálfboðavinnu. Lögfræðingur er í 5% starfshlutfalli vegna reksturs Kvennaráðgjafarinnar. Á fimmtudögum er lítillega greitt fyrir vinnu vegna ráðgjafar. Starfsemin byggist á sjálfboðavinnu.

Fjármögnun byggist á styrk frá ríkinu, sbr. 07-999-1.90. Á fjárlögum ársins 2010 er það 1 milljón. Sveitarfélög hafa greitt lágar fjárhæðir og mismikið til starfseminnar. Styrkur frá Zonta kom á síðasta ári sem gerði Kvennaráðgjöfinni kleift að opna heimasíðu. Á vef ráðgjafarinnar er fræðsluefni, greinar og annað efni sem tengist markmiðum ráðgjafarinnar. Kvennaráðgjöfin er staðsett í Reykjavík.

Viðtal veitti Margrét Steinarsdóttir, starfskona Kvennaráðgjafarinnar.

Sólstafir

Forsaga þessara samtaka á Vestfjörðum er sú að Sunneva Sigurðardóttir ákvað að koma á fót starfsemi á Ísafirði í anda Stígamóta. Fyrsti sjálfshjálparhópurinn var stofnaður 2006 á Ísafirði. Sólstafir eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og starfshættir markast af því. Ábyrgð á daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Starfskonur Sólstafa eru ekki sérfræðingar en deila reynslu af kynferðislegu ofbeldi. Starfsemin byggist á sjálfboðavinnu, eingöngu.

Fjármögnun byggist á styrkjum velunnara. Félagsmálaráðuneytið hefur veitt styrk til að tryggja Sólstöfum húsnæði. Kvenfélög í nágrenninu hafa styrkt starfsemina. Árið 2010 hefur starfsemin ekki fengið neina styrki og sér fram á að hætta.

Í Sólstöfum er ekki litið á einstaklinga sem hafa verið beittir kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga. Vinnan í Sólstöfum felst einna helst í því að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að breyta sjálfsímynd sinni og eigin

lífi. „Þeir eru sérfræðingarnir í eigin lífi“. Starfskonur Sólstafa starfa í nánu samstarfi við Stígamót. Þjónustan felst í einstaklingsviðtölum og sjálfshjálparhópum og stendur báðum kynjum til boða. Stefnt er að því að fjölga sjálfshjálparhópum. Sólstafir eru staðsettir á Ísafirði.

Viðtal veitti Harpa Stefánsdóttir, starfskona Sólstafa.

Stígamót

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og allir starfshættir markast af því. Stígamót eru fræðslu- og ráðgjafarmiðstöð um kynferðisofbeldi og hefur sérstöðu í þessum hópi félagasamtaka þar sem starfsemin snýst ekki um aðstoð við konur sem beittar eru ofbeldi í nánum samböndum. Stígamót er sjálfseignarstofnun og grasrótarhreyfing en ekki samtök.

Á miðju ári 2010 fækkaði starfskonum úr sjö í fimm. Allar eru starfskonurnar með háskólapróf og fagmenntun á sviði félagsvísinda. 1. maí 2010 var ráðinn klínískur sálfræðingur til starfa sem mun koma í stað annars starfsmanns sem þá yfirgefur Stígamót. Leiðbeinendur sjálfshjálparhópa fá verktakagreiðslur fyrir sín störf og ekki eru gerðar kröfur um að þeir hafi háskólapróf. Sjálfboðaliðum hefur ekki fjölgað í kreppunni.

Fjármagn til starfseminnar kemur frá ríkinu.

Stígamót eru á fjárlögum (07999). Ríkisframlag ársins 2009 var 36,5 milljónir en er nú 33,2 milljónir. Reykjavíkurborg veitti 11,2 milljónum til starfseminnar á síðasta ári en óvíst er hvað gerist í ár. Þjónustusamingur við Reykjavíkurborg hefur hljóðað uppá sömu upphæð sl. sex ár þannig að raunlækkun er veruleg.

Þjónusta Stígamóta er fyrir fólk frá 18 ára aldri, bæði konur og karla. 10% heimsókna eru karlar sem koma aðallega vegna sifjaspella. 20% sifjaspellamála tengjast körlum. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra sem þangað leita. Upphafið má rekja til baráttudags kvenna 8. mars 1989 þegar konur úr ýmsum hópum ákváðu að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Stofndagur Samtaka kvenna gegn kynferðisofbeldi var 8. mars 1989. Frá upphafi hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Vinnan á Stígamótum felst í því að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulegan vanda.

Þjónustan sem Stígamót stendur að er margþætt en þar má helst nefna: Sjálfshjálparhópa, símaþjónustu, þjónustu við konur í vændi, Stígamót á staðinn, fræðslu- og samfélagsstarf og 12 spora fundi. Samstarf innanlands og við erlenda aðila er mikið auk samskipta við fjölmiðla. Á sviði stjórnmála náðu Stígamót ásamt öðrum gríðarlegum árangri þegar bannað var að kaupa vændi samkvæmt lögum á Íslandi frá 17. apríl 2009. Stígamót eru staðsett í Reykjavík.

Viðtal veitti Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta.

Efling

Efling er stéttarfélag, stofnað í desember 1998 og tók til starfa um áramótin 1999. Félagið varð til við sameiningu margra minni stéttarfélaga verkafólks. Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag félagsmanna og menningu og stuðla að því að verkafólk taki virkan þátt í stjórnmálum lands- og sveitarfélaga í þágu hagsmuna þess. Kjarabarátta er meginmarkmið félagsins. Félagið er opið öllu verkafólki. Sjóðir Eflingar eru: Fræðslusjóður, Sjúkrasjóður, Fjölskyldu og Styrktarsjóður, Orlofssjóður og Vinnudeilusjóður.

Þjónusta við félagsmenn felst m.a. í fræðslu. Fræðslusjóðir sem Efling á aðild að eru fimm talsins. Náms- og starfsráðgjöf er í boði á fimmtudögum. Landnemaskólinn, sem hugsaður er fyrir útlendinga, er 120 stunda nám í íslensku, samfélagsfræði, tölvunotkun og sjálfsstyrkingu. Einstaklingsmiðuð þjónusta faghóps félagsliða kallast: „Heim til aldraðra“. Efling er staðsett í Reykjavík.

Viðtal veitti Guðrún Óladóttir, forstöðumaður Sjúkrasjóðs.

Félag einstæðra foreldra

Félagið var stofnað í nóvember 1969. Félagið hefur barist fyrir réttindum einstæðra foreldra og staðið vörð um hagsmuni þeirra og barna þeirra. Félagið er hagsmunasamtök og óháð opinberum stofnunum. Markmiðið er að standa vörð um velferð félagsmanna og barna þeirra, berjast fyrir málefnum einstæðra foreldra og vekja athygli á því sem betur má fara. Einnig er markmiðið að skapa tengsl milli einstæðra foreldra. Bæta ímynd einstæðra foreldra og koma í veg fyrir fordóma og kerfisbundna mismunun gagnvart þeim og börnum þeirra. Félagið er fyrir alla einstæða foreldra. Félagið styður einnig við bakið á þeim sem eru með sameiginlega forsjá og veitir forsjárlausum foreldrum ráðgjöf og upplýsingar.

Þjónusta sem félagið veitir er m.a. félagsráðgjöf, lögfræðiráðgjöf, þverfagleg ráðgjöf, símaráðgjöf, tímabundið húsnæði, stuðningshópar, fræðslufundir og styrkir. Félagið er staðsett í Reykjavík.

Viðtal veitti Oktavía Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi hjá Félagi einstæðra foreldra.

Fjölmenningarsetur

Fjölmenningarsetrið var stofnað í kjölfar þingsályktunar Alþingis árið 2000 en þá var félagsmálaráðherra falið að koma á fót þjónustu við innflytjendur sem staðsett yrði á Ísafirði. Fram að því höfðu einstaklingar, frjáls félagasamtök eins og Rætur og Rauði krossinn verið virk í að koma til móts við innflytjendur en kölluðu eftir þátttöku stjórnvalda þar að lútandi. Starfsemi Fjölmenningarseturs hefur aukist jafnt og þétt og eru starfsmenn nú sex talsins. Fjölmenningarsetur er verkefni á vegum félagsmálaráðuneytis, frá árinu 2001. Félagsmálaráðuneyti ræður framkvæmdastjóra.

Markmið fjölmenningarseturs er að stuðla að jafnrétti þannig að staða fólks í íslensku samfélagi sé óháð litarhætti, kynþætti, tungu og trúarbrögðum einstaklinganna. Að auðvelda aðlögun fólks að íslensku samfélagi. Að vinna að því að íslenskunám og fræðsla um íslenskt samfélag standi öllum til boða og að efla fræðslu um mannréttindi fyrir alla íbúa landsins.

Þjónusta er veitt og efld m.a. með þátttöku í samstarfsverkefnum: Nám í samfélagstúlkun, dagatal með helstu trúarbrögðum, verklagsreglur í túlkaþjónustu, lesfærni í fjarkennslu, könnun á viðhorfum innflytjenda og samskiptabók um mæðravernd. Fjölmenningarsetur stendur fyrir upplýsingamiðlun til einstaklinga og er upplýsingasími á íslensku, ensku, pólsku serbnesku/króatísku og taílensku. Þá hafa starfsmenn setursins umsjón með samræmingu og ráðgjöf við miðlun upplýsinga um hlutverk og þjónustu stofnana ríkis og sveitarfélaga og veita ráðgjöf við stefnumótun og framsetningu upplýsinga innan stjórnsýslunnar og leiðbeininga við gerð verkferla og verklagsreglna. Einnig er haldin skrá yfir sjálfstætt starfandi túlka og þýðingarþjónustu sem í boði er. Fjölmenningarsetrið vinnur með sveitarfélögum að gerð móttökuáætlana fyrir nýja íbúa. Fjölmenningarsetur er staðsett á Ísafirði.

Viðtal veitti Hrefna Ragnheiður Magnúsdóttir, verkefnastjóri hjá Fjölmenningarsetri.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Skrifstofan var stofnuð í Almannagjá á Þingvöllum 17. júní 1994 á fimmtíu ára afmæli íslenska lýðveldisins. Mannréttindaskrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Mannréttindaskrifstofan starfar eftir Parísarreglum Sameinuðu þjóðanna. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Skrifstofan er fulltrúi Íslands í alþjóðlegu samstarfi.

Þjónusta Mannréttindaskrifstofunnar er margvísleg: Meðal annars er einn af fræðsluþáttum hennar svokallaðar málstofur en þar er fjallað í framsöguerindum um tiltekin efni og umræður eru að þeim loknum. Einnig stendur skrifstofan fyrir málþingum sem eru umfangsmeiri, standa lengur og erindin eru fleiri um tiltekin afmörkuð viðfangsefni. Ráðstefnur eru svo enn stærri í sniðum, oft tveir dagar eða fleiri og þá er gjarnan unnið í starfshópum í viðbót við framsöguerindi og umræður. Í lokin er samþykkt áskorun eða ályktun og send út. Dæmi um viðfangsefni málstofa og málþinga er m.a. borgaraleg- og stjórnmálaleg réttindi, Evrópuráðið, samningar og mannréttindastarf, farandverkakonur, kynbundið ofbeldi, kynþáttamisrétti, mannréttindi í einstökum ríkjum, mannréttindi á alnetinu, pyntingar og vanvirðandi refsing, tjáningarfrelsi svo eitthvað sé nefnt af fjölmörgum viðfangsefnum. Mannréttindaskrifstofan er staðsett í Reykjavík.

Viðtal í gegnum síma veitti Guðrún Dögg Guðmundsdóttir fyrrum framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Rauði krossinn

Rauði krossinn er ein elsta, virtasta og útbreiddasta mannúðarhreyfing í heimi, með starfsemi í 186 löndum. Rauði kross Íslands var stofnaður 10. desember 1924. Landsskrifstofa Rauða krossins er í Reykjavík og hefur það hlutverk að samræma verk 50 deilda hér á landi og taka þátt í starfi Alþjóða Rauða krossins fyrir Íslands hönd. Aðalmarkmið, leiðarljós og stefna Rauða krossins til ársins 2010 ber heitið: *Byggjum betra samfélag,* felur í sér að kynna og breiða út grundvallarmarkmið hreyfingarinnar og mannúðarhugsjónir hennar, efla neyðarvarnir og neyðaraðstoð vegna áfalla og hamfara, draga úr félagslegri einangrun og styrkja þróunarsamvinnu og tryggja að Rauði kross Íslands sé ávallt vel starfandi landsfélag.

Þjónusta Rauða krossins er mjög víðtæk en deildir hans starfa í öllum landshlutum og eru alls 50 talsins. Dæmi um þjónustu er: Neyðaraðstoð innan lands sem utan, fræðsla um skyndihjálp og sálrænan stuðning, Rauðakrosshúsið sem er athvarf fyrir þá sem hafa orðið fyrir áföllum vegna efnahagsþrenginga, hjálparsími, heimsóknarvinir, fatasöfnun, vinna með börnum og ungmennum, athvörf/geðræktarmiðstöðvar, aðstoð við flóttafólk og hælisleitendur, vinna við málefni innflytjenda, rekstur Konukots, stuðningur við Fjölsmiðjuna í Kópavogi og rekstur sjúkrabifreiða um land allt. Höfuðstöðvar Rauða krossins eru í Reykjavík.

Viðtöl veittu Paola Cardenas, verkefnisstjóri innflytjendamála, og Sólborg Pétursdóttir, verkefnisstjóri félagslegra verkefna.

Samtök kvenna af erlendum uppruna

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi voru stofnuð 24.október 2003. Hlutverk Samtakanna er að sameina, takast á við og ljá hagsmuna- og áhugamálum kvenna sem sest hafa að á Íslandi rödd. Markmið Samtakanna er að vinna að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna af erlendum uppruna á öllum sviðum þjóðlífsins. Samtökin eru opin öllum konum af erlend-

um uppruna sem búsettar eru á Íslandi, óháð þjóðerni, ríkisfangi og trúarbrögðum. Með starfinu vilja Samtökin taka virkan þátt í umræðunni um innflytjendamál á Íslandi og sýna á jákvæðan hátt fram á þá fjölbreytni sem býr í fjölmenningarlegu samfélagi og veita öllum konum af erlendum uppruna tækifæri til að verða virkir samfélagsþegnar. Einnig er markmiðið að gera konum kleift að taka þátt í opinberu og samfélagslegu starfi t.d. í viðskiptum og hvetja og styðja konur af erlendum uppruna til að þær geti stutt fjölskyldur sínar á árangursríkan hátt meðan þær eru að aðlagast samfélaginu.

Helstu málefni eru: Atvinnu- og félagsmál, menntun og barátta gegn kynbundnu ofbeldi. Helstu verkefni eru: Íslensku- og sjálfsstyrkingarnámskeið, hvatningar- og tengslanetsnámskeið fyrir ungar erlendar konur, tölvunámskeið, söguhringur kvenna í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur, samstarf við Kvennaathvarf, fjölmenningarhátíðir og alþjóðasamstarf. Samtökin eru staðsett í Reykjavík.

Viðtal veitti Sabine Leskopf, formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna.

2.2 Aðferð

Leitað var til félagasamtakanna og þau beðin um að veita viðtöl. Viðtölin fóru fram í mars, apríl og maí 2010. Spyrill var Guðrún Helga Sederholm, félagsráðgjafi. Notast var við tvo viðtalsramma, annars vegar fyrir þau félagasamtök sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum og hins vegar félagasamtök sem stundum veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum. Viðtölin voru hljóðrituð. Afritun var á hendi RBF undir stjórn Heiðu Bjarkar Vigfúsdóttur, verkefnisstjóra RBF. Greiningu viðtala og ritun skýrslu annaðist Guðrún Helga Sederholm. Viðtalsvísa er að finna í viðauka skýrslunnar.

Sjónarmiðin sem koma fram í skýrslunni byggjast á svörum viðmælenda í rannsókninni. Þau gefa heildarmynd af þeirri vitneskju sem viðmælendur hafa um málaflokkinn og þá sýn sem þeir hafa á rannsóknarefnið allt eftir því hvaða félagasamtökum þeir tengjast og hvaða markmið þau samtök hafa gagnvart viðfangsefninu. Einnig koma fram helstu samstarfsaðilar, breytingar síðustu fimm ára, skráningar, þjónusta og ábendingar um það sem betur mætti fara að mati viðmælenda. Starfshættir félagasamtakann koma fram, sérstaða þeirra og ábendingar um úrbætur. Sérstakar hugmyndir viðmælenda koma einnig fram.

3 Þjónusta og ábendingar um úrbætur félagasamtaka sem hafa að *meginmarkmiði* að veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum.

Samtökin eru: Aflið, Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfin, Sólstafir og Stígamót. Í þessum kafla eru megináherslur sem fram komu í viðtölum við fulltrúa samtakanna.

3.1 Meginmarkmið

Að veita ráðgjöf af ýmsu tagi í einstaklingsviðtölum, bjóða upp á þátttöku í sjálfshjálparhópum, vinna að forvörnum, auka umræðu um kynbundið ofbeldi og hjá Kvennaathvarfinu að bjóða upp á neyðarathvarf fyrir konur sem þurfa að flýja heimili sín vegna ofbeldis. Á árinu 2009 komu 118 konur og 60 börn í Kvennaathvarfið og gistinætur urðu hjá konum 1346 á árinu og börnum 563. Hjá Kvennaráðgjöfinni er meginmarkmið að veita lögfræði- og félagsráðgjöf. Aflið og Sólstafir bjóða ráðgjöf vegna kynferðisofbeldis og einnig vegna ofbeldis í nánum samböndum en Stígamót hafa sérstöðu þar sem þau veita ekki ráðgjöf vegna ofbeldis í nánum samböndum.

Öll þessi félagasamtök taka á einhvern hátt þátt í að upplýsa samfélagið um ofbeldi gegn konum, ýmist með heimsóknum í skóla, fyrirtæki og stofnanir en einnig með því að taka á móti einstaklingum og hópum sem vilja kynna sér starfsemina með heimsókn til viðkomandi félagasamtaka. Þau beita sér fyrir umræðu um kynbundið ofbeldi með það fyrir augum að upplýsa samfélagið og opna umræðuna. Samvinna og samstaða er með íslensku félagasamtökunum, þeim stærstu, og kvennaathvarfahreyfingum á Norðurlöndum og í Evrópu.

3.2 Fjármögnun

Kvennaathvarfið er einu félagasamtökin sem eru á fjárlögum, hin fá flest fjármagn frá félagsmálaráðuneyti [1], sveitarfélögum og með frjálsum framlögum. Styrkbeiðnir á ýmsa aðila og fyrirtæki eru liður í fjáröflum flestra samtakanna. Gjafir berast sumum en stopult þannig að fjármögnunin er óútreiknanleg frá ári til árs. Í dag er staðan sú að dregið hefur verulega úr framlögum til flestra félagasamtakanna. Þau þurfa mismikið fé eins og Kvennaráðgjöfin sem þarf lítið fjármagn miðað við Kvennaathvarfið. Stígamót eru á fjárlögum ríkisins og er fjárframlagið ákveðið á hverju ári. Síðastliðin sex ár hefur Stígamót verið með þjónustusamning við Reykjavíkurborg og sú upphæð verið hin sama ár hvert þannig að raunlækkun hefur verið mikil. Stígamót hafa lagt niður starfsemi á sex stöðum úti á landi vegna fjárskorts. Aflið á Akureyri fær húsnæði frá Akureyrarbæ og er að gera þjónustusamning við sveitarfélagið. Sólstafir á Ísafirði hafa ekki getað verið með sjálfshjálparhópa vegna fjárskorts og hafa ekki fengið neina styrki þetta árið og sjá fram á að hætta starfsemi á árinu. Mikill og dýrmætur tími fer í að afla fjár hjá styrktaraðilum og gjafir til félagasamtakanna eru mismiklar milli ára.

Tafla 1. Fjármögnun félagasamtakanna sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum

	Fjárlög	*Sveitarfélög*	*Styrkir*	*Frjáls framlög*
Kvennaathvarf	x	x	x	x
Kvennaráðgjöf	x*	x	x	x
Aflið	x*	x	x	x
Sólstafir		x	x	x
Stígamót	x*	x	x	x

*skv upplýsingum frá félags- og tryggingamálaráðuneyti.

3.3 Tilvísanir

Konur koma af sjálfsdáðum í mörgum tilfellum nema til Sólstafa þar sem þær koma oftast í fylgd með vinkonum eða öðrum. Opinberir aðilar eins og félagsmálayfirvöld, lögregla, prestar, ljósmæður, vinnuveitendur og aðrir hafa oft milligöngu um komu kvenna til félagasamtakanna en oftast eru vinir og vinkonur nefndar í sambandi við milligöngu og stuðning við að leita eftir þjónustu.

---

[1] Samkvæmt upplýsingum frá félags- og tryggingamálaráðuneyti fer það fjármagn gegnum fjárlög.

Stígamót hafa nokkra sérstöðu þar sem þau vísa konum sem verða fyrir ofbeldi í parasamböndum á Kvennaathvarfið þar sem þeirra starf byggist á hjálp til sjálfshjálpar í tilfellum nauðgana, sifjaspella, mansals, vændis og kláms. Til Stígamóta leita karlar eins og konur.

Í Kvennaráðgjöfina koma konur oft vegna vísana frá Kvennaathvarfinu, Stígamótum og Félagsþjónustunni. Nokkuð er um að konur komi í Kvennaráðgjöfina vegna skilnaða, forsjármála og umgengnierfiðleika og þá kemur í ljós að þær hafa búið við ofbeldi eins og andlegt ofbeldi og frelsissviptingu án þess að skilgreina það sem ofbeldi af því það var ekki líkamlegt.

3.4 Breytingar síðustu fimm ár

Aukning hefur orðið í viðtölum í Kvennaráðgjöfinni og erlendar konur koma þangað eins og íslenskar.

Í Kvennaathvarfinu er aðsókn sveiflukennd milli ára og virðist taka mið af tíðarandanum og þeirri umfjöllun sem ofbeldi fær í samfélaginu en þó hefur orðið aukning í viðtölum síðustu fimm árin.

Aflið á Akureyri segir gríðarlega aukningu hafa orðið 2008–2009 sem rekja megi til viðhorfsbreytinga fagfólks á Akureyri og almennings gagnvart ofbeldi. Heilsugæslulæknar hafa tekið inn spurningu um ofbeldi og mæðraeftirlitið kemur þarna einnig að málum.

Sólstafir á Ísafirði voru stofnaðir 2006 og fyrstu tvö árin fóru í kynningu á samtökunum en árið 2009 varð veruleg aukning og viðtölum fjölgaði gífurlega.

Stígamót hafa þann fyrirvara á að til þeirra leitar fyrst og fremst fólk sem lent hefur í nauðgunum og sifjaspellum en ofbeldi komið í ljós þegar mál hafa verið opnuð. Milli 500–600 einstaklingar leituðu til Stígamóta á síðasta ári. Um það bil helmingur með gömul mál og helmingur með ný mál. Starfsemin hefur verið nokkuð stöðug milli ára en vegna fjárskorts varð að leggja niður starfsemi á sex stöðum úti á landi sem hefur áhrif á tölur hjá þeim.

3.5 Skráningar

Óbreytt skráning er hjá Kvennaráðgjöfinni og Sólstöfum. Lítil breyting hefur verið gerð hjá Aflinu en þó aðeins og til batnaðar að mati viðmælanda.

Kvennaathvarfið hefur breytt spurningum í komuskýrslum á síðastliðnum fimm árum en þó mest á síðastliðnum tíu árum. Sífelld endurskoðun er í gangi varðandi spurningar í komuskýrslum.

Stígamót hafa breytt skráningu hjá sér enda hafði hún verið óbreytt síðustu tíu til fimmtán árin. Spurningar eru nú um fordóma, kynhneigð, þjóðerni og tengsl við neyslu svo eitthvað sé nefnt og spurningar hafa verið felldar út sem skiluðu litlu að mati Stígamóta.

3.6 Þjónusta

Kvennaráðgjöfin veitir lögfræði- og félagsráðgjöf. Búið er að gefa út upplýsingabæklinga varðandi skilnaði á íslensku og þýða á bæklinginn yfir á ensku. Ef styrkur fæst þá verður hann þýddur á pólsku. Konum sem það þurfa er vísað í Kvennaathvarfið.

Sólstafir höfðu fyrirhugað nánara samstarf við lögregluna á Ísafirði. Búið var að koma upp vísi að litlu kvennaathvarfi en ekki hefur það enn orðið að veruleika. Þjónusta sem þeir veita er fyrst og fremst einstaklingsviðtöl. Gott samstarf er við Félagsþjónustuna varðandi lögfræðiráðgjöf og fjárhagsaðstoð.

Aflið býður uppá einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa og er með lögfræðing á sínum snærum auk fjölskylduráðgjafa. Sveitarfélögin aðstoða konur fjárhagslega ef þær þurfa að greiða fyrir flug til að komast í Kvennaathvarfið í Reykjavík. Meðan konurnar bíða fá þær að gista á öruggum heimilum.

Kvennaathvarfið býður dvöl í athvarfinu, mat og húsaskjól, símaráðgjöf, viðtöl og sjálfshjálparhópa. Konum er vísað á rétta aðila eftir atvikum. Félagsráðgjafi og lögreglukona koma eftir þörfum. Lögfræðiaðstoð er ekki veitt í Kvennaathvarfinu en bent er á Kvennaráðgjöfina. Húsnæðisráðgjöf fer í gegnum þjónustumiðstöðvar. Ekki er algengt að konur leiti eftir sálfræðiþjónustu vegna eigin ástands miklu fremur hjálpar vegna aðstæðna.

Stígamót veita konum ekki þjónustu vegna ofbeldis í parasamböndum heldur vegna nauðgana og sifjaspella. Ofbeldi í nánum samböndum kemur stundum fram þegar skilnaður er fyrirhugaður og rót kemur á aðstæður. Þjónustan er fyrst og fremst í formi viðtala og þátttöku í sjálfshjálparhópum. Vísað er á Kvennaráðgjöfina varðandi lögfræðiráðgjöf. Bent er á að undanfarin fimm ár hafa 8,6% – 14,4% nauðgana verið framdar af maka eða sambýlismanni. „Stígamót á staðinn“ er notað þegar einstaklingar eiga þess ekki kost að heimsækja Stígamót, þá fer starfskona til viðkomandi.

Öll veita félagasamtökin fræðslu til þeirra sem þess óska.

3.7 Fatlaðar, aldraðar og erlendar konur

Kvennaráðgjöfin veitir þessum hópum kvenna sömu ráðgjöf og öðrum en oft þarf túlk í vitöl við erlendar konur. Karlar koma einnig í Kvennaráðgjöfina.

Sólstafir geta veitt fötluðum konum þjónustu en hafa ekki haft ráð á túlkaþjónustu fyrir erlendar konur. Kynning hefur farið fram í kvenfélögum á svæðinu og tengsl eru við Fjölmenningarsetrið á Ísafirði.

Aldraðar konur eru farnar að leita oftar til Aflsins en áður var. Túlkaþjónusta er ekki í boði ef til þess kemur. Starfskonur hafa farið til þroskaheftra einstaklinga sem ekki komast til þeirra.

Húsnæði Kvennaathvarfsins býður ekki upp á þjónustu við líkamlega fatlaða. Krafa er gerð um að konur sem dvelja í athvarfinu séu vel starfshæfar inni á heimilinu. Þessir einstaklingar geta fengið ráðgjöf og stuðning en ekki dvalið í Kvennaathvarfinu. Frekar hefur aukist að aldraðar konur leiti til athvarfsins á síðustu árum og einnig hefur orðið fjölgun í hópi ungra stúlkna. Aldurssamsetningin hefur verið að breytast. Erlendar konur voru um 50% dvalarkvenna fyrir hrun en eftir hrun fór sú tala í 37% en nú er aðsókn þeirra að færast aftur í fyrra horf. Stígamót hefur húsnæði sem er erfitt fyrir fatlaða en þeir eiga ramp sem hægt er að nota upp á fyrstu hæð.

Stígamót heimsækir þá einstaklinga sem þess óska og starfskonur hafa m.a. farið í fangelsi, á sjúkrahús, inn á heimili aldraðra kvenna og að dánarbeði fullorðinnar konu. Heyrnarlaust fólk leitar mikið til Stígamóta og þá þarf oftast túlk. Þroskaheftir eru hins vegar hópur sem erfitt er að sinna. Erlendar konur nýta sér þjónustuna minna en sem nemur hlutfalli þeirra af samfélaginu. Bæklingur hefur verið gefinn út á íslensku, ensku, spænsku, rússnesku, pólsku og tælensku fyrir þennan hóp.

3.8 Fræðsla

Kvennaráðgjöfin leitaði eftir fræðslu hjá ýmsum aðilum til að styrkja fagmennsku og afla upplýsinga, meðan fjármagn leyfði. Fræðsla er veitt þegar falast er eftir henni eins og hjá

Zonta og Soroptimistum. Upplýsingafundur var haldinn á Slysadeild Borgarspítala fyrir nokkrum árum. Heimasíða og bæklingar eru í boði.

Sólstafir hafa verið í nánu samstarfi við Blátt áfram. Námskeiðið Verndari barna hefur verið á vegum Sólstafa. Námskeið eru meginþáttur fræðslunnar og þau hafa verið haldin fyrir ýmsa aðila eins og presta, lögreglu og heilbrigðisstarfsfólk. Sólstafir gerðu samning við sveitarfélögin á Vestfjörðum um að fræða alla fullorðna sem vinna með börnum.

Aflið sinnir fræðsluhlutverki sínu með því að halda fyrirlestra í skólum, efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum, hjá foreldrafélögum, félagsþjónustu, Zonta og fleiri aðilum.

Kvennaathvarfið bregst við beiðnum um fræðslu ýmissa aðila bæði heima og heiman. Stundum er gert átak og þá farið með fræðslu í skóla. Mun færri beiðnir koma frá grunnskólum en framhaldsskólum. Fræðslan er veitt í Reykjavík og nágrenni en ekki úti á landi. Nemar úr háskólum, leita eftir fræðslu og í sumum tilfellum vinnustaðir.

Stígamót veita umfangsmikla fræðslu út í samfélagið. Talskona Stígamóta fer reglulega með fræðslu í H.Í., námskeið í félagsráðgjöf. Framhaldsskólarnir fá flestir fræðslu á hverju ári og oft í tengslum við þá daga þar sem hefðbundin kennsla víkur fyrir áhugamálum nemenda, þá er undantekingarlaust kallað eftir fræðslu frá Stígamótum. Miðað er við sjálfræði eða átján ára aldur þannig að grunnskólarnir fá ekki fræðslu frá Stígamótum fremur frá *Blátt áfram*. Stígamót tengjast ýmsum starfshópum eins og Jafnréttisráði, Framkvæmdaáætlun um mansal svo eitthvað sé nefnt. Stjórnmálamenn og ráðherrar eru kallaðir í „Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum" þegar mál liggja óleyst á borðinu og óskalistar eru lagðir fram um þingmál. Stígamót hafa tengsl við alla fjölmiðla, standa fyrir stórum ráðstefnum og framundan er norræn ráðstefna og alþjóðleg ráðstefna um nauðganir. Stígamót fá heimsóknir erlendis frá. Umboðskona Sameinuðu þjóðanna er væntanleg og fremsta fræðakona Evrópu í þessum málaflokki er einnig væntanleg.

3.9 Samstarf og samstarfsaðilar

Kvennaráðgjöfin nefnir félagsráðgjafa á þjónustumiðstöðvum, Kvennaathvarf og Stígamót sem helstu samstarfsaðila. Þarna sé fyrst og fremst um upplýsingarmiðlun að ræða.

Sólstafir hafa mest samstarf við félagsþjónustu og barnavernd. Samstarf við heilbrigðisþjónustu er að aukast því læknar eru farnir að vísa á Sólstafi. Lögreglan er einnig í samstarfinu. Erfitt er að mynda samstarf við sálfræðinga þar sem þeir koma aðeins hálfsmánaðarlega til Ísafjarðar. Fundir eru samskiptaformið.

Aflið hefur samstarf við sjúkrahús, heilsugæslu, sálfræðinga, félagsþjónustu, barnavernd, lögreglu og presta. Samstarfið við þessa aðila er í formi gagnkvæmra tilvísana. Fulltrúi frá Aflinu fer með konum í skýrslutöku á lögreglustöðina. Samband er við neyðarmóttöku og skólarnir hafa verið duglegir að hafa samband við Aflið. Aflið á aðild að *Samtökum um úrræði núna,* eða *Sún.* Þetta eru samtök margra fagaðila á Akureyri sem fjalla um málefni barna og ungmenna.

Kvennaathvarfið hefur mest samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Samstarfinu er þannig háttað að lögreglukona hjá lögreglustjóraembættinu er tengiliðurinn. Hún hefur fasta viðtalstíma í Kvennaathvarfinu einu sinni í viku. Kalla má eftir þjónustu þegar með þarf og lögreglan beinir konum í athvarfið og aðstoðar við að sækja dót inn á heimilið og fara með þeim á leikskóla ef með þarf. Þjónustan er víðtæk. Föstu viðtalstímarnir voru settir á laggirnar fyrir ári síðan. Kvennaathvarfið er einnig í sambandi við Alþjóðahús og aðra vegna túlkaþjónustu, Þjónustumiðstöð Miðborgar- og Hlíða vegna erlendra kvenna, heilsugæslur

og vísa málum til Barnaverndar þegar það ber upp á. Þjónustumiðstöð Miðborgar- og Hlíða hefur séð um málefni erlendra kvenna og hægt er að kalla á félagsráðgjafa þaðan inn í Kvennaathvarf þegar þarf og einnig hitta þeir konur og veita upplýsingar þó konurnar séu ekki úr þeirra hverfi t.d. varðandi dvalarleyfi og fleira. Samstarf er við Kvennaráðgjöfina og Stígamót. Samstarf er við Rauða krossinn þegar konur þurfa föt og stundum koma sjálfboðaliðar frá honum til að gæta barna um helgar og létta undir með konunum. Rauði krossinn er einnig með lögfræðiþjónustu einu sinni í viku fyrir erlendar konur. Konur sem dvelja í Kvennaathvarfi fá aðstoð þar við að hafa samband við þá aðila sem þær þurfa hverju sinni.

Stígamót hafa mikið samband við Neyðarmóttökuna, Kvennaathvarfið og Kvennaráðgjöfina. Stjórnvöld leita meira og meira eftir því að fulltrúar Stígamóta eigi sæti í vinnuhópum á þess vegum. Undirbúningur stendur yfir fyrir stóra ráðstefnu 24. október 2010 um kynferðisofbeldi og kallaði Stígamót eftir samvinnu við sextán samtök kvenna sem öll vildu koma að þessum undirbúningi. Frumkvæðið kom frá Stígamótum.

3.10 Staða barna

Kvennaráðgjöfin leggur áherslu á ráðgjöf við konurnar ekki börnin. Óbeint reyna ráðgjafar að hafa áhrif á að konur búi ekki við óviðunandi aðstæður og hvetur þær til að fara í Kvennaathvarfið þegar við á.

Sólstafir hafa ekki þurft að huga sérstaklega að stöðu barna þar sem slíkt mál hefur ekki komið uppá borð hjá þeim ennþá. Hins vegar er reiknað með að slík mál yrðu unnin í samráði við Félagsþjónustuna og konurnar sjálfar.

Aflið sinnir tilkynningarskyldu eins og lög gera ráð fyrir ef staða barna er óörugg eða börn eru í hættu.

Ef konur leita sjálfar í Kvennaathvarfið og eru með börn á sínum vegum sem metið sé að séu í hættu þá er tilkynningarskyldu framfylgt og einnig ef kona fer aftur heim með börn í óbreytt ástand þá er það tilkynnt Barnaverndinni. Kvennaathvarfið hefur möguleika á að vísa börnum í sálfræðimeðferð ef þau hafa búið við ofbeldi en það er nýtt úrræði frá áramótum 2009–2010. Sjálfboðaliðar koma og sinna börnunum en annars er hverju barni tekið eins og það er.

Stígamót hafa fyrirvara á þessu enda koma konur ekki þangað vegna þess að þær séu í ofbeldissamböndum. Ef vitneskja berst um að barn búi við kynferðislegt ofbeldi og leitað er ráðgjafar hjá Stígamótum þá bjóðast þær til að tilkynna um ofbeldið til yfirvalda eða leiðbeina viðkomandi um hvernig það skuli gert. Í undantekningartilfellum ef kona er í neyslu eða er andlega mjög sjúk þá er tilkynnt til Barnaverndar en það heyrir til undantekninga. Oftast leita konur til Stígamóta tíu til fimmtán árum eftir að kynferðislega ofbeldið hefur átt sér stað.

3.11 Ábendingar um úrbætur

Efling þjónustu

Kvennaráðgjöfin vill aftur koma á fót hópastarfi fyrir konur sem eru að skilja eða hafa skilið en eru að fóta sig í nýjum aðstæðum eins og boðið var upp á tvisvar á ári í nokkur ár fyrir meira en fimm árum síðan. Einnig að þýða upplýsingabæklinga á mörg tungumál.

Sólstafir vilja koma á fót sjálfshjálparhópum, auka fræðslu í grunnskólum og geta tekið fleiri í einstaklingsviðtöl. Aflið vill setja á stofn athvarf fyrir konur á Norðurlandi, auka fræðslu í skólum og geta komist víðar með fræðsluna en nú er. Túlkaþjónusta er ofarlega á listanum yfir betri þjónustu.

Kvennaathvarfið vill auka kynningarstarf meðal allra kvenna á landinu öllu en fram að þessu hefur það beinst mest að höfuðborginni og nágrannabyggðum. Bent er á í þessu sambandi að erlendar konur á landsbyggðinni sem ekki tala íslensku sé afskiptur hópur. Einnig er talið mikilvægt að hafa fjölbreyttari starfshóp í Kvennaathvarfinu eins og barnastarfsmann sem væri hugsanlega leikskólakennari og félagsráðgjafa. Gott væri að geta veitt konum fylgd þegar þær þurfa stuðning eins og til sýslumanns, læknis og lögfræðings svo einhverjir séu nefndir. Auka þarf túlkaþjónustu.

Stígamót þurftu að leggja niður tvö stöðugildi og leggja af starfsemina úti á landi sem þýðir að álag á starfskonur er meira og þá takmarkast þjónustan sem hægt er að veita.

Öll telja samtökin að aukið og tryggt fjármagn myndi efla þjónustuna til muna enda fari mikill og dýrmætur tími í að afla fjármagns um leið og mikilvægri starfsemi sé haldið úti, oft af sjálfboðaliðum. Flest félagasamtök telja að þau nái að framfylgja markmiðum býsna vel miðað við aðstæður.

Aukin þekking

Kvennaráðgjöfin vill auka fræðslu um kynbundið ofbeldi og tryggja að fræðslan sé með réttum formerkjum þannig að sjálfboðaliðarnir sem þar starfa átti sig á rót vandans.

Sólstafir hafa átt þrjár starfskonur í námi á meistarastigi við Háskólann á Akureyri sem luku fjarnámi nú í vor á námskeiði sem heitir; Kynbundið ofbeldi, ill meðferð og vanræksla. Bent er á samstarf við Fjölmenningarsetur en fulltrúar frá því voru einnig í sama námi.

Aflið leggur áherslu á að auka þekkingu á áhrifum ofbeldis á börn og auknum tengslum við barnaverndaryfirvöld í sambandi við það.

Kvennaathvarfið vill auka þekkingu almennings á ofbeldi og efla sérþekkingu t.d. meðal presta þannig að þeir greini á milli óhamingju í sambúð og ofbeldis. Frekara samstarf við skóla myndi skila ávinningi fyrir samfélagið og auka þekkingu kennara og leikskólakennara á ofbeldi og afleiðingum þess. Fræðsla starfsfólks þarf að vera stöðug að mati viðmælenda og áhersla sé lögð á að miðlun fræðslu meðal starfsfólks skipti máli til þess að styrkja þekkingargrunninn. Mikilvægt er einnig að fá utanaðkomandi fræðslu eins og frá Barnaverndinni.

Stígamót hafa hækkað menntunarstig starfskvenna sinna og eru með leiðbeinendanámskeið fyrir þá sem leiða sjálfshjálparhópa. Til að auka þekkingu eru haldnar ráðstefnur, sérfræðingum er boðið í heimsókn og fylgst er með því sem er að gerast erlendis.

Öll telja félagasamtökin að fræðsla sé af hinu góða bæði innan veggja samtakanna og úti í samfélaginu og benda á að enn skorti mikið á að almenningur og fagstéttir séu nægjanlega upplýst um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum. Margar leiðir eru farnar til þess að nálgast þekkingu og einnig til að miðla þekkingu um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum. Sjálfboðastarf hefur ekki aukist eftir kreppu.

4. Þjónusta og ábendingar um úrbætur félagasamtaka sem stundum veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum.

Samtökin eru: Efling, Félag einstæðra foreldra, Fjölmenningarsetur, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn og Samtök kvenna af erlendum uppruna. Í þessum kafla eru megináherslur sem fram komu í viðtölum við fulltrúa samtakanna.

4.1 Meginmarkmið

Öll þessi félagasamtök hafa að meginmarkmiði að veita þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu þjónustu og stuðning en gera það á mismunandi hátt eftir eðli samtakanna. Stundum þurfa þau að aðstoða konur sem beittar hafa verið ofbeldi.

Sjúkrasjóður Eflingar greiðir konum dagpeninga vegna óvinnufærni eða launaleysis. Persónulegt samband við þær er lítið.

Félag einstæðra foreldra hefur að meginmarkmiði að styðja og efla einstæða foreldra. Það vísar konum í ofbeldissamböndum á Kvennaathvarf og viðeigandi aðila. Eftirfylgd er regla hjá samtökunum.

Fjölmenningarsetur veitir innflytjendum þjónustu í formi upplýsinga og gegnir þjónustu við allt landið enda verkefni á vegum félagsmálaráðuneytis.

Mannréttindaskrifstofan vinnur að mannréttindavernd á Íslandi og auknum réttindum borgaranna með fræðslu og umræðu sem beinist að því að hafa áhrif á löggjöf til að bæta réttindi borgaranna. Skrifstofan starfar í samráði við Sameinuðu þjóðirnar og fleiri aðila sem standa vörð um mannréttindi. Vinna með einstaklingum er lítil þar sem stefnumörkun og þrýstingur á stjórnvöld er helsta vinnuaðferð skrifstofunnar.

Rauði krossinn veitir fólki í neyð aðstoð og styður við bakið á þeim sem minna mega sín. Konum sem búa við ofbeldi er bent á viðeigandi aðila.

Samtök kvenna af erlendum uppruna hafa að meginmarkmiði að gæta hagsmuna erlendra kvenna. Helsti vandi samtakanna er að ná til erlendra kvenna því einangrun þeirra er meginvandamálið. Þjónustan felst í að veita konunum upplýsingar um réttarstöðu og þá einmitt í tengslum við ofbeldi í nánum samböndum.

4.2 Tilvísanir

Hjá Eflingu koma konurnar oftast sjálfar með upplýsingar þar sem ekki er spurt um hagi þeirra beinlínis. Ef ofbeldi kemur fram þá er konunni vísað á lögmann félagsins og einnig til starfsendurhæfingaraðila sem nýlega tóku til starfa. Þeir vísa málum í farveg. Fram kemur að eftir að trúnaðarlæknir tók til starfa hjá Eflingu, um síðustu áramót, og kallað er eftir vandaðri læknisvottorðum en áður, hefur ofbeldið komið fram í meira mæli. Tilvísunaraðilar eru oft félagsráðgjafar t.d. af Landspítala sem hafa samband vegna óvinnufærni konunnar.

Félag einstæðra foreldra fær upplýsingar frá konunni óbeint í samtali við hana. Kvennaathvarfið sendir konur sem eru í ofbeldissamböndum og húsnæðisvanda til félagsins. Félagið er með átta íbúðir m.a. fyrir konur sem ekki geta búið heima vegna ofbeldis.

Til Fjölmenningarseturs leita konur sjálfar vegna annars en ofbeldis, en ofbeldi kemur stundum í ljós og oft vísar annar aðili málinu til þeirra.

Til Mannréttindaskrifstofu leita konur ekki beint vegna ofbeldis en ef skrifstofan heyrir af máli í gegnum annan aðila en konuna sjálfa er málinu vísað í réttan farveg.

Til Rauða krossins leita konur ýmist sjálfar eða annar aðili, t.d. vinkona, aðstoðar þær við að leita eftir aðstoð. Oftast koma þær undir öðru yfirskini eins og til að leita eftir mataraðstoð eða öðru slíku og ofbeldið kemur þá í ljós. Í langflestum tilfellum er um erlendar konur að ræða. Í sumum tilfellum konur sem hafa skilið við íslenska eiginmenn og standa uppi án fjölskyldu. Tilvísanir á Kvennaathvarfið er vinnulagið í mörgum málum og stundum hafa þær verið keyrðar þangað af starfsmönnum Rauða krossins.

Samtök kvenna af erlendum uppruna hafa ekki neina starfsaðstöðu né síma og veita því ekki konum viðtöl eða þjónustu vegna ofbeldissambanda. Starfsfólk heyrir óbeint af ofbeldi gegn konum í nánum samböndum. Samtökin starfa á grundvelli tengslanets og eru fámenn.

4.3 Breytingar síðustu fimm ár

Hjá Eflingu hefur orðið aukning, fleiri konur leita til sjúkrasjóðs en áður og þetta eru fyrst og fremst erlendar konur.

Hjá Félagi einstæðra foreldra hefur orðið aukning. Ástæðan er fyrst og fremst fátækt að mati viðmælanda.

Aukning hefur orðið hjá Fjölmenningarsetri. Það hefur aukið þjónustu sína og starfsemin hefur vaxið og er fjölbreyttari en áður.

Viðmælendur hjá Rauða krossinum hafa aðeins starfað þar í þrjú ár og hafa ekki upplýsingar um breytingar á síðustu fimm árum.

Samtök kvenna af erlendum uppruna telja að fjölgun hafi orðið en vekja jafnframt athygli á að erlendar konur treysta sér ekki til að koma fram vegna þess að dvalarleyfi þeirra er tengt hjónabandinu, þær óttast að verða vísað úr landi ef þær tilkynna um ofbeldi gegn sér.

Mannréttindaskrifstofan hefur engar tölur um breytingar síðastliðin fimm ár.

4.4 Skráningar

Efling skráir ekki ofbeldi gegn konum eða spyr sérstaklega um það, en oft kemur það fram þegar annar aðili, oftast kona, fylgir viðkomandi til Eflingar.

Hjá Félagi einstæðra foreldra er ekki spurt sérstaklega um þetta og aðeins er skráð kyn, aldur og barnafjöldi. Erlendar konur eru þar í meirihluta.

Fjölmenningarsetur skráir þetta ekki sérstaklega eða spyr um það. Skráning hefur breyst á þann hátt að meðan mál er í vinnslu er það nú geymt að hluta en eytt þegar máli er lokið. Engar skýrslur eru til.

Mannréttindaskrifstofan spyr ekki sérstaklega um ofbeldi eða skráir það.

Rauði krossinn spyr ekki beinlínis um ofbeldi eða skráir hjá sér en það kemur oft fram í viðtölum um annað.

Samtök kvenna af erlendum uppruna spyrja ekki sérstaklega um ofbeldi gegn konum né skrá það.

4.5 Þjónusta

Efling er stéttarfélag og hefur lögmann starfandi sem veitir ókeypis ráðgjöf og einnig eru starfsendurhæfingaraðilar sem starfa með Eflingu og vísa málum áfram til réttra aðila.

Félag einstæðra foreldra veitir alhliða ráðgjöf en býður einnig lögfræði- og félagsráðgjöf. Fjárhagsaðstoð fá konur hjá Félagsþjónustunni en á því ber meðal erlendu kvennanna að þær veigri sér við að leita þangað ef þær eru í ofbeldissamböndum vegna óttans við að missa dvalarleyfið. Öll bréf frá Félagsþjónustunni eru á íslensku og margar af þessum konum tala ekki íslensku og sumar eru ekki læsar. Fræðsla mætti vera meiri á mörgum tungumálum og þannig aðgengilegri. Sjálfsstyrkingarhópar eru úrræði sem myndi nýtast mörgum því margar af erlendu konunum eru mjög einangraðar og eiga enga fjölskyldu hér á landi. Þjónusta félagsins felst í að koma á tengslum við þjónustuaðila úti í samfélaginu. Erlendar konur eiga oft erfitt með að koma í viðtöl á vinnutíma vegna fordóma á vinnustöðum og af ótta við að missa vinnuna.

Fjölmenningarsetur veitir erlendum konum þjónustu en segir hana mjög mismunandi eftir því hvaða möguleikar eru í nærsamfélagi kvennanna. Túlkaþjónusta sé dýr og ekki á boðstólum, hópastarf henti ekki í öllum tilfellum, sálfræðimeðferð sé dýr en aðstoð frá félagsráðgjöfum er í boði. Tilvísanir hafa verið á Kvennaathvarfið. Erlendu konurnar eru tregar til að leita eftir fjárhagsaðstoð vegna óttans við að missa dvalarleyfið. Viðmælandi benti á að skort-

ur á úrræðum væri verulegur og að þjónustuþörfin væri mismunandi eftir því hvaðan konurnar koma og hvaða trú þær hafa og einnig séu margar konur ólæsar á eigið tungumál. Bent er á að mikilvægt sé að hrinda úr vegi fordómum sem séu gagnvart íslenskum eiginmönnum þessara kvenna. Í sumum tilfellum sé um að ræða félagslega sterka eiginmenn sem vert væri að virkja í baráttunni gegn fordómum í garð erlendra kvenna sem eru giftar íslenskum karlmönnum og koma upplýsingum út á meðal karlanna sem gætu haft áhrif á aðra karla í sömu stöðu og þannig haft áhrif á hegðun karla gagnvart konum. Meginhindrunin í flestum tilfellum séu tungumálaerfiðleikar en þeir réttlæti ekki ofbeldi né fordóma.

Mannréttindaskrifstofa er upplýsingaveita og beinir konum í viðeigandi farveg eins og til Kvennaathvarfs eða Stígamóta en áréttað er að fjármagnsskortur sé meginhindrunin fyrir öflugra starfi þessara samtaka og meiri þjónustu. Einnig mætti styrkja innviði Félagsþjónustunnar og heilbrigðisstéttanna.

Rauði krossinn kemur ekki í stað Félagsþjónustunnar en sendir engan frá sér og hefur Bónuskort sem fólk getur fengið til að kaupa í matinn og þá er vísað á viðeigandi þjónustuaðila. Rauði krossinn býður lögfræðiráðgjöf á sínum vegum. Tilvísanir og fylgd er í boði ef konur fara í Kvennaathvarfið, Stígamót eða heilsugæslu. Upplýsinga- og lögfræðiþjónusta fyrir innflytjendur er í boði á vegum Rauða krossins og verkefnisstjóri innflytjendamála er sálfræðingur sem veitir sjálfboðna ráðgjöf í sumum tilvikum. Félagsvinir og stuðningshópar eru úrræði sem boðið er upp á.

Samtök kvenna af erlendum uppruna veita ekki beina þjónustu og sakna Alþjóðahúss mikið, eins og það var. Þar var vettvangur sem nú er horfinn að mestu. Samtökin stóðu að námskeiðum í samvinnu við Alþjóðahús með konum sem höfðu verið beittar ofbeldi í nánum samböndum. Fóru með þeim í bankann, á heilsugæslu og á bókasafnið meðan þær voru að jafna sig og leita út í samfélagið aftur. Erlendar konur eru mjög uppteknar af dvalar- og búsetuleyfum og trúa ekki því sem þeim er sagt um rétt þeirra og eru því afar tregar til að leita réttar síns eins og komið hefur í ljós. Mikilvægt er að þær fái rétta og faglega ráðgjöf því skaði hefur stundum verið að rangri ráðgjöf. Samstarf er nú við Þjónustumiðstöð Miðborgar– og Hlíða sem er af hinu góða. Mikilvægt er talið að hugað sé að fræðsluefninu og hvernig því er dreift. Menningarmunur sé mikill og í sumum tilfellum má ekki nefna ákveðna líkamshluta en fræðslan byggist yfirleitt á íslenskum þekkingargrunni. Íhuga þurfi upplýsingadreifinguna gaumgæfilega. Efnið þurfi að vera á þeim stöðum þar sem konurnar geta tekið það án þess að þeim sé veitt athygli.

4.6 Fatlaðar, aldraðar og erlendar konur

Efling hugar ekki sérstaklega að öldruðum, erlendum eða fötluðum konum en viðmælandi tekur fram að það séu yfirleitt yngri konur sem séu í ofbeldissamböndum og leiti til Eflingar. Málum er vísað til lögmanns eða til starfsendurhæfingaraðila, sem vísa málum í viðeigandi farveg.

Félag einstæðra foreldra hefur engin afskipti af öldruðum konum en fatlaðar konur leita eftir aðstoð og einnig erlendar konur. Félagið býður hópastarf fyrir ungar verðandi mæður og fyrirhugað var að einn af hópunum væri fyrir erlenda konur en þátttaka var svo dræm að það var ekki gert.

Fjölmenningarsetur sinnir fyrst og fremst erlendum konum og skilgreinir aldraðar konur á aldrinum 67 og eldri en sá hópur hefur ekki komið til þeirra. Þjónusta við fatlaðar konur sem slíkar er engin en ólæsar konur koma til að fá þjónustu m.a. í formi upplýsinga.

Til Rauða krossins leita erlendar konur og settir hafa verið á laggirnar sérhópar fyrir erlendar aldraðar konur sem eru á Íslandi til að gæta barna en búa við mikla einangrun. Þeim hefur verið boðið, í vor, að vera í hópi sem hittist reglulega vegna ýmissa verkefna og styttri ferða. Mikli ánægja er með þetta meðal þeirra sem nýta sér þjónustuna og hún er vel sótt. Starfsemin fer fram hjá Reykjavíkurdeild Rauða krossins á Hlemmi því aðgengi með strætisvögnum er best þar.

Samtök kvenna af erlendum uppruna hafa ekki þjónustað þessa hópa en hafa aflað sér upplýsinga m.a. í Finnlandi um þjónustu við aldraðar konur og heimsótt Vistheimilið Grund með fræðslu. Innflytjendur eru ekki komnir í hóp aldraðra en farið er að huga að þjónustu við þá.

Mannréttindaskrifstofa gerir ekki mun á þessum hópum og veitir þeim enga sérþjónustu.

4.7 Fræðsla

Efling gefur út fréttablað einu sinni í mánuði. Fræðsluerindi fyrir starfsfólk Eflingar væri hægt að halda m.a. í þeim tilgangi að auka fræðslu um einkenni ofbeldis og starfsfólkið geti þannig áttað sig betur á því enda eigi fólk erfitt með að trúa því að ofbeldi sé veruleiki margra. Félag einstæðra foreldra leggur áherslu á að fræðsla um ólíka menningu sé mikilvæg svo auðveldara sé að skilja bakgrunn og hegðun fólks.

Fjölmenningarsetrið leggur áherslu á að auka fræðslu um fjölmenningu meðal starfsfólks og einnig meðal almennings. Íhuga þurfi aðferðirnar sem notaðar eru við að koma fræðslunni áfram t.d. að hafa hana meira á myndrænu formi og að fjölga þeim leiðum sem konurnar hafa til að leita eftir þjónustu. Einnig sé mikilvægt að vinna bug á vantrausti kvenna gagnvart því að leita til Félagsþjónustunnar sem virðist grundvallast á óttanum við að missa dvalarleyfið.

Mannréttindaskrifstofa bendir á mikilvægi þess að fara í heildstætt fræðsluátak um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum. Efla þurfi fræðslu um málefnið í dómskerfinu og meðal lögmanna svipað og gert var innan lögreglunnar.

Rauði krossinn veitir sjálfboðaliðum sem þar starfa upplýsingar um hvert þeir geti leitað eftir frekari fræðslu auk þess að þeir fá undirbúning á námskeiðum hjá Rauða krossinum. Mentor sé virk fræðsluleið sem tengir erlendar konur við íslenskar konur sem hafa fengið undirbúningsnámskeið áður en þær gerast mentorar. Mikilvægt sé að sjálfboðaliðar þekki einkenni ofbeldis.

Samtök kvenna af erlendum uppruna leggja áherslu á að þar starfi sjálfboðaliðar sem séu tengdir Kvennaathvarfi, Alþjóðahúsi og fleiri stöðum og hafi þannig fengið þekkingu á málefnum kvenna sem búa við ofbeldi en leggja jafnframt áherslu á að það sé ekki fagþekking.

4.8 Samstarf og samstarfsaðilar

Efling hefur mest samstarf við félagsráðgjafa á Landsspítalanum og starfsendurhæfingaraðilana sem eru í samtarfi við Eflingu. Síminn er notaður mest til samskipta.

Félag einstæðra foreldra hefur mest samstarf við Kvennaathvarfið og félagsráðgjafa hjá Félagsþjónustunni og þá mest vegna húsnæðis sem félagið á í Skeljanesi. Konur sem dvalið hafa í Kvennaathvarfi fá að vera þar í einhverjum tilfellum. Upplýsingum er miðlað með heimsóknum t.d. í Kvennaathvarfið. Fjölmenningarsetur er í sambandi við Kvennaathvarfið, systursamtök Stígamóta á Akureyri einnig Rauða krossinn og sveitarfélögin.

Mannréttindaskrifstofan er í sambandi við Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfina, Stígamót og voru í sambandi við lögfræðing Alþjóðahúss t.d. vegna átaksverkefna og í óformlegu sambandi þegar mál komu upp sem þörfnuðust úrlausnar. Síminn er mest notaður til samskipta.

Rauði krossinn hefur mest samskipti við Kvennaathvarfið, Stígamót, lögfræðiráðgjöf Rauða krossins og áður við Alþjóðahús. Samband er við Þjónustumiðstöðvarnar varðandi upplýsingagjöf og flest öll samskipti fara fram símleiðis og með tölvupósti.

Samtök kvenna af erlendum uppruna eiga fulltrúa í Kvennaathvarfi, samskipti eru við Alþjóðahús en í minna mæli en áður og Jafnréttishús í Hafnarfirði auk Þjónustumiðstöðvar Miðborgar- og Hlíða. Námskeið sem eru haldin eru samstarfsverkefni Samtakanna og Þjónustumiðstöðvarinnar. Heimsóknir á þessa staði og dreifing á bæklingi auk upplýsingafunda með ofnagreindum aðilum er samskiptaformið.

4.9 Staða barna

Hjá Eflingu er ekki hugað sérstaklega að stöðu barna nema ef í ljós kemur að börn búa við ofbeldi þá er reynt að flýta viðtölum við starfsendurhæfingarráðgjafa.

Félag einstæðra foreldra hefur samband við Barnavernd ef uppvíst verður um ofbeldi gegn konum. Einnig er haft samband við félagsráðgjafa í hverfi viðkomandi.

Fjölmenningarsetrið tilkynnir til barnaverndaryfirvalda ef þurfa þykir og alltaf er spurt hvort börn séu á heimilinu þegar kona segist búa við ofbeldi í nánu sambandi.

Hjá Mannréttindaskrifstofunni er málum vísað áfram til réttra aðila en megináherslan er á konurnar.

Rauði krossinn hefur strax samband við félagsráðgjafa í hverfi viðkomandi konu sem býr við ofbeldi og fær leiðbeiningar um framhaldið þegar börn eru í myndinni. Auk þess er vinnureglan er sú að spyrja hvort börn séu í fjölskyldunni.

Samtök kvenna af erlendum uppruna vísa málum til viðeigandi aðila.

4.10 Ábendingar um úrbætur

Félagasamtökin nefna flest að *auka þurfi fjármagn* til þeirra samtaka sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem eru beittar ofbeldi í nánum samböndum. Þau nefna einnig að *stórefla þurfi túlkaþjónustu* vegna erlendra kvenna, *auka fræðslu* til almennings um ofbeldi á heimilum og styrkja starfsfólk í að *þekkja einkenni* ofbeldis. Huga þurfi að *fjölbreytni í kynningu á fræðsluefni.* Flest nefna að mikilvægt sé að *endurvekja fyrri starfsemi Alþjóðahúss.*

5 Sérstakar hugmyndir viðmælenda sem fram komu í viðtölum

5.1 Þjónusta er meginmarkmið

Ofbeldi er daglegur viðburður hjá mjög mörgum konum. Ofbeldi gegn konum er samfélagsmein en ekki fáeinar æsifréttir sem slegið er upp í fjölmiðlum. *„Það vantar skilning á því að ofbeldi er daglegur viðburður.“ „Partur af daglegu lífi gríðarlega stórs hóps. En ekki svona einhver – einhver æsifrétt eða tiltekið sko einstakt atvik.“*

Kvennaathvarf í hvern landsfjórðung. Þjónustan þarf að vera í návígi til að þjóna sem flestum. Aðeins eitt Kvennaathvarf er til á landinu og það er í höfuðborginni. *„Já, það mættu vera fleiri kvennaathvörf ... ég tel það vera ... mjög brýnt.“*

Fjárhagslegt ósjálfstæði kvenna. Stór hópur kvenna fer aftur heim í óbreyttar aðstæður vegna þess að þær eru háðar eiginmanni um framfærslu og hafa ekki fjárhagslegt sjálfstæði. *„Og það er reynsla okkar að það sé að mestu, miklu leyti sá hópur sem líka fer aftur heim en vill kannski ekki ræða það ... sé tilkomið vegna fjárhagsstöðu fjölskyldunnar.“ „Það verður allt svo erfitt þegar maður hefur ekki pening.“*

Lagalega hliðin gagnvart konum þarf að vera sterkari. Skilnaður er erfiður og tekur oft mjög langan tíma. Sönnunarbyrðin er mikil og erfið að mati vaktstýru Kvennaathvarfsins. Fjárhagslegt ósjálfstæði takmarkar lögfræðiaðstoð í skilnaðarmálum. *„Já, ég myndi vilja sjá ... svona að staða kvenna í ... já í þessum aðstæðum væri auðveldari lagalega séð.“*

Flýtimeðferð er nauðsynleg. Það er erfitt fyrir konur að bíða eftir skilnaði og öðru sem fylgir því að fara í aðrar aðstæður. Löng bið getur verið eftir afgreiðslu sýslumannsembætta vegna skilnaða. *„Já, ég held sko að flýtimeðferð...einhver sko sérmeðferð innan Félagsþjónustunnar.“ „Flýtimeðferð hjá sýslumann.“*

Brotnar konur. Konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánum samböndum eru oft mjög hjálparvana og brotnar andlega. Hafa flestar búið við ofbeldið árum saman. Þær hafa búið við einangrun og þekkja ekki rétt sinn. *„Og það þarf að benda þeim á hvert þær geti leitað, þær eru oft svo brotnar í samböndunum, svo einangraðar að þær geta ekkert.“ „Svo ófrjálsar og lokaðar og hvað þá náttúrlega erlendu konurnar. Þar vantar náttúrlega mikið upp á.“*

Úrræði eftir dvöl í Kvennaathvarfi. Skortur er á húsnæðisúrræðum fyrir konur sem koma úr Kvennaathvarfinu. Kvennaathvarfið er neyðarathvarf og ekki er reiknað með að konur dvelji í slíku athvarfi lengur en fjórar vikur. Konan er í raun einstæð móðir, ef hún á börn, án réttinda sem slík þar sem hún er ennþá gift. *„Og það er hægt að teygja í langan tíma þennan sem sagt skilnað..þetta skilnaðarferli.“ „Þannig að það er oft mjög erfiður tími bara fjárhagslega og félagslega. Ég held að það sé mjög mikilvægt að beina sjónum að þessu, já.“*

Virkja þarf eftirlit með öldruðum konum. Mikilvægt er að ná til aldraðra kvenna með kynningarstarfi og einnig er hugsanlegt að virkja eftirlit í gegnum heimilishjálp og heilbrigðisþjónustu. *„Þá mætti kannski nota þá aðila sem svona einhvers konar milligöngu fólk.“*

Tryggja þarf erlendum konum þjónustu. Erlendar konur fá minni þjónustu og lakari en íslenskar konur af ýmsum ástæðum en þó fyrst og fremst vegna tungumálaerfiðleika, frelsissviptingar og einangrunar. Minnstu þjónustuna fá konur sem eru frá svæðum utan EES. Konur giftar Íslendingum þurfa að hafa dvalið í landinu á svokölluðu dvalarleyfi í fjögur ár áður en þær fá búsetuleyfi eða geta sótt um íslenskan ríkisborgararétt. Réttindi þeirra eru takmörkuð. *„Það eru að vísu ákvæði í útlendingalögum sem segja að ef sambúð sé slitið vegna ofbeldis þá sé í sérstökum aðstæðum hægt að veita konu dvalarleyfi þó hún sé ekki búin að vera nógu lengi í landinu til þess.“ „Það hefur engin af þeim konum sem hafa leitað til okkar mér vitanlega fengið.“*

Tryggja þarf örugga túlkaþjónustu. Túlkaþjónusta kostar peninga og þau félagasamtök sem minni eru geta ekki veitt erlendum konum þjónustu vegna þess að þau geta ekki greitt fyrir túlkaþjónustu. Einnig er vandasamt að velja túlka sérstaklega í litlum samfélögum. Það þarf að vera hægt að treysta þagmælsku þeirra. *„... þurfum náttúrulega túlka sem við getum treyst ... getum ekki fengið bara frá einhverri túlkaþjónustu.“*

Fordómar innan og utan kerfis. Fordómar eru í íslensku samfélagi og fordómar eru innan fagstétta sem þarf að uppræta. Þetta kemur fram í skráningu ofbeldis oft á þann hátt að það sem flokkast sem ofbeldi á höfuðborgarsvæðinu er flokkað sem heimiliserjur í öðrum sveitarfélögum. Vantar meiri fræðslu. Fordóma virðist gæta innan félagsþjónustunnar. *„Mér dettur í hug eitt dæmi, mál sem hefur fengið allt aðra meðferð heldur en að ég hef nokkurn tíman séð áður af því að konan sem á í hlut er erlend og hafði unnið fyrir sér sem nektardansmær ... og málið fékk einhvern veginn aðra meðferð af því.“*

Þéttleiki í litlum samfélögum er hindrandi. Í litlum samfélögum þekkjast allir og tengjast einhverjum böndum sem gerir fólki erfitt fyrir að opna ofbeldismál enda á það á hættu að

verða útskúfað ef það gerir það. *„Og við erum að horfa á alveg ótrúlegan fjölda koma til okkar frá litlu stöðunum sem eru fullorðnar því þær hafa ekkert geta leita.“*

Nálgunarbann er of lítið notað. Nálgunarbanni er of sjaldan beitt né er ofbeldismaður fjarlægður af heimilinu. Konurnar þurfa að flýja. Úti í samfélaginu eru karlar ekki eins harðsvíraðir og gagnvart konum sínum inni á heimilum. *„Nálgunarbann sjáum við mjög sjaldan verða...en það nýtist gjarnan þeim konum sem fá nálgunarbann á sína menn en það gerist ekki oft.“ „... Sé það þá ... þá er það allavega mjög sterk skilaboð til karlsins um að láta konuna í friði.“*

Fræðsla til kvenna þarf að vera meiri. Sumar konur vita ekki af þeim samtökum sem geta veitt þeim þjónustu þegar þær búa við ofbeldi. Erlendar konur eru verst settar vegna einangrunar. Oft á tíðum gera þær sér ekki grein fyrir að þær búi við ofbeldi eða að þær hafi einhvern rétt þar sem þær koma úr öðrum menningarsamfélögum þar sem karlar hafa öll völd. Erfitt er að koma fræðslu til þessara kvenna en þó hafa óhefðbundnar leiðir verið reyndar til þess. *„... sagði að úti í Noregi er til dæmis mjög sniðugt að þar er notað ... til dæmis matreiðslunámskeið fyrir erlendar konur ... og þá er þeim kennt í leiðinni en þetta þarf að heita eitthvað annað“ ...“í staðinn fyrir að þær séu að fara og leita upplýsinga um Ísland.“ „Vegna þess að um leið og þú ert komin með íslenskukennslu..að þá ertu farin að bjarga þér ... og þá geturðu leitað þér hjálpar.“*

Fræðsla til karla. Mikilvægt er að karlar fái fræðslu um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum svo þeir geti veitt öðrum körlum aðhald. *„Mér finnst að beina þurfi fræðslu til karla á öllum aldri á jákvæðan hátt, þannig að þeir geri sér grein fyrir að skemmdu eplin eru í þeirra hópi og að óþolandi sé að það skapi tortryggni í garð allra karla. Með þessu væri hægt að losa um þá skömm, sektarkennd og lélegu sjálfsmynd sem okkar konur glíma við.“*

Fræðsla til fagfólks. Nauðsynlegt er að fagfólk þekki einkenni sem vitna um ofbeldi en túlki þau ekki ranglega eða geri lítið úr vanlíðan kvenna sem leita til þess. Rólegt og yfirvegað tiltal getur ruglað konurnar í rýminu þannig að þeim finnist þær vera að gera of mikið úr sínum málum eða hafi hreinlega rangt fyrir sér. *„... þetta þýðir í rauninni það að sá sem er að tala við konurnar hann...hefur ekki nægjanlega mikla þekkingu til að gera sér grein fyrir því að sá sem hefur búið við ofbeldi lengi á kannski erfitt með að útskýra mál sitt ... hefur búið við andlega kúgun mjög lengi.“*

5.2 Þjónusta er stundum veitt

Kynjamisrétti er það mannréttindabrot sem hefur mest áhrif á stóran hluta þjóðar. Það leiðir af sér brotna sjálfsmynd, einangrun og hjálparleysi. *„Hjálpa þeim að hafa eðlilegri hérna sjálfsmynd af því að hún er orðin svo brotin.“ „Það er svo mikil hætta á því að þær einangrist. Þú mátt segja að kynbundið ofbeldi sé ein alvarlegasta birtingarmynd kynjamisréttis.“*

Ofbeldi gegn konum bitnar á börnum þeirra. Börn verða vitni að ofbeldi gegn móður og það hefur áhrif á þroska þeirra og líðan. *„Þá koðna þær bara niður og verða algjörlega hérna hjálparvana og það auðvitað bitnar á börnum þeirra.“*

Erlendar konur fá ekki sömu þjónustu og íslenskar konur. Af mörgum ástæðum fá erlendar konur ekki sömu þjónustu og íslenskar konur. Túlkaþjónustu er verulega ábótavant og oftast er hún engin. Tungumálið hindra að þær geti nýtt sér úrræði sem bjóðast íslenskum konum eins og sjálfshjálparhópa og fræðslu. Einnig eru sumar erlendar konur ólæsar. *„Það vantar túlk. Og ég þekki eina sem er bara barin daglega og hefur hringt tvisvar og hún talaði ensku, hún hefur hringt tvisvar sinnum í Kvennaathvarfið og fólkið sem svarar talar ekki*

ensku.“ „Hún býr heldur ekki í Reykjavík hún býr svona fyrir utan og það var, hana vantaði meira svona við komum og sækjum þig við hjálpum þér, skilurðu, bara hún kemst ekki hún er ekki með bíl, hún er ekki þar sem hún getur fengið sér strætó.“

Erlendar konur eru ekki einsleitur hópur. Menningarlegur bakgrunnur erlendra kvenna er ólíkur. Það sem hefur mest áhrif í íslensku samfélagi er trúin og staða konunnar í menningarlegu tilliti. Það skiptir einnig máli hvort konur eru af svæðum utan EES eða ekki. *„Hann talar og hún er kannski búin að vera í þremur vinnum og er bara dauðuppgefin og hann kannski á atvinnuleysisbótum ... þær eru algjörar undirlægjur svona upp til hópa og virðingarleysi gagnvart þeim, það er eiginmannsins.“ „Og það eru þættir sem þurfa að vera alveg á hreinu og það eru bara eins og réttindi kvennanna og staða þeirra á Íslandi og þá náttúrulega fyrst og fremst eftir því hvort að konurnar eru utan EES eða innan EES.“*

Óttinn við að missa dvalarleyfið er ráðandi meðal erlendra kvenna. Konur af erlendu bergi brotnar óttast mjög að missa dvalarleyfið á Íslandi ef þær gera vart við sig hjá yfirvöldum eða kvarta undan ofbeldi gegn sér og kjósa þess vegna að búa áfram við óbreyttar aðstæður. Atvinnuleysi gerir stöðu þeirra verri. *„... ert svona á vissum tíma ertu án dvalarleyfis ... og þá hefurðu ekki rétt á neinu ... og ef þig langar að vera einhvern tíman með íslenskan ríkisborgararétt þá getur þú ekki þegið neinar bætur eða aðstoð ... vegna þess að þá færðu ekki ríkisborgararétt.“ „Ég held hjá þessum erlendu konum er þessi hræðsla við að missa leyfið enn þá sterkari því áður fyrr var að minnsta kosti hægt hérna að finna atvinnu og geta sýnt fram á framfærslu og þú þarft að sýna framfærslu þegar þú sækir um leyfi.“*

6 Niðurstöður

6.1 Þjónusta er mest á höfuðborgarsvæðinu.

Kvennaathvarf er aðeins í Reykjavík og þar eru helstu félagasamtök sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem búa við ofbeldi í nánum samböndum. Þangað leita frekar konur af höfuðborgarsvæðinu en af landsbyggðinni. Félagasamtök sem stundum veita aðstoð konum sem beittar eru ofbeldi í nánum samböndum vísa þeim í Kvennaathvarf, Kvennaráðgjöf og Stígamót.

6.2 Þjónustuþörfin er fyrst og fremst í kringum aðstæður kvennanna.

Konurnar eru fjárhagslega háðar maka, skilnaðarferlið er langt og sönnunarbyrðin er þung samkvæmt ábendingu eins viðmælanda. Flýtimeðferð í skilnaðarmálum er ekki fyrir hendi. Nálgunarbanni er sjaldan beitt en eru sterk skilaboð til karlsins um að láta konuna í friði. Um það bil helmingur kvenna sem dvöldu í Kvennaathvarfinu fór aftur heim í óbreyttar aðstæður á síðasta ári.

6.3 Fatlaðar, aldraðar og erlendar konur eru afskiptar hvað þjónustu varðar og sérstaða erlendra kvenna er mikil.

Þessir hópar eru afskiptir þegar kemur að þjónustu og hafa ekki sama aðgengi að henni og aðrir hópar. Húsnæði Kvennaathvarfsins býður ekki uppá þjónustu við líkamlega fatlaðar konur og konur sem þangað leita þurfa að geta tekið þátt í venjulegu heimilishaldi þannig að andlega fatlaðar konur komast ekki þar inn. Stígamót eru einnig í erfiðu húsnæði fyrir fatlaða. Aldraðar konur leita lítið eftir þjónustu vegna ofbeldis. Sérstaða erlendra kvenna er mikil, sérstaklega úti á landsbyggðinni og mikilvægt er að líta ekki á erlendar konur sem einsleitan hóp. Túlkaþjónusta er lítil sem engin. Fræðslan byggist á íslenskum þekkingargrunni og bréf frá Félagsþjónustu eru á íslensku. Margar erlendar konur tala aðeins sitt

móðurmál og sumar eru ólæsar. Fræðslan nær því oft ekki til þeirra með þeim aðferðum sem nú er beitt. Fordóma verður vart á vinnustöðum þeirra og margar búa við frelsissviptingu og einangrun á eigin heimili. Allir viðmælendur tóku fram að staða kvenna af svæðum utan EES væri verst. Þær fá dvalarleyfi á grundvelli framfærslu sem gerir þær háðar maka sínum og hindrar þær í að leita eftir opinberri aðstoð af ótta við að missa dvalarleyfið eða að fá ekki íslenskan ríkisborgararétt.

6.4 Konur leita ýmist sjálfar eftir aðstoð eða koma í fylgd annarra.

Konur leita ýmist sjálfar eftir aðstoð eða koma í fylgd vinkvenna, lögreglu, vinnuveitenda eða annarra sem liðsinna þeim eins og starfsfólk Rauða krossins. Þær leita oft eftir aðstoð fyrir atbeina félagsráðgjafa á sjúkrahúsum.

6.5 Takmörkuð þjónusta er í boði.

Aðeins eitt kvennaathvarf er á landinu og það er í höfuðborginni. Ekkert athvarf er á landsbyggðinni. Stígamót hættu starfsemi á sex stöðum úti á landi vegna fjárskorts á síðasta ári. Aflið á Akureyri þjónustar nærbyggðirnar og Sólstafir á Ísafirði standa frammi fyrir lokun þar sem engu fé hefur verið veitt til starfseminnar á árinu. Kvennaráðgjöfin hefur aðsetur í höfuðborginni. Þjónustumiðstöð Miðborgar- og Hlíða hefur þjónustað erlendar konur sérstaklega.

6.6 Túlkaþjónustu er verulega ábótavant.

Allir viðmælendur tóku fram að túlkaþjónustu væri verulega ábótavant og í sumum tilfellum fæst engin þjónusta vegna fjárskorts. Einnig tóku þeir fram að máli skipti að túlkaþjónustan væri fagleg og að trúnaður væri virtur þegar túlkur er kallaður til.

6.7 Viðhorf fagfólks skiptir verulegu máli.

Þegar fræðsla til fagfólks nær tilgangi sínum skiptir það miklu máli fyrir konur sem búa við ofbeldi í nánum samböndum. Þá verður ofbeldið sýnilegra. Árið 2008–2009 breyttist t.d. viðhorf fagfólks á Akureyri til ofbeldis innan heilsugæslu og mæðraeftirlits og þá varð veruleg aukning í málum sem komu til Aflsins. Efling kallaði eftir vandaðri læknisvottorðum eftir að trúnaðarlæknir kom til starfa hjá félaginu um síðustu áramót og þá var mikil aukning í ofbeldismálum hjá Sjúkrasjóði Eflingar.

6.8 Fræðslu um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum er ábótavant.

Fræðslu til almennings, vinnustaða og fagfólks er ábótavant vegna fjárskorts þeirra félagasamtaka sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum. Vilji til að fara víðar með fræðslu um efnið er fyrir hendi og það er gert eins og hægt er en kallað er eftir meira fjármagni til þess.

6.9 Hugað er að stöðu barna.

Yfirleitt er spurt sérstaklega um börn þegar kona leitar eftir þjónustu vegna ofbeldis í nánu sambandi. Tilkynningarskyldan er alltaf virt og barnaverndaryfirvöldum tilkynnt um mál barna þegar það á við og þeim tilkynnt ef konur sem dvalið hafa í Kvennaathvarfi fara aftur í óbreyttar aðstæður. Einnig er mikil samvinna við Félagsþjónustuna um málefni barnanna.

Fylgiskjal 1. Formáli fyrir viðtalsvísa

Ég kem frá Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd sem vinnur fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið að rannsókn hjá félagasamtökum á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum. Rannsóknin beinist að því að afla þekkingar á því hvort og með hvaða hætti konur leiti til félagasamtaka vegna slíks ofbeldis, og hvaða þjónusta sé þá veitt.

Niðurstöður verða birtar í skýrslu þar sem stafsheiti þitt og nafn vinnustaðarins mun koma fram. Áður en gengið verður endanlega frá skýrslunni getur þú óskað eftir því að fá að lesa yfir þann hluta sem viðkemur þínum vinnustað og koma með athugasemdir.

Má ég halda áfram að spyrja þig? Gefur þú mér einnig leyfi til að taka viðtalið upp?

Fylgiskjal 2. Viðtalsvísir fyrir félög/samtök sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum.

1. Hvert er meginmarkmið starfseminnar/félagsamtakanna?
2. Hvernig er starfsemin fjármögnuð? Tilgreinið fjárhæð styrks í krónum eða hlutfall hvers liðar.
   – Með styrk frá ríki.
     • Ef svo er, hefur verið gerður þjónustusamningur eða er starfsemin á fjárlögum?
   – Með styrk frá sveitarfélögum.
   – Með öðrum hætti, öðrum styrkjum eða félagsgjöldum.
3. Hvernig berast ykkur mál er varða ofbeldi gegn konum í nánum samböndum?
   – Kona óskar eftir aðstoð vegna ofbeldis.
   – Kona óskar eftir aðstoð vegna annars en ofbeldið kemur þá í ljós.
   – Annar aðili vísar máli til okkar.
4. Er ástæða til að ætla að oftar sé leitað til ykkar en var fyrir fimm árum þar sem ofbeldi gegn konum í nánum samböndum er ein af ástæðum þess að leitað er eftir þjónustu? Hvaða skýringar eru á – fjölgun – fækkun – óbreyttum fjölda?
5. Hvernig eru upplýsingar um ofbeldi skráðar? Hefur skráning mála breyst á síðustu fimm árum eða svo?
6. Hvaða þjónusta eða úrræði er í boði fyrir þær konur sem leita til ykkar vegna ofbeldis gegn konum í nánum samböndum? Dæmi: Dvöl í athvarfi, ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæðisráðgjöf, lögfræðiráðgjöf, sálfræðiþjónusta, annað?
7. Hversu fjölbreytta þjónustu getið þið veitt eftirtöldum:
   – Fötluðum (bæði líkamlega og andlega) konum.
   – Gömlum konum.
   – Erlendum konum.
8. Uppfyllið þið markmið starfseminnar/félagsamtakanna?
   – Ef ekki, hvað þarf til að svo sé?
   – Hvað skortir varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði?
9. Hvaða fræðsla er í boði hjá ykkur um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum? Hversu margir einstaklingar og leita til ykkar um slíka fræðslu?
10. Hverjir eru helstu samstarfsaðilar ykkar? (Með samstarfsaðilum er hér meðal annars átt við sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, sálfræðinga, félagsþjónustu, barnavernd, lögreglu, önnur félög eða samtök.)
11. Hvernig er samstarfinu háttað?
12. Er þörf á að auka þekkingu starfsfólks/sjálfboðaliða/félaga ykkar á sviði ofbeldis gegn konum í nánum samböndum?

– Ef svo er, hvaða þætti fræðslunnar ætti sérstaklega að leggja áherslu á?
13. Ef upplýsingar berast um ofbeldi gegn konum er þá hugað sérstaklega að stöðu barna á heimilinu og hvernig?
14. Eitthvað sérstakt sem viðmælandi hefur tekið eftir eða vill benda á varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði fyrir konur í nánum samböndum sem beittar eru ofbeldi?

Spyrja í lok viðtals: Ef einhverjar spurningar vakna hjá mér við úrvinnslu viðtalsins má ég þá hafa samband við þig?

Fylgiskjal 3. Viðtalsvísir fyrir starfsemi/félag/samtök sem stundum veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi.

1. Hvert er meginmarkmið starfseminnar/félagsins/samtakanna?
2. Hvernig tengist aðstoð við konur sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum meginmarkmiði starfseminnar/félagsins/samtakanna?
3. Hvernig berast ykkur mál er varða ofbeldi gegn konum?
   – Kona óskar eftir aðstoð vegna ofbeldis.
   – Kona óskar eftir aðstoð vegna annars en ofbeldið kemur þá í ljós.
   – Annar aðili vísar máli til okkar.
4. Er ástæða til að ætla að oftar sé leitað til ykkar en var fyrir fimm árum þar sem ofbeldi gegn konum í nánum samböndum er ein af ástæðum þess að leitað er eftir þjónustu? Hvaða skýringar eru á – fjölgun – fækkun – óbreyttum fjölda?
5. Þegar einstaklingur leitar til ykkar, er þá spurt sérstaklega um ofbeldi gegn konum.
6. Er hugað sérstaklega að öldruðum, erlendum eða fötluðum konum sem kunna að hafa verið beittar ofbeldi?
7. Hvernig eru upplýsingar um ofbeldi skráðar? Eru upplýsingar um ofbeldi gegn konum birtar í ársskýrslu eða aðgengilegar á annan hátt? Hefur skráning mála breyst á síðasta áratug eða svo?
8. Er einhver þjónusta eða úrræði í boði fyrir þær konur sem leita til ykkar og hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum? Dæmi: Upplýsingagjöf, ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæðisráðgjöf, lögfræðiráðgjöf, sálfræðiþjónusta, annað?
   – Ef ekki, hvert er þeim vísað?
9. Hafið þið næg úrræði til að aðstoða þessar konur eða hjálpa þeim svo að þær fái nauðsynlega þjónustu?
   – Ef ekki, er hægt að bæta þau á einhvern hátt?
   – Hvað skortir varðandi upplýsingagjöf, aðstoð, þjónustu og úrræði?
10. Hverjir eru helstu samstarfsaðilar ykkar vegna ofbeldis gegn konum í nánum samböndum?
11. Hvernig er samstarfinu háttað?
12. Er þörf á að auka þekkingu starfsfólks/sjálfboðaliða/félaga ykkar á sviði ofbeldis gegn konum í nánum samböndum?
    – Ef svo er, hvaða þætti fræðslunnar ætti sérstaklega að leggja áherslu á?
13. Ef þið verðið áskynja um ofbeldi gegn konum er þá hugað sérstaklega að stöðu barna á heimilinu og hvernig?
14. Eitthvað sérstakt sem viðmælandi hefur tekið eftir eða vill benda á varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði fyrir konur í nánum samböndum sem beittar eru ofbeldi?

Spyrja í lok viðtals: Ef einhverjar spurningar vakna hjá mér við úrvinnslu viðtalsins má ég þá hafa samband við þig?

Heimildir

Aflið. Sótt 03.03.2010 á http://afliðdak.is/?page_id=2
Efling. Sótt 09.03.2010 á http://www.efling.is/um_felagid/
Félag einstæðra foreldra. Sótt 11.03.2010 á http://fef.is/umfelagid.htm
Fjölmenningarsetur. Sótt 10.03.2010 á http://mcc.is/fjolmenningarsetur/
Kvennaathvarf. Sótt 03.03.2010 á httP://www.kvennaathvarf.is/
Kvennaráðgjöf. Sótt 03.03.2010 á httP://www.kvennaradgjofin.is/
Mannréttindaskrifstofa. Sótt 11.03 2010 á http://www.humanrights.is/um_okkur/
Rauði krossinn. Sótt 03.05. 2010 á
httP://www.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?id=1000004
Samtök kvenna af erlendum uppruna. Sótt 11.03.2010 á http://www.womeniniceland.is/?c=frettir
Sólstafir. Sótt 29.04.2010 af http://www.solstafir.is/starfsemin/
Stígamót. Sótt 03.03. 2010 af http://www.stigamot.is/index.php/hugmyndafraeei

1215. Frumvarp til laga [696. mál]

um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (eigið fé, stórar áhættur, verðbréfun o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. a laganna:

a. Í stað orðsins „greiðsluerfiðleikum“ í b-lið 2. tölul. kemur: erfiðleikum með fjármögnun eða endurgreiðslu skulda.
b. Við bætast við tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
   10. *Fjármálafyrirtæki:* Viðskiptabanki, sparisjóður, lánafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlun eða rekstrarfélag verðbréfasjóða sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr.
   11. *Verðbréfun* (e. securitisation): Viðskiptasamningur eða kerfisfyrirkomulag þar sem lánaáhætta tengd ákveðinni kröfu eða kröfusafni er lagskipt í hluta (e. tranches) með eftirfarandi hætti:
      1. greiðslur samkvæmt viðskiptasamningnum eða kerfisfyrirkomulaginu eru háðar afkomunni af kröfunni eða kröfusafninu, og
      2. forgangsröðun laganna (e. tranches) ákvarðar dreifingu taps á líftíma viðskiptasamningsins eða kerfisfyrirkomulagsins.

3. gr.

Á eftir 29. gr. a laganna koma fjórar nýjar greinar, 29. gr. b – 29. gr. e, er orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (29. gr. b.)

Færsla á útlánaáhættu.

Séu viðskiptabanki, sparisjóður eða rafeyrisfyrirtæki hvorki útgefandi (e. originator), umsýsluaðili (e. sponsor) né upphaflegur lánveitandi (e. original lender) bera þau ekki útlánaáhættu í formi verðbréfunar nema verðbréfunin uppfylli reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

Útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi getur ekki undanskilið verðbréfun, sem seld hefur verið öðrum aðila, við útreikning á eiginfjárþörf nema útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi haldi eftir ákveðnum hluta áhættunnar.

b. (29. gr. c.)

Upplýsingaskylda varðandi verðbréfun.

Útgefandi eða umsýsluaðili skal greina fjárfestum frá skuldbindingu sinni varðandi verðbréfun skv. 29. gr. b. Hann skal tryggja að mögulegir framtíðarfjárfestar hafi aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum varðandi gæði og vanskilastöðu undirliggjandi eigna, sjóðstreymi og tryggingar, auk upplýsinga sem talist geta nauðsynlegar í því skyni að framkvæma heildstæð og traust álagspróf á sjóðstreymi og virði þeirra trygginga sem liggja að baki eign-

unum. Í þeim tilgangi skulu viðeigandi upplýsingar miðast við þann dag sem stofnað er til verðbréfunar, og síðar ef við á í samræmi við eðli verðbréfunarinnar.

c. (29. gr. d.)

Reglur Fjármálaeftirlitsins um verðbréfun.

Fjármálaeftirlitið skal setja nánari reglur um verðbréfun, þar á meðal um framkvæmd ákvæða 29. gr. b og 29. gr. c, þar sem m.a. kemur fram hversu hátt hlutfall áhættu útgefandi skal halda eftir og um viðbrögð við viðvarandi lausafjárþurrð á fjármálamarkaði.

Ef reglur Fjármálaeftirlitsins eru brotnar ber Fjármálaeftirlitinu að krefjast a.m.k. 250% hækkunar á áhættuvog við eiginfjárútreikning. Ef brot telst óverulegt að mati Fjármálaeftirlitsins er heimilt að falla frá auknum eiginfjárkröfum.

d. (29. gr. e.)

Birting athugana Fjármálaeftirlitsins.

Einu sinni á ári skal Fjármálaeftirlitið birta niðurstöður athugana sinna á framfylgni reglna skv. 29. gr. b og 29. gr. d. Ef útgefandi, upphaflegur lánveitandi eða umsýsluaðili hefur brotið gegn skyldum sínum skv. 29. gr. b eða reglum Fjármálaeftirlitsins skv. 29. gr. d skal Fjármálaeftirlitið gefa út samantekt þar sem fram kemur til hvaða aðgerða hefur verið gripið.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði 1. málsl. eiga þó ekki við um verðbréfafyrirtæki sem ekki hafa starfsheimildir skv. c- og f-lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr., verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða.
b. 2. málsl. 1. mgr. verður 2. mgr. greinarinnar og breytist röð annarra málsgreina samkvæmt því.
c. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.

5. gr.

4. mgr. 52. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila sem er í nánum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann. Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annað fjármálafyrirtæki. Starfsmönnum fjármálafyrirtækis er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „byggðir á“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: ársuppgjöri eða.
b. Í stað 4. málsl. 5. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Eiginfjárliðir teljast aðeins til eiginfjárþáttar A ef unnt er að færa þá niður til að mæta rekstrartapi fjármálafyrirtækja í áframhaldandi rekstri. Við gjaldþrot eða slit skal greiða innborgað hlutafé og yfirverðsreikning hlutafjár á eftir öllum öðrum kröfum.

7. gr.

3. mgr. 87. gr. laganna orðast svo:

Í ársreikningi skal tilgreina upplýsingar um launagreiðslur og hvers konar greiðslur eða hlunnindi félagsins til hvers og eins stjórnarmanns, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanns.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 110. gr. laganna:

a. Við inngangsmálslið bætist: eftirtöldum ákvæðum laga þessara og eftir atvikum reglum settum á grundvelli þeirra.
b. 4. tölul. orðast svo: 17. gr. um framkvæmd áhættustýringar.
c. Orðin „að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins“ í 7. tölul. falla brott.
d. Á eftir 12. tölul. koma tveir nýir töluliðir, 13. og 14. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því:
   13. 29. gr. b um færslu á útlánaáhættu.
   14. 29. gr. c um upplýsingaskyldu varðandi verðbréfun.
e. Orðin „1. og 3. mgr.“ í 13. tölul., sem verður 15. tölul., falla brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 112. gr. b laganna:

a. Inngangsmálsliður orðast svo: Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og eftir atvikum reglum settum á grundvelli þeirra.
b. 3. tölul. orðast svo: 19. gr. um góða viðskiptahætti og venjur.
c. Við bætast tveir nýir töluliðir, 9. og 10. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því:
   9. 29. gr. b um færslu á útlánaáhættu.
   10. 29. gr. c um upplýsingaskyldu varðandi verðbréfun.

10. gr.

Í stað orðanna „og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB“ í 117. gr. laganna kemur: tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB.

11. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 2011“ í 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 1. júlí 2012.

12. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði 29. gr. b tekur til verðbréfunar sem stofnað hefur verið til eftir gildistöku þessara laga, en eftir 31. desember 2014 skal ákvæðið einnig ná til allra verðbréfaðra staðna sem stofnað hefur verið til fyrir setningu þessara laga, enda hafi eignum verið skipt út eða eignum bætt við undirliggjandi eignasafn eftir þann tíma.

Fjármálaeftirlitið skal, fyrir 31. desember 2011, birta upplýsingar um almenn viðmið og aðferðir sem notaðar eru við mat á því hvort skilyrði 29. gr. b eða reglna Fjármálaeftirlitsins skv. 29. gr. d teljast vera uppfyllt.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði d-liðar 3. gr. (29. gr. e) kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en frá og með 31. desember 2012.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lagafrumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Megintilgangurinn með frumvarpinu er að innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar nr. 2009/111/EB, en einnig að gera smávægilegar breytingar á öðrum ákvæðum laganna, svo sem 4. mgr. 52. gr. um hæfi til að sitja í stjórn fjármálafyrirtækja og 3. mgr. 87. gr. varðandi upplýsingar um greiðslur og hlunnindi í ársreikningi.

Sá hluti frumvarpsins er lýtur að breytingum á lögunum vegna innleiðingar á tilskipun 2009/111/EB var saminn af hluta nefndar sem var skipuð af viðskiptaráðherra 6. janúar 2009 í þeim tilgangi að fara yfir lög á sviði fjármálamarkaðar.

Umrædd nefnd samdi einnig frumvarp það er varð að lögum nr. 75/2010, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, en nefndin mun halda áfram að vinna í því að fara yfir löggjöf á sviði fjármálamarkaðar.

Á fundi nefndarinnar 1. júlí 2010 var ákveðið að stækka nefndina lítillega og skipta henni í tvo hópa, tæknihóp og lagahóp. Tæknihópinn sem vann þetta frumvarp skipa Harpa Jónsdóttir, f.h. Seðlabankans, formaður hópsins, Lilja Rut Kristófersdóttir, f.h. Fjármálaeftirlitsins, Sverrir Örn Þorvaldsson, f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja, og Vilhjálmur Bjarnason, f.h. Samtaka fjárfesta. Starfsmaður hópsins var Auður Ýr Steinarsdóttir, lögfræðingur í efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Tæknihópurinn hélt sinn fyrsta fund 17. september 2010, en hópnum var ætlað það hlutverk að fara yfir tæknileg ákvæði tilskipunar 2009/111/EB og koma með tillögur að innleiðingu hennar í íslenskan rétt.

Tilskipun 2009/111/EB.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB (e. Directive 2009/111/EC of the European Parliament and of the Council of 16 September 2009 amending Directives 2006/48/EC, 2006/49/EC and 2007/64/EC as regards banks affiliated to central institutions, certain own funds items, large exposures, supervisory arrangements, and crisis management) kveður á um breytingar á tilskipunum 2006/48/EB, um stofnun og rekstur lánastofnana, 2006/49/EB, um eigið fé fjármálafyrirtækja, og 2007/64/EB, um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, að því er varðar tiltekna þætti eigin fjár, stórar áhættur, fyrirkomulag eftirlits og áhættustýringar.

Samkvæmt niðurstöðum tæknihópsins munu allmörg ákvæða tilskipunarinnar verða innleidd með reglum Fjármálaeftirlitsins, en í flestum þeim tilvikum er um að ræða nánari útfærslur á tæknilegum atriðum er varða útreikninga.

Í fylgiskjali I með frumvarpinu er að finna yfirlitstöflu yfir ákvæði tilskipunarinnar þar sem fram koma niðurstöður hópsins varðandi innleiðingu þeirra.

Helstu breytingar og nýmæli.

- Endurbætt skilgreining á eigin fé hvað varðar eiginfjárþátt A.
- Skilgreiningu á fjármálafyrirtækjum breytt lítillega og hún færð í 1. gr. a laganna, orðskýringar.
- Skilgreining á hópi tengdra viðskiptavina bætt.
- Nýtt ákvæði um færslu á útlánaáhættu, auk skilgreiningar á verðbréfun.

- Undanþága frá takmörkunum á stórum áhættum fyrir tiltekin verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða.
- Ákvæði um að samtala fyrir stórar áhættur megi ekki fara yfir 800% af eiginfjárgrunni fellt brott.
- Ákvæði laganna um hæfi lögmanna til að sitja í stjórn fjármálafyrirtækja breytt.
- Viðurlagaákvæðum laganna breytt til hagræðingar, auk þess sem bætt er inn tveimur nýjum töluliðum sem veita heimildir fyrir beitingu viðurlaga fyrir brot gegn a- og b-lið 3. gr. frumvarpsins.
- Lagt til að í ársreikningi fjármálafyrirtækis skuli tilgreina upplýsingar um launagreiðslur og hvers konar greiðslur eða hlunnindi félagsins til hvers og eins lykilstarfsmanns, auk hvers og eins stjórnarmanns og framkvæmdastjóra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. verði felldur brott, en af hagkvæmnisástæðum þykir réttara að hafa almenna skilgreiningu á fjármálafyrirtækjum í 1. gr. a laganna, sem inniheldur orðskýringar.

Um 2. gr.

Í greininni er annars vegar lögð til viðbót og hins vegar breyting á 1. gr. a laganna, sem inniheldur orðskýringar.

Um a-lið.

Lagt er til að orðalagið í b-lið 2. tölul. verði breytt til samræmis við b-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/111/EB, sem breytir 45. lið b 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

Um b-lið.

Til hagræðingar þykir æskilegt að hafa skilgreiningu á fjármálafyrirtækjum í 1. gr. a laganna, sem inniheldur orðskýringar. Þá var einnig talið æskilegt að telja sérstaklega upp í ákvæðinu þau fjármálafyrirtæki sem geta fengið starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. upptalningu í 4. gr. laganna.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að nýjum greinum verði bætt við lögin sem muni fjalla um verðbréfun og því þykir nauðsynlegt að bæta sérstakri skilgreiningu á hugtakinu í orðskýringarákvæði laganna.

Um 3. gr.

Greininni er ætlað að innleiða ákvæði 30. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/111/EB, sem bætir nýjum undirkafla um færslu á útlánaáhættu (e. exposures to transferred credit risk) við 2. kafla tilskipunar 2006/48/EB, en sá kafli fjallar um varfærniseftirlit (e. technical instruments of prudential supervision).

Um a-lið (29. gr. b).

Í 1. mgr. ákvæðisins kemur fram að séu viðskiptabanki, sparisjóður eða rafeyrisfyrirtæki hvorki útgefandi (e. originator), umsýsluaðili (e. sponsor) né upphaflegur lánveitandi (e. original lender) beri þau ekki útlánaáhættu í formi verðbréfunar nema verðbréfunin uppfylli reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

Með stofnun áhættu er vísað til þess hver beri útlánaáhættuna (e. credit risk) ef til vanefnda kemur og hvar áhættan liggi við útreikning á eiginfjárþörf (sbr. 2. mgr.). Þannig er ekki lagt bann við því að fjárfesta í verðbréfuninni, en skilyrði þess hvar áhættan liggur eru háð því að útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi uppfylli reglur Fjármálaeftir-

litsins. Kaupandinn ber áhættuna ef útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi uppfyllir reglur Fjármálaeftirlitsins um verðbréfunina, annars ber hann ekki áhættuna.

Til að útskýra efni 1. mgr. nánar fylgir skýringarmynd um stofnun áhættu í fylgiskjali II með frumvarpinu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi geti ekki, nema að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, undanskilið verðbréfun sem seld hefur verið öðrum aðila við útreikning á eiginfjárþörf. Fjármálaeftirlitið skal mæla fyrir um skilyrðin í reglum skv. c-lið 3. gr. frumvarpsins. Megintilgangurinn er að tryggja að útgefendur, umsýsluaðilar eða upphaflegir lánveitendur beri hluta áhættunnar með því að halda eftir ákveðnum hluta af fjármálagerningnum og að útgefendur losi sig ekki undan allri áhættu af fjármálagerningum sem orðið hafa til í fjármálafyrirtækinu. Viðskiptabanki, sparisjóður eða rafeyrisfyrirtæki sem stofnar til útlánaáhættu með því að kaupa verðbréfaða fjármálagerninga á að vera tryggt fyrir því að svo sé. Ef reglur Fjármálaeftirlitsins eru uppfylltar þá ber kaupanda að halda þessari verðbréfun inni í áhættugrunni við útreikning eiginfjárþarfar og að sama skapi eru þær eignir sem verðbréfunin inniheldur ekki lengur áhætta upphaflegs lánveitanda við útreikning á eiginfjárþörf, þannig hefur áhættan færst frá upphaflegum lánveitanda yfir til eiganda verðbréfunarinnar. Ef hins vegar umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi uppfyllir ekki reglur Fjármálaeftirlitsins um verðbréfunina þá má upphaflegur lánveitandi ekki undanskilja tilsvarandi eignir við útreikning eigin fjár og hann ber jafnframt áhættuna ef til vanefnda kemur. Að sama skapi ber kaupandinn ekki áhættuna né tekur tillit til þessarar áhættu við útreikning á eiginfjárþörf.

Í nýju ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um tímafresti varðandi þær verðbréfanir sem ákvæðinu er ætlað að ná til, en eftir 31. desember 2014 mun ákvæðið ná til allra verðbréfaðra staðna sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laganna, enda hafi eignum verið skipt út eða eignum bætt við eftir þann tíma.

Um b-lið (29. gr. c).

Tilgangurinn með ákvæðinu er að tryggja upplýsingaflæði til fjárfesta frá viðskiptabönkum, sparisjóðum og rafeyrisfyrirtækjum sem stofna til verðbréfunar. Því er gerð sú krafa að tryggt sé að mögulegir framtíðarfjárfestar hafi aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum varðandi skuldbindingar skv. a-lið 3. gr. frumvarpsins.

Um c-lið (29. gr. d).

Samkvæmt ákvæðinu er Fjármálaeftirlitinu ætlað að útfæra nánar með reglum ákvæði a- og b-liðar 3. gr. frumvarpsins auk ákvæða tilskipunar 2009/111/EB sem varða verðbréfun og verða ekki innleidd í lög.

Einnig er tekið fram í ákvæðinu að Fjármálaeftirlitinu sé m.a. heimilt að setja reglur um viðbrögð við viðvarandi lausafjárþurrð á fjármálamarkaði, en hér er átt við sérstakar aðstæður á markaði almennt, sem varir í tiltekinn tíma. Meðal þeirra atriða 30. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/111/EB sem er ætlast til að verði innleidd með reglum Fjármálaeftirlitsins er sú regla að tryggja beri að aðilar hafi nægjanlegan skilning á aðgerðunum, en Fjármálaeftirlitinu er í þeim tilgangi heimilt að setja í reglur ákvæði um að aðeins þeim fjármálafyrirtækjum sem hafa yfir að ráða virkri áhættustýringu að mati Fjármálaeftirlitsins sé heimilt að taka þátt í verðbréfun.

Þá er innleidd sú regla í 2. mgr., sem fram kemur í 5. tölul. 30. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, að í þeim tilvikum þegar reglur Fjármálaeftirlitsins eru brotnar beri Fjármálaeftirlitinu að krefjast þess að áhættuvog við eiginfjárútreikning hækki um a.m.k. 250%, þó með þeirri undantekningu að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að falla frá slíkri aukningu ef það telur að um óverulegt brot sé að ræða.

Um d-lið (29. gr. e).

Samkvæmt greininni skal Fjármálaeftirlitið árlega, fyrst 31. desember 2012, gefa út samantekt sem inniheldur niðurstöður um framfylgni reglna skv. a- og c-lið 3. gr. frumvarpsins. Ef útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi hafa brotið gegn skyldum sínum skv. a-lið 3. gr. frumvarpsins eða reglum Fjármálaeftirlitsins sem settar hafa verið á grundvelli c-liðar 3. gr. frumvarpsins skal einnig gefa út samantekt með lýsingu á þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til.

Um 4. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 30. gr. laganna, sem kveður á um takmarkanir á stórum áhættum.

Um a-lið.

Lagt er til að nýr málsliður varðandi undanþágur frá ákvæðinu verði settur inn, til samræmis við ákvæði 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/111/EB, sem felur í sér breytingar á 2. mgr. 20. gr. tilskipunar 2006/49/EB.

Orðalag ákvæðisins er til samræmis við orðalag 3. málsl. 2. mgr. 84. gr. laganna, sem kveður á um undanþágur fyrir sömu aðila frá mati á rekstraráhættu, sem er einn liður áhættugrunns skv. 84. gr.

Um b-lið.

Lagt er til að 2. málsl. 1. mgr. verði færður í 2. mgr. ákvæðisins og að röð þeirra málsgreina sem koma þar á eftir breytist til samræmis. Ákvæðið mun því eftir breytinguna innihalda alls fjórar málsgreinar. Tilvitnaður 2. málsl. 1. mgr. núgildandi laga er svohljóðandi: „Leiki vafi á því hverjir teljast til hóps tengdra viðskiptamanna er fjármálafyrirtæki skylt að tengja aðila saman nema viðkomandi fjármálafyrirtæki geti sýnt fram á hið gagnstæða.“

Um c-lið.

Lagt er til að 3. málsl. 1. mgr. 30. gr. falli brott, en þar er kveðið á um að samtala fyrir stórar áhættur megi ekki fara yfir 800% af eiginfjárgrunni.

Þetta er gert til samræmis við 22. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/111/EB, sem breytir 111. gr. tilskipunar 2006/48/EB, en í breytingunni felst m.a. að sambærilegt ákvæði sem var að finna í 3. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar hefur verið fellt brott.

Óskað var eftir upplýsingum frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um rökin fyrir breytingunni á rýnifundi um fjármálaþjónustu sem fram fór í Brussel í nóvember 2010, í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Samkvæmt svari sem barst með tölvupósti 28. janúar 2011 var álitið að skilyrðið um að samtala stórra áhættuskuldbindinga færi ekki yfir 800% hefði ekki gert gagn við mat á samþjöppunaráhættu. Fjármálafyrirtæki getur verið með verulega mikla samþjöppunaráhættu og á sama tíma með samtölu stórra áhættuskuldbindinga langt undir 800%, og var Ísland glöggt dæmi um það. Það eru því aðrir þættir sem þarf að líta til varðandi samþjöppunaráhættu en 800% viðmiðið, t.d. aðferðafræðin við að meta viðskiptavini fjármálafyrirtækja sem tengda aðila.

Í tilskipun 2009/111/EB eru talsverðar breytingar á ákvæðum um stórar áhættuskuldbindingar sem Fjármálaeftirlitið þarf að innleiða í reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum, nú reglur nr. 216/2007. Fjármálaeftirlitið hefur heimild skv. 3. mgr. 30. gr. laganna til að setja reglur um stórar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa. Sér í lagi munu áhættuskuldbindingar milli fjármálafyrirtækja verða takmarkaðar, sem minnkar innbyrðis tengsl milli fjármálafyrirtækja og dregur úr kerfisáhættu.

Um 5. gr.

Með lögum nr. 75/2010, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, voru gerðar töluverðar breytingar á 52. gr. laganna. Meðal annars var kveðið á um það að stjórnarmenn fjármálafyrirtækja og annarra eftirlitsskyldra aðila skyldu ekki vera starfsmenn, lögmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða félaga í nánum tengslum. Í kjölfar breytingarinnar hefur Fjármálaeftirlitinu borist talsverður fjöldi fyrirspurna varðandi störf lögmanna sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækja, en samkvæmt orðanna hljóðan leggur gildandi ákvæði fortakslaust bann við því að lögmenn sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækis sinni lögmannsstörfum fyrir aðra eftirlitsskylda aðila. Ljóst er að ekki þykir þörf á jafn víðtæku banni varðandi lögmenn sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækja og gildir um starfsmenn þeirra og endurskoðendur, þar sem hættan á hagsmunaárekstrum er augljóslega minni varðandi lögmenn hvað varðar störf fyrir aðra eftirlitsskylda aðila. Því er lögð til sú breyting á ákvæðinu að bannið verði einungis látið ná til lögmannsstarfa fyrir önnur fjármálafyrirtæki. Samkvæmt þessu mun lögmanni sem situr í stjórn fjármálafyrirtækis verða óheimilt að sinna hvers kyns störfum í þágu annars fjármálafyrirtækis.

Með eftirlitsskyldum aðila er átt við þá aðila sem heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. 2. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Með hliðsjón af gildissviði laganna var orðalagið „og stjórnarmenn annars eftirlitsskylds aðila“ fjarlægt úr 1. málsl. ákvæðisins, auk þess sem orðalaginu var breytt lítillega varðandi tengda aðila í þeim tilgangi að gæta samræmis við hugtakanotkun laganna.

Um 6. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 84. gr. laganna, sem fjallar um skilgreiningu eigin fjár.

Um a-lið.

Lagt er til að orðinu „ársuppgjör“ verði bætt inn í 2. málsl. 4. mgr. ákvæðisins og er það til samræmis við ákvæði c-liðar 7. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/111/EB, sem breytir 3. mgr. 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

Um b-lið.

Lagt er til að tekin verði út skilgreiningin á innborguðu hlutafé. Að mati nefndarinnar er hún í raun merkingarlaus og getur jafnvel verið villandi. Hugtakið peningar (e. cash money) bendir til þess að eingöngu sé átt við reiðufé og því geti t.d. ríkisskuldabréf og bankainnstæður ekki fallið þar undir. Að auki taka ákvæði á grundvelli 83. gr. laganna (um laust fé) og 84. gr. laganna (um eigið fé) á þessu atriði. Er þá litið til þess að ef um nýtt innborgað hlutafé er að ræða muni Fjármálaeftirlitið hafa eftirlit með því að reglur eftirlitsaðila um laust fé og eigið fé séu uppfylltar.

Lagt er til að bætt verði við ákvæðið nýjum málsliðum sem er ætlað að innleiða ákvæði a-liðar 7. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/111/EB, sem breytir a-lið 1. mgr. 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

Hinum nýju málsliðum er ætlað að tryggja að hægt sé að ganga á allt það eigið fé sem telst til eiginfjárþáttar A til að mæta rekstrartapi í áframhaldandi rekstri. Ekki sé nóg að ákveðnir liðir í eiginfjárþætti A falli á eftir öðrum kröfum við gjaldþrot. Auk þess er tryggt að við gjaldþrot eða slit skuli innborgað hlutafé og yfirverðsreikningur hlutafjár greiðast á eftir öllum öðrum kröfum.

Í tilskipun 2009/111/EB eru talsverðar breytingar á ákvæðum um eigið fé sem Fjármálaeftirlitið þarf að innleiða í reglur um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármálafyrirtæki, nú reglur nr. 156/2005. Fjármálaeftirlitið hefur heimild skv. 10. mgr. 84. gr. laganna til að setja reglur

um að aðrir liðir en tilgreindir eru í 5.–7. mgr. 84. gr. laganna teljist með eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis.

Um 7. gr.

Lagt er til að í ársreikningi fjármálafyrirtækis skuli tilgreina upplýsingar um launagreiðslur og hvers konar greiðslur eða hlunnindi félagsins til hvers og eins lykilstarfsmanns, auk hvers og eins stjórnarmanns og framkvæmdastjóra. Það að greina frá launum og fríðindum lykilstarfsmanna er nálgun við upplýsingaskyldu skráðra fyrirtækja í kauphöll. Ákvæðið er einnig sett inn til að sporna við því að launakerfi fjármálafyrirtækja fari í fyrra horf, þ.e. áður en fjármálakerfi landsins varð fyrir hremmingum árið 2008. Þá kunna, eftir atvikum, bæði lág laun og há laun tiltekinna lykilstarfsmanna að vera vísbending um veikleika í innra skipulagi viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Um 8. gr.

Lagt er til að viðurlagaákvæðum laganna verði breytt til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði við lögin nýjum greinum um verðbréfun, en verði frumvarpið að lögum óbreytt er ljóst að nauðsyn ber til að veita Fjármálaeftirlitinu heimild til beitingar stjórnsýslusekta ef brotið er gegn ákvæðum a- eða b-liðar 3. gr. frumvarpsins, sem fjalla annars vegar um færslu á útlánaáhættu og hins vegar um upplýsingaskyldu útgefanda og umsýsluaðila varðandi verðbréfun.

Um 9. gr.

Vísað er til athugasemda við 8. gr.

Um 10. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að tilskipun 2009/111/EB verði innleidd í íslenskan rétt, en hún kveður á um breytingar á tilskipunum 2006/48/EB, um stofnun og rekstur lánastofnana, 2006/49/EB, um eigið fé fjármálafyrirtækja, og 2007/64/EB, um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, að því er varðar tiltekna þætti eigin fjár, stórar áhættur, fyrirkomulag eftirlits og áhættustýringar. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010 þann 2. júlí 2010.

Um 11. gr.

Tilgangur breytingarinnar er að framlengja gildistíma ákvæðis til bráðabirgða VI um eitt ár, til 1. júlí 2012.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um tímafresti varðandi þær verðbréfanir sem 29. gr. b er ætlað að ná til, en eftir 31. desember 2014 mun ákvæðið ná til allra verðbréfaðra staðna sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laganna, enda hafi eignum verið skipt út eða eignum bætt við eftir þann tíma.

Samkvæmt 2. mgr. ber Fjármálaeftirlitinu, fyrir 31. desember 2011, að birta upplýsingar um almenn viðmið og aðferðir sem notaðar eru við mat á því hvort skilyrði a-liðar 3. gr. frumvarpsins eða reglna Fjármálaeftirlitsins sem settar hafa verið á grundvelli c-liðar 3. gr. frumvarpsins teljist uppfyllt.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Yfirlitstafla yfir ákvæði tilskipunar 2009/111/EB, sem felur í sér breytingar á tilskipunum 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2007/64/EB.

Ákvæði	Efnisflokkur	Efni	Niðurstaða
1. gr.: Breytingar á ákvæðum tilskipunar 2006/48/EB.			
1	Efni, gildissvið og skilgreiningar	Undanþágur	Óþarfi að innleiða
2	a) Efni, gildissvið og skilgreiningar	Skilgreining á „institutions“	B-liður 2. gr. frumvarps
	b) Efni, gildissvið og skilgreiningar	Skilgreining á tengdum aðilum	A-liður 2. gr. frumvarps
	c) Efni, gildissvið og skilgreiningar	Skilgreining á „eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli“	Heyrir undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
3	Varfærniseftirlit og upplýsingagjöf	Samvinna milli aðildarríkja	Heyrir undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
4	Varfærniseftirlit og upplýsingagjöf	Samvinna milli aðildarríkja o.fl.	Heyrir undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
5	a) Varfærniseftirlit og upplýsingagjöf	Miðlun upplýsinga til Seðlabanka	Heyrir undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
	b) Varfærniseftirlit og upplýsingagjöf	Miðlun upplýsinga til Seðlabanka í neyðarástandi	Heyrir undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
6	Varfærniseftirlit og upplýsingagjöf	Miðlun upplýsinga til viðeigandi ríkisstofnana í neyðarástandi	Heyrir undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
7	a) Eigið fé	Eiginfjárþáttur A	B-liður 6. gr. frumvarps
	b) Eigið fé	Viðbót – „other instruments“	Heyrir undir reglur FME
	c) Eigið fé	Minni háttar orðalagsbreytingar – ársuppgjöri bætt við	A-liður 6. gr. frumvarps
8	Eigið fé	Eiginfjárgrunnur – frádráttarliðir	Heyrir undir reglur FME
9	Eigið fé	Frekari skilyrði á „instruments“ skilgr. skv. b-lið 7. mgr.	Heyrir undir reglur FME
10	Eigið fé	Ný grein um hybrid-skilyrði	Heyrir undir reglur FME
11	Eigið fé	Um hlutdeild minni hluta sem mynda eiginfjárþátt A	Heyrir undir reglur FME
12	a) Eigið fé	Hlutföll og frekari skilyrði vegna a-liðar 57. gr.	Heyrir undir reglur FME
	b) Eigið fé	Smávægileg orðalagsbreyting	Óþarfi að innleiða
13	Eigið fé	Breyting á heiti kafla	Óþarfi að innleiða
14	Eigið fé	Skýrslugjöf til FME	Heyrir undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
15	Eigið fé	Útreikningur eiginfjárgrunns	Heyrir undir reglur FME
16	a) Eigið fé	Útreikningur eiginfjárgrunns	Heyrir undir reglur FME
	b) Eigið fé	Útreikningur eiginfjárgrunns	Heyrir undir reglur FME
17	Eigið fé	Útreikningur eiginfjárgrunns	Heyrir undir reglur FME
18	Eigið fé	Útreikningur eiginfjárgrunns	Heyrir undir reglur FME
19	a) Stórar áhættuskuldbindingar	Neikvæð skilgreining á áhættu	Heyrir undir reglur FME

Ákvæði	Efnisflokkur	Efni	Niðurstaða
	b) Stórar áhættuskuldbindingar	Mat á því hvort um tengda viðskiptamenn sé að ræða	Óþarfi að innleiða
20	Stórar áhættuskuldbindingar	Nánari skilgreining á „credit institution“	Óþarfi að innleiða
21	Stórar áhættuskuldbindingar	Tilkynningarskylda fjármálafyrirtækja til eftirlitsaðila	Heyrir undir reglur FME
22	a) Stórar áhættuskuldbindingar	Takmarkanir á áhættuskuldbindingum milli fjármálafyrirtækja	Tekin var ákvörðun um að aðeins sé miðað við 25% viðmiðið. Það þarf að gera smávægilegar breytingar á reglum FME til samræmis
	b) Stórar áhættuskuldbindingar	800% viðmið tekið út	C-liður 4. gr. frumvarps
	c) Stórar áhættuskuldbindingar	Heimild sem veitir fjármálafyrirtækj-um svigrúm til þess að aðlaga sig að mörkunum í sérstökum tilvikum	Óþarfi að innleiða
23	a) Stórar áhættuskuldbindingar	Útskýringar og skilyrði varðandi beitingu 113.–117. gr.	Heyrir undir reglur FME
	b) Stórar áhættuskuldbindingar	Útskýringar og skilyrði varðandi beitingu 113.–117. gr.	Heyrir undir reglur FME
24	a) Stórar áhættuskuldbindingar	1.–2. mgr. 113. gr. varðandi undanþágur eytt út	Heyrir undir reglur FME
	b) Stórar áhættuskuldbindingar	Undanþágur frá 111. gr. og breytingar á 3. mgr. 113. gr.	Heyrir undir reglur FME
	c) Stórar áhættuskuldbindingar	Undanþágur frá 111. gr.	Heyrir undir reglur FME
25	Stórar áhættuskuldbindingar	Útreikningur	Heyrir undir reglur FME
26	Stórar áhættuskuldbindingar	Útreikningur	Heyrir undir reglur FME
27	Stórar áhættuskuldbindingar	116. gr. eytt út	Heyrir undir reglur FME
28	a) Stórar áhættuskuldbindingar	Ábyrgðir 3ja aðila vegna áhættuskuldbindingar viðskiptavinar	Heyrir undir reglur FME
	b) Stórar áhættuskuldbindingar	Smávægilegar orðalagsbreytingar	Heyrir undir reglur FME
29	Stórar áhættuskuldbindingar	119. gr. eytt út	Heyrir undir reglur FME
30	Stórar áhættuskuldbindingar	Verðbréfun	3. gr. frumvarps. Ákvæðið verður útfært nánar í reglum FME
31	a) Eftirlitsstofnanir	Skyldur eftirlitsaðila	Heyrir undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
	b) Eftirlitsstofnanir	Skyldur eftirlitsaðila	Heyrir undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
32	Eftirlitsstofnanir	Skyldur eftirlitsaðila	Heyrir undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
33	Eftirlitsstofnanir	Skyldur eftirlitsaðila	Heyrir undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
34	Eftirlitsstofnanir	Smávægilegar orðalagsbreytingar	Óþarfi að innleiða
35	Framkvæmdavald		Óþarfi að innleiða
36	Aðlögunarákvæði		Heyrir undir reglur FME
37	Aðlögunarákvæði		Heyrir undir reglur FME
38	Lokaákvæði		Óþarfi að innleiða
39	Viðauki III		Heyrir undir reglur FME
40	Viðauki V		Heyrir undir reglur FME
41	Viðauki IX		Heyrir undir reglur FME
42	Viðauki XI		Heyrir undir reglur FME
43	Viðauki XII		Heyrir undir reglur FME

Ákvæði	Efnisflokkur	Efni	Niðurstaða
2. gr.: Breytingar á ákvæðum tilskipunar 2006/49/EB.			
1	Eigið fé	Viðbót – „other instruments“	Heyrir undir reglur FME
2	Stórar áhættuskuldbindingar	Undanþágur fyrir verðbréfafyrirtæki	A-liður 4. gr. frumvarps
3	Stórar áhættuskuldbindingar	Neikvæð skilgreining á áhættu	Heyrir undir reglur FME
4	Stórar áhættuskuldbindingar	Heimild til undanþágu frá 111.–117. gr. tilskipunar 2006/48/EB	Óþarfi að innleiða
5	Stórar áhættuskuldbindingar	Skyldur eftirlitsaðila	Heyrir undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
6	Eigið fé	Skýrslugjöf til eftirlitsaðila	Heyrir undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
7	Varfærniseftirlit og upplýsingagjöf	Samvinna milli aðildarríkja	Heyrir undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
8	Framkvæmdarráðstafanir	Breyting á dagsetningu	Óþarfi að innleiða
9	Framkvæmdarráðstafanir	Undanþágur – breyting á dagsetningu	Óþarfi að innleiða
10	Framkvæmdarráðstafanir	Undanþágur – breyting á dagsetningu	Óþarfi að innleiða
3. gr.: Breytingar á ákvæðum tilskipunar 2007/64/EB.			
1	Skilgreiningar	Breyting á skilgreiningu á „credit institutions“	Frumvarp til laga um greiðsluþjónustu

Fylgiskjal II.

Skýringardæmi á meginhugmynd verðbréfunar og flutning áhættu frá upphaflegum lánveitanda til kaupanda

Fjármálaeftirlitið setur reglur þess efnis að upphaflegur lánveitandi verði að halda eftir 5% af áhættunni, þ.e. upphaflegur lánveitandi getur ekki selt frá sér alla áhættuna.

Dæmi um verðbréfun þar sem áhættan flyst



Upphaflegur lánveitandi, B, er með sín 5% í sínum bókum og ber þá 5% áhættunnar og þessi sömu 5% eru inni í útreikningum við eiginfjárþörf. Kaupandinn, A, ber 95% áhættunnar og þessi 95% eru inni í útreikningi á eiginfjárþörf hjá A.

Dæmi um verðbréfun þar sem áhættan flyst ekki



Hér hefur B brotið á því að halda eftir sínum 5%. Þá þarf B að taka allan pakkann (100%) inni í útreikningi á eiginfjárþörf hjá sér. Þá á A þennan 95% hlut af verðbréfuninni með tilheyrandi tekjum en A ber ekki áhættuna ef eitthvað kemur upp á og þarf ekki að færa þennan 95% hlut inn í útreikning við eiginfjárþörf. Sama gildir um C og hans 4%.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (eigið fé, stórar áhættur, verðbréfun o.fl.).

Með frumvarpi þessu er lagt til að innleidd verði í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar 2009/111/EB, sem kveður á um breytingar á tilskipunum 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana, 2006/49/EB um eigið fé fjármálafyrirtækja og 2007/64/EB um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, að því er varðar tiltekna þætti eigin fjár, stórar áhættur, fyrirkomulag eftirlits og áhættustýringar. Helstu breytingarnar sem innleiðing tilskipunar 2009/111/EB felur í sér eru þær að skilgreining á eigin fé er endurbætt og nánari skilyrði sett varðandi eiginfjárliði. Einnig eru sett ný ákvæði um færslu á útlánaáhættu og skilgreiningu á verðbréfun, auk þess sem kveðið er á um undanþágu frá takmörkunum á stórum áhættum fyrir tiltekin verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða. Þá er tekið út ákvæði núgildandi laga sem kveður á um að samtala fyrir stórar áhættur megi ekki fara yfir 800% af eiginfjárgrunni.

Í frumvarpinu eru jafnframt lagðar til smávægilegar breytingar á núgildandi ákvæðum laganna um hæfi til að sitja í stjórn fjármálafyrirtækja og varðandi upplýsingar um greiðslur og hlunnindi í ársreikningi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1216. Frumvarp til laga [697. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

1. gr.

Við a-lið 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, svo og Færeyingar og lögaðilar í Færeyjum, eru undanþegnir búsetuskilyrðinu.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

2. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess leyfi

sýslumanns. Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðin „skal veitt til fimm ára í senn og“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skilyrðið um búsetu á þó ekki við um ríkisborgara og lögaðila annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.
c. Í stað orðanna „viðurkenndu vátryggingafélagi“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: vátryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu á Íslandi.
d. 2. mgr. orðast svo:
   Ef lögaðili á í hlut skulu allir stjórnarmenn fullnægja skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr.

4. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Sýslumaður heldur skrá yfir þá sem hafa leyfi til starfsemi samkvæmt þessum kafla. Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að skráning leyfa sé á hendi eins sýslumanns.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 20. gr. laganna:

a. Orðin „í umdæmi því þar sem uppboð skal haldið hverju sinni“ í 1. málsl. falla brott.
b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns.

6. gr.

Orðin „í umdæmi sínu“ í 5. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, með síðari breytingum.

7. gr.

Orðið „tímabundna“ í 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Í stað orðanna „verður að“ í 1. málsl. 13. gr. a, 1. málsl. 13. gr. b, 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. c og 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. d laganna kemur: skal, og við 13. gr. a, 13. gr. b, 1. mgr. 13. gr. c og 1. mgr. 13. gr. d kemur nýr töluliður, svohljóðandi: ekki hafa verið sviptur löggildingu Brunamálastofnunar til rafvirkjunarstarfa síðustu tólf mánuði.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

9. gr.

1. tölul. 2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo: Vera búsettur hér á landi. Skilyrðið um búsetu á þó ekki við um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur.
10. gr.

Í stað orðsins „starfsleyfi“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: heimild til að veita þjónustu.

VI. KAFLI
Breyting á húsaleigulögum, nr. 36/1994.
11. gr.

1. tölul. 1. mgr. 74. gr. laganna fellur brott.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 64/2000, um bílaleigur.
12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skilyrðið um búsetu á þó ekki við um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.
b. Í stað orðanna „viðurkenndu vátryggingafélagi“ í 2. mgr. kemur: vátryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu á Íslandi.

VIII. KAFLI
Breyting á vopnalögum, nr. 16/1998.
13. gr.

Við 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef umsækjandi er ríkisborgari eða lögaðili annars ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal umsókn um leyfi beint til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Hið sama gildir um ríkisborgara Færeyja og lögaðila þar í landi.

IX. KAFLI
Gildistaka.
14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006, hér eftir nefnd þjónustutilskipunin eða tilskipunin, var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009. Með frumvarpi til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, eru efnisákvæði tilskipunarinnar innleidd. Með þessu frumvarpi eru hins vegar gerðar nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum. Frumvarp þetta var lagt fram á 138. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu og er nú endurflutt. Gerðar hafa verið breytingar á III. kafla frumvarpsins til leiðréttingar, en að öðru leyti er frumvarpið lagt fram óbreytt.

Ákvæði tilskipunarinnar gera kröfu um að aðildarríkin yfirfari öll leyfisferli og einfaldi þau eins og kostur er. Samkvæmt ákvæðum hennar er aðildarríkjunum óheimilt að setja ákveðin skilyrði fyrir veitingu leyfa en eins er kveðið á um ákveðna málsmeðferð við leyfisveitingu.

Í ljósi þessa voru öll ráðuneyti beðin um að yfirfara löggjöf á sínu sviði til að kanna hvort hún stangaðist á við ákvæði tilskipunarinnar og gera tillögu að breytingum. Niðurstöður þeirrar yfirferðar er að finna í frumvarpi þessu.

Í 1. gr., b-lið 3. gr., 9. gr., a-lið 12. gr. og 13. gr. frumvarpsins er lagt til að breytingar verði gerðar á viðeigandi lögum á þann máta að skilyrði um búsetu nái ekki til ríkisborgara og lögaðila innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu né ríkisborgara og lögaðila í Færeyjum. Ástæða þess að lögaðilar og ríkisborgarar Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja eru einnig undanþegnir búsetuskilyrðum eru annars vegar Vaduz-samningurinn sem er hinn nýi stofnsamningur EFTA sem tók gildi 1. júní 2002 og hins vegar Hoyvíkursamningurinn sem er samningur milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Samkvæmt Vaduz-samningnum hafa ríkisborgarar EFTA-ríkjanna rétt til komu, atvinnu og búsetu í öðrum aðildarríkjum samningsins og til að bjóða fram þjónustu sína í tiltekinn tíma og rétt til jafnræðis. Þá er markmið Hoyvíkursamningsins að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Tekur samningurinn til vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga og fjárfestinga, staðfesturéttar, samkeppni, ríkiseinkasölu, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa og mælir samningurinn fyrir um bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs og staðfestustaðar. Af fyrrgreindum sökum eru ríkisborgarar og lögaðilar Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja undanþegnir búsetuskilyrðum.

Um nánari skýringar á þjónustutilskipuninni og skilyrðum hennar vísast til frumvarps til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 85/2007 segir að til að öðlast rekstrarleyfi fyrir þeirri starfsemi sem fellur undir lögin sé skilyrði að hafa búsetu á Íslandi. Í greininni er lagt til að skilyrðið um búsetu nái ekki til ríkisborgara og lögaðila annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu né ríkisborgara og lögaðila í Færeyjum, enda er slíkt skilyrði í andstöðu við ákvæði tilskipunarinnar.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum um verslunaratvinnu veita sýslumenn, hver í sínu umdæmi, leyfi til verslunar með notuð ökutæki. Í þessari grein er lagt til að efnahags- og viðskiptaráðherra geti ákveðið að það verkefni verði fært í hendur einu sýslumannsembætti. Breytingin er til þess fallin að einfalda leyfisveitingarferlið en á undanförnum árum hefur færst í vöxt að ákveðnir sýslumenn taki að sér verkefni sem áður heyrðu undir alla sýslumenn, sbr. löggildingu fasteignasala sem nú fer alfarið fram hjá sýslumanninum í Hafnarfirði, óháð því hvar á landinu fasteignasalinn hyggst starfa.

Um 3. gr.

Um a-lið.

Samkvæmt núgildandi lögum eru leyfi til sölu notaðra ökutækja veitt til fimm ára í senn. Hér er lagt til að þau tímamörk verði felld úr gildi og að leyfin verði ótímabundin. Í 9. gr. frumvarps til laga um þjónustuviðskipti er kveðið á um í hvaða tilfellum er heimilt að tímabinda leyfi, sbr. 11. gr. þjónustutilskipunarinnar. Þar segir að óheimilt sé að veita leyfi til takmarkaðs tíma nema:

1. leyfið endurnýist sjálfkrafa eða endurnýjun sé aðeins háð því að skilyrði séu áfram uppfyllt,
2. fjöldi tiltækra leyfa sé takmarkaður með vísan til brýnna almannahagsmuna,
3. hægt sé að rökstyðja takmarkaðan gildistíma með vísan til brýnna almannahagsmuna.

Í þessu tilfelli er ekki talið nauðsynlegt að tímabinda leyfið með vísan til fyrrgreindra sjónarmiða, nægjanlegt sé að hafa eftirlit með starfseminni.

Um b-lið.

Í 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. núgildandi laga segir að til að öðlast heimild til að versla með notuð ökutæki sé skilyrði að hafa búsetu á Íslandi. Hér er lagt til að skilyrðið um búsetu nái ekki til ríkisborgara og lögaðila annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, enda er slíkt skilyrði í andstöðu við ákvæði tilskipunarinnar.

Um c-lið.

Samkvæmt núgildandi lögum verður aðili að hafa starfsábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi til að geta öðlast leyfi til sölu notaðra ökutækja. Hér er lagt til að í stað orðanna „viðurkenndu vátryggingafélagi“ komi: vátryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu á Íslandi. Með þessari breytingu er tekinn af allur vafi um það að hér er átt við íslensk vátryggingafélög, vátryggingafélög sem hafa starfsstöðvar hér á landi sem og vátryggingafélög sem hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi án starfsstöðvar, í samræmi við lög nr. 56/2010, um vátryggingastarfsemi.

Um d-lið.

Í 2. mgr. 13. gr. núgildandi laga er tekið fram að stjórnarmenn lögaðila skuli uppfylla skilyrði 1.–4. tölul. 1. mgr. sömu greinar. Í þessum lið er verið að laga orðalag 2. mgr. 13. gr. ásamt því að fella niður vísun til þess að búsetuskilyrði 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. eigi ekki við um stjórnarmenn sem búsettir eru á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum en skv. b-lið 3. gr. frumvarps þessa er sams konar undanþága frá búsetuskilyrði nú tekin fram í 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. laganna og því óþarfi að hún sé endurtekin í 2. mgr. 13. gr.

Um 4. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins er lagt til að efnahags- og viðskiptaráðherra geti ákveðið að veiting leyfis til verslunar með notuð ökutæki verði hjá einum sýslumanni, óháð því hvar á landinu bílasalan hyggst starfa. Af þeim sökum er lagt til að efnahags- og viðskiptaráðherra geti einnig ákveðið að skráning leyfa sé hjá einum sýslumanni, en samkvæmt núgildandi lögum eru það lögreglustjórar sem halda skrá yfir þá sem hafa leyfi til sölu notaðra bifreiða. Eftirlit með starfsemi bílasala er eftir sem áður í höndum lögreglustjóra í því umdæmi þar sem starfsemin fer fram.

Um 5. og 6. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum um verslunaratvinnu hafa þeir sem eru með skráðan verslunarrekstur samkvæmt lögunum heimild til að selja lausafjármuni á frjálsu uppboði en frjáls uppboð utan fastrar starfsstöðvar eru háð leyfi sýslumanns í því umdæmi sem uppboðið skal haldið hverju sinni. Í þessari grein er lagt til að efnahags- og viðskiptaráðherra geti ákveðið að sú leyfisveiting verði færð til eins sýslumanns. Breytingin er til þess fallin að einfalda leyfisveitingarferlið en á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að ákveðnir sýslumenn taki að sér verkefni sem áður hafa heyrt undir alla sýslumenn og má í því sambandi nefna

löggildingu fasteignasala sem nú fer alfarið fram hjá sýslumanninum í Hafnarfirði, óháð því hvar á landinu fasteignasalinn hyggst starfa.

Um 7. gr.

Í 13. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, er kveðið á um að setja eigi í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til varnar hættu og tjóni af rafmagni og til varnar truflunum á starfrækslu raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sem fyrir eru eða síðar kunna að koma til. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um starfsleyfi tilnefndra ábyrgðarmanna rafveitna, starfsleyfi rafskoðunarstofa og tímabundna löggildingu rafverktaka. Vegna frumvarps til laga um þjónustuviðskipti er í 7. gr. frumvarpsins lagt til að orðið „tímabundna“ sé fellt brott.

Í 9. gr. frumvarps til laga um þjónustuviðskipti er kveðið á um í hvaða tilfellum heimilt er að tímabinda leyfi og er þar verið að innleiða 11. gr. þjónustutilskipunarinnar. Þar segir að óheimilt sé að veita leyfi til takmarkaðs tíma nema

1. leyfið endurnýist sjálfkrafa eða endurnýjun sé aðeins háð því að skilyrði séu áfram uppfyllt,
2. fjöldi tiltækra leyfa sé takmarkaður með vísan til brýnna almannahagsmuna eða
3. hægt sé að réttlæta takmarkaðan gildistíma með vísan til brýnna almannahagsmuna.

Í þessu tilfelli er ekki talið nauðsynlegt að tímabinda gildistíma löggildingar með vísan til fyrrgreindra sjónarmiða heldur er talið nægjanlegt að eftirlit sé með starfseminni.

Um 8. gr.

Í 13. gr. a – 13. gr. d í lögum nr. 146/1996 er fjallað um þau skilyrði sem aðilar er sækja um ákveðnar tegundir löggildingar til rafvirkjunarstarfa þurfa að uppfylla. Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði við umræddar greinar nýju skilyrði sem kveður á um að umsækjandi um löggildingu megi ekki hafa verið sviptur löggildingu Brunamálastofnunar til rafvirkjunarstarfa síðustu tólf mánuði. Breytingin er lögð til í ljósi þess að með 7. gr. frumvarpsins er lagt til að leyfi verði ekki lengur tímabundin. Telja verður að breytingin hafi ákveðið forvarnagildi þar sem hið nýja skilyrði kemur í veg fyrir að aðili sem sviptur hefur verið löggildingu geti sótt strax um hana aftur.

Einnig er lögð til orðalagsbreyting á inngangsmálsliðum sem nauðsynleg er vegna áðurnefndra breytinga.

Um 9. gr.

Í 1. tölul. 2. mgr. 43. gr. núgildandi laga um bókhald segir að til að öðlast viðurkenningu sem bókari verði aðili að vera heimilisfastur á Íslandi. Með breytingunum er lagt til að í stað þess að kveða á um heimilisfesti verði kveðið á um búsetu og að skilyrðið um búsetu nái ekki til ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.

Um 10. gr.

Sjá athugasemdir við c-lið 3. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 74. gr. núgildandi húsaleigulaga verður sá sem ætlar að reka leigumiðlun að eiga lögheimili á Íslandi. Það skilyrði stangast á við ákvæði þjónustutilskipunarinnar og því er lagt til að það verði fellt niður.

Um 12. gr.

Hvað a-lið varðar, sjá athugasemdir við 1. gr., b-lið 3. gr. og 9. gr. frumvarpsins og hvað b-lið varðar, sjá athugasemdir við c-lið 3. gr. og 10. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Samkvæmt núgildandi vopnalögum skal beina umsóknum um leyfi samkvæmt lögunum til lögreglustjóra í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili. Það gerir það að verkum að eingöngu þeir sem eiga lögheimili á Íslandi geta sótt um slíkt leyfi en það skilyrði er ósamrýmanlegt þjónustutilskipuninni. Af þeim sökum er lagt til að ef umsækjandi er ríkisborgari eða lögaðili ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins, Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum skuli beina umsókn um leyfi til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Markmið frumvarpsins er að gera nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/123 um þjónustu á innri markaðnum en frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um þjónustuviðskipti á innri markaðnum. Við undirbúning frumvarpsins voru öll ráðuneyti beðin um að yfirfara löggjöf á sínu sviði til að kanna hvort hún stangaðist á við ákvæði þjónustutilskipunarinnar. Niðurstöðu þeirrar yfirferðar er að finna í þessu frumvarpi. Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir að lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, verði breytt á þann veg að skilyrði sem kveður á um að búseta á Íslandi sé forsenda rekstrarleyfis samkvæmt lögunum gildi ekki um ríkisborgara og lögaðila innan EES, aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga. Sams konar breytingar eru lagðar til í lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, lögum nr. 145/1994, um bókhald, og lögum nr. 64/2000, um bílaleigur. Þá er lagt til að tímabinding leyfa samkvæmt lögum um verslunaratvinnu og samkvæmt lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, verði felld niður en þau eru nú veitt til fimm ára í senn.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1217. Frumvarp til laga [698. mál]

um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum (góðir stjórnarhættir o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Á eftir 66. gr. b laganna kemur ný grein er verður 66. gr. c og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Góðir stjórnarhættir.

Félag skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi sínum.

Í yfirlýsingunni skal koma fram eftirfarandi:

1. Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða fylgja ber samkvæmt lögum og upplýsingar um hvar slíkar reglur eru aðgengilegar almenningi, t.d. á vefsetri félagsins ef til er en ella annars staðar á netinu. Víki félagið frá hluta reglnanna eða hefur ákveðið að beita ekki neinum ákvæðum reglna um stjórnarhætti skal greina frá ástæðum þess.
2. Lýsing á helstu þáttum innra eftirlitskerfis og áhættustýringarkerfi félagsins í tengslum við samningu reikningsskila.
3. Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og nefnda þeirra.

Sama gildir um samstæðureikningsskilin.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 94. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þegar um er að ræða félag sem er með skráða skrifstofu utan Evrópska efnahagssvæðisins en gefur út verðbréf sín sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarki hér á landi skal ársreikningaskrá hafa eftirlit með því hvort ársreikningur sem saminn er samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum heimaríkis er hliðstæður ákvæðum þessara laga. Ráðherra getur sett reglugerð um nánari ákvæði varðandi framkvæmd þessa eftirlits.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 128. gr. laganna:

a. Í stað tilvísunarinnar „og 2004/109/EB“ kemur: 2004/109/EB og 2006/46/EB.
b. Á eftir orðunum „samstæðureikningsskil þeirra“ í niðurlagi greinarinnar kemur: svo og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1569/2007/EB.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til að koma til framkvæmda hér á landi þeim þáttum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/46/EB, sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2007 sem birt var 9. ágúst 2007 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38/2007, er fjalla um góða stjórnunarhætti skráðra félaga á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar fram-

kvæmdastjórnar nr. 1569/2007/EB, sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2008 sem birt var 23. október 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64/2008, um eftirlit ársreikningaskrár með félögum utan EES-ríkjanna sem skrá verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi.

Með frumvarpinu er lagt til að félög sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skuli árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í ársreikningi sínum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/46/EB. Verslunarráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og hafa því flest félög á markaði hér á landi birt yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í ársreikningi. Samráð var haft við Verslunarráð Íslands um þetta atriði þegar fyrstu drög frumvarpsins voru unnin.

Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1569/2007/EB er kveðið á um skilmála sem reikningsskilareglur þriðju ríkja þurfa að uppfylla til að vera jafngildar alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem Evrópusambandið samþykkir. Stefna Evrópusambandsins er að komið verði á alþjóðlegum reikningsskilareglum fyrir félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði í löndum þess. Þar til að það gerist er stefnan að nema á brott kostnaðarsamar afstemmingar milli reikningsskilareglna Evrópusambandsins og helstu viðskiptalanda þess. Reikningsskilareglur þriðju ríkja er hægt að leggja að jöfnu við alþjóðlegar reikningsskilareglur sem Evrópusambandið samþykkir ef ársreikningur félags er saminn eftir viðurkenndum reikningsskilareglum þriðja ríkisins, þannig að það gerir fjárfestum kleift að komast að sambærilegri fjárhagslegri stöðu þess sem semur ársreikninginn.

Samráð var haft við ársreikningaskrá um þetta atriði þegar fyrstu drög frumvarpsins voru unnin.

Þessar breytingar á lögum um ársreikninga voru lagðar fram með öðru stærra frumvarpi um breytingar á lögum um ársreikninga á 138. löggjafarþingi 2009–2010. Ekki komu neinar athugasemdir frá umsagnaraðilum varðandi þessar greinar. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að lögfesta ákvæði í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/46/EB um góða stjórnunarhætti félaga sem eru með verðbréf sína skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að bæta við 94. gr. laganna nýrri málsgrein um eftirlit ársreikningaskrár með félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Nær hún til eftirlits með ársreikningum þriðju ríkja sem kunna að vilja skrá verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi. Er þetta ákvæði í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1569/2007/EB frá 21. desember 2007.

Um 3. gr.

Hér er um tilvísun að ræða til tilskipana og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins sem ákvæði laganna byggjast á.

Um 4. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum (góðir stjórnarhættir o.fl.).

Með frumvarpinu er lagt til að til framkvæmda komi hér á landi ákveðnir þættir tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB um góða stjórnunarhætti skráðra félaga á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1569/2007 um eftirlit ársreikningaskrár með félögum utan EES-ríkjanna sem skrá verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

1218. Frumvarp til laga [699. mál]

um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum (eftirlitsgjald).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Í stað ártalsins „2010“ tvívegis í ákvæði til bráðabirgða III í lögunum kemur: 2011.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 99/2004, um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, er kveðið á um skyldu fasteignasala til að greiða eftirlitsgjald að fjárhæð 100.000 kr. 1. júlí ár hvert. Gjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala.

Kostnaður við eftirlit hefur reynst mun lægri en áætlað var auk þess sem fasteignasölum fjölgaði mikið á tímabili. Myndaðist því nokkur innstæða í sjóði vegna eftirlitsgjaldsins. Af þeim sökum og þar sem heildarendurskoðun laganna stóð yfir var árlegt eftirlitsgjald fasteignasala ekki innheimt á árunum 2009 og 2010.

Í frumvarpi til nýrra heildarlaga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi, voru lagðar til breytingar á eftirlitsgjaldinu en lagt var til að eftirlitsgjaldið yrði lækkað í 80.000 kr. á ári fyrir sérhvern fasteignasala og væru fleiri en einn fasteignasali starfandi á starfsstöð yrði eingöngu greitt eitt gjald. Í ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið var þó mælt fyrir um að gjaldið yrði ekki innheimt fyrr en 1. júlí 2011 enda hefði safnast innstæða í sjóðinn sem eðlilegt þótti að ganga á. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu en vinna við frumvarp til nýrra heildarlaga hefur haldið áfram og verður frumvarp þess efnis lagt fram í upphafi næsta þings.

Með hliðsjón af framangreindu leggur ráðuneytið til að gjaldtöku eftirlitsgjalds verði frestað til ársins 2012.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum (eftirlitsgjald).

Með frumvarpi þessu er lagt til að frestun á álagningu árlegs eftirlitsgjalds á fasteignasala verði framlengd til ársins 2012.

Samkvæmt lögunum skal sérhver fasteignasali greiða árlegt eftirlitsgjald að fjárhæð 100.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Frá því að innheimta gjaldsins hófst hefur safnast í nokkurn sjóð þar sem kostnaður við eftirlitið hefur reynst minni en áætlað var auk þess sem fasteignasölum fjölgaði mikið á tímabili. Samkvæmt bókhaldi ríkisins fyrir árið 2010 voru gjöld eftirlitsnefndarinnar 7,5 m.kr. umfram sértekjur og nefndin átti 66 m.kr. ónýtta fjárheimild í árslok. Eftirlitsgjald á fasteignasala er lögboðin gjaldtaka. Tekjur af gjaldinu teljast því til ríkistekna og færast á tekjuhlið ríkisreiknings og fjárlaga. Miðað við núverandi fjölda fasteignasala og að óbreyttum lögum má ætla að eftirlitsgjaldið mundi skila 19,5 m.kr. tekjum í ár. Ekki er reiknað með tekjum af gjaldinu í gildandi fjárlögum.

1219. Frumvarp til laga [700. mál]

um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

a. Orðin „námskeið og“ í 3. mgr. falla brott.
b. 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar þriggja manna prófnefnd og heldur hún próf fyrir þá sem sækja um viðurkenningu sem bókarar. Prófnefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Í reglugerð sem ráðherra setur skal m.a. kveðið nánar á um skilyrði til próftöku, prófgreinar, framkvæmd prófa og lágmarksárangur til að standast þau. Kostnaður við prófin, þ.m.t. þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með próftökugjaldi sem ráðherra ákveður. Við ákvörðun á fjárhæð þess skal við það miðað að það sé ekki hærra en kostnaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á námskeiðshaldi fyrir bókara til að mega kalla sig viðurkenndan bókara þar sem ráðherra hlutast aðeins til um að próf verði haldin reglulega en námskeiðin verði á vegum þeirra skóla sem vilja bjóða upp á slík námskeið.

Um viðurkennda bókara er fjallað í 43. gr. laga nr. 145/1994. Þetta ákvæði um viðurkenningu bókara var tekið upp í lögin með lögum nr. 29/1997. Þar segir að ráðherra skuli hlutast til um að reglulega séu haldin námskeið og próf fyrir þá sem vilja fá viðurkenningu sem bókarar. Jafnframt er tekið fram að ráðherra geti, að fenginni umsögn prófnefndar, falið öðrum að annast umrædd námskeið og próf. Þriggja manna prófnefnd, sem skipuð er af ráðherra, hefur nú umsjón með námskeiðum og prófum. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreinar, kennslu o.fl. er að finna í reglugerð nr. 473/2001, um námskeið og próf fyrir viðurkennda bókara, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, sem þá fór með þennan málaflokk, og Viðskiptaháskóli Reykjavíkur (nú Háskóli Reykjavíkur) gerðu með sér samning um námskeið og próf fyrir bókara 22. september 1999 og hefur það verið fyrirkomulagið síðan.

Mikil ásókn hefur verið í námskeið til viðurkenningar sem bókari hjá Háskólanum í Reykjavík og hefur þurft að vísa hluta umsækjenda frá. Námið er orðið nokkuð fastmótað og hefur verið í boði í rúm 10 ár. Eðlilegt er að þessi mál séu endurskoðuð og hafa fleiri skólar sýnt áhuga á því að bjóða upp á réttindanám fyrir bókara.

Fjármálaráðuneytið óskaði eftir áliti prófnefndar viðurkenndra bókara á stöðu mála árið 2008 og var það álit meiri hluta prófnefndar að óheppilegt væri að hafa það í verkahring ráðuneytisins að sjá til þess að umrædd námskeið væru haldin og að ákvarða hvað skyldi kennt á slíkum námskeiðum. Að mati prófnefndarinnar ætti hlutverk ráðuneytisins einungis að vera að sjá til þess að haldin væru próf með reglulegu millibili fyrir þá sem óska eftir viðurkenningu sem bókari. Slíkt gæfi fleiri menntastofnunum tækifæri til að bjóða upp á námið sem mundi auka samkeppni til hagsbóta fyrir nemendur, m.a. þá sem eru búsettir utan Reykjavíkursvæðisins. Slík breyting kallar á breytingu á 43. gr. bókhaldslaga og breytingu á reglugerð nr. 473/2001, um námskeið og próf fyrir viðurkennda bókara, með síðari breytingum.

Sú breyting sem er lögð til í frumvarpinu færir einnig þeim sem unnið hafa sem bókarar og telja sig ekki þurfa að fara á námskeið, en treysta sér til að fara beint í próf, möguleika til að öðlast viðurkenningu sem bókarar.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins munu þeir sem óska eftir því að fá viðurkenningu sem bókarar þreyta til þess sérstakt próf en kostnaður við prófin er greiddur af þeim sem prófin taka með próftökugjaldi. Er því ekki gert ráð fyrir að frumvarpið hafi í för með sér viðbótarútgjöld fyrir ríkissjóð.

Þessi breyting á 43. gr. laga um bókhald var lögð fram í öðru stærra frumvarpi um breytingu á lögum um bókhald á 138. löggjafarþingi 2009–2010. Ekki komu neinar athugasemdir frá umsagnaraðilum varðandi þessa grein. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994,
um bókhald, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fellt verði út það ákvæði gildandi laga að ráðherra skuli hlutast til um námskeiðahald fyrir þá sem vilja öðlast viðurkenningu sem bókarar. Ráðherra skal eftir sem áður hlutast til um prófhaldið og skal kostnaður við það greiðast með próftökugjaldi sem ráðherra ákveður svo sem verið hefur. Háskólinn í Reykjavík hefur til þessa séð um námskeið og próf fyrir þá sem vilja öðlast viðurkenningu sem bókarar samkvæmt þjónustusamningi við ríkið en verði frumvarpið að lögum munu aðrir skólar geta boðið upp á slík námskeið.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.

1220. Frumvarp til laga [701. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar á kolvetnisvinnslu (virðisaukaskattur, tekjuskattur, staðgreiðsla opinberra gjalda).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988,
með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, 12. gr. A, svohljóðandi:

Til skattskyldrar veltu telst ekki:

1. Sala og útleiga á olíuborpöllum og fljótandi hafstöðvum til notkunar við kolvetnisvinnslu. Undanþágan tekur einnig til rekstrarbúnaðar sem er afhentur með slíkum mannvirkjum.
2. Sala á þjónustu á síðasta stigi viðskipta sem stendur í beinum tengslum við byggingu, endurbyggingu, viðgerðir og viðhald á mannvirkjum og búnaði skv. 1. tölul. Undanþágan tekur einnig til vöru sem er afhent í tengslum við afhendingu á slíkri þjónustu.
3. Björgunarþjónusta í tengslum við mannvirki skv. 1. tölul.
4. Sala á vöru og þjónustu á síðasta stigi viðskipta til nota í beinum tengslum við byggingu, endurbyggingu, viðgerðir og viðhald á leiðslum frá hafsvæði utan gildissviðs laga þessara til lands.
5. Sala á vöru og þjónustu til nota á hafsvæði utan landhelgi í tengslum við rannsóknir og nýtingu á auðlindum á hafsbotni svo fremi sala sé til aðila sem hafa fengið leyfi til leitar, rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis, svo og annarra aðila sem taka með beinum hætti þátt í leit, rannsóknum, vinnslu og dreifingu kolvetnisafurða.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um vöru og þjónustu sem fellur undir undanþágur skv. 4. og 5. tölul. 1. mgr.

II. KAFLI
Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við 4. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Rekstrartekjur aðila sem eru skattskyldir skv. 2. gr. laga um skattlagningu kolvetnisvinnslu, og falla ekki undir 2. gr. laga þessara, skal gera upp samkvæmt reglum sem gilda um fastar starfsstöðvar, enda vari starfsemin samtals lengur en 30 daga á 12 mánaða tímabili.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Með orðunum „hér á landi“ í 1. mgr. er átt við landið sjálft, landhelgina, efnahagslögsöguna og landgrunnið sem og svæði þar sem Ísland hefur rétt til skattlagningar lögum samkvæmt eða samkvæmt sérstökum samningum við erlent ríki.

3. gr.

Við 2. mgr. 29. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er í sjálfstæðum afmörkuðum verkefnum sem taka til tveggja eða fleiri tekjuára að draga frá eða mynda tap með slíkum rekstrarkostnaði fyrr en verkefnin byrja að afla tekna eða fyrir liggur með skýrum hætti að ekkert verði af tekjuöfluninni.

4. gr.

1. tölul. 33. gr. laganna orðast svo: Lausafé, þ.m.t. skip, loftför, bifreiðar, vélar, tæki og borpallar til kolvetnisvinnslu.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „skipsbúnaður“ í 1. tölul. kemur: þ.m.t. til notkunar sérstaklega við leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.
b. Við 3. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Borpallar, leiðslukerfi og annar búnaður til notkunar sérstaklega við leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis að lágmarki 10%, að hámarki 30%.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

6. gr.

Á eftir orðunum „ákvæðum 3.“ í 2. málsl. A-liðar 2. gr. laganna kemur: 2. málsl. 4.

IV. KAFLI
Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til skattlagningar kolvetnisvinnslu. Í athugasemdum með því frumvarpi hafa ástæður þeirra skattalagabreytinga sem lagðar eru til með frumvarpi þessu verið reifaðar en bæði frumvörpin eru lögð fram í tengslum við útboð til sérleyfa til kolvetnisvinnslu á Drekasvæðinu sem fyrirhugað er í ágúst nk. Enn fremur hefur iðnaðarráðherra lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis sem stendur einnig í beinum tengslum við framangreint útboð.

Það svæði sem fyrirhugað er að hefja olíuleit á kallast Drekasvæðið en það svæði er töluvert fyrir utan landhelgi Íslands. Á því svæði hafa á síðastliðnum árum verið unnar auðlindarannsóknir sem fólgnar eru í jarðeðlisfræðilegum mælingum (m.a. hljóðendurvarpsmælingum) og þykja þær gefa allgóð fyrirheit um að olíu og gas kunni að vera að finna þar í vinnanlegu magni. Frekari rannsóknir, þar á meðal rannsóknarboranir, þarf hins vegar til að sannreyna hvort olíu sé að finna á svæðinu. Ef hafist verður handa við leitarboranir og vinnslu kolvetnis á Drekasvæðinu er ljóst að það verður töluverð starfsemi á svæðinu.

Eitt meginmarkmið frumvarpsins að kveða með skýrum hætti á um skattskyldu kolvetnisvinnslu en miðað er við að starfsemi kolvetnisvinnslunnar verði undanþegin virðisaukaskatti en að slík starfsemi falli undir lög um tekjuskatt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt sé við nýju ákvæði í virðisaukaskattslögin sem undanþiggur ákveðna starfsemi í kolvetnisvinnslu frá því að teljast til skattskyldrar veltu. Þessi starfsemi er sett fram í fimm töluliðum og er í fyrsta lagi sala og útleiga á olíuborpöllum og fljótandi hafstöðvum til notkunar í kolvetnisvinnslu. Um er að ræða olíuborpalla og hafstöðvar sem geta verið staðsettar utan íslenskrar lögsögu en einnig innan hennar. Með ákvæðinu er lagt til að hvort tveggja sé undanþegið virðisaukaskatti, þ.e. salan er án virðisaukaskatts hvort sem litið yrði svo á að um útflutning væri að ræða eða ekki. Lagt er til að undanþágan taki einnig til rekstrarbúnaðar sem afhentur er með mannvirkjunum. Í öðru lagi er um að ræða sölu á þjónustu á síðasta stigi viðskipta í beinum tengslum við byggingu, endurbyggingu, viðgerðir og viðhald á mannvirkjum og búnaði í 1. tölul. auk sölu á vörum í tengslum við sölu á þjónustunni. Í þriðja lagi er tilgreind björgunarþjónusta í tengslum við mannvirkin í 1. tölul. og í fjórða lagi er sala á vörum og þjónustu til að nota í beinum tengslum við byggingu, endurbyggingu, viðgerðir og viðhald á leiðslum frá hafsvæði til lands. Í fimmta lagi er undanþegin virðisaukaskatti sala á vörum og þjónustu til nota á hafsvæði utan landhelgi í tengslum við rannsóknir og nýtingu á auðlindum á hafsbotni svo fremi salan sé til aðila sem fengið hafa leyfi til leitar, rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis, svo og annarra aðila sem taka með beinum hætti þátt í leit, rannsóknum, vinnslu og dreifingu kolvetnisafurða. Verið er að taka af allan vafa um að salan sé undanþegin þrátt fyrir að varan eða þjónustan sé notuð utan lögsögu Íslands.

Um 2. gr.

Í a-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að við 4. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga, er fjallar um takmarkaða skattskyldu, verði bætt nýjum málslið sem kveði á um að rekstrartekjur þeirra aðila sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 170/2008, um skattlagningu kolvetnisvinnslu, skuli gera upp samkvæmt reglum sem gilda um fastar starfsstöðvar, enda vari starfsemin samtals lengur en 30 daga á 12 mánaða tímabili. Með reglum sem gilda um fastar

starfsstöðvar er m.a. átt við svokallaða útibúsreglu en í henni felst að tekjur sem verða til hér á landi sæta hér skattlagningu og er það í samræmi við reglur sem settar eru fram í tvísköttunarmódeli OECD um fasta starfsstöð.

Í b-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að við 3. gr. tekjuskattslaga verði bætt nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um að landfræðilegt gildissvið tekjuskattslaga verði með skýrari hætti þar sem miðað er við að starfsemi kolvetnisvinnslunnar falli undir lög um tekjuskatt.

Um 3. gr.

Lagt er til að við 2. mgr. 29. gr. laga um tekjuskatt verði bætt nýjum málslið sem kveður á um að óheimilt sé í sjálfstæðum afmörkuðum verkefnum sem taki til tveggja eða fleiri tekjuára að draga frá eða mynda tap með slíkum rekstrarkostnaði fyrr en verkefnin byrji að afla tekna eða fyrir liggi með skýrum hætti að ekkert verði af tekjuöfluninni. Mikið hefur verið um fyrirspurnir erlendis frá um meðferð taps í skattskilum hér á landi eftir að möguleikar opnuðust til vinnslu á kolvetni á Drekasvæðinu. Þykir því rétt að binda með skýrari hætti í lög þær viðteknu venjur sem hér hafa gilt í þessum efnum og leiðir af almennum reglum 31. gr. laganna. Þannig verður t.d. ekki unnt hjá sama leyfishafa að jafna saman kostnaði við rannsóknir á tiltekinni olíulind og tekjum af annarri olíulind fyrr en fyrrnefnda lindin er farin að gefa af sér tekjur. Þetta er í samræmi við þau skattskil sem hér hafa gilt til margra ára í lengri tíma verksamningum og hjá verktökum. Nefna má í dæmaskyni að byggingarverktaki sem byggir hús hvort í sínu hverfinu getur ekki dregið kostnað vegna annars hverfisins frá tekjum hins fyrr en sala hefur farið fram. Hér væri því um tvö sjálfstæð og afmörkuð verkefni að ræða.

Um 4. og 5. gr.

Með ákvæðunum er lagt til að til fyrnanlegra eigna teljist borpallar til kolvetnisvinnslu og að fyrningarhlutfall borpalla, leiðslukerfa og annars búnaðar sem sérstaklega er notaður til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis verði að lágmarki 10% og að hámarki 30%.

Um 6. gr.

Hér er lögð til leiðrétting á tilvísunum í staðgreiðslulögum og er um að ræða afleidda breytingu vegna þess að við 4. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga bætist nýr málsliður, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Ákvæðið fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar á kolvetnisvinnslu (virðisaukaskattur, tekjuskattur, staðgreiðsla opinberra gjalda).

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem leiðir af skattlagningu kolvetnisvinnslu og er það lagt fram samhliða frumvarpi um skattlagningu kolvetnisvinnslu. Í athugasemdum með því frumvarpi hafa ástæður þeirra skattalagabreytinga sem lagðar eru til með frumvarpi þessu verið reifaðar en bæði frumvörpin eru lögð fram í tengslum við útboð til sérleyfa til kolvetnisvinnslu á Drekasvæðinu sem fyrirhugað er í ágúst nk. Enn fremur hefur iðnaðarráðherra lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis sem stendur einnig í beinum tengslum við framangreint útboð.

Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á lögum um virðisaukaskatt sem fela í sér undanþágu ákveðinnar starfsemi í kolvetnisvinnslu frá virðisaukaskattsskyldu. Er það í samræmi við það sem gildir gagnvart slíkri starfsemi í öðrum ríkjum sem vinna olíu, til dæmis í Noregi. Í öðru lagi eru lagðar til nokkrar breytingar á tekjuskattslögunum. Með þeim er verið að taka af öll tvímæli um að starfsemi eins og hér um ræðir verði skattskyld hér á landi í samræmi við alþjóðareglur. Í þriðja lagi inniheldur frumvarpið breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, en þar er um að ræða afleidda breytingu frá tekjuskattsbreytingunni.

Þar sem mikil óvissa ríkir um hvernig til tekst með væntanlegt útboð og umfang þeirrar starfsemi sem af því gæti leitt á rannsóknarstigi hefur ekki verið metið sérstaklega hver áhrifin verða á tekjur ríkissjóðs. Gera verður þó ráð fyrir að þau verði óveruleg meðan á tilraunaborunum stendur. Ef hafin verður vinnsla kolvetnis má reikna með að það leiði til einhvers eftirlitskostnaðar hjá skattyfirvöldum. Sá kostnaður eykst með auknum umsvifum kolvetnisvinnslu en reikna má með að tekjur ríkisins verði verulega hærri af þeirri starfsemi en kostnaður við skatteftirlit og umsýslu.

1221. Frumvarp til laga [702. mál]

um skattlagningu á kolvetnisvinnslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Almennt.
1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til skattlagningar á allar tekjur af leit, rannsóknum, vinnslu og sölu kolvetnis, þar með talin öll afleidd starfsemi, svo sem flutningur í leiðslum eða með skipum og önnur vinna og þjónusta sem innt er af hendi:

a. í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands,

b. á samliggjandi hafsvæði þar sem kolvetnisauðlind nær yfir miðlínu annars ríkis þegar réttur til kolvetnis fellur til Íslands samkvæmt samningi við hitt ríkið,
c. fyrir utan svæðið sem nefnt er í a-lið, enda hafi Ísland rétt til að skattleggja þá starfsemi og vinnu samkvæmt almennum rétti eða sérstökum samningum við erlent ríki.

Af tekjum, þ.m.t. launum, sem verða til í þeirri starfsemi sem fjallað er um í 1. mgr., skal auk skatta og gjalda samkvæmt lögum þessum greiða alla aðra skatta og önnur opinber gjöld sem eru lögð á skattskylda aðila hér á landi eftir þeim lögum og reglum sem um þau gilda á hverjum tíma.

2. gr.
Skattskyldir aðilar.

Skylda til að greiða skatta og gjöld af þeirri starfsemi sem fjallað er um í 1. gr. hvílir á þeim aðilum sem fengið hafa leyfi til leitar, rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis, svo og öðrum aðilum sem taka með beinum eða óbeinum hætti þátt í leit, rannsóknum, vinnslu og dreifingu kolvetnisafurða og annarri afleiddri starfsemi. Skattskylda samkvæmt lögum þessum, sbr. og lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, hvílir þannig á lögaðilum, sjálfstætt starfandi mönnum og launþegum sem afla tekna við starfsemi sem fram fer á þeim svæðum sem tilgreind eru í 1. gr.

3. gr.
Skilgreiningar.

Kolvetni merkir í lögum þessum jarðolía, jarðgas eða annars konar kolvetni sem er til staðar í jarðlögum undir hafsbotni frá náttúrunnar hendi og nýtanlegt er í loftkenndu eða fljótandi formi.

Leyfishafi merkir í lögum þessum hvern þann aðila sem fengið hefur leyfi eða hlutdeild í leyfi til leitar, rannsókna eða vinnslu kolvetnis samkvæmt lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Landgrunn merkir í lögum þessum hafsbotninn og neðansjávarsvæði utan landhelgi, sem eru framlenging landsvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlínum landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunnssvæðisins ná ekki þeirri fjarlægð, sbr. lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Milli Íslands annars vegar og Færeyja og Grænlands hins vegar, þar sem minna en 400 sjómílur eru milli grunnlína, afmarkast efnahagslögsaga og landgrunn Íslands af miðlínu.

Tunna eða ígildi hennar merkir í lögum þessum mælieining fyrir jarðolíu þar sem ein tunna jafngildir 0,15898 rúmmetrum eða samsvarandi magn af öðru kolvetni með sama orkuinnihaldi, svo sem af jarðgasi.

II. KAFLI
Framleiðslugjald.

4. gr.
Gjaldskylda.

Skattskyldur leyfishafi skv. 2. mgr. 3. gr. skal greiða sérstakt framleiðslugjald sem reiknast af verðmæti þess magns í tunnum talið sem hann vinnur árlega af kolvetni á grundvelli hinnar leyfisskyldu starfsemi. Með vinnslu er átt við allt það kolvetni sem afhent er úr auðlindinni, þar á meðal til framhaldsvinnslu og eigin nota.

5. gr.

Viðmiðunarverð í skattskilum.

Ráðherra skipar þrjá menn í nefnd til fimm ára í senn og jafnmarga til vara til að ákvarða viðmiðunarverð á kolvetni og skulu þeir ýmist hafa þekkingu á sviði kolvetnisvinnslu, lögfræði eða hagfræði. Nefndin skal í upphafi hvers mánaðar ákvarða viðmiðunarverð á kolvetni fyrir næstliðinn mánuð. Viðmiðunarverðið skal taka mið af meðalverði á kolvetni eins og það var á viðurkenndum alþjóðlegum markaði með sambærilegar kolvetnisafurðir, m.a. að teknu tilliti til sölukostnaðar og afhendingarstaðar.

Ákvarðanir viðmiðunarverðsnefndar eru endanlegar á stjórnsýslustigi. Ráðherra setur nánari reglur um ákvörðun viðmiðunarverðs og störf nefndarinnar.

6. gr.

Gjaldstofn og gjaldhlutfall framleiðslugjalds.

Gjaldstofn framleiðslugjalds skv. 4. gr. miðast við verðmæti heildarvinnslu leyfishafa á hverju ári og ákvarðast sem margfeldi unnins magns og viðmiðunarverðs skv. 5. gr.

Gjaldhlutfall framleiðslugjalds skal vera 5% og telst gjaldið til rekstrarkostnaðar.

7. gr.

Um skil á framleiðslugjaldi.

Greiða skal mánaðarlega framleiðslugjald í staðgreiðslu til ríkissjóðs og telst það vera bráðabirgðagreiðsla upp í endanlega álagningu, sbr. 4. mgr.

Gjaldskyldir leyfishafar skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils greiða ótilkvaddir til innheimtumanns ríkissjóðs það framleiðslugjald sem þeim ber að standa skil á samkvæmt skilagrein sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjalddagi framleiðslugjalds vegna hvers mánaðar er 1. dagur næsta mánaðar og eindagi 14 dögum síðar.

Að öðru leyti fer um staðgreiðslu framleiðslugjalds eftir lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, eftir því sem við á. Um viðurlög og málsmeðferð gilda ákvæði VI. kafla þeirra laga.

Samhliða álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal fara fram endanlegt uppgjör eða álagning framleiðslugjalds fyrir næstliðið ár. Frávik skulu gerð upp á meðalviðmiðunarverði ársins hvort sem um of- eða vangreiðslu er að ræða.

Fyrir árslok skal gjaldskyldur aðili senda ríkisskattstjóra áætlun um áformaða heildarvinnslu kolvetnis á næsta ári ásamt rekstraráætlun og skal hún samþykkt af Orkustofnun. Áætlunin skal endurskoðuð ársfjórðungslega og skal Orkustofnun samþykkja breytingar.

III. KAFLI

Sérstakur kolvetnisskattur.

8. gr.

Skattskyldir aðilar.

Skattskyldir leyfishafar skv. 3. gr. sem hafa tekjur af leit, rannsóknum, vinnslu, dreifingu eða sölu á kolvetni, sem og aðrir aðilar sem hafa hlutdeild í slíkum tekjum, skulu greiða sérstakan kolvetnisskatt af skattstofni skv. 9. gr.

9. gr.

Skattstofn sérstaks kolvetnisskatts.

Til skattstofns sérstaks kolvetnisskatts skattskylds aðila skv. 8. gr. teljast allar tekjur skv.

B- og C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að frádregnum rekstrarkostnaði skv. 10. gr., með þeim undantekningum sem síðar greinir.

Hafi sala á kolvetni á einhverju tímabili farið fram á lægra verði en viðmiðunarverði skv. 5. gr. skal við útreikning á skattstofni ákvarða þá sölu á viðmiðunarverði.

Við ákvörðun á skattstofni kolvetnisskatts skal að öðru leyti en greinir í lögum þessum miða við ákvæði laga nr. 90/2003, eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Frádráttur frá skattskyldum tekjum.

Á því ári sem tekjuöflun hefst samkvæmt útgefnu leyfi er heimilt að draga frá tekjum skv. 9. gr. uppsafnaðan og árlegan rekstrarkostnað sem til hefur fallið skv. 31. gr. og niðurfærslu eigna skv. 32. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með þeim undantekningum sem fram koma í lögum þessum.

Við ákvörðun á stofni til kolvetnisskatts er eigi heimilt að draga frá tekjum ársins hærri fjármagnskostnað en sem nemur 5% af stöðu skulda að frádregnum peningalegum eignum, þar með talið kröfum og birgðum, í lok viðkomandi reikningsárs. Ráðherra er heimilt með reglugerð að hækka eða lækka viðmiðunarhlutfallið með hliðsjón af starfrækslu- og fjármögnunargjaldmiðli leyfishafa og almennu vaxtastigi í viðkomandi mynt. Við útreikning á þeim stofni skal ekki telja til skuldar reiknaðan ógreiddan tekjuskatt eða reiknaðan ógreiddan kolvetnisskatt. Sama gildir um reiknaðar skattskuldbindingar og skattinneignir vegna varanlegs tímamismunar á reikningsskilum og skattskilum. Til fjármagnskostnaðar teljast öll vaxtagjöld, verðbætur, afföll og gengismunur af bókfærðum skuldum, sbr. 49. gr. laga nr. 90/2003, eftir að frá þeim hafa verið dregnar vaxtatekjur, verðbætur, afföll og gengismunur af bókfærðum eignum í samræmi við 8. gr. sömu laga. Falli slíkur fjármagnskostnaður til við öflun annarra eigna en þeirra sem nýttar eru í hinni leyfisskyldu starfsemi skal honum skipt í réttu hlutfalli við eftirstöðvar skattalegs fyrningarverðs allra fyrnanlegra eigna í lok árs og kemur þá sá hluti fjármagnskostnaðarins sem tengist eignum sem ekki eru nýttar til kolvetnisvinnslu ekki til frádráttar tekjum við ákvörðun á skattstofninum.

Óheimilt er að færa til frádráttar tekjum hærri leigu af mannvirkjum eða búnaði sem nýttur er til leitar, rannsóknar eða öflunar á kolvetni en sem nemur eðlilegum afskriftum og vöxtum af viðkomandi eignum miðað við nýtingartíma á hverju ári. Við mat á því hvað skuli telja eðlilegar afskriftir og vexti skal taka mið af ákvæðum laga nr. 90/2003 og öðrum þeim reglum sem settar hafa verið með vísan til þeirra laga. Sé búnaður leigður af tengdum aðila geta skattyfirvöld hafnað gjaldfærslu á leigunni nema leigutaki framvísi upplýsingum og gögnum um kostnaðarverð og uppsafnaðar afskriftir slíks búnaðar í hendi leigusala þannig að hægt sé að ganga úr skugga um að framangreindum skilyrðum sé fullnægt.

Kostnað við leigu á vinnuafli er því aðeins heimilt að færa til frádráttar tekjum að starfsmannaleigan eða leigutakinn standi skil á staðgreiðslu og launatengdum gjöldum sbr. 3. og 4. mgr. 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Vátryggingaiðgjöld, dreifingarkostnaður og hvers kyns þjónustugjöld til tengdra aðila er því aðeins heimilt að færa til frádráttar tekjum að skattskyldir aðilar geti sýnt fram á með fullnægjandi hætti að þau séu ekki hærri en gerist í viðskiptum ótengdra aðila.

Á því ári sem næst fer á undan því ári sem vinnslusvæði er lokað, sbr. 16. gr. laga nr. 13/2001, er heimilt að fresta 20% af rekstrartekjum ársins til tekjufærslu á lokunarári.

11. gr.
Óheimill frádráttur frá tekjum.

Við ákvörðun á stofni til sérstaks kolvetnisskatts er eigi heimilt að draga frá eftirtalinn kostnað og gjaldaliði:

a. tap af sölu eigna til tengdra aðila,
b. hvers konar gjafir og framlög, svo sem til líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og íþróttafélaga,
c. niðurfærslu viðskiptakrafna og vörubirgða,
d. tap eða kostnað af starfsemi sem fellur utan gildissviðs laga þessara, þar með taldar starfsstöðvar í landi,
e. tap eða kostnað sem myndast hefur hjá skattskyldum aðila fyrir leyfisveitingu skv. 8. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

12. gr.
Skatthlutfall.

Skatthlutfall kolvetnisskatts, mælt í prósentum, er stighækkandi og ákvarðast sem margfeldi af hagnaðarhlutfalli skv. 2. mgr. og hlutfallstölunni 0,45.

Hagnaðarhlutfall í prósentum ákvarðast sem hlutfall skattstofns af heildartekjum, sbr. 9. gr.

Fjárhæð kolvetnisskatts er margfeldi skatthlutfalls skv. 1. mgr. og skattstofns skv. 9. gr.

13. gr.
Um skil á kolvetnisskatti.

Álagning kolvetnisskatts skal fara fram samhliða álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, á því framtalsformi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Á grundvelli rekstraráætlunar skv. 5. mgr. 7. gr. skulu skattskyldir aðilar greiða fyrirframgreiðslu upp í væntanlega álagningu kolvetnisskatts á sömu gjalddögum og áskilið er í 2. mgr. 7. gr. um framleiðslugjald. Fyrirframgreiðslan hverju sinni skal taka mið af endurskoðaðri áætlun fyrir árið í heild sinni.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði um tekjur.

14. gr.

Varði kostnaður, annar en fjármagnskostnaður, í senn bæði öflun tekna af hinni leyfisskyldu starfsemi og öflun annarra tekna, að frátöldum fjármagnstekjum, skal skipta kostnaðinum í réttu hlutfalli við tekjurnar.

15. gr.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna vegna hinnar leyfisskyldu starfsemi skal ákvarðaður og skattlagður með sama hætti og af fyrnanlegum eignum samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Skattskyldir aðilar sem greiða skatt samkvæmt lögum þessum skulu ef við á halda tekjum og gjöldum af leyfisskyldri starfsemi sinni aðgreindum frá tekjum og gjöldum af annarri starfsemi í bókhaldi sínu.

17. gr.

Reikningsár lögaðila eða útibús sem skráð er hér á landi vegna starfsemi skv. 1. gr. skal vera almanaksárið. Skattskylda aðila samkvæmt lögum þessum hefst frá og með því almanaksári þegar leyfinu sem starfsemin byggist á var úthlutað.

18. gr.

Skattskyldum aðilum er óheimilt að úthluta tekjuafgangi ef það verður til þess að hlutfall eigin fjár verður lægra en 15% af skattalegu bókfærðu verði heildareigna.

19. gr.

Um afmörkun skattskyldu aðila skv. 2. gr. laga þessara fer skv. 1., 2. eða 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eftir því sem við á.

VI. KAFLI
Framtöl, skýrslugjafir, álagning, eftirlit, kærur, innheimta o.fl.

20. gr.

Að öðru leyti en greinir í þessum lögum skulu um framtöl, skýrslugjafir, álagningu, eftirlit, kærur, og innheimtu framleiðslugjalds og kolvetnisskatts gilda ákvæði IX.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, en varðandi viðurlög er sérstaklega vísað til XII. kafla þeirra laga.

21. gr.

Álagning, innheimta og ábyrgð á skattgreiðslum.

Skattar samkvæmt lögum þessum skulu lagðir á af ríkisskattstjóra og renna í ríkissjóð. Tollstjóri hefur á hendi innheimtu þeirra.

Af launum samkvæmt lögum þessum sem skattskyld eru skv. 1. gr. og 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal haldið eftir staðgreiðslu í samræmi við A-lið 2. og 3. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sama á við um greiðslur sem inntar eru af hendi til aðila skv. 3., 6., 7. eða 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, enda séu þeir ekki skattskyldir skv. 4. tölul. 1. mgr. sömu greinar. Launagreiðandi er enn fremur staðgreiðsluskyldur af tryggingagjaldi samkvæmt ákvæðum laga um tryggingagjald nr. 112/1990.

Fjármálaráðherra getur krafist þess að skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum setji tryggingu fyrir væntanlegum sköttum sínum og gjöldum svo og fyrir skattgreiðslum annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

22. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem um nánari ákvörðun tekna og eigna, störf ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefndar og um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um sérstakt bókhald framtalsskyldra aðila, þar á meðal birgðabókhald. Einnig getur hann kveðið á um form reikningsskila og geymslu bókhalds og annarra gagna er varða skattframtöl.

23. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um skattlagningu kolvetnisvinnslu, nr. 170/2008, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá árinu 1997 hefur með markvissum hætti verið kannað hvort að olía eða gas finnist á landgrunni Íslands. Á undanförnum árum hafa farið fram umfangsmiklar kannanir á botni og jarðlögum á hafsvæði í kringum Ísland, sérstaklega á svokölluðu Drekasvæði. Þær kannanir hafa bent til þess að líkur séu á að olía eða gas, hér eftir í einu nafni nefnt kolvetni, finnist á landgrunninu. Vorið 2009 var í fyrsta skipti boðin út leyfi til leitar, rannsóknar og vinnslu kolvetnis en þátttaka í útboðinu var ekki nægjanlega mikil, m.a. vegna slæms efnahagsástands en einnig kom fram gagnrýni á lagaumgjörðina. Áætlað er að næsta útboð fari fram næstkomandi haust, þ.e. haustið 2011, og er þetta frumvarp lagt fram í tengslum við það útboð.

Meðal þess sem var gagnrýnt í síðasta útboði var að hverju leyfi til rannsóknar eða vinnslu kolvetnis var aðeins úthlutað til eins skattskylds lögaðila. Í Noregi og öðrum nágrannalöndum okkar tíðkast það að þeir aðilar sem saman bjóða í kolvetnisleyfi starfi í svokölluðu „joint venture “ formi sem er ekki sjálfstæður skattaðili. Áætlað er að næsta útboð fari fram næstkomandi haust, þ.e. haustið 2011, og í tengslum það útboð hefur iðnaðarráðherra lagt fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum. Í því frumvarpi er lagt til að í næsta útboði verði útboðsskilmálar með þeim hætti að þeir sem taka þátt í útboðinu geti starfað saman í „ joint venture“ sem er ekki sjálfstæður skattaðili. Forsendur og ástæður þessara breytinga eru reifaðar ítarlega í framangreindu frumvarpi iðnaðarráðherra. Umræddar breytingar á útboðsskilmálum kalla óhjákvæmilega á nokkuð veigamiklar kerfisbreytingar á núgildandi lögum um skattlagningu kolvetnisvinnslu. Tillögur frumvarpsins taka meðal annars mið af framangreindu og fenginnar reynslu af fyrra útboði.

Sérstakur sérfræðingahópur fjármálaráðherra vann að undirbúningi frumvarpsins, en hann skipuðu Þórður Reynisson frá fjármálaráðuneytinu og Aðalsteinn Hákonarson og Ingvar Rögnvaldsson frá ríkisskattstjóra. Með hópnum starfaði einnig Björn Ragnar Björnsson, stærðfræðingur frá Hagstofunni. Við mótun og útfærslu frumvarpsins hafði starfshópurinn samstarf við iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun. Jafnframt var haft samráð við norsk stjórnvöld um mótun tillagnanna og tekið mið af þeim athugasemdum sem komið hafa fram á núgildandi lög um skattlagningu kolvetnisvinnslu.

Frumvarpið sem hér er lagt fram er í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um skattlagningu kolvetnisvinnslu og voru eftirtalin meginmarkmið höfð að leiðarljósi við mótun á þeim tillögum sem fram koma í frumvarpinu:

- Að ríkinu verði tryggð ásættanleg hlutdeild í þeim hagnaði sem fellur til vegna nýtingar á takmarkaðri auðlind í eigu þjóðarinnar.

- Að Ísland verði í skattalegu tilliti samkeppnishæft við nágrannaríki okkar (Noreg, Færeyjar, Kanada, Írland og Grænland),
- Að skattlagning kolvetnisvinnslu á Íslandi verði einföld og skilvirk.

Frumvarpið byggir í meginatriðum á núgildandi lögum um skattlagningu kolvetnisvinnslu. Í almennum athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 170/2008 var m.a. farið ítarlega yfir sérstöðu kolvetnisvinnslu, sjónarmið við skattlagningu kolvetnisiðnaðar og efnahagsleg áhrif kolvetnisvinnslu. Þær athugasemdir eiga einnig við um frumvarp þetta og til frekari skýringa vísast til þeirra.

Líkt og í gildandi lögum er miðað við að allir þeir aðilar sem verða skattskyldir samkvæmt þessu frumvarpi greiði einnig skatta og önnur gjöld sem almennt eru lögð á atvinnurekstur hér á landi óháð frumvarpi þessu. Með frumvarpinu er, eins og í gildandi lögum, miðað við að skattlagning kolvetnisvinnslunnar verði þríþætt og samanstandi af a) svæðisgjaldi, b) framleiðslugjaldi og c) sérstökum kolvetnisskatti.

a. Svæðisgjald er greitt fyrir sérleyfi til leitar, rannsóknar eða vinnslu kolvetnis og tekur fjárhæð gjaldsins mið af þeim réttindum sem sérleyfið veitir. Gjaldið er á forræði iðnaðarráðherra og er ákvarðað í lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.
b. Framleiðslugjald tekur mið af verðmæti kolvetnisins sem nýtt er úr auðlindinni. Gjaldstofninn miðast við söluverð þess kolvetnis sem nýtt er úr auðlindinni og því er gjaldið óháð afkomu kolvetnisvinnslunnar. Tekjur ríksins af þessu gjaldi eru því tiltölulega öruggar eftir að vinnsla hefst og ætti að tryggja ríkinu lágmarks endurgjald fyrir nýtingu auðlindarinnar ef starfsemin skilar ekki hagnaði.
c. Sérstakur kolvetnisskattur er lagður á hagnað sem verður til við nýtingu kolvetnisauðlindarinnar. Ef olía eða gas finnst í vinnanlegu magni getur hagnaður af slíkri vinnslu orðið gríðarlega mikill ef vel gengur. Þess vegna þykir rökrétt að slík fyrirtæki greiði hærri skatt en almenn fyrirtæki af hagnaði sínum. Öll nágrannalönd okkar skattleggja kolvetnisframleiðslufyrirtæki sérstaklega og sem dæmi má nefna að í Noregi er lagður 50% sérstakur kolvetnisskattur ofan á almennan fyrirtækjaskatt þessara fyrirtækja. Ef vel gengur má ætla að tekjur íslenska ríkisins af kolvetnisvinnslunni verði fyrst og fremst í formi tekjuskatts og sérstaks kolvetnisskatts.

Helstu efnisbreytingar frá gildandi lögum um skattlagningu kolvetnisvinnslu sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Í stað þess að hafa einn skattskyldan aðila fyrir hvert leyfi (svæði) eins og í fyrra útboði er með breyttum útboðsskilmálum líklegt að margir skattaðilar sameinist um eitt leyfi. Líklegt að einhverjir aðilar hafi aðeins litla hlutdeild í hverju leyfi með aðrir hafi stærri hlutdeild. Skattstofn og skattprósenta aðila innan sama leyfis getur því verið mismunandi en núgildandi lög gera ekki ráð fyrir slíku. Með frumvarpinu er lagt til að allir skattskyldir aðilar verði í sama kerfinu, þ.e. greiði ævinlega framleiðslugjald af unnu magni og sérstakan kolvetnisskatt af hagnaði. Í núgildandi lögum greiða skattskyldir aðilar stighækkandi framleiðslugjald af unnu magni þar til þeir ná ákveðinni hagnaðarprósentu af rekstrinum en þá hætta þeir að greiða framleiðslugjald og greiða þess í stað sérstakan stighækkandi kolvetnisskatt. Breytingin er einnig til þess fallin að einfalda skattheimtuna og auðvelda fyrirtækjum útreikning skattsins.
2. Lagt er til að framleiðslugjaldið verði fastákveðin prósentutala af verðmæti unnins magns sem skal greiða mánaðarlega í staðgreiðslu til ríkissjóðs. Prósentutalan er fastákveðin 5% en ekki stighækkandi líkt og í núgildandi lögum Það hefur verið gagnrýnt að framleiðslugjaldið í núverandi kerfi geti undir vissum kringumstæðum orðið verulega

há prósentutala en með frumvarpinu er komið til móts við þá gagnrýni. Þá fellur framleiðslugjaldið ekki niður þó viðkomandi skattaðili skili hagnaði og greiði sérstakan kolvetnisskatt, líkt og í gildandi lögum. Í núgildandi lögum er ekkert vinnslugjald greitt af fyrstu 10 milljón tunnunum á hverju ári en með frumvarpinu er fallið frá þessari leið og greitt er af hverri tunnu sem nýtt er úr auðlindinni sem getur leitt til þess að ríkið hafi tekjur af starfseminni fyrr en ella.

3. Lagt er til að reikniformúlu sérstaks kolvetnisskatts verði breytt á þann hátt að hann leggist á um leið og viðkomandi aðili sýni hagnað af starfseminni. Samkvæmt núgildandi lögum hefst gjaldskylda kolvetnisskatts þegar hagnaður skattskylds aðila nær 20% af skattskyldum rekstrartekjum hans. Enn fremur er samkvæmt núgildandi lögum skattprósenta kolvetnisskatts reiknuð þannig að frá hagnaðarhlutfalli eru dregin 10 prósentustig og sú samtala margfölduð með ákveðnum stuðli sem gefur endanlega skattprósentu. Með breytingunni er útreikningur skatthlutfallsins einfaldaður og komið til móts við þá gagnrýni sem hefur komið fram á núverandi ákvæði um útreikning sérstaks kolvetnisskatts.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til einfalda skattkerfi kolvetnisvinnslu töluvert og aðlaga það að breyttum útboðsskilmálum næsta útboðs. Þessar kerfisbreytingar koma til með að skila ríkissjóði tekjum fyrr en samkvæmt núgildandi kerfi að því gefnu að kolvetnisvinnsla hefjist í skattalögsögu Íslands. Á móti gætu tekjur ríksins orðið minni ef framleiðsla verður verulega mikil, sérstaklega ef framleiðsla er mikil en hagnaður viðkomandi fyrirtækis lítill.

Eins og sjá má á sviðsmyndunum hér að neðan er íslenska skattkerfið vel samkeppnishæft við skattkerfi nágrannalanda okkar.

Skattaflæði í sviðsmyndum ásamt samanburði við Noreg, Færeyjar og Grænland.

Á árunum 2005–2007 voru á vegum iðnaðarráðuneytisins gefnar út skýrslur um olíuleit og vinnslu á Drekasvæðinu. Skýrslurnar kynna til sögunnar dæmi um mögulega framvindu leitar og vinnslu. Þær sviðsmyndir sem koma þar fram eru til grundvallar þeim samanburði sem hér er sýndur á myndum. Kostnaðarmat vegna leitar og vinnslu hefur hér verið fært upp um 50% frá því sem upphaflega var notast við, enda er það í samræmi við þróun leiguverðs dýrustu tækjanna sem við sögu koma. Á eftirfarandi myndum eru borin eru saman skattkerfi kolefnisvinnslu í Noregi, Færeyjum og Grænlandi ásamt þeim tillögum sem lagðar eru til með frumvarpinu. Hæsti skatturinn væri greiddur í Noregi en í flestum tilvikum sá lægsti í Færeyjum. Rétt er að geta að af áðurnefndum löndum er í dag einungis unnið kolvetni í Noregi. Í Færeyjum og Grænlandi hefur enn ekki fundist kolvetni í vinnanlegu magni en þar fer fram töluverð leit að kolvetni. Það má því segja að eina skattkerfi kolvetnisvinnslu sem er virkt sé það norska. Þá er enn fremur rétt að hafa í huga að Drekasvæðið er hluti af stærra svæði sem við deilum með Noregi og því getur skattlagningarétturinn fallið til Noregs ef kolvetni er unnið á þeim hluta svæðisins.

Mikilvægt er að átta sig á því að í eðli sínu eru þessi skattkerfi að ýmsu leiti ólík og því getur verið erfitt að bera saman þessi kerfi og mismunandi forsendur gefa mismunandi niðurstöðu. Hér að neðan má sjá samanburð skattkerfanna eins og þau koma út úr tveimur mismunandi sviðsmyndum við mishátt heimsmarkaðsverð olíu.

Í samræmi við frumvarpið eru forsendur íslenska kerfisins eftirfarandi: Framleiðslugjald 5%, sérstakur kolvetnisskattur 0,45 af hagnaðarprósentu. Tekjuskattur (skattur á hagnað) fyrirtækja 20%.

Sviðsmynd 1.

Forsendur: Tvær olíulindir, 301 millj. tunnur og 564 millj. tunnur. Gas er ekki nýtt úr auðlindinni.



Af þessu má sjá að miðað við verðið 40 USD per tunnu er í öllum tilfellum hæstur skattur í Noregi, þá á Íslandi, svo á Grænlandi og loks í Færeyjum.



Ef meðalverðið fer í 80 USD á tunnu án þess að framleiðslukostnaður hækki mikið aukast ríkisstekjur verulega. Færeyjar eru við þessar aðstæður nærri því að ná Grænlandi.

Sviðsmynd 2.

Forsendur: Ein olíulind, samtals 436 millj. tunnur.



Þrátt fyrir að hér sé í heild um minna olíumagn að ræða verður fyrr hagnaður af verkefninu. Hér er grænlenskur skattur svipaður og íslenskur, en færeyskur ívið lægri.



Ef meðalverðið fer í 80 USD á tunnu án þess að framleiðslukostnaður hækki mikið er í þessari sviðsmynd grænlenska skattkerfið komið fram úr því íslenska, en það færeyska er á svipuðu róli og það íslenska.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla er að fjallað um gildissvið laganna, skilgreiningar á helstu hugtökum og hverjir teljast skattskyldir aðilar.

Um 1. gr.

Í þessu upphafsákvæði frumvarpsins er fjallað um gildissvið laganna. 1. mgr. ákvæðisins er efnislega samhljóma 1. gr. núgildandi laga en hnykkt er enn frekar á því hvaða starfsemi fellur undir gildissvið laganna.

Í 2. mgr. er fjallað um almenna skattskyldu en með greininni eru tekin af öll tvímæli um það að skattskyldum aðilum samkvæmt frumvarpi þessu ber að greiða alla skatta og önnur gjöld sem lögð eru á hér á landi óháð lögum þessum. Skattskylda aðila samkvæmt frumvarpinu hefur ekki áhrif á skattskyldu þeirra samkvæmt öðrum lögum og viðkomandi aðila ber til dæmis að greiða tekjuskatt samkvæmt lögum þar um án tillits til laga þessara.

Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 170/2008 er nánar fjallað um þetta ákvæði og til nánari skýringa vísast til þess ákvæðis.

Um 2. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóma 3. gr. núgildandi laga og þarfnast því ekki skýringa.

Um 3. gr.

Sams konar ákvæði er í 2. gr. núgildandi laga og þarfnast því ekki skýringa.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um framleiðslugjald sem leggst á verðmæti unnins magns af kolvetni. Ólíkt sérstökum kolvetnisskatti sem fjallað er um í III. kafla frumvarpsins er framleiðslugjaldið óháð kostnaðarliðum í rekstri gjaldskylds aðila og miðast fjárhæð gjaldsins við unnið magn og verðmæti þess kolvetnis sem nýtt er úr auðlindinni.

Um 4. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóma 1. mgr. 5. gr. núgildandi laga og þarfnast því ekki skýringa.

Um 5. gr.

Sams konar ákvæði er í 6. gr. núgildandi laga og þarfnast því ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um gjaldstofn og gjaldhlutfall framleiðslugjalds. Gjaldstofn framleiðslugjaldsins er hinn sami og gjaldstofn vinnslugjalds samkvæmt núgildandi lögum, þ.e. verðmæti þess magns sem nýtt er úr auðlindinni.

Lagt er til að gjaldhlutfall framleiðslugjaldsins verði fastákveðin hlutfallstala en í núgildandi lögum er gjaldhlutfall vinnslugjaldsins stighækkandi með aukinni framleiðslu. Miðað er við að framleiðslugjaldið teljist til rekstrarkostnaðar. Þar af leiðandi er framleiðslugjaldið frádráttarbært frá tekjum við útreikning á skattstofni til sérstaks kolvetnisskatts. Um framleiðslugjaldið er nánar fjallað í almennum athugasemdum í greinargerð frumvarpsins og til frekari útskýringa á ákvæðinu vísast til þeirrar umfjöllunar.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um skil á framleiðslugjaldi en lagt er til að það verði greitt mánaðarlega í staðgreiðslu til ríkissjóðs. Svipað ákvæði er í 8. gr. núgildandi laga og þarfnast því ekki frekari skýringa.

Um III. kafla.

Í kaflanum er fjallað um sérstakan kolvetnisskatt sem lagður er á hagnað af kolvetnisframleiðslu. Skatturinn er stighækkandi og hækkar í hlutfalli við hagnað viðkomandi skattaðila af kolvetnisstarfseminni. Sá sérstaki kolvetnisskattur sem fjallað er um í kaflanum er álíka þeim kolvetnisskatti sem fjallað er um í III. kafla núgildandi laga um skattlagningu á kolvetnisvinnslu.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um skattskyldusvið sérstaks kolvetnisskatts, þ.e. hvaða aðilar eru skattskyldir og skuli greiða sérstakan kolvetnisskatt af starfsemi sinni. Það eru allir leyfishafar, sbr. 2. mgr. 3. gr. sem og aðrir aðilar sem hafa hlutdeild í slíkum tekjum. Ákvæðið tekur því t.d. til allra aðila sem starfa í tengslum við viðkomandi olíuframleiðslu og fá greitt í hlutfalli við unnið magn.

Um 9. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. eru sams konar þeim sem koma fram í 10. gr. núgildandi laga og þarfnast því ekki skýringa. Með 2. mgr. er tekið fram að við útreikning á skattstofni sérstaks kolvetnisskatts sé eigi heimilt að miða við lægra verð en viðmiðunarverð sem ákvarðað er af viðmiðunarverðsnefnd sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Í greininni er fjallað um frádrátt frá skattskyldum tekjum en sams konar ákvæði eru í 11. gr. núgildandi laga. Lagðar eru til minni háttar breytingar á ákvæðum greinarinnar sem hafa það að markmiði að skýra enn frekar þá liði sem heimilt er að draga frá tekjum við útreikning á sérstökum kolvetnisskatti.

Um 11. gr.

Í greininni er talinn upp kostnaður og gjaldaliðir sem eigi er heimilt að draga frá tekjum við ákvörðun á skattstofni sérstaks kolvetnisskatts. Þrátt fyrir að frádráttarheimildir í sérstökum kolvetnisskatti séu í meginatriðum þær sömu og í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, þótti engu að síður ástæða til, m.a. með hliðsjón af reynslu annarra þjóða, að heimila ekki frádrátt á tilteknum kostnaði og gjöldum. Því eru í fimm stafliðum talin upp gjöld og kostnaður sem ekki verða dregin frá við ákvörðun á gjaldstofni kolvetnisskatts.

Sams konar ákvæði er að finna í 12. gr. núgildandi laga með þeirri undantekningu að e. lið greinarinnar er breytt á þann hátt að í stað þess að telja upp að óheimit sé að draga frá tap eða kostnað sem myndast hefur fyrir gildistöku laganna er miðað við tap eða kostnað sem myndast hefur hjá skattskyldum aðila áður en hann fær rannsóknar eða vinnsluleyfi frá Orkustofnun skv. 8. gr. laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um skatthlutfall og fjárhæð sérstaks kolvetnisskatts. Skatthlutfallið er stighækkandi og hækkar með auknum hagnaði, þ.e. árlegum heildarhagnaði skattskylds aðila. Nái frumvarpið fram að ganga verður útreikningur sérstaks kolvetnisskatts einfaldaður verulega en skatthlutfallið er margfeldi af hagnaðarhlutfalli og hlutfallstölunni 0,45. Hagnaðarhlutfallið er hlutfall skattstofns sérstaks kolvetnisskatts af heildartekjum viðkomandi skattaðila. Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig skatthlutfallið er reiknað samkvæmt greininni:

Hagnaðarhlutfall	5	10	20	30	40	50	60	70	80	90
Skatthlutfall kolvetnisskatts	2,3	5	9	14	18	23	27	32	36	41

Um útreikning á sérstökum kolvetnisskatti er nánar fjallað í almennum athugasemdum í greinargerð frumvarpsins og til frekari útskýringa á ákvæðinu vísast til þeirrar umfjöllunar.

Um 13. gr.

Líkt og í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að álagning sérstaks kolvetnisskatts skuli fara fram samhliða álagningu tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003 og gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóri ákveði framtalsform sérstaklega fyrir aðila sem eru skattskyldir samkvæmt lögum þessum.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er að finna almenn ákvæði um tekjur þeirra aðila sem eru skattskyldir samkvæmt frumvarpinu.

Um 14. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um V. kafla.

Í kaflanum er fjallað um ýmis ákvæði sem varða meðal annars bókhald, reikningsár og arðsúthlutanir.

Um 16. gr.

Álíka ákvæði er í 17. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Álíka ákvæði er í núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Með greininni er áréttað að lög um tekjuskatt gildi við afmörkun á skattskyldu þeirra aðila sem skattskyldir eru samkvæmt frumvarpinu.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um framtöl, skýrslugjafir, álagningu, kærur, innheimtu o.fl. Ákvæði kaflans eru að mestu óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 20. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

1. og 3. mgr. ákvæðisins er óbreytt frá núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa. Í 2. mgr. þykir rétt að árétta skyldu launagreiðanda til að standa skil á staðgreiðslu af launum og tryggingagjaldi.

Um 22. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Greinin fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skattlagningu á kolvetnisvinnslu.

Með frumvarpi þessu eru lögð til ný heildarlög um skattlagningu á kolvetnisframleiðslu en frumvarpið byggist í meginatriðum á núgildandi lögum um skattlagningu kolvetnisvinnslu. Þeir aðilar sem stunda kolvetnisvinnslu eða taka með beinum hætti þátt í öflun og dreifingu kolvetnis verða skattlagðir sérstaklega annaðhvort í formi vinnslugjalds eða kolvetnisskatts. Helstu efnisbreytingar frá núgildandi lögum eru í fyrsta lagi að allir skattskyldir aðilar verða í sama kerfinu, þ.e. greiða ævinlega framleiðslugjald á unnu magni og sérstakan kolvetnisskatt af hagnaði. Framleiðslugjaldið verður fastákveðin prósentutala af verðmæti unnins magns og skal greiða mánaðarlega til ríkissjóðs. Prósentutalan er því ekki stighækkandi eins og í núgildandi lögum. Auk þess er lagt til að reikniformúlu sérstaks kolvetnisskatts verði breytt á þann hátt að hann leggist á um leið og viðkomandi aðili sýni hagnað af starfseminni. Með breytingunni er útreikningur skatthlutfallsins jafnframt einfaldaður frá því sem nú er.

Fyrirhugað er að bjóða út sérleyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis næstkomandi haust. Ef vel tekst til og olía finnst í vinnanlegu magni má ætla að vinnsla geti hafist í fyrst lagi eftir um það bil tíu ár en ekki er gert ráð fyrir því að meðan á tilraunaborunum stendur hafi það í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð. Ef hafin verður vinnsla kolvetnis má reikna með að það leiði til einhvers eftirlitskostnaðar hjá skattyfirvöldum. Sá kostnaður eykst með auknum umsvifum kolvetnisvinnslu en reikna má með að tekjur ríkisins verði verulega hærri af þeirri starfsemi en kostnaður við skatteftirlit og umsýslu.

1222. Frumvarp til laga [703. mál]

um verslun með áfengi og tóbak.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Gildissvið, markmið og yfirstjórn.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um smásölu á áfengi og heildsölu á tóbaki.

Lög þessi taka ekki til skipa og flugvéla sem koma í landhelgi og hafa innan borðs áfengi eða tóbak sem hluta af tollfrjálsum forða ef með þann varning er farið samkvæmt sérákvæðum laga.

Ráðherra er heimilt að setja sérreglur um innflutning ferðamanna og áhafna skipa og flugvéla á áfengi og tóbaki.

2. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara eru:

a. að skilgreina umgjörð um smásölu áfengis og heildsölu tóbaks sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð,
b. að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu,
c. að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óæskilegum vörum.

3. gr.
Yfirstjórn.

Fjármálaráðherra fer með yfirstjórn á smásölu áfengis og heildsölu tóbaks og framkvæmd laga þessara.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Starfrækja skal sérstaka stofnun, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR, sem sinnir smásölu áfengis og heildsölu tóbaks undir stjórn ráðherra.

ÁTVR starfar samkvæmt stefnu stjórnvalda í áfengis- og tóbaksmálum á hverjum tíma.

Starfsemi ÁTVR skal miðuð við að hún sé sem hagkvæmust og afli tekna sem nægi til að greiða rekstrarkostnað og skila hæfilegum arði til ríkissjóðs, m.a. með tilliti til þeirra eigna sem eru bundnar í rekstri stofnunarinnar.

5. gr.
Forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Ráðherra skipar forstjóra ÁTVR til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi sem nýtist honum í starfi.

Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, ber ábyrgð á daglegum rekstri og ræður aðra starfsmenn. Forstjóri ber ábyrgð á gerð ársskýrslu um rekstur og starfsemi ÁTVR og skal kynna hana fyrir ráðherra árlega.

6. gr.

Verkefni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Helstu verkefni ÁTVR eru þessi:

a. Innkaup á áfengi til smásölu og tóbaki til heildsölu.
b. Birgðahald og dreifing á áfengi til áfengisverslana.
c. Rekstur áfengisverslana og þjónusta við viðskiptavini.
d. Birgðahald, heildsala og dreifing á tóbaki.
e. Að tryggja að allt tóbak sé merkt samkvæmt lögum um tóbaksvarnir.
f. Álagning og innheimta tóbaksgjalds.
g. Önnur verkefni sem tengjast smásölu á áfengi og heildsölu á tóbaki.

III. KAFLI

Um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

7. gr.

Einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

ÁTVR hefur einkaleyfi til að selja og afhenda áfengi í smásölu, sbr. 10. gr. áfengislaga. Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.

ÁTVR hefur einkaleyfi til að selja tóbak innan lands í heildsölu. Um smásölu tóbaks fer eftir ákvæðum laga um tóbaksvarnir.

8. gr.

Tóbaksgjald og merkingar tóbaks.

ÁTVR leggur á og innheimtir tóbaksgjald af tóbaksvörum sem hafa verið fluttar hingað til lands eða eru framleiddar hér á landi. Um fjárhæð tóbaksgjalds fer eftir ákvæðum laga um gjald af áfengi og tóbaki.

ÁTVR skal tryggja að allt tóbak flutt inn frá útlöndum eða framleitt hér á landi sem ætlað er til sölu sé merkt.

9. gr.

Verðlagning á áfengi og tóbak.

Vöruverð í verslunum ÁTVR skal vera það sama hvar sem er á landinu.

Álagning ÁTVR á áfengi með 22% eða lægra hlutfall af vínanda að rúmmáli skal vera 18% en álagning áfengis með meira en 22% hlutfall af vínanda að rúmmáli skal vera 12%. Við ákvörðun á áfengisinnihaldi vísast til laga um gjald af áfengi og tóbaki.

Heildsöluálagning ÁTVR á tóbak skal vera 18%.

Álagning ÁTVR á áfengi og tóbak leggst á verð vöru að viðbættum öllum gjöldum nema virðisaukaskatti.

ÁTVR er heimilt að innheimta gjald af birgjum vegna kostnaðar sem leiðir af töku nýrrar áfengrar vöru til sölu. Skal gjaldið eingöngu standa straum af þeim kostnaði sem til fellur vegna skráningar, könnunar og annarra nauðsynlegra ráðstafana af hálfu ÁTVR við að taka nýja vöru til sölu.

ÁTVR er heimilt að innheimta gjald af birgjum sem leiðir af merkingu á tóbaksvörum. Skal gjaldið eingöngu standa straum af þeim kostnaði sem til fellur vegna merkingarinnar. Um merkingar tóbaks fer eftir ákvæðum laga um tóbaksvarnir.

10. gr.
Áfengisverslanir.

ÁTVR skal eiga og reka áfengisverslanir. ÁTVR skal sækja um leyfi til rekstrar áfengisverslunar til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi. ÁTVR ábyrgist fullnægjandi öryggis- og eftirlitsbúnað þess húsnæðis sem hýsir verslunina. Um afgreiðslutíma verslana fer eftir ákvæðum áfengislaga.

11. gr.
Vöruval.

Ráðherra setur reglugerð um vöruval og innkaup ÁTVR á áfengi.

Reglurnar skulu miða að því að tryggja vöruúrval með hliðsjón af eftirspurn kaupenda, jafnframt því að tryggja framleiðendum og birgjum áfengis möguleika á að koma vörum í sölu í áfengisverslunum.

ÁTVR skal leitast við að innkaup séu í samræmi við alþjóðasáttmála.

ÁTVR er heimilt að hafna vörum sem innihalda gildishlaðnar eða ómálefnalegar upplýsingar eða gefa til kynna að áfengi auki líkamlega, andlega, félagslega eða kynferðislega getu, særa blygðunarkennd eða brjóta á annan hátt í bága við almennt velsæmi, m.a. með skírskotun til ofbeldis, trúar, ólöglegra fíkniefna, stjórnmálaskoðana, mismununar og refsiverðrar háttsemi.

ÁTVR er heimilt að hafna vöru sem er keimlík annarri vöru á almennum markaði.

ÁTVR er heimilt að hafna vöru sem inniheldur koffein og önnur örvandi efni.

12. gr.
Þjónusta og upplýsingar.

ÁTVR skal veita viðskiptavinum góða og vandaða þjónustu sem byggist á fagmennsku og hlutleysi.

ÁTVR skal veita viðskiptavinum sínum ítarlegar upplýsingar um þá vöru sem er á boðstólum, allt eftir því sem samrýmist lögum þessum, áfengislögum og öðrum lagafyrirmælum og reglum á hverjum tíma. Upplýsingarnar eiga að fela í sér almenna fræðslu um áfengi, uppruna þess, meðferð og notkun. Einnig á ÁTVR að standa fyrir eða veita upplýsingar um mögulega skaðsemi vörunnar og þá áhættu sem getur fylgt neyslu áfengis og tóbaks.

13. gr.
Samfélagsleg ábyrgð.

ÁTVR starfar með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og vinnur gegn skaðlegri neyslu áfengis.

Þegar ástæða er til að ætla að kaupandi hafi ekki náð aldri til að kaupa áfengi samkvæmt áfengislögum skal ÁTVR ávallt láta hlutaðeigandi sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

ÁTVR er heimilt að neita að selja eða afhenda áfengi ef viðkomandi er áberandi ölvaður.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

14. gr.
Viðurlög og haldlagning áfengis.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Leggja skal hald á vörur þær sem lög þessi taka til og eru fluttar inn eða framleiddar í heimildarleysi. Innfluttar vörur skulu afhentar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins til ráðstöfunar.

15. gr.
Kæruheimild.

Ákvarðanir um rétt aðila, sem teknar eru á grundvelli þessara laga, eru kæranlegar til ráðherra.

16. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

17. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lögð til ný heildarlög um verslun með áfengi og tóbak. Eldri lögin eru frá 1969 og þrátt fyrir að þau hafi tekið nokkrum breytingum frá gildistökunni endurspeglar núverandi löggjöf ekki gildandi framkvæmd. Með frumvarpinu eru ekki lagðar til veigamiklar breytingar á lagaumgjörð áfengis- og tóbaksverslunar hér á landi, heldur á framkvæmd og stefnu verslunarinnar í samræmi við fyrirliggjandi stefnu stjórnvalda í áfengismálum og þeirri framkvæmd sem mótast hefur.

Árið 2010 skipaði fjármálaráðherra starfshóp sem fékk það verkefni að gera drög að áfengisstefnu stjórnvalda. Í hópnum sátu auk fulltrúa fjármálaráðherra fulltrúar frá innanríkisráðherra og velferðarráðherra. Þá sátu fulltrúi frá Lýðheilsustöð og forstjóri ÁTVR einnig í hópnum. Hópurinn hefur nú lokið störfum og hefur kynnt fjármálaráðherra tillögur sínar.

Sú áfengisstefna hefur nú verið lögð fram til samþykktar í ríkisstjórn og felst í henni áframhaldandi aðhald í áfengismálum hér á landi, m.a. með markmiðum um að draga úr heildarneyslu, minnka skaðlega neyslu áfengi og vernda ungmenni gagnvart skaðlegri neyslu. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins gegnir mikilvægu hlutverki í því hvernig stjórnvöld tekst til að ná þessum tilteknu markmiðum. Frumvarpið grundvallast á þessari stefnu stjórnvalda og veitir ÁTVR um leið ákveðin tæki til að stuðla að bættri vínmenningu hér á landi.

Helstu breytingar frumvarpsins frá eldri lögum eru ákvæði um samfélagslega ábyrgð ÁTVR, vöruvalsreglur og heimild ÁTVR til að hafna vörum á grundvelli þeirra sjónarmiða

sem fram koma í vöruvalsreglunum. Þá er lagt til að stofnunin verði án stjórnar og heyri beint undir fjármálaráðherra.

Frumvarpið tekur einnig mið af skýrslu annars starfshóps sem skipaður var af fjármálaráðherra, en sá hópur skilaði tillögum sínum í byrjun árs 2010. Í þeirri skýrslu komu meðal annars fram athugasemdir um að lög um verslun með áfengi og tóbak væru að mörgu leyti úrelt og ekki í takt við þá framkvæmd sem væri í áfengismálum hér á landi. Lögð var áhersla á að styrkja stöðu ÁTVR sem einkasölu og veita stofnuninni tæki til að framfylgja stefnu stjórnvalda með virkari hætti. Meginniðurstaða þeirrar skýrslu var hins vegar sú að stefnu stjórnvalda í áfengismálum skorti. Erfitt væri að aðlaga löggjöfina að framkvæmd ef ekki væri til heildstæð áfengisstefna. Sú stefna liggur nú fyrir, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.

Hlutverk ÁTVR.

Áfengi er ein af fáum söluvörum þar sem rannsóknir sýna að sterkt samband er á milli heildarneyslu og þess skaða sem neyslan veldur í samfélaginu. Lönd innan Evrópu eiga heimsmet í áfengisneyslu á íbúa. Hvergi í heiminum er drukkið eins mikið áfengi á mann. Áhyggjur sérfræðinga af þróun mála í þessum löndum fara vaxandi því neyslumynstrið er að þróast yfir í „binge drinking“ eða magndrykkju. Það þýðir að drukkið er mikið í einu til þess að verða ölvaður sem fyrst. Annað sem veldur sérfræðingum í áfengismálum áhyggjum er að sókn markaðsaflanna í ungt fólk hefur aldrei verið meiri en nú, t.d. eru framleiddir áfengir drykkir sem þeir telja að séu markaðssettir beint til unglinga. Sérfræðingar í áfengismálum innan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Evrópusambandsins hafa miklar áhyggjur af þessari þróun en skoðun þeirra er sú að þar sem aðhaldssöm stjórnun er á sölu áfengis eigi skilyrðislaust að halda í slík kerfi og þar sem mest frjálsræði ríkir eigi að þrengja að. Þeir benda á að rannsóknir sýni einmitt að aðhaldssöm stjórnun áfengismála leiði beint til minni unglingadrykkju.

Hlutverk ÁTVR er því vandasamt. Notkun áfengis getur verið ávanabindandi og misnotkun hefur neikvæðar afleiðingar fyrir neytandann og samfélagið. Samkvæmt nýlegum rannsóknum sem birtar voru í læknatímaritinu Lancet kom fram að áfengi er í fimmta sæti yfir hættulegustu vímuefni heims. Bein tengsl eru á milli heildarneyslu áfengis og þess skaða sem neyslan veldur í samfélaginu, þegar neyslan vex þá eykst skaðsemin. Það er ástæðan fyrir því að stjórnvöld reyna að draga úr heildarneyslunni. Í gegnum tíðina hafa ýmsar leiðir verið reyndar til þess að takmarka sölu á áfengi. Eitt öflugasta tækið til þess er ríkisrekin áfengisverslun með einkaleyfi til smásölu á áfengi eins og í tilfelli ÁTVR.

Með rekstri verslunar eins og ÁTVR sýna stjórnvöld í verki að áfengi er ekki eins og hver önnur söluvara en áfengiseinkasölur í einhverju formi eru reknar víða. Öll Norðurlöndin nema Danmörk hafa slík sölukerfi. Í Bandaríkjunum eru einkasölur af fjölbreyttu tagi í 18 fylkjum af 50 og í Kanada í tólf fylkjum af þrettán. Í þessu sambandi má einnig geta þess að íslenskar reglur um áfengi og neyslu þess eru taldar að mati ýmissa vísindamanna með þeim skilvirkustu í heimi.

Samfélagsleg ábyrgð.

Nauðsynlegt er fyrir ÁTVR að leggja mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni. Í sinni einföldustu mynd snýst samfélagsleg ábyrgð um að láta gott af sér leiða í samfélaginu og bera virðingu fyrir reglum samfélagsins og umhverfinu.

Hjá ÁTVR er verið að selja vöru sem getur verið mjög skaðleg fyrir neytandann og samfélagið. Það er hlutverk seljenda að upplýsa viðskiptavini og neytendur um mögulega skað-

semi við neyslu vörunnar sem þeir selja. ÁTVR þarf því að fylgjast vel með rannsóknum á sviði áfengismála og miðla þeirri þekkingu til viðskiptavina ef ástæða er til. Þetta á sérstaklega við um tengsl áfengis og heilsu en mikilvægt er að viðskiptavinir ÁTVR séu hvattir til heilbrigðrar og ábyrgrar neyslu áfengis. Í því felst meðal annars að áfengið sé notuð í hófi og við réttar aðstæður. Eitt mikilvægasta verkefni ÁTVR á sviði samfélagslegrar ábyrgðar er að standa vörð um unga fólkið og vernda það gagnvart áfengi og misnotkun þess. Breyta þarf þeim viðhorfum í þjóðfélaginu að áfengisneysla unglinga sé í lagi. ÁTVR á að fylgja ströngum reglum um aldurseftirlit og eiga samstarf við lögreglu og forvarnaaðila.

ÁTVR hefur á undanförnum árum skilgreint samfélagslega ábyrgð sína með nokkuð ítarlegum hætti, en hún kemur meðal annars fram í eftirfarandi þáttum:

- ÁTVR sinnir hlutverki sínu af ábyrgð, t.d. eru engar söluhvetjandi aðgerðir leyfðar.
- Strangt eftirlit er með aldri viðskiptavina.
- ÁTVR fer í ýmsar herferðir þar sem samfélagsleg ábyrgð er í fyrirrúmi. Má nefna t.d. „Akstur og áfengi fara ekki saman“, „Ábyrgð gestgjafans“, „Bíddu“ og „Kaupum ekki áfengi fyrir unglinga“.
- ÁTVR tekur þátt í að byggja upp vínmenningu, t.d. með fræðslu til viðskiptavina um vín og tengingu matar og vína.
- Samstarf við lögreglu og aðila sem vinna að forvörnum. Sérstök áhersla er á að torvelda aðgengi unglinga að áfengi.
- Leitast er við að bjóða einungis vörur sem framleiddar eru eftir „Global Compact“ sáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Í dag er ÁTVR þjónustufyrirtæki sem byggist á samfélagslegum gildum. Engin söluhvetjandi starfsemi er stunduð eða reynt að ýta vörum að viðskiptavinum í því skyni að fá þá til þess að kaupa meira. Lögð er áhersla á að vöruþekking starfsfólksins sé mikil og að viðskiptavinir fái notið úrvals þjónustu. Verslunin einbeitir sér einnig að því að bæta vínmenningu á Íslandi með því að vekja áhuga viðskiptavina á vönduðum vínum, tengja saman vín og mat og reyna þannig að draga úr magndrykkju. Allt þetta er gert í þeim tilgangi að minnka þá skaðsemi sem misnotkun áfengis hefur í för með sér í þjóðfélaginu.

Stefna stjórnvalda.

Stefna stjórnvalda í áfengismálum er að lágmarka skaðlega neyslu áfengis. Á það bæði við heilsufarslegan og félagslegan skaða í samfélaginu. Sérstaklega er stefnt að því að vernda börn og unglinga gegn áfengi og markaðssetningu þess. Grunnstoðir áfengisstefnunnar eru að starfrækja einkasölu ríkisins á áfengi, háir áfengisskattar og bann við áfengisauglýsingum og markaðsstarfsemi tengdri áfengi.

Aðalmarkmið áfengisstefnunnar eru eftirfarandi:

Stýring neyslu:

Draga úr heildarneyslu (stýra og hafa hemil á heildarneyslu).
Draga úr óheppilegu neyslumynstri.
Leyfa ekki óæskilegar vörur.

Verndun ungs fólks:

Leyfa ekki sölu á vörum sem eru markaðssettar fyrir ungt fólk.
Seinka fyrstu kynnum unglinga af áfengi.
Draga úr áfengisneyslu aldurshópsins 18 ára til tvítugs.
Vernda ungt fólk, börn og ófædd börn.

Bann við auglýsingum og markaðstengdri starfsemi:
Bann við auglýsingum.
Leyfa ekki sölu á vörum sem fallnar eru til þess að blekkja neytendur.
Berjast gegn ólöglegri sölu á áfengi.
Markaðstengd starfsemi til að auka sölu á áfengi ekki leyfð.

Heilsugæsla, forvarnir og skaðsemi:
Minnka ölvunarakstur.
Upplýsa, fræða og vekja fólk til vitundar um áhrif skaðlegrar neyslu áfengis.
Virkja heilsugæslu fyrir fólk með áfengistengd vandamál.
Tengja betur saman heilbrigðisyfirvöld og meðferðargeira.
Ýta undir og hvetja til forvarna á sviði stjórnsýslu og sveitarfélaga.
Viðhorfsbreyting hjá 60 ára og eldri gagnvart áfengisneyslu.
Efla eftirlit með áfengi og rannsóknir.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til leiðir til að ná fram framangreindum markmiðum. Með viðvarandi einkasölu á áfengi hafa stjórnvöld tæki til að stýra og hafa hemil á heildarneyslu áfengis í samfélaginu. Takmarkaður fjöldi verslana og afgreiðslutími eru meðal þess sem hamla aukningu í heildarneyslu. Heimild ÁTVR til að upplýsa neytendur um skaðlega þætti neyslu áfengis og tóbaks er einnig tæki til að ná fram þeim markmiðum, enda tilgangurinn sá að draga úr óheppilegu drykkjumynstri. Eitt af markmiðum stefnu stjórnvalda er að heimila ekki óæskilegar vörur. Þær vörur geta verið áfengi í formi sælgætis eða í umbúðum sem eru blekkjandi fyrir neytendur. Hluti af því er að leyfa ekki sölu á vöru sem markaðssettar eru fyrir ungt fólk er að heimila ÁTVR að hafna vörum á grundvelli þeirra sjónarmiða sem nánar eru talin upp í lögunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna. Greinin er að mestu sambærileg 1. gr. eldri laga og áfram er lagt til að ráðherra hafi heimild til að setja sérreglur um innflutning ferðamanna og áhafna skipa og flugvéla á áfengi og tóbaki.

Um 2. gr.

Markmið laganna eru skilgreind í þessari grein og er hér um nýtt ákvæði að ræða. Lagt er til að markmiðin taki mið af stefnu stjórnvalda varðandi sölu áfengis og tóbaks. Mismunandi sjónarmið ráða för við rekstur ÁTVR, annars vegar að fylgja aðhaldsstefnu stjórnvalda og hins vegar að veita viðskiptavinum góða og vandaða þjónustu. Af þeirri ástæðu þykir eðlilegt að markmiðin séu skýr og löggjafinn taki af skarið um það hvaða sjónarmið eigi að leggja til grundvallar ákvörðunum sem byggðar eru á lögunum.

Skilgreind er umgjörð um smásölu áfengis og heildsölu tóbaks og skal sú umgjörð byggjast á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð. Rannsóknir hafa sýnt fram á að mikil og skaðleg neysla áfengis og reykingar hafa neikvæð áhrif á lýðheilsu almennings og auka kostnað fyrir samfélagið. Eitt af markmiðum laganna er því að bæta lýðheilsu með áframhaldandi aðhaldi í verslun með áfengi og tóbaki. Önnur markmið miða að því að draga úr skaðlegum áhrifum áfengisneyslu með takmörkuðu aðgengi og að vernda ungt fólk með ströngum aldursmörkum.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið skýrar á um að fjármálaráðherra fari með yfirstjórn á smásölu áfengis og heildsölu á tóbaki ásamt framkvæmd þessara laga en í eldri lögum og fyrirkomulagið því í raun óbreytt.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um stofnunina Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR, sem lýtur stjórn fjármálaráðherra og fer með smásölu áfengis og heildsölu tóbaks. Kveðið er á um að ÁTVR skuli starfa samkvæmt stefnu stjórnvalda í áfengis- og tóbaksmálum. Í því felst að allur rekstur skuli miða að því að framfylgja þeirri stefnu sem sett er hverju sinni í þessum málaflokkum. Ásamt þessu er fjallað um rekstrarforsendur ÁTVR, m.a. að auk þess að afla tekna skuli starfsemi stofnunarinnar vera sem hagkvæmust.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um forstjóra ÁTVR sem skipaður skal af fjármálaráðherra til fimm ára í senn. Breytingar frá eldri lögum eru að sett eru inn skilyrði um að forstjóri skuli hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Slíkt er talið eðlilegt í ljósi umfangs og stærðar stofnunarinnar.

Verkefni forstjóra eru skilgreind og ber hann ábyrgð á daglegum rekstri og ræður aðra starfsmenn. Forstjóra ber samkvæmt greininni að gera ársskýrslu um rekstur og starfsemi ÁTVR og kynna hana fyrir fjármálaráðherra. Hér er breyting frá eldri lögum á þann veg að ekki er gert ráð fyrir stjórn yfir stofnuninni. Í stað þess eru sett skýr fyrirmæli um að ráðherra sé gerð grein fyrir rekstrinum í árlegri skýrslu.

Um 6. gr.

Í greininni eru helstu verkefni ÁTVR talin upp en sú upptalning er þó ekki tæmandi. Sambærilegt ákvæði hefur staðið í reglugerð um ÁTVR en mikilvægt þykir að verkefnin séu skilgreind í lögum þannig að hlutverk stofnunarinnar liggi fyrir með skýrum hætti.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um einkaleyfi ÁTVR. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða frá eldri lögum heldur er hér með skýrari hætti kveðið á um og skilgreint í hverju einkaleyfi ÁTVR felst.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um innheimtu og álagningu tóbaksgjalds. ÁTVR hefur alla tíð verið innheimtuaðili á tóbaksgjaldi og er gerð tillaga um að halda því fyrirkomulagi. Ásamt því að innheimta gjaldið fer ÁTVR með eftirlit með umbúðum tóbaks. Útbúa þarf sérstaka merkimiða á umbúðirnar til að uppfylla ákvæði tóbaksvarnalaga og hefur ÁTVR eftirlit með að þeim sé fullnægt.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um verðlagningu á áfengi og tóbak. Greinin er óbreytt frá eldri lögum að því undanskildu að lagt er til að ÁTVR fái heimild til að innheimta gjald af birgjum vegna merkingar tóbaks. Gjaldið á eingöngu að standa straum af kostnaði sem til fellur vegna merkinga á tóbaki og er sambærilegt ákvæði um gjald vegna umsýslu áfengis fyrir birgja.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um umhverfi og rekstur smásöluverslana ÁTVR. Þar segir að ÁTVR skuli eiga og reka áfengisverslanir. Verslanirnar eru alfarið á ábyrgð ÁTVR, einnig hvað varðar öryggis- og eftirlitsbúnað, og skal sækja um leyfi til reksturs vínbúðar ÁTVR til sveitarstjórnar viðkomandi sveitarfélags.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að fjármálaráðherra verði skylt að setja reglugerð um vöruval og innkaup ÁTVR á áfengi sem er nýjung frá eldri lögum. Reglurnar skulu taka mið af eftirspurn og eins því að tryggja framleiðendum og birgjum möguleika á að koma vöru í sölu í vínbúðum ÁTVR. Í ákvæðinu er gerð tillaga um að innkaup ÁTVR skuli taka mið af alþjóðlegum sáttmálum. ÁTVR hefur þegar unnið markvisst að því að innleiða „Global compact“ sáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í sitt vörukaupaferli. Í því felst að ÁTVR gerir kröfu um að vörur sem birgjar bjóða upp á séu í samræmi við sáttmálann sem kveður á um afnám barnaþrælkunar, virðingu mannréttinda, aðbúnað á vinnustað, umhverfismál og varnir gegn spillingu. Eins er í greininni heimild til handa ÁTVR að hafna vöru á grundvelli sjónarmiða sem nánar eru talin upp í greininni. Um er að ræða breytingar frá eldri lögum þar sem svipuð heimild var einungis í reglugerð. Talið er mikilvægt að ÁTVR fái þessa heimild í lögum til að framfylgja með virkum hætti stefnu stjórnvalda í áfengismálum.

Ásamt þessu er gerð tillaga um að ÁTVR sé heimilt að hafna vöru sem er keimlík annarri vöru á almennum markaði. Í þessu felst til dæmis heimild til að hafna sölu á bjór séu umbúðir hans eins að flestu leyti og sambærilegrar óáfengrar vöru á almennum markaði. Framleiðendur hafa í gegnum tíðina sneitt fram hjá auglýsingabanni með þeim hætti að framleiða vöru sem er undir 2,25% styrkleika undir sama nafni og áfeng framleiðsla hjá sama fyrirtæki. Gert er ráð fyrir að heimildin sé bundin þeim skilyrðum að erfitt sé að greina á milli varanna tveggja, svo sem að á vörunum séu sams konar umbúðir eða sami texti eða myndmál.

Þá er lagt til í greininni að ÁTVR fái heimild til að hafna vörum sem innihalda koffein eða önnur örvandi efni. Nú þegar er á almennum markaði framboð af slíkum vörum þar sem sterku áfengi er blandað saman við orkudrykki. Rannsóknir hafa sýnt fram á að slík neysla sé mjög skaðleg bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Sambland slíkra drykkja leiðir til þess að neytandi finnur síður fyrir ölvun en er þó undir áhrifum. Sömu rannsóknir hafa sýnt að neytendur í þessu ástandi eru líklegri til að setjast undir stýri þar sem þeir telja sig ekki ölvaða. Ásamt þessu getur mikið heilsufarslegt tjón hlotið af neyslu þessara drykkja, svo sem hjartatruflanir.

Um 12. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu ÁTVR til að veita góða og vandaða þjónustu. Felst það meðal annars í því að veita faglega og hlutlausa ráðgjöf í verslunum sínum. Seinni hluta ákvæðisins svipar til 7. gr. eldri laga. Þó er gerð krafa um ítarlegri upplýsingagjöf til viðskiptavina, m.a. um skaðsemi vörunnar og þá áhættu sem neyslu hennar getur fylgt. Ljóst er að um fína línu er að ræða þar sem annars vegar skal veita góða þjónustu og selja vöruna og hins vegar að framfylgja stefnu stjórnvalda hverju sinni. Gerð er því krafa um að báðir þessir þættir séu í upplýsingagjöf ÁTVR þar sem um óvenjulega neysluvöru er að ræða.

Um 13. gr.

Í greininni er hlutverk ÁTVR skilgreint nánar út frá stefnu stjórnvalda. Lagt er til að ÁTVR skuli starfa með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og vinna gegn misnotkun áfengis. Er heimildum ÁTVR í greininni ætlað að gera stofnuninni kleift að framfylgja þessu hlutverki á virkan hátt.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um kæruheimild til ráðherra. Ekki var með skýrum hætti kveðið á um slíka heimild í eldri lögum. Ljóst er að ákvarðanir ÁTVR sem varða rétt og skyldur aðila eru stjórnsýsluákvarðanir sem þurfa að vera kæranlegar til æðra stjórnvalds, ráðherra í þessu tilviki.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um refsiheimildir og viðurlög. Greinin er samhljóða eldri lögum.

Um 16. gr.

Í greininni er að finna almenna reglugerðarheimild fyrir fjármálaráðherra.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um gildistöku og þarfnast ekki nánari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ný heildarlög um verslun með áfengi og tóbak. Eldri lög eru í grunninn frá árinu 1963 og endurspegla ekki lengur nægilega vel þá framkvæmd sem nú er til staðar. Frumvarpið er samið í samræmi við stefnu stjórnvalda í áfengismálum sem er að lágmarka skaðlega neyslu áfengis, bæði heilsufarslega og félagslega. Ekki eru þó lagðar til veigamiklar breytingar á verslun með áfengi og tóbak og eru helstu breytingarnar frá eldri lögum ákvæði um samfélagslega ábyrgð ÁTVR og ákvæði um vöruvalsreglur og heimild ÁTVR til að hafna vörum á grundvelli þeirra sjónarmiða sem þar eru lögð fram.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1223. Frumvarp til laga [704. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, fjárfestingarheimildir).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lífeyrissjóða skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið setur reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

Stjórnarmenn í lífeyrissjóðum mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann. Stjórnarmenn lífeyrissjóðs mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annan lífeyrissjóð. Starfsmönnum lífeyrissjóðs er ekki heimilt að sitja í stjórn hans.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður lífeyrissjóðs tekið sæti í stjórn fjármálafyrirtækis sem er að hluta eða öllu leyti í eigu lífeyrissjóðsins og sinnir eingöngu þjónustuhlutverki fyrir lífeyrissjóði. Stjórnarseta samkvæmt þessari málsgrein skal háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur starfsmaður annars eftirlitsskylds aðila tekið sæti í stjórn lífeyrissjóðs ef hann er kosinn eða skipaður úr hópi sjóðfélaga. Stjórnarseta samkvæmt þessari málsgrein skal háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði eða dragi úr trúverðugleika stjórnar lífeyrissjóðs. Skal þar m.a. horft til stöðu þeirra starfsmanna sem um ræðir hjá eftirlitsskyldum aðila.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er stjórnarmanni í lífeyrissjóði heimilt að sitja í stjórn annars lífeyrissjóðs að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn.

Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess.

Menntun, starfsreynsla og starfsferill framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs skal vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.

Lífeyrissjóður skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn og framkvæmdastjóra. Þá skal lífeyrissjóður tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan í stjórn fjármálafyrirtækis á grundvelli 3. mgr. Tilkynningar þessar skulu berast Fjármálaeftirlitinu án tafar og þeim skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar til þess að hægt sé að meta hvort skilyrðum greinarinnar sé fullnægt. Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvernig staðið skuli að hæfnismati.

Um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna.

a. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum skv. 6. tölul. 1. mgr. eru þó eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin og ársreikningar hlutafélaganna eru hluthöfum, fjárfestum og eftirlitsaðilum aðgengilegir.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, sem verður 3. málsl., svohljóðandi: Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 8. tölul. 1. mgr. eru eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með eignarhlutina, nema þær hömlur hafi eðlilegan viðskiptalegan tilgang og eru til þess fallnar að gæta hagsmuna fjárfesta.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóðum heimilt að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum fyrirtækja, þótt hömlur séu á viðskiptum með hlutabréfin, enda samrýmast þær lögum um hlutafélög og eftir atvikum öðrum lögum. Nýjar fjárfestingar eða nýjar skuldbindingar eru ekki heimilar í hlutabréfum, sem lúta hömlum í viðskiptum, eftir 31. desember 2015 nema í þeim hlutafélögum sem sjóðurinn á hlut í við lok tímabilsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, um hæfi til setu í stjórnum lífeyrissjóða og hæfi framkvæmdastjóra. Á 138. löggjafarþingi, 2009–2010, voru gerðar breytingar á ákvæðum um hæfi stjórnarmanna til setu í stjórnum fjármálafyrirtækja annars vegar og vátryggingafélaga hins vegar, sbr. lög nr. 75/2010, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lög um vátryggingastarfsemi, nr. 56/2010. Skilyrði til stjórnarsetu voru þrengd í nefndum lögum en rétt þótti að takmarka svonefnda krossstjórnarsetu á fjármálamarkaði til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og til að lágmarka orðsporsáhættu. Í frumvarpi þessu er höfð hliðsjón af tilvitnuðum lagabreytingum og lagt til að sömu sjónarmið verði tekin upp í ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að teknu tilliti til sérstöðu lífeyrissjóða, þ.m.t. þess sjóðfélagalýðræðis sem liggur til grundvallar ákvæðum laganna.

Þá eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í þá veru að fjallað er um hömlur.

Við samningu frumvarpsins var haft samráð við efnahags- og viðskiptaráðuneytið, iðnaðarráðuneytið, Fjármálaeftirlitið og Landssamband lífeyrissjóða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að þeir sem taka sæti í stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs megi ekki hafa hlotið dóm vegna brota á samkeppnislögum eða sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Er í ákvæðinu lögð til sú breyting að menn mega ekki hafa hlotið dóm fyrir brot í atvinnurekstri á síðastliðnum tíu árum í stað fimm áður. Þá er lagt til að sömu aðilar megi ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Að auki er lagt til að gerður verði áskilnaður um að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs skuli vera fjárhagslega sjálfstæðir. Í því felst m.a. að skuldir viðkomandi hjá fjármálafyrirtæki eða ábyrgðir þeirra á skuldum þriðja aðila séu ekki þess eðlis að efast megi um óhæði þeirra gagnvart lánveitanda eða kröfuhafa, eða að þeir séu ekki eigendur eða stjórnendur fyrirtækja sem standa höllum fæti. Samkvæmt málsgreininni er Fjármálaeftirlitinu falið að setja reglur um mat á fjárhagslegu sjálfstæði og til hvaða atriða er litið í því sambandi. Ákvæðið á samsvörun í löggjöf um aðra eftirlitsskylda aðila á fjármálamarkaði. Þá er lagt til að framkvæmdastjóra verði getið með beinum hætti í ákvæðinu en ekki með tilvísun í 2. málsl. 6. mgr. 31. gr. laganna líkt og nú er.

Í 2. mgr. eru lögð til þrengri skilyrði til setu í stjórnum lífeyrissjóða en nú gilda, en af þeim leiðir að stjórnarmanni er óheimilt að taka sæti í stjórn lífeyrissjóðs á sama tíma og hann gegnir stjórnarsetu í öðrum eftirlitsskyldum aðila á fjármálamarkaði, þ.m.t. öðrum lífeyrissjóði, eða aðila í nánum tengslum við hann. Þá er lagt til að það sama gildi um starfsmenn og endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann. Þá er einnig lagt til að stjórnarmenn lífeyrissjóðs megi ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annan lífeyrissjóð. Ákvæðið samsvarar ákvæðum í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 56/2010, um vátryggingastarfsemi, eins og fram kemur í almennum athugasemdum, og hefur það að markmiði að forða hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði og lágmarka orðsporsáhættu. Lífeyrissjóðir hafa með höndum móttöku, varðveislu og ávöxtun mikilla fjármuna. Það er því mikilvægt að koma í veg fyrir að krossstjórnarseta og önnur krosstengsl gefi tilefni til þess að draga í efa trúverðugleika þeirra sem fara með stjórn lífeyrissjóða.

Í 3. mgr. er lagt til að gerð verði undantekning frá meginreglunni í 2. mgr. að því er varðar stjórnarsetu stjórnarmanns eða starfsmanns lífeyrissjóðs í stjórn fjármálafyrirtækis sem er að hluta til í eigu þess lífeyrissjóðs og sinnir eingöngu þjónustuhlutverki í þágu lífeyrissjóða, t.d. er varðar eignastýringu. Fjármálafyrirtækið má því ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem lýtur að þjónustu við lífeyrissjóði.

Í 4. mgr. er lagt til að komið verði til móts við sjónarmið um áhrif sjóðfélaga á stefnumörkun og stjórn lífeyrissjóða. Í þessu sambandi skal vísað til almennra athugasemda við frumvarpið sem varð að lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða á 122. löggjafarþingi, 249. mál, þskj. 294, en þar kom fram að með ákvæðum í frumvarpinu væri leitast við að auka bein áhrif sjóðfélaga á stefnumörkun og stjórn sjóðanna. Í frumvarpi þessu er því lagt til að undantekning verði gerð frá framangreindri meginreglu um bann við krosstengslum í þá veru að starfsmaður annars eftirlitsskylds aðila geti tekið sæti í stjórn lífeyrissjóðs ef hann er kosinn eða skipaður úr hópi sjóðfélaga. Slík regla stuðlar að jafnræði sjóðfélaga þegar kemur að þátttöku í starfi þeirra sjóða sem þeir greiða til. Undantekningar-

heimildin er þó ekki algild því gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti gert athugasemdir við stjórnarsetu starfsmanna eftirlitsskylds aðila ef eftirlitið telur að hún skapi hættu á hagsmunaárekstrum eða orðsporsáhættu. Er þar einkum litið til stjórnenda og annarra lykilstarfsmanna eftirlitsskylds aðila og þeirra starfsmanna sem annast eignastýringu hjá fjármálafyrirtækjum.

Í 5. mgr. er lagt til að þrátt fyrir þá meginreglu að stjórnarmenn í lífeyrissjóðum megi ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila, þ.m.t. lífeyrissjóðs, eða aðila í nánum tengslum við hann, geti stjórnarmanni í lífeyrissjóði verið heimilt að sitja í stjórn annars lífeyrissjóðs að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, enda gæti verið hagur í því t.d. þegar um sambærileg og flókin réttindakerfi er að ræða hjá lífeyrissjóðum. Slíkt gæti átt við um sjóði sem lytu sameiginlegum rekstri, eins og á við um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga (LH) eða með hliðsjón af sérstöðu annars eða beggja sjóða. Er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti sett leiðbeiningarreglur eða viðmið um slíka undanþágu.

Ákvæði 6. mgr. er samhljóða 3. mgr. 31. gr. gildandi laga.

Ákvæði 7. mgr. er samhljóða 4. mgr. 31. gr. gildandi laga.

Ákvæði 8. mgr. er samhljóða 5. mgr. 31. gr. gildandi laga.

Ákvæði 9. mgr. er samhljóða 6. mgr. 31. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að 2. málsl. 6. mgr. 31. gr. laganna falli brott, enda er framkvæmdastjóra getið sérstaklega í 1. mgr. og 11. mgr. þessarar greinar frumvarpsins.

Í 10. mgr. er lagt að lífeyrissjóðir tilkynni Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn og framkvæmdastjóra. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringar.

Ákvæði 11. mgr. er samhljóða 2. mgr. 31. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að framkvæmdastjóra er getið sérstaklega í ákvæðinu en ekki með tilvísun í 2. málsl. 6. mgr. 31. gr. laganna líkt og nú er.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 36. gr. gildi ekki um aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu en nokkur vafi hefur leikið á því hvort skilyrðið gildi um þá, enda er slíkum sjóðum heimilt að gefa út hlutdeildarskírteini eða hlutabréf, sbr. 4. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003. Þessi vegna er lagt til í a-lið greinarinnar að í málsliðnum verði vísað til 6. tölul. 1. mgr. þar sem fjallað er um hlutabréf fyrirtækja. Hins vegar þykir ástæða til þess að setja fjárfestingum í hlutum eða hlutdeildarskírteinum í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skorður og því er lagt til í b-lið greinarinnar að miðað verði við að fjárfestingar í eignarhlutum í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu verði eingöngu heimilar ef þær hafa eðlilegan viðskiptalegan tilgang og eru til þess fallnar að gæta hagsmuna fjárfesta. Þar skal t.d. vísað til þeirrar takmörkunar sem eðlileg telst að ábyrðar- eða rekstraraðili sjóðs þurfi að samþykkja nýjan kaupanda á eignarhlut í sjóðnum, innlausnar eða forkaupsréttar.

Lögð er til breyting er varðar kröfur um birtingu ársreikninga samkvæmt ákvæðinu þar sem vafi hefur ríkt um túlkun núverandi orðalags ákvæðisins, en mismunandi getur verið í löggjöf ríkja hvaða kröfur eru gerðar um birtingu. Með breytingunni er þó tryggt að ársreikningar skuli aðgengilegir fjárfestum og eftirlitsaðilum en kröfur um opinbera birtingu fara þá eftir reglum heimaríkis.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til nýtt ákvæði til bráðabirgða með það fyrir augum að rýmka tímabundið skilyrði fyrir fjárfestingu í óskráðum hlutabréfum í fyrirtækjum skv. 2. málsl. 3. mgr. 36. gr. laganna. Lífeyrissjóðir hafa í auknum mæli leitað fjárfestinga í óskráðum hlutabréfum í ljósi breyttra aðstæðna á íslenskum fjármálamarkaði. Heimild lífeyrissjóðanna til þess að fjárfesta í óskráðum verðbréfum var aukin úr 10% í 20% af hreinni eign hvers sjóðs með lögum nr. 171/2008, um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, m.a. með vísan til þess að fjárfestingarkostir sjóðanna innan lands höfðu þá dregist verulega saman. Það skilyrði er sett fyrir fjárfestingum í óskráðum hlutabréfum að engar hömlur megi vera í viðskiptum með bréfin, sbr. 2. málsl. 3. mgr. 36. gr. laganna. Við skýringu á þessu ákvæði hefur einkum verið litið til 21.–23. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, þar sem fjallað er um viðskiptahömlur. Því hefur verið litið svo á að t.d. forkaupsréttarákvæði hamli viðskiptum í skilningi 3. mgr. 36. gr. laganna í öllum tilvikum. Á liðnum missirum hafa skapast nokkrar umræður um skilyrðið og því hefur verið haldið fram, með vísan til sjónarmiða sem eðlileg teljast í viðskiptum með óskráð hlutabréf, að það sé of þröngt. Þess vegna er lagt til í greininni að lífeyrissjóðum verði tímabundið heimilt að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum fyrirtækja þótt einhverjar hömlur gildi um meðferð hluta samkvæmt ákvæðum samþykkta enda séu þær innan marka þess sem löggjafinn hefur leyft í lögum um hlutafélög eða eftir atvikum öðrum lögum. Er tillögunni í fyrsta lagi ætlað að tryggja lífeyrissjóðunum raunhæfan fjárfestingarkost í óskráðum hlutbréfum í fyrirtækjum, en eins og áður er nefnt þá hafa fjárfestingarkostir sjóðanna á fjármálamarkaði dregist verulega saman á undanförnum árum. Þá má og nefna þau áhrif sem gjaldeyrishöftin hafa á mögulegar fjárfestingar lífeyrissjóða sem og annarra.

Lagt er til að tímaramminn hér miðist við 31. desember 2015 til samræmis við áætlun Seðlabanka Íslands um afnám gjaldeyrishafta, en slíkar fjárfestingar verði almennt ekki heimilar eftir það tímamark. Þó er miðað við að lífeyrissjóði verði heimilt að fjárfesta í hlutabréfum í hlutafélögum sem sjóðurinn á hlut í við lok árs 2015. Með því er tryggt að lífeyrissjóðurinn geti gætt hagsmuna sinna með eðlilegum hætti, til að mynda með þátttöku í hlutafjáraukningu eða með því að eiga almenn viðskipti með hluti sína. Rétt er að benda á í þessu sambandi að samkvæmt almennum reglum er hámarkshlutur lífeyrissjóðs í hverju hlutafélagi 15%.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, fjárfestingarheimildir).

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Breytingarnar varða annars vegar hæfi til setu í stjórnum lífeyrissjóða og hæfi framkvæmdastjóra og hins vegar breytingar á ákvæðum um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða er lúta að því hvað geti talist hömlur í viðskiptum.

Á síðasta þingi voru gerðar breytingar á ákvæðum um hæfi stjórnarmanna til setu í stjórnum fjármálafyrirtækja annars vegar og vátryggingafélaga hins vegar, sbr. lög nr. 75/2010, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lög um vátryggingastarfsemi, nr. 56/2010. Skilyrði til stjórnarsetu voru þrengd í nefndum lögum en rétt þótti að takmarka svonefnda krossstjórnarsetu á fjármálamarkaði til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og til að lágmarka orðsporsáhættu. Í frumvarpi þessu er byggt á því að sömu sjónarmið verði tekin upp í ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að teknu tilliti til sérstöðu lífeyrissjóða. Því er lagt til að þrátt fyrir þá meginreglu að stjórnarmenn í lífeyrissjóðum megi ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila, þ.m.t. lífeyrissjóðs, eða aðila í nánum tengslum við hann verði lögfestar undanþágur. Í fyrsta lagi að gerð verði undantekning að því er varðar stjórnarsetu stjórnarmanns eða starfsmanns lífeyrissjóðs í stjórn fjármálafyrirtækis sem er að hluta til í eigu þess lífeyrissjóðs og sinnir eingöngu þjónustuhlutverki í þágu lífeyrissjóða, t.d. er varðar eignastýringu. Fjármálafyrirtækið má þó ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem lýtur að þjónustu við lífeyrissjóði. Í öðru lagi er lögð til undanþága til að koma til móts við sjónarmið um áhrif sjóðfélaga á stefnumörkun og stjórn lífeyrissjóða í þá veru að starfsmaður eftirlitsskylds aðila geti tekið sæti í stjórn lífeyrissjóðs ef hann er kosinn eða skipaður úr hópi sjóðfélaga. Þá er í þriðja lagi lögð til sú undanþága að stjórnarmanni í lífeyrissjóði geti verið heimilt að sitja í stjórn annars lífeyrissjóðs að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, enda sé talinn hagur í því t.d. þegar um sambærileg og flókin réttindakerfi er að ræða hjá lífeyrissjóðum.

Í frumvarpinu er lagt til að fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum sé eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin og ársreikningar hlutafélaganna eru hluthöfum, fjárfestum og eftirlitsaðilum aðgengilegir. Þó þykir ástæða til þess að setja fjárfestingum í hlutum eða hlutdeildarskírteinum í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skorður og því er lagt til að miðað verði við að fjárfestingar í eignarhlutum í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu verði eingöngu heimilar ef þær hafa eðlilegan viðskiptalegan tilgang og eru til þess fallnar að gæta hagsmuna fjárfesta. Þá er lagt til að sett verði ákvæði til bráðabirgða, sem gildi til 31. desember 2015, með það fyrir augum að rýmka tímabundið skilyrði fyrir fjárfestingu í óskráðum hlutabréfum í fyrirtækjum. Tímafresturinn er veittur í samræmi við áætlun Seðlabanka Íslands um afnám gjaldeyrishafta. Þannig verði lífeyrissjóðum tímabundið heimilt að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum fyrirtækja þótt einhverjar hömlur gildi um meðferð hluta samkvæmt ákvæðum samþykkta enda séu þær innan marka þess sem löggjafinn hefur leyft í lögum um hlutafélög eða eftir atvikum öðrum lögum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1224. Frumvarp til laga [705. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Hvers konar auglýsingar og aðrar viðskiptaorðsendingar til markaðssetningar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Bann þetta tekur einnig til vökva sem er undir 2,25% af hreinum vínanda ef hann er settur á markað í umbúðum sem eru svo líkar umbúðum áfengra drykkja að hætta sé á ruglingi milli áfengu vörunnar og hinnar óáfengu. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum og öðrum viðskiptaorðsendingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

Með viðskiptaorðsendingu er átt við texta, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja beint eða óbeint athygli á áfengistegundum eða atriðum tengdum áfengisneyslu og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaorðsendinga teljast auglýsingar, kostun og vöruinnsetning, svo og duldar viðskiptaorðsendingar sem er ætlað að þjóna auglýsingamarkmiðum og geta villt um fyrir neytanda að því er eðli þeirra varðar.

Bannið tekur með sama hætti til viðskiptaorðsendinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í viðskiptaorðsendingum sem er ætlað að markaðssetja þá drykki, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna, ekki sé vísað til hinnar áfengu framleiðslu og ekki hætta á ruglingi milli áfengu framleiðslunnar og þeirrar sem verið er að markaðssetja vegna nafns á vörunni, umbúða eða annarra einkenna.

Bann skv. 1. mgr. á ekki við um:

1. Viðskiptaorðsendingar á erlendu tungumáli í erlendu prentriti sem er flutt til landsins, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.
2. Viðskiptaorðsendingar á erlendum endurvarpsrásum, þegar þær eru í samræmi við lög útsendingarlandsins.
3. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað þar sem áfengisveitingar eru heimilaðar. Hið sama á við um spjöld og útstillingar til notkunar á staðnum.
4. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á flutningatækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum, bréfsefni eða öðru sem beinlínis tengist starfsemi hans.
5. Verð- og vöruupplýsingar sem eru veittar á vefsíðu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins vegna pöntunar og sölu á vörum sem heyra undir lög þessi, enda sé gætt ákvæða 1.–3. mgr.

6. Umfjöllun í frétta- og fagtímaritum, frétta-, menningar- og matreiðsluþáttum, enda sé ekki fjallað um áfengi eða það auglýst samkvæmt lögum þessum gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða í tengslum við markaðssetningu vörunnar.
7. Annað hljóð- og myndmiðlunarefni og annað kvikmyndaefni en auglýsingar og viðskiptaorðsendingar sem er framleitt í samræmi við lög framleiðslulands.

2. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur ný grein, 20. gr. a, svohljóðandi:

Eftirlit með því hvort brotið hafi verið gegn 20. gr. er í höndum Neytendastofu. Neytendastofa getur lagt á hvern þann sem brýtur gegn 20. gr. stjórnvaldssektir sem numið geta allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna af broti ef við á. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu þeirra. Ákvörðun Neytendastofu má kæra til áfrýjunarnefndar neytendamála innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um niðurstöðuna.

Kaupandi viðskiptaorðsendingar, hvort heldur hann er einstaklingur eða lögaðili, ber ábyrgð á efni hennar sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Í öðrum tilvikum ber sá ábyrgð sem birtir eða á annan hátt miðlar viðskiptaorðsendingunni hér á landi.

Hafi Neytendastofa komist að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn 20. gr. og ekki hefur verið látið af hinni ólögmætu háttsemi getur Neytendastofa lagt á dagsektir sem nemi allt að 500 þús. kr. á dag þar til látið hefur verið af hinni ólögmætu háttsemi. Dagsektir verða þó ekki lagðar á fyrir lengra tímabil en 100 daga í senn. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvörðun um dagsektir má kæra til áfrýjunarnefndar neytendamála innan fjórtán daga frá því að hún er tilkynnt þeim sem hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en kærufrestur er liðinn og renna þær í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu þeirra. Ef ákvörðun er skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir.

Ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, gilda um úrræði og eftirlit Neytendastofu, þ.m.t. málsmeðferð eftir því sem við getur átt.

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir. Skal úrskurður áfrýjunarnefndarinnar liggja fyrir innan sex vikna frá því að kæra hefur borist nefndinni. Úrskurðir áfrýjunarnefndar neytendamála eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslunnar og eru aðfararhæfir.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í innanríkisráðuneyti. Með frumvarpinu er stefnt að því að gera núgildandi bann við áfengisauglýsingum bæði skýrara og skilvirkara. Við gerð frumvarpsins var haft samráð við Neytendastofu og það kynnt mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar hér á landi og hefur þannig lengi verið. Í frumvarpi þessu er lögð sérstök áhersla á að koma í veg fyrir að farið sé í kringum bannið með því að auglýsa óáfenga vöru með ríkri tilvísun til hinnar áfengu vöru. Sú breyting er lögð til í frumvarpinu að í stað þess að bannið gildi einungis um auglýsingar nái það jafnframt til annarra viðskiptaorðsendinga til markaðssetningar á áfengi og einstökum áfengistegundum. Er gildissvið bannsins þar með orðið víðtækara en áður hefur verið.

Rétt er að taka fram að bann 20. gr. áfengislaga stangast ekki á við þau ákvæði sem fjalla um tjáningarfrelsi, sbr. 73. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 415/1998. Í 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, kemur fram að tjáningarfrelsi megi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Eru þau skilyrði uppfyllt með þessu frumvarpi, sem áður. Af dómaframkvæmd má ráða að það sé til meðalhófsregla íslensks stjórnskipunarréttar sem dómstólar beita þegar þeir leggja mat á ákvarðanir löggjafans sem takmarka mannréttindi og leysa úr ágreiningsmálum þegar tveir andstæðir stjórnarskrárverndaðir hagsmunir vegast á. Í Hrd. 1999, bls. 1916 (hnefaleikabann), kom fram að til þess að takmarka stjórnarskrárvarin mannréttindi þurfi að liggja fyrir málefnaleg sjónarmið og auk þess beri að virða jafnræði og stilla þeim í hóf að teknu tilliti til markmiða þeirra. Þá reyndi á það í dómi Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 599/2006 hvort bann við auglýsingum á áfengi skv. 20. gr. bryti gegn skuldbindingum íslenska ríkisins skv. EES-samningnum um frjáls vöru- og þjónustuviðskipti. Var ekki fallist á að auglýsingabannið bryti í bága við skuldbindingar íslenska ríkisins skv. EES-samningnum.

Áfengisauglýsingabanni er ætlað að vernda heilsu almennings fyrir skaðvænlegum afleiðingum áfengisneyslu. Sýnt hefur verið fram á að áfengi er meðal áhættuþátta sem valda sjúkdómum á Evrópusvæði WHO og er einn helsti áhættuþáttur meðal ungs fólks. Samkvæmt skýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar er talið að áfengi hafi áhrif á allt að 60 skilgreinda sjúkdóma og heilbrigðisvandamál og þá getur misnotkun áfengis haft skaðleg áhrif á aðra en neytandann sjálfan. Helstu heilsufarsáhrif af neyslu áfengis eru slys ýmiss konar, ofbeldi, sjálfsvíg, tauga- og geðsjúkdómar, hjarta- og æðasjúkdómar, lifrarsjúkdómar og krabbamein.

Þrátt fyrir að í gildi sé bann við auglýsingum á áfengi hér á landi hefur aukist að framleiðendur og dreifingaraðilar áfengra drykkja reyni að koma vöru sinni á framfæri í auglýsingum með því að nota líkar umbúðir og nöfn á óáfengum drykkjum, sem þeir svo auglýsa. Með þessu frumvarpi er stefnt að því að koma í veg fyrir að hægt sé að fara í kringum núgildandi bann líkt og verið hefur.

Að sama skapi hefur það færst í vöxt að bjór sé auglýstur af framleiðendum og innflytjendum í skjóli undanþágu núgildandi 3. mgr. 20. gr. laganna, en undanþágan heimilar að notuð séu firmanöfn eða merki áfengisframleiðenda í tengslum við auglýsingar á óáfengri drykkjarvöru, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða. Greinilegt er að með þessum auglýsingum er ætlunin að koma á framfæri hinni áfengu framleiðslu, sbr. skýrslu sem kom út á vegum ríkislögreglustjóra á árinu 2001. Þar kemur einnig fram að framleiðendur virðist hafa byrjað framleiðslu á óáfengum bjór í sams konar umbúðum og þekkjast fyrir áfengan bjór, að því virðist í þeim tilgangi að geta auglýst áfenga bjórinn. Norðmenn láta t.a.m. auglýsingabann á áfengi gilda um vörur sama merkis eða firmamerkis, nema varan hafi sitt eigið vörumerki eða kennimerki. Hér er þó rétt að geta þess að Norðmenn gera ekki

álíka undantekningu og Íslendingar gera í 3. mgr. 20. gr. laganna, sem veldur hvað mestum deilum hér á landi. Rétt er þó talið, með vísan til meðalhófs, að unnt sé að nota firmamerki á þá vöru sem er óáfeng.

Í framangreindri skýrslu ríkislögreglustjóra kemur einnig fram að það hafi einnig færst í vöxt að í íslenskum sjónvarpsþáttum sem höfði til ungs fólks sé bjór stillt upp og hans neytt í þeim tilgangi að auglýsa hann og hvetja til drykkju. Þá þekkist það að skilaboð hafi verið send fyrir verslunarmannahelgi um að gleyma ekki ákveðnum bjór og hefur netið jafnframt verið nýtt til að auglýsa áfengi. Einnig kemur fram í skýrslunni að reynslan sýni að mál vegna áfengisauglýsinga hafi reynst lögreglu og ákæruvaldi nokkuð erfið. Talsvert hafi verið um að áfengisauglýsingamálum sem vísað hafi verið til dóms með ákæru hafi lokið með sýknu. Hugsanlega megi rekja slíkt til óskýrs orðalags 20. gr. laganna.

Rannsókn opinberra mála er í höndum lögreglu nema öðru vísi sé mælt fyrir í lögum. Í frumvarpinu eru lagðar til grundvallarbreytingar á eftirliti með áfengisauglýsingum og öðrum viðskiptaorðsendingum. Gert er ráð fyrir að færa eftirlitið úr höndum lögreglu til Neytendastofu sem verður gert kleift að ljúka málum með stjórnvaldssekt. Slíkt kann að leiða til óverulegs sparnaðar innan lögreglu, ákæruvalds og dómstóla en mun hafa í för með sér einhverja aukningu útgjalda hjá Neytendastofu. Helsti ávinningurinn ef þessari breytingu yrði hins vegar sá helstur að bann það sem lögin mæla fyrir um verður virkara í framkvæmd. Augljós samlegðaráhrif eru af því að skipa þessum málum hjá Neytendastofu, en þar er þegar haft eftirlit með auglýsingum sem þykja brjóta í bága við lög nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að í stað núgildandi 20. gr. laganna komi nýtt ákvæði sem þó er að nokkru leyti sambærilegt því ákvæði sem nú er í gildi. Þannig verði tiltekið í 1. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna að hvers konar auglýsingar og aðrar viðskiptaorðsendingar til markaðssetningar á áfengi og einstökum áfengistegundum séu bannaðar. Þá er í 1. mgr. lagt til annað nýmæli sem kveður á um að framangreint bann nái einnig til vökva eða vöru sem er undir 2,25% af hreinum vínanda ef um er að ræða markaðssetningu í umbúðum sem geta skapað hættu á ruglingi milli áfengu vörunnar og hinnar óáfengu. Markmiðið með þessari breytingu er að girða fyrir að hægt sé að auglýsa óáfenga framleiðslu með svo sterkri skírskotun til hinnar áfengu framleiðslu að í raun verði ekki dregin önnur ályktun en sú að verið sé að auglýsa hina áfengu vöru í raun.

Í 2. mgr. ákvæðisins er að finna skilgreiningu á því hvað felst í hugtakinu viðskiptaorðsending. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt til 39. tölul. 2. gr. frumvarps til laga um fjölmiðla, sem lagt var fram á yfirstandandi löggjafarþingi, af hálfu mennta- og menningarmálaráðherra. Þykir mikilvægt að samræmis sé gætt við skýringu hugtaka sem þessara en hér er þó jafnframt höfð hliðsjón af því að hugtakinu er ætlað að standa í sérlögum um áfengi. Í ákvæðinu er það tiltekið að með viðskiptaorðsendingu sé átt við texta, myndir og/eða hljóð sem ætlað er að vekja beint eða óbeint athygli á áfengistegundum eða atriðum tengdum áfengisneyslu sé því miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Undir þetta yrði t.d. talin falla birting áfengisvöruheita eða auðkenna, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls eða vörusýnishorna. Undir hugtakið fellur jafnframt hvers konar kostun í viðskiptaskyni sem tekur til framlaga opinbers fyrirtækis, einkafyrirtækis eða einstaklings til fjármögnunar eða

hvers konar styrks, með það að markmiði að vekja athygli á áfengi, þ.e. heiti viðkomandi vörumerkis, ímynd, starfsemi eða vörum, sem og viðskiptaorðsendingar sem ætlað er að vekja beint eða óbeint athygli á áfengi ef þeim er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Hið sama á við um vöruinnsetningar í viðskiptaskyni sem taka til eða vísa til áfengis. Undir þetta fellur t.d. hvers konar kostun ýmissa viðburða, þátta o.fl. ef þar kemur fram tilvísun til hinnar áfengu vöru, t.d. með því að sýna þá vöru eða vörumerki sem óheimilt er að auglýsa. Þá er það enn fremur tekið fram í skilgreiningunni að duldar viðskiptaorðsendingar sem ætlað er að þjóna sömu markmiðum og viðskiptaorðsendingar falli undir hugtakið enda geta þær villt um fyrir neytendum að því er eðli þeirra varðar.

3. mgr. ákvæðisins er að miklu leyti sambærileg núgildandi 3. mgr. 20. gr. laganna en þó er hnykkt á því og það sett fram með skýrari hætti að þegar viðskiptaorðsending skírskotar til annarrar framleiðslu en áfengis sé slík skírskotun ekki heimil ef hætta er á ruglingi við hina áfengu framleiðslu. Líkt og rakið er í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er þetta m.a. gert í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að kynnt sé óáfeng vara með viðskiptaorðsendingum í umbúðum sem eru alveg eins og umbúðir hinnar áfengu vöru.

Í 4. mgr. eru taldar upp undantekningar frá banni samkvæmt lögunum. Nauðsynlegt þykir að bæta við upptalningu núgildandi 4. mgr. 20. gr. laganna, en frá því að lögin voru sett árið 1998 hefur samfélagið mikið breyst. Í ákvæðinu eins og það er nú er þannig ekkert tekið á erlendum endurvarpsútsendingum frá ríkjum ESB, kynningum og útstillingum á sölustöðum, svo sem í ÁTVR og á öldurhúsum, merkingum á öldurhúsum, vörulista ÁTVR sem gefinn er út og vefsíðu. Er því lagt til að í 5. mgr. verði mælt fyrir um undantekningar sem jafnframt taka til þessara atriða. Er það í samræmi við framkvæmd í Noregi, en sé miðað við löggjöf annars staðar á Norðurlöndum er norsk áfengislöggjöf hvað líkust hinni íslensku. Jafnframt verður að gæta að meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar, þ.e. að bannið gangi ekki lengra en svo að markmiðum laganna verði náð. Að því er varðar einstakar breytingar á ákvæðinu þá er nýmæli að finna í 2. tölul. þar sem kemur fram að bann samkvæmt ákvæðinu taki ekki til viðskiptaorðsendinga á erlendum endurvarpsrásum, þegar þær eru í samræmi við lög útsendingarlands en þessi breyting leiðir af skyldum Íslendinga skv. EES-samningnum. Núgildandi 2. tölul. verður 3. tölul. og við hann bætt að hið sama eigi við um spjöld og útstillingar til notkunar á staðnum og við inngang staðarins. Núgildandi 3. tölul. verður að 4. tölul. og þá er bætt við nýjum töluliðum, nr. 5, 6 og 7. Í 5. tölul. er kveðið á um að bannið nái ekki til verðs og vöruupplýsinga á vefsíðu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins vegna pöntunar og sölu á vörum sem heyra undir áfengislög, enda sé gætt ákvæða 1.–3. mgr. Í 6. tölul. er kveðið á um að bannið nái ekki til umfjöllunar í fagtímaritum og frétta-, menningar- og matreiðsluþáttum enda sé ekki fjallað um áfengi, eða það auglýst samkvæmt lögunum gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða í tengslum við markaðssetningu vörunnar. Í 7. tölul. er kveðið á um að bannið taki ekki til hljóð- og myndmiðlunarefnis sem sýnt er í línulegri dagskrá og eftir pöntunum, auk þess sem það tekur ekki til kvikmynda og annars sjónvarps- og kvikmyndaefnis sem framleitt er í samræmi við lög framleiðslulands. Skýrt er að þessi undanþága nær ekki til myndefnis sem gert er í auglýsingaskyni samkvæmt bannákvæðum laganna, eða í þeim tilgangi að auglýsa viðkomandi vöru. Hér verður að gæta að mörkum tjáningarfrelsis og lýðheilsusjónarmiða þar sem tjáningarfrelsið þarf að njóta vafans. Markmið með banni við áfengisauglýsingum er ekki að koma í veg fyrir sýningar á áfengi í listrænum tilgangi, svo fremi sem tilgangurinn sé ekki að senda viðskiptaorðsendingar eða í auglýsingaskyni.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að eftirlit með brotum gegn 20. gr. laganna verði á hendi Neytendastofu en ekki lögreglu líkt og nú tíðkast. Neytendastofa hefur nú þegar eftirlit með villandi og óréttmætum auglýsingum samkvæmt lögum nr. 57/2005 og hefur því yfir að ráða talsverðri sérþekkingu og reynslu á þessu sviði. Auglýsingaeftirlit er sérhæft og tæknilega erfitt að fást við það, en eftirlit með viðskiptaorðsendingum að því er varðar áfengi gæti vel farið með þeim verkefnum sem Neytendastofa annast nú þegar. Á Norðurlöndunum er eftirlit með banni við áfengisauglýsingum í stjórnsýslulegum farvegi þar sem ákveðnar eftirlitsstofnanir hafa eftirlitshlutverk í stað lögreglu.

Hér má einnig benda á að dómstólar hafa ríkt vald til að endurskoða lögmæti stjórnvaldsákvarðana eða stjórnvaldssekta sem skerða réttindi manna og skyldur, ýmist samkvæmt lagafyrirmælum eða almennri reglu 60. gr. stjórnarskrárinnar um endurskoðunarvald dómstóla á stjórnvaldsákvörðunum. Reglur um úrlausnarheimildir stjórnvalda breyta því þannig ekki að endanlega ákvörðunarvaldið er í höndum dómstóla þótt stjórnvöld kunni að afgreiða mál á fyrri stigum með ýmsum stjórnsýsluviðurlögum, svo sem sektarákvörðun. Það brýtur ekki gegn stjórnarskrá eða mannréttindasáttmála Evrópu að stjórnvaldi sé fengið vald til þess að rannsaka mál og leggja á sektir í tilefni af lögbroti, að því skilyrði gefnu að aðili máls eigi þess kost að bera málið undir dómstól sem hefur fullar endurskoðunarheimildir. Ákvörðun stjórnvalds um stjórnsýsluviðurlög er stjórnvaldsákvörðun og þannig gilda stjórnsýslulög, nr. 37/1993, um meðferð slíkra mála og almennar sönnunarreglur gilda þegar lagt er mat á málsatvik í stjórnsýslumáli sem varða stjórnsýsluviðurlög.

Í 1. mgr. ákvæðisins er jafnframt kveðið á um að Neytendastofa geti lagt á hvern þann sem brýtur gegn 20. gr. stjórnvaldssektir sem numið geta allt að 10 millj. kr. og renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu þeirra. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna af því þegar það á við. Þá er tekið fram að sektarákvörðun Neytendastofu megi kæra til áfrýjunarnefndar neytendamála innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um niðurstöðuna. Er hér um að ræða frávik frá ákvæði 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um að heimilt sé að kæra ákvörðun lægra setts stjórnvalds innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um hana. Þar sem um er að ræða viðurlög sem liggja við tilteknu broti þykir mikilvægt að slíkar ákvarðanir séu endurskoðaðar innan skamms tíma frá því að þær voru teknar. Að sama skapi þykir mikilvægt að úrskurður áfrýjunarnefndarinnar liggi fyrir innan hæfilegs tíma þannig að sá sem í hlut á þurfi ekki að vera í óvissu um það hvort honum beri að greiða sekt vegna brota á lögunum eða ekki. Er því lagt til í 5. mgr. ákvæðisins að áfrýjunarnefndin skuli kveða upp úrskurð sinn innan sex vikna frá því að kæra hefur borist nefndinni. Þykir þetta sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndarinnar liggur fyrir svo sem sérstaklega verður fjallað um hér á eftir.

Í 2. mgr. er það skýrt hverjum skal gert að bera ábyrgð á broti gegn 20. gr. laganna en samkvæmt ákvæðinu er það kaupandi viðskiptaorðsendingar, sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Í öðrum tilvikum ber sá ábyrgð sem birtir eða á annan hátt miðlar viðskiptaorðsendingunni hér á landi. Ákvæðið sækir fyrirmynd sína til 50. og 51. gr. frumvarps til laga um fjölmiðla, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi.

Í 3. mgr. er lagt til að Neytendastofa geti lagt á dagsektir hafi hún komist að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæði 20. gr. laganna og ekki hefur verið látið af þeirri háttsemi. Geta dagsektirnar numið allt að 500.000 kr. á dag en þær verða þó ekki lagðar á fyrir

lengra tímabil en 100 daga. Þá er í ákvæðinu lagt til að heimilað verði málskot á ákvörðunum Neytendastofu um dagsektir. Greinin er sambærileg 24. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Samkvæmt ákvæðinu reiknast dagsektir ekki fyrr en frestur kærufrestur er liðinn, þ.e. fjórtán dögum eftir að ákvörðunin er sannanlega birt fyrir þeim sem þeim skal sæta. Sé ákvörðunin hins vegar kærð til áfrýjunarnefndarinnar falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir, enda staðfesti hún ákvörðun Neytendastofu um álagningu dagsekta.

Samkvæmt núgildandi réttarástandi er heimilt að ljúka málum sem varða brot gegn 20. gr. með sektarákvörðun lögreglustjóra ef málsaðili samþykkir slíka málsmeðferð. Ef ekki, þá þurfa málin að fara fyrir dóm, líkt og refsimál, með tilheyrandi kostnaði fyrir bæði ákæruvald og dómstóla. Heppilegra þykir að fara þá leið sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, þ.e. að ljúka málum sem varða brot gegn ákvæðum áfengislaga með stjórnvaldssektum og eftir atvikum dagsektum samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem gilda nú þegar í málum vegna brota á lögum nr. 57/2005. Samkvæmt skýrslu nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum, sem forsætisráðuneytið lét gera árið 2004, kemur m.a. fram að málsmeðferð er yfirleitt mun ódýrari þegar stjórnvöld leggja á stjórnsýsluviðurlög heldur en þegar dómstólar dæma menn eða lögaðila til refsingar. Vegna ólíkra málsmeðferðarkrafna tekur almennt mun skemmri tíma að rannsaka og koma fram stjórnsýsluviðurlögum en refsingum. Þá var það niðurstaða nefndarinnar að óskynsamlegt væri að lögfesta fangelsi sem möguleg viðurlög við of mörgum brotum, þegar slíkri refsingu er sjaldan beitt nema vegna fárra og alvarlegra brota. Lögfesting strangra refsiviðurlaga sé til þess fallin að draga úr almennum varnaðaráhrifum refsinga og ekki sé sjálfgefið að slík viðurlög séu hófleg og sanngjörn. Það tekur að jafnaði skemmri tíma að koma fram stjórnvaldssekt en refsingu en ástæðan er sú að sama stjórnvaldið rannsakar og kemur fram viðurlögunum. Ef talið væri að jafnframt væri um refsiverða háttsemi að ræða, þá yrði slíkt kært til lögreglu sem mundi rannsaka málið aftur. Varnaðaráhrif þess að brotin varði sektum þurfa síst að vera minni og jafnvel verða þau meiri ef framleiðendur sjá að þeir muni greiða háar sektir vegna brota á ákvæðinu og að eftirlitið sé jafnframt framkvæmt með virkum hætti.

Lagt er til í 4. mgr. ákvæðisins að ákvæði laga nr. 57/2005 hafi gildi um úrræði og eftirlit Neytendastofu, þ.m.t. varðandi málsmeðferð eftir því sem við getur átt. Rétt þykir að við eftirlit það sem hér er lagt til að stofnuninni verði falið njóti hún sömu heimilda og úrræða og við eftirlit sem stofnunin sinnir nú þegar á grundvelli laga nr. 57/2005.

Í 5. mgr. er lagt til að ákvörðun Neytendastofu verði ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir. Er með þessu kveðið á um að kæruleiðir innan stjórnsýslunnar verði tæmdar áður en mál er borið undir dómstóla. Þetta er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, og 40. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Eðlilegt þykir að nýta fyrst þau úrræði sem boðið er upp á í stjórnsýslunni til þess að fá ákvörðun endurskoðaða áður en farið er í kostnaðarsamt dómsmál. Jafnframt eru mál betur upplýst að lokinni stjórnsýslukæru, áður en þau koma til dómstóla.

Loks er í 6. mgr. að finna ákvæði þess efnis að mál fyrir dómstólum skuli höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fær vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Þetta er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, og 41. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Hér búa réttaröryggissjónarmið að baki en óvissa getur verið fólgin í því að málshöfðun í tilteknu máli, sem áfrýjunarnefndin hefur kveðið upp úrskurð í, geti verið yfirvofandi jafnvel um árabil.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögin öðlist gildi 1. júlí 2011, en það helgast af því að senda þarf út tilkynningu til Eftirlitsstofnunar EFTA vegna tæknilegra viðskiptahindrana, sbr. lög nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu. Greinin þarfnast ekki skýringar að öðru leyti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að bann við áfengisauglýsingum verði gert skýrara og skilvirkara án þess þó að breyta núgildandi réttarástandi hvað það varðar. Hins vegar er gert ráð fyrir að grundvallarbreyting verði á eftirliti með banni við áfengisauglýsingum og það verði fært úr höndum lögreglu til Neytendastofu sem verði jafnframt gert kleift að ljúka málum með stjórnvaldssekt en ekki hefur verið heimild til þess í lögunum til þessa. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu má gera ráð fyrir að þessi breyting leiði til sparnaðar innan lögreglu, ákæruvalds og dómstóla en muni hafa í för með sér einhverja aukningu útgjalda hjá Neytendastofu. Að meðaltali hafa um 23 mál komið til kasta lögreglu árlega undanfarin ár og hefur töluverður fjöldi þeirra fallið niður áður en til ákærumeðferðar hefur komið. Þar sem Neytendastofa getur beitt stjórnvaldssektum og ákvörðun um slíkt verði ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður neytendamála liggur fyrir má gera ráð fyrir að eitthvað dragi úr fjölda mála sem ganga þá leið. Með þessu er kveðið á um að kæruleiðir innan stjórnsýslunnar verði fullreyndar áður en mál eru borin undir dómstóla. Það er mat innanríkisráðuneytisins að um óverulega útgjaldaaukningu gæti orðið að ræða hjá Neytendastofu eða sem gæti samsvarað allt að hálfu stöðugildi lögfræðings enda hefur stofnunin nú þegar eftirlit með auglýsingum sem þykja brjóta í bága við lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Á móti lækka útgjöld lögreglu og dómstóla auk þess sem breytt fyrirkomulag miðar að því að fækka brotum til lengdar með skilvirkari varnaðarúrræðum. Stjórnvaldssektir sem stofnunin kann að beita renna í ríkissjóð. Um er að ræða tilflutning verkefna milli stofnana og er gert ráð fyrir að fjárheimildir verði millifærðar á milli stofnana ef sérstök ástæða verður talin til þess.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er því ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð en að minni háttar tilfærslur á fjárheimildum kunni að þurfa að gera á milli aðila innan útgjaldaramma innanríkisráðuneytisins.

1225. Frumvarp til laga [706. mál]

um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Skilgreiningar og aðild.

1. gr.

Með nálgunarbanni samkvæmt lögum þessum er átt við þau tilvik þegar manni er bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðru móti í samband við annan mann.

2. gr.

Með brottvísun af heimili samkvæmt lögum þessum er átt við þau tilvik þegar manni er vísað brott af heimili sínu eða dvalarstað og honum bannað að koma þangað aftur í tiltekinn tíma.

3. gr.

Sá maður sem misgert er við, brotaþoli, fjölskylda hans eða annar honum nákominn, getur borið fram beiðni til lögreglu um að maður, sakborningur, sem brotið hefur gegn honum eða raskað friði hans á annan hátt, sæti nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili.

Sömu heimild skv. 1. mgr. hefur lögráðamaður brotaþola og sá sem kemur fram fyrir hönd félagsþjónustu og/eða barnaverndarnefndar í sveitarfélagi þar sem viðkomandi er búsettur.

Lögreglustjóri getur einnig að eigin frumkvæði tekið mál til meðferðar samkvæmt lögum þessum ef hann telur ástæðu til.

II. KAFLI
Skilyrði.

4. gr.

Heimilt er að beita nálgunarbanni ef:

a. rökstudd ástæða er til að ætla að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola, eða
b. hætta er á að viðkomandi muni fremja háttsemi skv. a-lið gagnvart brotaþola.

5. gr.

Heimilt er að beita brottvísun af heimili ef:

a. rökstudd ástæða er til að ætla að sakborningur hafi framið refsivert brot gegn ákvæðum XXII.–XXIV. kafla almennra hegningarlaga og/eða 108. gr., 233. gr., 233. gr. b., 253. gr. og/eða 257. gr. sömu laga og verknaður hefur beinst að öðrum sem er honum nákominn og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, enda varði brotið fangelsi allt að sex mánuðum, eða
b. hætta er á að viðkomandi muni fremja háttsemi skv. a-lið gagnvart brotaþola.

Heimilt er að beita nálgunarbanni samhliða brottvísun af heimili ef það þykir nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni brotaþola.

Lögreglu er heimilt að handtaka sakborning á heimili eða þar sem til hans næst í þágu meðferðar og ákvörðunar vegna nálgunarbanns og/eða brottvísunar af heimili.

6. gr.

Nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili verður aðeins beitt þegar ekki þykir sennilegt að friðhelgi brotaþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Við mat skv. 1. mgr. er heimilt að líta til þess hvort sakborningur hafi áður þurft að sæta nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili sem og þess hvort háttsemi hans á fyrri stigum hafi verið þannig háttað að hætta er talin á að hann muni fremja háttsemi sem lýst er í 4. gr. og 1. mgr. 5. gr.

III. KAFLI
Málsmeðferð hjá lögreglustjóra.

7. gr.

Lögreglustjóri, eða löglærður fulltrúi hans, á heimilisvarnarþingi brotaþola tekur ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili, á grundvelli beiðni skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr., eða ef ríkir almannahagsmunir, einkahagsmunir eða hagsmunir vegna rannsóknar og/eða dómsmeðferðar sakamáls krefjast þess.

Lögreglustjóri skal hraða meðferð máls og taka ákvörðun skv. 1. mgr. svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sólarhring eftir að beiðni hefur borist skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr. eða mál komið upp með öðrum hætti.

Nálgunarbanni skal markaður ákveðinn tími, þó ekki lengur en eitt ár í senn. Ekki er heimilt að framlengja nálgunarbann nema til komi ný ákvörðun, enda séu skilyrði 4. gr. laganna enn þá fyrir hendi.

Brottvísun af heimili skal markaður ákveðinn tími, þó ekki lengur en fjórar vikur í senn. Ekki er heimilt að framlengja brottvísun af heimili nema til komi ný ákvörðun, enda séu skilyrði 5. gr. enn þá fyrir hendi.

8. gr.

Lögreglustjóra er skylt að tilnefna sakborningi verjanda vegna meðferðar máls samkvæmt lögum þessum og fer um slíka tilnefningu skv. IV. kafla laga um meðferð sakamála. Brotaþola skal jafnframt tilnefndur réttargæslumaður og fer um þá tilnefningu skv. V. kafla laga um meðferð sakamála.

Nú skilur sakborningur eða brotaþoli íslensku ekki nægilega vel og skal þá lögregla, ef þess er talin þörf, kalla til löggiltan dómtúlk eða annan hæfan mann til að annast túlkun þess sem fram fer. Ef sakborningur eða brotaþoli er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal á sama hátt kallaður til kunnáttumaður til aðstoðar. Þóknun til handa túlki eða kunnáttumanni og annar kostnaður vegna starfa þeirra greiðist úr ríkissjóði. Um störf þeirra og hæfi gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. laga um meðferð sakamála eftir því sem við á.

9. gr.

Ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili skal vera skrifleg, rökstudd og tilgreina sakborning og brotaþola. Tímamörk, gildissvið og gildistaka nálgunarbanns og/eða brottvísunar skulu jafnframt tilgreind í ákvörðun.

Ákvörðun skal birt fyrir sakborningi eða fyrir lögmanni hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu. Réttaráhrif ákvörðunar miðast við birtingu ákvörðunar. Við birtingu skal leiðbeina um réttaráhrif ákvörðunar og málsmeðferð fyrir héraðsdómi skv. IV. kafla þessara laga.

10. gr.

Lögreglustjóri synjar beiðni skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr. ef ekki eru talin efni til að verða við henni. Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin.

Nú er beiðni synjað og er lögreglustjóra þá skylt að tilkynna það brotaþola ásamt rökstuðningi. Skal brotaþola jafnframt bent á að honum sé heimilt að kæra ákvörðunina til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því honum er tilkynnt um hana, eða hann fékk vitneskju um hana með öðrum hætti.

Ríkissaksóknara ber að taka afstöðu til kærunnar innan viku frá því málsgögn vegna hinnar kærðu ákvörðunar berast frá lögreglustjóra. Felli ríkissaksóknari ákvörðun lögreglustjóra úr gildi skal lögreglustjóri leggja málið fyrir héraðsdóm skv. reglum IV. kafla laga þessara nema ríkissaksóknari mæli fyrir um annað.

11. gr.

Þegar ástæður þær sem lágu til grundvallar ákvörðun um beitingu úrræða skv. 4. gr. og/eða 5. gr. eru ekki lengur fyrir hendi skal lögreglustjóri fella bannið og/eða brottvísunina úr gildi með nýrri ákvörðun. Skylt er að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin.

Nú er ákvörðun um úrræði skv. 4. gr. og/eða 5. gr. felld úr gildi og er lögreglu þá skylt að tilkynna það brotaþola og sakborningi ásamt rökstuðningi.

Ákvörðun lögreglu um að fella úr gildi nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili verður ekki borin undir dómara en heimilt er að kæra hana eftir sömu reglum og gilda um kæru ákvörðunar lögreglu um að fella niður rannsókn sakamáls.

IV. KAFLI
Málsmeðferð fyrir dómi.

12. gr.

Lögreglustjóri skal bera ákvörðun um beitingu úrræðis skv. 4. og/eða 5. gr. undir héraðsdóm til staðfestingar svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur sólarhringum eftir að ákvörðun var birt fyrir sakborningi. Hið sama gildir um ákvörðun um framlengingu nálgunarbanns og/eða brottvísunar.

Málsmeðferð fyrir héraðsdómi frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar nema lögreglustjóri hafi ákveðið annað.

13. gr.

Eftir að héraðsdómi hefur borist krafa lögreglustjóra ákveður dómari stað og stund þinghalds þar sem mál verður tekið fyrir. Þinghald skal háð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur sólarhringum eftir að gögn málsins hafa borist héraðsdómi.

Dómari gefur út fyrirkall á hendur sakborningi sem greini stað og stund þinghalds ásamt áskorun til hans um að sækja þing. Telji dómari að afstaða sakbornings til kröfunnar liggi nægilega fyrir í gögnum lögreglu er dómara heimilt að taka fram í fyrirkalli að fjarvist sakbornings verði metin til jafns við afstöðu hans við meðferð máls hjá lögreglustjóra og að úrskurður kunni að ganga um málið þótt hann sæki ekki þing. Ella skal þess getið í fyrirkalli að lögregla megi færa sakborning fyrir dóm, með valdi ef með þarf, sinni hann því ekki.

Dómari skal einnig tilkynna brotaþola, eða réttargæslumanni hans, hvenær þing verður háð.

Fyrirkall skal birt fyrir sakborningi eða fyrir lögmanni hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu.

14. gr.

Sakborningi skal skipaður verjandi vegna meðferðar máls fyrir dómi og fer um þá skipun skv. IV. kafla laga um meðferð sakamála. Brotaþola skal jafnframt skipaður réttargæslumaður og fer um þá skipun skv. V. kafla laga um meðferð sakamála.

15. gr.

Um málsmeðferð fyrir héraðsdómi gilda ákvæði XV. kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Ef sakborningur sækir þing við uppkvaðningu úrskurðar telst úrskurður birtur fyrir honum, enda standi honum þegar til boða endurrit úrskurðarins. Nú verður úrskurður ekki birtur á dómþingi og skal þá birta úrskurð fyrir sakborningi eða fyrir lögmanni hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu.

Réttaráhrif úrskurðar héraðsdóms miðast við birtingu nema dómari hafi ákveðið annað.

V. KAFLI
Tengsl við sveitarfélög.

16. gr.

Þegar manni hefur verið vísað brott af heimili sínu samkvæmt lögum þessum skal lögregla tilkynna brottvísunina til félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags. Í því skyni er lögreglu heimil miðlun persónuupplýsinga að því marki sem hún verður talin nauðsynleg vegna vinnslu málsins.

17. gr.

Ef barn býr á heimili þar sem brottvísun manns á sér stað skal lögregla ávallt tilkynna brottvísunina til barnaverndarnefndar. Hið sama gildir þegar manni er gert að sæta nálgunarbanni.

VI. KAFLI
Gildissvið og gildistaka.

18. gr.

Ákvæði laga um meðferð sakamála gilda um málsmeðferð samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á og ekki er sérstaklega tilgreint í lögum þessum.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 122/2008, um nálgunarbann.

20. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, orðast svo:

   Ef maður brýtur gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili samkvæmt lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að 2 árum.

2. Á eftir orðunum „um nálgunarbann“ í lokamálslið 37. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, með síðari breytingum, kemur: og brottvísun af heimili.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almenn atriði.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi sem skipaður var þann 22. nóvember 2010 af Ögmundi Jónassyni, dómsmála- og mannréttindaráðherra (nú innanríkisráðherra), til þess að gera tillögur að lagaákvæðum til innleiðingar á hinni svokölluðu austurrísku leið. Er gerð frumvarpsins í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en þar skuldbindur ríkisstjórnin sig til þess að grípa til aðgerða til að útrýma kynbundnu ofbeldi, m.a. með lögfestingu austurrísku leiðarinnar þannig að ofbeldismenn verði fjarlægðir af heimilum sínum.

Í starfshópnum áttu sæti Guðlaug Jónasdóttir, lögfræðingur í innanríkisráðuneyti (áður dómsmála- og mannréttindaráðuneyti), Þorgerður Benediktsdóttir, lögfræðingur í velferðarráðuneyti (áður félags- og tryggingamálaráðuneyti), Daði Kristjánsson, saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara, og Jón H. B. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri og saksóknari hjá embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Var hópnum m.a. falið að skoða hvort gera ætti breytingar á lögum um nálgunarbann, nr. 122/2008, eða hvort úrræðið ætti betur heima annars staðar í löggjöfinni. Jafnframt skyldi hópurinn skoða í hvaða tilvikum á að beita heimildinni, hver tekur ákvörðun um að fjarlægja mann af heimili sínu og hvar vista skuli þann sem færður er burt af heimili sínu. Loks var hópnum falið að kanna hvernig ákvæði 37. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, hafa reynst í framkvæmd. Í ákvæðinu segir að barnaverndarnefnd geti fyrir dómi krafist þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili sínu ef nefndin telur það það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns. Við gerð frumvarpsins átti hópurinn fundi með fulltrúum Samtaka um kvennaathvarf, Stígamóta, Jafnréttisstofu, Samtaka kvenna af erlendum uppruna, Dómarafélags Íslands og ríkislögreglustjóra þar sem sjónarmið þeirra að því er varðar einstök efnisákvæði frumvarpsins voru rædd. Í kjölfarið voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu.

2. Markmið frumvarpsins og helstu efnisatriði.

Undir lok síðustu aldar voru hér á landi sett ýmis lög sem öll höfðu það að markmiði að vernda og bæta réttarstöðu þeirra sem eru þolendur afbrota. Sem dæmi má nefna lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995 og lög nr. 36/1999, um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, en með þeim var réttarstaða brotaþola við meðferð opinberra mála bætt til muna. Þá var með lögum nr. 94/2000, um breyting á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (nálgunarbann), í fyrsta skipti kveðið á um nálgunarbann í íslenskri löggjöf. Var það gert í tilefni af samfélagslegri umræðu um heimilisofbeldi og hvernig unnt væri að bregðast við í þeim tilvikum sem því hefði verið beitt. Í marsmánuði 1997 mælti dómsmálaráðherra á Alþingi fyrir skýrslu um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Í kjölfarið var ákveðið að skipa þrjár nefndir til að huga að úrbótum á þessu sviði, þar á meðal nefnd sem falið var að huga að meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu og gera tillögur að nauðsynlegum úrbótum í því efni, svo sem um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf. Í niðurstöðu nefndarinnar kom fram að nauðsynlegt væri að setja reglur sem gerðu það kleift að vernda þolendur heimilisofbeldis og taldi nefndin nálgunarbann ótvírætt bæta réttarstöðu

þeirra sem og annarra þolenda ofbeldis og ofsókna, enda væri markmiðið með nálgunarbanni að vernda þann sem brotið væri á og fyrirbyggja frekara ofbeldi.

Með frumvarpi þessu er leitast við að styrkja réttarstöðu brotaþola enn frekar og þá sérstaklega þeirra sem mega þola heimilisofbeldi. Lagt er til að frumvarp þetta, verði það að lögum, komi í stað laga um nálgunarbann, nr. 122/2008. Þannig verði í einum lögum kveðið á um heimild til þess að beita nálgunarbanni og heimild til þess að vísa einstaklingi brott af heimili sínu standi öðrum sem þar dveljast ógn af viðkomandi. Engum vafa er undirorpið að úrræði líkt og brottvísun af heimili er vandmeðfarið þar sem í slíkum málum vegast á annars vegar hagsmunir þess sem brottvísuninni skal sæta af því að geta dvalið á heimili sínu og hins vegar hagsmunir þess sem brottvísuninni er ætlað að vernda af því að njóta öryggis á eigin heimili. Rökin að baki því að vísa manni brott af eigin heimili snúa að því að vernda líf og heilsu annarra sem þar búa og þykja þau rök vega þyngra en tímabundin röskun á högum þess sem yfirgefa þarf heimili sitt. Úrræðið byggist á því sjónarmiði að verði einstaklingur fyrir ofbeldi á eigin heimili sé það ekki einkamál viðkomandi aðila heldur varði samfélagið allt. Yfirvöld skuli því aðstoða þá sem verða fyrir slíku ofbeldi eftir fremsta megni.

Á undanförnum árum hefur verið lögð aukin áhersla á það að berjast gegn ofbeldi í nánum samböndum og hafa íslensk stjórnvöld tekið þátt í þeirri vinnu. Sem dæmi má nefna að í september 2006 samþykkti ríkistjórn Íslands aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis sem tók til áranna 2006 til 2010 og er nú unnið að gerð nýrrar aðgerðaáætlunar stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi fyrir árin 2011–2015. Á árinu 2008 gaf félags- og tryggingamálaráðuneytið (nú velferðarráðuneytið) út fimm fræðslurit um ofbeldi í nánum samböndum. Voru ritin unnin á vegum nefndar um aðgerðir gegn ofbeldi í nánum samböndum og var útgáfa þeirra í samræmi við aðgerðaáætlunina um ofbeldi á heimilum og kynferðislegt ofbeldi. Í einu ritanna er fjallað á almennan hátt um ýmsar staðreyndir varðandi ofbeldi gegn konum í nánum samböndum, rannsóknir sem gerðar hafa verið, birtingarmyndir ofbeldisins og afleiðingar þess. Hinum ritunum fjórum var beint að tilteknum starfsstéttum, þ.e. félagsþjónustu, heilbrigðisstéttum, ljósmæðrum og lögreglu, og samsett þannig að í þeim er hið almenna efni auk efnis sem sérstaklega er ætlað starfsfólk hverrar stéttar fyrir sig. Þá var á árunum 2009 og 2010 ráðist í gerð sex rannsókna og kannana á umfangi ofbeldis, ýmsum þáttum sem tengjast því hvernig tekið væri á slíkum málum og hvaða úrræði væru fyrir hendi. Gerðar voru fjórar kannanir um viðbrögð og úrræði hjá félagsþjónustu, barnavernd, grunnskólum, heilbrigðisþjónustu og félagasamtökum. Ein rannsóknin fjallaði um umfang ofbeldis gegn konum og sú síðasta um viðbrögð lögreglu við tilkynningum um ofbeldi karla gegn konum. Einnig gáfu ríkislögreglustjóri og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu út viðamikla rannsóknarskýrslu um heimilisofbeldi en í henni var unnið með samtals 993 mál sem töldust annaðhvort ofbeldi eða ágreiningur milli skyldra og tengdra og tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2006–2007.

Í framangreindri rannsókn um umfang ofbeldis gegn konum, sem unnin var af Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd fyrir velferðarráðuneytið, kemur fram að af 3.000 manna slembiúrtaki úr þjóðskrá meðal kvenna af öllu landinu á aldrinum 18 til 80 ára, höfðu rúmlega 22% þeirra sem spurðar voru verið beittar ofbeldi í nánu sambandi einhvern tíma frá 16 ára aldri. Þá kom þar jafnframt fram að milli 1 og 2% kvennanna höfðu orðið fyrir einhvers konar ofbeldi af hálfu maka undangengna 12 mánuði. Í skýrslunni um viðbrögð lögreglu við tilkynningum um ofbeldi karla gegn konum sem jafnframt var unnin af Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd fyrir velferðarráðuneytið, kemur fram að meginvandi lögreglunnar þegar kemur að alvarlegu ofbeldi í nánum samböndum sé að meintir þolendur þori ekki

eða vilji ekki fara með málin fyrir dómstóla. Því sé mikilvægt að jafnframt sé hugað að sérstökum úrræðum fyrir þolendur, svo sem sálfræðiaðstoð sem geti byggt viðkomandi upp og gert fært að losna úr ofbeldissambandi og þannig mögulega í framhaldinu treyst sér til þess að leggja fram kæru. Í skýrslunni er sérstaklega vikið að framangreindri skýrslu ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og þeim niðurstöðum sem þar koma fram. Meðal þess sem kemur fram í skýrslunni er að í þeim 993 málum sem upp komu á árunum 2006–2007 voru gerendur 787 talsins og komu þeir við sögu í 950 tilvikum. Í 76% tilvika voru karlar gerendur og í 24% tilvika konur. Þá voru konur líklegri en karlar til að vera ítrekað þolendur og að sama skapi voru karlar líklegri en konur til að vera ítrekað gerendur. 7% karlanna og 15% kvennanna komu oftar en einu sinni fyrir í skýrslum lögreglu sem þolendur. Forsaga var þekkt í um helmingi tilvika. Þegar þau tilvik voru skoðuð kom í ljós að í um 30% tilvika var heimilisofbeldi rakið til skilnaðar eða sambandsslita. Áfengis- eða vímuefnaneysla var hluti af forsögu rúmlega 18% ofbeldismála og 12% ágreiningsmála. Að framangreindu virtu má ljóst vera að ofbeldi í nánum samböndum er staðreynd á Íslandi og að þörf er á árangursríkum úrræðum til þess að bregðast við þeim tilvikum sem upp koma. Þykir sú leið sem lögð er til í frumvarpinu vera til þess fallin að tryggja enn frekar öryggi fólks á heimili sínu en þó með þeim hætti að gætt sé að hagsmunum þess sem sæta þarf brottvísun þaðan.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun verði í höndum lögreglustjóra. Lögreglustjóra er þó gert skylt að bera ákvörðun sína undir héraðsdóm innan þriggja sólarhringa frá birtingu ákvörðunarinnar. Við meðferð máls hjá lögreglustjóra ber að tilnefna þeim sem sæta skal nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili verjanda og þeim sem úrræðinu er ætlað að vernda réttargæslumann. Gildir hið sama við meðferð málsins fyrir dómi. Þá er gert ráð fyrir því að lögreglustjóri skuli fella nálgunarbann og/eða brottvísun úr gildi séu skilyrði fyrir beitingu þeirra ekki lengur fyrir hendi. Rétt er að taka fram að í 6. gr frumvarpsins er að finna sérstaka meðalhófsreglu en samkvæmt henni skal ekki beita nálgunarbanni og/eða brottvísun ef unnt er að beita öðrum vægari úrræðum með sama árangri.

Loks er í frumvarpinu að finna sérstakan kafla sem fjallar um samskipti lögreglu og sveitarfélaga í málum sem varða brottvísun af heimili Þannig er lögreglu gert skylt að tilkynna barnaverndanefnd ef manni er vísað brott af heimili þar sem börn búa. Einnig er lögreglu gert skylt að tilkynna félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags um brottvísun af heimili og er þar um að ræða nýmæli.

3. Lög um nálgunarbann, nr. 122/2008.

Ákvæði um nálgunarbann komu fyrst inn í íslenska löggjöf með lögum nr. 94/2000, um breyting á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (nálgunarbann), en þar var reglum um úrræðið bætt við lög um meðferð opinberra mála. Að baki bjuggu þær röksemdir að nálgunarbann ætti sér nokkra samsvörun með þvingunarúrræðum þeirra laga. Við endurskoðun á réttarfarslöggjöf sakamálaréttarfars þótti hins vegar rétt að mæla fyrir um úrræðið í sérstökum lögum þar sem bannið hefði ekki það einkenni sem þeim þvingunarúrræðum laganna væri sameiginlegt, þ.e. að tengjast rannsókn eða meðferð sakamáls í tilefni af tilteknu broti. Ákvæði hinna nýju laga voru í flestum atriðum samhljóða ákvæðum þágildandi laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991 en þó ekki að öllu leyti. Þannig var þar lýst nánar hvaða aðdragandi gæti verið að því að lögregla gerði kröfu til dómara um nálgun-

arbann og hvaða úrræði sá hefði sem ekki fengi því framgengt að lögreglan krefðist nálgunarbanns, þ.m.t. heimild til að kæra synjun á nálgunarbanni.

4. Brottvísun af heimili.

4.1. Inngangur.

Með brottvísun af heimili er átt við að heimilt er, að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum, að vísa einstaklingi brott af heimili sínu eða dvalarstað og banna honum að koma þangað aftur í tiltekinn tíma. Úrræði þetta er jafnan nefnt austurríska leiðin þar sem það sækir fyrirmynd sína til laga sem tóku í gildi í Austurríki 1. maí 1997. Úrræðið hefur jafnframt verið tekið upp í löggjöf annarra Evrópulanda, þar á meðal Norðurlandanna.

Í tengslum við meðferð frumvarps til laga um nálgunarbann á árinu 2008 kom austurríska leiðin til skoðunar í allsherjarnefnd og þá hvort til álita kæmi að taka svipað fyrirkomulag upp hér á landi. Var það mat minni hluta nefndarinnar að rétt væri að kveða á um slíkt fyrirkomulag í íslenskri löggjöf en meiri hlutinn taldi að þar sem um væri að ræða annað úrræði en nálgunarbann og umræðan um það skemmra á veg komin, væri ekki rétt að taka úrræðið upp. Var því hins vegar beint til dómsmálaráðuneytisins (nú innanríkisráðuneyti) að kanna reynsluna af úrræðinu í nágrannalöndunum og meta hvernig það félli að íslensku réttarfari. Frumvarp það sem hér er lagt fram byggir á lögum um sama efni á hinum Norðurlöndunum, sérstaklega Noregi og Danmörku, og er framkvæmd sú sem lögð er til í samræmi við íslenskt réttarfar.

4.2. Friðhelgi einkalífs og verndun eignarréttar.

Það að sæta brottvísun af heimili felur í sér inngrip í fjölskyldu- og einkalíf viðkomandi. Af þeim sökum þurfa sterk rök að búa að baki því að vísa manni brott af heimili sínu. Í 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þó er heimilt skv. 2. mgr. ákvæðisins að gera undantekningar frá þeirri meginreglu og takmarka friðhelgina ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra enda sé slíkt gert með sérstakri lagaheimild. Sambærilegt ákvæði er að finna í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 62 frá 19. maí 1994, en þar er í 1. mgr. kveðið á um að sérhver maður eigi rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu og heimilis. Í 2. mgr. ákvæðisins segir enn fremur að opinber stjórnvöld skuli ekki ganga á þann rétt nema samkvæmt ákvæðum laga og ef nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi, m.a. til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

Eins og áður hefur komið fram búa þau rök að baki því að vísa manni brott af eigin heimili að með því sé verið að vernda líf og heilsu annarra sem þar búa. Heimili er ætlað að vera griðarstaður þar sem þeir sem þar búa njóta öryggis. Brottvísun af heimili er tímabundin ráðstöfun og verður hún ekki framlengd nema skilyrði hennar séu enn þá fyrir hendi. Þá ber jafnframt að hafa í huga að úrræðinu verður ekki beitt sé unnt að ná sama árangri með öðru og vægara úrræði. Verður því ekki annað séð en að ákvæði það sem lagt er til í 5. gr. frumvarps þessa sé samrýmanlegt ákvæði 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Í þessu sambandi er jafnframt rétt að taka til skoðunar hvort brottvísun af heimili feli í sér skerðingu á eignarrétti þess sem í hlut á, sé hann þinglýstur eigandi fasteignarinnar. Eignarrétturinn nýtur verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar sem og 1. gr. fyrsta samningsviðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu. Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir að engan megi skylda til þess að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Slíkt þarf að auki að byggja á skýrri

lagaheimild og greiða skal fullt verð fyrir eignina. Ljóst er að brottvísun af heimili getur haft áhrif á rétt þess sem brottvísuninni sætir til þess að hafa afnot af eign sinni. Hins vegar er ekki um eiginlega tilfærslu eignarréttinda yfir eigninni að ræða, þannig að jafna megi við eignarnám. Þá verður heimild eiganda til ráðstöfunar eigninni að sama skapi ekki skert jafnvel þótt viðkomandi sé ekki heimilt að dvelja í eigninni um tiltekinn tíma. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að brottvísun af heimili er tímabundið úrræði sem ekki verður framlengt nema skilyrði þess teljist enn þá vera fyrir hendi. Almennt verður því ekki litið svo á að brottvísun af heimili feli í sér brot gegn eignarrétti þess sem brottvísuninni sætir. Oftast nær hefur sá sem sæta skal brottvísun ríkar skyldur gagnvart þeim sem búa á heimili hans, svo sem framfærsluskyldu gagnvart börnum og maka eða sambúðarmaka. Telja verður að slík sjónarmið vegi þyngra en tímabundin röskun á möguleikum viðkomandi til þess að dvelja í eign sinni.

4.3. Ákvæði 37. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Í 37. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, er mælt fyrir um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann. Þar segir að ef barnaverndarnefnd þykir barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, getur nefndin krafist þess fyrir dómi að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn. Þá er með sama hætti heimilt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef nefndin telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns.

Ákvæði um brottvikningu heimilismanns hefur verið að finna í barnaverndarlögum, í einni eða annarri mynd, allt frá því fyrstu heildarlög um barnavernd, nr. 43/1932, voru sett á Íslandi. Í 11. gr. þeirra laga var kveðið á um að þegar barnaverndarnefnd væri kunnugt um að heimilismaður, þar sem börn væru, spillti heimilinu með ofdrykkju eða öðru ósæmilegu athæfi, væri nefndinni skylt að vanda alvarlega um við manninn. Bæru ítrekaðar umvandanir engan árangur, bæri nefndinni að fela viðkomandi valdsmanni að rannsaka framferði mannsins á heimilinu og hver áhrif það hefði á hagi þeirra barna sem þar dveldust. Væri það talið ljóst að börnum væri háski búinn af framferði heimilismannsins, en þeim gæti annars liðið vel á heimilinu, var valdsmanni gert skylt, í samráði við barnaverndarnefnd, að gera ráðstöfun til þess að tryggja hag barnanna, og í því skyni var honum heimilað að víkja manninum burt af heimilinu um stundarsakir, eða um lengri tíma, bætti hann ekki ráð sitt. Í athugasemdum við greinina sagði eftirfarandi:

„[...] Þess eru dæmi hérlendis, að t.d. drykkfeldur heimilisfaðir gerspillir svo heimili sínu, að fátækrastjórn hefir tekið börn hans brott þvert ofan í vilja móður þeirra, sem þó hafði engan kjark til að kæra framferði húsbóndans. Væri hitt sanngjarnara, að hinum seka væri komið á vinnuhæli, ef aðvörun kemur ekki að liði. [...]“

Við gerð frumvarps þessa var leitað til barnaverndarnefnda eftir upplýsingum um það hver reynsla þeirra væri af 37. gr. núgildandi barnaverndarlaga. Meiri hluti þeirra barnaverndarnefnda sem svör bárust frá lýsti því yfir að þær hefðu ekki skoðun á ákvæðinu þar sem ekki hefði á það reynt í framkvæmd hjá þeim. Nokkrar barnaverndarnefndir höfðu hins vegar reynslu af úrræðinu í einstaka málum, einu sinni til tvisvar sinnum í hverju barnaverndarumdæmi og var þar bæði um að ræða nefndir í fjölmennum og fámennari barnaverndarumdæmum. Í þeim tilvikum þar sem reynt hefur á ákvæðið í framkvæmd var reynslan af ákvæðinu góð.

4.4. Norræn löggjöf og framkvæmd.

4.4.1. Danmörk.

Frá árinu 1930 hefur í dönsku hegningarlögunum (d. Straffeloven) verið að finna heimild til handa lögreglu til þess að veita svokallaða áminningu (d. advarsel) og er tilgangur hennar hinn sami og nálgunarbanns, þ.e. að vernda einstaklinga fyrir friðarröskun og koma í veg fyrir alvarlega áreitni af hálfu þess sem fær aðvörunina. Ákvæði hegningarlagana var styrkt til muna með setningu laga um brottvísun og nálgunarbann (d. lov om bortvisning og beføjelse til at meddele tilhold m.v., lov nr 449 af 09/06/2004) sem tóku gildi þann 1. júlí 2004.

Samkvæmt 1. gr. laganna er heimilt að banna einstaklingi eldri en 18 ára að dvelja á eigin heimili að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum sem tilgreind eru í 2. gr. Þannig er heimilt að beita brottvísun þegar rökstuddur grunur er fyrir hendi um að viðkomandi hafi brotið gegn nánar tilteknum ákvæðum dönsku hegningarlaganna enda varði brotið fangelsi allt að 1 ári og 6 mánuðum eða að háttsemi viðkomandi verði talin leiða til ofbeldis gagnvart þeim sem deila með honum heimili. Þá er jafnframt heimilt að beita brottvísun ef rökstudd ástæða er til þess að ætla að með áframhaldandi dvöl á heimilinu, muni viðkomandi fremja brot þau sem tilgreind í 1. tölul. Einnig er heimilt við brottvísun af heimili að beita nálgunarbanni, þ.e. að banna viðkomandi að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför eða setja sig með öðru móti í samband við þann sem banninu er ætlað að vernda. Þá er sérstaklega kveðið á um það að heimilt sé að láta mann sæta gæsluvarðhaldi hafi háttsemi hans falið í sér hótun um ofbeldi gegn einhverjum sem deilir með honum heimili. Um varðhaldið gilda ákvæði réttarfarslaga og má það ekki vara lengur en í 24 klukkustundir

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um brottvísun manns af heimili eftir kröfu aðila sem tilheyrir heimili hans eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Skal brottvísun markaður ákveðinn tími, mest fjórar vikur í senn. Aðila sem sæta skal brottvísun er heimilt að krefjast þess að ákvörðun lögreglustjóra sé borin undir dómstóla og skal krafan sett fram innan 14 daga frá því að ákvörðunin var birt viðkomandi. Skal viðkomandi sérstaklega upplýstur um þennan rétt. Komi slík krafa fram skal mál borið undir dómstól á því varnarþingi þar sem fasteignin sem um ræðir er, eins fljótt og auðið er og ekki síðar en 24 klukkustundum eftir að krafan kom fram. Sé mál borið undir dómstól skal skipa kæranda talsmann sem hefur sömu heimildir og verjandi í sakamáli. Einnig er heimilt að skipa brotaþola sem bera þarf vitni í málinu réttargæslumann. Niðurstaða dómsins er kveðin upp í formi úrskurðar. Ef brotið er gegn ákvæðum laganna þá varðar það sektum eða allt að 2 ára fangelsi.

Í desember 2006 var af hálfu danska dómsmálaráðuneytisins gefin út skýrsla þar sem lögin og framkvæmd þeirra var metin. Í skýrslunni kemur fram að á árunum frá 1. júlí 2004 til 9. júní 2006 hafi skráð mál hjá lögreglu sem vörðuðu eiginlega brottvísun af heimili verið 54 og að brottvísun hafi verið beitt í 45 tilvikum. Flestar ákvarðanir um brottvísun voru teknar á grundvelli minni háttar ofbeldis en þó voru mál þar sem slíkar ákvarðanir voru byggðar á hótunum eða alvarlegu ofbeldi. Brottvísun átti sér í öllum tilvikum stað eftir að krafa kom fram af hálfu brotaþola en í flestum tilvikum kom krafan fram eftir að lögregla hafði leiðbeint viðkomandi um að slíkur möguleiki væri fyrir hendi. Ákvarðanir um brottvísun voru flestar teknar einum eða tveimur dögum eftir að brot það sem ákvörðunin er byggð á átti sér stað. Brottvísanirnar vöruðu að meðaltali í 25 daga, í átta málum var ákvörðun um brottvísun framlengd. Í sjö málum braut viðkomandi gegn brottvísun eða nálgunarbanni sem sett var í tengslum við brottvísun. Í 37 tilvikum þar sem brottvísun var beitt voru börn á heimilinu. Meiri hluti þeirra sem sætti brottvísun á tímabilinu vildi ekki nýta sér heimild til endurskoðunar fyrir dómstólum en í fjórum tilvikum var þó óskað eftir því að málið yrði borið undir

dóm. Í einu þeirra tilvika var beiðnin dregin til baka, en dómstólar fjölluðu um þrjú mál og var í þeim öllum fallist á brottvísun viðkomandi.

4.4.2. Noregur.

Í Noregi hafa ekki verið sett sérstök lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili heldur er ákvæðin að finna í hegningarlögunum (n. lov 1902-05-22 nr 10: Almindelig borgerlig Straffelov (Straffeloven)) annars vegar og hins vegar í sérstökum kafla í sakamálalögunum (n. lov 1981-05-22 nr 25: Lov om rettergangsmåten i straffesaker (Straffeprosessloven)). Geta nálgunarbann og brottvísun af heimili verið hluti af viðurlögum vegna refsiverðs verknaðar, sbr. 33. gr. og a-lið 3. mgr. 53. gr. hegningarlaganna eða sjálfstætt úrræði á grundvelli sakamálalaganna. Í 2. mgr. 222. gr. a norsku sakamálalaganna er að finna heimild til þess að vísa manni brott af heimili sínu ef augljós hætta (n. nærliggende fare) er á að maður muni fremja refsiverðan verknað gagnvart öðrum manni. Ákærandi tekur ákvörðun um brottvísun, að beiðni þess sem brottvísuninni er ætlað að vernda eða ef almannahagsmunir krefjast og skal henni afmarkaður tiltekinn tími, aldrei lengur en þrjá mánuði í senn. Ákvörðunin skal vera skrifleg og skal þar koma fram rökstuðningur fyrir brottvísuninni. Í tilteknum tilvikum er ákæranda heimilt að ákveða munnlega að beitt verði brottvísun en hann skal staðfesta ákvörðunina skriflega eins fljótt og verða má. Ber ákæranda að bera ákvörðun um brottvísun af heimili undir dómara eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fimm dögum eftir að ákvörðunin hefur verið birt viðkomandi. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 342. gr. hegningarlaganna varðar það sektum eða allt að sex mánaða fangelsi að brjóta gegn brottvísun af heimili. Hafi viðkomandi áður verið refsað fyrir slíkt brot varðar það fangelsi allt að 2 árum. Ekki hefur farið fram sérstök úttekt á því hvernig ákvæði norskra laga um brottvísun af heimili hafa reynst í framkvæmd. Dómsmálaráðuneyti Noregs upplýsti þó á árinu 2007 að alls hefðu komið upp 2.467 mál á árinu 2006 sem vörðuðu nálgunarbann og brottvísun af heimili.

4.4.3. Svíþjóð.

Árið 1988 voru í Svíþjóð sett sérstök lög um nálgunarbann (s. lag (1988:688) om besöksförbud). Var lagasetningin liður í viðleitni til að veita brotaþolum aukna vernd og þá einkum og sér í lagi konum sem höfðu orðið fyrir misþyrmingum og öðrum árásum. Árið 2003 var gerð breyting á lögunum sem veitti heimild fyrir brottvísun af heimili (s. besöksförbud avseende gemensam bostad). Skv. 1. gr. a laganna getur nálgunarbann skv. 1. gr. þeirra einnig falið í sér bann við því að maður haldi sig á heimili (s. bostad) sem hann deilir með öðrum ef hætta er á, vegna sérstakra aðstæðna, að viðkomandi muni fremja brot gegn lífi, heilsu, frelsi eða friðhelgi annars manns sem hann býr með. Skilyrðin fyrir því að brottvísun verði beitt eru annars vegar að rökin fyrir því að beita brottvísun eru talin vega þyngra en óhagræði það sem úrræðið veldur þeim sem yfirgefa þarf heimilið og hins vegar að sá sem brottvísuninni er ætlað að vernda fallist á að leggja sitt af mörkum til þess að sá sem brottvísuninni þarf að sæta fái aðgang að sínum persónulegu munum. Í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur fram að nálgunarbanni skuli afmarkaður ákveðinn tími, þó ekki lengur en eitt ár. Brottvísun af heimili getur þó ekki varað lengur en 30 daga. Heimilt er að framlengja ákvörðun um brottvísun af heimili um 7 daga í senn, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna. Í 7. gr. laganna er mælt fyrir um að ákærandi (s. åklagare) taki ákvörðun um brottvísun af heimili eftir kröfu þess sem brottvísuninni er ætlað að vernda eða ef hann, af öðrum orsökum, telur ástæðu til og skal ákvörðun hans vera skrifleg, sbr. 12. gr. Í 14. gr. laganna er mælt fyrir um með hvaða hætti skuli bera ákvörðun um brottvísun undir dómstóla. Þá getur ákærandi afturkallað eða breytt ákvörðun

um nálgunarbann eða brottvísun ef forsendur að baki ákvörðuninni hafa breyst, sbr. 23. gr. laganna. Sé brotið gegn lögunum varðar það sektum eða fangelsi allt að einu ári, sbr. 1. mgr. 24. gr. Sé hins vegar um smávægilegt brot að ræða skal ekki gera viðkomandi refsingu, sbr. 2. mgr. 24. gr.

Í skýrslu sænska afbrotavarnarráðsins (s. Brottsförebyggande rådet) frá árinu 2007 kemur fram að beiting úrræðisins hefur aukist jafnt og þétt með aukinni þekkingu á úrræðinu. Sem dæmi má nefna að brottvísun af heimili var aðeins beitt í 15 tilvikum árið 2003 en á árinu 2006 var henni aftur á móti beitt í 112 tilvikum. Þrátt fyrir fjölgunina er það almennt talið að um fá tilvik sé að ræða á hverju ári, sérstaklega ef litið er til fjölda mála þar sem beitt er nálgunarbanni en slík tilvik voru 4.129 á árinu 2006. Í skýrslunni kemur fram að þetta megi helst rekja til þriggja atriða. Í fyrsta lagi að í mörgum tilvikum hafa þeir sem í hlut eiga flutt sundur rétt áður en beiðni um brottvísun af heimili er lögð fram, í öðru lagi að annar aðilinn hefur á þeim tíma flutt í bráðabirgðahúsnæði og í þriðja lagi að í alvarlegum málum beita ákærendur frekar gæsluvarðhaldi en að þeirra mati er slíkt einfaldara í framkvæmd og jafnframt þykir það betra úrræði til þess að vernda einstakling sem ógn steðjar að.

Frumvarp sem leggur til breytingar á lögunum um nálgunarbann hefur verið lagt fyrir sænska þingið en hefur ekki hlotið endanlega afgreiðslu þegar frumvarp þetta er ritað. Í hinu sænska frumvarpi er lagt til að tímamarki sem brottvísun af heimili er sett samkvæmt lögunum verði breytt þannig að við fyrstu ákvörðun um brottvísun geti verið markaður gildistími í allt að tvo mánuði og brottvísunina verði heimilt að framlengja um allt að tvær vikur í senn. Þá er í frumvarpinu jafnframt lagt til að rafrænt eftirlit verði heimilað í nánar tilteknum tilvikum.

4.4.4. Finnland.

Í Finnlandi gilda lög um nálgunarbann (s. Lag om Besöksforbud 4.12.1998/898) en heimild til brottvísunar af heimili kom inn í lögin með breytingum sem gerðar voru árið 2004 (Lag 30.7.2004/711) og tóku gildi 1. janúar 2005. Skv. 2. mgr. 2. gr. laganna er heimilt að vísa manni brott af heimili sínu ef sá sem sæta skal brottvísuninni hefur með hótunum, fyrri brotum eða annarri háttsemi gefur ástæðu til þess að ætla að hann muni fremja brot gegn lífi, heilsu eða frelsi þess sem brottvísuninni er ætlað að vernda. Með nálgunarbanni er þeim aðila sem því sætir óheimilt að hafa samband við þann sem nálgunarbanni er ætlað að vernda skv. 1. mgr. 3. gr. laganna. Að sama skapi er viðkomandi óheimilt að fylgja þeim sem banninu er ætlað að vernda eftir eða á annan hátt fylgjast með honum. Í 2. mgr. 3. gr. segir að til viðbótar framangreindu skuli manni sem vísað er brott af heimili bannað að koma þangað aftur. Frá þessu er að finna eina undantekningu, sbr. 4. mgr. 3. gr., en þeim sem sæta skal nálgunarbanni eða brottvísun er heimilt að hafa samband við þann sem banninu er ætlað að vernda ef sérstakar ástæður eru fyrir því og slíkt er talið nauðsynlegt. Sem dæmi eru veikindi barna. Ákvörðun um brottvísun af heimili er tekin af héraðsdómi , sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna, og getur sá sem brottvísuninni er ætlað að vernda borið upp ósk þess efnis en ákæranda, lögreglu og félagsmálayfirvöldum er jafnframt veitt heimild til þess að óska eftir því við dóminn að brottvísun verði beitt, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna. Skv. 7. gr. getur brottvísun gilt í allt að þrjá mánuði og er heimild til framlengingar í allt að þrjá mánuði. Í 11. gr. laganna er kveðið á um að heimilt sé að taka tímabundna ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili ef augljóst þykir að sá sem nálgunarbanninu/brottvísuninni er ætlað að vernda þurfi strax á vernd að halda og ef aðstæður í málinu þykja með þeim hætti að viðkomandi, vegna hræðslu eða af öðrum orsökum, muni ekki sjálfur fara fram á nálgunarbann eða brottvísun.

Lögregla eða ákærandi getur tekið slíka ákvörðun en einnig dómstóll. Slíka tímabundna ákvörðun skal bera undir héraðsdóm innan þriggja daga frá því hún var tekin og skal dómstóllinn taka hana til meðferðar innan sjö daga frá því ákvörðunin var tekin, sbr. 1. mgr. 12. gr. Brot gegn lögunum um nálgunarbann varðar sektum eða fangelsi í allt að eitt ár, sbr. 9. gr. a í 16. kafla finnsku hegningarlagana (s. Strafflag 19.12.1889/39).

Í frumvarpi því sem fylgdi breytingalögunum frá árinu 2004 er sérstaklega tekið fram að þegar tekin er ákvörðun um brottvísun af heimili skuli líta sérstaklega til þess hvers konar áhrif það hafi á börn sem dvelja á heimilinu. Skal það gert jafnvel í þeim tilvikum þar sem þau eru ekki talin í hættu á því að verða fyrir broti sem nefnt er í 2. mgr. 2. gr. laganna. Brottvísuninni sem slíkri er þannig ekki ætlað að koma í veg fyrir að sá sem henni sætir geti verið í samskiptum við barn eða börn sín en slíkt á að sjálfsögðu ekki við sé brottvísuninni ætlað að vernda barnið eða börnin sem þar búa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–2. gr.

Í ákvæðunum er að finna skilgreiningu á því hvað felst í hugtökunum nálgunarbanni og brottvísun af heimili. Skilgreiningin á hugtakinu nálgunarbann er sú hin sama og í núgildandi lögum nr. 122/2008, um nálgunarbann, og er með hugtakinu átt við þau tilvik þegar manni er bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðru móti í samband við annan mann. Með öðru móti gæti t.d. verið átt við síma-, bréfa- eða rafpóstsamskipti en ljóst er að samskiptahættir verða ekki tæmandi taldir og geta þeir tekið breytingum í fyllingu tímans. Með brottvísun af heimili er átt við þau tilvik þegar manni er vísað brott af heimili sínu eða dvalarstað og honum bannað að koma þangað aftur í tiltekinn tíma. Ekki þykir rétt að takmarka heimildina til brottvísunar einungis við heimili viðkomandi þar sem þannig getur háttað til að einstaklingur verði talinn ógn við aðra sem búa á heimili þar sem viðkomandi dvelur, jafnvel þótt um skamman tíma sé. Þannig verður það ekki gert að skilyrði fyrir brottvísun að viðkomandi eigi lögheimili á þeim stað þaðan sem honum er vísað á brott.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru þeir aðilar tilteknir sem geta farið fram á nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili. Þannig getur brotaþoli sjálfur borið fram beiðni til lögreglu um að maður sem brotið hefur gegn viðkomandi eða raskað friði hans á annan hátt, verði látinn sæta nálgunarbanni eða brottvísun af heimili. Slík beiðni getur einnig komið frá fjölskyldu eða lögráðamanni brotaþola, frá félagsþjónustu í því sveitarfélagi sem viðkomandi er búsettur í eða frá barnaverndarnefnd. Þá er gert ráð fyrir því að lögreglustjóri geti einnig tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði ef hann telur ástæðu til. Rétt þykir að kveða skýrlega á um slíka heimild enda geta komið upp tilvik, sérstaklega þegar um er að ræða brottvísun af heimili, þar sem brotaþoli sjálfur treystir sér ekki til þess að óska eftir brottvísun vegna hræðslu við þann sem óskað er brottvísunar á. Er lögreglustjóra þannig falið að meta hvort aðstæður séu með þeim hætti að heimilisfólki stafi hætta af viðkomandi dvelji hann áfram á heimilinu. Rétt er að taka það fram að í athugasemdum við 2. gr. laga um nálgunarbann kemur fram að þótt almennt megi gera ráð fyrir því að krafa um nálgunarbann sé gerð að undangenginni beiðni þess sem sætt hefur ógn eða ónæði af hendi annars manns geti lögregla jafnframt gert slíka kröfu að eigin frumkvæði. Þá er það sérstaklega tekið fram í j-lið 7. gr. verklagsreglna ríkislögreglustjóra um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála frá árinu 2005 að ef lögregla telur

ástæðu til þess að ætla að þolandi treysti sér ekki til þess að leggja fram beiðni um nálgunarbann, t.d. af ótta við geranda, geti lögregla af sjálfsdáðum lagt kröfuna fram.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að nálgunarbanni verði beitt. Er gerð sú krafa að rökstudd ástæða sé til þess að ætla að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola eða að hætta sé á að viðkomandi muni haga sér með slíkum hætti. Ekki er í 1. gr. núgildandi laga um nálgunarbann sett fram það skilyrði að rökstudd ástæða sé til þess að ætla að viðkomandi hafi framið refsivert brot eða raskað friði annars manns en af orðalagi ákvæðisins verður þó ekki dregin önnur ályktun en sú að heimilt sé að beita ákvæðinu í slíkum tilvikum enda væri úrræðið þá væntanlega til lítils gagns í málum þar sem þess er svo sannarlega þörf. Hér er því einungis reynt að gera orðalag ákvæðisins skýrara en ekki er um efnislega breytingu að ræða. Þá er í núgildandi lögum um nálgunarbann kveðið á um að heimilt sé að beita nálgunarbanni ef ástæða sé til þess að ætla að maður muni gerast sekur um refsiverða háttsemi eða á annan hátt raska friði annars manns en í frumvarpi þessu er lagt til að notað verði orðalagið að hætta sé á að viðkomandi muni fremja slíka háttsemi. Er orðalag ákvæðisins þannig fært til samræmis við það orðalag sem almennt er notað í lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, en ekki er um breytingu að ræða að því er varðar efnislegt inntak ákvæðisins.

Við mat á því hvort hætta verði talin á því að maður muni fremja refsivert brot eða á annan hátt raska friði brotaþola verður líkt og áður að líta til fyrri háttsemi þess manns sem krafan beinist gegn og samskipta hans við þann sem vernda á með banninu. Hér koma þannig áfram til álita fyrri afbrot, hótanir, ögranir og önnur samskipti sem veitt geta rökstudda vísbendingu um það sem kann að vera í vændum. Að sama skapi verður að gera þá kröfu að ekki sé nægjanlegt til þess að beitt verði nálgunarbanni að búast megi við smávægilegum ama af hálfu þess sem óskað er að banninu sæti.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo brottvísun af heimili verði beitt. Þar er gerð sú krafa að annaðhvort liggi fyrir rökstudd ástæða til að ætla að sakborningur hafi framið refsivert brot gegn tilteknum ákvæðum almennra hegningarlaga og að verknaðurinn hafi beinst að öðrum sem er honum nákominn, enda varði brotið fangelsi allt að sex mánuðum, eða að hætta sé á að viðkomandi muni fremja slíkt brot gagnvart öðrum sem telst honum nákominn. Ákvæðið sækir fyrirmynd sína til 2. gr. dönsku laganna um brottvísun og nálgunarbann auk þess sem höfð var hliðsjón af 2. gr. verklagsreglna ríkislögreglustjóra um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála. Að því er varðar mat á því hvort hætta sé á því að maður muni fremja brot gagnvart öðrum sem er honum nákominn verður að líta til sams konar sjónarmiða og þegar metið er hvort beita á mann nálgunarbanni. Hér getur haft sérstaka þýðingu ef viðkomandi hefur áður gerst brotlegur um sambærileg brot gegn öðrum sem á þeim tíma þegar brotið var framið féll undir þá skilgreiningu að teljast honum nákominn. Þar sem brottvísun af heimili er mjög íþyngjandi fyrir þann sem því þarf að sæta verður að gera þá kröfu að sterkar vísbendingar séu fyrir hendi um að viðkomandi muni brjóta gegn einhverju þeirra ákvæða hegningarlaganna sem tiltekin eru í 1. mgr. ákvæðisins.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild til þess að beita nálgunarbanni samhliða brottvísun af heimili ef það þykir nauðsynlegt til þess að tryggja hagsmuni brotaþola. Telja verður að í sumum tilvikum verði öryggi brotaþola ekki tryggt nema sá möguleiki sé jafnframt fyrir

hendi að banna sakborningi að setja sig í samband við hann, fylgja honum eftir og jafnvel, eftir atvikum, banna honum aðgang að vinnustað viðkomandi.

Í 3. mgr. er að finna heimild til handa lögreglu til þess að handtaka sakborning í þágu meðferðar og ákvörðunar vegna nálgunarbanns eða brottvísunar af heimili. Þykir þessi heimild sérstaklega mikilvæg að því er varðar brottvísun af heimili þar sem það veitir lögreglu, sem kemur á heimili þar sem ofbeldi hefur átt sér stað eða er yfirvofandi, heimild til þess að fjarlægja ofbeldismanninn af vettvangi með því að handtaka hann. Er þannig unnt að koma í veg fyrir frekari brot af hans hálfu. Um handtökuna gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð sakamála, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Þannig er t.d. ekki heimilt að halda manni, sem handtekinn er á þessum forsendum, lengur en 24 tíma án þess að leiða hann fyrir dómara.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er að finna meðalhófsreglu en í henni felst að ekki er heimilt að beita nálgunarbanni og/eða brottvísun ef unnt er að ná sama árangri með því að beita öðrum og vægari úrræðum. Er þetta til samræmis við þá meginreglu að jafnan skuli gæta meðalhófs þegar um íþyngjandi ákvarðanir er að ræða.

Við mat á því hvort sama niðurstaða fáist með því að beita öðru úrræði er heimilt að líta til þess hvernig háttsemi þess sem í hlut á hefur verið á fyrri stigum. Þannig er við matið heimilt að líta til sömu atriða og nefnd eru í skýringum við 4. og 5. gr. frumvarps þessa. Það getur haft sérstaka þýðingu við þetta mat hvort viðkomandi hafi áður verið gert að sæta nálgunarbanni eða brottvísun eða hvort öðrum úrræðum hafi áður verið beitt í stað þess að beita nálgunarbanni eða brottvísun.

Um 7. gr.

Mikilvægt er að unnt sé að bregðast skjótt við þegar um er að ræða aðstæður þar sem ástæða er til að beita nálgunarbanni eða brottvísun af heimili. Því er það lagt til í 1. mgr. að lögreglustjóri, eða löglærður fulltrúi hans, á heimilisvarnarþingi brotaþola taki ákvörðun um nálgunarbann og brottvísun og er það sambærilegt við framkvæmdina í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Þar sem um íþyngjandi úrræði er að ræða er hins vegar gerð sú krafa í frumvarpinu, sbr. 12. gr., að lögreglustjóri beri slíkar ákvarðanir undir héraðsdóm til staðfestingar eigi síðar en þremur sólarhringum eftir birtingu ákvörðunar. Eins og áður hefur komið fram getur lögreglustjóri tekið ákvörðun um nálgunarbann eða brottvísun á grundvelli beiðni frá brotaþola eða öðrum sem kemur fram fyrir hans hönd. Lögreglustjóra er jafnframt fengin heimild til þess að taka ákvörðun að eigin frumkvæði ef ríkir almannahagsmunir, einkahagsmunir eða hagsmunir vegna rannsóknar og/eða dómsmeðferðar sakamáls krefjast þess.

Í 2. mgr. er kveðið á um að lögreglustjóri skuli taka ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en sólarhring eftir að beiðni um slíkt hefur borist eða mál komið upp með öðrum hætti. Vegna þeirra persónulegu hagsmuna sem í húfi eru verður að telja það ákaflega mikilvægt að málum sem varða nálgunarbann og brottvísun sé hraðað svo sem kostur er en þó verður að gæta þess að færðar séu röksemdir fyrir slíkri ákvörðun. Þykir sólarhringur nægilegur til þess að unnt sé að taka fyrstu ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun sem svo er borin undir dómstóla til staðfestingar. Er í því sambandi jafnframt horft til þess að hafi einstaklingur verið handtekinn í þágu meðferðar máls er nærvera hans einungis tryggð í sólarhring nema ástæða sé til þess að óska eftir því að viðkomandi verði settur í gæsluvarðhald.

Í 3. og 4. mgr. er að finna þau tímamörk sem gilda um beitingu nálgunarbanns og brottvísunar af heimili. Líkt og í 3. mgr. 3. gr. núgildandi laga um nálgunarbann er það lagt til að heimilt verði að beita nálgunarbanni í allt að eitt ár í senn en bannið verður ekki framlengt nema til komi ný ákvörðun sem jafnframt þarf að hljóta staðfestingu héraðsdómstóls. Nálgunarbann verður ekki framlengt séu þau skilyrði sem lágu því til grundvallar ekki lengur fyrir hendi. Að því er varðar brottvísun af heimili er það lagt til að heimilt verði að beita henni í allt að fjórar vikur í senn og á sama hátt verður brottvísun ekki framlengd nema til komi ný ákvörðun. Þar sem brottvísun af heimili er mjög viðurhlutamikið úrræði og íþyngjandi fyrir þann sem því þarf að sæta þykir ekki rétt að heimilt sé að ákvarða að brottvísun skuli vara í lengri tíma í senn án endurskoðunar. Er þetta til samræmis við það sem almennt gildir í sakamálum hér á landi en almennt er það álitið að íþyngjandi úrræðum verði ekki beitt um lengri tíma en fjórar vikur í senn án þess að það sé metið hvort skilyrði til beitingar úrræðinu sé enn þá fyrir hendi.

Um 8. gr.

Við meðferð máls um nálgunarbann og/eða brottvísun er lögreglustjóra gert skylt að tilnefna sakborningi verjanda og brotaþola réttargæslumann. Þar sem gert er ráð fyrir stuttum málsmeðferðartíma hjá lögreglu þykir rétt að verjandi og réttargæslumaður séu alltaf skipaðir til þess að gæta hagsmuna beggja aðila. Þá er jafnframt í ákvæðinu gert ráð fyrir rétti beggja aðila til þess að fá túlk ef þeir skilja íslensku ekki nægilega vel. Lögregla skal kalla til túlk að eigin frumkvæði ef hún metur það svo að þeir sem í hlut eiga skilji það sem fram fer ekki nægilega vel. Ekki er nauðsynlegt að kveða á sama hátt um rétt aðila til túlkaþjónustu þegar mál er til meðferðar hjá dómstóli en um það gilda ákvæði 12. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um hvað skuli koma fram í ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun. Slík ákvörðun skal veitt skriflega og skal hún birt þeim sem henni er ætlað að gilda um. Ekki þykir ástæða til að heimila að ákvörðun sé tekin munnlega líkt og gildir sums staðar á hinum Norðurlöndunum ef um bráðatilvik er að ræða. Má gera ráð fyrir því að ef um svo alvarlegt tilvik sé að ræða að það falli undir bráðatilvik, sé fyrir hendi heimild til þess að handtaka sakborning og gefst þá lögreglustjóra tækifæri til þess að meta aðstæður í málinu og taka ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun með skriflegum hætti. Þykir slíkt tryggja réttarstöðu sakbornings hvað þetta varðar betur en munnleg ákvörðun. Mikilvægt er að sá sem sæta skal nálgunarbanni og/eða brottvísun fái vitneskju um það hverjar séu röksemdir fyrir slíku úrræði og sé rétt leiðbeint um réttaráhrif ákvörðunar og málsmeðferð fyrir héraðsdómi.

Um 10. gr.

Hér er lögð sú skylda á lögreglustjóra að synja beiðni um nálgunarbann og/eða brottvísun ef hann telur ekki tilefni til þess að verða við henni. Slíka synjun ber honum að rökstyðja og tilkynna brotaþola. Gildir það jafnvel þótt hin upphaflega beiðni hafi ekki komið frá brotaþola sjálfum. Með hliðsjón af hinum ríku persónulegu hagsmunum sem brotaþoli hefur í málum sem þessum þykir rétt að gera honum kunnugt um ef nálgunarbanni og/eða brottvísun verður ekki beitt og að auki gera honum kleift að kæra slíka synjun. Í frumvarpinu er lagt til að brotaþola verði heimilt að kæra slíka synjun til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því

honum var tilkynnt um synjunina eða fékk vitneskju um hana með öðrum hætti. Felli ríkissaksóknari ákvörðun lögreglustjóra úr gildi skal lögreglustjóri leggja málið fyrir héraðsdóm nema ríkissaksóknari mæli fyrir um annað. Í því sambandi má nefna að ríkissaksóknari getur þannig t.d. mælt fyrir um frekari rannsókn málsins eða lagt fyrir lögreglustjóra að ráða bót á annars konar annmörkum varðandi málsmeðferð og í framhaldinu að taka nýja ákvörðun.

Um 11. gr.

Ákvæðið kveður á um skyldu lögreglustjóra til þess að fella nálgunarbann og/eða brottvísun úr gildi séu þau skilyrði sem lágu þeim til grundvallar ekki lengur fyrir hendi. Er ákvæðið að mestu leyti sambærilegt ákvæði 2. mgr. 4. gr. núgildandi laga um nálgunarbann en þó er hér til viðbótar sett inn það skilyrði að lögreglustjóri afli sjónarmiða beggja aðila áður en slík ákvörðun er tekin. Líkt og í núgildandi lögum um nálgunarbann gerir frumvarpið ráð fyrir því að ekki verði hægt að bera niðurfellingu nálgunarbanns og/eða brottvísunar undir dómara en að heimilt verði að kæra hana á sama hátt og ákvörðun lögreglu um að fella niður rannsókn sakamáls. Slíkar reglur er nú að finna í 4. og 5. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að lögreglustjóri skuli bera ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili undir héraðsdóm til staðfestingar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en þremur sólarhringum eftir að ákvörðun hans var birt fyrir sakborningi. Gildir hið sama um framlengingu nálgunarbanns og/eða brottvísunar. Gengur ákvæðið lengra en annars staðar á Norðurlöndunum en þar er almennt ekki gert ráð fyrir því að ákvörðun um nálgunarbann sé borin undir dómstóla nema að kröfu sakbornings og í Danmörku gildir það líka í málum sem varða brottvísun af heimili. Ástæða þess að í frumvarpi þessu er lögð til strangari leið er sú að rétt þykir að hin endanlega ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun sé í höndum dómstóla enda eru slíkar ákvarðanir íþyngjandi fyrir þann sem þarf að sæta þeim. Með þessum hætti er jafnframt dregið úr því í sakamáli sem höfðað er vegna brota á ákvæðum laganna að til sérstakrar endurskoðunar komi á því hvort ákvörðun lögreglustjóra hafi verið réttmæt.

Um 13.–15. gr.

Í ákvæðunum er kveðið á um það hvernig meðferð máls fyrir héraðsdómi skal vera háttað. Eru ákvæðin nokkuð ítarlegri en ákvæði núgildandi laga um nálgunarbann. Í 13. gr. frumvarpsins er kveðið á um að þinghald skuli háð svo fljótt og auðið er og eigi síðar en þremur sólarhringum eftir að gögn málsins hafa borist héraðsdómi. Líkt og mikilvægt er að lögreglustjóri hafi heimild til þess að bregðast fljótt við í málum sem varða beitingu nálgunarbanns og/eða brottvísunar er mikilvægt að ákvarðanir hans séu endurskoðaðar fljótt og örugglega. Dómari skal samkvæmt ákvæðinu gefa út fyrirkall á hendur sakborningi sem greini stað og stund þinghalds ásamt áskorun til hans um að sækja þing. Telji dómari hins vegar að afstaða sakbornings til kröfunnar liggi nægilega fyrir í gögnum lögreglu er honum heimilt að taka fram í fyrirkalli að fjarvist sakbornings verði metin til jafns við afstöðu hans við meðferð máls hjá lögreglustjóra og að úrskurður kunni að ganga um málið þótt hann sæki ekki þing. Séu aðstæður ekki með þessum hætti skal þess getið í fyrirkalli að lögregla megi færa sakborning fyrir dóm, með valdi ef með þarf, sinni hann því ekki. Fyrirmynd þessa er að hluta til 2. mgr. 9. gr. dönsku laganna um nálgunarbann og brottvísun þar sem veitt er heimild fyrir

dómstól að taka mál til meðferðar jafnvel þótt sakborningur sæki ekki þing, enda sé lögmaður hans viðstaddur. Þykir rétt að einungis verði heimilt að úrskurða í málinu ef afstaða sakbornings liggur nægilega ljós fyrir í gögnum málsins en að öðrum kosti verði farin sú leið sem farin er í núgildandi lögum um nálgunarbann og lögreglu falið að færa sakborning fyrir dóm, með valdi ef þarf.

Í 14. gr. er mælt fyrir um þá skyldu að skipa sakborningi verjanda og brotaþola réttargæslumann og í 15. gr. er kveðið á um að um málsmeðferðina sem slíka gildi ákvæði XV. kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á.

Um 16. gr.

Hér er lögð til sú nýjung að lögregla skuli tilkynna brottvísun manns af heimili sínu til félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem heimilið er staðsett. Er ákvæðið í samræmi við 2. mgr. 6. gr. dönsku laganna um nálgunarbann og brottvísun.

Rökin fyrir slíku fyrirkomulagi eru í fyrsta lagi þau að með þessu er staðfest að háttsemi eða hætta sem lögð er til grundvallar ákvörðun um brottvísun af heimili er ekki einkamál fjölskyldunnar heldur málefni samfélagsins sem því er skylt að taka þátt í að leysa. Hér er um að ræða inngrip samfélagsins sem hugsa verður til enda, þ.e. hvað taki við eftir brottvísun. Í öðru lagi að félagsþjónustan sé viðbúin því að útvega manninum húsaskjól í stað þess að hann verði heimilislaus með þeim vandamálum sem sú aðstaða getur haft í för með sér. Það getur þannig skapað ný vandamál að vísa manni af heimili sínu eða dvalarstað sem ekki á í nein hús að venda. Fyrirkomulag þetta er því jafnframt fyrirbyggjandi. Reiknað er með að afar sjaldgæft verði að félagsþjónustan þurfi að útvega manni húsaskjól þar sem íslenskar aðstæður eru jafnan þær að flestir geta leitað til ættingja eða vina. Hér ætti því ekki að vera um íþyngjandi skyldur fyrir sveitarfélög að ræða. Auk þess eru skyldur þessar ekki nýjar af nálinni þar sem sveitarfélögum er nú skylt, skv. 46. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, að leysa úr bráðum húsnæðisvanda fólks. Í þriðja lagi er með slíkri tilkynningu unnt að koma til móts við þarfir brotaþola og þess heimilis sem í hlut á. Þannig er félagsþjónustunni gert kunnugt um heimilið sem á í vanda og hún búin undir að veita brotaþola þá aðstoð sem hann hefur þörf á, t.d. félagsráðgjöf. Í fjórða og síðasta lagi styðja þau mikilvægu rök þetta fyrirkomulag að með tilkynningarskyldu lögreglu til félagsþjónustu sveitarfélaga er staðfest að brottvísun manns af heimili sé heildstæð aðgerð sem varði bæði lögreglu og félagsþjónustu. Engin slík formleg tengsl eru nú heimil, lögum samkvæmt, milli þessara tveggja stjórnvalda.

Afar mikilvægt er að hafa í huga að brottvísun af heimili verður ein og sér ekki mjög öflugt tól í baráttunni gegn ofbeldi í nánum samböndum. Því þurfa að koma til önnur úrræði, bæði fyrir þann sem gert er að sæta brottvísun og brotaþola. Verkefnið *Karlar til ábyrgðar* hefur verið starfrækt hér á landi óslitið frá árinu 2006 en það var áður starfrækt á árunum 1998–2002 í formi tilraunaverkefnis. Þótt karlar séu ekki einir um að beita ofbeldi er meðferðarúrræðið aðeins fyrir þá og er um að ræða einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum. Mikilvægt er að öllum þeim sem beita ofbeldi standi til boða meðferðarúrræði enda hlýtur að vera mikilvægt að reyna með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Að sama skapi er mikilvægt að brotaþolum standi til boða aðstoð sem hefur það að markmiði að byggja þá upp aftur og veita þeim styrk til þess að brjótast út úr aðstæðum sínum. Þannig sé þeim gefinn kostur á því að byggja sig upp á ný og takast á við lífið og uppeldi barna sinna, eftir atvikum, við þær breyttu aðstæður. Kjósi brotaþoli að búa áfram með maka sínum, hvort sem viðkomandi hefur látið af ofbeldishegðun sinni eða ekki, er

jafnframt nauðsynlegt að veita viðkomandi aðstoð til að styrkja sig, vinna úr reynslunni og eftir atvikum takast á við uppeldishlutverk. Í þessu samhengi ber að líta til mikilvægis þess stuðnings og þjónustu sem Kvennaathvarfið og Stígamót hafa veitt þolendum ofbeldis.

Um 17. gr.

Nauðsynlegt er talið, til öryggis, að taka fram í frumvarpinu að brottvísun manns af heimili sínu skuli tilkynnt barnaverndarnefnd ef barn er á heimilinu. Í 18. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, er kveðið á um tilkynningarskyldu lögreglu til barnaverndarnefndar. Brottvísun manns af heimili sínu er nýtt úrræði í lögum sem snúa að refsivörslukerfinu og er því talið nauðsynlegt að tiltaka tilkynningarskylduna sérstaklega í þessum nýju lögum til að taka af allan vafa.

Um 18. gr.

Hér er kveðið á um að lög um meðferð sakamála skuli gilda um meðferð mála samkvæmt lögunum, eftir því sem við á. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 19.–20. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

Frumvarp þetta byggist á grundvelli gildandi laga um nálgunarbann, nr. 122/2008, en mælir jafnframt fyrir um það nýmæli að unnt verði að vísa manni brott af heimili sínu eða dvalarstað og banna honum að koma þangað aftur í tiltekinn tíma. Með samþykkt þessa frumvarps er gert ráð fyrir að lög nr. 122/2008 falli úr gildi. Er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir því að ákvörðun um nálgunarbann eða brottvísun verði í höndum lögreglustjóra en samkvæmt núgildandi lögum tekur héraðsdómari ákvörðun um nálgunarbann. Lögreglustjóra, sem taka skal ákvörðun innan sólarhrings frá því að beiðni um slíkt er borin fram, er þó skylt að bera ákvörðun sína undir héraðsdóm innan þriggja daga frá birtingu ákvörðunarinnar. Við meðferð máls hjá lögreglustjóra ber að tilnefna verjanda fyrir þann sem sæta skal nálgunarbanni eða brottvísun af heimili og þeim sem úrræðinu er ætlað að vernda réttargæslumann. Gildir hið sama við meðferð málsins fyrir dómi. Þá er jafnframt gert ráð fyrir rétti beggja aðila til þess að fá túlk ef þeir skilja íslensku ekki nægjanlega vel. Miðað við reynslu af slíkum málum undanfarin ár má gera ráð fyrir að um örfá tilfelli verði að ræða árlega.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er talið að það hafi í för með sér óverulegan kostnað fyrir ríkissjóð og að þær skyldur sem frumvarpið leggur á lögreglu og dómstóla rúmist innan fjárheimilda þeirra.

1226. Frumvarp til laga [707. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum (hreindýraveiðar).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Í stað 9. mgr. 14. gr. laganna koma sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Enginn má stunda hreindýraveiðar nema hann hafi til þess veiðileyfi og sé í fylgd með leiðsögumanni. Áður en veiðimaður fer til hreindýraveiða skal hann hafa staðist verklegt skotpróf á síðustu tólf mánuðum. Veiðimaður þarf að skila inn staðfestingu á að hann hafi lokið verklegu skotprófi fyrir 1. júlí ár hvert. Skili veiðimaður ekki inn staðfestingu skal veiðileyfi hans úthlutað að nýju.

Enginn getur tekið að sér leiðsögn með hreindýraveiðum nema hann hafi til þess leyfi Umhverfisstofnunar. Leyfi skal veitt til allt að fjögurra ára í senn og miðast við tiltekin veiðisvæði. Til að geta hlotið leyfi sem leiðsögumaður þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa skotvopnaleyfi (B-flokk) og veiðikort.
2. Hafa staðfestingu á að hann hafi staðist verklegt skotpróf á síðustu tólf mánuðum.
3. Hafa þekkingu og reynslu af veiðum, fláningu og meðferð afurða hreindýra.
4. Hafa staðfestingu á þátttöku í námskeiðum Umhverfisstofnunar og að hann hafi lokið prófi í kjölfar þeirra með fullnægjandi árangri í:
   a. líffræði, sýklafræði, vistfræði og náttúruvernd með sérstöku tilliti til hreindýra,
   b. líffærafræði, þekkingu á helstu sjúkdómum og sníkjudýrum sem finnast á Íslandi og töku sýna,
   c. náttúruverndarlögum, lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, reglugerð um hreindýraveiðar og öðrum lögum sem máli skipta,
   d. leiðsögn,
   e. meðferð skotvopna,
   f. meðferð og notkun áttavita og GPS-staðsetningartækja,
   g. veiði villtra dýra og siðfræði og siðareglum veiðimanna,
   h. staðháttum á viðkomandi veiðisvæði.
5. Hafa tvisvar á sama veiðitímabili leiðsagt með hreindýraveiðum undir handleiðslu starfandi leiðsögumanns sem valinn er af Umhverfisstofnun.
6. Hafa sótt skyndihjálparnámskeið á síðustu tveimur árum.

Umhverfisstofnun, í samráði við hreindýraráð, heldur námskeið skv. 4. tölul.10. mgr. og skal Umhverfisstofnun meta þörf á að halda slík námskeið. Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta gjald fyrir námskeið á vegum hennar, prófa í kjölfar námskeiða, verkleg skotpróf og fyrir útgáfu eða endurnýjun leyfa fyrir leiðsögumenn. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar gjaldskrá fyrir námskeið á vegum hennar, prófa í kjölfar námskeiða, verklegra skotprófa og fyrir útgáfu eða endurnýjun leyfa fyrir leiðsögumenn.

Til að fá endurnýjun leyfis sem leiðsögumaður þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa skotvopnaleyfi (B-flokk) og veiðikort.

2. Hafa staðfestingu á að hann hafi staðist verklegt skotpróf á síðustu tólf mánuðum.
3. Hafa staðfestingu á þátttöku í endurmenntunarnámskeiði Umhverfisstofnunar.
4. Hafa sótt skyndihjálparnámskeið á síðustu tveimur árum.

Vilji leiðsögumaður bæta við sig veiðisvæðum hvort sem er við endurnýjun eða í öðrum tilvikum þarf hann að auki að standast próf í staðháttum á viðkomandi veiðisvæði.

Hlutverk leiðsögumanna með hreindýraveiðum er að fylgja veiðimanni um veiðisvæði, hjálpa honum að þekkja þau dýr sem hann má veiða, sjá til þess að veiðimaður fari rétt að við veiðarnar, skrái þær upplýsingar á veiðiskýrslur sem krafist er og skili inn veiðiskýrslum rétt útfylltum. Leiðsögumaður á að sjá til þess að veiðar séu í samræmi við lög og reglur. Brjóti leiðsögumaður gegn lögum og reglugerðum getur Umhverfisstofnun veitt honum áminningu eða svipt hann leyfi séu sakir alvarlegar eða ítrekaðar. Hafi leiðsögumaður verið sviptur leyfi getur hann öðlast slíkt leyfi á ný þegar fjögur ár eru liðin frá sviptingu enda fullnægi hann þeim kröfum sem gerðar eru þegar um nýtt leyfi er að ræða, sbr. 10. mgr. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á í reglugerð um hlutverk og skyldur leiðsögumanna með hreindýraveiðum að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og hreindýraráðs.

Aðeins er heimilt að úthluta arði af hreindýraveiðum til þeirra sem heimila hreindýraveiðar á landi sínu allt veiðitímabilið. Eigandi eða ábúandi jarðar skal fyrir 1. júlí ár hvert tilkynna til Umhverfisstofnunar hvort hann heimili veiðar á landi sínu eður eigi. Eigandi eða ábúandi þarf þó ekki að tilkynna afstöðu sína árlega hafi hann gert það einu sinni og ekki orðið breyting á afstöðu hans. Umhverfisstofnun er heimilt að miða við afstöðu eiganda eða ábúanda frá fyrri veiðitímabilum hafi hann ekki tilkynnt um afstöðu sína fyrir 1. júlí.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, hvað varðar reglur um hreindýraveiðar, leiðsögumenn með hreindýraveiðum og skiptingu arðs af hreindýraveiðum. Var frumvarp þetta samið í umhverfisráðuneytinu en byggt var á tillögum Umhverfisstofnunar um lagabreytingar og athugasemda sem stofnuninni bárust frá Seyðisfjarðarkaupstað, hreindýraráði, Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum, Sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði og Náttúrustofu Austurlands.

II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Á undanförnum missirum hefur komið í ljós að reglur um útgáfu leyfa fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum eru óskýrar. Á árinu 2008 kvað umhverfisráðuneytið upp úrskurð í máli nr. 07050187 þar sem ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 4. apríl 2007 um að synja útgáfu leyfis til leiðsögu með hreindýraveiðum var felld úr gildi. Hafði Umhverfisstofnun synjað kæranda um leiðsögumannaréttindi með hreindýraveiðum með vísan til þess að kærandi hefði ekki sótt námskeið Umhverfisstofnunar skv. 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar um stjórn hreindýraveiða, nr. 486/2003, en að mati stofnunarinnar uppfyllti kærandi þess vegna ekki skilyrði reglugerðarinnar. Stofnunin gat ekki fallist á að unnt væri að túlka ákvæði 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar þannig að unnt væri að leggja að jöfnu áunna þekkingu á ýmsum sviðum við það námskeið sem kveðið var á um í umræddri reglugerð að

haldið skyldi sérstaklega fyrir tilvonandi leiðsögumenn með hreindýraveiðum. Í 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar segir að til þess að geta hlotið starfsleyfi sem leiðsögumaður þurfi umsækjandi að uppfylla skilyrði um þátttöku í námskeiðum í ýmsu, eins og líffræði, lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, reglugerð um hreindýraveiðar, meðferð skotvopna, meðferð og notkun áttavita og GPS-staðsetningartækja og fleiru. Í 3. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar segir að Umhverfisstofnun, í samráði við hreindýraráð, haldi námskeið skv. 3. tölul. 2. mgr. og skuli Umhverfisstofnun að jafnaði á fjögurra ára fresti kanna þörf á að haldin verði slík námskeið. Í úrskurði sínum taldi ráðuneytið ekki unnt að útiloka að umsækjendur gætu aflað sér þeirrar þekkingar sem um geti í 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar með öðrum hætti og væri Umhverfisstofnun og ráðuneytinu skylt að taka til skoðunar gögn um önnur námskeið sem umsækjandi kynni að hafa sótt. Sama ár komst Umhverfisstofnun að þeirri niðurstöðu að leiðsögumenn sem hafa fengið útgefið leyfi til leiðsagnar á einu svæði ættu rétt til útgáfu leyfis til leiðsagnar á öðrum svæðum.

Gerði Umhverfisstofnun tillögur til ráðuneytisins um breytingar á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, og voru tillögurnar afmarkaðar við eftirfarandi þætti:

1. Leyfi fyrir leiðsögumenn. Að sett yrðu skilyrði fyrir leyfi í lög og að þau tækju til atriða varðandi námskeið, próftökuheimild eftir setu á námskeiðum og endurmenntunarnámskeiðum Umhverfisstofnunar. Enn fremur að gerð yrði krafa um þekkingu á staðháttum, færni í skotfimi, að leiðsögumenn hefðu leiðsagt undir handleiðslu starfandi leiðsögumanna og áréttað yrði að leiðsögumenn ættu að sjá til þess að veiðar færu fram samkvæmt lögum og reglugerðum.
2. Arður. Að óheimilt yrði að láta arð af hreindýraveiðum ganga til þeirra sem ekki heimila hreindýraveiðar á landi sínu.
3. Skotpróf. Að hreindýraveiðimenn hefðu staðist verklegt skotpróf á síðustu 12 mánuðum.
4. Gjöld til Umhverfisstofnunar. Að tekið yrði gjald fyrir útgáfu og endurnýjun leyfa fyrir leiðsögumenn.

Yrði markmið lagasetningarinnar að gera meiri kröfur til veiðimanna hreindýra, styrkja lagastoð ákvæða sem kveðið hefur verið á um í reglugerðum varðandi leiðsögumenn og skýra betur kröfur um þekkingu þeirra og enn fremur að styrkja lagastoð ákvæða um arðsúthlutun til landeigenda ásamt því að gera auknar kröfur þar að lútandi.

III. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á 14. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Breyting verður á 9. mgr. 14. gr. laganna, þar sem gerð verður krafa um skotpróf fyrir veiðimenn hreindýra, ásamt því að bætt verður við greinina fimm nýjum málsgreinum er fjalla um kröfur til þekkingar leiðsögumanna með hreindýraveiðum, ákvæði um námskeið fyrir verðandi leiðsögumenn með hreindýraveiðum og heimild til gjaldtöku fyrir námskeið, kröfur um endurmenntun leiðsögumanna með hreindýraveiðum, hlutverk leiðsögumanna hreindýraveiða og reglur varðandi arðsúthlutun. Reglur um leiðsögumenn hefur verið að finna í reglugerð nr. 486/2003 og reglur um arðsúthlutun hefur verið að finna í reglugerð nr. 487/2003. Fyrirmynd að kröfu um skotpróf veiðimanna hreindýra er sótt til Norðurlandanna.

IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Ekkert í frumvarpinu gaf tilefni til að skoða samræmi við stjórnarskrá né alþjóðlegar skuldbindingar.

V. Samráð.

Frumvarpið mun fyrst og fremst snerta leiðsögumenn með hreindýraveiðum en einnig hafa ákvæði um skotveiðipróf áhrif á veiðimenn hreindýra og ákvæði varðandi arð mun hafa áhrif á landeigendur. Tillögur Umhverfisstofnunar um breytingar á lögunum voru sendar nokkrum hagsmunaaðilum til umsagnar en þar á meðal voru níu sveitarfélög á Austurlandi, hreindýraráð, Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum, Náttúrustofa Austurlands og Skotvís. Umsagnir bárust frá sveitarfélögunum Fljótsdalshéraði og Seyðisfjarðarkaupstað, hreindýraráði, Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum og Náttúrustofu Austurlands. Frumvarpið hefur ekki áhrif á önnur ráðuneyti og því hefur ekkert samráð farið fram á þeim vettvangi.

V. Mat á áhrifum.

Afleiðingar af samþykkt frumvarpsins eru fyrst og fremst auknar kröfur til leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Í þeim felst að leiðsögumenn þurfa að hafa staðist verklegt skotveiðipróf, hafa sótt námskeið Umhverfisstofnunar, staðist próf í námskeiðslok og hafi leiðsagt undir handleiðslu starfandi leiðsögumanns. Fyrir veiðimenn hreindýra eru afleiðingar af samþykkts frumvarpsins þær að gerðar eru kröfur um að þeir standist verklegt skotpróf árlega. Afleiðingar af samþykkt frumvarpsins fyrir landeigendur tengjast arðsúthlutun en ef frumvarpið verður samþykkt eiga landeigendur ekki rétt á greiddum arði af hreindýraveiðum nema að þeir leyfi veiðar allt veiðitímabilið á landi sínu. Ef frumvarpið verður samþykkt mun það gera Umhverfisstofnun auðveldara með að gera skýrar kröfur til leiðsögumanna og um þekkingu þeirra. Þrátt fyrir að í frumvarpinu séu íþyngjandi ákvæði sem ekki hefur verið að finna í núgildandi lögum og reglum hvað varðar verklegt skotveiðipróf fyrir veiðimenn er það talin eðlileg krafa að veiðimaður hafi færni til að fella hreindýr. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt til annarra Norðurlanda þar sem krafa er gerð um verklegt skotpróf en einnig er horft til dýraverndunarsjónarmiða. Einnig er talið sanngjarnt að aðeins þeir landeigendur sem leyfa veiðar á landi sínu allt veiðitímabilið fái úthlutað arði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. málsl. 1. mgr. er samhljóða gildandi 1. málsl. 9. mgr. 14. gr. laganna, þar sem kveðið er á um að hreindýraveiðimenn skuli hafa veiðileyfi og vera í fylgd með leiðsögumanni, en í fimm nýjum málsliðum er fjallað um verkleg skotpróf veiðimanna hreindýra. Það er talin eðlileg krafa að sá sem ætlar að veiða hreindýr hafi færni til að fella hreindýr. Annars staðar á Norðurlöndum er gerð krafa um að veiðimenn sem skjóta „stóra“ villibráð (rádýr, krónhirti, elgi og hreindýr) gangist undir skotpróf árlega áður en haldið er til veiða. Með tilliti til dýraverndarsjónarmiða er mikilvægt að veiðimaður hafi færni til að fella dýrið á réttan hátt og án óþarfa þjáninga. Því er lagt til að hreindýraveiðimenn þurfi að gangast undir verklegt skotpróf áður en þeir fara til veiða. Frestur til að skila inn staðfestingu á verklegu skotprófi er til 1. júlí ár hvert. Undanfarin ár hefur eftirspurn eftir veiðileyfum verið meiri en framboð. Með því að gera kröfu um að veiðimaður skili ekki inn verklegu skotprófi fyrr en 1. júlí ár hvert verður komið í veg fyrir að þeir veiðimenn sem ekki hafi fengið úthlutað veiðileyfum

hafi gengist undir skotpróf að óþörfu. Einnig er miðað við það tímamark svo hægt sé að úthluta veiðileyfinu aftur skili veiðimaður ekki inn verklegu skotprófi.

Í 2. mgr., sem verður 10. mgr. 14. gr. laganna, er kveðið á um ábyrgð leiðsögumanna og þau skilyrði sem umsækjendur verða að uppfylla til að geta orðið leiðsögumenn með hreindýraveiðum. Ábyrgð leiðsögumanna er mikil þar sem þeir eiga að leiðbeina veiðimönnum um landsvæði, við ýmsar aðstæður, sem veiðimenn þekkja sjaldnast vel. Þá þurfa leiðsögumenn að sjá til þess að rétt sé staðið að veiðum, þ.m.t. að fylgt sé gildandi lögum um náttúrvernd, þeir þurfa að þekkja bráðina og geta gripið inn í og fellt dýr ef veiðimaður hefur sært dýrið en ræður ekki við að fella það. Það er því mikilvægt að gengið sé úr skugga um hæfni leiðsögumanna áður en þeir hefja störf, sem og við endurnýjun leyfis sem fara skal fram á fjögurra ára fresti. Talin er þörf á að kveða nánar um skilyrði fyrir útgáfu leyfa fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum í lögum. Hefur ráðherra haft heimild til að kveða á um réttindi og skyldur leiðsögumanna, sbr. núverandi 14. gr. laganna, og hefur í ákvæðinu falist nánast takmarkalaust framsal lagasetningarvalds til ráðherra. Þannig hefur 14. gr. ekki kveðið á um meginreglur um takmörk og skilyrði fyrir útgáfu leyfa né heldur hefur hún haft að geyma viðmið varðandi þær takmarkanir eða skilyrði sem ráðherra hefur verið eftirlátið að kveða á um.

Í 1. tölul. er gerð krafa um að umsækjandi skuli hafa gilt skotvopnaleyfi og veiðikort sem gefi rétt til hreindýraveiða enda geti komið upp sú staða að leiðsögumaður þurfi að grípa inn í og aflífa dýr sem veiðimaður hefur sært.

Í 2. tölul. er gerð krafa um að umsækjandi hafi staðist verklegt skotpróf. Veiðimaður á að fella hreindýrið sjálfur en upp geta komið tilvik þar sem veiðimaður særir dýrið og nær ekki að fella það. Þá þarf leiðsögumaður að geta gripið inn í og er því mikilvægt að leiðsögumenn séu hæfir til þess að aflífa hreindýr sem veiðimaður hefur sært. Þessi krafa kemur til af dýraverndarsjónarmiðum til þess að tryggja að bráðin sé rétt skotin og felld án óþarfa þjáninga. Til að tryggja að leiðsögumaður sé hæfur er rétt að gera kröfu um að hann sýni fram á færni sína í verklegu skotprófi. Þá er gerð krafa um að skotprófið sé ekki eldra en 12 mánaða gamalt. Það er tilkomið vegna þess að leiðsögumenn fá útgefið leyfi til fjögurra ára í senn og því eðlileg krafa að skotprófið sé ekki eldra þar sem skotfimi manna getur hrakað sé henni ekki viðhaldið.

Í 3. tölul. er gerð krafa um að umsækjandi hafi öðlast reynslu af veiðum, fláningu og meðferð afurða hreindýra. Gert er ráð fyrir að umsækjandi hafi öðlast þá reynslu á meðan á námskeiði stendur en einnig þegar hann hefur leiðsagt með hreindýraveiðum undir handleiðslu starfandi leiðsögumanns.

Í 4. tölul. er tiltekin sú menntun sem umsækjendur þurfa að hafa til að geta hlotið leyfi sem leiðsögumenn. Gert er ráð fyrir að námskeið verði á vegum Umhverfisstofnunar og að umsækjendur ljúki prófi í kjölfar þátttöku í námskeiðunum með fullnægjandi árangri. Ábyrgð leiðsögumann á hreindýraveiðum er mikil. Þeir þurfa að þekkja veiðisvæðið og veiðidýrin, ásamt því að leiðbeina veiðimönnum svo að rétt dýr séu skotin á réttan hátt. Leiðsögumenn eiga að sjá til þess að hreindýraveiðar fari fram í samræmi við lög og reglur. Leiðsögumenn þurfa því að búa yfir ágætis þekkingu á öllum þeim atriðum varðandi hreindýraveiðar svo framkvæmd þeirra verði með réttum hætti. Það er t.d. mikilvægt að þeir hafi þekkingu á staðháttum veiðisvæða ásamt þekkingu á áttavita og GPS-staðsetningartækjum og einnig þurfa leiðsögumenn að staðsetja hvar dýrið er fellt vegna útreiknings felligjalda. Nauðsynlegt er að ganga úr skugga um að leiðsögumaður hafi þessa þekkingu áður en honum er veitt leyfi.

Tryggja þarf öryggi veiðimanna sem best enda treysta þeir á að leiðsögumenn búi yfir þessari þekkingu og þar að auki greiða þeir fyrir þjónustu leiðsögumanna.

Í 5. tölul. er gerð krafa um að umsækjandi hafi tvisvar á sama veiðitímabili leiðsagt með hreindýraveiðum undir handleiðslu starfandi leiðsögumanns. Mikilvægt er að þjálfa verðandi leiðsögumann undir væntanlega sjálfstæða leiðsögn með því að hann leiðsegi undir handleiðslu starfandi leiðsögumanns sem valinn er af Umhverfisstofnun. Til að leiðsögumaður öðlist sem fjölbreyttasta reynslu er heppilegast að Umhverfisstofnun leitist við að velja tvo mismunandi leiðsögumenn samkvæmt tillögu frá Félagi leiðsögumanna um hreindýraveiðar til að öðlast fjölbreyttari reynslu. Með því fær verðandi leiðsögumaður leiðsögn frá starfandi leiðsögumanni um hvernig best er að haga leiðsögn sinni í framtíðinni og öðlast færni áður en hann leiðsegir sjálfstætt.

Í 6. tölul. er gerð krafa um að umsækjandi hafi sótt skyndihjálparnámskeið á síðustu tveimur árum. Mikilvægt er að leiðsögumaður kunni skyndihjálp ef slys ber að höndum og hann hafi viðhaldið þeirri þekkingu.

Nauðsynlegt er að hafa gjaldtökuheimild í lögum fyrir próf, námskeið, skotpróf og útgáfu leyfa sem og endurnýjun þeirra, sbr. 3. mgr. sem verður 11. mgr. 14. gr. laganna. Það felur í sér kostnað fyrir Umhverfisstofnun að halda námskeið og próf að þeim loknum, þ.m.t. talin skotpróf. Af því leiðir að skýr lagaheimild þarf að vera til staðar þannig að hægt sé að innheimta þann kostnað sem Umhverfisstofnun hefur af námskeiðum og skotprófum. Jafnframt er töluverð vinna fyrir Umhverfisstofnun að gefa út leyfi fyrir leiðsögumenn enda þarf að fara yfir allar umsóknir og meta hvort öll gögn séu til staðar. Það er því eðlilegt að innheimta gjald fyrir útgáfu leyfa fyrir leiðsögumenn. Sama gildir um endurnýjun leyfa fyrir leiðsögumenn.

Í 4. mgr., sem verður 12. mgr. 14. gr. laganna, er kveðið á um þær kröfur sem gerðar eru til umsækjanda um endurnýjun leyfis sem leiðsögumaður með hreindýraveiðum. Mikilvægt er talið að leiðsögumenn viðhaldi þekkingu sinni, t.d. varðandi lög og reglugerðir, og skothæfni. Endurmenntunarnámskeið eru grundvöllur fyrir að kynna leiðsögumönnum breytingar á lögum og reglugerðum, sem og að rifja upp helstu þætti við hreindýraveiðar. Með þessu móti yrði tryggt að leiðsögumenn viðhaldi þekkingu sinni á hreindýraveiðum. Sömu sjónarmið eiga við 1., 2. og 4. tölul. málsgreinarinnar og fjallað er um við 1., 2. og 6. tölul. 2. mgr. hér að framan.

Veiðisvæðin eru níu og ná þau yfir stórt landsvæði. Þau eru ólík og ekki er sjálfgefið að leiðsögumaður sem þekkir eitt veiðisvæði hafi þekkingu á öðru. Það er t.d. mikilvægt að þeir hafi þekkingu á staðþáttum viðkomandi veiðisvæða þegar þykk þoka leggst yfir. Nauðsynlegt er því að leiðsögumaður sýni fram á þekkingu sína á þeim svæðum sem hann vill leiðsegja á með því að standast próf í staðháttum á viðkomandi veiðisvæði en gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun sé falið að meta að öðru leyti hvort að þörf sé á að ljúka einstökum endurmenntunarnámskeiðum með prófi.

Í 5. mgr., sem verður 13. mgr. 14. gr. laganna, er kveðið á um hlutverk leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Ábyrgð leiðsögumanna er mikil þar sem þeir eru í reynd eftirlitsmenn með hreindýraveiðum. Ef veiðimaður brýtur af sér og leiðsögumaður tilkynnir það ekki til yfirvalda getur hann talist samsekur og það er því nauðsynlegt að árétta hlutverk leiðsögumanna við að veiðarnar fari fram í samræmi við lög og reglugerðir. Ef leiðsögumaður brýtur af sér getur Umhverfisstofnun veitt honum áminningu eða svipt hann leyfi séu sakir alvarlegar eða ítrekaðar.

Í 6. mgr., sem verður 14. mgr. 14. gr. laganna, er fjallað um úthlutun arðs af hreindýraveiðum til landeigenda. Til þess að kerfið virki er nauðsynlegt að sem flestir landeigendur leyfi veiðar á landi sínu. Því þarf að vera skýrt að leyfi landeigandi ekki veiðar fái hann ekki arði úthlutað. Það er því hvati fyrir landeiganda að leyfa veiðar á landi sínu. Þá er tekið fram að leyfa þurfi veiðar allt veiðitímabilið til þess að fá greiddan arð. Ástæða þess er að dreifa þarf álagi á veiðisvæðin, veiðitímabilið er tiltölulega stutt og hreindýrakvóti getur verið stór þannig að nauðsynlegt er að hafa allt veiðitímabilið á sem flestum stöðum til þess að hægt sé að dreifa veiðunum skynsamlega á veiðitímabilinu. Það dregur líka úr líkum á því að fjöldi leiðsögumanna og veiðimanna séu á sama stað undir lok tímabilsins með tilheyrandi núningi milli hópa leiðsögumanna og veiðimanna. Þá er lagt til að ábúendur þurfi að tilkynna fyrir 1. júlí hvort þeir heimili veiðar eða ekki. Ábúendur þurfa ekki að skila inn afstöðu hafi ekki orðið breyting á afstöðu þeirra frá fyrri veiðitímabilum. Þá er heimild fyrir Umhverfisstofnun að miða við afstöðu ábúenda frá fyrra veiðitímabili hafi afstöðu ekki verið skilað inn fyrir 1. júlí. Það er til þess að Umhverfisstofnun geti með ákveðnum fyrirvara skipulagt komandi veiðitímabil í samstafi við leiðsögumenn þannig að veiðunum sé dreift sem best á veiðitímabilinu.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum (hreindýraveiðar).

Meginefni frumvarpsins lýtur að því að auka og skýra kröfur sem gerðar eru til leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Í því felst m.a. að leiðsögumenn þurfa að hafa sótt tiltekin námskeið Umhverfisstofnunar og staðist próf í námskeiðslok. Veiðimenn hreindýra þurfa einnig að hafa staðist verklegt skotpróf. Umhverfisstofnun verður heimilt að innheimta námskeiðagjöld, prófgjöld og gjöld vegna útgáfu eða endurnýjunar leyfa fyrir leiðsögumenn og veiðimenn og skulu gjöld aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Framangreind ákvæði frumvarpsins eru mun ítarlegri en í gildandi lögum. Í frumvarpinu er einnig lögð til sú nýbreytni að einungis verði heimilt að úthluta arði af hreindýraveiðum til þeirra sem heimila hreindýraveiðar á landi sínu allt veiðitímabilið.

Fjármálaráðuneytið telur að lögfesting frumvarpsins muni hafa óveruleg áhrif á útgjöld og tekjur ríkissjóðs.

1227. Frumvarp til laga [708. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr., svohljóðandi:
   Ákvarðanir Fiskistofu sem teknar eru samkvæmt þessum kafla verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Kæruleið og skaðabætur.*

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 71/2008, um fiskeldi.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Ákvarðanir Fiskistofu er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rekstrarleyfis til fiskeldis, sbr. III. og V. kafla, verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. Aðrar ákvarðanir sem Fiskistofa tekur á grundvelli laga þessara verða kærðar til ráðherra og fer um kærurnar samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

3. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr., 1. málsl. 1. mgr. 6. gr., 1. málsl. 19. gr., 1. málsl. 28. gr., 1. málsl. 1. mgr. 29. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 34. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarmynd): Orkustofnun.
b. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr., 1. málsl. 2. mgr. 4. gr., 1. málsl. 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr., 1. málsl. 2. mgr. 6. gr., 16. gr., 2. málsl. 17. gr., 2. málsl. 19. gr., 1. málsl. 1. mgr. 20. gr. og 32. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarmynd): Orkustofnun.
c. Orðin „að fengnu samþykki ráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 4. gr., 3. málsl. 1. mgr. 10. gr. og 3. málsl. 14. gr. laganna falla brott.
d. Orðin „Orkustofnunar og“ í 4. mgr. 5. gr. og orðið „Orkustofnunar“ í 3. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

4. gr.

2. og 3. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rannsóknareða nýtingarleyfa samkvæmt lögum þessum verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis-

og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

IV. KAFLI
Breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

5. gr.

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr., 1. málsl. 2. mgr. og 2., 4. og 5. málsl. 4. mgr. 5. gr., 1. og 2. málsl. 2. mgr. 9. gr., 2. og 3. mgr. 11. gr., 1. málsl. 13. gr., 1. og 3. málsl. 3. mgr. 14. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarmynd): Orkustofnun.
b. Orðin „til ráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna falla brott.
c. Í stað orðanna „leyfi ráðherra“ í 35. gr. laganna kemur: samþykki leyfisveitanda.
d. Í stað orðanna „aðvörun ráðherra“ í 2. málsl. 36. gr. laganna kemur: aðvöruninni.
e. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1., 2. og 3. málsl. 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: leyfisveitandi.

6. gr.

32. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 1. málsl. 2. mgr. fellur brott og 2. málsl. orðast svo: Áður en sérleyfi til dreifingar raforku er veitt skal Orkustofnun leita umsagnar viðkomandi sveitarfélaga.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Orkustofnun skal kynna umsókn um leyfi samkvæmt lögum þessum með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

8. gr.

Í stað 2. mgr. 37. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa sem fjallað er um í 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 11. gr. sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála eða úrskurðarnefndar raforkumála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Hún skal borin fram innan 30 daga frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

V. KAFLI
Breyting á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr., 1. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 68. gr., 1. mgr. 69. gr., 2. málsl. 71. gr., 1. og 2. mgr. 74. gr., 3. mgr. 75. gr. og 1. málsl. og b-lið 1. mgr. og 5. mgr. 133. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarmynd): Orkustofnun.

10. gr.

Við 151. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir Orkustofnunar er snerta mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir sem fjallað er um í VI., VII. og XIV. kafla sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum.

11. gr.

Á eftir 30. gr. a laganna kemur ný grein, 30. gr. b, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Kærur.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum þessum verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, með síðari breytingum.

12. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarmynd): Orkustofnun.
b. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Orkustofnun.

13. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum þessum verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, með síðari breytingum.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: Umhverfisstofnun.
b. Orðin „og Umhverfisstofnunar“ í 3. mgr. falla brott.

15. gr.

74. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að kæra ákvarðanir Umhverfisstofnunar skv. 38. og 41. gr. til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Þeir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda öðrum ákvörðunum Umhverfisstofnunar geta kært þær til ráðherra. Umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök sem varnarþing eiga á Íslandi njóta sama réttar, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.

Aðrar stjórnvaldsákvarðanir sem lúta að framkvæmd laga þessara og ráðherra tekur ekki sjálfur eða staðfestir verða kærðar til ráðherra sem kveður upp endanlegan úrskurð á stjórnsýslustigi. Um slíkar kærur fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

IX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, með síðari breytingum.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „úrskurðar“ í 1. mgr. kemur: sbr. þó 4. mgr.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Ákvarðanir Umhverfisstofnunar er lúta að lagningu sæstrengja og neðansjávarleiðslna, sbr. 2. mgr. 9. gr., verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

X. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

17. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Kærur.

Heimilt er að kæra ákvarðanir Umhverfisstofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfis skv. 3. gr. til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

XI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir“ í 1. mgr. kemur: umhverfis- og auðlindamála.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.
c. 1. málsl. 2. mgr. fellur brott.

XII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sérstakrar úrskurðarnefndar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.
b. Orðin „eða þegar ágreiningur rís vegna ákvörðunar um útgáfu starfsleyfis samkvæmt ákvæðum 6. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað 2.–4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

20. gr.

2. mgr. 32. gr. laganna fellur brott.

XIII. KAFLI

Breyting á skipulagslögum, nr. 123/2010.

21. gr.

Í stað orðanna „úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál“ í 6. mgr. 13. gr. laganna og lokamálslið 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

22. gr.

52. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Kærur.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ákvarðanir sem ráðherra ber að lögum þessum að staðfesta sæta þó ekki kæru til nefndarinnar. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

23. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Kærur, þvingunarúrræði og viðurlög.**

XIV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar, með síðari breytingum.

24. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir sem Umhverfisstofnun tekur og varða veitingu, endurskoðun eða afturköllun leyfis samkvæmt þessari grein sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

XV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Eiturefni mega þeir einir framleiða er til þess hafa fengið leyfi Umhverfisstofnunar, enda mæli Vinnueftirlit ríkisins með veitingu slíkra leyfa.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar er varða veitingu, endurskoðun eða afturköllun leyfis skv. 1. mgr. verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, með síðari breytingum.

26. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar er varða veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfis samkvæmt lögum þessum verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. Aðrar ákvarðanir verða kærðar til ráðherra innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tilkynnt.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka sé matsskyld og ákvarðanir skv. 2. mgr. 5. gr. má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála; sömuleiðis ákvarðanir stofnunarinnar skv. 12. gr. um endurskoðun matsskýrslu. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. mgr. kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

d. 4. mgr. fellur brott.

e. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Málskot.*

28. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, með síðari breytingum.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 7. mgr. orðast svo:
Stjórnvaldsákvarðanir Brunamálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara eru kæranlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.
b. Í stað orðanna „úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála“ í 9. og 10. mgr. kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

XIX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

30. gr.

22. gr. laganna orðast svo:
Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt lögum þessum til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

XX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 160/2010, um mannvirki.

31. gr.

Í stað orðanna „úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

32. gr.

59. gr. laganna orðast svo:
Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara eru kæranlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 17. gr. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

XXI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

33. gr.

4. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:
Rísi ágreiningur um ákvarðanir heilbrigðisnefndar er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er unnið af nefnd sem skipuð var fulltrúum umhverfisráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur og forstöðumaður Auðlindaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík, vann að smíði frumvarpsins með nefndinni. Frumvarpinu er ætlað að tryggja að reglur íslenskra laga samræmist samningi efnahagsnefndar Evrópu um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, sem gerður var í Árósum 25. júní 1998 og öðlaðist gildi 30. október 2001 (Árósasamningurinn). Þrjátíu og átta ríki undirrituðu samninginn auk Evrópusambandsins, þar á meðal Ísland. Samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Frumvörpin fela m.a. í sér að almenningur getur borið ákvarðanir sem varða mikilvæga umhverfishagsmuni undir sjálfstæða og óháða úrskurðarnefnd og leitað virkra úrræða til að tryggja verndarhagsmuni umhverfisins. Áætlað er að leggja fram tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Árósasamningsins samhliða báðum þessum frumvörpum.

Við vinnu frumvarpsins var tekið mið af niðurstöðum nefndar sem skipuð var af umhverfisráðherra 25. febrúar 2005 til að greina efni Árósasamningsins og meta hvaða breytingar þyrfti að gera á íslenskri löggjöf með hliðsjón af ákvæðum Árósasamningsins. Niðurstöður nefndarinnar birtust í skýrslu hennar frá 28. september 2006. Hinn 13. mars 2009 skipaði umhverfisráðherra starfshóp til að undirbúa fullgildingu Árósasamningsins og leggja fram tillögur um hvor tveggja leiða, svonefnd stjórnsýslu- eða dómstólaleið, væri talin henta best til að tryggja almenningi aðgang að réttlátri málsmeðferð við fullgildingu Árósasamningsins. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni 18. desember 2009 og lagði þar til að farin yrði svonefnd stjórnsýsluleið. Í frumvarpinu er þessi leið nánar útfærð, sbr. umfjöllun í IV. kafla hér á eftir.

Helstu breytingar á lögum sem lagðar eru til vegna fullgildingar Árósasamningsins eru eftirfarandi.

1. Lagt er til í frumvarpi þessu að allar stjórnvaldsákvarðanir er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum verði kæranlegar til sjálfstæðrar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um hlutverk nefndarinnar, skipan, aðild og málsmeðferð er fjallað í frumvarpi til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála leysir af hólmi úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og úrskurðarnefnd hollustuhátta og mengunarvarna sem eru þar með lagðar niður.
2. Lagt er til í frumvarpi þessu að ákvæðum laga sem fela ráðherra að taka ákvarðanir sem vísað er til í 1. tölul. verði breytt og leyfisveitingarvaldið fært viðeigandi undirstofnunum.
3. Í frumvarpi til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er lagt til að aðild að kærum vegna tiltekinna ákvarðana stjórnvalda verði opnuð öllum (actio popularis). Um er að ræða ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda, um sameiginlegt umhverfismat og endurskoðun matsskýrslu samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, ákvarðanir ýmissa stjórnvalda um að leyfa framkvæmdir sem eru matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og ákvarðanir Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, um að leyfa

sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera og að markaðssetja erfðabreyttar lífverur eða vörur sem innihalda þær.

Auk framangreindra breytinga eru í frumvarpi þessu lagðar til ýmsar breytingar á lögum sem tengjast ekki ákvæðum Árósasamningsins með beinum hætti en þykir rétt að gera til að tryggja samræmi í stjórnsýslu þeirra málaflokka sem frumvarpið snertir. Þannig er t.d. lagt til að ýmsar stjórnvaldsákvarðanir, sem annaðhvort tengjast ákvörðunum vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum að efni eða eðli eða falla í dag undir valdsvið úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála eða úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarna, verði kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Frumvarpið var sent til umsagnar fjölmargra stofnana og hagsmunaaðila. Þá var það lagt fram til almennrar kynningar á heimasíðu ráðuneytisins. 21 umsögn barst frá 27 aðilum sem farið var yfir áður en frumvarpið var lagt fram.

II. Um eðli og efni Árósasamningsins.

Árósasamningurinn er í grunninn svæðisbundinn umhverfissamningur. Aðild að honum er opin öllum ríkjum efnahagsnefndar Evrópu (United Nations Economic Commission for Europe). Önnur ríki Sameinuðu þjóðanna geta þó gerst aðilar að samningnum ef fundur samningsins samþykkir það, sbr. 3. mgr. 19. gr. samningsins. Samningurinn var í upphafi undirritaður af 38 ríkjum auk Evrópusambandsins. Í ágúst árið 2010 voru aðilar hans 44 talsins.

Segja má að samningurinn tengi á ákveðinn hátt saman umhverfismál og mannréttindi þar sem hann byggist á því að fullnægjandi verndun umhverfisins sé nauðsynleg fyrir velferð mannsins og til að hann geti notið grundvallarmannréttinda. Sérhver kynslóð eigi rétt á því að lifa í umhverfi sem sé fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hennar. Öllum beri skylda til að vernda og bæta umhverfið til hagsbóta fyrir núlifandi og komandi kynslóðir. Í þessu ljósi leggur samningurinn skyldur á ríkin að tryggja almenningi ákveðin réttindi svo að hann geti haft áhrif á ákvarðanatöku sem snertir umhverfið.

Þau réttindi sem ríkin eiga að tryggja almenningi eru þríþætt og mynda þrjár stoðir samningsins. Fyrsta stoðin mælir fyrir um skyldur ríkja til að tryggja að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Önnur stoðin skyldar ríkin til að tryggja almenningi rétt til þátttöku í undirbúningi að ákvörðunum sem snerta umhverfið. Þriðja stoðin snýr svo að skyldu ríkja til að tryggja almenningi réttláta málsmeðferð í málum sem varða umhverfið. Ákvæði samningsins hvað þessi réttindi snertir fela í sér lágmarksreglur. Þau eru mörg hver almenns eðlis og gefa aðildarríkjunum talsvert svigrúm við innleiðingu þeirra. Á það einkum við um þriðju stoð hans. Hafa aðildarríki samningsins enda farið mjög misjafnar leiðir og gengið ákaflega mislangt við að innleiða einstök ákvæði þeirrar stoðar.

Samningurinn samanstendur af 22 greinum og tveimur viðaukum.

Almenn ákvæði.

Í 1.–3. gr. samningsins eru almenn ákvæði. Markmið samningsins koma fram í 1. gr. hans, skilgreiningar á helstu hugtökum eru í 2. gr. og í 3. gr. eru ýmis almenn ákvæði. Þau hafa m.a. að geyma yfirlýsingar um ráðstafanir sem samningsaðilar skulu leitast við að grípa til svo að markmiðum samningsins verði náð og almennar reglur sem þeir eiga að virða við framkvæmd samningsins. Þeirra á meðal er reglan um að réttindi samkvæmt þremur stoðum samningsins skuli veitt án mismununar á grundvelli ríkisfangs, þjóðernis eða heimkynna, og,

hvað viðkemur lögpersónum, án mismununar á grundvelli aðseturs þeirra eða hvar þær hafa aðalstarfsstöð sína.

Stoðirnar þrjár.

Ákvæði fyrstu stoðar Árósasamningsins er að finna í 4. og 5. gr. hans. Í 4. gr. samningsins er fjallað um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál og í hvaða tilvikum megi hafna slíkum aðgangi. Í 5. gr. samningsins er fjallað um söfnun og dreifingu upplýsinga um umhverfismál, m.a. í þeim tilgangi að þær séu fyrir hendi og að þær séu sem aðgengilegastar. Samkvæmt þessum ákvæðum hvílir skyldan til að veita upplýsingar á ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra, svo og einstaklingum og lögpersónum sem hafa opinbera ábyrgð eða hlutverk eða veita opinbera þjónustu í tengslum við umhverfið. Í skýrslu nefndar umhverfisráðherra frá árinu 2006 kemur fram það mat nefndarinnar að ákvæði laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, sem byggist á tilskipun 2003/4/EB um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál, tryggi með fullnægjandi hætti réttindi almennings samkvæmt ákvæðum fyrstu stoðar samningsins. Í frumvarpinu eru því ekki lagðar til breytingar á lögum vegna ákvæða 4. og 5. gr. samningsins.

Í 6.–8. gr. samningsins eru ákvæði annarrar stoðar hans um rétt almennings til þátttöku í málsmeðferð þegar undirbúnar eru ákvarðanir af hálfu stjórnvalda í umhverfismálum. Í 6. gr. samningsins er kveðið á um þátttöku almennings í ákvarðanatöku sem lýtur að einstökum framkvæmdum sem hafa áhrif á umhverfið. Ákvæði 6. gr. ná skv. a-lið 1. mgr. 6. gr. til ákvarðana um hvort leyfa eigi framkvæmdir sem tilgreindar eru í I. viðauka við samninginn. Skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. ná ákvæði hennar auk þess til annarrar starfsemi sem kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Skulu samningsaðilar ákveða hvort slík starfsemi sé háð ákvæðum 6. gr. Að mati nefndarinnar frá 2006 bendir orðalag a- og b-liðar 1. mgr. 6. gr. til þess að ákvæði hennar nái til þeirra framkvæmda sem eru matsskyldar eða kunna að vera matsskyldar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, en þessar framkvæmdir eru tilgreindar í 1. og 2. viðauka við lögin. Í frumvarpinu er lagður sá skilningur í efnisafmörkun 6. gr. að hún nái til allra framkvæmda í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum og til þeirra framkvæmda sem tilgreindar eru í 2. viðauka laganna ef ákveðið er á grundvelli 6. gr. þeirra að þær skuli vera matsskyldar.

Ákvæði 6. gr. Árósasamningsins felur það í sér að gefa skuli almenningi kost á að taka þátt í ákvörðunum um útgáfu leyfa fyrir þeim framkvæmdum sem falla undir efnissvið greinarinnar. Nánar tiltekið felur ákvæðið í sér eftirfarandi, sbr. 2.–10. mgr. 6. gr.:

- Upplýsa skal almenning sem málið varðar um umsókn leyfa og fyrirhugað ferli ákvarðanatöku.
- Sanngjarnir frestir skulu veittir til að gefa almenningi kost á að gera athugasemdir og koma að sínum sjónarmiðum áður en endanleg ákvörðun er tekin.
- Þátttaka almennings skal vera snemma í ferlinu á meðan allir valkostir eru fyrir hendi.
- Veita skal almenningi sem málið varðar aðgang að öllum upplýsingum sem máli skipta varðandi ákvarðanatökuna.
- Tryggja skal að við ákvarðanatöku sé tekið eðlilegt tillit til niðurstöðu af þátttöku almennings.
- Almenningur skal upplýstur um ákvörðun þegar hún liggur fyrir og röksemdir fyrir henni.

Það var mat nefndarinnar frá 2006 að ákvæði laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim tryggi með fullnægjandi hætti þátttökuréttindi almennings skv. 6. gr. Árósasamningsins.

Auk framangreindra ákvæða kemur fram í 11. mgr. 6. gr. að sérhver aðili skuli, innan ramma landslaga, beita ákvæðum greinarinnar, að því marki sem unnt er og við á, um ákvarðanir um hvort leyfa beri vísvitandi losun erfðabreyttra lífvera út í umhverfið. Á fundi samningsaðila í maí 2005 var samþykkt breyting á þessu ákvæði, auk þess sem bætt var við nýju ákvæði 6 a) og nýjum viðauka Ia. Breytingarnar fela í sér nánari útfærslu á skyldum samningsaðila til að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum og rétt til að taka þátt í ákvörðunum um vísvitandi losun erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og ákvörðunum um að heimila markaðssetningu þeirra. Þessar breytingar höfðu ekki tekið gildi í nóvember 2010. Þess ber að geta að með breytingum á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, sem voru samþykktar með lögum nr. 83/2010, voru ákvæði tilskipunar 2001/18/EB, um vísvitandi sleppingar erfðabreyttra lífvera út í náttúruna, innleidd í íslenskan rétt. Með þeim breytingum eru uppfyllt ákvæði 11. mgr. 6. gr. Árósasamningsins. Þá er í frumvarpi þessu lagt til að ákvarðanir um að heimila sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera, svo og ákvarðanir um að leyfa markaðssetningu erfðabreyttra lífvera og vara sem innihalda þær, verði kærðar til sjálfstæðrar úrskurðarnefndar. Þessar breytingar eru lagðar til með hliðsjón af tengslum 2. mgr. 9. gr. og 6. gr. samningsins. Af ákvæðum frumvarps til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála leiðir einnig að aðild að þeim kærum verður opin öllum.

Í 7.–8. gr. Árósasamningsins er fjallað um þátttöku almennings í ákvörðunum varðandi áætlanir, verkefni og stefnumótun um umhverfismál og undirbúning bindandi reglna sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Þessi ákvæði eru ekki orðuð eins afdráttarlaust og sum ákvæði 6. gr. og svigrúm samningsaðila við innleiðingu þeirra talsvert. Í skýrslu nefndar umhverfisráðherra frá árinu 2006 kemur fram það mat að ákvæði 7. gr. Árósasamningsins hafi verið innleidd með fullnægjandi hætti með lögum nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Lögin innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar 2001/42/EB um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið. Í 8. gr. Árósasamningsins eru samningsaðilar hvattir til þess að kynna almenningi drög að reglugerðum og lagafrumvörpum sem snerta umhverfið á undirbúningsstigi. Slíkt ferli er liður í vönduðum vinnubrögðum við undirbúning lagafrumvarpa og reglugerðadraga og er ekki lagt til að gerðar verði breytingar á lögum vegna þessa ákvæðis Árósasamningsins.

Efni þriðju stoðar Árósasamningsins um aðgang að réttlátri málsmeðferð kemur fram í 9. gr. samningsins. Ákvæðum greinarinnar má í höfuðatriðum skipta í fjóra hluta. Í fyrsta lagi er samningsaðilum í 1. mgr. gert að tryggja opinn aðgang allra að endurskoðunarleið fyrir dómstólum eða öðrum hlutlausum og óháðum aðila vegna ákvarðana stjórnvalda sem varða aðgang að upplýsingum, sbr. fyrstu stoð samningsins. Í öðru lagi er samningsaðilum í 2. mgr. gert að tryggja aðgang almennings sem málið varðar og á einnig nægjanlegra hagsmuna að gæta að endurskoðunarleið fyrir dómstólum og/eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila um lagagildi ákvarðana, aðgerða og aðgerðaleysis sem 6. gr. samningsins nær til, bæði að því er varðar efni og form. Hvað teljast nægilegir hagsmunir skal ákvarðast eftir landslögum og ávallt með það að markmiði að veita almenningi sem málið varðar víðtækan aðgang að réttlátri málsmeðferð. Hagsmunir frjálsra félagasamtaka, sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla kröfur samkvæmt landslögum, skulu þó alltaf teljast nægjanlegir. Í þriðja lagi er svo í 3. mgr. að finna almennt ákvæði þess efnis að samningsaðilar skuli tryggja almenningi sem uppfyllir skilyrði landslaga aðgang að stjórnsýslu eða dómstólaleiðum til að vefengja að-

gerðir og aðgerðaleysi af hálfu einstaklinga og opinberra yfirvalda sem ganga gegn ákvæðum landslaga um umhverfið. Að lokum er í 4. og 5. mgr. fjallað um að aðilar að samningnum skuli tryggja virk úrræði almennings til að beita rétti sínum samkvæmt framangreindum málsgreinum. Í skýrslu nefndarinnar frá 2006 kemur fram að gera þurfi nokkrar breytingar á lögum vegna ákvæða 2. og 4. mgr. 9. gr. Er gerð nánari grein fyrir þessu mati nefndarinnar svo og tillögum frumvarpsins hvað þriðju stoð samningsins snertir í IV. kafla hér á eftir.

Framkvæmd samningsins.

Í 10.–22. gr. eru ákvæði sem lúta að framkvæmd samningsins. Í 10. gr. er mælt fyrir um hlutverk fundar aðila og í 11. gr. er mælt fyrir um atkvæðarétt samningsaðila. Hver samningsaðili hefur yfir einu atkvæði að ráða og að baki svæðisbundnum samtökum liggja jafnmörg atkvæði og aðildarríki þeirra eru. Í 12. gr. kemur fram að skrifstofa samningsins er hjá framkvæmdastjórn Efnahagsráðs Evrópu. Skv. 13. gr. skulu viðaukar hans teljast óaðskiljanlegur hluti hans. Í 14. gr. er fjallað um hvernig skuli staðið að breytingum á samningnum. Í 15. gr. kemur fram hvernig eftirfylgni með ákvæðum samningsins skuli háttað. Á grundvelli þessa ákvæðis settu samningsaðilar á laggirnar nefnd (compliance committee), sbr. ákvörðun samningsaðila nr. 1/7 (on review of compliance). Nefndin fjallar um mál sem henni berast frá samningsríkjunum, skrifstofu samningsins og almenningi. Þá getur nefndin tekið mál til umfjöllunar að eigin frumkvæði. Nefndin fjallar um einstök mál, leggur mat á hvort samningsaðili uppfylli skyldur sínar og gefur út óbindandi tilmæli. Í 16. gr. kemur fram hvernig leyst skuli úr deilumálum. Í samræmi við hefðbundnar reglur þjóðaréttar skulu aðilar leita sátta með samningum eða koma sér saman um að leggja deilumál fyrir Alþjóðadómstólinn eða fyrir gerðardóm sem lýst er í II. viðauka. Í 17. gr. samningsins er fjallað um undirritun hans og í 18. gr. er mælt fyrir um að aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skuli vera vörsluaðili hans. Í 19. gr. er fjallað um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt og aðild og í 20. og 21. gr. er mælt fyrir um gildistöku samningsins og uppsögn. Loks er í 22. gr. kveðið á gildi texta samningsins.

Viðaukar.

Eins og áður segir eru viðaukar samningsins tveir. Annars vegar er I. viðauki sem tilgreinir þær framkvæmdir sem vísað er til í a-lið 1. mgr. 6. gr. samningsins. Þá er í II. viðauka fjallað um gerðardóm um lausn deilumála. Viðauki Ia sem gerður var á fundi aðila samningsins í maí 2005 og snýr að beitingu ákvæða samningsins um vísvitandi losun erfðabreyttra lífvera hefur eins og áður segir ekki tekið gildi.

III. Árósasamningurinn og EES-samningurinn.

Evrópusambandið hefur verið aðili að Árósasamningnum frá því í maí 2005 og hafa verið gerðar breytingar á löggjöf þess í tengslum við fullgildingu hans. Snúa breytingarnar einkum að þeirri löggjöf er beinist að aðildarríkjum Evrópusambandsins. Árið 2003 voru samþykktar tvær tilskipanir vegna undirbúnings að fullgildingu samningsins. Annars vegar var tilskipun 2003/4/EB um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál. Hins vegar var um að ræða tilskipun 2003/35/EB um þátttöku almennings í gerð tiltekinna áætlana og framkvæmda í tengslum við umhverfismál, og breytingu á tilskipunum ráðsins 85/337/EEB og 91/61/EB, með tilliti til þátttöku almennings og aðgangs að réttlátri málsmeðferð. Eins og nafnið ber með sér snýr tilskipun 2003/35/EB annars vegar að annarri stoð Árósasamningsins og geymir ákvæði um þátttöku almennings í ákvarðanatöku og hins vegar að þriðju stoð hans. Þau

ákvæði sem lúta að þriðju stoðinni eru orðrétt þau sömu og koma fram í 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins og gefa því aðildarríkjunum svigrúm líkt og Árósasamningurinn við innleiðingu þeirra. Þá má nefna að ákvæði Árósasamningsins hafa haft áhrif á efni tilskipunar 2001/42/EB um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og tilskipunar 2000/60/EB um vatn og vatnabúskap. Enn hafa hins vegar ekki náð fram að ganga tillögur um breytingar á þeirri löggjöf sem snýr að innri starfsemi Evrópusambandsins og stofnunum þess. Árið 2003 var lögð fram tillaga að tilskipun um aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum (Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council on Access to Justice in Environmental Matters. COM(2003) 624) en hún hefur ekki verið samþykkt.

Af framangreindum tilskipunum sem snúa að aðildarríkjum Evrópusambandsins hafa allar nema tilskipun 2003/35/EB verið teknar upp í EES-samninginn. Tilskipun 2003/4/EB sem var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, og tilskipun 2001/42/EB sem var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Á fundi undirnefndar IV hjá EFTA-skrifstofunni 22. september 2005 var ákveðið að taka ekki tilskipun 2003/35/EB að sinni upp í EES-samninginn og var tilskipunin því tekin af dagskrá nefndarinnar um óákveðinn tíma. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að taka tilskipunina til umfjöllunar á ný og undirbúningur að upptöku hennar í EES-samninginn hafinn.

IV. Réttlát málsmeðferð skv. 9. gr. Árósasamningsins – val á leiðum.

Það var mat nefndar umhverfisráðherra sem skilaði skýrslu árið 2006 að tiltekin ákvæði 9. gr. Árósasamningsins kölluðu á lagabreytingar við fullgildingu hans. Verður hér nánar gerð grein fyrir einstaka ákvæðum 9. gr. samningsins og hvort og þá hvaða lagabreytingar eru taldar nauðsynlegar vegna þeirra. Eins og nánar er lýst í II. kafla gefur Árósasamningurinn aðildarríkjunum oft möguleika á vali á leiðum og er eftir því sem tilefni er til gerð grein fyrir mati á þeim leiðum sem koma til greina.

Réttlát málsmeðferð vegna upplýsingabeiðna, sbr. 1. mgr. 9. gr. Árósasamningsins.

Í 1. mgr. 9. gr. Árósasamningsins er mælt fyrir um rétt til endurskoðunar ákvarðana er snerta beiðni um upplýsingar um umhverfismál, sbr. 4. gr. Árósasamningsins. Taldi nefnd umhverfisráðherra sem skilaði skýrslu árið 2006 að Ísland uppfyllti skyldur sínar samkvæmt þessu ákvæði með lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, sem heimila að ákvarðanir um aðgang að upplýsingum um umhverfismál verði kærðar til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sbr. 15. gr. laganna. Í frumvarpinu eru því ekki lagðar til lagabreytingar vegna þessa ákvæðis Árósasamningsins.

Réttlát málsmeðferð – endurskoðunarleið, sbr. 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins.

Í 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins er fjallað um aðgang að endurskoðunarleið fyrir dómstólum og/eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila um hvort ákvarðanir, aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda, sem fjallað er um í 6. gr. Árósasamningsins, samræmist lögum að efni eða formi. Var það mat nefndar umhverfisráðherra sem skilaði skýrslu árið 2006 að gera þyrfti breytingar á lögum til að tryggja að unnt yrði að leggja ákvarðanir um útgáfu leyfa vegna matsskyldra framkvæmda fyrir dómstóla eða óháða og hlutlausa úrskurðaraðila til endurskoðunar og að umhverfisverndarsamtök geti átt aðild að slíkum málum. Í því sambandi væri unnt að velja á milli tveggja leiða. Annars vegar stjórnsýsluleiðar og hins vegar

dómstólaleiðar. Stjórnsýsluleiðin fæli í sér að ákvæðum tilgreindra laga á verkefnasviði umhverfis-, iðnaðar-, forsætis- og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis sem varða leyfi vegna framkvæmda sem haft geta umtalsverð áhrif á umhverfið yrði breytt og sett yrði á stofn sérstök úrskurðarnefnd til að fjalla um kærur vegna leyfisveitinganna. Þá yrði lögfest kæruheimild til handa umhverfisverndarsamtökum. Í dómstólaleiðinni fælist hins vegar að skilyrði fyrir aðgangi að dómstólum yrðu rýmkuð með setningu sérlaga. Með slíkri rýmkun yrði umhverfisverndarsamtökum veitt heimild til að leggja ákvarðanir um útgáfu leyfa vegna framkvæmda sem haft geta umtalsverð umhverfisáhrif fyrir dómstóla.

Í skýrslu starfshóps umhverfisráðuneytisins frá 2009 er lagt til að stjórnsýsluleiðin verði valin. Við mat sitt horfði starfshópurinn til skilyrða 9. gr. Árósasamningsins um að endurskoðunin taki bæði til efnis og forms og að hún sé fyrir óháðum og hlutlausum aðila svo og að endurskoðunarleiðin veiti fullnægjandi og virk úrræði, sé sanngjörn, réttlát, fljótvirk og ekki óhæfilega dýr. Í skýrslu starfshópsins kemur fram að taka þurfi afstöðu til þess hvort setja eigi á fót eina úrskurðarnefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða allar ákvarðanir sem falla undir samninginn eða hvort koma eigi upp fleiri en einni úrskurðarnefnd sem fjalli þá um tilteknar ákvarðanir sem falla undir verkefnasvið einstakra ráðuneyta. Starfshópurinn tók ekki afstöðu til þessa álitaefnis en setti þó fram þau sjónarmið að það samræmdist betur réttaröryggissjónarmiðum að setja á fót eina nefnd auk þess sem það tryggði betur samræmda málsmeðferð. Við smíði frumvarpsins var þetta álitaefni skoðað sérstaklega og kostir og gallar hvorrar leiðar vegnir. Ákvarðanir sem falla undir 9., sbr. 6. gr. Árósasamningsins, geta samkvæmt gildandi rétti verið háðar fleiri en einu leyfi sem ekki eru á ábyrgð sama stjórnvalds. Þannig kann ein og sama framkvæmdin að snerta fleiri en einn málaflokk og vera háð leyfum sem ekki eru öll á forræði sama ráðuneytis. Ef komið yrði á fót fleiri en einni úrskurðarnefnd kynnu því margar nefndir að fjalla um sömu framkvæmdina. Því fylgdu gallar sem reyndar væru flestir til staðar í gildandi kerfi þar sem ákvarðanir stofnana vegna leyfisumsókna væru kæranlegar til viðkomandi ráðherra. Helstu gallarnir voru taldir vera mögulegur skortur á samræmi við mat á þeim atriðum sem ráða niðurstöðu um hvort leyfa skuli framkvæmd og lúta að áhrifum framkvæmdar á umhverfið. Þessu tengt var talin hætta á að ekki að yrði horft heildstætt á viðkomandi framkvæmd og áhrif hennar. Einnig gæti það verið flóknara og kostnaðarsamara fyrir málsaðila að reka stjórnsýslumál fyrir mörgum nefndum en einni. Þá mætti ætla að það gæti einnig verið kostnaðarsamara fyrir ríkið að reka fleiri nefndir sem í mörgum tilvikum þyrftu að leggja mat á sömu gögn. Helsti kostur þess að setja á fót fleiri úrskurðarnefndir var talinn sú sérþekking sem myndast gæti á viðkomandi málaflokki og nýttist við úrlausn mála. Þá var bent á að stofnun fleiri úrskurðarnefnda væri í samræmi við núverandi framkvæmd leyfisveitinga og kallaði því á minni breytingar innan stjórnsýslunnar. Þá samræmdist það því formi sem almennt hefur verið á sjálfstæðum úrskurðarnefndum innan stjórnsýslunnar, þ.e. að þær eru settar á fót til að fjalla um ákveðna málaflokka. Gallar þess að setja á fót fleiri nefndir voru taldir vega þyngra en kostir þess og er því í frumvarpinu lagt til að sett verði á fót ein úrskurðarnefnd sem fjalli um kærur vegna ákvarðana sem falla undir Árósasamninginn. Samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Í frumvarpi um úrskurðarnefndina eru ákvæði um hlutverk nefndarinnar og skipan, kæruaðild, kærufrest og málsmeðferð að öðru leyti.

Réttlát málsmeðferð – aðild, sbr. 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins.

Í 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins er mælt fyrir um rétt almennings til að fá endurskoðaðar fyrir dómstólum og/eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila ákvarðanir, aðgerðir og aðgerðaleysi stjórnvalda vegna framkvæmda sem kunna að hafa áhrif á umhverfið og vísað er til í 6. gr. Árósasamningsins. Í 6. gr. a) er vísað til framkvæmda sem tilgreindar eru í viðauka I við samninginn. Eru það í öllum aðalatriðum sömu framkvæmdir og vísað er til í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum. Í 6. gr. b) er svo vísað til annarra framkvæmda sem ekki eru tilgreindar í viðaukanum en kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Ber samningsaðilum að ákvarða hvort svo sé. Hér undir falla framkvæmdir sem taldar eru í 2. viðauka við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og tekin er sérstök ákvörðun um hvort séu matsskyldar, sbr. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Í 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins er vísað til „ákvarðana“, „aðgerða“ og „aðgerðaleysis“ er snertir leyfisveitingu vegna þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæðið. Samkvæmt því á endurskoðunarvald úrskurðaraðilans að ná bæði til ákvarðana er lúta að undirbúningi að leyfisveitingu, svo og hinnar efnislegu ákvörðunar um útgáfu leyfis.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins skal endurskoðunarleið vera opin „almenningi sem málið varðar“ sem á „nægjanlegra hagsmuna að gæta“ eða heldur því fram „að gengið hafi verið á rétt þeirra“. „Almenningur sem málið varðar“ er skilgreindur sem einstaklingar eða lögpersónur samkvæmt landsrétti, félög þeirra, samtök og hópar sem verða fyrir eða er líklegt að verði fyrir áhrifum af eða eiga hagsmuna að gæta við ákvarðanatöku í umhverfismálum, sbr. 5., sbr. 4. tölul. 2. gr. samningsins. Í 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins kemur fram að það skuli ákvarðast eftir landslögum hvað teljist „nægjanlegir hagsmunir“ og hvenær talið sé að „gengið hafi verið á rétt“ og ávallt með það að markmiði að veita almenningi sem málið varðar víðtækan aðgang að réttlátri málsmeðferð innan ramma samningsins. Hagsmunir frjálsra félagasamtaka, sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla kröfur samkvæmt landslögum, skulu þó alltaf teljast nægjanlegir.

Í 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, kemur fram sú almenna regla að aðili máls geti kært stjórnvaldsákvörðun til þess að fá hana fellda úr gildi eða henni breytt. Á reglan við nema annað leiði af lögum eða venju. Í athugasemdum við VII. kafla í frumvarpi til stjórnsýslulaga kemur fram að kæruaðild er bundin við þá sem eiga „einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta“. Þá segir í athugasemdunum að það verði að meta heildstætt hverju sinni hversu verulegir hagsmunirnir eru og hversu náið þeir tengjast úrlausn máls. Gildandi reglur stjórnsýsluréttar gera því ráð fyrir að fram fari heildstætt mat hverju sinni á því hvort kærandi uppfylli kröfur stjórnsýslulaga um kæruaðild. Á sviði löggjafar um umhverfis- og skipulagsmál má finna sérreglur um kæruaðild umhverfisverndarsamtaka og hagsmunasamtaka, sbr. 5. mgr. 52. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Í 2. mgr. 74. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð, eru ákvæði um kæruaðild umhverfisverndar- og útivistarsamtaka. Samkvæmt öllum þessum ákvæðum eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök/útivistarsamtök sem varnarþing eiga á Íslandi kærurétt vegna ákvarðana sem snerta framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Umhverfisverndarsamtök eru skilgreind í m-lið 3. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum sem samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði, eru opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald. Útivistarsamtök eru skilgreind í 13. tölul. 3. gr. náttúruverndarlaga sem samtök sem hafa útivist og umhverfisvernd að

markmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald. Hagsmunasamtök eru ekki skilgreind í lögum um mat á umhverfisáhrifum eða skipulagslögum og virðast því ekki gerðar sambærilegar kröfur til þeirra.

Í skýrslu nefndar umhverfisráðherra frá árinu 2006 var ekki tekin afstaða til þess hvort breyta ætti gildandi reglum um kæruaðild vegna ákvarðana um framkvæmdir sem falla undir Árósasamninginn. Á því virðist hafa verið byggt að ákvæði gildandi laga samrýmist samningnum. Í skýrslu starfshóps umhverfisráðherra frá árinu 2009 er ekki heldur tekin afstaða til þessa en á það bent að ákveða þurfi áður en samningurinn er fullgiltur hvort víkka eigi núgildandi aðildarreglur. Í frumvarpi til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er lagt til að kæruaðild vegna tilgreindra ákvarðana stjórnvalda, þar á meðal ákvarðana um að leyfa framkvæmdir sem eru matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, verði opnuð öllum (actio popularis). Kæruaðild vegna annarra stjórnvaldsákvarðana en þeirra sem eru sérstaklega tilgreindar lúti hins vegar almennum reglum stjórnsýsluréttarins og verði því bundin við þá sem eiga lögvarða hagsmuni. Af framangreindum ákvæðum 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins um aðild að endurskoðunarleið fyrir dómstólum og/eða óháðum og hlutlausum aðila verður ekki leidd sú krafa að aðilum samningsins beri að opna fyrir aðild allra. Er aðilum samningsins veitt talsvert svigrúm til að laga aðildarreglur að gildandi réttarskipan svo lengi sem umhverfisverndarsamtökum sem uppfylla skilyrði landslaga er veitt aðild og fylgt er því markmiði að almenningi sem málið varðar sé veittur víðtækur aðgangur að réttlátri málsmeðferð. Fá dæmi eru um að aðildarríki Árósasamningsins hafi opnað fyrir aðild allra að stjórnsýslukærum vegna fullgildingar Árósasamningsins og hefur ekkert Norðurlandanna farið þá leið. Með opnun aðildar fyrir alla að kærum vegna stjórnvaldsákvarðana sem falla undir ákvæði 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins er því mörkuð sjálfstæð stefna sem veitir víðtækan rétt fyrir allan almenning til að fá endurskoðaðar ákvarðanir stjórnvalda sem varða mikilsverða umhverfishagsmuni. Nánar er fjallað um aðildarreglurnar í áðurnefndu frumvarpi til laga um úrskurðarnefnd auðlinda- og umhverfismála.

Réttlát málsmeðferð – aðgerðir og aðgerðaleysi einstaklinga og yfirvalda, sbr. 3. mgr. 9. gr. Árósasamningsins.

Í 3. mgr. 9. gr. er mælt fyrir um skyldu samningsaðila til að tryggja aðgang að stjórnsýsluleða dómstólaleið til að vefengja aðgerðir og aðgerðaleysi af hálfu einstaklinga og opinberra yfirvalda sem ganga gegn ákvæðum eigin landslaga um umhverfið. Slík leið skal opin almenningi sem uppfyllir skilyrði landslaga. Í skýrslu nefndar umhverfisráðherra frá árinu 2006 kemur fram að þetta ákvæði sé mjög óljóst og þarfnist túlkunar. Það var mat nefndarinnar að túlka megi ákvæðið svo að íslensk lög og reglur uppfylli kröfur þess. Í því sambandi benti nefndin á að ekki eru takmarkanir á því hverjir geti kært eða vakið athygli stjórnvalda á lögbrotum. Þá benti nefndin á að öllum er frjálst að gera athugasemdir við starfshætti stjórnvalda og að íslenskar stjórnsýslureglur skylda stjórnvöld til að svara erindum, sbr. álit umboðsmanns Alþingis nr. 3540/2002. Ef viðkomandi telur svör stjórnvalda óviðunandi geti hann leitað til umboðsmanns Alþingis. Nefndin gat þess einnig að aðildarríki Árósasamningsins hafa farið ólíkar leiðir við innleiðingu ákvæðisins og að Norðurlöndin virðast ekki hafa breytt gildandi lagareglum heldur talið kerfi svipað því sem hér er fullnægjandi. Í samræmi við framangreint er í frumvarpi þessu ekki gert ráð fyrir breytingum á lögum vegna 3. mgr. 9. gr. Árósasamningsins.

Réttlát málsmeðferð – virk úrræði og upplýsingamiðlun, sbr. 4. og 5. mgr. 9. gr. Árósasamningsins.

Ákvæði 4. mgr. 9. gr. gera kröfu um að tryggð séu virk úrræði vegna þeirra leiða sem mælt er fyrir um í 1.–3. mgr. 9. gr. og er sérstaklega vísað til lögbanns í því sambandi. Þá kemur efnislega fram að leiðirnar skuli vera sanngjarnar, réttlátar, tímanlegar og ekki óheyrilega dýrar. Í 5. mgr. er svo til viðbótar mælt fyrir um að virkni ákvæða 9. gr. skuli efld með því að tryggja að almenningur sé upplýstur um þær leiðir sem honum eru opnar og þá skuli athugað að koma á viðeigandi stuðningskerfum til að fjarlægja eða draga úr fjárhagslegum og öðrum hindrunum gegn aðgangi að réttlátri málsmeðferð. Eins og rakið hefur verið er gert ráð fyrir því að farin verði svonefnd stjórnsýsluleið. Helstu rökin fyrir því að fara þá leið eru að með því má tryggja skjótvirka endurskoðunarleið sem kostar lítið fyrir kæranda og veitir virk úrræði. Í því sambandi má nefna að kærandi getur í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sbr. einnig 5. gr. frumvarps til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, krafist þess að framkvæmdir sem leyfi lúta að verði stöðvaðar til bráðabirgða. Verður kærandi ekki krafinn um tryggingu vegna þessa. Af 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, leiðir að stjórnvald sem veitir leyfi til matsskyldra framkvæmda skal birta opinberlega ákvörðun um útgáfu leyfis. Í henni skal tilgreina kæruheimild og kærufrest eftir því sem við á. Er í frumvarpi þessu miðað við að þær kröfur sem gerðar eru í ákvæðum 4. og 5. mgr. 9. gr. Árósasamningsins séu þar með uppfylltar.

V. Löggjöf sem frumvarpið snertir.

Í skýrslu nefndar umhverfisráðherra frá árinu 2006 var settur saman listi yfir þær stjórnvaldsákvarðanir sem nefndin taldi að gætu átt undir 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins, sbr. fylgiskjal 2 með skýrslunni. Við undirbúning að þessu frumvarpi fór nefndin yfir listann og endurskoðaði hann með hliðsjón af lagabreytingum sem orðið hafa frá því hann var gerður. Þá taldi nefndin að sum þeirra leyfa og áætlana sem voru á lista nefndarinnar frá árinu 2006 væru ekki þess eðlis rétt væri að fella þau undir 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins. Um er að ræða leyfi sem eru á verksviði umhverfisráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og forsætisráðuneytis. Ekki eru lagðar til breytingar á lista nefndarinnar frá árinu 2006 vegna leyfa sem nú falla undir iðnaðarráðuneytið, aðrar en þær sem leiðir af lagabreytingum sem samþykktar hafa verið frá því skýrslan var gefin út.

Almennt séð er fylgt þeirri stefnumörkun að allar ákvarðanir er varða veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum verði kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Er með því átt við allar stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru í tengslum við útgáfu leyfis, endurskoðun eða afturköllun þess en ekki formákvarðanir sem ekki teljast sem slíkar stjórnvaldsákvarðanir í skilningi stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Almennt séð sæta stjórnvaldsákvarðanir sem tengjast framkvæmd leyfis og starfsemi sem fram fer á grundvelli leyfis hins vegar kæru til viðkomandi ráðherra, nema önnur skipan sé ákveðin í gildandi lögum, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Löggjöf sem frumvarpið snertir.

Sjávar- og landbúnaðarráðuneyti.

Lög nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 71/2008, um fiskeldi.

Iðnaðarráðuneyti.

Lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.
Raforkulög, nr. 65/2003.
Vatnalög, nr. 15/1923.
Lög nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.
Lög nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Umhverfisráðuneyti.

Lög nr. 44/1999, um náttúruvernd.
Lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.
Lög nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.
Lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.
Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.
Skipulagslög, nr. 123/2010.
Lög nr. 54/1955, um vernd Breiðafjarðar.
Lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.
Lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.
Lög nr. 106/200, um mat á umhverfisáhrifum.
Lög nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
Lög nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna.
Lög nr. 160/2010, um mannvirki.
Lög nr. 6/2006, um tóbaksvarnir.[1]

Þær ákvarðanir sem nefnd umhverfisráðherra mat að féllu undir ákvæði 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins en ekki er lagt til að falli undir frumvarpið eru eins og áður segir á verksviði umhverfisráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og forsætisráðuneytis.

Umhverfisráðuneyti.

Leyfi til að reka dýragarða samkvæmt lögum nr. 15/1994, um dýravernd, voru meðal þeirra leyfa sem nefndin frá árinu 2006 taldi að féllu undir Árósasamninginn. Við nánari skoðun var það mat nefndarmanna sem unnu að gerð frumvarps þessa að leyfi til að reka dýragarð samkvæmt lögum um dýravernd grundvallist ekki á framkvæmd sem er háð mati á umhverfisáhrifum heldur á dýraverndarsjónarmiðum. Framkvæmdir vegna dýragarða geti vissulega verið matsskyldar skv. f-lið 12. tölul. 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum. Þegar svo er verður skýrsla um mat á umhverfisáhrifum lögð til grundvallar öðrum leyfum sem slíkir garðar þurfa, þar á meðal framkvæmda- eða byggingaleyfi á grundvelli skipulagslaga, nr. 123/2010, eða laga um mannvirki, nr. 160/2010.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Það var mat nefndarinnar sem vann að frumvarpi þessu að landshlutaáætlun samkvæmt lögum um landshlutaverkefni í skógrækt, nr. 95/2006, fæli ekki í sér stjórnvaldsákvörðun sem sætt gæti endurskoðun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þá var það mat nefndarinnar, að fenginni umsögn Matvælastofnunar, að skýrsla um mat á umhverfisáhrifum yrði ekki lögð til grundvallar vinnslu- og starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðjur samkvæmt

---

[1] Lög þessi eru á forræði velferðarráðuneytis en eru hér flokkuð með lögum er heyra undir umhverfisráðuneyti í ljósi þess að ákvarðanir þær sem um er að ræða skv. 4. mgr. 17. gr. laganna eru í dag kæranlegar til úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir.

lögum nr. 55/1998, um sjávarafurðir. Slíkar verksmiðjur geta verið matsskyldar, sbr. h-lið 7. tölul. 2. viðauka. Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum getur hins vegar verið lögð til grundvallar við útgáfu annarra leyfa, þ.m.t. starfsleyfis til handa slíkum verksmiðjum á grundvelli laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og framkvæmda- eða byggingarleyfis á grundvelli skipulagslaga, nr. 123/2010, eða mannvirkjalaga, nr. 160/2010. Sambærileg sjónarmið lágu til grundvallar því að ekki var talið að leyfi til framleiðslu og dreifingar matvæla á grundvelli laga nr. 93/1995, um matvæli, féllu undir 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins enda þótt ýmis matvælaframleiðsla á verndarsvæðum geti verið matsskyld skv. 7. tölul. 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum. Fékk nefndin umsögn Matvælastofnunar vegna þessa.

Forsætisráðuneytið.

Það var mat nefndarinnar frá árinu 2006 að leyfi skv. 2. og 3. mgr. 3. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, ætti að heyra undir reglur 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins þar sem þær framkvæmdir sem þar eru taldar falla undir 1. eða 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum. Ekki er þó sjálfgefið að svo sé í ljósi þess hlutverks sem forsætisráðherra er falið samkvæmt lögunum, þ.e. að koma fram fyrir hönd ríkisins sem eiganda lands og viðkomandi auðlinda og gæða innan þjóðlendna. Er tæplega eðlilegt að ákvarðanir sem honum er ætlað að taka eða eiga úrskurðarvald um á grundvelli hins sérstaka eignarhalds ríkisins verði endurskoðaðar af sjálfstæðri úrskurðarnefnd. Verður heldur ekki séð að þess sé nauðsyn þar sem matsskyldar framkvæmdir sem um kann að vera að ræða eru allar leyfisskyldar samkvæmt öðrum lögum, svo sem lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, og skipulagslögum, nr. 123/2010, og lúta sem slíkar reglum 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Breyting á lögum um lax- og silungsveiði.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru gerðar breytingar á 36. gr. laganna. Þær fela það í sér að ákvarðanir Fiskistofu um leyfi til mannvirkjagerðar í eða við veiðivötn, sbr. 33. gr. laganna, og ákvarðanir Fiskistofu um leyfi til að gera fiskvegi eða önnur sambærileg mannvirki, sbr. 34. gr. laganna, svo og aðrar ákvarðanir sem Fiskistofa tekur skv. V. kafla laganna, þ.m.t. skv. 35. gr. laganna, verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í stað ráðherra. Samkvæmt ákvæðinu fer um kæruaðild, kærufrest og málsmeðferð eftir lögum um úrskurðarnefndina. Í þessu felst m.a. að kæruaðild vegna ákvarðana um að veita leyfi til framkvæmda sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum er opin öllum en ekki bundin við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eins og almennar reglur stjórnsýslulaga gera ráð fyrir. Um aðild að kærum vegna annarra ákvarðana sem verða samkvæmt þessari grein kærðar til nefndarinnar fer á hinn bóginn samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttarins. Þá felst í þessu að kærufrestur verður einn mánuður í stað hins almenna kærufrests 27. gr. stjórnsýslulaga sem er þrír mánuðir.

Breyting á lögum um fiskeldi.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 4. gr. laganna. Þær fela það í sér að ákvarðanir Fiskistofu er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rekstrarleyfis til fiskeldis, sbr. III. og V. kafla laganna, verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ákvarð-

anir sem teknar eru á gildistíma leyfis og lúta að öðru en afturköllun verða áfram kærðar til ráðherra. Samkvæmt ákvæðinu fer um kæruaðild, kærufrest og málsmeðferð eftir lögum um úrskurðarnefndina. Í þessu felst m.a. að kæruaðild vegna ákvarðana um leyfi til framkvæmda sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum er opin öllum en ekki bundin við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eins og almennar reglur stjórnsýslulaga gera ráð fyrir. Um aðild að kærum vegna annarra ákvarðana sem verða samkvæmt þessari grein kærðar til nefndarinnar fer á hinn bóginn samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttarins. Þá felst í þessu að kærufrestur verður einn mánuður í stað hins almenna kærufrests 27. gr. stjórnsýslulaga sem er þrír mánuðir.

Breyting á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Um 3. gr.

Samkvæmt ákvæðum laganna eins og þau nú standa er ráðherra falið að taka ákvarðanir um að veita leyfi samkvæmt lögunum. Hann getur þó skv. 2. mgr. 33. gr. falið Orkustofnun leyfisveitingarvaldið. Í frumvarpi þessu, svo og frumvarpi til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, felst að ákvarðanir um að veita leyfi samkvæmt lögunum verði kærðar til úrskurðarnefndarinnar en ekki ráðherra. Eru breytingarnar gerðar til að uppfylla kröfur Árósasamningsins um að úrskurðaraðili sé óháður og hlutlaus. Þykir því eðlilegt að breyta lögunum á þann veg að Orkustofnun fari með leyfisveitingarvaldið lögum samkvæmt. Í greininni er að finna breytingar á ýmsum ákvæðum laganna vegna þessa.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru gerðar breytingar á 33. gr. laganna sem fela það í sér að ákvarðanir sem Orkustofnun tekur um veitingu, endurskoðun og afturköllun rannsóknar- og nýtingarleyfis skv. 4., 6., 20. og 34. gr. laganna verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í stað ráðherra. Ákvarðanir sem teknar eru á gildistíma leyfis og lúta að öðru en endurskoðun eða afturköllun leyfis verða áfram kærðar til ráðherra. Sama gildir um aðrar ákvarðanir Orkustofnunar samkvæmt lögunum sem ekki varða útgáfu, endurskoðun eða afturköllun leyfis. Samkvæmt ákvæðinu fer um kæruaðild, kærufrest og málsmeðferð eftir lögum um úrskurðarnefndina. Í þessu felst m.a. að kæruaðild vegna ákvarðana um að leyfa framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum er opin öllum en ekki bundin við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eins og almennar reglur stjórnsýslulaga gera ráð fyrir. Um aðild að kærum vegna annarra ákvarðana sem verða samkvæmt þessari grein kærðar til nefndarinnar fer á hinn bóginn samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttarins. Þá felst í þessu að kærufrestur verður einn mánuður í stað hins almenna kærufrests 27. gr. stjórnsýslulaga sem er þrír mánuðir.

Breyting á raforkulögum.

Um 5. gr.

Lagt er til að tiltekin leyfi sem veitt eru samkvæmt lögunum verði veitt af Orkustofnun. Um er að ræða virkjunarleyfi skv. 1. mgr. 4. gr. laganna, leyfi til að reisa flutningslínur skv. 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 11. gr. laganna, sérleyfi til dreifingar raforku skv. 13. gr. laganna og leyfi til að stunda raforkuviðskipti skv. 1. mgr. 18. gr. þeirra. Í lögunum er nú gert ráð fyrir að ráðherra veiti þessi leyfi en að honum sé heimilt að fela Orkustofnun leyfisveitingarvaldið, sbr. 32. gr. laganna. Í ljósi þess að lagt er til að ákvarðanir um veitingu leyfa skv. 1.

mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 11. gr. verði kæranlegar til sjálfstæðrar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 8. gr. frumvarpsins, er eðlilegt að lögin mæli fyrir um að leyfin skuli veitt af Orkustofnun. Ekki er ástæða til að gera að þessu leyti greinarmun á þeim ákvörðunum sem kærðar verða til úrskurðarnefndarinnar og þeim sem verða kærðar til ráðherra.

Um 6. gr.

Brottfall 32. gr. laganna leiðir af ákvæðum 5. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 34. gr. laganna leiðir af ákvæðum 5. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í þessari grein er lagt til að 2. mgr. 37. gr. verði breytt á þá leið að ákvarðanir Orkustofnunar um að veita virkjunarleyfi skv. 1. mgr. 4. gr. laganna og leyfi til að reisa flutningslínur skv. 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 11. gr. laganna verði kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í stað ráðherra. Ákvarðanir sem teknar eru á gildistíma leyfis og lúta að öðru en endurskoðuna og afturköllun verða áfram kærðar til ráðherra. Samkvæmt ákvæðinu fer um kæruaðild, kærufrest og málsmeðferð þeirra ákvarðana sem verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála eftir lögum um úrskurðarnefndina. Kærufrestur er samkvæmt því nær óbreyttur eða einn mánuður í stað 30 daga. Þá verður kæruaðild opin öllum vegna ákvarðana um að leyfa framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum en kæruaðild er samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttarins bundin við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta.

Breyting á vatnalögum.

Um 9. gr.

Lagt er til að ákvarðanir sem ráðherra tekur skv. VI. kafla vatnalaga um vatnsmiðlun, 3. mgr. 75. gr. um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna og 133. gr. um vatnsvirki verði teknar af Orkustofnun. Er það gert þar sem lagt er til að ákvarðanir um að ráðast í mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir eða leyfa mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir samkvæmt þessum ákvæðum verði kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Í þessari grein er tekið fram að allar ákvarðanir sem Orkustofnun er falið að taka samkvæmt lögunum og snerta mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir skv. VI., VII. og XIV. kafla laganna verði kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Sama á við um endurskoðun og afturköllun leyfa vegna slíkra framkvæmda. Í aðalatriðum er hér um að ræða ákvarðanir um mannvirkjagerð og framkvæmdir sem teknar eru skv. 68., 69. gr. og 70. gr. laganna, svo og 74. gr. um niðurlagningu mannvirkja. Þá er um að ræða leyfi til framkvæmda til varnar landi og landnytjum gegn ágangi vatns, sbr. 3. mgr. 75. gr., svo og leyfi til ráðstafana sem tilgreindar eru í 133. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu fer um kærufrest, kæruaðild og málsmeðferð eftir lögum um úrskurðarnefndina sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Í því felst m.a. að kæruaðild er opin öllum vegna ákvarðana um að leyfa framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum en ekki bundin við þá sem eiga lögvarða hagsmuni

eins og leiðir af almennum reglum stjórnsýsluréttar. Þá felst í þessu að kærufrestur verður einn mánuður í stað hins almenna kærufrests 27. gr. stjórnsýslulaga sem er þrír mánuðir.

Breyting á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Um 11. gr.

Í þessari grein er lagt til að ný grein bætist við sem verði 30. gr. b. Í henni verði kveðið á um að ákvarðanir sem Orkustofnun tekur samkvæmt lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis og varða útgáfu leyfis og endurskoðun eða afturköllun leyfis verði kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um er að ræða leyfi til leitar skv. 4. gr. og rannsóknar- og vinnsluleyfi skv. 7. gr., svo og leyfi Orkustofnunar til einstakra framkvæmda, sbr. t.d. 14.–18. gr. og 20. gr. laganna. Aðrar ákvarðanir sem teknar eru á gildistíma leyfis og lúta að öðru en endurskoðun og afturköllun þess verða kærðar til iðnaðarráðherra. Samkvæmt ákvæðinu fer um kæruaðild, kærufrest og málsmeðferð vegna þeirra ákvarðana sem sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála eftir lögum um úrskurðarnefndina, sbr. frumvarp það sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Í því felst m.a. að kæruaðild vegna ákvarðana um að leyfa framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum er opin öllum en ekki bundin við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eins og leiðir af almennum reglum stjórnsýsluréttarins. Þá verður kærufrestur einn mánuður en ekki þrír eins og mælt er fyrir um í 27. gr. stjórnsýslulaga.

Breyting á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að Orkustofnun taki ákvarðanir um veitingu leyfa til leitar, töku eða nýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skv. 2. og 3. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Eins og þessi ákvæði nú standa fer ráðherra með þetta vald en getur falið Orkustofnun það, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna. Í 13. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvarðanir um leyfi samkvæmt lögunum verði kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Er því eðlilegra að kveða á um það í lögum að leyfisveitingarvaldið sé hjá Orkustofnun.

Um 13. gr.

Lagt er til að ákvarðanir um veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögunum verði kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Aðrar ákvarðanir sem teknar eru á gildistíma leyfis og lúta að öðru en endurskoðun eða afturköllun þess verða áfram kærðar til ráðherra. Í samræmi við þessar breytingar og þær breytingar sem lagðar eru til í 12. gr. frumvarpsins fellur 1. mgr. 6. gr. laganna niður. Samkvæmt ákvæðinu fer um kæruaðild, kærufrest og málsmeðferð eftir lögum um úrskurðarnefndina. Í því felst m.a. að kæruaðild vegna ákvarðana um að leyfa framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum er opin öllum en ekki bundin við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eins og leiðir af almennum reglum stjórnsýsluréttarins. Þá verður kærufrestur einn mánuður en ekki þrír eins og mælt er fyrir um í 27. gr. stjórnsýslulaga.

Breyting á lögum um náttúruvernd.

Um 14. gr.

Í þessari grein er lagt til að ákvarðanir skv. 41. gr. laganna verði framvegis teknar af Umhverfisstofnun en ekki ráðherra. Leiðir breytinguna af því að lagt er til að úrskurðarnefnd

umhverfis- og auðlindamála úrskurði í ágreiningsmálum vegna þessara ákvarðana, sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er 74. gr. breytt að því leyti að ákvarðanir Umhverfisstofnunar skv. 38. og 41. gr. verða kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í stað ráðherra. Þá fer um aðild, kærufrest og málsmeðferð þeirra mála samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. Í því felst m.a. að aðild vegna ákvarðana um að leyfa framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum er opin öllum. Er um að ræða talsverða rýmkun aðildar frá gildandi reglum. Þannig þurfa einstaklingar ekki að sýna fram á lögvarða hagsmuni og umhverfisverndarsamtök og önnur samtök þurfa ekki að uppfylla formskilyrði á borð við þau sem nú er gerð krafa um. Einnig er rétt að geta þess að kærufrestur styttist og verður einn mánuður en ekki þrír eins og hinn almenni kærufrestur 27. gr. stjórnsýslulaga.

Breytingarnar sem lagðar eru til í 2. mgr. leiðir af breytingum í 1. mgr.

Breyting á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Um 16. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 28. gr. laganna sem fela það í sér að samþykki Umhverfisstofnunar fyrir lagningu sæstrengja og neðansjávarleiðslna verður kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest og málsmeðferð vegna kærunnar fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. Í því felst m.a. að kæruaðild vegna ákvarðana um að leyfa framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum er opin öllum en ekki bundin við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eins og leiðir af almennum reglum stjórnsýsluréttarins. Þá verður kærufrestur einn mánuður en ekki þrír eins og mælt er fyrir um í 27. gr. stjórnsýslulaga.

Breyting á lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Um 17. gr.

Í þessari grein er lagt til að ný grein bætist við lögin sem verði 11. gr. þeirra og að núgildandi 11. gr. verði 12. gr. Í greininni er kveðið á um að ákvarðanir Umhverfisstofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa skv. 3. gr. verði kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í stað ráðherra. Um kæruaðild, kærufrest og málsmeðferð fari samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. Í því felst m.a. að kæruaðild vegna ákvarðana um að leyfa framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum er opin öllum en ekki bundin við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eins og leiðir af almennum reglum stjórnsýsluréttarins. Þá verður kærufrestur einn mánuður en ekki þrír eins og mælt er fyrir um í 27. gr. stjórnsýslulaga.

Breyting á lögum um meðhöndlun úrgangs.

Um 18. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 39. gr. laganna sem fela það í sér að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála tekur við hlutverki úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarna skv. 1. mgr. 39. gr. Hingað til hafa ákvarðanir Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfa verið kæranlegar til ráðherra en ákvarðanir heilbrigðisnefndar um útgáfu starfsleyfa til úrskurðarnefndar. Með þeim breytingum sem lagðar eru til verða hins vegar allar ákvarðanir um útgáfu starfsleyfa skv. 5. gr. laganna kærðar til úrskurðarnefndarinnar. Um kæruaðild,

kærufrest og málsmeðferð fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. Í því felst m.a. að kæruaðild vegna starfsleyfa móttökustöðva fyrir meðhöndlun úrgangs sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum er opin öllum en ekki bundin við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eins og leiðir af almennum reglum stjórnsýsluréttarins. Þá verður kærufrestur einn mánuður en ekki sex vikur eins og 1. málsl. 2. mgr. 39. gr. gerir nú ráð fyrir.

Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 19. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 31. gr. laganna. Meginbreytingin felst í því að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er ætlað að leysa af hólmi úrskurðarnefnd hollustuhátta og mengunarvarna. Þá er gert ráð fyrir því að ákvarðanir um útgáfu starfsleyfis, sem nú sæta kæru til ráðherra verði kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um kæruaðild, kærufrest og málsmeðferð fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. Í því felst m.a. að kæruaðild vegna starfsleyfa vegna framkvæmda sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum er opin öllum en ekki bundin við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eins og leiðir af almennum reglum stjórnsýsluréttarins. Þá verður kærufrestur einn mánuður. Hann er styttri en hinn almenni kærufrestur 27. gr. stjórnsýslulaga en lengri en sá tveggja vikna frestur sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 32. gr. vegna starfsleyfa sem kærð verða til ráðherra. Einnig leiðir af málsmeðferðarreglum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála að hámarksmálsmeðferðartími verður lengri en almennt samkvæmt lögum nr 7/1998 eða þrír til sex mánuðir í stað fjögurra til átta vikna. Er horft til þess að samræma að mestu leyti þá fresti sem gilda vegna málsmeðferðar fyrir úrskurðarnefndinni.

Um 20. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 32. gr. laganna falli brott. Leiðir það af öðrum breytingum sem lagðar eru til á lögunum í 19. gr. frumvarpsins.

Breyting á skipulagslögum.

Um 21.–23. gr.

Í þessum greinum eru lagðar til breytingar á 13. og 52. gr. laganna. Með breytingum á 52. gr. er úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála lögð niður. Við hlutverki hennar tekur úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um hlutverk úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, skipan hennar, kæruaðild, kærufresti og málsmeðferð er mælt fyrir í frumvarpi til laga um úrskurðarnefndina og leysa þau ákvæði önnur ákvæði 52. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010 af hólmi. Aðrar breytingar snerta m.a. aðild að málum sem kærð verða til nefndarinnar. Meginreglan verður sú að aðeins þeir sem eiga lögvarða hagsmuni af úrlausn máls geta kært ákvarðanir til nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarps til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Sé hins vegar um að ræða leyfi til framkvæmda sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum er kæruaðildin opin öllum. Ekki nægir að framkvæmdin falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum heldur verður hún að vera matsskyld annaðhvort vegna þess að hún fellur undir 1. viðauka við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, eða ákvörðun liggur fyrir um matsskyldu skv. 6. eða 7. gr. laganna.

Breyting á lögum um vernd Breiðafjarðar.

Um 24. gr.

Í greininni er lagt til að ný málsgrein bætist við 6. gr. laganna. Er þar lagt til að kærur vegna ákvarðana sem Umhverfisstofnun tekur á grundvelli laganna um útgáfu leyfa, endurskoðun og afturköllun þeirra sæti kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í stað ráðherra. Um kæruaðild, kærufrest og málsmeðferð fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. Í því felst m.a. að kæruaðild vegna ákvarðana um að leyfa framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum er opin öllum en ekki bundin við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eins og leiðir af almennum reglum stjórnsýsluréttarins. Þá verður kærufrestur einn mánuður en ekki þrír eins og mælt er fyrir um í 27. gr. stjórnsýslulaga.

Breyting á lögum um eiturefni og hættuleg efni.

Um 25. gr.

Í a-lið greinarinnar eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 4. gr. laganna sem fela það í sér að leyfi til að framleiða eiturefni verði veitt af Umhverfisstofnun í stað umhverfisráðherra. Tengist sú breyting tillögum b-liðar greinarinnar um að ákvarðanir um veitingu, endurskoðun og afturköllun þessara leyfa verði kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Lagt er til að um kæruaðild, kærufrest og málsmeðferð vegna þessara kæra fari samkvæmt ákvæðum laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, sbr. frumvarp um nefndina sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Í því felst m.a. að kæruaðild vegna ákvarðana um að leyfa framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum er opin öllum en ekki bundin við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eins og leiðir af almennum reglum stjórnsýsluréttarins. Þá verður kærufrestur einn mánuður en ekki þrír eins og mælt er fyrir um í 27. gr. stjórnsýslulaga. Aðrar ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt lögunum verða áfram kæranlegar til ráðherra og fer um þá málsmeðferð samkvæmt stjórnsýslulögum. Á það m.a. við um ákvarðanir sem teknar eru á gildistíma leyfis og varða framkvæmd þess og starfsemi leyfishafa samkvæmt lögunum.

Breyting á lögum um erfðabreyttar lífverur.

Um 26. gr.

Í greininni er lagt til að 29. gr. laganna verði breytt á þann veg að allar ákvarðanir Umhverfisstofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfis samkvæmt lögunum verði kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í stað umhverfisráðherra. Ákvarðanir sem teknar eru eftir útgáfu leyfis og snerta framkvæmd þess og starfsemi leyfishafa samkvæmt lögunum verða samkvæmt þessu kærðar til ráðherra. Um málsmeðferðina fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, sbr. frumvarp um nefndina sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Í því felst m.a. að kæruaðild vegna ákvarðana um að veita leyfi til sleppingar og dreifingar erfðabreyttra lífvera og leyfi til markaðssetningar á erfðabreyttum lífverum og vörum unnum úr þeim er ekki bundin við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eins og leiðir af almennum reglum stjórnsýsluréttarins. Þá verður kærufrestur einn mánuður en ekki þrír eins og mælt er fyrir um í 27. gr. stjórnsýslulaga.

Breyting á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Um 27. gr.

Í 14. gr. laganna er mælt fyrir um að ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu skv. 6. gr. laganna, sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum skv. 2. mgr. 5. gr. og um endurskoðun matsskýrslu skv. 12. gr. laganna verði kærðar til ráðherra. Aðild að þessum kærum er opin fyrir umhverfisverndarsamtök og hagsmunasamtök sem uppfylla ákveðin skilyrði. Lagt er til að þessar ákvarðanir Skipulagsstofnunar verði framvegis kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Enda þótt ákvarðanir um matsskyldu snerti ekki útgáfu leyfis ráða þær úrslitum um rétt almennings til frekari þátttöku í ákvarðanatöku vegna leyfisveitinga og til réttlátrar málsmeðferðar. Þykir því rétt að þessar ákvarðanir fáist endurskoðaðar fyrir óháðum og hlutlausum úrskurðaraðila líkt og ákvarðanir er lúta að útgáfu leyfis. Ákvarðanir um sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum og um endurskoðun matsskýrslu eru sömuleiðis mikilvægur þáttur í afmörkun málsmeðferðar. Um málsmeðferð vegna kæru er mælt í frumvarpi til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Um 28. gr.

Lagt er til að 15. gr. laganna falli brott þar sem óþarft er að mæla fyrir um málsmeðferð samkvæmt skipulagslögum í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Um málsmeðferðina fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

Breyting á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Um 29. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til í þessari grein á 11. gr. laganna leiðir af því að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála er lögð niður og verkefni hennar falin úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál. Um þá nefnd er í fjallað í frumvarpi til laga um úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Um málsmeðferðina fer samkvæmt ákvæðum þess frumvarps.

Breyting á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Um 30. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til í þessari grein á 22. gr. laganna leiðir af því að úrskurðarnefnd hollustuhátta og mengunarvarna er lögð niður og verkefni hennar falin úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um þá nefnd er í fjallað í frumvarpi til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Um málsmeðferðina fer samkvæmt ákvæðum þess frumvarps.

Breyting á lögum um mannvirki.

Um 31. og 32. gr.

Í þessum greinum eru lagðar til breytingar á 17. og 59. gr. laganna. Skv. 22. gr. frumvarpsins er úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála lögð niður. Tekur úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála við hlutverki hennar. Um hlutverk úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, skipan hennar, kæruaðild, kærufresti og málsmeðferð er mælt fyrir um í frumvarpi til laga um úrskurðarnefndina og leysa þau ákvæði 59. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010, af hólmi. Aðrar breytingar snerta m.a. aðild að málum sem kærð verða til nefndarinnar. Meginreglan verður sú að aðeins þeir sem eiga lögvarða hagsmuni af úrlausn máls

geta kært ákvarðanir til nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarps til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Sé hins vegar um að ræða leyfi til framkvæmda sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum er kæruaðildin opin öllum. Ekki nægir að framkvæmdin falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum heldur verður hún að vera matsskyld annaðhvort vegna þess að hún fellur undir 1. viðauka við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, eða ákvörðun liggur fyrir um matsskyldu skv. 6. eða 7. gr. laganna.

Breyting á lögum um tóbaksvarnir.

Um 33. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 17. gr. laganna leiðir af því að úrskurðarnefnd hollustuhátta og mengunarvarna er lögð niður og verkefni hennar falin úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um þá nefnd er í fjallað í frumvarpi til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Um málsmeðferðina fer samkvæmt ákvæðum þess frumvarps. Eins og fram hefur komið varðar frumvarp þetta löggjöf sem fellur undir umhverfis-, sjávarútvegs- og landbúnaðar- og iðnaðarráðuneyti. Hér er hins vegar um undantekningu að ræða þar sem lög um tóbaksvarnir falla undir velferðarráðuneytið. Lögin eru þó í frumvarpinu flokkuð með lögum er heyra undir umhverfisráðuneyti í ljósi þess að þær ákvarðanir heilbrigðisnefnda sem um er að ræða skv. 4. mgr. 17. gr. laganna eru í dag kæranlegar til úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála en tilgangur þeirra er að aðlaga íslenska löggjöf að ákvæðum Árósasamningsins um aðgang almennings að upplýsingum og þátttöku í ákvarðanatöku og réttlátri málsmeðferð í málum sem varða umhverfið. Í þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á ýmsum lagaákvæðum í það horf að í stað ráðherra fari undirstofnun með leyfisveitingarvald og úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála með úrskurðarvald.

Frumvarp þetta er eins og áður sagði flutt samhliða frumvarpi til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Vísað er í umsögn fjármálaráðuneytis um það frumvarp hvað varðar mat á áhrifum af lögfestingu þeirra á útgjöld ríkissjóðs.

1228. Frumvarp til laga [709. mál]

um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.
Hlutverk.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnaratriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á þessu sviði. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð í störfum sínum.

2. gr.
Nefndarskipan.

Ráðherra skipar sjö menn í nefndina og jafnmarga til vara. Einn nefndarmanna, sem skal vera formaður hennar og forstöðumaður og hafa starfið að aðalstarfi, er skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hann skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Staðgengill forstöðumanns er varamaður formanns. Hann er ráðinn af forstöðumanni og skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og hann. Aðrir nefndarmenn eru skipaðir til fjögurra ára í senn. Fjórir þeirra skulu tilnefndir af Hæstarétti. Þeir skulu allir hafa háskólapróf. Einn skal hafa sérþekkingu á sviði skipulagsmála, einn á sviði byggingarmála og einn á sviði umhverfismála. Einn skal hafa embættispróf í lögfræði eða annað háskólapróf sem verður metið jafngilt. Ráðherra sá sem fer með málefni sjávarútvegs tilnefnir einn nefndarmann og skal hann hafa háskólapróf og sérþekkingu á sviði fiskifræði og/eða veiðimála. Ráðherra sá sem fer með málefni orkumála og/eða jarðrænna auðlinda tilnefnir einn nefndarmann og skal hann hafa háskólapróf og sérþekkingu á sviði orkumála og/eða jarðvísinda. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

3. gr.
Starfshættir.

Forstöðumaður úrskurðarnefndarinnar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber ábyrgð á fjárhag hennar og daglegum rekstri. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk nefndarinnar.

Að jafnaði skulu þrír nefndarmenn eiga sæti í úrskurðarnefndinni um hvert mál sem nefndinni berst. Ef mál er viðamikið eða fordæmisgefandi skulu fimm menn sitja í nefndinni. Formaður ákvarðar hvernig nefndin er skipuð í hverju máli og hvort hún er skipuð þremur eða fimm mönnum. Skal hann gæta þess að í nefndinni eigi sæti þeir sem besta þekkingu hafa til úrlausnar málsins. Formaður eða varaformaður eiga sæti í nefndinni í öllum málum.

Nefndin getur falið formanni hennar að úrskurða í málum sem eru einföld úrlausnar og varða ekki verulega hagsmuni. Nefndin setur fullskipuð nánari reglur um hvenær heimildinni verður beitt.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Starfa þeir með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.

4. gr.

Málsmeðferð og kæruaðild.

Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og undirrituð. Þar skal koma fram hver er kærandi, hvaða ákvörðun er kærð, kröfur kæranda og rök fyrir kæru. Úrskurðarnefndin getur ákveðið að kæra skuli borin fram á sérstöku eyðublaði sem hún skal þá hafa aðgengilegt fyrir alla.

Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Það á þó ekki við ef mælt er fyrir um annan kærufrest í þeim lögum sem kæranleg ákvörðun byggist á. Sé um að ræða ákvarðanir sem sæta opinberri birtingu telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvarðanir til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda ákvörðun sem kæra á. Sé um að ræða eftirtaldar ákvarðanir þarf sá sem kærir þó ekki að sýna fram á lögvarða hagsmuni:

a. ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda, sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum og endurskoðun matsskýrslu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum,
b. ákvarðanir um að veita leyfi til framkvæmda sem eru matsskyldar skv. III. kafla laga um mat á umhverfisáhrifum,
c. ákvarðanir um að veita leyfi samkvæmt lögum um erfðabreyttar lífverur til sleppingar eða dreifingar erfðabreyttra lífvera eða markaðssetningar á erfðabreyttum lífverum eða vörum sem innihalda þær.

Þegar kæra berst nefndinni tilkynnir hún stjórnvaldi því sem tók hina kærðu ákvörðun um kæruna og veitir því allt að 30 daga frest til að skila gögnum og umsögn um málið. Stjórnvaldinu er skylt að láta nefndinni í té öll þau gögn og upplýsingar sem tengjast málinu og nefndin telur þörf á að afla. Í viðamiklum málum getur nefndin veitt allt að 15 daga viðbótarfrest. Nefndin aflar viðbótargagna og umsagna og kynnir sér aðstæður á vettvangi þegar þörf er á til að mál teljist nægjanlega upplýst. Hefur hún til þess sömu heimildir og stjórnvald það sem tók hina kærðu ákvörðun.

Ef kæra er bersýnilega tilefnislaus eða höfð uppi í þeim tilgangi að tefja fyrir framkvæmd getur nefndin úrskurðað kæranda til að greiða málskostnað sem rennur í ríkissjóð.

Nefndin kveður upp úrskurð eins fljótt og kostur er og jafnan innan þriggja mánaða frá því málsgögn bárust frá stjórnvaldi, sbr. 4. mgr., en innan sex mánaða frá sama tímamarki sé mál viðamikið.

Formaður, eftir atvikum varaformaður, stýrir störfum nefndarinnar við umfjöllun máls. Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls.

Um málsmeðferð nefndarinnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

5. gr.

Stöðvun framkvæmda.

Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Kærandi getur þó krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Komi fram krafa um slíkt skal úrskurðarnefndin svo fljótt sem verða má kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurði um stöðvun framkvæmda ber viðkomandi stjórnvaldi að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Þau mál þar sem fallist er á stöðvun framkvæmda skulu sæta flýtimeðferð sé þess krafist af framkvæmdaraðila.

6. gr.
Úrskurðir nefndarinnar og birting.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi. Úrskurðir nefndarinnar sem fela í sér efnislega niðurstöðu skulu birtir með aðgengilegum og skipulegum hætti.

7. gr.
Kostnaður.

Kostnaður vegna úrskurðarnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.
Reglugerð.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um úrskurðarnefndina, þ.m.t. um verkefni hennar, valdsvið og starfsskilyrði.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um málsmeðferð úrskurðarnefndarinnar, þ.m.t. heimildir til að sameina mál og frestun réttaráhrifa.

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012. Ákvæði til bráðabirgða I tekur þó þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Starfsmönnum úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sem lögð er niður með lögum um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins, skal boðið starf hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði. Forstöðumanni úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál skal boðið að taka við starfi forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samkvæmt lögum þessum með óbreyttum starfskjörum.

II.

Máli sem við gildistöku laga þessara hefur verið tekið til efnismeðferðar til endanlegrar ákvörðunar á stjórnsýslustigi skal lokið hjá því stjórnvaldi sem hefur það til meðferðar. Skipunartíma nefndarmanna úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sem starfar samkvæmt lögum nr. 123/2010, og úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarna, sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lýkur þegar öllum málum hefur verið lokið hjá nefndunum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta var unnið samhliða frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins (Árósafrumvarpið) sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Voru bæði frumvörpin unnin af nefnd sem í áttu sæti fulltrúar umhverfisráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Kristín Haraldsdóttir, forstöðumaður Auðlindaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík, vann að gerð frumvarpanna fyrir nefndina.

Í Árósafrumvarpinu er að finna ýmsar breytingar á lögum sem eiga að tryggja að íslensk löggjöf samræmist Árósasamningnum. Eins og fram kemur í athugasemdum við það frumvarp snerta lagabreytingarnar 2., 4. og 5. mgr. 9. gr. Árósasamningsins um aðgang almennings að réttlátri málsmeðferð og virkum úrræðum til endurskoðunar ákvarðana stjórnvalda um framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Þessar greinar Árósasamningsins gera nánar tiltekið kröfu um að almenningur sem málið varðar og á nægjanlegra hagsmuna að gæta eigi aðgang að endurskoðunarleið fyrir dómstólum og/eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila um hvort ákvarðanir, aðgerðir eða aðgerðaleysi stjórnvalda vegna framkvæmda sem tilgreindar eru í I. viðauka við samninginn, eða kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið, samræmist lögum að efni eða formi. Hvað teljast nægjanlegir hagsmunir skal ákvarðast í samræmi við skilyrði landslaga og ávallt með það að markmiði að veita almenningi sem málið varðar víðtækan aðgang að réttlátri málsmeðferð innan ramma Árósasamningsins. Skulu umhverfisverndarsamtök ávallt talin eiga nægjanlega hagsmuni. Ber aðilum Árósasamningsins að gæta þess að þær leiðir sem almenningi eru tryggðar veiti fullnægjandi og virk úrræði, og að þær séu sanngjarnar, réttlátar, tímanlegar og ekki óhæfilega dýrar. Í áðurnefndu Árósafrumvarpi er lagt til að kröfum þessa ákvæðis um endurskoðunarleið fyrir óháðum og hlutlausum aðila verði mætt með því að fela sjálfstæðri úrskurðarnefnd það hlutverk að úrskurða um ágreining vegna ákvarðana um að leyfa framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Byggjast tillögurnar á tveimur skýrslum sem unnar voru á vegum umhverfisráðherra til undirbúnings fullgildingar Árósasamningsins. Fyrri skýrslan var unnin af nefnd sem var skipuð af þáverandi umhverfisráðherra 25. febrúar 2005. Verkefni nefndarinnar var m.a. fólgið í að greina efni Árósasamningsins og afmarka hvaða breytingar gera þyrfti á lögum ef samningurinn yrði fullgiltur af Íslands hálfu. Nefndin skilaði skýrslu 28. september 2006. Síðari skýrslan var unnin af starfshópi sem skipaður var af umhverfisráðherra 13. mars 2009. Verkefni starfshópsins var að gera tillögu um hvernig uppfylla ætti kröfur Árósasamningsins um endurskoðunarleið fyrir dómstólum og/eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila, sbr. 2. mgr. 9. gr. samningsins.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á fót ný og sjálfstæð úrskurðarnefnd sem fái heitið úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Verksvið nefndarinnar ræðst af fyrirmælum einstakra laga sem mæla fyrir um að tilteknar ákvarðanir eða úrlausnaratriði heyri undir nefndina. Verksviðið markast í upphafi af ákvæðum Árósafrumvarpsins. Samkvæmt því frumvarpi er nefndinni ætlað að úrskurða í málum sem falla undir 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins, svo og öðrum samkynja málum sem eðlilegt þykir að hún fjalli um. Lagt er til að nefndin taki yfir hlutverk úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sem starfar samkvæmt skipulagslögum, nr. 123/2010, og úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarna sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Báðar þessar nefndir eru því lagðar niður með Árósafrumvarpinu. Frumvarp þetta mælir almennt fyrir um hlutverk úrskurðarnefndarinnar, skipan hennar, aðild að kærum til nefndarinnar, málsmeðferð fyrir nefndinni og fleiri atriði er varða starfsemi hennar.

II. Hlutverk nefndarinnar.

Úrskurðarnefndinni er ætlað að úrskurða í ágreiningsmálum vegna stjórnvaldsákvarðana og annarra úrlausnaratriða innan stjórnsýslunnar sem henni er falið lögum samkvæmt og eru á sviði umhverfis- og auðlindamála. Nær verksvið nefndarinnar samkvæmt Árósafrumvarpinu yfir löggjöf sem nú heyrir undir umhverfisráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti. Er nefndinni í fyrsta lagi falið að úrskurða um ágreining vegna

útgáfu, endurskoðunar eða afturköllunar leyfa til framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og eru á verkefnasviði umhverfisráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Þá er nefndinni ætlað að taka yfir hlutverk úrskurðarnefndar skipulags og byggingarmála sem starfar á grundvelli laga nr. 123/2010 og úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarnamála sem starfar á grundvelli laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Auk þess er gert ráð fyrir að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála endurskoði aðrar stjórnvaldsákvarðanir á verkefnasviði umhverfisráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis sem eiga samleið með framangreindum ákvörðunum og eðlilegt þykir að fella undir verksvið nefndarinnar.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þær stjórnvaldsákvarðanir sem lagt er til í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins að verði kærðar til nefndarinnar. Fram kemur í töflunni hversu margar kærur hafa verið lagðar fram á síðustu þremur árum vegna þeirra ákvarðana sem þar eru taldar.

Löggjöf	Fjöldi kæra 2008–2010
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	
Lög nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði	0
Lög nr. 71/2008, um fiskeldi	0
Iðnaðarráðuneyti	
Lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu	1
Raforkulög, nr. 65/2003	0
Vatnalög, nr. 15/1923	0
Lög nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis	0
Lög nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins	4
Umhverfisráðuneyti	
Lög nr. 44/1999, um náttúruvernd	2
Lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda	0
Lög nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu	0
Lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs	1
Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir	34
Skipulagslög, nr. 123/2010,[1] og lög nr. 160/2010, um mannvirki	239
Lög nr. 54/1955, um vernd Breiðafjarðar	1
Lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni	0
Lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur	1
Lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum	16
Lög nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga	0
Lög nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna	0
Lög nr. 6/2006, um tóbaksvarnir[2]	0

[1] Athuga ber að skipulagslög, nr. 123/2010, og lög um mannvirki, nr. 160/2010, tóku gildi 1. janúar 2011. Allir þeir úrskurðir sem falla undir þennan lið í töflunni voru kveðnir upp í gildistíð eldri skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

[2] Lög þessi eru á forræði velferðarráðuneytis en eru hér flokkuð með lögum er heyra undir umhverfisráðuneyti í ljósi þess að ákvarðanir þær sem um er að ræða skv. 4. mgr. 17. gr. laganna eru í dag kæranlegar til úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir.

III. Um opnun aðildar samkvæmt Árósasamningnum.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins skal endurskoðunarleið vera opin „almenningi sem málið varðar“ sem á „nægjanlegra hagsmuna að gæta“ eða heldur því fram að „að gengið hafi verið á rétt þeirra“. „Almenningur sem málið varðar“ er skilgreindur sem einstaklingar eða lögpersónur samkvæmt landsrétti, félög þeirra, samtök og hópar, sem verða fyrir eða er líklegt að verði fyrir áhrifum af eða á hagsmuna að gæta við ákvarðanatöku í umhverfismálum, sbr. 5., sbr. 4. tölul., 2. gr. samningsins. Í 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins kemur fram að það skuli ákvarðast eftir landslögum hvað teljist „nægjanlegir hagsmunir“ og hvenær talið er að „gengið hafi verið á rétt“ og ávallt með það að markmiði að veita almenningi sem málið varðar víðtækan aðgang að réttlátri málsmeðferð innan ramma samningsins.

Í þeim skýrslum sem unnar voru vegna undirbúnings að fullgildingu Árósasamningsins og vitnað er til í I. kafla var ekki tekin afstaða til þess hvort breyta ætti gildandi aðildarreglum í tengslum við fullgildingu Árósasamningsins. Tilvitnuð ákvæði 9. gr. Árósasamningsins verða ekki skýrð svo að gerð sé krafa um að opnað verði fyrir aðild allra í þeim málum sem greinin nær til. Er aðilum samningsins veitt talsvert svigrúm til að laga aðildarreglur að gildandi réttarskipan svo lengi sem fylgt er því markmiði að almenningi sem málið varðar sé veittur víðtækur aðgangur að réttlátri málsmeðferð. Fá dæmi eru um að aðildarríki Árósasamningsins hafi opnað fyrir aðild allra að stjórnsýslukærum vegna fullgildingar samningsins og hefur ekkert Norðurlandanna farið þá leið. Með opnun aðildar fyrir alla að kærum vegna stjórnvaldsákvarðana sem falla undir ákvæði 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins er því mörkuð sjálfstæð stefna sem veitir víðtækan rétt fyrir allan almenning til að fá endurskoðaðar ákvarðanir stjórnvalda sem varða mikilsverða umhverfishagsmuni. Samræmist sú stefna því leiðarljósi 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins að veita beri almenningi víðtækan aðgang að réttlátri málsmeðferð svo ná megi fram markmiðum samningsins um vernd réttinda núlifandi og komandi kynslóða til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir heilsu og velferð þeirra. Um er að ræða eftirtaldar ákvarðanir:

1. Ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu skv. 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og ákvarðanir Skipulagsstofnunar um sameiginlegt umhverfismat skv. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og um endurskoðun matsskýrslu, skv. 12. gr. sömu laga. Um aðild að kærum vegna þessara mála fer í dag skv. 2. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.
2. Ákvarðanir ýmissa stjórnvalda um að leyfa framkvæmdir sem eru matsskyldar skv. III. kafla laga um mat á umhverfisáhrifum. Um aðild að kærum vegna þessara mála fer í dag samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttarins. Frá því eru þó frávik, sbr. t.d. leyfi samkvæmt skipulagslögum, nr. 123/2010, sbr. 52. gr. laganna.
3. Ákvarðanir Umhverfisstofnunar um að leyfa sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera og ákvarðanir um að leyfa að markaðssetja þær eða vörur unnar úr þeim, sbr. lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur. Um aðild að kærum vegna þessara mála fer í dag samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttarins.

Lagt er til að kæruaðild vegna annarra stjórnvaldsákvarðana sem eru kæranlegar til nefndarinnar lúti almennum reglum stjórnsýsluréttarins og verði því bundin við þá sem eiga lögvarða hagsmuni. Frá því kunna þó að vera gerðar undantekningar í einstökum lögum og gilda þá aðildarreglur þeirra laga.

Í 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, kemur fram sú almenna regla að aðili máls geti kært stjórnvaldsákvörðun til þess að fá hana fellda úr gildi eða henni breytt. Á reglan við nema annað leiði af lögum eða venju. Í athugasemdum við VII. kafla í frumvarpi til stjórnsýslulaga

kemur fram að kæruaðild er bundin við þá sem eiga „einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta“. Þá segir í athugasemdunum að það verði að meta heildstætt hverju sinni hversu verulegir hagsmunirnir eru og hversu náið þeir tengjast úrlausn máls. Gildandi reglur stjórnsýsluréttar gera því ráð fyrir að fram fari heildstætt mat hverju sinni á því hvort kærandi uppfylli kröfur stjórnsýslulaga um kæruaðild. Á sviði löggjafar um umhverfis- og skipulagsmál má finna sérreglur um kæruaðild *umhverfisverndarsamtaka og hagsmunasamtaka,* sbr. 5. mgr. 52. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Í 2. mgr. 74. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, og 2. mgr. 19. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007, eru ákvæði um kæruaðild *umhverfisverndar- og útivistarsamtaka.* Samkvæmt öllum þessum ákvæðum eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök/útivistarsamtök sem varnarþing eiga á Íslandi kærurétt vegna ákvarðana sem snerta framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Umhverfisverndarsamtök eru skilgreind í m-lið 3. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum sem samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði, eru opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald. Útivistarsamtök eru skilgreind í 13. tölul. 3. gr. náttúruverndarlaga sem samtök sem hafa útivist og umhverfisvernd að markmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald. Hagsmunasamtök eru ekki skilgreind í lögum um mat á umhverfisáhrifum eða skipulagslögum og virðast því ekki gerðar sambærilegar kröfur til þeirra. Fá dómafordæmi liggja fyrir um skýringu á aðild að kærum innan stjórnsýslunnar vegna ákvarðana stjórnvalda um framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Gilda að meginstefnu um hana almennar reglur stjórnsýsluréttarins sem gefa ákveðið svigrúm til heildstæðs mats hverju sinni. Benda má á dóm Hæstaréttar í máli nr. 20/2005 frá 9. júní 2005 (Reyðarál) er snerti kæruaðild vegna útgáfu starfsleyfis til handa Reyðaráli samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Af dómi Hæstaréttar má ráða að kærandi verður að sýna fram á að hann verði fyrir áhrifum af framkvæmd sem eru umfram þau áhrif sem segja má að flestir aðrir verði fyrir.

Af framansögðu er ljóst að opin aðild allra felur í sér frávik frá almennum reglum stjórnsýsluréttar. Á hinn bóginn hefur verið viðurkennt að á sviði umhverfismála gildi sérstakar reglur. Hefur umhverfisverndarsamtökum og hagsmunasamtökum verið veitt sérstök staða í ákveðnum málum. Opnun aðildar allra nær til flestra þessara mála. Þá ber að geta þess að áður en lögum um mat á umhverfisáhrifum var breytt með lögum nr. 74/2005 var gert ráð fyrir aðild allra að kærum vegna ákvarðana Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Fyrir breytingu laga um mat á umhverfisáhrifum með lögum nr. 74/2005 hljóðaði 4. mgr. 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum svo: *Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. og úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr.* Aðild allra að kærumálum innan stjórnsýslunnar er því ekki fordæmalaus.

Rétt er að gera ráð fyrir að opnun aðildar geti orðið til þess að kærumálum fjölgi vegna þeirra ákvarðana sem opnunin nær til, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Er því mikilvægt að tryggja að málsmeðferðarreglur fyrir úrskurðarnefndinni séu með þeim hætti að nefndin geti afgreitt málin á skjótan og skilvirkan hátt. Til að stuðla að því er lagt til í frumvarpi þessu að allar kærur til nefndarinnar séu skriflegar og uppfylli ákveðin formskilyrði. Þá er gert ráð fyrir því að í nefndinni eigi sæti 7 nefndarmenn, sem er tveimur fleiri en nú eiga sæti í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, enda þótt í flestum málum sitji þrír nefndar-

menn. Einnig er gert ráð fyrir því að nefndin geti falið formanni hennar að úrskurða í einföldum málum þar sem ekki reynir á verulega hagsmuni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er í greininni falið að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnaratriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem lög kveða á um. Verksvið nefndarinnar er ekki nánar afmarkað í þessu frumvarpi en rétt er að benda á að það er ekki bundið við gildissvið Árósasamningsins. Það ræðst af ákvæðum einstakra laga en eingöngu verða kæranlegar til nefndarinnar þær ákvarðanir sem afmarkaðar eru í lögum hverju sinni sem og önnur úrlausnaratriði ef lög mæla svo. Vísast að öðru leyti til almennra athugasemda við frumvarp þetta svo og til frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að nefndin skuli vera sjálfstæð í störfum sínum. Sjálfstæði nefndarinnar á að tryggja að endurskoðunarvald vegna þeirra ákvarðana sem heyra undir nefndina liggi hjá óháðum og hlutlausum aðila í skilningi 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna reglur um skipan nefndarinnar. Höfð var hliðsjón af ákvæðum skipulagslaga, nr. 123/2010, um skipan úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Með hliðsjón af breiðara starfssviði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er þó lagt til að í úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sitji tveimur fleiri nefndarmenn en í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Annar þeirra skal tilnefndur af ráðherra þeim sem fer með málefni sjávarútvegs og hinn af ráðherra þeim sem fer með málefni jarðrænna auðlinda. Val nefndarmanna á að tryggja að í nefndinni sitji fólk með fjölbreytta menntun og sérþekkingu þannig að nefndin geti fjallað faglega um þau mál sem henni berast.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er hlutverki og ábyrgð forstöðumanns úrskurðarnefndarinnar lýst. Í ákvæðinu er tekið fram að ábyrgð forstöðumanns lúti að fjárhag og daglegum rekstri nefndarinnar. Er með því undanskilin ábyrgð á efnislegri niðurstöðu nefndarinnar sem liggur hjá nefndinni eins og hún er skipuð í einstökum málum.

Í 2. mgr. er því lýst að nefndin skuli ýmist skipuð þremur eða fimm nefndarmönnum. Það ræðst af efni og umfangi máls hversu margir nefndarmenn sitja í henni. Meginreglan er að nefndarmenn séu þrír en formaður nefndarinnar getur ákveðið að í nefndinni sitji fimm menn ef mál er viðamikið eða fordæmisgefandi. Mál getur talist viðamikið ef það t.d. varðar mikla hagsmuni eða er efnislega flókið eða snertir mörg sérfræðisvið. Mál geta talist fordæmisgefandi óháð því hvort þau eru viðamikil. Er þetta svipað fyrirkomulag og verið hefur hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála sem getur setið ýmist með þremur mönnum eða fullskipuð fimm mönnum.

Í 3. mgr. kemur fram að nefndin geti fullskipuð sett reglur þess efnis að formaður nefndarinnar kveði upp úrskurði í málum sem eru einföld úrlausnar og varða ekki verulega hagsmuni. Hér undir geta fallið einföld álitamál er snerta málsmeðferð eða mál sem eru efnislega einföld þar sem þau lagaskilyrði sem á reynir eru skýr og gefa lítið eða ekkert svigrúm fyrir sjálfstætt, efnislegt mat. Ákvæðinu er því ætlað að stuðla að skilvirkni í störfum nefndarinnar

og einfalda og hraða málsmeðferð þar sem það á við. Ákvæði 4. mgr. heimila nefndinni að kalla sér til ráðgjafar sérfróða aðila eftir þörfum. Heimildin er mikilvæg þar sem reynt getur á ólík atriði við úrlausn þeirra mála sem nefndinni eru falin í hinum ýmsu lögum. Þeir ráðgjafar sem nefndin getur leitað til samkvæmt þessari grein eiga ekki sæti í nefndinni við úrlausn mála. Um hæfiskröfur sem gerðar verða til þeirra fer eftir almennum reglum stjórnsýsluréttar.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna reglur um málsmeðferð fyrir nefndinni. Að því leyti sem ekki er mælt sérstaklega fyrir um málsmeðferðina fer um hana eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

Í 1. mgr. er tekið er fram að kæra til nefndarinnar skuli vera skrifleg. Á með því að tryggja að skýrt liggi fyrir hvenær stjórnvaldsákvörðun hefur verið kærð til nefndarinnar. Er það mikilvægt þar sem nefndinni er falið úrskurðarvald í mörgum málum og er kæruaðild opin öllum í sumum tilvikum. Þá er tiltekið hvaða atriði skulu koma fram í kærunni svo að hún uppfylli formskilyrði og verði tekin til efnismeðferðar. Ber úrskurðarnefndinni að leiðbeina kæranda ef þessum atriðum er ábótavant í samræmi við þá leiðbeiningarskyldu sem á henni hvílir samkvæmt stjórnsýslulögum og almennum reglum stjórnsýsluréttar. Er gert ráð fyrir að nefndin geti útbúið eyðublöð sem kæra skal þá borin fram á. Geta slík eyðublöð verið almennt til leiðbeiningar fyrir kærendur.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um eins mánaðar kærufrest. Gildir hann um allar ákvarðanir sem sæta kæru til nefndarinnar nema öðruvísi sé mælt fyrir um í þeim lögum sem viðkomandi stjórnvaldsákvörðun byggist á. Fresturinn er styttri en hinn almenni kærufrestur stjórnsýslulaga sem er þrír mánuðir, sbr. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Styttist þar með kærufrestur vegna margra mála sem færð eru undir úrskurðarvald nefndarinnar. Það á þó ekki við um mál sem heyrt hafa undir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, sbr. 5. mgr. 52. gr. skipulagslaga, né kærufrest vegna ákvarðana um matsskyldu, sameiginlegt umhverfismat eða endurskoðun matsskýrslu, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Er rétt að hafa almennt sama kærufrest vegna allra mála sem heyra undir nefndina. Enn fremur er brýnt að ágreiningur um form eða efni ákvörðunar verði staðreyndur sem fyrst. Eftir því sem framkvæmdir eru komnar lengra áður en ágreiningur um þær verður ljós skapast meiri hætta á óafturkræfu tjóni af bæði umhverfislegum og fjárhagslegum toga.

Í 3. mgr. er afmarkað hverjir eigi kæruaðild. Er stjórnvaldsákvörðunum skipað í tvo flokka hvað það snertir. Annars vegar stjórnvaldsákvarðanir sem lúta almennum reglum stjórnsýsluréttarins og hins vegar stjórnvaldsákvarðanir sem allir einstaklingar og lögaðilar geta kært. Í því felst að kærendur þurfa ekki að sýna fram á lögvarða hagsmuni. Þeir geta verið einstaklingar og lögaðilar og hvers konar félög og samtök þeirra, t.d. umhverfisverndarsamtök og önnur hagsmunasamtök. Einnig falla hér undir opinberar stofnanir, þ.m.t. það stjórnvald sem tekið hefur hina kærðu ákvörðun. Þær ákvarðanir sem um er að ræða eru taldar upp í þremur stafliðum. Undir a-lið falla ákvarðanir um matsskyldu framkvæmda, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, ákvarðanir um sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum skv. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, svo og ákvarðanir um endurskoðun matsskýrslu, sem teknar eru skv. 12. gr. sömu laga. Ákvörðun um matsskyldu ræður því hvort almenningur fái rétt til frekari þátttöku í gegnum matsferlið og hvort hann njóti kæruaðildar vegna ákvarðana stjórnvalda um að veita leyfi vegna framkvæmda, sbr. b-lið. Það er því eðlilegt að kæruaðild vegna ákvarðana sem tilgreindar eru í a- og b-lið haldist í hendur. Undir b-lið falla leyfi vegna framkvæmda sem eru matsskyldar

skv. III. kafla laga um mat á umhverfisáhrifum. Hér undir falla framkvæmdir sem alltaf eru matsskyldar, sbr. 5. gr. laganna og 1. viðauka þeirra, tilkynningarskyldar framkvæmdir sem ákveðið hefur verið að skuli háðar mati á umhverfisáhrifum, sbr. 6. gr. laganna og 2. viðauka þeirra, og framkvæmdir sem ákvörðun ráðherra liggur fyrir um, sbr. 7. gr. laganna. Þessi töluliður nær til þeirra ákvarðana sem vísað er til í a- og b-lið 1. tölul. 6. gr. Árósasamningsins. Byggist hin opna aðild á því að allir eigi í raun hagsmuna að gæta vegna þessara ákvarðana þar sem þær snerta veigamikla umhverfishagsmuni. Þau leyfi sem um er að ræða eru öll leyfi stjórnvalda sem sæta kæru til nefndarinnar og nauðsynleg eru svo ráðast megi í framkvæmd sem er háð mati á umhverfisáhrifum. Hér undir geta t.d. fallið framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulagslögum, nr. 123/2010, leyfi skv. 38. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, og nýtingarleyfi samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Rétt er að taka fram að rannsóknarleyfi samkvæmt síðastgreindum lögum falla ekki hér undir þar sem ekki verður litið svo á að rannsóknarleyfi feli í sér heimild til framkvæmda þar sem þau eru sérstaks eðlis. Í fyrsta lagi er þess að geta að ekki þarf rannsóknarleyfi ef rannsóknir fara fram á vegum landeiganda, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1998. Í öðru lagi gefur Orkustofnun út rannsóknarleyfi án þess að fyrir liggi hvort framkvæmdir vegna rannsókna séu matsskyldar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Rannsóknarleyfi eru veitt með fyrirvara um að ekki megi ráðast í leyfisskyldar framkvæmdir nema tilskilin leyfi liggi fyrir. Ef viðkomandi framkvæmdir eru háðar mati á umhverfisáhrifum er kæruleið til úrskurðarnefndarinnar opin fyrir alla vegna leyfa sem þarf að afla áður en framkvæmdir geta hafist og falla undir verksvið úrskurðarnefndarinnar. Undir c-lið falla tiltekin leyfi sem veitt eru skv. 16. og 19. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur. Er annars vegar um að ræða leyfi til að sleppa eða dreifa erfðabreyttum lífverum og hins vegar leyfi til að markaðssetja hér á landi erfðabreyttar lífverur eða vöru sem inniheldur þær. Losun erfðabreyttra lífvera út í umhverfið er ekki matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og er ekki talin í viðauka Árósasamningsins, sbr. 6. gr. hans. Á hinn bóginn kemur fram í 11. tölul. 6. gr. að aðilar samningsins skuli, innan ramma landslaga, beita ákvæðum greinarinnar, að því marki sem unnt er og við á, um ákvarðanir um hvort leyfa beri vísvitandi losun erfðabreyttra lífvera út í umhverfið. Í 2. mgr. 9. gr. Árósasamningsins um réttláta málsmeðferð er vísað til ákvarðana stjórnvalda sem 6. gr. samningsins tekur til. Með hliðsjón af þessum ákvæðum Árósasamningsins, svo og því að losun erfðabreyttra lífvera getur haft áhrif á umtalsverða umhverfishagsmuni, er lagt til að aðild að kærum vegna þessara leyfa verði opin öllum.

Meginreglan skv. 5. gr. er sú að aðilar geta fengið leyst úr kærum fyrir nefndinni án þess að þurfa að greiða málskostnað. Þó verður heimilt í undantekningartilvikum að úrskurða kæranda til þess að greiða málskostnað sem þá mun renna í ríkissjóð. Þykir þetta ákvæði nauðsynlegt til að koma í veg fyrir bersýnilega tilefnislausar kærur sem hafðar eru uppi í þeim tilgangi einum að tefja fyrir framkvæmdum. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 3. mgr. 97. gr. laga um opinber innkaup, nr. 84/2007.

Ákvæði 4.–7. mgr. greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar byggjast á almennum reglum stjórnsýsluréttar um réttaráhrif kæru og heimild úrskurðaraðila til að fresta réttaráhrifum ákvörðunar, sbr. 29. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Í málum sem varða framkvæmdir sem hafa áhrif á umhverfið kann kæruheimild að verða þýðingarlaus ef úrskurðarnefndin hefur ekki heimild til að fresta

réttaráhrifum hennar. Þar sem kæruaðild er opin öllum er þó sérstaklega mikilvægt að gætt sé að því að efnislegar forsendur liggi að baki kæru, þ.e. að horft sé til þess hversu líklegt sé að kæra breyti efni ákvörðunar.

Í 2. mgr. kemur fram að þau mál þar sem fallist er á stöðvun framkvæmda skuli sæta flýtimeðferð sé þess krafist af framkvæmdaraðila. Í ljósi þeirra hagsmuna sem geta verið í húfi þykir eðlilegt að í þeim tilvikum þar sem fallist er á stöðvun framkvæmda geti varnaraðili óskað eftir flýtimeðferð. Þannig má lágmarka það óhagræði sem stöðvun framkvæmda getur valdið framkvæmdaraðila.

Um 6. og 7. gr.

Ákvæði þessara greina þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin kveður annars vegar á um reglugerð sem ráðherra er skylt að setja um úrskurðarnefndina, þ.m.t. verkefni hennar, valdsvið og starfsskilyrði. Hins vegar um reglugerð sem ráðherra er heimilt að setja um málsmeðferð úrskurðarnefndarinnar, þ.m.t. heimildir til að sameina mál og frestun réttaráhrifa. Hér er litið til þess að til að auka skilvirkni nefndarinnar getur reynst nauðsynlegt að setja fyllri reglur um málsmeðferð hennar. Hér má t.d. nefna heimild til þess að sameina mál í þeim tilvikum þar sem margar kærur berast er varða sömu framkvæmd þótt um sé að ræða ákvarðanir tveggja eða fleiri stjórnvalda. Eins getur komið til þess að ástæða verði til að útfæra nánar skilyrði fyrir frestun réttaráhrifa og í hvaða tilvikum slíkri heimild yrði beitt. Þá geta einnig komið upp önnur atriði er varða málsmeðferð úrskurðarnefndarinnar sem ekki hafa verið talin upp hér. Rétt þykir að hér sé um að ræða heimild ráðherra en ekki skyldu og að reynslan leiði í ljós hvort þörf verði á slíkri reglugerðarsetningu.

Um 9. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í frumvarpinu er lagt til að ný nefnd, úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, taki við hlutverki úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarnamála. Í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins er lagt til að þau lagaákvæði sem um nefndir þessar fjalla falli brott og þar með að nefndirnar verði lagðar niður. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála verði boðið starf hjá hinni nýju nefnd. Forstöðumaður úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála taki við embætti forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Er í þessu sambandi haft í huga að þótt starfssvið úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála verði víðara en úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sinnir hún áfram þeim verkum sem úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála gerir. Engir starfsmenn hafa verið ráðnir hjá úrskurðarnefnd hollustuhátta- og mengunarvarnamála og reynir því ekki á starfsmannamál vegna hennar.

Gert er ráð fyrir að þetta ákvæði taki þegar gildi. Á með því að tryggja að nægur tími gefist til að ganga frá öllum úrlausnaratriðum er snerta t.d. skipun nefndarmanna, starfsmannamál og húsnæði.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Hér er lagt til að mál sem hafa verið tekin til efnislegrar meðferðar hjá stjórnvöldum þegar lögin taka gildi verði lokið hjá þeim. Af því leiðir að skipunartíma nefndarmanna úrskurðarnefndar hollustuhátta- og mengunarvarnarmála og skipulags- og byggingarmála lýkur ekki fyrr en öll mál sem eru þar til efnismeðferðar hafa verið afgreidd af nefndunum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins. Tilgangur þeirra er að aðlaga íslenska löggjöf að ákvæðum Árósasamningsins um aðgang almennings að upplýsingum og þátttöku í ákvarðanatöku og réttlátri málsmeðferð í málum sem varða umhverfið. Í þessu frumvarpi er lagt til að sett verði á fót sérstök úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Nefndinni er ætlað að úrskurða í ágreiningsmálum vegna stjórnvaldsákvarðana og annarra úrlausnaratriða innan stjórnsýslunnar á sviði umhverfis- og auðlindamála sem nú eru á verksviði umhverfisráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Lagt er til að hin nýja nefnd taki yfir hlutverk úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál og úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarna sem jafnframt verði lagðar niður. Áfram verður í gildi sú meginregla að þeir einir sem eiga lögvarða hagsmuni geti skotið málum til úrskurðarnefndarinnar en jafnframt lögð til sú breyting að allir geti kært ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda, sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum og endurskoðun matsskýrslu, kært ákvarðanir stjórnvalda um veitingu leyfis til framkvæmda sem eru matsskyldar skv. III. kafla laga um mat á umhverfisáhrifum og kært ákvarðanir Umhverfisstofnunar um að leyfa sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera eða markaðsetningu þeirra eða vara sem innihalda þær.

Gert er ráð fyrir að í úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála eigi sæti sjö menn og að formaður nefndarinnar skuli jafnframt vera forstöðumaður hennar og hafa starfið að aðalstarfi. Í sem stystu máli má segja að lagt sé til að starfshættir hinnar nýju nefndar verði með svipuðum hætti og nú er hjá úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Í bráðabirgðaákvæði I í frumvarpinu er mælt fyrir um að starfsmönnum úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál skuli boðið starf hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og að ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi ekki um störf sem ráðið verður í samkvæmt ákvæðinu, einnig að forstöðumanni úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál skuli boðið að taka við starfi forstöðumanns hinnar nýju nefndar. Ekki er gert ráð fyrir að til greiðslu biðlauna komi við þessar breytingar. Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2012 að undanskildu bráðabirgðaákvæði I sem öðlist gildi strax.

Verksvið úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála verður umfangsmeira en verkefni úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál þar sem til fyrrtöldu nefndarinnar flyst úrskurðarvald í ýmsum kærumálum á sviði umhverfis- og auðlindamála frá umhverfisráðherra,

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og iðnaðarráðherra. Miðað við fjölda kærumála á árunum 2008–2010 má áætla að það geti leitt til 20% aukningar á fjölda kærumála. Einnig má reikna með að opnun aðildar að kærumálum muni leiða til þess að kærum fjölgi og auki þar með umfang í starfsemi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Erfitt er að áætla með vissu hversu mikið kærum muni fjölga en umhverfisráðuneytið áætlar að það muni leiða til a.m.k. 30% fjölgunar mála frá því sem annars hefði orðið. Að meðtöldum forstöðumanni starfa í dag fjórir menn í 3,7 stöðugildum hjá úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Á síðustu tveimur árum hefur árlegur kostnaður þeirrar nefndar verið á bilinu 40–45 m.kr. Umhverfisráðuneytið áætlar að til að mæta auknum verkefnum í nýrri nefnd þurfi að bæta við tveimur stöðugildum lögfræðinga og hálfu stöðugildi ritara. Reikna má með að útgjöld vegna þessa geti verið um 20 m.kr. á ári. Á móti kemur að kostnaður við úrskurðarnefnd um umhverfismál og hollustuhætti fellur niður. Undanfarin tvö ár hefur árlegur kostnaður þeirrar nefndar verið á bilinu 7–8 m.kr.

Með fyrirvara um óvissu hvað varðar aukið umfang og kostnað í starfsemi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samanborið við núverandi starfsemi úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál, er áætlað að verði frumvarpið óbreytt að lögum geti það haft í för með sér 12–13 m.kr. kostnaðarauka fyrir ríkissjóð á ári. Ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum í gildandi fjárlögum þar sem settur er bindandi útgjaldarammi á nafnvirði fyrir ríkið í heild næstu tvö árin.

1229. Frumvarp til laga [710. mál]

um breytingu á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda (viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laganna er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi á sem kostnaðarhagkvæmastan hátt og að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lögin gilda um skráningu og bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda á landi og í mengunarlögsögu Íslands og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, svo og heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda frá tilteknum atvinnurekstri skv. I. og II. viðauka og flugstarfsemi skv. III. viðauka.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: *Losunarheimild:* Heimild til losunar gróðurhúsalofttegunda. Ein losunarheimild jafngildir heimild til losunar á einu tonni af koldíoxíð-ígildi á ári. Eitt

tonn af koldíoxíð-ígildi samsvarar einu tonni af koldíoxíði eða því magni annarra gróðurhúsalofttegunda sem hefur sambærilegan hlýnunarmátt, sbr. töflu í IV. viðauka.

b. Við greinina bætast sex nýir töluliðir, 6.–11. tölul., svohljóðandi:

6. *Aðili:* Einstaklingur eða lögaðili.
7. *Flugrekstraraðili:* Aðili sem rekur loftfar og notar það til að stunda flugstarfsemi sem tilgreind er í III. viðauka eða, ef aðilinn er óþekktur eða ekki tilgreindur af eiganda loftfars, eigandi loftfarsins.
8. *Losunarleyfi:* Leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda sem atvinnurekstri skv. II. viðauka ber að hafa til þess að geta sótt um og fengið úthlutað losunarheimildum fyrir tímabilið 2013–2020.
9. *Mengunarlögsaga Íslands:* Hafsvæðið sem nær yfir innsævi að meðtalinni strönd að efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði, landhelgi og efnahagslögsögu, landgrunn Íslands og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.
10. *Tonnkílómetrar:* Flugvegalengd margfölduð með þyngd farms. Með flugvegalengd er átt við stórbaugslengd (e. great circle distance) milli brottfararflugvallar og komuflugvallar auk 95 km staðlaðrar viðbótar. Með þyngd farms er átt við samanlagða þyngd þess sem flutt er af farmi, pósti og farþegum.
11. *Umsjónarríki:* Ríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem ber ábyrgð á framkvæmd tilskipunar 2008/101/EB gagnvart flugrekstraraðila.

4. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisstofnun fer með framkvæmd laga þessara, þar með talið bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda, skráningarkerfi, leyfisveitingar og eftirlit með losun koldíoxíðs frá atvinnurekstri skv. I. og II. viðauka og flugrekstraraðilum skv. III. viðauka. Umhverfisstofnun fer einnig með úthlutun losunarheimilda til flugrekstraraðila skv. III. viðauka. Umhverfisstofnun skal vera úthlutunarnefndinni, sbr. 2. mgr., til ráðgjafar varðandi umsóknir um losunarheimildir og um annað sem nefndin óskar aðstoðar við.

5. gr.

2. og 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Skráningarkerfið heldur utan um útgáfu, handhöfn, framsal og ógildingu losunarheimilda atvinnurekstrar skv. I. og II. viðauka, flugrekstraraðila skv. III. viðauka og annarra aðila. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um nánari útfærslu á skráningarkerfinu, skilyrði fyrir stofnun reiknings í kerfinu, hvaða upplýsingar skuli skráðar í kerfið, um samvinnu og samtengingu við önnur kerfi, rekstur kerfisins og hvernig farið skuli með útgáfu, handhöfn, flutning, ógildingu og afskráningu losunarheimilda.

Frá 1. janúar 2012 er hverjum þeim aðila sem uppfyllir sett skilyrði heimilt að stofna reikning í skráningarkerfinu og eiga losunarheimildir. Aðilum er heimilt að flytja losunarheimildir sínar á aðra reikninga í skráningarkerfum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Aðili getur hvenær sem er krafist þess að losunarheimildir á reikningi hans verði ógiltar. Þetta á þó ekki við um losunarheimildir sem atvinnurekstri skv. I. viðauka er úthlutað fyrir árin 2008–2012.

6. gr.

Á undan 7. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Losunarleyfi atvinnurekstrar.

Rekstraraðilar er stunda starfsemi sem getið er í II. viðauka skulu hafa losunarleyfi. Losunarleyfi er forsenda þess að atvinnurekstur geti sótt um og fengið úthlutað losunarheimildum fyrir tímabilið 2013–2020. Sækja ber um losunarleyfi til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun gefur út losunarleyfi innan þriggja mánaða frá því að umsókn berst ef sýnt þykir að atvinnurekstur sé fær um að vakta losun frá starfsemi sinni og gefa um hana skýrslu skv. 13. gr.

Í umsókn um losunarleyfi skal koma fram lýsing á eftirfarandi atriðum:

a. starfsstöð og starfsemi rekstraraðila, þar á meðal þeirri tækni sem notuð er,
b. hráefnum og hjálparefnum sem notuð eru í starfseminni og má ætla að valdi losun gróðurhúsalofttegunda,
c. uppsprettum gróðurhúsalofttegunda frá viðkomandi starfsstöð,
d. áætlun rekstraraðila um vöktun losunar og skýrslugjöf um hana, sbr. 13. gr.

Umsóknin skal jafnframt hafa að geyma lýsingu á almennu máli um þau atriði sem getið er í þessari málsgrein.

Í losunarleyfinu skal eftirfarandi koma fram:

a. nafn og heimilisfang rekstraraðila,
b. lýsing á starfsemi og losun frá henni,
c. skilyrði um vöktun, þ.m.t. aðferðafræði og tíðni vöktunar,
d. skilyrði um skýrsluskil,
e. ákvæði um skyldu til að skila losunarheimildum, öðrum en losunarheimildum sem gefnar eru út vegna flugstarfsemi. Skila skal losunarheimildum í samræmi við losun starfseminnar, fyrir hvert almanaksár, eins og hún hefur verið vottuð af til þess bærum aðilum skv. 14. gr. e. Skila skal losunarheimildum innan fjögurra mánaða frá lokum viðkomandi almanaksárs.

Endurskoða skal losunarleyfi á fimm ára fresti hið minnsta. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um vöktunaráætlun vegna losunarleyfa og þau skilyrði sem hún þarf að uppfylla.

7. gr.

Á eftir III. kafla koma tveir nýir kaflar, III. kafli A, **Losunarheimildir flugrekstraraðila,** með fimm nýjum greinum, 14. gr. a – 14. gr. e, og III. kafli B, **Gjaldtaka,** með einni nýrri grein, 14. gr. f, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (14. gr. a.)

Gildissvið kaflans.

Þessi kafli gildir um flugrekstraraðila sem stunda flugstarfsemi sem getið er í III. viðauka, að því gefnu að viðkomandi starfsemi feli í sér lendingu eða flugtak á Evrópska efnahagssvæðinu. Kaflinn gildir þó eingöngu um flugrekstraraðila ef Ísland telst umsjónarríki hans í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Í reglugerðinni skal mælt fyrir um niðurröðun flugrekstraraðila á umsjónarríki í samræmi við lista sem gefinn er út árlega af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

b. (14. gr. b.)

Skylda flugrekstraraðila til að skila inn losunarheimildum.

Flugrekstraraðilar skulu fyrir 30. apríl ár hvert standa skil á losunarheimildum í samræmi við losun frá viðkomandi flugstarfsemi á undanfarandi almanaksári samkvæmt skýrslu skv. 2. mgr. 14. gr. e.

Flugrekstraraðilum er heimilt að efna skyldur sínar skv. 1. mgr. með losunarheimildum sem hefur verið úthlutað eða hafa verið seldar á uppboði í samræmi við tilskipun 2003/87/EB.

c. (14. gr. c.)

Úthlutun losunarheimilda til flugrekstraraðila undir umsjón íslenska ríkisins.

Á tímabilinu 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 og á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 verður losunarheimildum úthlutað endurgjaldslaust til flugrekstraraðila í samræmi við árangursviðmið sem ráðherra skal ákveða með reglugerð fyrir 31. desember 2011. Ákvæði þeirrar reglugerðar skulu vera í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um árangursviðmið fyrir flugstarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 verður tilteknum fjölda losunarheimilda úthlutað endurgjaldslaust til flugrekenda sem hefja flugstarfsemi sem getið er í III. viðauka að loknu árinu 2010 og þeirra flugrekenda sem aukið hafa starfsemi sína í tonnkílómetrum að meðaltali um meira en 18% á ári frá árinu 2010 til ársins 2015. Úthlutun samkvæmt þessari málsgrein skal byggjast á árangursviðmiði sem ráðherra ákveður í reglugerð í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um árangursviðmið fyrir flugstarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Umsóknir um losunarheimildir skv. 1. mgr. skal senda Umhverfisstofnun fyrir 1. júní 2011. Umsóknir um losunarheimildir skv. 2. mgr. skal senda Umhverfisstofnun fyrir 30. júní 2015. Umhverfisstofnun skal taka afstöðu til umsókna innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi ákvörðun EES-nefndarinnar um árangursviðmið fyrir flugstarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu er tekin. Ráðherra setur reglugerð með nánari ákvæðum um form og efni umsókna, þar á meðal um hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn, og um málsmeðferð við afgreiðslu Umhverfisstofnunar á umsóknum.

Umhverfisstofnun úthlutar losunarheimildum fyrir 28. febrúar 2012 og eftir það fyrir 28. febrúar ár hvert á reikning viðkomandi flugrekstraraðila í skráningarkerfinu.

d. (14. gr. d.)

Uppboð losunarheimilda.

Íslenska ríkið skal á hverju ári frá árinu 2012 bjóða upp losunarheimildir flugrekstrar í samræmi við heimildir sínar samkvæmt EES-samningnum. Ráðherra setur reglugerð um hve margar losunarheimildir verða boðnar upp af íslenska ríkinu og um tilhögun uppboðsins.

e. (14. gr. e.)

Eftirlitsáætlanir, vöktun og skýrslugerð.

Flugrekstraraðilar skulu útbúa eftirlitsáætlanir þar sem fram kemur hvernig vöktun og skýrslugerð um losun koldíoxíðs og tonnkílómetra verður háttað. Senda ber Umhverfisstofnun eftirlitsáætlanir í síðasta lagi fjórum mánuðum fyrir upphaf þess árs sem flugrekstraraðili hyggst hefja starfsemi sem getið er í III. viðauka. Umhverfisstofnun fer yfir eftirlitsáætlanir flugrekstraraðila í samráði við Flugmálastjórn ef þörf er á. Ef eftirlitsáætlanir upp-

fylla skilyrði laga þessara og reglugerðar skv. 3. mgr. ber Umhverfisstofnun að staðfesta þær innan þriggja mánaða frá því að þær berast.

Flugrekstraraðilar skulu í síðasta lagi 31. mars ár hvert skila skýrslu um losun koldíoxíðs til Umhverfisstofnunar. Skýrslan skal vottuð af óháðum aðila sem til þess er bær í samræmi við reglugerð skv. 3. mgr. Ef skýrsla flugrekstraraðila hefur ekki verið vottuð á fullnægjandi hátt hinn 31. mars skal Umhverfisstofnun koma í veg fyrir hvers konar aðgerðir á reikningi viðkomandi flugrekstraraðila í skráningarkerfinu skv. 6. gr. þar til fullnægjandi skýrslu hefur verið skilað.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar reglugerð með nánari ákvæðum um efni og form eftirlitsáætlana skv. 1. mgr., uppfærslu þeirra og reglulega endurskoðun, auk ákvæða um efni og form skýrslna um losun koldíoxíðs skv. 2. mgr. Í reglugerðinni skal gerð krafa um að skýrsla um losun koldíoxíðs sé vottuð af óháðum aðila sem er til þess bær samkvæmt lögum þessum.

f. (14. gr. f.)

Gjaldtaka.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir eftirfarandi:

1. Yfirferð yfir skýrslu atvinnurekstrar um losun koldíoxíðs og afgreiðslu umsókna um losunarleyfi atvinnurekstrar.
2. Afgreiðslu umsókna flugrekstraraðila um losunarheimildir, staðfestingu eftirlitsáætlana flugrekstraraðila og yfirferð yfir skýrslu flugrekstraraðila um losun koldíoxíðs.
3. Gjald sem atvinnurekstur, flugrekstraraðilar og aðrir aðilar sem eiga reikning í skráningarkerfinu skv. 6. gr. skulu greiða.

Upphæð gjalda samkvæmt þessari grein skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggjast á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalda byggist á og mega gjöldin ekki vera hærri en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld þessi má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisstofnun leggur stjórnvaldssektir á atvinnurekstur og flugrekstraraðila sem er skylt að eiga losunarheimildir og hafa ekki lagt inn nægjanlegar heimildir á lokareikning fyrir 1. maí hvert ár vegna næstliðins árs. Skal sektin nema sem svarar 100 evrum í íslenskum krónum vegna hverrar losunarheimildar sem upp á vantar í samræmi við skýrslu um losun koldíoxíðs frá atvinnurekstri þess árs, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr. Sektir samkvæmt þessari grein renna í ríkissjóð.

Umhverfisstofnun er heimilt að ákvarða sektir allt að 100.000 kr. á dag ef atvinnurekstur sinnir ekki skyldu um skil á skýrslu skv. 13. gr. eða ef flugrekstraraðili sinnir ekki skyldu um skil á skýrslu skv. 14. gr. e.

9. gr.

Við lögin bætast fimm ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Starfandi atvinnurekstur sem fellur undir lög þessi skv. II. viðauka skal sækja um losunarleyfi skv. 6. gr. a í síðasta lagi 30. maí 2011.

b. (II.)
Starfandi flugrekstraraðilar sem falla undir lög þessi skulu í síðasta lagi 31. maí 2011 skila skýrslu um losun koldíoxíðs til Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 14. gr. e.

c. (III.)
Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð heimild til undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. 14. gr. e að því er varðar frest til að senda Umhverfisstofnun eftirlitsáætlanir og skýrslu um losun koldíoxíðs. Eingöngu skal heimilt að veita slíka undanþágu í tilvikum þar sem flugrekstraraðili hefur ekki sinnt skyldu varðandi eftirlitsáætlanir og skýrsluskil vegna atvika eða ástæðna sem ekki eru á hans valdi eða vegna atvika sem upp komu fyrir setningu laga þessara.

d. (IV.)
Ef flugrekstraraðili sem fellur undir umsjón íslenska ríkisins hefur sent lögbæru yfirvaldi annars ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins eftirlitsáætlanir og þær hafa hlotið staðfestingu í samræmi við ákvæði tilskipunar 2003/87/EB, með síðari breytingum, fyrir 31. desember 2010 skal Umhverfisstofnun staðfesta slíkar áætlanir. Er flugrekstraraðila þá ekki skylt að skila áætlun skv. 14. gr. e. Flugrekstraraðili sem sendi eftirlitsáætlun, skv. 1. mgr. 14. gr. e, til lögbærs yfirvalds annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu árið 2010 skal einnig senda skýrslu um losun fyrir árið 2010, skv. 2. mgr. 14. gr. e, og umsókn um losunarheimildir, skv. 3. mgr. 14. gr. e, til þess sama stjórnvalds árið 2011.

e. (V.)
Til 31. desember 2012 telst losunarheimild vera heimild til losunar koldíoxíðs. Ein losunarheimild jafngildir því heimild til losunar á einu tonni af koldíoxíði á ári.

10. gr.
Við lögin bætast fjórir nýir viðaukar, I.–IV. viðauki, svohljóðandi:

a. (I. viðauki.)
Starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda á tímabilinu 1. janúar 2008 – 31. desember 2012.
Eftirfarandi atvinnurekstur er óheimill á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 nema hann hafi aflað sér losunarheimilda eða lagt fram áætlun um hvernig hann muni afla sér losunarheimilda vegna tímabilsins í samræmi við lög þessi:

Starfsemi	Gróðurhúsalofttegund
a. staðbundin orkuframleiðsla með brennslu jarðefnaeldsneytis sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega.	Koldíoxíð
b. staðbundin iðnaðarframleiðsla sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega.	Koldíoxíð

b. (II. viðauki.)
Starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda á tímabilinu 1. janúar 2013 – 31. desember 2020.
Eftirfarandi atvinnurekstur fellur undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheim-

ildir gróðurhúsalofttegunda frá og með 1. janúar 2013 og ber að afla losunarleyfis í samræmi við lög þessi:

Starfsemi	**Gróðurhúsalofttegundir**
Bruni eldsneytis í stöðvum með heildarnafnvarmaafli sem er yfir 20 MW (að undanskildum stöðvum til brennslu á hættulegum úrgangi eða sorpi).	Koldíoxíð
Hreinsun jarðolíu.	Koldíoxíð
Framleiðsla á koksi.	Koldíoxíð
Brennsla eða glæðing, einnig kögglun, málmgrýtis (þ.m.t. brennisteinsgrýti).	Koldíoxíð
Framleiðsla á hrájárni eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa, þar sem afkastagetan er meiri en 2,5 tonn á klukkustund.	Koldíoxíð
Framleiðsla eða vinnsla á járnríkum málmum (þ.m.t. járnblendi) þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafli sem er yfir 20 MW. Vinnslan tekur m.a. til völsunarstöðva, ofna til endurhitunar, glæðingarofna, smiðja, málmsteypna og einiga til yfirborðsmeðhöndlunar og sýruböðunar.	Koldíoxíð
Framleiðsla á hrááli.	Kodíoxíð og perflúorkolefni
Framleiðsla á endurunnu áli þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafli sem er yfir 20 MW.	Koldíoxíð
Framleiðsla eða vinnsla á járnlausum málmum, þ.m.t. framleiðsla á málmblöndum, hreinsun, steypumótun o.s.frv. þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafli (þ.m.t. eldsneyti sem er notað sem afoxunarefni) sem er yfir 20 MW.	Koldíoxíð
Framleiðsla á sementsgjalli í hverfiofnum með afkastagetu sem er yfir 500 tonnum á dag eða í annars konar ofnum þar sem framleiðsluafköstin eru yfir 50 tonnum á dag.	Koldíoxíð
Framleiðsla á kalki eða glæðing á dólómíti eða magnesíti í hverfiofnum eða annars konar ofnum sem hafa framleiðslugetu sem er yfir 50 tonnum á dag.	Koldíoxíð
Framleiðsla glers, einnig glertrefja, þar sem bræðsluafköstin eru meiri en 20 tonn á dag.	Koldíoxíð
Framleiðsla á leirvörum með brennslu, einkum þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteini, þaksteini og leirmunum eða postulíni, þar sem framleiðslugetan er yfir 75 tonnum á dag.	Koldíoxíð
Framleiðsla á einangrunarefni úr steinull þar sem notað er gler, berg eða gjall og bræðsluafköstin eru yfir 20 tonnum á dag.	Koldíoxíð
Þurrkun eða glæðing á gifsi eða framleiðsla á gifsplötum og öðrum gifsvörum þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafli sem er yfir 20 MW.	Koldíoxíð

Starfsemi	Gróðurhúsalofttegundir
Framleiðsla á pappírsdeigi úr timbri eða öðrum trefjaefnum.	Koldíoxíð
Framleiðsla á pappír eða pappa þar sem framleiðslugetan er meiri en 20 tonn á dag.	Koldíoxíð
Framleiðsla kinroks, sem felur í sér kolun á lífrænum efnum á borð við olíu, tjöru og sundrunar- og eimingarleif, þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafli sem er yfir 20 MW.	Koldíoxíð
Framleiðsla á saltpéturssýru.	Koldíoxíð og nituroxíð
Framleiðsla á adipínsýru.	Koldíoxíð og nituroxíð
Framleiðsla á glýoxali og glýoxýlsýru.	Koldíoxíð og nituroxíð
Framleiðsla á ammoníaki.	Koldíoxíð
Framleiðsla á lífrænum íðefnum í lausu með sundrun, umbreytingu, oxun, að hluta eða til fulls, eða með svipuðum ferlum þar sem framleiðslugetan er meiri en 100 tonn á dag.	Koldíoxíð
Framleiðsla á vetni (H_2) og tilbúnu gasi með umbreytingu eða hlutaoxun þar sem framleiðslugetan er meiri en 25 tonn á dag.	Koldíoxíð
Framleiðsla á natríumkarbónati (Na_2CO_3) og natríumbíkarbónati ($NaHCO_3$).	Koldíoxíð
Föngun gróðurhúsalofttegunda frá stöðvum, sem falla undir þessa tilskipun, í því skyni að flytja þær til geymslu í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB.	Koldíoxíð
Flutningur gróðurhúsalofttegunda eftir leiðslum til geymslu í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB.	Koldíoxíð
Geymsla gróðurhúsalofttegunda í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB.	Koldíoxíð

1. Stöðvar, eða hlutar þeirra, sem eru notaðar fyrir rannsóknir, þróun og prófun á nýjum vörum og aðferðum og stöðvar sem nota eingöngu lífmassa falla ekki undir þennan viðauka.
2. Markgildin hér að framan eiga almennt við um framleiðslugetu eða -afköst. Ef margar tegundir starfsemi sem falla undir sama flokk eru reknar í sömu stöðinni er afkastageta þeirra lögð saman.
3. Þegar heildarnafnvarmaafl stöðvar er reiknað til þess að ákveða hvort hún verði tekin með í kerfi Bandalagsins skal leggja saman nafnvarmaafl allra tæknieininga í stöðinni þar sem eldsneyti er brennt. Þessar einingar geta tekið til allra tegunda af kötlum, brennurum, hverflum, hiturum, bræðsluofnum, brennsluofnum, glæðingarofnum, hitunarofnum, þurrkofnum, hreyflum, efnarafölum, tengibrunaeiningum (e. chemical looping combustion units), afgaslogum og eftirbrennurum eða hvarfakútum (e. thermal or catalytic post-combustion units). Einingar sem hafa nafnvarmaafl undir 3 MW og einingar sem nota eingöngu lífmassa teljast ekki með við þessa útreikninga. „Einingar, sem nota eingöngu lífmassa“ eru m.a. einingar þar sem jarðefnaeldsneyti er eingöngu notað við gangsetningu eða stöðvun.

4. Ef eining er notuð við tiltekna starfsemi og viðmiðunarmörkin fyrir eininguna eru ekki gefin upp sem heildarnafnvarmaafl skulu mörkin fyrir þessa starfsemi vega þyngra þegar ákvörðun er tekin um upptöku í kerfi Bandalagsins.
5. Ef í ljós kemur að farið hefur verið yfir markgildin fyrir einhverja tegund starfsemi í þessum viðauka í tiltekinni stöð skulu allar einingar sem brenna eldsneyti aðrar en einingar sem brenna hættulegum úrgangi eða sorpi, koma fram í leyfinu fyrir losun gróðurhúsalofttegunda.

c. (III. viðauki.)

Flugstarfsemi sem fellur undir lögin.

Flugsamgöngur falla innan gildissviðs laga þessara en frá og með 1. janúar 2012 falla þær undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Flugsamgöngur teljast allar flugferðir sem lýkur eða hefjast á flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins. Eftirfarandi flug eru undanþegin gildissviði viðskiptakerfisins og laga þessara:

a. flugferðir sem eingöngu eru til flutninga í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamanna hans, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra landa, annarra en aðildarríkja, ef þær eru rökstuddar með viðeigandi stöðuvísi á flugáætluninni,
b. herflug herloftfara og toll- og lögregluflug,
c. flug í tengslum við leit og björgun, flug í tengslum við slökkvistarf, flug í mannúðarskyni og sjúkraflug, sem viðurkennt er af viðeigandi, lögbæru yfirvaldi,
d. flug sem er eingöngu samkvæmt sjónflugsreglum eins og þær eru skilgreindar í 2. viðauka við Chicago-samninginn,
e. flug sem endar á flugvellinum þar sem loftfarið tók flugið og þar sem engin lending á sér stað í millitíðinni,
f. æfingaflug, eingöngu að því er varðar öflun vottorðs eða áritunar ef um flugáhafnir er að ræða, þar sem þetta er rökstutt með viðeigandi athugasemd í flugáætluninni, ef flugið er hvorki til farþega- eða farmflutninga né vegna staðsetningar eða flutnings á loftfarinu,
g. flug sem er eingöngu vegna vísindarannsókna eða til að skoða, prófa eða votta loftför eða búnað, hvort sem er í lofti eða á jörðu niðri,
h. flug loftfara með staðfestan hámarksflugtaksmassa sem er minni en 5700 kg,
i. flugferðir sem farnar eru innan ramma um skyldur um opinbera þjónustu, sem settar eru fram í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2408/92, eins og tilgreint er í 2. mgr. 299. gr. Rómarsáttmálans, eða á flugleiðum þar sem flutningsgetan sem í boði er er ekki meiri en 30.000 sæti á ári, og
j. flug sem félli undir lögin ef ekki væri fyrir tilstilli þessa liðar og er á vegum flugrekstraðila í rekstri sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun á ári er minni en 10.000 tonn. Flugferðir sem eingöngu eru til flutninga í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamanna hans, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra aðildarríkis má ekki undanskilja að því er varðar þennan lið.

d. (IV. viðauki.)

Eftirfarandi tafla sýnir hversu mikið magn þeirra gróðurhúsalofttegunda sem lögin ná til samsvara einu tonni af koldíoxíð-ígildi:

Gróðurhúsalofttegundir	Magn (í tonnum) er samsvarar einu tonni af koldíoxíð-ígildi
Koldíoxíð (CO_2)	1
Metan (CH_4)	25
Köfnunarefnisdíoxíð (N_2O)	298
HFC-23	14.800
HFC-134a	1.430
Brennisteinshexaflúoríð (SF_6)	22.800

11. gr.
Innleiðing EES-gerða.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á eftirfarandi EES-gerðum:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008, um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi.

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Tilgangur og nauðsyn lagasetningar.

Tilgangur lagafrumvarps þessa er að innleiða í íslenskan rétt reglur um viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (e. EU Emission Trading Scheme – ETS).

Um er að ræða eftirfarandi gerðir:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008, um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi.

Rétt er að benda á að til þess að innleiða þessar gerðir að fullu er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglugerðir samkvæmt því sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Þá er með lagafrumvarpi þessu lagt til að innleitt verði eitt ákvæði úr tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda. Um er að ræða ákvæði um losunarleyfi atvinnrekstrar sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2009/29/EB, en sá iðnaður þarf að sækja um og fá slíkt losunarleyfi árið 2011 til þess að eiga rétt á ókeypis úthlutun losunarheimilda vegna tímabilsins 2013–2020. Því er nauðsynlegt að innleiða þetta ákvæði núna þótt tilskipunin í heild sinni verði innleidd síðar.

Fjöldi gerða (tilskipana, reglugerða og ákvarðana) er varða viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda hefur nú þegar verið settur á vettvangi Evrópusambandsins og fleiri eru í bígerð. Með þessu lagafrumvarpi er því um fyrstu skref að ræða til innleiðingar á viðskiptakerfinu en fleiri breytingar þarf að gera á næstu missirum. Niðurstaða ráðuneytisins var að best væri í þessum áfanga að breyta lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda, er taka á ráðstöfun þeirra heimilda sem íslenska ríkið hefur til ráðstöfunar undir Kýótóbókuninni. Síðar mun væntanlega þurfa að setja nýja löggjöf um losun gróðurhúsalofttegunda og viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda.

2. Undirbúningur og aðdragandi lagasetningar.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 frá 26. október 2007 var tilskipun 2003/87/EB tekin inn í EES-samninginn. Til viðbótar liggur fyrir að tilskipun 2008/101/EB verður tekin inn í samninginn fljótlega og nauðsynlegt er að leiða sem fyrst í lög ákvæði hennar. Þá er um þessar mundir unnið að upptöku tilskipunar 2009/29/EB í EES-samninginn. EES/EFTA-ríkin eiga í samningaviðræðum við framkvæmdastjórn ESB um málið og er vonanst til að þeim ljúki á næstu mánuðum svo að taka megi tilskipunina inn í samninginn fyrir lok árs 2011.

Umhverfisráðherra skipaði 25. febrúar 2010 nefnd til að undirbúa frumvarp til laga vegna innleiðingar reglna um viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Frumvarpið skyldi ná til innleiðingar tilskipunar 2003/87/EB, um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, og tilskipunar 2008/101/EB, sem breytir tilskipun 2003/87/EB og fellir flugstarfsemi undir gildissvið hennar, auk fylgigerða þeirra. Þá var nefndinni falið að hafa til hliðsjónar tilskipun 2009/29/EB sem einnig breytir tilskipun 2003/87/EB og víkkar gildissvið hennar talsvert bæði hvað varðar tegundir starfsemi sem undir hana falla og tegundir gróðurhúsalofttegunda sem hún nær til.

Í nefndina voru skipuð: Glóey Finnsdóttir lögfræðingur í umhverfisáðuneyti, formaður, Hrafnhildur Bragadóttir lögfræðingur, tilnefnd af Umhverfisstofnun, Guðrún Þorleifsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af iðnaðarráðuneyti, Ómar Þór Eyjólfsson lögfræðingur, tilnefndur af efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Pétur Reimarsson forstöðumaður, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, og Valgerður Guðmundsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti (nú innanríkisráðuneyti). Ómar Þór Eyjólfsson lét af störfum í nefndinni og við af honum tók Auður Ýr Steinarsdóttir frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Þá lét Hrafnhildur Bragadóttir einnig af störfum í nefndinni.

Til viðbótar við það samráð sem haft var innan nefndarinnar sem kom að samningu frumvarpsins hafa umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun kynnt efni tilskipana 2003/87/EB, 2008/101/EB og 2009/29/EB fyrir þeim flugrekstraraðilum og rekstraraðilum í iðnaði sem málið varðar. Þannig hélt umhverfisráðuneytið í samvinnu við utanríkisráðuneyti og samgönguráðuneyti kynningarfund með flugrekstraraðilum 16. febrúar 2009. Umhverfisstofnun hélt svo þrjá kynningarfundi með flugrekendum á árunum 2009 og 2010 þar sem farið var yfir efni tilskipunarinnar og stöðu mála varðandi innleiðingu og þátttöku Íslands í kerfinu. Þá hélt Umhverfisstofnun samráðs- og kynningarfund 27. janúar 2011 með fulltrúum þeirra fyrirtækja sem falla munu undir viðskiptakerfið frá 1. janúar 2013, sbr. tilskipun 2009/29/EB.

3. Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda.

Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda hefur verið virkt innan ESB frá árinu 2005. Viðskiptakerfið er meginstjórntæki ESB á sviði loftslagsmála og er ætlað að mynda hagrænan hvata til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sambandinu. Tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi með viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins var tekin inn í EES-samninginn árið 2007 og hafa EFTA-ríkin verið þátttakendur í viðskiptakerfinu frá árinu 2008. Þar sem sú starfsemi á Íslandi sem hefði átt að falla innan kerfisins var sérstaklega undanþegin því með ákvörðum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 hefur kerfið (skráningarkerfi, gagna- og skýrsluskil, eftirlit, vottun o.fl.) ekki enn verið sett á fót hér á landi. Þátttaka Íslands í kerfinu hefur því hingað til takmarkast við upplýsinga- og skýrsluskil til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Nú liggur fyrir að viðskiptakerfið mun taka miklum breytingum á næstu árum. Frá og með 1. janúar 2012 fellur allt flug innan ESB[3] og til og frá ríkjum ESB (EES) undir kerfið, samkvæmt tilskipun 2008/101/EB, og frá og með 1. janúar 2013 mun kerfið bæði ná yfir fleiri tegundir staðbundins iðnaðar og fleiri tegundir gróðurhúsalofttegunda en það gerir nú. Auk þess að fella fleiri tegundir starfsemi undir kerfið fela þessar breytingar í sér að öll ákvarðanataka innan kerfisins verður miðlægari. Þannig verður einn sameiginlegur pottur losunarheimilda fyrir allt svæðið og ákvarðanir um úthlutun munu byggjast á árangursviðmiðum sem verða þau sömu fyrir allt svæðið. Vegna hinnar auknu samræmingar (e. harmonisation) í kerfinu er mikilvægt að Ísland nái að fylgja sömu tímafrestum og önnur ríki á svæðinu þannig að tryggt verði að íslensk fyrirtæki sitji við sama borð og fyrirtæki annars staðar á EES-svæðinu þegar kemur að úthlutun losunarheimilda án endurgjalds vegna ársins 2012 og tímabilsins 2013–2020.

Ljóst er að allnokkur kostnaður mun verða af því að koma á fót viðskiptakerfi með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Til skoðunar er í umhverfisráðuneytinu hvaða leið er best að fara til að fjármagna það. Samkvæmt tilskipun 2008/101/EB er mælst til þess að tekjum ríkisins af uppboði losunarheimilda verði varið til loftslagsvænna verkefna og er rekstur kerfisins þar á meðal. Þetta er meðal þess sem er til skoðunar en óljóst er hversu miklar tekjur íslenska ríkisins af uppboðunum verða. Þá er einnig verið að skoða leiðir sem önnur ríki hafa farið eins og t.d. að setja gjald á hverja úthlutaða losunarheimild eins og gert hefur verið í Noregi. Þegar kerfið verður svo komið af stað þykir eðlilegt og í samræmi við framkvæmd í aðildarríkjum ESB að fyrirtæki þau sem undir kerfið heyra standi straum af rekstri kerfisins með greiðslu þjónustugjalda.

I. Tilskipun 2003/87/EB.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB kemur á fót kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda innan Evrópusambandsins. Markmið tilskipunarinnar er að skapa efnahagslegan hvata fyrir fyrirtæki til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, en tilskipunin er liður í aðgerðum Evrópusambandsins til að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt Kýótóbókuninni. Viðskiptakerfið gerir fyrirtækjum kleift að selja losunarheimildir sem þau fá úthlutað af stjórnvöldum í því ríki þar sem þau starfa, takist þeim að finna

---

[3] Hér og annars staðar í greingargerðinni þar sem fjallað er um tilskipanir ESB er talað um aðildarríki ESB og umráðasvæði þess. Þegar gerðir hafa verið teknar inn í EES-samninginn vísar hugtakið aðildarríki til allar ríkja EES og þegar fjallað er um ESB svæðið þá á það við um allt EES.

leiðir til að draga úr losun. Þá geta fyrirtæki einnig keypt heimildir þurfi þau fleiri heimildir en þeim var úthlutað. Núverandi gildissvið tilskipunarinnar tekur annars vegar til losunar frá starfsemi sem talin er upp í I. viðauka við tilskipunina, t.d. orkuframleiðslu, járn-, jarðefna- og pappírsiðnaðar, og hins vegar til ákveðinna gróðurhúsalofttegunda sem taldar eru upp í II. viðauka. Af I. viðauka leiðir að á fyrsta gildistímabili tilskipunarinnar nær hún aðeins til koldíoxíðs (CO_2). Skýring hins þrönga gildissviðs tilskipunarinnar er að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og aðildarríkin vildu tryggja að tilskipunin væri einföld í framkvæmd til að byrja með og að betri tími gæfist til að þróa lausnir um hvernig fleiri gróðurhúsalofttegundir yrðu teknar inn í viðskiptakerfið. Samkvæmt tilskipuninni mega aðildarríki frá árinu 2008 fella aðra starfsemi og gróðurhúsalofttegundir en skylda er undir gildissviðið, að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar. Vegna þessa þrönga gildissviðs fellur afar lítið af losun á Íslandi undir tilskipunina, þ.e. eingöngu vararafstöðvar Alcan í Straumsvík og Orkuveitu Reykjavíkur, sem og fiskimjölsverksmiðjur sem nota brennslukatla.

Tilskipunin mælir fyrir um að fyrir hvert fimm ára viðskiptatímabil setji sérhvert ríki sér landsbundna úthlutunaráætlun um hvernig staðið verði að úthlutun losunarheimilda á grundvelli Kýótóbókunarinnar. Þannig eru ríkin í raun að úthluta til fyrirtækja hluta af þeim losunarheimildum sem viðkomandi ríki hafa til ráðstöfunar samkvæmt Kýótóbókuninni. Á grundvelli landsbundnu úthlutunaráætlunarinnar úthlutar viðkomandi ríki síðan losunarheimildum til fyrirtækja sem stunda þá starfsemi sem fellur undir gildissvið tilskipunarinnar. Losi fyrirtæki meira en heimildir þeirra segja til um skulu þau greiða sekt sem nemur 100 evrum fyrir hvert tonn af koldíoxíði umfram losunarheimildir. Greiðsla sektar losar aðila ekki undan því að skila inn losunarheimildum. Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar kemur fram að EES/EFTA-ríkin muni beita sömu refsingum og ESB fyrir losun umfram heimildir.

Þegar tilskipunin var tekin inn í EES-samninginn var samið um sérstaka aðlögun fyrir Ísland vegna þeirrar atvinnustarfsemi hér á landi sem fellur undir gildissvið tilskipunarinnar. Aðlögunin felur í sér að svo lengi sem losun á CO_2 frá framangreindri einstakri starfsemi fer ekki yfir 25.000 tonn á ári falli hún utan gildissviðs tilskipunarinnar, að því tilskildu að sýnt sé fram að gripið sé til annarra sambærilegra aðgerða til ná þeim árangri sem tilskipunin stefnir að. Þá er tekið fram í aðlögunartextanum að á meðan ekkert fyrirtæki falli undir gildissvið tilskipunarinnar sé Ísland undanþegið skyldu til að setja sér og leggja fram landsbundna úthlutunaráætlun. Í samræmi við skilyrði aðlögunarinnar hefur Umhverfisstofnun skilað skýrslu og upplýsingum um losun þeirrar starfsemi sem í hlut á til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

II. Tilskipun 2008/101/EB.

Tilskipuninni er ætlað að draga úr losun koldíoxíðs frá flugstarfsemi innan Evrópusambandsins. Í því skyni er flug innan sambandsins, sem og flug til og frá sambandinu, fellt undir viðskiptakerfið. Tilskipunin felur í sér það takmark að draga úr losun frá flugstarfsemi um 3% á tímabilinu 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 og um 5% á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 miðað við árlega meðaltalslosun frá flugi í sambandinu viðmiðunarárin 2004–2006.

Undir gildissvið tilskipunarinnar fellur allt flug innan sambandsins og flug til og frá sambandinu. Nokkrar tegundir flugstarfsemi eru þó undanskildar, þar á meðal flutningur þjóðhöfðingja og ríkisstjórna frá ríkjum utan bandalagsins, hernaðar-, tollgæslu- og löggæsluflug, leitar- og björgunarflug, flug með minna en 5.700 kg flugtaksþunga og flugstarfsemi aðila sem stunda flugrekstur í atvinnuskyni ef þeir fara annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju

tímabili af þremur samliggjandi fjögurra mánaða tímabilum eða ef flugferðir þeirra leiða til losunar sem nemur minna en 10.000 tonnum á ári.

Sérhver flugrekandi sem stundar flug er fellur undir gildissvið tilskipunarinnar heyrir undir tiltekið ábyrgðarríki, þ.e. það ríki sem ber ábyrgð á að framkvæma kröfur tilskipunarinnar gagnvart viðkomandi flugrekanda. Þegar um er að ræða flugrekanda með gilt flugrekstrarleyfi útgefið af aðildarríki er ábyrgðarríkið það ríki sem gaf viðkomandi flugrekstrarleyfi út. Í öllum öðrum tilvikum, þ.e. þegar um er að ræða flugrekanda utan ESB, er ábyrgðarríki það ríki sem rekja má stærstan hluta áætlaðrar losunar viðkomandi flugrekanda til á viðmiðunarári. Viðmiðunarárið er 2006, nema þegar um er að ræða flugrekendur sem hófu starfsemi eftir 1. janúar 2006, en þá er viðmiðunarárið fyrsta almanaksárið eftir að starfsemin hefst. Þegar rætt er um að losun megi „rekja til“ ríkis er átt við að viðkomandi loftfar hafi lent eða tekið á loft á yfirráðasvæði ríkisins. Flugrekendur geta flust milli ábyrgðarríkja að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Vakin skal athygli á því að ákvæði tilskipunarinnar um ábyrgðarríki mun hafa í för með sér að auk flugrekenda sem hafa flugrekstrarleyfi útgefið á Íslandi mun Ísland bera ábyrgð á framkvæmd tilskipunarinnar gagnvart ákveðnum flugrekendum utan EES sem millilenda á Íslandi. Samkvæmt óbirtum bráðabirgðalista framkvæmdastjórnar ESB munu yfir 160 flugrekendur falla undir ábyrgð Íslands þegar tilskipunin verður hluti af EES-samningnum.

Heildarfjöldi losunarheimilda vegna flugstarfsemi á hverju tímabili tilskipunarinnar er ákveðinn af framkvæmdastjórn sambandsins á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga um losun aðildarríkja á viðmiðunarárunum 2004–2006. Ákvæðið hefur í för með sér að ákvarða þarf á vettvangi stofnana EES-samningsins hversu margar losunarheimildir bætast við heildarpottinn við útvíkkun kerfisins til EES/EFTA-ríkjanna. Nauðsynlegt er því að taka ákvörðun um aðlögun þessa ákvæðis að EES-samningnum og er gert ráð fyrir því í þeim drögum að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem nú liggja fyrir. Bent skal á að hér er um athyglisvert nýmæli að ræða, en upprunalega tilskipunin um viðskiptakerfið gerir ráð fyrir að hvert aðildarríki ákveði heildarlosun á yfirráðasvæði sínu frá starfsemi sem getið er í I. viðauka á tímabilinu 2008–2012 með landsbundinni úthlutunaráætlun. Markmið breytingarinnar er að auka miðstýringu sambandsins og einsleitni við framkvæmd viðskiptakerfisins. Í þessari nálgun felst einnig að reglur um úthlutun losunarheimilda eru að miklu leyti samræmdar, eins og hér verður nánar lýst.

Stærstum hluta losunarheimildanna, eða 85%, skal úthluta endurgjaldslaust til flugrekenda. Skal úthlutunin byggjast á svonefndu árangursviðmiði (e. benchmark) sem skilgreint er sem losunarheimildir á tonn-kílómetraeiningu. Árangursviðmiðið fyrir fyrstu tvö tímabil tilskipunarinnar er fundið út með því að deila fjölda losunarheimilda sem úthluta skal endurgjaldslaust í ESB með samtölu tonn-kílómetraeininga árið 2010 hjá þeim flugrekendum sem sóttu um losunarheimildir. Með þessum hætti er flugrekendum sem notast við sparneytnustu tæknina umbunað þar sem þeir fá úthlutað fleiri losunarheimildum en aðrir og geta selt hugsanlegar umframheimildir á sameiginlega markaðnum.

Á fyrstu tveimur tímabilum tilskipunarinnar, 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 annars vegar og 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 hins vegar, skal bjóða upp 15% af heildarfjölda losunarheimilda í Evrópusambandinu. Hlutfall þetta kann að aukast eftir það við almenna endurskoðun tilskipunarinnar. Hlutdeild aðildarríkjanna í þeim losunarheimildum sem ber að bjóða upp skal vera í réttu hlutfalli við hlutdeild viðkomandi ríkis í heildarmagni losunar frá flugrekstri í öllum aðildarríkjum á tilteknu viðmiðunarári, sem er árið 2010 fyrir fyrstu tvö tímabilin. Þetta ákvæði er byggt á þeirri forsendu að losun í bandalagsríkjunum

sé reiknuð sem ein heild. Gert er ráð fyrir að hlutdeild aðildarríkjanna hvers um sig verði tilgreind í sérstakri ákvörðun (e. decision). Ákvæðið hefur í för með sér að taka þarf ákvörðun um aðlögun þessa ákvæðis að EES-samningnum hvað varðar hlutfall EES/EFTA-ríkjanna.

Nánari reglur um tilhögun uppboðs hafa verið settar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar. Mælst er til þess í tilskipuninni að tekjum af uppboði verði varið til aðgerða sem tengjast baráttunni gegn hlýnun jarðar. Til dæmis mætti ráðstafa tekjunum til reksturs kerfisins.

Á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 og á þeim tímabilum sem eftir fara skulu 3% af heildarfjölda losunarheimilda í sambandinu tekin frá og sett í sérstakan varasjóð fyrir flugrekendur sem hefja starfsemi eða auka losun sína um tiltekið magn eftir að fjöldi losunarheimilda fyrir viðkomandi tímabil er ákveðinn. Úthlutun losunarheimilda úr sjóðnum skal vera endurgjaldslaus og byggjast á tilteknum árangursviðmiðum sem skilgreind eru í tilskipuninni. Losunarheimildir sem ekki er úthlutað úr sjóðnum skulu boðnar upp af aðildarríkjum.

Að öðru leyti en að ofan greinir gilda að meginstefnu til sömu eða sambærilegar reglur um þátttöku flugrekstrar í viðskiptakerfinu og eiga við um staðbundinn iðnað sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB. Á það m.a. við um eftirlit, skráningu losunarheimilda, skýrslugjöf, vottun upplýsinga og viðurlög við vanefndum.

Vakin skal athygli á því að ýmis atriði varðandi framkvæmd tilskipunar 2008/101/EB hafa enn ekki verið til lykta leidd innan sambandsins. Framkvæmdastjórninni er í mörgum ákvæðum falið vald til að setja nánari reglur, ýmist í formi reglugerða eða ákvarðana. Slíkar reglur, sem varða m.a. framkvæmd uppboðs, vottun upplýsinga og rekstur skráningarkerfis, verða teknar upp í EES-samninginn þegar þar að kemur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gerð er tillaga um að markmiðsgrein laganna sé breytt í samræmi við markmið tilskipunar 2003/87/EB, sbr. 1. gr. tilskipunarinnar. Þannig verði markmið laganna að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á sem kostnaðarhagkvæmastan hátt.

Um 2. gr.

Lagt er til að gildissviði laganna verði breytt þannig að þau nái til þeirrar starfsemi sem fellur undir lögin nú og getið er í I. viðauka, starfsemi sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir frá 1. janúar 2013 og getið er í II. viðauka og flugstarfsemi sem fellur undir viðskiptakerfið frá 1. janúar 2012 og getið er í III. viðauka.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að skilgreingingu á hugtakinu losunarheimild verði breytt og að til viðbótar verði skilgreind fimm ný hugtök.

Lagt er til, vegna væntanlegra breytinga á gildissviði viðskiptakerfisins hvað varðar gróðurhúsalofttegundir sem undir það munu falla, að hugtakið losunarheimild gildi um koldíoxíð-ígildi í stað koldíoxíðs áður. Þá er útskýrt sérstaklega hvað samsvarar einu koldíoxíðígildi en það samsvarar einu tonni af koldíoxíði eða því magni annarra gróðurhúsalofttegunda sem hefur sambærilegan hlýnunarmátt (e. global warming potential), sbr. töflu í IV. viðauka.

Þá er bætt við skilgreiningum á *losunarleyfi* í samræmi við ákvæði tilskipunar 2003/87/EB, sbr. 3. gr. d, 5. gr. og 6. gr. tilskipunarinnar og hugtakinu *aðili* í samræmi við 3. gr. g sömu tilskipunar. Loks eru settar inn skilgreiningar á hugtökunum *flugrekstraraðili, um-*

sjónarríki og *tonnkílómetrar* í samræmi við tilskipun 2008/101/EB. Einungis eitt þessara hugtaka, umsjónarríki, er að finna í skilgreingagrein tilskipunarinnar en rétt þótti til hægðarauka að skýra hugtökin í frumvarpinu.

Um 4. gr.

Lagðar eru til breytingar á 3. mgr. 4. gr. til samræmis við tilskipun 2003/87/EB, sbr. tilskipun 2008/101/EB og tilskipun 2009/29/EB. Í greininni er fjallað um verksvið Umhverfisstofnunar sem hins lögbæra stjórnvalds sem fer með framkvæmd laganna. Til viðbótar þeim verkefnum sem stofnunin hefur þegar með hendi bætast við veiting losunarleyfis, sbr. 5. og 6. gr. tilskipunar 2003/87/EB með síðari breytingum og umsýsla vegna flugstarfsemi sem fellur innan viðskiptakerfisins, svo sem eins og móttaka og yfirferð eftirlitsáætlana, sbr. 3. gr. g, og úthlutun losunarheimilda, sbr. 3. gr. e í tilskipuninni.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að orðalagi 2. mgr. 6. gr. verði breytt þannig að málsgreinin nái utan um allar losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda, þ.e. bæði þær heimildir sem íslenska ríkið úthlutar til atvinnurekstrar á tímabilinu 2008–2012 sem og heimildir viðskiptkerfis ESB sem verður úthlutað eða settar á uppboð í samræmi við tilskipun 2003/87/EB eins og henni hefur verið breytt með tilskipunum 2008/101/EB og 2009/29/EB. Þá er kveðið á um að umhverfisráðherra sé heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu á skráningarkerfinu. Um skráningarkerfi losunarheimilda hafa á vettvangi ESB verið settar fjórar reglugerðir. Tvær þeirra falla úr gildi fyrir 1. janúar 2012 og þarf því ekki að innleiða þær hér á landi. Hinar tvær mun þurfa að innleiða. Þetta eru reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 916/2007 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 920/2010. Innleiða ber reglugerðirnar orðrétt og er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett um það reglugerð samkvæmt þessari grein.

Þá er 3. mgr. 6. gr. tekin upp og í henni kveðið á um að hver sem uppfyllir sett skilyrði geti átt reikning í skráningarkerfinu. Þannig gerir kerfið ráð fyrir því að ekki einungis þeir sem stunda starfsemi sem losar gróðurhúsalofttegundir geti átt losunarheimildir heldur einnig aðrir aðilar, einstaklingar eða lögaðilar. Heimildirnar er svo hægt að flytja á milli reikninga innan EES. Þeir sem hafa áhuga á að fjárfesta í losunarheimildum, t.d. til að selja síðar, geta því gert það og fengið þær skráðar á sinn reikning. Einnig er gert ráð fyrir því að hægt sé að láta ógilda heimildir. Með því er átt við að ekki verði hægt að nýta heimildirnar heldur minnki bara losun sem nemur hinum ógiltu heimildum. Þá er sérstaklega tekið fram í greininni að þessi ákvæði um flutning losunarheimilda og ógildingu taki ekki til þeirra heimilda sem íslenska ríkið úthlutar til staðbundinnar iðnaðarstarfsemi á Íslandi vegna losunar á árunum 2008–2012, en vegna hins svokallaða íslenska ákvæðis við Kýótóbókunina (ákvörðun 14/CP.7) er ekki heimilt að selja eða láta af hendi þær heimildir.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að nýrri grein verði bætt við III. kafla laganna, um losunarleyfi atvinnurekstrar. Hér er um að ræða innleiðingu á 4., 5. og 6. gr. tilskipunar 2003/87/EB, sbr. einnig 2009/29/EB.

Samkvæmt 4. gr. tilskipunar 2003/87/EB verður öll staðbundin iðnaðarstarfsemi sem fellur innan gildissviðs tilskipunarinnar, sbr I. viðauka við hana, að hafa losunarleyfi vegna losunar gróðurhúsalofttegunda. Það þýðir að öll sú iðnaðarstarfsemi á Íslandi sem falla mun innan gildissviðs viðskiptakerfisins frá og með 1. janúar 2013 þarf að hafa slíkt losunarleyfi.

Losunarleyfið er forsenda þess að hægt sé að sækja um úthlutun losunarheimilda vegna losunar starfseminnar, sbr. ákvæði tilskipunarinnar. Þau fyrirtæki sem ekki hafa losunarleyfi geta því ekki sótt um ókeypis úthlutun losunarheimilda.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um umsókn um losunarleyfi og hvaða upplýsingar skuli fylgja henni, sbr. 5. gr. tilskipunarinnar. Í 3. mgr. er svo fjallað um losunarleyfið og hvað það skuli innihalda, sbr. 6. gr. tilskipunarinnar. Í 4. mgr. kemur svo fram að endurskoða ber losunarleyfið á fimm ára fresti hið minnsta en gert er ráð fyrir því að losunarleyfi verði í framtíðinni hluti af starfsleyfi fyrirtækja og endurskoðun þeirra fari fram um leið og endurskoðun starfsleyfa. Þannig er meiningin að forðast eftir megni tvíverknað fyrirtækja hvað varðar umsóknir um leyfi og skil upplýsinga. Loks er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um vöktunaráætlun losunarleyfis og hvaða skilyrði slík áætlun þurfi að uppfylla. Skv. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2009/29/EB, er gert ráð fyrir því að framkvæmdastjórnin setji fyrir 31. desember 2011 reglugerð um vöktun og skýrsluskil vegna losunar. Skv. 6. gr. tilskipunarinnar ber vöktunaráætlun losunarleyfis að uppfylla þau skilyrði sem þar munu koma fram. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð um þetta efni.

Samkvæmt 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2009/29/EB, ber lögbærum stjórnvöldum í aðildarríkjum ESB að birta og skila til framkvæmdastjórnarinnar lista yfir þau fyrirtæki á sínu yfirráðasvæði sem falla innan gilidissviðs tilskipunarinnar og þá ókeypis úthlutun losunarheimilda til þeirra samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar. Lögbærum stjórnvöldum í EES/EFTA-ríkjunum ber að birta slíkan lista og skila honum til Eftirlitsstofnunar EFTA sem kemur honum áfram til framkvæmdastjórnar ESB. Það er því mikilvægt að þau íslensku fyrirtæki sem falla innan viðskiptakerfisins frá og með 1. janúar 2013 fái útgefið losunarleyfi í tíma. Í 9. gr. frumvarps þessa er lagt til að sett verði í lögin bráðabirgðaákvæði þess efnis að starfandi atvinnurekstur sem undir lögin fellur vegna losandi starfsemi á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2010, sbr. II. viðauka, skuli sækja um losunarleyfi skv. 6. gr. a í síðasta lagi 30. maí 2011.

Um 7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um að tveir nýir kaflar, III. kafli A, **Losunarheimildir flugrekstraraðila,** með fimm nýjum greinum, 14. a – 14. e, og III. kafli B, **Gjaldtaka,** bætist við lögin.

Í III. kafla A er fjallað um skyldu flugrekstraraðila til skila á losunarheimildum, úthlutun losunarheimilda, uppboð losunarheimilda og eftirlitsáætlanir, vöktun og skýrslugerð vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá flugstarfsemi.

Samkvæmt frumvarpinu verður í 14. gr. a kveðið á um gildissvið kaflans. Kaflinn gildir um þá flugrekstraraðila sem falla innan viðskiptakerfisins og heyra undir umsjón íslenska ríkisins samkvæmt reglugerð sem umhverfisráðherra er ætlað að setja. Framkvæmdastjórn ESB er samkvæmt grein 18a tilskipunar 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2008/101/EB, ætlað að gefa út lista yfir þá flugrekstraraðila sem heyra undir viðskiptakerfið og hvaða ábyrgðarríki þeir heyra undir og skal listinn uppfærast í febrúar ár hvert. Í ljósi væntanlegrar stækkunar viðskiptakerfisins til EFTA-ríkjanna mun framkvæmdastjórn ESB gefa út nýjan uppfærðan lista yfir flugrekendur og ábyrgðarríki á öllu EES-svæðinu um leið og tilskipun 2008/101/EB hefur verið tekin inn í EES-samninginn. Listinn verður tekinn inn í EES-samninginn og er í greininni gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð hvaða flugrekstraraðilar heyri undir ábyrgð íslenska ríksins samkvæmt honum. Rétt er þó að taka

fram að þótt stefnt sé að því að hafa listann eins námkvæman og hægt er þá mun listinn sem slíkur ekki ákvarða hvaða flugrekstraraðilar falla innan gildissviðs viðskiptakerfisins. Tilskipun 2003/87/EB kveður á um það burtséð frá því hvort viðkomandi er á listanum eður ei.

Í 14. gr. b er fjallað um skyldu flugrekstraraðila til að standa skil á og skila inn losunarheimildum. Skv. 1. mgr. skulu flugrekstraraðilar standa skil á losunarheimildum í samræmi við losun frá viðkomandi flugstarfsemi. Standa skal skil á losunarheimildum fyrir 30. apríl hvert ár vegna undangengins almanaksárs. Þetta þýðir að flugrekstraraðili þarf fyrir 30. apríl ár hvert að eiga losunarheimildir inni á reikningi sínum í skráningarkerfinu sem samsvarar losun frá starfsemi hans árið á undan. Þetta er í samræmi við lið 2a í 12. gr. tilskipunarinnar. Þannig munu flugrekendur þurfa að standa skil á losunarheimildum vegna flugs árið 2012 fyrir 30. apríl 2013 og svo árlega eftir það. Í 2. mgr. er svo kveðið á um að til þess að uppfylla skyldur sínar um skil á losunarheimildum sé flugrekendum heimilt að nota losunarheimildir sem úthlutað hefur verið eða seldar á uppboði samkvæmt tilskipun 2003/87/EB. Flugrekstraraðilum er því heimilt að kaupa heimildir sem úthlutað hefur verið eða boðnar hafa verið upp í viðskiptakerfinu til viðbótar við þær heimildir sem þeir fá úthlutað sjálfir. Aftur á móti er ekki heimilt samkvæmt tilskipuninni að selja þær heimildir sem úthlutað er eða boðnar eru upp vegna flugstarfsemi til annarrar starfsemi innan viðskiptakerfisins. Þannig er t.d. ekki leyfilegt að nota heimildir sem úthlutað er vegna flugstarfsemi til þess að standa skil á heimildum vegna losunar í staðbundinni iðnaðarstarfsemi, svo sem álframleiðslu. Aftur á móti er heimilt að nýta heilmildir sem úthlutað er til staðbundins iðnaðar til að standa skil á heimildum vegna losunar frá flugstarfsemi.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. c verður losunarheimildum úthlutað endurgjaldslaust til flugrekstraraðila samkvæmt sérstöku árangursviðmiði sem ráðherra setur í reglugerð. Um er að ræða sameiginlegt árangursviðmið fyrir allt EES-svæðið sem gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórn ESB muni gefa út í séstakri ákvörðun, sbr. lið 3(e) í grein 3e í tilskipuninni. Árangursviðmið þetta verður svo í framhaldinu tekið inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar til þess að það öðlist gildi á EES-svæðinu öllu. Að því loknu er gert ráð fyrir að ráðherra setji árangursviðmiðið í reglugerð. Í 2. mgr. 14. gr. c er fjallað um úthlutum losunarheimilda til flugrekenda er hefja flugstarfsemi eftir árið 2010 og þeirra flugrekenda sem auka starfsemi sína um meira en 18% á ári frá árinu 2010–2015. Úthlutun til þessara aðila skal byggjast á árangursviðmiði sem kveðið er á um í 5. lið greinar 3f í tilskipuninni. Framkvæmdastjórn ESB mun taka ákvörðun um árangursviðmiðið sem síðar verður tekið inn í EES-samninginn og að því loknu er gert ráð fyrir að ráðherra gefi það út í regulgerð. Umsóknir skv. 1. mgr. skulu berast Umhverfisstofnun fyrir 1. júní 2011 og umsóknir skv. 2. mgr. fyrir 30. júní 2015. Samkvæmt 2. lið greinar 3e í tilskipuninni ber aðildarríkjum að skila til framkvæmdastjórnarinnar innkomnum umsóknum um losunarheimildir fyrir árið 2012 þann 30. júní 2011. EFTA-ríkin munu skila viðkomandi umsóknum til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem framsendir þær til framkvæmdastjórnar ESB. Af þessum sökum er nauðsynlegt að umsóknum verði skilað til Umhverfisstofnunar eigi síðar en 1. júní 2011 svo að stofnunin hafi tíma til að yfirfara umsóknirnar áður en þarf að skila þeim inn til ESA.

Í 14. gr. d er fjallað um uppboð losunarheimilda. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um hve margar losunarheimildir verði boðnar upp af íslenska ríkinu og um tilhögun uppboðsins. Gert er ráð fyrir að 15% þeirra losunarheimilda sem gefnar verða út vegna flugstarfsemi verði boðnar upp. Hlutdeild aðildarríkjanna í hinum uppboðnu heimildum, þ.e. tekjunum af þeim, ræðst af hlutdeild viðkomandi ríkis í losun vegna flugs árið 2010 og er

miðað við flug sem tekur af stað frá aðildarríki auk flugs frá ríki utan svæðisins sem lendir í aðildarríki við komu inn á svæðið. Samkvæmt aðlögun við tilskipun 2008/101/EB munu sömu reglur gilda um hlutdeild EFTA-ríkjanna. Þannig mun losun frá öllu flugi sem fellur innan gildissviðs tilskipunarinnar og tók af stað frá íslenskum flugvelli eða kom frá ríki utan EES og lenti við komuna inn í EES fyrst á íslenskum flugvelli árið 2010 teljast til hlutdeildar íslenska ríkisins í losun þess árs. Fram er komin á vettvangi ESB reglugerð um uppboð losunarheimilda, reglugerð (EB) nr. 1031/2010. Í henni er gert ráð fyrir sameiginlegum uppboðsvettvangi innan ESB sem hægt er að segja sig frá með ströngum skilyrðum. Tímafrestur til þess er nú runninn út innan ESB og af 27 ríkjum sambandsins sögðu þrjú, þ.e. Bretland, Þýskaland og Pólland, sig frá hinum sameiginlega uppboðsmarkaði. Reglugerð þessi er nú til skoðunar á vettvangi EFTA-ríkjanna og ljóst að semja þarf um aðlögun við hana. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti sett í reglugerð ákvæði um uppboð heimildanna þegar fyrir liggur með hvaða hætti viðkomandi reglugerð verður tekin inn í EES-samninginn.

Í 14. gr. e er fjallað um eftirlitsáætlanir, vöktun og skýrslugerð. Í samræmi við grein 3g í tilskipun 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2008/101/EB, ber flugrekstraraðila sem fellur undir ábyrgð íslenska ríkisins að skila inn eftirlitsáætlun til Umhverfisstofnunar og er kveðið á um það í 1. mgr. Í eftirlitsáætlun skal koma fram hvernig vöktun og skýrslugerð um losun koldíoxíðs verður háttað. Senda ber Umhverfisstofnun áætlunina til staðfestingar í síðasta lagi fjórum mánuðum fyrir upphaf þess árs sem flugrekstraraðili hyggst hefja starfsemi sem fellur undir viðskiptakerfið. Gert er ráð fyrir því að Umhverfisstofnun fari yfir eftirlitsáætlanir í samráði við Flugmálastjórn ef þörf er á. Þannig er ekki fyllilega ljóst við framlagningu frumvarpsins hvort þörf verður á aðstoð Flugmálastjórnar við yfirferð eftirlitsáætlananna, en rétt þótti þó að gera ráð fyrir að svo gæti orðið. Ekki er sérstaklega fjallað um það í lögunum hvernig þessu samráði skuli háttað og þykir eðlilegast að stofnanirnar komi sér saman um það. Þá er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli staðfesta eftirlitsáætlun innan þriggja mánaða frá því að hún barst, uppfylli hún skilyrði laga og reglugerða þar um. Í 2. mgr. er kveðið á um að flugrekstraraðilar skuli skila til Umhverfisstofnunar skýrslu um losun koldíoxíðs. Skýrslunni skal skila í síðasta lagi 1. júní 2011 fyrir losun ársins 2012 og svo 31. mars ár hvert eftir það. Skýrslan skal vottuð af til þess bærum aðila, sbr. 3. mgr. Hafi skýrsla ekki verið vottuð eins og ber að gera skal Umhverfisstofnun koma í veg fyrir hvers konar aðgerðir á reikningi viðkomandi flugrekstraraðila í skráningarkerfinu þar til úr því hefur verið bætt. Í 3. mgr. segir svo að ráðherra setji reglugerð með nánari ákvæðum um efni og form eftirlitsáætlana, uppfærslu þeirra og reglulega skoðun, sem og efni og form losunarskýrslna. Í reglugerðinni skal kveðið á um að skýrsla um losun koldíoxíðs sé vottuð af til þess bærum aðila. Gert er ráð fyrir því að komið verði á kerfi gagnkvæmrar viðurkenningar á vottun þannig að vottun annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu sem er í samræmi við kröfur tilskipunarinnar verði tekin gild hér á landi og öfugt.

Í III. kafla B er kveðið á um heimild til gjaldtöku. Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir þá umsýslu stofnunarinnar sem talin er upp í ákvæðinu. Um er að ræða heimild til innheimtu þjónustugjalda sem skulu lúta þeim reglum er almennt gilda um slík gjöld.

Um 8. gr.

Lagðar eru til þær breytingar á 1. mgr. 15. gr. að ekki sé einungis talað um atvinnurekstur heldur einnig flugrekstraraðila þegar fjallað er um stjórnvaldssektir vegna skorts á skilum á losunarheimildum. Þá er til samræmis við 3. lið 16. gr. tilskipunarinnar kveðið á um að

upphæð stjórnvaldssektar skuli nema sem samsvarar 100 evrum á dag vegna hverrar losunarheimildar sem upp á vantar. Stjórnvaldssektir þessar skulu renna í ríkissjóð. Rétt er að taka fram að greiðsla stjórnvaldssektar leysir atvinnurekstur og flugrekstraraðila ekki undan skyldu til að skila inn losunarheimildum til samræmis við losun undanfarins almanaksárs. Þá er lagt til að Umhverfisstofnun verði heimilt að leggja dagsektir á atvinnurekstur og flugrekstraraðila að upphæð allt að 100.000 kr. á dag ef atvinnurekstur sinnir ekki skilum á skýrslu skv. 13. gr. eða flugrekstraraðili sinnir ekki skyldu um skil á skýrslu skv. 14. gr. e. Hér er um að ræða ákvæði sem er í núgildandi lögum hvað varðar atvinnurekstur en ákvæði um flugrekstraraðila er bætt við til samræmis við 7. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að fjögur ákvæði til bráðabirgða bætist við lögin. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu eru fram undan miklar breytingar á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Þegar flugstarfsemi bætist við gildissvið viðskiptakerfisins 1. janúar 2013, sbr. tilskipun 2008/101/EB, mun það í fyrsta sinn hafa veruleg áhrif hér á landi. Enn meiri verða áhrifin þegar ný iðnaðarstarfsemi og fleiri gróðurhúsalofttegundir bætast við gildissviðið 1. janúar 2013, sbr. tilskipun 2009/29/EB, auk þess sem þá mun einnig falla undir viðskiptakerfið sú starfsemi á Íslandi sem sérstaklega var undanþegin á tímabilinu 2008–2012 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007. Auk þess að víkka út gildissvið viðskiptakerfisins mun kerfið sjálft taka miklum breytingum og verða mun miðstýrðara en áður. Þannig munu ríkin ekki úthluta losunarheimildum til starfsemi innan sinna vébanda heldur mun úthlutun losunarheimilda byggjast á sérstökum árangursviðmiðum sem ákveðin verða miðlægt og verða þau sömu fyrir svæðið allt. Af þessum sökum er það mat stjórnvalda sem og hagsmunaaðila að mikið sé í húfi fyrir Ísland að vera með strax frá upphafi hvað varðar umsóknir og úthlutun þannig að íslensk fyrirtæki sitji við sama borð og samkeppnisaðilar þeirra innan EES-svæðisins. Aftur á móti er ljóst að mikill hraði er í lagasetningu og framkvæmd þessara breytinga innan ESB og aðildarríkin eiga fullt í fangi með að ljúka nauðsynlegum undirbúningi til þess að verða tilbúin fyrir breytingarnar sem verða 2012 og 2013. Fyrir EES/EFTA-ríkin er tíminn enn knappari þar sem þau þurfa auk þess að semja sérstaklega um upptöku viðkomandi gerða í EES-samninginn. Þess má geta að það tók á annað ár að semja um upptöku tilskipunar 2008/101/EB í EES-samninginn og lauk þeim samningum í september 2010. Málið hefur svo tafist á vettvangi ESB en tilskipunin verður væntanlega tekin inn í EES-samninginn í byrjun apríl 2011. Því er svo komið að nú þegar fyrir liggur að leiða í lög ákvæði tilskipunar 2008/101/EB og hluta (ákvæði um losunarleyfi) tilskipunar 2009/29/EB eru ákveðnir tímafrestir vegna undirbúnings ýmist liðnir eða u.þ.b. að líða. Af þessum sökum er gert ráð fyrir fjórum bráðabirgðaákvæðum í frumvarpi þessu. Þau eru:

1. Ákvæði um frest til starfandi atvinnurekstrar sem undir lögin fellur til að sækja um losunarleyfi til 30. maí 2011. Eins og fram kemur í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins er slíkt losunarleyfi forsenda þess að geta sótt um og fengið úthlutað ókeypis losunarheimildum vegna tímabilsins 2013–2020.
2. Ákvæði um heimild til handa ráðherra til að setja í reglugerð ákvæði um undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. 14. gr. e um skil á eftirlitsáætlun sem eru forsenda þess að flugrekstraraðili geti fengið úthlutað ókeypis losunarheimildum í samræmi við tilskipunina. Tryggja þarf að þeir flugrekstraraðilar sem ekki hafa tekið þátt í undirbúningi vegna tilskipunarinnar með því að skila inn eftirlitsáætlun og safna gögnum árið 2010 geti

komið sínum gögnum að og sótt um losunarheimildir til úthlutunar. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð er kveður á um það.

3. Ákvæði um að flugrekstraraðili, sem fyrir stækkun kerfisins til EFTA-ríkjanna heyrir undir ábyrgð annars EES-ríkis en mun heyra undir ábyrgð Íslands eftir stækkun, þurfi ekki að skila nýrri eftirlitsáætlun til Umhverfisstofnunar heldur muni stofnunin taka gilda staðfestingu lögbærs yfirvalds í því ríki sem viðkomandi flugrekstraraðili heyrði undir fyrir stækkun. Einnig er í ákvæðinu kveðið á um að hafi flugrekstraraðili skilað inn eftirlitsáætlun til lögbærs stjórnvalds innan annars EES-ríkis fyrir árið 2010 skuli skýrslu um losun þess árs skilað til sama stjórnvalds. Þannig er gert ráð fyrir að flutningur flugrekstraraðila frá einu ábyrgðarríki til annars muni ekki eiga sér stað fyrr en skýrsluskilum vegna ársins 2010 verði lokið.
4. Ákvæði um að þrátt fyrir skilgreiningu laganna á losunarheimild skuli losunarheimild í skilningi laga þessara fram til 31. desember 2012 teljast vera heimild til losunar koldíoxíðs. Ein losunarheimild jafngildi því heimild til losunar einu tonni af koldíoxíði á ári þar sem það er ekki fyrr en 1. janúar 2013 sem viðskiptakerfið mun ná til fleiri gróðurhúsalofttegunda en koldíoxíðs.

Um 10. gr.

Með greininni er fjórum viðaukum bætt við lögin.

Um 11. gr.

Í greininni eru taldar upp þær gerðir sem frumvarpi þessu er ætlað að innleiða.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda (viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir).

Tilgangur frumvarpsins er að leiða í íslenskan rétt reglur um viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB, tilskipun 2008/101/EB og ákvæði í tilskipun 2009/29/EB. Í samræmi við það er í frumvarpinu lögð til útvíkkun á gildissviði laganna þannig að frá 1. janúar 2012 nái þau einnig til flugstarfsemi sem getið er í III. viðauka og að frá 1. janúar 2013 taki þau sömuleiðis til atvinnustarfsemi sem getið er í II. viðauka. Lagðar eru til breytingar á ákvæðum laganna um skráningarkerfið um heimildir Íslands til losunar gróðurhúsalofttegunda þannig að kerfið taki einnig til atvinnurekstrar sem getið er í áðurnefndum viðaukum, og annarra aðila að uppfylltum tilteknum skilyrðum, og mælt fyrir um heimildir aðila til að stofna reikning í kerfinu og eiga viðskipti með losunarheimildir. Einnig er mælt fyrir um skyldu rekstraraðila sem stunda starfsemi sem getið er í II. viðauka til að hafa losunar-

leyfi, ásamt bráðabirgðaákvæði sem skyldar viðkomandi til að sækja um losunarleyfi í síðasta lagi 30. maí 2011. Lagt er til að í lögin verði bætt nýjum kafla um losunarheimildir flugrekstraraðila. Í samræmi við tilskipun 2008/101/EB er í frumvarpinu lagt til að íslenska ríkið skuli á hverju ári frá árinu 2012 bjóða upp losunarheimildir flugrekstrar í samræmi við heimildir sínar samkvæmt EES-samningnum. Auk þess eru lagðar til ýmsar breytingar sem m.a. lúta að hlutverki Umhverfisstofnunar við framkvæmd laganna og gjaldtöku. Að lokum er lögð til útvíkkun á sektarákvæðum laganna og sektir hækkaðar. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að auk þess að fella fleiri tegundir starfsemi undir kerfið feli þessar breytingar í sér að öll ákvarðanataka innan kerfisins verður miðlægari. Þannig verði einn sameiginlegur pottur losunarheimilda fyrir allt svæðið og ákvarðanir um úthlutun munu byggjast á árangursviðmiðum sem verða þau sömu fyrir allt svæðið.

Ísland er aðili að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og Kýótó-bókuninni við hann. Ísland er einnig bundið af ýmsum reglum Evrópusambandsins á sviði loftslagsmála. Þar ber fyrst að nefna að í október 2007 varð tilskipun 2003/87/EB hluti af EES-samningnum. Nær engin staðbundin starfsemi hér á landi hefur þó til þessa fallið undir gildissvið viðskiptakerfisins og hefur það því ekki verið innleitt að fullu í íslenska löggjöf. Engu að síður er fyrirséð að kerfið mun hafa talsverð áhrif á Íslandi á næstu árum því að samkvæmt tilskipun 2008/101/EB mun flugstarfsemi heyra undir kerfið frá árinu 2012 og ýmis önnur atvinnustarfsemi frá árinu 2013. Nýverið heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella tilskipun 2008/101/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/450/EB, um ítarlega túlkun á flugstarfseminni, inn í EES-samninginn. Í skýrslu verkefnisstjórnar um gerð aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum sem út kom í október 2010 kemur fram að að því gerðu megi búast við að viðskiptakerfið muni ná yfir meira en 40% losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi innan fárra ára.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun fari áfram með framkvæmd laganna, þ.m.t. bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda, rekstur skráningarkerfis, leyfisveitingar og eftirlit með losun koldíoxíðs frá þeim atvinnurekstri sem undir lögin fellur og úthlutun losunarheimilda til flugrekstraraðila. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að samkvæmt óbirtum bráðabirgðalista framkvæmdastjórnar ESB munu yfir 160 flugrekendur falla undir ábyrgð Íslands. Framkvæmdin verður því umfangsmeiri en áður og ný verkefni munu bætast við vegna leyfisveitinga og eftirlits með flugrekstraraðilum og fyrirtækjum í öðrum atvinnurekstri auk þess sem koma þarf á fót og reka nýtt skráningarkerfi samhliða eldra kerfinu sem sett var upp á grundvelli Kýótó-bókunarinnar því ekki er talinn möguleiki á að samnýta kerfin. Mun stofnunin því þurfa að koma upp nauðsynlegum tölvubúnaði, bæði vél- og hugbúnaði, til að halda utan um nýtt skráningarkerfi og sjá um viðhald þess og rekstur. Verður um að ræða gagnvirkan búnað sem veitir svipaða þjónustu og banki þar sem einstaklingar og fyrirtæki geta átt viðskipti með losunarkvóta og mun kerfið sjá um allar færslur og uppgjör. Umhverfisráðuneytið áætlar stofnkostnað við kerfið 20 m.kr. og að aukin verkefni Umhverfisstofnunar kalli á 3,5 ný stöðugildi vegna rekstrar og eftirlits með tölvukerfi, umsjónar með bókhaldi yfir losun gróðurhúsalofttegunda, eftirlits með atvinnurekstri, gerðar eftirlitsáætlana, vöktunar og skýrslugerða. Árlegur kostnaður vegna þessa er áætlaður 42 m.kr., þar af 15 m.kr. vegna tölvurekstrar. Þá er áætlað að kostnaður stofnunarinnar við framkvæmd þeirra þátta sem henni verður heimilt að taka þjónustugjald fyrir verði um 4 m.kr. á ári.

Gert er ráð fyrir að árlega verði 85% losunarheimilda í Evrópusambandinu sem gefnar verða út vegna flugstarfsemi úthlutað endurgjaldslaust til flugrekstraraðila í samræmi við árangursmarkmið en 15% boðnar upp. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að eftir

árið 2020 kunni hlutfall uppboðinna losunarheimilda að aukast við almenna endurskoðun tilskipunarinnar. Hlutdeild aðildarríkis í tekjum af uppboðunum mun ráðast af því hver hlutdeild þess í losun vegna flugs var á árinu 2010. Hlutdeildin miðast við flug sem tók af stað frá viðkomandi aðildarríki auk flugs frá ríki utan svæðisins sem lenti í aðildarríkinu við komu inn á svæðið. Gert er ráð fyrir að hlutdeild aðildarríkjanna hvers um sig verði tilgreind í sérstakri ákvörðun. Óvíst er hversu miklar tekjur íslenska ríkisins af uppboðunum verða. Kostnaður við uppboðin er talinn óverulegur, eða sem svarar 1–3 mannmánuðum hverju sinni. Gert er ráð fyrir að tekjurnar að frádregnum kostnaði við uppboðin renni í ríkissjóð en mælst er til þess í tilskipuninni að tekjum af uppboði verði varið til aðgerða sem tengjast baráttunni gegn hlýnun jarðar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir því að árleg útgjöld ríkissjóðs aukist um 46 m.kr., auk 20 m.kr. stofnkostnaðar á árinu 2012. Á móti aukast ríkistekjur af þjónustugjöldum um 4 m.kr. Einnig munu falla til tekjur af uppboðum á losunarheimildum flugrekstrar en óvíst er hversu miklar þær verða. Í gildandi útgjaldaramma umhverfisráðuneytis eru 30 m.kr. sem sérstaklega voru veittar í fjárlögum 2006 og 2008 til að byggja upp og reka skráningarkerfi og halda bókhald um heimildir Íslands til losunar gróðurhúsalofttegunda í samræmi við ákvæði Kýótó-bókunarinnar og setja upp svokallaða landsskrifstofu um loftslagsvæna þróunaraðstoð. Eins og áður hefur komið fram verður ekki hægt að samnýta þetta eldra skráningarkerfi sem rekið verður áfram með hinu nýja en málefni um landsskrifstofu um loftslagsvæna þróunaraðstoð eru í skoðun hjá umhverfisráðuneyti. Ekki er gert ráð fyrir framangreindum viðbótarútgjöldum í gildandi fjárlögum þar sem settur er bindandi útgjaldarammi á nafnvirði fyrir ríkið í heild næstu tvö árin.

1230. Frumvarp til laga [711. mál]

um ökutækjatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er aukið umferðaröryggi allra vegfarenda hér á landi og að í gildi sé ábyrgðartrygging vegna ökutækja.

Einnig er það markmið laganna að tryggja að þeir sem vátryggingarskylda beinist að hafi í gildi vátryggingu til þess að lágmarka þann kostnað sem ella lendir á þeim sem slíka vátryggingu hafa.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um lögmæltar ökutækjatryggingar og skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækja.

Lögmælt ábyrgðartrygging skal gilda í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) á grundvelli eins og sama iðgjalds. Vátryggingin skal veita þá vátryggingarvernd í hverju aðildarríki sem kveðið er á um í löggjöf viðkomandi ríkis, eða þá vátryggingarvernd sem íslensk löggjöf mælir fyrir um þegar sú vernd er víðtæk-

ari. Vátryggingin skal gilda allt samningstímabilið þótt vátryggt ökutæki sé staðsett í öðru aðildarríki á því tímabili.

Um skaðabótaábyrgð og ákvörðun skaðabóta fer eftir löggjöf viðkomandi aðildarríkis. Um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis hér á landi fer samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Skilgreiningar.

Ökutæki telst hvert það vélknúna tæki sem ætlað er til aksturs á landi og eingöngu er knúið áfram af aflvél, þó ekki tæki sem renna á teinum eða meiðum. Eftirvagn telst einnig ökutæki, hvort sem hann er tengdur öðru ökutæki eða ekki.

Ökutækjatrygging er ábyrgðartrygging skv. 7. gr. og slysatrygging ökumanns og eiganda skv. 8. gr.

4. gr.

Grundvöllur ábyrgðar o.fl.

Sá sem ábyrgð ber á ökutæki skal bæta það tjón sem hlýst af notkun tækisins þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns.

Ábyrgðarmaður ökutækis sem notað er til dráttar er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar það dregur annað ökutæki.

Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi.

5. gr.

Ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

6. gr.

Eigandi ökutækis, eða umráðamaður ef við á, ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 4.–5. gr. Fébótaskyldan færist þó yfir á þann sem ökutækið notar í algeru heimildarleysi.

Auk ábyrgðar skv. 1. mgr. fer um bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

7. gr.

Ábyrgðartrygging ökutækis.

Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá:

a. vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi til að taka að sér ábyrgðartryggingu ökutækja, eða
b. erlendu vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, enda hafi Fjármálaeftirlitinu verið tilkynnt á lögformlegan hátt að það taki að sér ábyrgðartryggingu ökutækja hér á landi.

Öll vátryggingafélög sem taka að sér ábyrgðartryggingu ökutækja hér á landi skulu vera aðilar að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og taka þátt í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar skv. 16. gr. og upplýsingamiðstöðvar skv. 17. gr.

Vátryggingafélag sem hyggst taka að sér ábyrgðartryggingu ökutækja hér á landi skal auk þessa tilkynna það Umferðarstofu.

Ábyrgðartrygging ökutækja skal tryggja bætur vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda allt að 2.178 millj. kr. og vegna tjóns á munum allt að 392 millj. kr. sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins, að breyta vátryggingarfjárhæðum skv. 4. mgr.

8. gr.

Slysatrygging ökumanns og eiganda.

Auk ábyrgðartryggingar skv. 7. gr. skal hver ökumaður sem ökutækinu stjórnar tryggður sérstakri slysatryggingu, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 1. mgr. 6. gr.

Vátryggingin skal tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 4. gr.

Slasist vátryggingartaki sem farþegi í eigin ökutæki eða af völdum þess skal hann eiga rétt til bóta úr vátryggingu þessari, enda verði líkamstjónið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 4. gr.

Vátryggingin skal tryggja hverjum tjónþola bætur allt að 163 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Vátryggt skal hjá sama vátryggingafélagi og ábyrgðartryggir ökutækið. Um ákvörðun bótafjárhæðar fer eftir I. kafla skaðabótalaga.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins, að breyta vátryggingarfjárhæðum skv. 4. mgr.

Ef tjónþoli á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum þessum eða öðrum skaðabótareglum lækka bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.

9. gr.

Vátryggingarskylda eiganda og umráðamanns.

Vátryggingarskylda skv. 7. og 8. gr. hvílir á eiganda ökutækisins eða þeim sem hefur varanlega umráð þess (umráðamaður).

Eigi er skylt að kaupa vátryggingu vegna ökutækis í eigu ríkissjóðs.

Ráðherra getur undanþegið vátryggingarskyldu ökutæki sem eru í eigu erlendra ríkja eða alþjóðastofnana.

Nú er ökutæki ekki vátryggt skv. 2. og 3. mgr. og ber þá ríkissjóður ábyrgð með sama hætti og vátryggingafélag sem tekið hefur að sér vátryggingu skv. 7. og 8. gr.

10. gr.

Vátryggingariðgjald.

Vátryggingariðgjald ökutækis nýtur lögveðsréttar í ökutækinu, einnig þótt vátryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er. Á grundvelli slíks lögveðs má krefjast nauðungarsölu á ökutæki án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms.

11. gr.

Lok vátryggingar.

Hafi iðgjald, auk áfallins kostnaðar, eigi verið greitt innan 14 daga frá sendingu tilkynningar skv. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, fellur vátrygging öku-

tækis úr gildi. Vátryggingafélagið skal þá þegar senda tilkynningu um það til Umferðarstofu. Falli vátrygging úr gildi af annarri ástæðu en vanskilum skal félagið tilkynna það Umferðarstofu þegar eftir að vátryggingin er úr gildi fallin.

Jafnframt tilkynningu til Umferðarstofu skv. 1. mgr. skal félagið gera umráðamanni ökutækis og eiganda, svo og vátryggingartaka eftir atvikum, viðvart og kynna honum réttaráhrif slíkrar tilkynningar. Félagið skal ekki senda tilkynningu skv. 1. mgr. ef það hefur vitneskju um að ökutækið hafi verið vátryggt hjá öðru félagi eða það hafi verið afskráð.

Tilkynning skv. 1. mgr. verður ekki gefin svo gilt sé ef vátryggingin er upphaflega tekin vegna annars ökutækis og vanskilin stafa frá tíma áður en vátryggingin var færð yfir á hið nýja ökutæki.

12. gr.

Vanskil. Úrræði.

Þegar vátrygging er fallin úr gildi vegna vanskila, sbr. 1. mgr. 11. gr., getur Umferðarstofa látið kyrrsetja eða fjarlægja ökutækið á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns ökutækisins. Kostnaður sem af aðgerðum skv. 1. málsl. hlýst nýtur lögveðsréttar skv. 10. gr.

Umferðarstofu er heimilt að fela viðkomandi tryggingafélagi eða öðrum aðila að kyrrsetja eða fjarlægja ökutæki sbr. 1. mgr.

Eiganda eða umráðamanni skal tilkynnt um kyrrsetningu eða flutning ökutækis og gefinn einn mánuður til að greiða iðgjald vátryggingar sem er í vanskilum og þann áfallna kostnað sem hlotist hefur af aðgerðunum. Að frestinum loknum er heimilt að krefjast þess að ökutækið verði selt við nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms eða til niðurrifs ef ætla má að hærra verð fáist þannig.

13. gr.

Réttarstaða tjónþola.

Enda þótt ábyrgðartryggingin sé fallin úr gildi ber félagið áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til mánuður er liðinn frá því að vátryggingafélagið sendi Umferðarstofu tilkynningu skv. 1. mgr. 11. gr.

Vátryggingafélagið ber ekki ábyrgð gagnvart ökumanni, eiganda eða umráðamanni eftir að tilkynning skv. 1. mgr. 11. gr. hefur verið send.

14. gr.

Tjón af völdum óþekktra eða óvátryggðra ökutækja.

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. skulu sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss hér á landi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts ökutækis. Greiðist bætur fyrir líkamstjón skulu jafnframt greiðast bætur fyrir munatjón vegna sama tjónsatviks.

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. skulu sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur vegna tjónsatviks sem hlotist hefur hér á landi af notkun ökutækis sem engin ábyrgðartrygging hefur verið keypt fyrir eða vátrygging þess hefur verið felld niður af vátryggingafélaginu eða ekki haldið í gildi.

Skaðabætur skv. 1. mgr. og 2. mgr. greiðast af Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. allt að vátryggingarfjárhæð sem er ákveðin í lögum þessum.

Skaðabætur skv. 1. og 2. mgr. greiðast ekki ef Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. sýna fram á að tjónþoli, sem af fúsum vilja hefur tekið sér far í ökutæki sem tjón hlýst af,

vissi að lögmælt ábyrgðartrygging var ekki fyrir hendi er tjónsatvikið varð. Sama á við um tjón á munum sem fluttir eru með ökutæki sem eigandi eða sendandi þeirra vissi að var óvátryggt. Skaðabætur eftir ákvæðum þessum skal ekki heldur greiða til að fullnægja endurkröfu frá þriðja manni.

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. bæta ekki tjón er ætla má að sé af völdum ökutækis sem undanþegið er vátryggingarskyldu og er í eigu ríkissjóðs Íslands, erlends ríkis eða alþjóðastofnunar. Ábyrgð á slíkum kröfum fer skv. 4. mgr. 9. gr.

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. eiga endurkröfurétt samkvæmt almennum reglum íslensks réttar á hendur þeim sem bera skaðabótaábyrgð á tjóni af völdum óvátryggðs ökutækis, þ.m.t. eiganda, umráðamanni og ökumanni. Sama á við hafi félagið greitt bætur fyrir tjón af völdum óþekkts ökutækis, ef síðar upplýsist um það. Í því tilviki á félagið einnig endurkröfurétt á hendur vátryggjanda ökutækisins. Ákvæði þessarar málsgreinar hagga ekki reglum um kröfur samkvæmt öðrum endurkröfuheimildum.

15. gr.

Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. er skylt að greiða skaðabætur sem ábyrgðaraðili vegna óvátryggðs erlends ökutækis sem um stundarsakir er notað hér á landi án þess að vera skráð hér.

16. gr.

Tjónsuppgjörsmiðstöð.

Fjármálaeftirlitið skal viðurkenna tjónsuppgjörsmiðstöð sem greitt getur bætur vegna tjóns af völdum ökutækis, ef:

a. tjónþoli er búsettur hér á landi,
b. ökutækið er vátryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum, eða ef ökutækið er óþekkt, eða ef ekki er unnt að hafa upp á vátryggingafélagi því sem vátryggði ökutækið, og
c. tjónið varð í öðru EES- eða EFTA-ríki, í Færeyjum eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

Tjónsuppgjörsmiðstöð á enn fremur að geta greitt bætur vegna tjóns af völdum ökutækja sem vátryggð eru hér á landi, ef

a. tjónþoli er búsettur í öðru EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum,
b. ökutækið er að jafnaði staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er
c. búsettur, hið sama gildir ef ökutæki er staðsett í Færeyjum og tjónþoli er ekki búsettur þar, og
d. tjónið varð í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið, hið sama gildir ef tjónið varð í Færeyjum og tjónþoli er ekki búsettur þar.

17. gr.

Upplýsingamiðstöð.

Fjármálaeftirlitið skal viðurkenna upplýsingamiðstöð til að aðstoða við öflun grundvallarupplýsinga sem eru nauðsynlegar við meðferð tjónamáls ef tjónþoli er búsettur hérlendis, ökutækið er vátryggt eða að öllu jöfnu staðsett hér, eða tjónið varð hér á landi. Þetta gildir þó því aðeins að:

a. tjónþoli sé búsettur í EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum,

b. ökutækið sé vátryggt og að öllu jöfnu staðsett í EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum,
c. tjónið hafi orðið í EES- eða EFTA-ríki eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um grænt kort.

18. gr.
Greiðsluskylda og endurkröfuréttur vátryggingafélags.

Vátryggingafélag er greiðsluskylt gagnvart tjónþola vegna bótakrafna skv. 1. mgr. 7. gr.

Nú hefur vátryggingafélag greitt bætur skv. 7. gr. og á þá félagið endurkröfurétt á hendur hverjum þeim sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum.

Bannað er að kaupa vátryggingu gegn endurkröfu vátryggingafélags.

19. gr.
Endurkröfunefnd.

Ráðherra skipar nefnd þriggja manna til að kveða á um hvort beita skuli endurkröfurétti vegna gáleysis eða ásetnings þess sem ábyrgð ber á tjóni sem vátryggingafélag hefur bætt samkvæmt lögum þessum. Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga. Skal einn nefndarmaður skipaður eftir tilnefningu vátryggingafélaga þeirra sem viðurkenningu hafa skv. 7. gr., einn eftir tilnefningu landssamtaka bifreiðaeigenda og einn án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Ef ágreiningur verður milli vátryggingafélaganna eða landssamtakanna um tilnefningu sker ráðherra úr. Skipunartími nefndarinnar skal vera þrjú ár.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en vátryggingafélög skulu endurgreiða þann kostnað.

20. gr.
Meðferð skaðabótamála.

Nú er bótakrafa samkvæmt ákvæðum 4.–5. gr. höfð uppi í sakamáli og skal þá tilkynna vátryggingafélagi því er ábyrgðartryggt hefur ökutækið um kröfuna. Hefur félagið þá sama rétt og sökunautur sjálfur til að koma að vörnum í skaðabótamálinu enda er þá áfellisdómur bindandi fyrir vátryggingafélagið og aðfararhæfur gagnvart því.

Um meðferð bótakröfu í einkamáli fer eftir 44. gr. laga um vátryggingarsamninga.

21. gr.
Bætur hærri en vátryggingarfjárhæð.

Ef bætur vegna tjóns eru ákveðnar hærri en vátryggingarfjárhæðinni nemur skal skipta henni að tiltölu á milli þeirra sem kröfur eiga vegna tjónsins. Þetta ákvæði gildir einnig þótt vátryggingarfjárhæðin sé hærri en lögboðið er.

Ef einhver þeirra sem bótarétt eiga skv. 1. mgr. hefur eigi tilkynnt félaginu um kröfu sína innan sex mánaða frá tjónsatburði má vátryggingafélagið vítalaust greiða vátryggingarféð að fullu öðrum þeim er bótarétt eiga.

22. gr.
Fyrning bótakrafna.

Bótakröfur samkvæmt lögum þessum, aðrar en kröfur um bætur fyrir líkamstjón, bæði á hendur þeim sem ábyrgð ber og vátryggingafélagi, svo og endurkröfur vátryggingafélags,

fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.

Kröfur um bætur fyrir líkamstjón fyrnast á tíu árum frá tjónsatburði.

23. gr.

Viðurlög.

Sá sem notar óvátryggt ökutæki skal sæta sektum, allt að 300.000 krónum, og punktum í ökuferilsskrá.

Um viðurlög við notkun óvátryggðs ökutækis fer samkvæmt reglugerð sem ráðherra umferðarmála setur.

24. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur reglugerðir um:

a. vátryggingar vegna notkunar ökutækja í keppni í akstursíþróttum á vegi sem er lokaður annarri umferð eða á afmörkuðu svæði utan vega og kveður þar á um frávik frá reglum um grundvöll bótaábyrgðar og vátryggingu,
b. starfsháttu endurkröfunefndar skv. 19. gr., þar á meðal um hvernig vátryggingafélög senda nefndinni gögn um bótakröfur, og
c. framkvæmd vátryggingarskyldunnar, þar á meðal um skyldu vátryggingafélaga til að taka þátt í gagnkvæmu ábyrgðarkerfi vegna tjóna af völdum óvátryggðra og óþekktra ökutækja og um skyldu vátryggingafélaga til að gefa út vottorð með upplýsingum um skaðabótakröfur vegna tjóns sem varða vátryggt ökutæki eða að ekki sé um slíkar kröfur að ræða.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um:

a. þátttöku vátryggingafélaga í Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf., tjónsuppgjörsmiðstöð skv. 16. gr. og upplýsingamiðstöð skv. 17. gr.,
b. að hve miklu leyti ábyrgðartrygging ökutækis skv. 7. gr. skuli bæta tjón sem hlýst erlendis,
c. greiðslu bóta vegna tjóna er ökutæki, sem undanþegin eru vátryggingarskyldu skv. 2. og 3. mgr. 9. gr., valda erlendis,
d. framkvæmd úrræða vátryggjanda skv. 12. gr., þar á meðal um heimild Umferðarstofu til að fela viðkomandi tryggingafélagi eða öðrum aðila að kyrrsetja eða fjarlægja ökutæki,
e. greiðslu bóta frá tjónsuppgjörsmiðstöð og um starfsemi hennar skv. 16. gr. Hann getur enn fremur kveðið um nánari reglur um meðferð bótakrafna hjá vátryggingafélögum og tjónsuppgjörsfulltrúum vátryggingafélaga skv. 11. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga um vátryggingastarfsemi,
f. starfsemi upplýsingamiðstöðvar skv. 17. gr., þar á meðal hvaða upplýsingar falla undir 1. mgr., um skyldu vátryggingafélaga og tjónsuppgjörsfulltrúa skv. 11. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga um vátryggingastarfsemi til að láta upplýsingamiðstöð skv. 1. mgr. og upplýsingaskrifstofum í öðrum aðildarríkjum í té upplýsingar og nánari framkvæmd laga þessara.

25. gr.
Eftirlit.

Umferðarstofa hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna setta samkvæmt þeim. Um heimildir hennar fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og umferðarlaga.

26. gr.
Innleiðing.

Með lögum þessum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/103/EB um ökutækjatryggingar.

27. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2011.

Reglugerðir og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið skv. XIII. kafla umferðarlaga, nr. 50/1987, halda gildi sínu, að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir hafa verið gefnar út.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almenn atriði.

Hinn 1. júlí 2008 skipaði viðskiptaráðherra nefnd sem falið var það verkefni að semja frumvarp til laga um ökutækjatryggingar sem kæmi í stað XIII. kafla gildandi umferðarlaga, nr. 50/1987. Í nefndina voru skipuð þau Guðný Björnsdóttir hdl., sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Arnaldur Hjartarson hdl., samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra bifreiðaeigenda, Helga Jónsdóttir hdl., samkvæmt tilnefningu Samtaka fjármálafyrirtækja, og Rúnar Guðmundsson, hdl. sviðsstjóri, samkvæmt tilnefningu Fjármálaeftirlitsins.

Meginverkefni nefndarinnar var að færa reglur XIII. kafla umferðarlaga, nr. 50/1987, í sérstök lög og semja ný lagaákvæði sem af þeirri breytingu leiddu. Auk þess yfirfór nefndin efni gildandi lagareglna. Við þá yfirferð var m.a. hugað að nýrri löggjöf um vátryggingarsamninga, réttarframkvæmd undanfarinna ára og ábendingum sem nefndinni bárust. Vegna tengsla við ákvæði umferðarlaga, bæði hvað varðar skilgreiningar, skráningu og skoðun ökutækja, var haldinn sameiginlegur fundur með nefnd þeirri sem samtímis vann að heildarendurskoðun umferðarlaga, en tveir fulltrúar umferðarlaganefndar komu á fund nefndarinnar og í lokin var haldinn fundur með fulltrúum beggja nefndanna. Þá var sérstaklega fjallað um það hvort í lögum um ökutækjatryggingar skyldu vera reglur um atriði sem til þessa hafa eingöngu verið í reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar.

Nefndin kom saman til fundar alls 12 sinnum áður en hún lauk störfum og skilaði niðurstöðum sínum til ráðherra í frumvarpsformi 9. júlí 2009. Þann 6. ágúst 2009 auglýsti ráðuneytið frumvarpsdrögin á heimasíðu sinni og gaf almenningi kost á því að koma á framfæri athugasemdum.

Að teknu tilliti til ábendinga sem fram hafa komið, svo og þess að Evrópusambandið hefur gefið út nýja tilskipun um ökutækjatryggingar, nr. 2009/103/EB, hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frumvarpsdrögum nefndarinnar.

Eru þessar helstar:

- Tilskipun 103/2009/EB leggur þá skyldu á herðar aðildarríkja að sjá til þess að þeir sem verða fyrir tjóni af völdum ökutækja fái bætur. Enginn greinarmunur er gerður á því hvort viðkomandi ökutæki er skráningarskylt eða ekki. Frumvarpið fylgir framsetningu

tilskipunarinnar að þessu leyti. Mikilvægt er að í frumvarpi til nýrra umferðarlaga verði það skilyrði að öll ökutæki sem valdið geta tjóni séu skráningarskyld svo unnt sé að fylgjast með því að þau séu ábyrgðartryggð. Án skráningarskyldu er eftirlit útilokað.

- Lagðar eru til miklar breytingar á ákvæðum um vanskil og úrræði vátryggjanda. Í umferð munu vera yfir 5.000 óvátryggð ökutæki (janúar 2011). Ásamt því að vera óvátryggð er stór hluti þessara ökutækja jafnframt óskoðaður, enda gild vátrygging forsenda skoðunar. Óverjandi er að sá meiri hluti ökutækjaeigenda sem hafa sín ökutæki vátryggð skuli þurfa að greiða hærri iðgjöld sem leiðir af kostnaði vátryggingafélaga við að standa undir greiðslu bóta til þeirra sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum óvátryggðra ökutækja.
- Í frumvarpinu er lagt til að Umferðarstofa hafi heimild til þess að láta kyrrsetja eða fjarlægja óvátryggð ökutæki og þau sem iðgjald hefur ekki verið greitt af. Jafnframt er gert ráð fyrir því að Umferðarstofa hafi heimild til þess að fela viðkomandi tryggingafélagi eða öðrum aðila að framkvæma þessi úrræði.
- Þá er lagt til að vátryggingafélag beri ábyrgð gagnvart þriðja manni á tjóni, sem fellur undir ábyrgðartryggingu ökutækis, í tiltekinn tíma frá því að hún fellur úr gildi en slíkt eigi ekki við um slysatryggingu ökumanns.

II. Sögulegt ágrip.

Fyrstu lagareglur um bætur fyrir tjón af notkun bifreiða voru lög nr. 21/1914, um notkun bifreiða. Lögfest var víðtæk („ströng“) bótaregla, sem tók til tjóns á hagsmunum utan bifreiðar og einnig tjóns á fólki eða varningi, er bifreið flutti, ef bifreið var til afnota fyrir almenning gegn borgun. Í reglunni fólst sú undantekning frá almennum reglum um sönnun að sönnunarbyrði var lögð á þann sem ábyrgð bar á bifreiðinni, þannig að hann varð bótaskyldur ef honum tókst ekki að sanna „að slysi eða tjóni hefði ekki orðið afstýrt, þótt bifreiðin hefði verið í lagi og ökumaður sýnt fulla aðgæslu og varkárni“. Þrátt fyrir breytingar á bifreiðalögum héldust bótareglur laga nr. 21/1914 að stofni til óbreyttar allt til 1958, en sérstök regla um árekstur bifreiða var lögfest með bifreiðalögum nr. 23/1941.

Með umferðarlögum nr. 26/1958 var skaðabótareglum vegna tjóns af völdum umferðarslysa og umferðaróhappa breytt. Ábyrgð án sakar (hlutlæg bótaábyrgð) kom í stað sakarlíkindareglu. Gildissvið bótareglnanna var einnig rýmkað og tóku þær til fleiri ökutækja en bifreiða og bifhjóla. Enn fremur var reglum um ábyrgðaraðila breytt, þannig að bótaábyrgð hvíldi á skráðum eða skráningarskyldum eiganda ökutækis, án tillits til þess hver hafði umráð tækisins. Með umferðarlögum nr. 40/1968 var „hægri umferð“ tekin upp hér á landi, en ekki voru gerðar breytingar á bótareglum.

Umferðarlög nr. 50/1987 (UFL) öðluðust gildi 1. mars 1988. Þau lög fólu í sér nokkrar breytingar á skaðabótareglum. Helstu nýmæli voru tvö: 1. Gáleysi sem ekki er stórfellt, skerðir ekki bótarétt manns sem slasast eða missir framfæranda. 2. Sama bótaregla (ábyrgð án sakar) gildir um tjón á mönnum eða munum sem fluttir eru með ökutæki, hvort sem flutt er gegn gjaldi eða ekki. Með lögum nr. 44/1993 var gerð sú breyting á 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga að umráðamaður ökutækis getur, auk eiganda, borið ábyrgð á tjóni sem skylt er að greiða eftir bótareglum laganna. Að öðru leyti standa skaðabótareglur umferðarlaga óbreyttar frá 1987.

Í tengslum við breytingar á skaðabótareglum 1987 var það nýmæli lögleitt með 92 gr. umferðarlaga að skylt er að kaupa hjá vátryggingafélagi því sem ábyrgðartryggir ökutæki sérstaka slysatryggingu ökumanns til viðbótar slysatryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Ákvæði 92. gr. umferðarlaga var breytt með lögum nr. 32/1998. Var orðalag ákvæðisins gert skýrara og jafnframt lögfest það nýmæli að hin sérstaka slysatrygging, sem áður tók aðeins til ökumanns, var einnig látin ná til vátryggingartaka er slasast „sem farþegi í eigin ökutæki eða af völdum þess“. Þá var tilvísun til slysatryggingar ökumanns samkvæmt lögum um almannatryggingar felld brott, en ökumannstrygging almannatryggingalaga hafði verið felld brott með lögum nr. 104/1992.

Ábyrgðartrygging ökutækja var fyrst lögleidd árið 1926, sbr. lög nr. 34/1926, og lög nr. 56/1926, um notkun bifreiða. Lagaákvæði um ábyrgðartryggingu bifreiða eru nú í XIII. kafla umferðarlaga, sjá 91. gr. og 93.–98. gr., sbr. og 99. gr., sem fjallar um fyrningu. Þá er í gildi reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar nr. 424/2008.

Vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, ber Íslandi að haga réttarreglum sínum eftir tilskipun Evrópusambandsins (ESB) 2009/103/EB frá 16. september 2009, um ökutækjatryggingar, sem fellir úr gildi tilskipun 72/166/EBE frá 24. apríl 1972, tilskipun 84/5/EBE frá 30. desember 1983, tilskipun 90/232/EBE frá 14. maí 1990, tilskipun 2000/26/EB frá 16. maí 2000 og tilskipun 2005/14/EB frá 11. maí 2005. Með tveimur síðastnefndu tilskipununum, fjórðu og fimmtu tilskipununum svokölluðu, hafa verið gerðar breytingar á umferðarlögum, sbr. lög nr. 26/2003 og lög nr. 155/2007. Þá hafa þær einnig leitt til breytinga á reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar.

III. Helstu breytingar.

Margar greinar frumvarpsins eru samhljóða greinum XIII. kafla gildandi umferðarlaga. Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér eru:

1. Sérstök lög skulu gilda um lögmæltar ökutækjatryggingar og bótaábyrgð vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja í stað XIII. kafla gildandi umferðarlaga.
2. Gildissvið reglna um skaðabótaábyrgð og vátryggingarskyldu er rýmkað þannig að það nái til ökutækja eins og þau eru skilgreind í tilskipun ESB nr. 103/2009/EB.
3. Lagt er til að í lögunum verði reglur um atriði sem nú eru eingöngu í reglugerð en rétt þykir að verði í lögum, svo sem reglur um lok vátryggingar og tjón af völdum óvátryggðra og óþekktra ökutækja. Ekki er þar um að ræða efnislegar breytingar frá gildandi rétti.
4. Lögð eru til sterkari og hraðvirkari úrræði vegna óvátryggðra ökutækja.
5. Lögð er til rýmkun á fyrningarreglum. Í 22. gr. er gerð tillaga um að ákvæði um fjögurra ára fyrningarfrest eigi ekki við um kröfur um bætur vegna líkamstjóns. Kröfur um bætur vegna líkamstjóns fyrnist á tíu árum frá tjónsatburði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. kemur fram markmið frumvarpsins, þ.e. aukið umferðaröryggi allra vegfarenda hér á landi og að í gildi sé ábyrgðartrygging vegna ökutækja. Enn fremur er það markmið frumvarpsins að tryggja að þeir sem vátryggingarskylda beinist að hafi í gildi vátryggingu til þess að lágmarka þann kostnað sem ella lendir á þeim sem slíka vátryggingu hafa.

Um 2. gr.

Í 2. gr. kemur fram gildissvið frumvarpsins sem lýtur bæði að lögmæltum ökutækjatryggingum sem og skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækja. Með greininni er

innleidd 14. gr. tilskipunar 2009/103/EB sem kveður á um að aðildarríki skulu tryggja að lögmælt ábyrgðartrygging gildi í aðildarríkjum á grundvelli eins og sama iðgjalds allt samningstímabilið, þótt vátryggt ökutæki sé staðsett í öðru aðildarríki á því tímabili.

Jafnframt tiltekur tilskipunin að vátryggingin skuli veita þá vátryggingarvernd í hverju aðildarríki sem kveðið er á um í löggjöf viðkomandi ríkis, eða þá vátryggingarvernd þess aðildarríkis þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett þegar sú vernd er víðtækari.

Tilskipun 2009/103/EB tekur ekki á skaðabótaábyrgð og fer ákvörðun skaðabóta eftir löggjöf viðkomandi aðildarríkis.

Um 3. gr.

Í greininni eru hugtökin ökutæki og ökutækjatrygging skilgreind. Skilgreining frumvarpsins á ökutæki er efnislega samhljóða 1(1) gr. tilskipunar 2009/103/EB. Hugtakið ökutækjatryggingar í skilningi frumvarpsins eru ábyrgðartrygging skv. 7. gr. og slysatrygging ökumanns og eiganda skv. 8. gr.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er vísað til ógætni ökumanns. Sem dæmi um stórkostlegt gáleysi má nefna ölvunarakstur, akstur undir áhrifum fíkniefna og ofsaakstur en ekki er um tæmandi upptalningu að ræða. Hér ber þó að árétta að ekki er heimilt, og er það í samræmi við 13(3) gr. tilskipunar 2009/103/EB, að lækka eða fella niður bætur til farþega á þeim grundvelli að hann hafi vitað eða mátt vita að ökumaður ökutækis væri undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa á þeim tíma er tjónsatburður varð. Greinin er efnislega samhljóða 88. gr. umferðarlaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 5. gr.

Í greininni kemur fram að við tjón af árekstri ökutækja skuli tjónið skiptast á þau að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Greinin er samhljóða 89. gr. umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í greininni kemur fram að eigandi ökutækis, eða umráðamaður ef við á, ber almennt ábyrgð á því og er fébótskyldur, nema í þeim tilfellum er ökutæki er notað í heimildarleysi. Greinin er samhljóða 90. gr. umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Rétt þykir að taka sérstaklega fram að öll vátryggingafélög sem taka að sér ábyrgðartryggingu ökutækja hér á landi skuli vera aðilar að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. (ABÍ). Slíkt ákvæði er nú í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar nr. 424/2008.

Tilgreindar vátryggingarfjárhæðir í 4. mgr. eru gildandi fjárhæðir samkvæmt auglýsingu nr. 638/2010 um breytingar á vátryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrygginga og er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins, að breyta þeim.

Að öðru leyti er lagagreinin efnislega samhljóða 91. gr. umferðarlaga.

Um 8. gr.

Efni greinarinnar er í meginatriðum samhljóða 92. gr. umferðarlaga, sem mælir fyrir um slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Tilgreind vátryggingarfjárhæð í 4. mgr. er gildandi fjárhæð samkvæmt auglýsingu nr. 638/2010 um breytingar á vátryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrygginga og er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins, að breyta þeim. Tekið er fram í niðurlagi 4. mgr. að um ákvörðun bótafjárhæðar fari eftir I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993. Frá upphafi hefur verið litið svo á að um bætur úr slysatryggingunni fari eftir reglum skaðabótaréttar og hefur það jafnan verið tekið fram í vátryggingarskilmálum. Ákvæðið leiðir því ekki til breytinga að þessu leyti en eðlilegt þykir að regla um ákvörðun bótafjárhæðar komi beinlínis fram í ákvæði um slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Um 9. gr.

Í greininni kemur fram almenn skylda eiganda, og umráðamanns ef við á, að vátryggja ökutæki, auk undanþáguheimilda frá vátryggingarskyldu ökutækja vegna ökutækja í eigu ríkissjóðs, erlendra ríkja eða alþjóðastofnana. Greinin er samhljóða 93. gr. umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Ákvæðið á sér fyrirmynd í 7. gr. laga um brunatryggingar, nr. 48/1994, en í greininni er kveðið á um það nýmæli að lögboðið vátryggingariðgjald skuli njóta lögveðsréttar í ökutækinu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um nauðungarsölu, og þar með standa framar almennum veðkröfum. Slíkur lögveðsréttur veitir heimild til að krefjast nauðungarsölu á ökutæki án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms.

Um 11. gr.

Lagt er til að í lögunum verði kveðið á um reglur um lok vátryggingar og vanskil sem ekki eru í XIII. kafla umferðarlaga. Ef vátrygging vegna skráðs vélknúins ökutækis fellur úr gildi skal viðkomandi vátryggingafélag senda tilkynningu þess efnis til Umferðarstofu þá þegar. Er hér um lítillega breytta framkvæmd að ræða þar sem í gildandi reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar er gert ráð fyrir að félag sendi Umferðarstofu tilkynningu þremur mánuðum eftir gjalddaga iðgjaldsins.

Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða 12. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar og þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um úrræði vátryggjanda og felur í sér það nýmæli að Umferðarstofu er veitt heimild til að kyrrsetja eða fjarlægja ökutæki, á kostnað eiganda eða umráðamanns ökutækis, jafnvel fela viðkomandi vátryggingafélagi eða öðrum aðila verkefnið, hafi vátryggingariðgjald ekki verið greitt einum mánuði eftir að lögboðin vátrygging hefur verið felld úr gildi. Kostnaður sem hlýst af aðgerðum þessum nýtur lögveðsréttar.

Eiganda eða umráðamanni skal tilkynnt um kyrrsetningu eða flutning ökutækis og gefinn einn mánuður til að greiða iðgjald vátryggingar sem er í vanskilum og þann áfallna kostnað sem hlotist hefur af aðgerðunum. Að frestinum loknum er heimilt að krefjast þess að ökutækið verði selt við nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms eða til niðurrifs ef ætla má að hærra verð fáist þannig.

Reynslan hefur sýnt að það úrræði sem hefur verið notað hingað til, eða að fjarlægja skráningarnúmer óvátryggðra ökutækja, hefur ekki virkað sem skyldi. Ástæða þess er meðal annars sú að erfitt hefur reynst að hafa uppi á eiganda eða umráðamanni ökutækis eða jafnvel ökutækinu sjálfu, auk þess sem lögreglan er yfirleitt of önnum kafin við önnur störf til að geta sinnt þessu verkefni.

Í þeim tilfellum þar sem lögboðin vátrygging vegna ökutækis hefur ekki verið greidd lenda bætur skv. 14.gr. frumvarpsins á Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf., en um háar fjárhæðir getur verið að ræða. Öllum tryggingafélögum á Íslandi er skylt að vera aðilar að félaginu, en þau leggja því til fé sem ætlað er að ná yfir slíkar greiðslur. Þessar greiðslur tryggingafélaganna fara augljóslega hækkandi eftir því sem fleiri óvátryggð ökutæki eru í umferð, sem þýðir þá stigvaxandi hækkanir á iðgjöldum ökutækjatrygginga. Þá er enn fremur rétt að ítreka að meginhluti óvátryggðra ökutækja er jafnframt óskoðaður. Það er því ljóst að ríkir samfélagshagsmunir mæla með áhrifaríkum úrræðum í þeim tilgangi að fækka óvátryggðum ökutækjum í umferðinni.

Um 13. gr.

Lagt er til að í lögunum verði kveðið á um reglur um réttarstöðu tjónþola sem ekki er að finna í XIII. kafla umferðarlaga. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 13. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar nr. 424/2008. Ákvæðið leiðir ekki til efnislegra breytinga á gildandi rétti og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 14. og 15. gr.

Í 14. og 15. gr. frumvarpsins eru reglur um tjón af völdum óþekktra eða óvátryggðra ökutækja. Slík ákvæði var ekki að finna í XIII. kafla umferðarlaga heldur í reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar, sbr. 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 424/2008.

Frumvarpsgreinarnar eru efnislega samhljóða þeim og leiða því ekki til breytinga eða þarfnast frekari skýringa, þó er vert að nefna að 14. gr. felur í sér innleiðingu á 10(3) gr. tilskipunar 2009/103/EB.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um tjónsuppgjörsmiðstöð sem greitt getur bætur vegna tjóns að vissum skilyrðum upfylltum. Greinin er samhljóða 94. gr. a umferðarlaga og felur í sér innleiðingu á 6. gr. tilskipunar 2009/103/EB.

Um 17. gr.

Í greininni er kveðið á um upplýsingamiðstöð sem aðstoðar við öflun grundvallarupplýsinga sem nauðsynlegar eru við meðferð tjónamáls. Greinin er samhljóða 94. gr. b umferðarlaga og felur í sér innleiðingu á 23. gr. tilskipunar 2009/103/EB.

Um 18. gr.

Greinin kveður á um greiðsluskyldu og endurkröfurétt vátryggingafélaga. Hún er samhljóða 95. gr. umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Greinin fjallar um endurkröfunefnd sem kveður á um endurkröfurétt vátryggingafélaga og er samhljóða 96. gr. umferðarlaga og þarfnast því ekki skýringa.

Um 20. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 97. gr. umferðarlaga skal, þegar einkamál er höfðað gegn þeim sem bótaskyldur er, einnig höfða málið gegn vátryggingafélagi sem ábyrgðartryggt hefur ökutækið. Eftir gildistöku laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, er ekki lengur þörf á slíku ákvæði. Í 44. gr. þeirra laga er kveðið á um stöðu tjónþola við ábyrgðartryggingu, en samkvæmt ákvæðinu getur tjónþoli nú krafist bóta úr ábyrgðartryggingu beint af vátryggingafélagi. Ef tjónþoli höfðar mál til heimtu kröfu sinnar getur félagið þó krafist þess að hann beini málshöfðun einnig gegn vátryggðum aðila sem ber skaðabótaábyrgð. Lagt er því til að í 2. mgr. verði tilvísun til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga. Greinin felur í sér innleiðingu á 18. gr. tilskipunar 2009/103/EB.

Um 21. gr.

Í greininni er fjallað um skiptingu vátryggingarfjárhæðar í þeim tilvikum þegar bætur eru hærri en vátryggingarfjárhæðinni nemur. Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 98. gr. umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Í greininni er lögð til breyting á fyrningarreglum. Í 99. gr. umferðarlaga er mælt fyrir um tvenns konar fyrningarfrest. Annars vegar fjögurra ára frest og hins vegar tíu ára frest. Um upphaf fyrningarfrests gilda tvær reglur. Fjögurra ára fresturinn byrjar að líða við „lok þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar“. Tíu ára fresturinn er hins vegar óháður mati á vitneskju kröfuhafa. Hann byrjar að líða þegar tjónsatburður verður. Í frumvarpinu er lagt til að fjögurra ára fresturinn gildi ekki varðandi kröfur um bætur vegna líkamstjóns. Um þær kröfur gildi alfarið tíu ára fyrningarfrestur sem byrji að líða þegar tjónsatburður verður. Tíu ára fyrningarfrestur framlengist ekki.

Rökin fyrir tillögu um breytingu á fyrningarreglum eru einkum eðli líkamstjónsmála og óvissa hvað varðar mat á upphafi fjögurra ára fyrningarfrests í þeim málum. Undanfarið hefur málum fjölgað fyrir dómstólum þar sem deilt er um upphaf þessa frests. Virðist ekki hafa vera fullt samræmi í niðurstöðum dóma hvað þetta álitaefni varðar í einstökum málum. Má því telja að nokkur réttaróvissa ríki á þessu sviði sem er mjög óheppilegt. Með því að miða upphaf fyrningarfrests við tjónsatburð er þessarri óvissu eytt.

Þá þykja breytingar sem gerðar voru á almennum reglum um fyrningu skaðabótakrafna með lögum nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, styðja tillögu um breytingu. Í þeim lögum er gerður greinarmunur á fyrningarfresti skaðabótakröfu vegna líkamstjóns annars vegar og annarra skaðabótakrafna hins vegar. Er fyrningarfrestur krafna vegna líkamstjóns lengri en annarra bótakrafna og jafnframt er sá frestur lengri en hann var samkvæmt eldri fyrningarlögum.

Um 23. gr.

Í greininni er lagt til að það skuli varða sektum og punktum í ökuferilsskrá viðkomandi sem notar ökutæki sem hann veit eða má vita að er óvátryggt. Réttast þykir að miða við það að unnt sé að beita þessu ákvæði eftir að tilkynning skv. 11. gr. frumvarpsins hefur verið send eiganda ökutækis og umráðamanni ef við á.

Ekki þykir ástæða til að kveða á um ábyrgð vátryggingarskylds aðila í þessu ákvæði þar sem úrræði 11. gr. frumvarpsins ná til þeirra.

Í gildi eru tvær reglugerðir um viðurlög vegna brota á umferðalögum sem ráðherra umferðarmála setti. Með einfalda og skýra laga- og reglugerðarsetningu að leiðarljósi þykir hreinlegast að fela ráðherra umferðarmála jafnframt að setja reglugerð um viðurlög vegna brota á lögum þessum.

Greinin felur í sér innleiðingu á 27. gr. tilskipunar 2009/103/EB.

Um 24. gr.

Í greininni er tæmandi talning á þeim reglugerðum sem ráðherra er skylt og heimilt að setja um nánari framkvæmd laganna.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. er ráðherra skylt að setja reglur um vátryggingar vegna notkunar vélknúinna ökutækja í keppni í akstursíþróttum á vegi sem er lokaður annarri umferð eða á afmörkuðu svæði utan vega. Ákvæðið felur ekki í sér breytingu á gildandi rétti, sbr. 34. gr. umferðarlaga og reglugerð nr. 507/2007 um akstursíþróttir og aksturskeppni.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. skal ráðherra setja reglugerð um starfsháttu endurkröfunefndar skv. 19. gr., þar á meðal um hvernig vátryggingafélög senda nefndinni gögn um bótakröfur. Í gildandi rétti er fjallað um starfsháttu endurkröfunefndar í 26.–30. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatryggingar.

Í c-lið 1. mgr. er fjallað um skyldu ráðherra til að setja reglugerð um framkvæmd vátryggingarskyldunnar, m.a. um skyldu vátryggingafélags til að gefa út vottorð með upplýsingum um skaðabótakröfur vegna tjóns sem varða vátryggt ökutæki eða að ekki sé um slíkar kröfur að ræða. Í 5. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar eru reglur um útgáfu slíkra vottorða. Skyldu til að gefa út tjónsvottorð má rekja til fimmtu tilskipunar um ökutækjatryggingar (2005/14/EB), sbr. lög nr. 155/2007, um breytingu á umferðarlögum.

Samkvæmt 2. mgr. er ráðherra heimilt að setja ýmsar reglugerðir um ákveðna þætti laganna. Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 25. gr.

Með frumvarpi þessu eru sett ný heildarlög um ökutækjatryggingar, sem áður var fjallað um í XII. kafla umferðarlaga. Lagt er til að ekki verði hróflað við núverandi framkvæmd hvað eftirlit með þessum málaflokki varðar og Umferðarstofu áfram falið að hafa eftirlit með ökutækjatryggingum.

Um 26. gr.

Með lögum þessum er tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/103/EB innleidd í íslenskan rétt. Tilskipunin á að draga saman í einn bálk eldri tilskipanir á þessu sviði sem hafa verið innleiddar í íslenskan rétt og á því innleiðing á 2009/103/EB ekki að fela í sér efnislega breytingu á núgildandi rétti.

Um 27. gr.

Lagt er til að lög um lögmæltar ökutækjatryggingar og skaðabótaábyrgð vegna vélknúinna ökutækja taki gildi samhliða nýjum umferðarlögum. Tillaga um gildistökuna 1. júlí 2011 er því í samræmi við vænta gildistöku nýrra umferðarlaga.

Í 2. mgr. er tekið fram að reglugerðir og önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987 haldi gildi sínu við gildistöku laganna, að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ökutækjatryggingar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði sérlög um ökutækjatryggingar og bótaábyrgð vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja. Ákvæði um þessi atriði er nú að finna í XIII. kafla gildandi umferðarlaga og reglugerð nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatryggingar. Breytingar frá núverandi fyrirkomulagi eru ekki víðtækar og eru fyrst og fremst byggðar á tilskipun 2009/103/EB um ökutækjatryggingar, sem innleidd verður verði frumvarp þetta að lögum.

Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér eru í fyrsta lagi að gildissvið reglna um skaðabótaábyrgð og vátryggingarskyldu er rýmkað þannig að það nái til ökutækja eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2009/103/EB. Í öðru lagi er lagt til að í lögunum verði reglur um atriði sem nú eru eingöngu í reglugerð en rétt þykir að verði í lögum, svo sem reglur um lok vátryggingar og tjón af völdum óvátryggðra og óþekktra ökutækja. Í þriðja lagi er lögð til sterkari og hraðvirkari úrræði vegna óvátryggðra ökutækja og í fjórða lagi er lögð til rýmkun á fyrningarreglum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1231. Svar [590. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um eiginfjárframlög ríkisins til nýju bankanna.

1. *Hvers vegna fékk Fjársýsla ríkisins ekki viðhlítandi lánaskjöl sem lúta að lánveitingum ríkisins til nýju bankanna eins og getið er á bls. 12 í skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis um endurskoðun ríkisreiknings árið 2009?*

Spurningin vísar til eftirfarandi texta í skýrslu Ríkisendurskoðunar. „Fjársýsla ríkisins hefur ekki fengið víðhlítandi lánaskjöl sem lúta að þessum lánveitingum og hefur af þeim sökum ekki getað bókað lánin í lánakerfi ríkisins. Má þar sérstaklega nefna skjöl vegna útgáfu ríkisbréfa og víkjandi lána til Arion banka. Við afstemmingar myndast því mismunur sem þessum lánveitingum nemur milli bókhalds og lánakerfis.“

Í desember 2009 var gengið frá samkomulagi við skilanefnd Kaupþings um að hún legði fram 66 milljarða kr. eiginfjárframlag til bankans og eignaðist með því 87% hlutafjár í Arion banka. Með samkomulaginu skuldbatt ríkissjóður sig jafnframt til að leggja bankanum til víkjandi lán sem var háð áhættugrunni bankans og var á þeim tíma metið að næmi 25,9 milljörðum kr. Áður innborgað eiginfjárframlag ríkissjóðs yrði jafnframt lækkað um sömu fjárhæð. Það var svo ekki fyrr en í október 2010 sem tókst að ljúka samningum við bankann um endanlega fjárhæð og uppgjör hins víkjandi láns sem þá nam 29,4 milljörðum kr.

Það var hins vegar talið mikilvægt að ríksreikningur 2009 endurspeglaði þær skuldbindingar sem fólust í fyrrnefndu samkomulagi. Í því skyni voru gerðar færslur á grundvelli samkomulagsins og mats á fjárhæð hins víkjandi láns á þeim tíma. Það liggja því augljósar ástæður fyrir því að misræmi var á hinu endanlegu láni og þess sem fært var í ríkisreikningi. Sá mismunur var leiðréttur þegar lokið var endanlegum samningum og frágangi lánsskjala.

2. *Hvenær voru þessi viðskipti bókuð?*
3. *Eru þessi skjöl ekki til?*
4. *Fengu bankarnir lán án þess að árita lánaskjöl?*

Sjá svar við 1. tölul.

5. *Hvenær voru ríkisskuldabréf að fjárhæð 186,5 milljarðar kr. vegna fjármögnunar bankanna gefin út og bókuð í lánakerfi ríkisins?*

Samningar vegna fjármögnunar Íslandsbanka og Arion banka voru gerðir í tveimur skrefum. Fyrra skrefið var á grundvelli rammasamnings sem m.a. fól í sér samkomulag um mat á yfirfærðum eignum til nýju bankanna. Fjármögnum ríkissjóðs á eiginfjárþætti 1 í bönkunum var gerð á forsendum þessa samkomulags og lagði ríkissjóður í því skyni fram eiginfjárframlag sem greitt var fyrir með útgáfu ríkisbréfa. Greiðslur samkvæmt því voru gerðar í ágúst 2009. Í fyrrnefndum samningum voru jafnframt ákvæði sem heimiluðu skilnefndum gömlu bankanna að eignast hlut í nýju bönkunum gegn framlagningu eiginfjár. Jafnframt skuldbatt ríkissjóður sig til að leggja bönkunum til víkjandi lán sem bundið var ákveðnum skilyrðum.

Báðir bankarnir nýttu sér þessa heimild. Glitnir eignaðist 95% hlut í bankanum og ríkissjóður veitti bankanum víkjandi lán að fjárhæð 24,8 milljarðar kr. Endanlegum samningum um þennan þátt samkomulagsins var lokið í janúar 2010. Kaupþing eignaðist 87% hlutafjár í Arion banka og ríkissjóður veitti bankanum víkjandi lán að fjárhæð 29,4 milljarðar kr. Endanlegum samningum um þennan þátt samkomulagsins var lokið í október 2010.

Samkomulag milli NBI og LBI um fjármögnun Landsbankans var með þeim hætti að hvor aðili fjármagnaði með beinum hætti sinn hluta. Gengið var frá samningum í desember 2009. Eignarhlutur ríkissjóðs nemur 81%.

Í skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, sem væntanleg er á næstunni, er ítarlega gert grein fyrir endurreisn bankakerfisins.

6. *Voru þeir eignarhlutir sem koma fram í töflu 2.1 í skýrslu Ríkisendurskoðunar seldir með söluhagnaði eða sölutapi?*
7. *Hvernig skiptist hagnaður eða tap á þessa þrjá eignarhluti?*

Eins og fram kemur í svari við 5. tölul. var ekki um eiginlega sölu að ræða heldur áttu skilanefndirnar þess kost að leggja fram fjármagn til endurfjármögnunar bankanna í stað ríkissjóðs. Fyrrnefnd ákvörðun felur þannig hvorki í sér hagnað eða tap.

1232. Svar [591. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um ríkisábyrgð til Nýja Kaupþings banka hf., nú Arion banka hf.

1. *Hvernig stendur á veitingu ríkisábyrgðar til Nýja Kaupþings banka hf., nú Arion banka hf., sem er sprottin af samningi sem Nýja Kaupþing banki og Drómi undirrituðu 22. júní 2009 um endurgreiðslu skuldar og veðsamninga vegna skuldbindinga í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, en í bréfi ráðuneytisins til Nýja Kaupþings banka, dagsettu 20. ágúst 2009, kemur fram að ríkissjóður ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart bankanum ef greiðslufall verður af umræddu skuldabréfi, sem er að fjárhæð 96,7 milljarðar kr.?*

Þáverandi ríkisstjórn gaf haustið 2008 yfirlýsingu um að innstæður í bönkum væru tryggðar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Núverandi ríkisstjórn hefur gefið sambærilega yfirlýsingu. Þegar stjórn Spron óskaði eftir því við FME að það tæki yfir rekstur sparisjóðsins á grundvelli neyðarlaganna tók stjórn FME þá ákvörðun varðandi innstæður Spron að leita eftir því við Arion banka að bankinn tæki við innstæðum Spron í því skyni að tryggja aðgang innstæðueigenda að fjármunum sínum. Á móti gaf slitastjórn Spron út skuldabréf sem tryggt var með veði í eignum þrotabúsins sem endurgjald fyrir skuldbindingarnar. Ákvörðun FME um flutning innstæðna var formgerð með þeim hætti að slitastjórn Spron gaf út skuldabréf á Arion banka fyrir hinum yfirfærðu innstæðum að fjárhæð 96,7 milljarðar kr. eða nettó að fjárhæð 89 milljarðar kr. þegar tekið er tillit til þess yfirdráttar sem jafnframt var fluttur yfir. Til tryggingar skuldinni eru eignir þrotabúsins og er veðhlutfallið talið vera um 140% samkvæmt síðasta mati. Nú er unnið að nýju mati á verðmæti eignanna sem birt verður á kröfuhafafundi 14. apríl nk. Rétt er að geta þess að skuldin nemur nú um 70 milljörðum kr. Þessir gjörningar eru þannig milli tveggja lögaðila og færast því ekki í bækur ríkissjóðs. Á grundvelli ákvörðunar FME um að færa innstæður Spron til Arion banka gerði bankinn hins vegar þær kröfur til ríkissjóðs að hann staðfesti ábyrgð ríkisins á þessum innstæðum, eins og á öðrum innstæðum í íslenskum bönkum, ef svo færi að verðmæti veðsettra eigna stæði ekki undir þeim skuldbindingum.

2. *Hvers vegna er þessi skuldbinding ekki tilgreind í ríkisreikningi fyrir árið 2009?*

Þar sem ríkissjóður lýsti yfir því með almennri yfirlýsingu að hann ábyrgðist allar innstæður í íslenskum bönkum, og þar með talið þessar, var það álitamál hvort sérstaklega skyldi tiltaka ábyrgð á þessum innstæðum í skýringum með ríkisreikningi en ekki ábyrgð á öðrum innstæðum. Á vegum ríkisreikningsnefndar er verið að fara með heilstæðum hætti yfir hvernig gerð verði grein fyrir ábyrgðarskuldbindingum í ríkisreikningi.

3. *Á hvaða heimildum byggist ábyrgðarveiting ríkissjóðs?*

Framangreindir gerningar voru gerðir á grundvelli neyðarlaganna.

4. *Var innheimt ábyrgðargjald samkvæmt lögum um ríkisábyrgðir?*

Sjá svar við 1. tölul.

5. *Hvert er áhættumat ráðuneytisins á því að ábyrgðin falli á ríkissjóð að hluta eða í heild? Um hvaða fjárhæðir er að ræða og á hvaða tímapunktum kunna þær að falla til?*

Sjá svar við 1. tölul.

1233. Svar [593. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um ríkisábyrgð á skuldbindingum Íslandsbanka hf., Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf.

1. *Hvers vegna var veitt ríkisábyrgð á skuldbindingum Íslandsbanka hf., Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf., sbr. samkomulag sem Íslandsbanki hf. og fjármálaráðuneytið gerðu með sér 3. apríl 2009 og fól m.a. í sér að ráðuneytið skuldbatt sig til að taka við skuldabréfi Straums-Burðaráss til Íslandsbanka hf. vegna innlána í höfuðstöðvum Straums-Burðaráss á Íslandi og vegna innlána bankans í Danmörku?*

Þáverandi ríkisstjórn gaf haustið 2008 yfirlýsingu um að innstæður í bönkum væru tryggðar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Núverandi ríkisstjórn hefur gefið sambærilega yfirlýsingu. Þegar stjórn Straums óskaði eftir því við Fjármálaeftirlitið að það tæki yfir rekstur Straums á grundvelli neyðarlaganna tók stjórn Fjármálaeftirlitsins þá ákvörðun varðandi innstæður Straums að leita eftir því við Íslandsbanka að þeir tækju við innstæðum Straums í því skyni að tryggja aðgang innstæðueigenda að fjármunum sínum. Á móti gaf Straumur út skuldabréf sem tryggt var með veði í öllum eignum gamla Straums. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um flutning innstæðna var formgerð með þeim hætti að slitastjórn Straums gaf út skuldabréf á Íslandsbanka fyrir hinum yfirfærðu innstæðum að fjárhæð 43,7 milljarðar kr. sem tryggðar voru með eignum þrotabúsins. Samkvæmt síðasta mati slitastjórnar eru þær taldar vera tæplega þrefalt virði skuldarinnar. Á grundvelli ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins um að færa þessar innstæður Straums til Íslandsbanka gerði bankinn hins vegar kröfur til ríkissjóðs að hann staðfesti að ábyrgð ríkisins væri á þessum innstæðum, eins og á öðrum innstæðum í íslenskum bönkum, ef svo færi að verðmæti veðsettra eigna stæðu ekki undir yfirfærðum innstæðum til Íslandsbanka. Ráðuneytið hefur ekki skuldbundið sig til að taka við þessu skuldabréfi. Þessir gjörningar eru milli tveggja lögaðila, þ.e. Straums og Íslandsbanka, og færast því ekki í bækur ríkissjóðs.

2. *Hvers vegna eru þessar skuldbindingar ekki tilgreindar í ríkisreikningi fyrir árið 2009?*

Þar sem ríkissjóður hefur með almennri yfirlýsingu lýst því yfir að hann ábyrgist allar innstæður í íslenskum bönkum, og þar með talið þessar, var það álitamál hvort sérstaklega skyldi tiltaka ábyrgð á þessum innstæðum í skýringum með ríkisreikningi en ekki tiltaka ábyrgð á öðrum innstæðum. Á vegum ríkisreikningsnefndar er verið að fara með heilstæðum hætti yfir hvernig gerð verði grein fyrir ábyrgðaskuldbindingum í ríkisreikningi.

3. *Á hvaða heimild byggðist afhending ráðuneytisins á ríkisskuldabréfum til Íslandsbanka hf. til tryggingar innlánum Straums-Burðaráss í Danmörku að fjárhæð 43,7 milljarðar kr.?*

Framangreindar ákvarðanir voru gerðar á grundvelli neyðarlaganna. Ríkissjóður hefur ekki afhent ríkisskuldabréf til tryggingar innlánum Straums í Danmörku. Hvað þau innlán varðar þá kyrrsettu dönsk stjórnvöld 1. apríl 2009 eignir Staums í Danmörku til tryggingar innstæðuskuldbindingum þar. Straumur náði hins vegar samkomulagi við danska Fjármálaeftirlitið og innstæðutryggingarsjóð um að leysa þær eignir undan kyrrsetningu. Sömuleiðis gekk Straumur frá greiðslu eða tryggingum fyrir áföllnum og áhvílandi innstæðuskuldbindingum í Danmörku. Þá var jafnframt gengið frá greiðslum til innstæðueigenda í Tékklandi

sem námu lágum fjárhæðum. Ríkissjóður hafði enga aðkomu að þessum greiðslum en var upplýstur um þær.

4. *Hver var fjárhæð ríkisskuldabréfa sem ráðuneytið afhenti Íslandsbanka hf. samkvæmt fyrrnefndu samkomulagi 3. apríl 2009 vegna innlána Straums-Burðaráss á Íslandi?*

Ríkissjóður hefur ekki afhent Íslandsbanka ríkisskuldabréf til tryggingar innlánum á Íslandi.

5. *Var innheimt ábyrgðargjald samkvæmt lögum um ríkisábyrgðir?*
6. *Hvert er áhættumat ráðuneytisins á því að ábyrgðin falli á ríkissjóð að hluta eða í heild? Um hvaða fjárhæðir er að ræða og á hvaða tímapunktum kunna þær að falla til?*

Sjá svar við 1. tölul.

7. *Getur ráðherra aflað upplýsinga um að hve stórum hluta bankinn hefur nýtt þessi ríkisskuldabréf í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands og þegar lausafjárþörf myndast hjá Íslandsbanka hf. vegna þessara innlánsskuldbindinga?*

Íslandsbanki fékk útgefið skuldabréf frá slitastjórn Straums til greiðslu fyrir yfirtekin innlán en ekki ríkisskuldabréf. Íslandsbanki getur samkvæmt reglum sem Seðlabanka Íslands setur nýtt þau bréf til endurhverfra viðskipta. Samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka hefur bankinn ekki nýtt skuldabréfið til endurhverfra viðskipta.

8. *Hvað má gera ráð fyrir að ríkissjóður beri ábyrgð á háum innlánum í Danmörku í dag?*

Innlán Straums í Danmörku eru að fullu uppgerð.

1234. Svar [594. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um fjárhagslega endurskipulagningu vátryggingafélagsins Sjóvár.

1. *Á hvaða lagaheimild byggði ráðherra ákvörðun sína um fjárframlag þegar ríkissjóður tók árið 2009 þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu vátryggingafélagsins Sjóvár með 11,6 milljarða kr. eiginfjárframlagi til eignarhaldsfélags þess?*

Byggt var á heimild 7.20 í 6. gr. fjárlaga 2009, sbr. einnig sambærilega heimild í fjáraukalögum 2008 sem heimilar fjármálaráðherra „að kaupa af Seðlabanka Íslands þau viðskiptabréf sem bankanum hafa verið afhent til tryggingar veðlánum bankans og annast uppgjör þeirra krafna eins og hagkvæmast þykir.“ Talið var að framangreind lagaheimild 7.20 í fjárlögum 2009 veitti ríkissjóði nægilegt svigrúm til að annast uppgjör þeirra með framangreindum hætti enda var það metið svo að þetta væri hagkvæmasti og besti kosturinn fyrir ríkissjóð við innheimtu umræddra skuldbindinga auk þess sem gjaldþrot stórs tryggingafélags á þessum viðkvæma tíma hefði getað valdið þjóðfélaginu stórfelldu tjóni eins og nánar kemur fram hér á eftir.

2. *Voru þessi viðskipti færð í bókhaldi ríkisins þegar þau fóru fram? Ef ekki, þá hvers vegna ekki?*

Eins og fram kemur hér að aftan var ákvörðun um aðkomu ríkissjóðs að endurreisn Sjóvár tekin síðla sumars 2009. Í framhaldi var unnið að samningsgerð við aðra aðila málsins og stofnun félagsins. Stofnefnahagsreikningur hins nýja félags lá fyrir síðla í september en gerð hans var grundvöllur fyrir framlagningu eigin fjár þeirra sem að félaginu kæmu. Nokkur tími leið svo frá gerð hans þar til innborganir áttu sé stað og voru þær að hluta til gerðar í lok árs 2009 og að hluta til á árinu 2010. Á þeim tíma hafði ESÍ yfirtekið umræddar eignir og færslur vegna þeirra koma því fram í reikningum félagsins en ekki ríkissjóðs.

3. *Hvernig var eiginfjárframlag ríkissjóðs samsett? Ef framlagið var innt af hendi með öðru en peningum er óskað eftir ítarlegri sundurliðun á samsetningu framlagsins sem sýni m.a. útgefendur skuldabréfa, sé um þau að ræða.*

Í minnisblaði Fjármálaeftirlitsins (FME) frá 29. júní 2009 kom fram að rekstur á vátryggingarstarfsemi Sjóvár væri með ágætum en tiltekin fjárfestingarstarfsemi og aðrar ráðstafanir fyrrum eigenda, stjórnar og lykilstarfsmanna hefðu komið félaginu í þrot.

Fram að þeim tíma höfðu fulltrúar frá fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka og skilanefndar Glitnis áttu í viðræðum við fjármálaráðuneytið til að leita leiða við að endurfjármagna og bjarga tryggingahluta Sjóvár. Félagið hafði áður verið í sölumeðferð og vonir stóðu til að erlendir aðilar kæmu að endurreisninni. Þegar ljóst varð að ekki næðist ásættanleg lending með þeim aðilum var leitað til stjórnvalda um aðstoð til að forða félaginu frá gjaldþroti.

Áður en ákvörðun var tekin um hvaða leiðir væru færar var leitað til FME sem fer með eftirlitshlutverk vegna vátryggingarstarfsemi. FME lagði á það ríka áherslu að félagið yrði ekki sett í þrot. Voru veigamestu rök FME þau að gjaldþrot félagsins hefði „alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir fjármálastarfsemina hér á landi, þar á meðal neytendur.“ Vátryggingafélagið væri meðal þeirra fjármálafyrirtækja sem veittu ákveðna grunnþjónustu hér á landi og gegndi því mjög mikilvægu þjóðfélagslegu hlutverki. Mikilvægt væri því að mati stofnunarinnar að allt yrði gert sem unnt væri til að verja hagsmuni neytenda í þessu efni. Því studdi stofnunin og mælti eindregið með þeirri leið sem farin var til að forða félaginu frá gjaldþroti með aðkomu ríkissjóðs, Glitnis hf. og Íslandsbanka.

Það fé sem vantaði inn í sjóði Sjóvár til að gera félagið starfhæft samkvæmt skilyrðum FME nam um 16 milljörðum kr. Skilanefnd Glitnis var reiðubúin til að leggja fram um 2,8 milljarða kr. til lausnar málinu og Íslandsbanki um 1,5 milljarða kr.

Til að endurreisn Sjóvár yrði möguleg var það metið svo að ríkissjóður þyrfti að koma að málinu og leggja fram um 12 milljarða kr. fjárframlag. Þetta var annars vegar gert með upphaflegri kröfu Seðlabankans á hendur Askar Capital (sem framseld hafði verið ríkissjóði) samkvæmt verðtryggðum lánasamningi, upphaflega að fjárhæð um 6 milljarðar kr. með 3% ársvöxtum og hins vegar með um 5,6 milljarða kr. verðtryggðu skuldabréfi útgefnu af Landsvirkjun með 3,5% föstum ársvöxtum. Umsamið kaupverð á þessum eignum var samtals um 11,6 milljarðar kr.

Til viðbótar við þau veigamiklu rök FME um þá áhættu sem mundi skapast innan fjármálakerfisins við þrot Sjóvar hafði ríkið einnig eftirfarandi sjónarmið til hliðsjónar við ákvörðunartökuna um ríkisframlag til handa fyrirtækinu. Í fyrsta lagi var talið að færi tryggingafélagið í greiðsluþrot gæti það haft alvarleg áhrif á endurtryggingasamninga, ekki bara Sjóvár heldur einnig samninga annarra tryggingafélaga. Þetta gæti þýtt mun hærri iðgjöld sem greiða þyrfti til erlendra endurtryggjenda og þar með hækkun á iðgjöldum til innlendra

aðila, þar á meðal almennings. Í öðru lagi var talið að þrot félagsins og þar með hækkun á iðgjöldum erlendra endurtryggjenda gæti dregið úr greiðsluflæði í erlendri mynt vegna hærri iðgjalda. Í þriðja lagi var talið að sú staðreynd að eitt af stærstu tryggingafélögum landsins færi í gjaldþrot hefði slæmar afleiðingar fyrir traust Íslendinga á vátryggingamörkuðum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Í fjórða lagi var samkvæmt fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka töluverður áhugi ýmissa aðila á að kaupa Sjóvá. Í fimmta lagi var talið að greiðsluþrot tryggingahluta félagsins hefði getað haft fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir ríkissjóð. Ekki var talið æskilegt að óvissa ríkti um hvort einstaklingar og lögaðilar sem hefðu tryggingar hjá félaginu og staðið að fullu skil á iðgjöldum sínum fengju bætur fyrir bótaskyld tjón sín eða fengju ekki ógreiddar slysa- og tjónbætur. Í því sambandi má geta þess að innan Evrópusambandsins er nú unnið að reglum um sjóði sem ætlað er að gegna sambærilegu hlutverki á tryggingamarkaði og tryggingarsjóðir innstæðueigenda gegna á bankamarkaði. Dæmi eru til m.a. frá Danmörku og Írlandi um að stjórnvöld hafi neyðst til að grípa inn í rekstur tryggingafélaga til að koma í veg fyrir hugsanlegar afleiðingar af falli þeirra. Í sjötta og síðasta lagi voru þær kröfur, sem ríkissjóður lagði til, kröfur sem stofnast höfðu á bankakerfið vegna hruns þess. Ekki væri því verið að veita „nýja“ fjármuni inn í umrætt félag ef svo má að orði komast heldur var um að ræða sölu á kröfum með veði í hlutabréfum í tryggingafélagi sem var í góðum rekstri en var skuldsett af öðrum ástæðum.

Stefnt var að því að selja félagið hið fyrsta en það var talið líklegra að hærra verð fengist fyrir félag sem hefur verið í samfelldum rekstri.

Tillaga um aðkomu ríkissjóðs að málinu var undirbúin af forsætisráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og lögð fyrir á ríkisstjórnarfundi til kynningar og samþykktar sumarið 2009 sem samþykkti ákvörðunina í kjölfarið.

4. *Lá fyrir fjárhagslegt mat á áhrifum af væntu gjaldþroti félagsins á tekjur og gjöld ríkissjóðs áður en ákvörðun um fjárframlagið var tekin? Ef svo er, hvernig var matið unnið, hver vann það og hverjar voru niðurstöður þess?*

   Sjá svar við 3. tölul.

5. *Lá fyrir mat á þeim fjárhæðum sem líklegt var að viðskiptamenn félagsins mundu tapa við gjaldþrot félagsins? Ef svo er, er óskað eftir að þær upplýsingar verði lagðar fram um helstu flokka viðskiptamanna og að fram komi hver vann það mat.*

   Sjá svar við 3. tölul.

6. *Hver er staða formlegrar rannsóknar á eiginfjárframlagi ríkisins til endurreisnar Sjóvár sem eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hóf 22. september 2010?*

Með ákvörðun, dags. 22. september 2010, hóf ESA formlega rannsókn á ráðstöfunum stjórnvalda í tengslum við Sjóvá, í samræmi við 4. mgr. 4. gr. II. hluta bókunar 3 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Almennur frestur til að skila athugasemdum til stofnunarinnar vegna málsins rann út 17. janúar 2011. Íslensk stjórnvöld komu á framfæri við stofnunina frekari upplýsingum vegna málsins og sömuleiðis sendu samkeppnisaðilar félagsins, TM og VÍS, inn athugasemdir. Með bréfi, dags. 25. febrúar, komu stjórnvöld á framfæri við ESA svörum við athugasemdum þriðju aðila. Formlegri rannsókn ber að ljúka með ákvörðun, sbr. 7. gr. II. hluta bókunar 3. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem borist hafa mun stofnunin meta hvort ráðstafanirnar samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Samkvæmt ákvæðum sömu greinar skal Eftirlitsstofnun EFTA leggja allt

kapp á að taka ákvörðun innan 18 mánaða frá því að formleg rannsókn hefst. Stjórnvöld hafa ítrekað mikilvægi þess að meðferð málsins verði flýtt eins og kostur er og því standa vonir til þess að ákvörðun megi liggja fyrir öðru hvorum megin við sumarið.

7. *Bar íslenska ríkinu lagaleg skylda til að bjarga félaginu?*
   Sjá svar við 3. tölul.

1235. Fyrirspurn [712. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um kröfur um starfsleyfi fjármálafyrirtækja.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Er hægt að vera með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem fjármálafyrirtæki án þess að vera með stjórnarformann?
2. Hefur eitthvert fjármálafyrirtæki verið án stjórnarformanns í sex mánuði eða lengur?

Skriflegt svar óskast.

1236. Fyrirspurn [713. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um endurútreikning gengistryggðra lána.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hefur ráðuneytið gefið út leiðbeiningar fyrir fjármálafyrirtækin um hvernig eigi að reikna ólögmæt gengistryggð lán í samræmi við lög nr. 151/2010? Ef svo er, hvernig eru þær leiðbeiningar? Ef ekki, af hverju?
2. Hvernig endurreikna fjármálafyrirtæki ólögmæt gengistryggð lán og er sú aðferðafræði í samræmi við 1. gr. laga nr. 151/2010? Óskað er skriflegra skýringa á aðferðafræðinni við útreikningana og sýnidæma um:
   a. bílalán,
   b. húsnæðislán,
   c. önnur veðlán til einstaklinga, og
   d. fyrirtækjalán?
3. Hvernig er eftirliti með endurútreikningi ólögmætra gengistryggðra lána háttað?
4. Af hverju tók það ráðuneytið um tvo mánuði frá samþykkt laga nr. 151/2010 að gefa út reglugerð sem heimilaði umboðsmanni skuldara að hafa eftirlit með útreikningum fjármálafyrirtækjanna?
5. Hver eru áhrifin af dómi Hæstaréttar nr. 604/2010, þess efnis að Hæstiréttur taldi að lengd lánstíma, ólík veð eða heimild til að breyta vöxtum hefðu ekki þýðingu er varðar ólögmæti gengistryggingar? Hvernig hefur ráðuneytið fylgt því eftir að fjármálafyrirtæki hlíti niðurstöðu dómsins?

6. Hver er afstaða ráðuneytisins til þess hvort lög nr. 151/2010 stangist á við 12. viðauka EES-samningsins um neytendavernd?

Skriflegt svar óskast.

1237. Tillaga til þingsályktunar [714. mál]

um skilgreiningu auðlinda.

Flm.: Vigdís Hauksdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Gunnar Bragi Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að fá færustu sérfræðinga á sviði auðlindaréttar til að semja frumvarp sem skilgreinir með tæmandi hætti hvað flokkast til auðlinda hér á landi og hverjar auðlindir Íslands eru.

Greinargerð.

I. Auðlindaréttur sem fræðigrein.

Auðlindaréttur er ný fræðigrein í íslenskri lögfræði og er nátengdur umhverfisrétti. Eðli málsins samkvæmt fjallar auðlindaréttur um þær réttarreglur sem varða stjórnun, nýtingu og meðferð auðlinda. Heilstæð stefna um nýtingu auðlinda hefur ekki verið mótuð að neinu marki hérlendis.

Eitt af því sem stuðlar að ábyrgri umhverfishegðun er að líta svo á að náttúruauðlindir og réttur til þess að nýta þær hafi verðgildi þó að í sumum tilfellum kunni að vera erfitt að meta slíkt til fjár. Auðlindaréttur er nátengdur nýtingu náttúruauðlinda. Réttur þjóða til að njóta auðlinda sinna nýtur verndar í þjóðarétti. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 14. desember árið 1962 var samþykkt yfirlýsing nr. 1803 sem fjallar um sjálfstæði þjóða til að ráðstafa náttúruauðlindum sínum. Segir þar meðal annars að nýting náttúruauðlinda eigi að þjóna hagsmunum og auka velmegun fólks í viðkomandi ríki. Hefur þessi regla verið staðfest í alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem voru fullgiltir af Alþingi 28. ágúst 1979, sbr. auglýsingu nr. 10/1979 í C-deild Stjórnartíðinda og tóku gildi hér á landi 22. nóvember sama ár. Í 2. mgr. 1. gr. beggja samninganna segir orðrétt: „Allar þjóðir mega, í sínu eigin markmiði, ráðstafa óhindrað náttúruauðæfum og auðlindum sínum brjóti það ekki í bága við neinar skuldbindingar sem leiðir af alþjóðlegri efnahagssamvinnu, byggðri á grundvallarreglunni um gagnkvæman ábata, og þjóðarétti.“

Árið 2000 skilaði svokölluð auðlindanefnd sem kosin var af Alþingi af sér álitsgerð. Hlutverk nefndarinnar var að fjalla um auðlindir sem eru eða kynnu að verða þjóðareign. Það eru meðal annars öll verðmæti í sjó og á hafsbotni innan efnahagslögsögu, svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda, námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita. Taldi nefndin brýnt að mótuð yrði samræmd stefna og stjórn á nýtingu náttúruauðlinda á Íslandi sem skapaði heilsteyptan lagaramma um hlutverk og ábyrgð ríkisins á ráðstöfun og nýtingu náttúruauðlinda. Ísland hefur gengist undir skuldbindingar að alþjóðarétti er varða rannsóknir og nýtingu á auðlindum, svo sem rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar frá 1992 og Kyoto-bókunina frá 1997. Hugtakið sjálfbær þróun

hefur verið tengt umhverfisrétti allt frá því að Brundtland-skýrslan um sjálfbæra þróun kom út árið 1987 og þá ekki síst í tengslum við nýtingu og verndun náttúruauðlinda og ákvarðanatöku á því sviði. Með sjálfbærri þróun er átt við að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

II. Almennt um náttúruauðlindir.

Fjölmargar náttúruauðlindir sem ýmist gegna veigamiklu hlutverki í framleiðslu eða hafa mikil áhrif á vellíðan fólks eru án eignarréttar. Þær eru því ekki markaðsvörur og markaðsöfl geta ekki stjórnað nýtingu þeirra. Slíkar náttúruauðlindir eiga á hættu að vera ofnýttar, stundum svo verulega að þeim er eytt með öllu. Aðrar auðlindir lúta stjórnun af einhverju tagi. Hagfræðileg vandamál ríkja geta stundum leitt til lagasetningar á þessu sviði. Á sama tíma og hagfræðileg vandamál koma upp við stjórnun náttúruauðlinda vegna ágangs einstaklinga, fyrirtækja og í sumum tilfellum opinberra aðila, til nýtingar þeirra er oft gripið til aðgerða af hálfu ríkisvaldsins til að koma böndum á nýtinguna. Er þá oftar en ekki sett lög til að ná tökum á auðlindastjórn. Gott dæmi um slíka lagasetningu eru lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Í lögunum var sjávarútvegsráðherra veitt heimild til að ákveða hámark þess afla sem veiða mátti af ákveðnum fisktegundum á tilteknu tímabili til að koma í veg fyrir ofveiði. Þá getur lagasetning haft í för með sér hagfræðileg áhrif. Ágætt dæmi um slíkt er lög nr. 85/2002, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Var með þessari lagasetningu stigið skref í átt að auðlindagjaldi í fiskveiðum og tekið upp veiðigjald eða hið svokallaða auðlindagjald.

III. Hugtakið auðlind.

Hugtakið auðlind er víðfeðmt og nær til margra þátta samfélagsins. Talið er að allir þættir náttúrunnar, jörðin, lífríkið, vatn, sólarljós og loft geti talist til náttúruauðlinda. Auðlindir geta verið skilgreindar sem þjóðareign, svo sem fiskstofnar og orkulindir. Afskipti ríkisins ná samt til margra annarra auðlinda en þeirra sem beinlínis eru taldar þjóðareign. Samfélagið sjálft hefur tekið á sig að stuðla að verndun mikilvægra þátta umhverfisins, svo sem hreinleika andrúmsloftsins, og sett reglur um nýtingu dýrastofna og annarra þátta lífríkisins. Segja má að náttúruauðlindir geti verið beinn þáttur í neyslu eins og til dæmis útivistarsvæði og veiðisvæði fyrir villt dýr. Þær auðlindir sem ekki teljast vera náttúruauðlindir eðli málsins samkvæmt eru til dæmis mannauður, þekkingarkerfi, gagnagrunnar og önnur hliðstæð verkefni sem menn hafa skapað.

Í skýrslu auðlindanefndar sem forsætisráðuneytið gaf út árið 2000, flokkar Geir Oddsson í fylgiskjali I með skýrslunni, náttúruauðlindir á eftirfarandi hátt:

Flokkur	**Gerð**	**Flokkur**	**Gerð**
Land	Land til beitar	Ferskvatn	Fiskar sem villt dýr
	Land til nýbygginga		Ómengað vatn
	Ýmis hlunnindi		Vatnsból
	Jarðorkulindir		Vatnsföll
	Jarðvegur		Útivist
	Land til urðunar og móttöku úrgangs		Örverur
	Námur	Haf	Efni á hafsbotni og neðan hans
	Friðlýst land		Hafið sem viðtaki úrgangs
	Skordýr		Nytjastofnar

Flokkur	Gerð	Flokkur	Gerð
	Land til skógræktar		Siglingaleiðir
	Land til útivistar		Sjávarföll
	Útsýni, landslagsheildir o.fl.		Útivist
	Villt dýr	Andrúmsloft	Hreint loft
	Örverur		Andrúmsloftið sem viðtaki útblásturs
			Rafbylgjur til fjarskipta
			Vindorka
		Lífríkið	Vistkerfi
			Stofnar
			Erfðaefni

[1]

Þess ber að geta að þessi listi er ekki tæmandi.

Íslendingar eiga hlutdeild í auðlindum mannkyns alls, svo sem auðlindum úthafsins, sólarljósinu og andrúmsloftinu sem viðtaka. Oft er forsjá slíkra auðlinda skilgreind á grundvelli alþjóðasamninga þar sem réttindi og skyldur einstakra ríkja eru skilgreind. Því falla þessar auðlindir undir þjóðarforsjá. Með nokkurri einföldun má segja að auðlindahugtakið nái til hvers konar gæða sem eru takmörkuð.

IV. Eignarhald á auðlindum.

Hér á landi hefur eignarhaldi náttúruauðlinda verið háttað með ýmsum hætti og oft og tíðum hafa skapast deilur í þjóðfélaginu hvernig þessum málum skuli skipað. Í skýrslu auðlindanefndar frá árinu 2000 var lagt til að tekið yrði upp nýtt ákvæði í stjórnarskrána þar sem náttúruauðlindir sem ekki væru háðar eignarrétti yrðu lýstar þjóðareign. Ákvæðið sem nefndin lagði til var svohljóðandi:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Handhafar löggjafar og framkvæmdarvalds fara með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila. Þó má veita þeim heimild til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum og réttindum gegn gjaldi, að því tilskildu að hún sé tímabundin eða henni megi breyta með hæfilegum fyrirvara eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Slík heimild nýtur verndar sem óbein eignarréttindi.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt og á grundvelli sjálfbærrar þróunar og skal arði af þeim varið til þess að vernda auðlindirnar, rannsaka þær og viðhalda þeim, svo og til hagsældar fyrir þjóðina að öðru leyti.“[2]

Taldi nefndin að vegna þess að aðstæður og viðhorf gætu breyst í tímans rás væri rétt að gera ekki ráð fyrir að náttúruauðlindir og landsréttindi yrðu skilgreind í sjálfri stjórnarskránni heldur yrði það gert í almennum lögum. Þá gekk nefndin út frá því að land, landsréttindi, auðlindir og hlunnindi í þjóðlendum sem ekki voru háðar einkaeignarrétti yrðu þjóðareignir. sbr. lög nr. 58/1998, um þjóðlendur, og lög nr. 57/1998, um rannsóknir á nýtingu á auðlind-

---

[1] Auðlindanefnd: Auðlindaskýrsla 2000 – Álitsgerð auðlindanefndar um stjórn auðlinda Íslands, bls. 89 og Karl Axelsson, Hreinn Hrafnkelsson og Dýrleif Kristjánsdóttir: „Um jarðrænar auðlindir og framtíðarnýtingu þeirra“, Tímarit Lögréttu. 2. hefti, 4. árg. 2007 bls. 115.

[2] Auðlindanefnd: Auðlindaskýrsla 2000 – Álitsgerð auðlindanefndar um stjórn auðlinda Íslands, bls. 27.

um í jörðu. Sömuleiðis nytjastofnar á Íslandsmiðum, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og auðlindir sem eru á eða í eða undir hafsbotninum, utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær, sbr. lög nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Jafnframt þyrfti að laga ákvæði þessara laga að hinu nýja stjórnarskrárákvæði.[3]

Hefur þessi tillaga ekki náð fram að ganga né heldur aðrar tillögur sama efnis. Því hefur sú áleitna spurning vaknað hvort ástæða sé að setja slíkt náttúruauðlindaákvæði inn í stjórnarskrá sem varin er af stjórnskipunarrétti fremur en að setja ákvæði inn í sérlög sem hægt er að breyta með einföldum þingmeirihluta. Slíkt var t.d. gert á vorþingi með lögum nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Á árum áður var landsvæði á Íslandi skipt í eignarlönd, afrétti og almenninga eftir því hvernig eignarhaldi var háttað. Með lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, var gerð breyting á þessari skipan og nú er íslensku landi að meginstefnu skipt í eignarlönd og þjóðlendur. Í 2. gr. laganna er skýrt kveðið á um að íslenska ríkið sé eigandi hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Þarna var verið að skerpa mörkin á milli eignarréttar ríkisins á auðlindum sem kveðið er á um í ýmsum lögum og einkaeignarréttar einstaklinga á auðlindum.

Í 2. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum, kemur fram að eignarréttur að auðlindum í eignarlöndum og þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sé á forræði landeiganda. Í frumvarpinu var aftur á móti lýst yfir eignarrétti ríkisins á auðlindum í jörðu utan eignarlanda og nær sá réttur meðal annars til jarðefna, jarðhita og grunnvatns.[4] Með lögum nr. 58/2008, var bætt nýrri grein við lögin, 3. gr. a, og er 1. og 2. mgr. hennar svohljóðandi:

„Ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum, sem alfarið eru í eigu þeirra, er óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt að jarðhita og grunnvatni umfram heimilis- og búsþarfir, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að framselja réttindi til ríkis, sveitarfélags eða félags sem alfarið er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og sérstaklega er stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.“

Í 4. gr. laga nr. 20/2006, vatnalögum, er eignarhaldi á vatni svo lýst: „Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur.“ Um frekara eignarhald vatns er fjallað frekar í II. kafla laganna. Með lögum nr. 58/2008, var sett inn ný grein í lögin, 9. gr. a, um takmarkanir á varanlegu framsali opinberra aðila á eignarrétti á vatni, og hljóðar 1.–3. mgr. greinarinnar svo:

„Ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum, sem alfarið eru í eigu þeirra, er óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt að vatni sem hefur að geyma virkjanlegt afl umfram 10 MW.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að framselja réttindi til ríkis, sveitarfélags eða félags sem alfarið er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og sérstaklega er stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.

Ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu, sbr. 2. mgr., er heimilt að veita tímabundið afnotarétt að réttindum skv. 1. mgr. til allt að 65 ára í senn. Handhafi tímabundins afnota-

---

[3] Auðlindanefnd: Auðlindaskýrsla 2000 – Álitsgerð auðlindanefndar um stjórn auðlinda Íslands, bls. 27.
[4] Alþt. 1997–98, A-deild, þskj. 574, bls. 2555–2556.

réttar skal eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.“

Í 1. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, er tekinn af allur vafi um að enginn annar en íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, eða í eða undir hafsbotninum, utan netlaga, og svo langt til hafs sem fullveldisréttur íslenska ríkisins nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Í 1. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er kveðið á um eignarhald á fiskstofnum á Íslandsmiðum. Þar segir í 1. gr.: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Hreinir hagsmunir og heimildir sem réttarreglur tryggja öllum almenningi til mismunandi nota vissra verðmæta eða víðtækra umráða verða ekki talin eign. Þetta þýðir að almenningur, þjóðin eða þjóðarheildin getur ekki verð eigandi í eignarréttarlegum skilningi, enda hefur þjóðin sem slík ekki þær almennu heimildir sem einstaklingseignarrétti fylgja.[5] Ríkið getur hins vegar verið aðili eignarréttinda.[6] Af þessu má ráða að eignarréttur náttúruauðlinda hér á landi sé í meginatriðum tvenns konar að íslenskum rétti:

7. Séreignarréttur einstaklinga eða lögaðila sem nefndur hefur verið einkaeignarréttur og þeir sem njóta hans fara með rétt til hvers konar umráða og ráðstöfunar auðlindanna svo fremi að þeim rétti eru ekki settar skorður í lögum eða vegna réttinda annarra.
8. Eignarréttur ríkisins sem því hefur verið fenginn með einstökum fyrirmælum í lögum er sérstak form á eignarráðum.

Það sem skilur að framangreindan rétt ríkisins og einkaeignarrétt sem ríkið getur verið aðili að eins og hver annar lögaðili, er að ríkinu hefur verið falinn hinn sérstaki eignarréttur í skjóli þess að engir einstaklingar eða lögaðilar geti sannað eignarrétt sinn að þeim náttúruauðlindum sem um er að ræða.[7]

V. Auðlindir án eiginlegs eignarréttar.

Fyrir utan náttúruauðlindir sem falla undir eignarrétt eru fyrir hendi margvísleg náttúrugæði sem telja má til náttúruauðlinda í víðtækustu merkingu þess orðs. Flest svæði á jarðarkringlunni lúta einhvers konar yfirráðum ríkja og í dag er lítið sem ekkert eftir af ónumdum svæðum (res nullius).[8] Latneska hugtakið (res communes) merkir það sem er öllum sameiginlegt og í eignarrétti hefur það verið notað um ákveðin gæði og/eða eftir atvikum svæði sem eru utan lögsögu einstakra ríkja og öllum er frjáls til umferðar og nota. Ekki er hægt að viðurkenna neinn eignarrétt í hefðbundnum skilningi, hvorki einkaeignarrétt né eignarrétt ríkja yfir gæðum þessum eða svæðum. Má hér nefna til útskýringar dæmi um „res communes“: Hafsvæði sem er utan lögsögu ríkja, oft kallað úthaf, geimurinn sem er utan lofthelgi einstakra ríkja, andrúmsloftið og sólarljósið. Þessi gæði geta verið takmörkunum háð varðandi ráðstöfun, nýtingu og meðferð. Ríki heims hafa í gegnum árin gert með sér alþjóðlega sáttmála og gengist undir þjóðréttarlegar skuldbindingar til þess að vernda óheft og óspillt not af þessum auðlindum. Einstök ríki hafa í krafti fullveldisréttar síns síðan sett sérstakar og nánari reglur innan lögsögu sinnar.[9]

---

[5] Þorgeir Örlygsson: „Hver á kvótann?“, bls. 39–40 og Þorgeir Örlygsson: Kaflar úr eignarétti I, bls. 6.

[6] Þorgeir Örlygsson: Kaflar úr eignarétti I, bls. 6.

[7] Auðlindanefnd: Auðlindaskýrsla 2000 – Álitsgerð auðlindanefndar um stjórn auðlinda Íslands, bls. 24.

[8] Björg Thorarensen og Pétur Leifsson: Kaflar úr þjóðarétti, 2. útgáfa, Reykjavík 2005 (handrit við kennslu), bls. 57.

[9] Auðlindanefnd: Auðlindaskýrsla 2000 – Álitsgerð auðlindanefndar um stjórn auðlinda Íslands, bls. 25–26.

VI. Leiðir til auðlindastjórnar.

Verulega hefur gengið á fjölmargar náttúruauðlindir undanfarna áratugi og svo mikið að nú er tilfinnanlegur skortur á mörgum mikilvægum auðlindum eins og vatni og öðrum umhverfisgæðum af ýmsu tagi. Því hafa þjóðir heims kappkostað við að finna og þróa leiðir til að nýta náttúruauðlindir með hagkvæmum hætti og beinist athyglin aðallega að hagrænum stjórntækjum sem takmarka ekki nýtingu á náttúruauðlindum, heldur haga nýtingu þannig að hún sé ábatasöm fyrir viðkomandi og heildarhag allra.[10] Bent hefur verið á að erfiðara sé að stjórna auðlindum sem frjáls aðgangur er að því þá er ekki um að ræða umráðarétt einstakra aðila yfir þeim. Margir hagfræðingar hafa haldið því fram að í mörgum tilvikum sé hægt að leysa þennan vanda með því að breyta sameign í einkaeign, eða með því að úthluta afnotarétti/kvótum til tiltekinna einstaklinga eða fyrirtækja. Þá hafa verið sett fram sjónarmið um að afnotarétturinn sé bæði framseljanlegur og varanlegur.[11]

Aðferðum við auðlindastjórn má skipta í fjóra meginflokka en þeir eru:

1. Eignarréttarskipan.
2. Leiðréttandi gjöld og uppbætur, svokallaðir grænir skattar.
3. Magntakmarkanir.
4. Tæknileg skilyrði.[12]

Einhverjir eru þeirrar skoðunar að út frá fræðilegu sjónarmiði skili fyrstu tveir flokkarnir hagkvæmustu auðlindanýtingunni þjóðhagslega séð. Eignarréttarskipan er talin álitlegri því að jafnaði krefst hún minni miðstýringar og upplýsingaöflunar en leiðréttandi gjöld og uppbætur. Á móti kemur að stundum er erfitt að koma við nægilega fullkominni eignarréttarskipan. Eitthvað er um að auðlindir eru ekki nýttar eins og hagkvæmast væri og hefur það orðið til þess að margar þeirra eins og andrúmsloftið, ósonlagið, landslag, dýra- og fiskstofnar, lífríkið og fleiri auðlindir eru ekki í séreign og þar með geta ekki orðið viðskipti með þessi gæði. Afleiðingarnar geta orðið afdrifaríkar eins og dæmin sanna um dýr í útrýmingarhættu og þau sem þegar hefur verið útrýmt eins og til dæmis moa-moa fuglinn á Nýja-Sjálandi og geirfuglinn á Íslandi. Ekkert kemur í staðinn fyrir útdauða tegund og engir fjármunir geta bætt skaðann.

Af framangreindum fjórum aðferðum við auðlindastjórn eru þær tvær fyrstnefndu taldar vera hagfræðilega skilvirkastar. Það er því afar athyglisvert að hér á landi hefur einkum tveimur síðastnefndu aðferðunum verið beitt við auðlindastjórn. Magntakmarkanir eiga tæpast rétt á sér nema þegar fyrstu tvær leiðirnar eru ekki tiltækar. Hvað varðar síðustu aðferðina að byggja auðlindastjórn upp á tæknilegum takmörkunum þá er það í flestum tilfellum verra en athafnaleysi frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

VII. Hagfræðileg álitaefni.

Markaðskerfi er ráðandi skipulag í efnahagsstarfsemi ríkja heims og fer nýting náttúruauðlinda fram innan ramma þess kerfis. Viðskipti eru flutningur eignarréttar frá einum aðila til annars og því krefjast viðskipti þess að hann sé til staðar. Án eignarréttar geta engin viðskipti átt sér stað. Sumir eru þeirrar skoðunar að náttúruauðlindir gegni lykilhlutverki í allri framleiðslu sem síðan skapar hagsælda samfélagsins. Færa má fyrir því rök að flestir þættir náttúrunnar eins og til dæmis, jörðin, vatnið, loftið, sólarljósið og lífríkið geti talist til nátt-

---

[10] Auðlindanefnd: Auðlindaskýrsla 2000 – Álitsgerð auðlindanefndar um stjórn auðlinda Íslands, bls. 18.
[11] Auðlindanefnd: Auðlindaskýrsla 2000 – Álitsgerð auðlindanefndar um stjórn auðlinda Íslands, bls. 19.
[12] Ragnar Árnason: „Náttúruauðlindir, hagvöxtur og velferð“, bls. 26.

úruauðlinda. Þær verða ekki verðmætari í efnahagslegum skilningi fyrr en eftirspurn myndast og framboðið hættir að verða ótakmarkaða. Náttúran gegnir tvíþættu hlutverki í framleiðslustarfsemi. Annars vegar er hún uppspretta þeirrar orku og hráefna sem framleiðslan þarfnast og hins vegar verður hún að taka við þeim úrgangi sem af framleiðslunni stafar. Af þessu leiðir að andrúmsloftið verður að náttúruauðlind fyrir efnahags starfsemina, því það tekur við útstreymi gróðurhúsalofttegunda og er því nokkurs konar viðtaki fyrir þær. Því má segja með nokkurri einföldun að auðlindahugtakið nái til hvers konar gæða sem eru takmörkuð.[13]

Á undanförnum áratugum hefur komið í ljós að margar náttúruauðlindir sem áður virtust ótakmarkaðar eru það ekki og eru orðnar að takmörkuðum auðlindum. Þegar slíkt á sér stað kemur upp hætta á að ótakmarkandi aðgangur leiði til ofnýtingar og sóunar. Hægt er að bregðast við þessum vandamálum með því að takmarka aðgang að auðlindunum með skilgreindum eignarrétti eða setja reglur er varða nýtingu þeirra. Þegar aðgangur að náttúruauðlindunum er takmarkaður með þessum hætti fá þær markaðasverð í nútímaskilningi þess orðs. Einnig er hægt að verðleggja náttúruauðlindir og réttinn til að nýta þær sem leiðir til þess að hægt er að eiga viðskipti með þær. Talið er að sú aðferð skapi meiri virðingu fyrir viðkomandi auðlind og leiði til ábyrgri nýtingar hennar. Jafnframt hvetur þetta fyrirtæki sem þurfa á auðlindinni að halda að ná fram hagkvæmni í rekstri. Það má færa fyrir því rök að auðlindaskortur er til staðar á Íslandi ekki síður en annars staðar. Mengun andrúmslofts og sjávar, hlýnun jarðar og rýrnun ósonlagsins eru hnattræn vandamál og snerta Íslendinga eins og aðrar þjóðir. Því er spáð nú að röskun vistkerfa og breyting veðurfars hafi ófyrirsjáanlegar afleiðingar og skapi vanda fyrir komandi kynslóðir. Aukning gróðurhúsaáhrifa er afleiðing iðnvæðingar, fólksfjölgunar, röskunar og andvaraleysis um þessi mál vegna fjárhagslegra hagsmuna af því að viðhalda framleiðslustigi og neyslu.

Hlýnun andrúmslofts, minnkun á líffræðilegri fjölbreytni og eyðingu ósonlagsins má rekja til nýrrar tegundar neyslumynsturs mannkynsins sem byggist á síaukinni eftirspurn eftir efnislegum gæðum sem eru framleidd í iðnaði sem þarfnast náttúrulegra auðlinda og veldur ójafnvægi í náttúrunni. Þetta getur stofnað lífríki jarðarinnar í hættu. Gríðarlegur efnahagsvöxtur og ör fólksfjölgun hefur valdið því að nýting auðlinda og umhverfismál hafa orðið eitt helsta viðfangsefni ríkja heims á undanförnum árum.[14] Á síðustu hundrað árum hefur fólksfjöldi í heiminum vaxið úr 1,65 milljörðum manna í rúmlega 6,7 milljarða og 80% af þessari fjölgun hefur átt sér stað eftir 1950.[15] Mannfjöldaspá gerir ráð fyrir að árið 2025 verði mannkynið 8 milljarðar og 9,2 milljarðar árið 2050.[16] Maðurinn hefur nú gríðarleg og víðtæk áhrif á helstu undirstöður lífríkisins í orku- og efnahringrás jarðarinnar.[17]

Það er vísindalega sannað að hinir efna meiri eyða meiru en hinir fátækari og því gengur hraðar á náttúruauðlindir heimsins í þeim ríkjum sem búa við meiri hagsæld.[18]

---

[13] Karl Axelsson, Hreinn Hrafnkelsson og Dýrleif Kristjánsdóttir: „Um jarðrænar auðlindir og framtíðarnýtingu þeirra“, bls. 115.

[14] Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020, bls. 9.

[15] Guruswamy, Lakshman D: International environmental law in a nutshell, bls. 121.

[16] Guruswamy, Lakshman D: International environmental law in a nutshell, bls. 122.

[17] Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020, bls. 9.

[18] The use of emissions trading in relation to other means of reducing emissions: a Nordic comparative study. Nordic Council Ministers, Thema Nord 2006:539, Copenhagen 2006, bls. 57.

VIII. Gjaldtaka náttúruauðlinda hér á landi.

Bent hefur verið á að í sumum tilvikum er mögulegt að verðleggja náttúruauðlindir og þá sérstaklega réttinn til að nota þær. Löggjafinn getur ákveðið að láta þá sem nýta auðlind greiða með einum eða öðrum hætti gjald til samfélagsins fyrir afnot hennar, hvort sem um er að ræða gjaldtöku í formi skatta eða þjónustugjalda. Slík gjaldtaka þarf að vera almenn og við framkvæmd hennar skal gæta málefnalegra sjónarmiða og jafnræðis.[19] Leiðsögn markaðshagkerfisins eða „ósýnilega höndin“ svonefnda nær aðeins til þeirra gæða sem unnt er að kaupa og selja á markaði og til þess að úrræði eins og gjaldtaka verði tekin upp í einhverri mynd verða pólitískar og efnahagslegar forsendur að vera til staðar.

Ágætt fordæmi gjaldtöku hér á landi af auðlind var kísilgúrverksmiðjan við Mývatn. Fyrirtækið var látið greiða leigugjald fyrir afnot auðlindarinnar í almenningi Mývatns. Annað dæmi um slíka gjaldtöku er skv. 3. gr. laga nr. 101/2000, um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990. Í lögunum er iðnaðarráðherra veitt heimild til þess að ákvarða eða semja um endurgjald fyrir töku eða nýtingu ólífrænna eða lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarri en lifandi vera utan netlaga sbr. 1. gr. laganna. Með lögum nr. 85/2002, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, var stigið skref í átt að auðlindagjaldi í fiskveiðum er tekið var upp veiðigjald. Í fylgiskjali með frumvarpinu frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er tiltekið að tilgangur frumvarpsins væri fyrst og fremst að leggja á gjald fyrir veiðiheimildir sem veittar væru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða. Skyldi upphaf innheimtu hefjast þann 1. september 2004. Í athugasemdum við 10. gr. frumvarpsins er fjallað um gjaldtöku og er nánar útlistað hvernig haga eigi gjaldtöku og álagningu. Varð þessi breyting að VI. kafla laga nr. 38/1990.

[19] Þorgeir Örlygsson: „Hver á kvótann?“, bls. 53.

1238. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [715. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birkir Jón Jónsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Einar K. Guðfinnsson, Jón Gunnarsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Kristján Þór Júlíusson, Margrét Tryggvadóttir, Ólöf Nordal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Greiði minnst ⅔ þingmanna á Alþingi atkvæði með tillögu um breytingu á stjórnarskrá þessari skal leggja tillöguna innan tveggja mánaða undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu í leynilegri kosningu. Greiði minnst ⁶⁄₁₀ allra kosningarbærra manna breytingunni atkvæði sitt er hún gild stjórnskipunarlög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er skoðun flutningsmanna að breytingar á stjórnarskrá eða ný stjórnarskrá eigi að njóta mikillar samstöðu meðal þjóðarinnar og að þjóðin eigi að greiða um þær atkvæði beint og setja sér þannig sína stjórnarskrá sem er grundvallarlög samfélagsins. Í samræmi við þessi markmið er þetta frumvarp lagt fram og þess jafnframt krafist að mikil samstaða sé um breytingar á stjórnarskrá, bæði á Alþingi, sem er stjórnlagaþing, og á meðal þjóðarinnar með þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingarnar.

1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.“

Samkvæmt þessu ákvæði kýs þjóðin aldrei beint um breytingar á stjórnarskrá sinni. Þegar Alþingi samþykkir breytingu á stjórnarskránni er Alþingi rofið og fara þá fram almennar kosningar. Í þeim er alls ekki verið að kjósa um breytinguna á stjórnarskránni heldur snýst kosningin um stjórn landsins næstu fjögur ár og hverjum þjóðin vill fela þá ábyrgð. Nýtt Alþingi greiðir síðan atkvæði um ályktunina óbreytta og í þeirri atkvæðagreiðslu er hver þingmaður eingöngu bundin við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum samkvæmt 48. gr. stjórnarskrárinnar. Kjósendur hafa því engin áhrif á þá kosningu. Þegar forseti Íslands hefur staðfest ályktunina tekur hún gildi sem breyting á stjórnarskrá.

Nú eru fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskrá og er jafnvel talað um að þjóðin setji sér alveg nýja stjórnarskrá. Það horfir þá undarlega við að þær breytingar eða jafnvel ný stjórnarskrá verði ekki borin undir þjóðina og að hún komi í raun ekki beint að þeirri ákvörðun heldur kjósi hún nýtt Alþingi sem fer með stjórn landsins næsta kjörtímabil og það Alþingi taki svo ákvörðun um breytinguna í samræmi við sannfæringu hvers þingmanns. Ef nýtt stjórnlagaráð næði samstöðu um nýja stjórnarskrá og ef sú stjórnarskrá nyti almennrar hylli þjóðarinnar yrði skv. 79. gr. núgildandi stjórnarskrár að samþykkja tillögu þar um á Alþingi og rjúfa síðan þing. Svo yrði að kjósa nýtt Alþingi í almennri kosningu og þær kosningar snúast alls ekki um stjórnarskrána heldur um stjórn landsins næsta kjörtímabil. Þjóðin mundi þannig aldrei greiða atkvæði um stjórnarskrána sína, þó að mikil samstaða væri um þá stjórnarskrá.

Fyrirliggjandi frumvarp breytir þessu ferli við breytingar á stjórnarskrá. Frumkvæðið kemur samkvæmt því frá Alþingi, sem er stjórnlagaþing, og í samræmi við framangreind markmið um samstöðu er þess krafist að ⅔ allra þingmanna, 42 þingmenn, samþykki breytingu á stjórnarskránni. Breytingin fari síðan í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem landið er allt eitt kjördæmi og verður þátttaka að vera það mikil og samstaða um breytinguna slík að $^{6}/_{10}$ allra kosningarbærra manna greiði henni atkvæði. Það gerir kröfu til mikillar kosningaþátttöku og mikillar samstöðu um þær breytingar sem fyrirhugað er að gera. Þessi sterka krafa um mikinn meiri hluta gerir það að verkum að ekki er auðvelt að breyta stjórnarskránni. Þó má krafan um meiri hluta ekki vera svo sterk að aldrei verði hægt að ná fram meiri hluta. Flutningsmenn telja að krafan um að $^{6}/_{10}$ kjósenda samþykki breytinguna sé ekki of sterk en þessi skilyrði má að sjálfsögðu ræða í sérnefnd um málið.

Breyting á stjórnarskrá er samkvæmt núgildandi 79. gr. það síðasta sem Alþingi samþykkir fyrir kosningar. Því er brýnt að þessi tillaga hafi verið rædd ítarlega í sérnefnd þegar næst verður boðað til almennra kosninga. Ef þessi tillaga yrði samþykkt á þessu kjörtímabili er unnt að samþykkja fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskránni hvenær sem er á komandi þingum án þess að rjúfa þurfi þing og breytingartillagan yrði í kjölfarið send í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. En mikil krafa er gerð um samstöðu bæði á Alþingi og svo hjá þjóðinni.

1239. Nefndarálit [42. mál]

um till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Þingsályktunartillagan var fyrst lögð fram á 138. löggjafarþingi og lauk iðnaðarnefnd afgreiðslu málsins en það hlaut ekki lokaafgreiðslu Alþingis og er tillagan nú endurflutt óbreytt en nefndin byggir einnig á þeirri vinnu sem fór fram á 138. löggjafarþingi.

Nefndin fékk á fund sinn Kristján Skarphéðinsson, Ingva Má Pálsson og Guðrúnu Þorleifsdóttur frá iðnaðarráðuneytinu og Héðin Unnsteinsson frá forsætisráðuneytinu.

Nefndinni bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, ÁTAKI – Áhugasamtökum um tæknimiðstöð fyrir almenning, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtökum Íslands, Hagstofu Íslands, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi og Þróunarfélagi Austurlands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Seðlabanka Íslands, Valdimar Össurarsyni, Vegagerðinni og Viðskiptaráði Íslands. Að auki bárust 29 umsagnir vegna málsins á síðasta löggjafarþingi 521. máli 138. löggjafarþings sem nefndin kynnti sér.

Markmið.

Með tillögunni er lagt til að unnið verði að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2010–2013 þannig að hún verði hluti af heildstæðri sóknaráætlun fyrir alla landshluta. Með aðgerðunum er leitast við að lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Í byggðaáætluninni eru skilgreind sjö lykilsvið og undir hverju þeirra eru tillögur um aðgerðir og eftirfylgni. Einnig fylgir áætluninni greinargerð Byggðastofnunar um ástand og horfur í byggðaþróun. Með aðgerðunum er leitast við að ná samhljómi með annarri áætlanagerð og aðgerðum stjórnvalda. Lykilsviðin átta eru sett fram í tillögunni sjálfri en nánar útfærð í athugasemdum. Þar er jafnframt greint frá meginhugmynd að baki hverri aðgerð, ábyrgðaraðilum, öðrum hugsanlegum þátttakendum og tímasetningu aðgerðanna. Meginmarkmið tillögunnar er að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum, efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum.

Staða einstakra verkefna.

Nefndin vill árétta að þrátt fyrir að byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013 sé ekki samþykkt fyrr en núna, er vinna við fjölmarga þætti hennar hafin og nokkrum verkefnum hennar lokið. Nefndinni þykir því rétt að fara stuttlega yfir stöðu einstakra verkefna undir hverju lykilsviði.

Á sviði *Atvinnustefnu* er vinna við verkefnið *Samkeppnishæfni og klasar* hafin en Nýsköpunarmiðstöð hefur undanfarið unnið markvisst að þessum þáttum, m.a. við greiningu á samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á sviði nýsköpunar og þróunar í tengslum við vinnu vegna Sóknaráætlunar 20/20 og áætlað er að vinna sambærilega greiningu innan árs. Vinna við verkefnið *Heildstæð orkunýtingarstefna* er hafin en stýrihópur, sem iðnaðarráðherra svipaði síðla árs 2009 til að vinna heildstæða orkustefnu fyrir Íslands, birti í janúar 2011 drög að orkustefnu. Stýrihópurinn mun á næstu vikum vinna af því að fara yfir þær umsagnir sem borist hafa og í kjölfarið leggja lokaskýrslu fyrir iðnaðarráðherra. Vinna við iðn- og orkugarða er hafin en Nýsköpunarmiðstöð hefur átt fundi með ýmsum aðilum um útfærslu hugmynda um vinnslu eldsneytis úr innfluttu hráefni með kolefnisinnihaldi. Áætlað er að halda ítarlegan vinnufund á Reykjanesi fyrir lok apríl næstkomandi. Vinna við verkefnið *Efling líftækni* er hafin gert er ráð fyrir því að endanleg framkvæmdaáætlun muni liggja fyrir í lok apríl.

Á sviði *Samþættingu áætlana og aukins samstarfs* þá er vinna við samþættingu opinberra áætlana hafin undir formerkjum Sóknaráætlunar 20/20. Fjölþjóðlegu samstarfi er sinnt með sambærilegum hætti og undanfarin ár. Vinna við verkefnið *Tölfræðileg gögn um byggðaþróun* er hafin og á starfshópur að skila tillögum fyrir árið 2013. Á sviði *Eflingar stoðkerfis atvinnulífsins* er vinna við skilvirkara stoðkerfi hafin en iðnaðarráðuneytið hefur hafið vinnu við endurskoðun á þeim hluta stoðkerfis atvinnulífsins sem heyrir undir ráðuneytið. Hvað varðar *Þróun og styrkingu vaxtarsamninga* eru í gildi samningar fyrir Austurland, Suðurland og Vestmannaeyjar, Suðurnes, Vesturland og Vestfirði. Gildistími vaxtarsamninga fyrir Norðurland vestra, Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland eystra runnu úr um síðustu áramót. Byggðastofnun vinnur að mati á árangri þeirra og verða samningarnir endurnýjaðir fljótlega.

Á sviði *Nýsköpunar og sprotafyrirtækja* er verkefnið að hluta til komið til framkvæmda en með lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, var komið á fót skattívilnanakerfi fyrir fyrirtæki sem stunda nýsköpun og rannsóknir. Á vegum fjármálaráðuneytisins er unnið að því að kanna hvaða möguleikar eru á því að semja ívilnanakerfi fyrir fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum. Árangursmat við verkefnið *Impra hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands* hefur verið framkvæmt reglulega og liggur fyrir. Vinna við verkefnið *Nýsköpunarsjóður framhaldsskólanema* er hafin með verkefninu „nýsköpunarmennt og atvinnulíf í grenndarsamfélagi“. Vinna við *Heildstæða áætlun um aukna aðild innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum* er hafin en Græna orkan er heiti á klasasamstarfi um orkuskipti sem miðar að því að auka hlut visthæfra innlendra orkugjafa í samgöngum á kostnað innflutts kolefnaeldsneytis. Vinna við Alþjóðlegt verkefni um nýtingu koltvísýrings frá stóriðju og jarðvarmaverum er hafin og í undirbúningi er alþjóðlegur vinnufundur hér á landi í maí næstkomandi. Vinna við verkefnið *Vistvæn orkuöflun til húshitunar og niðurgreiðslur húshitunar* er hafin en Nýsköpunarmiðstöð stofnaði Landvarma, samstarfsverkefni um þróun hitaveitu á „köldum svæðum“. Verkefnið *Rammalöggjöf um ívilnanir* er að fullu komið til framkvæmda en í júlí 2010 gengu í gildi lög nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi. Varðandi kynningu á tækifærum fyrir erlendar fjárfestingar þá skipaði iðnaðarráðherra í október 2010 starfshóp úr atvinnulífinu til að móta tillögur varðandi stefnu stjórnvalda í erlendum fjárfestingum og áætlað er að hópurinn skili skýrslu með tillögum nú í vor.

Á sviði ferðaþjónustu er verkefnið *Nýsköpun og vöruþróun í ferðaþjónustu*, tengd heilsu, lífstíl, ráðstefnum og menningu vel á veg komið en iðnaðarráðherra hefur nýlega lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu um ferðamálaáætlun 2011–2020. Vinna við verkefnið *Undirbúningur landnýtingaráætlunar fyrir ferðaþjónustu á hálendinu* er hafin en iðnaðarráðuneytið gerði í júlí 2010 samning við ferðamáladeild Háskóla Íslands um verkefnið. Vinnsla við verkefnið *Þróun gæða- og umhverfisviðmiða fyrir íslenska ferðaþjónustu* er hafið og stefnt er að því að aðlaga og staðfæra nýsjálenskt gæðakerfi haustið 2011. Hvað varðar verkefnið *Fjölgun veigamikilla ferðamannastaða* þá liggja fyrir Alþingi tvö frumvörp sem varða verndun og fjölgun ferðamannastaða, þ.e. frumvarp til laga um farþega- og gistináttagjald og frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Á sviði *Félagsauð*s hafa komið hugmyndir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um samstarfsverkefni á sunnanverðum Vestfjörðum og á Snæfellsnesi, en enn hefur ekki verið unnt að ráðast í þessi verkefni vegna fjárskorts. Verkefnið *Menning, skapandi greinar og listnám*, verður til skoðunar við vinnu um samræmingu áætlana sem er að fara af stað undir verkefninu Ísland 2020.

Framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar er ætlað að vera hluti af Sóknaráætlun 20/20 en 7. janúar sl. samþykkti ríkisstjórnin tillögur stýrihóps Sóknaráætlunar undir heitinu Ísland 2020. Í áætluninni felast 20 mælanleg markmið um samfélagslega þróun og tillögur að aðgerðum til þess að vinna að þeim. Einn tilgangur sóknaráætlunar er að samþætta opinberar áætlanir sem miða að því að efla atvinnu, menntun og endurskipulagningu opinberrar þjónustu. Með þessu á að stuðla að betri nýtingu fjármuna og öflugu samstarfi stjórnsýslustiga og stofnana, þvert á ráðuneyti. Lögbundnar áætlanir sem skal samþætta eru samgönguáætlun, sbr. lög nr. 33/2008, um samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, sbr. 2. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, áætlanir í ferðamálum, sbr. þingsályktun um ferðamál, sem Alþingi samþykkti 3. maí 2005, og áætlun um orkubúskap þjóðarinnar, hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins, sbr. 2. gr. laga nr. 87/2003, um Orkustofnun, og þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sbr. 11. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Alþingi hefur fengið allar þessar áætlanir til meðferðar og afgreiðslu á undanförnum árum.

Nokkrir umsagnaraðilar gagnrýndu tímasetningu byggðaáætlunar sökum þess að þegar þingsályktunin var lögð fram var verið að leggja lokahönd á tillögur um samþættar sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta og voru þær samþykktar 7. janúar sl. og fela í sér forgangsröðun og tillögugerð fyrir hvern landshluta. Einstaka umsagnaraðilar töldu þar af leiðandi byggðaáætlun óþarfa þar sem Sóknaráætlun 2020 væri ætlað að leysa hana af hólmi. Einnig var bent á að Sóknaráætlun 20/20 væri hin eiginlega byggðaáætlun og því bæri að fresta afgreiðslu þingsályktunartillögunnar þar til Sóknaráætlun 2020 yrði samþykkt, en þá yrðu þær afgreiddar samhliða. Jafnframt komu fram sjónarmið um að mikilvægt væri að fá skýrt fram hvaða áætlun yrði stefnumarkandi og hvernig markmiðum yrði hrint í framkvæmd. Meiri hlutinn leggur ríka áherslu á að byggðaáætlun er ætlað að vera innlegg í Sóknaráætlun 2020. Ályktunin felur í sér fjölmargar aðgerðir sem lagt er til að verði hluti af hinni heildstæðu sóknaráætlun fyrir alla landshluta. Eitt meginverkefni Sóknaráætlunar 2020 er að samþætta opinberar áætlanir sem samþykktar hafa verið á Alþingi á undanförnum árum og því er afgreiðsla byggðaáætlunar nú í fullu samræmi við það verklag sem fylgt er við samþættingu áætlana.

Lagaáskilnaður.

Meiri hlutinn vill árétta að á Alþingi hvílir lagaskylda um að afgreiða byggðaáætlun, sbr. 7. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, en þar er kveðið á um að iðnaðarráðherra leggi fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Einnig telur meiri hlutinn mikilvægt að byggðaáætlun fái framgang nú svo hægt verði að halda áfram að hrinda einstökum þáttum hennar og aðgerðum í framkvæmd. Frestun á afgreiðslu byggðaáætlunar mundi skaða framkvæmd einstakra aðgerða hennar, m.a. vaxtarsamningana sem eru veigamesti málaflokkur byggðaáætlunar, en tveimur þriðju fjárveitinga hennar er varið til vaxtarsamninga.

Landshlutasamtök sveitarfélaga.

Fram kom gagnrýni hjá nokkrum umsagnaraðilum á þá aðferðafræði sem notuð er við mótun byggðaáætlunar. Víða í umsögnum er einnig bent á að draga þurfi fram vaxandi mikilvægi landshlutasamtaka sveitarfélaga. Jafnframt kemur fram að í nokkrum tilfellum séu sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög spyrnt saman sem þátttakendur en eðlilegra væri að hvor aðili um sig væri skilgreindur sem sjálfstæður þátttakandi, þar sem um aðskilda aðila er að ræða. Meiri hlutinn tekur undir þessa gagnrýni og bendir jafnframt á að í tillögunni sé of mikil áhersla á miðstýringarvald hins opinbera á kostnað frumkvæðis, ábyrgðar og eftirfylgni heimamanna í einstökum landshlutum. Meiri hlutinn fagnar því að staðinn verði vörður um starfsemi atvinnuþróunarfélaganna á landsbyggðinni en þau hafa mikla staðþekkingu og eru eitt öflugasta tæki heimamanna í héraði til að hreyfa við málefnum sinna svæða. Það er niðurstaða meiri hlutans að mikilvægt sé að auka aðkomu, ábyrgð og hlutverk heimamanna og ekki síst landshlutasamtaka við mótun og framkvæmd byggðaáætlunar. Nefndin kynnti sér skýrslu sem starfshópur á vegum samgönguráðherra skilaði árið 2009, en hann hafði það hlutverk að fara yfir starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga og koma með tillögur að framtíðarskipulagi svæðisbundinnar samvinnu. Fram kemur í skýrslunni að það sé einróma álit starfshópsins að þörf sé á því að efla byggðaþróun í landinu og samþætta opinberar áætlanir og stefnur. Þessir þættir séu mikilvægir til að ná tilætluðum árangri, auka skilvirkni, nýta betur fjármuni og fyrirbyggja óþarfa ágreining. Starfshópurinn er sammála því að landshlutasamtök sveitarfélaga séu vel til þess fallin að taka að sér það samþættingarhlutverk, hvert á sínu svæði. Meiri hlutinn tekur heils hugar undir þetta álit starfshópsins.

Vegaframkvæmdir.

Meiri hlutinn fagnar miklum áföngum og sigrum í vegaframkvæmdum undanfarin ár þar sem mikið hefur áunnist og leggur áherslu á áframhaldandi vegaframkvæmdir þar sem vegasamband er ófullkomið og erfitt, t.d. á sunnanverðum Vestfjörðum og á leiðinni til Norðfjarðar og til Seyðisfjarðar. Aðrar mikilvægar framkvæmdir er rétt að benda á eins og nýjan veg yfir Hornafjarðarfljót og að klára Suðurstrandarveg. Meiri hlutinn leggur líka áherslu á mikilvægar framkvæmdir á minna förnum vegum vítt og breitt um landið þar sem meiri hlutinn telur að höfuðáherslu eigi að leggja á lagningu bundins slitlags. Einnig var nokkur umræða í nefndinni um almenningssamgöngur en þær eru nátengdar þeirri umræðu sem hefur verið um byggðamál og framkvæmdir í vegamálum. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram hafa komið að efling byggðakjarna og stækkun þjónustu- og atvinnusvæða kallar á að almenningssamgöngur verði endurskipulagðar og stórefldar enda eru þær þáttur í búsetu í byggðum landsins.

Nefndin ræddi einnig hagkvæmni strandflutninga á Íslandi, kosti þeirra og galla. Það er mat meiri hlutans að fara verði gaumgæfilega yfir þessi mál heildstætt og nauðsynlegt sé að meta alla óvissuþætti í þessu sambandi.

Fjarskiptasjóður.

Meiri hlutinn fagnar líka framkvæmdum Fjarskiptasjóðs undanfarin ár þar sem tekist hefur að koma háhraðatengingum til nær allra staða sem nutu þeirra ekki á markaðslegum forsendum. Átak stjórnvalda í þessum efnum með stofnun Fjarskiptasjóðs skipti sköpum og er gott dæmi um mikið og þarft verk sem unnið var í framhaldi af fjárveitingum til þess. Íslendingar eru nú meðal fremstu þjóða hvað þessa þætti varðar. Átakið hefur stórbætt búsetuskilyrði í hinum dreifðu byggðum landsins. Rafræn upplýsingatækni er framtíðin og hana ber að efla sem mest því hún er án nokkurra hindrana og landamæra. Hún nýtist landsbyggðarfólki einna mest og færir stjórnsýslustofnanir nær neytendum.

Stoðkerfi þjóðfélagsins.

Umræða var í nefndinni um alla þá endurskipulagningu sem þarf að gera á ýmsum stoðkerfum þjóðfélagsins eftir efnahagshrunið mikla árið 2008, svo sem í bankakerfinu. Meiri hlutinn leggur ríka áherslu á að gætt verði að mikilvægu hlutverki banka og opinberrar þjónustu í hinum dreifðu byggðum landsins við endurskipulagningu og bendir m.a. á að huga að samrekstri slíkrar þjónustu sem lið í að viðhalda starfseminni á landsbyggðinni. Þetta á við um t.d. bankastofnanir, pósthús, heilbrigðisstofnanir, sýslumenn, lögregluembætti og menntastofnanir.

Menntun, fræðastarf og rannsóknir.

Meiri hlutinn tekur undir þá ábendingu umsagnaraðila að mikilvægi menntunar og fræðastarfs, rannsókna og þróunar á vettvangi þekkingarsetra í landshlutunum sé ótvírætt fyrir eflingu byggða og markvissa stefnumótun í þeirra þágu. Sé litið til langtímaþróunar þá munu þessar áherslur skila hvað mestum árangri í nýsköpun, eflingu samfélaga og jöfnun búsetu. Á hinn bóginn komu einnig fram athugasemdir um að stjórnsvið byggðaáætlunar hefði þrengst frá því að iðnaðarráðuneytið tók við stjórnsýslu málaflokksins og það hafi m.a. leitt til þess að byggðaáætlunin taki fyrst og fremst mið af málaflokkum ráðuneytisins. Meiri hlutinn vill benda á að hafa verður hugfast við gerð áætlana að kröfur samtímans kalla á sífellt nánara samstarf þvert á ráðuneyti og mikilvæg forsenda skilvirkrar stjórnsýslu er að áætlanir sem eiga upptök sín í mismunandi ráðuneytum séu samþættar og framkvæmd þeirra samræmd.

Byggðastefna til framtíðar.

Meiri hlutinn tekur undir það sjónarmið að mikilvægt sé að stilla saman strengi landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis þegar mótuð er byggðastefna til framtíðar, ekki síst í ljósi gjörbreyttrar stöðu höfuðborgarsvæðisins í kjölfar efnahagshrunsins, þar var þenslan mest og samdrátturinn því mest áberandi. Meiri hlutinn telur að forsenda árangursríkrar byggðastefnu sé náið samstarf höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar og telur að sú aðferðafræði sem lögð er til grundvallar í undirbúningi Sóknaráætlunar 2020 og byggist á víðtæku samráði við heimamenn í héraði um stefnumótun sé til eftirbreytni og líkleg til að skila verkfæri sem nýtt verður á markvissan hátt. Mikilvægustu atvinnugreinar á landsbyggðinni eru sjávarútvegur og landbúnaður sem hafa mátt búa við samdrátt undanfarin ár. Aldrei verður nógu oft ítrekað

og áhersla lögð á mikilvægi þessara atvinnugreina og vöxt og viðgang þeirra. Því vill meiri hlutinn leggja áherslu á að endurskoðun fiskveiðistjórnarkerfisins verði hraðað sem mest og þeirri óvissu sem er um framtíðarkerfi sjávarútvegs eytt sem fyrst. Meiri hlutinn minnir á nær samdóma niðurstöðu endurskoðunarnefndar og telur hana góðan leiðarvísi að lausn þessa áratugadeiluefnis meðal landsmanna. Nú er einstakt tækifæri til að ná sátt um framtíðarkerfi fiskveiða sem nauðsynlegt er að nota til að skapa sem mesta sátt til framtíðar. Minnt er á mikilvægi AVS-sjóðsins til atvinnusköpunar í sjávarútvegi og aukins virðis sjávarfangs og telur meiri hlutinn að hann eigi að efla til frekari nýsköpunar, aukinna útflutningstekna með frekari fullvinnslu og nýjum atvinnugreinum. Meiri hlutinn leggur áherslu á aukið mikilvægi landbúnaðar á Íslandi eftir efnahagshrunið haustið 2008, og telur að allra leiða verði að leita til að efla íslenska framleiðslu og spara þar með dýrmætan gjaldeyri. Meiri hlutinn leggur áherslu á að garðyrkjubændum verði áfram tryggð lágt raforkuverð, og hvetur til frekari nýsköpunar í matvælaframleiðslu landsmanna, um leið og hugað er að rekstrarskilyrðum hefðbundins landbúnaðar. Á sama hátt vekur meiri hlutinn máls á því að víða um land er góð reynsla af samstarfi og samræmingu vaxtarsamninga og menningarsamninga. Slík samlegð varðandi mannahald, stefnumótun og fleira er skynsamleg og líkleg til að skila meiri árangri en með aðgreiningu þessara verkefna.

Menning og listir.

Menning og listir hafa á síðustu árum orðið einn eftirtektarverðasti vaxtarbroddurinn í samfélagi byggðanna hringinn í kringum landið. Aukið vægi þessara greina í félags- og atvinnulífi hefur allt í senn aukið lífsgæði í byggðunum, sjálfsvitund og sjálfstraust íbúa og laðað að æ fleiri ferðamenn, sem víða hefur getið af sér fjölbreyttari atvinnutækifæri en áður voru til staðar. Nú eru í gildi menningarsamningar við alla landshluta þar sem mennta- og menningarmálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti leggja fjármuni til verkefna á móti sveitarfélögum og framkvæmdaraðilum. Tilgangur menningarsamninga er að efla menningarstarf á viðkomandi landsvæði og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaganna við slíkt starf í einn farveg, ásamt því að tryggja sem best frumkvæði og áhrif heimamanna við forgangsröðun verkefna og auka samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála. Samstarf þetta hefur skilað miklum ávinningi víða um land til samræmis við stefnumótun í fyrri byggðaáætlun. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram komu í umsögnum að mikilvægt sé að gera menningu og skapandi greinum hærra undir höfði í áætluninni.

Opinber starfsemi.

Aukning á opinberri starfsemi er einn þeirra þátta sem hefur mikla þýðingu yfir byggðaþróun. Óhætt er að fullyrða að störf á vegum hins opinbera hefur mikla þýðingu fyrir vinnumarkaðinn á landsbyggðinni, m.a. vegna þess að þau eru ekki eins háð ytri sveiflum og önnur störf. Meiri hlutinn vill í þessu sambandi árétta mikilvægi þess að þegar ný störf verða til hjá hinu opinbera sé nauðsynlegt að þau verði jafnt til úti á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Þessu tengt vill meiri hlutinn benda að rannsóknir hafa sýnt að launamunur kynjanna er meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, sbr. rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um kynbundinn launamun á íslenskum vinnumarkaði. Nefndin vill árétta að mikilvægt er að leita leiða til þess að útrýma svæðisbundnum launamun kynjanna.

Byggðaáætlanir nágrannalanda.

Meiri hlutinn vill að lokum vekja athygli á byggðaáætlunum nágrannalandanna og telur að þangað megi leita að stefnu og hugmyndum, sem dæmi hika Norðmenn ekki við að jafna lífskjör þegna sinna með aðgerðum í gegnum skattakerfið. Í Svíþjóð er niðurgreiddur flutningskostnaður og þar er líka veittur afsláttur af raforkuverði og launatengd gjöld eru lægri á vissum svæðum. Ekki fer á milli mála að sænska byggðastefnan tekur mjög mið af því að landið er aðili í Evrópusambandinu. Við inngöngu Svía í Evrópusambandið var tekið tillit til norðlægrar legu landsins hvað varðar landbúnað og byggðamál. Þar er einnig tekið tillit til hinna sérstöku skilyrða sem einkenna strjálbýl svæði í Norður-Svíþjóð sem og mikilvægis borga fyrir samkeppnishæfni svæða og landsins alls. Sérstök áætlun nær til dreifbýlis þar sem tekið er á efnahagslegri, félagslegri og umhverfislegri þróun. Strjálbýlu svæðin í Norður-Svíþjóð eru sérstök stuðningssvæði í byggðalegu tilliti. Meiri hlutinn leggur til að þeir þættir sem hér hafa verið nefndir úr byggðastefnu nágrannalanda okkar verði teknir til athugunar hjá stjórnvöldum við frekari útfærslu á komandi byggðaáætlunum og sóknaráætlunum landsins. Betur má ef duga skal, í byggðamálum okkar Íslendinga.

Breytingar.

Meiri hlutinn leggur til þær breytingar á þingsályktunartillögunni að forsætisráðherra, f.h. ríkisstjórnar sinnar, flytji Alþingi munnlega skýrslu um framgang byggðaáætlunar sem og stöðu byggðamála í landinu. Meiri hlutinn leggur að það verði gert í upphafi ársins 2012, en þá er hálfnað það tímabil sem byggðaáætlun á að taka til. Meiri hlutinn telur að með þessu sé gefið gott tækifæri til að ræða þróun byggðamála í landinu á Alþingi.

Enn fremur gerir meiri hlutinn tillögu um að bæta kafla við meginmarkmið áætlunarinnar, um jöfnun lífsskilyrða fyrir alla landsmenn án tillits til búsetu þeirra. Meiri hlutinn leggur til að fyrstu aðgerðir sem gripið verði til sé að leitast við að jafna húshitunarkostnað landsmanna og taka upp flutningsjöfnuð á vörum fyrir almenning og fyrirtæki á landsbyggðinni. Meiri hlutinn sækir þessa hugmynd sína í byggðaáætlun Norðmanna en þeir hafa fengið heimild frá eftirlitsstofnun EFTA til að endurgreiða hluta flutningskostnaðar til og frá ýmsum byggðalögum í Norður- og Vestur-Noregi. Meiri hlutinn hvetur iðnaðarráðherra til þess að útfæra nánari reglur þessu að lútandi.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt með eftirfarandi**

BREYTINGUM:

1. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Forsætisráðherra, f.h. ríkisstjórnar sinnar, flytji Alþingi munnlega skýrslu um framgang byggðaáætlunar, sem jafnframt verði rædd á Alþingi, í upphafi ársins 2012.
2. Eftirfarandi breytingar verði á 3. mgr.:
   a. Í stað orðsins „átta“ í 1. málsl. komi: níu.
   b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Jöfnun lífsskilyrða:* Lögð verði sérstök áhersla á að lífskjör séu þau sömu um allt land, sem og áhersla á valfrelsi til búsetuskilyrða. Sem fyrstu aðgerðir til að stuðla að þessu verði lögð sérstök áhersla

á jöfnun húshitunarkostnaðar og flutningsjöfnun á vörum bæði fyrir almenning og fyrirtæki á landsbyggðinni.

Alþingi, 31. mars 2011.

Kristján L. Möller, form., frsm. | Sigmundur Ernir Rúnarsson. | Jón Gunnarsson, með fyrirvara.

Lilja Rafney Magnúsdóttir. | Þráinn Bertelsson. | Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.

Magnús Orri Schram. | Gunnar Bragi Sveinsson, með fyrirvara.

1240. Frumvarp til laga [716. mál]

um breytingu á lögum nr. 151/2010, um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara.

Flm.: Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir.

1. gr.

1., 2. og 5. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að tilgreind ákvæði laga um vexti og verðtryggingu eins og þeim var breytt með lögum nr. 151/2010 falli brott. Umrædd breytingalög voru samþykkt í kjölfar dóma Hæstaréttar frá 16. júní og 16. september 2010 sem lýstu gengistryggingarákvæði í tilgreindum bílalánasamningum ógilt. Eftir seinni dóminn, þar sem tekið var á því álitaefni hvernig haga ætti uppgjöri milli aðila að slíkum lánssamningi, taldi stjórnarmeirihlutinn að tilefni væri til að samþykkja lög sem kváðu á um að endurútreikningi bílalána og fasteignalána einstaklinga yrði hraðað til samræmis við niðurstöðu Hæstaréttar.

Eins og sagt er frá í áliti meiri hluta efnahags- og skattanefndar (þskj. 630 á 139. löggjafarþingi) var við þinglega meðferð málsins lýst efasemdum um hvort efni breytingalaganna samræmdist umræddum dómsniðurstöðum hvað varðar þær lánategundir sem þeim var ætlað að taka til og þeirra aðferða við endurútreikning sem þar eru lagðar til grundvallar. Auk þess töldu margir þörf á að fá úr því skorið fyrir þar til bærum dómstóli hvort niðurstöður Hæstaréttar samræmdust neytendalöggjöfinni og alþjóðlegum skuldbindingum sem leiða mætti af evrópskum neytendarétti og mannréttindaákvæðum.

Umboðsmaður skuldara er meðal þeirra sem vakið hefur máls á framangreindri réttaróvissu og er frumvarpið lagt fram í því ljósi. Þá hefur Hæstiréttur ekki skorið úr um hvort hægt sé að krefjast viðbótargreiðslna aftur í tímann á grundvelli endurútreiknings eða að heimilt sé að bæta endurútreiknuðum viðbótarvöxtum, sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001, við höfuðstól lánanna.

Framkvæmd laga nr. 151/2010 í reynd.

Síðustu vikur hafa lántakendum borist endurútreikningar sem fjármálafyrirtæki telja að lög nr. 151/2010 nái til. Ljóst er að staða margra neytenda hefur breyst til hins verra að endurútreikningi loknum og sú staða sem við blasir er í engu samhengi við þær skuldbindingar sem neytendur töldu sig upphaflega hafa tekist á hendur. Þannig jókst mánaðarleg greiðslubyrði láns upp á 29.900.000 kr. sem tekið var 1. júní 2006 um 128%, úr 128.031 kr. á mánuði í 301.121 kr. á mánuði. Slíkt getur ekki undir neinum kringumstæðum talist ásættanlegt. Eins má benda á að umrædd mánaðarleg afborgun að endurútreikningi loknum er mun hærri en afborganir voru af láninu stökkbreyttu fyrir endurútreikning en þá var lántakanda gert að greiða 245.077 kr. á mánuði af láninu. Þess ber að geta að lántakandinn hefur ekki nýtt sér nein skuldaúrræði sem lántakendum hafa boðist í kjölfar hrunsins haustið 2008 og hann alltaf greitt þær greiðslur sem fjármálafyrirtækið hefur krafið hann um vegna þessa tiltekna láns. Endurútreiknaður höfuðstóll er 45,2% hærri en sá upphaflegi og stendur nú í 43.416.697.

Annað dæmi er um lán frá því í nóvember 2004 sem upphaflega var 26.000.000 kr. en endurútreiknaðir áfallnir vextir eru 30.000.000 kr. Höfuðstóll lánsins er því mun hærri eftir endurútreikning en sú fjárhæð sem tekin var upphaflega að láni þótt tæpar 15.000.000 kr. hafi verið greiddar af láninu og vextir af þeirri upphæð komi einnig til frádráttar. Lánið stendur í um 35.000.000 kr. eftir endurútreikning. Endurútreiknaður höfuðstóll er 35% hærri en upphaflegur höfuðstóll.

Þriðja dæmið er 26.000.000 kr. lán sem tekið var í desember 2007. Upphafleg greiðsluáætlun gerði ráð fyrir 151.396 kr. mánaðarlegri greiðslubyrði. Að endurútreikningi loknum hefur höfuðstóllinn hækkað í 31.820.125 kr. og greiðslubyrðin hækkað í 212.066 kr. á mánuði. Höfuðstólshækkunin er 22,4% en greiðslubyrðin hækkar um 40%.

Flutningsmenn telja að með hliðsjón af framangreindum dæmum sé ljóst að markmiðunum með setningu laga nr. 151/2010 verði ekki náð enda liggi fyrir að sambærileg mál fái hvorki sambærilega niðurstöðu né að á þeim sé tekið á samhæfðan hátt. Það var þó vilji löggjafans líkt og fram kemur í lögskýringargögnum frumvarpsins sem varð að lögum nr. 151/2010. Í kaflanum um markmið og helstu atriði frumvarpsins segir að í fyrsta lagi séu „sett ákvæði til bráðabirgða til að taka á tímabundnum úrlausnarefnum vegna óviss réttarástands á samhæfðan hátt.“ Þá segir í kaflanum um nauðsyn lagasetningar: „Dómar Hæstaréttar um gengistryggð lán hafa leitt í ljós verulega annmarka á framkvæmd laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, bæði að því er varðar skilning á efnisákvæðum laganna um heimild til verðtryggingar fjárskuldbindinga og þeim uppgjörsreglum sem við taka ef ólögmætir skilmálar hafa verið til staðar. Þó að dómar Hæstaréttar hafi létt af mestu óvissunni er engu síður hætt við að ágreiningur verði gerður um lögmæti fjölda samninga á víðtæku sviði skammtíma- og langtímafjármögnunar. Þá hafa vaknað spurningar um jafnræði meðal skuldara, einkum á neytendamarkaði. Meginmarkmið frumvarpsins er því að draga úr þessari óvissu. Til grundvallar eru lögð þau sanngirnisrök að sambærileg mál fái sambærilega niðurstöðu auk þess að tryggja réttaröryggi við uppgjör lána með óskuldbindandi gengisviðmiðun.“

1241. Frumvarp til laga [717. mál]

um Þjóðhagsstofu.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Birkir Jón Jónsson, Guðmundur Steingrímsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Siv Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

1. gr.

Þjóðhagsstofa starfar á vegum Alþingis. Hún skal fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknum og vera Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum. Einnig skal hún vera sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðarins, fræðimönnum, fag- og fræðistofnunum og öðrum aðilum til aðstoðar, eftir því sem efni standa til.

2. gr.

Forsætisnefnd Alþingis ræður forstöðumann stofnunarinnar til sex ára í senn og nefnist hann þjóðhagsstofustjóri. Hann skal hafa menntun og þekkingu á sviði hagfræði og má ekki vera alþingismaður. Launakjör hans skulu ákveðin af kjararáði. Hann ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar. Þjóðhagsstofustjóri er starfsmaður Alþingis og ber ábyrgð gagnvart því. Forsætisnefnd getur vikið þjóðhagsstofustjóra úr starfi að fengnu samþykki 2/3 hluta Alþingis.

3. gr.

Þjóðhagsstofa er engum háð í störfum sínum. Forsætisnefnd getur þó ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál sem falla undir starfsemi Þjóðhagsstofu.

4. gr.

Verkefni Þjóðhagsstofu eru:

1. Að færa þjóðhagsreikninga.
2. Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.
3. Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári, vor og haust, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur, þar á meðal um framleiðslu, neyslu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuvega, fjármál hins opinbera og aðra mælikvarða um hagsæld þjóðarbúskaparins, þ.m.t. lífsgæði og umhverfi. Auk þess skal stofnunin koma fyrir almenningssjónir, eftir því sem kostur er, niðurstöðum athugana sinna á einstökum þáttum efnahagsmála og þeirra rannsókna sem hún að eigin frumkvæði kýs að ráðast í.
4. Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir Alþingi.
5. Að láta alþingismönnum, nefndum Alþingis og þingflokkum í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál og vera Alþingi sem fjárveitingar- og fjárstjórnarvaldi almennt til ráðuneytis.
6. Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.
7. Þá skal stofnunin sinna öðrum þeim verkefnum sem Alþingi felur henni.

Þjóðhagsstofu er heimilt að fela sérfræðingum á viðkomandi sviði að vinna að einstökum verkefnum sem stofnuninni eru falin í lögum þessum eða öðrum lögum.

5. gr.

Þjóðhagsstofu er heimilt að krefja stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri um gögn og upplýsingar sem hún þarfnast vegna starfsemi sinnar skv. 4. gr. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við ef út af er brugðið, sbr. lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007.

Stofnunin skal hafa samráð við Hagstofu Íslands og aðra aðila sem safna hliðstæðum upplýsingum, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

6. gr.

Kostnaður af starfsemi Þjóðhagsstofu greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Þagnarskylda ríkir um allar upplýsingar sem Þjóðhagsstofa safnar og snerta tilgreinda einstaklinga eða lögaðila. Slíkar upplýsingar skulu teljast trúnaðargögn og skulu einvörðungu notaðar til þess að sinna verkefnum stofnunarinnar.

Starfsfólki Þjóðhagsstofu er skylt að halda trúnað og gæta fyllstu þagmælsku um öll trúnaðargögn, trúnaðarupplýsingar og trúnaðarmál sem það verður áskynja í starfi sínu og leynt skulu fara, sbr. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þagnarskylda helst þótt hlutaðeigandi láti af störfum.

8. gr.

Forsætisnefnd getur sett nánari reglur um starfsemi Þjóðhagsstofu að undangengnu samráði við þjóðhagsstofustjóra og fulltrúa starfsmanna stofnunarinnar.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012.

Greinargerð.

Efnahagsmál eru ein mikilvægustu þjóðfélagsmál hvers ríkis enda góð hagstjórn oft lykillinn að velsæld og velgengni þjóða. Grundvöllur góðrar hagstjórnar hlýtur að vera aðgengi að upplýsingum svo að ákvarðanataka verði sem best undirbúin. Frá árinu 1974 og fram til 2002 starfaði Þjóðhagsstofnun sem heyrði undir forsætisráðherra og átti að „fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum“. Mikil umræða spratt af því þegar lagt var fram á Alþingi frumvarp um að Þjóðhagsstofnun skyldi lögð niður. Snerist umræðan meðal annars um sjálfstæðar efnahagsspár en verkefni Þjóðhagsstofnunar voru færð til fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands sem ekki geta talist framkvæma hlutlausa efnahagsspá.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kom fram nokkuð hörð gagnrýni á hagstjórn síðustu ára og var meðal annars talað um misræmi í hagstjórn. Þá var það niðurstaða þingmannanefndarinnar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndarinnar að rétt væri að stofna sjálfstæða ríkisstofnun sem heyrði undir Alþingi og hefði það hlutverk að meta og gefa út spár fyrir efnahagslífið á sama hátt og Þjóðhagsstofnun gerði til 1. júní 2002.

Með frumvarpi þessi er einmitt lagt til að komið verði á fót slíkri stofnun sem bera skuli heitið Þjóðhagsstofa og starfa á vegum Alþingis og að stjórnsýsluleg staða hennar verði svipuð og staða umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar.

Hlutverk Þjóðhagsstofu er að fylgjast með afkomu þjóðarbúsins, sinna ýmsum rannsóknum og vera til aðstoðar fyrir Alþingi og aðra aðila, svo sem sveitarfélög, aðila á vinnumarkaði og fræðistofnanir. Sérstaklega er síðan tiltekið að Þjóðhagsstofa sé engum háð í störfum sínum þótt forsætisnefnd geti krafist skýrslna af stofnuninni um einstök málefni sem undir hana falla. Með þessi móti telja flutningsmenn að komið verði upp sterkri, sjálfstæðri stofnun sem geti gefið hlutlausar og greinargóðar upplýsingar um stöðu efnahagsmála og að akkur verði í að hafa allar upplýsingar og vitneskju á einum stað þannig að yfirsýn verði meiri og betri. Þá gerir þetta fyrirkomulag þingmönnum, ekki síst stjórnarandstöðuþingmönnum, betur kleift að nálgast upplýsingar og gögn um efnahagsmálin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að Þjóðhagsstofa verði sjálfstæð stofnun á vegum Alþingis. Hún skuli fylgjast með afkomu þjóðarbúsins, vinna rannsóknarvinnu og vera Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum. Þá er hlutverk hennar einnig að vera ýmsum aðilum til aðstoðar, svo sem sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðarins, fræðimönnum og -stofnunum.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að forsætisnefnd Alþingis ráði forstöðumann stofnunarinnar og að hann megi ráða til sex ára í senn. Skuli hann nefnast þjóðhagsstofustjóri og hafa menntun á sviði hagfræði. Einnig er gert ráð fyrir að forsætisnefnd geti vikið þjóðhagsstofustjóra úr starfi að fengnu samþykki Alþingis.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um sjálfstæði og óhæði stofnunarinnar. Þó er tiltekið að stofnuninni beri að fara að kröfu forsætisnefndar um skýrslugerð um einstök mál, að því gefnu að viðkomandi mál falli undir starfsemi Þjóðhagsstofu eins og hún er skilgreind í 4. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Frumvarpið tiltekur með tæmandi hætti verkefni Þjóðhagsstofu. Þau eru að miklu leyti sambærileg við verkefni Þjóðhagsstofnunar en eru þó víðtækari, svo sem hvað varðar frumkvæði að rannsóknum og veitta aðstoð til fleiri aðila en eldri stofnunin gerði. Einnig er lagt til að Þjóðhagsstofa þrói og birti aðra mælikvarða í hagstjórn, m.a. hagsældarmælikvarða, svo sem lífsgæði og umhverfisþætti, í samræmi við tillögur nefndar um mælikvarða um stöðu efnahags og félagslega þróun (e. Commission on the Measurement of Economic Performance and Social Progress) sem Joseph E. Stiglitz veitti forustu. Að lokum er stofnuninni heimilað að fela sérfræðingum að vinna hluta af einstökum verkefnum.

Um 5. gr.

Ákvæðið felur í sér heimild til handa Þjóðhagsstofu til þess að afla og krefjast upplýsinga frá ýmsum stjórnvöldum í þeim tilgangi að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögunum. Heimildirnar eru í samræmi við heimildir Hagstofu Íslands í lögum nr. 163/2007. Þá er lagt til að Þjóðhagsstofa hafi samráð við Hagstofuna og aðra aðila sem safna hliðstæðum upplýsingum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir tvíverknað.

Um 6. gr.

Kostnaður af starfsemi Þjóðhagsstofu skal greiðast úr ríkissjóði en erfitt er að afmarka eða meta kostnað af rekstri stofnunarinnar. Kostnaður við Þjóðhagsstofnun nam 132 millj. kr. í fjárlögum ársins 2002 og mætti hafa þá fjárhæð til viðmiðunar að teknu tilliti til verðlags. Þá þarf einnig að meta hvort ekki dragi á móti úr útgjöldum annarra stofnana sem sinna nú hluta af því starfi sem Þjóðhagsstofu er ætlað með frumvarpi þessu.

Um 7. gr.

Ákvæðið tekur á þagnarskyldu starfsmanna Þjóðhagsstofu og að hún sé rík hvað varðar upplýsingar um einstaklinga og lögaðila. Einnig er áréttað í ákvæðinu að starfsmönnum beri að gæta þagmælsku um atriði í samræmi við 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Er með því sérstaklega tiltekið að gæta skuli trúnaðar um viðkvæmar upplýsingar sem veittar eru stofnuninni.

Um 8. gr.

Ákvæðið felur í sér heimild fyrir forsætisnefnd til reglusetningar um starfsemi Þjóðhagsstofu sem yrði sambærileg við reglugerðir sem settar eru í ráðuneytum. Tiltekið er að hafa skuli samráð við þjóðhagsstofustjóra og fulltrúa starfsmanna þegar reglurnar eru settar.

Um 9. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

1242. Frumvarp til laga [718. mál]

um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Flm.: Lilja Mósesdóttir, Atli Gíslason, Árni Þór Sigurðsson, Eygló Harðardóttir, Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Þráinn Bertelsson.

1. gr.

3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Greitt skal af námsláni skv. 8. gr. þar til skuldin er að fullu greidd eða lánþegi fellur frá. Þó skal heimilt að fella niður eftirstöðvar skuldabréfs, að hluta eða heild, vegna langvarandi veikinda, fötlunar eða örorku skuldara. Ráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd og skilyrði slíkrar niðurfellingar. Þá skulu námslán ætíð falla niður á því ári er skuldari nær 67 ára aldri enda sé hann í fullum skilum við sjóðinn og hafi tekið lánið fyrir 54 ára aldur. Hafi vanskil stofnast innan þriggja almanaksára á undan því ári er skuldari nær 67 ára aldri er þó heimilt að afskrifa og fella niður þá fjárhæð skuldarinnar sem eftir stæði hefði skuldari verið í fullum skilum.

2. gr.

3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga, sbr. þó 3. mgr. 7. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skuldarar sem þegar hafa náð 67 ára aldri við gildistöku laga þessara skulu fá niðurfelldar eftirstöðvar námslána sinna eins og staða þeirra er við gildistökuna.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi endurgreiðslu námslána samkvæmt lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, og úrræði fyrir tiltekin jaðartilvik við endurgreiðslu námslána lögfest. Lagt er til að fest verði í lög sú meginregla að greitt skuli af námsláni þar til skuldin er að fullu greidd eða fram að þeim tíma er lánþegi fellur frá. Lánasjóðurinn hefur unnið út frá því að afskrifa skuldabréf þegar lánþegi fellur frá en með frumvarpinu eru sú regla lögfest.

Þá er gert ráð fyrir undantekningum frá framangreindri meginreglu á þann hátt að í tilteknum tilfellum verði heimilt að fella námslán niður að hluta eða í heild áður en lán er að fullu greitt. Er þar ekki átt við niðurfellingu eða frestun á árlegum afborgunum eins og fjallað er um í 8. gr. laganna heldur er um að ræða almennar niðurfellingar eða afskriftir á skuldabréfum sem standa að baki námslánum. Þau tilfelli sem hér um ræðir eru annars vegar þegar skuldari á við langvarandi veikindi að stríða, fötlun eða mikla örorku sem áhrif hefur á greiðsluhæfni hans og hins vegar tilfelli þar sem skuldari námsláns hefur náð 67 ára aldri án þess að hafa náð að greiða að fullu niður námslán sitt.

Langvarandi veikindi, fötlun og/eða örorka.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er hér gert að tillögu að heimilt verði að fella niður námslánaskuld að öllu leyti eða að hluta ef skuldari á við langvarandi veikindi, fötlun eða örorku að stríða. Er þá aðallega átt við tilfelli þar sem langvarandi veikindi, fötlun eða örorka kemur til eftir að lánþegi hefur að greiða af láni sínu og þegar umrædd veikindi hafa veruleg áhrif á aflahæfi og greiðsluhæfni skuldara til framtíðar. Þykir eðlilegt að slíkt úrræði sé til staðar en gert er ráð fyrir að mennta- og menningarmálaráðherra setji reglugerð um frekari skilyrði til niðurfellingar og framkvæmd Lánasjóðsins á slíkum niðurfellingum og ákvarðanatöku við þær. Á Norðurlöndum eru slíkar niðurfellingarheimildir þekktar, t.d. í Noregi þar sem heimilt er að fella niður námslán þegar það er sanngjarnt vegna langvarandi sjúkdóma eða fötlunar (Gjelden ettergis, helt eller delvis, når det finnes rimelig på grunn av uførhet eller langvarig sykdom. Kafli III, 10. gr. laga nr. 37 frá 2005). Þar er einnig í lögunum reglugerðarheimild til nánari útfærslu á fyrirkomulaginu. Í Svíþjóð er nú í gildi ákvæði sem felur í sér að heimilt er að fella niður lán ef sérstakar ástæður standa til þess. Ber hér hins vegar að geta að í lögunum var áður skýr heimild til niðurfellingar vegna veikinda eða fötlunar sem hefur áhrif á vinnuframlag, aflahæfi og greiðsluhæfni og gildir hún um námslán sem tekin voru fyrir árið 1998. Undir núgildandi ákvæði er því líklegt að svipuð tilfelli geti fallið þótt ekki séu þau tiltekin orðrétt eins og áður var.

67 ára aldur.

Þá er lagt til að endurgreiðsla námslána falli niður á því ári sem skuldari nær 67 ára aldri að því tilskildu að hann sé í fullum skilum við sjóðinn. Þetta á við í tilfellum þar sem skuldari hefur ekki náð að greiða upp námslán sitt við 67 ára aldursmarkið þegar flestir launþegar

hefja töku lífeyris en samkvæmt upplýsingum frá LÍN er meðaluppgreiðslutími námslána um 20 ár. Hafi skuldari lent í vanskilum við sjóðinn á síðustu þremur almanaksárum á undan því ári er hann verður 67 ára er gert ráð fyrir að heimilt sé engu síður að afskrifa lánið. Er þá miðað við að afskrifuð verði sú fjárhæð sem nemur því að efndir hefðu verið réttar. Þannig ber skuldara að greiða það sem vanskilunum nemur. Er með þessu komið til móts við þá skuldara sem geta lent í erfiðleikum þegar þeir nálgast eftirlaunaaldurinn auk þess sem reistar eru skorður við því í frumvarpinu að stjórn sjóðsins gjaldfelli allt lánið með stoð í 3. mgr. 11. gr. laganna á nefndu þriggja ára tímabili vegna verulegra vanskila. Þá er það skilyrði að námslán hafi verið tekið fyrir 54 ára aldur til þess að koma í veg fyrir að einstaklingar sem hefja námslánshæft nám skömmu fyrir 67 ára aldur fá það fellt niður án þess að hafa greitt það niður svo nokkru nemi.

Norðurlöndin.

Frumvarpið er að mestu leyti byggt á löggjöf á Norðurlöndunum. Það ber hins vegar að hafa í huga að námsaðstoðarkerfi Norðurlandanna er sett upp með nokkuð öðrum hætti en hér á landi. Þar byggist kerfið á samsetningu styrkja og lána. Í Noregi verður lán í flestum tilvikum að vera uppgreitt á 20 árum og þegar lánþegi verður 65 ára. Í Danmörku verða lánin að vera endurgreidd á innan við 15 árum. Þetta virðist vera stuttur endurgreiðslutími en lánin eru aðeins um þriðjungur af heildaraðstoð sem nemandi fær. Í Svíþjóð er um 2/3 hlutar aðstoðar í formi lána og meginreglan er sú að endurgreiðslutími þeirra skuli ekki vera lengri en 25 ár. Frá þeirri reglu eru ákveðnar undantekningar og lán afskrifuð við vissan aldur. Þar er einnig að finna aldurstakmörk á veitingu lána sem er 54 ár og sambærilega reglu og hér er lögð til varðandi vanskil á síðustu 3 árum fyrir 67 ára aldurinn. Hvað varðar niðurfellingar og afskriftir á lánum vegna veikinda, fötlunar eða örorku er, eins og áður hefur komið fram, að finna slíkar niðurfellingarheimildir bæði í Noregi og Svíþjóð.

Réttarbót.

Verði frumvarp þetta að lögum verður um mikla réttarbót að ræða fyrir skuldara námslána. Samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna voru 31. desember 2008 um 100 skuldarar yfir 66 ára aldri og skulduðu í heildina um 280 millj. kr. Skuldarar á aldrinum 61–65 voru rúmlega 200 með heildarskuldir upp á tæplega 600 millj. kr. og skuldarar á aldrinum 56–60 ára rúmlega 706 með heildarlán upp á tæplega 2.190 millj. kr. Meðaluppgreiðslutími lána er 20,68 ár og meðallán hjá sjóðnum um 3,5 millj. kr. Af þessum tölum má ætla að við gildistöku laganna muni hátt í 280 millj. kr. verða afskrifaðar hjá sjóðnum.[1]

Tekið skal fram að meginreglan sem felst í frumvarpi þessu nær einungis til þeirra sem standa enn í skuld við sjóðinn við upphaf þess árs er þeir ná 67 ára aldri. Njóta þeir sem greitt hafa lán sín fyrir þann tíma ekki hagræðis af þessari breytingu en í ákvæði til bráðabirgða er tekið á tilfellum þar sem skuldari er eldri en 67 ára og er enn að greiða námslán sitt. Þar sem árleg endurgreiðsla námslána er miðuð við heildartekjur viðkomandi einstaklings má ætla að tekjuhærri einstaklingar hafi náð að borga stærsta hluta eða allt lán sitt. Sú breyting sem frumvarpið mælir fyrir um nær því fyrst og fremst til tekjulægri einstaklinga sem og þeirra sem hafa verið lengur í námi. Brýnt er að tryggja að endurgreiðslur námslána falli niður við 67 ára aldur svo komið sé í veg fyrir viðvarandi fátækt einstaklinga sem eyddu stórum hluta

---

[1] Tölulegar upplýsingar frá LÍN, ekki eru til nýrri tölur en frá 31. desember 2008. Upphæðir miðast því við stöðu lána og verðlag í lok ársins 2008.

ævi sinnar í nám. Margir þessara einstaklinga hafa reynt að koma undir sig fótunum og safna upp auði fyrir efri árin, m.a. með kaupum á fasteign, en horfa nú á ævistarf sitt fuðra upp í verðbólgubáli og í eignarýrnun fasteigna. Jafnframt hafa margir þessara einstaklinga misst hluta af sparnaði sínum við fall bankanna. Enn fremur er nauðsynlegt að hafa í huga hækkun námslána en þau eru verðtryggð og miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

1243. Frumvarp til laga [719. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum telst skráður aðili.
b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Samstarfssamningur um framkvæmd leyfis merkir í lögum þessum samningur sem aðilar að einu leyfi, ef þeir eru fleiri en einn, gera sín á milli og kveður á um hlutverk og skyldur hvers samleyfishafa innan leyfisins og framkvæmd þess.
   Rekstraraðili merkir í lögum þessum sá aðili sem sér um daglega stjórn kolvetnisstarfseminnar fyrir hönd leyfishafa.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við 3. málsl. 1. mgr. bætist: og skulu sömu skilyrði eiga við um ákvörðun Orkustofnunar um rekstraraðila, sbr. 1. mgr. 10. gr. a.
b. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Gera má ríkari kröfur til rekstraraðila í því sambandi.
c. 3. mgr. orðast svo:
   Um efni samstarfssamnings skv. 2. mgr. fer samkvæmt lögum þessum. Ekki ber að líta á samstarfssamning, eða þá aðila sem að honum standa, sem sjálfstætt félag í skilningi laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, eða laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hver og einn aðili sem stendur að samstarfssamningi á hlut í því leyfi sem samstarfssamningurinn kveður á um og er því sjálfstæður leyfishafi í skilningi laga þessara.
d. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Rekstraraðili er ábyrgur fyrir útreikningi og greiðslu gjaldsins fyrir hönd leyfishafa.

3. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í umsókn skal umsækjandi tilnefna rekstraraðila.

4. gr.

Á eftir 1. málsl. 6. mgr. 10. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum telst sérstakt félag.

5. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Rekstraraðili.

Við veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfis skal Orkustofnun ákveða rekstraraðila fyrir hvert einstakt leyfi.

Óheimilt er að skipta um rekstraraðila nema með sérstöku leyfi Orkustofnunar. Í sérstökum tilvikum getur Orkustofnun skipt út rekstraraðila að eigin frumkvæði.

Í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun hefur ákveðið rekstraraðila, sem er ekki leyfishafi rannsóknar- og vinnsluleyfis, þá skulu skyldur og aðrar skuldbindingar laga þessara gagnvart leyfishöfum eiga við um þann rekstraraðila nema annað sé sérstaklega tekið fram. Nánar skal kveðið á um skyldur rekstraraðila í rannsóknar- og vinnsluleyfi.

6. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Rekstraraðila leyfis.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Orkustofnun er heimilt, við ákvörðun um rekstraraðila, að kveða svo á um að skaðabótaskylda samkvæmt þessari málsgrein nái einnig til rekstraraðila sem ekki er leyfishafi.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Í þeim tilvikum þar sem handhafar leyfis til rannsókna og vinnslu á kolvetni eru fleiri en einn skal skaðabótakröfu beint að rekstraraðila leyfisins. Hafi rekstraraðili ekki greitt skaðabótakröfu að fullu á gjalddaga ber leyfishöfum að greiða eftirstöðvar greiðslunnar í réttu hlutfalli við hlut þeirra í viðkomandi leyfi. Standi einstakur leyfishafi ekki skil á sinni greiðslu skal hlutur hans í greiðslu skaðabóta greiddur af öðrum leyfishöfum í réttu hlutfalli við hlut þeirra í viðkomandi leyfi.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Er framlagning frumvarpsins einn liður í undirbúningi að næsta útboði á sérleyfum til rannsókna og vinnslu kolvetnis innan íslenskrar efnahagslögsögu, á svokölluðu Drekasvæði við Jan Mayen hrygginn. Fyrirhugað er að það útboð fari fram á tímabilinu ágúst til desember 2011. Jafnframt er með frumvarpinu brugðist við athugasemdum frá Eftirlitsstofnun EFTA í tengslum við það skilyrði laganna að leyfishafi verði að skrá sérstakt félag hér á landi um starfsemi sína.

2. Almennt um fyrsta útboð á sérleyfum til rannsókna og vinnslu kolvetnis.

Fyrsta útboðið á sérleyfum til rannsókna og vinnslu kolvetnis í íslenskri efnahagslögsögu, á Drekasvæðinu, fór fram á tímabilinu 22. janúar til 15. maí 2009. Á útboðstímabilinu bárust tvær umsóknir, annars vegar frá Aker Exploration og hins vegar frá Sagex Petroleum í samvinnu við Lindir Exploration. 16. júlí 2009 dró Aker Exploration umsókn sína til baka sökum breyttrar stefnumörkunar fyrirtækisins og samruna við annað fyrirtæki. 22. september 2009 drógu svo Sagex Petroleum og Lindir Exploration umsókn sína til baka og vísuðu til erfiðleika tengdra því að verða fyrirsjáanlega eini sérleyfishafinn með rannsóknir á svæðinu auk gagnrýni á fyrirkomulag skattamála.

Í samskiptum Orkustofnunar við þau olíuleitarfyrirtæki sem sýndu útboðinu áhuga, en sóttu hins vegar ekki um sérleyfi, hefur komið fram að helstu ástæður fyrir því að þau sátu hjá í hinu fyrsta útboði voru bágt efnahagsástand með tilheyrandi skorti á nýju fjármagni, mikil áhætta sem fylgir því að hefja rannsóknir á nýju svæði eins og Drekasvæðið er og lágt heimsmarkaðsverð á olíu. Jafnframt hefur komið fram gagnrýni á það skattafyrirkomulag sem sett var upp með lögum nr. 170/2008, um skattlagningu kolvetnisvinnslu.

3. Undirbúningur næsta útboðs á sérleyfum til rannsókna og vinnslu kolvetnis.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 15. febrúar 2010 var samþykkt að stefnt skyldi að því að annað útboð á sérleyfum til rannsókna og vinnslu kolvetnis færi fram á Drekasvæðinu á tímabilinu frá 1. ágúst 2011 til 1. desember 2011.

Markvisst hefur verið unnið að undirbúningi þessa annars útboðs undanfarna mánuði. Auk þess frumvarps sem hér er lagt fram má nefna að sérstakur starfshópur á forræði fjármálaráðuneytis hefur unnið að endurskoðun laga nr. 170/2008, um skattlagningu kolvetnisvinnslu, þar sem m.a. er tekin afstaða til þeirrar gagnrýni sem komið hefur fram á fyrirkomulag þeirra laga. Sú vinna hefur leitt af sér drög að frumvarpi til laga um breytt fyrirkomulag skattlagningar kolvetnisvinnslu og er stefnt að því að það frumvarp verði lagt fram á Alþingi innan skamms og komi til þinglegrar meðferðar samhliða frumvarpi þessu.

Orkustofnun var falin umsjón með hinu fyrsta útboði á Drekasvæðinu og mun stofnunin jafnframt sjá um framkvæmd fyrirhugaðs annars útboðs. Við undirbúning næsta útboðs hefur Orkustofnun, ásamt ráðuneytum iðnaðar og fjármála, m.a. verið í góðum samskiptum við norsk stjórnvöld á þessu sviði. Á reglubundnum samráðsfundum beggja þjóða hefur verið farið yfir mál er varða hið almenna regluverk í tengslum við fyrirhugað útboð, leyfisveitingarferli, skattamál, hugsanlega þátttöku Noregs í veittum leyfum, umhverfis- og öryggismál vegna olíuslyss í Mexíkóflóa og ýmislegt fleira.

Gott samstarf er einnig við Norðmenn um rannsóknir á svæðinu, og sl. haust lauk sameiginlegum rannsóknarleiðangri á Drekasvæðinu. Var safnað kjarnasýnum úr yfirborði hafsbotnsins, bæði Íslands og Noregs megin við markalínuna. Í leiðangrinum var stór hluti af Jan Mayen hryggnum kortlagður Noregs megin við markalínuna. Leiðangurinn heppnaðist vel og tókst að safna kjörnum frá 30 stöðum á svæðinu og kortlagðir rúmlega 13 þúsund ferkílómetrar.

Á grundvelli þeirrar reynslu sem íslensk stjórnvöld hafa aflað sér í kjölfar fyrsta útboðsins, og með vísan til ábendinga sem komið hafa fram í áðurnefndu samstarfi við norsk stjórnvöld, eru í frumvarpi þessu lagðar til ákveðnar afmarkaðar breytingar á lögum nr. 13/2001 sem hafa það að markmiði að slípa kolvetnislögin til fyrir næsta útboð á sérleyfum til rannsókna og vinnslu kolvetnis á Drekasvæðinu. Snúa þær breytingar m.a. að skilgreiningu

á samstarfssamningi um framkvæmd leyfis og að hlutverki rekstraraðila. Nánar er fjallað um efnisatriði frumvarpsins síðar í almennum athugasemdum við frumvarpið.

4. Öryggiskröfur í tengslum við boranir á hafsbotni.

Í kjölfar olíuslyssins í Mexíkóflóa á árinu 2010 fer nú fram endurskoðun á öryggiskröfum um allan heim varðandi boranir á hafsbotni. Í kjölfar olíuslyssins stofnuðu samtök olíu- og gasframleiðenda í Bretlandi ráðgjafarnefnd sem fjallar um hindrun á olíulekum og viðbrögð við þeim (OSPRAG). Þessi nefnd hefur beint athygli sinni að tæknilegum atriðum m.a. varðandi fyrstu viðbrögð til björgunar á starfsfólki, bráðamengunarvörnum, skaðabóta- og tryggingakröfum, löggjöf er varðar rannsóknir og vinnslu á olíu og gasi um allan Norðursjó og viðbragðsáætlanir fyrir hann. Eitt af því sem nefndin hefur lagt til er að hannaður verði og framleiddur búnaður, eins konar háfur, sem hægt er að setja yfir leka á hafsbotni til að leiða lekandi olíu um borð í skip þar fyrir ofan. Hönnun á þessum búnaði er langt komin og hefst framleiðsla á honum innan skamms. Líklegt er að slíkur búnaður kæmi að miklum notum ef til olíuslyss kæmi við Ísland. Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum um viðbrögð við bráðamengun og á grundvelli þeirra gætu Íslendingar fengið slíkan búnað ef þess gerðist þörf.

Orkustofnun hefur og mun fylgjast með rannsóknum á olíuslysinu í Mexíkóflóa sem og endurskoðun á öryggiskröfum og er í sambandi við stjórnvöld í nágrannalöndum Íslands varðandi þessi mál. Ekki stendur til að stöðva boranir tímabundið í löndum Evrópusambandsins eins og fyrst var lagt til, en í staðinn fer fram upplýsingasöfnun með endurskoðun á öryggiskröfum sem takmark. Hafa ber í huga að ef sérleyfi yrðu veitt í kjölfar útboðs á Drekasvæðinu á seinni hluta árs 2011, þá kæmi ekki til borana á hafsbotni fyrr en í allra fyrsta lagi árið 2017 þar sem áður yrðu gerðar nánari rannsóknir á viðkomandi leyfissvæði. Umhverfismat mun þurfa fyrir hverja holu sem boruð er á svæðinu í samræmi við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

5. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Svo sem að framan er rakið er tilefni þess að frumvarp þetta er lagt fram tvíþætt.

Annars vegar er frumvarpið liður í undirbúningi næsta útboðs á sérleyfum til rannsókna og vinnslu kolvetnis í íslenskri efnahagslögsögu og hins vegar er frumvarpið til komið vegna athugasemda sem borist hafa frá Eftirlitsstofnun EFTA varðandi afmarkaða þætti kolvetnislaganna.

Eins og fram hefur komið veitti framkvæmd fyrsta útboðs rannsóknar- og vinnsluleyfi á Drekasvæðinu, á tímabilinu janúar til maí 2009, stjórnvöldum mikilvæga reynslu af því lagaumhverfi sem var til staðar þá. Með hliðsjón af þeirri reynslu sem fékkst af fyrsta útboðinu, og að höfðu samráði við nágrannaríki Íslands, er talið æskilegt að gera tilteknar breytingar á kolvetnislögum, nr. 13/2001, sem og á lögum um skattlagningu kolvetnisvinnslu, með það fyrir augum að íslensk stjórnvöld verði reiðubúin með traust og samkeppnishæft lagalegt umhverfi þegar kemur að næsta útboði á svæðinu, síðari hluta árs 2011.

6. Efnisatriði frumvarpsins.

6.1 Athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) við ákveðna þætti í kolvetnislögum, nr. 13/2001.

Íslenskum stjórnvöldum barst formlegt bréf („Letter of Formal Notice“) frá ESA, dags. 16. desember 2009, þar sem ESA óskaði eftir rökstuðningi og upplýsingum í tengslum við

tiltekin ákvæði laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Athugun ESA beindist að ákvæðum 6. mgr. 2. gr., 6. mgr. 10. gr. og 7. mgr. 10. gr. laganna og sneri annars vegar að kröfu um að leyfishafi sé með skráð félag hér á landi og hins vegar að því að kolvetnisstarfsemi og tengd starfsemi skuli rekin frá stöð á Íslandi.

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu ESA, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 16. desember 2009, eru þessi ákvæði ekki í samræmi við 31. og 36. gr. EES-samningsins (sem snúa að staðfesturétti og frelsi til að veita þjónustu), þ.e. að leyfishafi samkvæmt lögum nr. 13/2001 þurfi að vera „skráður aðili hér á landi“ og að stofna þurfi „sérstakt félag hér á landi“ um starfsemina sé brot á ákvæðum EES-samningsins.

Hinn þátturinn í athugasemdum ESA snýr að þeirri kröfu sem er að finna í lögum nr. 13/2001 að kolvetnisstarfsemin skuli „rekin frá stöð á Íslandi“. Þar sé jafnframt um að ræða brot á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þar sem hægt eigi að vera að veita þessa þjónustu frá stöð sem er staðsett einhvers staðar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Stjórnvöld svöruðu bréfi ESA 1. júní 2010 þar sem því er hafnað að framangreind ákvæði kolvetnislaganna brjóti í bága við viðkomandi ákvæði EES-samningsins. Fyrir því voru færð rök sem annars vegar snúa að því að til að tryggja örugga skattheimtu frá leyfishafa sé nauðsynlegt að gera þá kröfu að hann stofni og skrái hér á landi sérstakt félag um starfsemina og hins vegar að til að tryggja öryggi og almannahagsmuni sé nauðsynlegt að kolvetnisstarfsemi og tengd starfsemi skuli rekin frá stöð á Íslandi.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur beint sams konar athugasemdum til norskra stjórnvalda að því er síðara atriðið varðar, þ.e. kröfuna um að kolvetnisstarfsemin sé rekin frá stöð í Noregi, en sams konar fyrirkomulag er að finna í norskum lögum og byggist hún á öryggissjónarmiðum. Að mati stjórnvalda er því ekki ástæða til að bregðast strax við athugasemdum ESA varðandi þann þátt með lagabreytingu þar sem það mál er ekki útkljáð milli ESA og stjórnvalda á Íslandi og í Noregi.

Hins vegar er það mat iðnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis að ekki sé ástæða til að gera þá kröfu að skilyrði leyfisveitingar, samkvæmt lögum nr. 13/2001, sé að stofnað sé sérstakt félag hér á landi um starfsemi umsækjanda. Sem áður segir voru upphaflegu rökin fyrir því af þeim toga að slíkt væri nauðsynlegt út frá skattalegum sjónarmiðum. Við nánari skoðun er það mat aðila að slík krafa sé ekki nauðsynleg til að tryggja örugga skattheimtu af leyfishöfum. Nægilegt sé að gera kröfu um íslenskt útibú eða umboðsskrifstofu félags, en slíka kröfu er að finna í ýmsum öðrum lögum, sbr. t.d. lög nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Talið er hæpið að núverandi fyrirkomulag laga nr. 13/2001 hvað þetta varðar sé í samræmi við ákvæði EES-samningsins og jafnframt má benda á að norsk stjórnvöld hafa ekki gert kröfu um að stofnað og skráð sé sérstakt félag, og að þeirra mati hefur það ekki haft áhrif á trygga og örugga skattinnheimtu af leyfishöfum. Er því lagt til að nægilegt sé að skrá hér á landi útibú eða umboðsskrifstofu fyrir viðkomandi leyfishafa, þ.e. ekki þurfi að stofna og skrá sérstakt félag hér á landi um starfsemi umsækjanda.

6.2 Önnur efnisatriði frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum núgildandi laga hvað varðar rekstraraðila og er um nýmæli að ræða. Er lagt til í frumvarpinu að sett verði sem skilyrði fyrir sérleyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis að rekstraraðili verði skipaður fyrir sérhvert leyfi sem veitt er. Í núgildandi lögum er hvergi fjallað sérstaklega um svokallaðan rekstraraðila (e. „operator“) en um er að ræða tiltekinn aðila sem á alþjóðavísu fer með veigamikið hlut-

verk í hverju einstöku leyfi til rannsóknar og vinnslu. Í 2. gr. reglugerðar um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 38/2009, er hins vegar rekstraraðili skilgreindur sem sá úr hópi leyfisaðila sem sér um daglega stjórn kolvetnisstarfseminnar fyrir hönd leyfishafa. Þá segir í 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar að gera megi ríkari kröfur til rekstraraðila hvað varðar þá kröfu að einungis megi veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis aðilum sem hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bolmagn til að annast þessa starfsemi.

Í ljósi þess hvaða stöðu rekstraraðili hefur hvað varðar þá starfsemi sem hér um ræðir er mikilvægt að kveðið sé nánar á um rekstraraðila í lögum og um leið að Orkustofnun skuli veita samþykki sitt fyrir rekstraraðila hvers leyfis. Mikilvægt er að Orkustofnun verði veitt slík heimild til að taka ákvörðun um rekstraraðila, sér í lagi þegar litið er til þess mikilvæga hlutverks sem slíkum aðila er falið varðandi framkvæmd hvers og eins sérleyfis. Á það sama við þegar þess er óskað af hálfu leyfishafa að rekstraraðila verði skipt út. Með slíkri breytingu er einnig verið að samræma innlenda löggjöf við löggjöf nágrannaríkja okkar, t.a.m. norska löggjöf. Þá þykir rétt að kveða skýrar á um rekstraraðila í lögum þar sem fyrirhugaðar breytingar varða réttindi og skyldur hvað varðar slíkan aðila sem og heimild til að samþykkja rekstraraðila sem og að setja hann af. Í ljósi þessa, og með hliðsjón af kröfum um skýrleika réttarheimilda, þykir rétt að kveðið skuli á um fyrirhugaðar breytingar í lögum en ekki eingöngu í reglugerð eða sérleyfi til rannsóknar og vinnslu kolvetnis.

Þá eru einnig lagðar til breytingar á ákvæðum um skaðabætur á þá vegu að nánar er kveðið á um bótarétt sem og fyrirsvar og endurgreiðslur hvað varðar slík tilvik. Er þannig lagt til að rekstraraðili komi fram fyrir hönd leyfishafa í þeim tilvikum þar sem bótakröfu er beint að leyfishöfum.

Í frumvarpinu er lagt til að heimilt sé að setja af rekstraraðila í sérstökum tilvikum en um leið að nýr aðili verði skipaður í hans stað. Með þessu skal tryggt að á hverjum tíma sé einn skilgreindur rekstraraðili sem komi fram fyrir hönd leyfishafa.

Að lokum er í frumvarpinu einnig skýrar kveðið á um samstarfssamning um framkvæmd leyfis í þeim tilvikum þar sem handhafar leyfis til rannsókna og vinnslu á kolvetni eru fleiri en einn, sbr. 2. mgr. 7. gr. núgildandi laga. Er sú breyting m.a. afrakstur framangreinds samstarfs við norsk stjórnvöld á þessu sviði.

Nánar er kveðið á um einstaka breytingar í athugasemdum við viðkomandi ákvæði í frumvarpi þessu.

7. Samráð og mat á áhrifum.

Við samningu frumvarpsins var haft náið samráð við Orkustofnun. Frumvarpið var einnig samið í samstarfi við fjármálaráðuneytið en sem lið í undirbúningi næsta útboðs áformar fjármálaráðuneytið, sem áður segir, einnig að leggja fram, á yfirstandandi þingi, frumvarp til breytinga á skattaumhverfi fyrirtækja í kolvetnisstarfsemi. Jafnframt var við undirbúning frumvarpsins haft samráð við norsk stjórnvöld um fyrirkomulag mála hjá þeim þegar kemur að lagaramma um veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfa.

Ekki er talið að frumvarpið hafi áhrif á tiltekna hópa verði það að lögum en sem áður segir er það einn liður í því að undirbúa næsta útboð olíuleitar í íslenskri efnahagslögsögu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið ákvæðisins er lagt til að nægilegt sé að skrá hér á landi útibú eða umboðsskrifstofu félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, í aðildarríki

stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, þ.e. ekki þurfi að stofna og skrá sérstakt félag hér á landi um starfsemi umsækjanda. Vísast nánar til umfjöllunar í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Í b-lið ákvæðisins er lögð til skilgreining á samstarfssamningi um framkvæmd leyfis í þeim tilvikum þar sem handhafar leyfis til rannsókna og vinnslu á kolvetni eru fleiri en einn, sbr. 2. mgr. 7. gr. núgildandi laga. Nánar er kveðið á um umræddan samning í fyrrgreindri 2. mgr. 7. gr. laganna. Umræddur samningur verður útbúinn af Orkustofnun og staðfærður að hverju leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis af umsækjendum hverju sinni. Eftir sem áður skal slíkur samningur vera staðfestur af Orkustofnun eigi síðar en 90 dögum eftir útgáfu sérleyfis.

Þá er lagt til að rekstraraðili verði skilgreindur sem sá aðili sem sér um daglega stjórn kolvetnisstarfseminnar fyrir hönd leyfishafa. Ekki er gerð krafa um að rekstraraðili sé jafnframt leyfishafi og því geta leyfishafar tilnefnt utanaðkomandi aðila til þess að starfa sem rekstraraðili. Er um að ræða nýmæli í kolvetnislögunum en sambærilega skilgreiningu er að finna í reglugerð um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 38/2009, sbr. það sem þegar hefur komið fram í almennum athugasemdum. Nánar er fjallað um einstök réttindi og skyldur rekstraraðila í eftirfarandi athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í a- og b-lið greinarinnar er lögð til breyting á þá vegu að þær kröfur sem gerðar eru til leyfishafa sérleyfis til rannsókna og vinnslu kolvetnis varðandi sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bolmagn til að annast slíka starfsemi skuli einnig taka til rekstraraðila. Í ljósi þess að ríkar skyldur varðandi framkvæmd hvers leyfis eru í höndum rekstraraðila hverju sinni þykir rétt að sömu kröfur skuli gerðar til þess aðila enda er það háð atvikum hverju sinni hvort sá aðili standi einn og sér, eða ásamt öðrum, að umsókn um sérleyfi eða eingöngu tilnefndur til þess að starfa sem rekstraraðili án þess þó að vera umsækjandi. Þar sem framkvæmd hvers einstaks sérleyfis er meira og minna í höndum rekstraraðila er í ákvæðinu einnig lagt til, til samræmis við ákvæði núgildandi reglugerðar um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, að heimilt sé að gera ríkari kröfur til slíks aðila.

Í c-lið greinarinnar er lagt til að við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem áréttað er að ekki skuli líta á samstarfssamning um framkvæmd leyfis eða þá aðila sem að honum standa sem sérstakt félag í skilningi félagaréttar. Í vissum tilvikum geta aðilar slíkra samstarfssamninga borið ákveðin einkenni félags en með ákvæðinu er áréttað að líta beri á hvern og einn þeirra sem sjálfstæðan aðila.

Í d-lið greinarinnar er lagt til að í samræmi við þá skyldur rekstraraðila að annast daglegan rekstur varðandi framkvæmd sérleyfis til rannsókna og vinnslu kolvetnis þyki rétt að sami aðili, þ.e. rekstraraðili, standi skil á þeim svæðisgjöldum sem kveðið er á um í ákvæðinu fyrir hönd leyfishafa hvers einstaks leyfis. Felur það einnig í sér hagræði, bæði hvað varðar að hverjum opinberir aðilar eiga að beina kröfum um greiðslu umrædds gjalds sem og fyrir leyfishafa um að standa skil á umræddum kröfum.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á núgildandi 9. gr. laganna varðandi þær kröfur sem gerðar eru til umsókna um sérleyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis á þá vegu að í umsókn um slíkt leyfi skuli umsækjandi einnig tilnefna rekstraraðila. Geta umsækjendur tilnefnt aðila úr sínum eigin röðum eða utanaðkomandi aðila sem rekstraraðila. Þannig er ekki gert að skil-

yrði að slíkur aðili sé um leið umsækjandi um viðkomandi sérleyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis.

Um 4. gr.

Með greininni er lagt til að ekki verði gerð sú krafa að skilyrði leyfisveitingar, samkvæmt lögum nr. 13/2001, sé að stofnað sé sérstakt félag hér á landi um starfsemi umsækjanda. Sem áður segir voru upphaflegu rökin fyrir því af þeim toga að slíkt væri nauðsynlegt út frá skattalegum sjónarmiðum. Við nánari skoðun er það mat sérfróðra aðila að slík krafa sé ekki nauðsynleg til að tryggja örugga skattheimtu af leyfishöfum. Nægilegt sé að gera kröfu um að íslenskt útibú sé skráð hér eða umboðsskrifstofa. Vísað er til framangreindra almennra athugasemda.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er lagt til sérákvæði við núgildandi lög varðandi rekstraraðila. Er í fyrsta lagi lagt til að Orkustofnun taki ákvörðun um rekstraraðila við útgáfu sérleyfis til rannsókna og vinnslu kolvetnis. Líkt og þegar hefur verið fjallað um að framan er lagt til að sú krafa verði gerð varðandi hvert og eitt sérleyfi að sérstakur rekstraraðili verði tilnefndur til að annast daglegan rekstur leyfisins. Í ljósi þeirra réttinda og skyldna sem munu hvíla á hverjum og einum rekstraraðila þykir rétt að tilnefning umsækjanda á rekstraraðila skuli háð samþykki Orkustofnunar og því er lagt til í ákvæðinu að stofnunin taki ákvörðun um að samþykkja rekstraraðila við útgáfu sérleyfis. Rétt er að ítreka að þar sem um ákvörðun Orkustofnunar er að ræða, og þar af leiðandi stjórnvaldsákvörðun stofnunarinnar, sætir samþykki og/eða synjun hennar á tilteknum rekstraraðila kæru til iðnaðarráðherra í samræmi við meginreglur stjórnsýsluréttarins um kæruheimildir til æðra setts stjórnvalds.

Í öðru er lagt til að óheimilt verði að skipta um rekstraraðila nema með sérstöku samþykki Orkustofnunar. Er ekki loku skotið fyrir það að á gildistíma sérleyfis til rannsókna og vinnslu komi til þess að skipta þurfi um rekstraraðila í einstöku leyfi. Kann það að stafa að aðstæðum sem varða rekstraraðila, þ.e. getu hans eða hæfi til að annast þær skyldur sem hvíla á herðum hans eða vegna annarra sérstakra ástæðna. Með hliðsjón af þeirri kröfu sem lögð er til í 1. mgr. ákvæðisins um að Orkustofnun skuli taka ákvörðun um hvern einstakan rekstraraðila þá þykir eðlilegt að samþykki stofnunarinnar liggi fyrir þegar skipt er um aðila. Að meginreglu til eru það leyfishafar og/eða rekstraraðili sem geta farið fram á að skipt verði um rekstraraðila í einstökum sérleyfum. Hins vegar er í greininni lagt til að Orkustofnun verði heimilað í sérstökum tilvikum að skipta út rekstraraðila að eigin frumkvæði. Er um að ræða undantekningu frá fyrrgreindri meginreglu og því verður að telja að til þessarar heimildar skuli eingöngu gripið í sérstökum tilvikum, t.a.m. þar sem sýnt þykir að rekstraraðila sé ekki unnt að uppfylla skyldur sínar að óbreyttu og að stofnuninni hafi ekki borist beiðni um að samþykkja nýjan aðila í hans stað. Þá kann að vera að leyfishafar komi sér ekki saman um hvern skuli tilnefna sem rekstraraðila fyrir hvert leyfi og getur Orkustofnun því gripið þar inn í með því að samþykkja fyrir sitt leyti slíkan aðila. Það er eftir sem áður háð aðstæðum hverju sinni hvenær Orkustofnun er heimilt að samþykkja að eigin frumkvæði rekstraraðila fyrir einstök sérleyfi.

Loks er í ákvæðinu mælt fyrir um að í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun hefur ákveðið rekstraraðila, sem er ekki leyfishafi rannsóknar- og vinnsluleyfis, þá skulu skyldur og aðrar skuldbindingar laga þessara gagnvart leyfishöfum eiga við um þann rekstraraðila nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þá segir að nánar skuli kveðið á um skyldur rekstraraðila í sérleyfi

til rannsókna og vinnslu. Vísast hér til þess sem fram kom í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að ekki er gerð sú krafa að rekstraraðili skuli jafnframt vera leyfishafi viðkomandi sérleyfis. Þá hefur einnig þegar komið fram í framangreindum athugasemdum að ríkari kröfur eru gerðar til rekstraraðila enda ber hann m.a. ríka ábyrgð á framkvæmd viðkomandi sérleyfis. Í ljósi þessa er mikilvægt að tryggja með skýrum hætti að þær kröfur sem almennt eru gerðar til leyfishafa taki með sama hætti til rekstraraðila, þ.e. ef sá aðili er ekki samtímis leyfishafi. Þar sem ekki liggur fyrir hvort rekstraraðili sé samtímis leyfishafi er lagt til að nánar skuli kveðið á um þessi atriði í einstökum sérleyfum.

Um 6. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á núgildandi 28. gr. laganna er varða skaðabætur vegna tjóna sökum starfsemi á grundvelli laganna. Taka tillögur þessar mið af þeim breytingum sem almennt eru lagðar til samkvæmt frumvarpi þessu og varða rekstraraðila. Eins og áður hefur komið fram eru gerðar ríkar kröfur til rekstraraðila varðandi framkvæmd sérleyfa til rannsókna og vinnslu kolvetnis. Að sama skapi hefur einnig komið fram að ekki er gerð sú krafa að rekstraraðili skuli samtímis vera leyfishafi. Í ljósi þessa er mikilvægt að með skýrum hætti sé kveðið á um að rekstraraðili skuli bera skaðabótaábyrgð, líkt og leyfishafar viðkomandi leyfis, vegna framkvæmda á grundvelli ákvæða laganna sem og sérleyfis til rannsókna og vinnslu kolvetnis. Þannig er í ákvæði þessu kveðið á um að Orkustofnun sé heimilt við ákvörðun um rekstraraðila að kveða svo á um að skaðabótaskylda skv. 1. mgr. 28. gr. laganna nái einnig til rekstraraðila sem ekki er leyfishafi.

Þá er einnig í ákvæðinu lagt til að í þeim tilvikum þar sem leyfishafar viðkomandi sérleyfis til rannsókna og vinnslu kolvetnis eru fleiri en einn skuli beina skaðabótakröfu að rekstraraðila. Með þessu móti er verið að einfalda að hverjum beina skuli skaðabótakröfu í þeim tilvikum þar sem leyfishafar eru fleiri en einn og því telst slík krafa réttilega hafa verið komið á framfæri með því að beina henni að viðkomandi rekstraraðila. Hvílir þá um leið sú skylda á viðkomandi rekstraraðila að greiða umrædda skaðabótakröfu fyrir hönd leyfishafa viðkomandi sérleyfis. Standi rekstraraðili ekki skil á greiðslu vegna skaðabótakröfu á gjalddaga er í ákvæðinu lagt til að leyfishafar viðkomandi sérleyfis beri þá skyldu að standa skil á eftirstöðvum viðkomandi skaðabótakröfu í réttu hlutfalli við hlutdeild þeirra í viðkomandi sérleyfi. Komi í framhaldi til þess að einstakur leyfishafi geti ekki staðið skil á sínum hluta í greiðslu skaðabóta er í ákvæðinu lagt til að aðrir leyfishafar beri skyldu til þess að greiða hlut þess aðila í réttu hlutfalli við hlut þeirra í viðkomandi sérleyfi.

Með framangreindum breytingum er stuðlað að því að rekstraraðili, sem og leyfishafar, standi með fullnægjandi hætti skil á greiðslu skaðabóta vegna tjóns af völdum starfsemi þeirra. Um leið er einfaldað að hverjum slíkum skaðabótakröfum skuli beint.

Um 8. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum.

Tilefni þessa frumvarps er af tvennum toga. Annars vegar er það liður í undirbúningi fyrir næsta útboð á sérleyfum til rannsókna og vinnslu kolvetnis í íslenskri efnahagslögsögu og hins vegar er það til komið vegna athugasemda sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert við þá kröfu gildandi laga að leyfishafi verði að vera skráður aðili hér á landi.

Hvað fyrri þáttinn varðar þá er í frumvarpinu lögð til skilgreining á hugtakinu samstarfssamningur um framkvæmd leyfis, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna, skilgreining á hugtakinu rekstraraðili sem sá úr hópi leyfishafa sem sér um daglega stjórn kolvetnisstarfseminnar fyrir hönd leyfishafa, ákvæði um hlutverk og skyldur rekstraraðila og nánari ákvæði um hlutverk og heimildir Orkustofnunar. Hvað seinni þáttinn varðar er lagt til að íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum teljist skráður aðili samkvæmt lögunum.

Fjármálaráðuneytið telur að lögfesting þessa frumvarps leiði í sjálfu sér ekki til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð. Frumvarpið er þó eins og áður sagði liður í undirbúningi fyrir útboð á sérleyfum til rannsókna og vinnslu kolvetnis innan íslenskrar efnahagslögsögu, á svokölluðu Drekasvæði sem fyrirhugað er að fram fari á tímabilinu ágúst til desember 2011. Kostnaður ríkissjóðs við útboðið er áætlaður 7 m.kr. og gert er ráð fyrir að sá kostnaður ásamt kostnaði við almenna stjórnsýslu vegna olíuleitar á árinu rúmist innan gildandi fjárheimilda Orkustofnunar.

1244. Frumvarp til laga [720. mál]

um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum, og lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „65 ára í senn“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: 40 ára frá því að auðlindanýting hefst.
b. Í stað 2. málsl. 4. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Að uppfylltum þeim skilyrðum sem koma fram í samningi um tímabundinn afnotarétt að réttindum skv. 2. mgr. á afnotahafi, við lok leigutíma, forgangsrétt á framlengingu og endursamningu um hinn

tímabundna afnotarétt til að hámarki 20 ára, nema til standi að nýta auðlindina með öðrum hætti. Beiðni um framlengingu afnotaréttar skal berast eigi síðar en tveimur árum áður en afnotaréttur fellur úr gildi. Ákvæði þetta nær ekki til samninga um rannsóknir enda skulu þeir gerðir á grundvelli rannsóknarleyfis.

c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í samningi um tímabundinn afnotarétt að réttindum skv. 4. mgr. skal m.a. kveðið á um skyldur afnotahafa, skilyrði nýtingarleyfis, umgengni við náttúru, ábyrga nýtingu, hvernig skuli farið með mannvirki við lok samningstíma og hvernig frágangi auðlindar skuli háttað við lok samningstíma. Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um þau atriði sem skulu að lágmarki koma fram í slíkum samningum, hvernig ákveða skuli endurgjald og hvernig standa skuli að veitingu tímabundins afnotaréttar réttinda undir yfirráðum ríkisins samkvæmt grein þessari, sbr. 6. mgr.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. a laganna:

a. Í stað orðanna „65 ára í senn“ í 3. mgr. kemur: 30 ára frá því að auðlindanýting hefst.

b. Í stað 2. málsl. 3. mgr. koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Að uppfylltum þeim skilyrðum sem koma fram í samningi um tímabundinn afnotarétt að réttindum skv. 1. mgr. á afnotahafi, við lok leigutíma, forgangsrétt á framlengingu og endursamningu um hinn tímabundna afnotarétt til að hámarki 20 ára, nema til standi að nýta auðlindina með öðrum hætti. Beiðni um framlengingu afnotaréttar skal berast eigi síðar en tveimur árum áður en afnotaréttur fellur úr gildi. Komi í ljós að auðlind skv. 1. mgr. er verulega stærri eða minni en talið var við gerð samnings um tímabundinn afnotarétt geta samningsaðilar farið fram á að leigusamningur verði endurskoðaður með tilliti til breyttra forsendna. Ákvæði þetta nær ekki til samninga um rannsóknir enda skulu þeir gerðir á grundvelli rannsóknarleyfis.

c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í samningi um tímabundinn afnotarétt að réttindum skv. 1. mgr. skal m.a. kveðið á um skyldur afnotahafa, skilyrði nýtingarleyfis, umgengni við náttúru, ábyrga nýtingu, hvernig skuli farið með mannvirki við lok samningstíma og hvernig frágangi auðlindar skuli háttað við lok samningstíma. Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um þau atriði sem skulu að lágmarki koma fram í slíkum samningum, hvernig ákveða skuli endurgjald og hvernig standa skuli að veitingu tímabundins afnotaréttar réttinda undir yfirráðum ríkisins samkvæmt grein þessari, sbr. 5. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á þeim ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923, og laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er snúa að heimildum opinberra aðila til að veita tímabundinn afnotarétt að vatnsafls- og jarðhitaréttindum.

Ísland er ríkt af endurnýjanlegum orkuauðlindum og ef miðað er við íbúafjölda á landið sér fáar hliðstæður þegar kemur að virkjanlegum orkuforða. Það eru því miklir þjóðhagslegir og samfélagslegir hagsmunir sem tengjast eignarhaldi og nýtingu þessara auðlinda. Með frumvarpi iðnaðarráðherra, sem lagt var fram á 135. löggjafarþingi og varð að lögum nr. 58/2008, voru settar reglur um eignarhald auðlinda í opinberri eigu. Meginmarkmið laganna var að tryggja að öll mikilsverðustu vatns- og jarðhitaréttindi sem eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, beint eða óbeint, haldist áfram í eigu þeirra. Í því skyni var með lögunum lagt bann við varanlegu framsali opinberra aðila á vatns- og jarðhitaréttindum.

Samkvæmt gildandi vatnalögum, nr. 15/1923, og auðlindalögum, nr. 57/1998, eins og þeim var breytt með lögum nr. 58/2008, er hins vegar heimilt að veita tímabundinn afnotarétt að vatnsafls- og jarðhitaréttindum til allt að 65 ára í senn. Samkvæmt lögunum á handhafi tímabundins afnotaréttar jafnframt rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn. Enn fremur er í lögunum kveðið á um að við ákvörðun um hverjum sé veittur afnotaréttur skuli gætt jafnræðis og þess gætt að ákvörðunin stuðli að hagkvæmri nýtingu auðlinda og fjárfestinga í mannvirkjum.

Frá setningu laga nr. 58/2008 hefur mikil umræða átt sér stað um tímalengd nýtingarleyfa og mögulega framlengingu afnotaréttar. Í þeirri umræðu hafa vegist á ólík sjónarmið. Bent hefur verið á að eðli orkuvinnslu sé þannig að hún krefjist langrar tímalengdar nýtingarleyfis vegna mikilla fjárfestinga, langra rafmagnssamninga, lágs rekstrarkostnaðar og langs líftíma mannvirkja. Á hinn bóginn hefur verið bent á að með lækkun á hámarksnýtingartíma aukist möguleikar eigenda viðkomandi auðlindar til þess að ráðstafa auðlindinni til annarra nota eða breyta forsendum nýtingarinnar innan skemmri tíma en 65 ára. Þannig sé mikilvægt að stjórnvöld hafi tækifæri til að ákveða breytingar á ákvæðum nýtingarleyfis fyrr en nú er mögulegt, t.d. ef breytt sjónarmið í umhverfismálum kalla á slíkar breytingar. Aftur á móti auki styttri leigutími þó líkurnar á svokölluðum „leigjendavanda“ þar sem fjárfestingum er illa haldið við og líkur á ágengri nýtingu aukast.

Í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 58/2008 var kveðið á um að forsætisráðherra skyldi skipa nefnd til að fjalla um fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins. Meðal lögbundinna hlutverka nefndarinnar var að fjalla um leigutíma og endurnýjun leigusamninga vegna slíkra auðlinda. Í skýrslu nefndarinnar, sem skilað var í mars 2010, kemur fram að niðurstaða nefndarinnar, hvað þennan þátt varðar, sé að „rétt sé að miða við styttri afnotatíma en hinu lögbundna hámarki nemur og að hann verði að jafnaði á bilinu 40–50 ár“. Enn fremur lagði nefndin til að „sé ætlunin á annað borð að nýta tiltekinn kost áfram til sömu nota, t.d. orkuvinnslu verði það meginregla að leyfi verði á ný veitt þeim aðila sem þegar fer með réttindin. Slík meginregla myndi að mestu leyti leysa „leigjendavandann“ og rímar sem fyrr segir við fyrirætlan löggjafans um rétt handhafa hins tímabundna afnotaréttar til viðræðna um framlengingu réttarins. Það væri þó skilyrði fyrir slíkri framlengingu að afnotahafinn hefði farið eftir almennum lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Með sama hætti yrði afnotahafinn að hafa framfylgt sérstökum skilyrðum upphaflegrar leyfisveitingar, t.d. um ábyrga nýtingu auðlindarinnar og um umgengni við náttúru á því svæði sem virkjað er.“

Í lokadrögum stýrihóps um heildstæða orkustefnu frá febrúar 2011, sem iðnaðarráðherra skipaði síðari hluta ársins 2009, er fjallað um leigu afnotaréttar að auðlindum. Í drögunum er lögð áhersla á að fyrirkomulag nýtingarréttinda, einkum tímalengd samninga, verði með þeim hætti að unnt verði að bregðast við breyttum forsendum í framtíðinni, svo sem markverðum breytingum á orkumarkaði eða nýjum orkuöryggisjónarmiðum. Lagt er til að nýting-

arleyfi verði til hóflegs tíma, t.d. 25–30 ára í senn og liðkað verði fyrir því eftir föngum að leigutaki sem stendur í skilum og uppfyllir sett skilyrði, m.a. um ábyrga umgengni, fái framlengingu leyfis.

Frumvarp það sem hér er lagt fram tekur mið af þeim sjónarmiðum sem sett eru fram í framangreindum skýrslum.

II.

Með frumvarpinu er lagt til að ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu verði heimilt að veita tímabundið afnotarétt að vatnsréttindum til allt að 40 ára frá því að orkuvinnsla hefst og jarðhitaréttindum til allt að 30 ára, í stað 65 ára í senn eins og núgildandi vatnalög og auðlindalög gera ráð fyrir. Ástæða þess að lagður er til mismunandi hámarkstími afnotaréttar fyrir nýtingu vatnsafls annars vegar og jarðvarma hins vegar er að mun meiri óvissa og minni þekking er á nýtingu jarðvarma og því sterkari rök fyrir styttri leigutíma þegar um slíka auðlind er að ræða. Þá er afskriftartími jarðvarmavirkjana skemmri en afskriftartími vatnsaflsvirkjana.

Með frumvarpinu er jafnframt lagt til það nýmæli að leigjandi/afnotahafi auðlindar hafi, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, forgangsrétt til að endursemja um áframhaldandi afnot auðlindarinnar til allt að 20 ára frá því upphaflegi samningurinn rennur út, enda standi ekki til að gera breytingar á nýtingu auðlindarinnar. Hafa ber í huga að með þessu ákvæði er ekki átt við óbreytta framlengingu á upphaflega samningnum heldur er gert ráð fyrir því að eiganda auðlindarinnar sé heimilt að semja að nýju um nýtingu hennar og endurgjald fyrir þá nýtingu. Skilyrði slíkrar framlengingar eru þau að viðkomandi afnotahafi hafi að öllu leyti farið eftir lögum og reglum sem um starfsemina gilda og framfylgt öllum þeim skilyrðum sem kunna að snúa að viðkomandi leyfi, svo sem um ábyrga nýtingu auðlindarinnar og um umgengni við náttúru á því svæði sem um ræðir. Gert er ráð fyrir að slík skilyrði komi fram í hinum upprunalega samningi um tímabundinn afnotarétt.

Markmið framangreinds ákvæðis um forgangsrétt fyrri afnotahafa er að hvetja þann sem nýtir auðlindina til að gera það á sem skynsamlegastan og hagkvæmastan hátt. Horfa verður til þess mikla fjárfestingarkostnaðar sem afnotahafi hefur að jafnaði lagt út í. Það er hagur allra hlutaðeigandi að gengið sé sem best um auðlindina og mannvirki allt fram á síðasta dag. Ef leigandinn á möguleika á framlengingu aukast líkurnar verulega á að svo verði gert. Ef reynsla eiganda auðlindarinnar af leigjandanum er góð ætti það að vera vísbending um að leigjandinn komi áfram til með að nýta og ganga skynsamlega um auðlindina. Með þessum hætti er leitast við að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlindar sem oft og tíðum er erfitt að meta í upphafi nýtingarleyfis. Markmiðið er að skapa hvata fyrir leyfishafa annars vegar og ríkið hins vegar til þess sem kalla má „hagkvæma og sjálfbæra hegðun“. Einnig er ekki heppilegt ef reglurnar hvetja opinbera aðila til að hafna framlengingu nýtingarleyfis nema gildar ástæður liggi þar að baki, þar sem slíkt getur leitt til áðurnefnds „leigjendavanda“. Í gildandi lögum og reglum eru víða ákvæði sem kveða á um viðhald orkumannvirkja og góða umgengni við auðlind og ef slíkt er ekki gert er hægt að grípa til viðeigandi aðgerða, þ.m.t. svipta leigutaka orkuvinnsluleyfi. Slíkt er þó alltaf vafa undirorpið og matskennt, t.d. hvenær viðhald er ekki nægjanlegt eða orkuvinnsla of ágeng.

Í núgildandi vatnalögum, nr. 15/1923, og auðlindalögum, nr. 57/1998, er kveðið á um að handhafi tímabundins afnotaréttar skuli eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn. Með frumvarpinu er lagt til að þessu ákvæði verði breytt á þann hátt að afnotahafa sé heimilt að senda beiðni um framlengingu eigi síðar en

tveimur árum áður en gildandi afnotaréttur fellur úr gildi. Í framhaldi af því eigi, eins og áður segir, afnotahafi síðan forgangsrétt að nýtingu auðlindarinnar til 20 ára í viðbót að hámarki, kjósi eigandi auðlindarinnar að veita áfram tímabundinn afnotarétt að henni. Ástæða þeirrar breytingar að kveða ekki á um rétt á viðræðum um framlengingu afnotaréttar þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn, er fyrst og fremst af samkeppnislegum toga. Eins og áður segir ber að gæta þess að útiloka ekki til of langs tíma að þriðji aðili eigi möguleika á að bjóða í nýtingu auðlindarinnar enda getur það bjagað samkeppnisaðstöðu annarra sem hafa áhuga á nýtingu auðlindarinnar ef handhafi nýtingarleyfisins á rétt á viðræðum um framlengingu þess mörgum árum áður en nýtingarleyfið rennur út. Við smíði þess ákvæðis sem hér er lagt til var höfð hliðsjón af 10. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, en þar er kveðið á um tímalengd og skilyrði rannsóknar- og vinnsluleyfis og forgangsrétt leyfishafa á framlengingu þess í allt að 30 ár að undangenginni umsókn um framlengingu leyfis.

Í tengslum við framangreint er með frumvarpinu lagt til að í reglugerð sem forsætisráðherra setur skuli kveða á um hvernig standa skuli að úthlutun hinna tímabundnu afnotaréttinda þegar um er að ræða réttindi undir yfirráðum ríkisins. Samkvæmt núgildandi vatnalögum og auðlindalögum skal forsætisráðherra semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins. Mikilvægt er að samningar um tímabundinn afnotarétt þeirra auðlinda sem hér um ræðir séu sem best úr garði gerðir. Með hliðsjón af því er með frumvarpinu lagt til að í slíkum samningum verði að minnsta kosti að kveða á um skyldur afnotahafa, skilyrði nýtingarleyfis, umgengni við náttúru, ábyrga nýtingu auðlindarinnar, hvernig skuli farið með mannvirki við lok samningstíma og hvernig frágangi auðlindar skuli háttað við lok samningstíma.

Með frumvarpinu er að lokum lagt til að í tilviki jarðvarma verði hægt að krefjast endurskoðunar á nýtingarsamningi jarðvarmaauðlindar þegar í ljós kemur, eftir að slíkur samningur er gerður, að auðlindin er verulega stærri eða minni en talið var við gerð samningsins. Rannsóknir og kannanir á jarðvarmaauðlindum eru ekki jafn nákvæmar og þegar um vatnsaflsauðlindir er að ræða og hinar fyrrnefndu geta einnig tekið breytingum meðan á nýtingu þeirra stendur. Sú aðferð og tækni sem notuð er til virkjunar jarðvarma er í stöðugri þróun. Aðferðir til þess að meta afköst og eiginleika jarðvarmaauðlindar til lengri tíma fara stöðugt batnandi og með vinnslu auðlindarinnar koma fram nýjar upplýsingar sem auka þekkingu okkar. Því þykir eðlilegt að slá þann fyrirvara að samningar um nýtingu þeirra geti tekið breytingum ef forsendur nýtingarinnar taka breytingum, til að mynda ef auðlindin reynist stærri en áætlað var við gerð samningsins.

III.

Þær tillögur sem fram koma í frumvarpinu byggjast að hluta á niðurstöðu nefndar forsætisráðherra um fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 58/2008. Einnig taka tillögur frumvarpsins mið af vinnu stýrihóps um heildstæða orkustefnu sem hefur verið starfandi síðan í ágúst 2009. Við vinnu að framangreindum skýrslum var haft víðtækt samráð við hagsmunaaðila og stjórnvöld. Við undirbúning frumvarps þessa var haft samráð við Orkustofnun, forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið.

Verði frumvarp þetta að lögum mun það hafa áhrif á þá sem í framtíðinni kunna að óska eftir tímabundnum afnotarétti að vatnsafls- eða jarðhitaréttindum í eigu opinberra aðila. Taka ber fram að frumvarpið hefur ekki afturvirk áhrif á þá samninga um tímabundinn afnotarétt

sem í gildi eru. Fyrirséð er að þjóðhagsleg áhrif frumvarpsins verði nokkur en eins og áður hefur komið fram má ætla að verði frumvarpið að lögum muni það auka möguleika eiganda auðlindar til að bregðast fyrr við breyttum forsendum og atburðum sem ekki voru fyrirsjáanlegir við upphaflega samningsgerð. Með því að stytta hámarksnýtingartíma má halda því fram að frumvarpið stuðli enn fremur að sjálfbærri nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem það nær til og auki þar með að sama skapi möguleika komandi kynslóða til að nýta viðkomandi auðlindir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að tímabundinn afnotaréttur að nýtingu vatnsréttinda verði að hámarki 40 ár í stað 65 ára í senn. Tímamarkið miðast við upphaf auðlindanýtingar (vinnslu). Áður en vinnsla hefst þarf í flestum tilvikum að eyða nokkrum tíma í að rannsaka auðlindina og telst sá tími ekki til vinnslutíma enda eru rannsóknir gerðar á grundvelli rannsóknarleyfis.

Í b-lið eru lagðar til breytingar á ákvæði um mögulega framlengingu á nýtingarréttinum. Í núgildandi ákvæði er tekið fram að handhafi afnotaréttarins skuli „eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn“. Lagt er til að ákvæðinu verði breytt á þann hátt að afnotahafi fái forgang til áframhaldandi afnota af auðlindinni í að hámarki 20 ár, ef það á að nýta hana með sams konar hætti, að því gefnu að afnotahafi hafi gengið vel um auðlindina og fylgt öllum reglum er um nýtinguna gilda. Beiðni um framlengingu afnotaréttar skal berast eigi síðar en tveimur árum áður en gildandi afnotaréttur fellur úr gildi. Komi til framlengingar á nýtingarréttinum er með ákvæðinu gert ráð fyrir að samningsaðilar endursemji um kjör leigusamningsins, þ.e. ekki er um sjálkrafa framlengingu á hinum fyrri samningi að ræða.

Í c-lið greinarinnar er lagt til að kveðið verði á um að í samningi um tímabundinn afnotarétt að réttindum skuli m.a. kveðið á um skyldur afnotahafa, skilyrði nýtingarleyfis, umgengni við náttúru, ábyrga nýtingu, hvernig skuli farið með mannvirki í lok samningsins og hvernig frágangi auðlindar skuli háttað við lok samningstíma. Gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi ráðherra (forsætisráðherra) skuli í reglugerð kveða nánar á um þau atriði sem skulu að lágmarki koma fram í slíkum samningum og hvernig standa skuli að veitingu tímabundins afnotaréttar réttinda undir yfirráðum ríkisins.

Nánari umfjöllun er í almennum athugasemdum.

Um 2. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að tímabundinn afnotaréttur að nýtingu jarðhitaréttinda verði að hámarki 30 ár í stað 65 ára í senn. Jafnframt er lagt til að sams konar breyting verði gerð á orðalagi ákvæðisins er varðar framlengingu afnotaréttindanna og fjallað er um í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins.

Til viðbótar er það nýmæli lagt til að samningur um nýtingarrétt geti komið til endurskoðunar áður en gildistíma hans líkur ef í ljós kemur að auðlindin er verulega stærri eða minni en talið var við gerð samningsins. Mat á því hvort auðlind sé verulega stærri eða minni en talið var er í höndum Orkustofnunar sem útgefanda nýtingarleyfa og virkjunarleyfa og eftirlitsaðila með afnotahöfum.

Nánari umfjöllun er í almennum athugasemdum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum nr. 15/1923, með síðari breytingum, og lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu verði heimilt að veita tímabundið afnotarétt að vatnsréttindum til allt að 40 ára í senn og jarðhitaréttindum til allt að 30 ára í senn, í stað 65 ára í senn eins og núgildandi vatnalög og auðlindalög gera ráð fyrir. Jafnframt er lögð til breyting á forgangsréttarákvæðum laganna þannig að í stað þess að handhafi tímabundins afnotaréttar eigi rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn þá eigi hann, við lok leigutíma og að tilteknum skilyrðum uppfylltum, forgangsrétt á framlengingu og endursamningu á hinum tímabundna afnotarétti til að hámarki 20 ára. Einnig er lagt til að samningsaðilar geti krafist endurskoðunar á nýtingarsamningi jarðvarmaauðlindar ef í ljós kemur að auðlindin er verulega stærri eða minni en talið var við gerð samnings. Að lokum er lagt til að í samningi um tímabundinn afnotarétt að réttindum skuli m.a. kveðið á um skyldur afnotahafa, skilyrði nýtingarleyfis, umgengni við náttúru, ábyrga nýtingu, hvernig skuli farið með mannvirki í lok samningsins og hvernig frágangi auðlindar skuli háttað við lok samningstíma. Skal hlutaðeigandi ráðherra kveða nánar á um þau atriði í reglugerð.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Hins vegar má gera ráð fyrir að frumvarpið kunni að hafa áhrif á ákvarðanir aðila sem í framtíðinni kunna að sækja um nýtingarleyfi vatns- og jarðvarmaauðlinda því ekki verður heimilt að veita slík leyfi til jafnlangs tíma og nú er.

1245. Frumvarp til laga [721. mál]

um breyting á lögum nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar á ársfundi fimm menn í stjórn Byggðastofnunar og jafnmarga til vara til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Byggðastofnun starfar samkvæmt lögum nr. 106/1999. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 3. gr. laganna sem fjallar um ársfund og stjórnarmenn. Þær breytingar sem felast í frumvarpinu eru þær að stjórnarmönnum verði fækkað úr sjö í fimm.

Byggðastofnun var sett á fót með lögum nr. 64/1985 sem síðar var breytt með lögum nr. 106/1999 er nú gilda um stofnunina. Stofnunin hefur því starfað í ríflega aldarfjórðung á grundvelli núverandi skipulags. Á þeim tíma hafa orðið gríðarlegar breytingar á fjármálakerfi landsins og óþarft er að fjölyrða um það kerfishrun sem varð hér á landi haustið 2008. Byggðastofnun hefur ekki farið varhluta af þeim vandkvæðum sem fylgdu falli íslensku bankanna og ýmsum afleiddum breytingum, svo sem eins og breyttu gengi íslensku krónunnar.

Haustið 2010 skipaði iðnaðarráðherra starfshóp sem hafði það verkefni að greina nokkra þætti í lánastarfsemi Byggðastofnunar. Meðal verkefna starfshópsins var að leggja mat á það hvað ætla megi að ríkissjóður þurfi að leggja Byggðastofnun til mikla fjármuni á næstu fimm árum miðað við kröfu um 8% lágmark eigin fjár. Starfshópurinn skilaði skýrslu í janúar 2011. Í niðurstöðukafla skýrslunnar kemur m.a. fram að reikna megi með að ríkissjóður þurfi að leggja Byggðastofnun til 3,5 milljarða kr. á næstu fimm árum. Í niðurstöðunum er einnig bent á það að íhuga þurfi hvort ekki megi fækka fulltrúum í stjórn stofnunarinnar. Þessu til stuðnings er vísað til þess í skýrslunni að telja verði að ná megi fram hagræðingu og skilvirkni með fækkun stjórnarmanna ásamt því að endurskoða skipulag stofnunarinnar eins og því er lýst í reglugerð.

Í kjölfar vinnu starfshópsins ákvað ráðherra að skipa nefnd með fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á Alþingi. Nefndinni var falið það hlutverk að endurskoða lagaákvæði um lánastarfsemi Byggðastofnunar í heild sinni. Sú nefnd var skipuð 16. febrúar 2011 og er henni ætlað að skila tillögum eigi síðar en 1. maí 2011.

Í frumvarpinu er lagt til að stjórnarmönnum verði fækkað úr sjö í fimm. Lagt er til að óbreytt verði að iðnaðarráðherra skipi stjórn en með hliðsjón af breyttu fjármálaumhverfi og tilkomu Bankasýslu ríkisins kemur til greina að fela valnefnd Bankasýslu ríkisins að tilnefna tvo stjórnarmenn.

Með fækkun manna í stjórn Byggðastofnunar er talið að ná megi fram aukinni skilvirkni í störfum hennar. Þá mun þessi ráðstöfun lækka kostnað við rekstur stjórnar stofnunarinnar.

Byggðastofnun hefur starfsleyfi sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Í því felst að þau hæfiskilyrði sem rakin eru í 52. gr. laganna gilda um stjórn og framkvæmdastjóra Byggðastofnunar. Þær hæfisreglur eru ítarlegar auk þess sem gerðar voru verulega auknar kröfur til hæfis með 39. gr. laga nr. 75/2010, um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Breytingalögin tóku gildi á árinu 2010 en einstök ákvæði hæfisreglnanna taka þó gildi nokkru síðar eða 1. apríl og 1. júlí á þessu ári. Varðandi hæfisskilyrði um menntun og þekkingu er gerð sú krafa í 3. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002 að stjórnarmenn skuli hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði á grundvelli þekkingar og reynslu viðkomandi. Jafnframt skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjórar búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt, m.a. hafa þekkingu á þeirri starfsemi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stundar. Fulltrúar í stjórn Byggðastofnunar þurfa því að hafa a.m.k. grunnþekkingu á málefnum atvinnulífs á landsbyggðinni.

Lagt er til að gildistaka laganna verði 1. júní 2011 og að þannig geti nýjar reglur komið til framkvæmda við skipun stjórnar Byggðastofnuar á ársfundi árið 2011.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga umbreyting á lögum nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stjórnarmönnum í Byggðastofnun verði fækkað úr sjö í fimm. Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að talið sé að með fækkun í stjórn stofnunarinnar megi ná fram bættri skilvirkni í störfum hennar.

Byggðastofnun hefur starfsleyfi sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Í því felst að þau hæfiskilyrði sem rakin eru í 52. gr. þeirra laga gilda um stjórn og framkvæmdastjóra Byggðastofnunar. Þær hæfisreglur eru ítarlegar auk þess sem gerðar voru verulega auknar kröfur til hæfis með 39. gr. laga nr. 75/2010, um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Breytingalögin tóku gildi á árinu 2010 en einstök ákvæði hæfisreglnanna taka þó gildi nokkru síðar eða 1. apríl og 1. júlí á þessu ári. Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að miðað sé við að þessar nýju reglur geti komið til framkvæmda við skipun stjórnar Byggðastofnunar á ársfundi árið 2011.

Í fyrra námu þóknanir stjórnarmanna í Byggðastofnun 8,4 m.kr. að meðtöldum launatengdum gjöldum. Verði frumvarpið að lögum má því gera ráð fyrir að árlegur kostnaður við yfirstjórn stofnunarinnar geti lækkað um rúmlega 2 m.kr. Fjárreiður Byggðastofnunar tilheyra C-hluta fjárlaga en stofnunin fær rekstrarstyrk úr A-hluta ríkissjóðs sem nemur 286 m.kr. í fjárlögum 2011. Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á því framlagi í tengslum við lögfestingu á þessu frumvarpi.

1246. Frumvarp til laga [722. mál]

um breytingu á lögum um Orkustofnun og lögum um Íslenskar orkurannsóknir.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun, með síðari breytingum.

1. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

6. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 86/2003, um Íslenskar orkurannsóknir.

3. gr.

Í stað orðanna „fimm menn“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þrjá menn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til annars vegar að orkuráð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun, verði lagt niður og hins vegar að stjórnarmenn Íslenskra orkurannsókna verði þrír í stað fimm.

Í samræmi við tillögur nefndar um endurskipulagningu Orkusjóðs, sem skipuð var með skipunarbréfi ráðherra frá júlí 2008 og skilaði skýrslu sinni og tillögum í mars 2011, er lagt til að orkuráð verði lagt niður. Í 6. gr. laga um Orkustofnun er kveðið á um orkuráð með eftirfarandi hætti: „Hjá Orkustofnun skal starfa orkuráð. Ráðherra skipar fimm menn í orkuráð til fjögurra ára í senn. Verkefni orkuráðs skulu m.a. fólgin í ráðgjöf við framkvæmd verkefna skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. og að gera tillögur um lánveitingar og greiðslur úr Orkusjóði. Um starfssvið orkuráðs skal nánar mælt í reglugerð.“

Með þessari breytingu er lagt af hlutverk sérstaks orkuráðs um að vera ráðgefandi um starfsemi Orkustofnunar og almennt um orkumál. Ástæður þess eru annars vegar að Orkustofnun er stjórnað samkvæmt sérstökum árangursstjórnarsamningi við iðnaðarráðuneytið og hins vegar að aðkoma ríkisvaldsins að orkumálum hefur tekið miklum breytingum frá því að orkuráð var sett á laggirnar. Viðfangsefni orkuráðs hafa færst í ríkari mæli yfir í að meta tæknilega möguleika og útfærslur vegna þeirra verkefna sem Orkusjóður kemur að. Þessi tillaga kemur einnig til móts við þær athugasemdir Ríkisendurskoðunar að núverandi fyrirkomulag kunni að vera of kostnaðarsamt miðað við umfang verkefna orkuráðs og Orkusjóðs.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að verkefni orkuráðs færist yfir til Orkustofnunar og að nánar verði fjallað um framkvæmdina í árangursstjórnarsamningi iðnaðarráðuneytis og Orkustofnunar.

Í öðru lagi er með frumvarpinu lögð til sú breyting að stjórn Íslenskra orkurannsókna verði skipuð þremur mönnum í stað fimm manna, sbr. lög nr. 86/2003, um Íslenskar orkurannsóknir. Iðnaðarráðherra skipar stjórnarmenn og ákveður stjórnarlaun, eins og verið hefur. Hagræði fæst af því að skipa þrjá stjórnarmenn í stað fimm. Íslenskar orkurannsóknir eru B-hluta stofnun sem aflar allra tekna sinna á markaði. Nýtur stofnunin því nokkurrar sérstöðu. Stjórn Íslenskra orkurannsókna hefur, lögum samkvæmt, á hendi stjórn stofnunarinnar og samþykkir fjárhagsáætlun hennar og starfsáætlun fyrir eitt ár í senn. Stjórnin gegnir því mikilvægu hlutverki og ekki er því lagt til að hún verði lögð niður en hins vegar er í hagræðingarskyni lagt til að fækkað verði í henni um tvo stjórnarmenn.

Við gerð frumvarpsins var haft samráð við Orkustofnun. Frumvarpið hefur fyrst og fremst áhrif á Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir. Nánar er vísað til kostnaðarumsagnar um frumvarpið.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun og lögum um Íslenskar orkurannsóknir.

Með frumvarpi þessu er annars vegar lagt til að orkuráð verði lagt niður og hins vegar að stjórnarmönnum í Íslenskum orkurannsóknum verði fækkað úr fimm í þrjá. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að gert sé ráð fyrir að verkefni orkuráðs færist yfir til Orkustofnunar og að nánar verði fjallað um framkvæmdina í árangursstjórnunarsamningi milli iðnaðarráðuneytis og stofnunarinnar. Einnig kemur þar fram að með fækkun í stjórn Íslenskra orkurannsókna sé leitast við að ná fram hagræðingu í rekstri stofnunarinnar.

Í fyrra námu þóknanir vegna orkuráðs 0,4 m.kr. Verði frumvarpið að lögum mun sá kostnaður Orkusjóðs falla niður. Fjárreiður Orkusjóðs tilheyra C-hluta fjárlaga en stofnunin fær rekstrarstyrk úr A-hluta ríkissjóðs sem nemur 30,2 m.kr. í fjárlögum 2011. Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á því framlagi í tengslum við lögfestingu á þessu frumvarpi.

Í fyrra námu þóknanir til stjórnarmanna í Íslenskum orkurannsóknum 3,6 m.kr. að meðtöldum launatengdum gjöldum. Verði frumvarpið að lögum má gera ráð fyrir að árlegur kostnaður við yfirstjórn Íslenskra orkurannsókna geti lækkað um 1,2 m.kr. Fjárreiður Íslenskra orkurannsókna tilheyra B-hluta fjárlaga. Stofnunin fær ekki rekstrarstyrk úr ríkissjóði en starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði sínu.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á tekjur eða útgjöld ríkissjóðs.

1247. Tillaga til þingsályktunar [723. mál]

um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd tíu þingmanna til að móta þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Ráðherra leiti tilnefningar tveggja þingmanna frá þingflokkum sérhvers eftirtalinna stjórnmálaflokka, Samfylkingarinnar, Sjálfstæðisflokks, Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs og Framsóknarflokks, auk eins frá Hreyfingunni. Ráðherra skipi formann án tilnefningar.

Hlutverk nefndarinnar verði að fjalla um og gera tillögur um stefnu sem tryggi þjóðaröryggi Íslands á grundvelli herleysis. Við mótun stefnunnar taki nefndin mið af áhættumatsskýrslu fyrir Ísland frá árinu 2009, stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Nefndin skilgreini meginforsendur stefnunnar og setji fram tillögur um markmið og leiðir til að ná þeim.

Þingmannanefndin um mótun þjóðaröryggisstefnu skili tillögu til utanríkisráðherra svo fljótt sem verða má og eigi síðar en í júní 2012. Ráðherra leggi að því búnu tillögu að þjóðaröryggisstefnu Íslands fyrir Alþingi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Eitt af grundvallarhlutverkum sérhvers ríkis er að tryggja þjóðaröryggi. Þjóðaröryggisstefna á að byggjast á raunsæju mati á aðsteðjandi hættum og ógnum á hverjum tíma og skilgreina með hvaða hætti, svo sem með fyrirbyggjandi aðgerðum, viðbúnaði og viðbragðsgetu, unnt er að mæta þeim.

Þjóðaröryggisstefnu þarf að byggja á skýrum forsendum. Æskilegt er að um hana ríki sem mest sátt milli ólíkra hreyfinga þannig að hún haldist í grundvallaratriðum samfelld þó að breytingar verði á hinu pólitíska sviði.

Ísland er herlaust land sem tryggir þjóðaröryggi sitt með nánu samstarfi við önnur ríki og ríkjabandalög. Öryggisumhverfi Íslands mótast af legu landsins í Norður-Atlantshafi, óblíðu náttúrufari og miklum náttúruauðlindum á norðurslóðum. Vegna hnattvæðingar öryggismála, efnahagslífs og umhverfismála stendur Ísland einnig frammi fyrir sambærilegum eða sömu ógnum og hættum og önnur ríki. Ísland styður milliríkjasamstarf á grundvelli þjóðaréttar og leggur áherslu á frið, vernd mannréttinda, friðsamlega lausn deilumála, mannúðarmál og afvopnunarmál.

Um öryggis- og varnarmál á Íslandi.

Ísland lýsti yfir ævarandi hlutleysi í sambandslagasamningnum við Danmörku árið 1918 en hernám Íslands árið 1940, herverndarsamningurinn við Bandaríkin ári seinna, aðildin að Sameinuðu þjóðunum árið 1946, stofnaðild að Atlantshafsbandalaginu (NATO) árið 1949 og gerð tvíhliða varnarsamnings við Bandaríkin árið 1951 fól í sér endalok hlutleysisstefnunnar og upphaf þátttöku Íslands í öryggis- og varnarsamstarfi vestrænna ríkja.

Stefnubreytingin sem varð á þessum árum af hálfu hins unga lýðveldis fól að mörgu leyti í sér viðbrögð við ytri atburðum og aðstæðum, heimsstyrjöldinni síðari og upphafsárum kalda stríðsins. Óhætt er að segja að ekki hafi verið sátt um þessa afstöðu og djúpstæðar deilur risu um veru bandarísks herliðs á Íslandi. Skiptar skoðanir um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfið við Bandaríkin, grunnstoðir í öryggis- og varnarmálum Íslands nær allan lýðveldistímann, settu mark sitt á stjórnmálasögu Íslands seinni helming síðustu aldar, ekki síst á dögum kalda stríðsins.

Öryggismál heimsins tóku miklum breytingum við lok þess. Ísland jók þátttöku í alþjóðlegu öryggismálasamstarfi og hóf markvissa þátttöku í friðargæsluaðgerðum. Á tíunda áratugnum dró umtalsvert úr umsvifum Bandaríkjahers á Íslandi og upp úr aldamótum stóð til að draga enn frekar úr þeim. Hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin árið 2001 frestuðu hins vegar viðræðum um framtíðarfyrirkomulag varna á Íslandi og síðar runnu samningaviðræður þar að lútandi út í sandinn. Herstöð Bandaríkjahers á Íslandi var lokað haustið 2006 og samkomulag var gert um yfirtöku íslenskra stjórnvalda á varnartengdum verkefnum og um framtíðarsamstarf ríkjanna á sviði varnar- og öryggismála.

Við brottför Bandaríkjahers má segja að íslensk stjórnvöld hafi aftur verið í þeirri stöðu að bregðast við breyttum ytri aðstæðum fremur en að grípa til aðgerða á grundvelli sjálfstæðrar fyrir fram markaðrar stefnu. Nú er svo komið að Íslendingar hafa tekist á hendur aukna ábyrgð á eigin öryggi og vörnum og við blasir breytt öryggisumhverfi og breyttar öryggisþarfir frá því sem var þegar íslensk stjórnvöld tóku hina upphaflegu ákvörðun um þátttöku í vestrænu varnarsamstarfi. Eftirfarandi má nefna:

Í fyrsta lagi er varnarsamstarfið við Bandaríkin gjörbreytt frá því sem áður var vegna brottfarar Bandaríkjahers frá Íslandi, eðli málsins samkvæmt. Íslensk stjórnvöld hafa alfarið tekið yfir rekstur varnarsvæðanna og Keflavíkurflugvallar, bæði mannvirkja og búnaðar

NATO á Íslandi, þ.m.t. ratsjárkerfisins. Varnarsamningurinn við Bandaríkin er hins vegar áfram í gildi og á grundvelli hans liggur fyrir útfærð skuldbinding Bandaríkjanna til að koma Íslandi til varnar ef þær aðstæður skapast í ófyrirsjáanlegri framtíð að hernaðarógn steðji að landinu að nýju.

Í öðru lagi hefur öryggis- og varnarsamstarf á vettvangi Atlantshafsbandalagsins verið í örri þróun. Auk þess að vera varnarbandalag er NATO pólitískt bandalag sem nær til 28 aðildarríkja og 22 samstarfsríkja. Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hafa verið stigin stór skref til nánara samstarfs við Rússland sem nú er í örri þróun. Um leið og fyrir liggur að varnarskuldbindingin sem felst í 5. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans er í fullu gildi er hið víðtæka samstarf á vettvangi Atlantshafsbandalagsins sem endurspeglast í nýrri grunnstefnu bandalagsins afar breytt frá því þegar það var sem umdeildast hér á landi í kalda stríðinu.

Í þriðja lagi hafa grannríkjasamningar við Noreg, Danmörku, Bretland og Kanada um öryggissamstarf á friðartímum breikkað grundvöll íslenskra öryggismála og styrkt pólitískt samstarf Íslands við þessi ríki. Þá eru öryggis- og varnarmál nú viðfangsefni norrænnar samvinnu og umfjöllun og samstarf á því sviði að aukast eins og sjá má af niðurstöðum Stoltenberg-skýrslunnar frá 2009 þar sem meðal annars er lagt til að Norðurlöndin samþykki svokallaða samstöðuyfirlýsingu.

Í fjórða lagi hefur öryggissamstarf Íslands og Evrópusambandsins farið vaxandi. Ísland hefur tekið þátt í friðargæsluaðgerðum á vegum ESB og hefur frá upphafi EES-samstarfsins tekið undir mikinn meiri hluta yfirlýsinga þess í utanríkismálum. Starf Evrópusambandsins á sviði öryggis- og varnarmála fellur mjög vel að áherslum Íslands, svo sem hvað mannréttindi varðar og starf að þróunarmálum og borgaralegri friðargæslu. Alls eru 21 af 27 aðildarríkjum ESB einnig aðilar að NATO en hverju aðildarríki Evrópusambandsins er hins vegar í sjálfsvald sett hvort og að hve miklu leyti það tekur þátt í samstarfi á þessu sviði. Samþykki íslenska þjóðin aðildarsamning í þjóðaratkvæðagreiðslu mundi aðild að Evrópusambandinu skapa nýja fleti á samstarfi í öryggismálum án skuldbindinga um hernaðarlega þátttöku.

Í fimmta lagi hefur öryggisumhverfi Íslands gjörbreyst frá því sem var á tímum kalda stríðsins. Gagnkvæmur vilji stórveldanna, jafnt sem smærra þjóða, til að draga úr spennu í samskiptum þjóða hefur leitt til mikilla breytinga. m.a. í okkar heimshluta. Það hefur leitt til þess að verulega hefur dregið úr hernaðarumsvifum á norðurhveli jarðar, m.a. í nágrenni Íslands. Hin jákvæða þróun er staðfest í skýrslu áhættumatsnefndar utanríkisráðuneytisins árið 2009 sem komst að þeirri niðurstöðu að engar vísbendingar væru um að hernaðarógn muni steðja að Íslandi í náinni framtíð. Er það í samræmi við áhættugreiningu grannþjóða, svo sem Dana. Um leið er ljóst að Ísland stendur frammi fyrir nákvæmlega sömu hættum og önnur ríki hvað varðar nýjar og vaxandi ógnir, svo sem mengun, netárásir og tölvuglæpi, alþjóðlega glæpastarfsemi eða hryðjuverk, enda virða nýjar vár af þessu tagi engin landamæri. Öryggishagsmunir ríkja heims eru samtvinnaðir og ábyrgðarleysi að álíta Ísland undantekningu.

Í sjötta lagi munu norðurslóðir öðlast aukið vægi á sviði vöruflutninga, auðlindanýtingar og jafnvel heimskautaferðaþjónustu í kjölfar hraðrar bráðnunar ísþekju Norðurhafa. Um leið skapast nýjar þarfir um verndun öryggishagsmuna á hafsvæðum kringum og norður af Íslandi sem ný þjóðaröryggisstefna þarf að svara.

Í ljósi allra framangreindra þátta er ljóst að stefna og þátttaka Íslands í öryggis- og varnarmálum hefur breyst umtalsvert á undanförnum árum. Hið nýja öryggisumhverfi Íslendinga krefst heildstæðrar nálgunar á mögulegar ógnir og viðbrögð þannig að tryggja megi öryggi Íslendinga og varðstöðu um fullveldi Íslands.

Í þessu felst tækifæri til að móta í sameiningu og í fyrsta skipti þjóðaröryggisstefnu um hvernig sjálfstætt Ísland tryggir öryggi sitt og fullveldi án þess að deilumál fortíðar varpi þar skugga á.

Um hlutverk nefndarinnar.

Nefnd um mótun þjóðaröryggisstefnu er falið:

- Að fjalla um og gera tillögur um þjóðaröryggisstefnu á grundvelli herleysis og taka mið af skýrslu starfshóps um gerð áhættumats fyrir Ísland frá árinu 2009, stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum Íslands.
- Að skilgreina meginforsendur og markmið þjóðaröryggisstefnu og leiðir til að ná þeim markmiðum.
- Að fjalla um mál er varða þjóðaröryggi og hafa verið til umræðu í samfélaginu um áratugaskeið, svo sem herleysi Íslands, aðild að varnarsamstarfi, afstöðuna til einstakra framkvæmdaþátta í öryggismálum, samvinnu við nágrannaríki og samninga við önnur ríki og ríkjasambönd um öryggi og varnir. Undir þetta fellur einnig framlag og vinna Íslands að mannréttindamálum og mannúðarstörfum, afvopnunarmálum, friðargæslu og uppbyggingu friðar, m.a. á grundvelli jafnréttissjónarmiða.
- Að byggja á skilgreiningu áhættumatsnefndar á öryggishugtakinu sem tekur tillit til hnattrænna, samfélagslegra og hernaðarlegra áhættuflokka og lítur einnig til samþættingar ytri og innri öryggisþátta.
- Að afmarka hvernig þjóðaröryggisstefna tengist fyrirliggjandi stefnumörkun á sviði almannavarna og hvernig alþjóðasamstarf og þá einkum á sviði þjóðaröryggismála getur stutt hlutaðeigandi stjórnvöld við gæslu almannaöryggis. Þannig er rétt að nefndin horfi sérstaklega til tengsla þjóðaröryggisstefnu við almannavarna- og öryggisstefnu sem mótuð er af almannavarna- og öryggisráði á grundvelli almannavarnalaga frá árinu 2008.
- Að taka til skoðunar hvort koma eigi á sérstöku þjóðaröryggisráði eins og getið er í skýrslu áhættumatsnefndar, og meta, ef af yrði, hver tengsl þess yrðu við almannavarna- og öryggisráð. Nefndin skal fjalla um sambærilegar spurningar um mögulega aðgerðastjórn á sviði þjóðaröryggismála.
- Að fjalla um hvernig tryggt verði að nægjanleg þekking sé til staðar hjá borgaralegum stofnunum um þjóðaröryggismál og hvort koma eigi á laggirnar samstarfsvettvangi fulltrúa stjórnmálaflokkanna til að fjalla um öryggi Íslands á breiðum grundvelli.
- Að taka afstöðu til annarra tillagna og ábendinga sem fram koma í skýrslu áhættumatsnefndar eða nefndin telur tengjast starfssviði sínu.

Um skipan og tillögu nefndarinnar.

Lagt er til í tillögunni að þingmenn úr öllum þingflokkum geri tillögu að þjóðaröryggisstefnunni. Utanríkisráðuneytið mun hlutast til um að nefndin njóti sérfræðiráðgjafar úr stjórnkerfinu og háskólasamfélaginu. Formaður hefur oddaatkvæði falli atkvæði nefndarmanna jöfn við afgreiðslu mála.

Nefndin skal skila tillögum sínum til utanríkisráðherra svo fljótt sem verða má og eigi síðar en í júní 2012. Ráðherra skal síðan á grundvelli niðurstöðu nefndarinnar leggja tillögu að þjóðaröryggisstefnu fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu.

Stefnumótuninni mun þannig ljúka með afgreiðslu þingsins. Það tryggir breiðan og lýðræðislegan grunn að þjóðaröryggisstefnu Íslands eins og vera ber um slíkan grundvallarþátt í utanríkisstefnu landsins. Utanríkisráðherra mun síðan annast framkvæmd og útfærslu stefn-

unnar í samstarfi við önnur hlutaðeigandi ráðuneyti og með lögmæltu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis.

Lokaorð.

Á vorum dögum er að öllu leyti friðvænlegra í okkar heimshluta frá því sem var á tímum kalda stríðsins. Aðrar ógnir og hættur á borð við mengunarslys, farsóttir, skipulagða glæpastarfsemi, netglæpi eða efnahagsþrengingar hafa hins vegar áhrif langt út fyrir landamæri og Ísland þarf að taka þær alvarlega eins og önnur ríki. Ógnir af þessu tagi eiga það sameiginlegt að geta skollið á í einu vetfangi og nánast án nokkurs aðdraganda eða viðvarana. Íslendingar urðu þess áskynja í bankahruninu haustið 2008 hvernig alþjóðleg fjármálakreppa getur skyndilega ógnað þjóðaröryggi. Í Japan er veröldin vitni að því hvernig náttúruhamfarir geta valdið alvarlegu umhverfisslysi þegar ein ógn framkallar aðra. Í Norður-Afríku hafa brotist út hernaðarátök sem hafa munu víðtæk áhrif langt út fyrir þann heimshluta hvort sem litið er til öryggis-, efnahags- eða stjórnmála.

Til að tryggja þjóðaröryggi þarf að liggja fyrir skýr stefna sem tekur mið af hefðbundnum og óhefðbundnum ógnum og skilgreinir nauðsynlegan viðbúnað og viðbragðsáætlanir vegna innra og ytra öryggis þegar hættur steðja að, sem og þýðingu milliríkjasamstarfs í því tilliti.

1248. Frumvarp til laga [724. mál]

um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 2. gr. laganna:

a. Við a-lið bætist: og greiða þarf óverulegan kostnað af.
b. E-liður fellur brott.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Við markaðssetningu neytendalána, sem bera vexti eða kostnað eða þar sem einhvern kostnað leiðir af lántökunni, skal lánveitandi veita upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Vexti, þar á meðal upplýsingar um hvort vextir eru bundnir eða breytilegir.
2. Lántökukostnað.
3. Árlega hlutfallstölu kostnaðar, þ.e. heildarlántökukostnað, sem er lýst sem árlegri prósentu af upphæð höfuðstólsins og reiknuð út skv. 10.–12. gr.
4. Höfuðstól.
5. Lengd lánssamnings.
6. Heildarupphæð þá sem greiða skal, þ.e. samtölu höfuðstóls, vaxta og lánskostnaðar auk fjölda afborgana.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Óheimilt er að greiða út lán samkvæmt lögum þessum nema greiðslumat hafi áður farið

fram. Þetta á þó ekki við um lán sem eru veitt vegna reglubundinna vöruviðskipta. Greiðslumat þarf ekki að fara fram ef lánveitandi og neytandi ákveða, eftir að lánssamningur hefur verið gerður, að hækka lánsfjárhæðina óverulega.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd greiðslumats skv. 1. mgr.

4. gr.

Á eftir 24. gr. laganna kemur ný grein, 24. gr. a, svohljóðandi:

Neytandi hefur rétt til að falla frá samningi um smálán, án greiðslu viðurlaga og án þess að tilgreina nokkra ástæðu, enda sendi hann tilkynningu þar að lútandi til smálánafyrirtækis innan 14 daga frá þeim degi sem samningur er gerður. Ef neytandi nýtir rétt sinn til að falla frá samningi skal hann innan frestsins tilkynna smálánafyrirtækinu, með sama hætti og upphafleg lánsumsókn var send eða öðrum sannanlegum hætti, um það. Smálánafyrirtæki er heimilt að gera neytanda að greiða kostnað sem það hefur orðið fyrir vegna þessa. Sá kostnaður má þó aldrei fara umfram hlutfallslegan kostnað miðað við lánstíma af fullefndum samningi. Neytandi telst hafa virt frestinn ef tilkynning er send áður en fresturinn rennur út.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svokölluð smálánafyrirtæki hófu starfsemi hér á landi í upphafi árs 2010. Rétt þykir að setja veitingu smálána umgjörð og ramma innan neytendalöggjafarinnar til að tryggja neytendavernd eins og gert hefur verið í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi þar sem eftirlit með smálánum er í höndum systurstofnana Neytendastofu. Markaðssetning lánanna beinist fyrst og fremst að ungu fólki og kostnaður af lánunum er óhæfilega hár, getur á ársgrundvelli numið allt að 600% upphæðarinnar sem lánuð er. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur í undirbúningi þessa frumvarps átt samráð við ýmsa aðila, t.d. umboðsmann skuldara, hjálparstofnanir, Velferðarvaktina, Fjármálaeftirlitið og Neytendastofu.

Velferðarvaktin aflaði sjónarmiða og viðbragða frá fulltrúum Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Hjálparstarfs kirkjunnar, Öryrkjabandalagsins, Þroskahjálpar og frá Ási styrktarfélagi. Voru þessir aðilar beðnir um að kanna áhrif smálánafyrirtækjanna á notendur þjónustunnar og skjólstæðinga sína.

Í umsögn Velferðarvaktarinnar kemur fram það mat að starfsemi smálánafyrirtækja sé mjög varasöm, einkum í ljósi þess að veitt eru lán án þess að greiðslumat hafi farið fram eða greiðslugeta metin að öðru leyti, svo og að vextir/þóknanir séu gríðarháir og skilmálar ekki nægjanlegar skýrir til að fólk geti tekið upplýsta ákvörðun um að taka þessi lán. Lánin séu auðfengin og fljótafgreidd, sem geri viðkvæmt og illa sett fólk sérstaklega berskjaldað fyrir markaðssetningu smálánanna. Meðal viðkvæmra hópa sé ungt fólk í fjárþröng, þ.m.t. fjölskyldufólk, fíkniefnaneytendur, fólk með geðfötlun og erlendir ríkisborgarar í fjárþröng. Fólkið geri sér m.a. ekki grein fyrir kostnaðinum sem fylgir því að taka lánin. Markhópur smálánafyrirtækjanna sé fjölbreyttur, m.a. notendur félagsþjónustu sveitarfélaga, ekki síst unga fólkið, enda beinast auglýsingarnar að þeim og kostnaðurinn við að taka lánin komi ekki fram í auglýsingunum. Umsögn Velferðarvaktarinnar er fylgiskjal með frumvarpi þessu. Þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Velferðarvaktarinnar eru í samræmi við aðrar umsagnir sem bárust, svo sem frá embætti umboðsmanns skuldara, sem vísaði til þess að sífellt fleiri dæmi komi fram um fólk í alvarlegum skuldavanda sem aukið hafi á erfiðleika sína

með lántöku hjá smálánafyrirtækjum. Starfsfólk hjálparstofnana hefur einnig vakið athygli á vandamálum sem smálán hafa haft í för með sér. Þá eru vísbendingar um að fólk með takmarkað fjármálalæsi sé berskjaldað gagnvart markaðssókn smálánafyrirtækja og við því þurfi að bregðast.

Drög að frumvarpi um starfsemi smálánafyrirtækja sem efnahags- og viðskiptaráðuneytið kynnti í nóvember gerðu ráð fyrir nýjum heildstæðum lögum um starfsemi smálánafyrirtækja sem lytu eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Að teknu tilliti til athugasemda var það niðurstaða ráðuneytisins að hentugra væri að útvíkka gildissvið laga um neytendalán og fela Neytendastofu eftirlit með veitingu smálána. Er þar byggt að miklu leyti á norrænum fyrirmyndum. Markmiðið með flutningi þessa frumvarps er að skylda lánveitendur smálána til að gefa upplýsingar um lán í kynningarefni sínu, eins og krafist er í sænsku neytendalöggjöfinni, og jafnframt að láta fara fram greiðslumat áður en lánsumsókn er samþykkt. Mikilvægt er að greiðslumat sé forsenda lánveitinga, þannig að fólk með takmarkaða tekjumöguleika sé varið fyrir því að semja um lántöku, á afar háum vöxtum, sem það ræður ekki við að greiða til baka.

Í haust er fyrirhugað að innleiða nýja Evróputilskipun um neytendalán, nr. 2008/48/EB, sem nema mun úr gildi tilskipun 87/102/EBE sem núgildandi neytendalánalöggjöf er byggð á. Skv. 8. gr. hennar skulu aðildarríki tryggja að greiðslumat hafi farið fram áður en samningsgerð um neytendalán er lokið. Þykir ástæða til þess að innleiða nú þegar það ákvæði sem skyldar fyrirtæki til að framkvæma greiðslumat áður en lán er greitt út með hliðstæðum hætti og í gildandi lögum er kveðið á um að mat á greiðslugetu skuli fara fram við lánveitingar samkvæmt lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, og í lögum um ábyrgðarmenn, nr. 32/2009.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að víkka út gildissvið laganna þannig að smálán falli innan gildissviðs þeirra.

Gert er ráð fyrir að lánssamningar sem gilda í skemmri tíma en þrjá mánuði verði ekki lengur undanskildir nema þeir feli í sér óverulegan kostnað fyrir neytendur. Breytingin er í samræmi við f-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2008/48/EB um neytendalán.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sömu reglur verði látnar gilda um lánssamninga óháð fjárhæð, nema þeir hafi í för með sér óverulegan kostnað fyrir neytendur. Þannig er ekki nýtt heimild til að undanskilja lánssamninga að lægri fjárhæð en 200 evrur frá gildissviði neytendalaga. Er þar fylgt fordæmi ríkja eins og Eistlands og Svíþjóðar.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að veitendum smálána verði gert skylt að veita ákveðnar upplýsingar í kynningarefni sínu, svo sem um kjör, lánstíma, höfuðstól og heildarlánsfjárhæð. Með þessu móti eru neytendum tryggðar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að bera kjör smálána saman við kjör á öðrum lánum og milli smálánafyrirtækja. Þessi skylda er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2008/48/EB um neytendalán.

Um 3. gr.

Með greininni eru lánveitendur skyldaðir til að framkvæma greiðslumat áður en lánsumsókn er samþykkt. Þessi skylda er í samræmi við grundvallarhugmyndir um ábyrgar lánveitingar og 8. gr. tilskipunar 2008/48/EB um neytendalán. Undanskilin eru þó lán sem veitt eru á grundvelli reglubundinna vöruviðskipta. Einnig er gerð undantekning í þeim tilfellum

er lánveitandi og neytandi ákveða, eftir að lánssamningur hefur verið gerður, að hækka lánsfjárhæðina óverulega.

Um 4. gr.

Lagt er til að lánþegi hafi rétt til að falla frá samningi með sambærilegum skilyrðum og það er heimilt samkvæmt ákvæðum laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Lántaki mun því hafa heimild til að falla frá samningi innan 14 daga frá því að lánið er greitt út. Nú eru brögð að því að fyrirtækin krefji lántaka sem fellur frá samningi um greiðslu kostnaðar sem er jafn hár og nemur endurgjaldi fyrir fullefndan samning til 15 daga. Í slíkum tilvikum hefur rétturinn til að falla frá samningi enga efnislega þýðingu. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að kjósi lántaki að nýta sér rétt til að falla frá samningi skv. 1. mgr. 24. gr. a eftir að lán hefur verið greitt út sé smálánafyrirtæki einungis heimilt að gera lántaka að greiða fyrir þann kostnað sem fyrirtækið hefur sannanlega orðið fyrir í tengslum við gerð samningsins. Sá kostnaður má þó aldrei fara umfram hlutfallslegan kostnað miðað við lánstíma af fullefndum samningi. Sem dæmi má nefna að ákveði lántaki sem tók smálán að upphæð 10.000 kr. til 15 daga, sem ber 2.500 kr. í kostnað og vexti á lánstímanum, fimm dögum eftir gerð samnings að falla frá honum er smálánafyrirtæki heimilt að innheimta að hámarki 833 kr. ((2.500/15)x5) í kostnað vegna samningsins.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um gildistöku laganna og þarfnast ekki nánari skýringar.

Fylgiskjal I.

Velferðarvaktin:

Starfsemi smálánafyrirtækja.

23. mars 2011
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
b.t. Helgu Jónsdóttur ráðuneytisstjóra

Vísað er bréfs efnahags- og viðskiptaráðuneytis, dags. 4. mars sl., þar sem óskað er upplýsinga frá velferðarvaktinni um áhrif smálánastarfsemi á þá verndarhagsmuni sem vaktin stendur vörð um. Einnig er óskað tillagna velferðarvaktarinnar um aðgerðir og hvernig bregðast megi við vandanum með breytingum á löggjöf.

Velferðarvaktin sendi öllum fulltrúum stýrihópsins framangreint bréf ráðuneytisins með óskum um sjónarmið og viðbrögð. Fulltrúar Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Hjálparstarfs kirkjunnar, Öryrkjabandalagsins, Þroskahjálpar og Umboðsmanns skuldara í vaktinni voru sérstaklega beðnir um að kanna áhrif smálánafyrirtækjanna á notendur þjónustunnar og skjólstæðinga sína. Einnig var leitað upplýsinga hjá Ási styrktarfélagi. Þá var fjallað um erindið á fundi velferðarvaktarinnar þann 15. mars sl.

Almennt er það sjónarmið velferðarvaktarinnar að starfsemi smálánafyrirtækja eins og hér er til umfjöllunar sé mjög varasöm einkum í ljósi þess að veitt eru lán án þess að greiðslumat

hafi farið fram eða greiðslugeta metin að öðru leyti svo og að vextir/þóknanir eru gríðar háir og skilmálar ekki nægjanlegar skýrir til að fólk geti tekið upplýsta ákvörðun um að taka þessi lán. Lánin eru auðfengin og fljótafgreidd, sem gerir viðkvæmt og illa sett fólk sérstaklega berskjaldað fyrir markaðssetningu smálánanna. Meðal viðkvæmra hópa er ungt fólk í fjárþröng þar með talið fjölskyldufólk, fíkniefnaneytendur, fólk með geðfötlun og erlendir ríkisborgarar í fjárþröng. Fólkið gerir sér m.a. ekki grein fyrir kostnaðinum sem fylgir því að taka lánin. Markhópur smálánafyrirtækjanna er fjölbreyttur, m.a. notendur félagsþjónustu sveitarfélaga, ekki síst unga fólkið, enda beinast auglýsingarnar að þeim og kostnaðurinn við að taka lánin kemur ekki fram í auglýsingunum samkvæmt heimildum velferðarvaktarinnar.

Bent er á að seinfært fólk viti enn sem komið er ekki af þessum lánum, en ef fólkinu stæðu þessi lán til boða þá telja þeir sem best þekkja til miklar líkur á að fólkið myndi taka tilboðum smálánafyrirtækjanna án nánari ígrundunar eða ráðgjafar frá öðrum, enda þekkjast þess dæmi. Það gætir ótta hjá starfsfólki, sem veitir fólki með þroskahömlun þjónustu, um að fólkið fari að taka þessi lán með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Velþekkt dæmi eru um að símasölumenn misnoti fólk sem gerir sér ekki grein fyrir hvað felst í hinum ýmsu tilboðum og einnig er þekkt að fólki sem hvorki læst né skrifandi séu seldar bækur eða blaðaáskriftir sem það getur ekki notfært sér. Einnig má nefna að þroskaheft fólk hefur sætt „handrukkun“ og verið barið vegna skulda sem það hefur stofnað til vegna vanþekkingar.

Rétt er að nefna að fram kom að taka smálána virðist vera mikið feimnismál bæði meðal lántakenda og talsmanna þeirra og þau ekki rædd. Hafði það áhrif á öflun upplýsinganna sem hér eru settar fram.

Velferðarvaktin hefur tekið saman eftirfarandi einstök dæmi um fólk hefur orðið fyrir barðinu á smálánafyrirtækjunum:

a. Ung kona, einstæð móðir, tók smálán hjá tveimur smálánafyrirtækjum. Hún hafði ekki áttað sig á að hún hafði gefið aðgang að bankareikningi sínum þegar hún tók lánið og þegar skuldin hafði verið greidd (tekin af bankareikningum) gat hún ekki greitt húsaleigu. Konan tók aftur smálán og lokaði samtímis bankareikningi sínum. Hún er í vanskilum og safnar skuldum sem erfitt verður að greiða.
b. Hjón, bæði án atvinnu, með tvö börn taka smálán fyrir mat og lyfjum og taka ný smálán til að greiða hin fyrri. Þau vonast til að fjárhagsvandinn leysist þegar þau fá vinnu.
c. Kona sem á í geðrænum erfiðleikum og fíkniefnavanda tók smálán, sem hún ræður ekki við. Til greina hafði komið að svipta konuna fjárræði.
d. Flóttamaður tók smálán til að reyna að grynnka á öðrum skuldum.
e. Ekkja á sextugsaldri var komin í vítahring vegna smálána. Hún átti í miklum fjárhagserfiðleikum og notaði smálánin til að kaupa mat og einnig vegna jólaútgjalda. Hún var komin í verulega erfiðleika þegar hún leitaði til Umboðsmanns skuldara.
f. Tvítugur maður tók smálán snemma í mánuðinum og tók svo annað smálán hjá öðru smálánafyrirtæki til að greiða skuldina við hitt fyrirtækið og var kominn óviðráðanlega stöðu.
g. Dæmi eru um að útlendingar, sem ekki eiga fjölskyldu á Íslandi og hafa ekki aðgang að lánastofnunum, hafi tekið smálán
h. Dæmi eru um fólk sem stendur höllum fæti hafi tekið lán til að fjármagna „læknadóp“ og áfengiskaup.

Stýrihópur velferðarvaktarinnar leggur áherslu á að öllum tiltækum ráðum verði beitt til að koma í veg fyrir starfsemi smálánafyrirtækja sem starfa með þeim hætti sem hér hefur verið lýst og helst að lög verði sett sem banna starfsemi þeirra. Réttlæta má forsjárhyggju og

skerðingu á athafna- og atvinnufrelsi sem felst í að banna starfsemina með sama hætti og þegar sala fíkniefna er bönnuð.

Með kveðju,
Lára Björnsdóttir, formaður velferðarvaktarinnar.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði við lögin ákvæðum um svokölluð smálán sem veitt eru af smálánafyrirtækjum sem hófu hér starfsemi í upphafi árs 2010. Í fyrsta lagi er lagt til að undanþegnir lögunum séu lánasamningar sem eru til skemmri tíma en þriggja mánaða og sem greiða þarf af óverulegan kostnað, auk þess sem ákvæði um undanþágu lánasamninga með lágmarksfjárhæð er fellt út. Í öðru lagi er lagt til að óheimilt verði að greiða út lán sem sótt hefur verið um í gegnum síma eða með rafrænum hætti, nema að undangengnu greiðslumati.

Neytendastofa annast eftirlit með ákvæðum laga nr. 121/1994, um neytendalán, auk þess sem stofnunin fer með eftirlit samkvæmt lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með viðbótarákvæði frumvarpsins við lögin um smálánafyrirtæki og smálán verður ekki séð að starfsskyldur Neytendastofu aukist beinlínis frá því sem nú er.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er því gert ráð fyrir að það hafi í för með sér óveruleg útgjöld fyrir ríkissjóð sem rúmist innan fjárheimilda innanríkisráðuneytis.

1249. Frumvarp til laga [725. mál]

um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Ákvörðunarréttur.

Íslenska ríkið fer með ákvörðunarrétt yfir landsléninu .is. Hið sama gildir um önnur íslensk höfuðlén.

2. gr.
Markmið og gildissvið.

Lög þessi taka til landslénsins .is og annarra íslenskra höfuðléna í almennum IP-fjarskiptanetum og gilda um tæknilega stjórnun, umsýslu og skráningu léna undir þeim.

Markmið laga þessara er í þágu almannahagsmuna að tryggja öruggan, hagkvæman og skilvirkan aðgang að íslenskum höfuðlénum og að tryggja tengsl þeirra við Ísland, með því að kveða á um gagnsæja, örugga og skilvirka umsýslu með íslensk höfuðlén.

3. gr.
Stjórn lénamála.

Sá ráðherra sem fer með málefni fjarskipta fer með yfirstjórn landslénsins .is og annarra íslenskra höfuðléna.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir skráningarstofu íslenskra höfuðléna starfsleyfi og hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara.

4. gr.
Orðskýringar.

Lén er auðkenni í almennum IP-fjarskiptanetum og vísar til mengis varpana milli nafna og IP-talna. Lén eru samsett úr einum eða fleiri hlutum sem kallast merki. Greint er á milli merkja með punkti. Stigveldi þeirra greinist svo að merki til vinstri við punkt kallast undirlén og tilheyrir merki til hægri við punkt, höfuðléni.

Höfuðlén eru efsti hluti lénakerfisins og vísa til þess hluta léns sem kemur á eftir síðasta punktinum í lénsheiti og eru samþykkt af þar til bærum alþjóðlegum aðila. Höfuðlén skiptast í landslén og almenn höfuðlén.

Almenn höfuðlén eru höfuðlén sem ekki hafa sérstaka skírskotun til ríkja.

Landslén eru þau höfuðlén sem hafa sérstaka skírskotun til ríkja. Með því er átt við að ákveðnu höfuðléni hafi verið úthlutað með vísan til ákveðins ríkis af þar til bærum alþjóðlegum aðila.

Íslensk höfuðlén eru höfuðlén sem hafa sérstaka skírskotun til Íslands eða vísa til Íslands með einhverjum hætti, þar á meðal íslensk landslén.

Lénsheitakerfið vísar til dreifðs gagnagrunns sem tengir saman IP-tölur og nöfn í almennum IP-fjarskiptanetum.

IP-fjarskiptanet er fjarskiptanet sem flytur gagnapakka samkvæmt IP-staðli (Internet Protocol). Með almennum IP-fjarskiptanetum er átt við það sem í daglegu tali er nefnt netið.

IP-tala er númer sem tæki sem tengd eru við almenn IP-fjarskiptanet fá úthlutað frá þar til bærum aðila til aðgreiningar frá öðrum tækjum.

Nafnaþjónn er tölva sem veitir nafnaþjónustu, þ.e. varpar lénum og nöfnum innan léna í IP-tölur og/eða veitir upplýsingar um hvert skuli sækja upplýsingar um slíka vörpun.

Rótarnafnaþjónn er settur á fót með ákvörðun þar til bærra alþjóðlegra aðila. Í rótarnafnaþjónum eru upplýsingar um í hvaða nafnaþjóni megi finna upplýsingar um ákveðin höfuðlén.

Rétthafaskrá er miðlæg skrá þar sem fram koma upplýsingar um rétthafa léna, tengiliði þeirra og nafnaþjóna.

Rétthafi er sá sem skráður er fyrir léni í rétthafaskrá.

Skráningarstofa er aðili sem hefur starfsleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að sinna umsjón með íslensku höfuðléni í samræmi við ákvæði laga þessara og hefur jafnframt til þess samþykki þar til bærs alþjóðlegs aðila.

Skráningaraðili er þjónustuaðili sem á grundvelli samnings við skráningarstofu getur séð um skráningu léna undir íslensku höfuðléni og breytingar á upplýsingum sem tengjast því fyrir hönd rétthafa léns.

II. KAFLI
Starfsleyfi og hlutverk skráningarstofu.

5. *gr.*
Starfsleyfi.

Hver sá sem vill reka skráningarstofu fyrir íslenskt höfuðlén skal hafa til þess starfsleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Starfsleyfi fyrir íslenskt höfuðlén skal veitt einum aðila til fimm ára í senn, að undangengnu opnu og gagnsæju ferli.

Við veitingu starfsleyfis skal gæta jafnræðis og meðalhófs, málsmeðferð skal vera gagnsæ og byggjast á hlutlægum viðmiðum.

Umsókn um starfsleyfi skulu fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar eru til skráningar á viðkomandi fyrirtæki og starfsemi þess. Í umsókn skal upplýst um eignarhald umsækjanda og eignarhlutföll eigenda, fjárhagsstöðu og hver sé fyrirhuguð þjónusta.

Umsókn um starfsleyfi vegna nýrra íslenskra höfuðléna skal uppfylla sérstök skilyrði sem ráðherra setur í reglugerð. Skal í reglugerðinni m.a. kveðið á um rekstrarform skráningarstofu nýrra íslenskra höfuðléna og upplýsingagjöf og samstarf milli skráningarstofa.

Leyfishafa er heimilt að leggja inn til Póst- og fjarskiptastofnunar starfsleyfi sitt. Tilkynna skal áform um slíkt með sex mánaða fyrirvara. Leyfishafa skal óheimilt að framselja leyfið til þriðja aðila.

Endurúthlutun starfsleyfis skal lúta sömu sjónarmiðum og almenn útgáfa starfsleyfis. Við endurúthlutun skal nýr starfsleyfishafi fá aðgang að rétthafaskrá, sbr. 8. gr., og nafnaþjóni fyrri starfsleyfishafa, sbr. 9. gr. Póst- og fjarskiptastofnun annast umsjón með yfirfærslunni.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir þá sem hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og birta hana með aðgengilegum hætti.

6. gr.
Skilyrði starfsleyfis.

Skráningarstofa íslensks höfuðléns skal uppfylla eftirtalin skilyrði um:

a. kröfur um fjárhagslegt og tæknilegt hæfi, sbr. reglur sem Póst- og fjarskiptastofnun setur. Á grundvelli reglnanna skal skráningarstofa veita reglulegar upplýsingar um fjárhagsstöðu og tæknilegan rekstur til Póst- og fjarskiptastofnunar,
b. að greitt sé árlegt rekstrargjald sem nemur 4,9% af bókfærðri veltu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Skal álagning og innheimta fara skv. 14. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun,
c. að ársreikningar leyfishafa séu gerðir í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga og birtir Póst- og fjarskiptastofnun í heild,
d. að starfsstöð og heimili skráningarstofu sé á Íslandi,
e. að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skráningarstofu séu lögráða, fjár síns ráðandi og hafi ekki á síðustu þremur árum í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi,
f. að gjaldskrá skráningarstofu fyrir leyfisskylda þjónustu sé háð eftirliti og samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar,
g. að skráningarstofu sé óheimilt að nota tekjur af skráningu léna til að greiða niður aðra starfsemi. Póst- og fjarskiptastofnun getur sett skilyrði um fyrirkomulag fjárhagslegs aðskilnaðar,

h. að eigendur skráningarstofu rýri ekki efnahag fyrirtækisins eða geri aðrar óvenjulegar ráðstafanir sem dragi verulega úr möguleikum fyrirtækisins til að uppfylla skyldur samkvæmt þessum lögum.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett viðbótarskilyrði ef nauðsynlegt þykir. Slík skilyrði skal rökstyðja þegar þau eru sett og skulu þau vera skýr og við setningu þeirra skal gæta jafnræðis meðal leyfishafa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja sérstakar kvaðir á skráningarstofu í samræmi við ákvæði laga þessara. Geta slíkar kvaðir m.a. falið í sér kvöð um aðgang, gagnsæi, jafnræði og bókhaldslegan aðskilnað.

Breyta má skilyrðum starfsleyfis og kvöðum sem lagðar hafa verið á leyfishafa ef forsendur hafa breyst. Einnig má bæta við skilyrðum og kvöðum eða breyta til samræmis við breytingar á lögum og reglum settum samkvæmt þeim og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks.

7. gr.

Hlutverk skráningarstofu.

Skráningarstofa fer með daglega umsjón viðkomandi íslensks höfuðléns. Skráningarstofa skal framkvæma skyldur sínar á öruggan og skilvirkan máta í þágu almannahagsmuna. Þar á meðal skal skráningarstofa:

a. stuðla að framþróun notkunar almennra IP-fjarskiptaneta á Íslandi og starfa í þágu almannahagsmuna,
b. halda rétthafaskrá og aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna nafnaþjónustu,
c. reka og halda skrá um nauðsynlega nafnaþjóna fyrir landslénið og tryggja öryggi þeirra og högun í samræmi við reglur Póst- og fjarskiptastofnunar og alþjóðlega staðla. Skráningarstofa skal tryggja að nauðsynleg nafnaþjónusta fyrir lén rétthafa sé ætíð virk og sett upp samkvæmt viðurkenndum stöðlum og reglum,
d. tryggja skilvirka svörun við fyrirspurnum um undirlén höfuðlénsins sem víðast á almennum IP-fjarskiptanetum,
e. viðhalda skilvirkri vernd gagna,
f. tryggja skilvirka verkferla sem uppfylla viðurkennda gæðastaðla,
g. setja reglur um lénaskráningar, sbr. 10. gr., og framfylgja þeim,
h. reka hlutlausan tengi- og skiptipunkt til þess að tryggja fullnægjandi tengingu lénsheitakerfisins á Íslandi við almenn IP-fjarskiptanet.

8. gr.

Rétthafaskrá.

Skráningarstofa skal halda gagnagrunn með upplýsingum um rétthafa, rétthafaskrá. Rétthafaskrá skal innihalda upplýsingar um rétthafa léna viðkomandi íslenskra höfuðléna ásamt upplýsingum um tengiliði þeirra, tæknilegar upplýsingar og vistunaraðila léna.

Rétthafi ber ábyrgð á að skráning léna sinna sé rétt og fullnægjandi á hverjum tíma. Breytist upplýsingar á skráningartíma lénsins ber rétthafa að uppfæra skráningu eins fljótt og auðið er.

Skráningarstofa skal leitast við að upplýsingar í rétthafaskrá séu ætíð réttar. Komist skráningarstofa að því að upplýsingar um rétthafa tiltekins léns eða léna í rétthafaskrá séu ófullnægjandi eða rangar skal rétthafa veitt færi á að afla réttra upplýsinga. Berist ekki fullnægj-

andi upplýsingar frá rétthafanum innan tilskilins frests skal skráningarstofa tilkynna viðkomandi rétthafa að léninu verði lokað og það síðar afmáð.

Skráningarstofa skal sjá til þess að rétthafaskrá sé vistuð með öruggum hætti. Skráningarstofa skal varðveita uppfært afrit af upplýsingum í rétthafaskrá. Afritið skal vistað hjá aðila er Póst- og fjarskiptastofnun viðurkennir. Skal stofnunin hafa fullan aðgang að rétthafaskrá.

Almennar upplýsingar í rétthafaskránni skulu vera aðgengilegar án endurgjalds á almennu IP-fjarskiptaneti, með þeim takmörkunum sem skráningarstofa setur og í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd.

9. gr.

Nafnaþjónar.

Skráningarstofa ber ábyrgð á að virkir nafnaþjónar séu aðgengilegir fyrir lén sem skráð eru undir íslensku höfuðléni. Nafnaþjónar sem rétthafar vista upplýsingar um lén sín á skulu vera skráðir hjá skráningarstofu og uppfylla skilyrði sem skráningarstofa setur.

Í þeim tilgangi að auka rekstraröryggi nafnaþjónustu skal skráningarstofa bera ábyrgð á að á Íslandi sé vistað afrit af alþjóðlegum rótarnafnaþjóni í lénsheitakerfinu og eiga samstarf um það við þar til bæra erlenda aðila.

III. KAFLI

Skráning léna.

10. gr.

Skráning léna.

Skráning léns skal vera rafræn í þar til gerðu skráningarkerfi á vegum skráningarstofu í samræmi við reglur skráningarstofu, sbr. g-lið 7. gr.

Við skráningu léns skal gera grein fyrir upplýsingum sem nauðsynlegar eru fyrir úrvinnslu skráningar, þ.m.t. skal gera grein fyrir fyrirhuguðum rétthafa léns, tilgreina nauðsynlega tengiliði lénsins, hver þjónustuaðili þess er og/eða gera grein fyrir upplýsingum um á hvaða nafnaþjónum fyrirhugað er að vista lénið, sbr. 9. gr.

Heimilt er skráningarstofu að innheimta árgjald fyrir skráningu og endurnýjun lénsheita.

Skráningarstofa skal setja reglur um skráningu léna að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar, sbr. ákvæði 18. gr., og samþykki ráðherra.

11. gr.

Skilyrði skráningar.

Lén og lénsheiti skal fylgja viðurkenndum stöðlum og reglum skráningarstofu varðandi vistun lénsins.

Rétthafi léns skal vera lögráða einstaklingur eða lögaðili sem hefur skráða kennitölu eða sambærilega staðfestingu frá stjórnvöldum og hafa tengsl við Ísland.

Skráningarstofu er heimilt að halda lista háðan samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar yfir frátekin lén sem hafna ber skráningu á.

Heimilt er að hafna skráningu léns undir íslensku landsléni ef skráningarupplýsingar um rétthafann eru augljóslega rangar og/eða ófullnægjandi.

Við skráningu skal rétthafi lýsa því yfir að skráningin sé í góðri trú og ekki vísvitandi gegn betri rétti annars.

Hafna má skráningu léns gangi hún gegn lögum eða reglum um skráningu léna.

Skráningarstofa skal tryggja að rétthafar lénaskráninga séu upplýstir um skilyrði skráningar léns samkvæmt þessum kafla. Séu skilyrði um lén ekki uppfyllt skal skráningarstofa beina ábendingu um úrbætur til rétthafa. Sé ábendingum um úrbætur ekki sinnt skal skráningarstofa fjarlægja tilvísanir lénsins úr nafnaþjónum landslénsins þar til bætt hefur verið úr. Verði aðili uppvís að því að misnota skráningu léna er skráningarstofu heimilt að loka aðgangi hans að skráningarkerfi.

12. gr.

Réttindi og skyldur sem fylgja skráningu léns.

Skráning léns undir íslensku landsléni felur í sér einkaafnotarétt af hinu skráða léni á gildistíma þess.

Rétthafi ber ábyrgð á að notkun lénsins sé í samræmi við gildandi lög og reglur.

Rétthafi ber ábyrgð á greiðslu gjalda vegna skráningar og endurnýjunar léns.

Rétthafi ber ábyrgð á að skráning lénsins og tengiliða þess sé rétt og að vistun lénsins sé tæknilega viðunandi, sbr. 9. gr. Hann ber ábyrgð á því að þær upplýsingar sem hann skráir séu ávallt réttar.

13. gr.

Gildistími skráningar.

Gildistími léns skal að lágmarki miðast við heilt ár í senn frá skráningardegi eða síðasta endurnýjunardegi, en aldrei lengur en þrjú ár í senn.

Endurnýi rétthafi ekki skráninguna eftir að skráningartímabili lýkur er skráningarstofu heimilt að loka léninu, þ.e. fjarlægja skráningu þess úr nafnaþjónum landslénsins.

Sé lén lokað í 60 daga skal það afskráð úr rétthafaskrá og verður þar með laust til skráningar á ný.

14. gr.

Umskráning á léni.

Umskráning á léni felur í sér framsal á léni og breytingu á rétthafa léns. Skráðum rétthafa er heimilt að fara fram á umskráningu á léni. Skulu skráður rétthafi og nýr rétthafi að léninu gefa sannanlegt samþykki sitt fyrir slíkri ráðstöfun.

Nýr rétthafi þarf að fullnægja reglum líkt og um nýskráningu sé að ræða.

IV. KAFLI

Umsjón og eftirlit.

15. gr.

Eftirlit og viðurlög.

Póst- og fjarskiptastofnun fer með eftirlit með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. starfsemi skráningarstofu og gjaldskrá skráningarstofu fyrir þjónustu samkvæmt lögum þessum og eftir atvikum starfsemi skráningaraðila og rétthafa.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafið þá sem stunda starfsemi sem fellur undir lög þessi um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við athugun einstakra mála. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að kveða á um nauðsynleg úrræði séu ákvæði laga þessara ekki uppfyllt. Þar á meðal getur stofnunin tekið ákvörðun um afskráningu léns og eftir atvikum kveðið á um að lén verði umskráð, til að mynda ef skráning léns felur í sér brot á starfsreglum skráningarstofu eða er í andstöðu við ákvæði laga. Þá skal stofnuninni heimilt

að gera kröfu um úrbætur af hálfu rétthafa eða skráningarstofu komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að skilyrði skráningar samkvæmt lögum þessum séu ekki uppfyllt. Sé ekki orðið við fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar um úrbætur er stofnuninni heimilt að kveða á um að lén verði afskráð úr rétthafaskrá. Sama gildir ef önnur stjórnvöld komast að niðurstöðu um að skráning léns hafi falið í sér brot á lögum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal gera ráðstafanir til að kveða á um úrbætur eða stöðva rekstur skráningarstofu sem starfar án heimildar eða uppfyllir ekki skilyrði laga og reglna um starfsemina. Séu vanefndir miklar eða skráningarstofa brýtur alvarlega gegn skilyrðum starfsleyfis eða ákvæðum 8. gr. eða 9. gr. er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt, að undangenginni aðvörun þess efnis, að afturkalla starfsleyfi skráningarstofu og taka yfir þá starfsemi sem lög þessi kveða á um, þ.m.t. búnað og gagnagrunn sem nauðsynlegur er til þess að tryggja órofa starfsemi landslénsins. Hið sama gildir ef skráningarstofa leggur niður starfsemi sína, óskar eftir heimild til að leita nauðasamninga eða verður gjaldþrota, þrátt fyrir ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Póst- og fjarskiptastofnun getur á grundvelli kvörtunar þess efnis ákveðið hvort aðgangur aðila sem starfa við lénaskráningar skuli veittur að skráningum sem þeir sinna og hvert endurgjald aðgangsins skuli vera.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, um eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar, þagnarskyldu, málsmeðferð, heimild til bráðabirgðaákvörðunar og sektarúrræði.

16. gr.

Viðskiptaskilmálar og gjaldskrá.

Skráningarstofa skal birta opinberlega almenna viðskiptaskilmála sem um þjónustu hennar gilda. Nýir og breyttir skilmálar skulu sendir Póst- og fjarskiptastofnun a.m.k. 60 dögum fyrir gildistöku þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á skilmálum ef þeir brjóta gegn lögum, reglugerðum eða ákvæðum starfsleyfis, þegar það á við.

Gjaldskrá skráningarstofu skal sæta eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar. Skráningarstofa skal gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði þjónustu. Gjaldskrá skal taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna. Taka skal tillit til fjárfestinga og hæfilegrar arðsemi af bundnu fjármagni með hliðsjón af áhættu við fjárfestinguna. Ávöxtun fjármagns skal byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC).

Póst- og fjarskiptastofnun getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin, tekið mið af gjaldskrám fyrir sambærilega þjónustu eða beitt kostnaðargreiningaraðferðum sem eru óháðar aðferðum skráningarstofu.

Skráningarstofu er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir skráningaraðila sem á grundvelli samninga við skráningarstofu sjá um skráningu léna undir íslensku höfuðléni og breytingar á upplýsingum því tengdum fyrir hönd rétthafa léns. Slík sérgjaldskrá skal taka mið af kostnaði skráningarstofu við þjónustu sem ekki hefur þurft að leggja út í við venjulega þjónustu fyrir rétthafa léna.

Gjaldskrá skal leggja fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykkis eigi síðar en 60 dögum fyrir gildistöku.

Að öðru leyti skal gjaldskrá taka mið af þeim sjónarmiðum sem fram koma í 32. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, eftir því sem við á.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um kostnaðargreiningu, forsendur gjaldtöku og bókhaldslegan aðskilnað.

17. gr.
Úrlausnir deilumála og kæruleiðir.

Bera má ágreining á grundvelli laga þessara undir Póst- og fjarskiptastofnun.

Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Skal kæran berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Um kæru, réttaráhrif hennar og meðferð mála fyrir nefndinni fer samkvæmt reglugerð ráðherra um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Póst- og fjarskiptastofnun, Einkaleyfastofan og Neytendastofa skulu setja sameiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem lög þessi taka til og fallið geta innan marka þeirra laga sem stofnanirnar fara með eftirlit með. Skulu reglur þessar birtar.

Grein þessi útilokar ekki málskot samkvæmt öðrum lögum.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.
Ráðgjafarnefnd um lénamál.

Ráðherra skal heimilt að skipa ráðgjafarnefnd um lénamál til þriggja ára í senn og skal hlutverk hennar vera m.a.:

a. að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um lénamál, þar á meðal veita stjórnvöldum umsagnir um lénamál, reglur um skráningu léna, breytingar á löggjöf og stefnumarkandi ákvarðanir stjórnvalda á sviði lénamála,
b. að vera samráðsvettvangur hagsmunaaðila um framkvæmd lénaumsýslu og málefni netsins,
c. annað sem ráðherra felur henni.

19. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra skal heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

20. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 2011.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til að tryggja órofa starfsemi landslénsins .is skal núverandi umsjónaraðila landslénsins .is veitt starfsleyfi til fimm ára. Skal Póst- og fjarskiptastofnun útfæra starfsleyfi í samræmi við ákvæði laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í ljósi þess að um er að ræða nýlegt réttarsvið þykir rétt að greinargerð veiti yfirsýn yfir þróun og réttarstöðu á sviði lénastjórnunar bæði í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Verður því fjallað stuttlega um netið og stjórnhætti þess í alþjóðlegu samhengi, þróun og fyrirkomu-

lag lénaskráninga á Íslandi, um tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar og meginefni frumvarpsins skýrt. Loks gefur að finna skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

II. Stuttlega um netið, lén og stjórnhætti netsins í sögulegu og alþjóðlegu samhengi.

Netið er altækt samskiptakerfi fyrir tölvur sem byggist á því að samskiptin eiga sér stað með pakkasendingum í gegnum tengipunkta með TCP/IP-samskiptastöðlum. Umferð um netið er háð samstarfi þeirra sem veita netþjónustu. Í þessu felst að netþjónustuveitendur þurfa að tengjast öðrum netum til þess að notandinn geti tengst tölvum sem ekki eru aðgengilegar á hans eigin neti. Með nettengipunktum geta þjónustuaðilar veitt umferð sinna notenda og annarra í gegnum sín net og inn á annarra net. Netið samanstendur af yfir 27.000 netum sem hvert er tengt innbyrðis en jafnframt út á við við önnur net. Þessar sjálfstæðu einingar eru afar mikilvægar í uppbyggingu netsins og eru í eigu mismunandi aðila, ríkja, netþjónustuveitenda eða stofnana. Sá eiginleiki netsins að ná yfir öll landamæri hefur einnig stuðlað að því að tengja saman samfélög og hefur verið afar mikilvægur hlekkur í alþjóðavæðingu heimsins. Sérstaða netsins sem altæks samskiptamiðils er m.a. fólgin í því að allir geta tengst því með ólíkum vélbúnað með ólíkum hætti, hvort sem það eru símalínur eða gervihnöttur, án þess að gera upp á milli þeirra tækja sem því tengjast. Þannig eru allar tölvur á netinu jafnréttháar án þess að einhvers konar miðstöð eða ómissandi hlekkur sé í keðjunni. Það sem sameinar þær er hið staðlaða samskiptaform TCP/IP-samskiptastaðla sem með samspili við lénsheitakerfið gerir samskipti í gegnum netið möguleg.

Lén er íslenska orðið yfir enska orðið „domain“. Orðið var notað um yfirráðasvæði lénsherra fyrr á öldum en hefur öðlast nýja merkingu í nútímanum þar sem það er notað yfir umdæmi á netinu. Lénsheitakerfið er dreift, stigskipt kerfi sem tengir saman lénsheiti og IP-númer. Eins og kemur fram í skjali Internet Corporation for Assigned Names and Numbers (ICANN), RFC 1034, samanstendur það af þremur grundvallarþáttum; stigskiptu lénsvæði og tilföngum, nafnaþjóni og nafnaþýði. Á hinu stigskipta lénsvæði rúmast lén, t.d. althingi.is. Í því tilviki er .is höfuðlénið, en höfuðlén geta annars vegar verið landslén eins og .is, eða almenn lén á borð við .com. Markmiðið með landslénum var að veita ríkjum tækifæri til að opna fyrir aðgang að skráningu léna með tilvísun til heitis viðkomandi lands. Landslén eru ávallt tveggja stafa og heitið skal vísa til hins landfræðilega uppruna. Hin landfræðilega tilvísun er í samræmi við alþjóðlegan staðal um kennistafi ríkja sem International Standard Organisation (ISO) hefur gefið út í samræmi við ensk heiti ríkja. Undantekningar eru á notkun staðalsins. Sem dæmi má nefna stofnun höfuðlénsins .eu, sem samþykkt var á fundi stjórnar ICANN árið 2000, sem samrýmist ekki skilyrðum RFC 1591 um að fylgja skuli ISO-stöðlum við ákvörðun kennistafa fyrir landslén. Stjórn ISO ákvað vegna þessa að .eu skyldi notað til auðkenningar fyrir Evrópusambandið með viðauka við ISO 3166-1. Dæmi eru um að landslén þjóni ekki þeim svæðum sem þau standa fyrir samkvæmt ISO-staðlinum og því hefur verið haldið fram að þau gegni frekar hlutverki almennra léna en landsléna. Dæmi um þetta er .ws sem er landslén Vestur-Samóaeyja, en skráningum undir því er sinnt af fyrirtækinu VeriSign í Bandaríkjunum með vísun til enska orðsins website, eða vefsíða, .tv, landslén Tuvalu sem er markaðssett með vistun sjónvarpsefnis í huga, og .la, landslén Laos sem sérstaklega er markaðssett í Los Angeles í Bandaríkjunum. Nokkur ríki hafa framselt umsjón með skráningu léna undir landslénum þeirra til einkaaðila gegn greiðslu. Sem dæmi má nefna smáeyjuna Niue í Karabíska hafinu sem framseldi fyrirtæki sem er rekið sem góðgerðarstofnun réttinn til þess að annast skráningar léna undir landsléninu .nu. Ágóða af rekstrinum er veitt til þess að byggja upp innviði nets á eyjunni og veita íbúum hennar endurgjaldslausan

aðgang að netinu. Almennt sinna stjórnvöld þó stefnumótun og stýra umsýslu landsléna sinna á grundvelli laga í þágu almannahagsmuna hvers ríkis.

Í árdaga netsins lutu álitaefni um stjórnhætti þess að þróun og útfærslu tæknilegra eiginleika. Lítið var hugað að formfestu ákvarðanatöku, sem átti sér stað með samkomulagi og einingu þeirra sem unnu að þróun tækninnar. Þetta lýsti sér m.a. í því að ákvarðanataka og samningar voru sjaldan skjalfestir en það sama átti við um ábyrgð og hugsanlegan rétt til hugverkaréttarverndar vegna vinnu við þætti er hafa reynst mikilvægir fyrir tilurð og síðar framþróun netsins. Í skýrslu Alþjóðahugverkaréttarstofnunarinnar (WIPO) um lénsheiti á netinu frá 1999 segir að netið hafi enga miðstjórn, heldur sé sjálfsprottið fyrirbæri sem hafi vaxið og þróast á sjálfstæðan hátt. Tæknilegri þróun þess hafi verið stjórnað með bindandi samskiptareglum í gegnum opið ákvarðanatökuferli IETF og IANA en að engin yfirstjórn fari með alhliða löggjafarvald á netinu.

Fjöldi álitaefna lýtur að stjórnháttum netsins. Á síðustu missirum hefur umræða um stjórnhætti þess ekki snúist um hvort og að hvaða marki ætti að stjórna því, heldur hverjir. Vinnuskilgreining vinnuhóps um stjórnhætti netsins á vegum Sameinuðu þjóðanna á hugtakinu stjórnhættir netsins felur í sér aðkomu stjórnvalda og einkaaðila að lagalegum, stefnumarkandi sem og tæknilegum þáttum netsins. Jafnframt er í skilgreiningunni lögð áhersla á að stjórnhættir netsins eigi ekki aðeins að þróast með vísan til tæknilegra þátta á borð við IP-vistföng, heldur stefnumótun er lýtur að almannahagsmunum eins og net- og upplýsingaöryggi og takast á við margháttaðar spurningar er varða notkun netsins. Enn fremur er lögð áhersla á fullveldi ríkja hvað varðar almenna stefnumótun í málefnum landsléna sem þau bæru bæði rétt og skyldu til þess að sinna.

Stjórnarstofnanir netsins eru dreifðar og hlutverk þeirra í stjórnun og framþróun netsins skarast að mörgu leyti. Valdheimildir þessa stofnana, sem fæstar eru þó stofnanir í hefðbundnum skilningi þess orðs heldur fyrirtæki, eru jafnframt óformbundnar, venjuhelgaðar og í sumum tilvikum umdeildar. Regluumhverfi netsins á alþjóðlegum grundvelli er ekki aðeins markað hefðbundnum réttarheimildum í skilningi laga heldur einkennist af almennt viðurkenndum tæknistöðlum, starfsreglum og samþykktum fyrirtækja sem sinna utanumhaldi á grundvelli einkaréttarlegs samnings við bandarísk stjórnvöld, umræðuskjala, auk þess sem umsjón léna byggist á einkaréttarlegum samningum aðila.

III. Fyrirkomulag lénaskráninga á Íslandi.

Sögulegt samhengi.

Árið 1986 voru tölvukerfi Hafrannsóknastofnunarinnar og Reiknistofnunar Háskóla Íslands (RHÍ) samtengd. Sama ár fékk Hafrannsóknastofnunin aðgang að evrópska Unix-kerfinu, EUnet, sem starfrækt var í þónokkrum löndum Evrópu. Hafrannsóknastofnunin fékk tölvupóstaðgang inn á netið, sem og aðgang að stórum tölvunetum erlendis. Ári síðar voru sett á laggirnar samtökin Surís sem í framhaldinu tóku við rekstri hinna samtengdu tölvukerfa. Stofnfélagar Surís voru flestir opinberir aðilar, en einkaaðilum var veitt takmörkuð stofnaðild að félaginu. Tölvukerfi Orkustofnunar var síðar tengt netinu sem þá var kallað Isnet. Netið var nýtt í þágu stofnana, m.a. með tölvupóstsamskiptum starfsmanna og aðgangi að gögnum. RHÍ annaðist tæknilega umsjón kerfisins, en til að byrja með var einn starfsmaður á launaskrá hjá fyrirtækinu. Árið 1987 áttu sér stað tölvupóstsamskipti á milli fyrirsvarsmanna Isnet annars vegar og fyrirsvarsmanna SRI sem sáu um starfsemi IANA um að íslenskir aðilar mundu sjá um skráningu á .is-lénum. Af tölvupóstsamskiptunum má ráða að fulltrúum SRI var umhugað um að íslensk stjórnvöld hefðu hönd í bagga með hver annaðist

starfsemina. Helst vildu þeir að íslenska ríkissímafélagið, Póstur og sími, sinnti verkefninu. Svör íslensku fulltrúanna gáfu til kynna að Póstur og sími hefði ekki áhuga á að taka að sér það hlutverk, auk þess sem áhersla var lögð á að í stjórn Surís ættu sæti ríkisstarfsmenn sem væru jafnframt fulltrúar ríkisins í erlendri samvinnu um tölvusamtengingarnet. Með tölvupósti féllst fulltrúi SRI á að fela Háskóla Íslands að skrá lén undir .is þann 25. nóvember 1987. Í framhaldinu voru Surís, Samtök um upplýsinganet rannsóknaraðila á Íslandi, stofnuð og IANA tilkynnt að Surís mundi í framhaldinu annast skráningu léna undir .is. Að auki sinnti félagið netrekstri Isnet. Surís starfaði í skjóli Háskóla Íslands og fékk fjárframlög og aðstöðu hjá skólanum. Með aukinni netnotkun varð starfsemin svo umfangsmikil að afráðið var að stofna hlutafélag til þess að sinna hlutverki félagsins. Árið 1995 var Internet á Íslandi hf. stofnað og tók í framhaldi við rekstri Isnet af Surís.

Nokkuð dreift eignarhald var á félaginu, en 36,47% voru í eigu Háskóla Íslands, 31,89% í eigu ríkisins og ýmissa stofnana þess, en aðrir hlutar í eigu annarra lögaðila. Félagið sá bæði um lénaskráningar og rekstur nafnaþjóns fyrir landslénið .is og netrekstur á Íslandi. Í netrekstrinum fólst netsamband við útlönd, en sala netaðgangs til netþjónustuaðila var langumfangsmesti hluti af starfsemi félagsins. Árið 1995 fékk Landssími Íslands nettengingu við útlönd. Jafnt og þétt juku bæði Isnet og Landssíminn flutningsgetu tenginga sinna og vísir að samkeppni í netrekstri varð til. Árið 1999 komst Íslandssími hf. í netsamband við útlönd og jók við samkeppni á netrekstursmarkaði.

Einkavæðing.

Undirbúningur einkavæðingar ríkisfyrirtækja átti sér stað á vegum ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu 1995–1999. Á kjörtímabilinu 1999–2003 var einkavæðing með sölu hlutabréfa ríkisins í fyrirtækjum sem störfuðu í samkeppnisumhverfi eitt helsta stefnumál þáverandi ríkisstjórnar. Ráðherranefnd fjögurra ráðherra fór með yfirstjórn einkavæðingar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, en forsætisráðherra skipaði framkvæmdanefnd um einkavæðingu sem hafði það hlutverk að annast undirbúning og samræmingu verkefna á sviði einkavæðingar. Á kjörtímabilinu var seldur hlutur ríkisins í níu fyrirtækjum í þrettán áföngum, en eitt þessara fyrirtækja var Internet á Íslandi hf. Í fjárlögum 1999 heimilaði Alþingi fjármálaráðherra að selja hlut ríkissjóðs í félaginu. Fjármálaráðherra fól framkvæmdanefnd um einkavæðingu að leita eftir afstöðu þeirra ríkisstofnana sem áttu hlut í félaginu til sölu bréfanna, enda væri sameiginleg sala þeirra til þess fallin að auka verðgildi hlutanna. Flestir þessara aðila tóku þátt í sölunni og 21,3% hlutur ríkis og ríkisstofnana var auglýstur í útboði sem Ríkiskaup annaðist fyrir hönd ríkisins. Háskóli Íslands átti 27,6% hlut í félaginu, en fulltrúar skólans voru mótfallnir sölu hlutafjár skólans í félaginu að svo stöddu. Vegna þessarar afstöðu fulltrúa Háskólans var ákveðið að bjóða út aðra hluta ríkisins í fyrrgreindu útboði. Á meðan undirbúningi fyrir það stóð seldi Háskóli Íslands Íslandssíma hf. sinn hluta í félaginu á genginu 20.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu taldi þessa framkvæmd ámælisverða og brot á reglum um sölu hlutabréfa. Ráðherranefnd um einkavæðingu fjallaði um afstöðu framkvæmdanefndarinnar en taldi þó ekki rétt að salan skyldi ganga til baka með hliðsjón af hagsmunum Íslandssíma hf. Eftir að Háskóli Íslands seldi hlut sinn í félaginu kom skólinn á fót tölvunetinu RHnet, sem tengt er við Nordunet, til þess að nýta í starfsemi menntastofnana og til rannsókna. Þann 30. mars 2000 voru opnuð tilboð í útboði Ríkiskaupa um sölu á hlut ríkisins og fleiri aðila í Internet á Íslandi hf. Íslandssími átti eina tilboðið sem var á genginu 20,5, eða tæplega 66 millj. kr. að kaupvirði. Hinn 7. apríl féllst fjármálaráðherra á tillögu fram-

kvæmdanefndar um einkavæðingu að gengið yrði að tilboðinu. Sama ár tók samkeppnisráð ákvörðun í máli Landssímans gegn Interneti á Íslandi hf. þar sem krafist var fjárhagslegs aðskilnaðar í rekstri félagsins með vísan til samkeppnislaga. Í athugasemdum Landssímans kom fram að félagið teldi sölu Internets á Íslandi hf. ganga þvert á alþjóðlega þróun í umsýslu svæðisbundinna léna, enda væri í flestum ríkjum Evrópu það hlutverk almennt falið sjálfseignarstofnunum sem ekki væru reknar í hagnaðarskyni. Í kjölfar samninga fjármálaráðherra og Íslandssíma hf. um kaup á Interneti á Íslandi hf. var sá hluti starfsemi félagsins er laut að netrekstri sameinaður rekstri Íslandssíma hf., en umsjón með lénaskráningum, rekstri nafnaþjóns og RIX-þjónustunnar var haldið áfram undir nafni Internets á Íslandi hf. sem jafnframt var vísað til sem ISNIC, en félagið var rekið sem dótturfélag Íslandssíma hf. Íslandssími hf. sameinaðist árið 2002 Og Fjarskiptum. Internet á Íslandi hf. varð í framhaldinu í meirihlutaeigu Og Fjarskipta hf. sem síðar urðu Og Vodafone hf. og síðast Teymi hf., en nokkrir smærri hluthafar áttu áfram samtals tæplega 10% hlut í félaginu. Modernus ehf. keypti 93% hlut í Interneti á Íslandi hf., af Teymi hf., í mars 2007 og var slitið eftir sameiningu félaganna sem tók gildi 1. janúar 2008. Skráning léna undir landsléninu .is er því í höndum Internet á Íslandi hf., sem einnig er vísað til sem ISNIC. Félagið hefur með bréfaskiptum við ICANN árið 2008 fengið skriflega staðfestingu þessa efnis. Félagið er rekið á grundvelli arðsemissjónarmiða. Það er í meirihlutaeigu einstaklinga, en Íslandspóstur hf. á næststærsta hlut í félaginu, eða tæplega 20%. Eigendahópurinn samanstendur af alls 24 einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum.

IV. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan innanríkisráðherra. Tilurð frumvarpsins og helstu hvatar að framlagningu þess eiga sér nokkra forsögu, enda hófst undirbúningsvinna við frumvarpið árið 2005 í kjölfar þess að komið hafði upp gagnrýni varðandi framkvæmd lénaumsýslu hér á landi.

Frá því að landslénið .is var fyrst tekið í notkun hefur mikið vatn runnið til sjávar. Netið í heild sinni, sem og notkun lénsheita, öðlast stöðugt meiri þýðingu, bæði fyrir einkaaðila og opinber stjórnvöld sem og samfélagið í heild. Ekki síst hefur netið á síðustu árum orðið gríðarlega mikilvægur þáttur í viðskiptalífinu. Markaðssetning á netinu og rafræn viðskipti hafa á skömmum tíma orðið hluti af starfsemi fyrirtækja um allan heim.

Samkvæmt úttekt OECD árið 2008 höfðu 86,7% heimila á Íslandi aðgang að netinu. Þetta var næsthæsta hlutfall heimila í úttektinni, hlutfallið var aðeins hærra í Kóreu, en þar eru 95% heimila tengd við netið. Samkvæmt nýjustu tölum frá Hagstofu Íslands nota 95% einstaklinga í landinu netið. Íslensk fyrirtæki eru einnig í fararbroddi í netnotkun, en Ísland er eitt sex landa þar sem yfir 98% fyrirtækja í landinu nota netið í starfsemi sinni. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands notast nú öll fyrirtæki í landinu við tölvur og eru með nettengingu. Þá eru 77% fyrirtækja með eigin vefsíðu. Til þess að viðskipti yfir netið gangi sem best fyrir sig er öryggi netsins afar mikilvægt. Í skýrslu nefndar sem samgönguráðherra skipaði um öryggi fjarskipta og fleira kom fram að:

„Öryggi rótarléna er mikilvægt út frá hagsmunum einstaklinga, fyrirtækja og samfélaga. Það getur haft áhrif á trúverðugleika og ógnað öryggi auk þess sem umfangsmikil truflun á íslenskum hluta netsins getur valdið ýmiskonar vandræðum með tilheyrandi tíma- og fjármagnssóun fyrir þá sem netinu tengjast.“

Árið 2005 bárust samgönguráðuneytinu óformlegar kvartanir opinberra aðila og einstaklinga vegna þátta í starfsemi ISNIC, auk þess sem ráðherra var krafinn svara um starfsemina

í fyrirspurnum á Alþingi. Ráðuneytið fundaði með fulltrúum Póst- og fjarskiptastofnunar og forsætis-, fjármála- og menntamálaráðuneytisins vegna málsins. Var í samráðinu talið eðlilegt að málefni varðandi lén heyrðu undir samgönguráðherra, enda fór samgönguráðherra með yfirstjórn fjarskiptamála á Íslandi, sbr. lög nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og lög nr. 81/2003, um fjarskipti. Í janúar 2011 tók innanríkisráðherra við verkefnum samgönguráðherra þegar innanríkisráðuneytið varð til með sameiningu samgönguráðuneytis og dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Funduðu fulltrúar ráðuneytisins jafnframt með fyrirtækinu sem sér um skráningar léna undir landsléninu .is (ISNIC) en fyrirsvarsmenn fyrirtækisins lýstu sig reiðubúna til samstarfs. Á þeim vettvangi sem hér hefur verið rakinn var allt að einu talið bæði nauðsynlegt og eðlilegt að setja löggjöf á þessu sviði. Er þá ekki síst litið til þess að þróun og tækniframfarir á þessu sviði hafa verið afar hraðar. Hingað til hafa engin sérlög gilt um lénaskráningar eða landslénið .is, ólíkt því sem nágrannar okkar á Norðurlöndunum og í fjölda annarra vestrænna ríkja hafa gert.

Var ákveðið að setja á laggirnar sérstakan verkefnahóp skipaðan fulltrúum samgönguráðuneytis, Póst- og fjarskiptastofnunar, ISNIC og öðrum hagsmunaaðilum með það að markmiði að koma á svipuðu fyrirkomulagi hér á landi og í löndunum í kringum okkur sem mundu m.a. byggjast á meginreglum alþjóðlegs samráðsvettvangs stjórnvalda um lénamál, Governmental Advisory Committee (GAC). Árið 2007 var formlega sett á fót nefnd um framtíðarskipan lénamála. Hefur nefndin með hléum unnið að útfærslu á mögulegum leiðum og þá m.a. litið til framkvæmdar umsýslu landsléna erlendis.

Við samningu frumvarpsins þótti nauðsynlegt að líta til laga í helstu nágrannaríkjum okkar um leið og tekið var ríkt tillit til íslenskra aðstæðna. Var víða leitað fanga, m.a. í danskri, sænskri, finnskri, franskri og norskri löggjöf. Þá var litið til reglna Evrópusambandsins um höfuðlénið .eu auk þess sem frumvarpið tekur mið af áðurnefndum reglum GAC (Principles for the Delegation and Administration of Country Code Top Level Domains). Enn fremur var litið til gagna frá OECD og ýmissa fræðirita um stjórnhætti netsins og sögu og uppbyggingu þess.

Meðal þeirra rannsókna sem litið var til var rannsókn Michael Geist, prófessors við lagadeild háskólans í Ottawa í Kanada, frá árinu 2004 sem unnin var í samvinnu við Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU). Rannsóknin leiddi í ljós að í flestum ríkjum gegna stjórnvöld lykilhlutverki við stjórnsýslu landsléna sinna. Í flestum þeirra höfðu ríkin bein afskipti af lénaskráningum, eða höfðu komið tengslum sínum við landslénið í formlegan farveg með stofnun opinberra félaga, eða með því að gera samninga við einkaréttarleg félög. Rannsóknir Geist byggjast á spurningalistum sem sendir voru til allra skráningaraðila landsléna í aðildarríkjum ITU. Geist kemst að þeirri niðurstöðu að tengsl séu á milli þeirra gilda sem skráningaraðilar telja mikilvægust í lénastarfsemi og þess á hvers forræði stjórnsýslu þeirra er háttað. Þannig segir hann niðurstöður sínar sýna að þar sem stjórnvöld fara með forræði á landslénum og umsýslu þeirra hafi sjónarmið um net- og upplýsingaöryggi og hagsmuni þjóðfélagsins mest vægi við ákvarðanir og stefnumörkun í málefnum landsléna. Hins vegar töldu skráningaraðilar sem ekki störfuðu í skjóli opinberra afskipta eða heimilda fjölda lénaskráninga mikilvægasta gildið í sinni starfsemi.

Árið 2006 gaf OECD út skýrslu um þróun í stjórnsýslu landsléna aðildarríkja samtakanna. Helstu niðurstöður skýrslunnar eru m.a. þær að í flestum ríkjum eru það félög sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og standa í nánum tengslum við netsamfélagið í hverju landi fyrir sig sem annast skráningu léna undir landslénum. Fjöldi skráningaraðila lýtur eftirliti stjórnvalda hvort sem starfsemin er í höndum hins opinbera eða einkaaðila.

Aðkoma stjórnvalda að stjórnsýslu landsléna hefur aukist mikið á síðustu árum í ýmsum ríkjum heims. Þetta hefur falið í sér setningu löggjafar eða gerð samkomulaga við umsýsluaðila sem fela í sér yfirráðarétt stjórnvalda yfir hverju landsléni fyrir sig. Í nágrannalöndum okkar hefur löggjafinn talið efni til þess að skýra eignarréttarlega aðkomu og ábyrgð og hlut viðkomandi ríkisvalds að öðru leyti í tengslum við landslén þeirra með setningu laga og reglugerða. Í nýlegri löggjöf Dana er sérstaklega kveðið á um eignarréttarlega stöðu danska ríkisins gagnvart landsléninu. Í Noregi og Finnlandi hafa stjórnvöld ekki tekið af skarið um eignarréttarlegar heimildir ríkisins til landslénsins, en af fyrirkomulagi lénaskráninga undir landslénunum .no og .fi má ráða að stjórnvöld fara með ráðstöfunar- og umráðarétt landslénanna. Á vettvangi Evrópusambandsins var talið nauðsynlegt að kveða á um eignarrétt þess að landsléninu .eu.

Meginmarkmiðið með frumvarpinu er að tryggja bæði gæði og framþróun á sviði lénaumsýslu með því að setja lagaramma um lénaskráningar á Íslandi sem tryggir öryggi, skilvirkni og gagnsæi varðandi umsýslu með íslenskum höfuðlénum með hliðsjón af þjóðfélagslegu mikilvægi starfseminnar. Markmið þess eru aukinheldur að tryggja að um skráningu léna gildi skýrar reglur þar sem gætt er að hagsmunum almennings og jafnræði aðila um aðgang sé tryggt. Auk þess má segja að tilgangur laga um landslénið .is sé að vernda vörumerkið Ísland, enda hafa íslensk höfuðlén beina skírskotun til Íslands og ímyndar þess, bæði út á við og inn á við í samfélagslegu samhengi. Með því að stuðla m.a. að því að lén undir íslenskum höfuðlénum séu vistuð með öruggum hætti og umsýsla þeirra örugg og háð eftirliti er jafnframt stuðlað að auknu trausti í notkun íslenska hluta netsins og því að .is verði sannkallað gæðamerki. Netið leikur sífellt stærra hlutverk í daglegu lífi Íslendinga og því mikilvægt að tryggja með hlutlægum hætti öruggan og ódýran aðgang að lénum undir íslenskum höfuðlénum, en um leið stuðla að framþróun netsins. Líkt og fram hefur komið hafa engin sérlög gilt hingað til á þessu sviði hér á landi og af íslenskri löggjöf verður ekki ráðið að umsjón með landsléninu .is lúti öðrum reglum eða eftirliti en almennur atvinnurekstur. Með hliðsjón af mikilvægi starfseminnar í þjóðfélagslegu tilliti má telja æskilegt að starfsemi á borð við þessa lúti eftirliti til þess að tryggja sanngirni og jafnræði gagnvart borgurunum, notendum netsins.

Rétt er talið að lögin kveði á um umráða- og ráðstöfunarrétt íslenska ríkisins á landslénum sem tilheyra Íslandi og setji skýrar reglur á sviði lénaumsýslu og tryggi eftirlit á markaði.

V. Meginefni frumvarpsins.

Hlutverk stjórnvalda í lýðræðisþjóðfélögum er m.a. að tryggja að innviðir samfélagsins séu með þeim hætti að þjóðfélagið starfi sem best. Í kjölfar hinnar miklu netbyltingar sem orðið hefur, er óhætt að segja að netið geti talist til mikilvægra innviða samfélagsins. Þetta viðhorf hefur haft sívaxandi áhrif á stjórnhætti netsins, enda hefur hlutverk stjórnvalda í stjórnsýslu landsléna stóraukist á síðustu missirum. Enn fremur er ljóst að til þess að löggjöf, sem er sett til þess að vernda efni sem sett er á netið eða þá sem nota netið, sé fullnægjandi, þurfa heimildir stjórnvalda til þess að grípa inn í stjórnsýslu lénsheitakerfis að vera skýrar.

Í flestum ríkjum sem Ísland ber sig gjarnan saman við, þar á meðal alls staðar á Norðurlöndum að Íslandi undanskildu, er stjórnsýslu landsléna ríkjanna háttað með öðrum hætti en hér, bæði hvað varðar rekstrarform þess aðila er annast skráningu léna undir landsléninu, sem og hvað varðar réttarumhverfi þeirra aðila. Stjórnvöld annarra ríkja taka flest virkan þátt í stefnumótun um landslén sín. Innan Evrópusambandsins hafa jafnframt verið settar sérstakar

reglur um rótarlénið .eu. Það má því segja að Ísland hafi dregist aftur úr í þróun lagasetningar á sviði lénaumsýslu.

Með frumvarpi þessu er lagður til lagarammi um lénaumsýslu á Íslandi. Þær breytingar eru fyrst og fremst til komnar vegna þess að hingað til hafa ekki gilt sérstakar reglur um stjórnun og skráningu léna og því hafa skapast nokkuð sérstakar aðstæður hér á landi, sé tekið mið af alþjóðlegu samhengi. Er það afar fátítt að einkafyrirtæki fari með stjórnun landsléna. Þarf því að setja starfseminni reglur sem henta íslenskum aðstæðum.

Frumvarpið fastsetur ramma um stjórnun íslenskra landsléna, sem hafa verið eða verður úthlutað til Íslands, og er þar fyrst og fremst átt við stjórnun landslénsins .is, en þó er jafnframt með frumvarpinu gert ráð fyrir möguleika á öðrum íslenskum höfuðlénum og að lögin skuli jafnframt ná til þeirra. Er í frumvarpinu lagt til að lénaumsýsla sé frjáls hverjum þeim sem hana vill stunda, en sé þó háð starfsleyfi frá hinu opinbera og jafnframt verði sett öflugt eftirlit um starfsemina.

Enn fremur er lögbundinn séstakur samráðsvettvangur um lénamál sem jafnframt skal vera stjórnvöldum ráðgefandi varðandi málefni netsins í víðara samhengi. Framþróun netsins hefur verið drifin af samvinnu ólíkra aðila, stjórnvalda, tæknisérfræðinga og notenda netsins svo eitthvað sé nefnt, og telja má víst að með því að skapa vettvang á borð við þennan verði til mikilvægur samráðsvettvangur um hinar ýmsu hliðar netsins og málefni því tengd.

VI. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Lénaumsýsla er í eðli sínu alþjóðleg. Starfsemi skráningarstofu samkvæmt lögum þessum er háð samþykki til þess bærs alþjóðlegs aðila, sem nú er ICANN, í samráði við bandarísk stjórnvöld, sem hefur raunveruleg umráð yfir landslénum í þeim skilningi að fyrirtækið getur ákveðið án samþykkis skráningarstofu, að fela öðrum aðilum að sinna umsjón með ákveðnum landslénum. ICANN er bandarískt fyrirtæki sem lýtur lögum Kalifornríkis og samkomulag þeirra við skráningaraðila landsléna er ekki byggt á réttarheimildum sem stafa frá opinberum aðilum eða á alþjóðasamningum, heldur á einkaréttarlegu samkomulagi. Í þessu samhengi geta vaknað spurningar um lögsögu og valdheimildir íslenskra stjórnvalda til þess að setja reglur um starfsemi, sem er háð ákvörðun erlendra aðila, sem ekki er undirorpin íslenskri lögsögu. Með tilliti til þeirrar stefnumörkunar sem orðið hefur á vettvangi ICANN með breytingum á samþykktum félagsins og samningum þess við bandarísk stjórnvöld sem fela í sér aukna aðkomu stjórnvalda að stjórnsýslu landsléna sinna og lagasetningu annarra ríkja um landslén má telja fullvíst að heimildir stjórnvalda til lagasetningar um landslénið .is séu ekki aðeins heppilegar og heimilar heldur viðeigandi með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga. Í starfsemi sinni er ICANN bundið af samráði við stjórnvöld með skipan GAC, auk þess sem leiðbeiningarreglur GAC um stjórnsýslu landsléna eru mikilvægur hluti ákvarðanatöku ICANN um landslén.

Líkt og segir í leiðbeiningarreglum GAC eru landslén opinberar auðlindir hvers ríkis fyrir sig. Íslenska ríkið getur því á grundvelli valdheimilda sinna áskilið sér umráða- og yfirráðarétt yfir landsléninu .is með lagasetningu. Slík lagasetning þarf þó að samræmast efni alþjóðlegra samninga og skuldbindinga, þ.m.t. gagnvart ICANN. Var vísað til sömu sjónarmiða í undirbúningsgögnum með dönskum lögum um lén þar sem kveðið er á um eignarrétt danska ríkisins á þeim lénum sem sérstaklega er úthlutað Danmörku, til dæmis landsléninu .dk.

Íslensk stjórnvöld hafa nú gerst aðilar að GAC og munu á þeim vettvangi sinna sínu hlutverki sem stjórnvald gagnvart ICANN og GAC. Hluti af því er að vera þátttakandi í stefnumótun um stjórnhætti netsins á alþjóðlegum vettvangi.

Samtök skráningarstofa fyrir landslén hafa með sér ýmiss konar samstarf, sem í eðli sínu er alþjóðlegt, svo sem í gegnum CNTR og RIPE. Engar breytingar á því fyrirkomulagi eru lagðar til með frumvarpi þessu.

VII. Samráð.

Eins og rakið hefur verið í IV. kafla athugasemda þessara voru ýmsar kvartanir og athugasemdir við starfsemi ISNIC ein af ástæðum þess að samgönguráðherra ákvað að ráðist yrði í vinnu við frumvarp þetta. Sú stefna var mörkuð frá upphafi að vinna við frumvarpið yrði í góðu samstarfi við hagsmunaaðila og þá sem hefðu sérþekkingu á málaflokknum. Vorið 2007 var fyrrgreindur vinnuhópur um framtíðarskipan lénamála settur á laggirnar í samgönguráðuneytinu. Í hópnum áttu sæti Maríus Ólafsson og Jens Pétur Jensen frá Internet á Íslandi ehf., Guðrún Björk Bjarnadóttir frá Samtökum Atvinnulífsins, en Halldór Árnason tók sæti hennar árið 2010, Guðmundur Kr. Unnsteinsson fyrir hönd INTER, Félags internetþjónustuveitenda, Eggert Ólafsson fyrir hönd Skýrslutæknifélags Íslands (SKÝ), Haraldur Bjarnason frá fjármálaráðuneytinu, Ari Jóhannesson frá Póst- og fjarskiptastofnun, Þuríður Hjartardóttir frá Neytendasamtökunum og Guðbjörg Sigurðardóttir frá forsætisráðuneyti. Starfsmenn samgönguráðuneytisins sem hafa unnið með nefndinni á ýmsum tímum eru Sigurður Unnar Einvarðsson, Jón Eðvald Malmquist, Karl Alvarsson, Sigurbergur Björnsson, Vera Sveinbjörnsdóttir og María Rún Bjarnadóttir.

Vinna nefndarinnar hefur verið með hléum frá að hún var sett á laggirnar, en veturinn 2009–2010 hefur nefndin fundað nokkuð reglulega. Nefndin kom síðast saman eftir nokkurra mánaða hlé í október 2010 þar sem lögð voru fram megindrög að frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar. Lagt var til af hálfu samgönguráðneytisins að drög yrðu kynnt í almennu samráði þar sem almenningi öllum og hagsmunaaðilum gæfist kostur á að tjá sig um efnistök frumvarpsins. Í framhaldinu voru drögin lögð fram til umsagnar á heimasíðu samgönguráðuneytisins í byrjun nóvember sama ár. Drögin voru jafnframt sérstaklega kynnt fulltrúum menntamálaráðuneytisins, fulltrúum Einkaleyfastofu og Neytendastofu og send fulltrúum í fjarskiptaráði til umsagnar. Þónokkrar athugasemdir bárust í samráðsferlinu og var tillit tekið til fjölda þeirra á vinnslustigi frumvarpsins.

Við samningu frumvarpsins hefur verið leitað ráðgjafar fulltrúa ICANN, sérstaklega hvað varðar ákvæði er lúta að samspili stjórnvalda og ICANN. Jafnframt hefur verið leita til stjórnvalda sem fara með lénamál á hinum Norðurlöndunum og til fulltrúa fleiri ríkja á samráðsvettvangi stjórnvalda sem fara með lénamál, GAC.

VIII. Mat á áhrifum.

Við undirbúning frumvarpsins var litið til ýmissa valkosta varðandi útfærslu umsýslu íslenskra höfuðléna. Ákveðið var að skapa stafseminni umgjörð í samræmi við gildandi regluverk og líta þannig til erlendra fyrirmynda í ljósi hinna sérislensku aðstæðna sem lýst hefur verið og styðja við íslenska netsamfélagið með aðkomu sinni. Þannig er m.a. gert ráð fyrir beinni aðkomu netsamfélagsins að reglum um skráningar léna og sérstökum samráðsvettvangi um lénamál komið á laggirnar með lögunum svo tryggt sé að grundvöllur framþróunar netsins gerjist í grasrótinni. Fjarskiptaregluverkið nýtist sem fyrirmynd og er hugmyndin sú að aðlaga megi þær meginreglur sem eiga almennt við um fjarskipti að lénaumsýslu að mörgu leyti. Þegar er fyrir hendi eftirlitsstofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, og nýta má reynslu stofnunarinnar við framkvæmd löggjafarinnar með góðu móti. Með þeim úrræðum sem eftirlitsstofnun hefur yfir að ráða er tryggt að grípa megi inn í starfsemina ef starf-

andi fyrirtæki stendur ekki við kvaðir sem lagðar hafa verið á það. Líklegt er að þessi leið leiði til verulegrar verðlækkunar fyrir neytendur. Er talið að með þessu móti felist minnst inngrip á markaði umfram aðrar leiðir sem mögulegar eru, um leið og markmið með lagasetningu nást. Jafnframt er talið að með vísan til mikilvægis þess að trausti á og í starfseminni sé ekki stefnt í voða, sé rétt að úthluta fyrsta starfsleyfinu til ISNIC í samræmi við bráðabirgðaákvæði laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla – almenn ákvæði.

Í I. kafla frumvarpsins er annars vegar að finna markmiðsákvæði og hins vegar skilgreiningar á þeim hugtökum sem hafa sérstaka þýðingu við beitingu ákvæða þess. Bæði markmiðsákvæðið og flestar af þeim hugtakaskilgreiningum sem um ræðir eru nýmæli.

Þá er að finna ákvæði um gildissvið þess og lögsögu íslenska ríkisins yfir landsléninu .is og íslenskum höfuðlénum.

Um 1. gr.

Með frumvarpinu er kveðið á um ákvörðunarrétt íslenskra stjórnvalda yfir íslenskum höfuðlénum samkvæmt ákvörðun alþjóðlegra stofnana, bæði þeim sem teljast landslén og almennum lénum sem sérstaka skírskotun hafa til Íslands með einum eða öðrum hætti. Samkvæmt því skuli íslensk landslén lúta yfirstjórn íslenskra yfirvalda, innan þess alþjóðlega ramma sem gildir á hverjum tíma og með þeim takmörkunum sem fylgja af alþjóðlegu samstarfi og alþjóðlegum skuldbindingum. Samkvæmt því er forræði og ráðstöfunarrétti ríkisins á íslenskum höfuðlénum slegið föstum, enda landslén auðlindir í almannaeigu, sem stjórna ber í samræmi við bestu hagsmuni alþjóðlegs netssamfélags af skráningaraðilum í almannaþágu fyrir hönd opinberra stjórnvalda. Lén eru jafnframt takmörkuð gæði, líkt og tíðnir og númer, og tryggja þarf skýran lagaramma um þau sem lagður er til með frumvarpi þessu.

Með því að slá því föstu að íslensk höfuðlén tilheyri íslenska ríkinu undirstrikast það að rétthafar léna hafa lénsheiti til láns, þ.e. afnotarétt af þeim til ákveðins tíma. Um leið er úr því skorið að hvorki persónur né fyrirtæki, þ.m.t. skráningarstofa landslénsins .is, öðlast sérstakan rétt til lénsheita.

Framangreint fyrirkomulag samrýmist regluverki ICANN og er jafnframt í takt við framkvæmd í flestum OECD-ríkjum. Á greinin fyrirmyndir m.a. bæði í dönskum lögum um lénaskráningar og jafnframt er sams konar ákvörðun að finna í ákvörðun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins nr. 733/2002, 7. grein um framkvæmd höfuðlénsins .eu, og er samsvarandi því fyrirkomulagi sem gildir um rótarlénið .eu.

Með frumvarpinu er lagt til að lögin nái yfir öll íslensk höfuðlén. Með íslenskum höfuðlénum er fyrst og fremst átt við landslén sem hafa verið látin Íslandi í té af hálfu ICANN og vísa til Íslands, til dæmis .reykjavik. Ekki er loku fyrir það skotið að landinu geti hlotnast fleiri landslén í framtíðinni og því þykir réttara að lögin séu ekki takmörkuð við íslenska landsléniið .is, heldur öll höfuðlén sem hafa sérstaka skírskotun til Íslands, þ.e. íslensk höfuðlén.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um markmið og gildissvið laganna. Er kveðið á um að lögin taki til landslénsins .is og annarra íslenskra höfuðléna, en ekki þykir rétt að binda lögin eingöngu við íslenska landsléniið .is, líkt og fram kemur í athugasemdum með 1. gr.

Er í greininni jafnframt kveðið á um markmið frumvarpsins, en meginmarkmið þess er að tryggja jafnan aðgang að landsléninu .is og öðrum íslenskum höfuðlénum og að tryggja tengsl slíkra höfuðléna við Ísland með því að kveða á um örugga, skilvirka og aðgengilega umsýslu með íslensk landslén.

Með því er ætlunin að stuðla að framsækinni gæðaþróun í íslensku netsamfélagi, tryggja skilvirkni og öryggi og að móta umgjörð um skráningu léna, í þágu almannahagsmuna. Með því að tryggja aðgengi og gagnsæi er jafnframt reynt að takmarka skaðleg áhrif einokunar á sviði umsýslu með íslensk landslén og stuðla að því að þeir sem hyggjast starfa við framkvæmd lénaskráningar starfi í anda markmiða laganna og í þágu framþróunar nets og lénamála á Íslandi í heild.

Að öðru leyti vísast til þess sem rakið er í almennum athugasemdum.

Um 3. gr.

Í grein þessari koma fram meginreglur um fyrirkomulag stjórn lénamála samkvæmt frumvarpinu verði það að lögum.

Samkvæmt lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, fer samgönguráðherra með yfirstjórn fjarskiptamála á Íslandi. Er talið eðlilegt að sá ráðherra sem fer með málefni fjarskipta fari jafnframt með yfirstjórn landslénsins .is og annarra íslenskra höfuðléna. Þetta er jafnframt í samræmi við það sem tíðkast í þeim ríkjum sem Ísland ber sig helst saman við. Því er lagt til að sá ráðherra sem fer með málefni fjarskipta fari með formlegt fyrirsvar fyrir íslensk landslén gagnvart ICANN og öðrum alþjóðlegum aðilum sem starfa í tengslum við lénsheitakerfið.

Að sama skapi er lagt til í frumvarpinu að sú eftirlitsstofnun sem fer með almennt eftirlit og umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi sinni jafnframt eftirliti með lögum um landslénið .is. Er Póst- og fjarskiptastofnun því falin umsjón og eftirlit með almennri framkvæmd laganna auk þess sem stofnuninni er falið að veita starfsleyfi til skráningarstofu íslenskra höfuðléna.

Samræmist það hlutverk vel hlutverki Póst- og fjarskiptastofnunar sem eftirlitsstofnunar með framkvæmd fjarskipta- og póstmála. Við þá ákvörðun að fela Póst- og fjarskiptastofnun að fara með framkvæmd laganna var jafnframt litið til þess að stofnunin fer nú þegar með það hlutverk að hafa umsjón með auðlindum á borð við númer og tíðnir, sbr. 14. og 15. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti. Þar segir að það sé hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar að viðhalda skipulagi númera og vistfanga og tíðna. Verður ekki annað séð en að aðrar gerðir vistfanga, svo sem lén, ættu að lúta sambærilegum sjónarmiðum og gilda um sambærilegar auðlindir.

Þá var jafnframt litið til framkvæmdar lénaumsýslu í nágrannaríkjum okkar, ekki síst á Norðurlöndunum, en nefna má að systurstofnanir Póst- og fjarskiptastofnunar í Svíþjóð, Danmörku og Noregi gegna einnig viðamiklu eftirlitshlutverki með lénaumsýslu. Þá fer systurstofnun Póst- og fjarskiptastofnunar í Finnlandi, FICORA, alfarið með skráningu og umsjón finnska landslénsins .fi.

Þar sem nokkuð frábrugðnar aðstæður eru uppi á Íslandi var talið rétt að taka mið af framkvæmd í nágrannaríkjunum og móta að íslenskum aðstæðum. Þurfa skráningarstofur sem fara með framkvæmd lénaskráninga því að starfa samkvæmt leyfi frá Póst- og fjarskiptastofnun og lúta eftirliti stofnunarinnar. Með framkvæmd lénaskráninga er m.a. átt almennt við skráningar, rekstur og umsjón réttthafaskrár, nafnaþjóna og rótarnafnaþjóna. Rekstur réttthafaskrár, nafnaþjóna og rótarnafnaþjóna þarf að uppfylla strangar kröfur um gæði og öryggi

og þarf rekstraraðili því að tryggja að tæknileg þekking og búnaður sé til staðar vegna rekstursins. Er Póst- og fjarskiptastofnun vel í stakk búin til þess að sinna eftirliti með slíkri starfsemi enda er rík þekking innan stofnunarinnar og reynsla af sambærilegu eftirliti með fjarskiptafyrirtækjum.

Um 4. gr.

Ákvæðið felur í sér skýringar á þeim orðum og hugtökum sem finna má í lögunum. Við orðskýringar var reynt að taka mið af alþjóðlegum skilgreiningum sem og Tölvuorðasafni Skýrslutæknifélags Íslands (SKÝ). Til skýringar er rétt að geta enskra heita nokkurra þeirra orða sem skilgreind eru í ákvæðinu.

Lén er íslenskun á enska orðinu „domain“. Merki stendur fyrir enska orðið „labels“.

Höfuðlén eru „Top-Level Domain“ eða „TLD“ á ensku.

Almenn höfuðlén eru general „Top-Level Domain“ eða „gTLD á ensku.

Landslén eru „country code Top-Level Domain“ eða „ccTLD“ á ensku.

Lénsheitakerfið er „Domain Name System“ á ensku.

Nafnaþjónn er „DNS server“ á ensku.

Rótarnafnaþjónn er íslenska orðið fyrir „Root server“.

Þá var jafnframt talið rétt að skýra í stuttu máli hlutverk alþjóðlegra stofnana á sviði lénamála. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um II. kafla – starfsleyfi og hlutverk skráningarstofu.

Í II. kafla frumvarpsins er kveðið á um starfsleyfi fyrir starfsemi skráningarstofu léna, hlutverk skráningarstofu og þau skilyrði sem slíkir aðilar þurfa að uppfylla. Þá eru jafnframt skilgreindar þær kröfur sem gerðar eru til rétthafaskrár og nafnaþjóna.

Um 5. gr.

Í greininni er gerð krafa um að hver sá sem hyggst reka skráningarstofu fyrir íslensk höfuðlén skuli hafa til þess starfsleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Um rekstur af flestu tagi gildir sú meginregla að rekstur sé háður skráningu í samræmi við það félagaform sem eftir atvikum er valið að reka starfsemina í. Þá er ýmis starfsemi háð almennri heimild eða starfsleyfi eða jafnvel faggildingu eftir atvikum. Á það ekki hvað síst við um þjóðhagslega mikilvæga starfsemi. Þykir nauðsynlegt að aðhald og eftirlit sé með þeim sem sinnir lénaskráningum undir íslenskum höfuðlénum. Markmiðið með því að hafa starfsemina leyfisskylda er að skapa traust á sviðinu með því að tryggja nauðsynlega faglega þekkingu og hæfi þeirra sem stunda starfsemina, sbr. skilyrði fyrir veitingu leyfa skv. 6. gr.

Fjarskiptafyrirtæki eru ekki háð starfsleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Engu að síður þykir rétt að starfsemi skráningarstofu samkvæmt lögum þessum sé háð tímabundnu starfsleyfi, m.a. með vísan til samkeppnissjónarmiða, þar sem starfsemin er í eðli sínu sérleyfisstarfsemi.

Umsókn um starfsleyfi skulu fylgja allar nauðsynlegar upplýsingar sem Póst- og fjarskiptastofnun þarf á að halda til þess að meta hvort umsækjandi uppfylli skilyrði 6. gr.

Með staðfestingu Póst- og fjarskiptastofnunar á starfsleyfi öðlast skráningarstofa rétt til að starfa sem skráningarstofa fyrir viðeigandi íslenskt landslén í samræmi við skipan þá sem lagt er upp með í frumvarpi þessu.

Í 4. mgr. er fjallað um starfsleyfi vegna íslenskra höfuðléna og að umsókn þeirra skuli uppfylla skilyrði sem sett er í reglugerð ráðherra. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um

rekstrarform skráningaraðila og samstarf skráningarstofa. Ljóst er að aðeins ein skráningarstofu sinnir umsýsluhlutverki fyrir hvert íslenskt höfuðlén. Hin öra framþróun í lénamálum, sem og málefnum netsins, gefur þó vísbendingar um að á næstu árum muni höfuðlénum fjölga. Meðal þess sem til umræðu er á alþjóðlegum vettvangi eru höfuðlén sem sérstaka skírskotun hafa til tiltekinna landssvæða eða staða á borð við borgir eða sveitarfélög. Tilgangurinn með málsgreinni er að tryggja að þau höfuðlén sem síðar muni koma til og sérstaka skírskotun hafa til Íslands, eða íslenskra staða, skuli lúta lögum þessum og að skráningarstofur sem fara muni með umsýslu þeirra á grundvelli laga þessara lúti jafnframt skilyrðum um starfsleyfisumsókn, sbr. ákvæði 4. mgr.

Um 6. gr.

Ákvæðið fjallar um þau skilyrði sem leggja skal til grundvallar mati á þeim forsendum sem settar eru til þess að skráningarstofa geti hlotið starfsleyfi. Er í greininni fjallað um sérstök skilyrði starfsleyfis skráningarstofu. Kröfurnar eru m.a. að fyrirmynd þeirra krafna sem ICANN gerir til sambærilegrar starfsemi í samræmi við ákvæði RFC 1591 og ICP-1. Skilyrði felast fyrst og fremst í því að skráningarstofa hafi yfir að ráða tæknilegu hæfi til þess að takast á við skráningu léna og sé í stakk búin til þess að takast á við þær þjónustuskyldur sem felast í starfseminni. Þá er gerð krafa um að fjárhagsleg staða skráningarstofu sé með því móti að öryggi léna undir .is sé tryggt.

Með því að kveða á um að starfsstöð og heimili skráningarstofu skuli vera á Íslandi er stuðlað að því að tengsl skráningarstofu við íslenska netsamfélagið séu til staðar og að sá aðili sem starfseminni sinni sé undir íslenska lögsögu seldur. Þetta er talið heimilt þrátt fyrir ákvæði EES-samningsins, en starfsemin er ekki talin hluti af innri markaði Evrópusambandsins. Þetta markast m.a. af því hvernig starfseminni er háttað í öðrum ríkjum innan EES, m.a. Noregi og Finnlandi.

Kröfur til stjórnarmanna í e-lið eru sambærilegar og í lögum um hlutafélög og í lögum um einkahlutafélög. Ekki þótti ástæða til að árétta sérstaklega í ákvæðinu sjálfu að æskilegt væri að stjórnarmenn hefðu þekkingu og reynslu sem nýttist í starfsemi skráningarstofunnar, né heldur að vísa til ákvæða laga um hlutföll kynja í stjórnum félaga. Gengið var út frá að mið yrði tekið af þessum sjónarmiðum í starfsemi skráningarstofu.

B-, c- og f-liður taka mið af gildandi fjarskiptaregluverki og spegla það eftirlit er Póst- og fjarskiptastofnun sinnir gagnvart fjarskiptafyrirtækjum. Veltutengt rekstrargjald er lagt á fjarskiptafyrirtæki samkvæmt ákvæðum laga um Póst- og fjarskiptastofnun og á sér stoð í 12. gr. heimildartilskipunar ESB. Hér er lagt til að hliðstætt gjald verði lagt á skráningarstofu sem stofnunin skal innheimta í samræmi við gildandi fyrirkomulag samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Byggist gjaldprósentan á áætlun um kostnað við eftirlitið sem unnin hefur verið í samráði við Póst- og fjarskiptastofnun. Gjaldið samkvæmt lögum þessum skal standa undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar sem m.a. felur í sér útgáfu starfsleyfis, samningu og útgáfu reglna sem skráningarstofa starfar í samræmi við og úrlausn deilumála í samræmi við ákvæði laga þessara.

Í g-lið er sérstaklega tekið fram að skráningarstofu er óheimilt að niðurgreiða aðra starfsemi sem hún kann að sinna samhliða lénaskráningum. Ákvæðið tekur mið af 36. gr. fjarskiptalaga um aðskilnað sérleyfisstarfsemi frá fjarskiptastarfsemi og þykir til þess fallið að skjóta styrkari stoðum undir fjárhagslegt öryggi skráningarstofu.

Þá skal tekið fram að Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja viðbótarskilyrði ef nauðsynlegt þykir og gera vissar kröfur til fyrirsvarsmanna skráningarstofu með sambæri-

legum hætti og stofnuninni er heimilt gagnvart fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu, sbr. 4. mgr. 6. gr. fjarskiptalaga.

Í fjarskiptaregluverkinu eru heimildir til þess að leggja sérstakar kvaðir á fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu, sbr. 5. mgr. 6. gr. fjarskiptalaga. Hér er lagt til að sambærileg ákvæði gildi um starfsemi skráningarstofu, enda sé hún með einokunarstöðu á markaði. Þetta er einnig í samræmi við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 24/2000 þar sem kemur fram að með vísan til greiningar á mörkuðum og þess að Internet á Íslandi hf. væri eini aðilinn sem skráði lén undir .is teldist Internet á Íslandi hf. í markaðsráðandi stöðu á markaðinum fyrir skráningu léna undir landsléninu .is.

Rétt þykir að opna á að breytist alþjóðleg viðmið, t.d. hjá ICANN, varðandi rekstur skráningarstofu sé Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að breyta skilyrðum starfsleyfis skráningarstofu til samræmis við þá þróun. Sambærilegar heimildir má finna í frumvarpi til breytinga á lögum um fjarskipti varðandi ráðstöfun tíðniheimilda.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk og skyldur skráningarstofu. Eru skyldur skráningarstofu listaðar upp í greininni.

Rétt þykir að tilgreina sérstaklega að skráningarstofu er ekki skylt að veita aðgang að rétthafaskrá á grundvelli g-liðar ákvæðisins öðrum en Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Skráningarstofunni er þó heimilt að veita viðeigandi aðilum aðgang að tilteknum skráningum í rétthafaskrá, svo sem rétthöfum sjálfum.

D-liður tekur til þeirra nafnaþjóna sem skráningarstofa starfrækir. Með því að setja skilyrði um lágmarksgæði nafnaþjóna sem íslensk höfuðlén megi vistuð á, sbr. 9. gr. frumvarpsins, er jafnframt stuðlað að markmiði lagasetningarinnar um að tryggja aukið öryggi íslenska hluta netsins.

H-liður er efnislega sambærilegur ákvæðum 7. mgr. 6. gr. fjarskiptalaga.

Þá skal skráningarstofa setja upp og reka hlutlausan tengi- og skiptipunkt til þess að tryggja fullnægjandi tengingu lénsheitakerfisins á Íslandi við netið. Slíkur tengi- og skiptipunktur er nú rekinn af ISNIC – Internet á Íslandi hf. og nefnist Reykjavik Internet Exchanges (RIX). RIX er hlutlaus tengipunktur þar sem aðilar sem uppfylla ákveðin skilyrði tengjast og geta með gagnkvæmum samningum skipst á umferð við aðra RIX-aðila og er því eins konar skiptistöð íslenskra netþjónustuaðila, með það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir að innanlandsumferð á netinu flæði um útlandasambönd.

Um 8. gr.

Greinin kveður á um rétthafaskrá, en skráningarstofu er skylt að halda gagnagrunn með upplýsingum um rétthafa og öðrum viðeigandi upplýsingum varðandi skráningar undir því íslenska höfuðléni sem skráningarstofan sinnir.

Nákvæm skráning í rétthafaskrá styður undir gæði lénsheitakerfisins og tryggir gagnsæi eins og hægt er. Með því er jafnframt reynt að koma í veg fyrir misnotkun léna, og að rétthafar telji sig í skjóli nafnleyndar geti nýtt lén sín í ólögmætum tilgangi.

Rétthafaskrá skal innihalda upplýsingar um rétthafa allra íslenskra léna ásamt upplýsingum um tengiliði þeirra. Skráningarstofa hefur umsjón með skráningum í rétthafaskrá og skal sjá til þess að rétthafaskrá sé vistuð með öruggum hætti. Rétthafar sjálfir bera ábyrgð á að skráning léna sinna sé rétt og fullnægjandi á hverjum tíma. Breytist upplýsingar ber rétthafa því að tilkynna um slíkar breytingar. Rétthafaskrá skal innihalda allar viðeigandi upp-

lýsingar um lén á Íslandi. Undir viðeigandi upplýsingar falla m.a. lágmarksupplýsingar um rétthafa léns, svo sem nafn, kennitala, póstfang og tölvupóstfang, upplýsingar um tengilið rétthafa, tæknilegan tengilið rétthafa og greiðanda léns, sé hann annar en rétthafi. Þess ber að geta að einn og sami aðilinn getur talist bæði rétthafi, tengiliður og greiðandi. Auk þess falla tæknilegar upplýsingar hér undir, t.d. vegna nafnaþjóns. Við mið af því hvaða upplýsingar ber að veita, skal líta til ákvörðunar ICANN um WHOIS-gagnagrunn til að tryggja samræmi og heilleika upplýsinga.

Í greininni er tekið af skarið um að rétthafar skuli sýna fram á tengsl við Ísland. Þetta er gert til þess að tryggja að ábyrgðarmenn léna samkvæmt rétthafaskrá séu það í raun og veru og þannig tryggt að auðvelt sé að ná í þá komi til atvika sem krefjast þess.

Gerð er krafa um að almennar upplýsingar í rétthafaskrá séu aðgengilegar á netinu og skal vera með auðveldu móti kleift að fletta því upp hver sé rétthafi einstaks léns. Rétthafar skulu eiga kost á því að velja hvort upplýsingar á borð við heimilisfang og símanúmer skuli birtar.

Gerð er krafa um að skráningarstofa visti afrit af rétthafaskrá með öruggum hætti sem aðgengilegt er Póst- og fjarskiptastofnun. Tilgangurinn er að treysta enn á öryggi skráarinnar og möguleika til þess að bregðast við tæknibilunum og/eða öryggisbresti, og einnig að skapa skilyrði fyrir stofnunina til að grípa inn í aðstæður þar sem rekstraröryggi íslenskra höfuðléna er með einhverjum hætti ógnað.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um nafnaþjóna, en nafnaþjónn er tölva sem veitir nafnaþjónustu, þ.e. varpar lénum og nöfnum innan léna í IP-tölur og/eða veitir upplýsingar um hvert skuli sækja upplýsingar um slíka vörpun.

Einn megintilgangur frumvarpsins er að tryggja öryggi léna. Svo að rétthafar og notendur netsins geti notað lénsheitakerfið og rétthafaskrá þarf skráningarstofa að sjá til þess að bæði reksturinn og fjarskiptin séu af miklum gæðum. Skráningarstofu ber því að tryggja öruggan og stöðugan rekstur nafnaþjóna, og tryggja að þjónusta þeirra sé ávallt virk. Í tæknilegu tilliti felur þetta í sér að koma þarf á fót öruggum rekstri á TCP/IP-samskiptareglum milli nafnaþjóna umsjónaraðila og annarra nafnaþjóna sem tengjast honum og netinu. Með öruggum rekstri er átt við að reksturinn skuli vera stöðugur, öruggur og ávallt virkur og uppfylla þau gæði sem almennt eru gerðar kröfur um í netsamfélaginu, og tryggja eins og mögulegt er stöðugan uppitíma nafnaþjóna, afritun þeirra og þess háttar.

Skráningarstofa ber ábyrgð á því að virkir nafnaþjónar séu aðgengilegir fyrir lén sem skráð eru undir íslensku höfuðléni og skal jafnframt halda skrá um nafnaþjóna sem rétthafar vista á upplýsingar um lén sín. Nafnaþjónar sem hýsa eiga lén undir íslensku höfuðléni skulu uppfylla skilyrði sem skráningarstofa setur. Slík skilyrði geta til að mynda varðað uppsetningu nafnaþjóna, kröfur um TCP- og UDP-aðgang, DNS-skráningu, kröfur varðandi nafn nafnaþjóns og önnur skilyrði sem skráningarstofa telur nauðsynlegt að gera til nafnaþjóna.

Sömuleiðis eru gerðar kröfur til skráningarstofu um að fylgja þeim stöðlum og aðferðum sem almennt tíðkast á netinu á alþjóðlega vísu, þar á meðal með því að taka tillit til ákvarðana stofnana á borð við ICANN, Internet Assigned Numbers Authorithy (IANA), Governmental Advisory Committee (GAC), DNS Root Server System Advisory Committee (RSSAC) og The Internet Engineering Taskforce (IETF).

Auk almennrar nafnaþjónustu skal skráningarstofa jafnframt tryggja að á Íslandi sé vistað afrit af alþjóðlegum rótarnafnaþjóni í lénsheitakerfinu til þess að auka rekstraröryggi nafnaþjónustu. Rótarnafnaþjónn er settur á fót með ákvörðun þar til bærra alþjóðlegra aðila. Í

rótarnafnaþjónum eru upplýsingar um í hvaða nafnaþjóni megi finna upplýsingar um ákveðin höfuðlén. Eru nú 13 rótarnafnaþjónar í heiminum og eru þeir nefndir bókstöfum frá A til M. Flestir rótarnafnaþjónanna eru vistaðir á mörgum stöðum og hefur um árabil verið vistað afrit af rótarnafnaþjóninum „K“ á Íslandi, en hann er upprunalega staðsettur hjá RIPE NCC í Bretlandi.

Um III. kafla – skráning léna.

Í III. kafla er fjallað almennt um skráningu léna og skilyrði skráningar, auk þess sem kveðið er á um þau réttindi og þær skyldur sem fylgja skráningu léns. Er skráningarstofu falið umtalsvert frelsi varðandi útfærslu skráninga, en settur reglurammi um skráningu léna sem byggist að meginstefnu til á framkvæmd lénaskráninga eins og henni er háttað í dag hjá núverandi skráningarstofu léna undir landsléninu .is.

Um 10. gr.

Með greininni er kveðið á um þá meðferð sem skráning léns skal sæta.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. er ráðgert að lögmælt sé sú tilhögun að skráning léns skuli gerð í þar til gerðu skráningarkerfi á vegum skráningarstofu og að við skráningu léns skuli gera grein fyrir upplýsingum sem nauðsynlegar eru fyrir úrvinnslu skráningar, þ.m.t. skal gera grein fyrir rétthafa, tilgreina tæknilegan tengilið vegna lénsins, hver þjónustuaðili lénsins er og gera grein fyrir upplýsingum um á hvaða nafnaþjóni fyrirhugað sé að vista lénið, sbr. 9. gr.

Rétt er að geta þess að rétthafar geta sjálfir skráð lén sín hjá skráningarstofu eða falið skráningaraðila að annast það.

Þá er gert ráð fyrir því í 3. mgr. að skráningarstofu sé heimilt að innheimta árgjald fyrir skráningu og endurnýjun léna.

Í 4. mgr. er kveðið á um að skráningarstofa skuli setja reglur um úthlutun, skráningu, afskráningu og flutning léna. Skal við gerð reglnanna hafa samráð, sbr. 18. gr., og reglurnar hljóta samþykki ráðherra. Reglurnar skulu vera aðgengilegar almenningi og skulu tryggja gagnsæja málsmeðferð og bann við mismunun. Þær skulu tryggja tæknileg gæði, stuðla að heilleika lénsheitakerfisins og stuðla að framþróun. Þá skulu reglurnar vera í þágu almannahagsmuna jafnt sem notenda og skulu þær tryggja vernd persónuupplýsinga og byggjast á reglum ICANN og GAC sem gilda um skráningu léna.

Um 11. gr.

Í greininni er annars vegar gerð grein fyrir almennum skilyrðum skráningar léns og kröfum sem gerðar eru til rétthafa og hins vegar í hvaða tilfellum er heimilt að hafna skráningu léns.

Í fyrsta lagi eru í 1. mgr. gerð skil á formkröfum sjálfs lénsheitis þess sem sótt er um og skulu lén og lénsheiti fylgja viðurkenndum stöðlum og reglum varðandi vistun lénsins, þ.e. skilyrði skulu vera í samræmi við alþjóðlega staðla og samþykktir útgefnar af ICANN.

Í 2. mgr. er lögð til sú krafa að umsækjandi léns skuli hafa tengsl við Ísland. Með tengslum við Ísland er t.d. átt við fyrirtæki eða einstakling sem er með staðfestu á Íslandi, eða tengsl tengd vörumerkjarétti eða er rétthafi léna undir íslensku höfuðléni við gildistöku laga þessara. Á greinin fyrirmynd m.a. í bæði norskum og finnskum lögum um lén.

Jafnframt er gerð sú krafa til rétthafa að hann sé lögráða eða lögaðili sem skráður er með kennitölu eða með sambærilegum hætti hjá stjórnvöldum. Þetta er að sænskri fyrirmynd. Er

það gert með hliðsjón af því að í fyrsta lagi ber rétthafa að standa skil á árgjaldi vegna skráningar léns, en jafnframt þar sem rétthafi ber ríka ábyrgð á upplýsingum er fram koma á vefsíðu á léni sínu. Í ljósi ákvæða c-liða 50. gr. og 51. gr. frumvarps til laga um fjölmiðla sem lagt var fram á Alþingi á haustþingi er einnig rétt að gera kröfur til rétthafa.

Þá þykir rétt að binda skráninguna því skilyrði að samhliða henni lýsi hann því yfir að skráningin sé í góðri trú og ekki vísvitandi gegn betri rétti annars. Hér er tilgangurinn sá að koma í veg fyrir svokallað „domain hoarding“, sem felur í sér að aðili skráir fjölda undirléna í þeim tilgangi að endurselja þau aðilum fyrir mun hærra verð en sem nemur skráningargjaldi léna. Hér er ákveðið að velja leið sem miðar að upplýstri háttsemi borgaranna. Ákvæðið á fyrirmynd í skráningarreglum skráningarstofu fyrir sænska landslénið .se.

Er heimilt að hafna umsókn um skráningu léns gangi skráning léns gegn lögum eða reglum um skráningu léna. Er hér einnig átt við þau tilvik ef skráning léns brýtur gegn réttindum annarra, t.d. ef um er að ræða skráð vörumerki, en jafnframt ef umsókn léns er að einhverju öðru leyti ekki í samræmi við lög og reglur. Er þar með talið heimilt að hafna umsókn um skráningu léns ef upplýsingar í umsókn eru augljóslega rangar og/eða ófullnægjandi.

Greinin hefur enn fremur að geyma heimild til að hafna umsókn um lénsheiti ef það reynist nauðsynlegt vegna annmarka á skráningu. Takmarkanir í rétthafaskrá eru í samræmi við alþjóðlega staðla og eru heimildir til höfnunar svipaðar efnislegum heimildum í norsku regluverki á þessu sviði. Ekki þarf að taka fram að lén sem þegar er skráð getur ekki verið skráð aftur og ber því að hafna slíkum umsóknum, sem og um lén sem eru merkt frátekin í rétthafaskrá, t.d. lénsheiti sem geta þjónað sem undirlén á borð við net.is, com.is, edu.is, gov.is, org.is og int.is.

Ekki þarf að taka fram að ef til höfnunar kemur er hægt að vísa ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála til úrlausnar, sbr. einnig lög nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Um 12. gr.

Í 12. gr. frumvarpsins er lagt til hvaða réttindi og skyldur skuli felast í skráningu léns. Í ákvæði 1. mgr. er kveðið á um það að umsækjandi sem fær skráð lén verði þar með rétthafi viðkomandi léns. Felur það í sér að rétthafi léns hefur einkaafnotarétt af hinu skráða léni á gildistíma þess. Þá er tekinn af því allur vafi að rétthafi ber ábyrgð á því að notkun lénsins sé í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma og ber hann jafnframt ábyrgð á greiðslu gjalda vegna skráningar og endurnýjunar léns.

Í frumvarpsgreininni er áréttuð sú ábyrgð rétthafa að tryggja að upplýsingar sem hann veitir séu réttar og fullnægjandi við skráningu léns og að upplýsingar í rétthafaskrá séu réttar á hverjum tíma. Í því felst að rétthafa ber að upplýsa skráningarstofu um breytingar sem verða á upplýsingum, eins og fljótt og auðið er, þar á meðal tæknilegar upplýsingar, upplýsingar um rétthafa, tengiliði og vistunaraðila léna.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um gildistíma skráningar. Skal gildistími miðast við heilt ár í senn frá skráningardegi eða síðasta endurnýjunardegi léns. Skráningarstofa getur þó ákveðið að heimila skráningar rétthafa í allt að þrjú ár í senn. Ekki er talið æskilegt að heimila skráningar til lengri tíma. Þetta er jafnframt í takt við það sem tíðkast erlendis.

Endurnýi rétthafi ekki skráninguna innan 60 daga frá því að gildistími er liðinn, fellur réttur hans til lénsins niður og upplýsingar um hann verða afskráðar úr rétthafaskrá. Lén

verður laust til skráningar að nýju 60 dögum eftir að því hefur verið lokað eftir að það hefur verið afskráð úr rétthafaskrá.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er fjallað um umskráningu á lénum, en umskráning á léni felur í sér framsal á léni og breytingu á rétthafa léns. Greinin þarfnast ekki frekari skýringar.

Um IV. kafla – umsjón og eftirlit.

Póst- og fjarskiptastofnun tók til starfa 1. apríl 1997 á grundvelli laga nr. 147/1996 en starfar nú á grundvelli laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Stofnuninni hefur með höndum almennt stjórnsýsluhlutverk á sviði fjarskipta og póstþjónustu og hefur sér í lagi eftirlit með framkvæmd laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu. Auk þess að hafa eftirlit með fjarskiptafyrirtækjum og póstþjónustuveitendum fer stofnunin með umsjón með auðlindum á borð við tíðnir og númer og hefur því víðtæka reynslu af stjórnun slíkra auðlinda, sem eru að miklu leyti sambærilegar við umsýslu annarra takmarkaðra gæða á borð við lén. Byggist frumvarp þetta að mörgu leyti á sambærilegum sjónarmiðum og fjarskiptalög og gerir ráð fyrir því að beita megi meginreglum fjarskiptalaga um marga þætti varðandi starfsemi skráningarstofu. Þykir það því vel við hæfi að nýta þekkingu og reynslu stofnunarinnar á sviði eftirlits með fjarskiptum og fela stofnuninni jafnframt að sjá um úthlutun starfsleyfa samkvæmt lögum þessum og fara með eftirlit með framkvæmd laganna.

Eins og fram hefur komið hefur um árabil ekki verið neitt eftirlit með starfsemi tengdri lénaumsýslu og er nú ætlunin að ráða bót á því. Sýnt þykir að ávinningur þjóðfélagsins sé slíkur að nauðsynlegt sé að tryggja eftirlit með starfsemi tengdri lénaumsýslu. Auk þess að tryggja tengsl landslénsins .is og annarra íslenskra höfuðléna við landið, er með lögunum settur rammi um eftirlit með starfsemi skráningarstofa án þess þó að takmarka athafnafrelsi nema að því marki sem nauðsynlegt er, svo sem til þess að tryggja eðlilegt verð á þjónustunni. Um leið er með frumvarpinu reynt að tryggja að gjaldtaka hins opinbera vegna eftirlitsins sé ekki meiri en sem nemur kostnaði við eftirlitið og þannig reynt að tryggja að aðilum sé ekki íþyngt um of.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um eftirlit og viðurlög. Lagt er til að Póst- og fjarskiptastofnun hafi eftirlit með því að skráningarstofa sinni skyldum sínum samkvæmt lögum þessum, með sambærilegum hætti og stofnunin fer með eftirlit með lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu.

Samkvæmt 1. mgr. fer Póst- og fjarskiptastofnun með eftirlit með framkvæmd laganna, þ.m.t. með starfsemi skráningarstofu, gjaldskrá hennar og því að starfsemi skráningarstofu uppfylli þau skilyrði sem ákvæði laga þessara og reglugerða með stoð í lögunum kveða á um. Hefur stofnunin einnig eftir atvikum eftirlit með starfsemi skráningaraðila og rétthafa léna.

Í þeim tilgangi að Póst- og fjarskiptastofnun geti sinnt eftirlitsskyldum sínum samkvæmt lögunum er stofnuninni í 2. mgr. greinarinnar heimilað að krefja þá aðila sem stunda starfsemi sem fellur undir lögin um allar þær upplýsingar og gögn sem nauðsynleg kunna að þykja við athugun einstakra mála.

Þá er í 3. mgr. greinarinnar kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun sé heimilt að kveða á um nauðsynleg úrræði séu ákvæði laganna ekki uppfyllt. Meðal þeirra úrræða sem stofnunin hefur yfir að ráða er að taka ákvörðun um afskráningu léns og eftir atvikum að lén verði

endurskráð með vísan til annars aðila. Þá skal stofnuninni heimilt að gera kröfu um úrbætur af hálfu rétthafa eða skráningarstofu komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að skilyrði skráningar samkvæmt lögum þessum séu ekki uppfyllt. Sé ekki orðið við fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar um úrbætur er stofnuninni heimilt að kveða á um að lén verði afskráð úr rétthafaskrá. Getur stofnunin jafnframt kveðið á um slík úrræði hafi annað eftirlitsstjórnvald komist að niðurstöðu um að skráning léns hafi verið ólögmæt, til að mynda vegna brots á vörumerkjarétti aðila eða vegna brots á lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Í 4. mgr. greinarinnar er fjallað ítarlega um sértækt eftirlit með skráningarstofu og er Póst- og fjarskiptastofnun heimilað að gera ráðstafanir til að kveða á um úrbætur eða stöðva rekstur skráningarstofu sem starfar án heimildar eða uppfyllir ekki skilyrði laga og reglna um starfsemina. Séu vanefndir verulegar eða ef skráningarstofa brýtur alvarlega gegn skilyrðum starfsleyfis er stofnuninni heimilt að afturkalla starfsleyfi skráningarstofu. Í því felst jafnframt að stofnunin hefur heimild til þess að taka yfir þá starfsemi sem nauðsynleg er til þess að tryggja órofa starfsemi landslénsins .is, þ.m.t. búnað og gagnagrunna tengd starfseminni. Hið sama gildir jafnframt ef skráningarstofa leggur niður starfsemi að fyrra bragði, verður gjaldþrota eða leitar nauðasamninga samkvæmt gjaldþrotalögum, nr. 21/1991. Nauðsynlegt er að tryggja að bregðast megi við hratt og örugglega komi slíkar aðstæður upp. Slíkt er alls ekki óhugsandi enda varð skráningarstofa landslénsins .fi í Finnlandi gjaldþrota í lok síðustu aldar og þurfti þá systurstofnun Póst- og fjarskiptastofnunar, FICORA, að grípa inn í, og þar í landi sér FICORA nú alfarið um lénaskráningar.

Að öðru leyti en að framan er talið gilda ákvæði laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, um eftirlitsúrræði stofnunarinnar, þ.m.t. varðandi þagnarskyldu, málsmeðferð, heimild til bráðabirgðaákvörðunar og sektarúrræði. Ekki þarf að taka fram að ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, taka til meðferðar mála þeirra sem stofnunin tekur fyrir að öðru leyti en kveðið er á um í þessum lögum.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er fjallað um viðskiptaskilmála og gjaldskrá skráningarstofu og eftirlit með viðskiptaskilmálum og gjaldskrá skráningarstofu. Er gerð sú krafa í 1. mgr. að almennir viðskiptaskilmálar skuli birtir. Þá eru nýir viðskiptaskilmálar háðir samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar og í því skyni að fara yfir skilmálana skulu nýir viðskiptaskilmálar sendir stofnuninni með að lágmarki 60 daga fyrirvara áður en þeim er ætlað að taka gildi. Telji stofnunin skilmála skráningarstofu fara gegn lögum, reglugerðum eða ákvæðum starfsleyfis getur hún krafist breytinga á skilmálunum þegar það á við.

Í 2. mgr. er fjallað um eftirlit með gjaldskrá skráningarstofu, og lögð sú skylda á Póst- og fjarskiptastofnun að hafa eftirlit með gjaldskrám skráningarstofu, sbr. einnig f-lið 1. mgr. 6. gr. Eitt meginmarkmið með lögunum er að tryggja eðlilegt verð á skráningum léna undir íslenskum höfuðlénum. Eftirlitið lýtur aðallega að því að tryggja að þjónustan sé veitt á eðlilegu og viðráðanlegu verði. Fylgjast ber með verðþróun með tilliti til almenns verðlags og kaupmáttar launa innan lands, auk þess sem hafa má hliðsjón af verðlagningu í helstu viðmiðunarríkjum. Einnig þarf að hafa eftirlit með því að uppsetning gjaldskrár sé skýr og eðlileg og að öllum landsmönnum sé boðið sama verð fyrir sömu þjónustu.

Byggist 16. gr. m.a. á þeim sjónarmiðum sem fram koma í 32. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, og taka ber mið af þeim sjónarmiðum sem þar fram koma eftir því sem við á. Má í því skyni jafnframt líta til sjónarmiða sem koma fram í reglugerð nr. 960/2001 um bók-

haldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja. Þá ber að gæta þess að samræmis sé gætt við áralanga framkvæmd Póst- og fjarskiptastofnunar á þessu sviði. Við beitingu þessa ákvæðis er eðlilegt að horft sé til þeirrar stjórnsýsluframkvæmdar sem þróast hefur í sambandi við kostnaðargreiningar Póst- og fjarskiptastofnunar á fjarskiptamarkaði, sbr. 32. gr. fjarskiptalaga, þ.m.t. til þeirra ákvarðana sem stofnun hefur tekið og þeirra úrskurða sem úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hefur kveðið upp og kunna að hafa fordæmisgildi á þessu sviði.

Um 17. gr.

Í greininni er kveðið á um úrlausnir deilumála. Til samræmis við almenna framkvæmd vegna úrlausna deilumála er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að hafi Póst-og fjarskiptastofnun tekið ákvörðun um mál, megi ákvörðunin sæta kæru til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, en fjallað er um úrskurðarnefndina í 13. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og reglugerð nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Um meðferð mála hjá úrskurðarnefndinni fer samkvæmt reglugerð nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, en að öðru leyti eftir VII. og VIII. kafla stjórnsýslulaga.

Þá þykir ástæða til þess að taka sérstaklega fram að grein þessi útilokar ekki málskot samkvæmt öðrum lögum. Gildir það bæði um dómstóla og málskot til annarra stjórnvalda, en ýmis önnur stjórnvöld kunna að eiga aðkomu að deilum um mál er varða skráningu á lénum. Má þar helst nefna Einkaleyfastofu, til að mynda í tengslum við deilur um vörumerki, og Neytendastofu þar sem Neytendastofa fer með eftirlit með lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Er stofnununum gert að setja sér sameiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausna mála sem geta fallið innan marka laga sem stofnanirnar fara með eftirlit með. Í þessum reglum skal m.a. leitast við að skýra valdmörk og verkskiptingu milli þessara stofnana, auk atriða sem geta greitt fyrir skilvirkri málsmeðferð, svo sem áframsending erinda og álitsumleitan. Ákvæðið er sambærilegt ákvæðum 2. mgr. 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, þar sem kveðið er á um að stofnanirnar skuli setja sér sameiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem geta fallið undir ákvæði póst- og fjarskiptalaga og samkeppnislaga. Sú framkvæmd hefur gefið góða raun og því rétt að kveða á um sambærilegar reglur hvað varðar lénamál, enda er slík framkvæmd til hagræðis frá sjónarhóli borgara og stjórnsýslu.

Eins og framkvæmd varðandi úrlausn deilumála vegna léna undir landsléninu .is hefur hingað til verið hefur starfað sérstök úrskurðarnefnd á vegum ISNIC sem er þó sjálfstæð og óháð í störfum sínum. Skipar stjórn ISNIC formann nefndar án tilnefningar en aðra nefndarmenn á grundvelli tilnefninga frá netsamfélaginu og Háskóla Íslands. Sker úrskurðarnefndin úr ágreiningsmálum er varða skráningu léna. Hafa þó nokkrir úrskurðir fallið á árunum 2001 til 2007, en engin mál hafa fallið síðan þá. Úrskurðarnefndin tekur ekki fyrir mál sem jafnframt eru til meðferðar hjá dómstólum. Sérstakt óafturkræft kærugjald er tekið fyrir allar kærur til úrskurðarnefndarinnar. Hefur þetta fyrirkomulag sætt nokkurri gagnrýni, bæði hvað varðar fjárhæð kærugjalds en jafnframt um lagastoð úrskurðarnefndarinnar. Með ákvæði 17. gr. er verið að leggja af kæruleið til úrskurðarnefndar á vegum ISNIC og tryggja að þeir sem telja á sér brotið geti með einföldum hætti leitað úrlausna vegna deilumála hjá opinberu stjórnvaldi.

Úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta áfrýjun til úrskurðarnefndar Póst- og fjarskiptamála, Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála og Einkaleyfastofu til áfrýjunarnefndar um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar. Úrskurðum eftirlitsstofnana og áfrýjunar-

nefnda má vísa til dómstóla, auk þess sem aðilum er ávallt fært að leita beint til dómstóla til þess að fá úrlausn ágreiningsefna sinna.

Um V. kafla – ýmis ákvæði.

Um 18. gr.

Í 18. gr. er ráðherra veitt heimild til þess að skipa sérstaka ráðgjafarnefnd um lénamál. Er gert ráð fyrir að ráðgjafarnefndin sé skipuð til þriggja ára í senn og skuli hlutverk hennar m.a. vera að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um lénamál, þ.m.t. að veita stjórnvöldum umsagnir um lénamál, reglur og löggjöf um lénamál sem og stefnumarkandi ákvarðanir á sviði lénamála, eftir þörfum. Um leið er ráðgjafarnefndinni ætlað að vera samráðsvettvangur hagsmunaaðila á Íslandi um framkvæmd lénaumsýslu og málefni netsins.

Á ráðgjafarnefndin sér fyrirmynd í fjarskiptalögum, nr. 81/2003, þar sem kveðið er á um skipan fjarskiptaráðs. Þá verður ekki hjá því litið að eitt helsta einkenni þróunar netsins og netsamfélagsins um víða veröld er að hún hefur að miklu leyti farið fram í samstarfi og samráði netsamfélagsins í heild. Hefur núverandi skráningarstofa landslénsins .is, ISNIC, jafnframt haft þann háttinn á að leita víðtæks samráðs meðal netsamfélagsins og háskólasamfélagsins við mikilvægar breytingar, svo sem breytingar á reglum um lénaskráningar og þess háttar. Er það því talið eðlilegt og jákvætt að til sé grundvöllur slíks samráðsvettvangs á sviði lénamála og er með skipan ráðgjafarnendar um lénamál leitast við að koma á sérstökum vettvangi hagsmunaaðila, bæði fyrirtækja, neytenda og almennra netnotenda. Með skipun ráðsins vilja stjórnvöld leita samráðs eða umsagna um lénamál frá samtökum hagsmunaaðila með víðtæka sérþekkingu á sviðinu. Er því gert ráð fyrir að ráðherra skuli skipa fulltrúa í ráðgjafarnefndina með hliðsjón af því að ná fram sjónarmiðum helstu hagsmunaaðila á þessu sviði.

Um 19. gr.

Með greininni er lagt til að ráðherra geti í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laganna og þarfnast ákvæðið ekki nánari skýringar.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Til þess að tryggja órofa starfsemi .is landslénsins þykir nauðsynlegt að fyrsta starfsleyfi skráningarstofu vegna landslénsins .is sé veitt því fyrirtæki sem nú þegar starfar sem skráningarstofa vegna landslénsins .is. Er það gert m.a. með hliðsjón af þeirri reynslu og faglegri þekkingu sem fyrirtækið býr yfir. Er Póst- og fjarskiptastofnun falið að útfæra starfsleyfið í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén.

Með frumvarpi þessu er lagður til lagarammi um lénaumsýslu hér á landi. Hingað til hafa ekki gilt sérstakar reglur um stjórnun og skráningu léna og með frumvarpi þessu er lagt til að svo verði gert til samræmis við það sem gert er erlendis. Með frumvarpinu er fastsettur rammi um stjórnun íslenskra léna, sem hafa verið eða verða úthlutað til Íslands, og er þar fyrst og fremst átt við stjórnun landslénsins .is en nær þó jafnframt til annarra íslenskra höfuðléna sem kunna að koma til á næstu árum. Er í frumvarpinu lagt til að lénaumsýsla sé frjáls hverjum þeim sem hana vill stunda, en sé þó háð starfsleyfi og eftirliti opinberra aðila. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að settur verði á stofn sérstakur samráðsvettvangur um lénamál sem skal vera stjórnvöldum ráðgefandi varðandi málefni internetsins.

Gert er ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun hafi eftirlit með framkvæmd laganna, gefi út starfsleyfi og hafi eftirlit með leyfishöfum. Þetta er í samræmi við það sem almennt er viðhaft erlendis, að þeir aðilar sem fara með fjarskiptamál fari jafnframt með yfirstjórn landslénsins .is og annarra íslenskra höfuðléna. Eins og staðan er í dag er um einn rekstraraðila að ræða sem gert er ráð fyrir að fái starfsleyfi til fimm ára og því um óverulega viðbót við eftirlitsskyldur Póst- og fjarskiptastofnunar að ræða.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er því ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1250. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga. [726. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði um sveitarfélög.

1. gr.
Sjálfstjórn sveitarfélaga.

Landið skiptist í sveitarfélög sem sjálf ráða málefnum sínum á eigin ábyrgð.

Með stjórn sveitarfélaga fara sveitarstjórnir sem kjörnar eru lýðræðislegri kosningu af íbúum þeirra samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Hver maður telst íbúi sveitarfélags þar sem hann á lögheimili.

Sveitarfélög eru lögaðilar.

2. gr.
Yfirstjórn sveitarstjórnarmála.

Ráðuneyti sveitarstjórnarmála fer með málefni sveitarfélaga.

Ráðherra sveitarstjórnarmála skal í störfum sínum standa vörð um hagsmuni sveitarfélaganna, sjálfstjórn þeirra, verkefni og fjárhag.

Engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skal ráðið til lykta án umfjöllunar sveitarstjórnarinnar.

3. gr.
Markmið laganna og forsendur.

Með lögum þessum er markaður almennur grundvöllur að starfsemi og stjórnskipulagi sveitarfélaga. Lögin byggjast á þeim forsendum að:

1. sveitarfélög séu sjálfstæð stjórnvöld sem er stjórnað af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnum í umboði íbúa sveitarfélagsins,
2. skipulag og starfsaðstæður sveitarfélaga séu þannig að þau geti sjálf borið ábyrgð á framkvæmd verkefna sem þeim er falið að sinna,
3. sveitarfélög geti haft samvinnu sín á milli um starfrækslu þeirra verkefna sem þau geta ekki leyst af hendi á eigin vegum eða þau telja hagkvæmara að leysa með þeim hætti,
4. afskipti annarra stjórnvalda af málefnum sveitarfélaga taki ávallt mið af sjálfstjórn sveitarfélaga samkvæmt stjórnarskrá og sáttmála Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélaga,
5. sveitarfélög hafi sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrám sem þeim er heimilt að setja.

4. gr.
Staðarmörk sveitarfélaga.

Sveitarfélög hafa ákveðin staðarmörk sem ráðast af útmerkjum þeirra fasteigna, þ.m.t. þjóðlenda, sem innan þeirra liggja.

Óheimilt er að breyta mörkum sveitarfélaga nema með lögum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur ráðherra breytt mörkum sveitarfélaga í tengslum við sameiningu þeirra eða til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarfélaga. Birta skal staðfestingu ráðherra á breytingum staðarmarka sveitarfélags í Stjórnartíðindum.

Réttur sveitarfélaga til ákvarðana eða umsagna um nýtingu sjávarbotns eða sjávar innan íslenskrar lögsögu en utan marka sveitarfélags fer að ákvæðum sérlaga hverju sinni.

5. gr.
Heiti sveitarfélags.

Sveitarstjórn ákveður heiti sveitarfélags að fenginni umsögn örnefnanefndar. Skal það samrýmast íslenskri málfræði og málvenju. Ef könnun er gerð meðal íbúa á viðhorfi til breytingar á nafni sveitarfélags eða á nafni nýs sveitarfélags skal leita umsagnar örnefnanefndar um þau nöfn sem um ræðir.

Ekki má breyta nafni sveitarfélags eða gefa nýju sveitarfélagi nafn nema með staðfestingu ráðuneytisins. Þegar nýtt heiti sveitarfélags hefur verið ákveðið skal samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, sbr. 9. gr., breytt til samræmis og tekur nýtt heiti gildi við gildistöku hennar.

6. gr.
Byggðarmerki.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag. Skráning byggðarmerkis veitir sveitarfélagi einkarétt á notkun þess.

Byggðarmerki skulu skráð hjá Einkaleyfastofu sem veitir umsóknum viðtöku og kannar skráningarhæfi merkjanna.

Viðkomandi ráðherra setur nánari reglur um skráningu byggðarmerkja, m.a. varðandi umsóknir og meðferð þeirra, skilyrði fyrir skráningu, ógildingu, birtingu og gjöld fyrir umsóknir og vottorð úr byggðarmerkjaskrá.

7. gr.
Almennar skyldur sveitarfélaga.

Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum. Ráðuneytið gefur árlega út leiðbeinandi yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga, flokkuð eftir því hvort verkefni eru skyldubundin eða ekki.

Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

II. KAFLI
Um sveitarstjórn.

8. gr.
Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum laga þessara og annarra laga. Starfsemi sveitarfélags fer fram á einu stjórnsýslustigi leiði annað ekki með beinum hætti af lögum.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skal sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélags.

Sveitarstjórn getur ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði sveitarfélagið.

9. gr.

Samþykkt um stjórn, stjórnsýslu og fundarsköp.

Sveitarstjórnir skulu gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Þar skal einnig kveðið á um fundarsköp sveitarstjórnarinnar og nefnda hennar. Samþykktin nefnist samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og skal send ráðuneytinu til staðfestingar.

Ráðuneytið semur fyrirmynd að samþykkt skv. 1. mgr. og birtir hana í Stjórnartíðindum. Gildir fyrirmyndin þar til sérstök samþykkt hefur verið gerð fyrir sveitarfélagið.

10. gr.

Heiti sveitarstjórnar o.fl.

Yfirstjórn hvers sveitarfélags nefnist sveitarstjórn. Heimilt er sveitarstjórn að nota heitið hreppsnefnd eða bæjarstjórn, enda styðjist slík málnotkun við hefð. Byggðarráð má á sama hátt nefna hreppsráð eða bæjarráð, framkvæmdastjóra má nefna bæjarstjóra eða sveitarstjóra og oddvita má nefna forseta bæjarstjórnar.

Reykjavík er höfuðborg Íslands. Í Reykjavíkurborg nefnist sveitarstjórnin borgarstjórn, byggðarráð nefnist borgarráð, framkvæmdastjóri nefnist borgarstjóri og oddviti nefnist forseti borgarstjórnar.

11. gr.

Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn.

Í sveitarstjórn skal fjöldi fulltrúa standa á oddatölu. Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn skal ákveðinn í samþykkt skv. 9. gr. og skal vera innan þeirra marka sem hér segir:

1. Þar sem íbúar eru undir 2.000: 5–7 aðalmenn.
2. Þar sem íbúar eru 2.000–9.999: 7–11 aðalmenn.
3. Þar sem íbúar eru 10.000–49.999: 11–15 aðalmenn.
4. Þar sem íbúar eru 50.000–99.999: 15–23 aðalmenn.
5. Þar sem íbúar eru 100.000 eða fleiri: 23–31 aðalmenn.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ekki skylt að fækka eða fjölga aðalmönnum í sveitarstjórn fyrr en íbúatala hefur verið hærri eða lægri en viðmiðunarmörkin í átta ár samfellt talið frá næstu áramótum fyrir almennar kosningar til sveitarstjórna. Íbúatala grundvallast á íbúaskrá þjóðskrár.

12. gr.

Ný sveitarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Áður en nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum hefur hún ekki umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórninni boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar átt jafnlengi setu í sveitarstjórninni fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein. Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

13. gr.

Kjör oddvita og varaoddvita.

Á fyrsta fundi kýs sveitarstjórn oddvita og einn eða fleiri varaoddvita.

Sá telst rétt kjörinn oddviti sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði.

Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en nú á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu oddvita skjal kjósa varaoddvita. Kosning varaoddvita fer fram með sama hætti og oddvita, enda fari ekki um kosningu hans skv. 5. mgr.

Í samþykkt um stjórn sveitarfélags má ákveða að kjósa skuli fyrsta og annan varaoddvita til að gegna, í þeirri röð, störfum oddvita í forföllum hans. Skal kosning þeirra vera hlutfallskosning, enda sé ekki full samstaða um annað innan sveitarstjórnar.

Tilkynna skal kosningu oddvita og varaoddvita til ráðuneytis þegar að því loknu.

Kjörtímabil oddvita og varaoddvita er hið sama og sveitarstjórnar nema sveitarstjórn ákveði annað. Njóti oddviti eða varaoddviti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef oddviti eða varaoddviti forfallast varanlega eða fá lausn frá starfi.

III. KAFLI

Sveitarstjórnarfundir.

14. gr.

Skylda til að halda fundi.

Sveitarstjórn skal halda reglulega fundi á þeim stað og tíma sem ákveðið er fyrir fram eða mælt er fyrir um í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Aukafundi skal halda þegar oddviti eða framkvæmdastjóri telja það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

15. gr.

Boðun og auglýsing funda.

Framkvæmdastjóri eða oddviti, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, boðar fundi. Fundarboð skal berast sveitarstjórnarmönnum ekki síðar en þremur sólarhringum fyrir fund. Fundarboð vegna aukafunda skal berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Nánari fyrirmæli um boðun funda er unnt að setja í samþykkt um stjórn sveitarfélags.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Íbúum sveitarfélags skal kunngert með opinberri auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórn heldur fundi. Einnig skal sveitarstjórn birta opinberlega innan sömu tímafresta og við á um sveitarstjórnarmenn fundarboð og dagskrá fundar, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi. Auglýsing á vefsíðu sveitarfélags telst fullnægjandi.

16. gr.
Opnir fundir.

Fundir sveitarstjórna eru opnir. Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélags séu viðstaddir.

17. gr.
Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Ef fjarlægðir í sveitarfélagi eru miklar eða samgöngur innan sveitarfélags eru erfiðar er heimilt að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar. Skal þá mælt fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku í fundi og atkvæðagreiðslu, tryggja skal óskerta möguleika þeirra sem viðstaddir eru fund til að fylgjast með því sem þar fer fram, sbr. 1. mgr. 16. gr., og jafnframt skal tryggja öryggi samskipta milli fundarmanna, t.d. þannig að óviðkomandi geti ekki fylgst með umræðum um mál sem eru háð trúnaði.

18. gr.
Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili, um:

1. samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra,
2. staðfestingu ársreiknings,
3. stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélags í heild eða meiri hluta þess,
4. tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 121. gr.

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

19. gr.
Fundarstjórn og fundargerðir.

Oddviti stjórnar fundum sveitarstjórnar. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að fundir fari að öðru leyti fram í samræmi við lög, samþykktir sveitarfélagsins og almenn fundarsköp.

Ráðherra setur með auglýsingu leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, m.a. um hvað þar er skylt að bóka, um staðfestingu þeirra þegar að loknum fundi og skráningu og meðferð rafrænna fundargerða. Þar skal einnig setja nánari viðmið um framkvæmd fjarfunda skv. 17. gr.

20. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélaga til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í lögum þessum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar, nema strangari regla sé sett í samþykkt um stjórn og fundarsköp. Þá verður starfsmaður sveitarfélags ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélags að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélags.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn eða nefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa eða taka ákvörðun í tilteknu máli sem lagt er fyrir sveitarstjórn eða nefnd eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin eða nefndin fjallar um málið. Þetta á þó ekki við um framkvæmdastjóra.

Ákvæði 4. mgr. á ekki við þegar sveitarstjórn eða viðkomandi nefnd fjallar um og afgreiðir ársreikninga, fjárhagsáætlanir, skipulagsáætlanir og aðrar almennar áætlanir sveitarfélagsins, enda eigi sveitarstjórnarmaður eða nefndarmaður ekki sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra við afgreiðslu viðkomandi málefnis.

Sveitarstjórnarmaður, nefndarfulltrúi eða starfsmaður sveitarfélags sem veit hæfi sitt eða annars orka tvímælis skal án tafar vekja athygli oddvita, formanns nefndar eða næsta yfirmanns á því.

Sveitarstjórn tekur ákvörðun um hæfi sveitarstjórnarmanns til meðferðar og afgreiðslu einstakra mála. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Nefnd tekur ákvörðun um hæfi nefndarmanns. Nefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður eða nefndarmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

21. gr.

Varamenn.

Þegar kosið hefur verið til sveitarstjórnar óbundinni kosningu taka varamenn sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir.

Þegar kosið hefur verið til sveitarstjórnar hlutbundinni listakosningu, eða listi hefur verið sjálfkjörinn, taka varamenn af lista aðalfulltrúa sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir.

Ef framboðslisti hefur verið borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um að varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalmaður, taki sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn varamaður

af viðkomandi lista í sama stjórnmálaflokki eða samtökum og sá aðalfulltrúi sem í hlut á taka varamenn listans sæti samkvæmt venjulegum reglum. Hér skal ávallt miðað við stöðu viðkomandi á þeim tíma er kjör til sveitarstjórnar fór fram.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar að loknum sveitarstjórnarkosningum og gildir hún til loka kjörtímabils.

IV. KAFLI
Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

22. gr.
Mætingarskylda.

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli, sbr. 31. gr.

23. gr.
Skylda til að taka kjöri.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi starf fer fram.

24. gr.
Aðrar almennar skyldur sveitarstjórnarmanna.

Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

Sveitarstjórnarmönnum ber að gegna starfi sínu af alúð og samviskusemi. Sveitarstjórnarmönnum ber í hvívetna að gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins sem og öðrum almannahagsmunum.

25. gr.
Sjálfstæði í starfi.

Sveitarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

26. gr.
Málfrelsi, tillöguréttur og atkvæðisréttur.

Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.

Vilji sveitarstjórnarmaður ekki una úrskurði oddvita um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

27. gr.

Réttur til að bera upp mál.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á útsendri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis allra fundarmanna. Undantekningu frá því má þó gera ef afgreiðsla máls þolir ekki bið eða mál er augljóslega svo einfalt að frestun á afgreiðslu þess hefur enga þýðingu, enda samþykki 2/3 hlutar fundarmanna þá málsmeðferð.

28. gr.

Aðgangur að gögnum og þagnarskylda.

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Sveitarstjórn skal í samþykkt um stjórn sveitarfélags mæla nánar fyrir um rétt sveitarstjórnarmanna til að fá afhent afrit gagna sem falla undir 1. mgr. og um fyrirkomulag og framkvæmd aðgangs að skrifstofu og stofnunum sveitarfélags skv. 2. mgr.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

29. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Sveitarstjórn er heimilt að setja sér siðareglur sem sendar skulu ráðuneytinu til staðfestingar. Ef siðareglur eru í gildi skal ný sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til endurskoðunar þeirra. Ef niðurstaðan er sú að siðareglur þarfnist ekki endurskoðunar halda þær gildi sínu. Tilkynna skal ráðuneytinu um þá niðurstöðu.

Öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur.

Samband íslenskra sveitarfélaga skipar nefnd sem veitt getur álit um siðareglur og um ætluð brot á þeim. Ráðuneytið getur borið tillögur sveitarstjórna um siðareglur undir nefndina áður en það tekur þær til staðfestingar.

30. gr.

Lausn frá störfum.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn.

Telji sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, svo sem vegna veikinda eða annarrar vinnu, getur sveitarstjórn létt af honum störfum eða veitt honum lausn úr sveitarstjórn, að hans ósk, um tiltekinn fyrir fram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélagi um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarmaður flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir sveitarstjórnarmaður kjörgengi samkvæmt hefðbundnum reglum.

Ef sveitarstjórnarmaður missir fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

31. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefði í för með sér að gengið væri gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilbrigðisástæðum eða vegna annarra óviðráðanlegra ástæðna tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í sveitarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

Varamenn verða ekki kallaðir til í öðrum tilvikum en fram koma í grein þessari. Sveitarstjórn sker úr um hvort skilyrði til boðunar varamanns séu fyrir hendi.

32. gr.

Réttur til þóknunar o.fl.

Skylt er sveitarstjórn að ákveða hæfilega þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra. Sé um langan veg að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar skal einnig ákveða hæfilega greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar sé um hann að ræða.

Nú tekst sveitarstjórnarmaður ferð á hendur í þágu sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og á hann þá rétt til greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn er heimilt að setja nánari reglur um réttindi sveitarstjórnarmanna samkvæmt þessari grein, svo sem varðandi lífeyrissjóði, fæðingarorlof og biðlaun.

Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

33. gr.

Réttur til þátttöku í sveitarstjórnarstörfum.

Atvinnuveitanda er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum af þeirri ástæðu að hann hafi boðið sig fram til sveitarstjórnar eða verið kjörinn í sveitarstjórn.

Sé starfsmanni sem hefur boðið sig fram til sveitarstjórnar eða verið kjörinn í sveitarstjórn sagt upp starfi skal vinnuveitandi hans sýna fram á að ástæður uppsagnar sé ekki að rekja til þeirra atriða.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á fjarveru úr starfi að því leyti sem honum er nauðsynlegt til að sinna lögbundinni mætingarskyldu á fundi í sveitarstjórn, hjá nefndum sveitarfélagsins

og á aðra fundi sem hann hefur verið kjörinn til að sækja fyrir hönd sveitarstjórnar. Teljist viðvera starfsmanns nauðsynleg vegna sérstakra og rökstuddra atvika getur atvinnuveitandi þó hafnað ósk starfsmanns um fjarveru.

Réttur til fjarveru skv. 3. mgr. á ekki við um sveitarstjórnarmann sem jafnframt er framkvæmdastjóri sveitarfélags.

34. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í sveitarstjórn.

V. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

35. gr.

Byggðarráð.

Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð. Í sveitarstjórnum sem eru skipaðar fimm aðalfulltrúum er þó ekki heimilt að kjósa byggðarráð.

Byggðarráð telst til fastanefnda sveitarstjórnar, sbr. 37. gr. Ákvæði þessa kafla, þar á meðal um framsal á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála, eiga við um byggðarráð að því leyti sem annað er ekki sérstaklega tekið fram.

Byggðarráð fer ásamt framkvæmdastjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Byggðarráð hefur eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir sveitarstjórn. Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Heimilt er að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélags að byggðarráð taki að meira eða minna leyti við starfi annarra fastanefnda sveitarstjórnar. Einnig er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélags að ályktanir, tillögur og fundargerðir annarra nefnda megi leggja fyrir byggðarráð til umfjöllunar áður en þær eru lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða endanlegrar afgreiðslu einstakra ályktana eða tillagna sem þar koma fram. Þá er heimilt að fela byggðarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem samkvæmt samþykktum sveitarfélags hafa áður komið til umfjöllunar annarra nefnda sveitarstjórnar.

36. gr.

Kosning í byggðarráð.

Byggðarráð skal kosið til eins árs í senn nema annað sé ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélags.

Fjöldi aðalmanna í byggðarráði skal standa á oddatölu. Aðalmenn í byggðarráði skulu ekki vera fleiri en nemur helmingi af aðalfulltrúum í sveitarstjórn, þó mest níu. Kjósa skal jafnmarga aðal- og varamenn.

Aðalmenn í byggðarráði skulu koma úr hópi aðalmanna í sveitarstjórn. Varamenn skal einnig velja úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni. Heimilt er þó að ákveða að aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.

37. gr.

Fastanefndir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélags. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnarinnar, nema annað leiði af lögum eða samþykktum um stjórn sveitarfélagsins. Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þó að svo sé kveðið á í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til að fara með tiltekin verkefni.

Í sveitarfélögum þar sem erfiðlega horfir með að manna nefndir er sveitarstjórn heimilt að fara sjálf með verkefni lögskipaðrar nefndar nema verkefni hennar sé ósamrýmanlegt störfum sveitarstjórnar að mati ráðuneytisins.

38. gr.

Nefnd fyrir hluta sveitarfélags.

Sveitarstjórn getur kosið nefnd til að fara með afmörkuð málefni eða málaflokka í hluta sveitarfélags.

Ef mælt er fyrir um kosningu slíkrar nefndar í lögum eða samþykkt um stjórn sveitarfélags telst hún til fastanefnda sveitarstjórnar.

Í samþykkt um stjórn sveitarfélags má ákveða að nefnd samkvæmt þessari grein skuli kosin af íbúum viðkomandi hluta sveitarfélags sem kosningarrétt eiga samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Eru þá jafnframt aðeins kjörgengir í nefndina íbúar viðkomandi hluta sveitarfélagsins.

Ákvörðun skv. 3. mgr. er háð samþykki ráðuneytisins og er m.a. háð því skilyrði að hægt sé að gefa út kjörskrárstofn fyrir þann hluta sveitarfélagsins sem um ræðir, sbr. 4. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna. Um kosningu samkvæmt grein þessari gilda að öðru leyti ákvæði þeirra laga.

Ákvæði 44., 45. og 49. gr. gilda ekki um skipun nefndar sem er kosin skv. 3. mgr. Að öðru leyti gilda um störf slíkrar nefndar, kjörgengi, réttindi og skyldur nefndarmanna og aðra þætti ákvæði þessara laga eftir því sem við getur átt.

39. gr.

Nefnd til að fara með einstök verkefni eða málaflokka.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að fjalla um og undirbúa einstök mál, málaflokka eða verkefni. Umboð slíkra nefnda getur sveitarstjórn afturkallað hvenær sem er og fellur það sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar.

Í nefndir samkvæmt þessari grein má kjósa einstaklinga sem ekki hafa náð aldri til að njóta kosningarréttar í sveitarfélagi og einstaklinga sem ekki eiga þar lögheimili.

40. gr.

Valdsvið nefnda.

Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kýs nema slíkt sé ákveðið í lögum.

Hafi nefnd ekki verið falin fullnaðarafgreiðsla máls samkvæmt lögum eða samþykkt um stjórn sveitarfélagsins teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar.

41. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir byggðarráð eða sveitarstjórn eftir því hver háttur er hafður á fullnaðarafgreiðslu í viðkomandi málaflokki. Ef fundargerðir nefnda innihalda ályktanir eða tillögur sem þarfnast staðfestingar byggðarráðs eða sveitarstjórnar ber að taka viðkomandi ályktanir og tillögur fyrir sem sérstök mál og afgreiða þau með formlegum hætti. Ef fundargerðir nefnda innihalda hins vegar ekki slíkar ályktanir eða tillögur er nægjanlegt að þær séu lagðar fram til kynningar.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Eftir því sem við á gildir ákvæði þetta einnig um afgreiðslu sveitarstjórnar á fundargerðum byggðarráðs.

42. gr.

Framsal sveitarstjórnar á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að fela fastanefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins, nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því. Ef fastanefnd er falið vald samkvæmt þessari málsgrein skal fjöldi nefndarmanna standa á oddatölu.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum er sveitarstjórn heimilt að fela einstökum starfsmönnum sveitarfélags fullnaðarafgreiðslu mála. Sveitarstjórn, byggðarráð eða hlutaðeigandi fastanefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem eru teknar á grundvelli hennar. Þessi málsgrein hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsmanna sveitarfélags til töku ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu sveitarfélags og teljast leiða af stöðuumboði þeirra.

Sá starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. 2. mgr., eða þriðjungur hlutaðeigandi fastanefndar skv. 1. mgr., getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi fastanefnd samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins taki ákvörðun í máli.

Þegar sveitarstjórn nýtir heimildir skv. 1. eða 2. mgr. skal jafnframt kveða á um það í samþykkt sveitarfélagsins hver skuli taka fullnaðarákvörðun í máli skv. 3. mgr. og hvernig skuli fara með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

43. gr.

Kosningar og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélags, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka, byggðarráð og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefndarsetu.

44. gr.

Framlagning lista við hlutfallskosningu.

Við bundna hlutfallskosningu í nefndir skal framlagning lista fara fram með eftirfarandi hætti:

1. Leggja skal fram lista þar sem fram koma tillögur um fulltrúa í viðkomandi nefnd. Hver sveitarstjórnarmaður getur aðeins staðið að tillögu um einn lista í hverja nefnd. Listi getur innihaldið allt að tvöföldum þeim fulltrúafjölda sem kjósa skal til nefndarinnar. Nafn sveitarstjórnarmanns má aðeins setja á þann lista sem hann sjálfur stendur að tillögu um.
2. Ef velja á tvo eða þrjá fulltrúa í nefnd skal a.m.k. einn af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á fjóra eða fimm fulltrúa skulu a.m.k. tveir af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á sex til átta í nefnd skulu a.m.k. þrír af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á níu fulltrúa skulu a.m.k. fjórir af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á fleiri í nefnd skal a.m.k. 40% af hvoru kyni vera á lista. Ef kjörgengi í nefnd er bundið við sveitarstjórnarmenn eða varamenn þeirra á þessi regla þó ekki við. Hið sama á við ef kjörgengi í nefnd er bundið með þeim hætti að ekki er fært að fullnægja kröfum samkvæmt þessum lið.
3. Tillaga um lista skal lögð fram skriflega og undirrituð af a.m.k. einum þeirra sveitarstjórnarmanna sem stendur að henni. Ef gerð er tillaga um fulltrúa sem ekki er skylt að taka kjöri í viðkomandi nefnd skal liggja fyrir samþykki hans fyrir tilnefningunni.

45. gr.

Kosning á milli lista.

Kosning á milli lista skal fara fram á eftirfarandi hátt:

1. Nefndarsætum er deilt á viðkomandi lista í hlutfalli við þau atkvæði sem hver listi fær á grundvelli eftirfarandi reglu: Deila skal atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Þegar ákveðnar hafa verið útkomutölur fyrir hvern lista skal ákvarða hvaða fulltrúar hafa fengið kosningu í nefnd. Það er gert á eftirfarandi hátt: Fyrsta fulltrúa fær sá listi sem hefur hæsta útkomutölu. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið þar til úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.
3. Ef of fá nöfn eru á lista þegar til úthlutunar kemur skal ganga framhjá þeim lista við frekari úthlutun. Ef tvær eða fleiri útkomutölur eru jafnháar fær sá listi sem hefur fleiri atkvæði á bak við sig sætið en annars skal varpa hlutkesti.
4. Ef í ljós kemur að þessu loknu að annað kynið hefur ekki svo marga fulltrúa af hverjum lista fyrir sig og krafist er í 2. tölul. 44. gr. skal færa einstaklinga af því kyni sem fulltrúa vantar svo langt upp listann sem þarf þannig að tilskilið hlutfall náist.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. við skipun í viðkomandi nefnd.

46. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla eftir því sem við getur átt.

47. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn, og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn af þeim lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

48. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna í nefndir gilda ákvæði 31. gr. eftir því sem við getur átt.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju. Ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla um varamenn eiga einnig við um varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

49. gr.

Lausn frá nefndasetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélags, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus. Við framan-

greindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. um kynjahlutföll.

50. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Hafi sveitarstjórn verið kjörin bundinni hlutfallskosningu og einhver framboðsaðili sem fulltrúa á í sveitarstjórn nær ekki kjöri í byggðarráð er fulltrúum þessa aðila heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að sama regla gildi um aðrar fastanefndir, enda hafi þeim verið falið fullnaðarákvörðunarvald í málum.

Réttur samkvæmt síðari málslið 1. mgr. nær ekki til barnaverndarnefnda. Að öðru leyti skulu áheyrnarfulltrúar sem eru skipaðir samkvæmt þeirri heimild víkja af fundi nefndar þegar til afgreiðslu nefndar eru málefni einstaklinga eða lögaðila og sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu taka til.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skv. 1. mgr. skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

51. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf samkvæmt mati sveitarstjórnar í samræmi við reglur sem hún setur. Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags.

52. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélaga eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem viðkomandi fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

53. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélagi væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélags í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

VI. KAFLI
Framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélaga.

54. gr.
Ráðning framkvæmdastjóra.

Sveitarstjórn ræður framkvæmdastjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélags. Heimilt er tveimur sveitarfélögum eða fleiri að ráða sameiginlegan framkvæmdastjóra.

Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími framkvæmdastjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar. Heimilt er að semja um gagnkvæman uppsagnarfrest innan ráðningartíma.

55. gr.
Hlutverk framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Framkvæmdastjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda sveitarstjórnar.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að fundir sveitarstjórnar, byggðarráðs og annarra nefnda sveitarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi sveitarstjórn ekki falið það öðrum.

Framkvæmdastjóri er prókúruhafi sveitarfélags. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Framkvæmdastjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

Í samþykkt um stjórn sveitarfélags skal setja nánari ákvæði um verksvið framkvæmdastjóra og mörk milli þess og ákvörðunarvalds sveitarstjórnar og byggðarráðs.

56. gr.
Ráðning annarra starfsmanna.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og veitir þeim lausn frá starfi. Um ráðningu annarra starfsmanna annast framkvæmdastjóri, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins eða með almennum fyrirmælum.

57. gr.
Starfskjör, réttindi og skyldur.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og eða ákvæðum ráðningarsamninga.

Starfsmenn sveitarfélaga og aðrir sem sveitarfélög ráða til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara

samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

VII. KAFLI
Fjármál sveitarfélaga.

58. gr.
Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast meðal annars ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélags,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. um álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

Ráðherra mælir í reglugerð nánar fyrir um þær ákvarðanir skv. 5. og 6. tölul. 1. mgr. sem þurfa ekki sérstakt samþykki sveitarstjórnar, enda rúmist þær innan fjárhagsáætlunar til eins árs og fjárhagsáætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

59. gr.
Reikningsárið og bókhaldsskylda.

Reikningsár sveitarfélaga er almanaksárið. Sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki eru bókhaldsskyld og gilda ákvæði laga um bókhald og laga um ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur, um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga. Bókhaldi sveitarfélags skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri, efnahag og sjóðstreymi.

60. gr.
Flokkun í bókhaldi og reikningsskilum.

Í reikningsskilum sveitarfélaga skal skipta starfsemi þeirra þannig:

1. A-hluti, sem í lögum þessum merkir aðalsjóð sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.
2. B-hluti, sem í falla stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Sveitarfélögum er heimilt eftir því sem leiðir af viðkomandi lagareglum að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem er bundið í rekstri stofnana þeirra og fyrirtækja.

61. gr.
Ársreikningur.

Ársreikningur sveitarfélags skal gerður eftir almennum reglum um ársreikninga, auk annarra viðeigandi laga og reglna. Hann skal gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélags, efnahag og breytingu á handbæru fé á viðkomandi ári. Í ársreikningi skal koma fram samanburður við

ársreikning undanfarins árs og við upphaflega fjárhagsáætlun ársins. Í skýringum skal gera sérstaklega grein fyrir ástæðum verulegra frávika um útgjöld og tekjur frá því sem ákveðið var með samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir viðkomandi ár.

Í ársreikningi skal koma fram skýrt yfirlit um allar ábyrgðir sveitarfélags og helstu samningsskuldbindingar.

Ársreikningur sveitarfélags skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélags, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess ekki síðar en 15. maí ár hvert.

62. gr.

Fjárhagsáætlanir.

Sveitarstjórn skal á hverju ári samþykkja fjárhagsáætlun fyrir næstu fjögur ár. Skal hún fela í sér heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins, bæði A- og B-hluta skv. 60. gr. Á sama fundi og fjögurra ára áætlun er afgreidd skal sveitarstjórn samþykkja fjárhagsáætlun fyrir næsta reikningsár. Skal sú áætlun fela í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til, sbr. nánari fyrirmæli 63. gr.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Byggðarráð eða framkvæmdastjóri sé byggðarráð ekki kjörið leggur tillögu um fjárhagsáætlanir skv. 1. mgr. fyrir sveitarstjórn ekki síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um þær á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða þær samhliða og ekki síðar en 15. desember.

Tillögum skv. 3. mgr. skulu fylgja upplýsingar um þær forsendur sem byggt er á. Tillögunum skal fylgja lýsing helstu framkvæmda og skuldbindinga sem gert er ráð fyrir.

63. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli fjárlagaliða í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

64. gr.

Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:

1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og
2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, skuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar skuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tölul. 2. mgr.

65. gr.

Örugg meðferð fjármuna.

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með öruggum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Sveitarfélögum er óheimilt að fjárfesta í hagnaðarskyni nema um sé að ræða verkefni sem þeim hefur með lögum verið falið eða heimilað að sinna.

66. gr.

Miklar fjárfestingar og skuldbindingar.

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Hér undir falla m.a. framkvæmdir, fjárfestingar í eignum, samningar um þjónustu, sölu og endurleigu fasteigna, fjármögnunarsamningar, rekstrarleigusamningar og því um líkar ráðstafanir. Hér undir falla einnig ákvarðanir um veitingu ábyrgða skv. 69. gr. og þær ákvarðanir fyrirtækja og stofnana sveitarfélags sem leiða til þess að ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélags hækka um sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum viðkomandi ár.

Í mati skal gera grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, áhrifum á fjárhag sveitarfélags til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði sé um hann að ræða. Í þeim tilvikum sem fjárfestingu, framkvæmd eða skuldbindingu er skipt á fleiri en eitt tímabil eða einingar skal líta á ákvörðunina í heild sinni. Mat skal framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu.

67. gr.

Yfirráð yfir fasteignum og öðrum eignum.

Sveitarfélag skal tryggja sér viðeigandi nýtingar- eða afnotarétt af fasteignum og mannvirkjum, svo sem veitum, sem nauðsynlegar eru til að lögboðin verkefni sveitarfélags verði rækt.

68. gr.

Heimild til veðsetningar.

Sveitarfélag má ekki veðsetja öðrum tekjur sínar. Ekki heldur fasteignir eða aðrar eignir sem það á og eru nauðsynlegar til að lögboðin verkefni sveitarfélags verði rækt, sbr. 67. gr. Aðrar eignir má veðsetja til tryggingar lánum sem sveitarfélag tekur til eigin þarfa og heildareignir sveitarfélags standa til tryggingar skuldbindingum þess.

Þrátt fyrir 1. mgr. getur sveitarfélag veitt Lánasjóði sveitarfélaga ohf. veð í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum og vegna ábyrgða sem það veitir honum skv. 1. og 2. mgr. 69. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tryggingar lánasjóðsins samkvæmt þessari málsgrein.

69. gr.

Heimild til að gangast í ábyrgðir.

Sveitarfélag getur veitt einfalda ábyrgð til tryggingar á lánum stofnana og fyrirtækja sem það á að öllu leyti, enda sinni þær verkefnum sem teljast til lögákveðinna verkefna sveitarfélaga.

Sveitarfélag getur einnig veitt einfalda ábyrgð til tryggingar á lánum stofnana og fyrirtækja sem það á og rekur í samvinnu við önnur sveitarfélög eða aðra opinbera aðila. Innbyrðis skal ábyrgð eigenda skiptast í hlutfalli við eignarhlut. Skilyrði er að viðkomandi lögaðili sé að fullu í eigu opinberra aðila, að trygging sé bundin við lántöku vegna lögákveðins verkefnis sveitarfélaga og að allir eigendur ábyrgist lán í samræmi við eignarhlut sinn. Ábyrgð fellur úr gildi ef lögaðili færist að einhverju leyti í eigu einkaaðila.

Sveitarfélag má ekki ganga í ábyrgðir vegna annarra skuldbindinga en greinir í 1. og 2. mgr. Prókúruhafa sveitarfélags er þó heimilt fyrir þess hönd að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess.

70. gr.

Skuldajöfnuður.

Kröfur á hendur sveitarfélagi má ekki nota til skuldajafnaðar við kröfu sveitarfélags um lögboðin gjöld til sveitarfélagsins eða stofnana þess.

Fjármálastofnun má ekki nýta fjármuni sem sveitarfélag hefur afhent henni til varðveislu skv. 65. gr. til skuldajafnaðar til fullnustu kröfu sem stofnunin kann að eiga á sveitarfélagið.

71. gr.

Gjaldþrotaskipti og aðför.

Sveitarfélög verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta. Ekki verður gerð aðför í þeim eignum sveitarfélaga sem eru nauðsynlegar til framkvæmda á lögboðnum verkefnum.

72. gr.

Endurskoðun.

Sérhvert sveitarfélag skal hafa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki samkvæmt lögum um endurskoðendur. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur og lögum um ársreikninga að því leyti sem öðru vísi er ekki fyrir mælt í lögum þessum eða reglum settum með heimild í þeim.

Endurskoðun tekur til allrar fjárhagslegrar starfsemi sveitarfélags sem lýst er, eða lýsa skal í reikningsskilum þess, sbr. 60. gr. Í endurskoðun felst meðal annars könnun á því hvort

reikningsskil sveitarfélags eru í samræmi við lög, hvort fullnægjandi heimildir hafa verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélaga, ábyrga fjármálastjórn og forsvaranlega meðferð fjármuna.

Við lok endurskoðunar skal endurskoðandi árita hið endurskoðaða viðfangsefni í samræmi við ákvæði laga um endurskoðendur. Enn fremur skal endurskoðandi sveitarfélags gefa út skýrslu um endurskoðun á ársreikningi sveitarfélags. Ef endurskoðunarfyrirtæki annast endurskoðun skal áritun og útgáfa skýrslu samkvæmt þessari grein framkvæmd af þeim sem bar ábyrgð á endurskoðuninni fyrir hönd endurskoðunarfyrirtækisins.

Sveitarstjórn skal veita endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki aðgang að öllum þeim upplýsingum og gögnum sem þörf er á vegna endurskoðunar. Reglur um þagnarskyldu takmarka ekki rétt endurskoðanda í þessu efni.

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal ráðinn af sveitarfélagi til fimm ára í senn. Ráðningu verður aðeins sagt upp innan ráðningartíma á grundvelli málefnalegra forsendna. Að fimm ára ráðningartíma liðnum skal endurskoðandi sem bar ábyrgð á endurskoðun taka sér hlé frá endurskoðun sveitarfélagsins í a.m.k. fimm ár.

Endurskoðandi sveitarfélags má ekki taka þátt í ákvörðunum eða öðrum aðgerðum á vegum sveitarfélags sem geta leitt til þess að hlutleysi hans við framkvæmd endurskoðunarstarfa sé stefnt í hættu.

73. gr.

Álitsgerðir endurskoðanda og meðferð þeirra.

Verði endurskoðandi var við að reikningsskil og fjármál sveitarfélags séu ekki í samræmi við kröfur laga og reglna skal hann þá þegar, einnig innan ársins ef við á, greina sveitarstjórn og eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá því með skriflegri álitsgerð. Þagnarskylda samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum stendur þeirri skyldu ekki í vegi.

Berist sveitarstjórn skriflegt álit endurskoðanda um að reikningsskil eða fjármál sveitarfélags séu ekki í samræmi við kröfur skal oddviti tryggja að álitið hafi borist öllum aðalmönnum í sveitarstjórn ekki síðar en sjö dögum eftir að það liggur fyrir.

Endurskoðandi sveitarfélags getur krafist þess sérstaklega að álit hans sé tekið til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar. Enn fremur skal taka slíkt álit til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar ef sveitarstjórnarmaður krefst þess.

74. gr.

Reikningsskila- og upplýsinganefnd.

Ráðherra skipar fimm manna reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga til fimm ára í senn. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu á reikningsskilum sveitarfélaga. Tvo skal skipa samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn samkvæmt tillögu Hagstofu Íslands og tvo án tilnefningar. Skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Nefndin skal í störfum sínum stuðla að samræmingu í reikningsskilum sveitarfélaga og öðrum fjárhagslegum ráðstöfunum þeirra. Þá sinnir hún öðrum verkefnum sem ráðherra felur henni á þessu sviði.

75. gr.

Reglur um bókhald og reikningsskil.

Að fengnum tillögum reikningsskila- og upplýsinganefndar skal ráðherra setja reglugerð um:

1. bókhald sveitarfélaga, þar á meðal um samræmdan upplýsingalykil,
2. vinnslu, meðferð, form og efni fjárhagsáætlana,
3. vinnslu, meðferð, form og innihald ársreiknings, endurskoðun ársreiknings og meðferð á skýrslum endurskoðanda um hann.

Reikningsskila- og upplýsinganefnd getur eftir því sem tilefni er til gefið út nánari leiðbeiningar og álit um bókhald, fjárhagsáætlanir og reikningsskil sveitarfélaga.

76. gr.

Skil á upplýsingum um fjármál.

Fjárhagsáætlanir skal senda ráðuneytinu innan 15 daga frá afgreiðslu þeirra. Hið sama á við um viðauka sem eru gerðir við slíkar áætlanir.

Ársreikning sveitarfélags, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneytinu og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert. Álit endurskoðanda skv. 73. gr. skal hann sjálfur senda ráðuneytinu jafnskjótt og það er afhent sveitarfélagi.

Að fengnum tillögum reikningsskila- og upplýsinganefndar skal ráðherra setja reglugerð um ársfjórðungsleg skil sveitarfélaga á upplýsingum úr bókhaldi og reikningsskilum til afnota fyrir ráðuneytið, aðra opinbera aðila og Samband íslenskra sveitarfélaga. Í reglugerð skal m.a. mælt fyrir um framsetningu og form slíkra upplýsinga, sem og um rafræn skil þeirra eftir því sem við. Haft skal samráð við Hagstofu Íslands um setningu reglugerðarinnar.

VIII. KAFLI

Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

77. gr.

Skyldur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á fjárhag sveitarfélags. Henni ber að tryggja að ákvæðum laga þessara um fjármál sveitarfélaga sé fylgt.

Komist sveitarfélag í fjárþröng þannig að sveitarstjórn telur sér ekki unnt að standa í skilum skal hún tilkynna það til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Á sama hátt skal sveitarstjórn gera eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga viðvart telji hún að fjármál sveitarfélags eða einstakar fjárhagslegar ráðstafanir séu ekki í samræmi við lög þessi eða fjármál sveitarfélags stefni að öðru leyti í óefni. Ef skilyrði 86. gr. eru fyrir hendi skal tilkynning fela í sér ósk um skipun fjárhaldsstjórnar.

78. gr.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

Ráðherra skipar þriggja manna eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga til fimm ára í senn. Nefndarmenn skulu hafa sérstaka þekkingu á fjárhagslegum málefnum sveitarfélaga. Einn fulltrúi í nefndinni skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Kostnaður af störfum eftirlitsnefndarinnar, þ.m.t. þóknun nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði. Skal þóknunin ákveðin af ráðherra.

Nefndin er sérstakt stjórnvald sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Ákvarðanir hennar sæta þó ekki kæru til ráðherra.

79. gr.

Hlutverk eftirlitsnefndar.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, og bera þau saman við viðmiðanir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Nefndin skal hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur.

Eftirlit nefndarinnar og ákvarðanir hennar skulu byggjast á heildarmati á fjárhagslegri stöðu viðkomandi sveitarfélaga. Nefndinni ber í einstökum málum að velja þau úrræði sem líklegast er að nái því markmiði sem að er stefnt að teknu tilliti til sjálfstjórnar sveitarfélaga.

80. gr.

Aðgangur eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga að upplýsingum.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal hafa aðgang að öllum upplýsingum um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga sem berast ráðuneytinu.

Sveitarfélög skulu veita eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og starfsmönnum hennar aðgang að starfsstöðvum sveitarfélagsins, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum sveitarfélags sem henni er þörf á vegna starfs síns auk skýringa um slík atriði innan frests er nefndin tiltekur.

81. gr.

Reglur um störf eftirlitsnefndar og viðmið um fjármál sveitarfélaga.

Ráðherra setur reglugerð um störf eftirlitsnefndar. Þar mælir hann m.a. fyrir um málsmeðferð eftirlitsnefndar og nauðsynlegar viðmiðanir varðandi fjárhagsleg málefni sveitarfélaga, sbr. 64. gr.

82. gr.

Nánar um úrræði eftirlitsnefndar.

Í því skyni að fullnægja hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum getur eftirlitsnefndin:

1. birt reglubundið almennar grunnupplýsingar um fjárhag sveitarfélaga,
2. sent fyrirspurnir til sveitarstjórna þar sem óskað er skýringa eða gagna innan ákveðins frests,
3. sent skriflegar ábendingar eða tilmæli til sveitarstjórnar vegna fjárhagslegrar stöðu sveitarfélags eða einstakra fjárhagslegra ákvarðana,
4. látið fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélags og lagt síðan fyrir sveitarstjórn að bæta það sem áfátt kann að reynast innan hæfilegs frests,
5. birt opinberlega tilkynningu eða ályktun um stöðu eða einstakar fjárhagslegar ákvarðanir sveitarfélags,
6. vísað máli til ráðherra, sbr. 83.–85. gr.

83. gr.

Samkomulag sveitarstjórnar og ráðherra um fjármál.

Þegar tilefni er til vegna fjármála eða fjármálastjórnar sveitarfélags skulu ráðherra og viðkomandi sveitarstjórn, á grundvelli rökstuddrar tillögu eftirlitsnefndar, gera samkomulag

um fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins. Í samkomulagi skal fjalla um tilgang þess og viðmið um fjárhagsleg málefni eftir því sem þörf er á, þar á meðal um rekstur, fjárfestingar og álagningu gjalda og skatta.

Ráðherra getur einnig gert samkomulag samkvæmt þessari grein að beiðni viðkomandi sveitarstjórnar. Skal þá leitað umsagnar eftirlitsnefndar áður en samkomulag er gert.

Þegar samkomulag liggur fyrir skal það staðfest af ráðuneytinu annars vegar og viðkomandi sveitarstjórn hins vegar. Ráðuneytið getur gert þá kröfu að 2/3 fulltrúa á fundi sveitarstjórnar greiði atkvæði með samkomulaginu til að það öðlist gildi. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur eftirlit með framkvæmd sveitarfélags á samkomulagi samkvæmt þessari grein.

84. gr.

Önnur úrræði ráðherra.

Ef samkomulag skv. 83. gr. hefur ekki skilað árangri, samkomulag hefur ekki náðst eða ekki verður talið að gerð samkomulags muni færa fjármál sveitarfélags til betri vegar getur ráðherra að fenginni rökstuddri tillögu eftirlitsnefndar:

1. sett sveitarfélagi skýr fyrirmæli um rekstur og stjórnsýslu, sbr. 85. gr.,
2. veitt sveitarfélagi styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl, enda sé haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og ráðgjafarnefnd skv. 15. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, um þá ráðstöfun,
3. heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn að leggja álög á útsvör og eða fasteignaskatta sem nemi allt að 25% umfram það hámark sem ákveðið er í lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Ef þörf er á getur ráðherra einnig samhliða samkomulagi skv. 83. gr. beitt úrræðum skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr.

Beiting úrræða samkvæmt kafla þessum útilokar ekki að ráðherra beiti einnig úrræðum skv. XI. kafla.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur eftirlit með framkvæmd ákvarðana ráðherra samkvæmt þessari grein.

Ákvæði 2. mgr. 79. gr. gildir um ákvarðanir ráðherra eftir því sem við á.

85. gr.

Nánar um skilyrði sem ráðherra getur sett um stjórn fjármála sveitarfélags.

Skilyrði sem ráðherra getur sett sveitarfélagi um rekstur og stjórnsýslu skv. 1. tölul. 1. mgr. 84. gr. geta m.a. kveðið á um að:

1. sveitarfélag skili mánaðarlega upplýsingum úr bókhaldi, sem a.m.k. gefi yfirlit um tekjur, gjöld, handbært fé, eignir og skuldir,
2. sveitarfélag vinni og afgreiði fjárhagsáætlun til allt að 10 ára, þar á meðal um að slík áætlun skuli gerð árlega og fullnægi, eftir því sem við á, reglum um fjögurra ára áætlun,
3. sveitarfélag leiti aðstoðar hjá sérhæfðum ráðgjafa eða öðrum sérfræðingi,
4. fjárhagsáætlanir, þar á meðal áætlun skv. 2. tölul., og starfsemi sveitarfélags að öðru leyti séu í samræmi við tiltekin viðmið um:
   a. framlegð af rekstri,
   b. samdrátt í rekstri eða samdrátt í ákveðnum þætti rekstrar,
   c. takmarkanir á fjárfestingum,

d. takmarkanir á lántökum og öðrum skuldbindingum, þar á meðal um gjaldmiðil sem heimilt er að taka lán í, um endurfjármögnun og önnur lánskjör,
e. nýtingu tekjustofna, og
f. annað sem telja má þýðingarmikið fyrir fjármál viðkomandi sveitarfélags,

5. mat skv. 66. gr. skuli framkvæmt af tilteknum aðila eða aðila með tiltekna sérfræðikunnáttu um lægri viðmiðun en tilgreind er í 66. gr. og nánari fyrirmæli um það sem leggja skal mat á.

86. gr.

Ákvörðun um fjárhaldsstjórn og svipting fjárforráða.

Hafi sveitarstjórn vanrækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum ítrekað og verulega getur ráðherra að fenginni tillögu eftirlitsnefndar svipt sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipað því fjárhaldsstjórn.

Hið sama á við ef greiðslubyrði sveitarfélags umfram greiðslugetu er svo mikil að ljóst er að ekki mun úr rætast í bráð.

Birta skal ákvörðun um sviptingu fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar í Lögbirtingablaði.

87. gr.

Fjárhaldsstjórn.

Fjárhaldsstjórn sveitarfélags skal skipuð þremur mönnum, þar af einum samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu á málefnum sveitarfélaga. Formaður skal skipaður af ráðherra. Hann skal fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara.

Fjárhaldsstjórn skal skipuð til tiltekins tíma og ekki lengur en til eins árs í senn. Þóknun til fjárhaldsmanna skal ákveðin af ráðherra og greiðist úr ríkissjóði.

88. gr.

Réttaráhrif skipunar fjárhaldsstjórnar.

Hafi sveitarfélagi verið skipuð fjárhaldsstjórn skv. 86. gr. má enga greiðslu inna af hendi úr sveitarsjóði nema með samþykki hennar. Ályktanir sveitarstjórnar og annarra sem tilheyra stjórnsýslu sveitarfélags og hafa útgjöld í för með sér eru ógildar nema til komi samþykki fjárhaldsstjórnar. Að öðru leyti fer sveitarstjórn áfram með málefni sveitarfélagsins.

Eftir að fjárhaldsstjórn hefur verið skipuð skal almennt heimilt að ráðstafa fjármunum sveitarfélagsins vegna:

1. lögbundinnar þjónustu sveitarfélagsins,
2. launa sem sveitarfélaginu ber að greiða og tengdra greiðslna,
3. aðgerða sem telja má víst að séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir verulegt tjón.

Fjárhaldsstjórn ákveður greiðslur skv. 2. mgr. og vegna annarra útgjalda sem hún telur rétt að mæta á meðan á greiðslustöðvun stendur.

Að öðru leyti en að framan greinir leiðir skipun fjárhaldsstjórnar til sömu réttaráhrifa og greiðslustöðvun eftir ákvæðum IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. í allt að eitt ár frá því að fjárhaldsstjórnin var fyrst skipuð.

89. gr.

Hlutverk og úrræði fjárhaldsstjórnar.

Fjárhaldsstjórn skal rannsaka fjárreiður sveitarfélagsins og allan rekstur þess og gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins, a.m.k. fyrir næstu fjögur fjárhagsár. Áætlunin skal þannig fram sett að hún geti enn fremur gilt sem fjárhagsáætlun næstkomandi reikningsárs og fjárhagsáætlun til fjögurra ára fyrir sveitarfélagið. Áætlunina skal senda ráðuneytinu til staðfestingar ásamt umsögn sveitarstjórnar. Að lokinni staðfestingu ráðuneytis gildir áætlunin sem fjárhagsáætlun fyrir næstkomandi ár og áætlun til fjögurra ára.

Fjárhaldsstjórn getur með samþykki ráðuneytisins selt eigur sveitarfélagsins til lúkningar skuldum, þó ekki þær sem eru nauðsynlegar til framkvæmda á lögskyldum verkefnum. Með sama móti getur fjárhaldsstjórn ákveðið að færa tiltekna starfsemi sem rekin hefur verið á vegum sveitarfélags í hendur einkaaðila eða leitað samvinnu um rækslu hennar við annað sveitarfélag samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Ef sveitarfélagi hefur verið skipuð fjárhaldsstjórn og fyrir liggur að það er og verði um ófyrirséða framtíð ófært um að standa í skilum með skuldbindingar sínar getur fjárhaldsstjórn ákveðið einhliða að leita nauðasamnings fyrir það. Einhliða nauðasamninga skal einungis leita hafi samningar við lánardrottna ekki borið árangur. Um slíkan nauðasamning gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við getur átt en þó þannig að umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum lætur ekki greiða atkvæði um frumvarp að nauðasamningi.

90. gr.

Sameining við annað sveitarfélag.

Nú duga framangreindar ráðstafanir ekki til þess að koma fjárhag sveitarfélags og stofnana þess á réttan kjöl og getur þá ráðuneytið einnig ákveðið að leita samninga við nágrannasveitarfélög um sameiningu við það sveitarfélag sem undir fjárhaldsstjórn er eða hluta þess.

91. gr.

Brottfall á sviptingu fjárforráða.

Svipting fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar fellur niður eftir ákvörðun ráðherra þegar telja má að fjárhagur sveitarfélagsins sé kominn í viðunandi horf. Auglýsing þar að lútandi skal birt á sama hátt og auglýsing um sviptingu fjárforræðis.

Í eitt ár eftir að svipting fjárforráða fellur brott þarf ávallt samþykki ráðuneytisins á viðaukum við fjárhagsáætlanir sem fjárhaldsstjórn vann og ráðuneytið staðfesti. Á sama tímabili getur ráðuneytið einnig einhliða ákveðið viðauka við umræddar fjárhagsáætlanir sé það nauðsynlegt af tilliti til fjárhags sveitarfélagsins til lengri eða skemmri tíma. Haft skal viðeigandi samráð við sveitarstjórn um slíka ákvörðun.

IX. KAFLI

Samvinna sveitarfélaga og samningar um starfrækslu verkefna.

92. gr.

Samvinna sveitarfélaga.

Tveimur eða fleiri sveitarfélögum er heimilt að hafa samvinnu sín á milli um framkvæmd afmarkaðra verkefna, enda mæli lög eða eðli máls því ekki í mót. Ef sveitarstjórn er óheimilt að framselja vald til fullnaðarafgreiðslu innan sveitarfélags er einnig óheimilt að framselja til aðila utan sveitarfélags slíkt vald nema fyrir því sé sérstök lagaheimild.

Samvinna sveitarfélaga skal ávallt grundvallast á samningi viðeigandi sveitarfélaga, sem ekki öðlast gildi fyrr en hann hefur fengið staðfestingu viðkomandi sveitarstjórna. Sé ekki ítarlegri ákvæði að finna í lögum skal í samningi um samvinnu að lágmarki kveðið á um form samvinnu, ákvarðanatöku, slit samvinnu og fjárhagsleg atriði.

Ákvarðanir sem eru teknar á grundvelli samnings um samvinnu sveitarfélaga, jafnvel þótt þær byggist á framsali á valdi til töku ákvörðunar um rétt eða skyldu manna, sæta ekki kæru til viðkomandi sveitarfélaga.

93. gr.

Framsal á valdi til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna.

Ef í samningi um samvinnu sveitarfélaga felst framsal á valdi til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, getur hún aðeins farið fram á vegum byggðasamlags eða á þann hátt að eitt sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög nema lög veiti sérstaka heimild fyrir öðru formi samstarfs. Samningar samkvæmt þessari málsgrein öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ráðuneytisins.

94. gr.

Byggðasamlög.

Sveitarfélögum er heimilt að stofna byggðasamlög sem taka að sér framkvæmd afmarkaðra verkefna þeirra, svo sem rekstur skóla eða brunavarnir.

Byggðasamlögum er einum rétt og skylt að hafa orðið byggðasamlag í heiti sínu eða skammstöfunina bs.

Í samningi um byggðasamlag skulu m.a. vera ákvæði um:

1. heiti byggðasamlags, eignarhluti einstakra sveitarfélaga í byggðasamlaginu, hvaða verkefnum það sinnir og valdheimildir,
2. kjör til stjórnar, fjölda stjórnarmanna, kjörtímabil og varafulltrúa,
3. ályktunarhæfi funda og annað sem máli skiptir í því sambandi,
4. umboð stjórnar til að skuldbinda aðildarsveitarfélög,
5. hvenær þörf er staðfestingar sveitarstjórna á ákvörðunum stjórnar,
6. heimildir til samninga við einkaaðila, sbr. 100. gr.,
7. heimildir til samninga við einstök aðildarsveitarfélög um að þau taki að sér afmarkaða þætti í þeirri starfsemi sem falin hefur verið byggðasamlagi.

Tryggt skal að umboð stjórnar byggðasamlags til að skuldbinda aðildarsveitarfélög sé í samræmi við reglur laga þessara um fjármál sveitarfélaga, þ.m.t. bindandi gildi fjárhagsáætlunar næstkomandi árs.

Kjör til stjórnar byggðasamlags getur annaðhvort farið fram á aðalfundi byggðasamlags eða á grundvelli tilnefninga sveitarstjórna einstakra aðildarsveitarfélaga. Ef kjör til stjórnar fer fram á aðalfundi byggðasamlags skulu í samningi um byggðasamlag einnig vera viðeigandi ákvæði um aðalfund þess, þar á meðal um öll þau atriði sem getur í 2.–5. tölul. 3. mgr.

Byggðasamlög lúta að öðru leyti ákvæðum laga þessara um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, fjármál, fjárhagsáætlanir og endurskoðun ársreikninga, stjórnsýslueftirlit og þeim almennu reglum sem að öðru leyti gilda um störf sveitarfélaga og annarra stjórnvalda.

Einstakar sveitarstjórnir og endurskoðendur aðildarsveitarfélaga eiga rétt á aðgangi að öllum gögnum um stjórnsýslu byggðasamlags.

Sveitarfélög bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þeir eru aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu.

95. gr.

Úrganga úr byggðasamlagi og slit byggðasamlags.

Í samningi um byggðasamlag skulu vera ákvæði um endurskoðun á samningi, um heimildir til úrsagnar úr byggðasamlagi og um slit þess.

Einstök sveitarfélög geta með tveggja ára fyrirvara sagt upp aðild að byggðasamlagi, hafi ekki verið samið um annan tímafrest. Samhliða getur sveitarfélag krafist innlausnar á nettó eignarhluta sínum í samlaginu núvirðisreiknuðum, þó aldrei hærri fjárhæðar en nemur þeim fjármunum sem sveitarfélag hefur lagt til byggðasamlagsins.

Ef ósætti rís um úrgöngu sveitarfélags úr byggðasamlagi er hægt að vísa málinu til ráðuneytisins. Ráðuneytið getur ákveðið að viðkomandi sveitarfélagi sé ekki heimilt að ganga úr byggðasamlagi um tilgreindan tíma, þó ekki lengur en í sjö ár að telja frá ákvörðun ráðuneytisins, vegna mikilvægra samfélagslegra hagsmuna eða vegna mikilvægra hagsmuna annarra aðildarsveitarfélaga sem að byggðasamlagi standa.

Tillaga um að starfsemi byggðasamlags sé hætt nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest af 2/3 hlutum sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins. 2/3 hlutar stjórnarmanna í byggðasamlagi eða 2/3 hlutar fulltrúa á aðalfundi byggðasamlags, sé slíkur fundur haldinn, geta krafist atkvæðagreiðslu í sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaga um slit byggðasamlags.

Nú er ákveðið að hætta starfsemi byggðasamlags eða svo er fyrir mælt í lögum og skal þá skipa því sérstaka skiptastjórn er gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda jafnað á þau sveitarfélög sem að byggðasamlagi standa í hlutfalli við íbúatölu. Skiptastjórn skal kjörin af stjórn byggðasamlags.

96. gr.

Samningur um að sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir önnur sveitarfélög.

Sveitarfélög geta samið um að eitt sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög.

Þegar sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög er heimilt að ákveða að þau sveitarfélög sem teljast kaupendur þjónustu tilnefni áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á fundi viðkomandi nefndar í því sveitarfélagi sem telst þjónustuveitandi þegar málefni samstarfsverkefnisins eru þar til umræðu.

Fulltrúar í sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga sem hafa falið öðru sveitarfélagi að annast fyrir sig afmörkuð verkefni samkvæmt þessari grein eiga sama rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum um það verkefni hjá því sveitarfélagi sem veitir þjónustuna og þeir hefðu ella haft skv. 30. gr.

Í samningi um samvinnu samkvæmt þessari grein skulu að lágmarki eftirfarandi atriði tiltekin:

1. hvaða sveitarfélög eru aðilar að samstarfinu,
2. hvert þeirra sér um rækslu verkefnis,
3. nákvæm tilgreining viðkomandi verkefnis eða verkefna,
4. hvaða valdheimildir færist til þess sveitarfélags sem sér um verkefni,

5. gildistími samnings og á hvaða tíma sveitarfélagið taki verkefnið yfir,
6. þörf á staðfestingu á ákvörðunum um framkvæmd verkefnis,
7. hvort sveitarfélagi sé heimilt að gera samning við einkaaðila um framkvæmd verkefnis skv. 100. gr.,
8. upplýsingagjöf til annarra samstarfsaðila,
9. fjárhagslegt uppgjör og samskipti vegna verkefnisins,
10. eignarhald á mannvirkjum, rekstrartækjum og öðrum verðmætum, ef við á, og önnur mikilvæg atriði sem varða framkvæmd verkefnis og fjárútlát vegna þess.

Ef sveitarfélög sem eru aðilar að samningi samkvæmt þessari grein eru um það sammála má slíta samstarfi þegar í stað. Að öðrum kosti getur hvert sveitarfélag sagt upp aðild sinni að samningi með eins árs fyrirvara hafi ekki verið samið um annan uppsagnarfrest.

97. gr.

Landshlutasamtök sveitarfélaga.

Sveitarfélögum er heimilt að starfa saman innan staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna í hverjum landshluta.

Starfssvæði landshlutasamtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu. Landshlutasamtök skulu þó aldrei vera fleiri en átta á landinu öllu. Sveitarfélög sem liggja innan starfssvæðis landshlutasamtaka eiga rétt á aðild að þeim. Ráðuneyti og opinberar stofnanir skulu ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi landshlutasamtaka um stefnumótun eða ákvarðanir sem varða viðkomandi landsvæði sérstaklega.

Landshlutasamtök geta með samningum eða samkvæmt heimildum í sérlögum tekið að sér verkefni eða aðra starfsemi sem tengist hlutverki þeirra skv. 1. mgr., svo sem verkefni tengd byggðaþróun eða öðrum sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga.

98. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga er sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu. Öllum sveitarfélögum er frjálst að eiga aðild að Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sambandið fer með sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna eftir því sem þau ákveða og fyrir er mælt í lögum. Sambandið telst ekki vera stjórnvald.

Sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að sambandinu kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins eftir þeim reglum sem ákveðnar eru í samþykktum þess.

Þegar ráðherra setur almenn stjórnvaldsfyrirmæli á grundvelli laga þessara skal hann ávallt hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um efni þeirra.

99. gr.

Samstarf um gerð kjarasamninga.

Sveitarfélög geta haft með sér samvinnu um gerð og samþykkt kjarasamninga við starfsmenn sína og önnur atriði tengd framkvæmd og stefnumótun í launamálum.

100. gr.

Samningar um þjónustustarfsemi og einstök rekstrarverkefni.

Sveitarstjórnum er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu og öðrum verkefnum fyrir sveitarfélag, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins. Með samningum um framkvæmd á þjónustu er átt við samninga

um afmarkaða þjónustustarfsemi sveitarfélaga sem þeim er að lögum skylt eða heimilt að sinna. Með samningum um önnur verkefni fyrir sveitarfélag er átt við samninga um þjónustu við sveitarfélagið sjálft, svo sem um bókhald eða aðra þætti sem eru liðir í því að sveitarfélag geti rækt hlutverk sitt.

Í samningi samkvæmt þessari grein skal m.a. skilgreina umfang og gæði þeirrar þjónustu sem sveitarfélag kaupir, samningstíma, greiðslur úr sveitarsjóði, eftirlit með þjónustu og meðferð ágreiningsmála. Samningstími skal lengstur vera sex ár í senn en þó er heimilt að semja til lengri tíma ef sveitarfélag gerir kröfu um að verksali byggi upp kostnaðarsama aðstöðu eða búnað vegna verkefnisins eða þjónustunnar. Uppsagnarfrestur samnings skal stystur vera sex mánuðir.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda með sama hætti um samninga sem falla undir 1. mgr. og sveitarfélag gerir við einkaaðila með heimild í öðrum lögum nema ríkari kröfur séu gerðar til samninga í sérlögum. Lög um opinber innkaup gilda eftir því sem við á um útboð verkefna.

101. gr.

Skyldur einkaaðila sem sinna verkefni fyrir sveitarfélag.

Geri sveitarfélag samning við einkaaðila sem fellur undir 1. mgr. 100. gr. eða felur honum á grundvelli sérstakrar lagaheimildar vald til töku ákvarðana um réttindi eða skyldur manna skulu verktaki og starfsmenn hans bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd verkefnis eða þjónustu samkvæmt grein þessari. Um þagnarskylduna gildir ákvæði 2. mgr. 57. gr. og skal brot á henni varða refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Enn fremur skulu ákvæði stjórnsýslulaga, upplýsingalaga og laga um upplýsingarétt um umhverfismál, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

Sama gildir geri byggðasamlag slíka samninga við einkaaðila.

X. KAFLI
Samráð við íbúa.

102. gr.

Réttur íbúa til áhrifa á stjórn sveitarfélags.

Sveitarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar.

Áhrif íbúa má meðal annars tryggja með:

1. virkri upplýsingagjöf til íbúa,
2. samráði við íbúa, svo sem á borgarafundum eða íbúaþingum og í íbúakosningum,
3. skipun íbúa- og notendaráða,
4. því að skipuleggja starfsemi sveitarfélagsins eftir staðbundnum forsendum,
5. samstarfi eða annarri aðstoð við íbúa sem vilja vinna að málefnum sveitarfélagsins.

103. gr.

Upplýsingar um málefni sveitarfélags.

Sveitarstjórn skal upplýsa íbúa sína um áætlanir sem sveitarfélag hefur til meðferðar og ákvörðunar og varða þá með almennum hætti. Sama gildir um einstök mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn skal leitast við að íbúar fái upplýsingar um áhrif

slíkra mála og áætlana á þjónustu sveitarfélags til skemmri og lengri tíma, fjárhag sveitarfélagsins, umhverfi og markmið sem að er stefnt.

Sveitarstjórn skal leitast við að upplýsa með almennum hætti um þær leiðir og aðferðir sem hún notar til samráðs við íbúa, m.a. við undirbúning mála og áætlana skv. 1. mgr.

Sveitarstjórn skal enn fremur leitast við að íbúar sveitarfélagsins fái með reglulegum hætti upplýsingar um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, umfang þess og kostnað.

104. gr.

Opinber gagnaveita um fjármál sveitarfélaga.

Ráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu í samstarfi við Hagstofu Íslands vinna að því að upplýsingar um fjármál sveitarfélaga og önnur mikilvæg atriði sem þau varða verði gerðar aðgengilegar almenningi í opnum rafrænum gagnagrunni eða með sambærilegum hætti.

Ráðuneytið getur sett nánari fyrirmæli um gagnaveitu skv. 1. mgr. í reglugerð.

105. gr.

Borgarafundir.

Sveitarstjórn ákveður hvort haldinn skuli borgarafundur í sveitarfélagi, sbr. þó 108. gr. Til borgarafundar skal boða með opinberri auglýsingu ekki síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um form fundar, þar á meðal hvort þátttakendum gefist tækifæri til að taka þátt í umræðum, leggja fram fyrirspurnir og tillögur.

Eigi atkvæðagreiðsla að fara fram á fundi skal það tiltekið í fundarboði ásamt þeirri tillögu sem greiða á atkvæði um. Telji sveitarstjórn ástæðu til skal hún gera kjörskrá yfir þá sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna og eru þá aðeins þeir sem eru á kjörskránni atkvæðisbærir á borgarafundi. Að öðrum kosti hafa atkvæðisrétt allir þeir sem til fundarins mæta. Um gerð kjörskrár og auglýsingu gilda ákvæði 4.–7. gr. og 9.–11. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Ályktanir almennra borgarafunda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

106. gr.

Íbúaþing.

Sveitarstjórn getur haldið íbúaþing. Íbúaþing geta m.a. verið bundin við ákveðin svæði innan sveitarfélags. Niðurstöður íbúaþinga eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

107. gr.

Íbúakosningar.

Sveitarstjórn ákveður hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélagsins um einstök málefni þess, sbr. þó 108. gr.

Til atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. skal boða með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara með opinberri auglýsingu. Samhliða skal sveitarstjórn opinberlega kynna þá tillögu sem borin verður undir atkvæði og þær upplýsingar sem kjósendum eru nauðsynlegar til að geta tekið til hennar upplýsta afstöðu.

Rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. eiga þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Sveitarstjórn skal gera kjörskrá fyrir atkvæðagreiðsluna. Um gerð hennar og auglýsingu gilda ákvæði 4.–7. gr. og 9.–11. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og atkvæðisréttur jafn.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessari grein, sem og 108. gr., er ráðgefandi nema sveitarstjórn ákveði að hún skuli binda hendur hennar til loka kjörtímabils. Í auglýsingu skv. 2. mgr. skal koma fram hvort atkvæðagreiðsla er bindandi. Slíka ákvörðun má binda skilyrði um að tiltekið hlutfall þeirra sem voru á kjörskrá hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu.

Við framkvæmd atkvæðagreiðslu samkvæmt þessari grein skal að öðru leyti farið eftir meginreglum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt.

108. gr.

Frumkvæði íbúa sveitarfélags.

Ef minnst 10% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska borgarafundar skv. 105. gr. skal sveitarstjórn verða við því svo fljótt sem unnt er. Hið sama á við ef minnst 20% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. Sveitarstjórnin á þó ákvörðunarvald um framkvæmd viðkomandi viðburðar og þá spurningu sem borin verður upp sé um að ræða almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélagsins. Um framkvæmd borgarafundar fer eftir ákvæði 105. gr. Um framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélags fer eftir ákvæði 107. gr.

Almennrar atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. verður hvorki krafist um ráðningu í störf hjá sveitarfélagi né tillögu sem gengur gegn lögum eða mundi leiða til þess að lagaskyldu yrði ekki fullnægt af hálfu sveitarfélagsins.

Ráðuneytið skal í reglugerð mæla nánar fyrir um það hvernig staðið verður að söfnun undirskrifta eða annarrar staðfestingar á ósk íbúa skv. 1. mgr. Þar má m.a. kveða á um að undirskriftir skuli lagðar fram á sérstöku eyðublaði sem ráðuneytið eða viðkomandi sveitarfélag lætur gera eða að staðfesting skulu lögð fram rafrænt á nánar tiltekinn hátt. Sé mælt fyrir um rafræna staðfestingu skal þó ávallt jafnframt gefinn kostur á að undirskriftir verði lagðar fram skriflega á þar til gerðum eyðublöðum.

Við mat á því hvort tilskilinn fjöldi hafi lagt fram ósk skv. 1. mgr. skal miðað við þá einstaklinga sem uppfylla skilyrði 2. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna á þeim degi sem söfnun staðfestingar lýkur samkvæmt kjörskrárstofni sem Þjóðskrá Íslands lætur sveitarfélagi í té.

XI. KAFLI

Stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum.

109. gr.

Almennt stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum.

Ráðherra hefur eftirlit með því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum. Eftirlit ráðherra tekur einnig til byggðasamlaga sem og til annarra að því leyti sem þeim hefur verið falið að sinna stjórnsýslu á vegum sveitarfélags samkvæmt heimild í lögum þessum eða öðrum lögum.

Eftirlit ráðherra tekur ekki til Sambands íslenskra sveitarfélaga eða landshlutasamtaka sveitarfélaga nema þessum aðilum hafi verið falin stjórnsýsluverkefni fyrir hönd einstakra sveitarfélaga skv. 1. mgr. sem ráðherra hefði ella haft eftirlit með. Ráðherra hefur ekki heldur eftirlit með ákvörðunum sveitarfélaga í starfsmannamálum, um gerð kjarasamninga né stjórnsýslu sem fram fer á vegum sveitarfélaganna og öðrum stjórnvöldum á vegum ríkisins er með beinum hætti falið eftirlit með.

110. gr.
Tegundir eftirlitsmála.

Eftirlit ráðherra með einstökum ákvörðunum eða athöfnum sveitarfélaga fer fyrst og fremst fram á eftirfarandi hátt:

1. við staðfestingu reglna sveitarfélaga hafi ráðherra verið falið það hlutverk,
2. við meðferð mála sem lúta að fjármálum sveitarfélaga, sbr. VIII. kafla,
3. við meðferð kærumála, sbr. 111. gr., og
4. við meðferð frumkvæðismála, sbr. 112. gr.

Þegar ráðherra þarf að beita úrræðum samkvæmt lögum þessum í tengslum við eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga skal hann velja það úrræði sem líklegast er að nái því markmiði sem að er stefnt að teknu tilliti til sjálfstjórnar sveitarfélaga. Heimilt er að nota fleiri en eitt úrræði samkvæmt lögum þessum samhliða eftir því sem tilefni er til.

Áður en ráðherra tekur ákvörðun um beitingu úrræða samkvæmt kafla þessum skal hann gefa sveitarstjórn færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

111. gr.
Stjórnsýslukæra.

Aðila máls er heimilt að kæra til ráðuneytisins ákvarðanir um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti þess skv. 109. gr.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg. Um kæruleiðbeiningar, kærufrest og meðferð kærumáls fer að öðru leyti að ákvæðum stjórnsýslulaga.

Þrátt fyrir 2. mgr. 109. gr. er þó hægt að bera undir ráðherra samkvæmt þessari grein ákvörðun sveitarfélags um uppsögn starfsmanns, enda eigi hún rætur að rekja til brota hans í starfi, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, til athafna í starfi eða utan þess sem þykja ósamrýmanlegar starfinu, eða annarra sambærilegra ástæðna.

112. gr.
Frumkvæðismál.

Ráðuneytið ákveður sjálft hvort tilefni er til að taka til formlegrar umfjöllunar stjórnsýslu sveitarfélags sem lýtur eftirliti þess skv. 109. gr. Réttur aðila máls til að kæra ákvörðun skv. 111. gr. hefur ekki áhrif á þá heimild.

Þegar ráðuneytið tekur mál til meðferðar að eigin frumkvæði getur það:

1. gefið út leiðbeiningar um túlkun laga og stjórnsýslu sveitarfélagsins að öðru leyti,
2. gefið út álit um lögmæti athafna eða athafnaleysis sveitarfélags eða annars er eftirlit beinist að,
3. gefið út fyrirmæli til sveitarfélags um að það taki ákvörðun í máli, felli ákvörðun úr gildi eða komi málum að öðru leyti í lögmætt horf,
4. beitt öðrum úrræðum samkvæmt kafla þessum, sé tilefni til.

Niðurstöður skv. 2. mgr. skulu rökstuddar eftir því sem tilefni er til. Í þeim skal einnig koma fram með skýrum hætti hvort og þá með hvaða hætti ráðuneytið muni fylgja niðurstöðu sinni eftir.

113. gr.
Aðgangur að upplýsingum.

Sveitarfélög og aðrir aðilar sem eftirlit ráðuneytisins beinist að skv. 109. gr. skulu láta ráðuneytinu í té þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem það óskar og er þörf á vegna

eftirlits síns. Þar á meðal getur ráðuneytið óskað afhendingar á skýrslum, skjölum, bókunum og öðrum gögnum sem mál snerta.

Ráðuneytið getur óskað þess að starfsmenn þeirra aðila sem lúta eftirliti ráðuneytisins skv. 109. gr. veiti því upplýsingar og skýringar sem varða einstök mál, og ráðuneytinu er þörf á vegna eftirlits síns. Lögbundin þagnarskylda stendur ekki í vegi slíkrar upplýsingagjafar.

Ef brýn ástæða er til skal ráðuneytinu heimill aðgangur að öllum starfsstöðvum sveitarfélaga og byggðasamlaga til athugana í þágu eftirlits samkvæmt lögum þessum. Skulu starfsmenn hlutaðeigandi aðila láta ráðuneytinu í té nauðsynlega aðstoð af því tilefni ef óskað er.

Við framkvæmd upplýsingaöflunar skal taka tillit til hagsmuna viðkomandi stjórnvalda og einkaaðila ef við á og ekki ganga lengra en þörf er á.

114. gr.

Ógilding ákvarðana og frestun réttaráhrifa.

Ráðuneytið getur við meðferð mála skv. VIII. kafla, 111. og 112. gr. fellt úr gildi ógildanlegar ákvarðanir í heild eða að hluta. Ráðuneytið getur ekki tekið nýja ákvörðun í máli fyrir hönd sveitarfélags.

Þegar sérstakar ástæður mæla með því getur ráðuneytið ákveðið að fresta réttaráhrifum ákvörðunar sem sveitarfélag hefur tekið meðan það hefur mál til meðferðar skv. VIII. kafla., 111. eða 112. gr.

115. gr.

Ógilding samninga.

Hafi sveitarfélag eða annar aðili sem eftirlit ráðuneytisins beinist að gert samning um samvinnu skv. ákvæði 92.–96. gr. í lögum þessum og samningurinn fullnægir ekki kröfum laga þessara telst hann ógildanlegur. Getur ráðuneytið þá lagt fyrir aðila að bæta úr ágöllum samningsins innan tilskilins frests. Sé þeim fyrirmælum ekki fylgt eða það reynist ógerlegt skal ráðuneytið fella samning úr gildi.

Hið sama á við hafi sveitarfélag eða annar aðili sem eftirlit ráðuneytisins beinist að gert samning sem ekki fullnægir ákvæðum sem fram koma í VII. kafla um fjármál sveitarfélaga eða VIII. kafla um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, enda hafi eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga lagt það til með rökstuddum hætti.

Ákvæði þetta á þó ekki við ef samningur telst marklaus gagnvart sveitarfélagi vegna veigamikilla ágalla á gerð hans.

116. gr.

Vanræksla sveitarfélaga.

Vanræki sveitarfélag lögbundnar skyldur, svo sem um skil á upplýsingum, að fylgja ákvörðunum sem ráðherra tekur skv. VIII. kafla, úrskurði skv. 111. gr. eða fyrirmælum skv. 112. gr. getur ráðuneytið, að undangenginni áminningu, stöðvað greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða beitt sveitarfélagið dagsektum þar til úr vanrækslunni hefur verið bætt.

Ráðherra skal í reglugerð ákveða lágmarks- og hámarksfjárhæð dagsekta. Ákvörðun um dagsektir skal taka mið af alvarleika brots og íbúafjölda sveitarfélags.

Ákvæði þessu verður beitt gagnvart byggðasamlögum eftir því sem við á.

Dagsektir renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Gera má aðför, án undangengins dóms, til fullnustu sekta. Dagsektir skulu innheimtar ekki sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Fresta skal innheimtu dagsekta ef það málefni sem um ræðir er borið undir dómstóla. Óinnheimtar dagsektir falla niður þegar skyldu er fullnægt.

117. gr.

Vanræksla sveitarstjórnarmanna.

Af sömu ástæðum og greinir í 116. gr. getur ráðuneytið með lögsókn krafist dagsekta af þeim sem ábyrgð bera á vanrækslunni.

Ráðherra skal í reglugerð ákveða lágmarks- og hámarksfjárhæð dagsekta. Ákvæði þessu verður einnig beitt gagnvart stjórnarmönnum byggðasamlaga eftir því sem við á og þeim sem ekki sinnir þeirri skyldu að boða fund sveitarstjórnar eða stjórnar byggðasamlags.

Dagsektir renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Fresta skal innheimtu dagsekta ef það málefni sem um ræðir er borið undir dómstóla. Óinnheimtar dagsektir falla niður þegar skyldu er fullnægt.

Dagsektum skv. 116. og 117. gr. má beita samhliða.

118. gr.

Dómsmál til ógildingar á ákvörðun ráðuneytisins.

Ef sveitarfélag, byggðasamlag eða einkaaðili sem lýtur eftirliti ráðuneytisins skv. 109. gr. og ákvörðun ráðuneytisins samkvæmt þessum kafla eða VIII. kafla beinist að vill ekki una ákvörðuninni þá getur viðkomandi borið málið undir dómstóla eftir almennum reglum. Leiði almennar reglur til þess að málshöfðun eigi ekki að beina að ráðuneytinu skal því stefnt til réttargæslu. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk eða mátti fá vitneskju um ákvörðun ráðuneytisins.

119. gr.

Viðurkenningarmál.

Ráðuneytið getur höfðað viðurkenningarmál á hendur sveitarstjórn eða öðrum sem sætir eftirliti ráðuneytisins samkvæmt lögum þessum og tekið hefur ákvörðun sem ráðuneytið telur ólögmæta eða látið undir höfuð leggjast að framfylgja lögbundinni skyldu, ákvörðun ráðherra skv. VIII. kafla, úrskurði skv. 111. gr. eða fyrirmælum skv. 112. gr.

XII. KAFLI
Sameining sveitarfélaga.

120. gr.

Sameining sveitarfélaga.

Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu viðkomandi sveitarfélaga skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast athugun málsins. Skal hvor eða hver sveitarstjórn kjósa tvo fulltrúa eða fleiri í nefndina eftir samkomulagi. Nefndin kýs formann úr sínum hópi.

Þegar samstarfsnefnd hefur skilað áliti sínu um sameiningu skulu viðkomandi sveitarstjórnir taka málið á dagskrá. Skal hafa tvær umræður um málið án atkvæðagreiðslu.

Að lokinni umræðu sveitarstjórna skal fara fram atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameininguna. Viðkomandi sveitarstjórnir ákveða sameiginlega hvenær atkvæðagreiðsla fer fram og skal kosið sama dag í öllum viðkomandi sveitarfélögum.

Samstarfsnefndin eða viðkomandi sveitarstjórnir skulu kynna íbúum sveitarfélaganna þá tillögu sem greiða skal atkvæði um og helstu forsendur hennar með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara, svo sem með kynningarfundum og eða dreifibréfum. Tillagan skal innan sama frests auglýst opinberlega í Lögbirtingablaði og í fjölmiðlum.

Sveitarstjórn lætur gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna. Form atkvæðaseðils skal staðfest af ráðuneytinu. Um atkvæðagreiðslur samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt. Ekki er heimilt að hefja talningu atkvæða fyrr en öllum kjörstöðum hefur verið lokað í þeim sveitarfélögum sem taka þátt í atkvæðagreiðslu um sameiningartillögu.

121. gr.

Skilyrði fyrir frjálsri sameiningu.

Sveitarfélag verður ekki sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 120. gr. séu fylgjandi henni en andvígir, sbr. þó 2. mgr.

Sveitarstjórnum sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga hlýtur samþykki meiri hluta kjósenda er heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga þótt tillaga samstarfsnefndar hljóti ekki samþykki meiri hluta kjósenda í öllum sveitarfélögunum sem að tillögunni stóðu, enda sé um að ræða a.m.k. 2/3 sveitarfélaganna og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa á svæðinu.

122. gr.

Fjárhagslegar ráðstafanir eftir samþykkt sameiningartillögu.

Hafi tillaga um sameiningu hlotið samþykki skv. 120. og 121. gr. er sveitarstjórnum viðkomandi sveitarfélaga óheimilt að skuldbinda sveitarfélag eða samþykkja greiðslur úr sveitarsjóði sem ekki leiðir af lögum, fjárhagsáætlun eða þegar samþykktum viðauka við hana nema allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir samþykki slíka ráðstöfun.

123. gr.

Undirbúningur að stofnun nýs sveitarfélags.

Hafi sameining hlotið samþykki skv. 120. og 121. gr. skulu sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli hver um sig velja tvo til þrjá fulltrúa eftir samkomulagi til setu í sérstaka stjórn til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags.

Stjórn til undirbúnings nýs sveitarfélags skal semja samþykkt um stjórn og fundarsköp hinnar nýju sveitarstjórnar sem gilda mun fyrir hið nýja sveitarfélag þar til því hefur verið sett sérstök samþykkt. Stjórnin getur ákveðið að samþykkt um stjórn og fundarsköp eins af hinum eldri sveitarfélögum muni gilda fyrir nýja sveitarfélagið þar til því hefur verið sett ný samþykkt. Hún skal einnig taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni hins nýja sveitarfélags, taka saman yfirlit yfir allar samþykktir og reglugerðir sem gilda í þeim sveitarfélögum sem sameinuð hafa verið og hefja vinnu við endurskoðun þeirra og samræmingu. Ákvarðanir þessar skulu sendar ráðuneytinu sem staðfestir sameininguna að því gefnu að það telji að sameiningin sé svo vel undirbúin að hún geti gengið hnökralaust. Ráðuneytið getur í þessu sambandi leitað umsagna viðkomandi sveitarstjórna um þær tillögur sem stjórn til undirbúnings að stofnun nýs sveitarfélags hefur gert.

124. gr.

Sameining yfir mörk kjördæma.

Heimilt er að sameina sveitarfélög yfir mörk kjördæma en slík sameining hefur ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar.

125. gr.

Birting ákvörðunar um sameiningu.

Þegar ráðuneytið hefur staðfest sameiningu sveitarfélaga samkvæmt framanskráðu skal það gefa út tilkynningu um sameininguna sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Þar skal greint frá nafni hins nýja sveitarfélags, hvaða sveitarfélög hafa verið sameinuð, tölu sveitarstjórnarmanna og um gildistöku sameiningar og kosningar skv. 126. gr. Samhliða skal birt samþykkt um stjórn og fundarsköp hins nýja sveitarfélags sem öðlast skal gildi um leið og nýtt sveitarfélag tekur til starfa skv. 126. gr.

126. gr.

Gildistaka sameiningar.

Að tillögu stjórnar til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags tekur ráðuneytið ákvörðun um það með hvaða hætti sameining öðlast gildi. Verður það annaðhvort með því að kosið er til sveitarstjórnar fyrir hið nýja sveitarfélag eða með því að sveitarstjórn eins hinna sameinuðu sveitarfélaga tekur yfir stjórn þess nýja til loka kjörtímabils.

Ef kosið skal til nýrrar sveitarstjórnar ákveður ráðuneytið að tillögu stjórnar til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags hvaða dag kosningar til hins sameinaða sveitarfélags fara fram. Um kosningar til nýrrar sveitarstjórnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin sveitarstjórn tekur við stjórn hins nýja sveitarfélags 15 dögum eftir kjördag. Á sama tíma tekur sameining gildi.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara og laga um kosningar til sveitarstjórna um skipti á sveitarstjórnum.

Ef sveitarstjórn eins hinna sameinuðu sveitarfélaga tekur yfir stjórn þess nýja til loka kjörtímabils tekur sameining gildi á þeim degi sem ráðuneytið ákveður. Sama dag fellur umboð annarra sveitarstjórna hinna sameinuðu sveitarfélaga úr gildi.

127. gr.

Endurskoðun reglugerða og samþykkta.

Sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags skal svo fljótt sem við verður komið taka til umræðu og setja nýjar samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár fyrir hið nýja sveitarfélag. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að tilteknar reglur eða samþykktir sem gilt hafa í einu af viðkomandi sveitarfélögum skuli gilda fyrir hið nýja sveitarfélag í heild á meðan unnið er að setningu nýrra reglna. Um slíka ákvörðunartöku gilda sömu reglur og um setningu nýrra reglna í viðkomandi málaflokki, þar á meðal kröfur um tvær umræður eða staðfestingu ráðherra ef við á. Á meðan unnið er að því að setja viðeigandi reglur fyrir hið nýja sveitarfélag skulu eldri reglur gilda í hverju hinna eldri sveitarfélaga, þó ekki lengur en í þrjá mánuði frá gildistöku sameiningar.

Að því leyti sem ákvörðunum, svo sem um skatta, verður ekki breytt innan ársins vegna ákvæða annarra laga er heimilt að hafa mismunandi reglur innan hins nýja sveitarfélags þann tíma sem af ákvæðum viðkomandi laga leiðir.

128. gr.

Fjárhagsleg aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Ráðuneytið getur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sett almennar reglur um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Slíka aðstoð má veita í allt að fimm ár eftir sameiningu.

XIII. KAFLI
Samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga.

129. gr.
Formlegt samráð og samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Ríkisstjórnin skal tryggja formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélögin um mikilvæg stjórnarmálefni sem tengjast stöðu og verkefnum sveitarfélaga. Formlegt samstarf skal m.a. fara fram um framlagningu lagafrumvarpa sem varða sveitarfélögin, um stjórn fjármála hins opinbera, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur mikilvæg mál sem varða hagsmuni sveitarfélaganna eða fjármál.

Yfirumsjón með samstarfi skv. 1. mgr. hefur samstarfsráð ríkis og sveitarfélaga. Í því eiga sæti þrír ráðherrar, sem a.m.k. skulu gegna starfi fjármálaráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála, auk þriggja fulltrúa sveitarfélaganna sem kosnir eru af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ef þörf er á geta aðilar komið sér saman um að í samstarfsráði sitji fleiri ráðherrar en þrír en þá skal jafnframt fjölga fulltrúum sveitarfélaganna þannig að fjöldi þeirra verði jafn fjölda ráðherra.

Samstarf skv. 2. mgr. skal nánar útfært í samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga sem unninn skal af samstarfsráði eða í sérlögum eftir því sem við á. Þar skal einnig fjallað um gerð árlegrar þjóðhags- og landshlutaspár sem leggja ber til grundvallar í samstarfi samkvæmt þessari grein og sveitarfélögum er skylt að byggja á við gerð fjárhagsáætlana.

130. gr.
Kostnaðarmat.

Ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skal fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Viðkomandi ráðherrar bera ábyrgð á því að slíkt mat fari fram.

Þegar mat á fjárhagslegum áhrifum tillögu að lagafrumvarpi, stjórnvaldsfyrirmælum eða öðrum stefnumarkandi ákvörðunum, sbr. 1. mgr., liggur fyrir skal það þá þegar lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.

Mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir áður en frumvarp er afgreitt úr ríkisstjórn til framlagningar á Alþingi eða áformuð stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar aðgerðir af hálfu stjórnvalda eru endanlega ákveðnar.

Verði ágreiningur um niðurstöðu kostnaðarmats af lagafrumvarpi skal gerð sérstök grein fyrir því í kostnaðarumsögn sem skal fylgja frumvarpi þegar það er lagt fyrir Alþingi. Verði ágreiningur um niðurstöðu kostnaðarmats tillögu að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu stjórnvalda ríkisins skal niðurstaða um það koma fram í endanlegu kostnaðarmati þeirrar ákvörðunar, sbr. 3. mgr.

Ráðuneyti sveitarstjórnarmála skal árlega taka saman yfirlit um kostnaðarmat samkvæmt þessari grein, þar á meðal um ágreining um slíkt mat. Formlegar viðræður skulu fara fram um yfirlitið og niðurstöður þess í samstarfsráði skv. 129. gr.

XIV. KAFLI

Ýmis ákvæði, gildistaka og breytingar á öðrum lögum.

131. gr.

Sveitarstjórn verður óstarfhæf.

Verði sveitarstjórn að mati ráðuneytisins óstarfhæf vegna neyðarástands í sveitarfélagi, svo sem af völdum náttúruhamfara, getur ráðuneytið falið sveitarstjórn og viðeigandi nefndum nágrannasveitarfélags að fara með stjórn sveitarfélagsins. Ráðuneytið getur einnig skipað sveitarfélagi sérstaka framkvæmdastjórn kunnáttumanna um rekstur sveitarfélaga sem þá tekur að fullu við hlutverki hinnar óstarfhæfu sveitarstjórnar, nefnda hennar og starfsmanna eftir því sem þörf er á. Ráðuneytið skal með reglugerð setja almenn fyrirmæli um starfshætti slíkrar framkvæmdastjórnar.

Ráðuneytið skal birta ákvörðun skv. 1. mgr. í Stjórnartíðindum og getur hún aðeins gilt til fjögurra mánaða í senn.

132. gr.

Sérreglur um stjórn og stjórnskipulag einstakra sveitarfélaga.

Ef sveitarstjórn óskar er ráðuneytinu heimilt í tilraunaskyni að staðfesta samþykkt um stjórn og fundarsköp fyrir viðkomandi sveitarfélag sem gerir ráð fyrir öðru stjórnskipulagi en kveðið er á um í lögum þessum, þar á meðal um aukinn fjölda sveitarstjórnarmanna og aukið hlutverk einstakra nefnda eða starfsmanna sveitarfélagsins við daglega stjórn sveitarfélagsins því samfara.

Tilgangur heimildar skv. 1. mgr. er að veita færi til yfirvegaðrar þróunar á sveitarstjórnarstiginu, m.a. vegna stækkunar sveitarfélaga. Samþykktir um stjórn og fundarsköp sem staðfestar eru á grundvelli þessarar greinar skulu vera ítarlegar og taka til allra þátta sem nauðsynlegt er svo að stjórn sveitarfélags geti gengið hnökralaust. Miða skal við að ekki séu fleiri en ein sambærileg tilraun um stjórnskipulag gerðar í einu.

Sé heimild skv. 1. mgr. beitt skal það ekki gert til skemmri tíma en átta ára í senn, nema veigamiklar ástæður mæli með að fallið sé frá því. Ef fallið er frá stjórnskipulagi sem ákveðið er samkvæmt þessari grein skal sveitarstjórn þegar setja sveitarfélaginu nýja samþykkt um stjórn og fundarsköp sem er í samræmi við ákvæði laga þessara. Verður þessari heimild þá ekki beitt á ný af hálfu viðkomandi sveitarfélags fyrr en að átta árum liðnum.

133. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012. Á sama tíma falla úr gildi sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

134. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. *Lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum:*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:
      a. 1. mgr. orðast svo:

         Hvert sveitarfélag er fjallskilaumdæmi sem skiptist í fjallskiladeildir. Ef þörf er á eða hentugt þykir vegna skipulags leita eða annarra atriða sem mælt er fyrir um í lögum þessum skal fjallskilaumdæmi þó taka til fleiri sveitarfélaga.

b. 2. mgr. fellur brott.

b. 2. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn telst vera stjórn fjallskilaumdæmis samkvæmt lögum þessum nema fleiri sveitarfélög myndi saman fjallskilaumdæmi. Ef fleiri sveitarfélög mynda saman fjallskilaumdæmi skulu viðkomandi sveitarstjórnir setja umdæminu sérstaka samþykkt þar sem kveðið skal á um skipan í sérstaka stjórn þess. Hver sveitarstjórn skal skipa a.m.k. einn fulltrúa í stjórnina. Þeir skulu þó aldrei færri en þrír.

Stjórn fjallskilaumdæmis fer með yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála samkvæmt lögum þessum í viðkomandi umdæmi. Sveitarstjórnir annast stjórn og framkvæmd fjallskilamála í hverri fjallskiladeild eftir því sem nánar er ákveðið í fjallskilasamþykkt eða af stjórn fjallskilaumdæmis.

c. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Stjórn fjallskilaumdæmis setur fjallskilasamþykkt fyrir viðkomandi umdæmi. Í fjallskilasamþykkt skal kveðið á um ytri mörk fjallskilaumdæmis, skiptingu umdæmis í fjallskiladeildir, réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitilanda, fjallskil, smalanir heimalanda vor og haust, svo og um öll önnur atriði, er að framkvæmd fjallskila lúta.

d. Eftirfarandi breytingar verða 5. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 2. málsl. kemur: stjórn fjallskilaumdæmis; og í stað orðsins „hreppsnefndar“ í sama málslið kemur: sveitarstjórnar, ef við á.
   b. Í stað orðanna „hreppsnefndir, með samþykki héraðsnefndar“ í 3. málsl. kemur: sveitarstjórnir, með samþykki stjórnar umdæmis, ef við á.
   c. Í stað orðsins „héraðsnefndar“ í 4. málsl. kemur: sveitarstjórnar.
   d. Lokamálsliður fellur brott.

e. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
   a. 1. málsl. orðast svo: Stjórn fjallskilaumdæmis semur skrá yfir alla afrétti er héraðsbúar nota.
   b. Í stað orðsins „sýslunni“ í 3. málsl. kemur: fjallskilaumdæmis.

f. Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „sýslunefnd“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. kemur: stjórn fjallskilaumdæmis.
   b. Í stað orðanna „og færi sýslunefnd“ í a-lið 2. mgr. kemur: og færir stjórn fjallskilaumdæmis.

g. Í stað orðanna „heilar sýslur“ í 17. gr. laganna kemur: heil fjallskilaumdæmi.

h. Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „héraðsnefndir“ í inngangsmálslið kemur: stjórn fjallskilaumdæmis.
   b. Í stað orðanna „Héraðsnefndir aðliggjandi sýslna“ í c-lið kemur: Stjórnir aðliggjandi fjallskilaumdæma.

i. Orðið „héraðsnefnd“ í 19. gr. laganna fellur brott.

j. Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: eða stjórn fjallskilaumdæmis.
   b. Í stað orðsins „sýslu“ í 5. málsl. 2. mgr. kemur: svæðis.
   c. Í stað orðanna „viðkomandi héraðsnefnd“ í 5. mgr. kemur: stjórn fjallskilaumdæmis.

k. Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 1. málsl. 21. gr. laganna kemur: stjórn fjallskilaumdæmis.
l. Í stað orðanna „viðkomandi sýslunefnd“ í 2. málsl. 41. gr. laganna kemur: stjórn fjallskilaumdæmis.
m. Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Héraðsnefnd ákveður í fjallskilasamþykkt“ í 1. málsl. kemur: Í fjallskilasamþykkt skal ákveða.
   b. Í stað orðsins „héraðsnefndar“ í 3. málsl. kemur: stjórnar fjallskilaumdæmis.
n. Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 55. gr. laganna kemur: stjórn fjallskilaumdæmis.

2. *Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum:* Orðin „eða héraðsnefndar“ og „og héraðsnefndir“ í 1. mgr. 11. gr. laganna falla brott.
3. *Lög um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum:* 19. gr. laganna orðast svo:
   Í hverju sveitarfélagi skal starfa gróðurverndarnefnd sem kosin er af sveitarstjórn. Funda- og ferðakostnaður, svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar, greiðist af fé Landgræðslu ríkisins að 2/3 hlutum og viðkomandi sveitarfélagi að 1/3 hluta.
4. *Barnaverndarlög, nr. 80/2002:* Orðin „héraðsnefnd eða“ í 3. mgr. 10. gr. laganna falla brott.
5. *Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum:* 7. gr. laganna orðast svo:
   Um samvinnu sveitarfélaga að verkefnum samkvæmt lögum þessum fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga.
6. *Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995:* Í stað orðanna „Héraðsnefndir Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Snæfellinga tilnefna einn fulltrúa hver“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð.
7. *Lög um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum:*
   a. 3. gr. laganna orðast svo:
      Kjörgengur í sveitarstjórn er hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélaginu skv. 2. gr., hefur ekki verið sviptur lögræði og hefur óflekkað mannorð.
      Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.
      Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.
   b. 7. gr. laganna orðast svo:
      Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún staðfest á fundi sveitarstjórnar og undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.
   c. 2. málsl. 8. gr. laganna orðast svo: Í auglýsingunni skal tekið fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Ef fasteign liggur innan tveggja eða fleiri sveitarfélaga skulu viðkomandi sveitarfélög ekki síðar en 1. janúar 2013 hafa komist að samkomulagi um breytingu á mörkum viðkomandi sveitarfélaga þannig að fullnægt sé ákvæðum 4. gr.
2. Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. er ekki skylt að breyta fulltrúafjölda í sveitarstjórn fyrr en við aðrar almennar kosningar til sveitarstjórna frá gildistöku laga þessara.

3. Ákvæði 2. tölul. 44. gr. um kynjakvóta og þær reglur laga þessara sem vísa til hans með beinum hætti taka fyrst gildi við nefndaskipan að afloknum næstu almennu sveitarstjórnarkosningum frá gildistöku laga þessara.
4. Ákvæði 1. tölul. 2. mgr. 64. gr. gildir frá og með reikningsárinu 2011. Fyrri reikningsár teljast ekki með við afmörkun á þriggja ára tímabili samkvæmt ákvæðinu.
5. Samningar sveitarfélaga við endurskoðendur sem eru í gildi við gildistöku laga þessara halda gildi sínu í þann tíma sem viðkomandi samningur kveður á um, þó mest í fjögur ár frá gildistöku laga þessara.
6. Frá gildistöku laga þessara má ekki gera samninga um samvinnu sveitarfélaga eða við einkaaðila sem ganga gegn ákvæðum laga þessara. Slíkir samningar sem þegar eru í gildi halda hins vegar gildi sínu, að því leyti sem þeir eru í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og ákvæði annarra laga en tryggja skal að þeir fullnægi ákvæðum laga þessara ekki síðar en 15. október 2014.
7. Þær fjallskilasamþykktir sem settar hafa verið á grundvelli laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, og í gildi eru við gildistöku þessara laga halda gildi sínu. Þau verkefni sem lögð eru til héraðsnefnda samkvæmt samþykktunum falla til stjórna fjallskilaumdæma. Ef fleiri sveitarfélög mynda saman fjallskilaumdæmi skulu sveitarstjórnir þeirra hafa ákveðið skipan fjallskilastjórnar fyrir gildistöku laga þessara.
8. Endurskoða skal VII. kafla um fjármál sveitarfélaga í lögum þessum innan fimm ára frá gildistöku með hliðsjón af framkvæmd þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Í byrjun árs 2010 skipaði Kristján L. Möller, þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Trausta Fannar Valsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, verkefnisstjóra vegna heildarendurskoðunar sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Samhliða skipaði ráðherra fimm manna starfshóp sem falið var að vinna að verkefninu með verkefnisstjóra. Starfshópurinn var skipaður þremur fulltrúum samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og tveimur fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúar ráðherra í starfshópi voru Ísólfur Gylfi Pálmason, Drífa Hjartardóttir og Ólafur Gunnarsson. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga í hópnum voru Björk Vilhelmsdóttir og Guðjón Bragason.

Samkvæmt verkefnislýsingu var starfshópnum falið annars vegar að meta hvort gildandi sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, væru byggð upp með þeim hætti sem æskilegt væri. Hins vegar að fjalla um alla kafla laganna og meta efni þeirra og uppbyggingu og gera tillögur um ný ákvæði eftir því sem hann teldi þörf á. Í verkefnislýsingu kom fram að m.a. skyldi fjallað um eftirfarandi efnisatriði:

- Verkefni og hlutverk sveitarfélaga og sveitarstjórna.
- Lýðræðisþátttöku íbúa, gagnsæi í störfum sveitarstjórna og ábyrgð kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélaga.
- Siðareglur fyrir sveitarfélög.
- Stjórnkerfi sveitarfélaga og starfskjör kjörinna fulltrúa, meðal annars með hliðsjón af hugmyndum um fækkun sveitarfélaga.
- Fjármál, áætlanagerð og rekstur sveitarfélaga, framkvæmdir, lántökur, langtímaskuldbindingar og sölu eigna.
- Samskipti ríkis og sveitarfélaga, meðal annars í ljósi fenginnar reynslu af auknu samráði ríkis og sveitarfélaga, ábendingum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

- Setningu formlegra samskiptareglna.
- Fjárhagslegt eftirlit með sveitarfélögum, þ.m.t. innra eftirlit.
- Fyrirtæki sveitarfélaga, m.a. með hliðsjón af álitum umboðsmanns Alþingis og löggjöf í nágrannaríkjum.
- Starfsmannahald, meðal annars biðlaunarétt.
- Samstarf og ákvæði um sameiningar sveitarfélaga.
- Málskot og stjórnsýslulegt eftirlit með ákvörðunum sveitarstjórna.

Frumvarp sem hér er gerð tillaga um byggist á vinnu starfshópsins.

II.

Við gerð frumvarpsins hefur starfshópurinn haft í huga ákveðin meginsjónarmið. Í fyrsta lagi að tryggja beri ríka sjálfstjórn sveitarfélaga hér á landi. Mikil söguleg hefð er fyrir sjálfsstjórn íslenskra sveitarfélaga og að því leyti sem fært er ber að tryggja að svo verði áfram. Í öðru lagi að sömu, eða sambærilegar reglur, eigi að gilda um meginþætti í stjórnsýslu allra sveitarfélaga. Sú stefna var í grundvallaratriðum mörkuð með sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, að hér á landi væri aðeins eitt sveitarstjórnarstig. Þá var áréttuð sú afstaða við setningu gildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, að almennt skyldu sömu stjórnsýslureglur gilda um starfsemi allra sveitarfélaga. Ekki verður talið að rök séu til að víkja frá þeirri stefnu hvað varðar almennar reglur um störf og starfshætti sveitarfélaga þótt vitaskuld kunni að myndast þær aðstæður að greinarmunur verði gerður á sveitarfélögum, t.d. eftir stærð þeirra, við setningu laga um einstök verkefni. Hinar almennu leikreglur um sveitarstjórn, nefndir og eftirlit með sveitarfélögum eiga hins vegar að vera þær sömu. Í þriðja lagi er það sjónarmið haft í huga að búa þarf sveitarstjórnum skýrt og skilvirkt starfsumhverfi sem taki tillit til þarfa sveitarstjórna til að sinna staðbundnum hagsmunum en feli um leið í sér skýr skilaboð um að sveitarstjórnir skulu á hverjum tíma starfa þannig að sem best samræmist hagsmunum íbúa sveitarfélagsins og þjóðfélagsins í heild. Á síðustu árum hefur sveitarfélögum fækkað og þau um leið eflst. Tekjustofnar þeirra hafa aukist og þau hafa tekið að sér umfangsmeiri þjónustu við borgarana en áður var, bæði samkvæmt lagaboði og að eigin frumkvæði. Þessi þróun leiðir óhjákvæmilega til þess að ákvarðanir, stefnumótun og fjármál einstakra sveitarfélaga skipta sífellt meira máli fyrir samfélagið í heild. Því er jafnvel mikilvægara nú en áður var að þær almennu reglur sem gilda um stjórn og starfsemi sveitarfélaga tryggi, eftir því sem unnt er, ábyrgð við framkvæmd sveitarstjórnarmála með almannahagsmuni til lengri tíma í huga. Í fjórða lagi að sveitarfélögin þurfa að eflast enn frekar og öðlast þá stöðu að geta staðið sem mest á eigin fótum bæði faglega og rekstrarlega. Í frumvarpinu er ekki tekin til þess bein afstaða hvort að því markmiði beri að vinna með sameiningum sveitarfélaga eða öðrum hætti.

III.

Frumvarpinu er skipt í kafla eftir helstu efnisþáttum. Tekur skiptingin í stórum dráttum mið af gildandi sveitarstjórnarlögum. Kaflar frumvarpsins eru eftirtaldir:

I. kafli. Almenn ákvæði um sveitarfélög.
II. kafli. Um sveitarstjórnina.
III. kafli. Sveitarstjórnarfundir.
IV. kafli. Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.
V. kafli. Nefndir ráð og stjórnir.
VI. kafli. Framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélaga.

VII. kafli. Fjármál sveitarfélaga.
VIII. kafli. Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.
IX. kafli. Samvinna sveitarfélaga og samningar um rækslu verkefna.
X. kafli. Samráð við íbúa.
XI. kafli. Stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum.
XII. kafli. Sameining sveitarfélaga.
XIII. kafli. Samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga.
XIV. kafli. Ýmis ákvæði.

IV.

Í frumvarpinu eru ekki lagðar til neinar meiri háttar breytingar á íslenska sveitarstjórnarstiginu. Flestir kaflar frumvarpsins byggjast því á ákvæðum gildandi laga, bæði hvað varðar efnistök og uppbyggingu. Ákveðnir kaflar frumvarpsins fela þó í sér miklar breytingar á gildandi lögum. Helstu breytingar felast í tillögum um eftirfarandi:

- fjármál sveitarfélaga,
- eftirlit með fjármálum,
- samvinnu sveitarfélaga,
- samráð við íbúa og
- stjórnsýslueftirlit.

Nánari grein er gerð fyrir breytingartillögunum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Breytingar á öðrum atriðum sem um er fjallað í frumvarpinu hafa það fyrst og fremst að markmiði að gera ákvæði laganna skýrari. Þó er þar að finna ýmis nýmæli. Meðal þeirra helstu má nefna eftirtalin atriði:

- Ákvæði um lágmarksíbúafjölda sveitarfélags, sem nú er 50 íbúar, er fellt brott.
- Í 11. gr. er að finna nýtt ákvæði um fjölda sveitarstjórnarfulltrúa. Þýðing þeirrar breytingar sem þar er lögð til felst fyrst og fremst í auknum fulltrúafjölda í Reykjavíkurborg.
- Í 29. gr. er að finna ákvæði sem kveður á um heimild sveitarstjórna til að setja sér, nefndum og starfsmönnum sveitarfélags siðareglur og um meðferð ágreiningsefna vegna brota á slíkum reglum.
- Í 30. og 31. gr. er skerpt á ákvæðum gildandi laga um lögmæt forföll sveitarstjórnarmanna. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að setja í fastari skorður innkallanir varamanna á einstaka sveitarstjórnarfundi.
- Í 33. gr. er að finna ákvæði þar sem fjallað er um rétt manna til þátttöku í sveitarstjórnarstörfum, og bann við því að einstaklingum sé sagt upp störfum vegna starfa að sveitarstjórnarmálum.
- Í 38. gr. er að finna ítarlegra ákvæði en nú er um heimildir sveitarstjórna til að ákveða að velja nefnd um tiltekin verkefni eða málaflokka fyrir hluta sveitarfélags.
- Í 44. og 45. gr. er að finna ákvæði um kosningar í nefndir. Meginbreyting sem lögð er til lýtur að ákvæði um kynjakvóta í ákveðnar nefndir sveitarfélaga.
- Í VII. kafla eru mörg nýmæli er varða fjármál sveitarfélaga, svo sem:
  - ársreikningum og fjárhagsáætlunum skal skila fyrr en nú er (61. og 62. gr.),
  - óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina (63. gr.),
  - skyldu sveitarfélaga til að miða afkomu sína við tvenns konar fjármálareglur (64. gr.),
  - skipta skal um endurskoðanda á fimm ára fresti, og
  - hlutverk reikningsskila- og upplýsinganefndar er skilgreint í lögum.

- Í VIII. kafla eru margvísleg nýmæli varðandi eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, svo sem varðandi skilyrði sem ráðherra getur sett um stjórn og fjármál sveitarfélaga (85. gr.).
- Í 89. gr. er kveðið á um einhliða heimild fjárhaldsstjórnar til að leita nauðasamnings fyrir sveitarfélag, enda hafi önnur úrræði og samningar ekki borið árangur.
- Í 94. og 95. gr. eru ákvæði um byggðasamlög gerð skýrari og í 96. gr. eru ákvæði er lúta að aðstæðum þar sem sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir önnur sveitarfélög.
- Í 97. gr. er m.a. kveðið á um skyldu til samráðs ráðuneyta og opinberra stofnana við landshlutasamtök um stefnumótun eða ákvarðanir sem varða viðkomandi landsvæði sérstaklega.
- Í X. kafla eru margvísleg ákvæði er varða samráð við íbúa og um rétt þeirra til að hafa áhrif á stjórn sveitarfélag, svo sem:
  - varðandi upplýsingar um málefni sveitarfélags (103. gr.),
  - skyldu fyrir ráðuneytið í samstarfi við Hagstofu Íslands og sambandið til að halda opinbera upplýsingaveitu um fjármál sveitarfélaga o.fl. (104. gr.),
  - skyldu til að halda borgarafund ef minnst 10% kosningarbærra íbúa óska þess og skyldu til að hafa almenna atkvæðagreiðslu um tiltekið málefni ef minnst 20% kosningarbærra óska þess (108. gr.).
- Í 116. gr. er ný heimild til að beita sveitarfélag dagsektum vegna sannanlegrar vanrækslu.
- Í 118. gr. er nýmæli um annars vegar heimild til að bera ákvörðun ráðuneytisins, sem tekin er á grundvelli eftirlitshlutverks þess, undir dómstóla eftir almennum reglum, og í 119. gr. er fjallað um heimild ráðuneytis til að höfða viðurkenningarmál.
- Í 132. gr. er að finna nýmæli um heimild ráðherra sveitarstjórnarmála til að veita samþykki fyrir tilraunum um útfærslu á stjórn og stjórnskipulagi einstakra sveitarfélaga. Mikilvægi þeirrar tillögu felst í því að með henni er veitt nauðsynlegt svigrúm til að bregðast við óskum einstakra sveitarfélaga um nýmæli í stjórnskipulagi, t.d. í kjölfar stækkunar.
- Í 130. gr. er sérstakt ákvæði um kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla vegna áhrifa á fjárhag sveitarfélaga.
- Í 134. gr. er að finna ákvæði um breytingar á öðrum lögum. Tvö atriði skipta þar mestu, annars vegar tillaga um ákveðnar breytingar á kjörgengisskilyrðum sveitarstjórnarmanna, fyrst og fremst hvað varðar kjörgengi þeirra sem hlotið hafa refsidóma, hins vegar tillaga um breytingar á öðrum lögum sem tengist þeirri tillögu sem lögð er til hér um brottfall ákvæða um héraðsnefndir úr lögum.

V.

Frumvarpið byggist á því sjónarmiði að það sé og skuli vera meginatriði í stjórnskipulagi sveitarfélaga að með stjórn þeirra hvers um sig fari sérstaklega kjörin sveitarstjórn sem kjörin er lýðræðislegri kosningu af kosningarbærum íbúum hvers sveitarfélags. Sveitarstjórnin fer með stjórn sveitarfélagsins og ber um leið ábyrgð á starfsemi þess. Þetta er í samræmi við ákvæði 78. gr. stjórnarskrárinnar um sjálfstjórn sveitarfélaga og ákvæði Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga.

Í samræmi við þetta vísar hugtakið sveitarstjórn í frumvarpinu til stjórnar sveitarfélagsins. Þegar notað er hugtakið sveitarfélag, felst í því önnur merking en í hugtakinu sveitarstjórn. Sveitarfélagið er sá lögaðili sem lýtur stjórn sveitarstjórnarinnar. Rétt er að taka fram að ekki

verður fullyrt að sama merking verði lögð í þessi hugtök í sérlögum. Það leiðir af túlkun þeirra hverju sinni hvort svo er.

Í ljósi þess að sveitarstjórnin fer með æðsta vald í málefnum sveitarfélagsins, og tekur ákvarðanir um stjórn þess og stjórnskipulag innan ramma laga, er í frumvarpinu lagt til grundvallar að stærstu ákvarðanir um málefni sveitarfélagsins geti aðeins sveitarstjórnin sjálf tekið. Sveitarfélög fara með mikla hagsmuni. Ákvarðanir um málefni sveitarfélaga geta haft mikil áhrif á íbúa sveitarfélaganna og jafnvel á þjóðfélagið í heild sinni. Því er ekki ástæða til að auka verulega svigrúm einstakra sveitarstjórna til að fela öðrum aðilum innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, svo sem byggðarráði, ákvörðunarvald í mikilvægum málum. Það er í samræmi við þann lýðræðislega grundvöll sem kjör sveitarstjórnar byggist á að eiginlegt ákvörðunarvald um mikilvæg málefni sé í hennar höndum, en ekki undirnefnda hennar eða einstakra starfsmanna. Þá er jafnframt með vísan til þessa sjónarmiðs ekki ástæða til að veita sveitarstjórnum möguleika, umfram það sem nú er, til að taka ákvarðanir sem eiga sér stuttan aðdraganda og lítinn undirbúning. Mikilvægt er að tryggja, í samræmi við þann lýðræðislega grundvöll sem sveitarstjórnarstigið byggist á, að allir sveitarstjórnarmenn fái tímanlega þær upplýsingar í hendur sem þeir þurfa til að geta hver og einn tekið upplýstan þátt í ákvörðunum um málefni sveitarfélagsins. Eftir atvikum getur það gerst að stjórnskipulag sveitarstjórnarstigsins leiði til þess að einstakar ákvarðanir verði ekki teknar jafn skjótt og vilji kann að standa til hjá einhverjum af fyrirsvarsmönnum einstakra sveitarfélaga. Almennt er hitt hins vegar mikilvægara, að vel sé vandað til undirbúnings ákvarðana og að lýðræðislegur réttur hvers og eins sveitarstjórnarmanns til þátttöku í stjórn sveitarfélagsins sé virtur.

Rétt er einnig að taka fram að frumvarpið byggist á því að stjórnsýsla sveitarfélaga fer almennt fram á einu stjórnsýslustigi. Hvert og eitt sveitarfélag er almennt aðeins eitt stjórnvald. Innan stjórnvaldsins fer svo fram margvísleg starfsemi, sem skipað er í mismunandi sjálfstæðar einingar. Grunnskólar sveitarfélaga eru þannig, svo dæmi sé tekið, ekki sérstök stjórnvöld, heldur hluti af viðkomandi sveitarfélagi. Í þessu felst einnig að ekki verður rætt um kæruleiðir innan sveitarfélags, svo sem að ákvarðanir einstakra stofnana verði kærðar til sveitarstjórnarinnar, nema um slíkar kæruleiðir séu sérákvæði í lögum.

VI.

Í desember 2008 samþykkti Alþingi lög nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Á grundvelli þeirra laga var skipuð sérstök rannsóknarnefnd sem falið var það hlutverk að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008. Í þessu skyni skyldi nefndin m.a. leggja mat á hvernig staðið hafi verið að eftirliti með fjármálastarfsemi hér á landi á síðustu árum og upplýsingamiðlun af því tilefni milli stjórnvalda, til ríkisstjórnar og Alþingis, sbr. 4. tölul. 1. gr. laganna. Þá var nefndinni ætlað að koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu sem miða að því að gera íslenskt fjármálakerfi færara um að bregðast við þróun og breytingum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, sbr. 5. tölul. ákvæðisins. Rannsóknarnefndin skilaði umfangsmikilli skýrslu 12. apríl 2010. Í henni er að finna fjölda ábendinga og tillagna sem varða íslenska stjórnsýslu, m.a. um upplýsingagjöf milli stjórnvalda, sem og formfestu í stjórnsýslu og skráningu á upplýsingum. Af skýrslunni má telja ljóst að í ákveðnum efnum eru, eða hafa verið, verulegar brotalamir á íslenskri stjórnsýslu.

Skýrsla rannsóknarnefndarinnar tekur eðli máls samkvæmt til ákveðinna og afmarkaðra þátta íslenskrar stjórnsýslu. Hún fjallar ekki um sveitarstjórnarstigið. Við undirbúning að því

frumvarpi sem hér er lagt fram hefur engu að síður verið litið til skýrslunnar og þeirrar umræðu sem hún hefur leitt til í íslensku samfélagi. Það er afstaða þess starfshóps sem hefur unnið að undirbúningi frumvarpsins að þrjú atriði sé rétt að hafa í huga í þessu sambandi, framar öðrum.

Í fyrsta lagi umfjöllun í rannsóknarskýrslunni um athafnaskyldur ráðherra og ábyrgð þeirra sem æðsta handhafa stjórnsýsluvalds varðandi þá málaflokka sem undir þá heyra. Þessi umfjöllun og svo umfjöllun sem fram hefur farið varðandi lagalega ábyrgð einstakra ráðherra, fyrst og fremst samkvæmt lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, getur almennt séð verið til leiðbeiningar um þær skyldur sem hvíla á sveitarstjórnum sem æðsta stjórnanda í hverju sveitarfélagi. Hafa verður í huga að samsvaranir verða aðeins í tiltölulega fáum tilvikum dregnar með beinum hætti á milli starfsskyldna ráðherra og starfsskyldna sveitarstjórna. Engu síður getur áhersla sem birtist í skýrslunni á skyldu ráðherra til að tryggja að skipulag stjórnsýslunnar sé með þeim hætti að verkefnum sé sinnt og að hann fái nauðsynlegar upplýsingar á hverjum tíma til að geta sinnt störfum sínum með viðunandi hætti geta haft mikið leiðbeiningargildi fyrir sveitarstjórnarstigið. Þetta atriði hefur ekki leitt til beinna tillagna í frumvarpi þessu. Sveitarstjórnarmönnum þarf hins vegar, líkt og ráðherrum, að vera ljós ábyrgð sín að þessu leyti. Hún lýtur ekki nauðsynlega að afskiptum af hverju og einu máli sem fjallað er um í stjórnsýslu sveitarfélagsins, heldur mun fremur að skipulagi stjórnsýslunnar og skyldu til að tryggja yfirsýn yfir þau málefni sem þar reynir á þannig að lögum sé rétt framfylgt á hverjum tíma og hagsmunum sveitarfélagsins ekki stefnt í hættu, til að mynda með óvarlegum eða lítt grunduðum ákvörðunum um fjármál.

Í öðru lagi er það afstaða starfshópsins að umfjöllun sem fram hefur farið um starfshætti Alþingis og samspil meiri hluta og minni hluta þingsins geti einnig haft þýðingu fyrir sveitarstjórnarstigið. Í skýrslu starfshóps forsætisráðherra um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sem út kom í maí 2010, er m.a. gert að umtalsefni að mikilvægt sé að leita leiða til að stuðla að því sem nefna megi „samstöðuskapandi stjórnmál“. Þar kemur einnig fram að almennt megi segja að „helsta aðferð samstöðustjórnmála af þessu tagi sé að takmarka meirihlutaræði“. Þrátt fyrir að þessi ummæli beinist að Alþingi, og eftir atvikum að æðstu framkvæmdarvaldshöfum í stjórnsýslu ríkisins, þá geta þau sjónarmið sem þarna búa að baki einnig átt erindi við sveitarfélögin. Það er ekki í samræmi við þann lýðræðisgrundvöll sem býr að baki vali á fulltrúum í sveitarstjórnir ef ákvarðanir eru einvörðungu teknar á forsendum meiri hlutans hverju sinni, án almennrar umræðu þar sem a.m.k. öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn gefst raunverulegt færi til þátttöku. Og hér reynir ekki aðeins á samskipti meiri hluta og minni hluta í sveitarstjórnum. Það gengur einnig gegn þessu viðmiði um lýðræðislegan grundvöll að töku ákvarðana þegar sveitarstjórnir ákveða að færa hluta af starfsemi sinni í form einkaréttarlegra félaga, svo sem um rekstur fasteigna eða annað. Með slíkum ákvörðunum myndast sú raunverulega hætta að mikilvægar ákvarðanir sem miklu skipti fyrir hagsmuni sveitarfélagsins verði teknar utan hins lýðræðislega stjórnkerfis sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Tekið skal fram að vegna þess tímaramma sem endurskoðun sveitarstjórnarlaga var markaður reyndist ekki unnt að móta tillögur um fyrirtæki sveitarfélaga, svo sem um heimildir sveitarfélaga til að eiga fyrirtæki, í hvaða tilgangi og með hvaða hætti þeim verði ráðstafað. Má hér m.a. vísa til álitaefna sem upp komu í tengslum við Orkuveitu Reykjavíkur á dótturfyrirtæki sínu á árinu 2007. Þrátt fyrir að tækifæri hafi ekki gefist til að vinna drög að slíkum reglum nú má engu að síður telja þörf á að í slíka vinnu verði ráðist, þá eftir atvikum með undirbúningi lagafrumvarps þar að lútandi.

Í þriðja lagi telur starfshópurinn að mikilvægt sé almennt að hafa í huga þær ábendingar sem fram koma í rannsóknarskýrslunni um þýðingu þess að halda til haga mikilvægum upplýsingum, afla upplýsinga þar sem þeirra er þörf og vinna úr þeim með réttum hætti, leggja úrlausnir mála í formlegan farveg og tryggja viðunandi fagþekkingu þeirra starfsmanna sem falið er að sinna daglegri stjórnsýslu á vegum stjórnvalda.

Öll framangreind atriði lúta með almennum hætti að stjórnsýslu sveitarfélaga og þeim venjum og siðum sem þar mótast. Í frumvarpi þessu er hins vegar, eftir atvikum, leitast við að hafa þau til hliðsjónar.

VII.

Við endurskoðun og gerð frumvarpsins var litið til nágrannalanda og skoðuð lagauppbygging þeirra í þessu efni. Þá byggði nefndin tillögur sínar um fjármálareglur að nokkru leyti á skýrslu samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál sem gefin var úr 21. september 2010.

Starfshópurinn skilaði drögum að frumvarpi til sveitarstjórnarlaga 28. desember 2010. Frumvarpsdrögin voru síðan sett á vef ráðuneytisins til almennrar umsagnar og athugasemda með fresti til 23. janúar 2011 er síðar var framlengdur til 8. febrúar 2011. Fjölmargar athugasemdir bárust m.a. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og endurskoðunarfyrirtækjunum KPMG og PWC, Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum, auk annarra hagsmunasamtaka og einstaklinga. Farið var yfir allar innsendar athugasemdir í ráðuneytinu.

Við endanlega gerð frumvarpsins var fyrst og fremst tekið mið af niðurstöðum starfshópsins en einnig athugasemdum sem bárust ráðuneytinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er skipað nokkrum almennum ákvæðum um sveitarfélög. Þar er að finna almennt ákvæði um sjálfstjórn sveitarfélaga, yfirstjórn sveitarstjórnarmálefna, markmið laganna og forsendur sem frumvarpið byggist á, um staðarmörk sveitarfélaga, heiti sveitarfélaga og almennar skyldur sveitarfélaga.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. breytingu sem á því ákvæði var gerð með stjórnarskipunarlögum, nr. 97/1995, er kveðið á um að sveitarfélögin ráði sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Í samræmi við þessa grunnreglu íslenskrar stjórnskipunar er hnykkt á því í upphafsgrein sveitarstjórnarlaga að sveitarfélögin ráði sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð. Í því felst þó ekki að sveitarfélögin lúti ekki löggjafarvaldi Alþingis. Sveitarfélögin eru bundin af lögum líkt og stjórnarskráin mælir fyrir um berum orðum og þá lúta þau eftirliti annarra stjórnvalda eftir því sem lög mæla fyrir um. 1., 3. og 4. mgr. greinarinnar eru sambærilegar 1. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að orðalagi 1. mgr. verði breytt frá gildandi lögum á þann veg að í stað þess að rætt sé um að landið skiptist í „staðbundin sveitarfélög“ þá sé látið við það sitja að taka fram að landið „skiptist í sveitarfélög“. Eðli máls samkvæmt eru sveitarfélög staðbundin stjórnvöld og þykir óþarfi að taka það sérstaklega fram í lögunum. Leiðir það einnig af ákvæði 4. gr. frumvarpsins, sem nánar er gerð grein fyrir hér að aftan.

Ákvæði 2. mgr. er ekki að finna í 1. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. Í 8. gr. þeirra kemur þó fram að í hverju sveitarfélagi skuli vera sveitarstjórn sem kjörin sé samkvæmt ákvæðum

laga um kosningar til sveitarstjórna, og í 9. gr. gildandi laga er jafnframt kveðið á um að það sé sveitarstjórnin sem hafi með höndum stjórn sveitarfélagsins. Með hliðsjón af því að það telst grundvallarþáttur í sjálfstjórn sveitarfélaga að með stjórn þeirra fari aðili sem valinn er af íbúum sveitarfélagsins sjálfum þykir rétt að ákvæði um þetta komi fram þegar í upphafi sveitarstjórnarlaganna og sé þannig skýrlega tengt tilvist sveitarfélaganna og sjálfstjórn þeirra. Til skýringar er enn fremur lagt til að í ákvæðinu komi fram að sveitarstjórnir séu kosnar á fjögurra ára fresti. Samkvæmt gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að nýjar sveitarstjórnarkosningar geti farið fram innan kjörtímabils jafnvel þótt ósætti kunni að myndast innan sitjandi sveitarstjórnar af hverju tagi sem það kann að vera. Einu undantekningarnar á þessu eru ef kosningar eru úrskurðaðar eða dæmdar ógildar samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna eða ef ákveðið er að halda nýjar kosningar vegna sameiningar sveitarfélaga. Eru þær undantekningar sérstaklega lögbundnar. Með hliðsjón af mikilvægi þess að stuðlað sé að stöðugleika í stjórn sveitarfélaga er talið mikilvægt að ekki verði gerðar breytingar á þessu fyrirkomulagi.

Í 3. mgr. er tekið fram að hver maður teljist íbúi þess sveitarfélags sem hann á lögheimili í. Vísast um skilgreiningu hugtaksins lögheimili til laga um lögheimili.

Í 4. mgr. ákvæðisins kemur fram að sveitarfélög teljast lögaðilar. Sveitarfélögin eru hvert um sig sjálfstæð stjórnvöld. Þau hafa enn fremur sjálfstætt fjárstjórnarvald og heimildir til að fara með það eftir því sem lög ákveða á hverjum tíma. Eftir því sem lög leyfa er sveitarfélögum því heimilt að gera samninga, taka á sig skuldbindingar og ráðstafa réttindum sínum. Þau njóta einnig aðildarhæfis fyrir dómstólum bæði til sóknar og varnar, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum.

Um 2. gr.

1. og 3. mgr. greinarinnar eru efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga, sbr. einnig 2. gr. eldri sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Þrátt fyrir að sveitarfélögin séu sjálfstæð stjórnvöld, sbr. 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar, heyra sveitarstjórnarmálefni stjórnarfarslega undir tiltekinn ráðherra. Í lögum þessum er ráðherra sveitarstjórnarmála einnig falin ýmis verkefni sem tengjast sveitarfélögum samráði við þau og eftirlit með starfsemi þeirra. Fylgt er þeirri stefnu í frumvarpinu að vísa ekki til ákveðins heitis ráðherra. Það hvaða ráðherra sveitarstjórnarmál heyra undir hverju sinni ræðst af þeirri verkaskiptingu milli ráðherra sem í gildi er hverju sinni óháð starfsheiti hans að öðru leyti.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra sveitarstjórnarmála skuli í störfum sínum standa vörð um hagsmuni sveitarfélaganna, um sjálfstjórn þeirra, verkefni og fjárhag. Þetta ákvæði felur í sér mikilvæga stefnuyfirlýsingu um hlutverk ráðherrans. Ráðherra er ætlað að standa vörð um hagsmuni sveitarfélaganna, ásamt því að sinna öðrum verkefnum og sem honum eru falin á hverjum tíma og leiða af stöðu hans í stjórnkerfinu. Með orðalagi þessu er lögð áhersla á að það er sameiginlegt verkefni allra þeirra sem koma að stjórn ríkisins að tryggja hagkvæma verkaskiptingu stjórnvalda og skilvirka og réttláta stjórnsýslu. Á það við hvort sem stjórnsýslan er innt af hendi af sveitarfélögum eða stjórnvöldum á vegum ríkisins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skuli ráðið til lykta án umfjöllunar sveitarstjórnarinnar. Skilyrði er að um sé að ræða sérstaka hagsmuni tiltekins sveitarfélags. Almennt samráð stjórnvalda ríkisins við sveitarstjórnarstigið grundvallast á ákvæðum XIII. kafla frumvarpsins.

Um 3. gr.

Grein þessi er nýmæli í sveitarstjórnarlögum. Í henni er kveðið á um það meginmarkmið laganna að marka almennan grundvöll að starfsemi og stjórnskipulagi sveitarfélaga. Kjörgengisskilyrði til sveitarstjórna eru almenn og fela ekki í sér kröfur um sérfræðiþekkingu á rekstri sveitarfélaga, stjórnsýslu eða lögum. Því er ákaflega mikilvægt að sá rammi sem störfum sveitarstjórnarmanna er settur með sveitarstjórnarlögum sé skýr eftir því sem kostur er.

Þá eru í greininni upp taldar ákveðnar meginforsendur sem frumvarpið byggist að öðru leyti á að séu til staðar eða verði, eftir því sem við á, tryggðar af hálfu löggjafans á hverjum tíma. Þannig segir í 1. tölul. að frumvarpið byggist á þeirri forsendu að sveitarfélög séu sjálfstæð stjórnvöld, sem stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Þessi forsenda er í samræmi við 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar. Í 2. tölul. kemur fram að frumvarpið byggist á þeirri forsendu að skipulag og starfsaðstæður sveitarfélaganna séu með þeim hætti að þau geti sjálf borið ábyrgð á framkvæmd verkefna sem þeim er falið að sinna. Í þessu felst að frumvarpið byggist á því að sveitarfélögin séu sjálfbær, bæði faglega og rekstrarlega. Í því felst þó ekki að sveitarfélögin þurfi eða eigi að reka verkefni sín sjálf að öllu leyti. Það er einnig mikilvægt að sveitarfélögum sé tryggður möguleiki til samvinnu sín á milli um rækslu þeirra verkefna sem þau geta ekki leyst af hendi á eigin vegum eða þau telja hagkvæmara að leysa með þeim hætti. Til mótvægis við 2. tölul. ákvæðisins en einnig til skýringar á nánara inntaki hans er því í 3. tölul. tilgreint að það sé einnig forsenda sem frumvarpið byggist á að sveitarfélögin hafi möguleika til samvinnu. Í 4. tölul. kemur fram að afskipti annarra stjórnvalda af málefnum sveitarfélaga skuli á hverjum tíma taka mið af sjálfstjórn sveitarfélaga samkvæmt stjórnarskrá og sáttmála Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélaga. Í þessu felst m.a. tilvísun til þeirrar reglu sem fram kemur í 8. gr. sáttmála Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélaga, sem birtur er í C-deild Stjórnartíðinda, skjal nr. 7/1991. Um stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum er nánar fjallað í athugasemdum með XI. kafla laganna. Mikilvægt er hins vegar að árétta að í þessum tölulið felst ekki að sveitarfélögin þurfi ekki að sæta eftirliti af hálfu stjórnvalda ríkisins og þá ekki heldur bann við því að um einstök og skilmerkilega afmörkuð verkefni geti það eftirlit falið í sér endurskoðun á mati eða ákvörðunum sveitarfélags. Í þessu felst hins vegar árétting þess almenna sjónarmiðs að eftirlit stjórnvalda á vegum ríkisins með starfsemi sveitarfélaga skuli almennt bundið við það hvort sveitarfélög hafi haldið sig innan þess lagaramma sem þeim er settur og jafnframt að eftirlitið sé framkvæmt á þann hátt að hægt sé að tryggja að íhlutun eftirlitsstjórnvalds sé í hlutfalli við mikilvægi þeirra hagsmuna sem því er ætlað að vernda. Í 5. tölul. kemur fram að frumvarpið byggist á þeirri forsendu að sveitarfélög hafi sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrám sem þeim er heimilt að setja. Ákvæði þetta er efnislega í samræmi við 4. mgr. 7. gr. gildandi laga. Þar sem það felur hins vegar ekki í sér beina réttarreglu um gjaldskrárheimildir sveitarfélaga, eða um einstaka tekjustofna þeirra, verður að líta svo á það lýsi fremur forsendu sem líta verði svo á að eðlilegt sé að tryggja við setningu sérlaga hverju sinni. Ákvæðið byggist á sömu forsendum og búa að baki 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 4. gr.

Í sveitarstjórnarlögum frá 1961 var kveðið á um að ríkið skiptist í sveitarfélög. Í sveitarstjórnarlögum frá 1986 var horfið frá því orðalagi. Athugasemdir í greinargerð við þá breytingu eru skýrar; segir þar að af rökfræðilegum ástæðum sé talið rétt að sneiða hjá því orðalagi að ríkið skiptist í sveitarfélög. Þess í stað var í 1. gr. umræddra laga frá 1986 valin sú leið að kveða á um að byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög. Í 3. mgr. 3. gr. þeirra laga kom enn fremur fram að ættu íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefði verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags skyldi hann teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags ættu upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næðist samkomulag um til hvers þeirra hann skyldi teljast skyldi ráðuneytið skera úr. Í framangreindu fólst að aðeins byggð landsins og afréttir skiptust í sveitarfélög. Þeir hlutar landsins sem töldust hvorki til byggðar eða afrétta tilheyrðu þar með ekki sveitarfélögum.

Í frumvarpi til þeirra laga sem síðan urðu að sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, var tekið upp það orðalag að allt landið skiptist í sveitarfélög, sbr. nú 1. mgr. 1. gr. þessa frumvarps. Með þessu var tekin sú afstaða að stjórnsýsla sveitarfélaganna, líkt og stjórnsýsla á vegum ríkisins, taki til landsins alls. Byggt er á sama viðhorfi í þessu frumvarpi, sbr. áðurnefnda 1. mgr. 1. gr. Hefur þetta ekki áhrif á eignarréttarlega stöðu landsins, svo sem vegna niðurstaðna óbyggðanefndar um mörk þjóðlenda og eignarlanda. Standi vilji löggjafans til þess að stjórnvöldum á vegum ríkisins sé falið sérstakt stjórnsýsluhlutverk um áætlanagerð eða annað vegna séreðlis tiltekinna landsvæða, eins og til að mynda hefur verið gert vegna þjóðgarða og ef til vill kann að koma til skoðunar að auknu leyti um miðhálendið, verður að telja eðlilegt að slíkar útfærslur byggi á sérlögum en um þær sé ekki fjallað í almennum sveitarstjórnarlögum. Ekkert í þessu frumvarpi stendur slíkri skipan í vegi.

Í samræmi við 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er í 1. mgr. 4. gr. kveðið á um að sveitarfélög hafi ákveðin staðarmörk sem ráðist af útmerkjum þeirra fasteigna, þ.m.t. þjóðlenda, sem innan þeirra liggja. Í þessu felast nýmæli að því leyti að skýrlega er kveðið á um að mörk fasteigna ráðist af útmerkjum þeirra fasteigna sem innan þeirra liggja. Fasteign mun ekki, verði ákvæði þetta að lögum, geta fallið innan staðarmarka tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Mikilvægt er að tryggja að ekki sé vafi um valdbærni einstakra sveitarfélaga sem stjórnvalda, m.a. um útgáfu leyfa, áætlanagerð um landnotkun o.fl. Eftir sem áður getur verið að sveitarfélag geti átt land í öðru sveitarfélagi séu fyrir því málefnalegar ástæður að teknu tilliti til hlutverks og tilgangs sveitarfélaga og það sé í samræmi við almenna hagsmuni íbúa viðkomandi sveitarfélags. Einnig felast í þessu nýmæli að því leyti að gengið er út frá því að þjóðlendur muni skiptast í fleiri fasteignir sem þá eftir atvikum taki mið af staðarmörkum sveitarfélaga eins og þau nú eru skilgreind eða verða skilgreind af óbyggðanefnd.

Óþarft er að skýra sérstaklega ákvæði 2. og 3. mgr. ákvæðisins. Með þeim er lögð áhersla á það að mörk sveitarfélaga skuli vera stöðug og ekki háð tilfallandi tillögum um breytingar. Jafnframt er tekinn af vafi um að ráðherra eða önnur stjórnvöld á vegum ríkisins geti almennt ekki án skýrrar lagaheimildar ákveðið breytingu á umdæmi sveitarfélaga. Jafnframt er þó leitast við að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika stjórnsýslunnar með ákvæði um að ráðherra geti þó breytt mörkum sveitarfélaga í sambandi við sameiningu þeirra eða til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarfélaga. Með hliðsjón af þeim réttaráhrifum sem slík breyting á staðarmörkum sveitarfélaga getur haft fyrir einstaka íbúa sveitarfélagsins tekur hún eðli máls samkvæmt ekki gildi fyrr en við opinbera birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Í 4. mgr. ákvæðisins er hreyft viðfangsefni sem til nokkurrar umræðu hefur verið í íslensku stjórnkerfi en það lýtur að mörkum sveitarfélaga til hafsins. Af ákvæði 1. mgr. leiðir

að mörk sveitarfélagsins ráðast af ytri merkjum þeirra fasteigna sem innan þess liggja. Í því felst almennt, sbr. til hliðsjónar 3. mgr. 1. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, að ytri mörk sveitarfélaga til hafsins miðast við netlög sem teljast 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar. Um rétt sveitarfélaga til nýtingar, umsagnar um nýtingu, rétt til að skipuleggja svæði eða til annarra atriða, fer því samkvæmt þessu að ákvæðum sérlaga hverju sinni.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er fjallað um heiti sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að það sé sveitarstjórnar sjálfrar að ákveða heiti sveitarfélags. Til að tryggja að heiti sveitarfélags sé í samræmi við íslenska málfræði og málvenju er þó lagt til að áður en nýtt heiti sveitarfélags er ákveðið skuli ávallt leita umsagnar örnefnanefndar. Þá kemur fram í 2. mgr. ákvæðisins að nafni sveitarfélags megi ekki breyta eða gefa nýju sveitarfélagi nafn nema með staðfestingu ráðuneytisins. Í því felst að ráðuneytið skal taka til skoðunar hvort viðkomandi nafn fullnægir því lagaskilyrði að samrýmast íslenskri málfræði og málvenju. Í 2. mgr. er enn fremur lagt til að nýtt heiti sveitarfélags öðlist gildi við setningu samþykktar um stjórn sveitarfélags eða við breytingu hennar til samræmis við nýtt heiti sveitarfélags. Með þessu er tekinn af allur vafi um gildistöku hins nýja heitis.

Um 6. gr.

Ákvæði 6. gr. um byggðarmerki er samhljóða 5. gr. gildandi laga. Sú eina breyting er gerð að síðari málsliður 2. mgr. ákvæðisins er felldur brott, þar sem fram kemur að umsókn skuli fylgja tilskilið gjald. Slíkt skilyrði er í reynd óþarft, enda gjaldtökuheimild vegna skráningar byggðarmerkja skýr, sbr. 3. mgr. ákvæðisins. Að öðru leyti verður ekki talið að ákvæðið þarfnist skýringa.

Um 7. gr.

Ákvæði 7. gr. frumvarpsins samsvarar að efni til 7. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, 6. gr. eldri laga, nr. 8/1986, og enn fremur 10. gr. sveitarstjórnarlaga frá 1961.

Hefðbundið er í umfjöllun um sveitarfélög á Norðurlöndum að verkefni þeirra eru greind í lögbundin verkefni annars vegar og ólögbundin verkefni hins vegar. Lögbundin verkefni má síðan greina í skyldubundin verkefni og valkvæð verkefni (lögskyld og lögheimil). Munur á lögbundnum og ólögbundnum verkefnum felst í því hvort löggjafarvaldið hafi sett reglur um rækslu þess verkefnis sem um ræðir. Hafi það ekki verið gert yrði rætt um ólögbundið verkefni. Í Danmörku er heimild sveitarfélaga til að taka upp og sinna verkefnum á ólögbundnum grundvelli nefnd „kommunalfuldmagt“. Í Noregi er í þessu sambandi rætt um „kommunernes almindelige kompetance“ og sambærileg hugtakanotkun er fyrir hendi í Svíþjóð. Það er þessi aðgreining og þessi hugtakanotkun sem byggt er á í 7. gr. frumvarpsins. Áherslu verður einnig að leggja á það hlutverk sveitarfélaga sem leiðir af stöðu þeirra sem handhafa framkvæmdarvalds, sbr. 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Í því felst að sveitarfélögin eru stjórnvöld. Hlutverk þeirra sem veljast til stjórnar og starfa fyrir sveitarfélög er því, auk þess að sinna almennum velferðarmálum íbúanna, að sinna framkvæmd þeirra stjórnsýsluverkefna sem sveitarfélögum eru falin að lögum. Að því leyti sem sveitarfélögin hafa val um það hvernig lögin skuli útfærð og tiltekin verkefni framkvæmd ber þeim jafnframt að sjá um að slík framkvæmd sé í samræmi við grundvallarreglur um meðferð stjórnsýsluvalds, þar á meðal það sjónarmið að framkvæmdin stuðli að sameiginlegri velferð

íbúanna á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Í tengslum við þá skyldu sveitarfélaga að sinna framkvæmd lögbundinna verkefna standa ýmis önnur ákvæði frumvarpsins, svo sem um eftirlit sveitarstjórnarinnar með starfsemi sveitarfélagsins og ábyrgð á starfsemi þess, eftirlit með fjárhag og reikningsskilum o.fl. Ákvæði 2. og 3. mgr. verður því að túlka í því samhengi að sveitarfélögin eru stjórnvöld og fara með opinbert hlutverk.

Í umræðu um verkefni og stöðu sveitarfélaga hefur það oft og tíðum valdið nokkrum vandkvæðum að erfitt getur reynst að fá heildaryfirlit yfir þau verkefni sem sveitarfélögunum hefur með lögum verið falið eða heimilað að sinna. Slík heildaryfirsýn skiptir þó miklu m.a. í tengslum við umfjöllun um þörf þeirra fyrir hlutdeild í almennum tekjustofnum hins opinbera. Í þessu ljósi er lagt til að lögfest verði það nýmæli, sbr. 1. mgr. ákvæðisins, að ráðuneytinu verði falið að gefa árlega út leiðbeinandi yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga, flokkað eftir því hvort um lögskyld eða lögheimil verkefni er að ræða. Mikilvægt er að árétta að þessu yfirliti er ekki ætlað að hafa gildi sem sjálfstæð réttarheimild. Skyldur sveitarfélaga ráðast því af þeim lögum sem sett hafa verið um verkefni þeirra, en ekki af yfirliti samkvæmt þessu ákvæði. Vandað heildaryfirlit af þessu tagi er hins vegar til þess fallið að auðvelda umræðu um skyldur og hlutverk sveitarfélaga, m.a. í tengslum við tekjustofna þeirra og útgjöld.

Heimild sveitarfélaga til að taka upp verkefni skv. 3. mgr. ákvæðisins er ekki óheft. Hún markast í fyrsta lagi af því að verkefni má ekki hafa verið falið öðrum til úrlausnar að lögum. Þessi afmörkun er mikilvæg og í fullu samræmi við sjálfstjórn sveitarfélaganna og þá lýðræðislegu ábyrgð sem á sveitarstjórnarfulltrúum hvílir hverju sinni. Sveitarfélögin eru bundin af lögum líkt og aðrir aðilar í samfélaginu. Jafnframt leiðir það af 2. mgr. ákvæðisins að ákvörðun sveitarstjórnar til að taka að sér verkefni sem ekki hefur verið falið öðrum til úrlausnar verður að fullnægja því almenna viðmiði að teljast sameiginlegt velferðarmál íbúa sveitarfélagsins. Enn fremur skal ákvörðun sveitarfélags um rækslu ólögbundins verkefnis vera í samræmi við almennar grundvallarreglur stjórnsýsluréttar og stjórnarskrár og má ekki ganga gegn öðrum settum lagareglum eða meginreglum laga.

Eins og áður er komið fram er lagt til að ákvæði 4. mgr. 7. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga um að sveitarfélög skuli hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast verði efnislega fært í 5. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Enn fremur er lagt til að ákvæði 5. mgr. 7. gr. gildandi verði efnislega fært í kafla laganna um fjármál sveitarfélaga, nánar tiltekið í 60. gr. frumvarpsins. Nánar er að inntaki þess ákvæði og þýðingu vikið í skýringum við þá grein.

Um II. kafla.

Annar kafli frumvarpsins ber yfirskriftina „Um sveitarstjórnina“. Hér er að finna nokkur ákvæði sem lúta að skipan, hlutverki og verkaskiptingu sveitarstjórnarinnar.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að það er hlutverk sveitarstjórnarinnar að fara með stjórn sveitarfélagsins innan þess ramma sem lög ákveða. Þá er til nánari áréttingar á stöðu sveitarstjórnarinnar sem æðstu stjórnar sveitarfélagsins tekið fram að starfsemi sveitarfélaga fari fram á einu stjórnsýslustigi leiði annað ekki með beinum hætti af lögum.

Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að sveitarstjórnin hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn skal enn fremur sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins sé fylgt. Í reynd er hér aðeins um að ræða eðlilega áréttingu á skyldum sem þegar leiða af þeirri stöðu sveitarstjórnarinnar að henni er falin stjórn sveitarfélagsins. Valdi (rétti) til að stjórna sveitarfélagi í þágu opinberra hagsmuna fylgir einnig sú skylda til að gera það með þeim hætti að sömu hagsmunum sé ekki stefnt í voða. Í frumvarpinu er ekki mælt nákvæmlega fyrir um það með hvaða hætti sveitarstjórn skal sinna þeirri skyldu sinni að fylgjast með stjórnsýslu sveitarfélagsins. Ljóst er að fjöldi mála kemur á borð sveitarstjórnar á fundum hennar. Sveitarstjórnarmenn eiga rétt á að fá fyrir fundi gögn sem eru nægjanleg til að þeir geti tekið upplýsta afstöðu til þeirra málefna sem þar á að taka fyrir. Þá leiðir af frumvarpinu að öðru leyti að ýmsar mikilvægar ákvarðanir svo sem um fjárheimildir og setningu samþykktar um stjórn og fundarsköp getur aðeins sveitarstjórnin tekið. Við töku ákvarðana á fundum og undirbúning þeirra eiga einstakir sveitarstjórnarmenn því gott færi á að öðlast innsýn í starfsemi sveitarfélagsins. Þá eiga sveitarstjórnarmenn einnig víðtækan rétt til aðgangs að gögnum og upplýsingum um málefni sveitarfélagsins, sbr. 28. gr. frumvarpsins. Ljóst er hins vegar að sveitarstjórnin, a.m.k. í hinum stærri sveitarfélögum, getur ekki haft innsýn í allar ákvarðanir sem teknar eru á vegum sveitarfélags. Í slíkum tilvikum þarf sveitarstjórnin að tryggja að uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins sé með þeim hætti að lögmæti starfseminnar sé tryggt, að hún fái vitneskju með skýrum hætti um vandamál í rekstri sveitarfélags, um álitamál eða fordæmisgefandi ákvarðanir sem sveitarfélag stendur frammi fyrir.

Í 3. mgr. kemur fram að sveitarstjórn geti ályktað um hvert það málefni sem hún telji að varði sveitarfélagið. Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringar en þó má taka fram að af þessu ákvæði leiðir að það er almennt ekki hlutverk sveitarstjórnarinnar að álykta um málefni sem ekki tengjast verkefnum sveitarfélagsins.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um skyldu sveitarstjórna til að setja sér samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Sambærilegt ákvæði er í 10. gr. gildandi laga.

Hefðbundið er að íslensk sveitarfélög hafi mikið sjálfræði um uppbyggingu eigin stjórnkerfis. Íslensk lög fullnægja að því leyti kröfum skv. 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga.

Í samþykkt um stjórn og stjórnsýslu ber sveitarstjórn að taka afstöðu til fjölda atriða sem varða innra stjórnskipulag sveitarfélagsins, svo sem um þær nefndir sem kjósa skal, meginatriði um hlutverk þeirra, verkaskiptingu milli sveitarstjórnar og sveitarstjóra og eftir atvikum byggðarráðs og sveitarstjóra, helstu ákvæði um starfslið o.fl. Mikilvægt er að sveitarfélög sinni þeirri skyldu að setja samþykktir og vandi til þess verks.

Í ákvæðinu er í öðru lagi kveðið á um að í samþykkt skuli fjallað um fundarsköp sveitarstjórnar og nefnda hennar. Sambærileg ákvæði er nú að finna í 25. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. Sú hefð hefur skapast að mælt er fyrir um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélags og fundarsköp í sömu samþykktinni þrátt fyrir að um þessi atriði sé í gildandi lögum fjallað í tveimur lagagreinum, 10. gr. og 25. gr. Hér er í samræmi við þá hefð lagt til að ákvæði þessi verði sameinuð.

Samkvæmt ákvæðinu er það sveitarstjórn sem skal setja samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins og mæla þar fyrir um nauðsynleg atriði. Í því felst þó ekki að samþykkt þurfi að breyta í hvert sinn sem ný sveitarstjórn tekur við stjórn sveitarfélags að loknum

sveitarstjórnarkosningum. Það gerir ný sveitarstjórn telji hún tilefni til og lúta þá breytingar á samþykktum sömu málsmeðferð og þegar nýjar samþykktir eru staðfestar. Tekið er fram í ákvæðinu að samþykkt sveitarstjórnar um stjórn, stjórnsýslu og fundarsköp nefnist samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Er það heiti hennar notað annars staðar í ákvæðum frumvarps þessa.

Í niðurlagi 1. mgr. er mælt fyrir um að samþykkt um stjórn og fundarsköp þurfi staðfestingu ráðherra. Í því felst að ný samþykkt eða breytingu á henni verður að fjalla um á tveimur fundum sveitarstjórnar með a.m.k. viku millibili, sbr. 18. gr. Í staðfestingarhlutverki ráðherra felst að honum er ætlað að yfirfara samþykkt með tilliti til þess hvort ákvæði í henni eru í samræmi við lög, bæði með tilliti til þess hvort í samþykkt er tekin afstaða til allra þeirra þátta sem þar ber að fjalla um og með tilliti til þess hvort þar er að finna ákvæði sem ganga gegn ákvæðum sveitarstjórnarlaga eða annarra laga. Í þessu eftirliti ráðherra felst því einvörðungu eftirlit með lögmæti samþykktarinnar sem slíkrar.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. skal ráðuneytið semja fyrirmynd að samþykkt skv. 1. mgr. og birta hana í Stjórnartíðindum. Fyrirmyndin gildir þar til sérstök samþykkt hefur verið gerð fyrir viðkomandi sveitarfélag. Gera má ráð fyrir að þetta ákvæði geti haft þýðingu þegar sveitarfélög sameinast án þess að gerðar séu viðhlítandi ráðstafanir í tíma til að setja sveitarfélagi nýjar samþykktir. Að öðru leyti er ákvæðið mikilvægt. Reynslan sýnir að í fyrirmynd ráðuneytisins felst nauðsynleg leiðbeining fyrir sveitarfélögin um framsetningu samþykkta.

Um 10. gr.

Ákvæði þetta er að nær öllu leyti óbreytt frá 11. gr. gildandi laga. Þó er bætt við ákvæði um að oddviti sveitarstjórnar megi nefna forseta bæjarstjórnar. Í 2. mgr. er einnig gert ráð fyrir að sérákvæði gildi um stöðu Reykjavíkurborgar. Er þar í fyrsta sinn í sveitarstjórnarlögum sérstaklega tekið fram að Reykjavíkurborg sé höfuðborg Íslands. Að gildandi lögum hefur það atriði þó ekki sérstaka þýðingu um réttindi eða skyldur borgarinnar. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum gilda sömu almennu reglurnar um störf og starfshætti allra sveitarfélaga landsins.

Um 11. gr.

Ákvæði 11. gr. frumvarpsins tekur mið af 12. gr. gildandi laga. Megináhrif þeirrar tillögu sem fram kemur í frumvarpinu eru þau að borgarfulltrúum (sveitarstjórnarmönnum í Reykjavík) fjölgar úr 15 í a.m.k. 23. Stendur þessi tillaga í samhengi við ákvæði frumvarpsins um innköllun varamanna á fundi sveitarstjórna. Reynslan sýnir að í Reykjavík eru fleiri einstaklingar í reynd virkir sem borgarfulltrúar en þeir 15 sem kosnir eru. Almennt hafa varamenn einnig mjög ríka aðkomu að stjórn borgarinnar og skipa iðulega fundi við umræðu um málefni sem þeir þekkja vel eða hefur verið falið að kynna sér. Gera má ráð fyrir að virkir borgarfulltrúar séu í reynd nær 30 en 15.

Ákvæðið getur haft áhrif á fulltrúafjölda í öðrum sveitarfélögum, en þó fyrst og fremst aðeins þeim stærstu. Það er í samræmi við þá lýðræðislegu hugsun sem býr að baki sveitarstjórnarstiginu og reglum um kosningar til sveitarstjórna að sveitarstjórnarfulltrúar séu fulltrúar íbúa sveitarfélagsins og geti þar með á virkan hátt endurspeglað vilja íbúanna. Mikilvægt er þó einnig að hafa í huga að það stjórnskipulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir að gildi um starfsemi sveitarfélaga gerir ekki ráð fyrir mjög stórum sveitarstjórnum enda byggt á því að sveitarstjórnin sjálf taki allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur og stjórnsýslu sveitarfélagsins og beri á þeim ábyrgð.

Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki sérstakra skýringa.

Um 12. gr.

Í 12. gr. frumvarpsins er fjallað um það hvernig ný sveitarstjórn tekur við stjórn sveitarfélags að loknum kosningum. Ákvæðið á sér hliðstæðu í 13. gr. gildandi laga. Samkvæmt ákvæðinu tekur nýkjörin sveitarstjórn við umboði til að stjórna sveitarfélaginu 15 dögum eftir kjördag. Fram að þeim tíma hefur nýkjörin sveitarstjórn engar valdheimildir til að taka ákvarðanir um málefni sveitarfélagsins eða innri verkaskiptingu.

Það leiðir af eðli sveitarstjórnar sem stjórnsýslunefndar að hún getur enga ákvörðun tekið nema á lögmætum fundi. Ljóst er því að nýkjörin sveitarstjórn getur ekki í reynd tekið að sér stjórn sveitarfélagsins fyrr en á sínum fyrsta lögmæta fundi. Af þeirri ástæðu er kveðið á um það í ákvæðinu að fyrsta fund ber að halda eigi síðar en 15 dögum eftir að nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er fjallað um þá skyldu sveitarstjórnar að velja sér formann, öðru nafni oddvita. Hvað varðar atkvæðavægi á fundi hefur oddviti á allan hátt sömu stöðu og aðrir löglega kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn. Oddviti hefur hins vegar sérstaka stöðu hvað varðar stjórnun funda. Embættið er því mikilvægt um alla starfsemi sveitarstjórnar enda geta sveitarstjórnir engar ákvarðanir tekið nema á fundum. Af þessari ástæðu er það skylda sveitarstjórnar að velja sér oddvita og varaoddvita strax á fyrsta fundi. Verður almennt að gera ráð fyrir að þetta sé fyrsta verk sveitarstjórnarinnar. Séu um það ákvæði í samþykktum sveitarfélagsins er heimilt að velja tvo varaoddvita.

Oddviti er formaður sveitarstjórnarinnar. Í samræmi við almennar reglur hefur hann með höndum stjórn sveitarstjórnarfunda. Þá er oddvita í vissum ákvæðum frumvarpsins ætlað sérstakt hlutverk. Í öðrum lögum kann enn fremur að vera sérstaklega kveðið á um hlutverk formanns stjórnsýslunefndar eða oddvita sveitarstjórnar sérstaklega ef því er að skipta. Ber þá vitaskuld að fylgja þeim lagaákvæðum eftir því sem við á. Að öðru leyti er hlutverk oddvita almennt hið sama og annarra sveitarstjórnarfulltrúa, þar á meðal um lögbundin réttindi og skyldur í starfi sem sveitarstjórnarmaður. Það veltur hins vegar á ákvörðun sveitarstjórnarinnar hvaða hlutverk oddviti fær í framkvæmd, svo sem verði talsmaður sveitarstjórnar út á við eða vegna tiltekinnar stjórnsýslu sem fram fer á vegum sveitarfélagsins.

Í ákvæðinu eru lagðar til nokkru nákvæmari reglur um kjör oddvita og varaoddvita en er að finna í gildandi lögum. Fyrst og fremst er tilgangur þeirra breytinga sem hér um ræðir sá að lagfæra orðalag 3. mgr. 14. gr. gildandi laga, sem ekki verður talið svo skýrt sem æskilegt væri. Mikilvægt er að ákvæði þetta sé skýrt og gefi ekki tilefni til vafa um framkvæmd kosningar. Ber í því sambandi m.a. að líta til þess að í frumvarpinu er á því byggt, eins og í gildandi lögum, að þegar kosið er til annarra embætta og ekki er um listakosningu að ræða þá fari slík kosning að ákvæði laganna um oddvitakjör. Á ákvæðið getur því reynt í fleiri tilvikum en þegar valinn er oddviti. Enn fremur er lagt til að horfið verði frá þeirri reglu sem lögfest var með gildandi sveitarstjórnarlögum að kjörtímabil oddvita og varaoddvita sé ávallt eitt ár. Hér er gengið út frá að kjörtímabil oddvita og varaoddvita sé hið sama og sveitarstjórnarinnar. Frá því er á hinn bóginn hægt að víkja ákveði sveitarstjórn annað. Er því lagt til að sveitarstjórn sjálf hafi tiltekið frjálsræði um þetta. Á hverjum tíma getur meiri hluti sveitarstjórnar ákveðið að efna á ný til oddvitakjörs í sveitarstjórn. Enn fremur skal tekið fram að ekki er þörf á að um styttra kjörtímabil oddvita eða varaoddvita sé sérstaklega fjallað í samþykkt um stjórn sveitarfélags.

Það fyrirkomulag sem hér er gerð tillaga um, þ.e. heimild sveitarstjórnar til að skipta um oddvita á miðju kjörtímabili og þá jafnvel oftar en einu sinni, er ekki sjálfsagt. Á öðrum Norðurlöndum virðist þessari tilhögun almennt ekki fylgt. Það sjónarmið virðist þar búa að baki að mikilvægt sé að tryggja stöðugleika í stjórnun sveitarfélaga. Reynslan sýnir hér á landi í ljósi tíðra meirihlutaskipta í sveitarstjórnum að viss þörf virðist fyrir það að tryggja betur en nú er stöðugleika í sveitarstjórnum hér á landi. Því kynni að koma til skoðunar að festa kjörtíma oddvita og eftir atvikum nefnda sveitarfélaga og binda hann við kjörtímabilið í heild sinni. Hlutverk sveitarstjórnarmanna er fyrst og fremst að tryggja rétta og lögmæta framkvæmd sveitarstjórnarmálefna til hagsbóta fyrir íbúa sveitarfélagsins. Fjögurra ára kjörtímabil getur í reynd ekki talist verulega langur tími í því sambandi. Standi vilji íbúa sveitarfélagsins til breytinga á stjórn sveitarfélagsins að kjörtímabili loknu ætti það almennt að nægja til að nauðsynlegur sveigjanleiki í stjórn sveitarfélagsins sé tryggður að slíkar breytingar fari fram í kjölfar kosninga. Í ljósi þeirra hefða sem skapast hafa hér á landi í þessum efnum þykir þó, þrátt fyrir þetta, ólíklegt að breytingar sem fælu í að einstakar kosningar, svo sem um oddvita eða nefndir, yrðu bindandi til loka kjörtímabils eigi mikinn hljómgrunn.

Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir að kosning oddvita fari fram með eftirfarandi hætti: Í fyrsta lagi telst sá rétt kjörinn oddviti sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Séu ekki allir sveitarstjórnarfulltrúar mættir til fundarins þarf samt sem áður meiri hluta allra þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Er þetta í samræmi við ákvæði gildandi laga. Almenn regla stjórnsýsluréttar og einnig á sveitarstjórnarstiginu er sú að mál teljist afgreitt með jákvæðum hætti hljóti það atkvæði meiri hluta mættra fundarmanna enda sé mættur nægilegur fjöldi fulltrúa og að til fundar hafi verið boðað með réttum hætti þannig að nefnd sé ályktunarhæf. Í þessu felst undantekning frá umræddri meginreglu. Verði umræddum meiri hluta ekki náð við fyrstu umferð, svo sem vegna þess að tiltekinn hluti sveitarstjórnarmanna situr hjá við kosninguna, skal kjósa að nýju. Telst þá sá kjörinn oddviti sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist á hinn bóginn ekki niðurstaða við aðra umferð skal kjósa í þriðja sinn á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það á milli hverra tveggja verði kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær þótt hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Segja má að umferð númer tvö við oddvitakjörið sem lýst er hér að ofan feli í sér nýmæli frá gildandi lögum, verði hún lögfest. Rétt þykir hins vegar að lögfesta þá reglu, í stað þess að fara á þessum tímapunkti beint í kosningu milli tveggja efstu manna. Ekki er ólíklegt að þessi breyting leiði í reynd í ákveðnum tilvikum til einföldunar kosningarinnar.

Fyrirkomulag við kosningu á varaoddvita eða varaoddvitum þarfnast ekki sérstakra skýringa. Þó skal tekið fram að af orðalagi ákvæðisins leiðir að sé kjörinn fleiri en einn varaoddviti er aðeins gert ráð fyrir að hægt sé að kjósa tvo varaoddvita, sem þá teljast fyrsti varaoddviti og annar varaoddviti, sem gegna, í þeirri röð, störfum oddvita í forföllum hans. Af 7. mgr. frumvarpsgreinarinnar leiðir að njóti annar varaoddvita ekki lengur trausts eða hann forfallast varanlega, sé um tvo að ræða, þá skal kjör í það embætti fara fram á ný, með sama hætti og áður. Í þessu mundi almennt felast að kjósa ætti til beggja varaforsetaembættanna að nýju með hlutfallskosningu, væri ekki sátt um annað fyrirkomulag í sveitarstjórninni.

Um III. kafla.

Í III. kafla frumvarpsins er að finna almenn ákvæði um fundi sveitarstjórna. Nauðsynlegt er að í sveitarstjórnarlögum sé kveðið á um lágmarksreglur um fundarsköp m.a. til að tryggja rétt einstakra sveitarstjórnarmanna til að geta með fullnægjandi hætti sinnt því starfi sem þeir eru kjörnir til. Engu að síður er gert ráð fyrir að mikilvæg atriði um fundastarfsemi sveitarstjórna, svo sem um ræðutíma ráðist af ákvæðum í samþykktum um fundarsköp, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um skyldu sveitarstjórna til að halda fundi. Eins og leiðir af almennum reglum stjórnsýsluréttar, sbr. einnig nánari fyrirmæli skv. 17. gr. frumvarpsins og 20. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga er sveitarstjórn ekki ályktunarhæf nema á fundi. Þá er það einnig meginregla, sbr. 16. gr. frumvarpsins, sbr. 16. gr. gildandi laga, að fundir sveitarstjórna eru haldnir fyrir opnum dyrum. Með hliðsjón af þeim mikilvægu réttindum og skyldum kjörinna sveitarstjórnarmanna sem felast í mætingu á fundi sveitarstjórnar og þátttöku í störfum hennar og með hliðsjón af þeim réttindum íbúa sveitarfélaganna að geta mætt á fundi sveitarstjórnarinnar og fylgst þar með störfum hennar er nauðsynlegt að leitast við að tryggja festu í fundarhaldi sveitarstjórnarinnar. Því hefur verið kveðið svo á í íslenskum sveitarstjórnarlögum, sbr. 15. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, að sveitarstjórnir skulu halda reglulega fundi á þeim tíma og stað sem ákveðinn er fyrir fram.

Í framkvæmd hafa komið upp álitaefni sem lúta að heimildum þeirra sem boða til sveitarstjórnarfunda til að víkja frá fyrri ákvörðunum sveitarstjórnar um fundarstað og fundartíma séu sérstakar aðstæður fyrir hendi. Niðurstaða um það veltur að nokkru marki á þeirri ákvörðun sem sveitarstjórn hefur tekið fyrir fram um hina reglulegu fundi og því hvort í henni er gert ráð fyrir svigrúmi um þetta atriði. Í ákvæðinu segir að fundir séu haldnir á þeim stað og tíma sem ákveðinn er fyrir fram eða mælt er fyrir um í samþykkt um fundarsköp. Ákvæðið girðir ekki fyrir að samþykkt um fundarsköp sé mælt fyrir um ákveðið svigrúm að þessu leyti þótt einnig sé mikilvægt að fundartími og staður sé fyrir fram ákveðinn með það að markmiði að fundir séu reglulegir. Ef sveitarstjórn orðar á hinn bóginn ákvörðun sína eða ákvæði samþykkta um fundartíma og fundarstað með ófrávíkjanlegum hætti verður vart frá því vikið nema á grundvelli mjög sérstakra aðstæðna sem jafna má til neyðarástands.

Þá er í 2. mgr. ákvæðisins jafnframt að finna sérstaka heimild þess efnis að sveitarstjórn geti fellt niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan. Með þessu er enn frekar tryggt nauðsynlegt svigrúm um fundastarfsemina, án þess að haggað sé við þeirri mikilvægu reglu að fundir fari reglulega fram.

Í ákvæðinu er ekki talað um hversu oft á ári skuli halda sveitarstjórnarfundi. Er ekki talin þörf á slíku ákvæði. Almennt má gera ráð fyrir að sveitarstjórnir kjósi að halda fundi eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti og að líkum nokkuð oftar.

Í ákvæðinu segir að aukafundi skuli halda þegar oddviti telur það nauðsynlegt eða þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess. Frá þeim tíma að fullnægjandi ósk um aukafund berst til þess sem sér um boðun fundar skv. 15. gr. frumvarpsins skal tryggt að fundur sé haldinn eigi síðar en innan tveggja virkra daga.

Sveitarstjórnarstörf eru sjaldnast aðalstörf íslenskra sveitarstjórnarmanna. Almennt er því eðlilegt að fundir sveitarstjórna séu haldnir á þeim tímum dags þar sem gera má ráð fyrir að a.m.k. flestir sveitarstjórnarmenn eigi þess kost að sækja fund, þrátt fyrir aðalstarf sitt.

Sjónarmiði þessu tengist jafnframt réttur íbúa sveitarfélaga til að vera viðstaddur sveitarstjórnarfundi þótt sá réttur hljóti eðli máls samkvæmt að standa skör lægra en réttur einstakra sveitarstjórnarmanna til að sækja þá fundi sem þeir eru kjörnir til að mæta til. Með vísan til þeirrar hefðar sem almennt virðist fylgt hér á landi að fundir sveitarstjórna séu skipulagðir þannig að þessir hagsmunir sveitarstjórnarmanna og íbúa sveitarfélaganna séu virtir virðist ekki þörf á lögfestingu reglna um þetta atriði. Tekið skal fram að önnur og jafnvel andstæð sjónarmið kunna að eiga við um fundartíma hjá nefndum ekki síst í nefndum í stærri sveitarfélögum þar sem fundað er með skömmu millibili. Það ræðst þó af aðstæðum í hverju sveitarfélagi.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er fjallað um boðun sveitarstjórnarfunda. Þar sem hér er um grundvallaratriði að ræða fyrir þá einstaklinga sem kjörnir eru til setu í sveitarstjórn þykir rétt að hafa um þetta atriði sérstakt ákvæði í lögunum. Þrátt fyrir að sveitarstjórn ákveði reglulegan fundartíma er jafnframt nauðsynlegt að fundur sé boðaður með formlegum og tryggilegum hætti. Tilgangur boðunar á fundi er jafnframt sá að tryggja að sveitarstjórnarmönnum berist tímanlega fyrir fund þau gögn sem nauðsynleg eru til að þeir geti í reynd fullnægt skyldum sem á þeim hvíla.

Í 1. mgr. ákvæðisins er sett fram sú tillaga að boðun fundar sé í höndum oddvita eða framkvæmdastjóra, eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Að gildandi lögum er þetta hlutverk í höndum framkvæmdastjóra og þar með einvörðungu í höndum oddvita hafi sveitarstjóri ekki verið ráðinn. Eðlilegra þykir að sveitarstjórnir hafi frjálsræði um hvorn háttinn þær hafa á í þessu efni. Á hinn bóginn þykir ekki rétt að sveitarstjórnum sé að öllu leyti frjálst hverjum þær fela þetta hlutverk enda skiptir boðun sveitarstjórnarfunda og þar með ákvörðun um það hvaða mál eru á dagskrá miklu um stjórnun sveitarfélagsins og starfsemi sveitarstjórnarinnar. Í IV. kafla frumvarpsins er sérstaklega fjallað um rétt sveitarstjórnarmanna til að koma málum á dagskrá fundar.

Í ákvæðinu kemur fram að fundarboð reglulegra funda skuli berast sveitarstjórnarmönnum eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir fund. Fundarboð vegna aukafunda skal berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en sólarhring fyrir fund. Þetta er nýmæli, enda eru ekki ákvarðanir um tímamörk að þessu leyti í gildandi lögum. Þá er í málsgreininni mælt fyrir um það hversu langan tíma sá er tekur við ósk um boðun aukafundar hefur til að koma fundarboði til sveitarstjórnarmanna. Í niðurlagi 1. mgr. er tekið fram að nánari fyrirmæli um boðun funda sé unnt að setja í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Slík fyrirmæli geta m.a. falið í sér ákvæði um það hvort og þá með hvaða hætti heimilt sé að boða fundi og senda út fundargögn rafrænt. Mikilvægt er að slíkar reglur séu skýrar, séu þær á annað borð settar, og fullnægi kröfum sem gera verður um öryggi fundarboðunar og öryggi þeirra gagna sem send eru með þessum hætti.

Í 2. mgr. er enn fremur tekið fram að fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem nauðsynleg eru fyrir sveitarstjórnarmenn til að taka afstöðu til mála. Með vísan til þess hversu mikilvægt atriði, ekki síst af tilliti til minnihlutaverndar, er hér um að ræða þykir rétt að lögfesta reglur um þessa þætti. Sveitarfélögum er í samþykktum sínum frjálst að kveða á um rýmri fresti í þessum efnum.

Rétt er að taka fram, í þessu sambandi, að hefðbundið virðist vera í samþykktum um stjórn og fundarsköp sveitarfélaga, að kveðið sé á um að fundarboð eða dagskrá fundar berist sveitarstjórnarfulltrúum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Hér er lagt til að umræddur frestur verði að lágmarki þrír sólarhringar. Er sá frestur eðlilegur í ljósi eðlis

þeirra starfa sem sveitarstjórnarfulltrúum eru falin og þeirrar ábyrgðar sem á þeim hvílir. Verkefni sveitarfélaga eru fjölbreytt og umfangsmikil og hagsmunir sem þau hafa til umfjöllunar eru miklir. Ekki ætti að vera viðurhlutamikið fyrir sveitarfélög að skipuleggja störf nefnda, þar á meðal byggðarráðs, þannig að mál geti eftir sem áður gengið með skilvirkum hætti í gegnum stjórnkerfi sveitarfélags.

Mat um það hvaða gögn teljast nauðsynleg svo sveitarstjórnarmenn geti tekið afstöðu til mála sem á dagskrá eru er á hendi þess sem boðar til fundar. Það mat er þó ekki að öllu leyti frjálst enda leiðir af ákvæðinu, verði það að lögum, að umrædd gögn verða að vera nægjanleg til að viðkomandi geti tekið upplýsta afstöðu til máls. Þegar til greina kemur að máli verði lokið af hálfu sveitarstjórnar með ákvörðun um rétt eða skyldu manna í skilningi 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, verður í þessu sambandi að líta til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga. Sú ábyrgð að mál sé nægjanlega upplýst og ákvörðun tekin á grundvelli viðhlítandi upplýsinga hvílir með sama hætti á öllum fulltrúum í sveitarstjórn. Í öðrum tilvikum yrði í þessu efni að líta til þeirrar óskráðu grundvallarreglu um rannsókn mála sem 10. gr. stjórnsýslulaga byggist á.

Ekki er gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins um aðgang sveitarstjórnarmanna að gögnum leiði til þess að hægt sé að gera minni kröfur til þess að einstökum sveitarstjórnarmönnum séu send gögn fyrir fundi í sveitarstjórnum. Á hinn bóginn kann að vera að einstakir sveitarstjórnarmenn nýti sér rétt samkvæmt því ákvæði til að undirbúa sig enn betur fyrir umræður og ákvörðunartöku vegna einstakra mála sem koma til kasta sveitarstjórnarinnar. Þá er rétt að taka fram að gera verður ráð fyrir að sveitarstjórnarmönnum sé heimilt þrátt fyrir að það sé ekki sérstaklega tekið fram í frumvarpinu að bera gögn sem þeim berast fyrir fundi undir utanaðkomandi til aðstoðar standi þagnarskyldureglur því ekki í vegi. Þá er einnig rétt að benda á að einstakar sveitarstjórnir geta sett nánari reglur um boðun funda, gögn sem skulu fylgja fundarboði og um rétt sveitarstjórnarmanna til aðstoðar og upplýsinga frá starfsmönnum sveitarfélagsins vegna þeirra mála sem eru á dagskrá fundar, eins og áður var nefnt.

Í 3. mgr. ákvæðisins er fjallað um opinberar auglýsingar sveitarstjórnarfunda. Lýtur sú regla að réttindum íbúa sveitarfélagsins til upplýsinga um fundi sveitarstjórna, fundartíma og fundarstað og stendur í nánum tengslum við 16. gr. frumvarpsins um að sveitarstjórnarfundir skuli haldnir fyrir opnum dyrum. Með vísan til þeirra skýringa sem fylgdu greinargerð með frumvarpi því sem varð að gildandi sveitarstjórnarlögum, nánar tiltekið í skýringum við 2. mgr. 18. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, þar sem er að finna efnislega sambærilega reglu, þykir rétt að hafa þessa auglýsingaskyldu lögfesta. Í umræddum skýringum segir að við framkvæmd áðurgildandi laga (sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986) hafi komið upp fjölmörg álitamál um það hvenær sveitarstjórn teldist hafa fullnægt skilyrðum laga um auglýsingu á sveitarstjórnarfundum. Af þeim sökum væri það lagt til að sveitarstjórn væri gert að taka ákvörðun í upphafi kjörtímabils um hvernig fundir hennar yrðu auglýstir á kjörtímabilinu og með hvaða fyrirvara. Jafnframt væri lögð sú skylda á sveitarstjórna að kynna þá ákvörðun fyrir íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti. Var þessi leið valin fremur en að mæla fyrir um almenn viðmið um þessi atriði með beinum hætti í lögum, svo sem um það hversu löngu fyrir fund væri nauðsynlegt að auglýsa hann og með hvaða formi. Reynslan af framkvæmd þessa ákvæðis sýnir að það hefur í grundvallaratriðum reynst vel. Er ekki þörf á efnislegri breytingu að þessu leyti.

Um 16. gr.

Í 16. gr. frumvarpsins er að finna þá mikilvægu reglu að fundir sveitarstjórna skuli haldnir fyrir opnum dyrum. Sveitarstjórn geti þó ákveðið að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna efnis máls. Efnislega sambærilega reglu er að finna í 16. gr. gildandi laga, sbr. einnig áður 3. mgr. 48. gr. eldri laga frá 1986. Hefur það í reynd lengi verið grundvallarregla íslensks sveitarstjórnarréttar að fundir sveitarstjórna séu haldnir fyrir opnum dyrum þannig að almenningur geti átt aðgang að þeim. (Sjá nánar 25. gr. laga nr. 58/1961, 1. mgr. 10. gr. laga nr. 12/1927, 6. gr. laga nr. 109/1949 og 11. gr. tilskipunar frá 1872.) Er það enn fremur í samræmi við hefðir annarra Norðurlanda og lýðræðishefðir fjölda annarra ríkja.

Samkvæmt 1. mgr. er það sveitarstjórn sjálf sem tekur um það ákvörðun hvort mál skuli rædd og afgreidd fyrir luktum dyrum. Það er hennar að leggja á það mat hvort eðli máls sé þannig að rétt sé að umræður um það fari fram fyrir luktum dyrum. Á hinn bóginn er það meginreglan að fundir sveitarstjórna eru opnir. Heimild til að loka fundi verður því ekki túlkuð rúmt. Henni ber að beita þegar þær upplýsingar sem um er fjallað eru þess eðlis að þær eru háðar almennum eða sérstökum þagnarskyldureglum og sveitarstjórn væri til að mynda óheimilt að láta þær af hendi ef um þær væri beðið á grundvelli upplýsingalaga eða tiltekinna sérlaga. Sérstaklega mundi hér geta verið um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, upplýsingar sem varða öryggi ríkisins eða almennings eða aðra mikilvæga almannahagsmuni eða sérstaklega viðkvæm atvinnu- og viðskiptaleyndarmál einkaaðila. Einnig verður að ganga út frá að sveitarstjórn geti í ákveðnum tilvikum beitt þessari heimild til að ræða fyrir luktum dyrum málefni og upplýsingar sem henni væri að öðru leyti heimilt að halda leyndum, til að mynda á grundvelli upplýsingalaga, þótt sveitarstjórn væri það ekki skylt. Í ljósi meginreglunnar um opna fundi sveitarstjórnar er á hinn bóginn ljóst að fundi á ekki að loka nema brýnar og réttmætar ástæður séu til. Ef eðli máls er með þeim hætti að ljóst er að ekkert af þeim upplýsingum sem fram kemur undir meðferð þess eða við umræður í sveitarstjórn er þess eðlis að mikilvægir hagsmunir eða skýrar lagareglur leiða til þess að upplýsingum ber að halda leyndum, til skemmri eða lengri tíma, verður ekki talið að heimilt sé að beita umræddri reglu um lokun fundar.

Þá ber að hafa í huga að þótt sú skoðun virðist nokkuð útbreidd meðal íslenskra sveitarstjórnarmanna að þeir séu almennt bundnir trúnaði um þær umræður sem fram fara á lokuðum sveitarstjórnarfundi þá verður fremur að telja að þar sé um að ræða siðferðileg viðmið um samstarf sveitarstjórnarmanna en lagalega bindandi reglu. Í stjórnarskránni er kveðið á um tjáningarfrelsi. Það verður ekki skert nema með lögum sem jafnframt þurfa að fullnægja tilteknum skilyrðum sem þar eru upp talin. Ákvörðun stjórnvalds, eins og sveitarstjórnar, um að loka fundi leiðir ekki sjálfkrafa til takmörkunar á tjáningarfrelsi. Af þessu leiðir að séu þær upplýsingar sem fram koma á lokuðum fundi í sveitarstjórn ekki með beinum hætti háðar trúnaði verður ekki talið að sveitarstjórnarmanni sé utan fundar óheimilt að tjá sig um þau atriði sem þar komu fram.

Að íslenskum rétti virðist almennt út frá því gengið að komi á sveitarstjórnarfundi fram tillaga um að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum þá skuli hún afgreidd án umræðu. Að lokinni atkvæðagreiðslu um þá tilhögun málsmeðferðar er fundi síðan eftir atvikum lokað og efnisleg umræða um viðkomandi mál tekin fyrir. Er það eðlilegt að því leyti að sveitarstjórn verður sjálf að taka um þetta afstöðu skv. 16. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga og þá verður sveitarstjórn enn fremur að gæta þess að í umræðum á opnum fundi komi ekki fram upplýsingar sem að lögum eru háðar trúnaði. Í þessari tilhögun felst sá möguleiki að komi í ljós við hina

efnislegu umræðu viðkomandi máls að það sé í reynd sé ekki þess eðlis að nauðsynlegt sé að loka fundi þá getur sveitarstjórn hvenær sem er ákveðið að opna fund að nýju. Til skýringar og ákveðinnar einföldunar er hér hins vegar lagt til að tekin verði upp sú regla, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 16. gr. frumvarpsins, að annaðhvort sveitarstjórnin sjálf eða oddviti geti ákveðið að tillaga um lokun fundar skuli rædd fyrir luktum dyrum. Með þeim hætti gefst sveitarstjórninni í reynd betra tækifæri til að velta fyrir sér eðli þeirra upplýsinga sem um ræðir og taka þar með þessa mikilvægu ákvörðun um meðferð viðkomandi máls á vel upplýstum og haldbærum grundvelli. Ekki er víst að því viðmiði verði ávallt náð sé málsmeðferðartillaga af þessu tagi afgreidd án umræðu.

Almenn regla íslensks sveitarstjórnarréttar er sú að öðrum en kjörnum sveitarstjórnarfulltrúum er óheimilt að sitja sveitarstjórnarfundi sem þátttakendur í fundinum. Annað getur verið til þess fallið að breyta eðli sveitarstjórnarfunda sem vettvangi ákveðinna fulltrúa sem kjörnir hafa verið af íbúum sveitarfélagsins til að fara með tiltekin málefni fyrir þeirra hönd. Í ákveðnum tilvikum hefur þó viðgengist í framkvæmd að gera frávik frá þessu og að því leyti sem slíkt hefur verið talið hallkvæmt er ekki ætlunin með þessu frumvarpi að banna slíkt fyrirkomulag með beinum hætti. Þær almennu leiðbeiningarreglur má þó orða að til að tryggja lögmæti fundar þurfi sveitarstjórn að gæta þess að aðrir en sveitarstjórnarmenn sjálfir séu ekki þátttakendur í fundi þegar ákvarðanir eru teknar, eða þá að þeir hafi slík áhrif á meðferð máls að þátttaka þeirra sé í reynd til þess fallin að raska lýðræðislegu umboði þeirra sem kjörnir eru til þess að fara með stjórn sveitarfélagsins. Þegar meðferð máls er færð fyrir luktar dyr vaknar hins vegar sú spurning hvort og þá að hvaða marki slík málsmeðferð útiloki það að sveitarstjórn veiti starfsmönnum sveitarfélags leyfi til að fylgjast með honum Hér er lagt til að sveitarstjórn verði veitt ákveðin heimild til að leyfa starfsmönnum sveitarfélagsins að vera viðstaddir fund, þ.e. að fylgjast með honum, þrátt fyrir lokun skv. 1. mgr. Á þessu getur verið þörf til þess að viðkomandi starfsmenn sveitarfélagsins fái þá innsýn í ákvörðun sveitarstjórnarinnar, röksemdir hennar og sjónarmið, sem þeim kunna að vera nauðsynleg til þess að fylgja ákvörðuninni eftir í starfi sínu.

Um 17. gr.

Í 17. gr. frumvarpsins er að finna fyrirmæli um ályktunarhæfi sveitarstjórnar og afgreiðslur hennar. Segir þar að sveitarstjórn geti enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi. Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 20. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1998. Reglan er eðlileg þegar haft er í huga að í stjórnsýslunefndum eins og sveitarstjórn er fara fleiri einstaklingar saman með þá stjórnsýslu sem nefndinni er falin. Greinin byggist vitaskuld á þeirri forsendu að viðkomandi fundur sé að öðru leyti lögmætur. Þá er skýrt kveðið á um það í frumvarpsákvæðinu að sveitarstjórnarmenn þurfa að vera viðstaddur á fundinum til þess að nefndin sé ályktunarhæf. Ákveðin undantekning er þó gerð frá þeirri grundvallarreglu í 3. mgr. ákvæðisins, eins og nánar er vikið að hér að aftan.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. er nægjanlegt að meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé á fundi til að hann sé ályktunarhæfur. Vera kann að einstakur sveitarstjórnarmaður sé vanhæfur og verði að víkja af fundi við meðferð einstaks máls eða hafi forfallast af einhverjum ástæðum, en ekki næst til varamanns hans til þátttöku í meðferð málsins. Í þeim tilvikum er heimilt að halda fund þrátt fyrir fjarveru hins vanhæfa sveitarstjórnarmanns, enda sé því skilyrði fullnægt að áfram sé meiri hluti sveitarstjórnarmanna á fundinum. Mikilvægt er hins vegar til að fundur teljist lögmætur að boðun hafi tryggilega borist öllum fulltrúum, enda er

þeim að öðrum kosti ekki gefinn viðhlítandi kostur á að fullnægja þeirri skyldu að mæta til fundar.

Í 2. mgr. ákvæðisins er lýst þeirri almennu reglu að afl atkvæða ráði úrslitum mála. Í því felst að til þess að tillaga á fundi teljist samþykkt þá er nægjanlegt að meiri hluti þeirra sem taka afstöðu greiði henni samþykki sitt. Í síðari málslið frumvarpsákvæðisins kemur fram að hjáseta teljist þátttaka í atkvæðagreiðslu. Er það í samræmi við 2. mgr. 20. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. Hefur þetta ákvæði verið skýrt svo að í því felist áréttting þess að velji sveitarstjórnarmaður að sitja hjá við afgreiðslu máls þá sé atkvæði hans talið sem slíkt en skuli ekki hafa áhrif á afstöðuna milli þeirra sem greiða atkvæði með eða móti tillögu. Þannig má hugsa sér að í níu manna sveitarstjórn greiði þrír atkvæði með tillögu, tveir á móti og fjórir sitja hjá. Fleiri greiða atkvæði með tillögu en á móti og því telst hún samþykkt í þessu tilviki. Hjásetuatkvæðin eru þannig hlutlaus að formi til en hafa þó í reynd mikil áhrif um niðurstöðu málsins. Í síðari málslið 2. mgr. er tekið fram, eins og þegar leiðir af 1. mgr. og fyrri málslið 2. mgr., að ef jafn mörg atkvæði eru með og á móti máli þá fellur það. Í niðurlagi ákvæðisins er á hinn bóginn tekið fram að séu atkvæði jöfn við kosningar þá ráði hlutkesti. Þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa að þessu leyti. Rétt er hins vegar að vekja athygli á því að af þessu leiðir að sá sem situr hjá getur í reynd talist hafa lagt lóð á vogarskálar með tiltekinni niðurstöðu í máli. Það getur leitt til þess að hann teljist bera ábyrgð á þeirri ákvörðun sem tekin var ásamt þeim sem greiddu tillögu atkvæði eða gegn henni þegar svo ber undir.

Í 3. mgr. er að finna mikilvægt nýmæli. Sveitarstjórnir sinna mikilvægu hlutverki við stjórnun sveitarfélags. Jafn réttur allra kjörinna fulltrúa til þátttöku í sveitarstjórnarfundi er mikilvægur þáttur í stjórnskipulagi sveitarfélags m.a. vegna þess lýðræðislega umboðs sem sveitarstjórnarmönnum hafa. Af þessari ástæðu er mikilvægt að um framkvæmd sveitarstjórnarfunda gildi skýrar reglur, þar á meðal hefðbundnar fundarskapareglur. Festa um framkvæmd funda er lykilatriði í þessu sambandi. Samkvæmt gildandi lögum er sveitarstjórn ekki ályktunarhæf nema meira en helmingur kjörinna fulltrúa sé viðstaddur á fundi. Af þessu leiðir að sveitarstjórnarfulltrúi sem tekur þátt í fundi í gegnum fjarfundarbúnað telst ekki lögmætur þátttakandi í störfum fundarins. Ákvæði 3. mgr. er ætlað að leyfa ákveðna undantekningu frá þessu. Af henni leiðir að heimilt verður að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórna sé ákveðnum og ströngum skilyrðum fullnægt. Í ákvæðinu er þannig kveðið á um að ef fjarlægðir í sveitarfélagi eru miklar eða samgöngur erfiðar sé heimilt að nota fjarfundarbúnað. Skal þá mæla fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum um stjórn og fundarsköp, tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku í fundi og afgreiðslu mála, tryggja skal óskerta möguleika þeirra sem vilja fylgjast með fundi til þess og ef við á skal enn fremur tryggja öryggi samskiptanna. Eftir atvikum gæti sveitarstjórn skipulagt fundi sína þannig að um mikilvæg trúnaðarmál yrði ekki fjallað á fjarfundum, þ.e. ef ekki reynist unnt að tryggja viðhlítandi öryggi, heldur t.d. á öðrum hverjum fundi, þar sem öll sveitarstjórnin mundi mæta til fundar.

Tekið skal fram að orðalag ákvæðisins um að fjarlægðir séu miklar eða samgöngur erfiðar vísar til þess að aðstæður séu almennt með þeim hætti í sveitarfélaginu, e.t.v. þó árstíðabundið. Séu slíkar aðstæður fyrir hendi þá er heimildin til að nýta fjarfundarbúnað hins vegar ekki bundin við það að veður sé slæmt eða ófært að ferðast af öðrum sökum heldur telst þá heimilt að nota búnaðinn með reglubundnum hætti. Þær kröfur sem ákvæðið gerir til fjarfundarbúnaðar eru umtalsverðar. Af þeirri ástæður verður ekki séð að eðlilegt sé að gera þá kröfu að hann verði aðeins hægt að nota einu sinni til tvisvar á ári, þ.e. í þeim tilvikum þegar

færð kynni að hamla fundarsókn. Þá verður einnig að taka fram að ákvæðið vísar til samgangna innan sveitarfélags. Ákvæðið verður ekki nýtt til að auðvelda sveitarstjórnarmönnum að vera fjarverandi úr sveitarfélaginu eða taka þátt í sveitarstjórnarstörfum frá öðrum löndum, svo dæmi séu tekin.

Þrátt fyrir að í ákvæðinu felist ríkar kröfur til þess fjarfundarbúnaðar sam nýttur er ber að taka fram að ákvæðið er tæknilega hlutlaust. Í ljósi mismunandi úrlausna sem hægt er að styðjast við og þróunar í tæknimálum er ekki talið rétt að hafa í sveitarstjórnarlögum lýsingar á sérstökum tæknilegum kröfum til þess búnaðar sem notaður er í þessu sambandi.

Að öðru leyti skal mæla fyrir um fundarsköp nefnda, fundargerðir og annað í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Slíkar reglur mega þó vitaskuld ekki ganga gegn grundvallarreglum um fundarsköp, þar á meðal um réttindi einstakra nefndarmanna til að taka þátt í fundarstörfum, fá upplýsingar um mál o.s.frv. Hér verður einnig að gæta að rétti íbúa til að mæta til fundar og fylgjast með störfum hans. Almennt yrði því t.d. að gera ráð fyrir því að hver og einn sveitarstjórnarmaður, hvort sem hann er staddur á fundinum eða ekki, væri sýnilegur þeim sem fylgjast með fundinum allan fundartímann og að hægt væri að fylgjast, án hindrana, með innleggi hans og þátttöku í fundi með sama hætti og ef hann væri viðstaddur.

Leggja verður áherslu á að ákvæði 3. mgr. er heimildarákvæði sem aðeins verður beitt þegar aðstæður í sveitarfélagi eru í reynd erfiðar hvað samgöngur varðar eða fjarlægðir miklar. Þá verður að gera ráð fyrir að ráðuneyti sveitarstjórnarmála þurfi áður en það staðfestir samþykktir þar sem gert er ráð fyrir slíku fyrirkomulagi að afla sér glöggra upplýsinga um framkvæmd mála að þessu leyti, þar á meðal um tæknilegar útfærslur sem fyrirhugað er að nota þannig að tryggt sé að skilyrðum ákvæðisins verði fullnægt. Eftir atvikum getur þurft að gera kröfur um að lýsing á tæknilegum útfærslum komi fram í samþykktum sveitarfélaganna og þá einnig lýsing á viðbrögðum ef tæknin bregst í einstökum tilvikum. Enn fremur verður að gera ráð fyrir að í samþykktum þurfi að fjalla um staðfestingu fundargerða ef leyft er að nota fjarfundarbúnað og um þann hámarksfulltrúafjölda sem má taka þátt í fundi með aðstoð slíks búnaðar. Í niðurlagi 19. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra skuli setja nánari viðmið um framkvæmd fjarfunda samkvæmt þessu ákvæði.

Um 18. gr.

Ákvæðið er efnislega sambærilegt 21. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa. Tilgangur þessarar reglu er fyrst og fremst sá að stuðla að vönduðum vinnubrögðum við breytingu á almennum stjórnvaldsfyrirmælum sveitarstjórna og við töku annarra almennra og veigamikilla ákvarðana.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um hlutverk oddvita sem formanns sveitarstjórnarinnar. Sambærilegt ákvæði er í 22. gr. gildandi laga, sbr. einnig 53. gr. eldri sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Í ákvæðinu felst fyrst og fremst árétting á því hlutverki oddvita sem formanns sveitarstjórnarinnar að stjórna fundum hennar og svo árétting á þeirri ábyrgð sem á honum hvílir vegna fullnægjandi færslu fundargerða.

Sveitarstjórnir eru aðeins ályktunarhæfar á fundum. Óþarft er því að fjölyrða um mikilvægi þess að sveitarstjórnarfundir gangi hnökralaust fyrir sig og að þar sé gætt viðeigandi grundvallarreglna um málsmeðferð og ákvarðanatöku. Í frumvarpi þessu er ekki lagt til frekar en verið hefur í fyrri sveitarstjórnarlögum að lögfest séu ítarleg ákvæði um fundarstjórn oddvita og valdheimildir hans í því sambandi. Hlutverk oddvita er að stjórna fundi á

grundvelli almennra fundarskapareglna sem að stórum hluta teljast ólögfestar grundvallarreglur og svo eftir atvikum þeirra sérreglna sem lögfestar eru eða settar hafa verið af sveitarstjórn í samþykkt um fundarsköp.

Í 2. mgr. kemur fram að ráðherra skuli með auglýsingu setja leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, m.a. um hvað þar er skylt að bóka, um staðfestingu fundargerða og skráningu og meðferð rafrænna fundargerða. Hér ber einnig að hafa í huga almennar reglur sem gilda um varðveislu fundargerða, skil á þeim til héraðsskjalasafna eða Þjóðskjalasafns, heimildir til að birta fundargerðir o.fl.

Fundargerðir eru mikilvægt sönnunargagn um það sem fram fór á fundi. Ekki verður talið æskilegt að fundargerðir séu of ítarlegar. Hins vegar verða þær að innihalda mikilvægustu upplýsingar svo sem um það hvar og hvenær fundur fór fram, hverjir tóku þátt í fundi, hverjir greiddu atkvæði með tillögu, hverjir á móti og hverjir sátu hjá, um niðurstöður mála og eftir atvikum um helstu rök að baki niðurstöðum, eða beinar tilvísanir til gagna sem geyma slík rök. Borið hefur á að jafnvel þessar grundvallarupplýsingar séu ekki færðar til fundargerðar með réttum hætti. Mikilvægt er að sveitarstjórnir fái um það greinargóða leiðbeiningu hvað þeim er rétt að hafa fundargerðir ítarlegar.

Um 20. gr.

Í 20. gr. frumvarpsins er fjallað um sérstakt hæfi sveitarstjórnarmanna og annarra sem starfa við stjórnsýslu sveitarfélaga. Efnislega er ákvæðið í samræmi við þá hæfisreglu sem fram kemur í 19. gr. gildandi laga. Ekki er stefnt að neinum verulegum breytingum á gildandi lögum með tillögu þessari. Sú breyting felst þó í frumvarpsákvæðinu að lagt er til í 1. mgr. að þegar taka á eða til greina kemur að taka stjórnvaldsákvörðun sem fellur undir ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þá skuli reglur þeirra að meginstefnu til gilda um sérstakt hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarmanna og starfsmanna sveitarfélagsins, að því leyti sem annað leiðir ekki af sveitarstjórnarlögum sjálfum. Vegna fámennis sumra sveitarfélaga er þó á því byggt að ekki skuli gilda jafn strangur mælikvarði um vanhæfi vegna skyldleika og annarra vensla eins og stjórnsýslulögin kveða á um. Þá er í málsgreininni gerð ákveðin undantekning frá reglu stjórnsýslulaganna um undirmannavanhæfi.

Í reynd felur framangreint ekki í sér verulega efnisbreytingu. Hæfisreglan í 19. gr. sveitarstjórnarlaga hefur verið túlkuð til samræmis við 3. gr. stjórnsýslulaga. Tilvísun í stjórnsýslulögin sjálf þar sem er að finna nákvæmari reglur um hæfi en í sveitarstjórnarlögunum ætti því að vera til leiðbeiningar fyrir sveitarstjórnir, íbúa sveitarfélaganna og eftirlitsaðila.

Ákvæði 1. mgr. 20. gr. tekur aðeins til þeirra mála sem lokið verður, eða til greinar kemur að ljúka með stjórnvaldsákvörðun. Í ákvæðinu felst að um þátttöku í meðferð slíkra mála gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þar á meðal um viðbrögð við hæfi, ákvarðanatöku um það hvort starfsmaður sé vanhæfur o.s.frv., sé ekki annað tekið fram í frumvarpi þessu.

Við framkvæmd sveitarstjórnarmála reynir iðulega mikið á reglur um sérstakt hæfi. Þessa sér glögg merki í úrskurðum sem upp hafa verið kveðnir á grundvelli 103. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, áður af hálfu félagsmálaráðuneytisins, síðar af hálfu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Ástæður þess eru vafalaust nokkrar. Í fyrsta lagi er nánd sveitarstjórnarmanna og íbúa sveitarfélagsins almennt mikil, ekki síst í fámennum sveitarfélögum. Hagsmunaárekstrar eru því oft og tíðum líklegri til að verða við framkvæmd sveitarstjórnarmála en annarrar stjórnsýslu. Í öðru lagi er hæfisregla sveitarstjórnarlaganna ekki jafnítarlega útfærð um þau tilvik sem valdið geta vanhæfi og ákvæði stjórnsýslulaganna eru að því leyti.

Það er því til mikilvægrar leiðbeiningar um framkvæmd reglunnar að hafa í henni tilvísun til ákvæða stjórnsýslulaga.

Rétt er að taka fram að í niðurlagi 1. mgr. 20. gr., vegna fámennis sumra sveitarfélaga, er lagt til að á sveitarstjórnarstiginu skuli ekki gilda jafn ströng regla um vanhæfi vegna skyldleika og gerir samkvæmt stjórnsýslulögum. Samkvæmt ákvæðinu verður sveitarstjórnarmaður, starfsmaður eða nefndarmaður vanhæfur ef hann er eða hafi verið skyldur eða mægður aðila í beinan legg, eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Ákvæði 3. gr. stjórnsýslulaga gerir ráð fyrir að vensl að öðrum lið til hliðar valdi vanhæfi. Eftir sem áður kann þó að vera að sveitarstjórnarmaður verði vanhæfur í máli skyldmennis síns, þótt fjarskyldara sé, enda sé það þá sérstaklega tengt honum fyrir náinn vinskap eða með öðrum hætti. Vanhæfi á þeim grundvelli kæmi til samkvæmt reglunni í 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Í 2. mgr. er að finna sambærilega reglu og nú er að finna í 1. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Ber að túlka hana með sambærilegum hætti, að því undanskildu að ákvarðanir um hæfi við meðferð stjórnsýslumála fara að ákvæðinu í 1. mgr. Undir 2. mgr. fellur m.a. þátttaka í gerð samninga, hvort sem er einkaréttarlegra samninga eða stjórnsýslusamninga. Ákvæði 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins er grundvallað á þeirri óskráðu réttarreglu að maður sé vanhæfur til meðferðar máls og ákvörðunar í því ef það varðar hann sjálfan eða nána venslamenn hans á þann hátt að almennt megi ætla að áhrif hafi á afstöðu hans til úrlausnarefnisins.

Í 3. mgr. 20. gr. frumvarpsins er að finna sambærileg reglu og nú er að finna í 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Þar segir að sveitarstjórnarmenn séu ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf. Þessi regla var fyrst lögfest með gildistöku sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 en áður hafði verið á henni byggt sem ólögfestri reglu í úrskurðarframkvæmd félagsmálaráðuneytisins. Rétt þykir að halda reglunni nær óbreyttri enda fyrir henni gild rök. Tilgangur lagareglna um sérstakt hæfi er sá að stuðla að auknum líkum þess að ómálefnaleg sjónarmið hafi ekki áhrif á efni ákvarðana stjórnvalda. Þá er það einnig tilgangur slíkra reglna að stuðla að því að almenningur og þeir sem hlut eiga að máli geti betur treyst því að stjórnvöld leysi úr málum á hlutlægan hátt. Við beitingu sérstakra hæfisreglna á sveitarstjórnarstiginu verður þó jafnframt að hafa í huga að ekki má leggja ónauðsynlegar hindranir við þátttöku sveitarstjórnarmanna í umfjöllun um mál, þar sem hlutaðeigandi telst fulltrúi almennra sjónarmiða eða hagsmuna. Má hér m.a. vísa til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4572/2005. Sveitarstjórnarmenn eru kjörnir í leynilegum almennum kosningum íbúa viðkomandi sveitarfélags. Einmitt slík almenn sjónarmið eða hagsmunir geta verið ástæðan fyrir kosningu fulltrúa í sveitarstjórn og þá væri óeðlilegt ef slíkir pólitískir hagsmunir og sjónarmið ættu ekki að hafa áhrif um val á fulltrúum sveitarstjórnarinnar til trúnaðarstarfa fyrir hana, svo sem í nefndir sveitarfélagsins, í stöðu oddvita eða í stöðu framkvæmdastjóra sveitarfélags. Slíkar ákvarðanir mundu falla undir ákvæði 3. mgr. 20. gr. frumvarpsins og hefur í því sambandi ekki verið talið skipta máli þó að slíkar ákvarðanir geti varðað einstaka fulltrúa í sveitarstjórn persónulega eða haft fjárhagslega þýðingu fyrir þá, til að mynda ef um er að ræða fullt starf í þágu sveitarfélags, eins og staða framkvæmdastjóra er iðulega. Á hinn bóginn falla ekki undir þessa undantekningarreglu þau störf sem ekki er heimilt að velja til á pólitískum forsendum, svo sem flestar ákvarðanir um ráðningu í störf á vegum sveitarfélags. Með vísan til framangreindra sjónarmiða, meðal annars, var það niðurstaða umboðsmanns í tilvitnuðu áliti í máli nr. 4572/2005 að sveitarstjórnarmaður væri á grundvelli 2. mgr. 19. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga ekki vanhæfur til meðferðar máls þegar það lyti að beiðni hans sjálfs um

lausn frá störfum í merkingu 1. mgr. 34. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, eða að beiðni um afturköllun fyrri samþykktar um slíkt erindi.

Í 4. mgr. 20. gr. frumvarpsins segir að sveitarstjórnarmenn eða nefndarmenn sem jafnframt gegna öðru starfi hjá sveitarfélagi og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórn eða hafa áður tekið ákvörðun í máli sem kemur til nýrrar ákvörðunar af hálfu sveitarstjórnar eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Ákvæði þetta á þó ekki við um framkvæmdastjóra sveitarfélags. Ákvæði þetta er samhljóða 3. mgr. 19. gr. gildandi laga. Í grundvallaratriðum er það til þess fallið að fækka ágreiningsefnum um hæfi sveitarstjórnarmanna og auka traust almennings á stjórnsýslu sveitarfélaganna. Hér er, líkt og í gildandi lögum, tekið sérstaklega fram að ákvæðið taki ekki til framkvæmdastjóra. Ef gera ætti slíka kröfu væri fyrirséð að hann gæti ekki jafnframt verið kjörinn fulltrúi. Þótt slíkt fyrirkomulag þekkist í nágrannalöndum okkar er ekki talin ástæða til að leggja það til hér, ekki síst í ljósi áratugahefðar hér á landi fyrir því að kjörnir fulltrúar ráðast gjarnan jafnframt til starfa sem framkvæmdastjórar.

Samkvæmt 5. mgr. 20. gr. frumvarpsins á 4. mgr. þess þó ekki við þegar sveitarstjórn eða viðkomandi nefnd fjallar um og afgreiðir ársreikninga, fjárhagsáætlanir, skipulagsáætlanir og aðrar almennar áætlanir sveitarfélagsins, enda eigi sveitarstjórnarmaður eða nefndarmaður ekki sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra við afgreiðslu viðkomandi málefnis. Tilgangur þessa ákvæðis er næsta augljós. Ekki þykir rétt að ganga svo langt við beitingu reglunnar í 4. mgr. að útiloka starfsmenn sveitarfélagsins, sem jafnframt eru kjörnir fulltrúar, frá þátttöku í gerð almennra áætlana sem þeir hafa aðeins sambærilega hagsmuni af og hver annar íbúi viðkomandi sveitarfélags. Sambærilega reglu er að finna í 4. mgr. 19. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga en þar eru þó einvörðungu talin upp fjárhagsáætlanir og ársreikningar. Með hliðsjón af tilgangi reglunnar þykir rétt að hún taki einnig til annarra almennra áætlana sem gerðar eru fyrir sveitarfélagið. Hér er enn fremur lagt til að tekið skuli fram að reglan eigi við, enda eigi sveitarstjórnarmaður eða nefndarmaður ekki sérstakra hagsmuna að gæta við afgreiðslu viðkomandi málefnis. Með þessu er leitast við að taka af skarið um að ef sveitarstjórnarmaður eða nefndarmaður á sérstakra hagsmuna að gæta af niðurstöðu máls, eins og til dæmis gæti átt við um samþykkt deiliskipulags, þá telst hann vanhæfur til þátttöku í afgreiðslu þess, þrátt fyrir orðalag reglunnar að öðru leyti. Taka ber fram að eigi viðkomandi, sem jafnframt er starfsmaður sveitarfélags, slíkra hagsmuna að gæta af niðurstöðu viðkomandi máls hefði hann heldur ekki átt að koma að meðferð þess sem starfsmaður sveitarfélagsins í upphafi.

Í 6. mgr. 20. gr. frumvarpsins kemur fram að sveitarstjórnarmaður, nefndarfulltrúi eða starfsmaður sem veit hæfi sitt eða annars orka tvímæli skuli án tafar vekja athygli oddvita, formanns nefndar eða næsta yfirmanns á því. Mikilvægt er, þegar upp kemur vafi um hæfi einstaks eða einstakra sveitarstjórnarmanna, nefndarmanna eða starfsmanna að sú spurning sé tekin upp af viðeigandi aðila og afstaða tekin til álitaefnisins. Því er skylda sveitarstjórnarfulltrúa til að gera viðvart um mögulegt vanhæfi mikilvæg. Sú skylda hvílir einnig á oddvita að taka slíkt álitaefni upp á fundi að eigin frumkvæði, hafi annar ekki vakið máls á því, sé honum kunnugt um atvik sem tvímælis orka í þessu sambandi.

Í 7. mgr. 20. gr. kemur fram að sveitarstjórn tekur ákvörðun um hæfi sveitarstjórnarmanns til meðferðar og afgreiðslu einstakra mála. Sama regla á við um nefndir sveitarstjórnar. Ákvörðunarvald um það hvort sveitarstjórnarmaður er vanhæfur hvílir því hjá sveitarstjórninni en ekki einstökum sveitarstjórnarmönnum, oddvita eða sveitarstjóra. Liggi ákvörðun sveitarstjórnar um hæfi sveitarstjórnarmanns ekki fyrir leiðir enn fremur af þessu að hann

skal boða til sveitarstjórnarfundar, jafnvel þótt næsta víst þyki að sveitarstjórn muni ákvarða hann vanhæfan til meðferðar og afgreiðslu máls. Með hliðsjón af pólitískri samsetningu sveitarstjórna er í 7. mgr. 20. gr. lagt til að sveitarstjórnarmaður megi sjálfur taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt og hið sama eigi við í nefndum sveitarstjórna. Þetta er undantekning frá almennum stjórnsýslureglum en skýrist af þeim pólitísku valdahlutföllum sem einkenna störf sveitarstjórna og nefnda þeirra. Rétt er að hafa í huga í samræmi við almennar reglur um fundarsköp að sé því líst yfir að sveitarstjórnarmaður sé vanhæfur af oddvita eða honum sjálfum og viðkomandi víkur síðan af fundi án athugasemda þá ber að líta svo á að í því felist þegjandi samþykki fundarins fyrir þeirri niðurstöðu. Þótt í ákvæðinu sé tekið fram að sveitarstjórn taki ákvörðun um hæfi sveitarstjórnarmanns þá breytir það orðalag ekki þessari almennu reglu.

Í 5. mgr. 19. gr. gildandi laga er tekið fram að sveitarstjórnarmanni sé heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur til að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Þá kemur þar einnig fram að sveitarstjórn skeri umræðulaust úr um hvort mál sé svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir brottfalli beggja þessara reglna. Í fyrsta lagi verður að telja óeðlilegt að sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er og má þar með hvorki taka þátt í meðferð þess né afgreiðslu sé heimiluð sérstök aðkoma að málsmeðferð með því að tjá sig um efnisatriði málsins en með þeim hætti hefur orðalag gildandi ákvæðis um að sveitarstjórnarmanni sé heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni verið túlkað af hálfu eftirlitsaðila. Með brottfalli þeirrar reglu úr lögum verður það ekki lengur háð neinum vafa að vanhæfur sveitarstjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð máls, heldur ekki með því að tjá sig stuttlega um efni þess á sveitarstjórnarfundi. Í öðru lagi getur verið full þörf á því að taka til umræðu á sveitarstjórnarfundi hvort þau hagsmunatengsl sem um ræðir séu þess eðlis að vanhæfi valdi. Sé um viðkvæm einkamálefni að ræða yrði í þessu sambandi að beita heimild til að loka fundi á meðan sú umræða fer fram. Af þeirri reglu að sveitarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt leiðir einnig að í þeirri umræðu má sveitarstjórnarmaður taka þátt. Verður hér skýrlega að skilja á milli efnislegra þátta viðkomandi máls og svo mats og umræðu um það hvort tiltekin hagsmunatengsl valdi vanhæfi. Reynir í þessu sambandi á fundarstjórn oddvita.

Í 8. mgr. 20. gr. er lögfest sú regla að sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls má ekki taka þátt í meðferð þess og skal yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu. Regla þessi er sambærileg 8. mgr. 20. gr. gildandi laga. Telja verður mikilvægt að sveitarstjórnarmaður yfirgefi fundarsal með öllu en sitji ekki áfram við fundarborð eða í sal meðal áheyrenda. Eðlilegt er að í leiðbeiningum ráðherra um fundargerðir skv. 19. gr. frumvarpsins sé skýrlega tekið fram að það beri að bóka það sérstaklega þegar fulltrúi í sveitarstjórn eða nefnd víkur úr fundarsal og hvenær hann snýr þangað á ný. Hér býr að baki það sjónarmið að leitast skuli við að tryggja traust almennings á meðferð mála á sveitarstjórnarstiginu.

Um 21. gr.

Ákvæði 21. gr. frumvarpsins tekur mið af 21. gr. gildandi laga, en felur þó í sér ákveðnar breytingar. Í 1. mgr. 21. gr. frumvarpsins er lýst innköllun varamanna í sveitarstjórnum sem kjörnar eru óbundinni kosningu. Enn er það ekki óþekkt að óbundnar kosningar fari fram í stað hefðbundinna listakosninga þótt úr því hafi dregið á síðari árum. Reglan sem lögð er til í 1. mgr. 21. gr. frumvarpsins er sú að þegar sveitarstjórnarmaður hefur forföll taki varamenn sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Óháð því hvaða sveitarstjórnarmaður

forfallast er því ávallt kallaður til fyrsti varamaður nema hann sé sjálfur forfallaður. Í því tilviki væri kallaður til annar varamaður samkvæmt kosningu til sveitarstjórnarinnar. Er þetta í samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð er og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Í 2.–4. mgr. 21. gr. frumvarpsins er lýst innköllun varamanna þegar kosið hefur verið til sveitarstjórnar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn. Skv. 2. mgr. ákvæðisins gildir sú meginregla í þessum tilvikum að þegar sveitarstjórnarmaður hefur forföll taka varamann af sama lista og aðalfulltrúi er kosinn af sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Hér ber að miða við stöðu manna á lista á þeim tíma sem kosning fer fram. Skiptir ekki máli þótt sveitarstjórnarmaður skipti um stjórnmálaflokk eða segi sig úr stjórnmálaflokki eða hreyfingu við eða eftir kosningar. Niðurstaða um innköllun varamanna ræðst af röð manns á þeim framboðslista sem hann tilheyrði þegar kosningar fóru fram.

Í framkvæmd hafa stjórnmálahreyfingar eða stjórnmálaflokkar gjarnan farið þá leið við sveitarstjórnarkosningar að bjóða fram sameiginlega framboðslista. Í gildandi sveitarstjórnarlögum er í 2. og 3. mgr. 24. gr. leitast við að mæta vilja slíkra framboða til að geta við innköllun varamanna tryggt sambærilegt pólitískt hlutfall og að öðru leyti kemur fram í þeirri fulltrúatölu framboðsins sem hlotið hefur kjör sem aðalmenn. Í 2. mgr. 24. gr. gildandi laga er þannig, í þessu skyni, mælt fyrir um að sé framboðslisti borinn fram að tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum þá geti aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Skal yfirlýsing um slíkt samkomulag lögð fram á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar eftir kosningar. Í 3. mgr. 24. gr. gildandi laga er enn fremur kveðið á um að ef ekki næst samkomulag milli stjórnmálaflokka eða samtaka sem standa að sameiginlegum lista þá skuli þeir varamenn listans sem eru úr sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalmaður sem um ræðir taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir, án tillit til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalfulltrúinn sem í hlut á var þegar kosning fór fram taka varamenn listans hins vegar sæti samkvæmt venjulegum reglum. Hafa ber í huga að með 2. og 3. mgr. 24. gr. gildandi laga er í reynd lögfest ákveðið frávik frá því að framboð tiltekins lista sé endanlegt um röð þeirra sem listann skipa. Á móti reglum af þessu tagi mælir það að hinn almenni kjósandi kann að eiga erfitt með að átta sig á eiginlegri stöðu einstakra fulltrúa á listanum og þar með því hvaða áhrif atkvæði hans eigi eftir að hafa á stjórn sveitarfélagsins. Þannig kann að vera að sameiginlegt framboð þriggja stjórnmálaafla, A, B og C, þar sem efstu menn koma frá hverju framboðanna fyrir sig komi aðeins að tveimur fulltrúum í sveitarstjórn. Ákvæði 2. og 3. mgr. 24. gr. gildandi laga geta í þessu tilviki leitt til þess að fulltrúi stjórnmálaaflsins C muni ekkert koma að stjórn sveitarfélagsins, komist fulltrúarnir sem kosningu fengu að samkomulagi um að fram hjá honum skuli gengið við innköllun varamanna.

Þrátt fyrir þennan ágalla umræddra reglna er hér lagt til að þeirri reglu verði haldið að sé framboðslisti borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum þá geti aðalmenn listans komið sér saman um að þeir varamenn listans sem eru úr sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalmaður taki sæti hans í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir að öðru leyti standa í röð varamanna. Í þessu felst að hendur aðalmannanna eru bundnar um það að þeir mega með þessu samkomulagi ekki ganga lengra en svo að tryggja að varamaður tiltekins aðalfulltrúa verði næsti maður á listanum sem kemur úr sama flokki eða samtökum. Jafnframt felst í þessu, eins og gildandi lögum, að slíka yfirlýsingu verða viðkomandi aðalmenn að leggja fram strax á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar eftir sveitarstjórnarkosningar og er hún þá bindandi um innköllun varamanna allt til loka

kjörtímabils. Hins vegar er með vísan til framangreindra sjónarmiða um ágalla þessara reglna lagt til að ákvæði 3. mgr. 24. gr. gildandi laga sem tekur til þeirra tilvika þegar ekki næst samkomulag um innköllun varamanna falli brott. Af því leiðir þá að um innköllun varamanna í þessum tilvikum fer að almennum reglum, þ.e. eftir þeirri röð sem þeir eru á viðkomandi framboðslista við kosningarnar, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Hér eru hagsmunir kjósenda af því að framboðslistar séu réttir látnir ganga framar hagsmunum einstakra stjórnmálaafla af því að fá að ráðstafa röð á innköllun varamanna. Ekki verður talið að brottfall þessarar reglu hafi í reynd nein veruleg áhrif á rétt eða möguleika einstakra stjórnmálaafla sem kjósa að ganga til samstarfs við aðra um framboð á lista til sveitarstjórnarkosninga. Þar sem reglurnar eru að þessu leyti fyrir fram þekktar geta einstök stjórnmálaöfl tekið um það upplýsta ákvörðun hvort þau telja slíkar líkur á að samkomulag um innköllun varamanna náist ekki að afloknum kosningum að samstarf við annað stjórnmálaafl sé af þeirri ástæðu óæskilegt.

Ákvæði um það hvenær sveitarstjórnarmaður telst forfallaður þannig að heimilt sé að kalla til varamann í hans stað er að finna í 31. gr. frumvarpsins.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla frumvarpsins er skipað ákvæðum um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna. Sveitarstjórnarmenn, sem kjörnir eru í lýðræðislegum kosningum, hafa bæði þá skyldu og þann rétt að gegna því starfi sem þeir eru kjörnir til, sbr. einnig 18. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Um 22. gr.

Í 22. gr. er fjallað um þá mikilvægu skyldu sveitarstjórnarmanna að taka þátt í fundum sveitarstjórna og í öðrum störfum sem viðkomandi hefur verið kjörinn til, nema lögmæt forföll hamli. Þessi starfsskylda er grundvöllur að tilvist og skipulagi sveitarstjórnarstigsins. Þegar einstaklingur hefur verið kjörinn til að gegna stöðu sveitarstjórnarmanns er það hans borgaralega skylda að gegna því starfi af alúð og samviskusemi. Frá þeirri skyldu getur hann ekki vikist nema á grundvelli eðlilegra og réttmætra ástæðna. Um það hvað geta talist lögmæt forföll er nánari fyrirmæli að finna í 31. gr., um boðun varamanna. Þá eru ákvæði um lausn frá störfum einnig í 30. gr. Þessu ákvæði tengist einnig ákvæði 33. gr. um rétt til þátttöku í sveitarstjórnarstörfum og fjarveru frá aðalstarfi af þeim sökum.

Um 23. gr.

Í 23. gr. (og einnig í 24. gr.) er að finna nánari útfærslu á þeirri starfsskyldu sveitarstjórnarmanna sem fjallað er um í 22. gr. frumvarpsins. Skv. 1. mgr. 23. gr. er aðal- og varamönnum í sveitarstjórn skylt að taka kjöri í trúnaðarstörf þau sem sveitarstjórn velur þá til. Af 2. mgr. leiðir að hafi viðkomandi þó verið kjörinn í tiltekið trúnaðarstarf af hálfu sveitarstjórnar í eitt kjörtímabil eða lengur getur hann skorast undan kosningu til þess starfs jafn langan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Þessi regla á sér langa sögu í íslenskum sveitarstjórnarlögum. Sambærilegt ákvæði er nú í 33. gr. gildandi laga, sbr. áður 43. gr. laga nr. 8/1986.

Um 24. gr.

Í 24. gr. frumvarpsins kemur fram að sveitarstjórnarmanni sé skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar. Ákvæðið á sér sögulegar rætur, og hefur lengi verið í íslenskum sveitarstjórnarlögum. Ljóst er þó að efni þess

skarast við 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. er enn fremur að finna ákvæði sem er ákaflega mikilvægt um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna, þar á meðal um skyldu þeirra til að gæta í hvívetna almennra hagsmuna íbúa sveitarfélagsins sem og annarra almannahagsmuna. Sveitarstjórnum er ætlað að vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa sinna, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Sveitarfélögin eru hins vegar hluti af hinu opinbera stjórnsýslukerfi. Af því leiðir að það hlýtur einnig að vera tilgangur sveitarfélaga að vinna þannig að gætt sé heildarhagsmuna samfélagsins.

Um 25. gr.

Samkvæmt ákvæðinu eru sveitarstjórnarmenn sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu til einstakra mála. Þessi regla er mikilvæg fyrir stöðu einstakra sveitarstjórnarmanna en einnig felst í henni mikilvæg leiðbeining um persónubundna ábyrgð sveitarstjórnarmanna á þeim störfum sem þeir taka þátt í á vettvangi sveitarstjórnarinnar. Hver og einn sveitarstjórnarmaður ber almennt sjálfur ábyrgð á þeim ákvörðunum sem hann tekur á þeim vettvangi.

Segja má að ákveðin undantekning frá þeirri meginreglu sem felst í ákvæðinu birtist í reglum frumvarpsins um heimildir sveitarstjórna til að endurskipa í nefndir sveitarstjórnar. Sé meiri hluti sveitarstjórnar ekki sáttur við framgöngu einstakra sveitarstjórnarmanna í undirnefndum sveitarstjórnar hafa einstakir sveitarstjórnarmenn þann möguleika að krefjast endurskipunar í nefndina, sbr. ákvæði 49. gr. þessa frumvarps.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ákveðin grundvallarréttindi sveitarstjórnarmanna, sem lúta að þátttöku þeirra í fundum sveitarstjórna. Af sama meiði er ákvæði 27. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. hafa sveitarstjórnarmenn málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum. Þeir hafa jafnframt tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar. Hér er um að ræða lögfestingu sjálfsagðra réttinda sveitarstjórnarmanna til þátttöku í fundum sveitarstjórna. Lögfesting felur í sér vísbendingu um mikilvægi þeirra og þar á meðal vísbendingu um að nánari útfærsla í fundarsköpum má ekki vera með þeim hætti að gangi gegn þessum rétti eða mismuni sveitarstjórnarmönnum án þess að þar að baki liggi skýrar og málefnalegar ástæður. Þannig kann að vera réttlætanlegt að framkvæmdastjóri sveitarfélags, sem jafnframt er kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn, hafi frelsi til að taka oftar til máls samkvæmt fundarsköpum en aðrir fulltrúar í sveitarstjórninni.

Samkvæmt 2. mgr. eiga þeir sem rétt eiga til þátttöku í umræðum á sveitarstjórnarfundi einnig rétt á að fá bókaðar stuttar athugasemdir í fundargerð um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru. Það heyrir undir fundarstjórn oddvita að skera úr um hvort bókun sé í reynd stutt og lúti að því máli sem til umræðu er. Mikilvægt er hins vegar að fundarstjórn sé þannig hagað að rétturinn sé virtur.

Í 3. mgr. er kveðið á um að vilji sveitarstjórnarmaður ekki una úrskurði oddvita um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna. Í þessu felst áréttting þeirrar almennu fundarskapareglu að ef fundarmaður setur ekki fram andmæli við meðferð fundarstjóra á máli, áður en það er afgreitt, þá verði hann almennt að una niðurstöðu málsins, a.m.k. svo lengi sem ekki sé um að ræða ákvörðun sem með óréttmætum hætti leiðir til þess að einstakur fulltrúi á fundi fái ekki notið lögbundins réttar sem honum var ekki sjálfum heimilt að afsala sér eða gengið sé gegn öðrum lagareglum.

Um 27. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Þar er kveðið á um að sveitarstjórnarmaður eigi rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess. Ákvæði um rétt einstakra sveitarstjórnarmanna til að fá mál tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar eru nú almennt í samþykktum um stjórn og fundarsköp. Hér er hins vegar um svo mikilvægt atriði að ræða að rétt þykir að hafa þetta atriði lögfest. Mikilvægt er að hafa í huga að það er sveitarstjórnin sjálf sem hefur um það endanlegt vald hvaða málefni verða tekin á dagskrá fundar. Dagskrá sem send er út með fundarboði og útbúin er af framkvæmdastjóra eða oddvita sveitarstjórnar er þannig í reynd tillaga að dagskrá fundar, sem sveitarstjórnin síðan fellst á eða breytir þegar hún kemur saman. Það er því almennt hvorki framkvæmdastjórans né oddvitans að hafna því að setja mál á dagskrá sem sveitarstjórnarmaður réttilega biður hann um að hafa þar með. Ákvörðun um slíka synjun (frávísun) skal tekin af sveitarstjórninni þegar hún mætir til fundar.

Í ákvæðinu felst ekki fortakslaus réttur einstakra sveitarstjórnarmanna. Rétturinn er almennt háður því skilyrði að viðkomandi hafi komið ósk sinni um að mál verði tekið á dagskrá tímanlega til vitundar þess er sér um að boða fund. Þannig er kveðið á um það sérstaklega að mál sem ekki er á útsendri dagskrá sveitarstjórnarfundar verði ekki tekið til afgreiðslu á fundi gegn mótmælum sveitarstjórnarmanns. Í því felst að einn einstakur sveitarstjórnarmaður getur mótmælt því að mál verði tekið fyrir, hafi þess ekki verið getið á útsendri dagskrá, og verður þá að vísa því frá. Frá þessu eru tvær undantekningar. Annars vegar ef afgreiðsla máls þolir ekki bið. Hins vegar ef mál er svo einfalt að frestun hefur augljóslega enga þýðingu enda samþykki 2/3 hlutar þá málsmeðferð. Báðar þessar undantekningar ber að túlka þröngt enda mikilvægt að hver og einn sveitarstjórnarmaður eigi raunhæfa möguleika á því að taka upplýsta afstöðu til máls áður en hann þarf að greiða atkvæði um það á sveitarstjórnarfundi. Undantekningarnar eru mikilvægar engu að síður. Undir fyrra tilvikið fellur til að mynda ef sveitarfélagi er að lögum skylt að afgreiða mál innan tiltekinna tímamarka. Ef þau tímamörk renna út áður en fært er að halda nýjan fund verður almennt að leggja til grundvallar að afgreiðsla máls þoli ekki bið. Hið sama getur átt við ef ljóst er að það getur valdið sveitarfélagi verulegu tjóni verði mál ekki afgreitt strax. Síðarnefnda undantekningin byggist á því að tilgangur reglunnar um heimild einstaks sveitarstjórnarmanns til að hafna því að mál sem ekki var á útsendri dagskrá verði tekið fyrir sé í reynd að tryggja rétt hans til að taka upplýsta afstöðu til sérhvers máls. Ef mál er svo einfalt að allar upplýsingar liggja fyrir á fundi og einfalt er að móta sér afstöðu til þeirra verður ekki séð að ástæða sé til að veita einstökum sveitarstjórnarmanni aðstöðu til að leggja stein í götu skilvirkrar stjórnsýslu með því að hann geti krafist frestunar á málinu til næsta fundar. Um slíka skjótari meðferð mála þarf þó augljóslega að vera góð samstaða innan sveitarstjórnar og er því gerð sú krafa að 2/3 hlutar fundarmanna samþykki að taka slíkt mál fyrir enda þótt þess hafi ekki verið getið í fundarboði. Óþarft er að taka fram að ef það er vitað áður en fundardagskrá er send út að tiltekin mál þurfi að taka fyrir á fundi ber auðvitað að setja þau á dagskrána hvað sem líður þessum undantekningum. Þeim er aðeins ætlað að mæta ófyrirséðum tilvikum sem verða eftir að tillaga að dagskrá er gefin út.

Um 28. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um aðgang sveitarstjórnarmanna að gögnum og upplýsingum um stjórnsýslu sveitarfélagsins. Sambærilegt ákvæði er að finna í 30. gr. gildandi laga, en hér er þó gerð tillaga um nokkuð nákvæmari útfærslu þess.

Sveitarstjórnarmenn bera þá ábyrgð að tryggja lögmæta og hagkvæma starfsemi sveitarfélags. Þeir fara í störfum sínum með tiltekið forsvar almannahagsmuna. Starfsemi margra sveitarfélaga er á hinn bóginn umfangsmikil og ljóst að einstakir sveitarstjórnarmenn eiga þess ekki kost að setja sig inn í öll mál sem koma til kasta sveitarfélagsins. Þá er einnig ljóst að ekki kemur allt sem varðar málefni sveitarfélags með beinum hætti til afgreiðslu á fundum sveitarstjórnarinnar. Mikilvægt aðhald með stjórnsýslu sveitarfélags felst í því að einstakir sveitarstjórnarmenn eigi þess kost að afla sér upplýsinga um starfsemi þess. Oft og tíðum getur slíkur upplýsingaréttur einnig verið mikilvægur fyrir sveitarstjórnarmann til þess að hann geti á hverjum tíma sjálfur leitast við að tryggja að hann byggi einstakar ákvarðanir sínar eða afgreiðslur á sem bestum og gleggstum upplýsingum.

Samkvæmt 1. mgr. skal sérhver sveitarstjórnarmaður, vegna starfa sinna í sveitarstjórn, eiga rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem geta komið til umfjöllunar í sveitarstjórn. Í þessu felst meginreglan um upplýsingarétt sveitarstjórnarmanna. Hann er samkvæmt ákvæðinu takmarkaður við þau málefni sem geta komið til umfjöllunar í sveitarstjórn. Þar er þó um að ræða nær allar þær upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags annað en það sem varðar málefni sem sérstakur trúnaður gætir um, svo sem ákveðnar upplýsingar frá félagsþjónustu sveitarfélags eða barnaverndarnefnd. Í 2. mgr. er sveitarstjórnarmönnum tryggður eðlilegur aðgangur að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Réttur sveitarstjórnarmanna til aðgangs að gögnum og upplýsingum úr stjórnsýslu sveitarfélags, og til aðgangs að stofnunum þess og skrifstofu, getur eðli máls samkvæmt ekki verið óheftur. Þótt ákaflega sjaldgæft sé að á það reyni er mikilvægt að upplýsingaréttinum sé ekki beitt þannig að það hafi takmarkandi áhrif á daglega stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélagsins við íbúana. Í þessu sambandi reynir á túlkun þess hvað sveitarstjórnarmanni er þörf á vegna „starfa sinna“ skv. 1. mgr. og hvað felst í því að eiga „eðlilegan aðgang“ skv. 2. mgr. Hér verður einnig að hafa í huga að þrátt fyrir að sveitarstjórnin sem slík fari með stjórn sveitarfélagsins þá leiðir einnig af frumvarpi þessu að framkvæmdastjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins. Einstakir sveitarstjórnarmenn hafa þar með almennt ekki valdheimildir til að segja starfsmönnum fyrir verkum eða krefja þá um starfsframlag eða útskýringar í sína þágu. Slíka valdheimild hefur hins vegar sveitarstjórnin sem slík, enda fer hún með æðstu stjórn sveitarfélagsins. Því er í 3. mgr. mælt svo fyrir að sveitarstjórn skuli í samþykkt um stjórn setja nánari reglur um rétt sveitarstjórnarmanna til að fá afhent gögn og um fyrirkomulag og framkvæmd aðgangs að skrifstofu og stofnunum. Þar kann til að mynda að vera eðlilegt að mæla fyrir um það hvert sveitarstjórnarmaður skuli beina óskum um aðgang að gögnum og skrifstofu sveitarfélags, svo sem að hann skuli beina slíkum óskum beint til framkvæmdastjóra. Eðlilegt er að framkvæmdastjóri hafi þetta hlutverk, sem æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins. Á hinn bóginn er ljóst að sveitarstjórnin getur með samþykktum sínum ekki falið framkvæmdastjóra vald til þess að takmarka lögbundinn réttindi sveitarstjórnarmanna og þá er einnig ljóst að ef ágreiningur rís á milli framkvæmdastjóra og einstaks sveitarstjórnarmanns um framkvæmd upplýsingagjafar til hins síðarnefnda þá mundi sveitarstjórnin ávallt geta skorið úr og tekið ákvörðun um að veita sveitarstjórnarmanni ríkari aðgang en framkvæmdastjórinn telur eðlilegan svo lengi sem ákvarðanir rúmist innan ramma laga.

Mikilvægt er að ákvarðanir um aðgang sveitarstjórnarmanna að gögnum byggist á sjónarmiðum um jafnræði ekki síst ef sveitarstjórn nýtir sér heimildir sínar til að veita einstökum

sveitarstjórnarmönnum aðstoð við úrvinnslu eða öflun gagna sem ekki er beinlínis skylt að veita samkvæmt lögunum. Hið sama á við um ákvarðanir og málsmeðferð af hálfu framkvæmdastjóra. Honum væri í þessu sambandi óheimilt að mismuna sveitarstjórnarmönnum eftir pólitískri afstöðu þeirra.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er að finna reglu um almenna þagnarskyldu sveitarstjórnarmanna. Slík þagnarskylda er grundvöllur þess ríka réttar sem sveitarstjórnarmönnum er tryggður til aðgangs að upplýsingum samkvæmt ákvæðinu.

Um 29. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Af hálfu sveitarfélaganna hefur farið fram allmikil umræða um siðareglur og þörf á þeim. Hér er lagt til að sveitarstjórnum verði heimilað að setja siðareglur, kjósi þær svo. Siðareglur sem sveitarstjórn setur gilda fyrir fulltrúa í sveitarstjórn sem og nefndir og ráð sveitarstjórnar. Þá halda siðareglur gildi sínu þar til annað er ákveðið af viðkomandi sveitarstjórn, eða þeim sem síðar eru kjörnar.

Í 3. mgr. 29. gr. er gert ráð fyrir að Samband íslenskra sveitarfélaga skipi nefnd sem veitt geti almenn álit um siðareglur og skýringu þeirra og um einstök brot á siðareglum. Það er eðli siðareglna að þær eru ekki lagareglur. Það er því álitamál hvort slík nefnd eigi að fá það hlutverk að fjalla um hugsanleg brot einstakra manna á slíkum reglum. Á hinn bóginn getur það verið til mikillar leiðbeiningar um gildi siðareglna og það hvað er eðlilegt að þar sé fjallað um, ef slíkri nefnd er komið á fót.

Rétt er að hafa í huga að gert er ráð fyrir að siðareglur þurfi staðfestingu ráðuneytisins. Slíkt er mikilvægt til að minnka líkur á því að siðareglur gangi gegn lögum, t.d. þannig að þær brjóti á lýðræðislegum rétti kjörinna fulltrúa í minni hluta, eða grundvallarréttindum, t.d. rétti manna til einkalífs. Ráðuneytið hefur hins vegar ekki vald til að hafna staðfestingu siðareglna ef tillaga sveitarstjórnar er innan ramma laga. Þar sem gert er ráð fyrir staðfestingu ráðherra á umræddum reglum þarf sveitarstjórn að afgreiða tillögu um nýjar reglur á tveimur fundum með a.m.k. viku millibili, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Hið sama á við um breytingar eða niðurfellingu slíkra reglna.

Um 30. gr.

Í greininni er fjallað um lausn frá störfum. Þar kemur í fyrsta lagi fram sú eðlilega regla að missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi þá skuli hann víkja úr sveitarstjórn. Þetta á við t.d. ef sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélagi, nema ákvæði 3. mgr. eigi við.

Í 2. mgr. kemur fram að telji sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gengt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, svo sem vegna veikinda eða annarrar vinnu, geti sveitarstjórn létt af honum störfum eða veitt honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrir fram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils. Mikilvægt er af tilliti til festu í störfum sveitarfélaganna að þeir sem kjörnir eru í sveitarstjórn geti ekki vikið úr þeim af geðþóttaástæðum einum. Ákvæðið þarfnast ekki sérstakra skýringa en þó leiðir það orðalag málsgreinarinnar um að tímabundna lausn skuli veita um „tiltekinn fyrir fram ákveðinn tíma“ til þess að farist fyrir í ákvörðun um lausn frá störfum að tiltaka þann tíma sem um er að ræða þá yrði að líta svo á að um lausn til loka kjörtímabils væri að ræða. Er það til að auka skýrleika og festu við framkvæmd þessarar reglu. Ákvæði 3. mgr. er af sama meiði runnið, þ.e. því er ætlað að auka skýrleika um framkvæmd lausnar frá störfum vegna tímabundins flutnings úr sveitarfélagi. Þannig er gert ráð fyrir að taka þurfi ákvörðun um leyfi frá sveitarstjórnarstörfum fyrir fram.

Samkvæmt 4. mgr. skal sveitarstjórn veita þeim sem missir fjárforræði lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir. Hér er fyrst og fremst um að ræða þau tilvik þegar einstaklingar missa forræði á fjármálum vegna gjaldþrotameðferðar.

Um 31. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um innköllun varamanna þegar aðalmaður í sveitarstjórn forfallast. Tilgangur ákvæðisins í heild er að skerpa verulega á því hvenær varamaður skal kallaður til og um áhrif þess ef það er gert.

Í 1. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar aðalmaður verður vanhæfur til meðferðar einstaks máls. Í 2. mgr. er hins vegar fjallað um þau tilvik þegar aðalmaður hefur forföll. Jafnframt felst í þeirri málsgrein nánari skýring þess hvaða forföll teljast lögmæt forföll og þá um leið lögmæt ástæða þess að sveitarstjórnarmaður víki af fundi eða taki ekki þátt í störfum hans. Sá munur er á að ef um vanhæfi til meðferðar einstaks máls er að ræða, sbr. 1. mgr., þá verður varamaður kallaður til meðferðar þess tiltekna máls sem aðalmaður er vanhæfur til þátttöku í. Að afgreiðslu eða meðferð þess lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á fundinum á ný og varamaður víkur sæti. Sé hins vegar um forföll að ræða skv. 2. mgr. þá tekur varamaður sæti á viðkomandi fundi í heild, eða til loka fundar forfallist aðalmaður eftir að fundur er hafinn, þó auðvitað að því gættu að varamaður sé kallaður til. Tilgangur reglunnar í 2. mgr. er að tryggja festu í fundum sveitarstjórna og jafnframt að stuðla að því að einstakir sveitarstjórnarmenn víki ekki af fundi og kalli varamann til meðferðar máls nema að þeir hafi raunverulegar og lögmætar ástæður til. Tilgangur 1. mgr. ákvæðisins er á hinn bóginn fyrst og fremst sá að tryggja þeim sem þarf að víkja sæti vegna vanhæfis tiltekin réttindi til að leggja fram kröfu um frestun máls, verði innköllun á varamanni hans ekki við komið að svo stöddu, þannig að ekki raskist pólitísk hlutföll í sveitarstjórn við afgreiðslu viðkomandi máls. Sá réttur er þó ekki fortakslaus, enda geta 2/3 hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa ákveðið að frestun skuli ekki ná fram að ganga. Í þeirri atkvæðagreiðslu, þ.e. um málsmeðferðina, getur hinn vanhæfi sveitarstjórnarfulltrúi tekið þátt. Tekið skal fram að ákvæði 2. mgr. útilokar ekki í sjálfu sér að aðalfulltrúi í sveitarstjórn víki stuttlega af fundi, án þess að kallaður sé til varamaður, enda sé þá fjarvera ekki þannig að hún feli í sér brot á mætingarskyldu skv. 22. gr. eða öðrum starfsskyldum kjörins fulltrúa.

Í 3. mgr. er ákvæði sem er ætlað að mæta þeim tilvikum þegar fyrirséð er að forföll sveitarstjórnarmanns eru ekki aðeins tilfallandi heldur standa í einn mánuð eða lengri tíma. Þá tekur varamaður sæti viðkomandi í sveitarstjórninni um þann tíma sem forföll standa, en þó fyrst frá og með næsta fundi eftir að viðkomandi aðalmaður tilkynnir forföll sín. Það er nauðsynlegt enda þarf sveitarstjórnin sjálf að taka til þess afstöðu hvort forföll eru lögmæt. Um það á sveitarstjórnarmaður ekki sjálfdæmi. Myndist um það ágreiningur hvort forföll eru lögmæt er sá möguleiki fyrir hendi að óska úrskurðar eða álits ráðuneytisins um það atriði. Ef varamaður hefur tekið sæti í sveitarstjórn á grundvelli 3. mgr. leiðir sú staða til þess að hann telst um þann tíma aðalmaður í sveitarstjórninni. Þetta hefur þýðingu, t.d. um það hvern skal boða til fundar svo dæmi sé tekið.

Til nánari skýringar á því hvaða atriði geta réttlætt forföll aðalmanns skv. 2. mgr. 31. gr. eru í ákvæðinu sjálfu nefndar heilbrigðisástæður, eða önnur óviðráðanleg atvik. Undir önnur óviðráðanleg atvik geta fallið aðrar brýnar ástæður en þær sem lúta að heilbrigði, svo sem þungun, barnsburður, ættleiðing, önnur trúnaðarstörf á vegum sveitarstjórnar, brýn málefni nánustu fjölskyldu, orlofstaka samkvæmt lögum þessum, brýn félagsstörf eða ef sveitar-

stjórnarmanni er nauðsynlegt að vera fjarverandi vegna anna í launaðri vinnu eða eigin atvinnurekstri.

Ákvæði 4. mgr. þarfnast ekki skýringa umfram það sem rakið hefur verið hér að framan.

Um 32. gr.

Í greininni er fjallað um rétt sveitarstjórnarmanna til þóknunar fyrir störf sín, rétt til orlofs, lífeyrisgreiðslna o.fl. Um greiðslur samkvæmt þessari grein fer eftir ákvörðun sveitarstjórna hverju sinni.

Í 4. mgr. ákvæðisins er að finna það nýmæli að sveitarstjórnarmaður megi ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar. Byggist ákvæðið á því sjónarmiði að möguleikar til þátttaka í sveitarstjórnarstörfum ættu almennt ekki að grundvallast á persónulegum fjárstyrk frambjóðenda.

Um 33. gr.

Ákvæði 33. gr. er nýmæli. Tilgangur þess er að koma í veg fyrir þá aðstöðu að þeim sem ákveður að taka þátt í sveitarstjórnarstörfum verði sagt upp vinnu af þeirri ástæðu einni og einnig að tryggja viðkomandi rétt til fjarveru úr aðalstarfi að því leyti sem honum er nauðsynlegt til að sinna lögboðinni mætingarskyldu. Gera verður ráð fyrir að fundir sveitarstjórna og önnur störf sveitarstjórnarmanna séu skipulögð þannig að almennt eigi ekki að vera skörun á milli almennra starfa og sveitarstjórnarstarfa. Reynslan sýnir þó að slík skörun getur komið upp. Í ljósi þeirrar ríku skyldu sem lögð er á þá sem kosnir eru til starfa í sveitarstjórnum verður að telja mikilvægt að tryggja viðkomandi að öðru leyti það svigrúm sem til þarf svo þeim skyldum verði sinnt.

Ekki er gert ráð fyrir að atvinnuveitanda sé skylt að greiða starfsmanni laun fyrir þann tíma sem hann þarfnast fjarveru frá vinnu. Það er, sbr. 32. gr., sveitarstjórnar að ákveða sveitarstjórnarmönnum hæfilega þóknun fyrir störf þeirra í þágu sveitarfélagsins. Ákvæðið kemur hins vegar ekki í veg fyrir að þeir sem kjörnir eru til starfa í sveitarstjórnum skipuleggi þau störf sín þannig, í samráði við vinnuveitanda sinn, að tími sem fer til sveitarstjórnarstarfa dragist frá samningsbundnu orlofi eða sé mætt með öðrum hætti.

Í niðurlagi 3. mgr. 33. gr. kemur fram að teljist viðvera starfsmanns nauðsynleg vegna sérstakra og rökstuddra atvika geti atvinnuveitandi hafnað ósk starfsmanns um fjarveru. Í þessu felst að það þurfa að vera fyrir hendi sérstakar aðstæður fyrir hendi á vinnustað, svo sem sérstakir álagstímar.

Um 34. gr.

Í ákvæðinu felst árétting þeirrar mikilvægu reglu að þegar varamenn taka sæti í sveitarstjórn þá eiga ákvæði kaflans einnig við um þá. Réttur einstakra sveitarstjórnarmanna samkvæmt lögum þessum, svo sem um rétt til þátttöku í fundi, réttur til að koma málum á dagskrá funda, réttur til aðgangs að gögnum o.fl. tekur hins vegar ekki til varamanna að öðrum kosti.

Um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er að finna þær reglur sem sérstaklega lúta að nefndum sveitarstjórna, kosningu í nefndir og hlutverki nefnda. Í reynd er ekki um að ræða miklar efnisbreytingar frá gildandi lögum, fremur er leitast við að setja ákvæði kaflans fram á skýrari hátt en áður. Þá er einnig leitast við að afmá ákveðna agnúa sem komið hafa í ljós á gildandi lögum.

Um 35. gr.

Ein mikilvægasta undirnefnd sveitarstjórnarinnar, í flestum sveitarfélögum, er byggðarráð. Byggðarráð er í bæjum gjarnan nefnt bæjarráð og í Reykjavík borgarráð. Þá er byggðarráð í sumum sveitarfélögum nefnt hreppsráð. Sveitarstjórnum er skv. 1. mgr. ákvæðisins heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélags að kjósa byggðarráð nema í þeim sveitarstjórnum sem hafa aðeins fimm aðalfulltrúa. Ef ákvæði um kosningu byggðarráðs er ekki í samþykktum sveitarfélagsins verður ekkert byggðarráð kjörið. Byggðarráð er því að þessu leyti ekki skyldubundin nefnd. Ef samþykkt um stjórn sveitarfélags kveður hins vegar á um að byggðarráð skuli kosið þá leiðir af ákvæðinu að það hefur ákveðið lögbundið hlutverk, sem ekki verður frá vikið.

Í 1. mgr. er ekki fjallað sérstaklega um fjölda fulltrúa í byggðarráði. Ákvæði um kosningu í byggðarráð, fjölda byggðarráðsfulltrúa og kjörgengi í byggðarráð er fjallað í 36. gr. Af 2. mgr. leiðir að byggðarráði er hægt að fela fullnaðarafgreiðslu mála með sama hætti og öðrum fastanefndum sveitarfélags. Í því felst að til þess að byggðarráði sé heimil fullnaðarafgreiðsla í einstökum málum þá ber að greina frá því valdframsali í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Að öðrum kosti öðlast ákvarðanir byggðarráðs ekki endanlegt gildi fyrr en með staðfestingu sveitarstjórnarinnar. Um framsal á fullnaðarákvörðunarvaldi er nánar fjallað í skýringum við 42. gr. Rétt er að taka fram að hér er um að ræða ákveðna breytingu frá gildandi sveitarstjórnarlögum. Hún felur þó ekki í sér takmarkanir á valdheimildum byggðarráðsins, heldur aðeins að ákvæði um heimildir þeirra til töku fullnaðarákvarðana þarf að afmarka í samþykktum um stjórn sveitarfélagsins.

Samkvæmt 3. mgr. fer byggðarráð með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins, ásamt framkvæmdastjóra, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Byggðarráð hefur einnig eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélagsins og undirbýr fjárhagsáætlanir fyrir sveitarstjórnina. Af þessu leiðir að byggðarráði er ætlað mikilvægt hlutverk varðandi almenna umsýslu og framkvæmd á verkefnum sveitarfélagsins þó auðvitað að því gættu að ákveðið samræmi þarf að vera um verkefni byggðarráðs annars vegar og framkvæmdastjóra hins vegar. Sú verkaskipting ræðst í reynd af ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni. Engu að síður ber að hafa í huga að byggðarráð hefur að meginstefnu til það hlutverk að undirbúa ákvarðanir sveitarstjórnarinnar og hafa eftirlit með því að ákvarðanir sem hún tekur séu framkvæmdar. Byggðarráð hefur því almennt ekki það meginhlutverk að taka ákvarðanir fyrir hönd sveitarstjórnarinnar. Aðrar nefndir líkt og byggðarráð, sitja í umboði og á ábyrgð sveitarstjórnarinnar en ekki á ábyrgð byggðarráðs, þrátt fyrir að byggðarráð geti í sumum tilvikum verið ákveðinn milliliður milli annarra nefnda og sveitarstjórnarinnar.

Það er ekki tilgangur þessarar greinar, eða frumvarpsins almennt, að auka vægi byggðarráða um einstakar ákvarðanatökur í sveitarfélögunum. Ákveðnar breytingar hafa verið gerðar á gildandi sveitarstjórnarlögum, m.a. í þeim tilgangi að auðvelda byggðarráðum að taka ákvarðanir með skjótum hætti, fyrir hönd sveitarfélags. Hefur því sjónarmiði stundum verið hreyft að mikilvægt sé að tryggja sveitarfélögunum nauðsynlegt svigrúm til að bregðast hratt við aðstæðum. Þar geti verið of umsvifamikið að leggja mál fyrir sveitarstjórnarfund. Nær sé að veita byggðarráði tækifæri til að afgreiða mál. Á slík sjónarmið má fallast að sumu leyti. Á hinn bóginn er það einnig mjög mikilvægt að stjórnskipulag sveitarfélaga sé ekki með þeim hætti að meiri háttar ákvarðanir um ráðstöfun hagsmuna sveitarfélaganna sé hægt að taka með of skömmum fyrirvara og án tilhlýðilegs undirbúnings. Slíkt er í andstöðu við þann lýðræðislega grundvöll sem tilvist sveitarfélaga hvílir á og nútíma sjónarmið um vandaðan undirbúning ákvarðana sem varða almannahag. Í ákveðnum tilvikum kann að vera að

krafan um að meiri háttar ákvarðanir séu teknar af sveitarstjórn sjálfri en ekki öðrum leiði til þess að mál komist síðar af stað, taki lengri tíma í vinnslu o.s.frv. Með því að gera kröfur um aðkomu sveitarstjórnar að flestum meiri háttar ákvörðunum fyrir hönd sveitarfélags og leitast þannig við að minnka áhættu um rekstur sveitarfélagsins og tryggja skýrari viðmið um ábyrgð verður þó almennt að telja að minni hagsmunum sé fórnað fyrir meiri. Í þessu frumvarpi eru því ekki gerðar tillögur um breytingar í þá veruna að vægi byggðarráða í stjórnsýslu sveitarfélaga verði aukið mjög. Eftir sem áður hafa sveitarfélögin mikið svigrúm til að móta stjórnsýslu sína, þar á meðal um að fela byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála sem talist geta minni háttar og eru að fullu í samræmi við áætlanir og viðmið sem sveitarstjórn hefur samþykkt, svo sem um skipulag, fjárhagsáætlanir o.s.frv. Í reynd er því ekki um grundvallarbreytingar að ræða á hlutverki byggðarráðs, þrátt fyrir að ákveðnar breytingar séu gerðar á þeim lagaákvæðum er um þau gilda.

Í 4. mgr. segir að heimilt sé að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélags að byggðarráð taki að meira eða minna leyti við starfi annarra fastanefnda sveitarstjórnar. Þá er einnig tekið fram að heimilt sé að kveða svo á að ályktanir, tillögur og fundargerðir annarra nefnda megi leggja fyrir byggðarráð til umfjöllunar áður en þær eru lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða endanlegrar afgreiðslu, ef um það er að ræða. Svona er stjórnkerfi margra sveitarfélaga upp byggt. Engu að síður er rétt að hafa um þennan möguleika sérstakt ákvæði. Í fyrsta lagi er það til leiðbeiningar um þann möguleika að skipuleggja stjórnsýsluna með þessum hætti. Í öðru lagi er það til leiðbeiningar um þann möguleika að það er engan veginn nauðsynlegt, þrátt fyrir að byggðarráði sé komið á fót, að skipulag stjórnkerfisins sé einmitt með þeim hætti að öll mál þurfi að fara í gegnum byggðarráð áður en þau fara á borð sveitarstjórnarinnar. Vel geta verið rök til annarrar málsmeðferðar innan sveitarfélagsins.

Í niðurlagi 4. mgr. kemur fram að heimilt sé að fela byggðarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem samkvæmt samþykktum sveitarfélags hafa áður komið til umfjöllunar annarra nefnda sveitarstjórnar. Af ákvæði 2. mgr. ákvæðisins leiðir að slíkt framsal á valdi til fullnaðarafgreiðslu verður að lúta fyrirmælum 42. gr. um framsal valds.

Um 36. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að ef byggðarráð er kjörið þá skal kjörtími þess vera eitt ár í senn, nema annað sé ákveðið í samþykktum um stjórn. Þetta er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa. Í 2. mgr. segir að fjöldi byggðarráðsmanna skuli standa á oddatölu og ekki vera fleiri en sem nemur helmingi af aðalfulltrúum í sveitarstjórn. Ef sveitarstjórn er sjö manna getur byggðarráð því mest verið skipað þremur fulltrúum. Þetta er eðlilegt þegar litið er til þeirrar meginreglu að það er sveitarstjórnin sem fer með stjórn sveitarfélagsins og tekur mál til afgreiðslu á opnum fundum. Sé byggðarráð skipað meira en helmingi fulltrúa úr sveitarstjórn myndast sú hætta að meðferð mála á fundum sveitarstjórnar verði aðeins til málamynda. Sá varnagli er settur í 2. mgr. að fulltrúafjöldi í byggðarráði skuli mest vera níu. Þessa tölu verður að skoða í samhengi við ákvæði 11. gr. frumvarpsins um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn.

Samkvæmt 3. mgr. er það skilyrði fyrir kosningu í byggðarráð að viðkomandi sé jafnframt aðalmaður í sveitarstjórn. Meginreglan er sú að varamenn skuli einnig velja úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni. Þó er heimilt, að ákveða að þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður, verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann. Ef sveitarstjórn nýtir þessa heimild felst í henni að ef 1. maður Y-lista í sveitarstjórn fær kosningu í byggðarráð þá er það 2. maður í

sveitarstjórninni, af þeim sama lista, sem verður varamaður hans í byggðarráði. Hafi 2. maður listans einnig verið kjörinn í byggðarráð þá er það 3. maður listans sem telst fyrsti varamaður, og skiptir þá engu hvor hinna tveggja yrði forfallaður. Hafi hins vegar 2. maður listans í sveitarstjórn verið kjörinn í byggðarráð, en ekki 1. maður, þá tekur 1. maður sæti sem fyrsti varamaður.

Í 4. mgr. er kveðið á um það nýmæli að varaformaður byggðarráðs skuli ákveðinn af sveitarstjórn. Í framkvæmd hefur það skapað álitamál hver skuli stjórna fundum byggðarráðs þegar formaður þess forfallast.

Um 37. gr.

Ákvæði 37., 38. og 39. gr. frumvarpsins lýsa helstu tegundum eða flokkum undirnefnda sveitarstjórnar. Í þessu ákvæði er fjallað um svonefndar fastanefndir en það eru nefndir sem sveitarstjórn skal velja samkvæmt lögum og eða samþykktum sveitarfélagsins. Þar sem þessar nefndir eru reglulegar, að því leyti að þær skal kjósa, þá er hægt að fela þeim stærra hlutverk um stjórn sveitarfélagsins, m.a. með því að framselja til þeirra fullnaðarvald í ákveðnum málum, innan ákveðinna ramma. Byggðarráð telst til fastanefnda sveitarstjórnar, og lýtur því eftir því sem við getur átt reglum laganna um þær.

Ákvæðið þarfnast ekki ítarlegra skýringa. Mikilvægt er að sveitarstjórn skilgreini verksvið fastanefnda í samþykktum. Þá er það nýmæli að fastanefndir halda umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kosið nýja nefnd í þeirra stað. Samkvæmt gildandi lögum fellur umboð nefnda úr gildi um leið og umboð fráfarandi sveitarstjórnar, þ.e. 15 dögum eftir kjördag. Til að tryggja samfellu um störf nefnda er talið eðlilegra að hafa regluna með þessum hætti.

Um 38. gr.

Í greininni er fjallað um nefndir sem sveitarstjórn getur kosið til að fara með afmörkuð málefni eða málaflokka í hluta sveitarfélags. Eftir því sem sveitarfélög verða stærri eykst þörfin á því að sveitarstjórnir geti skipulagt stjórnsýslu sína á grundvelli staðbundinna forsendna innan marka sveitarfélagsins. Hér ber þó að hafa í huga að grundvöllur fyrir tilvist sveitarfélaga er sá að þau eru staðbundin stjórnvöld. Því ætti almennt ekki að vera þörf á slíkri skiptingu meðal nefnda sveitarfélags eða á staðbundnum sérnefndum um helstu verkefni sveitarfélaganna. Ákveðnum þáttum þjónustu kann þó hugsanlega að vera betur fyrir komið undir verksviði slíkra nefnda. Af sögulegum ástæðum getur það t.a.m. átt við um ákveðna þætti fjallskila. Staðbundnar nefndir geta einnig verið mikilvægar við undirbúning einstakra mála eða áætlana.

Rétt er að hafa í huga að ef fjallað er um staðbundna nefnd í samþykktum um stjórn sveitarfélags og sveitarstjórn ber að kjósa hana eða sjá um að hún sé kosin í kosningum meðal íbúa sveitarfélagsins þá er hún eðli máls samkvæmt fastanefnd skv. 37. gr. Ef svo er myndast einnig heimild, sbr. 42. gr., til að framselja slíkri nefnd vald til fullnaðarafgreiðslu mála. Í því sambandi ber hins vegar að vekja athygli á því að heimild til að framselja vald til fullnaðarafgreiðslu mála til staðbundinnar nefndar leiðir ekki sjálfkrafa til þess að sveitarfélagi sé heimilt að mismuna íbúum sínum. Að því verður sveitarstjórnin að gæta ef hún kýs að nýta sér heimild til að framselja vald til staðbundinna nefnda. Séu ekki sérstakar heimildir fyrir öðru í sérlögum verður hinn almenni rammi um viðkomandi starfsemi og sveitarstjórnin setur því almennt að vera svo skýr að hætta á slíkri mismunun sé ekki fyrir hendi.

Áréttað skal að ákvæðið fjallar aðeins um staðbundnar nefndir en ekki um staðbundna útfærslu á daglegri stjórnsýslu eða þjónustu sveitarfélags gagnvart íbúum.

Í 3. og 4. mgr. er sérstaklega fjallað um heimild sveitarstjórnar til að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélags að nefnd skuli kosin af íbúum viðkomandi hluta sveitarfélags í almennum kosningum. Kosningar til slíkrar nefndar verða að fullnægja ákveðnum grundvallarskilyrðum um lýðræðislegar kosningar og skulu því taka mið af ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt. Ekki er óeðlilegt, m.a. vegna kostnaðar, að kosningar til nefnda af þessu tagi færu fram samhliða sveitarstjórnarkosningum væri því við komið. Eðli máls samkvæmt eiga ákvæði 44., 45. og 49. gr. um kjör til nefnda og lausn frá nefndarsetu ekki við um nefndir sem kosnar eru almennri kosningu samkvæmt ákvæði þessu.

Um 39. gr.

Sveitarstjórn getur, auk framangreinds, kjörið nefndir eða starfshópa til að undirbúa eða fjalla um einstök mál, málaflokka eða verkefni. Tilgangur slíkra hópa getur m.a. verið sá að tryggja formlegt samráð við tiltekin hagsmunasamtök eða hópa íbúa, sem geta átt sæti í viðkomandi nefnd. Tilgangurinn getur einnig verið sá að leita aðkomu sérfróðra aðila, svo sem þegar skipaðar eru byggingarnefndir eða framkvæmdanefndir vegna fyrirhugaðra framkvæmda, án þess þó að viðkomandi nefnd sé falið beint ákvörðunarvald um það málefni eða framkvæmd sem henni er falin skoðun á. Til að tryggja nauðsynlegt svigrúm um þetta er í 2. mgr. tekið fram að í slíkar nefndir gildi ekki sömu skilyrði um kjörgengi og í aðrar nefndir, þ.e. að heimilt er að kjósa í þær einstaklinga sem ekki hafa náð kosningaaldri, og einnig einstaklinga sem ekki eiga lögheimili í sveitarfélagi. Sú undantekning á ekki við um fastanefndir.

Um 40. gr.

Í 40. gr. er almennt ákvæði sem felur í sér áréttingu á valdi sveitarstjórnarinnar. Ákvæðið þarfnast ekki sérstakrar skýringar en er mikilvæg áréttting um stöðu nefnda sveitarstjórnar gagnvart sveitarstjórninni og áréttting þeirrar mikilvægu reglu að hafi sveitarstjórnin sjálf ekki tekið ákvörðun um að fela nefnd fullnaðarafgreiðslu máls eða ef slík regla er ekki lögbundin þá er ákvörðun ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrr en hún hefur verið formlega staðfest af hálfu sveitarstjórnarinnar.

Um 41. gr.

Í framkvæmd hefur það á stundum valdið nokkrum vanda hvernig eigi að tryggja að sveitarstjórn taki fullnægjandi og skýra afstöðu til málefna sem verið hafa til meðferðar hjá nefndum. Það er þó mikilvægt í ljósi þess umboðs sem sveitarstjórninni er falið af íbúum sveitarfélagsins að farvegur mála sé skýr. Við hefur borið að framlagning á afgreiðslum einstakra nefnda fyrir sveitarstjórn sé ekki í nægilega formlegum farvegi. Af því skapast sú hætta að í gegnum fundi sveitarstjórna fari mál sem sveitarstjórnin er ekki nægilega upplýst um. Skilvirkni í fundum sveitarstjórna er mikilvæg en hún má þó ekki ganga gegn grundvallarreglum í stjórnsýslurétti um að ákvarðanir séu teknar á grundvelli nægilegra upplýsinga og málefnalegra sjónarmiða. Þá ber einnig að hafa í huga að í nútíma stjórnsýslu er umfjöllun um viðfangsefni í stjórnsýslu almennt bundin við mál. Á hverjum fundi í nefndum og sveitarstjórnum er almennt tekinn fyrir fjöldi mála. Vönduð meðferð mála í stjórnsýslu sveitarfélaga ætti því almennt að byggjast á því að bókað sé í fundargerðir um þau mál sem lögð eru fyrir

fund, en ekki um þær fundargerðir sem þar eru lagðar fyrir. Af þessari ástæðu er tekið fram í ákvæðinu að ef fundargerðir nefnda innihalda ályktanir eða tillögur sem þarfnast staðfestingar þá beri að taka viðkomandi tillögur og ályktanir fyrir sem sérstök mál og afgreiða með formlegum hætti. Ekki er því heimilt að taka fundargerð fyrir í heild sinni, til samþykktar eða synjunar ef í henni er að finna tillögur eða mál sem þarfnast beinnar afgreiðslu sveitarstjórnar. Ef svo er skal bera upp hvert viðkomandi mál og færa til bókar í fundargerð með þeim hætti. Sama regla gildir um meðferð byggðarráðs á fundargerðum nefnda og meðferð sveitarstjórnar á fundargerðum byggðarráðs.

Hins vegar er enn þá lagt til að heimilt verði að leggja fundargerðir sem ekki innihalda slík mál fyrir sveitarstjórn til kynningar. Með þessu er ekki gengið svo langt að leggja til að hvert og eitt mál verði lagt formlega fyrir sveitarstjórn og afgreitt með ákveðnum hætti og um það bókað. Ekkert ætti þó að vera því til fyrirstöðu að einstök sveitarfélög tækju upp slíkt verklag og í reynd má telja að það væri æskilegt að sveitarfélögin gerðu það þrátt fyrir niðurlag 1. mgr. ákvæðisins.

Um 42. gr.

Í ákvæðinu er lögð til sambærileg regla og er að finna í 44. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. Tilgangur reglunnar er að taka af vafa um heimildir sveitarstjórna til að fela fastanefndum og einstökum starfsmönnum sveitarfélags fullnaðarákvörðun mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins enda leiði slíkt til hagræðingar, skilvirkni og hraðari málsmeðferðar. Skilyrði eru að kveðið sé á um slíkt fyrirkomulag í samþykktum sveitarstjórnar, að mál varði ekki verulega fjárhag sveitarfélagsins og að ákvæði laga eða eðli máls mæli ekki sérstaklega gegn þeirri ákvörðun.

Ekki er talið rétt að valdframsal samkvæmt ákvæðinu taki til annarra en nefndra aðila. Mikilvægt er að festa sé í framkvæmd stjórnsýslu sveitarfélaganna. Eins og að gildandi lögum er gert ráð fyrir því að valdframsal hafi það að markmiði að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð. Ef mál varðar ekki verulega fjárhag sveitarfélagsins er gert ráð fyrir því í ákvæðinu að framsal sé heimilt nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur því aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem sveitarstjórn hefur sett.

Þar sem gera verður ráð fyrir því að ekki geti ávallt verið samstaða um afgreiðslu máls er gerður sá fyrirvari í 3. mgr. að þriðjungur fulltrúa í viðkomandi nefnd eða starfsmaður sem fengið hefur framselt vald samkvæmt ákvæðinu geti krafist þess að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi nefnd taki ákvörðun í máli, í samræmi við samþykktir sveitarfélags. Þessari heimild getur embættismaður sveitarfélags t.d. beitt ef fyrirsjáanlegt er að ágreiningur muni verða um niðurstöðu hans en við þær aðstæður má ætla að markmið valdframsalsins, þ.e. að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð, muni ekki ná tilgangi sínum.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi nefnd skuli hafa eftirlit með afgreiðslu mála og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru af starfsmönnum sveitarfélaga sem falla undir ákvæðið. Ekki þykir tilefni til að kveða á um sambærilegt eftirlit varðandi fullnaðarafgreiðslur nefnda, sbr. 1. mgr., enda fær byggðarráð og/eða sveitarstjórn ávallt fundargerðir nefnda til kynningar eða staðfestingar.

Í 4. mgr. ákvæðisins er gengið út frá því sem meginreglu að ákvarðanir sem teknar eru af nefndum eða starfsmönnum sveitarfélags sæti ekki eiginlegu málskoti innan stjórnsýslu sveitarfélagsins heldur geti aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórn-

sýslulaga, nr. 37/1993, eða á grundvelli ólögfestra reglna um endurupptöku sé ekki um stjórnsýslumál að ræða. Af þessari ástæðu er mælt fyrir um að sveitarstjórn skuli í samþykkt sveitarfélagsins kveða á um það hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu skv. 1. og 2. mgr. Hér er ekki um að ræða að sveitarstjórn þurfi að mæla fyrir um rétt til endurupptöku, hann ræðst af stjórnsýslulögum eða óskráðum reglum. Hins vegar er ætlast til að sveitarstjórn mæli fyrir um málsmeðferð þegar beiðni um endurupptöku er lögð fram, fyrst og fremst til að taka af vafa um það hver eigi að afgreiða endurupptökubeiðnina.

Samkvæmt 9. gr. frumvarpsins skal sveitarstjórn senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála samþykktir sínar um stjórn sveitarfélagsins og fundarsköp sveitarstjórnar til staðfestingar. Ákvarðanir sveitarstjórna um valdframsal verða því að hljóta samþykki ráðuneytisins áður en þær geta öðlast gildi.

Um 43. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um þá meginreglu að kosningar í nefndir sem sveitarstjórn á aðild að skuli vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Í því felst að hver og einn sveitarstjórnarmanna getur lagt fram slíka ósk og skal þá orðið við henni. Mikilvægt er að hafa í huga að þetta er sú meginregla sem gildir um kosningar í nefndir þrátt fyrir að almennt sé framkvæmdin sú að hlutfallskosning fer ekki fram þegar skipað er í nefndir, heldur er byggt á samkomulagi stjórnmálaafla í sveitarstjórn um röðun á lista, sem þá tekur tillit til pólitískra hlutfalla. Nánari reglur um það hvernig hlutfallskosning fer fram er að finna í 44. og 45. gr.

Í 2. og 3. mgr. er að finna reglur um kjörgengi í nefndir, ráð og stjórnir sveitarstjórna. Þarfnast þau ákvæði ekki sérstakra skýringa.

Um 44. gr.

Í ákvæðinu er mælt nánar fyrir um það hvernig skal leggja fram lista þegar kosið er bundinni hlutfallskosningu í nefndir. Í fyrsta og þriðja tölulið ákvæðisins er mælt fyrir um það að leggja skal fram lista með skriflegum hætti. Nafn hvers sveitarstjórnarmanns getur aðeins verið á einum lista. Ef gerð er tillaga um fulltrúa sem ekki er skylt að taka kjöri í nefnd, þ.e. ekki telst aðalmaður eða varamaður í sveitarstjórn, skal samþykki hans liggja fyrir tilnefningunni. Ekki er sérstaklega mælt fyrir um form slíks samþykkis. Almennt ætti að nægja að sá sem leggur fram lista staðfesti að slíkt samþykki liggi fyrir.

Meginþýðing ákvæðisins birtist í 2. tölul. ákvæðisins. Þar er að finna reglu sem mælir fyrir um hvernig gætt skal að kynjahlutföllum á listum. Ekki er gerð krafa um röð kynjanna á lista. Hvernig síðan fer að endingu um þá sem hljóta kjör og hvernig kynin raðast á lista ræðst af reglu í 4. tölul. 45. gr. Í niðurlagi 3. tölul. er þó gerður sá fyrirvari að reglan um ákveðið hlutfall kynja á ekki við í tveimur tilvikum. Annars vegar þegar aðeins eru kjörgengir í nefnd aðal- og varamenn í sveitarstjórn. Að gildandi lögum, og samkvæmt frumvarpi þessu, mundi þetta eiga við um byggðarráð. Ástæðan fyrir þessu er sú að vegna 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar og þeirrar grunnreglu sem býr að baki henni um lýðræðislegt kjör sveitarstjórnar verður ekki fullyrt að kynjahlutföll í sveitarstjórn verði slík að hægt sé að fullnægja kröfum um kynjakvóta í slíka nefnd. Þá byggist frumvarpið einnig á ákveðinni málamiðlun sjónarmiða um mikilvægi þess að tryggja jafnan aðgang kynjanna að nefndum annars vegar og sjónarmiða um lýðræðislegan vilja íbúanna hins vegar, þar á meðal að kosning í nefnd eins og byggðarráð endurspegli pólitískan styrkleika eða röðun einstakra fulltrúa í sveitarstjórninni eins og hann birtist í niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Hins

vegar er gerð undantekning frá reglunni þegar í sérlögum koma fram kröfur um kjörgengi í nefnd sem leiða til þess að ekki er fært að fullnægja kröfum um kynjahlutföll. Þetta kann að eiga við í minni sveitarfélögum þar sem tryggja verður ákveðna þekkingu eða aðra eiginleika einstaklinga sem kjósa á í nefndir. Sveitarstjórn sjálf getur þó ekki ákveðið slíkar hæfniskröfur. Þær þurfa að leiða af ákvæðum sérlaga til að réttlæta undantekningu frá kynjakvóta.

Um 45. gr.

Í ákvæðinu er nánar mælt fyrir um það hvernig sætum í nefndir skal útdeilt á grundvelli kosningar sem fram fer um þá lista sem tillaga hefur borist um. Í 1., 2. og 3. tölul. er í raun um að ræða lýsingu hinnar svonefndu D'Hondts reglu, sem ekki þarfnast hér sérstakrar skýringar. Í 4. tölul. er hins vegar að finna reglu sem ætlað er að tryggja ákveðin kynjahlutföll í nefndir sem falla undir 2. tölul. 44. gr. Segir í 4. tölul. að ef í ljós kemur, eftir að sætum í nefnd hefur verið úthlutað til þeirra lista sem kosið var á milli, og annað kynið hefur ekki fengið kosna í nefnd svo marga fulltrúa af hverjum lista sem krafist er í 2. tölul. 44. gr. skal færa einstaklinga af því kyni sem fulltrúa vantar svo langt upp listann sem þarf þannig að tilskilið hlutfall náist.

Sama árangri mætti eftir atvikum ná með því að gera kröfu um að listar, þegar þeir eru fram lagðir, séu fléttulistar. Hér er framangreind aðferð hins vegar lögð til sem mótvægi við það inngrip í pólitíska niðurstöðu kosningar sem kynjakvótar eru. Sem dæmi gæti niðurstaðan því orðið sú, hafi tiltekinn listi fengið fjóra fulltrúa kosna í nefnd og þeir eru allir konur, að tveir karlar sem eru neðar á lista verði færðir upp í þriðja og fjórða sæti. Ef stuðst hefði verið við hefðbundinn fléttulista hefðu karlarnir setið í öðru og fjórða sæti. Betra samræmi næst því milli sjónarmiða um kynjakvóta og pólitískra sjónarmiða og valdahlutfalla með þessari reglu en kynjakvótareglunni þó í reynd sé hér fremur um að ræða áherslumun en mikilvægt frávik.

Í 2. mgr. 45. gr. kemur fram að ef ekki er kosið hlutfallskosningu í nefndir heldur byggt á samstarfi flokka um skipun þá skal gæta þess að kynjahlutföll í nefndina í heild fullnægi kröfum skv. 2. tölul. 44. gr. Ef ekki næst samstaða ræður meginreglan og skal þá fara fram hlutfallskosning samkvæmt áður lýstum reglum.

Um 46. gr.

Í greininni kemur í fyrsta lagi fram sú grunnregla, sem ekki er nýmæli, að fundir nefnda skuli almennt fara fram fyrir luktum dyrum. Þá er vísað með almennum hætti til ákvæða III. kafla laganna um framkvæmd funda, ályktunarhæfi, atkvæðagreiðslur o.fl. Fram kemur í 52. gr. frumvarpsins að ákvæði laga þessara um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna eiga einnig við um réttindi og skyldur nefndarmanna, eftir því sem við getur átt.

Um 47. gr.

Í 47. og 48. gr. er fjallað um varamenn í nefndir og innköllun varamanna í nefndir. Sambærileg ákvæði hvað varðar sveitarstjórn er að finna í 21. og 31. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. ákvæðisins kemur fram sú meginregla að varamenn skuli taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Í 2. mgr. kemur þó fram að þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu, eða listi hefur verið sjálfkjörinn, þá taki varamenn af sama lista og sá aðalmaður sem hefur forföll sæti í nefnd, í þeirri röð sem þeir voru kjörnir, að teknu tilliti til endurröðunar skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. Varamaður kemur því af sama lista og hinn forfallaði aðalmaður. Röð varamann fer eftir því hvar á listanum þeir voru sem boðinn var fram

þegar kjörið var í nefndina, en þó að því gættu að ef kynjahlutföll eru með þeim hætti að skilyrðum 4. tölul. 45. gr. er ekki fullnægt þá þarf að færa næsta einstakling af því kyni sem hallar á upp listann svo langt sem þörf er á. Af þessu getur því leitt frávik frá röð varamanna.

Í 2. mgr. er fjallað um möguleika tveggja eða fleiri flokka eða framboðslista til sveitarstjórnar til að leggja í sameiningu fram lista til nefndar. Í framkvæmd getur þessi möguleiki leitt til aukins fulltrúafjölda þessara flokka í nefndum (ef litið er til heildarfjölda sæta í öllum nefndum og ráðum) en þeir hefðu haft samanlagt hefðu þeir hver lagt fram sinn lista. Þetta getur sérstaklega átt við um samstarf minni framboða við nefndakosningar. Óþarft er talið að leggja stein í götu slíkrar framkvæmdar, ef vilji er fyrir henni. Því er í ákvæðinu lagt til að ef listi í nefnd er borinn fram af tveimur flokkum þá geti þeir flokkar í sveitarstjórninni komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hvaða aðalmaður hefur forfallast. Þessi regla ryður hins vegar ekki brott skilyrðinu sem fram kemur í niðurlagi 1. mgr. um að varamenn taki sæti í þeirri röð sem ákveðin hefur verið fyrir fram að teknu tilliti til endurröðunar vegna kyns.

Í 3. mgr. er mælt svo fyrir að yfirlýsingu um samstarf skuli leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram. Mikilvægt er að þetta sé gert án tafar og er þessi regla því sett. Hún er fortakslaus. Æskilegt væri auðvitað að viðkomandi stjórnmálaflokkar legðu fram slíka yfirlýsingu strax við kosningu í nefndir. Annað kann að leiða til eftirfarandi átaka um innköllun varamanna og þar með til endurkosningar í viðkomandi nefnd að lokum. Hér þykir hins vegar ekki ástæða til að ganga svo langt að gera í lögum kröfu um að slík yfirlýsing sé lögð fram svo snemma.

Sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir þeim möguleika að endurskipað sé í nefndir innan kjörtímabils. Með hliðsjón af því er í 4. mgr. mælt svo fyrir að yfirlýsing um breytta röð á innköllun varamanna gildi til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju. Viðkomandi stjórnmálaflokkar eru því bundnir af yfirlýsingu um innköllun varamanna allt þar til sú nefnd sem þeir sammæltust um samstarf um kosningu til missir umboð sitt og ný er kjörin hvort sem það er vegna kosningar nýrrar sveitarstjórnar eða vegna endurskipunar á nefnd innan kjörtímabils.

Um 48. gr.

Samkvæmt 48. gr. gilda sömu reglur um innköllun varamanna í nefndir og varamenn í sveitarstjórnir, eftir því sem við getur átt. Í því felst fyrst og fremst að kröfur um lögmæt forföll eru þær sömu hvað varðar sveitarstjórnarmenn og nefndarmenn. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 49. gr.

Á aðal- og varamönnum í sveitarstjórnum hvílir sú skylda að sinna þeim störfum sem þeir eru kjörnir til. Frá því er hægt að veita undanþágur vegna óhæfilegs álags viðkomandi, sbr. 2. mgr. 30. gr. frumvarpsins. Sambærileg skylda hvílir hins vegar ekki á öðrum sem kjörnir eru til starfa fyrir sveitarstjórn. Slíkum fulltrúum er því heimilt að segja af sér nefndarsetu hvenær sem er á kjörtímabili. Ákvæði 1. mgr. 49. gr. er ætlað að árétta þessa stöðu og þannig að vera til leiðbeiningar um skyldur þeirra sem kjörnir eru í nefndir.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um rétt sveitarstjórnar til að endurskipa í nefndir innan kjörtímabils. Umdeilanlegt er hvort slíkur möguleiki eigi að vera til staðar, enda virðist hann almennt nýttur þegar meirihlutaskipti verða í sveitarstjórn eða fulltrúar í sveitarstjórn eru ekki sáttir við störf tiltekinna fulltrúa í nefndum sveitarstjórnar. Heimild til endurskipunar getur þannig

í reynd falið í sér visst inngrip í þann rétt einstakra sveitarstjórnarmanna að fylgja einvörðungu sannfæringu sinni og lögum við töku ákvarðana. Af tilliti til mikilvægis þess að framkvæmd sveitarstjórnarmála sé hnökralaus og ekki myndist óþarfa togstreita milli nefnda sveitarstjórnar og sveitarstjórnarinnar sjálfrar hefur hins vegar verið valin sú leið í íslenskri sveitarstjórnarlöggjöf að hafa þennan möguleika í lögum. Fyrir því eru sögulegar ástæður hér á landi og hér er ekki gerð tillaga um breytingu í því efni.

Samkvæmt 2. mgr. 49. gr. getur sveitarstjórn ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum, sé ekki um það ágreiningur innan sveitarstjórnarinnar eða ef málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður án lögmætra forfalla mætir ekki á fundi eða brýtur gegn þagnarskyldu. Ágreining um slíka ákvörðun má bera undir ráðuneytið samkvæmt viðeigandi reglum.

Ef ekki er samstaða um endurskipun nefndar getur hver og einn sveitarstjórnarmaður krafist endurskipunar. Sveitarstjórn ber þá að verða við slíkri kröfu, nema hún sé bersýnilega tilefnislaus. Slíkt skilyrði kemur í veg fyrir misnotkun á endurskipunarheimildinni. Ákvörðun sveitarstjórnar um að hafna endurskipan gæti viðkomandi sveitarstjórnarmaður borið undir ráðuneytið samkvæmt reglum þar um. Þessi regla tryggir möguleika minni hlutans til að hafa áhrif á það hvaða fulltrúar á hans vegum sitja í sveitarstjórn til jafns við meiri hlutann. Þar sem ráð er fyrir gert að kosning vegna endurskipunar fari fram samkvæmt reglunni í 1. mgr. 43. gr. er ekki hætta á að valdahlutföll raskist innan nefnda þrátt fyrir slíka kröfu.

Í raun má þó gera ráð fyrir, og það sýnir reynslan af framkvæmd sambærilegs ákvæðis í 42. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, sbr. lög nr. 74/2003, að ólíklegt sé að til slíkra kosninga komi. Í ljósi þess að minni hlutinn getur ávallt krafist kosninga og þar með skipt út sínum fulltrúum má gera ráð fyrir að almennt muni aðrir í sveitarstjórn fallast á slíkar tillögur. Ef enginn ágreiningur er innan sveitarstjórnar um fulltrúaskiptin þarf ekki að fara fram ný kosning um alla fulltrúana í viðkomandi nefnd. Jafnframt tryggir þessi regla óbreytta stöðu í þeim tilvikum þegar tveir eða fleiri framboðslistar hafa gert með sér samkomulag um tilnefningu í nefndir. Gera má ráð fyrir að sá listi sem „átt“ hefur tiltekinn fulltrúa í nefnd muni fá að halda honum, því ef sá listi sem samkomulag var gert við um tilnefningu neitar að samþykkja nýjan fulltrúa frá samstarfslista geta fulltrúar hvors aðila sem er farið fram á endurkjör í allar nefndir. Yfirvofandi hótun um endurkjör í allar nefndir leiðir því til þess að samkomulag næst ef á annað borð er vilji til að halda áfram samstarfi um tilnefningar í nefndir.

Vegna þess liðar er lýtur að útskiptingu nefndarfulltrúa á grundvelli þess að málefnalegar ástæður séu fyrir að víkja honum úr nefnd verður að telja eðlilegt að fram fari kosning í alla nefndina að nýju, enda sé þá ekki samstaða um breytinguna.

Við útskiptingu fulltrúa í nefndir verður sveitarstjórn að hafa í huga reglur 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. Þessi regla veitir ekki heimild til frávika frá þeim kynjahlutföllum í nefndir sem þar eru gerðar kröfur um.

Um 50. gr.

Hér er kveðið á um að hafi verið kjörið til sveitarstjórnar bundinni hlutfallskosningu og einhver framboðsaðili sem fulltrúa á í sveitarstjórn nær ekki kjöri í byggðarráð þá skuli þessum fulltrúum heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndarinnar. Þá er sveitarstjórn heimilt að kveða á um að sama regla gildi um aðrar fastanefndir sveitarfélagsins sem falið hefur verið fullnaðarákvörðunarvald. Vegna sérstaks eðlis þeirra mála sem fjallað er um í barnaverndarnefndum er þó ekki talið rétt að opna á þátttöku fleiri aðila

í fundum þeirra nefnda en leiðir af lögum um viðkomandi nefndir. Þá er tekið fram að áheyrnarfulltrúar sem valdir eru í nefnd skv. 1. mgr. eigi að öðru leyti ekki rétt til setu í nefnd þegar til afgreiðslu eru mál er varða réttarstöðu einstaklinga og sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu taka til. Hér er vísað til afgreiðslna sem lúta að ákvörðunum um rétt eða skyldu einstaklinga (ekki lögaðila) og varða fyrst og fremst persónuleg og lögbundin réttindi þeirra eða skyldur. Dæmi mundi vera ákvörðun um fjárhagsaðstoð eða annars konar aðstoð á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Áheyrnarfulltrúi á hins vegar rétt til setu á fundi félagsmálanefndar við aðrar almennar afgreiðslur og fundarstörf.

Rétturinn til að tilnefna áheyrnarfulltrúa skv. 1. mgr. 50. gr. er þeirra framboða sem buðu fram í sveitarstjórn. Miða skal við þá lista sem voru í kjöri til sveitarstjórnar. Hér er því ekki um að ræða rétt einstakra sveitarstjórnarmanna, t.d. ef þeir síðar á kjörtímabili segja sig úr þeim stjórnmálaflokki sem þeir tilheyrðu þegar kosning í sveitarstjórn fór fram. Sömu skilyrði gilda um áheyrnarfulltrúa og gilda um kjörgengi í nefndina. Í því felst t.a.m. að áheyrnarfulltrúi í byggðarráð verður að vera aðalmaður í sveitarstjórninni.

Rétt er að taka fram að sveitarstjórn er almennt heimilt að ákveða ríkari rétt fulltrúa í sveitarstjórn til að tilnefna áheyrnarfulltrúa, t.d. í nefndum sem ekki hafa fengið framselt fullnaðarákvörðunarvald í málum. Þá kunna sérákvæði laga að leiða til þess að aðrir aðilar, svo sem félög starfsmanna, eigi rétt á að tilnefna áheyrnarfulltrúa í nefndir. Ákvæði þetta fjallar ekki um slíka áheyrnarfulltrúa.

Áheyrnarfulltrúar hafa ekki áhrif á kynjakvóta skv. 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr.

Um 51. gr.

Í 51. gr. er mælt fyrir um skyldu sveitarstjórnar til að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir störf sín. Nánari ákvörðun um réttindi nefndarfulltrúa að þessu leyti tekur sveitarstjórnin með setningu almennra reglna.

Sveitarstjórn er jafnframt heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir þátttöku í nefndarstörfum. Hér er um heimild sveitarstjórnar að ræða, ekki skyldu. Þá verður einnig að telja að sveitarstjórn sé heimilt að kveða á um mismunandi réttindi áheyrnarfulltrúa til þóknunar eftir því hvort um er að ræða áheyrnarfulltrúa sem skipaður er samkvæmt lögbundinni heimild 1. mgr. 50. gr. eða áheyrnarfulltrúa sem skipaður er samkvæmt sérstakri heimild sveitarstjórnar umfram þá skyldu, eða áheyrnarfulltrúa sem skipaður er af utanaðkomandi aðilum á grundvelli sérlaga.

Um 52. gr.

Af ákvæðinu leiðir að um réttindi og skyldur fulltrúa í nefndum eiga, eftir því sem við getur átt, einnig ákvæði laganna um réttindi og skyldur sveitarstjórnarfulltrúa. Nefndarfulltrúar eiga því rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum úr stjórnsýslu sveitarfélags, en þó einvörðungu að því leyti sem við getur átt vegna þeirra starfa sem viðkomandi nefnd hefur með höndum. Þagnarskylda hvílir einnig á nefndarmönnum með sama hætti og fulltrúum í sveitarstjórninni.

Um 53. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að, t.d. stjórnir félaga sem sveitarfélag á aðild að, eða fulltrúa á aðalfundi slíkra félaga svo dæmi sé tekið. Tekið

er fram að ákvæði kaflans eigi við um slíka fulltrúa, eftir því sem við getur átt. Það getur hins vegar verið að þær sérstöku reglur sem gilda um viðkomandi nefnd, ráð eða stjórn leiði til frávika frá ákvæðum kaflans. Þannig geta t.a.m. reglur um að fulltrúar í stjórn félags séu valdir á aðalfundi þess leitt til þess að aðrar reglur eigi við um skipun fulltrúa í slíkar stjórnir og jafnframt um lausn þeirra frá störfum.

Sveitarfélög kunna að eiga aðild að félögum sem sinna verkefnum sem ekki væru að öðru jöfnu hefðbundin verkefni sveitarfélags. Vera kann að sveitarfélag eigi til að mynda hlut í hlutafélagi og rétt til að tilnefna fulltrúa í stjórn á grundvelli þess eignarhlutar. Ef hlutafélagið sinnir verkefnum sem ekki eru verkefni sem sveitarfélagi væri sjálfu heimilt að taka upp getur sveitarstjórnin heldur ekki gefið viðkomandi stjórnarmanni fyrirmæli um framkvæmd slíkra verkefna. Ef slíkt væri heimilt væri sveitarstjórnin óbeint orðin þátttakandi í rækslu verkefnis sem að lögum fellur ekki undir hlutverk þess. Þá kann að vera að reglur þeirra laga sem gilda um viðkomandi rekstur eða verkefni leiði til þeirrar niðurstöðu að sveitarstjórn sé óheimilt að gefa slík fyrirmæli. Hér verður t.d. að hafa í huga trúnaðarskyldu stjórnarmanna í hlutafélögum gagnvart öðrum hluthöfum og svo hlutafélaginu sjálfu. Að því leyti sem hagsmunir hlutafélagsins annars vegar og sveitarfélagsins hins vegar kunna að skarast geta lögbundnar skyldur stjórnarmanns í hlutafélagi leitt til þess að hann verði að láta hina síðarnefndu víkja. Í slíku tilviki væri sveitarstjórn óheimilt að gefa honum bein fyrirmæli eða tilmæli um það hvernig hann hagaði störfum sínum svo dæmi séu tekin.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla frumvarpsins er fjallað um stöðu framkvæmdastjóra sveitarfélags. Þar er einnig að finna ákvæði um annað starfslið sveitarfélaga. Kaflinn tekur mið af ákvæðum gildandi laga. Eitt atriði er þó frábrugðið en felld eru brott ákvæði sem lúta að hlutverki oddvita í þeim tilvikum þegar framkvæmdastjóri er ekki ráðinn. Þess í stað er gert ráð fyrir að öll sveitarfélög skuli ráða framkvæmdastjóra. Hér er þó ekki um neina grundvallarbreytingu að ræða. Sveitarstjórn getur eftir sem áður ákveðið að ráða oddvita í hlutastarf við framkvæmdastjórn sveitarfélags ef svo ber undir.

Um 54. gr.

Samkvæmt 54. gr. skal sveitarstjórn ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri fer ekki með eiginlega yfirstjórn sveitarfélagsins. Það er hlutverk sveitarstjórnarinnar. Engu að síður er ljóst að starf framkvæmdastjóra er mjög mikilvægt. Hann er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins og skal sjá um framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnarinnar og jafnframt um framkvæmd á verkefnum sveitarfélagsins og ákvörðunum sveitarstjórnar að því leyti sem öðrum hefur ekki verið fengið það hlutverk. Starf framkvæmdastjórans telst vera pólitískt trúnaðarstarf gagnvart sveitarstjórn. Því er það meginregla að ráðningartími hans er sá sami og kjörtími sveitarstjórnarinnar. Af því leiðir einnig að ákvörðun um ráðningu framkvæmdastjóra er heimilt að byggja á pólitískum sjónarmiðum, ólíkt því sem almennt á við um ráðningu í opinber störf.

Rétt er að taka fram, þrátt fyrir framangreint, að framkvæmdastjóri getur ekki aðeins verið framkvæmdastjóri meiri hluta sveitarstjórnar. Það er sveitarstjórnin í heild sem fer með stjórn sveitarfélagsins á hverjum tíma og hver og einn sveitarstjórnarmaður hefur sömu réttindi og ber sömu skyldur vegna setu sinnar í sveitarstjórn. Framkvæmdastjóri þarf því að vera framkvæmdastjóri sveitarstjórnarinnar allrar, ef svo má segja, en ekki aðeins pólitísks meiri

hluta hverju sinni. Í reynd er hér vitaskuld réttara að tala um framkvæmdastjóra sveitarfélags en sveitarstjórnar.

Ráðningarsamningur við framkvæmdastjóra skal vera skriflegur. Sé ekki um annað samið er ráðningartími hans að jafnaði sá sami og kjörtími sveitarstjórnar. Það verður þó að telja eðlilegt, ekki síst í ljósi þess að pólitískar forsendur fyrir ráðningu geta brugðist, að samið væri um tiltekinn uppsagnarfrest framkvæmdastjóra innan kjörtímabils. Heimild til slíks er í ákvæðinu. Eðlilegt er að ráðningarsamningur kveði á um fleiri atriði en hér eru nefnd, en það er á ábyrgð viðkomandi sveitarstjórna að taka ákvarðanir um slíkt.

Um 55. gr.

Framkvæmdastjórinn er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins. Það er hans meginhlutverk. Hann á að sjá um að dagleg stjórnsýsla sé í samræmi við lög, samþykktir og ákvarðanir sveitarstjórnar og að mál séu undirbúin með viðunandi hætti fyrir fundi nefnda og sveitarstjórnar. Framkvæmdastjórinn er ekki sá sem stjórnar sveitarfélagi en hlutverk hans getur engu að síður verið ákaflega mikilvægt. Það leiðir af stöðu framkvæmdastjórans sem yfirmanns annars starfsliðs og einnig þess hlutverks sem honum er falið t.a.m. vegna undirbúnings funda sveitarstjórnarinnar að á honum hvílir sú skylda að sjá til þess að stjórnskipulag sveitarfélagsins sé skilvirkt og starfslið nægilega hæft og upplýst til þess að stjórnsýslan starfi lögum samkvæmt og sveitarstjórn geti tekið ákvarðanir sínar á upplýstum og faglegum grundvelli innan þeirra ramma sem lög og samþykktir sveitarstjórnar setja honum.

Um 56. gr.

Sveitarstjórnin ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og veita þeim lausn frá störfum. Hér er aðeins um að ræða þá starfsmenn sveitarfélagsins sem raðast í æðstu stöður stjórnkerfisins og almennt mundi í hverju sveitarfélagi aðeins vera um að ræða framkvæmdastjórana og svo eftir atvikum fáa aðra lykilstjórnendur. Það er hins vegar misjafnt eftir stærð og stjórnskipulagi sveitarfélaganna hvaða aðilar teljast til æðstu stjórnenda. Í allra minnstu sveitarfélögunum gæti þannig verið að í þann flokk félli framkvæmdastjórinn og skólastjóri grunnskóla, en ekki aðrir. Í flestum sveitarfélögum mundi þó skólastjóri grunnskóla ekki falla í flokk æðstu stjórnenda.

Til mótvægis við framangreinda reglu er hægt að benda á það sjónarmið að það kunni að vera mjög erfitt fyrir fjölskipað stjórnvald sem skipað er pólitískum fulltrúum líkt og sveitarstjórnin er að taka ákvörðun um ráðningu starfsmanna byggða á faglegum sjónarmiðum einvörðungu. Þetta á að vísu almennt ekki við um framkvæmdastjórann enda má ráða hann á grundvelli pólitískra forsendna. Aðra stjórnendur sveitarfélagsins ber hins vegar að ráða á faglegum forsendum og þeirra starfstími er ekki bundinn við tiltekinn pólitískan meiri hluta í sveitarstjórn. Til stuðnings því að ekki sé óeðlilegt að fela sveitarstjórn slíkar ákvarðanir skal hins vegar bent á að sveitarstjórn þarf að taka fjölda annarra ákvarðana sem óheimilt er að byggja á pólitískum sjónarmiðum. Oft er þetta orðað svo að starf einstakra sveitarstjórnarmanna sé í grundvallaratriðum tvískipt. Annars vegar felur það í sér möguleika til að vinna að framgangi tiltekinna pólitískra stefnumiða. Hins vegar felur það í sér þá ábyrgð og skyldu að útfæra og taka ákvarðanir um verkefni sem sveitarfélaginu hefur með lögum verið falið að sinna; með öðrum orðum hefðbundna stjórnsýslu. Sveitarstjórnarfulltrúar verða einfaldlega að vera tilbúnar að takast á við slík verkefni auk þess að sinna pólitísku hlutverki sínu. Ákvörðun um ráðningu starfsfólks á faglegum grundvelli ætti þar ekki að vera vandasamari en ýmsar aðrar faglegar ákvarðanir á sviði stjórnsýslu sem sveitarstjórn er falið að taka.

Um ráðningu annarra starfsmanna annast framkvæmdastjóri, enda hafi sveitarstjórnin ekki ákveðið annað í samþykkt um stjórn sveitarfélags eða með almennum fyrirmælum.

Um 57. gr.

Í gildandi sveitarstjórnarlögum eða öðrum almennum lögum um sveitarstjórnarstigið er ekki mælt fyrir um almenn réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga. Ráðast meginatriðin í starfssambandi sveitarfélaganna og starfsmanna þeirra af ákvæðum í kjarasamningum og svo einstökum ráðningarsamningum. Sú þróun er ljós af lagasetningu undanfarinna ára að það er bæði vilji sveitarstjórnarmanna og samtaka starfsmanna þeirra að svo sé. Ekki verður annað séð en að Alþingi hafi í meginatriðum fallist á þá afstöðu. Nýlegt dæmi birtist í 23. gr. laga nr. 87/2008, um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, en þar var mælt fyrir um að úr gildi skyldu felld lög nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.

Sveitarfélögin eru opinberir aðilar. Ákvarðanir sem sveitarstjórnir, eða aðilar á þeirra vegum, taka um réttarstöðu einstakra starfsmanna sveitarfélaganna fela því í grundvallaratriðum í sér beitingu opinbers valds. Með hliðsjón af því mætti almennt að telja mikilvægt að lögfestar séu ákveðnar grunnreglur um það hvernig slíku valdi verði beitt bæði af tilliti til réttaröryggis starfsmanna en einnig til að tryggja sveitarfélögunum viðunandi úrræði til að bregðast við ef starfsmenn brjóta af sér í starfi. Með hliðsjón af framangreindri þróun um lögfestingu reglna sem varða réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaganna eru hér þó ekki gerðar sérstakar tillögur um lögfestingu ákvæða um það efni. Aðeins er lagt til að áfram verði lögfest regla um almenna þagnarskyldu starfsmanna sveitarfélaga og þeirra sem fengnir eru til starfa fyrir sveitarfélaga.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla er að finna reglur um fjármál sveitarfélaga. Þessi kafli er mikið breyttur frá gildandi lögum, þó viðfangsefni hans séu að mestu hin sömu, þ.e. að kveða á um meginþætti í bókhaldi, reikningsskilum, endurskoðun og gerð fjárhagsáætlana og meginþætti um heimildir sveitarfélaga til ráðstöfunar á fjármunum og fjármálastjórn.

Í grófum dráttum má segja að reglur kaflans eigi sér þrenns konar grundvöll. Í fyrsta lagi eru það reglur sem eru sambærilegar við þær sem fram koma í gildandi lögum. Í þeim tilvikum hefur reynslan sýnt að ekki sé þörf mikilla breytingar. Í öðru lagi eru það reglur sem eiga rót í skýrslu samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál sem gefin var úr 21. september 2010. Í þeirri skýrslu er að finna ítarlega útfærðar tillögur um fjármálareglur fyrir sveitarfélögin. Í þriðja lagi eru það svo tillögur um nýmæli sem ekki eiga beina fyrirmynd í nefndri skýrslu en er engu að síður talið rétt að leggja til að verði lögfest. Þar er bæði um að ræða breytingar á þeim tillögum sem fram koma í umræddri skýrslu samráðsnefndarinnar, en einnig nýmæli sem þar er ekkert vikið að.

Umræða um þörf á breytingum á reglum um fjármál sveitarfélaga, fyrst og fremst þó með áherslu á aukið og bætt samráð ríkis og sveitarfélaga, hefur farið fram um nokkurra ára skeið. Mikilvægum áfanga í því efni var náð með gerð samstarfssáttmála ríkisstjórnar Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem undirritaður var 2. apríl 2008. Á grundvelli hans hefur starfað samráðsnefnd aðila um efnahagsmál og þróun í fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Samráðsnefndin vann áðurnefnda skýrslu um fjármálareglur fyrir sveitarfélög og samráð um efnahagsmál. Þær tillögur sem fram koma í skýrslunni eru ekki aðeins grundvöllur að tillögum í þessum kafla frumvarpsins, heldur einnig þeirra tillagna sem fram koma í VIII. kafla,

um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, og svo í ákvæðum um samráð ríkis og sveitarfélaga og um kostnaðarmat í 129. og 130. gr. frumvarpsins.

Í skýrslu samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál kemur fram að stóran hluta þeirra fjárhagsvandræða sem íslensk sveitarfélög standa frammi fyrir megi rekja til utanaðkomandi aðstæðna, þ.e. því fjármálahruni sem hér varð haustið 2008. Engu að síður verður að taka því alvarlega hversu mörg sveitarfélög standa fjárhagslega höllum fæti. Hrunið hefur einnig leitt í ljós, með skýrari hætti en áður, ákveðna ágalla á reglum um fjárhagsmál sveitarfélaga sem mikilvægt er að bæta úr. Efnahagshrunið og þá sérstaklega veiking krónunnar hefur ýkt vanda sveitarfélaganna en þó verður ekki önnur ályktun dregin en að sum íslensk sveitarfélög hafi þegar verið í skuldavanda eða a.m.k. búið við of mikla áhættu um fjárhagslega stöðu nokkru áður en hrunið varð. Sveitarfélögin eru opinber stjórnvöld með sjálfstæðan fjárhag. Þau sinna sífellt stærri og viðameiri verkefnum sem skipta miklu um almannahag. Það er mikilvægt að í reglum um fjármál sveitarfélaga sé að finna viðmið um fjármálastjórn þannig að áhætta í rekstri sé lágmörkuð og leitast sé við að tryggja að getu sveitarfélaganna til að tryggja lögbundna grunnþjónustu verði ekki stefnt í voða, einnig gagnvart ófyrirséðum áföllum. Þá er ekki síður mikilvægt að hafa í huga að þrátt fyrir að sveitarfélögin hafi almennt sýnt ákveðna varfærni í skuldsetningu undanfarin ár þá eru skýr dæmi um hið gagnstæða. Þessi fáu dæmi kalla á það að reglur séu hertar.

Það eru hagsmunir sveitarfélaganna í heild að skýrar reglur gildi um fjármál sveitarfélaga þannig að líkur minnki á að einstök sveitarfélög lendi í greiðsluþroti eða greiðsluvanda. Vandi einstakra sveitarfélaga hefur áhrif á sveitarstjórnarstigið í heild. Lánskjör geta versnað, traust almennings á stjórnsýslu sveitarfélaganna minnkar og eftir atvikum getur þurft að taka peninga úr sameiginlegum sjóðum, svo sem Jöfnunarsjóði sveitarfélaganna, til að treysta rekstrargrundvöll sveitarfélaga sem illa standa. Hagsmunir íbúa sveitarfélaganna af traustum fjárhag sveitarfélaga eru ljósir enda sinna sveitarfélögin margháttaðri og mikilvægri þjónustu við íbúana. Fjárhagsvandræði einstakra sveitarfélaga geta einnig haft mikil áhrif á þau gjöld og skatta sem íbúarnir þurfa að greiða til sveitarfélagsins. Hagsmunir kröfuhafa eru hér einnig fyrir hendi. Þeirra hagsmunir liggja í því að sveitarfélögin séu traustir og ábyggilegir lántakar sem hægt er að stóla á um skilvísar greiðslur. Í fjórða lagi eru hagsmunir ríkisins miklir. Ef allt annað bregst getur verið að Alþingi telji nauðsynlegt að taka þá ákvörðun að styðja við rekstur einstakra sveitarfélaga m.a. til að tryggja hagsmuni íbúanna og rétt þeirra til lágmarksþjónustu, m.a. til að tryggja stjórnarskrárbundin réttindi þegnanna. Ljóst er að slíkt inngrip getur kostað mikla fjármuni og reynst ríkissjóði þungbært ef til kæmi.

Frá almennu sjónarmiði er mikilvægt að komið verði á reglum sem tryggja gott skipulag á fjármálum sveitarfélaga og eftirlit ríkisins með þeim þáttum. Eins og nánar verður vikið að í skýringum við einstakar greinar hér að aftan fela tillögur í frumvarpi þessu í sér mun skarpari reglur um fjármál sveitarfélaga en hingað til hafa gilt og enn fremur er kveðið á um mun skýrari reglur um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og heimildir eftirlitsaðila til inngrips í rekstur þeirra þegar þessum reglum er ekki fylgt. Tilgangurinn er sá að minnka líkur á að sveitarfélög lendi í fjárhagsvandræðum. Með slíkum úrbótum er þó ekki nema hluti vandans leystur. Umfjöllun um fjármál sveitarfélaga má ekki einskorða við það að jafnvægi sé á milli liða í bókhaldi og reikningsskilum. Hér verður einnig að hafa í huga tekjustofna sveitarfélaganna, samsetningu á tekjustofnum og svo þau verkefni sem sveitarfélögunum er á hverjum tíma ætlað að sinna. Á milli þessara þátta allra verður að vera eðlilegt samhengi. Sveitarfélögum er ófært að gera áætlanir um rekstur nema jafnframt liggi fyrir meginatriðin um þær skyldur sem á þeim hvíla og um það hvaða tekjur þau hafa til að standa undir þeim.

Frumvarp þetta fjallar ekki um þessa þætti, þ.e. tekjustofnana eða það hvaða verkefnum sveitarfélögin bera ábyrgð á, né með beinum hætti um það hvernig kostnaður af framkvæmd þeirra skuli áætlaður. Þá er hér ekki heldur fjallað með beinum hætti um ábyrgð stjórnvalda ríkisins og fjárveitingarvaldsins á því að þessar tillögur verði framkvæmanlegar. Það er mikilvægt að litið verði á fjármál hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, sem eina heild. Það er einnig lykilatriði að stjórnsýslan hafi þá burði að geta fyrir fram metið og kortlagt einstök viðfangsefni sveitarfélaganna út frá fjárhagslegum áhrifum þeirra. Á grundvelli slíkra upplýsinga er það framkvæmanlegt að setja fram áætlanir og reglur og eftir atvikum löggjöf. Ef stjórnvöld ríkisins skortir burði í þetta mikilvæga verkefni er jafn víst að úrbætur um fjármálalega þætti í starfsemi sveitarfélaganna nái ekki fram að ganga. Hér má til einföldunar orða það svo að ef ekki er hægt að gera marktækar áætlanir um fjármál hins opinbera, þar á meðal fjárhagsáætlanir einstakra sveitarfélaga, þá munu ítarlegar reglur um bann við hallarekstri eða aðrar fjármálareglur í reynd hafa mjög litla þýðingu. Ef stjórnvöld ríkisins eru ekki í stakk búin til að reiða fram haldbærar forsendur sem hægt er að grundvalla fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga á þá er vandséð hvernig sú krafa verður lögð á sveitarfélögin til lengri tíma að þau tryggi hallalausan rekstur um leið og þeim er ætlað að standa að tiltekinni lögbundinni lágmarksþjónustu við íbúa sína. Á sama hátt er það skilyrði þess að úrbætur um fjármál sveitarfélaganna gangi eftir að sveitarfélögin sjálf séu tilbúin í verkefnið, bæði hvað varðar þeirra eigin rekstur og áætlanagerð en einnig hvað varðar áherslu á samráð við ríkið um efnahagsmál. Báðir aðilar þurfa að hafa til þess burði og þekkingu að leggja mat á kostnað við framkvæmd einstakra verkefna, fyrir fram. Hvorug þessara forsendna er að fullu til staðar í dag. Innsýn stjórnvalda í kostnað af einstökum verkefnum sveitarfélaganna er ekki nægilega mikil. Þekking til að meta fjárhagsleg áhrif einstakra ákvarðana er það ekki heldur. Það kostar umtalsverða fjármuni að tryggja að slík þekking og yfirsýn sé til staðar, m.a. með mun ítarlegri úrvinnslu upplýsingar úr bókhaldi sveitarfélaganna en er fyrir hendi í dag. Í heildina má þó ætla að slík úrvinnsla, skynsamleg áætlanagerð og fjárhaldsstjórn muni spara fjármuni, bæði til skemmri og lengri tíma. Hér er því að miklu að vinna, en árétta verður að þær tillögur sem fram koma í frumvarpi þessu leysa aðeins hluta þess vanda sem þarf til þess að fjármálum sveitarfélaga verði í heild sinni komið í betra horf en nú er.

Um 58. gr.

Ákvæðið áréttar hið mikilvæga hlutverk og ábyrgð sem sveitarstjórn hvers sveitarfélags ber gagnvart sveitarfélaginu. Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar felur í sér að hún tekur ákvarðanir um fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins, bæði útgjöld og tekjur, og hefur eftirlit með því að stjórnsýsla sveitarfélagsins sé í samræmi við ákvarðanir hennar og lög þar að lútandi. Ákvæðið er nýmæli og á sér ekki fyrirmynd í skýrslu samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál. Rétt er hins vegar talið að leggja til lögfestingu þessarar reglu, ekki síst til leiðbeiningar fyrir sveitarstjórnarmenn um hlutverk þeirra og ábyrgð.

Eins og almennt á við um hlutverk sveitarstjórnarinnar er ekki hægt að gera ráð fyrir að hún hafi innsýn í hverja og eina ákvörðun sem tekin er fyrir hennar hönd á vegum sveitarfélagsins. Fjárstjórnarvaldið felur því í sér að sveitarstjórninni ber a.m.k. að tryggja að stjórnsýslu sveitarfélagsins sé settur ákveðinn rammi um meðferð fjármuna og að skipuleggja starf sveitarfélagsins með þeim hætti að eftirlit um meðferð fjármuna sé fullnægjandi. Hvernig þessir þættir verða síðan útfærðir af hálfu sveitarstjórnarinnar og hversu nákvæma innsýn hún telur sig þurfa um einstaka þætti veltur hins vegar á vilja sveitarstjórnarinnar og því hvað

er framkvæmanlegt í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Hér ber að hafa í huga að sveitarfélögin eru mjög mismunandi stór þó verkefni þeirra séu að stærstum hluta til sambærileg.

Í 1. mgr. 58. gr. kemur fram að aðeins sveitarstjórnin geti tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Síðan er upp talið í átta töluliðum hvaða málefni falla í þann flokk, séu ekki beinar undantekningar gerðar, þar á meðal með lögum. Af þessu leiðir til að mynda að ákvarðanir sem þarna falla undir væri sveitarstjórn óheimilt að framselja ákvörðunarvald um innan sveitarfélagsins, sbr. 42. gr. frumvarpsins. Tekið skal fram að þær ákvarðanir sem upp eru taldar í 5., 6. og 7. tölul. þurfa almennt að eiga stoð í fjárhagsáætlun næstkomandi árs, og fjárhagsáætlun til fjögurra ára ef við á. Í því ljósi er um skörun á milli töluliða að ræða og því má halda fram að þessum tölul. sé ofaukið. Með tilliti til leiðbeiningargildis er þessi framsetning þó lögð til.

Í 2. mgr. er tekið fram að ráðherra skuli setja nánari reglur um það hvaða ákvarðanir sem varða lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar annars vegar og sölu eigna og réttinda hins vegar þurfi ekki að bera upp við sveitarstjórn sérstaklega enda rúmist þær innan fjárhagsáætlana. Tilgangur þessa er að tryggja nauðsynlega skilvirkni um rekstur sveitarfélags svo sem þegar teknar eru ákvarðanir um rekstrarleigu eða kaup á rekstrartækjum t.d. bíl eða öðrum tækjum eða slíkar eignir eru seldar. Hér undir geta einnig falli ákvarðanir um leigu á minna húsnæði a.m.k. í stærri sveitarfélögum. Sala á slíkum eignum ætti hins vegar almennt, jafnvel þó um stærri sveitarfélög sé að ræða, að eiga beina stoð í fjárhagsáætlunum sem sveitarstjórn hefur sjálf staðfest eða viðaukum við slíkar heimildir.

Um 59. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um bókhaldsskyldu sveitarfélaga. Ákvæðið er að mestu í samræmi við gildandi lög og þarfnast ekki sérstakra skýringa. Mikilvægt er að vel sé haldið utan um bókhald og reikningsskil. Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla á þeim reglum sem gilda um bókhald sveitarfélaga komi fram í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga.

Um 60. gr.

Hér kemur fram almenn leiðbeiningarregla um flokkun í reikningsskilum sveitarfélaganna í A- og B-hluta. Þessi regla er í samræmi við ákvæði gildandi laga. Reglan hefur almennt leitt til betri framsetningar á ársreikningum sveitarfélaganna og aukins gegnsæis við uppgjör einstakra rekstrareininga.

Gert er ráð fyrir því að nánari útfærsla á reikningsskilum sveitarfélaganna komi fram í reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu reikningsskila- og upplýsinganefndar, sbr. 75. gr. Eins og fram kemur í 3. tölul. þess ákvæðis er m.a. gert ráð fyrir að í slíkum reglum verði nánar mælt fyrir um form og innihald ársreiknings en undir það geta m.a. fallið nánari fyrirmæli um það hvað fellur innan A-hluta og hvað innan B-hluta og um tilflutning fjármuna á milli þessara hluta í reikningsskilum. Framkvæmdin sýnir að slíkur tilflutningur hefur í ákveðnum tilvikum leitt af sér villandi mynd af fjárhag einstakra sveitarfélaga. Í skýrslu samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga (bls. 29–31) kemur fram að skoðun á ársreikningum sveitarfélaga hafi leitt í ljós að nokkuð sé um flutning fjármuna á milli A- og B-hluta í formi lána, rekstrarframlaga og/eða arðgreiðslna. Sérstaklega virðist flæðið vera frá A-hluta til B-hluta. Í skýrslunni kemur fram að hjá tíu sveitarfélögum séu kröfur á eigin fyrirtæki 50 til 100% af eigin fé sveitarfélagsins. Hjá fimm sveitarfélögum nemi kröfur á eigin fyrirtæki meira en 100% af eigin fé og þar af séu tvö sveitarfélög með um 200% hlutfall í þessu efni.

Óhætt er að setja fyrirvara við það hversu raunhæfar þessar kröfur eru í ákveðnum tilvikum og mikilvægt að um þetta séu settar nánari reglur þannig að reikningsskil þessara sveitarfélaga verði leiðrétt. Einnig ber hér að hafa í huga að skv. 64. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þegar lagt er mat á fjárhag sveitarfélags verði í auknum mæli litið til rekstrarlegrar niðurstöðu og eigna og skuldbindinga samstæðunnar (A- og B-hluta) í heild. Slíkt ætti til lengri tíma að leiða til þess að minni líkur séu til að fjármunir verði færðir á milli mismunandi einninga í reikningsskilum með þeim hætti sem hér hefur verið líst eða a.m.k. til þess að minni líkur séu til að slíkar tilfærslur verði bókfærðar sem lán þegar í reynd er um að ræða framlög til rekstrar eða fjárfestinga sem ekki eru miklar líkur til að skili sér til baka í sjóði sveitarfélagsins.

Í 2. mgr. 60. gr. er að finna ákvæði sem á sér efnislega samsvörun í 5. mgr. 7. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. Í síðarnefnda ákvæðinu er mælt fyrir um að sveitarfélög skuli setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og sé heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra. Reynslan sýnir að misskilningur hefur í ákveðnum tilvikum verið uppi um þýðingu þessa ákvæðis. Til nánari skýringar er rétt að taka fram að í 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 2. mgr. 16. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, er mælt fyrir um að tekjustofnar sveitarfélaga skuli ákveðnir með lögum svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. Af þessu ákvæði, lögmætisreglu stjórnsýsluréttar, svo og til hliðsjónar 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, leiðir að heimildir sveitarfélaga til ákvörðunar um arðgreiðslumarkmið af rekstri stofnana sveitarfélaga geta ekki ráðist af almennu stefnumörkunarákvæði eins og 5. mgr. 7. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga er. Hér þurfa almennt til að koma skýrari lögbundnar heimildir um gjaldtöku og grundvöll hennar þó eftir atvikum kunni aðrar heimildir að geta verið gildur lagalegur grundvöllur að gjaldtöku. Ákvæði 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga ræður sem slíkt engu um það hvaða sjónarmiðum sveitarfélög eða fyrirtæki þeirra geta byggt á við töku gjalda fyrir þá þjónustu eða starfsemi sem fram fer á þeirra vegum. Kemur þetta skýrlega fram í athugasemdum sem fylgdu því frumvarpi sem síðan varð að gildandi sveitarstjórnarlögum. Engu að síður getur umrædd regla falið í sér mikilvæga leiðbeiningu. Hér er því lagt til að hún haldi gildi sínu og verði að 2. mgr. 60. gr., en þó með lítillega breyttu orðalagi, sem vísar til þess að sveitarfélögum sé heimilt að taka sér arð úr fyrirtækjum og stofnunum ef heimild til þess er fyrir hendi í sérlögum eða leiðir af rekstrarformi viðkomandi fyrirtækis. Þessi breyting hefur engin áhrif á gjaldskrár fyrirtækja eða stofnana sveitarfélaga en ætti hins vegar að minnka líkur á þeim misskilningi að ákvarðanir um að hefðbundin þjónustugjöld, sem að lögum er almennt aðeins heimilt að miða við þann kostnað sem af veitingu þjónustu hlýst, megi ráðast af sjónarmiðum um greiðslu arðs. Ef leyfa á slík sjónarmið á annað borð sem grundvöll við ákvörðun um gjaldtöku verður til að koma mun skýrari lagaheimild en 2. mgr. þessa ákvæðis felur í sér.

Áréttað skal að í þessari tillögu felst ekki að sveitarfélög geti ekki áskilið sér arð af rekstri fyrirtækja sinna og stofnana. Í þessu felst einvörðungu árétting þess að slíkar heimildir munu hér eftir sem hingað til einvörðungu ráðast af þeim sérlögum sem um viðkomandi rekstur gilda á hverjum tíma. Ákvæði 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga getur, að gættum ákvæðum stjórnarskrárinnar, ekki talist viðhlítandi heimild í því efni, og heldur ekki sú tillaga sem hér er sett fram.

Um 61. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ársreikning sveitarfélags. Í ákvæðinu kemur fram að ársreikningur skal unninn eftir almennum reglum um ársreikninga, auk annarra viðeigandi laga og reglna. Enn fremur er þar kveðið á um nokkra þætti sem þar skulu að lágmarki koma fram. Tekur ákvæðið mið af gildandi lögum en er þó að ýmsu leyti ítarlegra. Nánari reglur um form og innihald ársreikninga koma fram í reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu reikningsskila- og upplýsinganefndar, sbr. 75. gr. frumvarpsins.

Önnur ákvæði hafa hér einnig þýðingu. Skv. 58. gr. skal ársreikningur staðfestur af sveitarstjórn. Þá leiðir af 62. gr. og almennum reglum leiðir að ársreikningur skal áritaður af endurskoðanda og skv. 60. gr. skal ársreikningi skipt í A- og B-hluta, eftir því sem þar er nánar mælt fyrir um og leiðir af reglugerð ráðherra um form og efni ársreiknings. Nánar er svo fjallað um endurskoðun ársreiknings í 72. og 73. gr. frumvarpsins.

Um 62. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skyldu sveitarstjórna til að setja sér fjárhagsáætlanir. Fjárhagsáætlanir eru grundvöllur að öllum fjárhagslegum ráðstöfunum á vegum sveitarfélags. Þar skal koma fram ákvörðun um tekjustofna sveitarfélagsins og um öll útgjöld, bæði vegna rekstrar og fjárfestinga. Gert er ráð fyrir að fjárhagsáætlanir verði tvenns konar og taki þær í heild til fjögurra ára tímabils, sem hefst um áramótin eftir að þær eru samþykktar. Annars vegar verði um að ræða sérstaka áætlun til fjögurra ára sem taki í heild sinni yfir næstkomandi fjögur ár. Skal hún fela í sér heildaráætlun um fjárhag sveitarfélagsins, tekjur og gjöld, bæði í A- og B-hluta skv. 60. gr. Hins vegar verði um að ræða sérstaka áætlun sem taki aðeins til næstkomandi reikningsárs. Að þessu leyti skarast áætlanirnar þar sem báðar taka til næsta árs eftir að þær eru staðfestar. Sá munur er hins vegar á áætlununum að sú síðarnefnda felur í sér ríkari bindingu um alla tekjustofna og öll útgjöld sveitarfélagsins. Þá verður einnig að gera ráð fyrir að áætlun til næstkomandi árs verði ítarlegri en fjögurra ára áætlun. Um það skal hins vegar mæla nánar í reglugerð sem ráðherra setur að tillögu reikningsskilanefndar, sbr. 75. gr. frumvarpsins.

Tilgangur þeirrar breytingar sem felst í ákvæðinu frá gildandi lögum er fyrst og fremst sá að festa gildi fjárhagsáætlana betur í sessi sem gildandi ramma um fjármál sveitarfélaganna heldur en nú er. Í 62. gr. felst einnig sú mikilvæga breyting frá gildandi lögum að gert er ráð fyrir að fjárhagsáætlun sveitarfélags fyrir næsta ár, og svo áætlun fyrir fjögur ár (samanlagt taki þessar heimildir til fjögurra ára) verði afgreiddar samhliða og þá nokkru fyrr en nú er ráð fyrir gert. Með þessu er áætlun um fjármál til fjögurra næstu ára gefið aukið vægi frá því sem nú er. Er sú tillaga í samræmi við skýrslu samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál. Í tillögu samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga var lagt til að fjárhagsáætlanir skyldu afgreiddar fyrir 15. nóvember ár hvert. Vinna þarf áfram að mótun heildarstefnu í þessum efnum og samhæfingu við áætlanir um opinber fjármál, m.a. á grundvelli samstarfssamnings. Hér er því lögð til sú leið að fjárhagsáætlanir skuli lagðar fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember og að sveitarstjórn skuli hafa lokið afgreiðslu þeirra eigi síðar en 15. desember ár hvert.

Í 1. mgr. felst að sveitarstjórn skal á hverju ári samþykkja fjárhagsáætlun til fjögurra ára. Af 3. mgr. ákvæðisins leiðir að áætlunina skal samþykkja eigi síðar en 15. desember ár hvert. Hún tekur því til næstu fjögurra reikningsára á eftir árinu sem hún er afgreidd. Áætlun sem er afgreidd á árinu 2011 tekur því til áranna 2012 til og með 2015. Á sama fundi og fjögurra ára áætlun um fjárheimildir er afgreidd skal afgreiða bindandi fjárhagsáætlun fyrir næst-

komandi reikningsár. Fjárhagsáætlun til eins árs sem afgreidd er eigi síðar en 15. desember 2011 tekur því til ársins 2012. Saman taka þessar ákvarðanir til fjögurra reikningsára og eiga saman, og hvor fyrir sig að gefa raunsanna mynd af fjármálum sveitarfélagsins á þessu tímabili.

Í 2. mgr. er fjallað um efni fjárhagsáætlana Ákvæðið gerir ekki greinarmun á bindandi ákvörðun um áætlun næsta árs og svo áætlunar til fjögurra ára. Ákvæðið er þó fram sett með þeim hætti að það kveður á um tilteknar lágmarksupplýsingar sem á að setja fram, eftir því sem fært er og ákvarðanir hafa verið teknar. Í reglugerð um efni og form fjárhagsáætlana skv. 75. gr. verða kröfur að þessu leyti útfærðar nánar, þar á meðal í samræmi við þær kröfur sem gerðar verða til framsetningar á ársreikningi. Af ákvæði 2. mgr. þessa ákvæðis er þó ljóst að ekki verður nægjanlegt að setja fjárhagsáætlun fram í sama formi og efnahagsreikning sveitarfélags. Áætlanir verða að vera umtalsvert ítarlegri en það sérstaklega áætlun til eins árs, þó ekki sé á neinn hátt útilokað að áætlanir verði fram settar sem rammafjárlög sveitarfélagsins hér eftir sem hingað til.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um málsmeðferð við afgreiðslu á tillögum um fjárhagsáætlanir. Þar er beinlínis tekið fram að undirbúningur ákvarðana skv. 1. mgr. skuli vera í höndum byggðarráðs en framkvæmdastjóra ef það er ekki kjörið. Í samþykktum um stjórn sveitarfélags verður að gera ráð fyrir að nánari ákvæði séu sett um verkaskiptingu þessara aðila þegar byggðarráð sér um undirbúning að tillögum. Í gildandi lögum er tekið fram að ein vika skuli líða á milli funda þegar fjárhagsáætlun er afgreidd. Ástæðan fyrir því að hér er lagt til að tvær vikur skuli líða á milli funda þar sem fjárhagsáætlanir eru ræddar er sú breyting að áætlun næsta árs og áætlun til fjögurra ára á að afgreiða saman. Umfang fundanna verður meira sem þessu nemur og mikilvægt að einstakir sveitarstjórnarmenn fái viðunandi tíma til að undirbúa sig fyrir töku þessara mikilvægu ákvarðana.

Ljóst er að sú tillaga sem lögð er fram um fjárhagsáætlun og áætlun til fjögurra ára hefur mikið að segja um þá endanlegu ákvörðun sem sveitarstjórnin tekur. Engu að síður hefur sveitarstjórn heimild til breytinga á tillögum byggðarráðs eða framkvæmdastjóra. Að því verður þó að gæta að ef í breytingartillögu felast svo verulegar breytingar á þeirri tillögu sem rædd hefur verið á einum fundi að í raun sé um alveg nýja tillögu að ræða, og henni verður ekki vísað frá af þeirri ástæðu, þá þarf að tryggja að slík tillaga fái umræðu á tveimur fundum. Mikilvægt er því að sveitarstjórn sé tilbúin til að hefja umræður um tillögu að fjárhagsáætlunum strax og þær liggja fyrir, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.

Í 4. mgr. kemur fram ákveðin krafa um forsendur sem skulu fylgja tillögum að fjárhagsáætlunum. Hér er um að ræða ákaflega mikilvægt nýmæli. Ekki er gerð krafa um að þessi fylgigögn tillögu verði afgreidd sem hluti af fjárhagsáætlunum sjálfum en fjárhagsáætlanir verða ekki trúverðugar eða ábyggilegar nema þær forsendur sem búa þeim að baki séu það einnig.

Um 63. gr.

Ákvæðið kveður með skýrum hætti á um það að ákvörðun um fjárhagsáætlun fyrir komandi ár, sem tekin er skv. 1. mgr. 62. gr., er bindandi um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á komandi ári. Mikilvægt er að þessu ákvæði sé fylgt eftir af festu. Ákvæðið útilokar ekki sveigjanleika í stjórnun sveitarfélaga. Sveitarstjórn mun eftir sem áður geta tekið ákvörðun á miðju ári um nýjar fjárveitingar eða tekjustofna. Þýðing ákvæðisins felst hins vegar í því að um slíkar ákvarðanir eru gerðar mjög strangar kröfur, bæði um efni og málsmeðferð og í því að tekið er fram með skýrum hætti að ákvarðanir sem ekki fullnægja

þeim kröfum eru ógildar. Ef í ljós kemur að farið hefur verið framhjá þeirri skyldu að afla samþykkis sveitarstjórnar með viðhlítandi hætti hefur það í för með sér hert eftirlit með fjármálum sveitarfélagsins og eftir atvikum einnig beitingu úrræða sem bæði geta grundvallast á ákvæðum VIII. kafla, um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, eða XI. kafla, sem fjallar um almennt stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum.

Um 64. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá mikilvægu skyldu sveitarstjórnar að sjá til þess að viðunandi öryggi sé fyrir hendi í rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða þannig að sveitarfélag geti til framtíðar sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Hér er um að ræða grundvallarreglu sem er einnig til skýringar og fyllingar við beitingu annarra ákvæða samkvæmt frumvarpinu. Það er hlutverk sveitarfélaga að sinna tilteknum opinberum verkefnum til hagsbóta fyrir íbúana. Sjóði sveitarfélaga á ekki að nota til fjárfestinga sem áhætta fylgir og útgangspunktur í rekstri sveitarfélaga á að vera geta þeirra til að framkvæma lögbundin verkefni með fullnægjandi hætti. Þessi viðmið hafa um mjög langan tíma legið til grundvallar rekstri íslenskra sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Reynslan sýnir þó að þær reglur sem fram koma í sveitarstjórnarlögum, eins og þau nú eru úr garði gerð, virðast ekki veita nægilega skýrar leiðbeiningar um það hvað í þessu felst. Að hluta til má tengja það við sögu sveitarstjórnarstigsins og þátttöku sveitarfélaganna í atvinnustarfsemi. Með frumvarpi þessu er ekki ætlunin að útiloka aðkomu sveitarfélaga að slíkum verkefnum ef það telst án vafa nauðsynlegt vegna hagsmuna heilla byggðarlaga og sveitarfélag hefur fjárráð til slíks. Heimild til slíkra fjárútláta mundi þá eftir atvikum leiða af 7. gr. frumvarpsins. Þá er ekki ætlunin heldur að útiloka þátttöku sveitarfélaganna eða aðkomu að atvinnuþróun eða framkvæmd byggðarmálefna eftir því sem þau hafa fjárráð til og ljóst er að slík verkefni og aðkoma sveitarfélaganna að þeim er til þess fallin að þjóna hagsmunum íbúa sveitarfélags í heild, sbr. 7. gr. frumvarpsins og eftir atvikum heimildir í sérlögum. Sjónarmið um góða eða hraða ávöxtun á sjóðum sveitarfélags eru ekki í samræmi við hlutverk sveitarfélaga að þessu leyti og geta því almennt ekki legið verkefnum af þessu tagi til grundvallar, sbr. einnig ákvæði 67. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um eiginlegar fjármálareglur sem sveitarfélög skulu starfa eftir. Eru þær í samræmi við tvær mikilvægustu tillögur samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál og áður eru nefndar. Annars vegar er í ákvæðinu mælt fyrir um skyldu sveitarfélaga til að gæta jafnvægis í rekstri. Er þá miðað við tekjur og útgjöld vegna rekstrar eigi að vera í jafnvægi á hverju þriggja ára tímabili. Hins vegar er mælt fyrir um ákveðið viðmið hvað varðar skuldaþak. Ljóst er að tiltölulega stór hluti sveitarfélaga stenst ekki það viðmið og mun þurfa nokkur ár til að ná því. Er miðað við að sú aðlögun fari fram í samráði við eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum VIII. kafla. frumvarpsins, og á grundvelli reglugerðar ráðherra, sbr. 3. mgr. þessa ákvæðis. Það er mjög mikilvægur þáttur í reglum 2. mgr. ákvæðisins að þær byggjast á því að litið sé til stöðu sveitarfélagsins í heild sinni, þ.e. bæði til A-hluta og B-hluta skv. 60. gr. frumvarpsins. Augljóst er að staða stofnana og fyrirtækja í B-hluta hefur mikil áhrif á stöðu A-hlutans. Við umfjöllun um rekstur, skuldir og eignir sveitarfélaganna er það meira villandi að skilja B-hlutann utan við heldur en að hafa hann með. Það eru einfaldlega mun meiri líkur til þess að A-hlutinn sé beint eða óbeint ábyrgur fyrir skuldum og skuldbindingum B-hlutans heldur en að hann sé það ekki. Slök fjárhagsstaða stofnana og fyrirtækja í B-hluta getur til að mynda leitt til þess að sveitarsjóður þarf að leggja fram styrk til B-hluta fyrirtækis, enda væri ella hætt við að mikilvægri þjón-

ustu yrði ekki sinnt eða fjárfesting mundi glatast. Hætta er á að ef reglurnar gilda aðeins um A-hluta sveitarfélaga að þá myndist hvati til að færa kostnað og skuldir yfir til B-hluta.

Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 64. gr. verður sveitarfélögum skylt að sjá til þess að jafnvægi verði milli samanlagðra rekstrartekna og -gjalda samstæðu (A- og B-hluta) á hverju þriggja ára tímabili. Í þessu felst að svigrúm í fjárhagsáætlun næsta árs ræðst af rekstrarniðurstöðu fyrra árs og áætlaðri útkomu yfirstandandi árs. Ástæða þess að jafnvægisreglan er miðuð við þriggja ára tímabil frekar en hvert fjárhagsár er að með slíkri nálgun er dregið úr áhrifum sveiflna í þjóðarbúskapnum. Í reglunni felast auknir möguleikar til hagstjórnar og má því gera ráð fyrir að afkoma sveitarfélaga taki mið af hagsveiflu á hverjum tíma með því skilyrði að halda jafnvægi yfir hvert þriggja ára tímabil. Afkoma sveitarfélags er skilgreind sem rekstrarniðurstaða þegar gjöld af reglulegri starfsemi sveitarfélagsins hafa verið dregin frá tekjum af reglulegri starfsemi og að teknu tilliti til fjármagnsliða. Reglan felur einnig í sér endurmat eigna og skulda svo sem vegna gengisbreytinga, sem hefur áhrif á afkomuna. Tekið skal fram að í 4. tölul ákvæðis til bráðabirgða er lagt til að útreikningur til viðmiðunar fyrir fjármálaregluna miðist við árið 2011. Ef sveitarfélag er rekið með halla árið 2011 þá hefur það árin 2012 og 2013 til að jafna hallann. Í þessu felst að reglan tekur ekki til áranna fyrir 2011 og sveitarfélögin byrja að þessu leyti með hreint borð.

Í 2. tölul. felst að sveitarfélögum verður almennt skylt að takmarka skuldir og skuldbindingar samstæðu (A-hluta og B-hluta) við 150% af skilgreindum tekjum samstæðu A og B-hluta. Þessu ákvæði tengjast svo fyrirmæli VIII. kafla um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, og reglugerð ráðherra skv. 3. mgr. ákvæðisins. Í ákvæðum VIII. kafla er gert ráð fyrir því að sveitarfélög séu flokkuð eftir skuldum þeirra, rekstri og öðrum fjárhagslegum þáttum, en eftirlit með fjárhag þeirra byggist svo, eftir því sem við á, á þeirri flokkun. Þessi útfærsla byggist á tillögum samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál. Í umræddri skýrslu er þar lagt til að sveitarfélögin verði flokkuð í þrjá grundvallarflokka út frá upplýsingum um fjárhag þeirra. Í fyrsta lagi sé það flokkur þar sem sveitarfélögin séu innan 150% skuldareglu, eins og lagt er til í þessu ákvæði og hafi tryggt jafnvægi í rekstri. Almennt eigi að miða við að afskipti af fjármálum þessara sveitarfélaga séu lítil og a.m.k. ekki verulega meiri en þau sem nú eru. Í öðru lagi sé það flokkur sem ekki fullnægi viðmiðum þessa ákvæðis þ.e. hafi skuldir og skuldbindingar yfir 150% og/eða hafi ekki tekist að fullnægja skilyrði um jafnvægi í rekstri. Heimild eftirlitsaðilanna til inngrips í fjármál þessara sveitarfélaga sé ríkari en þeirra sem hafa fjármál sín í lagi og því meiri eftir því sem fjárhagsleg staða er slakari. Í þriðja lagi sé það svo flokkur sveitarfélaga sem skuldi yfir 250% af tekjum og eða hafi ítrekað brotið gegn reglum sveitarstjórnarlaga um fjármál. Gengið er út frá því að aðhald að þessum sveitarfélögum sé mikið. Í frumvarpi þessu er í grundvallaratriðum gengið út frá því að eftirlitsaðilar með fjármálum sveitarfélaga muni byggja störf sín á þeirri aðferðafræði og hugmyndum sem fram koma í skýrslu samráðsnefndarinnar að þessu leyti.

Í 3. mgr. kemur fram að ráðherra skal í reglugerð skilgreina nánar þau viðmið sem leggja skal til grundvallar við útreikninga skv. 2. mgr. Hér er átt við að ráðherra skal í reglugerð skilgreina nánar hvaða útgjöld, tekjur, eignir og skuldbindingar ráða þeim hlutföllum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. ákvæðisins. Ljóst er þó að þær forsendur sem ákvæðið byggjast á eru ekki mjög matskenndar að þessu leyti. Í skýrslu samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál kemur fram að tekjur skuli skilgreindar sem reglulegar tekjur en skuldir og skuldbindingar eigi á hinn bóginn að skilja með fremur rúmum hætti, þannig að þar falli t.d. einnig undir ábyrgðir. Almennt má því segja að með reglulegum tekjum sé átt við tekjur af sköttum, greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og tekjur af reglubundinni þjónustu. Til

tekna teljast því ekki tekjur af sölu eigna, fjármunatekjur eða aðrar óreglulegar tekjur. Með heildarútgjöldum til rekstrar er átt við öll rekstrarútgjöld, afskriftir og fjármagnsgjöld. Með heildarskuldum og skuldbindingum er átt við allar skuldir og skuldbindingar, þar á meðal langtímaskuldbindingar, skuldbindingar vegna leigu- og rekstrarsamninga, lífeyrisskuldbindingar eða aðrar skuldbindingar og ábyrgðir og allar skammtímaskuldir. Þó má gera ráð fyrir að ábyrgðir vegna samstarfsverkefna sem sveitarfélög bera einfalda ábyrgð á verði reiknaðar sem sá hluti sem sveitarfélag mun bera eftir að henni hefur verið skipt innbyrðis milli hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Reglugerðin þarf einnig að fela í sér ákvæði er varða aðlögun sveitarfélaga að reglunum. Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir því að til aðlögunar þurfi að koma vegna innleiðingar á fjármálareglunum og að það geti tekið nokkurn tíma fyrir einstök sveitarfélög að ná tilsettum viðmiðunum. Í öðru lagi má gera ráð fyrir því að einstök sveitarfélög þurfi á tímabundnum aðlögunum að halda vegna ytri aðstæðna, tímabundinna fjárfestinga eða framkvæmda við lögbundin verkefni, t.d. í tengslum við íbúafjöldabreytingar.

Þá er í 3. mgr. jafnframt að finna heimild fyrir ráðherra til að ákveða með reglugerð að undanþiggja tilteknar skuldbindingar í heild eða að hluta frá þeirri reglu sem fram kemur í 2. tölul. 2. mgr. Að baki þessu ákvæði býr, að í ákveðnum tilvikum kunna skuldbindingar sem sveitarfélög hafa tekið á sig að falla illa að þeirri meginhugmynd sem býr að baki skuldaþaksreglunni. Hér gæti t.d. verið um að ræða skuldbindingu sem ríkið hefur skuldbundið sig til að standa straum af, eða stærri framkvæmdir, svo sem vegna veitustarfsemi sem langan tíma tekur að greiða niður. Að hluta til mætti hér einnig horfa til lífeyrisskuldbindinga, verði ekki talið rétt að láta þær að fullu hafa áhrif á útreikning skulda og skuldbindinga skv. 2. tölul. 2. mgr. Mjög mikilvægt er hins vegar að varlega sé farið í þessu efni. Í reglugerð skv. 3. mgr. á því að birta sundurliðað upplýsingar um þær skuldbindingar einstakra sveitarfélaga sem ráðuneytið hefur fallist á að falli undir undantekningarregluna. Umræddar skuldir og skuldbindingar ættu því að birtast í reglugerðinni ítarlega sundurliðaðar eftir sveitarfélögum. Með þeim hætti er tryggt að ákvarðanir um undantekningar frá skuldaþaksreglunni byggist ávallt á sérstöku mati á stöðu hvers sveitarfélags fyrir sig og jafnframt á sérstöku mati hverrar skuldbindingar fyrir sig.

Um 65. gr.

Í ákvæðinu er, líkt og í 1. mgr. 64. gr., að finna mikilvæga stefnumörkun og lýsingu á hlutverki og ábyrgð sveitarstjórnar á fjármálum sveitarfélagsins. Í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að sveitarfélag skuli varðveita fjármuni með öruggum hætti og án áhættu, svo sem á innlánsreikningum í fjármálastofnunum eða með því að fjárfesta í ríkistryggðum verðbréfum. Enn fremur er tekið fram að sveitarfélögum sé óheimilt að fjárfesta í hagnaðarskyni nema þá að um sé að ræða verkefni sem þeim hefur beinlínis með lögum verið heimilað eða falið að sinna. Dæmi um slíkt gæti verið aðkoma sveitarfélaga að raforkuframleiðslu. Um almenna þýðingu þess að sveitarfélögum er óheimilt að fjárfesta í hagnaðarskyni einvörðungu vísast að öðru leyti til athugasemda við 1. mgr. 64. gr.

Hvað varðar þann mælikvarða sem ákvæðið mælir fyrir um, þ.e. að varðveita skuli fjármuni með öruggum hætti og án áhættu þá er ljóst að í honum felast tiltölulega strangar kröfur til sveitarstjórna um að forðast áhættu við meðferð á fjármunum og sjóðum sveitarfélags. Þessar kröfur taka bæði til fjármuna sem sveitarfélag þarf að geyma til skemmri tíma, svo sem vegna daglegs rekstrar, og lengri tíma. Almennt viðmið í þessu efni er einnig það að sveitarfélög eigi að jafnaði ekki að hafa haldbæra mikla fjármuni eða sjóði, a.m.k. ekki á

meðan þau eru jafnframt skuldug. Í samræmi við sjónarmið um vandaða fjármálastjórn ber að nýta fjármuni til að greiða niður skuldir sé það fært.

Um 66. gr.

Með ákvæðinu er innleidd með skýrari hætti en nú gildir krafa á sveitarfélögin um að láta fara fram fjárhagslegt mat á áhrifum stærri fjárhagslegra ákvarðana. Ákvæðið tekur til ákvarðana um fjárfestingar, ákvarðana um framkvæmdir eða aðrar skuldbindingar, af hvaða tagi svo sem þær kunna að vera. Í dæmaskyni er nefnt að hér undir falli framkvæmdir, fjárfestingar í eignum, samningar um þjónustu, sölu og endurleigu fasteigna, fjármögnunarsamningar, rekstrarleigusamningar og því um líkar ráðstafanir. Hér undir falla einnig ákvarðanir um veitingu ábyrgða. Til að ákvæðið eigi við þarf fjárhæð viðkomandi framkvæmdar eða skuldbindingar að nema hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins. Hér undir falla einnig þær ákvarðanir eða ráðstafanir fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins sem leiða af sér samsvarandi skuldbindingu fyrir sveitarsjóðinn. Við útreikning skal miða við það hvað viðkomandi ákvörðun mun kosta sveitarfélagið, eða hver skuldbinding vegna verkefnisins er í heild sinni, jafnvel þó að kostnaður vegna hennar muni dreifast á fleiri ár eða hann kunni aldrei að falla til líkt og við getur átt um ábyrgðir.

Við skýringu ákvæðisins er sérstaklega mikilvægt að hafa í huga tvo þætti. Í fyrsta lagi er miðað við áhrif ákvörðunar á fjárhag A-hluta sveitarsjóðs. Ekki er tekið fram að miða eigi við áhrif á samstæðuna í heild sinni. Í öðru lagi skiptir miklu að viðmiðið er 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár. Í þessu felst að ekki á að miða við reglulegar tekjur í heild sinni, heldur aðeins skatttekjur. Í þessu felst einnig að miða á við skatttekjurnar það ár sem framkvæmdir fara fram á, eða það ár sem þær hefjast, ef framkvæmdir munu standa yfir í lengri tíma. Það er þó ekki svo að fjárhagslegar ákvarðanir af hálfu stofnana og fyrirtækja sem lenda í B-hluta í reikningsskilum sveitarfélaga geti ekki komið til mats samkvæmt ákvæðinu. Tekið er fram í niðurlagi 1. mgr. að ákvarðanir um veitingu ábyrgða falli einnig undir matsskylduna. Hér undir falla ábyrgðarveitingar til fyrirtækja sveitarfélaganna. Þá er einnig tekið fram í ákvæðinu að ef fyrirtæki eða stofnun sveitarfélags tekur ákvörðun um fjárhagslega skuldbindingu sem samkvæmt lögum leiðir til þess að sveitarsjóður getur orðið ábyrgur þá getur einnig verið um matsskyldu að ræða.

Í 2. mgr. er tekið fram að í mati skuli gera grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, ef við á, áhrifum ákvörðunar á fjárhag sveitarfélags til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði verði um hann að ræða. Þá er þar tekið fram að óheimilt sé að skipta fjárfestingu, framkvæmd eða skuldbindingu upp í smærri þætti í þeim tilgangi að komast fram hjá mati samkvæmt greininni. Samkvæmt niðurlagi 2. mgr. er það gert að lágmarksskilyrði um hæfi þess sem framkvæmir mat samkvæmt ákvæði þessu að hann sé sérfróður og ekki tengdur sveitarfélaginu. Í því felst að hann má ekki vera starfsmaður sveitarfélagsins eða að hann að öðru leyti sinni svo mörgum eða stórum verkefnum fyrir sveitarfélagið að hlutleysi hans megi af þeim sökum draga í efa. Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki sem starfar hjá viðkomandi sveitarfélagi telst tengdur sveitarfélaginu í skilningi þessa ákvæðis. Að öðru leyti eru ekki gerðar sérstakar hæfniskröfur til þess er framkvæmir mat. Kröfur til matsins eru efnislegar, þ.e. að þess er krafist að mat hafi tiltekin lágmarksgæði og innihaldi tilteknar lágmarksupplýsingar. Ættu þær kröfur almennt að nægja í þessu efni.

Um 67. gr.

Í 67. gr. er lögð á sveitarfélög sú almenna skylda að tryggja sér viðeigandi nýtingar- eða afnotarétt af fasteignum og mannvirkjum, svo sem veitum, sem nauðsynleg eru til að lögboðin verkefni sveitarfélags verði rækt. Hér er um nauðsynlegt ákvæði að ræða sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir að sveitarstjórnir geti að óathuguðu máli gert samninga um sölu og endurleigu, eða þjónustusamninga af hvaða tagi sem er, þar sem hagsmunir sveitarfélagsins og skyldur til að tryggja framkvæmd lögboðinnar þjónustu er stefnt í hættu.

Um 68. gr.

Í 68. gr. er fjallað um heimildir sveitarfélaga til að veita öðrum veð í tekjum eða eignum. Almenna reglan er sú að sveitarfélag má ekki veðsetja tekjur sínar og ekki þær fasteignir sem því er nauðsyn að hafa yfirráð yfir til að geta sinnt lögboðnum verkefnum sínum. Aðrar eignir má hins vegar veðsetja til tryggingar á lánum sem sveitarfélag tekur til eigin þarfa.

Í 2. mgr. er gerð mikilvæg undantekning hvað varðar Lánasjóð íslenskra sveitarfélaga ohf., líkt og í gildandi lögum. Skv. 3. gr. laga nr. 150/2006, um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, er það tilgangur lánasjóðsins að tryggja sveitarfélögum ásamt fyrirtækjum og stofnunum í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs lánsfé á hagstæðum kjörum og takmarkast útlán hans við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Fjárhagsstaða sveitarfélaga er eins og kunnugt er afar misjöfn. Það er hagsmunamál fyrir þau sveitarfélög sem lakar standa að njóta sömu lánskjara og þau sveitarfélög sem eru vel sett fjárhagslega. Í því ljósi gegnir Lánasjóður sveitarfélaga þýðingarmiklu hlutverki í félagslegu og byggðalegu tilliti. Ef ákvæðisins nyti ekki við yrði mun erfiðara að tryggja sveitarfélögum sem t.d. glíma við erfiða fjárhagsstöðu vegna fólksfækkunar eða einhæfs atvinnulífs hagstæðustu lánakjör því eins og áður er getið skiptir það umtalsverðu máli fyrir lánshæfi sjóðsins að tapsáhætta hans af útlánum er hverfandi. Ákvæðið gefur lánasjóðnum þannig kost á að útvega sér hagstæðara lánsfé til endurlána en annars væri mögulegt.

Rétt þykir að geta þess að við setningu laga nr. 150/2006 féllu niður ýmis sérákvæði sem gilt höfðu um lánasjóðinn allt frá stofnun hans árið 1966. Jafnframt var ítrekað við setningu þeirra laga að tilgangur sjóðsins, rekstur hans og eignarhald yrðu í meginatriðum óbreytt ef frá er talið rekstrarformið. Félagslegt og byggðalegt hlutverk lánasjóðsins var jafnframt fest í sessi með því að halda óbreyttum ákvæðum um heimild sveitarfélaga til að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Reglur EES-réttar um ríkisaðstoð gera ráð fyrir að aðildarríki þurfi að réttlæta sérstök réttindi á borð við skattfrelsi og á meðan lánasjóðurinn nýtur slíkra réttinda sem túlka má sem ríkisaðstoð skv. 61. gr. EES-samningsins er honum óheimilt að lána til annarra verkefna en þeirra sem teljast vera þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Undir þá skilgreiningu falla lögákveðin verkefni sveitarfélaga og stofnana þeirra ef um er að ræða þjónustu sem einkaaðilar veita ekki. Starfsemi fyrirtækja eða félaga í eigu sveitarfélaga sem eru í samkeppnisrekstri eða veita þjónustu sem er í samkeppni við einkaaðila fellur hins vegar utan þeirrar skilgreiningar og verður lánasjóðnum því óheimilt að lána til slíkra aðila eða verkefna. Til þess að taka af allan vafa um að lánasjóðnum er ætlað að starfa í samræmi við reglur EES-samningsins var því lögfest ákvæði um að starfsemi hans takmarkist við lánveitingar til verkefna sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja sem veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu þannig að hann megi ekki lána til fyrirtækja í samkeppnisrekstri. Eftirlit hvað þetta varðar fellur undir almennt eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins og er ekki gert ráð fyrir neinni breytingu hvað þetta varðar ef frumvarpið verður að lögum.

Um 69. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að sveitarfélögunum verði almennt óheimilt að gangast í ábyrgðir fyrir aðra starfsemi en þá sem sveitarfélagið gæti sjálft haft á sinni könnu samkvæmt fyrirmælum eða heimild í lögum. Í því felst að sveitarfélag getur ekki gengist í ábyrgðir vegna verkefna sem því væri sjálfu frjálst að taka upp á ólögfestum grundvelli. Undantekning er þó gerð í 3. mgr. vegna hefðbundinna framsalsáritana á viðskiptaskjölum. Enn fremur er það skilyrði, sbr. 1. og 2. mgr., að ábyrgð sé til tryggingar á láni sem tekið er af stofnun eða fyrirtæki sem sveitarfélagið á sjálft að fullu eða það á með öðrum opinberum aðilum.

Um 70. gr.

Í ákvæðinu er að finna nýmæli sem þó er í fullu samræmi við önnur ákvæði laganna og þann tilgang þeirra að tryggja möguleika sveitarfélaga til að sinna sínum lögbundnu skyldum. Í ákvæðinu felst að kröfur á hendur sveitarfélagi má ekki nota til skuldajafnaðar við kröfu sveitarfélags um lögboðin gjöld sem greiða ber til þess eða stofnunum þess. Þá er í 2. mgr. gengið lengra hvað varðar fjármálastofnanir sem falið er að varðveita fjármuni sveitarfélags, sbr. ákvæði 65. gr.

Um 71. gr.

Samkvæmt ákvæðinu verða sveitarfélög ekki tekin til gjaldþrotaskipta. Þá verður ekki gerð aðför í þeim eignum sveitarfélaga sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögboðnum verkefnum. Takmörkun á aðfararheimild er hér bundin við eignir sem sveitarfélag þarf til að geta sinnt skyldubundnu hlutverki sínu að lögum. Mikilvægt er að listi skv. 7. gr. frumvarpsins verði nýttur til að yfirfara verkefni sveitarfélaga með hliðsjón af þessu. Í ákveðnum tilvikum kann að vera um það að ræða að verkefni séu skilgreind sem valkvæð eða heimil verkefni sveitarfélaga í lögum jafnvel þó að miklir hagsmunir séu undir um að sveitarfélögin tryggi yfirráð viðkomandi eigna og að ekki verði gerð í þeim aðför. Dæmi um slíkt kunna að vera leikskólar. Í slíkum þarf eftir atvikum að gera breytingar á þeim sérlögum sem gilda um viðkomandi verkefni.

Um 72. gr.

Um endurskoðun er fjallað í 72. og 73. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. 72. gr. er að finna fyrirmæli um að sveitarfélag skuli ráða sér endurskoðanda og að endurskoðun sveitarfélags fari eftir lögum um endurskoðendur og lögum um ársreikninga, auk þeirra fyrirmæla sem leiða af frumvarpinu. Í því felst m.a. að framkvæmd endurskoðunar á reikningsskilum og fjármálum sveitarfélags fer einnig að reglugerð ráðherra, sbr. 75. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er fjallað um umfang endurskoðunar. Segir þar að endurskoðun taki til allrar fjárhagslegrar starfsemi sveitarfélags sem lýst er, eða lýsa skal, í reikningsskilum þess, sbr. 60. gr. Ákvæðið byggist á því að endurskoðun sveitarfélags skuli vera heildarendurskoðun á þeim fjárhagsráðstöfunum og öðrum þáttum sem áhrif hafa á fjármál sveitarfélagsins. Af því leiðir að vísu ekki að nauðsynlegt sé að endurskoðandi yfirfari á hverju ári alla þætti reikningsskila eða bókhalds, heldur ætti almennt að vera hægt að ná fram markmiði um heildarendurskoðun sveitarfélagsins með því að framkvæma prófanir á einstökum sviðum eða starfsþáttum, sem almennt mundu valin með hliðsjón af mikilvægi viðkomandi sviða eða áhættuþátta sem þar kunna að vera fyrir hendi.

Í málsgreininni segir að í endurskoðun felist könnun á því hvort reikningsskil sveitarfélags eru í samræmi við lög, hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort al-

menn stjórnsýsla sveitarfélagsins og einstakar ákvarðanir af þess hálfu eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélaga, ábyrga fjármálastjórn og forsvaranlega meðferð fjármuna. Í þessu felst að endurskoðun skv. 72. gr. frumvarpsins er fjárhagsleg. Ekki er hér fjallað um svonefnda stjórnsýsluendurskoðun. Eftir atvikum getur þó farið vel á því að stjórnsýsluendurskoðun sé samþætt hinni fjárhagslegu endurskoðun.

Ákvæðið byggist á því að endurskoðandi hafi góða þekkingu og skilning á hinu opinbera rekstrarumhverfi sveitarfélaganna. Að hann hafi innsýn í þann mun sem er annars vegar á rekstri stjórnvalds og heimildum þess til athafna og fjárhagslegra ráðstafana og hins vegar þeim reglum sem gilda um rekstur einkaaðila. Hér koma m.a. til reglur þessa frumvarps, reglugerðir og viðmiðanir sem settar eru á grundvelli þeirra, grundvallarreglur um álagningu þjónustugjalda og útreikning þeirra, sjónarmið um mikilvægi fjárheimilda og afleiðingar ef frá þeim er brugðið, þau sérstöku sjónarmið sem eiga við um fjárfestingar stjórnvalda andstætt þeim sjónarmiðum sem einkaaðila væri heimilt að leggja til grundvallar við ákvörðun um slíkt, o.s.frv. Enn fremur getur verið að við endurskoðun reyni á reglur samkeppnislaga um fjárhagslegan og rekstrarlegan aðskilnað ef sveitarfélag stendur fyrir starfsemi sem að hluta til má telja í samkeppni. Hér getur einnig skipt máli að endurskoðandi hafi lágmarksþekkingu á því hvaða verkefnum sveitarfélögum er skylt að sinna, hvaða verkefni þeim er heimilt að sinna samkvæmt lögum og hvaða verkefni eru ólögbundin, hvaða samninga sveitarfélag hefur gert, þau tilmæli og ákvarðanir sem eftirlitsaðilar hafa tekið og varða fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins svo dæmi séu tekin. Allt eru þetta dæmi um atriði og reglur, skráðar og óskráðar, sem afmarka starfsheimildir og starfsumhverfi sveitarfélaganna og mynda þar með hlutlæga mælikvarða sem fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélaganna þurfa að fullnægja.

Samkvæmt 1. mgr. 72. gr. fer endurskoðun eftir lögum um endurskoðendur. Í því felst, auk annarra þátta, sú skylda endurskoðanda að árita hið endurskoðaða viðfangsefni. Í 3. mgr. 72. gr. kemur fram að endurskoðandi skuli enn fremur skila skýrslu um endurskoðunina. Þessu getur svo einnig tengst ákvæði 73. gr. um álitsgerðir endurskoðenda. Af þessu leiðir einnig að ábyrgð á endurskoðun sveitarfélagsins skv. 72. gr. skal hvíla á herðum þess endurskoðanda sem ráðinn er skv. 1. mgr. ákvæðisins. Ekki er heimilt að skipta henni á fleiri endurskoðunaraðila. Hins vegar stendur ákvæði 72. gr. því ekki í vegi að fleiri endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki sjái saman um endurskoðun sveitarfélags, þar sem hver og einn endurskoðandi tekur þá ábyrgð á niðurstöðum endurskoðunarinnar í heild, óháð því hvernig þessir aðilar hafa skipt með sér verkum við framkvæmd endurskoðunar. Þetta á þó aðeins við um þá endurskoðun sem skylt er að framkvæma samkvæmt ákvæðinu.

Í niðurlagi 3. mgr. er tekið fram að ef endurskoðunarfyrirtæki hefur annast endurskoðun þá skal sá endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðuninni fyrir hönd fyrirtækisins árita ársreikning og gefa út skýrslu um endurskoðun. Það verður því ávallt að vera tiltekinn endurskoðandi, eða endurskoðendur ef þeir ábyrgjast allir alla þætti endurskoðunar, sem ábyrgur er fyrir endurskoðuninni. Í þessu felst ekki að endurskoðunarfyrirtæki beri ekki ábyrgð á starfsmanni sínum heldur aðeins árétting á ábyrgð endurskoðandans sjálfs.

Í 4. mgr. er kveðið á um aðgang endurskoðanda að upplýsingum. Í 5. mgr. er síðan kveðið á um ráðningartíma endurskoðanda, sem samkvæmt lögum um endurskoðendur getur einnig verið endurskoðunarfyrirtæki. Í tillögunni felst að endurskoðandi /endurskoðunarfyrirtæki verður ávallt að ráða til fimm ára. Samningi verður síðan aðeins sagt upp á grundvelli málefnalegra forsendna. Mikilvægt er að tryggt sé að endurskoðendur njóti nauðsynlegs sjálfstæðis í störfum sínum og hafi frelsi til að benda á það sem miður fer í rekstri sveitarfélags

án þess að eiga á hættu að vera sagt upp störfum af þeirri ástæðu einni. Því er nauðsynlegt að kveða bæði á um þann tíma sem ráðning skal standa og um heimildir til uppsagnar innan þess tíma. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um þá sérreglu að sá sem er ábyrgur fyrir endurskoðun skuli að fimm ára ráðningartíma loknum taka sér hlé frá endurskoðun sveitarfélagsins í a.m.k. fimm ár. Ef sveitarfélag hefur ráðið endurskoðunarfyrirtæki til að sjá um endurskoðun sveitarfélags þá má ráða það að nýju að afloknum umræddum fimm ára tíma, en á hinn bóginn þá mætti sá sem var ábyrgur fyrir endurskoðun sveitarfélags fyrir hönd endurskoðunarfyrirtækis ekki vera það áfram næstu fimm ár.

Í 6. mgr. er að finna mikilvægt nýmæli um óhæði eða hlutleysi endurskoðanda. Af þessu leiðir að sá endurskoðandi sem ábyrgur er fyrir endurskoðun sveitarfélags getur ekki jafnframt séð um bókfærslu sveitarfélagsins og veitt því ráðgjöf um rekstur, að öðru leyti en því sem felst í almennum eða beinum athugasemdum sem eru án vafa þáttur í endurskoðuninni sem slíkri. Enn fremur felur ákvæðið í sér að endurskoðandi getur ekki endurskoðað þann ársreikning er hann sjálfur hefur sett upp.

Þessi regla er eðlileg en í ákveðnum tilvikum kann hún að leiða til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélög. Fram hjá því verður hins vegar vart vikist enda ekki eðlilegt að sami aðili sjái um ráðgjöf til sveitarfélags um rekstur og bókhald, en taki jafnframt að sér endurskoðun ársreikninga og undirliggjandi ráðstafana.

Um 73. gr.

Tilgangur ákvæðisins er að hnykkja á þeirri skyldu endurskoðanda að vekja athygli á þeim ráðstöfunum sveitarfélags sem hann telur að ekki séu í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga um fjármál, ekki séu í samræmi við reglur eða ákvarðanir eftirlitsaðila, eða ekki í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnarinnar sjálfrar um meðferð fjármuna. Þá er einnig í ákvæðinu mælt fyrir um reglur sem eiga að tryggja að slík álit endurskoðanda fái viðeigandi umfjöllun í sveitarstjórn. Í 78. gr. er enn fremur mælt fyrir um skyldu endurskoðanda til að senda álitsgerðir til ráðuneytisins jafnskjótt og þau eru afhent sveitarfélagi. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 74. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að lagastoð verði skotið undir starfsemi reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga. Hlutverk nefndarinnar skal vera að stuðla að samræmingu í reikningsskilum sveitarfélaga og um aðrar fjárhagslegar ráðstafanir þeirra.

Nánari útfærsla á hlutverki nefndarinnar kemur fram í 75. gr.

Um 75. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal það vera annað af meginhlutverkum reikningsskila- og upplýsinganefndar að vinna tillögur að reglugerð sem ráðherra setur um bókhald sveitarfélaga, þar á meðal um samræmdan upplýsingalykil, um vinnslu, form og efni fjárhagsáætlana skv. 62. gr. og um vinnslu form og efni ársreiknings, endurskoðun ársreiknings og um meðferð á athugasemdum endurskoðanda við ársreikning. Skv. 2. mgr. ákvæðisins skal það vera hitt meginhlutverk nefndarinnar að gefa, eftir því sem tilefni er til, út nánari leiðbeiningar eða álit um bókhald, fjárhagsáætlanir og reikningsskil sveitarfélaganna. Slíkar leiðbeiningar og álit yrðu óbindandi, en sé tilefni til getur nefndin hins vegar ávallt lagt til við ráðherra breytingar á reglugerð um þau efni sem álit hennar taka til sé þess þörf til að taka af allan vafa um

þau álitamál sem á reynir eða til að tryggja samræmi í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaganna.

Nefndin skal einnig hafa það hlutverk að gera tillögu um skil sveitarfélaga á upplýsingum úr bókhaldi, sbr. 76. gr.

Um 76. gr.

Forsenda þess að hægt sé að hafa eftirlit og yfirsýn yfir fjármál sveitarfélaga eru upplýsingar. Þær eru ekki aðeins nauðsynlegar til að hægt sé að grípa inn í ef fjármál einstakra sveitarfélaga eru með þeim hætti að aðgerða eða aðhalds er þörf. Upplýsingarnar hafa ekki síður þýðingu hvað varðar kostnaðarmat einstakra aðgerða, áætlanagerð í ríkisfjármálum o.s.frv. Af þessari ástæðu er sérstaklega kveðið á um skil sveitarfélaga á upplýsingum um fjármál til ráðuneytisins. Í 1. mgr. er fjallað um skil á fjárhagsáætlunum og samþykktum viðaukum við þær. Í 2. mgr. er kveðið á um skil á ársreikningi og skýrslu endurskoðanda, auk þess að mælt er fyrir um ábyrgð endurskoðenda á að skila til ráðuneytisins þeim álitum sem hann lætur sveitarfélagi í té skv. 73. gr.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um skyldu ráðherra til reglulegra skila á upplýsingum úr bókhaldi og reikningsskilum. Slík upplýsingaskil mynda grundvöll að gagnaveitu skv. 104. gr. frumvarpsins en það ákvæði felur í sér tillögu um mjög mikilvægt nýmæli. Hafa ber í huga að reglugerð samkvæmt þessu ákvæði er ætlað að mæla fyrir um lágmarksskil sveitarfélaga á upplýsingum. Eftir atvikum getur verið að í einstökum tilvikum muni það felast í úrræðum samkvæmt ákvæðum um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga að samið verði um tíðari skil á fjárhagsupplýsingum eða eftir atvikum að ráðuneytið leggi fyrir sveitarfélag að standa skil á upplýsingum með tíðari hætti. Til framtíðar ætti að stefna að því að eftirlitsaðilar hefðu sem næst aðgang að samtímaupplýsingum um fjármál sveitarfélaganna, þó eftir atvikum kunni að vera nokkuð í land með þann áfanga. Hér verður einnig að hafa í huga að almennt ber að stefna að því að samræma bókhald og reikningsskil sveitarfélaga eftir því sem kostur er, m.a. á grundvelli þeirra reglna sem sett verða samkvæmt ákvæðum í frumvarpi þessu. Slík þróun leiðir án vafa til þess að auðveldara og ódýrara verður að viðhafa sjálfvirk skil á upplýsingum úr bókhaldi sveitarfélaganna.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla er fjallað um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Ákvæði kaflans eru mikið breytt frá gildandi lögum.

Eins og fram kom í almennum athugasemdum við VII. kafla liggur fyrir skýrsla samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga, dags. 21. september 2010. Ákvæði kaflans byggjast að umtalsverðu leyti á tillögum sem þar koma fram, en eru hér nánar útfærðar og að ýmsu leyti breytt, m.a. til samræmis við það stofnanakerfi sem hingað til hefur verið byggt og er í grundvallaratriðum gert ráð fyrir að verði óbreytt.

Rétt er að hafa í huga að ákvæði og tilgangur þessa kafla er í grundvallaratriðum fjórþættur. Í fyrsta lagi er í kaflanum lögð áhersla á ábyrgð sveitarstjórnarinnar sjálfrar af því að tryggja að fjármál sveitarfélagsins séu í samræmi við lög á hverjum tíma. Í öðru lagi er mælt fyrir um þær stofnanir í stjórnsýslukerfinu sem falið er eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Í þriðja lagi er mælt fyrir um hver ábyrgð hvers þessara aðila er af því að eftirlitinu sé fullnægt og um úrræði sem þeim eru falin til að sinna hlutverki sínu. Í fjórða lagi er það síðan tilgangur kaflans að mæla fyrir um það með hvaða hætti leyst verður úr fjárhagsvandræðum einstakra sveitarfélaga. Síðastnefnda atriðið er minnst afmarkað og felur þar með stjórnvöld-

um mest svigrúm um útfærslu. Árétta verður að því svigrúmi verður að beita á málefnalegan hátt í samræmi við markmið laga þessara um ábyrga fjármálastjórn einstakra sveitarfélaga.

Í eftirfarandi kafla er lagt til grundvallar að viðbrögð við fjárhagsvanda einstakra sveitarfélaga megi almennt grundvalla á fjórum mismunandi sjónarmiðum. Í fyrsta lagi má hugsa sér að leiðrétta stöðu sveitarfélagsins með fjárframlagi úr ríkissjóði. Framlög mætti þá eftir atvikum binda tilteknum skilyrðum um fjármálastjórn til framtíðar þannig að sambærileg staða kæmi ekki upp að nýju. Slíkt er til þess fallið að tryggja þjónustu við íbúa sveitarfélagsins en leiðir um leið til hættu á því að lítið yrði gert úr ábyrgð einstakra sveitarstjórnarmanna og þar með einnig ábyrgð íbúanna af því hvern þeir kjósa til að fara með málefni sveitarfélagsins. Sá galli fylgir því þessari leið að ákveðin hætta er á því að sambærileg vandamál kæmu upp fljótt aftur. Ábyrgð kjósenda væri einnig mjög lítil í reynd ef svona lausn væri einvörðungu beitt. Í öðru lagi má hugsa sér að láta önnur sveitarfélög greiða skaðann, svo sem með því að lækka fjárframlög til þeirra eða taka fjármuni úr sameiginlegum tekju- og útgjaldajöfnunarsjóðum. Þannig ætti almennt að vera tryggt að íbúarnir fengju sína þjónustu lítt skerta. Stærsti kosturinn við þessa leið er að með henni eykst sjálfkrafa innbyrðis aðhald á sveitarstjórnarstiginu. Gallinn lýtur hins vegar að því að lítið er gert úr beinni ábyrgð einstakra sveitarstjórnarmanna og svo ábyrgð kjósenda af því hverja þeir velja til að stjórna sveitarfélaginu. Í þriðja lagi má hugsa sér að láta íbúana viðkomandi sveitarfélags standa undir kostnaði við að leiðrétta fjárhag sveitarfélagsins eftir atvikum bæði með hækkun gjalda og minni þjónustu. Gallinn við þessa leið er hættan á flótta úr sveitarfélagi sem mundi leiða til þess að byrðarnar af bágum fjárhag mundu dreifast á færri herðar. Kosturinn felst hins vegar í því að íbúunum verður þá betur ljós en ella sú ábyrgð sem þeir bera við kosningar til sveitarstjórna sem almennt er mikilvægur þáttur í grundvelli og tilvist sveitarstjórnarstigsins. Í fjórða lagi væri sú leið fær að láta kröfuhafa sveitarfélags bera þann kostnað sem um ræðir. Gallinn við þá leið felst í því að trúverðugleiki sveitarfélaganna sem lántaka mundi minnka sem mundi líklega til framtíðar hafa áhrif á lántökukostnað. Kosturinn er hins vegar sá að lánveitendur færu varlegar í að veita sveitarfélögum lán sem þau eru e.t.v. ekki í stakk búin til að standa undir.

Í frumvarpinu er valin sú leið að stjórnvöldum er veitt færi til að beita úrræðum sem samræmst geta öllum framangreindum sjónarmiðum ef sú staða myndast að úr fjárhagsvandræðum verður ekki beitt með almennum aðhaldsaðgerðum í rekstri og fjárfestingum. Almennt þykir ekki rétt fyrir fram að leggja meiri áherslu á eina leið en aðra, enda kunna aðstæður að vera mjög mismunandi frá sveitarfélagi til sveitarfélags og frá einum tíma til annars. Á hinn bóginn verður jafnframt að hafa í huga að ákvörðun um viðbrögð við fjárhagsvanda einstakra sveitarfélaga verður að byggjast á skilningi á framangreindum sjónarmiðum og grundvelli þeirra. Hafa þarf í huga að það hlýtur að vera mikilvæg forsenda fyrir sjálfstjórn sveitarfélaganna að einstök sveitarfélög, og íbúar þeirra, beri í grundvallaratriðum einnig ábyrgðina á því hvernig til tekst með rekstur þeirra en á sama tíma þarf að tryggja það að stjórnarskrárbundnum og lögbundnum réttindum einstaklinga sé ekki stefnt í voða.

Um 77. gr.

Ákvæðið hefur þann tilgang að árétta ábyrgð sveitarstjórnarinnar á fjárhag og fjármálum sveitarfélagsins. Tilgangurinn með ýmsum þeirra breytinga sem í frumvarpi þessu eru lagðar til er m.a. sá að styrkja eftirlit með fjármálum sveitarfélaga fyrst og fremst með aukinni upplýsingaöflun um fjármál þeirra en einnig með styrkingu á heimildum eftirlitsaðila til inngrips í fjárhagsmálefni sveitarfélaga þegar brýna nauðsyn ber til. Eftir sem áður verður

það að vera ljóst af ákvæðum laganna hver ábyrgð sveitarstjórnarinnar er bæði til að tryggja að ákvæðum laganna um fjármál sveitarfélaga sé fylgt en einnig til að bregðast við og óska aðstoðar fyrir hönd sveitarfélagsins þegar þörf er á í þeim tilgangi að getu sveitarfélagsins til að sinna verkefnum sínum og skyldum gagnvart íbúunum sé ekki stefnt í voða. Með ákvæði þessu er ábyrgð sveitarstjórnar á því að fullnægt sé skyldum skv. VII. kafla frumvarpsins gerð skýrari.

Um 78. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um skipun eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum sem skulu hafa sérstaka þekkingu á fjármálum sveitarfélaga. Þessi hæfiskrafa er ekki rækilega afmörkuð, og er það með vilja. Á hinn bóginn er það stefnumið er í henni felst mikilvægt. Með því er lögð áhersla á að nefndin er fagleg en ekki pólitísk. Skv. 2. mgr. skal kostnaður af störfum nefndarinnar greiddur úr ríkissjóði. Þetta er óbreytt frá gildandi lögum en á hinn bóginn verður að hafa í huga að frumvarpið byggist á því að starfsemi nefndarinnar verði efld. Sést það af þeirri auknu áherslu sem lögð er á söfnun upplýsinga og úrvinnslu þeirra. Af þessu leiðir aukinn kostnað af störfum nefndarinnar en á sama tíma ætti að vera hægt að minnka umtalsvert áhættu af kostnaðarsömum áföllum í opinberum rekstri sveitarfélaganna.

Í 3. mgr. er kveðið á um stöðu nefndarinnar í stjórnkerfinu. Að gildandi lögum er sú staða ekki svo ljós sem æskilegt væri. Hér er lagt til að nefndin verði sérstakt fjölskipað stjórnvald en ekki beinn hluti ráðuneytisins. Það felst þó einnig í tillögunni að nefndin verður lægra sett stjórnvald gagnvart ráðherra. Hann hefur því almennar yfirstjórnunarheimildir gagnvart henni líkt og hefðbundnum undirstofnunum. Í ljósi þess mikla samráðs og upplýsingaflæðis sem þarf á hverjum tíma að geta verið milli ráðuneytisins og nefndarinnar er mikilvægt fyrir málaflokkinn að stjórnsýsla nefndarinnar verði ekki með öllu aðskilin ráðuneytinu. Sjálfstæð stofnun sem ekki lyti yfirstjórn ráðherra byði heim hættu á óskilvirkri stjórnsýslu og óhagkvæmri dreifingu á þekkingu af hálfu eftirlitsaðila. Þessu til viðbótar er tekið fram í niðurlagi 3. mgr. að einstakar ákvarðanir nefndarinnar sæti ekki kæru til ráðherra. Eins og valdsviði og valdheimildum nefndarinnar er háttað ætti almennt ekki til þess að koma að nefndin tæki ákvarðanir sem kæranlegar væru, jafnvel þó kæruleið væri fyrir hendi. Með þessu ákvæði er hins vegar tekinn af vafi um þetta atriði auk þess sem það felur í sér áréttingu á faglegu sjálfstæði nefndarinnar sem leiðir einfaldlega af þeirri þekkingu sem nefndarmenn búa að.

Samkvæmt framangreindu starfar nefndin á vegum ráðuneytisins og lýtur yfirstjórn ráðherra en nýtur samt ákveðins sjálfstæðis um meðferð einstakra mála. Gert er ráð fyrir að nefndin verði vistuð í ráðuneyti sveitarstjórnarmála og njóti eftir því sem fært er aðstoðar starfsmanna sem hún hefur forræði á, aðgangs að skrifstofuhúsnæði og annars sem þörf er á svo nefndin geti gengt starfi sínu svo sem best er kostur. Gert er ráð fyrir að nefndin skuli skipuð fulltrúum sem hafa sérstaka þekkingu á fjármálum sveitarfélaga. Hér er ekki um að ræða kröfu um sérstaka menntun eða starfsreynslu. Slíkar kröfur eru hins vegar gerðar til formanns nefndarinnar, en hann skal vera löggiltur endurskoðandi.

Um 79. gr.

Eftirlitsnefndin gegnir samkvæmt frumvarpinu lykilhlutverki við framkvæmd eftirlits með fjármálum sveitarfélaga, líkt og hún gerir í dag. Gert er ráð fyrir að þessu hlutverki sinni hún fyrst og fremst með söfnun upplýsinga og úrvinnslu þeirra. Ef við á getur það einnig verið hlutverk nefndarinnar að vinna í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir að því að koma

fjármálum einstakra sveitarfélaga í það horf sem ákvæði frumvarpsins gera kröfu um. Þá mun nefndin hafa það hlutverk ef framangreindar aðgerðir duga ekki til, að beina til ráðherra rökstuddum tillögum um inngrip hans í fjármál viðkomandi sveitarfélaga, eftir því sem nánar er fyrir mælt í frumvarpinu þessu. Af eftirlitshlutverki nefndarinnar, eins og það er afmarkað í frumvarpinu, leiðir að þrátt fyrir að nefndinni beri að virða sjálfstjórn sveitarfélaga og sjálfstætt fjárstjórnarvald þeirra sveitarstjórna sem kjörnar hafa verið þá ber nefndinni jafnframt skylda til að bregðast við þegar fjármál einstakra sveitarfélaga eru ekki í samræmi við kröfur sem leiðir af lögum um fjármál sveitarfélaga.

Í ákvæðinu er kveðið nánar á um hlutverk nefndarinnar, í samræmi við framangreind sjónarmið. Nefndin skal reglubundið fylgjast með fjármálum sveitarfélaga og bera saman við reglur og viðmið samkvæmt lögum þessum og reglugerðum. Nefndin skal, sbr. 1. mgr., hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga sé í samræmi við reglur. Með síðastgreindu orðalagi um almennt eftirlit er lögð áhersla á frumkvæði sem nefndin ber að sýna í eftirliti sínu. Eftirlitið á að vera forvirkt ef svo má að orði komast. Því hlutverki getur nefndin ekki sinnt nema á grundvelli viðamikillar þekkingar og glöggra samtímadóma um stöðu mála.

Í 2. mgr. ákvæðisins er að finna almenna meginreglu um að afskipti nefndarinnar af fjárhagslegum málefnum sveitarfélaga eigi á hverjum tíma að byggjast á þekkingu á stöðu viðkomandi sveitarfélaga og jafnframt að þau afskipti eigi í hverju tilviki ekki að ganga lengra en þörf er á í því skyni að markmiðum laganna verði náð. Er þetta ákvæði í samræmi við ákvæði 3. mgr. 8. gr. Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga þar sem fram kemur að eftirlit með sveitarstjórnum skuli framkvæma á þann hátt að hægt sé að tryggja að íhlutun eftirlitsstjórnvalds sé í hlutfalli við mikilvægi þeirra hagsmuna sem því er ætlað að vernda. Ákvæðinu er ekki ætlað að draga úr vægi eftirlitsins eða nefndarinnar sem slíkrar, heldur fremur að fela í sér áréttingu almennrar meginreglu sem þegar má ætlað að leiði af grunnreglum íslensks stjórnsýsluréttar.

Um 80. gr.

Í ákvæðinu er sérstaklega kveðið á um aðgang eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og starfsmanna hennar að upplýsingum um fjárhagsleg málefni einstakra sveitarfélaga. Heimild samkvæmt þessari grein skal nefndin á hverjum tíma beita í samræmi við almennt viðmið 2. mgr. 79. gr. en þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 81. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að ráðherra skuli setja reglugerð um störf eftirlitsnefndarinnar. Greinin lætur lítið yfir sér en er mikilvæg um útfærslu alls eftirlits með fjármálum sveitarfélaga. Í síðari málslið ákvæðisins segir að í reglugerðinni skuli m.a. mæla fyrir um málsmeðferð eftirlitsnefndar og nauðsynlegar viðmiðanir varðandi fjárhagsleg málefni sveitarfélaga, sbr. 64. gr. Það eru þessar viðmiðanir sem í framkvæmd verða mikilvægar og munu hafa mikil áhrif á það hvernig til tekst um að koma ákvæðum frumvarps þessa í framkvæmd, verði það að lögum. Vísast hér nánar í athugasemdir við 3. mgr. 64. gr. frumvarpsins.

Ráðherra hefur visst svigrúm um það hversu ítarlega hann ákveður að útfæra þessar viðmiðanir en með reglugerðarheimildinni er skapaður möguleiki fyrir stjórnvöld til að útfæra nánar hvernig reglu 64. gr. frumvarpsins um skuldaþak verður fylgt eftir í framkvæmd, m.a. með tilliti til þess hversu langan tíma einstök sveitarfélög þurfa til að koma fjárhag

sínum niður fyrir það viðmið sem þar er mælt fyrir um og um það hversu ríkar kröfur verða gerðar til einstakra sveitarfélaga um skýringar og framlagningu áætlana. Staða sveitarfélaganna er misjöfn bæði hvað varðar eignir (skuldir) og rekstur. Það er því ljóst að umtalsvert svigrúm verður að veita um það hvernig þeim grunnreglum sem birtast í 64. gr. frumvarpsins verður náð og á hversu löngum tíma það verður gert. Á sama tíma er mikilvægt að a.m.k. einhver rammi gildi um fjármál sveitarfélaganna að þessu leyti. Hann er lögfestur í 64. gr. og lýsir því marki sem stefna ber að. Frá því verður í sjálfu sér ekki veittur afsláttur. Skylda sveitarfélaganna og eftirlitsaðila verður samkvæmt frumvarpi þessu sú að ná því markmiði. Við útfærslu reglugerðarinnar samkvæmt ákvæði þessu er því lögð mikil ábyrgð á stjórnvöld um að fundin sé raunhæf leið að því lögbundna markmiði sem kveðið er á um í 64. gr.

Um 82. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um það með almennum hætti hvaða verkfæri eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur til að fullnægja hlutverki sínu. Eins og ráða má af samspili nefndarinnar og ráðherra þá er nefndinni fremur ætlað að vera eftirlits- og úrvinnsluaðili (þ.e. aðili sem vinnur úr samtímaupplýsingum um fjármál sveitarfélaga) sem þó hafi um leið mjög ákveðnu aðhaldshlutverki að gegna. Ef úrræði nefndarinnar duga ekki til ber henni að vísa máli með rökstuddri tillögu til ráðherra sem þá tekur til skoðunar beitingu úrræða sem honum eru fengin samkvæmt frumvarpinu. Gera má ráð fyrir að ábendingar og tilmæli nefndarinnar geti að nokkru marki byggst á ákvæðum reglugerðar skv. 3. mgr. 64. gr. og 81. gr. frumvarpsins. Einnig verður að gera ráð fyrir að tillögur nefndarinnar til ráðherra um beitingu úrræða gagnvart einstökum sveitarfélögum og svo ákvarðanir ráðherra í því efni taki mið af þeirri flokkun og viðmiðum sem mælt er fyrir um í reglugerðinni. Með því móti verður betur tryggt en ella að ákvarðanir eftirlitsaðila um inngrip í fjárhagsmálefni sveitarfélaga byggist á gegnsæjum og fyrir fram ákveðnum viðmiðum. Slíkt er mikilvægt til að tryggja traust aðila á eftirlitinu en ekki síður traust lánveitenda sveitarfélaganna á stöðu þeirra sem lántaka.

Rétt er að taka fram að úrræði eftirlitsnefndarinnar eru þannig fram sett í ákvæðinu að vægasta úrræðið er sett fyrst og svo koll af kolli. Telja má að vísun máls til ráðherra feli almennt í sér mest íþyngjandi úrræðið gagnvart viðkomandi sveitarfélagi. Samkvæmt viðmiðinu í 2. mgr. 79. gr. ber nefndinni almennt að velja það vægasta úrræði sem hún hefur yfir að ráða, en þó að því gefnu að það muni duga til að því markmiði sem að er stefnt verði náð. Nefndin má því í raun ekki velja vægara úrræði ef hún telur til þess yfirgnæfandi líkur að það muni engum árangri skila. Hér ber að hafa í huga að tilgangur eftirlits með fjármálum sveitarfélaga er ekki síst sá að leitast við að tryggja hagsmuni íbúa sveitarfélaganna af því að sveitarfélag sé gjaldfært og geti með tryggum hætti staðið undir þeirri þjónustu sem þeir eiga rétt á. Þá verður jafnframt að hafa í huga að miklir þjóðhagslegir hagsmunir geta staðið til þess að einstök sveitarfélög stefni ekki fjárhag sínum í voða, ekki síst ef um stærri sveitarfélög er að ræða. Sú upprödun sem ákvæðið ber með sér felur því ekki í sér kröfu um að til að úrræði skv. 4. tölul. verði beitt þá skuli fyrst reyna 1., 2. og 3. tölul., hvern á fætur öðrum. Þá kann einnig að vera að í tilteknu máli þá teljist það í reynd vægara úrræði að vísa máli til ráðherra í stað þess að gefa út opinbera tilkynningu skv. 4. tölul. Einnig getur verið að nefndin kjósi að beita fleiri úrræðum samhliða. Ekkert stendur því í vegi í frumvarpi þessu.

Um 83. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að þegar tilefni er til vegna fjármála eða fjármálastjórnar sveitarfélags skuli ráðherra, á grundvelli rökstuddrar tillögu eftirlitsnefndar, gera samkomulag við sveitarstjórn um fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins. Í þessu felst það almennt að eftirlitsnefndin hafi beint til ráðherra tillögu skv. 5. tölul. 82. gr. frumvarpsins um það að slíkt samkomulag yrði gert. Grundvöllur þarf þó að vera fyrir því að samkomulag sé líklegt til að skila árangri. Í niðurlagi 1. mgr. kemur fram að í samkomulagi skuli fjalla um tilgang þess og viðmið um fjárhagsleg málefni eftir því sem þörf er á, þar á meðal um rekstur, fjárfestingar og álagningu skatta og gjalda. Mikilvægt er að samkomulag sé það ítarlegt, þar á meðal um tölulegar viðmiðanir, að hægt sé að meta það eftir á hvort markmið þess hafi náðst.

Gengið er út frá því að eftirlitsnefndin geri ekki sjálf umrædda samninga, heldur sé það ráðherra sem geri samning við sveitarstjórnina. Hlutverk og staða nefndarinnar sem eftirlits- og ráðgjafaraðila er þá fremur tryggð en ef henni væri ætlað með beinum hætti að gera samninga eða beita þeim úrræðum sem mælt er fyrir um í 84. og 85. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra geti einnig gert samkomulag samkvæmt greininni að beiðni sveitarstjórnar. Með þessu er lögð áhersla á ábyrgð sveitarstjórnar á fjármálum sveitarfélagsins. Eftir sem áður mundi ráðherra þó ekki fallast á gerð samkomulags teldist ekki grundvöllur fyrir því.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa. Þrátt fyrir að ekki komi það fram í ákvæðinu má ætla að eðlilegt sé að samkomulag um fjármál sé opinbert skjal, a.m.k. sé óskað aðgangs að því.

Um 84. gr.

Í ákvæðinu, sbr. einnig 85. gr., er mælt fyrir um úrræði ráðherra sem beitt verður í þeim tilvikum þegar útséð er með að sveitarstjórn muni sjálf geta komið fjármálum sveitarfélags í rétt horf, eftir atvikum á grundvelli ráðgjafar og aðhalds eftirlitsnefndarinnar og ráðuneytisins eða á grundvelli samkomulags skv. 83. gr. Undantekning er þó að úrræðum skv. 2. og 3. tölul. verður eftir atvikum beitt samhliða gerð samkomulags skv. 83. gr.

Samkvæmt orðalagi 1. mgr. getur ráðherra almennt ekki beitt úrræðum samkvæmt ákvæðinu nema á grundvelli rökstuddrar tillögu eftirlitsnefndar. Almennt er það einnig skilyrði fyrir beitingu úrræða samkvæmt ákvæðinu að samkomulag skv. 83. gr. hefur ekki náðst, samkomulag hefur ekki skilað árangri eða fyrirséð er að það muni ekki skila árangri. Þegar ráðherra tekur ákvörðun um nánari breytingu úrræða í hverju máli fyrir sig er hann, þrátt fyrir 1. mgr., ekki bundinn af því að grípa til nákvæmlega þeirra úrræða sem eftirlitsnefndin leggur til, enda telji ráðherra þá að eitthvað skorti á tillögurnar eða rökstuðning sem þeim fylgdi. Það verður hins vegar að telja mikilvægt m.a. í þeim tilgangi að upp verði byggt nauðsynlegt traust á eftirlitskerfinu að eftirlitsnefndin sinni störfum sínum með svo vönduðum hætti að ráðherra geti almennt stuðst við tillögur nefndarinnar og tekið ákvarðanir á grundvelli þeirra. Mikilvægt er enn fremur að ráðherra sé á hverjum tíma ljós staða hans og hlutverk við beitingu heimilda skv. 84. og 85. gr. frumvarpsins Ráðherra er að sjálfsögðu ekki heimilt að beita ákvæðunum á grundvelli pólitískra viðmiða sem ekki eiga sér stoð í lagatextanum sjálfum og leiða af skyldum sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra viðeigandi reglna.

Samkvæmt 1. tölul. getur ráðherra, sé skilyrðum 1. mgr. fullnægt að öðru leyti, sett sveitarfélagi skýr fyrirmæli um rekstur og stjórnsýslu. Nánar er mælt fyrir um valdheimildir ráðherra að þessu leyti í 85. gr. Í 2. tölul. er mælt fyrir um heimild ráðherra til að veita

sveitarfélagi styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að koma fjárhag á réttan kjöl. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum. Í framkvæmd hefur ákvæðinu verið beitt varlega. Mikilvægt er að þeirri framkvæmd verði ekki breytt í verulegum atriðum. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli laga og reglugerða um sjóðinn. Ráðherra verður við beitingu heimildar skv. 2. tölul. að virða það starfsumhverfi sjóðsins. Ákvæði 3. tölul. tekur einnig mið af gildandi lögum. Reynslan sýnir að nauðsynlegt er að hafa þessar heimildir til staðar, þannig að hægt sé að bregðast við einstökum tilvikum sem upp koma af nægjanlegum sveigjanleika. Þá er leitast við að orða 3. tölul. 1. mgr. með þeim hætti að ekki valdi vafa hvert er inntak heimildar til hækkunar á sköttum, þ.e. að hún feli í sér hækkun umfram hið lögbundna hámark samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaganna, eða öðrum viðeigandi lögum.

Ákvæði 2. mgr. styðst við það sjónarmið að í framkvæmd hefur ráðuneytið gert samkomulag við sveitarfélög í fjárhaldskröggum sambærilegt við það sem mælt er fyrir um í 83. gr. frumvarpsins. Reynslan hefur sýnt að það getur verið vænlegt til árangurs að heimila sveitarstjórn að leggja álag á útsvar og/eða veita sveitarfélagi lán eða styrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samhliða slíku samkomulagi. Ákvæði 3. mgr. ætti almennt ekki að þarfnast skýringa. Ráðherra er, líkt og eftirlitsnefndin, bundinn af því almenna viðmiði að byggja eftirlit sitt og ákvarðanir á hverjum tíma á heildarmati á fjárhag viðkomandi sveitarfélaga, sem og þeirri skyldu að velja úrræði sín með hliðsjón af þeim markmiðum sem honum ber að tryggja við framkvæmd laganna, að teknu tilliti til sjálfstjórnar sveitarfélaga, sbr. 5. mgr. ákvæðisins. Þá er í 4. mgr. tekið fram að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga annist eftirlit með því að einstök sveitarfélög starfi í samræmi við ákvarðanir ráðherra samkvæmt ákvæðinu. Í því felst þá einnig eftirlit með nánari ákvörðunum um rekstur og stjórnsýslu einstakra sveitarfélaga skv. 85. gr. Um eftirlit nefndarinnar að þessu leyti gilda allar sömu reglur og um eftirlit nefndarinnar að öðru leyti.

Um 85. gr.

Í ákvæðinu er að finna lista yfir þau úrræði sem ráðherra getur gripið til þegar þörf er á og skilyrði hafa skapast til þess. Þessi skilyrði yrðu væntanlega í ákveðnum tilvikum tengd framlögum eða lánum úr Jöfnunarsjóði en það er þó ekki skilyrði. Þá er mikilvægt að ákvarðanir um beitingu þessara úrræða eru hluti af lengra ferli sem hefst hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Ákvörðun um beitingu úrræða verður að byggjast á góðri heildarsýn af fjárhag viðkomandi sveitarfélags, þeim aðgerðum sem þegar hefur verið ráðist í og svo á samráði við viðkomandi sveitarstjórn. Taka ber fram að hér er um að ræða úrræði sem almennt er ekki gripið til nema önnur úrræði hafi ekki verið talin duga til að tryggja fjárhag viðkomandi sveitarfélags. Þeim úrræðum sem fram koma í ákvæðinu verður almennt ekki beitt nema á grundvelli brýnna ástæðna til hagsbóta fyrir íbúa viðkomandi sveitarfélags í heild eða vegna annarra mikilvægra almannahagsmuna sem valtur fjárhagur sveitarfélags gæti stefnt í voða. Þegar slíkar aðstæður myndast verður að telja ljóst að starfsemi sveitarfélags hefur af einhverjum ástæðum ekki verið í samræmi við sett lagafyrirmæli og óskráðar grundvallarreglur um meðferð opinberra hagsmuna. Inngrip í málefni sveitarfélags á því stigi felur ekki í sér aðför að sjálfstjórn sveitarfélaga, enda segir í 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar að sveitarfélögin skulu sjálf ráða málefnum sínum „eftir því sem lög ákveða“. Að því gefnu að hægt sé að rökstyðja þörfina á inngripi sem mælt er fyrir um í ákvæðinu verður því í einstökum tilvikum að játa ráðherra umtalsvert svigrúm við ákvörðun um beitingu einstakra úrræða. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við kafla þennan.

Um 86. gr.

Í 76. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, er kveðið á um að sé greiðslubyrði sveitarfélags umfram greiðslugetu svo mikil að ljóst sé að eigi muni úr rætast í bráð þá geti ráðherra, samkvæmt tillögu eftirlitsnefndar, svipt sveitarstjórn fjárforráðum og skipað sveitarfélagi fjárhaldsstjórn, enda hafi sveitarstjórn vanrækt svo skyldur sínar samkvæmt lögum þessum að vandræði hafi af hlotist.

Í umræðu um fjármál sveitarfélaga undanfarið hefur því verið haldið á lofti að hægt þurfi að vera að grípa til aðgerða áður en sveitarfélag verður greiðsluþrota. Að því markmiði stefnir almenn efling á eftirliti með fjármálum sveitarfélaga sem lögð er til í frumvarpi þessu. Að því markmiði stefnir einnig þetta ákvæði frumvarpsins. Þannig er í 1. mgr. kveðið á um að ráðherra geti skipað sveitarfélagi fjárhaldsstjórn ef sveitarstjórn hefur ítrekað og verulega vanrækt skyldur sínar. Þarna er ekki gert að skilyrði að sveitarfélag sé greiðsluþrota en ljóst er hins vegar að um þarf að vera að ræða verulega vanrækslu sveitarstjórnar á því að fullnægja skyldum laganna um fjármál. Skv. 2. mgr. verður einnig hægt að skipa sveitarfélagi fjárhaldsstjórn ef greiðslubyrði umfram greiðslugetu er svo mikil að ekki verður úr bætt. Ekki er hins vegar skilyrði að báðir þættirnir séu fyrir hendi, líkt og við á samkvæmt gildandi lögum. Ekki er talin hætta á að þetta veiti ráðherra of mikið færi til inngrips í málefni sveitarfélaga enda leiðir af ákvæðum frumvarpsins að öðru leyti að þessu úrræði yrði almennt aldrei beitt nema að því gefnu að vægari úrræði sem áður hafa verið reynd hafi ekki náð tilgangi sínum. Af ákvæði 88. gr., um réttaráhrif af skipun fjárhaldsstjórnar, leiðir að skipun fjárhaldsstjórnar leiðir til sömu réttaráhrifa og greiðslustöðvun í allt að eitt ár frá því að fjárhaldsstjórn var fyrst skipuð.

Um 87. gr.

Ákvæðið er samhljóða 77. gr. gildandi laga. Þó er bætt við skilyrði um að nefndarmenn skuli hafa þekkingu á málefnum sveitarfélaga. Þrátt fyrir að slíkt ákvæði sé ekki í lögum í dag hefur ráðuneyti sveitarstjórnarmála gætt þess að fylgja þessu viðmiði þau fáu skipti sem á skipun fjárhaldsstjórnar hefur reynt.

Um 88. gr.

Í greininni er að finna fyrirmæli um réttaráhrif af skipun fjárhaldsstjórnar og réttaráhrif af greiðslustöðvun. Skv. 1. mgr. má ekki inna af hendi greiðslur nema með samþykki fjárhaldsstjórnarinnar. Í þessu felst stjórntæki hennar, sem hún nýtir sér á þann hátt sem tilefni er til hverju sinni og fer m.a. eftir þeim samstarfsvilja sem embættismenn og sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags sýnir gagnvart ráðstöfunum stjórnarinnar. Í 2. mgr. er að finna yfirlit yfir þær greiðslur sem almennt skal heimilt, með samþykki fjárhaldsstjórnar, að inna af hendi. Skiptir þetta máli vegna stöðu kröfuhafa, sbr. nánar ákvæði 3. mgr. 89. gr. Í 4. mgr. er síðan tekið fram að skipun fjárhaldsstjórnar leiði að öðru leyti en mælt er fyrir um í ákvæðinu til sömu réttaráhrifa og greiðslustöðvun eftir ákvæðum IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. í allt að eitt ár frá því að fjárhaldsstjórn var fyrst skipuð. Í því felst að greiðslustöðvun er bundinn hámarkstími í eitt ár.

Um 89. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk og úrræði fjárhaldsstjórnar. Ákvæðið þarfnast ekki sérstakra skýringa, að undanskilinni 3. mgr. Þar er mælt fyrir um að fjárhaldsstjórn geti, að ákveðnum skilyrðum fullnægðum, ákveðið einhliða að leita nauðasamning fyrir sveitar-

félagið. Um samningsumleitanir fer að öðru leyti eftir almennum reglum, eftir því sem við getur átt, m.a. um skipun umsjónarmanns, að því þó undanskildu að umsjónarmaður lætur ekki greiða atkvæði um frumvarp að nauðasamningi. Er þetta frávik frá almennum reglum nauðsynlegt þar sem sveitarfélög verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta. Slík niðurstaða væri óásættanleg með hliðsjón af lögbundnu hlutverki sveitarfélaganna. Á sama tíma hafa sveitarfélögin sjálfstæðan fjárhag og eru sjálf ábyrg fyrir skuldbindingum sínum. Mikilvægt er að innleiða með skýrum hætti þá ábyrgð sem lánardrottnar bera af lánveitingum til sveitarfélaganna og umrædd regla er leið til þess. Á hinn bóginn verður einnig að hafa í huga að frumvarpið gerir ráð fyrir því að til fjölda annarra úrræða sé gripið áður en þessi leið er farin, svo sem hækkunar á tilteknum sköttum skv. 3. tölul. 1. mgr. 84. gr., styrkveitingar eða lán úr Jöfnunarsjóði skv. 2. tölul. sama ákvæðis, niðurskurðar í rekstri og fjárfestingum, eftir atvikum á grundvelli fyrirmæla ráðherra skv. 85. gr. o.s.frv. Það er því langt frá því að lánardrottnar einir verði samkvæmt ákvæði þessu látnir bera þungann af óábyrgri fjármálastjórn einstakra sveitarfélaga. Skilyrði fyrir því að einhliða nauðasamnings á grundvelli þessa ákvæðis verði leitað er auk þess að samningar fjárhaldsstjórnarinnar við lánardrottna hafi ekki borið árangur. Heimildinni verður því aðeins beitt þegar öll önnur úrræði hafa ekki borið árangur. Þá eru þær almennu reglur um fjármál sveitarfélaga sem fram koma í frumvarpi þessu með þeim hætti að ekki ætti til þess að koma að á ákvæðið reyndi.

Um 90. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er hægt að sameina sveitarfélag sem hefur sætt skipun fjárhaldsstjórnar við annað sveitarfélag. Ljóst er hins vegar að ákvæði frumvarps þessa taka ekki á því hvernig slík sameining fer fram. Að gildandi lögum getur ákvörðun um slíkt ekki verið einvörðungu í höndum viðkomandi sveitarstjórna. Almennt er því ljóst að sérlög þyrfti að setja um slíka sameiningu þar sem þá yrði eftir atvikum einnig fjallað um fjárhagslegar ráðstafanir í tilefni af sameiningu, um það hvort skattar eða þjónusta yrði mismunandi milli íbúa hins sameinaða sveitarfélags eftir að sameining tekur gildi o.s.frv.

Um 91. gr.

Í greininni er fjallað um brottfall á sviptingu fjárforráða. Hefur greinin þann tilgang að lýsa meðferð máls að þessu leyti, þannig að ferill þess sé ljós og skyldur aðila sömuleiðis. Ákvæðið þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla frumvarpsins er fjallað um samvinnu sveitarfélaga. Þau ákvæði sem er að finna í kaflanum eru mikið breytt frá þeim ákvæðum sem nú eru í gildi.

Hér á landi hefur lengi verið sterk hefð fyrir samstarfi sveitarfélaga ekki síst frá þeim tíma að sýslunefndir voru lagðar niður. Samvinna sveitarfélaga hefur bæði kosti og galla. Samstarf sveitarfélaga hefur þá kosti að á grundvelli hennar geta sveitarfélögin leyst úr verkefnum á hagkvæmari hátt en annars væri. Sveitarfélögum kann jafnvel að vera bein nauðsyn á samstarfi, t.d. vegna smæðar. Smæð sveitarfélaga er þó langt í frá ávallt ástæðan fyrir því að þau telja eðlilegt og hagkvæmt að reka tiltekna þjónustu eða verkefni í samstarfi við önnur sveitarfélög. Hér má t.d. nefna samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um rekstur á brunavörnum og almenningssamgöngum. Með samvinnu eða samstarfi er þannig betur hægt að stuðla að almannahag en ef sveitarfélög skipuleggja þjónustu sína og verkefni alfarið á staðbundnum forsendum. Samstarf eða samvinna hefur hins vegar almennt þann galla að á

grundvelli hennar kann framkvæmd verkefnis að vera tekin úr höndum hinna kjörnu fulltrúa í sveitarstjórnum og færð öðrum aðilum, eða a.m.k. að umboðskeðjan frá kjósanda til kjörins fulltrúa sé lengd umfram það sem hefðbundið er þegar hin kjörna sveitarstjórn fer með umsjón verkefnis og tekur með beinum hætti ábyrgð af því gagnvart kjósendum á fjögurra ára fresti.

Verkefni sveitarfélaga eru fjölbreytt. Sveitarfélögin sjálf eru einnig mjög fjölbreytt að gerð og stærð. Stækkun sveitarfélaga, eða sameiningar, minnka ekki þörf sveitarfélaganna fyrir samstarf. Þörfin að því leyti ræðst fremur af verkefnum sem sveitarfélögunum eru falin. Dæmi um málaflokk sem gæti jafnvel orðið tiltölulega stórum sveitarfélögum mjög erfiður er málefni fatlaðra. Þegar litið er til þeirra möguleika til hagræðingar sem geta falist í samstarfi sveitarfélaga virðist ljóst að enn um sinn sé mikil þörf á því að sveitarfélögin hafi heimildir til samvinnu hvað sem líður stærð sveitarfélaganna.

Ákvæði IX. kafla frumvarpsins lúta öll að frjálsri samvinnu sveitarfélaga. Ekki er hér gert ráð fyrir almennum ákvæðum um skyldubundna samvinnu. Um skyldu sveitarfélaga til samstarfs kann hins vegar að vera fjallað í sérlögum, og að því leyti sem ákvæði sérlaga leiða ekki til annars er hér gengið út frá því að samstarfsheimildir eða önnur ákvæði um samstarf í sérlögum verði túlkuð til samræmis við lög þessi.

Meginbreytingar þær sem hér eru lagðar til um samvinnu sveitarfélaga frá því sem kveðið er á um í gildandi lögum eru þríþættar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir mun skýrari reglum um form samvinnu í þeim tilvikum þegar hún felur í sér framsal valds til töku stjórnvaldsákvarðana í skilningi 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Í reynd virðast sveitarfélögin hafa fellt slíka samvinnu í margvíslegt form án skýrra heimilda í þeim efnum og úr því er mikilvægt að bæta. Gert er ráð fyrir að samvinna sem felur í sér framsal slíks valds geti í grundvallaratriðum aðeins byggst á byggðasamlagsforminu annars vegar og því að eitt sveitarfélag taki að sér stjórnsýslu fyrir önnur sveitarfélög hins vegar. Nánari ákvæði um skilyrði fyrir slíkri samvinnu er að finna í ákvæðum kaflans. Í öðru lagi ber að hafa í huga að það er meginbreyting á heimildum sveitarfélaga til samvinnu að hér er gert ráð fyrir að eitt sveitarfélag geti tekið að sér að rækja tiltekin verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög. Slíkar heimildir eru ekki til staðar að lögum í dag. Lögmæti slíkra samninga er miklum vafa háð, a.m.k. í þeim tilvikum í þeim felst að einu sveitarfélagi er falið að taka bindandi ákvarðanir um réttindi og skyldur íbúa í öðrum sveitarfélögum. Úr þessu verður að bæta. Í þriðja lagi er það mikilvæg breyting að gert er ráð fyrir að ákvæði um héraðsnefndir verði felld úr lögum. Með lögum nr. 45/1998 voru héraðsnefndir felldar í flokk frjálsrar samvinnu. Í því ljósi hafa stjórnvöld litið svo á að sveitarfélögum sé ekki skylt að eiga aðild að héraðsnefndum. Engu að síður eru í ákveðnum lögum að finna ákvæði sem gera ráð fyrir því að héraðsnefndir skuli vera til, svo sem ákvæði í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Í því felast tiltölulega augljósir meinbugir á lögum, þ.e. ef sveitarstjórnarlög ganga út frá því að aðild að héraðsnefndum sé ekki lögskyld en sérlög gera engu að síður slíkar kröfur. Hér er lögð til sú lausn að héraðsnefndir verði felldar brott úr lögum en jafnframt að gerðar verði viðeigandi breytingar á þeim sérlögum sem mæla fyrir um beint hlutverk héraðsnefnda. Sé þörf á samvinnu er þá viðkomandi sveitarfélögum í lófa lagið að stofna um þau byggðasamlög. Ein undantekning er þó frá því en hún varðar fjallskilin. Gert er ráð fyrir að sérákvæði um fjallskil verði að þessu leyti færð í lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Um 92. gr.

Í 92. gr. felst sú meginregla að sveitarfélögum er frjálst að hafa samvinnu sín á milli um framkvæmd afmarkaðra verkefna. Augljóst er að ekki er gert ráð fyrir að samvinna feli í sér samvinnu um heildarrekstur sveitarfélaga, eða samrekstur þeirra að mjög stórum hluta, enda má telja að sé sveitarfélagi þörf á samvinnu í slíkum mæli þá sé að sama skapi brostinn forsenda fyrir tilvist sveitarfélagsins sem sjálfstæðs stjórnvalds. Þær mikilvægu takmarkanir eru settar á heimildir til samvinnu að ef sveitarstjórn væri óheimilt að framselja frá sér tiltekið hlutverk á grundvelli heimildar til að framselja vald innan sveitarfélagsins þá er einnig óheimilt að framselja slíkt vald til aðila utan sveitarfélagsins.

Samkvæmt 2. mgr. skal samvinna ávallt grundvallast á samningi sem öðlast fyrst gildi við staðfestingu viðkomandi sveitarstjórna. Ef ríkari kröfur eru gerðar til forms samvinnunnar í ákveðnum tilvikum þá ganga þær kröfur framar, sbr. t.a.m. þær kröfur sem leiða af 93. gr. frumvarpsins. Í samningi um samvinnu skal a.m.k. taka ákvörðun um form samvinnu, hvernig háttað sé heimildum til ákvörðunartöku, slit samvinnu og fjárhagsleg atriði. Mikilvægt er að vel sé frá þessum atriðum gengið, m.a. af tilliti til reglna um lýðræðislegt umboð sveitarstjórnarmanna og skyldu þeirra til að byggja ákvarðanir sínar á upplýstum grunni og af tilliti til reglna um fjármál sveitarfélaga. Á þetta hefur iðulega skort. Mikilvægt er að úr því verði bætt, enda hagsmunir af því að tryggja vandaða stjórnsýslu um þennan þátt í starfsemi sveitarfélaga mun meiri en þeir hagsmunir sem sveitarfélögin sjálf hafa af því mikla frelsi sem sveitarfélögin virðast, í mörgum tilvikum án nauðsynlegra lagaheimilda, tekið sér á þessu sviði.

Í 3. mgr. kemur fram að ákvarðanir sem teknar eru á vettvangi samstarfs sveitarfélaga eru ekki kæranlegar til sveitarfélaganna sem eiga aðild að samstarfinu. Almennt ber að líta svo á að hafi sveitarstjórnir ákveðið að færa rækslu tiltekins verkefnis í ákveðið samstarfsform þá er það samstarfið sem lýtur hefðbundnu eftirliti. Ákvarðanir sem þar eru teknar verða því kærðar (svo dæmi sé tekið) til viðeigandi eftirlitsaðila beint.

Um 93. gr.

Um meðferð mála sem til greina kemur að ljúka, eða lokið verður, með töku ákvörðunar um rétt eða skyldu manna skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda þær reglur sem stjórnsýslulögin mæla fyrir um. Við meðferð slíkra mála er sérstök ástæða til að huga að réttaröryggi borgaranna, þ.e. þeirra sem ákvörðunum er beint að. Brýnar ástæður eru því fyrir því að samstarf sveitarfélaga um slík verkefni sé í skýrum farvegi. Hér má m.a. nefna ákvarðanir um aðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, valdbeiting á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga, ákvarðanir á sviði eldvarnaeftirlits og um útgáfu byggingarleyfa. Einnig falla hér undir verkefni eins og rekstur grunnskóla eða leikskóla, enda verður ekki séð að með öllu verði skilið á milli daglegs reksturs slíkra stofnana og þeirra ákvarðana sem þeim rekstri tengjast og falla í flokk stjórnvaldsákvarðana. Sérstaklega á það við um grunnskólann, þar sem m.a. eru teknar ákvarðanir um aðgang að skólanum, einkunnir, agaviðurlög o.fl., enda er réttur og skylda til grunnskólagöngu lögbundið.

Ákvæðið gerir ráð fyrir því að samstarf um slík verkefni geti aðeins grundvallast á samningi um byggðasamlag eða á samningi um að eitt sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir önnur. Þá er sett það sérstaka skilyrði að samningar um samvinnu á þessu sviði öðlist aðeins gildi, að fenginni staðfestingu ráðuneytisins, sem þá skal taka til skoðunar hvort samstarfið er með þeim hætti sem lög leyfa.

Um 94. gr.

Í gildandi sveitarstjórnarlögum eru ítarlegustu ákvæðin um form samvinnu sveitarfélaga þau sem lúta að byggðasamlögum. Áfram er lagt til að þetta samstarfsform hafi mest vægi af mismunandi tegundum samstarfs. Þó eru lagðar til nokkrar breytingar á reglum um byggðasamlög, m.a. til þess að auka verulega sveigjanleika um samstarf í byggðasamlögum.

Samkvæmt 1. mgr. verður sveitarfélögum heimilt að stofna byggðasamlög sem geta tekið að sér framkvæmd afmarkaðra verkefna, svo sem rekstur grunnskóla, leikskóla eða brunavarnir. Byggðasamlag getur tekið að sér verkefni sem fela í sér vald til töku stjórnvaldsákvarðana, eins og áður var rakið, en ljóst er að hægt er að stofna byggðasamlög um mun fjölbreyttari verkefni. Þá getur hvert byggðasamlag tekið að sér fleiri en eitt verkefni, eins og leiðir af orðalagi 1. mgr. um framkvæmd „afmarkaðra verkefna“.

Í 2. mgr. er tekið fram að byggðasamlögum sé einum rétt og skylt að hafa orðið byggðasamlag í heiti sínu, eða skammstöfunina bs. Að þessu leyti er lögð á það áhersla að byggðasamlög eru í reynd sérstakt félagsform og sjálfstæðir lögaðilar sem slík. Á hinn bóginn verða byggðasamlög ekki lögð að jöfnu við einkaréttarleg félög enda ber að líta á þau sem stjórnvöld, sbr. 5. mgr. ákvæðisins.

Í 3. mgr. er að finna yfirlit yfir þau atriði sem þarf að lágmarki að taka afstöðu til í samningi um byggðasamlag. Hér er notað hugtakið samningur, en eins væri hægt að nota hugtakið samþykktir. Samningurinn er þannig í reynd ígildi reglugerðar um starfsemi byggðasamlagsins, enda er hér ekki um hefðbundinn einkaréttarlegan samning að ræða heldur fremur gerning sem nær einvörðungu lýtur hefðbundnum stjórnsýslureglum. Ekkert kemur í veg fyrir að gerð séu tvö skjöl við stofnun byggðasamlags, þ.e. annars vegar samningur og hins vegar samþykktir fyrir samlagið. Almennt ætti þess þó ekki að vera þörf og telja verður eðlilegra að þetta sé sett fram í einu og sama skjalinu, enda mundi slík tvískipting engin áhrif hafa á eðli samningsins, sbr. framangreint.

Mikilvægt er í fyrsta lagi að samningurinn taki af skarið um verkefni og valdheimildir byggðasamlags. Lýsa þarf tilgangi starfseminnar en einnig verður samningurinn að bera með sér tiltölulega nákvæmlega hvaða valdheimildir það eru sem færast frá viðkomandi sveitarfélögum til samstarfsaðilans. Í öðru lagi þarf að kveða í samningi á um kjör til stjórnar og atriði sem því tengjast, í þriðja lagi um ályktunarhæfi stjórnarfunda og annað sem lýtur að innra starfi byggðasamlagsins og þörf er á að skilgreina í samþykktum. Í fjórða og fimmta lagi er mikilvægt að samningur taki af skarið um umboð stjórnar samlagsins til ákvarðana og enn fremur um það hvenær er bein þörf á staðfestingum sveitarstjórna á ákvörðunum stjórnar byggðasamlagsins. Ákvæði 6. og 7. tölul. skipta hér einnig máli, en þau fela bæði í sér reglur um svigrúm til ákvarðana um rekstur byggðasamlags sem miklu geta skipt í framkvæmd og um að það séu aðildarsveitarfélög byggðasamlags sem taki slíkar ákvarðanir eða veiti heimildir til þeirra, en ekki stjórn byggðasamlags að eigin frumkvæði og án samþykkis aðildarsveitarfélaga.

Tilgangur 4. mgr. er sá að tryggja að rekstur og stjórnsýsla byggðasamlaga verði í samræmi við þær hertu reglur sem gerðar eru í frumvarpi þessu um fjármál sveitarfélaga, þar á meðal um bindandi gildi fjárhagsáætlana. Af þeim reglum getur m.a. leitt að byggðasamlög verði að leggja fullnægjandi grundvöll að sínum fjárhagsáætlunum nægilega snemma til þess að þær sé hægt að leggja til grundvallar við fjárhagsáætlanagerð aðildarsveitarfélaganna.

Í 5. mgr. ákvæðisins kemur fram að kjör til stjórnar byggðasamlags geti farið fram annaðhvort á aðalfundi byggðasamlags eða á grundvelli tilnefninga sveitarstjórna einstakra aðildarsveitarfélaga. Rétt er talið að hafa þann möguleika opinn að haldinn sé aðalfundur byggða-

samlags, þar sem kjör til stjórnar fer fram. Þetta getur t.d. átt við ef sveitarfélög kjósa að leggja til grundvallar að byggðasamlag taki til sama umdæmis og landshlutasamtök og vilja halda aðalfund byggðasamlags samhliða ársþingi landshlutasamtakanna. Ef þessi kostur er valinn þurfa að vera reglur í samningi um aðalfundinn, þar á meðal um kjör til hans, fjölda aðalfundarfulltrúa, reglur um kosningu til stjórnar, ályktunarhæfi aðalfundar og umboð hans til að binda hendur aðildarsveitarfélaganna.

Í 6. mgr. er tekið af skarið um það að byggðasamlög lúta, eftir því sem annað leiðir ekki með beinum hætti af lögum, reglum þessara laga auk annarra almennra stjórnsýslureglna, skráðra og óskráðra. Byggðasamlögin hafa það hlutverk að fara með stjórnsýslu fyrir hönd sveitarfélaganna. Eðlilegt er að ekki sé vafi um að þau teljist til stjórnvalda og lúti almennum stjórnsýslureglum sem slík. Sambærileg rök standa að baki 7. mgr.

Í 8. mgr. kemur fram að þau sveitarfélög sem standa að byggðasamlagi bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þau eru aðilar að. Innbyrðis skiptist ábyrgðin hins vegar í hlutfalli við íbúatölu. Ákvæðið er samhljóða gildandi lögum og þarfnast ekki sérstakra skýringa. Rétt er þó að hafa í huga að af þessu ákvæði getur leitt að sveitarfélag geti gengið lengra í að setja ábyrgðir vegna skuldbindinga byggðasamlaga heldur enn annarra stofnana eða fyrirtækja sem sveitarfélagið á aðild að.

Um 95. gr.

Í gildandi sveitarstjórnarlögum eru allítarleg ákvæði um stofnun byggðasamlaga, slit þeirra og fjárhagsuppgjör vegna slita. Þetta ákvæði fjallar um úrgöngu aðildarsveitarfélaga úr byggðasamlagi og um slit byggðasamlaga. Ákvæðið gerir ráð fyrir að byggðasamlög verði sveigjanlegra félagsform en nú er. Að gildandi lögum eru allverulegar takmarkanir á því hvernig sveitarfélög geti gengið úr byggðasamlögum.

Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins geta sveitarfélög með tveggja ára fyrirvara sagt upp aðild að byggðasamlagi hafi ekki verið samið um annan tímafrest. Umsaminn tímafrestur getur hvort sem er verið styttri eða lengri. Samhliða getur sveitarfélag krafist innlausnar á eignarhlut sínum í byggðasamlaginu sem þá skal koma til útgreiðslu innan sömu tímamarka. Af þessum tímafresti leiðir mikill sveigjanleiki um úrgöngu úr byggðasamlagi ekki síst ef tekið er mið af þeim miklu hagsmunum og fjármunum sem kunna að vera þar bundnir. Í ákveðnum tilvikum kann þessi stutti frestur að leiða til þess að gengið yrði gegn almannahag, eða hagsmunum annarra aðildarsveitarfélaga. Því er mikilvægt að í 3. mgr. er ráðuneytinu fengin heimild til að lengja þennan frest, til jafn langs tíma og þarf til að verja þá hagsmuni sem um ræðir en þó að hámarki til sjö ára. Ákveðnar líkur eru til þess að úrganga eins sveitarfélags úr byggðasamlagi muni ávallt koma öðrum aðildarsveitarfélögum illa. Einnig eru vissar líkur til þess að úrganga eins sveitarfélags úr byggðasamlagi muni ávallt leiða til einhverra breyting á þjónustu sem byggðasamlagi er fært að veita og þar með að snerta almannahag. Það er því ekki nægjanlegt til þess að heimild ráðuneytisins verði virk að úrganga muni hafa einhver áhrif á þá hagsmuni sem eru nefndir. Það er ljóst að áhrifin þurfa að vera umtalsverð. Á hinn bóginn er það viðmið sem hér er lagt til grundvallar ekki svo strangt að heimildinni megi aðeins beita ef úrganga eins sveitarfélags úr byggðasamlagi muni hafa þau áhrif að lögbundin lágmarksþjónusta verði ekki veitt af hálfu byggðasamlagsins eða af hálfu annarra aðildarsveitarfélaga eftir þann gjörning. Hér verður að horfa heildstætt á málavexti m.a. með það í huga að viðkomandi sveitarfélögum sé veittur tilhlýðilegur frestur til að tryggja þá þjónustu eða starfsemi sem um er að tefla, og þá einnig að tryggja að hægt sé að veita hana án þess að kostnaður þar af hækki verulega.

Ákvæði 4. og 5. mgr. um slit byggðasamlags þarfnast ekki sérstakra skýringa. Ljóst er að við uppgjör eigna eða skulda byggðasamlags er gert ráð fyrir að jöfnun milli sveitarfélaga miðist við íbúafjölda á þeim tíma er skiptum líkur.

Um 96. gr.

Í 96. gr. er að finna mikilvægt nýmæli um heimild eins sveitarfélags til að taka að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög.

Samkvæmt 1. mgr. 104. gr. laga nr. 84/2007, um opinber innkaup, taka lög um opinber innkaup til skriflegra samninga um fjárhagslegt endurgjald sem einn eða fleiri opinber aðili, skv. 3. gr. laganna, gera við eitt eða fleiri fyrirtæki og hafa að markmiði framkvæmd verks, sölu vara eða veitingu þjónustu í skilningi laganna. Af orðalagi þessarar greinar mætti ráða að lögin tækju ekki til samninga sem tveir opinberir aðilar, svo sem tvö sveitarfélög gera sín á milli. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 84/2007 segir um þetta atriði að ákveði opinber aðili að framleiða vöru sjálfur, annast þjónustu eða framkvæma verk sé ekki um opinber innkaup að ræða í skilningi frumvarpsins. Samningar milli tveggja sjálfstæðra opinberra aðila, t.d. tveggja sveitarfélaga mundu hins vegar jafnan ekki vera undanþegnir lögunum. Tengsl milli tveggja sjálfstæðra opinberra aðila geti þó verið svo náin að litið sé svo á að um sé að ræða mismunandi hluta sama aðilans, sbr. t.d. dóm Evrópudómstólsins í máli Teckal (mál nr. C-107/98, ECR [1999] I 8121). Í greinargerðinni er síðan tekið fram að hér kæmu þó einkum stofnanir ríkisins til greina, sbr. t.d. úrskurð kærunefndar útboðsmála 4. júní 2002 í máli nr. 9/2002. Við skýringu á þessu frumvarpi ber að leggja sömu sjónarmið til grundvallar. Samningar milli sveitarfélaga um að eitt sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir annað geta því fallið undir ákvæði laga um opinber innkaup enda sé viðmiðunarfjárhæðum laganna náð. Sama niðurstaða leiðir í reynd einnig af 26. tölul. 2. gr. laga nr. 84/2007. Þrátt fyrir þetta er hér lagt til að fjallað verði um heimildir sveitarfélaga til samninga við sveitarfélög í sérstöku ákvæði og um heimildir sveitarfélaga til samninga við einkaaðila í öðru ákvæði. Ástæðan er sú að heimildir sveitarfélaga til að framselja vald til töku stjórnvaldsákvarðana eða verkefni sem fela í sér slíkar valdheimildir til annarra sveitarfélaga eru rýmri heldur en heimildir þeirra til að framselja vald til einkaaðila. Þar að baki búa eðlileg sjónarmið. Sveitarfélög eru stjórnvöld. Stjórnkerfi þeirra miðast við það að þeim er ætlað að fara með opinbera almannahagsmuni. Slíkt á ekki við um einkaaðila. Þá hefur verið bent á að þróun á regluverki Evrópusambandsins sé fremur í þá átt að auka svigrúm til hagræðingar í opinberum rekstri, þar á meðal svigrúm til að færa verkefni milli stjórnvalda með samningum án þess að til opinberrar útboðsskyldu stofnist. Reglur um útboðsskyldu vegna samninga á milli sveitarfélaga munu því ráðast af öðrum lagareglum en sveitarstjórnarlögum.

Í 3. mgr. 97. gr. er að finna lýsingu þess hvað ber að fjalla um, að lágmarki í samningi milli sveitarfélaga um samvinnu á því formi sem hér um ræðir. Ákaflega mikilvægt er að samningsaðilar átti sig á þeim skyldum sem geta leitt af samvinnu af þessu tagi, m.a. ef það sveitarfélag sem hefur ákveðið að veita þjónustu fyrir hönd annars tekur ákvarðanir um breytingar á útfærslu sinnar þjónustu, um ráðningu starfsmanna o.s.frv. Það er einnig ákaflega mikilvægt að samningar um þetta séu skýrir. Við stjórnvölinn geta ekki verið margir aðilar, valdmörkin verða að vera skýr.

Um 97. gr.

Ákvæði 97. gr. tekur mið af 86. gr. gildandi laga en þó er ákvæðið nánar afmarkað með tilliti til þess hvert skuli vera hlutverk og viðfangsefni landshlutasamtaka. Samkvæmt ákvæðinu geta sveitarfélög stofnað til staðbundinna landshlutasamtaka sem hafi þann tilgang að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og íbúa þeirra í hverjum landshluta. Starfssvæði, samþykktir og nánara hlutverk ræðst síðan af ákvörðun aðildarsveitarfélaga. Starfssvæði þeirra skal hljóta staðfestingu af ráðuneytinu.

Af framangreindu leiðir að landshlutasamtökum er ætlað að vera hagsmunasamtök sveitarfélaga á hverju svæði. Að þeim er ekki skylduaðild, en ef sveitarfélög kjósa geta þau ákveðið að stofna slík samtök, með það hlutverk og tilgang sem greinir í 1. mgr. ákvæðisins. Landshlutasamtök eru þannig í eðli sínu hagsmunasamtök sem hægt er að fela ákveðin pólitísk verkefni t.d. byggðapólitísk eða aðra hagsmunagæslu. Landshlutasamtök annast ekki hefðbundna stjórnsýslu fyrir hönd sveitarfélaganna. Slíkar valdframsalsheimildir gætu þó grundvallast á skýrum ákvæðum sérlaga.

Þar sem landshlutasamtök eru a.m.k. að stórum hluta fjármögnuð með opinberu fé er talið rétt að ákvörðun um starfssvæði landshlutasamtaka þurfi staðfestingu ráðherra. Af því leiðir að ákvörðun um stofnun landshlutasamtaka, og þá sérstaklega um starfssvæði þeirra, er ekki með öllu byggð á frjálsu mati sveitarfélaganna. Með hliðsjón af fjármögnun er eðlilegt að ráðherra taki í því sambandi einnig til skoðunar hvort ekki sé tryggt að tilgangur landshlutasamtaka samkvæmt samþykktum sé í samræmi við ákvæði þetta.

Rétt er að taka fram að þrátt fyrir að sveitarfélögin geti almennt ekki falið landshlutasamtökum hefðbundin stjórnsýsluverkefni á grundvelli sveitarstjórnarlaga þá kemur það ekki í veg fyrir að stofnað sé byggðasamlag, t.d. með sama starfssvæði og landshlutasamtök, þannig að hægt sé að samnýta starfsfólk, skrifstofur eða aðra aðstöðu. Á hinn bóginn verður að gæta að skýrri aðgreiningu á milli slíkra aðila enda er landshlutasamtökum ætlað að mæta þörf sveitarstjórna til samvinnu á pólitískum grundvelli, e.t.v. byggðapólitískum, á meðan byggðasamlögin hafa fremur hefðbundnu stjórnsýsluhlutverki að gegna. Ákaflega mikilvægt er að tryggja að heimild sveitarfélaganna til samstarfs í landshlutasamtökum og það fjármagn sem landshlutasamtökum er úthlutað verði ekki nýtt af hálfu sveitarfélaganna í því skyni að komast framhjá leikreglum sem gilda um opinbera stjórnsýslu.

Í 4. mgr. ákvæðisins er nýmæli þess efnis að stjórnvöld ríkisins geti með samningum eða á grundvelli heimilda í sérlögum falið landshlutasamtökum verkefni eða aðra starfsemi sem tengist hlutverki þeirra skv. 1. mgr., svo sem vegna byggðaþróunar. Hér getur t.d. verið um að ræða undirbúning og utanumhald verkefna, rannsóknir, skýrslugerð o.fl. Ákvæðinu er fyrst og fremst ætlað að vera til leiðbeiningar um stöðu og hlutverk landshlutasamtakanna. Mikilvægt hefur verið talið að efla störf þeirra en á sama tíma eru þau sjónarmið einnig ríkjandi að landshlutasamtökin eigi ekki að fá stöðu millistjórnsýslustigs.

Um 98. gr.

Ákvæðið tekur mið af 87. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga en er ítarlegra. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að sveitarfélög geti stofnað heildarsamtök allra sveitarfélaga landsins sem nefnist Samband íslenskra sveitarfélaga. Öllum sveitarfélögum skal heimilt að eiga aðild að sambandinu en ekki er um skylduaðild að ræða.

Samband íslenskra sveitarfélaga er sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna út á við og gætir sameiginlegra hagsmunamála þeirra. Sambandið telst þannig í eðli sínu vera hagsmunasamtök sveitarfélaganna en ekki til stjórnvald. Líkt og á við um landshlutasamtökin þá er

sambandið fjármagnað af opinberu fé. Af því leiðir að eðlilegt er að sambandið fullnægi ákveðnum viðmiðum um gegnsæi og málefnalega meðferð fjármuna.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa. Það er í samræmi við ríka hefð að áður en ráðherra setur reglur á grundvelli sveitarstjórnarlaga, svo sem um fjármál sveitarfélaga, þá skuli hann hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og eftir atvikum við landshlutasamtök eða einstök sveitarfélög. Er þetta einnig í samræmi við sjónarmið um sjálfstjórn sveitarfélaga.

Um 99. gr.

Mikil hefð er fyrir samstarfi íslenskra sveitarfélaga um gerð kjarasamninga. Tilgangur ákvæðisins er að árétta heimildir sveitarfélaganna til slíkrar samvinnu en ljóst er að umtalsvert framsal valds felst í því þegar sveitarfélögin fela sameiginlegum aðila, svo sem launanefnd sveitarfélaga eða Sambandi íslenskra sveitarfélaga að koma fram fyrir sína hönd við gerð bindandi samninga um kaup og kjör.

Um 100. gr.

Í lögum um fjárreiður ríkisins eru heimildir fyrir stjórnvöld ríkisins til að gera samninga við einkaaðila og sveitarfélög um ýmis rekstrarverkefni. Sambærilegar reglur hefur skort vegna sveitarfélaganna. Mikilvægt er að úr því sé bætt og að því marki stefna ákvæði 100. og 101. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. er sveitarstjórnum heimilt að gera samninga um rækslu á þjónustu og öðrum verkefnum fyrir sveitarfélag við einkaaðila enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlun. Í því felst að sé samningur til lengri tíma verður sá kostnaður að koma fram í langtímaáætlunum sveitarfélagsins, svo sem fjögurra ára áætlun og eftir atvikum einnig í sérstökum matsgerðum ef skuldbinding sem í samningi felst er veruleg.

Í 2. mgr. er skilgreint nánar hvað skal koma fram í samningi, og um nánari skilyrði samninga sem sveitarfélög gera á þessum grundvelli. Í stórum atriðum tekur ákvæðið mið af 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Um 101. gr.

Mikilvægt er að hafa í huga að sveitarfélögin fara með opinberar valdheimildir og ráðstafa opinberum hagsmunum. Því er í ákvæðinu kveðið á um að þegar sveitarfélag gerir samninga við einkaaðila um rækslu á þjónustu eða annað stjórnsýsluverkefni þá færist ákveðnar grundvallarreglur stjórnsýsluréttarins yfir á viðkomandi einkaaðila, þegar hann sinnir hinu umsamda verkefni. Tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja að réttarstaða þeirra einstaklinga, borgaranna, sem njóta hinnar umsömdu þjónustu verði ekki lakari en ef sveitarfélagið hefði sinnt henni sjálft.

Um X. kafla.

Í X. kafla er að finna mikilvæg nýmæli um samráð sveitarstjórna við íbúa sveitarfélaganna. Vakning hefur orðið bæði hjá sveitarfélögunum og annars staðar í samfélaginu um mikilvægi almenns og víðtæks samráðs um opinber málefni. Tilgangur ákvæða kaflans er ekki sá að lögbinda með ítarlegum hætti hvernig einstakar sveitarstjórnir eiga að útfæra samráð við íbúa sveitarfélags og eftir atvikum hagsmunaaðila innan sveitarfélags. Tilgangur kaflans er að setja ákveðnar leiðbeinandi reglur um ákveðnar leiðir til samráðs sem sveitarstjórnir geta þá á hverjum tíma nýtt við slíkt samráð. Að baki kaflanum býr það sjónarmið

að það sé mikilvægt við stjórn sveitarfélaganna að leitað sé eftir víðtækri samstöðu meðal íbúanna um einstakar ákvarðanir. Hvaða leið nákvæmlega er valin til að tryggja slíka samstöðu hverju sinni eða hvaða hugmyndafræði ber að leggja til grundvallar um það samráð hverju sinni er hins vegar ekki bundið í fastan lagaramma.

Um 102. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að sveitarstjórn skuli leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar. Hér er ekki aðeins vísað til íbúa sveitarfélagsins heldur einnig þeirra sem að öðru leyti njóta þjónustu þess svo sem eigendur fasteigna í sveitarfélagi sem ekki hafa þar jafnframt lögheimili. Í dæmaskyni, um möguleika sem sveitarfélögin geta nýtt sér, eru nokkrar aðferðir taldar til í 2. mgr. ákvæðisins.

Rétt þykir að árétta að almennt er ekki gert ráð fyrir lögbundinni skyldu sveitarfélaga til að tryggja samráð við íbúa og aðra eftir þeim leiðum sem mælt er fyrir um í 1.–5. tölul. Sveitarstjórn ber á hverjum tíma pólitíska ábyrgð á því hvort og þá hvernig henni tekst að vekja ánægju íbúanna með stjórn málefna sveitarfélagsins. Þó eru nánari fyrirmæli um borgarafundi, íbúaþing og íbúakosningar í öðrum ákvæðum kaflans og í 108. gr. er mælt fyrir um að skylt sé að halda borgarafundi eða íbúakosningar sé krafa um það lögð fram af tilskildu lágmarkshlutfalli íbúa sveitarfélagsins.

Um 103. gr.

Það er mikilvæg forsenda þess að íbúar sveitarfélaga geti tekið afstöðu til málefna sveitarfélagsins að þeir hafi aðgang að upplýsingum sem máli skipta. Þetta er í reynd grundvöllur eiginlegs samráðs, óháð því hins vegar hvaða feril samráð er lagt í að öðru leyti. Því er í ákvæðinu mælt fyrir um að sveitarfélögum sé skylt að upplýsa íbúa sína um áætlanir sem þar eru til umfjöllunar og varða íbúana með almennum hætti. Sama gildir um einstök mál sem varði sveitarfélagið miklu. Meðal annars skal sveitarstjórn gæta þess að íbúunum berist upplýsingar um áhrif á þjónustu sveitarfélags til lengri og skemmri tíma, um áhrif á fjárhag sveitarfélags, umhverfi og þau markmið sem stefnt er að með einstökum ákvörðunum eða áætlunum. Hér er því leitast við að ganga lengra en einfaldlega að mæla fyrir um skyldu til að hafa upplýsingar aðgengilegar fyrir íbúana. Upplýsingarnar verða að vera fram settar á þann hátt að almenningur geti kynnt sér þær og öðlast skilning um ákveðin grundvallaratriði, m.a. um rekstur sveitarfélagsins til lengri og skemmri tíma og afleiðingar fyrir möguleika sveitarfélagsins til að veita þjónustu til borgaranna. Ekki er nánar mælt fyrir um það hvernig þessar skyldu skal framfylgt. Sveitarfélögin verða sjálf að gera það upp við sig hversu langt þau vilja ganga í þessu en ýmis önnur ákvæði laganna mæla þó nánar fyrir um tiltekna upplýsingagjöf sem hér getur skipt máli. Að mestu yrði lágmarksskyldum samkvæmt ákvæðinu væntanlega fullnægt með skýrum bókunum í fundargerðir, sem birtar eru opinberlega, og svo við gerð skipulagsáætlana eða með því að tryggja opna málsmeðferð við gerð annarra veigamikilla áætlana sem gilda eiga fyrir sveitarfélagið.

Um 104. gr.

Ákvæðið felur í sér skyldu ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga að tryggja starfrækslu opinbers gagnagrunns um málefni sveitarfélaganna, fyrst og fremst í þeim tilgangi að hægt sé að bera saman einstaka þætti um rekstur og starfsemi þeirra. Ákvæðið er staðsett í þeim kafla frumvarpsins sem lýtur að samráði við íbúana. Fyrir því er gild ástæða.

Upplýsingar af því tagi sem gagnaveita af þessu tagi inniheldur geta verið mikilvægar fyrir íbúana til að móta sér afstöðu um rekstur sveitarfélagsins og málefni þess að öðru leyti. Jafnframt verður að huga að því að gagnaveita af þessu tagi geti gengt annars konar hlutverki, svo sem að hún geti styrkt einstaka sveitarstjórnarmenn í störfum sínum og jafnframt þá sem hafa ytra eftirlit með sveitarfélögunum, ráðuneytið og eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga svo dæmi séu tekin. Að síðustu ætti vönduð gagnaveita af því tagi sem hér er um að ræða að geta myndað grundvöll að betra kostnaðarmati einstakra verkefna sem sveitarfélögunum er falið að sinna.

Um 105. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að halda borgarafundi, íbúakosningar, skoðanakannanir, íbúaþing eða aðrar samkomur með íbúum sveitarfélaganna og tengjast verkefnum sveitarfélagsins. Í þessu ákvæði er lagt til að lögfest verði tiltekin atriði sem lúta að framkvæmd borgarafunda sem sveitarstjórn ákveður að standa fyrir, fyrst og fremst til að tryggja skilvirka og örugga framkvæmd þeirra. Að baki ákvæðinu býr það sjónarmið að sveitarstjórnir eigi að hafa svigrúm til að skipuleggja slíka fundi eftir því sem hentar aðstæðum í hverju sveitarfélagi fyrir sig að teknu tillit til þess eða þeirra málefna sem þar á að ræða en jafnframt að skipulag þeirra skuli ákveðið fyrir fram þannig að þátttakendur í fundi geti gengið að því vísu fyrir fram hvernig framkvæmdin skuli vera og þátttöku þeirra í fundinum hagað að öðru leyti.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um auglýsingu fundar, og hvað þar skuli tilgreint, í þeim tilgangi að þeir sem þátt vilja taka í fundi geti fyrir fram áttað sig á eðli hans og möguleikum sínum til þátttöku í honum.

Í 2. mgr. er að finna sérstakar reglur er lúta að því ef sveitarstjórn vill láta fara fram atkvæðagreiðslu á fundi. Meginþýðing ákvæðisins í 2. mgr. er sú að ef sveitarstjórn vill láta greiða atkvæði á fundi og að atkvæðagreiðsla sé bundin við íbúa sveitarfélagsins þá ber henni að gera kjörskrá eftir ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna, sem kosningin skal svo byggjast á. Um gerð kjörskrár fer eftir ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna, þar á meðal þeim frestum sem þar eru tilgreindir. Að öðrum kosti verður það reglan að allir sem mæta til fundar eigi þar atkvæðisrétt, hvort sem þeir hafa náð 18 ára aldri eða eru búsettir utan sveitarfélags.

Áréttað skal að þrátt fyrir að sveitarstjórn tilkynni í fundarboði að tiltekin tillaga verði lögð fyrir fund til atkvæðagreiðslu, þá útilokar það ekki þann möguleika, sbr. niðurlag 1. mgr., að sveitarstjórn ákveði í fundarboði að fundarmenn hafi rétt til þátttöku í umræðum og til að leggja fram tillögur á fundi. Í því getur m.a. falist að fundarmenn leggi fram nýjar tillögur, breytingartillögur eða viðaukatillögur, allt eftir því sem hefðbundin fundarsköp leyfa.

Í 3. mgr. er tekið fram að ályktanir borgarafunda séu ekki bindandi fyrir sveitarstjórn. Þetta er í samræmi við þá meginreglu sveitarstjórnarlaga að það er sveitarstjórn sem fer með stjórn sveitarfélagsins og ber bæði pólitíska og lagalega ábyrgð á málefnum þess. Sveitarstjórn verður ekki skylduð til að fara að ályktunum borgarafunda, t.d. ef þær ályktanir standast ekki lög eða starfsheimildir sveitarfélagsins. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að sveitarstjórn gefi fyrir fram út þá afstöðu sína að hún muni fara eftir niðurstöðu borgarafundar, svo fremi að hún sé í samræmi við lög. Á slíkri yfirlýsingu ber hún þá pólitíska ábyrgð en það mundi á hinn bóginn ekki varða við lög ef sveitarstjórn tæki ákvörðun um að fylgja slíkri yfirlýsingu ekki eftir þegar niðurstaða fundar liggur fyrir.

Sveitarstjórn hefur almennt sjálf forræði á því hvort hún heldur borgarafund. Á því er þó sú undantekning að ef 10% kosningarbærra einstaklinga í sveitarfélagi óska borgarafundar þá skal sveitarstjórn verða við því svo fljótt sem unnt er, sbr. 108. gr. frumvarpsins.

Um 106. gr.

Samkvæmt ákvæðinu getur sveitarstjórn haldið íbúaþing. Íbúaþing mundu almennt útfærð með öðrum hætti en almennir borgarafundir, og er hér fyrst og fremst vísað til framkvæmdar af hálfu sveitarfélaganna undanfarin ár. Í eðli sínu hefur ákvæðið ekki sérstaka þýðingu, aðra en þá að vera til leiðbeiningar fyrir sveitarstjórn.

Hugtakið íbúaþing er ekki skilgreint sérstaklega í frumvarpinu. Hér er þó út frá því gengið að íbúaþing hafi á sér annan blæ en hefðbundnir fundir og vísast hér til þeirrar framkvæmdar sem mótast hefur um íbúaþing í sveitarfélögum og á öðrum vettvangi þar sem tilgangurinn er fremur sá að fá fram umræðu og viðhorf t.d. í smærri vinnuhópum á viðkomandi þingum, heldur en að knýja fram tilteknar ákvarðanir í formi atkvæðagreiðslu. Árétta ber í þessu sambandi þann megintilgang ákvæða þessa kafla að mæla ekki ítarlega fyrir um fyrirkomulag samráðs sveitarstjórna við íbúa um stjórn málefna sveitarfélags né að leggja einhlítar línur um þá hugmyndafræði sem fylgja ber í því sambandi. Tilgangurinn er mun fremur sá að vera til ákveðinnar leiðbeiningar um það form sem fella má samráð við íbúana í, án þess þó að vera tæmandi um slíkt. Markmið og umfang samráðs verður hins vegar á ábyrgð sveitarstjórnar hverju sinni.

Um 107. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er sveitarstjórnum heimilt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins. Eðli máls samkvæmt er hér um að ræða staðbundna atkvæðagreiðslu sem bundin er við umdæmi sveitarfélagsins.

Atkvæðagreiðslur sem sveitarstjórn efnir til í sveitarfélagi geta samkvæmt ákvæðinu ekki bundið hendur sveitarstjórna sem síðar eru kosnar. Ákvarðanir sem sveitarstjórn tekur á grundvelli niðurstöðu atkvæðagreiðslu getur þó auðvitað haft áhrif á aðstæður sem síðari sveitarstjórn þarf að takast á við, líkt og við á um aðrar ákvarðanir sem sveitarstjórn tekur. Þá getur hver og ein sveitarstjórn ákveðið að hendur hennar séu bundnar af niðurstöðu atkvæðagreiðslu, enda hefur sveitarstjórnin sjálf forræði á því hvaða spurning er lögð undir atkvæði. Sú hætta að niðurstaða atkvæðagreiðslu gangi gegn heimildum sveitarfélaga að lögum er í því ljósi hverfandi.

Í 2.–6. mgr. er að finna nánari reglur um fyrirkomulag og boðun atkvæðagreiðslu. Rétt er að benda á að í 3. mgr. er sett það skilyrði að þátttaka í atkvæðagreiðslu er bundin við þá sem kosningarétt hafa í sveitarfélagi samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Skal sveitarstjórn gera kjörskrá fyrir kosninguna eftir þeim reglum sem fram koma í lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nauðsynlegt þykir að kveða á um þetta sérstaklega til að tryggja festu í framkvæmd kosninganna.

Sveitarstjórn hefur almenn sjálf forræði á því hvort að almenn íbúakosning fer fram. Á því er þó ákveðin undantekning af minnst 20% af kosningarbærum íbúum sveitarfélags óska íbúakosningar. Þá er sveitarstjórn skylt að verða við slíkri ósk, sbr. 108. gr. frumvarpsins.

Um 108. gr.

Í ákvæðinu er að finna nýmæli um rétt íbúa sveitarfélagsins til að hafa frumkvæði að þátttöku í málefnum sveitarfélagsins. Hér er lagt til að annars vegar geti 10% kosningarbærra íbúa í sveitarfélagi óskað borgarafundar, og er þá skylt að verða við því. Hins vegar geti 20%

kosningarbærra íbúa óskað íbúakosningar og er þá skylt að verða við því. Í þessu felst þó vitaskuld ekki að sveitarstjórn sé ekki heimilt að verða við slíkum óskum þótt lægra hlutfall íbúa leggi þær fram.

Vegna þess að sveitarfélög eru opinber stjórnvöld með tiltekið og afmarkað hlutverk að lögum þykir ekki rétt að íbúar sveitarfélaganna geti einnig krafist þess með hvaða hætti þeir viðburðir sem um ræðir borgarafundir eða atkvæðagreiðsla fari fram. Sveitarstjórn skal hafa forræði á fyrirkomulagi þeirra og um þá spurningu sem lögð verður fyrir í atkvæðagreiðslu, sé um það að ræða. Til nánari áréttingar á þessu er lagt til að tekið verði fram í 2. mgr. að íbúakosningar verði hvorki krafist um ráðningu í störf hjá sveitarfélagi né tillögu sem gengur gegn lögum eða mundi leiða til þess að lagaskyldu yrði ekki fullnægt af hálfu sveitarfélagsins.

Atriði sem oft veldur umtalsverðri umræðu í tengslum við kröfur borgaranna um tilteknar athafnir af hálfu opinberra aðila, t.d. kosningar, er það hvernig staðið skuli að söfnun slíkra viljayfirlýsinga. Ákvæðum 3. og 4. mgr. er ætlað að mæta óvissum þáttum í þeim efnum.

Um XI. kafla.

Í XI. kafla frumvarpsins er að finna almenn ákvæði um eftirlit ráðuneytisins með stjórnsýslu sveitarfélaganna. Koma þau til viðbótar ákvæðum VIII. kafla um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

Sveitarfélög eru hluti hins íslenska stjórnsýslukerfis. Um þau gilda almennar reglur stjórnsýsluréttar auk sérlaga eftir því sem við á. Tilvist sveitarfélaga er tryggð í 78. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 16. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995. Í 1. mgr. þeirrar greinar segir að sveitarfélög skuli sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Þetta ákvæði felur í sér yfirlýsingu stjórnarskrárgjafans um að sveitarfélög skuli hafa ákveðna sjálfstjórn í tilteknum málum, án þess þó að afmarkað sé hversu rík hún sé. Þá hefur íslenska ríkið fullgilt Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga, sbr. C-deild Stjórnartíðinda, skjal nr. 7/1991, en þar kemur m.a. fram, sbr. 2. gr., að meginreglan um sjálfstjórn sveitarfélaga skuli viðurkennd í landslögum og í stjórnarskránni ef unnt er.

Sjálfstjórn sveitarfélaga felur samkvæmt stjórnarskrá í sér rétt sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Í einföldu máli má segja að sjálfstjórnin feli í sér áréttingu á sjálfstæði sveitarfélaga gagnvart öðrum stjórnvöldum, gagnvart öðrum handhöfum framkvæmdavaldsins. Sjálfstjórn sveitarfélaga felur ekki í sér að sveitarfélög þurfi ekki að lúta fyrirmælum laga. Löggjafinn hefur rétt til að setja reglur um stjórnsýslu sveitarfélaga og verkefni og um eftirlit með starfsemi þeirra enda ráða sveitarfélögin sjálf málefnum sínum „eftir því sem lög ákveða“, eins og segir í 78. gr. stjórnarskrárinnar. Vegna umfjöllunar um löggjöf þar sem mælt er fyrir um stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum er jafnframt mikilvægt að hafa í huga 8. gr. nefnds sáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga. Hún hljóðar svo:

„1. Allt eftirlit með starfsemi sveitarstjórna má einungis framkvæma á þann hátt og í þeim tilvikum sem mælt er fyrir í stjórnarskránni eða í lögum.
2. Allt eftirlit með starfsemi sveitarstjórna skal að jafnaði aðeins beinast að því að farið sé að lögum og grundvallarreglum stjórnskipunar. Þegar hentar geta æðri stjórnvöld þó haft eftirlit með framkvæmd sveitarstjórna á verkefnum sem viðkomandi stjórnvöld hafa framselt sveitarstjórnum.
3. Eftirlit með sveitarstjórnum skal framkvæma á þann hátt að hægt sé að tryggja að íhlutun eftirlitsstjórnvalds sé í hlutfalli við mikilvægi þeirra hagsmuna sem því er ætlað að vernda.“

Vegna ákvæðis stjórnarskrárinnar um sjálfstjórn sveitarfélaga teljast þau m.a. sjálfstæð í þeim skilningi að ráðherrar fara ekki með almennar eftirlits- og yfirstjórnunarheimildir gagnvart þeim. Afskipti ráðherra af málefnum sveitarfélaganna þurfa því almennt að byggjast á sérstökum lagaheimildum. Heimildir ráðherra, eða eftir atvikum annarra stjórnvalda, til að viðhafa eftirlit með sveitarfélögum eða gefa þeim fyrirmæli eru því almennt ekki fyrir hendi nema um það sé sérstaklega fjallað í lögum. Hin almenna kæruheimild sem lögfest er í 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og fjallar um rétt til kæru svonefndra stjórnvaldsákvarðana til æðra stjórnvalds á samkvæmt þessu ekki við um kærur vegna stjórnvaldsákvarðana sem teknar eru á vegum sveitarfélaga, enda ekki það stjórnsýslusamband til staðar milli ráðherra og sveitarfélaga sem ákvæðið byggist á. Í þeim tilvikum sem sérstaklega er mælt fyrir um kæruheimild vegna stjórnvaldsákvarðana gilda þó eftir atvikum önnur ákvæði þeirra laga um meðferð kærumálsins.

Þegar rætt er um eftirlit annarra stjórnvalda með sveitarfélögum er hefðbundið að greint sé á milli þess sem nefnt er almennt stjórnsýslueftirlit og sértækt eða sérstakt stjórnsýslueftirlit. Með sérstöku eftirliti er þá vísað til eftirlits sem fram fer á afmörkuðum sviðum, vegna afmarkaðra verkefna sveitarfélaganna. Almennt stjórnsýslueftirlit með starfsemi sveitarfélaga er á hinn bóginn kveðið á um í 102. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Á sama hátt má greina heimildir aðila máls eða annarra sem kærurétt hafa til að kæra ákvarðanir sveitarfélaga í almennar kæruheimildir og sérstakar. Almenn kæruheimild vegna ákvarðana sem teknar eru á sveitarstjórnarstigi er að finna í 103. gr. sveitarstjórnarlaga en dæmi um sérstakar kæruleiðir er samkvæmt gildandi lögum til að mynda að finna í 47. gr. grunnskólalaga, nr. 91/2008. Almenn lögskýringarsjónarmið leiða til þess að þegar sérstakar eftirlits- eða kæruheimildir eru fyrir hendi ganga þær framar almennum heimildum samkvæmt sveitarstjórnarlögum að þessu leyti.

Eftirlit innan stjórnsýslunnar þar sem einu stjórnvaldi er falið eftirlit með öðru er útfært með ýmsum hætti í lögum. Í grundvallaratriðum má þó segja að hvað varðar eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaganna komi helst til greina þrjár leiðir í þessu efni. Er þá tekið mið af íslenskri lagahefð og þeim leiðum sem almennt hafa verið valdar í þessu efni til að mynda í Noregi og Danmörku. Í fyrsta lagi er um að ræða svonefnt frumkvæðiseftirlit. Með frumkvæðiseftirliti með stjórnsýslu sveitarfélags er í grófum dráttum átt við það að öðru stjórnvaldi, almennt á vegum ríkisins, er fengin heimild til þess að ákveða að eigin frumkvæði að taka til umfjöllunar lögmæti ákvarðana og athafna sveitarfélags. Umfang eftirlitsins og úrræði sem eftirlitsaðili hefur til upplýsingaöflunar og til að fylgja áliti sínu eftir ráðast af viðkomandi lagaákvæðum. Eins og fram kom hér að framan verður ákvörðun sem tekin er á sveitarstjórnarstigi almennt ekki kærð til annars aðila innan stjórnsýslunnar nema svo sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Hið sama á í grundvallaratriðum við um annars konar eftirlit utanaðkomandi stjórnvalda með stjórnsýslu sveitarfélaganna. Rétt er þó að taka fram að almennt hefur viðkomandi fagráðherra heimild til að láta í ljós óbindandi álit á störfum og ákvörðunum viðkomandi sveitarfélags um þau atriði og málefni sem undir hann heyra samkvæmt ákvæðum laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Þá verður einnig að gera ráð fyrir að viðkomandi fagráðherra hafi ákveðnar almennar skyldur gagnvart þeim málaflokkum sem undir hann heyra, þrátt fyrir að framkvæmd þeirra hafi með lögum verið falin stjórnvöldum sem hann ber ekki stjórnarfarslega ábyrgð á eins og sveitarfélagi.

Í 102. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, er kveðið á um almennt eftirlit ráðuneytis sveitarstjórnarmála með því að sveitarstjórnir gegni lögbundnum skyldum sínum. Er mælt

fyrir um tiltekin úrræði ráðuneytisins til að fylgja þessu hlutverki eftir í 2. mgr. greinarinnar. Í framkvæmd hefur verið litið svo á að 102. gr. sveitarstjórnarlaga feli í sér ákveðna tegund frumkvæðiseftirlits með stjórnsýslu sveitarfélaga. Ákvæðið felur í sér heimild ráðuneytisins til að láta uppi álit á lögmæti ráðstafana sveitarfélaga án tillits til framkominna stjórnsýslukæra eða aðildar þeirra sem mögulega láta uppi ábendingar við ráðuneytið um þau atriði sem þeir telja að betur gætu farið við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna og eftir atvikum að beita tilteknum viðurlögum til að knýja fram þær lögmætu ráðstafanir sem um ræðir. Frumkvæðiseftirlit getur verið mjög þýðingarmikill þáttur í stjórnsýslueftirliti með sveitarfélögum enda eru ýmsar ákvarðanir og aðgerðir sem ráðist er í af hálfu sveitarfélaganna þess eðlis að ekki er víst að neinir ákveðnir aðilar, íbúar eða aðrir, hafi þá sérstöku hagsmuni af úrlausn máls umfram aðra að þeir gætu átt aðild að kærumáli eða dómsmáli, jafnvel þó að viðkomandi ákvörðun geti haft mikla þýðingu fyrir þá. Það getur til að mynda átt við um staðfestingu stærri áætlana eða sölu eigna. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að utanaðkomandi eftirlitsaðili geti gripið inní og gætt þeirra almannahagsmuna sem um er að tefla hverju sinni.

Í öðru lagi er um að ræða stjórnsýslukærur. Stjórnsýslukæra er það réttarúrræði nefnt þegar aðili máls, eða annar sá sem á kærurétt, skýtur stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds sem skylt er að endurskoða ákvörðunina. Almenna heimild til að kæra stjórnvaldsákvarðanir sveitarfélaga er að finna í 103. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Víða í lögum hefur jafnframt verið kveðið á um sérstakar kæruleiðir vegna þeirra verkefna sem sveitarfélögunum hafa verið falin. Dæmi um slíkt var t.d. að finna í skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig ákvæði nýrra skipulagslaga, nr. 123/2010, ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, auk áðurnefndra ákvæða grunnskólalaga, nr. 91/2008. Vegna sjálfstæðrar stöðu sveitarfélaganna leiðir það af þeim lagaákvæðum sem við eiga hverju sinni hvaða valdheimildir viðkomandi úrskurðaraðili hefur gagnvart því sveitarfélagi sem kæra beinist að. Almennt má gera ráð fyrir að það leiði af hinni lögbundnu kæruleið í sjálfu sér, sé ekki beinlínis kveðið á um annað, að úrskurðaraðilinn geti fellt ákvörðun sem tekin er á vegum sveitarfélagsins úr gildi, í heild eða að hluta, og þá eftir atvikum gefið fyrirmæli um að mál skuli tekið fyrir að nýju hjá sveitarfélaginu, eða staðfest ákvörðunina. Þegar um stjórnsýslukæru er að ræða er almennt í stjórnsýslurétti einnig gengið út frá því að úrskurðaraðili hafi heimild til að taka nýja ákvörðun í viðkomandi máli eða til að leggja fyrir lægra sett stjórnvald að taka málið til endurákvörðunar og komast þá að tiltekinni niðurstöðu í því. Vegna sjálfstæðrar stöðu sveitarfélaganna, sbr. 78. gr. stjórnarskrárinnar, verður þó að gera þann fyrirvara um þetta síðastnefnda að takmörk kunna að vera á heimildum úrskurðaraðila til að gefa sveitarfélagi eða aðila á þess vegum slík fyrirmæli um efnislega niðurstöðu máls eða til að taka nýja ákvörðun í máli fyrir þess hönd nema til þess standi skýr lagaheimild. Það er því mikilvægt í þeim tilvikum sem kveðið er á um rétt aðila máls eða annarra til að kæra ákvarðanir sveitarfélaga að jafnframt sé tekin skýr afstaða að lögum til þeirra valdheimilda sem úrskurðaraðili hefur gagnvart sveitarfélagi til að gefa því fyrirmæli um efnislega niðurstöðu máls og um úrræði til að fylgja þeim fyrirmælum eftir.

Í þriðja lagi hefur í lögum stundum verið farin sú leið að mæla fyrir um að tilteknar almennar samþykktir eða reglur sveitarfélaga öðlist ekki gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af viðkomandi ráðherra. Almennt er við það miðað að slík staðfesting feli að lágmarki í sér skyldu til eftirlits með lögmæti þess gernings sem um ræðir. Sjaldgæft mun vera, ef ekki óþekkt, að áskilið sé í lögum að afmarkaðar ákvarðanir sveitarfélaga t.d. stjórnvaldsákvarðanir þurfi staðfestingu með þessum hætti.

Við lagasetningu og framkvæmd laga sem lúta að verkefnum sveitarfélaga reynir iðulega á sjónarmið um það hversu ríka sjálfstjórn rétt er að fela sveitarfélögum um framkvæmd verkefna sinna. Eins og fram kom hér að framan verður almennt ekki gengið út frá því að stjórnarskráin hindri að löggjafinn setji um verkefni sveitarfélaganna allítarleg lagafyrirmæli auk þess að setja í lög ákvæði um eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaganna og úrræði til að þvinga sveitarfélög til að framfylgja lögum í störfum sínum. Áður tilvitnað ákvæði í 8. gr. Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga gerir þó ráð fyrir því að af við lagasetningu og framkvæmd eftirlits fari fram ákveðið mat á því hversu langt er þörf á að ganga í þessu tilliti þannig að íhlutun eftirlitsstjórnvalds sé í hlutfalli við mikilvægi þeirra hagsmuna sem því er ætlað að vernda. Sambærileg sjónarmið felast í þeim grundvelli sem ákvæði 78. gr. stjórnarskrárinnar hvílir á. Í samræmi við þessi sjónarmið virðist það hafa verið almenn löggjafarstefna hér á landi að þegar í lögum er mælt fyrir um eftirlit stjórnvalda ríkisins með einstökum og afmörkuðum ákvörðunum sveitarfélaga eða ákvörðunum sem teknar eru á þeirra vegum þá sé eftirlitið takmarkað við svonefnt lögmætiseftirlit. Með því er nánar tiltekið átt við það að úrskurðaraðila er falið að taka ákvörðun til endurskoðunar og fjalla um það hvort ákvörðun sé að formi eða efni í samræmi við lög. Honum er á hinn bóginn almennt ekki falið að endurskoða það mat sem sveitarfélag framkvæmir innan þess lagaramma sem því hefur verið settur. Þá virðist úrskurðaraðila almennt ekki falin heimild til að taka nýja ákvörðun í stað þeirrar sem kærð var, heldur aðeins heimild til að fella ákvörðun úr gildi í heild eða að hluta og leggja þá fyrir sveitarfélagið að taka nýja ákvörðun í málinu.

Þegar mælt er í lögum fyrir um eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga geta ýmsir hagsmunir búið slíkum lagaákvæðum að baki. Ákvæði laga um rétt aðila máls til að kæra einstakar ákvarðanir sem teknar eru á sveitarstjórnarstigi byggjast almennt á sjónarmiðum um að mikilvægt sé að veita aðila slíkan rétt þannig að réttaröryggi hans sé betur tryggt en ella. Í einhverjum tilvikum kann að verða lítið úr slíkum kærurétti og þeirri réttarvernd sem honum er ætlað að veita hafi úrskurðaraðili engin lagaleg úrræði til að fylgja niðurstöðu sinni eftir gagnvart viðkomandi sveitarfélagi. Hversu rík slík úrræði eiga að vera veltur hins vegar að stórum hluta á pólitísku mati á mikilvægi þeirra hagsmuna sem um ræðir.

Í kafla þessum er byggt á framangreindum sjónarmiðum. Einnig er byggt á því sjónarmiði að eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga þurfi að standa styrkum lagalegum fótum vegna sjónarmiða um sjálfstjórn sveitarfélaga. Almennt eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga hefur sögulega verið veikt. Mikilvægt er að hugað sé að styrkingu þess og eflingu. Mikilvægt er einnig að tryggja að eftirlitið sé samþætt þeirri starfsemi sem að öðru leyti fer fram í ráðuneyti sveitarstjórnarmála, m.a. í því skyni að sú þekking sem því fylgir að fást við einstök atriði sem varða framkvæmd sveitarstjórnarmálefna skili sér inn í ráðuneytið við þá stefnumótun um málefni sveitarfélaganna sem þar fer fram á hverjum tíma.

Um 109. gr.

Í ákvæðinu er tekið fram að ráðuneytið hafi eftirlit með því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum. Hér er vísað til laga í rúmri merkingu, þ.e. bæði settra laga og óskráðra grundvallarreglna, bæði hvað varðar form og efni ákvarðana, samninga og annarra athafna af hálfu sveitarfélaga. Í 1. mgr. er enn fremur tekið fram að ráðuneytið hafi eftirlit með byggðasamlögum og jafnframt öðrum sem með samningi eða á annan hátt er falið að rækja stjórnsýslu sem ráðuneytið hefði haft eftirlit með hefði sveitarfélagið sinnt þeim sjálft. Í þessu felst, ef um er að ræða einkaaðila sem fengið hefur verið slíkt hlutverk, að eftirlit ráðuneytisins tekur til viðkomandi verkefnis og

framkvæmdar á því, en ekki til annarrar starfsemi viðkomandi aðila. Eftirlit mundi hins vegar taka til starfsemi byggðasamlags í heild sinni.

Í 2. mgr. kemur fram takmörkun á eftirliti ráðuneytisins. Til skýringar er tekið fram að eftirlitið taki ekki til Sambands íslenskra sveitarfélaga eða landshlutasamtaka, nema þeim hafi á grundvelli samnings eða með öðrum hætti verið falið stjórnsýsluverkefni fyrir hönd einstakra sveitarfélaga sem ráðuneytið hefði ella haft eftirlit með. Að þessu leyti er sambandið og landshlutasamtök í sömu stöðu og einkaaðila sem gera t.d. samninga um rækslu þjónustu fyrir hönd sveitarfélags. Byggist þetta á því að sambandið og landshlutasamtökin eru ekki stjórnvöld heldur hagsmunasamtök sveitarfélaga. Þá er tekið fram að ráðuneytið hafi ekki eftirlit með ákvörðunum sveitarfélaga í starfsmannamálum, um gerð kjarasamninga eða þau verkefni og ákvarðanir sem öðrum stjórnvöldum er með beinum hætti falið eftirlit með. Með undantekningu hvað varðar ákvarðanir í starfsmannamálum er stefnt að samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ákvarðanir forstöðumanna stofnana í starfsmannamálum eru almennt ekki kæranlegar til ráðherra samkvæmt þeim lögum. Ákveðin undantekning, í samræmi við starfsmannalögin, er þó gerð í ákvæði 111. gr. sem nánar er vikið að í skýringum við það ákvæði. Eftir sem áður eiga starfsmenn möguleika á að leita til umboðsmanns Alþingis og dómstóla. Undantekning hvað varðar kjarasamninga byggist á eðli kjarasamninga og tilurðar þeirra. Hér er um að ræða svið sem ekki lýtur hefðbundnum stjórnsýslureglum að öllu leyti.

Í lokamálslið ákvæðisins segir að undir eftirlit ráðuneytisins falli ekki verkefni og ákvarðanir sem öðrum stjórnvöldum er með beinum hætti falið að hafa eftirlit með. Í þessu felst áréttting þess almenna lögskýringarsjónarmiðs að sérákvæði laga um eftirlit með starfsemi sveitarfélaga ganga framar almennum ákvæðum sveitarstjórnarlaga um sama efni. Almenn heimild einstakra fagráðherra til að veita óbindandi álit um málefni sem stjórnarfarslega heyra undir þá ryður á hinn bóginn ekki úr vegi því eftirliti sem ráðherra sveitarstjórnarmála er falið með lögum þessum.

Um 110. gr.

Í ákvæðinu er að finna almenna lýsingu á eftirliti ráðherra með sveitarfélögum og þær grunnreglur sem eftirlitið skal byggjast á. Tekið er fram að eftirlit ráðherrans með ákvörðunum eða athöfnum sveitarfélaga verði fyrst og fremst fellt í einhvern af þeim fjórum farvegum sem ákvæðið mælir fyrir um. Í fyrsta lagi sinnir ráðherrann eftirliti þegar hann staðfestir reglur sveitarfélaganna hafi ráðherra á annað borð verið falið það hlutverk með lögum. Það ræðst því af öðrum lagaákvæðum, m.a. í sveitarstjórnarlögum sjálfum, hvort ráðherra hefur slíkt eftirlit með höndum. Samkvæmt frumvarpi þessu er hér aðallega um að ræða samþykktir sveitarfélaga um stjórn og fundarsköp en einnig siðareglur og eftir atvikum aðrar reglur sem ekki öðlast gildi nema að fenginni staðfestingu ráðherra. Í öðru lagi sinnir ráðherrann ákveðnu og mikilvægu eftirlitshlutverki þegar honum er samkvæmt lögum þessum falið að koma að málum sem lúta að fjármálum sveitarfélaganna. Nánari ákvæði um það hvaða hlutverk ráðherra hefur að þessu leyti og hvað er hlutverk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga koma fram í kafla frumvarpsins um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Eftir atvikum kann að reyna á samspil eftirlits með fjármálum annars vegar og annarri stjórnsýslu sveitarfélaganna hins vegar. Í slíkum tilvikum reynir enn fremur á upplýsingagjöf á milli eftirlitsnefndarinnar og ráðuneytisins. Mikilvægt er að við slíkt samspil sé litið til þeirra meginsjónarmiða sem fram koma í 2. og 3. mgr. þessa ákvæðis, en einnig þarf að hafa í huga þá mikilvægu hagsmuni sem búa að baki því að eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga sé virkt

og að ólögmætar ákvarðanir eða athafnir af hálfu sveitarfélaganna verði ekki látnar afskiptalausar. Í þriðja lagi er mælt fyrir um það að ráðuneytið hafi eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga á grundvelli stjórnsýslukæra sem honum berast skv. 111. gr. og í fjórða lagi við meðferð frumkvæðismála skv.112. gr.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um það almenna viðmið sem hafa ber í huga við framkvæmd eftirlits með sveitarfélögunum að það gangi ekki lengra en þörf er á. Þó má ekki framkvæma eftirlitið þannig að það hafi ekki þýðingu eða virkni. Ákvæði 3. mgr. felur síðan í sér almennt ákvæði sem ætlað er að tryggja möguleika sveitarstjórnar til að koma sjónarmiðum á framfæri áður en ákvörðun er tekin. Sveitarfélög eru stjórnvöld og þannig bundin af lögmætisreglunni í störfum sínum. Þau hafa því ekki þörf á þeirri réttarvernd sem leiðir af 13. gr. stjórnsýslulaga, enda mundu þau almennt ekki teljast aðilar að stjórnsýslumálum sem ráðuneytið rekur samkvæmt ákvæðum kafla þessa. Engu að síður er rétt, eftir atvikum, að tryggja sveitarfélögunum tiltekin réttindi undir meðferð málsins, þar á meðal réttinn til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Um 111. gr.

Ákvæðið geymir almenna kæruheimild til ráðuneytisins. Segir þar að aðila máls, þ.e. þeim sem á lögvarinna hagsmuna að gæta í máli umfram aðra, sé heimilt að kæra til ráðuneytisins stjórnvaldsákvarðanir sem lúta eftirliti þess skv. 109. gr. Hér undir falla ákvarðanir sveitarfélaga, byggðasamlaga og þeirra sem framselt hefur verið vald til töku stjórnvaldsákvarðana fyrir hönd sveitarfélags eða byggðasamlags. Orðalagið „ákvarðanir um rétt eða skyldu manna“ vísar til 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Það eru því einvörðungu slíkar ákvarðanir sem sæta stjórnsýslukæru.

Í ákvæðinu felst umtalsverð takmörkun á kærurétti frá því sem nú gildir skv. 103. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, enda hefur verið litið svo á að kæruréttur samkvæmt því ákvæði taki til „ákvarðana“ sem teknar eru á vegum sveitarfélaga en ekki aðeins til þess flokks stjórnsýsluathafna sem flokkaðar eru sem „stjórnvaldsákvarðanir“ og lúta ákvæðum stjórnsýslulaganna. Er þetta hugsað til nánari skýringar og afmörkunar á kæruheimildinni fremur en til takmörkunar á eftirliti ráðuneytisins í heild. Í ákvæði 112. gr. felst á móti veruleg efling á frumkvæðiseftirliti ráðherra með sveitarfélögunum og verða mál því í auknum mæli felld í þann farveg í stað þess að þau verði afgreidd á grundvelli stjórnsýslukæru. Stjórnsýslulögin gilda í slíkum tilvikum jafnt um meðferð máls og þó það félli undir 111. gr., ef niðurstaða máls felur í sér stjórnvaldsákvörðun, eða líkur eru til að svo verði.

Í 2. mgr. er tekið fram að kæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg. Þessi frestur er í samræmi við ákvæði gildandi sveitarstjórnarlaga, sem og 27. gr. stjórnsýslulaga. Rétt er að hafa í huga að ráðuneytið getur nýtt ákvæði 112. gr. til að hefja meðferð máls, jafnvel þó að kærufrestur sé úti. Sú staða getur jafnframt komið upp að ráðuneytið hafi þegar byrjað að kanna viðkomandi mál á grundvelli heimildar í 112. gr. þegar því berst kæra skv. 111. gr. Slíkt væri í ákveðnum tilvikum hægt að leysa, t.d. með því að málin yrðu sameinuð. Hins vegar getur slík aðstaða einnig kallað á flækjur í málsmeðferð sem þá verður að leysa úr. Kæra felur í sér úrskurðarskyldu, sé kæruskilyrðum á annað borð fullnægt. Hér ber að hafa í huga að niðurstaða um það hvort mál lýtur 111. eða 112. gr. þarf ekki á neinn hátt að þýða að réttarstaða aðila málsins, þ.e. þess sem beinir erindi til ráðuneytisins, verði lakari, enda geta stjórnsýslulögin átt við um meðferð mála skv. 112. gr. eins og 111. gr. Þá eru úrræði ráðuneytisins þau hin sömu, hvort sem það rekur mál eftir 111. eða 112. gr. Það sem á milli skilur

er að skv. 111. gr. á aðili máls, að kæruskilyrðum fullnægðum, rétt til þess að ráðuneytið kveði upp úrskurð í tilefni af kæru hans. Skv. 112. gr. er ákvörðunarvaldið um það hvort tilefni sé til að hefja mál hins vegar hjá ráðuneytinu sjálfu, a.m.k. í orði kveðnu. Í reynd er þetta ekki þó svo einfalt því eftirlitsaðili, eins og ráðuneytið, sem fær tilkynningu um ákvörðun eða athöfn af hálfu sveitarfélags sem bendir til þess að hún sé ólögmæt hefur ekki frjálst val um það hvort hann sinnir því eftirliti sem honum er falið með lögum. Þó svo að réttur aðila máls til þess að ráðuneytið taki mál hans til ítarlegrar skoðunar sé ekki jafn ríkur og ef um kærurétt væri að ræða, þá er hann samt engu að síður sterkur. Ráðuneytinu ber einfaldlega að fullnægja því lögbundna hlutverki sínu að hafa eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaganna.

Eins og tekið var fram hér að framan gilda ákvæði 26. gr. stjórnsýslulaga um rétt til að leggja fram kæru ekki um stjórnsýslu sveitarfélaga. Í ákvæðinu er hins vegar tekið fram, til skýringar og í samræmi við lagaframkvæmd, að önnur ákvæði stjórnsýslulaga um meðferð kærumála gildi um meðferð mála skv. 111. gr. eftir því sem við getur átt.

Í 3. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um rétt starfsmanna sveitarfélaga til að kæra til ráðherra ákvarðanir sveitarfélags um uppsögn, enda eigi hún rót í ástæðum sem varða framgöngu hans í starfi eða utan þess, sbr. til hliðsjónar 21. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Að baki þessu ákvæði býr sjónarmið um samræmingu á réttarstöðu starfsmanna sveitarfélaga og starfsmanna ríkisins hvað þetta varðar, sbr. 49. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 112. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um heimild ráðuneytisins til að taka að eigin frumkvæði til meðferðar mál sem varða stjórnsýslu sveitarfélaganna. Ráðherra hefur þessa heimild hvort sem aðili máls á rétt til þess að mál verði tekið til úrskurðar á grundvelli kæru skv. 111. gr. eða ekki. Heimildin hefur þó sérstakt gildi í þeim tilvikum þegar enginn íbúi sveitarfélags, eða annar, hefur aðilastöðu að máli og þar með ekki kærurétt. Heimildin er einnig mikilvæg þegar sú staða er uppi að þeir sem hafa aðilastöðu mundu ekki kæra, t.d. vegna þess að ákvörðun hefur verið þeim ívilnandi en líkur eru til að hún sé ólögmæt engu að síður. Þá má nefna tilvik þegar kærufrestur skv. 111. gr. er liðinn eða þegar aðili er ósáttur við ákvörðun eða athöfn sveitarfélags en hann á ekki kærurétt skv. 111. gr. af þeirri ástæðu að ákvörðun sveitarfélags telst ekki stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga. Síðastnefnt atriði gæti t.d. komið til skoðunar þegar einstakir sveitarstjórnarmenn, eða minni hluti í sveitarstjórn, telur að sveitarstjórn hafi ekki staðið rétt að málum.

Til leiðbeiningar og útfærslu á heimild skv. 1. mgr. eru í 2. mgr. tilteknar mismunandi niðurstöður sem frumkvæðismál getur leitt til. Eftir atvikum kann málsmeðferð ráðuneytisins að vera mismunandi eftir því hvort ráðuneytið telur tilefni til að gefa út leiðbeiningar skv. 1. tölul., álit skv. 2. tölul., eða grípa til úrræða skv. 3. eða 4. tölul. Á öllum stigum verður ráðuneytið hins vegar að hafa í huga að ef þörf er á beitingu úrræða skv. 3. eða 4. tölul. til þess að markmiðum laga þessara um að stjórnsýsla sveitarfélaga sé lögum samkvæmt verði náð þá hefur ráðuneytið ekki frjálst val um það að fella mál engu að síður í farveg skv. 1. eða 2. tölul. Hlutverk ráðuneytisins er, líkt og sveitarfélaganna, að framfylgja lögunum. Hins vegar kann að vera rík þörf fyrir skilvirkari málsmeðferð, líkt og 1. tölul. getur falið í sér, t.d. þegar ráðuneytinu berast fyrirspurnir frá einstökum sveitarstjórnarmönnum um lögmæti einstakra funda eða ákvarðana um fundarsköp og viðkomandi telur leiðbeiningar samkvæmt þeim tölulið nægjanlegar.

Í 3. mgr. er tekið fram að ákvarðanir skv. 2. mgr. skulu rökstuddar eftir því sem tilefni er til. Hér er leitast við að árétta að ráðuneytið hefur svigrúm til að ljúka málum með einföldum hætti, skv. 1. og 2. tölul., m.a. í því skyni að tryggja skjóta og skilvirka framkvæmd. Á hinn bóginn er jafnframt áréttað að í niðurstöðu skal koma fram hvort, og þá með hvaða hætti ráðuneytið muni fylgja niðurstöðu sinni eftir þegar tilefni er til. Í framkvæmd hefur brugðið við að ráðuneytið hafi gefið út álit þar sem eru gerðar athugasemdir við stjórnsýslu sveitarfélaga án þess að þar sé tekið fram hvernig ráðuneytið muni fylgja áliti sínu eftir ef sveitarfélag fylgir ekki niðurstöðu ráðuneytisins. Í ákveðnum tilvikum hefur síðar komið í ljós að ráðuneytið telji sig ekki hafa heimildir til slíkrar eftirfylgni. Mikilvægt er að slík afstaða komi fram strax og ráðuneytið tekur afstöðu til lögmætis ákvörðunar eða athafna sveitarfélags m.a. vegna hagsmuna þeirra einkaaðila sem ákvörðun sveitarfélagsins snertir og einnig til að viðkomandi sveitarfélagi sé betur en ella væri ljós sú þýðing sem niðurstaða ráðuneytisins hefur.

Um 113. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um rétt ráðuneytisins til aðgangs að upplýsingum. Ákvæðið er forsenda fyrir eftirliti ráðuneytisins með stjórnsýslu sveitarfélaganna að öðru leyti. Það þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 114. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Almennt hefur verið litið svo á að við meðferð kærumála skv. 103. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga hafi ráðuneytið heimild til að fella ákvarðanir úr gildi ef þær eru haldnar slíkum annmörkum að þær teljast ógildanlegar. Með því að kveða sérstaklega á um ógildingarheimild er hins vegar tryggt að ráðuneytið fær þessa heimild einnig við meðferð frumkvæðismála og þegar reynir á gildi ákvarðana um fjármál sveitarfélaga við meðferð mála skv. VIII. kafla frumvarpsins. Slíkt er mikilvægt, ekki síst með hliðsjón af þeirri þrengingu kæruréttar sem felst í 111. gr. og áður hefur verið lýst.

Um „ógildingu“ ákvarðana sveitarfélaga og um það hvenær ákvarðanir eru „ógildanlegar“ gilda almennar óskráðar grundvallarreglur stjórnsýsluréttar, sem fyrst og fremst hafa hér á landi mótast fyrir tilstuðlan dómstóla. Ráðuneytinu ber þannig að leggja til þann sama mælikvarða við mat á því hvort ákvörðun er „ógildanleg“ og dómstóll mundi gera ef sambærilegt mál væri þar til meðferðar.

Í 2. mgr. segir að þegar sérstakar ástæður mæli með því geti ráðuneytið ákveðið að fresta réttaráhrifum ákvörðunar sem sveitarfélag hefur tekið meðan það hefur mál til meðferðar. Skal þá taka ákvörðun um frestun svo fljótt sem við verður komið. Meginreglan er að öðru leyti sú að stjórnsýslukæra eða ákvörðun ráðuneytisins um að taka ákvörðun sveitarfélags til meðferðar frestar ekki réttaráhrifum hennar. Sambærilegar heimildir til frestunar á réttaráhrifum er að finna í íslenskum lögum hvað varðar einstakar ákvarðanir, sbr. t.d. 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ákvæðið verður ekki túlkað svo rúmt að í því felist heimild til frestunar á réttaráhrifum þegar gerðra samninga.

Um 115. gr.

Í ákvæðinu er sérstaklega mælt fyrir um heimild ráðuneytisins til að fella úr gildi samninga sem ekki eru í samræmi við ákvæði laganna. Í 1. mgr. er sérstaklega fjallað um samninga sveitarfélaga um samvinnu, en í 2. mgr. um samninga sem fela í sér ákvarðanir um fjárhagsleg málefni sveitarfélags eða hafa áhrif á fjárhag þess og ekki samrýmast ófrávíkjan-

legum ákvæðum laganna. Ákvæðið er nauðsynlegt til þess að skjóta styrkari stoðum undir þær mikilvægu reglur sem í frumvarpinu felast, annars vegar um samvinnu sveitarfélaga og hins vegar um fjármál.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvæðið eigi þó ekki við ef samningur telst marklaus gagnvart sveitarfélagi vegna veigamikils ágalla á gerð hans. Af dómaframkvæmd leiðir að í ákveðnum tilvikum getur það átt við ef viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar hefur ekki verið aflað til gerðar gernings, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar Íslands sem birtur er í dómasafni réttarins 1997, bls. 2647.

Um 116. gr.

Í ákvæðinu felst það nýmæli að ráðuneytinu verður heimilt, ef skilyrði eru fyrir hendi, að leggja dagsektir á einstök sveitarfélög. Skilyrði er að um sé að ræða vanrækslu sveitarfélags á lögbundinni skyldu, svo sem um að skila upplýsingum eða að fylgja ákvörðunum sem ráðherra hefur tekið samkvæmt lögunum.

Það leiðir af öðrum ákvæðum þessa kafla að ákvörðun um dagsektir verður almennt ekki tekin nema að undangenginni málsmeðferð þar sem ráðuneytið hefur lýst afstöðu sinni um þá athöfn eða athafnaleysi sem dagsektum er beint að. Það þarf þó ekki ávallt að vera, svo sem ef lagaskylda um skil á upplýsingum er skýr. Í slíku tilviki felur ákvæði 3. mgr. 110. gr. hins vegar í sér að ráðuneytið verður að beina áskorun til sveitarfélagsins um skil upplýsinganna og veita því færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, áður en ákvörðun um dagsektir er tekin. Jafnframt er skilyrði áður en ráðuneytið beitir úrræðum skv. 1. mgr. að það hafi áður veitt sveitarfélaginu áminningu og veitt frest til úrbóta.

Samkvæmt 2. mgr. skal ráðherra ákveða í reglugerð hámark og lágmark dagsekta, þ.e. þá hámarks- og lágmarksfjárhæð sem hægt er að leggja á sveitarfélag á dag. Ástæða þess að fjárhæðir eru ekki tilgreindar í ákvæðinu er sú að ákvæði sem fela í sér tilgreiningu einstakra fjárhæða geta úrelst á stuttum tíma. Hægara er um vik að breyta reglugerð en lögum í þessu sambandi. Til viðmiðunar hefur verið rætt um það við undirbúnings frumvarpsins að lágmarkstala gæti verið 25 þús. kr. en hámark 300 þús. kr. Nánari ákvörðun um það hvaða fjárhæð verður ákvörðuð í hvert sinn skal hins vegar ráðast, innan þeirra viðmiða sem sett eru í reglugerð, af alvarleika brots og stærð sveitarfélagsins.

Í 4. mgr. kemur fram að dagsektir skulu renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þar er einnig kveðið á um að heimilt sé að gera aðför til fullnustu sekta án undangengins dóms. Dagsektir samkvæmt þessu ákvæði fela í sér þvingunarúrræði. Þeim er ekki ætlað að fela í sér refsingu og þeim er ekki ætlað að vera sérstök tekjuöflunarleið fyrir Jöfnunarsjóð. Því á við hin almenna regla að óinnheimtar dagsektir falla niður þegar skyldu er fullnægt, þá skal jafnframt fresta innheimtu dagsekta ef það málefni sem um ræðir er borið undir dómstóla. Til þess að tryggja betur virkni reglunnar er hins vegar lögð sú skylda á ráðuneytið að það skuli innheimta dagsektir eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Eftir að dagsektir hafa verið innheimtar verða þær ekki felldar niður.

Um 117. gr.

Ekki er talið nægjanlegt að dagsektir verði einvörðungu lagðar á sveitarfélög. Á margan hátt er eðlilegra, þegar litið er til ábyrgðar sveitarstjórnarmanna á stjórn sveitarfélags, að dagsektir séu til þess fallnar að knýja sveitarstjórnina með beinum hætti til að taka þær ákvarðanir sem henni ber að gera lögum samkvæmt. Á því sjónarmiði virðist til að mynda byggt í 103. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga en þar er einvörðungu að finna heimild til að

leggja dagsektir á sveitarstjórnarmenn. Hér er lagt til að þessari heimild verði haldið í lögum en jafnframt að hún sé nánar útfærð og skýrð.

Tekið er fram í ákvæðinu að dagsektir verða aðeins lagðar á þá sveitarstjórnarmenn sem eru ábyrgir fyrir vanrækslu. Ákvæðið er að því leyti óbreytt frá 103. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga að einungis er unnt að krefjast dagsekta samkvæmt þessari grein með lögsókn.

Eins og í 116. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra taki ákvörðun um lágmarks- og hámarksfjárhæð dagsekta í reglugerð. Til viðmiðunar hefur verið nefnt við undirbúning frumvarpsins að lágmarksfjárhæð ætti að vera 5 þús. kr. en hámark 50 þús. kr. Nánari ákvörðun um fjárhæð dagsekta, innan þess ramma sem ákveðin er í reglugerð, skal hins vegar taka mið af stöðu einstaklings innan sveitarstjórnar og fjárhag hans. Í tengslum við hið síðastnefnda er eðlilegt að haft sé viðmið af tekjum viðkomandi bæði í starfi fyrir sveitarfélagið en einnig í daglegu starfi hans en önnur atriði geta þó einnig skipt þar máli.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að dagsektum verður einnig beitt gagnvart stjórn byggðasamlags og þeim sem ekki sinnir þeirri skyldu að boða fund stjórnar eða byggðasamlags. Þar undir geta samkvæmt ákvæðum frumvarpsins fallið oddviti viðkomandi stjórnar eða framkvæmdastjóri. Um skýringar á 3. mgr. vísast til athugasemda við ákvæði 116. gr. frumvarpsins hér að framan. 4. mgr. ákvæðisins þarfnast ekki skýringa.

Um 118. gr.

Í ákvæðinu felst áréttting þeirrar almennu reglu, sem m.a. leiðir af sjálfstæðri stöðu sveitarfélaganna skv. 78. gr. stjórnarskrárinnar, þar á meðal sjálfstæðs fjárstjórnarvalds, að þau njóta aðildarhæfis fyrir dómstólum og geta höfðað mál til ógildingar á ákvörðunum stjórnvalda ríkisins sem þau hafa lögvarða hagsmuni af að fá þar úrlausn um eftir ákvæðum réttarfarslaga. Jafnframt felst í ákvæðinu það nýmæli að ef almennar reglur réttarfars leiða til þess að ráðuneytinu verður ekki stefnt, þrátt fyrir að það sé ákvörðun ráðuneytisins sem stefnandi ekki vill una, þá skal stefna ráðuneytinu til réttargæslu þannig að tryggt sé að þau sjónarmið sem á var byggt við töku ákvörðunar í viðkomandi máli verði upplýst undir meðferð málsins fyrir dómstólum.

Um 119. gr.

Hér er mælt fyrir um rétt ráðuneytisins til að höfða viðurkenningarmál vegna álitamála sem kunna að rísa um lögmæti einstakra ákvarðana og athafna sveitarfélaga, eða annarra sem eftirlit ráðuneytisins beinist að skv. 109. gr. Tilgangurinn er sá að tryggja möguleika ráðuneytisins til að fá skorið úr um lögmæti athafna sveitarfélaga fyrir dómstóli, t.d. í þeim tilvikum þegar aðrir hafa ekki þá sérstöku hagsmuni af úrlausn máls að geta lagt það fyrir dómstóla og ráðuneytið telur þá leið farsælli en að þvinga niðurstöðu fram t.d. með dagsektum. Tilgangurinn að baki ákvæðinu er því fyrst og fremst sá að tryggja ráðuneytinu verkfæri til að sinna hlutverki sínu sem gæslumaður almannahagsmuna og ætti almennt mjög sjaldan að koma til þess að heimildinni yrði beitt. Ef mál varðar fyrst og fremst einkaaðila og þeir telja ekki tilefni til að höfða mál vegna ákvörðunar sveitarfélags eða fylgja afstöðu sinni eftir með öðrum hætti ætti almennt ekki að vera tilefni fyrir ráðuneytið til að grípa til málshöfðunar samkvæmt þessu ákvæði.

Um XII. kafla.

Í kaflanum er safnað saman nokkrum mikilvægum ákvæðum sem lúta að heimildum sveitarfélaga til að sameinast. Sambærileg ákvæði er að finna í IX. kafla gildandi sveitar-

stjórnarlaga, nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003. Ákveðnar breytingar eru þó lagðar til á þeim reglum sem nú eru í gildi, fyrst og fremst í þeim tilgangi að tryggja skýra niðurstöðu um það með hvaða hætti sameining skuli fara fram, hvaða reglur skuli gilda gagnvart íbúum viðkomandi sveitarfélaga á þeim tíma sem skipulag á stjórnkerfi hins nýja sameinaða sveitarfélags stendur yfir o.s.frv.

Í 88. gr. gildandi laga er mælt fyrir um að ráðuneyti sveitarstjórnarmála hafi það hlutverk að vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna fámennra sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. Ráðuneytið skal þó, eins og segir í ákvæðinu, vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög og hagsmunasamtök þeirra. Að baki tilvitnuðu ákvæði gildandi laga býr það sjónarmið að mörg sveitarfélög hér á landi séu of lítil til að geta staðið undir þeim faglegu kröfum sem til þeirra eru gerðar um stjórn og stjórnsýslu. Þetta sjónarmið á að vissu leyti enn við í dag þrátt fyrir umtalsverða fækkun sveitarfélaga á umliðnum árum. Vinnuálag á einstaka sveitarstjórnarmenn í litlum sveitarfélögum þar sem starfslið er fámennt og e.t.v. ekki með nauðsynlega sérþekkingu er mikið og það eru ekki síst þessar aðstæður sem kalla á sameiningu sveitarfélaga. Aðrar ástæður geta þó vitaskuld legið því til grundvallar að sameiningar séu taldar eftirsóknarverður kostur.

Frumvarp þetta er í sjálfu sér hlutlaust um það hvort stefna beri að stækkun sveitarfélaga. Því er hér ekki gerð tillaga um sambærilegt ákvæði og er að finna í 88. gr. gildandi laga. Í því felst þó engin afstaða um það að ekki beri að stefna að sameiningum sveitarfélaga aðeins að ákvarðanir um það eigi að taka á grundvelli sérstakrar umræðu og þá eftir atvikum með setningu sérlaga um sameiningar verði það talinn farsæll kostur. Að öðru leyti er frumvarpið nær samhljóða gildandi lögum um sameiningar sveitarfélaga.

Um 120. gr.

Í greininni er að finna lýsingu á þeirri málsmeðferð sem fara þarf fram þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir ákveða að leita afstöðu íbúa sinna um vilja til sameiningar við önnur sveitarfélög. Lykilatriði er samkvæmt ákvæðinu að gert er ráð fyrir því að umfjöllun um það hvort sameining skuli fara fram ljúki með atkvæðagreiðslu íbúa sveitarfélagsins. Því þarf bæði að vanda vel til ákvörðunar um það hvað á að leggja fyrir íbúa sveitarfélagsins þegar atkvæðagreiðsla fer fram en einnig að tryggja að of mikill kostnaður sé ekki lagður í undirbúning sameiningar tveggja eða fleiri sveitarfélaga sem síðan verður e.t.v. ekki að raunveruleika.

Málsmeðferðin er í grófum dráttum sú að þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu kjósa þær sameiginlega samstarfsnefnd. Miðað er við að tveir fulltrúar séu frá hverju sveitarfélagi en þeir mega þó vera fleiri ef sveitarfélögin ná um það sátt. Samstarfsnefnd undirbýr tillögu að sameiningu og leggur fyrir sveitarstjórnir sveitarfélaganna sem ræða um það á tveimur fundum.

Kosning fer fram sama dag í öllum sveitarfélögunum. Tillögu þá sem greiða skal atkvæði um skal kynna með góðum fyrirvara sem og helstu forsendur hennar. Hvað teljast helstu forsendur getur verið breytilegt en a.m.k. verður að telja mikilvægt að kynning sameiningartillögu fylgi helstu rök sem búa henni að baki. Þau geta lotið að fjárhagslegri hagræðingu aukinni fagþekkingu og sjálfstæði sveitarfélagsins, styrkingu byggðar, vinnuálagi á sveitarstjórnarmenn eða einfaldlega byggst á tilteknum pólitískum skoðunum sem ekki hafa neitt með nefnd atriði að gera.

Ákvæði 5. mgr. um gerð atkvæðaseðla og framkvæmd kosningar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 121. gr.

Hér kemur fram sú meginregla að sveitarfélag verður ekki sameinað öðru nema fleiri af þeim sem taka þátt í kosningunni séu samþykkir henni en andvígir. Í því felst að auð atkvæði og ógild hafa ekki áhrif á niðurstöðu talningar. Aðeins er litið til gildra atkvæða með og á móti. Þar sem ákvæðið gerir ráð fyrir að atkvæðagreiðsla fari fram í hverju sveitarfélagi fyrir sig ber hér að miða við að slíkur meiri hluti þarf að nást í hverju sveitarfélagi til þess að það sveitarfélag verði sameinað öðru.

Í 2. mgr. er síðan ákvæði sem opnar á það að þrátt fyrir að ekki hafi öll sveitarfélög sem tóku þátt í atkvæðagreiðslu samþykkt hana þá er sveitarstjórnum sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga hlýtur samþykki meiri hluta kjósenda heimilt að ákveða að sameinast engu að síður. Það er skilyrði að þessi sveitarfélög þurfa að vera a.m.k. 2/3 hlutar viðkomandi sveitarfélaga og að í þeim búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa heildarsvæðisins sem undir var í atkvæðagreiðslunni.

Um 122. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa. Tilgangur þess er sá að tryggja að eftir að ákvörðun hefur verið tekin um sameiningu sveitarfélaga þá grípi ekki einstakar sveitarstjórnir til ráðstafana sem breytt geta forsendum fyrir sameiningu eins og hún var samþykkt.

Um 123. gr.

Þegar kosningu um sameiningu er lokið er jafnframt lokið að fullu hlutverki sameiningarnefndar. Þá skulu viðkomandi sveitarstjórnir hins vegar kjósa sérstaka stjórn sem færð það mikilvæga hlutverk að undirbúa stofnun hins nýja sveitarfélags.

Það er mikilvægt að þegar nýtt sveitarfélag tekur til starfa þá sé búið að leggja niður meginlínur um stjórnskipulag þess og þær helstu reglur sem settar verða og ætlað er að binda íbúa sveitarfélagsins, svo sem um gjöld og eða rétt til þjónustu. Þetta er mikilvægt bæði af tilliti til hagsmuna íbúanna og jafnræðis þeirra en einnig til þess að sameiningin gangi hnökralaust fyrir sig og án ófyrirséðs eða óþarfs kostnaðar. Af þessari ástæðu er mælt fyrir um það í ákvæðinu að stjórn til undirbúnings að stofnun nýs sveitarfélags skuli semja samþykkt um stjórn og fundarsköp hins nýja sveitarfélags. Þessi samþykkt öðlast síðan gildi eftir því sem fyrir er mælt í 126. gr. frumvarpsins. Af þessu leiðir að hlutverk umræddrar stjórnar er umfangsmikið. Hins vegar verður einnig að hafa í huga að ný sveitarstjórn, hins sameinaða sveitarfélags, á þann kost að breyta samþykktum sveitarfélagsins eftir að hún hefur tekið til starfa.

Stjórn um undirbúning að stofnun nýs sveitarfélags er einnig ætlað að taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni hins nýja sveitarfélags og vinna yfirlit yfir allar samþykktir og reglugerðir sem gilda í eldri sveitarfélögunum og hefja vinnu við endurskoðun þeirra og samræmingu. Þessar ákvarðanir stjórnarinnar skal senda ráðuneytinu sem staðfestir síðan sameiningu viðkomandi sveitarfélaga, ef það telur stjórn um undirbúning að stofnun hins nýja sveitarfélags hafa leyst úr þeim álitamálum sem þörf er á svo starfsemi hins nýja sveitarfélags geti farið hnökralaust af stað. Æskilegt er í því sambandi að ráðuneytið leiti umsagna viðkomandi sveitarstjórnar til að tryggja eftir því sem kostur er að tiltölulega góð sátt sé um tillögur stjórnarinnar. Rétt er að taka fram að ólíkt því sem við á um samþykkt um stjórn og fundarsköp þá öðlast tillögur undirbúningsstjórnar um þessa þætti ekki gildi um leið og sameining. Hins vegar mynda þær ákaflega mikilvægan grundvöll að því að ný sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags geti gengið til verks á skýrum og upplýstum grundvelli.

Um 124. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum, og þykir rétt til leiðbeiningar að gera tillögu um það hér.

Um 125. og 126. gr.

Í 125. gr. er mælt fyrir um birtingu ákvörðunar um sameiningu sveitarfélaga sem ákveðið hefur verið að sameina samkvæmt þeim reglum sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Í grundvallaratriðum er það svo að eftir að ráðuneytið hefur ákveðið að staðfesta sameiningu gr. skal það gefa út tilkynningu í B-deild Stjórnartíðinda. Þar skal greina frá nafni hins nýja sveitarfélags, hvaða sveitarfélög hafa verið sameinuð, tölu sveitarstjórnarmanna í hinu nýja sveitarfélagi og um það hvernig fari með gildistöku sameiningarinnar. Í þessu síðasta felst að í auglýsingu í B-deild þarf að tilgreina hvor leiðin af þeim tveimur sem tilgreind er í 1. mgr. 126. gr. skal notuð. Annars vegar er þar mælt fyrir um að kosið skuli til sveitarstjórnar fyrir hið nýja sveitarfélag. Þá öðlast sameining gildi 15 dögum eftir kjördag, eða sama dag og nýkjörin sveitarstjórn tekur við stjórn sveitarfélagsins. Hins vegar er þar mælt fyrir um að heimilt sé að ákveða að ein af hinum eldri sveitarstjórnum taki að sér að stjórna því nýja allt til loka viðkomandi kjörtímabils. Í því tilviki tekur sameining gildi á þeim degi sem ráðuneytið ákveður.

Þessum atriðum þarf að greina skilmerkilega frá í auglýsingu samkvæmt þessari grein frumvarpsins. Samhliða auglýsingunni skal birta samþykkt um stjórn og fundarsköp fyrir hið nýja sveitarfélag og stjórn um undirbúning að stofnun hins nýja sveitarfélags setti.

Um 127. gr.

Hér er nánar mælt fyrir um það hvernig skuli fara með gildistöku annarra reglna og samþykkta en þeirrar sem lýtur að stjórn og fundarsköpum. Skv. 1. mgr. ákvæðisins skal ný sveitarstjórn svo fljótt sem við verður komið taka til umræðu og setja nýjar samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár fyrir hið nýja sveitarfélag. Þetta er mikilvægt því almennt verður að ganga út frá því að þó heimilt sé að hafa mismunandi reglur, svo sem um gjaldtöku eða þjónustu, í hverju sveitarfélagi fyrir sig, svo lengi sem þær rúmast innan viðeigandi laga, þá þurfi meira til að koma svo sveitarstjórn sé heimilt að mismuna íbúum innan sama sveitarfélagsins. Af þessari ástæðu þarf að samræma reglur svo fljótt sem unnt er. Ljóst er þó að niðurstaða um slíkar reglur getur ekki orðið strax á fyrsta fundi, jafnvel þó að mál hafi verið rækilega undirbúin áður en sameining tók gildi. Því er mælt fyrir um það annars vegar að sveitarstjórn geti ákveðið að láta reglur sem gilt hafa í einu hinna eldri sveitarfélaga gilda fyrir hið nýja sveitarfélag í heild sinni á meðan unnið er að setningu nýrra reglna. Slík ákvörðun verður þó að lúta sömu kröfum og gilda um reglusetningu á hverju sviði fyrir sig. Ef slík ákvörðun þarfnast samþykkis tiltekins ráðherra þá verður að fylgja þeirri reglu, einnig þegar þessari heimild er beitt. Þá er hins vegar mælt fyrir um það að sveitarstjórn geti ákveðið, mest til þriggja mánaða frá sameiningu, að láta eldri reglur gilda í hverju hinna eldri sveitarfélaga. Hér er þá til staðar sérstök heimild til að láta mismunandi reglur gilda innan sveitarfélagsins eftir því hvaða sveitarfélagi menn tilheyrðu áður. Fyrir því eru þó málefnaleg og sterk rök og tímaramminn sem gefinn er í því sambandi er eins skammur og fært þykir. Enn frekari undantekning að þessu leyti er þó gerð í 2. mgr., en þar segir að verði ákvörðunum, svo sem um skatta, ekki breytt innan ársins vegna ákvæða annarra laga skuli heimilt að hafa mismunandi reglur innan hins nýja sveitarfélags þann tíma sem af ákvæðum viðkomandi laga leiðir. Hér getur t.d. verið um að ræða ákvörðun um skattprósentu.

Um 128. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um XIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla byggjast í grundvallaratriðum á skýrslu samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál, líkt og ákvæði VII. og VIII. kafla frumvarpsins, en einnig er byggt á því fyrirkomulagi sem nú er fyrir hendi um samráð þessara aðila.

Um 129. gr.

Með ákvæði þessu er leitast við að setja ramma um formlegt samstarf og samráð ríkis og sveitarfélaga um mikilvæg stjórnarmálefni. Í ákvæðinu er mælt fyrir um það til hvaða þátta samráðið skal ná, sbr. 1. mgr. Mælt er fyrir um ákveðinn grundvöll að samráði um efnahagsmál, sem er þjóðhags- og landshlutaspá, og svo felur ákvæði í sér lýsingu á yfirumsjón með því samstarfi sem ákvæðið gerir ráð fyrir, sbr. 3. mgr. Ákvæðið er ekki ítarlegt, þrátt fyrir að fjalla um ákaflega mikilvægan þátt í stjórnsýslukerfinu og starfsemi hins opinbera. Æskilegt kann að vera að sett yrðu sérstök lög um samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga, sameiginlegan grundvöll að áætlanagerð þessara aðila o.s.frv.

Vekja ber sérstaka athygli á ákvæði um að aðilar samstarfsins skuli vinna að gerð þjóðhags- og landshlutaspár sem sveitarfélögum er skylt að leggja til grundvallar við gerð fjárhagsáætlana.

Um 130. gr.

Grundvallarþáttur í frumvarpi þessu eru skýrari reglur um fjármál sveitarfélaga og eftirlit með fjármálum þeirra. Í frumvarpinu er minna hugað að þeim forsendum sem sveitarfélögin hafa til úrbóta um fjármál sín, þar á meðal við gerð ábyggilegra fjárhagsáætlana. Til þess að markmið frumvarpsins um bætta fjárstjórn sveitarfélaga nái fram að ganga verður einnig að taka verulega til í ranni stjórnvalda á vegum ríkisins, þar á meðal er aðkallandi að bæta kostnaðarmat einstakra verkefna sem sveitarfélögunum er falið að sinna með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Um nokkurra ára skeið hefur verið í gildi samkomulag ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarmat að þessu leyti. Ráðuneytin, sem eru ábyrg fyrir því að framkvæma slíkt mat, hafa fylgt því eftir með misjöfnum hætti. Vilji er fyrir því að leggja aukna áherslu á þennan þátt og í samræmi við það er hér lagt til að skylda stjórnvalda ríkisins til að tryggja að slíkt mat fari fram verði lögfest. Hér er einnig um grundvallarþátt að ræða í þeim tillögum sem birtast í skýrslu samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál og áður hefur verið vikið að.

Um XIV. kafla.

Í XIV. kafla frumvarpsins er safnað nokkrum ákvæðum sem ekki eiga með beinum hætti heima í öðrum köflum laganna. Í fyrsta lagi er um að ræða tvær reglur sem fella má í flokk ýmissa ákvæða. Annars vegar er það ákvæði 131. gr. sem fjallar um viðbrögð við því ef sveitarstjórn verður óstarfhæf, svo sem vegna náttúruhamfara. Hins vegar er það ákvæði 132. gr. sem felur í sér ákveðna tilraunaheimild hvað varðar stjórnskipulag sveitarfélaga. Í öðru lagi er í kaflanum að finna gildistökuákvæði, sbr. 133. gr. Í þriðja lagi er í kaflanum kveðið á um nauðsynlegar breytingar á öðrum lögum sem fyrst og fremst leiða af því að í ákvæðinu er gert ráð fyrir að brott falli ákvæði sveitarstjórnarlaga um héraðsnefndir. Í fjórða lagi er í

kaflanum að finna nokkur ákvæði til bráðabirgða, sem ætlað er að taka af skarið um gildistöku tiltekinna ákvæða frumvarpsins umfram það sem leiðir af almennu gildistökuákvæði.

Um 131. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um viðbrögð við því ef sveitarstjórn verður óstarfhæf. Sambærilegt ákvæði er að finna í 26. gr. gildandi laga. Sá meginágalli er á því ákvæði að þar er kveðið á um að ráðuneytið geti gripið til tiltekinna aðgerða um stjórn sveitarfélags ef sveitarstjórn er óstarfhæf, að beiðni sveitarstjórnarinnar. Eins og leiðir af 17. gr. frumvarpsins, sbr. 20. gr. gildandi laga, getur sveitarstjórn enga ályktun gert nema á lögmætum fundi. Ef sveitarstjórn getur haldið lögmætan fund er hún samkvæmt orðanna hljóðan ekki óstarfhæf. Af þessu leiðir að óstarfhæf sveitarstjórn gæti aldrei beðið ráðuneytið um að grípa til aðgerða. Með þessu ákvæði frumvarpsins er stefnt að því að útrýma þessari þversögn úr lagatextanum en að öðru leyti er efni reglnanna svipað að því leyti að gert er ráð fyrir að ráðherra geti, þegar sveitarstjórn er óstarfhæf, um tiltekinn tíma falið sveitarstjórn nágrannasveitarfélags stjórn sveitarfélagsins. Þá er kveðið á um það nýmæli að ráðherra geti sett sveitarfélagi sérstaka stjórn kunnáttumanna er taki við hlutverki hinnar óstarfhæfu sveitarstjórnar, nefnda hennar og starfsmanna eftir því sem þörf er á. Ráðherra skal með reglugerð setja almenn fyrirmæli um starfshætti slíkrar framkvæmdastjórnar.

Rétt er að vekja athygli á að þrátt fyrir að verulega litlar líkur eru til að á heimild þessa reyni ber ráðherra að setja umrædda reglugerð þannig að hún sé tiltæk og í gildi ef umræddar aðstæður koma upp.

Um 132. gr.

Frumvarp þetta er hlutlaust um stærð sveitarfélaga. Frumvarp þetta er einnig hlutlaust um það hvort vinna beri að eflingu sveitarstjórnarstigsins með stækkun sveitarfélaga eða með öðrum hætti. Tilgangur frumvarpsins er hins vegar ekki sá að koma í veg fyrir að leitað sé leiða, sé til þess pólitískur vilji, að stækka einstök sveitarfélög. Slíkar aðgerðir kunna að kalla á aðrar reglur um innra stjórnskipulag sveitarfélaga en mælt er fyrir um í lögum þessum. Tilgangur ákvæðisins er að opna slíka möguleika, en um leið eru slíkum tilraunum settar ákveðnar skorður sem fyrst og fremst er ætlað að tryggja það að ekki sé farið of geyst við ákvarðanir um breytingar á stjórnskipulagi sveitarfélaganna eða ákvarðanir þar um teknar að vanhugsuðu máli.

Um 133. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um gildistöku laganna og þarfnast það ekki skýringa.

Um 134. gr.

Í 1. tölul. ákvæðisins er mælt fyrir um breytingar á lögum nr. 6/1986, um afréttarmálefni fjallskil o.fl. Í þeim lögum er nú mælt fyrir um tiltekið lögbundið hlutverk héraðsnefnda. Af ákvæðum laganna leiðir m.a. að til þess að fjallskil verði á lögð með réttum hætti þarf að liggja þeim til grundvallar fjallskilasamþykkt sett af slíkri nefnd. Á sama tíma hafa gildandi sveitarstjórnarlög, a.m.k. samkvæmt túlkun eftirlitsaðila, ekki falið í sér skyldu sveitarfélaga til aðildar að héraðsnefndum. Hér er um meinbugi á lögum að ræða sem til lengri tíma munu valda vandkvæðum. Mikilvægt er því að við sé brugðist. Það er gert í frumvarpi þessu með því annars vegar að fella brott úr lögum ákvæði um héraðsnefndir og hins vegar með breytingum á lögum nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Í grundvallaratriðum er í 1. tölul.

ákvæðisins gert ráð fyrir að hvert og eitt sveitarfélag taki að sér það hlutverk sem héraðsnefndum hefur hingað til verið falið. Hver og ein sveitarstjórn fer þannig með yfirstjórn afréttarmála í sínu sveitarfélagi. Þar sem þörf er á að skipuleggja leitir í fleiri sveitarfélögum sameiginlega er hins vegar lögð sú skylda á viðkomandi sveitarfélög að setja á fót sérstaka sameiginlega stjórn viðkomandi fjallskilaumdæmis, sem lýtur eftir atvikum nokkuð öðrum reglum en mælt er fyrir um í kafla þessum um samvinnu sveitarfélaga.

Í 2., 3., 4., 5. og 6. tölul. ákvæðisins eru síðan lagðar til breytingar á þeim lögum þar sem fjallað er um héraðsnefndir sveitarfélaga, til samræmis við þá stefnu sem mörkuð er í frumvarpi þessu að fella ákvæði um slíkar nefndir úr lögum.

Í 7. tölul. er að finna mikilvægt ákvæði sem er í samræmi við ákvæði laga um kosningar til Alþingis. Tilgangur breytingarinnar er sá að færa inn í lög um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, sambærilegar kröfur um óflekkað mannorð sveitarstjórnarmanna og nú eru gerðar til alþingismanna. Um skýringu ákvæðanna vísast til viðeigandi skýringa við lög um kosningar til Alþingis.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um 1. tölul.

Í ákvæðinu kemur fram að ef fasteign, t.d. jörð, liggur innan tveggja eða fleiri sveitarfélaga þá skuli viðkomandi sveitarfélög hafa komist að samkomulagi um breytingu á mörkum sveitarfélaganna eigi síðar en 1. janúar 2013. Önnur leið gæti verið að skipta viðkomandi jörð eða landi eftir því sem mörk sveitarfélaganna ákveða. Ákvæðið byggist á þeirri forsendu að slíkar jarðir kunni að vera til, án þess að fyrir liggi vitneskja um fjölda þeirra eða stærð. Rétt er að taka fram að ákvæði laga um afréttarmálefni, þjóðlendur o.fl., gilda um skiptingu þjóðlendna milli sveitarfélaganna.

Um 2. tölul.

Með ákvæði þessu er tekið af skarið um að fulltrúafjölda í sveitarstjórn er ekki skylt að breyta fyrr en við aðrar almennar sveitarstjórnarkosningar frá gildistöku laganna. Næstu almennu sveitarstjórnarkosningar verða á árinu 2014. Ef lögin taka gildi fyrir þær kosningar mundi þurfa að breyta fulltrúafjölda í samræmi við ákvæði 11. gr. frumvarpsins fyrir kosningarnar 2018. Heimilt væri þó að gera það fyrr.

Um 3. tölul.

Í þessu ákvæði felst að reglur frumvarpsins um kynjakvóta taka fyrst gildi að afloknum næstu almennu sveitarstjórnarkosningum, 2014. Það myndast því ekki skylda til að endurskipa nefndir sveitarstjórna þrátt fyrir að lögin taki gildi fyrir næstu kosningar.

Um 4. tölul.

Með þessu ákvæði er afmarkað við hvaða tímabil reglan í 1. tölul. 2. mgr. 64. gr. afmarkast í upphafi, þ.e. sú skylda að tryggja jöfnuð í rekstri og útgjöldum á hverju þriggja ára tímabili.

Um 5. tölul.

Ákvæðið stendur í sambandi við 72. gr. frumvarps þessa og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. tölul.

Í ákvæðinu er sett fram skýr lagaskilareglu vegna þeirra ákvæða sem leiða af kafla frumvarpsins um samvinnu sveitarfélaga og þeirra auknu krafna sem af honum leiða. Sveitarfélögum er gefinn frestur til 15. október 2014 til þess að aðlaga gildandi samning að kröfum laganna. Óheimilt er hins vegar að gera nýja samninga nema á grundvelli ákvæða frumvarpsins eftir að það hefur tekið gildi sem lög.

Um 7. tölul.

Í ákvæðinu er mælt, til nánari skýringar, fyrir um áhrif af breytingum á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum. Í grundvallaratriðum halda gildandi fjallskilasamþykktir gildi sínu að því leyti sem þær ganga ekki gegn lögum, þrátt fyrir að þær hafi upphaflega verið settar af stjórnvöldum sem ekki verða lengur til. Þá er í ákvæðinu mælt fyrir um skyldu sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem saman mynda fjallskilaumdæmi að skipa stjórn þess fyrir gildistöku laganna, þannig að ljóst sé hver það er sem tekur við hlutverki héraðsnefndar á hverju svæði fyrir sig. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja samfellu í lagaframkvæmdinni.

Um 8. tölul.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa. Það er hlutverk ráðherra sveitarstjórnarmála að tryggja að endurskoðun samkvæmt ákvæðinu fari fram.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ný sveitarstjórnarlög sem komi í stað gildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum. Í frumvarpinu eru þó ekki gerðar tillögur um grundvallarbreytingar á sveitarstjórnarstiginu heldur snúa tillögur til breytingar að stærstum hluta að fjármálum sveitarfélaga og eftirliti með fjármálum þeirra, samráði ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál og hagstjórn, samvinnu sveitarfélaga og stjórnsýslueftirliti með sveitarfélögunum. Þær tillögur miða að því að styrkja umgjörð og samhæfingu opinberra fjármála í samræmi við samstarfsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar efnahagshrunsins. Bæði ríki og sveitarfélög þurfa að taka þátt í því verkefni að koma fjármálum hins opinbera á réttan kjöl. Til þessa hefur fyrst og fremst verið horft til aðlögunar í ríkisfjármálum í samstarfsáætluninni en gert hefur verið ráð fyrir því að sveitarfélögin komi nú meira að aðlögunarferlinu til styrkingar á afkomu hins opinbera á síðari stigum áætlunarinnar. Í viljayfirlýsingu íslenskra stjórnvalda til sjóðsins í tengslum við fjórðu endurskoðun áætlunarinnar kemur fram að á þessu ári verði leiddar í lög nýjar fjármálareglur og hert fjárhagseftirlit fyrir sveitarfélögin sem geti þar með gilt fyrir fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árið 2012. Ákvæði frumvarpsins hvað þetta varðar eru að miklu leyti byggð á tillögum í nýlegri skýrslu samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál. Jafnframt eru í frumvarpinu settar fram tillögur bæði hvað varðar réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna og möguleika íbúanna til aðgangs að upplýsingum um málefni sveitarfélaganna og þátttöku í stjórnun þeirra.

Fjárhagur sveitarfélaga hefur versnað mikið eftir efnahagshrunið haustið 2008 þótt áhrifin af því hafi engan veginn verið í sama mæli og hjá ríkissjóði. Rekstrarumhverfi þeirra einkennist af því að tekjur þeirra hafa rýrnað í kjölfar samdráttar efnahagslífsins á meðan útgjöld aukast m.a. vegna aukinnar þarfar á margvíslegri félagsþjónustu. Sveitarfélög geta fyrst og fremst brugðist við með ýmsum aðgerðum á útgjaldahlið þó svo að í sumum tilvikum hafi

verið til staðar svigrúm til að hækka útsvar og aðrar tekjur þeirra. Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 15 mia.kr. árið 2009. Reyndar var tekjuafkoma þeirra neikvæð í níu ár af tólf á tímabilinu 1998-2009 og hefur það leitt til umtalsverðrar skuldsetningar sem var að hluta til í erlendum gjaldmiðlum. Hlutfall skulda A-hluta sveitarfélaga að meðtöldum skuldbindingum vegna fjármögnunarleigusamninga var nálægt 150% af tekjum þeirra árið 2008 og árið 2009 hafði hlutfallið hækkað í um 165%. Útgjaldavöxtur á uppgangsárunum fyrir fjármálakreppuna var raunar mun meiri hjá sveitarfélögunum en hjá ríkinu. Á þensluárunum, þegar stóriðjuframkvæmdir stóðu sem hæst og vöxtur fjármálakerfisins varð mjög hraður, var jafnframt dregið allnokkuð úr samgönguframkvæmdum á vegum ríkisins. Á sama tíma juku sveitarfélög fjárfestingar sínar í miklu meiri mæli. Hagstjórnin veiktist með því að fjármál stjórnsýslustiganna gengu ekki í sömu átt og aðhaldsstig opinberra fjármála varð ekki sem skyldi. Mörg sveitarfélög eru því illa stödd fjárhagslega um þessar mundir eftir umfangsmiklar fjárfestingar og skuldasöfnun á undanförnum árum þótt staða þeirra sé afar mismunandi. Endurfjármögnun margra sveitarfélaga á erlendum skuldbindingum er erfið þar sem erlendir lánamarkaðir hafa verið óaðgengilegir. Brýnt er því að treysta regluverk um fjármál sveitarfélaga og að gerðar verði ráðstafanir af þeirra hálfu til að bæta afkomu sína jafnt og þétt á næstu árum. Það eru jafnframt hagsmunir sveitarfélaganna í heild að draga úr líkum á því að einstök sveitarfélög geti lent í fjárhagslegum ógöngum með neikvæðum áhrifum á lánakjör og auknum framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu lúta því að auknum aga og skýrari reglum í fjármálum sveitarfélaganna auk þess sem gert er ráð fyrir auknu eftirliti og upplýsingagjöf um fjármál þeirra. Í fyrsta lagi er mælt fyrir um að jafnvægi verði að vera milli samanlagðra tekna og útgjalda A- og B-hluta samstæðu sveitarfélaga á hverju þriggja ára tímabili. Í öðru lagi að skuldir og skuldbindingar samstæðunnar verði takmarkaðar við 150% af tekjum. Ljóst er að mörg sveitarfélög munu þurfa nokkur ár til að laga skuldastöðu sína að því hámarki. Í frumvarpinu er vikið frá fyrrnefndum tillögum samráðsnefndar um efnahagsmál að tvennu leyti. Annars vegar er ekki gert ráð fyrir ákvæði um að sveitarfélögum sem skulda meira en 250% af tekjum verði óheimilt að taka ný lán nema til endurfjármögnunar. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir að við ákvörðun sveitarfélaga um fjárfestingu, framkvæmd eða gerð annarra skuldbindandi samninga sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum yfirstandandi árs skuli fara fram mat óháðs aðila á áhrifum þess á fjárhag sveitarfélagsins en viðmiðið í gildandi lögum er 25%. Í skýrslu samráðsnefndarinnar er lagt til að viðmið um stærðargráðu slíkra skuldbindinga verði 12,5% af skatttekjum.

Þá er í frumvarpinu lagt til að samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga verði eflt og kveðið á um að ríkisstjórnin skuli tryggja formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélögin um mikilvæg stjórnarmálefni sem tengjast stöðu og verkefnum sveitarfélaga. Formlegt samstarf skal meðal annars fara fram um framlagningu lagafrumvarpa sem varða sveitarfélögin, um stjórn fjármála hins opinbera, verka-skiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur mikilvæg mál sem varða hagsmuni sveitarfélaganna og fjármál. Samstarfið skal útfæra nánar í sérstökum samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga en gert er ráð fyrir að yfirumsjón með samstarfinu verði í höndum samstarfsráðs sem í eiga sæti þrír ráðherrar, þar af fjármálaráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála, auk þriggja fulltrúa sveitarfélaganna sem stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tilnefnir. Áformað er að komið verði á fót samstarfsráði ráðherra og forvígismanna sveitarfélaga um samhæfingu í stjórn opinberra fjármála.

Í frumvarpinu er lagt til að lögboðið verði að láta fara fram sérstakt kostnaðarmat ef fyrirsjáanlegt er að lagafrumvarp, stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir

af hálfu stjórnvalda muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög. Ríki og sveitarfélög gerðu með sér samkomulag um að frá ársbyrjun 2006 skyldu viðkomandi ráðuneyti semja slíkt mat á heildaráhrifum lagasetningar eða stjórnvaldsfyrirmæla á fjárhag sveitarfélaga. Er það fyrirkomulag bundið í reglum ríkisstjórnar um meðferð stjórnarfrumvarpa á sama hátt og þar er tiltekið að umsögn fjármálaráðuneytis um áhrif lagafrumvarps á fjárhag ríkisins skuli fylgja því við meðferð ríkisstjórnar. Hins vegar má telja mikið álitaefni hvort raunhæft er að lögbinda með þessum hætti slíkar matsgerðir vegna sveitarfélaga. Vandséð er hvers vegna það ætti frekar að eiga við um mat á áhrifum lagasetningar eða ákvarðana á fjárhag sveitarfélaga en samsvarandi mat á áhrifum á fjárhag ríkisins eða á áhrif á stöðu atvinnufyrirtækja eða heimila, svo dæmi séu tekin.

Ákvæði frumvarpsins um kostnaðarmat er fortakslaust og engin afmörkun er gerð á viðfangsefninu eða viðmið sett um eðli eða stærðargráðu fjárhagsáhrifa. Einnig þarf að hafa í huga að sveitarfélögin eru um áttatíu talsins og áhrif af lagasetningu geta verið mjög mismunandi á einstök sveitarfélög. Miklum vandkvæðum gæti verið bundið að framfylgja slíkum lögboðnum kröfum þar sem mat væri í mörgum tilvikum mikilli óvissu háð og forsendur þess gætu haldið áfram að þróast og breytast í mörg ár. Slíkar matsgerðir gætu því orðið afar fyrirhafnarsamar og flóknar en gerðar í óvissum tilgangi. Vandasamt gæti orðið fyrir ráðuneytin að meta áhrif á öll sveitarfélögin í landinu af t.d. hvers kyns lagareglum um mengunarvarnir, fráveitur og eftirlit, aðbúnað á vinnustöðum, lengd skólaársins í grunnskólum, kröfur um menntun leikskólakennara, svo nokkur dæmi séu tekin af handahófi. Á sama hátt gæti orðið torvelt og tímafrekt að meta áhrif á fjárhag sveitarfélaga í hvert sinn sem gerðar eru breytingar á sköttum og gjöldum, t.d. á bensíngjaldi, virðisaukaskatti, tryggingagjaldi o.s.frv. Til að uppfylla skilyrði ákvæðisins verður ekki annað séð en að jafnframt þyrfti að meta auknar tekjur sveitarfélaga af margs konar ráðstöfunum ríkisvaldsins, og þá ekki einungis með lagasetningu, svo sem til nýrrar uppbyggingar á þjónustu og innviðum. Það gæti t.d. átt við um auknar samgönguframkvæmdir eða byggingu skóla og hjúkrunarheimila sem væri m.a. ætlað að fjölga störfum, en það hækkar útsvar og fasteignaskatta. Gott dæmi um vandann við mat á fjárhagsáhrifum af slíkum toga gæti verið umsögn innanríkisráðuneytisins um fjárhagsáhrif af þessu frumvarpi til sveitarstjórnarlaga.

Samkvæmt frumvarpinu á að leggja mat á fjárhagsáhrifum fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og á matið að liggja fyrir við afgreiðslu ríkisstjórnar á lagafrumvörpum. Þá er tiltekið að ef ágreiningur er um niðurstöðu mats skuli gera sérstaka kostnaðarumsögn um það, sem viðkomandi ráðuneyti þyrfti væntanlega að annast, og sú umsögn á að fylgja með við framlagningu frumvarps á Alþingi. Má telja það sérkennilegt fyrirkomulag að lögskylt verði að með frumvörpum fylgi umsagnir fagráðuneyta um mat á fjárhagsáhrifum á sveitarfélög þegar ágreiningur er um niðurstöðu en annars ekki. Ljóst virðist að ef fylgja á þessum ákvæðum eftir samkvæmt orðanna hljóðan þá gæti það tafið fyrir framgangi stjórnarfrumvarpa og ákvarðana um stjórnvaldsráðstafanir. Virðist raunar jafnframt gert ráð fyrir að lagaákvæðið gæti orðið uppspretta ágreinings. Innanríkisráðuneytinu er ætlað að halda skrá um allar árlegar matsgerðir ráðuneyta og ágreining og síðan eiga að fara fram formlegar viðræður um yfirlitið í samstarfsráði ríkis og sveitarfélaga. Vakin er athygli á að í ákvæðinu er ekki gert ráð fyrir að leggja eigi mat á áhrifum af ráðstöfunum sveitarfélaga á fjárhag ríkisins svo sem upptöku á sérstökum húsaleigubótum víða um land sem ríkið greiðir að stórum hluta.

Í tengslum við framkvæmd nýrra sveitarstjórnarlaga gerir innanríkisráðuneytið ráð fyrir að efla starf sitt við stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögunum auk þess sem sinna þurfi betur

frumkvæði af hálfu ráðuneytisins á því sviði en hingað til hefur verið viðhaft. Þá þurfi að styrkja upplýsingaöflun um fjármál sveitarfélaganna. Innanríkisráðuneytið gerir enn fremur ráð fyrir tímabundnu álagi í kjölfar samþykktar laganna, vegna innleiðingar, samskipta og setningar nýrra reglugerða sem lögin kveða á um. Stefnumörkun á þessu sviði er á verksviði ráðuneytisins og hefur það á að skipa starfsliði til þess. Gera má ráð fyrir að ráðuneytinu ætti að vera kleift að hrinda í framkvæmd innleiðingu á þeim breytingum sem felast í þessu frumvarpi. Ekki verður ráðið beinlínis af ákvæðum frumvarpsins að það leggi á herðar ráðuneytinu eða öðrum ríkisaðilum viðbótarverkefni í þeim mæli að það þurfi að leiða til fjölgunar starfa.

Verði frumvarpið lögfest ætti það því ekki að leiða til aukinna útgjalda hjá ríkissjóði umfram það sem þegar hefur verið ákveðið í fjárlögum. Ef talin verður meiri þörf fyrir aukna starfsemi á þessu sviði fremur en öðrum verður að gera ráð fyrir að innanríkisráðuneytið muni forgangsraða til verkefnisins öðrum fjárheimildum innan síns útgjaldaramma.

1251. Frumvarp til laga [727. mál]

um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Í stað orðanna „ljúka afplánun“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: afplána hluta refsingar.

2. gr.

Á eftir 24. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 24. gr. a – 24. gr. c, sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (24. gr. a.)

Fullnusta utan fangelsis. Rafrænt eftirlit.

Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi eða lengri getur fangelsismálastofnun leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis enda hafi hann á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans.

Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi getur afplánun undir rafrænu eftirliti verið 30 dagar. Slík afplánun getur lengst um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið 240 dagar hið mesta.

b. (24. gr. b.)

Skilyrði rafræns eftirlits.

Skilyrði þess að rafrænt eftirlit komi til álita eru:

1. að fangi teljist hæfur til að sæta rafrænu eftirliti,
2. að fangi hafi fastan dvalarstað sem samþykktur hefur verið af fangelsismálastofnun,
3. að maki fanga, forráðamaður, nánasti aðstandandi eða húsráðandi samþykki að hann sé undir rafrænu eftirliti á sameiginlegum dvalarstað þeirra,

4. að fangi stundi vinnu, nám, sé í starfsþjálfun, meðferð eða sinni öðrum verkefnum sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný,
5. að fangi hafi áður nýtt sér úrræði skv. 1. mgr. 24. gr. með fullnægjandi hætti,
6. að fangi hafi ekki rofið skilyrði rafræns eftirlits á síðastliðnum þremur árum.

c. (24. gr. c.)

Skilyrði í rafrænu eftirliti.

Rafrænt eftirlit skal bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. að fangi sé undantekningarlaust á dvalarstað sínum frá kl. 18 til kl. 19 og frá kl. 23 til kl. 7 mánudaga til föstudaga og frá kl. 21 til kl. 7 laugardaga og sunnudaga. Jafnframt skal fangi vera á dvalarstað sínum ef hann sækir ekki vinnu, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt á virkum degi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum nema að höfðu samráði við fangelsismálastofnun,
2. að fangi neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna,
3. að fangi fremji ekki refsiverðan verknað.

Auk þess má ákveða að rafrænt eftirlit verði bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. að fangi hlíti fyrirmælum fangelsismálastofnunar um umgengni við aðra menn og iðkun tómstundastarfa,
2. að fangi sæti sérstakri meðferð sem fangelsismálastofnun ákveður.

Heimilt er að krefjast þess að fangi undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn. Synjun fanga á slíkri rannsókn gildir sem rof á skilyrðum rafræns eftirlits.

Áður en fullnusta á fangelsisrefsingu með rafrænu eftirliti hefst skal kynna fanga ítarlega þær reglur sem gilda um rafrænt eftirlit og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „vistunar“ og „vistun“ í 1. mgr. kemur: fullnustu.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Rof á skilyrðum fullnustu utan fangelsis.*

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Þegar maður hefur verið dæmdur í allt að 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta refsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 480 klukkustundir. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð eða viðurkenndu námskeiði, enda nemi sá hluti samtals aldrei meira en einum fimmta samfélagsþjónustunnar að jafnaði.
b. Í stað orðanna „sex mánuðir“ í 2. og 3. mgr. kemur: tólf mánuðir.

5. gr.

Við 2. mgr. 64. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að aðili hafi á sér búnað svo að fangelsismálastofnun eða annar aðili sem hún velur geti fylgst með ferðum hans í samræmi við þau fyrirmæli sem fangelsismálastofnun hefur sett honum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilefni frumvarpsins.

1. Almennt.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem dómsmála- og mannréttindaráðherra skipaði til að gera tillögur að langtímauppbyggingu fangelsa og drög að frumvarpi sem felur í sér heildarendurskoðun á lögum um fullnustu refsinga. Nefndarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri að leggja hið fyrsta fram frumvarp til breytinga á lögum um fullnustu refsinga að því er varðar reglur um fullnustu utan fangelsa. Nefndin var þannig skipuð: Haukur Guðmundsson, skrifstofustjóri í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, formaður, og Skúli Þór Gunnsteinsson lögfræðingur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, Anna Björg Aradóttir, yfirhjúkrunarfræðingur hjá Landlæknisembættinu, Páll E. Winkel forstjóri, Erla Kristín Árnadóttir lögfræðingur og Erlendur S. Baldursson afbrotafræðingur frá fangelsismálastofnun, Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari og fulltrúi í refsiréttarnefnd og Helgi Gunnlaugsson Ph.D., afbrotafræðingur og prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands. Starfsmaður nefndarinnar var Hafdís Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri hjá fangelsismálastofnun.

Tilgangur frumvarpsins er tvíþættur, annars vegar að lögfesta nýtt fullnustuúrræði, rafrænt eftirlit með dómþolum sem afplána óskilorðsbundna fangelsisrefsingu, og hins vegar að hækka þá hámarksrefsingu sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu.

Á Íslandi er fjöldi fanga sem afplánar refsingu í fangelsum um 50 fangar á hverja 100.000 íbúa, en þessi fjöldi er sá lægsti í Evrópu. Hann hefur hins vegar aukist jafnt og þétt en ekki er langt síðan hann var einungis um 40 fangar. Annars staðar á Norðurlöndunum er fangafjöldi um 65–75 fangar á hverja 100.000 íbúa. Heildarrefsitími sem barst fangelsismálastofnun til fullnustu árið 2009 var 330 ár, eða 110 árum hærri en árið 2006 og nemur hækkunin 33%. Um er að ræða aukningu sem á sér ekki hliðstæðu. Á boðunarlista fangelsismálastofnunar hafa að undanförnu verið allt að 300 dómþolar. Miðað við þá þróun sem verið hefur á undanförnum árum er ljóst að ef áfram heldur sem horfir mun boðunarlistinn lengjast enn frekar og erfiðara verður að fullnusta dóma þegar þeir berast fangelsismálastofnun til fullnustu.

Ástæða þess að fangafjöldi á Íslandi hefur verið lægri en annars staðar á Norðurlöndunum er m.a. beiting skilorðsbundinna dóma og fullnusta refsinga utan fangelsa. Góður árangur hefur hlotist af fullnustu refsinga með samfélagsþjónustu, en um 22% óskilorðsbundinna refsidóma eru fullnustaðir með þeim hætti. Þá hefur dómþolum verið heimilað að afplána refsingu sína á ýmsum meðferðarstofnunum í meira mæli en í nágrannalöndum okkar. Síðast en ekki síst hefur Áfangaheimili Verndar haft mikla þýðingu. Sá tími sem fangar geta dvalið þar í lok afplánunar hefur verið lengdur verulega og er nú að hámarki eitt ár þegar um lengri refsingu er að ræða (10 ár eða lengri). Á undanförnum árum hefur úrræðum utan fangelsa, svo sem rafrænu eftirliti, hins vegar fjölgað í meira mæli á Norðurlöndunum nema hér á landi en óheppilegt er ef Ísland dregst aftur úr í þeirri þróun.

Áformað er að reisa nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu en þar sem Hegningarhúsið verður jafnframt lagt niður munu ekki bætast við mörg pláss til afplánunar. Þar við bætist að fangelsið að Kópavogsbraut 17 er mjög óhagkvæm eining sem hugsanlega verður lokað og fangelsið að Bitru er tímabundið verkefni sem ekki liggur fyrir hvort rekið verður til framtíðar. Mikilvægt er að auka fangelsispláss hér á landi, en að sama skapi telja fangelsisyfirvöld þörf á að fjölga fullnustuúrræðum utan fangelsa. Í nýútkominni samnorrænni rannsókn um

ítrekunartíðni afbrota kemur glöggt í ljós að þessi nýju refsiúrræði skila mun betri árangri og eru einnig miklu ódýrari heldur en hefðbundin refsivist í fangelsi.

2. Fullnusta utan fangelsa.

Þekkt er að löng afplánun í fangelsi getur haft í för með sér ýmsar neikvæðar afleiðingar fyrir fanga, svo sem þunglyndi, vonleysi o.fl. Einnig getur slík frelsissvipting haft mikil áhrif á nánustu aðstandendur þeirra. Eitt af meginhlutverkum fangelsisyfirvalda er að reyna að sporna gegn slíkum neikvæðum og óæskilegum afleiðingum en í lögum um fullnustu refsinga er kveðið á um ýmis úrræði í því skyni, svo sem vinna utan fangelsis, dagsleyfi og afplánun utan fangelsis í lok refsitímans.

Samkvæmt 24. gr. laga um fullnustu refsinga getur fangelsismálastofnun leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis, enda stundi hann vinnu eða nám sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný, búi á sérstakri stofnun eða heimili sem stofnunin hefur gert samkomulag við og sé þar undir eftirliti.

Á grundvelli þessa ákvæðis hefur fangelsismálastofnun vistað fanga á Áfangaheimili Verndar að Laugateigi 19 í Reykjavík frá árinu 1995 samkvæmt samkomulagi við Félagasamtökin Vernd, fangahjálp. Fangelsismálastofnun metur hvort umsækjandi uppfylli skilyrði til afplánunar á áfangaheimilinu. Það er forsenda fyrir vistun á áfangaheimilinu að fangi samþykki þau skilyrði sem gilda um vistun þar og undirriti samning þar um. Um vistun þessa gilda reglur um afplánun á Áfangaheimili Verndar sem tóku gildi árið 1995 með síðari breytingum. Skv. 5. gr. reglnanna er föngum sem dvelja á Vernd skylt að stunda vinnu, nám eða aðra starfsemi sem samþykkt er af fangelsisyfirvöldum. Jafnframt er þeim skylt að vera á áfangaheimilinu á nánar tilgreindum tímum. Þá er notkun áfengis og/eða ávana- og fíkniefna með öllu óheimil. Mikil og góð reynsla hefur skapast í sambandi við eftirlit með föngum sem afplána refsingu á Vernd. Þar er öllum skylt að hafa á sér síma svo að unnt sé að fylgjast með ferðum þeirra. Starfsmenn Verndar og fangelsismálastofnunar sinna eftirlitinu með því að hringja reglulega í þá og fara á vinnustaði þeirra eða aðra þá staði sem þeim er skylt að vera á. Þá er föngum skylt að láta í té öndunar- og/eða þvagsýni vegna áfengis- og/eða vímuefnaeftirlits þegar þess er óskað.

Markmið þessa úrræðis er meðal annars að föngum gefist kostur á því að aðlagast samfélaginu smám saman áður en til lausnar úr fangelsi kemur. Er þetta afar mikilvægt þar sem þeir geta stundað vinnu eða nám á daginn og verið í nánum tengslum við fjölskyldu og vini meðan á dvölinni þar stendur. Fangar sem afplána refsingu á Vernd mega fara út úr húsi kl. 7 á morgnana og þurfa ekki að mæta aftur inn fyrr en kl. 18. Virka daga mega þeir síðan fara aftur út kl. 19 og geta verið heima hjá sér til kl. 23. Þá eru þeir frjálsir ferða sinna alla laugardaga og sunnudaga frá kl. 7 til kl. 21. Með þessu móti er unnt að gera þeim kleift að sjá fyrir sér og fjölskyldum sínum sem og að stuðla að nánum samvistum á milli þeirra meðan á afplánun stendur. Þetta úrræði hefur gefið afar góða raun en þeir sem ljúka afplánun með þessum hætti eru almennt mun betur til þess fallnir að aðlagast samfélaginu á ný. Staðfestist þetta í nýlegri samnorrænni rannsókn sem sýnir að endurkomutíðni fanga sem luku afplánun frá Vernd á árinu 2005 var tæplega 19% en þeirra sem luku afplánun í fangelsi rúmlega 30%.

3. Rafrænt eftirlit.

3.1 Almennt.

Á liðnum árum hefur átt sér stað umræða á Íslandi um hvort efni séu til að taka upp rafrænt eftirlit eða annars konar eftirlit með föngum sem afplána óskilorðsbundna fangelsisrefsingu. Eftirlit af þessum toga hefur gefist vel í nágrannalöndum okkar og víðar.

Rafrænt eftirlit er fullnustuúrræði sem felur í sér að föngum er heimilað að afplána refsingu utan fangelsis enda hafi þeir á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum þeirra. Þeim er yfirleitt gert skylt að stunda vinnu, nám eða önnur verkefni sem samþykkt eru og eru liður í aðlögun þeirra að samfélaginu á ný. Búnaðurinn sem þeir hafa á sér gerir eftirlitsaðilum kleift að fylgjast með því að þeir mæti á þá staði sem þeim ber að vera og séu á heimili sínu þegar þess er krafist. Þá er einnig haft eftirlit með þeim á dvalarstað þeirra til þess að tryggja að þeir fari að settum skilyrðum, eins og t.d. banni við neyslu áfengis og fíkniefna. Einnig er lögð áhersla á félagslega þjónustu og aðra aðstoð við fanga á fullnustutímanum.

Rafrænt eftirlit er með tvennum hætti, annars vegar sætir dómþoli eftirliti í stað styttri fangelsisrefsingar og afplánar því ekki refsingu sína í fangelsi (e. front-door), hins vegar er fangi látinn laus úr fangelsi fyrr en hann hefði að öðru jöfnu losnað og lýkur afplánun heima hjá sér undir rafrænu eftirliti (e. back-door).

3.2 Rafrænt eftirlit á Norðurlöndum.

Við samningu þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af reglum annarra norrænna þjóða um rafrænt eftirlit með dómþolum.

Svíþjóð.

Svíar hafa mesta reynslu Norðurlandaþjóðanna af rafrænu eftirliti. Árið 1994 hófu þeir að fullnusta allt að tveggja mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu með rafrænu eftirliti. Nokkru síðar var hámarksrefsing hækkuð í þrjá mánuði og síðan í sex mánuði árið 2005. Árið 2001 beittu þeir fyrst rafrænu eftirliti í lok afplánunar þeirra fanga sem hlotið höfðu a.m.k. 18 mánaða fangelsisrefsingu. Þeir voru látnir sæta rafrænu eftirliti utan fangelsa síðustu fjóra mánuði afplánunartímans áður en til hefðbundinnar reynslulausnar kom. Árið 2007 var notkun úrræðisins aukin og það látið ná yfir allar fangelsisrefsingar.

Skilyrði fyrir rafrænu eftirliti er að dómþoli hafi afplánað helming refsitímans en aldrei minna en þrjá mánuði í fangelsi. Hámarkstími slíks eftirlits er eitt ár.

Áður en ákvörðun um rafrænt eftirlit með langtímaföngum er tekin eru þeir ávallt látnir undirgangast áhættumat. Þá er ávallt gerð krafa um að viðkomandi hafi fastan dvalarstað og sé í launaðri vinnu. Ákvörðun um beitingu rafræns eftirlits er stjórnvaldsákvörðun sem er tekin af sænsku fangelsismálastofnuninni og telja yfirvöld það fyrirkomulag æskilegt í stað þess að ákvörðunarvald sé í höndum dómstóla. Um er að ræða ákvörðun um fullnustu á óskilorðsbundinni fangelsisrefsingu en margar slíkar ákvarðanir eru á hendi fangelsismálayfirvalda þar í landi, t.d. ákvarðanir um vistun á áfanga- og meðferðarheimilum og í opnum fangelsum.

Reynsla Svía af rafrænu eftirliti hefur verið mjög góð og er afar fátítt að dómþolar gerist sekir um skilorðsrof. Samkvæmt upplýsingum frá sænsku fangelsismálastofnuninni og rannsóknastofnun afbrotamála þar í landi (BRÅ) sýna rannsóknir að þetta úrræði hafi lægri endurkomutíðni í fangelsi en önnur úrræði. Þá hefur almenningur í Svíþjóð verið jákvæður í garð úrræðisins sem og fjölmiðlar og hefur umræðan um úrræðið almennt verið jákvæð.

Danmörk.

Danir lögfestu rafrænt eftirlit árið 2005. Þeir fóru varlega af stað en fyrst um sinn var úrræðið eingöngu bundið við umferðarlagabrot þar sem hámarksrefsing var þrír mánuðir. Ári síðar var ákveðið að ungum brotamönnum (undir 25 ára) gæfist kostur á úrræðinu þegar dæmd refsing var þrír mánuðir eða minna. Árið 2008 var ákveðið að heimila rafrænt eftirlit með öllum þeim er dæmdir höfðu verið í allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna fangelsis-

refsingu. Var hámarksrefsing síðan hækkuð í fjóra mánuði árið 2009 og í fimm mánuði árið 2010. Ákvörðun um beitingu rafræns eftirlits er stjórnvaldsákvörðun.

Í dönskum rétti er skilyrði fyrir rafrænu eftirliti að dómþoli sé í launaðri vinnu og teljist hæfur til slíkrar afplánunar. Helstu vandamál á fyrstu árum rafræns eftirlits í Danmörku voru mikil vinna við viðhald tæknibúnaðar auk mikils kostnaðar við eftirlitið, ekki síst í dreifðari byggðum landsins.

Noregur.

Norðmenn lögfestu rafrænt eftirlit árið 2008. Um er að ræða tímabundið úrræði til reynslu í sex fylkjum landsins. Norðmenn höfðu hins um nokkurt skeið heimilað heimaafplánun án rafræns eftirlits. Dómþolar geta afplánað allt að fjörgurra mánaða fangelsisrefsingu undir rafrænu eftirliti og jafnframt er heimilt að leyfa fanga að ljúka afplánun undir rafrænu eftirliti í allt að fjóra mánuði. Ákvörðun um beitingu rafræns eftirlits er stjórnvaldsákvörðun.

Finnland.

Finnar eru í undirbúningsferli en áætlað er að þeirri vinnu ljúki í fyrsta lagi í september 2011. Þeir beita hins vegar svo kölluðu „Probationary liberty under supervision“. Í því felst að fanga er gefinn kostur á að afplána refsingu á heimili sínu í allt að sex mánuði í lok refsitímans. Fanginn hefur gsm síma en fangelsisyfirvöld sinna eftirliti með ýmsum hætti, m.a. með símhringingum. Viðkomandi ber ávallt að dvelja heima hjá sér að nóttu til og starfsmenn fangelsisyfirvalda heimsækja fangann reglubundið auk þess sem fanganum ber reglulega að mæta til viðtals og eftirlits til fangelsisyfirvalda.

3.3 Nánar um rafrænt eftirlit á Íslandi.

Í þessu frumvarpi er lagt til að fangar sem dæmdir hafa verið í tólf mánaða fangelsisrefsingu eða lengri geti afplánað allt að síðustu átta mánuði refsitímans undir rafrænu eftirliti áður en til veitingar reynslulausnar kemur. Gert er ráð fyrir að rafrænt eftirlit verði 30 dagar hið minnsta fyrir þá sem afplána tólf mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu en 240 dagar hið mesta fyrir þá sem afplána lengstu refsingarnar, tíu ár eða lengur. Með þeirri breytingu mundu fangar losna fyrr úr fangelsum en áður og við það gætu sparast um fim til sjö fangapláss á ári. Er þessi tillaga í samræmi við skýrslu Ríkisendurskoðunar um skipulag og úrræði í fangelsismálum sem út kom í mars 2010 en þar er því beint til stjórnvalda að taka til vandlegrar skoðunar hvort hægt sé að innleiða rafrænt eftirlit með föngum utan fangelsa á öruggan og hagkvæman hátt.

Skilyrði.

Skilyrði fyrir slíkri afplánun utan fangelsis eru meðal annars að fangi hafi fastan dvalarstað sem samþykktur hefur verið af fangelsismálastofnun og að hann stundi vinnu eða nám, sé í starfsþjálfun, meðferð eða sinni öðrum verkefnum sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný. Þá er það einnig gert að skilyrði að fangi hafi áður nýtt sér úrræði skv. 1. mgr. 24. gr. laga um fullnustu refsinga með fullnægjandi hætti. Í því felst að gerð er sú krafa að fangar dvelji á Áfangaheimili Verndar og hlíti þeim skilyrðum sem þar gilda með fullnægjandi hætti áður en þeim er veitt heimild til að ljúka afplánun undir rafrænu eftirliti. Með þessum hætti hefur fangi sýnt fram á að hann sé hæfur til að afplána refsingu utan fangelsis og því ákjósanlegt að unnt sé að veita honum enn frekari tækifæri til aðlögunar samfélagsins á ný með því að gefa honum kost á að ljúka af-

plánun á heimili sínu þar sem hann getur notið samvista við sína nánustu í enn ríkari mæli en áður en þó með sömu skilyrðum og gilda um afplánun á Vernd.

Búnaður.

Í frumvarpinu er lagt til að fangi sem sæti rafrænu eftirliti hafi á sér búnað svo unnt sé að fylgjast með ferðum hans og/eða að unnt sé að hafa eftirlit með honum með öðrum fullnægjandi hætti. Á Norðurlöndunum er rafrænt eftirlit með ýmsum hætti en algengast er að fangar séu látnir hafa á sér svokölluð ökklabönd til þess að unnt sé að fylgjast með ferðum þeirra. Slíkt eftirlit er hins vegar afar kostnaðarsamt þar sem tækjabúnaður er mjög dýr og stofnkostnaður þar af leiðandi hár. Auk þess er hið reglulega eftirlit með föngunum einnig dýrt. Að mati fangelsisyfirvalda er, í ljósi smæðar samfélagsins, unnt að hafa eftirlit með þeim sem sæta rafrænu eftirliti með mun einfaldara móti en tíðkast í nágrannalöndum okkar án þess að öryggi minnki. Í ljósi góðrar reynslu af eftirliti með föngum sem dvelja á Vernd er talið unnt að tryggja fullnægjandi eftirlit með þeim sem sæta rafrænu eftirliti með því að hafa það með mjög svipuðum hætti og á Vernd. Hins vegar verði gerð sú aukna krafa að farsími sem þeir hafi á sér sé með innbyggðum staðsetningarbúnaði, þ.e. GPS-kerfi og myndavél. Með því móti er unnt að staðreyna að viðkomandi sé á þeim stað sem honum ber að vera. Þá munu starfsmenn fangelsisyfirvalda einnig sinna eftirliti með því að heimsækja fanga á dvalarstaði og vinnustaði þeirra og eftir atvikum krefjast þess að þeir láti í té öndunar- og/eða þvagsýni. Enn fremur verður hægt að fara fram á að fangar mæti í fangelsi til að láta í té slík sýni. Ef um er að ræða fanga sem sæta rafrænu eftirliti á landsbyggðinni getur eftirlit með þeim verið í höndum sömu aðila og sinna eftirliti með samfélagsþjónum en í þeim tilvikum er yfirleitt um að ræða fangaverði eða lögreglumenn.

4. Samfélagsþjónusta.

Góð reynsla hefur verið af samfélagsþjónustu hér á landi frá því hún var tekin upp 1. júlí 1995.

Staðfestist þetta í nýlegri samnorrænni rannsókn sem sýnir að endurkomutíðni þeirra sem hófu afplánun óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga með samfélagsþjónustu hér á landi er 16% en þeirra sem ljúka afplánun fangelsisrefsinga 27%.

Í frumvarpi þessu er lagt til að samfélagsþjónusta verði látin ná til allt að tólf mánaða óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga í stað sex mánaða eins og nú er. Má reikna með því að breytingar þessar hafi talsverð áhrif þar sem alla jafnan liggur fyrir fangelsismálastofnun að fullnusta nokkurn fjölda dóma þar sem dæmd refsing liggur á bilinu sex til tólf mánaða óskilorðsbundið fangelsi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Um a-lið.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að fangelsismálastofnun geti leyft fanga að ljúka afplánun tólf mánaða óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar eða lengri undir rafrænu eftirliti. Úrræðinu er ætlað að vera liður í aðlögun fanga að samfélaginu á ný eftir dvöl í fangelsi og er því ekki talin þörf á að það eigi við um dómþola með skemmri refsingu. Þetta felur í sér að þeir fangar sem uppfylla skilyrði þess að dvelja á Vernd og afplána refsingu undir rafrænu eftirliti í kjöl-

farið munu geta farið á Vernd allt að átta mánuðum fyrr en áður. Áætlað er að þetta úrræði geti sparað um fimm til sjö fangapláss á ári.

Ekki þykir rétt að ákveða fyrir fram hvernig búnaður verður notaður en um getur verið að ræða rafrænan búnað, ökklaband eða annan viðlíka búnað sem fullnægir skilyrðum ákvæðisins, t.d. farsíma sem er búinn myndavél og staðsetningartækni eða öðrum búnaði sem gerir fangelsismálastofnun kleift að sannreyna staðsetningu fanga. Lagt er í hendur fangelsismálastofnunar að ákveða nánar hvers konar búnaður kemur til greina og mæla fyrir um eftirlitið að öðru leyti en vera kann að stofnunin telji nægjanlegt í einhverjum tilvikum að hringja í viðkomandi fanga sem gefi upp staðsetningu sína eða fylgi eftirliti eftir með heimsókn.

Í 2. mgr. er lagt til að lágmarksrefsing fanga sem mögulega geta afplánað undir rafrænu eftirliti sé tólf mánaða óskilorðsbundin fangelsisrefsing og verði fullnustan þannig 30 dagar undir slíku eftirliti. Afplánun undir rafrænu eftirliti lengist um 2,5 dag fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið 240 dagar hið mesta en um er að ræða sömu reiknireglu og gildir um afplánun á Áfangaheimili Verndar.

Um b-lið.

Í greininni er kveðið á um skilyrði þess að rafrænt eftirlit komi til álita.

Samkvæmt 1. tölul. verður fangi að teljast hæfur til að sæta rafrænu eftirliti. Með þessu er átt við að telja verður líklegt að hann geti staðið við skilyrði sem um rafrænt eftirlit gilda og að þetta úrræði teljist líklegt til að beina viðkomandi inn á aðrar brautir en áframhaldandi afbrot. Margir fangar eiga við áfengis- eða fíkniefnavandamál að stríða en í slíkum tifellum verður að meta hvort þessi vandamál séu þess eðlis að hann geti ekki sætt rafrænu eftirliti.

Samkvæmt 2. tölul. þarf fangi að hafa fastan dvalarstað sem samþykktur hefur verið af fangelsismálastofnun. Um getur verið að ræða heimili fanga eða annan dvalarstað sem samþykktur hefur verið, svo sem áfangaheimili, vistheimili, sambýli o.þ.h. Nauðsynlegt þykir að kveða á um skilyrði um fastan dvalarstað svo að unnt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með fanganum.

Samkvæmt 3. tölul. þarf maki fanga, forráðamaður, nánasti aðstandandi eða húsráðandi að samþykkja að hann sé undir rafrænu eftirliti á dvalarstað sínum. Í mörgum tilvikum getur það átt við að aðrir menn búi einnig á dvalarstað fanga. Þykir nauðsynlegt að samþykki annarra heimilismanna liggi fyrir, eða eftir atvikum húsráðanda áfangaheimilis, vistheimilis, sambýlis og þess háttar þar sem það getur reynst íþyngjandi fyrir aðra heimilismenn að maður sæti rafrænu eftirliti á þeirra dvalarstað. Er þetta skilyrði í samræmi við gildandi lög og reglur annars staðar á Norðurlöndunum.

Samkvæmt 4. tölul. þarf fangi að stunda vinnu, nám, vera í starfsþjálfun, meðferð eða sinna öðrum verkefnum sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný. Þar sem úrræðinu er ætlað að draga úr neikvæðum áhrifum fangelsisvistar og aðlaga fanga að samfélaginu á ný þykir mikilvægt að gert sé skilyrði að hann stundi vinnu, nám eða sinni annars konar uppbyggjandi verkefnum meðan á afplánun stendur. Hafa rannsóknir sýnt að slík endurhæfing sé líkleg til að draga úr endurkomutíðni. Gerð er sú krafa að fangelsismálastofnun samþykki vinnu, nám eða önnur verkefni fanga sem þeir stunda meðan á rafrænu eftirliti stendur.

Samkvæmt 5. tölul. þarf fangi áður að hafa nýtt sér úrræði samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga um fullnustu refsinga með fullnægjandi hætti. Á grundvelli 24. gr. hefur fangelsismálastofnun leyft föngum sem uppfylla nánar tilgreind skilyrði að afplána síðasta hluta refsingar sinnar á Áfangaheimili Verndar. Markmið þessa úrræðis er meðal annars að þeim gefist kostur á því að aðlagast samfélaginu smám saman áður en til reynslulausnar kemur. Er þetta afar mikil-

vægt fyrir fanga þar sem þeir geta stundað vinnu eða nám og verið í nánum tengslum við fjölskyldu og vini meðan á dvölinni þar stendur. Ástæða þess að gerð er sú krafa að fangi hafi dvalið á Vernd og staðist skilyrði með fullnægjandi hætti áður en til afplánunar undir rafrænu eftirliti kemur er m.a. að með þessum hætti hefur hann sýnt fram á að hann sé hæfur til að afplána refsingu utan fangelsis og því ákjósanlegt að unnt sé að veita honum enn frekari tækifæri til aðlögunar samfélagsins á ný með því að gefa honum kost á að ljúka afplánun á heimili sínu þar sem hann getur notið samvista við sína nánustu aðstandendur í enn ríkari mæli en áður. Er slíkt fyrirkomulag afplánunar vænlegt til árangurs, þ.e. að fangi sem dæmdur hefur verið í langa fangelsisrefsingu eigi þess kost að afplána fyrst refsinguna í fangelsi, síðan á áfangaheimili og að lokum heima hjá sér undir eftirliti. Um er að ræða fyrirkomulag sem hvetur fanga til góðrar hegðunar meðan á afplánun stendur auk þess sem það er vel til þess fallið að aðlaga hann að samfélaginu á ný og þar með draga úr líkum á að hann brjóti aftur af sér.

Samkvæmt 6. tölul. má fangi ekki hafa rofið skilyrði rafræns eftirlits á síðastliðnum þremur árum. Nauðsynlegt þykir að kveða á um þetta þar sem um ívilnandi úrræði er að ræða og því eðlilegt að strangar reglur gildi um endurveitingu hafi fangi ekki haldið skilyrði þess.

Um c-lið.

Í 1. mgr. er kveðið á um þau skilyrði sem rafrænt eftirlit skuli bundið.

Í 1. tölul. er kveðið á um á hvaða tímum fangi skuli vera á dvalarstað sínum. Mikilvægt er að skýrt sé kveðið á um á hvaða tíma dags föngum beri að vera á dvalarstað sínum svo að unnt sé að hafa eftirlit með þeim með fullnægjandi hætti. Um er að ræða sama útivistartíma og gildir um afplánun á Vernd. Talið er ákjósanlegt að um sama fyrirkomulag sé að ræða.

Í 2. tölul. er kveðið á um að fanga sé óheimilt að neyta áfengis eða ávana- og fíkniefna. Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Í 3. tölul. er kveðið á um að fangi fremji ekki refsiverðan verknað. Þetta skilyrði er nauðsynlegt þar sem úrræðinu er ætlað að hafa uppbyggilegt gildi og beina fanga af braut afbrota. Þeim markmiðum yrði ekki náð ef fanga væri heimilt að afplána áfram undir rafrænu eftirliti eftir að hafa brotið af sér að nýju. Ekki er gert að skilyrði að játning liggi fyrir en þó verður að gera kröfu um að fyrir liggi gögn sem bendi til þess að fanginn hafi framið nýtt brot.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að ákveða að rafrænt eftirlit verði bundið enn frekari skilyrðum ef þörf er talin á því. Upp gætu komið tilvik þar sem nauðsynlegt þykir að kveða á um umgengni fanga við ákveðna aðila, svo sem brotaþola eða aðstandendur þeirra. Þá getur eðli þess brots sem fangi afplánar refsingu fyrir leitt til þess að nauðsynlegt þyki að setja frekari skilyrði um umgengni við aðra menn eða iðkun tómstundastarfa.

Í 3. mgr. er að finna heimild til að krefjast þess að fangi undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn. Synjun fanga á slíkri rannsókn gildir sem rof á skilyrðum rafræns eftirlits. Eftirlitið getur t.d. falist í því að fangi sé heimsóttur á dvalarstað sinn eða vinnustað á hvaða tíma sólarhrings sem er og krafinn um að láta í té öndunar- og/eða þvagsýni. Einnig verður hægt að boða hann í fangelsi til að láta í té slík sýni. Starfsmenn fangelsisyfirvalda sinna slíku eftirliti eða annar aðili sem þau ákveða.

Í 4. mgr. er kveðið á um að áður en afplánun með rafrænu eftirliti hefjist skuli kynna fanga ítarlega þær reglur sem gilda um rafrænt eftirlit og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim. Er talið mikilvægt að í upphafi sé skýrt hvaða reglur gildi um slíka afplánun og hvaða afleiðingar rof á skilyrðum hafi í för með sér. Þá eykur það einnig líkur á því að fangi haldi skilyrðin.

Um 3. gr.

Lagt er til að orðalagi greinarinnar verði breytt til samræmis við 24. gr. laganna. Ákvæðin eiga annars vegar við um fanga sem afplána refsingu á sérstakri stofnun eða heimili sem fangelsismálastofnun hefur gert samkomulag við og eru þar undir eftirliti, svo sem á Áfangaheimili Verndar og hins vegar um fanga sem afplána refsingu undir rafrænu eftirliti.

Um 4. gr.

Samfélagsþjónusta sem fullnustuúrræði hefur gefist vel og endurkomutíðni þeirra sem afplána með samfélagsþjónustu í fangelsi er lág. Vegna þessa er lagt til að í stað þess að hámarksrefsing sú sem þeir sem eiga völ á að afplána refsingu með samfélagsþjónustu sé óskilorðsbundið fangelsi í sex mánuði verði hámarksrefsingin tólf mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Rétt er að taka fram að ef almannahagsmunir mæla gegn því að fanga verði gefinn kostur á að afplána með samfélagsþjónustu yrði honum ekki veitt slík heimild þrátt fyrir að hann uppfyllti skilyrði hvað varðar lengd hámarksrefsingar.

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laganna getur fangelsismálastofnun ákveðið að hluti af hinni ólaunuðu samfélagsþjónustu skuli felast í viðtalsmeðferð. Við það er bætt ákvæði um að hluti samfélagsþjónustunnar geti einnig falist í viðurkenndu námskeiði. Í ákveðnum tilfellum geta námskeið jafnast á við viðtalsmeðferð og þannig þjónað sama tilgangi og hér er leitað eftir. Er því lagt til að námskeið sem fangelsismálastofnun viðurkennir komi í sama stað.

Um 5. og 6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta).

Með frumvarpi þessu er lagt til annars vegar að lögfest verði nýtt fullnustuúrræði, rafrænt eftirlit með dómþolum sem afplána óskilorðsbundna fangelsisrefsingu, og hins vegar að gerð verði hækkun á viðmiði hámarksrefsingar sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu. Í frumvarpinu er þannig gert ráð fyrir að Fangelsismálastofnun geti leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis enda hafi hann á sér búnað svo unnt sé að fylgjast með ferðum hans. Þá er jafnframt lagt til að heimild til afplánunar refsingar með ólaunaðri samfélagsþjónustu verði rýmkuð þannig að þeim sem dæmdur hefur verið í allt að 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi verði heimilað að afplána refsingu á þennan hátt. Í gildandi lögum er miðað við 6 mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Þær breytingar sem hér eru lagðar til gera þannig ráð fyrir að unnt verði að afplána refsingar með öðrum og ódýrari hætti en með fangelsisvist. Með þessu verður mögulegt að ganga hraðar á biðlista Fangelsismálastofnunar eftir afplánun. Stofnunin áætlar að með þessum breytingum verði hægt að spara 5–7 fangarými á ári en kostnaður við hvern fanga í hefðbundinni afplánun er um 24 þús. kr. á sólarhring eða um 8,8 m.kr. á ári.

Kostnaður Fangelsismálastofnunar vegna þessara úrræða er tvíþættur. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir fjölgun um eitt stöðugildi til að meta hvort einstaklingar teljist vera hæfir til þess að fara í úrræði vegna samfélagsþjónustu og til að annast eftirlit með því að verkefnið gangi fram eins og til er ætlast. Samtals er áætlaður kostnaður við eitt stöðugildi og aukið aðkeypt eftirlit með úrræðinu 9,2 m.kr. á ári með starfstengdum kostnaði. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjölga þurfi um eitt stöðugildi hjá stofnuninni vegna rafræns eftirlits og að kostnaður vegna þess sé um 8 m.kr. árlega með starfstengdum kostnaði. Þessu til viðbótar má búast við að stofnkostnaður í forritun og tölvubúnaði geti orðið allt að 3 m.kr. og kostnaður við farsíma sem eftirlitið mun byggjast á verði um 1,2 m.kr. árlega. Ekki liggur fyrir áætlun hjá Fangelsismálastofnun um það á þessu stigi hversu margir fangar muni nýta þessi úrræði en hins vegar gera áætlanir ráð fyrir að 5–7 fangelsisrými muni losna og nýtast öðrum sem bíða afplánunar eins og að framan greinir. Kostnaður við þann fjölda fanga er á bilinu 44–61 m.kr. á ári.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má því gera ráð fyrir að árlegur kostnaður geti orðið rúmar 18 m.kr. og stofnkostnaður fyrsta árið um 3 m.kr. til viðbótar. Ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum í gildandi fjárlögum þar sem settur er bindandi útgjaldarammi á nafnvirði fyrir ríkið í heild næstu tvö árin.

1252. Frumvarp til laga [728. mál]

um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið og markmið.

Lög þessi gilda um sérstaka réttindagæslu fatlaðs fólks sem vegna fötlunar sinnar þarf stuðning við ákvarðanir um persónuleg málefni eða aðstoð við að leita réttar síns hvort sem er gagnvart opinberum þjónustuaðilum, öðrum stjórnvöldum eða einkaaðilum.

Markmið laganna er að tryggja fötluðu fólki viðeigandi stuðning við gæslu réttinda sinna.

Við framkvæmd laganna skal taka mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

2. gr.
Stjórn og skipulag.

Ráðherra fer með yfirstjórn réttindagæslu fatlaðs fólks samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Réttindavakt ráðuneytisins.

3. gr.

Ráðuneytið skal hafa yfirumsjón með réttindum fatlaðs fólks og skal koma á fót sérstakri réttindavakt innan ráðuneytisins.

Hlutverk réttindavaktar fatlaðs fólks er að:

a. fylgjast með störfum trúnaðarmanna fatlaðs fólks og veita þeim ráðgjöf og leiðbeiningar eftir þörfum,
b. safna upplýsingum um réttindamál fatlaðs fólks og þróun í þjónustu við fatlað fólk og koma á framfæri ábendingum um það sem betur má fara,
c. bera ábyrgð á fræðslu- og upplýsingastarfi varðandi réttindi fatlaðs fólks, svo sem fyrir hina fötluðu einstaklinga, trúnaðarmenn fatlaðs fólks, talsmenn þeirra, aðstandendur, starfsfólk og þjónustuaðila,
d. fylgjast með nýjungum á sviði þjónustu við fatlað fólk sem kunna að leiða til betri þjónustu og aukinna lífsgæða fyrir fatlað fólk,
e. annast útgáfu á auðlesnu efni og bæklingum um réttindi fatlaðs fólks.

III. KAFLI
Trúnaðarmenn fatlaðs fólks.

4. gr.

Á landinu skulu starfa svæðisbundnir trúnaðarmenn fatlaðs fólks sem ráðherra skal ráða að fenginni umsögn heildarsamtaka fatlaðs fólks. Skilyrði er að trúnaðarmenn hafi þekkingu og reynslu af málefnum fatlaðs fólks. Leitast skal við að ráða trúnaðarmenn sem hafa menntun sem nýtist þeim í starfi.

Trúnaðarmaður má ekki, samhliða starfi sínu sem trúnaðarmaður, starfa fyrir þjónustuaðila á viðkomandi þjónustusvæði í starfi sem er ósamrýmanlegt starfi trúnaðarmanns.

Ráðherra skal setja reglugerð um trúnaðarmenn fatlaðs fólks og skal þar meðal annars kveðið á um fjölda þeirra.

5. gr.

Trúnaðarmenn skulu fylgjast með högum fatlaðs fólks á sínu svæði og vera því innan handar við réttindagæslu hvers konar, hvort sem það er vegna meðferðar einkafjármuna þess, þjónustu sem það á rétt á eða varðandi önnur persónuleg réttindi eða einkamál þess.

Búi hinn fatlaði einstaklingur á heimili fyrir fatlað fólk skal forstöðumaður viðkomandi heimilis veita trúnaðarmanni þær upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar vegna starfs síns. Þegar um er að ræða upplýsingar sem varða persónuleg atriði eða upplýsingar um einkafjármuni hins fatlaða einstaklings skal leita eftir samþykki hans eða persónulegs talsmanns hans.

6. gr.

Fatlaður einstaklingur, sem telur að réttur hans sé fyrir borð borinn, aðstandendur hans, persónulegur talsmaður, þjónustuaðilar, samtök fatlaðs fólks eða hver sá sem lætur sig málefni fatlaðs fólks varða og telur að réttur fatlaðs einstaklings sé ekki virtur, getur tilkynnt það trúnaðarmanni á viðkomandi svæði. Einnig getur hver sá sem verður vitni að atviki sem vekur grun um að verið sé að brjóta gegn réttindum fatlaðs einstaklings tilkynnt atvikið til trúnaðarmanns. Trúnaðarmaður skal veita hinum fatlaða einstaklingi nauðsynlegan stuðning og kanna málið. Trúnaðarmaður getur einnig hvenær sem er tekið upp mál að eigin frumkvæði. Komist trúnaðarmaður að þeirri niðurstöðu að réttur fatlaðs einstaklings hafi verið fyrir borð borinn aðstoðar trúnaðarmaður hinn fatlaða einstakling við að leita réttar síns miðað við atvik máls hverju sinni.

Trúnaðarmaður getur, telji hann málið þess eðlis, komið ábendingum um úrbætur á framfæri við hlutaðeigandi aðila og gefið honum frest til að verða við ábendingunum. Verði ekki

orðið við ábendingum trúnaðarmanns og hann telur að málið sé kæranlegt til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks, skal hann aðstoða hinn fatlaða við að kæra málið og vera honum innan handar varðandi rekstur málsins sé þess óskað.

Trúnaðarmaður skal meta í hverju tilviki fyrir sig, í samráði við hinn fatlaða einstakling, hvort rétt sé að tilkynna mál til ráðuneytisins.

IV. KAFLI
Persónulegir talsmenn fatlaðs fólks.

7. gr.

Fatlaður einstaklingur sem er lögráða en á vegna fötlunar sinnar erfitt með að gæta hagsmuna sinna skal eiga rétt á persónulegum talsmanni. Fatlaður einstaklingur velur sér talsmann í samráði við trúnaðarmann á viðkomandi svæði og skal hann staðfesta val talsmanns. Hafa skal samráð við nánustu ættingja eða aðstandendur geti hinn fatlaði einstaklingur, að mati trúnaðarmanns, ekki tjáð vilja sinn í þeim efnum. Hinn fatlaði einstaklingur og persónulegur talsmaður hans skulu undirrita samkomulag um aðstoðina og skal það varðveitt af trúnaðarmanni.

Persónulegur talsmaður skal búa yfir þekkingu á persónulegum þörfum og áhugamálum þess einstaklings sem hann aðstoðar. Persónulegur talsmaður skal fá fræðslu um innihald og áherslur í starfi sínu. Ráðuneytinu er heimilt að gera samning við hagsmunasamtök fatlaðs fólks um milligöngu um að útvega persónulega talsmenn og annast fræðslu þeirra. Starf persónulegra talsmanna er ólaunað.

Allar ráðstafanir persónulegs talsmanns skulu gerðar í samráði við hinn fatlaða einstakling og einvörðungu með hagsmuni hans að leiðarljósi.

8. gr.

Trúnaðarmenn skulu halda skrá um persónulega talsmenn á sínu svæði og hafa eftirlit með störfum þeirra.

Trúnaðarmaður getur afturkallað umboð persónulegs talsmanns, í samráði við réttindavakt ráðuneytisins, telji hann viðkomandi ekki gegna skyldum sínum gagnvart hinum fatlaða einstaklingi. Hinn fatlaði einstaklingur getur hvenær sem er afturkallað umboð persónulegs talsmanns og skal trúnaðarmaður aðstoða hann við það óski hann eftir því.

9. gr.

Persónulegur talsmaður aðstoðar fatlaðan einstakling einkum við eftirfarandi:

1. Að gæta réttar síns. Persónulegur talsmaður hjálpar hinum fatlaða einstaklingi við að taka upplýstar ákvarðanir um málefni sem varða hann. Skal persónulegur talsmaður vera hinum fatlaða einstaklingi til aðstoðar m.a. þegar ákvarðanir eru teknar um þá þjónustu sem hinn fatlaði einstaklingur nýtur eða á rétt á. Þjónustuveitanda er skylt að kalla til persónulegan talsmann fatlaðs einstaklings þegar til stendur að gera verulegar breytingar á þjónustunni.
2. Persónuleg málefni hins fatlaða einstaklings. Persónulegur talsmaður er hinum fatlaða einstaklingi innan handar varðandi persónuleg málefni og hjálpar honum að taka upplýstar ákvarðanir, svo sem um læknisaðgerðir, val á búsetu, atvinnu, tómstundum, o.fl. Persónulegur talsmaður skal skoða heildrænt hvort hinn fatlaði einstaklingur býr við góð lífskjör og koma ábendingum til viðkomandi um það sem betur mætti fara.

3. Aðgangur að upplýsingum um fjármál. Greiði fatlaður einstaklingur gjöld í sameiginlega sjóði, til dæmis vegna sameiginlegs heimilishalds með öðrum, skal persónulegur talsmaður hans eiga rétt til aðgangs að öllum upplýsingum um meðferð fjármuna úr þeim sjóðum. Í því skyni á talsmaður rétt til setu á húsfundum og öðrum slíkum fundum.
4. Aðstoð við ráðstöfun fjármuna vegna daglegra útgjalda. Persónulegum talsmanni er heimilt, á grundvelli samkomulags skv. 1. mgr. 7. gr., að sjá um greiðslu daglegra útgjalda fyrir fatlaðan einstakling enda fari greiðslur fram með reiðufé sem ráðstafað er af sérgreindum reikningi fyrir þess háttar útgjöld. Persónulegum talsmanni er hins vegar óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga fyrir hönd þess sem hann aðstoðar nema sá einstaklingur hafi veitt honum skriflegt umboð til þess. Hafi fötluðum einstaklingi verið skipaður ráðsmaður á grundvelli lögræðislaga tekur umboð persónulegs talsmanns ekki til þeirra eigna og fjármuna sem ráðsmaður hefur umsjón með.

Ráðherra skal setja reglugerð um persónulega talsmenn fatlaðs fólks þar sem kveðið verður nánar á um störf þeirra.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.
Þagnarskylda.

Trúnaðarmenn fatlaðs fólks og persónulegir talsmenn þeirra skulu gæta þagmælsku um hvaðeina sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara vegna hagsmuna hins fatlaða einstaklings.

11. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

37. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um ráðningu trúnaðarmanna fatlaðs fólks skulu trúnaðarmenn sem skipaðir eru á grundvelli 37. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum, og reglugerðar, nr. 172/2011, um trúnaðarmenn fatlaðs fólks, starfa áfram út skipunartíma sinn en að honum loknum skal ráða trúnaðarmenn í samræmi við 4. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er unnið með hliðsjón af tillögum starfshóps sem skipaður var af félags- og tryggingamálaráðherra í nóvember árið 2007. Starfshópnum var falið að leggja fram tillögur að fyrirkomulagi réttindagæslu fatlaðs fólks, fjalla um hugmyndir um persónulega talsmenn og skoða þvingun og valdbeitingu gagnvart fötluðu fólki. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum í mars 2009. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar tilnefndir af félags- og tryggingamálaráðherra, fulltrúi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp.

Í XI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 152/2010, um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum, kemur fram að ráðherra skuli fyrir 1. mars 2011

leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk þar sem m.a. verði lögð til ákvæði um réttindagæslumenn fyrir fatlað fólk, persónulega talsmenn og nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk.

Á grundvelli þessa ákvæðis hefur velferðarráðuneytið unnið að undirbúningi frumvarps í samstarfi við heildarsamtök fatlaðs fólks og Samband íslenskra sveitarfélaga. Í hópnum sem vann að frumvarpinu sátu tveir fulltrúar frá velferðarráðuneytinu, fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fulltrúi frá Reykjavíkurborg, fulltrúi frá Öryrkjabandalagi Íslands og fulltrúi frá Landssamtökunum Þroskahjálp.

Eftir ítarlega skoðun var það niðurstaða vinnuhópsins að rétt væri að fresta gerð þess hluta frumvarpsins sem varðar nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk. Þar sem hér er um að ræða mjög viðkvæmt svið sem varðar mannréttindi fatlaðs fólks þarf að vanda mjög til lagasetningar varðandi þvingunaraðgerðir sem kann að þurfa að beita og taldi hópurinn því að meiri tíma þyrfti til að undirbúa slík ákvæði.

Þetta lagafrumvarp felur í sér fyrri hluta vinnunnar. Meginefni frumvarpsins eru ákvæði um réttindagæslu fyrir fatlað fólk sem skiptist í eftirfarandi þrjár stoðir:

1. réttindavakt velferðarráðuneytisins,
2. trúnaðarmenn fatlaðs fólks og
3. persónulega talsmenn þeirra.

Lögð verður áhersla á að hraða vinnu við frumvarp um aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk eins og kostur er og stefnt að því að það verði lagt fram eigi síðar en 1. nóvember 2011.

Í upphafi vinnu við þetta frumvarp var sú afstaða tekin að betur færi á því að ákvæði um sérstaka réttindagæslu fyrir fatlað fólk væri í sérstökum lögum frekar en að hafa þau hluta af lagabálki um málefni fatlaðs fólks. Helgast það annars vegar af því að lög um málefni fatlaðs fólks fjalla fyrst og fremst um þá sértæku þjónustu sem veitt er vegna fötlunar umfram almenna þjónustu sem allir eiga tilkall til samkvæmt almennum lögum. Þeim ákvæðum sem hér eru lögð til er ætlað annað gildissvið. Í fyrsta lagi er ekki sjálfgefið að það fari saman að einstaklingur sem á rétt á þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks þurfi einnig á persónulegum talsmanni að halda til þess að gæta réttinda sinna. Margir þeirra sem þurfa á talsverðri þjónustu að halda, til dæmis vegna hreyfihömlunar, eru fullfærir um að standa vörð um réttindi sín sjálfir. Í öðru lagi er um að ræða einstaklinga sem þurfa ekki þjónustu í skilningi laga um málefni fatlaðs fólks en er þannig ástatt um að þeir eiga erfitt með að taka upplýstar ákvarðanir um eigin málefni og eiga því rétt á persónulegum talsmanni samkvæmt frumvarpi þessu.

Þá ber að líta til þess að þjónusta við fatlað fólk er nú komin að mestu leyti í hendur sveitarfélaganna en gert er ráð fyrir að réttindagæsla fyrir fatlað fólk verði verkefni ríkisins. Hér er því um sjálfstætt eftirlit að ræða sem er skipað til hliðar við þá aðila sem veita þjónustuna.

Við gerð frumvarpsins var tekið mið af 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem undirritaður var af hálfu Íslands í mars 2007. Í undirritun samningsins fólst yfirlýsing um vilja íslenskra stjórnvalda til þess að fullgilda samninginn og innleiða meginreglur hans í íslensk lög. Unnið hefur verið að undirbúningi þess og er framlagning þessa frumvarps mikilvægur þáttur í því ferli.

Frumvarpið var lesið yfir með hliðsjón af því hvort það hefði áhrif á stöðu kynjanna eða væri öðru kyninu frekar til íþyngingar eða ívilnunar og varð ekki séð að það hefði meiri áhrif á annað kynið heldur en hitt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram að lögin gildi um sérstaka réttindagæslu fatlaðs fólks sem af einhverjum ástæðum þarf aðstoð við að gæta réttar síns eða stuðning við að taka upplýstar ákvarðanir um persónuleg málefni. Gert er ráð fyrir að lögin taki til allra sem þetta á við um og má gildissvið laganna ekki túlka þrengra en tilefni er til og því er ekki takmarkað með sérstökum hætti hverjir það séu sem geti leitað stuðnings trúnaðarmanns fatlaðs fólks eða óskað eftir persónulegum talsmanni. Verður að meta í hverju tilfelli fyrir sig hvort viðkomandi eigi rétt á aðstoð samkvæmt lögunum. Það er ekki skilyrði fyrir því að einstaklingur eigi rétt á stuðningi samkvæmt lögum þessum að viðkomandi njóti þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum. Áréttað er að lögin taka til réttindagæslu almennt, hvort sem er gagnvart opinberum aðilum eða einkaaðilum.

Í 2. mgr. kemur fram það markmið laganna að tryggja fötluðu fólki viðunandi opinberan stuðning við gæslu hvers konar réttinda.

Í 3. mgr. er tekið fram að við framkvæmd laganna skuli taka mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en eins og áður greinir var hann undirritaður af hálfu Íslands í mars 2007.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er að finna ákvæði um réttindavakt ráðuneytisins. Í henni er nánar skilgreint hvert sé hlutverk ráðuneytisins í réttindagæslu fatlaðs fólks. Er gert ráð fyrir að hlutverk ráðuneytisins felist fyrst og fremst í eftirliti og yfirumsjón með réttindagæslu og að vera trúnaðarmönnum til fulltingis í flóknum og erfiðum málum. Einnig ber ráðuneytið ábyrgð á fræðslu og upplýsingagjöf hvers konar, til dæmis fræðslu trúnaðarmanna og útgáfu á aðgengilegu fræðsluefni um réttindi fatlaðs fólks og um þá réttindagæslu sem þeim stendur til boða.

Um III. kafla.

Í III. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um trúnaðarmenn fatlaðs fólks. Núgildandi ákvæði um trúnaðarmenn er að finna í 37. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum, og er kafla þessum ætlað að leysa hana af hólmi. Helstu nýmælin eru þau að kveðið er á um að trúnaðarmenn séu svæðisbundir og séu ráðnir af ráðherra að fenginni umsögn heildarsamtaka fatlaðs fólks en samkvæmt gildandi lögum skulu þeir skipaðir samkvæmt tillögu frá heildarsamtökum fatlaðs fólks. Bætt er við nýju ákvæði sem kveður á um að trúnaðarmaður megi ekki, samhliða starfi sínu sem trúnaðarmaður, gegna starfi fyrir þjónustuveitanda sem ósamrýmanlegt er starfi hans sem trúnaðarmaður. Kveðið er ítarlegar á um hlutverk og skyldur trúnaðarmanna en gert er í gildandi lögum. Einnig er kveðið á um að trúnaðarmaður geti tekið mál upp að eigin frumkvæði.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um skipulag og ráðningu trúnaðarmanna fatlaðs fólks. Er þar gerð sú breyting frá núverandi 1. mgr. 37. gr. að kveðið er á um að á landinu skuli starfa svæðisbundnir trúnaðarmenn en gert er ráð fyrir að fjöldi þeirra og skipting milli landshluta fari að einhverju leyti eftir þjónustusvæðum fatlaðs fólks samkvæmt lögum um málefni fatlaðs

fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum, en ráðherra er falið að ákveða fjölda þeirra og skiptingu milli svæða í reglugerð. Gert er ráð fyrir að trúnaðarmenn verði ráðnir og séu starfsmenn ráðuneytisins en það er nýmæli. Þeir skulu þó vera staðsettir í þeim landshlutum sem þeir eru ráðnir til að sinna. Er þessi breyting m.a. gerð með það fyrir augum að starf trúnaðarmanns verði meira en eitthvað sem hann sinnir samhliða fullu starfi annars staðar en að jafnaði skal við það miðað að starfshlutfall hvers trúnaðarmanns sé ekki minna en hálft starf eins og það er skilgreint á hverjum tíma. Því er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið að hver trúnaðarmaður sinni fleiri en einu þjónustusvæði. Þá er gert ráð fyrir að um ráðninguna sem og starfið fari eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, m.a. að störfin verði auglýst. Eins og í núgildandi lögum er það skilyrði að trúnaðarmenn hafi þekkingu og reynslu af málefnum fatlaðs fólks en nýmæli er ákvæði þess efnis að æskilegt sé að þeir hafi menntun sem nýtist þeim í starfi. Það er þó ekki skilyrði.

Í 2. mgr. er það nýmæli að áréttað er að samhliða starfi sínu megi trúnaðarmaður ekki sinna öðru starfi hjá þjónustuveitanda sem er ósamrýmanlegt starfi hans sem trúnaðarmaður. Gildir þetta bæði sem almennt hæfisskilyrði sem litið er til við ráðningu trúnaðarmanns sem og þegar trúnaðarmaður hyggst taka við starfi samhliða starfi sem trúnaðarmaður en þá ber honum skylda til að tilkynna það til ráðuneytisins í samræmi við 20. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Í 3. mgr. kemur fram að ráðherra skuli setja reglugerð um trúnaðarmenn þar sem meðal annars verði kveðið á um fjölda þeirra. Er ákvæði þetta efnislega samhljóða 7. mgr. 37. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að hér er kveðið á um skyldu ráðherra til að setja reglugerð.

Um 5. gr.

Greinin kemur í stað 2. mgr. 37. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum. Þar er það nýmæli að trúnaðarmaður skuli vera fötluðu fólki innan handar varðandi réttargæslu hvers konar. Í núgildandi ákvæði er aðeins talað um að hann skuli fylgjast með högum fatlaðs fólks. Ekki er afmarkað sérstaklega í hvaða málum trúnaðarmaður getur veitt hinum fatlaða einstaklingi aðstoð sína en gert er ráð fyrir að hann geti aðstoðað eða leiðbeint fötluðu fólki með nánast hvaðeina sem varðar réttindi þess. Er þetta ákvæði því ítarlegra og rýmra en núgildandi ákvæði.

Þá er 2. mgr. sama efnis og núgildandi 1. mgr. 37. gr. laga um málefni fatlaðs fólks fyrir utan að gert er ráð fyrir að aflað sé samþykkis persónulegs talsmanns hins fatlaða einstaklings áður en veittar eru upplýsingar sem varða persónuleg atriði eða einkafjármuni hins fatlaða einstaklings. Í 2. mgr. kemur fram að í þeim tilvikum sem hinn fatlaði einstaklingur býr á heimili fyrir fatlað fólk skuli forstöðumaður veita trúnaðarmanni allar þær upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar vegna starfa sinna. Skal þó ávallt virða friðhelgi einkalífs hins fatlaða einstaklings og óska eftir samþykki hans eða persónulegs talsmanns, eftir atvikum, ef um er að ræða viðkvæmar persónulegar upplýsingar.

Um 6. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um málsmeðferð trúnaðarmanns og hvernig mál koma til skoðunar hans. Greinin kemur í stað 3.–5. mgr. núgildandi 37. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Í 3. mgr. 37. gr. kemur fram að telji fatlaður einstaklingur að réttur hans sé fyrir borð borinn geti hann leitað til trúnaðarmanns sem kannar málið og aðstoðar hann að því loknu við að kæra málið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, þegar það á við. Í 4. mgr. 37. gr. kemur fram að telji aðstandendur, heildarsamtök fatlaðs fólks eða aðrir sem

láta sig hagsmuni fatlaðs fólks varða að réttur fatlaðra einstaklinga sé fyrir borð borinn geti þeir leitað til trúnaðarmanns sem kannar málið og aðstoðar við kæru á sama hátt og í 3. mgr. Í 5. mgr. 37. gr. kemur svo fram að trúnaðarmaður skuli veita fötluðum einstaklingi stuðning við meðferð málsins sé þess óskað.

Í 1. mgr. kemur fram upptalning á aðilum sem geta leitað til trúnaðarmanns. Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða en í raun getur hver sem er leitað til trúnaðarmanns fatlaðs fólks telji hann að brotið sé á réttindum fatlaðs einstaklings en þetta ákvæði er efnislega samhljóða núgildandi 3. og 4. mgr. 37. gr. Einnig er áréttað að trúnaðarmaður geti alltaf tekið upp mál að eigin frumkvæði en það er nýmæli.

Í 2. mgr. kemur fram hvað trúnaðarmaður skuli gera telji hann brotið á rétti fatlaðs einstaklings. Í fyrsta lagi er að finna það nýmæli að hann getur byrjað á því að senda viðkomandi aðila bréf með ábendingum um úrbætur og gefa tiltekinn frest til þess að verða við þeim. Trúnaðarmaður getur einnig aðstoðað hinn fatlaða einstakling við að kæra málið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála ef málið er kæranlegt þangað samkvæmt heimild í 5. gr. a laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum, en það er í samræmi við núgildandi 3. og 4. mgr. 37. gr. Það er ekki skilyrði að trúnaðarmaður sendi ábendingar um úrbætur til viðkomandi áður en hann aðstoðar hinn fatlaða einstakling við að kæra mál til úrskurðarnefndarinnar telji trúnaðarmaður ábendingarnar tilgangslausar.

Í 3. mgr. er tekið fram að trúnaðarmaður geti, í samráði við hinn fatlaða einstakling, ákveðið að tilkynna ráðuneytinu um mál sem honum berast. Er þetta í samræmi við núgildandi 3. og 4. mgr. 37. gr. en það er þó nýmæli að gert sé að skilyrði að tilkynningin skuli vera í samráði við hinn fatlaða einstakling. Gert er ráð fyrir að slíkt komi helst til greina þegar athugun trúnaðarmanns bendir til dæmis til þess að þjónustu sé almennt ábótavant á ákveðnu þjónustusvæði eða hjá tilteknum þjónustuveitanda og varði þá fleiri en einn notanda. Einnig getur trúnaðarmaður tilkynnt mál sem vekja upp spurningar um hvort breyta þurfi lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er að finna ákvæði um persónulega talsmenn fatlaðs fólks. Um er að ræða nýmæli í íslenskri löggjöf en stuðst var m.a. við fyrirmynd að slíkum talsmönnum („god man“) frá Svíþjóð. Persónulegir talsmenn eru fyrst og fremst hugsaðir sem aðstoðarmenn sem þekkja fatlaðan einstakling, áhugamál hans og þarfir. Þeim er ætlað að aðstoða fatlaðan einstakling við að lifa sjálfstæðu lífi og taka sjálfur upplýstar ákvarðanir um persónuleg málefni sín. Er þetta úrræði í samræmi við 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Við túlkun ákvæða kaflans ber ávallt að hafa í huga að um er að ræða lögráða einstakling sem veitir öðrum einstaklingi, persónulegum talsmanni, umboð til þess að aðstoða sig í einstökum málum. Persónulegur talsmaður er ekki lögráðamaður eða fjárhaldsmaður hins fatlaða einstaklings og hefur ekki heimild til þess að taka ákvarðanir án samráðs við hann eða taka fram fyrir hendurnar á honum. Skal aðstoðin alltaf fara fram á forsendum hins fatlaða einstaklings og með hagsmuni hans að leiðarljósi. Áhersla er einnig lögð á að starf persónulegs talsmanns er sjálfboðastarf.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um hverjir eigi rétt á persónulegum talsmanni. Segir þar að lögráða einstaklingur sem fötlunar sinnar vegna á erfitt með að gæta hagsmuna sinna sjálfur skuli eiga rétt á persónulegum talsmanni. Ekki ber að túlka orðið fötlun hér þrengra en tilefni er

til hverju sinni og er vísað til skilgreiningarinnar í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Er því ekki útilokað að einstaklingur sem á til dæmis erfitt með að gæta réttar síns vegna afleiðinga viðvarandi sjúkdóms eða slyss geti átt rétt á persónulegum talsmanni samkvæmt þessari grein. Trúnaðarmaður metur það eftir aðstæðum hverju sinni hvort einstaklingur á rétt á persónulegum talsmanni. Fötluðum einstaklingi er aldrei skylt að velja sér persónulegan talsmann. Gert er ráð fyrir að viðkomandi velji sér persónulegan talsmann í samráði við trúnaðarmann á viðkomandi svæði. Við vinnslu þessa frumvarps var talsvert rætt um stöðu þeirra einstaklinga sem vegna fötlunar sinnar geta ekki tjáð vilja sinn í þessum efnum eða gera sér ekki grein fyrir hlutverki persónulegs talsmanns, svo sem við á um einstaklinga með verulegar þroska- og/eða greindarskerðingar. Hér er lagt til að í þeim tilfellum þegar viðkomandi getur ekki tjáð vilja sinn um val á persónulegum talsmanni velji trúnaðarmaður honum persónulegan talsmann í samráði við nánustu ættingja og aðstandendur hins fatlaða einstaklings eða þá sem þekkja best til hans.

Hinn fatlaði einstaklingur og persónulegur talsmaður hans skulu gera með sér samkomulag sem þeir undirrita ásamt trúnaðarmanni þar sem er nánar afmarkað að hverju aðstoðin lýtur og á það sérstaklega við um meðferð fjármuna. Ef ekkert er tekið fram í samkomulagi þeirra um hvernig fer með slíkt gilda ákvæði 9. gr.

Í 2. mgr. eru gerðar þær kröfur til persónulegs talsmanns að hann þekki til persónulegra málefna þess sem hann aðstoðar, þar á meðal sérstakra þarfa hans, áhugamála o.fl., hvort sem hann býr yfir slíkri þekkingu vegna fyrri samskipta sinna við hinn fatlaða einstakling eða hann kynni sér þau þegar hann tekur að sér að vera persónulegur talsmaður viðkomandi. Sé hinn fatlaði einstaklingur ekki mæltur á íslenska tungu, svo sem ef hann er af erlendu bergi brotinn eða vegna heyrnarskerðingar, skal það tryggt að persónulegur talsmaður tali það tungumál sem viðkomandi er tamt að nota. Skal hann hljóta fræðslu um réttindamál fatlaðs fólks og áherslur sínar í störfum. Gerir greinin ráð fyrir að ábyrgð á slíkri fræðslu sé hjá ráðuneytinu en ráðherra sé heimilt að fela hagsmunasamtökum fatlaðs fólks að annast fræðslu fyrir persónulega talsmenn. Einnig geta hagsmunasamtökin haft milligöngu um að útvega einstaklinga sem eru tilbúnir að taka að sér að vera persónulegir talsmenn fyrir einstaklinga sem ekki geta bent á einstakling sem þeir vilja að sé þeirra persónulegur talsmaður.

Í lokamálslið 2. mgr. er áréttað að starf persónulegs talsmanns sé ólaunað.

Í 3. mgr. er áréttað að persónulegur talsmaður skuli alltaf hafa samráð við hinn fatlaða einstakling um ráðstafanir sem varða hann og hafa hagsmuni hans að leiðarljósi.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um eftirlit trúnaðarmanns með persónulegum talsmönnum en þar kemur fram að hann skuli halda skrá um persónulega talsmenn á sínu svæði. Einnig getur hann afturkallað umboð þeirra telji hann viðkomandi ekki sinna skyldum sínum og skal það gert í samráði við ráðuneytið. Skal það alltaf gert með hliðsjón af hagsmunum hins fatlaða einstaklings. Tekin eru af öll tvímæli um að hinn fatlaði einstaklingur getur hvenær sem er afturkallað umboð persónulegs talsmanns. Hann getur fengið aðstoð trúnaðarmanns við að tilkynna það persónulegum talsmanni og annað því tengt ef þörf krefur.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað nánar um inntak þeirrar aðstoðar sem persónulegur talsmaður veitir hinum fatlaða einstaklingi og hvaða heimildir hann hefur í ljósi stöðu sinnar, sé ekki annað tekið fram í samkomulagi því sem gert er um aðstoðina skv. 7. gr.

Í 1. tölul. er tekið fram að persónulegur talsmaður aðstoði hinn fatlaða einstakling við að gæta réttar síns í einstökum málum og við að taka upplýstar ákvarðanir, m.a. varðandi þá þjónustu sem hinn fatlaði einstaklingur nýtur. Er lögð sú skylda á þjónustuveitanda að kalla til persónulegan talsmann þegar stendur til að gera verulegar breytingar á þeirri þjónustu sem hinn fatlaði einstaklingur nýtur. Er það m.a. gert með réttaröryggi hins fatlaða einstaklings fyrir augum og svo að hann geti með fullnægjandi hætti gert sér grein fyrir þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru og andmælt þeim, telji hann þörf á.

Í 2. tölul. er fjallað um aðstoð vegna persónulegra málefna hins fatlaða einstaklings. Er hér fyrst og fremst um að ræða aðstoð við að taka upplýstar ákvarðanir um hin ýmsu persónuleg málefni og eru nefnd í dæmaskyni læknisaðgerðir og val á búsetu, atvinnu og tómstundum. Markmið ákvæðisins er að stuðla að því að skipulag tómstunda, atvinnu og búsetu hins fatlaða einstaklings sé ávallt á forsendum hans en ráðist ekki af öðrum sjónarmiðum, svo sem skipulagi starfsemi einstakra þjónustuaðila. Einnig er verið að tryggja að hinn fatlaði einstaklingur hafi einhvern sér við hlið þegar taka á ákvarðanir um læknisaðgerðir eða lyfjagjöf til þess að reyna að tryggja eftir fremsta megni að hinn fatlaði einstaklingur skilji hvað slíkar aðgerðir fela í sér og geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin heilsu.

Í 3. tölul. er tilgreindur sá aðgangur sem persónulegur talsmaður hefur að upplýsingum sem tengjast fjárhag hins fatlaða einstaklings. Tekið er fram að persónulegur talsmaður eigi rétt til aðgangs að öllum upplýsingum um meðferð fjármuna úr sameiginlegum sjóðum sem viðkomandi greiðir í. Með sama hætti á talsmaður rétt til setu á húsfundum og öðrum slíkum fundum þar sem upplýsingar eru veittar og ákvarðanir teknar um sameiginleg mál íbúa. Tekið skal fram að þessi aðgangur og réttur til fundarsetu er leiddur af því umboði sem felst í stöðu persónulegs talsmanns, sbr. hér á eftir.

Í 4. tölul. er afmarkað með hvaða hætti persónulegur talsmaður aðstoðar viðkomandi þegar kemur að ráðstöfun fjármuna vegna daglegra útgjalda. Lagt er til að lögin hafi að geyma ákveðna reglu í þessu sambandi sem feli í sér að persónulegur talsmaður megi, á grundvelli samkomulags skv. 1. mgr. 7. gr., sjá um greiðslu daglegra útgjalda fyrir hinn fatlaða einstakling. Í þessu felst að talsmaður hafi lögákveðið stöðuumboð til þess að annast þessi útgjöld, svo sem til þess að sjá um að greiðslu aðgangsmiða að tónleikum eða kvikmyndahúsum, veitingar á kaffihúsi o.s.frv. Til þess að stöðuumboðið verði virkt þarf einnig að liggja fyrir samkomulag skv. 1. mgr. 7. gr. Með slíku samkomulagi er tryggt að báðir þættir stöðuumboðs séu til staðar skv. 2. mgr. 10. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936.

Lagt er til að stöðuumboð persónulegs talsmanns taki einungis til greiðslna vegna daglegra útgjalda hins fatlaða einstaklings með reiðufé sem ráðstafað er af sérgreindum reikningi fyrir þess háttar útgjöld. Nær það einnig til greiðslna með debetkorti sem tengt er slíkum reikningi. Hafa skal í huga að innstæða á þess háttar reikningum er að öllu jöfnu lág. Hins vegar er tekið skýrt fram að persónulegum talsmanni er algerlega óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga fyrir hönd hins fatlaða einstaklings. Til slíkra skuldbindinga teljast allir löggerningar sem fela í sér greiðslu með öðru en reiðufé, þar á meðal greiðslur með kreditkorti o.þ.h. Bannið tekur einnig til þess að stofna til yfirdráttarheimildar á ráðstöfunarreikning.

Sé það vilji hins fatlaða einstaklings að fela talsmanni að annast eiginlegar fjárskuldbindingar verður til að koma skriflegt, þ.e. skjalfest og afmarkað, umboð sem uppfyllir almennar kröfur til slíks umboðs.

Um 10. gr.

Greinin kveður á um þagnarskyldu trúnaðarmanna fatlaðs fólks og persónulegra talsmanna um atriði sem leynt eiga að fara vegna hagsmuna hins fatlaða einstaklings. Þar sem gert er ráð fyrir að trúnaðarmenn verði opinberir starfsmenn gilda þagnarskylduákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, um þá. Rétt þykir að árétta þagnarskyldu þeirra í þessum lögum og kveða á um þagnarskyldu persónulegra talsmanna enda fá þeir eðli málsins samkvæmt vitneskju um margt sem varðar persónuleg málefni þeirra sem þeir aðstoða.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að núgildandi ákvæði um trúnaðarmenn í 37. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum, falli brott.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið felur í sér að þrátt fyrir ákvæði 4. gr. frumvarps þessa um að ráðherra ráði trúnaðarmenn fatlaðs fólks skuli trúnaðarmenn sem skipaðir eru tímabundið skv. 37. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum, starfa áfram út skipunartíma sinn. Að honum liðnum skal auglýsa störf þeirra laus til umsóknar og ráða í störfin skv. 4. gr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja fötluðu fólki viðeigandi stuðning við gæslu réttinda sinna. Það byggist á tillögum sem lagðar voru fram í mars 2009 af starfshópi á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis og tekur það mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Frumvarpið kveður á um þríþætta réttindagæslu. Í fyrsta lagi er kveðið á um réttindavakt velferðarráðuneytisins sem fari með stjórnsýslulega framkvæmd réttindagæslunnar. Í því felst að fræða og upplýsa um réttindi fatlaðra, hafa eftirlit með trúnaðarmönnum fatlaðra, veita þeim ráðgjöf, fylgjast með nýjungum og standa að útgáfu efnis er málefnið varðar.

Í öðru lagi er kveðið á um svæðisbundna trúnaðarmenn sem hver á sínu svæði skulu hafa þau verkefni að fylgjast með högum fatlaðra og vera þeim innan handar um hvers kyns mál er varða þjónustu fyrir fatlaða, persónuleg fjármál og réttindamál almennt. Í tilviki brota á hinum fatlaða skal trúnaðarmaður veita brotaþola stuðning við að leita réttar síns gagnvart gagnaðila en honum verður einnig heimilt að taka mál upp að eigin frumkvæði.

Í þriðja lagi kveður frumvarpið á um persónulega talsmenn fyrir þá sem orðnir eru lögráða en sökum fötlunar sinnar eru ekki í aðstöðu til að gæta eigin hagsmuna. Persónulegir talsmenn eru valdir í samráði við trúnaðarmann á því svæði sem hinn fatlaði býr og er um ólaunað starf að ræða.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði þess taki gildi við samþykki Alþingis. Samkvæmt áætlun velferðarráðuneytisins er gert ráð fyrir að starf vegna réttindavaktar innan ráðuneytisins samsvari um 60% stöðugildi og áformað er að störf allra trúnaðarmanna geti samsvarað allt að 3,5 stöðugildum. Launakostnað á ársgrunni vegna réttindagæslunnar má því áætla allt að 30 m.kr. auk þess sem gert er ráð fyrir ýmsum kostnaði m.a. vegna funda, ferðalaga, aðstöðu og upplýsingamiðlunar sem gæti orðið rúmar 9 m.kr. á ári miðað við áform ráðuneytisins um fyrirkomulag og umfang þjónustunnar og gæti kostnaður vegna réttindagæslunnar því numið nálægt 40 m.kr. á ári.

Í byrjun þessa árs voru málefni fatlaðra færð á verksvið sveitarfélaga samkvæmt sérstöku samkomulagi en félagsmálaráðuneytið hafði áður haft með höndum alla stefnumörkun, stjórnsýslu, samningagerð, réttindagæslu og rekstur vegna þjónustu við fatlaða. Í tengslum við þá yfirfærslu voru fjárheimildir aðalskrifstofu ráðuneytisins einungis lækkaðar sem samsvarar tveimur stöðugildum frá fyrra ári auk þess sem önnur rekstrargjöld voru lækkuð lítils háttar. Má það teljast lítið miðað við umfang málaflokksins hjá ráðuneytinu en það var gert m.a. til þess að þar verði áfram til staðar næg þekking á málaflokknum og þá einkum til að annast um réttindagæslu. Við þessar breytingar í gildandi fjárlögum var þannig gert ráð fyrir að hjá aðalskrifstofunni yrði áfram til staðar eitt stöðugildi vegna fyrirhugaðrar réttindavaktar á vegum ríkisins. Því til viðbótar voru rúmlega 12 m.kr. af fjárheimildum málaflokksins fluttar á sérstakt viðfangsefni til að standa straum af launakostnaði trúnaðarmanna sem eiga að koma að réttindagæslunni á grundvelli áætlunar félagsmálaráðuneytisins um þau verkefni. Í gildandi fjárlögum eru þannig til staðar um 20 m.kr. til að mæta launakostnaði við réttindagæsluna auk annarra fjárheimilda hjá ráðuneytinu vegna annars kostnaðar við málaflokkinn sem ekki voru felldar niður við yfirfærsluna. Er því gert ráð fyrir að velferðarráðuneytið hafi fjárhagslegt svigrúm til að mæta útgjöldum tengdum réttindagæslunni innan núverandi rekstrarheimilda ráðuneytisins.

Verði frumvarpið lögfest ætti það því ekki að leiða til aukinna útgjalda hjá ríkissjóði umfram það sem þegar hefur verið ákveðið í fjárlögum. Ef talin verður meiri þörf fyrir aukna starfsemi á þessu sviði fremur en öðrum verður að gera ráð fyrir að velferðarráðuneytið muni þá forgangsraða til verkefnisins öðrum fjárheimildum innan síns útgjaldaramma.

1253. Frumvarp til laga [729. mál]

um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Í stað orðanna „átta virkum dögum áður en starfsemi“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: eigi síðar en sama dag og starfsemin.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fulltrúinn getur verið einn af þeim starfsmönnum starfsmannaleigunnar sem starfa hér á landi.

b. Í stað orðanna „átta virkum dögum áður en“ í 2. mgr. kemur: eigi síðar en sama dag og.
c. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt“ í inngangsmálslið 1. mgr. kemur: sama dag og starfsemin hefst hér á landi.
b. Í stað orðanna „upplýsingar um að viðkomandi starfsmenn njóti almannatryggingaverndar í heimaríki (E-101)“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: upplýsingar um hvort viðkomandi starfsmenn njóta almannatryggingaverndar í heimaríki.
c. Í stað orðanna „áður en þjónustan er veitt“ í 2. mgr. kemur: eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi starfsmannaleigunnar hófst hér á landi.

4. gr.

Í stað orðanna „áður en þjónustan er veitt“ í 1. mgr. 4. gr. a laganna kemur: eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi hlutaðeigandi starfsmannaleigu hófst hér á landi.

5. gr.

Á eftir 11. gr. laganna kemur ný grein, 11. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Dagsektir.

Fari starfsmannaleiga ekki að lögum þessum getur Vinnumálastofnun krafist þess að hlutaðeigandi fyrirtæki bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum. Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt því fyrirtæki sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 100.000 kr. hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna fyrirtækisins og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um dagsektir eru aðfararhæfar.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til breytinga á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum. Við gerð þess hafði velferðarráðuneytið samráð við Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis og Vinnumálastofnun.

Eftir að hafa farið yfir efni laga nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum, hefur Eftirlitsstofnun EFTA gert athugasemdir við tiltekin ákvæði laganna þar sem stofnunin telur að þau brjóti hugsanlega í bága við 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, meðal annars að teknu tilliti til dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins. Í rökstuddu áliti stofnunarinnar til íslenskra stjórnvalda kemur meðal annars fram að þessi tilteknu ákvæði feli að mati stofnunarinnar í sér kröfur sem jafna megi til þess að starfsmannaleigur þurfi að sækja um leyfi fyrir fram til að geta hafið starfsemi hér á landi (e. a prior authorisation scheme). Telur stofnunin að þar með feli þessi tilteknu ákvæði í sér hindrun á frjálsum

þjónustuviðskiptum á grundvelli 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þá telur stofnunin að unnt sé að ná þeim markmiðum sem lögunum er ætlað að ná þrátt fyrir að gerðar séu breytingar á umræddum ákvæðum þannig að efni þeirra falli betur að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Meðal þeirra ákvæða laga um starfsmannaleigur sem stofnunin hefur gert athugasemdir við eru ákvæði þar sem kveðið er á um að sá sem vill veita starfsmannaleiguþjónustu hér á landi þurfi að veita Vinnumálastofnun upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi átta virkum dögum áður en starfsemin hefst, sbr. 1. mgr. 2. gr. sem og 1. mgr. 4. gr. laganna. Enn fremur gerir Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir við að Vinnumálastofnun beri að veita viðkomandi starfsmannaleigu skriflega staðfestingu um móttöku upplýsinga sem starfsmannaleigunni sé síðan skylt að afhenda notendafyrirtæki áður en þjónustan er veitt, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 4. gr. a laganna. Þá gerir Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir við að láti starfsmannaleiga hjá líða að tilkynna um fulltrúa sinn til Vinnumálastofnunar eða um skipti á fulltrúa sé henni óheimilt að veita þjónustu hér á landi, sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna. Máli sínu til stuðnings vísar stofnunin meðal annars til dómafordæma Evrópudómstólsins í máli nr. C-168/04 *Framkvæmdastjórnin gegn Austurríki* og máli nr. C-445/03 *Framkvæmdastjórnin gegn Lúxemborg*.

Þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu á tilteknum ákvæðum laga um starfsmannaleigur er ætlað að mæta framangreindum athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA án þess þó að skerða á nokkurn hátt þau markmið sem lögunum er ætlað að ná, enda ekki gert ráð fyrir að umræddar breytingar hafi áhrif á framkvæmd laganna auk þess sem Vinnumálastofnun ber ætíð að fara að stjórnsýslulögum í störfum sínum, meðal annars með því að gæta meðalhófs.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur áður gert athugasemdir við samsvarandi ákvæði í lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum. Í því skyni að koma til móts við þær athugasemdir Eftirlitsstofnunarinnar voru samþykkt á Alþingi 15. júní 2010 lög nr. 96/2010, um breytingu á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu eru að öllu leyti sambærilegar við þær breytingar sem Alþingi samþykkti að gera á fyrrnefndum lögum nr. 45/2005 með framangreindum lögum nr. 96/2010 í því skyni að koma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA við tiltekin ákvæði laga nr. 45/2007.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að sá sem vill veita starfsmannaleiguþjónustu hér á landi verði að tilkynna um það til Vinnumálastofnunar eigi síðar en sama dag og starfsemin hefst í stað átta virkum dögum áður líkt og nú er gert að skilyrði. Verður það að teljast nægjanlegt enda tilgangur ákvæðisins fyrst og fremst sá að Vinnumálastofnun fái vitneskju um þá aðila sem veita slíka þjónustu hérlendis.

Um 2. gr.

Lagt er til að tekið verði fram í 1. mgr. 3. gr. laganna að fulltrúi viðkomandi starfsmannaleigu geti verið einn af þeim starfsmönnum hennar sem starfa hér á landi. Ekki er um efnisbreytingu á ákvæði þessu að ræða heldur einungis verið að árétta að starfsmaður viðkomandi

starfsmannaleigu hér á landi geti verið umræddur fulltrúi en tekið er fram í athugasemdum við 3. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 139/2005 að ekki séu gerðar sérstakar kröfur um að fulltrúinn hafi fasta búsetu hér á landi en gert sé ráð fyrir að hann hafi dvalarstað hérlendis meðan starfsemin fer hér fram. Hafi fulltrúinn hins vegar lögheimili hér á landi skuli það tekið fram.

Til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarps þessa er lagt til að nægjanlegt verði fyrir þann sem vill veita starfsmannaleiguþjónustu hér á landi að tilkynna Vinnumálastofnun um fulltrúa sinn eigi síðar en sama dag og starfsemin hefst hér á landi í stað átta virkum dögum áður líkt og nú er gert að skilyrði. Þykir sú ráðstöfun ekki draga úr mikilvægi ákvæðisins en meðal þess sem fram kemur í fyrrnefndum athugasemdum við 3. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 139/2005 er að ástæða þess að starfsmannaleigum sé gert skylt að hafa sérstaka fulltrúa hér á landi sé að um sé „að ræða sérstaklega viðkvæma starfsgrein þegar litið er til eðlis starfseminnar og þar með stöðu starfsmannanna. Þykir því nauðsynlegt að stjórnvöld, sem og aðilar vinnumarkaðarins, geti haft samband við ákveðinn aðila sem komi fram fyrir hönd starfsmannaleigu sem hefur starfsstöð sína erlendis en gert er ráð fyrir að fyrirsvarsmenn innlendra fyrirtækja verði fulltrúar þeirra. Er þannig gert ráð fyrir að fulltrúinn beri ábyrgð á að stjórnvöldum séu veittar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að hafa eftirlit með starfseminni lögum samkvæmt, sem og þær upplýsingar sem starfsmannaleigu er skylt að veita á grundvelli 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.“

Meðal þess sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við er 4. mgr. 3. gr. laganna, sem kveður á um að starfsmannaleigu sé óheimilt að veita þjónustu hér á landi hafi fyrirtækið látið hjá líða að tilkynna um fulltrúa sinn til Vinnumálastofnunar eða um skipti á fulltrúa, þar sem slíkt brjóti að mati stofnunarinnar gegn frjálsum þjónustuviðskiptum skv. 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Því verður ekki á móti mælt að unnt sé að leiða líkur að því að svo kunni að vera, ekki síst ef litið er til dóma Evrópudómstólsins, og er því lagt til að umrætt ákvæði verði fellt brott úr lögunum.

Í ljósi þess að lagt er til að 4. mgr. 3. gr. laganna falli brott þykir mikilvægt að renna styrkari stoðum undir heimildir Vinnumálastofnunar til að beita þvingunarúrræðum láti starfsmannaleiga hjá líða að tilkynna um fulltrúa sinn eða um skipti á fulltrúa til Vinnumálastofnunar. Er því í 5. gr. frumvarps þessa lagt til að Vinnumálastofnun fái heimildir til að beita dagsektum fari starfsmannaleigur ekki að fyrirmælum stofnunarinnar um viðunandi úrbætur í því skyni að uppfylla skilyrði laganna, meðal annars hvað varðar það að tilkynna til Vinnumálastofnunar um fulltrúa fyrirtækisins hér á landi sem og um skipti á fulltrúa.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að starfsmannaleiga sem hefur í hyggju að veita þjónustu hér á landi veiti Vinnumálastofnun þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 1.–6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna eigi síðar en sama dag og starfsemi starfsmannaleigunnar hefst hér á landi í hvert skipti í stað átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt í hvert skipti líkt og nú er gert að skilyrði. Verður það að teljast nægjanlegt að Vinnumálastofnun fái fyrrnefndar upplýsingar eigi síðar en sama dag og starfsemi viðkomandi starfsmannaleigu hefst hér á landi enda tilgangurinn fyrst og fremst að ganga úr skugga um að farið sé að íslenskum lögum og að starfsmenn viðkomandi starfsmannaleigu dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti. Er auk þess gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun hafi tvo virka daga til að fara yfir þær upplýsingar sem stofnuninni berast á grundvelli 1. mgr. 4. gr. laganna áður en stofnunin gefur úr staðfestingu

um að hún hafi móttekið upplýsingarnar sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. einnig 4. gr. frumvarps þessa. Er eingöngu um að ræða einfalda upplýsingagjöf til íslenskra stjórnvalda svo unnt sé að kanna hvort umræddar starfsmannaleigur starfi hér með lögmætum hætti sem og starfsmenn þeirra. Verður að telja að slík upplýsingagjöf samræmist samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda ætlað að gefa hlutaðeigandi eftirlitsaðilum kost á að viðhafa eftirlit með að starfsmannaleigur, þar á meðal erlendar starfsmannaleigur, fari að lögum. Er í því sambandi talið nægjanlegt að starfsmannaleigur sinni upplýsingagjöf sinni til Vinnumálastofnunar eigi síðar en sama dag og þær hefja starfsemi hérlendis.

Einnig er í ákvæðinu lagt til að orðalag 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna verði breytt þannig að skýrt sé kveðið á um að eingöngu sé verið að kanna hvort starfsmenn sem starfa hér á landi á vegum starfsmannaleiga njóti almannatryggingaverndar í heimaríki. Er í því sambandi talið nægjanlegt að upplýst sé um hvort starfsmenn hafi svokölluð E-101 vottorð. Þykir þetta mikilvægt, ekki síst í ljósi reynslunnar sem hefur sýnt að starfsmenn erlendra starfsmannaleiga eru ekki alltaf tryggðir innan almannatryggingakerfa í sínum heimaríkjum sem aftur á móti veldur því að þeir njóta ekki tryggingaverndar almannatryggingakerfisins hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Jafnframt þykir ástæða til að taka fram að markmið þessa er ekki að koma í veg fyrir að hlutaðeigandi starfsmannaleiga hefji starfsemi hér á landi heldur er tilgangur þessa einkum sá að vekja athygli starfsmannaleiga sem og viðkomandi starfsmanns á að sá síðarnefndi njóti ekki tryggingaverndar innan íslenska almannatryggingakerfisins í þeim tilvikum þegar það á við. Eiga hlutaðeigandi aðilar þá kost á að grípa til viðeigandi ráðstafana svo koma megi í veg fyrir að starfsmaðurinn sé ótryggður þann tíma er hann starfar hér á landi en því getur fylgt umtalsverður kostnaður komi til veikinda eða slyss.

Um 4. gr.

Sú breyting sem lögð er til að gerð verði á 1. mgr. 4. gr. a laganna er í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í a- og c-lið 3. gr. frumvarps þessa en gert er ráð fyrir að notendafyrirtæki óski eftir skriflegri staðfestingu frá Vinnumálastofnun um að starfsmannaleiga hafi veitt stjórnvöldum upplýsingar skv. 1. mgr. 4. gr. laganna eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi hlutaðeigandi starfsmannaleigu hefst hér á landi í stað þess að óska eftir staðfestingunni áður en þjónustan er veitt líkt og nú er kveðið á um. Með breytingunum er því gert ráð fyrir að hlutaðeigandi starfsmannaleiga geti hafið starfsemi sína hér á landi án þess að notendafyrirtækið hafi fengið skriflega staðfestingu frá Vinnumálastofnun um að stofnunin hafi móttekið upplýsingar frá hlutaðeigandi starfsmannaleigu skv. 1. mgr. 4. gr. laganna en þó verður að líta til þess að það kann að skipta notendafyrirtækið máli að geta gengið úr skugga um að hlutaðeigandi starfsmannaleiga starfi löglega hér á landi. Þykir því hæfilegt að Vinnumálastofnun hafi tvo virka daga til að fara yfir þær upplýsingar sem starfsmannaleigan veitir stofnuninni á grundvelli 1. mgr. 4. gr. laganna sem og til að gefa út skriflega staðfestingu um að stofnunin hafi móttekið upplýsingarnar.

Um 5. gr.

Mikilvægt þykir að styrkja heimildir Vinnumálastofnunar til að beita þvingunarúrræðum gagnvart starfsmannaleigum sem virða ekki ákvæði laganna. Jafnframt verður að telja það eitt af lykilatriðum þess að stjórnvöld hafi fullnægjandi yfirsýn yfir innlendan vinnumarkað að fyrirtæki sem veita starfsmannaleiguþjónustu hér á landi, þar á meðal erlendar starfsmannaleigur, virði ákvæði laganna. Er því lagt til að fari starfsmannaleigur ekki að lögunum

geti Vinnumálastofnun krafist þess að úrbætur verði gerðar innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum. Er gert ráð fyrir að þessi heimild eigi við hvort sem starfsmannaleigur láta hjá líða að tilkynna um fulltrúa eða um skipti á þeim, sbr. 3. gr. laganna, eða að sinna öðrum skyldum sínum samkvæmt ákvæðum laganna. Enn fremur er lagt til að ákvarðanir Vinnumálastofnunar um dagsektir verði aðfararhæfar.

Um 6. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, en Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við tiltekin ákvæði þeirra. Eftirlitsstofnunin hefur áður gert athugasemdir við samsvarandi ákvæði í lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og var lögunum breytt í því skyni að koma til móts við þær athugasemdir. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru að öllu leyti sambærilegar við þær breytingar sem Alþingi samþykkti að gera á fyrrnefndum lögum og varða helst tímafrest á upplýsingagjöf frá starfsmannaleigum sem hyggjast veita hér þjónustu og afgreiðslufrest Vinnumálastofnunar.

Lagt er til í frumvarpinu að skylt verði að gefa Vinnumálastofnun þær upplýsingar sem lögin kveða á um eigi síðar en sama dag og starfsemi þeirra hefst hér á landi og að stofnuninni verði gefnir tveir dagar til að fara yfir þau gögn sem henni berast áður en gefin verði út staðfesting um móttöku þeirra. Er þannig gert ráð fyrir að fyrirtæki geti sinnt upplýsingagjöf sinni til Vinnumálastofnunar á sama tíma og þau hefja starfsemi hér á landi. Mikilvægt þykir að styrkja heimildir Vinnumálastofnunar til að beita þvingunarúrræðum gagnvart starfsmannaleigum sem virða ekki ákvæði laganna. Er því lagt til í frumvarpinu að Vinnumálastofnun verði heimilt að beita fyrirtæki dagsektum hafi það ekki virt fyrirmæli stofnunarinnar um að fara að lögunum innan hæfilegs frests.

Breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér munu ekki hafa mikil áhrif á þá stjórnsýslu sem viðhöfð hefur verið við framkvæmd laganna hingað til. Er því ekki ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1254. Frumvarp til laga [730. mál]

um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála (endurupptökunefnd).

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Eygló Harðardóttir,
Birgitta Jónsdóttir, Árni Þór Sigurðsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum.

1. gr.

1.–3. mgr. 215. gr. laganna orðast svo:

Endurupptökunefnd getur leyft samkvæmt beiðni að mál, sem dæmt hefur verið í Hæstarétti, verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu að nýju ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinir í 211. gr.

Beiðni um endurupptöku skal vera skrifleg og henni beint til endurupptökunefndar. Í henni skal ítarlega rökstutt hvernig skilyrðum til endurupptöku telst fullnægt. Gögn því til stuðnings skulu fylgja beiðninni. Ef dómfelldi leitar endurupptöku og hann er sviptur frelsi er yfirmanni fangelsis skylt að koma beiðni hans á framfæri. Ef beiðni um endurupptöku er bersýnilega ekki á rökum reist hafnar endurupptökunefnd henni þegar í stað. Um beiðni um endurupptöku máls og meðferð hennar gilda ákvæði 215. gr. a.

Endurupptökunefnd tekur ákvörðun um hvort mál verði endurupptekið. Ákvarðanir nefndarinnar eru teknar með meiri hluta atkvæða fulltrúa í nefndinni. Sé beiðni tekin til greina skal fyrri dómur í málinu falla úr gildi nema nefndin ákveði að réttaráhrif hans haldist þar til nýr dómur hefur verið kveðinn upp, en að öðru leyti þarf ekki að færa fram ástæður sem ákvörðun um endurupptöku er reist á. Sé beiðni hafnað skal í ákvörðun greint í meginatriðum frá ástæðum sem sú niðurstaða er reist á. Ákvarðanir endurupptökunefndar skulu birtar opinberlega.

2. gr.

Á eftir 215. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 215. gr. a og 215. gr. b, sem orðast svo:

a. (215. gr. a.)

Endurupptökunefnd úrskurðar um hvort heimila skuli endurupptöku dómsmáls sem dæmt hefur verið í Hæstarétti.

Endurupptökunefnd skipa fimm fulltrúar og þrír fulltrúar til vara. Einn þeirra skal uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Þá skulu varaformaður, einn aðalfulltrúi og tveir varamannanna vera löglærðir.

Formaður nefndarinnar er skipaður af ráðherra til sjö ára í senn og ekki er heimilt að skipa sama aðila í starfið oftar en einu sinni. Aðrir fulltrúar í nefndinni eru skipaðir af ráðherra til þriggja ára í senn og er heimilt að skipa viðkomandi aðila á ný í nefndina í eitt skipti.

Fulltrúar í nefndinni mega ekki taka þátt í afgreiðslu hennar á tilteknu máli ef viðkomandi hefði talist vanhæfur á grundvelli stjórnsýslulaga.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um störf nefndarinnar og starfsskilyrði.

b. (215. gr. b.)

Verði beiðni um endurupptöku ekki hafnað þegar í stað á grundvelli 3. mgr. 215. gr. skulu hún og gögnin sem henni fylgdu send til gagnaðila og hann krafinn um skriflega greinargerð um viðhorf sín til hennar innan tiltekins frests. Hafi dómfelldi borið fram beiðnina og staðið sjálfur að henni getur þó endurupptökunefnd fyrst skipað honum verjanda og gefið honum kost á að gera beiðni á nýjan leik. Skylt er endranær að skipa dómfellda eða ákærða verjanda vegna beiðni um endurupptöku ef hann óskar eftir því.

Endurupptökunefnd getur ákveðið að beiðni um endurupptöku fresti réttaráhrifum dóms meðan á meðferð hennar stendur.

Við meðferð á beiðni um endurupptöku getur endurupptökunefnd beint því til ríkissaksóknara að hann hlutist til um rannsókn á nánar tilgreindum atriðum eða að aflað verði sönnunargagna fyrir héraðsdómi. Dómfelldi eða ákærði getur jafnframt krafist þess að gagna verði aflað fyrir dómi. Um slíka gagnaöflun fer skv. XXI. kafla eftir því sem við getur átt.

Endurupptökunefnd getur gefið aðilum kost á að tjá sig munnlega um beiðni um endurupptöku á fundum sínum.

Ef í ljós er leitt að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt getur sá sem hana ber fram breytt henni því til samræmis.

II. KAFLI
Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 169. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Endurupptökunefnd getur leyft samkvæmt umsókn aðila að mál, sem dæmt hefur verið í Hæstarétti, verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu að nýju ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. sterkar líkur eru leiddar að því að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós í Hæstarétti þegar málið var þar til meðferðar fyrra skiptið og aðilanum verður ekki kennt um það,
b. sterkar líkur eru leiddar að því að ný gögn muni verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum,
c. önnur atvik mæla með því að leyfið verði veitt, þar á meðal að stórfelldir hagsmunir aðilans séu í húfi.

b. 3. mgr. orðast svo:

Skriflegri beiðni um endurupptöku skal beint til endurupptökunefndar. Í henni skal rökstyðja ítarlega þær ástæður sem þykja standa til endurupptöku og skulu gögn fylgja henni eftir þörfum. Ef beiðni er bersýnilega ekki á rökum reist synjar endurupptökunefnd þegar í stað um endurupptöku. Að öðrum kosti verða beiðnin og fylgigögn send gagnaðila og hann krafinn um skriflega greinargerð um viðhorf sín innan tiltekins frests.

4. gr.

Á eftir 169. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 169. gr. a og 169. gr. b, sem orðast svo:

a. (169. gr. a.)

Endurupptökunefnd úrskurðar um hvort heimila skuli endurupptöku dómsmáls sem dæmt hefur verið í Hæstarétti.

Endurupptökunefnd skipa fimm fulltrúar og þrír fulltrúar til vara. Einn þeirra skal uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Þá skulu varaformaður, einn aðalfulltrúi og tveir varamannanna vera löglærðir.

Formaður nefndarinnar skal skipaður af ráðherra til sjö ára í senn og ekki er heimilt að skipa aðila í starfið nema einu sinni. Aðrir fulltrúar í nefndinni skuli skipaðir af ráðherra til þriggja ára í senn og heimilt er að skipa viðkomandi aðila á ný í nefndina í eitt skipti.

Fulltrúar í nefndinni mega ekki taka þátt í afgreiðslu hennar á tilteknu máli ef viðkomandi hefði talist vanhæfur á grundvelli stjórnsýslulaga.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um störf nefndarinnar, verkefni hennar, valdsvið og starfsskilyrði.

b. (169. gr. b.)

Endurupptökunefnd ákveður hvort af endurupptöku verði. Fallist endurupptökunefnd á beiðni skal hún um leið taka afstöðu til þess hvort áhrif fyrri dóms falli niður meðan málið er rekið. Endurupptaka hindrar ekki aðför eftir dómi nema áhrif hans séu felld niður með þessum hætti. Ákvarðanir endurupptökunefndar skulu birtar opinberlega.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á tveimur lagabálkum, lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála. Markmið frumvarpsins er að innleiða nýtt fyrirkomulag við mat á endurupptöku mála sem dæmd hafa verið í Hæstarétti, hvort sem um er að ræða opinber mál eða einkamál. Er gert ráð fyrir að ákvörðun um endurupptöku verði tekin af sérstakri endurupptökunefnd en ekki af Hæstarétti sjálfum, enda má efast um að slíkt fyrirkomulag sé heppilegt.

Endurupptökunefndir eða sérstakir dómstólar sem taka ákvarðanir um endurupptöku þekkjast á Norðurlöndum. Í Noregi er starfandi sérstök nefnd á grundvelli norsku dómstólalaganna sem hefur það hlutverk að ákvarða um endurupptöku. Í Danmörku er starfandi sérstakur dómstóll, *Den Særlige Klageret*, en hann fjallar meðal annars um beiðnir um endurupptöku í refsimálum. Önnur verkefni hans felast meðal annars í því að úrskurða í málum vegna vanhæfis dómara eða mistaka þeirra í embætti.

Í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns frumvarps þessa (þskj. 909 í 409. máli 139. löggjafarþings) kemur fram að Hæstiréttur hafi aðeins í þremur tilfellum samþykkt beiðni um endurupptöku frá árinu 2000. Beiðnir voru 41 talsins en í fimm tilfellum var beiðni afturkölluð. Þá kemur þar fram að algengast sé að þrír dómarar Hæstaréttar fjalli um beiðnir um endurupptöku máls, en í einstaka tilfellum hafi fleiri dómarar tekið þátt í meðferð slíkra mála. Ákvarðanir Hæstaréttar eru skráðar í gerðabók og umsækjendum og gagnaðilum sent endurrit í pósti en ákvörðunin ekki birt opinberlega líkt og tíðkast með dóma Hæstaréttar.

Með frumvarpi þessu er lögð til stofnun endurupptökunefndar að norskri fyrirmynd. Gert er ráð fyrir því að um störf nefndarinnar gildi ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og að staða nefndarinnar verði með sama hætti og staða annarra úrskurðar- eða áfrýjunarnefnda sem starfandi eru. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru aðallega orðalagsbreytingar þar sem efnislegum skilyrðum endurupptöku er ekki breytt heldur einungis skipt út

þeim aðila sem taka skal ákvörðun um endurupptöku. Þó felast í frumvarpinu ný ákvæði um endurupptökunefndina sjálfa, skipan hennar og starfshætti. Þar á meðal er gert ráð fyrir því að ákvarðanir nefndarinnar verði birtar opinberlega en það eru ákvarðanir Hæstaréttar um endurupptöku ekki. Gert er ráð fyrir að hana skipi fimm aðilar og að formaður hennar uppfylli hæfisskilyrði hæstaréttardómara og hluti nefndarmanna sé löglærðir aðilar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er endurupptökunefnd skipt út í stað Hæstaréttar í ákvæðinu nú. Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig beiðni um endurupptöku skuli gerð og hvert henni skuli beint. Ákvæðið er að mestu samhljóða 212. gr. laganna. Þá er í 3. mgr. fjallað um ákvarðanir endurupptökunefndar og réttaráhrif viðkomandi dóms sem óskað er endurupptöku á. Ákvæðið er að mestu samhljóða 214. gr. laganna. Þó er þar einnig að finna nýmæli sem felst í því að endurupptökunefndinni er gert skylt að birta niðurstöður sínar líkt og nú er gert með dóma Hæstaréttar. Þykir birting ákvarðana endurupptökunefndar að engu leyti ósamrýmanleg birtingu dóma Hæstaréttar hvað vernd persónuupplýsinga varðar.

Um 2. gr.

Um a-lið (215. gr. a).

Í ákvæðinu er fjallað um endurupptökunefndina og hvernig hún skuli skipuð. Ákvæðið á fyrirmynd sína í 394. gr. norsku dómstólalaganna. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi fulltrúa í nefndina og að seta þeirra sé til sjö ára í senn ef um formann ræðir en til þriggja ára ef um aðra meðlimi í nefndinni er að ræða. Þá er einnig fjallað um hæfi nefndarmanna til þess að taka þátt í afgreiðslu máls og tiltekið að við mat á vanhæfi skuli hafa til hliðsjónar almennar vanhæfisreglur í 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og skuli þá kalla til varamenn í nefndina. Þá er einnig í ákvæðinu að finna reglugerðarheimild fyrir ráðherra.

Um b-lið (215. gr. b).

Í ákvæðinu er fjallað um ferli beiðni um endurupptöku, meðferð beiðninnar hjá endurupptökunefnd, frestun réttaráhrif og fleira. Ákvæðið er að mestu samhljóða 213. gr. laganna.

Um 3. gr.

Í a-lið er endurupptökunefnd skipt út í stað Hæstaréttar í ákvæðinu nú. Í b-lið er kveðið á um hvernig beiðni um endurupptöku skuli gerð og hvert henni skuli beint. Ákvæðið er að mestu samhljóða 1. og 2. mgr. 168. gr. laganna.

Um 4. gr.

Um a-lið (169. gr. a).

Í ákvæðinu er fjallað um endurupptökunefndina og hvernig hún skuli skipuð. Ákvæðið á fyrirmynd sína í 394. gr. norsku dómstólalaganna. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi fulltrúa í nefndina og að seta þeirra sé til sjö ára í senn ef um formann ræðir en til þriggja ára ef um aðra meðlimi í nefndinni er að ræða. Þá er einnig fjallað um hæfi nefndarmanna til þess að taka þátt í afgreiðslu máls og tiltekið að við mat á vanhæfi skuli hafa til hliðsjónar almennar vanhæfisreglur í 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og skuli þá kalla til varamenn í nefndina. Þá er einnig í ákvæðinu að finna reglugerðarheimild fyrir ráðherra.

Um b-lið (169. gr. b).

Í ákvæðinu er fjallað um meðferð beiðni um endurupptöku hjá endurupptökunefnd, frestun réttaráhrif og fleira. Ákvæðið er að mestu samhljóða 3. mgr. 168. gr. laganna. Þó er þar einnig að finna nýmæli sem felst í því að endurupptökunefndinni er gert skylt að birta niðurstöður sínar eins og nú er gert með dóma Hæstaréttar. Þykir birting ákvarðana endurupptökunefndar að engu leyti ósamrýmanleg birtingu dóma Hæstaréttar hvað vernd persónuupplýsinga varðar.

Um 5. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

1255. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneytinu, Sigríði Auði Arnardóttur og Steinunni Fjólu Sigurðardóttur frá umhverfisráðuneytinu, Guðjón Bragason og Elínu Líndal frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gústaf Adolf Skúlason frá Samorku, Lárus Vilhjálmsson frá Landvernd, Árna Finnsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Guðna A. Jóhannesson orkumálastjóra, Svanfríði Jónasdóttur, formann verkefnisstjórnar rammaáætlunar, Kristínu Lindu Árnadóttur og Ólaf Arnar Jónsson frá Umhverfisstofnun, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun, Jón Gunnar Ottósson og Trausta Baldursson frá Náttúrufræðistofnun og Önnu G. Stefánsdóttur, Stefán Arnórsson og Þóru Ellen Þórhallsdóttur.

Þá bárust umsagnir frá Grímsnes- og Grafningshreppi, Háskóla Íslands, Hrunamannahreppi, HS orku, Hvalfjarðarsveit, Landgræðslu ríkisins, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarsamtökum Suðurlands, Norðurþingi, Orkustofnun, Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjanesbæ, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Skipulagsstofnun, Suðurorku, Sveitarfélaginu Ölfusi, Umhverfisstofnun og Veiðimálastofnun.

Frumvarpið var upphaflega lagt fyrir á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú lagt fram að nýju óbreytt. Í umsögnum, sem og í máli gesta á fundum nefndarinnar, komu fram ýmis sjónarmið sem nefndin tók til skoðunar og íhugaði við meðferð málsins. Að auki bárust 34 umsagnir vegna málsins á síðasta löggjafarþingi (660. mál 138. löggjafarþings) sem nefndin kynnti sér. Nefndin átti einnig tvo sameiginlega vinnufundi með umhverfisnefnd Alþingis.

Markmið laganna.

Með frumvarpinu er stefnt að því að setja í fyrsta sinn eina, heildstæða löggjöf um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skýra þá stöðu sem hún á að hafa gagnvart stjórnvöldum við gerð skipulagsáætlana og veitingu opinberra leyfa, þ.m.t. rannsóknar-, nýtingar- og virkjunarleyfa. Frumvarpinu er einnig ætlað að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi vinnu við mat og flokkun á virkjanakostum. Lagt er til að iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, vinni

að langtímaverndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhita og iðnaðarráðherra leggi hana fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Í áætluninni skal mótuð stefna um verndar- og nýtingargildi landsvæða og virkjanakostir skilgreindir í þrjá flokka: nýtingarflokk, verndarflokk og biðflokk. Með þessu er ætlunin að stuðla að vandaðri og markvissri stefnumörkun og sátt um hvaða svæði sé hugsanlega hægt að nýta til orkuvinnslu og hvaða svæði eigi að vernda gagnvart slíkum framkvæmdum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Gildissvið og skilgreiningar.

Gildissvið frumvarpsins er afmarkað í 2. gr. þannig að lögin nái til háhitasvæða og landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti fallvatna og verndar- og nýtingaráætlunin á samkvæmt frumvarpinu aðeins að ná til þeirra orkulinda. Í umsögn umsagnaraðila kom fram sú ábending að gildissvið frumvarpsins væri of þröngt afmarkað. Nefndin fellst á þetta sjónarmið. Forsögu rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma má rekja til ársins 1993 og voru óhefðbundnir virkjunarkostir eins og sjávarfallavirkjanir eða vindorka lítt komnir til skoðunar á þeim tíma. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá þessum tíma og telur nefndin að horfa verði til framtíðar þegar sett er heildstæð löggjöf á þessu sviði. Nefndin leggur því til breytt heiti frumvarpsins og víðtækara gildissvið því að öðrum kosti er frumvarpið afmarkað við virkjunarkosti í fallvötnum eða á háhitasvæðum. Lögin munu af þessum sökum ná til landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti til orkuvinnslu, jafnt innan eignarlanda og þjóðlenda. Einn flokkur áætlunarinnar verður þá orkunýtingarflokkur í stað nýtingarflokks. Nefndin vill árétta að sú rammaáætlun sem nú er á lokastigi verður afmörkuð við virkjunarkosti í fallvatni eða háhita.

Nokkrir umsagnaraðilar gerðu athugasemdir við að hugtakið sjálfbær þróun væri ekki skilgreint. Þeir töldu að nauðsynlegt væri að skilgreina það nánar þá sér í lagi til að tryggja samræmda beitingu hugtaksins í núverandi löggjöf. Nefndin vill benda á að hugtakið sjálfbær þróun er skilgreint í skipulagslögum, nr. 123/2010, en þar segir um hugtakið: „Þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í þessu felst að sókn eftir efnahagslegum gæðum verður að haldast í hendur við vernd umhverfisins og grunngæða jarðar.“ Hugtakið sjálfbær þróun er einnig skilgreint í lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, en þar segir um hugtakið: „Sjálfbær þróun hefur verið skilgreind sem þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í þessu felst að sókn eftir efnahagslegum gæðum verður að haldast í hendur við vernd umhverfisins og grunngæða jarðar, sbr. 1. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar frá 1992.“ Af þessum skilgreiningum má sjá að þær eru á allan hátt sambærilegar og tryggja samræmda löggjöf. Í greinargerð með þessu frumvarpi er að finna umfjöllun um sjálfbæra þróun og er það mat nefndarinnar að óþarft sé að skilgreina hana sérstakalega.

Verndar- og orkunýtingaráætlun.

Fram komu athugasemdir um að verið væri að færa forræði friðlýsingar frá umhverfisráðuneyti og stofnunum þess yfir til iðnaðarráðuneytis. Nefndin vill ítreka að svo er ekki. Það er Alþingi sem tekur afstöðu til verndar- og orkunýtingaráætlunar og samþykkir hana. Að því loknu hefja stjórnvöld, þ.e. umhverfisráðuneytið, undirbúning að friðlýsingu landsvæða í samræmi við náttúruverndarlög. Á engan hátt er hróflað við hlutverki opinberra stofnana á sviði rannsókna og stjórnsýslu.

Í frumvarpinu er lagt til að þingsályktunin um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða eigi að vera til 12 ára í senn. Að mati nefndarinnar er þetta óþarft þar sem verndar- og orkuáætlunin er stöðugt í endurskoðun og því ekki endanleg áætlun en hún kemur til endurskoðunar eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti, sbr. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Sú ábending kom frá Skipulagsstofnun að skv. 2. mgr. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, úrskurðar stofnunin ekki heldur tekur stjórnvaldsákvörðun. Tekur nefndin undir þessa ábendingu og leggur til breytingu á 2. málsl. 3. mgr. 3. gr. þessu að lútandi.

Nefndin leggur einnig til þá breytingu að verndar- og orkunýtingaráætlun skuli taka mið af vatnaáætlun samkvæmt lögum um stjórn vatnamála, sbr. ákvæði frumvarpsins um samræmingu áætlana. Sambærilegt ákvæði er í þeim lögum.

Friðlýsing.

Frá umsagnaraðilum kom gagnrýni á þann hluta 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins sem kveður á um að verndar- og orkunýtingaráætlun taki ekki til landsvæða sem njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði. Það er mat umsagnaraðila að eðlilegra hefði verið að fela verkefnisstjórn að taka afstöðu til verndarhagsmuna einstakra svæða fremur en að binda hendur hennar með þessum hætti. Einnig töldu þeir bjóða heim hættu á því að ekki verði gengið varanlega frá friðlýsingu gagnvart virkjanaframkvæmdum á þeim svæðum sem ákvæðið tekur til. Nefndin vill árétta að hún telur ekki ástæðu til þess að bregðast við athugasemdum umsagnaraðila. Tilgangur ákvæðisins er að tryggja að þau landsvæði sem þegar er búið að friðlýsa skv. 50. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, lendi ekki í nýtingarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar, nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði og standa þannig vörð um friðlýsingar. Í slíkum tilfellum er verkefnisstjórn heimilt að fjalla um virkjunarkosti og landsvæði innan friðlýstra svæða til samanburðar við aðra kosti.

Orkunýtingarflokkur.

Hjá umsagnaraðilum kom fram sú athugasemd að mikilvægt væri að gera ítarlega kostnaðar- og ábatagreiningu þegar kemur að því að veita leyfi tengd orkurannsóknum og orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í orkunýtingarflokki. Nefndin vill í þessu sambandi benda á að á vettvangi fjögurra faghópa verkefnisstjórnar er gerð kostnaðar- og ábatagreining, metin samlegðaráhrif virkjunarkosta og þjóðfélagslegur ábati metinn að teknu tilliti til umhverfisskostnaðar, sbr. verksvið faghópanna fjögurra: I. Náttúrufar og menningarminjar, II. Útivist, ferðaþjónusta og hlunnindi, III. Efnahagsleg og félagsleg áhrif virkjana, IV. Virkjunarkostir og hagkvæmni þeirra. Horft er til allra þessara þátta við ákvörðunartöku.

Fram kemur í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins að stjórnvöldum sé heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum og orkuvinnslu vegna virkjanakosta sem eru í orkunýtingarflokki. Til þess að taka af allan vafa vill nefndin árétta að það fer eftir viðkomandi sérlögum hvaða stjórnvöld veita leyfi tengd rannsóknum og vinnslu, þ.e. lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, vatnalögum, nr. 15/1923, raforkulögum, nr. 65/2003, o.s.frv.

Biðflokkur.

Fram kemur í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins að í biðflokk falla virkjunarkostir sem er talið að afla þurfi frekari upplýsinga um svo meta megi á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fram

koma í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins hvort þeir eigi að falla í nýtingarflokk eða verndarflokk. Í þessu sambandi vill nefndin árétta að við þetta mat skulu ráðherra og Alþingi einnig líta til almannahagsmuna, þyki rétt að virkjunarsvæði bíði um sinn frekari ákvörðunar.

Í 3. mgr. 5. gr. er kveðið á um heimilt sé að veita leyfi tengt orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem eru ekki leyfisskyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki. Fram komu ábendingar hjá umsagnaraðilum um að rannsóknir á afkastagetu jarðhitasvæða sé erfitt að framkvæma án þess að þeim fylgi varanlegt rask sem rýri verndargildi svæðanna. Það er álit nefndarinnar að með ákvæðinu sé farinn millivegur milli þeirra sjónarmiða að unnt sé að afla upplýsinga sem þörf er á til að ákveða hvort viðkomandi virkjunarkostur eigi að vera í verndarflokki eða orkunýtingarflokki, án þess þó að við að afla þeirra upplýsinga verði verulegt rask á umhverfi viðkomandi landsvæði.

Þetta er í samræmi við grundvallarsjónarmið frumvarpsins um að ákvörðun um hvort megi nýta svæði til orkuvinnslu byggist á heildstæðu og faglegu mati. Einnig þykir nefndinni rétt að undirstrika að hafa verður í huga að hér er um áætlun að ræða og eftir að virkjunarkostur hefur verið flokkaður í nýtingarflokk fer fram mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Ekki er miðað við að afla þurfi svo nákvæmra upplýsina um hvern og einn virkjunarkost og áhrif hans að jafna megi við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum nr. 106/2000.

Verndarflokkur.

Nefndin vill benda á að á engan hátt er hróflað við hlutverki opinberra stofnanna á sviði rannsókna og stjórnsýslu. Umhverfisstofnun heimilar yfirborðsrannsóknir á grundvelli þeirra laga og reglna sem um slíkt ferli gilda. Nefndin vill einnig benda á að yfirborðsrannsóknir, skv. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins byggjast á kortlagningu, mælingu og sýnatöku sem fer fram án röskunar á landslagi og náttúru, sbr. 6. tölul. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins og fela ekki í sér varanlega mannvirkjagerð eða röskun á landslagi, náttúru eða menningarsögulegum minjum. Þessu tengt vill nefndin árétta að yfirborðsrannsóknir eru ekki eingöngu í þágu orkurannsókna en þykir ekki rétt, í ljósi þeirra grunnupplýsinga sem liggja verða fyrir um allar orkuauðlindir landsins, að útiloka að slíkar grunnrannsóknir séu stundaðar af orkufyrirtækjum eða öðrum aðilum. Það er hlutverk Umhverfisstofnunar að meta hvort þær skuli leyfa.

Frá umsagnaraðilum komu fram athugasemdir varðandi 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins um að stjórnvöld skulu við samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlunar hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða. Að mati þeirra ætti að vera nægjanlegt að gefa út að viðkomandi svæði falli í umræddan verndarflokk hvað hugsanlega orkunýtingu varðar. Það er skilningur nefndarinnar að þetta ákvæði gefi stjórnvöldum svigrúm til að ljúka friðunarferli þannig að friðlýsingu sé lokið áður en endurskoðuð verndar- og orkunýtingaráætlun er lögð fram á Alþingi þar sem ákveðin hætta sé á að orkurannsóknir trufli það ferli óháð því hvort þær hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif eða ekki.

Skipulagsáætlanir.

Sú gagnrýni kom fram hjá nokkrum umsagnaraðilum að með ákvæði 7. gr. frumvarpsins væri vegið að skipulagsvaldi sveitarfélaga. Nefndin fór ítarlega yfir þessi mál og tekur undir það að sú stefnumörkun sem felst í verndar- og orkunýtingaráætluninni takmarkar heimildir sveitarfélaga í skipulagsmálum. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir samræmi skipulagsáætlanir sínar verndar- og orkunýtingaráætluninni, þ.e. ekki er gert ráð fyrir því að virkjanir séu settar inn á skipulagsáætlanir nema það samræmist þeirri flokkun. Nefndin vill

benda á að það er skilningur hennar að verndar- og orkunýtingaráætlun yrði marklaus ef hún væri ekki endurspegluð í skipulagsáætlunum sveitarfélaga og útskýrir það nauðsyn og tilgang 7. gr. frumvarpsins. Einnig vill nefndin árétta í þessu sambandi að Samband íslenskra sveitarfélaga á fulltrúa í sex manna verkefnisstjórn skv. 8. gr. frumvarpsins.

Verkefnisstjórn.

Nokkur gagnrýni kom fram á skipan og starfssvið verkefnisstjórnar skv. 8. gr. frumvarpsins. Nefndin vill benda á að verkefnisstjórn vinnur tillögur að vernd svæða og nýtur við það tilstilli fjögurra faghópa með verksviðin: I. Náttúrufar og menningarminjar, II. Útivist, ferðaþjónusta og hlunnindi, III. Efnahagsleg og félagsleg áhrif virkjana, IV. Virkjunarkostir og hagkvæmni þeirra. Um er að ræða heildstætt mat sem engin ein stofnun sinnir nú og því er lagt til að sett verði á fót verkefnisstjórn sem byggir á starfi verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Nefndin vill einnig árétta að gerð er krafa um faglega þekkingu, þ.e. að í verkefnisstjórnina veljist fagfólk sem hefur víðtæka þekkingu og reynslu á þeim sviðum sem starf hennar lýtur helst að. Verkefnisstjórnin skipar einnig faghópa með sérfræðingum á viðkomandi sviðum og lögð er rík áhersla á víðtækt samráð og opin ferli við vinnu verkefnisstjórnarinnar.

Einnig komu fram nokkrar athugasemdir hjá umsagnaraðilum varðandi óraunhæfar kröfur um þau gögn er fylgja skuli beiðni um að verkefnisstjórnin fjalli um ákveðinn virkjunarkost. Nefndin tekur undir þetta að vissu marki og bendir á að þegar um ræðir háhitasvæði þar sem ekki er unnt að afla nægilegrar þekkingar nema með rannsóknarborunum sem fara ekki fram fyrr en á síðari stigum getur verið erfitt að gefa annað en almennar lýsingar eða áætlanir. Það er mat Orkustofnunar og gert er ráð fyrir því að ráðherra mæli nánar fyrir um það í reglugerð hvaða upplýsingar þurfi að fylgja beiðni til Orkustofnunar. Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram komu við meðferð málsins að þar sem þau gögn sem eru grunnur að mati á verndargildi náttúru Íslands er fyrst og fremst að finna í gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar Íslands sé eðlilegt að stofnunin verði einnig lögbundinn umsagnaraðili um hvort fyrirliggjandi gögn um einstaka virkjanakosti séu nægjanleg. Með sömu rökum vill nefndin einnig bæta við Ferðamálastofu sem umsagnaraðila. Nefndin leggur til breytingatillögu þessu að lútandi.

Nefndin fellst einnig á tillögur umsagnaraðila um að lengja frest almennings til að koma á færi athugasemdum við tillögur verkefnisstjórnar úr átta vikum í 12. Það hefur sýnt sig að drjúgan tíma tekur að kynna niðurstöður verkefnisstjórnar og ýmis félagasamtök þurfa tíma til þess að kynna sér málið efnislega og koma að athugasemdum.

Nefndin leggur til þær breytingar að verndar- og orkunýtingaráætlun skuli taka mið af vatnaáætlun samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Fram kemur í 1. mgr. 28. gr. frumvarps til laga um stjórn vatnamála að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í vatnaáætlun er varðar vatnsvernd. Af þeim sökum telur nefndin rétt að leggja til þær breytingar að verkefnisstjórn skuli hafa samráð við Umhverfisstofnun til að tryggja samræmi við verndar- og orkunýtingaráætlun og vatnaáætlun samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji reglur um starfsemi verkefnisstjórnar að fengnum tillögum frá henni. Með vísan til aðkomu umhverfisráðherra að gerð verndar- og orkunýtingaráætlunar samkvæmt frumvarpinu leggur nefndin til breytingar á orðalagi 6. mgr. 10. gr.

þannig að ráðherra setji í samráði við umhverfisráðherra reglur um hvernig verkefnisstjórn skuli starfa.

Umhverfismat áætlana.

Það er mat nefndarinnar og Skipulagsstofnunar að verndar- og orkunýtingaráætlunin falli undir lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, sem „skipulags- eða framkvæmdaráætlun“, en frumvarpið gerir ekki ráð fyrir þessu. Leggur nefndin til breytingu þessu að lútandi sem hluta af málsmeðferð, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Nefndin leggur einnig til breytingar á bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, þ.e. að fyrsta rammáætlunin skuli einnig fara í umhverfismat áætlana.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt með breytingum** sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. mars 2011.

Kristján Möller, form., frsm.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Magnús Orri Schram.
Jón Gunnarsson, með fyrirvara.	Þráinn Bertelsson.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.
Margrét Tryggvadóttir	Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.	Gunnar Bragi Sveinsson.

1256. Frumvarp til laga [731. mál]

um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum um almannatryggingar (sveigjanlegur starfslokaaldur, taka lífeyris).

Flm.: Pétur H. Blöndal, Guðlaugur Þór Þórðarson, Einar K. Guðfinnsson, Eygló Harðardóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

1. gr.

Breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

5. tölul. 25. gr., 33. gr. og 2. mgr. 43. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Orðin „til 72 ára aldurs“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „fram til 72 ára aldurs eða að hámarki 30%“ í 2. mgr. falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Markmið frumvarpsins er að koma í veg fyrir að vinnufúsu fólki verði sagt upp starfi eingöngu vegna þess að það hefur náð ákveðnum aldri. Það eru ekki málefnaleg rök að segja fólki upp bara af því að það hefur átt afmæli og nær ákveðnum aldri. Hins vegar er eftir sem áður eðlilegt að fólki sé sagt upp störfum ef það veldur ekki starfi sínu vegna hrörleika eða annarra atriða, sem geta verið tengd aldri en hendir líka yngra fólk. Þar sem vinnan er í auknum mæli hlutverk og hvatning en ekki eintómt brauðstrit eins og var iðulega í iðnbyltingunni getur uppsögn á fólki í fullu fjöri haft alvarleg andleg áhrif á það. Svo má ekki gleyma því að störf í atvinnulífinu eru ekki einhver fasti þannig að þegar einn er tekinn út komist annar inn. Um þetta er rætt hér á eftir.

Ellilífeyrisaldurinn.

Þegar alþýðutryggingar voru fyrst settar á laggirnar í Þýskalandi að frumkvæði Ottós von Bismarcks kanslara Þýskalands árið 1891 var ellilífeyrisaldur miðaður við 70 ár en þá var meðalaldur um 47 ár. Ellilífeyrisaldurinn var lækkaður í 65 ár 1916 í Þýskalandi og hefur þessi aldur, 65 til 70 ára, verið viðmið flestra lífeyriskerfa síðan þrátt fyrir að meðalaldur hafi hækkað umtalsvert en meðalaldur hér á landi er nú um og yfir 80 ár.

Erlendis er um þessar mundir í gangi þróun í þá veru að ellilífeyrisaldur er hækkaður með hliðsjón af hækkandi meðalaldri, betra heilsufari eldra fólks, lengra námi vegna mikils og sums staðar óviðráðanlegs kostnaðar lífeyriskerfa þar sem fólk er sífellt styttra á vinnualdri og tekur æ lengur ellilífeyri. T.d. hafa Þjóðverjar, sem voru komnir með ellilífeyrisaldur niður í 60 og 63 ár, hækkað hann í þrepum frá árinu 2000 í 65 ár og eru núna búnir að ákveða að hækka hann enn frekar í 67 ár í þrepum. Eldri hugmyndir um að minnka atvinnuleysi með því að lækka ellilífeyrisaldur virðast ekki hafa virkað enda er talið að það sé arðsemi starfa sem réttlætir þau en ekki það að skipta út aldurshópum.

Þvinguð starfslok.

Fólk er miklu hraustara núna og margir halda vinnuþreki miklu lengur en þessi ellilífeyrismörk ganga út frá. Sumt fólk er þó orðið lasið og þreytt og það stundar vinnu, sem veitir því ekki ánægju. Það fólk mun að sjálfsögðu nota þann rétt að hefja töku ellilífeyris snemma og hvíla sig frá amstrinu og snúa sér að áhugamálum. Margir eru hins vegar mjög virkir og hafa gaman af vinnu sinni og því getur það verið hastarlegt og skaðlegt fyrir það fólk að hætta starfi og missa það hlutverk og innihald, sem vinnan er. Þessu frumvarpi er ætlað að taka burt þær hindranir sem er að finna í lögum að fólk geti starfað áfram, þeir, sem þess óska.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að það að fá að sinna starfi meðan andleg og líkamleg geta er til þess er mikilvægt fyrir félagslega virkni fólks, þátttöku þess í samfélaginu og lífsgæði. Það er hverjum manni mikilvægt að hafa hlutverk í samfélaginu. Dýrmæt þekking getur enn fremur færst og lærst kynslóða á milli en tapast ekki snögglega af vinnumarkaði þegar virkur, duglegur og hæfur einstaklingur nær ákveðnum aldri og þarf eftir það að hætta störfum. Einnig er mikilvægt að blanda saman reynslu og varkárni eldra fólks og áræðni og krafti yngra fólks á vinnumarkaði. Í þessu sambandi er t.d. athyglisvert að skoða að flestir gerendur á fjármálamarkaði fyrir hrun voru undir 40 ára aldri og þá virtist skorta reynslu og varkárni eldra fólks.

Æskilegast væri að fólk geti minnkað ábyrgð sína og virkni hægt og rólega og t.d. tekið lengri, jafnvel skipt leyfi eða minnkað vinnuframlag sitt þegar starfsþrekið dvínar. Slík breyting krefst mikillar og breyttrar skipulagningar á vinnumarkaði sem virðist vera hafin og snertir atvinnurekendur, lífeyrissjóði og almannatryggingar. Þannig má nýta reynslu og þekkingu starfsmannsins og jafnframt veita honum hlutverk og tilgang.

Frumvarpið og lagaumhverfið.

Í frumvarpi þessu er lagt til að felld verði brott úr lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sú skylda að segja starfsmanni upp störfum þegar hann nær 70 ára aldri og að veita embættismanni lausn þegar þeim aldri er náð. Þá er einnig lögð til breyting á lögum um almannatryggingar. Skv. 23. gr. þeirra laga er nú heimilt að fresta töku lífeyris frá 67 ára aldri fram að 72 ára aldri. Það leiði þá til 0,5% hækkunar á bótum fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað eða 6% fyrir hvert fullt ár. Hámark er sett við 30% sem svarar til frestunar í 5 ár, þ.e. frá 67 ára aldri til 72 ára. Lagt er til að ekkert hámark verði hér eftir á frestun á töku lífeyris og því er samsvarandi hámark hækkunar fellt brott.

Frumvarpinu er ætlað að vernda fólk fyrir uppsögnum sem grundvallast eingöngu á aldri þess. Virkni og hæfni eldra fólks er mjög mismunandi og því ótækt að kveða á um það í lögum að við ákveðin aldur skuli fólki sagt upp störfum. Viss sveigjanleiki er reyndar til staðar á almennum vinnumarkaði þar sem ekki er kveðið á um hámarksstarfsaldur í lögum öndvert við opinbera starfsmenn. Þó er kveðið á um það í 14. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, að lífeyrissjóður skuli hefja útborgun ellilífeyris þegar sjóðfélagi hefur náð 65–70 ára aldri en sjóðunum sé þó heimilt að gefa sjóðfélögum kost á að fresta töku lífeyris. Augljóslega er því gert ráð fyrir því að sjóðsfélagar geti starfað áfram eftir 70 ára aldur. Engin mörk eru nefnd í sambandi við hvað frestunin megi vera löng. Eðlilegt verður að telja út frá þróun heilbrigði og vinnuþreks að fólki verði gefið tækifæri í reglugerðum sjóðanna að fresta töku ellilífeyris til t.d. 85 ára aldurs. Þeim, sem þess óska. Hækkar þá væntanlegur ellilífeyrir þannig að hvorki lífeyrissjóðurinn né sjóðsfélaginn tapi eða græði á þeirri ákvörðun sjóðsfélagans að hefja töku ellilífeyris seinna. Ekkert bannar heldur fólki að taka ellilífeyri hjá lífeyrissjóðum jafnframt því að vinna enda er þetta réttur sem fólk hefur greitt fyrir. Í 4. mgr. 1. gr. laganna segir að öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs. Þetta er grundvöllur lágmarksréttinda og verður ekki séð að þetta ákvæði banni að greitt sé til lífeyrissjóðs eða séreignarsjóðs eftir 70 ára aldur. En vitanlega eru slík mörk vísbending um það hvernig lífeyriskerfinu er ætlað að starfa en menn ættu að forðast að gagnályktа út frá uppbyggingu lífeyriskerfisins að hver einstaklingur eigi að falla í það sama form. Kerfið er jú ætlað að tryggja einstaklinginn en ekki stýra lífi hans.

Fleiri dæmi um þennan sveigjanleika má finna í lögum og er til að mynda kveðið á um frítekjumark ellilífeyrisþega í lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007. Þá hafa áherslur í málefnum lífeyrisþega verið þær að gera þeim kleift að vinna hafi þeir til þess getu eða vilja. Stefna stjórnvalda hefur verið sú að auka virkni fólks og horfa fremur til starfsgetu en vangetu þeirra til starfa. Þá ber að geta þess sérstaklega að nú er unnið að gerð frumvarps sem m.a. er ætlað að lögfesta tilskipun Evrópusambandsins 2000/78/ESB um jafna meðhöndlun til atvinnu og starfa. Tilskipuninni er m.a. ætlaði að koma í veg fyrir mismunun á vinnumarkaði vegna trúar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar o.fl.

Víða í lagasafninu er að finna bönn við því að vissar stéttir, sem mikið mæðir á, megi vinna eftir að ákveðnum aldri er náð. Full ástæða til að skoða hvort breyta þurfi fleiri lögum til þess að ná markmiðum þessa frumvarps.

Má því segja að lagaumhverfið í þessum efnum endurspegli nokkra mótsögn enda er í gildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins kveðið á um að veita skuli embættismönnum lausn og segja starfsmönnum upp þegar þeir hafa náð 70 ára aldri og er þar í engu tekið mið af getu starfsmanna eða hæfni. Aldur er afstæður og mjög misjafnt á hvaða aldri fólk missir getu sína og hæfni til að sinna starfi sínu og sumir missa hana alls ekki. Einhverjir missa starfsgetuna fyrir ellilífeyrisaldur og aðrir löngu eftir að þeir hefja töku lífeyris og hætta störfum. Óeðlilegt hlýtur að teljast að ríkisvaldið setji reglur sem mismuni mönnum svo klárlega eftir jafn ómálefnalegri viðmiðun eins og aldri eingöngu . Haldi starfsmaður ríkisins fullri getu til að sinna starfi sínu er ótækt að beita lagareglu til að bola honum úr stöðu sinni og hugsanlega missa dýrmæta þekkingu úr kerfinu. Þá er ekki vænlegt að ríkið gangi á undan með fordæmi um að segja fólki upp á jafn ómálefnalegan hátt . Slíkt getur haft áhrif á vinnumarkaðinn í heild sinni.

Missi starfsmaður getu til að sinna starfi sínu er eðlilegt að honum sé sagt upp geri hann það ekki sjálfur. Hvað viðkemur starfsmönnum ríkisins eiga ákvæði um þriggja mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest að vera í öllum ráðningarsamningum ríkisins frá og með árinu 1975. Um þá sem ráðnir voru fyrir þann tíma gilda þá almennar reglur laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar af leiðandi verður að telja að missi starfsmaður getu til að sinna starfi sínu falli slíkt undir tilvik 21. gr. enda nær starfsmaður þá ekki fullnægjandi árangri í starfi. Samkvæmt ákvæðinu er þá hægt að veita starfsmanni áminningu og segja honum upp geti hann ekki ráðið bót á málinu.

Í lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1991, er aldraður skilgreindur sem sá sem náð hefur 67 ára aldri. Er miðað við það aldursmark í fjölda annarra laga sem kveða á um réttindi og skyldur fólks og t.a.m. virkjast þá réttur til ellilífeyris skv. 17. gr. laga um almannatryggingar. Ekki eru lagðar til breytingar á þessum skilgreiningum enda nauðsynlegt að hafa eitthvert viðmið í lögunum en skilgreiningin má þó ekki verða til þess að mismuna fólki eftir aldri og mikilvægt að taka mið af getu og hæfni hvers einstaklings. Það getur verið varasamt að senda fólki þau skilaboð að það sé orðið „löggilt gamalmenni“ eins og margir orða þessa skilgreiningu á „aldraður“. Fólk fer þá ef til vill að hegða sér í samræmi við það. Verður „aldrað“. Svipuð viðbrögð við fordómum má sjá t.d. hjá unglingum, sem „eiga“ að hegða sér á vissan hátt, hjá konum, sem „eiga“ að sætta sig við lakari launakjör og hjá öldruðu fólki sem á ekki að gera þetta eða hitt. Komið hefur fyrir að þetta hugtak „aldraður“ leiði til þess að atvinnurekendur grípi þessi skilaboð á lofti og telji eðlilegt að fólk hætti störfum af því að það sé nú orðið „aldrað“ þó að í rauninni ekkert hafi breyst nema að viðkomandi átti afmæli. Mikilvægt er að átta sig á því hversu víðtæk þessi áhrif eru og hvort hverfa þurfi frá þessu hugtaki til að koma í veg fyrir ástæðulausa fordóma. Reyndar mætti hreinlega tala um 67 ára og eldri í stað orðsins „aldraður“. Hafa skal það í huga sem sagt var hér að framan að kerfið á að tryggja einstaklinginn en ekki stýra honum eða móta líf hans.

Þegar eftirlaunaaldur var ákveðinn var meðalaldur fólks mun lægri en nú og aldraðir tóku ellilífeyri í fáein ár en nú taka sumir ellilífeyri í tugi ára, jafnvel 40 ár. Nauðsynlegt er að gæta þess að lögin staðni ekki heldur endurspegli það samfélag og þann veruleika sem við lifum við.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að eftirfarandi ákvæði í 5. tölul. 1. mgr. 25. gr. í gildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 falli brott: „Nú er maður, skipaður eða settur í embætti og ber þá að líta svo á að hann skuli gegna því þar til“: „5. að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 33. gr.“ 1. mgr. þeirrar greinar segir: „Embættismanni skal veita lausn frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri.“ Í 2. mgr. segir: „Sé maður orðinn 65 ára, þegar hann er skipaður tímabundið í embætti skv. 23. gr., skal skipunartími hans miðaður við að hann láti af störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára að aldri.“ Lagt er til að 33. gr., sem inniheldur þessar tvær málsgreinar, falli niður.

Þá er lagt til að eftirfarandi ákvæði í 2. mgr. 43. gr. laganna falli niður: „Starfsmanni skal þó jafnan segja upp störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri.“

Markmiðið er að taka burt afdráttarlaus ákvæði er skylda opinbera starfsmenn til að hætta störfum við 70 ára aldur.

Um 2. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 23. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007.

1. mgr. hljóðar svo: „Þeir sem eiga rétt á ellilífeyri skv. 17. gr. en hafa ekki lagt inn umsókn eða fengið greiddan ellilífeyri geta frestað töku lífeyris til 72 ára aldurs. Frestunin tekur til bóta skv. 17., 20. og 22. gr.“ Lagt er til að fólk geti frestað töku ellilífeyris án þessa aldursmarks, 72 ár. Þess vegna til t.d. 85 ára aldurs. Það tekur þá áhættu af því að taka bætur skemur eða alls ekki en fær á móti hækkun á lífeyri sem nemur þeirri áhættu með hækkun á lífeyri skv. 2. mgr. Sjá hér á eftir.

2. mgr. hljóðar svo: „Eftir að bótaréttur hefur verið reiknaður út skal hækka ellilífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót, sbr. 17. og 22. gr. laga þessara og 8. gr. laga um félagslega aðstoð, um 0,5% fyrir hvern frestunarmánuð fram til 72 ára aldurs eða að hámarki 30%.“ Lagt er til að orðin „fram til 72 ára aldurs eða að hámarki 30%“ falli brott og ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót hækki um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað án takmarkana eða um 6% fyrir hvert ár. Þessi hækkun, 0,5% á mánuði, er talin svara nokkurn vegin til þess að taps lífeyrisþegans að hann tekur ellilífeyri skemur sem nemur frestuninni. Ef töku ellilífeyris er t.d. frestað til 80 ára aldurs eða um 13 ár hækkar lífeyrir einstaklingsins um 13 x 6% eða 78% enda tekur hann lífeyri 13 árum skemur en ella.

Með þessum breytingum er rutt úr vegi þeim lagalegu hindrunum sem eru á því að fólk, það sem þess óskar, geti starfað áfram á meðan hugur þess stendur til þess og starfsgetan er í lagi.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

1257. Frumvarp til laga [732. mál]

um breytingu á landflutningalögum, nr. 40/2010.

Flm.: Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir, Atli Gíslason,
Lilja Rafney Magnúsdóttir, Ólafur Þór Gunnarsson,
Eygló Harðardóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson.

1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við ákvörðun um flutningsgjald skal sundurgreina hvern kostnaðarlið. Óheimilt er að binda veittan afslátt við heildarflutning (framhaldsfrakt).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að gera strandsiglingar aðlaðandi kost í innanlandsflutningum en strandsiglingum stóru skipafélaganna var hætt í lok árs 2004. Í kjölfarið hefur flutningum innan lands einkum verið sinnt með landflutningum með stórauknu álagi á vegakerfi landsins og slysahættu. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á þann hátt að flutningafyrirtæki verði að sundurgreina hvern kostnaðarlið fyrir sig og ekki verður heimilt að gefa eingöngu upp eitt heildarverð. Einnig eru lagðar til breytingar er varða afslátt á flutningsgjaldi, þ.e. að óheimilt verður að binda veittan afslátt við heildarflutning eða svokallaða framhaldsfrakt. Má til að mynda nefna dæmi um vöru sem sótt er í fyrirtæki í Reykjavík, komið fyrir í flutningabíl og flutt til Akureyrar. Þar er varan flutt í annan bíl sem flytur hana svo til Húsavíkur. Flytjandinn veitir viðskiptavininum afslátt á grundvelli þess að um heildarflutning er að ræða sem veikir stöðu annarra flytjenda sem gætu mögulega boðið lægra verð á flutningi vörunnar frá Akureyri til Reykjavíkur. Á grundvelli afsláttarkjaranna velur viðskiptavinurinn hins vegar þann flytjanda sem bindur afsláttinn við heildarflutning.

Kostnaður við viðhald vega.

Í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn um umferðarslys og vöruflutninga kemur fram að þungaumferð er talin vera um 8% af heildarumferð. Fjárveiting til viðhalds vega árið 2011 er 4.679 millj. kr. og að gróflega megi áætla að rekja megi rúmlega helming af þeim kostnaði til vöruflutningabifreiða en tvo þriðju ef horft er til allrar þungaumferðar. Í skýrslunni *Mat á hagkvæmni strandsiglinga á Íslandi* sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið lét vinna og birt var í maí 2010 eru ýmsir kostir strandsiglinga tíundaðir, meðal annars þessir:

„3. Strandsiglingar eru álitlegur kostur miðað við forsendur skýrslunnar. Nægjanlegt flutningsmagn virðist vera til staðar, talsverður áhugi er fyrir hendi meðal flutningskaupenda og hægt er að bjóða flutningsgjöld sem eru samkeppnishæf við landflutninga.

4. Strandsiglingar henta „þolinmóðum“ vörum ágætlega (byggingarvörur, iðnaðarvörur, hráefni, fiskafurðir, vörur sem bíða útflutnings oþh.). Aðrar vörur (dagvara, rekstrarvörur, ferskvara oþh.) munu ávallt krefjast þess hraða og sveigjanleika í flutningum sem landflutningar bjóða.

14. Ríkið verður af nokkrum tekjum af umferð flutningabíla ef strandflutningar fara í gang. Gera má ráð fyrir að ef 8000 ferðir færist yfir á sjó og meðalferð er um 400 km, þá minnkar akstur sem nemur um 3,2 milljónum km á ári. Miðað við 50 lítra eyðslu á 100 km og um 55 kr. í olíugjald af hverjum lítra, þá tapar ríkið olíugjaldstekjum sem nema um 88 m.kr. á ári. Ef eyðslan er 63 ltr/100km þá tapar ríkið um 111 m.kr. á ári.
15. Slit á vegum og viðhaldskostnaður vega minnkar líklega um 100–200 m.kr. á ári.
16. Öryggi almennings á vegum eykst væntanlega vegna minni aksturs stórra bíla sem nemur um 3,2 milljónum kílómetra á ári. Svifryksmengun á vegsvæðum minnkar.
19. Stjórnvöld víða um heim vinna að því að færa flutninga af vegum yfir á sjó, fljótabáta og járnbrautir. Bent hefur verið á að raunverulegur samfélagslegur kostnaður við landflutninga sé oft vanmetinn hvað varðar slit á vegum, slysahættu, mengun og önnur umhverfisáhrif. Rannsóknir sýna að slit vega vegna aksturs eins fullhlaðins vöruflutningabíls sé sambærilegur við akstur um 9000 einkabíla. Líklegt er að stjórnvöld muni í framtíðinni krefjast þess að þessi kostnaður komi fram í flutningsgjöldum.
20. Gera má ráð fyrir að ef strandsiglingar hefjast og flutningsmagn flyst af vegum á sjó, muni flutningsgjöld í landflutningum hækka með minnkandi magni og minni stærðarhagkvæmni.“[1]

Að mati flutningsmanna á það ekki að vera kostur fyrir fyrirtæki að velta rekstrarkostnaði yfir á skattgreiðendur en það virðist einmitt hafa gerst þegar flutningar voru færðir af sjó upp á land. Mikill viðbótarkostnaður er við viðhald á vegum landsins vegna vöru- og þungaflutninga, umfram það sem innheimtist í gegnum olíugjald, enda tekur það ekki mið af mismunandi slitnotkun bifreiða. Það að flutningsaðilar geti velt stórum hluta af heildarkostnaði við flutningana yfir á skattgreiðendur leiðir til of mikilla þungaflutninga á vegum í samanburði við aðra flutningsmöguleika og að þeir samgönguhættir sem eru þjóðhagslega hagkvæmastir ná ekki að þróast. Mikilvægt er að gegnsæi ríki í öllum niðurgreiðslum en sterk rök eru fyrir því að flutningskostnaður sé niðurgreiddur vegna byggðasjónarmiða.

Öryggismál.

Í fylgiskjali með frumvarpinu er svar frá innanríkisráðherra þar sem farið er yfir slys vegna vöruflutningabifreiða. Þar kemur fram að tíðni banaslysa er mun hærri þegar slíkir bílar koma við sögu en ekki og bæði samfélagslegur kostnaður sem og beinn kostnaður er meiri. Þá má benda á að rök eru fyrir því að ýmis hættuleg og eldfim efni sé öruggara að flytja á sjó en á landi.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Svar innanríkisráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um umferðarslys og vöruflutninga á þjóðvegum. (Þskj. 886, 416. mál 139. löggjafarþings.)

---

[1] http://www.innanrikisraduneyti.is/media/utgafa2010/Hagkvaemni_strandflutninga_04062010-.pdf

1258. Frumvarp til laga [733. mál]

um greiðsluþátttöku ríkissjóðs vegna uppbyggingar Helguvíkurhafnar.

Flm.: Árni Johnsen.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að veita ríkissjóði heimild til að styrkja hafnarframkvæmdir við Helguvíkurhöfn.

2. gr.
Greiðsla kostnaðar við hafnargerð.

Eftirfarandi hafnarframkvæmdir við Helguvíkurhöfn geta notið framlags úr ríkissjóði:

1. Undirbúningsrannsóknir og hönnun, þar með talið skipulag hafna og hafnarsvæða, svo og kostnaður við útboð einstakra styrkhæfra framkvæmda.
2. Framkvæmdir við hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta, ferjuaðstöðu, dýpkun og uppfyllingar sem teljast nauðsynlegur hluti viðlegumannvirkja.
3. Dreifikerfi rafmagns, skolps og vatns sem nauðsynleg eru vegna starfsemi hafnarinnar samkvæmt staðfestingu Siglingastofnunar Íslands hverju sinni.
4. Umferðaræðar innan marka hafnarmannvirkja samkvæmt staðfestingu Siglingastofnunar hverju sinni.
5. Framkvæmdir við siglingamerki, mengunar- og slysavarnir.
6. Framkvæmdir á hafnarsvæðum við upptökumannvirki fyrir skip.
7. Tollaðstaða fyrir farþegaferjur er halda uppi reglulegum áætlanasiglingum til landsins.

Niðurrif hafnarmannvirkja í eigu hafnarsjóðs Helguvíkurhafnar telst hafnarframkvæmd, enda sé það liður í nýbyggingu, til umhverfisbóta eða mannvirkið í vegi fyrir notkun annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Sé mannvirki svo illa farið að til álita komi að endurbyggja það skal slík endurbygging því aðeins teljast styrkhæf að mannvirkið hafi hlotið eðlilegt viðhald að dómi siglingamálastjóra.

Styrkhæfur telst einnig vaxtakostnaður, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, ásamt kostnaði vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistaps, verði hann til vegna hluta ríkissjóðs í framkvæmdinni og hafi verið stofnað til hans með heimild ráðuneytisins og fjárlaganefndar Alþingis.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald, svo sem endurnýjun á þybbum, þekjum og lögnum, og er slíkt viðhald ekki styrkhæft.

Landa- og lóðakaup hafnarinnar, svo og landgerð, njóta ekki ríkisstyrks. Rísi ágreiningur um styrkhæfni framkvæmda skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

3. gr.
Skilyrði fyrir greiðslu úr ríkissjóði.

Skilyrði fyrir greiðslu úr ríkissjóði skv. 2. gr. eru:

1. Að eigendur Helguvíkurhafnar hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt á því landsvæði á strandlengju hafnarinnar sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi sem fram fer við höfnina. Ekki

verður það þó gert að skilyrði að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verslunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.

3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun varðandi útgjöld og greiðslu kostnaðar sem eigendur hafnar hafa samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnaráðs og siglingamálastjóra.

4. gr.

Greiðsluþátttaka ríkissjóðs.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum við Helguvíkurhöfn:

1. Ríkissjóður greiðir allt að 100% kostnaðar við frumrannsóknir.
2. Ríkissjóður greiðir allt að 100% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   a. hafnargarða (öldubrjóta),
   b. dýpkun hafnar og innsiglingar,
   c. siglingamerki,
   d. sérbúnað fyrir ekjuskip og ferjur.
3. Ríkissjóður greiðir allt að 60% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   a. bryggjur og viðlegukanta,
   b. uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæði,
   c. upptökumannvirki fyrir skip,
   d. mengunar- og slysavarnir,
   e. vatns-, raf- og holræsalagnir um hafnarmannvirkin,
   f. skipulag hafna og hafnarsvæða,
   g. niðurrif hafnarmannvirkja.

5. gr.

Umsóknir um ríkisframlag.

Umsóknir um framlag úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda við Helguvíkurhöfn skal senda Siglingastofnun Íslands sem vinnur úr tillögunum og leggur fyrir hafnaráð og innanríkisráðuneyti.

Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs Helguvíkurhafnar til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum.

6. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ríkissjóði verði heimilt að styrkja hafnarframkvæmdir í Helguvíkurhöfn. Samkvæmt eldri hafnalögum, nr. 23/1994, var stækkun hafna styrkhæf. Með setningu gildandi hafnalaga, nr. 61/2003, var greiðsluþátttöku ríkissjóðs breytt þannig að í 24. gr. þeirra er ekki gert ráð fyrir að ríkið komi að framkvæmdum í höfnum með tekjur yfir 30 millj. kr. Eins og fram kemur í greinargerð með lögunum takmarkast þátttaka ríkisins í þeim tilfellum við skjól í höfnum þar sem ekki er náttúrulegt skjól fyrir úthafsöldu. Þátttaka ríkisins takmarkast því við skjólgarða sem stækka ekki höfnina og er því eingöngu átt við endurbyggingar á mannvirkjum sem nú þegar eru til staðar eða nauðsynlegar lagfæringar á

þeim. Í ákvæðinu er einnig gert ráð fyrir að ríkissjóði sé heimilt að taka þátt í dýpkun í höfnum þar sem verulegrar viðhaldsdýpkunar er þörf og dýpka þarf höfn á minnst fimm ára fresti. Framkvæmdir sem eru styrkhæfar samkvæmt greininni gera því ekki ráð fyrir að viðkomandi höfn stækki.

Í núgildandi hafnalögum var bráðabirgðaákvæði sett við 24. gr. Gerir það ráð fyrir að þrátt fyrir ákvæði 24. gr. sé ríkissjóði heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum, sbr. ákvæði um greiðsluþátttöku í eldri hafnalögum. Vandinn er hins vegar sá að þegar kemur að framkvæmdum í Helguvíkurhöfn þá kemur upp sú staða að þar sem framkvæmdir þar voru ekki komnar inn á samgönguáætlun 2005–2008 geta þær ekki hlotið styrk á grundvelli bráðabirgðaákvæðisins. Með þessu frumvarpi eru því settar sérreglur um greiðsluþátttöku ríkissjóðs vegna hafnarframkvæmda í Helguvíkurhöfn og byggist frumvarpið á ákvæðum III. kafla eldri hafnalaga, nr. 23/1994, um greiðslu kostnaðar við hafnargerð og umsóknir um ríkisframlag.

Eins og fram kemur í greinargerð við frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (þskj. 47, 46. mál), er ljóst að uppbygging Helguvíkurhafnar er nauðsynleg fyrir uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu. Með tilkomu álvers og annarra stóriðjuframkvæmda á svæðinu aukast atvinnu- og skatttekjur sveitarfélagsins sem og ríkissjóðs. Í ljósi efnahagslegra forsendna og mikils atvinnuleysis á svæðinu er mikilvægt að styrkja nauðsynlegar framkvæmdir sem munu hafa góð áhrif á atvinnulíf og sveitarfélög á Reykjanesi. Telja flutningsmenn að uppbygging Helguvíkurhafnar, svo og uppbygging álvers í Helguvík, sé gott tækifæri, ekki síst þegar horft er til þess að framkvæmdartíminn verður langur og lítil hætta verður á ofþenslu vegna þeirra framkvæmda sem nauðsynlegar eru.

1259. Frumvarp til laga [734. mál]

um breyting á lögum um námsstyrki, nr. 79/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Á eftir orðinu „framhaldsskólum“ í 1. gr. laganna kemur: og háskólum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: stunda reglubundið framhaldsskólanám hér á landi eða framhaldsskólanám erlendis og nemandi getur ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili hér á landi eða öðrum jafngildum dvalarstað.
b. Á eftir 2. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: hafa ekki náð 18 ára aldri og stunda reglubundið nám á háskólastigi hér á landi sem miðar að skilgreindum námslokum við fræðasvið háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra samkvæmt lögum um háskóla.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. kemur: þriggja.
b. Orðin „einn skal skipaður eftir tilnefningu fjármálaráðuneytis“ í 2. málsl. falla brott.

c. Lokamálsliður greinarinnar fellur brott.

4. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 5., 6. og 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

5. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu hafa á undanförnum árum reglulega borist ábendingar m.a. frá umboðsmanni barna um að gildissvið laga um námsstyrki, nr. 79/2003, væri takmarkað og að taka þyrfti lögin til endurskoðunar á grundvelli ýmissa tilvika þar sem skilyrði styrkveitinga hafa ekki verið uppfyllt.

Þau dæmi sem nefnd hafa verið eru einkum: a) nemendur sem stunda háskólanám en eru undir 18 ára aldri (ófjárráða) og eiga því ekki kost á námslánum, b) nemendur sem stunda framhaldsskólanám við sérhæfða íþrótta- og listdansskóla fyrir afreksfólk á erlendri grundu, t.d. nám við Konunglega sænska listdansskólann í Stokkhólmi, og c) flóttamenn sem ekki hafa notið námsstyrkja sökum áskilnaðar í lögunum um íslenskt ríkisfang. Þá hafa komið fram ábendingar frá námsstyrkjanefnd um að setja þurfi aldurshámark fyrir styrkþega og rétt væri að fækka nefndarmönnum úr fimm í þrjá. Loks hefur verið kallað eftir því að nýtt verði heimild laganna til að veita efnalitlum nemendum sérstaka styrki.

Í athugasemdum með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 79/2003 er því markmiði lýst að leitast skuli við að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu eða efnahags, þar á meðal erlendum ríkisborgurum á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga.

Réttur til námsaðstoðar er nátengdur réttinum til að njóta almennrar menntunar eins og þeim rétti er lýst í 2. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, auk þess sem hans er getið í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Í 2. mgr. 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, er mælt fyrir um að öllum skuli tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Hugtakið almenn menntun í stjórnarskrárákvæðinu hefur verið skýrt þannig að átt sé við aðra menntun en sérnám og falli því bæði nám í grunnskóla og framhaldsskóla þar undir.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

Í 28. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem öðlaðist gildi hér á landi í nóvember 1992, sbr. auglýsingu C nr. 18/1992, segir að aðildarríki hans viðurkenni rétt barns til menntunar, þar á meðal ókeypis framhaldsmenntunar og fjárhagslegrar aðstoðar þeim sem hennar þurfi með, og skuli m.a. gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemendur hverfi frá námi.

Í 2. gr. samningsins, sem hefur þýðingu fyrir túlkun á 28. gr., segir m.a. að aðildarríki samningsins skuli virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið sé á um í samningnum, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðhátta eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.

Flóttamannasamningur Sameinuðu þjóðanna.

Ísland gerðist aðili að Alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna 1. mars 1956, sbr. auglýsingu nr. 74/1955. Í 2. mgr. 22. gr. samningsins kemur fram að aðildarríki sáttmálans séu m.a. skuldbundin til að veita flóttamönnum eins góða aðstöðu og mögulegt er og aldrei lakari en veitt er útlendingum almennt við sömu aðstæður, að því er snertir menntun aðra en barnafræðslu, einkum að því er varðar aðgang að námi, viðurkenningu vottorða og prófskírteina frá erlendum skólum, eftirgjöf á skólagjöldum og kostnaði og veitingu námsstyrkja.

Lög um námsstyrki.

Í 2. gr. gildandi laga um námsstyrki er kveðið á um þá sem rétt eiga til námsstyrkja samkvæmt lögunum, þ.e. íslenskir ríkisborgarar eða erlendir ríkisborgarar samkvæmt samningi íslenska ríkisins við önnur ríki, sem stunda reglubundið framhaldsskólanám hér á landi, og eru annaðhvort það efnalitlir að efnaleysi torveldar þeim nám eða verða að dveljast fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins, enda sé ekki unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað. Þá er tekið fram að þeir sem rétt eigi á láni frá Lánasjóði íslenskra námsmanna eða hliðstæðri fyrirgreiðslu eigi ekki rétt til námsstyrkja.

Réttur erlendra ríkisborgara til námsstyrkja.

Ríkisborgarar Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

Við túlkun á því hvaða erlendir ríkisborgarar kunni að eiga rétt á námsstyrkjum samkvæmt lögunum ber m.a. að líta til samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi sem undirritaður var í Stokkhólmi 3. maí 2004 og tók gildi 27. mars 2008. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. samningsins skuldbinda samningsaðilar sig til að veita námsmönnum aðgang að lögbundnu námi á framhaldsskólastigi, bæði almennu bóknámi og starfsmenntun, hver í sínu landi, með sömu skilmálum og ríkisborgurum eigin lands. Í 3. gr. samningsins er kveðið á um að nemandi hafi möguleika á að sækja um fjárhagslega aðstoð til framhaldsskólamenntunar í öðru norrænu landi samkvæmt reglum í því landi sem við á.

EES-ríkisborgarar.

Í samræmi við aðild Íslands að Samningi um Evrópskt efnahagssvæði, sbr. lög nr. 2/1993, ber að veita tilteknum EES-ríkisborgurum rétt samkvæmt lögum um námsstyrki. Um réttindi svonefndra farandlaunþega og fjölskyldna á framfæri þeirra til námsstyrkja fer eftir 2. mgr. 7. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum. Í 28. gr. EES-samningsins er mælt fyrir um réttindi launþega til frjálsrar farar á Evrópska efnahagssvæðinu. Í 2. mgr. ákvæðisins er sérstaklega mælt fyrir um bann við mismunun gagnvart slíkum aðilum á grundvelli þjóðernis hvað varðar rétt til atvinnu, launakjara og annarra starfs- og ráðningarskilyrða. Í 31. gr. samningsins er lagt bann við hömlum á staðfesturétti ríkisborgara annarra aðildarríkja samningsins.

Í framangreindum ákvæðum EES-samningsins er þannig mælt fyrir um jafna meðferð farandlaunþega og innlendra þátttakenda á vinnumarkaði að því er varðar félagsleg réttindi en námsstyrkir falla undir félagsleg réttindi. Þegar rætt er um fjölskyldu EES-farandlaunþega er átt við maka samkvæmt hjúskap eða staðfestri samvist, börn viðkomandi eða maka hans fram að 21 árs aldri, foreldra viðkomandi eða maka hans sem teljast á framfæri hans, sbr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt ríkisborgara Evrópusambandsins og fjölskyldna þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildar-

ríkjanna er breytir reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 og fellir brott tilskipanir 64/221/EBE, 68/360/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE. Samkvæmt þessu mun réttur til námsstyrkja takmarkast af þeim réttindum sem hlutaðeigandi nýtur samkvæmt EES-samningnum eins og hann hefur verið skýrður. Þannig er viðurkennt í EES-rétti að skilyrða megi réttindaávinnslu EES-farandlaunþega við ákveðin tengsl við landið, að viðkomandi hafi starfað þar um ákveðinn tíma og að starf þeirra sé af ákveðnu umfangi til þess að geta átt rétt til aðstoðar. Þykja slíkar takmarkanir réttmætar þegar annars vegar er horft til hins félagslega tilgangs námsstyrkjakerfisins og tilgangsins með reglunum um frjálsa för.

Að því er varðar EES-ríkisborgara sem eru ekki þátttakendur á innlendum vinnumarkaði er ekki skylt að veita þeim félagsleg réttindi eins og námsstyrki án undanfarandi ávinnslutíma. Af dómum Evrópudómstólsins sem hafa fordæmisgildi hér á landi er ljóst að heimilt væri að gera t.d. kröfu um fimm ára samfellda búsetu hér á landi fyrir slíka EES-ríkisborgara, sbr. niðurstöðu Evrópudómstólsins í svokölluðu Bidar-máli frá 15. mars 2005 (mál c-209/03) þar sem fram kemur það mat dómstólsins að fallast beri á að ríkisborgarar frá öðrum EES-ríkjum þurfi að sýna fram á ákveðin tengsl við samfélagið til þess að koma í veg fyrir að innkoma þeirra valdi erfiðleikum í námsaðstoðarkerfi viðkomandi lands.

Flóttamenn og aðrir erlendir ríkisborgarar.

Um rétt erlendra ríkisborgara eða ríkisfangslausra einstaklinga, sem veitt hefur verið dvalarleyfi hér á landi sem flóttamenn í samræmi við ákvæði laga um útlendinga, nr. 96/2002, til námsstyrkja kann að fara eftir 2. mgr. 22. gr. Flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna, eins og hann hefur verið túlkaður.

Ef um er að ræða erlendan ríkisborgara undir lögræðisaldri kemur hér einnig til skoðunar 28. gr., sbr. 2. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. og 1. mgr. 32. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (fræðsluskylda 16–18 ára ungmenna).

Gagnkvæmnisreglan.

Af 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um námsstyrki um réttindi erlendra ríkisborgara má enn fremur draga þá ályktun að heimilt sé að láta ákvæði laganna taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Sérstakir styrkir til efnalítilla nemenda.

Varðandi styrkveitingar vegna efnaleysis nemenda í framhaldsskólum hefur umboðsmaður Alþingis í áliti frá 3. júlí 2003 (mál nr. 3741/2003) komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði sambærilegt við 3. tölul. 2. gr. laga nr. 79/2003, standi því ekki í vegi að nemendum sé veittur styrkur vegna efnaleysis, án þess að önnur skilyrði laganna um fjarvistir frá lögheimili og fjölskyldu eigi við.

Í álitinu rakti umboðsmaður ákvæði eldri laga, nr. 23/1989, og reglugerðar nr. 605/2001, um jöfnun námskostnaðar. Þá leit umboðsmaður til fyrirrennara þeirra laga um sama efni, sbr. lög nr. 69/1972 . Umboðsmaður taldi að með hliðsjón af forsögu og aðdraganda að setningu ákvæðis b-liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 23/1989 yrði ráðið að löggjafinn hefði með lögfestingu ákvæðisins kveðið á um sjálfstæða heimild námsstyrkjanefndar til að veita framhaldsskólanemendum styrki ef efnaleysi torveldaði þeim nám. Hafi sú heimild ekki verið háð því að búseta íþyngdi nemandanum fjárhagslega umfram aðra heldur var nefndinni með henni fengið sérstakt félagslegt úrræði til að styðja þá einstaklinga til náms sem byggju við bágar efnahagslegar aðstæður án þess að önnur ákvæði laganna um aðstöðumun vegna búsetu

ættu nauðsynlega við. Af álitinu má ráða að það sé á valdi námsstyrkjanefndar að ákveða hvort styrkheimildinni vegna efnaleysis verði yfirleitt beitt. Með hliðsjón af framangreindu er ekki talin þörf á því að gera breytingar á ákvæðinu.

Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu.

Verði frumvarpið að lögum felur það í sér eftirfarandi breytingar:

- Gildissvið laganna nær einnig til náms á háskólastigi.
- Heimilt verður að veita námsstyrki til framhaldsskólanáms sem stundað er erlendis ef um er að ræða nám sem ekki verður stundað frá lögheimili hér á landi.
- Heimilt verður að veita námsstyrki til náms á háskólastigi hér á landi fram að 18 ára aldri.
- Nefndarmönnum í námsstyrkjanefnd er fækkað um tvo, úr fimm í þrjá.

Á vinnslustigi frumvarpsins var haft samráð um efni þess við námsstyrkjanefnd, jafnframt því sem tekið var tillit til ábendinga frá umboðsmanni barna.

Námsstyrkjanefnd lagði til að binda veitingu námsstyrkja við aldurshámarkið 24 ár. Ósk um breytinguna var rökstudd með vísan til 1. mgr. 32. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, og þess að þörf væri á að forgangsraða fjárveitingum ríkissjóðs til framhaldsskóla í samræmi við áherslur sem fram koma í athugasemdum við það frumvarp sem varð að fjárlögum 2011. Þá benti nefndin á að nemendum eldri en 24 ára stæði til boða að skrá sig í svonefnt frumgreinanám, sem er framhaldsskólanám rekið á vegum háskóla, en fram til þessa hefði nemendum í frumgreinanámi staðið til boða fyrirgreiðsla frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Í endanlegri gerð frumvarpsins er ekki lagt til að sett verði aldurshámark fyrir styrkþega að svo stöddu. Hins vegar er fyrirhugað að lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með áorðnum breytingum, verði endurskoðuð og í því sambandi verði fjallað um skil á milli lánshæfis náms á framhaldsskólastigi og háskólastigi og tengsl laganna við lög um námsstyrki.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að gildissvið laganna taki einnig til háskólanáms. Í lögum hefur fram til þessa verið gerður greinarmunur á því hvers konar aðstoð hið opinbera veitir nemendum eftir því hvort um framhaldsskólanema eða háskólanema hefur verið að ræða. Þannig hafa námsstyrkir staðið framhaldsskólanemum til boða en einungis námslán til handa háskólanemum. Ekki er í frumvarpinu ætlunin að gera breytingar á framangreindu fyrirkomulagi. Rétt þykir hins vegar að gera ráð fyrir þeim möguleika að nemendur í háskólum sem ekki hafa náð lögræðisaldri eigi þess kost að fá námsstyrki, að öðrum ákvæðum laganna uppfylltum.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru lagðar til tvær breytingar.

Í fyrsta lagi er lagt til að heimilt verði að veita námsstyrki til nemenda sem stunda framhaldsskólanám erlendis, sem telst ekki sambærilegt við nám sem boðið er upp á hér á landi. Er hér einkum átt við nám fyrir afreksfólk í íþróttum og listdansi sem stundað er við sérstaka skóla á framhaldsstigi, sbr. t.d. Konunglega listdansskólann í Stokkhólmi. Slíkt nám telst ekki lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, enda eru viðkomandi nemendur undir lögræðisaldri í fyrri hluta námsins.

Í öðru lagi er lagt til að heimilt verði að veita námsstyrki, að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, til náms á háskólastigi fyrir nemendur sem ekki hafa náð 18 ára aldri og njóta því ekki fyrirgreiðslu hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna af þeim sökum.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að nefndarmönnum í námsstyrkjanefnd verði fækkað úr fimm í þrjá og að tveir verði skipaðir af ráðherra án tilnefningar og sá þriðji samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Um 4. gr.

Hér er lögð til breyting í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um brottfellingu heita ráðherra og ráðuneyta úr lögum frá 11. janúar 2011.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um námsstyrki, nr. 79/2003.

Markmið með frumvarpi þessu er að auka jafnræði fólks til náms á framhalds- og háskólastigi og er þá sérstaklega horft til háskólanema sem ekki eru fjárráða og eiga þar af leiðandi ekki kost á námsláni og geta samkvæmt núverandi kerfi heldur ekki sótt um námsstyrk. Þá er einnig verið að jafna aðstöðu þeirra námsmanna sem stunda nám erlendis í sérhæfðum skólum og snertir þetta einkum afreksfólk í íþróttum og nema í ákveðnum listgreinum.

Í því skyni eru lagðar til eftirtaldar breytingar á gildandi lögum: Í fyrsta lagi er lagt til að gildissvið laganna nái einnig til háskólanáms í stað þess að ná eingöngu til framhaldsskólanáms. Áfram verður ákvæði um að þeir nemendur sem eiga rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu geti ekki fengið námsstyrki samkvæmt lögunum. Í öðru lagi er lagt til að séu önnur skilyrði uppfyllt, þurfi styrkþegi ekki að hafa náð 18 ára aldri. Í þriðja lagi er lagt til að heimilt verði að veita námsstyrki til þeirra nemenda sem stunda framhaldsskólanám erlendis og ekki telst sambærilegt við það sem hægt er að stunda hér á landi.

Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að nefndarmönnum í úthlutunarnefndinni verði fækkað um tvo, úr fimm í þrjá.

Frumvarpið tekur fyrst og fremst til úthlutunarreglna námsstyrkja og varðar einungis fáa einstaklinga á ári hverju sem rétt munu hafa til námsstyrkja. Námsstyrkir taka alltaf mið af fjárveitingum löggjafans hverju sinni. Verði frumvarpið að óbreyttu lögfest mun það ekki hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð en óveruleg lækkun útgjalda ætti að hljótast af fækkun nefndarmanna úthlutunarnefndar.

1260. Frumvarp til laga [735. mál]

um breytingu á lögum nr. 143/2009, um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Flm.: Sigurður Ingi Jóhannsson, Einar K. Guðfinnsson.

1. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Störf héraðsdýralækna hjá Matvælastofnun eru lögð niður við gildistöku þessa ákvæðis. Viðkomandi starfsmönnum skulu boðin störf hjá Matvælastofnun. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gildir ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði. Þó skulu ekki lögð niður störf þeirra héraðsdýralækna hjá Matvælastofnun sem starfa á svæðum þar sem ekki hafa fengist dýralæknar til þess að sinna almennri þjónustu við dýraeigendur. Skal þeim heimilt að sinna slíkri þjónustu þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 11. gr. Þegar dýralæknar hafa fengist til að sinna áðurnefndri þjónustu skulu störf héraðsdýralæknanna lögð niður en þó eigi síðar en 31. desember 2014. Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er ráðherra heimilt að skilgreina umdæmi og vaktsvæði héraðsdýralæknanna með reglugerð.

Ráðherra skal setja reglugerð skv. 13. gr. eigi síðar en 1. júlí 2010.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í nefndaráliti meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar um frumvarp það sem síðar varð að lögum nr. 143/2009, um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, kom eftirfarandi m.a. fram: „Ein af meginbreytingum í þessum kafla frumvarpsins er sú að skilið verði á milli opinbers eftirlits héraðsdýralækna og almennrar dýralæknaþjónustu þeirra. Forsenda breytinganna er að tryggja að héraðsdýralæknar sinni eingöngu opinberum eftirlitsstörfum, en séu ekki samhliða þeim að sinna almennri dýralæknaþjónustu. […] Á fundi nefndarinnar þar sem fjallað var um þann hluta frumvarpsins sem snýr að breytingum á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum, komu fram sjónarmið þess efnis að með boðuðum breytingum væri verið að skerða dýralæknaþjónustu á landsbyggðinni og þannig væri vegið að rétti dýra og dýraeigenda til aðgengis að dýralæknaþjónustu. Auk þess sem breytingarnar séu til þess fallnar að skapa óvissu um fyrirkomulag dýralæknaþjónustu við dreifðari byggðir landsins og verði til þess að dýralæknar hverfi úr störfum í strjálbýli og erfitt verði að manna stöðurnar. Nefndin vekur athygli á að í frumvarpinu er komið til móts við þær gagnrýnisraddir sem telja þessar breytingar stofna heilbrigði eða velferð dýra í hættu með því að heimila eftirlitsdýralæknum sem starfa hjá Matvælastofnun, og vinna í umdæmum héraðsdýralækna, að stunda almennar dýralækningar auk opinberra starfa. Einnig er undanþáguheimild til bráðabirgða í 41. gr. fyrir ráðherra til að fela héraðsdýralækni

að sinna almennri þjónustu í sínu umdæmi tímabundið gerist þess þörf. […] Nefndin telur ástæðu til að vekja athygli á því að það liggur fyrir, sbr. 79. gr., að III. kafli frumvarpsins um breytingu á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, tekur ekki gildi fyrr 1. október 2011 […].“

Á fundi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar hinn 19. janúar 2011 kom fram í máli fulltrúa Matvælastofnunar að ákvæði 41. gr. laganna væri túlkað á þann veg að ráðherra geti aðeins falið þeim héraðsdýralæknum að sinna almennri dýralæknaþjónustu sem lögin gera ráð fyrir að starfi á grundvelli þeirra eftir gildistöku framangreindrar 41. gr. Þessi túlkun stofnunarinnar fer þvert gegn skilningi þorra þeirra þingmanna sem áttu sæti í nefndinni á samþykktartíma framangreinds nefndarálits. Var skilningur þeirra sá að með bráðabirgðaákvæði 41. gr. laganna væri verið að tryggja að ekki yrðu lagðar niður stöður héraðsdýralækna hjá Matvælastofnun á þeim svæðum sem við slíka aðgerð væru svipt möguleikanum á eðlilegri heilbrigðisþjónustu við dýr. Byggði nefndin tillögur sínar til breytingar á 41. gr. frumvarps þess sem síðar varð að lögun nr. 143/2009 á sjónarmiðum um að treysta bæri byggðir landsins, tryggja bæri að hagsmunir dýraeigenda og réttur dýra til læknisþjónustu yrði ekki skertur og starfsaðstæður og starfsöryggi dýralækna væri tryggt.

Í ljósi alls framangreinds og í því skyni að treysta þau mikilvægu sjónarmið og réttindi sem hér hafa verið nefnd er frumvarp þetta lagt fram.

1261. Tillaga til þingsályktunar [736. mál]

um pólitískar ráðningar í stjórnsýslunni.

Flm.: Lilja Mósesdóttir, Atli Gíslason, Ásmundur Einar Daðason, Mörður Árnason, Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir, Þráinn Bertelsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Bragi Sveinsson, Ólína Þorvarðardóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gera úttekt á störfum, starfssviði og ábyrgð pólitískt ráðinna starfsmanna í stjórnsýslunni og setja um störf þeirra skýrar reglur, m.a. til að skýr skil séu milli stjórnsýslulegra starfa opinberra starfsmanna og starfa sem eru pólitísks eðlis, svo og til að tryggja að pólitískar skammtímaráðningar verði ekki grundvöllur fastráðningar. Í þessu sambandi verði eftirfarandi m.a. skoðað:

a. löggjöf nágrannalanda um pólitískar ráðningar, skammtímaráðningar og aðkeypta ráðgjöf utan stjórnsýslunnar,
b. úttektir og skýrslur frá nágrannalöndum um pólitískar ráðningar og ráðgjafa, og
c. starfsmannareglur Sameinuðu þjóðanna um skammtímaráðningar.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur að markmiði að settar verði skýrar reglur um pólitískar ráðningar í stjórnsýslunni. Meðal þess sem slíkar reglur ættu að tryggja er að pólitískar skammtímaráðningar leiði ekki sjálfkrafa til þess að þegar samsvarandi eða sambærilegt starf er auglýst verði sá sem gegndi starfi til skamms tíma ráðinn til starfans. Þá er mikilvægt að skýrt sé hvenær störf opinbers starfsmanns eru pólitísks eðlis eða stjórnsýsluleg og að skýrlega sé tiltekið um ábyrgð á hvoru tveggja.

Pólitískar ráðningar.

Á Norðurlöndum hafa pólitískar ráðningar og starfssvið pólitískt ráðinna starfsmanna í stjórnsýslunni hlotið mikla umræðu. Árið 2001 kom út skýrsla í Svíþjóð þar sem farið er yfir notkun stjórnvalda á ráðgjöfum, *Myndigheternas konsultanvändning. Konsulter – Hur, varför och til vad?* Í desember 2009 gaf ríkisendurskoðun í Danmörku út skýrslu um ráðningar pólitískra ráðgjafa, *Beretning til Statsrevisorerne om brugen af særlige rådgivere.* Tilefni þeirrar skýrslu var ítarlegt nefndarálit sérnefndar sem þingið skipaði ad hoc til að greina og meta þörfina fyrir ítarlegri reglur um almenna opinbera starfsmenn og fyrir þá opinberu starfsmenn sem ráðnir eru sem sérstakir ráðgjafar, eða fjölmiðlafulltrúar *(Betænkning nr. 1443 – Embedsmænds rådgivning og bistand. Betænkning fra Udvalget om embedsmænds rådgivning og bistand til regeringen og dens ministre)*. Álitið er mjög ítarlegt og þar er m.a. að finna úttekt á reynslu og reglum frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Bretlandi um pólitískt ráðna ráðgjafa sem gegna hlutverki fjölmiðlafulltrúa. Mikilvægt er að gera slíka úttekt hér á landi og setja í kjölfarið skýrar reglur um ábyrgð og starfssvið pólitískt ráðinna starfsmanna í stjórnsýslunni til að tryggja að skýr skil séu milli starfa sem eru pólitísk í eðli sínu og þeirra sem eru stjórnsýslulegs eðlis. Skýrar reglur gilda um opinbera starfsmenn og stjórnsýsluathafnir og stjórnsýsluákvarðanir. Því er mikilvægt að starfsmanni sé ávallt ljóst hvers eðlis starf hans eða verkefni er og hvaða reglur um það gilda.

Í Bretlandi hafa m.a. verið settar siðareglur um störf pólitískt ráðinna ráðgjafa hjá hinu opinbera. Ber hér að geta þess að siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands sem settar eru með stoð í lögum nr. 86/2010, sbr. lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, gilda fyrir alla starfsmenn Stjórnarráðsins. Þá er heimild í lögunum til að setja sérstakar siðareglur fyrir pólitíska aðstoðarmenn ráðherra sem taki mið bæði af siðareglum fyrir starfsmenn og siðareglum ráðherra. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir sérstökum siðareglum fyrir aðra starfsmenn sem eru pólitískt ráðnir en gegna öðrum störfum en aðstoðarmenn ráðherra.

Pólitískar skammtímaráðningar verði ekki sjálfkrafa grundvöllur fastráðningar.

Það er meginregla að öll laus störf hjá hinu opinbera ber að auglýsa, sbr. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Frá þeirri reglu eru þó þrjár undantekningar, sbr. reglur nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum. Þannig er ekki skylt að auglýsa:

1. Störf sem aðeins eiga að standa í tvo mánuði eða skemur.
2. Störf við afleysingar, svo sem vegna orlofs, veikinda, barnsburðarleyfis, námsleyfis, leyfis til starfa á vegum alþjóðastofnana o.þ.u.l., enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt.
3. Störf sem auglýst hafa verið innan síðustu sex mánaða og í þeirri auglýsingu hafi þess verið getið að umsóknin geti gilt í sex mánuði.

Mikilvægt er að tryggja að ekki sé farið fram hjá reglum um auglýsingu starfa með því að fella starf í upphafi undir framangreind tilvik og auglýsa svo sama eða sambærilegt starf laust. Sá sem gegndi starfinu tímabundið er þar með kominn með reynslu af sama eða sambærilegu starfi sem getur skipt sköpum við mat á hæfi umsækjenda.

Skylda til að auglýsa laus störf er einkar þýðingarmikil. Líkt og fram kemur hjá Ásmundi Helgasyni lögfræðingi í grein hans frá 2006, *Löggjöf um opinberar starfsveitingar,* sem birtist í veftímaritinu Stjórnmál og stjórnsýsla, er tilgangur þessarar reglu „annars vegar að stuðla að jafnræði borgaranna svo að allir þeir, sem kunna að hafa áhuga, hafi jafna möguleika á því að sækja um þau. Hins vegar miðar hún að því að ríkið eigi úr mörgum hæfum

umsækjendum að velja í laus störf.“ Sé farið fram hjá reglunni um að auglýsa opinberlega laus störf með því að hafa það upphaflega tímabundið og ráða í það án auglýsingar er vegið að jafnræði umsækjenda um starfið. Er við það miðað að almennt skuli ráða til starfa þann sem er hæfastur til starfans. Sá aðili sem veitir starfið getur þó ákveðið til hvaða atriða skal líta við valið, áherslur liggja og hvaða þáttum eigi að veita meira gildi en öðrum. Ákveði sá sem veitir starf að reynsla af sama eða sambærilegu starfi skuli vega þyngra en t.d. menntun er viðbúið að pólitísk ráðning til tímabundins starfs getur vegið þungt ef sama starf er í framhaldinu auglýst laust til umsóknar.

Líkt og fram kemur í grein Ásmundar Helgasonar lýtur opinber stjórnsýsla almennt stjórn pólitískra yfirmanna sem skapar ákveðna hættu á misnotkun, „þar sem pólitískir valdhafar kunna að freistast til að koma stuðningsmönnum sínum að innan kerfisins og jafnvel losa sig við þá starfsmenn, sem þeir telja sér mótsnúna.“ Er þetta meðal ástæðna þess að settar eru sérstakar reglur um starfsmannamál hins opinbera og ráðningu í störf. Mikilvægt er að reglurnar séu skilvirkar og skýrar og ekki séu gloppur í regluverkinu sem unnt er að misnota.

Í starfsmannareglum Sameinuðu þjóðanna *(Staff Regulations (ST/SGB2009/7))* frá árinu 2009 er að finna reglu þess efnis að í tímabundinni ráðningu felist ekki lögmæt eða annars konar vænting um endurnýjun í starfi. Þá kemur þar fram að tímabundin ráðning skuli ekki breyta í annars konar ráðningu, sbr. reglu 4.12 í starfsmannareglunum. Hér á landi er skýrt í lögum að tímabundinni ráðningu má ekki breyta í annars konar ráðningu, t.d. fastráðningu, enda ber að auglýsa laus störf sem ekki falla undir undantekningartilvik reglna nr. 464/1996. Með vísan til þess sem að framan greinir má þó segja að sá möguleiki sé fyrir hendi að auglýsing starfs sé einungis formsatriði.

Mikilvægt er að treysta stjórnendum til að leggja mat á til hvaða þátta beri að horfa við ráðningar starfsfólks enda eðlilegt að ganga út frá því að þeir séu í betri aðstöðu en aðrir til að meta þarfir starfs. Þó ber jafnframt að tryggja að ekki séu í kerfinu gloppur sem verða til þess að vega að jafnræði og sanngirni í kerfinu. Af þessum sökum er nauðsynlegt að yfirfara þær reglur sem gilda um ráðningar hér á landi, skoða löggjöf og reglur í grannlöndum og meta þörf á því að skerpa á reglunum. Skoða þarf framkvæmdina hér á landi og meta hvort hún gefi tilefni til endurskoðunar reglnanna. Þá ber jafnframt að hafa í huga að þótt framkvæmdin hingað til veiti ekki sérstakt tilefni til setningar reglna verður að vera tryggt að ekki verði í framtíðinni unnt að fara í kringum reglur við mannaráðningar. Þá telja flutningsmenn mikilvægt að litið verði til starfsmannareglna Sameinuðu þjóðanna og greint hvort lögfesta eigi sambærilegar reglur hér á landi.

1262. Nefndarálit [644. mál]

um frv. til l. um brottfall laga um stjórnlagaþing, nr. 90 25. júní 2010.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lög um stjórnlagaþing, nr. 90 25. júní 2010, verði felld brott. Hlutverk stjórnlagaþings var að endurskoða með ráðgefandi hætti stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944. Fulltrúar stjórnlagaþings voru kosnir til verkefnisins 27. nóvember 2010 en Hæstiréttur ógilti kosningu til stjórnlagaþings 25. janúar sl.

Við umfjöllun um þingsályktunartillögu um skipun stjórnlagaráðs var talið rétt að leggja til að lög um stjórnlagaþing féllu brott eins og fjallað var um í áliti meiri hluta allsherjarnefndar (sbr. þskj. 1028, 549. mál).

Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er lagt til að ekki verði skylt að auglýsa störf starfsmanna stjórnlagaráðs. Stjórnlagaráði er ætlað að hefja störf hið fyrsta og mun það starfa í tiltölulega skamman tíma, þrjá til fjóra mánuði, en auglýsinga- og ráðningarferli tekur talsverðan tíma. Meiri hlutinn tekur undir mikilvægi þess að unnt sé að ráða hæft starfsfólk fyrir ráðið með sem stystum fyrirvara.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 4. apríl 2011.

Valgerður Bjarnadóttir, frsm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Þráinn Bertelsson.

Mörður Árnason. Þór Saari.

1263. Nefndarálit [644. mál]

um frv. til l. um brottfall laga um stjórnlagaþing, nr. 90 25. júní 2010.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Fyrsti minni hluti allsherjarnefndar er samþykkur því að lög nr. 90/2010, um stjórnlagaþing, verði felld brott, sér í lagi vegna þess að Hæstiréttur ógilti kosningu til stjórnlagaþings hinn 25. janúar 2011. Var úrskurður Hæstaréttar í raun hunsaður með þingsályktunartillögu um stofnun stjórnlagaráðs sem byggist á kosningu til stjórnlagaþings. Lagafrumvörp ganga lengra en þingsályktunartillögur sem eru í raun viljayfirlýsingar þingsins. Því er einkennilegt í frumvarpi þessu að ekki sé kveðið á um að stjórnlaganefnd skuli skila skýrslu sinni til stjórnlagaráðs. Er þess einungis getið í þingsályktunartillögu um stjórnlagaráð, en þar segir:

„Alþingi ályktar að fela forseta Alþingis, að höfðu samráði við forsætisnefnd Alþingis, að skipa 25 manna stjórnlagaráð sem fái það verkefni að taka við og fjalla um skýrslu stjórnlaganefndar og gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.“

Að mati 1. minni hluta er þeirri vinnu sem stjórnlagaráð hefur innt af hendi því ekki gert nægjanlega hátt undir höfði.

Í ákvæði til bráðabirgða kemur fram að þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er heimilt að ráða starfsfólk fyrir stjórnlagaráð án auglýsingar. 1. minni hluti gagnrýnir undanþágur í lögum frá þessum ákvæðum starfsmannalaga því að almenna reglan á ætíð að vera sú að auglýsa skuli öll störf hjá hinu opinbera. Mikill misbrestur hefur verið á því í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Alþingi, 4. apríl 2011.

Vigdís Hauksdóttir.

1264. Nefndarálit [71. mál]

um till. til þál. um olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti og Guðna Jóhannesson orkumálastjóra og Þórarin Svein Arnarson frá Orkustofnun.

Þá bárust umsagnir frá Byggðastofnun, Framsýn, Hafrannsóknastofnuninni, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Norðurþingi, Orkustofnun, Siglingastofnun Íslands, Veðurstofu Íslands og Vegagerðinni.

Drekasvæðið hefur verið í brennidepli hvað olíuvinnslu varðar síðastliðin missiri. Fyrsta útboð sérleyfa á svæðinu fór fram í byrjun árs 2009 og sóttu tveir umsækjendur um rannsóknar- og vinnsluleyfi en drógu síðar umsóknir sínar til baka. Undirbúningur annars útboðs sérleyfa á svæðinu hefur staðið í nokkurn tíma og er það fyrirséð á tímabilinu frá ágúst til desember á þessu ári.

Samkvæmt upplýsingum sem nefndin fékk frá Orkustofnun er næsta skref í olíu- og gasrannsóknum á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi, þ.e. að kanna hvort móðurberg finnist þar og hvort það sé nægilega þroskað. Hefur Orkustofnun lagt til að farið verði í þær rannsóknir sem lýst er í nýlegri skýrslu Bjarna Richter og Karls Gunnarssonar *(Overview of hydrocarbon related research in Tjörnes,* ÍSOR, febrúar 2010). Hefur Orkustofnun þannig lagt til að safnað verði 15–30 setkjörnum á a.m.k. fimm völdum stöðum. Í framangreindri skýrslu er lýst á hvaða svæðum er lagt til að taka sýni. Áður en að sýnatöku kemur mun þurfa töluverðan undirbúning. Að mati Orkustofnunar er áætlað að kostnaður við næsta áfanga í rannsóknum og sýnatöku á viðkomandi svæði, miðað við framangreint, sé um 13 millj. kr. Er sú fjárhæð ekki innan ramma fjárlagaliða Orkustofnunar fyrir árið 2011.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að kanna hvort olíuvæn setlög eða gas sé að finna á landgrunni Íslands. Miklir hagsmunir eru í húfi og sé nýtanlegar auðlindir að finna á landgrunninu getur það gjörbreytt efnahag þjóðarinnar og stuðlað að aukinni atvinnusköpun sem og betri lífsgæðum. Er þetta verkefni ekki síst mikilvægt í því efnahags- og atvinnuástandi sem nú ríkir.

Með hliðsjón af framangreindu leggur meiri hlutinn til að vísa því til ríkisstjórnarinnar að fjármunir verði tryggðir til að unnt verði að framkvæma lágmarksolíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „fela iðnaðarráðherra að tryggja“ í fyrri málslið tillögugreinarinnar komi: tryggðir verði fjármunir til.

Alþingi, 31. mars 2011.

Kristján L. Möller, form., frsm. Sigmundur Ernir Rúnarsson. Jón Gunnarsson.

Margrét Tryggvadóttir. Þráinn Bertelsson, með fyrirvara. Tryggvi Þór Herbertsson.

Magnús Orri Schram, með fyrirvara. Gunnar Bragi Sveinsson.

1265. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um sölu sjávarafla o.fl.

Frá minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Friðrik J. Arngrímsson og Svein Hjört Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði Íslands, Jón Gunnar Björgvinsson og Grétar Mar Jónsson frá Samtökum íslenskra fiskimanna, Elínu Björgu Ragnarsdóttur og Jón Stein Elíasson frá Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda og Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands. Umsagnir bárust frá Byggðastofnun, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum atvinnulífsins, Matís ohf., Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda, Samtökum íslenskra fiskimanna, Sjómannasambandi Íslands og Viðskiptaráði Íslands.

Markmið frumvarpsins er að hámarka arð þjóðarinnar af auðlindum sjávar og efla atvinnustarfsemi innan lands. Þá er markmið þess jafnframt að auka aðkomu og yfirsýn íslenskra stjórnvalda yfir viðskipti með sjávarafurðir, hvort sem þær eru veiddar innan efnahagslögsögunnar eða tilheyra íslenskum deilistofnum. Framangreind markmið eru útfærð á þann hátt í frumvarpinu að gert er ráð fyrir breytingum á fjórum lagabálkum. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á lögum um umgengni við nytjastofna sjávar sem að meginstefnu fela í sér að allur sjávarafli, utan fullunnins frysts afla, rækju, humars og uppsjávarfisks, sem veiddur er úr íslenskum fiskstofnum og deilistofnum skuli seldur á innlendum uppboðsmarkaði sjávarafla. Þá er gert ráð fyrir því að áfram verði heimilt að selja afla í beinum viðskiptum til innlendrar fiskvinnslu en þá skuli verð á milli útgerðar og fiskvinnslu ákvarðast af markaðsverði söludagsins eða síðasta þekkta markaðsverði á uppboðsmarkaði. Í öðru lagi er stefnt að

breytingum á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins í því skyni að draga úr hlutverki þess á þann hátt að verðákvarðanir þess taki aðeins til rækju, humars og uppsjávarfisks en ekki annars sjávarafla og verð á óunnum sjávarafla skuli ákveðið með sölu á uppboðsmarkaði. Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir breytingu á lögum um uppboðsmarkaði sjávarafla í því skyni að meginreglan um frjálsa verðmyndun sjávarafla á markaði fái aukið vægi. Í fjórða lagi gerir frumvarpið ráð fyrir breytingum á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins þannig að aðeins verði þar kveðið á um hvert skiptaverðmæti afla skuli vera þegar fiskiskip sem vinna afla um borð landa í erlendri höfn samkvæmt heimild Fiskistofu, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um nytjastofna sjávar.

Í umsögn Viðskiptaráðs Íslands kemur m.a. fram að frumvarpið feli í sér tilraun til að ýta undir atvinnusköpun á Íslandi sem sé góðra gjalda verð. Þó telur ráðið að frumvarpshöfundar missi sjónar á því að verðmætasköpun skiptir mestu máli fyrir þjóðarbúið. Þá hafnar ráðið hugmyndum um að ríkið stýri sölu og vinnslu sjávarafla eins og frumvarpið geri ráð fyrir enda sé það mat ráðsins að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi þjóni hagsmunum þjóðarinnar vel. Landssamband íslenskra útvegsmanna telur að með frumvarpinu sé ætlunin að taka fram fyrir hendur samtaka sjómanna og útvegsmanna sem hafi það verkefni að semja um kaup og kjör auk þess sem ætlunin sé að banna siglingar með ísfisk á erlendan markað sem eigi sér yfir hundrað ára sögu. Byggðastofnun virðist aftur á móti telja að ef frumvarpið verði að lögum geti það bætt samkeppnisstöðu innlendrar fiskvinnslu og þannig aukið atvinnu víða um land. Þá fagna Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda þeim breytingartillögum sem koma fram í I. kafla frumvarpsins enda telji samtökin með honum stigin skref í rétta átt til þess að leiðrétta þá samkeppnislegum mismunun sem samtökin telja innbyggða í lagaumgjörð fiskveiða og vinnslu. Benda samtökin á að svokallað verðlagsstofuverð hafi jafnan verið umtalsvert undir því verði sem fæst fyrir sjávarafurðir á opnum mörkuðum. Aðilar sem stunda bæði veiðar og vinnslu sjávarafla fái hráefni á lægra verði en aðrar fiskvinnslur. Slíkt skekki samkeppnisstöðu aðila í fiskvinnslu enda veiti fyrirkomulagið handhöfum aflaheimilda forskot í samkeppni sem þeir geti nýtt til þess að halda verði á opnum fiskmörkuðum háu og undirbjóða fullunna vöru til erlendra kaupenda. Að auki benda samtökin á að það feli í sér ákveðið forskot í samkeppni að fá úthlutað aflaheimildum þar sem með því móti sé eigendum aflaheimilda tryggt hráefni til vinnslu umfram aðra. Telja samtökin framangreinda tilhögun andstæða jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, hún vegi að atvinnufrelsi manna og sé andstæð markmiðum samkeppnislaga.

Aðrar athugasemdir umsagnaraðila vörðuðu einstök ákvæði frumvarpsins eða þau ákvæði sem talin voru vanta í frumvarpið. Í umsögn Sjómannasambands Íslands kemur fram, í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins, að nokkur hluti afla sem fluttur er óunninn úr landinu sé fluttur út fullvigtaður til fiskvinnslu erlendis og að í lögum séu ekki sett takmörk við slíku. Bendir sambandið á að ekki séu ákvæði í frumvarpinu sem ætlað sé að koma í veg fyrir að íslensk fiskvinnslufyrirtæki kaupi afla og sendi hann síðan óunninn úr landi eftir fyrstu sölu. Að lokum hafnar sambandið þeirri hugmynd að banna fyrstu sölu á óunnum fiski á erlendum fiskmörkuðum. Þess í stað mælist sambandið til þess að bein viðskipti með óunninn fisk til fiskvinnslu erlendis verði takmörkuð eða stöðvuð.

Í athugasemdum Viðskiptaráðs Íslands við 3. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram það álit ráðsins að frumvarpið feli í sér mikla takmörkun á vali útgerða á því hvert þær selja afla sinn og leggi á þær skýra kvöð um að selja afla á innlendum markaði. Telur ráðið slíkt ekki geta falið í sér hagkvæma lausn fyrir íslenskt þjóðfélag enda hljóti útgerðarmenn að vera best hæfir til þess að hámarka verðmæti afla. Gagnrýnir ráðið að frumvarpið feli í sér atvinnu-

stefnu sem takmarki verulega möguleika á hámörkun verðmæta og bendir á að slík hámörkun sé markmið sem stefna beri að. Í umsögn Sjómannasambands Íslands um a-lið 3. gr. frumvarpsins kemur fram sú skoðun sambandsins að allan afla eigi að selja á uppboðsmarkaði innan lands eða á erlendum fiskmörkuðum sem fengið hafa leyfi Fiskistofu til vigtunar á afla. Virðist sambandið þannig telja að verðmyndun allra tegunda sjávarafla eigi að fara fram á markaði. Sjómannasambandið telur fyrsta skrefið í þá átt vera að setja ákvæði í lög um fjárhagslegan aðskilnað fiskveiða og fiskvinnslu. Viðskiptaráð Íslands gerir hins vegar þær athugasemdir við framangreindan lið 3. gr. frumvarpsins að með honum sé verið að takmarka möguleika á að aðili geti samið um hagstæðari verð fyrir afla en ella og telur að með því séu stjórnvöld að taka yfir stjórn á sölumarkaði fyrir sjávarafla. Fiskistofa telur lokamálslið a-liðar óljósan og bendir á að sé markmiðið með frumvarpinu að gefa stjórnvöldum heimild til þess að hafa aðkomu að beinum viðskiptum með sjávarafla þá þurfi að kveða skýrar á um slíkt.

Í umsögnum Matís ohf. og Fiskistofu kemur m.a. fram að í b-lið 3. gr. frumvarpsins sé ekki gert ráð fyrir að hausskorinn karfi og haus- og sporðskorin grálúða teljist til fullunnins afla á frystiskipi. Benda þau á að grálúða og karfi séu oftast unnin með þeim hætti og seld sem fullunnin vara á verðmæta markaði og hið sama eigi við um stóra rækju (Japansrækju). Í umsögnum Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda, Sjómannasambands Íslands og Samtaka íslenskra fiskimanna kom m.a. fram að ekki væri lengur unnið samkvæmt lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins og því væri eðlilegt að þau yrðu felld úr gildi. Bentu aðilarnir á að samtök þau sem lögin tilgreindu sem kaupendur afla væru í flestum tilvikum ekki til í dag og að ráðið hefði ekki komið saman í yfir áratug. Af þeim sökum m.a. hefðu breytingar á lögunum enga þýðingu. Í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins segist Sjómannasambandið alfarið hafna þeirri grein enda sé kjarasamningum sjómanna stefnt í voða með henni hvað skiptakjör varðar. Í umsögn Fiskistofu lýsir stofnunin áhyggjum sínum af því að í lög um uppboðsmarkaði sjávarafla vanti ákvæði sem setji takmarkanir við eignaraðild að fiskmörkuðum og lágmarksskilyrði sem uppfylla þurfi þannig að tryggt verði að fiskmarkaðir geti með fullnægjandi hætti sinnt þeim verkefnum sem þeim er ætlað að hafa.

Framangreind sjónarmið umsagnaraðila voru ítrekuð á fundum nefndarinnar. Þá kom þar einnig fram það álit að fyrirkomulag það sem frumvarpið gerði ráð fyrir dreifði arði af sjávaraflaauðlindinni, væri líklegt til að stækka kaupendahópinn á fiskmörkuðum og gæti leitt til hærra verðs sem aftur leiddi til þess að tekjur ríkissjóðs mundu hækka. Þá var á það bent að fyrirkomulag frumvarpsins gæti leitt til þess að komið yrði til móts við sjómenn sem orðið hafa fyrir verulegri skerðingu vegna afnáms sjómannaafsláttar.

Nokkrar umræður urðu um málið innan nefndarinnar og voru skiptar skoðanir á afgreiðslu þess. Minni hluti nefndarinnar telur þó liggja fyrir að gera þurfi talsverðar breytingar á frumvarpinu ef það eigi að verða að lögum enda um margflókið mál að ræða sem hefur snertifleti við verulega mikilvæga og viðkvæma hagsmuni.

Að undanförnu hefur innan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins verið unnið að gerð frumvarps til nýrra laga um stjórn fiskveiða. Sú vinna byggir m.a. á starfi endurskoðunarnefndar um stjórn fiskveiða sem í áttu sæti fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi auk fulltrúa allra stjórnmálaflokka á Alþingi. Það er mat minni hlutans að sala þess afla sem aflað er á grundvelli fiskveiðiheimilda sé það tengd stjórn fiskveiða að ekki verði með sanngirni ætlast til þess að stjórn fiskveiða verði tekin til endurskoðunar nema í sama mund verði haft í huga hvaða leiðir verði færar til þess að selja veiddan afla. Er það meðal markmiða í fiskveiðistjórnarlögum að stuðla að hagkvæmri nýtingu nytjastofna og tryggja með því trausta

atvinnu og byggð í landinu. Er það álit minni hlutans að það fagráðuneyti sem hefur yfirumsjón með mótun reglna er varða sjávarafla komist vart hjá því að taka framangreind mál til skoðunar með heildstæðum hætti.

Þá telur minni hlutinn sérstakt tilefni til þess að lýsa áhyggjum af því að íslenskir fiskverkendur sem ekki hafa yfir fiskveiðiheimildum að ráða virðast ekki sitja við sama borð og erlendir kaupendur sjávarafla þegar kemur að öflun hráefnis til vinnslu. Af þeim sökum telur nefndin fullt tilefni til að gerð verði úttekt á samkeppnislegum áhrifum og þjóðhagslegri hagkvæmni útflutnings óunnins sjávarafla enda geti niðurstöður slíkrar úttektar legið til grundvallar mögulegum breytingum á reglum um uppboð og verðmyndun sjávarafla. Tryggja þarf að innlendir fiskverkendur sem ekki hafa yfir veiðiheimildum að ráða sitji við sama boð og aðrir fiskverkendur.

Í ljósi alls framangreinds leggur minni hlutinn til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Róbert Marshall, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ólína Þorvarðardóttir og Helgi Hjörvar voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. mars 2011.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, form., frsm.	Björn Valur Gíslason.	Atli Gíslason.

1266. Álit félags- og tryggingamálanefndar [737. mál]

á skýrslu Ríkisendurskoðunar um sameiningu í ríkisrekstri – 5 Velferðarráðuneyti.

Með bréfi, dags. 23. febrúar 2011, vísaði forseti Alþingis skýrslu Ríkisendurskoðunar, *Sameining í ríkisrekstri – 5 Velferðarráðuneyti,* til félags- og tryggingamálanefndar. Nefndin hefur fjallað um skýrsluna og fengið á sinn fund Kristínu Kalmansdóttur og Þóri Óskarsson frá Ríkisendurskoðun og Önnu Lilju Gunnarsdóttir, Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Sturlaug Tómasson frá velferðarráðuneyti.

Eftir athugun sína komst Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu að ákvörðun um sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í velferðarráðuneyti hafi verið tekin að vel athuguðu máli. Þá segir m.a. í skýrslunni: „Markmiðin voru skýr einkum þau sem lutu að faglegum þáttum og bættri þjónustu við almenning. Gert er ráð fyrir að sameinað ráðuneyti geti betur tekist á við aukin og flókin stjórnsýsluverkefni og að hagkvæmni muni aukast þegar til lengri tíma er litið. Skipulag og verkstjórn sameiningar voru góð og ábyrgðarhlutverk skýr. Áhersla var lögð á þátttöku starfsfólks beggja ráðuneyta í sameiningarferlinu og að það væri vel upplýst um framvindu mála. Leitað var til fagaðila um ráðgjöf, auk þess var sérfræðingur ráðinn, m.a. til að hafa umsjón með sameiningunni. Ríkisendurskoðun telur að vel hafi verið staðið að flestum þáttum við undirbúning sameiningar ráðuneytanna.“

Ríkisendurskoðun beinir þó fjórum ábendingum til ráðuneytisins þar sem bent er á að ekki liggi fyrir heildstæð kostnaðaráætlun vegna sameiningarinnar og lögð áhersla á mikilvægi þess að þetta sé gert. Þá er ráðuneytinu bent á að ljúka þurfi langtímastefnumótun sem fyrst og er þess m.a. getið að í stefnumótunarvinnu þurfi að leggja raunsætt mat á ávinning þess

að flytja stofnanir til annarra ráðuneyta eða frá þeim til velferðarráðuneytisins eftir því hvar verkefni eiga best heima. Ríkisendurskoðun bendir á að ljúka þurfi gerð verklagsreglna og rekstraráætlunar fyrir árið 2011 auk þess sem stofnunin bendir á mikilvægi þess að styðja áfram við starfsfólk.

Nefndin tekur undir ábendingar Ríkisendurskoðunar og hefur fengið þær upplýsingar frá velferðarráðuneytinu að unnið sé að kostnaðaráætlun innan ráðuneytisins. Ráðuneytið áréttaði þó að engum hefði verið sagt upp vegna sameiningarinnar en samt sem áður væri gerð 9% hagræðingarkrafa á ráðuneytið. Staðan væri því erfið. Langtímastefnumótun er einnig í vinnslu og áætlað að henni ljúki innan þeirra tímamarka sem sett hafa verið, þ.e. á vormánuðum 2011. Þá eru verklagsreglur í vinnslu. Nefndinni var jafnframt tjáð að ráðuneytið hefði frá upphafi lagt áherslu á samvinnu við starfsfólk sitt í breytingarferlinu og ekki stæði til að breyta neinu þar um.

Nefndin fagnar því að forseti vísi skýrslum Ríkisendurskoðunar til faglegrar umfjöllunar fastanefnda. Þá telur nefndin mikilvægt að stjórnsýslan tileinki sér þá lærdóma sem finna má í skýrslum Ríkisendurskoðunar. Fyrirliggjandi skýrsla er um mestallt mjög jákvæð og má af því draga þá ályktun að eftirlit Ríkisendurskoðunar og upplýsingagjöf skili árangri. Fagnar nefndin því. Ljóst er af umfjöllun nefndarinnar að unnið er í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar og telur nefndin mikilvægt að þessar ábendingar verði hafðar til hliðsjónar við önnur verkefni er varða hagræðingu í ríkisrekstri með breyttri verkaskipan og sameiningu stofnana eða ráðuneyta.

Alþingi, 31. mars 2011.

Ólafur Þór Gunnarsson, varaform. Pétur H. Blöndal. Guðmundur Steingrímsson.

Þórunn Sveinbjarnardóttir. Lilja Rafney Magnúsdóttir.

1267. Álit félags- og tryggingamálanefndar [738. mál]

á skýrslu um eftirfylgni: Vinnueftirlit ríkisins (2007).

Með bréfi, dags. 19. janúar 2011, vísaði forseti Alþingis skýrslu Ríkisendurskoðunar, *Skýrsla um eftirfylgni: Vinnueftirlit ríkisins (2007),* til félags- og tryggingamálanefndar. Nefndin hefur fjallað um skýrsluna og fengið á sinn fund Kristínu Kalmansdóttur og Þóri Óskarsson frá Ríkisendurskoðun, Önnu Lilju Gunnarsdóttir, Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Sturlaug Tómasson frá velferðarráðuneyti og Eyjólf Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar er til að fylgja eftir skýrslu sem stofnunin gaf út árið 2007 og hafði að geyma ábendingar til bæði félagsmálaráðuneytis og Vinnueftirlits ríkisins. Í skýrslu sinni nú kemst Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu að Vinnueftirlitið hafi brugðist með fullnægjandi hætti við öllum þeim átta ábendingum sem til stofnunarinnar var beint. Þá fór Ríkisendurskoðun yfir það hvort félags- og tryggingamálaráðuneytið hefði brugðist við fjórum ábendingum stofnunarinnar. Ekki barst svar frá ráðuneytinu við því hvort og þá hvernig hefði verið brugðist við ábendingunum.

Ríkisendurskoðun ítrekar í skýrslu sinni allar fjórar ábendingar sínar til ráðuneytisins. Nefndin óskaði skýringa frá ráðuneytinu hvers vegna ekki hefði verið brugðist við með viðeigandi hætti. Nefndinni var tjáð að eftir að fyrri skýrslan kom út var unnið að sameiningu Vinnueftirlits ríkisins og Vinnumálastofnunar í nýja Vinnumarkaðsstofnun. Vinna ráðuneytisins hefði því beinst að því að gera frumvarp að lögum um sameiningu stofnananna og mæta ábendingum Ríkisendurskoðunar við þá sameiningu eins og unnt væri. Frumvarp til laga um Vinnumarkaðsstofnun náði ekki fram að ganga á síðasta þingi og hefur ekki verið lagt fram að nýju enda var ákveðið að bíða með sameiningu stofnana þar til sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í velferðarráðuneyti væri lokið. Þá var nefndinni kynnt að nú væri í ráðuneytinu horft heildstætt á stofnanir sem undir það heyra og að ráðuneytið mundi í þeirri vinnu hafa ábendingar Ríkisendurskoðunar til hliðsjónar.

Nefndin fagnar því að forseti Alþingis vísi skýrslum Ríkisendurskoðunar til faglegrar umfjöllunar hjá fastanefndum. Nefndin telur mikilvægt að stjórnsýslan tileinki sér þá lærdóma sem finna má í skýrslum Ríkisendurskoðunar. Nefndin hefur áður bent á mikilvægi þess að horft sé heildstætt á hagræðingu í ríkisrekstri og sameiningu stofnana. Telur hún því jákvætt að velferðarráðuneytið ætli sér að endurskoða fjölda og gerð stofnana sem undir ráðuneytið heyra en bendir á að ekki megi draga of lengi að bregðast við ábendingum Ríkisendurskoðunar. Nefndin telur mjög jákvætt að Ríkisendurskoðun fylgi málum eftir líkt og gert er með fyrirliggjandi skýrslu og telur sýnt að eftirlit Ríkisendurskoðunar skili árangri. Þá er ljóst að Vinnueftirlitið hefur brugðist skilvirkt og vel við ábendingum Ríkisendurskoðunar og ber að fagna því.

Alþingi, 31. mars 2011.

Ólafur Þór Gunnarsson, varaform. Pétur H. Blöndal. Guðmundur Steingrímsson.

Þórunn Sveinbjarnardóttir. Lilja Rafney Magnúsdóttir.

1268. Svar [589. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um laun í Stjórnarráðinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða laun eru greidd í Stjórnarráðinu fyrir störf deildarstjóra, deildarsérfræðings, lögfræðings, stjórnarráðsfulltrúa, skrifstofustjóra, hagfræðings, sérfræðings? Hver eru heildarlaun og útborguð laun sundurliðuð eftir lægstu greiddu launum hvers starfsheitis, meðallaunum og hæstu greiddu launum hvers starfsheitis?

Eftirfarandi upplýsingar miðast við laun fyrir febrúar 2011 og starfsmenn í meira en 50% starfshlutfalli. Miðað er við upplýsingar í miðlægu launavinnslukerfi Fjársýslu ríkisins. Í svarinu koma fram grunnlaun (mánaðarlaun), í stað útborgaðra launa, og heildarlaun viðkomandi starfa. Breytingin er gerð í samráði við fyrirspyrjanda.

Skráning starfsheita (launaheita) er ekki samræmd milli ráðuneyta í Stjórnarráðinu og ekki eru öll þau starfsheiti sem nefnd eru í fyrirspurninni skráð sérstaklega. Af þessum sökum eru starfsheiti í svarinu þremur færri en í fyrirspurninni.

Grunnlaun (mánaðarlaun) eftir störfum	**Fjöldi einstaklinga**	**Lægstu grunnlaun**	**Meðaltal grunnlauna**	**Hæstu grunnlaun**
Skrifstofustjóri	55	533.653	634.999	659.653
Deildarstjóri	19	295.240	445.197	559.298
Sérfræðingur	228	287.724	428.490	638.032
Stjórnarráðsfulltrúi	45	243.134	280.021	340.580
Heildarlaun eftir störfum	**Fjöldi einstaklinga**	**Lægstu heildarlaun**	**Meðaltal heildarlauna**	**Hæstu heildarlaun**
Skrifstofustjóri	55	617.143	663.442	715.291
Deildarstjóri	19	414.960	511.754	634.806
Sérfræðingur	228	343.965	509.458	770.234
Stjórnarráðsfulltrúi	45	249.035	337.674	586.277

1269. Tillaga til þingsályktunar [739. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2011.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2011 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 18. og 22. febrúar 2011.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2011 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 18. og 22. febrúar 2011. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningur þessi kveður á um allar heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árinu 2011 og er óbreyttur frá fyrra ári. Færeysk skip fá heimild til að veiða 30 þús. lestir af loðnu innan íslenskrar lögsögu á loðnuvertíðinni 2011/2012 svo fremi að leyfilegur heildarafli verði a.m.k. 500 þús. lestir. Verði leyfilegur heildarafli minni nemur hlutdeild færeyskra skipa 5% af honum. Þá fá Færeyingar heimild til að vinna loðnu um borð og landa henni til manneldis erlendis. Mega þeir þannig vinna ¾ hluta kvótans ef leyfilegur heildarafli er minni en 500 þús. lestir. Ef leyfilegur heildarafli er aftur á móti meiri en 500 þús. lestir mega Færeyingar vinna ⅔ hluta kvóta síns. Eftir 15. febrúar skal þó eigi meira en ⅓ hluti kvóta færeyskra skipa fara til manneldisvinnslu utan Íslands. Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2011/2012 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan íslenskrar

lögsögu úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Samningurinn gerir einnig ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2011.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2011.

Loks er í samningnum kveðið á um að hvor aðili skuli veita tveimur skipum, sem skráð eru í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2011.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 22. febrúar 2011 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2011. Heildarafli þorsks verður þó aldrei meiri en 1.200 lestir og lúðuafli aldrei meiri en 40 lestir. Er þetta óbreytt frá fyrra ári.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2011.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til utanríkisráðherra Færeyja.

Reykjavík, 18. febrúar 2011

Hr. utanríkisráðherra
Jacob Vestergaard
Føroya Landsstýri
Torshavn

Hr. utanríkisráðherra.

Ég leyfi mér að vísa til samtala milli sjávarútvegsráðherra Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2011.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2011.

1. gr.

Veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni 2011/2012 verða 30 þúsund lestir enda verði leyfilegur heildarafli a.m.k. 500 þús. lestir. Verði leyfilegur heildarafli minni en 500 þús. lestir nemur hlutdeild færeyskra skipa 5% af honum.

Heimilt er færeyskum skipum að landa afla sínum til vinnslu á Íslandi. Verði leyfilegur heildarafli minni en 500 þús. lestir er heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum magn sem nemur allt að ¾ hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Verði leyfilegur heildarafli aftur á móti meiri en 500 þús. lestir er eigi heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum meira en sem nemur ⅔ hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Eftir 15. febrúar skal eigi meira en ⅓ hluti af kvóta færeyskra skipa fara til manneldisvinnslu utan Íslands.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2011/2012 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2011. Að höfðu samráði við landsstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2011. Eigi skulu fleiri en 12 skip stunda veiðar á kolmunna samtímis innan lögsögu Færeyja. Færeyjar áskilja sér rétt til að takmarka fjölda skipanna enn frekar til að forðast öngþveiti á miðunum. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landsstjórn Færeyja ákveðið að veiðar á norsk-íslenskri síld stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2011 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Hvor aðili um sig skal veita tveimur skipum, skráðum í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2011.

6. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

7. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila. Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta. Veiðiskip skal tilkynna

um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er út úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.“

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,
Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

b. Svarbréf utanríkisráðherra Færeyja.

Þórshöfn, 22. febrúar 2011

Harra Össur Skarphéðinsson, uttanríkisráðharri
Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
105 Reykjavík
Ísland

Harra uttanríkisráðharri,

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara, dagsett hin 18. februar 2011, sum ljóðar soleiðis:

„Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum føroyska og íslendska fiskimálaráðharrarnar um fiskiveiði í føroyskum og íslendskum sjógvi í 2011.

Eg havi skilt, at semja er um fylgjandi:

„Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2011.

1. gr.

Veiðiheimildirnar hjá føroyskum nótaskipum í lodnuvertíðini 2011/2012 verða 30 túsund tons, um heildarlodnukvotan er 500 túsund tons ella meir. Er heildarkvotan minni enn 500 túsund tons, verður parturin hjá føroyskum skipum 5% av heildarkvotuni.

Loyvt er føroyskum skipum at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Verður heildarlodnukvotan minni enn 500 túsund tons, er loyvt at landa til matna uttan fyri Ísland ella at virka til matna um borð á føroyskum verksmiðjuskipum nøgd sum svarar til ¾ av kvotuni hjá føroyskum skipum, sbr. 1. grein. Verður heildarkvotan har aftur ímóti størri enn 500 túsund

tons, er ikki loyvt at landa til matna uttan fyri Ísland ella at virka til matna um borð á føroyskum skipum meira enn ⅔ av føroysku kvotuni, sbr. 1. grein. Eftir 15. februar skal ikki meira enn ⅓ av føroysku kvotuni fara til matna uttan fyri Ísland.

Føroyskum skipum er í lodnuvertíðini 2011/2012 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslendskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fíngnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.

Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í íslendskum búskaparøki í 2011. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslendskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í føroyskum sjógvi í 2011. Tó kunnu ikki fleiri enn 12 skip verða á svartkjaftaveiðu samstundis í føroyskum sjógvi. Føroyar skila sær rætt til at avmarka talið av íslendskum svartkjaftaskipum, um tað gerst ov trongt á fiskileiðunum. Eftir samráðingar við íslendskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda tal av skipum, sum kunnu veiða samstundis eftir norðhavssild.

4. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2011 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðhavssild.

5. gr.

Hvør partur fyri seg skal geva tveimur skipum, sum eru skrásett í landinum hjá hinum partinum, loyvi til royndarveiðu eftir tunfiski á landleiðini hjá sær í 2011.

6. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir. Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir. Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

7. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum. Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi. Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiði hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligari ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunngerð."

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er i samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyribils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi

er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt."

Ég loyvi mær at staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er i samsvar við fatan Føroya landsstýris, og semjan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við hávirðing,
Jacob Vestergaard
uttanríkisráðharri

1270. Nefndarálit [333. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um efni og efnablöndur og lögum um eiturefni og hættuleg efni.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristínu R. Snorradóttur og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti og Hauk R. Magnússon frá Umhverfisstofnun. Þá bárust umsagnir frá Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Umhverfisstofnun.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur, og lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, í kjölfar nýrrar reglugerðar EB nr. 1272/2008, sem breytir og kemur í stað tilskipana 67/548/EBE og 1999/45/EB og breytir EB-reglugerð nr. 1907/2006. Með nýju reglugerðinni er núgildandi flokkunar- og merkingakerfi Evrópusambandsins fyrir efni og efnablöndur lagað að svonefndu GHS-kerfi Sameinuðu þjóðanna, en með því er stefnt að hnattrænni samræmingu við flokkun og merkingu efna og efnavara. Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu felast fyrst og fremst í því að tekin verði upp samræmd flokkun og merking hættulegra efna á heimsvísu og innleidd ný varnaðarmerki auk nýrra hættuflokka og hættu- og varnaðarsetninga. Þá verður ábyrgð á flokkun efna og efnablandna að mestu leyti færð yfir á framleiðslufyrirtækin. Mikilvægt er að reglurnar taki gildi á sama tíma hér á landi og annars staðar í Evrópu til að tryggja að íslensk fyrirtæki standi jafnfætis keppinautum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að texti merkinga skuli vera á íslensku nema kveðið sé á um annað í reglugerð. Nefndin gerir að sínum þær skýringar fulltrúa umhverfisráðuneytisins að hér sé um fullkomin undantekningartilvik að ræða, einkum þegar textinn er eingöngu ætlaður sérfræðingum.

Nefndin ræddi um kostnaðarmat vegna breytinganna. Í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að gert sé ráð fyrir að kostnaði sem kann að leiða af frumvarpinu, einkum vegna leiðbeiningar- og kynningarstarfsemi Umhverfisstofnunar, verði mætt innan fjárhagsramma stofnunarinnar í fjárlögum fyrir árið 2011. Einnig er tekið fram að kostnaður af lögfestingu frumvarpsins og innleiðingu reglugerðarinnar komi einkum fram tímabundið. Í kostnaðarmati Umhverfisstofnunar kemur hins vegar fram að stofnunin telji að ekki verði unnt að tryggja fullnægjandi framkvæmd löggjafarinnar nema til komi við-

bótarfjármagn sem tilgreint er í kostnaðarmatinu. Nefndin telur ljóst að gera verður ráð fyrir kostnaðaraukningu hjá Umhverfisstofnun vegna leiðbeiningar- og kynningarstarfsemi. Hefur nefndin fengið þær upplýsingar að umhverfisráðuneytið muni leitast við að tryggja stofnuninni fullnægjandi fjármagn við þá fjárlagagerð sem nú stendur yfir fyrir komandi ár.

Nefndin leggur til smávægilegar breytingar á frumvarpinu, einkum lagatæknilegs eðlis, málfarsbreytingar og til skýringar. Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 1. og 2. málsl. 3. mgr. orðist svo: Framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi skulu láta fara fram mat sem lagt er til grundvallar við hættuflokkun efnis eða efnablöndu. Slíkt mat skal fara fram á grundvelli fyrirliggjandi og aðgengilegra gagna um viðkomandi efni.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „geta varðveitt innihaldið“ í 2. mgr. komi: varðveita vöruna.
3. Við 6. gr. Á eftir orðunum „Eiturefni er“ í 1. mgr. komi: samkvæmt lögum þessum.
4. Við 9. gr. 4. málsl. b-liðar orðist svo: Á ílátum skal geta innihalds og á ílátum og ystu umbúðum um eiturefni og hættuleg efni skulu vera viðeigandi hættumerki.

Ólína Þorvarðardóttir og Kristján Þór Júlíusson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 2011.

Mörður Árnason, form., frsm.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.	Auður Lilja Erlingsdóttir.
Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.	Ólafur Þór Gunnarsson.	Skúli Helgason.

1271. Álit fjárlaganefndar [740. mál]

á skýrslu Ríkisendurskoðunar um sameiningu í ríkisrekstri – 1. Landið sem eitt skattumdæmi.

Hinn 1. janúar 2010 voru embætti ríkisskattstjóra og níu skattstjóra víðs vegar um landið sameinuð í eitt, embætti ríkisskattstjóra á grundvelli laga nr. 136/2009. Þar með varð landið að einu skattumdæmi. Breytingin er talin auka hagkvæmni rekstrarins og gefa kost á aukinni sérhæfingu við úrlausn og magnafgreiðslu verkefna.

Könnun Ríkisendurskoðunar á undirbúningi sameiningarinnar gefur ekki tilefni til athugasemda af hálfu stofnunarinnar. Stofnunin mun engu að síður halda áfram að fylgjast með eftir því sem sameiningunni vindur fram.

Ríkisendurskoðun lagði fram eftirfarandi þrjár ábendingar:

– Að stutt verði við starfsfólk.
– Langtímastefnumótun verði lokið innan settra tímamarka.
– Samrunaáætlun verði endurmetin reglulega.

Með lögum nr. 136/2009, um breytingu á lögum nr. 60/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2009 varð samruni skattumdæma að veruleika. Lengi hafði verið stefnt að samruna og var ákvörðunin um að landið yrði eitt skattumhverfi vel ígrunduð. Formlegur undirbúningur hófst um mitt ár 2009 og ítarlegar hugmyndir að nýju embætti voru settar fram í september sama ár.

Ríkisendurskoðun bendir á að í úttektum sínum í ríkisrekstri hafi stofnunin ítrekað mikilvægi þess að markmið sameininga séu sett fram með skýrum og greinargóðum hætti og þeim forgangsraðað eftir mikilvægi þeirra. Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu að við sameiningu skattumdæma verði ekki annað séð en að vel hafi verið hugað að þessum atriðum og því ástæða til að ætla að vel hafi tekist til við sameininguna hvað þessi atriði varðar.

Fjárlaganefnd telur hins vegar að stefnumótun til lengri tíma hefði mátt liggja fyrir áður en til sameiningar kom. Því fyrr sem starfsfólk tileinkar sér framtíðarsýn nýs embættis þeim mun betra. Framtíðarsýn verður því að liggja fyrir svo festa megi stofnanabrag sem fyrst í sessi. Fram kom í skýrslunni að stefnumótun til lengri tíma hefði átt að ljúka í árslok 2010. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra stóðst þessi tímaáætlun í meginatriðum.

Ríkisendurskoðun mun fylgjast nánar með sameiningunni og veita fjárlaganefnd Alþingis upplýsingar um framvindu hennar í skýrslum. Mun nefndin fjalla um skýrslurnar jafnóðum og þær koma út.

Alþingi, 5. apríl 2011.

Oddný G. Harðardóttir. Ásbjörn Óttarsson. Björn Valur Gíslason.

Kristján Þór Júlíusson. Sigmundur Ernir Rúnarsson. Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Þór Saari. Þuríður Backman.

1272. Frumvarp til laga [741. mál]

um breyting á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

II. kafli laganna, **Um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins,** fellur brott.

2. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, II. kafli A, **Framlag til hagsmunasamtaka útgerðarmanna,** með einni nýrri grein, 12. gr. a, svohljóðandi:

Framleiðendur sjávarafurða og aðrir fiskkaupendur, svo og þeir sem taka sjávarafurðir í umboðssölu, skulu greiða tiltekið hlutfall, allt að 0,5% af samanlögðu verðmæti þess afla sem þeir taka við af opnum bátum, þilfarsbátum undir 10 lestum og krókaaflamarksbátum, inn á reikning hagsmunasamtaka útvegsmanna, t.d. Landssambands smábátaeigenda eða

annars sambærilegs félags, enda hafi útvegsmaður, eða hagsmunasamtök útgerðarmanna fyrir hans hönd, óskað eftir því að svo verði gert.

Hagsmunasamtök útgerðarmanna skulu láta framleiðendum sjávarafurða og öðrum fiskkaupendum í té skrá yfir þá útgerðarmenn sem hafa óskað þess að greiða gjald skv. 1. mgr. inn á reikning þeirra. Samtökin skulu leitast við að hafa með sér samvinnu um gerð slíkrar skrár svo að einungis verði til ein skrá um gjaldendur. Færsla á skrána felur í sér staðfestingu þess að útvegsmaður óski þess að greiða gjald skv. 1. mgr. Á skránni skulu koma fram upplýsingar um hversu hátt álagningarhlutfall skv. 1. mgr. skal vera. Heimilt er að birta skrána á netinu. Útvegsmanni skal heimilt að segja sig frá álagningu samkvæmt skránni án tillits til samþykkta þeirra hagsmunasamtaka sem hann kann að eiga aðild að. Uppsögnin öðlast gildi í upphafi annars mánaðar frá því að beiðni þar um var send viðkomandi hagsmunasamtökum.

Þegar framleiðandi sjávarafurða veðsetur framleiðslu sína við töku afurðaláns hjá viðskiptabanka skal það ekki standa í vegi ráðstöfunar skv. 1. mgr. Greiðsla skal innt af hendi innan 14 daga frá því að fiskur var afhentur. Sambærileg skylda hvílir á þeim sem taka fisk í umboðssölu.

3. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um skiptaverðmæti.**

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi, lífeyrissjóði og tryggingafélög. Með frumvarpinu er lagt til að veigamiklar breytingar verði gerðar á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun í sjávarútvegi. Lagt er til að greiðslumiðlun verði aflögð í núverandi mynd þótt enn verði mælt fyrir um tiltekið hagræði við innheimtu félagsgjalda til hagsmunasamtaka smábátaeigenda, þ.e. eigenda opinna báta, þilfarsbáta undir 10 lestum og krókaaflamarksbáta.

II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Megintilgangur þessa frumvarps er að tryggja að lög nr. 24/1986 samþýðist réttarvernd 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi og rétt til að standa utan félaga. Um efni frumvarpsins vísast til III. kafla þessara athugasemda. Breytingar á lögunum, í þessu tilliti, hafa verið til umræðu síðan umboðsmaður Alþingis lét í té álit frá 12. apríl 2002 í máli nr. 3204/2001. Þá má geta þess að Landssamband íslenskra útvegsmanna lagði fyrst til árið 2005 að greiðslumiðlun samkvæmt lögunum yrði afnumin. Enn má geta þess að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytin áttu aðild að starfshópi forsætisráðherra um gjaldtöku í þágu félagasamtaka sem skilaði ítarlegri skýrslu í árslok 2006. Með Hæstaréttardómi frá 18. október 2010 í máli nr. 504/2008 (Víkurver ehf.) varð enn ljósara en áður að þörf er breytingar á fyrirkomulagi greiðslumiðlunar. Í IV. kafla þessara athugasemda er nánari grein gerð fyrir tildrögum frumvarpsins með hliðsjón af réttarvernd 74. gr. stjórnarskrárinnar.

Við vinnslu frumvarpsins lagði Landssamband smábátaeigenda áherslu á að samhliða afnámi greiðslumiðlunar lífeyrisgreiðslna og tryggingafjár væri nauðsynlegt að huga að því

hvernig tryggja mætti starfsgrundvöll sambandsins, enda fari það með mörg og mikilsverð verkefni fyrir félagsmenn sína. Að teknu tilliti til þessara sjónarmiða mótuðust tillögur um að mælt yrði fyrir um það hagræði við innheimtu félagsgjalds til Landssambands smábátaeigenda að fiskkaupendum væri skylt að greiða 0,5% af aflaverðmæti félagsmanna þeirra beint til sambandsins.

Þessari tillögu um greiðsluhagræði var harðlega mótmælt með sameiginlegu bréfi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ), Félags vélstjóra og tæknimanna (VM), Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), Samtaka atvinnulífsins (SA) og Sjómannasambands Íslands (SSI) til ráðuneytisins. Í bréfinu var þess krafist að sömu reglur væru látnar gilda um alla aðila. Lagt var til að ákvæðið yrði fellt brott en ella að hagræðið verði víkkað til að ná með sama hætti til „skyldu fiskkaupenda og þeirra sem taka sjávarafurðir í umboðssölu til að greiða hlutfall af samanlögðu hráefnisverði þess afla sem þeir taka við inn á reikninga LÍÚ, VM-félags vélstjóra og málmtæknimanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands“. Í bréfi sem nýlega stofnað Landssamband línubáta reit ráðuneytinu var upplýst að félagið stæði ekki gegn tillögunni, en um leið var þess óskað að félagið mundi njóta sama hagræðis.

Að framkomnum þessum athugasemdum voru nokkrar breytingar gerðar á frumvarpinu. Ákveðið var að víkka út greiðsluhagræði þannig að næði til allra hagsmunafélaga smábátaeigenda. Landssamband smábátaeigenda er langfjölmennast þeirra. Auk þess eru starfandi fyrrnefnt Landssamband línubáta og félag sem nefnist Félag kvótabátaeigenda. Mögulega eru fleiri slík félög starfandi. Þá er talið eðlilegt, í ljósi þessa, að álagning gjaldsins verði ekki fastákveðin í lögum heldur ráðist af ákvörðun félaganna sjálfra, þ.e. félagsmanna þeirra, hverju sinni. Ákveðið var að hafna sjónarmiðum Landssambands íslenskra útvegsmanna sem eru á skjön við fyrri afstöðu sambandsins. Þá þykir ekki rétt að mæla fyrir um greiðslumiðlun í þágu launþega, en um mat á áhrifum frumvarpsins að því leyti er vísað til VI. kafla athugasemdanna.

III. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarp til laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegarins var á sínum tíma samið af sérstakri nefnd sem í sátu fulltrúar samtaka sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnslunnar auk fulltrúa þingflokka. Lagt var fyrir nefndina að endurskoða gildandi lög og reglur um sjóði sjávarútvegs og lögbundnar greiðslur tengdar fiskverði. Auk þess skyldi samhengið milli þessara lagafyrirmæla og skiptaverðs sjávarafla, og þar með skiptahlutar sjómanna, tekið til endurskoðunar. Formaður nefndarinnar var Jón Sigurðsson þá forstjóri Þjóðhagsstofnunar.

Með lögunum voru allir millifærslusjóðir og greiðslur utan skipta við fiskkaup lagðir niður, en það var til mikillar einföldunar á fyrra millifærslukerfi í sjávarútvegi, sem lýst var allítarlega í frumvarpi að þeim lögum. Lögin mæltu fyrir um skiptaverðmæti sjávarafla sem ákveðið hlutfall skiptaverðs af hráefnisverði. Með því varð til raunhæf ákvörðun heildarverðs fyrir fisk, en áður fóru greiðslur eftir ýmsum leiðum, ýmist innan eða utan skipta frá fiskvinnslu eða sjóðum. Jafnframt var kveðið á um greiðslumiðlun innan sjávarútvegarins til þess að tryggja, eins og sagði í frumvarpinu „öruggar heimtur á lífeyrisiðgjöldum sjómanna, vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, vöxtum og afborgunum af stofnlánum útvegsins og framlögum til samtaka sjómanna og útvegsmanna“. Í upphafi var mælt fyrir um að við veðsetningu framleiðslunnar skyldi haldið eftir 15% af aflaandvirði til þessara nota. Þó skyldi aðeins haldið eftir 10% af aflaverðmæti smábáta, undir 10 brúttólestum. Síðar var þetta hlutfall

lækkað umtalsvert eins og rakið er í athugasemdum við 2. gr. þessa frumvarps.[1] Sérstaklega má athuga að með lögunum var mælt fyrir um brottfall laga nr. 43/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, en þau lög mæltu fyrir um álagningu gjalds, sem nam 5,5% af öllu verðmæti útflutnings. Af því féll 1,2% til samtaka sjómanna og útvegsmanna.

Með frumvarpi þessu er lagt til að allur II. kafli laga nr. 24/1986 falli brott. Þar er um að ræða ákvæði um greiðslumiðlun, sem greina má í tvær deildir. Annars vegar greiðslumiðlun fjár sem nemur 8% af öllu hráefnisverði sjávarafurða stærri báta, skv. 1. mgr. 5. gr. laganna, og hins vegar greiðslumiðlun fjár sem nemur 8,4% af hráefnisverði sjávarafla smábáta, skv. 6. gr. laganna. Líkar reglur gilda um innheimtu greiðslumiðlunarfjár í báðum deildum, en það skal inna af hendi innan 14 daga frá því að fiskur er afhentur. Sérreglur eru um umboðssölu sjávarafla, sölu á ísfiski í erlendri höfn og skip sem vinna og frysta afla um borð. Við veðsetningu framleiðslunnar til töku afurðaláns hjá viðskiptabanka ber að tryggja rétt skil á greiðslumiðlunarfé samkvæmt nánari reglum. Réttur til lögtaks (fjárnáms), án undangengins dóms eða sáttar, fylgir kröfu um greiðslu fjárins.

Greiðslumiðlunarfé stærri báta kemur á tvo staði. Af því er 80% ráðstafað inn á vátryggingarreikning hvers skips hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og fer um nánari ráðstöfun þess samkvæmt lögum nr. 17/1976 um greiðslu vátryggingargjalda fiskiskipa. Lögin mæla fyrir um skyldu Landssambands íslenskra útvegsmanna til að skila andvirðinu, mánaðarlega, til viðkomandi tryggingafélags, enda liggi fyrir samkomulag um vátryggingar fiskiskipa. Þá skal Landssamband íslenskra útvegsmanna, eigi síðar en við árslok, endurgreiða skipseiganda greiðslu umfram vátryggingargjald. Þeim 20% sem eftir standa af greiðslumiðlunarfé stærri báta er ráðstafað inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa hjá Lífeyrissjóði sjómanna. Samkvæmt 9. gr. laganna skal Lífeyrissjóðurinn skipta þessu fé mánaðarlega í svo látandi hlutföllum: 92% til lífeyrissjóða sjómanna, 2,4% til Sjómannasambands Íslands og sjómanna innan Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða, 1,6% til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélstjórafélags Íslands og 4% til Landssambands íslenskra útvegsmanna. Um nánari skiptingu fjárins milli stéttarfélaga skal fara eftir fjölda félagsmanna sem stunda fiskveiðar og er heimilt að kveða saman sérstakan gerðardóm til að úrskurða um rétta skiptingu þess.

Greiðslumiðlunarfé smábáta, þ.e. opinna báta, þilfarsbáta undir 10 lestum og krókaaflamarksbáta, skal ráðstafað inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning smábáta hjá Lífeyrissjóði sjómanna. Samkvæmt 8. gr. laganna skal Lífeyrissjóðurinn skipta fénu mánaðarlega í svo látandi hlutföllum: 37,5% til lífeyrissjóða sjómanna, 56,5% til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingu skipverja, sams konar þeim sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, þar á meðal vegna grásleppuveiða, svo og af vátryggingu báts, og 6% til Landssambands smábátaeigenda. Landssamband smábátaeigenda hefur með höndum umsjón með ráðstöfun tryggingarfjárins með líkum hætti og áður var getið um Landssamband íslenskra útvegsmanna.

Í frumvarpinu felst að gerð er tillaga um verulegar breytingar á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Lagt er til að greiðslumiðlun vegna lífeyrisgreiðslna og trygginga verði aflögð. Lagt er til að í stað beinnar greiðsluskyldu til Landssambands smábátaeigenda komi ákvæði sem skyldi fiskkaupendur til að greiða hlutfall af aflaverðmæti til hagsmunafélaga smábátaeigenda sem eiginlegt félagsgjald. Með þessu er stefnt

---

[1] Alþt. 1985–1986, A-deild, bls. 3080–3084.

að því að innheimta gjaldsins verði skilvirk og einföld í framkvæmd. Þeir útgerðarmenn sem svo kjósa eru ekki skyldir til að greiða framlagið.

IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Í áliti frá 12. apríl 2002 í máli nr. 3204/2001 tók umboðsmaður Alþingis til athugunar, að eigin frumkvæði, hvort og þá með hvaða hætti ákvæði 6. og 8. gr. laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, þar sem kveðið er á um skyldu vinnslu- og söluaðila sjávarafurða til að greiða gjöld sem renna m.a. til Landssambands smábátaeigenda, án tillits til félagsaðildar, samrýmast 74. gr. stjórnarskrárinnar. Umboðsmaður áleit, einkum með vísun til lögskýringargagna, dómaframkvæmdar og 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, að ganga yrði út frá því að mæltu lög fyrir um slíka skyldu afmarkaðs hóps manna til að inna af hendi fjárframlag til tiltekins hagsmunafélags, enda þótt greiðendum væri ekki gert skylt að gerast meðlimir í því félagi, kynni það að ganga gegn meginreglu fyrri málsliðar 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir að engan megi skylda til aðildar að félagi. Slík tilhögun kynni þannig að vera óheimil í stjórnskipulegu tilliti nema talið yrði að hún fullnægði að öðru leyti skilyrðum síðari málsliðar 2. mgr. 74. gr., þ.e. ef hún er bundin í lög og nauðsynleg til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Umboðsmaður taldi verulegan vafa leika á því að ákvæði laga nr. 24/1986 fullnægðu þessum skilyrðum stjórnarskrárinnar.

Með erindisbréfi dags. 23. febrúar 2005 skipaði forsætisráðherra starfshóp, undir forsæti Páls Þórhallssonar lögfræðings í forsætisráðuneyti, til þess að leggja til viðbrögð við þessu áliti og huga jafnframt að því hvort sömu sjónarmið ættu við um gjaldtöku í þágu félagssamtaka í öðrum atvinnugreinum. Starfshópurinn skilaði ítarlegri skýrslu í desember 2006 þar sem bent var á möguleika til úrbóta.[2]

Greiðsluskylda til Landssambands smábátaeigenda kom þessu næst til skoðunar í Hæstaréttardómi frá 18. október 2010 í máli nr. 504/2008. Stefnandi málsins, Víkurver ehf. (V), var ekki félagi í Landssambandi smábátaeigenda en gerði út smábáta og féll þar með undir greiðsluskyldu til sambandsins, með sama hætti og aðilar sambandsins. Stefnandi sætti sig ekki við þetta og höfðaði mál á hendur Gildi lífeyrissjóði og Landssambandi smábátaeigenda þar sem hann taldi lagaákvæðið fara í bága við ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar, einkum 72. gr. og 2. mgr. 74. gr. Í dóminum segir að skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar sé eignarrétturinn friðhelgur en með umþrættum ákvæðum laga nr. 24/1986 væru eignarréttindi stefnanda skert til hagsbótar fyrir félag sem hann vildi standa utan við. Aðstaða þessi leiddi til þess að skera varð úr um hvort uppfyllt væru skilyrði síðari málsliðar 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar svo að heimilt væri að skylda hann með lögum til að greiða gegn vilja sínum til félags, sem hann ætti ekki aðild að. Dómurinn taldi að með því að greiðsluskyldan væri lögbundin þá væri uppfyllt hið fyrsta þeirra skilyrða sem þyrftu að vera fyrir hendi samkvæmt síðari málslið 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Við úrlausn um það hvort skilyrði væru uppfyllt að öðru leyti yrði að líta til þess hvort Landssamband smábátaeigenda hefði lögmæltu hlutverki að gegna, en ef svo væri þyrfti að skera úr um hvort greiðsluskylda annarra en félagsmanna hans væri nauðsynleg svo að hann gæti gegnt því hlutverki í þágu almannahagsmuna eða réttinda annarra. Fram kemur að í tilgreindum lögum er kveðið á um tiltekin viðfangsefni Landssambandsins. Hlutverk þess er þannig ekki markað í lögum, heldur einungis mælt þar fyrir um

---

[2] *Lögbundin greiðsluskylda til hagsmunasamtaka og félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar.* Skýrsla starfshóps á vegum forsætisráðherra. Forsætisráðuneyti 2006, bls. 15–18.

tiltekin verkefni í óverulegum mæli. Dómurinn taldi að engum haldbærum rökum hefði verið stutt að skylda stefnanda til að inna af hendi fjárframlög til Landssambands smábátaeigenda væri nauðsynleg svo að sambandið gæti rækt þau viðfangsefni, sem á það væru lögð með lögum, eða hvernig almannahagsmunir eða réttindi annarra gætu legið að baki því að slík nauðsyn teldist vera fyrir hendi. Þá væri hvergi í ákvæðum laga nr. 24/1986 kveðið á um með hvaða hætti því fé skyldi varið sem þannig væri fært frá V og afhent sambandinu. Í raun væri það fært sambandinu til frjálsrar ráðstöfunar, en einnig að því leyti skorti á að sýnt væri fram á að skilyrði síðari málsliðar 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar væru uppfyllt. Fallast yrði á það með stefnanda að lögin færu að þessu leyti í bága við 72. gr. og 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og að honum væri óskylt að inna af hendi til Landssambands smábátaeigenda þau fjárframlög sem kveðið væri á um í lögunum. Dómurinn taldi kröfugerð stefnanda í málinu á hinn bóginn verulega áfátt en af þeim sökum yrði að sýkna Gildi lífeyrissjóð og Landssamband smábátaeigenda af öllum kröfum hans í málinu og láta málskostnað falla niður á báðum dómsstigum. Í sératkvæði eins af fimm dómurum Hæstaréttar var ekki fundið að kröfugerðinni með sama hætti og talið að skilyrði væru til að leggja skyldu á Landssamband smábátaeigenda til að endurgreiða innheimt félagsgjald og greiða málskostnað á báðum dómsstigum.

Verði þetta frumvarp að lögum munu ákvæði laga nr. 24/1986 samþýðast réttarvernd 74., sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, enda felst í frumvarpinu að greiðsluskylda verður valkvæð. Ekki er mælt fyrir um hagræði við öflun félagsgjalda til Landssambands útvegsmanna, enda þykja ekki standa sömu rök til þess að tryggja því félagi greiðsluhagræði og í tilviki hagsmunafélaga smábátaeigenda. Bæði er að gjaldendur eru til muna færri og að félagið hefur allt frá árinu 2005 mælst til þess að greiðslumiðlun verði afnumin að öllu leyti.

V. Samráð.

Samráð hefur verið haft við alla hagsmunaaðila, þ.m.t. hagsmunasamtök útgerðarmanna og sjómanna, tryggingafélög og lífeyrissjóði. Skriflegra umsagna var leitað um uppkast að frumvarpi með bréfum dags. 11. janúar 2011. Nokkrar athugasemdir bárust sem leiddu til þess að breyting var gerð á frumvarpinu, eins og rakið er í II. kafla.

VI. Mat á áhrifum.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum verður greiðslumiðlun í sjávarútvegi aflétt. Gefinn verður rúmur aðlögunartími og má gera ráð fyrir því að lítil eða engin röskun verði á greiðslum í lífeyrissjóði og til tryggingafélaga. Um þetta er vísað nánar til athugasemda við einstakar greinar. Í frumvarpinu felst að Landssamband íslenskra útvegsmanna og Landssamband smábátaeigenda munu ekki njóta sjálfkrafa lögákveðins framlags. Ómögulegt er að leggja mat á áhrif þess á starfsemi félaganna, enda ekki fyrirséð hvort félögum í þeim muni fækka.

Mikið vatn hefir til sjávar runnið síðan lög nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, öðluðust gildi. Almenn ákvæði laga á sviði vinnuréttar og tryggingaverndar verða talin geta leyst af hólmi þær sérreglur sem lagt er til að falli brott með frumvarpsgreininni. Með lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er kveðið á um að öllum launamönnum, og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sé rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs. Um iðgjald í lífeyrissjóði, m.a. álagningu þess og innheimtu, eru ítarleg ákvæði í lögunum og eftir atvikum kjarasamningum í hlutaðeigandi starfsgrein. Í 1. mgr. 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda segir að öllum atvinnurekendum sé skylt að greiða í fræðslusjóði atvinnulífsins, sem

og sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni og samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar greina. Í 2. mgr. 6. gr. laganna segir að atvinnurekanda sé skylt að halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt þeim reglum er kjarasamningar greina. Atvinnurekendur í sjávarútvegi falla að sjálfsögðu undir þessi ákvæði. Loks má athuga að með 4. gr. laga nr. 35/2010, um lögskráningu sjómanna, er mælt fyrir um þá meginreglu að óheimilt er að leggja skipi úr höfn nema allir skipverjar hafi verið lögskráðir í skiprúm. Samkvæmt 4. tölul. 3. mgr. 5. gr. laganna er skilyrði slíkrar skráningar að fyrir liggi yfirlýsing frá viðkomandi tryggingafélagi um fullnægjandi líf- og slysatryggingu skipverja. Síðan segir: „Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi og er hann þá ábyrgur fyrir viðkomandi bótagreiðslum. Reynist útgerðarmaður eigi fær um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra.“ Samkvæmt þessu eru ætíð fyrir hendi tryggingar við slys á fiskiskipum og fiskibátum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Með þessari grein er lagt til að sett verði ákvæði í lögin sem geta ýtt undir tryggari heimtur á framlagi til Landssambands smábátaeigenda. Réttlæting þessa er það mikilsverða starf sem Landssambands smábátaeigenda hefur unnið á síðustu árum. Jafnframt er gert ráð fyrir að ákvæði þessi gildi um önnur sambærileg félög útvegsmanna.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 4. gr.

Rétt þykir að mæla fyrir um að lögin öðlist gildi 1. janúar 2012. Með því er gefinn hallkvæmur aðlögunarfrestur vegna þeirra umfangsmiklu breytinga sem felast í lögunum. Til þess að framkvæma þau þarf aðkomu atvinnugreinarinnar, tryggingafélaga, lífeyrissjóða, viðskiptabanka, fisksala og stjórnvalda.

Svo síðbúin gildistaka laganna mun ekki valda réttarspjöllum enda verður að álykta af dómi í máli Víkurvers, sem ítarlega er rakinn í almennum athugasemdum við frumvarpið, að þrátt fyrir ákvæði laganna sé óheimilt, vegna ákvæða stjórnarskrár, að innheimta starfsfé til Landssambands íslenskra útvegsmanna eða Landssambands smábátaeigenda, enda sé viðkomandi ekki aðili að félögunum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögboðin greiðslumiðlun sjávarútvegsins samkvæmt gildandi lögum verði aflögð. Þó er lagt til að fiskkaupendum sem taka við afla smábáta verði skylt að greiða tiltekið hlutfall, allt að 0,5% af aflaverðmæti, til Landssambands smábátaeigenda eða annars sambærilegs félags, enda hafi útvegsmaður, eða hagsmunasamtök útgerðarmanna fyrir hans hönd, óskað eftir því að svo verði gert. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tilgangur þess sé að stuðla að hagræði við innheimtu félagsgjalda til hagsmunasamtaka smábátaeigenda.

Greiðslumiðlun sjávarútvegsins er alfarið utan ríkisrekstrarins. Verður því ekki séð að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á gjöld eða tekjur ríkissjóðs.

1273. Nefndarálit [573. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (flutningur leyfa og undanþágna til Lyfjastofnunar og gjaldtaka).

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Einarsdóttur og Laufeyju Helgu Guðmundsdóttur frá velferðarráðuneyti. Þá bárust umsagnir frá Lyfjastofnun, ríkislögreglustjóra og tollstjóranum í Reykjavík.

Með frumvarpinu er lagt til að veiting leyfa og undanþágna til inn- og útflutnings á ávana- og fíkniefnum verði flutt frá velferðarráðuneyti til Lyfjastofnunar. Einnig er í frumvarpinu lagt til að greiða skuli gjald fyrir slík leyfi og undanþágur. Í frumvarpinu er ekki mælt fyrir um efnislegar breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni, heldur eingöngu verið að flytja framkvæmd verkefnisins frá velferðarráðuneytinu til Lyfjastofnunar. Lyfjastofnun hefur sértækt eftirlit með ávana- og fíknilyfjum og liggur því beinast við að veiting leyfa og undanþágna eigi betur heima á verksviði Lyfjastofnunar en ráðuneytisins.

Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar eru undanþágur veittar lyfsölum, lyfjaframleiðendum og heildsölum. Einnig nota lögregla og rannsóknastofur örlítið af ávana- og fíkniefnum til samanburðar við ólöglega innflutt ávana- og fíkniefni og til rannsóknar. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar er efnunum almennt fargað að viðstöddum starfsmanni Lyfjastofnunar og lögreglu en nefndin telur að skoða þurfi sérstaklega förgun efna sem rannsóknastofur nota í sínu starfi.

Gjaldtökuheimildin í frumvarpinu gerir ráð fyrir að Lyfjastofnun fái heimild til að innheimta gjald fyrir umrædd leyfi og undanþágur. Hingað til hefur sá háttur ekki verið hafður á, en telja verður eðlilegt að greitt sé fyrir slíkt leyfi í ljósi þeirrar vinnu sem leyfisveitingar og undanþágur hafa í för með sér fyrir stjórnvöld. Eðli málsins samkvæmt ættu umsækjendur

að bera þann kostnað og er það í samræmi við erlenda framkvæmd. Nefndin leggur hins vegar mikla áherslu á að gjaldið taki eingöngu mið af raunkostnaði sem hlýst af vinnu við veitingu leyfa og undanþágna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

4. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jónína Rós Guðmundsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Kristján L. Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 2011.

Þuríður Backman, form., frsm. Þórunn Sveinbjarnardóttir. Siv Friðleifsdóttir.

Ólafur Þór Gunnarsson. Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

1274. Nefndarálit [659. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (fjárhagsleg endurskipulagning og slit).

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Rafnar Pétursdóttur og Þóru Hjaltested frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Arnar Þór Sæþórsson frá Fjármálaeftirlitinu, Kolbein Árnason frá skilanefnd Kaupþings og Ólaf Garðarsson frá slitastjórn Kaupþings.

Með lögum nr. 130/2004, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um vátryggingastarfsemi, var meðal annars innleidd í íslenskan rétt tilskipun 24/2001/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkja á ráðstöfunum um endurskipulagningu og slit lánastofnana og málsmeðferð sem fylgir í kjölfarið. Í tilskipuninni felst sú meginregla að endurskipulagning fjárhags og slit lánastofnunar fer fram á grundvelli þeirra laga sem gilda í heimaríki, þ.e. þar sem lánastofnun hefur skráðar höfuðstöðvar.

Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 130/2004 kemur fram að það hafi verið talið forgangsmál á vettvangi Evrópusambandsins að afgreiða tilskipunina enda mikið óhagræði fólgið í því við slit og endurskipulagningu fjárhags lánastofnana með útibú í fleiri aðildarríkjum að yfirvöld í hverju ríki fyrir sig geti gripið til aðgerða. Þrjú sjónarmið búa að baki tilskipuninni: Eining (e. unity), algildi (e. universality) og jafnræði (e. non-discrimination). Tilskipuninni er ætlað að koma í veg fyrir að kröfuhöfum verði mismunað með því að mismunandi lög gildi um endurskipulagningu eða slit lánastofnunar annars vegar og útibúa hennar hins vegar.

Í 2. málsl. 1. mgr. 104. gr. laga um fjármálafyrirtæki er kveðið á um að um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunar um slit lánastofnana skuli farið að íslenskum lögum með sömu takmörkunum og greinir í 2. mgr. 99. gr. um endurskipulagningu fjárhags. Í h-lið 2. mgr. 99. gr. laganna er kveðið á um að mál um eignir eða önnur réttindi sem lánastofnun hafi látið af hendi skuli fara eftir lögum þess aðildarríkis sem mál var höfðað í. Undanþága h-liðar byggist á 32. gr. tilskipunarinnar þar sem segir orðrétt: „Áhrif endurskipulagningarráðstafana eða slitameðferðar á yfirstandandi málaferli er varða eignir eða réttindi sem lánastofnunin hefur látið af hendi skulu falla einvörðungu undir lög aðildarríkisins þar sem málaferlin fara fram.“ Í h-lið 2. mgr. 99. gr. laganna er kveðið á um að farið skuli eftir lögum þess aðildarríkis þar sem mál *var* höfðað. Með því orðalagi er vísað til málaferla sem hafin voru þegar slitameðferð eða endurskipulagning hófst, enda er ekki sérstaklega getið um það í athugasemdum með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 130/2004 að víkja bæri frá ákvæði tilskipunarinnar.

Með frumvarpinu er lagt til að 99. gr. laga um fjármálafyrirtæki verði skýrð til að taka af öll tvímæli um að undanþága h-liðar 2. mgr. 99. gr. eigi aðeins við hafi mál verið höfðað áður en slitameðferð eða endurskipulagning hófst. Hinn 16. mars sl. féll dómur á fyrsta dómstigi í Englandi (High Court of Justice, Queen's Bench Division) sem túlkaði ákvæðið á þá leið að réttaráhrif málshöfðunar gegn íslensku fjármálafyrirtæki í endurskipulagningu eða slitameðferð ráðist af lögum gistiríkis (í því tilviki enskum lögum) óháð því hvort mál hafi verið höfðað áður en endurskipulagning eða slitameðferð hófst.

Túlkun dómsins gengur gegn grunnsjónarmiðum laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., sem og XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki. Yrði túlkun hans almennt lögð til grundvallar á Evrópska efnahagssvæðinu er líklegt að mál yrðu í mörgum tilvikum rekin fyrir dómstólum bæði erlendis og hér á landi, með tilheyrandi kostnaði. Með frumvarpinu er lögð til viðbót við h-lið 2. mgr. 99. gr. laganna þess efnis að ákvæðið eigi við um málaferli sem hófust áður en úrskurður um endurskipulagningu fjárhags var kveðinn upp.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að taka af öll tvímæli um að ákvæðinu sé eingöngu ætlað að undanþiggja þau mál frá gildissviði íslenskra laga sem voru höfðuð fyrir upphaf slitameðferðar eða endurskipulagningar. Andstæð regla gæti leitt til þess að við slit hinna föllnu banka yrðu mál rekin víðs vegar í aðildarríkjunum sem gæti mismunað kröfuhöfum þeirra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 7. apríl 2011.

Magnús Orri Schram, varaform., frsm.	Auður Lilja Erlingsdóttir.	Valgerður Bjarnadóttir.
Björn Valur Gíslason.	Skúli Helgason.	Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.

1275. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til laga um grunngerð landupplýsinga.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristínu Rannveigu Snorradóttur frá umhverfisráðuneyti, Magnús Guðmundsson frá Landmælingum Íslands, Þorbjörgu Kr. Kjartansdóttir og Esther Hlíðar Jensen frá LÍSA, samtökum um landupplýsingar á Íslandi, Örn Arnar Ingólfsson frá Loftmyndum, Lilju Sigrúnu Jónsdóttur og Svanhildi Þorsteinsdóttur frá landlæknisembættinu og Þórð Sveinsson frá Persónuvernd.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Byggðastofnun, Bændasamtökum Íslands, Fiskistofu, Geislavörnum ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Háskóla Íslands, Isavia ohf., Íslenskum orkurannsóknum, landlæknisembættinu, LÍSA, samtökum um landupplýsingar á Íslandi, Loftmyndum ehf., Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruminjasafni Íslands, Orkustofnun, ríkislögreglustjóra, ríkisskattsjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Siglingastofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Úrvinnslusjóði, Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni og Viðskiptaráði Íslands.

Með samþykkt frumvarpsins er innleidd tilskipun 2007/2/EB um notkun og miðlun landupplýsinga, INSPIRE-tilskipunin. Tilskipunin grundvallast á svonefndri grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar sem aðildarríki koma sér upp. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu er virk grunngerð fyrir slíkar upplýsingar mikilvægur þáttur skilvirkrar stjórnsýslu, svo sem við ákvarðanatöku og stefnumörkun og til að auðvelda almenningi þátttöku í stefnumótun. Slíkt skipulag gefur fyrirtækjum á einkamarkaði einnig færi á að róa á ný mið þar sem landupplýsingar koma við sögu. Í INSPIRE-tilskipuninni er gert ráð fyrir að opinberar stafrænar landupplýsingar verði samræmdar og samnýttar, en landupplýsingar eru hvers kyns upplýsingar um fyrirbæri í umhverfinu, bæði náttúruleg og manngerð.

Þau atriði frumvarpsins sem nefndin fjallaði mest um voru markmið, gildissvið og skilgreiningar, landupplýsingagátt og tungumál, hlutverk samræmingarnefndar í frumvarpinu, kostnaður og gjaldtaka.

Nefndin fjallaði um orð- og hugtakanotkun í frumvarpinu. Að mati nefndarinnar þarf að vera skýrt að fjallað er um stafrænar upplýsingar en ekki hvers kyns gögn, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3 gr., og þar sem um er að ræða grunngerð – þ.e. innra skipulag eða innviði (infrastrúktúr) – til að vinna með upplýsingarnar en ekki grunngerð upplýsinganna sjálfra telur nefndin skýrara að tala um grunngerð *fyrir* stafrænar landupplýsingar en um grunngerð upplýsinganna. Nefndin leggur því til breytingar í þessa veru, sem meðal annars varða heiti frumvarpsins.

Mikilvægt er að textagögn séu á íslensku auk annarra tungumála, og þetta er óhjákvæmilegt um lýsigögn sem eiga að greiða notendum leið að upplýsingum. Nefndin telur að hér sé rétt að taka af öll tvímæli og leggur því til breytingar á 5. gr. um að upplýsingatexti skuli svo sem unnt er vera til í íslenskri útgáfu og að lýsigögn skuli öll vera til í íslenskri útgáfu.

Nefndin fjallaði nokkuð um ákvæði 10. gr. frumvarpsins um samræmingarnefnd vegna grunngerðar landupplýsinga. Samkvæmt frumvarpinu skal samræmingarnefndin skipuð til fimm ára í senn og eiga í henni sæti 11 fulltrúar, tilnefndir einkum frá ráðuneytum. Samræmingarnefndin á að vera faglegur vettvangur stjórnvalda við að móta stefnu í landupplýsingamálum í víðu samhengi og að mati frumvarpshöfunda er æskilegt að slík stefnumótun fari

fram í samráði við ráðuneyti og stofnanir sem við sögu koma, og sérlega brýnt þegar setja á fyrstu aðgerðaáætlun um uppbyggingu, rekstur og viðhald grunngerðar fyrir stafrænar landupplýsingar um Ísland. Nefndin telur hins vegar að eftir staðfestingu fyrstu aðgerðaáætlunarinnar sé óþarft að starfrækja slíka samræmingarnefnd og leggur til að þá verði hún lögð af en Landmælingum Íslands falið að gera tillögu til ráðherra um aðgerðaáætlun í framhaldi af staðfestingu fyrstu áætlunarinnar. Nefndin leggur þó ríka áherslu á að samstarf haldi áfram en með óformlegum hætti og þá á milli stofnana.

Í umsögnum var þeim athugasemdum komið á framfæri að kostnaðarmat fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis væri ekki í samræmi við tölur sem áður hefðu komið fram í umfjöllun um málið, heldur hefði kostnaður lækkað töluvert. Nefndin tekur undir áhyggjur af þeim kostnaði sem getur fallið til vegna innleiðingar tilskipunarinnar en telur þó mikilvægt að koma landupplýsingagátt upp og hefja skipulegt starf og samvinnu þar um. Nefndin telur jafnframt að málið sé vel undirbúið og bendir á að góð samvinna hefur tekist á milli flestra þeirra stofnana sem um ræðir. Áréttar nefndin einnig að frumvarpið gerir ráð fyrir að landupplýsingagáttin byggist hægt upp og er því ekki gert ráð fyrir miklum árlegum fjárframlögum. Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins er ekki kveðið á um skyldu stjórnvalda til að afla nýrra gagna, heldur skulu stjórnvöld sem hafa stafrænar landupplýsingar í umsjá sinni eingöngu sjá til þess að gögn og tengd vefþjónusta séu gerð aðgengileg í gegnum landupplýsingagáttina. Ekki er því verið að leggja skyldur á opinberar stofnanir til að afla nýrra gagna en sú staða getur hins vegar komið upp að samræma þurfi lýsigögnin og gæti það valdið nokkrum kostnaði.

Nefndin fjallaði einnig um höfundarétt að þeim gögnum sem eiga að tengjast landupplýsingagátt. Var nefndin upplýst um að málið hefði verið unnið í samstarfi við sérfræðinga mennta- og menningarmálaráðuneytis til að tryggja að höfundaréttur væri virtur að fullu, þar á meðal sæmdarréttur.

Nefndin fjallaði nokkuð um persónuverndarmál í tengslum við frumvarpið. Ljóst er að um landupplýsingagáttina verður ekki veittur aðgangur að öðrum gögnum en þeim sem þegar eru eða yrðu opinber hjá einstökum stofnunum. Persónuhelgi kann þó að stafa ákveðin hætta af greiðari aðgangi en áður að opinberum gögnum, og ekki er víst að þau standist öll kröfur sem nú gilda að þessu leyti. Nefndin hvetur til þess að forráðamenn stofnana og samræmingarnefndin hyggi vel að innihaldi og umbúnaði gagna sem aðgangur veitist nú að um gáttina, ekki síst gagna á heilbrigðissviði.

Athugasemdir voru gerðar við að frumvarpið mundi þrengja að stöðu einkafyrirtækja á sviði landupplýsinga. Nefndin telur að slíkar áhyggjur séu óþarfar, enda fjallar frumvarpið einungis um gögn sem eru í eigu eða á vegum stjórnvalda. Ljóst er að áður en gögn eru sett inn í landupplýsingagáttina þurfa stjórnvöld að tryggja að það sé leyfilegt samkvæmt samningi við seljanda gagnanna, og bendir nefndin á að ákvæði samnings um að setja gögn inn á slíka gátt gætu hæglega haft áhrif á verðforsendur þegar slík gögn eru keypt. Nefndin áréttar hins vegar að mikilvægt sé að opinberar stofnanir hafi náið samráð því ýmis dæmi eru þess að tvær eða fleiri opinberar stofnanir noti samsvarandi gögn frá sama rétthafa. Nefndin leggur einnig mikla áherslu á að frumvarpið hefur ekki áhrif á tekjur stofnana sem selja aðgang að gögnum því þær gera það áfram þótt tengingin sé um landupplýsingagáttina. Gjaldtökugreinin í frumvarpinu á eingöngu við um tæknivinnu við gáttina og verður þjónustugjaldið tiltekið í gjaldskrá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur á grundvelli 11. gr.

Í 1. mgr. 11. gr. er veitt heimild til að hafa gögn hjá skoðunarþjónustu á því sniði að þau verði ekki nýtt í viðskiptalegum tilgangi. Nefndin bendir á að þetta orðalag kemur ekki í veg

fyrir að hver sem er geti nýtt upplýsingarnar í þeim tilgangi sem hann kýs, þar á meðal sem þátt í einhvers konar vöru á markaði, svo fremi það sé gert samkvæmt reglum annarra laga sem um það gilda, svo sem laga um höfundarrétt.

Nefndin leggur jafnframt til ýmsar smávægilegar lagatæknilegar og málfarslegar breytingar, einkum til skýringar að ábendingu umsagnaraðila. Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. mars 2011.

Mörður Árnason, form., frsm.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.
Álfheiður Ingadóttir.	Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.	Ólafur Þór Gunnarsson.
Kristján Þór Júlíusson, með fyrirvara.	Skúli Helgason.	Birgitta Jónsdóttir.

1276. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um grunngerð landupplýsinga.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „grunngerð landupplýsinga“ komi: grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar.
   b. Í stað orðanna „á Íslandi“ komi: um Ísland.
2. Við 2. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Lög þessi taka einnig til stafrænna landupplýsinga í eigu eða á vegum lögaðila sem falla undir ákvæði b–c-liðar 3. tölul. 3. gr. að svo miklu leyti sem þær verða til eða er aflað í tilefni af hinu opinbera hlutverki þeirra eða þjónustu.
   b. 4. og 5. mgr. orðist svo:
      Stafrænar landupplýsingar í eigu annarra en lög þessi taka til falla undir lög þessi hafi eigandi þeirra fengið leyfi til að tengja þær við landupplýsingagátt, sbr. 5. gr., á grundvelli laga þessara.
      Séu til mörg samsvarandi eintök af sömu gögnum ná lögin einungis til upprunalegrar útgáfu þeirra.
3. Við 3. gr.
   a. 1. tölul. orðist svo: *Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar:* Tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla stafrænna landupplýsinga, vinna úr þeim, varðveita, miðla og auðvelda notkun þeirra.
   b. Í stað orðanna „sem eru tengd yfirborði jarðar“ í 2. tölul. komi: sem tengjast stað á, í eða yfir jörðu.
   c. 6. tölul. falli brott.

d. 7. tölul. orðist svo: *Landupplýsingagátt:* Vefsetur sem veitir aðgang að stafrænum landupplýsingum og tengdri þjónustu.

4. Við 4. gr. Á undan orðinu „landupplýsingar“ komi: stafrænu.

5. 5. gr. orðist svo:

Landmælingar Íslands skulu starfrækja landupplýsingagátt til að veita aðgang að stafrænum landupplýsingum og upplýsingum um þær. Eftirtalin vefþjónusta skal vera aðgengileg öllum í gegnum landupplýsingagáttina:

1. Lýsigagnaþjónusta sem gefur kost á að leita að stafrænum landupplýsingum og tengdri þjónustu.
2. Skoðunarþjónusta sem að lágmarki gefur kost á að skoða gögn, skýringar þeirra og lýsigögn, fara um þau, þysja inn/út, hliðra þeim eða skara.
3. Niðurhalsþjónusta sem gefur kost á að hala niður afritum stafrænna landupplýsinga eða fá beinan aðgang að þeim, hvort sem er að öllu leyti eða að hluta.
4. Vörpunarþjónusta sem gefur kost á að varpa stafrænum landupplýsingum til að samhæfni náist.
5. Þjónusta sem gefur kost á að virkja ólíka vefþjónustu landupplýsinga.

Aðgangur að þjónustu skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. skal opinn öllum með þeim takmörkunum á upplýsingarétti sem greinir í 6. gr. laga um upplýsingarétt um umhverfismál.

Upplýsingatexti skal vera til í íslenskri útgáfu eftir því sem unnt er. Lýsigögn öll skulu vera til í íslenskri útgáfu.

6. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „landupplýsingar“ í 1. og 2. mgr. komi: stafrænar landupplýsingar.
   b. Í stað orðanna „vefþjónusta vegna þeirra“ í 1. mgr. og orðsins „vefþjónusta“ í 2. mgr. komi: tengd vefþjónusta.

7. 7. gr. orðist svo:

Nú búa aðrir en stjórnvöld yfir stafrænum landupplýsingum í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra, og geta þeir þá sótt um að fá að tengja landupplýsingar sínar við landupplýsingagátt. Beiðni um slíkt skal send Landmælingum Íslands sem taka ákvörðun um hvort tenging sé heimil. Jafnframt geta Landmælingar Íslands haft frumkvæði að því að aðrir en stjórnvöld tengi gögn sín við landupplýsingagátt.

8. Við 8. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:

      Stjórnvöld skv. a- og b-lið 3. tölul. 3. gr. skulu veita hver öðrum aðgang að stafrænum landupplýsingum og tengdri vefþjónustu og gera hver öðrum kleift að skiptast á og nota upplýsingar sínar í opinberum verkefnum.
   b. Í stað orðsins „landupplýsingum“ í 2. mgr. komi: stafrænum landupplýsingum.

9. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „hafa umsjón með“ í 1. mgr. komi: fara með.
   b. Orðið „virkni“ í 2. mgr. falli brott.

10. 10. gr. ásamt fyrirsögn orðist svo:

Aðgerðaáætlun.

Landmælingar Íslands gera tillögu til ráðherra um aðgerðaáætlun við uppbyggingu, rekstur og viðhald grunngerðar fyrir stafrænar landupplýsingar um Ísland. Aðgerðaáætlunin skal vera til fimm ára í senn og skal umhverfisráðherra staðfesta hana.

11. 11. gr. orðist svo:

Þjónusta skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. er veitt án endurgjalds. Heimilt er að hafa gögn hjá skoðunarþjónustu skv. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. á því sniði að þau verði ekki notuð í viðskiptalegum tilgangi.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir þjónustu skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. Þjónustugjöld þessi skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við að veita þjónustu, má ekki vera hærra en kostnaður við þjónustuna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldskrá skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Notendum skal gert kleift að greiða þjónustugjald skv. 2. mgr. með rafrænum hætti.

12. Við 12. gr. Í stað orðanna „um notkun, útbreiðslu og aðgengi að landupplýsingum“ komi: um notkun landupplýsinga, útbreiðslu þeirra og aðgang að þeim.
13. Við 13. gr.
    a. A-liður orðist svo: þá þætti upplýsinga sem lögin ná til, sbr. 2. gr.
    b. Orðið „skulu“ í b-lið falli brott.
    c. C-liður orðist svo: landupplýsingagátt, sbr. 5. gr., m.a. um samsetningu leitarþátta.
14. Við 14. gr. Í stað orðanna „Lög þessi eru sett til innleiðingar á“ komi: Með lögum þessum er innleidd.
15. Við 15. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal 1. málsl. 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2014.
16. 16. gr. orðist svo:

Við 4. gr. laga nr. 103/2006, um landmælingar og grunnkortagerð, bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að fara með framkvæmd laga um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar, þ.m.t. að sjá um rekstur, viðhald og tæknilega þróun landupplýsingagáttar.

17. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað ártalsins „2011“ komi: 2012.
18. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fyrsta aðgerðaáætlun skv. 10. gr. skal vera tilbúin til staðfestingar 1. janúar 2014.

Frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2014 skal starfa samræmingarnefnd um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar. Hlutverk nefndarinnar er að vinna að fyrstu aðgerðaáætlun skv. 1. mgr. og aðstoða stjórnvöld við frekari stefnumótun á þessu sviði. Umhverfisráðherra skipar nefndina og skulu vera í henni tíu fulltrúar. Umhverfisráðherra tilnefnir einn fulltrúa, forsætisráðherra einn, iðnaðarráðherra einn, innanríkisráðherra einn, mennta- og menningarmálaráðherra einn, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra einn, og skulu þessir fulltrúar ráðherranna annast tengsl við stofnanir viðkomandi ráðuneyta, Samband íslenskra sveitarfélaga einn, LÍSA, samtök um landupplýsingar á Íslandi, einn og Landmælingar Íslands einn. Umhverfisráðherra skipar formann nefndarinnar.

19. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar.

1277. Frumvarp til laga [300. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar).

(Eftir 2. umr., 7. apríl.)

1. gr.

Á eftir orðinu „líftryggingarfjár“ í 2. tölul. 28. gr. laganna kemur: vátryggingabóta vegna sjúkdómatrygginga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hafi skattlagning átt sér stað vegna útgreiðslu sjúkdómatrygginga sem keyptar hafa verið við gildistöku laga þessara er ríkisskattstjóra heimil endurupptaka, sbr. 3. mgr. 101. gr. laganna.

1278. Lög [298. mál]

um stjórn vatnamála.

(Afgreidd frá Alþingi 7. apríl 2011.)

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Til að ná fram markmiðum laga þessara skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap, sbr. viðauka I.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Árósavatn:* Vatn í nágrenni ármynnis, ísalt vegna nálægðar við strandsjó en undir verulegum áhrifum af aðstreymi ferskvatns.
2. *Forgangsefni:* Hættuleg og þrávirk efni sem valda alvarlegri mengun eða eitrun í vatni eða út frá því, og raðað er í forgangsröð eftir hættu sem af þeim stafar.
3. *Gott efnafræðilegt ástand:* Efnafræðilegt ástand yfirborðs- eða grunnvatnshlots sem uppfyllir umhverfismarkmið fyrir vatn.

4. *Grunnvatn:* Vatn, kalt eða heitt, sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi.
5. *Magnstaða:* Mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur haft á grunnvatnshlot.
6. *Manngert vatnshlot:* Vatnshlot sem hefur orðið til vegna athafna manna.
7. *Mikið breytt vatnshlot:* Yfirborðsvatnshlot sem hefur tekið verulegum breytingum af mannavöldum og hefur ekki gott vistmegin.
8. *Neysluvatn:* Vatn ætlað til manneldis, í náttúrulegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna.
9. *Strandsjór:* Yfirborðsvatn landmegin við línu sem dregin er einni sjómílu utan grunnlínu landhelginnar og nær inn að ytri mörkum árósavatns.
10. *Vatn:* Grunnvatn og yfirborðsvatn.
11. *Vatnasvið:* Aðrennslissvæði straumvatns, stöðuvatns, grunnvatnsstraums eða vatnsbóls.
12. *Vatnasvæði:* Landsvæði með einu eða fleiri vatnasviðum.
13. *Vatnaumdæmi:* Stjórnsýslueining sem nær til íslenskra vatnasvæða ásamt árósavatni og strandsjó sem þeim tengjast.
14. *Vatnsformfræðilegir eiginleikar vatnshlots:* Vatnsmagn vatnshlots og breytingar á rennsli og vatnsborði ásamt gerð og undirlagi botns og eðlisefnafræðilegum þáttum vatnshlotsins.
15. *Vatnshlot:* Eining vatns, svo sem allt það vatn sem er að finna í stöðuvatni, á eða strandsjó.
16. *Verndarsvæði:* Afmarkað svæði ásamt einstökum vistkerfum sem nauðsynlegt er talið að vernda til að ná fram markmiðum laga þessara.
17. *Vistfræðilegt ástand:* Ástand lífríkis í vatnshloti samkvæmt skilgreindri gæðaflokkun í mjög gott, gott, ekki viðunandi, slakt og lélegt.
18. *Vistmegin:* Ástand lífríkis í manngerðu eða mikið breyttu vatnshloti samkvæmt gæðaflokkun í besta vistmegin, gott vistmegin og ekki viðunandi vistmegin.
19. *Yfirborðsvatn:* Kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, árósavatn og strandsjór, auk jökla.

II. KAFLI
Stjórnvöld vatnamála.

4. gr.
Yfirstjórn vatnaumdæmisins.

Landið er allt eitt vatnaumdæmi ásamt árósum og strandsjó.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra staðfestir vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun fyrir vatnaumdæmið að fenginni tillögu vatnaráðs.

5. gr.
Vatnaráð.

Umhverfisráðherra skipar vatnaráð og er ráðið skipað fimm fulltrúum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilnefnir einn fulltrúa, iðnaðarráðherra einn og Samband íslenskra sveitarfélaga tvo. Umhverfisráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Varamenn eru skipaðir á sama hátt. Vatnaráð er skipað til fimm ára í senn.

Vatnaráð fundar eftir því sem ástæða þykir til.

6. gr.

Hlutverk vatnaráðs.

Hlutverk vatnaráðs er að vera ráðherra til ráðgjafar um stjórn vatnamála. Vatnaráð:

a. hefur umsjón með gerð tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun,
b. gerir tillögu til ráðherra um staðfestingu vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar og endurskoðun þeirra þegar við á, að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar,
c. veitir umsögn við gerð reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna,
d. fylgist með því hvernig markmiðum laga þessara er náð og metur m.a. þann kostnað sem af þeim hlýst fyrir ríki og sveitarfélög. Ráðið skilar reglulega skýrslu til ráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um þau efni og setur fram ábendingar um kostnaðinn eftir því sem þörf krefur.

Umhverfisstofnun annast daglegan rekstur og umsýslu vatnaráðs og er ráðinu til ráðgjafar.

7. gr.

Hlutverk Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun annast stjórnsýslu á sviði vatnsverndar í samræmi við fyrirmæli laga þessara.

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að:

a. samræma vinnu við gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar,
b. tryggja miðlun upplýsinga um vatnasvæðin,
c. setja umhverfismarkmið fyrir gerðir vatnshlota,
d. sjá um að fram fari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar,
e. vinna tillögur um vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög að höfðu samráði við vatnasvæðisnefndir og ráðgjafarnefndir, sbr. 8. og 9. gr.,
f. vinna stöðuskýrslu,
g. hafa umsjón með framkvæmd aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar,
h. annast kynningar- og umsagnarferli áætlana samkvæmt lögum þessum,
i. annast skýrslugjöf.

Umhverfisstofnun skal vinna að vatnaáætlun og endurskoðun hennar með hliðsjón af áætlunum hins opinbera og helstu hagsmunaaðila, svo sem á sviði náttúruverndar, auðlindanýtingar, samgangna og skipulagsmála.

Umhverfisstofnun sendir staðfesta vatnaáætlun til viðkomandi sveitarfélaga og þeirra stjórnvalda sem áætlunin varðar. Jafnframt skal stofnunin auglýsa opinberlega staðfesta vatnaáætlun og hafa hana aðgengilega almenningi.

8. gr.

Hlutverk sveitarfélaga og vatnasvæðisnefnda.

Sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eru Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra. Sveitarfélög skulu, í samvinnu við heilbrigðisnefndir og innan marka netlaga, framfylgja kröfum sem fram koma í aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna á sviði vatnsverndar.

Vatnaumdæminu skal skipt í vatnasvæði með reglugerð, sbr. 29. gr. Við ákvörðun um mörk vatnasvæða skal taka mið af jarðfræðilegum og vatnafræðilegum þáttum.

Á hverju vatnasvæði er starfrækt vatnasvæðisnefnd. Í nefndinni starfa a.m.k. fulltrúar frá sveitarfélögum á viðkomandi vatnasvæði, frá hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum og frá Umhverfisstofnun og stýrir fulltrúi hennar starfi nefndarinnar. Um setu þeirra og annarra fulltrúa í nefndinni, svo sem frá hlutaðeigandi fagstofnunum og hagsmunaaðilum, þar á meðal félagasamtökum á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar, fer samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

Hlutverk vatnasvæðisnefndar er að samræma vinnu á viðkomandi vatnasvæði og afla þar upplýsinga vegna gerðar stöðuskýrslu, vöktunaráætlunar, aðgerðaáætlunar og vatnaáætlunar.

9. gr.

Hlutverk ráðgjafarnefnda.

Ráðherra skipar tvær ráðgjafarnefndir til að starfa með Umhverfisstofnun á landsvísu, sbr. 29. gr., annars vegar ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og hins vegar ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila, þar á meðal félagasamtaka á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar. Umhverfisstofnun skal hafa náið samráð við ráðgjafarnefndirnar.

Í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skulu vera m.a. fulltrúar frá Orkustofnun, Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun, Veiðimálastofnun, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Siglingastofnun Íslands, Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Matvælastofnun, Mannvirkjastofnun, Vegagerðinni, náttúrustofum og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Hlutverk ráðgjafarnefnda er að vera Umhverfisstofnun og vatnaráði til ráðgjafar um atriði sem undir lög þessi heyra. Ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við gerð áætlana samkvæmt lögum þessum og upplýsingar um hvaða gögn liggja fyrir. Fulltrúar í ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila skulu vera til ráðgjafar um þau málefni sem samtök þeirra helga sig.

Ráðgjafarnefndir skulu hafa sér til aðstoðar starfsmann, sem Umhverfisstofnun leggur til, og hefur hann umsjón með starfi viðkomandi nefnda.

10. gr.

Samstarf rannsóknarstofnana.

Veðurstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veiðimálastofnun og Hafrannnsóknastofnunin leggja fram gögn og sérfræðiþekkingu við framkvæmd laga þessara. Um nánari tilhögun þessa samstarfs fer eftir samningum sem Umhverfisstofnun annast við framantaldar stofnanir samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Umhverfisstofnun semur við Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veiðimálastofnun og Hafrannnsóknastofnunina um einstök verk við framkvæmd laga þessara, og getur jafnframt samið við aðra um að vinna slík verk. Ráðherra setur nánari reglur um slíka samninga í reglugerð.

III. KAFLI
Umhverfismarkmið.

11. gr.
Flokkun vatnshlota og umhverfismarkmið.

Flokka skal vatn í vatnshlot og gerðir vatnshlota og meta þau.

Mat á yfirborðsvatnshloti skal byggjast á fyrirliggjandi gögnum hverju sinni og taka fyrir hverja vatnshlotsgerð mið af skilgreindum líffræðilegum gæðaþáttum auk vatnsformfræðilegra og efna- og eðlisefnafræðilegra þátta eftir því sem við á. Umhverfismarkmið eru skilgreind eftir gerðum vatnshlota og skulu vera samanburðarhæf.

Ástand grunnvatns skal metið eftir magnstöðu þess og efnafræðilegum þáttum. Umhverfismarkmið eru skilgreind eftir gerðum grunnvatnshlota og skulu vera samanburðarhæf.

Mat á gæðaþáttum yfirborðs- og grunnvatnshlota skal byggjast á umhverfismarkmiðum í samræmi við ákvæði sem ráðherra setur í reglugerð, sbr. 29. gr.

Í vatnaáætlun skulu sett umhverfismarkmið sem eru í samræmi við ákvæði þessa kafla.

12. gr.
Yfirborðsvatn og grunnvatn.

Vernda skal yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Ástand þeirra skal styrkja og endurheimta með það að markmiði að efnafræðilegt ástand sé að lágmarki gott. Þá skal tryggja sjálfbæra nýtingu grunnvatns þannig að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar.

13. gr.
Manngerð og mikið breytt vatnshlot.

Umhverfisstofnun metur hvort vatnshlot telst manngert eða mikið breytt.

Ástand manngerðs eða mikið breytts yfirborðsvatnshlots skal verndað þannig að það versni ekki og skal styrkja ástand þess með það að markmiði að vistmegin þess og efnafræðilegt ástand sé gott. Leitast skal við að ná sem bestu vistmegni í slíku vatnshloti.

Skilgreina má yfirborðsvatnshlot sem manngert eða mikið breytt ef nauðsynlegar breytingar á eðlisefnafræðilegum, vistfræðilegum og vatnsformfræðilegum eiginleikum vatns til þess að ná vatnshlotinu í gott vistfræðilegt ástand hafa umtalsverð skaðleg áhrif á umhverfið eða á eftirfarandi umsvif:

a. siglingar, hafnir eða afþreyingaraðstöðu,
b. starfsemi sem hefur í för með sér geymslu, flutning og hjáveitu vatns, t.d. neysluvatnsmiðlun, orkuvinnslu eða áveitu,
c. flóðavarnir, framræslu, eða
d. önnur sjálfbær umsvif jafnmikilvæg og hin framangreindu.

Ákvæði 3. mgr. á við þegar ekki verður bætt úr þeim áhrifum sem þar eru talin upp vegna þess að það er ekki tæknilega framkvæmanlegt eða vegna þess að kostnaður við að gera það með öðrum og umhverfisvænni aðferðum er talinn úr hófi fram. Taka skal fram í vatnaáætlun ef álitið er að skilyrði 3. mgr. séu fyrir hendi og færa fram röksemdir fyrir því.

14. gr.
Skaðleg og þrávirk efni (forgangsefni).

Draga skal í áföngum úr mengun vegna skaðlegra og þrávirkra efna (forgangsefna) í vatni með markvissum aðgerðum með það að markmiði að stöðva losun þeirra.

Raða skal efnunum í forgangsröð og leggja fram tímasetta áætlun um takmörkun á losun þeirra og bann við slíkri losun eftir því hve mikla hættu þau skapa fyrir vatn og landumhverfi þess. Röðunin skal greind með aðferð byggðri á áhættumati.

15. gr.
Frestir.

Umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. skal ná eigi síðar en sex árum eftir að fyrsta vatnaáætlunin hefur verið staðfest. Veita má frest til að ná umhverfismarkmiðunum tvisvar sinnum í allt að sex ár í senn, að því tilskildu að ástand raskaða vatnshlotsins versni ekki frekar og að a.m.k. eitt af eftirtöldu eigi við:

a. ekki er af tæknilegum ástæðum hægt að bæta úr innan tímamarkanna,
b. kostnaður við úrbætur innan tímamarkanna yrði óhóflegur, eða
c. fyrir hendi eru þær náttúrulegar aðstæður að úrbætur á vatnshlotinu innan tímamarkanna eru ekki framkvæmanlegar.

Frestur umfram það sem leiðir af 1. mgr. verður því aðeins veittur að fyrir hendi séu þær náttúrulegu aðstæður að umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. verði ekki náð.

16. gr.
Vægari umhverfismarkmið.

Ákveða má vægari umhverfismarkmið en gert er ráð fyrir skv. 11. gr. ef vatnshlot er undir slíku álagi að ógerlegt eða óhóflega dýrt er að uppfylla kröfur um umhverfismarkmið. Skulu þessi skilyrði þá vera fyrir hendi:

a. ekki er hægt að ná betri umhverfislegum ávinningi án óhóflegs kostnaðar, að teknu tilliti til umhverfislegra og þjóðhagfræðilegra þarfa,
b. tryggt er besta mögulegt ástand yfirborðsvatns og grunnvatns, og til þess séð að ástand yfirborðsvatns og grunnvatns breytist eins lítið og hægt er frá því að vera gott, þegar tekið er tillit til þess álags sem fyrir hendi er,
c. tryggt er að ástand vatnshlotsins versnar ekki frekar.

17. gr.
Náttúrulegar orsakir og óviðráðanleg ytri atvik.

Það telst ekki fara í bága við kröfur um umhverfismarkmið samkvæmt lögum þessum ef vistfræðilegt ástand í vatnshloti spillist tímabundið vegna náttúrulegra orsaka eða óviðráðanlegra ytri atvika.

Við slíkar aðstæður skal grípa til þeirra ráðstafana sem raunhæfar eru til að koma í veg fyrir að ástand vatnshlotsins rýrni frekar en orðið er og til að hindra að skaði hljótist af í öðru vatnshloti.

18. gr.
Breyting vatnshlots.

Umhverfisstofnun getur heimilað breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. þegar um er að ræða:

a. breytingar, svo sem vegna mengunar eða í tengslum við loftslagsbreytingar, á vatnsgæðum, vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum eða efna- og eðlisefnafræðilegum eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða á hæð grunnvatnshlots, eða

b. ný sjálfbær umsvif eða breytingar sem hafa í för með sér að ástand yfirborðsvatnshlots breytist úr mjög góðu í gott.

Auk skilyrða sem fram koma í 1. mgr. verða öll eftirtalin skilyrði að vera fyrir hendi:

a. gripið sé til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots,
b. tilgangur framkvæmdanna eða umsvifanna vega þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna eða fyrir sjálfbæra þróun en ávinningur af því að umhverfismarkmið náist,
c. tilgangi framkvæmdanna eða umsvifanna verður ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

IV. KAFLI
Áætlanir.

19. gr.
Vatnaáætlun.

Umhverfisstofnun skal annast gerð tillögu að vatnaáætlun í samræmi við viðauka II. Í vatnaáætlun skal m.a. koma fram:

a. almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins,
b. flokkun vatnshlota,
c. lýsing álags og áhrifa af völdum atvinnurekstrar og annarra umsvifa á vatn,
d. skrá yfir vernduð svæði og öll vatnshlot fyrir neysluvatnstöku,
e. greinargerð um vöktun og niðurstöður hennar,
f. greinargerð fyrir umhverfismarkmið fyrir gerðir vatnshlota og fyrir breytingu á gerðum vatnshlota,
g. skipting í vatnasvæði,
h. greinargerð um aðgerðaáætlun,
i. yfirlit um nánari aðgerðir fyrir einstök vatnasvæði og vatnshlotsgerðir, og
j. greinargerð um samráð við almenning, fulltrúa atvinnulífsins og aðra hagsmunaaðila, þar á meðal félagasamtök á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar.

Áætlunina skal taka til endurskoðunar sjötta hvert ár.

Við gerð vatnaáætlunar skal gera grein fyrir umhverfismati áætlunarinnar í samræmi við lög um umhverfismat áætlana.

Umhverfisstofnun skal hafa samráð við verkefnisstjórn við gerð verndar- og nýtingaráætlunar samkvæmt lögum um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða, til að tryggja samræmi vatnaáætlunar annars vegar og verndar- og nýtingaráætlunar vegna fallvatna og háhita hins vegar.

Umhverfisstofnun er heimilt að gera nauðsynlegar leiðréttingar á vatnaáætlun vegna nýrra upplýsinga áður en til endurskoðunar kemur. Stofnunin skal upplýsa um slíkar leiðréttingar á vefsetri sínu.

20. gr.
Nánari rökstuðningur í vatnaáætlun.

Í vatnaáætlun skal gera grein fyrir:

a. ákvörðun um að vatnshlot teljist vera manngert eða mikið breytt,
b. ákvörðun um að lengja frest um umhverfismarkmið,
c. ákvörðun um vægari umhverfismarkmið en gert er ráð fyrir skv. 11. gr.,

d. breytingum á vatnshloti af náttúrulegum orsökum,
e. áætlun um nýjar framkvæmdir, ný sjálfbær umsvif eða breytingar á vatnshlotum.

Ef ákveðið er að lengja frest samkvæmt lögum þessum skal auk þess koma fram í vatnaáætluninni greinargerð þar sem tilgreindar eru og tímasettar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að ná umhverfismarkmiðum.

21. gr.
Aðgerðaáætlun.

Umhverfisstofnun skal annast gerð tillögu að aðgerðaáætlun. Aðgerðaáætlun skal taka til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin. Aðgerðaáætlun skal byggð á greiningum og mati í samræmi við kröfur sem fram koma í vatnaáætlun. Aðgerðaáætlun skal vera hluti af vatnaáætlun.

Í aðgerðaáætlun skal telja upp þær ráðstafanir sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og enn fremur þær viðbótarráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að ná settum umhverfismarkmiðum.

Ákvarðanir um ráðstafanir sem taldar eru í aðgerðaáætlun taka þar til bær stjórnvöld eða leyfisveitendur á grundvelli viðkomandi löggjafar.

Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið um vatnshlot skv. 11. gr. nást ekki skal leitað á því skýringar og meta áhrif nýrra eða mögulegra ráðstafana og hvort til þeirra skuli gripið.

Aðgerðaáætlunin skal tekin til endurskoðunar sjötta hvert ár.

22. gr.
Vöktunaráætlun.

Umhverfisstofnun gerir áætlun um vöktun á ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns og um vöktun svæða sem njóta verndar. Vöktunaráætlun skal veita heildarsýn á ástand vatnshlota. Vöktunaráætlun skal endurskoða reglulega og eigi sjaldnar en á sex ára fresti.

Vöktunaráætlun skal taka til viðeigandi vistfræðilegra, vatnsformfræðilegra og eðlisefnafræðilegra gæðaþátta, svo og til vöktunar á magnstöðu grunnvatns. Í áætluninni skal jafnframt kveðið á um tíðni og þéttleika vöktunarstaða. Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Hlutaðeigandi stofnanir ríkis og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sjá um vöktun gæðaþátta samkvæmt ákvæði þessu ásamt vöktun á magnstöðu grunnvatns.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga er heimilt að gera samkomulag um annað fyrirkomulag vöktunar en skv. 2. mgr. Þá er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., að annast tiltekin verkefni við vöktun samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki.

23. gr.
Stöðuskýrsla.

Umhverfisstofnun skal annast gerð stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði í samvinnu við viðkomandi vatnasvæðisnefnd. Í stöðuskýrslu skal koma fram:

a. lýsing og gerð vatnshlota,
b. flokkun vatnshlota, og
c. lýsing á helsta álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns.

24. gr.
Neysluvatn.

Tilgreina skal í vatnaáætlun öll vatnshlot til neysluvatnstöku sem eftirfarandi á við um:

a. vatnstaka er þar meiri en 10 rúmmetrar á dag að meðaltali eða með henni er meira en 50 einstaklingum séð fyrir neysluvatni,
b. áform eru uppi um að taka úr því neysluvatn.

Komið skal í veg fyrir að vatnsgæði í slíku vatnshloti rýrni þannig að ekki aukist þörf á hreinsun neysluvatns.

25. gr.
Skrá yfir vernduð og viðkvæm svæði.

Umhverfisstofnun heldur skrá yfir vernduð og viðkvæm svæði. Í henni skal m.a. tilgreina vatnsverndarsvæði, vatnavistkerfi, svo og vistkerfi sem tengjast þeim að vatnabúskap, ásamt svæðum sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt lögum eða eru friðlýst vegna sérstöðu vatns.

Skrá yfir vernduð og viðkvæm svæði skal vera aðgengileg almenningi og uppfærð reglulega.

V. KAFLI
Kynning og réttaráhrif áætlana o.fl.

26. gr.
Aðgangur að upplýsingum.

Um aðgang að upplýsingum og gögnum sem liggja til grundvallar áætlunum samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, og upplýsingalögum, nr. 50/1996.

27. gr.
Opinber kynning.

Umhverfisstofnun skal sjá um að eftirfarandi skjöl séu kynnt opinberlega og óska eftir athugasemdum við þau:

a. áfanga- og verkáætlun vegna vinnu við vatnaáætlun, í síðasta lagi þremur árum áður en ný vatnaáætlun gengur í gildi,
b. bráðabirgðayfirlit um mikilvæg atriði í vatnaáætlun, í síðasta lagi tveimur árum áður en hún gengur í gildi,
c. tillaga að vatnaáætlun, í síðasta lagi einu ári áður en hún gengur í gildi.

Þegar endurskoðun vatnaáætlunar leiðir til breytinga skal um kynningu áætlunarinnar fara skv. c-lið 1. mgr.

Frestur til að gera athugasemdir skal að lágmarki vera sex mánuðir.

Kynna skal skjölin með tryggilegum hætti og vísa á vefsetri Umhverfisstofnunar til allra upplýsinga á aðgengilegum stað.

28. gr.
Réttaráhrif vatnaáætlunar.

Opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnaáætlun nást ekki skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlots. Viðkomandi leyfisveitandi skal þá endurskoða útgefið leyfi, þegar við á, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstafana samkvæmt 2.–4. mgr. er Umhverfisstofnun heimilt að veita viðkomandi sveitarfélagi eða leyfisveitanda áminningu. Jafnframt skal Umhverfisstofnun veita hæfilegan frest til úrbóta. Ef ekki er orðið við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests er Umhverfisstofnun heimilt að ákveða dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til ríkissjóðs og skal hámark þeirra vera 500.000 kr.

29. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og að höfðu samráði við vatnaráð og Samband íslenskra sveitarfélaga, að setja í reglugerð nánari ákvæði um eftirtalin atriði:

a. flokkun vatnshlota og eiginleika þeirra, og álagsgreiningu fyrir yfirborðsvatnshlot og grunnvatnshlot,
b. forgangsefni og röðun þeirra á lista eftir hættu, ráðstafanir vegna þeirra, matsaðferð og viðmið við röðun forgangsefna, og kröfur til vottunar og framkvæmd hennar,
c. frekari ákvæði um umhverfismarkmið og tímamörk um hvenær eigi að ná þeim,
d. efni og framkvæmd vöktunaráætlunar,
e. efni vatnaáætlunar og efnahagslega greiningu vegna vatnsnotkunar,
f. efni og framkvæmd aðgerðaáætlunar þar sem tilteknar eru þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, svo og viðmið um hvenær ekki sé heimilt að krefjast viðbótarráðstafana,
g. hlutverk og starfsemi vatnaráðs,
h. skiptingu í vatnasvæði, landfræðilega afmörkun vatnasvæða og samsetningu og hlutverk vatnasvæðisnefnda,
i. hlutverk og starfsemi ráðgjafarnefnda, fulltrúa, fjölgun ráðgjafarnefnda og nánari skiptingu þeirra,
j. opinbera kynningu, samþykkt áætlana og þátttöku hagsmunaaðila í áætlunargerð, þar á meðal félagasamtaka á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar.

30. gr.

Innleiðing tilskipana.

Með þessum lögum eru innleiddar eftirfarandi tilskipanir:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnamálum, sem vísað er til í X. kafla í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 125/2007, frá 28. september 2007.

2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu, sem vísað er til í II. kafla í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 87/2009, frá 3. júní 2009.
3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfisgæðastaðla á sviði vatnastjórnunar, sem breytir og fellir úr gildi tilskipanir ráðsins 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE, 86/280/EBE og breytir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB.
4. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/90/EB frá 31. júlí 2009 um tæknilegar skilgreiningar á efnagreiningum og vöktun á vatni, með tilvísun til tilskipunar ráðsins 2000/60/EB.

31. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

32. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög nr. 90/2002, um Umhverfisstofnun, með síðari breytingum:* Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að annast verkefni sem stofnuninni eru falin í lögum um stjórn vatnamála.
2. *Lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu:* Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
   a. Við bætist nýr málsliður svohljóðandi: Heimilt er að kveða á um að nýtingarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti.
3. *Lög nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, með síðari breytingum:* Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti.
4. *Raforkulög, nr. 65/2003:* Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Umhverfisráðherra skal staðfesta fyrstu vatnaáætlunina skv. 19. gr. eigi síðar en 1. janúar 2018. Tillaga að fyrstu vatnaáætluninni skal kynnt í síðasta lagi einu ári áður en ráðherra staðfestir hana. Um kynningu og réttaráhrif fyrstu vatnaáætlunarinnar fer að öðru leyti skv. 27. og 28. gr.

II.

Fyrsta aðgerðaáætlunin skv. 21. gr. skal liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2018 og koma til framkvæmda 2021.

III.

Fyrsta vöktunaráætlunin skv. 22. gr. skal liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2015 og koma til framkvæmda á sama tíma.

IV.

Fyrsta stöðuskýrsla skv. 23. gr. skal liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2014.

Viðauki I.

Yfirlitsmynd yfir landfræðilega afmörkun laganna, sbr. 2. gr.



Viðauki II.

Efni vatnaáætlunar, sbr. 19. gr.

A. Í vatnaáætlun skulu eftirtaldir þættir koma fram:

1. almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins og flokkun vatnshlota, sbr. 19. og 23. gr.; og skal eftirfarandi koma fram:

1.1. þegar um er að ræða yfirborðsvatn:
- kort sem sýnir staðsetningu og mörk vatnshlotanna,
- kort sem sýnir vistsvæði og gerðir yfirborðsvatnshlota innan vatnaumdæmisins,
- bakgrunnsgildi fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota,

1.2. þegar um er að ræða grunnvatn:
- kort sem sýnir staðsetningu og mörk grunnvatnshlotanna,

2. lýsing á álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand yfirborðsvatns og grunnvatns, þ.m.t.:
- mat á mengun frá punktuppsprettum,
- mat á mengun frá dreifðum upptökum, þ.m.t. landnýting,
- mat á álagi á magnstöðu vatns, þ.m.t. vatnstaka,
- greining á öðrum áhrifum á ástand vatns,

3. yfirlit og kort yfir vernduð svæði, sbr. 25. gr.,

4. yfirlit og kort yfir sýnatökustaði sem mynda samanburðarhæft kerfi og sýnir niðurstöður vöktunaráætlana sem framkvæmdar hafa verið og sýna ástand:

4.1. yfirborðsvatns (vistfræðilegt og efnafræðilegt),

4.2. grunnvatns (efnafræðilegt ástand og magnstöðu),

4.3. verndaðra svæða,

5. yfirlit yfir umhverfismarkmið sem komið er á skv. 11., 12., 13., 15. og 16. gr. fyrir yfirborðsvatn, grunnvatn og vernduð svæði, þ.m.t. yfirlit yfir tilvik, þar sem ákvæðum 11., 15., 16., 17. og 18. gr. hefur verið beitt, og aðrar upplýsingar sem krafist er samkvæmt þeim greinum,

6. niðurstöður efnahagslegrar greiningar á vatnsnotkun, sbr. d-lið 2. mgr. 7. gr.,

7. útdráttur úr aðgerðaáætlun, sem samþykkt er skv. 21. gr., þ.m.t. leiðir sem fara skal til að ná markmiðum 11. gr.:

7.1. yfirlit yfir nauðsynlegar aðgerðir,

7.2. skýrsla um þau skref sem stigin eru til að beita meginreglunni um endurheimt kostnaðar vegna vatnsnotkunar,

7.3. yfirlit yfir aðgerðir til að fullnægja kröfum 24. gr.,

7.4. yfirlit yfir eftirlit með vatnstöku og vatnsmiðlun, þ.m.t. tilvísun til skráa og leyfisveitinga samkvæmt öðrum lögum,

7.5. yfirlit yfir eftirlit með losun frá punktuppsprettum mengunar og annarri starfsemi sem hefur áhrif á ástand vatns í samræmi við ákvæði sem sett eru um varnir gegn mengun vatns,

7.6. tilvik þar sem bein losun í grunnvatn hefur verið leyfð í samræmi við ákvæði sem sett eru um varnir gegn mengun grunnvatns,

7.7. yfirlit yfir aðgerðir til að fullnægja kröfum 14. gr. um forgangsefni,

7.8. yfirlit yfir aðgerðir til að koma í veg fyrir mengunarslys eða draga úr áhrifum þeirra,

7.9. yfirlit yfir aðgerðir skv. 4. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 28. gr. að því er varðar vatnshlot þar sem talið er ólíklegt að markmið sem sett eru í 16. gr. náist,
7.10. upplýsingar um viðbótaraðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar til að settum umhverfismarkmiðum verði náð,
7.11. upplýsingar um aðgerðir til að koma í veg fyrir mengun sjávar,
8. skrá yfir vöktunaráætlun og hvers konar ýtarlegri áætlanir, svo sem skipulagsáætlanir, vegáætlanir, orkuáætlanir, sem eiga við um vatnaumdæmið, einstök vatnasvæði eða geira, auk greinargerðar um inntak þeirra,
9. yfirlit yfir almennar upplýsingar og samráð við almenning, árangur af því starfi og breytingar sem gerðar eru á áætluninni í kjölfarið,
10. yfirlit yfir gögn sem aflað er skv. 8., 9., 10. og 22. gr.

B. Í endurskoðaðri vatnaáætlun skulu auk þess sem fram kemur í A-lið vera:
1. yfirlit yfir breytingar eða uppfærslur frá síðustu áætlun, þ.m.t. yfirlit yfir þær breytingar sem leiðir af 15., 16., 17. og 18. gr., eftir því sem við á,
2. mat á því hvernig miðar að ná umhverfismarkmiðum, þ.m.t. niðurstöður úr vöktun á fyrra áætlunartímabili í formi korts, auk skýringa ef umhverfismarkmið hafa ekki náðst,
3. yfirlit yfir áformaðar aðgerðir í fyrri vatnaáætlun sem ekki var ráðist í og skýringar ef við á,
4. samantekt á hvers konar viðbótaraðgerðum til bráðabirgða sem samþykktar eru skv. 21. gr. eftir auglýsingu fyrri vatnaáætlunarinnar.

1279. Þingsályktun [493. mál]

um eflingu skapandi greina.

(Afgreidd frá Alþingi 7. apríl 2011.)

Samhljóða þskj. 799.

1280. Lög [644. mál]

um brottfall laga um stjórnlagaþing, nr. 90 25. júní 2010.

(Afgreidd frá Alþingi 7. apríl 2011.)

Samhljóða þskj. 1134.

1281. Lög [659. mál]

um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (fjárhagsleg endurskipulagning og slit).

(Afgreidd frá Alþingi 7. apríl 2011.)

Samhljóða þskj. 1172.

1282. Nefndarálit [147. mál]

um till. til þál. um kosningu rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar um aðdraganda ákvörðunar um stuðning Íslands við innrásina í Írak árið 2003 og birtingu skjala og annarra upplýsinga um málið.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og henni hefur borist umsögn frá Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi kjósi nefnd fimm alþingismanna, sem hafi vald samkvæmt ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að rannsaka aðdraganda og ástæður þess að þáverandi ríkisstjórn Íslands ákvað að lýsa yfir stuðningi við innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak 20. mars 2003 án nokkurs samráðs við Alþingi. Þá er lagt til að nefndin fái í hendur öll gögn stjórnvalda, þar með taldar fundargerðir, minnisblöð og greinargerðir, sem varpað geti ljósi á þetta ferli. Gögnin verði jafnframt gerð opinber. Nefndin hafi einnig heimild til þess að kalla hvern þann til fundar við sig sem kann að geta upplýst um tildrög ákvörðunarinnar. Þá felst í tillögunni að þingmannanefndin njóti aðstoðar skrifstofu Alþingis, en henni verði einnig heimilt að leita eftir utanaðkomandi sérfræðiaðstoð. Nefndarsetan verði ólaunuð en útlagður kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Nefndarstarfinu ljúki með skýrslu sem lögð verði fyrir Alþingi eigi síðar en 1. júní 2011.

Um rannsóknarnefndir þingmanna er fjallað í 39. gr. stjórnarskrárinnar sem er svohljóðandi: „Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.“ Á grundvelli þessa lagaákvæðis hafa tvisvar sinnum verið skipaðar rannsóknarnefndir þingmanna.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur m.a. fram að þáverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra tóku ákvörðun um að setja Ísland á lista bandarískra stjórnvalda yfir þau ríki sem lýstu sérstökum stuðningi við innrásina í Írak 20. mars 2003. Ráðherrarnir báru ákvörðun sína um stuðning Íslendinga við innrásina í Írak ekki undir utanríkismálanefnd Alþingis. Sérstaklega er þó kveðið á um það í 24. gr. laga um þingsköp Alþingis að það skuli gert í slíkum tilvikum en þar segir: „Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum.“ Enn hefur ekki komið fram hvers vegna ráðherrarnir ákváðu að fara á svig við þetta skýra ákvæði í þingsköpum. Þá segir í greinargerðinni að enn hafi

ekki komið fram hvort lagt var sjálfstætt mat á rökstuðning innrásarríkjanna fyrir hernaðaraðgerðum sínum í aðdraganda stuðningsyfirlýsingar utanríkisráðherra og forsætisráðherra. Í ljós hefur komið að aðalforsendur bandarískra og breskra yfirvalda fyrir innrásinni stóðust ekki, og forustumenn þessara ríkja hafa viðurkennt þetta. Í Bandaríkjunum, Bretlandi og Hollandi hafa af þessum sökum farið fram sérstakar rannsóknir á aðdraganda ákvarðana um innrásina í Írak.

Þá kemur fram í greinargerðinni að þáverandi utanríkisráðherra hafi síðar viðurkennt að mjög hafi skort á réttmæti upplýsinga áður en afstaða ráðherranna var tilkynnt. Í því ljósi telja tillöguflytjendur nauðsynlegt að brjóta til mergjar ástæður þess að ríkisstjórn Íslands ákvað í marsmánuði 2003 að lýsa yfir stuðningi við innrásina í Írak. Við þá rannsókn verði samkvæmt greinargerðinni m.a. athugað:

a. hvort sérstök beiðni barst um þennan stuðning, hver beiðandinn var og að hverjum beiðnin beindist innan íslenska stjórnkerfisins,
b. hvaða upplýsingar bárust ríkisstjórninni um forsendur innrásarinnar og hvaðan,
c. hvaða mat var lagt á þær upplýsingar af hálfu sérfræðinga á vegum ríkisstjórnarinnar og hverjir önnuðust það mat,
d. hvernig ákvörðunin var tekin innan ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar,
e. hvers vegna ákveðið var að hafa ekki samráð við Alþingi samkvæmt landslögum, 24. gr. þingskapalaga, og hvaða ráðherra bar ábyrgð á því að það var ekki gert,
f. hvenær var horfið frá þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að gefa bæri vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna meiri tíma til að ljúka störfum og að hernaðaraðgerðir gegn Írak kölluðu á nýja ályktun öryggisráðsins,
g. hvernig ákvörðun ríkisstjórnarinnar var komið á framfæri við umheiminn, hverjum voru send boð um þessa ákvörðun og með hvaða hætti,
h. af hverju sagt var frá ákvörðuninni í Washington en hún ekki kynnt íslensku þjóðinni með fréttatilkynningu, á blaðamannafundi eða eftir öðrum viðurkenndum samskiptaleiðum stjórnvalda og almennings.

Nefndin tekur undir mikilvægi þess að Alþingi láti rannsaka hvernig staðið var að ákvörðun um stuðning við Íraksstríðið innan ríkisstjórnarinnar. Nefndin bendir á að síðan tillagan kom fram hafa ýmis gögn komið í dagsljósið sem varpað geta ljósi á aðdraganda ákvörðunarinnar. Ber þar einkum að geta skjala í utanríkisráðuneytinu sem málinu tengjast. Samkvæmt fréttatilkynningu frá ráðuneytinu 11. nóvember sl. eru alls 92 skjöl í skjalasafni þess er varða aðdraganda stuðnings Íslands við Íraksstríðið. Þar af voru 67 skjöl gerð aðgengileg á vef ráðuneytisins sama dag. Í fréttatilkynningu ráðuneytisins sagði jafnframt um þau 25 skjöl sem ekki voru opinberuð að skjölin væru undanþegin aðgangi þar sem þau vörðuðu samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir eða væru vinnuskjöl. Í viðtali við fréttastofu RÚV sama dag bætti utanríkisráðherra enn fremur við að birting þeirra skjala sem ekki voru gerð opinber gæti skaðað rannsóknarhagsmuni og er í fréttinni vísað til þeirrar tillögu um rannsóknarnefnd sem hér er til umfjöllunar.

Nefndin telur nauðsynlegt að rannsóknarnefnd fari yfir þau skjöl sem enn hvílir leynd á og getið er um hér að ofan til þess að fá skýra heildarmynd af aðdraganda hinnar afdrifaríku ákvörðunar um stuðning við Íraksstríðið og að skjölin verði því næst gerð opinber.

Nefndin leggur áherslu á að rannsóknarnefnd sú sem hér um ræðir hafi fullar heimildir til skýrslutöku og gagnaöflunar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar og gerir tillögu um orðalagsbreytingu því til undirstrikunar. Þá hefur nefndin kynnt sér form fyrri ályktana Alþingis til stofnunar rannsóknarnefnda þingmanna skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Í kjölfar þess gerir nefndin

þá breytingartillögu að stafliðir úr greinargerð sem birtir eru hér að framan færist inn í tillögugreinina og er það til samræmis við form fyrri ályktana um rannsóknarnefndir. Loks gerir nefndin tillögu um að rannsóknarnefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. desember 2011 með skýrslu sem lögð verði fyrir Alþingi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Bjarni Benediktsson, Ólöf Nordal og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Birgitta Jónsdóttir.
Helgi Hjörvar.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Þuríður Backman.

1283. Breytingartillögur [147. mál]

við till. til þál. um kosningu rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar um aðdraganda ákvörðunar um stuðning Íslands við innrásina í Írak árið 2003 og birtingu skjala og annarra upplýsinga um málið.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Orðin „sem hafi vald“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
2. Lokamálsliður 1. mgr. orðist svo: Nefndin hafi það vald sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að kalla hvern þann til skýrslugjafar sem kann að geta upplýst um tildrög ákvörðunarinnar.
3. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Nefndin athugi meðal annars:
   a. hvort sérstök beiðni barst um þennan stuðning, hver beiðandinn var og að hverjum beiðnin beindist innan íslenska stjórnkerfisins,
   b. hvaða upplýsingar bárust ríkisstjórninni um forsendur innrásarinnar og hvaðan,
   c. hvaða mat var lagt á þær upplýsingar af hálfu sérfræðinga á vegum ríkisstjórnarinnar og hverjir önnuðust það mat,
   d. hvernig ákvörðunin var tekin innan ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar,
   e. hvers vegna ákveðið var að hafa ekki samráð við Alþingi samkvæmt landslögum, 24. gr. þingskapalaga, og hvaða ráðherra bar ábyrgð á því að það var ekki gert,
   f. hvenær var horfið frá þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að gefa bæri vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna meiri tíma til að ljúka störfum og að hernaðaraðgerðir gegn Írak kölluðu á nýja ályktun öryggisráðsins,
   g. hvernig ákvörðun ríkisstjórnarinnar var komið á framfæri við umheiminn, hverjum voru send boð um þessa ákvörðun og með hvaða hætti,

h. af hverju sagt var frá ákvörðuninni í Washington en hún ekki kynnt íslensku þjóðinni með fréttatilkynningu, á blaðamannafundi eða eftir öðrum viðurkenndum samskiptaleiðum stjórnvalda og almennings.

4. Í stað dagsetningarinnar „1. júní 2011“ í 2. mgr. komi: 1. desember 2011.

1284. Fyrirspurn [742. mál]

til innanríkisráðherra um ómerkingu héraðsdóma.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

1. Í hversu mörgum málum hefur Hæstiréttur ómerkt héraðsdóm árin 2008, 2009 og 2010 og fram til 1. mars 2011, sundurliðað eftir árum?
2. Voru ástæður ómerkingar í fyrrgreindum málum:
   a. að Hæstiréttur taldi líkur vera á að mat héraðsdóms á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi væri rangt, svo að einhverju skipti um úrslit málsins,
   b. að héraðsdómari hefði ekki í úrlausn sinni fjallað um allar málsástæður aðila,
   c. að héraðsdómari hefði ekki, fyrir dómsuppsögu, gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, ekki gætt ákvæða 184. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, eða af sambærilegri ástæðu úr tíð eldri laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála,
   d. aðrar?
3. Við hvaða héraðsdómstóla voru hinir ómerktu dómar kveðnir upp, sundurliðað með sama hætti og hér að framan?

Skriflegt svar óskast.

1285. Fyrirspurn [743. mál]

til innanríkisráðherra um uppbyggingu Vestfjarðavegar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hver eru áform ráðherra um uppbyggingu Vestfjarðavegar (nr. 60) frá Þorskafirði að Skálanesi?

1286. Breytingartillögur [77. mál]

við frv. til l. um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „nýting háhitasvæða og landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti fallvatna“ komi: nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti.
2. Við 2. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Lög þessi ná til landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti til orkuvinnslu, jafnt innan eignarlanda sem þjóðlendna.
   b. Í stað orðanna „virkjun á fallvötnum og háhitasvæðum“ í 4. tölul. 2. mgr. og orðanna „virkjunar fallvatna og á háhitasvæðum“ í 5. tölul. 2. mgr. komi: virkjun til orkuvinnslu; og: virkjunar til orkuvinnslu.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „áætlun til næstu 12 ára um vernd og nýtingu landsvæða vegna virkjunar fallvatna og háhita“ í 1. mgr. komi: áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.
   b. Í stað orðanna „verndar- og nýtingaráætlun“ í 2. mgr. og sömu orða hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarmynd: verndar- og orkunýtingaráætlun.
   c. Í stað orðsins „nýtingarflokk“ í 2. mgr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarmynd: orkunýtingarflokk.
   d. 2. málsl. 3. mgr. orðist svo: Hún tekur þó ekki til stækkunar á virkjun nema stækkunin feli í sér matsskyldar framkvæmdir samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða úrskurði umhverfisráðherra.
   e. Í stað orðsins „nýtingargildi“ í 4. mgr. komi: orkunýtingargildi.
   f. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í verndar- og orkunýtingaráætlun skal tekið mið af vatnaáætlun samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.
4. Við 5. gr. Orðin „fallvatna og háhitasvæða“ í 4. mgr. falli brott.
5. Við 10. gr.
   a. Í stað orðanna „og Fornleifaverndar ríkisins“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: Fornleifaverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Ferðamálastofu.
   b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Verkefnisstjórn skal hafa samráð við Umhverfisstofnun til að tryggja samræmi verndar- og orkunýtingaráætlunar og vatnaáætlunar samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.
   c. Í stað orðanna „átta vikur“ í lokamálslið 3. mgr. komi: tólf vikur.
   d. 4. mgr. orðist svo:
      Að loknu samráðs- og kynningarferli, og að loknu umhverfismati í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, leggur verkefnisstjórn fyrir ráðherra rökstuddar tillögur um flokkun virkjunarkosta og afmörkun landsvæða í samræmi við flokkunina.
   e. Fyrri málsliður 6. mgr. orðist svo: Að fengnum tillögum verkefnisstjórnar setur ráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, reglur um hvernig verkefnisstjórn skuli starfa, þ.m.t. um upplýsingaöflun, viðmið og matsaðferðir.

6. Við ákvæði til bráðabirgða. 2. mgr. orðist svo:
   Áður en tillaga til þingsályktunar er lögð fram á Alþingi skal ráðherra kynna hana þeim aðilum sem greinir í 3. mgr. 10. gr. og gefa öllum kost á að koma á framfæri athugasemdum með tilgreindum hætti. Fara skal fram umhverfismat á tillögunni í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana.
7. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun.

1287. Fyrirspurn [744. mál]

til fjármálaráðherra um eitt innheimtuumdæmi.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hyggst ráðherra gera landið að einu innheimtuumdæmi til að bæta yfirsýn og auka skilvirkni líkt og kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um innheimtu opinberra gjalda.

1288. Fyrirspurn [745. mál]

til velferðarráðherra um málefni fatlaðra.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvað hefur verið gert í málefnum fatlaðra eftir að þau fluttust yfir til sveitarfélaga 1. janúar sl.?

Skriflegt svar óskast.

1289. Fyrirspurn [746. mál]

til velferðarráðherra um notendastýrða og persónulega þjónustu við fatlaða.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvað hefur verið gert til að efla notendastýrða persónulega aðstoð við fatlaða og hyggst ráðherra auka rétt fatlaðs fólks til notendastýrðrar og persónulegrar þjónustu?

Skriflegt svar óskast.

1290. Frumvarp til laga [747. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd kanna aðstæður og leggja mat á möguleika viðkomandi grunnskóla til að koma til móts við þarfir barnsins.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessarar greinar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur stjórnvöld, þar sem m.a. skal kveðið á um skólagöngu fósturbarna, bæði fagleg og fjárhagsleg málefni og samstarf aðila.

2. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er, með rökstuddri greinargerð, að sækja tímabundið um undanþágu frá ákvæði þessarar greinar til ráðuneytis. Í greinargerð þarf að koma fram með hvaða hætti verkefnum skólaráðs verði sinnt. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir veitingu undanþágu, svo sem fámenni eða sérstaða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Í öllum grunnskólum skal gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns sem skal vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist námsgreinum og námssviðum aðalnámskrár grunnskóla.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skólahúsnæði.*

4. gr.

2. mgr. 26. gr. laganna orðast svo.

Á unglingastigi, þ.e. í 8.–10. bekk, skulu nemendur velja námsgreinar og námssvið í allt að fimmtung námstímans samkvæmt nánari viðmiðunum sem sett eru í aðalnámskrá grunnskóla. Skólum er heimilt að skipuleggja mismunandi hlutfall valtíma eftir árgöngum í 8.–10. bekk og binda valið að hluta tilteknum námssviðum.

5. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórnum er heimilt að samræma tiltekna leyfisdaga innan skólaársins fyrir alla skóla í sveitarfélaginu, að höfðu samráði við hagsmunaaðila.

6. gr.

30. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Skólabragur.

Öllum aðilum skólasamfélagsins ber að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag.

Skólastjórum og kennurum ber að eiga samráð við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Foreldrum ber með sama hætti að eiga samráð við skólann um skólagöngu barna sinna. Sama á við um aðra forráðamenn barna í viðkomandi skóla.

Grunnskólar skulu hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi. Skólar skulu einnig hafa áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Áætlun skal m.a. framfylgt með því að hver skóli setji sér skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þá skal í skólareglum koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í reglugerð, sem sett er sameiginlega á grundvelli þessarar greinar og 14. gr. Þar skal m.a. mælt fyrir um starfrækslu fagráðs á vegum ráðuneytisins er verði ráðgefandi í eineltismálum.

7. gr.

Við 4. mgr. 40. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er, með rökstuddri greinargerð, að sækja um tímabundna undanþágu frá ákvæði um nemendaverndarráð til ráðuneytis. Í greinargerð þarf að koma fram með hvaða hætti verkefnum nemendaverndarráðs verði sinnt. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir veitingu undanþágu, svo sem fámenni eða sérstaða.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna

a. Við upphafsmálslið 1. mgr. bætist: og framlög til hans.
b. Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: og nánari útfærslu á atriðum í þjónustusamningi skv. 2. mgr.
c. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Sveitarfélög skulu gera þjónustusamninga við grunnskóla sem falla undir þessa grein. Í samningi skulu koma fram atriði er varða áherslur í starfsemi skólans, mat og eftirlit með gæðum, fjárhagsleg samskipti og atriði sem varða gildi samnings, þar á meðal um reynslutíma. Þá skal í samningi tekin afstaða til þess hvort rekstraraðili hafi heimild til gjaldtöku af foreldrum, og að hvaða marki heimildin tekur til kennslu og skólamáltíða. Enn fremur skal gengið frá fyrirkomulagi sérfræðiþjónustu og skólaaksturs, ef við á. Grunnskóli með viðurkenningu ráðuneytisins á rétt á því að sveitarstjórn geri við hann þjónustusamning. Gildistími þjónustusamnings skal vera lengst til sjö ára í senn. Átján mánuðum áður en samningur rennur út skulu viðræður hefjast um endurnýjun samnings.
d. Á eftir orðunum „veitingu hennar“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: form og efni þjónustusamninga, þ.m.t. meðferð rekstrarafgangs af starfsemi skólans; og við sama málslið bætist: og uppsögn þjónustusamnings.

9. gr.

1. málsl. 4. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Ráðherra setur reglugerð um skilyrði til heimakennslu á grunnskólastigi og viðurkenningu grunnskóla samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 4. gr. og orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 4. gr., 2. mgr. 19. gr., 3. mgr. 31. gr., 1. mgr. 34. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 38. gr., 1. mgr. 39. gr. og 3. mgr. 46. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: ráðherra, og: ráðuneyti.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2011.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 31. gr. laganna hafa grunn- og framhaldsskólar frest til 1. ágúst 2013 til þess að semja sín á milli um framkvæmd og fyrirkomulag á rétti grunnskólanemenda til að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla. Réttindi skv. 1. málsl. 4. mgr. 26. gr. laganna verða fyrst virk er samningur hefur verið gerður milli hlutaðeigandi skóla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008, eru grundvölluð á því meginsjónarmiði að börnum á skólaskyldualdri séu búnar kjöraðstæður til náms og þroska og að grunnskólar komi til móts við ólíkar þarfir barna og ábyrgð allra er að grunnskólastarfi koma sé skýr. Í lögunum er lögð áhersla á velferð barna og virkari þátttöku þeirra og foreldra í skólastarfi. Horft var til reynslunnar af flutningi grunnskóla til sveitarfélaga árið 1996 og leitast við að styrkja enn frekar forræði og ábyrgð sveitarfélaga á rekstri skóla jafnframt því sem sjálfstæði grunnskóla var undirstrikað. Víðtækt samstarf var haft við hagsmunaaðila við undirbúning þeirrar lagasetningar.

II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Að undanförnu hefur af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytisins verið í skoðun þörf á breytingum á grunnskólalögum með tilliti til þeirrar reynslu sem fengin er af nýju grunnskólalögunum sem tóku gildi sumarið 2008. Við þá skoðun hefur verið litið almennt til innleiðingar laganna, framkvæmdar og ýmissa álitamála sem upp hafa komið í tengslum við innleiðingu laganna, setningu reglugerða við lögin og gerð aðalnámskrár grunnskóla og samfélagsþróun undanfarinna ára. Þar er m.a. horft til niðurstaðna kannana ráðuneytisins á innleiðingu laganna og einnig tillögur í nokkrum starfshópum, t.d. starfshópi á vegum nokkurra ráðuneyta sem skilaði tillögum sumarið 2010 um aðgerðir gegn einelti í skólum og á vinnustöðum. Samband íslenskra sveitarfélaga og einstök sveitarfélög hafa ítrekað óskað eftir tímabundinni heimild til að fækka vikulegum kennslustundum og hafa óskað eftir lagabreytingum í því skyni. Ekki hefur náðst sátt um þær tillögur.

Ekki er um umfangsmiklar lagabreytingar að ræða en þær eru flestar þýðingarmiklar til að tryggja réttindi nemenda til náms enn frekar og velferðar í skólum og jafnframt gefa sveitarfélögum ákveðið svigrúm til útfærslu einstakra atriða laganna. Meginmarkmið lagasetningarinnar er að styrkja enn frekar réttindi nemenda og gefa mennta- og menningarmála-

ráðuneytinu skýrari lagastoð til að útfæra tiltekin atriði í reglugerðum, t.d. hvað varðar skólagöngu fósturbarna, skólareglur, skólabrag og aðgerðir gegn einelti og ýmis atriði sem snúa að starfsemi grunnskóla sem reknir eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum.

III. Meginefni frumvarpsins.

Meginbreytingarnar sem frumvarp þetta felur í sér frá núgildandi grunnskólalögum eru eftirfarandi:

1. Breytt er ákvæðum í lögunum um val nemenda í námi á unglingastigi þar sem valið fer úr þriðjungi námstímans í 8.–10. bekk í allt að fimmtung námstímans. Jafnframt fá skólar heimild til að hafa valið mismunandi eftir árgöngum á unglingastigi og að binda valið að hluta í bóklegt nám og nám í list- og verkgreinum. Er þetta m.a. gert að ósk sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands en val í grunnskólum er með því mesta sem gerist meðal OECD-þjóða, ekki síst á unglingastigi.
2. Sett er inn ákvæði að nýju um skólasöfn í grunnskólum í lagagreinina um skólahúsnæði, en sérstök lagaákvæði þess efnis voru felld brott með lögunum 2008. Er þetta gert til samræmis við lagabreytingar á framhaldsskólalögum árið 2010, m.a. til að styrkja skólasöfn í sessi í grunnskólum og í samræmi við stefnu um áherslu á læsi sem einn af grunnþáttum menntunar.
3. Gerðar eru nokkrar breytingar á lagaumhverfi sjálfstætt rekinna grunnskóla. Sett eru ákvæði í lögin þess efnis að sveitarfélög skuli gera þjónustusamninga við slíka skóla til allt að sjö ára í senn með endurskoðunarákvæðum. Einnig eru sett ítarlegri ákvæði um inntak reglugerðar um framkvæmdina.
4. Bætt er við ákvæðum um skyldu skóla til að móta heildstæða stefnu til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi. Þar er m.a. átt við einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Sett er ákvæði um sérstakt fagráð á vegum ráðuneytisins í eineltismálum sem útfært verði í reglugerð.
5. Lagt er til að ráðuneytið fái heimild til að veita skólum undanþágu frá lagaskyldu til starfrækslu skólaráða og nemendaverndarráða ef gildar ástæður eru fyrir hendi. Heimildin er hugsuð fyrir fámenna skóla sem eiga erfitt með að finna fulltrúa í skólaráð og leysa hlutverk nemendaverndarráðs með öðrum hætti og fyrir sérskóla.
6. Sveitarstjórnum er veitt heimild til að samræma tiltekna leyfisdaga innan skólaársins fyrir alla skóla í sveitarfélaginu að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Þrátt fyrir að sveitarfélög hafi í raun þessa heimild nú þegar þykir ástæða til að skerpa á þessum þáttum í lögum um grunnskóla.
7. Lagt er til að samræmingarhlutverk mennta- og menningarmálaráðuneytis verði styrkt með því að ráðuneytið gefi út stjórnvaldsfyrirmæli varðandi skólagöngu fósturbarna. Mikilvægt er að vanda undirbúning hverju sinni og koma í veg fyrir ágreining sem bitnað getur á hag þeirra barna sem hlut eiga að máli.
8. Þá er lagt til að ráðuneytið fái ótvíræða heimild til þess að fjalla um ábyrgð aðila að skólasamfélaginu á því að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag. Sérstaklega er þar vikið að því hvernig brugðist skuli við tilvikum um einelti, annað ofbeldi eða félagslega einangrun.
9. Sett er bráðabirgðaákvæði sem frestar gildistöku á rétti grunnskólanemenda til að stunda samhliða einingabært nám í framhaldsskóla. Eftir sem áður er heimild fyrir slíkt fyrirkomulag fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að þessi réttur grunnskólanemenda verði virkjaður að nýju 1. ágúst 2013.

IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Þar sem heildarendurskoðun á grunnskólalögum hefur nýlega farið fram var ekki talin ástæða til að fara yfir þætti er lúta að alþjóðlegum skuldbindingum, en við þá endurskoðun var farið ítarlega yfir alþjóðasamninga og sáttmála sem Íslendingar eru aðilar að og snerta börn og ungmenni.

V. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst grunnskóla og hagsmunaaðila sem tengjast grunnskólum, þ.e. starfsfólk skóla, sveitarfélög og foreldra og nemendur.

Við undirbúning frumvarpsins var haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélag Íslands, Félag grunnskólakennara, Heimili og skóla og Samtök sjálfstæðra skóla. Drög að frumvarpinu voru kynnt sérstaklega framangreindum aðilum á samráðsfundum og þeim gefinn kostur á að bregðast við og koma með athugasemdir. Á vinnslustigi frumvarpsins var mest samráð haft við Samband íslenskra sveitarfélaga, enda rekstur grunnskóla lögbundið verkefni sveitarfélaga. Einnig var haft samráð við Reykjavíkurborg um tiltekin atriði. Þá voru drög að frumvarpinu kynnt sérstaklega í samráðsnefnd leik- og grunnskóla sem er skipuð fulltrúum frá öllum framangreindum aðilum auk fulltrúa frá hagsmunaaðilum leikskólastigsins. Eins var leitast við að nýta niðurstöður úr könnunum ráðuneytisins á innleiðingu grunnskólalaganna sem gáfu vísbendingar um óskir sveitarfélaga og grunnskóla um breytingar á lögum. Þá var stuðst við tillögur sem fram höfðu komið í tengslum við setningu reglugerða við gildandi grunnskólalög þess efnis að skýrari lagastoð þyrfti til setningar reglugerðar um ábyrgð nemenda, m.a. vegna útfærslu á skólareglum, aðgerðum gegn einelti og skilgreiningu á ábyrgð aðila skólasamfélagsins á jákvæðum skólabrag. Loks var haft samráð við velferðarráðuneytið vegna málefna fósturbarna og tillögu um að mennta- og menningarmálaráðuneytið setji reglugerð um ýmis atriði sem lúta að málefnum fósturbarna. Velferðarráðuneytinu er því kunnugt um þessi áform, en á sama tíma er unnið að endurskoðun á barnaverndarlögum og hefur í þeim efnum verið haft samráð við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Það er sameiginlegur skilningur fulltrúa beggja ráðuneyta að fjalla þurfi heildstætt um málefni fósturbarna við þessa endurskoðun til þess að tryggja sem best rétt þeirra til skólavistar.

VI. Mat á áhrifum.

Telja má að samþykkt frumvarpsins geti leitt til hagræðingar í rekstri sveitarfélaga. Er þar vísað til ákvæðis um að draga úr vali nemenda á unglingastigi niður í um fimmtung námsins en í gildandi lögum er ákvæði um val nemenda um allt að þriðjung námsins. Sveitarfélög hafa óskað eftir því að dregið verði úr þessu lögbundna vali og mun það væntanlega leiða til hagræðingar fyrir einstaka skóla og sveitarfélög. Einnig mun bráðabirgðaákvæði þess efnis að frestað er gildistöku á ákvæði um rétt grunnskólanemenda til að stunda samhliða einingabært nám í framhaldsskóla hafa einhver kostnaðaráhrif.

Lagabreytingarnar munu væntanlega að flestu öðru leyti ekki leiða til verulegra kostnaðaráhrifa en vakin er athygli á því að ráðuneytið mun sjá um skipan og starfrækslu sérstaks fagráðs sem ætlunin er að sé ráðgefandi vegna erfiðra eineltismála. Nánar verður mælt fyrir um starfsemi ráðsins í reglugerð. Ekki er gert ráð fyrir breyttum forsendum framlaga til grunnskóla sem reknir eru af öðrum aðilum en í frumvarpinu er þó nýmæli um að sveitarfélög geri þjónustusamninga við slíka skóla til ákveðins tíma og er í frumvarpinu ítarlega tilgreint um

efni slíkra samninga. Einnig eru nokkur ný ákvæði sem setja skal í reglugerð um viðurkenningu og starfsemi skólanna.

Ráðgert er að reglugerð um málefni er lúta að skólagöngu fósturbarna verði sett að undangengnu samráði við sveitarfélög og yfirvöld barnaverndarmála. Réttur fósturbarna til skólagöngu er skýr í gildandi grunnskólalögum en ýmis álitamál hafa komið upp er varða tilhögun skólagöngu, málsmeðferð og kostnaðarskiptingu sem ekki hefur tekist að leysa á viðunandi hátt.

Þótt ekki sé um viðamiklar breytingar á grunnskólalögum að ræða eða veruleg kostnaðaráhrif er það mat ráðuneytisins að verulegur ávinningur muni verða af þessum breytingum fyrir skólasamfélagið, bæði réttarstöðu nemenda, málsmeðferð og úrlausn ýmissa mála og svigrúm skóla og sveitarfélaga til útfærslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 5. gr. grunnskólalaga hvað varðar málefni fósturbarna. Í fyrsta lagi er lagt til að áður en barni verði ráðstafað í fóstur í öðru sveitarfélagi skuli barnaverndarnefnd kanna aðstæður og leggja mat á möguleika viðkomandi grunnskóla til að koma til móts við þarfir barnsins. Sérstaklega mun reyna á þetta ákvæði þegar barn fer á milli sveitarfélaga. Í þessu felst að barnaverndaryfirvöld í lögheimilissveitarfélagi skuli hafa samráð við skólanefnd í viðtökusveitarfélagi og skólastjóra þess grunnskóla sem fósturbarni er ætlað að sækja. Nokkuð hefur borið á því að börnum af höfuðborgarsvæðinu hafi verið ráðstafað í fóstur á landsbyggðinni án þess að skoðað hafi verið samhliða aðstaða og möguleikar í viðkomandi grunnskóla til að taka vel á móti viðkomandi fósturbörnum. Í samræmi við ákvæði 16. gr. grunnskólalaga um móttökuáætlanir er eðlilegt að í tilvikum fósturbarna sé gerð móttökuáætlun um skólavist barnsins. Eftir sem áður er það afdráttarlaust að lögheimilissveitarfélagi fósturforeldranna er skylt að sjá til þess að fósturbarnið njóti skólavistar í sveitarfélaginu á meðan það dvelur hjá fósturforeldrum.

Einnig er lögð til sú breyting að mennta- og menningarmálaráðherra sé heimilt að setja reglugerð um framkvæmd greinarinnar, einkum hvað varðar málefni fósturbarna. Meginástæða þess er viðvarandi ágreiningur um málefni fósturbarna sem eru vistuð tímabundið á einkaheimilum utan lögheimilissveitarfélags. Ágreiningurinn hefur einkum verið um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga vegna skólagöngu fósturbarnanna en einnig hafa komið upp mál sem tengjast málsmeðferð og faglegum þáttum hvað varðar skólagöngu barnsins og í sumum tilvikum hafa fósturbörn ekki fengið skólavist eða erfiðleikar hafa komið upp tilhögun skólavistar. Gert er ráð fyrir að mennta- og menningarmálaráðuneytið vinni að slíkri reglugerð í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur stjórnvöld, þ.m.t. velferðarráðuneytið vegna barnaverndarlaga og innleiðingar þeirra og innanríkisráðuneytið vegna mögulegrar aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að úrlausn þessara máls.

Félags- og tryggingarmálaráðherra hefur á 139. löggjafarþingi Alþingis mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum. Í 3. mgr. 40. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um breytingar á 75. gr. gildandi barnaverndarlaga þar sem kveðið er á um hver eigi að bera kostnað vegna skólagöngu barna sem eru í tímabundnu fóstri utan lögheimilissveitarfélags.

Af skýringum við 3. mgr. 40. gr. frumvarps félags- og tryggingamálaráðherra má ráða að ætlunin sé að lögfesta þá túlkun sem fram kemur í áliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins, útg. 9. nóvember 2009, um þann ágreining sem uppi hefur verið milli þeirra sveitar-

félaga sem í hlut eiga. Í álitinu kom fram að ákvæði laga um grunnskóla hefðu ekki að geyma bein fyrirmæli um það hvernig fari með kostnað vegna skólagöngu barns sem ráðstafað hefði verið tímabundið í fóstur í annað sveitarfélag án þess að eiga þar lögheimili. Um kostnað vegna slíkrar ráðstöfunar væri á hinn bóginn fjallað í 75. gr. barnaverndarlaga. Þegar virt væru ummæli í lögskýringargögnum er vörðuðu túlkun ákvæðisins yrðu ekki dregnar víðtækari ályktanir en svo að í kostnaði viðtökusveitarfélagsins fælist allur venjubundinn kostnaður sem hlýst af skólagöngu þessara barna, svo sem kostnaður vegna skóla og aksturs, en ekki kostnaður umfram það eins og kostnaður við sérfræðiþjónustu eða vegna annarra sérþarfa. Síðastnefndur kostnaður, sé hann fyrir hendi, mundi þá falla á það sveitarfélag sem ráðstafaði barni í fóstur sem er sama sveitarfélag og barn á lögheimili í. Af þessu leiddi einnig að gera yrði ráð fyrir því að ef upp kæmi ágreiningur um greiðslu kostnaðar vegna barns sem ráðstafað hefði verið tímabundið í fóstur heyrði það undir félags- og tryggingamálaráðuneytið að fjalla um slíkan ágreining, sbr. enn fremur 5. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, og 3. tölul. A-liðar 4. gr. reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands.

Að íhuguðu máli telur mennta- og menningarmálaráðuneytið að gjalda verði varhug við því að lögfesta þá túlkun sem fram kemur í álitinu. Ráðuneytinu er kunnugt um að málið er umdeilt meðal sveitarfélaga, einkum milli fjölmennra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og sveitarfélaga á landsbyggðinni hins vegar. Það eru einkum fyrrnefndu sveitarfélögin sem nýta sér það úrræði að ráðstafa börnum á skólaskyldualdri til tímabundins fósturs til síðarnefndu sveitarfélaganna. Að mati sveitarfélaga á landsbyggðinni felur sú túlkun sem kemur fram í álitinu og lagt er til að staðfest verði í frumvarpinu í sér íþyngjandi skyldur fyrir þessi sveitarfélög og að hagsmunir fósturbarna hafi ekki verið hafðir að leiðarljósi við álitsgjöf mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þá telja sömu sveitarfélög að breytingin fari gegn þeirri meginreglu að sveitarfélögum sé ekki skylt að veita íbúum annarra sveitarfélaga þjónustu að kostnaðarlausu. Að sama skapi hafa fjölmenn sveitarfélög lýst ánægju með álitið og framangreint frumvarpsákvæði, enda sjá þau fram á stórfelldan sparnað við skólagöngu barna sem ráðstafað er til tímabundins fósturs utan sveitarfélagsins.

Með þessa ólíku hagsmuni sveitarfélaga í huga telur mennta- og menningarmálaráðuneytið að lögfesting 3. mgr. 40. í frumvarpinu kunni að stefna í hættu þeim markmiðum sem fram koma í 3. mgr. 5. gr. grunnskólalaga um skýlausan rétt fósturbarna til skólavistar í lögheimilissveitarfélagi fósturforeldra. Ráðuneytið telur að fjalla þurfi um málið heildstætt, bæði í grunnskólalögum og barnaverndarlögum, í góðri sátt við öll sveitarfélög í landinu.

Ekki er lagt til að lagaákvæðum um málefni fósturbarna í grunnskólalögum verði breytt að öðru leyti en ráðuneytið telur að hægt sé að ná sátt um málið með setningu sérstakrar reglugerðar sem yrði unnin í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur stjórnvöld.

Um 2. gr.

Lagt er til að við 2. mgr. 8. gr. bætist þrír nýir málsliðir. Fyrsti málsliðurinn kveður á um að heimilt sé, með rökstuddri greinargerð, að sækja um tímabundna undanþágu til mennta- og menningarmálaráðuneytis frá ákvæði um að í skólum skuli vera starfrækt skólaráð en annar málsliðurinn kveður á um að í greinargerð þurfi að koma fram hvernig verkefnum skólaráðs verði sinnt. Í þriðja málslið kemur fram að gildar ástæður þurfi að vera fyrir veitingu undanþágu. Við gildistöku grunnskólalaga var lögfest að í öllum grunnskólum skyldu vera starfrækt skólaráð með níu fulltrúum sem sé mikilvægur samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Fram kemur í reglugerð um skólaráð nr. 1157/2008 að

skólastjóri stýri starfi skólaráðs og beri ábyrgð á stofnun þess en vinnulag og starfshættir skólaráðs skuli m.a. taka mið af stærð skóla, fjölda árganga og öðrum einkennum hans. Í könnun sem ráðuneytið gerði nýlega á innleiðingu grunnskólalaganna kom fram að skólaráð hefur verið stofnað í rúmlega 90% grunnskóla og nokkrir eru að undirbúa stofnun þess. Hins vegar komu fram athugasemdir og ábendingar frá nokkrum mjög fámennum skólum með færri en 20 nemendum og sérskólum þess efnis að erfitt og óraunhæft væri að fara eftir ýtrustu fyrirmælum laga og reglugerðar um skólaráð og töldu þeir æskilegt að hafa í lögum heimild til að sækja um undanþágu vegna fámennis eða sérstöðu. Því er lagt til að heimildarákvæði verði sett í grunnskólalögin um tímabundna undanþágu frá starfrækslu skólaráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi. Ráðuneytið leggi í hverju tilviki mat á umsóknir um undanþágu og tímalengd undanþágu og að öllu jöfnu skal miðað við að undanþága sé ekki veitt lengur en til fimm ára í senn. Ráðuneytið getur einnig heimilað aðra samsetningu skólaráðs í mjög fámennum skólum en mælt er fyrir í lögunum, t.d. með færri fulltrúum eða annars konar samráðsvettvangi.

Um 3. gr.

Á grundvelli markmiðsgreinar laga um grunnskóla hefur við undirbúning aðalnámskrárgerðar verið lögð áhersla á fimm grunnþætti menntunar: læsi í víðum skilningi, lýðræði, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf. Ljóst er að skólasöfn munu gegna mikilvægu hlutverki í þessu sambandi, einkum að því er varðar skilning á eðli upplýsinga og gagna sem nemendur þurfa að hafa greiðan aðgang að í námi sínu og tómstundum. Skólasöfn eru mikilvægur liður í því að skapa öflugt námssamfélag í hverjum skóla. Efni ákvæðisins tekur mið af 54. gr. eldri laga um grunnskóla, nr. 66/1995. Þó svo að ákvæðið hafi ekki verið tekið upp í gildandi lög hefur ekki verið litið svo á að í því fælist að skólasöfn skyldu aflögð í grunnskólum, enda er í starfsemi grunnskóla almennt gert ráð fyrir skólasöfnum og sérstöku starfsfólki með menntun á sviði bókasafna og upplýsingatækni, sbr. gildandi aðalnámskrá grunnskóla í upplýsinga- og tæknimennt og reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða nr. 657/2009. Ákvæðið gerir þannig ekki ráð fyrir því að lögð séu aukin verkefni á grunnskóla heldur frekar að skólasöfnum sé gefinn sá sess sem þeim ber að hafa í daglegu starfi grunnskóla. Með nýsigögnum er átt við ýmis kennslugögn önnur en bækur, svo sem hljóð- og myndefni og margmiðlunarefni hvers konar. Til annars safnkosts teljast t.d. náttúrugripir, gripir tengdir sögu og menningu, kort og ýmiss konar efni sem tengist einstökum námsgreinum og námssviðum samkvæmt aðalnámskrá.

Um 4. gr.

Lagt er til að gerðar séu tvær breytingar á 26. gr. laganna um val í námi. Annars vegar er um að ræða að dregið er úr lögbundnu vali nemenda á unglingastigi frá gildandi lögum. Einnig er lögð til sú breyting í sérstöku bráðabirgðaákvæði að réttur grunnskólanemenda til að stunda samhliða einingabært nám við framhaldsskóla er felldur tímabundið niður vegna aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum.

Með lögum nr. 98/2006, um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum, fólust auknar heimildir til valgreina. Eldri ákvæði náðu til nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla, en með lagabreytingunum 2006 náði ákvæðið einnig til nemenda í 8. bekk og var það í samræmi við stefnu um aukinn sveigjanleika náms nemenda í efri bekkjum grunnskóla. Þetta ákvæði hélst síðan óbreytt í gildandi lögum um grunnskóla. Hins vegar hefur þessi lagabreyting ekki komist til framkvæmda með breytingum á viðmiðunarstunda-

skrá sem birt er í aðalnámskrá grunnskóla en gildandi viðmiðunarstundaskrá er frá 2006. Lagabreyting um aukið val í 8. bekk grunnskóla hefur því almennt ekki komist til framkvæmda þótt sumir skólar hafi breytt skipulagi valgreina á unglingastigi í anda laganna. Lagt er til að ákvæði um valgreinar verði breytt á þann hátt að í stað þriðjungs námstímans í val á unglingastigi verði gert ráð fyrir vali í um fimmtung námstímans. Þrátt fyrir að dregið verði úr lögbundnu vali á unglingastigi með þessum hætti verður val áfram meira hér á landi en almennt gerist í löndum OECD, en víðast er val nemenda mjög takmarkað í skyldunámi. Áform eru um að auka bundið val innan námssviða í nýjum námskrám.

Ráðgert er að við endurskoðun á viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá grunnskóla verði miðað við framangreint fyrirkomulag. Skólum verði heimilt að skipuleggja val nemenda á unglingastigi þannig að hlutfall námstímans sé mismunandi eftir árgöngum, t.d. minna val í 8. bekk en í 9. og 10. bekk. Jafnframt er lagt til að ráðuneytið setji ákveðnar viðmiðanir í aðalnámskrá grunnskóla um val í námi, en þar er einkum átt við að í vali standi nemendum til boða fjölbreytt nám, bæði verklegt nám, listnám og bóklegt nám, og að ákveðin stígandi sé í náminu. Loks er skólum veitt sú heimild að binda megi val á unglingastigi að hluta á ákveðnum námssviðum. Þar er horft til þess að skólar geti skyldað nemendur til að velja bæði bóklegar greinar og list- og verkgreinar, en fram hafa komið ábendingar frá skólastjórum um að sumir nemendur velji sér eingöngu bóklegar námsgreinar í vali á unglingastigi. Rétt þykir að heimila skólastjórum að binda ákveðna breidd á námssviðum fyrir nemendur, ekki síst í ljósi áhersluþáttarins í 24. gr. laganna um jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms í grunnskóla.

Um 5. gr.

Lögð er til sú breyting við 28. gr. um starfstíma skóla að sveitarstjórnum sé heimilt að samræma tiltekna leyfisdaga innan skólaársins fyrir alla skóla í sveitarfélaginu, að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að grunnskólar skipuleggi sérstök vetrarleyfi nokkra daga á skólaárinu.. Fram hafa komið óskir um að ráðherra beiti sér fyrir samræmingu frídaga yfir skólaárið fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, m.a. til hagræðingar fyrir foreldra sem eiga börn á fleiri en einu skólastigi eða skólum sem þá gætu skipulagt samverustundir fjölskyldunnar með hliðsjón af skilgreindum frídögum á skólaárinu. Ekki er talið ráðlegt að setja tiltekna daga á skólaárinu sem lögbundna frídaga fyrir nemendur, en hingað til hafa vetrarleyfi ekki verið lögbundin og margir skólar og sveitarfélög hafa kosið að ljúka skólaárinu fyrr á vorin í staðinn. Þótt sveitarstjórnir hafi í raun það vald að samræma vetrarleyfi í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins er talið rétt að lögbinda þessa heimild, ekki síst til að undirstrika mikilvægi þess að hafa samstarf um slíkt við hagsmunaaðila. Þar er t.d. átt við skólaráð grunnskóla, foreldraráð leikskóla og skólameistara framhaldsskóla ef áhugi er á víðtæku samstarfi um leyfisdaga.

Um 6. gr.

Í 30. gr. gildandi laga er fjallað um skólareglur. Lagt er til að greinin verði orðuð með nýjum hætti og við hana bætt áhersluþáttum um skyldu allra aðila skólasamfélagsins til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og skólabrag. Greinin fái nýja yfirskrift sem endurspegli þá breytingu. Í 2. mgr. er tekið sérstaklega fram að skólastjórum og kennurum beri að eiga samráð við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Þá er tekið upp nýtt ákvæði þess efnis að allir grunnskólar skuli fylgja heildstæðri stefnu til að fyrirbyggja ofbeldi af öllu tagi, hvort sem um er að ræða líkamlegt, andlegt, kynferðislegt eða félagslegt

ofbeldi. Jafnframt eru grunnskólar skyldaðir til þess að gera áætlun um það hvernig rækt er tilkynningarskylda starfsfólks grunnskóla samkvæmt barnaverndarlögum og brugðist við ef upp koma tilvik um einelti, annað ofbeldi eða félagslega einangrun. Í því sambandi er vísað til greinargerðar starfshóps þriggja ráðuneyta með tillögum að aðgerðum gegn einelti í skólum og á vinnustöðum sem ríkisstjórnin samþykkti árið 2010 en þar er víða vikið að ábyrgð skóla hvað varðar forvarnir og aðgerðir gegn einelti. Í greinargerðinni segir m.a.: „Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 skulu nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska. Samkvæmt 14. gr. laganna ber nemendum að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin. Mennta- og menningarmálaráðuneytið skal mæla fyrir um útfærslu þessarar greinar í reglugerð. Í gildi er reglugerð um skólareglur frá árinu 2000 sem er í endurskoðun í ljósi nýrra laga. Lagt er til að við endurskoðunina verði sérstaklega tekið á meðferð eineltismála, sett ákvæði um forvarnarstarf skóla með markvissum hætti og viðeigandi viðbragðsáætlunum. Lagt er til að í reglugerðinni verði sett nýtt ákvæði um sérstakt fagráð sem hægt verði að vísa erfiðustu eineltismálunum til, sem ekki tekst að leysa á vettvangi viðkomandi skóla eða sveitarfélags. Með þessu móti er hægt að koma til móts við kröfur um markvissari umgjörð um meðferð eineltismála í grunnskólum. Við gerð reglugerðarinnar verði hagsmunir nemenda hafðir að leiðarljósi.“ Til þess að fagráðið hafi fullnægjandi lagastoð er tekið upp ákvæði um starfsemi þess í 4. mgr. Tekið er fram að ráðið verður stuðningsaðili við skólasamfélagið og er gert ráð fyrir að það verði skipað fagaðilum sem m.a. geti gefið ráð um viðbrögð við kynferðislegri áreitni komi slík tilvik upp í efri bekkjum grunnskóla eða öðru skólastarfi. Þá er bætt við reglugerðarheimild í 4. mgr. til þess að tryggja að útfæra megi ábyrgð og skyldur aðila í skólasamfélaginu samkvæmt þessari grein. Er ráð fyrir því gert að reglugerð samkvæmt þessari grein, þar sem m.a. verði fjallað nánar um hlutverk skólareglna, verði sett sameiginlega með reglugerð á grundvelli 14. gr. laganna sem mælir fyrir um ábyrgð nemenda.

Um 7. gr.

Lagt er til að við 5. mgr. 40. gr. laganna bætist heimild grunnskóla að sækja um tímabundna undanþágu frá ákvæði um nemendaverndarráð til mennta- og menningarmálaráðuneytis en að gildar ástæður þurfi að vera fyrir undanþágu, svo sem ef skóli er mjög fámennur eða hlutverk nemendaverndarráðs leyst með öðrum skilgreindum hætti. Við gildistöku grunnskólalaga var lögfest að í öllum grunnskólum skyldu vera starfrækt nemendaverndarráð og var nánar kveðið á um starfsemi nemendaverndarráða í reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010. Samkvæmt reglugerðinni er hlutverk nemendaverndarráðs að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og skal það vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Í könnun sem ráðuneytið gerði nýlega á innleiðingu grunnskólalaganna kom fram að nemendaverndarráð er starfrækt í langflestum grunnskólum. Hins vegar komu fram sambærilegar athugasemdir og ábendingar frá nokkrum mjög fámennum skólum og varðandi skólaráðin og eru því rökin sambærileg um þessa breytingu, sbr. 2. gr. frumvarps þessa.

Um 8. gr.

Lagðar eru til allmiklar breytingar á lagaumhverfi grunnskóla sem reknir eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum. Áfram er gert ráð fyrir að aðrir aðilar en sveitarfélög geti rekið grunnskóla og að mennta- og menningarmálaráðuneytið sjái um að viðurkenna slíka skóla. Lagt er til að sett séu lagaákvæði þess efnis að sveitarfélög skuli gera þjónustusamninga við grunnskóla sem falla undir þessa grein til allt að sjö ára í senn með ákvæðum um möguleika á endurskoðun og að grunnskóli með viðurkenningu ráðuneytisins eigi rétt á því að sveitarstjórn geri við hann þjónustusamning. Í gildandi lögum er ekki vikið að þjónustusamningum sveitarfélaga við skóla sem reknir eru af öðrum aðilum, en í reglugerð sem sett hefur verið er heimildarákvæði þess efnis að sveitarstjórnir geri þjónustusamninga við ábyrgðaraðila skólans, enda hefur verið kallað eftir skýrari ramma um starfsemi þessara skóla. Hér er því verið að setja sérstaka lagastoð fyrir gerð þjónustusamninga og tilgreint að ekki sé heimilt að gera slíka samninga til lengri tíma en sjö ára í senn. Í samningi skulu koma fram atriði er varða áherslur í starfsemi skólans, mat og eftirlit með gæðum, fjárhagsleg samskipti og atriði sem varða gildi samnings, þar á meðal um reynslutíma. Þá skal í samningi tekin afstaða til þess hvort rekstraraðili hafi heimild til gjaldtöku af foreldrum, og að hvaða marki heimildin tekur til kennslu og skólamáltíða. Gert er ráð fyrir að gjaldtökuheimildir samkvæmt samningi fari eftir því hversu hátt framlag kemur frá sveitarfélaginu til reksturs skólans. Enn fremur skal gengið frá fyrirkomulagi sérfræðiþjónustu og skólaaksturs eftir því sem við á.

Gerð er sú breyting að ítarlegri ákvæði eru sett um atriði sem taka þarf tillit til í reglugerð sem ráðherra setur um framkvæmd þessarar greinar. Í reglugerð skal m.a. kveðið nánar á um skilyrði fyrir viðurkenningu, hvernig staðið verði að veitingu hennar, form og efni þjónustusamninga, þ.m.t. meðferð rekstrarafgangs af starfsemi skólans, upplýsingagjöf til sveitarfélaga og ráðuneytis, eftirlit með starfsemi, afturköllun viðurkenningar og uppsögn þjónustusamnings. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið móti í reglugerð viðmið um meðferð rekstraraðila á mögulegum rekstrarafgangi af starfsemi skólans. Loks eru sett ákvæði þess efnis að fjalla á um mögulega uppsögn á þjónustusamningi sveitarfélaga við skólana, en engin heimild hefur verið í gildandi lögum um slíkt, einungis afturköllun ráðuneytisins á viðurkenningu vegna vanefnda. Er þetta sett til að veita sveitarfélögum svigrúm innan ramma laganna.

Um 9. gr.

Lagt er til að ráðherra bæti við ákvæðum í reglugerð um viðurkenningu grunnskóla samkvæmt þessari grein. Þar verði m.a. ákvæði um málsmeðferð gagnvart viðurkenningu skóla sem starfa eftir viðurkenndri erlendri námskrá, eftirlitshlutverk stjórnvalda, kröfur til þeirra sem sjá um kennslu og möguleika á afturköllun leyfis eða takmörkun.

Um 10. gr.

Í samræmi við nýlega samþykkt ríkisstjórnar og undirbúning nýrra laga og reglugerðar um Stjórnarráð Íslands er hér lagt til að heiti mennta- og menningarmálaráðherra sem og heiti mennta- og menningarmálaráðuneytisins verði fellt brott í lögunum. Eftir standi aðeins ráðherra og ráðuneyti.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í gildandi lögum er gengið út frá því að grunnskólar og framhaldsskólar semji sín á milli um framkvæmd og fyrirkomulag á rétti grunnskólanemenda til að stunda samhliða einingabært nám við framhaldsskóla. Hefur verið gert ráð fyrir að um kostnað vegna kennslu á framhaldsskólastigi færi þá eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla. Vegna niðurskurðar í kjölfar bankahrunsins hafa framhaldsskólar verulega minni möguleika en áður til þess að veita grunnskólanemendum slíka þjónustu. Vegna skerðingar á fjárveitingum reynir á forgangsröðun verkefna og hafa margir framhaldsskólar ekki talið sér fært að gera samninga við hlutaðeigandi grunnskóla í núverandi efnahagsástandi. Sú ákvörðun hefur verið gagnrýnd, ekki síst af sveitarfélögumm og grunnskólum, sem lögum samkvæmt eiga að tryggja nemendum þennan rétt. Einnig hafa foreldrar gagnrýnt þessa skerðingu. Ekki er fyrirsjáanlegt að framhaldsskólar fái á næstunni sérstakar fjárheimildir til að koma til móts við þann rétt grunnskólanemenda sem skilgreindur er í lögunum. Því er lagt til að grunn- og framhaldsskólar fái frest til þess að gera samninga sín á milli með sérstöku bráðabirgðaákvæði í lögunum. Frestur inn er veittur til 1. ágúst 2013 en hér er um mikilsverðan rétt nemenda að ræða í samræmi við menntastefnu sem fram kemur í lögunum sem ekki er talin ástæða til að fella úr gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að styrkja skólasamfélagið með því að bæta réttarstöðu nemenda, málsmeðferð og úrlausn ýmissa mála er varða svigrúm skóla og sveitarfélaga til útfærslu á lögbundinni skyldu sinni gagnvart grunnskólanemum, forráðamönnum þeirra og aðilum er starfrækja sjálfstætt starfandi skóla. Þá er frumvarpinu ætlað að gefa mennta- og menningarmálaráðuneytinu skýrari lagastoð til að útfæra tiltekin atriði laganna nánar í reglugerðum

Hér á eftir verður fjallað um þær meginbreytingar sem frumvarpið felur í sér frá núgildandi grunnskólalögum og þær sem gætu haft áhrif á útgjöld ríkisins: Í fyrsta lagi er lagt til að val nemenda í námi á unglingastigi verði allt að fimmtungur af námstíma í 8.–10. bekk en í gildandi lögum er valið þriðjungur. Jafnframt fá skólar heimild til að hafa valið mismunandi eftir árgöngum á unglingastigi og að binda valið að hluta í bóklegt nám og nám í list- og verkgreinum.

Í öðru lagi eru lagðar til nokkrar breytingar á lagaumhverfi sjálfstætt rekinna grunnskóla. Kveðið er á um að sveitarfélög skuli gera þjónustusamninga við slíka skóla til allt að sjö ára í senn með endurskoðunarákvæðum. Einnig eru sett ítarlegri ákvæði um inntak reglugerðar um framkvæmdina. Grunnskóli með viðurkenningu ráðuneytisins á rétt á því að sveitarstjórn geri við hann þjónustusamning um framkvæmd lögskyldra verkefna að því tilskildu að sveitarfélagið hafi samþykkt stofnun skólans.

Í þriðja lagi er bætt við ákvæðum um skyldu skóla til að móta heildstæða stefnu til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi. Þar er m.a. átt við ein-

elti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Sett er ákvæði um sérstakt fagráð á vegum ráðuneytisins í eineltismálum sem útfært verði í reglugerð.

Í fjórða lagi er lagt til að samræmingarhlutverk mennta- og menningarmálaráðuneytis verði styrkt með því að ráðuneytið gefi út stjórnvaldsfyrirmæli varðandi skólagöngu fósturbarna. Þá er lagt til að ráðuneytið fái ótvíræða heimild til þess að fjalla um ábyrgð aðila að skólasamfélaginu á því að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag. Sérstaklega er þar vikið að því hvernig brugðist skuli við tilvikum um einelti, annað ofbeldi eða félagslega einangrun. Að auki er kveðið á um að áður en barni er ráðstafað í fóstur skuli barnaverndarnefnd kanna aðstæður og leggja mat á möguleika viðkomandi grunnskóla til að koma til móts við þarfir barnsins.

Í fimmta lagi er sett bráðabirgðaákvæði sem frestar gildistöku á rétti grunnskólanemenda til að stunda samhliða einingabært nám í framhaldsskóla. Eftir sem áður er heimild fyrir slíku fyrirkomulagi fyrir hendi og grunnskólar munu í einhverjum mæli útvega nemendum sínum námsefni og kennslu sem skilgreina má á framhaldsskólastigi þar sem viðkomandi nemendur hafa lokið skilgreindu námi samkvæmt námskrám.

Frumvarpið snertir sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila grunnskólanna fremur en ríkissjóð. Breytingarnar ættu að geta falið í sér hagræðingarmöguleika fyrir sveitarfélög enda er rekstur grunnskóla lögbundið hlutverk þeirra. Breytingar frumvarpsins er varða ríkið og útgjöld þess eru annars vegar stofnun fagráðs vegna eineltis en gera má ráð fyrir að þau verði minni háttar og rúmist innan núverandi fjárheimilda ráðuneytisins. Framlög til framhaldsskóla vegna kennslu grunnskólanema voru lögð af vegna hagræðingarkröfu til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Þegar þetta ákvæði verður virkjað aftur 1. ágúst 2013 og grunnskólanemendur fara að stunda samhliða einingabært nám í framhaldsskóla gæti komið krafa um aukin framlög til framhaldsskóla vegna fjarkennslu. Fjöldi slíkra nemenda er óviss og því ekki forsendur til að meta fjárhæðir í þessu sambandi.

Lögfesting frumvarpsins mun því hafa óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóð á yfirstandandi ári og því næsta.

1291. Breytingartillögur [377. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

Frá Helga Hjörvar.

1. Við a-lið 1. gr. (33. gr. a):
   a. Í stað orðanna „samþykki allra eigenda“ í 1. mgr. komi: samþykki ⅔ hluta eigenda.
   b. Í stað orðanna „samþykki allra“ í 2. mgr. komi: samþykki ⅔ hluta eigenda.
   c. Á eftir 5. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Liggi fyrir samþykki um hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi í samræmi við grein þessa en eigandi eða einhver í hans fjölskyldu er með ofnæmi fyrir hundum eða köttum á svo háu stigi að sambýlið við leiðsögu- eða hjálparhund sé óbærilegt og læknisfræðileg gögn staðfesta það skal kærunefnd húsamála leita lausna að fengnu áliti ofnæmislækna og sérfræðinga á öðrum sviðum ef því er að skipta.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 41. gr. laganna:
   a. 13. tölul. A-liðar fellur brott.
   b. Við B-lið bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Um hvort halda megi hunda og/eða ketti í húsinu, sbr. 33. gr. a.

1292. Breytingartillaga [13. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá Helga Hjörvar.

1. gr. orðist svo:
3. mgr. 13. gr., 19. gr., 22. gr., 1.–3. mgr. 24. gr., 26. gr. og 71. gr. laganna falla brott.

1293. Nefndarálit [570. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Fjárlaganefnd hefur farið yfir frumvarpið og fengið á sinn fund Lúðvík Guðjónsson og Viðar Helgason frá fjármálaráðuneyti og Svein Arason, Lárus Ögmundsson, Jón L. Björnsson og Inga K. Magnússon frá Ríkisendurskoðun.

Ákvæði um lokafjárlög er að finna í 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Þar segir að með ríkisreikningi, sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr. laganna, skuli fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skuli leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skuli leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt sé að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skuli gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Í 44. gr. laganna kemur fram að ef leita þurfi heimilda fyrir fjárráðstöfunum af því tagi sem fjallað er um í greininni og grípa þarf til eftir samþykki fjáraukalaga skuli þeirra leitað í lokafjárlögum. Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana skuli jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Ákvæðið felur í sér í reynd að litið er á lokafjárlögin sem eins konar síðbúin fjáraukalög.

Frumvarpið er eins og tíðkast hefur í þremur greinum.

Í 1. gr. frumvarpsins eru tilgreindar þær breytingar sem verða á fjárheimildum árið 2009 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga. Á rekstrargrunni nema þær 1.096,9 millj. kr.

Í 2. gr. er birt yfirlit yfir afgangsheimildir og umframgjöld í árslok sem falla niður og flytjast því ekki yfir á næsta ár. Á rekstrargrunni er um að ræða 6.422,7 millj. kr. lækkun.

Í 3. gr. frumvarpsins segir að lögin öðlist þegar gildi og sé ríkisreikningur fyrir árið 2009 þar með staðfestur í samræmi við 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

Eftirfarandi tafla sýnir uppruna fjárheimilda og stöðu þeirra í árslok:

Rekstrargrunnur, millj. kr.	
Flutt frá fyrra ári	21.245,6
Fjárlög	555.640,9
Fjáraukalög	12.979,1
Millifærslur	0,0
Lokafjárlög	1.096,9
Fjárheimildir samtals	590.962,5
Staða samkvæmt ríkisreikningi	578.781,6
Staða í lok árs	12.180,9

Í töflunni kemur fram að fjárheimildir til ráðstöfunar á árinu 2009 voru 590.962,5 millj. kr. Útgjöld samkvæmt ríkisreikningi námu 578.781,6 millj. kr. og staða fjárheimilda í árslok var því jákvæð um 12.180,9 millj. kr.

Meiri hluti fjárlaganefndar gagnrýnir hversu seint ríkisreikningur fyrir árið 2009 er lagður fram en hann var lagður fram í júní 2010. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um reikninginn var ekki lögð fram fyrr en í desember, eða um hálfu ári eftir að reikningurinn var lagður fram, og frumvarp til lokafjárlaga ekki fyrr en í mars 2011. Í 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins er tekið fram að með ríkisreikningi skuli fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Ýmsar tæknilegar ástæður eru m.a. fyrir því að þetta hefur ekki gengið eftir, svo sem uppgjör á mörkuðum tekjustofnum. Einnig má nefna í þessu sambandi að sömu aðilar vinna frumvarp til lokafjárlaga og vinna að frumvarpi til fjárlaga. Vegna vinnuálags við þessi tvö umfangsmiklu verkefni er vinnuálag á starfsfólk það mikið að erfiðleikum veldur að skila báðum verkum á tilsettum tíma. Meiri hlutinn leggur áherslu á að fundin verði lausn á þessum málum þannig að hér eftir verði frumvarp til lokafjárlaga lagt fram samhliða ríkisreikningi.

Á undanförnum árum hefur ekki verið fullt samræmi á milli höfuðstóls fjárlagaliða eins og hann er sýndur í ríkisreikningi og stöðu yfirfærðra fjárheimilda samkvæmt lokafjárlögum eins og ætti að vera. Mismunur fyrir árið 2009 er 2,7 milljarðar kr. og liggur hann aðallega í útgjöldum til lífeyristrygginga. Þá má benda á að engar upplýsingar eru veittar um stöðu bundins eigin fjár í frumvarpi til lokafjárlaga en þær eru nauðsynlegar til að meta stöðu stofnana gagnvart fjárheimildum. Nauðsynlegt er að vinna lokafjárlög og ríkisreikning samhliða þannig að niðurstöður séu samhljóða.

Í lögum um fjárreiður ríkisins er hvergi vikið að því hvort eða hvernig skuli breyta fjárheimildum stofnana í þeim tilvikum sem ríkistekjur eru færðar hjá þeim. Um er að ræða markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur stofnana sem falla til á árinu og eru í reynd aðrar en áætlað var í fjárlögum og fjáraukalögum ársins. Þess í stað hefur sú venja skapast að breyta fjárheimildum með lokafjárlögum til samræmis. Stofnanir njóta þess þá í auknum fjárheimildum ef slíkar tekjur reynast hærri en áætlað hafði verið og öfugt. Ríkisendurskoðun hefur fjallað um þetta og telur afar óheppilegt að ekki skuli kveðið á um það í fjárreiðulögunum með hvaða hætti fjárheimildum skuli breytt reynist þessar tekjur stofnana aðrar en fjárlög og fjáraukalög gerðu ráð fyrir. Undir þá gagnrýni tekur meiri hlutinn. Núverandi skipan mála þýðir að formleg fjárheimild er ekki veitt fyrr en eftir að viðkomandi fjárlagaár er liðið og

þá er oftast búið að stofna til útgjalda í samræmi við væntingar um fjárheimildir sem þó hafa ekki verið samþykktar formlega af Alþingi. Þessi framsetning hefur m.a. leitt til þess að útgjaldastýring hjá hlutaðeigandi stofnunum hefur reynst torveldari en hjá þeim sem ekki hafa slíkar tekjur. Við mat á árangri þessara stofnana gagnvart fjárlögum er oftar en ekki litið til afkomu þeirra frekar en að bera saman útgjöld samkvæmt fjárlögum og reikningi. Þá er verulegt ósamræmi í því hvaða stofnanir eru fjármagnaðar með mörkuðum tekjum og hverjar ekki. Á þessu þarf að skerpa með stefnumótun.

Meginreglan hefur verið sú að afgangsheimildum og umframgjöldum í rekstri stofnana er ráðstafað til næsta árs. Sama gildir um heimildir til fjárfestingar þegar framkvæmdum er ólokið. Fjárheimildir á liðum fyrir tilfærsluframlög, t.d. framlög til almannatrygginga, falla hins vegar almennt niður í árslok enda eru þau útgjöld í flestum tilvikum lög- eða samningsbundin og verður ekki stýrt nema með breytingum þar á. Sama gildir um fjárlagaliði þar sem útgjöldin ráðast af hagrænum eða reikningshaldslegum þáttum og lúta ekki fjármálastjórn tiltekins stjórnsýsluaðila, svo sem lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna. Heimildir falla einnig niður ef verkefni er lokið, ef verulega hefur verið dregið úr þjónustu frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, eða ef sýnt þykir að kostnaður við verkefni hafi verið ofmetinn í fjárlögum. Einnig er miðað við að niður falli afgangsheimildir í almennum stofnanarekstri og öðrum reglubundnum rekstrarverkefnum sem eru umfram 10% af fjárlagaveltu viðkomandi verkefna nema sérstakar ástæður og skýringar liggi fyrir að mati fjármálaráðuneytis og að höfðu samráði við fagráðuneyti.

Ríkisendurskoðun hefur bent á að flutning fjárheimilda á milli ára þurfi að lögfesta og að afnema eigi sjálfvirkan flutning á heimildum. Meiri hlutinn tekur undir þetta og leggur einnig á það áherslu að reglur um flutning fjárheimilda yfir áramót verði hluti af reglugerð um framkvæmd fjárlaga þannig að aðilar viti hvernig tekið verði á þessum málum til framtíðar.

Meiri hlutinn tekur einnig undir gagnrýni Ríkisendurskoðunar um að óheppilegt sé að samþykkja breytingar á ónýttum fjárheimildum stofnana eftir á. Almenna reglan ætti að vera sú, svo lengi sem fjárheimildastaða er flutt milli ára, að ávallt sé fyrirsjáanlegt hvaða afgangsheimildir flytjist til næsta fjárlagaárs og hvaða umframútgjöld skerði fjárheimildir næsta árs.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við að í ríkisreikningi skortir á að skuldbindinga sé getið. Um er að ræða skuldbindingar vegna yfirtöku Arion banka hf. á innstæðum í SPRON hf. Ekki var getið um þessar skuldbindingar í ríkisreikningi fyrir árið 2009 og telur Ríkisendurskoðun það ámælisvert. Fjármálaráðuneytið hefur gefið skýringar á þessu sem byggjast á því að þar sem ríkissjóður hefur með almennri yfirlýsingu lýst því yfir að hann ábyrgist allar innstæður í íslenskum bönkum, og þar með talið þessar, hefði það verið álitamál hvort sérstaklega skyldi tiltaka ábyrgð á þessum innstæðum í skýringum með ríkisreikningi en ekki ábyrgð á öðrum innstæðum á grundvelli neyðarlaganna.

Það er álit meiri hlutans að mikilvægt sé að í skýringum með ríkisreikningi verði allra skuldbindinga getið sem leitt gætu til útgjaldaaukningar ríkisins. Þó að aðstæður hafi verið og séu vissulega enn um margt óvenjulegar vegna aðgerða á grundvelli neyðarlaganna og sérstakra aðstæðna í efnahagslífinu er nauðsynlegt nú sem áður að gegnsæi sé um stöðu ríkisfjármála og mikilvægt að allar skuldbindingar séu skráðar og eftirlit með þeim virkt.

Eðlilegar kröfur eru gerðar um skýr og gegnsæ vinnubrögð við stjórn ríkisfjármála sem og annars staðar í opinberri stjórnsýslu. Til að mæta þeim er nauðsynlegt að setja fram skriflegar reglur og leiðbeiningar um ýmis mál er snúa að framkvæmd fjárlaga og reikningshaldi. Ríkisreikningsnefnd vinnur nú að endurskoðun verklagsreglna er varða bundið eigið fé,

annað eigið fé, markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur stofnana. Einnig er unnið að samræmi við framkvæmd flutnings fjárheimilda á milli ára. Meiri hlutinn fagnar þessu og hefur óskað eftir því að fá að fylgjast með störfum nefndarinnar sem hyggst leggja fram tillögur og áætlanir varðandi þessi atriði fyrir árslok 2011.

Meiri hlutinn bendir á að vinnubrögð við framkvæmd fjárlaga, þar með talið uppgjör og reikningsskil, hafa verið ámælisverð árum saman og gerir kröfur um breytingar. Tekin verði ákveðin skref í þá átt að bæta verklag þannig að tryggt verði að helstu annmarkar við framkvæmdina fram að þessu verði leystir áður en ríkisreikningur ársins 2010 verður lagður fram til staðfestingar með frumvarpi til lokafjárlaga.

Fjárlaganefnd mun skila skýrslu til Alþingis um skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings árið 2009. Nefndin mun setja þar fram athugasemdir og ábendingar um verklag og verkferla er varða framkvæmd fjárlaga og fjalla um helstu athugasemdir Ríkisendurskoðunar við reikninginn.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt** og ríkisreikningur fyrir árið 2009 þar með staðfestur.

Alþingi, 12. apríl 2011.

Oddný G. Harðardóttir, form., frsm.	Björn Valur Gíslason.	Björgvin G. Sigurðsson.
Þuríður Backman.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Ásmundur Einar Daðason.

1294. Svar [615. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur um gagnasafn Ríkisútvarpsins ohf.

Fyrirspurnin var send Ríkisútvarpinu ohf. og byggir ráðuneytið svar sitt á svari þess.

1. *Hvernig er varðveislu gagnasafns RÚV háttað með tilliti til sjónvarpsefnis, útvarpsefnis og efnis á heimasíðu RÚV?*

Öll útsend dagskrá, þ.e. dagskrá rásar 1, rásar 2 og sjónvarpsins er varðveitt til frambúðar og afhent Kvikmyndasafni Íslands skv. 10. gr. laga um skylduskil til safna. Upplýsingar um dagskrána eru skráðar í gagnagrunn. Efni á heimasíðu RÚV er vistað í fjóra mánuði en unnið er að lausn til að vista efni á vefnum til frambúðar. Nánast allt efni sem þar er birt hefur áður verið frumflutt í hljóðvarpi eða sjónvarpi og er jafnframt geymt á því formi í safni Ríkisútvarpsins. Eldra efni Ríkisútvarpsins er enn sem komið er mest allt á hliðrænu formi, en afar kostnaðarsamt er að færa eldra efni RÚV á stafrænt form. Nýrra efni sem hefur verið framleitt með stafrænum hætti er jafnframt geymt með þeim hætti.

2. *Hversu lengi er efni RÚV geymt?*

Vísað er til svars við 1. tölul.

3. *Hver er réttur almennings til aðgangs að gagnasafninu og hvernig er þeim aðgangi háttað?*

Safn Ríkisútvarpsins er öllum opið. Hægt er að leita í gagnagrunnum og skoða og hlusta á dagskrárefni í húsi Ríkisútvarpsins í Reykjavík.

4. *Er aðgangur almennings að gagnasafni RÚV endurgjaldslaus? Ef ekki, á grundvelli hvaða laga fer gjaldtaka fram?*

Framangreindur aðgangur almennings að safni RÚV er endurgjaldslaus.

1295. Svar [612. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um bólusetningar ungbarna gegn pneumókokkum.

1. *Hvenær má vænta þess að hafnar verði bólusetningar ungbarna gegn pneumókokkum, sem m.a. valda eyrnabólgum?*

Útboð á bóluefnum gegn pneumókokkum til bólusetningar ungbarna fór fram árið 2010 og var áformað að hefja almenna bólusetningu hér á landi 1. apríl 2011. Vegna kæru annars bjóðanda vegna niðurstöðu útboðsins reyndist hins vegar nauðsynlegt að bjóða bóluefnin út að nýju og er talið að sú kæra geti tafið innleiðingu bólusetningarinnar um a.m.k. þrjá mánuði. Vonast er því til að almenn bólusetning geti hafist um mitt ár 2011 en nú er til skoðunar hvort unnt verði að hefja bólusetninguna nú þegar í apríl eins og áformað var með því að kaupa einstaka skammta af bóluefninu án útboðs þar til almenna bólusetningin getur hafist.

2. *Stendur til að bólusetja öll börn þriggja ára og yngri gegn pneumókokkasýkingum til að ná fyrr fram svokölluðum jákvæðum hjarðáhrifum og til að gæta jafnræðis meðal ungbarna, en nú þegar óska margir foreldrar eftir bólusetningunni á eigin kostnað? Ef svo er ekki, hvers vegna?*

Sé miðað við heildsöluverð bóluefnanna hér á landi gæti árlegur kostnaður við bólusetningu barna á fyrsta ári numið um 130–140 millj. kr. með virðisaukaskatti. Hins vegar er vonast til að með útboði fáist hagstæðara verð sem yrði í samræmi við þá fjárveitingu sem Alþingi hefur úthlutað til verkefnisins.

Verði öll börn þriggja ára og yngri einnig bólusett mun kostnaðurinn meira en tvöfaldast og því verður ekki unnt að bjóða öllum þessum börnum bólusetningu nema að því gefnu að fjárveiting til verkefnisins aukist. Mikilvægast er hins vegar að bólusetja börnin á fyrsta aldursári.

Bólusetning barna á fyrsta aldursári hófst í Noregi á árinu 2006. Rúmu ári síðar kom í ljós að hjarðáhrif bólusetningarinnar hjá öllum börnum yngri en fimm ára (flest óbólusett) voru umtalsverð og má ætla að hjarðáhrif hér á landi muni einnig koma fljótt í ljós við þá bólusetningu sem hér er áformuð.

3. *Hefur verið reiknað út hve hagkvæm slík hjarðáhrif gætu verið?*

Miðað við reynslu Norðmanna má búast við að tveimur árum eftir að bólusetningin hefst hér á landi hjá börnum á fyrsta ári muni alvarlegum árlegum pneumókokkasýkingum fækka

um 42% hjá einstaklingum á öllum aldri (20–25 einstaklingar alls) og þar af um 70–90% hjá börnum yngri en fimm ára (7–10 ára börn).

4. *Telur ráðherra að flýta þurfi bólusetningunni vegna aðstæðna hér á landi, svo sem alvarlegs sýklalyfjaónæmis sem einkum er á höfuðborgarsvæðinu?*

Meginmarkmið þessarar bólusetningar er að draga úr sjúkdómum af völdum pneumókokka. Með þeim hætti er vonast til að sýkingum af völdum ónæmra sem næmra pneumókokka fækki. Áhrif bólusetningar gegn pneumókokkum á útbreiðslu sýklalyfjaónæmis eru hins vegar óljós. Ástæðan fyrir því að brýnt er að hefja bólusetninguna er því fyrst og fremst að draga úr sjúkdómum af völdum pneumókokka.

5. *Hve mörgum börnum hefur á liðnu ári þurft að gefa stærstu skammta breiðvirkra sýklalyfja sem völ er á í inntökuformi og hve mörg börn hafa verið lögð inn á spítala til sýklalyfjameðferðar í æð eða vöðva með sterkustu lyfjum sem völ er á til meðferðar á slæmum eyrnabólgum þar sem önnur lyf hafa ekki virkað?*

Samkvæmt rannsókn Hildigunnar Úlfsdóttur og félaga á Landspítala ræktuðust penicillin-ónæmir pneumókokkar á sýklafræðideild spítalans frá miðeyrum 90 einstaklinga á árinu 2007.

Talið er að um 18% barna sem greindust með miðeyrnabólgu á Landspítala á árinu 2007 hafi fengið háskammtasýklalyf um munn og 19% barnanna fengu sýklalyf í æð eða vöðva. Upplýsingar frá öðrum stöðum á landinu eru ekki tiltækar.

6. *Telur ráðherra að mikil notkun sýklalyfja við eyrnabólgum ungbarna á Íslandi tengist verklagi í heilsugæslunni og miklu álagi á vaktþjónustuna og barnalæknavaktina vegna undirmönnunar lækna í heilsugæslunni?*

Það er ósannað að börn fái frekar ávísað sýklalyfjum utan dagvinnutíma heldur en á dagtíma, enda sjá sömu læknar börn á daginn og utan dagvinnutíma. Það eru engin skynsamleg rök fyrir því að læknar fylgi klínískum leiðbeiningum einungis á daginn en ekki utan dagvinnutíma. Gjöf sýklalyfja við sýkingum er alltaf háð mati læknis og þau gefin í samráði við foreldra.

7. *Verður haft samráð við heilsugæsluna við undirbúning bólusetninganna og verður hafið kynningar- og fræðsluátak fyrir lækna og foreldra um skynsamlega og markvissa notkun sýklalyfja samfara góðu hjarðónæmi barna gegn pneumókokkum þegar bólusetningarnar hefjast?*

Allar bólusetningar hér á landi eru gerðar í góðu samráði við heilsugæsluna sem sér um framkvæmd þeirra.

Á undanförnum árum hefur mikil fræðsla verið í gangi meðal lækna og læknanema um skynsamlega notkun sýklalyfja við meðhöndlun miðeyrnabólgu. Benda má á að landlæknisembættið hefur staðið að gerð klínískra leiðbeininga um meðhöndlun miðeyrnabólgu sem gefnar voru út á árinu 2009.

Fræðsla fyrir almenning um skynsamlega og markvissa notkun sýklalyfja hefur einnig verið hér á landi til margra ára og verður henni haldið áfram.

1296. Frumvarp til laga [198. mál]

um fjölmiðla.

(Eftir 2. umr., 11. apríl.)

I. KAFLI
Markmið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi. Markmið laganna er jafnframt að koma á samræmdri löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar óháð því miðlunarformi sem er notað.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

1. *Aðgangskassi* er tæki sem er ætlað að taka á móti og vinna úr öllum þáttum stafrænna útsendinga og senda til sjónvarpstækja, þar á meðal þegar við á að veita aðgang að hljóð- og myndmiðlunarefni sem einungis er aðgengilegt gegn endurgjaldi.
2. *Auglýsing* er viðskiptaboð sem í felst hvers konar tilkynning sem er miðlað gegn endurgjaldi eða í þágu fjölmiðlaveitu og felur í sér kynningu á ímynd, vöru eða þjónustu.
3. *Ábyrgðarmaður* er einstaklingur sem fer með yfirstjórn fjölmiðlaveitu. Ef fjölmiðlaveita er einstaklingur telst sá einstaklingur sjálfkrafa ábyrgðarmaður.
4. *Dagskrá* er heildarsamsetning dagskrárliða.
5. *Dagskrárliður* er safn hljóðskráa og/eða hreyfimynda sem mynda stakan lið innan áætlunar eða dagskrár sem fjölmiðlaveita setur saman og er að formi og efni til sambærilegt hljóðvarpi eða sjónvarpsútsendingu.
6. *Dulin viðskiptaboð* eru kynning í máli eða myndum á vörum, þjónustu, heiti, vörumerki eða starfsemi aðila sem framleiðir vöru eða veitir þjónustu í dagskrárliðum þegar slík kynning er til þess ætluð af hálfu fjölmiðlaveitu að þjóna auglýsingamarkmiðum og gæti villt um fyrir neytendum að því er eðli hennar varðar.
7. *Efnisstjóri* er starfsmaður fjölmiðlaveitu sem ber ábyrgð á efnisvali hverju sinni og ákvarðar hvernig það skuli skipulagt, t.d. ritstjóri, dagskrárstjóri, fréttastjóri og aðrir sambærilegir stjórnendur.
8. *Erlent endurvarp* er hljóðvarps- eða sjónvarpsútsending frá erlendri fjölmiðlaveitu sem er móttekin af innlendri fjölmiðlaveitu og hún endurvarpar til notenda hér á landi um þráð eða þráðlaust.
9. *Evrópskt efni* er það hljóð- og myndmiðlunarefni sem fellur undir n-lið 1. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunar Evrópusambandsins 89/552/EB, með síðari breytingum.
10. *Fjarskiptafyrirtæki* er einstaklingur eða lögaðili sem hefur tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.
11. *Fjarskiptanet* er sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, raf-

dreifikerfi og háspennulínum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og myndmiðlun.

12. *Fjarkaup* er hljóð- og myndsending sem í felst beint tilboð eða sala á vöru og þjónustu, þ.m.t. fasteignum eða réttindum og skuldbindingum, gegn greiðslu til almennings þar sem við miðlun tilboðs og gerð samnings er notuð ein eða fleiri fjarskiptaaðferðir án þess að neytandinn eða seljandinn hittist. Til fjarkaupa teljast bæði fjarkaupaþættir og fjarkaupainnskot. Fjarkaupaþættir eru heildstæðir dagskrárliðir en fjarkaupainnskot er efni sem er miðlað á milli dagskrárliða og lýtur sömu reglum og viðskiptaboð.
13. *Fjölmiðill* er hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar.
14. *Fjölmiðlaþjónusta* er sú þjónusta sem fjölmiðlar veita.
15. *Fjölmiðlaveita* er einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir fjölmiðil.
16. *Flutningur* samkvæmt reglum um flutningsrétt og flutningsskyldu tekur til flutnings og dreifingar á myndefni frá tengipunkti sjónvarpsstöðvar til aðgangskassa notenda.
17. *Flutningsreglur* eru reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu.
18. *Flutningsréttur* felur í sér að fjölmiðlaveitu er skylt, að nánar gættum skilyrðum uppfylltum, að verða við beiðni fjarskiptafyrirtækis um dreifingu á efni.
19. *Flutningsskylda* felur í sér að fjarskiptafyrirtækjum er skylt, að nánar gættum skilyrðum uppfylltum, að verða við beiðni fjölmiðlaveitu um dreifingu efnis.
20. *Gagnvirk auglýsing* er auglýsing sem gerir móttakanda hljóð- og myndefnis kleift að nálgast upplýsingar að eigin frumkvæði í gegnum hvers konar viðtæki.
21. *Hlaðvarp* kallast það þegar dagskrárliðir í heild eða að hluta í formi hljóðskráa eru boðnir almenningi til niðurhals.
22. *Hljóð- og myndsending* í viðskiptaskyni er annars vegar viðskiptaboð og hins vegar fjarkaup.
23. *Hljóðmiðlun* er þjónusta sem fjölmiðlaveita býður og er annars vegar hljóðvarp og hins vegar hlaðvarp eða annars konar hljóðmiðlun eftir pöntun.
24. *Hljóðmiðlun eftir pöntun* (ólínuleg hljóðmiðlun) er þjónusta sem fjölmiðlaveita býður án tillits til þess viðtækis sem er notað til móttöku útsendingarinnar og án tillits til þess hvort greiða þarf fyrir efnið þannig að notandi getur hlustað á dagskrárliði í heild eða að hluta þegar hann svo kýs og að sérstakri beiðni hans á grundvelli efnisskrár fjölmiðlaveitu.
25. *Hljóðvarp* (línuleg hljóðmiðlun) er hvers konar miðlun hljóðefnis án tillits til þess viðtækis sem er notað til móttöku efnisins þar sem fjölmiðlaveita býður fram samtímis hlustun á dagskrárliði á grundvelli dagskráráætlunar.
26. *Kostun* er hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni sem tekur til hvers konar framlaga opinbers fyrirtækis, einkafyrirtækis eða einstaklings til fjármögnunar einstakra dagskrárliða með það fyrir augum að vekja athygli á heiti viðkomandi, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum, enda fáist viðkomandi hvorki við hljóð- né myndmiðlun né framleiðslu hljóð- eða myndverka.
27. *Læst útsending* er hljóðvarp eða sjónvarpsútsending þar sem hljóð- eða myndmerkjum hefur verið breytt í því skyni að veita einungis þeim aðgang að útsendingunni sem hafa greitt fyrir hana.
28. *Myndmiðlun* er þjónusta sem fjölmiðlaveita býður og er annars vegar sjónvarpsútsending og hins vegar myndmiðlun eftir pöntun.

29. *Myndmiðlun eftir pöntun* (ólínuleg myndmiðlun) er þjónusta sem fjölmiðlaveita býður, án tillits til þess viðtækis sem er notað til móttöku efnisins og án tillits til þess hvort greiða þarf fyrir efnið þannig að notandi getur horft á dagskrárliði í heild eða að hluta þegar hann svo kýs og að sérstakri beiðni hans á grundvelli efnisskrár fjölmiðlaveitu.
30. *Prentmiðill* er fjölmiðill sem miðlar ritefni á prentuðu formi eða öðru sambærilegu formi, svo sem dagblöð og tímarit.
31. *Rafrænn ritmiðill* er fjölmiðill sem miðlar ritefni með rafrænum hætti, svo sem netútgáfur dagblaða og tímarita, dagblöð og tímarit sem er dreift með tölvupósti og aðrir netmiðlar.
32. *Ritefni* er texti sem er miðlað sjálfstætt. Til ritefnis teljast jafnframt uppdrættir, teikningar, myndir, nótur o.fl.
33. *Ritmiðlun* er þjónusta sem fjölmiðlaveita býður og er annars vegar miðlun ritefnis á prentuðu formi eða öðru sambærilegu formi og hins vegar miðlun ritefnis með rafrænum hætti.
34. *Ritstjórn* felur í sér stjórn á vali og skipan þess efnis sem miðlað er.
35. *Sjálfstæður framleiðandi hljóð- eða myndefnis* er fyrirtæki sem jafnframt er sjálfstæður lögaðili, óháður viðkomandi fjölmiðlaveitu í þeim skilningi að hann er ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum hennar, hvorki sér né sameiginlega með öðrum, og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu.
36. *Sjónvarpsútsending* (línuleg myndmiðlun) er hvers konar miðlun myndefnis án tillits til þess viðtækis sem er notað til móttöku útsendingarinnar þar sem fjölmiðlaveita býður fram samtímis áhorf á dagskrárliði á grundvelli dagskráráætlunar.
37. *Skjáskipt auglýsing* er auglýsing þar sem á hluta skjás er birt auglýsing samhliða útsendingu hvers kyns myndmiðlunarefnis.
38. *Sýndarauglýsing* er auglýsing sem ekki er til staðar á vettvangi upptöku myndefnis en er bætt við þannig að hún birtist við útsendingu eða annars konar miðlun efnisins.
39. *Viðskiptaboð* eru texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning.
40. *Viðtæki* er hvert það tæki sem tekur á móti og miðlar fjölmiðlaefni, svo sem sjónvarp, hljóðvarp, tölva, lófatölva, farsími.
41. *Vöruinnsetning* er viðskiptaboð sem taka til allra gerða hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem taka til eða vísa til vöru, þjónustu eða vörumerkis hennar með þeim hætti að þær komi fram í dagskrárlið gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi.
42. *Útvarpsmerki* er sendibylgja, hvort heldur sem er um þráð eða þráðlaus, sem ber hljóð- og myndmiðlunarefni til viðtækja eða aðgangskassa, ýmist á stafrænu eða hliðrænu formi.

II. KAFLI
Gildissvið og lögsaga.

3. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um alla fjölmiðla sem miðla efni handa almenningi hér á landi, að teknu tilliti til ákvæðis 4. gr. Þau gilda því um allt hljóð- og myndefni í læstri eða ólæstri dagskrá, línulegri dagskrá eða eftir pöntun sem og allt ritefni hvort sem því er miðlað á prentuðu eða öðru sambærilegu formi eða með rafrænum hætti.

4. gr.

Lögsaga yfir fjölmiðlaveitum sem miðla myndefni.

Íslenska ríkið hefur lögsögu yfir þeim fjölmiðlaveitum sem miðla myndefni og hafa staðfestu á Íslandi. Slíkur aðili telst hafa staðfestu hér á landi:

a. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi og ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar hér á landi,
b. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar í öðru ríki, eða öfugt, að því tilskildu að verulegur hluti starfsliðs við myndmiðlunina starfi hér á landi,
c. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar í öðru ríki og verulegur hluti starfsliðs við myndmiðlunina starfar í báðum ríkjum, eða
d. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar í öðru ríki, eða öfugt, og verulegur hluti starfsliðs við myndmiðlunina starfar í hvorugu þessara ríkja, og viðkomandi hefur hafið útsendingar samkvæmt útvarpsleyfi sem veitt var með stoð í íslenskum lögum og haldið stöðugum og virkum tengslum við íslenskt efnahagslíf.

Íslenska ríkið hefur jafnframt lögsögu yfir þeim fjölmiðlaveitum sem miðla myndefni og hvorki hafa staðfestu hér á landi samkvæmt ákvæði 1. mgr. né í öðru EES-ríki ef þær uppfylla annað eftirfarandi skilyrða:

a. nota jarðstöð sem staðsett er hér á landi til sendingar merkis í gervitungl, eða
b. nota flutningsgetu gervitungls sem tilheyrir Íslandi ef ekki er notuð jarðstöð sem staðsett er í öðru EES-ríki til sendingar merkis í gervitungl.

Komi upp vafi um það hvort fjölmiðlaveita sem miðlar myndefni heyri undir lögsögu íslenska ríkisins eða annars EES-ríkis, og ekki reynist unnt að skera úr um það á grundvelli 1. eða 2. mgr., skal úr því leyst á grundvelli ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. sérstaklega 2. kafla III. hluta samningsins um staðfesturétt.

5. gr.

Tímabundin stöðvun á móttöku myndmiðlunarefnis frá öðrum EES-ríkjum.

Þrátt fyrir skyldu íslenska ríkisins til þess að tryggja frelsi til móttöku sjónvarpsútsendinga frá öðrum EES-ríkjum getur fjölmiðlanefnd stöðvað slíka móttöku tímabundið að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. útsendingin brýtur augljóslega, verulega og alvarlega gegn ákvæðum 27. eða 28. gr.,
b. viðkomandi fjölmiðlaveita hefur að minnsta kosti tvívegis á síðastliðnum 12 mánuðum brotið gegn ákvæðum a-liðar,
c. fjölmiðlanefnd hefur tilkynnt viðkomandi fjölmiðlaveitu og Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, skriflega um meint brot og þær ráðstafanir sem hún hyggst grípa til verði brot endurtekið, eða
d. samráð við þar til bært stjórnvald í því aðildarríki sem fer með lögsögu yfir viðkomandi fjölmiðlaveitu og Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, hefur ekki leitt til lausnar innan 15 daga frá tilkynningu skv. c-lið og framhald er á meintu broti.

Þegar um er að ræða myndmiðlun eftir pöntun er heimilt að stöðva tímabundið móttöku myndefnis frá öðru EES-ríki á grundvelli sömu sjónarmiða og tiltekin eru í a-lið 1. mgr., sem

og ef það myndefni sem um ræðir er að öðru leyti talið stríða gegn allsherjarreglu, verndun lýðheilsu, almannaöryggi eða neytendavernd.

Fjölmiðlanefnd skal þó einungis stöðva móttöku myndefnis skv. 2. mgr. ef þar til bært stjórnvald í því aðildarríki sem fer með lögsögu yfir viðkomandi fjölmiðlaveitu hefur ekki orðið við beiðni nefndarinnar um að grípa til aðgerða gagnvart þeirri fjölmiðlaveitu sem í hlut á eða þær aðgerðir sem það hefur gripið til eru ófullnægjandi. Þá skal fjölmiðlanefnd tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, um fyrirhugaða stöðvun á móttöku efnis áður en til hennar kemur.

Í bráðatilvikum er heimilt að víkja frá ákvæði 3. mgr. Slíkt skal þó án tafa tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, og þar til bæru stjórnvaldi í viðkomandi aðildarríki og það rökstutt sérstaklega að um bráðatilvik hafi verið ræða.

6. gr.

Ráðstafanir gagnvart fjölmiðlaveitum sem miðla myndefni og heyra undir lögsögu annarra EES-ríkja.

Telji fjölmiðlanefnd að fjölmiðlaveita, sem heyrir undir lögsögu annars EES-ríkis en dreifir myndefni sem að mestu eða öllu leyti er ætlað til móttöku hér á landi, hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara getur fjölmiðlanefnd farið fram á það við þar til bær stjórnvöld í viðkomandi EES-ríki að þau beini því til fjölmiðlaveitunnar að hún fari að þeim ákvæðum sem um ræðir.

Telji fjölmiðlanefnd þá niðurstöðu sem fæst með beitingu 1. mgr. ekki fullnægjandi og að sú fjölmiðlaveita sem um ræðir hafi öðlast staðfestu í viðkomandi EES-ríki gagngert í því skyni að sniðganga íslensk lög er henni heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn fjölmiðlaveitunni samkvæmt lögum þessum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a. að hún hafi tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, sem og þar til bærum yfirvöldum í viðkomandi EES-ríki um þær ráðstafanir sem hún hyggst grípa til og rökstutt þær, og
b. að Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, hafi staðfest að ráðstafanir þær sem um ræðir samrýmist ákvæðum EES-samningsins og að mat fjölmiðlanefndar skv. 1. og 2. mgr. sé rétt.

Komist framkvæmdastjórnin eða Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar samrýmist ekki ákvæðum EES-samningsins skal fjölmiðlanefnd ekki grípa til umræddra ráðstafana.

III. KAFLI
Stjórnsýsla.

7. gr.

Fjölmiðlanefnd.

Fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Nefndin annast eftirlit samkvæmt lögum þessum og daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

Ákvörðunum fjölmiðlanefndar samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Kostnaður við starfsemi fjölmiðlanefndar greiðist úr ríkissjóði.

Við framkvæmd eftirlits með viðskiptaboðum sem falla undir eftirlit annarra stjórnvalda samkvæmt sérlögum skal fjölmiðlanefnd leita samstarfs um verkaskiptingu við þau stjórnvöld.

Fjölmiðlanefnd skal gera samstarfssamning við Neytendastofu um mál sem geta varðað starfssvið þessara stofnana.

8. gr.

Skipan fjölmiðlanefndar.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar fimm manns í fjölmiðlanefnd til fjögurra ára í senn. Tveir fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og tveir samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins en þann fimmta skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann nefndarinnar og skal hann uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Varaformann skal skipa úr hópi fastra nefndarmanna. Aðrir nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á fjölmiðlamálum, reynslu eða menntun sem nýtist á þessu sviði. Um hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ráðherra ákvarðar þóknun nefndarmanna.

Nefndarmenn skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða sérrefsilagaákvæðum.

Fjölmiðlanefnd setur sér starfsreglur sem skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Starfsmenn fjölmiðlanefndar.

Fjölmiðlanefnd er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn til að annast í umboði hennar daglega framkvæmd og stjórnun þeirra verkefna sem nefndinni eru falin samkvæmt lögum þessum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á fjárreiðum fjölmiðlanefndar. Hann skal hafa háskólamenntun og búa yfir sérþekkingu á sviði fjölmiðlamála. Um starfskjör starfsmanna fer að samningum opinberra starfsmanna og fjölmiðlanefnd setur þeim starfslýsingu.

10. gr.

Starfssvið fjölmiðlanefndar.

Með starfsemi fjölmiðlanefndar skal stuðlað að því að markmiðum og tilgangi laga þessara verði náð. Skal nefndin vinna að því að efla fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum, standa vörð um tjáningarfrelsi og rétt almennings til upplýsinga. Nefndin skal sérstaklega stuðla að því að vernd barna sé virt, samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

Fjölmiðlanefnd skal fara með þau verkefni sem henni eru falin lögum samkvæmt. Nefndin skal m.a.:

a. fylgjast með því að fjölmiðlaveitur fari að fyrirmælum laga þessara, taka ákvarðanir í málum samkvæmt þeim og beita viðurlögum þegar við á,
b. fylgjast með stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði og safna upplýsingum þar að lútandi,
c. annast samskipti við sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum og alþjóðastofnanir um málefni á starfsvettvangi sínum,
d. annast eftirlit með skráningarskyldu og veitingu leyfa til hljóð- og myndmiðlunar og tryggja að lögboðnar upplýsingar um allar fjölmiðlaveitur séu til staðar, og
e. annast eftirlit með innihaldi og framsetningu hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem og viðskiptaboða í prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum.

11. gr.
Málsmeðferð.

Erindum vegna ætlaðra brota á ákvæðum laga þessara skal beint til fjölmiðlanefndar. Fjölmiðlanefnd tekur ákvörðun um það hvort erindi sem berst henni gefi nægar ástæður til meðferðar. Við afgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum er fjölmiðlanefnd heimilt að raða málum í forgangsröð. Þá er fjölmiðlanefnd heimilt að taka upp mál að eigin frumkvæði.

Fjölmiðlanefnd skal, eins fljótt og við verður komið, taka ákvörðun í málum vegna erinda sem til hennar er beint.

Fjölmiðlanefnd skal eftir því sem við á gæta trúnaðar við meðferð upplýsinga og gagna sem hún aflar eða henni berast á grundvelli laga þessara um hagi einstakra fjölmiðlaveitna. Þótt fjölmiðlanefnd afhendi upplýsingar til annarra sambærilegra stjórnsýslustofnana, sem fara með fjölmiðlamál innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal sami trúnaður ríkja. Tryggt skal vera að tölulegar upplýsingar séu ekki rekjanlegar til einstakra fjölmiðlafyrirtækja.

12. gr.
Sérstök rannsóknarheimild.

Fjölmiðlanefnd getur krafið fjölmiðlaveitur um skriflegar upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota á ákvæðum laga þessara og skulu slíkar upplýsingar og gögn þá veitt innan hæfilegs frests sem nefndin setur.

Fjölmiðlanefnd getur við rannsókn ætlaðra brota gegn þeim ákvæðum VI. kafla er varða viðskiptaboð og fjarkaup gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð fjölmiðlaveitu eða stað þar sem gögn eru varðveitt þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn umræddum ákvæðum. Við framkvæmd aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum.

13. gr.
Upplýsingaskipti.

Fjölmiðlanefnd er skylt að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, sem og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða, eftir því sem við á, Eftirlitsstofnun EFTA, upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd laga þessara í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Við afhendingu upplýsinga og gagna skal eftir því sem við á setja sem skilyrði að:

a. farið verði með upplýsingarnar og gögnin sem trúnaðarmál hjá þeim sem við þeim tekur,
b. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins notuð í því skyni sem kveðið er á um í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og í samræmi við beiðni um upplýsingar, og
c. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins afhent öðrum með samþykki fjölmiðlanefndar og í þeim tilgangi sem kveðið er á um.

IV. KAFLI
Skráning fjölmiðla, leyfi til hljóð- og myndmiðlunar, gagnsæi, upplýsingagjöf o.fl.

14. gr.
Skráning fjölmiðla.

Öll starfsemi sem fellur undir gildissvið laga þessara og ekki er leyfisskyld er skráningarskyld. Fjölmiðlaveita sem ekki stundar leyfisskylda hljóð- og myndmiðlun skal tilkynna fjölmiðlanefnd um starfsemi sína áður en hún hefst.

Tilkynning skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og hafa að geyma upplýsingar um heiti viðkomandi fjölmiðlaveitu, kennitölu hennar, lögheimili, netfang og vefsetur, heiti fjölmiðils eða fjölmiðla sem hún starfrækir, nafn ábyrgðarmanns, ritstjórnar- eða dagskrárstefnu, kallmerki ef við á og eignarhald á þeirri fjölmiðlaveitu sem um ræðir.

Ábyrgðarmaður fjölmiðlaveitu skal hafa heimilisfesti hér á landi og vera lögráða og fjár síns ráðandi.

Fjölmiðlaveitu ber að tilkynna fjölmiðlanefnd um allar breytingar sem kunna að verða á högum hennar og varða þær upplýsingar sem liggja til grundvallar tilkynningu hennar skv. 2. mgr.

15. gr.

Erlent endurvarp hljóð- og myndefnis.

Hljóð- og myndmiðlunarefni sem er endurvarpað erlendis frá af fjölmiðlaveitu sem fellur undir gildissvið laganna ber að tilkynna til fjölmiðlanefndar. Tilkynning skal vera skrifleg og skal koma fram nafn þeirrar erlendu fjölmiðlaveitu sem um er að ræða hverju sinni, heimili hennar, netfang, vefsetur og kallmerki. Þá skal veita upplýsingar um ritstjórnarábyrgð, dagskrárstefnu og eignarhald á viðkomandi fjölmiðlaveitu ef tiltækar eru.

16. gr.

Leyfi til hljóð- og myndmiðlunar.

Til hljóð- og myndmiðlunar fjölmiðlaveitu sem heyrir undir lögsögu íslenska ríkisins, sem krefst tíðniúthlutunar hjá Póst- og fjarskiptastofnun, þarf leyfi fjölmiðlanefndar, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.

Fjölmiðlanefnd getur veitt lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar, annars vegar almennt leyfi til allt að sjö ára í senn og hins vegar skammtímaleyfi að hámarki til þriggja mánaða. Leyfi taka ýmist til landsins alls eða eru staðbundin og afmörkuð við einstaka landshluta.

17. gr.

Umsókn um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar.

Umsókn um almennt leyfi til hljóð- og myndmiðlunar skal vera skrifleg og hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

a. nafn umsækjanda, kennitölu, lögheimili, netfang og vefsetur,
b. nafn ábyrgðarmanns,
c. fyrirhugaða dagskrárstefnu,
d. kallmerki,
e. aðra fjölmiðlastarfsemi umsækjanda,
f. eignarhald á umsækjanda,
g. hvort sótt er um leyfi til miðlunar hljóð- eða myndefnis á erlendu tungumáli og ástæður þess,
h. hvort sótt er um leyfi fyrir landið allt eða staðbundið leyfi,
i. hvort tilskilinna leyfa hafi verið aflað frá rétthöfum efnis,
j. hvenær fyrirhugað sé að hefja miðlun hljóð- og myndefnis,
k. til hve langs tíma leyfis er óskað.

Umsókn um skammtímaleyfi til hljóð- og myndmiðlunar skal einnig vera skrifleg og hafa að geyma sömu upplýsingar og tilgreindar eru í 1. mgr. að undanskildu því sem fram kemur í e- og f-lið.

Umsækjandi um almennt leyfi skal skila vottorðum um heimilisfesti, lögræði og búsforræði ábyrgðarmanns og vottorði fyrirtækjaskrár um stofnun og tilvist félags, þegar við á.

Umsækjandi um leyfi skal hafa staðfestu í EES-ríki. Um heimild annarra til að starfrækja hljóð- eða myndmiðlun fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

18. gr.

Meðferð umsókna um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar.

Áður en afstaða er tekin til umsóknar um leyfi skal fjölmiðlanefnd leita umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar um tiltæka tíðni og útgeislað afl. Að fenginni þeirri umsögn ákveður fjölmiðlanefnd hvort leyfi skuli veitt.

Nú er leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar veitt og skal þá tekið fram í skilmálum leyfis hver sé handhafi þess, hvort um sé að ræða leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar, við hvaða landsvæði það afmarkast, gildistími þess, kallmerki, dagskrárstefna viðkomandi fjölmiðlaveitu sem og önnur atriði sem þýðingu kunna að hafa.

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir til þeirra sem úthlutað hefur verið leyfi, og skal þá kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl.

19. gr.

Sérstakar skyldur leyfishafa.

Fjölmiðlaveitum er heimilt að afla tekna með útvarpsgjaldi, áskriftargjaldi, viðskiptaboðum, fjarkaupum og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þeirra.

Rekstri, bókhaldi og fjárreiðum vegna hinnar leyfisskyldu starfsemi skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri og fjárreiðum leyfishafa. Fjölmiðlanefnd getur krafist upplýsinga úr bókhaldi og reikningum leyfishafa, ef þess er talin þörf, um hvort laga- eða reglugerðarákvæði eða leyfisskilmálar hafi verið brotnir. Aðal- og varafulltrúar í fjölmiðlanefnd og starfsmenn nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem leynt á að fara.

Leyfi til hljóð- og myndmiðlunar verður ekki framselt, leigt eða flutt með öðrum hætti til annars aðila. Nú er bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta og/eða ábyrgðarmaður uppfyllir ekki skilyrði þau sem fram koma í 3. mgr. 17. gr. og fellur þá leyfið þegar í stað úr gildi.

20. gr.

Breyting á skilmálum og endurnýjun og niðurfelling leyfis.

Fjölmiðlaveitu ber að tilkynna fjölmiðlanefnd allar breytingar sem á leyfistímanum kunna að verða á högum hennar og varða þær upplýsingar sem liggja til grundvallar umsókn hennar skv. 17. gr.

Óski leyfishafi eftir því að breyting verði gerð á skilmálum leyfis skal hann sækja um slíkt sérstaklega til fjölmiðlanefndar.

Óski leyfishafi eftir endurnýjun leyfis skal sótt um það til fjölmiðlanefndar eigi síðar en tveimur mánuðum áður en gildandi leyfi rennur út.

Hafi leyfishafi ekki hafið starfsemi innan sex mánaða frá uppgefnu tímamarki skv. j-lið 1. mgr. 17. gr. fellur leyfið sjálfkrafa niður. Sé starfsemi hætt og hún ekki hafin á ný innan fjögurra mánaða telst leyfi sjálfkrafa niður fallið. Leyfishafa ber að tilkynna fjölmiðlanefnd þegar starfsemi lýkur varanlega.

21. gr.

Upplýsingagjöf á heimasíðu fjölmiðlanefndar.

Á heimasíðu fjölmiðlanefndar skal birta upplýsingar um:

a. nafn þess sem tilkynnt hefur starfsemi sína eða hlotið leyfi, kennitölu, lögheimili, netfang og vefsetur og gildistíma leyfis þegar slíkt á við,
b. nafn ábyrgðarmanns,
c. dagskrárstefnu hljóð- og myndmiðla og síðari tilkynningar um breytingu á henni,
d. ritstjórnarstefnu prentmiðla og rafrænna ritmiðla og síðari tilkynningar um breytingu á henni,
e. eignarhald á fjölmiðlaveitu,
f. reglur fjölmiðlaveitu um ritstjórnarlegt sjálfstæði,
g. jafnréttisáætlun fjölmiðlaveitu, eftir því sem við á, og
h. ákvarðanir fjölmiðlanefndar í málum fjölmiðlaveitu; úr hinni birtu útgáfu úrskurðar skal þó fella brott upplýsingar um viðkvæm einkamálefni einstaklinga og mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

22. gr.

Tilkynningarskylda um eigendaskipti að fjölmiðlaveitu.

Við sölu á hlut í fjölmiðlaveitu bera seljandi og kaupandi ábyrgð á því að tilkynning um söluna sé send fjölmiðlanefnd. Tilkynning um söluna skal hafa borist fjölmiðlanefnd innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings. Þetta ákvæði gildir þó ekki hafi stjórn hlutafélags gert samning við verðbréfamiðstöð skv. 3. mgr.

Eftir sérhvern aðalfund í einkahlutafélagi og hlutafélagi sem er skráningarskylt eða hefur hljóð- og myndmiðlunarleyfi samkvæmt lögum þessum skal stjórn félags senda fjölmiðlanefnd hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því að fundur var haldinn. Þetta ákvæði gildir þó ekki hafi stjórn hlutafélags gert samning við verðbréfamiðstöð skv. 3. mgr.

Stjórn hlutafélags sem er skráningarskylt eða hefur hljóð- og myndmiðlunarleyfi samkvæmt lögum þessum og er eignarskráð í verðbréfamiðstöð hefur heimild til að gera samning við verðbréfamiðstöð um að hún sendi daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til fjölmiðlanefndar.

23. gr.

Skýrslugjöf fjölmiðlaveitna.

Fjölmiðlaveitu er skylt að senda fjölmiðlanefnd árlega skýrslu sem hefur að geyma upplýsingar um eftirfarandi atriði, eftir því sem við á:

a. hlutfall evrópsks myndefnis í línulegri dagskrá,
b. hlutfall myndefnis frá sjálfstæðum framleiðendum í línulegri dagskrá,
c. hlutfall íslensks myndefnis í línulegri dagskrá,
d. hlutfall pantana á evrópsku myndefni í ólínulegri dagskrá,
e. hlutfall pantana á myndefni frá sjálfstæðum framleiðendum í ólínulegri dagskrá,
f. hlutfall pantana á íslensku myndefni í ólínulegri dagskrá,
g. aðgerðir viðkomandi fjölmiðlaveitu til að efla kynningu og framboð á evrópsku myndefni,
h. aðgerðir fjölmiðlaveitunnar til að auka aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndefni hennar,

i. birtingarmyndir kynjanna, þ.m.t. hlutfall karla og kvenna í hópi viðmælenda í fréttum og fréttatengdu efni,
j. starfsfólk á fjölmiðlum, fjölda kvenna og karla, greint eftir starfsheitum,
k. aðgerðir fjölmiðlaveitunnar til að vinna gegn staðalímyndum kynjanna, og
l. annað sem nauðsynlegt er til að mæla stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði.

Fjölmiðlaveita með skammtímaleyfi, skv. 2. mgr. 16. gr., er undanþegin skýrslugjöf.

Fjölmiðlaveita skal láta fjölmiðlanefnd skýrslu sína skv. 1. mgr. í té eigi síðar en 31. mars ár hvert vegna nýliðins árs.

Að undangenginni beiðni fjölmiðlanefndar er fjölmiðlaveitu, á öðrum tímum og þegar sérstaklega stendur á, jafnframt skylt að veita þær upplýsingar sem kveðið er á um í 1. mgr. innan hæfilegs frests sem nefndin veitir.

Fjölmiðlanefnd getur áskilið að faggilt skoðunarstofa staðfesti skýrslur fjölmiðlaveitna skv. 1. og 3. mgr. Fjölmiðlanefnd greiðir þann kostnað sem af störfum skoðunarstofu hlýst.

Skoðunarstofa og starfsmenn hennar eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd verkefnisins skv. 5. mgr. og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

V. KAFLI
Réttindi og skyldur fjölmiðlaveitna.

24. gr.
Ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Fjölmiðlaveita skal setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni. Slíkar reglur skulu mótaðar í samráði við viðkomandi starfsmenn og fagfélög þeirra eða samtök.

Í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði skal m.a. fjallað um:
a. starfsskilyrði viðkomandi efnisstjóra, blaða- og fréttamanna ritmiðla og hljóð- og myndmiðla við að framfylgja ritstjórnar- eða dagskrárstefnu fjölmiðlaveitunnar,
b. starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði viðkomandi efnisstjóra, blaða- og fréttamanna gagnvart eigendum fjölmiðlaveitunnar, og
c. skilyrði áminningar og uppsagnar viðkomandi efnisstjóra og blaða- og fréttamanna.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu sendar fjölmiðlanefnd til staðfestingar.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu endurskoðaðar árlega. Tilkynna skal fjölmiðlanefnd þegar endurskoðun hefur farið fram og senda henni nýja útgáfu af reglunum til staðfestingar hafi breytingar verið gerðar.

25. gr.
Vernd heimildarmanna.

Starfsmönnum fjölmiðlaveitu sem hlotið hafa leyfi eða skráningu hjá fjölmiðlanefnd er óheimilt að upplýsa hver sé heimildarmaður að grein, riti, frásögn, tilkynningu eða öðru efni, hvort sem það hefur birst eða ekki, hafi heimildarmaður eða höfundur óskað nafnleyndar. Starfsmönnum fjölmiðlaveitu er jafnframt óheimilt að láta af hendi gögn sem hafa að geyma upplýsingar um heimildarmann eða höfund í slíkum tilvikum.

Bann 1. mgr. gildir einnig um þá sem vegna tengsla við fjölmiðlaveitu eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur er eða hefur undir höndum gögn þar að lútandi.

Heimildarvernd skv. 1. og 2. mgr. verður einungis aflétt með samþykki viðkomandi heimildarmanns eða höfundar eða á grundvelli 119. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

26. gr.

Lýðræðislegar grundvallarreglur.

Fjölmiðlaveita skal í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skal virða mannréttindi og jafnrétti auk þess að hafa í huga friðhelgi einkalífs. Fjölmiðlaveita skal gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í umfjöllun sinni um fréttir og fréttatengt efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna.

Fjölmiðlaveitu sem hefur þá yfirlýstu stefnu að beita sér fyrir tilteknum málstað skal vera óskylt að miðla efni sem gengur í berhögg við stefnu miðilsins.

27. gr.

Bann við hatursáróðri og hvatningu til refsiverðrar háttsemi.

Fjölmiðlum er óheimilt að hvetja til refsiverðar háttsemi. Bannað er að kynda undir hatri í fjölmiðlum á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis, skoðana eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélaginu.

28. gr.

Vernd barna gegn skaðlegu efni.

Fjölmiðlaveitu sem miðlar hljóð- og myndefni er óheimilt að miðla efni, þar á meðal hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni, sem getur haft skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi.

Frá bannákvæði 1. mgr. má gera eftirfarandi undantekningar:

a. Eftir kl. 21 á kvöldin virka daga og eftir kl. 22 á kvöldin um helgar og til kl. 5 á morgnana er heimilt að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að á undan því sé birt skýr viðvörun og það sé auðkennt með sjónrænu merki, þegar um miðlun myndefnis er að ræða, allan þann tíma sem efninu er miðlað.
b. Heimilt er að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því gefnu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að útsendingin nái ekki til barna.
c. Heimilt er að miðla hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að því.
d. Heimilt er að miðla fréttum og fréttatengdu efni sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að það sé nauðsynlegur hluti af fréttaþjónustu viðkomandi fjölmiðils og að á undan því sé birt skýr viðvörun og það sé auðkennt með sjónrænu merki, þegar um miðlun myndefnis er að ræða, allan þann tíma sem efninu er miðlað verði því við komið.

Undantekningarákvæði a- og b-liðar 2. mgr. taka ekki til hljóð- og myndefnis sem getur haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna.

Aðrar fjölmiðlaveitur skulu kappkosta að efni sem haft getur skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna sé þeim hvorki aðgengilegt né því miðlað til þeirra.

29. gr.

Tal og texti á íslensku.

Fjölmiðlaveitur skulu eftir því sem við á efla íslenska tungu. Fjölmiðlar sem miðla hljóði og texta á íslensku skulu í því skyni marka sér málstefnu. Þó skal heimilt að starfrækja fjölmiðla hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku.

Hljóð- og myndefni á erlendu máli, hvort heldur sem því er miðlað í línulegri dagskrá eða eftir pöntun, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal fjölmiðlaveita, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa.

Ákvæði 2. mgr. á ekki við um endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva. Ákvæði 2. mgr. á ekki heldur við þegar viðkomandi hljóð- eða myndmiðill er starfræktur á öðru tungumáli en íslensku, sbr. 1. mgr.

30. gr.

Aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni.

Þær fjölmiðlaveitur sem miðla myndefni skulu eins og kostur er leitast við að gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum auk þeirra sem búa við þroskaröskun. Úrræði til að tryggja aðgengi eru m.a. táknmál, textun og hljóðlýsing.

31. gr.

Skyldur vegna almannaheilla.

Fjölmiðlaveitu er, ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst, skylt að miðla endurgjaldslaust tilkynningum frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og rjúfa línulega dagskrá ef þörf krefur.

32. gr.

Skylda til auðkenningar.

Fjölmiðlaveitu sem miðlar hljóð- eða myndefni í línulegri dagskrá er skylt að birta nafn sitt eða annað auðkenni þegar um myndmiðlun er að ræða og kynna nafn sitt þegar um hljóðmiðlun er að ræða. Slík auðkenning skal eiga sér stað a.m.k. einu sinni á hverjum 30 mínútum útsendingar verði því við komið.

Efnisskrá fjölmiðlaveitu sem starfrækir hljóð- eða myndmiðlun eftir pöntun skal hafa að geyma upplýsingar um það hver veitandi þjónustunnar er.

Fjölmiðlaveita sem miðlar ritefni á prentuðu formi skal nafngreind í hverju eintaki sem og ritstjóri hafi slíkur aðili verið ráðinn.

Fjölmiðlaveita sem miðlar ritefni á rafrænu formi skal nafngreina sig með fullnægjandi hætti í viðkomandi miðli sem og ritstjóri hafi slíkur aðili verið ráðinn.

33. gr.

Framboð myndefnis.

Fjölmiðlaveita sem miðlar myndefni í línulegri dagskrá skal kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma að frádregnum þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpsþjónustu og fjarkaupa.

Fjölmiðlaveita sem miðlar myndefni eftir pöntun skal eftir því sem unnt er tryggja með viðeigandi aðferðum að íslenskt efni og annað evrópskt efni sé áberandi hluti af framboði þeirra.

34. gr.

Dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum.

Fjölmiðlaveita sem miðlar myndefni í línulegri dagskrá skal, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 33. gr., á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum.

35. gr.

Skylda til varðveislu á fjölmiðlaefni.

Fjölmiðlaveita skal í a.m.k. 18 mánuði varðveita efni sem miðlað hefur verið fari það ekki í bága við réttindi rétthafa. Miða skal upphaf tímafrests skv. 1. málsl. við það tímamark þegar efninu er fyrst miðlað.

36. gr.

Réttur til andsvara.

Aðili sem telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli hefur rétt til andsvara í viðkomandi miðli eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skulu birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um. Þegar um prentmiðil eða rafrænan ritmiðil er að ræða skal birta andsvör með sama hætti og annað efni viðkomandi miðils og á þeim stað að eftir verði tekið og þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða skal andsvörum miðlað á þeim tíma þegar hlustun eða áhorf er mest og með þeim hætti sem best hæfir miðlun þess efnis sem beiðnin tekur til. Fjölmiðlaveitu er óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun andsvars.

Fjölmiðlaveita getur synjað beiðni um andsvar við eftirfarandi aðstæður:

a. ef andsvarið fer yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins,
b. ef í andsvarinu felst annað og/eða meira en að leiðrétta staðreyndir sem fram hafa komið hjá fjölmiðlaveitunni,
c. ef andsvarið felur í sér efni sem brýtur í bága við almenn hegningarlög og er til þess fallið að gera fjölmiðlaveituna skaðabótaskylda eða er andstætt almennu siðferði,
d. ef andsvarið brýtur gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila,
e. ef aðili getur ekki sýnt fram á að hann eigi einstaklingsbundinna lögvarinna hagsmuna að gæta, og
f. ef upplýsingarnar sem fjölmiðlaveitan miðlaði eru beinar tilvitnanir í gögn sem stafa frá stjórnvöldum eða dómstólum.

Synjun skv. 2. mgr. skal tilkynnt hlutaðeigandi innan þriggja sólarhringa frá því að beiðni um andsvar er sett fram.

Synji fjölmiðlaveita beiðni um andsvar skv. 2. mgr. eða bregðist ekki við beiðni aðila innan þeirra tímamarka sem þar eru tilgreind getur hlutaðeigandi beint erindi þar að lútandi til fjölmiðlanefndar sem tekur ákvörðun um hvort aðili eigi rétt á að koma andsvörum á framfæri. Ákvörðun skal tekin innan viku frá því að fjölmiðlanefnd berst erindi þar um og skal

nefndin leggja fyrir viðkomandi fjölmiðlaveitu að miðla andsvari án tafar þegar við á.

Skylt er að láta þeim sem telur á sér brotið og rétt á til andsvara skv. 1. og 2. mgr. endurgjaldslaust í té afrit af því efni sem um er að ræða. Ágreining um rétt til efnis samkvæmt þessari málsgrein má einnig bera undir fjölmiðlanefnd til ákvörðunar.

Fjölmiðlaveita skal hafa aðgengilegt á heimasíðu sinni, eða með öðrum opinberum hætti, hvert aðili geti leitað telji hann að lögmætir hagsmunir sínir hafi beðið tjón. Gefa skal upp nafn, símanúmer og/eða netfang þess sem leita skal til hjá viðkomandi fjölmiðlaveitu.

VI. KAFLI
Viðskiptaboð og fjarkaup.

37. gr.
Almennar meginreglur.

Viðskiptaboð skulu vera auðþekkjanleg sem slík og vera skýrt afmörkuð frá öðru efni með þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er hverju sinni. Sama gildir um fjarkaup.

Dulin viðskiptaboð eru óheimil. Í hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni skal ekki beita tækni til að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar.

Viðskiptaboð og fjarkaup skulu ekki:

a. skerða virðingu fyrir mannlegri reisn,
b. fela í sér nokkra mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, ríkisfangs, trúarbragða eða trúarskoðana, fötlunar, aldurs, kynhneigðar eða vegna annarrar stöðu,
c. hvetja til hegðunar sem er hættuleg heilbrigði eða öryggi, eða
d. hvetja til hegðunar sem er í áberandi andstöðu við umhverfisvernd.

Óheimil eru viðskiptaboð og fjarkaup fyrir tóbaksvörur og áfengi sem og happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi. Sama gildir um viðskiptaboð um lyfseðilsskyld lyf, eins og kveðið er á um í lyfjalögum. Fullyrðingar sem fram koma í viðskiptaboðum og fjarkaupainnskotum fyrir óáfengar drykkjarvörur þarf að vera hægt að færa sönnur á.

38. gr.
Vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaboðum og fjarkaupum.

Viðskiptaboð og fjarkaup skulu vera þannig að ekki valdi börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Í viðskiptaboðum og fjarkaupum er óleyfilegt að:

a. hvetja börn til þess að kaupa vöru eða þjónustu með því að notfæra sér reynsluleysi þeirra eða trúgirni,
b. hvetja börn til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vöru eða þjónustu sem auglýst er,
c. hvetja börn til neyslu á matvælum og drykkjarvörum sem innihalda næringarefni og efni sem hafa næringar- og lífeðlisfræðileg áhrif og ekki er mælt með að séu í óhóflegum mæli hluti af mataræði, einkum fitu, transfitusýrur, salt/natríum og sykur,
d. notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem börn bera til foreldra, kennara eða annars fólks, eða
e. sýna börn að tilefnislausu við hættulegar aðstæður.

39. gr.

Vöruinnsetning í hljóð- og myndefni.

Vöruinnsetning er heimil í kvikmyndaverkum, myndum og þáttaröðum gerðum fyrir fjölmiðlaþjónustu, íþróttaþáttum og léttum skemmtidagskrám.

Vöruinnsetning er jafnframt heimil í öðru hljóð- og myndmiðlunarefni þar sem ekki er um að ræða greiðslu heldur aðeins að tilteknar vörur séu afhentar eða þjónusta veitt án endurgjalds, svo sem leikmunir eða verðlaun, í því skyni að þær verði hluti af dagskrárlið.

Vöruinnsetning gegn greiðslu er þó aldrei heimil í hljóð- og myndmiðlunarefni sem er ætlað börnum.

Hljóð- og myndmiðlunarefni með vöruinnsetningu skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a. Vöruinnsetningin má ekki snerta innihald hljóð- og myndmiðlunarefnisins að öðru leyti né hafa áhrif á ábyrgð og ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðlaveitunnar.
b. Ekki skal beinlínis hvatt til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu.
c. Varan eða þjónustan sem um ræðir skal ekki sett fram á óþarflega áberandi hátt.
d. Áhorfendum skal greint frá því á skýran hátt sé um vöruinnsetningu að ræða, m.a. þannig að dagskrárliðir með vöruinnsetningu séu auðkenndir á viðeigandi hátt við upphaf og lok þeirra og þegar slíkir dagskrárliðir hefjast aftur eftir auglýsingahlé.

Hafi fjölmiðlaveitan ekki sjálf framleitt það hljóð- og myndmiðlunarefni sem um ræðir eða það verið framleitt í umboði fjölmiðlaveitunnar eða í fyrirtæki tengdu henni má falla frá auðkenningarskyldu skv. d-lið 4. mgr.

40. gr.

Sýndarauglýsingar í myndefni.

Sýndarauglýsingar eru heimilar í myndmiðlunarefni að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

a. staðsetning auglýsingarinnar sé eðlilegur hluti af umhverfi viðkomandi dagskrárliðar og raski ekki möguleikum áhorfenda á að fylgjast með framvindu hans,
b. auglýsingin sé hvorki í andstöðu við efni dagskrárliðarins né skerði rétt rétthafa, og
c. áhorfendum sé greint frá því á skýran hátt að sýndarauglýsingar komi fyrir í viðkomandi dagskrárlið og frá hverjum þær stafa, m.a. þannig að dagskrárliður með sýndarauglýsingum sé auðkenndur á viðeigandi hátt við upphaf og lok hans og þegar dagskrárliðurinn hefst aftur eftir auglýsingahlé.

Sýndarauglýsingar eru þó aldrei heimilar í hljóð- og myndmiðlunarefni sem er ætlað börnum.

41. gr.

Tímar fyrir auglýsingar og fjarkaupainnskot í hljóð- og myndefni.

Heimilt er að skjóta auglýsingum eða fjarkaupainnskotum inn í dagskrárliði með þeim hætti að það hafi ekki áhrif á framvindu þeirra, að teknu tilliti til eðlilegra hléa og til lengdar og eðlis dagskrárliðarins, sem og að gættum rétti rétthafa.

Við myndmiðlun skal hlutfall auglýsinga og fjarkaupainnskota innan hverrar klukkustundar ekki fara yfir 20%. Í merkingu þessa ákvæðis telst eftirfarandi ekki til auglýsinga:

a. Tilkynningar frá fjölmiðlaveitu um myndmiðlunarefni hennar sjálfrar og stoðframleiðslu sem leiðir beint af því efni, kostunartilkynningar og tilkynningar um vöruinnsetningu og sýndarauglýsingar.
b. Tilkynningar um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana sem birtar eru endurgjaldslaust.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt að rjúfa útsendingu mynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp (að undanteknum þáttaröðum, framhaldsþáttum og heimildarmyndum), kvikmyndaverka og fréttaþátta með auglýsingum eða fjarkaupainnskotum oftar en einu sinni fyrir hvert tímabil í dagskránni sem er að minnsta kosti 30 mínútur.

Óheimilt er að rjúfa útsendingu á guðsþjónustu eða sambærilegum trúarathöfnum og fréttum með auglýsingum eða fjarkaupainnskotum.

Auglýsingar og fjarkaupainnskot eru óheimil í dagskrá sem er ætluð börnum yngri en 12 ára. Bann þetta hefst 5 mínútum áður en dagskrá ætluð börnum yngri en 12 ára hefst og stendur þar til 5 mínútum eftir að útsendingu slíkrar dagskrár lýkur.

42. gr.

Kostun hljóð- og myndefnis.

Heimilt er fjölmiðlaveitu að afla kostunar við gerð og kaup hljóð- og myndmiðlunarefnis, svo framarlega sem kostandi hefur ekki áhrif á innihald, efnistök eða tímasetningu kostaðs efnis og raskar ekki ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði fjölmiðlaveitunnar.

Óheimilt er að kosta fréttaútsendingar og fréttatengt efni.

Nú er efni kostað og má þá innihald þess ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostanda eða annars aðila, t.d. með því að auglýsa slíka vöru eða þjónustu sérstaklega.

Kostað hljóð- og myndmiðlunarefni skal vera auðkennt sem slíkt með kynningu, nafni, vörumerki, öðru auðkenni kostanda eða öðrum þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er. Auðkenning skal eiga sér stað í upphafi efnisþáttar, á meðan á honum stendur og/eða við lok hans.

Óheimilt er að aðrir en fjölmiðlaveita kosti almennt dagskrá miðilsins þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði.

43. gr.

Fjölmiðlaþjónusta á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar sem eingöngu er helguð auglýsingum, fjarkaupum og kynningu í eigin þágu og fjarkaupaþættir.

Ákvæði laga þessara gilda að breyttu breytanda um fjölmiðlaþjónustu á vettvangi hljóð- og myndmiðlunar sem eingöngu er helguð auglýsingum, fjarkaupum eða kynningu í eigin þágu. Ákvæði 33., 34. og 41. gr. gilda þó ekki um slíka þjónustu.

Um fjarkaupaþætti í fjölmiðlaþjónustu sem ekki er eingöngu helguð fjarkaupum gilda eftirfarandi ákvæði:

a. Þeir skulu standa yfir í að minnsta kosti 15 mínútur órofið.
b. Þeir skulu skýrt auðkenndir með myndskilti, hljóðmerki eða öðrum þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er.

Ákvæði laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga skulu gilda um fjarkaup samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

VII. KAFLI
Reglur um flutning myndefnis.

44. gr.

Flutningsskylda á myndefni.

Fjarskiptafyrirtæki sem rekur almennt stafrænt fjarskiptanet sem notað er til flutnings sjónvarpsútsendinga er skylt að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum fjölmiðlaveitu um flutning á sjónvarpsútsendingum, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. það efni sem óskað er eftir að flutt verði um fjarskiptanet sé sjónvarpsútsending fjölmiðlaveitu sem hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum að undanskildum sjónvarpsútsendingum sem eingöngu eru helgaðar fjarkaupum,
b. um sé að ræða sjónvarpsútsendingu sem send er út á rauntíma með hefðbundnum stafrænum gæðum, og
c. umtalsverður hluti notenda í landinu eða á tilteknu landsvæði nýti sér viðkomandi fjarskiptanet til að taka á móti sjónvarpsútsendingum.

Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt er fjarskiptafyrirtæki aðeins skylt að flytja sjónvarpsútsendingar samkvæmt ákvæðinu sem nemur einum þriðja af flutningsgetu viðkomandi fjarskiptanets. Ef fleiri óska eftir flutningi en fjarskiptanetið annar skal fjarskiptafyrirtækið flytja þær sjónvarpsútsendingar sem hafa mest áhorf. Ávallt skal þó flytja sjónvarpsútsendingar Ríkisútvarpsins sé þess óskað.

Fjölmiðlaveita skal sjá um að koma útvarpsmerki að tengipunkti fjarskiptafyrirtækis á viðeigandi formi.

45. gr.

Flutningsréttur á myndefni.

Fjölmiðlaveitu er skylt að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um að fjarskiptafyrirtæki fái að flytja sjónvarpsútsendingar á stafrænu fjarskiptaneti sínu að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. Flutningur sjónvarpsútsendinga til notenda um viðkomandi fjarskiptanet sé af fullnægjandi gæðum og einnig með nægilegu öryggi til að verja lögverndaða hagsmuni rétthafa útsends efnis. Ef um er að ræða læstar sjónvarpsútsendingar skal vera mögulegt að nota aðgangsstýringu. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um lágmarkskröfur um útsendingargæði og öryggi.
b. Það efni sem óskað er eftir að flytja megi um fjarskiptanet sé íslensk sjónvarpsútsending fjölmiðlaveitu sem hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum eða erlend sjónvarpsútsending sem íslensk fjölmiðlaveita hefur gert einkaréttarsamning um eða útsending á ákveðnum viðburðum sem ekki fyllir heila dagskrá samkvæmt framansögðu, svo sem íþrótta- eða listviðburðum.
c. Ákvæði í samningum við rétthafa efnis, sem gerðir voru fyrir gildistöku laga þessara, standi því ekki í vegi að flytja megi efnið um fjarskiptanetið.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um seinkaðar sjónvarpsútsendingar og útsendingar á háskerpustaðli eða öðrum stöðlum sem krefjast umtalsvert meiri bandbreiddar.

Nú hefur fjölmiðlaveita staðbundið leyfi og nær þá flutningsréttur samkvæmt þessari grein ekki út fyrir það svæði sem hið staðbundna leyfi tekur til.

Við kaup á sjónvarpsefni er fjölmiðlaveitu skylt að semja svo við rétthafa að flytja megi sjónvarpsefnið um öll stafræn fjarskiptanet sem fullnægja skilyrðum a-liðar 1. mgr.

Fjölmiðlaveitu er óheimilt að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki.

46. gr.

Málsmeðferð og framkvæmd.

Nú er óskað eftir samningum um flutning á sjónvarpsútsendingu sem fellur undir 44. eða 45. gr. og skulu þá fjölmiðlaveita og fjarskiptafyrirtæki semja um það svo fljótt sem verða má. Við gerð samninga skal gæta jafnræðis um flutning sjónvarpsútsendinga skv. 44. og 45. gr. og við framkvæmd þeirra. Setja skal viðsemjendum sömu skilmála í sams konar viðskipt-

um og veita þjónustu og upplýsingar með sömu skilmálum og af sömu gæðum og veitt eru eigin þjónustudeildum, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum. Nú flytur fjarskiptafyrirtæki sjónvarpsútsendingu á grundvelli samnings eða ákvörðunar og skal fjarskiptafyrirtækið gæta jafnræðis milli íslenskra sjónvarpsútsendinga og hafa allar slíkar útsendingar jafnaðgengilegar notendum. Jafnframt skal fjarskiptafyrirtæki láta sjónvarpsútsendingar með íslensku tali eða texta hafa forgang þannig að þær séu framar erlendum endurvarpsrásum við röðun á fjarstýringu. Þetta ákvæði gildir þó ekki um sjónvarpsútsendingar sem starfrækja á skemur en eitt ár og sjónvarpsútsendingar sem einskorðast við fjarkaup.

Ef ekki tekst samkomulag um flutning eða ef til ágreinings kemur um flutning á síðari stigum getur aðili beint málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Stofnunin skal þá leita sátta með aðilum. Takist ekki að ná sáttum skal skorið úr ágreiningi með ákvörðun eins fljótt og við verður komið. Áður en ákvörðun er tekin skal Póst- og fjarskiptastofnun leita álits fjölmiðlanefndar.

Heimili Póst- og fjarskiptastofnun flutning og aðilar ná ekki samkomulagi um innheimtu áskriftargjalds getur stofnunin ákveðið að kröfu aðila hvort innheimta áskriftargjalds skuli vera í höndum fjölmiðlaveitu eða fjarskiptafyrirtækis. Með sama hætti getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið endurgjald í samræmi við nánari fyrirmæli 47. gr. Við mat Póst- og fjarskiptastofnunar skal líta til atriða er varða hagkvæmni, hagsmuni notenda og eflingu samkeppni að teknu tilliti til meðalhófs. Áður en ákvörðun er tekin skal Póst- og fjarskiptastofnun leita álits fjölmiðlanefndar.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að taka ákvörðun til bráðabirgða, enda sé hætta á því að dráttur á ákvörðun valdi því að réttindi aðila máls fari forgörðum eða hann verði fyrir verulegu fjártjóni. Bráðabirgðaákvörðun skal gilda í tiltekinn tíma og má endurnýja hana ef það er talið nauðsynlegt. Endanleg ákvörðun skal tekin svo fljótt sem unnt er.

Við meðferð mála samkvæmt þessari grein er aðilum skylt að láta Póst- og fjarskiptastofnun í té allar upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynleg.

Heimilt er að bera ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt þessari grein undir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála eða dómstóla eftir því sem segir í 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Á þriggja ára fresti skal fjölmiðlanefnd láta gera úttekt á aðgengi almennings að sjónvarpsútsendingum og meta hvort aðstæður kalli á breytingar á ákvæðum þessa kafla um flutningsreglur.

47. gr.

Ákvörðun endurgjalds vegna flutnings myndefnis.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið, nái aðilar ekki samkomulagi þar að lútandi, hvort fjarskiptafyrirtæki eða fjölmiðlaveita fær greiðslu fyrir flutning eða efni og fjárhæð þeirra greiðslna. Við ákvörðun endurgjalds fyrir flutning sjónvarpsútsendinga skal líta til stofn- og rekstrarkostnaðar búnaðar og þjónustu, afskrifta og hæfilegrar arðsemi af bundnu fjármagni með hliðsjón af áhættu við fjárfestinguna. Póst- og fjarskiptastofnun getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst rekin með hagkvæmum hætti, tekið mið af gjaldskrám á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum viðkomandi fjarskiptafyrirtækis. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að fjarskiptafyrirtæki geri kostnaðarlíkan til útreiknings á gjaldi. Við ákvörðun á gjaldi fyrir flutning skal m.a. taka tillit til þeirrar bandbreiddar sem sjónvarpsútsending tekur á fjarskiptaneti og fjölda notenda viðkomandi þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið gjald fyrir ýmsa þjónustuþætti sem tengjast flutningi sjónvarpsútsendinga og skal við slíka ákvörðun miða við sömu sjónarmið og gilda um flutninginn sjálfan eftir því sem við á.

Við ákvörðun á endurgjaldi fyrir sjónvarpsútsendingar í tilviki flutningsréttar þegar fjarskiptafyrirtækið stýrir áskriftarkerfinu er heimilt að byggja á kostnaði við öflun viðkomandi sjónvarpsefnis auk hæfilegrar álagningar eða miða við hæfilegan afslátt af því verði sem fjölmiðlaveitan býður notendum sínum sjálf.

Heimilt er að taka áður ákveðið gjald fyrir flutning eða sjónvarpsefni til endurskoðunar ef annar hvor aðila setur fram kröfu um það ásamt rökstuðningi fyrir nauðsyn endurákvörðunar gjaldsins.

VIII. KAFLI
Takmörkun á einkaréttindum yfir myndefni.

48. gr.
Aðgangur almennings að myndmiðlun frá þýðingarmiklum viðburðum.

Heimilt er að ákveða í reglugerð að einkarétt fjölmiðlaveitu til myndmiðlunar frá innlendum og erlendum viðburðum sem taldir eru hafa verulega þýðingu í þjóðfélaginu sé einungis heimilt að nýta á þann hátt að meginhluti þjóðarinnar eigi þess kost að fylgjast með viðkomandi viðburðum í beinum eða seinkuðum útsendingum án sérstaks endurgjalds. Í reglugerðinni skal vera tæmandi og nákvæm skrá um þá viðburði sem ákvörðun er ætlað að taka til, og skal ákvörðun um skrána tekin með góðum fyrirvara. Í reglugerð skulu enn fremur vera ákvæði um það hvort hinir tilteknu viðburðir skuli sýndir í heild eða að hluta í beinum útsendingum, eða í heild eða að hluta í seinkuðum útsendingum, ef það telst nauðsynlegt eða hagfellt vegna þarfa almennings, sem og önnur atriði sem nauðsynlegt þykir að kveða á um.

Fjölmiðlaveita, sem aflar sér einkaréttar fyrir Ísland og/eða önnur EES-ríki til myndmiðlunar frá viðburði sem tiltekinn er í reglugerð skv. 1. mgr., skal þegar í stað tilkynna það til fjölmiðlanefndar sem hefur eftirlit með framkvæmd ráðstafana samkvæmt grein þessari.

Bjóði einkaréttarhafi annarri fjölmiðlaveitu leyfi til myndmiðlunar frá viðburði til þess að uppfylla skyldu sína skv. 1. mgr. skal það boðið gegn sanngjörnu endurgjaldi. Rísi ágreiningur um endurgjald getur hvor aðili um sig leitað ákvörðunar fjölmiðlanefndar um sanngjarnt endurgjald fyrir leyfið. Fjölmiðlanefnd skal meta endurgjaldið með hliðsjón af því hvað telst vera eðlilegt markaðsverð á samkeppnismarkaði fyrir réttindi þau sem um ræðir.

Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðun fjölmiðlanefndar skv. 3. mgr. skal einkaréttarhafi engu síður eftirláta viðkomandi fjölmiðlaveitu leyfi til hljóð- og myndmiðlunar frá þeim viðburði sem um ræðir, enda setji hann tryggingu fyrir greiðslu endurgjaldsins sem fjölmiðlanefnd metur fullnægjandi.

49. gr.
Gagnkvæm viðurkenning á reglum EES-ríkja.

Fjölmiðlaveitu, sem lýtur íslenskri lögsögu, er einungis heimilt að nýta einkaréttindi sín til myndmiðlunar frá viðburðum sem annað EES-ríki hefur ákveðið að teljist hafa verulega þýðingu í því þjóðfélagi á þann hátt að meginhluti íbúanna í viðkomandi ríki eigi þess kost að fylgjast með viðburðunum í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds.

Einkaréttindi skulu nýtt í samræmi við reglur viðkomandi EES-ríkis um útsendingu í heild eða að hluta og um beina eða seinkaða útsendingu frá viðburðunum.

Fjölmiðlanefnd skal hafa eftirlit með framkvæmd ráðstafana samkvæmt grein þessari.

IX. KAFLI
Ábyrgð, viðurlög, fullnusta o.fl.

50. gr.
Ábyrgð á hljóð- og myndefni.

Ef hljóð- eða myndmiðlunarefni brýtur í bága við lög fer um viðurlög, refsi- og fébóta-ábyrgð svo sem hér segir:

a. Einstaklingur sem tjáir sig í eigin nafni, flytur eða miðlar efni sem hann hefur sjálfur samið eða flytur efni samið af öðrum samkvæmt eigin ákvörðun ber á því ábyrgð sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.
b. Kaupandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, hvort heldur sem um einstakling eða lögaðila er að ræða, ber ábyrgð á efni hennar sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.
c. Í öðrum tilvikum bera viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaveitu ábyrgð á því efni sem miðlað er.

Fjölmiðlaveita ber ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hennar kann að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein.

Skylt er fjölmiðlaveitu að veita hverjum þeim sem telur á sér brotið með miðlun hljóð- og myndefnis upplýsingar um það hver beri ábyrgð á efninu.

51. gr.
Ábyrgð á ritefni.

Ef ritefni brýtur í bága við lög fer um viðurlög, refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

a. Einstaklingur ber ábyrgð á því efni sem hann ritar í eigin nafni eða merkir sér með augljósum hætti sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Sé ritefni réttilega haft eftir nafngreindum einstaklingi ber sá sem það er haft eftir ábyrgð á eigin ummælum hafi hann samþykkt miðlun þeirra og sé annaðhvort heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.
b. Kaupandi viðskiptaboða, hvort heldur sem um einstakling eða lögaðila er að ræða, ber ábyrgð á efni þeirra sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.
c. Í öðrum tilvikum en þeim sem tilgreind eru í a- og b-lið bera viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaveitu ábyrgð á því efni sem birt er.

Fjölmiðlaveita ber ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésekta og skaðabóta sem starfsmanni hennar kann að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein.

Skylt er fjölmiðlaveitu að veita hverjum þeim sem telur á sér brotið með miðlun ritefnis upplýsingar um það hver beri ábyrgð á efninu.

52. gr.
Bann við miðlun hljóð- og myndefnis og afturköllun hljóð- og myndmiðlunarleyfis.

Fjölmiðlanefnd getur að undangenginni lögmæltri málsmeðferð samkvæmt lögum þessum bannað með ákvörðun miðlun efnis sem telst andstætt ákvæðum laga.

Fjölmiðlanefnd getur afturkallað leyfi til hljóð- og myndmiðlunar vegna brota á ákvæðum laga þessara, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða.

53. gr.
Dagsektir.

Fjölmiðlanefnd getur lagt allt að 200.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á þann sem:

a. vanrækir að verða við ákvörðun fjölmiðlanefndar um afhendingu skriflegra upplýsinga og gagna skv. 1. mgr. 12. gr.,
b. vanrækir að verða við ákvörðun fjölmiðlanefndar um afhendingu upplýsinga úr bókhaldi og reikningum skv. 19. gr.,
c. vanrækir að senda fjölmiðlanefnd hlutaskrá félags skv. 2. mgr. 22. gr.,
d. vanrækir að senda fjölmiðlanefnd skýrslu skv. 23. gr.,
e. vanrækir að verða við ákvörðun fjölmiðlanefndar um skyldu til að birta andsvör skv. 4. mgr. 36. gr. og um afhendingu efnis skv. 5. mgr. 36. gr. og sinnir ekki upplýsingaskyldu skv. 6. mgr. 36. gr., eða
f. miðlar efni sem fjölmiðlanefnd hefur bannað, sbr. 1. mgr. 52. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun getur lagt allt að 200.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á þann sem:

a. ekki fer að ákvörðunum um flutningsrétt eða flutningsskyldu skv. 2., 3. og 4. mgr. 46. gr., eða
b. vanrækir að veita upplýsingar eða gögn skv. 5. mgr. 46. gr.

Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega og á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

54. gr.
Stjórnvaldssektir.

Fjölmiðlanefnd leggur stjórnvaldssektir á lögaðila sé brotið gegn eftirtöldum ákvæðum:

a. 14. gr. um að skráningarskyld starfsemi fari ekki fram án tilkynningar, fyrir hendi sé ábyrgðarmaður og/eða breytingar á högum tilkynningarskylds aðila tilkynntar.
b. 15. gr. um tilkynningarskyldu erlends endurvarps.
c. 16. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án leyfis.
d. 2. mgr. 19. gr. um aðskilnað reksturs, bókhalds og fjárreiðna leyfisskyldrar starfsemi frá rekstri, bókhaldi og fjárreiðum annarrar starfsemi.
e. 1. mgr. 20. gr. um breytingu á högum leyfishafa.
f. 27. gr. um refsiverða háttsemi.
g. 1.–3. mgr. 28. gr. um vernd barna gegn skaðlegu efni.
h. 29. gr. um tal og texta á íslensku.
i. 31. gr. um skyldur vegna almannaheilla.
j. 32. gr. um skyldu til auðkenningar.
k. 35. gr. um skyldu til varðveislu fjölmiðlaefnis.
l. 1. og 4. mgr. 36. gr. um rétt til andsvara.
m. VI. kafla um viðskiptaboð og fjarkaup.
n. 49. gr. um gagnkvæma viðurkenningu á reglum EES-ríkja.
o. 1. mgr. 52. gr. um miðlun efnis sem fjölmiðlanefnd hefur bannað.
p. 60. gr. um óheimila hagnýtingu fjölmiðlaefnis.
q. 61. gr. um óheimilan aðgang að hljóð- og myndmiðlunarefni.

Fjölmiðlanefnd skal leggja stjórnvaldssekt bæði á seljanda og kaupanda komi í ljós að þeir hafi vanrækt að tilkynna um eigendaskipti á hlut í útvarpsstöð skv. 1. mgr. 22. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun leggur stjórnvaldssektir á þá sem brjóta gegn ákvæði 4. og/eða 5. mgr. 45. gr. um flutningsrétt.

Sektir skv. 1.–3. mgr. geta numið allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitu af broti þegar það á við.

Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta. Í slíku tilviki er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á heimasíðu hennar.

Fjölmiðlanefnd er heimilt að mæla fyrir um birtingu ákvörðunar að hluta eða í heild. Skal birtingin fara fram með þeim hætti og í þeim mæli sem sanngjarnt má teljast. Hinn brotlegi skal annast og kosta birtinguna.

55. gr.

Fullnusta.

Ákvarðanir fjölmiðlanefndar samkvæmt lögum þessum eru fullnaðarúrlausnir innan stjórnsýslunnar og sæta ekki stjórnsýslukæru. Nú vill aðili ekki una ákvörðun fjölmiðlanefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun fjölmiðlanefndar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar fjölmiðlanefndar nema svo standi á sem kveðið er á um í 6. mgr.

Ákvarðanir fjölmiðlanefndar um stjórnvalds- og dagsektir eru aðfararhæfar. Innheimtar stjórnvalds- og dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun fjölmiðlanefndar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort brot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að aðili sinni síðar þeim skyldum sem á honum hvíldu, nema fjölmiðlanefnd ákveði það sérstaklega.

Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar um dagsektir skv. 1. eða 2. mgr. 53. gr. innan 14 daga frá því að viðkomandi fjölmiðlaveitu var tilkynnt um hana og óski hún jafnframt eftir því að málið hljóti flýtimeðferð er ekki heimilt að innheimta dagsektir fyrr en dómur hefur fallið. Þrátt fyrir málshöfðun til ógildingar slíkrar ákvörðunar leggjast dagsektir áfram á viðkomandi fjölmiðlaveitu.

56. gr.

Refsingar.

Ábyrgðarmaður, starfsmenn fjölmiðlaveitu eða stjórnarmenn sem framkvæma eða láta framkvæma brot gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara skulu sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar:

a. 14. gr. um að skráningarskyld starfsemi fari ekki fram án tilkynningar, fyrir hendi sé ábyrgðarmaður og/eða breytingar á högum tilkynningarskylds aðila tilkynntar.
b. 15. gr. um tilkynningarskyldu erlends endurvarps.
c. 16. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án leyfis.
d. 1. mgr. 19. gr. um tekjur fjölmiðlaveitna og 2. mgr. 19. gr. um aðskilnað reksturs, bókhalds og fjárreiðna leyfisskyldrar starfsemi frá rekstri, bókhaldi og fjárreiðum annarrar starfsemi.
e. 1. mgr. 20. gr. um breytingu á högum leyfishafa.
f. 25. gr. um vernd heimildarmanna.

g. 27. gr. um refsiverða háttsemi.
h. 1.–3. mgr. 28. gr. um vernd barna gegn skaðlegu efni.
i. 29. gr. um tal og texta á íslensku.
j. 31. gr. um skyldur vegna almannaheilla.
k. 32. gr. um skyldu til auðkenningar.
l. 35. gr. um skyldu til varðveislu fjölmiðlaefnis.
m. 1. og 4. mgr. 36. gr. um rétt til andsvara.
n. VI. kafla um viðskiptaboð og fjarkaup.
o. 4. og 5. mgr. 45. gr. um flutningsrétt.
p. 49. gr. um gagnkvæma viðurkenningu á reglum EES-ríkja.
q. 1. mgr. 52. gr. um miðlun efnis sem fjölmiðlanefnd hefur bannað.
r. 60. gr. um óheimila hagnýtingu fjölmiðlaefnis.
s. 61. gr. um óheimilan aðgang að hljóð- og myndmiðlunarefni.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera honum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

57. gr.
Kæra mála til lögreglu.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru fjölmiðlanefndar eða þegar við á Póst- og fjarskiptastofnunar.

Varði brot á lögum þessum bæði refsiábyrgð fyrir einstakling og lögaðila metur fjölmiðlanefnd, eða eftir atvikum Póst- og fjarskiptastofnun, með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða hvort mál skuli kært til lögreglu að hluta eða í heild. Ef brot eru meiri háttar er viðkomandi stjórnvaldi skylt að vísa þeim til lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru stjórnvalds skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ekki um ákvörðun um að kæra mál til lögreglu.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent mál sem varðar brot á lögum þessum og gögn því tengd til fjölmiðlanefndar eða Póst- og fjarskiptastofnunar, eftir því sem við á, til meðferðar og ákvörðunar.

58. gr.
Þagnarréttur.

Einstaklingi sem hefur réttarstöðu sakbornings er óskylt að svara spurningum í málum sem getur lokið með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu í samræmi við lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Fjölmiðlanefnd eða Póst- og fjarskiptastofnun, eftir því sem við á, skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

59. gr.
Birting dóms.

Nú er fjölmiðlaveitu eða öðrum þeim sem ábyrgð ber á efni samkvæmt lögum þessum dæmd refsing, ummæli ómerkt eða fébætur dæmdar og má þá ákveða í dómi að viðlögðum dagsektum, eftir kröfu þess sem misgert er við, að forsendur og dómsorð skuli birt þegar um

ritmiðil er að ræða eða grein gerð fyrir þeim í dagskrá þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða.

Þegar um ritmiðil er að ræða skal birta dómshlutann með sama hætti og annað efni viðkomandi miðils og á þeim stað að eftir verði tekið og þegar um hljóð- eða myndmiðil er að ræða skal grein gerð fyrir honum á þeim tíma þegar hlustun eða áhorf er mest.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

60. gr.
Óheimil hagnýting fjölmiðlaefnis.

Notendum fjölmiðla er óheimilt án leyfis viðkomandi rétthafa að hagnýta sér efni þeirra til tekjuöflunar með nokkrum hætti, svo sem með upptöku efnis, útgáfu þess eða annarri miðlun.

61. gr.
Óheimill aðgangur að hljóð- og myndmiðlunarefni.

Óheimilt er að framleiða, afhenda, leigja, setja upp eða gera við aðgangskassa, viðtæki eða annan útbúnað í því skyni að veita aðila sem ekki hefur innt af hendi áskriftargjald eða annað tilskilið endurgjald aðgang að læstri útsendingu eða hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun.

Óheimilt er að nota aðgangskassa, viðtæki eða annan útbúnað til þess að taka á móti læstri útsendingu eða hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun án þess að inna af hendi áskriftargjald eða annað tilskilið endurgjald.

62. gr.
Setning reglugerðar.

Mennta- og menningarmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Í slíkri reglugerð er m.a. heimilt að fjalla nánar um og útfæra eftirfarandi þætti laganna:

a. Nánari fyrirmæli um starfsemi fjölmiðlanefndar, þ.m.t. málsmeðferð, sbr. III. kafla.
b. Nánari fyrirmæli á grundvelli IV. kafla, svo sem um tilhögun skráningar fjölmiðlaveitu, form og efni umsókna um leyfi til hljóð- og myndmiðlunar og tilhögun slíkra leyfa; tilhögun lögboðinna tilkynninga um breytingar á starfsemi og starfsgrundvelli fjölmiðlaveitu, þ.m.t. form og efni tilkynninga um breytt eignarhald skv. 22. gr.; form upplýsingagjafar á heimasíðu fjölmiðlanefndar og upplýsingagjöf skv. 23. gr.
c. Einstakar skyldur og réttindi fjölmiðlaveitu skv. V. kafla, þ.m.t. um vernd barna gegn skaðlegu efni skv. 28. gr. og form andsvarsréttar skv. 36. gr.
d. Nánari útfærslu einstakra forma viðskiptaboða og fjarkaupa, þ.m.t. um skilyrði undanþágu og frávika frá meginreglum VI. kafla.
e. Nánari fyrirmæli um framkvæmd og málsmeðferð vegna flutnings hljóð- og myndefnis skv. VII. kafla.
f. Aðgang almennings að þýðingarmiklum viðburðum í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 48. gr. og gagnkvæma viðurkenningu á reglum EES-ríkja skv. 49. gr.
g. Form og tilhögun álagningar dagsekta skv. 53. gr. og stjórnvaldssekta skv. 54. gr.; afturköllun leyfis skv. 2. mgr. 52. gr. og frágang kæru til lögreglu skv. 57. gr.

Áður en kemur til setningar reglugerðar skal aflað tillagna fjölmiðlanefndar. Við setningu nánari reglna um flutning hljóð- og myndmiðlunarefnis skv. e-lið 1. mgr. skal jafnframt aflað umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Innanríkisráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um málsmeðferð og framkvæmd flutnings sjónvarpsútsendinga skv. VII. kafla. Áður en til setningar reglugerðar kemur skal aflað tillagna Póst- og fjarskiptastofnunar og umsagnar fjölmiðlanefndar. Þá er innanríkisráðherra heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu á kostnaðargreiningu endurgjalds fyrir flutning myndefnis, m.a. um aðferðir við eignamat, afskriftir og ávöxtunarkröfu auk gerðar kostnaðarlíkana.

XI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

63. gr.

Með lögum þessum eru leidd í lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB frá 11. desember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur.

64. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi útvarpslög, nr. 53/2000.

65. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessa verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um prentrétt, nr. 57/1956.*
   a. Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Lög þessi taka ekki til rita sem teljast til fjölmiðla samkvæmt lögum um fjölmiðla.
   b. 9., 10., 14.–22. og 31. gr. laganna falla brott.
2. *Höfundalög, nr. 73/1972.*
   a. Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Sendi útvarpsstöð út stutt myndskeið með heimild í 4. mgr. 48. gr. er heimilt að útsendingin taki einnig til verks sem verndað er samkvæmt lögunum.
   b. Við 48. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Nú sendir útvarpsstöð er nýtur verndar samkvæmt lögum þessum út viðburð, sem vekur mikinn áhuga á meðal almennings, á grundvelli samnings um einkarétt til útsendingar og er þá, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., annarri útvarpsstöð sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu heimilt að senda út stutt myndskeið að eigin vali frá viðkomandi viðburði. Heimild þessi nær þó eingöngu til útsendingar slíkra myndskeiða í almennum fréttaþáttum. Sé myndskeið sýnt með heimild í þessari málsgrein skal nafn eða annað auðkenni þeirrar útvarpsstöðvar sem einkaréttinn á birt ef unnt er.
      Skilmálar útvarpsstöðvar sem er aðili einkaréttarsamnings fyrir nýtingu skv. 4. mgr. skulu vera réttlátir, sanngjarnir og án mismununar og kynntir með góðum fyrirvara.
3. *Lög um fjarskipti, nr. 81/2003.* 55. gr. laganna fellur brott.

4. *Lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006.*
   a. 2. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Um mat á sýningarhæfi annars dagskrárefnis í hljóð- og myndmiðlum en fellur undir 2. tölul. 1. gr. fer eftir ákvæðum laga um fjölmiðla.
   b. Í stað orðsins „Barnaverndarstofa“ og orðsins „Barnaverndarstofu“ hvarvetna í 5. gr. laganna kemur: fjölmiðlanefnd; og: fjölmiðlanefndar.
5. *Lög um Ríkisútvarpið ohf., nr. 6/2007.*
   a. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Tekjur af hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess. Samanlagðar tekjur Ríkisútvarpsins ohf. af kostun skulu þó eigi vera hærri en sem nemur hlutfalli tekna af kostun í samanlögðum tekjum Ríkisútvarpsins af hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni á árinu 2006. Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að selja auglýsingar til birtingar á veraldarvefnum. Þá er vöruinnsetning óheimil í öllum dagskrárliðum hvort heldur sem er í línulegri eða ólínulegri dagskrá. Bann við vöruinnsetningu nær þó einungis til þess efnis sem Ríkisútvarpið ohf. hefur framleitt sjálft eða efnis sem hefur verið framleitt í umboði þess eða tengdra fyrirtækja.
   b. 1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:
      Að öðru leyti en fram kemur í lögum þessum gilda um Ríkisútvarpið ohf. lög nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, og lög um fjölmiðla á hverjum tíma.
6. *Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005.* 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:
   Auk þess taka lög þessi til samninga, skilmála og athafna aðila sem hefur staðfestu á Íslandi og ætlað er að hafa áhrif í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu og um er að ræða ætlað brot gegn ákvæðum III.–V. kafla.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 64. gr. skulu hljóðvarps- og sjónvarpsleyfi gefin út á grundvelli laga nr. 53/2000 sem í gildi eru við gildistöku laga þessara halda gildi sínu í tólf mánuði. Innan þess tíma skulu fjölmiðlaveitur sem falla undir 16. gr. hafa sótt um endurnýjun á leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar til fjölmiðlanefndar. Skammtímaleyfi, sem hafa verið gefin út á grundvelli laga nr. 53/2000 og eru í gildi við gildistöku laga þessara, gilda samkvæmt þeim tímamörkum sem tilgreind eru í þeim. Fjölmiðlaveitur, sem starfrækja þjónustu sem fellur undir 14. og 15. gr., skulu tilkynna fjölmiðlanefnd um starfsemi sína innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

Stjórnir einkahlutafélaga og hlutafélaga skulu senda fjölmiðlanefnd nýjustu hlutaskrá sína fyrir 1. júní 2011. Brot á ákvæði þessu varðar dagsektum skv. c-lið 1. mgr. 53. gr.

II.

Fjölmiðlanefnd er heimilt að óska eftir gildandi samningum um kaup á sjónvarpsefni og er fjölmiðlaveitu skylt að verða við þeim tilmælum. Nú heimilar gildandi samningur fjölmiðlaveitu um hljóð- og myndmiðlunarefni við rétthafa, sem gilda mun til lengri tíma en þriggja ára frá gildistöku laga þessara, ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í 45. gr. og skal þá fjölmiðlaveita gera nýjan samning við rétthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Takist slíkir samningar ekki er fjölmiðlaveitu óheimilt að senda út efnið að þeim tíma liðnum.

III.

Mennta- og menningarmálaráðherra skal skipa nefnd til að gera tillögur í frumvarpsformi um viðeigandi takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa hvers þingflokks sem á sæti á Alþingi við skipan hennar. Þess utan skipar ráðherra formann og varaformann nefndarinnar og skulu þeir vera sérfróðir um fjölmiðlamál. Nefndin skal í störfum sínum og eftir því sem við getur átt taka sérstakt mið af forsendum og niðurstöðum fjölmiðlanefndar þeirrar sem lauk störfum með skýrslu í apríl 2005. Nefndin skal skila tillögum sínum fyrir 1. júní 2011.

IV.

Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra.

1297. Frumvarp til laga [237. mál]

um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

(Eftir 2. umr., 11. apríl.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að veita eigendum innstæðna í innlánsstofnunum og viðskiptavinum fyrirtækja í verðbréfaþjónustu vernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis.

Til að unnt sé að veita þá vernd sem kveðið er á um í 1. mgr. er innlánsstofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu skylt að greiða iðgjald til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta sem veitir vernd samkvæmt lögum þessum.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Innlánsstofnun:* Viðskiptabanki eða sparisjóður sem stundar starfsemi skv. a-lið 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og hlotið hefur starfsleyfi hér á landi.
2. *Innstæða:* Inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum, og millifærsla í hefðbundinni almennri bankastarfsemi, sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum, og hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun. Lántökur innlánsstofnunar, eiginfjárreikningar, heildsöluinnlán og safnreikningar, aðrir en reikningar innlánsleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar, teljast ekki til innstæðna.
3. *Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu:* Fjármálafyrirtæki sem hlotið hefur starfsleyfi til að stunda starfsemi á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
4. *Verðbréf:* Verðbréf eins og þau eru skilgreind í lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, sem eru í vörslu eða umsýslu fjármálafyrirtækis og því ber að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti fyrirtækisins og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum.
5. *Verðbréfaviðskipti:* Verðbréfaviðskipti skv. 1. gr. laga um verðbréfaviðskipti.
6. *Reiðufé:* Fé í eigu fjárfestis í evrum eða gjaldmiðli annarra aðildarríkja sem er í vörslu fyrirtækis í verðbréfaþjónustu í tengslum við fjárfestingarstarfsemi.
7. *Aðildarríki:* Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.
8. *Vörsluaðili lífeyrissparnaðar:* Aðili skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, sem hefur heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla sömu laga.
9. *Innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar:* Fjárfestingarleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar sem eingöngu hefur heimildir til að ávaxta fé sitt á innlánsreikningi samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni.
10. *Heildsöluinnlán:* Innlán þar sem samið hefur verið sérstaklega um kjör og tímalengd

viðkomandi innlána annaðhvort beint við viðkomandi innlánsstofnun eða fyrir milligöngu miðlara á peningamarkaði. Slík innlán standa almennum sparifjáreigendum almennt ekki til boða og skilmálar þeirra eru ekki staðlaðir.

11. *Safnreikningar:* Eigin reikningur fjármálafyrirtækis þar sem fjármálagerningar eða hlutdeild viðskiptavinar er skráð. Inneign á safnreikningum telst ekki til innstæðu nema annað leiði af lögum þessum þar sem ekki er um að ræða sérgreindan reikning í eigu innstæðueiganda.

II. KAFLI
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.

3. gr.
Sjóðurinn.

Með tryggingar samkvæmt lögum þessum fer Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, hér eftir nefndur sjóðurinn. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt lögum þessum. Lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur gilda ekki um sjóðinn. Sjóðurinn nýtur ekki ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum í skilningi laga um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997.

Sjóðurinn er undanþeginn greiðslu tekjuskatts, eignarskatts og skatts á fjármagnstekjur. Sama á við um aðra skatta sem byggjast á sömu álagningarstofnum. Þá verður sjóðurinn hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né er heimilt að gera aðför í eignum hans.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að gera aðför í samræmi við ákvæði laga um aðför, nr. 90/1989, í eignum þeirrar deildar sjóðsins sem tekið hefur lán skv. 8. gr., komi til vanskila.

4. gr.
Stjórn og framkvæmdastjóri.

Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins og ákveður þóknun stjórnar. Skal einn stjórnarmaður skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður, einn stjórnarmaður skal tilnefndur af Seðlabanka Íslands og einn tilnefndur af Samtökum fjárfesta. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Stjórnarmenn skulu uppfylla óhæðis- og hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra við sjóðinn eða semja við lögaðila um rekstur og vörslu hans. Jafnframt er henni heimilt að semja við þriðja aðila um umsjón greiðslna úr sjóðnum. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, eiga ekki við um stjórn eða starfsmenn sjóðsins.

Framkvæmdastjóri sjóðsins eða framkvæmdastjóri lögaðila, ef við á, skal uppfylla óhæðis- og hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki. Sama á við um starfsmenn lögaðila sem stjórn sjóðsins kann að semja við um ákveðna þætti í rekstri sjóðsins.

5. gr.
Ársfundur.

Ársfund skal halda fyrir lok mars ár hvert. Á ársfundi skulu endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins lagðir fram til kynningar, gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins og helstu atriðum í starfsemi hans á liðnu ári. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Fundurinn skal auglýstur opinberlega og eiga rétt til fundarsetu fulltrúar þeirra innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem greiða iðgjöld til sjóðsins, fulltrúar hagsmunasamtaka þeirra, fulltrúar hagsmunasamtaka viðskiptamanna þeirra, svo og fulltrúar opinberra aðila.

6. gr.

Starfsemi sjóðsins.

Sjóðurinn starfar í þremur sjálfstæðum deildum. Innstæðudeildir eru tvær, A-deild og B-deild. Jafnframt starfar við sjóðinn verðbréfadeild. Deildirnar hafa aðskilinn fjárhag og reikningshald og bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hver annarrar.

Fyrirtæki sem er skylt að greiða iðgjöld til sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram það sem kveðið er á um í lögum þessum.

Rekstrarkostnaður greiðist af eignum sjóðsins í samræmi við hlutfall hverrar deildar í heildarkostnaði.

Fjármálaeftirlitið heldur sérstaka skrá um fyrirtæki sem er skylt að greiða iðgjöld til sjóðsins. Skal skráin uppfærð jafnóðum og breytingar verða og birt á vefsíðum Fjármálaeftirlitsins og sjóðsins.

7. gr.

Greiðsluskylda sjóðsins.

Sjóðnum er skylt að greiða viðskiptavini innlánsstofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem greiðir iðgjöld til sjóðsins fjárhæð sem nemur vernd sjóðsins skv. 12. og 20. gr. enda hafi greiðsluskylda sjóðsins orðið virk vegna:

1. álits Fjármálaeftirlitsins um að innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu teljist ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár sem viðskiptavinur hefur krafið fyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda, eða
2. úrskurðar héraðsdóms um að innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hafi verið tekið til slita skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Álit Fjármálaeftirlitsins skv. 1. tölul. 1. mgr. skal liggja fyrir svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að það fær staðfestingu á að aðstæður sem lýst er í 1. tölul. 1. mgr. séu fram komnar hjá innlánsstofnun. Framangreint á þó ekki við gagnvart verðbréfadeild sjóðsins en þá skal álit Fjármálaeftirlitsins liggja fyrir innan þriggja vikna.

Nú telur Fjármálaeftirlitið eða Seðlabanki Íslands að fjármálafyrirtæki sem er skylt að greiða iðgjöld til sjóðsins sé í slíkri stöðu að gæti leitt til þess að greiðsluskylda sjóðsins yrði virk og skal það þá þegar tilkynnt sjóðnum.

8. gr.

Lán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána á milli sjóðsdeilda fjárhæð sem nemur allt að 50% af kröfu sem gerð er á hendur viðkomandi sjóðsdeild, þó ekki umfram 100 millj. kr. Lánið skal endurgreiðast innan 36 mánaða. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um lán á milli deilda.

Beri brýna nauðsyn til er stjórn sjóðsins heimilt að taka lán dugi eignir sjóðsins ekki til að standa undir lágmarksskuldbindingum hans.

Lán sjóðsins samkvæmt þessari grein eru undanþegin stimpilgjaldi.

9. gr.

Innra öryggi.

Stjórn sjóðsins skal tryggja að reglulega sé farið yfir innri verkferla sjóðsins og að tölvubúnaður sé fullnægjandi þannig að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum. Skýrsla þessu til staðfestingar skal send Fjármálaeftirlitinu sem getur sett nánari reglur um úttekt verkferla eða rekstur og viðhald tölvukerfa samkvæmt þessari grein.

Séu einstök verkefni falin öðrum skal stjórn sjóðsins ganga úr skugga um að viðkomandi uppfylli ákvæði 1. mgr.

III. KAFLI

Innstæður.

10. gr.

Iðgjald.

Innlánsstofnanir skulu greiða iðgjöld til A-deildar frá því að þær hefja starfsemi skv. a-lið 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Iðgjöld skulu vera samtala almenns iðgjalds skv. 2. mgr. og iðgjalds sem er reiknað á grundvelli áhættustuðuls skv. 3. mgr.

Almennt iðgjald skal nema sem svarar 0,3% á ári af öllum innstæðum hjá viðkomandi innlánsstofnun öðrum en þeim sem eru undanþegnar tryggingavernd skv. 14. gr. eða 0,075% á ársfjórðungslegum gjalddaga.

Auk iðgjalds skv. 2. mgr. greiðir innlánsstofnun breytilegt iðgjald í samræmi við áhættustuðul sem Fjármálaeftirlitið gefur hverri innlánsstofnun. Áhættustuðull skal lægst hafa gildið 0 og hæst gildið 1 og skal iðgjald skv. 2. mgr. margfaldað með áhættustuðlinum eins og hann er í lok þess ársfjórðungs sem iðgjald er greitt fyrir.

Gjalddagar eru fjórir á ári, einn fyrir hvern ársfjórðung, síðasta virkan dag í febrúar, maí, ágúst og nóvember.

Að fenginni sameiginlegri tillögu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands ber sjóðnum að innheimta viðbótariðgjald ef eign A-deildar dugir ekki til að standa undir greiðslu þegar greiðsluskylda sjóðsins verður virk vegna atvika sem getur í 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. Einnig er sjóðnum heimilt að innheimta viðbótariðgjöld til að standa straum af kostnaði, afborgunum og greiðslum vaxta af lánum skv. 8. gr. Iðgjald samkvæmt þessari málsgrein skal þó aldrei vera hærra en nemur 0,6% af tryggðum innstæðum hjá viðkomandi innlánsstofnun.

Iðgjöld eru óendurkræf.

Eigi síðar en 30 dögum eftir lok hvers ársfjórðungs skulu innlánsstofnanir hafa veitt sjóðnum upplýsingar um samtölu þeirra eigna og atriða sem álagning skv. 2.–3. mgr. byggist á. Skulu upplýsingarnar veittar í því formi sem sjóðurinn ákveður. Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að sannreyna upplýsingar sem fjármálafyrirtæki hafa afhent samkvæmt grein þessari. Sjóðurinn tilkynnir innlánsstofnunum upphæð iðgjalds a.m.k. sjö dögum fyrir gjalddaga.

Standi innlánsstofnun ekki skil á upplýsingum sem henni ber að veita skv. 7. mgr. er sjóðnum heimilt að áætla iðgjald innlánsstofnunar skv. 2.–3. mgr. Slíkt iðgjald skal að lágmarki nema tvöfaldri síðustu álagningu ársfjórðungslegs iðgjalds viðkomandi innlánsstofnunar og er óheimilt að endurgreiða það þótt full skil verði gerð á öllum nauðsynlegum upplýsingum síðar.

Að fenginni sameiginlegri tillögu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands ber stjórn sjóðsins að lækka iðgjöld skv. 2. mgr. þegar eignir A-deildar nema að lágmarki 4% af heildarinnstæðum sem tryggðar eru.

Sjóðnum er heimilt að innheimta iðgjöld í þeirri mynt sem innstæða er í.

11. gr.

Vanskil á greiðslu iðgjalds.

Greiði innlánsstofnun sem er skylt að greiða iðgjald til sjóðsins ekki ársfjórðungslegt iðgjald á gjalddaga skv. 4. mgr. 10. gr. leggst á iðgjaldið 5% álag fyrir hvern liðinn dag umfram gjalddaga, í fimm daga. Hafi fyrirtæki ekki staðið skil á iðgjaldi og álagi að þeim tíma liðnum tilkynnir stjórn sjóðsins um vanskil fyrirtækisins til Fjármálaeftirlitsins.

Verði vanskil á greiðslu iðgjalds innlánsstofnunar er stjórn sjóðsins heimilt að láta færa fjármuni sem nema þeim innlánum sem orðið hafa til hjá hlutaðeigandi innlánsstofnun frá gjalddaga á reikning hennar hjá Seðlabanka Íslands þar til iðgjald hefur verið greitt.

Sé innlánsstofnun svipt heimild til að taka við innlánum eða starfsleyfi í heild raskast ekki hagsmunir þeirra sem nutu tryggingaverndar við sviptingu starfsleyfis í samræmi við ákvæði þessa kafla.

12. gr.

Greiðslur úr A-deild.

Greiðslur til hvers einstaks innstæðueiganda úr A-deild skulu nema heildarfjárhæð tryggðra innstæðna hans í hlutaðeigandi innlánsstofnun, þó aldrei hærri fjárhæð en nemur jafnvirði 100.000 evra (EUR) í íslenskum krónum. Sjóðurinn verður ekki krafinn um frekari greiðslu. Rétthafi í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar telst innstæðueigandi samkvæmt þessari grein.

Hlutaðeigandi innlánsstofnun eða þrotabúi hennar er skylt að afhenda sjóðnum allar þær upplýsingar sem sjóðurinn telur nauðsynlegar til að meta rétt hvers innstæðueiganda og vörsluaðila á þeim degi sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. eða þegar úrskurður er kveðinn upp um töku bús fyrirtækis til slitameðferðar.

Nú er innstæðueigandi rétthafi í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar og skiptist þá greiðsla tryggingarfjárhæðar á milli vörsluaðila og hans í sama hlutfalli og hlutur hans í reikningi vörsluaðila af heildarinnstæðum hans hjá viðkomandi innlánsstofnun nemur. Vörsluaðili ráðstafar fénu samkvæmt skilagrein sjóðsins og greiðir til rétthafa í samræmi við skilmála samnings þeirra á milli.

Áður en greiðsla skv. 1. mgr. er innt af hendi skal sjóðurinn staðreyna að innstæðueigandi hafi ekki fengið innstæðu sína að hluta, eða öllu leyti, greidda frá viðkomandi innlánsstofnun og dragast þær greiðslur að fullu frá greiðslum úr sjóðnum sem nemur fjárhæð greiðslunnar.

Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann án sérstakrar framsalsyfirlýsingar þann hluta kröfu innstæðueiganda sem hann hefur greitt honum á hendur hlutaðeigandi innlánsstofnun eða þrotabúi. Sé bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar í slitameðferð, sbr. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nýtur krafa sjóðsins rétthæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Krafa skal reiknuð miðað við eign innstæðueiganda þann dag sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. eða þann dag sem úrskurður er kveðinn upp um töku bús innlánsstofnunar til slitameðferðar, hvort sem fyrr verður.

Sjóðnum er heimilt við endurgreiðslu andvirðis innstæðu úr A-deild að inna greiðsluna af hendi í samræmi við þá skilmála er gilda um innstæðu. Þá er sjóðnum heimilt að ákveða að endurgreiða andvirði innstæðu í íslenskum krónum, að hluta til eða öllu leyti, óháð því hvort hún hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Viðmiðunargengi er sölugengi greiðsludags samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands.

Sjóðstjórn skal úrskurða um ágreining um greiðsluskyldu. Ákvörðun sjóðstjórnar má bera undir dómstóla.

13. gr.

Sérákvæði um útreikning.

Hámarksgreiðsla skv. 12. gr. miðast við innstæður innstæðueiganda hjá sömu innlánsstofnun óháð fjölda innlánsreikninga.

Nú er innstæða í sameign fleiri en eins innstæðueiganda og skal þá hlutdeild hvers um sig við útreikning á greiðslu skv. 12. gr. vera hin sama og hlutdeild þeirra í innstæðu á reikningnum. Liggi ekki fyrir upplýsingar um hlutdeild hvers aðila skal miða við jafna skiptingu.

14. gr.

Takmarkanir á tryggingavernd.

Eftirfarandi innstæður njóta ekki verndar samkvæmt lögum þessum:

1. innstæður í eigu fjármálafyrirtækja,
2. innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti,
3. innstæður fyrirtækis þar sem fjármálafyrirtæki er meirihlutaeigandi,
4. innstæður ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja að meiri hluta í eigu opinberra aðila,
5. innstæður rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði,
6. innstæður félaga í sömu samsteypu og þau sem falla undir 1. tölul.,
7. innstæður sem eru ekki skráðar á nafn,
8. innstæður lífeyrissjóða aðrar en hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun, sbr. 2. tölul. 2. gr.

Takmarkanir á tryggingavernd skv. 1. mgr. raska ekki rétthæð innstæðna í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við slitameðferð innlánsstofnunar skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

15. gr.

Frestir.

Hvíli greiðsluskylda á sjóðnum gagnvart innstæðueiganda eða vörsluaðila lífeyrissparnaðar skal sjóðurinn inna greiðslu af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tuttugu virkum dögum eftir að álit Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir, sbr. 7. gr., eða þann dag sem úrskurður var kveðinn upp um að bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar hafi verið tekið til slitameðferðar, sbr. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið getur við sérstakar aðstæður veitt sjóðnum allt að tíu daga frest til viðbótar.

Innan þess tímafrests sem tilgreindur er í 1. mgr. skal stjórn sjóðsins afla gagna sem eru nauðsynleg til að staðfesta réttmæti krafna. Sjóðurinn eða aðili sem er falin umsjón greiðslna skv. 4. gr. skal tilkynna innstæðueiganda skriflega um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu sjóðsins.

Sjóðurinn getur ekki með tilvísun til frests skv. 1. mgr. neitað að inna af hendi greiðslu til innstæðueiganda sem ekki gat tímanlega haft uppi kröfu á hendur sjóðnum. Frestur innstæðueiganda í slíkum tilvikum getur þó aldrei orðið lengri en sá frestur sem er veittur til að lýsa kröfu í bú hlutaðeigandi innlánsstofnunar.

Liggi fyrir ákæra á hendur innstæðueiganda vegna gruns um peningaþvætti er heimilt að draga greiðslu skv. 1. mgr. uns dómur liggur fyrir.

16. gr.
B-deild.

Eignir og skuldbindingar innstæðudeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta samkvæmt lögum nr. 98/1999 við gildistöku laga þessara tilheyra sérstakri deild, B-deild.

IV. KAFLI
Verðbréfadeild.

17. gr.
Vernd fjárfesta.

Verðbréfadeild tryggir fjárfestum vernd vegna glataðra verðbréfa og reiðufjár.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu greiða iðgjöld til verðbréfadeildar sjóðsins frá upphafi starfsemi sinnar. Þeim er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um viðskipti í tengslum við verðbréf samkvæmt þessari grein.

Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að sannreyna upplýsingar sem afhentar hafa verið samkvæmt grein þessari.

Sé ágreiningur um það hvað telst fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sker Fjármálaeftirlitið úr um þann ágreining.

18. gr.
Lágmarksstærð og iðgjöld.

Heildareign verðbréfadeildar skal nema að lágmarki 200 millj. kr. Lágmarkseign skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, grunnvísitölu janúar 2011.

Fast ársiðgjald fyrirtækis í verðbréfaþjónustu er 800.000 kr. ásamt breytilegu iðgjaldi samkvæmt öðrum eftirfarandi töluliða:

1. Vegna verðbréfaviðskipta á næstliðnu ári sem nema 10–100 milljörðum kr. skal greiða 200.000 kr.
2. Vegna verðbréfaviðskipta á næstliðnu ári sem nema meira en 100 milljörðum kr. skal viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu greiða 400.000 kr.

Að fenginni sameiginlegri tillögu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands ber sjóðnum að innheimta viðbótariðgjald ef eign verðbréfadeildar dugir ekki til að standa undir greiðslu þegar greiðsluskylda sjóðsins verður virk vegna atvika sem getur í 7. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skal veita sjóðnum allar upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að geta reiknað út iðgjald viðkomandi. Skulu upplýsingarnar veittar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert í því formi sem sjóðurinn ákveður.

Standi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ekki skil á upplýsingum sem því ber að veita samkvæmt grein þessari er sjóðnum heimilt að áætla iðgjald fyrirtækisins skv. 2. mgr. Slíkt iðgjald skal að lágmarki nema tvöföldu föstu iðgjaldi skv. 2. mgr. og er óheimilt að endurgreiða það þótt full skil verði gerð á öllum nauðsynlegum upplýsingum síðar.

Að fenginni sameiginlegri tillögu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands ber stjórn sjóðsins að lækka iðgjöld skv. 2. mgr. þegar eignir hafa náð tilskildu marki skv. 1. mgr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu og lýtur eftirliti eftirlitsaðila þar til að tryggja sig gegn tjóni. Kaupi sjóðurinn vátryggingu skal þó í það minnsta fimmtungur af lágmarksstærð deildarinnar skv. 1. mgr. vera í verðbréfum eða reiðufé.

Gjalddagi iðgjalds skv. 2. mgr. er 1. mars ár hvert. Nýtt fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem hefur starfsemi á álagningarárinu skal greiða ársiðgjald skv. 2. mgr. um leið og starfsemi hefst.

Iðgjöld eru óendurkræf.

19. gr.

Vanskil á greiðslu iðgjalds.

Greiði fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ekki iðgjald til sjóðsins á gjalddaga samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins leggja álag á iðgjaldið sem nemur 100.000 kr. fyrir hvern dag. Hafi greiðsla iðgjalds og álags ekki verið innt af hendi innan tíu daga eftir gjalddaga skal slíkt tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar.

Sé fyrirtæki í verðbréfaþjónustu svipt starfsleyfi í heild eða að hluta raskast ekki hagsmunir þeirra sem nutu tryggingaverndar í samræmi við ákvæði þessa kafla.

20. gr.

Greiðslur úr verðbréfadeild.

Hámarksgreiðsla úr verðbréfadeild sjóðsins til hvers fjárfestis vegna tryggðra verðbréfa eða reiðufjár nemur jafnvirði 20.000 evra (EUR) og verður sjóðurinn ekki krafinn um frekari greiðslu.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða þrotabúi þess er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar um verðbréf og reiðufé í eigu fjárfesta sem njóta verndar skv. 17. gr. á þeim degi sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. eða þegar úrskurður er kveðinn upp um töku bús fyrirtækis til slitameðferðar.

Áður en greiðsla skv. 1. mgr. er innt af hendi skal stjórn sjóðsins staðreyna að greiðsla á kröfunni hafi ekki fengist að hluta eða öllu leyti frá viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr sjóðnum.

Stjórn sjóðsins skal staðreyna að krafa fjárfestis sé réttmæt og skilyrði fyrir greiðslu séu fyrir hendi. Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann þann hluta kröfu fjárfestis sem hann hefur greitt honum á hendur hlutaðeigandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða þrotabúi. Sé bú fyrirtækis í verðbréfaþjónustu í slitameðferð, sbr. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nýtur krafa sjóðsins rétthæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Krafa skal reiknuð miðað við eign fjárfestis þann dag sem Fjármálaeftirlitið gefur út álit skv. 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. eða þann dag sem úrskurður er kveðinn upp um töku bús fyrirtækis í verðbréfaþjónustu til slitameðferðar, hvort sem fyrr verður.

Sjóðnum er heimilt við endurgreiðslu andvirðis kröfu vegna verðbréfs að inna greiðsluna af hendi í samræmi við skilmála þess verðbréfs sem er grundvöllur endurgreiðslu. Þá er sjóðnum heimilt að ákveða að endurgreiða andvirði verðbréfa eða reiðufjár í íslenskum krónum, óháð því hvort það hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Viðmiðunargengi er sölugengi greiðsludags samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands.

Sjóðstjórn skal úrskurða um ágreining um greiðsluskyldu. Ákvörðun sjóðstjórnar má bera undir dómstóla.

21. gr.

Sérákvæði um útreikning.

Hámarksgreiðsla skv. 20. gr. miðast við allar kröfur fjárfestis á hendur sama fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

Nú hafa fleiri menn fjárfest sameiginlega og skal þá hlutdeild hvers um sig gilda við útreikning á greiðslu skv. 20. gr. Liggi ekki fyrir upplýsingar um hlutdeild hvers fjárfestis skal miða við jafna skiptingu.

Sé unnt að staðreyna rétt manns til greiðslu úr sjóðnum innan þeirra tímamarka sem afmarkast af áliti Fjármálaeftirlitsins skv. 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. eða úrskurði um töku bús fyrirtækis í verðbréfaþjónustu til slitameðferðar skal hann njóta greiðslunnar, að öðrum kosti gengur rétturinn til þess sem verulegar líkur eru á að eigi réttinn. Ef fleiri en einn eiga ótvíræðan rétt til verðbréfa eða reiðufjár skal hlutur hvers þeirra tekinn til greina við útreikning á greiðslu.

22. gr.
Undanþágur.

Undanskilin tryggingavernd samkvæmt þessum lögum eru:

1. verðbréf og reiðufé fjármálafyrirtækja,
2. verðbréf og reiðufé sem tengist málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti,
3. verðbréf og reiðufé fyrirtækis þar sem verðbréfafyrirtæki er meirihlutaeigandi,
4. verðbréf og reiðufé ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja að meiri hluta í eigu opinberra aðila,
5. verðbréf og reiðufé rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði,
6. verðbréf og reiðufé félaga í sömu samsteypu og fjármálafyrirtæki.

23. gr.
Frestir.

Viðskiptavinir fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skulu senda sjóðnum kröfur sínar skriflega ásamt þeim gögnum sem sjóðurinn metur nauðsynleg. Sjóðurinn ákveður, í samráði við Fjármálaeftirlitið, lengd þess frests sem viðskiptavinir hafa til að gera kröfu á sjóðinn. Fresturinn má þó ekki vera styttri en fimm mánuðir.

Ef bú fyrirtækis í verðbréfaviðskiptum er tekið til slitameðferðar skulu viðskiptavinir þess lýsa kröfum í búið áður en þeir gera kröfu á sjóðinn skv. 1. mgr.

Innan þess tímafrests sem ákveðinn hefur verið skv. 1. mgr. skal stjórn sjóðsins afla gagna sem eru nauðsynleg til að staðfesta réttmæti krafna. Sjóðurinn eða aðili sem er falin umsjón greiðslna skv. 4. gr. skal tilkynna fjárfesti skriflega um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu sjóðsins.

Sjóðurinn getur ekki með tilvísun til þess frests sem ákveðinn hefur verið skv. 1. mgr. neitað að inna af hendi greiðslu til viðskiptamanns fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem ekki gat tímanlega haft uppi kröfu á hendur sjóðnum. Í slíkum tilvikum getur fresturinn þó aldrei orðið lengri en sá frestur sem veittur er til að lýsa kröfu í bú hlutaðeigandi fyrirtækis.

Greiðslur til viðskiptamanns fyrirtækis í verðbréfaþjónustu ber að inna af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að lögmæti og fjárhæð kröfu er staðfest. Fjármálaeftirlitið getur við sérstakar aðstæður veitt sjóðnum allt að þriggja mánaða frest til viðbótar.

Liggi fyrir ákæra á hendur fjárfesti vegna gruns um peningaþvætti er heimilt að draga greiðslu skv. 5. mgr. uns dómur liggur fyrir.

V. KAFLI
Erlend útibú.

24. gr.

Útibú innlánsstofnana eða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem starfa hér á landi en hafa staðfestu í ríki sem er ekki aðildarríki skulu greiða iðgjald til sjóðsins vegna innstæðna, verðbréfa og reiðufjár sem nýtur ekki tryggingar sambærilegs tryggingakerfis í heimaríkinu. Sjóðnum er heimilt að gera þeim að greiða viðbótariðgjald, allt að tvöföldu iðgjaldi skv. 2. mgr. 10. gr., eða setja tryggingar, sem sjóðurinn metur fullnægjandi, fyrir því að þau geti staðið við skuldbindingar sínar.

Fjármálaeftirlitið getur veitt innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem greiðir iðgjald og hefur staðfestu hér á landi undanþágu frá greiðslu iðgjalds til sjóðsins vegna útibús fyrirtækisins sem staðsett er utan aðildarríkis. Innstæður, verðbréf og reiðufé í því útibúi njóta ekki tryggingaverndar sjóðsins.

VI. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

25. gr.

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög þessi og reglur sem byggjast á þeim. Um eftirlitið gilda að öðru leyti lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Sjóðurinn greiðir eftirlitsgjald samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Upplýsingagjöf til viðskiptamanna.

Innlánsstofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu á afgreiðslustöðum sínum og vefsíðum hafa til reiðu upplýsingar um innstæðutryggingar og lágmarksvernd fyrir fjárfesta. Upplýsingar skulu vera á tungumáli þess ríkis þar sem starfsstöð er og tiltaka m.a. fjárhæð tryggingar, hvaða eignir njóta eða eru undanskildar tryggingavernd og hvert viðskiptamaður getur snúið sér neiti fyrirtæki honum um greiðslu. Upplýsingar þessar skulu kynntar viðskiptamönnum sérstaklega við upphaf viðskipta.

Auglýsingar innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu um vernd sjóðsins skulu takmarkaðar við beina tilvísun til hlutaðeigandi deildar hans. Fjármálaeftirlitið getur sett nánari reglur um upplýsingaskyldu samkvæmt lögum þessum.

27. gr.

Fjárfestingarstefna.

Stjórn sjóðsins ákveður fjárfestingarstefnu hans og gerir grein fyrir henni á ársfundi. Ávöxtun á fé sjóðsins skal við það miðuð að sjóðurinn geti sem best sinnt hlutverki sínu.

28. gr.

Reglugerð.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem um tilhögun á greiðslum úr honum.

VIII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

29. gr.
Innleiðing.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á eftirfarandi tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins: 94/19/EB um innlánatryggingakerfi, 97/9/EB um bótakerfi fyrir fjárfesta og 2009/14/EB um breytingar á tilskipun um innlánatryggingakerfi.

30. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2011. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Eignir og skuldbindingar verðbréfadeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, samkvæmt lögum nr. 98/1999, tilheyra verðbréfadeild við gildistöku laga þessara.

31. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum:

a. 70. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að starfrækja öryggissjóð sparisjóða í því skyni að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og fjárhagslegt öryggi sparisjóða. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Stofnfundur skal haldinn eigi síðar en 16. maí 2011. Samþykktir sjóðsins skulu samþykktar á stofnfundi þar sem skal m.a. kveða á um starfsemi hans og vægi atkvæða. Atkvæðisrétt á stofnfundi hafa fulltrúar allra starfandi sparisjóða og fer hver þeirra með eitt atkvæði fyrir hvern milljarð í stofnfé viðkomandi sparisjóðs. Samþykktir sjóðsins öðlast gildi þegar efnahags- og viðskiptaráðherra hefur staðfest þær.

Ráðherra skipar stjórn öryggissjóðs sparisjóðanna til þriggja ára í senn. Skal einn kjörinn á aðalfundi og skal hann vera formaður, einn skal tilnefndur af Bankasýslu ríkisins og einn skipaður án tilnefningar. Hið sama gildir um varamenn. Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur sjóðsins. Um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fer samkvæmt lögum þessum. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi sjóðsins.

Öryggissjóður sparisjóðanna er undanþeginn greiðslu tekjuskatts, eignarskatts og skatts á fjármagnstekjur. Sama á við um aðra skatta sem byggjast á sömu álagningarstofnum. Sjóðurinn verður hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né er heimilt að gera aðför í eignum hans.

Sjóðurinn tekur yfir starfsemi Tryggingarsjóðs sparisjóðanna og skal stofnfé hans vera jafnt og hrein eign Tryggingarsjóðs sparisjóðanna í árslok 2010. Ráðstöfunarfé sjóðsins er arður af stofnfé hans. Öryggissjóði sparisjóðanna er heimilt að taka við framlagi frá sparisjóðunum. Tillaga um framlag skal samþykkt með tveimur þriðju greiddra atkvæða á aðalfundi. Hún tekur gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Öryggissjóði er heimilt að kaupa stofnfé í sparisjóðum í því skyni að tryggja hagsmuni viðskiptamanna þeirra og fjárhagslegt öryggi sparisjóða. Rekstrarár öryggissjóðs er almanaksárið.

b. Við 110. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssekt á innlánsstofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem veitir ekki Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að leggja á iðgjald skv. 10. eða 18. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

c. 2. mgr. 112. gr. b laganna orðast svo:

Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna. Hið sama á við ef innlánsstofnun, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða þrotabú slíkra fyrirtækja veita ekki Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta upplýsingar sem sjóðnum eru nauðsynlegar til að hann geti innt af hendi greiðsluskyldu sína skv. 12. og 20. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. er fyrsti gjalddagi almenns iðgjalds skv. 2. mgr. 10. gr. fyrir tímabilin janúar til mars 2011 og apríl til júní 2011 síðasti virki dagur ágústmánaðar 2011.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. er fyrsti gjalddagi áhættuvegins iðgjalds skv. 3. mgr. 10. gr. síðasti virki dagur ágústmánaðar vegna tímabilsins apríl til júní 2011.

II.

Tryggingarsjóður sparisjóðanna skal lagður niður við gildistöku laga þessara. Eignir hans renna til öryggissjóðs sparisjóðanna, sbr. a-lið 31. gr. laga þessara, og mynda stofnfé þess sjóðs.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. laga þessara skulu lög nr. 98/1999 áfram gilda um B-deild sjóðsins vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laga þessara, að undanskildum 4.–8. gr., 14. gr., 16. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna, uns lokið er greiðslu skuldbindinga hennar vegna ábyrgða sem fallið hafa á innstæðudeild sjóðsins fyrir gildistöku laga þessara. Þá gilda ákvæði 2. mgr. 3. gr., 4. gr. og 5. gr. laga þessara um B-deild sjóðsins.

IV.

Um tímafresti sjóðsins til útborgunar skv. 15. gr. gilda ákvæði laga nr. 98/1999 til 1. september 2011.

V.

Um greiðsluskyldu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna skuldbindinga sem hafa stofnast á verðbréfadeild fyrir gildistöku laga þessara og um innheimtu sjóðsins á grundvelli útgefinna ábyrgðaryfirlýsinga vegna slíkrar greiðsluskyldu fer samkvæmt lögum nr. 98/1999.

VI.

Þrátt fyrir ákvæði 8. mgr. 18. gr. laga þessara skal gjalddagi iðgjalda skv. 2. mgr. 18. gr. á árinu 2011 vera síðasti virki dagur ágústmánaðar 2011.

1298. Frumvarp til laga [748. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (EES-reglur o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. kemur nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Í þeim tilvikum þegar barnið kemur inn á heimilið og um er að ræða reynslutíma áður en til ættleiðingar eða varanlegs fósturs getur komið er heimilt að miða við upphaf þess tíma enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina.
b. Í stað orðanna „6. mgr.“ í 6. mgr. kemur: 7. mgr.
c. Í stað orðanna „tímamark 5. mgr. um brottfall réttinda“ í 2. málsl. 8. mgr. kemur: 18 mánuði eftir að barn kom inn á heimilið.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ef um er að ræða andvanafæðingu“ í 1. málsl. kemur: frá þeim degi er andvanafæðing á sér stað.
b. Við 2. málsl. bætist: frá þeim degi er fósturlátið á sér stað.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Um greiðslur fer skv. 13. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað 3.–5. málsl. 2. mgr. koma sex nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar um er að ræða 100% greiðslur á viðmiðunartímabili úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóði stéttarfélags, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna sem foreldri átti rétt á skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við. Hafi foreldri hins vegar kosið að dreifa greiðslum skv. 3. málsl. hlutfallslega á lengri tíma samhliða hlutastarfi eða leyfi, launuðu eða óllaunuðu, skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við í sama hlutfalli og greiðslurnar voru inntar af hendi á því viðmiðunartímabili sem um ræðir. Sama á við hafi foreldri kosið að dreifa greiðslum skv. 3. málsl. hlutfallslega á lengri tíma enda þótt foreldri hafi ekki verið í ráðningarsambandi á sama tíma. Skal aldrei taka mið af hærri fjárhæð en sem nemur viðmiðunartekjum sem miða skal við samkvæmt framangreindu enda þótt foreldri hafi fengið mismuninn milli greiðslna skv. 3. málsl. og meðaltals heildarlauna bættan samhliða greiðslunum. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á viðmiðunartímabili sem foreldri hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 13. gr. a, án tillits til þess hvort laun skv. 2. málsl. eða reiknað endurgjald skv. 5. mgr. hafi komið til. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.
b. Í stað orðanna „6. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 7. mgr.
c. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til foreldris sem er bæði starfsmaður og sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. 2. og 3. mgr. 7. gr., skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af að fjárhæð 200.000 kr. og 75% af þeirri fjárhæð meðaltals heildarlauna og reiknaðs endurgjalds sem umfram er. Starfi viðkomandi foreldri sem starfsmaður skv. 2. mgr. 7. gr. í 50% eða hærra starfshlutfalli skal miða við viðmiðunartímabil skv. 2. mgr. Að öðrum kosti skal miða við viðmiðunartímabil skv. 5. mgr. Að öðru leyti gilda ákvæði 2.–5. mgr. eins og við getur átt.

d. Í stað orðanna „6. mgr.“ í 1. málsl. 7. mgr., sem verður 8. mgr., kemur: 7. mgr.
e. Á eftir 1. málsl. í 11. mgr., sem verður 12. mgr., kemur nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Hafi foreldri hins vegar starfað á innlendum vinnumarkaði skemur en síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. skal Vinnumálastofnun meta hvort viðkomandi foreldri teljist hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í skilningi laganna þannig að taka skuli, að því marki sem nauðsynlegt er, tillit til starfstímabila foreldris sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á ávinnslutímabilinu enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof.
f. Í stað orðanna „9. mgr.“ í 12. mgr., sem verður 13. mgr., kemur: 10. mgr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. a laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þátttaka á innlendum vinnumarkaði í skilningi IV. kafla felur í sér að starfa sem starfsmaður, sbr. 2. mgr. 7. gr., eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. 3. mgr. 7. gr., Fullt starf starfsmanns miðast við 172 vinnustundir á mánuði, en þó skal jafnan tekið tillit til fjölda vinnustunda sem samkvæmt kjarasamningi teljast fullt starf. Fullt starf sjálfstætt starfandi einstaklings miðast við að viðkomandi hafi greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein.

b. Á eftir orðunum „Til þátttöku á“ í upphafi 2. mgr. kemur: innlendum.
c. Við 5. mgr. bætist: fyrir þann tíma sem um er að ræða, sbr. e-lið 2. mgr.

5. gr.

Í stað orðanna „2. og 5. mgr.“ í 2. málsl. 3. mgr. 15. gr. laganna kemur: 2., 5. og 6. mgr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist: enda hafi hún í fæðingarorlofi sínu verið ófær um að annast barn sitt vegna veikindanna að mati sérfræðilæknis.
b. Í stað orðanna „að leggja niður launuð störf“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: að mati sérfræðilæknis að leggja niður launuð störf eða hætta þátttöku á vinnumarkaði skv. b-lið 2. mgr. 13. gr. a.
c. Við 1. málsl. 6. mgr. bætist: og/eða Vinnumálastofnunar eftir því sem við á.
d. Í stað orðsins „launagreiðslur“ í 2. málsl. 6. mgr. kemur: greiðslur.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „a.m.k. síðasta mánuðinn fyrir fæðingardag barns“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: í a.m.k. einhvern tíma í síðasta mánuði fyrir fæðingardag barns eða þann dag er barn kemur inn á heimili vegna frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur.
b. Orðin „á ávinnslutímabilinu“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
c. Orðin „úr Fæðingarorlofssjóði“ í 2. málsl. 4. mgr. falla brott.
d. Á eftir 1. málsl. 6. mgr. kemur nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Í þeim tilvikum þegar barnið kemur inn á heimilið og um er að ræða reynslutíma áður en til ættleiðingar eða varanlegs fósturs getur komið er heimilt að miða við upphaf þess tíma enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og sýnt viðunandi námsárangur“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma.
b. Í stað orðanna „og sýnt viðunandi námsárangur“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: og hafi staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma.
c. Í stað orðanna „og sýnt viðunandi námsárangur“ í 2. mgr. kemur: og staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma.
d. Í stað orðanna „3. mgr.“ í lokamálslið 3. mgr. kemur: 5. mgr.
e. Í stað orðanna „a.m.k. síðasta mánuðinn fyrir fæðingardag barns“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: í a.m.k. einhvern tíma í síðasta mánuði fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili vegna frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur.
f. Orðin „á ávinnslutímabilinu“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
g. Orðin „úr Fæðingarorlofssjóði“ í 2. málsl. 4. mgr. falla brott.
h. Á eftir 1. málsl. 6. mgr. kemur nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Í þeim tilvikum þegar barnið kemur inn á heimilið og um er að ræða reynslutíma áður en til ættleiðingar eða varanlegs fósturs getur komið er heimilt að miða við upphaf þess tíma enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina.
i. Í stað orðsins „samfellt“ í 11. mgr. kemur: fullt; og í stað orðanna „í samfelldu starfi“ í sömu málsgrein kemur: samfellt.
j. Á eftir orðunum „verið samfellt á“ í 1. málsl. 12. mgr. kemur: innlendum.
k. Í stað orðanna „viðunandi námsárangur“ í 1. málsl. 13. mgr. kemur: að hafa staðist kröfur um námsframvindu.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 20. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ef um er að ræða andvanafæðingu“ 1. málsl. kemur: frá þeim degi er andvanafæðing á sér stað.
b. Við 2. málsl. bætist: frá þeim degi er fósturlátið á sér stað.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist: enda hafi hún þann tíma sem fæðingarstyrkur var greiddur verið ófær um að annast barn sitt vegna veikindanna að mati sérfræðilæknis.

b. Á eftir orðunum „styttist greiðslutímabil fæðingarstyrks“ í 5. mgr. kemur: samkvæmt 1.–3. mgr.

11. gr.

Í stað orðanna „sameiginlegs fæðingarorlofs“ í 2. málsl. 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: á sameiginlegum rétti til fæðingarstyrks.

12. gr.

Í stað orðanna „13 vikur“ í 1. mgr. 24. gr. og 4. mgr. 25. gr. laganna kemur: fjóra mánuði.

13. gr.

Við 1. mgr. 26. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Á það við hvort sem starfsmaðurinn hefur verið ráðinn tímabundið eða ótímabundið.

14. gr.

Í stað 1.–2. mgr. 33. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Foreldri sem nýtur greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar getur ekki á sama tímabili nýtt sér rétt sinn til fæðingarstyrks, greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða foreldraorlofs samkvæmt lögum þessum.

Foreldri sem nýtur slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar, sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar eða endurhæfingarlífeyris samkvæmt lögum um félagslega aðstoð getur ekki á sama tímabili nýtt sér rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum.

Foreldri sem nýtur greiðslna samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna getur ekki á sama tímabili nýtt sér rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum.

Foreldri sem nýtur orlofslauna eða greiðslna vegna starfsloka getur ekki nýtt sér rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum á sama tímabili og þær greiðslur eiga við um.

15. gr.

Lög þessi eru meðal annars sett til innleiðingar á tilskipun ráðsins 2010/18/EB, um framkvæmd endurskoðaðs rammasamnings um foreldraorlof sem Evrópusamtök atvinnulífsins (BUSINESSEUROPE), Samtök evrópskra handverksmanna, lítil og meðalstór fyrirtæki (UEAPME), Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) og Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC) hafa gert með sér, og um niðurfellingu tilskipunar 96/34/EB.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2011 og eiga við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða eru tekin í varanlegt fóstur 1. júní 2011 eða síðar.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal 12. gr. laga þessara eiga við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða eru tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2012 eða síðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til breytinga á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Við gerð þess hafði velferðarráðuneytið samráð við Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samband

íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis og Vinnumálastofnun.

Megintilefni breytinga þessara eru athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA við 11. mgr. 13. gr. laganna þar sem kveðið er á um samlagningu starfstímabila foreldra er flytjast milli aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að foreldri þurfi að hafa verið virkt á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. 13. gr. laganna svo komi til álita að leggja saman starfstímabil þess á ávinnslutímabilinu sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar enda hafi störf viðkomandi foreldris veitt foreldrinu rétt til fæðingarorlofs í hlutaðeigandi ríki samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Ástæða þessa var einkum sú að tryggja að foreldri hefði sannanlega verið á innlendum vinnumarkaði en í því sambandi var jafnframt litið til þess að Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður með tryggingagjaldi en ekki beint úr ríkissjóði. Enn fremur þótti fyrrnefndur tími nauðsynlegur til að koma í veg fyrir misnotkun á fæðingarorlofskerfinu enda ljóst að sveigjanleiki ríkir á innlendum vinnumarkaði sem meðal annars hefur leitt til þess að tiltölulega auðvelt hefur verið fyrir foreldra að ráða sig til starfa í mjög tímabundin störf á þeim tíma þegar framboð starfa hefur verið nægjanlegt. Eftirlitsstofnun EFTA telur hins vegar að skilyrði um þátttöku á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili sé of langur tími í þessu sambandi og telur mikilvægt að hafi foreldri hafið störf á innlendum vinnumarkaði beri að meta hvert tilvik fyrir sig hvað varðar möguleikann á samlagningu starfstímabila í öðrum ríkjum. Er því í frumvarpi þessu lagt til að meginreglan verði áfram sú að hafi foreldri verið á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skuli Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til starfstímabila foreldris á ávinnslutímabilinu sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki að þeim samningum sem tilgreindir eru í ákvæðinu enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt til fæðingarorlofs samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlofs. Hins vegar er lagt til að hafi foreldri verið skemmri tíma á innlendum vinnumarkaði en síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skuli Vinnumálastofnun meta í hverju tilviki fyrir sig hvort foreldri teljist hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í skilningi laganna þannig að taka skuli, að því marki sem nauðsynlegt er, tillit til starfstímabila foreldris í öðru aðildarríki enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt til fæðingarorlofs samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Er þetta lagt til svo koma megi í veg fyrir misnotkun á fæðingarorlofskerfinu þar sem þátttaka á innlendum vinnumarkaði í skemmri tíma en síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili þykir skammur tími svo unnt sé að leiða sjálfkrafa rétt af þeim tíma til samlagningar starfstímabila og þar með greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.

Enn fremur er lagt til að innleidd verði hér á landi tilskipun ráðsins 2010/18/EB, um framkvæmd endurskoðaðs rammasamnings um foreldraorlof sem Evrópusamtök atvinnulífsins (BUSINESSEUROPE), Samtök evrópskra handverksmanna, lítil og meðalstór fyrirtæki (UEAPME), Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) og Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC) hafa gert með sér, og um niðurfellingu tilskipunar 96/34/EB. Tilskipun þessi felur í sér endurskoðun á fyrri tilskipun Evrópusambandsins 96/34/EB um sama efni sem innleidd var í íslensk lög á árinu 2000 með lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Kveður endurskoðaður samningur um foreldraorlof á um lengingu foreldraorlofs úr þrettán vikum í fjóra mánuði. Í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir að aðildarríki innleiði

tilskipun þessa fyrr en í síðasta lagi 8. mars 2012 er lagt til að lenging foreldraorlofsins eigi við um foreldra barna sem fæðast, verða ættleidd eða eru tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2012 eða síðar enda ákveðið hagræði í því að miða við áramót í þessu sambandi. Í tilskipun ráðsins 2010/18/EB er sérstök áhersla lögð á að réttur foreldra til foreldraorlofs verði ekki framseljanlegur en þegar er kveðið á um slíkt í 24. gr. laganna og því ekki þörf á breytingum á lögunum hvað það varðar. Enn fremur er í tilskipuninni lagt til að tekið verði sérstakt tillit til foreldra langveikra eða fatlaðra barna en með lögum nr. 22/2006, um rétt foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, var ákvæði 3. mgr. 24. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof breytt þannig að hafi réttur til foreldraorlofs fallið niður ónýttur að hluta eða öllu leyti við átta ára aldur barns verður sá réttur virkur aftur komi til þess að barn greinist síðar, en þó áður en það verður fullra átján ára, með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Kallar þetta því ekki á breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Þá er í tilskipuninni undirstrikað mikilvægi þess að foreldrum verði auðvelduð endurkoma til vinnu að loknu foreldraorlofi en slíkt ákvæði er þegar að finna í 21. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, um samhæfingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Þar er skýrt kveðið á um að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Er sérstaklega kveðið á um að ráðstafanir þær sem atvinnurekandi grípur til í þessu skyni skuli meðal annars miða að því að auðvelda starfsmönnum að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna. Ákvæði þetta hefur verið í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2000 en jafnframt þykir í þessu sambandi mikilvægt að minna á lög nr. 27/2000, um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, en þar kemur fram að óheimilt sé að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber.

Auk framangreindra breytinga eru í frumvarpi þessu lagðar til mikilvægar breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, meðal annars í því skyni að skýra betur tiltekin ákvæði sem þótt hafa óskýr við framkvæmd laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof er foreldrum heimilt að hefja töku fæðingarorlofs þegar formleg ættleiðing hefur átt sér stað og öll gögn þar að lútandi eru fyrir hendi, sbr. 5. mgr. 8. gr. laganna. Réttarstaða þeirra foreldra sem hafa ættleitt börn frá ríkjum þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar reynslutíma áður en gengið er frá endanlegum skjölum sem staðfesta ættleiðinguna hefur því þótt óljós við framkvæmd laganna. Í ljósi þessa er með ákvæði þessu lagt til að skýrt verði kveðið á um að foreldrum verði heimilt að hefja töku fæðingarorlofs þegar barnið kemur inn á heimilið þrátt fyrir að um sé að ræða fyrrgreindan reynslutíma og formleg ættleiðing hafi ekki endanlega átt sér stað. Engu síður er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar staðfesti að ráðstöfuninni sé ætlað að leiða til formlegrar ættleiðingar.

Þar sem lögin gera ráð fyrir að sömu reglur gildi hvað varðar rétt foreldra til fæðingarorlofs þegar um er að ræða töku barns í varanlegt fóstur er í ákvæði þessu jafnframt lagt til að foreldrum verði heimilt að hefja töku fæðingarorlofs þegar barn kemur inn á heimili á svokölluðum reynslutíma skv. 2. mgr. 65. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, með síðari breytingum, enda gert ráð fyrir að fyrrnefndur reynslutími leiði til varanlegs fósturs sem og að barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar staðfesti að svo sé. Rétt er að árétta að ekki er átt við þann tíma þegar barn kemur inn á heimili í tímabundið fóstur samkvæmt

barnaverndarlögum enda önnur sjónarmið og markmið sem liggja að baki slíkum fósturráðstöfunum en þegar um er að ræða varanlegt fóstur. Enn fremur er rétt að árétta að ekki er um aukningu réttinda að ræða heldur einungis gert ráð fyrir að foreldrar geti í umræddum tilvikum hafið töku fæðingarorlofs fyrr en gildandi lög gera ráð fyrir.

Þá er lagt til að réttur foreldra til að framselja réttindi til fæðingarorlofs til hins foreldrisins verði í öllum tilvikum sem slíkt framsal er heimilt bundið við fyrstu 18 mánuðina, sbr. einnig 1. málsl. 8. mgr. og 9. mgr. 8. gr. laganna.

Um 2. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til í ákvæði þessu fela ekki í sér efnislegar breytingar en í athugasemdum með frumvarpi því er varð að gildandi lögum kemur meðal annars fram að einungis sé heimilt að taka út fæðingarorlof skv. 12. gr. laganna „næstu þrjá mánuði eftir andvanafæðingu eða tvo mánuði eftir fósturlát“ og er þá miðað við andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu eða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu. Þar sem fyrrnefndir tímafrestir koma einungis fram í áðurnefndum lögskýringargögnum þykir ástæða til að skýra nánar í lagatextanum sjálfum hvenær heimilt er að taka fæðingarorlof á grundvelli ákvæðisins í því skyni að koma í veg fyrir að foreldrar glati rétti sínum til fæðingarorlofs við umræddar aðstæður þar sem þeim er þá ekki ljóst að nýta verði réttinn á ákveðnu tímabili. Enn fremur er lagt til að tekið verði fram að foreldrar eigi rétt á greiðslum skv. 13. gr. laganna eins og verið hefur. Þar sem ekki er um efnislegar breytingar að ræða er ekki gert ráð fyrir að breytingar þessar hafi áhrif á framkvæmd laganna verði þær að lögum.

Um 3. gr.

Þeim breytingum sem hér eru lagðar til á 2. mgr. 13. gr. laganna er ætlað að skýra frekar þá reiknireglu sem ákvæðið hefur að geyma og Fæðingarorlofssjóður hefur viðhaft við framkvæmd laganna. Er reiknireglunni meðal annars ætlað að gæta jafnræðis milli annars vegar þeirra sem kjósa að dreifa fæðingarorlofi og þar með greiðslum í fæðingarorlofi frá Fæðingarorlofssjóði sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögunum yfir lengra tímabil en um getur í 1. mgr. 8. gr. laganna á móti ólaunuðu leyfi á grundvelli ráðningarsamnings, kjarasamnings eða venju eða eru ekki í ráðningarsambandi á móti fæðingarorlofinu og hins vegar þeirra sem kjósa að dreifa fæðingarorlofi yfir lengra tímabili en um getur í 1. mgr. 8. gr. laganna á móti minnkuðu starfshlutfalli og/eða launuðu leyfi á grundvelli ráðningarsamnings, kjarasamnings eða venju. Umrædd reikniregla gildir jafnframt þegar um er að ræða aðrar þær greiðslur sem nefndar eru í ákvæði þessu, svo sem greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði eða sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

Sem dæmi má nefna foreldri sem ákveður að dreifa sex mánaða fæðingarorlofi á tólf mánaða tímabil (er þá um að ræða rétt foreldrisins sjálfs til fæðingarorlofs auk sameiginlegs réttar beggja foreldranna) og vinnuveitandi samþykkir að foreldrið sé í launalausu leyfi á móti. Samkvæmt útreikningum hafði foreldrið 200.000 kr. í tekjur að meðaltali á mánuði á viðmiðunartímabili og hefði því átt að fá 160.000 kr. greiddar úr Fæðingarorlofssjóði í sex mánuði en fær þess í stað greiddar 80.000 kr. á mánuði úr Fæðingarorlofssjóði í tólf mánuði enda foreldrið í 50% fæðingarorlofi í tólf mánuði. Þetta sama foreldri fer síðan aftur í fæðingarorlof skömmu eftir að fyrra fæðingarorlofinu lýkur þannig að greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði í fyrra fæðingarorlofinu koma inn á viðmiðunartímabil við útreikning meðaltekna vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði í seinna fæðingarorlofinu. Er þá gert ráð fyrir að í slíkum tilvikum verði miðað við viðmiðunartekjurnar sem þær greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði miðuðust við í sama hlutfalli og greiðslurnar voru inntar af hendi vegna fyrra fæð-

ingarorlofsins á því viðmiðunartímabili sem um ræðir í tengslum við síðara fæðingarorlof viðkomandi foreldris. Þannig er gert ráð fyrir að miðað verði við 50% af 200.000 kr. viðmiðunartekjum foreldrisins í tengslum við fyrra fæðingarorlofið eða 100.000 kr. enda þótt greiðslurnar hafi eingöngu verið 80.000 kr. til foreldris á þeim tíma í samræmi við ákvæði 2. mgr. 13. gr. laganna. Viðmiðunartekjur fyrir síðara fæðingarorlofið fyrir þann tíma þar sem greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði í fyrra fæðingarorlofi koma inn á viðmiðunartímabil fyrir seinna fæðingarorlofið verða þá 100.000 kr. á mánuði (100.000 kr. vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði + 0 kr. vegna ólaunaðs leyfis).

Til að skýra þessa reglu enn frekar er unnt að nefna sem dæmi foreldri sem hefur kosið að dreifa sex mánaða fæðingarorlofi vegna fyrra barns á tólf mánaða tímabil samhliða 50% starfi. Eins og í fyrra dæminu voru viðmiðunartekjur umrædds foreldris 200.000 kr. á mánuði í fyrra fæðingarorlofinu og fær það því greiddar 80.000 kr. á mánuði úr Fæðingarorlofssjóði í tólf mánuði í seinna fæðingarorlofinu í stað 160.000 kr. í sex mánuði í samræmi við ákvæði 2. mgr. 13. gr. laganna. Samhliða fær foreldrið greiddar 100.000 kr. á mánuði frá vinnuveitanda fyrir 50% starf. Þetta sama foreldri fer síðan aftur í fæðingarorlof skömmu eftir að fyrra fæðingarorlofinu lýkur þannig að greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði í fyrra fæðingarorlofinu koma inn á viðmiðunartímabil við útreikning meðaltekna vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði í seinna fæðingarorlofinu. Er þá gert ráð fyrir líkt og í fyrra dæminu að í slíkum tilvikum verði miðað við viðmiðunartekjurnar sem þær greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði miðuðust við í sama hlutfalli og greiðslurnar voru inntar af hendi vegna fyrra fæðingarorlofsins á því viðmiðunartímabili sem um ræðir í tengslum við síðara fæðingarorlof viðkomandi foreldris. Þannig er gert ráð fyrir að miðað verði við 50% af 200.000 kr. viðmiðunartekjum foreldrisins í tengslum við fyrra fæðingarorlofið eða 100.000 kr. enda þótt greiðslurnar hafi eingöngu verið 80.000 kr. til foreldris á þeim tíma í samræmi við ákvæði 2. mgr. 13. gr. laganna. Viðmiðunartekjur fyrir síðara fæðingarorlofið fyrir þann tíma þar sem greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði í fyrra fæðingarorlofi koma inn á viðmiðunartímabil fyrir seinna fæðingarorlofið verða þá 100.000 kr. á mánuði. Til viðbótar er gert ráð fyrir að við útreikning meðaltekna verði auk þess miðað við tekjur foreldrisins frá atvinnurekanda fyrir 50% vinnuframlag sitt eða 100.000 kr., sbr. 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna. Viðmiðunartekjur fyrir síðara fæðingarorlofið yrðu þá 200.000 kr. á mánuði (100.000 kr. vegna greiðslna frá Fæðingarorlofssjóði vegna 50% fæðingarorlofs + 100.000 kr. tekjur vegna 50% vinnuframlags). Hafi laun viðkomandi foreldris hækkað meðan fyrra fæðingarorlof stóð yfir þannig að foreldrið hafi fengið 125.000 kr. greiddar fyrir 50% vinnuframlag yrðu viðmiðunartekjur fyrir síðara fæðingarorlofið þá 225.000 kr. (100.000 kr. vegna greiðslna frá Fæðingarorlofssjóði vegna 50% fæðingarorlofs + 125.000 kr. tekjur vegna 50% vinnuframlags). Hafi foreldrið hins vegar fengið greiddan mismun milli greiðslna og meðaltals heildarlauna (20.000 kr. í dæminu hér að framan) bættan frá vinnuveitanda verður sú greiðsla ekki tekin með við útreikninga á greiðslum vegna síðara fæðingarorlofs.

Þá er jafnframt lagt til að í lögunum verði kveðið skýrar á um að allir þeir mánuðir sem foreldri telst vera á innlendum vinnumarkaði í skilningi laganna, sbr. einnig 2. mgr. 13. gr. a laganna, verði taldir með við útreikninginn enda þótt foreldri hafi hvorki haft laun né staðið skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir alla þá mánuði. Er þá miðað við að hlutaðeigandi foreldri hafi ekki haft tekjur þá mánuði en engu síður skuli telja mánuðina með við útreikning á meðaltali heildarlauna á viðmiðunartímabili. Í þessu sambandi er vert að nefna dæmi í samræmi við dæmin að framan en þar væri um að ræða foreldri sem kaus að taka fullt fæðingarorlof í sex mánuði og vera síðan í sex mánaða launalausu leyfi frá störfum með samþykki vinnuveitanda. Þetta sama foreldri fer síðan aftur í fæðingarorlof skömmu

eftir að launalausa leyfinu lýkur þannig að greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði í fyrra fæðingarorlofinu koma inn á viðmiðunartímabil við útreikning meðaltekna vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði í seinna fæðingarorlofinu. Er þá gert ráð fyrir líkt og í fyrri dæmum að í slíkum tilvikum verði miðað við viðmiðunartekjurnar sem þær greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði miðuðust við í sama hlutfalli og greiðslurnar voru inntar af hendi vegna fyrra fæðingarorlofsins á því viðmiðunartímabili sem um ræðir í tengslum við síðara fæðingarorlof viðkomandi foreldris. Þannig er gert ráð fyrir að miðað verði við 200.000 kr. viðmiðunartekjur foreldrisins í tengslum við fyrra fæðingarorlofið á þeim tíma sem fæðingarorlofið fer saman við viðmiðunartímabilið vegna síðara fæðingarorlofs. Meðalheildarlaun fyrir það tímabil sem foreldri var í launalausu leyfi eru hins vegar 0 kr. Ef þessir tólf mánuðir koma að öllu leyti inn á viðmiðunartímabil vegna síðara fæðingarorlofs verður meðaltal heildarlauna viðkomandi foreldris á því tímabili 100.000 kr. á mánuði (200.000 kr. vegna greiðslna frá Fæðingarorlofssjóði vegna 100% fæðingarorlofs í sex mánuði + 0 kr. tekjur vegna ólaunaðs leyfis í sex mánuði). Hins vegar er gert ráð fyrir að öðru máli gegni um þá mánuði sem foreldri var ekki á innlendum vinnumarkaði í skilningi laganna á viðmiðunartímabili en gert er ráð fyrir að þeir mánuðir verði ekki teknir með við útreikninga á meðaltali heildarlauna á viðmiðunartímabili. Þó skal ávallt miða við fjóra mánuði að lágmarki við útreikning á meðaltali heildarlauna.

Við framkvæmd laganna hafa komið upp dæmi þar sem foreldri telst bæði vera starfsmaður og sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi 7. gr. laganna og því ekki ljóst við hvaða viðmiðunartímabil skuli miða við útreikning greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Í slíkum tilvikum hefur verið farin sú leið að miða við starfshlutfall foreldris sem starfsmanns þannig að hafi hann gegnt 50% eða hærra starfshlutfalli sem starfsmaður á ávinnslutímabili hefur verið farið eftir viðmiðunartímabili skv. 2. mgr. 13. gr. laganna en ella hefur verið farið eftir viðmiðunartímabili skv. 5. mgr. sama ákvæðis. Er í frumvarpinu lagt til að þessi framkvæmdaregla verði lögfest og fest þannig enn frekar í sessi.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við 11. mgr. 13. gr. laganna þar sem stofnunin telur að skilyrði um að foreldri hafi verið þátttakandi á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili áður en geti komið til samlagningar starfstímabila foreldris í öðrum aðildarríkjum brjóti gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem og reglugerð nr. 1408/71/EBE, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja. Þar sé um að ræða skilyrði um þátttöku á innlendum vinnumarkaði í of langan tíma áður en til samlagningar starfstímabila í öðrum ríkjum getur komið. Að mati Eftirlitsstofnunar EFTA er samkvæmt reglugerðinni óheimilt að tilgreina tiltekinn tímaramma á innlendum vinnumarkaði áður en til samlagningar starfstímabila í öðrum ríkjum getur komið. Í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun á fæðingarorlofskerfinu er slíkt engu síður heimilt að mati Eftirlitsstofnunar EFTA ef jafnframt er heimilt að meta hvert tilvik fyrir sig og er því í frumvarpi þessu lagt til að meginreglan verði áfram sú að hafi foreldri verið á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili áður en fæðingarorlof hefst skuli Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til starfstímabila foreldris sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki að þeim samningum sem tilgreindir eru í ákvæðinu á ávinnslutímabilinu enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Hafi foreldri hins vegar verið skemmri tíma en einn mánuð á innlendum vinnumarkaði skuli Vinnumálastofnun meta í hverju tilviki fyrir sig hvort foreldri teljist hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í skilningi laganna þannig að taka skuli, að því marki sem nauðsynlegt er, tillit til starfstímabila foreldris í öðru aðildar-

ríki enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt til fæðingarorlofs samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Er þetta lagt til svo koma megi í veg fyrir misnotkun á fæðingarorlofskerfinu þar sem þátttaka á innlendum vinnumarkaði í skemmri tíma en einn mánuð þykir skammur tími svo unnt sé að leiða sjálfkrafa rétt af þeim tíma til samlagningar starfstímabila og þar með til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Í því sambandi var jafnframt litið til þess að sjóðurinn er fjármagnaður með tryggingagjaldi en ekki beint úr ríkissjóði.

Um 4. gr.

Í ákvæði þessu er lagt til að í stað þess að endurtaka í 1. mgr. 13. gr. a það sem fram kemur í 2. og 3. mgr. 7. gr. laganna hvað varðar skilgreiningar á því hverjir teljast starfsmenn og hverjir sjálfstætt starfandi einstaklingar í skilningi laganna verði til einföldunar vísað beint til viðeigandi ákvæða 7. gr. Ekki er því gert ráð fyrir að breytingarnar hafi áhrif á framkvæmd laganna að þessu leyti verði þær að lögum. Starfshlutfall foreldra kemur til álita við framkvæmd laganna þegar reynir á 6. mgr. 13. gr. laganna um lágmarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Fram til þessa hefur ekki verið litið til starfshlutfalls sjálfstætt starfandi einstaklinga og því ávallt litið svo á að þeir eigi rétt á lágmarksgreiðslum til foreldris í 50–100% starfi óháð þeim fjárhæðum sem þeir hafa greitt til skattyfirvalda. Þykir eðlilegra í ljósi þess að Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður af tryggingagjaldi að miða starfshlutfall sjálfstætt starfandi þannig að tekið verði mið af reiknuðu endurgjaldi og þar með tryggingagjaldi sem sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa greitt til skattyfirvalda þegar 6. mgr. 13. gr. laganna kemur til álita. Er því lagt til með ákvæði þessu að litið verði á sjálfstætt starfandi einstakling í fullu starfi greiði hann mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein en fjármálaráðherra gefur út viðmiðunarfjárhæðir fyrir hverja starfsgrein við upphaf hvers tekjuárs á grundvelli laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að fengnum tillögum ríkisskattstjóra. Við ákvörðun þessa lágmarksendurgjalds er höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf. Þessi breyting er jafnframt í samræmi við það sem lög nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, kveða á um þegar kemur að því að meta fullt starf sjálfstætt starfandi einstaklinga samkvæmt lögunum, sbr. lög nr. 37/2009. Er með þessu réttur sjálfstætt starfandi einstaklinga færður til betra samræmis við réttindi launafólks enda þótt taka verði áfram tillit til þess að nokkur eðlismunur er talinn vera á starfstengdum aðstæðum þessara hópa auk þess sem breytingunum er ætlað að tryggja betra samræmi milli inn- og útstreymis Fæðingarorlofssjóðs.

Í því skyni að taka af allan vafa er jafnframt lagt til að skýrt verði kveðið á um það í lögunum að aðstæður skv. a–e-lið 2. mgr. 13. gr. a teljist til þátttöku á innlendum vinnumarkaði.

Um 5. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til í ákvæði þessu eru í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í c-lið 3. gr. frumvarps þessa og er vísað til athugasemda um það ákvæði.

Um 6. gr.

Lagt er til að í 3. mgr. 17. gr. laganna verði skýrt kveðið á um að skilyrði þess að heimilt sé að framlengja fæðingarorlof móður um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu sé að hún hafi í fæðingarorlofi sínu verið ófær um að annast barn sitt vegna veikindanna að mati sérfræðilæknis. Ekki er um að ræða breytingu á fram-

kvæmd þar sem efnislega samhljóða ákvæði hefur verið að finna í reglugerð nr. 1218/2008, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.

Í 4. mgr. 17. gr. laganna er kveðið á um að sé þungaðri konu nauðsynlegt af heilsufarsástæðum að leggja niður launuð störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns skuli hún eiga rétt á greiðslum í fæðingarorlofi þann tíma en þó aldrei lengur en tvo mánuði. Í frumvarpi þessu er lagt til að hið sama gildi þegar þungaðri konu er nauðsynlegt af heilsufarsástæðum að hætta atvinnuleit fái hún greiddar atvinnuleysisbætur, er á biðtíma eftir slíkum bótum eða hefði átt rétt á þeim hefði hún skráð sig án atvinnu samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar og væri þar með þátttakandi á innlendum vinnumarkaði skv. b-lið 2. mgr. 13. gr. a laganna. Ástæða þessa er sú að upp hafa komið tilvik þar sem þungaðar konur hafa ekki getað verið í virkri atvinnuleit vegna heilsufarsástæðna og hafa þar af leiðandi ekki átt rétt á atvinnuleysisbótum. Þar með hefur komið rof í ávinnslu þeirra til fæðingarorlofs sem hefur orðið til þess að þær hafa jafnframt ekki átt rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. laganna. Til samræmis við þessar breytingar er jafnframt lagt til að með umsókn um lengingu fæðingarorlofs skv. 4. mgr. 17. gr. laganna skuli fylgja staðfesting Vinnumálastofnunar eftir því sem við getur átt sem og að í stað orðsins launagreiðslur í 6. mgr. ákvæðisins komi greiðslur þar sem um geti verið að ræða atvinnuleysisbætur og því ekki um eiginlegar launagreiðslur að ræða í hefðbundnum skilningi þess orðs.

Um 7. gr.

Lagt er til að í tilvikum er foreldri hefur átt lögheimili hér á landi í a.m.k. einhvern tíma í síðasta mánuði fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili vegna frumættleiðingar eða varanlegs fósturs skuli Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til búsetutímabila þess foreldris í öðru aðildarríki að samningum sem tilgreindir eru í ákvæðinu þegar metið er hvort foreldri fullnægi lögheimilisskilyrði skv. 3. mgr. ákvæðisins. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að foreldri eigi lögheimili hér á landi a.m.k. síðasta mánuðinn fyrir fæðingardag barns eða þann dag er barn kemur inn á heimili vegna frumættleiðingar eða varanlegs fóstur sem þykir of langur tími áður en til samlagningar búsetutímabila geti komið. Enn fremur er lagt til að orðið ávinnslutímabil verði fellt brott enda ekki um að ræða eiginlegt ávinnslutímabil heldur frekar samlagningu búsetutímabila í fleiri en einu ríki. Þá er lagt til að orðið Fæðingarorlofssjóður verði fellt brott enda ekki um að ræða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði heldur úr ríkissjóði.

Í d-lið ákvæðis þessa eru lagðar til breytingar í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarps þessa hvað varðar 8. gr. laganna og er vísað til athugasemda um það ákvæði.

Um 8. gr.

Í ákvæði þessu er lagt til að skýrar verði kveðið á um hvað átt er við með viðunandi námsárangri í skilningi 19. gr. laganna. Er því lagt til að í stað viðunandi námsárangurs komi fram að miðað sé við að foreldri hafi staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma er námið stendur yfir. Er þá átt við að foreldri hafi staðist kröfur um námsframvindu sem nemur fullu námi, þ.e. að um sé að ræða 75–100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði, sbr. 4. mgr. 7. gr. laganna. Er einnig átt við 75–100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Er því ekki gert ráð fyrir að unnt sé að leggja saman einingafjölda milli skólaanna þannig að samtals hafi foreldri náð einingafjölda á tveimur önnum sem nemur fullu námi á einni önn við hlutað-

eigandi skóla. Aðrar breytingar sem lagðar eru til í ákvæði þessu eru í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 7. gr. frumvarps þessa, sbr. einnig 1. gr. frumvarpsins, og er vísað til þeirra athugasemda er þar koma fram.

Um 9. gr.

Breytingar þær sem lagðar eru til í ákvæði þessu eru til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarps þessa en eðlilegt þykir að miðað sé við sama tímamark hvað varðar rétt foreldra til fæðingarstyrks og fæðingarorlofs í kjölfar andvanafæðingar eftir 22 vikna meðgöngu eða fósturláts eftir 18 vikna meðgöngu. Er því vísað til athugasemda um 2. gr. frumvarps þessa.

Um 10. gr.

Vísað er til athugasemda um 6. gr. frumvarps þessa en þær breytingar sem lagðar eru til í því ákvæði sem hér um ræðir eru í samræmi við þær breytingar sem þar eru lagðar til hvað varðar 3. mgr. 17. gr. laganna.

Um 11. gr.

Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Hér er gert ráð fyrir að réttur foreldra til foreldraorlofs verði aukinn úr þrettán vikum í fjóra mánuði. Er þetta lagt til í því skyni að innleiða ákvæði tilskipunar ráðsins 2010/18/EB, um framkvæmd endurskoðaðs rammasamnings um foreldraorlof sem Evrópusamtök atvinnulífsins (BUSINESSEUROPE), Samtök evrópskra handverksmanna, lítil og meðalstór fyrirtæki (UEAPME), Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) og Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC) hafa gert með sér, og um niðurfellingu tilskipunar 96/34/EB. Tilskipun þessi hefur enn ekki verið tekin undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið en engu síður er lagt til að ákvæði hennar verði innleidd hér á landi þar sem innleiðing þeirra þykir mikil réttarbót fyrir foreldra. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 13. gr.

Lögin gera ráð fyrir að starfsmaður öðlist rétt til foreldraorlofs eftir að hafa starfað samfellt í sex mánuði hjá sama vinnuveitanda. Í tilskipun ráðsins 2010/18/EB, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að verði innleidd, sbr. einnig 12. gr. frumvarps þessa, er sérstaklega tekið á aðstæðum þeirra sem eru ráðnir tímabundið. Er því í frumvarpi þessu lagt til að foreldri öðlist rétt til foreldraorlofs skv. VII. kafla laganna eftir að hafa starfað samfellt í sex mánuði hjá sama vinnuveitanda án tillits til þess hvort foreldrið hafi verið ráðið tímabundið eða ótímabundið hjá hlutaðeigandi vinnuveitanda.

Um 14. gr.

Lagt er til að skýrt verði kveðið á um það í lögunum hvað telst til ósamrýmanlegra réttinda á sama tímabili og foreldri ætlar að nýta sér rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Er því lagt til að tekið verði fram hvaða greiðslur úr öðrum greiðslukerfum samrýmist ekki greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði eða útgreiðslu fæðingarstyrks en meðal annars er gert ráð fyrir að fái foreldri orlofslaun eða greiðslur vegna starfsloka geti foreldrið ekki nýtt sér rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði á sama tímabili og þær greiðslur eiga við um.

Um 15. og 16. gr.

Í ljósi eðlis laga um fæðingar- og foreldraorlof þykir mikilvægt að skýrt sé kveðið á um til hvaða foreldra þær breytingar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að gerðar verði á lögunum nái. Er því lagt til að lögin taki gildi 1. júní 2011 og eigi við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða eru tekin í varanlegt fóstur 1. júní 2011 eða síðar. Þó er gert ráð fyrir að ákvæði um lengingu foreldraorlofs úr þrettán vikum í fjóra mánuði eigi við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða eru tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2012 eða síðar, en samkvæmt tilskipun ráðsins 2010/18/EB, sem kveður á um lengingu foreldraorlofs og lagt er til í frumvarpi þessu að verði innleidd hér á landi, ber ríkjum að innleiða efni hennar eigi síðar en 8. mars 2012.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (EES-reglur o.fl.).

Megintilgangur þessa frumvarps er að bregðast við athugsemdum Eftirlitsstofnunar EFTA við það ákvæði gildandi laga er varðar samlagningu starfstímabila foreldra er flytjast milli aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þá er einnig verið að innleiða tilskipun Evrópusambandsins sem kveður á um lengra foreldraorlof en lögin gera nú ráð fyrir. Að auki er að finna í frumvarpinu tillögur sem ætlað er að bæta úr ýmsum atriðum í gildandi lögum og komið hafa til meðferðar hjá úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála.

Helstu breytingartillögur frumvarpsins við gildandi lög eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er lagt til að hafi foreldri verið skemmri tíma en einn mánuð á innlendum vinnumarkaði skuli Vinnumálastofnun meta í hverju tilviki fyrir sig hvort taka skuli tillit til starfstímabila foreldris í öðru aðildarríki. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að foreldri þurfi að hafa verið virkt á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili svo komi til álita að leggja saman starfstímabil þess sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki að þeim samningum sem taldir eru upp í ákvæðinu á ávinnslutímabilinu enda hafi störf foreldris veitt því rétt samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Við þetta ákvæði hefur Eftirlitsstofnun EFTA gert athugasemdir. Gera má ráð fyrir að þetta ákvæði geti leitt til aukinna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði en um er ræða rýmri ákvæði en nú eru í gildi. Hins vegar eru hér engar forsendur til að áætla hversu stór hópur verðandi foreldra af Evrópska efnahagssvæðinu sem til landsins koma munu hafa rétt á greiðslum úr sjóðnum en telja verður líklegt að hann verði fámennur.

Í öðru lagi er lögð til lenging foreldraorlofs úr 13 vikum í fjóra mánuði. Tillagan er í samræmi við tilskipun nr. 2010/18/EB, um framkvæmd endurskoðaðs rammasamnings um foreldraorlof. Ekki er gert ráð fyrir að aðildarríki innleiði tilskipun þessa fyrr en 8. mars 2012 og því er lagt til að lenging foreldraorlofs taki gildi fyrir foreldra barna sem fæðast, verða ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2012 eða síðar. Foreldrar fá ekki greitt fyrir það tímabil sem þeir nýta sér rétt sinn til foreldraorlofs og því á lenging foreldraorlofs ekki koma til með að hafa teljandi áhrif á ríkisútgjöld.

Í þriðja lagi er lagt til að skýrt verði kveðið á um að foreldrum sem ættleiða barn verði heimilt að hefja töku fæðingarorlofs þegar barnið kemur inn á heimilið þrátt fyrir að um sé að ræða reynslutíma og formleg ættleiðing hafi ekki endanlega átt sér stað. Lagt er til að hið sama gildi þegar um er að ræða svokallaðan reynslutíma sem fyrirhugað er að leiði til varanlegs fósturs. Samkvæmt gildandi lögum um fæðingar- og foreldraorlof er foreldrum heimilt að hefja töku fæðingarorlofs þegar formleg ættleiðing hefur átt sér stað og öll gögn þar að lútandi eru fyrir hendi. Réttarstaða þeirra foreldra sem hafa ættleitt börn frá ríkjum þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar reynslutíma áður en gengið er frá endanlegum skjölum sem staðfesta ættleiðinguna hefur því þótt óljós við framkvæmd laganna. breytingin varðar tilfærslu á réttindatímabili við ættleiðing og fósturtöku. Almennt er reglan sú að skilgreindur reynslutími leiði til áframhaldandi fósturs og því alger undantekning að hefja þyrfti reynslutíma öðru sinni hjá nýjum foreldrum vegna sama barns og því verður ekki séð að slíkt muni hafa áhrif á útgjöld sjóðsins.

Í fjórða lagi er kveðið á um tímafrest við töku fæðingarorlofs í kjölfar andvanafæðingar eða fósturláts. Ekki er um breytingu á framkvæmd laganna að ræða og því verður ekki séð að tillagan hafi aukin útgjöld í för með sér.

Í fimmta lagi eru lagðar til breytingar sem ætlað er að skýra frekar þá reiknireglu sem Fæðingarorlofssjóður hefur viðhaft við framkvæmd laganna og varðar viðmiðunartekjur við útreikning bóta. Ekki er gert ráð fyrir að breytingin hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs þar sem efnislegt innihald um þátttöku á vinnumarkaði er áfram óbreytt.

Í sjötta lagi er lagt til að í tilvikum þar sem foreldrar eru báðir með tekjur sem starfsmenn í skilningi laganna, en einnig sjálfstætt starfandi einstaklingar á viðmiðunartímabili, verði miðað við starfshlutfall foreldris sem starfsmanns hafi hann gegnt 50% eða hærra starfshlutfalli sem starfsmaður á viðmiðunartímabili en annars verði miðað við tekjur sem sjálfstætt starfandi einstaklingur. Þetta mun vera sú framkvæmdarregla sem Fæðingarorlofssjóður notast við. Þá er lagt til að litið verði svo á að sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi verið í fullu starfi hafi hann greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein. Lögfesting framkvæmdarreglna ætti ekki að hafa aukin útgjöld í för með sér.

Í sjöunda lagi er lagt til að skilyrði þess að heimilt verði að framlengja fæðingarorlof móður um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu sé að hún hafi í fæðingarorlofi sínu verið ófær um að annast barn sitt vegna veikindanna að mati sérfræðilæknis. Ekki er um að ræða breytingu á framkvæmd þar sem efnislega samhljóða ákvæði hefur verið að finna í reglugerð nr. 1218/2008, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslna fæðingarstyrks, og því mun breytingin ekki auka útgjöld úr ríkissjóði.

Í áttunda lagi er kveðið á um rétt barnshafandi kvenna til greiðslna í fæðingarorlofi þann tíma sem þær hafa af heilsufarsástæðum þurft að leggja niður launuð störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Þó geta greiðslur aldrei varað lengur en í tvo mánuði. Það sama mun gildi þegar barnshafandi konur þurfa af heilsufarsástæðum að hætta atvinnuleit, enda fái konan greiddar atvinnuleysisbætur, sé á biðtíma eftir slíkum bótum eða hefði átt rétt á þeim hefði hún skráð sig án atvinnu samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar og væri þar með þátttakandi á innlendum vinnumarkaði. Breytingartillagan varðar lengri orlofsrétt mæðra vegna veikinda á meðgöngu. Gert er ráð fyrir að kostnaðarauki vegna þessarar breytingar verði um 10 m.kr. á ári en á undanförnum árum hafa greiðslur sjóðsins vegna veikinda mæðra á meðgöngu verið á bilinu 100–135 m.kr.

Í níunda lagi er lagt til að skýrt verði kveðið á um hvað telst til ósamrýmanlegra réttinda á sama tímabili og foreldri ætlar að nýta sér rétt sinn til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða

fæðingarstyrks. Meðal annars er gert ráð fyrir að fái foreldri orlofslaun eða greiðslur vegna starfsloka geti það ekki nýtt sér rétt sinn til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks á sama tímabili. Breytingartillagan hefur ekki aukin útgjöld í för með sér.

Að framangreindu má því ætla að lögfesting frumvarpsins gæti aukið útgjöld ríkissjóðs lítils háttar. Annars vegar vegna þeirra sem koma af Evrópska efnahagssvæðinu og munu geta fengið greiðslur úr sjóðnum en ekki eru forsendur til að meta þann kostnað nákvæmlega. Hins vegar hlýst kostnaður af auknum réttindum til orlofstöku vegna veikinda á meðan á meðgöngu stendur og er hann áætlaður 10 m.kr. á ári. Telja má að þessi útgjöld verði innan skekkjumarka áætlana um fjárheimildir Fæðingarorlofssjóðs í heild.

1299. Fyrirspurn [749. mál]

til velferðarráðherra um heyrnartæki og kostnaðarþátttöku ríkisins.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Hver hefur verið þróun verðs á algengum heyrnartækjum frá árinu 2007?
2. Hve hátt hlutfall af endanlegu verði heyrnartækja rennur til ríkisins í formi tolla, gjalda og skatta?
3. Hver er kostnaðarþátttaka ríkisins í kaupum einstaklinga á heyrnartækjum og hvernig hefur hlutur ríkisins við kostnaðinn fylgt verðlagi?

Skriflegt svar óskast.

1300. Fyrirspurn [750. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um endurútreikning gengistryggðra lána.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Er ráðherra sáttur við framkvæmd fjármálafyrirtækja á endurútreikningi gengistryggðra lána?
2. Af hverju hefur ekki verið kveðið nánar á um framsetningu útreiknings á uppgjöri vegna ólögmætra vaxta og/eða verðtryggingar í reglugerð eins og heimilt er samkvæmt lögum nr. 151/2010?
3. Mun ráðherra aðhafast eitthvað frekar í þessum málum?

1301. Framhaldsnefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um fjölmiðla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin tók málið til frekari umfjöllunar eftir 2. umræðu. Hefur nefndin fengið á sinn fund Elfu Ýri Gylfadóttur, Jón Vilberg Guðjónsson og Þorgeir Ólafsson frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Pál Þórhallsson, sérfræðing í fjölmiðlarétti.

Eins og fram kemur í áliti meiri hluta nefndarinnar um málið (þskj. 1111) er ákvæðið um vernd heimildarmanna í 25. gr. frumvarpsins mikilvæg réttarbót fyrir starfsmenn fjölmiðla. Meiri hlutinn vill þó koma þeim sjónarmiðum á framfæri að ástæða sé til að afmarka nánar undanþáguákvæði 3. mgr. 119. gr. laga um meðferð sakamála og styrkja þar með heimildarverndina enn frekar. Meiri hlutinn telur mikilvægt að skýra nánar þau tilvik sem geta leitt til þess að dómari beiti undanþáguákvæðinu, þannig að ljóst muni vera að því skuli ekki beitt nema í undantekningartilvikum og eingöngu þegar um er að ræða vitnisburð er ráðið getur úrslitum í dómsmálum sem tengjast alvarlegum glæpum. Meiri hlutinn vekur sérstaka athygli á því að í dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins hefur komið fram að viðskiptahagsmunir séu ekki nægjanleg rök til að aflétta heimildarvernd og leggur meiri hlutinn til að íslensk löggjöf endurspegli sams konar viðhorf með vísan til almannahagsmuna. Meiri hlutinn mun leggja fram minnisblað með tillögum um breytingar á lögum um meðferð sakamála til frekari meðferðar allsherjarnefndar.

Meiri hlutinn vill árétta að með ákvæði 36. gr. frumvarpsins um rétt til andsvara er staða fjölmiðla styrkt frá því sem nú er. Ætlunin er að samræma reglur á sviði fjölmiðla og vill meiri hlutinn leggja til þá breytingu á 3. málsl. 1. mgr. 36. gr. að sú regla skuli gilda óháð miðlunarformi að birting andsvara skuli vera þannig að eftir verði tekið.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar fimm manns í fjölmiðlanefnd til fjögurra ára, samkvæmt ákvæði 8. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur til þá breytingu að einn fulltrúi í stað tveggja verði skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins og einn samkvæmt tilnefningu Blaðamannafélags Íslands. Með þessu er undirstrikað mikilvægi þess að í fjölmiðlanefnd sitji einstaklingar með starfsreynslu úr blaða- og/eða fréttamennsku.

Í ljósi þess hversu mikilvægar reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði eru fyrir trúverðugleika íslenskra fréttamiðla er það mat meiri hlutans að mikilvægt sé að viðurlög í formi dagsekta séu við vanefndum á fullnustu ákvæðisins og leggur meiri hlutinn til breytingar á 53. gr. frumvarpsins þar að lútandi.

Að lokum leggur meiri hlutinn til nýtt ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um að þar til skipað hefur verið í fjölmiðlanefnd skuli útvarpsréttarnefnd vera við störf og sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum nr. 53/2000.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jónína Rós Guðmundsdóttir og Eygló Harðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 2011.

Skúli Helgason, form., frsm. Þráinn Bertelsson. Oddný G. Harðardóttir.

Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara. Björn Valur Gíslason.

1302. Breytingartillögur [198. mál]

við frv. til l. um fjölmiðla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SkH, ÞrB, OH, MT, BVG).

1. 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. orðist svo: Tveir fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands, einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins og einn samkvæmt tilnefningu Blaðamannafélags Íslands en þann fimmta skipar ráðherra án tilnefningar.
2. 3. málsl. 1. mgr. 36. gr. orðist svo: Birta skal andsvör óháð formi fjölmiðils þannig að eftir verði tekið.
3. Við 1. mgr. 53. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: vanrækir að setja reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni skv. 24. gr.
4. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 64. gr. skal útvarpsréttarnefnd vera við störf og sinna lögbundnu eftirliti samkvæmt lögum nr. 53/2000 þar til skipað hefur verið í fjölmiðlanefnd.

1303. Tillaga til þingsályktunar [751. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina, þingrof og nýjar kosningar.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Ólöf Nordal, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Birgir Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á ríkisstjórnina.

Alþingi lýsir þeim vilja sínum að þing verði rofið fyrir 11. maí og efnt til almennra þingkosninga í framhaldinu.

1304. Fyrirspurn [752. mál]

til velferðarráðherra um útleigu á skurðstofum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

Hvað tefur útleigu á skurðstofum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja?

Skriflegt svar óskast.

1305. Frumvarp til laga [753. mál]

um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að skipa aðstoðarríkislögreglustjóra sem er ríkislögreglustjóra til aðstoðar og staðgengill hans.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Landið skiptist í átta lögregluumdæmi. Með lögreglustjórn fara lögreglustjórar sem hér segir:

1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
2. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.
3. Lögreglustjórinn á Vesturlandi.
4. Lögreglustjórinn á Vestfjörðum.
5. Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra.
6. Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra.
7. Lögreglustjórinn á Austurlandi.
8. Lögreglustjórinn á Suðurlandi.

Umdæmi lögreglustjóra skulu ákveðin með reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum er heimilt að skipa aðstoðarlögreglustjóra sem er lögreglustjóra til aðstoðar og staðgengill hans.

Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæminu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess. Innanríkisráðherra er heimilt að fela sýslumanni daglega lögreglustjórn í umdæmi sínu, í umboði viðkomandi lögreglustjóra enda mæli sérstakar aðstæður í landshluta með því.

Störf lögreglu skulu samhæfð og samræmd eftir því sem við verður komið. Ráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag samvinnu lögreglu.

Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða í landi. Um björgun sem heyrir undir skipulag almannavarna gilda sérstök lög. Ráðherra setur reglur um samstarf lögreglu og björgunarsveita.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra setur, samkvæmt tillögu ríkissaksóknara, nánari reglur um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn sakamála.
b. 2., 3., 4. og 5. mgr. falla brott.

4. gr.

Í stað orðsins „aðstoðarríkislögreglustjórar“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: aðstoðarríkislögreglustjóri.

5. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Í hverju lögregluumdæmi skal starfa ein eða fleiri samstarfsnefndir um málefni lögreglunnar. Í nefnd sitja lögreglustjóri viðkomandi lögregluumdæmis, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, og sveitarstjórar þeirra sveitarfélaga sem eru í lögregluumdæminu eða á því svæði þar sem nefndin starfar. Fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

6. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar til fimm ára í senn ríkislögreglustjóra, aðstoðarríkislögreglustjóra samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr., lögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum samkvæmt heimild í 3. mgr. 6. gr.

Ríkislögreglustjóri, aðstoðarríkislögreglustjórar, lögreglustjórar, aðstoðarlögreglustjórar og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins skulu auk almennra hæfisskilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins jafnframt fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a. vera lögráða og hafa aldrei misst forræði á búi sínu,
b. hafa hvorki gerst sekir um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglustjórar verða almennt að njóta,
c. hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt.

Til að staðreyna hvort viðkomandi uppfyllir skilyrði b-liðar er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu.

Ríkislögreglustjóri skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn. Lögreglustjóri skipar aðra lögreglumenn með sama hætti. Hver sá sem skipaður er til lögreglustarfa skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar.

7. gr.

Á eftir 28. gr. laganna kemur ný grein, 28. gr. a, sem orðast svo:

Engan má skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu nema hann hafi hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem

getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu. Skal skoðun á því hvort starfsmenn uppfylli þetta skilyrði gerð með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Við b-lið 2. mgr. bætast orðin: né hafa sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglumenn verða almennt að njóta.
b. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Til að staðreyna hvort viðkomandi uppfylli skilyrði b-liðar er valnefnd heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012. Ákvæði til bráðabirgða öðlast þó þegar gildi.

Við gildistöku laganna taka ný embætti lögreglustjóra við öllum réttindum, eignum og skyldum þeirra lögregluembætta sem þau leysa af hólmi. Þar á meðal taka ný embætti við öllum starfsmönnum eldri lögregluembætta á sömu starfskjörum, að undanskildum lögreglustjórum eldri embætta en störf þeirra eru lögð niður við gildistöku laga þessara.

10. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. *Lög um verslunaratvinnu, nr. 28/1998:* Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 1. mgr. 19. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í greininni kemur, í viðeigandi beygingarfalli og tölu: sýslumanns.
2. *Áfengislög, nr. 75/1998:*
   a. Í stað embættisheitisins „lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu“ í 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. og „lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu“ í 1. mgr. 25. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumanns.
   b. Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 3. mgr. 11. gr. og „lögreglustjóri“ í 2. mgr. 25. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumanni.
3. *Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007:* 3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:
   Leyfisveitendur samkvæmt lögum þessum eru sýslumenn.
4. *Lög um opinberar fjársafnanir, nr. 5/1977:* Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumanni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. janúar 2012 er ráðherra heimilt að undirbúa stofnun nýrra lögregluembætta, m.a. með skipun lögreglustjóra sem hafi heimild til þess að bjóða mönnum starf í hinum nýju lögregluembættum. Þeir sem við gildistöku þessa ákvæðis eru skipaðir eða settir lögreglustjórar skulu njóta forgangs til skipunar í hin nýju embætti lögreglustjóra og er heimilt að flytja þá í hin nýju embætti á grundvelli 36. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þeim lögreglustjórum sem ekki hljóta skipun í ný embætti lögreglustjóra skulu boðin störf í hinum nýju lögregluembættum Við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði þarf ekki að gæta 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Ráðherra skal við gildistöku þessa ákvæðis skipa verkefnisstjórn sem hefur með höndum framkvæmd þeirra breytinga sem lög þessi mæla fyrir um.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum áratugum hafa verið gerðar viðamiklar breytingar á skipulagi löggæslunnar. Má í þessu sambandi nefna:

- Aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði árið 1992 sem fól í sér að lögreglustjórar fóru ekki lengur með dómsvald.
- Stofnsetningu embættis ríkislögreglustjóra árið 1996 en samhliða því var Rannsóknarlögregla ríkisins lögð niður.
- Tilfærslu ýmissa verkefna til embættis ríkislögreglustjóra auk nýrra verkefna hjá embættinu.
- Sameiningu og fækkun lögreglustjóraembætta úr 25 í 15 árið 2007.
- Með breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, sem tók gildi 1. janúar 2007, var landið gert að einu tollumdæmi og tollstjórn aðskilin frá lögreglustjórn.

Nefnd dómsmálaráðherra sem skipuð var til að meta árangur af skipulagsbreytingum sem tóku gildi 2007 komst að þeirri niðurstöðu á árinu 2008 að árangur af nýskipan lögreglumála hefði verið góður. Nefndin lagði fram ýmsar ábendingar, meðal annars um að breytingin á skipulagi lögreglunnar 2007 hefði ekki verið nægilega róttæk til þess að tryggja besta nýtingu mannafla innan lögreglunnar alls staðar á landinu. Sum lögreglulið væru mjög fámenn, hlutfall stjórnenda væri í velflestum liðum hátt og markmið um sérstakar rannsóknardeildir hefði ekki fyllilega gengið eftir. Taldi nefndin að meiri stækkun lögregluembætta gæti enn aukið slagkraft lögregluliða til að markmiðunum, sem sett voru með breytingunum 1. janúar 2007, yrði náð.

Í ljósi góðrar reynslu af fækkun lögregluumdæma var ákveðið á árinu 2009 að fara yfir stofnanauppbyggingu innan lögreglunnar, ásamt umdæma- og verkefnaskiptingu. Slík endurskoðun þótti brýn í ljósi erfiðra aðstæðna í fjármálum ríkisins og leita þurfti leiða til að þeir fjármunir sem veittir væru til löggæslu nýttust sem allra best. Markmið endurskoðunarinnar var ekki síst það að komast hjá því að vegið yrði að grunnþjónustu lögreglunnar með því að leita skynsamlegra leiða til þess að mæta lægri fjárveitingum með hagræðingu fremur en niðurskurði þjónustu.

Dómsmálaráðherra skipaði þann 15. júní 2009 starfshóp til að vinna að þessu verkefni. Í hópinn voru skipuð þau Haukur Guðmundsson, skrifstofustjóri dómsmála- og löggæsluskrifstofu, sem jafnframt var formaður, Arnar Guðmundsson, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, og Ásdís Ingibjargardóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu ráðherra. Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur á dómsmála- og löggæsluskrifstofu, var ritari starfshópsins. Starfshópnum var falið að:

- Leggja fram tillögur að breytingum eða nýju skipulagi, sem hefði það að markmiði að styrkja og efla starfsemi lögreglu, auk þess að bæta nýtingu þeirra fjármuna sem til embættanna væri varið.
- Taka til skoðunar verkaskiptingu á milli embætta, stofnanauppbyggingu innan lögreglunnar, tengingu lögreglu við sýslumenn og önnur verkefni sýslumanna og breytingar á verksviði lögreglu, t.d. varðandi ákæruvald og leyfisveitingar.
- Leita eftir skoðunum og tillögum um skipulag löggæslunnar innan lögreglunnar og eftir atvikum frá öðrum þeim sem láta sig löggæslumál varða.
- Hafa til hliðsjónar skýrslu nefndar um mat á breytingum á nýskipan lögreglu sem unnin var á vegum ráðuneytisins í apríl 2008.

Starfshópurinn átti fjölmarga fundi m.a. með lögreglustjórum, Landssambandi lögreglumanna, Félagi yfirlögregluþjóna, Félagi rannsóknarlögreglumanna, Lögreglustjórafélagi Íslands, Félagi ákærenda, ríkssaksóknara, sérstökum saksóknara, tollstjóra og stjórn Sýslumannafélagsins og var tilgangurinn að fá fram sjónarmið allra þessara aðila um fyrirhugaðar breytingar. Skilaði starfshópurinn skýrslu 22. október 2009 sem liggur til grundvallar frumvarpi þessu. Var það eindregin niðurstaða starfshópsins að stækka þyrfti lögregluumdæmi frá því sem nú er, auk þess sem hafa yrði hliðsjón af hugmyndum sem fram kæmu í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá október 2006 um að ríkislögreglustjóri ætti fyrst og fremst að sinna verkefnum sem lúta beint að stjórnun, stjórnsýslu og miðlægri þjónustu og verkefnum á sviði öryggismála. Þá komst starfshópurinn enn fremur að þeirri niðurstöðu að yfirmenn innan lögreglunnar væru of margir og því væri hugsanlegt að ná fram töluverðum sparnaði með hagræðingu innan lögreglunnar án þess að slíkt kæmi að fullu fram í skertri löggæslu.

Á grundvelli framangreindra niðurstaðna ákvað þáverandi dómsmálaráðherra, frú Ragna Árnadóttir, að unnið skyldi að tillögum um stækkun lögregluumdæma í landinu og þau mundu síðan lúta stjórn eins lögreglustjóra á landsvísu. Óskaði ráðherra eftir því við Kjartan Þorkelsson, þáverandi formann Lögreglustjórafélags Íslands, og Snorra Magnússon, formann Landssambands lögreglumanna, að þeir tækju þátt í að útfæra hugmyndir starfshópsins áfram. Þegar leið á vinnuna var það mat hópsins að ekki væri unnt að ráðast í að sameina alla lögregluna í eina stofnun á svo skömmum tíma að það mundi hjálpa lögreglunni við að mæta lækkuðum fjárveitingum. Á hinn bóginn væri skynsamlegt að sameina lögregluembættin strax í 6–8 embætti enda lá fyrir að viðbrögð við þessum hugmyndum voru fremur jákvæð þegar þær voru settar fram árið 2008. Sú skipting styðst m.a. við sjónarmið um að lögreglulið ættu helst ekki telja færri en 30–50 lögreglumenn til að þau geti verið sjálfbær að sem allra mestu leyti um helstu verkefni. Þá hefur verið horft til þeirrar svæðaskiptingar sem rædd hefur verið í stefnumótunarnefnd ríkisins um svæðaskiptingu landsins. Frumvarp byggt á framangreindum tillögum var lagt fram á 138. löggjafarþingi 2009–2010 en náði ekki fram að ganga.

Frumvarpið er nú lagt fram á ný nokkuð breytt en byggist að meginstefnu til á frumvarpi því sem framangreindur starfshópur dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins skilaði til ráðuneytisins og lagt var fram á 138. löggjafarþingi vorið 2010. Í frumvarpi þessu er lagt til að lögregluembættin verði 8 talsins í stað 6. Dregið hefur verið úr þeirri áherslu sem var á að færa verkefni frá ríkislögreglustjóra til einstakra lögreglustjóra. Með þeirri tillögu sem hér er lögð til felst að fallið hefur verið frá því að sameina alla lögregluna á Íslandi í eina stofnun, en markmiðið er þó að lögreglan vinni í auknum mæli saman sem ein heild. Umdæmismörk verði ekki lögbundin heldur ákveðin með reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að ný sameinuð embætti taki til starfa 1. janúar 2012.

Með framlagningu frumvarps þessa er fylgt þeirri meginstefnu sem hefur verið framkvæmd undanfarna áratugi í skipulagi lögreglunnar og réttarvörslukerfisins. Skref fyrir skref hefur sérhæfing aukist og einstakar stofnanir orðið öflugri. Fyrir tuttugu árum var löggæslan utan Reykjavíkur á hendi ríflega tuttugu embætta sem jafnframt sinntu störfum sýslumanna og dómara. Sjálfstæði dómsvaldsins og uppbygging héraðsdómstólanna fól í sér stórt framfaraskref sem fáir mundu vilja að stigið yrði til baka. Hið sama gildir um þá stækkun lögregluumdæma sem framkvæmd var 2007.

Meginatriði frumvarpsins eru þessi:

Lagt er til að lögregluumdæmin verði 8 í stað 15 eins og nú er. Það skal tekið fram að í frumvarpinu er lagt til að ráðherra verði heimilt að fela sýslumönnum að fara með daglega lögreglustjórn í umboði lögreglustjóra á tilteknum svæðum af tilliti til sérstakra aðstæðna í

einstökum landshlutum, sem gera það að verkum að heppilegt kann að þykja að halda í það fyrirkomulag að dagleg verkstjórn lögreglu sé í höndum viðkomandi sýslumanns.

Fyrir þessari breytingu eru bæði fagleg og fjárhagsleg rök. Með stækkun lögregluumdæma er stefnt að því að standa vörð um grunnþjónustu lögreglunnar og auka samhæfingu og samstarf innan lögreglunnar um allt land. Fækkun og stækkun lögregluliða skapar forsendur til þess að lögreglustjórar vinni saman með miklu nánari hætti en nú í þeim tilgangi að stuðla að meiri samhæfingu lögregluliða um allt land. Í ársbyrjun 2007 tóku gildi breytingar á skipulagi lögreglunnar sem áttu sér langan aðdraganda. Þær fólust einkum í stækkun umdæma. Það er niðurstaða innanríkisráðherra að þótt þessar breytingar hafi að mörgu leyti gengið vel sé nauðsynlegt að ganga lengra til að settum markmiðum verði náð. Þá niðurstöðu styðja tvær úttektir, annars vegar skýrsla sú sem nefnd var hér í upphafi frá því í október 2009, og einnig ítarleg skýrsla matsnefndar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá því í apríl 2008, sem unnin var á vegum þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra. Sá niðurskurður sem lögreglan hefur gengið í gegnum frá árinu 2008 hefur gengið mjög nærri löggæslunni í landinu. Markmið breytinganna er að gera lögreglunni kleift að sinna lögbundnum skyldum sínum þrátt fyrir þann niðurskurð sem hún hefur gengið í gegnum á undanförnum árum og fyrirsjáanlegt aðhald í ríkisfjármálum á næstu árum. Með stærri rekstrareiningum undir stjórn lögreglustjóra sem sinnir eingöngu stjórn lögreglunnar innan síns umdæmis er unnt að ná meiri hagkvæmni í rekstri en raunhæft er að miða við í mjög fámennum lögregluliðum. Er gert ráð fyrir að samhliða lagabreytingunni verði gerð ný skipurit embætta með það fyrir augum að draga úr kostnaði við yfirstjórn.

Gert er ráð fyrir að frumvarp þetta taki gildi 1. janúar 2012. Samhliða vinnu við lagafrumvarpið þarf að vinna að nánari útfærslu á fjárhagsramma einstakra embætta í innanríkisráðuneytinu. Meðal annars þarf að taka mið af útfærslu þátta eins og útfærslu meginskipulags, endurskoðun starfsstiga, áhrifa tilfærslu verkefna o.fl. Einnig þarf að útfæra fjárhagslegan aðskilnað lögregluembætta og sýslumannsembætta, en gert er ráð fyrir að þar sem embættismenn færist úr störfum sýslumanna inn á hin nýju lögregluembætti muni sýslumenn úr aðliggjandi umdæmum verða settir til að fara með þau embætti sem þannig losna. Nauðsynlegt er að skipa sérstaka verkefnisstjórn til að stýra breytingaferlinu, samræma framkvæmd og styðja lögreglustjóra við uppbyggingu embætta. Einnig er gert ráð fyrir að verkefnisstjórnin stýri tilfærslu verkefna. Í verkefnisstjórninni ættu að eiga sæti fulltrúar ráðuneytisins, ríkislögreglustjóra, lögreglustjóra og lögreglumanna. Þá má gera ráð fyrir að undir verkefnisstjórnina yrðu settir undirhópar til að aðstoða verkefnisstjórnina við innleiðingu á tilteknum verkefnum til að tryggja samræmingu í uppbyggingu nýju embættanna. Verkefnisstjórnin mun þurfa að útfæra samrunaáætlun en það er verk-, tíma- og kostnaðaráætlun um framkvæmd sameiningar. Í áætluninni verði fjallað um það sem þarf að gera á hverjum tíma í sameiningarferlinu og hve miklum tíma og fjármunum verður varið til verksins. Í þessum undirbúningi felst að móta meginstefnu um uppbyggingu, skipulag og viðfangsefni lögregluembætta. Undir það falla þættir eins og gerð skipurita, staðsetning starfsstöðva, húsnæði, breytingar á starfsmannahaldi, endurmat starfsstiga og áætlun um tilfærslu verkefna. Eitt lykilverkefni í þessu sambandi er greining og útfærsla aðskilnaðar lögregluembætta og sýslumannsembætta.

Það er einn lykilþáttur í árangri breytinga að til nýrra stofnana ráðist hæfir og reyndir stjórnendur. Mikilvægt er að tryggja samfellu þannig að þeir stjórnendur sem veljast til starfa hafi þekkingu á lögreglustjórn og því löggæslusvæði sem þeir taka við eða sambærilegum svæðum. Eðlilegt þykir að þeir menn sem starfa sem lögreglustjórar í dag njóti forgangs til áframhaldandi starfa við lögreglustjórn. Er til hagræðis að líta fyrir fram á þá alla sem

umsækjendur um störf lögreglustjóra fremur en að auglýsa sérstaklega eftir umsóknum þeirra en brýnt er að fjárhagsleg og fagleg ábyrgð á nýjum embættum verði skýr sem allra fyrst. Er því gert ráð fyrir að innanríkisráðherra geti beitt flutningsheimildum til að raða núverandi lögreglustjórum til starfa á nýjum embættum. Allt að einu er þó gert ráð fyrir að gæta verði sömu sjónarmiða og ella um mat á hæfni þeirra sem sækjast eftir sömu störfum.

Rétt er að undirstrika að gert er ráð fyrir að ný lögregluembætti taki við öllum réttindum og skyldum þeirra embætta sem nú eru fyrir. Þar á meðal munu embættin taka við öllum starfsmönnum á sömu kjörum og áður að undanskildum lögreglustjórunum sjálfum. Um starfslok þeirra gilda ákvæði starfsmannalaga um niðurlagningu stöðu. Gert er ráð fyrir því að embættin muni að mestu starfa í óbreyttu formi þar til nýtt skipulag þeirra tekur gildi 1. janúar 2012. Tíminn frá því að lögreglustjórar verða skipaðir við ný embætti og þangað til hin nýju embætti taka til starfa verður nýttur til að móta alla meginþætti starfsemi nýrra embætta. Gert er ráð fyrir því að verkefnahópar starfsmanna fái mikilvægt hlutverk í þessu sambandi og að fyrrgreind verkefnisstjórn hafi yfirsýn en sá sem ákvörðun hefur verið tekin um að verði lögreglustjóri í nýju embætti beri þó höfuðábyrgð á sínu embætti. Meðal viðfangsefna sem vinna þarf að má nefna stefnumótun, skipurit, fjárhagsáætlun, húsnæðismál, starfsmannamál, vaktaskipulag og fyrirkomulag ýmissa verkefna. Starfsmannamál eru lykilatriði í breytingaferli sem þessu. Skipulagsbreytingar, fækkun yfirmanna og hugsanlega annarra starfsmanna fela óhjákvæmilega í sér röskun á högum margra starfsmanna lögreglunnar. Við framkvæmd breytinga þarf að huga að því að lágmarka þessa röskun og reyna að takmarka uppsagnir eins mikið og hægt er. Veita þarf starfsmönnum þá aðstoð sem þeir þurfa á að halda og tryggja þeim lögfræðilega ráðgjöf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til sú breyting að í stað þess að kveðið sé á um að til aðstoðar ríkislögreglustjóra séu tveir eða fleiri aðstoðarlögreglustjórar verði sett heimild til að skipa einn aðstoðarríkislögreglustjóra, verði þess þörf, sem sé ríkislögreglustjóra til aðstoðar og jafnframt staðgengill hans.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögregluumdæmum verði fækkað úr 15 í 8. Þau verði á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, á Vesturlandi, Vestfjörðum, á Norðurlandi vestra, á Norðurlandi eystra, á Austurlandi og á Suðurlandi. Með þessari breytingu er stefnt að því að til verði öflug lögreglulið, sem njóti styrks af stærri liðsheild með færri yfirmönnum og verði hagkvæmari rekstrareiningar til lengri tíma litið. Heppilegt þykir að lögbinda ekki umdæmismörk heldur verði innanríkisráðherra veitt heimild til að afmarka þau nánar í reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Rökin fyrir því eru einkum þau að fjöldi sveitarfélaga í landinu hefur tekið breytingum undanfarin ár. Gæti verið nauðsynlegt að hnika umdæmum til, t.d. vegna sameiningar sveitarfélaga eða jafnvel vegna eindreginna óska heimamanna í einstökum byggðarlögum um að tilheyra öðru lögregluumdæmi. Þá var talið rétt að kenna embættin ekki við tiltekna þéttbýliskjarna eða sveitarfélög eða taka með öðrum hætti afstöðu til þess í lögunum hvar starfsstöðvar og varðstofur innan umdæmisins séu staðsettar. Tækniframfarir, bættur búnaður lögreglu, ekki síst fjarskiptabúnaður, og síaukin áhersla á sýnilega löggæslu stuðlar að því að starfsemi lögreglunnar innan umdæmisins sé skipulögð með markvissum hætti þannig að löggæslu gæti sem víðast í umdæminu. Verður það hlutverk lögreglustjóra að skipuleggja starfsemi lögregluliðanna með hliðsjón af löggæsluþörf og fjárveitingum.

Lagt er til að í stað þess að kveðið sé á um skyldu til að skipa aðstoðarlögreglustjóra við embættin á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum verði sett heimild til skipunar í slík embætti.

Vakin er athygli á því að í greininni er lagt til að lögfest verði heimild til þess að fela sýslumönnum að fara með daglega lögreglustjórn í umboði lögreglustjóra. Þannig er unnt að taka tillit til aðstæðna í einstökum landshlutum, þar sem samgönguerfiðleikar og ákveðin einangrun gera að verkum að heppilegt kann að þykja að halda í það fyrirkomulag að dagleg verkstjórn sé í höndum sýslumanns.

Lagt er til að í 5. mgr. verði sérákvæði er lýtur að samræmingu á starfi lögreglunnar. Við það er miðað að störf lögreglu eigi að samhæfa eftir því sem kostur er um allt land.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að gerð verði breyting á þeirri skipan frá árinu 2007 að fela sérstökum rannsóknardeildum innan 8 lögregluembætta rannsókn alvarlegra og stærri brota þannig að brot framin í einu umdæmi geti sætt rannsókn rannsóknardeildar úr öðru umdæmi. Þetta fyrirkomulag þykir ekki hafa gefist vel að öllu leyti og er nú gert ráð fyrir að meginreglan verði sú að rannsóknir fari fram í því umdæmi þar sem brot er framið. Ekki er kveðið á um að sérstakar rannsóknardeildir verði starfræktar í öllum 8 lögregluumdæmunum enda er það óþarft þar sem rannsóknir skulu fara fram í öllum umdæmum. Lögreglurannsóknir samþættast almennu lögreglustarfi í umdæmunum og lögregluembættin eru betur í stakk búin til þess að takast á við slík mál með skilvirkum hætti um leið og þau koma upp. Forræði rannsókna verður í því lögregluumdæmi þar sem brot eru framin eins og áður sagði.

Ákvæði 5. mgr. 8. gr. laganna hefur ekki verið nýtt né talin þörf á því. Ekki er hagkvæmt að hafa fleiri en eina greiningardeild innan lögreglunnar og er það því fellt brott.

Ákvæði núgildandi laga um að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu starfræki tæknideild er þjóni öllum lögregluumdæmum landsins er óbreytt og því er ekki ætlast til að hvert umdæmi setji á laggirnar dýra tæknideild. Langflest eða um 70% hegningarlagabrota voru á árinu 2008 framin á höfuðborgarsvæðinu, um 5–7 % í hverju hinna nýju umdæma á Suðurlandi, Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi og innan við 5% á Austurlandi. Miðað við það að langflest brotin eru framin á höfuðborgarsvæðinu eða um 70% er skynsamlegt að sérstök tæknideild starfi í sem mestri nálægð við og með stærstu rannsóknardeildinni á landinu og viðhaldi með því þekkingu sinni á því sem gerist í rannsóknum þar, haldi sýn á nýjungum í rannsóknum og stuðli að sem bestri samvinnu við aðra rannsakara. Langflest brot eru þeirrar tegundar að rannsókn þeirra krefst ekki flókinna eða sérstakra rannsóknarúrræða. Lögreglurannsóknir byggjast stöðugt meira á alþjóðlegum samskiptum og tæknilausnum sem krefjast sérstakrar kunnáttu. Þessi tengsl og sérhæfing verður ekki byggð upp á mörgum stöðum.

Um 4. gr.

Sú breyting sem hér er lögð til leiðir af þeirri breytingu sem lögð er til í 1. gr.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga. Er lagt til að sveitarstjórar í þeim sveitarfélögum sem eru innan umdæmisins sitji í nefndinni í stað þeirra sem nú sitja í henni, þ.e. lögreglustjóri viðkomandi umdæmis sem jafnframt er formaður nefndarinnar og tveir sveitarstjórnarmenn tilnefndir af hálfu sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem eru í lögregluumdæminu. Er talið skilvirkara að hafa sveitarstjórana sjálfa í nefndunum. Nauðsynlegt

þykir að skapa þann möguleika að fleiri en ein samstarfsnefnd geti starfað í lögregluumdæmi, en við því má búast að á annan tug sveitarfélaga verði í nokkrum lögregluumdæmum.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um hæfisskilyrði ríkislögreglustjóra, aðstoðarríkislögreglustjóra, lögreglustjóra, aðstoðarlögreglustjóra og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins. Í núgildandi lögum er vísað í hæfisskilyrði sýslumanna um hæfi lögreglustjóra, en í lögum nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, segir um hæfisskilyrði sýslumanna að engan megi *„skipa sýslumann, nema hann fullnægi almennum skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara, öðrum en um lágmarksaldur“*. Hinar efnislegu reglur um hæfisskilyrði lögreglustjóra er því að mestu að finna í dómstólalögum, nr. 15/1998. Hér er lagt til að efnisreglurnar um hæfisskilyrði lögreglustjóra verði teknar upp í lögreglulög. Á hinn bóginn er ekki lagt til að verulegar breytingar verði gerðar á þessum skilyrðum nema bætt er við skilyrði um að lögreglustjóri megi ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglustjórar verða almennt að njóta. Í 12. gr. dómstólalaga segir að þann einan megi skipa í embætti héraðsdómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 30 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.
7. Hefur í minnst þrjú ár verið alþingismaður eða stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi, en leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum.

Fyrsta skilyrðið í þessari upptalningu á ekki við um sýslumenn og lögreglustjóra og virðist óþarft að taka það upp. Annað skilyrðið er almenns eðlis og er að finna í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og því ekki ástæða til að tiltaka það sérstaklega í lögreglulögum. Síðustu tvö skilyrðin lúta að menntun og reynslu.

Í ljósi þess að ekki verður skilið milli ákæruvalds og lögreglu er talið rétt að miða við að lögreglustjórar séu lögfræðingar. Á hinn bóginn er skilyrðið í 7. tölul. 12. gr. dómstólalaga nær eingöngu miðað við reynslu af dómstörfum og þykir ástæðulaust að hafa skilyrði af þessu tagi í lögum, enda þykir mega gera ráð fyrir því að hæfustu umsækjendur um starf lögreglustjóra hafi jafnan umtalsverða reynslu.

Öll þessi hæfisskilyrði ná jafnt til ríkislögreglustjóra, aðstoðarríkislögreglustjóra og annarra lögreglustjóra sem og aðstoðarlögreglustjóra og skólastjóra Lögregluskóla Íslands.

Gert er ráð fyrir þeirri breytingu að ekki verður lengur kveðið á um að staðgengill lögreglustjóra þurfi að uppfylla sömu hæfisskilyrði og hann sjálfur. Með þessu er gengið skrefi lengra á þeirri braut sem mörkuð var með breytingu á lögreglulögum frá 2006, sem kom á embættum aðstoðarlögreglustjóra og aðstoðarríkislögreglustjóra, því samkvæmt þessu geta þeir undirmenn lögreglustjóra sem lokið hafa námi frá Lögregluskóla ríkisins verið staðgenglar hans. Slíkt mundi væntanlega einkum eiga við um þá menn sem einnig hafa lokið stjórnunarnámi eða öðru sambærilegu námi, svo sem nú á við um aðstoðarlögreglustjóra og aðstoðarríkislögreglustjóra. Í ljósi þess að stærð minnstu embættanna verður töluvert önnur

en nú, þykir mega koma málum fyrir með þeim hætti innan þeirra að meðferð ákæruvalds verði ekki teflt í tvísýnu þótt staðgengill lögreglustjóra sé ólöglærður.

Þá er lagt til að lögreglustjórar skipi alla lögreglumenn nema yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna við sitt embætti og er það gert til að undirstrika stjórnunarheimildir lögreglustjóra yfir starfsliði sínu og gera boðleiðir skýrari. Eðlilegt er að sá sem ber ábyrgð á störfum undirmanna sinna, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna, skipi starfsmenn sína, enda er það hann sem hefur heimildir 21. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, til áminningar á sinni hendi. Skipanir yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna færist frá innanríkisráðherra til ríkislögreglustjóra, en rökin fyrir því að færa ekki allar skipanir að fullu til embættanna í einu lagi eru annars vegar þau að heppilegra sé að gera breytingar að þessu leyti í áföngum og hins vegar þau að mikilvægt er að haldið sé á skipunarmálum stjórnenda embættanna með samræmdum og tryggum hætti eftir að hin nýju sameinuðu embætti taka til starfa. Lagt er til að sú heimild sem nú er að finna í 5. mgr. 28. gr. falli niður. Greinin er arfur frá þeim tíma þegar ekki var unnt að manna stöður lögreglumanna með menntuðum mönnum. Vegna mikillar eflingar lögregluskólans hefur þetta vandamál nú verið leyst. Þessi breyting hróflar ekki við störfum þeirra örfáu ómenntuðu lögreglumanna sem enn eru við störf. Nauðsynlegt er að ráðuneytið hugi að því hvort rétt sé að breyta reglugerð um héraðslögreglumenn til að fyrirbyggja að þessi breyting leiði til þess að alls ómögulegt verði að halda uppi löggæslu á ákveðnum stöðum og tímum

Um 7. gr.

Um er að ræða nýmæli þar sem kveðið er á um að lögreglumenn sem og aðrir sem starfa innan lögreglunnar skuli ekki hafa gerst sekir um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Lögreglu sé heimilt að sannreyna að hæfisskilyrði sé uppfyllt með því að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu.

Um 8. gr.

Vísað er til athugasemda með 7. gr. frumvarpsins. Hér er kveðið á um að lögreglumannsefni þurfi að uppfylla sömu skilyrði og lögreglumenn, sbr. 28. gr. a, sjá 7. gr. frv. Valnefnd lögregluskólans verði heimilt að staðreyna hvort viðkomandi uppfylli skilyrði b-liðar greinarinnar og afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu í því skyni.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir því að lögin öðlist gildi 1. janúar 2012, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða. Er gert ráð fyrir að hin nýju embætti taki við öllum réttindum og skyldum sem og eignum þeirra lögregluembætta sem þau leysa af hólmi. Þar á meðal taki þau við öllum starfsmönnum embættanna á sömu starfskjörum að undanskildum lögreglustjórunum sjálfum en störf þeirra verða lögð niður. Vísað er til almennra athugasemda um framkvæmd breytinganna.

Um 10. gr.

Hér eru gerðar breytingar á ýmsum lögum sem miða að því að koma á aðskilnaði lögreglustjóra og sýslumanna. Eru ýmsar leyfisveitingar faldar sýslumönnum með þessum breytingum, en raunin hefur verið sú að mikill fjöldi leyfa sem krefst aðkomu lögreglustjóra samkvæmt lögum hefur í reynd ekki verið afgreiddur af lögreglumönnum heldur af almennum starfsmönnum sýslumannsembættanna.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er lagt til að þrátt fyrir að hin nýju embætti taki ekki til starfa fyrr en 1. janúar 2012 taki lögin gildi þegar í stað að því leyti sem kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða. Þannig geti ráðherra tekið ákvörðun um hver verði lögreglustjóri í hinu nýja lögregluembætti og skipað hann í embætti þó svo að embættið taki ekki til starfa fyrr en 1. janúar 2012. Er þetta mikilvægt í ljósi þess að tilvonandi lögreglustjóri þarf að starfa með verkefnisstjórn þeirri sem skipa skal skv. 3. mgr. ákvæðisins að undirbúningi breytinganna. Þá er jafnframt kveðið á um að ekki þurfi að auglýsa hin nýju embætti og að ráðherra geti flutt menn til í embætti og skulu þeir sem skipaðir eru í embætti lögreglustjóra við gildistöku ákvæðis til bráðabirgða þá njóta forgangs. Vísast til nánari umfjöllunar í almennum athugasemdum hér að framan. Ákvæðið um forgangsrétt lögreglustjóra til starfa á sér fyrirmynd í 18. gr. laga nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, og ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 121/2010, um breytingar á lögum um stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að löggæslan verði aðskilin frá sýslumannsembættum og lögregluumdæmin stækkuð og þeim fækkað úr 15 í 8. Með þessari breytingu er stefnt að því að til verði öflug lögreglulið sem njóti styrks af stærri liðsheild með færri yfirmönnum og verði hagkvæmari rekstrareiningar til lengri tíma litið. Í frumvarpinu er lagt til að umdæmismörk lögreglunnar verði ekki lögbundin heldur er gert ráð fyrir því að þau verði ákvörðuð í reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þetta er gert þar sem fjöldi sveitarfélaga hefur verið að taka breytingum og má búast við að svo verði áfram. Samkvæmt frumvarpinu verða lögregluumdæmin ekki kennd við þéttbýliskjarna eða sveitarfélög og er ekki kveðið á um hvar starfsstöðvar og varðstofur innan umdæmanna eru staðsettar. Þá er jafnframt lagt til að sett verði heimild til að skipa einn aðstoðarríkislögreglustjóra í stað ákvæðis um að ríkislögreglustjóra til aðstoðar séu tveir eða fleiri aðstoðarlögreglustjórar. Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir því að meginreglan verði sú að rannsóknir mála fari fram í því umdæmi þar sem brot er framið en verði ekki í ákveðnum rannsóknardeildum eins og nú er. Það fyrirkomulag að brot framið í einu umdæmi sæti rannsókn rannsóknardeildar úr öðru umdæmi þykir ekki hafa gefist vel. Þá er gert ráð fyrir því að í hverju lögregluumdæmi verði starfrækt ein eða fleiri samráðsnefndir um málefni lögreglunnar. Í þeirri nefnd skulu sitja lögreglustjóri viðkomandi umdæmis og sveitarstjórar þeirra sveitarfélaga sem eru í lögregluumdæminu.

Við gildistöku laganna skal skipa verkefnisstjórn sem hafi með höndum framkvæmd þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu fram til gildistöku laganna sem gert er ráð fyrir að verði 1. janúar 2012. Verkefnisstjórninni er ætlað að vinna að nánari útfærslu á fjárhagsramma einstakra embætta. Fjárhagsleg greining hefur ekki verið framkvæmd né hafa verið gerðar rekstraráætlanir fyrir hin nýju embætti. Þannig er á þessu stigi ekki hægt að

leggja mat á fjárhagslegan ávinning af sameiningu embættanna. Meðal annars á eftir að útfæra meginskipulag embættanna, endurskoðun starfsstiga og áhrif tilfærslu einstakra verkefna. Markmiðið er að ná fram hagræðingu í rekstri og hins vegar að auka faglega burði lögreglunnar á landsbyggðinni. Leitast verður við að ná fram betri stýringu á fjárveitingum til málaflokksins. Gera má ráð fyrir að það gerist einkum með fernum hætti. Í fyrsta lagi leiðir af stækkun embætta að yfirmönnum fækkar hlutfallslega meira en almennum lögreglumönnum. Í öðru lagi er áætlað að samþætting verkefna á landsvísu við einstök umdæmi lögreglu komi til með að nýta betur starfsfólk og samhliða endurskipulagningu á öllu innkaupaferli lögreglu náist fram veruleg hagræðing. Í þriðja lagi er áætlað að skipta fjárveitingum til löggæslu í samræmi við reiknilíkan þannig að meira tillit verði tekið til íbúafjölda og umferðar í umdæmi heldur en verið hefur. Þá þarf að útfæra fjárhagslegan aðskilnað lögregluembætta og sýslumannsembætta.

Gert er ráð fyrir að þar sem embættismenn færast úr störfum sýslumanna inn í hin nýju lögregluembætti muni sýslumenn úr aðliggjandi umdæmum verða settir til að fara með þau sýslumannsembætti sem þannig losna. Í þessu sambandi má nefna að við þessa breytingu mun stofnunum hins opinbera fjölga nokkuð því stofnuð verða 6 ný lögregluumdæmi en eftir sitja tiltölulega lítil sýslumannsembætti. Eins og bent er á í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um innheimtu opinberra gjalda eru 23 embætti sýslumanna víðs vegar um landið ásamt tollstjóra sem sjá um innheimtu opinberra gjalda. Í skýrslunni er bent á nauðsyn þess að móta skýra stefnu í innheimtumálum og að landið verði gert að einu innheimtuumdæmi. Ástæða virðist til að huga að þessu til að leita frekari leiða til hagræðingar og skilvirkni á þessu sviði.

Á þessu stigi liggur ekki fyrir af hálfu innanríkisráðuneytisins greining á fyrirkomulagi nýrra lögregluembætta né rekstraráætlanir fyrir endurskipulagðri starfsemi á þessu sviði þannig að hægt sé að meta fjárhagsleg áhrif. Gera má ráð fyrir að breytingarnar sem felast í frumvarpinu hafi í för með sér að ný og stærri embætti geti betur sinnt lögbundnum skyldum sínum og náð þeirri hagræðingarkröfu sem gerð hefur verið til þeirra á undanförnum árum.

1306. Frumvarp til laga [754. mál]

um breyting á lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Embætti sérstaks saksóknara skal einnig rannsaka grun um alvarleg brot gegn 109. gr., 128. gr., 129. gr., 179. gr., 247.–250. gr., 253. gr., 254. gr., 262. gr., 264. gr. og 264. gr. a almennra hegningarlaga, alvarleg brot gegn skatta- og tollalögum, brot gegn lögum sem varða gjaldeyrismál, samkeppni, verðbréf, lánsviðskipti, umhverfisvernd, vinnuvernd, stjórn fiskveiða og grun um önnur alvarleg, óvenjuleg eða skipulögð fjármunabrot sem tengjast atvinnurekstri eða verslun og viðskiptum.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Sérstakur saksóknari ræður aðra starfsmenn embættisins en saksóknara. Heimilt er að skipa lögreglumenn sem hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins til starfa við embættið, en ákvæði lögreglulaga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um fimm ára skipunartíma og biðlaunarétt taka ekki til þessara starfsmanna. Skipun þeirra fellur niður þegar embætti sérstaks saksóknara verður lagt niður eða sameinað annarri ríkisstofnun, sbr. 7. gr., en þeir skulu þá halda óbreyttum launakjörum í þrjá mánuði frá þeim tíma. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gildir ekki um ráðningu eða skipun samkvæmt þessu ákvæði.

3. gr.

Í stað ártalsins „2011“ í 7. gr. laganna kemur: 2013.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2011.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lögreglulög, nr. 90/1996, með síðari breytingum:* A-liður 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: að annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
2. *Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum:* Orðin „þar á meðal ríkislögreglustjóri“ í 2. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VII og orðin „þar með talið ríkislögreglustjóra“ í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum falla brott.
3. *Lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 84. gr. laganna kemur: embætti sérstaks saksóknara.
4. *Lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 5. mgr. 26. gr. kemur: embætti sérstaks saksóknara; og í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 7. mgr. 41. gr. laganna kemur: embættis sérstaks saksóknara.
5. *Lög um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „ríkislögreglustjóri“ í 1. mgr. og orðanna „rannsóknarlögreglustjóra ríkisins“ í 4. mgr. 41. gr. laganna kemur: embætti sérstaks saksóknara.
6. *Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „ríkislögreglustjóri“ í 4. mgr. 20. gr. laganna kemur: embætti sérstaks saksóknara.
7. *Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 2. mgr. 16. gr. a laganna kemur: embættis sérstaks saksóknara.
8. *Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 3. mgr. 97. gr. laganna kemur: embætti sérstaks saksóknara.
9. *Lög um ársreikninga, nr. 3/2006:* Í stað orðsins „ríkislögreglustjóri“ í 1. mgr. og orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 6. mgr. 126. gr. laganna kemur: embætti sérstaks saksóknara.

Ákvæði til bráðabirgða.

Embættismönnum og öðrum starfsmönnum efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra skal boðið starf hjá embætti sérstaks saksóknara. Þó er ráðherra heimilt að flytja saksóknara frá embætti ríkislögreglustjóra á grundvelli 36. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins til embættis ríkissaksóknara. Þeim sem ekki þiggja starf hjá embætti sérstaks saksóknara við gildistöku laga þessara skal boðið annað starf innan lögreglunnar. Skulu þeir þá njóta sömu kjara og þeir njóta hjá ríkislögreglustjóra. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessari málsgrein.

Innanríkisráðherra skal skipa nefnd sérfróðra manna að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti til þess að endurskoða skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum og gera tillögur að heildarskipulagi slíkra rannsókna innan einnar stofnunar í þeim tilgangi að gera þær skilvirkari og markvissari og tryggja sem besta nýtingu fjármuna sem ætlaðir eru í þessu skyni. Skal nefndin í störfum sínum hafa hliðsjón af skipan efnahagsbrotarannsókna annars staðar á Norðurlöndum. Skal nefndin skila ráðherra tillögum ásamt greinargerð eigi síðar en einu ári frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ljósi hinna sérstöku og mjög óvenjulegu aðstæðna á fjármálamarkaði í kjölfar hruns íslensku bankanna á árinu 2008 var sett á stofn embætti sérstaks saksóknara til að annast rannsókn og saksókn vegna þeirra mála sem tengdust starfsemi fjármálafyrirtækja. Var embættinu markaður tímarammi þannig að eftir 1. janúar 2011 væri ráðherra heimilt, að fengnu áliti ríkissaksóknara, að leggja embættið niður. Ættu þá verkefnin að færast til lögreglu eða ákærenda eftir almennum reglum lögreglulaga og sakamálalaga enda í raun um að ræða samsvarandi mál og rannsökuð eru hjá lögreglu. Sökum þeirrar samsvörunar sem er með þeim málum sem rannsökuð eru hjá embætti sérstaks saksóknara og hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra er hér lagt til að rannsókn og saksókn efnahagsbrota verði sameinuð á einum stað hjá embætti sérstaks saksóknara. Frumvarpið er samið í innanríkisráðuneytinu en við gerð þess var haft samráð við embætti ríkislögreglustjóra og embætti sérstaks saksóknara.

Í frumvarpinu er lagt til að verkefni efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, svo sem þau eru skilgreind í reglugerð nr. 804/2007 um rannsókn og saksókn efnahagsbrota, færist til embættis sérstaks saksóknara sbr. þó breytingu á lögreglulögum í 5. gr. frumvarpsins. Hlutverk efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra hefur verið að annast rannsókn og saksókn vegna alvarlegra afbrota á sviði fjármála og viðskipta. Þessi brot, sem nefnd hafa verið skatta- og efnahagsbrot, eru m.a. alvarleg auðgunarbrot, brot sem lúta að löggjöf um tekjuöflun hins opinbera, gjaldeyrismál, verðlags- og samkeppnismál, verðbréfaviðskipti, stjórn fiskveiða og önnur brot sem eðli máls samkvæmt teljast til efnahagsbrota.

Rannsókn efnahagsbrota krefst sérstakrar þekkingar á viðskiptum og bókhaldi og tengist oft víðtækri brotastarfsemi á þessu sviði. Innan embættis sérstaks saksóknara og efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra hefur byggst upp mikil sérþekking og sérhæfing á þessu sviði og því einboðið að leggja saman starfskrafta þessara tveggja rannsóknareininga í eina sterka rannsóknareiningu í stað þess að reka fleiri en eina rannsóknareiningu á þessu sviði.

Ríkissaksóknari, ríkislögreglustjóri, settur ríkissaksóknari í málum sérstaks saksóknara og sérstakur saksóknari hafa bent á að sterk rök séu fyrir því að sameina þessar tvær einingar. Þessir aðilar hafa jafnframt bent á að huga þurfi að endurskoðun á tilhögun og heildarskipulagi rannsókna á sviði efnahags- og fjármunabrota og lagt til að komið verði á laggirnar innan þriggja ára nýrri rannsóknastofnun sem annist alla rannsókn og saksókn í alvarlegum, flókn-

um og/eða umfangsmiklum fjármuna- og efnahagsbrotamálum. Ríkisendurskoðun hefur enn fremur í skýrslu frá árinu 2006 bent á tiltekna þætti sem verða mættu til þess að ráða bót á því hversu langan tíma rannsókn efnahagsbrotamála tekur og draga úr tvíverknaði.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði staða þeirra starfsmanna sem hafa réttindi til að starfa sem lögreglumenn og starfa í raun sem slíkir hjá embætti sérstaks saksóknara í dag en vegna ákvæða í lögum er ekki unnt að skipa þá sem lögreglumenn. Við embætti sérstaks saksóknara starfa nú skipaðir lögreglumenn sem hafa verið fluttir, annaðhvort tímabundið eða ótímabundið til embættisins á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ljóst er að réttindi og skyldur þeirra sem ekki eru skipaðir eru önnur en þeirra sem eru skipaðir. Á slíkt við um verkfallsrétt, launakjör og önnur atriði. Afar mikilvægt er að kveðið sé með skýrum hætti á um réttindi og skyldur þeirra sem sinna lögreglustörfum fyrir embættið.

Lagt er til að við núverandi 3. mgr. 2. gr. bætist að heimilt verði að skipa lögreglumenn sem hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins til starfa við embættið, en ákvæði lögreglulaga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um fimm ára skipunartíma og biðlaunarétt taka ekki til þessara starfsmanna. Þá er gert ráð fyrir að skipun þeirra falli niður þegar embætti sérstaks saksóknara verður lagt niður eða sameinað annarri ríkisstofnun, sbr. 7. gr. laganna, en þeir skulu þá halda óbreyttum launakjörum í þrjá mánuði frá þeim tíma. Ástæða hins sérstaka skipunartíma, biðlaunaréttar og að skipun þeirra falli niður þegar embættið verður lagt niður, er hinn skammi tími sem embættinu er ætlað að starfa.

Óbreytt er að sérstakur saksóknari ráði annað starfslið embættisins og þá er óbreytt að við ráðningu þeirra starfsmanna sem ákvæðið tekur til, gildir ekki 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en gert er ráð fyrir að sú undantekning nái jafnframt til lögreglumannanna.

Gert er ráð fyrir því í núgildandi lögum um embætti sérstaks saksóknara að það starfi tímabundið og getur ráðherra, að fengnum tillögum frá ríkissaksóknara, lagt til að embættið verði lagt niður hvenær sem er eftir 1. janúar 2011 og hverfi þá verkefni embættisins til lögreglu eða ákærenda eftir almennum ákvæðum lögreglulaga og laga um meðferð sakamála. Hér er lagt til að þetta tímamark verði fært aftur til 1. janúar 2013. Þá er í ákvæði til bráðabirgða lagt til að tíminn þangað til verði notaður til að huga að framtíðarskipan rannsókna á efnahagsbrotum.

Sú skipan helst óbreytt að ríkislögreglustjórinn tekur við tilkynningum á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 807/2008.

Í ákvæði til bráðabirgða er það lagt til grundvallar að sem minnst röskun verði á yfirstandandi rannsóknum hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og embætti sérstaks saksóknara. Þannig er miðað við að starfsmönnum efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra verði gefinn kostur á að flytjast til embættis sérstaks saksóknara við gildistöku laganna. Ákvæði þetta tekur einnig til þeirra starfsmanna sem nú þegar starfa við embætti sérstaks saksóknara samkvæmt sérstöku samkomulagi. Kjósi þeir á hinn bóginn ekki að hefja störf við embætti sérstaks saksóknara verði þeim boðið annað starf innan lögreglunnar. Hvað varðar saksóknara hjá embætti ríkislögreglustjóra þá er lagt til að heimilt verði að flytja þann embættismann er gegnir því starfi til embættis ríkissaksóknara. Tillaga þessi miðast við það að embætti saksóknara hjá ríkislögreglustjóra þykir sambærilegt við embætti saksóknara hjá ríkissaksóknara en á hinn bóginn er það ekki sambærilegt við embætti þeirra þriggja saksóknara er starfa við embætti sérstaks saksóknara, þar sem þeir saksóknarar hafa sjálfstætt ákæruvald og taka sjálfir ákvörðun um hvort ákært skuli í þeim málum sem þeim hefur verið falið að rannsaka

og lúta ekki fyrirmælum hins sérstaka saksóknara í þeim efnum. Jafnframt fara þeim með lögregluvald samkvæmt lögreglulögum á sama hátt og lögreglumenn og aðrir löglærðir starfsmenn sérstaks saksóknara.

Þá er í ákvæði til bráðabirgða kveðið á um að hefja skuli endurskoðun á heildarskipulagi og tilhögun rannsóknar og saksóknar í efnahagsbrotamálum innan einnar stofnunar í þeim tilgangi gera vinnuna skilvirkari og markvissari og tryggja sem besta nýtingu fjármuna sem ætlaðir eru í þessu skyni. Gert er ráð fyrir að innanríkisráðherra skipi nefnd sérfróðra manna að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti til þess að gera tillögur um nýtt heildarskipulag og skal nefndin í störfum sínum hafa hliðsjón af skipan efnahagsbrotarannsókna annars staðar á Norðurlöndum. Skal nefndin skila ráðherra tillögum ásamt greinargerð eigi síðar en einu ári frá gildistöku laganna.

Rannsóknum og ákærumeðferð fjármuna- og efnahagsbrota er nú sinnt hjá mörgum stofnunum, þ.e. efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, embætti sérstaks saksóknara, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, skattrannsóknarstjóra, tollstjóra, Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu og ríkissaksóknara. Núverandi skipan rannsóknar mála er varða fjármuna- og efnahagsbrot þykir nokkuð flókin, ógegnsæ og óhagkvæm auk þess sem mikil hætta er á tvíverknaði, sakarspjöllum fyrir grunaða og að almannahagsmunum sé stefnt í hættu. Oft eru rannsakaðir afmarkaðir þættir í háttsemi lögaðila og einstaklinga hjá mörgum stofnunum sem eru hluti af mun víðtækari ætlaðri brotastarfsemi og jafnvel teknar skýrslur af sömu einstaklingum vegna sömu háttsemi með skömmu millibili. Þrátt fyrir aukið samráð umræddra stofnana má ætla að hvergi í kerfinu sé unnt að hafa yfirsýn yfir hina ætluðu refsiverðu háttsemi og engin ofangreindra stofnana hefur valdboð gagnvart hinum til að safna saman upplýsingum eða taka yfir rannsókn jafnvel þótt ljóst sé að þannig yrði viðkomandi rannsókn markvissari auk þess sem betur væri gætt að málshraða gagnvart sakborningum. Eru ábendingar ríkissaksóknara o.fl. og Ríkisendurskoðunar tilefni til þess að taka þessa skipan til endurmats.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að verkefni efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra færist til embættis sérstaks saksóknara frá og með 1. júní nk. Hjá báðum þessum stofnunum er til staðar sérþekking og sérhæfing á sviði rannsóknar efnahagsbrota og er með sameiningu þeirra stefnt að aukinni skilvirkni og hagkvæmni.

Gert er ráð fyrir að öllum embættismönnum og öðrum starfsmönnum efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra verði boðið starf hjá embætti sérstaks saksóknara. Þeim sem ekki þiggja að færst á milli embætta skal boðið annað starf innan lögreglunnar.

Samhliða þessari breytingu er lagt til að skipuð verði nefnd sérfróðra manna til að endurskoða skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum og gera tillögur að heildarskipulagi slíkra rannsókna innan einnar stofnunar til framtíðar. Í núgildandi lögum

um embætti sérstaks saksóknara er gert ráð fyrir að það starfi tímabundið og að hægt verði að leggja það niður hvenær sem er eftir 1. janúar 2011. Með frumvarpi þessu er lagt til að þessi tímamörk verði færða aftur til 1. janúar 2013. Samkvæmt áætlunum embættis sérstaks saksóknara er gert ráð fyrir að úrvinnsla úr þeim verkefnum sem embættinu voru falin í kjölfar efnahagshrunsins ljúki á árinu 2015 og að embættið verði þá lagt niður.

Í áætlunum innanríkisráðuneytisins er gert ráð fyrir að 124 m.kr. heilsársfjárveiting ríkislögreglustjóra flytjist með verkefnum 14 ársverka til sérstaks saksóknara. Þar af eru 116 m.kr. vegna launa og launatengdra gjalda og 8 m.kr. vegna annarra útgjalda eins og rekstrarvörukaupa, ferða og aðkeyptrar þjónustu. Ekki er gert ráð fyrir að fjárveitingar vegna húsaleigu færist á milli embætta, þar sem ríkislögreglustjóri gæti átt erfitt með að rýma húsnæði þrátt fyrir fækkun starfsfólks vegna staðsetningar efnahagsbrotadeildar í húsnæðinu. Embætti sérstaks saksóknara gerir ráð fyrir að 4 m.kr. viðbótarhúsaleiga komi til vegna fjölgunar starfsmanna sem fjármögnuð verði af núverandi fjárheimildum stofnunarinnar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er því ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð heldur verði fjárheimildir fluttar á milli embætta og fylgi þannig verkefnunum.

1307. Frumvarp til laga [755. mál]

um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Umsækjandi, sem er í hjúskap með íslenskum ríkisborgara, og samvistum við hann, hafi verið hér búsettur í þrjú ár frá giftingu, enda hafi makinn haft íslenskan ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
b. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Umsækjandi sem er í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara, hafi verið hér búsettur í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar, enda hafi sambúðarmakinn haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
c. 3. mgr. orðast svo:
   Umsækjandi skal uppfylla skilyrði þess að fá búsetuleyfi útgefið af Útlendingastofnun og hafa slíkt leyfi þegar sótt er um íslenskan ríkisborgararétt. Þetta gildir þó ekki um umsækjanda sem er undanþeginn skyldu til að hafa dvalarleyfi hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga.

2. gr.

6. tölul. 9. gr. laganna orðast svo: Umsækjandi hafi ekki, hérlendis eða erlendis, sætt sektum eða fangelsisrefsingu eða eigi ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi samkvæmt íslenskum lögum. Frá þessu má þó víkja að liðnum biðtíma sem hér greinir ef brot eru ekki endurtekin, sekt hefur verið greidd að fullu eða fullnustuð með öðrum hætti og aðrar upplýsingar um umsækjanda mæla ekki gegn því.

Refsing	*Biðtími*
Sekt lægri en 50.000 kr.	Enginn biðtími.
Sekt 50.000–100.000 kr.	Að liðnu einu ári frá því að brot var framið.
Sekt 101.000–200.000 kr.	Að liðnum tveimur árum frá því að brot var framið.
Sekt 201.000–1.000.000 kr.	Að liðnum þremur árum frá því að brot var framið.
Sekt hærri en 1.000.000 kr.	Að liðnum fimm árum frá því að brot var framið.
Fangelsi allt að 60 dagar.	Að liðnum sex árum frá því að refsing var afplánuð eða frá veitingu reynslulausnar.
Fangelsi allt að sex mánuðir.	Að liðnum átta árum frá því að refsing var afplánuð eða frá veitingu reynslulausnar.
Fangelsi allt að eitt ár.	Að liðnum tíu árum frá því að refsing var afplánuð eða frá veitingu reynslulausnar.
Fangelsi meira en eitt ár.	Að liðnum 14 árum frá því að refsing var afplánuð eða frá veitingu reynslulausnar.
Skilorðsbundinn dómur.	Að liðnum þremur árum frá því að skilorðstími er liðinn.
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið.	Að liðnum tveimur árum frá því að skilorðstími er liðinn.
Ákvörðun um skilorðsbundna ákærufrestun.	Að liðnu einu ári frá því að skilorðstími er liðinn.

Þegar talið er að refsing sé úttekin með gæsluvarðhaldi reiknast tíminn frá því að viðkomandi var látinn laus.

Ef hluti dóms er skilorðsbundinn hefst biðtími þegar afplánun lýkur og miðast hann við lengd óskilorðsbundna dómsins.

Ef umsækjandi hefur einungis sætt sektarrefsingum og samanlögð fjárhæð sekta er lægri en 101.000 kr. er heimilt að veita íslenskan ríkisborgararétt ef aðrar upplýsingar um umsækjanda mæla ekki gegn því, enda sé liðið a.m.k. eitt ár frá því að síðasta brot var framið.

Ef umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun er biðtíminn 14 ár frá því að öryggisgæslu lýkur.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Sá sem misst hefur íslenskt ríkisfang samkvæmt upphaflegum ákvæðum 7. gr. laga nr. 100/1952 en hefði haldið því ef greinin hefði verið fallin úr gildi á þeim tíma er hann missti íslenska ríkisfangið getur óskað þess við ráðuneytið að öðlast ríkisfangið að nýju, enda uppfylli hann skilyrði 12. gr. og leggi fram fullnægjandi gögn að mati ráðuneytisins.

Sé viðkomandi undir forsjá annarra skal beiðni borin fram af forsjármanni.

Ef sá sem öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt þessu ákvæði á ógift börn yngri en 18 ára, sem hann hefur forsjá fyrir, öðlast þau einnig ríkisfangið. Hafi barnið náð 12 ára aldri og er með erlent ríkisfang skal það veita samþykki sitt til að fá íslenskan ríkisborgararétt. Samþykkis skal þó ekki krafist ef barnið ef ófært um að veita það sökum andlegrar fötlunar eða annars sambærilegs ástands.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í innanríkisráðuneytinu. Það felur í sér nokkrar breytingar á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, eins og þeim var breytt með lögum nr. 81/2007. Breytingarnar snúa fyrst og fremst að hagræðingu vegna breyttra reglna um fjárhæðir sekta og leiðréttingum sem taldar eru nauðsynlegar vegna breytinga sem orðið hafa á lögum um útlendinga.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna er varðar búsetutíma útlendings sem er í hjúskap með íslenskum ríkisborgara. Lagt er til að hnykkt verði á því að sé umsækjandi í hjúskap verði að vera um raunverulegar samvistir að ræða.

Í öðru lagi er lögð til orðalagsbreyting á 3. tölul. sömu greinar er varðar skráða sambúð útlendings með íslenskum ríkisborgara þar sem felld eru niður orðin „og bæði eru ógift“. Sú leiðrétting er byggð á ákvæðum lögheimilislaga eins og 3. mgr. 7. gr. laganna er nú.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á 3. mgr. 8. gr. er varðar kröfu um að umsækjandi um íslenskan ríkisborgararétt uppfylli skilyrði fyrir búsetuleyfi, en talin er þörf á breytingunni vegna ósamræmis sem skapaðist milli laga um íslenskan ríkisborgararétt og laga um útlendinga varðandi búsetutíma er síðari lögunum var breytt með lögum nr. 86/2008.

Í fjórða lagi eru lagðar til nokkrar breytingar á 6. tölul. 9. gr. laganna er varða fjárhæð sekta, auk nokkurra annarra breytinga sem snúa að biðtíma þeirra umsækjenda sem hlotið hafa dóm eða refsingu. Felst breytingin einkum í því að auka heimild ráðherra til að veita ríkisborgararétt þegar umsækjandi hefur sætt sektarrefsingu. Er ástæðan ekki síst hækkun sem orðið hefur á sektarrefsingum frá því að ákvæðið var upphaflega sett í lögin.

Í fimmta lagi er lagt til að tekið verði aftur upp í lögin ákvæði um heimild til endurveitingar íslensks ríkisborgararéttar. Þegar ákveðið var með lögum nr. 9/2003 að íslenskum ríkisborgurum væri heimilað að halda íslensku ríkisfangi þótt þeir öðlist ríkisborgararétt í öðru ríki var jafnframt sett ákvæði til bráðabirgða sem var í gildi í fjögur ár þess efnis að sá sem misst hefur íslenskt ríkisfang skv. 7. gr. laga nr. 100/1952, sem felld var úr lögunum með lögum nr. 9/2003, hefði heimild til þess að öðlast íslenska ríkisfangið að nýju, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, ef um það yrði sótt innan fjögurra ára frá gildistöku ákvæðisins. Reynslan hefur sýnt að margir þeirra sem hefðu getað nýtt sér bráðabirgðaákvæðið vissu ekki af þeim möguleika. Þar af leiðandi hafa ýmsir óskað eftir að umsókn þeirra fari fyrir Alþingi vegna undanþágubeiðni þar sem skilyrði núgildandi laga eru ekki uppfyllt.

Að lokum er lagt til að bráðabirgðaákvæði í lögunum verði fellt niður. 1. og 2. mgr. ákvæðisins hefur verið tekin upp í núgildandi 16. gr. laganna (áður 11. gr.). Síðari hluti bráðabirgðaákvæðisins, 3.–5. mgr., var í gildi til 1. júlí 2007 og varðar endurveitingu íslensks ríkisborgararéttar, sambærilegt við það ákvæði sem nú er lagt til að verði endurupptekið, sbr. 3. gr. þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið.

Lagt er til að bætt verði því ákvæði í 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. að umsækjandi um íslenskan ríkisborgararétt, sem er í hjúskap með íslenskum ríkisborgara, sé samvistum við maka sinn. Er talin þörf á að hafa þetta skýrt í lögunum þar sem upp geta komið tilvik þar sem umsækjandi óskar eftir ríkisborgararétti á grundvelli hjúskapar með íslenskum ríkisborgara en fyrir

liggja upplýsingar frá Þjóðskrá Íslands um að hjónin séu ekki lengur samvistum, sbr. t.d. 2. mgr. 7. gr. laga um lögheimili, nr. 21 5. maí 1990, og 37. gr. hjúskaparlaga, nr. 31 14. apríl 1993, eða aðrar upplýsingar liggja fyrir um að hjón hafi slitið samvistir. Sama getur átt við um málamyndahjúskap.

Um b-lið.

Hér er lagt til að í 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. verði felld niður orðin „og bæði eru ógift“ þar sem einstaklingar í skráðri sambúð verða að uppfylla skilyrði II. kafla hjúskaparlaga til þess að geta fengið sambúð sína skráða í þjóðskrá. Ákvæðið á því ekki lengur við eins og það er nú orðað þar sem búið er að breyta ákvæðum um skráningu sambúðar í lögheimilislögum, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga um lögheimili, nr. 21 5. maí 1990.

Um c-lið.

Þegar lögum um íslenskan ríkisborgararétt var breytt með lögum nr. 81/2007 var m.a. samþykkt það nýmæli sem fram kemur í 3. mgr. 8. gr. laganna að umsækjandi skuli uppfylla skilyrði þess að fá búsetuleyfi útgefið af Útlendingastofnun og að umsækjandi skuli jafnframt hafa slíkt leyfi þegar sótt er um íslenskan ríkisborgararétt, nema hann sé undanþeginn skyldu til að hafa dvalarleyfi hér á landi. Var markmiðið með breytingunni fyrst og fremst að tryggja að þau viðmið sem voru í útlendingalögum og kynnu að verða sett í lögin vegna útgáfu búsetuleyfa misstu ekki gildi sitt með því að unnt væri að fá ríkisborgararétt eftir leiðum sem ekki væru eins strangar. Með lögum nr. 86/2008, sem öðluðust gildi 1. ágúst 2008, var gerð breyting á lögum um útlendinga. Ein af breytingunum sneri að því tímamarki sem útlendingur þarf að hafa tímabundið dvalarleyfi áður en hann getur sótt um búsetuleyfi, en það var fært úr þremur í fjögur ár. Hins vegar eru nokkrir hópar útlendinga undanþegnir því skilyrði að hafa dvalarleyfi hér á landi hafi þeir dvalið hér í tiltekinn árafjölda. Til að koma í veg fyrir ósamræmi á milli útlendingalaga og laga um íslenskan ríkisborgararétt sem skapast hefur að þessu leyti á grundvelli þess skilyrðis í ríkisborgaralögum, að umsækjandi verði að uppfylla skilyrði til að geta fengið búsetuleyfi, sem er m.a. fjögurra ára búseta að lágmarki, telur ráðuneytið rétt að undanskilja frá kröfunni um búsetuleyfi þá umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt sem ekki þurfa dvalarleyfi hér á landi, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um útlendinga, enda uppfylli þeir skilyrði sömu greinar um undanþágu frá dvalarleyfi. Er hér um að ræða norræna ríkisborgara, útlendinga sem öðluðust íslenskan ríkisborgararétt við fæðingu en hafa misst hann eða afsalað sér honum, útlendinga sem eiga foreldri sem hefur verið íslenskur ríkisborgari í lágmark fimm ár og útlendinga sem eru í hjúskap, staðfestri samvist eða skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara.

Um 2. gr.

Þegar lögum um íslenskan ríkisborgararétt var breytt með lögum nr. 81/2007 var dómsmálaráðherra m.a. veitt heimild til þess að veita íslenskan ríkisborgararétt að liðnum tilteknum biðtíma þó svo að refsiskilyrðum laganna væri ekki fullnægt. Í fyrsta lagi var ráðherra heimilað að veita ríkisborgararétt að liðnu einu ári frá því að brot var framið sem sætti sekt lægri en 50.000 kr. og að liðnum þremur árum frá því að brot var framið sem sætti sekt að fjárhæð 50.000 kr. eða hærri. Heimildin miðast við að brot séu ekki endurtekin, þ.e. að umsækjandi hafi ekki framið brot oftar en einu sinni, án tillits til þess hvort brot séu af svipaðri tegund. Frá setningu þessa ákvæðis hafa margar sektarrefsingar hækkað auk þess sem reynslan hefur sýnt að afgreiðsla umsóknar um ríkisborgararétt getur þurft að bíða í allt að eitt ár ef umsækjandi hefur hlotið lága sekt, t.d. að fjárhæð 5.000 kr. Einnig kemur fyrir að umsækjandi hafi sætt nokkrum smærri sektum, sem samanlagt eru ekki mjög háar, sem leiðir þá til þess að ráðherra er ekki heimilt að veita ríkisborgararétt þar sem brot eru endurtekin. Þetta

hefur leitt til þess að óskað er eftir því í mun fleiri tilvikum en áður að umsókn verði send Alþingi til athugunar. Til að koma í veg fyrir að lægstu sektarfjárhæðir valdi bið eftir ríkisborgararétti eru hér lagðar til nokkrar breytingar á ákvæði 6. tölul. 9. gr., auk nokkurra annarra breytinga á biðtíma er varða skilorðsdóma og skilorðsbundnar ákvarðanir, jafnframt því sem ákvæðið er sett upp í töflu til að skerpa á skýrleika þess. Enn fremur er lagt til að 6. tölul. verði skipt niður í málsgreinar, sem nú er ekki.

Lagt er til að 1. málsl. núgildandi 6. tölul. 9. gr. ásamt a–f-lið verði 1. mgr., en þó með nokkrum breytingum. Þar komi fram listi yfir biðtíma vegna refsingar sem umsækjandi hefur hlotið. Er sú breyting lögð til í þeim tilgangi að auka á skýrleika ákvæðisins. Gerðar eru tillögur um smávægilegar orðalagsbreytingar. Jafnframt er lagt til að lögfest verði sú regla sem verið hefur í framkvæmd að biðtími vegna sektar geti ekki orðið virkur nema sekt hafi verið greidd að fullu eða fullnustuð með öðrum hætti, svo sem með samfélagsþjónustu eða afplánun vararefsingar. Einnig er bætt við ákvæði um að heimild til að veita ríkisborgararétt að liðnum tilteknum biðtíma miðist við að aðrar upplýsingar um umsækjanda mæli ekki gegn því. Er þetta lagt til til að tryggja það að ráðherra leggi ávallt heildarmat á allar upplýsingar sem liggja fyrir um umsækjanda áður en ákvörðun er tekin um það hvort veiting ríkisborgararéttar komi til álita, enda miðist heimild til veitingar ríkisborgararéttar m.a. við það að umsækjandi sé starfhæfur og vel kynntur, sbr. 2. tölul. 9. gr. Ef upplýsingar benda til þess að umsækjandi hafi almennt ekki sýnt af sér góða framkomu eða líkur séu á að hann muni ekki vera góður og gegn borgari eru skilyrði laganna ekki talin vera uppfyllt.

Þar sem sektarfjárhæðir hafa í mörgum tilvikum hækkað eru sektir undir 50.000 kr. að jafnaði fyrir smærri brot en þegar lög nr. 81/2007 tóku gildi. Til að koma í veg fyrir að lægstu sektarfjárhæðir orsaki bið eftir ríkisborgararétti er hér lagt til að ráðherra verði heimilað að veita ríkisborgararétt án biðtíma ef umsækjandi hefur hlotið sekt sem er lægri en 50.000 kr. Í öðru lagi er lagt til að hækka sektarmarkið þar sem biðtími er eitt ár samkvæmt núgildandi lögum, og að biðtíminn verði tengdur fleiri sektarfjárhæðum en nú er. Í núgildandi ákvæði er biðtíminn eitt ár ef sekt er undir 50.000 kr. en lagt er til að eins árs biðtími verði fyrir sektir á bilinu 50.000–100.000 kr. Samkvæmt núgildandi lögum er biðtími fyrir sektir að fjárhæð 50.000 kr. eða hærri þrjú ár. Ef sekt er á bilinu 101.000–200.000. kr. er lagt til að biðtíminn verði tvö ár og þrjú ár ef sekt er á bilinu 201.000–1.000.000 kr.

Ef sekt er hærri en 1.000.000 kr. er lagt til að biðtíminn verði fimm ár.

Þá er lögð til breyting á biðtíma þegar umsækjandi hefur hlotið skilorðsbundinn dóm. Núgildandi ákvæði gerir ráð fyrir að biðtíminn sé jafnlangur og ef dómur er óskilorðsbundinn, en reiknist hins vegar frá uppkvaðningu dóms í stað þess að reiknast frá því að afplánun lýkur ef dómur er óskilorðsbundinn. Hér er lagt til að biðtími allra skilorðsbundinna dóma verði jafnlangur, eða þrjú ár frá því að skilorðstími er liðinn, en nú getur biðtíminn verið allt að 14 ár. Ef sektarrefsing er dæmd með skilorðsbundnum dómi verður sekt að vera að fullu greidd eða fullnustuð með samfélagsþjónustu eða afplánuð með vararefsingu til að heimilt sé að veita ríkisborgararétt að loknum biðtíma, sbr. tillögu að ákvæði í 1. mgr. 6. tölul. 9. gr.

Lögð er til breyting á biðtíma þegar ákvörðun um refsingu hefur verið frestað skilorðsbundið. Í núgildandi ákvæði segir að í þeim tilvikum skuli eftir atvikum miðað við skilyrði þau sem greinir í c–f-lið 6. tölul., sem er biðtími eftir lengd refsingar frá 6 árum upp í 14 ár. Er talið að sá biðtími megi vera styttri en þegar dæmd er skilorðsbundin refsing og er því lagt til að biðtíminn sé tvö ár frá því að skilorðstími er liðinn. Síðan er lagt til að biðtíminn verði eitt ár frá því að skilorðstími er liðinn ef um er að ræða skilorðsbundna ákærufrestun, en nú er biðtíminn þrjú ár frá því að ákvörðunin var tilkynnt. Er þetta lagt til til að gæta meira sam-

ræmis út frá þyngd refsingar og til að biðtíminn byrji í öllum tilvikum að líða þegar skilorðstími er liðinn.

Lagt er til að á eftir lista um biðtíma komi ný málsgrein, 2. mgr., sem er í núgildandi lögum næsti málsliður á eftir f-lið, og varðar biðtíma þegar talið er að refsing sé úttekin með gæsluvarðhaldi. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Í lögunum telst biðtími óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar frá þeim tíma sem refsing var afplánuð eða frá veitingu reynslulausnar. Ef refsing er fullnustuð með samfélagsþjónustu er rétt að árétta að hún telst vera afplánuð þegar samfélagsþjónustu er að fullu lokið.

Lagt er til nýtt ákvæði, sem verði 3. mgr., þar sem segir að ef hluti dóms er skilorðsbundinn hefjist biðtíminn þegar afplánun lýkur og miðast biðtíminn við lengd óskilorðsbundna dómsins.

Þá er lagt til að í 6. tölul. komi nýtt ákvæði, er verði 4. mgr., þar sem gert er ráð fyrir að ráðherra verði heimilað að veita íslenskan ríkisborgararétt þó svo að umsækjandi hafi framið fleiri en eitt brot ef hann hefur einungis sætt sektarrefsingum og samanlögð fjárhæð refsinganna er lægri en 101.000 kr. Þó verður að vera liðið eitt ár frá síðasta broti. Einnig er hér áréttað að heildarmat á upplýsingum um umsækjanda mæli ekki gegn veitingu ríkisborgararéttar. Þetta ákvæði er í samræmi við núgildandi vinnuhefð í ráðuneytinu, að því undanskildu að hingað til hefur verið miðað við að samanlögð sektarfjárhæð sé lægri en 50.000 kr. Er hér lagt til að þessi regla verði lögfest og að samanlögð fjárhæð sektarrefsinga verði lægri en 101.000 kr. til samræmis við hækkanir á sektarmörkum í 1. mgr. 6. tölul.

Loks er lagt til að núgildandi ákvæði um biðtíma, ef umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta öryggisgæslu, verði fært í nýja málsgrein, er verði 5. mgr.

Um 3. gr.

Lagt er til að endurvakið verði ákvæði sem var til bráðabirgða í lögunum frá 1. júlí 2003 til 1. júlí 2007 um heimild til að endurveita íslenskan ríkisborgararétt þeim sem misst hafa íslenskt ríkisfang sitt við það að sækja um annað ríkisfang. Með lögum nr. 9/2003 var fellt úr lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, ákvæði sem þá var í 7. gr. laganna um að sá sem öðlaðist erlent ríkisfang missti við það íslenska ríkisfangið. Um leið var samþykkt bráðabirgðaákvæði um að heimilt væri að endurveita íslenska ríkisfangið að uppfylltum tilteknum skilyrðum ef fólk hafði tapað því á grundvelli þágildandi 7. gr.

Fjöldi manns notfærði sér heimild bráðabirgðaákvæðisins meðan það var í gildi. Aftur á móti hefur reynslan sýnt að margir þeirra sem hefðu getað nýtt sér bráðabirgðaákvæðið vissu ekki af þessum möguleika. Þar sem ráðuneytið hefur ekki lengur heimild til slíkrar endurveitingar hafa þónokkrir sem búsettir eru erlendis og voru íslenskir ríkisborgarar, en öðluðust erlendan ríkisborgararétt fyrir 1. júlí 2003, sótt um íslenskan ríkisborgararétt og óskað eftir undanþágu frá lögunum með því að umsókn þeirra fari fyrir Alþingi.

Í ákvæðinu, eins og það er orðað í þessu frumvarpi, er áréttuð sú regla sem unnið var eftir í framkvæmd er eldra ákvæðið var í gildi, og auglýst var á heimasíðu ráðuneytisins, að til að eiga möguleika á að fá íslenskt ríkisfang að nýju verði sá sem þess óskar að uppfylla skilyrði 12. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt um búsetu eða dvöl hér á landi, ef hann er ekki fæddur á Íslandi, eða geta sýnt fram á tengsl við landið sem heimila að hann geti haldið íslensku ríkisfangi að mati ráðuneytisins. Beiðni um að fá íslenskan ríkisborgararétt endurveittan verður að leggja fram á sérstöku eyðublaði ráðuneytisins.

Með forsjármanni í ákvæðinu er átt við þá sem fara með forsjá þegar umsókn er borin fram.

Um 4. gr.

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða, sem nú er í lögum um íslenskan ríkisborgararétt, falli niður. Fyrri hluti ákvæðisins, 1. og 2. mgr., hefur nú þegar verið tekinn inn í lögin, sbr. 16. gr., sem varanleg ákvæði. Hins vegar voru ákvæði 3.–5. mgr., er varða endurveitingu íslensks ríkisborgararéttar, í gildi til 1. júlí 2007. Er nú lagt til að það ákvæði verði endurvakið með lítið breyttu orðalagi og tekið inn í lögin að nýju. Sjá um það athugasemdir við 3. gr. þessa frumvarps.

Um 5. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á lögunum vegna breyttra reglna um fjárhæðir sekta og vegna breytinga sem orðið hafa á lögum um útlendinga. Í fyrsta lagi er lagt til að hnykkt verði á því að sé umsækjandi um íslenskan ríkisborgararétt í hjúskap verði hann að vera raunverulega samvistum við maka sinn. Í öðru lagi að umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir búsetuleyfi. Í þriðja lagi eru lagðar til nokkrar breytingar er varða fjárhæð sekta, auk nokkurra annarra breytinga sem snúa að biðtíma þeirra umsækjenda sem hlotið hafa dóm eða refsingu. Felst breytingin einkum í því að auka heimild ráðherra til að veita ríkisborgararétt þegar umsækjandi hefur sætt sektarrefsingu. Er ástæðan ekki síst hækkun sem orðið hefur á sektarrefsingum frá því ákvæðið var upphaflega sett í lögin. Í fjórða lagi er lagt til að tekið verði aftur upp í lögin ákvæði um heimild til endurveitingar íslensks ríkisborgararéttar. Með lögum nr. 81/2007 var íslenskum ríkisborgurum heimilað að halda íslensku ríkisfangi þótt þeir öðlist ríkisborgararétt í öðru ríki. Í lögunum var sett ákvæði til bráðabirgða, þess efnis að sá sem misst hefði íslenskt ríkisfang samkvæmt 7. gr. laga nr. 100/1952, sem fellt var úr lögunum frá 2007, hefði heimild til þess að öðlast íslenska ríkisfangið að nýju, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, ef um það yrði sótt innan þriggja ára frá gildistöku ákvæðisins. Reynslan hefur sýnt að margir þeirra sem hefðu getað nýtt sér bráðabirgðaákvæðið vissu ekki af þeim möguleika. Þar af leiðandi hafa ýmsir óskað eftir að umsókn þeirra fari fyrir Alþingi vegna undanþágubeiðni þar sem skilyrði laganna eins og þau eru í dag eru ekki uppfyllt. Að lokum er lagt til að bráðabirgðaákvæði gildandi laga verði fellt niður en fyrri hluti ákvæðisins er nú þegar hluti af gildandi lögum og síðari hluti bráðabirgðaákvæðisins varðar endurveitingu íslensks ríkisborgararéttar, sambærilegt við það ákvæði sem nú er lagt til að verði endurupptekið.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1308. Fyrirspurn [756. mál]

til utanríkisráðherra um tvíhliða samninga við Evrópusambandið.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvaða tvíhliða samningar hafa verið gerðir við Evrópusambandið eftir að EES-samningurinn tók gildi?

Skriflegt svar óskast.

1309. Fyrirspurn [757. mál]

til utanríkisráðherra um úttekt á stöðu EES-samningsins.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Er fyrirhugað að gera heildstæða úttekt á stöðu EES-samningsins, líkt og Lichtensteinar og Norðmenn hafa gert?

1310. Fyrirspurn [758. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um endurskoðun aflareglu við fiskveiðar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvenær er áformað að samráðsvettvangur ráðherra sem endurskoðar aflareglu við fiskveiðar skili áliti?
2. Má búast við að ráðherra leggi til auknar veiðiheimildir á grundvelli tillagna samráðsvettvangsins á þessu fiskveiðiári?

1311. Frumvarp til laga [77. mál]

um verndar- og orkunýtingaráætlun.

(Eftir 2. umr., 14. apríl.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

2. gr.
Gildissvið og skilgreiningar.

Lög þessi ná til landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti til orkuvinnslu, jafnt innan eignarlanda sem þjóðlendna.

Eftirfarandi merking skal lögð í þessi hugtök:

1. *Eignarland:* Landsvæði, þ.m.t. innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einka-eignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
2. *Fallvatn:* Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé.
3. *Háhitasvæði:* Jarðhitakerfi þar sem hitastig grunnvatnsforðans er 200°C eða hærra á 1.000 metra dýpi eða ofar.
4. *Orkurannsóknir:* Rannsóknir sem tengjast virkjun til orkuvinnslu sem fram fara á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.
5. *Virkjunarkostur:* Áætluð framkvæmd vegna virkjunar til orkuvinnslu á tilgreindum virkjunarstað.
6. *Yfirborðsrannsóknir:* Kortlagning náttúrusvæða, landslags, lífríkis, vatnafars og jarðfræði. Jarðfræðirannsóknir skiptast í rannsóknir á jarðfræði, jarðefnafræði og jarðeðlisfræði sem byggjast á sýnatöku á gasi, vatni og bergi, mælingu með tækjum á yfirborði og grunnum borunum til að ná bergsýnum, mælingu á berghita og stöðu grunnvatns, með léttum bortækjum sem skilja ekki eftir sig nein verksummerki.
7. *Þjóðlendur:* Landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

3. gr.
Verndar- og orkunýtingaráætlun.

Iðnaðarráðherra leggur í samráði og samvinnu við umhverfisráðherra eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Í verndar- og orkunýtingaráætlun er á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. mótuð stefna um hvort landsvæði þar sem er að finna virkjunarkosti megi nýta til orkuvinnslu eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar. Virkjunarkostir á viðkomandi svæðum eru samkvæmt því flokkaðir í orkunýtingarflokk, verndarflokk eða biðflokk.

Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn

skv. 8. gr. hefur fjallað um og hafa uppsett rafafl 10 MW eða meira eða uppsett varmaafl 50 MW eða meira. Hún tekur þó ekki til stækkunar á virkjun nema stækkunin feli í sér matsskyldar framkvæmdir samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða úrskurði umhverfisráðherra. Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur ekki til landsvæða sem njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði.

Í verndar- og orkunýtingaráætlun skal í samræmi við markmið laga þessara lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar. Í verndar- og orkunýtingaráætlun skal tekið mið af vatnaáætlun samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

4. gr.

Orkunýtingarflokkur.

Í orkunýtingarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem er áætlað á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. að ráðast megi í.

Stjórnvöldum er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum og orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í orkunýtingarflokki. Þá eru orkurannsóknir sem lögum samkvæmt geta farið fram án leyfis stjórnvalda heimilar vegna virkjunarkostanna.

5. gr.

Biðflokkur.

Í biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem er talið að afla þurfi frekari upplýsinga um svo meta megi á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. hvort þeir eigi að falla í orkunýtingarflokk eða verndarflokk.

Stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í biðflokki.

Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra.

Virkjunarkostir sem verndar- og orkunýtingaráætlun á að taka til skv. 3. mgr. 3. gr. og ekki hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun skulu lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki áætlunarinnar.

6. gr.

Verndarflokkur.

Í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu að teknu tilliti til sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr.

Stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í verndarflokki eða eru á svæðum sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Þá eru aðrar orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar einnig óheimilar.

Þrátt fyrir 2. mgr. er unnt að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar að heimila yfirborðsrannsóknir á svæðum í verndarflokki.

Stjórnvöld skulu þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlun hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu

samkvæmt verndarflokki áætlunarinnar. Um friðlýsingu vegna náttúruverndar fer samkvæmt lögum um náttúruvernd en um friðlýsingu vegna menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum.

7. gr.

Skipulagsáætlanir.

Verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana. Sveitarstjórnir skulu samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og orkunýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.

Sveitarstjórnum er heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun í allt að tíu ár og skal tilkynna slíka ákvörðun til Skipulagsstofnunar innan árs frá samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlunar. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki. Að fresti liðnum skal skipulag viðkomandi svæðis samræmt þágildandi verndar- og orkunýtingaráætlun.

8. gr.

Verkefnisstjórn.

Ráðherra skipar sex manna verkefnisstjórn til fjögurra ára í senn sem er ráðherra til ráðgjafar við undirbúning að gerð tillagna fyrir verndar- og orkunýtingaráætlun samkvæmt lögum þessum. Tveir stjórnarmenn eru tilnefndir af umhverfisráðherra, einn af mennta- og menningarmálaráðherra og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og tveir eru án tilnefningar og skal annar þeirra skipaður formaður stjórnarinnar. Sömu aðilar tilnefna jafnmarga varamenn sem eru skipaðir með sama hætti.

9. gr.

Verksvið verkefnisstjórnar.

Verkefnisstjórn annast upplýsingasöfnun, faglegt mat, sbr. 4. mgr. 3. gr., og gerð tillagna til ráðherra vegna verndar- og orkunýtingaráætlunar og er samráðsvettvangur vegna hennar. Verkefnisstjórn skal skipa faghópa með sérfræðingum á viðeigandi sviðum sem fari yfir virkjunaráform hver frá sínum sjónarhóli, meti þá með stigagjöf og geri tillögur til verkefnisstjórnar. Fjöldi faghópa og skipan þeirra verður ákveðin af verkefnisstjórninni.

Beiðni um að verkefnisstjórn fjalli um virkjunarkost skal send Orkustofnun. Beiðninni skal fylgja lýsing á fyrirhugaðri virkjun, áætluðum virkjunarstað, helstu mannvirkjum og öðrum framkvæmdum sem henni tengjast og eftir því sem kostur er áætlun um afl og orkugetu og stofn- og rekstrarkostnað virkjunar. Um þetta skal nánar fyrir mælt í reglugerð. Ef virkjunarkostur er að mati Orkustofnunar nægilega skilgreindur skal verkefnisstjórn fá hann til umfjöllunar. Orkustofnun getur einnig að eigin frumkvæði falið verkefnisstjórn að fjalla um virkjunarkosti.

Verkefnisstjórn fjallar um virkjunarkosti skv. 2. mgr. og þau landsvæði sem viðkomandi virkjunarkostir hafa áhrif á að hennar mati. Verkefnisstjórn getur að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni endurmetið virkjunarkosti og landsvæði sem gildandi áætlun nær til og lagt til breytingar á henni. Það á þó ekki við ef gefið hefur verið út leyfi til viðkomandi virkjunar samkvæmt raforkulögum eða lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu eða friðlýsing skv. 4. mgr. 6. gr. bannar framkvæmdina.

10. gr.
Verklag og málsmeðferð.

Verkefnisstjórn byggir faglegt mat sitt á upplýsingum sem fyrir liggja um þætti sem taka skal tillit til í verndar- og orkunýtingaráætlun og beitir við það samræmdum viðmiðum og almennt viðurkenndum aðferðum. Vinna faghópa er lögð til grundvallar matinu. Verkefnisstjórn skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Fornleifaverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Ferðamálastofu um hvort fyrirliggjandi gögn varðandi einstaka virkjunarkosti eru nægjanleg til að meta þá þætti sem taka skal tillit til í verndar- og orkunýtingaráætluninni. Teljist gögn ófullnægjandi skal verkefnisstjórn láta safna viðbótargögnum og vinna úr þeim áður en eiginlegt matsferli hefst.

Verkefnisstjórn skal leita eftir samráði og faglegri aðstoð hjá viðkomandi stofnunum og stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga, félagasamtökum, hagsmunaaðilum og öðrum aðilum. Þá skal verkefnisstjórn miðla upplýsingum um starf sitt með opinberum hætti. Verkefnisstjórn skal hafa samráð við Umhverfisstofnun til að tryggja samræmi verndar- og orkunýtingaráætlunar og vatnaáætlunar samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

Að fengnum niðurstöðum faghópa vinnur verkefnisstjórn drög að tillögum um flokkun virkjunarkosta og afmörkun virkjunar- og verndarsvæða í samræmi við flokkunina. Hún skal leita samráðs við almenning og umsagna um drögin hjá viðeigandi stofnunum, stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga, félagasamtökum og hagsmunaaðilum. Að liðnum umsagnarfresti og að loknu samráði tekur verkefnastjórnin afstöðu til fyrirliggjandi virkjanaáforma og kynnir framangreindum aðilum tillögur að verndar- og orkunýtingaráætlun og auglýsir þær með opinberum hætti í dagblaði sem gefið er út á landsvísu, Lögbirtingablaðinu og á vefsíðu sinni. Í auglýsingunni skal koma fram hvar má nálgast tillögur verkefnisstjórnar og öllum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum með tilgreindum hætti og innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en tólf vikur frá birtingu auglýsingar.

Að loknu samráðs- og kynningarferli, og að loknu umhverfismati í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, leggur verkefnisstjórn fyrir ráðherra rökstuddar tillögur um flokkun virkjunarkosta og afmörkun landsvæða í samræmi við flokkunina.

Ráðherra tekur tillögur verkefnisstjórnar til skoðunar og gengur frá tillögu um verndar- og orkunýtingaráætlun í samræmi við 3. gr. Ef lagðar eru til breytingar á tillögu verkefnisstjórnar skal leita umsagnar þeirra aðila sem greinir í 2. mgr. og þær kynntar almenningi með þeim hætti sem þar greinir áður en tillaga að verndar- og orkunýtingaráætlun er lögð fram á Alþingi.

Að fengnum tillögum verkefnisstjórnar setur ráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, reglur um hvernig verkefnisstjórn skuli starfa, þ.m.t. um upplýsingaöflun, viðmið og matsaðferðir. Reglurnar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

11. gr.
Meðferð upplýsinga.

Um afhendingu gagna og upplýsinga sem verkefnisstjórn eða þeir sem fyrir hana starfa öðlast fer samkvæmt upplýsingalögum.

12. gr.
Reglugerð.

Iðnaðarráðherra getur mælt nánar fyrir um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

13. gr.
Gildistaka.

1.–3. gr. laga þessara taka þegar gildi. Að öðru leyti taka lögin gildi þegar Alþingi hefur samþykkt tillögu til þingsályktunar skv. 3. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tillaga til þingsályktunar skv. 3. gr. skal fyrst lögð fram á Alþingi þegar fyrir liggja tillögur verkefnisstjórnar um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem skipuð var af iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra 24. ágúst 2007.

Áður en tillaga til þingsályktunar er lögð fram á Alþingi skal ráðherra kynna hana þeim aðilum sem greinir í 3. mgr. 10. gr. og gefa öllum kost á að koma á framfæri athugasemdum með tilgreindum hætti. Fara skal fram umhverfismat á tillögunni í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana.

Þegar tillaga til þingsályktunar skv. 3. gr. hefur verið samþykkt af Alþingi skal iðnaðarráðherra skipa verkefnisstjórn skv. 8. gr.

Umhverfisráðherra skal skipa vinnuhóp til að skoða og gera tillögu um aðferðafræði við að meta verðgildi náttúrunnar.

1312. Frumvarp til laga [13. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. apríl.)

1. gr.

19. gr., 22. gr., 1.–3. mgr. 24. gr. og 26. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1313. Lög [624. mál]

um breytingu á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. apríl 2011.)

Samhljóða þskj. 1099.

1314. Lög [300. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar).

(Afgreidd frá Alþingi 14. apríl 2011.)

Samhljóða þskj. 1277.

1315. Fyrirspurn [759. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslu virðisaukaskatts.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Hversu há fjárhæð var greidd í virðisaukaskatt til ríkissjóðs árin 2009 og 2010 á grundvelli 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, þar sem segir: „Aðilar, sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir 3. og 5. mgr. 2. gr., skulu greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila skv. 1. mgr.“?
2. Hvaða aðilar greiddu virðisaukaskatt á grundvelli framangreinds ákvæðis?

Skriflegt svar óskast.

1316. Frumvarp til laga [760. mál]

um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Tilgangur og hlutverk.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er rannsóknarbókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Safnið sinnir virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála.

Safnið er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra.

2. gr.
Stjórn.

Ráðherra skipar sjö menn í stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til fjögurra ára í senn. Skulu tveir tilnefndir af háskólaráði Háskóla Íslands, einn af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, einn af Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða, einn af starfsfólki Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og einn er skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í stjórn safnsins lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Stjórn safnsins er forstöðumanni þess, landsbókaverði, til ráðgjafar um stefnu safnsins og önnur málefni sem varða starfsemi þess. Stjórnin veitir landsbókaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og skipulag safnsins.

Landsbókavörður situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.
Landsbókavörður.

Ráðherra skipar landsbókavörð til fimm ára í senn, að fenginni umsögn stjórnar safnsins. Skal landsbókavörður hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins.

Landsbókavörður ákveður skipulag safnsins að fenginni umsögn stjórnar og annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri þess. Hann ræður starfsmenn og er í fyrirsvari fyrir safnið. Hann ber ábyrgð á rekstri safnsins og að starfsemi þess sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

4. gr.
Verkefni.

Hlutverk sitt rækir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn einkum með því:

a. að annast alhliða upplýsinga- og þekkingarmiðlun til almennings, fræðimanna og annarrar vísinda- og fræðslustarfsemi í landinu með leiðsögn og aðgengi að upplýsingalindum í hvaða formi sem er,
b. að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi í Háskóla Íslands, öðrum háskólum landsins og vísinda- og fræðslustarfsemi í landinu með fjölþættri upplýsinga- og þekkingarmiðlun,
c. að efla aðgang að erlendum gögnum í þágu vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs, meðal annars með því að annast framkvæmd samninga um aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum,
d. að varðveita handritasöfn þau og einkaskjalasöfn sem stofnað hefur verið til og vinna að frekari söfnun og rannsóknum á íslenskum handritum og einkaskjölum og samsvarandi efni á nýrri miðlum,
e. að þaulsafna íslenskum gögnum, m.a. með viðtöku skylduskila samkvæmt lögum, svo og að afla erlendra gagna er varða íslensk málefni, skrá þau, veita aðgang að þeim og varðveita til framtíðar,
f. að vinna að rannsóknum og veita aðstoð við rannsóknir á sviði bókfræði, bóksögu og bókasafns- og upplýsingafræði og veita upplýsingar um íslenska útgáfustarfsemi,
g. að stuðla að samstarfi og samræmingu starfshátta bókasafna og veita þeim faglega ráðgjöf,
h. að sinna öðrum þeim verkefnum sem tengjast starfsemi safnsins samkvæmt nánari ákvörðun landsbókavarðar í samráði við stjórn.

5. gr.
Samstarf við Háskóla Íslands og aðra háskóla.

Samstarf Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Háskóla Íslands skal byggjast á sérstökum samstarfs- og þjónustusamningi.

Safninu er heimilt að veita öðrum háskólum landsins þjónustu eftir því sem nánar er ákveðið í gagnkvæmum þjónustusamningum við einstaka háskóla.

6. gr.
Fjárhagsmálefni.

Kostnaður við rekstur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns greiðist úr ríkissjóði. Framlagið er ætlað til lögbundinna verkefna safnsins, sbr. 4. gr. Þá skal hluti af fjárveitingum til Háskóla Íslands renna árlega til safnsins samkvæmt samstarfs- og þjónustusamningi milli safnsins og háskólans, sbr. 5. gr.

Safninu er heimilt að gera samninga við stofnanir og aðra aðila um samstarf eða þjónustu.

7. gr.
Samningar.

Landsbókaverði er heimilt að fenginni umsögn stjórnar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns að gera þjónustusamninga um afmarkaða þætti í starfsemi safnsins.

Enn fremur getur safnið með samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis gert samkomulag við aðrar stofnanir um að litið sé á gagnakost þeirra sem hluta af safninu.

8. gr.
Gjaldtökuheimild og þvingunarúrræði.

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustu sína, svo sem útlán, millisafnalán, afritun, fjölföldun, gerð ljósmynda, sérfræðilega heimildaþjónustu og heimildaleit í gagnagrunnum.

Safninu er heimilt að innheimta dagsektir fyrir afnot fram yfir skilafrest, svo og bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda.

Landsbókavörður setur gjaldskrá um alla gjaldtöku skv. 1. mgr. og reglur skv. 2. mgr. að fenginni umsögn stjórnar. Gjaldskrá þessa og reglur skal birta notendum á aðgengilegan hátt.

9. gr.
Grisjun.

Heimilt er að grisja efniskost safnsins og farga eða ráðstafa til annarra aðila því efni sem safnið telur sig ekki lengur þurfa á að halda. Landsbókavörður setur reglur um slíka grisjun að fengnu samþykki stjórnar safnsins.

10. gr.
Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

11. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 71/1994, um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi fela ekki í sér breytingar á stöðu og réttindum starfsmanna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í janúar 2006 skipaði menntamálaráðherra nefnd um endurskoðun laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, annars vegar, og laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, nr. 71/1994, hins vegar. Var nefndinni m.a. falið að leggja mat á hvernig verkaskiptingu á sviði skjalavörslu og miðlunar þekkingargagna yrði best háttað, og skyldi nefndin í því skyni fjalla um samstarf Þjóðskjalasafns Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í víðu samhengi og skilgreina hlutverk þeirra, m.a. með tilliti til tæknibreytinga, breytinga á starfsemi háskóla, breytinga á varðveislu og miðlun skjala og upplýsingagagna auk annarra þátta sem nefndin teldi að við ættu. Enn fremur var nefndinni ætlað að fara yfir hvort til greina kæmi að sameina eða samþætta starfsemi stofnananna og skyldi hún skoða kosti þess og hvernig slíkt yrði útfært.

Í nefndinni áttu sæti Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands, Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri í forsætisráðuneyti, Hörður Sigurgestsson, þáverandi formaður stjórnar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Ingvar Garðarsson, þáverandi formaður stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns, og Valur Árnason, þáverandi skrifstofustjóri lögfræðisviðs menntamálaráðuneytis, sem var formaður.

Nefndin skilaði áliti sínu til ráðuneytisins með bréfi dags. 31. janúar 2008, og lagði fram drög að frumvarpi til nýrra laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Við gerð frumvarpsins hafði nefndin samráð við núverandi og fyrrverandi landsbókavörð og fulltrúa Háskóla Íslands. Ekki var talin ástæða til að sameina eða samþætta starfsemi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Þjóðskjalasafns Íslands. Réð þar mestu að staða safnanna er um margt mjög ólík þegar litið er til stjórnsýsluhlutverks, aðstöðu og húsakosts, sem og stefnumörkunar og þróunar starfsemi þeirra á undangengnum árum. Þá var tekið mið af frumvarpstillögum annarrar nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 24. júní 2003 og var falið var að kanna hvort hagkvæmt væri að setja heildarlög sem tækju til allra tegunda bókasafna og skilgreina hlutverk og stöðu þeirra í safnakerfi landsins.

Frumvarpið var tekið til skoðunar í menntamálaráðuneyti og síðan lagt fyrir Alþingi haustið 2008 (136. löggjafarþing, 139. mál, þskj. 154). Að lokinni 1. umræðu var því vísað til menntamálanefndar Alþingis, sem sendi það 37 aðilum til umsagnar. Alls svöruðu 22 erindinu með bréfum til nefndarinnar í janúar 2009. Frumvarpið var ekki afgreitt úr nefndinni, og kom því ekki til frekari umræðu á Alþingi á umræddu þingi.

Frumvarp til nýrra laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur nú verið endurskoðað m.a. í ljósi þeirra ábendinga, sem komu fram í framangreindum erindum sem bárust til menntamálanefndar Alþingis í janúar 2009. Þær meginháherslur sem hafðar voru að leiðarljósi við endurskoðun frumvarpsins byggjast á eftirfarandi:

1. Nauðsyn þess að endurskilgreina hlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í samræmi við breytt hlutverk bókasafna á 21. öldinni. Gildandi lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, nr. 71/1994, áttu rætur í sameiningu Landsbókasafnsins og bókasafns Háskóla Íslands. Tilgangur þeirra var að búa til eitt bókasafn sem mundi þjóna jafnt sem þjóðbókasafn og bókasafn þjóðarháskólans, Háskóla Íslands. Frá þessum tíma hafa verið settir á stofn nokkrir háskólar og grundvallarbreyting hefur orðið á háskólaumhverfinu í landinu sem taka þarf mið af. Í frumvarpinu er byggt á því að heiti

safnsins verði óbreytt, en því verði heimilt að veita öðrum háskólum þjónustu eftir því sem nánar er kveðið á um í gagnkvæmum þjónustusamningum.

2. Frá því að núverandi lög tóku gildi hefur þróun í upplýsingatækni haft mikil áhrif á samfélagið og aukið kröfur til þjónustu opinberra aðila, m.a. með tilkomu almenns aðgengis landsmanna að internetinu. Því er mikilvægt að löggjöf um safnið taki mið af þessari þróun þannig að hún geti stuðlað að víðtækri þjónustu með nýrri tækni. Sem dæmi má nefna að safnið hefur nú umsjón með landsaðgangi að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum (www.hvar.is) sem veitir landsmönnum nú aðgengi að texta þúsunda erlendra vísindatímarita og fjölda gagnasafna auk greiningarskýrslna og rafbóka, og Landskerfi bókasafna tengir saman rafrænar skrár flestra bókasafna í landinu (www.gegnir.is), en þar er einnig hýst þjóðbókaskrá landsins. Bæði þessi verkefni eru mikilvægar grunnstoðir undir vísinda- og rannsóknarstarfsemi í landinu og hafa haft víðtæk áhrif á starfsemi safnsins. Áframhaldandi þróun í upplýsingatækni hefur óhjákvæmilega áhrif á starfshætti og virkni allra bókasafna í landinu, og reikna má með sífellt víðtækari möguleikum til þjónustu með nýrri tækni. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn mun gegna lykilhlutverki í þessari þróun hér á landi í framtíðinni.
3. Þörf er á að einfalda ákvæði gildandi laga um stjórnskipulag, verkefni og rekstur safnsins til að auðvelda stjórnun þess og auka viðbragðsgetu þess og sveigjanleika á hverjum tíma þegar ný tækifæri skapast í starfseminni.

Framangreindar áherslur birtast í einstökum ákvæðum frumvarpsins.

Frumvarpið miðar jafnframt að því að uppfæra einstök ákvæði gildandi laga til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa og þar með að skilgreina betur hlutverk og viðfangsefni safnsins. Með frumvarpinu er ekki verið að fela safninu ný viðfangsefni heldur að undirstrika ákveðnar áherslur í starfsemi þess og þróun næstu árin.

Þá er í samræmi við reglur um ábyrgð forstöðumanna á rekstri og starfsemi ríkisstofnana kveðið nánar á um hlutverk stjórnar gagnvart ábyrgð landsbókavarðar á rekstri og starfsemi stofnunarinnar, sbr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Stjórn safnsins mun eftir sem áður vera mikilvægur tengiliður þess við Háskóla Íslands, sem og við háskóla- og vísindasamfélagið almennt, og er jafnframt ætlað að vera landsbókaverði til ráðgjafar og veita honum umsagnir í einstökum málum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að safnið haldi núverandi heiti sínu, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Vísar heitið bæði til þess hlutverks safnsins að vera þjóðbókasafn fyrir landið allt, auk þess að vera bókasafn Háskóla Íslands eins og það er samkvæmt gildandi lögum, en með þeim var ákveðið að allar bækur, handrit og önnur gögn Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns skyldu verða eign Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns 1. desember 1994.

Þá er staða safnsins sem rannsóknarbókasafn staðfest, en það hugtak (e. „research library“) nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar og felur í sér að viðkomandi bókasafn safnar efni til notkunar fyrir rannsóknastofnanir eða akademíska háskóla. Það geta verið umfangsmikil söfn eða heildarsöfn á einu eða fleiri fræðasviðum sem samanstanda af sérhæfðum gögnum sem notuð eru við rannsóknir, bæði frumgögnum og afleiddum gögnum. Stuðningur og fjárhagsleg framlög viðkomandi stofnunar eða háskóla til bókasafnsins skipta miklu máli, m.a. til viðhalds safnkostinum í hvaða formi sem er, til þjónustu við fræðasamfélagið, þ.m.t. aðgangur að rafrænum gögnum, til þátttöku í innlendu og alþjóðlegu samstarfi, til skráningar safnkostsins og aðgengi að skrám, til notkunar kennara og nemenda á safnkostinum, til varð-

veislu rannsóknargagna, til forystu og framlags, til hagnýtingar tækni, til þátttöku í stefnu og verkefnum stofnunarinnar eða háskólans. – Nánari upplýsingar um skilgreiningar rannsóknarbókasafna má m.a. sjá á heimasíðu samtaka evrópskra rannsóknarbókasafna (www.libereurope.eu) og heimasíðu samtaka rannsóknarbókasafna í Bandaríkjunum (http://www.arl.org).

Hlutverki safnsins er einnig lýst þannig að það sé þekkingarveita fyrir alla landsmenn sem haldi uppi virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála. Þannig er lögð áhersla á stöðu safnsins sem bókasafns fyrir alla landsmenn, háskóla-, vísinda- og fræðasamfélagið, stjórnsýslu ríkisins og atvinnulífið, auk lista- og menningarlífs.

Tekið er fram í 2. mgr. að safnið sé háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyri undir mennta- og menningarmálaráðherra. Í 1. gr. gildandi laga segir að safnið sé háskólastofnun og var tekið fram í athugasemdum við umrætt ákvæði í frumvarpi því sem varð að gildandi lögum að með því væri lögð áhersla á náin starfstengsl bókasafnsins við Háskóla Íslands, þar sem annað meginhlutverk safnsins væri að vera bókasafn skólans. Frumvarp þetta byggist á sömu forsendum.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni skipar ráðherra sjö menn í stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til fjögurra ára í senn. Líkt og samkvæmt gildandi lögum tilnefnir háskólaráð Háskóla Íslands tvo í stjórn, en hér er lögð til sú breyting að samstarfsnefnd háskólastigsins (skv. 26. gr. laga nr. 63/2006, um háskóla) tilnefni einnig einn fulltrúa í stjórnina. Er það gert til að efla samráðshlutverk stjórnarinnar í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 5. gr. frumvarpsins, þ.e. að safninu sé heimilt að gera gagnkvæma þjónustusamninga við fleiri háskóla landsins en Háskóla Íslands. Þá er einnig lagt til að Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða, tilnefni einn fulltrúa í stjórn í stað Bókavarðafélags Íslands sem hefur það hlutverk með hendi samkvæmt gildandi lögum, en síðarnefnda félagið sameinaðist öðrum félögum bókavarða í Upplýsingu, sem tók formlega til starfa 1. janúar 2000. Jafnframt er lagt til að starfsfólk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns tilnefni einn fulltrúa í stjórnina, og loks að ráðherra skipi einn stjórnarmann án tilnefningar, líkt og verið hefur samkvæmt gildandi lögum. Þá er tekið fram að varamenn skuli skipaðir með sama hætti og aðalmenn í stjórnina. Loks er lagt til að aðeins sé heimilt að skipa sama mann aðalmann í stjórn safnsins í tvö samfelld starfstímabil og er sú takmörkun í samræmi við sambærileg ákvæði um ýmsar stjórnir og nefndir á sviði menningarmála.

Tekið er fram að ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Í 3. mgr. er fjallað um hlutverk stjórnarinnar. Stjórnin er mikilvægur samráðsvettvangur hagsmunaaðila og fræðasamfélagsins um málefni safnsins, enda er gert ráð fyrir því að stjórn safnsins verði landsbókaverði til ráðgjafar um stefnu þess og önnur málefni. Er það í samræmi við þau meginsjónarmið að það skuli vera forstöðumaður sem ber ábyrgð á starfsemi stofnunar, sbr. 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og ákvæði laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Hlutverk stjórnarinnar er þannig hið sama og t.d. hlutverk stjórnar Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/2006 um þá stofnun, og er það í samræmi við almenna þróun á hlutverki stjórnarnefnda í opinberum stofnunum hér á landi. Það er ljóst að ríkt hefur gott samstarf milli stjórnar og landsbókavarðar, og veigamiklar ákvarðanir um fagleg og rekstrarleg atriði hafa aðeins verið teknar að höfðu góðu samráði þeirra. Er þess vænst að svo verði áfram.

Loks er tekið fram í 4. mgr. að landsbókavörður sitji fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Með setu landsbókavarðar á fundum stjórnar og skipun fulltrúa starfsmanna safnsins sem fullgilds stjórnarmanns má tryggja eftir því sem kostur er góð tengsl stjórnar og starfsmanna safnsins, sem og faglegt aðhald og gott upplýsingaflæði milli starfsmanna safnsins og stjórnar.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um skipun og hlutverk landsbókavarðar. Tekið er fram að ráðherra skipi landsbókavörð til fimm ára í senn, að fenginni umsögn stjórnar safnsins. Um almenn hæfisskilyrði landsbókavarðar fer eftir 6. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Í gildandi lögum segir aðeins að landsbókavörður skuli skipaður úr hópi þeirra umsækjenda sem stjórn safnsins telur hæfa, en engar kröfur eru þar gerðar um hæfni, menntun eða reynslu. Í frumvarpinu er lagt til að landsbókavörður hafi háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Er það ákvæði í samræmi við almennar kröfur sem gerðar eru í nýlegum lögum til forstöðumanna menningarstofnana, sbr. ákvæði 5. gr. laga nr. 35/2007, um Náttúruminjasafn Íslands, og ákvæði 3. og 6. gr. laga nr. 107/2001 um þjóðminjavörð og forstöðumann Fornleifaverndar ríkisins.

Í 2. mgr. segir að landsbókavörður ákveði skipulag safnsins, að fenginni umsögn stjórnar þess, og annist daglega stjórnun á starfsemi og rekstri þess. Ákvæðið gerir þannig ráð fyrir samstarfi forstöðumanns og stjórnar safnsins um skipulag þess, en horfið er frá því að kveða á í lögum um starfsmannahald, deildaskiptingu eða innri starfsemi safnsins eins og nú er gert t.d. í 4. og 5. gr. gildandi laga. Þessi breyting er lögð til í samræmi við þá áherslu frumvarpsins að einfalda ákvæði gildandi laga um stjórnskipulag og rekstur safnsins til að auðvelda stjórnun þess og auka viðbragðsgetu og sveigjanleika á hverjum tíma, þegar ný tækifæri skapast í starfseminni. Landsbókavörður ræður því starfsmenn safnsins og er í fyrirsvari fyrir það, ber ábyrgð á rekstri þess og að starfsemin sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um meginverkefni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Tekið er fram að hlutverk sitt ræki safnið einkum með því að sinna eftirfarandi verkefnum:

a. Að annast alhliða upplýsinga- og þekkingarmiðlun til almennings, fræðimanna og annarrar vísinda- og fræðslustarfsemi í landinu með leiðsögn og aðgengi að upplýsingalindum í hvaða formi sem er. Í þessu felst m.a. að í safninu skuli vera lestraraðstaða fyrir almenning auk þess sem safnið miðli gögnum og upplýsingum um safnkostinn á netinu. Þessi miðlun safnsins byggist m.a. á því að þar sé til staðar vel menntað og sérhæft starfsfólk sem veitir leiðsögn að þeim upplýsingalindum sem safnið hefur upp á að bjóða, sem og þau gögn, þekking og sú tækniaðstaða sem nauðsynleg er til að safnið geti sinnt þessu hlutverki með sóma.
b. Að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi í Háskóla Íslands, öðrum háskólum landsins og annarri vísinda- og fræðslustarfsemi í landinu með fjölþættri upplýsinga- og þekkingarmiðlun. Hér er einkum vísað til sérhæfðara hlutverks safnsins, bæði sem bókasafn Háskóla Íslands og bókasafns fyrir vísindasamfélagið almennt, og einnig til þeirrar heimildar til sérstakra þjónustusamninga við aðra háskóla, sem fjallað er um í 5. gr.
c. Að annast framkvæmd samninga um aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum, í þeim tilgangi að efla aðgang að erlendum gögnum í þágu vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs. Safnið hefur undanfarin ár séð um þessa framkvæmd samkvæmt sérstöku

samkomulagi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, en nú þykir rétt að lögfesta þetta hlutverk í frumvarpinu sem eitt af viðfangsefnum safnsins. Samhliða þessari breytingu yrðu fjárveitingar vegna framlags ríkisins vegna kostnaðar af samningum um þær áskriftir sem um ræðir í þessum aðgangi og framkvæmd slíkra samninga hluti af fjárveitingum til starfsemi safnsins.

d. Að varðveita handritasöfn þau og einkaskjalasöfn sem stofnað hefur verið til og vinna að frekari söfnun og rannsóknum á íslenskum handritum og einkaskjölum og samsvarandi efni á nýrri miðlum. Safnið hefur verið mikilvægur vettvangur söfnunar og rannsókna á einkaskjalasöfnum og handritum, einkum frá síðari öldum, og nauðsynlegt að safnið geti áfram sinnt verkefnum á því sviði. Þá má vænta þess að í náinni framtíð aukist söfnun og rannsóknir efnis á nýjum miðlum, t.d. í rafrænu formi, og er vert að safnið hafi tækifæri til að taka þátt í fyrirsjáanlegri þróun á því sviði. Jafnframt þarf að huga að samvinnu og mögulegum samningum um verkaskiptingu á þessu sviði milli Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns annars vegar og Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafna hins vegar, þar sem allir þessir aðilar hafa sinnt þessu verkefni a.m.k. að hluta.

e. Að þaulsafna íslenskum gögnum, m.a. með viðtöku skylduskila samkvæmt lögum, svo og að afla erlendra gagna er varða íslensk málefni, skrá þau, veita aðgang að þeim og varðveita til framtíðar. Með lögum nr. 20/2002, um skylduskil til safna, var Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni gert að taka við, skrá, varðveita og veita aðgang að fjölmörgum tegundum útgefins efnis, svo sem verkum sem eru útgefin á pappír, örgögnum og skyggnum, hljóðritum, verkum sem eru gefin út á rafrænu formi, verkum sem eru gefin út á rafrænu formi á almennu tölvuneti og samsettum útgáfum af ýmsu tagi. Viðtaka skylduskila samkvæmt lögunum er eitt umfangsmesta hlutverk safnsins og mikilvægur grundvöllur starfsemi þess og annarra bókasafna til framtíðar.

f. Löng hefð er fyrir því að starfsmenn safnsins sinni grunnrannsóknum í einhverju mæli, jafnframt því sem þeir taka þátt í margvíslegum hagnýtum rannsóknum og þróunarverkefnum innan lands og utan. Meðal slíkra verkefna hefur verið að vinna að og veita aðstoð við rannsóknir á sviði bókfræði, bóksögu og bókasafns- og upplýsingafræði og veita upplýsingar um íslenska útgáfustarfsemi. Vinna á þessu sviði er grunnþáttur í starfsemi landsbókasafna um allan heim og því eðlilegt að slík viðfangsefni séu talin meðal helstu þátta í starfi safnsins.

g. Að stuðla að samstarfi og samræmingu starfshátta bókasafna og veita þeim faglega ráðgjöf felur m.a. í sér að safnið gegni forustuhlutverki í starfsemi bókasafna hér á landi, en því sinnir safnið m.a. með gæðastjórnun í sameiginlegu skráningarkerfi safna, Gegni, rekstri landsskrifstofu fyrir alþjóðabókanúmerakerfi og samsvarandi númerakerfi annarra safngagna, með því að vera landsmiðstöð fyrir millisafnalán, þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi á sviði bókasafna- og upplýsingamála o.s.frv.

h. Að sinna öðrum þeim verkefnum sem tengjast starfsemi safnsins samkvæmt nánari ákvörðun landsbókavarðar í samráði við stjórn. Í samræmi við eðli safns á borð við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn kemur til margvísleg önnur starfsemi sem varðar hlutverk þess eða tengsl þess út á við. Er því talið rétt að h-liður geymi almennt orðalag af þessu tagi.

Í upptalningunni í liðum greinarinnar felast megináherslur í starfsemi safnsins, en þau ákvæði eru ekki tæmandi og ljóst að starfræksla safnsins verður ekki nákvæmlega útfærð í lögum um safnið. Er þessi framsetning í samræmi við þá áherslu frumvarpsins að einfalda ákvæði gildandi laga, en í 7. gr. þeirra er hlutverk safnsins talið upp í 18 töluliðum. Því er

talið eðlilegt að í síðasta lið sé opið fyrir að safnið sinni öðrum þeim verkefnum sem tengjast starfsemi safnsins samkvæmt nánari ákvörðun landsbókavarðar í samráði við stjórn. Skv. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins ákveður landsbókavörður skipulag stofnunarinnar, að fenginni umsögn stjórnar, og skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins er stjórn safnsins landsbókaverði til ráðgjafar um stefnu safnsins. Eðlilegt þykir að ákvörðun um frekari verkefni safnsins sem tengjast starfsemi þess sé í höndum landsbókavarðar í samráði við stjórn safnsins.

Þannig má benda á að safnið hefur haft ýmis önnur verkefni með höndum en talin hafa verið hér að framan, svo sem rekstur varaeintakasafns utan Reykjavíkur, ýmsa starfsemi sem ætlað er að tryggja sem best viðhald og varðveislu safnkostsins og afritun gagna á aðra miðla eftir því sem við á, og alþjóðlegt samstarf með það að markmiði að auðvelda þekkingarflæði til og frá landinu. Þá mun safnið hér eftir sem hingað til stuðla að fræðslu- og menningarstarfsemi, m.a. með því að standa að fyrirlestrahaldi, sýningum og listviðburðum.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. kemur fram að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er bókasafn Háskóla Íslands, en hér er áréttað að samstarf þeirra skal byggjast á sérstökum samstarfs- og þjónustusamningi. Slíkur samningur hefur verið grundvöllur samstarfs safnsins og skólans, þjónustu þess við nemendur og starfsfólk hinna ýmsu sviða og námsbrauta skólans, sem og greiðslna skólans til safnsins fyrir þá þjónustu. Í slíkum samningi geta komið fram á hverjum tíma helstu áherslur og sameiginleg viðfangsefni, og stefnumörkun um þróun samstarfsins til framtíðar.

Í 2. mgr. er safninu veitt heimild til að semja við aðra háskóla landsins um að safnið veiti þeim þjónustu eftir því sem nánar er ákveðið í gagnkvæmum þjónustusamningi við einstaka háskóla. Frá því að núverandi lög um safnið tóku gildi hefur háskólum hér á landi fjölgað, og því eðlilegt og í samræmi við þá áherslu sem frumvarpið byggist á að í nýjum lögum um safnið sé að finna heimild til þess að það geti veitt nemendum og starfsfólki slíkra háskóla þjónustu (umfram þá sem felst í almennri starfsemi safnsins) á grundvelli samninga þar að lútandi, sé þess óskað. Jafnframt má benda á að aukin áhersla hefur verið lögð á samvinnu háskóla og samstarf þeirra á sem flestum sviðum, og má líta á þessa heimild sem þátt í að gera slíka samvinnu mögulega í meira mæli en verið hefur. Tilnefning samstarfsnefndar háskólastigsins á einum fulltrúa í stjórn safnsins skv. 2. gr. er til þess fallin að auka hæfi stjórnarinnar til að vera ráðgefandi um slíka samninga milli safnsins og háskólanna, en eðlilegt er að í þeim felist m.a. gagnkvæmur aðgangur nemenda og starfsfólks að safnkosti skólanna, þar sem safnið er bókasafn Háskóla Íslands.

Ekki er gert ráð fyrir auknum fjárframlögum til safnsins vegna þessa ákvæðis, en þess vænst að umrædd heimild geti orðið til að efla enn frekar samstarf háskóla í landinu.

Um 6. gr.

Í greininni segir að kostnaður við rekstur safnsins greiðist úr ríkissjóði og að framlagið sé ætlað til lögbundinna verkefna safnsins. Þá er sérstaklega kveðið á um að hluti af fjárveitingum til Háskóla Íslands renni árlega til safnsins samkvæmt þeim samningi milli safnsins og Háskóla Íslands, sem vísað er til í 5. gr. Er samhljóða ákvæði að finna í 1. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er síðan að finna almenna heimild fyrir safnið til að gera samninga við stofnanir og aðra aðila um samstarf eða þjónustu. Er hér átt við samninga safnsins við vísindastofnanir eða aðra aðila, en þegar hefur verið fjallað um slíka samninga við háskóla í 5. gr. Með

ákvæðinu er lögð áhersla á að rammi um slíka þjónustu eða samstarf sé í formi samnings hvort sem er við stofnanir eða einkaaðila.

Um 7. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er landsbókaverði heimilt að fenginni umsögn stjórnar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns að gera þjónustusamninga um afmarkaða þætti í starfsemi bókasafnsins. Um samninga sem gerðir eru með slíkum hætti gilda ákvæði 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og ákvæði laga um opinber innkaup, nr. 84/2007. Í gildandi lögum er kveðið á um heimild safnsins til að bjóða út vissa þætti í starfsemi þess, en hér er lagt til að heimildin verði orðuð með almennari hætti. Samkvæmt henni er landsbókaverði heimilt, að fenginni umsögn stjórnar, að semja við aðrar stofnanir um að annast ákveðna þjónustu sem safninu er að lögum falið að rækja og er þá einkum miðað við afmarkaða þjónustu eða verkefni sem eru vel til þess fallin að fela öðrum að framkvæma.

Enn fremur getur safnið með samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis gert samkomulag við aðrar stofnanir um að litið sé á gagnakost þeirra sem hluta af gagnakosti safnsins. Er sambærilegt ákvæði að finna í 3. mgr. 9. gr. gildandi laga og er það til þess fallið að auka samstarf bókasafna enn frekar.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um gjaldtöku- og sektarheimildir safnsins með skýrari hætti en gert er í gildandi lögum, m.a. með vísan til gjalda fyrir útlán og aðra þjónustu safnsins. Þá er vert að benda á að fjallað hefur verið um útlán til nemenda og starfsmanna Háskóla Íslands í samstarfssamningi skólans og safnsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimildir Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til að tryggja skil á safnefni, annars vegar með innheimtu dagsekta fyrir afnot fram yfir skilafrest og hins vegar greiðslu bóta vegna efnis sem notendur hafa fengið að láni en glatast eða skemmist í meðförum þeirra.

Í 3. mgr. segir að landsbókavörður skuli setja gjaldskrá fyrir alla þá þjónustu sem gjald verður innheimt fyrir, og skal stjórn safnsins samþykkja hana. Gjaldskráin skal síðan birt með aðgengilegum hætti, t.d. innan safnsins og á vefsvæði þess. Í 3. mgr. er jafnframt mælt fyrir um útgáfu reglna um innheimtu dagsekta skv. 2. mgr. og greiðslu bóta vegna safnefnis sem skemmist eða glatast í meðförum notenda, að fenginni umsögn stjórnar safnsins. Fram til þessa hefur verið við það miðað að bótafjárhæðir fari ekki yfir enduröflunarverð safnefnis og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 10. og 11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki nánari skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er kveðið á um að verði frumvarp þetta að lögum muni það ekki fela í sér breytingar á stöðu og réttindum starfsmanna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Þykir rétt að hafa slíkt ákvæði til að taka af allan vafa um réttarstöðu starfsmanna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Með frumvarpi þessu er lögð fram heildarendurskoðun á gildandi lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn frá árinu 1994. Talið er nauðsynlegt að fara í heildarendurskoðun laganna þar sem gildandi lög voru fyrst og fremst sett á sínum tíma vegna sameiningar Landsbókasafns og Háskólabókasafns. Einnig þykir tímabært að breyta lögunum í ljósi örrar þróunar í upplýsingatækni og þeirra breytinga sem orðið hafa á háskólasamfélaginu hér á landi frá sama tíma.

Megintilgangur endurskoðunarinnar er að einfalda lagarammann um safnið og endurskilgreina hlutverk þess. Lagðar eru til breytingar í þá veru að auðvelda stjórnun safnsins og auka stjórnunarumboð og ábyrgð forstöðumanns og einnig eru lagðar til breytingar á stöðu safnsins gagnvart öðrum háskólum en Háskóla Íslands.

Auk þess er lagt til að gjaldtökuheimildir safnsins verði rýmkaðar frá því sem nú er. Ekki er talið að breytingin gefi tilefni til aukinna tekna þar sem safnið hefur til þessa innheimt gjöld fyrir ýmsa þjónustu. Fremur er verið að styrkja lagalegan grundvöll gjaldtökunnar og ekki síst þann hluta hennar er varðar innheimtu álags- og bótagreiðslna vegna afnota fram yfir skilafrest, slæmrar meðferðar safnmuna og þeirra sem safninu er ekki skilað til baka.

Þá er lagt til að lögfest verði að safnið annist framkvæmd samninga um aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Safnið hefur til þessa annast þetta verkefni samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Liðin eru rúmlega tíu ár frá því að landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum hófst og hefur verkefnið fest sig í sessi sem helsta upplýsingaveita landsmanna að erlendu vísindaefni og er mikilvægur grundvöllur allrar rannsóknarstarfsemi í landinu. Sátt hefur náðst um það efni sem þar er aðgengilegt og notkun vex stöðugt ár frá ári. Aðgangur er frjáls frá öllum tölvum sem tilheyra íslenskum netveitum og er einstökum notendum að kostnaðarlausu og ekki er hægt að loka fyrir aðgang einstakra tölva að upplýsingaveitunni. Fyrir vikið má ætla að notkunin sé mun meiri en ef notendur þyrftu að greiða fyrir hverja grein sem keypt væri. Kostnaði vegna verkefnisins er nú skipt niður á ýmsar opinberar stofnanir, m.a. bókasöfn, háskóla, heilbrigðisstofnanir og framhaldsskóla auk fyrirtækja og stofnana sem ekki heyra undir ríkið. Notkun á upplýsingaveitunni stafar að langstærstum hluta frá þessum aðilum. Afnotagjöld eru innheimt samkvæmt sérstöku greiðslukerfi sem hefur verið þróað í þeim tilgangi.

Samkvæmt rekstraráætlun áranna 2011–2012 er gert ráð fyrir að árlegur kostnaður nemi um 234 m.kr. Þar af er kostnaður vegna aðgengis að gagnasöfnun og tímaritum um 220 m.kr. Kostnaðurinn greiðist með eftirfarandi hætti: rekstur verkefnisins er um 14 m.kr. á ári og er í fjárheimildum safnsins, um 26 m.kr. eru greiddar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu samkvæmt sérstökum þjónustusamningi, áætlað er að 108 m.kr. verði innheimtar með afnotagjöldum, þar af um 15 m.kr. af þeim aðilum sem ekki geta talist til A-hluta ríkisins. Eftir standa um 80–90 m.kr. sem hafa á undanförnum árum verðið greiddar af fjárlagalið 02-235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni. Frá efnahagshruninu haustið 2008 hefur þurft aukið fjármagn til rekstursins þar sem rekstrarkostnaður er að stærstum hluta í erlendum gjaldmiðlum og hann hækkaði mikið í kjölfar veikingar krónunnar.

Fjármálaráðuneytið gengur út frá því að sömu stofnanir og sjóðir í fjárlögum fjármagni aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum og verið hefur, annaðhvort með núverandi greiðslukerfi eða með því að viðeigandi fjárheimildir verði færðar frá þeim aðilum til Landsbókasafnsins. Er því ekki gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins muni sem slík leiða til aukinna ríkisútgjalda umfram það sem þegar hefur verið ákveðið í fjárlögum.

1317. Nefndarálit [570. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2009.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Frumvarp til lokafjárlaga er eingöngu lagt fram til að Alþingi geti samþykkt ríkisreikning. Því er ekki ætlað að sýna aðra niðurstöðu en fram kemur í ríkisreikningi. Samþykki Alþingi frumvarp til lokafjárlaga með annarri niðurstöðu má að mati Ríkisendurskoðunar færa rök fyrir því að taka þurfi upp ríkisreikning, áritaðan af ríkisendurskoðanda, og breyta honum til samræmis við samþykkt lokafjárlög. Mismunur á milli fjárheimilda lokafjárlaga og ríkisreiknings nema að þessu sinni um 2,7 milljörðum kr., en eftir að tekið hefur verið tillit til liða sem felldir eru niður er frávikið óverulegt. Engu að síður er framsetning frumvarpsins með frávikum ekki í samræmi við tilgang frumvarpsins. Í umræðum innan nefndarinnar um lokafjárlög 2008 var mikill samhljómur meðal nefndarmanna um að það yrði síðasta árið sem frumvarpið væri lagt fram með mismunum. Þeirri skoðun var komið á framfæri við fjármálaráðuneytið en engu að síður eru sömu vankantar fyrir hendi í frumvarpi að lokafjárlögum ársins 2009.

Almennt um vinnubrögð við framlagningu frumvarpsins.

Ríkisreikningur fyrir árið 2009 var lagður fram í lok júní árið 2010. Hann var áritaður af Ríkisendurskoðun en stofnunin gaf ekki út endurskoðunarskýrslu fyrr en í desember 2010. Lokafjárlög voru síðan ekki lögð fram fyrr en í mars 2011. Í 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, segir: „Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins.“ Í nefndaráliti meiri hlutans sem fylgir lokafjárlögum 2008 kemur eftirfarandi fram: „Meiri hluti fjárlaganefndar vekur athygli á að frumvarpið var ekki lagt fram um leið og ríkisreikningur 2008 þrátt fyrir að skylt sé að gera það samkvæmt fyrrgreindum lögum. Meiri hlutinn gerir þá kröfu að úr þessu verði bætt.“ Ekki er að sjá að fjármálaráðuneytið hafi tekið mikið mark á álitinu hvað þetta varðar. Reyndar má bæta því við að í nefndaráliti fjárlaganefndar með frumvarpi til lokafjárlaga 2007 segir: „Fjárlaganefnd leggur áherslu á að markvisst verði unnið að því að vinnu við gerð frumvarps til lokafjárlaga verði hraðað innan hvers árs þannig að leggja megi það fram samhliða ríkisreikningi.“ Í því kemur einnig fram að „Frumvarp það sem hér er til umræðu var ekki fremur en önnur frumvörp til lokafjárlaga á liðnum árum lagt fram samhliða ríkisreikningi.“ Það er því skoðun 1. minni hluta að nefndin og Alþingi eigi framvegis ekki að taka við ríkisreikningi nema farið sé að lögum og frumvarp til lokafjárlaga fylgi honum. 1. minni hluti telur að ekki verði raun-

hæfar úrbætur í þessu ferli fyrr en ríkisreikningur verður gefinn út fyrr á hverju ári en nú er og telur í því sambandi að horfa eigi til 1. mars ár hvert. Núverandi fyrirkomulag er fullreynt og hefur ekki reynst nothæft. Eðlilegt er að fyrirmælum laga um hvenær leggja beri fram ríkisreikning verði breytt í þessa veru.

Staða fjárheimilda í árslok.

Í árslok 2009 voru fjárheimildir jákvæðar um tæplega 12,2 milljarða kr. sem svarar til um 2% af heildarfjárheimildum ársins. Þessari stöðu má skipta upp í 41,3 milljarða kr. afgangsheimildir og 29,1 milljarða kr. umframgjöld. Meginreglan í frumvarpinu er sú að afgangsheimildum og umframgjöldum í rekstri stofnana sem eru innan viðmiða sem tilgreind eru í frumvarpinu er ráðstafað til næsta árs. Fjárheimildastaða á liðum fyrir tilfærsluframlög fellur hins vegar almennt niður í árslok. Hið sama gildir um fjárlagaliði þar sem útgjöld ráðast af hagrænum eða reikningshaldslegum þáttum og lúta ekki fjármálastjórn tiltekins stjórnsýsluaðila.

Ónýttar lántökuheimildir.

Í 45. gr. laga nr. 88/1997 kemur fram að í lokafjárlögum skuli gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs. Í frumvarpinu kemur fram að lántökur hafi verið 47,3 milljörðum kr. innan heimilda. 1. minni hluti telur að ekki sé gerð nógu góð grein fyrir þessum málum og það sé ekki í samræmi við fyrirmæli laganna að vísa til nánari skýringa í ríkisreikningi og skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings þar sem lesandi laganna á að geta áttað sig á þeim skýringum sem skylt er að veita í frumvarpinu sjálfu.

Frávik markaðra skatttekna og annarra ríkistekna.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga vegna frávika markaðra skatttekna og annarra ríkistekna sem markaðar eru stofnunum. Er þar leitað eftir heimild Alþingis fyrir því að ráðstafa þessum tekjum til viðkomandi stofnana eða verkefna, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt reikningsuppgjöri eða metinni fjárþörf. Fjárlaganefnd hefur oft fjallað um þessar breytingar. Í nefndaráliti um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2007 segir m.a:

„Fjárstjórnarvaldið er í höndum Alþingis, sbr. 41. og 42. gr. stjórnarskrárinnar. Skv. 41. gr. má ekkert gjald greiða úr ríkissjóði nema heimild sé til þess í fjárlögum og fjáraukalögum. Í 42. gr. stjórnarskrárinnar segir að í fjárlagafrumvarpi skuli vera fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld. Á þessum grunnreglum er jafnframt hnykkt í 21. gr. fjárreiðulaga. Samkvæmt þessum lagafyrirmælum ber m.a. að leita heimilda til greiðslna úr ríkissjóði, eftirgjafa á kröfum og til hvers konar samninga um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkisstofnanir. Þessar ákvarðanir eru teknar í fjárlögum eða eftir atvikum í fjáraukalögum.

Á sama hátt er það Alþingi eitt sem getur breytt ákvörðunum af þessu tagi. Með hliðsjón af þessum skýru fyrirmælum verður að telja engum vafa undirorpið að nauðsynlegt sé að afla sérstakrar heimildar Alþingis til þess að breyta ákvörðunum um greiðslur eða framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum í þeim tilvikum þegar markaðir tekjustofnar skila meiru eða rekstrartekjur ríkisstofnana í A-hluta reynast hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Vettvangurinn til þess að taka ákvarðanir af þessu tagi og birta þær er í fjárlögum eða fjáraukalögum en síður í lokafjárlögum. Það fer einfaldlega mjög illa á því að veita stofnunum t.d. heimild til að ráðstafa umframtekjum á tilteknu rekstrarári löngu eftir að því er lokið.“

Þrátt fyrir að nefndarmenn hafi verið sammála þessum viðhorfum í gegnum árin hefur nefndin ekki tekið af skarið með því að taka á málinu. Í frumvarpinu nú er gert ráð fyrir að

fjárheimildir verði hækkaðar af þessum sökum um tæplega 1,1 milljarð kr. Þar af nemur hækkun á einstökum fjárlagaliðum ríflega 1,7 milljörðum kr. en lækkun á fjárheimildum annarra liða 642 millj. kr.

Sértekjur umfram áætlun fjárlaga.

Í fyrrgreindu nefndaráliti segir: „Á undanförnum árum hefur verið nokkuð um það að stofnanir ríkisins afli hærri sértekna en gert var ráð fyrir í áætlunum fjárlaga. Þær hafa síðan ráðstafað þeim að eigin vild. Að mati fjárlaganefndar ber að afla heimilda fyrir ráðstöfun þessara tekna.“ Engu að síður er ekki að sjá nokkur merki þess að hjá meiri hluta fjárlaganefndar sé vilji til að grípa í taumana og breyta þessum málum.

Eftirlitshlutverk fjárlaganefndar.

Unnið er að því innan fjárlaganefndar Alþingis að endurbæta og styrkja eftirlitshlutverk Alþingis með því að fá fram upplýsingar mun fyrr og stuðla þannig að virkari greiningarvinnu. Í því sambandi hefur nefndin ítrekað farið þess á leit við fjármálaráðuneytið að opnað verði fyrir skoðunaraðgang fyrir starfsmenn nefndarinnar að upplýsingakerfum ríkisins en þrátt fyrir það hefur ekki enn verið opnað fyrir aðganginn. Mjög brýnt er að úr því verði bætt án tafar. Nú í apríl 2011 stóðu þessi mál þannig að starfsmenn fjárlaganefndar geta flett upp sömu upplýsingum og koma fram í framsetningu ríkisreiknings og gefin er út árlega í prentuðu formi. Að mati 1. minni hluta er hér ekki um neinn aðgang að ræða og alls ekki í samræmi við þau fyrirmæli sem Alþingi gaf fjármálaráðherra um að opna fyrir aðganginn.

Skýrsla um endurreisn bankakerfisins.

Forsætisnefnd Alþingis hefur farið þess á leit við Ríkisendurskoðun að hún geri grein fyrir endurreisn bankakerfisins með skýrslu til þingsins þar sem gerð verði grein fyrir stjórnvaldsathöfnum sem falið hafa í sér beinar eða óbeinar fjárveitingar til fyrirtækja úr ríkissjóði í kjölfar bankahrunsins. 1. minni hluti telur að ekki sé rétt að afgreiða frumvarp til lokafjárlaga fyrr en niðurstöður skýrslunnar liggja fyrir.

Yfirtaka á innstæðum í Spron hf.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til Nýja Kaupþings banka, dagsettu 20. ágúst 2009, kemur fram að ríkissjóður ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart bankanum ef greiðslufall verður af skuldabréfi að fjárhæð 96,7 milljarðar kr. Það var gefið út vegna samnings milli Nýja Kaupþings banka og Dróma um endurgreiðslu skuldar og veðsamninga vegna skuldbindinga í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Í samningi fjármálaráðherra við skilanefnd Kaupþings banka frá 17. júlí 2009 er því lýst yfir að stjórnvöld muni halda Kaupþingi banka og Nýja Kaupþingi banka skaðlausum vegna kröfu þess síðarnefnda á hendur Dróma. Þann 3. september 2009 afhenti fjármálaráðuneytið Arion banka bréf þar sem staðfest er að ríkið muni tryggja bankanum ákveðna lausafjárfyrirgreiðslu. Þar með liggur fyrir staðfesting þess að ríkið muni lána Arion banka allt að 75 milljarða kr. í ríkisskuldabréfum gegn veði í skuldabréfum í SPRON.

Ekki liggur fyrir að heimild sé fyrir því samkvæmt lögum nr. 125/2008 að gefa út ríkisábyrgð sem þessa. Fyrir liggur almenn yfirlýsing ríkisstjórnar um ábyrgð á innstæðum í íslenskum bönkum. Grundvallarmunur er á slíkri almennri yfirlýsingu og beinum aðgerðum, svo sem bréf fjármálaráðuneytisins ber með sér. Að mati 1. minni hluta er það ekki í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að þessarar ríkisábyrgðar sé ekki getið í ríkisreikningi og lokafjárlögum.

Endurreisn Sjóvár.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings árið 2009 segir: „Ríkissjóður tók á árinu 2009 þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu vátryggingafélagsins Sjóvár með 11,6 ma.kr. eiginfjárframlagi til SAT eignarhaldsfélags. Ríkisendurskoðun telur ekki ljóst við hvaða lagaheimild fjármálaráðherra studdist þegar ákvörðun um framlagið var tekin.“ Skýrslan var birt 6. desember 2010 en Ríkisendurskoðun bætti eftirfarandi athugasemd við netútgáfu hennar 16. desember sl. „Þess ber að geta að í tölvuskeyti til Ríkisendurskoðunar, dags. 10. nóvember 2010, tók ráðuneytið fram að byggt hefði verið á lið 7.20 í 6. gr. fjárlaga 2009 sem veitir fjármálaráðherra heimild til að „kaupa af Seðlabanka Íslands þau viðskiptabréf sem bankanum hafa verið afhent til tryggingar veðlánum bankans og annast uppgjör þeirra krafna eins og hagkvæmast þykir“. Ríkisendurskoðun leit svo á að í umræddu skeyti kæmi ekki fram efnislegt svar við fyrirspurninni. Því er ekki alls kostar rétt að ráðuneytið hafi ekki upplýst um á hvaða heimild ákvörðunin byggði, eins og segir í textanum hér að ofan. Af þessu leiðir einnig að Ríkisendurskoðun telur ekki lengur óljóst á hvaða heimild ráðuneytið byggði ákvörðun sína, eins og jafnframt segir í textanum.“ Að mati 1. minni hluta er hér ekki um efnislegt svar við athugasemdinni og því standi ábendingin.1. minni hluti lítur svo á að með samþykkt lokafjárlaga verði þessi og fleiri gjörningar samþykktir af Alþingi án þess að fjárheimildar hafi verið aflað með réttum hætti frá Alþingi og gerir því fyrirvara við þetta mál.

Yfirtaka á innstæðum í Straumi-Burðarási.

Auk þess sem Íslandsbanki hf. yfirtók skuldbindingar Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka vegna innlána í höfuðstöðvum bankans á Íslandi fólst í samkomulagi við fjármálaráðuneytið að Íslandsbanki skuldbatt sig til að fjármagna greiðslur Straums-Burðaráss á innlánum bankans í Danmörku sem námu 45 millj. evra. Fjármálaráðuneytið skuldbatt sig til að afhenda Íslandsbanka ríkisskuldabréf í skiptum fyrir skuldabréf Straums-Burðaráss vegna þessara innlána. Útgefið skuldabréf nemur 43,7 milljörðum kr. og er með lokagjalddaga 31. mars 2013. Hafi Íslandsbanki ekki fengið fullnaðargreiðslu þann dag er bankanum heimilt að halda eftirstandandi skuldabréfum. Í framangreindu samkomulagi felst ákveðin skuldbinding af hálfu ríkissjóðs sem gæti leitt til útgjalda á næstu árum. Þó svo að ríkisstjórn Íslands hafi gefið pólitíska yfirlýsingu um að allar innstæður í innlendum bönkum séu tryggðar er hér um óheimila ríkisábyrgð að ræða sem einnig varðar innstæður í öðru ríki. Með því að samþykkja lokafjárlögin er að mati 1. minni hluta verið að samþykkja formlega ríkisábyrgð á tilteknum innstæðum. 1. minni hluti mun ekki standa að samþykktinni.

Niðurlag.

Fyrsti minni hluti mun gera nánari grein fyrir athugasemdum og ábendingum sínum í skýrslu sem fjárlaganefnd hyggst gefa út um skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2009.

Alþingi, 7. apríl 2011.

Kristján Þór Júlíusson, frsm.	Ásbjörn Óttarsson.	Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

1318. Nefndarálit [570. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2009.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Annar minni hluti bendir á að hér er um að ræða uppgjör á hrunfjárlögum sem hann vill ekki láta bendla sig við þar sem þau eru afrakstur stjórnsýslu sem hrundi eins og fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og því er fráleitt að aðrir en þau sömdu skrifi upp á þau.

Annar minni hluti minnir á að nú eru liðnir um 14 mánuðir síðan nefndin samþykkti að undirhópur á hennar vegum tæki fjárlagaferlið og verklag við eftirlit með framkvæmd fjárlaga til endurskoðunar. Hópurinn var skipaður og hefur hist einu sinni en langt er síðan. Því hafa vinnubrögð fjárlaganefndar ekki batnað og er útséð um að svo verði fyrr en þessari vinnu lýkur. Þó samþykkti nefndin á fundi sínum í dag að leggja fram sameiginlega skýrslu um skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2009 enda er mikið um alvarlegar ábendingar og athugasemdir í skýrslunni. Með skýrslu nefndarinnar eru bundnar vonir við að Alþingi taki á þeim vandamálum sem lengi hefur verið glímt við í ríkisrekstrinum og að fyrrgreindur vinnuhópur taki af krafti til við að skýra verkferla, útbúa verklagsreglur og fleira sem bætir eftirlit með framkvæmd fjárlaga og styrkir fjárlagaferlið. 2. minni hluti mun taka þátt í þessari vinnu af heilum hug. Jafnframt munu sjónarmið 2. minni hluta á því sem aflaga hefur farið koma fram í skýrslunni.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings árið 2009 kemur fram að ríkissjóður hafi á árinu 2009 tekið þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu vátryggingafélagsins Sjóvár með 11,6 milljarða kr. eiginfjárframlagi til SAT eignarhaldsfélags. Ríkisendurskoðun telur ekki ljóst við hvaða lagaheimild fjármálaráðherra studdist þegar ákvörðun um framlagið var tekin. Skýrsla stofnunarinnar var birt 6. desember 2010 en við netútgáfu hennar var bætt eftirfarandi athugasemd 16. desember sl. „Þess ber að geta að í tölvuskeyti til Ríkisendurskoðunar, dags. 10. nóvember 2010, tók ráðuneytið fram að byggt hefði verið á lið 7.20 í 6. gr. fjárlaga 2009 sem veitir fjármálaráðherra heimild til að „kaupa af Seðlabanka Íslands þau viðskiptabréf sem bankanum hafa verið afhent til tryggingar veðlánum bankans og annast uppgjör þeirra krafna eins og hagkvæmast þykir.“ Ríkisendurskoðun leit svo á að í umræddu skeyti kæmi ekki fram efnislegt svar við fyrirspurninni. Því er ekki alls kostar rétt að ráðuneytið hafi ekki upplýst um á hvaða heimild ákvörðunin byggðist, eins og segir í textanum hér að ofan. Af þessu leiðir einnig að Ríkisendurskoðun telur ekki lengur óljóst á hvaða heimild ráðuneytið byggði ákvörðun sína, eins og jafnframt segir í textanum.“ Það er mat 2. minni hluta að hér sé ekki um efnislegt svar við athugasemdinni að ræða og verður ekki ráðið annað af því en að ábendingin standi. Samþykki Alþingi lokafjárlög án athugasemda verður þessi aðgerð samþykkt af Alþingi án þess að sótt hafi verið um heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum. 2. minni hluti mun því ekki samþykkja aðgerðina.

Íslandsbanki hf. tók yfir skuldbindingar Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf. vegna innlána í höfuðstöðvum bankans á Íslandi. Jafnframt var gert samkomulag við fjármálaráðuneytið um að Íslandsbanki skuldbyndi sig til að fjármagna greiðslur Straums-Burðaráss á innlánum bankans í Danmörku sem námu 45 millj. evra. Fjármálaráðuneytið skuldbatt sig til að afhenda Íslandsbanka ríkisskuldabréf í skiptum fyrir skuldabréf Straums-Burðaráss vegna þessara innlána. Útgefið skuldabréf nemur 43,7 milljörðum kr. og er með lokagjalddaga 31. mars 2013. Hafi Íslandsbanki ekki fengið fullnaðargreiðslu þann dag er bankanum heimilt að halda eftirstandandi skuldabréfum. Í framangreindu samkomulagi felst ákveðin skuldbind-

ing af hálfu ríkissjóðs sem gæti leitt til útgjalda á næstu árum. Hér er formgerð ábyrgð á innstæðum sem gengur lengra en pólitískar yfirlýsingar um ábyrgð á innstæðum Íslendinga á Íslandi. Því styður 2. minni hluti þetta samkomulag ekki.

Ríkissjóður ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart Nýja Kaupþingi banka verði greiðslufall af skuldabréfi sem gefið var út vegna samnings milli Nýja Kaupþings banka og Dróma um endurgreiðslu veðsamninga, skuldar og skuldbindinga samkvæmt ákvörðun FME. Í samningi fjármálaráðherra við skilanefnd Kaupþings banka frá 17. júlí 2009 er því lýst yfir að stjórnvöld muni halda Kaupþingi banka og Nýja Kaupþingi banka skaðlausum vegna kröfu þess síðarnefnda á hendur Dróma. Samkvæmt bréfinu er skuldbinding ríkissjóðs byggð á ákvæðum 1. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., svokölluðum neyðarlögum.

Loks minnir 2. minni hluti á að ekki liggja enn fyrir traustar upplýsingar um heildarskuldastöðu ríkissjóðs og telur að úr því verði að bæta. Þá telur 2. minni hluti að taka þurfi tillit til skulda sveitarfélaganna þannig að yfirlit yfir skuldir hins opinbera verði aðgengilegar reglulega í heildstæðum yfirlitum.

Alþingi, 7. apríl 2011.

Þór Saari, frsm. Höskuldur Þórhallsson.

1319. Frumvarp til laga [761. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/2008, um grunnskóla.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Ásbjörn Óttarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 28. gr. er sveitarfélögum og öðrum rekstraraðilum grunnskóla heimilt á skólaárunum 2011–2012 og 2012–2013 að stytta vikulegan kennslutíma hvers nemanda í 8.–10. bekk um allt að 200 mínútur, í 5.–7. bekk um allt að 160 mínútur og í 1.–4. bekk um allt að 120 mínútur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mörg sveitarfélög glíma nú við mikinn rekstrar- og fjárhagsvanda. Á sama tíma og skuldir hafa hækkað, í kjölfar aukinnar verðbólgu og hruns gjaldmiðilsins, dragast tekjur þeirra saman, jafnframt því að útgjöld aukast. Sveitarfélögin gripu til úrræða á árinu 2008. Mörg þeirra hafa orðið að beita miklu aðhaldi í rekstri og hækka álögur á íbúana til þess að ná endum saman.

Það er mat sveitarstjórnarmanna að mjög þrengist nú um þá hagræðingarkosti sem fyrir hendi séu, án þess að skerða grunnþjónustu. Sveitarfélögin sinna meðal annars lögbundnum verkefnum sem ekki verður vikist undan. Önnur viðfangsefni eru ekki endilega lögbundin þótt þau skipti gríðarlega miklu máli fyrir samfélögin út um allt land. Tónlistarskólar eru gott dæmi um það. Sveitarfélögin hafa og hækkað ýmsar gjaldskrár sínar, til dæmis á leikskólum, sem óhjákvæmilega kemur niður á barnafólki. Þá má nefna að niðurgreiddar eða ókeypis skólamáltíðir eru ekki lögbundnar, en hafa margvíslega þýðingu. Innheimta fulls eða aukins kostnaðar á skólamáltíðum mundi augljóslega verða mjög íþyngjandi fyrir efnaminni fjölskyldur, á tímum þegar víða þrengist um í búi fólks. Þá nýta flest sveitarfélög tekjumöguleika sína til hins ýtrasta. Möguleikar á auknum tekjum á sama tíma og atvinna dregst saman og kaupmáttur rýrnar eru þess vegna ekki miklir, né líklegir til mikils árangurs. Úrræðin sem sveitarfélögin hafa til þess að láta enda ná saman eru þess vegna ekki ýkja mörg.

Við þessar aðstæður er því óhjákvæmilegt að hyggja að öðrum tímabundnum kostum sem þó teljast ekki æskilegir til lengri tíma. Þetta frumvarp er lagt fram af þessum ástæðum.

Með frumvarpinu eru lagðar til tímabundnar breytingar á grunnskólalögum sem miða að því að draga úr kostnaði sveitarfélaga við rekstur grunnskóla.

Í 1. gr. frumvarpsins felst heimild til hagræðingar með því að stytta vikulegan kennslutíma, sbr. 2. mgr. 28. gr. laganna, mismikið þó eftir aldursstigum. Lagt er til að hámarksstytting vikulegs kennslutíma nemenda í 8.–10. bekk verði 200 mínútur (14%), 160 mínútur (11%) í 5.–7. bekk og 120 mínútur (10%) í 1.–4. bekk.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög setji fram ákveðnar mótvægisaðgerðir til þess að draga úr áhrifum vegna skerðingar vikulegs kennslutíma með sérstakri áherslu á yngsta aldursstigið og heildarskólatíma þess.

Samkvæmt fyrirliggjandi útreikningum má ætla að umrædd tillaga gæti skilað á bilinu 1,4–1,55 milljarða kr. heildarsparnaði, verði þessi leið farin í öllum sveitarfélögum landsins. Að teknu tilliti til kostnaðar af væntanlegum mótvægisaðgerðum yrði sparnaðurinn þó að líkindum frekar á bilinu 1–1,2 milljarðar kr. á ári. Má af því ráða að þessi útfærsla geti skilað þeim sveitarfélögum verulegum árangri sem helst þurfa að grípa til hagræðingar í rekstri vegna lækkandi tekna og erfiðrar skuldastöðu.

Ljóst er að það getur skipt sum sveitarfélög, einkum á landsbyggðinni, verulegu máli að eiga kost á að útfæra styttingu vikulegs skólatíma með tilfærslu kennslumagns milli mánaða. Með því móti sparast ýmis kostnaður, svo sem skólaakstur, þrif á skólahúsnæði, rekstur mötuneytis og fleira sem er til viðbótar launakostnaði.

Þessari hagræðingu er hægt ná fram án þess að hróflað verði við kjarasamningum. Um er að ræða gagnsæja breytingu sem viðkomandi skólar ættu að eiga auðvelt með að láta haldast í hendur við mótvægisaðgerðir innan skólanna og aukið þjónustuframboð til heimilanna þar sem þess gerist þörf, sérstaklega gagnvart yngstu aldurshópunum. Að því gefnu að um sé að ræða tímabundna heimild má með samstilltu átaki, aðhaldi og eftirfylgni tryggja að þessi útfærsla bitni ekki á gæðum í skólastarfi.

Leggja verður áherslu á að hagræðingaraðgerðir sem sveitarfélög grípa til vegna grunnskólans séu vel ígrundaðar og fyrir fram reynt að meta hver áhrifin verði á hvert hinna þriggja stiga skólans. Í því sambandi er ljóst að sveitarfélag getur til dæmis ákveðið að stytta ekki vikulegan kennslutíma á yngsta stiginu sé það mat stjórnenda að slík stytting hafi of neikvæð áhrif.

Með 4. gr. laga nr. 48/2001, sem breytti 26. gr. eldri laga um grunnskóla, var ákveðið að starfstími nemenda í grunnskóla skyldi að lágmarki vera níu mánuðir og kennsludagar eigi færri en 170. Breytingin fólst í því að í stað þess að starfstími grunnskóla skyldi vera níu

mánuðir var kveðið á um níu mánaða lágmarksstarfstíma nemenda í grunnskólum. Breytingin var tilkomin vegna kjarasamninga launanefndar sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara þar sem ákveðið var að skóladagar nemenda skyldu vera 180 dagar. Með samningnum var þannig gengið lengra en lögin miðuðu við á þeim tíma. Gert var ráð fyrir að fjölgunin rúmaðist á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Á sínum tíma óskaði menntamálaráðuneytið eftir skýringum á því hvernig samningsaðilar hygðust nýta viðbótardagana. Fram kom að viðbótardagarnir væru skóladagar nemenda sem ættu að nýtast til að auka fjölbreytni skólastarfs.

Þeir væru þó ekki endilega bundnir við hefðbundna kennslu heldur gæti skólinn ákveðið í skóladagatali að þeir yrðu svokallaðir „skertir dagar“, t.d. vegna skólasetningar og skólaslita, jólatrésskemmtunar, íþrótta- og útivistardaga að vori, foreldraviðtala eða annars skólastarfs, að fengnu samþykki sveitarstjórnar með staðfestingu á starfsáætlun skóla, sbr. 29. gr. gildandi laga um grunnskóla. Með lögum nr. 91/2008 eru 180 skóladagar nemenda lögfestir. Sem mótvægi vegna þeirrar vikulegu skerðingar á kennslutíma yfir vetrartímann sem lögð er til í frumvarpi þessu er lagt til að viðbótardagarnir tíu verði fullnýttir.

1320. Svar [663. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar Steingrímssonar um biðlista eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildar Landspítalans.

1. *Hversu margir eru á biðlista eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildar Landspítalans (BUGL)?*

Á biðlista barnadeildar eru um þessar mundir 15 börn. Flestar umsóknirnar eru frá þessu ári. Starfsemi deildarinnar er mjög skólatengd og er deildin nú lokuð lengur en áður yfir sumarið eða í rúma tvo mánuði, frá júní til ágúst. Biðlisti þessarar deildar er breytilegur og síðastliðið haust var til dæmis nánast enginn biðlisti en nú eru líkur á að einhver biðlisti hafi myndast þegar deildin verður opnuð í ágúst eftir sumarlokun.

Á biðlista bráðamóttökudeildar unglinga eru nú 12 börn á aldrinum 13–17 ára. Deildin er alltaf opin og langflestar innlagnir, eða þrjár af hverjum fjórum, eru bráðainnlagnir. Biðlisti þessarar deildar er einnig nokkuð breytilegur og hefur verið lengri. Bráðainnlögnum hefur fjölgað verulega að undanförnu og vegna þess álags sem það hefur valdið þurfa þau börn og ungmenni sem eru á biðlista til innlagnar að bíða lengur fyrir vikið.

Á biðlista göngudeildarinnar í mars 2011 voru 79 börn og unglingar, sbr. eftirfarandi töflu:

Göngudeild BUGL – 2011	**Janúar**	**Febrúar**	**Mars**
Heildarfjöldi á biðlista, þar af:	85	79	79
á biðlista lengur en þrjá mánuði	45	39	39
meðalbiðtími í mánuðum	6,2	6	5,4

2. *Hversu löng er biðin að jafnaði?*

Bið eftir fyrstu komu í göngudeild getur verið mjög breytileg. Bráðamál bíða ekki og eru strax metin af bráðateymi. Göngudeildarmálum er forgangsraðað eftir því hversu brýn og alvarleg þau eru. Málum sem fá forgang er sinnt innan þriggja mánaða en sumir einstaklingar

geta þurft að bíða allt upp í eitt ár (sjá töflu hér að framan). Þau mál eiga að vera til meðferðar hjá tilvísanda á biðtímanum.

3. Hvernig hefur fjöldi þeirra sem bíða þjónustu BUGL þróast undanfarinn áratug?

Undanfarinn áratug hefur biðlisti BUGL verið nokkuð breytilegur milli ára og tímabila sem og eftir árstíma. Lítil breyting hefur orðið á aðstreymi nýrra mála bæði hvað varðar tilvísanir og bráðamál á þessum tíma. Samanlagt hafa ný mál yfirleitt verið 400–500 ár hvert allt frá árinu 1998. Einnig hefur fjöldi starfsmanna sem sinna þessum málum verið breytilegur á tímabilinu. Aukafjárveitingar til BUGL sem veittar hafa verið af og til á síðasta áratug hafa hjálpað til við að halda biðlistanum í skefjum. Með þeim aðgerðum hefur tekist að ná listanum niður með sérstöku átaki eða tímabundinni fjölgun starfsmanna. Mestur hefur biðlistinn orðið hátt á annað hundrað en yfirleitt hafa ekki færri en 50 einstaklingar beðið eftir þjónustu á BUGL hverju sinni. Eitt ár tókst nánast að eyða biðlistanum en hann myndaðist fljótlega aftur. Undanfarin tvö ár hefur málum sem bráðateymi BUGL sinnir fjölgað nokkuð. Þá hefur innlögnum á legudeildirnar fjölgað verulega á sama tíma en meðallegutími styst mikið.

Eftirfarandi línurit sýnir hvernig fjöldi þeirra sem bíða eftir þjónustu á göngudeild BUGL hefur þróast undanfarinn áratug:

4. Hvernig hyggst ráðherra stytta biðlistann eða eyða honum?

Af framangreindu má sjá að ekki hefur tekist að vinna varanlega á biðlista eftir þjónustu BUGL með aukafjárveitingum og átaksverkefnum. Líklegra til árangurs er að endurskipuleggja innri þjónustu og skipulag hjá BUGL með það að markmiði að auka skilvirkni. Enn fremur þarf að endurskoða tilvísanakerfi í þjónustu BUGL og skilgreina betur þann markhóp sem BUGL er ætlað að sinna sem þriðja stigs sjúkrahúsþjónusta. Ljóst er að styrkja þarf bæði fyrsta og annars stigs geðheilbrigðisþjónustu og sálfélagslega þjónustu í nærumhverfi barna og ungmenna um allt land og það þarf að gera með ýmsum hætti, meðal annars með auknu samstarfi BUGL við félags- og skólaþjónustu sveitarfélaga svo og heilsugæsluna. BUGL

hefur nú þegar gert samstarfssamninga við nokkrar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu um þátttöku sérfræðinga BUGL í samráðsfundum í þjónustuteymum sem ætlað er að sinna börnum og ungmennum með geðheilbrigðisvanda. Enn fremur hefur BUGL tekið þátt í samvinnuverkefnum með heilsugæslunni á Austurlandi og Vestfjörðum með það að markmiði að styrkja heilsugæsluna til þess að verða þekkingarmiðstöð í geðheilbrigðismálum barna og ungmenna í landsfjórðungunum. Það er mikilvægur þáttur í því hlutverki BUGL að vera leiðandi í kennslu og ráðgjöf til annarra þjónustuaðila varðandi geðheilbrigðismál barna og ungmenna.

1321. Svar [638. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um hjúkrunarrými á Eyjafjarðarsvæðinu.

1. *Hversu mörg hjúkrunarrými verða á öldrunarheimilum Akureyrar samkvæmt sparnaðarkröfum ráðuneytisins á þessu fjárlagaári?*

Á öldrunarheimilum Akureyrar verða 168 hjúkrunarrými á árinu 2011. Auk þess eru skráðar heimildir fyrir 12 hjúkrunarrýmum á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

2. *Hvaða áætlanir hefur ráðuneytið um fjölgun eða fækkun hjúkrunarrýma í framtíðinni á öldrunarheimilum Akureyrar?*

Áætlanir ráðuneytisins miða að því að mæta sem best þörfum aldraðra á Akureyri hvað varðar þjónustu og fjölda hjúkrunarrýma miðað við þær fjárveitingar sem samþykktar eru af Alþingi til málaflokks aldraðra hverju sinni. Á árunum 2009–2011 hefur því miður þurft að lækka fjárveitingar og fækka hjúkrunarrýmum vegna þröngrar stöðu ríkissjóðs. Á þessu tímabili hefur verið fækkað á landinu öllu um 154 hjúkrunarrými alls. Þar af hefur hjúkrunarrýmum á öldrunarheimilum á Akureyri fækkað um tvö rými. Áætlanir liggja ekki fyrir um fjölgun eða fækkun hjúkrunarrýma fyrir árið 2012 þar sem fjárlagarammi fyrir það ár liggur ekki enn fyrir.

3. *Á grundvelli hvaða reiknilíkans var tekin ákvörðun um fækkun hjúkrunarrýma hjá öldrunarheimilum Akureyrar og var við þann útreikning tekið tillit til breytinga á tvíbýlum yfir í einbýli sem gerðu það að verkum að töluverð fækkun hafði þegar átt sér stað á heimilunum?*

Ásamt upplýsingum úr reiknilíkani sem sýndi m.a. fjölda hjúkrunarrýma og reiknaða þörf fyrir hjúkrunarrými í hlutfalli við fjölda aldraðra á viðkomandi svæði lágu eftirfarandi forsendur til grundvallar fækkun hjúkrunarrýma fyrir árið 2011:

– Í fyrsta lagi voru fjárveitingar vegna ónotaðra hjúkrunarrýma felldar niður.
– Í öðru lagi var reynt að fækka frekar dvalarrýmum en hjúkrunarrýmum í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að auka heimahjúkrun til að hjálpa öldruðum að vera lengur heima og draga þannig úr þörf fyrir dvalarrými.
– Í þriðja lagi var reynt að beina niðurskurði frekar að stærri hjúkrunarheimilum en minni og þá sérstaklega þeim heimilum þar sem unnið er að því að fækka fjölbýlum eða ljóst að ráðast þurfi í slíkar aðgerðir. Talið var að stærri heimilin mundu frekar ráða við niðurskurðinn en smærri hjúkrunarheimili.

– Í fjórða lagi var hjúkrunarrýmum fækkað þar sem fjöldi hjúkrunarrýma var umfram metna þörf á viðkomandi þjónustusvæði.
– Í fimmta lagi var tekið mið af fækkun hjúkrunarrýma á árunum 2009 og 2010 og reynt var að hlífa þeim heimilum þar sem skorið hafði verið niður áður.

Í þriðju forsendu er tekið tillit til fækkunar fjölbýla, en sú forsenda átti ekki við á öldrunarheimilum Akureyrar. Á öldrunarheimilum Akureyrar var fækkað um þrjú hjúkrunarrými á árinu 2010 þar sem upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins sýndu vannýtingu rýma á árunum á undan. Hjúkrunarrýmin á öldrunarheimilum Akureyrar voru því 167 árið 2010 í stað 170 árið 2009. Árið 2011 var aftur á móti bæði bætt við hjúkrunarrýmum og dvalarrýmum breytt í hjúkrunarrými þannig að heildarfjöldi hjúkrunarrýma á öldrunarheimilum á Akureyri er núna 168. Einu rými fleira en árið á undan en tveim færra en árið 2009.

4. *Hversu mikið hefur hjúkrunarrýmum á öldrunarheimilum á Eyjafjarðarsvæðinu, þ.m.t. Siglufirði, fækkað frá árinu 2005, sundurliðað eftir árum, og hversu mikið er áætlað að hjúkrunarrýmum verði fækkað á komandi árum?*

Frá árinu 2005 til ársins 2011 hefur hjúkrunarrýmum á öldrunarheimilum á Eyjafjarðarsvæðinu fjölgað um 20, sbr. meðfylgjandi yfirlit. Hins vegar liggja ekki fyrir áætlanir um frekari fækkun á komandi árum.

Fjöldi hjúkrunarrýma 2005–2011.

Hjúkrunarheimili	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**	**2011**
Grenilundur, Grenivík	2	2	2	4	4	4	4
Hornbrekka, Ólafsfirði	20	20	20	20	20	18	18
Dalbær, Dalvík	24	24	24	24	24	24	24
Öldrunarstofnun Akureyrar	140	170	170	170	170	167	168
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	28	28	28	28	28	27	20
Samtals	**214**	**244**	**244**	**246**	**246**	**240**	**234**
Breyting hjúkrunarrýma		30	0	2	0	–6	–6
Fjölgun frá árinu 2005		**30**	**30**	**32**	**32**	**26**	**20**

5. *Hversu mikið hefur hjúkrunarrýmum hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri fækkað frá árinu 2005, sundurliðað eftir árum, og hversu mikið er áætlað að hjúkrunarrýmum verði fækkað á komandi árum?*

Frá árinu 2005 til ársins 2011 hefur hjúkrunarrýmum fækkað um 15, sbr. meðfylgjandi yfirlit. Átta hjúkrunarrými voru nýtt á sjúkrahúsinu árið 2011. Áætlanir liggja ekki fyrir um frekari fækkun á komandi árum.

Fjöldi hjúkrunarrýma 2005–2011.

Hjúkrunarheimili	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**	**2011**
Sjúkrahúsið á Akureyri	27	27	27	27	12	12	12
Samtals	**27**	**27**	**27**	**27**	**12**	**12**	**12**
Breyting hjúkrunarrýma		0	0	0	–15	0	0
Fækkun frá árinu 2005		**0**	**0**	**0**	**–15**	**–15**	**–15**

6. *Hver er stefna ráðherra varðandi rétt aldraðra til að fá fast hjúkrunarrými á þeim stað sem þeir hafa búið á fram að flutningi á öldrunarheimili?*

Stefna ráðuneytisins grundvallast á ákvæðum laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum. Í fyrstu grein þeirra laga kemur fram að markmið laganna sé að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem eðlilegast er miðað við þörf og ástand hins aldraða. Í anda þeirra laga er það stefna ráðuneytisins að tryggja öldruðum, sem þess þurfa, aðgang að hjúkrunarheimili í sinni heimabyggð eða sem næst heimahögum.

7. *Er það í samræmi við stefnu ráðherra að aldraðir þurfi að taka fast hjúkrunarrými í öðru sveitarfélagi, sem viðkomandi hefur engin tengsl við, í stað þess að fá hjúkrunarrými í heimasveitarfélagi viðkomandi, sökum fækkunar hjúkrunarrýma heima fyrir? Hefur það áhrif á framtíðarrétt viðkomandi einstaklings ef hann neitar að taka slíku plássi?*

Eins og komið hefur fram í svörum við þessari fyrirspurn er stefna ráðuneytisins að tryggja öldruðum, sem þess þurfa, aðgang að hjúkrunarheimili í sinni heimabyggð eða sem næst heimahögum.

Vistunarmat er staðlað, faglegt og einstaklingsbundið mat á þörfum einstaklinga sem notað er til að meta þörf þeirra fyrir varanlega búsetu í hjúkrunarrými og er forsenda fyrir umsókn um dvöl í hjúkrunarrými. Áður en óskað er eftir vistunarmati á að vera búið að fullreyna önnur úrræði til að styðja fólk til dvalar heima. Gildistími vistunarmats er tólf mánuðir og það er vistunarmatsnefnd í heilbrigðisumdæmi viðkomandi einstaklings sem fer yfir umsóknina. Miðað er við að niðurstaða liggi fyrir innan sex vikna frá því að vistunarmatsnefnd berst beiðni um vistunarmat. Ef einstaklingur er metinn í þörf fyrir hjúkrunarrými fer hann á biðlista eftir slíku rými.

Þegar hjúkrunarrými losnar tekur stjórn stofnunar ákvörðun um vistun einstaklings í hjúkrunarrými í samræmi við niðurstöður vistunarmatsnefndar í sínu heilbrigðisumdæmi. Getur hún valið á milli þriggja einstaklinga sem sjálfir hafa óskað eftir að dveljast þar og eru með gilt vistunarmat. Einstaklingur getur neitað tilteknu plássi. Það hefur ekki áhrif á framtíðarrétt hans en gæti lengt bið eftir viðeigandi þjónustu.

Að lokum má geta þess að leitast er við að haga uppbyggingu hjúkrunarheimila á hverjum stað í samræmi við fyrirsjáanlega þörf og í samræmi við það fjármagn sem til þessa verkefnis er ætlað á hverjum tíma. Þannig er reynt að mæta þörfum og óskum aldraðra eins og frekast er unnt og aðstæður leyfa.

1322. Svar [354. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um frjáls félagasamtök, skattgreiðslur og styrki.

1. *Hversu mikið greiddu frjáls félagasamtök í erfðafjárskatt, fjármagnstekjuskatt og innskatt á aðföng á tímabilinu 1999–2009?*

Í fylgiskjali I er tafla sem sýnir upphæðir skatta og gjalda sem lögð voru á lögaðila sem undanþegnir voru tekju- og eignarskatti og skráðir voru annars vegar á grundvelli atvinnugreinaflokkunar Hagstofu Íslands Ísat-95 árin 1998–2007 og hins vegar á grundvelli atvinnugreinaflokkunar Ísat-2008 árin 2008–2010. Þá er einnig að finna upplýsingar neðst í skjalinu sem sýna upphæðir erfðafjárskatts sem lögaðilar greiddu árin 2007–2010. Félagasamtök eru

undanþegin tekjuskatti og því skila þau ekki skattframtali til ríkisskattstjóra. Ekki liggja því fyrir upplýsingar hjá embættinu um virðisaukaskatt af aðföngum félagasamtaka.

Upplýsingarnar byggjast á álagningarseðlum lögaðila og miðast þær við stöðu gagna strax að loknum framtalsskilum í október ár hvert, fyrir breytingar sem gerðar hafa verið vegna síðbúinna framtala og kærumeðferðar.

2. *Hversu mikið fengu frjáls félagasamtök í styrki frá ríkinu á sama tímabili, skipt eftir ráðuneytum/málaflokkum?*

Í fylgiskjali II er listi yfir þau frjálsu félagasamtök sem hlutu styrki á árunum 2005 til og með 2009.

Fyrst er þess að geta að hér er eingöngu um að ræða hreyfingar sem voru tiltækar í Orra, bókhaldskerfi ríkisins, frá árunum 2005 til 2009. Í gagnasafnið vantar því annars vegar hreyfingar þeirra stofnana sem nota önnur bókhaldskerfi (eða önnur „set of books“ í Orra) þar sem þær skila eingöngu samtölum til uppfærslu í aðalbókhald Orra, en ekki hreyfingum niður á einstakar kennitölur og því liggja þær upplýsingar ekki fyrir. Stofnanirnar sem um ræðir eru Alþingi, Landspítali, Vegagerðin, Siglingastofnun, Umferðarstofa, Flugmálastjórn, Orkustofnun og allar stofnanir sem Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna annast bókhald fyrir. Hins vegar vantar í gagnasafnið hreyfingar fyrir fyrri hluta þess árabils sem fyrirspurnin tekur til. Um er að ræða bókhaldsupplýsingar úr BÁR-bókhaldskerfi ríkisins sem fært var í fram á mitt ár 2004. BÁR-kerfið var aflagt skömmu eftir að nýju fjárhagskerfi var komið á laggirnar og bókhaldsgögnum komið fyrir í sérstöku vöruhúsi gagna. Þar eru þau hvorki eins aðgengileg né eins ítarleg og bókhaldsgögn úr Orra. Fjársýslu ríkisins er því ómögulegt að útvega umræddar upplýsingar innan eðlilegra tímamarka. Ráðast þarf í meiri háttar greiningu á bókhaldsgögnum, leit í fylgiskjölum og tæknivinnu til þess að svo sé unnt. Um er að ræða tugþúsundir hreyfinga.

Meðfylgjandi gagnasafn var unnið á þann veg að lesnar voru allar hreyfingar á kennitölum á tegund 5914 tilfærslur. Greiðslur til félagasamtaka eru einungis hluti þeirra færslna sem bókaðar er á tegundina og því hefur veruleg vinna farið í að greina upplýsingar um félagasamtök annars vegar og aðra aðila hins vegar. Við þá vinnu voru eftirfarandi aðilar ekki taldir með: einstaklingar, einkahlutafélög, sjálfseignarstofnanir, starfsmannafélög innan einstakra stofnana og nemendafélög í skólum. Hins vegar eru taldar með greiðslur til kirkjumála, enda er litið svo á að trúfélög flokkist sem frjáls félagasamtök. Einnig eru stéttarfélög og samtök á vinnumarkaði talin með.

Þegar samtölur eftir ráðuneytum eru skoðaðar eftir árum er rétt að hafa í huga að tilflutningur stofnana eða verkefna á milli ráðuneyta hefur í nokkrum tilvikum sýnileg áhrif á umfang styrkja einstakra ráðuneyta á einstökum árum.

Fylgiskjal I.

Skattar og gjöld á lögaðila 1998–2009.

Ár/tegund félagasamtaka	Fjöldi	Tryggingagjald	Búnaðar-gjald	Iðnaðar-málagj.	Fjármagns-tekjuskattur	Útvarps-gjald
1998	1.639	207.440.234	23.062	3.142	71.426	0
Félagastarfsemi atvinnuveganna og vinnuveitenda	97	33.975.312	0	0	5.734	0
Líknarfélög og annað hjálparstarf félagasamtaka	109	51.463.658	0	0	0	0
Starfsemi fagfélaga	109	2.931.751	0	0	0	0
Starfsemi stéttarfélaga	276	54.015.920	0	0	65.692	0
Starfsemi stjórnmálasamtaka	76	3.244.115	0	0	0	0
Þjóðkirkjan	341	26.209.823	0	1.426	0	0
Önnur ótalin félagastarfsemi	581	28.873.573	23.062	1.677	0	0
Önnur trúfélög	50	6.726.082	0	39	0	0
1999	1.687	223.107.036	48.930	2.935	388.948	0
Félagastarfsemi atvinnuveganna og vinnuveitenda	98	31.286.365	0	0	9.424	0
Líknarfélög og annað hjálparstarf félagasamtaka	114	54.921.897	0	0	185.304	0
Starfsemi fagfélaga	113	4.796.384	0	0	1.514	0
Starfsemi stéttarfélaga	273	60.094.782	0	0	71.574	0
Starfsemi stjórnmálasamtaka	88	3.375.820	0	0	0	0
Þjóðkirkjan	347	29.101.882	0	0	0	0
Önnur ótalin félagastarfsemi	602	32.153.017	48.930	805	121.132	0
Önnur trúfélög	52	7.376.889	0	2.130	0	0
2000	1.776	238.866.350	43.161	10.804	112.184	0
Félagastarfsemi atvinnuveganna og vinnuveitenda	100	36.215.050	0	0	0	0
Líknarfélög og annað hjálparstarf félagasamtaka	119	57.520.201	0	55	0	0
Starfsemi fagfélaga	121	5.472.872	0	1.267	0	0
Starfsemi stéttarfélaga	278	62.293.564	0	214	112.184	0
Starfsemi stjórnmálasamtaka	96	3.319.520	0	0	0	0
Þjóðkirkjan	355	31.387.960	0	0	0	0
Önnur ótalin félagastarfsemi	654	35.016.766	43.161	7.575	0	0
Önnur trúfélög	53	7.640.417	0	1.693	0	0
2001	1.818	283.891.617	10.292	7.044	42.235	0
Félagastarfsemi atvinnuveganna og vinnuveitenda	102	39.206.981	0	0	0	0
Líknarfélög og annað hjálparstarf félagasamtaka	121	75.441.545	0	24	0	0
Starfsemi fagfélaga	123	5.680.817	0	483	0	0
Starfsemi stéttarfélaga	278	71.066.391	0	0	42.235	0
Starfsemi stjórnmálasamtaka	100	3.672.212	0	0	0	0
Þjóðkirkjan	359	36.058.888	0	0	0	0
Önnur ótalin félagastarfsemi	680	42.958.574	10.292	5.163	0	0

Ár/tegund félagasamtaka	Fjöldi	Tryggingagjald	Búnaðar-gjald	Iðnaðar-málagj.	Fjármagns-tekjuskattur	Útvarps-gjald
Önnur trúfélög	55	9.806.209	0	1.374	0	0
2002	1.881	331.900.946	284.883	6.640	15.006.088	0
Félagastarfsemi atvinnuveganna og vinnuveitenda	105	41.893.599	0	0	14.831.360	0
Líknarfélög og annað hjálparstarf félagasamtaka	126	99.734.292	0	0	0	0
Starfsemi fagfélaga	127	6.209.217	0	1.117	0	0
Starfsemi stéttarfélaga	280	79.988.142	0	0	115.299	0
Starfsemi stjórnmálasamtaka	104	4.633.339	0	0	0	0
Þjóðkirkjan	364	40.190.856	0	0	0	0
Önnur ótalin félagastarfsemi	718	48.486.593	284.883	4.258	59.429	0
Önnur trúfélög	57	10.764.908	0	1.265	0	0
2003	1.927	378.354.995	303.188	5.675	19.142.646	0
Félagastarfsemi atvinnuveganna og vinnuveitenda	108	48.934.512	0	0	2.046.516	0
Líknarfélög og annað hjálparstarf félagasamtaka	130	100.703.771	0	0	0	0
Starfsemi fagfélaga	125	7.240.712	0	1.089	0	0
Starfsemi stéttarfélaga	286	97.021.875	0	0	17.019.408	0
Starfsemi stjórnmálasamtaka	109	5.589.610	0	0	0	0
Þjóðkirkjan	364	49.632.891	0	0	0	0
Önnur ótalin félagastarfsemi	748	57.938.507	303.188	2.286	76.722	0
Önnur trúfélög	57	11.293.117	0	2.300	0	0
2004	1.959	414.746.482	90.590	76.328	23.619.929	0
Félagastarfsemi atvinnuveganna og vinnuveitenda	108	56.653.927	0	51.464	0	0
Líknarfélög og annað hjálparstarf félagasamtaka	135	113.251.216	0	217	0	0
Starfsemi fagfélaga	128	7.985.255	0	682	0	0
Starfsemi stéttarfélaga	285	106.973.175	0	670	23.619.929	0
Starfsemi stjórnmálasamtaka	109	5.874.945	0	0	0	0
Þjóðkirkjan	366	52.212.735	0	0	0	0
Önnur ótalin félagastarfsemi	771	59.270.328	90.590	18.206	0	0
Önnur trúfélög	57	12.524.901	0	5.089	0	0
2005	1.977	473.315.883	47.324	589	58.817.118	0
Félagastarfsemi atvinnuveganna og vinnuveitenda	109	65.453.583	0	0	21.087.184	0
Líknarfélög og annað hjálparstarf félagasamtaka	137	124.750.221	0	129	0	0
Starfsemi fagfélaga	127	9.728.556	0	0	0	0
Starfsemi stéttarfélaga	274	126.296.093	0	0	37.701.986	0
Starfsemi stjórnmálasamtaka	110	6.379.612	0	0	0	0
Þjóðkirkjan	372	57.292.281	0	0	27.948	0
Önnur ótalin félagastarfsemi	791	68.954.158	27.385	460	0	0
Önnur trúfélög	57	14.461.379	19.939	0	0	0

Ár/tegund félagasamtaka	Fjöldi	Tryggingagjald	Búnaðar-gjald	Iðnaðar-málagj.	Fjármagns-tekjuskattur	Útvarps-gjald
2006	1.954	496.842.519	19.921	19.764	55.210.415	0
Félagastarfsemi atvinnuveganna og vinnuveitenda	109	68.145.992	0	0	33.144	0
Líknarfélög og annað hjálparstarf félagasamtaka	136	107.581.119	0	767	1.450.600	0
Starfsemi fagfélaga	128	9.769.514	0	263	323.608	0
Starfsemi stéttarfélaga	258	131.575.972	0	546	49.641.742	0
Starfsemi stjórnmálasamtaka	109	9.126.785	0	1.825	3.242	0
Þjóðkirkjan	370	73.970.520	0	0	821.816	0
Önnur ótalin félagastarfsemi	788	80.666.017	8.105	12.902	2.594.081	0
Önnur trúfélög	56	16.006.600	11.816	3.461	342.182	0
2007	1.939	510.939.714	104.283	46.649	29.378.982	0
Félagastarfsemi atvinnuveganna og vinnuveitenda	110	67.588.626	0	0	13.740.124	0
Líknarfélög og annað hjálparstarf félagasamtaka	136	142.711.510	0	274	1.576.413	0
Starfsemi fagfélaga	127	9.896.654	0	0	364.880	0
Starfsemi stéttarfélaga	255	122.166.775	0	59	10.999.071	0
Starfsemi stjórnmálasamtaka	100	11.215.912	0	12.880	0	0
Þjóðkirkjan	368	65.078.775	0	0	1.419.436	0
Önnur ótalin félagastarfsemi	787	77.370.507	83.161	9.055	944.346	0
Önnur trúfélög	56	14.910.955	21.122	24.381	334.712	0
2008	2.129	617.414.164	0	4.652	258.958.125	34.400
Starfsemi annarra ótalinna félagasamtaka	1.072	252.059.912	0	0	94.472.260	0
Starfsemi fagfélaga	132	15.111.723	0	0	599.424	0
Starfsemi samtaka í atvinnulífinu og félaga atvinnurekenda	128	79.778.689	0	0	13.903.277	0
Starfsemi stéttarfélaga	249	151.100.566	0	0	63.599.920	0
Starfsemi stjórnmálasamtaka	95	10.437.490	0	0	0	0
Starfsemi trúfélaga	329	80.584.076	0	4.652	1.621.820	0
Önnur ótalin félagsþjónusta án dvalar á stofnun	124	28.341.708	0	0	84.761.424	34.400
2009	2.176	731.205.961	0	0	87.611.257	34.400
Starfsemi annarra ótalinna félagasamtaka	1.205	316.636.824	0	0	41.136.560	0
Starfsemi fagfélaga	133	17.677.093	0	0	455.170	0
Starfsemi samtaka í atvinnulífinu og félaga atvinnurekenda	130	98.322.760	0	0	2.903.824	0
Starfsemi stéttarfélaga	249	185.253.052	0	0	39.471.205	0
Starfsemi stjórnmálasamtaka	99	13.046.281	0	0	0	0
Starfsemi trúfélaga	333	93.787.663	0	0	3.427.222	0
Önnur ótalin félagsþjónusta án dvalar á stofnun	27	6.482.288	0	0	217.276	34.400
Samtals	**22.862**	**4.908.025.901**	**975.634**	**184.222**	**548.359.353**	**68.800**

Ár	Erfðafjárskattur
2007	12.360.439
2008	10.320.297
2009	6.396.724
2010	20.073.918

Fylgiskjal II.

Styrkir frjálsra félagasamtaka 2005–2009.

Ráðu-neyti	Mála-flokkur		2005	2006	2007	2008	2009
00	0112	Opinber fjármál	0	10.000	33.600	58.600	25.000
	01	**Almenn opinber þjónusta**	**0**	**10.000**	**33.600**	**58.600**	**25.000**
01	0111	Æðsta stjórnsýsla og löggjafarvald	166.980	104.125	110.000	37.000	6.000
	0112	Opinber fjármál	11.950.000	15.150.000	7.660.000	15.750.000	14.712.500
	0113	Utanríkismál	145.000	60.000	0	200.783	0
	01	**Almenn opinber þjónusta**	**12.261.980**	**15.314.125**	**7.770.000**	**15.987.783**	**14.718.500**
	0481	Rannsóknir og þróun í efnahags-, viðskipta- og vinnumarkaðsmálum	40.000.000	40.000.000	40.000.000	40.000.000	30.000.000
	04	**Efnahags- og atvinnumál**	**40.000.000**	**40.000.000**	**40.000.000**	**40.000.000**	**30.000.000**
	0540	Verndun lands og fjölbreytni lífríkis	12.000	11.000	77.500	51.500	8.000
	05	**Umhverfisvernd**	**12.000**	**11.000**	**77.500**	**51.500**	**8.000**
	0820	Menningarmál	800.000	27.819.860	10.012.000	14.003.000	30.036.505
	0840	Trúmál og önnur félagsmál	61.445.001	40.230.001	50.000.000	0	0
	08	**Menningar-, íþrótta- og trúmál**	**62.245.001**	**68.049.861**	**60.012.000**	**14.003.000**	**30.036.505**
	1040	Fjölskyldur og börn	0	0	0	0	1.600.000
	10	**Almannatryggingar og velferðarmál**	**0**	**0**	**0**	**0**	**1.600.000**
	Samtals		**114.518.981**	**123.374.986**	**107.859.500**	**70.042.283**	**76.363.005**
02	0113	Utanríkismál	8.475.000	9.620.000	9.876.000	11.450.000	18.562.475
	0140	Grunnrannsóknir	0	0	0	0	50.000
	01	**Almenn opinber þjónusta**	**8.475.000**	**9.620.000**	**9.876.000**	**11.450.000**	**18.612.475**
	0740	Almenn heilbrigðisþjónusta	3.936.440	2.550.000	0	0	0
	07	**Heilbrigðismál**	**3.936.440**	**2.550.000**	**0**	**0**	**0**
	0810	Íþrótta- og tómstundamál	372.345.000	474.880.212	581.345.000	686.485.000	607.495.000
	0820	Menningarmál	264.522.323	342.367.477	391.800.701	424.692.573	451.495.223
	0840	Trúmál og önnur félagsmál	5.300.000	5.600.000	5.700.000	5.800.000	6.000.000
	0850	Rannsóknir og þróun í menningar-, íþrótta- og trúmálum	28.000	30.000	0	0	0
	0860	Menningar-, íþrótta- og trúmál, ótalin annars staðar	14.000.000	43.500.000	58.000.000	124.000.000	96.000.000
	08	**Menningar-, íþrótta- og trúmál**	**656.195.323**	**866.377.689**	**1.036.845.701**	**1.240.977.573**	**1.160.990.223**
	0912	Barnaskólastig	5.290.000	10.900.000	9.725.000	4.025.000	3.750.000
	0922	Framhaldsskólastig	43.630.029	48.084.921	51.798.676	71.622.227	38.063.340
	0941	Menntun á háskólastigi	23.106.073	20.797.237	27.758.974	27.087.084	11.139.280
	0950	Menntun óflokkuð á skólastig	14.515.000	4.929.000	618.500	1.922.000	584.000

Ráðu-neyti	Mála-flokkur		2005	2006	2007	2008	2009
	0980	Menntamál, ótalin annars staðar	6.991.015	6.329.188	936.715	9.020.796	23.887.022
	09	**Menntamál**	**93.532.117**	**91.040.346**	**90.837.865**	**113.677.107**	**77.423.642**
	1012	Örorka og fötlun	24.500	38.000	59.500	102.900	35.000
	10	**Almannatryggingar og velferðarmál**	**24.500**	**38.000**	**59.500**	**102.900**	**35.000**
	Samtals		**762.163.380**	**969.626.035**	**1.137.619.066**	**1.366.207.580**	**1.257.061.340**
03	0112	Opinber fjármál	240.000	0	0	0	0
	0113	Utanríkismál	4.854.238	9.089.900	9.558.500	9.547.545	10.535.849
	0121	Efnahagsaðstoð við þróunarlönd og önnur lönd á þróunarstigi	28.415.336	48.496.502	103.485.330	136.667.878	123.240.298
	0122	Efnahagsaðstoð í samvinnu við alþjóðastofnanir	0	3.000.000	5.000.000	0	5.000.000
	01	**Almenn opinber þjónusta**	**33.509.574**	**60.586.402**	**118.043.830**	**146.215.423**	**138.776.147**
	0230	Erlend hernaðaraðstoð og friðargæsla	0	0	2.449.789	3.000.000	0
	02	**Varnarmál**	**0**	**0**	**2.449.789**	**3.000.000**	**0**
	0310	Löggæsla	990.693	664.800	0	0	0
	03	**Löggæsla, réttargæsla og öryggismál**	**990.693**	**664.800**	**0**	**0**	**0**
	Samtals		**34.500.267**	**61.251.202**	**120.493.619**	**149.215.423**	**138.776.147**
04	0421	Landbúnaður	5.781.400	9.000.000	15.718.000	10.500	61.798
	0422	Skógrækt	30.144.312	31.561.199	36.568.075	3.592.542	1.730.214
	0423	Fiskveiðar og aðrar veiðar	1.500.000	1.700.000	3.600.000	1.177.000	502.000
	0490	Önnur efnahags- og atvinnumál, ótalin annars staðar	2.253.457	1.665.725	1.210.100	197.000	150.000
	04	**Efnahags- og atvinnumál**	**39.679.169**	**43.926.924**	**57.096.175**	**4.977.042**	**2.444.012**
	0540	Verndun lands og fjölbreytni lífríkis	7.479.590	7.680.340	5.370.065	0	0
	05	**Umhverfisvernd**	**7.479.590**	**7.680.340**	**5.370.065**	**0**	**0**
	0922	Framhaldsskólastig	0	10.000	0	0	0
	0941	Menntun á háskólastigi	18.600	211.500	5.000	0	0
	09	**Menntamál**	**18.600**	**221.500**	**5.000**	**0**	**0**
	Samtals		**47.177.359**	**51.828.764**	**62.471.240**	**4.977.042**	**2.444.012**
05	0423	Fiskveiðar og aðrar veiðar	1.450.000	2.087.000	5.120.225	0	0
	04	**Efnahags- og atvinnumál**	**1.450.000**	**2.087.000**	**5.120.225**	**0**	**0**
	Samtals		**1.450.000**	**2.087.000**	**5.120.225**	**0**	**0**
06	0133	Önnur almenn þjónusta	0	0	0	0	42.000
	0160	Almenn opinber þjónusta, ótalin annars staðar	139.150	325.853	224.282	413.531	320.500
	01	**Almenn opinber þjónusta**	**139.150**	**325.853**	**224.282**	**413.531**	**362.500**
	0310	Löggæsla	3.365.125	1.729.500	1.435.565	1.737.445	2.033.231
	0330	Dómstólar	0	392.640	676.068	684.273	131.563
	0340	Fangelsi	9.763.685	4.390.667	270.000	0	15.000
	0360	Löggæsla, réttarg., öryggismál, átalin annars staðar	97.751.125	106.583.000	119.308.500	138.052.653	129.331.563
	03	**Löggæsla, réttargæsla og öryggismál**	**110.879.935**	**113.095.807**	**121.690.133**	**140.474.371**	**131.511.357**
	0840	Trúmál og önnur félagsmál	2.944.855.653	3.230.277.112	3.555.280.606	3.930.650.319	3.905.578.109
	08	**Menningar-, íþrótta- og trúmál**	**2.944.855.653**	**3.230.277.112**	**3.555.280.606**	**3.930.650.319**	**3.905.578.109**
	0930	Viðbótarstig, önnur framhaldsmenntun ekki á háskólastigi	0	4.500	18.500	13.900	0

Ráðu-neyti	Mála-flokkur		2005	2006	2007	2008	2009
	09	**Menntamál**	**0**	**4.500**	**18.500**	**13.900**	**0**
	1040	Fjölskyldur og börn	6.500.000	6.500.000	9.500.000	9.500.000	9.500.000
	1090	Almannatryggingar og velferðarmál, ótalin annars staðar	0	800.000	2.800.000	1.450.000	2.600.000
	10	**Almannatryggingar og velferðarmál**	**6.500.000**	**7.300.000**	**12.300.000**	**10.950.000**	**12.100.000**
	Samtals		**3.062.374.738**	**3.351.003.272**	**3.689.513.521**	**4.082.502.121**	**4.049.551.966**
07	0412	Almenn vinnumarkaðsmál	6.516.708	5.189.869	5.516.517	3.114.421	3.353.000
	04	**Efnahags- og atvinnumál**	**6.516.708**	**5.189.869**	**5.516.517**	**3.114.421**	**3.353.000**
	0840	Trúmál og önnur félagsmál	63.500.000	21.500.000	27.900.000	33.500.000	36.400.000
	08	**Menningar-, íþrótta- og trúmál**	**63.500.000**	**21.500.000**	**27.900.000**	**33.500.000**	**36.400.000**
	0950	Menntun óflokkuð á skólastig	24.400.000	24.900.000	25.100.000	25.300.000	26.600.000
	09	**Menntamál**	**24.400.000**	**24.900.000**	**25.100.000**	**25.300.000**	**26.600.000**
	1012	Örorka og fötlun	100.944.891	89.863.789	114.981.245	150.228.746	96.893.467
	1040	Fjölskyldur og börn	591.500	1.455.776	2.302.016	2.522.562	30.469.775
	1070	Félagsleg aðstoð, ótalin annars staðar	128.639.625	196.560.000	239.106.696	286.787.219	262.919.735
	1090	Almannatryggingar og velferðarmál, ótalin annars staðar	10.000	0	2.609.400	5.704.000	562.000
	10	**Almannatryggingar og velferðarmál**	**230.186.016**	**287.879.565**	**358.999.357**	**445.242.527**	**390.844.977**
	Samtals		**324.602.724**	**339.469.434**	**417.515.874**	**507.156.948**	**457.197.977**
08	0721	Almenn heilsugæsla	1.998.775	1.014.500	17.500	13.000.000	6.810.000
	0724	Sjúkra-, iðju-, talþjálfun og fleira	20.005.000	20.025.000	20.036.500	20.193.600	20.350.000
	0731	Almenn sjúkrahúsaþjónusta	0	0	0	20.000	212.885
	0734	Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	51.478.638	63.596.560	65.998.778	4.100.203	13.102.000
	0740	Almenn heilbrigðisþjónusta	301.665.115	323.253.280	350.672.455	36.814.515	88.664.664
	0750	Rannsóknir og þróun í heilbrigðismálum	52.400.000	56.100.000	58.600.000	0	0
	0760	Heilbrigðismál, ótalin annars staðar	49.550.000	47.813.087	61.989.571	72.422.447	60.798.600
	07	**Heilbrigðismál**	**477.097.528**	**511.802.427**	**557.314.804**	**146.550.765**	**189.938.149**
	0840	Trúmál og önnur félagsmál	11.800.000	17.800.000	30.200.000	32.400.000	33.200.000
	08	**Menningar-, íþrótta- og trúmál**	**11.800.000**	**17.800.000**	**30.200.000**	**32.400.000**	**33.200.000**
	1012	Örorka og fötlun	21.150.000	29.500.000	6.500.000	0	0
	1090	Almannatryggingar og velferðarmál, ótalin annars staðar	159.900	162.850	267.549	0	0
	10	**Almannatryggingar og velferðarmál**	**21.309.900**	**29.662.850**	**6.767.549**	**0**	**0**
	Samtals		**510.207.428**	**559.265.277**	**594.282.353**	**178.950.765**	**223.138.149**
09	0112	Opinber fjármál	56.500	192.500	237.625	309.780	206.800
	0133	Önnur almenn þjónusta	12.000	64.000	88.725	83.500	150.000
	0160	Almenn opinber þjónusta, ótalin annars staðar	2.580.000	6.133.418	127.910.000	14.618.317	34.635.978
	01	**Almenn opinber þjónusta**	**2.648.500**	**6.389.918**	**128.236.350**	**15.011.597**	**34.992.778**
	0840	Trúmál og önnur félagsmál	200.000.000	200.000.000	310.000.000	371.500.000	371.500.000
	08	**Menningar-, íþrótta- og trúmál**	**200.000.000**	**200.000.000**	**310.000.000**	**371.500.000**	**371.500.000**
	Samtals		**202.648.500**	**206.389.918**	**438.236.350**	**386.511.597**	**406.492.778**
10	0451	Vegasamgöngur	6.000.000	0	0	0	0
	0452	Sjó- og vatnasamgöngur	0	0	0	2.000	26.000
	0454	Flugsamgöngur	0	0	70.000	0	0

Ráðu-neyti	Mála-flokkur		2005	2006	2007	2008	2009
	0473	Ferðaþjónusta	2.400.000	3.297.000	4.374.194	0	0
	0490	Önnur efnahags- og atvinnumál, ótalin annars staðar	6.782.000	14.485.000	22.388.600	3.591.000	3.139.000
	04	**Efnahags- og atvinnumál**	**15.182.000**	**17.782.000**	**26.832.794**	**3.593.000**	**3.165.000**
	0820	Menningarmál	350.000	0	0	0	0
	08	**Menningar-, íþrótta- og trúmál**	**350.000**	**0**	**0**	**0**	**0**
	0950	Menntun óflokkuð á skólastig	37.700.000	71.711.000	51.092.000	67.608.000	49.800.600
	09	**Menntamál**	**37.700.000**	**71.711.000**	**51.092.000**	**67.608.000**	**49.800.600**
	Samtals		**53.232.000**	**89.493.000**	**77.924.794**	**71.201.000**	**52.965.600**
11	0411	Almenn efnahags- og atvinnumál	50.000	393.000	0	435.000	0
	0442	Iðnaðarstarfsemi	0	0	15.000	0	25.000
	0473	Ferðaþjónusta	0	0	0	31.513.000	41.230.000
	0490	Önnur efnahags- og atvinnumál, ótalin annars staðar	15.110.000	2.300.000	8.721.500	12.665.000	7.300.000
	04	**Efnahags- og atvinnumál**	**15.160.000**	**2.693.000**	**8.736.500**	**44.613.000**	**48.555.000**
	Samtals		**15.160.000**	**2.693.000**	**8.736.500**	**44.613.000**	**48.555.000**
12	0411	Almenn efnahags- og atvinnumál	9.500.000	10.015.000	8.536.000	19.880.800	12.769.100
	04	**Efnahags- og atvinnumál**	**9.500.000**	**10.015.000**	**8.536.000**	**19.880.800**	**12.769.100**
	Samtals		**9.500.000**	**10.015.000**	**8.536.000**	**19.880.800**	**12.769.100**
14	0140	Grunnrannsóknir	5.000	14.000	5.000	10.000	367.800
	01	**Almenn opinber þjónusta**	**5.000**	**14.000**	**5.000**	**10.000**	**367.800**
	0320	Brunavarnir	506.000	1.251.000	1.038.000	70.000	1.709.675
	03	**Löggæsla, réttargæsla og öryggismál**	**506.000**	**1.251.000**	**1.038.000**	**70.000**	**1.709.675**
	0411	Almenn efnahags- og atvinnumál	0	0	45.000	35.000	31.374
	0422	Skógrækt	0	0	0	35.600.000	47.600.000
	04	**Efnahags- og atvinnumál**	**0**	**0**	**45.000**	**35.635.000**	**47.631.374**
	0540	Verndun lands og fjölbreytni lífríkis	382.250	95.000	491.500	85.000	932.525
	0560	Umhverfisvernd, ótalin annars staðar	14.505.000	26.041.000	23.793.675	22.125.000	55.156.337
	05	**Umhverfisvernd**	**14.887.250**	**26.136.000**	**24.285.175**	**22.210.000**	**56.088.862**
	0620	Skipulagsmál	250.000	0	0	200.000	5.000
	06	**Húsnæðis-, skipulags- og veitumál**	**250.000**	**0**	**0**	**200.000**	**5.000**
	Samtals		**15.648.250**	**27.401.000**	**25.373.175**	**58.125.000**	**105.802.711**
	Samtals öll ráðuneyti		**5.153.183.627**	**5.793.907.888**	**6.693.715.817**	**6.939.442.159**	**6.831.142.785**

1323. Lög [377. mál]

um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. apríl 2011.)

1. gr.

Á eftir 33. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (33. gr. a.)

Hundar og kettir. Samþykki allra.

Hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi er háð samþykki ⅔ hluta eigenda sem hafa sameiginlegan inngang eða stigagang.

Þegar svo háttar getur húsfélag eða húsfélagsdeild með samþykki ⅔ hluta eigenda veitt annaðhvort almennt leyfi til hunda- og/eða kattahalds eða einstökum eigendum slíkt leyfi vegna tiltekins dýrs. Getur húsfélagið bundið slíkt leyfi skilyrðum.

Eigandi skal afla samþykkis annarra eigenda og fá leyfi fyrir dýrinu samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags, þar sem það á við, áður en dýrið kemur í húsið. Skal eigandi láta húsfélagi í té ljósrit af leyfinu.

Gæta skal jafnræðis við veitingu samþykkis skv. 1. mgr. og er óheimilt að mismuna eigendum sem eiga jafnan rétt í þessu efni.

Samþykkið er óafturkallanlegt að óbreyttum forsendum en þinglýsingar er þörf til að það haldi gagnvart síðari eigendum í góðri trú.

Liggi fyrir samþykki um hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi í samræmi við grein þessa en eigandi eða einhver í hans fjölskyldu er með ofnæmi fyrir hundum eða köttum á svo háu stigi að sambýlið við leiðsögu- eða hjálparhund sé óbærilegt og læknisfræðileg gögn staðfesta það skal kærunefnd húsamála leita lausna að fengnu áliti ofnæmislækna og sérfræðinga á öðrum sviðum ef því er að skipta.

Skemmri heimsóknir hunda og katta eru heimilar ef enginn mótmælir en vistun eða dvöl þeirra yfir nótt er óheimil nema fyrir liggi leyfi skv. 1. og 2. mgr.

Þessar takmarkanir gilda ekki þegar um hjálparhunda er að ræða, sbr. 33. gr. d.

b. (33. gr. b.)

Samþykkis ekki þörf.

Þegar hvorki er um sameiginlegan inngang né stigagang að ræða, sbr. 33. gr. a, er samþykkis annarra eigenda ekki þörf fyrir hunda- og kattahaldi í húsinu. Á það til dæmis við þegar sérinngangur er í íbúð á jarðhæð eða frá sameiginlegum útitröppum. Gildir það þótt lóð sé sameiginleg og annað sameiginlegt rými sé í húsinu. Þegar sameiginlegur stigagangur er utanáliggjandi og gengið er inn í íbúðir af svölum þarf samþykki þeirra eigenda sem hann tilheyrir.

Áður en dýr kemur í hús skal eigandi tilkynna húsfélaginu skriflega um dýrahaldið og afhenda því ljósrit af leyfi frá viðkomandi sveitarfélagi þar sem við á.

Húsfélagið getur með reglum og ákvörðunum á húsfundi, með einföldum meiri hluta, sett hunda- og kattahaldi í slíku húsi skorður, enda séu þær eðlilegar, málefnalegar og á jafnræði reistar.

Húsfélagið getur með sama hætti lagt bann við dýrahaldi ef það veldur öðrum íbúum verulegum ama, ónæði og truflunum og eigandi dýrsins neitar að gera bót þar á.

c. (33. gr. c.)

Sameiginlegar reglur.

Með öllu er óheimilt að halda skráningar- og leyfisskyld dýr í fjöleignarhúsum, sbr. 33. gr. a og 33. gr. b, nema leyfi sveitarfélags fyrir dýrinu, þar sem við á, liggi fyrir.

Hundar og kettir mega ekki vera í sameign eða á sameiginlegri lóð nema þegar verið er að færa dýrin að og frá séreign. Skulu þau ávallt vera í taumi og í umsjá manns sem hefur fulla stjórn á þeim. Lausaganga hunda í sameign eða á sameiginlegri lóð telst alvarlegt brot, sbr. 4. mgr.

Það er skilyrði fyrir hunda- og kattahaldi í fjöleignarhúsum að búið sé vel að dýrunum og vel sé hugsað um þau. Jafnframt skal þess gætt í hvívetna að þau valdi öðrum íbúum hússins ekki ama, ónæði eða óþægindum.

Nú brýtur eigandi dýrs verulega eða ítrekað gegn skyldum sínum og áminningar hafa ekki áhrif, og getur húsfélag þá með ákvörðun skv. D-lið 1. mgr. 41. gr. afturkallað samþykki skv. 33. gr. a og bannað dýrahald skv. 33. gr. b og gert honum að fjarlægja dýrið úr húsinu. Ef allt um þrýtur geta gróf eða ítrekuð brot leitt til þess að húsfélagið beiti úrræðum 55. gr. gagnvart eiganda dýrsins.

d. (33. gr. d.)

Leiðsögu- og hjálparhundar.

Sé eigandi, eða annar varanlegur íbúi í hans skjóli, blindur eða fatlaður á annan máta þannig að hann þurfi á sérþjálfuðum leiðsögu- eða hjálparhundi að halda er honum heimilt að halda slíkan hund óháð fyrirmælum og takmörkunum laga þessara.

Slíkur hundur skal vera sérþjálfaður og skráður sem leiðsögu- eða hjálparhundur og fyrir skulu liggja vottorð sérfræðinga um þörf hans og þjálfun. Skulu gögn um það afhent húsfélaginu ásamt fróðleik og leiðbeiningum um slíka hunda, þjálfun þeirra og hvernig beri að umgangast þá.

Stjórn húsfélagsins skal láta þinglýsa yfirlýsingu um að leiðsögu- eða hjálparhundur sé í húsinu. Einnig skal stjórnin láta þess getið í yfirlýsingu húsfélags í tengslum við sölu íbúða.

Sé eigandi eða einhver í hans fjölskyldu með ofnæmi fyrir hundum á svo háu stigi að sambýlið við leiðsögu- eða hjálparhund sé óbærilegt og læknisfræðileg gögn staðfesta það skal kærunefnd húsamála leita lausna að fengnu áliti ofnæmislækna, leiðsögu- eða hjálparhundaþjálfara og sérfræðinga á öðrum sviðum ef því er að skipta.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 41. gr. laganna:

a. 13. tölul. A-liðar fellur brott.
b. Við B-lið bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Um hvort halda megi hunda og/eða ketti í húsinu, sbr. 33. gr. a.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1324. Lög [198. mál]

um fjölmiðla.

(Afgreidd frá Alþingi 15. apríl 2011.)

Samhljóða þskj. 1296 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar fimm manns í fjölmiðlanefnd til fjögurra ára í senn. Tveir fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands, einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins og einn samkvæmt tilnefningu Blaðamannafélags Íslands en þann fimmta skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann nefndarinnar og skal hann uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Varaformann skal skipa úr hópi fastra nefndarmanna. Aðrir nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á fjölmiðlamálum, reynslu eða menntun sem nýtist á þessu sviði. Um hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ráðherra ákvarðar þóknun nefndarmanna.

Nefndarmenn skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða sérrefsilagaákvæðum.

Fjölmiðlanefnd setur sér starfsreglur sem skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

36. gr. hljóðar svo:

Aðili sem telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli hefur rétt til andsvara í viðkomandi miðli eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skulu birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um. Birta skal andsvör óháð formi fjölmiðils þannig að eftir verði tekið. Fjölmiðlaveitu er óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun andsvars.

Fjölmiðlaveita getur synjað beiðni um andsvar við eftirfarandi aðstæður:

a. ef andsvarið fer yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins,
b. ef í andsvarinu felst annað og/eða meira en að leiðrétta staðreyndir sem fram hafa komið hjá fjölmiðlaveitunni,
c. ef andsvarið felur í sér efni sem brýtur í bága við almenn hegningarlög og er til þess fallið að gera fjölmiðlaveituna skaðabótaskylda eða er andstætt almennu siðferði,
d. ef andsvarið brýtur gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila,
e. ef aðili getur ekki sýnt fram á að hann eigi einstaklingsbundinna lögvarinna hagsmuna að gæta, og
f. ef upplýsingarnar sem fjölmiðlaveitan miðlaði eru beinar tilvitnanir í gögn sem stafa frá stjórnvöldum eða dómstólum.

Synjun skv. 2. mgr. skal tilkynnt hlutaðeigandi innan þriggja sólarhringa frá því að beiðni um andsvar er sett fram.

Synji fjölmiðlaveita beiðni um andsvar skv. 2. mgr. eða bregðist ekki við beiðni aðila innan þeirra tímamarka sem þar eru tilgreind getur hlutaðeigandi beint erindi þar að lútandi til fjölmiðlanefndar sem tekur ákvörðun um hvort aðili eigi rétt á að koma andsvörum á fram-

færi. Ákvörðun skal tekin innan viku frá því að fjölmiðlanefnd berst erindi þar um og skal nefndin leggja fyrir viðkomandi fjölmiðlaveitu að miðla andsvari án tafar þegar við á.

Skylt er að láta þeim sem telur á sér brotið og rétt á til andsvara skv. 1. og 2. mgr. endurgjaldslaust í té afrit af því efni sem um er að ræða. Ágreining um rétt til efnis samkvæmt þessari málsgrein má einnig bera undir fjölmiðlanefnd til ákvörðunar.

Fjölmiðlaveita skal hafa aðgengilegt á heimasíðu sinni, eða með öðrum opinberum hætti, hvert aðili geti leitað telji hann að lögmætir hagsmunir sínir hafi beðið tjón. Gefa skal upp nafn, símanúmer og/eða netfang þess sem leita skal til hjá viðkomandi fjölmiðlaveitu.

53. gr. hljóðar svo:

Fjölmiðlanefnd getur lagt allt að 200.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á þann sem:

a. vanrækir að verða við ákvörðun fjölmiðlanefndar um afhendingu skriflegra upplýsinga og gagna skv. 1. mgr. 12. gr.,
b. vanrækir að verða við ákvörðun fjölmiðlanefndar um afhendingu upplýsinga úr bókhaldi og reikningum skv. 19. gr.,
c. vanrækir að senda fjölmiðlanefnd hlutaskrá félags skv. 2. mgr. 22. gr.,
d. vanrækir að senda fjölmiðlanefnd skýrslu skv. 23. gr.,
e. vanrækir að verða við ákvörðun fjölmiðlanefndar um skyldu til að birta andsvör skv. 4. mgr. 36. gr. og um afhendingu efnis skv. 5. mgr. 36. gr. og sinnir ekki upplýsingaskyldu skv. 6. mgr. 36. gr., eða
f. miðlar efni sem fjölmiðlanefnd hefur bannað, sbr. 1. mgr. 52. gr.,
g. vanrækir að setja reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni skv. 24. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun getur lagt allt að 200.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á þann sem:

a. ekki fer að ákvörðunum um flutningsrétt eða flutningsskyldu skv. 2., 3. og 4. mgr. 46. gr., eða
b. vanrækir að veita upplýsingar eða gögn skv. 5. mgr. 46. gr.

Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega og á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Ákvæði til bráðabirgða. hljóða svo:

I.

Þrátt fyrir ákvæði 64. gr. skulu hljóðvarps- og sjónvarpsleyfi gefin út á grundvelli laga nr. 53/2000 sem í gildi eru við gildistöku laga þessara halda gildi sínu í tólf mánuði. Innan þess tíma skulu fjölmiðlaveitur sem falla undir 16. gr. hafa sótt um endurnýjun á leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar til fjölmiðlanefndar. Skammtímaleyfi, sem hafa verið gefin út á grundvelli laga nr. 53/2000 og eru í gildi við gildistöku laga þessara, gilda samkvæmt þeim tímamörkum sem tilgreind eru í þeim. Fjölmiðlaveitur, sem starfrækja þjónustu sem fellur undir 14. og 15. gr., skulu tilkynna fjölmiðlanefnd um starfsemi sína innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

Stjórnir einkahlutafélaga og hlutafélaga skulu senda fjölmiðlanefnd nýjustu hlutaskrá sína fyrir 1. júní 2011. Brot á ákvæði þessu varðar dagsektum skv. c-lið 1. mgr. 53. gr.

II.

Fjölmiðlanefnd er heimilt að óska eftir gildandi samningum um kaup á sjónvarpsefni og er fjölmiðlaveitu skylt að verða við þeim tilmælum. Nú heimilar gildandi samningur fjölmiðlaveitu um hljóð- og myndmiðlunarefni við rétthafa, sem gilda mun til lengri tíma en þriggja ára frá gildistöku laga þessara, ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í 45. gr. og skal þá fjölmiðlaveita gera nýjan samning við rétthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Takist slíkir samningar ekki er fjölmiðlaveitu óheimilt að senda út efnið að þeim tíma liðnum.

III.

Mennta- og menningarmálaráðherra skal skipa nefnd til að gera tillögur í frumvarpsformi um viðeigandi takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa hvers þingflokks sem á sæti á Alþingi við skipan hennar. Þess utan skipar ráðherra formann og varaformann nefndarinnar og skulu þeir vera sérfróðir um fjölmiðlamál. Nefndin skal í störfum sínum og eftir því sem við getur átt taka sérstakt mið af forsendum og niðurstöðum fjölmiðlanefndar þeirrar sem lauk störfum með skýrslu í apríl 2005. Nefndin skal skila tillögum sínum fyrir 1. júní 2011.

IV.

Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra.

V.

Þrátt fyrir ákvæði 64. gr. skal útvarpsréttarnefnd vera við störf og sinna lögbundnu eftirliti samkvæmt lögum nr. 53/2000 þar til skipað hefur verið í fjölmiðlanefnd.

1325. Frumvarp til laga [121. mál]

um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar.

(Eftir 2. umr., 15. apríl.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að byggja upp og viðhalda grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á vegum stjórnvalda og tryggja aðgengi stjórnvalda og almennings að landupplýsingum um Ísland.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til stafrænna landupplýsinga sem eru í eigu eða á vegum stjórnvalda og varða íslenskt land, landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveðið nánar á um þá þætti stafrænna landupplýsinga sem lögin taka til.

Lög þessi taka einnig til stafrænna landupplýsinga í eigu eða á vegum lögaðila sem falla undir ákvæði b–c-liðar 3. tölul. 3. gr. að svo miklu leyti sem þær verða til eða er aflað í tilefni af hinu opinbera hlutverki þeirra eða þjónustu.

Lög þessi hafa ekki áhrif á höfundarétt stjórnvalda að landupplýsingum sem falla undir lögin.

Stafrænar landupplýsingar í eigu annarra en lög þessi taka til falla undir lög þessi hafi eigandi þeirra fengið leyfi til að tengja þær við landupplýsingagátt, sbr. 5. gr., á grundvelli laga þessara.

Séu til mörg samsvarandi eintök af sömu gögnum ná lögin einungis til upprunalegrar útgáfu þeirra.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar:* Tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla stafrænna landupplýsinga, vinna úr þeim, varðveita, miðla og auðvelda notkun þeirra.
2. *Landupplýsingar:* Gögn og upplýsingar sem tengjast stað á, í eða yfir jörðu, hvort heldur með hnitum eða auðkenni, t.d. staðfang eða póstnúmer.
3. *Stjórnvöld:*
   a. Öll stjórnvöld sem falla undir gildissvið upplýsingalaga.
   b. Lögaðili sem hefur verið falið opinbert hlutverk eða veitir almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings við stjórnvöld sem falla undir a-lið.
   c. Lögaðili sem gegnir opinberu hlutverki eða veitir opinbera þjónustu sem varðar umhverfið og lýtur stjórn þeirra stjórnvalda sem falla undir a-lið. Lögaðili er talinn lúta opinberri stjórn í þessum skilningi þegar stjórnvöld skv. a-lið tilnefna meira en helming stjórnarmanna í stjórn lögaðilans eða hafa á annan hátt virk yfirráð yfir honum.
4. *Lýsigögn:* Upplýsingar um gögn og/eða þjónustu eða lýsing einkenna gagnasafna, svo sem innihalds, eiginleika eða ástands.
5. *Samhæfni:* Hæfni tveggja eða fleiri kerfa eða gagnasafna til samtengdrar vinnslu.
6. *Landupplýsingagátt:* Vefsetur sem veitir aðgang að stafrænum landupplýsingum og tengdri þjónustu.

4. gr.

Lýsigögn.

Stjórnvöld skulu leggja fram lýsigögn fyrir þær stafrænu landupplýsingar og vefþjónustu sem þau eiga, reka eða varðveita. Uppfæra skal lýsigögnin ef breytingar verða á gögnunum eða ný gögn bætast við.

5. gr.

Landupplýsingagátt.

Landmælingar Íslands skulu starfrækja landupplýsingagátt til að veita aðgang að stafrænum landupplýsingum og upplýsingum um þær. Eftirtalin vefþjónusta skal vera aðgengileg öllum í gegnum landupplýsingagáttina:

1. Lýsigagnaþjónusta sem gefur kost á að leita að stafrænum landupplýsingum og tengdri þjónustu.
2. Skoðunarþjónusta sem að lágmarki gefur kost á að skoða gögn, skýringar þeirra og lýsigögn, fara um þau, þysja inn/út, hliðra þeim eða skara.

3. Niðurhalsþjónusta sem gefur kost á að hala niður afritum stafrænna landupplýsinga eða fá beinan aðgang að þeim, hvort sem er að öllu leyti eða að hluta.
4. Vörpunarþjónusta sem gefur kost á að varpa stafrænum landupplýsingum til að samhæfni náist.
5. Þjónusta sem gefur kost á að virkja ólíka vefþjónustu landupplýsinga.

Aðgangur að þjónustu skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. skal opinn öllum með þeim takmörkunum á upplýsingarétti sem greinir í 6. gr. laga um upplýsingarétt um umhverfismál.

Upplýsingatexti skal vera til í íslenskri útgáfu eftir því sem unnt er. Lýsigögn öll skulu vera til í íslenskri útgáfu.

6. gr.

Skyldur stjórnvalda.

Stjórnvöld sem hafa stafrænar landupplýsingar í umsjá sinni skulu sjá til þess að gögn og tengd vefþjónusta séu gerð aðgengileg í gegnum þá landupplýsingagátt sem kveðið er á um í 5. gr.

Séu stafrænar landupplýsingar og tengd vefþjónusta í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra skulu stjórnvöld hafa tæknilega getu til að miðla gögnum og tengja þau landupplýsingagátt, sbr. 5. gr.

Stjórnvöldum er ekki skylt á grundvelli laga þessara að afla nýrra gagna.

7. gr.

Tenging annarra en stjórnvalda við landupplýsingagátt.

Nú búa aðrir en stjórnvöld yfir stafrænum landupplýsingum í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra, og geta þeir þá sótt um að fá að tengja landupplýsingar sínar við landupplýsingagátt. Beiðni um slíkt skal send Landmælingum Íslands sem taka ákvörðun um hvort tenging sé heimil. Jafnframt geta Landmælingar Íslands haft frumkvæði að því að aðrir en stjórnvöld tengi gögn sín við landupplýsingagátt.

8. gr.

Sameiginleg notkun gagna.

Stjórnvöld skv. a- og b-lið 3. tölul. 3. gr. skulu veita hver öðrum aðgang að stafrænum landupplýsingum og tengdri vefþjónustu og gera hver öðrum kleift að skiptast á og nota upplýsingar sínar í opinberum verkefnum.

Stjórnvöld skulu veita stofnunum Evrópusambandsins og EFTA aðgang að stafrænum landupplýsingum og þjónustu skv. 5. gr.

9. gr.

Hlutverk Landmælinga Íslands.

Landmælingar Íslands fara með framkvæmd laga þessara.

Landmælingar Íslands sjá um rekstur, viðhald og tæknilega þróun landupplýsingagáttar, sbr. 5. gr. Landmælingar Íslands skulu einnig vera stjórnvöldum til ráðgjafar til að skyldum samkvæmt lögum þessum sé fullnægt.

10. gr.

Aðgerðaáætlun.

Landmælingar Íslands gera tillögu til ráðherra um aðgerðaáætlun við uppbyggingu, rekstur og viðhald grunngerðar fyrir stafrænar landupplýsingar um Ísland. Aðgerðaáætlunin skal vera til fimm ára í senn og skal umhverfisráðherra staðfesta hana.

11. gr.
Gjaldtaka.

Þjónusta skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. er veitt án endurgjalds. Heimilt er að hafa gögn hjá skoðunarþjónustu skv. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. á því sniði að þau verði ekki notuð í viðskiptalegum tilgangi.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir þjónustu skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. Þjónustugjöld þessi skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við að veita þjónustu, má ekki vera hærra en kostnaður við þjónustuna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldskrá skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Notendum skal gert kleift að greiða þjónustugjald skv. 2. mgr. með rafrænum hætti.

12. gr.
Upplýsingagjöf.

Stjórnvöldum er skylt að veita Landmælingum Íslands þær upplýsingar á grundvelli þessara laga sem ráðherra óskar eftir, þ.m.t. um notkun landupplýsinga, útbreiðslu þeirra og aðgang að þeim.

13. gr.
Reglugerðarheimild.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um:

a. þá þætti upplýsinga sem lögin ná til, sbr. 2. gr.,
b. þær upplýsingar sem lýsigögn innihalda og um uppfærslu á þeim, sbr. 4. gr.,
c. landupplýsingagátt, sbr. 5. gr., m.a. um samsetningu leitarþátta,
d. gjaldtöku, sbr. 11. gr.,
e. upplýsingar sem stjórnvöldum er skylt að veita ráðherra, sbr. 12. gr.

14. gr.
Innleiðing á tilskipun.

Með lögum þessum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB um notkun og miðlun landupplýsinga, sem vísað er til í I. kafla í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010 frá 30. apríl 2010.

15. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 1. málsl. 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2014.

16. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Við 4. gr. laga nr. 103/2006, um landmælingar og grunnkortagerð, bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að fara með framkvæmd laga um grunngerð fyrir stafrænar upplýsingar, þ.m.t. að sjá um rekstur, viðhald og tæknilega þróun landupplýsingagáttar.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Landmælingar Íslands skulu koma á fót landupplýsingagátt, sbr. 5. gr., fyrir 1. júní 2012.

II.

Fyrsta aðgerðaáætlun skv. 10. gr. skal vera tilbúin til staðfestingar 1. janúar 2014.

Frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2014 skal starfa samræmingarnefnd um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar. Hlutverk nefndarinnar er að vinna að fyrstu aðgerðaáætlun skv. 1. mgr. og aðstoða stjórnvöld við frekari stefnumótun á þessu sviði. Umhverfisráðherra skipar nefndina og skulu vera í henni tíu fulltrúar. Umhverfisráðherra tilnefnir einn fulltrúa, forsætisráðherra einn, iðnaðarráðherra einn, innanríkisráðherra einn, mennta- og menningarmálaráðherra einn, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra einn, og skulu þessir fulltrúar ráðherranna annast tengsl við stofnanir viðkomandi ráðuneyta, Samband íslenskra sveitarfélaga einn, LÍSA, samtök um landupplýsingar á Íslandi, einn og Landmælingar Íslands einn. Umhverfisráðherra skipar formann nefndarinnar.

1326. Frumvarp til laga [333. mál]

um breytingu á lögum um efni og efnablöndur og lögum um eiturefni og hættuleg efni.

(Eftir 2. umr., 15. apríl.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, er orðast svo:

Flokkun efna og efnablandna og tilkynningar.

Áður en efni og efnablanda er sett á markað skulu framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi, með samvinnu sín á milli, flokka efni og efnablöndu með tilliti til hættu fyrir umhverfi og heilsu, svo og eðlisrænnar hættu.

Framleiðandi eða innflytjandi skal tilkynna hættuflokkun efnis eða einstakra innihaldsefna í efnablöndu til Efnastofnunar Evrópu innan 30 daga frá markaðssetningu.

Framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi skulu láta fara fram mat sem lagt er til grundvallar við hættuflokkun efnis eða efnablöndu. Slíkt mat skal fara fram á grundvelli fyrirliggjandi og aðgengilegra gagna um viðkomandi efni. Ef þörf er á skulu framleiðandi, innflytjandi og eftirnotandi afla nauðsynlegra gagna í samræmi við prófunaraðferðir sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur.

Framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi skal á grundvelli nýrra upplýsinga eða endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum breyta áðurgerðri flokkun sé þess þörf.

Birgi er skylt að varðveita og hafa til reiðu gögn sem tengjast flokkun og merkingu samkvæmt lögum þessum í a.m.k. 10 ár eftir að hann afhenti efnið eða efnablönduna síðast.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hættuflokkun efna og efnablandna og mat til grundvallar hættuflokkun.

2. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, er orðast svo:

Merkingar og umbúðir.

Birgir skal tryggja að efni og efnablöndur sem tilbúnar eru til notkunar séu merktar í samræmi við hættuflokkun þeirra. Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis, magni efnis og efnablöndu, hættusetningum, varnaðarsetningum, viðvörunarorðum og hættumerkjum. Texti merkinganna skal vera á íslensku nema kveðið sé á um annað í reglugerð sem ráðherra setur.

Birgir skal tryggja að umbúðir efna og efnablandna séu traustar, ólekar og nægilega öruggar til að varðveita vöruna án þess að skemmdir verði á umbúðum eða innihaldi þeirra við eðlilega meðhöndlun. Jafnframt skal hann tryggja að umbúðir efna og efnablandna, sem ætlaðar eru til dreifingar á almennum markaði, séu hvorki þannig að formi né útliti að þær veki forvitni og athygli barna eða svo að villast megi á þeim og umbúðum undir matvæli, fóður, lyf eða snyrtivörur.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um merkingar, m.a. um tungumál, stærð og gerð umbúða og upplýsingar á merkimiða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 7. gr. laganna:

a. A-liður orðast svo: Efnið hefur verið flokkað í samræmi við 5. gr. a og samkvæmt þeirri flokkun veldur það eðlisrænni hættu, heilbrigðishættu eða umhverfishættu.
b. B-liður orðast svo: Efnið er þrávirkt, safnast fyrir í lífverum og er eitrað samkvæmt nánari viðmiðum sem sett eru í reglugerð.

4. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, er orðast svo:

Auglýsingar.

Í öllum auglýsingum um efni, hvort sem um er að ræða beinar eða óbeinar auglýsingar, skulu koma fram upplýsingar um hættuflokkun þeirra. Sömu upplýsingar skulu fylgja efnablöndum sem eru flokkaðar sem hættulegar eða innihalda hættuleg efni.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. a og 6. gr. a skulu ákvæði er varða flokkun, merkingu og umbúðir efnablandna ekki taka gildi fyrr en 1. júní 2015.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

6. gr.

1. og 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Eiturefni er samkvæmt lögum þessum hættulegt efni sem í litlu magni veldur dauða, bráðum eða langvarandi skaða á heilsu við innöndun og inntöku eða í snertingu við húð.

Hættulegt efni er efni sem getur valdið dauða, bráðum eða langvarandi skaða á heilsu við innöndun og inntöku eða í snertingu við húð, er eldnærandi, eld- eða sprengifimt eða getur valdið tjóni á umhverfi.

7. gr.

2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 12. gr., 13. gr. og 20. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Tilvísunin „sbr. 13. gr.“ í 2. mgr. 18. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Fram til 1. júní 2015 skal eftirfarandi gilda um flokkun efna og efnablandna og merkingu og umbúðir efnablandna:

a. Framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili eiturefna og hættulegra efna auk efnavara eða efnablandna sem innihalda slík efni skal afla upplýsinga um áhrif þeirra. Á grundvelli þeirra upplýsinga skal hann síðan til 1. júní 2015 tilgreina flokkun og merkja viðkomandi efni, efnablöndu og vöru samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.
b. Efnablöndur skal láta úti og selja í sterkum og velluktum ílátum. Ílátin skulu vera þannig útlits eða svo greinilega auðkennd að ekki verði villst á þeim og ílátum sem eru notuð undir lyf, matvæli og aðrar neysluvörur, fóðurvörur, fegrunar- eða snyrtiefni eða önnur efni. Ílátin skulu vera greinilega merkt. Á ílátum skal geta innihalds og á ílátum og ystu umbúðum um eiturefni og hættuleg efni skulu vera viðeigandi hættumerki. Á ílátunum skulu enn fremur vera varnaðarorð á íslensku. Skulu merkingar vera hliðstæðar því sem tíðkast í nálægum löndum, svo sem kostur er.
c. Efnablöndur skal varðveita í umbúðum seljenda eða öðrum umbúðum jafntryggum.
d. Heimilt er að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar að kveða á um mat á eiturhrifum og notagildi varnings er hefur tiltekin lífræn leysiefni að geyma og flokkast sem hættuleg efni. Skal þá hlíta nánari ákvæðum um sölu og notkun varningsins eða banni við notkun hans í samræmi við reglugerðir um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna, sbr. 18. gr.

III. KAFLI
Innleiðing og gildistaka.

10. gr.

Innleiðing á reglugerð.

Lög þessi fela í sér innleiðingu ákvæða í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

11. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Reglugerðir settar samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við ákvæði þessara laga.

1327. Frumvarp til laga [573. mál]

um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (flutningur leyfa og undanþágna til Lyfjastofnunar og gjaldtaka).

(Eftir 2. umr., 15. apríl.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Lyfjastofnun getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. þegar sérstaklega stendur á. Slíkar undanþágur eru ávallt afturtækar. Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja frekari skilyrði og takmarkanir á veitingu undanþágna og mæla fyrir um önnur atriði er varða framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna þeirra er greinir í 1. mgr. er einungis heimil lyfsölum, lyfjaheildsölum, lyfjaframleiðendum og þeim sem Lyfjastofnun hefur veitt sérstakt leyfi til slíks. Sækja þarf um sérstakt leyfi til Lyfjastofnunar í hvert sinn. Slík leyfi eru ávallt afturtæk. Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja frekari skilyrði og mæla fyrir um takmarkanir á slíkri starfsemi og önnur atriði er varða framkvæmd þessa ákvæðis.

II. KAFLI

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við 9. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt veitir Lyfjastofnun leyfi og undanþágur samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni.
b. Í stað orðanna „og fyrir mat á stöðluðum forskriftum skv. 5. gr.“ í 8. mgr. kemur: fyrir mat á stöðluðum forskriftum skv. 5. gr. og fyrir veitingu leyfa og undanþágna samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni, sbr. 9. tölul. 1. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1328. Þingsályktun [42. mál]

um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013.

(Afgreidd frá Alþingi 15. apríl 2011.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2010–2013. Áætlunin byggist á aðgerðum í nýsköpun og atvinnuþróun í samræmi við aðra stefnumótun við gerð Sóknaráætlunar 2020.

Meginmarkmið byggðaáætlunarinnar verði að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum og efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum.

Forsætisráðherra, f.h. ríkisstjórnar sinnar, flytji Alþingi munnlega skýrslu um framgang byggðaáætlunar, sem jafnframt verði rædd á Alþingi, í upphafi ársins 2012.

Til þess að ná markmiðum áætlunarinnar verði gripið til eftirfarandi aðgerða sem falla undir níu skilgreind lykilsvið:

1. *Atvinnustefna.* Kjarni atvinnustefnunnar er bætt samkeppnishæfni, nýsköpun og sjálfbær þróun atvinnulífsins þar sem byggt er á sérstöðu og styrkleikum hvers svæðis eða atvinnugreinar fyrir sig, menntun, rannsóknum og margvíslegum menningar- og samfélagslegum þáttum.
2. *Samþætting áætlana og aukið samstarf.* Samþætting opinberra áætlana, m.a. á sviði byggðamála, menntamála, orkumála, samgangna, fjarskipta og menningarmála, er hugsuð í þeim tilgangi að bæta árangur í þágu atvinnulífs og búsetuskilyrða auk betri nýtingar fjármuna.
3. *Efling stoðkerfis atvinnulífsins.* Tilgangurinn með þessu er m.a. að auka skilvirkni atvinnulífsins og gera það einfaldara. Það er meðal annars gert með því að leggja áherslu á vaxtarsamninga sem byggjast á klasahugsun og á svæðisbundin þekkingarsetur sem samþætta þverfagleg fræðasvið og staðbundnar áherslur, sérkenni og styrkleika og eru líkleg til að skila auknum árangri í nýsköpun og atvinnuþróun.
4. *Nýsköpun og sprotafyrirtæki.* Stuðningur við nýsköpun og sprotafyrirtæki verði þrenns konar. Í fyrsta lagi í gegnum menntakerfið og stoðkerfi atvinnulífsins, svo sem Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögin, starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og sjóði til stuðnings nýsköpun, atvinnusköpun og sprotafyrirtækjum. Í öðru lagi í gegnum skattalegar ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsókna og þróunar. Í þriðja lagi í gegnum skilgreind verkefni, klasa eða áherslur opinberra aðila, svo sem að auka hlutfall innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum eða að þróa leiðir til að nýta eða binda koltvísýring úr útblæstri orku- og iðjuvera.
5. *Erlend nýfjárfesting í atvinnulífinu.* Til viðbótar við innlenda nýsköpun og vöxt atvinnulífsins, sem kalla má „innri vöxt“, er mikilvægt að stuðla markvisst að erlendri nýfjárfestingu í atvinnulífinu. Rammalöggjöf um ívilnanir vegna fjárfestingar mun taka til svæða sem skilgreind eru á byggðakorti Eftirlitsstofnunar EFTA og mikilvægt að atvinnuþróunarfélög eigi samstarf við Fjárfestingarstofu um kynningu á helstu kostum og styrkleikum svæða.
6. *Efling ferðaþjónustu.* Eftir mikinn vöxt, vöruþróun og nýsköpun á síðustu árum er ferðaþjónustan orðin ein af meginstoðum íslensks efnahagslífs og skapar um fimmtung gjaldeyristekna þjóðarbúsins. Mikilvægt er að byggja nú á þeim styrkleikum sem til staðar eru og markaðssetja þá sérstaklega gagnvart erlendum ferðamönnum um leið og gætt er

að gæðum og frekari vöruþróun. Horfa þarf sérstaklega til sviða þar sem sérstaða íslenskrar náttúru, afurða og náttúruauðlinda nýtist, svo sem heilsu- og lífsstílstengdrar ferðaþjónustu.

7. *Félagsauður*. Félagsauður hvers svæðis er grundvöllur atvinnulífs, þjónustu og almennrar þátttöku í uppbyggingu samfélagsins. Félagsauðurinn ræður því miklu um almenn búsetuskilyrði og samkeppnishæfni. Menntun, menning, félagsstarf, lýðræðisleg þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn eru allt atriði sem skipta máli. Jafnrétti og þátttaka beggja kynja í atvinnulífi og samfélagsmótun er sérstakt viðfangsefni sem líta þarf til.
8. *Efling menningarstarfs og skapandi greina.* Menning og listir skipa æ ríkari sess í nýsköpun og eflingu atvinnulífs um land allt og hafa þar með jákvæð áhrif á byggðaþróun. Svæðisbundnir menningarsamningar hafa reynst vel og styðja við fjölbreytt menningar- og listalíf á landsbyggðinni og efla tengsl lista og menningartengdrar ferðaþjónustu. Mikilvægt er að styrkja grundvöll skapandi greina með því að auka áherslu á menntun á þessu sviði. Nýta má menningarsamninga og vaxtarsamninga í þessu skyni og koma á víðtæku samstarfi við þekkingarsetur og menningarsetur í heimabyggð, framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar um eflingu menntunar á sviði skapandi greina.
9. *Jöfnun lífsskilyrða:* Lögð verði sérstök áhersla á að lífskjör séu þau sömu um allt land, sem og áhersla á valfrelsi til búsetuskilyrða. Sem fyrstu aðgerðir til að stuðla að þessu verði lögð sérstök áhersla á jöfnun húshitunarkostnaðar og flutningsjöfnun á vörum bæði fyrir almenning og fyrirtæki á landsbyggðinni.

1329. Fyrirspurn [762. mál]

til umhverfisráðherra um útgáfu Umhverfisstofnunar á starfsleyfum.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvað veitti Umhverfisstofnun mörg starfsleyfi árin 2007–2010, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margar umsóknir um starfsleyfi bárust stofnuninni ár hvert á framangreindu tímabili, hversu margar af þeim voru um nýtt starfsleyfi og hversu margar voru um endurnýjun starfsleyfis?
3. Hversu langan tíma tók útgáfa framangreindra starfsleyfa, sundurliðað eftir því hvort um framlengingu eða nýja umsókn var að ræða? Óskað er eftir yfirliti þar sem fram kemur tímalengd hverrar afgreiðslu og fjöldi afgreiddra mála eftir 1–3 mánuði, 3–6 mánuði o.s.frv.
4. Í hve mörgum tilvikum tókst ekki að afgreiða nýtt starfsleyfi áður en hið fyrra rann út? Hvað gerist í þeim tilvikum og hversu mörg fyrirtæki voru þannig án starfsleyfis í árslok 2007–2010, sundurliðað eftir árum? Óskað er eftir yfirliti yfir þau fyrirtæki sem eru með útrunnið starfsleyfi í árslok 2008, 2009 og 2010, flokkað eftir starfsgreinum. Jafnframt komi fram á yfirlitinu hver fyrirtækjanna sóttu um endurnýjun starfsleyfis innan tilskilinna tímamarka.

Skriflegt svar óskast.

1330. Frumvarp til laga [763. mál]

um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (samspil örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 16., 18., 19., 21. og 22. gr. skulu greiðslur örorkulífeyris, örorkustyrks, aldurstengdrar örorkuuppbótar og tekjutryggingar ekki lækka á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2013 vegna almennra hækkana á örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr., 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 10. gr. skulu greiðslur heimilisuppbótar, uppbótar á lífeyri vegna kostnaðar og uppbótar vegna reksturs bifreiðar ekki lækka á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2013 vegna almennra hækkana á örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 15. gr. er óheimilt á tímabilinu frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2013 að láta almennar hækkanir sem kunna að verða á örorkulífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, og lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, leiða til lækkunar á örorkulífeyri sjóðfélaga úr lífeyrissjóði.

IV. KAFLI

Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda um greiðslur til örorkulífeyrisþega á grundvelli laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, og laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem inntar hafa verið af hendi frá 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í viðræðum ríkisstjórnar Íslands og Landssamtaka lífeyrissjóða hefur verið staðfest að vilji sé til þess að efna til endurskoðunar á samspili bóta almannatrygginga og lífeyris úr lífeyris-

sjóðum. Er frumvarp þetta lagt fram í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Landssamtaka lífeyrissjóða um víxlverkun örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyris úr lífeyrissjóðum annars vegar og hins vegar hækkun frítekjumarks ellilífeyrisþega í áföngum frá 3. desember 2010. Enn fremur er vísað til samkomulags félags- og tryggingamálaráðherra og Landssamtaka lífeyrissjóða frá 30. desember 2010 sem gert var á grundvelli þeirrar yfirlýsingar. Það frumvarp sem hér er lagt fram nær yfir þann hluta yfirlýsingarinnar og samkomulagsins er lýtur að samspili örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða, en síðar mun verða lagt fram frumvarp er lýtur að hækkun frítekjumarks ellilífeyrisþega í áföngum.

Markmið yfirlýsingarinnar og samkomulagsins er að koma í veg fyrir þá víxlverkun milli örorkubóta frá almannatryggingum og örorkulífeyris úr lífeyrissjóðum sem hefur komið upp í samspili þessara tveggja meginstoða í lífeyristryggingum hér á landi Samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, lækka lífeyrisgreiðslur í mörgum tilfellum vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum. Þá er mælt fyrir um það í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, að sjóðfélagi í lífeyrissjóði eigi rétt á örorkulífeyri úr viðkomandi sjóði hafi hann orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Ákvæðið hefur verið útfært nánar í samþykktum lífeyrissjóða þar sem kveðið er á um að heildartekjur örorkulífeyrisþega eftir orkutap verði ekki umfram þær tekjur sem hann hafði fyrir orkutap. Við samanburð á heildartekjum fyrir og eftir orkutap líta sjóðirnir m.a. til greiðslna almannatrygginga sem oft hefur leitt til þess að greiðslur til lífeyrisþega úr lífeyrissjóðum hafa lækkað eða jafnvel fallið niður. Við þá tekjulækkun öðlast hinir sömu einstaklingar aukin réttindi innan almannatryggingakerfisins, sem aftur leiðir til enn frekari lækkunar á greiðslum frá lífeyrissjóðunum við næsta samanburð og síðan koll af kolli. Gagnkvæm tekjutenging almannatrygginga og greiðslna úr lífeyrissjóðum getur því leitt til tíðra breytinga á örorkulífeyrisgreiðslum og tilsvarandi óöryggis lífeyrisþega sem fyrst og fremst hafa komið örorkulífeyrisþegum illa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2013 muni greiðslur örorkulífeyris, örorkustyrks, aldurstengdrar örorkuuppbótar og tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiðslur heimilisuppbótar, uppbótar á lífeyri vegna kostnaðar og uppbótar vegna reksturs bifreiðar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, ekki lækka vegna almennra hækkana lífeyrisgreiðslna úr lífeyrissjóðum á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hér er t.d. átt við hækkanir sem verða á greiðslum vegna vísitöluhækkunar eða hækkunar á hámarki viðmiðunartekna fyrir orkutap lífeyrisþega. Frumvarpið tekur því til almennra hækkana en ekki þeirra breytinga sem rót eiga í endurmati á starfsorku viðkomandi lífeyrisþega. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að greiðslur frá lífeyrissjóðum lækki ekki vegna almennra hækkana sem kunna að verða á örorkulífeyri almannatrygginga. Í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkun milli kerfanna þykir nauðsynlegt að bæta við tölulið við ákvæði til bráðabirgða í lögum um almannatryggingar og málsgrein við ákvæði til bráðabirgða í lögum um félagslega aðstoð. Enn fremur er lagt til að nýtt ákvæði til bráðabirgða bætist við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frumvarp þetta hefur verið samið í samvinnu við fjármálaráðuneytið og Landssamtök lífeyrissjóða. Því er ætlað að tryggja framkvæmd framangreinds samkomulags aðila á gildistíma þess, en þess er vænst að á þeim tíma verði áðurnefndri endurskoðun á sambandi og samspili lífeyrissjóða og almannatrygginga lokið og að sú vinna leiði fram lausn á víxlverkan þessara tveggja meginstoða lífeyristrygginga landsmanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir því að á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2013 muni greiðslur örorkulífeyris, örorkustyrks, aldurstengdrar örorkuuppbótar og tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar, ekki lækka vegna almennra hækkana á lífeyri úr lífeyrissjóðum. Eins og fyrr greinir er hér t.d. átt við hækkanir sem verða á greiðslum frá lífeyrissjóðunum vegna vísitöluhækkunar eða hækkunar á hámarki viðmiðunartekna fyrir orkutap lífeyrisþega en ekki aðrar hækkanir á greiðslum til þeirra, t.d. vegna breytinga á örorkumati.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að á sama tímabili muni greiðslur heimilisuppbótar, uppbótar á lífeyri vegna kostnaðar og uppbótar vegna reksturs bifreiðar til öryrkja samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, ekki lækka vegna almennra hækkana á örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum. Ákvæðið mun gilda um þá bótaflokka félagslegrar aðstoðar sem þar eru taldir upp. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir að það nái yfir sérstaka uppbót vegna framfærslu skv. 2. mgr. 9. gr. laganna, svokallaða framfærsluuppbót, en hún er greidd lífeyrisþegum sem hafa heildartekjur undir ákveðnu marki og nemur fjárhæð hennar mismuninum á heildartekjum lífeyrisþegans og viðmiðunarfjárhæðinni. Tilgangur framfærsluuppbótar er að auka heildartekjur tekjulægstu lífeyrisþeganna upp að þessu marki þannig að enginn lífeyrisþegi hafi lægri heildartekjur sér til framfærslu en sem því nemur. Fari heildartekjur lífeyrisþega upp fyrir þetta viðmið, t.d. vegna hækkunar á lífeyrisgreiðslu frá lífeyrissjóði, eða af öðrum ástæðum, eru forsendur ekki lengur til staðar til áframhaldandi greiðslu framfærsluuppbótar.

Um 3. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu er gert ráð fyrir því að greiðslur úr lífeyrissjóðum lækki ekki vegna almennra hækkana sem kunna að verða á örorkulífeyrisgreiðslum almannatrygginga á tímabilinu frá 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2013. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að möguleg hækkun á örorkulífeyrisgreiðslum almannatrygginga leiði til lækkunar á örorkulífeyri úr lífeyrissjóði, þar sem lífeyrir takmarkast við það að heildartekjur viðkomandi verði ekki umfram þær tekjur sem hann hafði fyrir missi starfsorku.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi en lögunum er ætlað að gilda um þær greiðslur til örorkulífeyrisþega sem inntar hafa verið á hendi frá 1. janúar 2011 á grundvelli laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, og laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Er lögunum því ætlað að gilda um þá örorkulífeyrisþega sem fá lífeyrisgreiðslur á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2013.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands og Landssamtaka lífeyrissjóða frá 3. desember 2010.

YFIRLÝSING

Víxlverkun bóta almannatrygginga og lífeyrissjóðanna
Ríkisstjórnin mun fresta endurútreikningi vegna mögulegrar lækkunar greiðslna almannatrygginga vegna aukinna greiðslna frá lífeyrissjóðum. Á sama hátt eru lífeyrissjóðirnir tilbúnir að beita ekki tekjuviðmiðun eftir úrskurð, gagnvart nýjum örorkulífeyrisúrskurðum.
Þetta gildir einnig ef tekjur örorkulífeyrisþega á samningstímabilinu samanstanda eingöngu af bótum lífeyrissjóða og almannatrygginga. Áfram verði þó tekið tillit til atvinnutekna við tekjuviðmiðun hjá almannatryggingum og lífeyrissjóðum.
Með þessum aðgerðum verði leitast við að koma í veg fyrir víxlverkanir og tekjurýrnum lífeyrisþega af hennar völdum næstu þrjú árin. Á þeim tíma verði fundin viðvarandi lausn á vandanum til framtíðar. Þá eru aðilar einnig sammála um að endurskoða tekjutengingu ýmissa bótaflokka almannatrygginga.

Hækkun frítekjumarks ellilífeyrisþega í áföngum 2013- 2015.
Ríkisstjórnin samþykkir að frítekjumark á ellilífeyri lífeyrissjóðanna gagnvart almannatryggingum verði hækkað í áföngum og komi fyrsti hlutinn til framkvæmda í ársbyrjun 2013. Annar áfangi komi til framkvæmda í ársbyrjun 2014 og frá og með ársbyrjun 2015 verði lokið við að hækka frítekjumarkið til samræmis við frítekjumark örorkulífeyrisþega.

Reykjavík 3. desember 2010.

Forsætisráðherra

Jóhanna Sigurðardóttir

Fjármálaráðherra

Steingrímur J. Sigfússon

Félags- og tryggingamálaráðherra

Guðbjartur Hannesson

Landssamtök Lífeyrissjóða

Arnar Sigmundsson
f.h. annara aðildarfélaga

Fylgiskjal II.

Samkomulag félags- og tryggingamálaráðherra og Landssamtaka lífeyrissjóða frá 30. desember 2010.

Á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands og Landssamtaka lífeyrissjóða frá 3. desember 2010 um víxlverkun bóta almannatrygginga og lífeyrissjóðanna og hækkun frítekjumarks ellilífeyrisþega í áföngum hafa aðilar gert með sér svohljóðandi

SAMKOMULAG

1. gr.

Bætur almannatrygginga skulu ekki lækka á tímabilinu 1. janúar 2011 – 31. desember 2013 þrátt fyrir almennar hækkanir greiðslna frá lífeyrissjóðum svo sem vegna vísitöluhækkunar eða hækkunar á hámarki viðmiðunartekna fyrir orkutap.

2. gr.

Lífeyrissjóðir munu á sama tímabili ekki beita tekjuviðmiðun eftir úrskurð gagnvart nýjum örorkulífeyrisúrskurðum. Á sama tíma munu lífeyrissjóðir ekki lækka lífeyri vegna hækkunar lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins.

3. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. gilda um bætur almannatrygginga og greiðslur frá lífeyrissjóðum. Ákvæðin gilda ekki um atvinnutekjur eða aðrar tegundir tekna sem hafa áhrif á fjárhæðir bóta. Ákvæðin ná til þeirra sem fá lífeyrisgreiðslur á framangreindu tímabili og skal þeim ekki beitt með afturvirkum hætti.

4. gr.

Landssamtök lífeyrissjóða og Tryggingastofnun ríkisins skulu útbúa verklagsreglur þar sem kveðið er á um nánari framkvæmd samkomulagsins til að það nái tilætluðum árangri.

5. gr.

Frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega gagnvart útreikningi bóta almannatrygginga skal hækka í þremur áföngum. Fyrsti áfangi skal koma til framkvæmda hinn 1. janúar 2013, annar áfangi hinn 1. janúar 2014 og síðasti áfanginn hinn 1. janúar 2015, en þá skal frítekjumarkið hafa hækkað til samræmis við frítekjumark örorkulífeyrisþega gagnvart lífeyrissjóðstekjum.

6. gr.

Skipuð verður nefnd sem hefur það hlutverk að finna lausn á víxlverkunum bóta almannatrygginga og lífeyrissjóðanna til framtíðar. Þá skal nefndin gera tillögur um aukið samstarf Tryggingastofnunar ríkisins og lífeyrissjóðanna til einföldunar og hagsbóta fyrir lífeyrisþega, t.d. á sviði þjónustu, upplýsingamiðlunar og rafrænna samskipta.

Reykjavík, 30. desember 2010

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja framkvæmd samkomulags milli stjórnvalda og Landssamtaka lífeyrissjóða sem gert var á grundvelli viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Landssamtaka lífeyrissjóða 3. desember 2010, um afnám víxlverkunar tekjuskerðingar örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyris úr lífeyrissjóðum annars vegar og hins vegar um hækkun frítekjumarks ellilífeyrisþega.

Samkvæmt samkomulaginu eiga bætur örorkulífeyrisþega ekki að lækka á árunum 2011–2013 þrátt fyrir almennar hækkanir greiðslna frá lífeyrissjóðum, svo sem vegna vísitöluhækkunar eða hækkunar á hámarki viðmiðunartekna vegna orkutaps. Á sama tímabili munu lífeyrissjóðirnir ekki beita tekjuviðmiðun eftir úrskurð gagnvart nýjum örorkulífeyrisúrskurðum eða lækka örorkulífeyrisgreiðslur vegna hækkana á bótum almannatrygginga. Samkomulagið nær hins vegar ekki til atvinnutekna eða annarra tekna sem hafa áhrif á bótagreiðslur. Með þessu móti er verið að rjúfa gagnkvæma tekjutengingu sem fólgin er í gildandi lögum og getur leitt til víxlverkandi breytinga á örorkulífeyrisgreiðslum. Þá kveður samkomulagið á um að frítekjumark á lífeyrissjóðsgreiðslum til ellilífeyrisþega verði hækkað til jafns við frítekjumark örorkulífeyrisþega en að það verði framkvæmt í áföngum á árunum 2013–2015. Að auki segir í samkomulaginu að áður en samningstímabilið renni út verði fundin varanleg lausn á víxlverkunum bóta almannatrygginga og almennra lífeyrissjóða.

Í samræmi við framangreinda viljayfirlýsingu og samkomulag er lagt til í frumvarpinu, í fyrsta lagi, að bætt verði bráðabirgðaákvæði við lögin um almannatryggingar um að greiðslur örorkulífeyris, örorkustyrks, aldurstengdrar örorkuuppbótar og tekjutryggingar skuli ekki lækka á tímabilinu 2011–2013 vegna almennra hækkana á örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum. Í öðru lagi er lagt til að bætt verði bráðabirgðaákvæði við lögin um félagslega aðstoð um að greiðslur heimilisuppbótar, uppbótar á lífeyri vegna kostnaðar og uppbótar vegna reksturs bifreiðar skuli ekki lækka á tímabilinu 2011–2013 vegna almennra hækkana á örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum. Í þriðja lagi er lagt til að bætt verði bráðabirgðaákvæði við lögin um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða um að óheimilt verði að láta almennar hækkanir á bótum samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð leiða til lækkunar á örorkulífeyri sjóðfélaga úr lífeyrissjóði. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessar breytingar gildi frá og með 1. janúar 2011.

Áformað er að Tryggingastofnun ríkisins og Landssamtök lífeyrissjóða móti sameiginlegar verklagsreglur vegna útreikninga tengda samkomulaginu og að þeir verði framkvæmdir afturvirkt í endurútreikningi bóta sem jafnan fer fram á hverju ári.

Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu hefðu áhrif á greiðslur til þeirra 7.700 bótaþega almannatrygginga sem einnig fá örorkubætur frá lífeyrissjóðunum. Heildartekjur hópsins, þ.e. bæði lífeyrissjóðstekjur og atvinnutekjur, eru á bilinu 42–332 þúsund kr. á mánuði en við efri mörkin falla bætur almannatrygginga niður. Meðalviðmiðunartekjur hópsins eru

um 196 þúsund kr. á mánuði. Meðalatvinnutekjur einstaklinga í þessum hópi eru taldar vera tæpar 21 þúsund kr. og er því áætlað að lífeyrissjóðstekjur þeirra séu tæpar 176 þúsund kr. á mánuði. Líta má svo á að með frumvarpinu sé í reynd verið að búa til sértækt frítekjumark gagnvart lífeyrissjóðstekjum sem bætist við núverandi frítekjumark en það er í dag 27.400 kr. á mánuði. Ígildi viðbótarfrítekjumarks myndast fyrir þær hækkanir sem lífeyrissjóðir gera árlega á bótum með hliðsjón af almennum launa- og verðlagshækkunum. Má segja að núverandi frítekjumark vegna örorkulífeyrisgreiðslna hækki um 1.760 kr. að meðaltali fyrir hvert prósentustig vísitöluhækkunar örorkubóta lífeyrissjóða frá síðustu áramótum. Þar sem tekjuskerðingarhlutfall bóta almannatrygginga er 45% mun því hver bótaþegi fá í sinn hlut 792 kr. meira á mánuði fyrir hvert prósentustig vísitöluhækkunar.

Við mat á áhrifum frumvarpsins er gengið út frá því að lífeyrissjóðir muni taka mið af þróun launavísitölu við árlegar hækkanir á örorkubótum. Samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því um miðjan nóvember 2010 er gert ráð fyrir að meðalgildi launavísitölu ársins 2011 verði 2,2% hærra en janúargildi vísitölunnar og að meðalgildi áranna 2012 og 2013 verði 4,4% og 4,8% hærra en meðalgildi áranna á undan. Gangi þessar hækkanir á launavísitölu eftir mundi það hafa í för með sér að frítekjumark lífeyrissjóðstekna mundi í reynd verða 3.867 kr. hærra á þessu ári en það er nú, 11.776 kr. hærra árið 2012 og 20.740 kr. hærra árið 2013.

Samkvæmt þessu gera útreikningar Tryggingastofnunar ríkisins ráð fyrir að uppsöfnuð útgjöld almannatryggingakerfisins verði samtals um 1,2 mia. kr. hærri á tímabilinu 2011–2013 frá því sem annars hefði orðið. Þannig er áætlað að útgjöldin verði 131 m.kr. hærri á yfirstandandi ári en 387 m.kr. hærri árið 2012 og 656 m.kr. hærri árið 2013. Ekki eru gerðar breytingartillögur í þessu frumvarpi vegna hækkunar frítekjumarks ellilífeyrisþega sem koma á til framkvæmda á árunum 2013–2015 samkvæmt samkomulaginu en lauslegar áætlanir gefa til kynna að fjárhagsleg áhrif af því fyrir ríkissjóð gætu numið liðlega 2 mia. kr. Ekki er gert ráð fyrir framangreindum viðbótarútgjöldum í gildandi fjárlögum þar sem settur er bindandi útgjaldarammi á nafnvirði fyrir ríkið í heild næstu tvö árin.

1331. Breytingartillaga [147. mál]

við till. til þál. um kosningu rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar um aðdraganda ákvörðunar um stuðning Íslands við innrásina í Írak árið 2003 og birtingu skjala og annarra upplýsinga um málið.

Frá Bjarna Benediktssyni, Birgi Ármannssyni, Ólöfu Nordal,
Ragnheiði E. Árnadóttur og Sigurði Kára Kristjánssyni.

Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Nefndinni verði jafnframt falið að rannsaka aðdraganda og ástæður þess að íslensk stjórnvöld tóku ákvörðun um að standa að samþykktum NATO um hernaðaraðgerðir í Líbíu vorið 2011. Einkum verði athugað hvernig staðið var að ákvörðuninni innan ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar og lagt mat á hvort um lögbundið samráð við Alþingi hafi verið að ræða.

1332. Fyrirspurn [764. mál]

til umhverfisráðherra um friðlýst svæði og virkjunarframkvæmdir.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvaða landsvæði njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd?
2. Hver þessara landsvæða eru friðlýst með þeim skilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilaðar þar?

Skriflegt svar óskast.

1333. Fyrirspurn [765. mál]

til forsætisráðherra um ákvæði laga um opinberar eftirlitsreglur.

Frá Birgi Ármannssyni.

Hvernig hefur ráðherra fylgt eftir ákvæðum laga um opinberar eftirlitsreglur, nr. 27/1999, frá 1. febrúar 2009?

1334. Fyrirspurn [766. mál]

til forsætisráðherra um þingmál í tengslum við Sóknaráætlun 20/20.

Frá Birgi Ármannssyni.

Hyggst ráðherra leggja fram á Alþingi þingmál í tengslum við þá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar sem nefnd hefur verið Sóknaráætlun 20/20?

1335. Fyrirspurn [767. mál]

til innanríkisráðherra um rannsókn efnahagsbrota o.fl.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Hvernig skilgreinir ráðherra verkstjórnarhlutverk sitt í sambandi við rannsókn efnahagsbrota, annars vegar almennt og hins vegar sérstaklega í tengslum við rannsókn brota sem tengjast falli íslenska bankakerfisins haustið 2008?
2. Er ráðherra þeirrar skoðunar að viðbrögð Alþingis og stjórnvalda í tengslum við rannsókn efnahagsbrota í kjölfar bankahrunsins hafi verið umdeild á vettvangi stjórnmál-

anna, sbr. ágreining um frumvörp til breytinga á lögum frá því í október 2008 til dagsins í dag, fjárveitingar til þeirra embætta sem með rannsókn fara og aðrar ráðstafanir og stjórnvaldsákvarðanir sem tengjast rannsókn slíkra brota?

1336. Frumvarp til laga [768. mál]

um brottfall laga nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Flm.: Vigdís Hauksdóttir, Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðardóttir,
Guðmundur Steingrímsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson,
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Siv Friðleifsdóttir.

1. gr.

Lög nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 96/2009 falli úr gildi. Fyrir því hafði verið gert ráð í lögum nr. 13/2011 sem synjað var staðfestingar í þjóðaratkvæðagreiðslu 9. apríl sl.

Lög nr. 96/2009 tóku gildi 3. september árið 2009, en með þeim var fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, að greindum skilyrðum, heimilað að veita Tryggingarsjóði innstæðueigenda ríkisábyrgð á lánaskuldbindingum sjóðsins sem byggðust á svokölluðum Icesave-samningum sem undirritaðir höfðu verið um mitt sama ár. Í reynd fólst í lögunum gagntilboð sem bresk og hollensk stjórnvöld reyndust síðan ekki reiðubúin að samþykkja.

Þess í stað hófust samningaviðræður aðila aftur vegna málsins sem lauk með viðaukasamningum sem undirritaðir voru 19. október 2009. Með breytingalögum nr. 1/2010, sem samþykkt voru í lok árs 2009, stóð til að laga efni laga nr. 96/2009 að umræddum viðaukum en því hafnaði þjóðin í þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010.

Aftur var gengið til samninga við bresk og hollensk stjórnvöld í lok árs 2010 og að þeim undirrituðum voru lög nr. 13/2011 samþykkt á Alþingi 16. febrúar 2011. Þau lög voru síðan felld úr gildi í þjóðaratkvæðagreiðslu 9. apríl 2011.

Fyrir vikið er sú staða nú fyrir hendi að lög nr. 96/2009, sem til stóð að fella brott, eru enn í fullu gildi. Með tilliti til þess sem á undan er gengið er ljóst að löngu tímabært er að fella brott umrædd lög. Enginn tilgangur er með því að þau haldi áfram gildi sínu.

1337. Svar [628. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um stöður lækna á Landspítala.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á fjölda stöðugilda á Landspítala eftir starfsheitum lækna á síðustu fimm árum, sundurliðað á hvert ár?*

Í eftirfarandi töflu má sjá þróun í fjölda stöðugilda lækna á tímabilinu 2006–2010. Eins og sjá má er staðan árið 2010 mjög svipuð því sem var 2006 nema kandidötum hefur heldur fjölgað en læknum sem falla í flokkinn „aðrir læknar“ hefur fækkað, en þeir síðarnefndu sinna klínískum störfum aðeins í mjög litlum mæli. Fjöldi lækna náði hámarki árin 2008 og 2009. Sérfræðilæknum (þar á meðal yfirlæknum) hefur fækkað um 6 stöðugildi (1,9%). Fjöldi unglækna (kandidatar og læknar með lækningaleyfi) er nær óbreyttur frá 2008, örlítil fjölgun er á læknum með lækningaleyfi og örlítil fækkun meðal kandidata.

	2006	2007	2008	2009	2010
LSH.Yfirlæknir	76	77	75	73	80
LSH.Sérfræðilæknir	237	242	246	246	234
LSH.Læknir.með lækningaleyfi	99	106	106	104	102
LSH.Kandidat.	29	30	32	38	35
Aðrir læknar	17	18	20	18	9
Samtals:	458	474	478	478	460

Flokkurinn „Aðrir læknar“ felur í sér lækna sem nú starfa sem framkvæmdastjórar eða í öðrum störfum er ekki snúa beint að meðferð sjúklinga.

2. *Hefur verið skilgreint og áætlað hvernig hátta skal lágmarksmönnun lækna á deildir og í teymum á Landspítala svo að öryggi sjúklinga sé gætt? Ef ekki, stendur til að gera slíka áætlun?*

Erfitt er að setja föst viðmið um fjölda stöðugilda fyrir jafn flókna starfsemi og er á Landspítalanum. Framangreindar tölur endurspegla raunmönnun. Ýmis töluleg gögn LSH sýna að með breyttu skipulagi og starfsháttum hefur tekist að auka nýtingu mannafla og þar með framleiðni. Enn fremur benti mat landlæknisembættis frá árslokum 2009 ekki til að öryggi sjúklinga væri ógnað vegna aukins álags.

Landspítali skipuleggur mönnun í lækningum og annarra heilbrigðisstétta eftir því sem starfsemin þróast og fjárframlög leyfa. Sú hagræðingarkrafa sem lögð hefur verið á sjúkrahúsið síðustu ár hefur krafist gagngerrar endurskoðunar á öllu vinnuskipulagi, meðal annars með endurskipulagningu á vaktlínum lækna. Þeim hefur því fækkað nokkuð en mætti fækka enn frekar með þéttingu starfseminnar í nýrri byggingu. Þessi fækkun byggist á samnýtingu vaktlína og tilfærslu starfsemi frá legudeildum til dagdeilda svo sem tíðkast á öðrum vestrænum háskólasjúkrahúsum.

Vaktþjónusta á stóru háskólasjúkrahúsi byggist aldrei á einum einstaklingi og eru vaktlínur því aldrei ómannaðar. Hægt er að kalla til aðra sérfræðilækna og sérhæfð teymi, svo sem GÁT-teymi (viðbragðsteymi gjörgæslu vegna bráðatilfella á legudeildum).

Vinnutímatilskipun Evrópusambandsins hefur einnig kallað á endurskoðun á vaktaskipulagi lækna. Vegna þess eru hlutfallslega fleiri læknar bundnir á vöktum sem getur bitnað á dagvinnu. Enn fremur leyfa kjarasamningar lækna enga tilhliðrun vegna vaktavinnu heldur grundvallast þeir á dagvinnu. Bæði vinnutímatilskipunin og kjarasamningar kalla því á

aukinn fjölda dagvinnustöðugilda innan læknastéttar sem krefst fjármagns, enda er launakostnaður rúmlega 70% af rekstrarkostnaði spítalans.

1. *Er gerð gæðaskráning, þ.e. skráð hve oft vaktir lækna á deildum eða í teymum eru illa mannaðar, svo sem hálfmannaðar eða ómannaðar?*

Á Landspítala er fylgst sérstaklega með gæða- og öryggismálum. Úrvinnsla á skráðum atvikum er varða annars vegar starfsmenn og hins vegar meðferð sjúklinga bendir ekki til þess að öryggi sjúklinga sé ógnað vegna manneklu. Þá er á spítalanum fylgst mjög vel með kvörtunum og kærum, bæði þeim sem berast til landlæknisembættisins og svo þeim sem koma beint á spítalann og verður ekki heldur séð af þessum gögnum að öryggi sjúklinga sé ógnað. Til að fylgjast enn frekar með öryggi sjúklinga hefur Landspítali styrkt rannsókn þá sem landlæknisembættið ber ábyrgð á og varðar mat á öryggi sjúklinga á sjúkrahúsum landsins.

2. *Ef slík gæðaskráning er gerð er þá slík undirmönnun sundurgreind eftir sviðum eða deildum?*

Skráning er varðar starfsemi og rekstur spítalans, m.a. varðandi atvik, öryggi og gæði, er sundurgreind eftir sviðum og deildum. Eins og fram kemur í svari við 3. tölul. á sér stað úrvinnsla á skráðum atvikum bæði hvað varðar starfsmenn og meðferð sjúklinga.

3. *Telur ráðherra að læknaskortur sé orðinn að veruleika?*

Almennt er talið að ekki sé um skort á læknum á Íslandi að ræða. Hins vegar er ástæða til að hafa áhyggjur af fámenni í tilteknum sérgreinum, en sá vandi er ekki nýr af nálinni og er ekki unnt að tengja hann efnahagshruninu að öllu leyti. Þær sérgreinar sem erfitt hefur reynst að manna undanfarin ár eru í heimilislækningum, brjóstholsskurðlækningum, réttarmeinafræði, bráðalækningum, bæklunarlækningum og krabbameinslækningum.

Á Íslandi voru starfandi 1.146 læknar í árslok 2010. Það þýðir að fjöldi lækna á hverja 100.000 íbúa er 360 á Íslandi, en það eru fleiri læknar á hverja 100.000 íbúa en bæði í Danmörku (343) og Finnlandi (354), en örlítið færri en í Svíþjóð (378). Noregur hefur hins vegar flesta lækna á hverja 100.000 íbúa af Norðurlöndunum eða 430.

1338. Svar [610. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ólafar Nordal um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga.

1. *Er unnið að því í ráðuneytinu að ýta undir það að fjármálagerningar séu teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, þ.e. í Kauphöll Íslands?*

Um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 110/2007, um kauphallir, með síðari breytingum, svo og laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum. Skv. 22. gr. laga nr. 110/2007 skal kauphöll (þ.e. hlutafélag sem fengið hefur leyfi samkvæmt umræddum lögum til að reka skipulegan verðbréfamarkað) setja skýrar og gagnsæjar reglur um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sem verða að uppfylla nánar tilgreind skilyrði.

Fjármálagerningar eru almennt aðeins teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði

að beiðni útgefanda þeirra. Ákvæði 23. gr. laga nr. 110/2007 felur í sér undanþágu frá þeirri meginreglu, en á grundvelli þeirra er kauphöll heimilt að taka verðbréf til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda (e. unsponsored listing) og var ákvæði þessu nýverið beitt í fyrsta skipti á Íslandi um hlutabréf í Össuri hf.

Til þess að fá fjármálagerninga tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði þarf að fullnægja ýmsum skilyrðum. Þannig má hagsmunum fjárfesta og markaðarins ekki vera stefnt í hættu, sbr. það orðalag 1. mgr. 22. gr. laga nr. 110/2007 að reglur kauphallar um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skulu tryggja að hægt sé að stunda viðskipti með þá á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt. Þá ber þess að geta að viðskipti með verðbréf skulu, samkvæmt sama ákvæði, vera án takmarkana. Þegar verðbréf eru annars vegar er taka til viðskipta háð útgáfu lýsingar, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 108/2007. Í reglum hlutaðeigandi kauphallar greinir nánari skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta, en þau kunna að vera mismunandi eftir því hvaða tegundir fjármálagerninga eiga í hlut. Kauphöll gerir sérstakan samning við útgefanda um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum markaði, að fenginni beiðni þar um.

Af framangreindu má ljóst vera að ákvæði laga eru nokkuð skýr um það hvaða skilyrði fjármálagerningar þurfa að uppfylla svo að þeir teljist tækir til töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að starfsemi kauphalla og skipulegra verðbréfamarkaða sé í samræmi við lög og reglur, sbr. 31. gr.

Ráðuneytið vinnur ekki sérstaklega að því að ýta undir að fjármálagerningar séu teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Ákvörðun um slíkt er útgefendanna sjálfra (eða kauphalla á grundvelli 23. gr. laga nr. 110/2007). Að því er íslenska ríkið varðar og fyrirtæki sem það á eignarhlut í vísast til ráðherra þess sem fer með eigendastefnu ríkisins.

Íslensk löggjöf á þessu sviði, sem efnahags- og viðskiptaráðherra ber ábyrgð á, byggist á EES-rétti. Gildandi lög eru að mati ráðuneytisins fullnægjandi. Þau fela með öðrum orðum ekki í sér aðrar en réttmætar takmarkanir á töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, að teknu tilliti til þess markmiðs löggjafar á sviði verðbréfamarkaðsréttar að efla traust og trúverðugleika á fjármálamörkuðum, vernda fjárfesta o.s.frv.

2. *Hefur ráðuneytið kannað möguleika á því að breyta lögum til að auðvelda töku fjármálagerninga til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga?*

Markaðir fyrir fjármálagerninga eru samkvæmt gildandi löggjöf tveir. Annars vegar skipulegir verðbréfamarkaðir samkvæmt lögum nr. 110/2007, um kauphallir. Hins vegar markaðstorg fjármálagerninga, samkvæmt skilgreiningu 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, sem um gilda ákvæði IV. kafla laga nr. 108/2007. Reglur um markaðstorg fjármálagerninga byggjast, líkt og reglur um töku fjármálagerninga til viðskipta almennt, á MiFID-tilskipuninni 2004/39/EB. Þær eru um margt ólíkar og léttbærari en þær reglur sem gilda um skipulega verðbréfamarkaði. T.d. gilda ákvæði laga nr. 108/2007 um flöggun (IX. kafli), reglulega upplýsingaskyldu útgefanda (VII.–VIII. kafli) og yfirtökur (X.–XI. kafli) ekki um fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga, nema þeir hafi jafnframt verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Reglum um markaðstorg fjármálagerninga var og er sérstaklega ætlað að auðvelda smáum og meðalstórum fyrirtækjum, svo og nýjum fyrirtækjum í hröðum vexti, aðgengi að fjármagni og að gefa fjárfestum kost á að eiga viðskipti með hluti í slíkum félögum í öruggu umhverfi á skilvirkum markaði.

Reglur laga nr. 108/2007 um markaðstorg fjármálagerninga byggjast á EES-rétti, eins og áður greinir, og eru að mati ráðuneytisins fullnægjandi til að ná markmiðum sínum. Rekstrar-

aðili markaðstorgs fjármálagerninga hefur samkvæmt gildandi lögum mun meira svigrúm til að móta þær reglur sem gilda um viðskipti á markaðstorgi en við á um viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði, en reglurnar verða að uppfylla ákveðnar lágmarkskröfur og hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með því að þeim sé fullnægt. Að mati ráðuneytisins eru engar þær aðstæður uppi hér á landi nú sem kalla á frekari rýmkun skilyrða fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta á markaðstorgi. Þess skal getið að ráðuneytið fylgist grannt með þróun EES-löggjafar á þessu sviði, sem öðrum. Ef aðstæður eða breytingar á EES-löggjöf gefa tilefni til verður kannað hvort lagabreytinga sé þörf.

3. *Telur ráðherra að gera skuli kröfu um að fjármálagerningar verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði þegar þau fyrirtæki verða seld sem eru nú á forræði fjármálafyrirtækja í umsjá eða eigu ríkisins?*

Taka fjármálagerninga til viðskipta á markaði, hvort heldur skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, hefur ýmsa kosti. Þannig er megintilgangur slíkra ráðstafana að auka aðgengi útgefenda þeirra að fjármagni. Í mörgum tilfellum er heimild mikilvægra fjármagnseigenda til að eiga viðskipti með fjármálagerninga sem ekki hafa verið teknir til viðskipta á markaði takmörkuð, ýmist á grundvelli laga eða samninga/samþykkta. Slíkar takmarkanir þarf jafnvel ekki til; margir fjárfestar líta ekki við öðru en skráðum fjármálagerningum. Ástæða þess er sú að reglum um töku fjármálagerninga til viðskipta er m.a. ætlað að tryggja að fjárfestar fái viðeigandi upplýsingar í hendur um hlutaðeigandi fjármálagerninga til að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun.

Að því er íslenska ríkið varðar og fyrirtæki sem það á eignarhlut í vísast til ráðherra þess sem fer með eigendastefnu ríkisins.

4. *Hvernig telur ráðuneytið að hægt sé að auka eða ýta undir það að fjármálagerningar séu teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Kauphallar Íslands?*

Íslensk löggjöf á þessu sviði, sem efnahags- og viðskiptaráðherra ber ábyrgð á, byggist á EES-rétti. Gildandi lög eru að mati ráðuneytisins fullnægjandi. Í þeim felast að mati ráðuneytisins réttmætar takmarkanir á töku fjármálagerninga til viðskipta á markaði, með vísan í áðurritað, að teknu tilliti til þess markmiðs löggjafar á sviði verðbréfamarkaðsréttar að efla traust og trúverðugleika á fjármálamörkuðum, vernda fjárfesta o.s.frv. Að mati ráðuneytisins eru engar þær aðstæður uppi hér á landi nú sem kalla á frekari rýmkun skilyrða fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta á markaði. Ef aðstæður eða breytingar á EES-löggjöf gefa tilefni til mun ráðuneytið kanna hvort lagabreytinga sé þörf.

Íslenska ríkið getur sem hluthafi í fyrirtækjum beitt sér fyrir því að fjármálagerningar verði í auknari mæli teknir til viðskipta á markaði. Um slíkar ráðstafanir og áherslur vísast til ráðherra þess sem fer með eigendastefnu ríkisins.

Ef til vill má jafnframt vísa til starfandi markaða hér á landi, þ.e. annars vegar NASDAQ OMX á Íslandi hf. eða Kauphallar Íslands hf. (þ.e. skipulegur verðbréfamarkaður) og First North (þ.e. markaðstorg fjármálagerninga), en hinn síðarnefnda rekur NASDAQ OMX á Íslandi hf. líka. Vera má að þetta fjármögnunarúrræði mætti kynna betur gagnvart útgefendum fjármálagerninga, svo sem hlutafélögum.

1339. Svar [635. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar um slysatíðni á þjóðvegum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Á hvaða vegaköflum á landinu er slysatíðni mest miðað við milljón ekna kílómetra? Óskað er eftir lista yfir 25 hættulegustu vegakaflana.*
2. *Hvaða tillit verður tekið til slysatíðni á þjóðvegum við gerð nýrrar samgönguáætlunar?*

Eftirfarandi eru töflur sem sýna þá vegakafla sem hafa hæstu slysatíðni miðað við tímabilið 2005–2009.

Endanlegar tillögur að verkefnum í nýrri samgönguáætlun liggja ekki fyrir. Almennt má segja að tekið sé tillit til öryggisþátta með breikkun einbreiðra brúa, endurgerð vega þar sem beygjur eru krappar og bratti mikill og með lagningu bundins slitlags, sem eykur öryggi vega. Í áætluninni verður áfram lögð áhersla á styttingu leiða sem í sjálfu sér leiðir til fækkunar slysa. Umferðaröryggisáætlun er hluti samgönguáætlunar. Í henni er tekist á við svokallaða svartbletti í vegakerfinu, sem oft eru kaflar með háa slysatíðni og einnig er lagt fram fé úr áætluninni til að takast á við hraðakstur með hraðamyndavélum. Umferðaröryggi er eitt af meginmarkmiðum samgönguáætlunar og slysatíðni er þar mikilvægur mælikvarði.

Listi yfir þá 25 kafla í þjóðvegakerfinu* sem hafa hæsta slysatíðni miðað við tímabilið 2005-2009. Með slysatíðni er átt við fjölda slysa á milljón ekinna km og eru slys þar sem eingöngu varð eignatjón meðtalin.

Raðað eftir meðaltíðni allra slysa.

Meðalslysatíðni (fjöldi slysa á milljón ekinna km)	Meðalfjöldi slysa á ári	Meðalfjöldi slysa með meiðslum á fólki á ári	Meðallengd kafla (km)	Vegflokkur	Svæði Vg.	Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti	Upphafspunktur kafla	Endapunktur kafla
9,77	2,6	0,8	10,33	T	4	523	1	Hvítársíðuvegur	Þverárhlíðarvegur (522-02)	Sámsstaðir
6,08	2,4	0,4	9,42	S	4	54	22	Snæfellsnesvegur	Sýslumörk; Gljúfursá	Hörðudalsvegur vestri (580-01)
5,94	1,6	0,8	15,57	S	2	427	11	Suðurstrandarvegur	Sýslumörk (vegrist)	Selvogsvegur (3991-01)
5,78	1,8	0,4	11,21	S	2	208	1	Skaftártunguvegur	Hrífunesvegur (209-02)	Skaftárdalsvegur (2176-01)
5,24	3,4	0,4	15,16	S	5	1	t7	Hringvegur	Skriðdalsvegur (937-02)	Axarvegur (939-01)
4,99	3,0	0,4	4,17	S	4	54	14	Snæfellsnesvegur	Grundarfjörður; innri hafnargarður	Framsveitarvegur (576-01)
4,85	77,0	10,4	1,66	S	3	40	0	Hafnarfjarðarvegur	Reykjanesbraut (41-03); Sæbraut	Nesbraut (49-04)
4,75	1,0	0,4	9,51	S	5	85	32	Norðausturvegur	Finnafjarðará	Miðfjarðará
4,73	1,4	0,4	11,51	S	4	60	36	Vestfjarðavegur	Bíldudalsvegur (63-06)	Sýslumörk (skilti)
4,63	40,0	4,0	1,11	S	3	40	6	Hafnarfjarðarvegur	Álftanesvegur (415-01)	Reykjanesbraut (41-14)
4,42	3,4	1,2	10,90	L	5	910	12	Austurleið	Aðgöng I	Fljótsdalsvegur (933-01)
4,31	1,6	0,6	14,69	T	4	52	2	Uxahryggjavegur	Borgarfjarðarbraut (50-03)	Lundarreykjadalsvegur (512-01)
4,12	1,2	0,4	12,47	T	4	612	2	Örlygshafnarvegur	Flugvallarvegur	Kollsvíkurvegur (615-01)
4,03	8,8	2,6	8,90	S	4	61	45	Djúpvegur	Hnífsdalur; Heimabæjarstígur	Bolungarvík; Grundarkambur
3,99	2,0	0,4	13,31	T	3	42	2	Krýsuvíkurvegur	Vigdísarvallavegur (428-01)	Suðurstrandarvegur (427-06)
3,95	14,2	1,4	1,27	S	2	34	1	Eyrarbakkavegur	Hringvegur (1-d5)	Selfoss; Kjarabót suðurgafl
3,93	9,8	1,0	1,02	S	3	414	1	Flugvallarvegur Reykjavík	Nesbraut (49-05)	Reykjavíkurflugvöllur
3,91	2,6	0,8	1,25	S	4	76	12	Siglufjarðarvegur	Siglufjörður; Hólavegur	Hafnarvegur Siglufirði (792-01)
3,89	83,4	9,4	1,71	S	3	49	5	Nesbraut	Flugvallarvegur Reykjavík (414-01)	Reykjavík; Ánanaust
3,89	6,2	1,8	8,77	S	5	92	10	Norðfjarðarvegur	Gangnamunni; Eskifjarðarmegin	Kirkjubólsvegur (9521-01)
3,81	2,8	0,6	12,50	T	2	360	2	Grafningsvegur efri	Grafningsvegur neðri (350-01)	Nesjavellir
3,68	2,4	1,0	1,49	S	3	421	1	Vogavegur	Reykjanesbraut (41-16)	Vogar; Vatnsleysustrandarvegur (420-01)
3,60	1,2	0,4	11,53	S	4	60	34	Vestfjarðavegur	Fossá (bær)	Barðastrandarvegur (62-01)
3,59	162,4	21,4	2,59	S	3	49	3	Nesbraut	Reykjanesbraut (41-11)	Hafnarfjarðarvegur (40-01)
3,58	1,4	0,4	8,34	T	4	574	2	Útnesvegur	Arnarstapavegur (5710-01)	Malarrif

*Eingöngu kaflar lengri en 1 km, með ársdagsumferð meiri en 50 bíla á sólarhring og með samtals meira en eitt slys með meiðslum á fólki á 5 ára tímabili.
Vegagerðin fær upplýsingar um slys frá Umferðarstofu en slysatíðnin er reiknuð hjá Vegagerðinni.

Listi yfir þá 25 kafla í þjóðvegakerfinu* sem hafa hæsta tíðni slysa með meiðslum á fólki miðað við tímabilið 2005–2009.

Raðað eftir meðaltíðni slysa með meiðslum.

Meðalslysa-tíðni (meðal-fjöldi slysa á ári á milljón ekinna km)	Meðaltíðni slysa með meiðslum á fólki (meðalfjöldi slysa með meiðslum á fóki á ári á milljón ekinna km)	Meðal-fjöldi slysa á ári	Meðalfjöldi slysa með meiðslum á fólki á ári	Meðal-lengd kafla (km)	Veg-flokkur	Svæði Vg.	Veg-nr.	Kafla-nr.	Vegheiti	Upphafspunktur kafla	Endapunktur kafla
9,77	2,93	2,6	0,8	10,33	T	4	523	1	Hvítársíðuvegur	Þverárhlíðarvegur (522-02)	Sámsstaðir
5,94	2,92	1,6	0,8	15,566	S	2	427	11	Suðurstrandarvegur	Sýslumörk (vegrist)	Selvogsvegur (3991-01)
3,47	2,60	0,8	0,6	4,34	S	2	30	8	Skeiða- og Hrunamannavegur	Einholtsvegur (358-02)	Biskupstungnabraut (35-09)
3,41	2,28	0,6	0,4	7,41	S	5	85	27	Norðausturvegur	Langanesvegur (869-02)	Sýslumörk (hæll)
4,75	2,01	1,0	0,4	9,51	S	5	85	32	Norðausturvegur	Finnafjarðará	Miðfjarðará
2,61	2,00	0,8	0,6	2,35	T	3	426	1	Bláalónsvegur	Grindavíkurvegur (43-01)	Bláa lónið
2,68	1,94	0,8	0,6	6,56	T	3	48	2	Kjósarskarðsvegur	Meðalfellsvegur (461-01)	Sýslumörk (skilti)
3,27	1,69	0,8	0,4	11,48	T	2	264	1	Rangárvallavegur	Hringvegur (1-c2)	Keldnavegur (2734-01)
4,31	1,66	1,6	0,6	14,69	T	4	52	2	Uxahryggjavegur	Borgarfjarðarbraut (50-03)	Lundarreykjadalsvegur (512-01)
3,27	1,62	1,2	0,6	11,87	T	5	864	4	Hólsfjallavegur	Hafursstaðir	Norðausturvegur (85-12)
3,00	1,54	0,8	0,4	11,42	T	4	522	3	Þverárhlíðarvegur	Sigmundarstaðavegur (5231-01)	Borgarfjarðarbraut (50-05)
3,68	1,50	2,4	1,0	1,49	S	3	421	1	Vogavegur	Reykjanesbraut (41-16)	Vogar; Vatnsleysustrandarvegur (420-01)
2,07	1,47	0,6	0,4	9,24	S	4	60	27	Vestfjarðavegur	Djúpadalsvegur (6087-01)	Gufudalsvegur (6090-01)
4,12	1,44	1,2	0,4	12,474	T	4	612	2	Örlygshafnarvegur	Flugvallarvegur	Kollsvíkurvegur (615-01)
3,57	1,43	2,0	0,8	11,76	T	2	26	4	Landvegur	Þingskálavegur (268-03)	Landmannaleið (F225-01)
4,42	1,40	3,4	1,2	10,9	L	5	910	12	Austurleið	Aðgöng I	Fljótsdalsvegur (933-01)
2,77	1,34	5,2	2,6	5,1	S	4	574	7	Útnesvegur	Rifshafnarvegur (573-01)	Ólafsvík; vestri mörk þéttbýlis
2,55	1,28	0,8	0,4	14,9	T	4	645	1	Drangsnesvegur	Strandavegur (643-03)	Drangsnes; litla húsið til vinstri
4,73	1,27	1,4	0,4	11,51	S	4	60	36	Vestfjarðavegur	Bíldudalsvegur (63-06)	Sýslumörk (skilti)
1,92	1,27	0,6	0,4	7,3	S	5	85	21	Norðausturvegur	Raufarhöfn; Tjarnarholt	Sveinungsvík
2,07	1,25	1,0	0,6	11,51	S	4	61	22	Djúpvegur	Strandavegur (643-02)	Sunndalsá
5,78	1,22	1,8	0,4	11,21	S	2	208	1	Skaftártunguvegur	Hrífunesvegur (209-02)	Skaftárdalsvegur (2176-01)
3,91	1,22	2,6	0,8	1,25	S	4	76	12	Siglufjarðarvegur	Siglufjörður; Hólavegur	Hafnarvegur Siglufirði (792-01)
2,13	1,21	1,4	0,8	3,94	S	5	1	r1	Hringvegur	Kísilvegur (87-01)	Mývatnssveitarvegur (848-02)
4,03	1,21	8,8	2,6	8,9	S	4	61	45	Djúpvegur	Hnífsdalur; Heimabæjarstígur	Bolungarvík; Grundarkambur

* Eingöngu kaflar lengri en 1 km, með ársdagsumferð meiri en 50 bíla á sólarhring og með samtals meira en eitt slys með meiðslum á fólki á 5 ára tímabilinu 2005–2009. Vegagerðin fær upplýsingar um slys frá Umferðarstofu en slysatíðni er reiknuð hjá Vegagerðinni.

1340. Svar [453. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um tekjur af akstri um Suðurlandsveg, Vesturlandsveg og Reykjanesbraut.

1. *Hve miklar tekjur má áætla að ríkissjóður hafi af akstri um Suðurlandsveg, Vesturlandsveg og Reykjanesbraut, miðað við fjölda bíla sem þar fer að jafnaði um og áætlaðan eldsneytiskostnað?*

Við svarið er nauðsynlegt að gefa sér forsendur og er hér miðað við eftirfarandi:

- Suðurlandsvegur: Biskupstungnabraut–Nesbraut. Lengd: 47,10 km. Umferð 2009: 7.933 bílar á sólarhring.
- Vesturlandsvegur: Þingvallavegur–Hvalfjarðarvegur. Lengd: 15,57 km. Umferð 2009: 6.800 bílar á sólarhring.
- Reykjanesbraut: Fjarðarbraut–Víknavegur. Lengd: 30,94 km. Umferð 10.488 bílar á sólarhring.
- Bensíneyðsla meðalbíls 10 l/100 km.

Til einföldunar er gengið út frá að allir bílar séu bensínbílar en talið er að það skipti litlu máli fyrir niðurstöðurnar.

Tekjur ríkisins af eldsneyti eru eftirfarandi:

- Markaðar tekjur til vegagerðar 38,55 kr./l.
- Vörugjald, kolefnisgjald og VSK 71,12 kr./l.
- Samtals 109,67 kr./l.

Þungaskattur af stórum bílum er áætlaður 5% af öðrum mörkuðum tekjum.

Ætla má að heildarskatttekjur ríkisins af eldsneyti og þungaskatti á þessum vegum verði milli 3 og 3,5 milljarðar kr. árið 2011, en taka verður fram að um grófa áætlun er að ræða og óvissa töluverð. Þar af eru markaðar tekjur til vegagerðar ríflega þriðjungur.

2. *Hve miklum tekjum er áætlað að fyrirhuguð veggjöld, eða tollar, á sömu vegum skili á ári miðað við sama umferðarþunga?*

Ekkert hefur verið ákveðið um hugsanlega upphæð veggjalda á þessum vegum, sem m.a. er háð útfærslu mannvirkja, vaxtakostnaði við lánsfé, lengd lánstíma o.fl. Hugsanlegar tekjur af veggjöldum eru m.a. háðar þessum þáttum. Sem grófa viðmiðun út frá dæmum sem reiknuð hafa verið má nefna að heildartekjur af þessum vegum gætu verið 1,5–2 milljarðar kr. á ári.

3. *Hvernig er áætlun fyrir næstu tíu ár miðað við spár um umferð um hvern veg?*

Mjög erfitt er við núverandi aðstæður að svara þessari spurningu. Umferð á þjóðvegum hefur að jafnaði verið að dragast saman frá árinu 2007 og eru horfur á að hún muni dragast saman í ár, 2011, jafnvel allt að 5%. Þá þarf að gefa sér forsendur um verðlag og um tækni og orkugjafa. Ef notaðar eru eftirfarandi forsendur undanfarinna ára má með öllum fyrirvörum reikna niðurstöðu:

- Gengið er út frá talinni umferð 2009.
- Gengið er út frá að umferð milli 2009 og 2011 aukist um 2% og síðan verði árleg aukning umferðar 2%.

Miðað við þessar forsendur ættu heildartekjur af eldsneyti og þungaskatti að vera 3,5–4 milljarðar kr. á ári eftir 10 ár, og tekjur af veggjöldum 1,8–2,4 milljarðar kr. á ári miðað við sömu forsendur og reiknað er með í 2. tölul. hér að framan.

1341. Frumvarp til laga [769. mál]

um breytingu á lögum um landsdóm, nr. 3/1963, með síðari breytingum.

Flm.: Atli Gíslason, Höskuldur Þórhallsson,
Jónína Rós Guðmundsdóttir, Margrét Tryggvadóttir.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómarar sem eiga sæti í landsdómi þegar Alþingi hefur samþykkt málshöfðun gegn ráðherra og varamenn þeirra skulu ljúka meðferð þess máls þrátt fyrir að kjörtímabil þeirra sé á enda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af nefndarmönnum í saksóknarnefnd Alþingis. Einn nefndarmanna, Birgir Ármannsson, stendur ekki að flutningi þess.

Í 2. gr. laga um landsdóm er fjallað um fjölda dómara í landsdómi og hvernig þeir eru valdir. Er þar m.a. gert ráð fyrir því að átta dómendur af 15 séu kosnir af Alþingi til sex ára í senn. Alþingi kaus síðast aðalmenn í landsdóm 11. maí 2005. Með frumvarpi þessu er lagt til að við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem tekið verði af skarið um það að dómarar sem eiga sæti í landsdómi þegar Alþingi hefur samþykkt málshöfðun gegn ráðherra og eftir atvikum varamenn þeirra skuli ljúka meðferð þess máls þó svo að kjörtímabil þeirra sé á enda. Með slíku fyrirkomulagi verður ekki rof á umboði dómenda meðan mál er þar til meðferðar. Er þetta fyrirkomulag í samræmi við meginreglur réttarfars um milliliðalausa málsmeðferð. Ákvæðið sækir fyrirmynd sína í 48. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, þar sem fjallað er um dómara í Félagsdómi, en þar segir að dómarar sem hafa byrjað meðferð máls skuli ljúka því þótt kjörtímabil þeirra sé á enda. Einnig má vísa til sambærilegra ákvæða í 197. og 198. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, 164. og 165. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, og ákvæða til bráðabirgða I og II í lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Lagt er til að lögin öðlist gildi þegar í stað.

1342. Svar [566. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um innstæður í lánastofnunum 30. september 2008.

Svör við 1.–3. lið fyrirspurnarinnar eru fengin frá Fjármálaeftirlitinu og svar við 4.–6. lið frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta.

1. *Hversu háar voru innstæður í íslenskum útibúum viðskiptabankanna þriggja 30. september 2008?*

2.353.651.474 þús. kr.

2. *Hversu háar voru innstæður í sparisjóðunum á Íslandi 30. september 2008?*
   298.255.588 þús. kr.

3. *Hversu háar voru innstæður í erlendum útibúum viðskiptabankanna þriggja 30. september 2008?*
   1.584.076.354 þús. kr.

4. *Hversu há fjárhæð var í Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta 30. september 2008?*
5. *Hversu há var sú upphæð innstæðna sem Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta bar að bæta 30. september 2008 samkvæmt lögum? Hér er átt við heildarinnstæðu einstaklinga og lögaðila að fjárhæð 20.887 evrur (3.047.000 kr.).*
6. *Hversu há var sú upphæð innstæðna sem stjórnvöld ákváðu að tryggja umfram lögbundna tryggingu 30. september 2008?*

Skilningur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta er að spurt sé um hver ábyrgð tryggingarsjóðsins hefði verið samkvæmt gildandi lögum hefðu innstæður þær sem fluttar voru í október 2008 frá Landsbanka Íslands hf. á Íslandi, Glitni banka hf. á Íslandi og Kaupþingi hf. á Íslandi til NBI hf., Nýja Glitnis hf., nú Íslandsbanka hf., og Nýja Kaupþings, nú Arion banka hf., ekki verið fluttar.

Samkvæmt gildandi lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, er ekki gert ráð fyrir þaki á tryggingafjárhæð vegna innstæðna einstakra viðskiptamanna aðildarfélaga. Þannig eru 20.887 evrur á hvern innstæðueiganda ekki hámark.

Samkvæmt upplýsingum sem tryggingarsjóðurinn aflaði í tengslum við inngreiðslur vegna ársins 2008 námu innstæður í Landsbanka Íslands hf., Glitni banka hf. og Kaupþingi banka hf. samtals 1.289.601 millj. kr. í október 2008 og er það sú fjárhæð sem sjóðnum hefði samkvæmt gildandi lögum borið að bæta.

Rétt er þó að vekja athygli á því að undanskilin tryggingarvernd eru samkvæmt 6. mgr. 9. gr. framannefndra laga:

> „… innstæður, verðbréf og reiðufé í eigu aðildarfyrirtækja, svo og móður- og dótturfyrirtækja þeirra, fyrir þeirra eigin reikning og innstæður, verðbréf og reiðufé sem tengist málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti. Þó skulu innstæður sem aðildarfyrirtæki eða móður- og dótturfyrirtæki þeirra hafa í vörslu sinni fyrir hönd viðskiptavina ekki undanskildar tryggingu skv. 1. mgr. Þá skulu innstæður verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða, fagfjárfestasjóða, lífeyrissjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu ekki undanskildar tryggingu skv. 1. mgr., jafnvel þótt vörsluaðili eða rekstrarfélag slíkra sjóða sé aðildarfyrirtæki eða móður- eða dótturfyrirtæki aðildarfyrirtækja.“

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta hefur hins vegar ekki upplýsingar um hversu há fjárhæð hefði verið undanskilin samkvæmt þessari grein. Þá hefur tryggingarsjóðurinn ekki heldur tiltækar upplýsingar um það hve há skuldbinding sjóðsins hefði verið ef miðað væri við að 20.887 evrur væri hámarksskuldbinding skv. lögum nr. 98/1999. Tryggingarsjóðurinn hefur því ekki upplýsingar um hvernig framangreind heildarfjárhæð sundurliðast undir og yfir 20.877 evrur.

1343. Framhaldsnefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað áfram um málið frá því að 2. umræða fór fram 17. og 22. mars sl. og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson, Ingimar Jóhannsson og Baldur Erlingsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og Sigurð Helgason, Einar Ólafsson og Gísla Rúnar Gíslason hdl. fyrir hönd nokkurra eigenda lands við Haffjarðará.

Hinn 1. mars sl. barst nefndinni erindi frá nokkrum eigendum lands við Haffjarðará þar sem tekið var undir tillögur 1. gr. frumvarpsins um breytingar á 10. gr. laganna þess efnis að heimild til innlausnar veiðiréttinda yrði framlengd um fimm ár. Lögðu landeigendurnir áherslu á framlenginguna, m.a. á þeim grundvelli að fulltrúar nýrra kynslóða hefðu tekið við búsforráðum jarða sem liggja að Haffjarðará og þeir hefðu hug á að láta reyna á innlausn veiðiréttinda. Þá kom fram að eldri landeigendur hefðu á sínum tíma reynt að leysa til sín veiðiréttinn en þeim innlausnarmálum hefði lokið án árangurs sökum formgalla. Máli sínu til stuðnings bentu landeigendur á að innlausnarrétturinn hefði verið fyrir hendi frá árinu 1932 enda hefði stefna löggjafans verið skýr um það að veiðiréttur væri órjúfanlegur hluti fasteignar.

Á fundi nefndarinnar var bent á að innlausnarrétturinn hefði komið inn í lax- og silungsveiðilög árið 1932 sem tímabundið úrræði, síðar sem ótímabundið úrræði en frá árinu 2006 sem tímabundið úrræði á ný. Með innlausnarréttinum hafi réttur þeirra sem átt hafi land að vatni til þess að eignast veiðirétt sem frá því hafi verið skilinn verið tryggður. Þá komi fram í greinargerð með gildandi lax- og silungsveiðilögum að sjónarmið að baki 9. gr. þeirra hafi leitt til þess að innlausnarrétturinn var tekinn upp í lögin enn á ný en í þetta skiptið verið ætlaður stuttur gildistími enda hafi frumvarpshöfundum á þeim tíma þótt sem með því móti væri gætt réttmætra hagsmuna landeigenda og veiðiréttarhafa.

Það er skilningur nefndarinnar að framangreind breyting á gildistíma innlausnarréttar hafi verið gerð með það í huga að leysa eigendur veiðiréttar undan íþyngjandi áhrifum hans, þó þannig að komið væri til móts við væntingar landeigenda. Þá virðist það hafa verið mat löggjafans að fimm ár nægðu landeigendum til þess að leita leyfis ráðherra til innlausnar. Upplýst var á fundi nefndarinnar að landeigendur að Haffjarðará hefðu hug á að leita innlausnarleyfis en að ákveðin réttaróvissa kynni að vera til staðar sem mögulegt væri að reyna þyrfti á fyrir dómstólum. Er það skilningur nefndarinnar að ekki liggi ljóst fyrir að aðrir en eigendur jarða sem liggja að Haffjarðará hyggist sækja um innlausn veiðiréttar. Bendir nefndin á að skv. 5. mgr. 10. gr. lax- og silungsveiðilaga hafa landeigendur sem hyggja á innlausn möguleika á að krefjast hennar allt til 1. júlí 2011. Er það álit nefndarinnar, að teknu tilliti til lengdar eftirlifandi gildistíma innlausnarréttar, hins langa líftíma hans og þeirrar stefnu sem Alþingi tók með samþykkt lax- og silungsveiðilaga árið 2006, að ekki hafi komið fram þau knýjandi rök sem nefndin telur nauðsynleg til þess að hún geti orðið við kröfum um framlengingu innlausnarréttarins.

Eva Magnúsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Að öllu framan sögðu leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 14. apríl 2011.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, form., frsm. Ólína Þorvarðardóttir. Helgi Hjörvar.

Björn Valur Gíslason. Róbert Marshall. Atli Gíslason.

Einar K. Guðfinnsson. Sigurður Ingi Jóhannsson.

1344. Svar [665. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ólafar Nordal um ákvarðanir ríkisstjórnar og fundargerðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Eru ákvarðanir ríkisstjórnar í veigamiklum málum og þar að lútandi fundargerðir í samræmi við 17. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. nýlega ákvörðun um að styðja yfirtöku NATO á hernaðaraðgerðum í Líbíu?

Samkvæmt 17. gr. stjórnarskrárinnar skal halda ráðherrafundi um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Framangreint felur einvörðungu í sér skyldu til að bera mál upp og kynna þau í ríkisstjórn. Ríkisstjórn Íslands er með öðrum orðum ekki fjölskipað stjórnvald eða stjórnsýslunefnd sem tekur sameiginlegar stjórnvaldsákvarðanir heldur liggur valdið til töku slíkra ákvarðana almennt hjá þeim ráðherra sem ber ábyrgð á viðkomandi stjórnarmálefni í samræmi við reglugerð um Stjórnarráð Íslands og lög frá Alþingi. Ekki er fjallað um ritun fundargerða í 17. gr. stjórnarskrárinnar.

1345. Svar [687. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur um fundi með fulltrúum hagsmunasamtaka.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Fulltrúa hvaða hagsmunasamtaka á ýmsum sviðum samfélagsins hefur ráðherra hitt frá ársbyrjun 2011, hvaða dag og hversu oft?

Eftirtaldir fundir með hagsmunasamtökum voru skráðir í dagbók ráðherra frá ársbyrjun til 31. mars 2011.

Dags.	*Hagsmunasamtök*
11. janúar	ASÍ
12. janúar	SA
12. janúar	ASÍ
13. janúar	Hagsmunaaðilar vegna Norðfjarðarganga
17. janúar	Aðstandendur undirskriftasöfnunar um nýtingu orkuauðlinda
21. janúar	SA, SI, Samorka, SAF, SART, SF, SVÞ, BÍ, LÍÚ
26. janúar	BSRB
3. febrúar	SA
8. febrúar	SA
9. febrúar	ÍSÍ
11. febrúar	ASÍ, SA
14. febrúar	ASÍ
18. febrúar	Mænuskaðastofnun Íslands
24. febrúar	Framsýn
1. mars	SA
1. mars	ASÍ
2. mars	SA
2. mars	ASÍ
4. mars	Áhugamannahópur um bættar samgöngur á Vestfjörðum
9. mars	Drekaslóð
14. mars	ASÍ
16. mars	Aðilar á vinnumarkaði
17. mars	BHM
18. mars	Samtök opinberra starfsmanna
28. mars	LÍÚ
28. mars	SA
30. mars	SA
30. mars	ASÍ
31. mars	Samtök opinberra starfsmanna
31. mars	ASÍ
31. mars	SA

1346. Svar [712. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um kröfur um starfsleyfi fjármálafyrirtækja.

1. *Er hægt að vera með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem fjármálafyrirtæki án þess að vera með stjórnarformann?*

Lög um hlutafélög, nr. 2/1995, gilda um stjórn fjármálafyrirtækis, enda sé ekki á annan veg mælt í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Í 1. mgr. 51. gr. laga nr. 161/2002 segir að stjórn skuli skipuð eigi færri en þremur mönnum. Þó skulu stjórnir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja skipaðir eigi færri en fimm mönnum. Einungis eru gerðar kröfur um fjölda stjórnarmanna í lögum um fjármálafyrirtæki en þar er ekki að finna ákvæði um

stjórnarformenn, sbr. 70. gr. laga nr. 2/1995, eða hvernig stjórn skuli skipta með sér verkum.

Samkvæmt 2. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki skal stjórn hvers fjármálafyrirtækis setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnar. Í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fjármálafyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins er m.a. tekið fram að í starfsreglum stjórnar skuli fjallað um skiptingu starfa stjórnar og starfslýsingu stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Fjármálafyrirtækjum ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fjármálafyrirtækja skv. 3. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Fjármálafyrirtækjum er gert að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn 1. og 2. mgr. 19. gr., sbr. 7. tölul. 110. gr. sömu laga.

Fjármálaeftirlitið hefur heimildir til að afturkalla starfsleyfi fjármálafyrirtækis brjóti fyrirtækið alvarlega eða ítrekað gegn lögum um fjármálafyrirtæki skv. 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

2. *Hefur eitthvert fjármálafyrirtæki verið án stjórnarformanns í sex mánuði eða lengur?*

Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu hefur því borist ein ábending um að ekki hafi verið kosinn stjórnarformaður hjá fjármálafyrirtæki. Það mál var kannað af starfsmanni Fjármálaeftirlitsins og reyndist ekki eiga við rök að styðjast.

1347. Svar [602. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar E. Árnadóttur um afdráttarskatt á vaxtagreiðslur úr landi.

1. *Hverjar eru tekjur ríkissjóðs af afdráttarskatti á vaxtagreiðslur úr landi skv. 8. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, frá því að sú skattlagning var lögfest og tók gildi 1. september 2009, sbr. 6. gr. laga nr. 70/2009?*

Í eftirfarandi töflu má sjá innheimtar tekjur ríkissjóðs af afdráttarskatti á vaxtagreiðslur úr landi árin 2009, 2010 og fyrstu tvo mánuði ársins 2011:

2009	112 millj. kr.
2010*	2.862 millj. kr.
Janúar–febrúar 2011*	1.120 millj. kr.
*Bráðabirgðatölur	

Skattskyldir aðilar geta sótt um endurgreiðslur á grundvelli tvísköttunarsamninga og kann því hluti teknanna að verða endurgreiddur á næstu árum. Frá gildistöku laganna nema endurgreiðslur 21 millj. kr. en búist er við að þær verði mun meiri enda hafa aðilar fjögur ár til að sækja um þær.

2. *Hafa ráðuneytinu borist kvartanir, erindi eða annars konar athugasemdir frá íslenskum fyrirtækjum vegna vandkvæða við fjármögnun, eða erfiðleika við greiðslu vaxta af núverandi lánum, vegna hins nýja afdráttarskatts?*

Ráðuneytinu hafa borist einhverjar athugasemdir eins og oft vill verða við nýja skattlagningu. Nefna má athugasemdir frá fyrirtækjum með erlenda lánasamninga sem gerðir voru fyrir gildistöku afdráttarskattsins. Einhverjir þeirra innihalda skilyrði þess efnis að verði slík skattlagning tekin upp verði það lántaki en ekki lánveitandi sem beri þann skatt. Í þessu samhengi hafa hagsmunaaðilar bent á að þessi skattlagning muni leiða til lakari lánskjara fyrir íslensk fyrirtæki í samningum við erlend fyrirtæki. Þá hafa einhverjir aðilar leitað til ríkisskattstjóra vegna erfiðleika við framkvæmd, einkum þegar ekki liggur skýrt fyrir hvert sé skattalegt heimilisfesti hins raunverulega eiganda vaxtanna.

1348. Svar [627. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um rekstrarform fjármálafyrirtækja.

1. *Af hverju má aðeins reka fjármálafyrirtæki sem hlutafélög?*

Í 13. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli starfa sem hlutafélag, sbr. þó ákvæði 61. gr., en samkvæmt þeirri grein er sparisjóður sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt lögunum.

Það er því á misskilningi byggt að öll fjármálafyrirtæki þurfi að vera hlutafélög.

2. *Hvaða önnur rekstrarform gætu komið til greina fyrir fjármálafyrirtæki, sbr. reglur um þau í grannlöndum okkar, og hverjir eru helstu kostir þeirra og gallar að mati ráðherra?*

Misjafnar ástæður og margar hverjar sögulegar liggja að baki því hvaða rekstrarform eru við lýði í nágrannalöndum. Erfitt er að bera saman hin ýmsu félagaform og samspil þeirra við hefðbundið regluverk fjármálamarkaða þrátt fyrir að heiti hinna ýmsu stofnana eða félaga kunni að vera hin sömu. Sem dæmi má taka sparisjóði. Í nokkrum ríkjum Evrópusambandsins hafa slíkir sjóðir verið taldir opinber fyrirtæki sem ekki er ætlað að skila hagnaði af rekstri (not-for-profit entities), ýmist í eigu eða ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga. Þá er enn fremur mismunandi regluverk um starfsemi svokallaðra samvinnufélagafjármálafyrirtækja, í sumum ríkjum er þeim óheimilt að eiga viðskipti við almenning og félagsmenn bera ábyrgð á að þau uppfylli eiginfjárkröfur. Ótalin eru þá hin ýmsu form svokallaðra lánafélaga (credit unions).

Sú meginástæða liggur til grundvallar vali á hlutafélagsforminu að slíkum félögum er auðveldara að bregðast við erfiðleikum við fjármögnun eða auknum eiginfjárkröfum. Þannig getur hlutafélagsbanki gefið út nýtt hlutafé til að auka eigið fé; hann getur selt það á yfirverði og aukið með því varasjóði og á því mun auðveldara með að bregðast við erfiðleikum við fjármögnun eða sameiningu við annað hlutafélag. Með tilliti til skýrleika hlutafélagsformsins á slíkur banki væntanlega einnig auðveldara um vik við lánsfjáröflun.

Að þessu leyti er sparisjóður í annarri stöðu en hlutafélagsbanki. Stofnfjáreigendur sparisjóðs (sem er sjálfseignarstofnun) teljast ekki eigendur sparisjóðsins heldur aðeins eigendur stofnfjár og eiga þar af leiðandi ekki hlutdeild í varasjóðum eða óráðstöfuðu eigin fé sjóðs-

ins. Útgáfa og sala nýs stofnfjár er því ekki eins álitlegur kostur fyrir fjárfesta og í hlutafélagi. Hefur enda enginn hefðbundinn sparisjóður verið stofnaður áratugum saman og vilji sparisjóða sem hingað til hafa viljað endurmeta rekstrarform sitt hefur staðið til þess að breyta þeim í hlutafélög.

Í samvinnufélögum eiga félagsmenn réttindi sem nemur greiðslu aðildargjalds í viðkomandi félagi. Þeir bera ekki ábyrgð á félaginu umfram það. Því á það sama við um þá og stofnfjáreigendur sparisjóðs að þeir eiga enga hlutdeild í varasjóðum eða óráðstöfuðu eigin fé. Til þess að uppfylla kröfur um eigið fé fjármálafyrirtækja þurfa síðan félagar í samvinnufélagsfjármálafyrirtækjum að ábyrgjast að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar. Að þessu leyti eru þeir því í annarri stöðu en íslenskir félagar í samvinnufélögum.

Ljóst er að regluverk um fjármálafyrirtæki, einkum það sem snýr að fjárhagslegum kröfum, t.d. um fjárhagslegan styrk, er þess eðlis að hlutfélögum er auðveldara að vinna eftir því en öðrum félögum. Á vettvangi Evrópusambandsins hafa samtök fjármálafyrirtækja í Evrópu oft vakið athygli á þessu.

Með vísan til þess sem að framan segir telur ráðherra hlutafélagsformið hafa kosti umfram önnur félagsform. Það er þó ekki félagsformið sem slíkt sem mestu skiptir heldur hvernig staðið er að rekstri viðkomandi fjármálafyrirtækis.

1349. Frumvarp til laga [87. mál]

um breytingu á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn).

(Eftir 2. umr., 2. maí.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavík, nr. 139/2001.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig. Tryggt skal að í stjórn fyrirtækisins séu kynjahlutföll jöfn.

II. KAFLI

Breyting á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tryggt skal að í stjórn fyrirtækisins sé hlutfall hvors kyns ekki lægra en 40%.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig.

III. KAFLI
Breyting á lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í stjórnum samvinnufélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um sameignarfélög, nr. 50/2007.

4. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í stjórnum sameignarfélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.

5. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig.

6. gr.

Ákvæði 1. gr., 2. gr., b-liðar 3. gr. og 5. gr. öðlast gildi 1. janúar 2012.
Ákvæði a-liðar 3. gr. og 4. gr. öðlast gildi 1. september 2013.

1350. Þingsályktun [71. mál]

um olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí 2011.)

Alþingi ályktar að tryggðir verði fjármunir til að nú þegar verði hafnar markvissar rannsóknir á því hvort olía eða gas finnst á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi. Leitað verði samstarfs við erlenda aðila um rannsóknir eftir því sem við á og við staðarval verði stuðst við fyrri rannsóknir.

1351. Lög [121. mál]

um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1325.

1352. Lög [333. mál]

um breytingu á lögum um efni og efnablöndur og lögum um eiturefni og hættuleg efni.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1326.

1353. Fyrirspurn [781. mál]

til innanríkisráðherra um framkvæmdir og kostnað við Landeyjahöfn.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvernig hefur verið staðið að framkvæmdum á varnargarði við ósa Markarfljóts og hvenær er gert ráð fyrir að framkvæmdunum ljúki?
2. Er hafinn undirbúningur að kaupum á sjálfvirkum dælubúnaði fyrir Landeyjahöfn og ef svo er, hvenær má vænta þess að búnaðurinn verði tekinn í notkun?
3. Hafa áætlanir Siglingastofnunar um frátafir verið uppfærðar í ljósi reynslu síðasta árs og ef svo, hverjar eru þær?
4. Er gert ráð fyrir að Þorlákshöfn verði varahöfn Herjólfs til frambúðar?
5. Hver var áætlaður kostnaður við framkvæmdirnar við Landeyjahöfn og hver er hann orðinn, þ.e. kostnaður við höfn, húsnæði og sandgröft?

Skriflegt svar óskast.

1354. Lokafjárlög [570. mál]

fyrir árið 2009.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 961.

1355. Lög [573. mál]

um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (flutningur leyfa og undanþágna til Lyfjastofnunar og gjaldtaka).

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1327.

1356. Framhaldsnefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin tók málið til frekari umfjöllunar eftir 2. umræðu. Nefndin hefur fengið á sinn fund Guðjón Bragason og Karl Björnsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Kristján Skarphéðinsson og Ingva Má Pálsson frá iðnaðarráðuneytinu.

Nefndinni barst viðbótarumsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem ítrekuð er fyrri athugasemd er varðar 7. gr. frumvarpsins um að verndar- og nýtingaráætlun sé bindandi við gerð skipulagsáætlana og að sveitarstjórnum verði gert skylt að samræma skipulagsáætlanir sínar við rammaáætlun innan tiltekins árafjölda. Sérstaklega andmælir sambandið því að sveitarstjórnum verði gert skylt að setja virkjunarkosti í nýtingarflokki inn á aðalskipulag sveitarfélagsins þótt ekkert liggi fyrir um að ráðist verði í viðkomandi virkjunarkost í fyrirsjáanlegri framtíð. Að því leyti telur sambandið að frumvarpið brjóti gegn sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga. Í umsögninni gerir sambandið einnig athugasemdir við bindandi áhrif þess að virkjunarkostur er flokkaður í verndarflokk en þau áhrif eru þó ekki talin vera nærri jafn íþyngjandi fyrir sveitarfélögin.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til þær breytingar á frumvarpinu að sveitarstjórn geti óskað eftir heimild Skipulagsstofnunar til að fresta ákvörðun um landnotkun að hámarki til þriggja ára í viðbót, séu fyrir því gildar ástæður. Nefndin telur að þessi breyting hafi að öðru leyti ekki víðtækari áhrif gagnvart öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 7. gr.

a. Við síðari málslið 1. mgr. bætist: sbr. þó 2. mgr.
b. Við 2. mgr. bætist þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Sveitarstjórn getur þó óskað eftir heimild Skipulagsstofnunar til þess að fresta að hámarki til þriggja ára í viðbót ákvörðun um landnotkun enda séu fyrir því gildar ástæður. Áður en Skipulagsstofnun tekur afstöðu til erindis sveitarstjórnar skal hún óska umsagnar verkefnisstjórnar skv. 8. gr. um erindið. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um frestun er ekki kæranleg til umhverfisráðherra.

Jón Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2011.

Kristján L. Möller, form., frsm. Lilja Rafney Magnúsdóttir. Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Gunnar Bragi Sveinsson, með fyrirvara. Magnús Orri Schram. Margrét Tryggvadóttir.

Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara. Þráinn Bertelsson.

1357. Fyrirspurn [771. mál]

til iðnaðarráðherra um kostnað við jöfnun raforkuverðs.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvað mundi kosta að niðurgreiða rafhitun til íbúðarhúsnæðis á köldum svæðum þannig að kostnaður yrði sambærilegur meðalhúshitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis á veitusvæði
   a. Orkuveitu Reykjavíkur,
   b. þeirrar hitaveitu sem er dýrust?
2. Hvað mundi kosta að niðurgreiða dreifingu raforku í dreifbýli þannig að kostnaður notenda yrði sambærilegur við kostnað notenda á dýrasta þéttbýlissvæðinu?

Skriflegt svar óskast.

1358. Fyrirspurn [772. mál]

til innanríkisráðherra um afstöðu til flutnings Landhelgisgæslunnar á Miðnesheiði.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hver er afstaða ráðherra til þess að starfsemi Landhelgisgæslunnar verði flutt á öryggissvæðið á Miðnesheiði í ljósi hagkvæmnisathugunar Deloitte?

1359. Nefndarálit [580. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almenningsbókasöfn, nr. 36/1997 (gjaldtökuheimildir).

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eirík Þorláksson frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Kristbjörgu Stephensen frá Reykjavíkurborg og Áslaugu Agnarsdóttur frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

Þá bárust umsagnir frá ASÍ, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og Reykjavíkurborg.

Með frumvarpinu er lögð til gjaldtökuheimild til handa almenningsbókasöfnum vegna þeirrar þjónustu sem þau veita. Frumvarpinu er ætlað að eyða lagalegri óvissu um gjaldtöku en með áliti umboðsmanns Alþingis um að reglur Landsbókasafns um innheimtu sekta vegna vanskila á útlánaefni hafi ekki nægilega trausta lagastoð hefur skapast nokkur óvissa um fjárhagslega afkomu almenningsbókasafna.

Íslensk bókasöfn eru bundin af þeim réttarreglum sem gilda um starfsemi stjórnvalda. Nefndin vill í þessu sambandi árétta að samkvæmt lögmætisreglu stjórnsýsluréttar eru stjórnvöld bundin af lögum á þann hátt að ákvarðanir þeirra verða annars vegar að eiga sér stoð í lögum og hins vegar mega þær ákvarðanir ekki brjóta í bága við lög.

Um gjaldtöku opinberra aðila gildir sú meginregla að hún verður að byggjast á lögum, óháð því hvort um er að ræða skattheimtu eða gjald fyrir þjónustu. Hér er um að ræða þjónustugjald en það er greiðsla sem tilteknir hópar einstaklinga og lögaðila verða að greiða hinu opinbera eða öðrum, sem hafa heimild til að taka við henni, fyrir sérgreint endurgjald sem látið er í té og er greiðslunni ætlað að standa að hluta eða öllu leyti undir kostnaði við endurgjaldið. Það er mat nefndarinnar að fyrrgreind gjaldtökuheimild leiði ekki til hækkunar á gjaldskrám almenningsbókasafna og var sá skilningur staðfestur í máli þeirra umsagnaraðila sem komu fyrir nefndina.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Eygló Harðardóttir og Jónína Rós Guðmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2011.

Skúli Helgason, form., frsm.	Ásbjörn Óttarsson.	Þráinn Bertelsson.
Oddný G. Harðardóttir.	Þuríður Backman.	Íris Róbertsdóttir.

Margrét Tryggvadóttir.

1360. Svar [742. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um ómerkingu héraðsdóma.

1. *Í hversu mörgum málum hefur Hæstiréttur ómerkt héraðsdóm árin 2008, 2009 og 2010 og fram til 1. mars 2011, sundurliðað eftir árum?*

Samkvæmt upplýsingum frá Hæstarétti voru málin 17 árið 2008, 13 árið 2009, 13 árið 2010 og sjö fram til 1. mars 2011.

2. *Voru ástæður ómerkingar í fyrrgreindum málum:*
   a. *að Hæstiréttur taldi líkur vera á að mat héraðsdóms á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi væri rangt, svo að einhverju skipti um úrslit málsins,*
   b. *að héraðsdómari hefði ekki í úrlausn sinni fjallað um allar málsástæður aðila,*
   c. *að héraðsdómari hefði ekki, fyrir dómsuppsögu, gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, ekki gætt ákvæða 184. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, eða af sambærilegri ástæðu úr tíð eldri laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála,*
   d. *aðrar?*

Á árinu 2008 voru þrír dómar ómerktir vegna þess sem tilgreint er í a-lið, einn vegna b-liðar, einn vegna c-liðar og 14 vegna d-liðar. (Þar af voru tveir dómar ómerktir vegna hvors tveggja a- og d-liðar.)

Á árinu 2009 voru þrír dómar ómerktir vegna þess sem tilgreint er í a-lið, fjórir vegna b-liðar, einn vegna c-liðar og átta dómar vegna d-liðar. (Þar af var einn dómur ómerktur vegna hvors tveggja a- og d-liðar og tveir dómar vegna hvors tveggja b- og d-liðar.)

Á árinu 2010 voru fjórir dómar ómerktir vegna þess sem tilgreint er b-lið, sex vegna c-liðar og þrír dómar vegna d-liðar.

Á árinu 2011, fram til 1. mars sl., var einn dómur ómerktur vegna þess sem tilgreint er í a-lið a, einn vegna c-liðar og fimm vegna d-liðar.

3. *Við hvaða héraðsdómstóla voru hinir ómerktu dómar kveðnir upp, sundurliðað með sama hætti og hér að framan?*

Á árinu 2008 voru 11 dómar Héraðsdóms Reykjavíkur ómerktir, einn dómur Héraðsdóms Reykjaness, fjórir dómar Héraðsdóms Suðurlands og einn dómur Héraðsdóms Vestfjarða.

Á árinu 2009 voru níu dómar Héraðsdóms Reykjavíkur ómerktir, tveir dómar Héraðsdóms Reykjaness, einn dómur Héraðsdóms Suðurlands og einn dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra.

Á árinu 2010 voru 11 dómar Héraðsdóms Reykjavíkur ómerktir, einn dómur Héraðsdóms Reykjaness og einn dómur Héraðsdóms Suðurlands.

Á árinu 2011, fram til 1. mars sl., voru sjö dómar Héraðsdóms Reykjavíkur ómerktir.

1361. Svar [559. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um ákvarðanir Hæstaréttar um endurupptöku mála.

1. *Hve margar af þeim 32 beiðnum um endurupptöku máls fyrir Hæstarétti sem synjað var 2000–2010 (sbr. þskj. 909, 409. mál) voru afgreiddar af þremur dómurum og hve margar af fimm dómurum við réttinn?*

Samkvæmt upplýsingum frá Hæstarétti tóku þrír dómarar ákvörðun um afgreiðslu máls í 31 tilviki og í einu tilviki allir dómarar Hæstaréttar.

2. *Hvernig var staðið að vali dómara sem ákváðu að synja endurupptöku máls? Hafði einn dómari eða fleiri í hverju tilviki dæmt það mál sem óskað var endurupptöku á?*

Samkvæmt upplýsingum frá Hæstarétti er það forseti Hæstaréttar sem tekur ákvörðun hverju sinni um hvaða dómurum er falið að taka ákvörðun um beiðni um endurupptöku máls. Í tíu tilvikum höfðu þeir dómarar sem tóku ákvörðun um beiðni um endurupptöku ekki dæmt málið, í sextán tilvikum hafði einn dómari sem tók þátt í ákvörðun um afgreiðslu á beiðni um endurupptöku tekið þátt í að dæma það og í fimm tilvikum höfðu tveir dómarar tekið þátt í dómi. Í því tilviki þegar allir dómarar tóku þátt í að afgreiða beiðni voru á meðal þeirra þeir þrír sem dæmdu málið.

3. *Hver er skýringin á því að ákvarðanir Hæstaréttar um endurupptöku máls og synjun um endurupptöku máls eru ekki birtar opinberlega?*

Hæstiréttur bendir á að ekki er gert ráð fyrir lögum samkvæmt að þessar ákvarðanir séu birtar opinberlega og auk þess hafi þær ekki almennt gildi.

4. *Telur ráðherra ástæðu til að breyta lögum eða verklagi við ákvörðun um endurupptöku mála sem Hæstiréttur hefur dæmt?*

Ráðherra telur koma til greina að láta skoða hvort ástæða sé til að breyta lögum við endurupptöku mála sem Hæstiréttur hefur áður dæmt. Almennt verklag við vinnslu mála í Hæstarétti eru hins vegar á forræði og ábyrgð forseta Hæstaréttar samkvæmt lögum um dómstóla.

1362. Svar [426. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um flutning Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hefur ráðherra staðið að því verkefni sem honum var falið á ríkisstjórnarfundi í nóvember sl., að skoða vandlega kosti þess að flytja starfsemi Landhelgisgæslu Íslands á öryggissvæðið á Miðnesheiði og láta gera hagkvæmniathugun á þeim kosti? Hefur verið skipaður starfshópur, fenginn ráðgjafi í verkefnið eða verkefnastjóri, haft samstarf við Landhelgisgæsluna o.s.frv.?*

2. *Hvenær mun niðurstaða liggja fyrir á hagkvæmni þess að flytja starfsemina til Suðurnesja?*

Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um atvinnuátak á Suðurnesjum í nóvember 2010 um að skoða vandlega kosti þess að flytja starfsemi Landhelgisgæslu Íslands á öryggissvæðið á Miðnesheiði á Suðurnesjum gekk ráðuneytið frá verksamningi við rekstrarráðgjafafyrirtækið Deloitte um að framkvæma hagkvæmnisathugun vegna flutnings starfsemi Landhelgisgæslu Íslands til Suðurnesja. Við framkvæmd athugunarinnar var haft samráð við Landhelgisgæslu Íslands og innanríkisráðuneytið. Hagkvæmnisathugun þessi liggur nú fyrir, sbr. minnisblað í fylgiskjali.

Fylgiskjal.

Deloitte:

Hagkvæmniathugun vegna flutnings starfsemi
Landhelgisgæslu Íslands til Suðurnesja.
Minnisblað 14. apríl 2011. Móttakandi: Innanríkisráðuneytið.
Sendandi: Fjármálaráðgjöf Deloitte/Árni Jón Árnason og Ólafía Harðardóttir.

Fyrirvari

Í hagkvæmniathugun þessari er farið yfir þá þætti sem kunna að hafa áhrif við mat á hagkvæmni þess að flytja starfsemi Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja. Athugunin takmarkast af tíma, umfangi og fyrirliggjandi upplýsingum. Frekari skoðun kynni að leiða til þess að umfjöllun hagkvæmniathugunar og niðurstöður yrðu aðrar en hér eru kynntar. Af þessum sökum tekur Deloitte enga ábyrgð á ályktunum eða ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli athugunarinnar.

Inngangur

Verklýsing

Á fundi ríkisstjórnarinnar um atvinnuátak á Suðurnesjum sem haldinn var í Reykjanesbæ þann 9. nóvember 2010 var samþykkt að skoðaðir yrðu vandlega kostir þess að flytja starfsemi Landhelgisgæslu Íslands á öryggissvæðið á Miðnesheiði á Suðurnesjum og að framkvæmd yrði hagkvæmniathugun á þeim kosti.

Innanríkisráðuneytið hefur falið Fjármálaráðgjöf Deloitte að reikna hagkvæmni þess að flytja starfsemi Landhelgisgæslu Íslands til Suðurnesja, að fullu leyti eða að hluta til.

Eftir fundi með samráðshóp vegna hagkvæmniathugunarinnar lagði samráðshópur áherslu á að skoða tvennskonar kostnaðaráhrif, annars vegar einskiptiskostnað við flutninga og hins vegar árlega hækkun rekstrarkostnaðar, sérstaklega vegna kjaramála starfsmanna.

Skilgreining á verkefninu

Forsendur við útreikninga

Við framkvæmd athugunarinnar voru haldnir fundir með stjórnendum Landhelgisgæslunnar og starfsmönnum Innanríkisráðuneytis til að afla upplýsinga um athugunina og for-

sendur sem þörf er á við útreikningana. Eðli máls samkvæmt er vitnað að miklu leyti til upplýsinga frá stjórnendum Landhelgisgæslunnar í texta. Forsendur fyrir niðurstöðum útreikninga eru að mestu leyti fengnar frá Landhelgisgæslunni en einnig Siglingamálastofnun og leggur Fjármálaráðgjöf Deloitte ekki sjálfstætt mat á áreiðanleika þeirra. Ákveðnir kostnaðarliðir í athuguninni byggja á gengi erlendra gjaldmiðla og eru því háðir breytingum á gengi þeirra. Upplýsingar Fjármálaráðgjafar Deloitte byggjast að miklu leyti á „Greinargerð um kostnað og áhrif í tengslum við skoðun á flutningi Landhelgisgæslu Íslands til Keflavíkur“ sem var unnin af starfsmönnum Landhelgisgæslunnar á árinu 2007. Þessi greinargerð var unnin fyrir Samgönguráðuneytið og nefnd vegna flutnings Reykjavíkurflugvallar.

Kostnaðarliðir sem ekki eru hluti af útreikningi

Eftir fundi með stjórnendum Landhelgisgæslunnar er ljóst að þeir kostnaðarliðir sem fjallað er um í minnisblaðinu eru síður en svo tæmandi þegar litið er til þess að meta kostnað sem fylgir því að flytja starfsemina til Keflavíkurflugvallar. Meðal kostnaðarliða sem ekki er fjallað um í þessu minnisblaði er kostnaður við standsetningu á húsnæði. Undirbúningsvinna við mat á hentugu húsnæði fyrir Landhelgisgæsluna á Keflavíkurflugvelli hefur ekki farið fram og því hefur ekki verið kannaður kostnaður við standsetningu á húsnæði en ljóst er að sá kostnaður getur verið verulegur. Meðal annarra kostnaðarliða sem ekki er fjallað um er áhrif breytinga á árlegan leigukostnað húsnæðis við flutning þar sem þær upplýsingar liggja ekki fyrir. Einnig er ekki tekið tillit til aukins aksturskostnaðar vegna samstarfs starfsmanna Landhelgisgæslunnar við aðila á höfuðborgarsvæðinu ef flutt verður til Keflavíkurflugvallar.

Lögð er áhersla á að öryggissjónarmið eru ekki hluti af þeirri hagkvæmniathugun sem hér er gerð en þau vega þungt við ákvarðanatöku um flutning enda er það hlutverk Landhelgisgæslunnar að sinna öryggisgæslu og björgun.

Önnur atriði sem vert er að vekja athygli á og munu hafa áhrif á ákvörðunartöku, en eru ekki hluti af þeirri greiningu sem fer fram hér, eru t.d., öryggismál húsnæðis, búnaðar og upplýsinga, áhrif á kjarasamninga, áhrif flutninga á aðra starfsemi í Björgunarmiðstöðinni og aðgengi að læknum á Suðurnesjum.

Umfjöllun

1. Hlutverk Landhelgisgæslu Íslands

Samkvæmt lögum um Landhelgisgæslu Íslands er hlutverk hennar að sinna öryggisgæslu og björgun á hafi úti, fara með löggæslu á hafinu og gegna öðrum verkefnum í samræmi við lög, reglugerðir og önnur lögbundin fyrirmæli.

Skipta má verkefnum Landhelgisgæslunnar upp í sjö meginþætti samkvæmt lögum um stofnunina:

- Öryggis-, löggæsla og eftirlit á hafinu
- Leit og björgun
- Sjúkraflutningar
- Sjómælingar og sjókortagerð
- Sprengjueyðing
- Aðstoð við löggæslu á landi
- Aðstoð við almannavarnir

Markmið Landhelgisgæslunnar er að tryggja öryggi á hafinu með öflugri leitar- og björgunarþjónustu, virku eftirliti og löggæslu með vel útbúnum tækjum og þjálfuðu starfsfólki.

2. Aðstaða Landhelgisgæslunnar

Landhelgisgæslan er með höfuðstöðvar í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð 14 í Reykjavík. Skrifstofa, sjómælingasvið, sprengjusveit, lager og stjórnstöð eru þar til húsa. Þar eru einnig staðsett Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Neyðarlínan, fjarskipta- og bifreiðamiðstöð lögreglunnar og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Tekin var ákvörðun á árinu 2005 að flytja Landhelgisgæsluna í Björgunarmiðstöðina í Skógarhlíð til að auka samstarf og efla viðbragðsgetu í björgunaraðgerðum. Hagræði hefur verið falið í því að þessir viðbragðsaðilar séu á sama stað og það auðveldað samstarf. Landhelgisgæslan rekur Vaktstöð siglinga í Björgunarmiðstöðinni samhliða stjórnstöð Landhelgisgæslunnar samkvæmt þjónustusamningi við Siglingastofnun. Einnig er starfsstöð í flugskýli Landhelgisgæslunnar við Reykjavíkurflugvöll þar sem flugmenn, flugvirkjar og annað starfsfólk flugdeildar hefur vinnuaðstöðu. Þriðja starfsstöðin er í Faxagarði í Reykjavíkurhöfn en þar er varðskýli Landhelgisgæslunnar. Starfsmenn varðskýlis sjá um vöktun varðskipa og sjómælingaskips sem leggjast þar að bryggju auk fleiri starfa við varðskipin. Auk þessara starfstöðva hefur sprengjudeild aðstöðu á Keflavíkurflugvelli.

a. Floti Landhelgisgæslunnar

Varðskip Landhelgisgæslunnar sinna hluta af öryggis- og löggæsluhlutverki stofnunarinnar. Leitast er við að hafa jafnan tvö varðskip á sjó og dreifa þeim um lögsöguna. Auk þess að sinna hefðbundnu eftirliti geta skipin brugðist við öllum verkefnum sem Landhelgisgæslan þarf að sinna, löggæslu, öryggisgæslu, leit, björgun eða aðstoð. Varðskipin eru tvö og í smíðum er nýtt varðskip sem áætlað er að verði tilbúið í lok ágúst 2011.

Landhelgisgæslan starfrækir nú tvær þyrlur og eina eftirlitsflugvél. Flugvélin sem er ný er aðallega notuð við löggæslu og eftirlitsgeta hennar er mjög góð. Þyrlur eru notaðar jafnt til öryggis- og löggæslu sem og í leitar- og björgunarflug. Landhelgisgæslan á eina þyrlu og leigir aðra þyrlu sömu tegundar.

Sjómælingabáturinn Baldur sinnir að mestu sjómælingum á sumrin en hefur einnig komið að fiskveiðieftirliti.

b. Flugskýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli

Flugfloti Landhelgisgæslunnar og starfsmenn flugdeildar hafa aðstöðu í flugskýli á Reykjavíkurflugvelli. Flugskýlið er mátulega stórt miðað við núverandi flugflota, tvær þyrlur og eina flugvél. Skrifstofuaðstaða í flugskýlinu er þó ekki góð og að hluta til í bráðabirgðahúsnæði sem eru gámaeiningar á bílastæði. Einnig er aðstaða ekki í samræmi við öryggisstaðla. Flugskýlið rúmar ekki stærri flota en þarfagreining á þyrluflota hefur sýnt fram á að þörf er á fjórum þyrlum í stað tveggja sem nú eru í rekstri. Núverandi skipulag á Reykjavíkurflugvelli leyfir ekki byggingarframkvæmdir svo ekki er hægt að stækka núverandi aðstöðu.

Lengi hafa staðið deilur um Reykjavíkurflugvöll og staðsetningu hans. Flugvöllurinn er á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar til 2016 en framhaldið eftir það er óljóst. Þann 17. mars 2001 var haldin atkvæðagreiðsla í Reykjavík um framtíð flugvallarins og naumur meirihluti gildra atkvæða var fyrir því að völlurinn myndi víkja eftir 2016. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru ekki bindandi fyrir borgaryfirvöld.

c. Hafnaraðstaða

Hafnaraðstaða fyrir varðskip er við Reykjavíkurhöfn. Varðskýli er til staðar með aðstöðu

fyrir starfsmenn á vöktum. Landhelgisgæslan greiðir ekki hafnargjöld eða festargjöld vegna núverandi hafnaraðstöðu í Reykavíkurhöfn.

d. Er aðstaða í dag fullnægjandi?

Samkvæmt mati Landhelgisgæslunnar er aðstaðan í Skógarhlíð fullnægjandi en aðstaða stjórnstöðvar nokkuð þröng og óhentugt að mörgu leyti. Að mati þeirra væri þó æskilegast að öll starfsemi væri á einum stað, þ.e. skrifstofa, stjórnstöð og lager o.s.frv. væri á flugvelli með flugrekstrar- og flugtæknideild. Staðsetning Reykjavíkurflugvallar er góð fyrir flugdeildina en aðstaðan er ekki góð, kominn er tími á viðhald húsnæðisins og aðstaðan er ekki í samræmi við öryggisstaðla. Það er þörf á að stækka aðstöðuna til lengri tíma litið og bæta hana en núverandi skipulag á Reykjavíkurflugvelli leyfir það ekki. Hafnaraðstaða á Reykjavíkurhöfn er góð og uppfyllir þarfir Landhelgisgæslunnar. Aðstaðan í heild er því nógu góð til skemmri tíma en það þyrfti að bæta aðstöðuna til lengri tíma litið, sérstaklega ef áætlanir eru um eflingu starfseminnar.

3. Áhrif flutninga til Keflavíkurflugvallar á helstu starfsemi Landhelgisgæslunnar

a. Stjórnstöð og vaktstöð siglinga

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar er björgunarstjórnstöð sjófarenda og loftfara. Stjórnstöðin er samhæfingar- og þjónustuaðili fyrir alla starfsemi Landhelgisgæslunnar en undir hana fellur einnig vaktstöð siglinga. Stjórnstöðin sinnir allri neyðarsímsvörun fyrir Landhelgisgæsluna og boðar gæslueiningar og viðbragðsaðila í útköll, samhæfir verkefni þeirra og sér um fjarskipti. Verkefni stjórnstöðvar eru í meginatriðum fjórþætt: Hún er fjarskiptastöð fyrir varðskip og gæsluloftför, björgunarstjórnstöð og hluti af almennu öryggiskerfi landsins, fjareftirlits- og fiskveiðieftirlitsstöð og móttökustöð tilkynninga erlendra skipa vegna siglinga þeirra um lögsöguna, komu þeirra til hafnar á Íslandi vegna Schengen-samkomulagsins og siglingaverndar.

Vaktstöð siglinga fellur undir stjórnstöð Landhelgisgæslunnar. Vaktstöð siglinga sér um strandastöðvaþjónustu og tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

Landhelgisgæslan tók við stjórnstöð og rekstri vaktstöðvar siglinga við flutning í björgunarmiðstöðina í Skógarhlíð. Stjórnstöðin er staðsett með Neyðarlínunni, Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra og samhæfingarstöð björgunaraðila.

b. Samhæfingarstöð almannavarna og stjórnstöð leitar og björgunar

Samhæfingarstöð almannavarna og stjórnstöð leitar og björgunar er staðsett í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. Samhæfingarstöð og stjórnstöð leitar og björgunar kemur að eftirfarandi verkefnum:

- Leit að týndu loftfari undir stjórn Landhelgisgæslunnar.
- Leit og björgun á landi undir stjórn fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar.
- Leit og björgun á sjó undir stjórn Landhelgisgæslunnar.
- Almannavarnarástand líkt og náttúruhamfarir og slys.

Samhæfingar- og stjórnstöðin er virkjuð þegar nauðsyn krefur og samræmir aðgerðir. Landhelgisgæslan stýrir samhæfingarstöð ef leit og björgun er á sjó. Samstarf og nálægð öryggisaðila í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð hefur reynst vel og hefur reynst kostur þegar gangsetja þarf samhæfingarstöðina. Samhæfingar- og stjórnstöð yrði áfram í Skógarhlíð ef Landhelgisgæslan myndi flytja til Keflavíkurflugvallar en stöðin yrði mönnuð af hálfu Landhelgisgæslunnar eftir þörfum.

c. Flugdeild

Flutningur Landhelgisgæslunnar til Keflavíkurflugvallar myndi hafa mikil áhrif á flugdeild. Landhelgisgæslan starfrækir nú tvær þyrlur og eina eftirlitsflugvél. Áhafnir á þyrlum eru á bakvöktum og eru því heima við þar til útkall verður en meðan ekki er útkall þá reiknast ekki viðvera. Núverandi viðbragðstími er 30 mínútur en starfsmenn verða að vera innan 15 km fjarlægðar frá flugvelli þegar þeir eru á bakvakt.

Ef starfsemi Landhelgisgæslunnar myndi flytja til Keflavíkurflugvallar þá yrði nauðsynlegt að koma á viðveruvakt áhafna þyrla í stað bakvakta líkt og nú er sem myndi hafa verulega hækkun launakostnaðar í för með sér. Án viðveruvakta yrði viðbragðstími alltof langur enda eru starfsmenn búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Til þess að mögulegt væri að hafa viðveruvakt er nauðsynlegt að fjölga starfsmönnum á þyrluvöktum um 50% að mati Landhelgisgæslunnar. Það skýrist af því að hægt er að manna þyrlur með færri mönnum með bakvöktum en viðveruvöktum þar sem vinnutímareglugerðir í flugi setja strangar skorður á það hversu lengi starfsmaður má vera á viðveruvakt. Við það að breyta fyrirkomulagi úr bakvöktum í viðveruvaktir má gera ráð fyrir að vaktir styttist, að minnsta kosti úr 24 tímum í 12 tíma. Áhafnir á flugvél starfar á dagvinnutíma og ekki þyrfti að breyta vinnufyrirkomulagi þeirra. Starfsmenn flugdeildar eru mjög sérhæfðir og þjálfun þeirra er bæði kostnaðarsöm og tímafrek. Ekki er til staðar sérhæft fólk í dag svo það myndi taka nokkur ár að þjálfa upp hæfa starfsmenn en sem dæmi tekur um sex ár að þjálfa flugstjóra. Ekki er hægt að ráða erlenda starfsmenn nema með undanþágu frá kjarasamningum.

Til viðbótar við nauðsynlega aukningu áhafna þyrla þurfa flugmenn að fljúga ákveðinn fjölda flugtíma til að viðhalda réttindum sínum. Því þyrfti flugtími að aukast og þar með hækkar rekstrarkostnaður og eldsneytiskostnaður. Við aukinn fjölda flugtíma fjölgar viðhaldsstoppum en þau þurfa að fara fram eftir 500 flugtíma og gera má ráð fyrir að skoðun yrði þrisvar á ári sem taka 4–6 vikur. Með viðveruvöktum eykst því þörf fyrir viðbótarþyrlur vegna þess að skoðun yrði þrisvar á ári í stað tvisvar á ári í dag og því eru þyrlur ekki nothæfar á meðan en skoðun tekur um 4-6 vikur. Í þessari athugun er ekki gert ráð fyrir því að bætt yrði við þyrlu en kostnaður við að leigja þá þyrlu sem Landhelgisgæslan er með á leigu í dag er um 300 milljónir á ári.

Með flutningi til Keflavíkurflugvallar fæst betri aðstaða fyrir flugdeild og öll starfsemin er á sama stað. Ef flotinn verður stækkaður þá er til staðar aðstaða fyrir allan flugflotann. Á móti eykst kostnaður mikið vegna viðveruvakta með tilheyrandi aukningu starfsmanna þyrla og nauðsynlegrar þjálfunar þeirra. Til lengri tíma er skynsamlegt að áhafnir séu með viðveruvakt og það tíðkast almennt hjá öðrum þjóðum en vegna kostnaðar og vöntunar á sérhæfðu starfsfólki þá hefur það ekki reynst mögulegt hjá Landhelgisgæslunni.

i. Öryggissjónarmið

Öryggissjónarmið eru ekki hluti af þeirri greiningu sem hér er gerð en þar sem þau munu vega þungt við ákvarðanatöku verður hér farið yfir ýmsa þætti sem þarf að hafa í huga.

Eftirfarandi tafla sýnir umfang leitar, björgunar og sjúkraflutninga á þyrlum á árunum 2007–2010.

Tölulegar upplýsingar um útköll þyrla

Tegund útkalla	2010	2009	2008	2007
Leit og björgun	80	47	64	74
Sjúkraflutningar	80	70	72	98

Staðsetning leitar og björgunar	2010	2009	2008	2007
Byggð	13	2	12	13
Óbyggðir	28	20	27	28
Sjó	39	25	25	33

Sjúkraflutningar	2010	2009	2008	2007
Byggð	48	28	37	57
Óbyggðir	14	25	26	26
Sjó	18	17	9	15

Heimild: Ársskýrsla Landhelgisgæslunnar 2009 og upplýsingar frá stjórnendum

Útköllum fjölgaði verulega á árinu 2010 frá fyrra ári en útköll voru 160 talsins á árinu 2010 en 117 á árinu 2009. 50% útkalla á árinu 2010 voru vegna sjúkraflutninga og 50% útkalla voru vegna leitar og björgunar. Hlutfall leitar og björgunar var 40–50% á árunum 2007–2009 og hlutfall björgunar 50–60%. Leit og björgun er að mestu leyti á sjó og í óbyggðum en aðrir aðilar sjá að mestu um leit og björgun í byggð. Mikil aukning var í leit og björgun á sjó á árinu 2010 en helmingi fleiri útköll voru á árinu 2010 en á árunum 2009 og 2008. Stærstur hluti sjúkraflutninga á árinu 2010 fór fram í byggð eða 60% og jókst mikið frá fyrra ári. 14 útköll voru í óbyggðum sem er mun minna en á árunum 2007–2009. 18 útköll voru af sjó sem er svipað og á árinu 2009.

Starfsstöð allra starfsmanna í áhöfn þyrla samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum er Reykjavíkurflugvöllur og á vöktum þurfa starfsmenn að vera innan 15 km fjarlægðar frá flugvellinum. Með núverandi skipulagi á Reykjavíkurflugvelli er viðbragðstími þyrluvaktar um 30 mínútur. Ef Landhelgisgæslan myndi flytja til Keflavíkurflugvallar þá þyrfti að koma á viðveruvakt sem myndi stytta þennan viðbragðstíma. Aftur á móti myndi flugtími lengjast um u.þ.b 10 mínútur fyrir flest útköll. Þetta er mjög mikilvægur þáttur sem þarf að skoða frekar. Einnig þarf að huga að áhrifum veðurfars á Keflavíkurflugvelli.

Læknar sem starfa við leitar- og björgunarflug eru bráðalæknar. Kanna þyrfti aðgengi að bráðalæknum á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja en mögulega þyrfti að þjálfa lækna. Aðrir björgunaraðilar líkt og björgunarsveitir, lögregla, sérsveit og leitarhundar eru staðsettir í Reykjavík svo í ákveðnum tilfellum þyrfti að sækja þá aðila til Reykjavíkur fyrst áður en hægt væri að leggja af stað til leitar og björgunar ef flutt yrði til Keflavíkurflugvallar.

d. Skipadeild og hafnaraðstaða

Varðskip þurfa góða hafnaraðstöðu þar sem þau geta lagt að eða frá án tillits til veðurs. Varðskipin eru tvö og í smíðum er nýtt varðskip. Mælingabáturinn Baldur er einnig hluti af skipaflota Landhelgisgæslunnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Hafnarstjóra Reykjaneshafna er Njarðvíkurhöfn talin besti kostur fyrir varanlega hafnaraðstöðu Landhelgisgæslunnar á Suðurnesjum. Landhelgisgæslan getur einnig haft viðkomu á höfnum í Keflavík og Helguvík til styttri tíma en þar er ekki aðstaða til langlegu.

Njarðvíkurhöfn þyrfti að breyta og stækka til að höfnin myndi henta fyrir starfsemi Landhelgisgæslunnar. Þörf er á að dýpka innsiglingu og innan hafnar auk þess sem byggja þarf nýjan viðlegukant og lengja viðlegukant. Á árinu 2009 gerði Siglingastofnun mat á kostnaði við breytingar sem gera þyrfti á Njarðvíkurhöfn fyrir Landhelgisgæsluna en þetta mat var unnið að beiðni Reykjaneshafna.

Viðlegukantur í Keflavíkurhöfn er í notkun en þar er fiskiskipalöndun vegna útgerðar. Helguvíkurhöfn hefur verið skipulögð sem iðnaðarsvæði og er viðlegukantur í notkun í dag. Þar er verið að landa sementi, olíu og frystum fiski auk þess sem fyrirliggjandi er kísilverksmiðja á svæðinu og mögulega álbræðsla.

e. Íslenska loftvarnarkerfið

Utanríkisráðuneytið hefur umsjón með Íslenska loftvarnakerfinu (IADS) en IADS er samþætt loftvarna- og loftvarnaeftirlitskerfi sem er tengt öllum loftvarnarupplýsingakerfum NATO. IADS fylgist með allri umferð í lofti í landhelgi Íslands. Á grundvelli samkomulags utanríkisráðherra og innanríkisráðherra annast Landhelgisgæslan eftirlitið tímabundið. Þessi starfsemi er á Keflavíkurflugvelli í sérhæfðum byggingum og þar starfa um 40 manns.

Að mati Landhelgisgæslunnar yrði mikill akkur í því ef eftirlitið yrði fært undir Landhelgisgæsluna til frambúðar. Með aðgangi að kerfinu fáist upplýsinga- og tækniþekking sem Landhelgisgæslan hefur not fyrir og með því að samnýta upplýsingar loftvarnaeftirlits við vaktstöð siglinga megi fá fram góða nýtingu á upplýsingum um umferð og öryggi á sjó.

f. Áhrif flutninga á starfsmenn Landhelgisgæslunnar

Ekki er gert ráð fyrir miklu brottfalli starfsmanna ef starfsemi Landhelgisgæslunnar verður flutt til Keflavíkurflugvallar en þó er gert ráð fyrir að starfsmenn verði almennt ekki ánægðir með að þurfa að ferðast langa vegalengd til vinnu.

Margir starfsmenn búa yfir sérhæfðri reynslu og þekkingu, líkt og þyrluflugmenn og flugvirkjar, og þjálfun þeirra er mjög kostnaðarsöm. Þó ekki séu mörg tækifæri innanlands fyrir þessa aðila eru mörg tækifæri erlendis og því er hætta á einhverju brottfalli starfsmanna verði verulegar breytingar á vinnutilhögun. Til dæmis geta flugmenn Landhelgisgæslunnar sem störfuðu hjá Icelandair á síðastliðnum fimm árum gengið í fyrri störf hjá Icelandair samkvæmt ákvæðum í kjarasamningum.

4. Húsnæði á Keflavíkurflugvelli

Húsnæði á Keflavíkurflugvelli var fært íslenska ríkinu eftir brotthvarf varnarliðsins. Húsnæðið er á ábyrgð Landhelgisgæslunnar sem fer með umsýslu húsnæðisins samkvæmt bráðabirgðaákvörðun og sér um rekstur þess. Ekki hefur verið farið í mat á hentugu húsnæði fyrir starfsemi Landhelgisgæslunnar en mikið er til af lausu húsnæði á Keflavíkurflugvelli þar sem varnarliðið var með aðstöðu, þar á meðal er flugskýli nr. 831. Flugskýli númer 831 var byggt árið 1958 og endurbyggt um áramótin 1999–2000. Flugskýlið er 12.200 fermetrar að stærð og þar af er gólfflötur skýlis um 4.000 fermetrar en önnur rými skiptast í skrifstofur, kennslu- og fundarsali, þjónusturými, geymslur og verkstæði. Mat Varnarmálastofnunar á árinu 2008 var að skýlið væri í góðu ástandi en að hefðbundin viðhaldsverkefni hefðu verið í bið.

a. Breytingar á rafkerfi

Varnarmálastofnun tók saman skýrslu um umfang breytinga á rafkerfum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli í október 2010. Gera þarf breytingar á rafkerfum á mannvirkjum á

flugvallasvæðinu og laga þær að íslenskum og evrópskum stöðlum og reglum en rafmagn er nú samkvæmt bandarískum stöðlum. Í skýrslunni kemur fram gróflega áætlaður heildarkostnaður við breytingu á rafmagni. Sem dæmi um umfang og kostnað við þessar framkvæmdir þá er gert er ráð fyrir að kostnaður við breytingu rafkerfis flugskýlis númer 831 sé 80 milljónir kr. og verktími væri um 6 mánuðir.

5. Kostnaðarútreikningar

Hér er yfirlit yfir þá kostnaðarliði sem áætlað er að myndu falla til við flutning Landhelgisgæslunnar til Keflavíkurflugvallar. Kostnaðarliðum er skipt í tvo hópa:

- *Árleg aukning rekstrarkostnaðar:* Gert er ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður muni aukast um 691,6 milljónir kr. sem skýrist af tveimur þáttum; ferðakostnaði og áhrifum af viðveruvaktarfyrirkomulagi og nauðsynlegri fjölgun starfsmanna áhafna þyrla. Eins og fram hefur komið er kostaður við mögulega fjölgun þyrla ekki til umfjöllunar hér.
- *Einskiptiskostnaður við flutning:* Gert er ráð fyrir að kostnaður við flutninga yrði 452,5 milljónir kr. sem skýrist af tveimur þáttum; þjálfun nýrra áhafna þyrla og flutningi á starfseminni. Gert er ráð fyrir að kostnaður við breytingar á hafnaraðstöðu yrði 251,3 m.kr. Eins og fram hefur komið er kostnaður við standsetningu á nýju húsnæði ekki til umfjöllunar hér.

a. Árleg aukning rekstrarkostnaðar

Flutningur til Keflavíkurflugvallar mun hafa veruleg áhrif á árlegan rekstrarkostnað Landhelgisgæslunnar en áætlað er að rekstrarkostnaður muni aukast um 691,6 milljónir kr. á ári miðað við fyrirliggjandi forsendur.

Árleg aukning rekstrarkostnaðar

	milljónir kr.
Árleg aukning kostnaðar vegna vegalengdar	
Aksturskostnaður vegna 30 mín ferðatíma	39,1
Kílómetragjald	124,9
Rútuferðir með áhafnir varðskipa	2,9
Rútuferðir með áhafnir þyrlu og flugvéla	18,8
Alls	**185,7**
Áhrif viðveruvakta á launa- og rekstrarkostnað flugvéla	
Aukning launakostnaðar v/áhafna	299,4
Aukning rekstrarkostnaðar v/flugtíma	206,5
Alls	**505,9**
Alls árleg aukning rekstrarkostnaðar	**691,6**

Árlegur rekstrarkostnaður mun aukast vegna ferðakostnaðar starfsmanna en við flutning til Keflavíkurflugvallar þarf að greiða aksturskostnað og kílómetragjald samkvæmt kjarasamningum. Í kjarasamningi SFR, stéttarfélags í almannaþjónustu, kemur fram að vegna aksturs til og frá Keflavíkurflugvelli reiknast ferðatími 30 mínútur fyrir hvern vinnudag. Einnig kemur fram í kjarasamningnum að stofnanir sem eru utan ystu marka þéttbýlis skulu semja um greiðslu ferðakostnaðar fyrir starfsmenn en almennt er gert ráð fyrir kílómetragjaldi. Innan Landhelgisgæslunnar eru margir kjarasamningar en til einföldunar er miðað við kjarasamning SFR sem talinn er gott viðmið annarra kjarasamninga. Gert er ráð fyrir að starfsmenn fái almennt greidd laun fyrir 30 mínútna ferðatíma fimm daga vikunnar en gerð er aðlögun vegna starfsmanna varðskipa þar sem þeir fara færri ferðir, alls er aksturskostnaður 39,1 milljónir kr.

Árleg aukning kostnaðar vegna aksturs og kílómetragjalds er metinn 124,9 milljónir kr. en mun síðan breytast í takt við breytingar á launakostnaði og kílómetragjaldi. Kostnað við kílómetragjald mætti mögulega lækka með að koma upp reglulegum rútuferðum fyrir alla starfsmenn í stað þess að starfsmenn myndu keyra sjálfir. Gert er ráð fyrir að starfsmenn komi sér almennt til og frá vinnu en gert er ráð fyrir að áhafnir varðskipa, þyrlu og flugvéla séu fluttar með rútum og er kostnaður við rútuferðir áætlaður um 21,7 m.kr. Árleg aukning rekstrarkostnaðar vegna aksturs, kílómetragjalds og rútuferða er áætluð 185,7 milljónir kr.

Eins og fram hefur komið þarf að koma á nýju fyrirkomulagi á þyrluvöktum ef Landhelgisgæslan flyst til Keflavíkurflugvallar og í stað bakvakta þarf að koma á viðveruvakt. Með bakvöktum er hægt að manna áhafnir með færri starfsmönnum en nauðsynlegt er með viðveruvöktum en viðveruvakt hefur í för með sér að fjölga þarf starfsmönnum áhafna þyrla um 50%. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum muni fjölga um nítján við að setja upp viðveruvaktir þyrluáhafna. Miðað við núverandi kynjaskiptingu yrðu þetta að miklum meirihluta karlar en aðeins um 10% flugmanna Landhelgisgæslunnar eru konur. Þessi fjölgun leiðir til árlegrar hækkunar launakostnaðar upp á 299,4 milljónir kr. Við fjölgun flugmanna þarf einnig að fjölga flugtímum vegna þess að flugmenn þurfa að fljúga ákveðinn fjölda flugtíma til að viðhalda réttindum sínum. Aukinn flugtími felur í sér kostnað vegna eldsneytis og viðhalds sem hefur í för með sér árlegan rekstrarkostnað að fjárhæð 206,5 milljónir kr. Ekki er sparnaður fólginn í því að leggja af bakvaktarfyrirkomulagið. Árleg aukning kostnaðar sem yrði vegna aukningar áhafna þyrla og tilheyrandi aukningu flugtíma er 505,9 milljónir kr. Alls er árleg aukning rekstrarkostnaðar áætluð 691,6 m.kr.

Auk ofangreindra þátta mun leigukostnaður vegna húsnæðis breytast við flutning en ekki eru fyrirliggjandi forsendur til að meta þann kostnað þar sem ekki er ljóst hvaða húsnæði yrði fyrir valinu. Leigukostnaður vegna húsnæðis Landhelgisgæslunnar í dag er að stærstum hluta vegna Skógarhlíðar sem er í eigu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Húsnæði á Keflavíkurflugvelli er í eigu íslenska ríkisins og stendur tómt en ríkið greiðir rekstarkostnaðinn. Ef Landhelgisgæslan færir starfsemina í húsnæði í eigu íslenska ríkisins þá mun leigukostnaður vera greiddur til íslenska ríkisins í stað Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og íslenska ríkið þarf ekki að greiða rekstrarkostnað af húsnæði sem er ekki í notkun. Mögulega gæti leigukostnaður lækkað þar sem leiguverð er lægra á Suðurnesjum en í Reykjavík en aftur á móti er líklegt að aðstaðan myndi stækka verulega.

Annar kostnaður getur fallið til sem ekki er tekið tillit til hér er þjálfun flugmanna í flughermi en almennt þurfa flugmenn að fara í flughermi erlendis tvisvar á ári. Einnig falla til kaup á búnaði fyrir nýja starfsmenn líkt og björgunarbúnaður, talstöðvar ofl. en ekki er tekið tillit til þess kostnaðar í þessari athugun.

Árleg aukning rekstrarkostnaðar um 691,6 milljónir kr. myndi hafa þau áhrif að hækka þyrfti framlag íslenska ríkisins til Landhelgisgæslunnar um 26% miðað við framlög ríkisins á árinu 2011 sem voru 2,6 milljarðar kr.

Áhrif á framlag ríkisins

	milljónir kr.
Áhrif aukningar árlegs rekstrarkostnaðar	
Framlög 2011	2.636,3
Aukning rekstrarkostnaðar	691,6
Hlutfallsleg aukning	26%

b. Einskiptiskostnaður

Einskiptiskostnaður er sá kostnaður sem fellur til ef flutt er til Keflavíkurflugvallar. Áætlað er að kostnaður vegna þjálfunar nýrra starfsmanna og kostnaður við flutninga yrði 452,5 milljónir kr. miðað við fyrirliggjandi forsendur. Áætlað er að kostnaður við breytingar á hafnaraðstöðu yrði 251,3 milljónir kr. Kostnaður við standsetningu á nýju húsnæði er ekki til umfjöllunar hér.

Einskiptiskostnaður

	milljónir kr.
Kostnaður vegna þjálfunar nýrra áhafnarstarfsmanna	
Kostnaður við þjálfun flugmanna	218,7
Kostnaður við þjálfun flugvirkja	185,0
Kostnaður við þjálfun stýrimanna	31,0
Alls	**434,7**
Flutningur á starfseminni	
Flutningur lagers	1,8
Flutningur skrifstofu og skipatæknideildar	3,9
Flutningur á sjómælingum og lager	3,1
Flutningur varðskýlis og frágangur	2,2
Flutningur sjómælingarsviðs	3,1
Flutningur VSS	2,8
Álag vegna vegalengdar	0,9
Alls	**17,8**
Alls einskiptiskostnaður	**452,5**

Við flutning til Keflavíkurflugvallar þarf að fjölga áhöfnum þyrla um 50% eins og fram hefur komið hér að ofan. Það hefur í för með sér að þjálfa þarf nýja starfsmenn en kostnaður við þjálfun er metinn 434,7 milljónir kr. Kostnaður við námskeið sérhæfðra starfsmanna er mjög hár og námskeiðin fara fram erlendis. Þjálfun getur tekið langan tíma en viðmið fyrir þjálfun flugmanna eru um 8 mánuðir, fyrir flugvirkja um 18 mánuðir og fyrir stýrimenn um 6 mánuðir. Við þetta mat er miðað við tölur frá Landhelgisgæslunni um þjálfunarkostnað, þjálfunartíma og áætlaðan fjölda nýrra starfsmanna.

Ef Landhelgisgæslan flyst til Keflavíkurflugvallar þá þarf að flytja starfsemi hennar úr Skógarhlíð. Ekki hefur verið leitað eftir tilboðum frá flutningafyrirtækjum, enda er umfang flutninga óljóst, heldur er hér lagt fram gróft mat. Við mat á kostnaði er miðað við raunverulegan kostnað sem féll til þegar Landhelgisgæslan flutti á árinu 2005 frá Seljavegi til Skógarhlíðar og sá kostnaður uppreiknaður miðað við breytingar á vísitölu flutninga. Einnig er bætt við álagi vegna lengri vegalengdar milli Skógarhlíðar og Keflavíkurflugvallar en milli Skógarhlíðar og Seljavegar. Alls er flutningskostnaður áætlaður 17,8 milljónir kr.

Kostnaður við breytingar á hafnaraðstöðu

	milljónir kr.
Kostnaður við hafnaraðstöðu í Njarðvík	
Breyting á höfn	251,3
Alls kostnaður við hafnaraðstöðu	**251,3**

Ef Landhelgisgæslan fengi aðstöðu í Njarðvíkurhöfn þá þyrfti að gera ákveðnar breytingar á hafnaraðstöðu sem metið er að myndu kosta 251,3 milljónir kr. sem er kostnaður án virðisaukaskatts. Siglingastofnun gerði mat á kostnaði við nauðsynlega breytingar á Njarðvíkurhöfn á árinu 2009 fyrir Reykjaneshafnir og hér er miðað við þetta mat. Hafnarsjóðir fá endur-

greiddan virðisaukaskatt af framkvæmdum við stækkun hafna og því er hér miðað við kostnað án virðisaukaskatts.

c. Annar kostnaður sem gæti fallið til

Undirbúningsvinna við mat á hentugu húsnæði fyrir Landhelgisgæsluna á Keflavíkurflugvelli hefur ekki farið fram og því ekki verið metinn kostnaður við standsetningu á húsnæði. Gera þarf breytingar á rafkerfum í mannvirkjum á flugvallarsvæðinu og laga þær að íslenskum og evrópskum stöðlum og reglum. Varnarmálastofnun tók saman skýrslu um umfang breytinga á rafkerfum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli í október 2010 og þar kemur fram gróflega áætlaður heildarkostnaður við breytingu á rafmagni. Ef Landhelgisgæslan flytur í flugskýli 831 þá er gert er ráð fyrir að kostnaður við breytingu rafkerfis á flugskýli númer 831 sé 80 milljónir kr. Hér er eingöngu minnst á kostnað við að breyta rafkerfi en ekki frekari kostnaður við standsetningu en eins og fram hefur komið þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort flugskýli 831 verði fyrir valinu. Þessi upphæð er eingöngu sett fram hér til að gefa hugmynd um hvað beinn kostnaður við breytingar á húsnæði gæti falið í sér.

Niðurstaða

Áætlað er að flutningur Landhelgisgæslunnar til Keflavíkurflugvallar myndi hafa eftirfarandi kostnaðaráhrif miðað við fyrirliggjandi forsendur.

Samantekt

	milljónir kr.
Árleg aukning rekstrarkostnaðar:	
Aukning rekstrarkostnaðar v/aksturs	185,7
Aukning launakostnaðar v/áhafna	299,4
Aukning rekstrarkostnaðar v/flugtíma	206,5
Alls árleg aukning rekstrarkostnaðar	**691,7**
Einskiptiskostnaður:	
Kostnaður vegna þjálfunar nýrra áhafna	434,7
Flutningur á starfsemi	17,8
Breyting á hafnaraðstöðu í Njarðvík	251,3
Alls einskiptiskostnaður	**703,8**

Áhrif aukningar árlegs kostnaðar á framlag ríkisins

	milljónir kr.
Áhrif aukningar árlegs rekstrarkostnaðar	
Framlög 2011	2.636,3
Aukning rekstrarkostnaðar	691,7
Hlutfallsleg aukning	26%

Áætlað er að árlegur rekstrarkostnaður muni aukast um 691,6 milljónir kr. á ári og einskiptiskostnaður yrði 703,8 milljónir kr., þar af er breyting á hafnaraðstöðu 251,3 milljónir kr. en þjálfun nýrra áhafna og flutningur 452,5 milljónir kr.

Kostnaður vegna ferða starfsmanna til Keflavíkurflugvallar er metinn 185,7 milljónir en við flutning til Keflavíkurflugvallar þarf að greiða aksturskostnað og kílómetragjald samkvæmt kjarasamningum og flytja áhafnir með rútum. Einn helsti kostnaðarliðurinn við flutning á starfseminni til Keflavíkurflugvallar felst í þeirri breytingu að koma þarf á viðveruvöktum í stað bakvakta sem hefur í för með sér 50% aukningu áhafna þyrla og því myndi árlegur launakostnaður aukast um 299,4 milljónir kr. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum muni fjölga um 19 talsins við að setja upp viðveruvaktir og að 90% þeirra verði karlmenn. Við aukningu flugmanna þarf að fjölga flugtímum en tilheyrandi aukning kostnaðar vegna fjölgunar flugtíma er metinn 206,5 milljónir. Alls er árleg aukning launa- og rekstrarkostnaðar um 691,6 milljónir sem hefur þau áhrif að hækka þyrfti framlag íslenska ríkisins til Landhelgisgæslunnar um 26% miðað við 2,6 milljarða framlag á árinu 2011.

Við aukinn fjölda flugtíma þyrla fjölgar viðhaldsstoppum en þau þurfa að fara fram eftir 500 flugtíma og gera má ráð fyrir að skoðun yrði þrisvar á ári sem taka 4–6 vikur. Með viðveruvöktum eykst því þörf fyrir viðbótarþyrlur vegna þess að skoðun yrði þrisvar á ári í stað tvisvar á ári í dag og því eru þyrlur ekki nothæfar á meðan en skoðun tekur um 4–6 vikur. Í þessari athugun er ekki gert ráð fyrir því að bætt yrði við þyrlu en kostnaður við núverandi leigu á þyrlu er um 300 milljónir á ári.

Áætlað er að einskiptiskostnaður við flutninga yrði 703,8 milljónir kr. Þjálfa þarf nýja starfsmenn þyrla sem er mjög kostnaðarsamt og er gert ráð fyrir að kostnaður við þjálfun sé 434,7 milljónir kr. Kostnaður við þjálfun felst bæði í námskeiðum erlendis og þjálfun. Kostnaður við að flytja starfsemina er áætlaður um 17,8 milljónir kr. Njarðvíkurhöfn er talinn hentugasti kostur fyrir Landhelgisgæsluna af höfnum á Suðurnesjum. Kostnaður við breytingar á hafnaraðstöðu er metinn um 251,3 milljónir kr. Siglingamálastofnun mat kostnað við breytingar á hafnaraðstöðu og er miðað við það mat hér.

Úttekt á hentugu húsnæði fyrir Landhelgisgæsluna á Keflavíkurflugvelli hefur ekki verið framkvæmd og því er ekki gert ráð fyrir kostnaði sem fellur til við standsetningu á húsnæði í þessari athugun en ljóst er að hann gæti verið verulegur. Meðal þeirra framkvæmda sem þörf er á er að breyta rafkerfi húsnæðis úr bandarísku kerfi í evrópskt. Flugskýli número 831 hefur verið nefnt sem mögulegur kostur en breyting á rafkerfi flugskýlisins er áætlaður um 80 milljónir kr. Auk ofangreindra þátta mun leigukostnaður húsnæðis breytast við flutning en ekki eru fyrirliggjandi forsendur til að meta þann kostnað þar sem ekki er ljóst hvaða húsnæði yrði valið. Það mun einnig hafa áhrif að Landhelgisgæslan myndi greiða leigukostnað til íslenska ríkisins á Keflavíkurflugvelli í stað til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í Skógarhlíð og íslenska ríkið þyrfti ekki að greiða rekstrarkostnað af húsnæði sem er ekki í notkun.

Flutningur Landhelgisgæslunnar til Keflavíkurflugvallar yrði kostnaðarsamur líkt og hér hefur komið fram og þyrfti að undirbúa með góðum fyrirvara. Möguleikar á hagræðingu við flutninga eða kostnaðarlækkun eru ekki sjáanlegir. Kostir við flutning eru helst þeir að með viðveruvöktum og tilheyrandi fjölgun áhafna þyrla myndi starfsemin eflast auk þess sem aðstaða Landhelgisgæslunnar yrði betri við flutning til Keflavíkurflugvallar, sérstaklega aðstaða flugdeildar. Að mati Landhelgisgæslunnar fælist helsti ábati við flutning í framtíðaráformum með starfsemina varðandi aukin verkefni og víðtækari starfsemi.

Þessi úttekt horfir eingöngu til fjárhagslegra áhrifa en horfa þarf til annarra þátta þegar tekin verður ákvörðun um mögulegan flutning Landhelgisgæslunnar, sérstaklega til áhrifa flutnings á öryggismál.

Hafa ber í huga að þetta er eingöngu áætlun á mögulegum kostnaði sem getur fallið til við flutning Landhelgisgæslunnar til Keflavíkurflugvallar. Líkt og fram hefur komið er þetta ekki tæmandi listi og fleiri kostnaðarliðir gætu fallið til. Við ofangreinda útreikninga er miðað við ýmsar forsendur sem eru háðar óvissu auk þess sem ákveðnir kostnaðarliðir eru í erlendum gjaldmiðlum og fylgja breytingum á gengi þeirra.

1363. Nefndarálit [769. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um landsdóm, nr. 3/1963, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Með frumvarpinu er lagt til að við 2. gr. laga um landsdóm bætist ný málsgrein sem feli í sér að þeir dómarar og varamenn þeirra sem eiga sæti í landsdómi þegar Alþingi hefur samþykkt málshöfðun gegn ráðherra skuli ljúka meðferð þess máls þrátt fyrir að kjörtímabil þeirra sé á enda.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að með því fyrirkomulagi sem frumvarpið felur í sér verði ekki rof á umboði dómenda landsdóms meðan mál er þar til meðferðar og það sé í samræmi við meginreglur réttarfars um milliliðalausa málsmeðferð. Meiri hlutinn telur frumvarpið tryggja að málsmeðferð fyrir landsdómi verði í samræmi við meginreglu sakamálaréttarfars um milliliðalausa málsmeðferð.

Verði frumvarpið að lögum munu þeir dómarar sem kjörnir voru 11. maí 2005 til sex ára og varamenn þeirra ljúka meðferð þess máls sem dómurinn hefur til umfjöllunar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 4. maí 2011.

Róbert Marshall, form.	Álfheiður Ingadóttir, frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.
Eygló Harðardóttir.	Þráinn Bertelsson.	Mörður Árnason.

Þór Saari.

1364. Svar [603. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ólínu Þorvarðardóttur um tekjur ríkissjóðs, skattleysismörk og hálaunaþrep.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað mundu tekjur ríkissjóðs dragast mikið saman ef skattleysismörk yrðu hækkuð úr 118 þús. kr. á mánuði í:*

a. 150 þús. kr. á mánuði,
b. 200 þús. kr. á mánuði?

2. Hvað má ætla að tekjur ríkissjóðs ykjust mikið ef bætt yrði við tveimur hálaunaþrepum, þ.e.:
a. 55% á laun hærri en 1,2 millj. kr. og 65% á laun hærri en 2 millj. kr. á mánuði,
b. 55% á laun hærri en 2 millj. kr. og 70% á laun hærri en 3 millj. kr. á mánuði?

Svar miðist við framtalin laun og álagðan tekjuskatt á árinu 2010.

Svar við 1. tölul. fyrirspurnarinnar:

Skattleysismörk eru ekki ákvörðuð sérstaklega heldur eru þau samspil af skatthlutfalli og persónuafslætti sem er afsláttur á skatti. Skattleysismörk er hægt að reikna með eftirfarandi hætti:

$$Skattleysismörk = \frac{Persónuafsláttur}{skatthlutfall} Skattleysismörk = \frac{Persónuafsláttur}{skatthlutfall}.$$

Í ár er persónuafsláttur 44.205 kr. fyrir einstakling á mánuði og staðgreiðsluhlutfall í lægsta þrepi 37,31%. Þannig er ekki greiddur skattur meðan skattstofn er lægri en 118.480 kr. Heimilt er að draga iðgjöld í lífeyrissjóð og í séreignarsparnað frá tekjum áður en til skattlagningar kemur og því geta skattfrjálsar tekjur á mánuði numið allt að 128.800 kr. Hin svokölluðu skattleysismörk geta þannig bæði breyst ef skatthlutfalli eða persónuafslætti er breytt. Tæplega er rétt að ræða um skattleysismörk nema frá sjónarhóli skattgreiðandans. Ríkissjóður greiðir útsvar til sveitarfélags af tekjum fyrir neðan þessi mörk.

Ef gert er ráð fyrir því að skattleysismörk yrðu hækkuð með því að hækka persónuafsláttinn einvörðungu þyrfti hann að hækka í 55.965 kr. á mánuði til að mörkin yrðu 150.000 kr. sem er hækkun um 27%. Til að mörkin yrðu 200.000 kr. þyrfti hann að verða 74.620 kr. sem er hækkun um 69%. Reiknilíkön ráðuneytisins eiga erfitt með að meta réttilega svo mikla breytingu sem hér er til skoðunar en ætla má að tekjuminnkun ríkissjóðs yrði ekki undir 25 milljörðum kr. í fyrra tilvikinu og á sjöunda tug milljarða króna í því síðara. Töluverður hluti kostnaðar ríkissjóðs við svo mikla hækkun persónuafsláttar er vegna útsvars til sveitarfélaga. Einnig er hægt að ná hækkun skattleysismarka með því að lækka tekjuskattshlutfall. Í fyrra tilvikinu þyrfti að lækka skatthlutfallið um 8 prósentustig en í því síðara um 15%. Hægt væri að gera hvort tveggja samtímis til að hækka skattleysismörk.

Svar við 2. tölul. fyrirspurnarinnar:

Mjög fáir einstaklingar hafa svo miklar tekjur sem hér er gerð tillaga um sérstakt skattþrep fyrir. Ráðuneytið metur að árið 2010 hafi 654 einstaklingar verið með tekjuskattsstofn yfir 14,4 millj. kr. sem samsvarar 1,2 millj. kr. á mánuði. Ef það sem umfram er væri skattlagt með 55% skatti, þ.e. nýtt 23,2% þrep bættist við tekjuskattinn fyrir tekjur umfram mörkin, næmu tekjur af honum rúmum 1.100 millj. kr. Einstaklingar með yfir 2 millj. kr. á mánuði voru 126 og tekjur þeirra samtals 5 milljarðar kr. 65% skattur á tekjustofn umfram 24 millj. kr. til viðbótar 55% skatti gæfi um 100 millj. kr. Tekjuskattur gæti því vaxið um 1,2 milljarða kr. við þetta.

Í seinna dæminu næmi 55% skattur á tekjur yfir 24 millj. kr. tæpum 500 millj. kr. og 70% skattur á tekjur yfir 36 millj. kr. á ári um 150 millj. kr. Heildaraukning tekna af tekjuskatti gæti í seinna dæminu numið um 650 millj. kr.

Hér er ekki reiknað með því að þeir sem þessar tekjur hafa breyti samsetningu tekna sinna við slíka breytingu á skattkerfi en þetta er sá hópur sem á auðveldast með að hagræða tekjufyrirkomulagi með tilliti til skattkerfis.

1365. Svar [614. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um mánaðarlaun yfir einni milljón króna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir voru með meira en 1 millj. kr. í mánaðarlaun árið 2009 og hvernig skiptust þeir eftir starfsstéttum?

Samkvæmt upplýsingum í framtölum einstaklinga fyrir árið 2009 voru 1.251 með yfir 12 millj. kr. launatekjur á því ári. Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um starfsstéttir framteljenda

1366. Svar [689. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um ferðir hreyfihamlaðra á vélknúnum ökutækjum utan vega.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður undirbúningi lagafrumvarps sem heimili ferðir hreyfihamlaðra á vélknúnum ökutækjum utan vega á leiðum sem aðeins er leyft að fara um fótgangandi, svo þeim sé gert kleift að njóta útivistar sem er þeim annars illmöguleg, t.d. stangveiða eða ferða um þjóðgarða og önnur vernduð svæði?

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, er meginreglan sú að bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, en þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum, svo og á snjó utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. kveður umhverfisráðherra, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, í reglugerð á um aðrar undanþágur frá banni skv. 1. mgr., m.a. vegna starfa manna við landbúnað, landmælingar, línu- og vegalagnir og rannsóknir.

Reglugerð nr. 528/2005, um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands, er m.a. sett með stoð í 17. gr. náttúruverndarlaga. Þar er hins vegar ekki kveðið á um heimild til að veita undanþágur frá banni við akstri utan vega heldur er eingöngu mælt fyrir um undantekningar frá banninu, þá aðallega vegna tiltekinna starfa.

Umhverfisráðuneytið hefur hug á því að gera breytingar á reglugerð nr. 528/2005 og hefur í því skyni óskað eftir tillögum Umhverfisstofnunar varðandi mögulegar undanþágur frá 17. gr. náttúruverndarlaga vegna utanvegaaksturs fatlaðra einstaklinga, með hliðsjón af ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Tillögur stofnunarinnar um breytingar á reglugerðinni hafa nú þegar borist og er nú unnið með þær af hálfu lögfræðinga ráðu-

neytisins. Gera má því ráð fyrir því að drög að breytingu á reglugerðinni verði á næstunni send til umsagnar viðeigandi aðila og væntanlega afgreidd í framhaldinu.

1367. Svar [662. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um eftirlit Umhverfisstofnunar.

1. *Með hversu mörgum fyrirtækjum og stofnunum hafði Umhverfisstofnun eftirlitsskyldu á árunum 2005–2010?*

Á árinu 2005 hafði Umhverfisstofnun eftirlitsskyldu með 82 fyrirtækjum. Árið 2006 voru fyrirtækin orðin 118, en það ár bættust olíubirgðastöðvar við sem starfsleyfis- og eftirlitsskyld fyrirtæki. Á árunum 2007 og 2008 voru fyrirtækin 121, 120 árið 2009 og 121 árið 2010.

Stofnunin hefur framselt eftirlit með 29 fyrirtækjum (árið 2010) til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

2. *Hversu oft fór Umhverfisstofnun í undirbúið eftirlit til þeirra fyrirtækja?*

Umhverfisstofnun fer að jafnaði í um 85 fyrirtæki til eftirlits á ári.

Árið 2010 var farið í fyrir fram tilkynnt eftirlit í 78 fyrirtæki og árið 2009 í fyrir fram tilkynnt eftirlit í 91 fyrirtæki. Árið 2008 var farið í fyrir fram tilkynnt eftirlit í 80 fyrirtæki og árið 2007 í fyrir fram tilkynnt eftirlit í 93 fyrirtæki. Árið 2006 var farið í fyrir fram tilkynnt eftirlit í 81 fyrirtæki og árið 2005 var farið í fyrir fram tilkynnt eftirlit í 57 fyrirtæki. Samkvæmt flokkun í reglugerð nr. 786/1999, um mengunareftirlit, eru fyrirtæki flokkuð eftir stærð og eðli þeirrar starfsemi sem um er að ræða. Í reglugerðinni er tilgreind tíðni og umfang eftirlits eftir því í hvaða flokk fyrirtæki falla. Þar er kveðið á um að fyrirtæki í 1. eftirlitsflokki fái eftirlit tvisvar sinnum á ári, fyrirtæki í 2. og 3. flokki einu sinni á ári og fyrirtæki í 4. flokki fá eftirlit annað hvert ár. Tilgangur þess að tilkynna um eftirlit fyrir fram er að tryggja að búið sé að taka saman upplýsingar sem ekki fást með öðrum hætti þegar eftirlitið fer fram. Einnig er mikilvægt að tengiliður sé til staðar til að svara spurningum sem upp koma í eftirliti. Eftirlit byggist m.a. á mælingum á virkni mengunarvarnarbúnaðar, slíkar mælingar krefjast oftast mikils undirbúnings og ekki er unnt að koma slíkum búnaði upp eða láta framkvæma mælingarnar með örskömmum fyrirvara.

3. *Hversu oft fór Umhverfisstofnun í óundirbúið eftirlit til þeirra fyrirtækja?*

Stofnunin fór í öllum tilvikum í fyrir fram tilkynnt eftirlit tilgreind ár, nema í eitt skipti árið 2008 og þrjú skipti árið 2010. Í þessum tilvikum var um að ræða aukaeftirlit vegna kvartana eða ábendinga um hugsanleg brot á ákvæðum starfsleyfa.

1368. Svar [764. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um friðlýst svæði og virkjunarframkvæmdir.

1. *Hvaða landsvæði njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd?*

Í 50. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, er upptalning á flokkum friðlýstra náttúruminja en þeir eru, þjóðgarðar, sbr. 51. gr., friðlönd, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 53. gr., náttúruvætti á landi, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr., og í hafi, sbr. 1. mgr. 54. gr., friðlýstar lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 54. gr. og fólkvangar, sbr. 55. gr. Auk þessa njóta nokkur svæði verndar í samræmi við sérlög þar að lútandi, Þingvellir, Mývatn – Laxá, Breiðafjörður og Vatnajökulsþjóðgarður.

Svæði sem njóta friðlýsingar samkvæmt lögum um náttúruvernd eru sem hér segir, einn þjóðgarður, 40 friðlönd, 36 náttúruvætti, þrjú búsvæði og 19 fólkvangar. Auk þess er 31 tegund plantna friðlýst og kúluskítur, vaxtarform grænþörungsins vatnaskúfs.

Friðlýst svæði samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Svæði á Suðvesturlandi.

Friðland: Ástjörn, Bakkatjörn, Eldey, Gálgahraun, Grótta, Kasthúsatjörn, Varmárósar, Vífilsstaðavatn.

Náttúruvætti: Borgir, Eldborg í Bláfjöllum, Eldborg undir Geitahlíð, Fossvogsbakkar, Hamarinn, Háubakkar v/Elliðavog, Kaldárhraun og Gjárnar, Laugarás, Litluborgir, Steðji á Skeiðhól, Tröllabörn, Valhúsahæð,Víghólar.

Tegundir, búsvæði og vistgerðir: Skerjafjörður – Garðabær.

Fólkvangur: Ástjörn – Ásfjall, Bláfjöll, Fjaran v/Kasthúsatjörn, Hleinar, Hlið, Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði, Rauðhólar, Reykjanesfólkvangur, Stekkjarhraun.

Svæði á Vesturlandi.

Þjóðgarður: Snæfellsjökull.

Friðland: Blautós – Innstavogsnes, Búðahraun, Geitland, Grunnafjörður, Húsafellsskógur, Melrakkaey, Ströndin við Stapa og Hellna, Vatnshornsskógur.

Náttúruvætti: Bárðarlaug, Eldborg í Hnappadal, Grábrókargígar, Hraunfossar – Barnafoss.

Tegundir, búsvæði og vistgerðir: Hvanneyri – Andakíll.

Fólkvangur: Einkunnir.

Svæði á Vestfjörðum.

Friðland: Flatey, Hornstrandir, Hrísey, Vatnsfjörður.

Náttúruvætti: Dynjandi, Surtarbrandsgil.

Svæði á Norðurlandi vestra.

Friðland: Guðlaugstungur, Miklavatn.

Náttúruvætti: Hveravellir á Kili, Kattarauga.

Fólkvangur: Hrútey í Blöndu, Spákonufellshöfði.

Svæði á Norðurlandi eystra.
Friðland: Friðland í Svarfaðardal, Herðubreiðarfriðland, Vestmannsvatn.
Náttúruvætti: Arnarnesstrýtur, Askja í Dyngjufjöllum – Vatnajökulsþjóðgarði, Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss, Hverastrýtur, Skútustaðagígar.
Fólkvangur: Böggvisstaðafjall, Hraun í Öxnadal, Krossanesborgir.

Svæði á Austurlandi.
Friðland: Esjufjöll í Vatnajökulsþjóðgarði, Hvannalindir, Ingólfshöfði, Kringilsárrani, Lónsöræfi, Salthöfði – Salthöfðamýrar, Skrúður.
Náttúruvætti: Díma í Lóni, Háalda, Helgustaðanáma, Teigarhorn.
Tegundir, búsvæði og vistgerðir: Hálsar.
Fólkvangur: Álfaborg, Fólkvangur Neskaupstaðar, Hólmanes, Ósland.

Svæði á Suðurlandi.
Friðland: Dyrhólaey, Friðland að Fjallabaki, Gullfoss, Herdísarvík, Oddaflóð, Pollengi – Tunguey, Surtsey, Þjórsárver.
Náttúruvætti: Álftaversgígar, Árnahellir, Dverghamrar, Jörundur, Kirkjugólf, Skógafoss.
Fólkvangur: Bláfjöll.

2. *Hver þessara landsvæða eru friðlýst með þeim skilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilaðar þar?*

Í 60. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, er tekið fram hvaða þætti skal kveðið á um í friðlýsingu en það er m.a. meginatriði verndunar náttúruminja, hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu leyti framkvæmdir eru takmarkaðar, umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar. Þá er í greininni fjallað um nauðsynlegar framkvæmdir, svo sem göngustíga, til að almenningur fái notið svæðisins og ef fyrirhugaðar framkvæmdir raski svo náttúrulegu umhverfi að hætta sé á að ákveðnar lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi eyðist eða verði fyrir verulegum skaða getur umhverfisráðherra látið friðlýsingu taka til banns við slíkum framkvæmdum að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í friðlýsingarskilmálum er hin almenna regla er varðar mannvirkjagerð að mannvirkjagerð og jarðrask eru óheimil, þó er jafnan heimild til þess að Umhverfisstofnun eða umhverfisráðherra geti veitt undanþágu frá friðlýsingarskilmálum. Í friðlýsingarskilmálum tveggja svæða, þ.e. Þjórsárvera og Reykjanesfólkvangs, eru undanþágur frá meginreglunni. Í friðlýsingarskilmálum fyrir friðlandið í Þjórsárverum segir í 2. tölul.: „Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatna og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema til komi leyfi [Umhverfisstofnunar].“ Jafnframt kemur fram að þrátt fyrir framangreint ákvæði „er Landsvirkjun heimilt að veita til Þórisvatns úr upptakakvíslum Þjórsár á Sprengisandi og austurþverám hennar, enda verði kappkostað að halda umhverfisáhrifum mannvirkja í lágmarki. Ennfremur mun [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti veita Landsvirkjun undanþágu frá friðlýsingu þessari til að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m y.s., enda sýni rannsóknir að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati [Umhverfisstofnunar]. Rannsóknir þessar skulu gerðar á vegum ráðgjafanefndar samkvæmt 1. tl. Skal nefndin ennfremur fjalla um endanleg mörk umræddra mannvirkja, ráðstafanir til að draga úr óæskilegum áhrifum þeirra á vistkerfi Þjórsárvera og hugsanlega endurskoðun á vatnsborðshæð miðlunarlónsins.

Nefndin skal og gera tillögu til stjórnar Landsvirkjunar og [Umhverfisstofnunar] um nauðsynlegar rannsóknir í þessu sambandi og skal Landsvirkjun kosta þær að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi rannsóknaráætlun hlýtur samþykki stjórnar Landsvirkjunar og [Umhverfisstofnunar].“ (Auglýsing um friðland í Þjórsárverum, nr. 507/1987.)

Í friðlýsingarskilmálum fyrir Reykjanesfólkvang segir í 2. tölul.: „Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til.“ Jafnframt kemur eftirfarandi fram í skilmálunum: „Undanskilin er hagnýting jarðhita, t.d. í Krísuvík, og mannvirkjagerð í því sambandi, sbr. þó 29. gr. laga nr. 47/1971.“ (Auglýsing um Reykjanesfólkvang nr. 520/1975.)

1369. Frumvarp til laga [773. mál]

um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Björn Valur Gíslason, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Ólína Þorvarðardóttir, Róbert Marshall, Árni Johnsen, Guðmundur Steingrímsson, Ásbjörn Óttarsson.

1. gr.

Lög nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, með síðari breytingum, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 18. maí 2011.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af nefndarmönnum í samgöngunefnd Alþingis. Frumvarp sama efnis var lagt fyrir Alþingi 17. janúar 2011 (407. mál á 139. löggjafarþingi) og lagði samgöngunefnd til í nefndaráliti, dags. 23. mars sl., að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt. Vegna anna var 3. umræða um málið ekki sett á dagskrá fyrr en 12. apríl sl. en enginn tók til máls við það tilefni. Í kjölfarið kom í ljós að ekki hafði gefist ráðrúm til þess að breyta gildistökuákvæði frumvarpsins en dagsetning gildistöku var þá liðin. Þar sem 3. umræða hafði farið fram var ekki fært að breyta gildistökuákvæði með samþykkt breytingartillögu. Í þessu ljósi er frumvarp þetta lagt fram með þeim breytingum sem nauðsynlegar verða að teljast. Um skýringu þess vísast að öðru leyti til frumvarps og nefndarálits um framangreint 407. mál.

1370. Fyrirspurn [774. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um skuldir atvinnugreina.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hverjar eru áætlaðar skuldir eftirtalinna atvinnugreina og hverjar eru forsendur útreikninganna:

a. byggingastarfsemi og mannvirkjagerð,
b. verslun,
c. ferðaþjónusta,
d. iðnaðarstarfsemi,
e. fjármála- og vátryggingastarfsemi,
f. fasteignaviðskipti?

Skriflegt svar óskast.

1371. Fyrirspurn [775. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um tap fyrirtækja vegna gjaldþrota eða afskrifta.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

Hve mikið fé er talið hafa tapast vegna gjaldþrota eða afskrifta hjá fyrirtækjum í eftirtöldum greinum á árunum 2006, 2007, 2008, 2009 og 2010 og hverjar eru forsendur útreikninganna:

a. byggingastarfsemi og mannvirkjagerð,
b. verslun,
c. ferðaþjónusta,
d. iðnaðarstarfsemi,
e. fjármála- og vátryggingastarfsemi,
f. fasteignaviðskipti?

Skriflegt svar óskast.

1372. Fyrirspurn [776. mál]

til fjármálaráðherra um toll á lestölvur.

Frá Eygló Harðardóttur.

Hver er afstaða ráðherra til þess að breyta tollflokkun lestölva og lækka toll á þær?

Skriflegt svar óskast.

1373. Fyrirspurn [777. mál]

til fjármálaráðherra um sæstrengi.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hverjir eru eigendur sæstrengjanna Danice, Farice, Cantat-3 og Greenland Connect og í hvaða hlutföllum er eignarhaldið?
2. Er ríkisábyrgð á sæstrengjunum? Hefur þurft að afskrifa skuldir vegna þeirra?
3. Hver er bandbreidd sæstrengjanna?
4. Hversu hátt hlutfall af hverjum þeirra um sig er í notkun og hverjir kaupa þjónustuna?
5. Vita stjórnvöld til þess að áformað sé að leggja fleiri strengi til eða frá landinu? Ef svo er, hvaða aðilar standa að því?

Skriflegt svar óskast.

1374. Frumvarp til laga [778. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (forsjá og umgengni).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Á undan I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli, **Réttindi barns,** með einni grein, 1. gr., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Réttindi barns.

Barn á rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Óheimilt er að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess.

Barn á rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska.

2. gr.

1. gr. laganna verður 1. gr. a; og í stað tilvísunarinnar „1. gr.“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: 1. gr. a.

3. gr.

I. kafli laganna verður I. kafli A.

4. gr.

28. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Almennt um inntak forsjár.

Barn á rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja, uns það verður sjálfráða og eru þeir forsjárskyldir við það.

Foreldrum ber að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum.

Forsjá barns felur í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn hvers kyns ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.

Foreldrum ber að afla barni sínu lögmæltrar fræðslu og ala með því iðjusemi og siðgæði. Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess. Forsjárforeldri fer enn fremur með lögformlegt fyrirsvar barns.

Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Skal afstaða barns fá aukið vægi eftir því sem barnið eldist og þroskast.

5. gr.

Á eftir 28. gr. laganna bætist við ný grein, 28. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Almennt um inntak sameiginlegrar forsjár.

Þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns skulu þeir taka sameiginlega allar meiri háttar ákvarðanir sem varða barn. Ef foreldrar búa ekki saman hefur það foreldri sem barn á lögheimili hjá heimild til þess að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins, svo sem um hvar barnið skuli eiga lögheimili innanlands, um val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu, venjulega eða nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og reglubundið tómstundastarf. Foreldrar sem fara saman með forsjá barns skulu þó ávallt leitast við að hafa samráð áður en þessum málefnum barns er ráðið til lykta.

Ef annað forsjárforeldra barns er hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum eru nauðsynlegar ákvarðanir hins um persónulega hagi barns gildar.

Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og er öðru foreldrinu þá óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. 3. mgr. fellur brott.

b. Í stað „28. gr., 5. og 6. mgr. 30. gr., 3.–5. mgr. 32. gr. og 33.–35. gr.“ í 4. mgr. kemur: 28. gr., 28. gr. a, 5. og 6. mgr. 30. gr., 3.–5. mgr. 32. gr., 33.–35. gr. og 46. gr.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Forsjá foreldra.*

7. gr.

Á eftir 29. gr. laganna bætist við ný grein, 29. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Forsjá stjúp- og sambúðarforeldra.

Ef foreldri, sem er ekki í hjúskap og fer eitt með forsjá barns síns, gengur í hjúskap með öðrum en hinu foreldrinu, þá geta foreldri og stjúpforeldri samið um að forsjá barns verði sameiginleg. Hið sama á við ef foreldri hefur tekið upp sambúð með öðrum en hinu foreldrinu enda hafi skráð sambúð í þjóðskrá staðið samfleytt í eitt ár.

Samningur öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns. Leita skal umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns og um samning gilda að öðru leyti ákvæði 32. gr. eftir því sem við á.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:
a. Í stað „3. mgr. 29. gr.“ í 1. mgr. kemur: 29. gr. a.
b. Í stað „3. mgr. 29. gr.“ í 2. mgr. kemur: 29. gr. a.

9. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði þetta gildir einnig um skilnað og sambúðarslit foreldris og stjúp- eða sambúðarforeldris sem einnig hefur farið með forsjá skv. 29. gr. a.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „breytingu á forsjá barns þannig að forsjá flytjist“ í 2. mgr. kemur: breytingu á forsjá eða lögheimili barns þannig að forsjá eða lögheimili flytjist.
b. Orðin „enda mæli barnaverndarnefnd með þeirri skipan“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. Í stað orðanna „Samning foreldra um forsjá“ í 4. mgr. kemur: Samning foreldra um forsjá eða lögheimili.
d. Í stað orðanna „Samningur um forsjá“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: Samningur um forsjá eða lögheimili.
e. Í stað orðanna „samningi foreldra um forsjá“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: samningi foreldra um forsjá eða lögheimili.
f. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Samningar foreldra um forsjá og lögheimili.*

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:
a. 1. mgr. orðast svo:

   Sýslumaður getur boðið aðilum forsjár-, umgengnis- og dagsektarmála sérfræðiráðgjöf. Markmið með sérfræðiráðgjöf er að leiðbeina aðilum með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu. Sá sem veitir ráðgjöf getur rætt við barn, sem mál varðar, telji hann það þjóna hagsmunum þess.
b. 2. mgr. fellur brott.

c. 4. mgr. orðast svo:
Ráðherra setur nánari reglur um ráðgjöf skv. 1. mgr., svo sem um hæfi sérfræðinga sem veita ráðgjöf, inntak og framkvæmd ráðgjafar.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Ráðgjöf.*

12. gr.

Á eftir 33. gr. laganna bætist við ný grein, 33. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Sáttameðferð.

Áður en krafist er úrskurðar eða höfðað mál um forsjá, umgengni, dagsektir eða aðför er foreldrum skylt að leita sátta samkvæmt þessari grein.

Sýslumaður skal bjóða aðilum forsjár-, umgengnis- og dagsektarmála sáttameðferð en aðilar geta einnig leitað til annarra sem hafa sérfræðiþekkingu í sáttameðferð og málefnum barna.

Markmið með sáttameðferð er að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn máls sem er barni fyrir bestu. Foreldrar skulu mæta sjálfir á þá sáttafundi sem sáttamaður boðar til. Veita skal barni, sem náð hefur nægilegum þroska, kost á að tjá sig við sáttameðferð nema telja megi að slíkt geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins.

Sáttamaður skal gæta þess að vera hlutlaus í máli og leitast við að draga fram þá hagsmuni sem leitt geta til þess að máli verði lokið með sátt.

Ef foreldrum tekst ekki að gera samning gefur sáttamaður út vottorð um sáttameðferð. Heimilt er að gefa út vottorð um sáttameðferð ef foreldrar mæta ekki á sáttafund eftir að hafa fengið kvaðningu tvívegis.

Í vottorði um sáttameðferð skal gera grein fyrir því hvernig sáttameðferð fór fram, helstu ágreiningsatriðum, afstöðu aðila og sjónarmiðum barns nema það sé talið ganga gegn hagsmunum barnsins. Þeim sem sinnir sáttameðferð er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt skulu fara skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Brot á þagnarskyldu varðar refsingu skv. XIV. kafla almennra hegningarlaga.

Vottorð um sáttameðferð er gilt í sex mánuði eftir útgáfu.

Ákvæði þetta gildir einnig um aðra en foreldra sem geta gert kröfu um forsjá, umgengni, dagsektir og aðför.

Ráðherra setur nánari reglur um sáttameðferð, svo sem um hæfi sáttamanna, framkvæmd og vottorð um sáttameðferð.

13. gr.

34. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Dómur um forsjá barns o.fl.

Þegar foreldra greinir á um forsjá barns sker dómari úr málinu með dómi hafi sátt ekki tekist. Ef foreldrar leita skilnaðar fyrir dómi leysir dómari um leið úr ágreiningi um forsjá. Sýslumaður getur veitt leyfi til skilnaðar hjóna þótt ágreiningsmál um forsjá barns þeirra sé rekið fyrir dómi.

Dómari kveður á um hvernig forsjá barns verði háttað eftir því sem barni er fyrir bestu. Dómari lítur m.a. til hæfis foreldra, stöðugleika í lífi barns, tengsla barns við báða foreldra, skyldu þeirra til að tryggja rétt barnsins til umgengni, hættu á að barnið, foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi og vilja barns að teknu tilliti til aldurs og þroska.

Eigi verður mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns með dómi en foreldrar geta með dómsátt ákveðið að forsjáin verði sameiginleg.

Í ágreiningsmáli um forsjá barns ber dómara að kröfu annars foreldris eða beggja að kveða á um meðlag í dómi, sem og um inntak umgengnisréttar barns og foreldris og kostnað vegna umgengni, hafi sátt ekki tekist um þessi efni, enda hafi krafa um það verið gerð í stefnu eða greinargerð stefnda. Um ákvörðun dómara um umgengni gilda ákvæði 1.–4. mgr. 47. gr. og 47. gr. b.

Um meðferð þessara mála fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum VI. kafla.

Dómari skal senda Þjóðskrá Íslands upplýsingar um niðurstöðu máls um forsjá barns á eyðublaði sem hún leggur til.

14. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Dómari skal á öllum stigum máls meta hvort líklegt er að sættir náist og leggja sitt af mörkum til að sætta mál með tilliti til hagsmuna barns.

Dómari getur leitað til sérfræðings eftir aðstoð við sáttaumleitan eða ákveðið að sátta verði leitað milli aðila eftir ákvæði 33. gr. a.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Öllum þeim sem dómari leitar til ber að láta honum endurgjaldslaust í té afrit af gögnum sem dómari telur nauðsynleg fyrir úrlausn málsins.
b. Við 2. málsl. 3. mgr. bætist: og getur mælt svo fyrir að matsmaður hafi heimild til að afla gagna skv. 2. mgr.
c. Á eftir 2. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Dómari getur einnig hafnað kröfu um dómkvaðningu eða kröfu um yfirmat enda telji hann öflun sérfræðilegrar álitsgerðar ganga gegn hagsmunum barns eða augljóslega óþarfa.

16. gr.

Á eftir orðunum „fulltrúa barnaverndarnefndar“ í 1. málsl. 3. mgr. 45. gr. laganna: kemur: í umdæmi þar sem aðför fer fram.

17. gr.

46. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Umgengni við foreldri.

Barn á rétt á að umgangast með reglubundnum hætti það foreldra sinna sem það býr ekki hjá, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti. Þegar foreldrar búa ekki saman hvílir sú skylda á þeim báðum að grípa til þeirra ráðstafana sem við verður komið til að tryggja að þessi réttur barnsins sé virtur.

Foreldri sem barn býr ekki hjá á í senn rétt og ber skylda til að rækja umgengni við barn sitt. Foreldri sem barn býr hjá er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema hún sé andstæð hag og þörfum barns að mati dómara eða lögmælts stjórnvalds.

Foreldri sem nýtur umgengni er heimilt að taka þær nauðsynlegu ákvarðanir um daglegt líf barnsins sem fylgja umgengninni. Foreldri sem barn býr hjá ber að tryggja að foreldri sem

nýtur umgengni fái nauðsynlegar upplýsingar til þess að umgengnin þjóni hag og þörfum barnsins.

Foreldrar geta samið um hvernig skipa skuli umgengnisrétti, þ.m.t. hvort greiði kostnað vegna umgengni, enda fari sú skipan ekki í bága við hag og þarfir barnsins.

Foreldrar geta óskað staðfestingar sýslumanns á samningi skv. 4. mgr. Sýslumaður skal leiðbeina þeim um réttaráhrif samnings. Sýslumaður getur synjað um staðfestingu samnings ef hann er andstæður hag og þörfum barns.

18. gr.

Á eftir 46. gr. laganna kemur ný grein, 46. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Umgengni við aðra.

Ef annað foreldra barns er látið eða bæði, foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar við barn eða foreldri nýtur verulega takmarkaðrar umgengni á barnið rétt á umgengni við nána vandamenn þess foreldris eða aðra nákomna barni, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið.

Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. og 3.–5. mgr. 46. gr. eiga við um umgengni skv. 1. mgr.

19. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Ef foreldra greinir á um umgengni tekur sýslumaður ákvörðun um umgengni samkvæmt þessari grein með úrskurði. Ákvörðun skal ávallt tekin eftir því sem barni er fyrir bestu. Sýslumaður lítur m.a. til tengsla barns við báða foreldra, aldurs barns, stöðugleika í lífi barns, búsetu foreldra og vilja barns að teknu tilliti til aldurs og þroska. Þá ber sýslumanni að meta hættu á að barnið, foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi og líta sérstaklega til þess hvort ágreiningur eða samskipti foreldra séu líkleg til að koma í veg fyrir, hindra eða draga úr möguleikum barns til að alast upp við þroskavænleg skilyrði. Ef sýslumaður telur að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag og þörfum þess getur hann kveðið svo á að umgengnisréttar njóti ekki við.

Sýslumaður úrskurðar um inntak umgengnisréttar, skilyrði og hversu honum verði beitt. Sýslumaður getur einnig hafnað því að ákveða inntak umgengnisréttar ef slík úrlausn þykir barni fyrir bestu.

Heimilt er þegar sérstaklega stendur á að úrskurða um umgengni allt að 7 daga af hverjum 14 dögum.

Þegar sérstök ástæða er til getur sýslumaður mælt svo fyrir í úrskurði að umgengni skuli fara fram undir eftirliti sérfræðings í málefnum barna.

Sýslumaður getur breytt eða fellt úr gildi úrskurð eða samning um umgengni ef slík úrlausn þykir barni fyrir bestu. Þá getur hann hafnað því að breyta ákvörðun um umgengni ef slík úrlausn þykir barni fyrir bestu.

Þótt inntak umgengnisréttar hafi verið ákveðið með dómi eða dómsátt, sbr. 34. gr., hefur sýslumaður sömu heimildir til breytinga á þeirri skipan og hefði hún verið ákveðin með úrskurði hans.

Sýslumaður úrskurðar með sama hætti um umgengni barns við nána vandamenn eða aðra nákomna skv. 46. gr. a enda verði umgengni talin til hagsbóta fyrir barnið. Leita skal umsagnar þess foreldris sem á umgengnisrétt við barn þegar við á.

Um meðferð mála samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum XI. kafla.

20. gr.

Á eftir 47. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (47. gr. a.)

Úrskurður sýslumanns til bráðabirgða um umgengni.

Í máli um umgengni hefur sýslumaður heimild til að úrskurða skv. 47. gr. til bráðabirgða að kröfu aðila hvernig fara skuli um umgengni eftir því sem barni er fyrir bestu. Heimilt er að ákveða að úrskurður til bráðabirgða gildi í tiltekinn tíma eða gildi þar til máli er ráðið endanlega til lykta.

Nú hefur umgengnismáli eigi verið ráðið til lykta og getur sýslumaður þá, að kröfu málsaðila, kveðið svo á í úrskurði að ekki megi að óloknu máli fara með barnið úr landi. Sýslumaður skal þegar í stað senda úrskurð um farbann til embættis ríkislögreglustjóra.

Breyta má úrskurði skv. 1. og 2. mgr. vegna sérstakra ástæðna þyki það vera barni fyrir bestu.

Heimilt er að kæra úrskurð sýslumanns skv. 1.–3. mgr. til ráðherra innan tveggja vikna frá dagsetningu hans.

Úrskurður skv. 1.–3. mgr. bindur ekki hendur sýslumanns þegar umgengni er ákveðin skv. 47. gr.

Sýslumaður verður ekki vanhæfur til að leysa úr máli skv. 47. gr. af þeirri ástæðu einni að hann hefur kveðið upp úrskurð skv. 1.–3. mgr.

Úrskurður skv. 1.–3. mgr. fellur sjálfkrafa niður þegar úrskurður um umgengni er kveðinn upp. Þetta gildir þó ekki hafi sýslumaður ákveðið að kæra úrskurðar fresti réttaráhrifum hans. Þegar svo stendur á fellur úrskurðurinn sjálfkrafa niður þegar annaðhvort kærufrestur skv. 78. gr. er liðinn eða úrskurður ráðherra liggur fyrir.

b. (47. gr. b.)

Úrskurður sýslumanns um kostnað vegna umgengni.

Ef foreldra greinir á úrskurðar sýslumaður, að kröfu foreldris, um skiptingu kostnaðar af ferðum barns í tengslum við umgengni.

Við úrlausn máls skv. 1. mgr. skal almennt miða við að foreldri sem nýtur umgengni greiði kostnað vegna umgengninnar. Sýslumaður getur þó ákveðið að foreldri sem barn býr hjá greiði að nokkru eða öllu leyti kostnað vegna umgengni með hliðsjón af fjárhagslegri og félagslegri stöðu og högum beggja foreldra svo og atvikum máls að öðru leyti.

Gera má fjárnám fyrir kostnaði vegna umgengni á grundvelli úrskurðar sýslumanns eða samnings foreldra staðfests af sýslumanni.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „fulltrúa barnaverndarnefndar“ í 3. mgr. kemur: sérfræðings.
b. 1. málsl. 4. mgr. fellur brott.
c. Við 6. mgr. bætist: eða ef aðför til að koma á umgengni nær ekki fram að ganga.

22. gr.

49. gr. laganna orðast svo:

Gera má fjárnám fyrir dagsektum samkvæmt kröfu þess sem tálmað er að njóta umgengnisréttar og renna þær í ríkissjóð.

Kröfu skal beint til sýslumanns sem sér um að beina greiðsluáskorun til gerðarþola. Ef gerðarþoli lætur ekki af tálmunum sendir sýslumaður aðfararbeiðni til héraðsdóms. Að fenginni áritun héraðsdómara ákveður sýslumaður svo fljótt sem verða má hvar og hvenær fjárnám fari fram og tilkynnir gerðarbeiðanda og gerðarþola um ákvörðun sína. Ekki verður af fjárnámi nema gerðarbeiðandi sé sjálfur viðstaddur gerðina.

Ákvæði þetta gildir einnig um aðrar fullnustugerðir eftir því sem við á. Um aðför til að koma á umgengni gildir þó ákvæði 50. gr., sbr. 45. gr.

Um meðferð máls og framkvæmd fullnustugerða samkvæmt þessari grein gilda að öðru leyti ákvæði aðfararlaga eða laga um viðeigandi fullnustugerðir.

Ekki skal greiða gjald í ríkissjóð eða kostnað vegna meðferðar kröfu samkvæmt þessari grein.

23. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Tálmi forsjármaður umgengni þrátt fyrir úrskurð um dagsektir og fjárnám fyrir ógreiddum dagsektum getur héraðsdómari, að kröfu þess sem rétt á til umgengni við barn, heimilað að henni verði komið á með aðfarargerð.

Dómari getur, að kröfu þess sem rétt á til umgengni við barn, úrskurðað að umgengni verði komið á með aðför í eitt skipti eða að umgengni á vissu tímabili verði komið á með aðfarargerð.

Ekki verður af aðför nema gerðarbeiðandi sé sjálfur viðstaddur gerðina.

Um meðferð máls og framkvæmd aðfarar gilda að öðru leyti ákvæði 45. gr.

24. gr.

51. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Fyrirhugaður flutningur lögheimilis.

Þegar annað foreldra á umgengnisrétt við barn samkvæmt samningi, úrskurði, dómi eða dómsátt ber hvoru foreldri að tilkynna hinu með minnst sex vikna fyrirvara ef foreldri hyggst flytja lögheimili sitt og/eða barnsins hvort sem er innan lands eða utan.

Ákvæði 3. mgr. 28. gr. a gildir einnig um för með barn úr landi þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá.

25. gr.

Á eftir 51. gr. laganna bætist við ný grein, 51. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Úrskurður sýslumanns um utanlandsferð.

Ef foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns greinir á um utanlandsferð barns úrskurðar sýslumaður, að kröfu foreldris, um rétt til að fara í ferðalag með barn úr landi.

Við úrlausn máls skv. 1. mgr. skal m.a. líta til tilgangs ferðar, tímalengdar og áhrifa á umgengni.

Um meðferð mála samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum XI. kafla.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „upplýsingar“ í 1. mgr. kemur: munnlegar upplýsingar.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá aðgang að skriflegum gögnum um barnið frá skólum og leikskólum.

c. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Það foreldri á einnig rétt á að fá munnlegar upplýsingar um barnið frá öðrum aðilum sem fara með mál þess, svo sem sjúkrahúsum, heilsugæslu- og félagsmálastofnunum, félagsmálanefndum, barnaverndarnefndum og lögreglu.

27. gr.

2. mgr. 53. gr. laganna orðast svo:

Skylt er stjúp- og sambúðarforeldri að framfæra stjúpbarn sitt svo sem eigið barn þess væri meðan hjúskapur eða sambúð stendur, ef það fer með forsjá þess skv. 29. gr. a. Hið sama á við ef stjúp- eða sambúðarforeldri fer með forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit ef annað kynforeldra barns er látið.

28. gr.

Orðin „í ágreiningsmálum um umgengni“ í 4. mgr. 71. gr. laganna falla brott.

29. gr.

3. mgr. 72. gr. laganna orðast svo:

Ef aðilar máls sinna eigi kvaðningum eða tilmælum sýslumanns um gagnaöflun, sbr. 70. gr., þá ber öllum þeim sem sýslumaður leitar til að láta honum endurgjaldslaust í té afrit af gögnum sem hann telur nauðsynleg fyrir úrlausn málsins.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. Orðin „eða aðili sinnir ekki ítrekuðum kvaðningum sýslumanns“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. fellur brott.

31. gr.

74. gr. laganna orðast svo:

Sýslumaður getur á öllum stigum máls leitað liðsinnis sérfræðings í málefnum barna. Sýslumaður getur m.a. falið sérfræðingi að kynna sér viðhorf barns eða foreldris og gefa skýrslu um það. Þá getur sýslumaður falið sérfræðingi að gefa umsögn um tiltekin álitaefni þegar ástæða þykir til og getur mælt svo fyrir að sérfræðingur hafi í þessu skyni heimild til að afla gagna skv. 3. mgr. 72. gr.

Ef þörf er á skal sýslumaður tilkynna barnaverndarnefnd um aðstæður barns. Ber barnaverndarnefnd að taka málið til meðferðar á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga og beita viðeigandi úrræðum til stuðnings barni þegar það á við.

32. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2012.

Lög þessi gilda um öll börn óháð því hvort þau eru fædd fyrir eða eftir gildistöku laganna nema annað sé tekið fram.

Ákvæði 7. gr. um forsjá stjúp- og sambúðarforeldra gildir ekki í þeim tilvikum þegar stjúp- eða sambúðarforeldri fer við gildistöku laga þessara þegar með forsjá barns eftir ákvæðum eldri laga.

Dómsmál sem hafa verið þingfest fyrir 1. janúar 2012 en hefur ekki verið lokið skulu rekin og dæmd eftir ákvæðum eldri laga. Hið sama gildir ef úrskurður í slíku máli er kærður til Hæstaréttar eða dómi áfrýjað.

Um meðferð og úrlausn stjórnsýslumála sem komið hafa til meðferðar hjá sýslumönnum fyrir 1. janúar 2012 en hefur ekki verið lokið skal fara samkvæmt ákvæðum eldri laga. Hið sama gildir ef úrskurður í slíku máli er kærður til ráðherra.

Beita skal lögum þessum um endurupptöku mála þótt þau hafi verið dæmd fyrir gildistöku laganna. Hið sama gildir um endurupptöku stjórnsýslumála.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er í meginatriðum samið af nefnd sem skipuð var af dóms- og kirkjumálaráðherra 22. desember 2008. Í nefndinni áttu sæti Hrefna Friðriksdóttir lektor í sifja- og erfðarétti við Háskóla Íslands sem jafnframt var formaður, Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari tilnefnd af Dómarafélagi Íslands og Álfheiður Steinþórsdóttir sálfræðingur tilnefnd af Sálfræðingafélagi Íslands. Varamenn voru Símon Sigvaldason og Þorgeir Magnússon. Með nefndinni vann Jóhanna Gunnarsdóttir, lögfræðingur í ráðuneytinu.

Eftir að nefndin skilaði frumvarpi var ákveðið að kynna það sérstaklega á heimasíðu ráðuneytisins og áhugasamir hvattir til að koma á framfæri ábendingum. Formanni nefndarinnar var falið að fara yfir innkomnar athugasemdir við frumvarpið og gerðar voru örfáar breytingar í samráði við starfsmann ráðuneytisins.

Vorið 2011 var ákveðið að leggja frumvarpið fram í breyttri mynd, þ.e. ákveðið var að fella burt úr frumvarpinu ákvæði um heimildir dómara til að dæma sameiginlega forsjá og/eða lögheimili barns. Skiptar skoðanir eru um slíkar heimildir og frá mismunandi sjónarmiðum er greint síðar í þessum athugasemdum, en rétt þykir að stíga varlega til jarðar í þessum efnum. Miklar vonir eru bundnar við ýmis nýmæli frumvarps þessa, ekki síst þau sem felast í ákvæðum um ráðgjöf og sáttaumleitan. Rétt þykir að fá reynslu á hin nýju úrræði áður er lagðar eru til breytingar á því hvernig sameiginleg forsjá getur stofnast. Orðalagi athugasemdanna hér á eftir hefur verið breytt með tilliti til þessa.

1.1 Hlutverk nefndarinnar.

Hlutverki nefndarinnar er lýst með eftirfarandi hætti í skipunarbréfi:

„Gildandi barnalög sem eru frá árinu 2003 leystu af hólmi eldri lög frá 1992. Töluverð umræða hefur verið um málefni á sviði barnaréttar undanfarin misseri og þrátt fyrir að aðeins séu liðin 5 ár frá setningu gildandi laga þykir ástæða til að ráðast í endurskoðun á ákveðnum þáttum þeirra. Lögunum hefur verið breytt nokkrum sinnum frá gildistöku og þýðingarmikil breyting var gerð 2006 þegar gert var að meginreglu að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns eftir skilnað og sambúðarslit. Þegar sú breyting var gerð hafði um nokkurt skeið farið fram umræða um sameiginlega forsjá, eðli hennar og tilgang, m.a. um hvort fela ætti dómurum heimild til að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja foreldra en af hálfu dómsmálaráðherra var ekki gerð tillaga að slíkri breytingu árið 2006.

Víðtæk endurskoðun hefur farið fram í öðrum norrænum ríkjum á undanförum misserum og árum á reglum um forsjá, búsetu og umgengni og eru þær um margt sambærilegar en Ísland sker sig úr að ýmsu leyti. Almennt má segja að á undanförnum árum hafi vaxandi áhersla verið lögð á það í barnarétti að tryggja rétt barns til að þekkja og hafa tengsl við báða foreldra á sama tíma og skyldur foreldra gagnvart barni hafa verið skerptar. Endurskoðun

laga hefur miðast að því að skoða hvaða reglur um samband barna og foreldra sem búa ekki saman eru líklegastar til að þjóna best hagsmunum barnsins. Síðustu lagabreytingar á Norðurlöndum á þessu sviði áttu sér stað í Danmörku en þar í landi öðluðust ný *Forældreansvarslov* gildi 1. október 2007.

Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að fara yfir reglur barnalaga um forsjá barna, búsetu og umgengni með það fyrir augum að meta hvort ákvæði þeirra tryggi á viðeigandi hátt þá hagsmuni sem lögunum er einkum ætlað að standa vörð um og hvort ákvæðin taki nægilegt tillit til mismunandi aðstæðna fjölskyldna og þeirrar þróunar og viðhorfsbreytinga sem orðið hafa í samfélaginu.

Verði niðurstaða nefndarinnar sú að þörf sé á að breyta gildandi barnalögum skal nefndin semja tillögur að viðeigandi breytingum og því hvernig hrinda megi þeim í framkvæmd og skulu þær vera settar fram í drögum að frumvarpi til laga.

Það sem nefndinni ber einkum að skoða er hvort ástæða sé til þess að breyta íslenskri löggjöf og veita dómurum heimild til þess að ákveða að foreldrar skuli fara sameiginlega með forsjá barns þrátt fyrir að annað foreldri sé því andvígt en samkvæmt gildandi rétti getur annað foreldri ávallt krafist niðurfellingar sameiginlegrar forsjár sem leiðir til þess að forsjá verður falin öðru foreldranna. Verði niðurstaða nefndarinnar sú að veita eigi dómurum heimild til að dæma sameiginlega forsjá skal nefndin taka afstöðu til þess við hvaða aðstæður það komi til álita.

Þá skal nefndin einnig taka afstöðu til þess, verði lagt til að breyta barnalögunum í þá veru sem reifað er hér að framan, úr hvaða ágreiningsefnum foreldra dómari eigi að geta leyst með dómi þegar forsjá er sameiginleg og foreldrar komast ekki að samkomulagi. Hér er ágreiningur um hjá hvoru barn skuli búa einkum hafður í huga, og þá bæði ef hann kemur upp í tengslum við forsjármál og endranær, en jafnframt þarf að taka afstöðu til þess hvort önnur ágreiningsefni ættu að geta fallið undir valdheimildir dómara og/eða sýslumanns.

Samkvæmt gildandi lögum skal barn að jafnaði hafa fasta búsetu hjá því foreldri sem það á lögheimili hjá. Nefndin skal taka afstöðu til þess hvort til greina komi að lögfesta ákvæði sem sérstaklega veitir heimild fyrir „jafnri búsetu“, þ.e. að barn teljist búsett hjá báðum foreldrum sínum, þrátt fyrir að þeir búi ekki saman og e.a. hvort slík búseta ætti að byggja á samkomulagi foreldra eða hvort hún ætti að geta byggt á ákvörðun yfirvalda.

Afleiðing þess að barn samkvæmt gildandi lögum telst búsett hjá því foreldri sem það á lögheimili hjá er m.a. sú að stjórnvöld úrskurða ekki umgengni sem í raun felur í sér að barn búi á tveimur stöðum, þannig ákveða stjórnvöld almennt ekki í úrlausnum sínum umgengni í viku í senn aðra hverja viku þótt foreldrum sé heimilt að semja um slíka umgengni telji þeir það barni fyrir bestu. Nefndinni ber að taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til þess að hrófla við því fyrirkomulagi.

Meginverkefni nefndarinnar er að fjalla um og taka afstöðu til fyrrgreindra atriða en að auki skal nefndin yfirfara V.–VIII. kafla barnalaga í heild sinni og leggja mat á hvort ástæða sé til að skoða fleiri þætti þeirra og e.a. að móta rökstuddar tillögur að breytingum sem nefndin telur æskilegar.

Við endurskoðun laganna ber nefndinni að hafa að leiðarljósi að þarfir og hagsmunir barnsins eiga að vera í öndvegi við skipan mála samkvæmt barnalögum.

Hafa þarf hliðsjón af þeim alþjóðlegu samningum sem Ísland er aðili að og varða efnið, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Í ljósi hinnar ríku hefðar um norræna samvinnu á sviði sifjaréttar ber nefndinni að gefa vandlega gaum að reglum annarra

norrænna ríkja um forsjá, búsetu og umgengni og þróun þeirra. Þá ber nefndinni að kalla eftir sjónarmiðum félagasamtaka og annarra þeirra aðila sem málið kann að varða.“

1.2 Vinna nefndarinnar.

Í samræmi við ákvæði skipunarbréfsins um víðtækt samráð ákvað nefndin að bjóða allmörgum á sinn fund. Nefndin hitti eftirtalda:

- dr. Sigrúnu Júlíusdóttur, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands,
- Jóhann Loftsson og Gunnar Hrafn Birgisson, sálfræðinga sem annast sérfræðiráðgjöf í sifjamálum á vegum ýmissa sýslumannsembætta,
- Þorgeir Magnússon, sálfræðing og deildarstjóra í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts,
- Lúðvík Börk Jónsson og Heimi Hilmarsson frá Félagi um foreldrajafnrétti,
- Valgerði Halldórsdóttur og Helgu Margréti Guðmundsdóttur frá Félagi stjúpfjölskyldna,
- Laufeyju Ólafsdóttur formann, Oktavíu Guðmundsdóttir félagsráðgjafa og Katrínu Theodórsdóttur hdl. frá Félagi einstæðra foreldra,
- Margréti Maríu Sigurðardóttur og Elísabetu Gísladóttur frá embætti umboðsmanns barna,
- Sigríði Ingvarsdóttur héraðsdómara,
- Eyrúnu Guðmundsdóttur, lögfræðing og deildarstjóra sifja- og skiptadeildar sýslumannsins í Reykjavík,
- Ragnhildi Sophusdóttur, lögfræðing og fulltrúa sýslumannsins í Kópavogi,
- Ragnhildi Elínu Lárusdóttur, lögfræðing og fulltrúa sýslumannsins í Hafnarfirði,
- Helgu Jónu Sveinsdóttur deildarstjóra frá Barnavernd Reykjavíkur,
- Ellý Þorsteinsdóttur skrifstofustjóra og Helgu Jónu Benediktsdóttur lögfræðing frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar,
- Aðalstein Sigfússon, félagsmálastjóra Kópavogs,
- Valborgu Snævarr hrl.,
- Dögg Pálsdóttur hrl.,
- Oddgeir Einarsson hdl. og
- Ingibjörgu Bjarnardóttur, hdl. og formann Sáttar, félags um sáttamiðlun.

Nefndin fór ítarlega yfir athugasemdir og ábendingar þessara aðila og tók tillit til þeirra við samningu frumvarps þessa eftir því sem við á. Nefndinni bárust einnig upplýsingar og ábendingar frá nokkrum öðrum sem láta sig þessi mál varða.

Nefndin kynnti sér nokkuð rækilega löggjöf og framkvæmd annars staðar á Norðurlöndum og hafði til hliðsjónar við samningu frumvarpsins. Þá var tekið tillit til þeirra alþjóðlegu samninga og samþykkta sem Ísland er aðili að og varða barnaréttinn, sérstaklega samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Nefndin hélt alls 16 fundi.

1.3 Nefnd um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum.

Þegar nefndin sem skilar þessu frumvarpi hóf störf var starfandi á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis nefnd sem skipuð var til að fjalla um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og réttarstöðu barna þeirra, svo og réttarstöðu stjúpforeldra og aðstæður þeirra. Meginverkefni þeirrar nefndar var að kanna fjárhagslega og félagslega stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og stjúpforeldra og m.a. fara yfir réttarreglur sem varða hópana og gera tillögur um hugsanlegar úrbætur í málefnum þeirra. Í þessari nefnd um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum voru 12 aðilar úr ýmsum áttum, m.a. frá ráðuneytum og fjölmörgum

frjálsum félagasamtökum, en starfsmenn nefndarinnar voru Hrefna Friðriksdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir auk þess sem Magnús S. Magnússon var tengiliður Hagstofunnar við nefndina. Skipað var í vinnuhópa og fjallaði einn þeirra gagngert um sifja- og barnarétt og félagslega stöðu barna. Nefndin um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum skilaði viðamikilli skýrslu í apríl 2009 þar sem m.a. er að finna kafla um stöðu barna samkvæmt ákvæðum barnalaga, nr. 76/2003, og rökstuddar tillögur um ýmis álitaefni. Nefndin klofnaði í afstöðu sinna til álitaefna á sviði barnaréttar, einhverjir nefndarmanna tóku afstöðu til efnislegra breytinga en aðrir töldu rétt að vísa ágreiningsefnum til þeirrar nefndar sem nú skilar af sér frumvarpi til breytinga á barnalögum. Við samningu frumvarps þessa var fylgst vel með starfi nefndarinnar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum og höfð hliðsjón af skýrslu hennar, sérstaklega kaflanum um norrænan rétt.

1.4 Yfirlit.

Eins og fram kemur í skipunarbréfi var nefndinni í grunninn ætlað að meta hvort ákvæði barnalaga tryggðu á viðeigandi hátt þá hagsmuni sem lögunum var einkum ætlað að standa vörð um og hvort ákvæðin tækju nægilegt tillit til mismunandi aðstæðna fjölskyldna og þeirrar þróunar og viðhorfsbreytinga sem orðið hafa í samfélaginu.

Áður en vikið er að helstu nýmælum og skýringum við einstakar greinar verður því fjallað með almennum hætti um lagaþróun og helstu áherslur, tölfræði, meginatriði í norrænum rétti, grundvallarreglur í barnarétti og helstu ágreiningsatriðin.

2. Lagaþróun og helstu áherslur.

Frá því að heildstæð barnalög voru fyrst sett á Íslandi árið 1981 hafa orðið umtalsverðar breytingar á stöðu barnafjölskyldna og hlutverki fjölskyldumeðlima. Samhliða vaxandi áherslu á jafnrétti, jafna stöðu og möguleika beggja kynja hafa báðir foreldrar tekið í æ ríkari mæli virkan þátt í uppeldi barna sinna. Þá hefur sjónum verið beint að sjálfstæðum rétti barns, hagsmunum þess og þörfum.

Áhersla á sameiginlega ábyrgð beggja foreldra á uppeldi barns hefur ráðið hvað mestu um þróun barnalaga undanfarna áratugi. Það er óumflýjanleg staðreynd að foreldrar barns búa ekki alltaf saman. Ganga verður út frá því í nútímasamfélagi að tengsl og samskipti foreldra fyrir eða eftir sambúð, hjónaband, sambúðarslit eða hjónaskilnað séu með afar fjölbreyttum hætti. Breytingar á barnalögum hafa miðað að því að samræma þarfir barns, sjónarmið um ábyrgð og þátttöku beggja foreldra og hið fjölbreytta mynstur foreldrasamskipta. Sérstaklega hefur verið reynt að skoða með hvaða hætti unnt er að hafa hagsmuni barns í forgrunni en jafnframt tryggja tengsl barns við báða foreldra sína og ábyrgð foreldra eftir skilnað og sambúðarslit.

Leggja verður ríka áherslu á að barnalög gegna í raun margþættu hlutverki. Í lögunum er mælt fyrir um réttarstöðu allra barna og foreldra þeirra. Um sum atriði eru settar ófrávíkjanlegar lagareglur sem verða að taka mið af því sem telja má þjóna hagsmunum flestra barna með tilliti til bestu þekkingar á þörfum þeirra. Þá eru í ýmsum tilvikum settar skýrar lagareglur sem þó er heimilt að víkja frá, þ.e. semja má á annan veg.

Í öðrum tilvikum eru settar svokallaðar vísireglur þar sem reynt er að vísa foreldrum réttan veg. Jafnhliða er undirstrikuð ábyrgð foreldra, að það þjóni hagsmunum barna alla jafna best að foreldrar annist uppeldi barns án atbeina löggjafans eða yfirvalda og lögð áhersla á að foreldrar vinni í sameiningu að þessu verkefni innan ramma laganna. Mikilvægt er að foreldrar átti sig á því hvaða reglur laganna eru ófrávíkjanlegar, hvenær foreldrum er heimilt

að semja um einstök atriði eins og best hentar hverju barni og hvaða sjónarmiðum foreldrar eru þá hvattir til að hafa hliðsjón af.

Þá verða lögin að fjalla með skýrum hætti um lausn ágreiningsmála og þau sjónarmið sem leggja ber til grundvallar. Sjónarmið í forsjár- og umgengnisdeilum verða þó að vera nokkuð opin og háð mati þar sem niðurstaða í hverju máli verður að ráðast alfarið af hagsmunum þess barns sem deilt er um.

2.1 Eldri barnalög.

Rétt þykir að víkja lítillega að þróun lagaákvæða um sameiginlega forsjá.

Við setningu barnalaga, nr. 9/1981, var gengið út frá því að foreldrar í sambúð eða hjónabandi færu sameiginlega með forsjá barna sinna en ef foreldrar væru ekki saman færi einungis annað þeirra með forsjá barns.

Í barnalögum, nr. 20/1992, var fyrst gert ráð fyrir þeim möguleika að foreldrar sem ekki byggju saman gætu samið um að fara sameiginlega með forsjá barns. Gert var ráð fyrir að foreldrar semdu einnig um hvar barnið ætti að eiga lögheimili. Gengið var út frá því að sameiginlega forsjáin grundvallaðist á samstarfi og samvinnu foreldra og ekki var möguleiki að úrskurða í ágreiningsmálum foreldra, til dæmis um umgengni og meðlag.

2.2 Núgildandi barnalög.

Núgildandi barnalög eru nr. 76/2003. Þegar lögin voru sett þóttu hafa orðið miklar breytingar á viðhorfum og sjónarmiðum í barna- og fjölskyldurétti bæði á Íslandi og erlendis og tímabært að fram færi heildarendurskoðun laganna frá árinu 1992. Litið var til ýmissa sjónarmiða, m.a. áfangaskýrslu sérstakrar forsjárnefndar sem ráðherra skipaði til að kanna reynslu af sameiginlegri forsjá, úrræði laga til að þvinga fram umgengni o.fl. svo og álits sérfróðra manna á því hvernig best væri að skipa réttarstöðu barns í forsjármáli.

Við setningu barnalaga, nr. 76/2003, var ákveðið að styrkja sameiginlega forsjá foreldra með því að gera þeim kleift að krefjast úrskurðar sýslumanns í ágreiningsmálum um umgengni og meðlag, svo og dómstóla í tengslum við rekstur forsjárdeilumáls fyrir dómi. Sameiginlega forsjáin var enn styrkt með lagabreytingu árið 2006 þar sem gert er ráð fyrir að foreldrar fari áfram sameiginlega með forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit nema annað sé ákveðið. Enn er gert ráð fyrir að foreldrar ákveði hjá hvoru þeirra barn eigi lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu.

Eins og vikið er að í skipunarbréfi nefndarinnar voru fyrir setningu nýju barnalaganna árið 2003 og við breytinguna árið 2006 ræddar hugmyndir um frekari breytingar, til dæmis að heimila dómara að dæma sameiginlega forsjá en dóms- og kirkjumálaráðuneytið taldi ekki rétt að leggja þetta til og var lögum ekki breytt í þessa veru. Vaxandi umræða hefur orðið í samfélaginu um þessi atriði. Þá er aukin umræða um atriði eins og inntak forsjár eða hlutverk og verkaskiptingu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns án þess að búa saman, um búsetu barns, stöðu forsjárlauss foreldris og stöðu stjúpforeldris. Einnig hefur umræða aukist um inntak og framkvæmd umgengnisréttar og hvernig bregðast skuli við umgengnistálmunum.

2.3 Tölfræði og rannsóknir.

Mikilvægt er að gera sér einhverja grein fyrir fjölskyldustöðu barna, fjölda þeirra sem upplifa skilnað eða sambúðarslit foreldra, fyrirkomulagi forsjár og þróun þessara mála. Verður því gefið nokkurt yfirlit yfir tölfræði og íslenskar rannsóknir.

2.3.1 Tölfræði.

Samkvæmt mannfjöldatölum Hagstofunnar voru alls 77.047 kjarnafjölskyldur á Íslandi 1. janúar 2009. Til kjarnafjölskyldu teljast hjón, þ.m.t. fólk í staðfestri samvist, og einstaklingar í óvígðri sambúð, börn hjá þeim 17 ára og yngri og einhleypir karlar og konur sem búa með börnum 17 ára og yngri.

Tafla 1 – Kjarnafjölskyldur 1. janúar 2009.

Einstaklingar	96.995
Hjónaband án barna	27.543
Hjónaband með börnum	24.342
Óvígð sambúð án barna	3.223
Óvígð sambúð með börnum	9.447
Kona með börn	11.402
Karl með börn	1.090
Alls	77.047

Tafla 1 sýnir nánari skiptingu kjarnafjölskyldna.

Tafla 2 – Forsjá barna 1991–2008.



Tafla 2 sýnir fjölda barna eftir forsjárfyrirkomulagi í kjölfar lögskilnaðar og sambúðarslita árin 1991–2008 samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. Þarna sést vel þróun sameiginlegrar

forsjár frá því að sá möguleiki var lögleiddur árið 1992. Þess má geta að árið 2008 upplifðu alls 1172 börn lögskilnað eða sambúðarslit foreldra sinna. Foreldrar sömdu um að fara sameiginlega með forsjá alls 1003 barna, eða í um 85,6% tilvika. Ef foreldrar fara ekki sameiginlega með forsjá þá er mun algengara að móðir fari með forsjá barns. Árið 2008 fékk móðir þannig samtals ein forsjá alls 152 barna og faðir einn forsjá alls 12 barna.

Hagstofa Íslands gerði sérstaka rannsókn fyrir nefnd um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum og eru niðurstöður birtar sem fylgiskjal með skýrslu nefndarinnar frá apríl 2009. Markmiðið var m.a. að kanna fjölda foreldra eftir sambúðarstöðu þeirra og því hvort börn byggju hjá þeim eða ekki. Rannsókn Hagstofunnar tekur mið af stöðu foreldra og barna 18 ára og yngri 1. janúar 2008. Hugtakið sambúð er notað yfir öll sambúðarform, þ.e. hjúskap, staðfesta samvist og óvígða sambúð. Þá er ekki tekið tillit til forsjár heldur skoðað hvar börn eiga lögheimili. Niðurstöður gefa mikilvægar upplýsingar um búsetu barna og því þykir rétt að birta hér upplýsingar úr skýrslunni (töflur 3–7). Árétta ber að upplýsingarnar segja ekkert um fyrirkomulag umgengni.

Tafla 3 – Sambúðarstaða feðra og mæðra með börn 18 ára og yngri (fædd árin 1989–2007) 1. janúar 2008.

	Alls	Í sambúð	Einstæðir foreldrar	Óupplýst
Feður	44.604	34.738	9.624	242
Mæður	46.586	34.802	11.504	280
Hlutföll, %				
Feður	100	77,9	21,6	0,5
Mæður	100	74,7	24,7	0,6

Tafla 3 sýnir skiptingu foreldra sem eignuðust börn árin 1989–2007 eftir sambúðarstöðu þeirra 1. janúar 2008. Feður og mæður í sambúð, eins og hún er skilgreind hér, búa ýmist með barnsmóður/barnsföður eða öðrum. Upplýsingar vantar um sambúðarstöðu nokkurra foreldra og er þeim hópi sleppt í eftirfarandi töflum þar sem unnið er frekar úr þessu tölum.

Tafla 4 – Einstæðir foreldrar eftir því hvort eigin börn, 18 ára og yngri, eiga lögheimili hjá þeim.

	Einstæðir foreldrar alls	Öll eigin börn á heimili	Einhver eigin börn á heimili	Ekkert eigið barn á heimili
Feður	9.624	1.138	603	7.883
Mæður	11.504	10.433	568	503
Hlutföll, %				
Feður	100	11,8	6,3	81,9
Mæður	100	90,7	4,9	4,4

Í töflu 4 er hópur einstæðra foreldra skoðaður sérstaklega og í ljós kemur að mun algengara er að öll börn móður búi hjá henni en að börn föður búi hjá honum. Þannig hafa

90,7% einstæðra mæðra öll eigin börn skráð á heimili sínu en hið sama á við um einungis 11,8% einstæðra feðra. Þá hafa 4,9% einstæðra mæðra hluta barna sinna á heimili en 6,3% einstæðra feðra. Flestir einstæðra feðra, eða 81,9%, hafa ekkert eigið barn á heimili en einungis 4,4% einstæðra mæðra eru í þeirri stöðu.

Tafla 5 – Foreldrar í sambúð eftir því hvort eigin börn (18 ára og yngri) eiga lögheimili hjá þeim eða ekki.

	Í sambúð alls	Öll eigin börn á heimili	Einhver eigin börn á heimili	Ekkert eigið barn á heimili
Feður	34.738	30.810	2.656	1.272
Mæður	34.802	34.324	337	141
Hlutföll, %				
Feður	100	88,7	7,6	3,7
Mæður	100	98,6	1	0,4

Tafla 5 sýnir samsvarandi upplýsingar um foreldra í sambúð. Í ljós kemur að langalgengast er að mæður í sambúð (með barnsföður eða öðrum) hafi öll eigin börn hjá sér, eða 98,6%. Af þeim feðrum sem eru í sambúð hafa 88,7% öll eigin börn hjá sér, þar að auki hafa 7,6% feðra hluta barna sinna á lögheimili sínu en 3,7% feðra í sambúð hafa ekkert eigið barn á heimilinu. Mjög fátítt er að mæður í sambúð hafi einungis hluta eigin barna eða ekkert eigið barn á heimili sínu.

Tafla 6 – Foreldrar í sambúð eftir því hvort eigin börn eða stjúpbörn, 18 ára og yngri, eiga lögheimili hjá þeim.

	Í sambúð alls	Einungis eigin börn á heimili	Eigin börn og stjúpbörn á heimili	Einungis stjúpbörn á heimili	Engin börn á heimili
Feður	34.738	30.482	2.984	409	863
Mæður	34.802	34.255	406	3	138
Hlutföll, %					
Feður	100	87,7	8,6	1,2	2,5
Mæður	100	98,4	1,2	0	0,4

Tafla 6 sýnir að langflest sambúðarfólk býr einungis með eigin börnum. Hjá feðrum í sambúð er þetta hlutfall 87,7% en hjá mæðrum er hlutfallið 98,4%. Einungis 1,2 % mæðra í sambúð býr með stjúpbörnum og 9,8% feðra. Taflan sýnir einnig fjölda þeirra sem eiga börn en búa engu að síður á barnlausu heimili.

Tafla 7 – Meðalfjöldi barna 18 ára og yngri (fædd 1989–2007) eftir sambúðarstöðu foreldra.

	Fjöldi barna		
	Barnaeign alls	Þar af börn á heimili	Þar af börn utan heimilis
Einstæðar mæður			
Alls	**1,57**	1,47	0,1
Með börn á heimili	**1,58**	1,53	0,05
án barna á heimili	**1,31**	•	1,31
Einstæðir feður			
alls	**1,58**	0,23	1,35
með börn á heimili	**1,78**	1,29	0,49
án barna á heimili	**1,54**	•	1,54
Fólk í sambúð			
alls	**1,84**	1,78	0,06
konur	**1,86**	1,85	0,01
karlar	**1,82**	1,71	0,11

Tafla 7 sýnir meðalbarnaeign ólíkra hópa sem og meðalfjölda barna sem hafa lögheimili hjá viðkomandi og meðalfjölda þeirra barna sem búa annars staðar. Taflan sýnir að fólk í sambúð á að meðaltali fleiri börn en hinir sem eru einstæðir. Þá er það algengara að börn karla búi ekki á heimili þeirra.

Framangreindar tölur gefa einungis mynd af stöðu barna í fjölskyldu á tilteknum tíma. Ljóst er að fjölskyldustaða barns breytist gjarnan og barn býr oft í nokkrum mismunandi fjölskyldugerðum í uppvextinum. Í áðurnefndri skýrslu nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum er einnig að finna upplýsingar um breytingar á fjölskyldugerð barna.

Tafla 8 – Fjölskyldugerð á lögheimili barna sem fædd voru 1990.



Tafla 8 sýnir hvernig börn ganga í gegnum mismunandi fjölskyldumynstur í lífi sínu. Upplýsingar voru unnar af Ólöfu Garðarsdóttur hjá Hagstofu Íslands fyrir málþing um velferð stjúpfjölskyldunnar sem haldið var 2008. Litið var á lögheimili allra barna sem fædd voru árið 1990 og skoðað hvernig lögheimilisskipan þeirra var árin 1991, 1996, 2001 og 2006.

Tafla 9 – Fjölskyldustaða barna (f. 1990) sem búa ekki hjá báðum kynforeldrum.



Tafla 9 tekur sérstaklega út þann hóp sem einungis bjó hjá öðru kynforeldri sínu.

Áhugavert er að varpa nokkru ljósi á fjölda ágreiningsmála um forsjá, umgengni og fullnustu.

Tafla 10 – Fjöldi forsjármála og fjöldi dóma tveggja héraðsdóma 2003–2008.

	Héraðsdómur Reykjavíkur		Héraðsdómur Reykjaness	
	Fjöldi mála	**Fjöldi dóma**	**Fjöldi mála**	**Fjöldi dóma**
2003	25	11	38	9
2004	32	10	22	5
2005	36	22	22	10
2006	34	13	25	7
2007	36	15	21	4
2008	44	15	26	6

Tafla 10 sýnir fjölda mála og fjölda dóma hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og Héraðsdómi Reykjaness á árunum 2003–2008. Forsjármálum virðist hafa fjölgað nokkuð hjá Héraðsdómi Reykjavíkur en athygli vekur í hve fáum málum kveðinn er upp dómur hjá dómstólunum. Í þeim tilvikum þegar ekki fellur dómur er langoftast um það að ræða að sættir nást en í einhverjum tilvikum er mál þó fellt niður eða því vísað frá.

Tafla 11 – Fjöldi mála um umgengni og dagsektir hjá þremur sýslumönnum 2004–2008.

	Sýsl. Reykjavík				*Sýsl. Hafnarfirði*				*Sýsl. Kópavogi*			
	Umg.	**Dagsekt.**	**Úrsk.**	**Samn.**	**Umg.**	**Dagsekt.**	**Úrsk.**	**Samn.**	**Umg.**	**Dagsekt.**	**Úrsk.**	**Samn.**
2004	209	12	34	45	65	0	13	13	52	0	4	18
2005	181	17	31	55	95	3	13	21	41	2	3	5
2006	182	17	21	49	61	2	12	19	41	1	4	16
2007	186	19	33	57	94	9	9	45	46	3	5	10
2008	177	14	44	55	101	11	10	51	51	1	5	12

Tafla 11 sýnir fjölda mála hjá sýslumönnunum í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi. Hér er í fyrsta lagi um að ræða ný mál um umgengni eða dagsektir sem bárust embættunum á árunum 2004–2008. Taflan hefur að geyma upplýsingar um fjölda mála af hvorri tegund, heildarfjölda úrskurða sem kveðnir voru upp í þessum málum og fjölda samninga sem gerðir voru. Athygli vekur að umgengnismálum hjá sýslumanninum í Reykjavík virðist hafa fækkað nokkuð á undanförnum árum. Fjöldi dagsektarmála virðist haldast nokkuð stöðugur nema málum fjölgar í Hafnarfirði.

Tafla 12 – Kærumál hjá dómsmálaráðuneytinu 2003–2008.

	Umgengni	Dagsektir
2003	23	1
2004	19	3
2005	24	1
2006	25	3
2007	17	4
2008	26	4

Tafla 12 sýnir fjölda nýrra mála um umgengni og dagsektir sem bárust ráðuneytinu, þ.e. kærur á úrskurðum sýslumanna á árunum 2003–2008. Þá má nefna að samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins voru mæður kærendur í alls 14 málum um umgengni árið 2008 en feður í 12 málum. Þetta ár voru úrskurðir staðfestir í átta málum, breytt í átta málum en níu málum lauk með öðrum hætti, mál t.d. fellt niður eða því vísað frá.

2.3.2 Íslenskar rannsóknir.

Vert er að undirstrika að í þessum kafla verður einungis vikið að nokkrum helstu rannsóknum sem gerðar hafa verið hér á landi og þykja varpa ljósi á þau álitaefni sem frumvarpið fjallar um.

Rannsóknin *Áfram foreldrar: Sameiginleg forsjá og velferð barna við skilnað foreldra* (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. Háskólaútgáfan, 2000) greinir frá reynslu foreldra af sameiginlegri forsjá eftir að unnt var að semja um hana samkvæmt lögum nr. 20/1992. Rannsóknin sýnir að 58% foreldra töldu reynslu af þessari skipan góða, að foreldrasamvinna yrði jákvæðari, foreldraábyrgð jafnari og kynslóðatengsl, þ.e. tengsl beggja vegna síður rofin.

Vaxandi athygli hefur beinst að breytingum á fjölskyldugerð barna á undanförnum árum. Í rannsókninni *Ungmenni og ættartengsl: Rannsókn um reynslu og sýn skilnaðarungmenna* (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir. Háskólaútgáfan, 2008) er áætlað að almennt hlutfall þeirra barna sem hafa reynt sambúðarslit eða skilnað foreldra sé um eða yfir 25%. Þar kemur fram að 71,3% mæðra voru komnar í nýtt samband og 77,4% feðra innan fjögurra ára frá skilnaði eða sambúðarslitum, eða 74,35% foreldra. Fjórðungur þeirra ungmenna sem tóku þátt í rannsókninni sagði að foreldrar þeirra hefðu farið í fleiri en eina sambúð. Þarna er þess einnig getið að niðurstöðum alþjóðlegra skilnaðarrannsókna beri saman um að skilnaðarbörn séu í ákveðnum áhættuhópi. Þeir áhættuþættir sem mestu virðast skipta eru skert samskipti við foreldra, togstreita milli foreldra, aukin ábyrgð barns, rofin tengsl við foreldri og ættmenni og röskun á ytri högum, m.a. hvað snertir skóla, búsetu og lífskjör.

Árið 2006 var framkvæmd rannsóknin *Jafnt til skiptis?: Tvískipt búseta barna og samskipti þeirra við foreldra* (Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. Rannsóknir í félagsvísindum IX, 2008). Rannsakendur lögðu spurningalista fyrir alls 13.384 nemendur í 6.–10. bekk grunnskóla og alls svöruðu 11.813 börn, eða 88,3%. Þegar spurt var um fjölskyldugerð sögðust alls 71,1% barna búa hjá báðum kynforeldrum sínum, 10,9% í stjúpfjölskyldu, 13,8% hjá einstæðu foreldri og 4,2% barna sögðust vera í tvískiptri búsetu. Niðurstaða rannsakenda var sú að samskipti barna í tvískiptri búsetu við foreldra virtust vera jafn góð og þeirra sem bjuggu hjá báðum kynforeldrum sínum. Þó var ekki talið unnt að draga ályktanir

um orsakasamband í þessum efnum út frá fyrirliggjandi gögnum eða fullyrða að tvískipt búseta skilaði sér í betri tengslum við báða foreldra.

Árið 2008 var gerð rannsóknin *Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda – Rannsókn um sjónarhorn foreldra* (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir. Tímarit lögfræðinga, 4. hefti, 58. árg. 2008). Rannsóknin náði til allra foreldra sem sóttu um skilnað eða slitu sambúð 2006–2008 í Reykjavík, eða alls 1042 foreldra með 885 börn. Alls svöruðu 589 einstaklingar eða um 60%. Þessi rannsókn gefur vísbendingar um fyrirkomulag umgengni og um afstöðu foreldra til ýmissa álitaefna. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar fóru 92% svarenda sameiginlega með forsjá barns, um 85% sögðu lögheimili vera hjá móður og 7% hjá föður. Um 8% sögðu að forsjáin væri hjá öðru foreldri og þá að jafnaði hjá móður. Í heild sögðu 92% svarenda að lögheimili væri hjá móður. Þá sögðu um 24% svarenda að barnið dveldi jafnlengi hjá báðum foreldrum. Um 24% sögðu að umgengni færi eftir hentugleikum, um 22% sögðu umgengni vera aðra hvora helgi (frá föstudegi til sunnudags), um 6% aðra hvora helgi og að auki einn dag/nótt í viku, um 13% sögðu umgengni vera langa aðra hvora helgi (frá fimmtudegi til mánudags) og um 8% nefndu annað fyrirkomulag. Alls um 2% sögðu engar samvistir vera við það foreldri sem barn ætti ekki lögheimili hjá. Rétt er að geta þess að svör foreldra miðuðust einungis við yngsta barn þeirra en 43% foreldra áttu fleiri en eitt barn. Þá liggur ekki fyrir hvað svör náðu til margra barna þar sem ekki var aðgreinanlegt hverjir svarenda voru foreldrapör.

3. Norrænn réttur.

Víðtæk endurskoðun hefur farið fram á ákvæðum um forsjá, búsetu og umgengni í öðrum norrænum ríkjum á undanförnum árum. Markmiðið í norrænum rétti hefur almennt verið að tryggja rétt barna til að þekkja og hafa tengsl við báða foreldra sína óháð stöðu foreldranna. Endurskoðun laga hefur miðast að því að skoða hvaða reglur um samband barna og foreldra sem búa ekki saman eru líklegastar til að þjóna best hagsmunum barnsins. Alls staðar er lögð rík áhersla á samstöðu og samvinnu foreldra og mikilvægi þess að foreldrar nái sáttum eða semji um forsjá, búsetu og umgengni með hagsmuni barns að leiðarljósi. Jafnframt hafa verið talsverðar umræður um með hvaða hætti skuli leysa úr deilum foreldra, hvaða ágreiningsmál sé unnt að úrskurða eða dæma um og hvaða sjónarmið eigi að liggja til grundvallar niðurstöðu.

Samhljómur er í norrænum rétti á þessu sviði að verulegu leyti enda rík hefð fyrir norrænu samstarfi í sifjarétti. Þrátt fyrir þetta er nokkur munur á áherslum og útfærslu ákvæða um einstök atriði. Í öllum norrænu ríkjunum fara t.d. giftir foreldrar sameiginlega með forsjá barns síns meðan hjónaband varir og eftir skilnað nema annað sé ákveðið. Foreldrar í óvígðri sambúð fara yfirleitt ekki sjálfkrafa sameiginlega með forsjá barns heldur þurfa að semja um það sérstaklega. Ef þeir hafa samið um að fara sameiginlega með forsjána þá helst hún einnig eftir sambúðarslit nema annað sé ákveðið. Sjálfkrafa sameiginleg forsjá foreldra í sambúð hefur því nánast verið séríslensk regla og hið sama má segja um forsjá stjúp- og sambúðarforeldra.

Þrátt fyrir að sameiginleg forsjá sé alls staðar meginregla þá er nokkur munur á útfærslu á búsetu barns og skilgreiningu á umgengni. Einnig er munur á því hver leysir úr ágreiningsmálum, hvaða ágreiningsmálum og með hvaða hætti. Þess má geta að annars staðar á Norðurlöndum geta dómarar dæmt foreldra til að fara sameiginlega með forsjá barns að kröfu annars þeirra.

Þegar forsjá er í höndum beggja er það hin almenna regla í norrænum rétti að foreldrar eigi að standa saman að meiri háttar ákvörðunum varðandi barn sitt. Litið er svo á að foreldri

sem barn á lögheimili hjá geti tekið ýmsar ákvarðanir um daglegt líf barns en nokkur munur er á því hvernig ríkin skilgreina hvað falli þarna undir.

Hér verður gerð grein fyrir megindráttum í þróun lagaákvæða um sameiginlega forsjá, búsetu og umgengni í norrænum ríkjum. Um önnur atriði verður fjallað í tengslum við einstök álitaefni.

3.1 Danmörk.

Sameiginleg forsjá kom inn sem valmöguleiki í dönsk lög árið 1996 og árið 2002 var sameiginleg forsjá gerð að meginreglu við skilnað eða sambúðarslit. 1. október 2007 tóku gildi í Danmörku ný lög um forsjá foreldra („Forældreansvarsloven“ frá 6. júní 2007). Lögin byggjast að miklu leyti á tillögum nefndar sem skipuð var í mars 2005 til að meta hvort þágildandi reglur um forsjá og umgengni barna og foreldra þjónuðu hagsmunum barns. Nefndin skilaði skýrslu í maí 2006 (Betækning nr. 1475/2006 Barnets perspektiv).

Dönsku nefndinni var sérstaklega falið að kanna hvort dómarar ættu að fá heimild til að dæma sameiginlega forsjá en slík heimild var ekki fyrir hendi í Danmörku. Minni hluti nefndarinnar (3 af 15) taldi að heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá gæti ekki þjónað hagsmunum barns þar sem grunnforsenda sameiginlegrar forsjár væri samkomulag foreldra. Meiri hluti nefndarinnar (12 af 15) mælti á hinn bóginn með því að dómarar fengju heimild til að dæma sameiginlega forsjá í undantekningartilvikum, þ.e. ef dómari teldi skýr rök fyrir því að foreldrar myndu geta unnið saman að því að fjalla um málefni barns og að slík lausn væri það besta fyrir barnið. Í niðurstöðu nefndarinnar var lagt til að sameiginlega forsjá yrði einungis unnt að dæma við tilteknar aðstæður (d.“hvis der er bestemte holdepunkter for at antage, at forældrene kan samarbejde om barnets forhold“).

Í frumvarpi því sem lagt var fyrir danska þingið (2006/1 LSF 133), og varð að lögum um forsjá foreldra, voru sjónarmiðin nokkuð frábrugðin sjónarmiðum meiri hluta nefndarinnar. Í lögunum er gerður greinarmunur á því hvort forsjá hefur verið sameiginleg eða ekki. Útgangspunkturinn er að barn eigi rétt til tveggja foreldra sem talið er fela í sér að barn eigi kröfu á að báðir foreldrar beri ábyrgð á barninu og umönnun þess. Í 11. gr. laganna um forsjá foreldra segir að það verði að færa gild rök fyrir því ef slíta eigi sameiginlegri forsjá sem þegar er fyrir hendi, til dæmis við samvistarslit foreldra, (d. „retten kan kun ophæve den fælles forældremyndighed, hvis der foreligger tungtvejende grunde“). Í 14. gr. segir á hinn bóginn að dómstóll geti að kröfu foreldris sem ekki hefur farið með forsjá, ákveðið að forsjá verði sameiginleg eða að viðkomandi foreldri fái forsjána. Byggt er á því að foreldrar þurfi ekki að vera sammála um öll atriði varðandi barnið en þeir verði að hafa möguleika á að vinna saman að lausn ágreiningsmála varðandi barnið eftir því sem því er fyrir bestu. Séu samstarfserfiðleikar miklir milli foreldra geti neikvæð áhrif þess yfirskyggt hin jákvæðu áhrif sameiginlegrar forsjár og í slíkum tilvikum geti sameiginleg forsjá verið í andstöðu við hagsmuni barns. Einnig ef ofbeldi hafi verið viðhaft af hálfu annars foreldris gagnvart hinu foreldrinu, barninu eða öðrum í fjölskyldunni og ef annað foreldri hafi skerta forsjárhæfni.

Samkvæmt ákvæðum dönsku laganna skal barn eiga lögheimili hjá öðru foreldri sínu, þ.e. hvorki er unnt að semja um né dæma jafna búsetu. Frá árinu 2007 hafa dómstólar heimild til að dæma búsetu barns hjá öðru foreldri án þess að jafnframt sé rekið forsjármál.

Samkvæmt ákvæðum dönsku laganna dæma dómstólar einungis umgengni ef jafnhliða er rekið forsjármál en annars úrskurðar stjórnvald (d. statsforvaltningen) í umgengnisdeilum. Inntak umgengni er ekki skilgreint sérstaklega heldur skal hún ákveðin eins og best hentar hag og þörfum barns í hvert sinn. Í nýju lögunum um forsjá foreldra var lögfest heimild til að úrskurða jafna umgengni, þ.e. í 7 daga af hverjum 14.

3.2 Svíþjóð.

Í Svíþjóð eru ákvæði um forsjá, búsetu og umgengni í foreldrabálkinum nr. 1949:381. Sameiginleg forsjá kom inn sem valmöguleiki í sænsk lög árið 1976 og árið 1991 var sameiginleg forsjá gerð að meginreglu. Árið 1998 var lögum breytt í þá veru að dómarar fengu heimild til að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris.

Árið 2002 var skipuð nefnd sem var sérstaklega falið að skoða hvernig hefði tekist til með lagabreytingunni frá 1998 og skilaði hún skýrslu árið 2005 (SOU 2005:43 *Vårdnad – Boende – Umgänge. Barnets bästa, föräldrars ansvar*). Í skýrslunni kemur m.a. fram að dómstólar hafi í tiltölulega mörgum tilvikum dæmt sameiginlega forsjá með þeim rökum að samstarfsörðugleikar gætu ekki verið á svo alvarlegu stigi að þeir ættu að koma í veg fyrir sameiginlega forsjá. Niðurstaða nefndarinnar var að dómstólar dæmdu sameiginlega forsjá í of mörgum tilvikum þar sem fyrirsjáanlegt mætti vera að foreldrar gætu ekki náð saman um málefni barns en einnig í málum þegar uppi voru ásakanir um ofbeldi. Nefndin taldi að ekki væri ástæða til að fella heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá á brott enda reynslan almennt talin góð þótt hnökrar hafi komið upp í framkvæmdinni. Sænsku barnalögunum var breytt í kjölfarið árið 2006 og er nú lögð á það ríkari áhersla að það sem barni er fyrir bestu eigi að ráða ferðinni í niðurstöðu forsjármáls og að skoða verði hvert mál vandlega. Sérstaklega verði að taka tillit til möguleika foreldra til að vinna saman að málefnum barns áður en ákveðið er að þeir fari sameiginlega með forsjá. Við endurskoðunina var hnykkt á því að ekki mætti dæma sameiginlega forsjá gegn vilja beggja foreldra.

Foreldrar geta samið um það sem kallast jöfn búseta (växelvis boende) og venja hefur skapast um að dómstólar geti jafnframt dæmt jafna búsetu. Þessa er ekki getið í lögunum en stuðst er við greinargerð sem fylgdi frumvarpi til breytinga á barnalögunum frá 1998. Nánar er gerð grein fyrir réttaráhrifum þessa síðar. Dómstólar geta einnig dæmt um búsetu og umgengni án þess að forsjármál sé rekið jafnhliða.

Lögin afmarka ekki lágmarksumgengni en venjur hafa myndast um það. Venja hefur einnig skapast um að dómstólar geti dæmt jafna umgengni þó að það komi ekki fram í lögunum.

3.3 Noregur.

Í Noregi eru í gildi barnalög nr. 7/1981, með síðari breytingum. Þar var skipuð nefnd í janúar 2007 til að endurskoða ákvæði barnalaga um forsjá, umgengni og búsetu sem skilaði skýrslu í apríl 2008 (NOU 2008:9 *Med barnet i fokus – en gjennomgang av barnelovens regler om foreldreansvar, bosted og samvær*). Fyrir norska þinginu liggur nú frumvarp til breytinga á barnalögum (Ot.prp. nr. 104 (2008–2009), sbr. Prop. 14L (2009–2010)).

Heimild dómstóla til að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldrisins hefur verið í norskum lögum frá árinu 1981. Sjónarmiðin eru að annað foreldri eigi ekki að geta komið í veg fyrir sameiginlega forsjá eingöngu vegna þess að það vilji fara eitt með forsjána. Meta verði í sérhverju máli hvort andstaða sé svo mikil að tilgangslaust sé að dæma sameiginlega forsjá enda þjóni það ekki hagsmunum barnsins.

Samkvæmt norsku lögunum er gert ráð fyrir að foreldrar geti samið um sameiginlega búsetu (delt bosted) sem hafi í för með sér að foreldrar taki sameiginlega ákvarðanir um málefni barnsins. Hér er ekki um að ræða tvö lögheimili heldur einungis ákvörðun sem hefur áhrif á réttarstöðu foreldra og barns samkvæmt ákvæðum barnalaga. Lögð er rík áhersla á að ýmsar forsendur verði að vera fyrir hendi til að sameiginleg búseta henti barni, til dæmis að foreldar verði að geta unnið saman, m.a. með skóla, leikskóla og öðrum, vera reiðubúnir að breyta fyrirkomulaginu í takt við aðstæður og þarfir barnsins, barnið verði sjálft að óska eftir þessari lausn og líða vel með fyrirkomulagið og foreldrar verði að búa nálægt hvorir öðrum.

Í frumvarpi því sem liggur fyrir norska þinginu er lagt til að dómstólar fái heimild til að dæma jafna búsetu í sérstökum tilvikum (n. „dersom det ligg føre særlege grunnar“).

Norsk lög skera sig úr lögum annarra norrænna ríkja með því að afmarka hvað teljist venjuleg umgengni en með þessu hugtaki er nú átt við umgengni einn eftirmiðdag í viku, aðra hverja helgi, 14 daga í sumarleyfi og um jól eða páska. Í norska frumvarpinu er lagt til að rýmka þetta lítillega. Foreldrar geta alltaf samið um annað fyrirkomulag og dómstólar verða að meta hvað hverju barni er fyrir bestu. Litið er svo á að dómstólar geti dæmt jafna umgengni og hafi því heimild til að dæma umgengni í allt að 7 daga af hverjum 14 dögum. Í áðurnefndu frumvarpi er því hafnað að mæla fyrir um þetta sérstaklega í lögunum. Lögð er áhersla á að meta verði hagsmuni og þarfir barns í hverju tilviki. Sérstaklega er undirstrikað að ekki megi ganga út frá því eða gefa til kynna að meiri umgengni sé alltaf barni fyrir bestu og að foreldrar megi ekki fá þau skilaboð að jöfn umgengni sé meginreglan. Þess verði að gæta að jöfn umgengni þjóni ekki hagsmunum allra barna og t.d. verði að taka ríkt tillit til aldurs þeirra og þroska. Nefnt er í frumvarpinu að hagsmunum ungra barna sé að jafnaði best borgið með fastri búsetu hjá öðru foreldri og reglubundnum samskiptum við hitt foreldri sem þó vari ekki í langan tíma í senn. Þá þjóni rúm eða jöfn umgengni ekki endilega hagsmunum eldri barna sem oft séu mjög upptekin í skóla, tómstundum og af tengslum við félaga sína.

3.4 Finnland.

Finnland hefur nokkra sérstöðu en finnsk barnalög frá árinu 1983 hafa hvorki tekið miklum breytingum né breytingar verið sérstaklega til umræðu.

Samkvæmt finnskum lögum geta dómstólar dæmt sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris þegar sérstaklega stendur á og ætla má að foreldrar muni geta haft samvinnu um málefni barns. Dómstólar geta einnig dæmt um búsetu, umgengni og ýmis önnur ágreiningsmál í tengslum við forsjá og geta m.a. ákveðið að annað foreldra eigi að hafa vald til að ákveða tiltekna þætti forsjárinnar og að hitt foreldranna hafi heimild til að ákveða aðra þætti.

Dómstólar geta ekki ákveðið jafna búsetu barns en geta á hinn bóginn ákveðið umgengni barns í 7 daga af hverjum 14.

4. Réttindi barna.

Barnalögin grundvallast á ýmsum almennum sjónarmiðum í barnarétti sem studd hafa verið m.a. með vísan til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem fullgiltur var hér á landi árið 1992 (hér eftir nefndur barnasamningurinn). Alþingi samþykkti 16. mars 2009 þingsályktunartillögu um að lögfesta þennan samning. Við breytingar á barnalögum er sem endranær vert að gefa því gaum með hvaða hætti löggjöf endurspeglar best ákvæði samningsins og tryggir réttindi barna.

Fullyrða má að barnasamningurinn hefur verið hafður að leiðarljósi við samningu laga á sviði barnaréttar frá því hann var fullgiltur hér á landi. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna sem hefur eftirlit með framkvæmd samningsins hefur hrósað Íslandi fyrir setningu nýrra laga á réttarsviðinu en jafnframt komið á framfæri nokkrum athugasemdum sem rétt þykir að skoða við gerð þessa frumvarps. Í lokaathugasemdum barnaréttarnefndarinnar frá því í janúar 2003 mælist nefndin m.a. til þess að Ísland haldi áfram viðleitni sinni til að fella 3. gr. samningsins að öllu leyti inn í alla löggjöf og framkvæmd varðandi börn. Þá er mælst til þess að Ísland haldi áfram að hvetja til þess og greiða fyrir því að skoðanir barna séu virtar innan fjölskyldunnar og annarra stofnana og að börn taki þátt í öllum málum sem þau varða, eins og kveðið er á um í 12. gr. Einnig er sérstaklega mælst til þess að Ísland veki foreldra, aðra

sem hafa börn í umsjá sinni og almenning til vitundar um bann við líkamlegum refsingum barna, þar á meðal innan fjölskyldunnar.

4.1 Grundvallarreglur barnasamningsins.

Nokkur af ákvæðum barnasamningsins teljast til grundvallarreglna sem m.a. hafa áhrif á túlkun allra annarra ákvæða hans. Hér er um að ræða 2. gr. um jafnrétti barna, 3. gr. um það sem barni er fyrir bestu, 6. gr. um rétt barns til lífs og þroska og 12. gr. um rétt barns til að láta skoðanir sínar í ljósi og virðingu fyrir skoðunum þess.

Í íslenskum lögum er ekki að finna heildstæða löggjöf sem fjallar um réttarstöðu barns enda varla raunhæft að safna saman slíkum ákvæðum. Segja má að gengið sé út frá því að öll lagaákvæði um börn byggist með einum eða öðrum hætti á eða beri að túlka með hliðsjón af framangreindum grundvallarreglum. Í barnalögum hefur verið hefðbundið að fjalla um réttarstöðu barna og foreldra í tengslum við faðerni, forsjá, umgengni og framfærslu. Þetta eru helstu atriðin sem marka grundvöll að almennri réttarstöðu barns í samfélaginu. Í ljósi þessa þykir mikilvægt að barnalögin endurspegli frekar en nú þær grundvallarreglur sem eru leiðarljós á öllum réttarsviðum sem snerta málefni barna.

Eitt af helstu nýmælum þessa frumvarps er að leggja til að barnalögin byrji á almennum ákvæðum um réttarstöðu barna á öllum sviðum samfélagsins.

4.2. Það sem barni er fyrir bestu.

Eins og áður sagði er ein af grundvallarreglum barnasamningsins sú að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni barns. Vert er að gefa þessari mikilvægu meginreglu frekari gaum.

Það er erfitt að skilgreina hvað telst barni fyrir bestu í hverju tilviki en leggja verður áherslu á að greina þarfir barns m.a. með hliðsjón af öllum þeim gildum sem barnasamningurinn hvílir á. Þá verður að meta áhrif laga og framkvæmdar þeirra á þarfir og hagsmuni barns. Skoða þarf almennt hvernig löggjöf er líkleg til að mæta þörfum barna og meta í hverju máli fyrir sig hverjar séu þarfir tiltekins barns og hvaða lausn hentar því barni best. Nauðsynlegt þykir að fjalla hér lítillega um þarfir barna eða þau sjónarmið sem telja má að leggja eigi til grundvallar við mótun og framkvæmd barnalaga.

Samkvæmt 6. gr. barnasamningsins á sérhvert barn rétt til lífs og þroska og ber aðildarríkjum að tryggja eftir fremsta megni að barn fái að lifa og þroskast við uppbyggjandi og þroskavænleg skilyrði. Þetta er ein af meginreglum samningsins sem ber að hafa í huga við túlkun allra annarra ákvæða, m.a. túlkun 5. gr. um að aðildarríki beri að virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra, ákvæðis 7. gr. um að barn skuli eftir því sem unnt er eiga rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra og meginreglu 18. gr. um sameiginlega ábyrgð beggja foreldra á uppeldi barns.

Þroski barns er heildstætt hugtak og hér er átt við líkamlegan, sálrænan, andlegan, siðferðilegan og félagslegan þroska sem hjálpar barni að öðlast góðan undirbúning til að lifa sjálfstæðu lífi í frjálsu samfélagi. Fjölmörg atriði og samspil ólíkra atriða hafa áhrif á þroska barna. Sum börn virðast búa yfir sérstakri seiglu sem gerir þeim kleift að þroskast við erfiðar aðstæður en önnur börn eru aftur á móti viðkvæm eða hafa sérþarfir sem kalla á sérstakt tillit eða sértækar ráðstafanir. Flestir eru sammála um nokkur lykilsjónarmið sem þykja til þess fallin að tryggja börnum þroskavænleg skilyrði. Börn hafa þannig þörf fyrir góða umönnun, jákvæð tengsl, stöðugleika, öryggi, ró, jákvæðan aga eða ramma og fyrirsjáanlega framtíð.

Við mótun barnalaganna verður að hafa í huga hversu líklegt er að einstök ákvæði stuðli að því að styrkja þessar þarfir barna. Í hverju einstöku máli þarf lausn ágreinings einnig að

taka mið af þessum þörfum og niðurstaða að ráðast af því sem líklegast er til að skapa tilteknu barni þroskavænleg skilyrði. Með þroskavænlegum skilyrðum er átt við þær aðstæður eða þau atriði sem gera barni kleift að ná sem mestum mögulegum þroska. Ef óskir, afstaða, samskipti eða hegðun foreldra skapa þær aðstæður í lífi barna að hamla heilbrigðum þroska þeirra þá verður að setja þarfir barnanna í algeran forgang.

5. Helstu álitaefni.

Samkvæmt skipunarbréfi eru talin upp nokkur atriði sem nefndinni ber einkum að taka afstöðu til. Þannig ber nefndinni einkum að skoða hvort rétt sé að veita dómurum heimild til að dæma sameiginlega forsjá, úr hvaða öðrum ágreiningsefnum foreldra dómari eigi að geta leyst svo og taka afstöðu til fyrirkomulags á jafnri búsetu og/eða jafnri umgengni. Auk þessa er nefndinni falið að fara yfir ákvæði V.–VIII. kafla barnalaga í heild sinni, leggja mat á hvort ástæða til að skoða fleiri þætti og eftir atvikum móta rökstuddar tillögur að breytingum sem nefndin telur æskilegar.

Hlutverk nefndarinnar er því að fara rækilega yfir nokkur meginhugtök barnalaga, þ.e. forsjá barna, búsetu og umgengni. Mjög mikilvægt er að undirstrika þann mun sem er á þessum hugtökunum og skoða hvert þeirra um sig. Nefndin telur sýnt að nokkurs misskilnings hafi gætt um þetta, sérstaklega jafnhliða því sem aukin áhersla hefur verið lögð á sameiginlega forsjá. Þannig virðist stundum talið að sameiginleg forsjá hafi sjálfkrafa í för með sér að barn búi jafnt hjá báðum foreldrum sínum og þá er tvöföld/jöfn búseta stundum talin það sama og jöfn umgengni hjá báðum foreldrum.

Nauðsynlegt er að gefa nokkurt yfirlit yfir skilgreiningu og afmörkun þessara hugtaka. Í einstaka köflum hér á eftir verður þó fyrst og fremst horft til þeirra atriða sem ágreiningur hefur verið um og sjónarmiða um hvernig þeim atriðum yrði betur fyrir komið í lögum.

Til að undirstrika muninn á hugtökunum er hér lögð áhersla á að hugtakið forsjá snýst fyrst og fremst um ábyrgð, skyldur og réttarstöðu foreldra eða réttinn og skylduna til að taka ákvarðanir um uppeldi barns. Ákvörðun um forsjá er ekki háð því hvernig umgengni verður háttað. Sameiginleg forsjá foreldra sem búa ekki saman snýst því fyrst og fremst um það að hvaða leyti foreldar bera sameiginlega ábyrgð á uppeldi en sameiginleg forsjá hefur engin sjálfkrafa áhrif á búsetu barns eða inntak umgengni.

Umræðan um *búsetu* barns snýst fyrst og fremst um það hvort barni er fyrir bestu að eiga formlega eitt heimili, eða formlega fasta búsetu á einum stað, sem hafi þá í för með sér að það foreldri sem barnið býr hjá hafi rýmri heimildir til að ráða tilteknum málum til lykta ef ágreiningur verður. Hér er því einnig um að ræða tiltekna formlega réttarstöðu sem er óháð því hvort umgengni er lítil eða rúm.

Hugtakið *umgengni* snýr svo að samvistum og samskiptum barns og foreldris sem barn býr ekki hjá. Umgengnin er óháð forsjánni, þannig verða t.d. foreldrar sem ákveða að fara sameiginlega með forsjá að meta sérstaklega þarfir barns í tengslum við umgengni. Umgengni getur þannig ýmist verið mikil eða lítil hvort sem forsjá er sameiginleg eða ekki og þá getur umgengni verið jöfn hjá báðum foreldrum þó að barnið eigi formlega fasta búsetu hjá öðru þeirra. Þá getur umgengni t.d. tekið breytingum eftir aldri barns eða aðstæðum án þess að það kalli á breytingu á forsjá eða búsetu.

5.1. Forsjá.

5.1.1 Heimild til að dæma sameiginlega forsjá.

Nokkuð hefur verið tekist á um hvort heimilt eigi að vera að dæma foreldra til að fara sameiginlega með forsjá barns eða hvort sameiginleg forsjá eigi einungis að koma til álita í þeim tilvikum þegar foreldrar eru sammála um þetta fyrirkomulag.

Ákvæði núgildandi laga byggjast á því að samkomulag sé forsenda sameiginlegrar forsjár. Talið hefur verið að ef foreldrar nái ekki að semja sín á milli, með aðstoð sýslumanns, ráðgjafa eða dómara þá sé ágreiningur alla jafna svo djúpstæður að sameiginleg forsjá ákveðin af dómara mundi almennt valda togstreitu og erfiðleikum fyrir barn. Sameiginleg forsjá vísi almennt til aukinnar ábyrgðar og þátttöku beggja foreldra. Skortur á samstarfi og samstarfsvilja í framkvæmd geti hins leitt til þess að foreldrar með sameiginlega forsjá takist frekar á, þeir taki misvísandi ákvarðanir í skjóli forsjárinnar og ágreiningur foreldra verði áþreifanlegri og afdrifaríkari fyrir barnið.

Sem rök fyrir heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá má fyrst og fremst benda á að skv. 7. gr. barnasamningsins á barn almennt rétt á að þekkja báða foreldra sína og njóta umönnunar þeirra og skv. 18. gr. ber almennt að stuðla að því að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Rétt er að undirstrika að barnasamningurinn gerir ekki þá kröfu að dómstólar geti dæmt sameiginlega forsjá barns gegn vilja annars eða beggja foreldra. Framangreind ákvæði bera hins vegar með sér að það er almennt talið barni fyrir bestu að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð og því ber að skoða vandlega rök sem mæla með því að opna fyrir heimild dómara.

Ganga verður út frá því að gott samstarf sé alla jafna forsenda þess að vel takist til með sameiginlega forsjá foreldra sem búa ekki saman og þetta fyrirkomulag leggur foreldrum ríkar skyldur á herðar. Mikilvægt er að foreldrar og aðrir sem taka ákvörðun um forsjá barns átti sig á að farsæl sameiginleg forsjá krefst ekki eingöngu ákvörðunar eða samnings í upphafi heldur byggist á stöðugu samstarfi foreldra, sveigjanleika og gagnkvæmri virðingu og tillitssemi. Foreldrar með sameiginlega forsjá geta þannig hvorki séð fyrir öll þau tilvik sem reyna mun á né samið um eða leyst fyrirfram úr þeim spurningum sem upp kunna að koma. Foreldrar verða að vera í stakk búnir til að hafa jákvæð og uppbyggileg samskipti til að takast á við aðstæður og breytilegar þarfir barns hverju sinni.

Hins vegar þykir ekki mega líta fram hjá því að sameiginleg forsjá getur átt rétt á sér þótt foreldrar séu ekki sammála um allt í lífi barns, takist á og þurfi jafnvel að leita aðstoðar til að leysa úr ágreiningi. Þá verður að taka tillit til þess að forsjá hefur mikilvæg réttaráhrif jafnvel þegar um lítil samskipti er að ræða og má nefna hér sem dæmi réttarstöðu forsjárforeldris við andlát hins foreldrisins, réttinn til aðgangs að gögnum um barn og réttinn til að taka stærri ákvarðanir í lífi barns. Lykilatriði er hvort foreldrum tekst að halda barni utan við ágreining og tryggja að ágreiningurinn, eða það hvernig foreldri beitir forsjánni, komi ekki í veg fyrir, hindri eða dragi úr möguleikum barns á að alast upp við örugg og þroskavænleg skilyrði. Minnt er á að sameiginleg forsjá hefur engin sjálfkrafa áhrif á inntak umgengnisréttar eða hvernig honum verður beitt.

Eins og áður sagði hvetur sameiginleg forsjá almennt til aukinnar samábyrgðar og þátttöku beggja foreldra og eykur líkur á tengslum barns við báða foreldra sína. Mikilvægt er að hvetja foreldra til þess að axla þessa ábyrgð og til að standa undir þeim kröfum sem þetta gerir til samstarfs og tillitsemi.

Hér má einnig líta til þess að heimild dómara er talin geta haft jákvæð áhrif á samstarfsvilja foreldra og sporna jafnvel gegn því að annað foreldri krefjist þess að fá eitt forsjá vegna tilfallandi deilumála. Bent hefur verið á að ástæða forsjármála sé stundum smávægilegur eða

tilfallandi ágreiningur sem ætti ekki að skipta máli þegar til framtíðar er litið miðað við ríka hagsmuni barns af því að njóta forsjár beggja foreldra. Heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá geti þannig út af fyrir sig aukið mikilvægi og gagnsemi ráðgjafar og sáttaumleitana þegar foreldrar deila um forsjá.

Öll hin ríkin á Norðurlöndum hafa lögfest heimild fyrir dómara til að ákveða sameiginlega forsjá að kröfu annars foreldris, þó með nokkuð mismunandi áherslum eins og áður hefur verið vikið að. Þá er vert að geta þess að í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur o.fl. um sameiginlega forsjá frá 2008, sem getið er í kafla um íslenskar rannsóknir, kemur fram að 77% svarenda voru mjög eða frekar hlynntir því að dómari gæti dæmt sameiginlega forsjá. Um 20% voru frekar eða mjög andvíg slíkri heimild dómara.

Svo sem fram hefur komið lagði nefndin, sem samdi drög að frumvarpi þessu, til að lögfest yrði heimild fyrir dómara til að dæma sameiginlega forsjá með tilteknum hætti. Nefndin lagði reyndar einnig ríka áherslu á að sameiginleg forsjá beggja foreldra sem búa ekki saman samræmdist ekki hagsmunum barns í öllum tilvikum. Það er á hinn bóginn niðurstaða ráðuneytisins, að vandlega athuguðu máli, að leggja ekki til lögfestingu þessarar heimildar að svo stöddu, sjá nánar í inngangi athugasemda þessara. Ítrekuð eru sjónarmiðin sem þar koma fram um mikilvægi nýrra ákvæða um ráðgjöf og sáttameðferð sem ætlað er að hjálpa foreldrum að leysa úr ágreiningsmálum með hagsmuni barns að leiðarljósi. Hér síðar er vikið að því að rannsóknir sýni að sáttameðferð eða sáttamiðlun sé til þess fallin að leysa stærstan hluta ágreiningsmála milli foreldra sem ella þyrfti að leysa með úrskurði eða dómi. M.a. með hliðsjón af því þykir rétt að láta reyna á hin nýju úrræði um ráðgjöf og sáttameðferð áður en lagt er til að dómurum verði veitt heimild til að dæma foreldra til að fara saman með forsjá barns.

5.1.2 Sameiginleg forsjá óháð hjúskap eða sambúð.

Samkvæmt ákvæðum 29. gr. gildandi laga á barn sjálfkrafa rétt á forsjá beggja foreldra sinna sem eru í hjúskap eða skráðri sambúð. Ef foreldrar barns eru hins vegar hvorki í hjúskap né skráðri sambúð við fæðingu barns fer móðir ein með forsjána. Foreldrar geta hins vegar hvenær sem er samið um að forsjá barns verði sameiginleg, sbr. 32. gr. laganna.

Spyrja má hvort réttara væri að mæla fyrir um sjálfkrafa forsjá beggja foreldra allra barna frá fæðingu, óháð fjölskyldugerð. Þegar því er svarað verður að leggja áherslu á að reglan um að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á barni sínu er fyrst og fremst stefnumarkandi. Við nánari útfærslu verður í fyrsta lagi að taka tillit til þess að sameiginleg ábyrgð er ekki sama hugtakið og sameiginleg forsjá. Sameiginleg ábyrgð er þannig mun víðara hugtak sem vísar allt í senn til réttar og skyldu foreldris til að fara með forsjá og/eða til þess að njóta umgengni og taka þátt í framfærslu barns síns. Í öðru lagi þá verður að vega og meta hvaða fyrirkomulag er líklegast til að þjóna best hagsmunum þeirra barna sem eiga í hlut.

Hér verður að taka undir þau sjónarmið sem segja má að liggi til grundvallar gildandi lögum, þ.e. að meiri líkur en minni séu á því að hagsmunir og þarfir barna séu með öðru sniði þegar foreldrar búa ekki saman við fæðingu barnsins en þegar foreldrar eru í hjónabandi eða sambúð. Þannig má t.d. vænta þess að foreldrar í hjónabandi eða sambúð standi saman að undirbúningi foreldrahlutverksins en mun meiri óvissa er hins vegar um samstöðu foreldra sem búa ekki saman. Í sumum tilvikum er án efa hægt að rökstyðja að barnið hefði gagn að því að njóta forsjár beggja foreldra en í öðrum tilvikum er foreldri hugsanlega á móti fæðingu barnsins, fjarstatt eða ekki hæft til að fara með forsjá. Þá hefur verið talið að sjálfkrafa sameiginleg forsjá beggja foreldra frá fæðingu geti dregið úr vilja móður til að feðra barn sitt. Ljóst er að sameiginleg forsjá beggja foreldra hentar ekki í öllum tilvikum. Gera verður ráð

fyrir að talsvert meiri óvissa sé um gagnsemi þess fyrir barn að lúta forsjá beggja foreldra í þeim tilvikum sem um ræðir hér. Nefna má að ef lögfest verður heimild til að dæma sameiginlega forsjá aukast væntanlega líkur á að foreldri geti fengið hlutdeild í forsjá barns við þessar aðstæður. Með þetta í huga þykir rétt að miða áfram við að móðir fari ein með forsjá barns sem fæðist utan hjúskapar eða skráðrar sambúðar. Einnig er rétt að benda á að skv. 17. gr. frumvarpsins er lögð sú skylda á alla foreldra sem búa ekki saman að grípa til þeirra ráðstafana sem við verður komið til að tryggja að réttur barns til umgengni sé virtur.

Þess má geta að sambærilegar lagareglur gilda á öllum Norðurlöndunum en hér á landi hefur þó verið gengið lengst í að viðurkenna sjálfkrafa sameiginlega forsjá sambúðarfólks. Á Norðurlöndum hefur því verið hafnað að foreldrar fari sjálfkrafa sameiginlega með forsjá allra barna frá fæðingu. Var þetta sérstaklega rætt í norsku sérfræðingaskýrslunni sem vísað er í til í kaflanum um norræna réttinn og í frumvarpi til breytinga á norsku barnalögunum.

5.1.3 Inntak forsjár.

Eins og áður sagði er óraunhæft að ætlast til að löggjöf geti með tæmandi hætti gert skil þeim réttindum og skyldum sem felast í því að hafa forsjá barns. Á undanförnum árum er ljóst að sameiginleg forsjá foreldra sem búa ekki saman hefur orðið algengari. Fullyrða má að samhliða hafi aukist nokkuð óvissa um hlutverk hvors foreldris fyrir sig og settar hafa verið fram óskir og kröfur um að í löggjöfinni sé frekar tekið af skarið í þessum efnum.

5.1.4 Inntak sameiginlegrar forsjár foreldra sem búa ekki saman.

Í frumvarpinu er reynt að leggja meginlínur um hlutverk foreldra sem búa ekki saman. Í fyrsta lagi er vert að minna á að það er ótvírætt barni fyrir bestu að foreldrar nái sem bestri samstöðu um öll atriði sem varða barnið og málefni þess og slíkt krefst tillitsemi og sveigjanleika. Í öðru lagi verður að undirstrika að löggjöfin getur aldrei mælt fyrir um það til hlítar hvaða ákvarðanir hvort foreldri hefur heimild til að taka. Í þriðja lagi hefur ákvæði um inntak forsjár ekki áhrif á skyldu foreldris til að hafa samráð við barn eða á ákvörðunarrétt barns sem kann að vera afmarkaður í sérlögum.

Við mótun og túlkun ákvæðis um inntak forsjár hefur verið gengið út frá því að óraunhæft sé að ætla foreldrum sem fara sameiginlega með forsjá barns að standa saman að öllum ákvörðunum um barn. Hér verður sem endranær að hafa hagsmuni og þarfir barns að leiðarljósi, m.a. að skapa barni örugg og þroskavænleg skilyrði. Þannig er mikilvægt að eyða óvissu og hugsanlegum ágreiningi foreldra um daglegt líf barnsins.

Umræða um hlutverk forsjárforeldra hefur farið fram á þessum nótum á öllum Norðurlöndunum og víðast leitast við að afmarka verkaskiptingu þeirra foreldra sem búa ekki saman. Markmiðið er að koma í veg fyrir óvissu og draga úr eða koma í veg fyrir deilur um ýmis atriði í uppeldi sem líklegar eru til að hafa neikvæð áhrif á umönnun og þroska barns. Víðast hvar er gengið út frá þeirri meginreglu að þótt foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns og að barn haldi virkum tengslum við báða foreldra sína þá búi barnið fyrst og fremst hjá öðru þeirra. Það foreldri sem barn býr hjá samkvæmt samningi foreldra, úrskurði eða dómi hefur þá einnig stærra hlutverki að gegna eða frekari heimildir til að taka ákvarðanir um ýmis atriði sem snerta velferð barnsins. Hlutverk foreldra mótast þannig af því hvað annars vegar telja megi meiri háttar ákvarðanir sem báðir forsjárforeldrar verði að standa að og hvaða ákvarðanir séu hins vegar þess eðlis að nauðsynlegt sé að annað foreldri geti tekið af skarið og ráðið málefnum til lykta. Í dönskum rétti er talað um að lögheimilisforeldri taki ákvarðanir um „overordnede forhold i barnets daglige liv“ og í norskum rétti „vesentlege sider av omsuta for barnet“. Í þessu frumvarpi er lagt til að nota hugtakið afgerandi ákvarðanir um

daglegt líf barns og auk þess er upptalning á nokkrum atriðum sem falla þar undir. Vísast nánar til skýringa við ákvæðið. Rétt þykir að fjalla sérstaklega um breytingar á lögheimili barns í kafla hér á eftir um búsetu.

5.1.5 Forsjá stjúp- og sambúðarforeldris.

Eins og áður hefur verið lýst hefur verið lögð sívaxandi áhersla á sameiginlega forsjá kynforeldra barns. Með hliðsjón af þeirri lagabreytingu sem gerð var árið 2006 má gera ráð fyrir að enn stærri hópur barna muni á komandi árum almennt njóta forsjár beggja kynforeldra og þá reynir ekki á ákvæði um forsjá stjúp- og sambúðarforeldra. Ef ákvæði um heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá verður að lögum verður einnig að gera ráð fyrir að barn muni almennt njóta sameiginlegrar forsjá beggja foreldra í þeim tilvikum þegar hagsmunir barnsins krefjast þess.

Í einhverjum tilvikum mun þó annað foreldra fara eitt með forsjá barns, t.d. þegar foreldrar eru ekki saman við fæðingu barns, foreldrar hafa samið um að annað fari með forsjá eða þegar dómari telur það ekki þjóna hagsmunum barns að foreldrar fari sameiginlega með forsjána. Í þeim tilvikum þykir mikilvægt að gera ráð fyrir að barn geti samt sem áður notið tveggja forsjáraðila. Sameiginleg forsjá kynforeldris og stjúp- eða sambúðarforeldris getur styrkt samskipti í þeirri fjölskyldu sem barnið á fasta búsetu hjá og jafnað stöðu barna á heimilinu. Þá getur þetta styrkt stöðu barns og tryggt stöðugleika eða öryggi ef annað forsjárforeldra forfallast eða fellur frá.

Gagnrýni hefur komið fram á það fyrirkomulag núgildandi laga að stjúp- og sambúðarforeldrar fái sjálfkrafa forsjá barns. Bent hefur verið á að foreldrar geri sér oft ekki grein fyrir þessari réttarstöðu og hið sjálfkrafa fyrirkomulag tryggi því ekki þá hagsmuni barns sem áður var vísað til. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að afnema sjálfkrafa forsjá í þessum tilvikum en gera þess í stað ráð fyrir að unnt verði að semja um sameiginlega forsjá. Þá er einnig gert ráð fyrir að styrkja réttarstöðu stjúp- og sambúðarforeldra með því að afnema að nokkru leyti þann mun sem í gildandi lögum er á inntaki forsjár foreldra annars vegar og forsjá stjúp- og sambúðarforeldra hins vegar.

5.1.6 Sjónarmið í deilum um forsjá og umgengni.

Þegar leyst er úr deilum foreldra um forsjá eða umgengni þarf að líta til fjölmargra atriða en niðurstaða ræðst sem endranær af þörfum og hagsmunum þess barns sem á í hlut. Hér verður ekki gefið heildstætt yfirlit yfir þau sjónarmið sem liggja til grundvallar við lausn ágreiningsmála en þó þykir rétt að víkja að fáeinum atriðum sem vert er að hafa í huga við lausn deilu um forsjá eða umgengni.

Á undanförnum árum hefur verið lögð vaxandi áhersla á að vernda barn gegn ofbeldi. Skv. 1. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, sbr. lög nr. 52/2009, er með öllu óheimilt að beita barn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Í frumvarpinu er lagt til að lögfesta svipað ákvæði í sérstökum kafla um réttindi barns og þá er í barnalögunum ákvæði um skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn ofbeldi. Mikilvægt er að undirstrika þetta sjónarmið frekar í deilum um forsjá eða umgengni og líta á ofbeldi í víðum skilningi. Í frumvarpinu er því einnig að finna það nýmæli að við ákvörðun um forsjá eða umgengni beri að líta til þess hvort hætta sé á að barnið, foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi.

Í forsjár- og umgengnisdeilum eru sjónarmið foreldranna eðlilega mismunandi. Foreldrar hafa oftast ólíkar skoðanir á þörfum barns í tengslum við forsjá og ekki síður á inntaki umgengni, allt frá því að umgengni eigi ekki að fara fram og til þess að umgengni eigi að vera mjög rúm. Þá byggist þessi afstaða foreldra oftast á ýmsum samverkandi þáttum.

Vilji barns er eitt af þeim sjónarmiðum sem nauðsynlegt er að líta til. Vilji barns getur verið skýr og einbeittur og í samræmi við það sem barninu er fyrir bestu. Sjónarmið barnsins geta þannig byggst á einhverju sem barnið hefur orðið fyrir eða upplifað, t.d. ofbeldi, og nauðsynlegt er að taka tillit til við ákvörðun um forsjá og umgengni. Vilji barns getur einnig tengst skilnaði, sambúðarslitum eða ágreiningi foreldra. Skilnaður hefur nær undantekningarlaust áhrif á börn og áhrifin geta aukist til muna ef þau upplifa deilur milli foreldra sinna. Börn geta t.d. fundið til reiði, sorgar og kvíða. Þessar tilfinningar geta m.a. brotist fram sem afstaða barns til annars foreldris á tilteknum tíma í ferlinu og barn getur t.d. lýst sig andsnúið umgengni. Mikilvægt er að átta sig á því hvenær afstaða barns mótast hugsanlega af því álagi sem fylgir skilnaðinum og deilu foreldra.

Í þeim tilvikum þar sem foreldri krefst þess að umgengnisrétti verði hafnað eða barn lýsir sig andsnúið umgengni hefur hér á landi á allra síðustu árum stundum verið vísað til þess sem kallað er *Parent Alienation Syndrome, PAS* eða *foreldrafirringarheilkenni.* Inntak þess er að foreldri sem barn býr hjá hafi óeðlileg áhrif á skoðanir barnsins, eða heilaþvoi barnið, beiti andlegu ofbeldi og svipti barn rétti til að umgangast hitt foreldri sitt. Ekki verður hjá því komist að benda á að gerðir hafa verið margháttaðir fyrirvarar við þessa greiningu á alþjóðavettvangi, eins og sjá má m.a. í leiðbeiningum norska barna- og jafnréttisráðuneytins frá 2008 (*Barnefordelingssaker der det er påstander om vold: Psykologfaglig informasjon til dommere, advokater og sakkyndige.* Barne og likestillingsdepartementet, 2008). Kenningin um *Parent Alienation Syndrome* er upprunnin í Norður-Ameríku og hafði um tíma einhver áhrif á forsjár- og umgengnisdeilur þar í landi. Hér verður þó að benda á að samtök dómara í Norður-Ameríku hafa hafnað því alfarið að nota þessa kenningu í forsjár- og umgengisdeilum þar sem kenningin uppfyllir ekki þær vísindalegu kröfur sem gera verði til faglegra staðla sem útskýra mannlega háttsemi. Þetta kemur fram í leiðbeiningum dómara um mat á þessum málaflokkum (e. „The theory positing the existence of „PAS“ has been discredited by the scientific community. … Any testimony that a party to a custody case suffer from the syndrome or „parental alienation“ should therefore be ruled inadmissible and/or striken from the evaluation report“ í *Navigating Custody & Visitation Evaluations in Cases with Domestic Violence: A Judge´s Guide.* State Justice Institute og National Council of Juvenile and Family Court Judges, 2006).

5.2 Búseta.

Búseta er annað lykilhugtakið sem þarft er að skoða. Eins og áður sagði gera ákvæði núgildandi laga ráð fyrir því sem meginreglu að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns þó þeir velji að skilja eða slíta sambúð sinni. Vert er að minna á að forsjáin ein og sér hefur mikilvæg réttaráhrif óháð búsetu eins og áður var nefnt, t.d. við andlát og við töku meiri háttar ákvarðana.

Lögin gera þá kröfu að jafnvel þótt foreldrar fari sameiginlega með forsjá skuli þeir ákveða hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og hafa fasta búsetu. Sameiginleg forsjá foreldra hefur því alls ekki þá þýðingu að barn búi að jöfnu hjá báðum foreldrum.

Rétt eins og forsjá hefur búseta barns einnig tiltekin réttaráhrif. Réttarstaða foreldris sem barn býr hjá, eða lögheimilisforeldris, er þannig önnur en réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá, eða umgengnisforeldris. Munurinn er fyrst og fremst sá að lögheimilisforeldri hefur ríkari rétt til að taka ákvarðanir um málefni barnsins og hefur t.d. réttarstöðu einstæðs foreldris þegar kemur að innheimtu og móttöku meðlags.

Á undanförnum árum hefur nokkuð verið rætt hvort rétt sé að gera ráð fyrir að barn geti átt tvö formleg heimili með einhverjum hætti.

5.2.1 Lögheimili/föst búseta.

Gera verður greinarmun á því hvort barn geti átt tvö *lögheimili* annars vegar og að barn geti haft fasta búsetu á tveimur stöðum hins vegar.

Hvergi á Norðurlöndum er gert ráð fyrir að foreldrar geti samið um að barn eigi tvö lögheimili og telja verður flest rök mæla gegn því. Skráning lögheimilis hefur margvísleg áhrif á ýmsum réttarsviðum. Sem dæmi má nefna að skyldur sveitarfélaga til að veita þjónustu innan velferðarkerfisins eru að mestu leyti bundnar við lögheimili eða búsetu í tilteknu sveitarfélagi, t.d. samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um leikskóla og lögum um grunnskóla. Önnur þjónusta miðast einnig við búsetu í tilteknu umdæmi svo sem samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Þá miða lagareglur stundum gagngert við lögheimili, t.d. lagaákvæði um birtingar í lögum um meðferð einkamála og sakamála og reglur barnaverndarlaga um samstarf og samþykki foreldra vegna tiltekinna ráðstafana.

Sem rök fyrir því að barn eigi tvö lögheimili hefur sérstaklega verið nefnt að ýmiss opinber stuðningur fyrir barn miðist eingöngu við lögheimili barns og renni alfarið til lögheimilisforeldris. Hér verður þó að mæla með því að breyta frekar sérlögum í einstaka tilvikum í þá veru að taka tillit til barnsins og stöðu beggja foreldra ef rétt þykir að taka tillit til þess tíma sem barn dvelur í umgengni. Þá verður að leggja ríka áherslu á að sameiginleg forsjá og jöfn ábyrgð foreldra verður almennt að grundvallast á góðu samstarfi og að foreldrar eiga að jafnaði að hafa alla möguleika til að skipta með sér opinberum framlögum eftir að þau eru greidd.

Skiptar skoðanir eru á Norðurlöndum um jafna búsetu barns. Norðmenn hafa gengið lengst í þá veru að skilgreina með nokkuð ákveðnum hætti hugtakið jöfn búseta (n. delt bosted). Samkvæmt norsku barnalögunum geta foreldrar samið um jafna búsetu sem hefur þau réttaráhrif að foreldrar standa jafnfætis í allri ákvarðanatöku um málefni barns (n. bostedskompetanse). Norðmenn gera þannig skýran greinarmun á jafnri búsetu annars vegar og jafnri umgengni hins vegar en í síðara tilvikinu hefur lögheimilisforeldri ríkari heimildir en umgengnisforeldri til að taka ýmsar ákvarðanir um daglegt líf barnsins. Þá verður að undirstrika að föst búseta hjá báðum foreldrum og jöfn umgengni haldast ekki endilega í hendur, þ.e. barn getur átt fasta búsetu hjá báðum foreldrum án þess að umgengni sé jöfn. Yfirgnæfandi meiri hluti foreldra í Noregi virðist semja um fasta búsetu hjá öðru foreldri en einungis um 10% foreldra semja um jafna búsetu. Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir í því frumvarpi sem nú liggur fyrir norska þinginu að heimila dómara að dæma jafna búsetu þegar sérstaklega stendur á en því var alfarið hafnað að gera jafna búsetu að meginreglu.

Svíar gera með svipuðum hætti ráð fyrir í framkvæmd að unnt sé að ákveða jafna búsetu (s. växelvis boende) en lögin endurspegla þetta ekki með ákveðnum hætti eða skilgreina með jafn skýrum hætti og í Noregi og Danmörku muninn á jafnri búsetu og jafnri umgengni.

Við setningu dönsku laganna um forsjá foreldra frá 2007 var lögð áhersla á gera greinarmun á hugtökunum forsjá, búseta og umgengni með svipuðum hætti og í Noregi. Því var þó hafnað að foreldrar eða dómstólar gætu ákveðið tvöfalda eða jafna búsetu barns enda var slíkt fyrirkomulag almennt ekki talið þjóna hagsmunum barns. Búseta á einum stað var talin auka öryggi og stöðugleika í lífi barnsins og endurspegla betur þá verkaskiptingu sem rétt væri að gera almennt ráð fyrir þegar foreldrar búa ekki saman. Heppilegra væri að móta samskipti barna og foreldra í tengslum við hugtakið umgengni sem væri í eðli sínu sveigjanlegra en búseta, þannig gæti rúm eða jöfn umgengni átt rétt á sér og umgengni væri auðveldara að aðlaga breyttum aðstæðum hverju sinni.

Í þessu frumvarpi eru ekki lagðar til breytingar á ákvæðum núgildandi barnalaga um að lögheimili og föst búseta barns skuli vera hjá öðru foreldra. Gengið er út frá því að öryggi og stöðugleiki séu lykilhugtök fyrir þroskavænleg uppeldisskilyrði barns. Í þeim tilvikum þar sem best tekst til og foreldrar geta unnið saman að því að tryggja hagsmuni barns þá geta þeir í raun hagað samskiptum sínum á sama veg og ef gert væri ráð fyrir samningum um tvöfalda búsetu í lögunum. Foreldrar geta þannig staðið saman að ákvarðanatöku um mál barns ef þeir kjósa og ákvæði barnalaganna standa ekki að neinu leyti í vegi fyrir góðu og virku samstarfi. Það verður hins vegar ekki horft fram hjá því að einhverjum hópi foreldra tekst ekki að hafa með sér svo farsælt samstarf og foreldrar virðast leita í allríkum mæli leiðsagnar í lögunum um verkaskiptingu, ábyrgð og ákvarðanatöku. Þá verður að líta til þess að samskipti einstakra foreldra einkennist að valdabaráttu, ójafnvægi eða jafnvel kúgun og ofbeldi. Til að draga úr óvissu og ágreiningi við þessar aðstæður þykir nauðsynlegt að taka af skarið og móta almennar reglur um stöðu og heimildir hvors foreldris fyrir sig. Sú regla að barn skuli eiga formlega fasta búsetu hjá öðru foreldri sínu tengist þannig í aðra röndina beint heimild þessa foreldris til að taka af skarið og ákveða ýmsa hluti í daglegu lífi barns. Á móti kemur að reglan temprast í hina röndina einnig af ákvörðunum um rúma eða jafna umgengni sem rætt verður um síðar.

5.2.2 Breytingar á búsetu/lögheimili barns.

Sérstakt álitaefni er hvort foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barns verða báðir að taka ákvörðun um breytingu á lögheimili barns eða hvort lögheimilisforeldri eigi að hafa heimild til að flytja með barnið. Einnig hefur verið rætt hvort foreldrar eigi almennt að samþykkja eða tilkynna hvort öðru breytingar á lögheimili sínu óháð því hjá hvoru þeirra barnið býr. Hér á landi hefur verið gengið út frá því að lögheimilisforeldri geti tekið ákvörðun um að flytja með barnið innanlands en skv. 8. mgr. 28. gr. gildandi laga má annað foreldri ekki fara með barnið úr landi án samþykkis hins þegar forsjáin er í höndum þeirra beggja.

Framangreind álitaefni hafa verið til umræðu í Svíþjóð, Danmörku og Noregi.

Foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barns í Svíþjóð verða báðir að samþykkja breytingu á lögheimili barns, þ.e. flutningur innanlands telst til meiri háttar ákvörðunar. Svíar eru einir um að fara þessa leið.

Samkvæmt dönsku lögunum um forsjá foreldra frá 2007 getur foreldri sem barn býr hjá ákveðið að flytja með barn innan lands og utan án samþykkis hins foreldrisins þrátt fyrir sameiginlega forsjá. Sérstaklega var fjallað um þetta við setningu laganna í ljósi þess að tengsl barnsins við hitt foreldrið gætu minnkað eða rofnað við flutning. Niðurstaðan varð sú að áskilja ekki samþykki þar sem barni var talið fyrir bestu að lögheimilisforeldri hefði nauðsynlegan sveigjanleika í lífi sínu og barnsins, svo sem vegna breytinga á atvinnu og vegna nýrrar fjölskyldu. Löggjafinn ákvað á hinn bóginn að foreldri beri að tilkynna hinu með sex vikna fyrirvara um fyrirhugaðan flutning á lögheimili sínu. Markmið með þessum fyrirvara er fyrst og fremst að gefa hinu foreldrinu tíma til að sækja um breytingar á umgengni, búsetu eða forsjá í ljósi nýrrar stöðu. Þess má geta að tilkynningarskyldan á við alla foreldra hvort sem forsjá barns er sameiginleg eða ekki og óháð því hjá hvoru foreldranna barn býr. Þá er skyldan óháð því hvort umgengni hefur verið ákveðin eða ekki.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum norskra laga getur foreldri sem barn býr hjá flutt lögheimili barns innan lands án samþykkis hins þrátt fyrir sameiginlega forsjá. Meiri hluti nefndarinnar sem fjallaði um breytingar á lögunum lagði til að báðir forsjárforeldrar yrðu að samþykkja flutning innan lands ef flutningur væri um langan veg og líklegur til að torvelda umgengni. Í frumvarpi til breytinga á norsku barnalögunum sem nú liggur fyrir þinginu er

hins vegar ekki farin þessi leið. Gengið er út frá því að foreldrar sem fari sameiginlega með forsjá barns síns hljóti almennt að taka ríkt tillit til hagsmuna barnsins þegar tekin sé ákvörðun um að flytja. Fjölbreyttar ástæður geti legið baki slíkri ákvörðun og flutningur sé í mörgum tilvikum eðlilegur og nauðsynlegur fyrir fjölskylduna í heild. Með hliðsjón af þessu er lagt til að fylgja fordæmi Dana og gera ráð fyrir að lögheimilisforeldri geti eitt ákveðið að flytja lögheimili barns. Með svipuðum hætti er gert er ráð fyrir að bæði lögheimilisforeldri og umgengnisforeldri verði að tilkynna hinu fyrirhugaðan flutning á lögheimili sínu með sex vikna fyrirvara. Þó er einungis gert ráð fyrir tilkynningarskyldunni ef fyrir liggur samningur eða dómur um umgengni.

Í þessu frumvarpi er lagt til að rökum Dana og Norðmanna verði fylgt og gert ráð fyrir að lögheimilisforeldri hafi eitt heimild til að ákveða búsetu barns innan lands. Einnig er gert ráð fyrir að taka upp sérstakt ákvæði um tilkynningarskyldu. Í þessu sambandi er vert að árétta að hagsmunum barns er almennt best borgið þegar foreldrum tekst að hafa jákvæð og uppbyggileg samskipti um öll atriði sem hafa afgerandi áhrif á líf barnsins. Hvetja verður báða foreldra til að taka ríkt tillit til hagsmuna barns áður en tekin er ákvörðun um að flytja, meta hvaða áhrif það hafi á stöðu barnsins, leggja sig fram um að ræða þessi atriði og að leita lausna ef þörf krefur með eins góðum fyrirvara og unnt er.

5.3 Umgengni.

Tilhögun umgengni barns við foreldri er með fjölbreyttum hætti. Með aukinni áherslu á sameiginlega ábyrgð beggja foreldra má ganga út frá því að fleiri börn en áður njóti reglubundinnar umgengni við foreldri sem barn býr ekki hjá og að umfang umgengni hafi almennt aukist nokkuð á undanförnum árum.

Mikilvægt er að huga vel að inntaki og framkvæmd umgengni. Hér er um að ræða þætti sem reynir jafnt og þétt á í lífi barns sem býr ekki með báðum foreldrum sínum, jafnvel árum saman. Umgengni er þess eðlis að hún er háð breytingum m.a. á aðstæðum, aldri og þroska barns og hér reynir sérstaklega á samskipti foreldra. Miklu skiptir að foreldrar séu meðvitaðir um þarfir barna sinna hverju sinni, láti þær ganga fyrir eigin þörfum, hagsmunum eða löngunum og leggi sig fram um að láta ekki ágreining eða togstreitu koma í veg fyrir að barn nái þeim alhliða þroska sem það á rétt á. Þá hefur talsverð umræða átt sér stað um mál þar sem umgengni er ekki til staðar eða umgengni er tálmað. Í ljósi alls þessa þykir nauðsynlegt að fjalla hér nokkuð ítarlega um álitaefni í tengslum við umgengni.

5.3.1 Inntak umgengni.

Nokkur umræða hefur verið á Norðurlöndum um réttmæti og gagnsemi þess að skilgreina frekar inntak umgengni í barnalögum. Noregur er eina landið sem hefur farið þá leið að skilgreina í lögum það sem kölluð er venjuleg umgengni (n. vanleg samværsrett). Þar er þó einnig lögð áhersla á að meta þurfi hvert mál fyrir sig og m.a. að sérstök sjónarmið gildi um ung börn. Annars staðar hefur verið lögð rík áhersla á þarfir barns í hverju tilviki og því hafnað að fastmóta reglur sem geti í framkvæmd bundið hendur foreldra og/eða úrskurðaraðila.

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til núgildandi laga er að finna sjónarmið um lágmark reglubundinnar umgengni og nefnt að barn eigi að jafnaði að hafa tækifæri til að njóta samvista við báða foreldra sína við ýmiss konar tækifæri. Einnig eru nefnd ýmis önnur sjónarmið sem taka verði tillit til og sem geti leitt til ýmist meiri eða minni umgengni.

Hér er ekki lagt til að gengið verði lengra í að setja almennar lagareglur um inntak umgengni. Sem fyrr er gengið út frá því að umgengni í hverju máli ráðist af því sem barninu er fyrir bestu.

5.3.2 Almennt um umgengni og þarfir barns.

Þrátt fyrir að meginreglan um það sem barni er fyrir bestu hafi um langt skeið legið til grundvallar löggjöf um málefni barna hefur ekki verið fjallað mikið um sjónarhorn barns eða þarfir barna í íslenskum lögskýringargögnum. Um þetta er fjallað nokkuð rækilega í þeim greinargóðu skýrslum sem nefndar eru í kaflanum um norrænan rétt, svo og í lagafrumvörpum sem fylgdu í kjölfarið, verklagsreglum og leiðbeiningum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Nauðsynlegt þykir að fjalla hér um þarfir barna í þessu samhengi og tekur eftirfarandi ríkt mið af þeim norrænu heimildum sem getið var um hér að framan.

Þegar umgengni er ákveðin ber að stefna að því að skapa aðstæður og tengsl sem styðja á bestan mögulegan máta við þroskaferil barns í tilteknum aðstæðum. Umgengni á að nýtast barni og hjálpa því á þroskaferlinum. Umgengni má ekki vera barni of erfið, vera því álag eða þjáning eða ógna tilfinningalegum og félagslegum þroska þess. Umgengni á heldur ekki að takmarka þannig að barn fari þess á mis að njóta jákvæðra tengsla og stuðnings frá foreldri eða fjölskyldu sem kemur barni til góða.

Umgengni á fyrst og fremst að miða við þarfir barns og vera innan þeirra marka sem barn ræður við með tilliti til aldurs og þroska.

Grunnþarfir barns í umgengni eru:

- þörfin fyrir tengsl og samveru, að barnið finni öryggi og að það tilheyri foreldri og fjölskyldu,
- þörf fyrir umönnun, örvun og stuðning og
- þörf fyrir vernd, tillit og virðingu.

Hér á eftir verður rætt frekar um umgengni miðað við aldur og getu barns á ólíkum stigum þroska. Hvetja verður foreldra og úrskurðaraðila til að kynna sér þessi sjónarmið með opnum huga. Sérstaklega má hvetja til þess að skoða fjölbreyttar og breytilegar lausnir, t.d. á því hvar umgengni fer fram, að umgengni fari fram oft en stutt á tilteknum tímabilum og að umgengni taki breytingum, t.d. aukist eftir auknum aldri og þroska barns ef aðstæður bjóða að öðru leyti upp á það. Þá getur þurft að taka tillit til þess hvort verið er að ákveða umgengni í fyrsta sinn eða að breyta umgengni sem hefur verið til staðar og þess hvort foreldrar barns hafa búið saman á æviskeiði barnsins eða ekki.

5.3.3 Umgengni miðað við aldur og getu barns.

Við ákvörðun umgengni skiptir sköpum að taka ríkt tillit til þroska barna á mismunandi aldursskeiðum.

a) Ungbörn.

Ungbörn þurfa stöðuga umönnun, vernd og staðfestu. Þegar á fyrsta ári velja þau gjarnan einn sem þau verða náin og vilja helst vera sem mest hjá. Oft kemur af sjálfu sér að það er móðir ef barn er á brjósti og umönnun verður oft mest af hennar hálfu í byrjun. Ef tveir annast ungbarn álíka mikið verður val barnsins jafnara. Foreldrar sem búa með barni og sem geta tekið jafnt og þétt þátt í að mynda tengsl í ró við öruggar aðstæður geta því orðið barninu álíka mikilvægir. Á aldrinum 7–10 mánaða eru börn oft mjög óörugg gagnvart öðrum en sínum allra nánustu, halda sig nálægt þeim og leita mikið í öryggi við aðstæður sem þau þekkja.

Á fyrsta ári barns þarf að leggja áherslu á ró eða stöðugleika í umönnun og aðstæðum. Þannig er það oftast barninu fyrir bestu að umgengnisforeldri komi til barnsins eða njóti samveru við barnið í aðstæðum sem barnið þekkir vel, jafnvel oft en stutt í einu vegna þess að endurtekningin eflir minni barnsins og tengsl við foreldrið. Þetta á sérstaklega við ef barnið hefur ekki búið með eða notið umönnunar þess foreldris sem óskar eftir umgengni.

b) Börn á forskólaaldri.

Börn á forskólaaldri hafa eðlilega nokkuð ólíkar þarfir og getu í sambandi við umgengni. Börn á aldrinum 1–3 ára eru í djúpum tengingarfasa við sína allra nánustu og umgengni verður að styðja við en ekki trufla þroska þeirra. Ef barn á þessum aldri þarf stöðugt að nota orku og athygli til að aðlaga sig breyttu umhverfi, fólki, reglum og umönnun getur það ekki hvílst og notað krafta sína til að þroska félagslega, tilfinningalega og vitsmunalega hæfni. Breytingar valda álagi sem getur komið fram í streituviðbrögðum hjá barni. Barn getur sýnt merki um tengslavanda eða aðlögunarvanda, t.d. átt í vanda með svefn, verið haldið aðskilnaðarkvíða og sýnt merki um ótta eða óöryggi.

Félagsþroski barns eykst jafnt og þétt á þessu aldursskeiði og við tveggja ára aldur verða börn t.d. sjálfstæðari og vilji þeirra skýrari en áður. Þá ráða þau betur við breyttar aðstæður og geta verið í aukinni umgengni, jafnvel nokkrar nætur í röð.

Í *vitræna þroskanum* á þessum aldri geta verið ýmis atriði sem nauðsynlegt er að taka tillit til, svo sem málþroski, tímaskyn, minni og skilningur sem gerir að verkum að stöðugleiki og rútína er sérlega mikilvæg. Börn á aldrinum 1–3 ára hafa ekki öðlast mikla færni á sviði vitsmunaþroska og umgengni þarf að taka mið af því hvar barnið er statt. Með auknum aldri eykst geta heilans til að hugsa, finna lausnir, muna og skilja. Í kjölfarið kemur þroski barns til að tjá sig um lífsreynslu sína. Nefna má nokkur atriði hér til frekari leiðbeininga.

Málþroski er gjarnan stutt á veg kominn, barnið er að læra að tala en hefur takmarkaða getu til að tjá og miðla eigin reynslu. Talið þróast smám saman í gegnum herminám og í formi endurtekinna orða. Þó svo að börn á aldrinum 2–4 ára hafi góðan orðaforða og tali rétt er hæfnin til að skilja hugtök og innihald takmörkuð. Barnið hefur mikið ímyndunarafl á aldrinum 2–4 ára og gerir oft ekki greinarmun á hugmyndum og raunveruleika. Talþroski og hæfileikinn til að skilja, muna og segja frá eykst smám saman en fram til sex ára aldurs er barn mjög háð fullorðnum að túlka og skilja upplýsingar til að fá samhengi. Skilningur barns á forskólaaldri er einnig mjög bókstaflegur. Þau skilja ekki tvíræðni eða óljós skilaboð, geta auðveldlega orðið óttaslegin eða gert sér óraunhæfar hugmyndir um það sem er ætlast til að þau meðtaki og tjái sig um.

Minni barna á fyrsta ári er án orða og ung börn muna ekki lengi eftir fólki sem þau hitta. Til að koma á tengslum skiptir því fjölda skipta og tíminn sem líður á milli oftast meira máli en sá tími sem samskiptin vara í hvert sinn. Forskólabörn eiga erfitt með að skipuleggja fram í tímann og rifja upp atburðarás. Þau læra um orsök og afleiðingar eftir því sem þau þroskast en fram eftir forskólaaldri eiga þau erfitt með að túlka og skilja slíkar upplýsingar. Ung börn hafa ekki þroska til að standa við loforð og samninga sem foreldrar ætla þeim stundum að gera og sérstaklega er varhugavert að ætla ungum börnum að taka ábyrgð á að bera skilaboð á milli foreldra sinna. Ung börn vilja gjarnan þóknast foreldrum sínum. Viðbrögð þeirra og tjáning tekur stundum mið af þessu og er lýsandi fyrir löngun barnsins eða líðan á tilteknu augnabliki. Mótmæli barns við því að fara í eða úr umgengni geta þýtt að barnið vill ekki hætta við verkefni eða hætta samskiptum sem eru til staðar þá stundina en þurfa ekki að gefa neitt sérstakt til kynna um tengsl þess við foreldra sína eða raunverulega löngun eða getu barnsins til að njóta samskipta við þau bæði.

Vegna þess sem hér er sagt um þroska og minni er mikilvægt að undirstrika að tilfinningaleg áföll og ótti getur setið djúpt í börnum og getur þetta m.a. komið skýrt fram í líðan barns og hegðan. Í þeim tilvikum þar sem grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir ofbeldi gilda því sérstök sjónarmið sem taka verður tillit til.

Umfang umgengni áður en börn hafa náð langt í persónuleika- og vitsmunaþroska þarf að einkennast af staðfestu, yfirliti yfir aðstæður sem barnið skilur og stöðugleika. Það þarf að vera ákveðinn tími að fara og koma sem staðið er við. Ef það stenst ekki þarf að endurskoða umgengnistilhögun barnsins vegna. Stöðug aðlögun að mismunandi aðstæðum og reglum verður auðveldlega álag um of fyrir forskólabörn. Ef barn þarf að ráða við fleiri en eitt heimili og mikla umgengni auk þess sem foreldrarnir eiga í togstreitu er aukin hætta á að barnið misskilji, oftúlki og verði truflað í aðlögun heima og að heiman.

Niðurstaða um umgengnistilhögun út frá þörfum og getu barns á forskólaaldri, en einkum að þriggja eða fjögurra ára aldri, er að fara varlega í að barn sé að staðaldri í margra daga umgengni vegna þess hve viðkvæmt barn er út frá persónulegum, félagslegum og vitsmunalegum þroska.

c) Börn á skólaaldri.

Börn sem komin eru á skólaaldur ráða betur við mikla umgengni og almennt gildir að því eldri sem börn eru því meiri hæfni hafa þau til að ráða við að vera ekki hjá aðalumönnunaraðila og að þola og ráða við mismunandi umönnun og ólíkt umhverfi.

Börn á aldrinum 9–12 ára ráða við aukna ábyrgð í samskiptum, sem helst í hendur við vitsmunaþroska, og þau hafa oft þróaðar skipulagshugmyndir, siðferðisþroska og sterka réttlætiskennd. Þau hafa líka meiri getu til að tjá sig um hvað þeim líkar og mislíkar heldur en yngri börn. Til þess að mikil umgengni hafi farsæl áhrif á þroska barns, sérstaklega á grunnskólaaldri, þarf þó að huga vel að ýmsum skilyrðum, svo sem nálægð í búsetu, að barn gangi í einn skóla, samfellu í vinatengslum og félagsstarfi og samstarfi eða samskiptum foreldra.

d) Unglingar.

Börn á yngri unglingsárum eru gjarnan sálrænt, í umönnun og fjárhagslega háð foreldrum en takast á við að aðgreina sig frá þeim og eru oft náin félögum sínum í hvers kyns áhugamálum og námi.

Unglingar 15–18 ára eru oft orðnir svo sjálfstæðir að foreldrar verða sem akkeri og stuðningur en svolítið í bakgrunni. Unglingar vilja oftast sjálfir ráða og ákveða umgengni og laga hana að lífi sínu að öðru leyti.

Almennt má segja að því eldri sem börn eru því meiri hæfni hafi þau til að ráða við að vera ekki hjá aðalumönnunaraðila og til að ráða við ólíkt umhverfi og mismunandi umönnun. Um leið verður nánasta umhverfi mikilvægara vegna skóla, áhugamála og vina.

5.3.4 Jöfn umgengni – 7 daga af 14 dögum.

Rannsóknir sýna að nokkuð hefur færst í vöxt að foreldrar semji um það sem kalla má jafna umgengni, þ.e. að barn dveljist jafnt hjá þeim báðum. Í flestum tilvikum virðist samið um það fyrirkomulag að barn dveljist viku og viku í senn hjá hvoru foreldri en í sumum tilvikum um að barn fari hálfsmánaðarlega á milli foreldra sinna eða samið er um jafna umgengni með öðrum hætti.

Í kaflanum hér á undan um getu og þarfir barns koma fram sjónarmið sem eiga jafnt við um samninga foreldra og úrskurði eða dóma um umgengni. Hvetja verður til þess að við ákvörðun um umgengni verði þarfir barns ætíð settar í forgang. Þannig er full samstaða um

það á öllum Norðurlöndunum að þarfir barns verði t.d. að vega þyngra en sjónarmið um jafnrétti foreldra.

Minna verður enn og aftur á að sameiginleg forsjá hefur ekki sjálfkrafa í för með sér að barn eigi að dvelja jafnt hjá báðum foreldrum sínum. Þess má einnig geta að annars staðar á Norðurlöndunum hefur verið rætt um hvort ganga eigi út frá jafnri búsetu eða jafnri umgengni sem meginreglu en því hefur alls staðar verið hafnað.

Í barnalögum er oft gerður greinarmunur á því sem foreldrar mega annars vegar semja um og því sem hins vegar er unnt að úrskurða eða dæma. Ástæðan er sú að ágreiningur eða togstreita milli foreldra getur haft úrslitaáhrif á það sem þykir barni fyrir bestu. Þrátt fyrir að litið hafi verið svo á að foreldrar geti þannig samið um að hafa jafna umgengni kemur sérstaklega til skoðunar hvort unnt eigi að vera að úrskurða eða dæma umgengni í 7 daga af hverjum 14 dögum.

Dómsmálaráðuneytið hefur lýst því í úrskurðum sínum að jöfn umgengni verði ekki úrskurðuð að óbreyttum lögum, m.a. með hliðsjón af ákvæði laganna um fasta búsetu barns hjá öðru foreldri. Sama niðurstaða var í dönskum rétti fram til ársins 2007 þegar lögfest var sérstök heimild til að ákveða umgengni 7 daga af hverjum 14 dögum, sbr. 2. mgr. 21. gr. dönsku laganna um forsjá foreldra. Samkvæmt norskum rétti hefur um árabil verið heimilt að semja eða úrskurða jafna umgengni. Í fyrirliggjandi frumvarpi til breytinga á norsku barnalögunum var því þó hafnað að kveða sérstaklega á um slíka heimild í lögunum enda þykir mikilvægt að forðast að þetta fyrirkomulag verði í of ríkum mæli viðmið foreldra um umgengni. Í sænskum rétti er heimildin talin fyrir hendi í framkvæmd en ekki hefur þótt ástæða til að lögfesta hana sérstaklega. Sama gildir í Finnlandi.

Í þeim viðamiklu skýrslum sem getið er í köflunum um norrænan rétt er getið um rannsóknir á umgengni á Norðurlöndum og víðar. Almennt er talið að rannsóknir gefi ekki einhlít svör önnur en þau að áhrif rúmrar eða jafnrar umgengni séu háð aðstæðum, þ.e. jákvæð áhrif á þroska barns séu háð fjölmörgum atriðum, eins og góðri samvinnu foreldra, sveigjanleika, nálægðar í búsetu og getu eða þoli barnsins. Sérstaklega hefur verið bent á að rannsóknir nái takmarkað til ungra barna.

Mikilvægt er að gerðar verði frekari rannsóknir á fjölskyldugerðum, tengslum, þróun umgengni og áhrifa þessa á börn. Þrátt fyrir að fyrirliggjandi rannsóknir gefi ekki einhlít svör þykir með hliðsjón af lagaþróun, vaxandi þátttöku beggja forelda í uppeldi barna sinna og auknum tengslum barns við báða foreldra ekki ástæða til að koma hér á landi í veg fyrir að unnt verði að úrskurða eða dæma jafna umgengni.

Leggja verður ríka áherslu á að jöfn umgengni er þó alls ekki barni fyrir bestu í öllum tilvikum og er þetta í samræmi við sjónarmið í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Almennt er ekki hægt að fullyrða að því meiri sem umgengni er, þeim mun betra sé það fyrir barnið. Eins og rakið var hér að ofan eru börn ólík og þarfir þeirra í grundvallaratriðum mismunandi á ólíkum aldursskeiðum. Á Norðurlöndunum er samstaða um að jöfn umgengni eða umgengni í marga daga samfellt sé almennt ekki í samræmi við þarfir yngstu barnanna. Þá verði ávallt að taka ríkt tillit til m.a. búsetu eða nálægðrar heimila, skólagöngu, tómstunda og annarra frístunda, sérþarfa og vilja barns. Að síðustu er samstaða um að persónulegir erfiðleikar, ágreiningur foreldra eða samstarfserfiðleikar geti verið slíkir að mjög rúm eða jöfn umgengni yrði aldrei talin barni fyrir bestu. Af undirbúningi laga í Danmörku og Noregi má þannig t.d. ráða að í framkvæmd er almennt ekki gert ráð fyrir að jöfn umgengni verði úrskurðuð eða dæmd nema sérstaklega standi á.

5.3.5 Skylda til umgengni.

Samkvæmt íslenskum lögum á foreldri sem barn býr ekki hjá í senn rétt og ber skylda til að rækja umgengni við barn sitt. Nokkuð hefur verið rætt hvort unnt sé að skerpa á þessari skyldu eða ákveða viðurlög við því að sinna ekki umgengni.

Gera má ráð fyrir að flestir foreldrar finni til ríkrar ábyrgðar að þessu leyti, óski eftir umgengni við börn sín og gæti þess að sinna skyldum sínum í samræmi við samninga, úrskurði eða dóma um umgengni. Mikilvægt er að hvetja umgengnisforeldra til að sinna skyldum sínum. Ef umgengnisforeldri sinnir ekki umgengni eins og hún hefur verið ákveðin þá má segja að það falli um leið skylda á foreldri sem barn býr hjá til að annast barnið þann tíma. Þá hefur verið bent á að um leið og brot á skyldum umgengnisforeldris varði ekki viðurlögum séu ýmis þvingunarúrræði fyrir hendi vegna tálmunar á umgengni af hálfu foreldris sem barn býr hjá.

Viðurlögum við brotum á umgengni af hálfu umgengnisforeldris hefur verið hafnað á Norðurlöndunum enda er almennt talið að það gangi gegn hagsmunum barns að þvinga óviljugt foreldri til umgengni við barn sitt með beitingu þvingunarúrræða.

Annars staðar á Norðurlöndum er gert ráð fyrir að aukin umgengni geti með einum eða öðrum hætti haft áhrif á greiðslu meðlags. Eins og áður sagði eru til skoðunar í ráðuneytinu tillögur nefndar um endurskoðun ákvæða barnalaga um framfærslu og meðlag. Í tillögunum er gert ráð fyrir að umgengni hafi áhrif á fjárhæð meðlags og með slíkri breytingu má segja að því gæti fylgt fjárhagslegt óhagræði eða ábyrgð fyrir það foreldri sem rétt á til umgengni ef það sinnir ekki skyldu sinni. Varhugavert þykir að ganga lengra í að láta fjárhagsleg sjónarmið ráða vilja til umgengni og verða því ekki lagðar hér til breytingar á gildandi rétti að þessu leyti.

5.3.6 Umgengni og önnur samskipti.

Ákvæði 46. gr. núgildandi barnalaga um umgengni hefur verið túlkað með þeim hætti að það feli í sér rétt til samveru foreldris og barns. Þá er sérstakt ákvæði í 2. mgr. 47. gr. laganna um að sýslumaður geti að ósk foreldris mælt fyrir um rétt þess til að hafa bréfa- og símasamband við barn svo og annað samband með hliðstæðum hætti þegar sérstaklega standi á. Sú spurning vaknar hvort ekki sé rétt að víkka almennt út skilgreiningu á umgengni og líta svo á að hugtakið umgengni nái til samveru og annarra samskipta. Skv. 3. mgr. 9. gr. barnasamningsins skulu aðildarríki virða rétt barns sem skilið hefur verið frá foreldri eða foreldrum sínum til að halda persónulegum tengslum og beinu sambandi við þau bæði með reglubundnum hætti, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess. Umgengnisréttur nýtur verndar 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, um friðhelgi fjölskyldunnar, og sambærilegs ákvæðis í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Litið hefur verið á samveru barna og foreldra sem grundvallarþátt í fjölskyldulífi og mál um umgengni sem komið hafa til kasta Mannréttindadómstóls Evrópu snúast að jafnaði um slík bein samskipti. Í dómi Mannréttindadómstólsins í máli Margareta og Roger Andersen frá 20. janúar 1992 (12963/87) var þó fjallað um bréfa- og símasamband og staðfest að slík samskipti njóti einnig verndar 8. gr. sáttmálans. Þá má nefna Evrópuráðssamning um umgengnisrétt barns frá 15. maí 2003 (*Convention on contact concerning children CEST. nr. 192*) sem Ísland hefur þó ekki undirritað. Markmið samningsins er að útfæra frekar ákvæði annarra samninga, m.a. barnasamningsins, þar er lagt til að nota orðið „contact“ í stað „access“ og að skilgreining umgengni nái m.a. til hvers konar samskipta barns við foreldri.

Annars staðar á Norðurlöndum hafa verið farnar ólíkar leiðir í útfærslu á hugtakinu umgengni að þessu leyti. Í 19. gr. dönsku laganna um forsjá er fjallað um umgengni við foreldra

(d. samvær) en í 22. gr. er fjallað um önnur samskipti þegar sérstaklega standi á. Ákvæði 6. kafla norsku barnalaganna um umgengnisrétt (n. samvær) eru einungis talin eiga við um samveru en ekki önnur samskipti. Í 15. gr. 6. kafla sænsku laganna er hins vegar gert ráð fyrir að með umgengni (s. umgänge) sé átt við samveru barns og foreldris, og önnur samskipti.

Gera má ráð fyrir að foreldrar leggi megináherslu á að njóta samveru með börnum sínum. Ekki þykja þó standa rök til þess að umgengni samkvæmt ákvæðum barnalaga miðist eingöngu við samveru og að takmarka rétt til annarra samskipta svo sem gert er. Til samanburðar má t.d. benda á að umgengni barns í fóstri við foreldra og aðra nákomna samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 80/2002, er skilgreind sem samvera og önnur samskipti.

5.3.7 Hverjir eiga að njóta umgengni.

Í barnalögum er fyrst og fremst lögð áhersla á gagnkvæman rétt barns og foreldris til umgengni og gildir það sama á öllum Norðurlöndunum.

Það er þó einnig almennt viðurkennt að jákvæð og þroskavænleg tengsl barns við nána fjölskyldumeðlimi þjóni oftast hagsmunum barnsins. Að jafnaði er gengið út frá því að barn njóti samveru og samskipta við ættingja foreldris og nákomna þann tíma sem barnið dvelur hjá hvoru foreldri fyrir sig. Þá er almennt ekki gert ráð fyrir möguleika til að ákveða umgengni barns við ættingja eða aðra nákomna nema foreldri sé látið eða hafi ekki umgengni.

Í löggjöf Norðurlandanna hefur ekki verið gert ráð fyrir beinum rétti annarra en foreldra til að njóta umgengni en unnt er að úrskurða eða dæma um kröfu annarra til umgengni við tilteknar aðstæður. Nokkuð mismunandi er hverjir geta gert kröfur og við hvaða aðstæður.

Ef litið er á umgengni frá sjónarhorni barnsins hlýtur þessi möguleiki í lögunum að grundvallast á rétti barnsins til að njóta umgengni við ættingja eða nákomna við tilteknar aðstæður. Sá grundvallarmunur er þó á umgengni við foreldra og aðra að í fyrra tilvikinu er gagnkvæmur umgengnisréttur til staðar nema það sé andstætt hagsmunum barns en í síðara tilvikinu er umgengnisréttur barns til staðar enda þjóni það hagsmunum barnsins. Með þessum rökum hefur fyrst og fremst komið til álita að úrskurða um umgengni nákominna þegar foreldri nýtur ekki við eða umgengni foreldris er verulega takmörkuð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rýmka nokkuð gildandi ákvæði um þessi atriði. Höfð er m.a. hliðsjón m.a. af Evrópuráðssamningi um umgengnisrétt barns frá 15. maí 2003 (Convention on contact concerning children CEST. nr. 192) og rúmri skilgreiningu á fjölskylduböndum. Vísast nánar til skýringa með greininni.

5.3.8 Kostnaður vegna umgengni.

Kostnaður vegna umgengni kemur oft til umræðu í tengslum við meðlag eða skiptingu kostnaðar af framfærslu barns. Ráðuneytið skipaði nefnd 7. maí 2008 til að fara yfir reglur barnalaga um framfærslu barna með það fyrir augum að kanna hvort núverandi fyrirkomulag þjóni hagsmunum barna og foreldra með sanngjörnum hætti. Þessi nefnd hefur lagt fram tillögur um nýtt meðlagskerfi og þær eru til skoðunar og umræðu í ráðuneytinu. Talið er eðlilegt að mótun nýrra reglna um skiptingu kostnaðar vegna umgengni haldist í hendur við mótun meðlagskerfis um skiptingu framfærslukostnaðar barns milli foreldra. Í ljósi þessa er ekki ráðgert að gera grundvallarbreytingar á ákvæðum gildandi laga um skiptingu kostnaðar vegna umgengni en gerðar eru tillögur um breytta staðsetningu í lögunum og að nokkru annað orðalag. Þannig er skilið á milli annars vegar samninga foreldra um kostnað vegna umgengni og hins vegar þeirra sjónarmiða sem leggja ber til grundvallar við úrskurð sýslumanns um þessi atriði.

Samkvæmt gildandi lögum hvílir sú skylda á báðum foreldrum að grípa til þeirra ráðstafana sem við verður komið til að tryggja að réttur barns til umgengni sé virtur. Lögin gera ráð fyrir þeirri meginreglu að foreldri sem nýtur umgengnisréttar greiði kostnað vegna umgengninnar og er hér átt við útlagðan kostnað foreldrisins svo og kostnað vegna ferða barns. Við setningu barnalaganna var tekið fram að hér væri lögfest sú óskráða meginregla sem gilt hefði um þetta atriði.

Sú heimild er þó einnig fyrir hendi að sýslumaður ákveði að foreldri sem barn býr hjá greiði að nokkru eða öllu leyti kostnað vegna umgengninnar. Slíkt gerist þó ekki nema að undangengnu sérstöku mat á fjárhagslegri og félagslegri stöðu beggja aðila og atvikum máls að öðru leyti. Þannig má úrskurða foreldri sem barn býr hjá til þess að greiða kostnað vegna umgengni ef fjárhagsleg staða þess foreldris sem umgengni nýtur er mjög bágborin. Þegar um óverulegan kostnað vegna umgengni er að ræða fyrir það foreldri sem barn býr hjá er því þó almennt gert að taka hann á sig, svo sem þann kostnað sem hlýst af því að koma barni á flugvöll eða bifreiðastöð þegar barn þarf að ferðast milli landshluta, a.m.k. þegar foreldri býr skammt frá flugvelli eða bifreiðastöð. Það kemur hins vegar að jafnaði í hlut foreldris sem nýtur umgengni að greiða kostnað vegna flugferðar barns eða ferðar með langferðabifreið, nema sérstök atvik mæli með öðru.

Gera má ráð fyrir að hagsmunum barns sé að jafnaði best borgið ef foreldrum tekst að semja um umgengni að öllu leyti, þar á meðal um ferðir og skiptingu kostnaðar vegna ferða í tengslum við umgengni. Í samræmi við þau sjónarmið sem þetta frumvarp byggist á um hvatningu til foreldra til að semja eins og best hentar hag og þörfum barns þykir ekki rétt að mæla fyrir um meginreglu um skiptingu kostnaðar í þeim tilvikum þegar foreldrar semja. Segja má að þetta sé í raun efnislega sama regla og í gildandi lögum þar sem jafnhliða meginreglu um ábyrgð umgengnisforeldris er minnt á heimild foreldra til að semja með öðrum hætti. Hér er lagt til að foreldrar geti óskað staðfestingar sýslumanns á samningi um kostnað vegna umgengni og að slíkur samningur verði aðfararhæfur að fenginni staðfestingu.

Þá þykir rétt að gera áfram ráð fyrir að sýslumaður geti úrskurðað um nauðsynlegan kostnað af ferðum barns vegna umgengni ef foreldrum tekst ekki að semja. Í gildandi lögum er ekki með beinum hætti fjallað um þau sjónarmið sem sýslumanni ber að leggja til grundvallar en af orðalagi í greinargerð er ljóst að sýslumanni ber fyrst og fremst að miða við meginreglu laganna og víkja ekki frá henni nema þegar sérstaklega stendur á að undangengnu mati á aðstæðum. Er þetta í samræmi við dóm Hæstaréttar frá 18. mars 2010 í máli nr. 373/2009. Í þessum dómi er gengið út frá því að ekki sé unnt að fella á foreldri, sem barn býr hjá, kostnað af umgengni barnsins við hitt foreldrið nema vegna bágrar fjárhaglegrar stöðu þess síðarnefnda, enda teljist hið fyrrnefnda fært um að standa straum af kostnaðinum að nokkru eða öllu leyti. Í þessu frumvarpi er lagt til að lögfesta þau grunnsjónarmið sem gengið er út frá í gildandi lögum. Þannig muni sýslumaður áfram ganga út frá meginreglunni um skyldu umgengnisforeldris til að greiða kostnaðinn en gert er ráð fyrir að rýmka nokkuð þau sjónarmið sem koma til álita ef vikið er frá meginreglunni. Þess má geta að mismunandi er milli landa hvaða sjónarmið eru lögð til grundvallar úrskurði um kostnað vegna umgengni. Í Noregi er gert ráð fyrir að kostnaður skiptist í hlutfalli við tekjur beggja. Þá var gerð þar sú breyting 1. janúar 2009 að með kostnaði er ekki eingöngu átt við kostnað af ferðum barns heldur einnig nauðsynlegan kostnað foreldra í tengslum við að koma barni, eða sækja það, í umgengni og nauðsynlegan ferðakostnað umgengnisforeldris ef umgengni á sér stað þar sem barn býr. Í Danmörku segir einungis í lagaákvæðinu að stjórnvöld geti úrskurðað um kostnað vegna umgengni en nánar er fjallað um þau sjónarmið sem liggja til grundvallar í leiðbeiningum um umgengni frá 6. september 2007 og viðmiðunum um fjárhæð frá 15.

desember 2008. Meginreglan er sú að umgengnisforeldri ber ábyrgð á að sækja barn við upphaf umgengni, lögheimilisforeldri sér um að sækja barn við lok umgengni á þann stað þar sem umgengni fer fram og hvort foreldri ber ábyrgð á kostnaði við þær ferðir sem því ber að sjá um, þ.m.t. ferðir þess sem þarf að fylgja barni ef það á við. Þetta er talið hvetja báða foreldra til að leggja sitt af mörkum til að tryggja að umgengni eigi sér stað og að bera sameiginlega ábyrgð á breytingum sem kunna að verða eftir skilnað eða sambúðarslit. Stjórnvöld í Danmörku geta vikið frá meginreglunni, t.d. ef mikill munur er á tekjum foreldra, flutningur annars foreldris hefur í för með sér umtalsvert óhagræði eða aukakostnað, eða aðstæður gera það sérstaklega erfitt fyrir annað foreldri að taka þátt í kostnaði.

5.3.9 Umgengnistálmanir.

Við setningu núgildandi barnalaga þótti brýnt að breyta ákvæðum eldri laga um þvingunarúrræði til framdráttar umgengnisrétti bæði vegna þess hversu skammt eldri úrræði náðu og vegna ósamræmis við ákvæði laga nr. 160/1995, um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl. Þá var bent á að Mannréttindadómstóll Evrópu leggi áherslu á að ríki framfylgi lögmætri umgengnisákvörðun með viðeigandi og fullnægjandi hætti að teknu tilliti til hagsmuna barns. Sifjalaganefnd var á sínum tíma einhuga um mat á því hvaða úrræði kæmu til greina vegna tálmunar á umgengni. Var talið að bein aðfarargerð væri það eina sem kæmi til álita að beita til viðbótar við álagningu dagsekta og vísað til samræmis við löggjöf annarra ríkja. Með lögum nr. 69/2006 var gerð sú mikilvæga breyting á 48. gr. laganna að fellt var brott ákvæði um að kæra á úrskurði eða áfrýjun dóms um umgengni kæmi í veg fyrir álagningu dagsekta. Lögð var áhersla á að kæra á úrskurði sýslumanns um umgengni frestar almennt ekki réttaráhrifum hans og að foreldrum ber því almennt að fara að fyrirmælum um umgengni þrátt fyrir málskot. Sýslumaður getur þó í sérstökum tilvikum ákveðið að kæra fresti réttaráhrifum, sbr. 2. mgr. 78. gr., og þá verður umgengni ekki þvinguð fram fyrr en að liðnum kærufresti eða að fenginni endanlegri niðurstöðu í umgengnismáli.

Til samanburðar má geta þess að í Finnlandi og Svíþjóð er gert ráð fyrir dagsektum og möguleika á aðför til að koma á umgengni við tilteknar aðstæður. Þvingunarúrræði voru sérstaklega til skoðunar við setningu dönsku laganna um forsjá árið 2007 en ekki þótti rétt að mæla fyrir um frekari viðurlög en dagsektir og aðför. Í Noregi er einungis gert ráð fyrir dagsektum og taldi ráðuneytið ekki rétt að gera ráð fyrir aðför eða öðrum frekari úrræðum í því frumvarpi til breytinga á barnalögum sem nú liggur fyrir norska þinginu.

Gera má ráð fyrir að flestir foreldrar sjái til þess að barn njóti þeirrar umgengni sem ákveðin hefur verið. Mikilvægt er að hvetja foreldri sem barn býr hjá eindregið til að virða úrskurði og dóma sem kveðnir eru upp um umgengni enda verður að ganga út frá því að úrskurðaraðilar hafi lagt mat á öll sjónarmið og komist að niðurstöðu um hvernig hagsmunum barns verði best borgið.

Reynslan sýnir að mjög harðar umgengnisdeilur eru fátíðar og sjaldan reynir á beitingu þvingunarúrræða. Vísað er til kaflans um tölfræði. Til viðbótar má nefna að hjá sýslumanninum í Reykjavík voru alls 257 umgengnismál til meðferðar árið 2008, þ.e. ný mál og mál frá fyrri árum, en einungis voru kveðnir upp 34 úrskurðir um umgengni. Dagsektarmálum fjölgaði eftir setningu barnalaganna 2003. Nokkur árin á undan höfðu þau verið undir tíu á ári, en á árunum frá 2005–2008 voru þau frá 21 til 27 á ári. Árið 2008 hafði sýslumaðurinn í Reykjavík til meðferðar alls 21 mál um dagsektir en kveðnir voru upp átta úrskurðir. Hjá embættinu fór í fyrsta sinn fram aðför árið 2007 til að koma á umgengni við barn og fram til loka september 2009 hefur máli einungis í tveimur tilvikum lokið með aðför.

Leggja verður áherslu á að þegar svo háttar til að umgengnisúrskurði er ekki framfylgt af hálfu foreldris sem barn býr hjá og grípa þarf til aðgerða af hálfu yfirvalda til að koma á umgengni vegast á tvenns konar hagsmunir. Annars vegar er um að ræða hagsmuni barns og foreldris af því að njóta umgengninnar og hins vegar hagsmuni barns af því að framkvæmd umgengninnar valdi því ekki of miklum erfiðleikum eða skaða. Lögfesting og framkvæmd þvingunarúrræða verður að taka mið af þeirri hættu sem getur verið samfara því fyrir barn að þvinga fram umgengni með tilteknum ráðum.

Skilyrði fyrir beitingu þvingunar samkvæmt ákvæðum laganna er fyrst og fremst að úrskurðaraðili hafi komist að þeirri niðurstöðu að foreldri sem barn býr hjá tálmi umgengni. Með tálmun er vísað til atferlis foreldris sem er fólgið í því að koma í veg fyrir að barn fái að njóta umgengnisréttar við hitt foreldrið, t.d. með því að halda barni í læstri íbúð þegar á að sækja það, fara á brott með barn af heimili þess eða öðrum stað þar sem umgengni á að hefjast, koma ekki með barn á þann stað þar sem afhenda á barnið eða valda því með öðrum hætti að úrskurður verður ekki framkvæmdur. Þegar reynir á beitingu þvingunar er algengt að foreldri haldi því fram að barn vilji alls ekki þá umgengni sem ákveðin hefur verið. Í þessum málum verður að meta vandlega framkomu foreldris í kjölfar úrskurðar eða dóms og hvort foreldri teljist hafa gert allt sem hægt er að ætlast til í því skyni að barn fái notið umgengninnar. Þá verður einnig að meta afstöðu barnsins til umgengninnar og á hverju hún byggist.

Mikilvægt er að undirstrika að þau mál þar sem reynir á þvingun eru flókin og erfið. Þar er nær undantekningarlaust um að ræða djúpstæðan eða langvarandi ágreining foreldra sem getur átt sér ýmsar orsakir og reynst mjög erfitt að leysa. Ágreiningur af þessu tagi hefur alltaf áhrif á barnið sem á í hlut og barnið finnur sig oft knúið til að taka afstöðu. Afstaða barns ræðst oftast af ýmsum samverkandi þáttum. Sem endranær er mikilvægt að hlusta á, meta og taka réttmætt tillit til sjónarmiða barns en forðast um leið að leggja of ríka ábyrgð á barnið á ákvörðunum sem foreldrar eiga að sjá um að framfylgja.

Viðurlög eru nauðsynleg til að reyna að tryggja að barn fari ekki á mis við þá umgengni sem gagnast barninu best. Með viðurlögum er einnig undirstrikað að tálmun er brýnt brot á forsjárskyldum foreldris. Hörð framganga í þvingunarmálum eða refsikennd viðurlög geta hins vegar aukið deilu foreldra til muna til skaða fyrir barnið. Þung viðurlög eða harkalegar afleiðingar við umgengnisbrotum geta einnig dregið úr líkum á því að foreldri lýsi réttmætum áhyggjum af umgengni þegar það á við og að barn njóti nauðsynlegrar verndar. Þess má geta að í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur o.fl. um sameiginlega forsjá frá 2008 voru 96% svarenda mjög eða frekar hlynnt því að unnt væri að grípa til formlegra aðgerða vegna tálmana á umgengni. Af þeim hópi voru þó um 77% svarenda andvíg því að barn væri sótt af yfirvöldum og þá frekar mæður (82%) en feður (72%). Um 46% svarenda voru hlynnt því að gripið yrði til dagsekta en langflestir, eða um 96%, voru hlynnt því leitað yrði ráðgjafar hjá sýslumanni.

Telja verður að við setningu barnalaganna frá 2003 hafi verið lögfest í grunninn þau úrræði sem unnt er að beita með beinum hætti til að framfylgja umgengnisrétti og að lengra verði ekki gengið. Í þessu frumvarpi eru þó lagðar til ýmsar breytingar sem von er til að hafi jákvæð áhrif og dragi úr deilum foreldra auk þess sem lagt er til að breyta framkvæmd varðandi beitingu þvingunarúrræða. Rétt þykir að gefa yfirlit yfir þær breytingar sem hér er vísað til:

– miklar vonir eru bundnar við að leiðbeiningar, ráðgjöf og sáttameðferð dragi úr illvígum deilum foreldra og tryggi frekar að foreldrar komist að niðurstöðu sem þeir geti unað við,

- í tengslum við þetta verður að telja afar mikilvæga þá breytingu að sýslumenn ráði sérfræðinga til að aðstoða við lausn þessara mála þar sem slíkt geti skapað möguleika á hraðari, samfelldari, sveigjanlegri og þverfaglegri sýn og niðurstöðu,
- heimild sýslumanns til að kveða upp bráðabirgðaúrskurð gefur einnig færi á frekari sveigjanleika en nú er,
- þá eru lagðar til breytingar á ákvæðum um framkvæmd þvingunarúrræða sem eiga að tryggja greiðari og markvissari meðferð málanna.

5.3.10 Réttur til upplýsinga um barn.

Í barnalögum er gerður greinarmunur á rétti forsjárforeldris og forsjárlauss foreldris til aðgangs að gögnum eða upplýsingum um barn sitt. Réttur forsjárforeldris leiðir af inntaki forsjárinnar en réttur forsjárlauss foreldris er afmarkaður í 52. gr. laganna.

Nokkur ágreiningur hefur verið um túlkun 52. gr. barnalaga þar sem í ákvæðinu sjálfu er ekki mælt með skýrum hætti fyrir um hvort átt er við munnlegar upplýsingar eða aðgang að gögnum. Þá hefur verið bent á að forsjárlausir foreldrar hafi þörf fyrir einhvern aðgang að gögnum um barn sitt til að geta sinnt umgengni og þá sérstaklega gögnum frá skóla barns. Nefnt hefur verið að heppilegra sé að mæla fyrir um réttindi forsjárlausra foreldra í sérlögum ef ástæða þyki við tilteknar aðstæður að þeir njóti frekari réttar en 52. gr. barnalaganna tryggir. Þessi leið var þó ekki farin við setningu laga um leikskóla, nr. 90/2008, og laga um grunnskóla, nr. 91/2008, þar sem í fyrstu var einungis fjallað um rétt forsjárforeldra. Lögunum var breytt með lögum nr. 38/2009 en í stað þess að taka afstöðu til réttarstöðu forsjárlausra foreldra í skólakerfinu var mælt svo fyrir að um rétt forsjárlausra foreldra fari samkvæmt ákvæði 52. gr. barnalaga. Rétt þykir að skýra og rýmka ákvæðið nokkuð með tilliti til þessa og vísast til athugasemda við greinina.

Þess má geta að ákvæði 52. gr. laganna var á sínum tíma sett að danskri og norskri fyrirmynd og í norsku lögunum er enn er að finna sams konar efnisákvæði. Ákvæðið kom inn í dönsku lögin árið 1995 og var þá gert ráð fyrir munnlegum upplýsingum til forsjárforeldris. Ákvæðinu var breytt við setningu dönsku laganna um forsjá árið 2007 en fyrst og fremst þótti ástæða til að rýmka rétt forsjárlausra foreldra í sambandi við skóla barns. Í 23. gr. dönsku laganna er nú gert ráð fyrir rétti forsjárlauss foreldris til munnlegra upplýsinga frá ýmsum aðilum um barn auk þess sem foreldri á, samkvæmt beiðni, rétt á skriflegum upplýsingum frá skólum og barnaheimilum (d. børneinstutioner).

5.4 Málmeðferð.

5.4.1 Úrlausn einstakra mála.

a) Forsjármál.

Sú breyting hefur orðið á úrlausn mála samkvæmt ákvæðum barnalaga á undanförnum áratugum að forsjármál eru nú rekin alfarið fyrir dómi.

Samkvæmt barnalögum, nr. 9/1981, gátu foreldrar hvort heldur sem er leitað úrlausnar dómsmálaráðuneytis eða dómstóls í forsjármáli. Í framkvæmd var mjög fátítt að foreldrar leituðu úrlausnar dómstóls. Við setningu laga nr. 20/1992 þótti rétt að beina forsjármálum í ríkari mæli til dómstóla. Samkvæmt lögunum leysti dómsmálaráðuneytið einungis úr ágreiningsmálum um forsjá þegar foreldrar voru sammála um að leita úrlausnar ráðuneytisins. Þá gat annað foreldri hvenær sem er dregið samþykki sitt til baka. Í greinargerð með frumvarpi til laganna frá 1992 benti sifjalaganefnd m.a. á að hér væri um að ræða viðkvæm, vandasöm og oft torleyst mál. Við mótun málsmeðferðareglna í forsjármálum væri mikið í húfi fyrir barn, foreldra og þjóðfélagið að velja lausn sem gagnaði hag og velferð barns.

Sifjalaganefnd skoðaði á sínum tíma mjög vel hverjir ættu að leysa úr ágreiningi í forsjármálum. Nefndin benti m.a. á að víðast hvar lytu þessi mál alfarið úrlausnarvaldi dómstóla. Frekari aðkoma dómstóla á Íslandi var reist á því að aðilar ættu ávallt að geta lagt ágreining um jafn mikilvæg málefni og forsjá undir úrlausn dómstóls og var tekið fram í frumvarpinu 1992 að líklega yrði þróunin sú á Íslandi að mál þessi myndu alfarið heyra undir dómstóla.

Samkvæmt ákvæðum gildandi barnalaga eru það eingöngu dómstólar sem leysa úr ágreiningi um forsjá. Byggðist þetta m.a. á því að forsjármálum hjá dómsmálaráðuneytinu hafði fækkað jafnt og þétt frá setningu laganna 1992, þ.e. foreldrar völdu nánast alfarið að leita til dómstóls. Þá var það skoðun sifjalaganefndar á þessum tíma að æskilegt væri að svo mikilvæg mál lytu öll sömu reglum. Forsjármál virðast vera frekar fátíð eins og sjá má í kafla um tölfræði. Þess má geta að í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur o.fl. um sameiginlega forsjá frá 2008 sögðust einungis um 2% svarenda hafa farið í dómsmál til að leysa ágreining um forsjá.

Nefndin telur hafið yfir allan vafa að framangreind þróun hafi verið jákvæð og rétt sé að dómstólar leysi alfarið úr ágreiningi um forsjá.

b) Umgengnismál.

Með lögum nr. 20/1992 var úrskurðarvald í umgengismálum fært frá dómsmálaráðuneytinu til sýslumanna. Þótti það leiða til hagræðis fyrir aðila og auðvelda sáttaumleitan. Þá þótti það auka réttaröryggi að tvö stjórnsýslustig gætu fjallað um mál. Sérstaklega var tekið fram að dómstólaleiðin hentaði ekki þar sem oft væri þörf á skjótum úrlausnum og ágreiningur gæti vaknað hvað eftir annað í sama máli.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi en þó var gerð sú breyting við setningu laganna að dómstólar geta nú að kröfu aðila leyst úr ágreiningi um umgengni og meðlag í tengslum við úrlausn forsjármáls. Þess má geta að úrlausn umgengnismála er með sama hætti í Danmörku en þar leysir sérstakt stjórnvald (d. statsforvaltningen) úr deilum um umgengni.

Ekki þykja standa rök til að breyta fyrirkomulagi úrskurðarvalds í umgengnisdeilum. Leggja verður áherslu á að forsjármál og umgengnismál eru í grundvallaratriðum ólík. Gera verður almennt ráð fyrir að ágreiningur foreldra um forsjá rísi við tilteknar aðstæður en þá sé jafnframt leitað leiða til að taka ákvörðun sem vænst er að standa muni óhögguð til framtíðar. Umgengnisréttinn reynir hins vegar á jafnt og þétt og oft eðlilegt að gera ráð fyrir að umgengni taki breytingum í takt við aldur, þroska og þarfir barns. Þegar deilt er um umgengni er mikilvægt að eiga greiðan aðgang að úrskurðaraðila. Þá er rétt að stefna að einfaldri, skjótvirkri en þó sveigjanlegri málsmeðferð. Benda verður á að þetta fyrirkomulag er líklegra til að draga úr kostnaði foreldra en þeir geta t.d. rekið umgengnismál án aðstoðar lögmanns enda hafa sýslumenn ríka leiðbeiningarskyldu samkvæmt ákvæðum barnalaga og stjórnsýslulaga. Einnig er rétt að nefna að nánast öll skilnaðarmál eru rekin fyrir sýslumanni, meðlagsmál lúta úrskurðarvaldi sýslumanns og þar eru flest faðernismál útkljáð.

Í þessu frumvarpi eru einnig lagðar til mikilvægar breytingar á málsmeðferð sýslumanna með það fyrir augum að tryggja frekari skilvirkni og auka sveigjanleika. Þá má einnig hvetja til þess að ráðuneytið leiti leiða til að gera úrskurði sýslumanna og ráðuneytisins aðgengilega fyrir almenningi með einhverjum hætti. Æskilegt er að foreldrar geti kynnt sér þá túlkun og þróun réttarins sem úrskurðir bera með sér. Við birtingu verður þó að sjálfsögðu að gæta þess að afmá öll þau atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til einkahagsmuna.

c) Önnur mál.

Eins og áður sagði hefur óvissa um hlutverk hvors foreldris fyrir sig aukist nokkuð samhliða vaxandi ábyrgð beggja foreldra og áherslu á sameiginlega forsjá foreldra sem búa ekki saman. Hér vakna spurningar um hvort og með hvaða hætti æskilegt er að löggjöf taki af skarið með beinum efnisreglum eða ákvæðum um úrlausn ágreiningsmála.

Á öðrum Norðurlöndum hefur fyrst og fremst verið valin sú leið að gera með nokkuð almennum hætti grein fyrir hlutverkum og verkaskiptingu foreldra sem búa ekki saman og er lagt til að fara slíka leið í þessu frumvarpi. Þá hefur því almennt verið hafnað að dómstólar eða stjórnvöld geti úrskurðað um þau fjölbreyttu ágreiningsmál sem upp geta komið í samskiptum foreldra. Leggja verður ríka áherslu á að foreldrar, sem treyst er til að hafa sameiginlega forsjá barns, hafi almennt til að bera þá samstarfshæfni, tillitssemi og sveigjanleika sem þarf til að leysa flest þau álitamál sem upp geta komið. Þá er vert að minna á að ráðgjöf og sáttameðferð getur gagnast vel til að aðstoða foreldra við að greina í hverju ágreiningur raunverulega liggur og finna hentugar lausnir.

Þrátt fyrir framangreint hefur verið gert ráð fyrir að foreldrar geti fengið úrlausn tiltekinna meginágreiningsmála. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga geta foreldrar þannig fengið leyst úr deilum um forsjá, umgengni og meðlag. Því til viðbótar er lagt til í frumvarpi þessu að sýslumaður geti úrskurðað í deilu foreldra, sem fara sameiginlega með forsjá barns, um hvort fara megi með barn í ferðalag úr landi.

Þess má geta að svipað ákvæði er að finna í 25. gr. dönsku laganna um forsjá foreldra. Nokkuð önnur leið er farin í norsku barnalögunum þar sem gerður er greinarmunur á því hvort foreldri hyggst flytja með barn úr landi eða fara með barnið í ferð til útlanda. Má geta þess að samkvæmt norskum lögum hefur hvort foreldri um sig heimild til að fara með barn í styttri ferð til útlanda en dómari getur þó bannað slíkar ferðir að kröfu foreldris ef hætta þykir á að barn muni ekki koma til baka.

5.4.2 Málsmeðferð hjá sýslumanni.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að sýslumenn beri ábyrgð á sambærilegum málaflokkum og samkvæmt núgildandi lögum en þó með nokkuð breyttu sniði.

Þannig er gert ráð fyrir að sýslumönnum beri að tryggja aðilum aðgang að ráðgjöf og sáttameðferð og þeir beri ábyrgð á úrlausn umgengnismála og framkvæmd forsjár- og umgengnisákvarðana eins og nánar er kveðið á um í lögunum og frumvarpinu.

Rétt er að gera nokkra almenna grein fyrir þeim breytingum á málsmeðferð sem lagðar eru til.

a) Ráðgjöf og sáttameðferð.

Ljóst er að hagsmunum barns er almennt best borgið ef foreldrum tekst að ná samkomulagi um forsjá, lögheimili og umgengni. Bætt samskipti og raunveruleg, varanleg sátt milli foreldra eykur líkur á að barn nái fullum líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska. Gera verður ráð fyrir að foreldrar og börn geti orðið fyrir vikið öflugari og virkari þátttakendur í samfélaginu og því til mikils að vinna að vel takist til.

Við embætti sýslumannsins í Reykjavík var gerð sú tilraun árið 2000 að bjóða foreldrum ráðgjöf til að reyna að finna lausn vegna ágreinings um umgengni. Árangur varð talsvert betri en reiknað var með í byrjun en á fyrsta hálfa árinu tókst foreldrum í yfir 90% tilfella að semja um umengni að fenginni ráðgjöf. Með lögum nr. 18/2001, um breytingu á þágildandi barnalögum, var öllum sýslumönnum gert að bjóða aðilum umgengnis- og forsjármála sérfræðiráðgjöf til lausnar máli. Tveir sálfræðingar, Gunnar Hrafn Birgisson og Jóhann B. Loftsson,

hafa séð um sérfræðiráðgjöf í sifjamálum fyrir alls 12 sýslumannsembætti á Suð-Vesturlandi. Samkvæmt ársskýrslu þeirra árið 2008 var heildarfjöldi mála sem vísað var í ráðgjöf alls 1.420 á árunum 2001–2008. Að meðaltali var um að ræða 178 mál á ári en flest voru málin árið 2006, alls 206 talsins. Málum fór þá nokkuð fækkandi og voru þau alls 165 árið 2008. Alls 109 þeirra mála voru frá sýslumannsembættinu í Reykjavík. Ljóst er að einungis hluta mála er vísað í sérfræðiráðgjöf. Til skýringa má nefna að árið 2008 fékk sýslumaður í Reykjavík til meðferðar alls 177 ný mál um umgengni, 14 ný mál um dagsektir og 338 ný mál um forsjá og meðlag.

Samkvæmt ársskýrslu sérfræðinganna hefur meðalfjöldi viðtala á mál haldist nokkuð stöðugur eða frá 2,16 til 3,05 viðtöl á mál. Sérfræðingar telja árangur af sérfræðiráðgjöfinni góðan, foreldrar séu yfirleitt jákvæðir fyrir sáttaumleitunum en telji í auknum mæli þörf fyrir að veitt sé ráðgjöf í skilnaðarferli.

Í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur o.fl. um sameiginlega forsjá frá 2008 töldu um 46% svarenda þörf á ráðgjöf bæði við ákvarðanatöku, framkvæmd og eftir skilnað. Sérstaka athygli vekur að 94% töldu þörf á sértækri ráðgjöf og fræðslu um málefni stjúpfjölskyldna.

Umræða og þekking á sáttameðferð og sáttamiðlun hefur farið sívaxandi á undanförnum áratugum. Þetta þykir tengjast hárri skilnaðartíðni, auknum ágreiningi milli foreldra og síðast en ekki síst áhyggjum af skaðlegum afleiðingum ágreinings foreldra á heilsu og þroska barns. Vert er að geta þess að allnokkrir fulltrúar sýslumanna og dómarar hér á landi hafa sótt námskeið í sáttamiðlun og þá hefur dómstólaráð gefið úr reglur um sáttamiðlun í einkamálum, sbr. tilkynningu nr. 2/2007. Rannsóknir sýna að sáttameðferð eða sáttamiðlun:

- er til þess fallin að leysa stærstan hluta ágreiningsmála milli foreldra sem ella þyrfti að leysa með úrskurði eða dómi,
- getur sparað tíma og fé,
- eykur verulega ánægju aðila með niðurstöðu og þar með líkur á að farið verði eftir henni og
- leiðir til verulega bættra samskipta foreldra innbyrðis og foreldra og barns þegar til langs tíma er litið.

Á Norðurlöndunum hefur verið lögð aukin áhersla á sáttameðferð með ýmsum hætti. Samkvæmt ákvæðum norsku barnalaganna er foreldrum barns undir 16 ára t.d. skylt að undirgangast sáttameðferð áður en höfðað er mál um forsjá, búsetu eða umgengni. Í dönsku lögunum um forsjá foreldra er það sett sem skilyrði fyrir málshöfðun að foreldrar hafi mætt hjá stjórnvaldi og þegið ráðgjöf með tilteknum hætti.

Í frumvarpinu er lagt til að ráðgjöf verði útfærð með öðrum hætti en verið hefur og jafnframt tekin upp skyldubundin sáttameðferð í málum um forsjá, umgengni og dagsektir. Við setningu núgildandi laga mæltu ýmsir umsagnaraðilar með því að foreldrum yrði gert skylt að leita sátta. Skiptar skoðanir hafa verið á því hvort það sé vænlegt til árangurs að skylda aðila til að taka þátt í sáttameðferð eða hvort árangur sé alfarið háður því að báðir séu reiðubúnir af fúsum og frjálsum vilja til að taka þátt í öllu ferlinu.

Nefndin telur ljóst að aðilar forsjár- og umgengnismála hafa á undanförnum áratugum kallað eftir aukinni ráðgjöf og aðstoð við að ná sáttum. Nefndin dregur ekki í efa að líkur á að foreldrum takist að ná farsælli sátt aukast ef foreldrar eru frá upphafi jákvæðir og fúsir til að taka þátt í sáttameðferð. Með hliðsjón af kostum sáttameðferðar fyrir börn og samskipti foreldra í framtíðinni telur nefndin engu að síður ótvíræðan kost að foreldrar fái skýr skilaboð um að þeim beri að reyna þessa leið áður en unnt er að krefjast úrskurðar eða að höfða mál. Flestir eru sammála um að alla jafna sé farsælast fyrir barnið að foreldrum takist að semja. Með það í huga má færa rök fyrir því að skylda foreldra til að undirgangast sáttameð-

ferð sé ein af hinum almennu foreldraskyldum, þ.e. liður í því að annast barn á þann hátt sem best hentar hagsmunum þess. Vert er að undirstrika að skyldan til að taka þátt í sáttameðferð hefur ekki í för með sér að unnt verði að knýja foreldra til að gera tiltekinn samning. Það að foreldrum beri að undirgangast sáttameðferð er til þess fallið að tryggja að lágmarki að foreldrar fái upplýsingar um mikilvægi sátta, upplýsingar og ráðgjöf um feril máls og þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar við lausn ágreiningsmála. Við hina eiginlegu sáttameðferð verður svo að leggja áherslu á að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn sem barninu er fyrir bestu. Gert er ráð fyrir að sáttamaður gæti þess að vera hlutlaus í máli og leitist við að draga fram þá hagsmuni sem leitt geti til þess að máli ljúki með sátt. Þá er gert ráð fyrir að sáttamaður meti hvenær hann telur ekki unnt að ná sáttum og að sáttamaður geti t.d. gefið út vottorð um að sáttameðferð sé lokið ef foreldrar mæta ekki á sáttafund eftir að hafa fengið kvaðningu tvívegis.

b) Skilin milli barnalaga og barnaverndarlaga.

Á undanförnum árum hefur verið lögð rík áhersla á að skerpa skilin á milli barnalaga og barnaverndarlaga eins og frekast er kostur.

Samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 80/2002, hafa barnaverndarnefndir mikilvægu, víðtæku en jafnframt mjög viðkvæmu hlutverki að gegna í ákveðnum málaflokkum. Samkvæmt lögunum stefna barnaverndarnefndir að ákveðnu markmiði, þeim ber að beita tilteknum úrræðum en grípa til afgerandi ráðstafana ef þörf krefur til að tryggja viðunandi aðstæður barns. Þá eru í lögunum skýr ákvæði um eftirlit með nefndunum, ákvarðanir, kæruleiðir og aðkomu dómstóla. Lagt hefur verið kapp á að kynna þetta hlutverk barnaverndaryfirvalda og afmarka hvaða mál beri að fjalla um á grundvelli þessara sérlaga.

Barnalögin eru hins vegar almenn og gilda um alla foreldra og öll börn. Það er ljóst að deilur um forsjá og umgengni reynast aðilum oft erfiðar og þeim fylgir gjarnan tilfinningalegt álag fyrir börn. Þá eru teknar viðkvæmar, persónulegar og oft afdrifaríkar ákvarðanir á grundvelli barnalaga, svo sem um að annað foreldri fari með forsjá barns en hitt ekki eða að umgengni verði takmörkuð eða jafnvel engin.

Í einstaka málum reynir hvort tveggja á ákvæði barnaverndarlaga og barnalaga en hér getur verið um margvísleg mál að ræða. Sum mál eru nokkuð augljóslega barnaverndarmál og byrja sem slík en svo reynir á að foreldrar deila um forsjá, umgengni eða framfærslu á grundvelli ákvæða barnalaga. Í öðrum tilvikum byrja mál sem deila um forsjá eða umgengni en svo koma upp á atvik eða skapast þær aðstæður barns að rétt þyki að tilkynna það barnaverndarnefnd. Getur helst reynt á þetta ef grunur vaknar um að foreldrar tryggi barni sínu ekki viðunandi uppeldisaðstæður í skilningi barnaverndarlaga eða barn er beitt alvarlegu ofbeldi. Hér getur reynt á tilkynningarskyldu sýslumanna sem og annarra á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga. Stundum er málum af þessu tagi réttilega vísað til sýslumanns og barnaverndarnefndar á sama tíma og fjallað um málin samhliða. Í einstaka tilvikum getur djúpstæður og langvarandi ágreiningur foreldra í tengslum við forsjá og umgengni réttlætt afskipti barnaverndarnefndar.

Í þessum málum er mikilvægt að átta sig á því hvort og hvaða úrræðum barnaverndarnefndir geta beitt og hvaða heimildir nefndirnar hafa til að gera ráðstafanir samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Þess þarf að gæta að oft er óraunhæft að ætla barnaverndaryfirvöldum að leysa deilur um forsjá eða umgengni með einhvers konar ráðgjöf eða stuðningi eftir að búið er að reyna að leiðbeina, veita ráðgjöf og jafnvel beita sáttameðferð á grundvelli barnalaga.

Það er rík þörf á því að fjalla frekar um þessi mörk. Í þeim málum sem réttilega eru hvort tveggja barnaverndarmál og forsjár- eða umgengnisdeila er nauðsynlegt að afmarka hlutverk hvors yfirvalds um sig og leita leiða til að samræma málsmeðferð, ákvarðanatöku og framkvæmd með hliðsjón af hagsmunum barnsins. Hér má m.a. hafa hliðsjón af leiðbeiningum norska ráðuneytisins (*Veileder om barnevernets rolle ved mistanke om overgrep under samvær, Q-1121B 2006,* og *Barnefordelingssaker der det er påstander om vold: Psykologfaglig informasjon til dommere, advokater og sakkyndige,* 2008).

Þá er mikilvægt að átta sig á því að flest forsjár- og umgengnismál eru alls ekki barnaverndarmál heldur ber að leysa þau eingöngu á grundvelli barnalaga jafnvel þótt þau séu snúin og erfið. Nauðsynlegt er að barnalögin í heild sinni taki mið af þessu og að þau hafi að geyma heildstæð ákvæði um alla málsmeðferð, lausnir og úrræði sem duga til að tryggja velferð þeirra sem í hlut eiga.

c) Aðkoma barnaverndarnefnda að umgengnismálum.

Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga er gert ráð fyrir að sýslumaður geti leitað umsagnar barnaverndarnefndar þegar deilt er um umgengni og geti jafnframt úrskurðað að barnaverndarnefnd veiti liðsinni eða hafi eftirlit með umgengni. Telja verður að þetta geri mörk barnalaga og barnaverndarlaga óskýr og skapi óvissu fyrir aðila.

Hlutverk barnaverndarnefndar í umgengnisdeilu veldur iðulega misskilningi, togstreitu og óöryggi hjá foreldrum. Foreldrar gera sér ekki grein fyrir hinum ólíku hlutverkum, sumir fara í vörn en aðrir hafa óraunhæfar væntingar til barnaverndarnefndar og telja hana geta gripið til úrræða á grundvelli barnaverndarlaga. Þá verður að telja málsmeðferð nefndar við gerð umsagnar óþarflega viðurhlutamikla við þessar aðstæður. Þannig vinnur starfsmaður oftast greinargerð sem lögð er fyrir fund barnaverndarnefndar þar sem foreldrum gefst kostur á að koma að athugasemdum áður en nefndin afgreiðir umsögn sína. Foreldrar upplifa þessa málsmeðferð oft sem ákvörðun í málinu og gera sér ekki grein fyrir því að þeir njóta einnig andmælaréttar áður en sýslumaður tekur hina endanlegu ákvörðun. Ef foreldrar eru ósáttir við málsmeðferð barnaverndarnefndar verður jafnframt óljóst hvert þeir eiga að snúa sér. Í sumum tilvikum er leitað til tveggja barnaverndarnefnda ef foreldrar búa hvor í sínu umdæminu, í einhverjum tilvikum vinna þær saman en í öðrum geta komið misvísandi umsagnir. Þá eru aðferðir við gerð umsagna og aðferðir við framkvæmd eftirlits ólíkar hjá barnaverndarnefndum landsins enda hefur ekki verið gefin út reglugerð eða leiðbeiningar um þessi hlutverk. Að síðustu hefur verið gagnrýnt hve langan tíma það taki að fá umsögn barnaverndarnefndar.

Þess má geta að í forsjármálum, sem alla jafna eru talin afdrifaríkari mál en umgengnismál, hefur verið horfið frá því að leita umsagna barnaverndarnefnda. Í þeim málum styðjast dómarar fyrst og fremst við matsgerð dómkvadds matsmanns.

Að öllu framangreindu virtu verður að telja óheppilegt að barnaverndarnefndir hafi þeim hlutverkum að gegna við lausn ágreinings um umgengni eða framkvæmd umgengni sem mælt er fyrir um í núgildandi lögum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fara aðrar leiðir til að mæta þörfum barns. Eingöngu er gert ráð fyrir hlutverki barnaverndarnefndar við þær aðstæður þegar framkvæma þarf ákvörðun um forsjá, lögheimili eða umgengni með aðför enda verður að telja þau mál sérstaks eðlis.

d) Sérfræðingar á vegum sýslumannsembætta.

Eins og áður sagði er gert ráð fyrir í frumvarpinu að sýslumanni beri skylda til að tryggja aðgang aðila að ráðgjöf og sáttameðferð. Nauðsynlegt er einnig að tryggja að sýslumaður geti

gert, eða látið gera, sérfræðilegar athuganir áður en kveðinn er upp úrskurður í umgengnisdeilu og að unnt verði að úrskurða um eftirlit með umgengni af hálfu sérfræðings.

Mjög mikilvægt er að byggja upp og styrkja sérþekkingu og sérhæfingu í þessum málaflokki. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja frekari samhæfingu og samfellu, einfalda málsmeðferð, stytta boðleiðir og hraða málum. Öll rök þykja standa til þess að sýslumenn geti ráðið eða leitað til sérfræðinga í málefnum barna til að sinna fyrrgreindum verkefnum. Má líta á þetta sem rökrétta og eðlilega þróun þeirra lagabreytinga sem gerðar voru árið 2001 þegar sýslumenn hófu að bjóða aðilum sérfræðiráðgjöf og frekari ákvæði í gildandi lögum að þessu leyti. Með sérfræðingi í málefnum barna er hér átt við fagaðila sem hefur nauðsynlega þekkingu á þörfum barna og stöðu foreldra.

Við framkvæmd þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu um aðkomu sérfræðinga er t.d. gert ráð fyrir að um verði að ræða sérfræðinga sem ráðnir eru fast við sýslumannsembætti og mundu skipta með sér verkum. Þá verði unnt að fara þá leið að gera samninga við tiltekna utanaðkomandi sérfræðinga um að sinna verkefnunum. Einnig komi til álita að sýslumaður ráði sérfræðing í einstök mál ef það hentar betur. Þegar hlutverk sérfræðings við sýslumannsembættin er afmarkað er mikilvægt að hafa í huga þann sveigjanleika sem unnt er ná í meðferð þessara mála á stjórnsýslustigi og ýmsa kosti hinnar þverfaglegu samvinnu. Samvinnan er t.d. mjög mikilvæg þegar mótað er allt vinnulag og útbúnar leiðbeiningar og fræðsluefni. Þá getur reynt á atriði eins og að meta samninga áður en þeir eru staðfestir, tala við foreldra og börn, afmarka álitaefnin og meta hagsmuni barns við ýmsar aðstæður. Ætla má að hlutverk sérfræðings verði mjög mikilvægt ef lögfest verður heimild sýslumanns til að úrskurða um umgengni í tiltekinn tíma til bráðabirgða eða til reynslu eins og lagt er til í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að móta verkefnin frekar í reglugerð sem ráðherra setur um málsmeðferð og starfshætti sýslumanna, svo sem að móta nánar ráðgjöf og sáttameðferð, aðstoð, gerð, umfang og vinnslu umsagna og útfærslu á eftirliti með umgengni. Árétta ber að bundnar eru miklar vonir við að þessi leið sé til þess fallin að veita foreldrum markvissari aðstoð, draga úr ágreiningi og fækka erfiðum málum um umgengni.

Þess má geta að framangreind leið er ekki ósvipuð þeirri sem farin er í Danmörku þegar deilt er um umgengni. Samkvæmt dönsku lögunum um forsjá foreldra leysir stjórnvald (d. statsforvaltningen) úr deilum um umgengni og skv. 33. gr. laganna getur stjórnvaldið látið vinna sérfræðilegar álitsgerðir í þessu skyni (d. børnesagkyndige undersøgelser). Í 21. gr. laganna er gert ráð fyrir að setja megi skilyrði fyrir umgengni og ef um er að ræða eftirlit getur stjórnvaldið ráðið einhvern til verksins eða falið það sérfræðingi á vegum embættisins.

Til samanburðar leysir dómstóll úr deilu um umgengni samkvæmt ákvæðum norsku barnalaganna en öll málsmeðferð var gerð mun sveigjanlegri en áður með lagabreytingum frá árinu 2004. Dómari getur nú kallað til sérfræðing á öllum stigum máls og falið honum ýmis verkefni, m.a. að leita sátta, veita dómara liðsinni, tala við aðila og skrifa stutta skýrslu, svo og að meta tiltekin atriði, sbr. 61. gr. laganna. Rétt þykir að vekja sérstaka athygli á því að aðkoma sérfræðinga að sáttameðferð eða annað liðsinni þeirra þykir í norskum rétti ekki valda því sjálfkrafa að sérfræðingur verði t.d. vanhæfur til að skila matsgerð í sama máli. Lögð er áhersla á að vanhæfi sérfræðinga og dómara verði að meta í hvert sinn (*Veileder Q-15/2004 Om saksbehandlingsregler i barnefordelingssaker for domstolene og høring av barn*). Skv. 43. gr. norsku laganna og reglugerð nr. 1360 frá 2006 er eftirlit með umgengni í höndum sérstakra embætta ríkisins um fjölskylduvernd sem starfa samkvæmt lögum nr. 62 frá 1997 (n. lov om familievernkontorer).

Dómstólar leysa einnig úr umgengisdeilum í Svíþjóð, þar geta dómarar leitað til félagsmálanefndar eftir upplýsingum eða umsögn (s. socialnämnden) eða til sérstaks matsmanns.

Þá er unnt að fela nefnd eftirlit með umgengni. Þess verður þó að geta að félagsmálanefndir í Svíþjóð hafa einnig ýmis önnur hlutverk á grundvelli barnalaga, t.d. að staðfesta faðernisviðurkenningar og samninga foreldra um forsjá og umgengni. Hlutverk þeirra er í umfangsmiklum atriðum ólíkt hlutverkum barnaverndarnefnda á Íslandi.

6. Helstu nýmæli frumvarpsins.

Í frumvarpinu er að finna allnokkur nýmæli frá því sem er í gildandi lögum. Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir nokkrum mikilvægum nýmælum. Upptalningin er ekki tæmandi og vísast nánar til skýringa við einstakar greinar.

6.1 Nýr kafli um réttindi barns.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfesta nýjan upphafskafla barnalaga. Nauðsynlegt þykir að barnalögin hafi að geyma almennt ákvæði sem taki mið af meginreglum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Mikilvægi ákvæðis af þessu tagi er að það einskorðast ekki við þau málefni sem barnalögin fjalla um að öðru leyti heldur gildir almennt alls staðar þar sem teknar eru ákvarðanir sem varða börn.

6.2 Hlutverk foreldra.

Í frumvarpinu er að finna ýmis nýmæli sem afmarka frekar hlutverk foreldra. Í 5. gr. er t.d. það nýmæli að skilgreina frekar í lögum en nú er gert inntak sameiginlegrar forsjár. Verður að telja sérstaklega mikilvægt að foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barns en búa ekki saman fái skýrari leiðsögn í lögunum um þessi atriði.

Hér er einnig vert að nefna ákvæði 17. gr. frumvarpsins sem fjallar m.a. um réttindi og skyldur foreldra í tengslum við umgengnisrétt barns, 24. gr. frumvarpsins sem leggur þá skyldu á foreldra að tilkynna hvort öðru fyrirhugaðan flutning lögheimilis og 25. gr. um möguleika á að fá úrskurð sýslumanns um rétt til að fara með barn í ferðalag til útlanda. Í 26. gr. frumvarpsins er einnig lögð til bætt réttarstaða forsjárlausra foreldra til að fá upplýsingar um börn sín frá skóla og leikskóla.

6.3 Forsjá stjúp- og sambúðarforeldra.

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að afnema það fyrirkomulag að stjúp- og sambúðarforeldrar fái sjálfkrafa forsjá stjúpbarns við tilteknar aðstæður. Þess í stað er lagt til að stjúp- eða sambúðarforeldri og kynforeldri sem fer eitt með forsjá geti samið um að forsjá barns verði sameiginleg. Þá er lagt til að staða stjúp- og sambúðarforeldra verði styrkt nokkuð, sérstaklega þeirra sem fara með forsjá. Í því skyni er lagt til í 9. gr. frumvarpsins að stjúp- og sambúðarforeldrar fari áfram með forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit við kynforeldri nema samið sé um annað. Í 18. gr. er lagt til að mæla fyrir um rétt barns til umgengni við aðra en foreldra með rýmri hætti en nú gildir en ákvæðið getur með þeim hætti náð til stjúpforeldra ef við á.

6.4 Sáttameðferð.

Í frumvarpinu eru lagðar til allnokkrar breytingar á málsmeðferð hjá sýslumönnum. Eitt af helstu nýmælunum er ákvæði 12. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að foreldrum beri skylda til að leita sátta áður en unnt er að krefjast úrskurðar eða höfða mál um tiltekin ágreiningsefni. Markmið með sáttameðferð er að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn máls sem barni er fyrir bestu. Rannsóknir þykja sýna að sáttameðferð sé m.a. til þess fallin að leysa stærstan hluta ágreiningsmála milli foreldra, að auka líkur á að farið verði eftir þeirri

niðurstöðu sem komist er að og bæta verulega samskipti foreldra og barns. Ljóst er því að til mikils er að vinna.

6.5 Sjónarmið í málum um forsjá.

Í 13. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest séu nokkur helstu sjónarmið sem ber að leggja til grundvallar þegar tekin er ákvörðun um forsjá barns enda þykir kostur að geta þessa með skýrari hætti en í núgildandi lögum. Helsta efnislega nýmælið er að taka fram að dómara beri að líta til hættu á að barnið, foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið fyrir eða verði fyrir ofbeldi.

6.6 Skýrari ákvæði um umgengnisrétt.

Í frumvarpinu eru lögð til ýmis nýmæli um umgengnisrétt. Í 17. gr. er lagt til að skilgreina umgengni víðar en verið hefur, þ.e. að umgengni taki hvort tveggja til samveru og annarra samskipta. Í 18. gr. er að finna nýmæli um rétt barns til umgengni við aðra en foreldra þar sem gert er ráð fyrir þessum möguleika í fleiri tilvikum en áður.

6.7 Sjónarmið í umgengnisdeilum.

Í 19. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfesta helstu sjónarmið sem leggja beri til grundvallar þegar kveðinn er upp úrskurður um umgengni. Er þetta með svipuðum hætti og á við um forsjá þar sem sjónarmiðið um vernd barns gegn ofbeldi er áréttað.

6.8 Úrskurður um umgengni til bráðabirgða.

Í 20. gr. a er lagt til það mikilvæga nýmæli að sýslumaður geti úrskurðað til bráðabirgða um umgengni. Vert er að nefna sérstaklega að gert er ráð fyrir að sýslumaður geti ákveðið að úrskurður til bráðabirgða gildi í tiltekinn afmarkaðan tíma. Þannig getur gefist færi á að kanna frekar ákveðin atriði eða meta markvisst reynslu af tilteknu umgengnisfyrirkomulagi.

6.9 Málsmeðferð fyrir sýslumanni.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að barnaverndarnefndir komi ekki lengur að því að gefa umsagnir í málum sem leyst eru á grundvelli barnalaga eða hafa eftirlit með umgengni. Þess í stað er lagt til að sýslumenn leiti til sérfræðinga í málefnum barna, þ.e. fagaðila sem hafa nauðsynlega þekkingu á þörfum barna og stöðu foreldra. Kemur þetta fram m.a. í 10., 11., 12., 19. og 21. gr. frumvarpsins.

Í 31. gr. frumvarpsins er sérstaklega tekið fram að sýslumaður geti á öllum stigum máls leitað liðsinnis sérfræðings í málefnum barns. Leggja verður áherslu á að hér er um sérhæfð mál að ræða. Mikilvægt er að sýslumaður meti í hvert sinn hvort og að hvaða leyti sé þörf á aðkomu annarra sérfræðinga en jafnframt er nauðsynlegt að sýslumaður tryggi að í hverju máli liggi fyrir nægilegar upplýsingar til að niðurstaða ráðist af hagsmunum barns.

6.10 Málsmeðferð í málum um fullnustugerðir vegna umgengnistálmana.

Í 22. og 23. gr. frumvarpsins er lagt til að skýrð séu frekar ákvæði núgildandi laga um framkvæmd fullnustugerða í málum vegna umgengnistálmana. Eins og í gildandi lögum er gengið út frá því að foreldri sem tálmuð er umgengni teljist gerðarbeiðandi en tekið er fram að sýslumaður beri ábyrgð á að fylgja máli eftir á tiltekinn hátt. Þá er í 23. gr. lagt til að dómari geti úrskurðað að umgengni verði komið á með aðför ýmist í eitt skipti eða á vissu tímabili.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er að finna nýjan I. kafla um réttindi barna og vísast til skýringa í almennum athugasemdum. Segja má að réttarstaða barna sé fyrst og fremst mörkuð í barnalögum og í barnaverndarlögum. Barnaverndarlögin fjalla aðallega um skyldur og heimildir hins opinbera til að grípa inn í ef hagsmunum og velferð barna er ógnað eða þegar börn búa við óviðunandi aðstæður. Barnalögin eru hins vegar almenn og fjalla um mikilvæg atriði varðandi réttarstöðu barna og tengsl þeirra við foreldra sína.

Mikilvægt þykir að barnalögin hafi að geyma frekari almenn ákvæði en nú er um stöðu og réttindi barna til samræmis við ákvæði barnasamningsins. Er hér fyrst og fremst horft til þeirra ákvæða sem talin eru geyma grundvallarreglur samningsins, þ.e. 2., 3., 6. og 12. gr. hans.

Í 1. mgr. er lagt til almennt ákvæði sem byggist m.a. á 2. og 6. gr. barnasamningsins og undirstrikar að börn eigi rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og réttinda án mismununar af nokkru tagi að teknu tilliti til aldurs og þroska. Um þroska vísast til almennra athugasemda um það sem barni er fyrir bestu. Með réttindum er fyrst og fremst átt við réttindi sem tryggð eru í barnasamningnum en einnig réttindi á öðrum sviðum, sbr. 2. mgr. 2. gr. samningsins. Bann við mismunun styrkir þá vernd sem börn njóta samkvæmt hinni almennu jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 97/1995. Eins og gildir um hina almennu jafnræðisreglu er ákvæðinu ekki ætlað að koma í veg fyrir að börn njóti í reynd mismunandi stöðu í þjóðfélaginu. Þannig njóta börn að mörgu leyti annarrar stöðu en fullorðnir og börn innbyrðis njóta að sumu leyti ólíkrar stöðu, t.d. er heimilt að grípa til sértækra aðgerða til að tryggja stöðu barna sem hafa þörf fyrir sérstaka vernd. Leggja verður ríka áherslu á að réttarstaða barna í heild og sérhvers barns mótist með hliðsjón af hinu lögmæta markmiði að þjóna hagsmunum barns. Ef börnum er mismunað í lögum eða einstaka ákvörðunum verði jafnframt ætíð byggt á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum og ekki gengið lengra en nauðsyn krefur. Áherslan á að börn njóti stigvaxandi réttinda miðað við aldur og þroska, sbr. 5. gr. barnasamningsins, gerir þá kröfu að t.d. mismunandi aldursmörk barna í lögum miðist við samræmdar og málefnalegar forsendur. Þá þykir rétt að undirstrika sérstaklega í barnalögum bann við því að barn sé beitt ofbeldi eða því sýnd vanvirðandi háttsemi. Hér er átt við allt ofbeldi, kynferðislegt, andlegt og líkamlegt, þ.m.t. líkamlegar refsingar.

Í 2. mgr. er lagt til almennt ákvæði um að það sem barni sé fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess. Í núgildandi barnalögum er gengið út frá því að hagsmunir barns eigi að ráða þegar foreldrar eða tiltekin stjórnvöld samkvæmt lögunum taka ákvarðanir um málefni barns. Þá er í löggjöf á sumum sviðum gengið út frá því að hagsmunir barna eigi að ráða í þeim málaflokkum sem lögin gilda um, t.d. í 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, og 1. mgr. 2. gr. leikskólalaga, nr. 90/2008. Með því að skipa ákvæðinu eins og lagt er til í frumvarpinu er þessi grundvallarréttur barns tryggður í öllum málaflokkum og óháð því hver tekur ákvörðun, t.d. foreldrar, aðrir en foreldrar sem annast eða gæta barna, einkaaðilar, stofnanir og stjórnvöld. Um það sem barni er fyrir bestu vísast að öðru leyti til umfjöllunar í almennum athugasemdum.

Í 3. mgr. er ákvæði um rétt barns til að tjá sig í öllum málum er það varða og mælt fyrir um að taka skuli réttmætt tillit til skoðana barns. Þetta mikilvæga ákvæði er í samræmi við 12. gr. barnasamningsins. Sambærilegt ákvæði er að finna í ýmsum sérlögum um tiltekna málaflokka en hér er lagt til að lögfesta ákvæði er gildir með almennum hætti.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er lagt til að 1. gr. núgildandi laga verði 1. gr. a. enda er talið æskilegt að hrófla ekki við númerum allra greina í lögunum.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er lagt til að númer I. kafla núgildandi laga verði I. kafli A og eru rökin þau sömu og nefnd voru í skýringum við 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Ákvæði 28. gr. núgildandi barnalaga fjallar um inntak forsjár. Rétt er að minna á að löggjöfin getur aldrei gert því tæmandi skil hvað felst í því að hafa forsjá barns heldur einungis fjallað um almenn atriði sem felast í þessu hugtaki. Hér eru fyrst og fremst lagðar til breytingar á skipan efnisatriða.

Í 1. mgr. er lagt til að skipa réttindum barns í öndvegi en sams konar ákvæði er nú í 5. mgr. 28. gr. Árétta ber að lagt er til að færa núverandi 2. málsl. 5. mgr. 28. gr. laganna í kafla um umgengni. Þess má þó geta að skylda forelda til að grípa til ráðstafana sem við verður komið til að tryggja að barn njóti umgengni er engu að síður ein af forsjárskyldunum sem leiða má af almennum orðum ákvæða 28. gr.

2. mgr. er óbreytt 1. mgr. 28. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. þykir rétt að undirstrika að foreldrum beri að vernda barn sitt fyrir hvers kyns ofbeldi. Auk almenns banns við að beita barn ofbeldi þykir mikilvægt að skylda foreldra til að grípa til virkra, raunhæfra og viðeigandi aðgerða til að veita börnum sínum viðhlítandi vernd að þessu leyti. Undir þetta getur m.a. fallið að fylgjast með, kynna sér og fræða börn um þá háttsemi eða þær aðstæður sem þeim getur stafað hætta af.

4. og 5. mgr. eru óbreyttar 3. og 4. mgr. 28. gr. gildandi laga. Vert er að geta þess að túlkun ákvæðis 5. mgr. um að foreldrar ákveði búsetustað barns afmarkast af því sem lagt er til í 5. gr. frumvarpsins um inntak sameiginlegrar forsjár foreldra sem búa ekki saman.

6. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er að finna nýmæli þar sem fjallað er sérstaklega um inntak sameiginlegrar forsjár.

Í 1. mgr. er áréttuð sú meginregla að foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barns skuli standa saman að því að taka allar meiri háttar ákvarðanir sem varða barnið. Erfitt er að skilgreina með tæmandi hætti hvað telst meiri háttar ákvörðun. Dæmi eru um að í lögum sé sérstaklega áskilið eða fjallað um samþykki annars eða beggja foreldra, t.d. í barnaverndarlögum, nr. 80/2002. Mæla verður með því að tekin sé afstaða í sérlögum til þessara álitaefna eftir því sem þörf krefur með tilliti til sérstakra sjónarmiða sem kunna að eiga við í hverjum málaflokki.

Ef foreldrar búa ekki saman er mörkuð sú stefna að það foreldri sem barn á lögheimili hjá hafi heimild til að taka það sem kallaðar eru afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barns. Nauðsynlegt þykir að afmarka frekar en gert er í núgildandi lögum hvenær annað foreldra getur ráðið ákveðnum málefnum barns til lykta. Um þetta vísast frekar til almennra athugasemda. Hér verður að leggja til grundvallar þarfir barnsins fyrir öryggi, stöðugleika, þroskavænleg skilyrði og samfellu í umönnun.Tekið er af skarið um að undir afgerandi ákvarðanir um daglegt líf falli m.a. ákvarðanir um hvar barn skuli eiga lögheimili innanlands og um val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu. Einnig fellur þarna undir venjuleg eða nauðsynleg heilbrigðisþjónusta. Með orðinu venjuleg er átt við minni háttar heilbrigðisþjónustu, svo sem

reglubundið ungbarnaeftirlit, læknisaðstoð vegna minni háttar kvilla og reglubundna tannlæknaþjónustu. Með nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu er átt við þá þjónustu sem heilbrigðisstarfsmenn mæla með en undir hana geta fallið hvers konar rannsóknir og greining en einnig meðferð, lyfjagjöf og aðgerðir. Þá falla hér undir ákvarðanir um tómstundastarf, svo sem tónlistarskóli, íþrótta- eða félagstarf sem barn stundar með reglubundnum hætti. Í 3. málsl. 1. mgr. er áréttað að að foreldrar skuli þó ávallt leitast við að hafa samráð áður en þessum málefnum barns er ráðið til lykta. Með því eru foreldrar hvattir til að taka tillit til skoðana og sjónarmiða hvort annars.

Rétt er að taka fram að framangreindri afmörkun til fyllingar koma ákvæði 17. gr. frumvarpsins um rétt umgengnisforeldris til að taka ákvarðanir sem snerta eðlilega framkvæmd umgengni og 24. gr. frumvarpsins um skyldu foreldra til að tilkynna um flutning lögheimilis.

Í 2. og 3. mgr. eru ákvæði samhljóða 7. og 8. mgr. 28. gr. gildandi laga en betur þykir fara að skipa þessum efnisatriðum í sérstöku ákvæði um sameiginlega forsjá.

Um 6. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að gera frekar en nú er greinarmun á forsjá foreldra annars vegar og forsjá stjúp- og sambúðarforeldra hins vegar.

Í a-lið er því lagt til að 3. mgr. 29. gr. gildandi laga falli brott. Þetta tengist nýju ákvæði 7. gr. frumvarpsins um stjúp- og sambúðarforeldra.

Í b-lið er í samræmi við frumvarpið lagt til að bæta við upptalningu þeirra lagaákvæða sem vísað er til í 4. mgr. 29. gr. laganna og eiga við um aðra en foreldra sem fara með forsjá barns samkvæmt ákvæðum laganna. Bætt er við ákvæði 28. gr. a um inntak sameiginlegrar forsjár, sbr. 5. gr. frumvarpsins, og 46. gr. þar sem fjallað er um skyldur foreldra, sbr. 17. gr. frumvarpsins.

Í c-lið er með sömu rökum og nefnd eru um a-lið lagt til að fyrirsögn greinarinnar verði *Forsjá foreldra* í stað *Forsjármenn*.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er að finna nýmæli um forsjá stjúp- og sambúðarforeldra og vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum. Lagt er til að afnema sjálfkrafa forsjá stjúp- og sambúðarforeldra sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum, sbr. 6. gr. frumvarpsins, en þess í stað verði unnt að semja um sameiginlega forsjá.

Í 1. mgr. 7. gr. kemur fram að foreldri sem fer eitt með forsjá og stjúpforeldri geti samið um að forsjá barns verði sameiginleg. Hið sama á við um foreldri sem skráir sambúð sína í Þjóðskrá með öðrum en kynforeldri en þó ekki fyrr en skráð sambúð hefur staðið samfleytt í eitt ár.

Samkvæmt 2. mgr. er samningur háður staðfestingu sýslumanns sem ber að leiðbeina aðilum um réttaráhrif hans samkvæmt almennum reglum. Þá ber að leita umsagnar foreldris sem ekki fer með forsjá ef þess nýtur við. Ekki er gert ráð fyrir að staðfesting sýslumanns sé háð samþykki forsjárlauss foreldris. Skyldan til að leita umsagnar tryggir hins vegar t.d. að forsjárlaust foreldri geti höfðað mál til að fá forsjá barnsins en að öðru leyti verður sýslumaður að meta hagsmuni barns í hverju tilviki.

Um 8. gr.

Í 8. gr. eru lagðar til smávægilegar breytingar sem fela einungis í sér vísan til nýrrar 29. gr. a um forsjá stjúp- og sambúðarforeldra. Rétt er að taka fram að ekki er lagt til að breyta því að stjúp- og sambúðarforeldri sem farið hefur með forsjá barns fari áfram með forsjá eftir

andlát kynforeldris. Í ljósi hins nýja ákvæðis um forsjá stjúp- og sambúðarforeldra munu þeir foreldrar einungis fara með forsjá barna þegar sýslumaður hefur staðfest sérstakan samning um það að fenginni umsögn forsjárlauss foreldris. Í slíkum tilvikum þykir mega slá því föstu að það tryggi best stöðugleika fyrir barn að stjúp- og sambúðarforeldri fari sjálfkrafa með forsjá eftir andlát kynforeldris. Árétta ber að ákvæðið tryggir að barn verði öruggt á heimili sínu við aðstæður sem væntanlega eru því gríðarlega þungbærar. Ef stjúp- eða sambúðarforeldri og forsjárlaust foreldri barns eru sammála um að hagsmunum barns sé best borgið með breytingu á forsjá, þá er unnt að semja um það. Einnig er unnt að bera málið undir dómstól og gera t.d. kröfu um bráðabirgðaforsjá ef hagsmunir barns krefjast þess.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er lögð til breyting á ákvæði 31. gr. gildandi laga um forsjá við skilnað eða samvistarslit foreldra. Í 31. gildandi laga er almennt gert ráð fyrir að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit. Lagt er til að samsvarandi regla gildi almennt um skilnað og sambúðarslit foreldris og stjúp- eða sambúðarforeldris sem einnig hefur farið með forsjá barnsins samkvæmt staðfestum samningi. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga varir forsjá stjúp- eða sambúðarforeldris einungis meðan hjúskapur eða sambúð við kynforeldri varir. Áður hafa verið færð rök fyrir því með hvaða hætti það geti þjónað hagsmunum barns að það njóti forsjár stjúp- og sambúðarforeldris. Þá eru raunveruleg ábyrgð og skyldur stjúp- og sambúðarforeldris styrktar með kröfunni um sérstakan samning um hina sameiginlegu forsjá. Benda verður á að þetta getur t.d. átt við þegar foreldri sem barn býr ekki hjá er látið. Ef taka á þarfir og hagsmuni barns alvarlega í þessu sambandi standa ekki rök til þess að aldrei komi til greina að stjúp- og sambúðarforeldri eigi áfram hlutdeild í forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit. Í þeim tilvikum þar sem aðilar telja sameiginlega forsjá ekki þjóna hagsmunum barns munu þeir væntanlega semja um annað. Við þessar aðstæður er einnig gert ráð fyrir að unnt verði að reka ágreiningsmál fyrir dómi skv. 34. gr., sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Í a-lið og c–e-lið er tekið fram að foreldrar geti ýmist samið um forsjá barns og/eða eingöngu um lögheimili, þ.e. þegar foreldrar ákveða að fara sameiginlega með forsjá. Rétt þykir að gera sömu kröfur til samninga um þessi atriði, svo sem um staðfestingu sýslumanns og tilkynningu til Þjóðskrár. Mikilvægt er að fyrir liggi skýrar upplýsingar um hvernig forsjá og lögheimili barns er formlega háttað hverju sinni í samræmi við ákvæði barnalaga. Þá er lögð áhersla á að lögheimili og föst búseta skapi stöðugleika í lífi barns. Þjónusta innan mennta- og velferðarkerfisins miðast einnig yfirleitt við lögheimili, þessa þjónustu er gott að sjá fyrir og oft gott að skipuleggja hana til langs tíma. Þannig er almennt ekki heppilegt að stefna að tíðum lögheimilisflutningum barns milli foreldra.

Í b-lið er lagt til að fella niður skyldu til að leita umsagnar barnaverndarnefndar í þeim tilvikum þegar foreldrar fela öðrum forsjá barns síns með samningi. Í ljósi þess að sýslumanni ber að hafna því að staðfesta samning um forsjá sem hann telur andstæðan hag og þörfum barns og hafna samningi sem er andstæður lögum þykir rétt að sýslumaður hafi frekari kosti en nú er til að fá sérfræðilega umsögn um þá samninga sem foreldrar gera um forsjá óháð því við hvern er samið. Gert er ráð fyrir að sýslumaður beiti þá ákvæði 74. gr. laganna um álitsumleitan o.fl. en samkvæmt breytingum á því ákvæði sem lagðar eru til í 31. gr. frumvarpsins getur sýslumaður leitað liðsinnis og óskað umsagnar sérfræðings áður en samningur er staðfestur. Ætla má að oftast reyni á þetta í þeim tilvikum þegar foreldri felur öðrum

en hinu foreldrinu forsjá barns. Gert er ráð fyrir að hér geti verið um að ræða sérfræðing sem starfar hjá sýslumannsembætti eða sem er fenginn til verkefnisins hverju sinni. Um þetta vísast til frekari umfjöllunar í almennum athugasemdum um sérfræðinga á vegum sýslumannsembætta.

Í f-lið er lagt til að fyrirsögn greinarinnar breytist þar sem gert er ráð fyrir að ákvæðið fjalli hvort tveggja um forsjá og lögheimili barns.

Um 11. gr.

Í frumvarpinu er lagt til það nýmæli að greina á milli annars vegar almennrar ráðgjafar eða leiðbeininga og hins vegar er að finna nýmæli um sáttameðferð.

Í a-lið 11. gr. er gert ráð fyrir að sýslumaður geti boðið aðilum tiltekinna ágreiningsmála sérfræðiráðgjöf. Gert er ráð fyrir að leitað verði til sérfræðinga í málefnum barna, þ.e. þeirra fagaðila sem hafa nauðsynlega þekkingu á þörfum barna og stöðu foreldra. Í núgildandi lögum segir að sýslumaður skuli bjóða aðilum sérfræðiráðgjöf. Með breyttu orðalagi er ekki gert ráð fyrir að draga úr skyldu sýslumanns til að tryggja að aðgangur að sérfræðiráðgjöf sé til staðar hjá hverju embætti en gert er ráð fyrir að draga úr skyldunni til að bjóða slíka sérfræðiráðgjöf sjálfkrafa í hverju máli. Gert er ráð fyrir að sýslumaður geri sér far um að sinna almennri leiðbeiningarskyldu sinni og kanni hvort hann geti aðstoðað aðila við að finna lausn en meti að öðru leyti ágreining aðila og þörf þeirra fyrir frekari ráðgjöf úr hendi annarra sérfræðinga.

Markmið ráðgjafar er fyrst og fremst að aðilar fái leiðbeiningar sem hjálpa þeim að meta hvaða lausn barni er fyrir bestu. Með aðilum er hér fyrst og fremst átt við foreldra en einnig aðra þá sem geta gert kröfur um forsjá, umgengni eða fullnustu. Gengið er út frá því að hér verði um almenna ráðgjöf að ræða sem aðilum verði í sjálfsvald sett hvort þeir nýta sér. Með hliðsjón af þeirri sáttameðferð sem fjallað er um í 12. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sérfræðiráðgjöfin geti orðið með nokkuð öðru eða takmarkaðra sniði en sú sérfræðiráðgjöf sem aðilum stendur til boða til að aðstoða þá við að finna lausn samkvæmt ákvæði núgildandi laga. Í þessu samhengi er vert að minna á að foreldrar eiga einnig aðgang að félagslegri ráðgjöf skv. 16. og 17. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, þar sem skylt er að bjóða slíka ráðgjöf m.a. á sviði uppeldismála og skilnaðarmála, þ.m.t. forsjár- og umgengnismála.

Í a-lið er enn fremur gert ráð fyrir að sá sem veitir ráðgjöf geti rætt við barn telji hann það þjóna hagsmunum þess án þess að þetta sé bundið við samþykki foreldris eins og nú er. Þykir það samræmast betur ákvæði 12. gr. barnasamningsins. Vert er að árétta að ákvæðið hefur ekki í för með sér að sýslumaður eða ráðgjafi verði skilyrðislaust að kalla barn á sinn fund og bjóða því ráðgjöf. Æskilegt er að skoða vandlega með hvaða hætti best er að tryggja þessa réttarstöðu barns, m.a. hvernig hægt er að kynna barni þessi réttindi. Markmið með ákvæðinu er m.a. að tryggja að barn geti að eigin frumkvæði leitað sér ráðgjafar og fengið hana án þess að afla þurfi samþykkis foreldra. Ef ráðgjafi telur í öðrum tilvikum rétt að ræða við barn er gert ráð fyrir að foreldri verði fyrst og fremst gerð grein fyrir þessu og gert að sjá til þess að barnið mæti á tilteknum stað og tíma. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum viðurlögum ef foreldri hlýðir þessu ekki.

Í b-lið er gert ráð fyrir að ákvæði 2. mgr. 33. gr. gildandi laga falli brott. Mat sýslumanns á þörf fyrir ráðgjöf rúmast innan ákvæðis 1. mgr. eins og lagt er til að henni verði breytt.

Í c-lið er tekið fram að ráðherra setji nánari reglur um ráðgjöf, svo sem um hæfi þeirra sem sinna henni, inntak og framkvæmd ráðgjafar. Í öðrum ákvæðum frumvarpsins er gert ráð fyrir auknu hlutverki sérfræðinga í málefnum barna í þeim málum sem heyra undir sýslu-

mann. Gert er ráð fyrir að sýslumenn geti farið mismunandi leiðir til að tryggja þjónustu sérfræðinga, t.d. ráðið þá fast við embættin, ráðið tiltekna sérfræðinga í ákveðnar tegundir verkefna eða ráðið ákveðinn sérfræðing til að sinna einstöku máli ef við á. Vísað er til nánari umfjöllunar í almennum athugasemdum og til skýringa við 31. gr. frumvarpsins.

Í d-lið er lagt til að breyta heiti greinarinnar til samræmis við breyttar áherslur.

Um 12. gr.

Í 12. gr. frumvarpsins er að finna það það nýmæli að skylda foreldra til að undirgangast sáttameðferð í ákveðnum málum. Í almennum athugasemdum er fjallað nánar um kosti sáttameðferðar í þessum málaflokkum og færð rök fyrir því að gera foreldrum skylt að leita sátta áður en lengra er haldið með mál. Þetta nýmæli um sáttameðferð mælir ekki fyrir um eina tiltekna tegund eða aðferð sem ber að nota við alla sáttaumleitan. Með orðinu sáttameðferð er átt við viðurkenndar aðferðir sem nota má til að leita sátta í ágreiningsmálum innan þess ramma sem lagaákvæðið mælir fyrir um. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um sáttameðferð.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu til að undirgangast sáttameðferð áður en unnt er að krefjast úrskurðar eða höfða mál um tiltekin ágreiningsefni, þ.e. mál um forsjá, umgengni, dagsektir og aðför. Ljóst er að foreldrar geta deilt um öll þessi atriði á mismunandi tímum. Rétt þykir engu að síður að gera þeim almennt að leita sátta í hvert sinn sem krafist er úrskurðar eða höfðað er mál enda má ganga út frá því að æskilegt sé að skoða sérstaklega í hverju ágreiningur foreldra er fólginn í hvert sinn og hvort unnt sé að hjálpa þeim að sætta mál. Vert er þó að benda á að vottorð um sáttameðferð er gilt í sex mánuði frá útgáfu, sbr. 7. mgr., og getur slíkt vottorð því hugsanlega nýst aðilum í fleiri en einu máli.

Í 2. mgr. kemur fram að sýslumaður skuli bjóða aðilum sáttameðferð. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að sýslumaður geti sjálfur veitt sáttameðferð ef hann hefur aflað sér nauðsynlegrar menntunar á því sviði. Í öðru lagi er í ákvæðum frumvarpsins gert ráð fyrir auknu hlutverki sérfræðinga í málefnum barna í þeim málum sem heyra undir sýslumann. Með sérfræðingi í málefnum barna er hér átt við fagaðila sem hafa nausðynlega þekkingu á þörfum barna og stöðu foreldra. Gert er ráð fyrir að sýslumenn geti farið ýmsar leiðir til að tryggja þjónustu sérfræðinga sem hafa menntun eða nauðsynlega þekkingu til að veita sáttameðferð. Vísast um þetta til nánari umfjöllunar í almennum athugasemdum og til skýringa við 31. gr. frumvarpsins. Í þriðja lagi þykir ekki rétt að einskorða sáttameðferð við sýslumannsembættin heldur gera ráð fyrir að aðilar geti einnig leitað til annarra sem hafa sérfræðiþekkingu í sáttameðferð og málefnum barna. Hér reynir á ákvæði 9. mgr. sem gerir ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um sáttameðferð, svo sem um hæfi sáttamanna.

Í 3. mgr. er fjallað um markmið með sáttameðferð og afmarkað hverjir taka þátt í henni. Markmiðið er að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn sem er barni fyrir bestu. Nauðsynlegt er að foreldrar taki sjálfir fullan þátt í öllu ferlinu svo að þeir átti sig á þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar, taki þátt í og axli ábyrgð á þeirri sátt sem er gerð. Með hliðsjón af þessu geta foreldrar ekki falið fulltrúa sínum, t.d. lögmanni, að mæta á sáttafundi heldur er gert ráð fyrir að foreldrar mæti sjálfir á boðaða sáttafundi. Þá er gert ráð fyrir að veita skuli barni kost á að tjá sig við sáttameðferð að teknu tilliti til aldurs og þroska nema telja megi að slíkt geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit máls. Um þetta gilda sömu sjónarmið og eiga við um ráðgjöf og er vísað til skýringa við 11. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er fjallað um meginhlutverk sáttamanns. Eins og áður sagði er ekki mælt fyrir um eina tiltekna tegund eða aðferð sem ber að nota við alla sáttaumleitan. Ætla má að sátta-

meðferð byggist almennt á tilteknum grunnsjónarmiðum sem þó megi útfæra í framkvæmd með ólíkum hætti. Á undanförnum árum hafa ýmsir tileinkað sér aðferð sem kölluð hefur verið sáttamiðlun og þykir árangursrík í þeim málum sem hér um ræðir. Aðrir hafa þekkingu og reynslu í að nota mismunandi aðferðir við að hjálpa fólki að ná sáttum. Hér er lögð áhersla á að sáttamaður gæti þess að vera hlutlaus í máli og leitist við að draga fram þá hagsmuni sem leitt geti til þess að máli verði lokið með sátt. Þetta er í samræmi við það markmið að hjálpa foreldrum að finna sjálfum þá sátt sem er barninu fyrir bestu. Mikilvægt er að sáttamaður leiði ferlið en taki ekki ábyrgðina á lausn málsins frá foreldrum.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að sáttamaður gefi út sáttavottorð ef foreldrum tekst ekki að gera samning. Þá er heimilt að gefa út sáttavottorð ef foreldrar mæta ekki á sáttafund eftir að hafa fengið kvaðningu tvívegis.

Í 6. mgr. er fjallað um inntak sáttavottorðs. Sáttamaður skal gera grein fyrir því hvernig sáttameðferð fór fram. Afmarka skal helstu ágreiningsatriði sem deilt var um, afstöðu aðila og sjónarmið barns að því leyti sem það gengur ekki gegn hagsmunum barnsins. Mikilvægt þykir að helstu atriði máls komi fram með þessum hætti en árétta ber að sáttavottorð hefur ekki að geyma umsögn um aðstæður aðila, mat á hagsmunum barnsins eða tillögur um lausn ágreinings. Í 6. mgr. er einnig áréttað að sáttamaður skuli gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu.

Í 7. mgr. segir að sáttavottorð sé gilt í sex mánuði eftir að það er gefið út. Nauðsynlegt þykir að afmarka þennan tíma enda verður að gera ráð fyrir að aðstæður barns og fjölskyldunnar geti breyst. Í tilteknum tilvikum má gera ráð fyrir að krafist verði úrskurðar eða höfðað mál strax í kjölfar árangurslausrar sáttameðferðar. Í öðrum tilvikum kann foreldri að kjósa að láta þar við sitja. Ef lengri tími en sex mánuðir líða frá því að sáttavottorð var gefið út þar til foreldri krefst úrskurðar eða höfðar mál þykir rétt að leitað verði sátta að nýju en gera verður ráð fyrir að umfang sáttameðferðar geti tekið mið af því hvort sátta hafi verið leitað áður.

Í 8. mgr. er áréttað að ákvæðið gildi einnig um aðra en foreldra sem geta gert kröfu um forsjá, umgengni, dagsektir og aðför. Ljóst er að núgildandi lög og frumvarpið að auki gera ráð fyrir aðild annarra en foreldra við vissar aðstæður og þykir rétt að viðkomandi séu einnig bundnir af ákvæðinu um sáttameðferð enda verður að telja að sátt við þessar aðstæður sé alla jafna barni fyrir bestu.

Þá er í 9. mgr. gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um sáttameðferð, svo sem um hæfi sáttamanna, framkvæmd og vottorð um sáttameðferð.

Um 13. gr.

Í 13. gr. frumvarpsins er aðallega að finna orðalagsbreytingar og breytingar á efnisskipan en einnig er þar að finna mikilvægar leiðbeiningar um til hvaða sjónarmiða beri að líta við ákvörðun í forsjármáli.

Í 2. mgr. er undirstrikað sem fyrr að dómari ákveði forsjá barns eftir því sem barni er fyrir bestu. Þá er tekið fram að dómari skuli m.a. líta til hæfis foreldra, stöðugleika, tengsla barns við báða foreldra sína, skyldu þeirra til að sinna umgengni, hættu á að barnið, foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi svo og vilja barns.

Hér er ekki um að ræða tæmandi upptalningu á þeim sjónarmiðum sem dómari leggur til grundvallar við ákvörðun um forsjá. Umfram almenna tilvísun til þess sem barni er fyrir bestu er í núgildandi lögum einungis nefnt sérstaklega það sjónarmið hvort foreldri sem krefst forsjár hafi verið tálmuð umgengni við barnið. Rétt þykir að nefna fleiri sjónarmið í lagaákvæðinu. Markmiðið er að draga fram þá mælikvarða sem liggja til grundvallar mati

á því sem barni er fyrir bestu til að gefa því hugtaki frekari merkingu í þessu samhengi. Með þessu eru einnig undirstrikaðar skyldur foreldra gagnvart barni sínu og réttur barnsins.

Hæfi foreldris til að fara með forsjá er eitt af undirstöðuatriðunum en við mat á hæfi má m.a. hafa hliðsjón af meginreglunni um inntak forsjár. Ljóst þykir að tengsl barns við foreldri er oft lykilatriði við ákvörðun forsjár og er hér fyrst og fremst átt við jákvæð og uppbyggileg tengsl. Leggja verður áherslu á að ofbeldi og vanvirðandi háttsemi á heimili barns hefur almennt skaðlegar afleiðingar á andlega og líkamlega heilsu barns og þroska þess í víðum skilningi. Þetta á ekki einungis við um ofbeldi sem hefur beinst eða beinist að barninu sjálfu heldur einnig allt ofbeldi milli einstaklinga í nánum lífssamböndum á heimili barnsins, svo sem ofbeldi milli foreldra eða ofbeldi gagnvart systkini barnsins. Einnig þykir mikilvægt að árétta sérstaklega skyldu beggja foreldra til að tryggja rétt barns til umgengni. Þá er rétt að nefna vilja barns og minnt á að barn öðlast stigvaxandi rétt miðað við aldur og þroska. Markmiðið er ekki að auka ábyrgð barns á deilu foreldra heldur draga betur fram eitt af þeim mikilvægu sjónarmiðum sem nú þegar eru lögð til grundvallar.

Í 4. mgr. er hnykkt á því að unnt verði að dæma um kostnað vegna umgengni í forsjárágreiningsmáli Þá þykir nauðsynlegt að taka fram að við ákvörðun dómara um umgengni gildi ákvæði 1.–4. mgr. 47. gr., eins og gert er ráð fyrir að því ákvæði verði breytt í 19. gr. frumvarpsins, svo og nýtt ákvæði, 47. gr. b, um kostnað vegna umgengni, sbr. b-lið 20. gr. frumvarpsins. Dómara ber þannig að taka ákvörðun eftir því sem barni er fyrir bestu og líta til þeirra sjónarmiða sem lagt er til að nefnd verði í 1. mgr. 47. gr. Dómari hefur t.d. heimildir til að kveða á um að umgengnisréttar njóti ekki við, tiltaka skilyrði fyrir því hvernig umgengnisrétti verði beitt, dæma umgengni í 7 daga af hverjum 14 dögum og ákveða eftirlit af hálfu sérfræðings. Gert er ráð fyrir að þar yrði um að ræða sérfræðing á vegum sýslumannsembættis þar sem barn er búsett.

Rétt þykir að undirstrika mikilvægi þess að dómari nýti allar þær heimildir sem hann hefur skv. 42. gr. laganna, sbr. 15. gr. frumvarpsins, til að tryggja að aflað verði fullnægjandi gagna svo leggi megi dóm á kröfur um umgengni, m.a. að bæta við matsatriðum við dómkvaðningu ef þörf krefur. Nauðsynlegt er að dómari geti metið og dæmt um inntak umgengni með eins mikilli nákvæmni og þarfir barns kalla á í hverju máli.

5. og 6. mgr. eru óbreyttar að öðru leyti en því að tekið er tillit til þess í 6. mgr. að Þjóðskrá hefur sameinast Fasteignaskrá Íslands undir nafninu Þjóðskrá Íslands.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er lögð áhersla á að dómari skuli á öllum stigum máls meta hvort líklegt þyki að sættir náist og leggja sitt af mörkum til að svo megi verða. Ákvæðið þykir æskilegt vegna mikilvægi sátta í ágreiningmálum um hagsmuni barna. Hér getur m.a. komið til álita hversu langur tími er liðinn frá því að sáttameðferð skv. nýrri 33. gr. a, sbr. 12. gr. frumvarpsins, fór fram.

Í 40. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að dómari geti ákveðið að sátta verði leitað milli aðila eftir ákvæði 33. gr. laganna í stað þess að gera það sjálfur. Í framkvæmd hafa dómarar í ákveðnum tilvikum kallað sérfræðinga til aðstoðar í þessu skyni, fyrst og fremst með stoð í 43. gr. laganna sem á þó einungis við um aðstoð við að kanna viðhorf barns og gefa skýrslu um það. Í 2. mgr. er lagt til að rýmka heimildir dómara í þessum efnum og gera dómara kleift að leita til sérfræðings eftir aðstoð við sáttaumleitan. Gert er ráð fyrir að dómari geti einnig valið í stað þessa að sátta verði leitað að nýju eftir ákvæði 33. gr. a, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Í 15. gr. eru lagðar til lítils háttar breytingar á ákvæði 42. gr. gildandi laga um gagnaöflun í forsjármálum.

Í a-lið þykir mikilvægt að taka af skarið um að dómari eigi rétt á aðgangi að öllum þeim gögnum um aðila og börn þeirra sem dómari telur nauðsynleg til að leggja megi dóm á mál með tilliti til hagsmuna barnsins. Í gildandi lögum er ákvæði um að dómari geti sjálfur aflað gagna en markmiðið er fyrst og fremst að undirstrika frávik frá hefðbundnum reglum um málsforræði aðila. Í þeim málum þar sem aðilar verða ekki við tilmælum dómara um að leggja fram gögn sem dómari telur þörf á er mikilvægt að tryggja að þeir sem búa yfir gögnunum hafi skýra lagaheimild til að láta dómara þau í té. Gera verður ráð fyrir að í flestum ef ekki öllum tilvikum sé hér um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar um hagi viðkomandi. Segja má að ákvæðinu svipi til 53. gr. laga um meðferð einkamála þar sem dómari getur lagt fyrir vitni að svara spurningu um einkahagi manns. Árétta ber að hér er um að ræða afrit af gögnum sem þegar eru fyrir hendi en ofangreint felur ekki í sér skyldu annarra til að meta mál sérstaklega eða til að útbúa ný gögn.

Í b-lið er einnig áréttað að dómari geti við dómkvaðningu matsmanns mælt fyrir um heimild matsmanns til afla gagna með sama hætti og dómara væri unnt að gera sjálfum.

Í c-lið þykir rétt að nefna sérstaklega heimild dómara til að hafna því að dómkveðja matsmenn. Matsgerðir dómkvaddra matsmanna eru án efa mikilvægustu sönnunargögnin í þessum málum. Í frumvarpi til núgildandi laga er þó tekið fram að í sumum tilvikum verði að telja slíkar matsgerðir óþarfar, t.d. ef dómari telur augljóst að annað foreldri sé óhæft til að fara með forsjá barns, fyrir liggur nýleg skýrsla sérfræðings eða um er að ræða stálpað barn með ákveðna og afgerandi skoðun á því hvar það vill búa. Þessu til viðbótar má nefna þá sérstöðu forsjármála að unnt er að höfða þau aftur og aftur þar sem í sumum tilvikum er í raun látið reyna á sömu grundvallaratriði og þegar liggja fullnægjandi upplýsingar fyrir um.

Dómkvaðning matsmanns og framkvæmd yfirmats getur verið íþyngjandi fyrir barn, t.d. með tilliti til þess tíma sem mál tekur. Rétt þykir að taka sérstaklega fram að dómari geti hafnað því að dómkveðja matsmann eða yfirmatsmenn enda telji hann öflun matsgerðar ganga gegn hagsmunum barns eða augljóslega óþarfa.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er gengið út frá því með samsvarandi hætti og í núgildandi lögum að fulltrúi barnaverndarnefndar verði viðstaddur ef til aðfarar kemur en lagt er til að taka af öll tvímæli um lögsögu og mæla fyrir um að boða skuli fulltrúa í því umdæmi þar sem aðför fer fram. Ljóst er að mál eru alla jafna mjög erfið og viðkvæm ef grípa þarf til aðgerða af þessu tagi. Með hliðsjón af því þykir rétt að fulltrúi barnaverndarnefndar sé viðstaddur. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til núgildandi laga kemur fram að fulltrúi barnaverndarnefndar styðji barnið við gerðina og gæti hagsmuna þess. Árétta ber að hlutverk fulltrúa barnaverndarnefndar er fyrst og fremst að fylgjast með framkvæmd aðfarar sem þegar hefur verið ákveðin og gæta þess að við alla framkvæmdina verði tekið tillit til hagsmuna barns í samræmi við aldur og þroska. Þess má geta að fulltrúi barnaverndarnefndar verður einnig sem endranær að vera reiðubúinn til að meta hvort aðstæður eru þannig að þær réttlæti afskipti á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Ef viðstaddur er fulltrúi annarrar barnaverndarnefndar en þeirrar sem á lögsögu í máli barnsins á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga, þá verður sá fulltrúi sem er viðstaddur að grípa til þeirra nauðsynlegu aðgerða sem brýn þörf er á en tilkynna mál einnig tafarlaust til barnaverndarnefndar þar sem barn á fasta búsetu.

Um 17. gr.

Í frumvarpinu er með sama hætti og í núgildandi lögum gengið út frá rétti barns til umgengni við það foreldri sem barnið býr ekki hjá, enda sé það ekki andstætt hagsmunum barnsins. Lagt er til að breyta fyrirsögn 46. gr. gildandi laga í samræmi við ákvæði 18. gr. frumvarpsins sem felur í sér það nýmæli að kveða sérstaklega á um rétt barns til umgengni við aðra.

Í 1. málsl. 1. mgr. er meginreglan um rétt barns til umgengni við foreldra undirstrikuð með sama hætti og í gildandi lögum.

Í 2. málsl. 1. mgr. er að finna það nýmæli að skilgreina umgengni rýmra en verið hefur, þ.e. að með umgengni sé ekki einungis átt við samveru heldur einnig önnur samskipti. Hér er höfð hliðsjón af 3. mgr. 9. gr. barnasamningsins og ákvæða um friðhelgi fjölskyldulífs skv. 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Rétturinn er sem fyrr byggður á því að barni komi að jafnaði best að rækta og viðhalda tengslum við það foreldri sem barnið býr ekki hjá. Með öðrum samskiptum er átt við símtöl, bréfaskipti eða annað sem leggja má að jöfnu.

Í 3. málsl. 1. mgr. er mælt með skýrari hætti en leiðir af ákvæðum gildandi laga fyrir um skyldu beggja foreldra til að stuðla að umgengni. Samkvæmt gildandi lögum er skyldan bundið við foreldra sem skilja eða slíta sambúð en hér er lagt til að ákvæðið gildi um alla foreldra sem búa ekki saman.

Í 2. mgr. er í fyrsta lagi að finna nánast óbreytt efnisákvæði um rétt og skyldu foreldris sem barn býr ekki hjá til að rækja umgengni við barn sitt. Lagt er til að fella niður orðið samneyti enda fellur það undir orðið umgengni. Þrátt fyrir að um gagnkvæman rétt barns og foreldris sé að ræða með þessum hætti, þá gildir það grundvallarsjónarmið að hagsmunir barnsins eigi að ráða ferðinni. Með hliðsjón af 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, um að tryggja skuli börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, verður að gæta þess að réttur barnsins taki mið af hagsmunum og þörfum þess í hvert sinn. Þannig ber að leggja áherslu á rúman umgengnisrétt þegar þarfir barnsins standa til þess. Á móti verður að undirstrika að takmarka verður eða jafnvel hafna umgengni ef hún þjónar ekki hagsmunum barns eða er barni beinlínis skaðleg. Hér verður sem fyrr að leggja áherslu á rétt barns til að alast upp við öryggi og traust og þroskavænleg skilyrði eins og frekast er unnt.

Í 2. málsl. 2. mgr. er að finna ákvæði um skyldu foreldris sem barn býr hjá. Þetta er nánast samhljóða ákvæði sem nú er að finna í 2. málsl. 5. mgr. 28. gr. laganna sem þó takmarkast við foreldri sem fer eitt með forsjá barns. Efnisákvæðið þykir falla mun betur að ákvæði 46. gr. laganna og gefa heildstæðari mynd af réttindum og skyldum beggja foreldra.

Í 3. mgr. er að finna mikilvægt nýmæli um rétt foreldris sem nýtur umgengni til að taka nauðsynlegar ákvarðanir um daglegt líf barnsins sem fylgja umgengninni. Hér er átt við ákvarðanir eins og um klæðaburð, mataræði, svefntíma, samskipti barnsins við aðra og afþreyingu eða tómstundir meðan umgengni varir. Rétturinn er bundinn við að umgengni fari raunverulega fram, þ.e. hann gildir meðan umgengni á sér stað. Mikilvægt þykir að skýra réttarstöðu foreldra að þessu leyti en hér er um að ræða ákveðið samspil við lagaákvæðið um heimildir foreldris sem barn býr hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða, sbr. almennar athugasemdir og skýringar við 5. gr. frumvarpsins. Þá er einnig í 3. mgr. það mikilvæga nýmæli að lögheimilisforeldri skuli tryggja að foreldri sem nýtur umgengni fái nauðsynlegar upplýsingar um barnið til að umgengnin þjóni hag og þörfum þess. Ákvæðið styrkir þann rétt sem fjallað er um í 52. gr. laganna, sbr. einnig þær breytingar sem lagðar eru til í 31. gr. frumvarpsins. Með þessu er einnig minnt á mikilvægi þess að foreldrar hafi gott samstarf um umgengnina.

Í 4. mgr. frumvarpsins er fjallað um kostnað vegna umgengni. Vísa ber til umfjöllunar í almennum athugasemdum en eins og þar kemur fram er talið rétt, a.m.k. að svo stöddu, að miða að mestu við óbreyttar efnisreglur gildandi laga um þetta efni. Til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins og til skýringarauka er þó lagt til að skipa efnisákvæðunum með nokkuð breyttum hætti. Þannig er lagt til að breyta ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 46. gr. gildandi laga sem gerir ráð fyrir að umgengnisforeldri greiði kostnað vegna umgengni nema annað sé ákveðið með samningi eða úrskurði. Þess í stað er almennt gert ráð að foreldrar geti samið um hvort greiði kostnað vegna umgengni og um leið geta foreldrar óskað staðfestingar sýslumanns á samningi sínum. Í b-lið 20. gr. frumvarpsins er svo sérstakt ákvæði um úrskurð sýslumanns um kostnað vegna umgengni.

5. mgr. er efnislega óbreytt 4. mgr. 46. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Í 18. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfesta nýtt ákvæði, 46. gr. a, en þar er að finna það nýmæli að kveða sérstaklega á um rétt barns til umgengni við aðra en foreldra. Segja má að efnislega leiði þetta af ákvæði 3. mgr. 47. gr. núgildandi laga en þar er þó einungis fjallað um að sýslumaður geti úrskurðað um umgengni að kröfu náinna vandamanna foreldris sem ókleift er að rækja umgengnisskyldur sínar. Þessi möguleiki náinna vandamanna hlýtur að grundvallast á rétti og hagsmunum barns. Mikilvægt þykir að nefna þennan rétt barns berum orðum í lögum en gera má ráð fyrir að slíkt efnisákvæði hvetji foreldra til að meta og virða rétt barnsins án afskipta sýslumanns.

Í 1. mgr. eru afmarkaðar þær aðstæður þar sem reynt getur á rétt barns til umgengni við aðra en foreldra. Auk þeirra aðstæðna sem kveðið er á um í 3. mgr. 47. gr. gildandi laga er bætt við að reynt geti á umgengni náinna vandamanna og nákominna ef foreldri nýtur verulega takmarkaðrar umgengni. Þetta tengist fyrst og fremst víðari skilgreiningu á hugtakinu umgengni, sbr. 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins, en er að öðru leyti efnislega sambærilegt við túlkun núgildandi laga. Þannig hefur t.d. verið unnt að úrskurða um samveru náinna vandamanna í þeim tilvikum þegar foreldri hefur einungis verið unnt að hafa bréfa- og símasamband við barn sitt. Árétta ber að umgengni barns við kynforeldri er í forgangi. Skoða verður sérstaklega í hverju máli hvort og með hvaða hætti það þjónar hagsmunum barns að njóta reglubundinnar samveru eða hafa samskipti með formlegum hætti við fleiri en einn aðila.

Gengið er út frá því að umgengnisréttur barns við foreldri annars vegar og nána vandamenn eða nákomna hins vegar horfi ólíkt við. Munurinn liggur í því að barn á rétt á umgengni við foreldra nema það sé andstætt hagsmunum þess en það á rétt á umgengni við nákomna ef það þjónar hagsmunum barnsins. Sams konar túlkun hefur verið lögð til grundvallar í núgildandi rétti en æskilegt þykir að þetta komi skýrt fram í lögunum. Nefna má að hið sama er lagt til grundvallar umgengnisrétti samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, sbr. 74. gr. laga nr. 80/2002.

Í ákvæðinu er einnig að finna það mikilvæga nýmæli að réttur barns þegar hann á við takmarkast ekki með sama hætti og áður heldur miðast almennt við nána vandamenn foreldris sem nýtur ekki umgengni eða aðra nákomna barni. Undir þetta geta t.d. fallið þeir sem hafa verið í hjónabandi eða sambúð með foreldri, þ.e. stjúp- eða sambúðarforeldrar. Gert er ráð fyrir að fyrst og fremst muni reyna á umgengni þeirra í þeim tilvikum þegar viðkomandi hefur farið sameiginlega með forsjá barns samkvæmt samningi við kynforeldri, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Réttarstaða stjúpforeldra er því bætt verulega frá því sem nú er þó að hún sé ekki lögð að jöfnu við réttarstöðu kynforeldris.

Skv. 2. mgr. gilda að mestu sömu ákvæði um skilgreiningu og framkvæmd umgengnisréttar og gilda þegar foreldrar eiga í hlut, t.d. um samninga og staðfestingu þeirra.

Um 19. gr.

Í 19. gr. er að finna ýmis nýmæli. Hér er m.a. lagt til að raða efnisákvæðum með öðrum hætti en gert er í ákvæði 47. gr. núgildandi laga en einnig er að finna efnisleg nýmæli. Þá er fellt brott úr ákvæðinu efnisákvæði um úrskurð í tengslum við kostnað af umgengni enda lagt til að lögfest verði sérstakt ákvæði um þetta, sbr. b-lið 20. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er lagt til að lögfesta sjónarmið sem sýslumanni ber að líta til við ákvörðun umgengni. Svipað og á við um forsjá er markmiðið að afmarka frekar þá mælikvarða sem liggja til grundvallar mati á því hvað barni er fyrir bestu í tengslum við umgengni. Þá er æskilegt að foreldrar átti sig á þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar og þau nýtist foreldrum til leiðsagnar við gerð samninga um umgengni. Vísast til almennra athugasemda þar sem lögð er áhersla á að umgengni eigi að miðast við þarfir barns og að ákvarðanir umgengni megi ekki ógna tilfinningalegum og félagslegum þroska barnsins.

Þess má geta að þau atriði sem nefnd eru í ákvæðinu eru meðal þeirra sem koma fram í greinargerð með frumvarpi til núgildandi laga og eiga þær skýringar að mestu við auk þeirra sem hér eru nefndar. Lagt er til að lögfesta eftirfarandi almenn sjónarmið:

1. Tengsl barns við foreldra skipta miklu máli í sambandi við umgengni. Taka verður tillit til þess ef ekki er um fyrri tengsl að ræða og hafa sérstaklega í huga hæfileika barns til að mynda tengsl með hliðsjón af vitsmunaþroska. Ávallt ber að meta þörf barns fyrir umgengni með tilliti til fyrri sögu um umönnun og tengsl og gera má ráð fyrir rýmri umgengni þar sem barn hefur haft sterk og jákvæð tengsl við umgengnisforeldri.

2. Aldur barns skiptir umtalsverðu máli í sambandi við inntak og framkvæmd umgengni. Hér skiptir sköpum að byggja á þekkingu á þroska barna og mismunandi þörfum þeirra á ólíkum aldursskeiðum. Miklu máli skiptir geta eða þol barns á unga aldri til að vera aðskilið frá aðalumönnunaraðila sínum og til að takast á við breytingar á aðstæðum.

3. Stöðugleiki er almennt mjög mikilvægur fyrir þroska barns. Því yngri sem börn eru, því mikilvægara er að dagleg rútína, reglur og mörk séu með sambærilegum hætti hjá báðum foreldrum. Þá getur m.a. einnig skipt máli hvernig umgengni eða samskiptum hefur verið háttað áður en ágreiningur varð og hvaða rök eru fyrir því að gera breytingar.

4. Búseta foreldra getur skipt sköpum þegar ákveðið er inntak umgengni og hvernig umgengnisrétti skuli beitt. Sérstaklega verður að leggja áherslu á að almennt er talið að mjög rúm umgengni sé einungis barni fyrir bestu í þeim tilvikum þegar foreldrar búa nálægt hvort öðru.

5. Vilji barns að teknu tilliti til aldurs og þroska skiptir einnig mjög miklu máli. Þetta sjónarmið er í samræmi við ákvæði 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og önnur ákvæði laganna af sama meiði.

6. Ofbeldi og hætta á ofbeldi. Það er nýmæli að taka sérstaklega fram í lagaákvæðinu að sýslumanni beri að meta hættu á að barnið, foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi. Með sama hætti og á við um forsjá verður að leggja áherslu á að ofbeldi og vanvirðandi háttsemi á heimili barns hefur almennt skaðlegar afleiðingar á andlega og líkamlega heilsu barns og þroska þess í víðum skilningi. Mikilvægt er að sýslumaður meti áhrif þessa á hvort umgengni skuli vera til staðar, inntak umgengni og skilyrði fyrir því hvernig umgengnisrétti verði beitt þegar það á við.

7. Samskipti, ágreiningur og áhrif á barnið. Í ákvæðinu er einnig að finna það nýmæli að sýslumanni beri að líta sérstaklega til þess hvort ágreiningur eða samskipti foreldra séu líkleg

til að koma í veg fyrir, hindra eða draga úr möguleikum barns til að alast upp við þroskavænleg skilyrði. Hér verður að leggja áherslu á að barn á fyrst og fremst rétt til umgengni sem er því til góðs, þ.e. umgengni sem hefur jákvæð og uppbyggileg áhrif á líf þess og þroska. Við skilnað, sambúðarlit og þegar foreldrar deila má alltaf gera ráð fyrir einhverjum erfiðleikum, spennu og jafnvel vanlíðan barns. Þá þarf að meta eðli og áhrif þessa á barnið, t.d. hvort um tímabundið ástand er að ræða, hversu djúpstæður ágreiningurinn er og hversu líklegt er að þetta muni hafa afgerandi áhrif á þroskavænleg lífsskilyrði barnsins.

Eins og áður sagði eru ofangreind sjónarmið ekki tæmandi. Sýslumaður metur þannig til viðbótar atriði eins og persónulega stöðu og aðstæður umgengnisforeldris. Í því sambandi getur t.d. reynt á ýmsar ytri aðstæður en einnig atriði eins og vímuefnaneyslu, geðræna sjúkdóma eða persónuleikatruflanir sem koma í veg fyrir að foreldri geti mætt grunnþörfum barns, stutt barnið á þroskabraut eða ráðið við nauðsynlega samvinnu og samskipti við aðra um barnið. Einnig þarf að meta t.d. stöðu barnsins og hugsanlegar sérþarfir og tengsl við systkini og aðra nákomna þegar það á við.

Í 1. mgr. er einnig tekið fram að sýslumaður geti kveðið á um að umgengnisréttar njóti ekki við ef hann telur að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag og þörfum barnsins. Mikilvægt þykir að ákvæðið standi í tengslum við þá mælikvarða sem liggja til grundvallar mati á því hvað barni er fyrir bestu. Sambærilegt ákvæði er nú í 6. mgr. 47. gr. Sem fyrr er gert ráð fyrir að sterk rök liggi því til grundvallar að hafna umgengni en hér verða hagsmunir barns þó ætíð að ráða úrslitum.

Í 2. mgr. er lagt til að kveða með beinum hætti á um rétt sýslumanns til að ákveða inntak umgengnisréttar, skilyrði og hvernig honum verði beitt. Lagt er til að fella niður vísan til kröfu foreldra. Að meginstefnu til er gert ráð fyrir að sýslumaður taki mið af kröfugerð foreldra við uppkvaðningu úrskurðar en engu að síður þykir rétt að taka af allan vafa um að sýslumaður geti hagað úrskurði sínum óháð því hvernig foreldrar haga kröfum sínum efnislega. Þá er lagt til að hnykkja á því að sýslumaður geti sett skilyrði fyrir beitingu umgengnisréttar í úrskurði sínum þótt telja megi að þetta felist í raun í því að úrskurða um hvernig réttinum verði beitt.

Árétta ber að sýslumaður hlýtur fyrst og fremst að úrskurða um meginatriði þess hvernig umgengnisrétti verði beitt og kemur það almennt í hlut foreldra að útfæra umgengni nánar ef þörf krefur. Í vissum tilvikum er þó nauðsynlegt að útfæra ýmis atriði með nokkurri nákvæmni. Þegar sýslumaður hefur úrskurðað á grundvelli núgildandi laga hvernig umgengnisrétti skuli beitt hefur þótt eðlilegt að setja ýmis skilyrði, svo sem hvar umgengnin eigi að fara fram og hvenær, hver sæki og skili barni á umræddan stað og jafnvel um ferðamáta barnsins. Við vissar aðstæður getur þurft að afmarka umgengni nánar. Í samræmi við það sem gildir t.d. í Noregi og Danmörku er gert ráð fyrir að skilyrði geti einnig t.d. snúið að atriðum eins og því að umgengni eigi að fara fram á Íslandi, að umgengnisforeldri megi ekki fara með barn úr landi eða að umgengnisforeldri beri t.d. að láta vegabréf af hendi áður en umgengni fer fram. Þá er unnt að mæla fyrir um að foreldri skuli ekki vera undir áhrifum vímuefna og skuli leggja fram þvagprufu því til staðfestingar en gera verður ráð fyrir að ekki reyni á skilyrði af þessu tagi nema einnig sé til staðar eftirlit með umgengni. Einnig er hægt við sérstakar aðstæður að afmarka frekar hvað ekki má bjóða börnum í umgengni ef rík þörf krefur. Vert er að geta þess sérstaklega að gert er ráð fyrir að sýslumaður geti með þessu móti úrskurðað að umgengni fari fram á heimili eða með liðsinni tiltekinna nákominna aðila en slíkt fyrirkomulag er þó ætíð háð fullu samþykki viðkomandi. Samkvæmt núgildandi lögum hefur slíkt eftirlit eða liðsinni þótt falla undir ákvæði 4. mgr. 47. gr. en hér eru jafnframt lagðar til breytingar á þeirri málsgrein eins og sjá má nánar síðar.

Í 2. mgr. er einnig að finna heimild fyrir sýslumann til að hafna því að ákveða inntak umgengnisréttar. Efnislega er ákvæðið í samræmi við 2. og 6. mgr. 47. gr. núgildandi laga en réttara þykir að að fjalla um þessi skyldu efnisatriði í sama ákvæði enda er þarna um að ræða ákveðnar grunnheimildir sýslumanns til að marka umgengni farveg.

Í 3. mgr. er að finna það nýmæli að sýslumaður geti þegar sérstaklega stendur á ákveðið umgengni í 7 daga af hverjum 14 dögum. Um þetta vísast til ítarlegrar umfjöllunar í almennum athugasemdum. Við mat á því hvenær það er barni fyrir bestu að njóta jafnrar umgengni ber í grunninn að líta til sömu atriða og nefnd eru í 1. mgr. Taka ber sérstaklega mið af því sem talin hafa verið skilyrði fyrir farsællri jafnri umgengni, þ.e. að barn hafi að jafnaði náð tilteknum aldri, að barn gangi í einn skóla, nálægð heimila, samfellu í félagsstarfi og vinatengslum barns, vilja barns og síðast en ekki síst persónulegum eiginleikum foreldra og getu þeirra til að tryggja að ágreiningur eða samskipti þeirra komi ekki í veg fyrir, hindri eða dragi úr möguleikum barns til að alast upp við bestu þroskavænlegu skilyrðin. Jöfn umgengni gerir miklar kröfur til samvinnu foreldra og kemur þannig ekki til álita þegar samstarfsgrundvöllur er alls ekki fyrir hendi.

Í 4. mgr. er að finna mikilvægt nýmæli um eftirlit með umgengni. Ekki er lagt til að breyta því hvenær talið er tilefni til að úrskurða um eftirlit. Þá þykir rétt eftir sem áður að hafa sérstaklega ákvæði um heimild til að úrskurða eftirlit til fyllingar ákvæðinu um heimild til að setja skilyrði. Telja verður t.d. grundvallarmun á því annars vegar að umgengni fari fram með liðsinni vandamanna eða nákominna þegar samkomulag næst um slíkt og hins vegar því þegar um er að ræða eftirlit af hálfu opinberra aðila eða sérfræðinga á þeirra vegum. Slíkt eftirlit er unnt að úrskurða þó umgengnisforeldri setji sig alfarið á móti því og það hefur almennt afgerandi áhrif á inntak og framkvæmd umgengni.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir eftirliti eða liðsinni annars vegar barnaverndarnefndar eða hins vegar sérstaklega tilnefnds umsjónarmanns. Hér er lagt til að sýslumaður geti úrskurðað um eftirlit af hálfu sérfræðings í málefnum barna og er hér sem endranær átt við þá fagaðila sem hafa þekkingu á þörfum barna og stöðu foreldra.Vísast til almennra athugasemda þar sem fjallað er um mál hjá sýslumönnum, aðkomu barnaverndarnefnda og sérfræðinga á vegum sýslumanna. Gert er ráð fyrir að sýslumaður geti almennt falið sérhæfðum starfsmönnum embættisins eða tilteknum aðilum að annast fast þessi verkefni eða tilnefnt þann sérfræðing sem heppilegastur yrði talinn í einstaka máli. Leggja ber áherslu á að hlutverk eftirlitsaðila er einungs að fylgjast með og leiðbeina ef þörf krefur. Eftirlitsaðili hefur ekki heimild til að ákveða hvort eða hvernig umgengni fer fram eða til að þvinga fram umgengni.

Ákvæði 5. mgr. er samhljóða ákvæði 5. mgr. og að hluta til 6. mgr. 47. gr. laganna.

Ákvæði 6. mgr. er samhljóða ákvæði 8. mgr. 47. gr. laganna.

Ákvæði 7. mgr. er efnislega svipað ákvæði 3. mgr. 47. gr. laganna, sbr. þær breytingar sem lagðar eru til í 18. gr. frumvarpsins. Í þeim tilvikum þegar foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar eða það nýtur verulega takmarkaðrar umgengni þykir rétt að gefa því kost á að koma á framfæri umsögn áður en úrskurðað er um umgengni við nána vandamenn þess eða aðra nákomna barni.

Um 20. gr.

Um a-lið (47. gr. a).

Í a-lið 20. gr. er að finna mikilvægt nýmæli um heimild sýslumanns til að kveða upp úrskurð til bráðabirgða um umgengni. Þörf fyrir slíkt ákvæði er nokkuð augljós. Þótt stefnt sé

að því að hraða þessum málum getur engu að síður verið mikilvægt að taka ákvörðun um hvernig umgengni skuli háttað meðan mál er til úrlausnar.

Samkvæmt 1. mgr. er gert ráð fyrir að ákvæði 47. gr. laganna gildi almennt um úrskurði sýslumanns til bráðabirgða um umgengni. Fyrst ber að árétta að sýslumaður hefur þannig allar sömu heimildir til að marka umgengni farveg og mælt er fyrir um í 47. gr., t.d. að hafna umgengni til bráðabirgða. Þá getur sýslumaður t.d. sett skilyrði fyrir umgengni og mælt svo fyrir að umgengni fari fram undir eftirliti sérfræðings. Sýslumaður getur ákveðið að úrskurður til bráðabirgða gildi þar til máli er ráðið til lykta en einnig er lagt til það sérstaka nýmæli að sýslumaður geti ákveðið að úrskurður til bráðabirgða gildi í tiltekinn tíma. Hér er um afar mikilvægt ákvæði að ræða sem telja verður að geti opnað nýja möguleika til að finna farsæla lausn á umgengnisdeilu. Þess má geta að ákvæðið á sér fyrirmynd í ákvæði 60. gr. norsku barnalaganna.

Við framkvæmd gildandi barnalaga hefur verið gert ráð fyrir að sýslumaður geti kveðið upp reynsluúrskurð sem ætlað er að gilda í afmarkaðan tíma en slíkur úrskurður hefur þó markað endalok tiltekins máls hjá sýslumanni. Hér er gert ráð fyrir að sýslumaður mæli fyrir um ákveðið fyrirkomulag umgengni en haldi máli engu að síður opnu þann tíma sem bráðabirgðaákvörðun gildir og beri ábyrgð á að taka mál fyrir að nýju. Með því að úrskurða um umgengni til bráðabirgða í tiltekinn tíma getur sýslumaður mælt fyrir um ákveðið fyrirkomulag til reynslu en jafnframt er tryggt að málið verður tekið fyrir að loknu reynslutímabili og t.d. metinn árangur af eftirliti sérfræðings ef því er að skipta eða metin frekari gögn.

Hvorki er afmarkaður hámarks- né lágmarksgildistími bráðabirgðaúrskurðar að þessu leyti enda má gera ráð fyrir að tilvik verði ólík. Í sérstökum málum þar sem sýslumaður telur hagsmunum barns stefnt í hættu getur hann t.d. ákveðið til bráðabirgða að umgengnisréttar njóti ekki við í tiltekinn skamman tíma meðan mál er athugað frekar. Í öðrum tilvikum getur t.d. þótt rétt að láta reyna á umgengni með eða án skilyrða í nokkurn tíma áður en endanleg ákvörðun er tekin í máli.

Í 2. mgr. er ákvæði um farbann meðan mál er rekið, samsvarandi 4. mgr. 35. gr. núgildandi laga um úrskurði til bráðabirgða um forsjá. Almennt er æskilegt að mál um umgengni taki sem skemmstan tíma en ákvæði um farbann þykir engu að síður mikilvægt, t.d. ef afla þarf mats sérfræðings eða sýslumaður úrskurðar um umgengni í tiltekinn tíma. Ákvæðið þykir að öðru leyti skýra sig sjálft.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild sýslumanns til að breyta ákvörðun skv. 1. og 2. mgr. vegna sérstakra ástæðna, sbr. til hliðsjónar 3. mgr. 35. gr. laganna um bráðabirgðaúrskurði í forsjármálum. Eins og í forsjármálum verður að gera ráð fyrir að bráðabirgðaákvörðun verði tekin eins fljótt og kostur er eftir að krafa kemur fram. Gera verður ráð fyrir að nýjar upplýsingar geti komið fram eða aðstæður breyst meðan mál er til meðferðar og mikilvægt að heimildir séu til staðar til að breyta fyrri ákvörðun.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að foreldrar geti kært ákvarðanir sýslumanns til ráðherra. Nauðsynlegt þykir að mæla fyrir um styttri kærufrest en þá tvo mánuði sem almennt gilda um kæru á úrskurðum sýslumanns, sbr. 78. gr. laganna. Sérstaklega er þetta brýnt í ljósi ákvæðisins um heimild sýslumanns til að úrskurða í tiltekinn tíma. Kærufrestur er því ákveðinn tvær vikur frá dagsetningu úrskurðar sem er sami frestur og gildir um kæru á úrskurði héraðsdóms til Hæstaréttar samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála. Þá ber að árétta að skv. 76. gr. laganna ber sýslumanni að taka fram um kæruheimild og kærufrest í úrskurði. Einnig ber sérstaklega að taka fram í úrskurðarorði hvort kæra fresti réttaráhrifum úrskurðar en slíkt er undantekning frá meginreglunni um réttaráhrif úrskurða, sbr. 2. mgr. 78. gr.

Ákvæði 5.–7. mgr. eru sambærilegar 6.–8. mgr. 35. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um b-lið (47. gr. b).

Í b-lið 20. gr. er að finna ákvæði þar sem sérstaklega er fjallað um heimild sýslumanns til að úrskurða, að kröfu foreldris, um skiptingu kostnaðar af ferðum barns í tengslum við umgengni. Um þetta vísast til almennra athugasemda svo og skýringa við 17. gr. frumvarpsins. Í þessu samhengi má einnig minna á að sýslumaður getur úrskurðað skv. 47. gr. um hvernig umgengnisrétti skuli beitt, m.a. hvar barn verði sótt og því skilað og nánar um ferðatilhögun í þessu sambandi ef þörf krefur. Slíkir úrskurðir sýslumanns um umgengni geta með beinum eða óbeinum hætti haft áhrif á þann kostnað sem fylgir umgengni.

Samkvæmt 1. mgr. er einungis gert ráð fyrir að sýslumaður geti úrskurðað um nauðsynlegan ferðakostnað barns en ekki ferðakostnað foreldris eða fylgdarmanns. Ef talin er þörf á slíku má almennt gera ráð fyrir að lögheimilisforeldri greiði sinn kostnað eða annarra við að koma barni í umgengni þar sem hún á að fara fram en umgengnisforeldri greiði samsvarandi kostnað við að koma barni heim aftur nema foreldrar semji um annað.

Í 2. mgr. er ekki gert ráð fyrir grundvallarbreytingum frá túlkun gildandi laga. Gert er ráð fyrir að ákvæðið beri með sér þau grunnsjónarmið sem gildandi lög gera ráð fyrir, þ.e. að sýslumaður miði að meginstefnu til við að það foreldri sem nýtur umgengni greiði kostnað vegna umgengninnar. Sýslumaður geti þó ákveðið að það foreldri sem barn býr hjá greiði kostnað að nokkru eða öllu leyti. Með svipuðum hætti og við túlkun gildandi laga er gengið út frá því að fjárhagur foreldra skipti hér mestu máli en í þessu frumvarpi er einnig gert ráð fyrir að sýslumaður geti litið til félagslegrar stöðu foreldra og atvika máls að öðru leyti. Hér mætti t.d. hafa hliðsjón af ákvæði 24. gr. frumvarpsins um flutning lögheimilis barns.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að staðfestir samningar foreldra um ferðakostnað barns vegna umgengni og úrskurðir sýslumanns um sama efni séu aðfararhæfir.

Um 21. gr.

Í almennum athugasemdum er fjallað nokkuð um hugtakið tálmun og viðbrögð við umgengnistálmunum. Eins og þar kemur fram eru ekki lagðar til sérstakar efnisbreytingar á ákvæðum um þau þvingunarúrræði sem unnt er að beita til að koma á umgengni við barn. Þó er rétt að minna á ákvæði 12. gr. frumvarpsins um sáttameðferð en gert er ráð fyrir að leitað verði sátta áður en krafist er úrskurðar. Sá sem krefst þess að lagðar verði á dagsektir til að koma á umgengni verður því að leggja fram sáttavottorð.

Í a-lið er fulltrúa barnaverndarnefndar skipt út fyrir sérfræðing í samræmi við breytingar sem lagðar eru til á eftirliti með framkvæmd umgengni, sbr. 4. mgr. 19. gr. frumvarpins.

Í b-lið er lagt til að fella niður ákvæði sem mælir fyrir um að sýslumaður geti við rannsókn máls óskað liðsinnis barnaverndarnefndar eða sérstaklega tilnefnds umsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengni. Vísað er til þess sem segir í almennum athugasemdum um hlutverk barnaverndarnefnda. Í ljósi ákvæðis 74. gr. laganna, sbr. 31. gr. frumvarpsins, þykir ekki ástæða til að nefna sérstaklega að sýslumaður geti óskað liðsinnis sérfræðings í málefnum barns við rannsókn dagsektarmáls. Gert er ráð fyrir að sýslumaður muni nýta hina almennu heimild 74. gr. eftir því sem þörf krefur.

Í c-lið er bætt við ákvæði gildandi laga áréttingu um að áfallnar dagsektir falli niður ef aðfarargerð nær ekki fram að ganga. Mikilvægt er að minna á að markmið dagsekta og annarra þvingunaraðgerða er að koma á umgengni samkvæmt lögmætri ákvörðun, þ.e. knýja fram efndir á ákvörðuninni. Dagsektir eru hvorki refsing né refsikennd viðurlög. Í ljósi þessa hefur verið talið rétt að áfallnar dagsektir falli niður þegar sýslumaður telur að látið hafi verið

af tálmunum. Undir þetta fellur m.a. það tilvik þegar umgengni er komið á með aðför í samræmi við 50. gr. laganna. Ef krafist er aðfarar til að koma á umgengni er sá möguleiki fyrir hendi að héraðsdómari hafni beiðni um aðför eða að sýslumaður stöðvi aðfarargerð skv. 50. gr., sbr. 45. gr. laganna. Í þeim tilvikum nær aðför ekki fram að ganga vegna ákvörðunar dómara eða stjórnvalds og segja má að tálmun sé ekki eina ástæða þess að umgengni verði ekki fullnægt. Gert er ráð fyrir að einungis reyni á þetta í algerum undantekningartilvikum en engu að síður þykir rétt að taka af skarið og mæla svo fyrir að áfallnar dagsektir falli niður við þessar aðstæður. Árétta ber að í 23. gr. frumvarpsins er lagt til að dómari geti að kröfu þess sem rétt á til umgengni úrskurðað að umgengni á vissu tímabili verði komið á með aðför. Dagsektir munu þá að sama skapi ekki falla niður þótt aðför nái ekki fram að ganga í eitt af þeim skiptum þegar umgengni á að fara fram á því tiltekna tímabili sem úrskurður nær til. Þá ber einnig að undirstrika að jafnvel þótt aðför til að koma á umgengni nái ekki fram að ganga í þeim tilvikum sem úrskurður nær til, þá fellur ekki úr gildi sá úrskurður eða dómur sem kveðinn hefur verið upp um umgengnina. Sá sem umgengni á að njóta getur því óskað álagningar dagsekta að nýju ef umgengni er áfram tálmað.

Um 22. gr.

Í 22. gr. er lagt til að skýra ákvæði um fjárnám fyrir dagsektum. Þá þykir nauðsynlegt að víkja einnig að öðrum fullnustugerðum þótt geri megi ráð fyrir að einungis reyni á slíkt í undantekningartilvikum. Við setningu gildandi laga voru tekin af öll tvímæli um að sá sem tálmað er umgengni skuli teljast gerðarbeiðandi vegna kröfu um fjárnám fyrir dagsektum, þrátt fyrir að dagsektir renni í ríkissjóð. Árétta ber að mál til fullnustu umgengni eru mjög sérstaks eðlis. Eins og vikið er að í almennum athugasemdum eru mál þar sem reynir á þvingunaraðgerðir vegna umgengnistálmana nær undantekningarlaust flókin og erfið. Eðlilegt þykir að sá sem umgengni á að njóta beri ábyrgð á því að koma á framfæri kröfu um hve langt skuli ganga til að fullnægja umgengni með beitingu þvingunar. Í þessu sambandi má minna á að ekki hefur þótt réttlætanlegt að úrskurða um umgengni við þann sem vill ekki njóta hennar og enn frekar er mikilvægt að ekki verði gripið til þvingunarúrræða nema sá sem umgengni á að njóta óski eftir því og sé þar með reiðubúinn til að taka við barninu ef gerðarþoli lætur af tálmunum. Þá er talið eðlilegt að foreldri njóti þess málsforræðis sem felst í stöðu gerðarbeiðanda, t.d. til að geta fellt niður beiðni hvenær sem er.

Í 1. mgr. er ákvæði sem er efnislega samhljóða 1. máls. 1. mgr. 49. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um ýmsar sérreglur sem gert er ráð fyrir að gildi, en um gerðina fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum aðfararlaga. Þrátt fyrir að sá sem tálmað er að njóta umgengni sé gerðarbeiðandi þykir engu að síður rétt að gera ráð fyrir að sýslumaður hlutist að verulegu leyti til um að fjárnám fari fram. Þannig skal sá sem umgengni á að njóta beina kröfu til sýslumanns. Sýslumaður sér um að beina greiðsluáskorun til gerðarþola í stað gerðarbeiðanda skv. 7. gr. aðfararlaga og sýslumaður sér um að senda beiðni um fjárnám til héraðsdóms. Ekki er gert ráð fyrir að foreldri þurfi að senda sýslumanni sérstaka aðfararbeiðni að fenginni áritun héraðsdómara heldur ber sýslumanni að ákveða svo fljótt sem verða má hvar og hvenær fjárnám fari fram og tilkynna gerðarbeiðanda og gerðarþola ákvörðun sína. Að síðustu er lagt til að ekki verði af fjárnámi nema gerðarbeiðandi sé sjálfur viðstaddur gerðina. Er þetta gert með hliðsjón af ákvæði 71. gr. aðfararlaga enda talið rétt að gerðarþola gefist kostur á að láta af tálmunum eða mæta með barnið þegar gerðin á að fara fram. Til þess að svo megi vera verður gerðarbeiðandi að vera viðstaddur í eigin persónu til að taka við barninu í umgengni. Gert er ráð fyrir að sýslumaður velji stað og stund fyrir fjárnám að höfðu samráði við gerðarbeiðanda í ljósi þessa.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um það með beinum hætti að efnisákvæðið gildi einnig um aðrar fullnustugerðir eftir því sem við á. Árétta ber að sérreglur gilda þó um aðför til að koma á umgengni skv. 50. gr., sbr. 45. gr., laganna. Með öðrum fullnustugerðum er hér átt við nauðungarsölu og gjaldþrotaskipti. Eftir að gert hefur verið fjárnám vegna dagsekta getur foreldri sem tálmað er að njóta umgengnisréttar gert kröfu um að sýslumaður hlutist til um að fram fari nauðungarsala á þeirri eign sem fjárnám nær til. Einnig er gert ráð fyrir að gerðarbeiðandi sé sjálfur viðstaddur þegar sýslumaður tekur málefnið fyrir. Ef óskað er gjaldþrotaskipta er með sama hætti gert ráð fyrir að foreldri sem tálmað er umgengni beini kröfu um fullnustu til sýslumanns. Það komi í hlut sýslumanns að beina kröfu um gjaldþrotaskipti til héraðsdóms samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í 4. mgr. er tekið fram að um meðferð máls og framkvæmd fullnustugerða fari að öðru leyti samkvæmt ákvæðum aðfararlaga eða þeirra laga sem eiga við, svo sem laga um nauðungarsölu og laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í 5. mgr. er áréttað að ekki skuli greiða gjöld í ríkissjóð eða kostnað vegna meðferðar kröfu um fjárnám, nauðungarsölu eða gjaldþrotaskipti. Ákvæðið hefur í för með sér að ef til gjaldþrotaskipta kemur fellur skiptakostnaður á ríkissjóð.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er að finna mikilvægt nýmæli varðandi það skilyrði að gert hafi verið fjárnám vegna dagsekta áður en unnt er að óska þess að umgengni verði komið á með aðför. Lagt er til að skilyrði um fjárnám eigi einungis við þegar fyrir liggur að dagsektir hafa ekki verið greiddar. Markmið þvingunarúrræða í þessu sambandi er fyrst og fremst að reyna að koma á umgengni og gert er ráð fyrir að aðför geti komið til álita þegar aðrar og viðurhlutaminni aðgerðir hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Ekki þykir rétt að foreldri sem tálmar umgengni þrátt fyrir úrskurð um dagsektir geti komið í veg fyrir að óskað verði aðfarar með því að greiða álagðar dagsektir enda er það ekki sá árangur sem ætlast er til.

Í 2. mgr. er að finna mikilvægt nýmæli þar sem dómara er veitt heimild til að úrskurða að umgengni á vissu tímabili verði komið á með aðfarargerð. Í dómi Hæstaréttar frá 2. september 2008 í máli nr. 388/2008 var talið að lagaskilyrði væru ekki fyrir hendi til að úrskurða með þessum hætti að óbreyttum lögum. Samkvæmt ákvæðum aðfararlaga, nr. 90/1989, væri heimild til aðfarargerðar háð því almenna skilyrði að efndatími skyldu sem leitað væri fullnustu á hefði liðið án þess að sá sem hana bæri hefði fullnægt henni.Var vísað til þess að af ákvæði 50. gr. barnalaga yrði ekki leidd sérregla um öflun heimildar til aðfarargerðar til að koma á umgengni við barn.

Æskilegt þykir að ákvæði barnalaga um aðför vegna umgengni hafi að geyma sérreglu um öflun aðfararheimildar. Grundvöllur aðfarar er staðfestur samningur, úrskurður, dómur eða dómsátt þar sem gera má ráð fyrir að kveðið hafi verið á um hvernig reglubundinni umgengni barns við foreldri skuli háttað. Lögð er rík áhersla á að markmið með úrskurði um aðför er að slíkri reglubundinni umgengni verði komið á. Mikilvægt er að dómari hafi heimild til að úrskurða að umgengni á vissu tímabili verði komið á með aðfarargerð til að sporna við því að viðamikil málsmeðferð þurfi að fara fram í hvert sinn. Nefna má að ákvæðið er að sínu leyti svipað 3. mgr. 48. gr. laganna þar sem sýslumaður getur ákveðið að dagsektir falli ekki niður fyrr en umgengni hefur farið fram þrisvar sinnum.

Sú spurning getur vaknað hvernig eigi að bregðast við ef því er haldið fram að aðstæður barns hafi breyst frá því að úrskurður héraðsdómara var kveðinn upp. Minna má á að ákvæði 45. gr. laganna gildir um framkvæmd aðfarar. Samkvæmt því ákvæði getur sýslumaður í ýtrustu tilvikum stöðvað gerð ef hann telur sérstaka hættu á að barn hljóti skaða af framhaldi

hennar. Sá sem krefst aðfarar verður strax í upphafi að gera kröfu um að dómari úrskurði að umgengni á vissu tímabili verði komið á með aðfarargerð. Gera má ráð fyrir að dómari muni að öðru jöfnu helst fallast á slíka kröfu ef áður hefur verið úrskurðað um að aðför fari fram í eitt skipti en tálmun haldi engu að síður áfram.

Í 3. mgr. er gerð sú krafa að gerðarbeiðandi verði sjálfur viðstaddur aðför og vísast til þess sem segir um 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 4. mgr. er efnislega samhljóða 2. málsl. 50. gr. laganna.

Um 24. gr.

Í 24. gr. eru lagðar til breytingar á ákvæði 51. gr. laganna sem fjallar nú einungis um fyrirhugaðan flutning barns úr landi og tilkynningarskyldu lögheimilisforeldris.

Í 1. mgr. er lagt til það nýmæli að þegar foreldri á umgengnisrétt við barn sitt samkvæmt samningi, úrskurði, dómi eða dómsátt beri hvoru foreldri að tilkynna hinu með minnst sex vikna fyrirvara ef foreldri hyggst flytja lögheimili sitt og/eða barnsins hvort sem er innan lands eða utan.

Rétt þykir að miða hér við að umgengni hafi verið ákveðin með tilteknum hætti en þess má geta að miðað er við alla samninga um umgengni en ekki einungis þá sem staðfestir hafa verið af sýslumanni. Þá ber að árétta að tilkynningarskyldan á við jafnvel þótt þeim umgengnisrétti sem hefur verið ákveðinn sé ekki framfylgt, t.d. vegna þess að umgengnisforeldri sækist ekki eftir því eða lögheimilisforeldri tálmar umgengni. Tilkynningarskyldan á hins vegar ekki við í þeim málum þar sem engar ákvarðanir hafa verið teknar um umgengni eða þar sem úrskurðað eða dæmt hefur verið að umgengnisréttar njóti ekki við. Ekki er mælt fyrir um tilteknar aðferðir við tilkynningu en gengið út frá því að tilkynning berist móttakanda með óyggjandi hætti.

Ákvæðið felur í sér það nýmæli að leggja tilkynningarskyldu á báða foreldra. Ákvæðið gildir almennt óháð því hvernig forsjá barns er háttað. Í þeim tilvikum þar sem forsjá er á hendi annars er undirstrikuð skylda beggja foreldra til að tryggja að umgengnisréttur barns sé virtur. Þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá undirstrikar ákvæðið enn frekari sameiginlega ábyrgð foreldra á velferð barns.

Hér er lengdur nokkuð sá frestur sem mælt er fyrir um í núgildandi 51. gr. laganna. Gefur það foreldrum frekara svigrúm til að meta í sameiningu hvaða áhrif flutningur hefur á stöðu barnsins og leita nýrra lausna um einstök atriði ef þörf krefur. Ef foreldrar deila er einnig tekið tillit til ákvæða frumvarpsins um sérstök ágreiningsmál fyrir dómi um lögheimili barns en ekki þykir þörf á að geta þess í ákvæðinu um fyrirhugaðan flutning hvert foreldrar geti leitað til að fá leyst úr einstaka ágreiningsmálum.

Í 2. mgr. þykir mikilvægt að árétta að 3. mgr. 28. gr. a, sbr. 5. gr. frumvarpsins, gildir einnig að sínu leyti en samkvæmt því ákvæði er öðru foreldrinu óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns. Í þeim tilvikum þegar um flutning barns úr landi er að ræða má segja að tilkynning annars forsjárforeldris til hins skv. 1. mgr. tryggi að komið sé á framfæri ósk um samþykki með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara.

Um 25. gr.

Í 1. mgr. er að finna nýmæli um heimild sýslumanns til að úrskurða um rétt forsjárforeldris til að fara með barn í ferðalag til annars lands. Ákvæðið stendur í beinum tengslum við ákvæði 3. mgr. 28. gr. a, sbr. 5. gr. frumvarpsins, um að öðru foreldri sé óheimilt að fara með barn úr landi án samþykkis hins þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns.

Markmiðið með þessu ákvæði er að tryggja að annað foreldri geti ekki staðið í vegi fyrir því að barn geti tekið þátt í skipulögðu frí eða ferðalagi til útlanda með hinu forsjárforeldri sínu. Þá má gera ráð fyrir að ákvæðið geti aukið samráð með því að hvetja foreldra til að leita samþykkis tímanlega til að unnt verði að fá úrskurð ef þörf krefur.

Hér er um afmarkað álitamál að ræða og mikilvægt þykir að hvort foreldri geti fengið leyst úr ágreiningi án þess að þurfa að gera kröfur um breytt fyrirkomulag forsjár eða búsetu eða stofna til deilu um umgengni. Vert er að minna á að unnt er að leysa úr álitaefnum af þessu tagi að nokkru leyti ef deilt er um fyrirkomulag umgengni. Skv. 47. gr., sbr. skýringar við 19. gr. frumvarpsins, er þannig gert ráð fyrir að sýslumaður geti t.d. úrskurðað að umgengni skuli fara fram annars staðar en á Íslandi eða tiltekið sérstaklega að umgengni skuli fara fram á Íslandi eða sett það skilyrði að umgengnisforeldri megi ekki fara með barn úr landi. Þrátt fyrir þetta þykir nauðsynlegt að lögin hafi að geyma sérstakt ákvæði um utanlandsferðir enda leysir hið fyrrnefnda t.d. ekki úr deilu um hvort það foreldri sem barn býr hjá geti farið með barn sitt í ferðalag til útlanda.

Vert er að geta þess að ágreiningur um ferðalög til útlanda þykir allt annars eðlis en ágreiningur sem kann að rísa um flutning barns til annars lands. Ef lögheimilisforeldri vill flytja með barn úr landi án þess að fyrir liggi samþykki hins foreldrisins þykir rétt að dómstólar leysi þann ágreining sem myndi þá kalla á dóm um fyrirkomulag forsjárinnar.

Í 2. mgr. er vikið að þeim sjónarmiðum sem helst ber að líta til þegar kveðinn er upp úrskurður um ferðalag til annars lands, þ.e. tilgangs ferðar, tímalengdar og áhrifa á umgengni. Þegar metinn er tilgangur ferðar er gert ráð fyrir að sérstaklega verði metið hvort álitin er hætta á að ekki verði snúið með barnið aftur til baka.

3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Ákvæði samsvarandi 52. gr. laganna um rétt forsjárlausra foreldra til upplýsinga um barn sitt var tekið upp í barnalög með lögum nr. 23/1995. Markmið með ákvæðinu var að viðurkenna réttmætt tilkall foreldris sem ekki fer með forsjá til að fylgjast með barni, m.a. heilsuhögum þess, þroskaferli, skólagöngu, uppeldi, félagslegri stöðu og þátttöku þess í félagsstarfi. Samkvæmt greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 23/1995 gerir ákvæðið ráð fyrir að forsjárlaust foreldri hafi frumkvæði að því að óska eftir upplýsingum. Þar kemur einnig fram að ákvæðið veiti rétt til munnlegra upplýsinga en ekki til bréflegra gagna eða ljósrita af þeim.

Umrætt lagaákvæði um afmarkaðan rétt forsjárlausra er reist á þeim sjónarmiðum að réttarstaða forsjárforeldra og forsjárlausra sé í grundvallaratriðum ólík þar sem forsjárforeldrar hafi einir rétt og skyldu til að ráða persónulegum högum barna sinna. Með vaxandi áherslu á að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns má gera ráð fyrir að æ sjaldnar reyni á ákvæðið. Þetta á sérstaklega við þegar heimild er í lögum til að dæma sameiginlega forsjá. Ef slík heimild er í lögum verður að gera ráð fyrir að tilteknar ástæður muni yfirleitt liggja því að baki að foreldri njóti ekki forsjár sem um leið réttlæti takmarkanir á rétti forsjárlausra foreldra í samanburði við þá sem fara með forsjá barns.

Nauðsynlegt er að undirstrika að forsjárforeldri er almennt heimilt að láta forsjárlausu foreldri í té afrit af gögnum ef foreldri telur það barni fyrir bestu. Þá getur forsjárforeldri samþykkt að forsjárlaust foreldri fái beinan aðgang að gögnum frá tilteknum stofnunum eða aðilum. Mikilvægt er að foreldrar fái ráðleggingar um samninga af þessu tagi þegar það á við, t.d. í tengslum við gerð samnings um umgengni.

Nokkur ágreiningur hefur verið um túlkun 52. gr. barnalaga þar sem ákvæðið sjálft mælir ekki með skýrum hætti fyrir um hvort átt er við munnlegar upplýsingar eða aðgang að gögnum. Þá hefur verið bent á að forsjárlausir foreldrar hafi þörf fyrir beinan aðgang að gögnum um barn sitt til að geta sinnt umgengni og þá sérstaklega gögnum frá skóla barns. Hér er lagt til að rýmka ákvæðið og skýra það frekar um leið.

Í a-lið er áréttað í samræmi við upphaflegt markmið ákvæðisins að forsjárlaust foreldri eigi rétt á að fá munnlegar upplýsingar um hagi barnsins. Þessu til viðbótar er vert að minna á að réttur forsjárlauss foreldris sem nýtur umgengni er einnig styrktur með ákvæði 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að foreldri sem barn býr hjá beri að tryggja að umgengnisforeldri fái nauðsynlegar upplýsingar til þess að umgengni þjóni hag og þörfum barnsins. Eins og áður sagði getur forsjárforeldri að sjálfsögðu veitt hinu foreldrinu rýmri rétt en ekki þykir rétt að ganga lengra ef vilji forsjárforeldris stendur ekki til þess.

Í b-lið er að finna það mikilvæga nýmæli að forsjárlaust foreldri eigi rétt á aðgangi að skriflegum gögnum um barnið frá skóla og leikskóla. Vert er að taka fram að hér er eingöngu um að ræða aðgang að gögnum sem þegar eru fyrir hendi en ekki rétt til að láta útbúa fyrir sig sérstök gögn. Óhætt er að fullyrða að skóli og leikskóli gegni almennt stóru hlutverki í daglegu lífi flestra barna á Íslandi og marki sig þannig frá öðrum þeim stofnunum sem nefndar eru í 52. gr. laganna. Þá má gera ráð fyrir að umgengni fari í ríkari mæli en áður fram á þeim tíma sem barn sækir skóla. Markmið þessa nýmælis er að tryggja að umgengisforeldri geti fylgst betur með þessum þáttum í lífi barnsins. Þess má geta að ekki þykir ástæða til að binda þennan rétt með beinum hætti við það að forsjárlaust foreldri njóti umgengnisréttar. Gera verður ráð fyrir að í þeim tilvikum þegar því hefur verið hafnað að umgengnisréttar njóti við eða þegar umgengni er verulega takmörkuð geti reynt á ákvæði 3. og 5. mgr. greinarinnar.

Í c-lið er einnig tekið fram til skýringa að forsjárlaust foreldri eigi rétt á munnlegum upplýsingum frá öðrum aðilum sem fara með mál barns. Ákvæðið er opnað frá því sem er í gildandi lögum en þar er tæmandi talning aðila sem veita eiga upplýsingar. Hér er gengið út frá því að ákvæðið nái jafnt til opinbera aðila og einkaaðila sem sérstaklega fara með mál barns, t.d. sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Til að taka af öll tvímæli þykir rétt að nefna einnig í dæmaskyni þá aðila sem taldir eru upp í gildandi lögum, þ.e. sjúkrahús, heilsugæslu- og félagsmálastofnanir, félagsmálanefndir, barnaverndarnefndir og lögreglu.

Um 27. gr.

Í 27. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar sem leiða af ákvæðum um breytta réttarstöðu stjúpforeldra. Samkvæmt gildandi lögum hvílir framfærsluskylda fyrst og fremst á foreldrum barns. Ákvæði 2. mgr. 53. gr. gildandi laga felur þó í sér að stjúpforeldri sé skylt að framfæra stjúpbarn meðan það fer með forsjá þess en skv. 2 málsl. 3. mgr. 29. gr. laganna getur forsjá stjúpforeldris einungis varað meðan hjúskapur eða sambúð stendur.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að bæta réttarstöðu barns með því að styrkja stöðu stjúpforeldra með ákveðnum hætti, sbr. 7. og 9. gr. frumvarpsins. Þó er ljóst að réttarstaða stjúp- og sambúðarforeldra verður aldrei sú sama og alltaf minni en kynforeldra barnsins, sbr. t.d. samanburð á ákvæðum um rétt til umgengni í 17. og 18. gr. frumvarpsins. Eins og áður hefur komið fram semja foreldrar í æ ríkari mæli um að fara sameiginlega með forsjá barns þrátt fyrir að búa ekki saman. Með hliðsjón af þessu verður að gera ráð fyrir að einungis muni reyna á fyrirkomulagið um forsjá stjúp- og sambúðarforeldra í ákveðnum afmörkuðum tilvikum. Um leið og gert er ráð fyrir að stjúpforeldri geti farið með forsjá án þess að búa með kynforeldri barns er mikilvægt að taka afstöðu til framfærsluskyldunnar. Fram-

færsluskylda kynforeldra gagnvart barni sínu er óháð því hvort þeir fara með forsjá þess eða ekki og telst þetta ein af grunnskyldum allra foreldra. Ef foreldrar fela öðrum forsjá barns síns eru báðir foreldrar áfram ábyrgir fyrir framfærslunni. Framfærsluskyldan sem slík færist ekki yfir á þann sem tekur við forsjánni þótt hann beri hins vegar ríkar skyldur gagnvart barninu sem fylgja inntaki forsjár, sbr. 28. gr. laganna.

Í 27. gr. frumvarpsins er tekið af skarið um samspil framfærsluskyldu kynforeldra og stjúpforeldra. Í 1. málsl. er gert ráð fyrir að stjúp- og sambúðarforeldri, sem fer með forsjá barns, taki þátt í að framfæra stjúpbarn sitt meðan hjúskapur eða sambúð varir með kynforeldri. Segja má að þetta sé í nokkru samræmi við ákvæði 2. mgr. 53. gr. gildandi laga sem felur í sér að stjúpforeldri verði ekki meðlagsskylt. Skv. 2. málsl. er svo gert ráð fyrir að stjúpforeldri sem fer með forsjá verði ekki framfærsluskylt gagnvart barni eftir skilnað eða sambúðarslit nema í þeim tilvikum þegar annað kynforeldri barns er látið. Í öðrum tilvikum þykir réttara að kynforeldrar deili þeirri framfærsluskyldu sem leiðir af ákvæðum IX. kafla laganna en skyldur stjúp- og sambúðarforeldris afmarkist við þá ábyrgð sem leiða má af inntaki forsjár.

Um 28. gr.

Í 28. gr. frumvarpsins er lagt til að breyta lítillega ákvæði 4. mgr. 71. gr. laganna sem fjallar almennt um málsmeðferð mála hjá sýslumanni. Þar er áréttað að sýslumanni beri að beita 43. gr. laganna um rétt barns til að lýsa viðhorfum sínum í ágreiningsmálum um umgengni. Ljóst er að rannsóknarskylda sýslumanns og mat á því sem barni er fyrir bestu getur haft í för með sér að rétt þyki að veita barni kost á að tjá sig í öðrum tilvikum. Með hliðsjón af 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins um rétt barns til að tjá sig í öllum málum sem það varða, sbr. og 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, þykir rétt að leggja til breytingu á orðalagi lagaákvæðisins. Sýslumanni ber sem endranær að meta þroska barnsins og gæta þess að beiting ákvæðisins hafi ekki skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaus fyrir úrslit málsins.

Um 29. gr.

Í 72. gr. laganna er fjallað um rannsókn máls af hálfu sýslumanns. Samkvæmt þessu ákvæði getur sýslumaður aflað gagna að eigin frumkvæði og í 3. mgr. 72. gr. er tekið sérstaklega fram að sýslumaður hafi heimild til að fá tiltekin gögn í þeim tilvikum þegar gagnaðili sinnir ekki kvaðningu eða tilmælum sýslumanns um framlagningu gagna. Í 29. gr. frumvarpsins er í fyrsta lagi mælt fyrir um rétt sýslumanns til að fá tiltekin gögn ef annar hvor aðili sinnir ekki tilmælum um gagnaöflun. Sýslumaður hefur áfram heimild til að synja um úrlausn skv. 2. mgr. 72. gr. laganna ef úrskurðarbeiðandi verður ekki við tilmælum um framlagningu gagna en rétt þykir að gera málsmeðferð sveigjanlegri með því að sýslumaður hafi einnig val um að afla gagna að eigin frumkvæði.

Þá er tekið af skarið um að sýslumaður eigi rétt á aðgangi að öllum þeim gögnum um aðila og börn þeirra sem hann telur nauðsynleg fyrir úrlausn máls með tilliti til hagsmuna barnsins. Nauðsynlegt þykir að tryggja sýslumanni aðgang að frekari gögnum en gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Í þeim málum þar sem aðilar verða ekki við tilmælum sýslumanns um að leggja fram gögn sem hann telur þörf á er mikilvægt að tryggja að þeir sem búa yfir gögnunum hafi skýra lagaheimild til að láta sýslumanni þau í té enda má gera ráð fyrir að hér sé oft um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar um hagi viðkomandi. Auk þeirra gagna sem nefnd eru í gildandi lögum getur þannig t.d. verið um að ræða gögn frá heilbrigðis-, félagsmála- og barnaverndaryfirvöldum. Árétta ber að hér er um að ræða afrit af gögnum sem

þegar liggja fyrir en ákvæðið felur ekki í sér skyldu annarra til að meta mál sérstaklega eða útbúa ný gögn.

Um 30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. frumvarpsins um skyldu til að undirgangast sáttameðferð áður en kveðinn er upp úrskurður þykir engu að síður rétt að halda einnig ákvæði um að sýslumaður leiti sátta. Almennt þykir hagsmunum barns best borgið ef foreldrum tekst að semja um þau mál sem heyra undir sýslumann og rétt þykir að málsmeðferð sé sveigjanleg að þessu leyti. Eins og í gildandi lögum getur sýslumaður látið hjá líða að leita sátta ef hann telur sáttaumleitan bersýnilega tilgangslausa. Gera má ráð fyrir að þetta eigi t.d. við í þeim tilvikum þegar sáttameðferð er nýlokið án árangurs. Í þeim tilvikum hins vegar þegar liðnir eru allt undir sex mánuðir frá því að sáttameðferð hefur átt sér stað eða aðstæður hafa breyst getur verið eðlilegt að sýslumaður kanni möguleika á sátt með aðilum. Með hliðsjón af ákvæðinu um sáttameðferð þykir þó rétt að fella í a-lið niður skilyrði um sérstakar kvaðningar sýslumanns.

Í b-lið er með sömu rökum og nefnd eru hér að ofan lagt til að fella niður ákvæði laganna um að sérfræðileg ráðgjöf komi í stað sáttaumleitana sýslumanns.

Um 31. gr.

Í 31. gr. frumvarpsins er fjallað um hlutverk sérfræðings í málefnum barna í þeim málaflokkum sem koma til kasta sýslumanns samkvæmt ákvæðum laganna. Um þetta vísast einnig til almennra athugasemda. Eins og þar kemur fram er lagt til það mikilvæga nýmæli að sýslumenn leiti til sérfræðinga í málefnum barna til að veita liðsinni við úrlausn mála.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að sýslumaður geti leitað liðsinnis sérfræðings á öllum stigum máls og er hér átt við öll mál sem koma til kasta sýslumanns, svo sem staðfestingu samnings og mál þar sem krafist er úrskurðar eða fullnustu.

Gengið er út frá því að sýslumaður meti í hve ríkum mæli talin er þörf á liðsinni sérfræðings m.a. með hliðsjón af þeim skyldum sem hvíla á hinum löglærðu starfsmönnum. Ekki þykir rétt að mæla fyrir um það með tæmandi hætti í hverju liðsinni sérfræðings geti verið fólgið en gera verður ráð fyrir að sýslumaður afmarki það í hverju máli fyrir sig. Sérstaklega er nefnt að sýslumaður geti m.a. falið sérfræðingi að ræða við barn eða foreldra og gefa skýrslu um það. Þetta getur verið heppilegt til að afla tiltekinna upplýsinga eða til að afmarka nánar ágreiningsefnin þegar sérstaklega stendur á. Þá getur sýslumaður falið sérfræðingi að gefa umsögn um eða meta tiltekin álitaefni þegar ástæða þykir til. Hér yrði oftast um að ræða viðameiri verkefni en þau sem áður voru nefnd en þó verður að gera ráð fyrir að sýslumaður leitist við að afmarka með skýrum hætti efni og umfang umsagnar í hvert sinn. Tekið er fram að sýslumaður geti mælt svo fyrir að sérfræðingur sem vinnur að gerð umsagnar hafi heimild til að afla gagna skv. 3. mgr. 72. gr. laganna, sbr. 29. gr. frumvarpsins.

2. mgr. er samhljóða 2. og 3. málsl. 74. gr. gildandi laga.

Um 32. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2012 en mikilvægt þykir að gefa foreldrum og stjórnvöldum nokkurn tíma til að aðlagast þeim breytingum sem hér eru lagðar til og undirbúa þær.

Í 2. mgr. kemur fram að lögin gildi um öll börn óháð því hvort þau séu fædd fyrir eða eftir gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir þessu sem almennri reglu sem eigi við nema annað sé tekið fram en þar er fyrst og fremst verið að vísa til þeirra undantekninga sem koma fram í

greininni sjálfri. Nauðsynlegt þykir að efnisákvæði laganna gildi að meginstefnu um öll börn enda verður að telja að ákvæði laganna takmarki ekki þá réttarstöðu sem aðilar njóta fyrir þótt réttarstaðan verði skýrari í einhverjum tilvikum.

Í 3. mgr. er tekið fram að ákvæði 7. gr. um forsjá stjúp- og sambúðarforeldra gildi ekki í þeim tilvikum þegar þessir aðilar fara við gildistöku laganna þegar með forsjá barns eftir ákvæðum eldri laga enda þykir ekki rétt að lögin svipti þessa aðila og börnin réttarstöðu sinni.

Samkvæmt 4. mgr. fer um dómsmál sem hafa verið þingfest fyrir gildistöku laganna, en er ólokið, samkvæmt ákvæðum eldri laga og það gildir einnig ef úrskurður ef kærður til Hæstaréttar eða máli er áfrýjað. Gera verður ráð fyrir að málatilbúnaður aðila taki mið af þeim lögum sem eru í gildi á hverjum tíma. Skv. 5. mgr. fer um stjórnsýslumál með sama hætti, þ.e. eldri lög gilda um þau mál sem eru til meðferðar hjá sýslumönnum en er ólokið við gildistöku laga þessara. Eldri lög gilda einnig um mál á æðra stjórnsýslustigi.

Í 6. mgr. kemur fram að beita skuli ákvæðum laganna ef dæmd mál eða stjórnsýslumál eru endurupptekin eftir 1. janúar 2012.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til ýmsar breytingar á barnalögum með hliðsjón af niðurstöðu nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði til að endurskoða lögin í heild sinni og gera tillögur að breytingum. Í athugasemdum með frumvarpinu er gerð ítarleg grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar og þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á gildandi lögum. Hér eru rakin þau atriði í breytingunum sem gætu haft í för með sér breytingar á útgjöldum ríkissjóðs.

Aðilum í forsjár-, umgengnis- og dagsektarmálum stendur til boða sérfræðiráðgjöf sálfræðinga á vegum sýslumanns til að aðstoða við að finna lausn með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu. Kostnaður við þessa sérfræðiráðgjöf er ekki greiddur af forsjárdeiluaðilum heldur af sýslumannsembættum og nam hann 10,5 m.kr. á árinu 2009, en sérfræðiráðgjöf var veitt við lausn 175 mála á landinu öllu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessi ákvæði um sérfræðiráðgjöf verði felld niður en í staðinn komi önnur úrræði, annars vegar að sýslumaður bjóði foreldrum ráðgjöf þar sem markmiðið er að leiðbeina foreldrum með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu, hins vegar að foreldrum verði gert skylt að leggja fram sáttavottorð áður en hægt er að krefjast úrskurðar eða höfða mál um forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför. Sýslumaður getur boðið sáttameðferð á sínum vegum og á kostnað ríkisins en aðilar geta einnig leitað til annarra sem hafa sérfræðiþekkingu í sáttameðferð og málefnum barna og greitt fyrir þá þjónustu sjálfir. Útfærsla þessa ákvæðis liggur ekki fyrir en sýslumaður gæti ráðið sérfræðing á embættið til sín eða keypt þessa þjónustu af utanaðkomandi sérfræðingi, sem er líklegra a.m.k. hjá smærri embættum. Í því tilviki kann kostnaður við hvert mál að verða svipaður og við þá aðkeyptu sérfræðiráðgjöf sem nú er veitt en sá kostnaður er áætlaður um 60 þús. kr. á hvert mál að meðaltali án virðisaukaskatts.

Á hverju ári má ætla að um 500 ný umgengnis- og dagsektamál komi til kasta sýslumanna. Flest leysast með samkomulagi foreldra, ýmist með aðstoð sérfræðinga eða á annan hátt. Eftir því sem best verður séð af tölum um málafjölda frá nokkrum sýslumönnum má ætla að allt að 20% umgengnismála ljúki með úrskurði sýslumanns en það hlutfall er þó víða nokkru lægra. Mál er varða ágreining um forsjá barna voru um 70 hjá héraðsdómi Reykjavíkur og héraðsdómi Reykjaness árið 2008 og samkvæmt því er ekki óvarlegt að ætla að heildarfjöldi mála það ár hafi verið allt að 150 á landinu öllu. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að sérfræðiráðgjöfin sem boðið verður upp á verði með öðru og takmarkaðra sniði en nú er í boði og ætti það að leiða til fækkunar slíkra sáttamála. Heildarkostnaður vegna sáttameðferða gæti þannig orðið svipaður eða heldur lægri en núverandi sérfræðiráðgjöf eða um 10 m.kr. á ári sé miðað við 60 þús. kr. meðalútgjöld á hvert mál. Hins vegar gerir innanríkisráðuneytið ráð fyrir að útgjöld sýslumannsembættanna gætu aukist um sem svarar til allt að þriggja starfa á ári á landsvísu vegna ráðgjafarinnar, eða sem nemur um 22 m.kr. á ári að meðtöldum starfstengdum kostnaði.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að þau verkefni sem nú eru á hendi barnaverndarnefnda á vegum sveitarfélaga færist til sérfræðinga í málefnum barna. Ekki er gert ráð fyrir að leitað verði til barnaverndarnefnda í því skyni að fá umsögn í umgengnismáli og til að sinna eftirliti og tilsjón með umgengni þegar það á við eins og verið hefur. Því mun kostnaðurinn sem áður hvíldi á sveitarfélögum í tengslum við þessi mál falla á ríkið eftir þessar breytingar. Miðað við upplýsingar um þessi mál frá barnaverndarnefndum má gera ráð fyrir að umgengni undir eftirliti hafi verið í 25–30 málum undanfarin ár í heild og hefur það dreifst nokkuð misjafnlega eftir landshlutum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve umfangsmikið eftirlitið er í þessum málum enda eru þau ekki flokkuð sérstaklega. Þetta getur verið allt frá því að vera aðstoð við að sækja barn og skila aðra hverja helgi í nokkur skipti upp í stöðugt eftirlit þegar umgengni fer fram í nokkra tíma í senn. Erfitt er að áætla heildarfjárþörfina vegna þessa sérstaklega þar sem slíkt eftirlit getur dreifst nokkuð misjafnt um landið og útfærsla á framkvæmdinni liggur ekki fyrir. Lausleg áætlun bendir til að þetta eftirlit gæti svarað til um 2,5 starfa á landinu öllu, eða sem svarar til um 16 m.kr. launakostnaðar á ári.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum er nokkuð erfitt að meta áhrif þess á útgjöld ríkissjóðs, sérstaklega þar sem óvíst er hvernig dreifing einstakra mála verður um landið. Ekki hefur verið útfært sérstaklega hvernig tekið verður á málum hjá minni sýslumannsembættunum. Innanríkisráðuneytið gerir þó ráð fyrir því að kostnaðarauki vegna ráðgjafar til foreldra samsvari allt að þremur stöðugildum og vegna tilfærslu á verkefnum frá barnaverndarnefndum allt að 2,5 stöðugildum. Samtals gæti verið um að ræða allt að 5,5 stöðugildi sem hefði í för með sér aukin útgjöld að fjárhæð allt að 35–40 m.kr. Kostnaðarauki vegna sáttameðferðar ætti ekki að koma til þar sem núverandi útgjöld vegna sérfræðiráðgjafar koma þar á móti. Vegna yfirstandandi erfiðleika í ríkisfjármálum sem brugðist hefur verið við með ströngu útgjaldaaðhaldi og bindandi útgjaldarömmum verður að gera ráð fyrir að innanríkisráðuneytið muni þróa þessi úrræði og þjónustu smám saman samhliða því að forgangsraðað verði og dregið úr öðrum útgjöldum ráðuneytisins til að mæta því.

1375. Svar [592. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um fjárhagsfyrirgreiðslu til fyrirtækjanna VBS hf., Saga Capital hf. o.fl.

1. *Hve stór hluti 46 milljarða kr. fjárhagsfyrirgreiðslu sem fyrirtækin VBS hf. og Saga Capital hf. fengu frá ríkissjóði telst nú tapaður?*

Ríkissjóður seldi þessar kröfur til Seðlabanka Íslands sem seldi þær svo til Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. Ríkissjóður hefur afskrifað 192,2 milljarða kr. í heildina vegna krafna á fjármálafyrirtæki.

2. *Hvert er verðmat fjármálaráðuneytisins á eftirstöðvum skuldabréfanna sem fyrirtækin gáfu út og voru að andvirði 46 milljarðar kr.?*

Kröfurnar eru í eigu ESÍ og hefur ráðuneytið því ekki upplýsingar um það.

3. *Hvert er verðmat ráðuneytisins á 6 milljarða kr. skuldabréfi sem Askar Capital gaf út og Seðlabanki Ísland yfirtók í febrúar 2010?*

Kröfurnar eru í eigu ESÍ og hefur ráðuneytið því ekki upplýsingar um það.

4. *Hvert er mat ráðuneytisins á raunvirði eigna sem fram koma í töflu 2.5 á blaðsíðu 16 í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2009?*

Ráðuneytið leggur ekki mat á kröfur í eigu ESÍ.

1376. Svar [626. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um endurreisn bankakerfisins.

1. *Hvernig var ákvörðun um endurreisn bankakerfisins og samninga við kröfuhafa tekin og á grunni hvaða laga byggðist sú ákvörðun?*

Ákvörðun um stofnun nýju bankanna (Nýja Kaupþings hf., Nýja Landsbankans og Nýja Glitnis hf.) í október árið 2008 var tekin á grunni laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., svokallaðra neyðarlaga.

Fjármálaeftirlitið og fjármálaráðuneytið höfðu þar lykilhlutverki að gegna.

A. **Fjármálaeftirlitið** tók ákvarðanir á grundvelli laganna um að flytja tiltekinn hluta eigna og skuldbindinga hinna föllnu banka til nýrra banka. Til að mæta skuldbindingunum, og tryggja áfram bankaviðskipti á Íslandi, voru jafnframt fluttar með eignir. Samkvæmt ákvæðum neyðarlaganna bar Fjármálaeftirlitinu að hlutast til um að gert yrði mat á verðmæti þeirra eigna sem fluttar voru til nýju bankanna. Þessar ákvarðanir voru teknar í október árið 2008. Mat á þeim eignum sem fluttust til nýju bankanna hófst í desember sama ár eftir að samið hafði verið við ráðgjafarfyrirtækin Deloitte í London og Oliver Wyman. Fljótlega varð ljóst að erfitt yrði að meta eignavirði við þær kringumstæður sem sköpuðust í bankahruninu og kom það á daginn að niðurstöður Deloitte voru á mjög breiðu verðbili. Haldnir voru fundir með hópi kröfuhafa hinna gömlu banka strax í nóvember og desember 2008 og bar þá strax á nokkrum vilja þeirra til að gömlu bankarnir tækju við endurgjaldi (fyrir nettóeignir) í formi

hlutafjár í nýju bönkunum. Á þessum tíma var jafnframt fenginn til landsins til ráðgjafar Mats Josefsson, sænskur sérfræðingur á sviði bankaendurreisnar. Frá þessari atburðarás hefur nánar verið greint frá í sérstakri skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn bankakerfisins. En lagagrunnurinn er sem hér var lýst.

B. **Fjármálaráðuneytið** fékk til þess heimildir samkvæmt neyðarlögunum að setja á fót nýjar fjármálastofnanir til að taka við hlutverki þeirra sem kynnu að falla. Þær heimildir voru sem kunnugt er nýttar í október 2008 til að stofna þá banka sem nú nefnast NBI hf., Íslandsbanki hf. og Arion banki hf. Íslenska ríkið var stofnandi bankanna.

Eignarhlutir kröfuhafa komu svo til með því að skilanefndir gömlu bankanna ákváðu að breyta hlut uppgjörskrafna sinna í hlutafé í hinum nýju bönkum. Þetta var gert með þríhliða samkomulagi á milli hinna gömlu banka, nýju bankanna og fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins.

Um heimildir fjármálaráðherra til að staðfesta breytingar á eignarhlut ríkisins í umræddum bönkum voru svo sett sérstök lög (nr. 138/2009, um heimild til að staðfesta breytingar á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf., Arion banka hf. og NBI hf.) og fela þau efnislega í sér að Alþingi samþykkti þær ráðstafanir sem gerðar höfðu verið.

2. *Hvernig er áætlunin um endurreisn og framtíðarskipan bankakerfisins sem samningar við kröfuhafa byggðust á og hvernig var sú áætlun unnin?*

Rétt er um svar við þessari spurningu að vísa almennt til svars við fyrri lið fyrirspurnarinnar en mun nánari grein er gerð fyrir einstökum atriðum og útfærslum í áðurnefndri skýrslu fjármálaráðherra til Alþingis um endurskipulagningu bankakerfisins.

1377. Fyrirspurn [779. mál]

til innanríkisráðherra um Schengen-samstarfið.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hver er stefna ráðherra hvað varðar Schengen-samstarfið?
2. Stendur til að endurskoða aðild Íslands að því?
3. Hefur farið fram endurskoðun í ljósi tíu ára reynslu?

1378. Fyrirspurn [780. mál]

til fjármálaráðherra um ávinning af verkefninu „Allir vinna“.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Hver er ávinningurinn af verkefninu „Allir vinna“ í ljósi skatttekna og fjölda ársverka?

Skriflegt svar óskast.

1379. Lög [769. mál]]

um breytingu á lögum um landsdóm, nr. 3/1963, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1341.

1380. Fyrirspurn [770. mál]

til fjármálaráðherra um Landsvirkjun.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvert er virði Landsvirkjunar í íslenskum krónum? Hvert er virði eigna Landsvirkjunar og hvað eru skuldirnar háar í íslenskum krónum?
2. Hver var árlegur rekstrarkostnaður Landsvirkjunar árin 2005–2010? Hvert var tap/hagnaður fyrirtækisins á sama árabili?
3. Hvernig eru skuldir Landsvirkjunar til komnar og hvernig skiptast þær eftir gjaldmiðlum? Hverjar eru eftirstöðvar skulda vegna Kárahnjúkavirkjunar?
4. Hvernig stendur fjármögnun vegna lána sem eru á gjalddaga í ár? Um hve háar fjárhæðir er að ræða?
5. Hefur Landsvirkjun eða íslenska ríkið varasjóð sambærilegan þeim sjóði sem Reykjavíkurborg hafði gagnvart Orkuveitu Reykjavíkur komi til greiðslufalls eða gjaldfellingar lána?
6. Hvernig er skuldastaða Landsvirkjunar borið saman við önnur sambærileg orkufyrirtæki í Evrópu?
7. Hver er arðsemiskrafa Landsvirkjunar?
8. Hver er eigendastefna ríkisins varðandi Landsvirkjun? Lítur ráðherra svo á að fyrirtækið sé á samkeppnismarkaði, fákeppnismarkaði eða einokunarmarkaði?
9. Hvernig skiptist orkusala Landsvirkjunar til: a. innlendra aðila, b. erlendra aðila?
10. Hefur það verið rætt innan ríkisstjórnarinnar, milli fjármálaráðherra og forstjóra Landsvirkjunar eða annars staðar í ríkiskerfinu hvort ríkið eigi að selja hluta af Landsvirkjun til að dreifa eigendaáhættu ríkisins í fyrirtækinu?
11. Er það stefna ríkisstjórnarinnar að auka orkuframleiðslu Landsvirkjunar úr 17 í 35 twst á ári horft til næstu 14 ára? Ef svo er, til hvaða virkjunarkosta er litið, skipt eftir: a. landsfjórðungum, b. svæðum innan landsfjórðunga?
12. Er það stefna ríkisstjórnarinnar að stuðla að því að sæstrengur verði lagður til annarra Evrópulanda á vegum Landsvirkjunar? Ef svo er, hver er áætlaður kostnaður við lagningu slíks sæstrengs og hvernig er fjármögnun hans hugsuð?

Skriflegt svar óskast.

1381. Álit fjárlaganefndar [782. mál]

á skýrslu Ríkisendurskoðunar um sjálfseignarstofnanir og sjóði sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá fyrir rekstrarárið 2008.

Fjárlaganefnd Alþingis hefur fjallað um skýrsluna og fengið til fundar við sig Svein Arason ríkisendurskoðanda, Lárus Ögmundsson yfirlögfræðing og Pétur Vilhjálmsson sérfræðing.

Í árslok 2009 voru 708 virkir sjóðir og stofnanir sem skila eiga ársreikningum til Ríkisendurskoðunar. Á árinu voru staðfestar 19 nýjar skipulagsskrár og unnið var að því að leggja niður samtals níu sjóði og stofnanir sem talin eru óstarfhæf. Ársreikningi fyrir rekstrarárið 2008 höfðu 486 sjóðir eða stofnanir, sem lög nr. 19/1988 ná til, skilað í lok apríl 2010. Niðurstöðutölur rekstrar-, efnahags- og eiginfjárreikninga þeirra samtals eru sem hér segir í milljónum króna:

Eignir	Skuldir	Eigið fé	Tekjur	Gjöld	Fjármt/Gjöld
41.030	15.168	25.862	10.667	11.720	102

Af þessum 486 sjóðum og stofnunum höfðu 104 yfir 5 millj. kr. í tekjur á árinu. 100 þeirra áttu eigið fé yfir 30 millj. kr. Um miðjan mars 2010 sendi Ríkisendurskoðun áskorun til vörslumanna 220 sjóða og stofnana sem ekki höfðu skilað reikningum fyrir fleiri en eitt ár og í lok apríl 2010 hafði 121 af þeim skilað. Sex sjóðir sem staðfestir voru á árunum 2006 og 2007 hafa aldrei skilað ársreikningi. Bent er á að óvirkir sjóðir eru margir og ekki á valdi Ríkisendurskoðunar að leggja þá niður.

Sjálfseignarstofnanir eru iðulega stofnaðar um tiltekna fjármuni í því skyni að ávaxta þá og úthluta þeim í samræmi við ákveðinn tilgang. Tilgangur sjálfseignarstofnana getur verið hvort heldur fjárhagslegur eða ekki. Í lögum er þó gerður skýr greinarmunur á sjálfseignarstofnunum sem stunda atvinnu og þeim sem gera það ekki. Það er algerlega komið undir stofnendum eða stjórn viðkomandi sjálfseignarstofnunar, sem ekki stundar atvinnustarfsemi, hvort leitað er eftir staðfestingu hjá sýslumanni. Staðfestingin felur það fyrst og fremst í sér að stofnendur tryggja opinbert eftirlit með starfsemi þeirra. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnu lúta nokkuð svipuðum eftirlitsreglum og hlutafélög. Efnahags- og viðskiptaráðherra fer með mál er varða sjálfseignarstofnanir samkvæmt lögum nr. 33/1999, önnur en þau sem varða skráningu stofnananna, en með þau mál fer fjármálaráðherra. Um þær sjálfseignarstofnanir, sem ekki stunda atvinnu, gilda lög nr. 19/1988 ef skipulagsskrár þeirra hafa verið staðfestar af stjórnvöldum. Samkvæmt lögunum er það sýslumaðurinn á Sauðárkróki sem staðfestir skipulagsskrár, sé eftir því leitað, og hefur einnig eftirlit með starfsemi stofnananna. Ríkisendurskoðun ber einnig að sinna eftirliti með staðfestum sjálfseignarstofnunum en það felst einkum í því að kalla árlega eftir ársreikningum þeirra og birta helstu stærðir úr þeim opinberlega. Þá ber Ríkisendurskoðun að gera sýslumanni grein fyrir því ef stofnanirnar sinna ekki þessari skyldu þrátt fyrir að gengið sé eftir því. Sýslumaður getur af því tilefni m.a. falið lögreglunni að rannsaka málið. Í lögum er á hinn bóginn hvergi mælt fyrir um skyldu til að afla staðfestingar stjórnvalda á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunar. Óstaðfestar sjálfseignarstofnanir lúta aðeins eftirliti félaga, fulltrúaráða, stofnenda og stjórna eftir atvikum í hverju tilviki, svipað og er með eftirlit með frjálsum félagasamtökum.

Nákvæma skilgreiningu á sjálfseignarstofnun er hvorki að finna í lögum nr. 19/1988 né lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Þá kom fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að skil ársreikninga eru slök og algengt er að senda þurfi út ítrekunarbréf um að þeim beri að skila. Því kæmi til greina að efla þau úrræði sem til staðar eru til að ársreikningar skili sér fyrr. Var í því sambandi mælt með því að heimilað yrði að beita dagsektum.

Að mati fjárlaganefndar eru skil á ársreikningum til Ríkisendurskoðunar ekki viðunandi og því nauðsynlegt að bæta þau úrræði sem til staðar eru til að krefjast reikningsskilanna verði ekki úrbætur hér á. Um væri þá að ræða að efla úrræði sýslumanns og Ríkisendurskoðunar. Það er hlutverk sýslumanns að óska eftir við lögreglustjóra að hann taki í sínar vörslur skjöl og eignir sjóðs eða stofnunar ef reikningum og skýrslum er ekki skilað til Ríkisendurskoðunar á tilskildum tíma. Þá telur fjárlaganefnd að nauðsynlegt sé að skilgreina sjálfseignarstofnun með skýrum hætti í lögum. Þar sem ekki er skylda að óska staðfestingar þegar sjálfseignarstofnun er sett á laggirnar má gera ráð fyrir að hér á landi séu starfandi sjóðir og sjálfseignarstofnanir sem settar hafa verið á laggirnar í fjárhagslegum tilgangi en lúta ekki opinberu eftirliti. Fjárlaganefnd mun óska eftir tillögum frá innanríkisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Ríkisendurskoðun og ríkisskattstjóra um með hvaða hætti sé eðlilegast að haga eftirliti með slíkum sjóðum og fækka óvirkum sjóðum.

Alþingi, 9. maí 2011.

Oddný G. Harðardóttir, form. Ásbjörn Óttarsson. Björgvin G. Sigurðsson.

Björn Valur Gíslason. Sigmundur Ernir Rúnarsson. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Þuríður Backman.

1382. Frumvarp til laga [783. mál]

um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (slit, eftirlit og innleiðing).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 99. gr. laganna:

a. D-liður orðast svo: Heimild til endurskipulagningar fjárhags fjármálafyrirtækis hefur ekki áhrif á eignarrétt, þar á meðal veðrétt, lánardrottna eða annarra yfir eignum sem staðsettar eru í öðru aðildarríki. Hið sama gildir um réttinn til að ráðstafa veðsettri eign, hvort heldur með framsali eða öðrum hætti, og réttinn til að taka við arði af eigninni. Skal litið svo á að réttindi sem skráð eru í opinbera skrá og njóta réttarverndar gagnvart þriðja manni teljist til eignarréttar í skilningi ákvæðisins.

b. Við n-lið bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Löggerningur verður þó ekki ógiltur ef sá sem hag hefur af því að slíkur löggerningur haldi gildi sínu leggur fram fullnægjandi sönnun um að um löggerninginn eigi að gilda lög annars ríkis og að þar sé ekki að finna ógildingarreglu sem tekur til þess tilviks sem um ræðir.

2. gr.

Við 4. mgr. 101. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þeir menn sem eiga sæti í slitastjórn skulu einnig uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr., 4. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 52. gr.

3. gr.

Á eftir 101. gr. laganna kemur ný grein, 101. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Sérstakt eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með rekstri fjármálafyrirtækis sem er stýrt af slitastjórn, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur starfsleyfi eða takmarkað starfsleyfi eða hvort starfsleyfi þess hefur verið afturkallað. Eftirlitið skal einnig ná til dótturfélaga slíks fjármálafyrirtækis. Eftirlitið nær meðal annars til viðskiptahátta þess sem felur meðal annars í sér að framganga þess gagnvart viðskiptavinum skal vera í samræmi við það sem almennt tíðkast hjá fjármálafyrirtækjum með gilt starfsleyfi.

Viðskipti fjármálafyrirtækis sem stýrt er af slitastjórn eða viðskipti slitastjórnar við einstaka aðila sem sitja í slitastjórn, eða aðila í nánum tengslum við slíkan aðila, skulu fara að reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur. Fjármálaeftirlitið skal, að eigin frumkvæði eða á grundvelli ábendinga kröfuhafa, hafa eftirlit með slíkum viðskiptum.

Neitun á kröfu Fjármálaeftirlitsins um afhendingu gagna getur varðað brottrekstri úr slitastjórn. Hið sama á við fullnægi maður sem sæti á í slitastjórn ekki almennum hæfisskilyrðum sem um hann gilda. Fjármálaeftirlitið skal bera slíka kröfu undir héraðsdóm sem skal taka málið til úrskurðar svo fljótt sem unnt er. Fjármálaeftirlitið getur vikið viðkomandi slitastjórnarmanni tímabundið frá störfum þar til héraðsdómur hefur kveðið upp úrskurð um kröfuna.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beina kröfu til héraðsdóms um að kveðið verði á um að ábyrgð á rekstri fjármálafyrirtækis sem er í fjárhagslegri endurskipulagningu eða í slitum skuli flutt til slitastjórnar annars fjármálafyrirtækis í þeim tilvikum þegar viðkomandi slitastjórn telst ekki hafa unnið störf sín í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar eða eftir atvikum samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

Ákvæði greinar þessarar eiga við um rekstur fjármálafyrirtækis sem er stýrt af bráðabirgðastjórn eða skilanefnd eftir því sem við á.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Við slit fjármálafyrirtækis gilda reglur 74. gr. laga um gjaldþrotaskipti, meðal annars um að sá sem hvorki vissi né mátti vita um slitin getur unnið rétt á hendur fjármálafyrirtækinu vegna ráðstafana fram til þess að tilkynning er birt um slitin. Skal þá litið svo á að þeim sem í hlut á hafi ekki verið kunnugt um að slit hafi verið hafin, ef slík tilkynning hefur ekki farið fram, nema sýnt sé fram á annað. Skal jafnframt litið svo á að þeim sem í hlut á hafi verið kunnugt um að slit hafi verið hafin, hafi slík tilkynning farið fram, nema sýnt sé fram á annað.

b. Í stað lokamálsliðar 6. mgr. koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar endanleg niðurstaða hefur fengist um ágreininginn skal hlutdeild þeirrar kröfu í innstæðu

geymslureikningsins ásamt hlutdeild í áföllnum vöxtum greidd kröfuhafanum að því leyti sem krafan hefur verið viðurkennd, en fé sem eftir kann að standa skal renna aftur til fjármálafyrirtækisins. Fari hlutagreiðslur fram í fleiri en einum gjaldmiðli má stofna sérstakan geymslureikning fyrir hvern gjaldmiðil. Við hverja hlutagreiðslu sem fram fer með innborgun inn á sérstaka geymslureikninga skal senda kröfuhafa sem greiðslu fær tilkynningu, en með innborgun inn á slíkan reikning telst hlutagreiðsla til viðkomandi kröfuhafa hafa farið fram. Með sérstökum geymslureikningi í skilningi ákvæðisins er átt við fjárvörsluinnlánsreikning á nafni fjármálafyrirtækisins sem stofnaður er því skyni að leggja hlutagreiðslur inn á.

5. gr.

Við 3. mgr. 103. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Slitastjórn er jafnframt skylt að kynna kröfuhöfum um allar umtalsverðar ráðstafanir sem varða sölu eða ráðstöfun eigna eða annarra réttinda fjármálafyrirtækis á fundum sem slitastjórn boðar til með almennum hætti.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 103. gr. a laganna:

a. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Eftir því sem átt getur við fara nauðasamningsumleitanir að öðru leyti eftir ákvæðum 2. mgr. 149. gr. og 151.–153. gr. sömu laga, þó með því fráviki að frestur skv. 1. mgr. 51. gr. sömu laga skal vera átta vikur, en slitastjórn gegnir þá því hlutverki sem skiptastjóri hefði annars á hendi og heldur kröfuhafafundi við þessar umleitanir.
b. Við 3. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Frumvarp að nauðasamningi fjármálafyrirtækis telst samþykkt ef því er greitt sama hlutfall atkvæða eftir fjárhæðum krafna atkvæðismanna og eftirgjöf af samningskröfum á að nema samkvæmt frumvarpinu, þó að lágmarki 60 hundraðshluta þeirra atkvæða. Jafnframt er áskilið samþykki 70 hundraðshluta atkvæða þeirra atkvæðismanna sem greiða atkvæði um nauðasamninginn.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009, um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki:

a. Í stað 2. málsl. 3. tölul. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Sé eða verði sæti í skilanefnd laust eftir gildistöku laga þessara skal, ef þörf þykir á með tilliti til þeirra verkefna sem nefndin á enn ólokið, beina beiðni þar að lútandi til héraðsdóms, í því umdæmi þar sem fjármálafyrirtæki yrði sótt í einkamáli á heimilisvarnarþingi sínu, um að héraðsdómari skipi nýjan mann til að taka við því. Að því leyti sem ekki er mælt fyrir um á annan veg í lögum þessum gilda reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti um skilanefnd, störf hennar og þá menn sem eiga sæti í henni. Þeir menn sem eiga sæti í skilanefnd skulu einnig uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr., 4. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 52. gr. laganna.
b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins skv. 101. gr. a laganna nær einnig til starfa skilanefndar sem starfar samkvæmt ákvæði þessu og þeirra manna sem í henni eigi sæti.

8. gr.

Á eftir orðunum „2000/28 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB er varðar skilgreiningu á lánastofnun og 2000/46 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja“ í 117. gr. laganna kemur: tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en kaflinn fjallar um endurskipulagningu fjárhags fjármálafyrirtækja, slit þeirra og samruna við önnur fjármálafyrirtæki. Reglur XII. kafla laganna eru að stofni til frá árinu 2002 þegar lög um fjármálafyrirtæki tóku gildi, en frá þeim tíma hefur þeim verið breytt, einkum vegna þess að við framkvæmd slita hinna stóru fjármálafyrirtækja, Kaupþings, Glitnis og Landsbanka Íslands, hefur þurft að aðlaga reglurnar þeim aðstæðum sem upp hafa komið og ófyrirséðar voru við samþykkt laganna á árinu 2002.

Tilskipun 2001/24/EB frá 4. apríl 2001, um endurskipulagningu og slit lánastofnana, var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 130/2004, um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Þar voru leidd í lög ýmis ákvæði um samstarf yfirvalda í málum sem lúta að endurskipulagningu og slitum fjármálafyrirtækja, samræmdar reglur um tilkynningar til eftirlitsaðila og þekktra kröfuhafa sem og reglur um birtingu ákvarðana um slíkar ráðstafanir og réttaráhrif þeirra á samningssvæðinu. Auk þess voru settar sérreglur um þau lög sem beitt skal við endurskipulagningu og slit fjármálafyrirtækja og útibúa þeirra í öðru EES-ríki. Vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) við innleiðingu fyrrgreindrar tilskipunar er í frumvarpi þessu lagt til að gerðar verði frekari breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki í þeim tilgangi að innleiða tilskipunina að fullu í íslenskan rétt. Er hér um að ræða reglur sem fjalla um réttaráhrif þess að slit hefjast á fjármálafyrirtæki, m.a. um lagaval, og svo frekari undantekningar frá þeirri meginreglu að við slit og fjárhagslega endurskipulagningu fjármálafyrirtækis skuli lög heimaaðildarríkis gilda við tilteknar aðstæður.

Fjármálafyrirtæki í slitum sem hafa enn þá starfsleyfi hafa til þessa fallið undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins með sama hætti og önnur fjármálafyrirtæki með starfsleyfi. Hins vegar hafa þau fjármálafyrirtæki sem eru í slitum en hafa takmarkað starfsleyfi eða hafa misst starfsleyfi sitt ekki sætt sérstöku eftirliti. Æskilegt þykir að sambærilegar reglur gildi um eftirlit með störfum slitastjórna fjármálafyrirtækja í slitum, óháð því hvort þau hafi enn starfsleyfi. Sama gildir um dótturfélög fjármálafyrirtækja í slitum. Telja verður að þörf sé fyrir virkt eftirlit með störfum slitastjórna, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem viðkomandi fjármálafyrirtæki er enn þá t.d. með virk eignasöfn (útlán). Í öllum markaðsviðskiptum byggist jafnræði aðila á þeirri einföldu staðreynd að báðir eiga langtímahagsmuni af viðskiptasambandi. Ef annar aðili samningssambandsins er slitastjórn kunna langtímahagsmunir að víkja fyrir öðrum hagsmunum slitabúsins sem þó geta verið málefnalegir, t.d. hagsmunum kröfuhafa af heimtum, og freistandi getur verið að nýta öll tækifæri til að þvinga viðskiptamenn til að greiða kröfur að fullu, jafnvel þótt efnisleg rök séu fyrir aðlögun kröfu að greiðslugetu í samræmi við ákvæði laga nr. 107/2009 og samninga sem byggðir hafa verið á þeim lögum, jafnt í tilviki einstaklinga sem fyrirtækja. Eins geta skapast aðstæður sem gera

slitastjórnum kleift að tefja framgang mála viðskiptamönnum til tjóns. Meðal þeirra ákvarðana sem Fjármálaeftirlitinu ber að taka til athugunar, verði frumvarpið að lögum, eru ákvarðanir slitastjórna um innheimtu lána og umbreytingu lána. Er enda gert ráð fyrir því í frumvarpinu að fjármálafyrirtæki í slitum starfi í samræmi við góða viðskiptahætti, sbr. 19. gr. laganna. Með þessu móti er leitast við að koma því til leiðar að viðskiptamenn fjármálafyrirtækis sem tekið hefur verið til slitameðferðar njóti ekki lakari stöðu við úrlausn sinna mála en gildir um viðskiptamenn annarra fjármálafyrirtækja.

Samhliða framangreindum breytingum er einnig lagt til að gerð verði ríkari krafa til upplýsingagjafar slitastjórnar fjármálafyrirtækis sem verði þá að boða til fundar með kröfuhöfum áður en mikils háttar ákvarðanir verða teknar um sölu eða ráðstöfun réttinda eða eigna þess. Þess ber að geta að fljótlega eftir yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á Kaupþingi banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Glitni banka hf. í október 2008 voru settar upp óformlegar kröfuhafanefndir í öllum bönkunum þremur sem hafa fundað reglulega með skilanefndum og fulltrúum slitastjórna bankanna. Ekki er ráðgert að hrófla við störfum þeirra nefnda og gert er ráð fyrir að þær starfi áfram. Um störf og hlutverk kröfuhafanefnda eru engin ákvæði í XII. kafla laganna eða í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Hafa ákveðnir hópar kröfuhafa lagt til að settar verði reglur um störf slíkra kröfuhafanefnda og þeim fengið formlegt hlutverk við slit bankanna, þannig að þær geti haft eftirlit með störfum skilanefnda og slitastjórna, og jafnframt verði aukið samráð haft við þær við slit fjármálafyrirtækja. Við mat á því hvort rétt sé að setja á fót slíkar kröfuhafanefndir með formlegri hætti en nú er verður að taka tillit til þess að formleg slit viðskiptabankanna þriggja, Glitnis banka, Landsbanka Íslands og Kaupþings banka, hófust árið 2009. Hefur hagsmunum fyrrgreindra fjármálafyrirtækja nú þegar að einhverju leyti verið ráðstafað. Er það afstaða efnahags- og viðskiptaráðuneytisins að ákvörðun um að setja slíkar nefndir á fót með lögformlegum hætti og fela þeim tiltekin verkefni á þessu stigi í slitunum verði ekki tekin nema með ítarlegri skoðun sem ekki reyndist unnt að ljúka áður en frumvarp þetta var lagt fram. Sú skoðun mun þó fara fram í ráðuneytinu. Þess í stað er því farin sú leið í frumvarpinu að kveða á um skýra lagaskyldu slitastjórna til að kynna allar umtalsverðar ákvarðanir á kröfuhafafundi. Að öðru leyti hafa kröfuhafar enn sem fyrr alla möguleika á að bera mál undir úrskurð dómstóla eða koma ábendingum á framfæri við Fjármálaeftirlitið telji þeir að ráðstöfun hafi strítt gegn lögum eða ef þeir hafa aðrar veigamiklar athugasemdir við framgang slitameðferðarinnar, þ.m.t. ákvarðanir og/eða ráðstafanir slitastjórna eða skilanefnda.

Ef fjármálafyrirtæki er tekið til slita gilda reglur laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. Í 2. mgr. 102. gr. laganna kemur fram sú regla að við slit skuli slitastjórn gefa út innköllun og fá hana birta í Lögbirtingablaði og gilda sömu reglur og við gjaldþrotaskipti um efni innköllunarinnar og kröfulýsingafresti, sem og um rétthæð krafna á hendur fjármálafyrirtæki. Þá kemur fram í 4. mgr. 102. gr. laganna að ákvæði XVIII. kafla og 5. þáttar laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, gildi um meðferð krafna á hendur fjármálafyrirtæki við slit þeirra, þar á meðal áhrif á kröfu ef henni er ekki lýst (svokölluð vanlýsingaráhrif). Í þessu felst að við slit geti kröfuhafi farið á mis við fullnustu kröfu sinnar lýsi hann henni ekki við slitin.

Í 103. gr. a laga um fjármálafyrirtæki er fjallað um lok slita. Nægi eignir búsins ekki til fullrar greiðslu getur slitum lokið með tvennum hætti, annaðhvort með samþykki kröfuhafa á frumvarpi til nauðasamnings eða með töku búsins til gjaldþrotaskipta. Hyggist slitastjórn leggja fyrir kröfuhafa að slitum verði lokið með nauðasamningi með kröfuhöfum gerir slitastjórn frumvarp að nauðasamningi eftir reglum 36. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og boðar til kröfuhafafundar til að bera það undir atkvæði. Er mælt fyrir um það í

3. mgr. 103. gr. a að eftir því sem átt getur við fari nauðasamningsumleitanir að öðru leyti eftir ákvæðum 2. mgr. 149. gr. og 151.–153. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en slitastjórn gegni þá því hlutverki sem skiptastjóri hefði annars á hendi og haldi kröfuhafafundi við þessar umleitanir.

Til þess að greiða fyrir að slitum verði lokið með nauðasamningi er lagt til að reglur um nauðasamninga við lok slita verði breytt á þann veg að sá frestur sem áskilinn er milli fundar um atkvæðagreiðslu við nauðasamningsumleitanir fram til framhaldsfundar verði lengdur, úr tveimur vikum í átta vikur. Er það gert til að greiða fyrir því að unnt sé að ljúka slitum með nauðasamningi, í stað þess að slitastjórn óski eftir gjaldþrotaskiptum á búi fjármálafyrirtækis. Þá er til viðbótar lagt til að reglum um atkvæðagreiðslu við nauðasamning fjármálafyrirtækis verði breytt á þá lund að samþykki atkvæðismanna sem talið er eftir höfðatölu miðist við þá sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni, en ekki þá sem lýst hafa kröfu við slit fjármálafyrirtækis. Þó er vikið frá gildandi reglum að því leyti að áskilið er aukið samþykki þeirra, þ.e. samþykki 70% þeirra atkvæðismanna sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni, talið eftir höfðatölu. Með fyrirhugaðri lengingu frests við nauðasamningsumleitanir við slit fjármálafyrirtækis og breytingu á reglum um atkvæðagreiðslu við nauðasamningsumleitanir, samhliða því að slitastjórn hefur möguleika á að breyta frumvarpi sínu til nauðasamnings eftir ákvæðum 47. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., er því komið til móts við hagsmuni kröfuhafa og slitastjórnar við að ljúka slitum með nauðasamningi, án þess að vikið sé frá almennum reglum um jafnræði kröfuhafa við slitin.

Með vísan til framangreinds er ljóst að lagaskilyrði eru ekki til þess að slitastjórnir geti haldið búi fjármálafyrirtækis í rekstri, án þess að taka ákvörðun um hvort leita skuli eftir nauðasamningi með kröfuhöfum eða fara fram á að bú þess verði tekið til gjaldþrotaskipta þegar lögmæltar forsendur slíkrar ákvörðunar eru á annað borð fyrir hendi, eftir atvikum að teknu tilliti til ýmissa reglna sem einkenna slitameðferð og markmið hennar, sbr. t.d. 2. mgr. 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki eins og ákvæðinu var breytt með 7. gr. laga nr. 44/2009. Ekki er að óbreyttum lögum að finna heimildir til að þrotabú fjármálafyrirtækja geti starfað árum saman án þess að nauðasamninga sé leitað eða bú þeirra tekin til gjaldþrotaskipta.

Skilanefndum og slitastjórnum fjármálafyrirtækja í slitum var gefinn kostur á að gera athugasemdir við efni frumvarpsins áður en það var lagt fyrir ríkisstjórn. Þrátt fyrir skamman tímafrest notfærðu flestar þeirra sér það og sendu inn athugasemdir og var við lokafrágang frumvarpsins reynt að taka tillit til þeirra eftir atvikum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á ákvæði 99. gr. laganna sem fjallar um fjárhagslega endurskipulagningu fjármálafyrirtækis sem hefur höfuðstöðvar á Íslandi og starfrækir útibú í öðru EES-ríki, þ.e. á þeim reglum sem gilda um hvaða lögum skuli beitt við endurskipulagningu fjárhags fjármálafyrirtækis. Þar gildir sú meginregla að lög heimaríkis fjármálafyrirtækis skuli gilda um endurskipulagningu fjárhags stofnunarinnar og útibúa hennar, þ.e. lög þess ríkis þar sem aðalstöðvar lánastofnunar eru og starfsleyfi hennar er gefið út. Í a–i-lið eru gerðar undantekningar frá þessari meginreglu, og eru í ákvæðinu lagðar til tvenns konar breytingar á þeim undantekningum sem um það gilda.

Annars vegar er lagt til að fest verði betur í sessi regla 21. gr. tilskipunar 2001/24/EB um að samþykkt endurskipulagningar fjármálafyrirtækis, eða upphaf slitameðferðar, skuli ekki hafa áhrif á eignarrétt lánardrottna, þ.m.t. veðrétt, hvort heldur sem um er að ræða efnislegar

eða óefnislegar eignir (fasteignir eða lausafé) sem tilheyra fjármálastofnun á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

Hins vegar er lagt til að skýrt verði að ákvæði 1. mgr. 30. tilskipunar 2001/24/EB verði innleitt með fullnægjandi hætti. Þar kemur fram að ákvæði 10. gr., um að lög heimaaðildarríkis gildi við slit fjármálafyrirtækis skuli ekki gilda þegar metið er hvort ógilda megi samninga sem falla undir lög annars aðildarríkis og að þau lög hafi ekki að geyma ógildingarreglu sem taki til þess tilviks sem um ræðir.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að um þá menn sem sitja í slitastjórnum gildi auk almennra reglna 75. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, tilteknar hæfisreglur 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Er talið rétt að gera auknar kröfur til þeirra manna sem starfa við slit fjármálafyrirtækja vegna þeirra ríku og flóknu hagsmuna sem í húfi eru.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að eftirlit með störfum slitastjórna verði aukið með því að fela Fjármálaeftirlitinu eftirlit með slitum fjármálafyrirtækja og dótturfélaga þeirra, óháð því hvort þau hafi enn þá starfsleyfi eða takmarkað starfsleyfi eða hvort þau hafi misst starfsleyfi sitt. Gert er ráð fyrir því að kostnaður vegna eftirlitsins verði greiddur af þeim hluta eftirlitsgjalds sem fjármálafyrirtæki, sem er stýrt af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn, skulu standa skil á til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 9. mgr. 5. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999. Að öðru leyti en mælt er sérstaklega fyrir um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, gilda um eftirlitið.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði veittar víðtækar heimildir til þess að kalla eftir upplýsingum um einstakar ráðstafanir slitastjórna varðandi framkvæmd slita og að hafa almennt eftirlit með framgöngu þeirra við slit fjármálafyrirtækja og því hvort við störf þeirra sé vikið frá meginreglunni um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og það sem almennt tíðkast í viðskiptum einstaklinga og fyrirtækja við starfandi fjármálafyrirtæki. Eftirlitið er fyrst og fremst frumkvæðiseftirlit, en jafnframt er gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið geti tekið við ábendingum frá kröfuhöfum um hvaðeina sem þeir telja athugavert, svo sem athugasemdir um framkvæmd slita, kostnað við slitin eða tilteknar ákvarðanir um ráðstöfun eigna. Þá er gert ráð fyrir að umboðsmaður skuldara geti sent ábendingu til Fjármálaeftirlitsins, en hlutverk hans er m.a. að taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds, sbr. e-lið 1. gr. laga um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010.

Fjármálaeftirlitið metur sjálft hvort þær athugasemdir og ábendingar sem því berast gefa tilefni til þess að bregðast við þeim, með þeim úrræðum sem það hefur yfir að ráða.

Þegar metið er hvort störf slitastjórna teljist aðfinnsluverð skal Fjármálaeftirlitið m.a. líta til þess hvort farið hafi verið að reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur auk þess sem litið skal til þess sem almennt tíðkast í viðskiptum einstaklinga og fyrirtækja við starfandi fjármálafyrirtæki þegar um er að ræða viðskipti við einstaklinga og lögaðila. Einnig ber að líta til þess hvort slitastjórn hafi fylgt þeim reglum sem um störf hennar gilda, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, eftir því sem við á. Þau atriði sem Fjármálaeftirlitið getur gert athugasemdir við geta lotið að ákvörðunum um sölu eða ráðstöfun eigna eða réttinda fjármálafyrirtækis í slitum, umsýslu eigna, kostnaði við slit eða hvort menn sem sæti eiga í slitastjórn uppfylli al-

menn hæfisskilyrði 75. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, eða almenn hæfisskilyrði 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Telji Fjármálaeftirlitið ljóst að maður sem á sæti í slitastjórn fullnægi ekki almennum hæfisskilyrðum sem um hann gilda, eða ef viðkomandi aðili neitar að afhenda Fjármálaeftirlitinu gögn, getur Fjármálaeftirlitið beitt því úrræði að beina kröfu til héraðsdóms um að viðkomandi aðila verði vikið úr slitastjórn, sbr. einnig reglu 76. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Fjármálaeftirlitið hefur heimild, þegar sérstaklega stendur á, til að víkja viðkomandi aðila tímabundið úr slitastjórn, og gildir sú ákvörðun þar til endanlegur úrskurður dóms liggur fyrir um kröfuna. Í ljósi brýnna hagsmuna sem í húfi eru skal áréttað að ætlast er til þess að ef Fjármálaeftirlitið telur óhjákvæmilegt að nýta heimild sína til að víkja manni tímabundið úr slitastjórn skuli það leggja þegar í stað fyrir dómara kröfu um frávikninguna. Það er því ávallt á valdi héraðsdóms að taka endanlega ákvörðun um brottvikningu manna úr slitastjórn. Er með þessu tryggt virkara eftirlit dómstóla með slitum fjármálafyrirtækja og um leið gætt að hagsmunum kröfuhafa og annarra þeirra sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta við slitin.

Loks er Fjármálaeftirlitinu, í þeim tilvikum þar sem slitastjórn er ekki talin hafa unnið störf sín í samræmi við 1. og 2. mgr. eða eftir atvikum samkvæmt öðrum lagaákvæðum, veitt heimild til að beina kröfu til héraðsdóms um að kveðið verði á um að ábyrgð á rekstri fjármálafyrirtækis sem er í fjárhagslegri endurskipulagningu eða í slitum skuli flutt til slitastjórnar annars fjármálafyrirtækis.

Um 4. gr.

Um a-lið.

Hér er lagt til að innleidd verði regla 15. gr. tilskipunar 2001/24/EB þar sem fjallað er um efndir skuldbindinga þegar um grandlausa viðsemjendur er að ræða. Við gjaldþrotaskipti gilda almenn ákvæði 3. mgr. 74. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, um þá sem gera löggerning við þrotamann eða fyrirsvarsmann þrotamanns og sem ekki hafa vitneskju um úrskurð um gjaldþrotaskipti. Þykir rétt að taka af öll tvímæli um að regla 74. gr. gildi einnig við slit fjármálafyrirtækis.

Þá er í þriðja og síðasta málslið ákvæðisins að finna reglu um það hverjir beri sönnunarbyrði um vitneskju um gjaldþrotaskiptin við þessar aðstæður. Skal þá litið svo á að þeim sem í hlut á hafi ekki verið kunnugt um að slit fjármálafyrirtækis hafi verið hafin, ef tilkynning um slíkt hefur ekki farið fram, nema sýnt sé fram á annað. Auk þess kemur fram í ákvæðinu að hafi slík tilkynning verið birt megi gera ráð fyrir því að viðsemjanda fjármálastofnunar hafi verið um hana kunnugt, nema sýnt sé fram á annað.

Um b-lið.

Með 50. gr. laga nr. 75/2010 voru nýir málsliðir innleiddir í 6. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, þar sem kveðið var á um skyldu slitastjórna sem neyttu heimildar til að greiða viðurkennda kröfu að hluta eða öllu til að leggja inn á sérstakan geymslureikning fjárhæð vegna umþrættrar kröfu sem nyti sömu eða rétthærri stöðu í skuldaröð. Slitastjórnir hafa bent á að ef ákvæðið heldur óbreytt gildi eins og það er nú orðað kunni það að fela í sér þá skyldu að stofna geymslureikning, í skilningi laga um geymslufé, nr. 9/1978, fyrir hvern kröfuhafa sem fær hlutagreiðslu upp í umþrætta kröfu. Fram hefur komið að það sé mjög örðugt eða nánast ómögulegt að framkvæma slíkar hlutagreiðslur í þeim tilvikum þar sem kröfuhafar eru margir og hlutagreiðslur fara fram í fleiri en einum gjaldmiðli. Á þetta ekki síst við þegar fjármálafyrirtæki geymir reiðufé í erlendum gjaldmiðlum á innlánsreikningum í bönkum utan Íslands. Vegna þessara aðstæðna þykir rétt að leggja það til að unnt sé að greiða hlutagreiðslur upp í umþrættar kröfur með því að fjármálafyrirtæki stofni

sérstaka innlánsreikninga í eigin nafni þar sem hlutagreiðslur vegna umþrættra krafna yrðu lagðar inn. Færu hlutagreiðslur fram í fleiri en einum gjaldmiðli væri mögulegt að stofna fjárvörslureikning fyrir hvern gjaldmiðil. Færu hlutagreiðslur fram í fleiri en eitt skipti yrði greitt inn á þessa fjárvörslureikninga meðan ekki hefði verið endanlega leyst úr ágreiningi um viðkomandi kröfur. Til þess að halda utan um hlutdeild hverrar kröfu á geymslureikningum yrðu hlutagreiðslur hvers kröfuhafa skráðar með sérgreindum og sundurliðuðum hætti í bókhaldi fjármálafyrirtækisins. Rétt þykir að kveða skýrt á um að tilkynna beri kröfuhafa um hlutagreiðslu sem fer fram með innborgun inn á sérstaka geymslureikninga og að slíkar innborganir teljist hlutagreiðsla í skilningi ákvæðisins.

Um 5. gr.

Í almennum athugasemdum hér að framan kemur fram að við slit Kaupþings, Landsbanka Íslands og Glitnis hafa kröfuhafar komið á fót óformlegum kröfuhafanefndum sem hafa fundað reglulega með skilanefndum og slitastjórnum fjármálafyrirtækja. Nokkuð mismunandi er hvernig þessar nefndir hafa verið samsettar og hverjir eiga þar fulltrúa, en þar hefur skapast vettvangur fyrir skilanefndir og slitastjórnir til að kynna ákvarðanir og ráðagerðir sínar fyrir kröfuhöfum.

Með þeirri breytingu sem lögð er til í ákvæðinu er kveðið nánar á um framkvæmd varðandi upplýsingagjöf til kröfuhafa og nefnda á þeirra vegum. Rétt er að geta þess að við slit fjármálafyrirtækis gildir eftir sem áður almenn regla 2. mgr. 80. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Samkvæmt henni getur sá sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta krafist þess að fá aðgang að skjölum þrotabús til skoðunar og fengið eftirrit af þeim á eigin kostnað, svo sem nánar er mælt fyrir um í ákvæðinu. Hér er til viðbótar lagt til að sú framkvæmd sem mótast hefur við slit bankanna þriggja um upplýsingagjöf til kröfuhafa verði enn frekar fest í sessi, þannig að slitastjórn kynni kröfuhöfum um allar umtalsverðar ráðstafanir sem varða sölu eða ráðstöfun eigna eða annarra réttinda fjármálafyrirtækis í slitum, á fundum sem slitastjórn boðar til með birtingu fundarboðs með almennum hætti. Er hér einkum átt við ráðstafanir slitastjórnar á eignum fjármálafyrirtækis, sölu þeirra eða aðrar ákvarðanir sem slitastjórn kann að taka og hefur áhrif á eignir fjármálafyrirtækis sem er í slitum. Hér er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að slitastjórn þurfi að tilkynna kröfuhöfum um ákvörðun um afstöðu til krafna sem borist hafa við innköllun, eða eftir atvikum höfðun riftunarmála, en um slíkar ákvarðanir gilda almennar reglur laganna og laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Ekki þarf að boða til þessa fundar með birtingu í Lögbirtingablaði, heldur er nægjanlegt að tilkynna kröfuhöfum um hann með almennri tilkynningu. Markmiðið með kynningu samkvæmt framansögðu er að upplýsa kröfuhafa um væntanlegar ráðstafanir og að gefa þeim færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, eftir atvikum athugasemdum eða ábendingum, um ráðstöfunina. Ef slitastjórn sinnir ekki þeirri upplýsingaskyldu sem mælt er fyrir um í ákvæðinu hefur það ekki áhrif á þær ráðstafanir sem kunna að vera gerðar varðandi eignir fjármálafyrirtækis í slitum. Þetta kann þó að vera atriði sem kröfuhafi getur komið á framfæri til Fjármálaeftirlitsins.

Um 6. gr.

Slitum fjármálafyrirtækja verður ekki lokið með úthlutun til kröfuhafa eftir reglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Í 4. mgr. 103. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, er mælt fyrir um að ef fyrir liggur að eignir fjármálafyrirtækis nægi ekki til þess að standa að fullu við skuldbindingar þess og slitastjórn telur sýnt að ekki verði forsendur til að leita nauðasamnings eftir ákvæðum 3. mgr. 103. gr. a, eða frumvarp að honum hefur

ekki fengist samþykkt eða hafnað hefur verið kröfu um staðfestingu hans, er slitastjórn skylt að krefjast þess að bú fjármálafyrirtækisins verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Það er mikilvægt samkvæmt framansögðu að slitastjórn hafi nægt svigrúm til þess að kanna til þrautar hvort hún geti náð nauðasamningi við kröfuhafa samkvæmt fyrrgreindum reglum. Kröfur á hendur stóru bönkunum þremur hafa gengið kaupum og sölum. Er því ekki alltaf ljóst hver fer með atkvæðisrétt vegna lýstra krafna og kann það raunar að breytast frá degi til dags. Þá hefur almennu ferli nauðasamningsumleitana nú nýverið verið breytt með lögum nr. 95/2010 sem fólu m.a. í sér breytingar á ákvæði 47. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Hér eftir getur skuldari því gert breytingar á frumvarpi sínu að nauðasamningi, allt þar til atkvæðagreiðslu er endanlega lokið um frumvarpið. Samkvæmt því hefur slitastjórn rúmar heimildir til þess að breyta frumvarpi sínu til nauðasamnings meðan á nauðasamningsumleitunum stendur. Með lögum nr. 95/2010 voru jafnframt gerðar þær breytingar á ákvæði 49. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, að til samþykkis nauðasamnings er einungis áskilið samþykki 60 hundraðshluta atkvæðismanna, talið eftir höfðatölu, án tillits til þeirrar eftirgjafar sem veita á með nauðasamningi.

Við mat á því hvort og hvernig einfalda megi nauðasamningsumleitanir við lok slita, að teknu tilliti til reglunnar um jafnræði kröfuhafa, verður að líta til þeirra sérstöku aðstæðna sem nú ríkja við slit fjármálafyrirtækja. Má hér nefna að við slit Kaupþings bárust ríflega 28.000 kröfur, en mikill hluti samningskrafna mun vera tiltölulega lágar kröfur einstaklinga um vaxtamun af innlánsreikningum. Samkvæmt reglum 49. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er áskilið samþykki 60 hundraðshluta þessara kröfuhafa, en slík krafa um þátttöku þeirra við slit fjármálafyrirtækja getur verið þungbær. Þrátt fyrir það er ekki lagt til að breytt verði reglum um áskilið samþykki eftir fjárhæðum krafna. Þannig er áfram krafist þess að lágmarki að atkvæði vegna 60 hundraðshluta allra samningskrafna falli til samþykkis nauðasamningi. Hins vegar er lagt til að við talningu atkvæða eftir höfðatölu verði hlutfallið einungis miðað við þá sem sannanlega greiða atkvæði við nauðasamningsumleitanir, en þó þannig að að lágmarki falli atkvæði 70 hundraðshluta þeirra atkvæðismanna sem þátt taka í atkvæðagreiðslu til samþykkis nauðasamningsfrumvarpi. Það skal áréttað að auð atkvæði teljast ekki með við talningu atkvæða. Það er þó algert skilyrði að öllum þekktum kröfuhöfum sem kunna að fara með atkvæðisrétt verði send tilkynning með sannanlegum hætti eftir reglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, um fyrirhugaðan fund til atkvæðagreiðslu og afleiðingar þess ef fundarsókn fellur niður af þeirra hálfu. Sambærilegt ákvæði er að finna í dönskum gjaldþrotaskiptalögum, sem íslensk gjaldþrotaskiptalög eru að hluta til byggð á, en þó er lagt til að áskilið sé hærra hlutfall þeirra atkvæðismanna sem mæti á fund þar sem greidd eru atkvæði um frumvarp að nauðasamningi en gert er í dönsku gjaldþrotaskiptalögunum, þ.e. 70 hundraðshlutar þeirra í stað 60.

Auk þess, og í ljósi þess fjölda krafna sem borist hafa á nauðasamningstímabili stóru bankanna þriggja, verður jafnframt að ætla slitastjórn rýmri frest en endranær til þess að boða til fundar um frumvarp að nauðasamningi þegar svo stendur á að frumvarp hefur hvorki fengist samþykkt né fellt á fundi vegna ónógrar þátttöku í atkvæðagreiðslu. Er því lagt til að í stað tveggja vikna frests sem fram kemur í 1. mgr. 51. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, hafi slitastjórn allt að átta vikna frest til þess að halda atkvæðagreiðslu áfram á framhaldsfundi. Á þeim tíma getur slitastjórn gert hvorutveggja, breytt frumvarpi að nauðasamningi skv. 47. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, auk þess sem hún hefur þá aukið ráðrúm til þess að fá fram afstöðu þeirra kröfuhafa sem ekki hafa gefið sig fram við atkvæðagreiðsluna á fyrri fundi til frumvarps að nauðasamningi.

Um 7. gr.

Um a-lið.

Skilanefndir fjármálafyrirtækja, sem Fjármálaeftirlitið skipaði á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008, starfa enn á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V. Er skilanefnd ætlað sama hlutverk og slitastjórn er ætlað í 3. mgr. 9. gr., 2. málsl. 4. mgr. 101. gr., 1. málsl. 5. mgr. 102. gr. og 1.–3. mgr. 103. gr. laganna. Til annarra verka en fram koma í fyrrgreindum ákvæðum hefur við slit fjármálafyrirtækja verið skipuð stjórn eftir fyrirmælum 1. og 3. málsl. 4. mgr. 101. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 44/2009 (slitastjórn).

Á grundvelli framangreindra ákvæða starfa því nú skilanefndir og slitastjórnir við slit Kaupþings, Landsbanka Íslands og Glitnis. Er þeim ætlað í sameiningu að fara með þau störf sem slitastjórnum er almennt ætlað eftir reglum XII. kafla. Þó fer Fjármálaeftirlitið með skipunarvald þegar um er að ræða skilanefndir, en héraðsdómur með skipunarvald þegar um er að ræða slitastjórnir. Með þeirri breytingu sem lögð er til á ákvæðinu er lagt til að sömu reglur gildi framvegis um skipun manna í skilanefndir eða slitastjórnir sem falla undir ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009, þannig að héraðsdómur skipi einstaka menn í skilanefndir, sé þess þörf. Er lagt til að beiðni þess efnis verði beint til héraðsdóms, en ekki er tekið fram í ákvæðinu hver geti komið fram með slíka beiðni. Er ráð fyrir því gert að slík beiðni komi frá skilanefnd sem þá rökstyðji í beiðni sinni hvort efnisleg skilyrði séu til staðar fyrir skipun nýs manns í skilanefnd samkvæmt ákvæðinu. Framangreind breyting hefur ekki áhrif á skipun þeirra manna sem nú sitja í skilanefndum, en gert er ráð fyrir því að héraðsdómur geti hér eftir vikið þeim úr skilanefnd komi fram krafa um slíkt eftir reglum 76. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, eða eftir atvikum Fjármálaeftirlitið skv. 3. gr. frumvarpsins.

Þá er einnig lagt til að sömu reglur skuli gilda um störf skilanefnda og um slitastjórnir, en skv. 3. málsl. 4. mgr. 101. gr. laganna gilda reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti um slitastjórn og þá menn sem í henni eiga sæti, að svo miklu leyti sem ekki mælt fyrir um þá á annan veg í lögunum. Í þessu felst að ótvírætt er að sömu reglur gilda um skilanefndir og þá menn sem sitja í slitastjórnum samkvæmt framansögðu, auk þess sem þeir sem í skilanefndum sitja þurfa að uppfylla almenn hæfisskilyrði 75. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og reglur 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Breytingunni er því ætlað að færa dómstólum það hlutverk að taka ákvörðun um að skipa menn í skilanefndir líkt og á við um slitastjórnir.

Um b-lið.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að Fjármálaeftirlitið fari með eftirlit við slit fjármálafyrirtækis samkvæmt ákvæðum XII. kafla B laganna, óháð því hvort það hafi starfsleyfi eða takmarkað starfsleyfi eða hvort starfsleyfi þess hafi verið afturkallað. Rétt þykir að Fjármálaeftirlitið hafi einnig eftirlit með störfum skilanefnda sem starfa á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009. Eru hér tekin af öll tvímæli um að skilanefndir sem starfa á grundvelli ákvæðisins falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Getur Fjármálaeftirlitið krafist gagna og skýringa hjá skilanefndum líkt og gildir um slitastjórnir, auk þess sem Fjármálaeftirlitið getur beint kröfu til héraðsdóms um að skilanefndarmanni verði vikið frá telji það störf hans vera aðfinnsluverð eða neiti hann að afhenda gögn.

Um 8. gr.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er m.a. að bregðast við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB, um endurskipulagningu og slit lánastofnana. Tilskipunin var innleidd með lögum nr. 130/2004, um

breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, en henni var ekki bætt við upptalningu 112. gr. laganna, um innleiðingu. Með ákvæðinu er ætlunin að bæta úr þessu og gera lögin skýrari með því að færa númer tilskipunarinnar inn í upptalningu innleiðingargreinar laganna sjálfra (nú 117. gr.) í stað breytingalagagreinarinnar.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til að hafa eftirlit með slitum fjármálafyrirtækja sem er stýrt af slitastjórnum, óháð því hvort viðkomandi fjármálafyrirtæki hafi starfsleyfi, takmarkað starfsleyfi eða starfsleyfi þeirra hefur verið afturkallað. Í gildandi lögum hafa fjármálafyrirtæki í slitum sem hafa enn þá starfsleyfi fallið undir eftirlit með sama hætti og önnur fjármálafyrirtæki með starfsleyfi. Hins vegar hafa þau fjármálafyrirtæki sem eru í slitum en hafa takmarkað starfsleyfi eða hafa misst starfsleyfi sitt ekki sætt sérstöku eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Einnig er lagt til að gerð verði ríkari krafa til upplýsingagjafar slitastjórnar fjármálafyrirtækis sem verði gert að boða til fundar með kröfuhöfum áður en mikils háttar ákvarðanir eru teknar um sölu eða ráðstöfun réttinda eða eigna búsins. Jafnframt er lagt til að reglum um nauðasamninga við lok slita verði breytt á þann veg að frestur sem áskilinn er milli fundar um atkvæðagreiðslu við nauðasamningsumleitanir fram til framhaldsfundar verði lengdur úr tveimur vikum í átta vikur. Er það gert til að greiða fyrir því að unnt verði að ljúka slitum með nauðasamningi í stað þess að óska eftir gjaldþrotaskiptum. Auk þess er lagt til að reglum um atkvæðagreiðslu við nauðasamning fjármálafyrirtækis verði breytt á þá lund að samþykki atkvæðismanna sem talið er eftir höfðatölu miðist við þá sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni en ekki þá sem lýst hafa kröfu.

Frumvarpi þessu er jafnframt ætlað að bregðast við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna innleiðingar tilskipunar 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 130/2004. Því er lagt til að gerðar verði smávægilegar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki í þeim tilgangi að innleiða tilskipunina að fullu. Er hér um að ræða reglur sem fjalla um réttaráhrif þess að slit hefjast á fjármálafyrirtæki, meðal annars um lagaval og svo frekari undantekningar frá þeirri meginreglu að við slit og fjárhagslega endurskipulagningu fjármálafyrirtækis skuli lög heimaaðildarríkis gilda við tilteknar aðstæður.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum er ekki fyrirséð að til aukinna útgjalda muni koma hjá Fjármálaeftirlitinu þar sem um er að ræða viðbót við þær eftirlitsheimildir sem verið hafa til staðar gagnvart slitastjórnum, en slitastjórnir föllnu bankanna þriggja hafa hingað til fallið undir eftirlitsskyldur Fjármálaeftirlitsins. Þannig er ekki gert ráð fyrir auknum mannafla hjá stofnuninni en talið að núverandi eftirlitsgjald muni nægja til að standa undir viðbótarkostnaði verði hann einhver. Ekki er því ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkisins.

1383. Svar [625. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um fyrirgreiðslu og afskriftir viðskiptamanna bankanna.

1. *Hvernig er tryggt að sambærilegir viðskiptamenn bankanna fái ekki ólíka fyrirgreiðslu og afskriftir?*

Þegar kemur að afskriftum eiga fjármálafyrirtækin öll að starfa eftir sömu leikreglum, hvort heldur er um að ræða einstaklinga eða fyrirtæki. Þær reglur sem þar koma helst til álita eru:

I. Lög nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins (lög um sértæka skuldaaðlögun)
II. Samkomulag um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun frá 29. október 2009, sbr. 2. gr. laga um sértæka skuldaaðlögun
III. Sameiginlegar verklagsreglur um úrlausn skuldavanda fyrirtækja frá 2. mars 2010, sbr. 3. gr. laga um sértæka skuldaaðlögun
IV. Reglugerð nr. 307/2010, um störf eftirlitsnefndar, sbr. lög nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.
V. Samkomulag um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga frá 22. desember 2010
VI. Samkomulag um úrvinnslu skuldamála fyrirtækja og átak til að vinna að skuldavanda lítilla og meðalstórra fyrirtækja frá 15. desember 2010 (Beina brautin).

Einnig má nefna greiðsluaðlögun, sbr. lög nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, lög nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafa á húsnæði, og X. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Við greiðsluaðlögun getur verið um að ræða töluverðar afskriftir en það ferli fer í gegnum umboðsmann skuldara, umsjónarmenn og eftir atvikum dómstóla eftir fyrirframákveðnum leikreglum. Ekki verður frekar rætt um afskriftir sem stafa frá greiðsluaðlögun í svari þessu.

2. *Hvernig er háttað eftirliti með afskriftum viðskiptamanna í bankakerfinu?*

Með lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, var sett á fót eftirlitsnefnd um framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar. Nefndina skipa María Thjell, forstöðumaður lagastofnunar Háskóla Íslands, formaður, og Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands. Sigríður Ármannsdóttir, endurskoðandi og eigandi APAL endurskoðunarskrifstofu, sat líka í nefndinni en hefur nýverið sagt sig úr henni og er nú unnið að skipan nýs endurskoðanda líkt og lögin gera ráð fyrir. Í febrúar sl. var gengið frá ráðningu þriggja starfsmanna fyrir nefndina sem starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hennar, en heimild fyrir ráðningu þeirra fékkst með lögum nr. 151/2010 sem samþykkt voru frá Alþingi í desember sl. Nefndin er skipuð til 31. desember 2011 en þá falla I. og II. kafli laganna brott.

Við samningu þessa svars var leitað eftir upplýsingum frá nefndinni um hvernig hún hagar störfum sínum og byggist svarið á þeim upplýsingum.

Hlutverk nefndarinnar er að kanna að eigin frumkvæði hvort eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði framfylgja samræmdum reglum sem settar eru á grundvelli laga um sértæka skuldaaðlögun. Þá skal nefndin fylgjast með því að við framkvæmd laganna sé gætt sanngirni og réttlæti á milli skuldara.

Eftirlitsnefndin hefur því eftirlit með þeim reglum sem nefndar eru í sex töluliðum hér að framan. Þá hafa bankarnir einnig boðið upp á ýmis önnur úrræði fyrir viðskiptavini í greiðsluerfiðleikum og hefur eftirlitsnefndin túlkað hlutverk sitt þannig að henni beri að hafa eftirlit með öllum þeim úrræðum sem beitt er í tilvikum þar sem sértæk skuldaaðlögun gæti komið til greina. Nefndin skoðar því ekki eingöngu tilfelli þar sem um sértæka skuldaaðlögun er að ræða.

Nefndin hefur á starfstíma sínum fundað reglulega með forsvarsmönnum bankanna, forstöðumönnum einstakra deilda/sviða, innri endurskoðendum, umboðsmönnum viðskiptavina, bankastjórum o.fl. Á þeim fundum er farið yfir einstök mál auk almennra atriða er varða til að mynda innri verklagsreglur og almenna framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar. Einnig er farið yfir beitingu annarra úrræða, svo sem 110% aðlögunar húsnæðislána, framsetningu á heimasíðum og hvernig skuli bætt úr, ágalla í upplýsingagjöf almennt og/eða hjá einstökum útibúum, starfssvið umboðsmanna viðskiptavina og samvinnu við umboðsmenn viðskiptavina, svo fátt eitt sé talið. Fjölmörg önnur atriði eru yfirfarin og rædd.

Nefndin fundar einnig með Fjármálaeftirlitinu, umboðsmanni skuldara, Íbúðalánasjóði, lífeyrissjóðum, sparisjóðum, SFF, Samkeppniseftirlitinu og þingnefndum og hefur jafnframt mætt á þingflokksfundi til að upplýsa og greina frá störfum sínum.

Nefndin hefur aðgang að aðstöðu innan fjármálastofnananna þar sem skoðunarvinnan fer fram og hefur henni verið úthlutað sérstöku gagnasvæði innan þeirra. Eftirlit nefndarinnar með einstökum málum fer þannig fram að nefndin hefur útbúið skilagrein sem fjármálastofnanir, sem aðild eiga að samkomulagi um sértæka skuldaaðlögun, þurfa að fylla út og uppfæra mánaðarlega og setja á gagnasvæði nefndarinnar, þar sem fram koma upplýsingar um afgreiðslu mála. Þyki nefndinni, á grundvelli skilagreinarinnar, ástæða til að skoða viðkomandi afgreiðslu nánar gerir hún það. Nefndin velur enn fremur færslur af þessum skilagreinum af handahófi til frekari skoðunar. Inn á þessar skilagreinar eru færðar upplýsingar um öll fyrirtæki, hvort sem fallist er á afskrift, henni er hafnað eða farin er önnur leið en afskrift samkvæmt reglum um sértæka skuldaaðlögun. Nefndin fær einnig uppfærða lista yfir afgreiðslu mála einstaklinga í einstökum bönkum. Með tilkomu starfsmanna nefndarinnar mun hún geta skoðað fleiri mál og tekið fleiri úrtök.

Eftirlitsnefndin er með netfang, þar sem einstaklingar og forsvarsmenn fyrirtækja geta sent inn kvartanir og erindi. Hefur nefndin svarað þeim aðilum þannig að málið verði skoðað en nefndin geti ekki upplýst hver niðurstaða skoðunar verði. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að málsmeðferð í viðkomandi máli hafi ekki verið í samræmi við reglur eða sanngirni og jafnræðis ekki gætt, er farið fram á við viðkomandi fjármálafyrirtæki að afgreiðslan sé leiðrétt. Ef ekki er brugðist við því getur nefndin sent ráðherra álit, sé um einstakling að ræða en til Fjármálaeftirlits (FME) varði brotið fyrirtæki.

Enn sem komið er hafa athugasemdir nefndarinnar leitt til leiðréttinga og ekki hefur komið til þess að ráðherra eða FME sé sent álit.

Nefndin skilaði skýrslu til ráðherra í mars 2010 sem ráðherra kynnti fyrir Alþingi í samræmi við 5. gr. laganna. Eftirlitsnefndin skilaði annarri skýrslu sinni 30. september 2010 þar sem er að finna ýtarlegar upplýsingar um framkvæmd eftirlits hjá nefndinni og hvernig eftirliti er háttað í tilviki einstaklinga og fyrirtækja. Nefndin hyggst skila næstu skýrslu, um mitt ár 2011, en nefndin telur mikilvægt að ráðherra, Alþingi og almenningur sé upplýstur um stöðu mála, þegar u.þ.b. hálft ár er eftir af gildistíma laganna.

1384. Svar [666. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar um samning við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um mat á áhrifum skattabreytinga.

1. *Hver var heildarkostnaður ráðuneytisins af samningi sem gerður var við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands árið 2007 um mat á áhrifum skattabreytinga á árunum 1991–2007?*

Samkvæmt samningi fjármálaráðuneytisins og Félagsvísindastofnunar átti heildarkostnaður ráðuneytisins við umrætt verkefni að nema 10 millj. kr. án vsk. og greiðast í fjórum jöfnum greiðslum á samningstímanum. Ráðuneytinu hafa hins vegar aðeins borist þrír reikningar að fjárhæð samtals 7,5 millj. kr. án vsk.

2. *Hver óskaði eftir samningnum af hálfu ráðuneytisins?*

Árni M. Mathiesen, þáverandi fjármálaráðherra, óskaði eftir mati á ýmsum skattbreytingum frá 1991 til 2007 og áhrifum hugsanlegra skattbreytinga á næstu árum á lífskjör almennings og velferð, stöðugleika í efnahagslífinu og stöðu ríkissjóðs, í samræmi við stefnuyfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar.

3. *Hve margar voru greiðslurnar fyrir verkið, hvenær voru þær greiddar og hverjum?*

Ráðuneytið hefur greitt Félagsvísindastofnun þrjár greiðslur fyrir verkið samkvæmt reikningum. Fyrsti reikningurinn var greiddur 12. september 2007, annar reikningurinn var greiddur 27. desember 2007 og sá þriðji 28. mars 2008.

4. *Hefur verkefninu verið skilað til ráðuneytisins og ef svo er, hvernig nýtist það?*

Haustið 2009 afhenti Félagsvísindastofnun ráðuneytinu skýrslu í tveimur prentuðum eintökum og einu eintaki á geisladisk. Heiti skýrslunnar er Skattar og velferð á Íslandi 1991–2007 og er alls 80 blaðsíður.

5. *Getur almenningur skoðað verkefnið, hafi því verið skilað?*

Skýrslan hefur ekki verið birt á vefsíðu ráðuneytisins. Hins vegar, með vísan til 3. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, á almenningur rétt á upplýsingum af þessu tagi sé þess óskað.

6. *Verður óskað eftir endurgreiðslu hafi verkefninu ekki verið skilað?*

Á ekki við þar sem verkefninu var skilað til fjármálaráðuneytisins.

7. *Leitaði ráðuneytið til háskólasamfélagsins með fleiri verkefni af þessu tagi á síðasta áratug?*

Ráðuneytið hefur ekki leitað til háskólanna undanfarinn áratug með verkefni af því tagi sem hér um ræðir, en hefur leitað til þeirra og einstakra starfsmanna þeirra með ýmis önnur verkefni.

8. *Hverjar voru verktakagreiðslur ráðuneytisins til háskólasamfélagsins í heild á þeim tíma?*

Hér eru veittar upplýsingar um greiðslur til háskólasamfélagsins fyrir sérfræðiþjónustu sem veitt hefur verið af stofnunum háskólanna. Nam sá kostnaður 19,3 millj. kr. á tímabilinu. Hins vegar er ekki unnt að veita upplýsingar um verktakagreiðslur til einstakra starfsmanna

háskólanna, svo sem prófessora, kennara og sérfræðinga, þar sem ekki liggur fyrir starfsmannalisti skólanna aftur í tímann. Ráðuneytið hefur greitt starfsmönnum háskóla fyrir ýmis verkefni undandarin ár. Sum verkefnanna tengjast störfum starfsmannanna við háskólanna, en önnur er óháð störfum þeirra.

1385. Nefndarálit [432. mál]

um till. til þál. um göngubrú yfir Markarfljót.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá ríkislögreglustjóra, Landgræðslu ríkisins, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, félagasamtökunum Farfuglum, Umferðarstofu og Vegagerðinni.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta smíða göngubrú yfir Markarfljót við Húsadal í þeim tilgangi að auðvelda og bæta aðgengi að Þórsmerkursvæðinu. Í greinargerð tillögunnar kemur m.a. fram að á Þórsmerkursvæðið sé aðeins hægt að komast á sérútbúnum bílum eftir torfærum slóðum. Engu síður sé talið að um 75–100 þúsund ferðamenn komi þangað árlega. Þá er á það bent að þegar eldgos varð í Eyjafjallajökli hinn 14. apríl 2010 hafi leiðin inn í Þórsmörk lokast og það hafi skapað hættu fyrir ferðafólk auk þess sem ferðaþjónustuaðilar hafi tapað viðskiptum. Einnig kemur fram að leiðin í Þórsmörk sé almennt hættuleg og lokist oft á hverju sumri og mjög alvarleg slys hafi orðið í ám á leiðinni.

Umsagnaraðilar fagna tillögunni almennt á þeim forsendum að gerð göngubrúar yfir Markarfljót við Húsadal muni auka öryggi ferðamanna, m.a. þar sem hún kann að leiða til þess að um mun færri óbrúuð vatnsföll verði að fara á leiðinni norðan við Markarfljót. Þá hvetja nokkrir umsagnaraðilar til þess að tillagan verði samþykkt þar sem hún feli í sér auðveldara aðgengi að Þórsmerkursvæðinu sem aftur muni gagnast ferðaþjónustuaðilum og náttúruunnendum sem hingað til hafa átt erfitt með að ferðast þangað öðru vísi en með skipulögðum hætti.

Í umsögn Landgræðslunnar bendir stofnunin m.a. á að Þórsmörk og aðrar aðliggjandi afréttir austan Markarfljóts séu friðaðar fyrir búfjárbeit og mikilvægt sé að slíku banni verði ekki raskað. Leggur stofnunin verulega áherslu á að hönnun og smíði göngubrúar yfir Markarfljót og umhverfi hennar megi ekki með nokkru móti leiða til þess að sauðfé komist í Þórsmörk frá Fljótshlíðarafrétti en koma verði í veg fyrir slíkt með gerð ristarhliða eða öðrum öruggum hætti. Þá vekur stofnunin einnig athygli á því að aukning umferðar ferðafólks um Þórsmerkursvæðið, með tilkomu göngubrúar yfir Markarfljót, kunni að leiða til þess að umferð breytist frá því sem nú er og álag á einstaka staði eða leiðir muni því aukast. Er á það bent að gróður í Þórsmörk og aðliggjandi svæðum og Fljótshlíðarafrétti sé viðkvæmur og ökuleiðir liggi að miklu leyti um uppgrætt land. Af þeim sökum telur stofnunin nauðsynlegt að í tengslum við brúargerðina verði gerðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir gróðurspillingu vegna umferðar og ráðist í mótvægisaðgerðir til að koma í veg fyrir frekari gróðurskemmdir, t.d. af völdum utanvegaaksturs.

Í umsögn Vegagerðarinnar er bent á að eigi að gera leiðina að væntanlegri göngubrú færa fólksbifreiðum þurfi að brúa Gilsá og e.t.v. nokkur minni vatnsföll. Reifar stofnunin nokkra

þá kosti sem hún telur helst koma til greina við framkvæmdina en bendir jafnframt á að aðstæður hafi ekki verið skoðaðar og ekki lagt mat á fjölda vatnsfalla og umfang framkvæmdarinnar út frá þeim kostum. Þá kemur fram að lausleg skoðun hafi verið gerð á brúarkosti á móts við Húsadal og áætlaður kostnaður við akfæra brú fyrir léttari bíla sé um 95–100 millj. kr. og kostnaður við einbreiða timburbrú á Gilsá án varnargarða geti verið um 50–70 millj. kr.

Nefndin ræddi málið á fundum sínum. Nefndarmenn eru einhuga um að brú sú sem tillagan gerir ráð fyrir að verði smíðuð sé líkleg til að hafa verulega jákvæð áhrif á öryggi ferðamanna sem ferðast um Þórsmerkursvæðið. Þá muni slík brú auðvelda aðgengi að svæðinu og að sama skapi jafna aðstöðu og tækifæri manna til að ferðast um svæðið. Að auki muni slík brú hafa í för með sér aukin tækifæri fyrir ferðaþjónustuaðila til þess að skipuleggja ferðir og það kunni mögulega að hafa í för með sér fjölgun starfa við ferðaþjónustu á Suðurlandi, bæði beint vegna aukinnar þjónustu við ferðamenn í Þórsmörk og óbeint vegna fjölgunar ferðamanna sem ferðast um Suðurland. Í ljósi athugasemda umsagnaraðila telur nefndin þó ekki verða hjá því komist að undirbúa brúargerðina vandlega enda er til fleiri atriða að líta en þeirra sem hér hafa verið talin upp. Er það því tillaga nefndarinnar að breyta orðalagi tillögugreinarinnar og árétta nauðsyn þess að undirbúningur smíði brúar yfir Markarfljót verði vandaður. Telur nefndin þannig að ekki verði hjá því komist að framkvæmt verði formlegt kostnaðarmat á framkvæmdinni og útbúin önnur undirbúningsgögn þannig að fyrir liggi atriði er varða m.a. aðkomu að brúnni og fyrirsjáanlegt viðhald hennar til framtíðar. Auk þess telur nefndin nauðsynlegt að við gerð fjárlaga næsta fjárlagaárs verði gert ráð fyrir fjárframlögum til brúarsmíðinnar og annarra þeirra verkefni sem smíði hennar kann að hafa í för með sér.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að smíði göngubrúar yfir Markarfljót við Húsadal.

Árni Johnsen og Ólína Þorvarðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 2011.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Mörður Árnason.
Róbert Marshall.	Árni Þór Sigurðsson.	Guðmundur Steingrímsson.
	Ásbjörn Óttarsson.	

1386. Nefndarálit [699. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum (eftirlitsgjald).

Frá viðskiptanefnd.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa skulu fasteignasalar greiða árlegt eftirlitsgjald fyrir 1. júlí ár hvert. Fjárhæð gjaldsins nemur 100.000 kr. og skal standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala.

Frá því að innheimta eftirlitsgjaldsins hófst hefur safnast í nokkurn sjóð þar sem kostnaður við eftirlitið hefur reynst minni en talið var í upphafi. Fram kom við umfjöllun um málið að um 66 millj. kr. væru í sjóðnum og að gert væri ráð fyrir því að tæplega 20 millj. kr. yrðu innheimtar á næsta gjalddaga að óbreyttum lögum. Með lögum nr. 18/2009 var lögfest ákvæði til bráðabirgða við lögin um að gjaldið yrði ekki innheimt á árinu 2009 og með lögum nr. 73/2010 var ákveðið að innheimta ekki heldur vegna ársins 2010.

Í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu er unnið að frumvarpi til nýrra heildarlaga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa og er því með þessu frumvarpi lagt til að gjaldtökunni verði frestað til ársins 2012. Stefnt er að því að hið nýja frumvarp verði lagt fram á næsta þingi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Sigurður Kári Kristjánsson og Skúli Helgason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 2011.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Valgerður Bjarnadóttir.	Birkir Jón Jónsson.	Björn Valur Gíslason.
	Margrét Tryggvadóttir.	

1387. Lög [202. mál]

um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1089.

1388. Frumvarp til laga [784. mál]

um breytingu á lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum (greiðsluþátttaka í lyfjakostnaði).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

6. tölul. 1. mgr. 29. gr. laganna orðast svo: Lyf, sbr. 25. gr. Gjald fyrir lyf getur verið hlutfallsgjald og þrepaskipt eftir uppsöfnuðum lyfjakostnaði sjúkratryggðs á tilteknu tímabili og skal tiltaka hlutfall, tímabil og þrep í reglugerð. Nái uppsafnaður lyfjakostnaður sjúkratryggðs ekki tilteknu lágmarki greiðir sjúkratryggður hann að fullu. Gjald fyrir lyf má vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum. Einnig er heimilt að ákveða í reglugerð að lyf við tilteknum alvarlegum sjúkdómum séu undanþegin gjaldi. Í reglugerð er jafnframt m.a. heimilt að tiltaka hámark eininga í lyfjaávísunum og greiðsluþátttökuverð, þ.e. það verð sem sjúkratryggingar skulu miða greiðsluþátttöku sína við, sbr. lyfjalög. Þá er heimilt að takmarka greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í ákveðnum lyfjaflokkum við hagkvæmustu pakkningar samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð. Heimilt er í reglugerð að binda útgáfu lyfjaskírteina við ákveðinn fjölda lyfja.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrirkomulag greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands (áður Tryggingastofnunar ríkisins) í lyfjakostnaði hefur verið til umræðu með hléum í nokkuð mörg ár. Núverandi fyrirkomulag hefur þótt fela í sér hættu á mismunun á grundvelli sjúkdóma, auk þess sem í núverandi kerfi er ekkert þak á hversu háar greiðslur sjúkratryggðs einstaklings vegna lyfjakaupa geti orðið.

Í nóvember 2007 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra nefnd til að gera tillögur að réttlátari, einfaldari og gagnsærri greiðsluþátttöku einstaklinga í kostnaði vegna lyfja og annarrar heilbrigðisþjónustu með það að leiðarljósi að verja einstaklinga gegn háum kostnaði. Nefndin safnaði miklum upplýsingum og miklar umræður fóru fram um fyrirkomulag nýs greiðsluþátttökukerfis. Gert var ráð fyrir að fjármagn fengist af fjárlögum 2009 fyrir kostnaði við áframhaldandi vinnu en það gekk ekki eftir og var nefndin lögð niður í byrjun árs 2009. Nýr vinnuhópur var skipaður vorið 2010 til að gera tillögu að nýju greiðsluþátttökukerfi lyfja og byggði hann á vinnu fyrri nefndar með það að leiðarljósi að koma á réttlátara greiðsluþátttökukerfi og verja einstaklinga gegn háum og vaxandi kostnaði. Sú fyrirmynd sem mest var horft til var það greiðsluþátttökukerfi lyfja sem nú er við lýði í Danmörku. Vinnuhópurinn tók saman skýrslu um nýtt greiðsluþátttökukerfi sjúkratrygginga vegna lyfjakostnaðar. Skýrsludrög, dags. 21. október 2010, voru send hinum ýmsu hagsmunasamtökum til umsagnar.

Í núverandi kerfi hér á landi miðast greiðsluþátttakan við hverja lyfjaávísun og greiðir sjúkratryggður ákveðið hlutfall upp að þaki/hámarki fyrir hverja lyfjaávísun. Í danska kerfinu er ekkert þak á lyfjaávísun vegna tiltekins lyfs heldur eru notendagreiðslur ákveðin prósenta af lyfjakostnaði þegar lyfjaútgjöld einstaklings eru komin upp fyrir ákveðna upphæð á 12 mánaða tímabili. Greiðsluþátttaka sjúkratryggðs fer stiglækkandi eftir því sem lyfjakostnaður hans eykst á 12 mánaða tímabili. Í Danmörku er svo unnt að sækja um undanþágu frá frekari

greiðslum þegar sjúkratryggður hefur greitt ákveðna upphæð á ári vegna lyfja (kronikertilskud).

Í íslenska kerfinu er ekkert hámark á heildarlyfjakostnaði einstaklinga og getur hann því orðið mjög hár. Þá er íslenska kerfið mun flóknara og um mismikla greiðsluþátttöku að ræða eftir lyfjaflokkum. Tilgangurinn með því að taka upp breytt greiðsluþátttökukerfi er að jafna greiðsluþátttöku milli sjúkratryggðra einstaklinga með því að fella öll lyf sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða í einn flokk. Þannig verði stuðlað að jafnræði milli sjúklingahópa og hagkvæmari lyfjanotkun, því einstaklingar munu hafa beinan hag af því að velja hagkvæmustu lyfin. Þrátt fyrir að gjald fyrir lyf megi vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum má búast við því að sumir muni eiga erfitt með að ráða við háa greiðslu í upphafi tímabils. Til að bregðast við því kemur til greina að minnka það magn lyfja sem afgreitt er hverju sinni, bjóða upp á greiðsludreifingu eða styrktarmöguleika fyrir þá tekjulægstu, sbr. reglugerð um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar nr. 355/2005 og reglugerð um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri nr. 1052/2009.

Gert er ráð fyrir að þau lyf sem sjúkratryggingar hafa hingað til tekið þátt í að greiða falli undir nýtt greiðsluþátttökukerfi. Þó er gert ráð fyrir að ákveðnum lyfjaflokki, þ.e. sýklalyfjum, sé bætt inn í greiðsluþátttökukerfið. Einnig er gert ráð fyrir að S-merkt lyf sem ávísað er á lyfseðlum og notuð eru utan sjúkrahúsa og á göngudeildum sjúkrahúsa falli undir greiðsluþátttökukerfið. Hins vegar verði greiðsluþátttakan ekki mismikil eftir lyfjaflokkum eins og verið hefur heldur falli lyfin að meginstefnu til öll undir sömu reglur. Þetta þýðir færri greiðslumerkingar eða tvær í stað fimm. Sjúkratryggingar taka annaðhvort þátt í greiðslu tiltekinna lyfja eða ekki. Gert er ráð fyrir að það fyrirkomulag að sjúkratryggingar taki almennt einungis þátt í greiðslu hagkvæmustu pakkningar í ákveðnum lyfjaflokkum haldist óbreytt. Einnig er gert ráð fyrir að þær reglur sem gilt hafa gildi áfram um greiðsluþátttöku vegna lyfja sem notuð eru við tilkynningarskyldum smitsjúkdómum, sbr. 11. gr. reglugerðar um sóttvarnaráðstafanir nr. 414/2007. Þá er gert ráð fyrir að sjúkratryggingar geti áfram í sérstökum tilvikum, þ.e. þegar um alvarlega sjúkdóma er að ræða, afgreitt lyfjaskírteini sem veiti sjúkratryggðum rétt á lyfjum þeim að kostnaðarlausu.

Könnun á notkun lyfja seinni hluta ársins 2009 og fyrri hluta ársins 2010 í lyfjagagnagrunni landlæknis leiddi í ljós mikla fjöllyfjanotkun (polyfarmacia) hér á landi. Í ljós kom að tveir einstaklingar sem flestar lyfjategundir notuðu á umræddu tímabili notuðu hvor um sig 48 lyf. 1.650 manns höfðu notað 20 lyf eða fleiri og um 6.500 höfðu notað 10 lyf eða fleiri. Í framangreindri könnun voru síaðir frá allir sem voru með heildarkostnað undir 297.000 kr. og allir sem höfðu eingöngu fengið lyf án greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. Ljóst er að mikill ávinningur felst í því að sporna við óhóflegri fjöllyfjanotkun um leið og komið er á nýju greiðsluþátttökukerfi lyfja, ekki einungis fjárhagslegur, heldur ekki síður læknisfræðilegur, því að vitað er að möguleikar á mistökum og milliverkunum vegna lyfja aukast í réttu hlutfalli við fjölda þeirra lyfja sem tekin eru. Því er nauðsynlegt að samtímis upptöku nýs greiðsluþátttökukerfis verði komið á aðgerðum til að sporna við óeðlilegri fjöllyfjanotkun. Gert er ráð fyrir að í nýju greiðsluþátttökukerfi verði unnt að sækja um lyfjaskírteini til Sjúkratrygginga Íslands þegar hámarksgreiðslu á 12 mánaða tímabili er náð. Í tengslum við það gefst tækifæri til að fara yfir fjöllyfjanotkun sjúkratryggðra, hafa samband við viðkomandi lækna og óska eftir leiðréttingum sé tilefni til þess.

Sjúkratryggingar Íslands munu áfram gefa út lyfjaskírteini. Læknar munu geta sótt um lyfjaskírteini fyrir sjúkratryggða, eins og verið hefur ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt samkvæmt vinnureglum. Lyf sem lyfjaskírteini verða gefin út fyrir verða með eins greiðslu-

þátttöku og falla inn í greiðsluþátttökukerfið að undanteknum geðklofalyfjum, lyfjum til einstaklinga í líknandi meðferð og lyfjum til fólks með lokastigsnýrnabilun sem þarf að vera í skilunarmeðferð. Stærstur hluti skírteinaútgáfu verður til einstaklinga í langtímalyfjameðferð sem náð hafa hámarksþrepi í greiðsluþátttökukerfinu og verða til þess ætluð að veita sjúkratryggðum rétt til að fá þau lyf sem greiðsluþátttaka er í að fullu greidd af sjúkratryggingum. Óbreytt fyrirkomulag lyfjaskírteinaútgáfu verður varðandi lyf í ákveðnum lyfjaflokkum þegar hagkvæmustu lyfin reynast ófullnægjandi eða aukaverkanir koma fram af notkun þeirra (eins og nú á við um ákveðin magalyf, blóðfitulækkandi lyf, lyf við beinþynningu, ákveðin blóðþrýstingslyf, öndunarfæralyf og þunglyndislyf). Einnig verður óbreytt fyrirkomulag varðandi lyf við ofvirkni og önnur örvandi lyf, lyf fyrir sjúklinga í líknandi meðferð í heimahúsi, dýrari lyf þegar sjúkratryggður af brýnum læknisfræðilegum ástæðum getur ekki notað það lyf sem greiðsluþátttaka sjúkratrygginga miðast við, húðkrem, augndropa, vítamín eða sambærilegar vörur af brýnum læknisfræðilegum ástæðum og einstök lyf, vegna ákveðinna sjúkdóma. Einhver skírteini munu bætast við vegna einstaklinga í langtímalyfjameðferð sem náð hafa efsta þrepi í greiðsluþátttökukerfinu og sótt er um fulla greiðsluþátttöku fyrir. Sjúkratryggður einstaklingur fær þá öll nauðsynleg lyf sem eru með almenna greiðsluþátttöku að fullu greidd af sjúkratryggingum það sem eftir er af tólf mánaða tímabilinu. Lyfjanotkun þessara einstaklinga verður sérstaklega skoðuð, að höfðu samráði við lækni sjúkratryggðs, áður en lyfjaskírteini er samþykkt. Lyfjaskírteini geta mögulega haft nokkurra ára gildistíma svo ekki þurfi að sækja um lyfjaskírteini á hverju ári. Einnig munu bætast við skírteini vegna geðrofslyfja til einstaklinga með geðklofa. Lyfjaskírteini vegna einstaklinga með flogaveiki, parkinsons-sjúkdóm, krabbamein, ígrætt líffæri o.fl., munu falla niður. Hægt verður að sækja um lyfjaskírteini ef sjúklingur er kominn í efsta þrepið í greiðsluþátttökukerfinu, sbr. hér að framan. Lyfjaskírteini sem gefin hafa verið út til einstaklinga sem eru á mörgum lyfjum verða óþörf þar sem nýja greiðsluþátttökukerfið kemur til móts við þá sem eru á mörgum lyfjum og/eða þá sem þurfa að greiða mikið vegna lyfja.

Forsendur fyrir nýju greiðsluþátttökukerfi eru að Sjúkratryggingar Íslands haldi utan um greiðslustöðu sjúkratryggðra og upplýsingar um greiðslustöðu þeirra liggi fyrir við afgreiðslu lyfseðla í apóteki. Stofnunin þarf því að halda rafrænan gagnagrunn yfir þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að reikna út greiðsluþátttöku sjúkratrygginga og gjald sjúkratryggðs við kaup á lyfjum. Í gagnagrunninn þarf að skrá upplýsingar um lyfjakostnað sjúkratryggðra en ekki aðrar upplýsingar um lyfjanotkun, svo sem heiti og tegund lyfja. Í gagnagrunninn þarf auk þess skrá þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að starfrækja sérstakt greiðslukerfi fyrir lyfjakaup, sem og upplýsingar sem lyfjabúðir nota til útreiknings á greiðsluþátttöku í lyfjum samkvæmt lögum þessum. Aðlaga þarf hugbúnaðarlausnir að þessum breytingum og tryggja að þær séu í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd.

Með frumvarpinu fylgja drög að reglugerð um hið nýja greiðsluþátttökukerfi lyfja. Greiðsluþök í drögunum eru miðuð við magn- og kostnaðartölur ársins 2010. Þegar lögin taka gildi verður nauðsynlegt að miða greiðsluþök við fjárlög og nýjustu rauntölur.

Fylgiskjal I.

REGLUGERÐ
um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum.
(Drög 11. mars 2011.)

1. gr.
Gildissvið.

Í reglugerð þessari er kveðið á um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga almannatrygginga við kaup á nauðsynlegum lyfjum og um gjald sem sjúkratryggðir greiða fyrir lyf, sbr. 25. gr. og 6. tölul. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í lyfjakostnaði sjúkratryggðra einstaklinga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og reglugerð þessari, enda sé um að ræða nauðsynleg lyf, sbr. 3. mgr., sem læknir eða tannlæknir hefur ávísað og afgreidd eru í lyfjabúð eða hjá öðrum þeim sem hafa leyfi til lyfjasölu í löndum Evrópska efnahagssvæðisins. Skilyrði er að veitt hafi verið markaðsleyfi fyrir lyfið á Íslandi eða heimild til markaðssetningar þess hér á landi, sbr. þó 10. gr.

Lyfjagreiðslunefnd, sbr. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, ákveður hvort sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu kostnaðar vegna lyfja sem eru á markaði hér á landi. Um umsóknir markaðsleyfishafa og umboðsmanna þeirra um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga fer samkvæmt reglugerð um lyfjagreiðslunefnd.

2. gr.
Sjúkratryggðir.

Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkratryggingar, nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn. Að öðru leyti gilda um það hverjir teljist sjúkratryggðir hér á landi ákvæði 10.–16. gr. laga um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur teljist sjúkratryggður.

3. gr.
Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga og gjald sjúkratryggðs.

Vegna lyfja sem lyfjagreiðslunefnd hefur ákveðið að sjúkratryggingar skuli taka þátt í að greiða, sbr. 43. gr. lyfjalaga, skal greiðslutilhögun vera með eftirfarandi hætti, sbr. þó 5. og 8. gr.:

Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga fer eftir heildarkostnaði, miðað við greiðsluþátttökuverð, sbr. 5. gr., vegna lyfja sem sjúkratryggður hefur keypt á tólf mánaða tímabili sem reiknast frá fyrstu lyfjakaupum. Nýtt tímabil hefst í fyrsta skipti sem sjúkratryggður kaupir lyf eftir að fyrra tímabili lýkur.

Nái heildarkostnaður samkvæmt framansögðu á tólf mánaða tímabili ekki 22.500 kr. taka sjúkratryggingar ekki þátt í lyfjakostnaði sjúkratryggðs. Fari heildarkostnaður á tólf mánaða tímabili yfir 22.500 kr. er greiðsluþátttaka sjúkratrygginga sem hér segir:

1. 85% af þeim hluta sem er umfram 22.500 kr. og allt að 90.000 kr.
2. 92,5% af þeim hluta sem er umfram 90.000 kr.

Nái heildarkostnaður sem er vegna aldraðs einstaklings, öryrkja, einstaklings 60–66 ára sem nýtur ellilífeyris eða barns yngra en 18 ára, samkvæmt framansögðu á tólf mánaða tímabili ekki 15.000 kr. taka sjúkratryggingar ekki þátt í lyfjakostnaði hans. Fari heildarkostnaður á tólf mánaða tímabili fram yfir 15.000 kr. er greiðsluþátttaka sjúkratrygginga sem hér segir:

1. 85% af þeim hluta sem er umfram 15.000 kr. og allt að 60.000 kr.
2. 92,5% af þeim hluta sem er umfram 60.000 kr.

Börn undir 18 ára aldri með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Þjóðskrár skulu teljast einn einstaklingur. Ef sjúkratryggður verður 18 ára eftir byrjun tólf mánaða tímabils reiknast greiðsluþátttaka hlutfallslega skv. 3. mgr. og 4. mgr. eftir því sem við á þar til tímabilinu lýkur. Hið sama gildir ef sjúkratryggður verður 67 ára eða öryrki eftir byrjun tólf mánaða tímabils.

4. gr.

Leiðrétting greiðsluþátttöku sjúkratrygginga/gjalds sjúkratryggðs.

Ef reiknuð greiðsluþátttaka við lyfjakaup er umfram það sem sjúkratryggður átti rétt á skv. 3. gr. skal hún leiðrétt í tengslum við næstu lyfjakaup sjúkratryggðs sem sjúkratryggingar taka þátt í.

Ef reiknuð greiðsluþátttaka við lyfjakaup er minni en sú sem sjúkratryggður átti rétt á skv. 3. gr. skal það leiðrétt í tengslum við næstu lyfjakaup sjúkratryggðs sem sjúkratryggingar taka þátt í.

Við andlát sjúkratryggðs fellur niður mögulegur réttur sjúkratrygginga til leiðréttingar en kröfur á hendur sjúkratryggingum skulu settar fram í síðasta lagi einu ári eftir andlát sjúklings. Upplýsingum um lyfjakaup, þ.m.t. leiðréttingarfjárhæðum, skal eytt úr greiðslugagnagrunni Sjúkratrygginga Íslands einu ári eftir andlát sjúkratryggðs.

5. gr.

Greiðsluþátttökuverð o.fl.

Greiðsla sjúkratrygginga vegna kaupa á lyfjum miðast að hámarki við greiðsluþátttökuverð. Greiðsluþátttökuverð lyfs, þ.e. það verð sem sjúkratryggingar skulu miða greiðsluþátttöku sína við, er ákveðið af lyfjagreiðslunefnd, sbr. 43. gr. lyfjalaga, og getur verið eftirfarandi:

1. Viðmiðunarverð sem er lægsta hámarksverð samheitalyfja og/eða samhliða innfluttra lyfja og nær einnig til greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í hagkvæmustu pakkningum tiltekinna lyfjaflokka skv. 6. gr. Í þeim tilvikum sem hámarkssmásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð samkvæmt viðmiðunarverðskrá, greiðir sjúkratryggður þann viðbótarkostnað sem til fellur. Lyfjagreiðslunefnd gefur út viðmiðunarverðskrá sem birt er með lyfjaverðskrá.
2. Hámarkssmásöluverð lyfsins sem ákvarðað er af lyfjagreiðslunefnd og birtist það í lyfjaverðskrá.
3. Annað verð sem lyfjagreiðslunefnd ákveður og birtist það í lyfjaverðskrá.

Greiðsla sjúkratrygginga fyrir hverja lyfjaávísun skal miðast við mest 100 daga notkun og hagkvæmustu pakkningu samkvæmt lyfjaverðskrá. Sjúkratryggingar taka að jafnaði ekki þátt í greiðslu lyfjakostnaðar vegna fleiri en einnar lyfjaávísunar fyrir tiltekið lyf á hverju tímabili notkunar.

6. gr.

Hagkvæmustu pakkningar.

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmustu pakkninga í ATC-lyfjaflokkunum C 09 (lyf með verkun á renínangíótensín kerfið), N 06 A B (sérhæfðir serótónin endurupptöku hemlar), N 06 A X (önnur þunglyndislyf), A 02 B C (prótónpumpuhemla), C 10 A (lyf til temprunar á blóðfitu), R 03 A (adrenvirk lyf til innúðunar), R 03 B (önnur lyf til innúðunar gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi) og M 05 B (lyf sem hafa áhrif á beinbyggingu og beinmyndun).

Hagkvæmustu pakkningar í ATC-flokkunum C 09, N 06 AB, N 06 AX, A02 BC og C 10 A eru metnar út frá verði á einingu í pakkningu og taka sjúkratryggingar þátt í greiðslu þeirra pakkninga sem víkja ekki meir en:

– 150% frá lægsta einingaverði í óblönduðum lyfjum með einu virku innihaldsefni en 10% í blönduðum lyfjum með a.m.k. tveimur virkum innihaldsefnum í ATC-flokki C 09.
– 180% frá lægsta einingaverði í ATC-flokkum N 06 AB og N 06 AX.
– 20% frá lægsta einingaverði í ATC-flokki A 02 BC.
– 50% í ATC-flokki C 10 A.

Hagkvæmustu pakkningar í ATC-flokkum R 03 A, R 03 B og M 05 B eru metnar út frá verði á ráðlögðum dagskammti í pakkningu og taka sjúkratryggingar þátt í greiðslu þeirra pakkninga sem innihalda dagskammta er víkja ekki meir en:

– 290% frá ódýrasta dagskammti í ATC-flokkum R 03 A og R 03 B.
– 20% frá ódýrasta dagskammti í ATC-flokki M 05 B.

Þegar um er að ræða pakkningar lyfja í ATC-flokkum R 03 A og R 03 B sem eingöngu eru ætlaðar börnum er miðað við verð á hálfum ráðlögðum dagskammti sbr. samantekt um eiginleika lyfs (SPC).

Sjúkratryggingar taka ekki þátt í greiðslu annarra lyfja í framangreindum lyfjaflokkum en er þó heimilt að gefa út lyfjaskírteini fyrir greiðsluþátttöku skv. 1. tölul. 9. gr.

7. gr.

Lausasölulyf.

Sjúkratryggingar taka ekki þátt í greiðslu lausasölulyfja (auðkennd með „L“ í lyfjaverðskrá) nema í eftirfarandi tilvikum:

1. Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu lausasölulyfja í ATC-flokkum A 12 B A 01, C 01 D A 02, G 03 C A 04 og S 01 X A 20 ef þeim er ávísað með lyfseðli , sbr. 3. mgr. 5. gr.
2. Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu þeirra lausasölulyfja sem eru með skráð greiðsluþátttökuverð í lyfjaverðskrá og gefin hafa verið út lyfjaskírteini fyrir, sbr. 10. gr.

8. gr.

Undantekningar frá greiðsluþátttöku sjúkratrygginga.

Sjúkratryggingar taka ekki þátt í kostnaði vegna lyfseðilsskylds lyfs sem afhent er af lyfjafræðingi í neyðartilfelli, hafi viðkomandi ekki getað náð í lækni.

Sjúkratryggingar Íslands taka ekki þátt í kostnaði vegna lyfseðilsskylds lyfs sem læknir ávísar sjálfum sér til nota í starfi, til notkunar á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri hliðstæðri stofnun.

Sjúkratryggingar Íslands taka ekki þátt í kostnaði vegna lyfseðilsskylds lyfs sem ávísað er skipstjóra, flugstjóra eða forsvarsmanni fyrirtækis eða stofnunar til notkunar í lyfjakistur skipa eða loftfara eða í sjúkrakassa fyrirtækis eða stofnunar.

9. gr.

Lyfjaskírteini.

Sjúkratryggingum Íslands er heimilt í eftirfarandi tilvikum, samkvæmt umsókn, að ákvarða greiðsluþátttöku eða aukna greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna kaupa á lyfjum og gefa út lyfjaskírteini því til staðfestingar í samræmi við vinnureglur sem stofnunin setur sér:

1. Þegar sjúkratryggðum er brýn nauðsyn að nota um lengri tíma lyf sem sjúkratryggingar greiða ekki. Er þá heimilt að taka þátt í greiðslu skv. 3. gr.
2. Fyrir sjúkratryggða í líknandi meðferð í heimahúsi og sjúkratryggða með lokastigsnýrnabilun eða geðklofa. Sjúkratryggingum Íslands er þá heimilt að undanþiggja sjúkratryggðan greiðslu gjalds vegna tiltekinna lyfja eða lyfjaflokka.
3. Sé um að ræða sjúkratryggða með mikla, varanlega og læknisfræðilega vel rökstudda þörf fyrir lyf sem greitt hafa 64.875 kr. og á sama hátt aldraða, öryrkja, einstaklinga 60–66 ára sem njóta ellilífeyris og börn yngri en 18 ára sem greitt hafa 45.000 kr., er heimilt að undanþiggja þá greiðslu það sem eftir er af 12 mánaða tímabilinu, sbr. 3. og 5. gr. Til að sporna við of- og/eða misnotkun lyfja er Sjúkratryggingum Íslands heimilt að binda lyfjaskírteinið við ákveðinn fjölda lyfja, tiltekin lyf og/eða lyfjaskammta í samráði við lækni sjúkratryggðs. Sjúkratryggingar Íslands geta jafnframt bundið lyfjaskírteinið skilyrðum um að notuð séu ódýrustu lyfin hverju sinni ef um er að velja fleiri en eitt lyf með sambærilega verkan. Veiting lyfjaskírteinis skal ávallt háð því að notaðar séu hagkvæmustu pakkningastærðir hverju sinni.
4. Þegar sjúkratryggður af brýnum læknisfræðilegum ástæðum, s.s. vegna alvarlegra aukaverkana, getur ekki notað það lyf sem greiðsluþátttaka sjúkratrygginga miðast við, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 5. gr., er heimilt að miða greiðsluþátttöku við hámarkssmásöluverð viðkomandi lyfs.
5. Þegar sjúkratryggður af brýnum læknisfræðilegum ástæðum þarf að nota t.d. húðkrem, augndropa, vítamín eða sambærilegar vörur er heimilt að taka þátt í greiðslum hans skv. 3. gr.

10. gr.

Lyf sem ekki hafa markaðsleyfi eða eru ekki á markaði hér á landi.

Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga vegna kaupa á lyfjum sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi, þ.m.t. stöðluðum forskriftarlyfjum lækna, en heimilt er að nota samkvæmt undanþágu, sbr. 7. gr. lyfjalaga, og lyfjum með markaðsleyfi sem eru ekki á markaði á Íslandi, fer samkvæmt 4. tölul. 2. mgr. 43. gr. þeirra laga. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga í slíkum tilvikum skal taka mið af 2. mgr. 5. gr. eftir því sem við á.

Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að taka þátt í greiðslu lyfja í allt að 90 daga eftir að markaðsleyfi þeirra er útrunnið, sbr. 77. gr. reglugerðar nr. 141/2011, um markaðsleyfi fyrir sérlyf, merkingar þeirra og fylgiseðla og lyfja sem fallið hafa úr lyfjaverðskrá vegna birgðaskorts, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 213/2005, um lyfjagreiðslunefnd, með síðari breytingum.

11. gr.

Umsóknir um aukna greiðsluþátttöku sjúkratrygginga skv. 7. og 9. gr.

Sækja skal um lyfjaskírteini skv. 9. gr. og greiðsluþátttöku skv. 7. gr. reglugerðar þessarar til Sjúkratrygginga Íslands á því formi sem stofnunin ákveður. Umsækjanda er skylt að veita stofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að taka ákvörðun um rétt til aukinnar greiðsluþátttöku, þar á meðal að heimila stofnuninni aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um hann í lyfjagagnagrunni landlæknis.

Ef ekki reynist unnt að taka ákvörðun um rétt til aukinnar greiðsluþátttöku, svo og endurskoðun greiðsluþátttöku, vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum sem rekja má til umsækjanda, er Sjúkratryggingum Íslands heimilt að fresta ákvörðun um aukna greiðsluþátttöku þar til úr því er bætt. Stofnunin skal tafarlaust gera viðkomandi viðvart ef til frestunar kemur og skora á hann að veita nauðsynlegar upplýsingar.

12. gr.

Ákvarðanir um aukna greiðsluþátttöku sjúkratrygginga.

Allar umsóknir um aukna greiðsluþátttöku skv. 7. og 9. gr. skulu afgreiddar svo fljótt sem kostur er og skal greiðsluþátttakan reiknuð frá þeim degi sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til hennar.

Aukin greiðsluþátttaka skal aldrei ákvörðuð lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn og/eða önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um rétt til aukinnar greiðsluþátttöku berast stofnuninni.

Ákvörðun um aukna greiðsluþátttöku fellur niður ef greiðsluþátttakan er ekki nýtt innan tólf mánaða en ákvarða má greiðsluþátttöku á ný ef rökstudd umsókn berst.

Grundvöll réttar til greiðsluþátttöku má endurskoða hvenær sem er og samræma greiðsluþátttöku þeim breytingum sem orðið hafa.

13. gr.

Sérreglur fyrir atvinnulausa.

Einstaklingur á aldrinum 18–66 ára sem fær greiddar fullar atvinnuleysisbætur samkvæmt staðfestingu Vinnumálastofnunar á rétt á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna kaupa á lyfjum á sama hátt og aldraðir og öryrkjar njóta samkvæmt reglugerð þessari.

14. gr.

Stjórnsýslukærur.

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð greiðsluþátttöku vegna kaupa á lyfjum samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að kæra ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Kæra til úrskurðarnefndar almannatrygginga skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan þriggja mánaða frá því umsækjanda var tilkynnt um ákvörðun. Á skrifstofum Sjúkratrygginga Íslands skulu liggja frammi eyðublöð í þessu skyni og veita starfsmenn stofnunarinnar nauðsynlega aðstoð við útfyllingu þeirra.

Sjúkratryggingar Íslands skulu láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á.

15. gr.

Tilkynningaskylda samkvæmt tilskipun 89/105/EB um gagnkvæmar ráðstafanir er varða verðlagningu lyfja sem ætluð eru mönnum og þátttöku innlendra sjúkratrygginga í greiðslu þeirra.

Tilkynna skal handhöfum markaðsleyfa eða umboðsmönnum þeirra allar breytingar á reglugerð þessari sem hafa áhrif á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna þeirra lyfja er markaðsleyfi þeirra taka til. Tilkynningunni skal eftir því sem við á fylgja álit sérfræðinga eða tilmæli sem breytingarnar byggjast á. Þá skulu þeim kynnt þau lagaúrræði sem þeir geta nýtt sér samkvæmt gildandi lögum og sá frestur sem þeir hafa til þess.

16. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 25. gr., 1. mgr. 29. gr., og 55. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast gildi xx.xx.2011. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 403/2010, um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum, með síðari breytingum.

Velferðarráðuneytinu, xx.xx.2011.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum (greiðsluþátttaka í lyfjakostnaði).

Frumvarp þetta er liður í að koma á nýju greiðsluþátttökukerfi sjúkratrygginga ríkisins í kostnaði vegna lyfja en breytingarnar eru taldar nauðsynlegar þar sem núverandi kerfi þykir vera flókið og getur falið í sér mismunun milli sjúklinga að ýmsu leyti. Í frumvarpinu er lögð til breyting á ákvæði gildandi laga um gjald fyrir lyf til sjúkratryggðra auk þess sem ráðgert er að setja samhliða því nýja reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum. Hér er fjallað samhliða um áhrif af frumvarpinu og reglugerðinni. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar taki gildi 1. október nk. Markmiðið með nýju greiðsluþátttökukerfi er að gera greiðsluhlutdeild einstaklinga í kostnaði vegna lyfja einfaldari og gagnsærri og að einstaklingar þurfi ekki að bera sjálfir mjög háan lyfjakostnað heldur einungis upp að tilteknu marki. Auk þess er breytingunum ætlað að jafna betur greiðsluhlutdeild milli sjúkratryggðra einstaklinga með því að fella öll lyf sem ríkið tekur þátt í að greiða í einn flokk í stað þess að nú er greiðsluþátttakan mismikil eftir lyfjaflokkum.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi opnað fyrir möguleikann á því að sjúkratryggðir greiði kostnað að fullu upp að tiltekinni viðmiðunarfjárhæð innan 12 mánaða tímabils. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi miðast greiðsluþátttaka við hverja lyfjaávísun, þar sem sjúkratryggðir greiða ákveðið hlutfall upp að tilteknu þaki fyrir hverja lyfjaávísun sem er mismunandi eftir lyfjaflokkum. Gert er ráð fyrir að í nýju reglugerðinni verði viðmiðunarfjárhæðin 22,5 þús. kr. fyrir almenna notendur en lægri fjárhæð eða 15 þús. kr. fyrir aldraða, öryrkja, lífeyrisþega á aldrinum 60–66 ára og börn yngri en 18 ára.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að gjaldtaka verði bæði þrepaskipt og hlutfallsleg í stað þess að hún sé einungis hlutfallsleg. Í reglugerðinni er kveðið á um að greiðsluþátttaka ríkissjóðs fari stighækkandi með hækkandi lyfjakostnaði sjúkratryggðra einstaklinga yfir 12 mánaða tímabil. Greiðsluþátttaka ríkisins verði 85% af lyfjakostnaði á bilinu 22,5–90 þús. kr. fyrir almenna notendur en fyrir hópa með lægri greiðslumörk verði hún 85% fyrir lyfjakostnað á bilinu 15–60 þús. kr. Greiðsluþátttakan hækkar svo í 92,5% fari hann yfir efri mörk hjá báðum hópum. Þá verði Sjúkratryggingum Íslands heimilt í tengslum við útgáfu lyfjaskírteina að setja þak á greiðslur sjúklinga. Miðað er við tæpar 65 þús. kr. hjá almennum notanda og 45 þús. kr. hjá fólki með lægri greiðslumörk. Í núverandi kerfi er ekkert hámark sett á greiðslur sjúkratryggðra. Gert er ráð fyrir að atvinnulausir einstaklingar geti sótt um að greiðslur þeirra miðist við lægri greiðslumörkin. Þá er einnig kveðið á um að tímabilið sem við er miðað verði óháð almanaksári og að það hefjist við fyrstu lyfjakaup sjúklings og ljúki

tólf mánuðum síðar. Nýtt greiðslutímabil hefst svo við fyrstu kaup eftir að fyrra tímabili lýkur.

Í þriðja lagi er ætlunin að öll lyf sem ríkið tekur þátt í að greiða verði sett í einn flokk og þannig verði stuðlað að meira jafnræði milli sjúklingahópa. Í núverandi kerfi er greiðsluþátttakan ólík eftir lyfjaflokkum. Greiðslumerkingum verður því fækkað úr fimm í tvær. Ríkið taki þannig annaðhvort þátt í greiðslu tiltekinna lyfja eða ekki.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að þau S-merktu lyf sem ávísað er á lyfseðla og notuð eru annaðhvort utan sjúkrahúsa, t.d. vegna eftirmeðferðar í heimahúsum, eða á göngudeildum sjúkrahúsa falli eftirleiðis undir greiðsluþátttökukerfið. Í núverandi kerfi eru öll S-merkt lyf notendum að kostnaðarlausu, bæði innan og utan sjúkrahúsa. Eftir sem áður munu sjúklingar ekki þurfa að greiða fyrir lyf sem þeir fá í meðferð inni á sjúkrahúsum. Vera má að umtalsverður hluti sjúklingahópsins sem fær S-merkt lyf utan sjúkrahúsa muni fá lyfjaskírteini þannig að þessi lyf verði þeim áfram að kostnaðarlausu. Ráðgert er að endurskoða S-merkt lyf en þar til sú endurskoðun hefur farið fram verða ekki gerðar aðrar breytingar á umsýslu S-merktra lyfja.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir heimild í reglugerðinni fyrir því að gefa út lyfjaskírteini vegna geðrofslyfja þannig að sjúkratryggingar greiði að fullu fyrir þau.

Útgjöld ríkissjóðs vegna greiðsluþátttöku í lyfjakostnaði sjúklinga nema hátt í 13 mia. kr. á ári og eru verulegur hluti heilbrigðisútgjalda. Undanfarin ár, í kjölfar alþjóðlegu efnahagskreppunnar, hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana hér á landi líkt og víða um heim til að stemma stigu við útgjöldum hins opinbera á þessu sviði, m.a. með því að setja meiri skorður við þátttöku hins opinbera og með því að breyta regluverki þannig að það feli í sér meiri hvata til minni og hagkvæmari lyfjakaupa. Náðst hefur ágætur árangur í þessum efnum hér á landi að undanförnu sem hafði í för með sér að útgjöld ríkisins vegna almennrar lyfjanotkunar lækkuðu um 7% milli áranna 2009 og 2010 á föstu verðlagi þegar tekið hefur verið tillit til gengisbreytinga. Slíkar breytingar sem snerta verðlagningar- og greiðsluþátttökukerfin taka nokkurn tíma til að hafa áhrif á lyfjaneysluna og fela þar með í sér nokkra óvissu um þróun hennar þannig að erfiðara verður um vik að áætla útgjaldahorfur og meta áhrif af nýju kerfi.

Sjúkratryggingastofnun hefur gert útreikning á áætluðum kostnaði við nýtt greiðsluþátttökukerfi samkvæmt þessu frumvarpi. Útreikningurinn byggist á lyfjanotkun ársins 2010 samkvæmt tölfræðigagnagrunni stofnunarinnar sem inniheldur upplýsingar um lyfseðla sem apótek senda inn með rafrænum hætti. Miðað við þá útkomu, áform um að geðrofslyf verði sjúklingum að kostnaðarlausu, a.m.k. 1% raunvöxt lyfjakostnaðar milli ára og umreikning yfir á gengisforsendur fjárlaga 2011 má gera ráð fyrir að sú áætlun jafngildi um 8.750 m.kr. kostnaði fyrir ríkissjóð á ársgrundvelli. Raunvöxtur þessara útgjalda milli ára hefur raunar falið í sér talsvert meiri aukningu lyfjanotkunar en á móti því hefur vegið breytt samsetning lyfjategunda þar sem notkunin hefur færst meira úr dýrari lyfjategundum í ódýrari.

Samkvæmt gildandi fjárlögum er um 8.450 m.kr. fjárheimild til ráðstöfunar til niðurgreiðslna á almennum lyfjum, þ.e. þegar S-merkt lyf eru undaskilin. Sá útgjaldarammi innifelur áform um aðhaldsaðgerðir sem eiga að skila 400 m.kr. sparnaði á árinu samkvæmt útfærslu velferðarráðuneytisins á aðhaldsmarkmiðum sínum í fjárlögum 2011. Ganga verður út frá því að ráðuneytið grípi til viðeigandi ráðstafana til að tryggja framgang þeirra áforma, t.d. ef horfur væru á einhverjum útgjöldum umfram það þegar líða tekur á árið. Samkvæmt þessu má ætla að árlegur kostnaður við nýja greiðsluþátttökukerfið eins og það er sett fram í frumvarpinu gæti orðið um 300 m.kr. umfram gildandi útgjaldaramma fjárlaga. Í því sambandi má benda á að með því að hnika til viðmiðunum fyrir helstu forsendum í greiðslu-

þátttökunni væri unnt að aðlaga kerfið forsendum fjárlaga og með nokkru meiri tilfærslu á þeim vikmörkum mætti jafnvel ná fram enn frekari lækkun þessara útgjalda ríkissjóðs og stuðla að meiri hagkvæmni með aukinni kostnaðarvitund lyfjanotenda og lækna. Sem dæmi má taka að væru þær fjárhæðir hækkaðar sem miðað er við áður en sjúkratryggingar taka þátt í lyfjakostnaði og hafðar 30 þús. kr. hjá almennum notendum og 20 þús. kr. hjá öðrum ættu þessi útgjöld að verða um 400 m.kr. lægri og þar með innan ramma fjárlaga. Væri þessu til viðbótar hlutdeildarprósenta sjúklinga hækkuð á hvoru þrepi um 5 prósentustig, miðað við það sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, gæti niðurgreiðsla ríkisins lækkað um 500 m.kr. til viðbótar og því mundu útgjöldin lækka samtals um 900 m.kr.

Útgjöld ríkissjóðs vegna lyfja með S-merkingu eru áætluð tæpir 4,7 mia. kr. í fjárlögum 2011. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi lyf muni eftirleiðis einnig falla undir greiðsluþátttökukerfið þegar ávísað er á þau vegna notkunar utan sjúkrahúsa. Ef allir slíkir notendur S-merktra lyfja sem eru á göngudeildum eða dvelja í heimahúsum þyrftu að taka þátt í að greiða kostnað vegna þeirra með sömu reglum og eiga að gilda um önnur lyf er áætlað að það gæti lækkað útgjöld ríkissjóðs um allt að 300 m.kr. Hins vegar er viðbúið að stærstur hluti þessara notenda fái lyfjakort og að þeir muni því eftir sem áður fá S-merkt lyf sér að kostnaðarlausu. Af hálfu velferðarráðuneytis liggja hins vegar ekki fyrir áform um í hvaða mæli lyfjaskírteini verði veitt til þessa hóps og eru því ekki forsendur til að álykta um hvort einhver sparnaður leiði af þessari breytingu. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að samkvæmt áætlunum Sjúkratrygginga Íslands eru horfur á að útgjöld vegna S-merktra lyfja verði tæpir 5 mia., kr. á þessu ári en það er um 500 m.kr. umfram fjárlagaheimild ársins. Engar áætlanir eru fyrirliggjandi hjá velferðarráðuneytinu til að bregðast við þessum útgjaldavanda.

Vegna breytinganna á greiðsluþátttökukerfinu er gert ráð fyrir að bæta þurfi við tveimur störfum hjá Sjúkratryggingum Íslands. Laun og annar kostnaður vegna þeirra starfa er áætlaður um 17 m.kr. á ári. Er þá gert ráð fyrir að sjö manns starfi að útgáfu lyfjaskírteina í nýja kerfinu og fjöldi skírteina verði á bilinu 23–25 þúsund á ári. Auk þessa þarf að fjárfesta í nýjum hugbúnaði til að halda utan um greiðslustöðu sjúklinga. Einskiptis stofnkostnaður við það er áætlaður 15 m.kr. og er gert ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður við búnaðinn nemi síðan 3 m.kr.

Heildarnotkun lyfja hér á landi mæld í svonefndum skilgreindum dagskömmtum hefur aukist um rúmlega 4% árlega að meðaltali frá árinu 2003. Á sama tíma hefur árleg íbúafjölgun verið 1,2%. Þetta getur varla talist heillavænleg þróun til lengri tíma litið og hlýtur að óbreyttu að leiða til meiri útgjaldavaxtar á þessu sviði en öðrum. Með tilliti til núverandi aðstæðna í ríkisfjármálum eru ríkar ástæður til þess að leitast verði við að stemma stigu við þessum útgjöldum með meiri greiðsluþátttöku og kostnaðarvitund lyfjanotenda en í núverandi kerfi. Ekki verður séð að það sé sjálfstætt markmið með frumvarpinu að stuðla að því. Sú einföldun á kerfinu sem felst í frumvarpinu kann þó í sjálfu sér að leiða til meiri skilvirkni og betri nýtingar á fjármunum að einhverju marki.

Að framangreindu má ráða að verði frumvarpið lögfest óbreytt og ný reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði tekur gildi 1. október nk. munu útgjöld ríkissjóðs að öllum líkindum aukast allnokkuð frá núgildandi fjárlögum. Á ársgrundvelli má telja að þau umframútgjöld gætu orðið á bilinu 200–320 m.kr. miðað við þær forsendur sem fyrir liggja en hafa ber í huga að talsverð óvissa er um þróun þeirra svo sem varðandi breytingar á lyfjanotkun í mismunandi lyfjaflokkum, gengi krónunnar o.fl. Ekki er gert ráð fyrir framangreindum viðbótarútgjöldum í gildandi fjárlögum þar sem settur er bindandi útgjaldarammi á nafnvirði fyrir ríkið í heild næstu tvö árin.

1389. Frumvarp til laga [785. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (mansal).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 227. gr. a laganna:

a. Í stað orðanna „8 ára fangelsi“ í inngangsmálslið 1. mgr. kemur: 12 ára fangelsi.
b. Í stað orðanna „skv. 226. gr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: skv. 1. mgr. 226. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í refsiréttarnefnd að beiðni innanríkisráðherra. Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á 227. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um mansal. Annars vegar að refsing fyrir mansal verði hækkuð úr 8 ára fangelsi í 12 ára fangelsi og hins vegar að í stað þess að vísa til 226. gr. hegningarlaga í heild sinni í 1. tölul. 1. mgr. ákvæðisins verði einungis vísað til 1. mgr. 226. gr.

Ákvæði 227. gr. a var lögfest með lögum nr. 40/2003. Við lýsingu brotsins var höfð hliðsjón af 3. gr. bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn (Palermó-bókunin). Breytingar voru gerðar á ákvæðinu með lögum nr. 149/2009 í tilefni af fyrirhugaðri fullgildingu Palermó-bókunarinnar og Samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali. Í frumvarpinu var lagt til að við skilgreiningu á hugtakinu mansali yrði ákvæðum 3. gr. Palermó-bókunarinnar og 4. gr. Evrópuráðssamningsins fylgt með nákvæmari hætti og var í því efni einkum litið til mansalsákvæðis 262. gr. a dönsku hegningarlaganna. Að auki var við ákvæðið bætt refsiþyngingarástæðu í tilvikum þar sem brot beinist gegn barni, sbr. 24. gr. Evrópuráðssamningsins, og lýst yfir refsinæmi athafna sem tengjast ferða- eða persónuskilríkjum, sbr. 20. gr. Evrópuráðssamningsins.

Undanfarin ár hefur sérstök áhersla verið lögð á það að berjast gegn mansali á Íslandi. Í mars 2009 samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaáætlun gegn mansali og í byrjun nóvember sama ár var skipað sérfræði- og samhæfingarteymi um mansal sem m.a. hefur það hlutverk að tryggja yfirsýn og þekkingu á mansalsmálum og að þolendur mansals fái viðeigandi vernd og aðstoð. Þá ber teyminu einnig að sinna fræðslu um mansalsmál, hafa eftirlit með framkvæmd aðgerðaáætlunar og vera stjórnvöldum til ráðgjafar í mansalsmálum. Lögregluyfirvöld hafa tekið saman upplýsingar og leiðbeiningar um verklag fyrir lögreglu í mansalsmálum og hafa nokkur mansalsmál gengið alla leið til dómstóla til úrlausnar.

Með dómi Hæstaréttar frá 16. júní 2010 í máli nr. 224/2010 var í fyrsta skipti sakfellt fyrir mansal hér á landi. Í málinu voru fimm menn fundnir sekir fyrir hlutdeild í mansalsbroti gegn 19 ára stúlku sem beitt hafði verið ólögmætri nauðung og annarri ótilhlýðilegri meðferð í heimalandi sínu áður en hún kom til Íslands. Talið var sannað að mennirnir hefðu hver með sínum hætti átt hlut í því að flytja stúlkuna hingað til lands eða á milli staða hérlendis og hýsa hana á ákveðnu tímabili. Var jafnframt talið sannað að stúlkan hefði verið flutt hingað til lands til að stunda vændi. Þar sem ekkert lá fyrir til sönnunar á því hvort mennirnir hefðu framið verknaðinn í eigin þágu, frekar en sem hlutdeildarmenn í broti annars manns, eins eða

fleiri, sem ekki hefði orðið uppvíst um, voru þeir dæmdir sekir fyrir hlutdeild í mansalsbroti. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að samverknaður þeirra laut að því að svipta unga konu, sem mátti sín lítils, frelsi til þess að ráða ferðum sínum og dvalarstað í þeim tilgangi að láta hana leggja stund á vændi hér á landi. Þá hefði háttsemin verið þaulskipulögð með einbeittum ásetningi í samstarfi við brotamenn erlendis, sem ekki hafði orðið uppvíst um. Var sá mannanna sem ríkastan þátt var talinn eiga í brotinu dæmdur til fimm ára fangelsisrefsingar en hinir til fjögurra ára fangelsisrefsingar.

Samhliða aukinni þekkingu og reynslu af meðferð mansalsmála er eðlilegt að ýmsir þættir slíkra mála komi til endurskoðunar. Af framangreindum dómi Hæstaréttar má vera ljóst að í mansali felst alvarlegt brot gegn þeim einstaklingi sem gert er að þola að vera með einum eða öðrum hætti sviptur frelsi sínu. Þá eru slík brot oftar en ekki framin í þeim tilgangi að hagnýta sér viðkomandi með kynferðislegum hætti.

Í ljósi alvarleika mansalsbrota og með hliðsjón af þeim refsingum sem liggja við brotum á 194. og 226. gr. almennra hegningarlaga er í frumvarpinu lagt til að hámarksrefsing fyrir brot á 227. gr. a almennra hegningarlaga verði hækkuð úr átta ára í tólf ára fangelsi. Á það ber sérstaklega að líta að brot gegn framangreindum ákvæðum eru oft liður í mansalsbroti. Þá þykir jafnframt rétt að breyta ákvæðinu á þann veg að það tæmi ekki sök gagnvart brotum á 2. mgr. 226. gr. laganna, en þar er m.a. kveðið á um það að hafi frelsissvipting verið framin í ávinningsskyni eða verið langvarandi, svo og ef maður hefur verið fluttur burt í önnur lönd eða fenginn mönnum á vald, sem ekki eigi neinn rétt á því, skuli beita fangelsisrefsingu ekki skemur en eitt ár og allt að sextán árum eða ævilangt. Séu atvik með þeim hætti sem segir í ákvæðinu þykir rétt að því sé beitt samhliða ákvæði 227. gr. a.

Loks er rétt að taka fram að sú breyting sem hér er lögð til hefur það jafnframt í för með sér að skilyrði 2. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, um að maður geti verið úrskurðaður í gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmuna, teljast uppfyllt að því er varðar mansalsbrot.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (mansal).

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum um mansal. Annars vegar lagt til að refsing fyrir mansal verði hækkuð úr 8 ára fangelsi í 12 ára fangelsi. Hins vegar er lagt til að mansalsbrot tæmi ekki sök gagnvart öðrum mjög alvarlegum frelsissviptingarbrotum, líkt og nú er, enda varða slík brot þyngri refsingu en ef brotið er gegn mansalsákvæði hegningarlaganna. Þykir því rétt að beita þeim ákvæðum samhliða í þeim tilvikum þar sem það getur átt við.

Erfitt er að segja til um hvort þyngri refsirammi vegna mansalsbrota hafi í för með sér þyngingu dæmdrar refsingar fyrir dómstólum, enda fer slíkt eftir eðli þess brots sem framið er hverju sinni. Þá er jafnframt ómögulegt að segja til um hversu mörg mál verði höfðuð fyrir dómstólum árlega á grundvelli mansalsákvæðisins, en þess má geta að engin slík mál eru til meðferðar hjá dómstólum nú um stundir. Ef þyngri refsingar leiða til lengri setu í fangelsi þá er áætlað að kostnaður vegna eins fanga sé um 8,2 m.kr. á ári.

1390. Nefndarálit [682. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa og landbúnaðarsamnings milli Íslands og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Ólafsson, Maríu Erlu Marelsdóttur og Ragnar G. Kristjánsson frá utanríkisráðuneytinu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar tveggja samninga. Annars vegar er um að ræða fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa, sem undirritaður var 22. júní 2009 í Hamar og hins vegar landbúnaðarsamning milli Íslands og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa sem undirritaður var sama dag.

Fríverslunarsamningurinn við aðildarríki Flóabandalagsins er af svokallaðri annarri kynslóð fríverslunarsamninga og inniheldur, auk ákvæða um vöruviðskipti, ákvæði um þjónustuviðskipti, fjárfestingar, hugverkaréttindi, samkeppnismál, opinber innkaup, stofnanaákvæði og ákvæði um lausn ágreiningsmála. Þó nær samningurinn ekki yfir fjárfestingar.

Landbúnaðarsamningurinn milli Íslands og aðildarríkja Flóabandalagsins er viðbótarsamningur og gerður með vísan til fríverslunarsamninganna. Viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur falla undir landbúnaðarsamninginn, en í tilviki aðildarríkja Flóabandalagsins veitist Íslandi niðurfelling tolla af innflutningi á lifandi hrossum, lambakjöti og vatni.

Vöruútflutningur til aðildarríkja Flóabandalagsins var nokkur á síðasta ári og nam 500 millj. kr., einkum vegna vöruútflutnings til Sádi-Arabíu. Um er að ræða ýmiss konar iðnaðarvörur, svo sem lyf og kísiljárn, sem og sjávarafurðir. Með fríverslunarsamningnum fella EFTA-ríkin niður tolla af iðnaðarvörum og sjávarafurðum frá og með gildistöku samningsins. Af hálfu aðildarríkja Flóabandalagsins falla niður tollar af stærstum hluta sjávarafurða frá og með gildistöku samnings en fimm ára aðlögunartími verður af örfáum sjávarafurðum, svo sem lýsi.

Fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa og Úkraínu ná yfir þjónustuviðskipti. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að þjónustuviðskipti milli Íslands og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna eru töluverð, mest við Sádi-Arabíu og Sameinuðu arabísku furstadæmin. Útflutningur á þjónustu frá Íslandi til Sádi-Arabíu nam árið 2009 um 16,3 milljörðum kr. og innflutningur um 1,1 milljarði kr. Sama ár nam útflutningur á þjónustu frá Íslandi til Sameinuðu arabísku furstadæmanna um 1,9 milljörðum kr. og innflutningur um 860 millj. kr. Þessi mikli útflutningur til Sádi-Arabíu og Sameinuðu arabísku furstadæmanna skýrist að langstærstum hluta af flugþjónustu.

Samkvæmt samningunum fallast EFTA-ríkin og aðildarríki Flóabandalagsins á að veita rýmri markaðsaðgang á ákveðnum sviðum þjónustuviðskipta umfram núverandi skuldbindingar samkvæmt Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Á móti veitir Ísland ríkjunum markaðsaðgang á sviði ýmiss konar sérfræðiþjónustu, t.d. verkfræðiþjónustu, fjarskiptaþjónustu, dreifingarþjónustu, fjármálaþjónustu, umhverfisþjónustu, ferðaþjónustu og á sviði sjóflutninga. Við umfjöllun nefndarinnar var á það bent að öðrum þriðju ríkjum hafi verið veittur hliðstæður markaðsaðgangur í öðrum fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna, t.d. Suður-Kóreu.

Aðildarríki Samstarfsráðs Arabaríkjanna veita EFTA-ríkjunum, þar á meðal Íslandi, markaðsaðgang fyrir sérfræðinga að veita orkuráðgjöf og markaðsaðgang fyrir flutningaþjónustu, t.d. vegna sjóflutninga og ferðaþjónustu.

Fríverslunar- og landbúnaðarsamningarnir eru mikilvægir til að bæta aðgang fyrirtækja í EFTA-ríkjunum, þar á meðal íslenskra fyrirtækja, að mörkuðum aðildarríkja Flóabandalagsins. Með samningunum verður dregið úr viðskiptahindrunum eða þær afnumdar og því mun samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja batna í aðildarríkjum Flóabandalagsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Björgvin G. Sigurðsson og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Birgitta Jónsdóttir.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.
Helgi Hjörvar.	Jón Gunnarsson.	Valgerður Bjarnadóttir.
	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.	

1391. Nefndarálit [683. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Perús og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Lýðveldisins Perús.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Ólafsson, Maríu Erlu Marelsdóttur og Ragnar G. Kristjánsson frá utanríkisráðuneytinu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar tveggja samninga. Annars vegar er um að ræða fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Perús sem undirritaður var af ráðherrum EFTA-ríkjanna 24. júní 2010 í Reykjavík og af Perú í Líma 14. júlí 2010 og hins vegar landbúnaðarsamning milli Íslands og Lýðveldisins Perús sem undirritaður var í Reykjavík og Líma sömu daga.

Fríverslunarsamningurinn við Perú er af svokallaðri annarri kynslóð fríverslunarsamninga. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að við gerð samningsins var ákveðið að semja ekki um markaðsaðgang á sviði þjónustuviðskipta, heldur skyldi hefja samningaviðræður um það efni að ári liðnu frá gildistöku samningsins.

Landbúnaðarsamningurinn milli Íslands og Perús er viðbótarsamningur og gerður með vísan til fríverslunarsamninganna. Viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur falla undir landbúnaðarsamninginn, en í tilviki Perús veitist Íslandi niðurfelling tolla á lifandi hrossum og vatni við gildistöku samningsins en á lambakjöti í skrefum.

Vöruútflutningur til Perús er lítill. Með fríverslunarsamningnum fella EFTA-ríkin niður tolla af iðnaðarvörum og sjávarafurðum frá og með gildistöku samningsins. Af hálfu Perús falla niður tollar af stærstum hluta þeirra sjávarafurða sem Ísland flytur að jafnaði út. Aðlögunartími er á nokkrum vörum, svo sem síld og lýsi.

Fríverslunar- og landbúnaðarsamningarnir eru mikilvægir til að bæta aðgang fyrirtækja í EFTA-ríkjunum, þar á meðal íslenskra fyrirtækja, að mörkuðum Perús. Með samningunum verður dregið úr viðskiptahindrunum eða þær afnumdar og því mun samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja batna í Perú.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Björgvin G. Sigurðsson og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Birgitta Jónsdóttir.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.
Helgi Hjörvar.	Jón Gunnarsson.	Valgerður Bjarnadóttir.
	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.	

1392. Nefndarálit [684. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Serbíu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Lýðveldisins Serbíu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Ólafsson, Maríu Erlu Marelsdóttur og Ragnar G. Kristjánsson frá utanríkisráðuneytinu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar tveggja samninga. Annars vegar er um að ræða fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Serbíu sem undirritaður var 17. desember 2009 í Genf og hins vegar landbúnaðarsamning milli Íslands og Lýðveldisins Serbíu sem undirritaður var sama dag.

Fríverslunarsamningurinn við Serbíu er af svokallaðri fyrstu kynslóð fríverslunarsamninga og nær yfir vöruviðskipti. Í samningnum eru jafnframt almenn ákvæði um vernd hugverka, fjárfestingar, þjónustuviðskipti og opinber innkaup.

Landbúnaðarsamningurinn milli Íslands og Serbíu er viðbótarsamningur og gerður með vísan til fríverslunarsamninganna. Viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur falla undir landbúnaðarsamninginn, en í tilviki Serbíu veitist Íslandi niðurfelling tolla af vatni, lifandi hrossum og hangikjöti. Tollar á lambakjöti lækka um helming, úr 30% niður í 15%, auk magntolls. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að líkt og á Íslandi er lambakjötsframleiðsla mikil í Serbíu og greinin viðkvæm fyrir utanaðkomandi samkeppni.

Vöruútflutningur til Serbíu var nokkur á síðasta ári og nam 670 millj. kr. – mest fyrir sjávarafurðir og lyf. Með fríverslunarsamningnum fella EFTA-ríkin niður tolla af iðnaðarvörum og sjávarafurðum frá og með gildistöku samningsins. Af hálfu Serbíu falla tollar á iðnaðarvörum niður frá gildistöku samningsins í skrefum en Serbía fær aðlögunartíma til ársins 2014 á hluta sjávarafurða.

Fríverslunar- og landbúnaðarsamningarnir eru mikilvægir til að bæta aðgang fyrirtækja í EFTA-ríkjunum, þar á meðal íslenskra fyrirtækja, að mörkuðum Serbíu. Með samningunum verður dregið úr viðskiptahindrunum eða þær afnumdar og því mun samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja batna í Serbíu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Björgvin G. Sigurðsson og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Birgitta Jónsdóttir.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.
Helgi Hjörvar.	Jón Gunnarsson.	Valgerður Bjarnadóttir.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

1393. Nefndarálit [685. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Úkraínu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Úkraínu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Ólafsson, Maríu Erlu Marelsdóttur og Ragnar G. Kristjánsson frá utanríkisráðuneytinu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar tveggja samninga. Annars vegar er um að ræða fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Úkraínu sem undirritaður var 24. júní 2010 í Reykjavík og hins vegar landbúnaðarsamning milli Íslands og Úkraínu sem undirritaður var sama dag.

Fríverslunarsamningurinn við Úkraínu er af svokallaðri annarri kynslóð fríverslunarsamninga.

Landbúnaðarsamningurinn milli Íslands og Úkraínu er viðbótarsamningur og gerður með vísan til fríverslunarsamningsins. Viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur falla undir landbúnaðarsamninginn, en í tilviki Úkraínu veitist Íslandi niðurfelling tolla af lifandi hrossum og tollar á lambakjöti og á vatni falla niður í skrefum.

Vöruútflutningur til Úkraínu er nokkur. Á síðasta ári nam útflutningur til Úkraínu 2,2 milljörðum kr. Svo til eingöngu sjávarafurðir. Með fríverslunarsamningnum fella EFTA-ríkin niður tolla af iðnaðarvörum og sjávarafurðum frá og með gildistöku samningsins. Af hálfu Úkraínu falla niður tollar af öllum sjávarafurðum, með örfáum undantekningum, frá 1. janúar 2012. Meðal þeirra undantekninga er heil síld og söltuð síld, sem ber áfram 5% toll.

Fríverslunar- og landbúnaðarsamningarnir eru mikilvægir til að bæta aðgang fyrirtækja í EFTA-ríkjunum, þar á meðal íslenskra fyrirtækja, að mörkuðum Úkraínu. Með samningunum verður dregið úr viðskiptahindrunum eða þær afnumdar og því mun samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja batna í Úkraínu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Björgvin G. Sigurðsson og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Birgitta Jónsdóttir.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.
Helgi Hjörvar.	Jón Gunnarsson.	Valgerður Bjarnadóttir.
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.		

1394. Nefndarálit [681. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Albaníu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Lýðveldisins Albaníu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Ólafsson, Maríu Erlu Marelsdóttur og Ragnar G. Kristjánsson frá utanríkisráðuneytinu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar tveggja samninga. Annars vegar er um að ræða fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Albaníu sem undirritaður var 17. desember 2009 í Genf og hins vegar landbúnaðarsamning milli Íslands og Lýðveldisins Albaníu sem undirritaður var sama dag.

Fríverslunarsamningurinn við Albaníu er af svokallaðri fyrstu kynslóð fríverslunarsamninga og nær yfir vöruviðskipti. Í samningnum eru jafnframt almenn ákvæði um vernd hugverka, fjárfestingar, þjónustuviðskipti og opinber innkaup.

Landbúnaðarsamningurinn milli Íslands og Albaníu er viðbótarsamningur og gerður með vísan til fríverslunarsamninganna. Viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur falla undir landbúnaðarsamninginn, en í tilviki Albaníu veitast Íslandi sömu tollfríðindi og í samningi Albana við Evrópusambandið sem felur m.a. í sér að tollar á lifandi hrossum og ostum falla niður.

Vöruútflutningur til Albaníu hefur verið mjög lítill undanfarin ár og telst aðeins í nokkrum milljónum króna. Með fríverslunarsamningnum fella EFTA-ríkin niður tolla af iðnaðarvörum og sjávarafurðum frá og með gildistöku samningsins. Af hálfu Albaníu falla tollar á nokkrum vöruflokkum niður í skrefum en Albanía fellir niður tolla á sjávarafurðum frá gildistöku samningsins.

Fríverslunar- og landbúnaðarsamningarnir eru mikilvægir til að bæta aðgang fyrirtækja í EFTA-ríkjunum, þar á meðal íslenskra fyrirtækja, að mörkuðum Albaníu. Með samningunum verður dregið úr viðskiptahindrunum eða þær afnumdar og því mun samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja batna í Albaníu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Björgvin G. Sigurðsson og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Birgitta Jónsdóttir.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.
Helgi Hjörvar.	Jón Gunnarsson.	Valgerður Bjarnadóttir.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

1395. Fyrirspurn [786. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um kostnað við tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu o.fl.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á stjórnskipan og rekstrarformi tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu?
2. Hver er nú áætlaður heildarkostnaður við byggingu hússins?
3. Hversu mikið fé var afskrifað við yfirtöku verkefnisins eftir hrun og á hvern fellur sá kostnaður?

1396. Fyrirspurn [787. mál]

til utanríkisráðherra um Þróunarsjóð EFTA.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hver hafa verið framlög Íslands til Þróunarsjóðs EFTA (svonefnds EES-fjármagnskerfis, sbr. 61. mál 139. þings), sundurliðað eftir árum á núverandi verðlagi?
2. Hvenær átti greiðslum að ljúka samkvæmt bókun 38 við EES-samninginn? Hvers vegna var haldið áfram að greiða?
3. Hvenær átti greiðslum að ljúka samkvæmt framlengdum samningum um Þróunarsjóð EFTA frá 2004?
4. Voru greiðslur inntar af hendi til Þróunarsjóðsins að liðnum gildistíma samninga um sjóðinn og áður en skrifað var undir nýtt samkomulag um framlög í Þróunarsjóð EFTA í ágúst 2010? Ef svo er, hvers vegna var haldið áfram að greiða?
5. Hvaða ríki hafa fengið fjárhagsaðstoð úr sjóðnum og undir hvaða formerkjum, t.d. með vaxtaafslætti af lánum, beinum styrkjum o.s.frv.? Svar óskast sundurliðað eftir árum.

Skriflegt svar óskast.

1397. Svar [585. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um launagreiðslur til stjórnenda banka, skilanefnda og slitastjórna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru mánaðarlegar launagreiðslur til hvers af æðstu stjórnendum (bankastjóra og bankaráðsmanna) Glitnis, Kaupþings og Landsbanka Íslands árin 2005–2008?*
2. *Hverjar voru mánaðarlegar launagreiðslur til hvers af æðstu stjórnendum (bankastjóra og bankaráðsmanna) Arion banka, Íslandsbanka og Nýja Landsbankans 2009–2011 (febrúarloka)?*

3. *Hverjar voru mánaðarlegar launagreiðslur til hvers skilanefndarmanns og slitastjórnarmanns Glitnis, Kaupþings og Landsbanka Íslands frá því að þessar nefndir/stjórnir voru settar á laggirnar til febrúarloka 2011?*
4. *Hvernig eru laun bankastjóra, bankaráða, skilanefnda og slitastjórna ákveðin?*

Óskað er eftir sundurliðun á hvern mánuð fyrir umrædd tímabil svo að launabreytingar og tímasetningar þeirra komi fram.

Ráðuneytið safnar engum upplýsingum frá bönkum, skilanefndum eða slitastjórnum. Fjármálaeftirlitið og eftir atvikum Seðlabanki Íslands safna upplýsingum frá eftirlitsskyldum aðilum í samræmi við það eftirlitshlutverk sem þessum stofnunum er falið.

Í von um að geta veitt fyrirspyrjanda svör við því sem spurt er um í fyrirspurninni ritaði ráðuneytið Fjármálaeftirlitinu bréf 17. mars sl. og óskaði eftir að stofnunin sendi ráðuneytinu svardrög eftir því sem upplýsingar væru til hjá stofnuninni.

Í svarbréfi Fjármálaeftirlitsins kemur fram að stofnunin hafi ekki aðrar upplýsingar um það sem spurt er um en þær sem komið hafa fram opinberlega, svo sem í ársreikningum fjármálafyrirtækja.

Í ljósi framangreinds hefur ráðuneytið ekki tök á því að svara þeim atriðum sem spurt er um í fyrirspurninni.

1398. Frumvarp til laga [788. mál]

um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum.

1. gr.

Inngangsmálsliður orðskýringar á „fjármagnshreyfingum“ í 1. gr. laganna orðast svo: Fjármagnshreyfingar á milli landa merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa og yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli innlendra og erlendra aðila sem tengjast:

2. gr.

Á eftir orðunum „skv. 4. gr., 5. gr.“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: 13. gr. a – 13. gr. n.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna koma sextán nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (13. gr. a.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara og 9. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, skulu fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti sem tilgreind eru í ákvæðum 13. gr. b – 13. gr. i vera óheimil fram til 31. desember 2015.

b. (13. gr. b.)

Eftirfarandi fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast milli landa í erlendum gjaldeyri skulu vera óheimilar:

1. Viðskipti og útgáfa verðbréfa, hlutdeildarskírteina í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, peningamarkaðsskjala og annarra framseljanlegra fjármálagerninga.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í lánastofnunum.
3. Lánveitingar, lántökur og útgáfa ábyrgða sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.
4. Inn- og útflutningur verðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
5. Framvirk viðskipti, afleiðuviðskipti, viðskipti með valrétti, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti þar sem íslenska krónan er annar eða einn gjaldmiðlanna.
6. Gjafir og styrkir og aðrar hreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölul. og eru til þess fallnar að valda alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum.

Bann 1. mgr. nær þó ekki til greiðslu vegna kaupa á vöru eða þjónustu eða annarra fjármagnshreyfinga sem sérstaklega eru undanþegnar í lögum þessum. Þá er einstaklingi sem er erlendur aðili heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri ef sýnt er fram á að féð sé til framfærslu. Nær heimildin vegna framfærslu til fjármagnshreyfinga á almanaksári fyrir allt að jafnvirði 3.000.000 kr. fyrir einstakling, 6.000.000 kr. fyrir hjón/sambúðaraðila og 2.000.000 kr. fyrir hvert ólögráða barn sem lýtur forsjá og er með lögheimili hjá framangreindum. Enn fremur er einstaklingi sem er erlendur aðili heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri sýni hann fram á að fjármunirnir séu andvirði slysabóta eða arfs sem tæmst hefur við dánarbússkipti. Námsmenn sem sýnt geta fram á að þeir séu í lánshæfu námi erlendis, samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, teljast erlendir aðilar í skilningi þessa ákvæðis.

Allar fjármagnshreyfingar skv. 1. mgr. á milli landa í innlendum gjaldeyri, eru óheimilar. Undanþegnar banni 1. málsl. eru:

1. Fjármagnshreyfingar sem eru sérstaklega undanþegnar í lögum þessum og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.
2. Fjármagnshreyfingar vegna vöru- og þjónustuviðskipta, sem ekki fara fram í erlendum gjaldmiðli, þar sem greiðslan fer fram með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.
3. Fjármagnshreyfingar vegna fasteignaviðskipta hér á landi og viðskipta með fjármálagerninga sem Seðlabanki Íslands metur gilda til tryggingar í viðskiptum við bankann samkvæmt reglum um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands, og útgefnir eru í innlendum gjaldeyri, þegar greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.
4. Fjármagnshreyfingar vegna greiðslu á kröfum úr þrotabúi og greiðslu samningskrafna samkvæmt nauðasamningi, sbr. lög nr. 21/1991, og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

c. (13. gr. c.)

Gjaldeyrisviðskipti milli innlendra og erlendra aðila þar sem innlendur gjaldeyrir er hluti af viðskiptunum eru óheimil.

Innlendum aðila er óheimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, þegar greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri, nema hann sýni fram á að féð sé til notkunar í vöru- og þjónustuviðskiptum eða vegna fjármagnshreyfinga samkvæmt ákvæðum 13. gr. j

og 13. gr. k. Gjaldeyrisviðskipti vegna vöru- og þjónustuviðskipta milli tveggja innlendra aðila eru óheimil.

Þrátt fyrir 1. mgr. er erlendum aðila heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi vegna fjármagnshreyfinga skv. 13. gr. j, vegna slíkra greiðslna frá innlendum aðila hér á landi, og 2. mgr. 13. gr. k. Þá er erlendum aðilum heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi þar sem hann er með viðskipti sín ef sýnt er fram á að féð sé til framfærslu. Nær heimildin vegna framfærslu til kaupa á erlendum gjaldeyri á almanaksári fyrir allt að jafnvirði 3.000.000 kr. fyrir einstakling, 6.000.000 kr. fyrir hjón/sambúðaraðila og 2.000.000 kr. fyrir hvert ólögráða barn sem lýtur forsjá og er með lögheimili hjá framangreindum. Enn fremur er einstaklingi sem er erlendur aðili heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri sýni hann fram á að fjármunirnir séu andvirði slysabóta eða arfs sem tæmst hefur við dánarbússkipti. Námsmenn sem sýnt geta fram á að þeir séu í lánshæfu námi erlendis, samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, teljast erlendir aðilar í skilningi þessarar málsgreinar.

Jafnframt er erlendum aðilum heimilt að kaupa innlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

d. (13. gr. d.)

Kaup innlendra aðila á gjaldeyri í reiðufé eru óheimil nema samkvæmt sérstakri heimild í lögum þessum. Sama á við um úttektir í reiðufé af gjaldeyrisreikningum í fjármálafyrirtækjum hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er einstaklingi sem er innlendur aðili heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri í reiðufé hjá fjármálafyrirtæki hér á landi þar sem aðili er með viðskipti sín eða taka erlendan gjaldeyri í reiðufé út af gjaldeyrisreikningi í fjármálafyrirtæki hér á landi að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Að gjaldeyririnn sé ætlaður til að greiða kostnað vegna ferðalaga erlendis. Við kaup eða úttekt skal einstaklingur sýna fram á fyrirhugaða ferð með framvísun farmiða eða kvittunar fyrir greiðslu á ferð sinni sem fyrirhuguð er innan fjögurra vikna. Þegar um er að ræða áhafnarmeðlimi sem ekki hafa farseðil skal sýnt fram á ferðalag með framvísun vaktaskipulags eða öðrum sannanlegum hætti.
2. Að ekki sé keyptur eða tekinn út erlendur gjaldeyrir í reiðufé fyrir upphæð sem samsvarar meira en 350.000 kr. á kaup- eða úttektardegi fyrir hvern einstakling skv. 1. tölul. í hverjum almanaksmánuði.
3. Að sýnt sé fram á að einstaklingur, eða forráðamaður hans ef um ólögráða einstakling er að ræða, sé eigandi fjármunanna sem greiddir eru fyrir erlenda gjaldeyrinn, eða gjaldeyrisreikningsins sem tekið er út af.
4. Að einstaklingurinn sem tilgreindur var við kaup eða úttekt gjaldeyrisins fari sjálfur með féð úr landi.

Þeim hluta gjaldeyris sem keyptur er með vísan í 1.–4. tölul. 2. mgr. og ekki er nýttur í fyrirhugaðri ferð skv. 1. tölul. skal skilað til fjármálafyrirtækis hér á landi innan tveggja vikna frá lokum ferðar. Verði ekki af fyrirhugaðri ferð skal gjaldeyri skilað til fjármálafyrirtækis hér á landi innan tveggja vikna frá því að það liggur fyrir.

Einstaklingur sem er innlendur aðili og dvelur tímabundið erlendis, lengur en einn almanaksmánuð en þó ekki lengur en sex almanaksmánuði í senn, hefur, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri í hverjum almanaksmánuði sem hann dvelur erlendis og flytja hann erlendis, á reikning sinn hjá fjármálafyrirtæki þar sem hann dvelur.

Þá hefur einstaklingur, sem er erlendur aðili og er staddur hér á landi tímabundið vegna ferðalaga, heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að féð sé til notkunar á ferðalögum erlendis.

Fjármálafyrirtæki hér á landi getur sótt um undanþágu frá 2. mgr., sem heimilar útibúi fjármálafyrirtækis að selja einstaklingi, sem er innlendur aðili en ekki með viðskipti sín hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki, erlendan gjaldeyri fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að féð sé til notkunar á ferðalögum erlendis. Seðlabanki Íslands skal birta opinberlega upplýsingar um þá aðila sem fá undanþágu á grundvelli ákvæðisins.

e. (13. gr. e.)

Fjárfesting í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum eða öðrum framseljanlegum fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri er óheimil. Þó er aðilum sem fjárfest hafa í slíkum fjármálagerningum fyrir 28. nóvember 2008 heimilt að endurfjárfesta. Nú eru fjármunir sem losna við sölu eða uppgreiðslu, eða falla til vegna arð- og vaxtagreiðslna, nýttir í heild eða að hluta til að fjárfesta aftur í hvers konar erlendri fjárfestingu innan tveggja vikna og telst það þá endurfjárfesting í skilningi 2. málsl.

Söluandvirði vegna viðskipta með fjármálagerning skv. 1. mgr., útgefinn í innlendum gjaldeyri, milli innlendra og erlendra aðila sem gerð eru upp hérlendis skal leggja inn á reikning viðkomandi seljanda í fjármálafyrirtæki hér á landi.

Uppgjör viðskipta í erlendum gjaldeyri með fjármálagerninga skv. 1. mgr., útgefna í innlendum gjaldeyri, er óheimilt.

Óheimilt er að gefa út og/eða selja fjármálagerninga skv. 1. mgr. þar sem uppgjör fer fram í öðrum gjaldeyri en útgáfan og innlendur gjaldeyrir er einn af gjaldmiðlum uppgjörs. Hafi útgáfa farið fram í innlendum gjaldeyri er skylt að leggja andvirði sölu inn á reikning í innlendum gjaldeyri á nafni útgefanda í fjármálafyrirtæki hér á landi.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fyrirframgreiðslu af fjármálagerningum skv. 1. mgr. eru óheimilar.

f. (13. gr. f.)

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fjárfestinga í peningakröfum í erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum kröfuréttindum sem ekki falla undir 13. gr. e, eru óheimilar.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fasteignaviðskipta erlendis eru óheimilar nema sýnt sé fram á að viðskiptin séu gerð vegna búferlaflutninga aðila. Hámarksfjárhæð gjaldeyriskaupa og fjármagnsflutninga vegna kaupa á einni fasteign sem tengjast búferlaflutningum er jafnvirði 100.000.000 kr.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fjárfestingar í öðrum eignum í erlendum gjaldeyri, þ.m.t. hrávöru, farartækjum og vinnuvélum, sem eru hvorki eðlilegur þáttur í atvinnustarfsemi aðila né ætluð til innflutnings fyrir framleiðslu hans, eru óheimilar. Þrátt fyrir bann 1. málsl. eru gjaldeyriskaup og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna kaupa á vélknúnu ökutæki heimil í eitt skipti, séu kaupin í tengslum við búferlaflutninga kaupandans úr landi, enda nemi fjárhæðin eigi meira en jafnvirði 10.000.000 kr.

g. (13. gr. g.)

Lántökur og lánveitingar milli innlendra og erlendra aðila í öðrum tilvikum en vegna við-

skipta á milli landa með vöru og þjónustu eru óheimilar, nema slíkar lántökur og lánveitingar séu milli félaga innan sömu samstæðu.

Þrátt fyrir 1. mgr. skulu lántökur og lánveitingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði vera heimilar:

1. Lán hvers aðila sé eigi hærra en sem nemur 10.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í gjaldeyri á almanaksárinu.
2. Lánstími sé eigi skemmri en eitt ár.
3. Gjaldeyrisyfirfærslur vegna lánsins séu í samræmi við ákvæði 13. gr. l.
4. Lánasamningar, þ.m.t. allir viðaukar og fylgiskjöl, séu sendir til þess fjármálafyrirtækis sem annast fjármagnshreyfingar, innan viku frá undirskrift slíkra samninga.

Óheimilt er að fyrirframgreiða lánveitingar og lántökur innlendra aðila til erlendra aðila.

Óheimilt er að endurgreiða lán milli innlendra og erlendra aðila með innlendum gjaldeyri ef lánveitingin fór fram í erlendum gjaldeyri. Óheimilt er að endurgreiða lán milli innlendra og erlendra aðila með erlendum gjaldeyri ef lánveitingin fór fram í innlendum gjaldeyri.

Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir að lántökur og lánveitingar milli innlendra og erlendra aðila séu framlengdar, að því gefnu að aðrir skilmálar gildi að sama leyti og áður.

h. (13. gr. h.)

Óheimilt er að ganga í eða takast á hendur ábyrgð á greiðslum á milli innlendra og erlendra aðila.

Ákvæði þessarar greinar gilda hvorki um ábyrgðir vegna vöru- og þjónustuviðskipta né um ábyrgðir milli félaga innan samstæðu.

i. (13. gr. i.)

Óheimilt er að eiga afleiðuviðskipti þar sem innlendur gjaldeyrir er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri, hvort sem um er að ræða gjaldeyris- eða verðbréfasamning eða sambland gjaldeyris- og verðbréfasamnings eða sambærilega fjármálagerninga.

Afleiðuviðskipti sem eingöngu eru vegna vöru- og þjónustuviðskipta falla ekki undir þetta ákvæði.

j. (13. gr. j.)

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu á vöxtum, verðbótum, arði og samningsbundnum afborgunum eru undanþegnar reglum þessum sbr. 1. mgr. og 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. b og 2. og 3. mgr. 13. gr. c. Innlendum aðilum er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri til greiðslu samningsbundinna afborgana lána í erlendum gjaldeyri, hjá því innlenda fjármálafyrirtæki sem veitti viðkomandi lán.

Með vöxtum skv. 1. mgr. er aðeins átt við vexti af innstæðum í innlendum fjármálafyrirtækjum og áfallna vexti af skuldabréfum sem útgefin eru af innlendum aðilum.

Við útreikning á vöxtum skv. 1. mgr., vegna skuldabréfa sem safna vöxtum daglega, skulu vextir reiknast í hlutfalli við þann tíma sem aðili hefur átt bréfið. Vexti af eingreiðslubréfum með forvöxtum, t.d. af ríkisvíxlum, skal reikna sem mun á milli útgáfuverðs (kaupverðs á útgáfudegi) og nafnverðs. Vextir eingreiðslubréfa falla jafnt (línulega) yfir líftíma bréfsins.

Með verðbótum í skilningi 1. mgr. er átt við verðbætur á vöxtum og höfuðstólsgreiðslum.

Arður er fellur til við lækkun hlutafjár eða vegna slita á félagi, skv. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, telst ekki arður í skilningi 1. mgr.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslna samkvæmt

ákvæði þessu verða að hafa átt sér stað innan sex mánaða frá því að þær komust eða gátu komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans.

k. (13. gr. k.)

Þrátt fyrir bann 6. tölul. 1. mgr. 13. gr. b eru fjármagnshreyfingar á milli landa vegna gjafa og styrkja innlendra aðila til erlendra aðila, svo sem einstaklinga, góðgerðasamtaka eða hliðstæðra aðila, heimilar fyrir allt að 3.000.000 kr. á almanaksári. Fjármagnshreyfingar vegna gjafa og styrkja skulu lagðar inn á reikning í eigu móttakanda og skulu gefandi og styrkveitandi vera raunverulegir eigendur þeirra fjármuna sem um ræðir.

Laun sem erlendur aðili hefur aflað hérlendis síðastliðna sex mánuði eru undanþegin reglum þessum sbr. 1. mgr. og 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. b. Þá skulu gjaldeyrisviðskipti vegna slíkra fjármagnshreyfinga ekki takmarkast af 1. mgr. 13. gr. c. Það sama á við um laun innlends aðila sem búsettur er erlendis vegna starfs eða náms. Námslán, atvinnuleysisbætur, lífeyrisgreiðslur, þ.m.t. elli- og örorkulífeyrir og greiðslur vegna félagslegrar aðstoðar og aðrar sambærilegar greiðslur, teljast laun í skilningi þessarar málsgreinar.

l. (13. gr. l.)

Öllum erlendum gjaldeyri sem innlendir aðilar eignast, svo sem fyrir seldar vörur og þjónustu, eða með öðrum hætti, skal skilað til fjármálafyrirtækis hér á landi innan þriggja vikna frá því að gjaldeyririnn komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans. Skilaskylda skv. 1. málsl. er uppfyllt þegar erlendur gjaldeyrir er varðveittur á gjaldeyrisreikningi hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

Skilaskylda nær ekki til innlendra aðila sem hafa búsetu erlendis vegna starfs eða náms.

m. (13. gr. m.)

Innlend nýfjárfesting skal vera ótakmörkuð.

Nýfjárfesting í skilningi þessa ákvæðis er fjárfesting sem gerð er eftir 31. október 2009 fyrir nýtt innstreymi erlends gjaldeyris, sem skipt er í innlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Afleiðusamningar teljast ekki til nýfjárfestingar. Innstæður á erlendum gjaldeyrisreikningum í innlendum fjármálafyrirtækjum, sem urðu til fyrir 31. október 2009, og tekjur vegna útflutningsviðskipta teljast ekki til nýs innstreymis erlends gjaldeyris.

Gjaldeyrisviðskipti, þar sem nýju innstreymi erlends gjaldeyris er skipt í innlendan gjaldeyri í samræmi við 2. mgr., falla ekki undir 1. mgr. 13. gr. c.

Fjárfestir skal, með aðstoð fjármálafyrirtækis hér á landi, tilkynna um nýfjárfestingu til Seðlabanka Íslands innan tveggja vikna frá því að nýju innstreymi erlends gjaldeyris er skipt í innlendan gjaldeyri. Slíkri tilkynningu skulu fylgja gögn sem sýna fram á að um nýfjárfestingu í skilningi þessa ákvæðis sé að ræða.

Að fenginni staðfestingu Seðlabankans um að fjármunir hafi losnað við sölu á nýfjárfestingu skulu slíkir fjármunir ekki falla undir takmarkanir skv. 13. gr. b og 13. gr. c.

n. (13. gr. n.)

Seðlabanki Íslands og ríkissjóður eru undanþegnir 13. gr. b – 13. gr. m laga þessara.

Eftirfarandi aðilar skulu undanþegnir 13. gr. b – 13. gr. m laga þessara að undanskildum 3. mgr. 13. gr. b, 13. gr. c og 13. gr. i.:

1. Innlendir aðilar sem eru aðilar að fjárfestingarsamningi við íslenska ríkið.
2. Innlendir aðilar sem starfa samkvæmt leyfi iðnaðarráðherra til olíuleitar samkvæmt lögum nr. 13/2001.

Eftirfarandi aðilar eru undanþegnir 1. mgr. 13. gr. e, 1. mgr. 13. gr. f og ákvæðum 13. gr. g og 13. gr. h:

1. Fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkissjóðs, sem starfa samkvæmt sérlögum.
2. Sveitarfélög og fyrirtæki í meirihlutaeigu sveitarfélaga, sem starfa samkvæmt sérlögum.

Lögaðili, sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið við yfirráðum yfir með því að skipa honum skilanefnd eða bráðabirgðastjórn, og lögaðili, sem héraðsdómari hefur skipað slitastjórn samkvæmt lögum nr. 161/2002, eru undanþegnir 1. mgr. 13. gr. b, 13. gr. e, 1. mgr. 13. gr. f, 13. gr. g, 13. gr. h og 13. gr. l.

Fyrirtæki, sem hafa yfir 80% af tekjum og 80% af gjöldum erlendis, geta fengið undanþágu frá 1. mgr. 13. gr. e, 1. mgr. 13. gr. f, 13. gr. g, 13. gr. h og 13. gr. l. Þau fyrirtæki sem telja sig uppfylla skilyrði 1. málsl. skulu senda umsókn til Seðlabanka Íslands og sýna fram á að þau uppfylli skilyrðin ásamt staðfestingu löggilts endurskoðanda. Seðlabanki Íslands birtir lista yfir þá aðila sem fá undanþágu á þessum grundvelli. Fyrirtæki sem fá undanþágu samkvæmt þessari málsgrein skulu þegar 12 mánuðir eru liðnir frá staðfestingu Seðlabankans um undanþágu sýna fram á að þau uppfylli ennþá skilyrði þessarar málsgreinar og senda gögn því til staðfestingar til Seðlabanka Íslands ásamt staðfestingu löggilts endurskoðanda þar um. Skal slík staðfesting berast Seðlabankanum á 12 mánaða fresti eftir það. Komi í ljós að fyrirtæki uppfylli ekki lengur skilyrði þessarar málsgreinar verður undanþágan felld úr gildi.

Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki, sem starfa undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, aðrir en lögaðilar sem falla undir 4. mgr., hafa heimild til að eiga gjaldeyrisviðskipti sín á milli með beinum viðskiptum, framvirkum samningum og skiptasamningum. Einnig eru viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki undanþegin ákvæðum 13. gr. g, 13. gr. h og 13. gr. l. Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að taka á móti peningamarkaðsinnlánum í innlendum gjaldeyri frá erlendum aðilum, í samræmi við heimildir þeirra samkvæmt lögum nr. 161/2002.

o. (13. gr. o.)

Ákvæði 7. gr. laga nr. 87/1992 gilda um heimildir Seðlabanka Íslands til að veita undanþágur frá ákvæðum 13. gr. b – 13. gr. n. Þó skal ekki innheimta leyfisgjald þegar undanþágur eru veittar. Seðlabankinn getur sett skilyrði fyrir undanþágu. Umsóknir um undanþágur skulu berast Seðlabankanum bréflega ásamt gögnum er málið varða.

Seðlabankinn getur sett nánari reglur um framkvæmd ákvæða 13. gr. b til 13. gr. n.

p. (13. gr. p.)

Brot gegn ákvæðum 13. gr. a – 13. gr. n varða stjórnvaldssektum og refsingum skv. 15. gr. a – 15. gr. d., 16. gr., 16. gr. a. og 16. gr. b.

4. gr.

Á eftir 6. tölul. 1. mgr. 15. gr. a laganna kemur nýr töluliður er orðast svo, og breytast númer annarra töluliða til samræmis við það: 13. gr. a – 13. gr. n um bann við fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum.

5. gr.

Á eftir 3. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur nýr töluliður er orðast svo, og breytast númer annarra töluliða til samræmis við það: 13. gr. a – 13. gr. n um bann við fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum fellur brott.

7. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. ágúst 2011“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum kemur: 31. desember 2015.

II. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. ágúst 2011“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum kemur: 31. desember 2015.

III. KAFLI

Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða því að ný áætlun um losun gjaldeyrishafta er kynnt. Gjaldeyrishöft voru sett á í nóvember 2008, í kjölfar þess að Ísland varð fyrir barðinu á óvenju umfangsmikilli bankakreppu í október 2008. Minnkandi tiltrú á íslenskum fjáreignum sem fylgdi í kjölfarið skapaði hættu á stórfelldu útstreymi fjármagns, með afar háskalegum afleiðingum fyrir gengi krónunnar sem þegar hafði lækkað. Mikið útstreymi fjármagns (strax og í kjölfarið) hefði getað valdið enn stórfelldari gengislækkun krónunnar og meiri verðbólgu en raun varð á. Þar sem efnahagsreikningar heimila og fyrirtækja einkennast bæði af mikilli skuldsetningu og háu hlutfalli lána í erlendum gjaldmiðlum og verðtryggðum lánum, hefði þetta getað hrundið af stað mikilli hrinu vanskila, með óhagstæðum afleiðingum fyrir þjóðarbúskapinn. Vegna þessa greip Seðlabanki Íslands til aðgerða hinn 10. október 2008, sem miðuðu að því að hefta tímabundið útflæði gjaldeyris. Í ljósi hinnar miklu áhættu fyrir þjóðarbúskapinn var talið að þrátt fyrir að gjaldeyrishöft væru óheppileg væru þau óhjákvæmilegur þáttur aðgerða er miðuðu að því að stuðla að stöðugleika krónunnar þegar millibankamarkaður með erlendan gjaldmiðil var opnaður á ný í byrjun desember 2008.

Meginefni frumvarpsins.

Þar sem nú er fyrirsjáanlegt að gjaldeyrishöftin verði lengur til staðar en ætlað var í upphafi þykir rétt að lögfesta reglur um gjaldeyrismál sem Seðlabanki Íslands hefur sett, með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra, á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um gjaldeyrismál. Því er í frumvarpinu lagt til að sextán nýjum greinum (13. gr. a – 13. gr. p) verði bætt við gildandi lög á eftir 13. gr. þeirra. Í greinunum er að finna þau efnisákvæði sem nú eru í framangreindum reglum Seðlabankans, nr. 370/2010, sem og leiðbeiningum með reglunum, með minni háttar breytingum sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar. Gert er ráð fyrir að ákvæðin gildi til 31. desember 2015. Þá eru einnig lagðar til breytingar á refsiákvæðum laganna og nokkrar aðrar minni háttar breytingar sem leiða af framangreindum breytingum. Loks eru lagðar til breytingar á ákvæði til bráðabirgða II í lögum um gjaldeyrismál og ákvæði til bráðabirgða IV í tollalögum, nr. 88/2005. Þar er lagt

til að framlengd verði fyrirmæli laganna um að skrá skuli viðskiptaverð vöru í erlendum gjaldmiðli á útflutningsskýrslu. Tímalengd framlengingarinnar miðar að því að hægt verði að afnema höft í samræmi við tillögu Seðlabanka Íslands frá 25. mars 2011 án þess að fjármála- eða gengisstöðugleika verði ógnað.

Við samningu frumvarpsins var haft samráð við Seðlabanka Íslands enda hefur bankinn hingað til mótað reglurnar og gefið þær út með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra. Frumvarpið snerti fjölda aðila, bæði einstaklinga og fyrirtæki og innlenda sem erlenda aðila, líkt og reglur Seðlabankans gera nú þegar.

Alþjóðlegar skuldbindingar.

Með lögum nr. 134/2008, er breyttu lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, var Seðlabanka Íslands veitt tímabundin heimild til að setja reglur, með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra, til að takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra. Í athugasemdum með lögum nr. 134/2008 er fjallað um hvernig þessi heimild samræmist alþjóðlegum skuldbindingum Íslands í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES), samþykktir OECD um afnám hafta á þjónustu og fjármagnshreyfingar (Codes of Liberalisation of Current Invisible Operations and Capital Movements) og Alþjóðaviðskiptastofnunina. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar var sú að fyrirhugaðar ráðstafanir um takmörkun eða stöðvun tiltekinna flokka fjármagnshreyfinga eða gjaldeyrisviðskipta sem þeim tengjast væru ekki andstæðar fyrrgreindum skuldbindingum. Það mat stendur óbreytt við framlagningu þessa frumvarps. Þá hafa umræddar aðgerðir verið tilkynntar til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Áætlun um afnám hafta.

Áætlun um afnám hafta frá 25. mars 2011, sem samþykkt var í ríkisstjórn að tillögu Seðlabanka Íslands, er í megindráttum tvískipt. Í fyrri áfanga verður tekið á vanda sem skapast hefur vegna svokallaðra aflandskróna, sem torveldað hafa losun gjaldeyrishafta. Aflandskrónur eru að miklu leyti í eigu erlendra aðila og bundnar í innstæðum og ríkisverðbréfum. Áætlað er að þær nemi um 465 milljörðum kr. Til samanburðar má nefna að þessi upphæð er jafnhá og fjárlög íslenska ríkisins fyrir árið 2011 og samsvarar rúmum fjórðungi áætlaðrar landsframleiðslu þessa árs. Tilvist þeirra getur skapað óróleika á skuldabréfa- og gjaldeyrismarkaði og truflað eðlilega verðmyndun á fjármálamörkuðum.

Þegar ásættanlegur árangur hefur náðst í fyrri áfanga og öðrum efnahagslegum skilyrðum hefur verið fullnægt verður losað um höft á aðrar krónueignir í síðari áfanga áætlunarinnar. Áætlunin er ekki tímasett heldur ræðst framvindan af þróun efnahagslegra skilyrða og árangri af einstökum aðgerðum. Allt ferlið miðar að því að takmarka neikvæð áhrif á stöðugleika krónunnar, lausafjárstöðu bankanna og skuldabréfamarkað. Tekin verða mörg varfærin skref eftir því sem aðstæður leyfa.

Aflandskrónur verða í fyrstu losaðar með röð gjaldeyrisútboða. Seðlabanki Íslands mun fyrst bjóða upp gjaldeyri til eigenda aflandskróna. Þessar aflandskrónur verða að því loknu boðnar í útboði til eigenda erlends gjaldeyris, sem hafa áhuga á að fjárfesta til lengri tíma í ríkisskuldabréfum eða íslensku atvinnulífi. Auk þess mun eigendum löglega fenginna aflandskróna verða boðið að nýta þær til fjárfestingar í íslensku atvinnulífi á sama hátt. Þeim aðilum sem fjárfesta í íslensku atvinnulífi með erlendum gjaldeyri verður boðið að nýta aflandskrónur fyrir allt að helmingi fjárfestingarinnar. Þessar fjárfestingar verða bundnar til nokkurs tíma. Að lokum verður eigendum aflandskróna sem hvorki hafa tekið þátt í útboðum

né bundið þær í íslensku atvinnulífi boðið að losa um stöður sínar með bindingu í langtímaskuldabréfi ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli eða með greiðslu útgöngugjalds.

Síðari áfangi áætlunarinnar snýr að losun hafta á aðrar krónueignir. Honum verður hrundið í framkvæmd þegar ásættanlegur árangur hefur náðst við losun aflandskróna, aflandsgengið hefur færst nægilega nálægt gengi á innanlandsmarkaði, horfur um greiðslujöfnuð til meðallangs tíma eru þannig að gjaldeyrisforðinn þoli mögulegt gjaldeyrisútflæði, að ríkissjóður og innlendar fjármálastofnanir hafi sýnt fram á aðgang að erlendum lánsfjármörkuðum á viðunandi kjörum, að fjármálageirinn geti staðist sveiflur í flæði fjármagns, að nægilega öflugar varúðarreglur um gjaldeyrisáhættu fjármálafyrirtækja séu til staðar, að settar verði tímabundið þrengri takmarkanir á gjaldeyrisáhættu lífeyrissjóða sem síðan yrði lyft í áföngum. Einnig þarf að liggja fyrir að peningastefna til lengri tíma hafi verið mótuð, annaðhvort í tengslum við upptöku evru með aðild að Evrópusambandinu eða með endurbættri framkvæmd peningastefnu á grundvelli verðbólgumarkmiðs. Ákvörðun um upphaf og framkvæmd þessa áfanga verður tekin af ríkisstjórn í samráði við Seðlabanka Íslands.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að heimildar verði aflað til þess að höftum verði viðhaldið til 31. desember 2015 og miðar hún því að því að öll gjaldeyrishöft hafi verið afnumin þá.

Þó að frumvarpið geri ráð fyrir því að höftum verði viðhaldið til 31. desember 2015 er ljóst að ef aðstæður leyfa verður hægt að afnema höftin fyrr. Þegar að því kemur þarf að liggja fyrir ákvörðun um peningastefnu til framtíðar, en ljóst er að mótun peningastefnu til framtíðar mun taka tíma hvort sem tekin verður upp evra með aðild að ESB eða ekki. Ef staðið verður utan evrusvæðisins þarf að móta umgjörð fyrir fjármálakerfið og gengismál með þjóðhagsvarúðarreglum til að tryggja stöðugleika. Slíkar reglur þurfa að vera í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Verði aðild að Evrópusambandinu hins vegar samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu er ferlið nokkuð þekkt. Það ferli mun engu að síður taka nokkurn tíma og felur í sér að höft eru afnumin fyrir inngöngu. Nokkur reynsla er af slíku ferli frá stækkun sambandsins árið 2004. Nokkur tími mun því líða þar til allir þættir peningastefnunnar liggja fyrir. Gangi fyrri áfangi áætlunarinnar hins vegar hratt fyrir sig og ríkissjóður fær skjótt aðgengi að erlendum lánsfjármörkuðum á ásættanlegum kjörum gætu skapast aðstæður fyrir afnám hafta vel fyrir þann tímaramma sem hér er lagt til að verði lögfestur.

Áætlun Seðlabanka Íslands sem samþykkt var í ríkisstjórn 25. mars 2011 er prentuð sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að inngangsmálslið orðskýringar á „fjármagnshreyfingum“ í 1. gr. laganna verði breytt og kveði á um að fjármagnshreyfingar milli landa merki yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa og yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli innlendra og erlendra aðila sem tengjast atriðum sem talin eru upp í greininni, en ekki eru gerðar breytingar á þeirri upptalningu. Breytingin er lögð til með það að markmiði að skýra frekar hvað átt sé við með fjármagnshreyfingum milli landa.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er lagt til að tilvísun til nýrra ákvæða laganna, 13. gr. a – 13. gr. n, verði bætt inn í 7. gr. og þar með kveðið á um að Seðlabanka Íslands sé heimilt að kveða á um undanþágur frá umræddum greinum. Þar sem um er að ræða íþyngjandi reglur þykir mikilvægt að Seðlabanka Íslands sé heimilt að veita undanþágur frá þeim líkt og honum hefur verið heimilt að gera hingað til. Þá er einnig mikilvægt að Seðlabankanum sé kleift að veita þær undanþágur

sem bankinn telur nauðsynlegt að veita vegna fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta sem þeim tengjast sem eiga sér stað beint eða óbeint í tengslum við áætlun um losun gjaldeyrishafta.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir 13. gr. laganna komi 16 nýjar greinar, 13. gr. a – 13. gr. p. Með lögum nr. 134/2008, er breyttu lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, var Seðlabanka Íslands veitt tímabundin heimild til að setja reglur, með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra, til að takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra. Heimildin hefur hingað til verið bundin við lengd efnahagsáætlunar Íslands gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og gildir samkvæmt núgildandi lögum til 31. ágúst 2011. Á grundvelli þessarar heimildar hafa verið settar reglur um gjaldeyrismál, fyrst reglur nr. 1082/2008 sem síðan voru endurútgefnar, sbr. reglur nr. 1130/2008, reglur 880/2009 sem tóku gildi 31. október 2009 og núgildandi reglur nr. 270/2010 sem tóku gildi 30. apríl 2010. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er nú, í tengslum við áætlun um losun gjaldeyrishafta, lagt til að reglur um gjaldeyrismál verði lögfestar í gjaldeyrislögum með 13. gr. a – 13. gr. p.

Um a-lið (13. gr. a).

Í 13. gr. a er lagt til að heimild til að takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti verði framlengd til 31. desember 2015 í samræmi við nýja áætlun um losun gjaldeyrishafta. Heimildin hefur hingað til verið bundin við lengd efnahagsáætlunar Íslands gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eða til 31. ágúst 2011 Nánari umfjöllun um áætlun um afnám gjaldeyrishafta er að finna í almennum athugasemdum og í fylgiskjali.

Um b-lið (13. gr. b).

Í 13. gr. b er lagt til að tilteknar fjármagnshreyfingar í innlendum og erlendum gjaldeyri skuli vera óheimilar. Með fjármagnshreyfingum á milli landa er átt við yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli innlendra og erlendra aðila. Af því leiðir að allar fjármagnshreyfingar sem fela í sér yfirfærslu eða flutning á fjármunum til og frá landinu teljast til fjármagnshreyfinga á milli landa. Þannig felur yfirfærsla á fjármunum milli reikninga í innlendri fjármálastofnun og reikninga í erlendri fjármálastofnun ávallt í sér fjármagnshreyfingu á milli landa og gildir þá einu hvort verið er að færa fjármuni á milli reikninga í eigu sama aðila eða ekki. Að auki tekur fjármagnshreyfing á milli landa til yfirfærslu eða flutnings á fjármunum sem á sér stað milli innlendra og erlendra aðila, óháð því hvort slík yfirfærsla eða flutningur feli í raun í sér yfirfærslu eða flutning á fjármunum til og frá landinu. Þannig er yfirfærsla eða flutningur á fjármunum sem á sér stað hér á landi milli innlendra og erlendra aðila fjármagnshreyfing á milli landa.

Til skýringar á framangreindu má nefna eftirfarandi í dæmaskyni:

a. millifærsla á innlendum gjaldeyri milli Vostro-reiknings í eigu erlends fjármálafyrirtækis og reiknings viðskiptavinar hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, innlendum sem erlendum aðila, telst fjármagnshreyfing á milli landa og því óheimil skv. 13. gr. b (t.d. MT103 SWIFT greiðsluskeyti),
b. millifærsla á innlendum gjaldeyri milli tveggja Vostro-reikninga í eigu erlendra fjármálafyrirtækja telst ekki fjármagnshreyfing á milli landa og er því heimil skv. 13. gr. b (t.d. MT202 SWIFT greiðsluskeyti).

Þeir flokkar fjármagnshreyfinga sem lagt er til að heimilt verði að stöðva eða takmarka taka mið af því að nauðsynlegt er talið að unnt sé að loka öllum mögulegum leiðum sem innlendir og erlendir aðilar hafa til að loka krónustöðum sínum fyrr en ella. Slíkt hefði annars vegar í för með sér ójöfnuð meðal aðila og myndi hins vegar leiða til þess að uppbygging gjaldeyrisforða landsins sem nýta þarf til að vinna á áðurnefndum krónustöðum tæki lengri tíma. Með takmörkunum á fjármagnsflutningum er geta aðila til að stofna til nýrra gjörninga takmörkuð.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að tilteknar fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast milli landa í erlendum gjaldeyri og taldar eru upp í ákvæðinu, skulu vera óheimilar.

Í 2. mgr. ákvæðisins er lagt til að takmarkanir 1. mgr. nái ekki til greiðslu fyrir vöru og þjónustu eða annarra fjármagnshreyfinga sem sérstaklega eru undanþegnar í lögunum. Þannig sé heimilt að eiga gjaldeyrisviðskipti vegna innflutnings á vöru og þjónustu svo og til að eiga vöru- og þjónustuviðskipti á ferðalögum erlendis. Þá er lagt til að erlendir aðilar geti flutt út erlendan gjaldeyri sé sýnt fram á að nota eigi fjármunina til framfærslu. Gert er ráð fyrir fjárhæð á almanaksári að jafnvirði 3.000.000 kr. fyrir einstakling, 6.000.000 kr. fyrir hjón/sambúðaraðila og að auki 2.000.000 kr. fyrir hvert barn í fjölskyldu. Það að kveðið sá um á sérstæka upphæð fyrir hjón eða sambúðaraðila og hvert barn í fjölskyldu er nýmæli. Með framfærslu er átt við nauðsynleg og eðlileg útgjöld, til að mynda kostnað vegna húsnæðis, samgangna, fæðis, fatnaðar, læknisþjónustu o.s.frv. Lagt er til að námsmenn sem sýnt geta fram á lánshæft nám erlendis samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna teljist erlendir aðilar í skilningi þessa ákvæðis og geti nýtt sér þessa heimild vegna framfærslu. Þá er lagt til að erlendum aðila verði heimilað að flytja út gjaldeyri sem jafngildir fjárhæð slysabóta sem viðkomandi hefur fengið frá tryggingafélagi eða Tryggingastofnun ríkisins. Einnig nær heimildin til fjárhæðar sem jafngildir greiddum arfi sem tæmst hefur við dánarbússkipti og er það nýmæli, en hún nær samkvæmt því ekki til fyrirframgreidds arfs eða fallins arfs inni í óskiptu búi.

Í 3. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að allar fjármagnshreyfingar skv. 1. mgr. á milli landa í innlendum gjaldeyri skuli vera óheimilar með þeim undantekningum sem taldar eru upp í 1.–4. tölul. Í 1. tölul. er kveðið á um að undanþegnar banninu séu fjármagnshreyfingar sem sérstaklega eru undanþegnar í lögunum, í 2. tölul. eru undanþegnar fjármagnshreyfingar vegna vöru- og þjónustuviðskipta, sem ekki fara fram í erlendum gjaldmiðli, í 3. tölul. eru undanþegnar fjármagnshreyfingar vegna fasteignaviðskipta hér á landi og viðskipta með fjármálagerninga sem Seðlabanki Íslands metur gilda til tryggingar í viðskiptum við bankann og í 4. tölul. eru undanþegnar fjármagnshreyfingar vegna greiðslu á kröfum úr þrotabúi og greiðslu samningskrafna samkvæmt nauðasamningi, sbr. lög nr. 21/1991. Eins og fram kemur í 1.–4. tölul. er það forsenda undantekninganna er að greiðsla þeirra fari fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Millifærsla af Vostro-reikningi í innlendum gjaldeyri í eigu fjármálafyrirtækis, sem er erlendur aðili, og reikningi viðskiptavinar hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, hvort sem hann er innlendur eða erlendur aðili, telst ekki greiðsla sem fer fram með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, sbr. skilyrði 1.–4. tölul. 3. mgr. Þegar um er að ræða viðskipti hér á landi með fjármálagerninga sem Seðlabanki Íslands hefur metið hæf til tryggingar í viðskipum við bankann, sbr. 11. gr. reglna nr. 553/2009 um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands, sbr. 3. tölul., útgefna í innlendum gjaldeyri, skulu reikningar erlendra fjármálafyrirtækja (Vostro-reikningar) teljast til reikninga hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Þannig getur erlent fjármálafyrirtæki keypt slíkan fjármálagerning hér á landi útgefinn í innlendum gjaldeyri og

greitt fyrir hann með millifærslu af Vostro-reikningi sínum. Við endursölu á slíkum tegundum fjármálagerninga skal uppgjör eingöngu fara fram með greiðslu inn á Vostro-reikning viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Af 1. og 3. mgr. 13. gr. b leiðir að ekki er heimilt að flytja verðbréf, hlutdeildarskírteini í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, peningamarkaðsskjöl og aðra framseljanlega fjármálagerninga, útgefna í innlendum gjaldeyri, úr vörslu erlends fjármálafyrirtækis yfir á vörslureikninga í innlendu fjármálafyrirtæki nema að fenginni undanþágu frá Seðlabanka Íslands. Ákvæði 2. og 3. mgr. 13. gr. b gilda ekki um:

a. flutning á fjármálagerningum, útgefnum í erlendum gjaldeyri, ef þeir eru fluttir úr vörslu hjá erlendu fjármálafyrirtæki til vörslu hjá innlendu fjármálafyrirtæki. Slíkur flutningur skal ekki hafa áhrif á endurfjárfestingarheimild eiganda, sbr. 1. mgr. 13. gr. e.
b. flutning á vörslu fjármálagerninga milli tveggja erlendra fjármálafyrirtækja annars vegar og flutning á vörslu fjármálagerninga milli tveggja innlendra fjármálafyrirtækja hins vegar, óháð því hvort fjármálagerningur er útgefinn í innlendum eða erlendum gjaldeyri.

Um c-lið (13. gr. c).

Í 1. mgr. 13. gr. c er lagt til að gjaldeyrisviðskipti milli innlendra og erlendra aðila þar sem innlendur gjaldeyrir er hluti af viðskiptunum sé óheimil.

Í 2. mgr. er lagt til að innlendum aðila sé heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi sýni hann fram á að nýti eigi fjármunina til vöru- og þjónustuviðskipta, þó ekki til slíkra viðskipta með erlendan gjaldeyri innanlands eða milli innlendra aðila en það er nýmæli að kveðið sé á um að slík viðskipti milli innlendra aðila séu óheimil. Þannig yrði ekki heimilt að kaupa gjaldeyri til að greiða fyrir vöru eða þjónustu sem verslað er með innanlands þótt reikningur sé gefinn út í erlendum gjaldeyri. Enn fremur er lagt til að fjármagnshreyfingar samkvæmt ákvæðum 13. gr. j og k verði heimilar.

Þá er lagt til í 3. mgr. að erlendum aðilum verði heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri vegna fjármagnshreyfinga samkvæmt ákvæðum 13. gr. j, þ.e. vegna vaxta, verðbóta, arðs og samningsbundinna afborgana, og 2. mgr. 13. gr. k, þ.e. vegna launa erlends aðila. Heimild erlendra aðila til að kaupa erlendan gjaldeyri vegna fjármagnshreyfinga samkvæmt 13. gr. j nær þó einungis til greiðslna sem erlendur aðili fær frá innlendum aðila hér á landi. Enn fremur er lagt til að erlendir aðilar geti keypt gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi ef sýnt er fram á að féð sé til framfærslu eða ef um er að ræða andvirði slysabóta eða greiðslu arfs. Miðað er við að sömu skilyrði eigi við og lögð eru til í 2. mgr. 13. gr. b varðandi heimild erlendra aðila til að flytja út gjaldeyri vegna þessara tilvika. Þá er einnig kveðið á um að erlendum aðilum sé heimilt að kaupa innlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

Um d-lið (13. gr. d).

Í 13. gr. d er fjallað um kaup innlendra og erlendra aðila á gjaldeyri í reiðufé. Í 1. mgr. er lagt til að slík kaup verði óheimil nema samkvæmt sérstakri heimild í lögunum. Er þar fyrst og fremst átt við þær heimildir sem tilgreindar eru í 2. og 3. mgr. ákvæðisins.

Í 2. mgr. er lagt til að einstaklingar sem eru innlendir aðilar í skilningi laganna hafi heimild til að kaupa eða taka út af gjaldeyrisreikningi erlendan gjaldeyri í reiðufé að fjórum skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi þarf gjaldeyririnn að vera ætlaður til að greiða kostnað vegna ferðalaga erlendis og þarf viðkomandi að sýna fram á það með framvísun farmiða eða kvittunar að hann hyggist ferðast til útlanda innan fjögurra vikna. Í öðru lagi er lagt til að heimildin verði bundin við 350.000 kr. fyrir hvern einstakling í hverjum almanaksmánuði og að sú upphæð verði ekki hærri þótt viðkomandi hyggi á fleiri en eina ferð í mánuði. Í þriðja lagi er lagt til

að það verði gert að skilyrði að sá sem ætlar að ferðast sé raunverulegur eigandi þeirra fjármuna sem hann tekur út eða notar til kaupa á hinum erlenda gjaldeyri og er það nýmæli. Þó er lagt til að einstaklingur geti notað sitt eigið fé til að kaupa gjaldeyri í reiðufé fyrir ólögráða einstaklinga á hans framfæri sem hyggjast ferðast til útlanda og að það eigi jafnt við hvort sem forráðamaðurinn ætlar að ferðast með þeim eða ekki. Í fjórða lagi er lagt til að sett sé það skilyrði að sá sem kaupir gjaldeyrinn, þ.e. sá sem tilgreindur er á farseðli sem framvísað er við kaupin, beri gjaldeyrinn sjálfur með sér úr landi og er það nýmæli. Tilgangur þessarar undanþágu er fyrst og fremst að gæta þess að einstaklingar geti þrátt fyrir gjaldeyrishöftin haft með sér nægilegt reiðufé þegar þeir leggja í ferðalög til útlanda án þess að það vinni gegn markmiðum laganna. Skilyrðunum er ætlað að koma í veg fyrir að hægt sé að misnota heimildina.

Þá er lagt til í 3. mgr. að einstaklingi verði gert skylt að skila til fjármálafyrirtækis hér á landi þeim gjaldeyri sem hann notar ekki í utanlandsferðinni sem gefin var upp við kaup eða úttekt fjárins. Þetta mun eiga jafnt við þann sem fer í utanlandsferðina en eyðir minna reiðufé en hann hafði áætlað og eins þann sem hættir við utanlandsferð eða forfallast eftir að gjaldeyrir hefur verið keyptur eða tekinn út. Miðað er við að þessi skil skuli fara fram innan tveggja vikna frá því að ferð lýkur varðandi þann gjaldeyri sem ekki var notaður í ferð og innan sama tímamarks frá þeim tíma sem fyrir liggur að ekki verði af fyrirhugaðri ferð.

Í 4. mgr. er kveðið á um að einstaklingur sem er innlendur aðili og dvelur tímabundið erlendis, þ.e. lengur en einn almanaksmánuð en þó ekki lengur en sex almanaksmánuði í senn, hafi þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri í hverjum almanaksmánuði sem hann dvelur erlendis og flytja hann erlendis á reikning sinn hjá fjármálafyrirtæki þar sem hann dvelur.

Í 5. mgr. er lagt til að einstaklingur sem er erlendur aðili geti keypt gjaldeyri í reiðufé fyrir allt að 350.000 kr. í hverjum almanaksmánuði ef hann sýnir fram á að hann þurfi þess vegna ferðalaga erlendis. Ákvæðinu er m.a. ætlað að koma til móts við farþega skemmtiferðaskipa og aðra þá erlendu ferðamenn sem hafa komið hingað til lands og skipt reiðufé sínu í íslenskar krónur en ekki notað þær þegar kemur að brottför úr landi.

Í 6. mgr. er lagt til að Seðlabanki Íslands geti veitt fjármálafyrirtæki sem starfar hér á landi heimild til að selja erlendan gjaldeyri í reiðufé til einstaklinga sem ekki eru með viðskipti sín hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki. Þessi heimild er fyrst og fremst hugsuð fyrir fjármálastofnanir sem staðsettar eru mjög nærri flughöfnum millilandaflugs eða höfnum þar sem farþegaskip fara með íslenska farþegar úr landi.

Um e-lið (13. gr. e).

Í 1. mgr. 13. gr. e er lagt til að fjárfesting í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum eða öðrum framseljanlegum fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri sé óheimil en aðilum sem fjárfest hafa í slíkum fjármálagerningum fyrir 28. nóvember 2008 verði þó heimilað að endurfjárfesta. Þannig er þeim sem fjárfestu í slíkum fjármálagerningum áður en gjaldeyrishöftin voru sett á heimilað að endurfjárfesta. Heimilt er að endurfjárfesta fyrir söluandvirði þeirra fjármálagerninga sem að framan greinir, við sölu þeirra sem og fjármuna sem til falla vegna arðs- og vaxtagreiðslna eftir setningu gjaldeyrishafta.

Í 2. mgr. er kveðið á um að söluandvirði vegna viðskipta með fjármálagerninga skv. 1. mgr. sem útgefnir eru í innlendum gjaldeyri milli innlendra og erlendra aðila og gerð eru upp hérlendis skuli leggja inn á reikning viðkomandi seljanda í fjármálafyrirtæki hér á landi.

Þá er í 3. mgr. kveðið á um að uppgjör viðskipta í erlendum gjaldeyri með fjármálagerninga skv. 1. mgr. útgefna í innlendum gjaldeyri sé óheimilt.

Skv. 4. mgr. er óheimilt er að gefa út og/eða selja fjármálagerninga skv. 1. mgr. þar sem uppgjör fer fram í öðrum gjaldeyri en útgáfan og innlendur gjaldeyrir er einn af gjaldmiðlum uppgjörs. Hafi útgáfa farið fram í innlendum gjaldeyri er skylt að leggja andvirði sölu inn á reikning í innlendum gjaldeyri á nafni útgefanda í fjármálafyrirtæki hér á landi.

Að lokum er í 5. mgr. kveðið á um að fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fyrirframgreiðslu af fjármálagerningum skv. 1. mgr. séu óheimilar.

Um f-lið (13. gr. f).

Í 1.mgr. 13. gr. f er lagt til að fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fjárfestinga í peningakröfum í erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum kröfuréttindum sem ekki falla undir 13. gr. e lið séu óheimilar.

Í 2. mgr. er lagt til að fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fasteignaviðskipta erlendis séu óheimilar nema sýnt sé fram á að viðskiptin séu vegna búferlaflutninga aðila. Forsenda fyrir undanþágu skv. 2. mgr. er að viðkomandi aðili framvísi afriti af kaupsamningi fasteignar erlendis og staðfestingu Þjóðskrár á búferlaflutningum hans. Gert er ráð fyrir að viðkomandi aðili hafi flutt búferlum innan tólf mánaða frá dagsetningu kaupsamnings fasteignarinnar, til þess að fasteignaviðskiptin teljist vera vegna búferlaflutninga hans. Lagt er til að hámarksfjárhæð gjaldeyriskaupa og fjármagnsflutninga vegna kaupa á einni fasteign sem tengjast búferlaflutningum sé að jafnvirði 100.000.000 kr. Þykir eðlilegt að afmarka heimildina við tiltekna hámarksfjárhæð með hliðsjón af þeim fordæmum sem afgreiðslur mála hjá Seðlabankanum hafa skapað.

Í 3. mgr. er lagt til að fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fjárfestinga í öðrum eignum í erlendum gjaldeyri, þ.m.t. hrávöru, farartækjum og vinnuvélum, sem eru hvorki eðlilegur þáttur í atvinnustarfsemi aðila né ætluð til innflutnings fyrir framleiðslu hans, séu óheimilar. Geti aðili sýnt fram á innflutning skv. 3. mgr. vegna fyrri sambærilegra viðskipta skal slík sönnun vera talin fullnægjandi fyrir því að fjárfesting uppfylli skilyrði málsgreinarinnar um að vera ætluð til innflutnings. Hrávara, farartæki og vinnuvélar eru einungis nefnd í dæmaskyni og er því ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Þá er lagt til að þrátt fyrir bann 1. málsl. 3 mgr., séu gjaldeyriskaup og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna kaupa á vélknúnu ökutæki heimil í eitt skipti, vegna búferlaflutninga aðila og er það nýmæli. Þykir eðlilegt að slík heimild sé til staðar, enda nemi fjárhæðin eigi meira en jafnvirði 10.000.000 kr. fyrir hvern aðila. Forsenda fyrir undanþágu skv. 2. málsl. 3. mgr. er að viðkomandi aðili framvísi afriti af kaupsamningi ökutækis erlendis og staðfestingu Þjóðskrár á búferlaflutningum hans.

Um g-lið (13. gr. g).

Í 13. gr. g er lagt til að lántökur og lánveitingar milli innlendra og erlendra aðila verði óheimilar nema um sé að ræða viðskipti milli landa með vöru og þjónustu. Slíkar lántökur milli félaga innan sömu samstæðu munu þó verða heimilar. Er hér um að ræða þrönga undantekningu frá hinu almenna banni 3. mgr. 13. gr. b á fjármagnshreyfingum í innlendum gjaldeyri og á hún ekki við nema greiðsla eigi sér stað með úttekt af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

Undantekningar frá banni 1. mgr. er að finna í 2. mgr. en þar segir að þrátt fyrir 1. mgr. skuli lántökur og lánveitingar vera heimilar ef lán hvers aðila er eigi hærra en sem nemur 10.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í gjaldeyri á almanaksárinu, lánstími sé eigi

skemmri en eitt ár, gjaldeyrisyfirfærslur vegna lánsins séu í samræmi við ákvæði 13. gr. l. og lánasamningar, þ.m.t. allir viðaukar og fylgiskjöl, séu sendir til þess fjármálafyrirtækis sem annast fjármagnshreyfingar, innan viku frá undirskrift slíkra samninga.

Í 3. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að fyrirframgreiða lánveitingar og lántökur innlendra aðila til erlendra aðila og í 4. mgr. að óheimilt sé að endurgreiða lán milli innlendra og erlendra aðila með innlendum gjaldeyri ef lánveitingin fór fram í erlendum gjaldeyri. Þá er einnig óheimilt að endurgreiða lán milli innlendra og erlendra aðila með erlendum gjaldeyri ef lánveitingin fór fram í innlendum gjaldeyri.

Í 5. mgr. segir að ákvæði greinarinnar komi ekki í veg fyrir að lántökur og lánveitingar milli innlendra og erlendra aðila séu framlengdar, að því gefnu að aðrir skilmálar gildi að sama leyti og áður.

Um h-lið (13. gr. h).

Í 13. gr. h er fjallað um að óheimilt sé að takast á hendur ábyrgð á greiðslum milli innlendra og erlendra aðila nema um sé að ræða ábyrgðir vegna vöru- og þjónustuviðskipta milli félaga innan samstæðu. Er þetta í samræmi við bann 13. gr. b varðandi fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti á þann hátt að þriðji aðili getur ekki haft milligöngu um fjármagnsflutninga sem takmarkaðir eru af 13. gr. b, þ.e. öðrum en þeim sem tengjast vöru- og þjónustuviðskiptum.

Um i-lið (13. gr. i).

Ákvæði 13. gr. i fjalla um afleiðuviðskipti þar sem innlendur gjaldeyrir er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri og að þau skuli óheimil nema um sé að ræða afleiðuviðskipti sem eingöngu eru vegna vöru- og þjónustuviðskipta. Ástæða bannákvæðisins er að afleiðusamningar sem þessir geta haft sömu áhrif og þau gjaldeyrisviðskipti sem takmörkuð eru í 13. gr. c. Þá geta afleiður og afleiðutengd ákvæði sem byggjast á tengingu við undirliggjandi þætti, sem og skilgreining á hvernig útreikningum þeirra skal háttað, haft stórfelld og ófyrirséð áhrif á verðmæti þeirra og/eða greiðsluflæði þeim tengt.

Um j-lið (13. gr. j).

Ákvæði 13. gr. j fjallar um það að fjármagnshreyfingar vegna vaxta, verðbóta, arðs, afborgana o.þ.h. eru heimilar. Höftunum er fyrst og fremst ætlað að hamla gegn hreyfingum á þeim hluta greiðslujafnaðar (e. balance of payments) við útlönd sem nær til fjárfestingahreyfinga (e. capital account). Fjármagnshreyfingar sem þessar flokkast undir viðskiptajöfnuð (e. current account) (sbr.: greiðslujöfnuður = viðskiptajöfnuður + fjárfestingahreyfingar) og lúta því samkvæmt frumvarpinu svipuðum lögmálum og vöru- og þjónustuviðskipti.

Innlendum aðila er einungis heimilt að eiga gjaldeyrisviðskipti á grundvelli þessarar greinar til að standa skil á fyrrnefndum greiðslum til erlendra aðila. Ekki er heimilt samkvæmt ákvæðinu að skipta vaxtagreiðslum af erlendum skuldabréfum, sem gefin eru út af erlendum aðilum í krónum (jöklabréfum), yfir í erlendan gjaldeyri, né vaxtagreiðslum af hvers kyns fjármálagerningum sem gefnir eru út af erlendum aðilum. Þá fellur gengishagnaður ekki undir ákvæðið.

Það nýmæli er í frumvarpinu að kveðið er á um að innlendum aðila sé heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri til greiðslu samningsbundinna afborgana lána í erlendum gjaldeyri, hjá því innlenda fjármálafyrirtæki sem veitti viðkomandi lán.

Um k-lið (13. gr. k).

Í 1. mgr. 13. gr. k er lagt til að þrátt fyrir að í 6. tölul. 1. mgr. 13. gr. b sé gert ráð fyrir að hreyfingar fjármagns m.a. vegna gjafa og styrkja séu óheimilar, skuli fjármagnshreyfingar milli landa vegna gjafa og styrkja innlendra aðila til erlendra aðila vera heimilar fyrir allt að 3.000.000 kr. á almanaksári. Þykir eðlilegt að slík heimild sé til staðar og að ekki sé alveg girt fyrir að innlendir aðilar geti látið fé af hendi rakna til gjafa og styrkja til erlendra aðila. Í ákvæðinu er talið upp í dæmaskyni að gjafa- og styrkþegar geti verið einstaklingar, góðgerðasamtök eða hliðstæðir aðilar. Ekki er hér um tæmandi upptalningu að ræða en við mat á því hvað geti talist hliðstæðir aðilar er rétt í tilefni af slíkri fjármagnshreyfingu að óska eftir upplýsingum um tilefni gjafa/styrkja og tengslum gefanda og þiggjanda. Gefandi og styrkveitandi skulu sjálfir vera eigendur þeirra fjármuna sem um ræðir en fjármunirnir skulu ekki koma frá þriðja aðila og fjárhæðin skal lögð inn á reikning í eigu móttakanda. Við mat á slíku er m.a. rétt að líta til þess hvort fjárhæð gjafar/styrkjar sé í samræmi við eðlilega veltu á reikningi gefanda/styrkveitanda. Eðli málsins samkvæmt geta gefandi og þiggjandi ekki verið einn og sami aðilinn.

Í 2. mgr. er lagt til að laun sem erlendur aðili aflar og hefur aflað síðastliðna sex mánuði og laun innlends aðila sem búsettur er erlendis vegna starfs eða náms séu undanþegin takmörkunum á fjármagnshreyfingum samkvæmt lögunum. Þannig er þessum aðilum heimilt að flytja út gjaldeyri sem jafngildir launum í sex mánuði og eiga gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra. Til launa samkvæmt þessu ákvæði skulu teljast greiðslur til framfærslu aðila, svo sem námslán, atvinnuleysisbætur, lífeyrisgreiðslur og aðrar sambærilegar greiðslur og er það nýmæli.

Um l-lið (13. gr. l).

Í 13. gr. l er fjallað um skilaskyldu á gjaldeyri. Allt frá því að Seðlabanka Íslands var veitt heimild til að setja reglur, að fengnu samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra, sem takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast ef slíkar hreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að mati Seðlabankans alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum, sbr. lög nr. 134/2008, þann 28. nóvember 2008, hefur í reglunum verið kveðið á um skilaskyldu innlendra aðila á öllum erlendum gjaldeyri sem þeir eignast erlendis. Skilaskylda erlends gjaldeyris hefur verið hornsteinn þeirra reglna sem í gildi hafa verið og mjög mikilvæg þegar litið er til þess markmiðs sem upphaflega var stefnt að, þ.e. að tryggja stöðugleika gengis íslensku krónunnar og byggja upp gjaldeyrisforða. Í samræmi við það er lagt til að innlendum aðilum verði áfram gert skylt að skila öllum erlendum gjaldeyri sem þeir eignast til fjármálafyrirtækis hér á landi innan þriggja vikna frá því að gjaldeyririnn komst eða gat komist í hendur þeirra eða umboðsmanna þeirra. Skilaskylda þessi telst uppfyllt þegar gjaldeyririnn er kominn inn á gjaldeyrisreikning í fjármálafyrirtæki hér á landi. Ekki er lagt til að skylt sé að gjaldeyrinum sé skipt í íslenskar krónur til að skilaskyldan teljist uppfyllt.

Um m-lið (13. gr. m).

Í 13. gr. m er lagt til að innlend nýfjárfesting fyrir nýtt innstreymi erlends gjaldeyris skuli vera ótakmörkuð. Nýfjárfestingarákvæðið kemur fyrst inn í reglur um gjaldeyrismál 31. október 2009 og því er þessi dagsetning í ákvæðinu. Með nýju innstreymi erlends gjaldeyris er átt við gjaldeyri sem berst hingað til lands eftir að ákvæðið kemur inn í reglur um gjaldeyrismál. Skilyrði er að erlendu fjármagni sé skipt í innlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og styðji þannig gengi krónunnar. Að fenginni staðfestingu Seðlabankans um að fjármunir

hafi losnað við sölu á nýfjárfestingu skulu slíkir fjármunir ekki falla undir takmarkanir skv. 13. gr. b og 13. gr. c. Þannig er ýtt undir erlenda fjárfestingu í íslensku hagkerfi.

Tekið er sérstaklega fram að afleiðusamningar teljist ekki til nýfjárfestingar, þar eð afleiður og afleiðutengd ákvæði geta haft stórfelld og ófyrirséð áhrif á verðmæti þeirra og/eða greiðsluflæði þeim tengt. Slík áhrif geta leitt til mun meira útflæðis erlends gjaldeyris en upphaflegt innflæði var og gengið þar gegn markmiði ákvæðisins.

Um n-lið (13. gr. n).

Í 13. gr. n er lagt til að ákveðnum stofnunum og fyrirtækjum verði veittar tilteknar undanþágur frá einstökum ákvæðum laganna. Einungis Seðlabanki Íslands og ríkissjóður eru undanþegnir lögunum í heild líkt og kveðið er á um í 1. mgr. Þær undanþágur sem kveðið er á um í þessari grein miða allar að því að aðlaga gjaldeyrishöftin að rekstri og starfsemi þeirra stofnana og fyrirtækja sem þar eru undanþegnar.

Um o-lið (13. gr. o).

Í 13. gr. o er gert ráð fyrir að Seðlabanka Íslands sé heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum 13. gr. b – 13. gr. n. og að ákvæði 7. gr. laganna skuli gilda um slíkar undanþágur að öðru leyti en því að ekki skal innheimt gjald þegar undanþágur eru veittar. Samkvæmt skipan laga um gjaldeyrismál fer Seðlabanki Íslands með eftirlit með þeim og hefur verulegt svigrúm til að tryggja stöðugleika í gengis- og peningamálum sem m.a. taka mið af alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Er talið eðlilegt að Seðlabankinn sem sérfræðistjórnvald á þessu sviði hafi með höndum að veita undanþágur frá ákvæðum laganna. Við mat á beiðnum um undanþágur skal Seðlabankinn m.a. líta til þess hvaða markmið eru að baki takmörkunum og hvaða áhrif undanþága hefur á stöðugleika í gengis- og peningamálum. Rétt er að taka fram að heimildir Seðlabanka Íslands til að veita undanþágur samkvæmt þessari grein eiga einnig við um undanþágur sem bankinn telur nauðsynlegt að veita vegna fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta sem þeim tengjast sem eiga sér stað beint eða óbeint í tengslum við áætlun um losun gjaldeyrishafta.

Um p-lið (13. gr. p).

Ákvæði 13. gr. p kveða á um að viðurlög við brotum gegn ákvæðum 13. gr. a – 13. gr. n, varði stjórnvaldssektum og refsingum sbr. 15. gr. a – 15. gr. d., 16. gr., 16. gr. a. og 16. gr. b. Í 15. gr. a. – 15. gr. d er kveðið á um heimildir Seðlabanka Íslands til að leggja stjórnvaldssektir á aðila sem gerst hafa brotlegir við ákvæði laganna. Þá er í 16. gr. kveðið á um að brot gegn ákvæðum laganna geti varðað sektum eða fangelsi og skv. 16. gr. b sæta brot gegn lögunum opinberri rannsókn að undangenginni kæru Seðlabanka Íslands til lögreglu. Nauðsynlegt er að kveðið sé á um viðurlög við brotum gegn ákvæðum laganna um takmarkanir á fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum enda er annars hætta á að takmarkanirnar verði virtar að vettugi og hafi því ekki tilætluð áhrif. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 4. og 5. gr.

Með 4. og 5. gr. eru lagðar til breytingar á 15. gr. a og 1. mgr. 16. gr. laganna þar sem tilvísun til nýrra 13. gr. a – 13. gr. n er bætt við þá upptalningu sem fyrir er. Ákvæðin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði til bráðabirgða I í lögunum falli brott enda er nú gert ráð fyrir að reglur um gjaldeyrishöft verði færð inn í lögin, sbr. 13. gr. a – 13. gr. p. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 7. og 8. gr.

Í 7. gr. er lagt til að dagsetningu ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum og ákvæðis til bráðabirgða IV í tollalögum nr. 88/2005 verði breytt úr 31. ágúst 2011 í 31. desember 2015. Er það í samræmi við fyrrgreinda áætlun um losun gjaldeyrishafta. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er kveðið á um að lögin öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal I.

Áætlun um losun gjaldeyrishafta.
Skýrsla Seðlabanka Íslands til efnahags- og viðskiptaráðherra.
(25. mars 2011.)

Áætlun um losun gjaldeyrishafta.

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir nýrri áætlun um losun gjaldeyrishafta. Fjallað er um reynslu af fyrri áætlun Seðlabankans, framvindu skilyrða sem þarf að uppfylla til þess að hægt sé að losa um höftin og hinum tveimur megin áföngum og einstökum skrefum fyrri áfangans er lýst (sjá kafla III og IV). Niðurstaðan er að forsendur þess að byrja að losa varlega um nokkra þætti haftanna séu fyrir hendi, en meiriháttar skref verði hins vegar vart tekin fyrr en ríkissjóður hefur með lántöku sýnt fram á getu til þess að endurfjármagna erlend lán. Það hefur tafist, meðal annars vegna hinnar óleystu Icesave deilu. Verði lögunum um ríkisábyrgð hafnað er líklegt að annar áfangi áætlunarinnar og síðari hluti fyrri áfanga hennar tefjist. Því verður athyglinni í upphafi einungis beint að aðgerðum sem ekki ættu að ganga á gjaldeyrisforðann, þ.e.a.s útboðum sem miða að því að koma óstöðugum krónueignum í hendur langtímafjárfesta.

I. Inngangur

Gjaldeyrisviðskipti hafa verið háð takmörkunum frá hruni bankakerfisins haustið 2008. Áður en gjaldeyrishöft tóku gildi hafði Seðlabankinn birt tilmæli til bankanna um að takmarka sölu gjaldeyris við brýn vöru- og þjónustuviðskipti. Hinn 28. nóvember 2008 voru settar reglur um gjaldeyrismál, sem heimilaðar voru samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum um gjaldeyrismál. Með setningu reglnanna var öllum höftum á gjaldeyrisviðskiptum vegna vöru- og þjónustuviðskipta aflétt, en teknar upp strangari takmarkanir á fjármagnshreyfingar á milli landa og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast. Reglurnar hafa verið endurskoðaðar nokkrum sinnum. Breytingar hafa einkum miðað að því að loka glufum í upphaflegum reglum. Ein mikilvægasta breytingin af því tagi var gerð í lok október 2009, þegar tekin voru af tvímæli

um að einhliða innflutningur á aflandskrónum væri óheimill.[1] Innflutningur á aflandskrónum hafði verið algeng leið til þess að sniðganga höftin. Um leið var losað nokkuð um höftin að öðru leyti, þ.e.a.s. höft á innstreymi erlends fjármagns voru afnumin. Líklegt er að þessar aðgerðir hafi átt nokkurn þátt í því að nær samfellt gengissig krónunnar, sem hófst í mars 2009, stöðvaðist.

Hinn 5. ágúst 2009 var lögð fram áætlun um afnám hafta sem unnin var af Seðlabanka Íslands með tæknilegri aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Á þeim tíma var óljóst hvort hægt yrði í náinni framtíð að uppfylla þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að leysa megi gjaldeyrishöftin án þess að stefna stöðugleika á gjaldeyrismarkaði í tvísýnu. Því var áætlunin ekki tímasett heldur var framgangur hennar háður ákveðnum skilyrðum. Lögð var áhersla á að forðast mismunun eftir því sem hægt væri. Megineinkenni áætlunarinnar sem unnin var sumarið 2009 var að byrjað skyldi á því að losa um höft á innstreymi fjármagns. Fyrsti áfangi áætlunarinnar kom til framkvæmda í lok október 2009, en á sama tíma var reglugerðin hert að því leyti að lokað var fyrir innstreymi aflandskróna, sem var meginfarvegur sniðgöngu fram að þeim tíma og gróf undan skilaskyldu gjaldeyris. Því næst skyldi hafist handa við að losa um höft á langtímaeignum, sem þegar væru að miklu leyti í eigu langtímafjárfesta eða myndu fljótlega komast í hendur þeirra, t.d. innlendra lífeyrissjóða. Að því loknu var áformað að losað yrði um höft á skammtímaeignir, m.a. með útboðsaðferðum þar sem markaðsverð myndi ráða hver gæti fyrst skipt krónueignum í gjaldeyri. Ekki var gert ráð fyrir að tekist yrði á við þann vanda fyrr en seint í ferlinu, að umtalsverður hluti auðseljanlegra eigna var í eigu erlendra aðila sem líklegt var talið að annaðhvort vildu eða neyddust til að selja krónueignir sínar við fyrsta tækifæri. Gengið var út frá því að aflandskrónuvandinn myndi að einhverju leyti minnka með innbyrðis viðskiptum erlendra aðila, þar sem fjárfestar með lengri sjóndeildarhring og meira þanþol myndu eignast krónueignir frá aðþrengdum fjárfestum sem væru tilbúnir að selja eignir sínar fyrir lágt verð.

Ljóst er að það hefur tekið lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir að skapa þau skilyrði sem eru forsenda þess að hægt sé að afnema höftin án þess að það valdi verulegum óstöðugleika. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Verulegar tafir urðu á framkvæmd efnahagsáætlunarinnar, m.a. vegna þess að Icesave-deilan tafði afgreiðslu Norðurlandalána. Einnig tók mun lengri tíma að koma efnahagsreikningum hinna nýju banka saman en upphaflega var áætlað, aðgerðir til að taka á skuldavanda heimila og fyrirtækja tóku langan tíma og mikil óvissa skapaðist um efnahag bankanna í kjölfar þess að Hæstiréttur dæmdi gengistryggingu lána ólögmæta og óskuldbindandi. Þá hafa aðstæður á erlendum lánsfjármörkuðum lengst af verið afar óhagstæðar. Þær aðstæður og lægra lánshæfismat hafa orðið til þess að tefja aðgengi ríkissjóðs að erlendum lánsfjármörkuðum. Aflandskrónuvandinn hefur af ýmsum ástæðum ekki verið leystur með aðkomu nýrra langtímafjárfesta að því marki sem vonast var til.

Þótt tafir hafi orðið á framkvæmd efnahagsáætlunarinnar hefur miðað tölvert áleiðis, ekki síst að því er varðar gengisstöðugleika og uppbyggingu gjaldeyrisforða, almennt jafnvægi í þjóðarbúskapnum og betra jafnvægi í fjármálum hins opinbera. Að auki hefur krónueign erlendra aðila verið lækkuð með Avens-samkomulaginu. Traust umheimsins á efnahagsstefnunni hefur aukist verulega eftir því sem henni vindur fram, sem m.a. birtist í mun lægra

---

[1] Aflandskrónur eru í þessari greinargerð skilgreindar sem verðmæti í innlendum gjaldeyri í eigu eða vörslu erlendra aðila, eða ávísun á slík verðmæti, sem lúta sérstökum takmörkunum samkvæmt reglum um gjaldeyrismál. Eigendur aflandskróna eru líklega flestir erlendir aðilar, þrátt fyrir að innlendir aðilar eigi einnig einhvern hluta þeirra, hvort sem er beint eða óbeint.

skuldatryggingarálagi en þegar upphafleg áætlun um losun hafta var samin.

Þrátt fyrir aukið traust á mörgum sviðum er traust á að krónan haldi gildi sínu á innlendum markaði án gjaldeyrishafta takmarkað, a.m.k. hjá erlendum aðilum sem eiga viðskipti á aflandsmarkaði, sem kemur fram í því að þau takmörkuðu viðskipti sem þar fara fram eru á gengi sem er langt undir gengi krónu á innlendum gjaldeyrismarkaði. Höftin heimila aðeins innbyrðis viðskipti með aflandskrónur á milli erlendra aðila en takmarka fjármagnsviðskipti á milli innlendra og erlendra aðila. Höftin leiða því til þess að gjaldeyrismarkaðirnir leita ekki í sameiginlegt jafnvægi. Töluverður hluti auðseljanlegra eigna í krónum, t.d. innstæðna í innlendum bönkum og skammtímaríkisskuldabréfa, eru því áfram í höndum aðila sem geta ekki eða vilja ekki eiga þessar eignir eftir að höftin eru leyst. Á meðan ekki tekst að koma töluverðum hluta þessara óstöðugu eigna í hendur langtímafjárfesta er torséð hvernig hægt er að afnema höftin án þess að því fylgi áhætta á óstöðugleika á gjaldeyris- og skuldabréfamörkuðum.

Meginvandinn við fyrri áætlun fólst í því að ekki var gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til þess að beina þessum hvikulu eignum í langtímafjárfestingu áður en hafist yrði handa við að losa höftin að öðru leyti. Eigendum þeirra hefur aðeins verið gefið færi á að fjárfesta í fremur takmörkuðu úrvali eigna og ýmsum hópum fjárfesta, t.d. innlendum lífeyrissjóðum, hefur ekki verið gefið færi á að eignast aflandskrónur. Því hefur gengið hægt að koma þessum eignum í hendur langtímafjárfesta.

Í áætluninni sem lýst er hér á eftir er vikið í veigamiklum atriðum frá áætluninni sem lögð var fram sumarið 2009. Hins vegar er áætlunin áfram í mörgum skrefum og sem fyrr lögð áhersla á að forðast mismunun. Áætlunin er þannig gerð að hana má aðlaga að ýmsum aðstæðum, fyrst og fremst með því að aðlaga hraða framkvæmdarinnar. Áætlunin skiptist í tvo megináfanga, til viðbótar þeim skrefum sem þegar hafa verið tekin, svo sem afnám hafta á innflæði fjármagns, sem hver um sig fela í sér fleiri minni skref. Í greinargerðinni er greint frá skilyrðum sem nauðsynlegt er að séu til staðar fyrir hvern áfanga og skref. Áfangar og skref eru hins vegar ekki tímasett, enda ekki mögulegt að segja nákvæmlega til um hvenær skilyrði til þess að taka einstök skref verða til staðar, auk þess sem mikilvægar upplýsingar um hvenær og hvernig er best er að hefja næsta áfanga munu fást í hverjum þeim áfanga sem lokið er.

Engar líkur eru á að höftin geti horfið áður en núverandi lagaheimild rennur út hinn 31. ágúst nk. án þess að tekin verði óverjandi áhætta hvað varðar gengi krónunnar og stöðugleika fjármálakerfisins. Hversu hratt verður hægt að afnema höftin mun ráðast af því hvernig aðstæður þróast. Einnig skiptir máli þegar losað er um höftin hversu traustar varúðarreglur um gjaldeyrisáhættu og aðra áhættu í alþjóðlegri starfsemi innlendra fjármálastofnana verða til staðar. Með þetta í huga er lagt til að núverandi lagaheimild verði framlengd í u.þ.b. 4 ár, sem ætti að tryggja að hægt sé að afnema höftin á þeim hraða sem aðstæður leyfa án þess að óstöðugleiki hljótist af. Eftir sem áður verður kappkostað að losa höftin fyrr ef aðstæður leyfa.

Lagt er til að nefnd sem nú er starfandi og skipuð er fulltrúum efnahags- og viðskiptaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, forsætisráðuneytis, Fjármálaeftirlits (FME) og Seðlabanka starfi áfram og hafi eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar, hraða aðgerða og þörf fyrir breytingar. Það sama á við um stýrihóp undir forystu efnahags- og viðskiptaráðherra, sem að auki er skipaður fjármálaráðherra, forstjóra FME og seðlabankastjóra.

Greinargerðin er þannig uppbyggð að í næsta kafla er fjallað almennt um áfangaskiptingu nýrrar áætlunar og þau skilyrði sem þarf að uppfylla áður en hverjum áfanga er hrundið í

framkvæmd.[2] Í þriðja kafla greinargerðarinnar er fjallað um með hvaða hætti aflandskrónum verður beint í hendur langtímafjárfesta til hagsbóta fyrir íslenskt efnahagslíf. Í fjórða kafla er fjallað um afnám hafta á gjaldeyrisviðskipti með innlendar krónur og varúðarreglur varðandi gjaldeyrisáhættu og alþjóðlega starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja eftir að höftum á fjármagnsflutninga hefur að öðru leyti verið aflétt. Fimmti kafli inniheldur niðurlag.

II. Áfangaskipting nýrrar áætlunar

Áætlunin sem hér er lögð fram er ólík hinni fyrri að því leyti að hún snýst að mestu um skipulegar aðgerðir til þess að koma óstöðugum krónueignum í hendur langtímafjárfesta snemma í ferlinu. Áætlunin er hins vegar ekki tímasett, fremur en hin fyrri áætlun, að öðru leyti en því að næsti áfangi, sem hægt er að skipta í eins mörg minni skref og hentar, hefst í kjölfar birtingar þessarar áætlunar. Eins og í fyrri áætlun er hins vegar lögð áhersla á að losa um höftin í skrefum. Meginmarkmið áætlunarinnar er að afnema gjaldeyrishöft í skrefum án þess að valda óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði.

Áætlunin skiptist í tvo megináfanga. Að mati Seðlabankans eru forsendur þess að taka fyrstu skref fyrri áfangans til staðar, en áður en hin síðari skref fyrri áfangs og síðari áfanginn koma til framkvæmda þarf að uppfylla ýmis skilyrði sem enn eru ekki fyrir hendi (sjá kafla III og IV hér fyrir neðan). Eins og fram kemur í viðauka I hafa þjóðhagslegar forsendur þess að afnema höftin þróast mjög í rétta átt frá því fyrri áætlun var sett fram í ágúst 2009. Sama á við öflun gjaldeyrisforða (viðauki III). Ein helsta hindrunin í vegi fyrir því að losa verulega um höftin er mögulegur óstöðugleiki innstæðna erlendra aðila í bönkunum (viðauki II). Því liggur beint við að ný áætlun um losun gjaldeyrishafta beinist einkum að því að draga úr óvissu sem tengist töluverðum skammtíma aflandseignum með því að hleypa þeim út í áföngum, eða öllu heldur koma þeim í hendur aðila, hvort heldur innlendra eða erlendra, sem vilja binda þær í fjárfestingu í innlendu atvinnulífi til langs tíma. Seðlabankinn telur að forsendur til þess að taka ákveðin skref í þá átt séu nú þegar fyrir hendi, að því tilskildu að þau séu hófleg og framkvæmd af varúð. Þessar aðgerðir, sem nánar er lýst í kafla III, munu ekki kalla á að gengið verði á gjaldeyrisforðann. Þvert á móti ættu sumar þeirra að leiða til hreins innflæðis gjaldeyris til skamms tíma (kaup á rekstrarfélögum) eða að minnsta kosti til langs tíma vegna aukins útflutnings (nýfjárfesting í útflutningsgreinum). Þær krefjast þess ekki heldur að ríkissjóður hafi að fullu endurheimt það traust sem hann hafði áður, því að aðgerðirnar myndu að miklu leyti beinast að einkageiranum og að nokkru leyti gefa ríkissjóði færi á að fjármagna sig til langs tíma með hagkvæmari hætti en ella. Því ætti fjármögnun ríkissjóðs að vera tryggð þótt eitthvað af því fjármagni sem áður hefur fjármagnað ríkissjóð leiti á önnur mið, t.d. inn í atvinnuvegafjárfestingu, og tryggi þannig undirstöður ríkisfjármála með óbeinum hætti. Vegna þess að aðgerðirnar eru framkvæmdar í mörgum skrefum er mögulegt að hægja á ferlinu komi upp einhver vandamál. Í gegnum allt ferlið verður gildandi gjaldeyrishöftum framfylgt til hlítar. Verði sniðgöngu vart, verður tekið á því með því að loka glufum eða gera breytingar á áætluninni.

Fyrri áfangi – lækkun stöðu aflandskróna

Fyrri áfangi losunar gjaldeyrishafta felst í aðgerðum til þess að lækka stöðu aflandskróna í höndum aðþrengdra fjárfesta og beina þeim inn í íslenskt efnahagslíf og langtímafjármögnun

---

[2] Í viðauka I er fjallað nánar um að hve miklu leyti þjóðhagsleg, fjármálaleg og önnur skilyrði þess að hægt sé að losa um gjaldeyrishöftin, án þess að óstöðugleiki hljótist af, séu til staðar.

ríkissjóðs. Heimildir til fjárfestingar aflandskróna verða auknar undir eftirliti þótt núverandi reglur um gjaldeyrishöft verði áfram í gildi og þeim fylgt eftir til hlítar.

Byrjað verður á aðgerðum til þess að draga úr aflandskrónueign erlendra aðila með því að heimila að þeim eignum verði skipt, í tveimur skrefum, á móti gjaldeyriseignum innlendra aðila, án þess að ganga á gjaldeyrisforða Seðlabankans, og beina henni í langtímafjárfestingu í atvinnulífi eða skuldabréfum ríkissjóðs. Gerð er grein fyrir mismunandi leiðum sem heimilaðar verða í þeim efnum og skilyrðum sem þarf að vera fullnægt, án þess þó að tæknilegri útfærslu sé lýst í smáatriðum. Leiðarljós þessarar áætlunar er að stuðla að því að aðþrengdir fjárfestar geti selt krónueignir sínar fjárfestum með lengri sjóndeildarhring og getu til þess að fjárfesta í fleiri eignum, t.d. með beinni fjárfestingu í íslensku atvinnulífi. Skrefin verða útfærð með það í huga að lágmarka hættu á óstöðugleika sem reynt gæti um of á gjaldeyrisforðann og vakið áhyggjur af fjármálastöðugleika (þ.m.t. lausafjárerfiðleikum í bankakerfinu). Að lokum verður þeim eigendum aflandskróna sem eftir standa boðið að selja innstæður í krónum fyrir gjaldeyri gegn greiðslu útgöngugjalds eða skipta á skuldabréfum ríkissjóðs í krónum og skuldabréfi ríkissjóðs í erlendum gjaldeyri. Erfitt er að fullyrða hvenær áfanganum lýkur, en það ræðst af samspili innri og ytri þátta.

Síðari áfangi – losun hafta á aðrar krónur

Þegar viðunandi árangri hefur verið náð, þ.e.a.s. stofn aflandskrónueigna í höndum aðþrengdra fjárfesta hefur minnkað að því marki sem Seðlabankinn telur viðráðanlegt með hliðsjón af gjaldeyrisforða og þegar aflandsgengi krónunnar hefur nálgast álandsgengið, verður hafist handa við síðari áfanga, losun hafta á almenn gjaldeyrisviðskipti. Forsenda þess er þó að horfur um greiðslujöfnuð gefi til kynna að gjaldeyrisforði sé nægjanlegur og önnur skilyrði hafi verið uppfyllt. Ekki er útilokað að opnað verði í einhverjum mæli fyrir beina erlenda fjárfestingu innlendra fyrirtækja áður en aðgerðum til að binda aflandskrónur lýkur. Í þessum áfanga er hættan á óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði að óbreyttu mun meiri en í fyrri áfanganum sem fjallað var um hér að framan. Líkur á að hún raungerist verða hins vegar minni eftir því sem fyrsti áfanginn hefur gengið betur og eftir því sem almennar forsendur þess að leysa höftin, sem fjallað er um í viðauka, eru betur uppfylltar.

Meginskilyrðið er að ríkissjóður og viðskiptabankarnir hafi viðunandi aðgang að erlendum lánamörkuðum. Áður en annar áfangi hefst verður gerð vönduð úttekt á því hvort i) bankarnir hafi og muni hafa nægt laust fé til að uppfylla lausafjárhlutföll sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn áskilja nú sem og væntanlegar lausafjárkvaðir í samræmi við Basel III regluverkið (LCR, NSFR) og geti staðið af sér óstöðugt fjármagnsflæði og gengisóstöðugleika, ii) gjaldeyrisforði sé nægjanlegur til að standast nokkurt gjaldeyrisútflæði og iii) staða ríkisfjármála sé nægilega sterk til að ríkissjóður þoli tímabundið flökt eftirspurnar eftir ríkisbréfum.

Áður en síðari áfangi hefst munu varúðarreglur sem takmarka gjaldeyrisáhættu fjármálastofnana verða styrktar. Einnig kæmi til greina að takmarka alþjóðlega starfsemi banka með höfuðstöðvar á Íslandi á meðan Ísland stendur utan Efnahags- og myntbandalags Evrópu og fullnægjandi samevrópsku öryggisneti fyrir slíka starfsemi hefur ekki verið komið á fót. Það mál þarf að leysa að nokkru leyti á alþjóðavettvangi. Einnig þarf að huga að öðrum varúðarreglum sem dregið gætu úr áhættu, svo sem hömlum á lántöku heimila í erlendum gjaldmiðlum. Fullnægjandi langtímalausn á þessu vandamáli krefst þó samkomulags á alþjóðlegum vettvangi eða innan Evrópusambandsins. Enn fremur verður skoðað að setja varúðarreglur sem tryggja neytendavernd sem og draga úr áhættu á fjármálamarkaði, svo sem hömlur á lántöku heimila í erlendum gjaldmiðlum. Varúðarreglur af þessum toga kunna að fela í sér höml-

ur á frjálsar fjármagnshreyfingar og þarf því að ræða í tíma við aðila EES-samningsins svo að tryggt sé að þær falli innan ramma samningsins. Áður en síðari áfangi hefst þyrfti enn fremur að liggja fyrir ákvörðun um framtíðarumgjörð peningastefnunnar á meðan Ísland stendur utan evrusvæðisins, og til frambúðar ef aðild að Evrópusambandinu verður hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Séu ofangreind skilyrði fyrir hendi og verði árangur aðgerða til að lækka stöðu aflandskróna góður og lausafjárstaða og efnahagur fjármálafyrirtækja traust kann að vera hægt að losa tiltölulega hratt um það sem eftir er af höftunum. Það gæti verið æskilegt þar sem erfiðara gæti verið að framfylgja höftunum eftir því sem fleiri gáttir eru opnaðar. Þó er háð aðstæðum hvort það verður mögulegt og þá gæti þurft að takmarka áhættu varðandi áhrif losunar haftanna á gengi og gjaldeyrisforða með því að skipta áfanganum í nokkur skref, t.d. með því að rýmka reglur um beina erlenda fjárfestingu áður en önnur skref eru tekin.

III. Fyrri áfangi – leiðir til þess að draga úr stöðu aflandskróna

Aflandskrónur eru í þessari greinargerð skilgreindar sem verðmæti í innlendum gjaldeyri í eigu eða vörslu erlendra aðila, eða ávísun á slík verðmæti, sem lúta sérstökum takmörkunum samkvæmt reglum um gjaldeyrismál.

Um þessar mundir er sem fyrr segir talið að staða erlendra aðila í krónuinnstæðum í innlendum bönkum og skuldabréfum í innlendum gjaldmiðli nemi u.þ.b. 465 ma.kr. eða fjórðungi landsframleiðslu Íslands. Á bak við innstæður erlendra aðila, einkum banka, í innlendum bönkum standa endafjárfestar sem eiga krónuinnstæður í erlendum bönkum. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um hina endanlegu eigendur þessara fjármuna, en vitað er að um er að ræða banka, fagfjárfesta af ýmsu tagi, vogunarsjóði og einstaklinga. Að mestu leyti er væntanlega um erlenda aðila að ræða en eitthvað er um innlenda aðila eða erlend félög sem tengjast innlendum aðilum. Hagsmunir og háttsemi þessara hópa geta verið afar mismunandi, en við greiningu vandans getur verið gagnlegt að skipta aflandskrónueigendum í þrennt:

- Í fyrsta lagi vill eða verður nokkuð stór hópur aðþrengdra fjárfesta að selja krónueign sína við fyrsta tækifæri.
- Í öðru lagi er vitað að nokkur hluti erlendra krónueigenda eigi krónurnar í þeim tilgangi að fjárfesta í innlendu atvinnulífi þegar færi gefst. Í einhverjum tilvikum er um að ræða fjárfesta sem keyptu krónurnar áður en höftin voru sett á, en hafa ekki getað fjárfest þær í innlendu efnahagslífi vegna haftanna. Einnig getur verið um að ræða aðila sem hafa hug á því að fjárfesta á Íslandi en hafa keypt krónurnar eftir að gjaldeyrishöftin voru sett á. Þessir aðilar eru ekki líklegir til að losa stöður sínar þótt gjaldeyrishöftin hverfi.
- Í þriðja lagi er að öllum líkindum töluvert stór hópur fjárfesta, e.t.v. stærsti hópurinn, sem breytir afstöðu sinni eftir aðstæðum.

Fyrir utan þessa þrjá hópa fjárfesta sem nefndir hafa verið til sögunnar er rétt að nefna hóp fjárfesta sem gegna mun lykilhlutverki í nýrri áætlun, þ.e.a.s. fjárfesta sem eiga ekki aflandskrónur nú, en myndu vilja kaupa þær í því skyni að fjárfesta í innlendu atvinnulífi eða langtímaskuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Þessi hópur er einnig fjölbreyttur og tekur til bæði erlendra og innlendra aðila sem eiga umtalsverðar gjaldeyriseignir, t.d. lífeyrissjóða. Lykillinn að því að aðgerðir til þess að auka á stöðugleika skammtímakrónueigna verði árangursríkar er að koma þeim krónum sem eru í höndum hóps eitt í hendur hópa tvö og fjögur. Takist það eru líkur á að töluverður hluti fjárfesta sem ella myndu selja krónur við losun hafta kjósi að eiga þær til frambúðar, enda ættu að vera u.þ.b. jafn miklar líkur á því að krónan styrkist þegar höftin hverfa og að hún veikist ef tilgreind skilyrði eru til staðar.

Áætlunin sem hér er lögð fram miðar að því að skilgreina skilyrði sem þeir þurfa að uppfylla sem vilja flytja aflandskrónur til landsins eða taka við þeim. Fyrri áfangi áætlunarinnar miðar að því að heimila flutning allra *löglega fenginna aflandskróna* til landsins í nokkrum skrefum, samkvæmt skilmálum sem lýst verður hér á eftir. Með löglega fengnum aflandskrónum er átt við aflandskrónur í eigu:

- Erlends eða innlends aðila sem getur sýnt fram á samfellt eignarhald á aflandskrónum frá því áður en reglugerð um gjaldeyrismál tók gildi hinn 28. nóvember 2008.
- Erlends aðila sem eignaðist aflandskrónur eftir að reglurnar tóku gildi.
- Innlends og erlends aðila sem fullnægir skilyrðum til þess að taka þátt í gjaldeyrisútboði Seðlabankans, sem nánar er lýst hér á eftir. Seðlabankinn áskilur sér rétt til þess að hafna þátttöku aðila sem hafa gerst brotlegir við reglur um gjaldeyrisviðskipti eða sæta rannsókn vegna meintra brota á reglunum.

Hér á eftir er lýst þeim meginleiðum sem heimilaðar verða til þess að flytja aflandskrónur til landsins og beina þeim í fjárfestingu í ríkisskuldabréfum til langs tíma eða í innlendum skuldabréfum fyrirtækja, hlutabréfum eða fasteignum. Rétt er að taka fram að reglur um skilaskyldu gjaldeyris verða áfram í gildi, svo og aðrir þættir núverandi reglna nr. 370/2010 um gjaldeyrismál, á meðan gjaldeyrishöft eru til staðar og verður fylgst sérstaklega með því að þeir sem bjóða gjaldeyri til kaupa á aflandskrónum séu ekki að brjóta reglur um skilaskyldu. Fjárfestar sem velja að taka þátt í útboði, en hafa áður selt eignir fyrir erlendan gjaldeyri sem þeir hafa eignast í samræmi við 13. grein gjaldeyrisreglnanna (um nýfjárfestingu), verða að koma inn með aukagjaldeyri sem því nemur. Um er að ræða röð útboða og annarra aðgerða sem gefa færi á að stýra áhættunni, þrátt fyrir að geta að nokkru leyti átt sér stað samhliða.

Útboð gjaldeyris fyrir aflandskrónur

Seðlabankinn mun á næstu mánuðum standa að röð gjaldeyrisútboða þar sem markmiðið er að leiða saman eigendur erlends gjaldeyris sem vilja kaupa aflandskrónur til að fjárfesta í langtímaskuldabréfum ríkissjóðs eða innlendu atvinnulífi og eigendur aflandskróna sem vilja selja þær fyrir erlendan gjaldeyri. Útboðunum er lýst í almennum atriðum hér á eftir.[3]

- *Útboð gjaldeyris til kaupa á aflandskrónum til að fjárfesta í löngum skuldabréfum ríkissjóðs.*
  - *Markhópur:* i) Innlendir aðilar sem eiga gjaldeyri í vörslu erlends aðila og vilja kaupa löng skuldabréf ríkissjóðs og halda þeim til langs tíma að því tilskyldu að hægt sé að auka arðsemi fjárfestingarinnar með kaupum á aflandskrónum; ii) Erlendir aðilar sem eiga aflandskrónur sem þeir vilja selja fyrir gjaldeyri.[4]
  - *Markmið:* i) Hleypa aðþrengdum fjárfestum út til þess að draga úr þrýstingi á krónuna; ii) gefa lífeyrissjóðum o.fl. færi á að draga úr gjaldeyrisáhættu og ávaxta eignasafn sitt með hagkvæmum hætti; og iii) fjármagna ríkissjóð á hagkvæman hátt til langs tíma og draga þannig úr endurfjármögnunarþörf á meðan losað er um gjaldeyrishöft.
  - *Framkvæmd:* Útboðin verða framkvæmd í tveimur þrepum. i) Fjármálafyrirtæki fyrir hönd Seðlabankans býður aflandskrónueigendum að selja á uppboði ákveðna fjárhæð

---

[3] Útboðum er nánar lýst í útboðsskilmálum sem kynntir verða í kjölfar birtingar áætlunarinnar.

[4] Þrátt fyrir að innlendir aðilar sem eiga gjaldeyri erlendis og erlendir aðilar sem eiga aflandskrónur séu markhóparnir hér verða útboðin opin jafnt fyrir innlenda og erlenda aðila.

króna gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri. ii) Fjármálafyrirtæki fyrir hönd Seðlabankans býður *eigendum gjaldeyris í vörslu erlends aðila* að eignast ríkisskuldabréf fyrir andvirði krónanna. Fjárfestingin verður takmörkuð við löng skuldabréf og verður bundin til 5 ára. Heimilt verður að greiða út eðlilegan arð af fjárfestingunni á því tímabili.
  - *Forsendur:* Lausafjárstaða bankanna þarf að vera nægilega sterk til þess að standast tilfærslur á krónum á milli fjármálafyrirtækja og út úr kerfinu ef ríkissjóður eykur innlán í Seðlabanka, eða gripið verði til sérstakra aðgerða til þess að taka á því máli.[5]

- *Útboð gjaldeyris til kaupa á aflandskrónum til fjárfestingar í innlendu hlutafé, skuldabréfum eða öðrum innlendum eignum.*
  - *Markhópur:* i) Erlendir aðilar sem hafa áform um fjárfestingu í íslensku atvinnulífi og vilja kaupa aflandskrónur til þess að auka arðsemi hennar;[6] ii) Erlendir aðilar sem eiga aflandskrónur sem þeir vilja selja fyrir gjaldeyri.[7]
  - *Markmið:* i) Hleypa aðþrengdum aflandskrónueigendum út; ii) örva fjárfestingu í atvinnulífinu, einkum útflutningsgreinum.
  - *Framkvæmd:* Um er að ræða samskonar fyrirkomulag útboðs og lýst er hér að framan með tveimur frávikum:
    - Einnig yrði heimilað að fjárfesta í sérstökum lokuðum sjóðum (sjá skilyrði fyrir stofnun slíkra sjóða hér á eftir) sem fjárfesta í einu eða fleiri innlendum atvinnufyrirtækjum, fasteignum eða ákveðnum skuldabréfaflokkum.[8]
    - Skilyrði þátttöku er að fjárfestir leggi fram erlendan gjaldeyri sem nemur 50% af andvirði fjárfestingar samkvæmt þeim skilmálum sem fjallað er um hér á eftir.
  - *Forsendur:* Lausafjárstaða fjármálafyrirtækja sé nægilega sterk til þess að standast tilfærslur innstæðna, eða gripið verði til sérstakra aðgerða til þess að tryggja að svo sé. ii) Nægilega mörg útboð sem beinast að fjárfestingu í löngum ríkisskuldabréfum hafi farið fram áður til þess að ekki sé hætta á snöggri hækkun ávöxtunarkröfu, að teknu tilliti til horfa um aðgengi ríkissjóðs að erlendu lánsfé.

Ef dregur úr eftirspurn eftir aflandskrónum til fjárfestingar kann Seðlabankinn eigi að síður að bjóða öðru hverju út takmarkað magn gjaldeyris til þess að leysa út eigendur krónueigna. Fjárhæð gjaldeyris sem boðinn yrði út í hverju útboði yrði lág, en fjöldi útboða myndi ráðast af þróun gjaldeyrisforða og öðrum efnahagslegum aðstæðum. Vegna þess að gert er ráð fyrir að útboð verði framkvæmd þegar fram líða stundir jafnvel þótt ekki séu til tryggir kaupendur að krónunum yrði fjöldi útboða af þessu tagi háður mati á gjaldeyrisforða og öðrum efnahagslegum aðstæðum, t.d. því að ríkissjóður hafi sýnt fram á aðgengi að erlendum lánsfjármörkuðum.

---

5 Reglulegar úttektir verða gerðar á lausafjárstöðu bankanna.

6 Markhóparnir hér eru innlendir aðilar sem eiga gjaldeyriseignir erlendis og erlendir aðilar sem eiga aflandskrónueignir en útboðin verða opin jafnt innlendum og erlendum aðilum.

7 Eins og áður var nefnt verða innlendir aðilar ekki útilokaðir en ekki er búist við mikilli þátttöku úr þeim hópi.

8 Afla þarf lagaheimilda eftir því sem nauðsyn krefur.

Heimflutningur aflandskróna sem þegar eru í eigu aðila sem vilja fjárfesta í íslensku atvinnulífi

Sem fyrr segir hefur nokkur hópur eigenda aflandskróna átt krónurnar frá því áður en gjaldeyrishöftum var komið á 28. nóvember 2008 vegna fyrirhugaðrar fjárfestingar í innlendu atvinnulífi. Aðrir hafa eignast aflandskrónur með lögmætum hætti eftir að hertar gjaldeyrisreglur tóku gildi vegna framtíðaráforma um fjárfestingu í innlendu atvinnulífi. Þessum aðilum verður heimilað að flytja þessar krónur í innlend fjármálafyrirtæki í því augnamiði að beina þeim í fjárfestingu, *eftir að einu eða fleiri útboðum lýkur (en samhliða seinni útboðum)*, með eftirtöldum skilmálum:

- *Markhópur:* Erlendir og innlendir aðilar sem eiga aflandskrónur frá því fyrir gjaldeyrishöft eða erlendir aðilar sem hafa aflað þeirra síðar (fyrir birtingu nýrrar áætlunar eða í útboði eftir birtingu hennar), hyggjast nota þær til fjárfestingar í innlendu atvinnulífi og eru reiðubúnir að leggja til erlendan gjaldeyri fyrir sem nemur 50% af andvirði fjárfestingarinnar, á sama hátt og gildir um þá sem afla þeirra í útboðum. Reglur um erlenda lántöku verða rýmkaðar, m.a. með það að leiðarljósi að innlendir aðilar sem hafa tilhlýðilegar varnir gegn gjaldeyrisáhættu og eiga aflandskrónur, eða verður gert kleyft að eignast þær í útboðum, geti tekið erlend lán til þess að kaupa aflandskrónur fyrir sem nemur 50% af verðmæti innlendrar fjárfestingar.
- *Markmið:* Örva fjárfestingu í atvinnulífinu og draga úr ásýnd aflandskrónuvanda sem getur grafið undan trausti þrátt fyrir að þeir eigendur aflandskróna sem líklegir eru til að taka þátt séu langtímafjárfestar.
- *Framkvæmd:* Innlent fjármálafyrirtæki, banki, lífeyrissjóður eða annað fjármálafyrirtæki, sem sætir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, getur sótt um heimild til Seðlabankans til þess að taka við aflandskrónum í lokaðan fjárfestingarsjóð sem bundinn er til 5 ára (sjá rammagrein 1)
- *Forsendur:* Lausafjárstaða fjármálafyrirtækja þarf að vera nægilega traust til þess að standast tilfærslur á krónum á milli fjármálafyrirtækja.[9] Til að tryggja stöðugleika á markaði með ríkisskuldabréf er æskilegt er að ríkissjóður hafi sýnt fram á aðgang að erlendum lánsfjármörkuðum þegar hér er komið sögu og að útboðum sem beinast að fjárfestum í löngum ríkisskuldabréfum verði fjölgað eins og þörf krefur til að koma í veg fyrir skyndilega hækkun ávöxtunarkröfu. Fjárfestar sem eiga aflandskrónur frá því fyrir 28. nóvember 2008 munu njóta forgangs sé talin þörf á að skipta þessum áfanga frekar.

Einkenni þeirra aðgerða sem lýst hefur verið hér að framan er að byggt er á frumkvæði þeirra sem búa yfir upplýsingum um fjárfesta og fjárfestingartækifæri og hafa færni til þess að framkvæma viðeigandi aðgerðir. Fjármálafyrirtæki geta sett upp sjóði með mismunandi hætti svo framarlega sem gerð þeirra uppfyllir þau almennu skilyrði sem Seðlabankinn setur. Reglan um að nýtt innstreymi erlends gjaldeyris nemi 50% andvirðis fjárfestingar ætti að tryggja að áhrif á gengi krónunnar verði ekki neikvæð til skamms tíma litið og ef aðgerðirnar glæða fjárfestingu í útflutningstengdri atvinnustarfsemi ættu áhrifin til lengri tíma litið að vera jákvæð. Í vissum tilfellum kann þáttur innfluttra aðfanga í fjárfestingu að vera meiri en nemur 50% af andvirði fjárfestingar, en þegar um kaup á fyrirtæki í rekstri er að ræða mun helmingur andvirðis fjárfestingar fela í sér hreint gjaldeyrisinnstreymi. Innlend fyrirtæki sem eiga erlend-

---

[9] Reglulegar úttektir verða gerðar á lausafjárstöðu bankanna.

an gjaldeyri sem ekki er háður skilaskyldu geta eignast aflandskrónur með því að taka þátt í útboðinu.[10]

Rammagrein 1. Lokaðir sjóðir

Innlent fjármálafyrirtæki, banki, lífeyrissjóður eða annað fjármálafyrirtæki, sem sætir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, getur sótt um heimild til Seðlabankans til þess að taka við aflandskrónum í lokaðan fjárfestingarsjóð sem bundinn er til 5 ára. Hægt er að mynda slíkan sjóð um eina tiltekna fjárfestingu eða fleiri og með þátttöku eins aðila eða fleiri. Í umsókninni skal koma fram hvernig fjármálafyrirtækið hyggst uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Að gengið verði úr skugga um að aflandskróna sem fjármálafyrirtæki tekur við hafi verið aflað með lögmætum hætti.
- Að gjaldeyriseftirliti Seðlabankans verði gerð grein fyrir því með hvaða hætti fjármálafyrirtæki hyggst upplýsa eftirlitið, mánaðarlega eða oftar, um framvindu fjárfestingar og samþykki gjaldeyriseftirlitsins fengið fyrir áætlun um upplýsingagjöf.
- Að gerð verði grein fyrir fjárfestingarstefnu viðkomandi sjóðs og samþykki Seðlabankans fengið.
- Að fyrirkomulag sjóðsins sé með hætti sem að mati gjaldeyriseftirlits Seðlabankans lágmarkar hættu á að hann verði notaður til sniðgöngu gjaldeyrisreglna.

Erlend fjármálafyrirtæki geta með heimild gjaldeyriseftirlitsins sett upp samsvarandi sjóði í samvinnu við innlent fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til að taka á móti aflandskrónum og ber ábyrgð á því að unnt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með fjárfestingunni.

Skuldabréfaskipti og útgönguálag

Þegar ofangreindar aðgerðir hafa skilað tilætluðum árangri og ekki eru miklar líkur á að hægt sé að beina umtalsverðum hluta af því sem eftir stendur af stofni aflandskróna inn í innlenda langtímafjárfestingu verður krónueigendum sem eftir standa boðið upp á tvenns konar útgönguleið í takmarkaðan tíma:

- *Markhópur:* Allir aflandskrónueigendur sem hafa af einhverjum ástæðum ekki tekið þátt í útboðum en kunna að vilja losa stöður sínar áður en höftin hverfa.
- *Markmið:* Að draga sem kostur er úr hættu á útflæði áður en höftin verða leyst en skapa um leið hvata til þess að eigendur aflandskróna losi um stöðurnar í smáum skrefum.
- *Framkvæmd:* i) Öllum eigendum skuldabréfa ríkissjóðs í krónum kann að verða heimilað að breyta þeim í skuldabréf í erlendum gjaldeyri. Gjalddagi og verð skuldabréfanna munu ráðast af mati á markaðsaðstæðum á þeim tíma. ii) Öllum eigendum aflandskrónuinnstæðna í innlendum bönkum verður heimilað að skipta þeim í erlendan gjaldeyri gegn greiðslu gjalds sem nemur muninum á aflands- og álandsgengi krónunnar undangengnar vikur eða verði í síðustu útboðum. Útgöngugjaldið mun lækka í mánaðarlegum skrefum uns það hverfur með öllu innan ákveðins tíma (t.d. árs) frá því að gjaldið er lagt á. iii) Afnám eftirstandandi hafta í skrefum getur byrjað áður en útgöngugjaldið er komið niður í núll, að því tilskyldu að þjóðhagslegar aðstæður, horfur um greiðslujöfnuð og stöðugleiki fjármálageirans leyfi örugga framkvæmd þess.
- *Forsendur:* Ríkissjóður og helstu fjármálafyrirtæki hafi þegar sýnt fram á greiðan aðgang að erlendum lánsfjármörkuðum með lántöku þar á viðunandi vaxtakjörum. Efnahagur og lausafjárstaða banka séu nægilega traust til að standast útflæði innstæðna. Gjaldeyrisforð-

[10] Sjá 14. grein reglna um gjaldeyrismál. Fyrirtæki með 80% tekna og kostnaðar erlendis eru meðtalin.

inn þarf að vera nægjanlegur til að mæta hugsanlegu útflæði þegar útgöngugjaldið er sett á, að teknu tilliti til metins umfangs mögulega óstöðugra, krónueigna.

Þótt megináherslan í fyrri áfanga áætlunarinnar sé á bindingu aflandskróna verða heimildir til erlendrar lántöku innlendra aðila sem eru varðir gjaldeyrisáhættu til meðallangs og langs tíma einnig rýmkaðar, eins og fyrr getur, enda styður það við aðgerðina. Erlendum aðilum sem eiga gjaldeyri í innlendum fjármálafyrirtækjum kann einnig að verða heimilað að flytja gjaldeyrinn úr landi áður en fyrrgreindu tímabili lýkur.

IV. Losun gjaldeyrishafta á aðrar krónueignir

Þegar fullnægjandi árangri við lausn aflandskrónuvandans hefur verið náð verður í a.m.k. tveimur áföngum losað um höft á aðrar krónueignir í skrefum. Meginforsendur þess að hægt sé að hefja þennan áfanga eru eftirfarandi:

- Að horfur um greiðslujöfnuð til meðallangs tíma séu þannig að gjaldeyrisforðinn þoli mögulegt gjaldeyrisútflæði.
- Að ríkissjóður og innlendar fjármálastofnanir hafi sýnt fram á aðgang að erlendum lánsfjármörkuðum á viðunandi kjörum.
- Að fjármálageirinn geti staðist sveiflur í flæði fjármagns.
- Að verulega hafi dregið úr stöðum erlendra aðila í krónuinnstæðum og öðrum auðseljanlegum eignum.
- Að aflandsgengi krónunnar víki ekki umtalsvert frá álandsgenginu.
- Að nægilega öflugar varúðarreglur um gjaldeyrisáhættu fjármálafyrirtækja séu til staðar sem takmarka stærð efnahagsreikninga innlendra banka í erlendum gjaldmiðlum sem og gjaldeyris- og tímamisvægi. Slíkar reglur ættu einnig að draga úr hættu á að fyrirtækin grípi til aðgerða sem í fljótu bragði leiða til eigin ábata, en í raun skaða sameiginlega heildarhagsmuni þeirra sjálfra og almennings í landinu. Slíkar reglur þurfa að vera til staðar nokkru áður en hafist er handa við fyrri áfanga áætlunarinnar.
- Að settar hafi verið aðrar varúðarreglur eftir því sem nauðsyn krefur fyrir fjármálastöðugleika. Þar koma m.a. til álita takmarkanir á lántökur heimila í erlendum gjaldmiðlum.
- Settar verði tímabundið þrengri takmarkanir á gjaldeyrisáhættu lífeyrissjóða sem síðan yrði lyft áföngum.[11]
- Að peningastefna til lengri tíma hafi verið mótuð, annað hvort í tengslum við hugsanlega aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu eða með endurbættri framkvæmd peningastefnu á grundvelli verðbólgumarkmiðs.

Stefnt er að því að losa tiltölulega hratt um öll höft ef aðstæður leyfa. Sú leið gæti verið æskileg þar sem framfylgd haftanna verður að líkindum erfiðari eftir því sem fleiri útgönguleiðir eru opnaðar. Hvort þetta er mögulegt ræðst af aðstæðum og hugsanlegt er að nauðsynlegt reynist að takmarka áhættu af áhrifum þess að losa um höftin á gengi og gjaldeyrisforða með því að skipta ferlinu í fleiri skref, til dæmis með því að rýmka reglur um erlenda fjárfestingu áður en önnur skref eru tekin. Þörfin fyrir aukinn fjölda skrefa verður metin með hliðsjón af fyrrnefndum skilyrðum.

---

[11] Ef lífeyrissjóðirnir byggja upp gjaldeyriseign sjóðanna hratt á ný eftir að hafa dregið úr gjaldeyrisstöðunni með þátttöku í útboðum til að binda aflandskrónur gæti það leitt til óstöðugleika krónunnar sem myndu skaða sjóðina og þjóðarbúskapinn í heild. Því er það hagur lífeyrissjóðanna jafnt sem almennings að stuðla að því að slík enduruppbygging fari fram í hæfilegum áföngum.

V. Niðurlag

Hér að framan hefur verið lýst áætlun um losun gjaldeyrishafta sem kemur í stað áætlunar sem lögð var fram 5. ágúst 2009. Áætlunin hefur verið unnin af Seðlabankanum í nánu samráði við efnahags- og viðskiptaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og Fjármálaeftirlitið. Samráð var haft við erlendan ráðgjafa með reynslu af gjaldeyriseftirliti og losun gjaldeyrishafta og einnig veitti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gagnlega ráðgjöf.

Kjarni áætlunarinnar er að losað verður smám saman um aflandskrónur áður en losað verður um innlendar krónur. Sér í lagi verða heimildir til þess að fjárfesta aflandskrónur í innlendu efnahagslífi rýmkaðar verulega um leið og greitt verður fyrir viðskiptum á milli þeirra sem eiga aflandskrónur og vilja selja og hinna sem vilja kaupa þær fyrir erlendan gjaldeyri sem þeir eiga eða geta aflað. Um leið ættu þessar aðgerðir að örva fjárfestingu í atvinnulífinu. Lögð er áhersla á að framkvæmdin verði í hóflegum skrefum sem gefa færi á að aðlaga hana í ljósi reynslunnar. Á meðan á ferlinu stendur verða hafðar sérstakar gætur á þátttöku í útboðum, fjármálastöðugleika (þ.m.t. lausafjárstöðu bankakerfisins), þróun gjaldeyrisforða, aðgengi ríkissjóðs að erlendum lánsfjármörkuðum og horfum um greiðslujöfnuð í því skyni að meta hvort nauðsynlegt sé að aðlaga framkvæmd eða gang áætlunarinnar að breyttum aðstæðum. Búist er við að þessar aðgerðir muni smám saman draga úr stöðum aðila sem vilja selja krónueignir sínar á lágu gengi. Jafnframt ætti bilið á milli aflands- og álandsgengis krónunnar að minnka smám saman. Að ofgreindum skilyrðum uppfylltum ættu forsendur fyrir losun hafta á eigendur annarra krónueigna að vera fyrir hendi. Alls óvíst er hve langan tíma það mun taka að uppfylla öll forskilyrði. Einnig er líklegt að aðlaga þurfi áætlunina með hliðsjón af reynslu af framkvæmd hennar. Áður en hafist verður handa við seinni áfanga hennar verður einstökum skrefum hans lýst með nákvæmari hætti.

Nefnd sem skipuð er fulltrúum Seðlabanka, Fjármálaeftirlits og fyrrgreindra ráðuneyta mun hafa eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar og stýrihópur undir forystu efnahags- og viðskiptaráðherra og auk þess skipaður fjármálaráðherra, forstjóra Fjármálaeftirlitsins og seðlabankastjóra mun meta framganginn og hvort þörf sé á endurskoðun áætlunarinnar. Áður en síðari áfangi áætlunarinnar hefst mun verða nauðsynlegt að setja fjármálafyrirtækjum strangari varúðarreglur en nú gilda, m.a. um gjaldeyrisáhættu og starfsemi yfir landamæri. Fyrsti áfangi hinnar nýju áætlunar um losun hafta hefst með útboði sem verður tilkynnt fljótlega eftir birtingu áætlunarinnar.

Viðaukar

I. Viðauki um endurmat skilyrða fyrir afnámi hafta
II. Viðauki um lausafjárstöðu bankakerfisins
III. Viðauki um gjaldeyrisforða
IV. Viðauki um krónueignir erlendra aðila

Viðauki I: Endurmat á skilyrðum fyrir losun gjaldeyrishafta

Þrátt fyrir tafir á framvindu efnahagsáætlunarinnar hefur miðað verulega í rétta átt frá því að hin fyrri áætlun var gefin út. Skilyrðin sem þurfa að vera til staðar til þess að hægt sé að leysa gjaldeyrishöftin að fullu varða í grófum dráttum þjóðhagslegan stöðugleika, fjármálastöðugleika og gjaldeyrisforða. Skilyrðin eru þó innbyrðis tengd.

Þjóðhagslegur stöðugleiki

Mikið hefur áunnist að því er varðar hin þjóðhagslegu skilyrði þess að leysa höftin. Þar má nefna að umtalsverður undirliggjandi viðskiptajöfnuður hefur myndast, gengi krónunnar hefur styrkst þótt stuðningsinngrip á gjaldeyrismarkaði séu ekki lengur stunduð og verðbólga hefur hjaðnað að markmiði Seðlabankans. Samkvæmt fjárlögum verður frumjöfnuður ríkissjóðs nálægt núlli í ár og stefnt er að umtalsverðum afgangi á næsta ári. Eitt mikilvægasta skilyrði þess að hægt sé að losa höftin að fullu er að ríkissjóður njóti trausts, hvort heldur á innlendum eða erlendum markaði, og geti því auðveldlega fjármagnað þann halla sem enn er til staðar og endurfjármagnað skuldbindingar sem falla á gjalddaga.

Ástæða þess að mikilvægt er að uppfylla þetta skilyrði er augljós. Ef fjárfestar hafa ekki traust á getu ríkissjóðs til þess að standa við skuldbindingar sínar munu þeir selja ríkisskuldabréf um leið og þeir fá tækifæri til og skipta andvirði þeirra í erlendan gjaldeyri. Áður en losað er verulega um höftin þyrfti ríkissjóður að sýna fram á aðgengi að erlendum lánsfjármörkuðum með útgáfu skuldabréfa í erlendum gjaldeyri á erlendum markaði áður en nokkurt skref er tekið sem gæti til skamms tíma truflað verulega fjármögnun ríkissjóðs, eins og lýst er hér að neðan. Horfur um lánshæfismat ríkissjóðs þyrftu að batna og matið helst að hækka frá því sem nú er. Ástæðan er sú að lánshæfismat ríkissjóðs er sem stendur lægra en samrýmist fjárfestingarreglum ýmissa fjárfestingarsjóða sem eiga skuldabréf ríkissjóðs. Þeir neyðast því til þess að selja bréfin um leið og færi gefst. Verði Icesave-samningarnir samþykktir í þjóðaratkvæðagreiðslu verður óvissu eytt, að mati matsfyrirtækjanna. Það ætti síðan að greiða fyrir lántöku ríkissjóðs á erlendum mörkuðum, sem er forsenda mikilvægra skrefa í losun hafta, að undanskildum þeim allra fyrstu í fyrri áfanga, eins og lýst er hér að neðan.

Stefnt er að lántöku ríkissjóðs á alþjóðlegum fjármálamarkaði á þessu ári og góðar horfur eru á að lánshæfismat Íslands taki að hækka eftir því sem staða ríkissjóðs batnar, sérstaklega ef Icesave-deilunni er lent í sátt. Þó verður að hafa í huga að tilvist gjaldeyrishaftanna kann í sjálfri sér að vera hindrun í vegi þess að lánshæfismatið komist í fyrra horf. Því er ekki ástæða til að bíða með að hefja losun haftanna þar til lánshæfismat kemst í fyrra horf, þótt mikilvægt sé að ná lánshæfismatinu tryggilega upp í fjárfestingarflokk áður en boðið er upp á skipti á skuldabréfum í krónum fyrir skuldabréf í evrum og áður en síðari áfangi áætlunarinnar hefst. Þau skref sem fyrst verða tekin í átt til losunar gjaldeyrishafta, þ.e.a.s. útboð sem leiða saman eigendur gjaldeyris sem vilja fjárfesta í langtímaskuldabréfum ríkissjóðs og eigendur aflandskróna sem vilja selja krónueignir ættu hins vegar að auðvelda langtímafjármögnun ríkissjóðs fremur en að valda erfiðleikum.



Verðbólga er almenn vísbending um heilbrigði efnahagslífsins og á ríkan þátt í því að móta væntingar fjárfesta um gengisþróun og efnahagsþróun almennt. Mikil og breytileg verðbólga leiðir að öðru jöfnu til hærri ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði og almennt hærra vaxtastigs í landinu, sem hægir á hjólum efnahagslífsins og grefur undan trausti á gjaldmiðli landsins. Í ágúst 2009, þegar fyrri áætlun var gerð, var verðbólgan rétt undir 11%, en er nú komin niður fyrir verðbólgumarkmiðið.



Mikilvæg forsenda þessa góða árangurs við að ná niður verðbólgu er að gengi krónunnar hefur verið tiltölulega stöðugt eða styrkst frá því í nóvember 2009. Með auknu eftirliti og þéttari reglum, þegar heimflutningur aflandskróna var stöðvaður, tókst Seðlabankanum að koma í veg fyrir umfangsmikla sniðgöngu gjaldeyrishafta. Jafnframt er ljóst að mikil umskipti hafa orðið í utanríkisviðskiptum landsins sem styðja munu við gengi krónunnar til lengri tíma litið. Undirliggjandi afgangur á viðskiptajöfnuði Íslands, þ.e.a.s. þegar búið er að taka tillit til þess jafnaðar þáttatekna sem ætla má að standi eftir þegar uppgjör fallinna fjármálafyrirtækja og eignarhaldsfélaga hefur farið fram og þegar horft er fram hjá skuldum Actavis við eigendur sína, nam líklega 1/10 af landsframleiðslu á síðasta ári og horfur eru á svipuðum afgangi í ár og til næstu ára. Þegar öll kurl koma til grafar stefnir í að undirliggjandi hrein skuldastaða Íslands verði á næstu árum hagstæðari en hún hefur verið í áratugi, þótt greiðsluflæðisvandi af ýmsu tagi gæti valdið tímabundnum óstöðugleika.[12]

Sundurliðun viðskiptajafnaðar

% af VLF	2010	2011	2012	2013
Viðskiptajöfnuður	-3,7	-1,9	-1,4	-2,0
- undirliggjandi viðskiptajöfnuður m.v. reiknað uppgjör úr þrotabúunum	6,4	7,4	7,4	5,4
- undirliggjandi viðskiptajöfnuður m.v. reiknað uppgjör úr þrotabúunum en án Actavis	12,8	12,3	12,0	9,8

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Jafnvægi eða afgangur á viðskiptajöfnuði er hins vegar nauðsynleg en engan veginn nægileg forsenda þess að hægt sé að leysa gjaldeyrishöftin án þess að óstöðugleiki hljótist af. Á meðan hvorki ríkissjóður, fjármálakerfið né almenn atvinnufyrirtæki hafa takmarkaðan aðgang að erlendu lánsfé munu fjármagnshreyfingar til útlanda vega að miklu leyti á móti hreinu innstreymi gjaldeyris vegna vöru- og þjónustuviðskipta. Útflutningsdrifinn hagvöxtur og fjármunamyndun gæti gjörbreytt þessari stöðu. Aukinni fjárfestingu fylgir innstreymi erlends fjármagns. Þótt útflutningsdrifinn hagvöxtur hafi látið bíða nokkuð eftir sér virðist samdráttarskeiðinu vera lokið og hægfara bati hafinn. Því hefur töluvert áunnist frá því að áætlunin um afnám gjaldeyrishafta var birt í ágúst 2009.

Ef til vill væri hægt að afnema gjaldeyrishöft við núverandi skilyrði án langvarandi óstöðugleika ef ekki kæmu til umtalsverðar stöðutökur erlendra aðila í krónum og viðkvæmni fjármálakerfisins fyrir stórum hreyfingum aflandskróna. Aðeins u.þ.b. þriðjungur krónueignar erlendra aðila, 142 ma.kr., eru í langtímaskuldabréfum. Ef umtalsverður hluti erlendra aðila sem eiga skammtímaeignir myndi losa um stöður sínar í kjölfar afnáms gjaldeyrishafta gætu innlendir aðilar fylgt í kjölfarið og krónan fallið meira um tíma en ásættanlegt er. Aflandskrónuvandinn er því á þessu stigi helsta hindrunin í vegi þess að hægt sé að losa um höft á fjármagnsútflæði innlendra aðila. Um leið felur þessi staða í sér tækifæri til þess að örva fjárfestingu og útflutningsdrifinn hagvöxt, eins og fjallað verður nánar um hér á eftir. Áður en fjallað er um leiðir í þeim efnum er hins vegar nauðsynlegt að fjalla um tvo þætti er tengjast

[12] Sjá grein Arnórs Sighvatssonar, Ásgeirs Daníelssonar, Daníels Svavarssonar, Freys Hermannssonar, Gunnars Gunnarssonar, Hrannar Helgadóttur, Regínu Bjarnadóttur og Ríkharðs Bergstað Ríkharðssonar, Hvað skuldar þjóðin? Efnahagsmál nr. 4, febrúar 2011.

mjög lausn aflandskrónuvandans, þ.e.a.s. stöðugleika fjármálakerfisins annars vegar og uppbyggingu gjaldeyrisforðans hins vegar.

Fjármálastöðugleiki

Mikið hefur áunnist á sviði fjármálastöðugleika frá því að fyrri áætlun var gefin út sumarið 2009, þrátt fyrir bakslag eftir dóm Hæstaréttar um lögmæti gengistryggðra lána á sl. ári.[13] Endurfjármögnun gömlu bankanna þriggja er afstaðin og aðgerðir til að taka á skuldavanda heimila og fyrirtækja liggja nú fyrir í endanlegri mynd. Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja sem bankarnir hafa forráð yfir um stundarsakir er mikilvæg forsenda þess að fjármunamyndun komist á skrið og kann að nokkru leyti að vera lykill að því að hægt sé að beina aflandskrónum í innlenda atvinnuvegafjárfestingu. Ein helsta hættan sem fjármálakerfinu stafar af losun gjaldeyrishafta felst í því að töluverður hluti krónustöðu erlendra aðila er í formi innstæðna í innlendum fjármálafyrirtækjum. Krónuinnstæður á Vostro-reikningum erlendra banka nema um 164 ma.kr.[14] Ef allar þessar innstæður rynnu út í einu vetfangi hefði það slæmar afleiðingar fyrir lausafjárstöðu bankanna, sérstaklega ef innstæður innlendra aðila og aðrar skammtímaeignir fylgdu í kjölfarið. Því er mikilvægt að stuðla að því að beina þessum innstæðum inn í langtímafjárfestingu í áföngum, eins og nánar er lýst í kafla IV (sjá einnig viðauka um lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja). Fjármálakerfið ætti nú þegar að vera í stöðu til þess að þola tiltölulega hófleg útboð erlends gjaldeyris. Áður en stór skref eru tekin í þá átt að leysa höftin er hins vegar nauðsynlegt að bankakerfið hafi öðlast óhindraðan aðgang að erlendu lánsfé.

Uppbygging gjaldeyrisforða

Þótt stefnt sé að því að losa um gjaldeyrishöftin í áföngum þannig að stöðugleika á gjaldeyrismarkaði verði ekki teflt í tvísýnu er aldrei hægt að útiloka einhverjar sveiflur í gengi krónunnar. Til þess að draga úr líkum á langvarandi óstöðugleika í gengi krónunnar í tengslum við losun hafta þarf Seðlabankinn að ráða yfir nægum gjaldeyrisforða til þess að geta dregið úr sveiflum á gjaldeyrismarkaði og eyða öllum vafa um að ríkissjóður geti staðið við skuldbindingar sínar.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans hefur aldrei verið meiri í sögu landsins. Í ágúst 2009 nam gjaldeyrisforði Seðlabankans, að frádregnum tólf mánaða skammtímaskuldum Seðlabankans og ríkissjóðs,[15] 250 ma.kr. eða 17% af vergri landsframleiðslu ársins 2009. Í lok janúar nam samsvarandi gjaldeyrisforði 303 ma.kr. eða 19% af landsframleiðslu ársins 2010. Sá hluti forðans sem Seðlabankinn hefur til ráðstöfunar hefur því haldist nokkuð stöðugur frá því að síðasta áætlun var gefin út þrátt fyrir að árið 2011 falli í gjalddaga töluvert af gjaldeyrisskuldum ríkissjóðs eða um 13% af landsframleiðslu Íslands ársins 2010. Þrennt hefur einkum stuðlað að því að gjaldeyrisforði til ráðstöfunar hefur haldist stöðugur eða aukist þrátt fyrir að stór lán falli í gjalddaga. Í fyrsta lagi hafa ríkissjóður keypt til baka skuldir á hagstæðum kjörum þannig að nú nema tólf mánaða skammtímaskuldir ríkissjóðs tæplega 8% af lands-

---

[13] Dómsniðurstaðan hafði neikvæð áhrif á eiginfjárhlutföll fjármálastofnana en jákvæð áhrif á gjaldeyrismisvægi á bókum þeirra.

[14] Nokkur hluti endafjárfesta sem eiga eignir sem eru andlag innstæðna erlendra banka kunna að vera innlendir aðilar. Gögn sem sýna fram á umfang þessa eru hins vegar ekki til staðar. Af þeim sökum er greiningin byggð á fáanlegum gögnum um krónueignir erlendra aðila.

[15] Sjá nánari umfjöllun um forða í viðauka III.

framleiðslu ársins 2010. Í öðru lagi hefur ríkissjóður og Seðlabanki endurfjármagnað skuldir með langtímalánum frá Norðurlöndunum, Póllandi og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í þriðja lagi hefur Seðlabankinn keypt umtalsverðan gjaldeyri af lífeyrissjóðum vegna Avens-bréfa og viðskiptabönkum og endurheimt gjaldeyri vegna veðlána frá haustinu 2008. Að öðru óbreyttu dugar núverandi forði til þess að greiða niður allar skuldir ríkissjóðs til ársins 2015. Hins vegar gæti verið nauðsynlegt að byggja frekar upp gjaldeyrisforðann til að búa í haginn fyrir afnám hafta; með því að draga á lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og tvíhliða lán í tengslum við efnahagsáætlunina og með öðrum erlendum lántökum ríkissjóðs.

Þrátt fyrir mikinn gjaldeyrisforða, sem tryggir að ríkissjóður geti greitt skuldir sínar til næstu ára, jafnvel þótt svo ólíklega vildi til að hann gæti ekki tekið lán á erlendum lánsfjármörkuðum, er æskilegt að vægi erlendra lána sé minna við fjármögnun forðans. Seðlabankinn hefur frá og með ágúst 2010 stundað regluleg gjaldeyriskaup í nokkrum mæli til þess að auka þann hluta gjaldeyrisforðans sem er ekki fenginn að láni. Það mun hins vegar taka tíma. Það er mat Seðlabankans að gjaldeyrisforðinn hafi náð fullnægjandi stærð til þess að hægt sé að hefja losun gjaldeyrishafta í áföngum. Frekari uppbygging forðans, sem er forsenda næstu skrefa, er háð því hvernig til tekst að koma krónum í eigu aðþrengdra fjárfesta í hendur langtímafjárfesta, t.d. lífeyrissjóða og annarra aðila, sem eiga gjaldeyri erlendis. Þannig yrði töluverðum hluta skammtíma króna veitt inn í innlent atvinnulíf eða langtímafjármögnun ríkissjóðs án þess að reyni á forðann. Til meðallangs tíma, í kjölfar þess að höftin hafa verið leyst, er hugsanlegt að þrýstingur myndist á gjaldeyrisforðann vegna uppsafnaðrar eftirspurnar innlendra aðila eftir erlendum eignum. Að hluta til verður brugðist við því með varúðarreglum, en áður en hafist verður handa við lokaskref fyrri áfanga og síðari áfanga áætlunarinnar þarf að meta meta forðaþörfina nánar. Nánar er fjallað um þróun forðans og lánamál ríkisins í viðauka III.

Viðauki II: Lausafjárstaða bankakerfisins

Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið (FME) kalla eftir gögnum til að gera úttekt á lausafjárstöðu fjármálastofnana. FME framkvæmir einnig vettvangskannanir. Þessar úttektir eftirlitsins varpa ljósi á áhættumat og innra eftirlit stofnana undir eftirliti.

Lausafjárstaða samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutfall

Seðlabanki Íslands setur reglur um lausafjárhlutfall lánastofnana, sbr. ákvæði 12. gr. laga nr. 36/2001.[16] Markmið reglnanna er að tryggja að lánastofnanir eigi ávallt nægt laust fé til þess að mæta fyrirsjáanlegum og hugsanlegum greiðsluskuldbindingum á tilteknu tímabili.[17]

---

[16] Reglur um lausafjárhlutfall nr. 317/2006.

[17] Lánastofnunum ber skylda til að senda seðlabankanum mánaðarlegar skýrslur þar sem fram kemur hvað liggur til grundvallar útreikningum á lausafjárhlutföllum þeirra. Kröfur og skuldbindingar sem eru teknar með í útreikningana eru flokkaðar eftir tegund, gjalddaga og áhættu. Skýrslurnar tiltaka einnig hvaða hlutfall af hverjum flokki er tekið með í útreikningana. Lausafjárhlutfall er reiknað fyrir fjögur tímabil, < 1 mánuður; 1–3 mánuðir; 3–6 mánuðir; 6–12 mánuðir. Hlutfall eigna og skulda sem falla í gjalddaga eða breyta má í laust fé innan eins mánaðar og innan þriggja mánaða skal ekki vera lægra en 1, eða 100%. Ef lánastofnun getur ekki uppfyllt þessa kröfu kveða reglurnar á um viðurlög í formi dagsekta á það sem upp á vantar. Lánastofnunum ber einnig skylda til að gefa upp lausafjárhlutföll fyrir önnur tímabil, þrátt fyrir að þar gildi engar kröfur um tiltekin hlutföll.

Lánastofnunum er skylt að senda Seðlabankanum mánaðarlega sérstaka skýrslu um upplýsingar sem liggja til grundvallar útreikningi lausafjárhlutfallsins. Að undanförnu hefur lausafjárstaða stærstu viðskiptabanka samkvæmt lausafjárreglum Seðlabankans verið rúm, sbr. meðfylgjandi mynd. Á árinu 2011 mun Seðlabankinn, í samstarfi við FME, endurskoða lausafjárkvaðir sínar til samræmis við erlenda staðla svo sem Basel-III (LCR, NSFR).

Í lausafjárreglum Seðlabankans er fólgið visst álagspróf þar sem frádrag er á ýmsum eignaliðum en gert ráð fyrir að greiða þurfi allar skuldbindingar á gjalddaga og hluta annarra skuldbindinga svo sem innlána. Þar sem viðskiptabankarnir eru nú að mestu leyti fjármagnaðir með innlánum tengist lausafjáráhætta þeirra einkum hættu á úttektum innlána. Stór hluti innlána er óbundinn og líklegt að hluti innlánseigenda hreyfi innlán sín við afnám gjaldeyrishafta eða þegar fleiri fjárfestingarkostir bjóðast. Af þessum sökum hefur Seðlabankinn metið reglulega lausafjárhlutföll bankanna miðað við mismunandi forsendur um úttektir óbundinna innlána. Viðskiptabankarnir þola umtalsverðar úttektir innlána án þess að fara niður fyrir lágmark lausafjárreglna Seðlabankans. Vegna mikilvægis innlánafjármögnunar hefur Fjármálaeftirlitið farið fram á það að nýju viðskiptabankarnir eigi á hverjum tíma tryggar lausafjáreignir til að mæta hugsanlegum úttektum innlána.

1. Stærstu viðskiptabankar, móðurfélög.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Lausafjárstaða samkvæmt lausafjárskýrslu Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið innheimtir mánaðarlega lausafjárskýrslur af stóru bönkunum þremur.[18]

Líta má á lausafjárskýrslu bankanna til FME sem nk. álagspróf. Kannað er hvort bankarnir geti mætt a.m.k. 20% útstreymi allra innlána og jafnframt mætt a.m.k. 5% útstreymi með handbæru fé af óbundnum innlánum. Hafa bankarnir allir verið vel yfir þessum mörkum frá byrjun og til þessa dags.

Í lausafjárskýrslu FME kemur annars vegar fram samtala tryggra lausafjáreigna í lok hvers mánaðar sem hlutfall af heildarinnlánum og hinsvegar samtala reiðufjár sem hlutfall af óbundnum innlánum. Þá sýnir lausafjárskýrslan einnig stöðu heildarinnlána, skiptingu þeirra eftir því hvort um er að ræða erlenda aðila, heimili og minni fyrirtæki eða stærri fyrirtæki. Þá sýnir skýrslan einnig tímagreiningu innlána.

Lausafjárstaða og innlán

Heildartölur fyrir Arion, Íslandsbanka og Landsbanka

Samtals 31.01.2011	*ISK*	*FX (í ISK)*	*Alls*
Lausafjárstaða			
Lausafé, sjóður o.fl.	52.216	150.846	203.062
Endurhverf verðbréf o.fl.	329.270	30.145	359.415
Trygg lausafjárstaða í heild	381.486	180.991	562.477
Heildarinnlán			
Innlán erlendra aðila	176.197	9.339	185.536
Innlán einstaklinga og smærri fyrirtækja	593.297	44.604	637.901
Innlan stærri fyrirtækja	500.104	148.136	648.240
Samtals	1.269.598	202.079	1.471.677
Óbundin innlán	1.232.886	84%	

Heimild: FME.

Af yfirlitinu sést að trygg lausafjárstaða bankanna þriggja í heild var rétt rúmlega 562 ma.kr. hinn 31. janúar sl. Lausafjárstaðan skiptist í lausafé annarsvegar, sem er sjóður, innstæður í Seðlabanka og inneignir í innlendum og erlendum fjármálastofnunum, samtals að andvirði 203 ma.kr., og hinsvegar endurhverf verðbréf og aðrar tryggðar lausafjárlínur, að andvirði 359 ma.kr. Þá sýnir yfirlitið að heildarinnlán bankanna þriggja nema 1.472 ma.kr. en þar af nema innlán erlendra aðila 185 ma.kr. eða 13% innlána. Hlutfall óbundinna innlána nemur 84%.[19]

---

[18] Skýrsla þessi á uppruna í endurreisn bankanna og skilyrðum Fjármálaeftirlitsins fyrir starfsleyfi þeirra. Til upprifjunar voru nýju bönkunum sett margvísleg skilyrði við endurreisn þeirra. Fjárhagsleg skilyrði sem þeim voru sett voru þessi helst: Hækkun eiginfjárkröfu (Cad hlutfalls) í 16% lágmark, og skyldi hlutfall eiginfjárþáttar A (Tier 1) vera 12%. Vegna óvissu um fjárstreymi, gæði og endurheimtur útlána og þróun innlána var þeim gert að eiga öruggt laust fé er næmi að lágmarki 20% af heildarinnlánum og auk þess handbært fé að lágmarki 5% af óbundnum innlánum. Auk fjárhagslegra skilyrða var þeim settur fjöldi skilyrða er tengjast stjórnunarháttum og áhættustýringu.

[19] Ef reiknuð eru lausafjárhlutföll bankanna þriggja samtals samkvæmt ofangreindri töflu er annarsvegar hlutfallið Trygg lausafjárstaða í heild/Heildarinnlán jafnt og 38% (20% lágmark) en hinsvegar hlutfallið Lausafé/Óbundin innlán jafnt og 16% (5% lágmark). Þessi hlutföll eru mismunandi fyrir einstaka banka og áhrif útstreymis því mismunandi. Hins vegar hafa allir bankarnir þrír verið vel yfir lágmarkshlutföllum Fjármálaeftirlitsins.

Álagspróf FME

Til þess að meta áhrif af losun gjaldeyrishafta á innlán og þar með á lausafjárstöðu bankanna hafa verið útbúnar nokkrar sviðsmyndir með mismunandi forsendum um hvað gæti gerst ef gjaldeyrishöft yrðu algjörlega afnumin. Allar þessar sviðsmyndir eru í besta falli einfaldir útreikningar, því að óvissa um viðbrögð er mikil.

Í fyrstu sviðsmyndinni var gert ráð fyrir því að öll innlán erlendra aðila og öll gjaldeyrisinnlán streymi út og auk þess 15% af öðrum innlánum. Útstreymið myndi þurrka út allt lausafé og aðgengi bankanna að lausafé eins og staðan var í lok janúar.[20]

Önnur sviðsmynd sýnir hvaða áhrif það hefði ef einungis öll innlán erlendra aðila streymdu út samstundis en ekkert annað gerðist. Bankarnir myndu ráða við þær stærðir og uppfylla lágmarkshlutföll FME, þótt lausafjárstaða þeirra myndi versna.

Þriðja sviðsmyndin sýnir mildari áhrif en sú fyrsta, en þar er gert ráð fyrir útstreymi helmings innlána erlendra aðila, helmings gjaldeyrisinnlána og 10% annarra innlána, sem hafi þau áhrif að lausafjárstaða bankanna þriggja versni verulega en ekki það mikið að um mjög veika lausafjárstöðu væri að ræða.

Í öllum tilvikum gefinna sviðsmynda rýrnar lausafjárstaða bankanna verulega. Mikil óvissa í rekstrarumhverfi bankanna eftir hrun kallar á sterka lausafjárstöðu. Losun gjaldeyrishafta í hæfilegum áföngum þannig að hægt sé að stýra álaginu á lausafjárstöðu bankakerfisins er í samræmi við þessa stefnu. Mikil óvissa af öðrum toga en þeim sem tengist afnámi gjaldeyrishafta er enn til staðar. Því er enn þörf fyrir tiltölulega háar kröfur um lausafjárstöðu þótt dregið sé úr óvissu að því er varðar hugsanlegt útstreymi innlána erlendra aðila. Losun gjaldeyrishafta gæti haft nokkuð mismunandi áhrif á þörf bankanna fyrir lausafjárfyrirgreiðslu til lengri eða skemmri tíma. Seðlabankinn er reiðubúinn að grípa til nauðsynlegra aðgerða til þess að mæta neikvæðum áhrifum á lausafjárstöðu einstakra stofnana og kerfisins í heild á meðan losað er um gjaldeyrishöftin, í samræmi við hefðbundið hlutverk bankans í lausafjárstýringu og sem lánveitanda til þrautavara.

Möguleg áhrif afléttingar gjaldeyrishafta á laust fé og lausafjárhlutföll

Í byrjun febrúar 2011 óskaði Seðlabanki Íslands eftir mati stærstu viðskiptabanka á áhrifum afléttingar gjaldeyrishafta á laust fé og lausafjárhlutföll. Við matið skyldi miða við afléttingu gjaldeyrishafta að fullu og í einu lagi án nokkurra fyrirvara. Jafnframt skyldi gera ráð fyrir því að fjármagnsmarkaðir væru lokaðir og að allar skuldbindingar yrðu greiddar á gjalddaga. Bankarnir voru beðnir um mat á útflæði lauss fjár vegna úttekta innlána að liðnum tíu dögum frá afléttingu gjaldeyrishafta. Tryggar lausafjáreignir bankanna sem standa til greiðslu innlána eru verulegar, en ef útflæði innlána yrði við efri mörk færu lausafjárhlutföll samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins hjá meirihluta bankanna niður fyrir lágmörk en tryggar lausafjáreignir væru nægar til að mæta væntu útflæði. Svörin sýna að mikilvægt er að skref afnámsáætlunarinnar verði hæfilega stór, þannig að hægt sé að endurmeta lausafjárhlutföll eftir að kvikustu innlánin eru farin úr bankakerfinu.

Seðlabankinn hefur lagt sjálfstætt mat á svör bankanna. Sé gert ráð fyrir því að nær allir erlendir aðilar taki út innlán sín í bönkunum en meirihluti innlendra innlánseigenda hreyfi

---

[20] Skilgreiningin á erlendum aðilum er samkvæmt 1. gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992. Samkvæmt henni eru skilanefndirnar innlendir aðilar. Skilanefndirnar eru því ekki meðhöndlaðar sérstaklega í því einfalda álagsprófi sem framkvæmt var. Líta mætti svo á að við almennt útstreymi innlána annarsvegar um 10% en hinsvegar 15% eins og gert er í álagsprófunum séu skilanefndirnar hluti af því.

ekki við innlánum sínum ættu tryggar lausafjáreignir að nægja til greiðslu innlána. Þó gætu lausafjárhlutföll samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins farið undir lágmörk. Flytji talsverður hluti innlendra innlánseigenda, auk erlendu aðilanna, hinsvegar einnig innlán sín úr íslensku bönkunum, þolir bankakerfið það ekki. Niðurstöðurnar benda aftur á móti til þess að bankakerfið þoli vel aðgerðir til þess að beina aflandskrónum inn í íslenskt atvinnulíf ef þær eru framkvæmdar í hæfilega stórum skrefum, eins og lýst er í nýrri áætlun um afnám gjaldeyrishafta. Fylgst verður náið með lausafjárstöðu bankanna í gegnum afnámsferlið og sérstaklega í aðdraganda stærri skrefa áætlunarinnar.

Viðauki III – Gjaldeyrisforði

Áætlun um afnám hafta hefur það að grundvallarmarkmiði að tryggja að gjaldeyrisforði sé nægilegur og lágmarka áhættu á útflæði gjaldeyris, en þrátt fyrir það er óumflýjanlegt að eitthvert umrót verði á gjaldeyrismarkaði meðan verið er að losa um höftin. Þess vegna er nægjanlegur gjaldeyrisforði forsenda allra stærri skrefa. Í þessum viðauka verður nánar fjallað um þróun forðans sl. áratug, samsetningu fjármögnunar og núverandi stærð hans. Einnig verður fjallað um próf sem notuð eru til að meta hvort gjaldeyrisforði verður nægjanlegur á meðan afnám hafta stendur yfir. Að lokum verður gerð grein fyrir því hvernig forðinn mun þróast að gefinni grunnsviðsmynd miðað við núverandi gjaldeyriseignir og aðgengileg erlend lán og með hliðsjón af endurgreiðsluferli erlendra skulda ríkissjóðs og Seðlabanka.

Frá hruni bankakerfisins haustið 2008 hafa orðið töluverðar breytingar á stærð og samsetningu gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Sögulega hefur lágmarksstærð gjaldeyrisforða Seðlabankans tekið mið af þörf landsins fyrir innflutning á vöru og þjónustu. Árið 2006 var ráðist í að stækka forðann með erlendri lántöku í ljósi þess hve bankakerfið hafði stækkað og gjaldeyrisviðskipti aukist. Á haustmánuðum 2008 var töluverðum forða varið til þess að veita bönkum í lausafjárvandræðum fyrirgreiðslu og til þess að tryggja greiðslumiðlun við útlönd eftir að bankarnir féllu. Eitt af meginmarkmiðum efnahagsáætlunar stjórnvalda, sem er unnin í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, hefur verið að efla gjaldeyrisforðann í því skyni að stuðla að gengisstöðugleika og skapa traust á getu ríkissjóðs til þess að standa við erlendar skuldbindingar án þess að valda óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði. Í meginmáli er fjallað um helstu breytingar á samsetningu forðans frá birtingu áætlunar í ágúst 2009 fram að birtingu nýrrar áætlunar.

Hreinan gjaldeyrisforða Seðlabankans má skilgreina sem heildarforða að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs sem falla á gjalddaga innan 12 mánaða. Hreinn forði getur tekið töluvert örum breytingum, sérstaklega þegar dregur að gjalddaga langtíma skulda og farið er að líta á þær sem skammtímaskuldir.



Upp úr aldamótum var gjaldeyrisforðinn fjármagnaður með skammtímaskuldum en árið 2001 hafði Seðlabankinn selt töluverðan gjaldeyri til þess að hamla gegn lækkun krónunnar. Árið 2003 var hreinn forði orðinn jákvæður á ný eftir gjaldeyriskaup árið á undan. Innflæði gjaldeyris á árunum 2003–2006 var að mestu varið til greiðslu erlendra skulda ríkissjóðs. Árið 2006 var forðinn aukinn verulega, með eins milljarðs evra láni til 5 ára. Þar með var forðinn að mestu fjármagnaður með langtímaskuldum. Frá haustinu 2008 hefur forðinn verið stækkaður frekar með langtímalánum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Norðurlöndum og Póllandi, viðskiptum tengdum skuldabréfum Avens B.V., gjaldeyrisviðskiptum við viðskiptabankana og endurheimtum lána sem tengdust bankahruninu. Frá haustinu 2008 hefur gjaldeyrir, sem er andlag gjaldeyrisinnstæðna skilanefnda og annarra innlendra fjármálafyrirtækja, myndað töluverðan hluta forðans. Þessar innstæður teljast skammtímaskuldir og breyta því engu um hreinan forða, þótt vergur forði stækki. Í janúar 2011 mynduðu innstæður meginþorra skammtímaskulda en við þær bætast skuldabréf ríkissjóðs á gjalddaga 1. desember 2011, eftirstöðvar láns frá Bayerische Landesbank og aðrar skuldbindingar svo sem vaxtagjöld.[21]

[21] Vaxtagjöld eru talin með sem skammtímaskuldir, þ.e.a.s. greiðslna næstu 12 mánaða, en framtíðar vaxtatekjur eru ekki taldar með í tölum um forða. Að því marki er hreinn forði vanmat á stöðu forðans.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans

	Ma. ISK	Janúar 2011 % VLF 2010
Gjaldeyrisforði[1]	733	47
Skammtímaskuldir	-430	-27
- Gjaldeyrisreikningar skilanefnda og innlánsstofnana	-291	-19
- EMTN skuldabréf ríkissjóðs (des. 2011)	-103	-7
- Sambankalán (sept. 2011)	-12	-1
- Annað	-24	-2
Gjaldeyrisforði án skammtímaskulda	303	19

1. Sjá má gögn um heildarforða Seðlabanka Íslands og skammtímaskuldir Seðlabankans og ríkisins næstu 12 mánaða á heimasíðu Seðlabankans í *Gjaldeyrisforði og tengdir liðir undir Hagtölum*: http://www.sedlabanki.is/?PageID=291.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans er nú í sögulegu hámarki og nemur 47% af landsframleiðslu ársins 2010, en búast má við að forðinn dragist saman þegar slitastjórnir gömlu bankanna hefja greiðslur til kröfuhafa. Þá á Seðlabankinn kröfur á innlenda aðila sem munu skila bankanum gjaldeyri á næstu árum en teljast ekki til forða. Um er að ræða gjaldeyrisskiptasamninga við viðskiptabanka og eignir Eignarhaldsfélags Seðlabanka Íslands. Við þetta bætist að ríkissjóður og Seðlabankinn hafa tryggt sér lán frá Norðurlöndunum, Póllandi og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem hægt verður að draga á til að stækka forðann. Núverandi stærð forðans dugir til þess að greiða vexti og höfuðstól gjaldeyrisskulda ríkissjóðs og Seðlabanka fram til ársins 2015. Framundan eru nokkrir stórir gjalddagar skulda ríkissjóðs. Stefnt er að því að endurfjármagna erlendar skuldir ríkissjóðs þegar færi gefast og viðhalda sterkum gjaldeyrisforða á næstu árum.



Áætlun um afnám gjaldeyrishafta miðast að því að tryggja að gjaldeyrisforði sé nægur. Tveir mælikvarðar voru einkum notaðir til að sannreyna þá niðurstöðu, annars vegar gjaldeyrisforði sem hlutfall af erlendum skammtímaskuldum og hins vegar gjaldeyrisforði sem

hlutfall af peningamagni (M3). Þessi álagspróf voru tímaóháð en raðað þannig niður að víxlverkun þeirra styrkir framkvæmdina þegar á heildina er litið.

Í grunnsviðsmynd fer gjaldeyrisforði sem hlutfall af skammtímaskuldum ekki upp fyrir 100%, sem er viðmiðunarregla Greenspan-Guiodotti, fyrr en 2015. Eins og lýst er hér að ofan hefur gjaldeyrisforði stækkað verulega og er nú í sögulegu hámarki. Stækkun gjaldeyrisforða í þeim tilgangi að mæta skammtímaskuldum getur verið dýr þegar fjármögnunarkostnaður er hár og vaxtakostnaður hefur neikvæð áhrif á greiðslujöfnuð. Áætlunin miðast að því að beina skammtímaskuldum í langtímaskuldir með markaðsaðferðum. Með áætluninni batna forðaviðmið miðað við grunnsviðsmynd og gjaldeyrisforði sem hlutfall af skammtímaskuldum fer yfir 100% í fyrri þrepum afnámsáætlunarinnar. Eftir sem áður verður þess gætt við hvert skref að forðaviðmiðum sé mætt.

Hlutfall gjaldeyrisforða af peningamagni (M3) hefur verið töluvert fyrir ofan algengar viðmiðunarreglur, eða 10–20%, sem er hátt í alþjóðlegu samhengi. Hugsanlegt útflæði fjármagns gæti réttlætt þörfina fyrir hærra hlutfall á þennan mælikvarða en eins og nefnt er hér að ofan er stækkun gjaldeyrisforða dýr framkvæmd. Markmið áætlunarinnar er að ýta undir sjálfbæran hagvöxt og draga úr líkum á fjármagnsflótta með því að leyfa aðþrengdum fjárfestum að fara út og með því að styðja við beina fjárfestingu í útflutningsgreinum. Eftir því sem afnámsáætluninni vindur fram er gert ráð fyrir að gjaldeyrisforði sem hlutfall af peningamagni minnki, en verði yfir 20% í gegnum allt ferlið.

Horfur um greiðslujöfnuð og gjaldeyrisforða

Eins og að ofan er rakið getur afnám hafta á fjármagnshreyfingar af ýmsum ástæðum haft áhrif á gjaldeyrisforðann. Til dæmis gæti verið uppsöfnuð eftirspurn eftir erlendum eignum af hálfu innlendra aðila og ekki er hægt að útiloka flæði vegna spákaupmennsku, þrátt fyrir að áætlunin sé hönnuð til að koma í veg fyrir slíka áhættu. Ef gert er ráð fyrir að uppsöfnuð eftirspurn eftir erlendum eignum sé til staðar og gert ráð fyrir þeirri ólíklegu forsendu að ríkissjóður og Seðlabankinn endurnýji ekki lán eða taki ný lán, mun afnám hafta hafa veruleg áhrif á gjaldeyrisforða á árinu 2014 og hlutfall forða og skammtímaskulda verða mjög lágt. Þetta hlutfall byrjar að lækka strax á árinu 2013 og árið 2015 verður forðinn á þrotum, þrátt fyrir áframhaldandi afgang á viðskiptajöfnuði, íhaldssamar forsendur um beina erlenda fjárfestingu, lækkandi erlendar skuldir og áframhaldandi bata erlendrar stöðu þjóðarbúsins.

Á hinn bóginn, ef gert er ráð fyrir þeirri aftur ólíklegu forsendu að ríkissjóður og Seðlabankinn endurfjármagni allar erlendar skuldir frá árinu 2011 og áfram, munu erlendar skuldir lækka í hlutfalli við bæði landsframleiðslu og skatttekjur og gjaldeyrisforði verður meira en nægilegur til að mæta losun gjaldeyrishafta. Í þessu tilfelli verður forðinn meira en 200% skammtímaskulda árin 2012 og 2013 og verða vel yfir 100% skammtímaskulda þangað til árið 2016. Ef þetta hlutfall gjaldeyrisforða af skammtímaskuldum verður álitið nægjanlegt munu ríkissjóður og Seðlabankinn geta lækkað erlendar skuldir sínar á næstu árum. Hvorug ofangreindra forsenda er líkleg, en þær marka útlínur mögulegra niðurstaðna.

Grunnforsendan hér er að ríkissjóður endurheimti aðgang að erlendum fjármagnsmörkuðum og geti endurfjármagnað eitthvað af skuldum sínum. Stefna fjármálaráðuneytis í lánamálum gerir ráð fyrir töluverðri lækkun skulda ríkisins á næstu árum. Hins vegar þarf að lækka erlendar skuldir smám saman svo að gjaldeyrisforði sé nægjanlegur til að afnema gjaldeyrishöft. Sé sú grunnforsenda fyrir hendi að ríkissjóður hafi endurheimt aðgang að fjármálamörkuðum má gera ráð fyrir að um 85% erlendra skulda verði endurfjármagnaðar til meðallangs tíma. Með því er gjaldeyrisforði vel nægjanlegur til að hægt sé að afnema höft að því gefnu að forskilyrðum hafi verið mætt. Þannig má gera ráð fyrir að gjaldeyrisforði

sem hlutfall af skammtímaskuldum verði á milli 150–200% á árunum 2012 til 2014 en yrði nálægt 100% árið 2016.

Horfur um greiðslujöfnuð til meðallangs tíma eru augljóslega mjög óvissar og þær þarf að endurmeta áður en nokkur skref eru tekin sem geta haft töluverð áhrif á gjaldeyrisforða.

Viðauki IV: Krónueignir erlendra aðila

Einn helsti þröskuldurinn í vegi þess að hægt sé að afnema gjaldeyrishöft tiltölulega skjótt er að vitað er að töluverður hluti auðseljanlegra krónueigna er í eigu erlendra aðila sem af ýmsum ástæðum verða að selja eða vilja selja þessar eignir um leið og höftin hverfa. Í sumum tilfellum samrýmist það ekki lengur reglum um fjárfestingu tiltekinna sjóða að eiga skuldabréf Ríkissjóðs Íslands vegna þess hve lánshæfismat hans hefur lækkað. Einnig er hugsanlegt að sumir innlendir aðilar vilji selja krónueignir og myndu fylgja í kjölfarið eða reyna að selja eignir á undan erlendum ef höftin yrðu afnumin, en almennt eru þeir síður líklegir til þess að gera það vegna heimaslagsíðu. Sérstaklega ef tekst að koma skammtíma-eignum hinna aðþrengdu erlendu fjárfesta í hendur fjárfesta með víðari sjóndeildarhring, sem er markmið nýrrar áætlunar um losun gjaldeyrishafta.[22] Rétt er þó að hafa í huga að á bak við hluta innstæðna erlendra banka og krónuskuldabréfa í vörslu erlendra aðila kunna að standa innlendir endafjárfestar eða aflandsfélög í þeirra eigu.

Krónueign erlendra aðila, sem nemur um 465 ma.kr., er talin gefa góða vísbendingu um umfang aflandskrónueigna.[23] Þeim má skipta í þrjá megin eignaflokka:

- Innstæður í fjármálastofnunum nema u.þ.b. 185 ma.kr.[24] Nær allar innstæður erlendra aðila í íslenskum fjármálafyrirtækjum eru á reikningum í viðskiptabönkunum þremur, NBI, Íslandsbanka og Arion banka.
- Innstæður í Seðlabanka nema u.þ.b. 60 ma.kr. Þær tengjast uppgjöri erlendra uppgjörsmiðstöðva á íslenskum verðbréfum.
- Skuldabréf nema u.þ.b. 220 ma.kr. Þar er einkum um að ræða löng ríkisbréf og ríkisvíxla að andvirði u.þ.b. 190 ma.kr. en íbúðabréf nema u.þ.b. 30 ma.kr.

---

[22] Fjárfestar sem verða að selja krónueignir sínar á lágu verði vegna efnahagslegra eða lagalegra takmarkana (t.d. vegna lágs lánshæfismats) eru hér kallaðir aðþrengdir fjárfestar.Þeir fjárfestar eru aðgreinanlegir frá skammtímafjárfestum sem taka skammtímastöður út frá spákaupmennskusjónarmiði.

[23] Umfang aflandskróna í umferð er í þessari skýrslu nálgað með gögnum um krónueignir erlendra aðila. Upplýsingar um aðsetur endafjárfestis eru af skornum skammti, þrátt fyrir að almennt sé álitið að flestir þeirra séu erlendir aðilar. Í því augnamiði að greina stöðuna er endafjárfestirinn hér álitinn erlendur aðili þar sem dæmigerður mótaðili er erlend fjármálastofnun. Í einhverjum tilfellum getur erlend fjármálastofnun haft óvarða stöðu í íslenskum krónum. Hið rétta umfang krónueigna í höndum erlendra endafjárfesta getur því verið talsvert minna, en mismunurinn er ólíklega nógu stór til að breyta megin niðurstöðum.

[24] Tölur miðast við janúar 2011.



Segja má að hinir erlendu eigendur aflandskrónueigna fjármagni innlenda bankakerfið og ríkissjóð sem nemur innstæðum þeirra í fjármálastofnunum annars vegar og skuldabréfaeign þeirra hins vegar. Afnám hafta mun því hafa áhrif á lausafjárstöðu þessara tveggja aðila. Hreyfingar sem kunna að verða á innstæðum í Seðlabanka munu hins vegar ekki hafa áhrif á lausafjárstöðu fjármálastofnana eða ríkissjóðs.

Innstæður í fjármálastofnunum

Innstæður eru að öllum líkindum kvikasti hluti krónueigna erlendra aðila. Bak við þær standa sjóðir, bankar og einstaklingar sem tóku virkan þátt í vaxtamunarviðskiptum við íslensku bankana fyrir fall fjármálakerfisins og læstust síðan inni þegar innlendur gjaldeyrismarkaður hrundi í október 2008. Seðlabankinn hefur verið í sambandi við stóra innstæðueigendur sem bíða færis á að flytja eignir sínar úr landi. Margir þessara aðila hafa sem fyrr segir ekki heimildir til að kaupa vaxtaberandi verðbréf vegna lágs lánshæfismats ríkissjóðs og bíða þess að höftin verði afnumin. Lauslegt mat á eðli krónueigenda bendir til þess að 65–75% innstæðueigenda gætu viljað komast út við fyrsta tækifæri eða sem nemur 155–185 ma.kr.

Allmargir fjárfestar virðast hafa áhuga á að nota aflandskrónur til fjárfestingar hér á landi. Hins vegar er erfitt er að meta þann áhuga nákvæmlega. Heimildir til þess munu væntanlega ráða nokkru um þrýsting sem gæti skapast á gjaldeyrismarkaði við afnám hafta.

Umtalsvert útstreymi innstæðna mun hafa áhrif á lausafjárstöðu bankanna (sjá viðauka II). Á hinn bóginn er það mat Seðlabankans að bankarnir séu nokkuð vel í stakk búnir hvað varðar lausafjárstöðu til að mæta útflæði innstæðna í fjárfestingu í löngum ríkisskuldabréfum að því tilskildu að útboðin verði hæfilega stór. Í því sambandi er vert að hafa eftirfarandi í huga:

- Dreifing erlendra innstæða milli fjármálastofnana er í samræmi við lausafjárstöðu þeirra.

- Úttektir á innstæðum draga úr þörf bankanna fyrir laust fé þar sem stór hluti þeirra er óbundinn en lausafjárkvaðir sem settar eru á fjármálastofnanir af Seðlabankanum, Fjármálaeftirlitinu og samkvæmt Basel-III-viðmiðum eru að stórum hluta háðar fjárhæð óbundinna innlána.
- Möguleikar bankanna til að verða sér úti um laust fé gegnum veðlán í Seðlabankanum eru miklir, gerist þess þörf, en sem stendur nota viðskiptabankarnir veðlán Seðlabankans aðeins að litlu leyti.
- Krónukerfið er „lokað kerfi“ þannig að lausafjárstaða bankanna versnar aðeins ef krónurnar enda í Seðlabanka Íslands án þess að þeim sé veitt aftur út í fjármálakerfið í gegnum markaðsviðskipti Seðlabankans. Inngrip á gjaldeyrismarkaði hafa einungis áhrif á lausafjárstöðu fjármálakerfisins að því marki sem þau eru ekki stýfð. Hins vegar er það núverandi stefna Seðlabankans að stýfa afskipti sín svo að lausafjárstaða á markaði verði ekki í ósamræmi við aðhaldsstig peningastefnunnar, eins og það er ákveðið af peningastefnunefnd bankans. Hið sama á við um skuldastýringu ríkissjóðs sem getur haft áhrif á lausafé banka. Krónur sem notaðar verða í aðra fjárfestingu en kaup á ríkisverðbréfum verða enn til staðar í fjármálakerfinu og hafa því ekki áhrif á lausafjárstöðu bankanna.

Skuldabréf

Erlendir aðilar eiga því sem næst 220 ma.kr. í innlendum skuldabréfum ríkissjóðs og Íbúðalánasjóðs. Stærstur hluti þessara fjármuna, 190 ma.kr., er bundinn í ríkisbréfum. Þar af eru flest á gjalddaga fyrir mitt ár 2013. Sá hluti sem er í skuldabréfum Íbúðalánasjóðs, um 30 ma.kr., dreifist nokkuð jafnt milli allra fjögurra flokka íbúðabréfa.



Af ofangreindu má ljóst vera að losun gjaldeyrishafta mun hafa áhrif á eftirspurn eftir ríkisbréfum, einkum stuttum ríkisbréfum. Sjóðsstaða ríkissjóðs í Seðlabankanum er þó sterk og ríkið vel í stakk búið til mæta sveiflum í eftirspurn. Til að búa enn frekar í haginn fyrir ríkissjóð verður langtímafjárfestum í upphafi heimilt að kaupa krónur fyrir gjaldeyri og verja

þeim til að kaupa langtímaskuldabréf útgefin af ríkissjóði. Ríkissjóður fær þannig langtímafjármögnun sem býr almennt í haginn fyrir losun hafta. Hins vegar er hugsanlegt að eftirspurn eftir skammtímaverðbréfum dragist saman.

Ekki þarf að óttast veruleg áhrif á Íbúðalánasjóð í fyrstu skrefum áætlunarinnar enda eiga erlendir aðilar takmarkað magn í hverjum flokki. Auk þess er lánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs mjög lítil um þessar mundir.

Niðurstaða

Samandregið má greina áhrif aðgerða til þess að beina aflandskrónum inn í innlenda langtímafjárfestingu í fjóra þætti:

- Flutningur fjárfestingar úr stuttum ríkisbréfum í löng hefur ekki áhrif á lausafjárstöðu bankanna og bætir lausafjárstöðu ríkissjóðs vegna minni skammtímaskulda.
- Fjárfesting í löngum ríkisbréfum sem fjármögnuð er með innstæðum lækkar lausafjárstöðu bankanna. Hins vegar dregur nokkuð úr lausafjárþörf þeirra. Þess hefur verið krafist af bönkunum að þeir hafi sterkari lausafjárstöðu einmitt vegna hugsanlegs hvikulleika þessara innstæðna (sjá viðauka IV).
- Fjárfesting krónueigna erlendra aðila í atvinnulífi hefur ekki áhrif á lausafjárstöðu bankakerfisins í heild en gæti haft áhrif á stöðu einstakra banka og dregið úr eftirspurn eftir stuttum ríkisbréfum.
- Notkun gjaldeyrisforða Seðlabankans til inngripa mun ekki hafa áhrif á lausafjárstöðu kerfisins í heild svo framarlega sem bankinn stýfir inngrip sín. Hið sama á við um sölu ríkisbréfa sem er fjármögnuð með innstæðum í Seðlabankanum, sem hann mun mæta með hefðbundnum markaðsaðgerðum.

Kjarninn í þessum tillögum um afnám gjaldeyrishafta er að dregið verður úr stöðu aflandskróna í smáum skrefum. Sú aðferðafræði á að tryggja að áhrifin á lausafjárstöðu fjármálakerfisins og ríkissjóðs auk áhrifa á gjaldeyrismarkað verði viðráðanleg á öllum stigum. Það gerir Seðlabankanum og stjórnvöldum einnig hægt um vik að bregðast við áhættuþáttum sem upp kunna að koma í ferlinu.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um gjaldeyrismál sem Seðlabanki Íslands hefur sett á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða I í lögum, nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Ríkisstjórn Íslands hefur að tillögu Seðlabanka Íslands samþykkt áætlun um afnám gjaldeyrishafta og er lagt til í frumvarpinu í samræmi við áætlunina að höftum verði viðhaldið til 31. desember 2015 en gert er ráð fyrir að öllum gjaldeyrishöftum hafi þá verið lyft. Þar sem fyrirsjáanlegt er að gjaldeyrishöftin muni verða til staðar í lengri tíma en ætlað var í upphafi þykir rétt að lögfesta reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál. Því er í frumvarpinu lagt til að 16 nýjum greinum verði bætt við lögin. Í greinunum er að finna þau efnisákvæði sem nú eru í framangreindum reglum Seðlabankans með minniháttar breytingum sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar. Þá eru einnig lagðar til breytingar

á refsiákvæðum laganna og nokkrar aðrar minniháttar breytingar sem leiða af framangreindum breytingum. Að lokum er lagt til að ákvæði til bráðabirgða IV í tollalögum, nr. 88/2005 um að skrá skuli viðskiptaverð vöru í erlendum gjaldmiðli á útflutningsskýrslu verði framlengt til 31. desember 2015. Tímalengd framlengingarinnar miðar að því að hægt verði að afnema höftin í samræmi við tillögu Seðlabanka Íslands án þess að fjármála- eða gengisstöðugleika verði ógnað.

Gjaldeyrishöftin hafa sem slík talsverð áhrif á afkomu ríkissjóð. Til skamms tíma hafa höftin þó jákvæð áhrif á fjárhag ríkissjóðs þar sem þau leiða til lægri vaxtabyrði. Erlendir aðilar sem hafa verið bundnir í íslenska hagkerfinu vegna haftanna eiga um helming útgefinna víxla ríkissjóðs og fjórðung allra ríkisbréfa í innlendri mynt fyrir alls 162 mia.kr. Eftirspurnin sem þessir fjármunir mynda ýtir niður vaxtakostnaði ríkissjóðs og bætir því fjárhagsstöðu hans. Til lengri tíma hafa gjaldeyrishöft þó verulegan kostnað í för með sér fyrir hagkerfið. Höftin koma í veg fyrir að fjármagni verði dreift á sem hagkvæmastan hátt og draga úr aðgengi einkaaðila að erlendu fjármagni. Almennt má gera ráð fyrir því að kostnaður af gjaldeyrishöftum aukist eftir því sem tíminn líður. Því má gera ráð fyrir því að neikvæð áhrif gjaldeyrishafta yfirtaki jákvæð áhrif á fjármögnun ríkissjóðs þegar til lengri tíma er litið.

Þessu til viðbótar er þó nauðsynlegt að líta til þeirra neikvæðu áhrifa sem veruleg veiking krónunnar getur haft á íslenskt efnahagslíf, og þar með fjármál ríkissjóðs, í gegnum veikburða efnahagsreikninga heimila og fyrirtækja. Þrátt fyrir að dregið hafi úr þeim hluta skulda heimila og fyrirtækja sem tengist erlendum gjaldmiðlum á undanförnum misserum eru um 60% skulda fyrirtækja við bankakerfið enn gengisbundin. Þrátt fyrir að stærstur hluti skulda heimila sem tengdist erlendum myntum hafi nú verið færður í íslenskar krónur er enn um 80% skulda heimila verðtryggður. Veiking krónunnar um 1% er talin leiða til 0,45% hækkunar verðbólgu að tveimur árum liðnum. Veruleg veiking krónunnar getur því enn haft verulega neikvæð áhrif á efnahagsreikninga fyrirtækja og heimila sem leiða myndi til enn meiri samdráttar hagkerfisins með neikvæðum áhrifum á tekjur og útgjöld ríkissjóðs. Þótt lækkun krónunnar geti haft jákvæð áhrif á hagkerfið í gegnum aukinn útflutning eru litlar líkur á því að áhrif þess næðu að vega upp fyrrnefnd neikvæð áhrif. Stafar þetta af verulegum magntakmörkunum helstu útflutningsgreina hagkerfisins. Í nýjustu opinberu hagspám er t.d. aðeins gert ráð fyrir 2–3% árlegum vexti útflutnings, verulega undir sögulegum vexti, þrátt fyrir að raungengið sé um 20% undir langtímameðaltölum.

Áætlun um afnám hafta sem samþykkt var af ríkisstjórn 25. mars 2011 grundvallast á framlengingu gjaldeyrishaftanna. Framlengingin er forsenda þess að hægt verði að vinna eftir áætluninni á skilvirkan hátt án þess að stöðugleika efnahagslífsins og fjármálakerfisins verði ógnað. Áætlunin er mótuð með það að augnamiði að nýta afnám haftanna til þess að lágmarka fjármagnskostnað ríkissjóðs og örva hagvöxt. Þessum markmiðum verður náð með því að beina aflandskrónum inn í langtímafjárfestingar í íslenskum ríkisskuldabréfum og atvinnuvegum. Hvoru tveggja ætti að hafa jákvæð áhrif á fjármál ríkissjóðs og draga úr neikvæðum áhrifum haftanna á meðan þeim er lyft.

Seðlabanki íslands hefur haft með höndum framkvæmd og eftirlit með gjaldeyrishöftunum og er ekki gert ráð fyrir því að sú framkvæmd muni taka breytingum verði frumvarp þetta að lögum. Kostnaður vegna eftirlitsins hefur verið borinn af bankanum og verður svo áfram á meðan gjaldeyrishöftin eru í gildi. Fjárreiður Seðlabankans eru færðar í D-hluta ríkisreiknings og hefur rekstrarkostnaður bankans ekki áhrif á A-hluta ríkissjóðs. Er því ekki gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi bein áhrif á fjárhag ríkissjóðs til skemmri tíma litið. Óbeinu áhrifin af gjaldeyrishöftunum gætu hins vegar verið veruleg en afar erfitt er þó að leggja mat á stærðargráðu þeirra.

1399. Frumvarp til laga [789. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/2010, um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir.

Flm.: Björn Valur Gíslason.

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr., sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Eignarnámsheimild.

Vegagerðinni er heimilt að taka eignarnámi land, jarðefni og önnur réttindi sem þörf verður á vegna framkvæmda sem félög skv. 1. og 2. gr. standa að. Um málsmeðferð vegna eignarnámsákvörðunarinnar gilda þau ákvæði VII. kafla vegalaga sem varða eignarnám.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði 7. gr. gilda um eignarnámsákvarðanir sem teknar eru eftir gildistöku laga þessara.

Málsmeðferð vegna töku ákvarðana um eignarnám sem hafist hefur fyrir gildistöku laga þessara telst fullnægjandi undirbúningur að ákvörðun um eignarnám samkvæmt lögum þessum, enda uppfylli allir þættir hennar ákvæði málsmeðferðarreglna VII. kafla vegalaga, nr. 80/2007, með síðari breytingum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í VII. kafla vegalaga er fjallað um heimildir Vegagerðarinnar til eignarnáms til þjóðvegagerðar og hvers kyns vegahalds. Ákveðin óvissa hefur ríkt um það hvort eignarnámsheimild vegalaga nái til framkvæmda sem aðrir aðilar en Vegagerðin ráðast í. Þannig hefur það sjónarmið komið fram að eignarnámsheimild laganna nái eingöngu til framkvæmda á vegum Vegagerðarinnar þegar hún stendur ein að málum, en ekki þegar aðrir aðilar, svo sem samstarfsaðilar Vegagerðarinnar eða félög sem Vegagerðin fer með eignarleg eða stjórnunarleg yfirráð yfir, standa fyrir framkvæmdum.

Hinn 28. júní 2010 samþykkti Alþingi lög um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir. Í þeim lögum er ekki að finna sérstaka eignarnámsheimild. Vegagerðin hefur þegar tekið þátt í stofnun félaga sem ætlað er að ráðast í framkvæmdir samkvæmt heimild áðurnefndra laga og stendur undirbúningur að framkvæmd einstakra verkefna nú yfir. Í löggjöf um margar stórframkvæmdir sem ráðist hefur verið í á Íslandi hefur tíðkast að kveðið væri á um heimild til eignarnáms lands og tengdra réttinda. Liggja ríkir samgöngu- og byggðahagsmunir undantekningarlaust að baki því að áætlanir um slíkar framkvæmdir nái fram að ganga. Nægir í þessu samhengi að benda á eignarnámsheimild laga um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, laga um Landeyjahöfn, áðurnefnda eignarnámsheimild vegalaga og eignarnámsheimildir skipulagslaga, laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, vatnalaga og fjarskiptalaga, svo að dæmi séu nefnd.

Í ljósi þess sem fram hefur komið er hér lögð til breyting á lögum um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir í þá veru að Vegagerðinni verði á skýran hátt veitt heimild til eignarnáms lands, jarðefna og annarra réttinda sem til þarf í þeim tilgangi að félög samkvæmt 1. og 2. gr. laganna geti staðið að lagningu Suðurlandsvegar frá Vesturlandsvegi austur fyrir

Ölfusárbrú að nýjum gatnamótum við núverandi Suðurlandsveg, lagningu Vesturlandsvegar frá Kollafirði að Hvalfjarðargöngum, lokið við Reykjanesbraut frá Kaldárselsvegi að Víknavegi, ásamt nauðsynlegum undirbúningi, og staðið að gerð jarðganga undir Vaðlaheiði ásamt vegalagningu að þeim auk annars nauðsynlegs undirbúnings. Gert er ráð fyrir að um málsmeðferð vegna þeirra framkvæmda sem félög skv. 1. og 2. gr. laganna ráðast í á grundvelli þeirra fari eftir ákvæðum VII. kafla vegalaga, nr. 80/2007, með síðari breytingum.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Í því er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að ákvæði 1. gr. frumvarpsins, sem verði 7. gr. laganna, gildi um eignarnámsákvarðanir sem teknar verða eftir að frumvarpið verður að lögum. Tilgangurinn er að eyða vafa um tilvist lagaheimildar til eignarnáms og gera lagaskil skýrari. Í öðru lagi er kveðið á um að málsmeðferð vegna töku ákvarðana um eignarnám sem hafist hefur fyrir gildistöku teljist fullnægjandi undirbúningur að ákvörðun um eignarnám að því tilskildu að allir þættir málsmeðferðarinnar uppfylli kröfur ákvæða málsmeðferðarreglna VII. kafla vegalaga, nr. 80/2007, með síðari breytingum. Nauðsynlegt þykir að koma í veg fyrir að gögn eða vinna sem þegar hefur verið unnin, þar sem undirbúningur einhverra framkvæmda kann að vera hafinn, fari í súginn með því óhagræði og eyðingu verðmæta sem slíku fylgir. Enda er sérstaklega kveðið á um það að tilhögun slíkrar vinnu eða gagnaöflunar standist fyllilega þær kröfur sem vegalög gera til eignarnáms.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um gildistöku þess en greinin skýrir sig sjálf.

1400. Svar [330. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Róberts Marshall um úthlutun byggðakvóta til Reykjanesbæjar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur ráðherra kannað möguleika þess að úthluta sérstökum byggðakvóta til Reykjanesbæjar í ljósi sérlega bágs atvinnuástands í bænum?

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur úthlutað byggðakvóta til allra byggðarlaga sem skv. 10. gr. laga nr. 116/2006, ásamt síðari breytingum, gilda um úthlutun hans. Þá hefur ráðherra gefið út reglugerð nr. 1000 frá 17. desember 2010 um nánari útfærslu á framkvæmd og útreikningi byggðakvótans. Ráðherra hefur ekki heimild í lögum til þess að beita sértækum aðgerðum við úthlutun byggðakvótans.

Hinn 10. janúar 2011 hélt ráðherra samráðsfund með sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum þar sem farið var yfir þau lög og reglur sem um úthlutun byggðakvótans gilda. Starfsmaður ráðuneytisins mætti á fundinn og fór yfir helstu þætti sem gilda samkvæmt lögum og reglugerð þar um.

Á fundinum voru rakin þau laga- og reglugerðarákvæði sem gilda um a- og b-lið 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006. Þar ber fyrst að nefna að í lögunum segir: „Ráðherra setur „í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. Þar skal kveðið á um skilgreiningu á byggðarlagi, viðmiðunar- og útreikningsreglur og aðrar reglur um úthlutun til byggðarlaga.“

Í 1. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um heildaraflaheimildir sem ráðherra úthlutar af botnfiski til stuðnings byggðarlögum.

2. gr. reglugerðarinnar kveður á um skiptingu botnfisktegunda, sbr. 1. gr.
3. gr. reglugerðarinnar kveður á um skiptingu aflaheimilda milli a- og b-liðar 1. gr.
4. gr. reglugerðarinnar kveður á um þær forsendur sem útreikningur byggist á, þ.e. hve mikið kemur í hlut hvers byggðarlags, sbr. a- og b-lið 1. gr.
5. gr. reglugerðarinnar kveður á um að ráðuneytið skuli tilkynna sveitarstjórnum hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags sem undir þær falla.

Við útskýringar á þessum reglum var ljóst að samkvæmt endanlegri úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2010/2011 komu aðeins 37 þorskígildistonn í hlut Sveitarfélagsins Voga, sem var eina byggðarlagið á Suðurnesjum sem fékk úthlutað byggðakvóta.

Á samráðsfundinn mætti einnig Helga Sigurrós Valgeirsdóttir, forstöðumaður upplýsingasviðs Fiskistofu, og flutti fyrirlestur um veiðar og vinnslu afla á Suðurnesjum, Snæfellsnesi og Vestfjörðum.

Á glærum Helgu kemur fram að meiri afli er unninn á Suðurnesjum en landað er þar. Fylgni er milli þess sem landað er af Suðurnesjaskipum í heild og þess afla sem unninn er á svæðinu, þó virðist mega draga þá ályktun að vinnslurnar á Suðurnesjum séu að kaupa hráefni til vinnslu á markaði, eða beint frá skipum, frá öðrum landshlutum.

1401. Svar [640. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Birgis Ármannssonar um styrki vegna aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu.

1. *Hver er staða styrkja og umsókna, bæði vegna beinna styrkja og óska um sérfræðilega aðstoð (IPA, TAIEX o.fl.), af hálfu íslenskra stjórnvalda í tengslum við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu?*
   a. *Hversu margar umsóknir um styrki eða sérfræðilega aðstoð hafa þegar verið sendar stofnunum Evrópusambandsins frá því að Alþingi samþykkti aðildarumsóknina sumarið 2009? Til hvaða verkefna hefur verið sótt um styrki eða aðstoð? Hversu margar umsóknir af því tagi hafa þegar verið samþykktar af ESB og til hvaða verkefna?*

Stækkunarstefna Evrópusambandsins felur í sér að þau lönd sem sækjast eftir aðild geti fengið stuðning til að gera stjórnsýslunni kleift að takast á við umsóknarferlið og til að tryggja að umsóknarríki verði sem best undirbúið komi á endanum til aðildar. Allur stuðningur sem ætlaður er til þessa fellur undir svokallaða IPA-aðstoð en á henni eiga einnig kost umsóknarríkin Króatía, Tyrkland og Makedónía auk mögulegra umsóknarríkja sem eru Albanía, Bosnía, Serbía, Svartfjallaland og Kósóvó. Hvað Ísland varðar var ákveðið af ráðherraráði Evrópusambandsins 14. júlí 2010 að Ísland ætti kost á þessum stuðningi. Gert hefur verið ráð fyrir að stuðningurinn gæti skipst í tvennt. Annars vegar landsáætlun IPA en í henni felst samsafn nokkurra verkefna sem íslensk stjórnvöld velja. Áætlunin miðast við fyrir fram ákveðna upphæð (28 milljónir evra fyrir árin 2011–2013) sem ætluð er til að styðja sérstaklega við Ísland enda uppfylli þær verkefnahugmyndir sem settar eru fram viðmið aðstoðarinnar. Mögulegt framlag til Íslands er 0,24% af heildarfjárveitingu IPA á árunum 2007–2013 sem er 11,5 milljarðar evra. Tyrkland fær stærstan hluta fjárveitingarinnar, um 50% heildarupphæðarinnar. Allur samanburður Íslands við önnur umsóknarríki er erfiður þar

sem Ísland mun væntanlega eiga kost á stuðningi í styttri tíma, eiga kost á lægri fjárhæðum og ekki eiga kost á stuðningi á eins mörgum sviðum.

Hins vegar stendur Íslandi til boða að taka þátt í svokölluðum fjölþegaáætlunum en þær eiga það sameiginlegt að hægt er að sækja aðstoð í sjóði sem ætlað er að styðja við öll ríkin og því er Íslandi ekki úthlutað fyrir fram ákveðnum upphæðum innan þeirra. Ein þessara fjölþegaáætlana er TAIEX en hún veitir ekki beina fjárhagslega styrki heldur aðstoð í formi mannauðs. TAIEX-aðstoð getur hver sem er innan stjórnsýslu Íslands, á öllum stigum, sótt um að því gefnu að um sé að ræða verkefni sem tengist löggjöf Evrópusambandsins, þar með talin EES-tengd verkefni. Aðstoðin er einnig opin aðilum utan stjórnsýslunnar á sömu forsendum. Aðstoðin hefur verið Íslendingum aðgengileg síðan sumarið 2010. TAIEX-aðstoð felur t.d. það í sér að starfsmenn stjórnsýslunnar geta hitt sérfræðinga á sínu sviði og þá sem vinna samsvarandi störf og þeir innan aðildarríkja Evrópusambandsins sér að kostnaðarlausu. Hægt er að óska eftir heimsókn sérfræðings til Íslands, ferð til einhvers aðildarríkis og/eða á ráðstefnu. TAIEX er einungis ætlað að veita upplýsingar og tækifæri til að fylgjast með fyrirmyndarstarfsháttum auk þess sem það veitir tækifæri til tengslamyndana sem þannig gerir stjórnsýslunni í viðkomandi umsóknarríki betur kleift að takast á við umsóknarferlið og mögulega aðild.

Málefni þessi hafa verið kynnt utanríkismálanefnd auk þess sem nefndarálit hennar vegna aðildarumsóknar víkur sérstaklega að fjárhagsaðstoð Evrópusambandsins við afmarkaðan þátt ferlisins.

Í lok mars sl. höfðu Evrópusambandinu verið sendar 37 umsóknir um TAIEX-stuðning (sjá fylgiskjal). Af þeim hafa 25 þegar verið samþykktar og þremur verið hafnað. Aðrar eru enn til skoðunar. Auk þess hafa með stuðningi TAIEX og að frumkvæði Evrópusambandsins verið haldin námskeið fyrir þá sem vinna að verkefnahugmyndum í IPA-landsáætlun 2011. Unnin hafa verið drög að tveimur verkefnalýsingum vegna stuðnings úr einni fjölþegaáætlun sem lýtur að fjárhagslegum stuðningi til Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins vegna þýðinga á regluverki Evrópusambandsins annars vegar og til Hagstofunnar hins vegar vegna vinnslu tiltekinna hagtalna. Verið er að vinna úr þeim athugasemdum sem gerðar voru við þær lýsingar. Engar endanlegar verkefnahugmyndir hafa verið sendar Evrópusambandinu vegna IPA-landsáætlunar 2011 en unnið hefur verið að þróun nokkurra slíkra hugmynda.

b. Hvaða umsóknir eru nú í undirbúningi af hálfu einstakra ráðuneyta, ráðherranefndar um Evrópumál, einstakra stofnana, samninganefndar Íslands eða annarra aðila á vegum stjórnvalda?

Fyrir liggur að á vegum nokkurra samningahópa eða aðila sem eiga fulltrúa í þeim eru umsóknir um TAIEX-sérfræðiaðstoð, námskeið og upplýsingaöflun um ýmis ESB-tengd mál í undirbúningi. Hvað varðar IPA-landsáætlun ársins 2011 hefur verið unnið að frekari þróun verkefnahugmynda á vegum ráðuneyta, stofnana og annarra aðila. Ekki liggur endanlega fyrir hvaða verkefni kunna að verða hluti af IPA-landsáætlun 2011.

c. Liggja fyrir upplýsingar um áætlaðan fjölda umsókna meðan á aðildarferlinu stendur og líklegar fjárhæðir í því sambandi, bæði varðandi beina styrki og greiðslur fyrir sérfræðilega aðstoð?

Ekki liggja fyrir áætlanir um heildarfjölda umsókna eða verkefnahugmynda. Ef horft er til áætlaðs fjármagns til IPA-landsáætlana er gert ráð fyrir að 28 milljónir evra verði til ráðstöfunar í þremur árlegum landsáætlunum 2011 (10 M€), 2012 (12 M€) og 2013 (6 M€). Auk þess má gera ráð fyrir sérstökum framlögum úr fjölþegaáætlun sambandsins en vegna

fjárhagsársins 2010 voru skuldbundnar þrjár milljónir evra úr henni til tveggja verkefna, um þýðingar og vinnslu hagtalna eins og áður var nefnt. Að því er varðar TAIEX-stuðning þá liggja hvorki fyrir áætlanir né fyrirframskuldbindingar af hálfu Evrópusambandsins hvað varðar stuðning í formi sérfræðilegrar aðstoðar.

2. *Hvernig er málsmeðferð varðandi undirbúning umsókna um styrki og aðstoð háttað af hálfu íslenskra stjórnvalda? Hver er þáttur einstakra ráðuneyta, ráðherranefndar, stofnana og samninganefndar í því ferli?*

Rétt er að greina hér á milli annars vegar TAIEX-aðstoðar og hins vegar IPA-landsáætlunar.

Allt frá því að aðildarríki Evrópusambandsins samþykktu breytingar á reglugerð þar um hefur verið unnt að sækja um TAIEX-aðstoð, eða frá miðju ári 2010. Möguleikar þar að lútandi hafa verið kynntir einstökum ráðuneytum, samningahópum og fleiri aðilum sem hagsmuna eiga að gæta. Frumkvæði og undirbúningur umsókna er í höndum þeirra sem óska eftir TAIEX-stuðningi, svo sem ráðuneyta og stofnana, en einnig samningahópa og hagsmunaaðila sem öll koma að ferlinu með einum eða öðrum hætti. Ráðgjöf um umsóknir er veitt í utanríkisráðuneytinu sem annast milligöngu um umsóknir, samræmir þær og samþykkir gagnvart framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Hvað varðar IPA-landsáætlun þá er þar ekki um að ræða eiginlegar umsóknir heldur voru í upphafi lagðar fram stuttar lýsingar á verkefnum sem féllu að meginmarkmiðum IPA sem áttu uppruna sinn í stjórnsýslunni og í sumum tilvikum hjá sveitarfélögum eða öðrum aðilum. Unnið hefur verið á grunni þessara verkefnahugmynda í samræmi við ferli sem kynnt hefur verið í ráðherranefnd um Evrópumál og ríkisstjórn. Stjórnvöld hafa haldið utan um þessar tilgreindu verkefnahugmyndir og aðstoðað ábyrgðarmenn þeirra við frekari þróun þeirra í samræmi við kröfur sem gerðar eru til slíkra verkefna og samþykkt ráðherranefndar um Evrópumál.

3. *Hver tekur endanlegar ákvarðanir um það hvaða umsóknir eru sendar stofnunum ESB?*

Þeir sem óska eftir að nýta TAIEX-aðstoð geta leitað til skrifstofu landstengiliðs í utanríkisráðuneytinu þar sem viðkomandi fær aðstoð og ráðgjöf við umsókn. Hann leggur frummat á umsókn með tilliti til þeirra skilyrða sem sett eru fyrir samþykkt hennar. Sé umsókn talin fullnægjandi er hún send til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til ákvörðunar.

Endanleg ákvörðun um hvaða verkefnahugmyndir verða settar fram fyrir IPA-landsáætlun Íslands er í höndum ráðherranefndar um Evrópumál. Það er síðan stjórnarnefnd IPA, sem skipuð er fulltrúum aðildarríkja Evrópusambandsins, sem tekur endanlega ákvörðun um samþykkt IPA-landsáætlana.

4. *Hefur ríkisstjórnin tekið ákvarðanir um einhverjar breytingar á vinnu við undirbúning og ákvarðanir vegna styrkumsókna á þeim tíma sem aðildarferlið hefur staðið yfir?*

Ríkisstjórnin ákvað í desembermánuði sl. að formfesta umsóknarferlið með því að samninganefndin eða einstakir samningahópar skilgreini verkefni sem óskað er TAIEX-aðstoðar við ef verkefni er talið nauðsynlegt til undirbúnings vegna samningaviðræðna.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir TAIEX-umsóknir.

Samþykktar umsóknir.

Nr.	Umsækjandi	Samnings-kafli	Efni	Felur í sér
1	Hagstofan	18 Hagtölur	Að stytta tímann sem það tekur að birta skammtímahagtölur. Einnig markmið að kynnast gerð þjónustuframleiðsluvísitölu hjá dönsku og finnsku hagstofnunum.	Vinnufundir í Danmörku 4.–6. okt. og Finnlandi 6.–8. okt. 2010.
2	Hagstofan	18 Hagtölur	Fjárhagsuppgjör. Markmiðið að kynna sér fjárhagsuppgjör innan ESB-landa til þess að auka getuna til að safna saman upplýsingum svo hægt sé að senda mikilvæg gögn til Eurostat, fljótt og örugglega.	Vinnufundir í Svíþjóð 18.–22. okt. 2010.
3	Forsætisráðuneytið	35 Annað	Byggðaþróun á Íslandi (National Development Plan for Iceland)	Vinnufundir á Íslandi 16.–20. ágúst 2010.
4	Samnningahópur um byggðamál	22 Uppbygg-ingarstyrkir	Svæðaskipting í byggðamálum. Markmiðið að kynna þrepaskiptingu NUTS á Íslandi í tengslum við styrkhæfni landsins og fá upplýsingar um hvaða tölfræði þarf í tengslum við slíka skiptingu.	Vinnufundir 26. okt. 2010 með sérfræðingum frá Eurostat, stækkunardeild ESB og Byggðadeild ESB.
5	Mannréttinda-stofnun HÍ	23 Réttarvarsla og grund-vallarréttindi	Ráðstefna um réttindaskrá ESB og áhrif Lissabonsáttmálans (Mannréttindamál). Markmið ráðstefnunnar að kynna regluverk ESB í málum er varða réttindaskrá ESB og stöðu mannréttindamála innan sambandsins.	Ráðstefna haldin í Háskóla Íslands 28. jan. 2011.
6	Garðyrkjubændur	11 Landbúnaður	Upplýsingaöflun um garðyrkju í ESB. Markmiðið að auka þekkingu á garðyrkju innan ESB og skoða áhrif regluverks ESB á greinina í Finnlandi.	Vinnuferð farin til Finnlands janúar 2011.
7	Utanríkis-ráðuneytið	22 Uppbygg-ingarstyrkir	Byggðamál. Námskeið í Reykjavík þar sem fjallað var um undirbúning íslenskra stjórnvalda í byggðamálum og stöðu málaflokksins innan ESB.	Vinnufundir í desember 2010. Heimsókn sérfræðinga á sviði byggðastefnu ESB til Íslands.
8	Utanríkis-ráðuneytið	35 Annað	Upplýsingamál. Markmiðið að kynna sér útgáfu- og upplýsingamál.	Vinnuferð til Póllands í desember 2010.
9	Hagstofan	18 Hagtölur	Hagtölur um þjónustuviðskipti. Markmiðið að kynna sér notkun á svokölluðu INTRASTAT-kerfi sem ríki ESB nota til þess að safna saman upplýsingum um viðskipti milli aðildarríkja.	Vinnuferð til Danmerkur og Eistlands í mars 2011.
10	Iðnaðarráðuneytið	15 Orka	Olíubirgðir. Leitað er upplýsinga um innleiðingu regluverks ESB varðandi olíubirgðir.	Óskað er eftir vinnufundi á Íslandi með sérfræðingum frá aðildarríkjum ESB og framkvæmdastjórninni. Ekki komið til framkvæmda.
11	Iðnaðarráðuneytið	15 Orka	Orkunýtni bygginga. Reglur um hvernig hús skuli byggð til að lágmarka hitunarkostnað. Leitað er upplýsinga um framkvæmd regluverksins.	Óskað er eftir heimsókn sérfræðings frá norrænu aðildarríki. Ekki komið til framkvæmda.
12	Hagstofan	18 Hagtölur	Árstíðaaðlögun þjóðhagsreikninga. Leitað leiða til að bæta aðferðir Hagstofunnar við að aðlaga þjóðhagsreikninga að sveiflum vegna árstíða.	Áætlaður er vinnufundur með erlendum sérfræðingi til að leiðbeina starfsmönnum Hagstofunnar. Ekki komið til framkvæmda

Nr.	Umsækjandi	Samnings-kafli	Efni	Felur í sér
13	Neytendastofa	28 Neytenda- og heilsuvernd	Óskað er eftir sérfræðiaðstoð vegna fram-kvæmdar ESB-reglna um forpakkaðar vörur (e-Merki).	Áætlað að halda ráðstefnu.
14	Forsætisráðuneytið	20 Iðnstefna	Áætlað að kynnast reynslu annarra landa af því að setja saman iðnstefnu á landsvísu.	Áætlaður er vinnufundur með erlendum sérfræðingi.
15	Landbúnaðar-háskólinn	11 Landbúnaður	Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB – hags-munaaðilar. Áætlað að kynna sameiginlega stefnu ESB í landbúnaðarmálum fyrir þeim sem starfa á vettvangi landbúnaðar á Íslandi, bæði starfsmönnum ráðuneyta og stofnana sem og þeim sem starfa innan greinarinnar.	Áætlað að halda ráðstefnu.
16	Samningahópur um landbúnað	11 Landbúnaður	Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB – aukin þekking og geta innan stjórnsýslunnar. Óskað eftir aðstoð við að meta stöðu stjórnsýslunnar á sviði landbúnaðarmála og tillögum að úrbótum ef þörf þykir á.	Áætlaður er vinnufundur með erlendum sérfræðingi.
17	Samningahópur um landbúnað	11 Landbúnaður	Landupplýsingakerfi. Leitað er eftir aðstoð sérfræðinga til að kynna landupplýsingakerfi ESB og mati á uppbyggingu slíks kerfis á Íslandi.	Áætlaðir eru vinnufundir með erlendum sérfræðingum.
18	Utanríkis-ráðuneytið	15 Orka	Endurnýtanleg orka. Leitað er eftir aðstoð sérfræðinga til að efla þekkingu á löggjöf ESB um endurnýjanlega orku og hvað Ísland gæti lagt meira af mörkum í því sambandi.	Áætlaðir eru vinnufundir með sérfræðingi og að haldin verði ráðstefna á Íslandi.
19	Forsætisráðuneytið	30 Utanríkis-tengsl	Undirbúningur landsáætlunar IPA fyrir Ísland. Fræðsla um gerð IPA-landsáætlunar fyrir full-trúa forsætisráðuneytisins og utanríkisráðu-neytisins. Auk þess var óskað eftir námskeiði í símatskerfi verkefnastjórnunar fyrir þá sem vinna að gerð verkefnalýsinga.	Vinnuferð til Brussel í desember 2010. Námskeið haldið á Íslandi fyrir þá sem vinna að verkefnalýsingum í febrúar 2011.
20	Samningahópur EES I	12 Matvæla-öryggi	Verkefni frá mars 2011 – mars 2012. Áætlað er að aðstoðin styrki íslensk stjórnvöld og stofnanir til að annast matvælaeftirlit og framfylgja lögum og reglugerðum ESB um öryggi dýra og plantna, þ.m.t. EES-reglna.	
21	Fjármálaeftirlitið	32 Fjárhagslegt eftirlit	Verkefni frá mars 2011 – mars 2012. Markmiðið að auka þekkingu á sviði fjármálaeftirlits, gerð áhættulíkana og á þeirri upplýsingatækni sem best þykir á þessu sviði.	
22	Samningahópur um byggða- og sveitar-stjórnarmál	22 Uppbygg-ingarstyrkir	Verkefni frá febrúar 2011 – febrúar 2012. Markmiðið að auka skilning á byggðastefnu ESB og þeirri stofnanauppbyggingu sem í henni felst.	
23	Samningahópur um utanríkisviðskipti, utanríkis- og öryggismál	30 Utanríkis-tengsl	Þróunarsamvinna. Markmiðið að afla frekari þekkingar á starfi ESB á sviði þróunarsamvinnu.	Áætlaðir vinnufundir og ráðstefna á Íslandi með erlendum sérfræðingum.
24	Svínaræktarfélag Íslands	11 Landbúnaður	Svínarækt og Evrópusambandið. Svínabændur á Íslandi hafa óskað eftir aðstoð til að auka við skilning sinn á því hvað þátttaka í landbúnaðarstefnu ESB hefur mögulega í för með sér fyrir þá.	Áætluð er vinnuferð til Finnlands.
25	Samningahópur um sjávarútvegsmál	9 Sjávarútvegur	Skipaskrá. Áætlað er að fá stuðning til að kortleggja breytingar á skipaskrá við mögulega aðild að ESB með það að markmiði að finna fýsilega uppbyggingu á nýju skráningarkerfi.	Áætlaður er vinnufundur með sérfræðingi sem kæmi til Íslands.

Nr.	Umsækjandi	Samnings-kafli	Efni	Felur í sér
Umsóknir sem bíða ákvörðunar.				
1	Ríkisendurskoðun	32 Fjárhagslegt eftirlit	Innra fjárhagseftirlit hins opinbera.	Áætluð er vinnuferð til Möltu og vinnufundir með sérfræðingi á Íslandi.
2	Samningahópur EES I	12 Matvæla-öryggi	Flokkun á þeim fyrirtækjum sem sinna matvæla-vinnslu en aðstoð er ætlað að auka færni og getu íslenskra stjórnvalda og stofnana til að sinna matvælaeftirliti og framfylgja lögum og reglu-gerðum ESB um öryggi dýra og plantna, þ.m.t. EES-reglum.	Áætlaðir eru vinnufundir með sérfræðingum á sviðinu auk námskeiðs/ráðstefnu um málefnið.
3	Samningahópur um sjávarútvegsmál	9 Sjávarútvegur	Hafrannsóknir. Áætlað er að meta hvort og þá að hve miklu leyti gagnasöfnun Hafrannsókna-stofnunar samræmist regluverki ESB, auk þess kortleggja hugsanlegar breytingar ef til aðildar kæmi.	Áætlaðir eru vinnufundir hér á landi.
4	Þýðingamiðstöð UTN	35 Annað	Þýðing laga og reglna ESB á íslensku. Markmið að auka við þekkingu á innviðum og hefðum sambandsins sem og þeirri íðorðafræði sem stunduð er innan sambandsins.	Gert er ráð fyrir vinnuferð til Eistlands, Slóveníu, Brussel og Lúxemborgar. Einnig námskeið á Íslandi og vinnufundir fyrir þýðendur.
5	Samningahópur um sjávarútvegsmál	9 Sjávarútvegur	Vigtun útsjávarafla.	Áætlað er að senda íslenska eftirlitsmenn til aðildarríkja ESB til að fylgjast með lönd-unarferlinu og hvernig ákvæð-um reglugerðar 1542/2007 um löndun og vigtun á síld, makríl og brynstirtlu er fylgt eftir í framkvæmd.
6	Samningahópur um sjávarútvegsmál	9 Sjávarútvegur	Afladagbækur. Markmiðið að kynna sér fyrirkomulag ESB.	Áætlað að senda íslenska sérfræðinga út til að kynna sér afladagbókarkerfi aðildarríkja ESB og skoða þær leiðir sem þar eru farnar og kortleggja mögulegar breytingar á núverandi rafrænni afladagbók
7	Samningahópur um sjávarútvegsmál	9 Sjávarútvegur	Vigtun við sölu á sjávarafla.	Áætlað er að senda íslenska sérfræðinga til að kynna sér hvernig umrætt skráningar-kerfi ESB er uppbyggt.
8	Samband íslenskra sveitarfélaga	27 Umhverfismál	Hauggas. Áætlað er að sérfræðingur komi til Íslands og geri úttekt á stöðu söfnunar hauggass.	Áætlað er að sérfræðingur komi til Íslands um nokkurt skeið.
9	Samningahópur um utanríkisviðskipti, utanríkis- og öryggismál	30 Utanríkis-tengsl	Verkefni frá maí 2011 – apríl 2012. Markmiðið er að auka þekkingu innan íslenskrar stjórnsýslu á málefnum ESB á sviði utanríkismála, varnar- og öryggismála og hættustjórnunar.	

1402. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/2007, um opinber innkaup.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Almar Guðmundsson og Pál Rúnar Mikael Kristjánsson frá Félagi atvinnurekenda, Egil Tryggvason, Harald Steinþórsson og Hafstein B. Hafsteinsson frá fjármálaráðuneyti, Bessa H. Jóhannesson, Guðbjörgu Alfreðsdóttur og Jakob Fal Garðarsson frá Frumtökum, Björn Zoëga og Ólaf Baldursson frá Landspítala, Aðalheiði Pálmadóttur, Aðalstein Jens Loftsson og Ólaf Ólafsson frá Lyfjafræðingafélagi Íslands, Guðmund Inga Guðmundsson og Júlíus S. Ólafsson frá Ríkiskaupum, Hildi Leifsdóttur og Pál Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu, Halldór Árnason frá Samtökum atvinnulífsins, Árna Jóhannsson og Sigurð B. Halldórsson frá Samtökum iðnaðarins, Ólaf Reyni Guðmundsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Jóhann M. Lenharðsson frá Lyfjastofnun, Bjarna Arthúrsson, Einar Magnússon og Gunnar Alexander Ólafsson frá velferðarráðuneyti og Finn Oddsson frá Viðskiptaráði Íslands. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Félagi atvinnurekenda, fjárlaganefnd, Frumtökum, heilbrigðisnefnd, Landspítala, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Lyfjastofnun, Ríkisendurskoðun, Ríkiskaupum, Samkeppniseftirlitinu, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, tollstjóranum í Reykjavík, Vegagerðinni og Viðskiptaráði Íslands.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að við lög um opinber innkaup bætist ný grein sem veiti miðlægri innkaupastofnun heimild til að bjóða út innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins. Gert er ráð fyrir því að heimild til þess verði veitt fyrir hvert útboð fyrir sig að undangenginni rökstuddri beiðni viðkomandi stofnunar. Þau skilyrði þurfa að vera uppfyllt að reglur Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup hafi verið tekin upp í landsrétt þess ríkis sem útboðið fer fram í og að ástæða sé til að ætla að innkaup í viðkomandi ríki muni þjóna hagkvæmni, virkri samkeppni eða öðrum lögmætum sjónarmiðum. Í 2. málsl. 1. gr. er mælt fyrir um að lög viðkomandi ríkis gildi um innkaup samkvæmt greininni. Fram kom við umfjöllun um málið að það væri einkum tvennt í gildandi lögum sem torveldaði útboð í öðrum ríkjum: annars vegar ákvæði laganna um málskot til kærunefndar skv. XIV. kafla laganna og hins vegar 69. gr. þeirra um að bjóðendum skuli heimilt að vera viðstaddir opnun tilboða.

Gert er ráð fyrir því að þrír aðilar þurfi að vera einhuga um að heimildinni verði beitt. Í fyrsta lagi kaupandinn sem óskar eftir því við Ríkiskaup að útboð fari fram með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þá þurfa Ríkiskaup að vera sammála mati kaupandans og skulu rökstyðja ósk um beitingu heimildarinnar til fjármálaráðherra. Að lokum þarf fjármálaráðherra að veita heimild til að útboð fari fram í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frumvarpinu er ætlað að veita heimild sem beitt yrði í undantekningartilvikum þegar erfiðlega reynist að fá samkeppnishæft verð, t.d. vegna skorts á samkeppni eða vegna þess að íslenski markaðurinn er of lítill til að viðunandi boð berist, jafnvel þótt auglýst hafi verið á Evrópska efnahagssvæðinu. Líklega yrði beiðni um að heimildinni verði beitt oft rökstudd með því að ásættanlegur árangur hafi ekki náðst í hefðbundnu útboði en einnig var bent á fyrir nefndinni að það kæmi einatt upp að engin tilboð bærust í tiltekna vöru sem boðin hefði verið út.

Fram kom við umfjöllun um málið í nefndinni að forsaga þess væri sú að Landspítali og heilbrigðisráðuneyti (nú velferðarráðuneyti) hefðu kannað möguleika á þátttöku í sameigin-

legum útboðum með systurstofnunum á Norðurlöndunum, einkum norskum. Ástæðan er sú að í sumum tilfellum hefur það verð sem spítalanum hefur boðist í útboðum á lyfjum verið óviðunandi þrátt fyrir að í flestum tilvikum hafi útboð skilað góðum árangri og verð verið hagstætt. Bent var á við umfjöllun um málið að fáar tegundir lyfja gætu valdið miklum kostnaði og að einatt bærist aðeins eitt eða ekkert tilboð þegar lyf væru boðin út. Einnig kom fram að í Danmörku hefði verið rætt um að fara í samstarf við aðila í Noregi um innkaup á lyfjum. Innan viðskiptanefndar kom fram vilji til að mæta þessum sjónarmiðum Landspítalans enda gæti breytingin aukið möguleika spítalans til þess að fá hagstætt verð á lyfjum.

Nokkrir umsagnaraðila lýstu áhyggjum af áhrifum frumvarpsins á lyfjamarkað hér á landi næði það fram að ganga óbreytt. Nefndin áréttar að markmið frumvarpsins er fyrst og fremst að auka samkeppni og ná fram hagstæðum innkaupsverðum frá erlendum framleiðendum án þess að hafa í för með sér umfangsmiklar breytingar fyrir innlenda umboðsaðila eða innlend fyrirtæki.

Við umfjöllun um málið í nefndinni var bent á að samkvæmt lyfjalögum þarf markaðsleyfi frá Lyfjastofnun til að flytja lyf til landsins, selja þau eða afhenda. Samkvæmt sömu lögum þarf leyfi Lyfjastofnunar til innflutnings lyfja í heildsölu. Nefndin bendir á að með frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á lyfjalögum en markmið þeirra er meðal annars að tryggja framboð lyfja hér á landi.

Rétt er að benda á að samkvæmt frumvarpinu er umrædd heimild ekki einskorðuð við útboð á lyfjum og heilbrigðisvörum. Fram kom við meðferð málsins að aðrar vörur sem til greina komi að beita heimildinni um væru t.d. útvörp fyrir flugvélar, öryggisbúnaður eða sérhannaðir bílar fyrir lögreglu.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á 1. gr. frumvarpsins: Nefndin leggur til viðbót í 1. málsl. þess efnis að einnig verði heimilt að gerast aðili að útboðum samtaka eða fulltrúa erlendra kaupenda en með því móti eru taldir meiri möguleikar á samstarfi um innkaup fyrir heilbrigðisstofnanir.

Í 3. málsl. greinarinnar koma fram tvö skilyrði sem þarf að uppfylla til að útboð fari fram með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Annars vegar að reglur Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup hafi verið leiddar í lög viðkomandi ríkis. Hins vegar að ástæða sé til að ætla að innkaup í ríkinu muni þjóna hagkvæmni, virkri samkeppni eða öðrum lögmætum sjónarmiðum við opinber innkaup. Af þessu orðalagi má draga þá ályktun að beita megi heimildinni jafnvel þótt innkaup séu hvorki talin þjóna hagkvæmni né virkri samkeppni svo fremi að þau þjóni öðrum lögmætum sjónarmiðum við opinber innkaup. Með „öðrum lögmætum sjónarmiðum við opinber innkaup“ er átt við almennar reglur II. kafla laganna og lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins. Lagðar eru til tvenns konar breytingar til að styrkja sjónarmið um virka samkeppni. Í fyrsta lagi er lögð til orðalagsbreyting á síðara skilyrði 3. málsl. í þeim tilgangi að gefa sjónarmiðum um hagkvæmni og virka samkeppni aukið vægi. Lagt er til að síðara skilyrðið orðist þannig að ástæða sé til að ætla að innkaup í ríkinu þjóni hagkvæmni eða virkri samkeppni og öðrum lögmætum sjónarmiðum við opinber innkaup. Í öðru lagi er lagt til að við greinina bætist nýr málsliður. Í 2. málsl. 1. gr. er kveðið á um að innkaupastofnun leggi fram rökstudda beiðni um að útboð fari fram með þeim hætti sem frumvarpið kveður á um. Lagt er til að við bætist nýr málsliður þess efnis að með beiðni innkaupastofnunar skuli fylgja mat á því hvort telja megi að viðunandi boð fáist með útboði á Íslandi. Þar gæti stofnunin meðal annars lýst því hversu stór viðkomandi markaður sé hér á landi og hvernig samkeppnisumhverfi sé háttað á honum.

Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein þar sem lagt er til að tilvísun í 7. gr. laganna verði lagfærð. Tilefnið er dómur Hæstaréttar í máli nr. 714/2009 frá 2. desember 2010 þar

sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að Orkuveita Reykjavíkur hefði ekki brotið gegn útboðsskyldu með ráðstöfunum sínum. Í málinu kom 7. gr. laganna til skoðunar. Í 1. mgr. hennar er mælt fyrir um að lögin taki ekki til samninga sem eru undanþegnir svokallaðri veitutilskipun, þ.e. tilskipun 2004/17/EB. Í 2. mgr. kemur fram að ákvæði XIV. (kærunefnd) og XV. kafla (gildi samninga og skaðabætur) gildi um samninga sem kaupendur samkvæmt veitutilskipuninni geri vegna reksturs starfsemi sinnar. Í 3. mgr. er mælt fyrir um að með reglugerð skuli ráðherra mæla fyrir um innkaup þeirra aðila sem greinir í 1. mgr. Sú reglugerð er nr. 755/2007. Hæstiréttur taldi reglugerðina ekki taka til útboðsins í málinu þar sem tilvísun 3. mgr. væri til 1. mgr. en ekki 2. mgr.

Þá er lagt til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða þess efnis að lögin verði endurskoðuð innan fimm ára. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarpið kemur fram að ekki sé hægt að sjá fyrir í hve miklum mæli frumvarpið dragi úr útgjöldum verði það að lögum. Meðal annars með hliðsjón af því að ekki er fullvíst hversu miklir fjármunir muni sparast telur nefndin eðlilegt að lögfesta ákvæði um endurskoðun innan fimm ára.

Sigurður Kári Kristjánsson, Eygló Harðardóttir og Skúli Helgason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. maí 2011.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Valgerður Bjarnadóttir.	Björn Valur Gíslason.	Margrét Tryggvadóttir.

1403. Breytingartillögur [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/2007, um opinber innkaup.

Frá viðskiptanefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað orðanna „1. mgr.“ í 3. mgr. 7. gr. laganna kemur: 2. mgr.
2. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðunum „erlenda kaupendur“ í 1. málsl. komi: samtök þeirra eða fulltrúa.
   b. Í stað orðanna „hagkvæmni, virkri samkeppni eða“ í 3. málsl. komi: hagkvæmni eða virkri samkeppni og.
   c. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í rökstuðningi fyrir beiðni innkaupastofnunar skal liggja fyrir mat á því hvort telja megi að viðunandi boð fáist með útboði á Íslandi.
3. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

1404. Breytingartillögur [237. mál]

við frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁI, MSch, VBj, BVG, SkH).

1. Við 12. gr. Fyrri málsliður 5. mgr. orðist svo: Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann án sérstakrar framsalsyfirlýsingar þann hluta kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi innlánsstofnun eða þrotabúi sem hann hefur greitt honum.
2. Við 20. gr. 2. málsl. 4. mgr. orðist svo: Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann þann hluta kröfu fjárfestis á hendur hlutaðeigandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða þrotabúi sem hann hefur greitt honum.
3. Við 26. gr. Í stað orðsins „lágmarksvernd“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: vernd.
4. Við 31. gr. Í stað dagsetningarinnar „16. maí 2011“ í 1. mgr. a-liðar komi: 1. júlí 2011.

1405. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurbjörgu Sæmundsdóttur og Kristínu R. Snorradóttur frá umhverfisráðuneyti, Kjartan Ingvarsson frá Umhverfisstofnun, Bryndísi Skúladóttur frá Samtökum iðnaðarins, Guðjón Bragason og Lúðvík E. Gústafsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigurð Jónsson frá RR-Skilum, Jón H. Steingrímsson frá Efnamóttökunni og Björn H. Halldórsson frá Sorpu bs.

Nefndinni bárust jafnframt umsagnir frá Efnamóttökunni hf., Félagi atvinnurekenda, Flokkun Eyjafirði ehf., Reykjavíkurborg, RR-Skilum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samkeppniseftirlitinu, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf., Sorpu bs., Sorpurðun Vesturlands hf., tollstjóranum í Reykjavík, Umhverfisstofnun, Úrvinnslusjóði og Þóri J. Einarssyni.

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmiss konar breytingar á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Í fyrsta lagi er um að ræða tillögur um að auka framleiðendaábyrgð við ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota drykkjarvöruumbúða. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar um ábyrgð á raf- og rafeindatækjum og er markmiðið að einfalda meðhöndlun úrgangs vegna raf- og rafeindatækja og gera vinnubrögð í þeim efnum markvissari. Í þriðja lagi yrðu með frumvarpinu innleiddar tvær EB-gerðir, annars vegar tilskipun 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB og hins vegar tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE.

Einnota drykkjarvöruumbúðir.

Í umsögnum um frumvarpið voru verulegar athugasemdir gerðar við fyrirhugaðar breytingar á því fyrirkomulagi sem hefur verið viðhaft við endurvinnslu og förgun einnota drykkjarvöruumbúða frá 1989. Lúta athugasemdirnar einkum að því að fyrirhugaðar breyt-

ingar á skilakerfinu gætu dregið úr skilahlutfalli, sem nú er eitt hið besta í heimi eða um 85% að jafnaði. Gera margir umsegjendur athugasemdir við að breyta eigi góðu kerfi sem mikil sátt ríkir um og telja að í raun sé engin ástæða til breytinga.

Í athugasemdum við frumvarpið er rakið að þegar lög um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, voru sett var gert ráð fyrir að starfsemi Endurvinnslunnar yrði óbreytt til ársins 2008 en þá féllu úr gildi sérstök lög um þessa starfsemi, nr. 52/1989, þar sem drykkjarvöruumbúðir bæru úrvinnslugjald og féllu undir Úrvinnslusjóð. Ætlunin var að með sérstökum samningi milli sjóðsins og Endurvinnslunnar yrði tryggt að kerfið gengi í megindráttum eins og verið hefur. Þessar breytingar hafa ekki orðið og hefur gildistími viðkomandi ákvæða í úrvinnslugjaldslögunum verið framlengdur þar til ný skipan kæmist á, nú síðast á haustþingi með lögum nr. 157/2010 þegar gildistími var framlengdur til 1. janúar 2012 þar sem ekki náðist að afgreiða í tæka tíð frumvarpið sem nú er undir.

Með frumvarpinu er lagt til að ekki verði farin sú leið sem áður var gert ráð fyrir, að fella drykkjarvöruumbúðir undir Úrvinnslusjóð, heldur setja drykkjarvöruumbúðir í svipað fyrirkomulag og það sem nú nær til raf- og rafeindatækja, sbr. ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Það fyrirkomulag hefur einmitt sætt mikilli gagnrýni. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að skoðað verði betur hvor leiðin hentar við endurvinnslu og förgun drykkjarvöruumbúða. Meiri hlutinn telur rök um framleiðendaábyrgð mikilvæg, en þykir skynsamlegt að raska sem minnst umhverfisvænu skilakerfi sem hefur náð verulegum árangri hérlendis og almenn sátt ríkir um. Meiri hlutinn leggur því til að felldar verði úr frumvarpinu tillögur um breytingar á endurvinnslukerfi drykkjarvöruumbúða.

Að mati meiri hlutans er mikilvægt að hægt verði að auka þjónustu við neytendur og bæta enn skilahlutfallið. Meiri hlutinn gerir því tillögu að breytingum á 2. mgr. 4. gr. laga nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, þannig að hægt sé að kveða á um strikamerkingar og endurnýtingarmarkmið í reglugerð. Lög nr. 52/1989 eiga að falla úr gildi 1. janúar 2012 en meiri hlutinn gerir tillögu um að tryggja lögunum framhaldslíf þar til búið er að endurskoða öll þau skilakerfi sem í gildi eru vegna meðhöndlunar úrgangs. Meiri hlutinn beinir því til umhverfisráðherra að beita sér fyrir slíkri endurskoðun og bendir jafnframt á að við endurskoðun laga og reglna á sviði úrgangsmála sé nauðsynlegt að skoða vel skipulag Úrvinnslusjóðs og stjórn hans, m.a. hverjir eiga þar fulltrúa. Í því sambandi vísar meiri hlutinn til gagnrýni í umsögnum, en einnig til umræðu í umsögnum og þingræðum vegna hækkunarinnar á skilagjaldi hjá sjóðnum í haust (185. mál, lög nr. 158/2010).

Rafhlöður og rafgeymar, raf- og rafeindatæki.

Í frumvarpinu eru lagðar til töluverðar breytingar á því fyrirkomulagi sem haft hefur verið um raf- og rafeindatækjaúrgang. Í fyrsta lagi er um að ræða innleiðingu á tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE. Með tilskipuninni er lagt til að ráðstafanir um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma verði samræmdar innan Evrópu í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá þeim. Einnig er í tilskipuninni að finna reglur um innihald þungmálma og merkingar til að koma í veg fyrir að samkeppni raskist innan svæðisins auk reglna sem snúa að söfnun, meðhöndlun, endurvinnslu og förgun notaðra rafhlaðna og rafgeyma. Í öðru lagi eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á því fyrirkomulagi sem gilt hefur frá 1. janúar 2009, þar sem við framkvæmd laganna hafa komið í ljós vankantar sem þörf er á að bæta úr. Er fyrst og fremst um að ræða tvenns konar breytingar. Annars vegar að meginreglan verði sú að öll raf- og rafeindatæki falli undir lögin og að tollafgreiðsla vöru sem undir

lögin fellur sé háð því að framleiðandi og innflytjandi eigi aðild að skilakerfi. Hins vegar er lagt til að komið verði á jöfnunarkerfi á milli skilakerfa og að stjórn Úrvinnslusjóðs fari jafnframt með hlutverk stýrinefndar raf- og rafeindatækjaúrgangs til að gera starf stýrinefndar markvissara og hagkvæmara.

Í umsögnum var þeirri tillögu komið á framfæri að til lengri tíma litið yrði best að raf- og rafeindatækjaúrgangur félli undir Úrvinnslusjóð. Með því fyrirkomulagi væri kostnaður lágmarkaður en víðtæk sátt ríki um starfshætti Úrvinnslusjóðs meðal fyrirtækja. Meiri hlutinn hefur hins vegar verið upplýstur um að sú skipan að raf- og rafeindatækjaúrgangur félli undir Úrvinnslusjóð gangi þvert á ákvæði tilskipunarinnar þar sem sjóðurinn er ekki byggður upp á þann hátt sem tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang gerir kröfur um (sbr. lög nr. 73/2008 sem breyttu lögum nr. 55/2003). Í þeirri tilskipun eru einkum gerðar þrenns konar kröfur. Í fyrsta lagi eiga framleiðendur að fjármagna a.m.k. meðhöndlun, endurnýtingu og förgun raf- og rafeindatækjaúrgangs, í öðru lagi verður einstökum framleiðendum eða hópi framleiðenda að vera heimilt að standa utan kerfa og í þriðja lagi er mikilvægt að fjárhagsleg ábyrgð lendi ekki á ríkissjóði. Meiri hlutinn skilur sjónarmið umsegjenda og tekur undir þau. Hins vegar telur hún ljóst að ekki sé að svo stöddu hægt að færa meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs undir Úrvinnslusjóð, en leggur áherslu á að nánar verði skoðað hvað þurfi að gera til þess arna við heildarendurskoðun á skipan mála.

Ljóst er að bæta má núverandi kerfi umtalsvert þótt þessi vöruflokkur standi um hríð utan Úrvinnslusjóðs. Er það niðurstaða meiri hlutans að mæla með því að þau ákvæði frumvarpsins sem snúa að raf- og rafeindatækjaúrgangi nái fram að ganga, en hann leggur þó til ýmsar minni háttar breytingar til skýringar og lagfæringar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. maí 2011.

Mörður Árnason, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Pétur H. Blöndal.
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.	Kristján Þór Júlíusson.	Skúli Helgason.

Birgitta Jónsdóttir.

1406. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Minni hlutinn er samþykkur þeirri ákvörðun meiri hlutans að viðhalda því fyrirkomulagi sem verið hefur á endurvinnslu og förgun einnota drykkjarvöruumbúða frá 1989. Hefur það fyrirkomulag reynst afar vel og ekki er ástæða að hreyfa við því kerfi.

Samkvæmt frumvarpinu á að bæta við nýjum lagaákvæðum um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði, með fimm nýjum lagagreinum sem fjalla um útgáfu starfsleyfis fyrir námuúrgangsstaði auk fleiri ákvæða sem tengjast útgáfu starfsleyfis fyrir slíka starfsemi, en með hugtakinu námuúrgangsstaður er átt við stað þar sem fram fer efnistaka á landi eða neðanjarðarnáma og spilliefni, sem eru notuð eða falla til við námuvinnsluna, eru meðhöndluð sem úrgangur. Námuúrgangsstaður er förgunarstaður sbr. 5. tölul. a-liðar 1. gr. frumvarpsins. Í breytingartillögu meiri hlutans er þessari skilgreiningu breytt þannig: „staður í námu þar sem spilliefni sem notuð eru eða til falla við námuvinnslu eru meðhöndluð sem úrgangur.“ Gildir það einu, námuvinnslu þar sem spilliefni falla til við vinnslu er ekki að finna á Íslandi. Minni hlutinn mótmælir því að verið sé að setja lög um eitthvað sem er ekki til í íslensku samfélagi og ekki er séð að verði til í nánustu framtíð. Er hér að sjálfsögðu átt við innleiðingu tilskipunar 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði. Enn og aftur opinberast sú staðreynd að Alþingi Íslendinga hefur ekki burði til að ráðast í endurbætur á lagasetningum sem berast frá Evrópusambandinu eða hreyfa mótmælum við innleiðingu tilskipana og reglugerða á því sjö vikna tímabili sem koma á mótmælum á framfæri. Leggur því minni hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** þannig að ákvæði frumvarpsins sem fjalla um námuúrgang verði felld brott með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 5. tölul. a-liðar 1. gr. falli brott.
2. 8. gr. falli brott.
3. F-liður a-liðar 9. gr. falli brott.
4. Ákvæði til bráðabirgða IV falli brott.

Alþingi, 9. maí 2011.

Vigdís Hauksdóttir.

1407. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (MÁ, ÓÞ, PHB, GLG, KÞJ, SkH, BirgJ).

1. Við 1. gr.
   a. 1. og 2. tölul. a-liðar falli brott.
   b. Í stað orðsins „rafhlaða“ í 3. tölul. a-liðar komi: rafhlaðna.
   c. 5. tölul. a-liðar orðist svo: *Námuúrgangsstaður:* staður í námu þar sem spilliefni sem notuð eru eða til falla við námuvinnsluna eru meðhöndluð sem úrgangur.
   d. 7. tölul. a-liðar falli brott.
   e. 2. tölul. b-liðar orðist svo: *Raf- og rafeindatækjaúrgangur:* raf- og rafeindatæki sem fleygt er, í heild eða að hluta, þar á meðal íhlutir, undireiningar og aukahlutir.

2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „bæta umhverfisvæna endurnotkun“ í 1. og 2. mgr. a-liðar komi: bæta endurnotkun.
   b. Í stað orðanna „og hún skal aðgengileg á heimasíðu“ í 1. mgr. a-liðar komi: m.a. á vefsetri.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir“ í b-lið komi: frá félagi sem sér um söfnun og endurvinnslu umbúða sem falla undir lög nr. 52/1989, um ráðstöfun gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.
4. 6. gr. falli brott.
5. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „Við lögin bætist nýr kafli, V. kafli“ í 1. málsl. komi: Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli.
   b. Í stað orðanna „flokka og skila rafhlöðum og rafgeymum“ í 2. mgr. a-liðar (30. gr.) komi: flokka rafhlöður og rafgeyma og skila þeim.
   c. Í stað orðanna „selja og dreifa rafhlöðum og rafgeymum“ í 3. mgr. a-liðar (30. gr.) komi: selja rafhlöður og rafgeyma og dreifa þeim.
   d. Í stað orðsins „rafhlaða“ í 1. og 3. mgr. b-liðar (31. gr.), tvívegis í c-lið (32. gr.) og tvívegis í d-lið (33. gr.) komi: rafhlaðna.
6. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „Námuúrgangsstaðir skulu“ í 1. mgr. a-liðar (34. gr.) komi: Námuúrgangsstaður er förgunarstaður og skal.
   b. Á undan orðunum „aðgerðir til að draga úr áhættu“ í 2. mgr. c-liðar (36. gr.) komi: greinargerð um.
   c. Í stað orðanna „aðgerðir í kjölfar lokunar, aðgerðir til að draga úr hættu á mengun vatns, lofts og jarðvegs, sem og könnun á ástandi svæðisins sem verður fyrir áhrifum af úrgangsstaðnum“ í 2. mgr. c-liðar (36. gr.) komi: um aðgerðir í kjölfar lokunar, um aðgerðir til að draga úr hættu á mengun vatns, lofts og jarðvegs, sem og niðurstöður könnunar á áhrifasvæði námuúrgangsstaðarins.
   d. Í stað orðanna „á aðgengilegu formi upplýsingar þar um“ í 1. mgr. d-liðar (37. gr.) komi: aðgengilegar upplýsingar um þá hættu.
   e. 1. tölul. 2. mgr. d-liðar (37. gr.) orðist svo: líkur eru á að hrun haugs eða stíflubrestur á námuúrgangsstaðnum geti valdið stórslysi samkvæmt áhættumati sem gert er fyrir staðinn, en í því skal m.a. tekið tillit til umfangs námuúrgangsstaðarins, einnig fyrirhugaðs framtíðarumfangs, staðsetningar hans og umhverfisáhrifa frá honum, eða.
   f. Í stað orðanna „sem flokkast sem spilliefni yfir ákveðnum mörkum“ í 2. tölul. 2. mgr. d-liðar (37. gr.) komi: sem yfir ákveðnum mörkum flokkast sem spilliefni.
   g. Í stað orðanna „sem flokkast sem hættulegar yfir ákveðnum mörkum“ í 3. tölul. 2. mgr. d-liðar (37. gr.) komi: sem yfir ákveðnum mörkum flokkast sem hættuleg.
   h. Í stað orðanna „í kjölfar lokunar“ í 1. mgr. e-liðar (38. gr.) komi: eftir lokun.
   i. Í stað orðanna „líkleg umhverfisáhrif sem staðurinn mun valda“ í 2. mgr. e-liðar (38. gr.) komi: umhverfisáhrif sem líklegt er að verði af starfseminni.
   j. Orðin „sem og úttekt á þeim aðgerðum sem eru gerðar til að draga úr áhrifum sem úrgangsstaðurinn veldur“ í 2. mgr. e-liðar (38. gr.) falli brott.
7. Við 9. gr.
   a. Í stað orðsins „til“ í e-lið a-liðar komi: við.
   b. Í stað orðanna „stjórnun námuúrgangsstaða, kröfur um úrgangsáætlanir sem framkvæmdaaðilar námuúrgangsstaða skulu gera“ í f-lið a-liðar komi: stjórnun námu-

úrgangsstaðar, kröfur um úrgangsáætlanir frá rekstraraðilum námuúrgangsstaðar.

c. Í stað orðsins „varðandi“ í b-lið komi: um.

8. Við 10. gr. bætist nýr liður er orðist svo: Í stað orðanna „gjaldskrá sem ráðherra setur að fenginni tillögu stýrinefndar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: 11. gr.

9. Við 11. gr.

a. Í stað orðanna „og tollskrárnúmer þeirra“ í a-lið komi: tollskrárnúmer þeirra og flokkun.

b. Á eftir a-lið komi tveir nýir stafliðir er orðist svo:

b. 2. og 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Í ábyrgð framleiðanda og innflytjanda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs sem fellur til á landinu öllu. Þó er frátalin söfnun til söfnunarstöðva sveitarfélaga ef skilakerfi notast við þær við söfnun sína.

c. Orðið „sveitarfélaga“ í 4. málsl. 1. mgr. fellur brott.

c. 1. mgr. b-liðar falli brott.

10. Við 12. gr.

a. Við bætist nýr liður er orðist svo: B-liður 1. mgr. orðast svo: tryggja söfnun og móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs alls staðar á landinu, svo sem frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga, og í samráði við sveitarfélögin.

b. 2. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Tilgreina skal í reglugerð hvernig staðið skal að uppgjöri milli skilakerfa, þar á meðal um útreikning fjárkröfu milli skilakerfa og um einingarverð á hvert kíló eftir flokkum raf- og rafeindatækja.

c. 4. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Það ræðst af markaðshlutdeild skilakerfis, þ.e. hlutfalli af innflutningi og/eða framleiðslu raf- og rafeindatækja, hversu miklu skilakerfi ber að safna af raf- og rafeindatækjaúrgangi á því tímabili.

d. Í stað orðanna „Hafi tvö eða fleiri skilakerfi fengið leyfi til að starfa sem skilakerfi og eru starfandi “ í 3. málsl. 2. efnismgr. komi: Séu fleiri en eitt skilakerfi að störfum.

e. 4. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Skilakerfi skal á vefsetri sínu birta upplýsingar um það hvar unnt er að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi.

f. Í stað orðanna „hvern ársfjórðung“ og orðsins „varðandi“ í 1. málsl. 3. efnismgr. komi: hver ársfjórðungamót, og: fyrir.

g. Við greinina bætist nýr liður er orðist svo: Í stað tilvísunarinnar „2. málsl. 4. mgr.“ í 5. mgr. kemur: 2. málsl. 7. mgr.

11. Við 13. gr.

a. Efnismálsgrein a-liðar orðist svo:

Stjórn Úrvinnslusjóðs, sbr. lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, gegnir jafnframt hlutverki stýrinefndar. Stýrinefndin starfar sjálfstætt.

b. 1. efnismálsl. b-liðar orðist svo: Nú eru fleiri en eitt skilakerfi að störfum og ekki næst samkomulag um landfræðilega skiptingu við starfsemi þeirra, og skal stýrinefnd þá leita hagkvæmra leiða til þess að söfnun, móttaka og meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum fari fram með skynsamlegum hætti.

c. Á eftir d-lið komi nýr stafliður er orðist svo: Í stað orðanna „sem fram kemur í viðauka I“ í d-lið 4. mgr. kemur: sbr. 31. gr.

12. Við 15. gr.

a. Efnismálsliðir a-liðar orðist svo: Telji stýrinefnd að einhver framleiði eða flytji inn raf- og rafeindatæki sem falla undir lögin en sé ekki aðili að skilakerfi skal hún til-

kynna það til Umhverfisstofnunar. Stofnunin skal að fenginni tilkynningu gefa þeim sem um ræðir kost á að tjá sig um hvort hann framleiðir eða flytur inn raf- eða rafeindatæki sem falla undir lögin.

b. Í stað orðanna „úr bókhaldi skilakerfa eða framleiðanda og innflytjanda varðandi sölumagn raf- og rafeindatækja“ 1. efnismálsl. e-liðar komi: um sölu raf- og rafeindatækja úr bókhaldi skilakerfa eða framleiðanda og innflytjanda.

c. Í stað orðsins „var“ í 3. efnismálsl. e-liðar komi: er.

d. Við bætist nýr stafliður er orðist svo: Í stað orðanna „þeir fá“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: hún fær.

13. Við 16. gr. Í stað orðanna „taka mið af“ í 1. og 2. efnismgr. komi: nema.

14. Við 20. gr.

a. Orðin „skilakerfi um drykkjarvöruumbúðir eða“ falli brott.

b. Í stað orðanna „svipta skilakerfi leyfi“ komi: svipta skilakerfið leyfi.

15. Við 21. gr.

a. Í stað orðanna „Ákvarðanir um útgáfu starfsleyfa“ og „ákvörðun um útgáfu starfsleyfis“ í a-lið komi: Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis, og: ákvörðunin.

b. B-liður falli brott.

16. Við 23. gr.

a. Í stað orðanna „Lög þessi eru sett til innleiðingar á“ og „og til innleiðingar á“ komi: Með lögum þessum er innleidd, og: svo og.

b. Á undan orðunum „sem vísað er til“ komi: og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE.

c. Lokamálsliður falli brott.

17. Við 25. gr.

a. Á undan a-lið 1. tölul. komi nýr stafliður er orðist svo: 7. gr. laganna fellur brott.

b. Í stað orðsins „rafhlaða“ í b-lið a-liðar 1. tölul. komi: rafhlaðna.

c. Í stað orðanna „einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, einn frá Félagi atvinnurekenda og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga“ í b-lið 1. tölul. komi: einn sem Samtök iðnaðarins tilnefna, einn sem SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu tilnefna, einn sem Félag atvinnurekenda tilnefnir og einn sem Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir.

d. Í stað orðanna „skipaður er af ráðherra“ í b-lið 1. tölul. komi: ráðherra skipar.

e. Í stað orðanna „að kjósa“ í b-lið 1. tölul. komi: atkvæðagreiðslu.

f. Á undan c-lið 1. tölul. komi nýr stafliður er orðist svo: Ákvæði til bráðabirgða I–III í lögunum falla brott.

g. C-liður 1. tölul. orðist svo: Viðauki III við lögin, Einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, fellur brott.

h. Við bætist nýr töluliður er orðist svo: *Lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum:* 4. gr. laganna orðast svo:

Í reglugerð sem umhverfisráðherra setur skal kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, m.a. um fjárhæð, innheimtu og endurgreiðslu skilagjaldsins, gerð og efnisval skilagjaldsskyldra umbúða fyrir drykkjarvörur og upphæð umsýsluþóknunar. Við ákvörðun umsýsluþóknunar skal við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfsemina og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um bann við notkun og sölu einnota drykkjarvöruumbúða sem ekki er unnt eða torvelt er að endurnota eða

endurnýta, kröfur um meðhöndlun notaðra drykkjarvöruumbúða og móttökuskilyrði, ákvæði um skyldu framleiðenda og innflytjenda til að merkja drykkjarvöruumbúðir, m.a. með strikamerkingum, lágmarksmarkmið um endurheimt drykkjarvöruumbúða, endurnýtingu og endurnotkun þeirra, sem félaginu ber að ná árlega, svo og um hlutverk Umhverfisstofnunar við að hafa eftirlit með því að sett markmið náist.

18. Ákvæði til bráðabirgða I falli brott.
19. Ákvæði til bráðabirgða III falli brott.
20. Ákvæði til bráðabirgða IV orðist svo:

Fyrir námuúrgangsstað sem nýttur er við gildistöku laga þessara skal sótt um starfsleyfi eigi síðar en 1. janúar 2012. Að öðrum kosti skal honum lokað.

1408. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið sem er endurflutt og hefur verið til umræðu í nefndinni á fyrri þingum. Umsagnir bárust frá Borgarahreyfingunni og Samfylkingunni.

Með frumvarpinu er lagt til að á meðan þingmaður gegni ráðherraembætti geti hann ákveðið að sitja á Alþingi einungis samkvæmt embættisstöðu sinni sem ráðherra, sbr. 51. gr. stjórnarskrár, og að varamaður hans taki þá sæti á Alþingi.

Samkvæmt 51. gr. stjórnarskrár eiga ráðherrar samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins að þeir séu jafnframt alþingismenn. Verði frumvarpið að lögum felur það í sér að ráðherrar sem nýta sér heimildina geta tekið þátt í umræðum og flutt mál en eiga ekki atkvæðisrétt. Varaþingmaður sem tæki sæti hans á Alþingi færi með atkvæðisrétt, hefði öll réttindi alþingismanns og sömu skyldur. Í frumvarpinu er lagt til að varaþingmaður ráðherra hverfi af þingi þegar kjörtímabilið rennur út, þing er rofið eða þegar ráðherra hefur verið veitt lausn frá embætti.

Málið tengist umræðu um þrískiptingu ríkisvaldsins, þ.e. í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sbr. 2. gr. stjórnarskrár, en umræða hefur verið um þörf á skýrari aðskilnaði milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Ýmis sjónarmið hafa komið fram um að þessi tilhögun feli í sér skýrari aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og að þetta muni styðja við vandaðri vinnubrögð við löggjafarstörfin eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Einnig hafa komið fram sjónarmið um að þetta muni styrkja stjórnarmeirihlutann sem fái fleiri talsmenn innan þings og því sé nauðsynlegt að styrkja stjórnarandstöðuna með einhverjum hætti til að vega upp á móti því.

Meiri hlutinn leggur til að verði frumvarpið samþykkt geri þingskapanefnd sú er nú starfar tillögur um með hvaða hætti unnt er að mæta þessu sjónarmiði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Álfheiður Ingadóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 9. maí 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir, með fyrirvara.	Valgerður Bjarnadóttir.
Árni Þór Sigurðsson.	Mörður Árnason.	Þór Saari.

1409. Nefndarálit [721. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneytinu.

Þá bárust umsagnir frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf., Byggðastofnun, Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi.

Með frumvarpinu er lagt til að stjórnarmönnum í Byggðastofnun verði fækkað úr sjö í fimm. Megintilgangur þessarar ráðstöfunar er að ná fram aukinni skilvirkni í störfum stofnunarinnar, sem og að lækka kostnað við rekstur stjórnar hennar. Iðnaðarráðherra mun skipa í stjórn en með hliðsjón af breyttu fjármálaumhverfi og tilkomu Bankasýslu ríkisins kemur til greina að fela valnefnd Bankasýslunnar að tilnefna tvo stjórnarmenn. Nefndin vill í þessu sambandi árétta í ljósi þeirra upplýsinga sem fram komu á fundum nefndarinnar að þessi tilnefning valnefndar Bankasýslu ríkisins er ekki raunhæf eins og sakir standa.

Í máli umsagnaraðila kom fram nokkur gagnrýni á frumvarpið. Það er hins vegar mat meiri hlutans að þegar litið er til umfangs starfsemi Byggðastofnunar sé ljóst að með þessari breytingu er hægt að ná fram þónokkurri hagræðingu án þess þó að það bitni á starfsemi stofnunarinnar.

Meiri hlutinn vill einnig benda á að Byggðastofnun hefur starfsleyfi sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og er stofnunin eftirlitsskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í þessu felst að þau hæfisskilyrði sem rakin eru í 52. gr. laganna gilda um stjórn og framkvæmdastjóra Byggðastofnunar. Þær hæfisreglur eru ítarlegar auk þess sem gerðar voru verulega auknar kröfur til hæfis með 39. gr. laga nr. 75/2010, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki. Meiri hlutinn vill að lokum ítreka þá staðreynd að fulltrúar í stjórn Byggðastofnunar þurfa að minnsta kosti að hafa grunnþekkingu á málefnum atvinnulífs á landsbyggðinni og telur nefndin þá þekkingu afar mikilvæga í ljósi þess lögbundna hlutverks stofnunarinnar að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þráinn Bertelsson og Tryggvi Þór Herbertsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 2011.

Kristján L. Möller, form., frsm. Þuríður Backman. Magnús Orri Schram.

Margrét Tryggvadóttir. Sigmundur Ernir Rúnarsson.

1410. Nefndarálit [721. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að stjórnarmönnum í Byggðastofnun verði fækkað úr sjö í fimm. Megintilgangur þessarar ráðstöfunar samkvæmt frumvarpinu er að ná fram aukinni skilvirkni í störfum stofnunarinnar sem og að lækka kostnað við rekstur stjórnar hennar. Iðnaðarráðherra mun skipa í stjórn en með hliðsjón af breyttu fjármálaumhverfi og tilkomu Bankasýslu ríkisins kemur til greina að fela valnefnd Bankasýslunnar að tilnefna tvo stjórnarmenn. Minni hlutinn tekur undir með meiri hluta nefndarinnar að í ljósi þeirra upplýsinga sem fram komu á fundum nefndarinnar er þessi tilnefning valnefndar Bankasýslu ríkisins ekki raunhæf eins og sakir standa.

Minni hlutinn gagnrýnir þau vinnubrögð að leggja fram frumvarp um breytingar á stjórn á sama tíma og sérstök nefnd hefur það hlutverk að endurskoða lánahluta stofnunarinnar. Ætla má að í þeirri vinnu komi fram upplýsingar er kunna að hafa áhrif á skipan stjórnar. Þá er á sama tíma unnið að endurskoðun á stuðningskerfi atvinnulífsins. Því telur minni hlutinn frumvarpið ótímabært.

Í máli umsagnaraðila kom fram nokkur gagnrýni á frumvarpið sem minni hlutinn tekur undir að nokkru leyti. Ekki verður séð að fækkun stjórnarmanna leiði til aukinnar skilvirkni. Þvert á móti má færa rök fyrir því að skilvirkara sé að vera með stærri stjórn er hafi betri yfirsýn og þekkingu á atvinnulífi á landsbyggðinni. Fjárhagslegt hagræði er hverfandi eða um 2 millj. kr. króna samkvæmt greinargerð frumvarpsins.

Fram kemur að Byggðastofnun hefur starfsleyfi sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og er stofnunin eftirlitsskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í þessu felst að þau hæfisskilyrði sem rakin eru í 52. gr. laganna gilda um stjórn og framkvæmdastjóra Byggðastofnunar. Minni hlutinn áréttar mikilvægi þess að þeir sem veljast í stjórn Byggðastofnunar hafi mikla þekk-

ingu á málefnum landsbyggðarinnar, ekki síst atvinnulífi. Yfirgripsmikil reynsla og þekking getur því vegið þyngra en þau hæfisskilyrði sem getið er í áðurnefndum lögum. Hrun fjármálakerfisins verður varla rakið til annarra en aðila er uppfylltu hæfisskilyrðin.

Minni hlutinn tekur undir þá gagnrýni umsagnaraðila að með frumvarpinu sé of mikið gert úr hlutverki stofnunarinnar sem lánastofnunar, þ.e. fjármálafyrirtækis, en ekki horft til þess mikilvæga hlutverks sem stofnunin hefur varðandi rannsóknir, þróunarstarf og ráðgjöf.

Minni hlutinn gagnrýnir einnig að svo virðist sem stjórnvöld hafi við vinnslu frumvarpsins hvorki leitað álits né samráðs við hagsmunaaðila, svo sem atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni.

Minni hlutinn telur því frumvarpið ótímabært og harmar skort á samráði.

Alþingi, 11. maí 2011.

Gunnar Bragi Sveinsson, frsm. Jón Gunnarsson.

1411. Lög [77. mál]

um verndar- og orkunýtingaráætlun.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1311 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana. Sveitarstjórnir skulu samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og orkunýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar, sbr. þó 2. mgr.

Sveitarstjórnum er heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun í allt að tíu ár og skal tilkynna slíka ákvörðun til Skipulagsstofnunar innan árs frá samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlunar. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki. Að fresti liðnum skal skipulag viðkomandi svæðis samræmt þágildandi verndar- og orkunýtingaráætlun. Sveitarstjórn getur þó óskað eftir heimild Skipulagsstofnunar til þess að fresta að hámarki til þriggja ára í viðbót ákvörðun um landnotkun enda séu fyrir því gildar ástæður. Áður en Skipulagsstofnun tekur afstöðu til erindis sveitarstjórnar skal hún óska umsagnar verkefnisstjórnar skv. 8. gr. um erindið. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um frestun er ekki kæranleg til umhverfisráðherra.

1412. Lög [87. mál]

um breytingu á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn).

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1349.

1413. Svar [669. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað fóru starfsmenn ráðuneyta og embættismenn í undirstofnunum þeirra oft til útlanda á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?*
2. *Hver er heildarkostnaður við ferðirnar með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?*

Í 49. gr. þingskapa segir að skriflegt svar við fyrirspurnum eigi að senda forseta þingsins að jafnaði eigi síðar en tíu virkum dögum eftir að fyrirspurn berst ráðuneyti. Enn fremur segir í sömu grein þingskapa að miða eigi við að fyrirspurnum sé unnt að svara í stuttu máli.

Fyrirspurnir sem beinast að öllum ráðuneytum eru sjaldan þess eðlis að þeim verði svarað í stuttu máli og nánast er útilokað að svara slíkum fyrirspurnum innan tíu virkra daga frá því að fyrirspurn er leyfð. Þetta stafar af því að verkferlið við vinnslu svara við fyrirspurnum af þessu tagi er tímafrekara en svo að þessi svarfrestur geti talist nægilegur. Jafnan fer nokkur tími í að afmarka og skilgreina efni fyrirspurnar áður en unnt er að beina erindum til annarra ráðuneyta vegna hennar. Oft koma upp frekari álitaefni við vinnslu svara í einstökum ráðuneytum um það hvernig rétt sé að afmarka efni fyrirspurnar og samræma þarf sjónarmið í því efni og skýra.

Forsætisráðuneytið getur ekki, innan þess ramma sem skriflegum fyrirspurnum er settur, svarað fyrirspurn þingmannsins á þskj. 1186. Jafnframt er bent á að fyrirspurnin varðar málefni sem eru á ábyrgð allra ráðherra í ríkisstjórn en ekki einungis forsætisráðherra en það er skilyrði samkvæmt ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 49. gr. þingskapalaga að fyrirspurn sé beint til þess ráðherra sem ber ábyrgð á máli.

Ráðuneytið bendir á að alþingismenn geta óskað skriflegrar skýrslu um mál sem mikilvæg eru í þjóðfélagsumræðunni. Í 46. gr. þingskapa eru ákvæði um þær beiðnir. Gert er ráð fyrir því að ráðherra hafi tíu vikur til að vinna skýrsluna.

Forsætisráðuneytið hefur undanfarið átt samskipti við skrifstofu Alþingis um vinnslu umfangsmikilla fyrirspurna og framtíðarfyrirkomulag að því leyti innan Stjórnarráðs Íslands og er svar þetta sett fram í ljósi þeirra samskipta og frekari samskipta sem skrifstofa Alþingis hefur átt við alla ráðuneytisstjóra innan Stjórnarráðsins um þetta sama efni. Æskilegt er að

framangreind álitamál verði tekin til ítarlegrar umfjöllunar í tengslum við yfirstandandi endurskoðun á þingsköpum.

1414. Svar [670. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um verktakasamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í Stjórnarráðinu, sundurgreint eftir ráðuneytum?

Í 49. gr. þingskapa segir að skriflegt svar við fyrirspurnum eigi að senda forseta þingsins að jafnaði eigi síðar en tíu virkum dögum eftir að fyrirspurn berst ráðuneyti. Enn fremur segir í sömu grein þingskapa að miða eigi við að fyrirspurnum sé unnt að svara í stuttu máli.

Fyrirspurnir sem beinast að öllum ráðuneytum eru sjaldan þess eðlis að þeim verði svarað í stuttu máli og nánast er útilokað að svara slíkum fyrirspurnum innan tíu virkra daga frá því að fyrirspurn er leyfð. Þetta stafar af því að verkferlið við vinnslu svara við fyrirspurnum af þessu tagi er tímafrekara en svo að þessi svarfrestur geti talist nægilegur. Jafnan fer nokkur tími í að afmarka og skilgreina efni fyrirspurnar áður en unnt er að beina erindum til annarra ráðuneyta vegna hennar. Oft koma upp frekari álitaefni við vinnslu svara í einstökum ráðuneytum um það hvernig rétt sé að afmarka efni fyrirspurnar og samræma þarf sjónarmið í því efni og skýra.

Forsætisráðuneytið getur ekki, innan þess ramma sem skriflegum fyrirspurnum er settur, svarað fyrirspurn þingmannsins á þskj. 1187. Jafnframt er bent á að fyrirspurnin varðar málefni sem eru á ábyrgð allra ráðherra í ríkisstjórn en ekki einungis forsætisráðherra en það er skilyrði samkvæmt ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 49. gr. þingskapalaga að fyrirspurn sé beint til þess ráðherra sem ber ábyrgð á máli.

Ráðuneytið bendir á að alþingismenn geta óskað skriflegrar skýrslu um mál sem mikilvæg eru í þjóðfélagsumræðunni. Í 46. gr. þingskapa eru ákvæði um þær beiðnir. Gert er ráð fyrir því að ráðherra hafi tíu vikur til að vinna skýrsluna.

Forsætisráðuneytið hefur undanfarið átt samskipti við skrifstofu Alþingis um vinnslu umfangsmikilla fyrirspurna og framtíðarfyrirkomulag að því leyti innan Stjórnarráðs Íslands og er svar þetta sett fram í ljósi þeirra samskipta og frekari samskipta sem skrifstofa Alþingis hefur átt við alla ráðuneytisstjóra innan Stjórnarráðsins um þetta sama efni. Æskilegt er að framangreind álitamál verði tekin til ítarlegrar umfjöllunar í tengslum við yfirstandandi endurskoðun á þingsköpum.

1415. Beiðni um skýrslu [790. mál]

frá efnahags- og viðskiptaráðherra um launagreiðslur til stjórnenda banka, skilanefnda og slitastjórna.

Frá Árna Þór Sigurðssyni, Atla Gíslasyni, Álfheiði Ingadóttur, Ásbirni Óttarssyni, Birni Vali Gíslasyni, Gunnari Braga Sveinssyni, Lilju Mósesdóttur, Pétri H. Blöndal og Vigdísi Hauksdóttur.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að efnahags- og viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um launagreiðslur til stjórnenda banka, skilanefnda og slitastjórna. Meðal þess sem óskað er eftir að fram komi í skýrslunni er eftirfarandi:

1. Hverjar voru mánaðarlegar launagreiðslur til hvers af æðstu stjórnendum (bankastjóra og bankaráðsmanna) Glitnis, Kaupþings og Landsbanka Íslands árin 2005–2008?
2. Hverjar voru mánaðarlegar launagreiðslur til hvers af æðstu stjórnendum (bankastjóra og bankaráðsmanna) Arion banka, Íslandsbanka og Nýja Landsbankans 2009–2011 (febrúarloka)?
3. Hverjar voru mánaðarlegar launagreiðslur til hvers skilanefndarmanns og slitastjórnarmanns Glitnis, Kaupþings og Landsbanka Íslands frá því að þessar nefndir/stjórnir voru settar á laggirnar til febrúarloka 2011?
4. Hvernig eru laun bankastjóra, bankaráða, skilanefnda og slitastjórna ákveðin?

Óskað er eftir sundurliðun á hvern mánuð fyrir umrædd tímabil svo að launabreytingar og tímasetningar þeirra komi fram.

1416. Skýrsla [791. mál]

Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

INNGANGUR

Árið sem liðið er frá því ég lagði síðast fram skýrslu mína til Alþingis hefur verið viðburðaríkt fyrir Íslendinga, ekki síst á þeim velli sem haslaður er um utanríkismálin. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar hafa ekki denókað við starf sitt í vörn og sókn fyrir hagsmuni Íslands. Lítil þjóð sem vill standa þéttan vörð um málstað sinn á erfiðum tímum þarf einatt að leggja harðar að sér en þær sem stærri eru. Gildir það ekki síst á tímum þegar gjarðirnar eru hertar í fjármálum ríkisins.

Stærsta verkefnið sem utanríkisþjónustan hefur tekist á við er umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Evrópusamvinnan er hagsmunamál sem varðar efnahagslega velferð, stöðugleika og framtíðaröryggi Íslands og því brýnt að vel sé á málum haldið. Í þeirri glímu hefur það glatt mig að afköst og vandvirkni hinnar smáu íslensku stjórnsýslu hefur í senn vakið athygli og uppskorið lof hjá fulltrúum Evrópuríkjanna. Nú blasa við kaflaskipti, því í júní er stefnt að því að hefja eiginlegar samningaviðræður. Enginn þarf að óttast að samn-

inganefnd Íslands muni ekki halda fast á þeim hagsmunum sem lagt var upp með af Alþingi.

Á sama tíma og þetta stærsta verkefni íslenskra utanríkismála er í hágöngu hefur öðrum nýjum verkefnum líka verið hleypt af stokkunum. Til marks um það er ný stefnumótun í málefnum norðurslóða, undirbúningur fyrstu þjóðaröryggisstefnu Íslands og fyrsta langtímaáætlunin í þróunarsamvinnu. Þrátt fyrir ný og mikilvæg verkefni hafa sígild erindi Íslands við umheiminn ekki setið á hakanum. Ísland hefur áfram haldið uppi öflugum málflutningi um mannréttindi, frið, afvopnun, og umhverfismál og beitt sér fyrir jafnrétti á öllum sviðum. Samhliða hefur utanríkisþjónustan lagt sig í framkróka um að koma á framfæri málstað Íslands vegna Icesave-deilunnar. Hún tók líka ríkan þátt í sameinuðu átaki þegar Ísland sló undir nára til að afla liðsinnis erlendra þjóða þegar stuðning skorti við að koma fram efnahagsáætlun okkar hjá AGS. Á liðnu ári var fjárhagslegur kostur að sönnu naumari en áður en verkin unnust með því að forgangsraða þeim betur og skerpa um leið hressilega á stefnumótun og hagsmunagæslu Íslands erlendis. Í þessu efni ber ekki síst að þakka ósérhlífni starfsmanna ráðuneytisins sem flestir lögðu meira af mörkum en sanngjarn ráðherra gæti krafist.

***

Skýrsla mín til Alþingis sýnir vonandi vel hve umfangsmikil verkefni utanríkismálanna eru. Þau spanna breitt svið og ná allt frá umhverfis-, auðlinda- og viðskiptamálum til mannréttinda, þróunarsamvinnu og öryggismála. Þá er ótalin sú hljóðláta en mikilvæga þjónusta sem ráðuneytið veitir löndum sem rata í nauðir erlendis, og vex fremur en hitt. Vettvangur utanríkismálanna er sömuleiðis margbreytilegur. Hann tekur til tvíhliða samvinnu við einstök ríki nær og fjær, við svæðisbundin samtök og við alþjóðastofnanir.

Hvernig ber að haga utanríkisstefnu smáþjóðar á jaðri Norður-Atlantshafsins? Frá mínum bæjardyrum séð stendur okkur Íslendingum næst samstarfið á norðurslóðum – í víðri merkingu – þar sem hagsmunir á sviði auðlindanýtingar, umhverfismála og öryggis fara rækilega saman með öðrum þjóðum á svæðinu. Á það ekki síst við um samstarf okkar við næstu vinaþjóðirnar í Færeyjum og á Grænlandi. Bæði skynsemd og skylda segir að þá samvinnu beri að efla í stóru og smáu. Málefni norðurslóða hef ég skilgreint sem eitt af forgangsmálum íslenskrar utanríkisstefnu og um þau er Ísland nú að marka sér skýra stefnu og skapa sér sterka stöðu.

Norðurlöndin öll má raunar álíta mikilvægustu samstarfslönd Íslands, eins og glöggt kom fram í samhygð og stuðningi þeirra þegar bankahrunið reið yfir. Utan næsta nágrennis í norðurheimi ber svo að líta á Evrópu sem náinn og eðlilegan bandamann Íslands. Með Evrópuþjóðunum deilum við menningararfleifð og sögu, grunngildum og hagsmunum. Við Evrópu á Ísland langmest erindi, hvort sem litið er til viðskipta, stjórnmála, menningar eða menntasamstarfs. Ísland er órofa hluti af hinni evrópsku stórfjölskyldu meðal annars í gegnum norræna samvinnu og aðildina að EFTA, EES og Evrópuráðinu. Saga Íslands sýnir að hagur þjóðarinnar hefur jafnan blómgast þegar tengslin við Evrópu hafa verið hvað nánust. Í Evrópusamvinnuna sækjum við styrk og eigum þar samstarf með þeim ríkjum sem við eigum hvað mest sameiginlegt með.

Utan Evrópu þarf Ísland að leggja áherslu á áframhaldandi náið samband við stórveldin nær og fjær; Bandaríkin, sem við eigum mikilvæg söguleg tengsl við, frændþjóðina í Kanada en einnig Kína, Rússland og Japan sem við höfum átt vinsamleg og öflug samskipti við, sum um áratugaskeið. Ábyrgt ríki verður líka að þróa og þroska samskiptin við hin rísandi stór-

veldi. Um miðja öldina verða Indverjar bæði fjölmennasta ríki heims og efnahagslegt stórveldi. Öll þessi ríki reyndust Íslandi vel í kjölfar bankakreppunnar, og það gleymist ekki um langa hríð. Ísland þarf að leggja áframhaldandi rækt við samstarfið við stóru ríkin á grunni sameiginlegra hagsmuna og gilda. Reynsla síðustu ára sýnir líka, að þegar tækifæri gefst er rétt að leggja sprota inn í framtíðina gagnvart fjarlægum og rísandi heimshlutum eins og Suðaustur-Asíu og Latnesku Ameríku, ekki síst Brasilíu, sem spáð er forystuhlutverki um miðbik þessarar aldar. Heimsóknir ráðamanna og viðskiptasendinefnda á næstu árum gætu orðið gott upphaf þess. Saga allra síðustu ára segir okkur að gróðursetning vináttutengsla við fjarlæg og sterk ríki getur fyrr en varir orðið gulls ígildi.

Utanríkisstefnan þarf þannig að miða að því að treysta stöðu Íslands jafnt í nánasta umhverfi okkar og í Evrópu, en líka gagnvart gömlum og nýjum stórveldum sem fjær liggja á kringlunni. Við gætum grundvallarhagsmuna Íslands best með ábyrgri langtímastefnu um málaflokka sem okkur eru mikilvægir en ekki síður með því að rækta tengslin við aðrar þjóðir nær og fjær með viðeigandi hætti. Góðir bændur ræktuðu túnið heima en þeir heyjuðu líka á útengjum og áttu í seli til fjalla.

1. BORGARAÞJÓNUSTA

Einn af grunnþáttum í starfsemi utanríkisþjónustunnar er að veita íslenskum ríkisborgurum vernd, aðstoð og ýmsa fyrirgreiðslu í samskiptum þeirra við erlend stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga. Í starfi borgaraþjónustunnar er byggt á og farið eftir lögum um utanríkisþjónustu Íslands nr. 39/1971, Vínarsamningnum um ræðissamband frá 1963 og samstarfssamningi Norðurlandanna frá 1962.

Verkefni borgaraþjónustunnar eru margvísleg og hefur umfang þeirra aukist mjög á síðustu árum, ekki síst í kjölfar falls íslensku bankanna og í ljósi þess að Íslendingum sem búa erlendis hefur fjölgað umtalsvert.

Meðal verkefna á þessu sviði má m.a. nefna neyðaraðstoð við íslenska ríkisborgara erlendis vegna veikinda eða slysa, útgáfu vegabréfa, aðstoð vegna sakamála og afplánunar refsidóma, auk skjalavottana, upplýsingagjafar og skipulagningu atkvæðagreiðslna utan kjörfundar. Þá eru jafnframt, eftir atvikum, skipulagðar aðgerðir til hjálpar Íslendingum á hætta- og hamfarasvæðum erlendis.

Á hverju ári hafa starfsmenn utanríkisráðuneytisins, starfsmenn 24 sendiskrifstofa og um 250 kjörræðismenn Íslands í 80 ríkjum, afskipti af yfir þúsund málum er varða réttindi, velferð og hagsmuni íslenskra ríkisborgara erlendis. Einnig berast fjölmargar fyrirspurnir af ýmsum toga, s.s. um vegabréfsáritanir, samninga og réttindamál í öðrum ríkjum og er þeim annaðhvort svarað eða beint til réttra viðtakenda.

Borgaraþjónustan á samstarf við önnur stjórnvöld á Íslandi og vinnur náið með utanríkisþjónustum annarra Norðurlanda og fleiri ríkja. Starfsfólk norrænna sendiráða aðstoðar ríkisborgara annarra Norðurlanda þegar á þarf að halda, á grundvelli Helsingforssamningsins. Hið norræna samstarf styrkir mikið öryggisnetið sem unnt er að reiða sig á þegar Íslendingar lenda í erfiðleikum erlendis.

Borgaraþjónustan liðsinnir árlega tugum íslenskra fjölskyldna þegar alvarleg slys eða andlát ber að höndum á erlendri grundu og veitir ráðgjöf og aðstoð þegar svo ber undir.

Neyðarvakt borgaraþjónustunnar

Ráðuneytið starfrækir neyðarvakt allan sólarhringinn, allt árið um kring, vegna neyðartilvika sem upp kunna að koma erlendis. Þá hefur verið gerð áætlun um viðbrögð við neyðar-

aðstæðum erlendis og er viðbragðshópur starfsmanna til reiðu ef virkja þarf áætlunina.

Viðbragðsáætlun var virkjuð í kjölfar jarðskjálfta í Japan 11. mars sl. Viðbragðsteymi borgaraþjónustunnar beitti sér fyrir því að ná sambandi við íslenska ríkisborgara í Japan og voru upplýsingar um þá og aðstandendur þeirra á Íslandi skráðar í sérstakan gagnagrunn. Í kjölfar skjálftans var grannt fylgst með þróun mála við kjarnorkuverið í Fukushima í samstarfi við Geislavarnir ríkisins og var upplýsingum miðlað daglega til Íslendinganna. Þá gegndi sendiráð Íslands í Tókýó lykilhlutverki fyrir Íslendinga á staðnum og var m.a. sérstakur upplýsingafundur haldinn í sendiráðinu af þessu tilefni.

Þegar ástæða er til hefur borgaraþjónustan frumkvæði að útgáfu ferðaviðvarana vegna hættuástands erlendis sem skapast hefur vegna óeirða, náttúruhamfara eða annars hættulegs ástands á viðkomandi stað. Slíkar viðvaranir eru birtar á heimasíðu ráðuneytisins og sendar fjölmiðlum. Haft er náið samráð við utanríkisþjónustur Norðurlandanna og annarra Evrópuríkja þegar ástæða þykir til og neyðarástand hefur skapast á tilteknum svæðum.

Allar sendiskrifstofur Íslands, sem og kjörræðismenn Íslands, geta gefið út neyðarvegabréf. Víðtækt net ólaunaðra kjörræðismanna íslensku utanríkisþjónustunnar er mikill kostur að þessu leyti, sem og í öllum aðstoðarmálum sem upp koma, en á hverju ári leita nokkur hundruð Íslendinga til kjörræðismanna og sendiskrifstofa um útgáfu neyðarvegabréfs.

Borgaraþjónustan kemur einnig að útgáfu skilríkja erlendis eða veitir, eftir atvikum, slíkum umsóknum viðtöku fyrir hönd viðkomandi stjórnvalds á Íslandi. Sjö sendiskrifstofur Íslands hafa aðstöðu til að taka við umsóknum um vegabréf, þ.e. í Berlín, London, Kaupmannahöfn, Osló, Peking, Stokkhólmi og Washington. Á árinu 2010 var 1.681 umsókn um vegabréf send heim til Íslands til afgreiðslu frá þessum sendiráðum. Slík þjónusta skiptir sköpum, bæði fyrir Íslendinga sem hafa búsetu á þessum stöðum og þá sem þar eru á ferð, sem að öðrum kosti gætu þurft að gera sér ferð til Íslands til þess að útvega sér vegabréf. Stefnt er að því, í samvinnu við innanríkisráðuneytið, að fjölga sendiskrifstofum sem hafa búnað til að taka við umsóknum um vegabréf.

Atkvæðagreiðslur utan kjörfundar

Á því tímabili sem skýrslan tekur til kom borgaraþjónustan að undirbúningi utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir tvennar kosningar, þ.e. kosningar til stjórnlagaþings í nóvember 2010 og þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samninginn í apríl 2011. Að atkvæðagreiðslum utan kjörfundar koma starfsmenn utanríkisþjónustunnar heima og erlendis ásamt öllum kjörræðismönnum Íslands.

Staðfesting skjala og stefnubirtingar

Þegar nota á íslensk skjöl og vottorð erlendis gera viðtakendur skjalanna gjarnan kröfu um að þau séu formlega staðfest. Á árinu 2010 voru um 2.700 skjöl staðfest í utanríkisráðuneytinu.

Borgaraþjónustan og sendiskrifstofur Íslands höfðu milligöngu um stefnubirtingar erlendis fram til október 2010, en sú þjónusta fluttist þá að stærstum hluta til innanríkisráðuneytisins í framhaldi af fullgildingu íslenskra stjórnvalda á Haag-samningi um birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum eða verslunarmálum frá 1965. Samningurinn kveður m.a. á um bein samskipti miðlægra stjórnvalda í aðildarríkjum hans. Utanríkisráðuneytið hefur þó milligöngu um stefnubirtingar í ríkjum sem ekki eru aðilar að þessum samningi, en 62 ríki eiga nú aðild að samningnum.

2. NORÐURSLÓÐIR OG NÆRSVÆÐI

2.1 Stefna Íslands í málefnum norðurslóða

Í skýrslu sinni til Alþingis um utanríkis- og alþjóðamál á síðasta ári lagði utanríkisráðherra fram nokkur lykilmarkmið við mótun heildstæðrar stefnu í málefnum norðurslóða og var þingsályktunartillaga um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða samþykkt á Alþingi í lok mars sl. Stefnan mótar umgjörð um framtíðaráherslur og aðgerðir íslenskra stjórnvalda í málefnum svæðisins. Þar er utanríkisráðherra falin framkvæmd og þróun stefnunnar í samstarfi við önnur hlutaðeigandi ráðuneyti, sem og sérfræðistofnanir og samtök um málefni norðurslóða. Jafnframt skal haft samráð við utanríkismálanefnd og umhverfisnefnd Alþingis um útfærslu stefnunnar eftir því sem aðstæður krefja. Utanríkisráðuneytið mun vinna aðgerðaáætlun um málefni norðurslóða til lengri tíma sem mun byggja á þingsályktunartillögunni. Í norðurslóðastefnunni eru eftirfarandi tólf áhersluliðir:

- styrking og efling Norðurskautsráðsins,
- Ísland er strandríki á norðurskautssvæðinu,
- norðurslóðir – vítt sjónarhorn á norðurheimsskautssvæðið,
- Hafréttarsamningur SÞ er umgjörð um nýtingu hafsins og úrlausn deilumála,
- vestnorræn samvinna,
- málefni frumbyggja,
- samningagerð og samvinna um málefni norðurslóða,
- vinna gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra,
- öryggishagsmunir,
- efnahagstækifæri og viðskiptasamvinna á norðurslóðum,
- styrking vísinda og mannauðs,
- innlent samráð um málefni norðurslóða.

Landfræðileg staða Íslands, sem strandríkis á norðurskautssvæðinu, hefur frá upphafi mótað hagsmuni þjóðarinnar og samskipti við aðrar þjóðir. Á undanförnum árum hefur mikilvægi þessarar stöðu enn aukist þar sem Íslendingar, eins og aðrir íbúar norðurslóða, standa nú frammi fyrir hraðfara breytingum á náttúru- og veðurfari sem og samfélagsháttum. Drifkraftur breytinganna er hlýnandi loftslag og aukin sókn í náttúruauðlindir norðurslóða.

Áhrif loftslagsbreytinga eru hvergi eins augljós og á norðurheimsskautssvæðinu. Kemur það m.a. fram í minnkandi hafís, hækkandi hitastigi í hafi og á landi, auk breytinga á plöntu- og dýralífi. Umfang, hraði og áhrif yfirstandandi breytinga eiga sér engin fordæmi á sögulegum tímum og skapa óvissu um framtíðarþróun svæðisins. Þetta kallar á aukið samstarf norðurskautsríkja og að þau taki á málefnum svæðisins af festu.

Þessum breytingum fylgja einnig ný tækifæri til auðlindanýtingar og siglinga á áður torsóttum hafsvæðum. Ísþekjan á norðurskautinu hopar og þynnist stöðugt. Flest bendir til þess að styttri og hagkvæmari siglingaleiðir milli Kyrrahafs og Atlantshafs muni opnast um Norður-Íshafið. Norðurslóðir eru ríkar af náttúruauðlindum á borð við olíu, gas, steinefni og málma sem vaxandi áhugi er á að nýta. Á svæðinu eru einnig fjölmargar endurnýtanlegar auðlindir, t.d. fiskistofnar, sjávarspendýr og skógar.

Loftslagsbreytingar og tækifæri til siglinga og auðlindanýtingar á þessu svæði hafa ekki aðeins fengið stóraukið vægi í þessum heimshluta, heldur einnig í alþjóðamálum. Þannig hafa ríki og hagsmunaaðilar utan norðurslóða í auknum mæli beint sjónum sínum að svæðinu og leitast við að styrkja samband sitt við norðurskautsríki.

Loftslagsbreytingar, vaxandi efnahagsumsvif og aukið vægi norðurslóða í alþjóðamálum gerir það að verkum að málefni svæðisins eru ein af höfuðáherslunum í utanríkisstefnu

Íslands. Virk og ábyrg þátttaka í alþjóðasamstarfi og nærsvæðasamvinnu er nauðsynleg til að tryggja hagsmuni Íslendinga á norðurslóðum og styrkja alþjóðalega stöðu Íslands.

2.2 Alþjóðlegt norðurslóðasamstarf

Utanríkisráðuneytið sinnir hagsmunagæslu í málaflokkum sem tengjast norðurslóðum með beinum samskiptum við einstök ríki og ríkjasambönd. Alþjóðlegt samstarf um norðurslóðir er Íslandi nauðsynlegt til að bregðast við þeim breytingum sem nú eiga sér stað og sem verða ekki leyst nema með samstarfi ríkja. Á það ekki síst við um aðgerðir í loftslagsmálum. Þá vinnur ráðuneytið að því að kynna hagsmunamál og stefnu Íslands fyrir alþjóðlegum fjölmiðlum, félagasamtökum og öðrum sem hafa áhuga á málefnum norðurslóða.

Norðurskautsráðið

Norðurskautsráðið gegnir lykilhlutverki í svæðasamvinnu um málefni norðurslóða. Eitt af stefnumiðum Íslands er að að efla ráðið enn frekar sem vettvang allrar umræðu og ákvarðanatöku um málefni norðurslóða. Ráðið er eini formlegi samráðs- og samstarfsvettvangur norðurskautsríkjanna átta sem eru, auk Íslands, Bandaríkin, Danmörk, Finnland, Kanada, Noregur, Rússland og Svíþjóð. Í ráðinu sitja fastafulltrúar sex frumbyggjasamtaka á svæðinu og fastir áheyrnarfulltrúar ríkja utan norðurslóða þ.e.a.s. Bretlands, Frakklands, Hollands, Póllands, Spánar og Þýskalands, auk fulltrúa ýmissa alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka. Danir, Grænlendingar og Færeyingar fara nú sameiginlega með formennsku í ráðinu, en Svíar taka við formennskunni á ráðherrafundi í Nuuk á Grænlandi í maí 2011.

Embættismannanefnd Norðurskautsráðsins hefur mótað tillögur um frekari styrkingu ráðsins í aðdraganda ráðherrafundarins. Þar ber hæst fjórar tillögur.

- Í fyrsta lagi hvort koma eigi á fót fastaskrifstofu Norðurskautsráðsins og þá hvernig starfsemi hennar yrði háttað. Stofnun fastaskrifstofu er mikilvægur liður í að styrkja starfsemi ráðsins og gera því betur kleift að miðla upplýsingum um þróun mála á norðurslóðum.
- Í öðru lagi eru að tryggja ráðinu föst fjárframlög til að standa straum af rekstri fastaskrifstofunnar og til að koma á fót sérstökum verkefnasjóði á vegum ráðsins.
- Í þriðja lagi að ráðið taki bindandi ákvarðanir í auknum mæli þar sem þeirra er þörf. Nýlegt samkomulag allra norðurskautsríkja um leit og björgun á norðurheimskautssvæðinu er gott dæmi um þann vilja. Mun reynslan sem fékkst við gerð þessa samkomulags nýtast við gerð annarra samninga á vegum ráðsins, t.d. um viðbrögð og varnir í mengunarmálum.
- Í fjórða lagi hvaða skilyrði áheyrnarfulltrúar að ráðinu þurfi að uppfylla. Það er til marks um aukið pólitískt vægi Norðurskautsráðsins að Evrópusambandið, Ítalía, Japan, Kína og Suður-Kórea hafa óskað eftir fastri áheyrnaraðild. Ísland hefur stutt slíkar umsóknir að ráðinu á þeirri forsendu að föst áheyrnaraðild muni auka skilning og stuðning ríkja við málefni sem eru á dagskrá ráðsins og í öðru alþjóðlegu samstarfi. Þróun mála á norðurslóðum mun hafa áhrif langt út fyrir svæðið sjálft og því er eðlilegt að ríki, ríkjasambönd og fjölþjóðastofananir sem eiga hagsmuna að gæta geti fylgst vel með starfsemi ráðsins.

Norðurskautsráðið og starfshópar þess gegna lykilhlutverki í samstarfi norðurskautsríkjanna í rannsóknum, vöktun og aðgerðum sem stuðla að sjálfbærri þróun og umhverfisöryggi á norðurslóðum. Vísindamenn frá stofnunum umhverfisráðuneytisins taka virkan þátt í starfshópum ráðsins, m.a. gegn umhverfisvá og um verndun lífríkis og verndun hafsins. Íslenskir

vísindamenn og stofnanir eru leiðandi í nokkrum lykilverkefnum ráðsins. Landmælingar Íslands hafa forystu um að byggja upp grunngerð fyrir landupplýsingar og kortamál á norðurslóðum í samvinnu við landmælingastofnanir annarra norðurskautsríkja. Þá er vinna hafin við gerð nýrrar skýrslu um þróun mannlífs og lífskjara á norðurslóðum á vegum Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Skýrslan verður unnin af fjölmörgum sérfræðingum um norðurslóðir og mun hún fjalla um helstu þætti sem hafa áhrif á og einkenna þróun og velferð samfélaga á norðurslóðum. Vefgáttin Arctic Portal sem starfrækt er frá Akureyri á aðild að fjölmörgum verkefnum á vegum ráðsins og vinnur náið með stofnunum og samtökum sem koma að málefnum svæðisins.

Í nýlegri ályktun Alþingis um norðurslóðir er undirstrikaður sá skilningur að svæðið nái bæði yfir norðurskautið og þann hluta Norður-Atlantshafsins sem er nátengdur því. Líta beri á norðurslóðir sem víðtækt svæði í vistfræðilegum, efnahagslegum og pólitískum skilningi og hvað öryggissjónarmið varðar. Út frá þessum forsendum hefur, af Íslands hálfu, verið lögð áhersla á að skynsamlegt sé að ræða sameiginleg hagsmunamál norðurskautsríkjanna átta á einum og sama vettvangnum. Norðurskautsráðið er kjörinn vettvangur í því skyni. Ísland hefur lagt áherslu á að styrkja beri ráðið þannig að það geti nálgast málefni norðurslóða með heildstæðum hætti. Því hafa íslensk stjórnvöld lýst sig andvíg og mótmælt harðlega hinum svokölluðu fimm-ríkja fundum strandríkja við Norður-Íshaf sem haldnir voru á árunum 2008 og 2010.

Grannríkjasamstarf

Samvinna vestnorrænu þjóðanna þriggja, Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga, er sífellt mikilvægari þáttur í utanríkisstefnu Íslands, enda fara hagsmunir þessara þjóða gjarnan saman. Tvíhliða samstarf vestnorrænu þjóðanna hefur aukist mjög á síðari árum samhliða auknu sjálfstæði Færeyinga og Grænlendinga innan ríkjasambands þeirra við Danmörku. Fríverslunarsamningur Færeyja og Íslands, svonefndur Hoyvíkur-samningur, sem undirritaður var árið 2005, gegnir t.a.m. lykilhlutverki í að efla viðskiptin við Færeyjar og vilji er til að stórefla samstarf við Færeyinga og Grænlendinga, m.a. á sviði heilbrigðis-, orku-, mennta- og samgöngumála. Jafnframt er til skoðunar að halda sérstakan fund utanríkisráðherra vestnorrænu þjóðanna þriggja um sameiginleg hagsmunamál á norðurslóðum og í Norður-Atlantshafinu sem varða t.d. loftslagsbreytingar, málefni hafsins og orkumál.

Þá ber að geta mikilvægis norrænnar samvinnu um norðurslóðamál, en Norðurlöndin eru öll aðilar að Norðurskautsráðinu. Norræna ráðherranefndin hefur unnið samstarfsáætlun um norðurslóðir, sem verður endurskoðuð á þriggja ára fresti, og veitir styrki til verkefna er tengjast rannsóknum á loftslagsbreytingum, byggðaþróun og verndun náttúru og líffræðilegum fjölbreytileika á norðurslóðum. Í Stoltenberg-skýrslunni, um norrænt samstarf á sviði utanríkis- og öryggismála sem nánar er fjallað um í kafla 2.3. og 4.3.3., koma fram margar áhugaverðar hugmyndir sem tengjast sameiginlegum hagsmunum ríkjanna á norðurslóðum, svo sem um samnorræna hafgæslu og vöktunarkerfi. Ljóst er að ekkert eitt norrænu landanna hefur burði til að sinna öllum verkefnum sem kunna að fylgja yfirstandandi breytingum á norðurslóðum, t.d. á sviði umhverfismála og loftslagsmála, auk þess að tryggja öryggi og sinna björgun á svæðinu.

Ísland tekur virkan þátt í starfi Barentsráðsins og Norðlægu víddarinnar, en það síðarnefnda er samstarfsvettvangur Rússlands, ESB, Íslands og Noregs. Ísland hefur stutt það að starf svæðisbundinna stofnana í Norður Evrópu sé samræmt sem mest til að draga úr tvíverknaði. Á vettvangi Norðlægu víddarinnar og Barentsráðsins hefur verið ráðist í að bera

saman og greina stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar, Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og Norðurskautsráðsins.

Barentsráðið og Norðlæga víddin eru mikilvægur vettvangur samskipta við Rússland og Evrópusambandið um málefni norðurslóða. Þar á sér m.a. stað samstarf á sviði umhverfis-, heilbrigðis-, félags- og samgöngumála. Unnið er að sérstakri samstarfsyfirlýsingu Rússlands og Íslands um nútímavæðingu og nýsköpun sem vísar einnig til aukins samstarfs ríkjanna um málefni norðurslóða. Áhugi Evrópusambandsins á þróun mála á norðurskautssvæðinu fer vaxandi sem kemur m.a fram í nýlegri skýrslu Evrópuþingsins um stefnu sambandsins hvað varðar sjálfbæra þróun á norðurslóðum. Aðildarríki ESB eru flest háð innflutningi á olíu og gasi og tilkoma nýrra vinnslusvæða og aðgengi að siglingum á norðurslóðum skiptir miklu máli fyrir framtíðarorkuöryggi Evrópu. Evrópa hefur einnig um langt skeið verið helsti markaður sjávarafurða frá norðurslóðum og Evrópusambandið er í fararbroddi í umhverfismálum á alþjóðavettvangi. Íslensk stjórnvöld munu í samskiptum við Evrópusambandið leggja áherslu á réttindi og skyldur norðurskautsríkja í tengslum við sjálfbæra auðlindanýtingu og umhverfisvöktun á norðurslóðum ásamt því að auka samstarf og afla stuðnings ESB við hagsmuni Íslands á svæðinu, s.s. í loftslagsmálum, málefnum hafsins og við hertar reglur um siglingar á norðurhöfum.

Norðurslóðamál skipa einnig aukinn sess í tvíhliða samskiptum Íslands við önnur ríki innan og utan svæðisins. Það er til marks um mikilvægi svæðisins í alþjóðlegu tilliti að ýmis Asíuríki á borð við Kína, Japan og Singapúr hafa horft til þess að auka samstarf við Íslendinga um málefni svæðisins. Sem dæmi má nefna að í framhaldi af heimsókn utanríkisráðherra til Kína á síðasta ári heimsóttu fulltrúar Stofnunar kínverska ríkisins um málefni hafsvæða (*e. China State Oceanic Administration*) Ísland til að kynna sér íslenskar norðurslóðarannsóknir og kanna möguleika á því að efla samstarf þjóðanna á þessu sviði.

2.3. Samstarf Norðurlanda

Íslendingar taka þátt í norrænu samstarfi á sömu forsendum og frændþjóðirnar þar sem norrænn virðisauki er hafður að leiðarljósi. Með því er átt við að samstarfið fari fram á sviðum þar sem hagsmunir þjóðanna fara saman og hagkvæmara er að leggjast á eitt og takast í sameiningu á við margvísleg úrlausnarefni. Norrænt samstarf er Íslandi dýrmætt, ekki hvað síst nú, þegar áherslan á svæðasamstarf fer vaxandi í Evrópu. Áhugi og stuðningur Íslendinga við norrænt samstarf hefur jafnan verið mikill og hann hefur síst minnkað í kjölfar efnahagskreppunnar. Um 25 milljónir manna búa á Norðurlöndum og hagkerfi svæðisins væri í 11. sæti yfir stærstu hagkerfi heims ef allt væri lagt saman. Nú er vaxandi skilningur á því meðal norrænna stjórnmálamanna að í sameiningu hafi Norðurlönd meira fram að færa til að takast á við ýmis brýn viðfangsefni samtímans en ella. Má þar t.d. nefna áhrif loftslagsbreytinga, sjálfbærni með nýjum orkulausnum og velferðarmálin.

Samstarfið við norrænu frændþjóðirnar hefur um áratugaskeið verið einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu. Í skýrslu Thorvalds Stoltenbergs, fyrrverandi utanríkis- og varnarmálaráðherra Noregs, sem hann samdi að undirlagi norrænu utanríkisráðherranna, er fjallað um mikilvægi norræns samstarfs, hvernig megi efla það og auka skilvirkni. Í skýrslunni eru gerðar tillögur um aukið samstarf Norðurlanda í utanríkis- og öryggismálum til næstu 10 til 15 ára og leiðir til að útvíkka það svo samstarfið nái til fleiri sviða. Stoltenbergskýrslan beinir sjónum að möguleikum þess að dýpka samstarf norrænu landanna í ljósi þróunar í alþjóðamálum, sem einnig tengist samstarfi við Eystrasaltsríkin, stefnu ESB í málefnum Eystrasaltsins og starfsemi Norðurskautsráðsins.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda hafa verið samstíga í eftirfylgni við skýrslu Stoltenbergs um aukið utanríkispólitískt samstarf. Skýrslan hefur verið ofarlega á dagskrá funda ráðherranna frá því að hún var lögð fram. Þeir deila einnig áþekkri sýn á öll helstu málefni á alþjóðavettvangi og afstöðu til þeirra, en samráð í þeim efnum er fastur liður á fundum ráðherranna. Norrænu utanríkisráðherrarnir funda að venju reglubundið tvisvar á ári auk þess sem þeir bera saman bækur sínar samhliða allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York. Þeir eiga einnig sérstakan, árlegan samráðsfund með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna. Að auki eiga norrænu utanríkisráðherrarnir óformlegt samstarf sín á milli um ýmis mál.

Aukið samstarf norrænna sendiskrifstofa erlendis er meðal þeirra tillagna Stoltenbergs sem eru þegar komnar í framkvæmd. Norrænar sendiskrifstofur hafa í áratugi haft náið en óformlegt samráð sín á milli. Þær hafa nú sett fram sameiginlegar tillögur um aukið samstarf, miðað við aðstæður á hverjum stað, sem byggjast á hagkvæmni, sveigjanleika og óformlegum vinnubrögðum, þar sem einnig er tekið tillit til ólíkra áherslna og markmiða. Í ýmsum tilvikum koma norrænar sendiskrifstofur opinberum stefnumálum eða afstöðu sameiginlega á framfæri við gistiríki eða við fjölþjóðastofnanir. Stefnt er að því að efla samstarf í ræðismálum og að samræma viðbrögð vegna hættuástands erlendis til að gæta hagsmuna norrænna ríkisborgara. Nánar er fjallað um tillögur í skýrslu Stoltenbergs sem lúta að öryggis- og varnarmálum í kafla 4.3.3.

Á fundum norrænu utanríkisráðherranna á tímabilinu sem skýrslan tekur til og á sameiginlegum fundi þeirra með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna var fjallað um ýmis alþjóðamál sem voru ofarlega á baugi á árinu. Má þar nefna ástand mála í Mið-Austurlöndum, Afganistan, Íran og Búrma. Einnig hafa ráðherrarnir fjallað um norðurslóðamál, málefni Atlantshafsbandalagsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og loftslagsmál.

Norræna ráðherranefndin

Danir fóru með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2010. Yfirskrift formennskuáætlunar Dana var Norðurlönd í sókn. Lykilhugtök áætlunarinnar voru hnattvæðing, loftslagsmál og efnahagskreppa. Einnig var vinna gegn afnámi stjórnsýsluhindrana ofarlega á baugi, en ósamrýmanlegar reglur og mismunandi túlkanir á norrænum samningum geta torveldað að markmiðið um frjálsa för borgaranna náist og skapað óþarfa hindranir í samskiptum einstaklinga og fyrirtækja.

Finnar fara með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2011, en yfirskrift áætlunar þeirra er Grænn Norðurlönd – bregðast við loftslagsvanda. Verður megináhersla á formennskuári Finna lögð á aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum. Markmiðið er að styrkja stöðu Norðurlanda sem brautryðjenda og sameinaðs afls í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Nánar er fjallað um störf norrænu ráðherranefndarinnar í skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2010 sem lögð var fram á yfirstandandi þingi (Þskj. 976 – 577. mál[1]).

2.4 Samstarf við Eystrasaltsríkin

Samstarf Íslands og Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháens, byggir á mikilli og djúpstæðri vináttu milli ríkjanna, sem á ekki síst rætur sínar að rekja til stuðnings Íslands við sjálfstæðisbaráttu þeirra fyrir tuttugu árum. Ríkin eiga náið samráð, bæði tvíhliða

---

[1] http://www.althingi.is/altext/139/s/pdf/0976.pdf

og í alþjóðastarfi og svæðisbundnu samstarfi, t.d. milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna og innan einstakra alþjóðastofnana.

Tvíhliða samstarf ríkjanna nær til ýmissa sviða, t.d. er menningarsamstarf í blóma og eru viðskiptaumsvif íslenskra fyrirtækja í ríkjunum þremur þó nokkur, þótt dregið hafi úr þeim í kjölfar efnahagskreppunnar. Eystrasaltsríkin hafa sýnt velvilja sinn í garð Íslands í verki með eindregnum stuðningi við málstað Íslands í efnahagskreppunni og umsókn um aðild að ESB.

Á þessu ári minnast ríkin þrjú við Eystrasaltið þess að 20 ár eru liðin frá því að þau endurheimtu sjálfstæði sitt. Vegna stuðnings Íslands í sjálfstæðisbaráttu þjóðanna verða samskipti ríkjanna því áberandi á þessu ári.

Utanríkisráðherra sótti Litháen heim af þessu tilefni í febrúar sl. sem heiðursgestur litháíska þingsins, en hinn 11. febrúar 2011 voru 20 ár liðin frá því að Alþingi Íslendinga ályktaði um stuðning við sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna. Við þetta tækifæri kom enn á ný í ljós sá mikli hlýhugur sem Eystrasaltsríkin bera til Íslands. Ráðherra ávarpaði málþing um framtíðarstöðu Litháens og fjallaði í ræðu sinni um aðdraganda stuðningsyfirlýsingar Alþingis þar sem ítrekað var að viðurkenning Íslands á sjálfstæði Litháens frá 1922 væri í fullu gildi. Utanríkisráðherra rifjaði upp í ræðu sinni upp hvernig samþykkt Alþingis braut ísinn og ruddi brautina að viðurkenningu alþjóðasamfélagsins á sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna þriggja. Einnig var ráðherrann viðstaddur afhjúpun minnismerkis um þennan atburð á Íslandstorgi í Vilníus og átti fundi með Daliu Grybauskaite, forseta Litháens, og Audronius Azubalis, utanríkisráðherra landsins.

Utanríkisráðherra verður heiðursgestur á svokölluðum Íslandsdegi í Tallinn í Eistlandi hinn 21. ágúst nk., en dagurinn er hluti af hátíðahöldum Eistlendinga til að minnast 20 ára sjálfstæðis landsins. Þetta er í fyrsta skipti sem Eistlendingar halda dag hátíðlegan í nafni annars lands, en forseti Eistlands, Toomas Hendrik Ilves, kynnti Íslandsdaginn þegar hann kom hingað í opinbera heimsókn í ágúst á síðasta ári. Utanríkisráðherra fór einnig í opinbera heimsókn til Eistlands í október á síðasta ári.

Sendiráð Íslands í Helsinki, en umdæmi þess nær til Eystrasaltsríkjanna þriggja, hefur mikil og góð samskipti við norrænu upplýsingaskrifstofurnar í höfuðborgum ríkjanna þriggja og eru allnokkur verkefni í deiglunni í samstarfi sendiráðsins og upplýsingaskrifstofunnar, m.a. á sviði orkumála og menningar.

Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8)

Vorið 2010 var þeim Sören Gade, fyrrverandi varnarmálaráðherra Danmerkur, og Valdis Birkavs, fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherra Lettlands, falið að gera tillögur um hvernig styrkja mætti og auka samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8). Umboðið var nokkuð í anda þess, sem Thorvald Stoltenberg var á sínum tíma falið að leggja fram varðandi styrkingu utanríkispólitísks samstarfs Norðurlanda. Var þetta gert í ljósi þess að frá því að stofnað var til reglulegra funda utanríkisráðherra NB8, skömmu eftir að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt, hefur orðið mikil breyting á alþjóðlegu umhverfi, auk þess sem Eystrasaltsríkin hafa í kjölfarið orðið aðilar að öllum helstu fjölþjóðastofnunum, þ. á m. ESB og Atlantshafsbandalaginu. Niðurstöður skýrslunnar voru kynntar á árlegum NB8-fundi utanríkisráðherranna í ágúst 2010 og hafa síðan verið til umfjöllunar á embættismannafundum.

Meðal þeirra tillagna sem samstaða hefur náðst um er að auka samstarf ríkjanna átta á vettvangi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem og samstarfið um borgaralegt öryggi og netöryggi, ásamt því að auka samstarf sendiskrifstofa og efla upplýsingagjöf til al-

mennings um NB8-samstarfið. Þá verður staðið sameiginlega að viðburðum og hátíðahöldum í tilefni þess að í ár eru liðin 20 ár frá því að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt. Tillögur um frekari eftirfylgni við skýrslu Gade og Birkavs verða á dagskrá næsta NB8-fundar utanríkisráðherranna, sem verður í Finnlandi í ágúst 2011.

3. UMSÓKN ÍSLANDS UM AÐILD AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

Á því ári sem liðið er frá því síðasta skýrsla utanríkisráðherra var lögð fram á Alþingi hefur áfram verið unnið hörðum höndum að umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu (ESB). Sú vinna hefur verið í fullu samræmi við ályktun Alþingis um aðildarumsóknina og það meirihlutaálit utanríkismálefndar sem lá til grundvallar samþykktar hennar. Samningahópar hafa haldið áfram störfum sínum og margir þeirra hafa lokið við samantekt greinargerða um samningskafla og rýnifundi og hafið undirbúning fyrir mótun samningsafstöðu. Samningsafstaða Íslands í nokkrum köflum hefur þegar verið kynnt ESB og verður formlega lögð fram við opnun þeirra.

Samninganefnd Íslands kemur reglulega saman en meginþungi vinnu hennar hefur falist í yfirferð greinargerða einstakra samningahópa til undirbúnings rýnifunda, auk umfjöllunar um almenna stefnu í viðræðunum. Þannig hefur hin efnislega undirbúningsvinna samningaviðræðnanna gengið vel. Rýnivinnan með framkvæmdastjórn ESB er á lokastigi en rýnifundum lýkur um miðjan júnímánuð nk. Samhliða rýnivinnunni hafa samningahópar og samninganefnd kynnt fyrstu samantektir á samningsafstöðu Íslands og er búist við því að fyrstu samningskaflar verði opnaðir í lok júní nk.

Samningaviðræðum var formlega hrundið af stað á ríkjaráðstefnu Íslands og aðildarríkja ESB sem haldin var 27. júlí 2010. Fylgdi utanríkisráðherra þá úr hlaði sérstakri skriflegri yfirlýsingu Íslands. Yfirlýsingin setur ramma um nálgun Íslands í viðræðunum og þau megin markmið sem Ísland hefur sett sér. Byggir yfirlýsingin á áliti meiri hluta utanríkismálanefndar Alþingis, en í aðdraganda fundarins kom utanríkisráðherra á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir megindráttum yfirlýsingarinnar auk þess að kynna hana í ríkisstjórn. Á ríkjaráðstefnunni kynnti ESB einnig samningsramma sinn, sem um flest byggir á ramma þeim sem sambandið hefur sett í fyrri samningaviðræðum. Bæði þessi skjöl voru gerð opinber samdægurs.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að umsóknarferlið sé gegnsætt, eins og lýst hefur verið yfir á fyrri stigum málsins, bæði af hálfu utanríkisráðherra og meiri hluta utanríkismálanefndar. Endurspeglast þetta ekki síst í birtingu gagna á heimsíðu utanríkisráðuneytisins. Þar eru birtar greinargerðir samningahópa jafnharðan og þær eru kynntar ESB, auk þess sem gögn í tengslum við rýnifundi eru birt sem og kynningar sem sendinefndir Íslands halda. Þessu til viðbótar hefur verið leitast við að birta og þýða á íslensku margvísleg lykilskjöl sem lögð hafa verið fram. Þessu verður haldið áfram svo lengi sem birting slíkra gagna verði ekki talin skaða samningshagsmuni Íslands og því mun samningsafstaða Íslands í einstökum köflum verða birt með sama hætti og önnur gögn sem hér er vísað til.

Lögð hefur verið áhersla á algjört gegnsæi gagnvart Alþingi þar sem allar greinargerðir hafa verið kynntar vinnuhópi utanríkismálanefndar, og eftir atvikum öðrum fagnefndum þingsins, ásamt afstöðu sem fulltrúar Íslands hafa kynnt á rýnifundum. Þessu til viðbótar hafa samantektir um samningsafstöðu sem þegar liggja fyrir verið kynntar með sama hætti. Auk þessa hafa utanríkisráðherra, aðalsamningamaður og fulltrúar í samninganefnd verið gestir utanríkismálanefndar og gert reglulega grein fyrir stöðu mála. Með þessu er tryggt að Alþingi geti sinnt hinu mikilvæga eftirlits- og aðhaldshlutverki sem því er falið.

Aðalsamningamaður, Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra, og aðrir nefndarmenn hafa kynnt umsóknarferlið opinberlega með ýmsum hætti. Þá hefur utanríkisráðherra verið í stöðugum samskiptum við lykilaðila innan stofnana ESB og aðildarríkjanna og lagt sérstaka rækt við samstarfsráðherra sína í aðildarríkjunum með það að markmiði að skýra hagsmuni Íslands.

3.1. Meirihlutaálit utanríkismálanefndar

Þingsályktunartillaga um að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB byggir á áliti meiri hluta utanríkismálanefndar frá júlí 2009. Álitið hefur sannað gildi sitt sem sá grundvöllur sem því var ætlað að vera. Lýtur það ekki einvörðungu að efnislegum atriðum viðræðna (samningsmarkmiðum), heldur einnig að því ferli sem viðhaft er í viðræðunum. Nákvæmlega hefur verið unnið eftir því ferli sem nefndarálitið byggir á og nánar er gerð grein fyrir í þessari skýrslu.

3.2. Umsóknarferli

Fastar reglur gilda um það ferli sem snýr að umsóknum ríkja um aðild að ESB, bæði í umsóknarríkjunum sjálfum og innan ESB og aðildarríkja þess. Hér á landi hefur verið farið eftir því skipulagi sem utanríkismálanefnd mælti með. Samningahóparnir tíu, sem skipta með sér þeim 33 lagaköflum sem kalla á samningaviðræður, hafa starfað af fullum krafti frá haustinu 2009 og skilað af sér greiningu á einstökum samningsköflum til samninganefndar. Þessar greinargerðir hafa lagt grunn að undirbúningi rýnifunda og síðar samningsafstöðu Íslands. Greinargerðirnar hafa ásamt tillögum um samningsatriði verið lagðar fyrir ráðherranefnd um Evrópumál til samþykktar og hafa jafnframt verið kynntar fyrir vinnuhópi utanríkismálanefndar og í ríkisstjórn. Sama ferli er viðhaft þegar kemur að undirbúningi og framlagningu á samningsafstöðu Íslands í einstökum samningsköflum. Með þessu er tryggt að víðtækt samráð eigi sér stað um einstök skref í ferlinu.

3.3. Samningaviðræður hefjast formlega

Samningaviðræðurnar fara formlega fram á milli Íslands annars vegar og aðildarríkja ESB hins vegar á svokölluðum ríkjaráðstefnum. Slíkar ráðstefnur eru ávallt vandlega undirbúnar þannig að þegar að þeim kemur má gera ráð fyrir að komið sé á samkomulag um þau meginatriði sem þarf til að opna og síðar loka köflum. Slíkar ráðstefnur eru því haldnar þegar einstaka kaflar eru opnaðir og/eða þeim lokað á grundvelli sameiginlegrar niðurstöðu samningsaðila. Má almennt gera ráð fyrir að a.m.k. tvær slíkar ráðstefnur verði haldnar á hverju formennskutímabili innan ESB frá og með næsta hausti. Næsta ríkjaráðstefna er áætluð 27. júní nk. þar sem gert er ráð fyrir að opna fyrstu kafla samningaviðræðnanna, þ.e.a.s. 5. kafla um opinber innkaup, 8. kafla um samkeppnismál, 10. kafla um upplýsingasamfélagið og fjölmiðla, 25. kafla um vísindi og rannsóknir og 26. kafla um menntun og menningu. Allir þessir kaflar falla undir EES-samninginn og hafa þegar verið teknir upp í íslenska löggjöf, annað hvort að öllu eða að langmestu leyti.

3.4. Framvinduskýrsla ESB

Framkvæmdastjórn ESB vinnur sérstakar framvinduskýrslur um þau ríki sem hafa sótt um aðild að ESB eða eru möguleg umsóknarríki. Fyrsta skýrsla þessarar gerðar um Ísland kom út í nóvember 2010. Óhætt er að segja að fátt í henni hafi komið á óvart. Staðfesti skýrslan góða stöðu Íslands á flestum sviðum gagnvart regluverki ESB og dró um leið upp glögga

mynd af þeim atriðum sem út af standa. Gert er ráð fyrir að samsvarandi skýrsla komi út í október 2011.

Um leið og ríki er orðið að umsóknarríki ESB fær það aðgang að eftirlitskerfi sambandsins með efnahagsmálum og hagstjórn aðildarríkja (*e. The Pre-Accession Fiscal Surveillance Procedure*). Markmiðið með því er að undirbúa þátttöku umsóknarríkisins í Efnahags- og myntbandalagi Evrópu (EMU), sem gerist sjálfkrafa við aðildina að ESB.

Í tengslum við þetta fyrirkomulag sendu íslensk stjórnvöld skýrslu um íslensk efnahagsmál til ársins 2013 til framkvæmdastjórnar ESB í byrjun þessa árs. Verður sambærilegri skýrslu skilað árlega meðan á umsóknarferlinu stendur. Skýrslan verður send aðildarríkjum ESB til umfjöllunar og verður því næst tekin fyrir á fundi efnahags- og fjármálanefndar ESB og síðar í ráðherraráði ESB um miðjan þennan mánuð. Næsta haust mun framkvæmdastjórn ESB síðan gefa út skýrslu um árangur og horfur Íslands og annarra umsóknarríkja í efnahagsmálum. Þar verður lagt mat á hvort framvinda í efnahagsmálum sé í samræmi við svokölluð Kaupmannahafnarviðmið (*e. Copenhagen criteria*), sem skilgreina hvort ríki geti gerst aðilar að ESB eða ekki.

3.5. Undirbúningur viðræðna

Allt frá því að samninganefndin og einstakir samningahópar voru skipaðir hefur í raun staðið yfir undirbúningur þess að viðræður hefjist. Þessi undirbúningsvinna hefur fyrst og fremst falist í samanburði á löggjöf ESB við íslenska löggjöf til þess að greina hvar íslensk lög eru frábrugðin og um hvað þurfi að semja.

Í framhaldi af þeirri vinnu hafa verið haldnir svonefndir rýnifundir með framkvæmdastjórn ESB. Þeir eru haldnir um hvern kafla samningaviðræðnanna og um flesta þeirra eru tveir fundir (um kafla sem falla að fullu undir EES-samninginn er eingöngu haldinn einn fundur). Á þeim fyrri er það framkvæmdastjórn ESB sem útskýrir regluverk ESB og íslenskum stjórnvöldum gefst tækifæri til að afla upplýsinga um það. Á þeim síðari er komið að íslenskum stjórnvöldum að útskýra hið íslenska regluverk og svara spurningum þar að lútandi. Í framhaldi af þessum fundum vinnur framkvæmdastjórnin svonefnda rýniskýrslu fyrir aðildarríki sambandsins þar sem lagt er mat á stöðu Íslands í viðkomandi kafla og tillögur mótaðar um næstu skref, s.s. hvort lagt skuli til að kaflinn verði opnaður fyrir samninga. Sé lagt til að kafli verði opnaður er Íslandi að því búnu boðið að leggja fram sína samningsafstöðu í viðkomandi kafla.

Líkt og fram kemur í þeim greinargerðum sem þegar hafa verið lagðar fram og birtar á vef utanríkisráðuneytisins er lagt mat á umfang þess hvar ósamræmi er að finna í löggjöfinni og í hvaða breytingar þyrfti að ráðast hér á landi að öllu óbreyttu ef af aðild yrði. Einnig koma fram í þessum greinargerðum þau atriði sem halda þarf til haga í samningaviðræðum við ESB.

Á sama tíma hafa bæði utanríkisráðherra og aðalsamningamaður átt samskipti við aðildarríki ESB og framkvæmdastjórn ESB í því skyni að kynna sérstaklega þau meginatriði sem standa munu upp úr í samningaviðræðunum og þau efnislegu rök sem Ísland byggir á.

Undirbúningur hefur einnig falist í því að leggja mat á þörf fyrir aðstoð erlendra sérfræðinga á einstökum samningssviðum. Þegar hefur verið kallað eftir slíkri aðstoð, einkum í gegnum stuðningskerfi ESB (TAIEX), en hingað til lands hafa t.d. komið sérfræðingar á sviði byggðamála, auk þess sem íslenskir sérfræðingar hafa sótt aðildarríki heim og aflað sér þekkingar á regluverki ESB á mismunandi sviðum. Einnig hefur verið leitað sérstaklega til nágrannaþjóða um sérfræðilega aðstoð á afmörkuðum sviðum. Búast má við að þessi þáttur

í undirbúningsvinnunni fari vaxandi á næstu vikum og mánuðum, en rétt er að minna á að meiri hluti utanríkismálanefndar lagði sérstaka áherslu á þetta í áliti sínu. Nánar er fjallað um aðstoð ESB vegna aðildarumsóknar í kafla 3.7.

Eins og gerð var grein fyrir í skýrslu utanríkisráðherra á síðasta ári eru starfandi, auk samninganefndar, tíu samningahópar sem starfa á einstökum samningssviðum. Í hópunum sitja fulltrúar stjórnvalda og helstu hagsmunaaðila. Hefur vinnan í þessum hópum gengið vel, eins og ráða má af þeim efnismiklu greinargerðum sem hóparnir hafa þegar tekið saman og þeirri miklu undirbúningsvinnu sem farið hefur fram innan þeirra í aðdraganda rýnifundanna. Næsta verkefni hópanna er að vinna drög að samningsafstöðu í einstökum köflum sem síðan verður lögð fyrir samninganefndina til frekari meðferðar. Sú vinna er þegar hafin.

Utanríkisráðuneytið á náið samstarf við utanríkismálanefnd varðandi umsóknarferlið. Aðalsamningamaður og sérfræðingar utanríkisráðuneytisins og annarra ráðuneyta og stofnana í samningahópum koma reglulega á fund nefndarinnar eða vinnuhóps hennar til að upplýsa um einstök málefni.

Þegar ríki sækja um aðild að ESB er sameiginlegri þingnefnd Evrópuþingsins og þjóðþings viðkomandi umsóknarríkis ætíð komið á. Voru samskipti Alþingis og Evrópuþingsins formfest með stofnun slíkrar þingmannanefndar á fundi í Þjóðmenningarhúsinu hinn 5. október 2010. Er hlutverk nefndarinnar að fylgjast með umsóknarferlinu og gefst alþingismönnum á vettvangi hennar kostur á að eiga formbundnar og milliliðalausar viðræður við framkvæmdastjórn og ráðherraráð ESB um umsóknarferlið. Hin sameiginlega þingnefnd er skipuð níu Alþingismönnum og jafnmörgum þingmönnum Evrópuþingsins. Utanríkisráðherra gerði grein fyrir aðildarumsókn Íslands á stofnfundi þingmannanefndarinnar í október 2010 og aðalsamningamaður ræddi stöðu samningaviðræðnanna á fundi nefndarinnar 27. apríl sl.

3.6. Staðan á einstökum samningssviðum

Í samningaviðræðunum við ESB er tekist á um alls 35 kafla. Má segja að ekki verði í raun samið um tvo kafla, þ.e. 34. kafla um stofnanir og 35. kafla um önnur atriði, þar sem litið er svo á að sáttmálar ESB skeri þegar úr um stofnanalega þætti og að ekki verði séð að 35. kafli innihaldi atriði sem ekki er fjallað um í öðrum köflum. Af þeim 33 köflum sem samið verður um hefur framkvæmdastjórn ESB metið það svo að 10 kaflar falli alfarið undir EES-samninginn og aðrir 11 að stórum hluta. Falla því eingöngu 12 kaflar utan EES-samningsins.

3.6.1. Sjávarútvegsmál

Rýningu á löggjöf ESB á sviði sjávarútvegsmála, 13. kafla, lauk á síðasta ári. Fulltrúar sjávarútvegsráðuneytis, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Siglingastofnunar, Landhelgisgæslu og utanríkisráðuneytis fóru yfir rúmlega 800 gerðir sem skipt var í þrjá kafla. Niðurstöður rýnivinnunnar voru settar fram í jafn mörgum greinargerðum sem samþykktar voru af samningahópi um sjávarútvegsmál. Greinargerðirnar bera yfirskriftina Fiskveiðistjórnun og umhverfið, Samskipti við þriðju ríki og alþjóðastofnanir og Opinber fjárframlög og markaðsskipulag og hafa verið kynntar fyrir samninganefnd, utanríkismálanefnd, sjávarútvegsnefnd og ráðherranefnd um Evrópumál.

Reglur ESB um fiskveiðistjórnun fela m.a. í sér að sambandið hefur fullar valdheimildir (*e. exclusive competence*) til lagasetningar á sviði fiskveiða. Ákvarðanir um leyfilegan heildarafla, aflahlutdeild og sóknartakmarkanir eru teknar sameiginlega af stofnunum ESB. Aðildarríki fá úthlutað aflaheimildum, á grundvelli reglunnar um hlutfallslegan stöðugleika, sem þau skipta niður á útgerðir samkvæmt eigin löggjöf. Meginreglan er sú að öll skip frá aðildar-

ríkjunum hafa jafnan aðgang að öllum hafsvæðum sambandsins. Sú regla sætir hinsvegar mikilvægum takmörkunum sem leiða m.a. af reglunni um hlutfallslegan stöðugleika sem felur í sér að aðildarríki ESB fái alltaf sama hlutfall af leyfilegum heildarafla í hverjum stofni. Borgarar í aðildarríkjum ESB hafa heimild til að fjárfesta í sjávarútvegi í sambandinu öllu, en hægt er að krefjast þess að eigendur útgerða hafi efnahagsleg tengsl við það ríki sem úthlutar þeim aflaheimildum.

Samningar við þriðju ríki, svo sem um skiptingu aflaheimilda úr deilistofnum eða aðgang að lögsögu, eru á forræði sambandsins og sér framkvæmdastjórnin um samningsgerð, að undangengnu nánu samráði og samstarfi við aðildarríkin sem einnig á sér stað í samningagerðinni sjálfri.

Reglur um opinber fjárframlög fela í sér rekstur sameiginlegs sjávarútvegssjóðs sem veitir styrki til útgerða og svæða sem eru háð fiskveiðum auk samræmingar reglna um veitingu ríkisstyrkja. Sambandið greiðir einnig ýmsan kostnað aðildarríkja við rekstur stefnunnar, svo sem við gagnaöflun og eftirlit. Reglur um markaðsmál fela m.a. í sér heimildir til inngripa í viðskipti þegar lágmarksverði er ekki náð.

Samningahópur um sjávarútvegsmál kom saman fimm sinnum á árinu 2010. Formaður og varaformaður hópsins ferðuðust til nokkurra aðildarríkja sambandsins til að ræða hugmyndir Íslands um framtíð sjávarútvegstefnunnar og stöðu Íslands innan hennar.

Fyrri rýnifundur um sjávarútvegsmál fór fram í desember 2010. Á þeim fundi reifuðu fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar helstu þætti sjávarútvegslöggjafar ESB. Á seinni rýnifundi sem haldinn var í febrúar og mars sl. skýrðu fulltrúar íslensku stjórnsýslunnar frá helstu þáttum íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins og drógu fram þau atriði sem falla ekki að sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB. Á fundinum var lögð áhersla á mikilvægi sjávarútvegs fyrir Ísland, góðan árangur við fiskveiðstjórnun og sérstöðu Íslands í sjávarútvegi, þ. á m. landfræðilega legu efnahagslögsögunnar og samsetningu afla (veiðar úr staðbundnum stofnum). Lögð var sérstök áhersla á fyrirvara meiri hluta utanríkismálanefndar, þ.e. forræði yfir auðlindinni með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi, möguleika á takmörkun fjárfestinga erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi, samningsforræði við stjórn veiða úr deilistofnum og eins víðtækt forsvar á alþjóðavettvangi og kostur er. Framkvæmdastjórnin vinnur nú að gerð rýniskýrslu þar sem sjávarútvegsstefna Íslands annars vegar og ESB hins vegar er borin saman. Gert er ráð fyrir að eiginlegar samningaviðræður við ESB um sjávarútvegsmál hefjist næsta haust.

Í áliti framkvæmdastjórnarinnar um umsókn Íslands frá 24. febrúar 2010 kemur fram að heildarskipulag og framkvæmd íslensku sjávarútvegsstefnunnar séu samrýmanleg reglum ESB. Ísland sé í stakk búið til að innleiða reglur og verkferla ESB innan þriggja ára og að almennt megi segja það sama um íslenskar stjórnsýslustofnanir. Rétt er þó að hafa í huga að nú stendur yfir gagnger endurskoðun á sjávarútvegsstefnu ESB sem á að ljúka 1. janúar 2013. Íslandi var í upphafi árs 2010 boðið að skila inn athugasemdum við grænbók framkvæmdastjórnarinnar þar sem reifaðar voru ýmsar mögulegar leiðir við endurskoðunina. Í athugasemdum Íslands var lögð áhersla á aukna svæðaskiptingu stefnunnar, á regluna um hlutfallslegan stöðugleika og bann við brottkasti. Til að fylgja þessum athugasemdum eftir fóru fulltrúar samningahópsins á ráðstefnu í Vigo á Spáni um endurskoðun sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar, auk þess sem fundir voru haldnir með fulltrúum sjávarútvegsráðuneyta Þýskalands og Hollands.

Þótt endurskoðuninni sé ekki lokið eru ýmis jákvæð teikn á lofti. Má þar nefna ákvæði í 6. gr. nýrrar aflaheimildareglugerðar sem heimilar aðildarríkjunum sjálfum að ákvarða leyfi-

legan heildarafla úr tilgreindum stofnum á grundvelli eigin vísindaráðgjafar. Þá hefur nýr framkvæmdastjóri ESB á sviði fiskveiða, Maria Damanaki, lýst því yfir að núverandi stefna ESB sé ósjálfbær og að setja verði nýjar og strangari reglur til að stemma stigu við brottkasti.

3.6.2. Landbúnaðarmál

Samningahópurinn um landbúnaðarmál fer með 11. samningskafla viðræðnanna um landbúnað og dreifbýlisþróun. Ef frá eru taldar reglur um lífrænan landbúnað fellur kaflinn nær alfarið utan EES-samstarfsins, líkt og fram kemur í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um aðildarumsókn Íslands frá 2010. Samningahópurinn hefur skilað af sér greinargerðum um landbúnaðarlöggjöf ESB og þau atriði sem halda þarf til haga við mótun samningsafstöðu vegna íslenskra aðstæðna.

Samningahópurinn mun nú hefja undirbúning samningsafstöðu. Í því augnamiði hafa verið settir á fót þrír vinnuhópar um landbúnaðarmál, þ.e. almennur hópur, sem einnig fjallar um stjórnsýslumál, hópur um markaðs- og stuðningskerfi og hópur um dreifbýlisþróunarmál. Hópunum er ætlað að máta landbúnaðarkerfi ESB að íslenskum aðstæðum, skoða lausnir á hverju sviði og móta tillögur að samningsafstöðu til samningahópsins. Samningahópurinn hefur jafnframt unnið að öflun stoðgagna, og hefur Landbúnaðarháskóli Íslands m.a. tekið saman skýrslu um aðstæður og sérkenni íslensks landbúnaðar. Þá er unnið að skýrslu um stuðningsþörf íslensks landbúnaðar ef Ísland gerist aðili að ESB. Gögnin eru mikilvæg til að undirbyggja samningsafstöðu Íslands.

Rýnifundir um landbúnað og dreifbýlisþróun fóru fram í byrjun desember og lok janúar sl. Fulltrúar Íslands gerðu grein fyrir starfsskilyrðum landbúnaðarins og þeirri landbúnaðarstefnu sem rekin er hér á landi. Jafnframt var vakin athygli á þeim atriðum sem tilgreind voru í greinargerðum samningahópsins og áliti utanríkismálanefndar Alþingis sem halda þyrfti til haga í samningaviðræðunum. Framkvæmdastjórnin vinnur nú að rýniskýrslu um kaflann, en gert er ráð fyrir að efnislegar samningaviðræður hefjist næsta haust.

Endurskoðun sameiginlegrar landbúnaðarstefnu ESB er nú ofarlega á baugi, en núverandi framkvæmdatímabili hennar lýkur í árslok 2013. Eftir opið samráðsferli, m.a. með þátttöku almennings, gaf framkvæmdastjórn ESB út skýrslu í nóvember 2010 um framtíðarsýn vegna þeirrar endurskoðunar. Ef marka má efni skýrslunnar er ekki að vænta kúvendinga á stefnunni, en þar kemur m.a. fram að aukin áhersla verði lögð á að stuðningur skili sér til virkra bænda, að stuðningur mæti í auknum mæli slæmum samkeppnisaðstæðum, m.a. vegna náttúrulegra aðstæðna, auk þess sem áfram verði lögð áhersla á jákvæða dreifbýlisþróun og einföldun landbúnaðarkerfisins. Umræður á Evrópuþinginu og í ráðinu gefa til kynna að almenn samstaða sé um ofangreind markmið. Framkvæmdastjórnin mun síðar á þessu ári leggja fram tillögur að framkvæmdaramma stefnunnar fyrir tímabilið 2014–2020 og er ljóst að endurskoðunin verður áfram ofarlega á dagskrá sambandsins.

Árið 2009 voru miklar verðsveiflur á mörkuðum sambandsins fyrir landbúnaðarvörur og skapaði þetta sérstaka erfiðleika vegna mjólkurframleiðslu, enda þótt markaðirnir hafi aftur náð jafnvægi árið 2010. Vegna þessa var starfshópur um framtíðarskipan í mjólkurframleiðslu skipaður af hálfu framkvæmdastjórnarinnar. Starfshópurinn lagði m.a. til að staða bænda í framboðskeðjunni yrði styrkt með gerð skriflegra samninga milli bænda og afurðastöðva og að bændum yrði jafnframt heimilað að semja sameiginlega við afurðastöðvar um verð með þessum hætti. Framkvæmdastjórn ESB lagði tillögur þess efnis fyrir Evrópuþingið og ráðið í desember 2010. Aðrar markverðar tillögur framkvæmdastjórnarinnar sem nú eru

til meðferðar í lagasetningarferli sambandsins varða samræmda gæðastefnu, sem er liður í einföldun landbúnaðarstefnunnar.

3.6.3. Byggða- og sveitarstjórnarmál

Samningahópur um byggða- og sveitarstjórnarmál fer með 22. kafla samningaviðræðnanna sem fjallar um byggðastefnu ESB og það stuðningskerfi sem komið hefur verið á fót. Byggðastefnu ESB er ætlað að auka jafnvægi milli svæða og efla efnahagslega og félagslega samheldni innan sambandsins. Leiðir að þessu markmiði eru m.a. þær að styrkja grundvöll fjölbreyttrar atvinnustarfsemi, auka menntun og færni, efla samkeppnishæfni svæða og stuðla þannig að auknum hagvexti og lífsgæðum innan aðildarríkja ESB.

Mikil áhersla hefur verið lögð frá upphafi á þekkingaröflun um byggðastefnu ESB, reglur sambandsins, stefnumótun og framkvæmd innan einstakra aðildarríkja. Samningahópurinn hefur leitað til sérfræðinga m.a. frá Finnlandi, Eystrasaltsríkjunum og Möltu sem hafa komið hingað til lands auk þess sem fulltrúar úr hópnum hafa aflað sér upplýsinga ytra. Málþing hafa verið haldin þar sem ýmsum hagsmunaaðilum og fulltrúum stjórnsýslunnar hefur gefist tækifæri til þátttöku. Sérstök áhersla hefur verið lögð á þá stjórnsýslu sem reglur ESB gera ráð fyrir og hefur sérstakur vinnuhópur unnið að greiningu og mati. Ein helsta niðurstaða þeirrar vinnu er að ekki sé nauðsynlegt að koma á fót nýjum stofnunum til að taka þátt í byggðastefnu ESB, heldur mætti fela núverandi stjórnsýslueiningum að sinna tilskildum hlutverkum.

Löggjöf ESB á þessu sviði er fyrst og fremst í formi rammalöggjafar þar sem tilgreint er með hvaða hætti aðildarríkin skuli standa að framkvæmd stefnunnar innanlands, lagðar línur um hvernig stefnumótun og samráði við hagsmunaaðila skuli háttað, og hvernig farið skuli með fjármagn úr sjóðum ESB. Samningahópurinn hefur lokið yfirferð yfir löggjöf ESB og skilað greinargerð til samninganefndar. Þar kemur m.a. fram að mikilvægt verður að fá viðurkennda sérstöðu Íslands og tryggja að tekið verði tillit til hennar við stefnumótun innan ESB til framtíðar, bæði varðandi framkvæmd byggðastefnunnar hér á landi og úthlutun úr sjóðum ESB. Enn fremur er áréttað mikilvægi þess að viðhafa einfalda stjórnsýslu við framkvæmd byggðastefnu ESB hér á landi.

Báðum rýnifundum um þennan samningskafla er lokið. Á þeim fyrri útskýrðu sérfræðingar framkvæmdastjórnar ESB löggjöf sambandsins, en á þeim síðari kynntu íslenskir sérfræðingar aðstæður hér á landi og þekkingu og getu stjórnsýslunnar til þátttöku í byggðastefnu ESB. Jafnframt var vakin athygli á þeim atriðum sem tilgreind voru í greinargerð samningahópsins og áliti utanríkismálanefndar og sem halda þyrfti til haga í samningaviðræðunum.

Á vegum samningahópsins er nú unnið að greiningu á sérstöðu Íslands í samhengi við byggðastefnu ESB. Þar verður m.a. litið til strjálbýlis, dreifbýlis, mannfæðar og fjarlægðar frá mörkuðum, auk annarra þátta sem hafa áhrif á samkeppnishæfni landsins. Þessi greining verður mikilvæg við mótun málflutnings Íslands í samningaviðræðunum.

Komið hefur verið á fót sérstökum vinnuhópi til að móta tillögur að samningsafstöðu á grundvelli álits meiri hluta utanríkismálanefndar, og til greiningar á löggjöf sambandsins og innlendum aðstæðum og þörfum. Í þeirri vinnu verður m.a. litið til þess með hvaða hætti núverandi aðildarríki og umsóknarríki hafa hagað málflutningi sínum. Hópurinn mun leita sérfræðiráðgjafar á þessu sviði eftir því sem vinnunni vindur fram og þörf krefur.

Nú stendur yfir endurskoðun á byggðastefnu ESB og mun ný stefna gilda fyrir fjárhagstímabilið 2014–2020. Hefur ESB skipulagt víðtækt samráðsferli þar sem almenningi og hagsmunaaðilum gefst kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þessu ferli er nær lokið

og munu fyrstu tillögur að endurskoðun líta dagsins ljós á þessu ári. Ljóst er þó að við endurskoðun stefnunnar verður lögð til grundvallar ný samþætt langtímastefna ESB sem nefnist Evrópa 2020. Auk þess hefur verið kallað eftir því að ESB móti eina sýn eða eina áætlun fyrir uppbyggingarsjóðina, dreifbýlisþróunarsjóðinn og fiskveiðisjóðinn, þ.e. nokkurs konar sameiginlegan ramma til að auka jákvæð samlegðaráhrif. Einnig verður leitast við að einfalda stjórnsýslu byggðastefnunnar og bæta nýtingu fjármagns. Skipaður hefur verið sérstakur vinnuhópur á vegum samningahópsins til þess að fylgjast með þróun þessarar vinnu innan ESB.

3.6.4. Dóms- og innanríkismál

Meginverkefni samningahóps um dóms- og innanríkismál hefur lotið að greiningu löggjafar ESB á sviði dóms- og innanríkismála. Þar er um að ræða löggjöf í tveimur samningsköflum, annars vegar 23. kafla um réttarvörslu og mannréttindi og hins vegar 24. kafla um dóms- og innanríkismál.

Greiningarvinnan var unnin af sérfræðingum ráðuneyta og stofnana sem hafa kynnt samningahópnum niðurstöður vinnu sinnar. Í kjölfarið voru teknar saman greinargerðir sem voru samþykktar af samninganefnd í október sl. Í greinargerðunum eru tilgreind öll helstu atriði sem huga þarf að í samningaviðræðunum framundan og taka þarf tillit til við mótun samningsafstöðu Íslands hvað dóms- og innanríkismál varðar.

Í framvinduskýrslu framkvæmdastjórnarinnar sem kom út í byrjun nóvember á síðasta ári var metin geta Íslands til að takast á hendur skuldbindingar á sviði dóms- og innanríkismála sem leiða af aðild. Almenn niðurstaða var góð og var t.a.m. sérstaklega vísað til góðrar stöðu mannréttindaverndar hér á landi. Þrátt fyrir þetta voru gerðar nokkrar athugasemdir um stöðu mála hér á landi og voru þær að mestu leyti í takt við þær sem gerðar höfðu verið í áliti framkvæmdastjórnarinnar á umsókn Íslands. Lutu þær einkum að nýafstöðnum breytingum á lögum um dómstóla hvað skipun dómara varðar og stöðu Félagsdóms hér á landi, en hvort tveggja eru þetta atriði sem samningahópurinn hefur haft til sérstakrar skoðunar. Segja má að aðrar athugasemdir í skýrslunni hafi verið minniháttar.

Í kjölfar afgreiðslu samninganefndar á greinargerðum samningahópsins hófst vinna við undirbúning rýnifunda. Rýnifundir um 23. kafla fóru fram í janúar og febrúar sl. Á þeim fundum var ekki rætt um undanþágur, sérlausnir eða aðlögun enda veldur löggjöf kaflans almennt ekki vandkvæðum fyrir Ísland. Af hálfu Íslands var lögð áhersla á að núverandi fyrirkomulagi um Félagsdóm yrði haldið og þá var rætt um innleiðingu tilskipunar um varðveislu gagna í fjarskiptakerfum.

Um þessar mundir vinnur framkvæmdastjórn ESB að úrvinnslu fundarins og munu niðurstöður hennar birtast í rýniskýrslu hennar sem ætla má að verði tilbúin innan tíðar. Nú vinnur samningahópurinn að undirbúningi seinni rýnifundar um 24. kafla.

3.6.5. Fjárhagsmál

Samningahópur um fjárhagsmálefni annast undirbúning aðildarviðræðna að því er varðar 32. kafla um fjárhagslegt eftirlit, 33. kafla um framlagsmál, 16. kafla um skattamál og 29. kafla um tollabandalag, sem allir falla utan EES-samningsins. Hópurinn hefur kynnt niðurstöður rýnivinnu ríflega 1.300 gerða fyrir samninganefnd. Rýnifundum samningahópsins með framkvæmdastjórn ESB lauk í byrjun apríl sl.

Kaflarnir fjórir eru í eðli sínu ólíkir en markmið með löggjöf og viðmiðum ESB í þeim öllum snýr að því að tryggja fjárhagslega hagsmuni sambandsins og samræmda meðferð á

fjármunum og reikningsskilum innan stjórnsýslunnar, bæði hvað varðar framlög Íslands til ESB og þá fjármuni sem Ísland kann að geta fengið úr sjóðum sambandsins. Þá miðar löggjöfin að því að styrkja innri markaðinn með tollabandalagi og að nokkru leyti að samræmdri skattalöggjöf.

Fjárhagslegt eftirlit

Kaflinn um fjárhagslegt eftirlit tekur til innra fjárhagseftirlits hjá hinu opinbera, ytri endurskoðunar, málefna sem varða vernd fjárhagslegra hagsmuna ESB (m.a. gegn fjársvikum) og vernd evrunnar gegn fölsunum. Meginkröfur ESB byggja á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og góðum venjum fremur en löggjöf. Kröfurnar hafa aukist nokkuð undanfarinn áratug samhliða stækkun sambandsins. Stefnt er að nákvæmri greiningu á því sem skilur að kröfur ESB og stöðu mála á Íslandi. Helstu sjónarmið Íslands eru að finna leiðir til þess að fyrirkomulag þessara mála taki tillit til smæðar íslenskrar stjórnsýslu en nái samt að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru. Sérstaklega á þetta sjónarmið við hvað varðar innri endurskoðun í ráðuneytum og ríkisstofnunum, en hún þarf að ná til allra stofnana og ráðuneyta með samræmdum hætti.

Framlagsmál

Í kaflanum um framlagsmál eru settar fram gerðir er varða fjárlög og fjárframlög til ESB (eigin tekjur) sem nauðsynleg eru til að standa straum af útgjöldum sambandsins. Eigin tekjur sambandsins eru í grófum dráttum þríþættar. Í fyrsta lagi er um að ræða tolla og gjöld af innflutningi frá ríkjum utan ESB, þar með talið gjald vegna sykurframleiðslu innan sambandsins. Í öðru lagi fær ESB hlutdeild í virðisaukaskatti aðildarríkjanna. Í þriðja lagi, og það sem þyngst vegur, er um að ræða framlag sem miðast við vergar þjóðartekjur aðildarlandanna. Ákvæðum kaflans er ætlað að tryggja að fyrir hendi sé stjórnsýsla og regluverk þannig að útreikningar og reikningsskil sem fjárframlög til sambandsins byggja á séu réttir og að samræmi sé á milli aðildarríkjanna. Mikill fjöldi gerðanna fjallar um sérlausnir er varða útreikning á virðisaukaskatti í aðildarríkjunum en virðisaukaskattstilskipunin fellur þó undir 16. kafla um skattamál.

Þetta er sá kafli sem gera má ráð fyrir að verði lokað á síðari stigum aðildarviðræðna. Niðurstöður viðræðna í öðrum köflum munu hafa áhrif á útreikninga á framlögum Íslands til sambandsins (s.s. í köflum er varða skattamál, tollamál, fjárhagslegt eftirlit og hagtölur). Þá er eðlilegt að skoða niðurstöður útreikninga á því hversu há framlög Íslands til sambandsins gætu orðið í samhengi við þau framlög sem Ísland mun fá úr sjóðum þess.

Skattamál

Meginmarkmið löggjafar ESB í skattamálum er að styrkja innri markaðinn og stuðla að einsleitni hans, tryggja fjórfrelsið og koma í veg fyrir skattalega mismunun aðila innan ESB. Mikil áhersla er lögð á upplýsingaskipti milli stjórnvalda í aðildarríkjunum enda eru þau mikilvægt tæki í baráttunni gegn skattundanskotum og skattsvikum. Við aðild verður litið á viðskipti milli Íslands og aðildarríkja ESB sem „innanlandsviðskipti“ (*e. intra-Community activities*). Vörur fara óhindrað yfir landamæri innan sambandsins en eftir sem áður þarf að tryggja upplýsingagjöf um viðskipti á milli aðildarlanda og virðisaukaskattur af vörum og þjónustu er í flestum tilvikum greiddur þar sem kaupandi hefur skattalega heimilisfesti. Aðild Íslands að ESB myndi hafa veruleg áhrif á lagalegt og rafrænt umhverfi íslenska virðisaukaskattkerfisins og kerfisbreytingar þyrftu að eiga sér stað á sviði upplýsingaskipta, en því

fylgir upptaka nýrra tölvukerfa. Eftirlit á sviði vörugjalda fyrir áfengi, tóbak og orkugjafa/eldsneyti, kallar einnig á uppsetningu nýrra rafrænna upplýsingakerfa. Helstu áhrif löggjafarinnar eru þau að Ísland kynni að þurfa að gefa eftir skattlagningu á tilteknum tekjustofnum á sviði beinna skatta, en ætti hins vegar að fá nýja á móti. Ekkert þak er á áfengis- og tóbaksgjald og þrátt fyrir breytta reikniformúlu ættu tekjur ríkissjóðs að haldast óskertar.

Tollabandalag

Aðild Íslands að ESB myndi fela í sér upptöku tollalöggjafar ESB og inngöngu landsins í tollabandalag þess. Fjárhagsleg áhrif breytinganna kæmu bæði fram í breyttum tolltöxtum gagnvart þriðju ríkjum við upptöku nýrrar tollskrár og þeim áhrifum sem einstakar atvinnugreinar kynnu að verða fyrir vegna þess, bæði til hækkunar og lækkunar. Þá myndi áhrifa gæta í minni tekjum íslenska ríkisins af tollum þar sem 75% af innheimtu tolltekna hér á landi myndi renna beint til ESB. Aðild að tollabandalaginu fæli í sér umtalsverðar breytingar á tollframkvæmd, þróun og hönnun fjölmargra tölvukerfa og upptöku nýrrar og umfangsmeiri tollskrár, enda hefur tollskrá ESB um tvöfalt fleiri tollnúmer en íslenska tollskráin. Þetta verkefni yrði að líkindum eitt það stærsta sem ráðast þyrfti í fyrir inngöngu. Rétt er þó að hafa hugfast, að á móti auknum kostnaði vegna breyttrar og flóknari tollframkvæmdar gagnvart þriðju ríkjum og nýrra kerfa yrði væntanlega hægt að ná fram sparnaði vegna einfaldari tollframkvæmdar í viðskiptum við aðildarríki ESB, þaðan sem meiri hluti utanríkisviðskipta Íslands kemur. Mikilvægustu hagsmunir Íslands varðandi tolleftirlit snúa að eftirlitsmöguleikum tollyfirvalda. Upplýsingar til áhættugreiningar yrðu takmarkaðri að því er varðar tolleftirlit á innri landamærum ríkja ESB. Því er mikilvægt að tollyfirvöld tryggi sem best aðgengi að upplýsingum um innflutning án þess að hindra frjálst flæði vöru og auki samstarf við erlend löggæslu- og tollyfirvöld. Í þessu skyni hefur m.a. verið horft til sænskrar löggjafar um eftirlit með innri landamærum.

3.6.6. Lagamál

Ólíkt öðrum samningahópum hefur samningahópur um lagaleg málefni ekki það meginhlutverk að greina löggjöf ESB á tilteknum sérsviðum. Hlutverk hópsins lýtur einkum að verkefnum sem koma til á síðari stigum undirbúningsferlisins, þ.e. að undirbúa og yfirfara samningsdrög þegar þau liggja fyrir og styðja við starf samninganefndarinnar og störf annarra hópa með lagalegri ráðgjöf um mótun samningsafstöðu og einstök álitaefni. Einnig mun hópurinn taka að sér greiningu lagalegra úrlausnarefna sem samninganefndin felur honum að vinna.

Meginverkefni samningahóps um lagaleg málefni hafa fram til þessa lotið að ýmiss konar undirbúningi fyrir það starf sem framundan er. Jafnframt hefur hópurinn tekið til skoðunar atriði sem varða sérstöðu Íslands sem eyríkis, þá sérstaklega m.t.t. fjarlægðar frá mörkuðum, strjálbýlis og erfiðra ræktunarskilyrða vegna veðurfars og hrjóstrugs landslags.

3.6.7. Efnahags- og peningamál

Samningahópurinn um gjaldmiðilsmál fjallar um 17. kafla samningaviðræðnanna við ESB um stefnu í efnahags- og peningamálum. Er efni kaflans nær alfarið utan við gildissvið EES-samningsins. Helsta verkefni samningahópsins hefur verið að bera saman löggjöf Íslands og ESB á þessu sviði. Þær gerðir ESB sem falla undir 17. kafla eru um 400 talsins. Umfjöllunin hefur verið skipt í fjóra hluta til hægðarauka: a) gerðir sem fjalla um almenna stjórn efnahagsmála eftir inngöngu í ESB, b) gerðir sem varða einkum stefnuna í efnahags- og pen-

ingamálum fram að upptöku evru, c) gerðir sem eiga við eftir upptöku evru og d) gerðir um upplýsingaöflun, uppgjörskerfi o.fl.

Samningahópurinn hefur lokið greiningu á löggjöf Íslands og ESB og hefur skilað greinargerð með helstu niðurstöðum sínum til samninganefndar. Var fyrri rýnifundur haldinn um miðjan mars sl. og verður sá síðari haldinn um miðjan þennan mánuð. Þar munu íslensk stjórnvöld kynna hvernig staðið verður að upptöku gerða 17. kaflans í íslenskt lagaumhverfi og hvernig kröfur um samstarf á sviði efnahags- og peningamála verða uppfylltar af hálfu íslenskra stjórnvalda. Jafnframt verður á þeim fundi greint frá þeim atriðum sem samningahópurinn telur að þurfi að halda til haga í komandi samningaviðræðum í samræmi við álit meiri hluta utanríkismálanefndar.

Í áliti framkvæmdastjórnar ESB á aðildarumsókn Íslands frá febrúar 2010 kemur fram að töluvert beri á milli í löggjöf Íslands og ESB á sviði efnahags- og peningamála. Því þurfi að gera einhverjar breytingar á íslenskum lögum gerist Ísland aðili að ESB. Á það einkum við um breytta löggjöf sem miði að því að tryggja betur sjálfstæði Seðlabanka Íslands. Í álitinu segir að verði ráðist í nauðsynlegar aðgerðir í þessa veru, verði þátttaka Íslands í Efnahags- og myntbandalagi Evrópu (*e. Economic and Monetary Union – EMU*) ekki vandamál og ætti Ísland því að geta tekist á hendur þær skuldbindingar sem aðild hefði í för með sér.

Auk þess að styrkja sjálfstæði Seðlabanka Íslands, gangi Ísland í ESB, er talið líklegt að auka þurfi fjárhagslegt sjálfstæði bankans, t.d. við gerð fjárhagsáætlunar og með skýrari bókhaldsreglum. Í álitinu er tekið fram að Seðlabanka Íslands sé ekki heimilt að leggja hinu opinbera til beint fjármagn og að hið opinbera skuli ekki hafa sérstakan aðgang umfram aðra að fjármálastofnunum. Þá muni þurfa að skerpa á því í lögum um Seðlabankann að bankinn styður ekki við ógjaldfærar fjármálastofnanir nema í þeim tilvikum sem bankinn telst vera milliliður fyrir ríkið. Við aðild Íslands að ESB þyrfti einnig að gera breytingar á reglum um bindiskyldu og rammareglum um viðskipti við fjármálafyrirtæki og umgjörð. Einnig þyrfti að móta markmið opinberra fjármála í samræmi við kröfur sambandsins. Undirbúningur fyrir upptöku evru eftir inngöngu í ESB myndi jafnframt þýða nokkrar breytingar á kerfum, skýrslugerð, hagtölugerð o.s.frv. sem hefði einhvern kostnað í för með sér.

Enda þótt gjaldeyrishöft falli ekki beint undir 17. kafla í regluverki ESB eru þau þó nátengd efni hans þar sem þau eru hluti af þeirri gengis- og peningastefnu sem nú er fylgt. Afnám gjaldeyrishafta hefur verið forsenda fyrir inngöngu í ESB á seinni árum. Því munu gjaldeyrishöftin óhjákvæmilega koma til umfjöllunar í samningaviðræðunum, þ. á m. hugsanleg aðstoð ESB og Seðlabanka Evrópu við að aflétta þeim. Þá er það eitt megin hlutverk samningahópsins að leita eftir samkomulagi við ESB og Seðlabanka Evrópu sem fyrst þannig að Ísland geti við fyrsta tækifæri hafið þátttöku í gengissamstarfi Evrópu (*e. Exchange Rate Mechanism – ERM II*). Ríki þurfa að hafa tekið þátt í ERM II í a.m.k. tvö ár áður en þau taka upp evruna.

Varðandi þær breytingar sem orðið hafa á stefnu ESB í efnahags- og peningamálum á síðastliðnu ári, ber hæst að á leiðtogafundi ESB í mars sl. var samþykkt að gera breytingar á Stöðugleikasáttmála ESB (*e. Pact for Stability and Growth*) sem setur aðildarríkjunum strangari viðmið í efnahagsmálum, einkum í ríkisfjármálum. Þá munu vera gerðar lítilsháttar breytingar á Lissabon-sáttmála ESB sem fela í sér stofnun björgunarsjóðs til aðstoðar ríkjum í efnahagserfiðleikum. Mun sjóðurinn, sem kallaður er Evrópski stöðugleikasjóðurinn (*e. European Stability Mechanism – ESM*), leysa af hólmi núverandi stöðugleikasjóð (*e. European Financial Stability Facility – EFSF*) árið 2013. Leiðtogafundurinn í mars sl. samþykkti jafnframt stofnun sérstaks Evrusáttmála (*e. Euro Plus Pact*) um nánara samstarf evru-

ríkjanna í efnahagsmálum. Auk evruríkjanna sautján ákváðu Búlgaría, Danmörk, Lettland, Litháen, Pólland og Rúmenía að eiga aðild að sáttmálanum. Allar þessar breytingar miða að því að styrkja evrusvæðið og yfirvinna þá erfiðleika sem að því hafa steðjað eftir alþjóðlegu fjármálakreppuna.

3.6.8. Utanríkismál

Samningahópurinn um utanríkisviðskipti, utanríkis- og öryggismál lauk rýningu á löggjöf ESB á sviði utanríkismála í lok árs 2010. Um er að ræða 30. og 31. samningskafla. Rýndar voru rúmlega 4.000 gerðir af regluverki ESB á sviði sameiginlegrar viðskiptastefnu ESB, sameiginlegrar utanríkis- og öryggisstefnu ESB og stefnu ESB á sviði þróunarsamvinnu og neyðar- og mannúðaraðstoðar. Í kjölfarið var unnið að greinargerðum um fyrrgreind svið sem teknar hafa verið til umfjöllunar í samningahópnum og kynntar fyrir samninganefnd. Rýnifundum með framkvæmdastjórn ESB lýkur um miðjan maí.

Sameiginleg viðskiptastefna ESB

Sameiginleg viðskiptastefna ESB fjallar m.a. um viðskipti við ríki utan ESB og gerð viðskiptasamninga við þriðju ríki. Við aðild að Evrópusambandinu yrði Ísland þátttakandi í hinni sameiginlegu viðskiptastefnu sambandsins. Í áliti framkvæmdastjórnar ESB um aðildarumsókn Íslands frá febrúar 2010 kemur fram að Ísland þurfi vegna þessa að segja upp öllum gildandi fríverslunarsamningum sínum við þriðju ríki og endurskoða aðra samninga þannig að þeir samræmist regluverki ESB. Ísland mun einnig þurfa að taka upp alla samninga ESB á sviði alþjóðaviðskipta, sem og reglum sambandsins á þessu sviði. Enda þótt fríverslunarsamninganet Íslands annars vegar og ESB hins vegar nái í flestum tilvikum til sömu ríkja og veiti sambærilegan markaðsaðgang fyrir helstu útflutningsafurðir Íslands, er það ekki algilt. Því gæti orðið einhver breyting á markaðsaðgangi fyrir íslensk fyrirtæki í viðskiptum við ríki utan sambandsins ef til aðildar kemur. Í samræmi við erindisbréf samningahópsins verður, áður en kemur að mótun samningsafstöðu Íslands, unnið að því að greina markaðsaðgang á sviði vöruviðskipta að mikilvægustu markaðssvæðunum fyrir íslenskar útflutningsvörur og markaðsaðgangur hvað varðar þjónustuviðskipti skoðaður nánar.

Stefna ESB á sviði þróunarsamvinnu og neyðar- og mannúðaraðstoðar

Þróunarsamvinna er lykilþáttur í stefnu ESB en hún byggist á alþjóðlegum samþykktum og yfirlýsingum. Markvisst hefur verið unnið að því að bæta árangur þróunarsamvinnunnar með aukinni samhæfingu og samræmingu milli aðildarríkja ESB og var samkomulag þess efnis samþykkt í lok árs 2005. Í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar og erindisbréfi samningahópsins kemur fram að áherslur og markmið Íslands í þróunarsamvinnu falli að stefnu og markmiðum ESB.

Evrópusambandið og aðildarríki þess eru stærstu veitendur þróunaraðstoðar í heiminum og veittu samtals 56% af heildarframlögum til opinberrar þróunaraðstoðar á árinu 2009. ESB-ríkin hafa sett sér það markmið að á árinu 2015 muni framlög þeirra nema 0,7% af vergum þjóðartekjum. Þá skal um helmingur framlaganna renna til ríkja í Afríku. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2010 námu framlög Íslands til þróunarsamvinnu 0,28% af vergum þjóðartekjum, sem mun lækka í 0,22% á árinu 2011 samkvæmt fjárlögum og nýjustu hagspá. Þingsályktunartillaga utanríkisráðherra, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, gerir ráð fyrir að Ísland nái 0,7% markmiðinu á árinu 2021. Á árinu 2010 runnu 55% framlaga Íslands til Afríkulanda sunnan Sahara, sem er umfram markmið ESB ríkjanna. Í framvinduskýrslu

ESB segir að Ísland þurfi að grípa til aðgerða til að tryggja að ekki verði enn frekar dregið úr opinberri þróunaraðstoð Íslands en var á árinu 2010.

Sameiginleg utanríkis- og öryggisstefna ESB og sameiginleg öryggis- og varnarstefna ESB

Sameiginleg utanríkis- og öryggisstefna ESB (CFSP) grundvallast á því að standa vörð um sameiginleg gildi og hagsmuni sambandsins í samræmi við meginreglur stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og að tryggja öryggi aðildarríkja sambandsins með því að stuðla að friði á alþjóðavettvangi. Lissabon-sáttmáli ESB kveður á um að sameiginleg öryggis- og varnarstefna ESB verði órjúfanlegur hluti sameiginlegrar utanríkis- og öryggisstefnu sambandsins.

Sameiginlega öryggis- og varnarstefnan (CSDP) gengur aldrei framar stefnu hvers ríkis í öryggis- og varnarmálum. Hvert aðildarríki ákveður sjálft hvort það tekur þátt í samvinnu á sviði varnarmála, friðargæsluverkefnum eða í Evrópsku varnarmálastofnuninni. Í sáttmálanum um ESB er hvorki gert ráð fyrir samevrópskum her né herskyldu af neinu tagi, auk þess sem hvert aðildarríki ákveður á grundvelli eigin laga hvort það taki þátt í hernaðaraðgerðum. Verkefni ESB í þágu friðar fela í sér mannúðaraðstoð, björgunaraðgerðir, varnir gegn átökum, friðargæslu, stjórnun hættuástands, friðarumleitanir og stöðugleikaaðgerðir að loknum átökum. Almennt falla verkefni ESB vel að stefnu íslenskra stjórnvalda hvað varðar þátttöku í fjölþjóðlegum aðgerðum á sviði friðargæslu og mannúðarmála og starfsemi Íslensku friðargæslunnar. Aðildarríkin tilnefna sérstaklega starfslið til starfa í hverju verkefni fyrir sig.

Ísland tekur þátt í pólitísku samráði við ESB á grundvelli samkomulags á milli EFTA-ríkjanna innan EES og ESB og gefst EFTA-ríkjunum innan EES tækifæri til að taka undir yfirlýsingar ESB á sviði utanríkismála, hvort sem þær eru gefnar út í Brussel eða á vettvangi alþjóðastofnana. Nánar er fjallað um samstarf við ESB um utanríkis-, öryggis- og varnarmál í kafla 4.5.1.

Með Lissabon-sáttmálanum var sett á fót nýtt embætti æðsta talsmanns stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum og voru einnig lögð drög að utanríkisþjónustu sambandsins sem heyrir undir þetta nýja embætti. Utanríkisþjónusta ESB var formlega sett á laggirnar 1. desember sl. Það er sjálfstæð eining sem liðsinnir og starfar fyrir embætti talsmanns utanríkismála, framkvæmir sameiginlegu utanríkis- og öryggisstefnu ESB og önnur svið utanríkistengsla ESB. Utanríkisþjónustan starfar með sendiskrifstofum aðildarríkjanna og samanstendur af fulltrúum frá skrifstofum ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, auk fulltrúa úr utanríkisþjónustum aðildarríkjanna. Framundan er að meta með hvaða hætti utanríkisþjónusta ESB myndi nýtast íslenskum hagsmunum á erlendri grundu, þ. á m. í þjónustu við íslenska ríkisborgara.

Í erindisbréfi samningahópsins um utanríkisviðskipti og utanríkis- og öryggismál segir að álit utanríkismálanefndar skuli liggja til grundvallar í samningaviðræðunum. Því verður lögð áhersla á sjónarmið sem getið er um í áliti nefndarinnar, þ.e. að Ísland verði áfram herlaust land og friðsamt; að tryggt verði að Ísland haldi skilyrðislausu forræði sínu yfir öryggis- og varnarmálum og að því sé í sjálfsvald sett innan síns ramma hvort og þá að hve miklu leyti það kýs að taka þátt í samstarfi ESB á sviði utanríkis- og öryggismála; að herskylda verði ekki tekin upp á Íslandi; að Ísland eigi að kjósa að standa utan þátttöku í Evrópsku varnarmálastofnuninni enda sé þátttaka í henni valkvæð; og að áherslur og markmið Íslands í þróunarsamvinnu falli að stefnu og markmiðum ESB. Í skriflegri yfirlýsingu Íslands, sem lögð var fram á ríkjaráðstefnunni um opnun viðræðna um aðild Íslands að ESB

27. júlí 2010, eru þessi sjónarmið áréttuð en þar kemur fram að ríkisstjórnin hyggist taka þátt í sameiginlegri utanríkis- og öryggisstefnu ESB og sameiginlegri öryggis- og varnarstefnu sambandsins ef til aðildar kemur. Þó skuli tryggt að ákvarðanir um málefni er snerta öryggi og varnir verði áfram í höndum aðildarríkjanna. Jafnframt segir að Ísland sé stolt af þeirri hefð að vera herlaust land og að það muni ekki koma upp her í framtíðinni. Því þurfi að horfa á tengsl við Evrópsku varnarmálastofnunina í því ljósi.

3.6.9. EES I

Samningahópur EES I fjallar um eftirfarandi kafla í samningaferlinu: 1. kafla um frjálsa vöruflutninga, 5. kafla um opinber innkaup, 7. kafla um hugverkarétt, 8. kafla um samkeppni, 12. kafla um matvælaöryggi, 15. kafla um orku, 18. kafla um hagskýrslugerð og 20. kafla um atvinnu- og iðnstefnu.

Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu hefur Ísland þegar innleitt stærstan hluta löggjafar ESB sem fellur undir þessa kafla. Framkvæmdastjórnin telur að málefni 1., 5., 7. og 8. kafla séu að fullu innan EES-samningsins. Rýnifundum með framkvæmdastjórninni um þessa kafla er lokið og munu samningaviðræður að mestu snúast um þær sérlausnir sem samið hefur verið um á grundvelli EES-samningsins og möguleikana á að fá þær staðfestar í aðildarsamningi. Flestar þessara sérlausna eru tæknilegs eðlis. Í viðræðunum verður einnig fjallað um þau atriði sem nefnd eru í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar og heyra undir þessa kafla, þ.e. einkasölu ríkisins á áfengi og tóbaki annars vegar og rekstrarform Íbúðalánasjóðs hins vegar. Í samningsafstöðu sem kynnt hefur verið ESB vegna 8. kafla um samkeppnismál er lögð áhersla á að Ísland hyggist viðhalda núverandi fyrirkomulagi á verslun með áfengi og tóbak, enda samræmist það regluverki ESB. Að því er varðar málefni Íbúðalánasjóðs er lögð áhersla á að tryggja tilvist opinbers félagslegs íbúðalánasjóðs.

Það er mat framkvæmdastjórnarinnar að önnur málefni sem heyra undir samningahópinn séu aðeins innleidd að hluta. Rýnifundum um 12. kafla um matvælaöryggi er lokið en af þeim köflum sem heyra undir samningahópinn er það einkum sá kafli sem kallar á efnislegar samningaviðræður. Undir hann falla m.a. viðskipti með lifandi dýr en sá málaflokkur fellur utan EES-samningsins. Á sviði 15. kafla um orku eru það einkum reglur ESB um lágmarksolíubirgðir ríkja sem falla utan EES-samningsins. Á sviði hagskýrslugerðar fjallar mikilvægasta gerðin utan EES-samningsins um tölfræði vegna vöru- og þjónustuviðskipta milli aðildarríkjanna. Gerðin felur í sér uppsetningu á svokölluðu Intrastat-kerfi til að halda utan um viðskipti með vörur og þjónustu innan ESB þar sem notkun tollskýrslna til að afla hagtalna yrði ekki möguleg eftir inngöngu í ESB. Ísland hefur þegar lagt fram samningsafstöðu um 5. kafla um opinber innkaup.

3.6.10. EES II

Samningahópur um EES II fjallar um eftirfarandi kafla í samningaferlinu: 2. kafla um frjálsa för vinnuafls, 3. kafla um staðfesturétt og þjónustu, 4. kafla um frjálsa fjármagnsflutninga, 6. kafla um félagarétt, 9. kafla um fjármálaþjónustu, 10. kafla um upplýsingatækni og fjölmiðla, 14. kafla um flutningaþjónustu, 19. kafla um félags- og atvinnumál, 21. kafla um evrópsk samgöngunet, 25. kafla um vísindi og rannsóknir, 26. kafla um menntun og menningu, 27. kafla um umhverfismál og 28. kafla um neytenda- og heilsuvernd.

Ísland hefur nú þegar með aðild sinni að Evrópska efnahagssvæðinu innleitt að mestu löggjöfina sem fellur undir flesta þessara kafla. Framkvæmdastjórn ESB telur að málefni 2., 3., 4., 6., 9., og 10. kafla séu að fullu innan EES-samningsins. Rýnifundum með framkvæmda-

stjórninni um þessa kafla er lokið og munu samningaviðræður að mestu snúast um þær fáu sérlausnir sem eru hluti EES-samningsins og möguleikana á að fá þær staðfestar í aðildarsamningi, t.d. varðandi erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi.

Um önnur málefni sem heyra undir samningahópinn er það mat framkvæmdastjórnarinnar að þau hafi aðeins verið innleidd að hluta. Rýnifundum um 19., 25., 26., og 27. kafla er lokið og er það einna helst 27. kafli um umhverfismál sem kallar á efnislegar samningaviðræður. Undir hann falla t.d. reglur um náttúruvernd sem standa alfarið utan EES-samningsins.

Samningahópur EES II og samningahópur um sjávarútvegsmál hafa haft með sér samráð að því er varðar fjárfestingar í sjávarútvegi (fellur undir 3. og 4. kafla) og nýtingu sjávarspendýra (fellur undir 27. kafla). Enn fremur hafa samningahópur EES II og samningahópur um landbúnaðarmál haft með sér samráð að því er varðar fjárfestingar í bújörðum (fellur undir 3. og 4. kafla).

Framkvæmdastjórnin hefur þegar sent frá sér rýniskýrslu um þrjá málaflokka, þ.e. um 10. kafla um upplýsingatækni og fjölmiðla, um 25. kafla um vísindi og rannsóknir og um 26. kafla um menntun og menningu. Hefur Ísland þegar kynnt samningsafstöðu í þessum köflum.

3.7. Aðstoð ESB vegna aðildarumsóknar

Allt frá því að stækkun ESB til austurs hófst á síðari hluta níunda áratugarins hefur sambandið veitt ríkjum sem sótt hafa um aðild faglegan og fjárhagslegan stuðning í umsóknarferlinu. Tilgangurinn er að koma til móts við þann kostnað sem kann að falla til í umsóknarríkinu vegna samningaferlisins og væntanlegrar aðildar, og jafnframt að aðstoða hin verðandi aðildarríki við að byggja upp getu til þess að taka virkan þátt og njóta góðs af samstarfsáætlunum ESB. Frá árinu 2006 hefur allur stuðningur af þessu tagi verið sameinaður í einum sjóði sem kallaður er IPA (*e. Instrument for Pre-Accession Assistance*).

Stuðningur úr sjóðnum fer fram á grundvelli rammasamnings sem gerður er á milli viðkomandi ríkis og framkvæmdastjórnar ESB þar sem helstu markmið og viðmið eru sett fram og reglur um samvinnu eru skýrðar. Í sinni einföldustu mynd er stuðningurinn af tvennum toga: Í fyrsta lagi á grundvelli landsáætlunar til eins eða fleiri ára í senn, þar sem skilgreint er hvernig unnið er að því að ná einstökum markmiðum sem tilgreind eru ásamt viðmiðum um árangur. Í öðru lagi er í boði svokölluð TAIEX-aðstoð (*e. Technical Assistance and Information Exchange Instrument*) sem getur t.d. gagnast ráðuneytum, opinberum stofnunum, sveitarfélögum, Alþingi, dómstólum, aðilum vinnumarkaðarins o.fl.

Til grundvallar allri IPA-aðstoð er lögð svokölluð heildaráætlun fyrir hvert umsóknarríki, sem framkvæmdastjórnin útbýr að höfðu samráði við og á grundvelli óska frá viðkomandi ríki. Þar kemur fram hversu hátt heildarframlag ESB verður, hvert sé meginmarkmið með stuðningnum og upplýsingar um helstu tegundir verkefna sem styrkt verða. Öll aðildarríki ESB þurfa að samþykkja þessa grófu áætlun.

Tvö meginmarkmið hafa verið skilgreind fyrir aðstoðina við Ísland. Fyrra markmiðið lýtur að því að styrkja stjórnsýsluna hér á landi til að hún geti tekist á við þær breytingar sem innleiðing ESB-löggjafarinnar hefur í för með sér, verði aðild samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Síðara markmiðið felur í sér að undirbúa jarðveginn fyrir þátttöku í sjóðum og samstarfsáætlunum sem Ísland hefur ekki tekið þátt í á grundvelli EES-samningsins. Þar munar mest um svokallaða uppbyggingarsjóði ESB sem styðja við atvinnu- og byggðaþróun og eflingu mannauðs og vinnumarkaðar. Einnig eru sjóðir tengdir fiskveiðum og atvinnuþróun í dreifbýlum landbúnaðarsvæðum, auk margra smærri samstarfsáætlana sem mikilvægt er að íslensk stjórnsýsla kynni sér sem best til þess að geta nýtt þau tækifæri sem þar felast.

Verkefni geta verið margs konar og misjafnt er hvernig mótframlagi verður háttað. Samkvæmt reglum um IPA eru styrkir sem snúa að fjárfestingum bundnir a.m.k. 15% mótframlagi. Beinir styrkir kalla á a.m.k. 10% mótframlag frá umsóknarríki. Önnur verkefni lúta ekki reglum um lágmarks mótframlag en þar ráða áherslur stjórnvalda viðkomandi umsóknarríkis mestu um hvort greitt er mótframlag.

TAIEX-stuðningur er fólginn í því að aðildarríkin og stofnanir ESB gefa umsóknarríkjum kost á því að fá senda sérfræðinga á einstökum samningssviðum til ráðgjafar um regluverk ESB og framkvæmd þess. Heimsóknir íslenskra aðila í sama tilgangi til evrópskra sérfræðinga teljast einnig til TAIEX-aðstoðar og sama á við um ráðstefnur þar sem sérfræðingar skýra og fjalla um málefni sem snerta samningaviðræðurnar á einhvern hátt. TAIEX-stuðningur er ekki fólginn í beinum fjárstuðningi og ekkert fé er greitt út til umsóknarríkis fyrir atbeina TAIEX. Framlagið er í formi mannauðs og kostnaður sem til fellur er greiddur af TAIEX.

TAIEX-aðstoð snýst þannig fyrst og fremst um ráðgjöf þar sem sérfræðingar frá stjórnsýslu aðildarríkja ESB miðla af þekkingu sinni á þeim sviðum sem Íslendingar óska eftir. Hún gefur jafnframt starfsmönnum stjórnsýslunnar tækifæri til að kynnast starfsháttum hjá aðildarríkjum ESB. TAIEX veitir þannig kjörið tækifæri til að bera saman starfshætti heima og erlendis með það fyrir augum að styrkja fagleg vinnubrögð í íslenskri stjórnsýslu og jafnframt efla þekkingu með hliðsjón af samningaviðræðum við ESB.

Nú þegar hafa margir nýtt sér TAIEX-aðstoðina. Hingað hefur komið fjöldi sérfræðinga til að veita ráðgjöf og sem hefur tekið þátt í málstofum og vinnufundum. Auk þess hafa íslenskir sérfræðingar átt vinnufundi með starfsfélögum sínum í aðildarríkjum ESB um sín sérsvið sem tengjast umsókn og aðild að sambandinu.

3.8. Skrefin framundan í umsóknarferlinu

3.8.1. Greining löggjafar

Gert er ráð fyrir að rýnifundum með framkvæmdastjórn ESB ljúki um miðjan júní nk. Eftir því sem rýniferlinu vindur fram hafa rýniskýrslur vegna einstakra kafla tekið að berast frá framkvæmdastjórn ESB. Þær skýrslur eru lagðar fyrir aðildarríkin til meðferðar en þau taka afstöðu til næstu skrefa í umsóknarferlinu á grundvelli þeirra. Jafnóðum og þessar skýrslur hafa borist hafa þær verið lagðar fyrir utanríkismálanefnd til upplýsingar, auk þess sem þær eru birtar á heimasíðu utanríkisráðuneytisins. Þess skal þó getið að ákveðinn hluti af sérhverri rýniskýrslu er einungis ætlaður aðildarríkjum ESB og kemur því ekki fyrir sjónir íslenskra stjórnvalda.

3.8.2. Mótun samningsafstöðu og opnun samningskafla

Að loknu rýniferlinu taka hinar eiginlegu samningaviðræður við. Á grundvelli rýniskýrslna munu aðildarríkin óska eftir því að Ísland leggi fram samningsafstöðu sína í einstökum samningsköflum. Aðildarríkin leggja til hvenær einstakir kaflar verða opnaðir til viðræðna og eftir atvikum á hvaða forsendum. Ekkert er því til fyrirstöðu að margir kaflar séu opnaðir samtímis. Þannig er ekki gengið til viðræðna kafla fyrir kafla heldur fer það eftir efni og aðstæðum. Stefnt er að því að fyrstu kaflarnir verði opnaðir í lok júní nk. á meðan Ungverjar fara með formennsku og að í formennskutíð Pólverja á síðari hluta þessa árs verði fleiri kaflar opnaðir. Áhersla er lögð á það af hálfu beggja aðila að flóknir og erfiðir kaflar komi til meðferðar sem fyrst í samningaferlinu.

Nokkur umræða hefur farið fram um möguleikann, sem almennt fyrirkomulag ESB fyrir aðildarviðræður býður upp á, að unnt sé að setja ákveðin viðmið fyrir opnun og lokun kafla. Mikilvægt er að hafa hugfast í þessu sambandi að sama ferli verður viðhaft fyrir Ísland og önnur umsóknarríki. Þannig getur ESB óskað eftir því að Ísland komi til móts við tiltekin viðmið áður en unnt verði að opna eða loka tilteknum köflum. Nánar er vikið að þessum þætti í kafla 3.11. Rétt er að hafa í huga að miðað við þau viðmið sem ESB hefur óskað eftir að Króatía uppfylli, má ætla að íslenskum stjórnvöldum verði t.d. gert að skýra nánar hvernig Ísland hyggist haga ákveðnum þáttum í undirbúningi mögulegrar aðildar, svo landið verði reiðubúið til að uppfylla skuldbindingar sínar frá fyrsta degi aðildar.

3.9. Kostnaður við umsóknarferlið og mögulega aðild

Með kostnaði við umsóknarferlið er átt við þann kostnað sem fellur til vegna þeirrar ákvörðunar Alþingis að sækja um aðild að ESB, hefja samningaviðræður og ljúka þeim. Rétt er að greina á milli kostnaðar af þessu tagi og kostnaðar sem kann að leiða af eiginlegri aðild, s.s. framlaga til ESB, nauðsynlegra breytinga í stjórnsýslunni, aðlögunar tölvukerfa, o.s.frv.

3.9.1 Kostnaður vegna umsóknarferlisins

Áliti meiri hluta utanríkismálanefndar fylgdi kostnaðaráætlun utanríkisráðuneytisins fyrir umsóknarferlið. Í henni var gert ráð fyrir að beinn kostnaður geti numið alls 990 m.kr. á tímabilinu 2009–2012. Þessi kostnaður er nú áætlaður 953 m.kr. að teknu tilliti til niðurskurðar á framlögum til þýðinga, sem er eftir niðurskurð 553 m.kr. á fjárlögum á ofangreindu tímabili. Heildarkostnaður við þýðingar er hins vegar meiri en upphaflega var búist við, en gert er ráð fyrir framlögum frá ESB fyrir því sem upp á vantar. Sem fyrr er gert ráð fyrir 300 m.kr. kostnaði hjá utanríkisráðuneytinu og um 100 m.kr. hjá öðrum ráðuneytum vegna ferðakostnaðar, ráðgjafar- og starfsmannakostnaðar og annarra kostnaðarþátta.

Kostnaðaráætlanir vegna umsóknarferlisins hafa staðist fram til þessa. Þó hafa útgjöld fallið til heldur síðar en gert var ráð fyrir í fyrstu. Ekki er útlit fyrir annað en að kostnaður við umsóknarferlið verði innan áætlunar. Stærsti kostnaðarliðurinn er þýðing á regluverki ESB. Gert er ráð fyrir að nokkrir tugir þýðenda á almennum markaði komi að verkinu á næstunni en útboð var haldið í upphafi þessa árs.

Umsóknarferlinu er þannig háttað að erfitt er að sjá nákvæmlega fyrir heildarkostnað vegna einstakra þátta. Mun hann m.a. velta á því hvernig viðræður þróast, hve langan tíma þær taka og hve flóknar þær kunna að verða. Kostnaðareftirlit utanríkisráðuneytisins með umsóknarferlinu er strangt og verður Alþingi gert viðvart ef útlit er fyrir að kostnaður verði meiri en gert var ráð fyrir.

3.9.2. Útgjöld vegna aðildar að ESB

Fjárframlög aðildarríkja ESB til sambandsins eru þríþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða tolla og aðflutningsgjöld af innflutningi frá ríkjum utan ESB. Í öðru lagi fær ESB fjárframlag sem reiknast sem tiltekið hlutfall af virðisaukaskattsstofni aðildarríkis. Í þriðja lagi og það sem þyngst vegur er fjárframlag sem reiknast sem tiltekið hlutfall af vergum þjóðartekjum hvers aðildarríkis. Heildarfjárframlög aðildarríkja mega ekki fara umfram 1,23% af heildarþjóðartekjum allra aðildarríkja ESB.

Lagt hefur verið lauslegt mat á hvert framlag Íslands til sambandsins gæti orðið komi til aðildar, miðað við árið 2009 og þær framlagsreglur sem þá voru í gildi gagnvart aðildarríkjum ESB. Samkvæmt því mati má ætla að framlag Íslands árið 2009 hefði verið tæpir 15

milljarðar kr., eða 1,22% af þjóðartekjum það árið, hefði Ísland verið aðili að sambandinu. Þegar þessar tölur eru skoðaðar er nauðsynlegt að hafa í huga að gera má ráð fyrir að meginhluti fjárframlaga til sambandsins muni skila sér til baka í formi framlaga til landbúnaðar og til verkefna sem snúa að dreifbýlisþróun, atvinnu- og byggðaþróun og rannsóknum. Eins og fram kemur í skýrslu Evrópunefndar frá 2007[2] er nettóframlag vel stæðra ríkja almennt hærra en þeirra sem lakara standa. Má taka dæmi af Finnlandi sem samkvæmt ofangreindri skýrslu greiðir meira til ESB en það fær til baka frá sambandinu. Er mismunurinn 0,25% af vergum þjóðartekjum landsins. Mat á raunkostnaði við aðild að ESB er ýmsum vandkvæðum bundið, enda verður niðurstaða varðandi marga þætti á tekjuhliðinni ekki ljós fyrr en að loknum samningum. Sé miðað við hlutfall Finna af þjóðartekjum má gera ráð fyrir að nettóútgjöld Íslands við aðild yrðu rúmlega 3 milljarðar króna sé árið 2009 lagt til grundvallar.

Til samanburðar má nefna að nettóútgjöld Íslands vegna EES-samningsins nema um 2 milljörðum króna á ári. Framlög Íslands vegna EES-samningsins nema 3,5 milljörðum að frádregnum u.þ.b. 1,5 milljarði sem er sú upphæð sem hefur skilað sér til baka frá Evrópusambandinu, aðallega í formi rannsóknarstyrkja, á grundvelli EES-samningsins. Þannig myndu nettóútgjöld Íslands við aðild að ESB aukast um 1 milljarð sé miðað við að nettóútgjöld Íslands yrðu svipuð og hjá Finnum.

Rétt er að ítreka að óvissa ríkir um ýmsa þætti þessarar útreikninga, sérstaklega hvað varðar tekjuhliðina, þar til aðildarviðræðum við ESB lýkur. Auk þess er ekki hægt að fullyrða að nettóútgjöld Íslands og Finnlands yrðu áþekk, þótt það megi teljast líklegt ef tekið er mið af legu, grunngerð og efnahagslegri stöðu þjóðanna tveggja.

Í ofangreindum útreikningum er ekki lagt mat á hin efnahagslegu áhrif af inngöngu í ESB og upptöku nýs gjaldmiðils. Óhætt er að fullyrða að verulegur efnahagslegur ávinningur muni hljótast af því að leggja niður minnsta sjálfstæða gjaldmiðil í heimi og fara yfir í fulla þátttöku í myntsamstarfi Evrópuríkjanna. Minna áhættuálag vegna myntarinnar og aðgengi að mun stærri fjárfestahóp myndi m.a. skila sér í betri vaxtakjörum fyrir Ísland sem numið gæti milljörðum króna árlega. Auk þess lækkar viðskiptakostnaður en það skiptir verulegu máli fyrir lítil opin hagkerfi. Nýlegar rannsóknir benda einnig til þess að utanríkisviðskipti og erlend fjárfesting aukist sem leggja myndi grunn að sjálfbærari hagvexti til framtíðar. Óvissa ríkir um endanlega tímasetningu á afnámi gjaldeyrishafta en afnám þeirra er eitt af skilyrðunum fyrir aðild að ESB. Reynsla ríkja sem gengið hafa í ESB frá árinu 2004 bendir til þess að afnám hafta í aðdragandi inngöngu í sambandið og upptöku evru sé auðveldara en þau telja í fyrstu. Því verður að telja líklegt að efnahagslegur ávinningur af inngöngu í ESB verði umtalsverður, þó umfang hans ráðist í grunninn af innlendri efnahagsstjórn.

3.10. Upplýsingamiðlun um ESB viðræðurnar

Í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar er skýrt kveðið á um að samningaferlið um aðild Íslands að ESB eigi að vera eins opið og gegnsætt og kostur er, og að upplýsingamiðlun til almennings eigi að vera fagmannleg og hlutlæg svo Íslendingar geti tekið upplýsta ákvörðun um aðild.

Utanríkisráðuneytið hefur fylgt þessari leiðsögn Alþingis í upplýsingamiðlun um samningaviðræðurnar. Áætlun utanríkisráðuneytisins í upplýsingamálum um umsókn Íslands um

---

[2] Tengsl Íslands og Evrópusambandsins. Skýrsla Evrópunefndar um samstarfið á vettvangi EES og Schengen og um álitaefni varðandi hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Forsætisráðuneyti, mars 2007.

aðild að ESB var kynnt samninganefnd Íslands í ágúst 2010 og utanríkismálanefnd í september sama ár. Hún byggir á því að sýna í verki það gegnsæi sem kallað er eftir í áliti Alþingis og að upplýsingar ráðuneytisins og aðalsamninganefndar byggi á staðreyndum. Þá er gert ráð fyrir samstarfi við hlutaðeigandi hagsmunaaðila og félagasamtök um allt land við miðlun upplýsinga.

Öll gögn sem tengjast umsókninni og undirbúningi samningaviðræðnanna hafa á þessum grunni verið birt á vefnum esb.utn.is. Eins hafa frásagnir af fundum samninganefndar og samningahópa verið birtar, sem og greinargerðir til undirbúnings rýnivinnu í einstökum samningsköflum. Þau gögn sem notuð voru á rýnifundunum sjálfum hafa einnig verið gerð opinber. Ætla má að gegnsæi af þessu tagi sé nánast einsdæmi í stækkunarferli ESB. Á upplýsingavefnum er samningaferlið sömuleiðis útskýrt, og gerð grein fyrir því með hvaða hætti íslensk stjórnvöld standa að samningunum, hverjir eru í samninganefndinni, hvernig samráði við Alþingi er háttað o.s.frv. Einnig er að finna lýsingu á viðfangsefni sérhvers kafla fyrirhugaðra viðræðna.

Eins og utanríkisráðherra boðaði í ræðu sinni á Alþingi 10. maí sl. hefur aðalsamningamaður Íslands, og eftir atvikum aðrir samninganefndarmenn og sérfræðingar úr einstökum samningahópum, haldið fundi um allt land með sveitarfélögum, hagsmunaðilum, frjálsum félagasamtökum og menntastofnunum. Með þátttöku í þessum fundum hefur utanríkisráðuneytið lagt sig fram við að mæta kröfu Alþingis um opið og gegnsætt samningaferli og jafnframt að sem breiðast samráð sé haft við viðkomandi hagsmunaaðila í samningaferlinu. Á fundum hefur verið gerð grein fyrir samningaferlinu og hagsmunum Íslands og spurningum svarað. Sem dæmi má nefna fundi með Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum sprotafyrirtækja, Alþýðusambandi Íslands og félögum þess víða um land, landshlutafélögum sveitarfélaga, vettvangi um skapandi greinar, Félagi kvenna í atvinnurekstri, Félagi Kúabænda á Suðurlandi og í Eyjafirði, auk námskeiðs á vegum Mímis- Símenntunar. Þá eru ótaldir fundir með fulltrúum Heimssýnar og Já Íslands en aðalsamningamaður hefur lagt sig fram um að veita þessum hreyfingum upplýsingar um stöðu mála og næstu skref.

Ljóst er af viðbrögðum við upplýsingastarfi utanríkisráðuneytisins sem að framan greinir að mikil spurn er eftir hlutlægum og vönduðum upplýsingum um samningaviðræðurnar framundan og um Evrópumálin almennt. Framundan er því áframhaldandi virk upplýsingamiðlun af hálfu utanríkisráðuneytisins um samningaviðræðurnar við ESB. Þá mun fyrirhuguð upplýsingamiðlun á vegum Alþingis verða mikilsvert framlag til þess að mæta þörfinni fyrir upplýsingar, sem og upplýsingastarf af hálfu menntastofnana, hagsmunahópa og félagasamtaka sem farið hefur vaxandi.

3.11. Undirbúningur aðildar

ESB leggur áherslu á að aðildarríki séu þegar við aðild tilbúin að taka á sig þær skuldbindingar sem samið hefur verið um í aðildarviðræðunum og uppfylla þær. Fylgst er með þróun mála í umsóknarríkjum meðan á aðildarviðræðum stendur í því skyni og getur ESB t.d. sett viðmið fyrir því að samningaviðræður hefjist um tiltekna kafla eða að þeim sé lokað. Með sama hætti má ganga út frá því að það sé skylda umsóknarríkja að tryggja að þau séu þess reiðubúin að axla þær skyldur og njóta þess ávinnings sem í aðild felst frá fyrsta degi.

Stækkun ESB 1995, 2004 og 2007

Við stækkun Evrópusambandsins árin 1995, 2004 og 2007 var ekki til staðar samsvarandi verklag af hálfu sambandsins og er í dag í aðildarviðræðum. Var á þeim tíma miðað við að

ný aðildarríki myndu hrinda í framkvæmd þeim breytingum sem gera þyrfti á grundvelli regluverks ESB á þann hátt sem samið hafði verið um í aðildarviðræðunum. Engin sérstök skilyrði eða viðmið (*e. benchmarks*) voru sett í því sambandi og skuldbindingin sem fólst í gerð aðildarsamnings var talin fullnægjandi. Var einstökum samningsköflum því lokað með ákveðinni samningsniðurstöðu sem m.a. fól í sér skuldbindingu viðkomandi ríkis um að innleiða regluverkið á þann hátt sem samið hafði verið um þannig að það væri komið til framkvæmda á fyrsta degi aðildar, væri ekki samið um annað. Var þar eðlilega um að ræða breytingar á reglum og stofnunum viðkomandi ríkja sem þurftu að vera til reiðu þegar þau gerðust formlega aðilar að sambandinu. Í austurstækkuninni árið 2004 varð þó sú breyting á að aðildarsamningur innihélt sérstakt öryggisákvæði sem unnt var að grípa til ef í ljós kæmi að eitthvert hinna nýju aðildarríkja fullnægði ekki skuldbindingum sínum, en þá var unnt að grípa til aðgerða á því afmarkaða sviði án þess að það frestaði aðildinni sem slíkri.

Þegar Búlgaría og Rúmenía gengu í ESB árið 2007 voru uppi ákveðnar efasemdir um, bæði í huga aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar, hvort nógu tryggilega væri búið um hnútana í tengslum við aðild nýrra ríkja. Þessar áhyggjur beindust einkum að því hvort þessi nýju ríki væru við aðild í raun og veru fullfær um að framfylgja regluverki ESB, líkt og um hafði verið samið, og standast þær grundvallarkröfur sem gerðar eru til aðildarríkja, svo sem á sviði dóms- og innanríkismála (nánar tiltekið dómskerfi, lögregla, barátta gegn spillingu, stríðsglæpir, almenn mannréttindi, réttur til verkfalla, vernd minnihlutahópa, o.s.frv.). Hið sama átti við um innviði nýrra aðildarríkja, svo sem varðandi afkastagetu stjórnsýslu og einstakra stjórnsýslustofnana, þ.m.t. dómstólar, ákæruvald og lögregla.

Þessi umræða leiddi til þess að aðildarríki ESB samþykktu á árinu 2006 nýja sameiginlega afstöðu um stækkunarferlið (*e. renewed consensus on enlargement*) þar sem aðildarviðræðum voru settar sérstakar meginlínur sem m.a. var ætlað að tryggja að ný aðildarríki væru í stakk búin til að framfylgja þeim skyldum sem þau hefðu tekið á sig með aðild að sambandinu. Þessu til viðbótar var lögð sérstök áhersla á að snemma í aðildarviðræðum væri tekist á við erfið atriði eins og endurbætur á stjórnsýslu og dómskerfi og baráttu gegn spillingu. Áhersla var lögð á að hraði aðildarviðræðna hverju sinni myndi ráðast af árangri í umbótum af þessu tagi og í því samhengi myndi ESB ekki huga að sérstökum tímasetningum fyrir aðild ríkis fyrr en viðræður væru komnar á lokastig. Í þessu nýja verklagi felst m.a. að ESB getur lagt til að viðræður um tiltekna samningskafla hefjist eða ljúki ekki fyrr en umsóknarríkið hefur komið til móts við ákveðin viðmið sem sett eru. Einnig er gert ráð fyrir að unnið sé að aðild einstakra ríkja á grunni ítarlegra áætlana sem m.a. lúta að því hvernig nýtt aðildarríki hyggst færa regluverk sitt að regluverki ESB og gera stofnanir sínar í stakk búnar til þess að taka að sér verkefni sem leiða af aðild.

Hafa ber í huga að stækkun ESB til austurs árin 2004 og 2007 fól í sér inngöngu tíu ríkja í Mið- og Austur-Evrópu sem í kalda stríðinu höfðu verið austan megin járntjaldsins, og höfðu því mikið verk að vinna við að breyta grundvallarþáttum í sínu þjóðskipulagi til að uppfylla nauðsynleg skilyrði lýðræðis, réttarríkis og frjáls markaðsbúskapar.

EES-ríkið Ísland

Ísland hefur á grunni EES-samningsins og Schengen-samstarfsins á undanförnum 17 árum fært regluverk sitt að regluverki ESB, ýmist að fullu eða að verulegum hluta, í 22 köflum af þeim 33 sem samið verður um. Ísland er því í allt annarri stöðu en önnur ríki sem eru nú í hópi umsóknarríkja eða verðandi umsóknarríkja og það m.a. staðfest í ýmsum skýrslum framkvæmdastjórnar ESB frá upphafi ferlisins, að Ísland er þegar mjög vel á vegi statt á öll-

um þeim sviðum sem lúta að grundvallarviðmiðum fyrir aðild að sambandinu. Hið sama gildir um stjórnsýsluna og innviði hennar.

Íslensk stjórnvöld miða ekki við annað í sínum undirbúningi en að ráðist verði í þær breytingar sem gera þarf vegna aðildar, að fenginni niðurstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að ESB. Þetta sjónarmið hefur þegar verið kynnt ESB. Verði það mat stjórnvalda að það þjóni hagsmunum Íslands að ráðast í afmarkaðan undirbúning fyrr vegna þess hve flókinn og tímafrekur hann er þá yrði það háð sérstakri ákvörðun sem tekin yrði í samráði við Alþingi. Er undirbúningur hafinn að nauðsynlegri greiningu í þessu sambandi.

Sé tekið mið af þessu og þeim kröfum sem gerðar hafa verið t.d. til Króatíu má ætla að viðmið að því er varðar Ísland geti aðallega orðið tæknilegs eðlis og lotið að framlagningu afmarkaðra upplýsinga um framkvæmd tiltekinna atriða, almennum undirbúningi á einstökum samningssviðum og áætlanagerð um það hvernig Ísland hyggist verða í stakk búið til þess að mæta kröfum sem gerðar eru til nýrra aðildarríkja á fyrsta degi aðildar. Ekki verður fyrirfram séð að það muni valda sérstökum erfiðleikum að gera þær breytingar sem á endanum kann að verða samið um, enda liggi til grundvallar fullnægjandi undirbúningur og áætlanagerð. Skiptir miklu máli í þessu sambandi að ekki er gerð krafa af hálfu ESB um að settar séu á fót nýjar stofnanir heldur er það sjálfstæð ákvörðun íslenskra stjórnvalda að finna þeim verkefnum sem af aðild leiða stað í íslenskri stjórnsýslu. Það getur gerst innan núverandi stofnanaramma hér á landi.

4. ALÞJÓÐA- OG ÖRYGGISMÁL

Virk og öflug þátttaka í alþjóðlegu samstarfi er nauðsynleg til að tryggja hagsmuni Íslands í samvinnu við aðrar þjóðir. Á alþjóðavettvangi leggja íslensk stjórnvöld ríka áherslu á að vernda og efla virðingu fyrir mannréttindum og kvenfrelsi, og stuðla að friði og afvopnun. Þetta eru lífsgildi sem Ísland vill halda á lofti í alþjóðlegu samstarfi og sem mikilvægt er að tryggja svo framfarir geti orðið. Skýr tengsl eru á milli virðingar fyrir mannréttindum og öryggi og stöðugleika. Hafa þau tengsl komið skýrt í ljós í þeirri öldu mótmæla sem hefur farið yfir arabaheiminn á undanförnum mánuðum, þar sem almenningur krefst lýðræðis, mannréttinda og efnahagslegs réttlætis.

Jafnrétti kynjanna er eitt af helstu áhersluatriðum ríkisstjórnarinnar og skipar baráttan fyrir auknum réttindum kvenna og kynjajafnrétti mikilvægan sess í alþjóðastarfi Íslands á sviði mannréttinda. Ísland hefur einnig beitt sér fyrir jafnrétti án tillits til kynhneigðar en réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender einstaklinga eru mjög víða fótum troðin og mikið verk framundan að eyða misrétti og fordómum í þeirra garð.

Orkumál, einkum nýting jarðhita, hafa verið umfangsmikil á vettvangi utanríkisþjónustunnar á tímabilinu. Mörg ríki sækjast eftir samvinnu við Ísland á þessu sviði, ekki síst þar sem þau sjá nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa sem hluta af lausn loftlagsvandans. Utanríkisþjónustan heldur einnig áfram að gegna lykilhlutverki í alþjóðasamstarfi um málefni hafsins í góðu samstarfi við aðra innlenda aðila. Mikilvægt starf á þessu sviði á sér stað á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra.

Sem fyrr grundvallast öryggi og varnir Íslands að mestu á tveimur meginstoðum, sem eru aðildin að Atlantshafsbandalaginu (NATO) og varnarsamningurinn við Bandaríkin. Á undanförnum misserum hefur jafnframt verið unnið að því að skjóta fleiri stoðum undir öryggis- og varnarsamstarf Íslands með breytt öryggisumhverfi í huga. Frá síðustu skýrslu um utanríkismál hefur dregið til tíðinda í þessum málaflokki. Varnarmálastofnun hefur verið lögð niður, ný grunnstefna Atlantshafsbandalagsins hefur verið samþykkt og Norðurlöndin hafa

samþykkt samstöðuyfirlýsingu. Utanríkisráðherra hefur lagt fram þingsályktunartillögu á Alþingi um að mótuð verði heildstæð þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland.

Óstöðugleiki og óöryggi í tilteknum löndum eða á ákveðnum svæðum getur haft áhrif langt út fyrir landamæri. Þetta hefur komið glögglega í ljós í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum að undanförnu. Annað dæmi er deila Ísraels og Palestínumanna sem mikilvægt er að falli ekki í skuggann vegna annarra atburða á svæðinu. Íslensk stjórnvöld styðja sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstætt ríki Palestínumanna.

Íslendingar hafa skilning á mikilvægi öflugrar aðstoðar þegar náttúruhamfarir skella á og hafa stjórnvöld því reynt að bregðast skjótt við í slíkum tilfellum. Þegar hinar miklu hamfarir urðu í Japan af völdum jarðskjálftans og flóðbylgjunnar 11. mars 2011, var japönskum stjórnvöldum strax boðin aðstoð. Jafnframt hófst umfangsmikið samráð við Íslensku alþjóðabjörgunarsveitina, Almannavarnir ESB, hjálparstofnanir og japanska sendiráðið í Reykjavík um það hvers konar aðstoð kæmi sér best við þessar aðstæður. Niðurstaðan var sú, að veita fjárframlag til aðstoðar í gegnum Rauða kross Íslands.

4.1. Mannréttindamál

Mannréttindi eru órjúfanlegur þáttur í utanríkisstefnu Íslands og samofin öllu alþjóðastarfi landsins. Ísland hefur fullgilt alla helstu alþjóðasamninga um mannréttindi og beitir sér fyrir aðild annarra ríkja að þessum samningum og fyrir framkvæmd þeirra. Nú er unnið að fullgildingu Íslands á valfrjálsri bókun við alþjóðasamninginn gegn pyntingum. Ísland styður áfram gerð valfrjálsrar bókunar við alþjóðasamninginn um réttindi barnsins.

Þegar mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna í Genf var sett á laggirnar á ný eftir endurskoðun árið 2006 var ákveðið að styrkja starfsemi ráðsins með því að setja af stað ferli þar sem staða mannréttinda í öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna yrði tekin til skoðunar á fjögurra ára fresti. Fyrsta umferð þessa ferlis hófst árið 2008 og lýkur á þessu ári. Fyrirtaka Íslands fer fram í október nk. Innanríkisráðuneytið sér um undirbúning íslenskra stjórnvalda vegna fyrirtökunnar en utanríkisráðuneytið situr í vinnuhópi margra ráðuneyta sem undirbýr þetta verkefni. Skýrsla Íslands verður lögð fram í júlí. Munu íslensk stjórnvöld leggja áherslu á náið samráð við frjáls félagasamtök á öllum stigum ferlisins sem og að það verði gegnsætt og að almenningi gefist kostur á að fylgjast með og taka þátt í ferlinu.

Utanríkisráðuneytið leggur mikið upp úr því að eiga gott samstarf við samtök, stofnanir og aðra aðila hér á landi sem sinna mannréttindastarfi. Má nefna að í desember á síðasta ári var endurnýjaður tveggja ára samstarfssamningur við Mannréttindaskrifstofu Íslands sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum, fræðslu og eflingu umræðu um mannréttindi á Íslandi.

4.1.1. Mannréttindastarf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

Meginþorrinn af mannréttindastarfi íslensku utanríkisþjónustunnar á sér stað á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra. Í ræðu sinni á allsherjarþingi SÞ í september 2010 lagði utanríkisráðherra megináherslu á mannréttindi. Beindi hann athyglinni einkum að Gasa og Íran, jafnréttismálum, réttindum samkynhneigðra, áhrifum loftslagsbreytinga á mannréttindi og ítrekaði þá afstöðu íslenskra stjórnvalda að aðgangur að hreinu drykkjarvatni og hreinlæti sé grundvallarmannréttindi sem beri að skilgreina sem slík.

Lagði utanríkisráðherra áherslu á að ekki væri unnt að fjalla um mannréttindi á vettvangi SÞ án þess að ræða mannréttindabrot Ísraelsmanna gagnvart Palestínumönnum, ekki síst íbúum Gasa-svæðisins. Alþjóðleg sérfræðinganefnd á vegum mannréttindaráðs Sameinuðu þjóð-

anna hefur nú staðfest að Ísrael hafi brotið alþjóðalög, þ.m.t. alþjóðleg mannúðar- og mannréttindalög með árás í maí 2010 á skipalest sem flutti hjálpargögn til íbúa Gasa, sem m.a. leiddi til dauða níu sjálfboðaliða. Íslensk stjórnvöld hafa einnig áréttað mikilvægi Goldstone-skýrslunnar, en þar var komist að þeirri niðurstöðu að gróf mannréttindabrot hafi verið framin á Palestínumönnum meðan á átökunum á Gasa stóð í desember 2008 og janúar 2009. Íslensk stjórnvöld hafa miklar áhyggjur af stöðu mannréttinda á hernumdu svæðunum, þ.m.t. í Austur-Jerúsalem.

Þriðja nefnd allsherjarþingsins

Í samræmi við áherslu íslenskrar utanríkisstefnu á mannréttindi er lögð þung áhersla á virka þátttöku í störfum þriðju nefndar allsherjarþingsins sem fjallar um mannréttindamál. Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum tók, á tímabilinu sem skýrslan tekur til, virkan þátt í samningaviðræðum um ályktanir Norðurlandanna og ályktanir sem varða réttindi kvenna og barna, virðingu fyrir mannréttindum í aðgerðum gegn hryðjuverkum, virðingu fyrir mannréttindum við réttarvörslu og ályktun um aftökur án dóms og laga. Fastanefndin tók einnig virkan þátt í undirbúningsferli fyrir umfjöllun allsherjarþingsins um endurbætur á mannréttindaráðinu, en hún hefst á vordögum að lokinni umfjöllun ráðsins sjálfs um starfshætti.

Hart var deilt um ýmis mál líkt og fyrri ár og venju samkvæmt var tekist á um ályktanir sem fjalla um stöðu mannréttinda í einstökum ríkjum, þ.e. Íran, Mjanmar/Búrma og Norður-Kóreu. Að þessu sinni bar Íran fram tillögu um að vísa frá ályktuninni um Íran, sem fastafulltrúi Íslands andmælti ásamt fastafulltrúa Kanada og var frávísunartillögunni hafnað á afgerandi hátt í atkvæðagreiðslu

Það er mat margra að átakalínur hafi að mörgu leyti skerpst í þriðju nefnd allsherjarþingsins. Vesturlandahópurinn og líkt þenkjandi ríki beita sér fyrir viðurkenningu á réttindum samkynhneigðra. Hópur íslamskra ríkja vill að tekið verði tillit til trúarbragða í umfjöllun um mannréttindi, en Vesturlandahópurinn leggur áherslu á að ekki megi réttlæta brot gegn mannréttindum, t.d. kvenréttindum, með tilvísun til trúarbragða. Afríkuhópurinn leggur áherslu á eftirfylgni við Durban-áætlunina í baráttunni gegn kynþáttafordómum, kynþáttamisrétti og útlendingahatri, og tengir aðgerðir gegn kynþáttamisrétti sem flestum málefnum nefndarinnar.

Mannréttindaráðið

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að endurskoðun á starfsháttum mannréttindaráðs SÞ en ljóst er að ekki er einhugur um róttækar breytingar. Tillögur að umbótum voru lagðar fram á fundi mannréttindaráðsins í Genf, sem fram fór í mars 2011, og verða sendar til New York til frekari umfjöllunar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, Navi Pillay, sótti Ísland heim í boði utanríkisráðherra í júní 2010. Auk viðræðna við utanríkisráðherra og innanríkisráðherra, svo og fulltrúa frjálsra félagasamtaka, ávarpaði hún opinn fund um mannréttindamál í Þjóðmenningarhúsinu. Heimsókn mannréttindafulltrúans vakti athygli í fjölmiðlum og beindi kastljósinu að stöðu mannréttindamála á Íslandi.

Martin Scheinin, sérstakur skýrslugjafi mannréttindaráðsins um virðingu fyrir mannréttindum í aðgerðum gegn hryðjuverkum, sótti Ísland heim í september 2010 og átti fundi með stjórnvöldum. Þar var áréttuð sú áhersla sem Ísland hefur beitt sér fyrir á alþjóðavettvangi, að baráttan gegn hryðjuverkum megi ekki leiða til þess að vikið sé frá meginreglum réttarrík-

isins. Rashida Manjoo, sérstakur skýrslugjafi mannréttindaráðsins í baráttunni gegn ofbeldi gegn konum, sótti Ísland heim í október á síðasta ári eins og fram kemur í kafla 4.1.2.

Á fundi mannréttindaráðsins í júní 2010 ræddi ráðið árásir Ísraelsmanna á tyrkneska skipalest sem flutti hjálpargögn til Gasa-svæðisins sem átti sér stað í maí sama ár. Fulltrúi Íslands flutti ræðu þar sem íslensk stjórnvöld fordæmdu árás Ísraelsmanna harðlega. Einnig upplýsti hann að utanríkismálanefnd Alþingis hefði rætt málið og ályktað um það og að það yrði rætt sérstaklega á Alþingi. Ísland átti ennfremur aðild að norrænni yfirlýsingu um aðgerðir gegn mæðradauða og sameiginlegri yfirlýsingu fjölda ríkja um sambærilegt efni. Þá tók Ísland þátt í yfirlýsingu fjölda ríkja, þar sem staða mannréttindamála í Íran var harðlega gagnrýnd.

Á fundi mannréttindaráðsins í september 2010 fluttu fulltrúar Íslands tvær ræður. Í fyrri ræðunni var áréttuð sú afstaða Íslands að rétturinn til vatns væri mannréttindi en Ísland var m.a. meðflutningsaðili að ályktun Þýskalands og Spánar um aðgang að drykkjarvatni og hreinlætisaðstöðu. Seinni ræðan varðaði málefni hinna hernumdu svæða Palestínu, þ.m.t. Austur-Jerúsalem, og lýsti Ísland verulegum áhyggjum af ástandi mála þar. Þá fagnaði Ísland eftirfylgni Goldstone-skýrslunnar, krafðist þess að herkvínni á Gasa yrði aflétt og lýsti m.a. stuðningi við niðurstöður rannsóknarskýrslu mannréttindaráðsins varðandi árásir Ísraelsmanna á tyrknesku skipalestina. Ísland tók einnig þátt í norrænni yfirlýsingu um réttindi frumbyggja.

Mannréttindaráðið hélt í desember 2010, sérstakan fund um ástandið á Fílabeinsströndinni í kjölfar kosninganna þar. Ráðið samþykkti ályktun þar sem mannréttindabrot á Fílabeinsströndinni í kjölfar kosninganna voru fordæmd. Ráðið fól skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna að vinna skýrslu um þessi mannréttindabrot sem gefin var út á vordögum 2011.

Sérstakur fundur mannréttindaráðsins var einnig haldinn í febrúar 2011 um ástand mála í Líbíu. Ísland var meðal þeirra ríkja sem beitti sér fyrir að fundurinn yrði haldinn. Ráðið samþykkti harðorða ályktun, sem Ísland var meðflutningsaðili að, þar sem mannréttindabrot líbískra stjórnvalda voru harðlega gagnrýnd, s.s. vopnaðar árásir gegn borgurum landsins, aftökur án dóms og laga, handtökur og pyntingar, en kerfisbundnir glæpir af þessu tagi eru skilgreindir sem glæpir gegn mannkyni. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti samhljóða 1. mars 2011 að víkja Líbíu úr mannréttindaráðinu um óákveðinn tíma. Var Ísland meðflutningsaðili að ályktuninni.

Sérstakur fundur mannréttindaráðsins var einnig haldinn í Genf í lok apríl 2011, þar sem fjallað var um hið alvarlega ástand mannréttindamála í Sýrlandi og minnt á þá skyldu allra ríkja að efla og verja grundvallarmannréttindi borgaranna. Mannréttindaráðið samþykkti sérstaka ályktun, sem Ísland var meðflutningsaðili að. Ráðið beindi þeim tilmælum til stjórnvalda í Sýrlandi að láta tafarlaust af mannréttindabrotum gegn borgurum landsins sem efnt hefðu til friðsamlegra mótmælaaðgerða og að stjórnvöld virtu kröfur og væntingar borgaranna um aukið frelsi og lýðræðislegt stjórnarfar. Morð, handtökur og pyntingar friðsamra mótmælenda undanfarnar vikur í Sýrlandi voru harðlega fordæmdar um leið og þess var krafist að allir samviskufangar yrðu tafarlaust látnir lausir. Einnig var gerð krafa um að þeir sem ábyrgð beri á morðum og mannréttindabrotum verði látnir svara til saka. Vernd mannréttindafrömuða verði tryggð svo og tjáningarfrelsið, netnotkun verði heimiluð, ritskoðun aflétt og erlendum fréttamönnum verði heimilað að starfa frjálsir í landinu. Jafnframt var þeim tilmælum beint til mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna að send yrði sendinefnd til Sýr-

lands til að kanna stöðu mannréttinda í landinu og þess vænst að stjórnvöld í Sýrlandi ættu fullt samstarf og samráð við mannréttindafulltrúann þar um.

4.1.2. Jafnréttismál

Jafnrétti kynjanna er eitt af helstu áhersluatriðum ríkisstjórnarinnar og skipar baráttan fyrir auknum réttindum kvenna og kynjajafnrétti mikilvægan sess í alþjóðastarfi Íslands á sviði mannréttinda.

Síðustu ár hefur aukinn þungi verið lagður á jafnréttismál í utanríkisstefnu Íslands. Einkum hefur valdeflingu kvenna verið gefinn sérstakur gaumur og mikilvægi þess að konur taki þátt í ákvarðanatöku, t.d. hvað varðar friðarviðræður og uppbyggingu eftir stríð, sem og loftslagsbreytingar.

Í starfsemi utanríkisþjónustunnar er það meginregla að starfsmenn leiti leiða til að vinna að framgangi jafnréttismála. Einkum vinnur utanríkisþjónustan að framgangi jafnréttismála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra, sem og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), Atlantshafsbandalagsins, Evrópuráðsins, Alþjóðabankans og á sviði þróunarsamvinnu. Í kafla 5 má lesa um jafnréttisverkefni í þróunarsamvinnu Íslands.

Ísland hefur einnig lagt mikla áherslu á jafnréttismál í tvíhliða samskiptum við einstaka ríki. Hefur utanríkisráðherra t.d. ritað bréf til utanríkisráðherra annarra landa til að lýsa áhyggjum af stöðu kvenna, þ.m.t. í Afganistan og Íran. Hefur hann einnig látið einstök mál þar sem réttindi kvenna hafa ekki verið virt til sín taka. Má þar nefna mál frú Sakineh Mohammadi Ashtiani, íranskrar konu sem óttast var að yrði grýtt til dauða.

UN Women og Sameinuðu þjóðirnar

Um áramótin sameinuðust þær fjórar stofnanir sem áður unnu að jafnréttismálum innan Sameinuðu þjóðanna undir nýrri stofnun, Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women. Stofnanirnar sem voru sameinaðar eru: Deild fyrir eflingu kvenna (DAW), Alþjóðleg rannsóknar- og þjálfunarstofnun fyrir eflingu kvenna (INSTRAW), Skrifstofa sérstaks ráðgjafa í jafnréttismálum og eflingu kvenna (OSAGI) og Þróunarsjóður í þágu kvenna (UNIFEM).

Hinni nýju stofnun, UN Women, er einkum ætlað að greiða fyrir auknu jafnrétti og valdeflingu kvenna í starfi Sameinuðu þjóðanna. Tilgangurinn með sameiningunni er að samræma jafnréttisstarf innan stofnunarinnar, aðstoða aðildarríkin við að vinna að framgangi jafnréttismála og skýra ábyrgð vegna skuldbindinga og ákvarðana sem teknar hafa verið á vettvangi SÞ. Þegar UN Women tók til starfa hinn 1. janúar 2011 var tilkynnt um fimm áherslusvið sem stofnunin mun beina sjónum sínum að í upphafi, en þau eru: 1) að efla forystuhæfileika kvenna og auka aðkomu þeirra að ákvarðanatöku á öllum sviðum þjóðlífs, 2) að binda enda á ofbeldi gegn konum, 3) að styðja við innleiðingu áætlana um konur, frið og öryggi, 4) að auka efnahagslega valdeflingu kvenna, og 5) að stuðla að því að kynjajafnrétti sé miðlægt í allri áætlana- og fjárlagagerð. Einnig mun UN Women gegna þýðingarmiklu hlutverki við framkvæmd þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Í ávarpi sínu í ársskýrslu landsnefndar UNIFEM, nú UN Women, á Íslandi fyrir árið 2010 sagði utanríkisráðherra stofnun UN Women vera mikið fagnaðarefni. Ísland hafi stutt stofnun UN Women með ráðum og dáð. Ísland sé jafnframt meðal þeirra þjóða sem leggja mest af mörkum til stofnunarinnar miðað við höfðatölu og að á því verði ekki breyting.

Fyrsti framkvæmdastjóri UN Women er frú Michelle Bachelet, fyrrverandi forseti Síle, og eru miklar væntingar bundnar við störf hennar. Ísland hefur tekið virkan þátt í undirbún-

ingi hinnar nýju stofnunar og hefur veitt henni aukafjárveitingu vegna kostnaðar við sameininguna. Þá hefur Ísland tekið þátt í störfum hóps ríkja sem leggja mikla áherslu á að styðja UN Women (e: Friends of UN Women). Ísland mun taka sæti í stjórn stofnunarinnar árið 2014. Sjá einnig umfjöllun um áherslu Íslands á UN Women í þróunaraðstoð í kafla 5.5.1.

Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna hélt sinn 55. árlega fund fyrr á þessu ári. Þema fundarins að þessu sinni var aðgengi og þátttaka kvenna og stúlkna að menntun, þjálfun, vísindum og tækni með það að markmiði að stuðla að jöfnum aðgangi kvenna að fullri og sómasamlegri atvinnu. Fulltrúi Íslands flutti erindi um meginþema fundarins þar sem jafnframt var farið yfir stöðu jafnréttismála hér á landi. Einnig flutti fulltrúi Íslands, fyrir hönd Norðurlandanna, erindi um mikilvægi jafnréttismála hvað varðar sjálfbæra þróun. Þá tók Ísland þátt í tveimur norrænum hliðarviðburðum, annars vegar um meginþema fundarins og hins vegar um aðgerðir til að binda enda á ofbeldi gegn konum og stúlkum. Loks tók Ísland þátt í samningaviðræðum um niðurstöður fundarins og um ályktun um jafnréttismál og loftslagsbreytingar.

Ísland hefur einnig tekið virkan þátt í umræðum um jafnréttismál og réttindi kvenna á vettvangi 3. nefndar allsherjarþingsins í New York og í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í Genf. Jafnframt hefur Ísland tekið þátt í norrænu samstarfi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og lagt áherslu á jafnréttismál í þátttöku sinni í stjórnarstörfum þróunarstofnana SÞ, sér í lagi Barnahjálpar SÞ, en Ísland átti sæti í stjórn Barnahjálparinnar árið 2010. Þá hefur Ísland stutt ályktanir um jafnréttismál og framgang jafnréttissjónarmiða í öðrum málaflokkum á vettvangi framangreindra stofnana SÞ.

Í tilefni af alþjóðlegri ráðstefnu um kynbundið ofbeldi, sem haldin var í Reykjavík í október 2010, var Rashidu Manjoo, sérstökum skýrslugjafa mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í baráttunni gegn ofbeldi gegn konum, boðið til Íslands af fjölmörgum kvennasamtökum með styrk frá utanríkisráðuneytinu. Í ofbeldi gegn konum felst kynjamisrétti í sinni verstu mynd og talið er að ein af hverjum þremur konum verði fyrir ofbeldi í einhverri mynd, einhvern tímann á lífsleiðinni. Með hnitmiðuðu átaki vill Ísland stuðla að því, m.a. í samvinnu við nýja Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women, að öllu ofbeldi gegn konum verði útrýmt og þögn um slíkt ofbeldi rofin.

Ályktun öryggisráðsins nr. 1325 og tengdar ályktanir

Utanríkisráðherra leggur ríka áherslu á framgang markmiða ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi, sem og þær ályktanir sem fylgt hafa í kjölfarið (nr. 1820, 1888, 1889 og 1960). Einkum hefur verið lögð áhersla á þann þátt ályktunarinnar sem snýr að valdeflingu kvenna og aðkomu þeirra að ákvarðanatöku.

Á síðasta ári voru 10 ár liðin frá því ályktunin var samþykkt, en með henni viðurkenndi öryggisráðið í fyrsta skipti tengsl jafnréttis kynjanna og öryggismála. Utanríkisráðherra skrifaði vegna þessara tímamóta bréf til allra sendiherra og forstöðumanna sendiskrifstofa Íslands þar sem hann fól þeim að leggja áherslu á málefni ályktunarinnar í starfi sínu og að fylgjast vel með umræðu og atburðum um ályktunina á 10 ára afmæli hennar. Þá skrifuðu utanríkisráðherrar Norðurlandanna, að frumkvæði utanríkisráðherra Íslands, sameiginlega blaðagrein sem birtist á 10 ára afmæli ályktunarinnar.

Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi hóps ríkja sem leggja mikla áherslu á ályktun 1325 og málaflokkinn konur, frið og öryggi í starfi sínu á alþjóðavettvangi (*e. Friends of 1325*). Hópurinn hefur á því tímabili sem skýrslan tekur til m.a. beint sjónum sínum að verkefnum vinnuhóps sem settur var á laggirnar til að setja fram mælistikur fyrir Sameinuðu þjóðirnar

og aðildarríkin til að meta árangur af framfylgd ályktunarinnar. Lagði samstarfshópurinn til að afmælisins yrði minnst með því að styrkja ályktunina með aðgerðum og ábyrgð ríkja. Var sérstakur fundur haldinn í tengslum við afmælið, þar sem ríki voru hvött til að setja fram aðgerðir um hvernig þau hygðust styrkja framkvæmd ályktunarinnar.

Nú stendur yfir vinna við endurskoðun á aðgerðaáætlun Íslands um ályktun 1325, en þrjú ár eru liðin síðan fyrsta aðgerðaáætlunin var samþykkt. Hefur óháður sérfræðingur verið fenginn til að gera drög að nýrri aðgerðaáætlun og mun hann einnig meta árangur starfs Íslands þessi fyrstu þrjú ár. Stefnt er að því að ný aðgerðaáætlun innihaldi tímasett markmið og mælistikur og að eftirlit með henni verði gegnsætt.

Eitt af markmiðum aðgerðaáætlunarinnar er að konum og körlum bjóðist jöfn tækifæri til þátttöku í friðargæsluverkefnum á vegum Íslensku friðargæslunnar og að hlutfall kynjanna sé sem jafnast meðal útsendra friðargæsluliða. Á árinu 2010 voru 20 starfsmenn sendir til starfa á vegum Íslensku friðargæslunnar, 9 konur (45%) og 11 karlar (55%).

Öryggisráðið samþykkti í desember 2010 nýja ályktun, nr. 1960, sem ætlað er að vinna gegn refsileysi kynferðisafbrota gegn konum í stríði og sjá til þess að þeir sem fremja slík brot svari til saka. Var Ísland meðal þeirra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna sem lögðu ályktunina fram.

Fastanefnd Íslands gagnvart Atlantshafsbandalaginu leggur einnig ríka áherslu á ályktun öryggisráðsins nr. 1325 í starfi sínu. Áherslum ályktunarinnar er m.a. haldið á lofti í málflutningi Íslands innan NATO, s.s. í nefndarstörfum og gerð yfirlýsinga. Fulltrúi fastanefndar tekur einnig þátt í starfi sérstaks vinnuhóps innan NATO um málefni ályktunarinnar. Árið 2010 tók Ísland þátt í að samþykkja aðgerðaáætlun fyrir Atlantshafsbandalagið um málefni ályktunar nr. 1325 og tengdra ályktana og hvernig NATO geti stutt við ákvæði þessara ályktana í starfi sínu. Fjölmargar af tillögum Íslands eru í hinni endanlegu aðgerðaáætlun, sem samþykkt var á leiðtogafundi NATO í Lissabon í Portúgal á síðasta ári.

Í formennsku Íslands á öryggismálasamvinnuvettvangi ÖSE (*e. Forum for Security Cooperation – FSC*) fyrstu fjóra mánuði ársins 2011 lagði Ísland m.a. áherslu á framkvæmd ályktunar öryggisráðsins nr. 1325 og leitaðist við að stuðla að sérstakri umræðu um framkvæmd ályktunarinnar í þátttökuríkjunum og á vettvangi.

Jafnréttisáhersla í loftslagsmálum

Ísland hefur í viðræðum um nýtt alþjóðlegt samkomulag í loftslagsmálum lagt áherslu á jafnréttismál. Í málflutningi sínum hefur Ísland ítrekað að ekki megi eingöngu líta á konur sem þolendur loftslagsbreytinga, heldur sem mikilvæga gerendur við lausn vandans. Sjónarmið beggja kynja þurfi að ná fram að ganga til að hægt sé að takast á við loftslagsvandann. Ísland hefur þannig beitt sér fyrir virkri þátttöku kvenna í ákvarðanatöku og aðgerðum gegn loftslagsbreytingum, sem og að kynjasjónarmið séu höfð til hliðsjónar.

Áhuginn á jafnréttismálum og loftslagsmálum hefur aukist jafnt og þétt og er í hinu nýja loftslagssamkomulagi, sem samþykkt var á þingi aðildarríkja loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í Mexíkó í lok síðasta árs, að finna nokkrar tilvísanir til kynjasjónarmiða og mikilvægis þátttöku kvenna. Stór hluti þeirra var lagður fram af hálfu samninganefndar Íslands í viðræðunum, en íslensk stjórnvöld hafa allt frá því viðræðurnar um hið nýja samkomulag hófust í byrjun árs 2008, lagt mikla áherslu á jafnréttismál.

Loftslagsviðræðurnar munu nú halda áfram, en stefnt er að því að ná lagalega bindandi samningi sem mun byggja á samkomulaginu sem náðist í Mexíkó. Ísland mun áfram leggja

áherslu á jafnréttismálin í áframhaldandi viðræðum, en stefnt er að því að ljúka viðræðunum á næsta aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins í S-Afríku í lok þessa árs.

Jafnrétti kynjanna verður einnig ein af aðaláherslum Íslands á Ríó+20 ráðstefnunni um sjálfbæra þróun, sem fjallað er um í kafla 4.2.4.

4.1.3. Réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender einstaklinga

Réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender einstaklinga eru víða fyrir borð borin. Vegna kynhneigðar sinnar hafa einstaklingar víða mátt lifa við bæði skömm og þögn samfélagsins og refsileysi þeirra sem brjóta á mannréttindum þeirra. Ísland tekur virkan þátt í baráttunni fyrir mannréttindum samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender einstaklinga og jafnri stöðu þeirra, bæði lagalega og félagslega, m.a. með aðild að sameiginlegri yfirlýsingu um 90 ríkja á þingi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í mars sl.

Utanríkisráðherra áréttaði réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender einstaklinga í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september 2010 og hvatti öll aðildarríki til að afnema misrétti á grundvelli kynhneigðar. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hafa Norðurlöndin haft forystu í baráttunni fyrir réttindum þessa hóps og gegn því ofbeldi sem einstaklingar hafa mátt þola á grundvelli kynhneigðar sinnar.

Þá hefur Ísland ásamt fleiri ríkjum lýst áhyggjum og staðið fyrir málsupptöku vegna stöðu samkynhneigðra í Úganda og Malaví, þar sem réttindi þeirra hafa verið brotin. Í maí á síðasta ári skrifaði utanríkisráðherra starfsbróður sínum í Malaví bréf til að lýsa áhyggjum yfir máli tveggja manna sem höfðu verið dæmdir í 14 ára fangelsi í kjölfar þess að þeir héldu veislu til að fagna trúlofun sinni. Ákvað forseti Malaví, í kjölfar mikils alþjóðlegs þrýstings, að náða mennina tvo. Í febrúar 2011 tók sendiráð Íslands í Malaví þátt í sameiginlegum aðgerðum erlendra sendiráða í landinu til að mótmæla breytingum á hegningarlögum sem brjóta í bága við réttindi samkynhneigðra og tjáningarfrelsi.

4.1.4. Aðgerðir gegn mansali

Sameinuðu þjóðirnar telja að árlega séu hundruð þúsunda einstaklinga seld mansali, annað hvort innan einstakra ríkja eða yfir landamæri. Mansal er alþjóðleg glæpastarfsemi þar sem fórnarlömb ganga kaupum og sölum í hagnaðarskyni þeirra sem hneppa þau í ánauð, oft til vinnuþrælkunar eða kynlífsánauðar. Til þess að vinna bug á glæpum af þessu tagi þurfa ríki að vinna saman á skilvirkan hátt og einsetja sér að uppræta slíka starfsemi.

Íslensk stjórnvöld taka á mansalsmálum af festu, enda um að ræða skipulagða glæpastarfsemi sem starfar óháð landamærum og sem hefur margvísleg brot á mannréttindum fórnarlamba í för með sér. Nýleg dæmi hafa einnig sýnt, svo ekki verður um villst, að Ísland er móttökuland, en áður var talið að fórnarlömb mansals ættu eingöngu viðkomu hér á leið sinni á milli landa. Ríkisstjórn Íslands samþykkti í mars 2009 aðgerðaáætlun gegn mansali og hefur síðustu ár markvisst verið unnið að þeim aðgerðum sem þar eru settar fram. Á grundvelli aðgerðaáætlunarinnar starfar sérfræðinga- og samhæfingarteymi sem hefur yfirumsjón með mansalsmálum á Íslandi. Utanríkisráðuneytið er meðal þeirra ráðuneyta sem á aðild að teyminu, auk lögreglu og frjálsra félagasamtaka sem veita fórnarlömbum ofbeldis aðstoð.

Ísland fullgilti mansalsbókun við Palermó-samninginn gegn fjölþjóðlegri glæpastarfsemi hinn 22. júní 2010 og tók bókunin gildi mánuði síðar. Fullgilding bókunarinnar var mikilvægur liður í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og Eystrasaltsráðið eru meðal þeirra alþjóðastofnana sem vinna að aðgerðum gegn mansali og tekur Ísland einnig virkan þátt í þeirri vinnu.

Þá flutti Ísland, fyrir hönd Vesturlandahópsins (WEOG), ræðu í lok mars sl. á sérstökum fundi allsherjarþings SÞ til minningar um fórnarlömb þrælasölu yfir Atlantshafið, en þar var lögð áhersla á baráttuna við þrælahald nútímans, mansal.

4.2. Auðlinda- og umhverfismál

Það er öllum ríkjum mikilvægt að ganga vel um auðlindir sínar og umhverfi. Á þeim byggir auðlegð kynslóða framtíðarinnar og hagur þjóðarinnar. Umhverfis- og auðlindamál skipa veigamikinn sess í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og leggur utanríkisráðuneytið í starfi sínu á alþjóðavettvangi mikla áherslu á að standa vörð um auðlindir og umhverfi hafsins, sem og allt lífríki og umhverfi landsins. Ísland stendur framarlega á sviði umhverfismála, ekki síst þegar litið er til hlutfalls endurnýjanlegrar orku í orkubúskap þjóðarinnar. Mikilvægt er að áfram verði unnið að því að styðja við það leiðandi hlutverk og þá góðu ímynd sem Ísland hefur á þessu sviði.

Umhverfismál eru í eðli sínu hnattræn og þurfa ríki heims því að eiga gott samstarf til að mæta ógnum og áskorunum á þessu sviði. Ísland leggur mikla áherslu á að taka virkan þátt í alþjóðasamstarfi á sviði umhverfis- og auðlindamála og að axla sína ábyrgð á því að takast á við vanda sem steðjar að umhverfinu.

Á næsta ári verða 20 ár liðin frá ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Ríó og olli straumhvörfum í alþjóðasamstarfi um umhverfismál. Af þessu tilefni verður á afmælisárinu efnt til ráðstefnu um sjálfbæra þróun, sem einnig verður haldin í Ríó og sem ber yfirskriftina Ríó+20. Ætlunin er að endurvekja það góða andrúmsloft sem skapaðist á Ríó ráðstefnunni árið 1992 og fá leiðtoga heimsins til að koma saman og setja heimsbyggðinni ný markmið fyrir framtíðina.

4.2.1. Loftslagsmál

Loftslagsbreytingar af manna völdum eru ein stærsta ógn sem mannkynið stendur frammi fyrir og eitt mest aðkallandi verkefni alþjóðasamfélagsins. Ísland hefur verulegra hagsmuna að gæta í því hvernig alþjóðasamfélagið bregst við þessari vá og hefur tekið virkan þátt í viðræðum um nýtt alþjóðasamkomulag um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum.

Ísland er aðili að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og Kýótó-bókuninni við hann. Bókunin kveður á um samdrátt í losun iðnríkja, þ. á m. Íslands, en skuldbindingartímabil bókunarinnar rennur út árið 2012. Á þingi aðildarríkja loftslagssamningsins í Balí árið 2007 var viðræðum um framtíðarsamkomulag í loftslagsmálum hrundið úr vör. Samningaviðræðurnar eru afar flóknar og viðamiklar og fara fram á tveimur samhliða brautum. Annars vegar um styrkingu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og hins vegar um framtíð Kýótó-bókunarinnar.

Samninganefnd Íslands, sem í eiga sæti fulltrúar sjö ráðuneyta, var skipuð af ríkisstjórninni árið 2008. Umboð nefndarinnar er tvíþætt, annars vegar að gæta hagsmuna Íslands í viðræðunum um hið nýja alþjóðlega samkomulag og hins vegar að leita eftir samkomulagi við Evrópusambandið. Umhverfisráðuneytið hefur leitt starf samninganefndarinnar frá byrjun árs 2010.

Árið 2009 náðist samkomulag við Evrópusambandið um að gerður skyldi samningur um að Ísland taki á sig sameiginlegar skuldbindingar með ESB samkvæmt nýju alþjóðasamkomulagi eftir árið 2012. Mun þetta einfalda framkvæmd hér á landi til muna, en vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið tekur Ísland þátt í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og mun verulegur hluti losunar hér á landi falla undir viðskiptakerfið frá og með

1. janúar 2013. Hefði það verið mjög íþyngjandi og flókið fyrir Ísland að þurfa að taka á sig tvöfaldar skuldbindingar, annars vegar gagnvart EES-samningnum og hins vegar gagnvart hinu nýja loftslagssamkomulagi. Samkomulagið við ESB mun eingöngu koma til framkvæmda ef niðurstaða næst í viðræðunum um nýtt alþjóðlegt samkomulag.

Cancún-samkomulagið

Upphaflega stóð til að ganga frá nýju alþjóðlegu samkomulagi um loftslagsmál í Kaupmannahöfn árið 2009, en það tókst ekki. Veruleg óvissa skapaðist þá og lítil bjartsýni var um að árangur myndi nást á aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins sem fram fór í Cancún á síðasta ári. Þar náðist þó að endurskapa traust í viðræðunum og á síðasta degi þingsins var samþykkt nýtt samkomulag um efldar alþjóðlegar aðgerðir og fjármögnun í loftslagsmálum. Eitt stærsta atriðið í samkomulaginu er vilyrði um stóraukin framlög til þróunarríkja til að hjálpa þeim að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Veita á 30 milljarða Bandaríkjadala til verkefna af þessu tagi á tímabilinu 2010–2012 og er stefnt að því að árlega verði framlög þróaðra ríkja um 100 milljarðar Bandaríkjadala árið 2020. Stofnaður verður nýr sjóður, Græni loftslagssjóðurinn, sem verður meginfarvegur aukinnar fjármögnunar loftslagsverkefna. Þá tekur samkomulagið m.a. einnig á því að efla þróun og dreifingu á loftslagsvænni tækni.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja um 60 milljónir króna til loftslagsvænnar þróunaraðstoðar árlega á tímabilinu 2011–2012. Áhersla verður lögð á verkefni þar sem styrkur og áherslur Íslands eru í fyrirrúmi, s.s. á sviði endurnýjanlegra orkugjafa, jafnréttismála og starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Cancún-samkomulagið er ekki lagalega bindandi og tekur ekki á sumum af erfiðustu deilumálunum í loftslagsviðræðunum, s.s. á skuldbindingum ríkja um samdrátt í losun. Stefnt er að því að útfæra útistandandi mál á þessu ári þannig að hægt verði að ná lagalega bindandi samkomulagi á næsta aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins sem fer fram í Durban í Suður-Afríku í lok þessa árs.

Ísland hefur í viðræðunum lagt áherslu á kynjajafnrétti og að nýtt alþjóðlegt samkomulag kveði á um mikilvægi þátttöku kvenna í öllum aðgerðum sem snúa að loftslagsbreytingum. Góður árangur náðist hvað þessa áherslu varðar í Cancún, eins og nánar er sagt frá í kafla 4.1.2. Þá hefur Ísland einnig lagt áherslu á að vernd og endurheimt votlendis verði viðurkennd leið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Gengið var frá tæknilegri skilgreiningu á tillögu Íslands í þessum efnum í Cancún, en endanleg samþykkt hennar bíður samkomulags um framhald Kýótó-bókunarinnar.

4.2.2 Orkumál og jarðhitasamstarf

Orkumál, einkum að því er varðar jarðhita, hafa verið umfangsmikil á vettvangi utanríkisþjónustunnar undanfarið ár. Verkefnin hafa verið margvísleg og komið inn á alla helstu málaflokka utanríkisráðuneytisins, þ.m.t. viðskipta- og þróunarmál til viðbótar við alþjóða- og öryggismál. Þá hafa samvinnuverkefni á sviði jarðhita og orkumála enn fremur verið eitt helsta viðfangsefni einstakra sendiskrifstofa erlendis, svo sem í Kína, Bandaríkjunum, Indlandi, Rússlandi og Japan.

Á undanförnum árum hefur náðst samkomulag við ýmis af stærstu efnahagsríkjum veraldar, s.s. Bandaríkin, Kína og Indland, sem hafa óskað eftir formlegu samstarfi við íslensk stjórnvöld eða fyrirtæki á jarðhitasviðinu. Fjölmörg ríki leggja nú mikið kapp á að kanna nýtingu jarðhita sem hluta af lausn loftslagsvandans og sækjast af þeim sökum eftir samstarfi

við Íslendinga. Í samtölum utanríkisráðherra við erlenda ráðamenn sem heimsótt hafa Ísland á síðastliðnu ári hefur samstarf á sviði jarðhita ítrekað verið rætt. Sömuleiðis hefur utanríkisráðherra í heimsóknum til erlendra ríkja rætt samstarfsmöguleika á þessu sviði með góðum árangri. Í þessum viðræðum hefur verið lögð áhersla á samstarf í viðkomandi ríkjum en jafnframt reifaður sá möguleiki að eiga samstarf í þriðju ríkjum.

Í heimsókn utanríkisráðherra til Kína í júlí á síðasta ári lagði hann til á fundi með Xi Jinping, varaforseta Kína, að löndin gerðu með sér formlegt samkomulag um að vinna saman að jarðhitanýtingu í þróunarlöndum, einkum í Austur-Afríku þar sem mikinn jarðhita er að finna.

Í tengslum við heimsókn utanríkisráðherra til Japans í nóvember á síðasta ári stóð sendiráð Íslands í Tókýó fyrir umfangsmikilli ráðstefnu um jarðhitamál. Samstarfsaðilar sendiráðsins voru m.a. japanska iðnaðar- og efnahagsráðuneytið og Háskóli Sameinuðu þjóðanna auk fjölda annarra. Markmið ráðstefnunnar var að ræða annars vegar mögulegt samstarf ríkjanna tveggja um virkjun jarðhita í landinu og hins vegar mögulegt samstarf í öðrum ríkjum eins og t.d. í Afríku. Um 300 manns sóttu ráðstefnuna, fulltrúar japanskra stjórnvalda, stofnana og fyrirtækja. Í kjölfar náttúruhamfaranna í Japan, fyrr á þessu ári og hörmulegra afleiðinga þeirra, hafa japönsk stjórnvöld eflt öll áform um nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa með áherslu á nýtingu jarðhita.

Einstök ríki Evrópusambandsins hafa lýst áhuga á samstarfi við Íslendinga um aukna nýtingu jarðhita, m.a. vegna tilskipunar 2009/28 um að 20% allrar orkunotkunar ríkjanna skuli koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2020. Á fundi síðasta sumar með utanríkisráðherra Ungverjalands, lýsti utanríkisráðherra yfir vilja til þess að auka samstarf ríkjanna á sviði jarðhitamála. Í þeirri heimsókn lagði utanríkisráðherra jafnframt hornstein að nýrri hitaveitu í borginni Szentlörinc, sem íslenska verkfræðistofan Mannvit hannaði, en fyrirtækið hefur starfað í Ungverjalandi um langt skeið. Í heimsókn til Króatíu kynnti utanríkisráðherra sér jarðhitaverkefni sem verkfræðistofan EFLA stendur að, en í heimsókninni kom m.a. fram áhugi forseta Króatíu til samstarfs í jarðhitamálum þar sem til staðar eru talsverðir möguleikar á að nýta íslenska reynslu og þekkingu og var ráðherrann viðstaddur undirritun samnings milli EFLU og orkustofnunarinnar Energetski institut Hrovje Pozar um ráðgjöf í jarðhitamálum.

Í nýlegri heimsókn utanríkisráðherra til Indlands var rætt um samstarf í jarðhitamálum. Á fundi með utanríkisráðherra Indlands, S.M. Krishna, lýsti ráðherra stöðu samstarfs þjóðanna á sviði jarðhita. Óskaði hann eftir samstarfi við indversk stjórnvöld um uppbyggingu jarðhitavera og bauð fram aðstoð Íslendinga við að þróa orkustefnu um jarðvarma á Indlandi. Talið er að nýtanlegur jarðhiti finnist á um 340 stöðum á Indlandi og að mögulegt sé að virkja frá 1.000 MW upp í allt að 10 þúsund MW. Ráðherra heimsótti einnig Kasmír og Maharastraríki, en þar eru miklir möguleikar á nýtingu jarðhita.

Utanríkisráðherra hefur lagt áherslu á aukið samstarf í orkumálum á alþjóðavettvangi, m.a. á fundi Norðlægu víddarinnar og á fundi EES-ráðsins þar sem ráðherra hvatti Evrópusambandið til að gefa möguleikum jarðhita betri gaum, sem víða væri að finna í nýtanlegum mæli í löndum sambandsins og bauð jafnframt fram sérfræðiþekkingu Íslendinga.

Í undirbúningi er gerð samkomulags um nútímavæðingu við Rússland, þar sem ein meginstoðin verður samstarf í orkumálum. Rússar hafa sem dæmi mikinn áhuga á þátttöku íslenskra aðila í hitaveituframkvæmdum í Sochi-borg í Krasnodar-héraði, þar sem vetrarólympíuleikar fara fram 2014 og einn riðill heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu árið 2018. Löndin hafa átt góða samvinnu í nýtingu jarðvarma í Rússlandi, m.a. á Kamtsjatka-

skaga. Utanríkisráðherra hefur lagt áherslu á samvinnu Íslands og Rússlands í orkumálum og á fundi hans með orkumálaráðherra Rússlands í október sl. voru möguleikar á Kamtsjatka-skaga ræddir, þar sem frumathuganir á nýtingu jarðhita til húshitunar, fiskeldis og raforku-framleiðslu hafa verið gerðar með þátttöku Íslendinga. Í bígerð eru umfangsmikil verkefni í jarðhita í austurhluta Rússlands, og hugsanlega víðar, sem unnin verða með íslenskri tækni-þekkingu.

Utanríkisráðuneytið hefur tekið virkan þátt í þróun nýju alþjóðlegu samtakanna um endur-nýjanlega orkugjafa, IRENA. Fyrsta þing samtakanna fór fram í byrjun apríl á þessu ári í höfuðstöðvum þeirra í Abu Dhabi. Ísland hefur lagt höfuðáherslu á mikilvægi þess að sam-tökin sinni jarðhitamálum í þróunarríkjum, í samræmi við yfirlýstan stofnsáttmála samtak-anna. Í því samhengi hefur Ísland lagt fram tillögur til framkvæmdastjóra um hvernig best verði staðið að því að byggja upp þekkingu um jarðhitamál innan stofnunarinnar. Þá er í skoðun hvort Ísland og IRENA geti átt með sér beint samstarf á jarðhitasviðinu og Ísland þannig tekið að sér forystu innan samtakanna um aukna nýtingu jarðhita í þróunarríkjum.

4.2.3. Málefni hafsins

Aukin umferð skipa um heimskautasvæðin í kjölfar hlýnandi loftslags kallar á breyttar og nýjar reglur um smíði og búnað skipa. Í ljósi þess vinnur Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) að gerð bindandi reglna um smíði, búnað og rekstur skipa (*e. Polar Code*) sem gera ríkari öryggiskröfur til skipa sem eru í förum á heimskautasvæðum. Reglurnar munu gera auknar kröfur um mengunarvarnir, björgunarbúnað og styrkleika skipa. Enn sem komið er eiga reglurnar einungis að ná til farþega- og flutningaskipa. Í framtíðinni er ekki útilokað að reglurnar muni ná til allra skipa sem sigla um þessi svæði.

Reglurnar geta haft töluverð áhrif hér á landi og hefur utanríkisráðuneytið tekið þátt í sam-ráði við undirbúning málflutnings Íslands í málinu ásamt Umhverfisstofnun, Landhelgisgæsl-unni og innlendum hagsmunaaðilum, en Siglingastofnun stýrir þessari vinnu.

Eitt af því sem deilt er um eru þau hafsvæði sem ákvæði þessara reglna munu ná til og sem skilgreind verða sem heimskautasvæði. Ísland hefur í málflutningi sínum bent á að sér-stakt tillit þurfi að taka til þess ef reglurnar eigi einnig að gilda um fiskiskip. Eins hefur verið rætt um að afmörkun svæðisins megi ekki hindra íslensk vöruflutningaskip í að sigla með vörur til Grænlands.

Ellefti fundur óformlegs vettvangs Sameinuðu þjóðanna um málefni hafsins (UNICP-OLOS) var haldinn í júní sl. undir yfirskriftinni Uppbygging þekkingar í málefnum hafsins, þar með talið í sjávarvísindum og hafrétti. Í ávarpi Íslands og í almennum umræðum var m.a. komið inn á mikilvægi áreiðanlegra upplýsinga um fiskveiðar og upplýsinga um ástand fiski-stofna. Almenn samstaða var um mikilvægi færniuppbyggingar og tækniyfirfærslu, sérstak-lega í þróunarríkjunum sem væru í miklum vandræðum með að stjórna nýtingu í eigin lög-sögu. Fundurinn lýsti áhyggjum af neikvæðum áhrifum efnahagskreppunnar á samstarf og samvinnu í málaflokknum, forgangsraða þyrfti og nýta betur þá fjármuni sem eru til staðar. Sjá einnig umfjöllun um UNICPOLOS í kafla 4.6.2.

Á vettvangi SÞ hefur vinna haldið áfram við að setja á laggirnar reglubundið alþjóðlegt mat á ástandi hafsins (GRAME). Fastanefnd Íslands hefur fylgt þessu máli eftir og verið virkur þátttakandi í störfum starfshóps allsherjarþingsins, sem kom saman haustið 2010. Allsherjarþingið stofnaði síðan formlegan starfshóp um framkvæmd fyrsta matsins, sem fundaði í fyrsta skiptið í febrúar sl. Meginverkefni starfshópsins er að fjalla um framkvæmd reglubundna matsins og stofnanalega umgjörð og gera tillögur til allsherjarþingsins um fram-

kvæmd þess með það fyrir augum að takast megi að ljúka fyrsta reglubundna matinu fyrir árslok 2014.

Utanríkisráðuneytið fylgist með því sem gerist á vettvangi stofnana á borð við Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndina (NEAFC) og Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunina (NAFO), Matvælastofnun SÞ (FAO) og Samninginn um verndun Norðaustur Atlantshafsins (OSPAR) og er í miklum samskiptum bæði við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið. Á ársfundi NEAFC í nóvember sl. voru gerðir árlegir samningar strandríkja um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og kolmunnastofninum. Rússar greiddu atkvæði gegn samþykkt samkomulags um kolmunna og eru því óbundnir af því. Einnig var var gengið frá samningi um veiðar á karfa í Síldarsmugunni, en Ísland sat hjá við þá samþykkt því Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) hefur lagt til að engar beinar veiðar fari fram. Í mars sl. náðist samkomulag milli Íslands, Grænlands, Færeyja, Evrópusambandsins og Noregs um stjórnun veiða á úthafskarfa á Reykjaneshrygg, en viðræður hafa staðið yfir árum saman. Skipting heildaraflamarks á milli ríkjanna var ákveðin og koma 31% í hlut Íslands. Samkomulagið gildir út árið 2014. Fulltrúar Rússlands mættu ekki til fundarins.

Utanríkisráðuneytið sér um að halda árlegan samráðsfund stjórnvalda með Fiskifélagi Íslands, þar sem fulltrúar stjórnvalda upplýsa helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi um það sem er á döfinni hjá alþjóðlegum stofnunum varðandi málefni hafsins. Almenn ánægja ríkir með þetta fyrirkomulag, en á fundunum eiga sér stað óformleg skoðanaskipti og er skipst á upplýsingum sem oft og tíðum eru afar gagnlegar fyrir alla aðila.

4.2.4. Sjálfbær þróun

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er hafinn undirbúningur að ráðstefnu um sjálfbæra þróun sem haldin verður í Ríó árið 2012 undir yfirskriftinni Ríó+20. Þá verða, eins og áður segir, liðin 20 ár frá Ríó ráðstefnunni um umhverfi og þróun. Þar voru samþykktir þrír grundvallarsamningar á sviði umhverfismála, þ.e. Samningar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, líffræðilega fjölbreytni og gegn eyðimerkurmyndun. Á Ríó+20 er ætlunin að fara yfir það sem hefur áunnist á undanförnum 20 árum og setja ný markmið fyrir næstu áratugi. Um mitt síðasta ár var sendur út afar viðamikill spurningalisti þar sem ríki voru beðin um að tilgreina hvað hefði áunnist frá 1992 í átt til sjálfbærrar þróunar, hvernig innleiðing á Ríósamningunum hefði tekist, hverjar helstu hindranir hefðu verið og hvað hefði tekist vel. Ísland var meðal fyrstu ríkja til að senda inn svör og er þau að finna á vef Rio+203.[3]

Stofnuð hefur verið samráðsnefnd stjórnarráðsins vegna undirbúnings Ríó+20 undir stjórn utanríkisráðuneytis, sem í eiga sæti fulltrúar úr forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, efnahags- og viðskiptaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti.

Meginviðfangsefnin á Ríó+20 verða tvö:

- grænt hagkerfi í tengslum við sjálfbæra þróun og útrýmingu fátæktar,
- stofnanaleg umgjörð sjálfbærrar þróunar.

Ríkisstjórnin samþykkti nýlega þá tillögu samráðsnefndarinnar að megináherslur í málflutningi Íslands í tengslum við Ríó+20 verði málefni hafsins, vistvæn orka, landgræðsla og jafnréttismál. Er stefnt að því að setja fram stefnu Íslands í fyrrgreindum fjórum málaflokkum og leita til Háskóla SÞ á Íslandi með þau atriði sem varða þróunarríkin.

---

[3] http://www.uncsd2012.org/rio20/

Í aðdraganda Ríó+20 hyggst samráðsnefndin á Íslandi, líkt og í öðrum ríkjum, beita sér fyrir vitundarvakningu meðal almennings um grænt hagkerfi, sem að margra mati er kjarninn í sjálfbærri þróun. Stefnt er að því að halda ráðstefnu, stuðla að aukinni fjölmiðlaumfjöllun um málið og fleira í þeim dúr. Sérstök áhersla verður lögð á að ná til ungs fólks.

Allsherjarþingið hefur ákveðið að tólfti fundur óformlega vettvangsins um málefni hafsins (UNICPOLOS), sem haldinn verður í júní nk., fjalli um sömu atriði og Ríó+20, þannig að niðurstöður fundarins verði innlegg í ráðstefnuna 2012. Fjallað verður um þann árangur sem hefur náðst í málefnum hafsins frá 1992, hversu hægt gengur að innleiða helstu samninga um sjálfbæra þróun og nýjar ógnir sem að hafinu steðja.

4.3. Öryggis- og varnarmál

Ísland er herlaust smáríki sem tryggir öryggi sitt og varnir með virkri samvinnu við önnur ríki hvort heldur tvíhliða, með aðild að svæðisbundnum stofnunum eða á vettvangi fjölþjóðastofnana. Í alþjóðlegum öryggismálum er Ísland málsvari mannréttinda, friðsamlegra lausna deilumála og afvopnunar og leggur sitt af mörkum til sameiginlegs öryggis með borgaralegu framlagi á sviði þróunar, uppbyggingarstarfs og mannúðarmála.

Utanríkisráðherra lagði í apríl 2011 fram þingsályktunartillögu um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Tillagan felur í sér að skipuð verði þingmannanefnd sem geri tillögur um stefnu sem tryggi þjóðaröryggi Íslands á grundvelli herleysis. Nefndin taki mið af áhættumatsskýrslu fyrir Ísland frá árinu 2009, stofnsáttmála SÞ og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Markmiðið er að ná í fyrsta skipti breiðri sátt um grundvallarþætti í þjóðaröryggi Íslands með hliðsjón af breyttu öryggisumhverfi og binda endi á áratuga misklíð í þessum mikilvæga málaflokki.

Forsætisráðherra og utanríkisráðherra sóttu leiðtogafund Atlantshafsbandalagsins (NATO) í Lissabon í nóvember 2010 þar sem ný grunnstefna bandalagsins var samþykkt. Grunngildi stefnunnar eru virðing fyrir lýðræði, réttarríki og mannréttindum, og er sameiginleg varnarskuldbinding aðildarríkjanna áréttuð. Grunnstefnan byggir á hinni víðtæku skilgreiningu öryggishugtaksins og nær til umhverfisöryggis, orkuöryggis og efnahagsöryggis, sem og baráttu gegn skipulögðum glæpum, hryðjuverkum og netárásum. Eitt þýðingarmesta nýmælið í grunnstefnu NATO er langtímasýn um heim án kjarnavopna og er lögð þung áhersla á mikilvægi afvopnunar. Á leiðtogafundinum voru einnig stigin veigamikil skref í átt til aukins samstarfs NATO og Rússlands.

Aukið samstarf Norðurlanda í öryggis- og varnarmálum er mikilvæg viðbót við annað starf Íslands á þessu sviði. Frá því að Stoltenberg-skýrslan kom út hafa norrænu utanríkisráðherrarnir unnið að því að framfylgja tillögum hennar, þ. á m. um aukið samstarf í friðargæslu, aðgerðir til að tryggja netöryggi og aukið eftirlit á hafsvæðum á norðurslóðum. Til marks um pólitískan þunga samstarfsins er samstöðuyfirlýsing Norðurlanda sem samþykkt var í apríl sl. Í henni felst sameiginleg sýn á öryggishagsmuni og sú skuldbinding norrænu ríkjanna að verða við beiðnum hvers annars um aðstoð ef hætta steðjar að.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hefur Varnarmálastofnun verið lögð niður. Verkefnum hennar hefur verið ráðstafað til bráðabirgða til annarra ríkisstofnana en unnið er að því að koma þeim fyrir til framtíðar. Breytingar á varnarmálalögum hafa ekki efnisleg áhrif á varnar- og öryggisskuldbindingar Íslands heldur munu þau verkefni sem af þeim leiða verða samþætt betur annarri borgaralegri starfsemi á sviði öryggismála.

4.3.1. Skipan varnar- og öryggismála innanlands

Þjóðaröryggisstefna

Hinn 12. apríl sl. lagði utanríkisráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Þetta er í fyrsta skipti sem lagt er til að Alþingi komi að mótun þjóðaröryggisstefnu um hvernig sjálfstætt Ísland tryggi öryggi sitt og fullveldi án þess að deilumál fortíðar varpi þar skugga á.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi feli utanríkisráðherra að skipa nefnd tíu þingmanna úr öllum stjórnmálaflokkum sem skal fjalla um og gera tillögur um stefnu sem tryggi þjóðaröryggi Íslands á grundvelli herleysis. Kveður tillagan á um að nefndin skuli við mótun stefnunnar taka mið af áhættumatsskýrslu fyrir Ísland frá árinu 2009, stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Nefndin skilgreini meginforsendur stefnunnar og setji fram tillögur um markmið og leiðir til að ná þeim. Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að þingmannanefndin skili tillögum til utanríkisráðherra svo fljótt sem verða megi og eigi síðar en í júní 2012. Ráðherra leggi að því búnu þingsályktunartillögu að þjóðaröryggisstefnu Íslands fyrir Alþingi.

Í framsöguræðu sinni benti utanríkisráðherra á að staða Íslands í öryggis- og varnarmálum hafi breyst umtalsvert á undanförnum árum. Lagði hann áherslu á að eftir áratugaágreining um öryggismál hafi nú skapast skilyrði til að ná víðtækri sátt þannig að þjóðaröryggisstefna haldist í meginatriðum samfelld, þó að breytingar verði á hinu pólitíska sviði.

Í fyrsta lagi varð gjörbreyting á framkvæmd varnarsamstarfsins við Bandaríkin við brottför Bandaríkjahers frá Íslandi haustið 2006. Í öðru lagi hefur þróunin verið ör á vettvangi Atlantshafsbandalagsins sem í dag er pólitískt bandalag ekki síður en varnarbandalag, og endurspeglast breytt eðli þess í nýrri grunnstefnu og stórauknu samstarfi við Rússland. Sjá umfjöllun um nýja grunnstefnu NATO í kafla 4.3.4. Í þriðja lagi hefur Ísland breikkað grundvöll öryggissamstarfs síns með grannríkjasamningum við nágrannaríki sem og í gegnum aukið norrænt samstarf. Sjá nánar kafla 4.3.2. um samstarf í varnarmálum og 4.3.3. um skýrslu Stoltenbergs. Í fjórða lagi hefur öryggissamstarf Íslands og Evrópusambandsins aukist verulega á síðustu árum og falla áherslur Íslands vel að starfi ESB í þessum málaflokki. Og í fimmta og síðasta lagi hefur öryggisumhverfi Íslands gjörbreyst eftir lok kalda stríðsins. Niðurstaða hættumatsnefndar var að engin vísbending væri um að hernaðarógn steðjaði að Íslandi í náinni framtíð. Á hinn bóginn blasi, hér líkt og annars staðar, við sömu nýju hættur, sem skilgreindar hafa verið út frá víðtækara öryggishugtaki, allt frá umhverfisógnum og skipulagðri glæpastarfsemi til farsótta og netárása.

Þjóðaröryggisstefna Íslands þarf að taka mið af þessu og íslensk stjórnvöld þurfa á grundvelli hennar að leggja fram viðeigandi áætlanir og hafa viðbúnað, í samstarfi vi nágrannaríki og fjölþjóðastofnanir, sem tryggir öryggi Íslands og Íslendinga í bráð og lengd.

Varnarmálalögin

Í varnarmálalögum nr. 34/2008 er byggt á þeirri meginforsendu að Íslendingar séu herlaus þjóð og að ekki sé vilji til þess að breyta því af hálfu stjórnvalda. Í lögunum er kveðið á um framkvæmd varnartengdra verkefna sem Íslendingar hafa sjálfir tekið ábyrgð á eftir brotthvarf varnarliðsins. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar var varnarmálalögum breytt með lögum nr. 98/2010 þar sem kveðið var á um að Varnarmálastofnun skyldi lögð niður en að verkefni hennar yrðu falin öðrum ríkisstofnunum. Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að breytingunum var ekki ætlað að hafa efnisleg áhrif á varnar- og öryggisskuldbindingar Íslands en að stefnt væri að endurskipulagningu á framkvæmd varnartengdra verkefna

og samþættingu þeirra að hefðbundinni borgaralegri starfsemi á sviði öryggismála. Breytingarnar myndu þannig að lokum leiða til þess að opinberar undirstofnanir, þá væntanlegs innanríkisráðuneytis, myndu annast framkvæmd varnar- og öryggistengdra verkefna.

Samkvæmt lögum um niðurlagningu Varnarmálastofnunar tók sérstök verkefnisstjórn við stjórn og daglegum rekstri stofnunarinnar frá 1. september til ársloka 2010 og hafði jafnframt heimild til að gera tillögu til utanríkisráðherra um ráðstöfun varnartengdra verkefna til annarra ríkisstofnana. Verkefnisstjórnin náði ekki samstöðu um slíkar tillögur en utanríkisráðherra og innanríkisráðherra gerðu með sér samkomulag 11. desember sl. um ráðstöfun verkefna Varnarmálastofnunar til bráðabirgða. Á þessum grundvelli hefur þeim verkefnum sem falla undir varnarmál skv. 7. gr. varnarmálalaga nr. 34/2008 verið ráðstafað sem hér segir:

Landhelgisgæsla Íslands

- rekstur íslenska loftvarnakerfisins, þ.m.t. fjarskiptastöðvar og ratsjárstöðvar Atlantshafsbandalagsins hérlendis, sbr. 1. tölul. 7. gr. varnarmálalaga,
- þátttaka í samræmdu loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins samkvæmt varnarmálalögum og á grundvelli þjóðréttarsamninga sem Ísland er aðili að, sbr. 2. tölul. 7. gr. varnarmálalaga,
- rekstur, umsjón og hagnýting öryggissvæða og mannvirkja í eigu íslenska ríkisins og Atlantshafsbandalagsins í samræmi við notendaríkis- og gistiríkishlutverk Íslands, sbr. 3. tölul. 7. gr. varnarmálalaga,
- undirbúningur og umsjón varnaræfinga sem haldnar eru hérlendis, sbr. 4. tölul. 7. gr. varnarmálalaga,
- framkvæmd gistiríkisstuðnings íslenskra stjórnvalda, sbr. 5. tölul. 7. gr. varnarmálalaga,
- úrvinnsla upplýsinga úr upplýsingakerfum Atlantshafsbandalagsins og undirstofnana þess sem íslensk stjórnvöld hafa aðgang að eftir því sem við á, sbr. 6. tölul. 7. gr. varnarmálalaga,
- þátttaka í starfi nefnda og undirstofnana Atlantshafsbandalagsins er varðar þau verkefni sem Landhelgisgæslu Íslands eru falin, sbr. 7. tölul. 7. gr. varnarmálalaga,
- verkefni sem varða framkvæmd varnarsamningsins, sbr. lög nr. 110/1951 og lög nr. 72/2007 um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, og Samstarfs í þágu friðar o.fl., sbr. 8. tölul. 7. gr. varnarmálalaga,
- samstarf við önnur stjórnvöld, stofnanir eða opinber hlutafélög sem hafa með höndum verkefni sem tengjast varnarmálum, sbr. 9. tölul. 7. gr. varnarmálalaga,
- samstarf við alþjóðastofnanir og framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði varnarmála er varðar þau verkefni sem Landhelgisgæslu Íslands eru falin, sbr. 10. tölul. 7. gr. varnarmálalaga.

Ríkislögreglustjóri

- verkefni á sviði stjórnsýslu og eftirlits varðandi gagnatengingar, sbr. 6. tölul. 7. gr. varnarmálalaga,
- verkefni við úrvinnslu upplýsinga eftir því sem við á, sbr. 6. tölul. 7. gr. varnarmálalaga,
- þátttaka í starfi nefnda og undirstofnana Atlantshafsbandalagsins, er varðar þau verkefni sem Ríkislögreglustjóra eru falin, sbr. 7. tölul. 7. gr. varnarmálalaga,
- samstarf við önnur stjórnvöld, stofnanir eða opinber hlutafélög sem hafa með höndum verkefni sem tengjast varnarmálum, sbr. 9. tölul. 7. gr. varnarmálalaga,
- samstarf við alþjóðastofnanir og framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði varnarmála er

varðar þau verkefni sem Ríkislögreglustjóra eru falin, sbr. 10. tölul. 7. gr. varnarmálalaga,
- hættumat á sviði varnarmála samkvæmt varnarmálalögum, sbr. 11. tölul. 7. gr. þeirra laga,
- útgáfa öryggisvottana skv. 24. gr. varnarmálalaga og stjórnsýsla öryggissamstarfsins við NATO (*e. National Security Authority – NSA*).

Upphaflega var gert ráð fyrir að þessi ráðstöfun skyldi gilda til 15. mars sl. meðan utanríkisráðuneyti og innanríkisráðuneyti könnuðu betur hvernig verkefnum væri best fyrirkomið til framtíðar. Innanríkisráðuneyti hefur óskað eftir tillögum frá Landhelgisgæslu og Isavia ohf. um hvernig stofnunin og fyrirtækið telji verkefnunum best sinnt og því var talið rétt að framlengja hina tímabundnu ráðstöfun. Þegar niðurstaða næst um framtíðarfyrirkomulag verður einnig kannað hvort gera þurfi frekari lagabreytingar.

4.3.2. Samstarf í varnarmálum

Varnarsamstarf við Bandaríkin

Öryggis- og varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna tekur nú skýrt mið af breyttum aðstæðum og grundvallast meðal annars á þeirri sameiginlegu yfirlýsingu sem ríkin undirrituðu við brottför Bandaríkjahers frá Íslandi haustið 2006 (*e. Joint Statement*). Sameiginlegir hagsmunir eru eftir sem áður grunnurinn að tvíhliða samstarfi, sem og samvinnu á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Unnið er að því að því að efla samstarfið þannig að það taki til fleiri þátta öryggismála út frá víðri skilgreiningu á öryggis- og varnarmálum, m.a. með tilliti til málefna norðurslóða, þ. á m. umhverfisöryggis, leitar og björgunar á hafi o.fl., og hvað varðar varnir gegn hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Íslensk og bandarísk stjórnvöld hafa á síðustu árum átt reglubundið samráð um öryggismál (*e. Strategic Dialogue*). Gert er ráð fyrir að næsti samráðsfundur eigi sér stað á seinni hluta þessa árs.

Þótt varnarsamstarfið við Bandaríkin hafi í grundvallaratriðum breyst þegar fastri viðveru Bandaríkjahers hér á landi lauk haustið 2006, er sú skuldbinding Bandaríkjanna að koma Íslandi til varnar ef hætta steðjar að óbreytt. Þannig eiga Ísland og Bandaríkin samstarf um æfingar sem eru skipulagðar á grundvelli gildandi viðbúnaðaráætlana sem Bandaríkin hafa skuldbundið sig til að gera og viðhalda. Með sama hætti er Ísland gistiríki fyrir bandarískar flugsveitir þegar þær sinna loftrýmisgæslu umhverfis Ísland á grundvelli ákvörðunar Norður-Atlantshafsráðsins, eins og greint er frá hér að aftan.

Grannríkjasamstarf

Eftir brotthvarf bandaríska varnarliðsins árið 2006 var ákveðið að leita eftir samstarfi á sviði öryggis og varnarmála við helstu grannríki innan Atlantshafsbandalagsins með það að markmiði að auka öryggi og stöðugleika á Norður-Atlantshafi og þar með öryggi Íslands. Á árunum 2007–2008 var undirritað samkomulag um samstarf á sviði öryggis- og varnarmála við Danmörku, Noreg og Bretland, og 15. október sl. var undirritað samkomulag um samstarf við Kanada. Þá á Ísland reglulega viðræður við Þýskaland og Frakkland. Fyrrgreindir samningar eru mismunandi en í öllum tilfellum er kveðið á um viðræður og samstarf, sem tekur til öryggismála í víðum skilningi, s.s. samstarf á sviði björgunaraðgerða, viðbragða gegn náttúruvá, löggæslumála og landhelgisgæslu, auk hefðbundinna varnarmála.

Unnið hefur verið að því að útfæra nánar einstök verkefni og skilgreina betur möguleika á frekara grannríkjasamstarfi. Einkum hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á aukið samstarf um öryggismál á norðurslóðum. Ísland gengur til þessa samstarfs með það að markmiði

að leggja sitt af mörkum til sameiginlegs öryggis en jafnframt að breikka grundvöll öryggissamstarfs síns.

Loftrýmisgæsla Atlantshafsbandalagsins við Ísland

Eftir brotthvarf bandaríska varnarliðsins var reglulegri loftrýmisgæslu umhverfis Ísland komið á fót á vegum Atlantshafsbandalagsins, samkvæmt samþykkt fastaráðs bandalagsins frá 27. júlí 2007, til að koma í veg fyrir að Ísland væri eina aðildarríki bandalagsins án loftrýmiseftirlits. Annar megintilgangur loftrýmisgæslunnar er að viðhalda þekkingu innan aðildarríkja bandalagsins á aðstæðum hér á landi og í nágrenni að því er varðar skilyrði í lofti og á jörðu niðri, svo þau geti brugðist við skjótt og örugglega þurfi Ísland á aðstoð flugsveita NATO-ríkja að halda.

Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins senda nú flugsveitir a.m.k. þrisvar sinnum á ári til loftrýmisgæslu á Íslandi. Íslenska ratsjárkerfið hefur eftirlit með skilgreindu loftrýmiseftirlitssvæði Atlantshafsbandalagsins umhverfis Ísland. Óþekkt flugumferð innan þess svæðis er greind sem er mikilvægt, m.a. vegna flugöryggissjónarmiða, og henni mætt þegar flugsveitir eru hér til að sinna loftrýmisgæslu fyrir hönd bandalagsins.

4.3.3. Skýrsla Stoltenbergs um nánari samvinnu Norðurlanda í utanríkis- og öryggismálum

Í Stoltenberg-skýrslunni frá haustinu 2009 um aukið norrænt samstarf í öryggis- og varnarmálum er litið til næstu 10–15 ára og gerðar tillögur um nánara samstarf landanna, m.a. varðandi friðaruppbyggingu og friðarumleitanir, loftrýmisgæslu, öryggismál á norðurslóðum, tölvuöryggi, samnýtingu og samvinnu í rekstri sendiráða og samvinnu á sviði varnarmála.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda hafa fjallað ítarlega um skýrsluna og hvernig hrinda megi tillögum hennar í framkvæmd. Einkum hefur verið rætt um hvernig megi fylgja eftir tillögum um samstarf á sviði stjórnunar hættuástands, loftferðaeftirlits og fjarskipta, gervihnattaþjónustu, netöryggis, og utanríkisþjónustu, svo og um ýmiss konar hernaðarsamstarf, s.s. flutninga, æfingar, læknaþjónustu og sameiginlega aðstöðu til æfinga.

Norðurlöndin hafa styrkt verulega samstarf sitt á sviði borgaralegrar þjálfunar friðargæsluliða, m.a. í samnýtingu námskeiða. Vorið 2010 var gefið út fyrsta heildstæða yfirlitið yfir þjálfun og námskeið á þessu sviði á Norðurlöndum. Utanríkisráðuneytið hefur átt samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörgu um að samnýta námskeið og þjálfun. Þá vinna Norðurlönd að aukinni samhæfingu varna gegn stafrænum árásum. Unnið er að auknu eftirliti á norðlægum hafsvæðum og leiðir Noregur það samstarf. Verið er að kanna möguleika á samstarfi um loftrýmiseftirlit yfir Íslandi en einn liður í undirbúningnum er þátttaka Svíþjóðar í æfingunni Norður-Víkingur sem haldin verður hér á landi í júní 2011.

Á fundi norrænu utanríkisráðherranna hinn 5. apríl í Helsinki var brotið blað í samstarfi Norðurlanda á sviði öryggis- og varnarmála og samþykkt samstöðuyfirlýsing þar sem lögð er áhersla á þau sterku, sameiginlegu gildi sem tengja löndin. Í yfirlýsingunni kemur fram að alþjóðalög um mannréttindi, jafnrétti og sjálfbæra þróun séu hornsteinar utanríkisstefnu Norðurlanda. Eðlilegt sé að Norðurlönd takist sameiginlega á við þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni á sviði utanríkis- og öryggismála, hvort sem um er að ræða ógnir af völdum manna eða náttúrunnar, netógnir eða hryðjuverk. Standi norrænt ríki frammi fyrir slíkri ógn munu hin ríkin, að ósk þess sem um ræðir, koma til aðstoðar. Aukin norræn samvinna er í fullu samræmi við öryggis- og varnarstefnu ríkjanna og til viðbótar þeirri Evrópu- og Norður-Atlantshafssamvinnu sem ríkin eiga aðild að. Samstöðuyfirlýsingu Norðurlanda

verður fylgt eftir með aðgerðum, m.a. á sviði bætts netöryggis. Sjá einnig kafla 2.3. um samstarf Norðurlanda.

4.3.4. Ný grunnstefna Atlantshafsbandalagsins

Ný grunnstefna Atlantshafsbandalagsins var samþykkt á leiðtogafundi bandalagsins sem haldinn var í Lissabon í nóvember á síðasta ári. Um er að ræða þriðju grunnstefnu frá lokum kalda stríðsins en hinar fyrri voru samþykktar árin 1991 og 1999. Við vinnslu grunnstefnunnar var kappkostað að hafa ferlið opið og gagnsætt. Framkvæmdastjóri bandalagsins, Anders Fogh Rasmussen, skipaði tólf manna sérfræðingahóp undir forystu Madeleine Albright, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem skilaði honum ráðgefandi áliti. Sérfræðingahópurinn hélt málstofur með aðildarríkjum bandalagsins um einstaka þætti stefnunnar, auk þess sem samráð var haft við ríki utan bandalagsins, þ.m.t. Rússland. Sérfræðingarnir heimsóttu aðildarríkin og sérfræðingur úr hópnum, Aivis Ronis, sem síðar varð utanríkisráðherra Lettlands, kom til Íslands og átti fundi með stjórnvöldum og utanríkismálanefnd Alþingis, sem og fræðasamfélaginu.

Utanríkis- og varnarmálaráðherrar Atlantshafsbandalagsins fjölluðu um drög að grunnstefnunni á fundi sínum 14. október sl. Utanríkisráðherra mælti fyrir sjónarmiðum Íslands, sem frá því vinnan hófst hefur byggt á eftirfarandi 15 atriðum:

- að ferlið yrði gegnsætt og að öll aðildarríki bandalagsins yrðu höfð með í ráðum,
- að gildi bandalagsins, líkt og virðing fyrir lýðræði, réttarríkinu og mannréttindum, yrðu áréttuð,
- að sameiginlegar varnarskuldbindingar bandalagsins yrðu áréttaðar sem helsta og mikilvægasta verkefni þess og mikilvægi samstöðu, Atlantshafstengsla og órjúfanleika öryggis aðildarríkja yrði undirstrikað,
- að lýsing á umhverfi öryggis- og varnarmála yrði heildstæð og næði m.a. til hlýnunar loftslags, orkuöryggis, umhverfisöryggis og efnahagslegs öryggis, auk hefðbundnari skilgreininga á öryggishugtakinu,
- að ákvæði fimmtu greinar Washington-sáttmálans yrði áréttað og notast yrði við víðtækari skilgreiningar, enda umhverfi öryggis- og varnarmála margþætt,
- að ákvæði fjórðu greinar Washington-sáttmálans um samráð yrði sömuleiðis áréttað,
- að jafnvægi yrði fundið í áherslum er snúa að nærsvæðaöryggi og aðgerðum utan aðildarríkja,
- að mikilvægi norðurslóða yrði áréttað,
- að mikilvægi sýnileika bandalagsins innan bandalagsríkja yrði undirstrikað,
- að samþætting og samræming hernaðarlegra aðgerða og borgaralegrar uppbyggingar og samvinna ólíkra aðila á stofnanastigi og vettvangi, þ.m.t. ESB, yrði áréttuð,
- að mannúðarlög og verndun mannréttinda í aðgerðum bandalagsins yrði áréttuð,
- að mikilvægi samskipta og samvinnu NATO og Rússlands og annarra samstarfsríkja yrði áréttað,
- að hlutverk Atlantshafsbandalagsins í afvopnunarmálum, þ.m.t. að því er kjarnorkumál varðar, yrði áréttað og skerpt,
- að hlutverk Atlantshafsbandalagsins við framfylgd ályktunar öryggisráðs SÞ nr. 1325, um frið, konur og öryggi, yrði áréttað,
- að bandalagið stæði áfram opið þeim Evrópuríkjum sem deila gildum þess og uppfylla aðildarskilmála þess.

Hin nýja grunnstefna endurspeglar velflest áhersluatriði Íslands. Hún þykir hafa mælst vel fyrir og hefur að geyma ýmis nýmæli. Kveður hún m.a. á um heim án kjarnavopna og er afvopnunarmálum og takmörkunum í vígbúnaði almennt gert hátt undir höfði. Þá er áréttað að aðgerðir Atlantshafsbandalagsins verði ávallt í samræmi við alþjóðalög og áhersla lögð á samvinnu við aðrar stofnanir líkt og Evrópusambandið og Sameinuðu þjóðirnar og ríki utan bandalagsins. Er sérstök áhersla lögð á mikilvægi samvinnu við Rússland og því slegið föstu að Rússlandi standi ekki ógn af bandalaginu. Þá áréttar ný grunnstefna sameiginlegar öryggisskuldbindingar og nauðsyn á samráði telji bandalagsríki öryggishagsmunum sínum ógnað. Þá skipa nýjar ógnir og hættur, líkt og vef- og tölvuárásir, útbreiðsla gereyðingarvopna, hryðjuverk og orkuöryggi, ríkan sess í nýju grunnstefnunni. Lýsing á ástandi öryggismála tekur mið af því og tilgreinir jafnframt hættur eins og loftslagsbreytingar, vatnsskort og farsóttir sem geti haft afleiðingar fyrir stöðugleika á heimsvísu.

Atlantshafsbandalagið og norðurslóðir

Málefnum norðurslóða hefur verið veitt athygli á nýjan leik innan Atlantshafsbandalagsins, ekki síst fyrir tilstilli Íslands og Noregs. Í framhaldi af málstofu í Reykjavík um öryggishorfur á norðurslóðum fékkst viðurkenning á mikilvægi norðurslóða í leiðtogayfirlýsingu bandalagsins í Strassborg/Kehl vorið 2009 þar sem Íslandi er m.a. þakkað frumkvæði í málaflokknum. Íslensk stjórnvöld hafa freistað þess síðan að vekja athygli á þróun mála á norðurslóðum, m.a. í aðdraganda nýrrar grunnstefnu Atlantshafsbandalagsins. Í grunnstefnunni er að finna tilvísanir í áhrif loftslagsbreytinga og nauðsyn þess að bandalagið hafi vakandi auga með þróun öryggismála á eigin ábyrgðasvæði. Samræmist það málatilbúnaði íslenskra stjórnvalda á vettvangi bandalagsins þar sem þau hafa talað gegn aukinni spennu og hernaðaruppbyggingu á svæðinu.

Samskipti Atlantshafsbandalagsins og Rússlands

Leiðtogafundur NATO-Rússlandsráðsins (NRC) í Lissabon í nóvember á síðasta ári gefur tilefni til bjartsýni. Vonast er til þess að nýju lífi verði blásið í samskipti bandalagsins og Rússa og að samstarfið á vettvangi NRC verði aukið á ýmsum sviðum. Á fundinum í Lissabon þáðu rússnesk stjórnvöld boð Atlantshafsbandalagsins um að vinna að uppbyggingu samstarfs á sviði eldflaugavarna fyrir Evrópu. Yrði það í fyrsta skipti sem um slíkt samstarf um sameiginlegar varnir fyrir álfuna, milli bandalagsríkja og Rússlands, yrði að ræða. Þessi vinna er á byrjunarstigi og enn er margt óljóst varðandi útfærsluna. Áhersla er áfram lögð á að bæta og útvíkka núverandi samstarf bandalagsins og Rússa í málefnum Afganistans, í baráttunni gegn hryðjuverkum, eiturlyfjum, sjóránum, útbreiðslu gereyðingarvopna og á sviði afvopnunarmála. Þá hefur nýr START-samningur Bandaríkjamanna og Rússa gefið vonir um áframhaldandi bætt samskipti og gott samstarf í framtíðinni. Ísland er í hópi þeirra ríkja sem leggja ríka áherslu á að auka og treysta samskipti bandalagsins við Rússland.

4.3.5. Afganistan

Tímamót voru mörkuð á leiðtogafundinum í Lissabon á síðasta ári þegar ákveðið var að hefja yfirfærslu ábyrgðar í öryggismálum í Afganistan til þarlendra stjórnvalda. Forseti Afganistans, Hamid Karzai, greindi 22. mars sl. frá ákvörðun um að hefja vinnu við fyrstu yfirfærslu í sjö héruðum og borgum landsins en afgönsk stjórnvöld hafa sett sér það markmið að yfirfærslu ljúki í lok árs 2014. Alþjóðaliðið í Afganistan (*e. International Security Assistance Force – ISAF*) mun í auknum mæli sinna stoðhlutverki og fækkað verður smám

saman í liðsafla þess. Til þess að undirstrika áframhaldandi skuldbindingar NATO/ISAF er unnið að útfærslu á langtímasamstarfi bandalagsins og Afganistans. Þar verður byggt á því samstarfi sem þegar fyrir hendi, þ.m.t. áframhaldandi aðstoð við þjálfun og uppbyggingu öryggissveita heimamanna. Jafnframt er gert ráð fyrir því að veita Afganistan aðgang að sambærilegum samstarfsverkefnum og í boði eru fyrir önnur samstarfsríki NATO.

Alls leggja 49 ríki ISAF lið og er heildarliðsaflinn um 132.000 manns. Á vegum íslenskra stjórnvalda eru fimm Íslendingar að störfum í landinu. Samkvæmt langtímastefnu stjórnvalda mun Ísland áfram styðja við þróunarsamvinnu og friðaruppbyggingu í Afganistan og byggist framlagið á þeim grunni að friður, öryggi og þróun séu samverkandi þættir. Ísland hefur stutt Afganistan í gegnum svokallaðan Neyðaraðstoðarsjóð ISAF sem veitir fé til neyðar- og mannúðaraðstoðar, ásamt því að styðja verkefni um áhrif ISAF á efnahagslega uppbyggingu í landinu. Ísland hefur í málflutningi sínum lagt áherslu á mikilvægi borgaralegrar og efnahagslegrar uppbyggingar samhliða hernaðaraðgerðum og að virðing fyrir mannréttindum sé í hávegum höfð. Þá hefur Ísland lagt ríka áherslu á framfylgd ályktunar öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi og að tekið verði á spillingarmálum en eiturlyfjaiðnaðurinn og spilling halda áfram að tálma friðaruppbyggingu og endurreisn í landinu.

4.3.6. Líbía og Atlantshafsbandalagið

Atlantshafsbandalagið tók við yfirstjórn og samræmingu hernaðaraðgerða í Líbíu hinn 31. mars sl. en áður hafði bandalag nokkurra ríkja, með Frakkland, Bretland og Bandaríkin í broddi fylkingar, staðið að aðgerðum á grundvelli ályktunar öryggisráðs SÞ nr. 1973.

Þrjú meginviðmið lágu til grundvallar ákvörðunar bandalagsins um að taka yfir aðgerðirnar. Í fyrsta lagi að skýr hernaðarleg þörf lægi fyrir. Í öðru lagi þyrfti skýr lagaleg heimild í formi ályktunar frá öryggisráði SÞ að vera fyrir hendi og í þriðja lagi stuðningur ríkja á svæðinu. Með samþykkt ályktunar öryggisráðsins nr. 1973 hinn 17. mars sl. varð ljóst að öll skilyrði fyrir þátttöku Atlantshafsbandalagsins væru fyrir hendi, en stuðningur ríkja á svæðinu birtist meðal annars í ákalli Arababandalagsins eftir loftferðabanni og þátttöku einstakra Arabaríkja í sjálfum aðgerðunum.

Aðgerðir Atlantshafsbandalagsins eru af þrennum toga. Fylgt er eftir vopnasölubanni og loftferðabanni, sem og ráðstöfunum til að vernda almenna borgara í Líbíu, en ályktun nr. 1973 heimilar ríkjum eða ríkjabandalögum að vernda almenning í Líbíu gegn hernaði með öllum nauðsynlegum úrræðum að landhernaði slepptum. Af hálfu bandalagsins er lögð rík áhersla á að framfylgja ályktuninni með gát og forðast mannfall meðal óbreyttra borgara eins og kostur er. Fimm samstarfsríki leggja bandalaginu lið í aðgerðunum, þ. á m. Svíþjóð, en einnig ríki frá Arabaheiminum.

Á hinum pólitíska vettvangi er þess jafnframt freistað að semja um vopnahlé og finna lausn til framtíðar, enda er alþjóðasamfélagið sammála um að hernaðaraðgerðir einar og sér muni ekki leysa með varanlegum hætti þá stöðu sem uppi er í Líbíu. Sameinuðu þjóðirnar leiða þær umleitanir, auk þess sem Afríkusambandið, Arababandalagið og einstök ríki eins og Tyrkland hafa freistað þess að miðla málum. Þá hefur verið sett á fót samstarfsráð ríkja og alþjóðastofnana til að veita pólitíska leiðsögn um málefni Líbíu. Norðurlöndin þrjú sem taka þátt í aðgerðunum, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, eiga m.a. eitt sæti í samstarfsráðinu og halda öðrum Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum upplýstum um gang mála.

4.3.7. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE)

Umræða á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) hefur að ýmsu leyti gengið í endurnýjun lífdaga eftir að Grikkir hleyptu af stokkunum svokölluðu Korfu-ferli um öryggismál í Evrópu á miðju ári 2009. Á árinu 2010 fór fram, undir formennsku Kasakstan sem hafði að leiðarljósi að fylgja Korfu-ferlinu eftir, umfangsmikil umræða um alla þætti í starfi samtakanna og um mitt ár var gefin út yfirlitsskýrsla um framkomnar hugmyndir.

Utanríkisráðherrar ÖSE ákváðu á fundi sínum í Kasakstan um mitt síðasta ár að halda leiðtogafund þá um haustið, en 11 ár voru þá frá því að síðasti leiðtogafundur var haldinn. Mikil vinna var lögð í undirbúning leiðtogafundarins. Haldnar voru sérstakar endurskoðunarráðstefnur fyrir allar þrjár víddir samstarfsins (öryggismál, efnahags- og umhverfismál og mannlegu víddina) þar sem litið var yfir farinn veg allt frá leiðtogafundinum í Istanbúl árið 1999. Stefnt var að gerð yfirlýsingar og framkvæmdaáætlunar í einu heildstæðu skjali þar sem hnykkt yrði á grundvallarskuldbindingum ÖSE allt frá Helsinki-sáttmálanum og þær staðfestar og ítrekaðar, en í framkvæmdaáætluninni yrði kveðið á um enn frekari styrkingu skuldbindinganna og sett á blað hvernig þeim skyldi fylgt og þær skyldu þróaðar í ljósi breyttra aðstæðna í öryggismálum.

Á síðustu metrunum tókst einungis að ná samstöðu um lokayfirlýsingu, en framkvæmdaáætlunin var lögð til hliðar þótt samstaða væri um hana í meginatriðum. Það sem réði úrslitum að lokum voru þau óleystu átök sem við er að etja, þ.e. í Moldóvu, Nagornó-Karabak og sérstaklega Georgíu. Þessar deilur hafa valdið togstreitu í samstarfinu innan ÖSE um alllangt skeið.

Í lokayfirlýsingu leiðtogafundar ÖSE er aðildarríkjunum falið að starfa áfram á grundvelli þeirrar vinnu sem sett hafði verið fram í drögum að framkvæmdaáætlun. Niðurstöður leiðtogafundarins eru taldar vera skref fram á við þótt það hafi verið mörgum vonbrigði að framkvæmdaáætlunin náði ekki fram að ganga.

Formennska Íslands á vettvangi ÖSE fyrir öryggismálasamvinnu

Ísland gegndi formennsku á vettvangi ÖSE fyrir öryggismálasamvinnu (*e. Forum for Security Cooperation*) fyrstu fjóra mánuði þessa árs. Á vettvangi ÖSE fyrir öryggismálasamvinnu starfa öll 56 þátttökuríki samtakanna á stigi fastafulltrúa og/eða hermálafulltrúa og þar fer fram umræða og ákvarðanataka um málefni sem varða fyrstu vídd ÖSE, þ.e. samvinnu á sviði öryggismála og traustvekjandi aðgerða á sviði hermála.

Áherslur í formennsku Íslands byggðu á þeim atriðum í yfirlýsingu leiðtogafundar ÖSE í Astana sem varða fyrstu víddina. Þá var lögð áhersla á almenna stefnu Íslands varðandi friðsamlega sambúð ríkja, friðsamlega lausn deilumála, afvopnun og takmörkun vígbúnaðar. Einkum var lögð áhersla á að á vettvangi ÖSE verði sjónum beint að því að koma í veg fyrir útbreiðslu gereyðingarvopna og smá- og léttvopna og að jafnframt verði traustvekjandi aðgerðum sinnt, stuðlað að gagnsæi og þátttöku kvenna í friðarstarfi og stutt við mannúðarlög og mannréttindi.

Í formennsku Íslands var unnið að framgangi þessara mála í samvinnu við öll þátttökuríki og sá fastanefnd Íslands í Vínarborg um þá vinnu sem af formennskunni hlaust. Auk þess að stjórna vikulegum fundum vettvangsins fyrir öryggismálasamvinnu og vinnuhópa á hans snærum og undirbúa þá var það eitt af fyrstu verkefnunum í formennsku Íslands að koma að stjórn sérstakrar ráðstefnu um hlutverk ÖSE við framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1540 um að koma í veg fyrir dreifingu gereyðingarvopna. Þá hefur Ísland undirbúið og stjórnað sérstökum fundi öryggismálasamvinnuvettvangsins um traustvekjandi

aðgerðir á sviði hermála, takmörkun hefðbundins vígbúnaðar og uppfærslu svokallaðs Vínarskjals frá 1999 um traustvekjandi og öryggisuppbyggjandi aðgerðir sem ákveðið var að uppfæra á leiðtogafundinum í Astana. Má einnig nefna að fastafulltrúi Íslands hélt erindi í fyrstu nefnd þingmannasamtaka ÖSE í febrúar sl. þar sem gerð var grein fyrir vettvangi ÖSE fyrir öryggismálasamvinnu og formennsku Íslands.

Í lok mars var samþykkt á fundi vettvangs fyrir öryggismálasamvinnu undir formennsku Íslands að ÖSE-ríki stefni að því að eyða umframbirgðum af skotfærum fyrir hefðbundin vopn, fremur en að setja þær í geymslu eða selja þær, en víða eru til miklar birgðir af gömlum skotfærum sem ekki er lengur þörf fyrir. Er tilgangurinn sá að koma í veg fyrir að umframbirgðir af skotfærum lendi í höndum hryðjuverkamanna eða glæpamanna.

Nýverið er lokið ráðstefnu ÖSE um framkvæmd skuldbindinga sem þátttökuríkin hafa tekist á hendur samkvæmt Vínarskjalinu en Ísland kom vegna formennskunnar að skipulagningu og framkvæmd ráðstefnunnar. Einnig var staðið fyrir sérstökum fundi um tengsl mannréttinda og öryggis, með áherslu á ályktun öryggisráðs SÞ nr. 1325 um konur, frið og öryggi og aðkomu kvenna að friðarferlum.

4.4. Afvopnunarmál

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er m.a. lögð áhersla á afvopnun, sameiginlegt alþjóðlegt öryggi, kjarnaafvopnun og friðarumræðu. Ísland styður þau markmið sem samþykkt hafa verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og innan vébanda annarra alþjóðastofnana sem lúta að útrýmingu allra gereyðingarvopna. Ísland styður einnig markmið sem lúta að útrýmingu ómannúðlegra hefðbundinna vopna og viðleitni til að lágmarka hættu sem stafar af hefðbundnum vopnum með því að takmarka magn, tegundir og útbreiðslu, án þess þó að það gangi gegn réttmætum öryggishagsmunum ríkja.

Afvopnun á sviði kjarnavopna

Nýi START-samningurinn, sem forsetar Bandaríkjanna og Rússlands undirrituðu í apríl 2010, hefur nú verið staðfestur af hálfu bandarísku öldungadeildarinnar og rússneska þingsins. Hann tók gildi í byrjun febrúar sl. Í samningnum er gert ráð fyrir allmikilli fækkun kjarnaodda í vopnabúrum beggja ríkja, sem og fækkun langdrægra eldflauga sem borið geta kjarnavopn. Þetta er vafalítið mikilvægasti samningurinn á sviði afvopnunar sem Bandaríkin og Rússland hafa gert með sér síðustu tvo áratugi.

Það á eftir að koma í ljós hvert framhaldið verður að því er varðar fækkun kjarnavopna. Ef að líkum lætur verður augum beint að skammdrægum kjarnavopnum í Evrópu. Vopnum af þessari gerð hefur fækkað mjög mikið frá dögum kalda stríðsins. Þrátt fyrir það er enn allmikill fjöldi skammdrægra kjarnavopna í Evrópu. Talið er að slík vopn séu m.a. staðsett á Kólaskaga við Barentshaf. Bæði Bandaríkin og Rússland hafa gefið til kynna að þau séu reiðubúin að huga að fækkun skammdrægra kjarnavopna.

Ýmis önnur mál sem tengjast fækkun kjarnavopna og viðleitni til að koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra eru í deiglunni. Samningurinn um allsherjarbann við kjarnavopnatilraunum (*e. Comprehensive Nuclear Test Ban Treaty – CTBT*) er mikilvægur í þessu tilliti. Forseti Bandaríkjanna, Barack Obama, hefur ítrekað lýst yfir stuðningi við að hann verði fullgiltur af hálfu Bandaríkjanna, en til að samningurinn taki gildi þurfa tiltekin ríki sem kveðið er á um í samningnum, að verða aðilar að honum og eru Bandaríkin þar á meðal. Líta má á samninginn um útbreiðslu kjarnavopna (*e. Nuclear Non-Proliferation Treaty – NPT*) sem höfuðstoð þeirrar viðleitni að stemma stigu við útbreiðslu slíkra vopna. Hættan á að slík vopn kom-

ist í hendur fleiri ríkja eða hryðjuverkasamtaka er óumdeild. Athyglin hefur ekki síst beinst að Norður-Kóreu og Íran.

Bann gegn klasasprengjum

Samningurinn um klasasprengjur sem var gerður í Ósló 3. desember 2008, tók gildi 1. ágúst 2010. Í samningnum er bönnuð notkun, geymsla, framleiðsla og sala á þeim klasasprengjum sem skilgreindar eru í samningnum. Unnið er að tillögum um lagabreytingar sem gera Íslandi kleift að fullgilda samninginn.

Útflutningseftirlit

Víðtæk samvinna á sér stað á alþjóðavettvangi um eftirlit með útflutningi sem getur stuðlað að vopnuðum átökum, útbreiðslu gereyðingarvopna, hryðjuverkum o.s.frv., en þar er átt við hergögn og ýmsar vörur sem geta haft hernaðarlega þýðingu. Ísland tekur þátt í slíkri samvinnu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Alþjóðlegar reglur á þessu sviði eru innleiddar á Íslandi á grundvelli nýlegra laga um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu.

Alþjóðlegar þvingunaraðgerðir

Þvingunaraðgerðir gagnvart ríkjum og einstaklingum eru mikilvægur þáttur í því að viðhalda friði og öryggi og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi. Íslensk stjórnvöld taka þátt í margvíslegum þvingunaraðgerðum sem ákveðnar eru í alþjóðasamstarfi, m.a. í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandinu, en þær síðarnefndu eru teknar upp hérlendis á grundvelli EES-samningsins. Slíkar þvingunaraðgerðir snúast aðallega um bann við vopnaviðskiptum, eða landgöngu einstaklinga og frystingu fjármuna þeirra. Þær eru mikilvægur þáttur í baráttunni gegn hryðjuverkum og útbreiðslu kjarnavopna.

Á árinu 2010 herti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna þvingunaraðgerðir gegn Íran, tók upp slíkar aðgerðir gagnvart Erítreu og felldi þær niður gagnvart Síerra Leóne. Á árinu 2011 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna þvingunaraðgerðir gegn Líbíu. Enn fremur samþykkti Evrópusambandið þvingunaraðgerðir gegn Túnis. Yfirlit þvingunaraðgerða sem Ísland framkvæmir má finna á vef utanríkisráðuneytisins.

4.5. Almenn utanríkismál

Utanríkisþjónustan á regluleg samskipti við ýmsa ríkjahópa og ríki um ýmis mikilvæg utanríkis- og alþjóðamál. Sendiskrifstofur Íslands um allan heim eiga víðtæk samskipti við sín gistiríki og umdæmislönd og gegna lykilhlutverki við að gæta hagsmuna Íslands og Íslendinga í viðkomandi heimshluta.

4.5.1. Samstarf við ESB um utanríkis-, öryggis- og varnarmál

Sameiginleg utanríkis- og öryggisstefna Evrópusambandsins (ESB) grundvallast á því að tryggja öryggi aðildarríkja sambandsins með því að standa vörð um frið á alþjóðavettvangi í samræmi við sameiginleg gildi og hagsmuni sambandsins og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ísland hefur lýst yfir fullum stuðningi sínum við viðleitni ESB til að styrkja sig í sessi sem heildstætt afl í alþjóðasamskiptum og til að auka getu sína til að vinna að evrópskum hagsmunum og gildum á alþjóðlegum vettvangi. Hagsmunir Íslands fara yfirleitt saman við hags-

muni ESB í utanríkis- og öryggismálum og myndi styrking ESB í þessu tilliti því einnig koma Íslendingum til góða.

EFTA-ríkin innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) hafa gert samkomulag við ESB um reglubundið pólitískt samráð. Samhliða EES-fundunum eiga utanríkisráðherrar EFTA-ríkjanna fundi með þríeyki ESB, þ.e. utanríkisráðherrum formennskuríkis og verðandi formennskuríkis, ásamt fulltrúum utanríkisþjónustu ESB (*e. External Action Service*) og framkvæmdastjórnarinnar um mikilvæg utanríkismál. Einnig taka sérfræðingar EFTA-ríkjanna innan EES þátt í hefðbundnum samráðsfundum sem utanríkisþjónusta ESB boðar til um utanríkismál, m.a. um málefni Rússlands, Balkanskaga og Mið-Austurlanda svo að dæmi séu nefnd.

Á árinu 2010 gaf ráðherraráð ESB út 46 yfirlýsingar um afstöðu sambandsins til mála víðs vegar um heiminn. Ísland tók undir 38 þeirra[4]. Á árinu varð umtalsverð fækkun á sameiginlegum yfirlýsingum ESB á þessu sviði eins og við mátti búast í kjölfar samþykktar Lissabonsáttmálans og tilkomu nýrrar stöðu talsmanns utanríkismála[5].

Árlega sækir Ísland tvo samráðsfundi ESB á ráðherrastigi um öryggis- og varnarmál sem haldnir eru í tengslum við óformlega varnarmálaráðherrafundi sambandsins. Fundirnir eru haldnir með evrópskum NATO-ríkjum sem standa utan ESB, þ.e. Íslandi, Noregi, Króatíu og Tyrklandi, ásamt umsóknarríkinu Makedóníu.

Nánar er fjallað um utanríkismál ESB í kafla 3.6.8.

4.5.2. Mið-Austurlönd

Á skömmum tíma hafa átt sér stað söguleg umskipti í Mið-Austurlöndum. Um Arabaheiminn, þar sem búa 360 milljónir manna, fer nú alda mótmæla gegn aldalöngu einræði og kúgun, þar sem grundvallarmannréttindi hafa löngum verið fótum troðin. Vonir standa til þess að á næstu árum takist að reisa lýðræðislegri og réttlátari samfélög á rústum einræðisins, þar sem þjóðarauðnum verði skipt með réttlátari hætti og allir njóti lýð- og mannréttinda. Mótmæli, átök og kröfur um aukin réttindi hafa nú brotist út í Alsír, Barein, Egyptalandi, Jemen, Jórdaníu, Líbíu, Marokkó, Óman, Sýrlandi og Túnis. Í Sádi-Arabíu hafa mótmæli verið barin niður með harðri hendi og þau bönnuð.

Alþjóðasamfélagið brást við í lok febrúar með samhljóða samþykkt ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1970 þar sem alvarlegum áhyggjum var lýst vegna ástandsins í Líbíu og valdbeiting og mannréttindabrot líbískra stjórnvalda harðlega fordæmd. Með vísun til VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna var vopnasölubann sett á Líbíu, svo og ákvæði um ferðabann og frystingu eigna Muammars Gaddafis, einræðisherra Líbíu til 42 ára, fjölskyldu hans og nánustu samstarfsmanna. Sakamáladómstóli Sameinuðu þjóðanna í Haag var enn fremur falið að rannsaka árásir öryggissveita Gaddafis á íbúa landsins og að þeir sem bera ábyrgð á morðum öryggissveitanna og öðrum mannréttindabrotum í landinu verði sóttir til saka.

Í framhaldi af fyrri ályktun sinni nr. 1970 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 1973 um stöðu mála í Líbíu hinn 17. mars 2011. Ályktunin var samþykkt með 10 atkvæðum, ekkert ríki var á móti en 5 ríki sátu hjá, þ.e. Brasilía, Indland, Kína, Rússland og

---

4 Algengasta ástæðan fyrir því að ekki var tekið undir yfirlýsingu var að ESB gaf of stuttan frest til svars.

5 Árið 2009 tók Ísland undir 179 af 204 af yfirlýsingum ráðherraráðs ESB um afstöðu sambandsins til mála víðs vegar um heiminn.

Þýskaland. Ályktunin var samþykkt á grundvelli VII. kafla sáttmála SÞ um aðgerðir vegna ófriðarhættu, friðrofa og árása.

Í ályktuninni er tafarlauss vopnahlés krafist og að líbísk stjórnvöld láti af öllu ofbeldi og árásum gegn borgurum landsins. Flugbann (*e. no-fly zone*) er sett yfir Líbíu, svo og á öllu flugi til og frá landinu. Allar nauðsynlegar aðgerðir til verndar borgurum eru heimilaðar nema erlent hernám landsins. Vopnasölubann á Líbíu er styrkt, svo og aðgerðir gegn málaliðum, með veitingu valdheimildar til leitar í skipum og flugvélum. Eignir stjórnvalda í Líbíu eru frystar og staðfest er að slíkar eignir verði notaðar í þágu líbísku þjóðarinnar. Frysting eigna og ferðabann á grundvelli ályktunar öryggisráðsins nr. 1970 er víkkað og látið ná til fleiri einstaklinga, svo og líbískra stjórnvalda. Sérfræðinganefnd er enn fremur sett á laggirnar til eftirlits með framkvæmd þvingunaraðgerða gegn Líbíu. Atlantshafsbandalagið ákvað 27. mars sl. að framfylgja ályktun öryggisráðsins nr. 1973 og tók í framhaldi af því við stjórn hernaðaraðgerða í Líbíu af Bandaríkjunum, Frakklandi, Bretlandi og samstarfsríkjum þeirra, í samræmi við ályktun öryggisráðsins. Fjallað er um aðgerðir Atlantshafsbandalagsins í Líbíu í kafla 4.3.6. Þá er fjallað um fundi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um ástand mannréttindamála m.a. í Líbíu og Sýrlandi í kafla 4.1.1.

Friðsamleg mótmæli og valdaskipti í Túnis, þar sem mótmælaaldan hófst í lok ársins 2010 og byrjun ársins 2011, leiddu um síðir til alþýðubyltingar í Egyptalandi, fjölmennasta ríki Mið-Austurlanda. Friðsamleg uppreisn fólksins, sem stóð í átján daga í janúar og febrúar 2011, leiddi að lokum til afsagnar Hosnis Mubaraks, forseta. Áætlað var að allt að 20 milljónir manna hefðu mótmælt á götum úti að loknum föstudagsbænum 11. febrúar, daginn sem Mubarak sagði af sér. Egypska herráðið tók völdin í landinu og leysti um leið upp þingið, setti ríkisstjórnina af, skipaði bráðabirgðastjórn og hét víðtækum lýðræðisumbótum í landinu. Í mars fóru fram almennar kosningar um breytingar á stjórnarskránni þar sem 77% þeirra sem greiddu atkvæði studdu m.a. að kjörtímabil forseta landsins yrði takmarkað við tvö fjögurra ára tímabil. Ný stjórnarskrá landsins verður samin og borin undir þjóðaratkvæði og boðað verður til þing- og forsetakosninga nk. haust. Mikið verk bíður nýrra stjórnvalda í Egyptalandi þar sem 40% íbúanna búa við eða undir fátæktarmörkum Sameinuðu þjóðanna, sem nema tveimur Bandaríkjadölum á dag, og þar sem skapa þarf eina milljón nýrra starfa árlega. Herráðið leggur áherslu á pólitískan, efnahagslegan og félagslegan stöðugleika og heitir því að grundvallarmannréttindi verði virt. Jafnframt var því lýst yfir að allir alþjóðasamningar yrðu virtir, þ.m.t. friðarsamningur Egyptalands og Ísraels frá 1979, en Hamas-samtökin vænta þess að ný egypsk stjórnvöld létti herkvínni um Gasa.

Egyptaland er bæði fjölmennasta og áhrifamesta Arabaríkið og ljóst er að atburðirnir þar, sem voru að mestu friðsamir, hafa margvísleg áhrif í þessum heimshluta. Sjálfsprottnar mótmælahreyfingar sem orðið hafa til í mörgum Arabaríkjum gætu leitt til byltingarkenndra breytinga í Mið-Austurlöndum á næstu mánuðum og árum og leitt til aukinna lýðréttinda og virðingar fyrir mannréttindum. Ekki er talið líklegt að þessir atburðir leiði til aukinna áhrifa íslamista á svæðinu því margir efast um að hugmyndafræði bókstafstrúarmanna höfði til meiri hluta ungs fólks. Unga kynslóðin aðhyllist opnara samfélag en það sem trúarleg hugmyndafræði íslamistanna felur í sér og hefur fengið að kynnast því í gegnum fjölmiðla. Umbreytingarnar má því ekki síst þakka nýrri samskiptatækni, nýjum boðleiðum og betra upplýsingaflæði sem ekki er háð ríkisreknum fjölmiðlum hliðhollum valdamönnum.

Með undirritun samkomulags milli Fatah- og Hamas-samtakanna, helstu fylkinga Palestínumanna, í Kairó í maí 2011 hefur endi verið bundinn á fjögurra ára deilur samtakanna. Í samkomulaginu felst að sett verði á laggirnar bráðabirgðastjórn og að efnt verði til þing- og

forsetakosninga í Palestínu innan árs. Sérstök nefnd á vegum stjórnvalda í Egyptalandi sem beittu sér fyrir samkomulaginu mun fylgjast með því að ákvæði samkomulagsins verði haldin.

Íslensk stjórnvöld fylgjast náið með málefnum Mið-Austurlanda í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Sem fyrr heldur Ísland áfram að beita sér sérstaklega í frelsisbaráttu palestínsku þjóðarinnar, einkum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York og mannréttindaráðsins í Genf. Ísland styður rétt Palestínumanna til sjálfstæðs ríkis og vonar að það geti orðið að veruleika eins fljótt og verða má.

Utanríkisráðherra gagnrýndi stjórnvöld í Ísrael harðlega í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september 2010, bæði fyrir ósveigjanlega stefnu þeirra gagnvart Palestínumönnum og sérstaklega framferði þeirra á hernumdu svæðunum. Sagði utanríkisráðherra að Íslendingar hefðu djúpa samúð með Palestínumönnum, ekki síst íbúum Gasa-svæðisins, sem væru í þörf fyrir bráða aðstoð því mannréttindi þeirra væru brotin á hverjum degi. Meiri hluti utanríkismálanefndar hefði fordæmt harðlega, með bókun 1. júní 2010, árás ísraelska hersins á tyrkneskt skip í skipalest á alþjóðlegri siglingaleið, á leið með hjálpargögn til Gasa-svæðisins. Árásin væri brot á alþjóðalögum og að það stríddi gegn réttlætiskennd manna að hindra með ofbeldi að hjálpargögn berist fólki í neyð. Í bréfi sem utanríkisráðherra ritaði Avigdor Lieberman, utanríkisráðhera Ísraels, í maílok 2010 fordæmdi hann harðlega árásina á skipalestina sem hefði verið á alþjóðlegu siglingasvæði. Jafnframt var tekið undir kröfu alþjóðasamfélagsins um að óháð rannsókn færi fram á árásinni. Þess væri vænst að stjórnvöld í Ísrael sýndu rannsóknaraðilum fulla samvinnu og að þeir sem ábyrgðina bæru yrðu sóttir til saka. Íslensk stjórnvöld væru þeirrar skoðunar að herkvíin um Gasa bryti gegn alþjóðlegum mannúðarlögum og að þess væri krafist að Ísrael létti tafarlaust herkvínni um Gasa-svæðið. Sendiherra Íslands í Ósló átti sérstakan fund af þessu tilefni með sendiherra Ísraels gagnvart Íslandi, þar sem sendiherrann ítrekaði ofangreind sjónarmið með beiðni um að bréfi utanríkisráðherra yrði komið á framfæri við utanríkisráðherra Ísraels. Utanríkisráðherra hefur ennfremur á fundum með fulltrúum annarra ríkja kynnt bókun utanríkismálanefndar um árásina á skipalestina, þar sem sérstaklega hefur verið rætt hvaða úrræðum væri hægt að beita til að knýja á um breytingar á afstöðu Ísraels í samræmi við alþjóðalög. Einnig er fjallað um árásina á skipalestina í kafla 4.1.1 um mannréttindastarf á vettvangi SÞ.

Íslensk stjórnvöld telja brýnt að endurvekja friðarferlið milli Ísraels og Palestínu, sem er í ógöngum eftir að bakslag kom í friðarviðræðurnar þegar ríkisstjórn Netanyahus, forsætisráðherra Ísraels, féllst ekki á að framlengja tíu mánaða frystingu byggingarframkvæmda á Vesturbakkanum og í Austur-Jerúsalem sl. haust. Áframhaldandi landtaka Ísraelsmanna á hernumdu svæðunum, þ.m.t. í Austur-Jerúsalem, er brot á alþjóðlegum mannúðarlögum og alvarleg ógn við friðarferlið í Mið-Austurlöndum.

Nú starfa fjórir íslenskir sérfræðingar í Mið-Austurlöndum, þ.e. á vegum Íslensku friðargæslunnar hjá Palestínuflóttamannaaðstoðinni (UNRWA) og Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). Starfstíma fjölmiðlafulltrúa hjá Barnahjálpinni í Jemen er nýlokið.

Utanríkisráðuneytið hefur eftir fremsta megni aðstoðað sjálfboðaliða á vegum félagsins Ísland-Palestína og fyrirtækisins O.K. Prosthetics til að komast inn á Gasa, m.a. til að setja gervifætur á limlesta Palestínumenn. Utanríkisráðherra skoraði í ræðu sinni á allsherjarþingi SÞ á Ísraelsmenn að láta af öllum hindrunum gegn því að neyðaraðstoð, jafnt Íslendinga sem annarra, berist nauðstöddum íbúum Gasasvæðisins sem á hverjum degi þurfa að búa við ómannúðlegar aðstæður.

4.6. Þjóðréttarmál

4.6.1. Samningar Íslands við erlend ríki

Á síðasta ári voru gerðir og fullgiltir margir tvíhliða og fjölþjóðlegir samningar. Áfram var lögð sérstök áhersla á gerð samninga um upplýsingaskipti á sviði skattamála við lágskattaríki þar sem skattyfirvöld geta á grundvelli þeirra óskað eftir upplýsingum um skattskyldar eignir og tekjur sem íslenskir skattaðilar eiga þar.

Upplýsingaskiptasamningur og tvísköttunarsamningar við Cayman-eyjar öðluðust gildi í maí 2010. Á árinu voru undirritaðir upplýsingaskiptasamningar við Andorra, Mónakó, Liechtenstein, Antígva og Barbúda, Vanúatú, San Marínó, Bahama-eyjar, Sankti Vinsent og Grenadíneyjar, Sankti Kitts og Nevis, Dóminíku, Sankti Lúsíu, Grenada, Belís, Marshall-eyjar, Líberíu og Montserrat. Samningarnir við Andorra og Mónakó hafa verið fullgiltir. Í framhaldinu verður gengið frá þýðingu hinna samninganna og þeir fullgiltir. Jafnframt hefur verið lagt fram frumvarp til laga um að ríkisstjórnin fái heimild til að fullgilda bókun um breytingu á samningnum um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum milli aðildarríkja Evrópuráðsins og aðildarlanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Í bókuninni er kveðið á um strangari skyldu til að skiptast á upplýsingum um skattamál frá því sem nú er. Ítarlegri umfjöllun um upplýsingaskiptasamninga er að finna í kafla 6.5.4. Undirritaður var tvísköttunarsamningur við Króatíu í júlí 2010 og er stefnt að því að hann verði fullgiltur á næstu misserum. Tvísköttunarsamningur við Slóveníu var undirritaður í byrjun maí. Einnig er stefnt að því að undirbúa nýja tvísköttunarsamninga fyrir undirritun og fullgildingu á árinu.

Áhersla hefur enn fremur verið lögð á að leggja baráttunni gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi lið, einkum baráttunni gegn mansali. Ísland fullgilti Palermó-samninginn gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi í maí og mansalsbókun við samninginn í júní 2010. Ísland gerðist aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu hinn 1. mars 2010.

Málefni norðurslóða hafa hlotið aukið vægi í utanríkisstefnu Íslands undanfarið. Í því sambandi er rétt að nefna að í desember 2010 var í Reykjavík gengið frá tímamótasamningi um leit og björgun á norðurslóðum á vegum Norðurskautsráðsins sem hefur gríðarmikið vægi fyrir Íslendinga. Með samningnum er brugðist við aukinni fyrirsjáanlegri umferð á sjó og í lofti og annarri starfsemi á norðurslóðum, m.a. vegna loftslagsbreytinga, og aukinni hættu af slysum sem þar af leiðir og kveðið á um aukið samstarf norðurskautsríkjanna átta við leitar- og björgunaraðgerðir. Í samningnum felst jafnframt mikilvægt fordæmi fyrir frekari samningsgerð ríkjanna átta í hinum ýmsu málefnum norðurslóða og samræmist það vel áherslu Íslands á Norðurskautsráðið. Gert er ráð fyrir að samningurinn um leit og björgun verði undirritaður af utanríkisráðherrum aðildarríkja Norðurskautsráðsins á fundi þeirra í Nuuk á Grænlandi í maí 2011. Nánar er fjallað um málefni norðurslóða í kafla 2.

Þá ber að greina frá því að endurskoðaður Lúganó-samningur frá 2007 hefur verið fullgiltur og öðlaðist hann gildi gagnvart Íslandi 1. maí 2011. Samningnum er ætlað að styrkja enn frekar samvinnu aðildarríkjanna í meðferð einkamála og auðvelda viðurkenningu og fullnustu dómsúrlausna með samræmdum reglum. Aðilar að samningnum eru EFTA-ríkin Ísland, Noregur og Sviss og öll aðildarríki Evrópusambandsins.

Ýmsir aðrir samningar voru einnig gerðir eða öðluðust gildi á liðnu ári og mánuðum, þ. á m. fríverslunar- og landbúnaðarsamningar á vegum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) við nokkur ríki, en nánar er fjallað um þá í kafla 6.5.1. Í september 2010 var undirritaður samningur milli Norðurlandanna um ríkisborgararétt og er unnið að staðfestingu hans. Stofnsamþykkt Alþjóðastofnunar um endurnýjanlega orku (IRENA) öðlaðist gildi í júní sl. Samn-

ingur milli Íslands og Spánar um að ríkisborgarar hvors lands um sig geti greitt atkvæði í sveitarstjórnarkosningum í landi hins hafi þeir þar fasta búsetu öðlaðist gildi í desember sl. Í apríl sl. gerðist Ísland einnig aðili að breyttum samningi um stofnun Evrópumiðstöðvar fyrir meðallangar veðurspár. Að lokum má geta þess að að Evrópusamningur um alþjóðaflutninga á hættulegum farmi á vegum öðlaðist gildi gagnvart Íslandi hinn 24. mars sl.

4.6.2. Hafréttarmál

Utanríkisráðuneytið leggur mikla áherslu á að gæta hagsmuna Íslands í hafréttarmálum, bæði þegar hafréttarmál eru til umfjöllunar á alþjóðavettvangi og gagnvart nágrannaríkjunum. Ísland tekur virkan þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna í hafréttarmálum, enda koma reglulega upp mál á þessum vettvangi sem haft geta bein áhrif á þjóðarhagsmuni. Með frumkvæði, sérþekkingu og öflugum málflutningi hafa Íslendingar áunnið sér virðingu á þessu sviði á vettvangi SÞ og lagt grunn að virkri hagsmunagæslu. Einnig er fjallað um málefni hafsins í kafla 4.2.3.

Hafréttarsamningur og úthafsveiðisamningur SÞ

Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að vinna beri á grundvelli hafréttarsamningsins, sem er eini heildstæði samningurinn sem gerður hefur verið á þessu sviði, og á grundvelli samninga tengdum honum. Mikilvægt sé að þeir séu fullgiltir og að ríki heims framfylgi ákvæðum þeirra. Aðildarríkjum hafréttarsamningsins fjölgar stöðugt og voru þau 161 talsins hinn 1. maí 2011.

Ísland hefur enn fremur verið málsvari úthafsveiðisamningsins þar sem kveðið er á um framkvæmd og útfærslu ákvæða hafréttarsamningsins um fiskistofna sem finnast bæði innan efnahagslögsögu strandríkja og á úthafinu. Með samningnum er styrktur verulega rammi um samstarf strandríkja og úthafsveiðiríkja á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana. Annar fundur endurskoðunarráðstefnu samningsins var haldinn í New York í maí 2010 og var m.a. farið yfir framkvæmd samningsins af hálfu ríkja og svæðastofnana. Aðildarríki úthafsveiðisamningsins voru 78 talsins hinn 1. maí 2011.

Áherslur Íslands á vettvangi allsherjarþings SÞ

Allsherjarþingið hefur á undanförnum árum lagt sífellt meiri áherslu á umfjöllun um málefni hafsins og hafréttarmál. Helgast það m.a. af aukinni umhverfisvitund og vaxandi skilningi á margþættu mikilvægi hafsins. Til marks um þessa áherslu var stofnun óformlegs samráðsvettvangs SÞ um málefni hafsins og hafréttarmál (UNICPOLOS) fyrir rúmum áratug en á árlegum fundum vettvangsins er unnið að því að undirbúa umfjöllun allsherjarþingsins sjálfs. Ísland hefur tekið virkan þátt í störfum samráðsvettvangsins, svo og í samningaviðræðum um almenna hafréttarályktun og fiskveiðiályktun allsherjarþingsins á haustin.

Meðal helstu áherslumála Íslands á vettvangi allsherjarþingsins eru:

- réttur strandríkja til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins,
- áherslan á að fiskveiðistjórnun sé ýmist staðbundin eða svæðisbundin en ekki hnattræn, og
- að ríkjum beri að hrinda ákvæðum fyrirliggjandi alþjóðasamninga á þessu sviði í framkvæmd áður en þau beita sér fyrir gerð nýrra samninga.

Þau mál, sem hvað hæst hefur borið í umfjöllun allsherjarþingsins á undanförnum misserum, eru baráttan gegn ólöglegum fiskveiðum annars vegar og vernd viðkvæmra vistkerfa hafsins fyrir skaðlegum fiskveiðum hins vegar. Allsherjarþingið endurskoðaði haustið 2009

ákvæði fiskveiðiályktunar sinnar frá 2006 um síðarnefnda efnið og samþykkti nýja ályktun þar sem áréttuð er áhersla á að ríki og svæðisbundnar fiskveiðistjórnunarstofnanir bæti stjórn sína á botnfiskveiðum og grípi til aðgerða til að auðkenna viðkvæm vistkerfi hafsins, s.s. hverastrýtur, neðansjávarfjöll og kaldsjávarkóralla, og til að vernda slík svæði fyrir skaðlegum fiskveiðum, t.d. með lokun þeirra. Framkvæmd umræddra ákvæða fiskveiðiályktunarinnar frá 2009 verður tekin til endurskoðunar haustið 2011.

Hafréttarmál á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SÞ

Í kjölfar áskorunar allsherjarþings SÞ voru á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) haustið 2008 samþykktar alþjóðlegar leiðbeiningarreglur um djúpsjávarveiðar og verndun viðkvæmra vistkerfa hafsins. Reglunum er ætlað að auðvelda ríkjum og svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum að skilgreina og auðkenna viðkvæm vistkerfi, meta hugsanleg skaðleg áhrif fiskveiða á þau og grípa til viðeigandi aðgerða. Ísland hefur tekið virkan þátt í framkvæmd þeirra, m.a. á vettvangi svæðastofnananna, Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar (NAFO).

Ísland hefur verið í fararbroddi í baráttunni gegn ólöglegum fiskveiðum og tóku íslensk stjórnvöld virkan þátt í samningaviðræðum á vettvangi FAO um gerð nýs alþjóðasamnings um aðgerðir hafnríkja gegn ólöglegum fiskveiðum. Um er að ræða fyrsta alþjóðasamninginn sem gerður er gagngert til að berjast gegn ólöglegum fiskveiðum og er hann afar mikilvægur þáttur í því. Samkvæmt samningnum eru aðildarríki hans skuldbundin til að loka höfnum sínum fyrir skipum sem orðið hafa uppvís að ólöglegum fiskveiðum og synja þeim um löndun, umskipun og hvers konar þjónustu. Var samningurinn samþykktur og lagður fram til undirritunar haustið 2009 en stefnt er að því að Ísland fullgildi samninginn haustið 2011.

Landgrunnsmál

Ísland skilaði í apríl 2009 greinargerð til landgrunnsnefndar SÞ um ytri mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna. Um er að ræða hlutagreinargerð sem einskorðast við suðurhluta Síldarsmugunnar og vestur- og suðurhluta Reykjaneshryggjar. Sökum mikils vinnuálags landgrunnsnefndarinnar er ekki gert ráð fyrir að hún taki greinargerðina til meðferðar fyrr en að nokkrum árum liðnum. Greinargerðin nær ekki til hins umdeilda Hatton Rockall-svæðis, sem Bretland, Írland og Danmörk f.h. Færeyja gera tilkall til auk Íslands, né austurhluta Reykjaneshryggjar sem skarast við það svæði, enda er nefndin ekki bær til að fjalla um umdeild landgrunnssvæði. Þess ber að geta að engir tímafrestir gilda um greinargerðir um umdeild svæði.

Viðræðum ríkjanna fjögurra um Hatton Rockall-svæðið hefur verið fram haldið með reglubundnum hætti. Síðasti fundur aðila var haldinn í Reykjavík 3. maí sl. og næsti fundur verður haldinn í London í september 2011. Af Íslands hálfu er lögð áhersla á að ríkin leggi sig fram við að ná samkomulagi um skiptingu landgrunnsins á milli þeirra og að þau skili í framhaldi af því sameiginlegri greinargerð til landgrunnsnefndarinnar um ytri mörk svæðisins.

Gert er ráð fyrir að ytri mörk landgrunns verði til lykta leidd í eitt skipti fyrir öll á næstu árum samkvæmt ákvæðum hafréttarsamningsins. Mikilvægt er að Íslendingar öðlist yfirráð yfir sem víðáttumestum landgrunnssvæðum enda má gera ráð fyrir að réttindi yfir landgrunninu muni fá aukna þýðingu í framtíðinni.

Samkvæmt hafréttarsamningnum eiga strandríki sjálfkrafa landgrunn að 200 sjómílum sem eru jafnframt ytri mörk efnahagslögsögunnar. Mörg ríki, þ. á m. Ísland, eiga hins vegar víðáttumeiri hafsbotnsréttindi samkvæmt ákvæðum samningsins. Viðkomandi ríki skulu senda landgrunnsnefndinni ítarlega greinargerð um mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna og yfirfer nefndin greinargerðina, leggur tæknilegt mat á hana og gerir tillögur um ytri mörk landgrunnsins. Á grundvelli tillagna nefndarinnar getur strandríkið ákveðið á endanlegan og bindandi hátt mörk landgrunnsins gagnvart alþjóðlega hafsbotnssvæðinu sem liggur þar fyrir utan.

Framkvæmd Jan Mayen-samningsins

Með samkomulagi milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál frá 28. maí 1980 var 200 sjómílna efnahagslögsaga Íslands viðurkennd, en fjarlægðin milli Íslands og Jan Mayen er 292 sjómílur. Með samkomulagi landanna um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen frá 22. október 1981 var kveðið á um að mörk landgrunnsins á svæðinu skyldu vera hin sömu og mörk efnahagslögsögu þeirra. Jafnframt var afmarkað sameiginlegt nýtingarsvæði og á Ísland rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi á norska hluta svæðisins og Noregur rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi á íslenska hluta svæðisins.

Vegna fyrirhugaðs útboðs sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæðinu við Jan Mayen-hrygg innan íslensku lögsögunnar, sem skarast við sameiginlega nýtingarsvæðið, fóru fram viðræður við norsk stjórnvöld um túlkun og útfærslu Jan Mayen-samningsins frá 1981. Hinn 3. nóvember 2008 var gerður samningur milli Íslands og Noregs um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur. Um er að ræða rammasamning um einingarnýtingu kolvetnisauðlinda sem er að finna beggja vegna markalína landgrunns Íslands og Noregs. Þar er að finna meginreglur um einingarnýtingu en með því hugtaki er átt við að viðkomandi auðlind er nýtt sem ein eining samkvæmt samkomulagi aðila. Samkvæmt samningnum skal í þeim tilvikum, þegar olíu- eða gasauðlind nær yfir á landgrunn beggja landa, gera sérstakan samning um skiptingu auðlindarinnar milli landanna og um nýtingu hennar sem einingar.

Meginreglurnar um einingarnýtingu eru almennt sambærilegar ákvæðum annarra milliríkjasamninga á þessu sviði en taka sérstakt tillit til hins sameiginlega nýtingarsvæðis, þ. á m. réttinda sem Ísland nýtur þar umfram Noreg samkvæmt Jan Mayen-samningnum. Reglurnar gilda ekki aðeins um markalínu landgrunnsins milli Íslands og Jan Mayen, heldur um markalínu landgrunnsins milli Íslands og Noregs í heild.

Utanríkisráðherra hefur lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samningsins milli Íslands og Noregs um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur og er þess vænst að samningurinn verði staðfestur vorið 2011. Samhliða undirritun samningsins var undirrituð samþykkt fundargerð (*e. Agreed Minutes*) þar sem nánar er kveðið á um 25% þátttökurétt Íslands og Noregs í olíustarfsemi á hluta hvors annars af landgrunninu á hinu sameiginlega nýtingarsvæði milli Íslands og Jan Mayen samkvæmt Jan Mayen-samningnum frá 1981. Hvort tveggja samningurinn og sameiginlega fundargerðin er forsenda þess að unnt sé að veita leyfi til leitar, rannsókna og vinnslu á kolvetnisauðlindum á Drekasvæðinu, en það svæði nær m.a. til íslenska hluta hins sameiginlega nýtingarsvæðis milli Íslands og Jan Mayen.

4.6.3. Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn hefur verið mjög virkur á undanförnum misserum og hefur nú fjölda mála til dómsmeðferðar eða rannsóknar sem varða Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, Úganda, Mið-Afríkulýðveldið, Darfúr í Súdan og Kenía.

Aðildarríkjum Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn hefur fjölgað á liðnu ári og voru þau 114 talsins 1. maí 2011. Ísland varð tíunda ríkið til þess að fullgilda samþykktina sem öðlaðist gildi árið 2002.

Endurskoðunarráðstefna Rómarsamþykktarinnar var haldin í Úganda í júní 2010. Markverðasta niðurstaða ráðstefnunnar var án efa sú að samkomulag varð um breytingu á samningnum, sem gerir dómstólnum kleift að lögsækja einstaklinga fyrir árásarglæpi eða glæpi gegn friði (*e. crime of aggression*) en dómstóllinn hefur þegar lögsögu til að fjalla um hópmorð, glæpi gegn mannúð og stríðsglæpi. Lögsaga dómstólsins, að því er árásarglæpi varðar, kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2017 og því aðeins að 30 aðildarríki hafi þá fullgilt breytinguna. Ríki, sem ekki eru aðilar að Rómarsamþykktinni, eru undanþegin lögsögu dómstólsins vegna þessara glæpa, en njóta heldur ekki verndar samningsins ef á þau er ráðist.

Samkvæmt niðurstöðu Kampala-ráðstefnunnar getur öryggisráðið ákveðið, með vísan til VII. kafla stofnsáttmála SÞ, að vísa tilvikum, þar sem einstaklingar virðast hafa gerst sekir um árásarglæp, til Alþjóðlega sakamáladómstólsins. Ef svo virðist sem glæpur af þessu tagi hafi átt sér stað, en öryggisráðið kýs að aðhafast ekki, getur saksóknari leitað heimildar dómstólsins til að hefja rannsókn. Óski öryggisráðið eftir því að koma í veg fyrir að rannsóknin nái fram að ganga getur það hins vegar stöðvað hana í krafti skuldbindandi ályktunar. Slík málamiðlun var nauðsynleg til þess að ríki með föst sæti í öryggisráðinu, þ. á m. ríki, sem ekki hafa gerst aðilar að Rómarsamþykktinni, gætu fallist á niðurstöðuna.

5. ALÞJÓÐLEG ÞRÓUNARSAMVINNA

Árið 2011 markar tímamót í þróunarstarfi Íslands. Í fyrsta sinn hefur utanríkisráðherra lagt fram heildaráætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu á Alþingi. Tímamótin felast einnig í því að í ár verða liðin fjörutíu ár frá því að Alþingi setti fyrst lög um þátttöku Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og þrjátíu ár frá því að Þróunarsamvinnustofnun Íslands hóf starfsemi í núverandi mynd. Auk þess verður áratugur liðinn frá stofnun Íslensku friðargæslunnar.

Efnahagsþrengingar síðustu tveggja ára hafa sett mark sitt á alþjóðastarf Íslands. Draga hefur þurft úr framlögum til þróunarmála sem leitt hefur til fækkunar samstarfslanda í tvíhliða þróunarstarfi sem og minni stuðnings við störf alþjóðlegra þróunarstofnana. Þrátt fyrir lækkun framlaga hefur uppbyggingarstarf farið fram frá setningu núgildandi þróunarsamvinnulaga haustið 2008. Breytingar, sem felast í lögunum, hafa verið innleiddar í skipulag og verklag utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og unnið hefur verið mikið starf við stefnumótun til framtíðar.

Á alþjóðavettvangi var árið 2010 viðburðaríkt. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september 2010 var lagður grundvöllur að áherslum alþjóðaþróunarstarfs fram til ársins 2015. Leiðtogar heims lýstu þar yfir staðföstum vilja sínum til að leggja aukið kapp á framgang þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem m.a. miða að því að draga úr fátækt og hungri, auka menntun grunnskólabarna, vinna að jafnrétti og valdeflingu kvenna, lækka dánartíðni barna og efla mæðravernd. Á loftslagsráðstefnu SÞ í desember var tekin ákvörðun um stóraukna áherslu á þróunaraðstoð sem miðar að því að aðstoða þróunarlönd við að bregðast við áhrifum loftslagsbreytinga sem og að ráðast í fyrirbyggjandi aðgerðir. Á vett-

vangi Alþjóðabankans var tekin ákvörðun um hlutafjáraukningu bankans til þess að bregðast við stóraukinni eftirspurn þróunarríkja eftir fjárhagsaðstoð í kjölfar efnahagskreppunnar.

5.1. Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014

Í febrúar 2011 mælti utanríkisráðherra á Alþingi fyrir þingsályktunartillögu um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir tímabilið 2011–2014[6]. Samkvæmt ákvæði þróunarsamvinnulaga skal utanríkisráðherra leggja fram slíka tillögu annað hvert ár til fjögurra ára í senn.

Undirbúningur að gerð áætlunar um þróunarsamvinnu hófst á fyrri hluta árs 2009. Samkvæmt ákvæði laganna var haft samráð við þróunarsamvinnunefnd og samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu við gerð hennar og fylgir umsögn þróunarsamvinnunefndar tillögunni til Alþingis. Í tillögunni kemur fram að alþjóðleg þróunarsamvinna sé ein af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu. Markmið Íslands með þróunarsamvinnu er að leggja lóð sitt á vogarskálar baráttu gegn fátækt í heiminum og uppfylla þannig pólitískar og siðferðilegar skyldur sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna. Áætlunin byggist á áherslum á mannréttindi og jafnrétti kynjanna, frið og öryggi, ásamt baráttu gegn fátækt, félagslegu ranglæti, misskiptingu lífsgæða og hungri. Leitast er við að tryggja innbyrðis samræmi í utanríkisstefnu Íslands með tilliti til hnattrænna efnahags-, umhverfis- og öryggismála. Byggt er á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og helstu alþjóðlegum samþykktum sem varða málaflokkinn. Þróunarsamvinna Íslands endurspeglar jafnframt þau gildi sem íslenskt samfélag stendur fyrir, virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum, fjölbreytni mannlífs, umburðarlyndi, réttlæti og samstöðu.

Íslensk stjórnvöld styðja markmið SÞ um að velmegandi ríki skuli veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum (VÞT) til þróunarsamvinnu. Í samræmi við ákvæði þróunarsamvinnulaga er í áætluninni greint frá framlögum til þróunarsamvinnu og hvernig þau skiptast á grundvelli stefnumiða Íslands til lengri og skemmri tíma litið. Í henni er jafnframt tiltekið fyrirhugað hlutfall framlaga af vergum þjóðartekjum. Framlög til þróunarmála fóru vaxandi á tímabilinu 2000 til 2008, en hæst nam hlutfallið 0,37% af VÞT árið 2008. Í ljósi efnahagsaðstæðna hefur ekki verið hjá því komist að draga úr framlögum líkt og öðrum útgjöldum ríkisins, en á árinu er áætlað að þau nemi 0,22% af VÞT miðað við fjárlög og nýjustu hagspár. Í áætluninni er gert ráð fyrir því að hægur vöxtur verði á gildistíma hennar. Þegar áætlunin verður endurskoðuð árið 2013 er gert ráð fyrir því að hækkun framlaga verði hraðað svo að markmið SÞ verði uppfyllt á árinu 2021. Einnig kemur fram að verði hagvöxtur meiri en nú er spáð komi framlögin til endurskoðunar. Þá er gerð tillaga um að framlög til málaflokksins í fjárlögum verði sundurliðuð betur með sérstökum fjárlagaliðum um samstarf við félagasamtök, fyrir Landgræðsluskóla Háskóla SÞ, um samstarf við Alþjóðabankann og vegna umhverfis- og loftslagsmála.

Áherslusvið áætlunarinnar eru skilgreind sem auðlindamál, mannauður og störf að friðaruppbyggingu. Innan áherslusviðanna verður kastljósinu beint að fiskimálum og orkumálum, menntun og heilbrigði, stjórnarfari og endurreisnarstörfum. Auk þessa eru jafnréttismál og umhverfismál skilgreind sem þverlæg málefni. Fimm lönd eru sérstaklega tilgreind sem áherslusvæði. Fyrst ber að telja Malaví, Mósambík og Úganda þar sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands sinnir verkefnum. Einnig er lögð áhersla á friðaruppbyggingu í Afganistan

---

[6] Þjsk 788 – Mál 486. http://www.althingi.is/altext/139/s/pdf/0788.pdf

og stuðning við málefni Palestínumanna með framlögum til verkefna alþjóðastofnana og störfum íslenskra sérfræðinga
á þeirra vegum.

Þróunarsamvinnuáætlunin gerir ráð fyrir að í marghliða starfi verði lögð áhersla á fjórar stofnanir: Alþjóðabankann, Barnahjálp SÞ (UNICEF), Stofnun SÞ um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Háskóla SÞ. Neyðar- og mannúðaraðstoð verður jafnframt mikilvægur þáttur, og verður lögð áhersla á mannúðaraðstoð frjálsra félagasamtaka, störf Matvælaáætlunar SÞ (WFP), Neyðarsjóð SÞ (CERF) og samræmingarskrifstofu SÞ í mannúðarmálum (OCHA).

Í áætluninni er mikilvægi Sameinuðu þjóðanna áréttað og vísað til alþjóðlegra samþykkta um árangur og skilvirkni þróunarstarfs, svokallaðrar Parísaryfirlýsingar og Accraaðgerðaáætlunar. Fjallað er um samstarf iðnríkja sem fer fram á vettvangi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og gerð tillaga um fulla aðild Íslands að þróunarsamvinnunefnd stofnunarinnar (DAC) á gildistíma áætlunarinnar. Þá er í áætluninni lögð áhersla á samþættingu þróunarstarfsins með störfum sameiginlegra fagteyma utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ á þremur tilteknum sviðum, jafnréttismálum, auðlindamálum og vegna verklags og eftirlits. Þá er gert ráð fyrir að sameiginleg mannauðsstefna verði mótuð með eflingu fagþekkingar að leiðarljósi. Fjallað er um samstarf við félagasamtök, samstarf við háskólasamfélagið, kynningarmál og þátttöku einkaaðila í þróunarsamvinnu. Síðast en ekki síst er hlutverk Alþingis við eftirlit og stefnumótun áréttað.

5.2. Framlög til þróunarsamvinnu

Á árinu 2010 námu framlög til þróunarsamvinnu tæpum 3,5 milljörðum kr., sem svarar til 0,28% af vergum þjóðartekjum. Til samanburðar námu framlögin tæplega 4,3 milljörðum kr. á árinu 2009 sem var 0,35% af VÞT. Framlög Íslands til þróunarmála árið 2010 má sjá á meðfylgjandi töflu og skífuriti. Áætlað er að framlög Íslands til þróunarsamvinnu nemi 0,22% af VÞT árið 2011 miðað við fjárlög og nýjustu hagspár.

Nýlegar tölur sýna að þrátt fyrir hina alþjóðlegu fjármálakreppu hafa heildarframlög iðnríkja til þróunarsamvinnu aukist. Aðildarríki þróunarsamvinnunefndar OECD lögðu 128,7 milljarða Bandaríkjadala til þróunarmála á árinu 2010 sem er hæsta fjárhæð sem runnið hefur til málaflokksins á einu ári. Svarar þetta til 0,32% af VÞT.

Áætluð framlög til þróunarsamvinnu 2010

	Millj. kr.	Millj. kr.
Þróunarsamvinnustofnun Íslands		1.418,72
Aðalskrifstofa	124,51	
Namibía	249,18	
Mósambík	233,59	
Malaví	321,18	
Úganda	340,03	
Níkaragva	88,36	
Önnur þróunaraðstoð	61,86	
Friðargæsla og uppbygging		**371,11**
Almennur kostnaður	40,35	
Undirbúningsnámskeið	2,13	
Kosningaeftirlit ÖSE	7,77	
Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin	61,75	
Líbería	42,81	
Mið-Austurlönd	53,27	
Balkanskagi	27,85	
Afganistan	115,38	
Friðargæsla SÞ	19,80	
Sameinuðu þjóðirnar		**576,39**
UNICEF	120,32	
UNIFEM	129,42	
UNDP	60,32	
UNFPA	46,60	
OCHA	23,59	
UNHCR	78,98	
UNRWA	34,11	
FAO	34,11	
Annað samstarf með SÞ	57,83	
Skólar Háskóla SÞ á Íslandi		**394,17**
Jarðhitaskólinn	194,20	
Sjávarútvegsskólinn	152,40	
Landgræðsluskólinn	47,57	
Alþjóðabankinn		**421,45**
Samstarf í fiskimálum (PROFISH)	61,70	
Samstarf í orkumálum (ESMAP)	52,47	
Aðgerðaáætlun um jafnréttismál	51,96	
Alþjóðaframfarastofnunin	234,10	
Annað samstarf með Alþjóðabankanum	21,22	
Frjáls félagasamtök		**123,08**
Önnur marghliða þróunaraðstoð		**70,22**
Annar kostnaður		**124,41**
Alls		**3.499,55**
Hlutfall af vergum þjóðartekjum		**0,28%**
*Áætlaðar vergar þjóðartekjur, mars 2011		1.265.178,00

*Annað samstarf með SÞ: WHO, ILO, IAEA, UNESCO, WTO, WFP o.fl.

*Í tölum um frjáls félagasamtök eru innifaldar tölur sem veittar voru til frjálsra félagasamtaka erlendis.



5.3. Störf í þágu friðar

Styrking friðar og stöðugleika í heiminum stuðlar að almennri hagsæld og þróun. Með starfsemi Íslensku friðargæslunnar taka íslensk stjórnvöld þátt í alþjóðlegri friðargæslu og hjálparstarfi. Borgaralegir sérfræðingar starfa við uppbyggingu og endurreisn og leggja lið við framkvæmd alþjóðlegra samþykkta um frið og öryggi. Samkvæmt lögum nr. 73/2007 um íslenska friðargæslu lúta þessi verkefni að því að tryggja stöðugleika á átakasvæðum, stuðla að uppbyggingu stjórnmála- og efnahagslífs í þeim tilgangi að koma á varanlegum friði, treysta innviði samfélaga að loknum ófriði og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða sem miða að því að hindra að ófriður brjótist út.

Markvisst hefur verið unnið að því að tengja starf friðargæslunnar við annað starf íslenskra stjórnvalda að uppbyggingu, þróun og styrkingu mannréttinda, og jafnframt að auka hæfni hennar með nánu samstarfi við fjölþjóðasamtök, s.s. sem stofnanir SÞ, ÖSE og Evrópusambandið.

Starfsemi friðargæslunnar hefur ekki farið varhluta af efnahagserfiðleikum síðustu ára en fjárframlög til verkefna hennar hafa verið skorin niður um 55% frá 2010 til 2011. Á árinu 2010 starfaði á fjórða tug borgaralegra sérfræðinga fyrir Íslensku friðargæsluna til lengri og skemmri tíma og reyndar mun fleiri ef íslenska alþjóðabjörgunarsveitin er talin með. Unnið er að því að jafna kynjaskiptinguna í störfum friðargæslunnar og var hlutfall kvenna af útsendum sérfræðingum árið 2010 45%, en 38% í mannmánuðum talið. Jöfn kynjaskipting náðist í hópi kosningaeftirlitsmanna á árinu 2010.

Tekið hefur verið í gagnið nýtt og aðgengilegt rafrænt umsóknarferli fyrir umsækjendur um friðargæslu og hjálparstörf á vefsíðu utanríkisráðuneytisins. Gefin er út sérstök handbók fyrir starfsmenn friðargæslunnar með mikilvægum upplýsingum, s.s. siðareglum sem þeir þurfa að tileinka sér. Starfsmenn eru sendir á námskeið áður en þeir eru sendir á vettvang, m.a. öryggisnámskeið og jafnréttisnámskeið.

5.3.1. Landssvæði

Afganistan

Ísland er meðal 47 ríkja sem taka þátt í verkefnum Alþjóðaliðsins í Afganistan (*e. International Security Assistance Force – ISAF*). Alþjóðaliðið starfar á grundvelli ályktunar öryggisráðs SÞ nr. 1510 þar sem því er veitt umboð til að aðstoða afgönsk yfirvöld við að koma á öryggi í landinu. Í Kabúl starfa nú fimm borgaralegir sérfræðingar á vegum Íslensku friðargæslunnar að pólitískri stefnumótun, uppbyggingu og þróunarmálum, sem og rekstrarmálum. Þeirra á meðal er aðstoðardeildarstjóri þróunardeildar Alþjóðaliðsins og jafnréttisfulltrúi sem annast samskipti við kvennamálaráðuneyti landsins, sem og félagasamtök og stofnanir sem sinna málefnum kvenna. Samhliða starfi sérfræðinga hafa íslensk stjórnvöld lagt umtalsvert fé til þróunar og uppbyggingar í landinu, m.a. með framlagi til neyðarsjóðs ISAF og framlagi til UNIFEM, nú UN Women, til að styðja kvennamálaráðuneytið og kvennamiðstöðvar. Jafnframt stunduðu þrír nemendur frá Afganistan nám við Jafnréttisskólann við HÍ á síðasta ári en starfsemi þess skóla er fjármögnuð af utanríkisráðuneytinu.

Mið-Austurlönd

Íslenskir sérfræðingar hafa um nokkurt skeið starfað í Mið-Austurlöndum innan vébanda ýmissa alþjóðastofnana, aðallega að málefnum fólks á herteknu svæðunum á vesturbakka Jórdanárinnar og Gasa, sem og palestínskra flóttamanna, en þar er mikil þörf á mannúðar- og félagsaðstoð. Nú starfa í Amman, Beirút og Jerúsalem þrír sérfræðingar við mannúðaraðstoð, flóttamannahjálp, stjórnun og stefnumótun á vegum Palestínuflóttamannaaðstoðarinnar (UNRWA). Hjúkrunarfræðingur er við störf hjá Barnahjálp SÞ í Jerúsalem og vinnur að velferð barna og mæðra á herteknu svæðunum. Einnig hefur Ísland styrkt starf Samræmingarskrifstofu SÞ í mannúðarmálum (OCHA) á herteknu svæðunum.

Balkanskagi

Enn er mikilvægt að vinna að því að treysta frið og öryggi á Balkanskaga, einkanlega í Bosníu og Hersegóvínu og Kósóvó. Ástandið hefur lengi verið áhyggjuefni Evrópuríkja og hefur Evrópusambandið haldið úti friðargæslusveitum á svæðinu. Íslenskir lögregluþjónar störfuðu lengi innan vébanda lögreglusveitar Evrópusambandsins í Bosníu og Hersegóvínu. Á Balkanskaga hefur friðargæslan einnig átt áralangt og gott samstarf við UNIFEM, nú UN Women, og hafa jafnréttissérfræðingar starfað í Sarajevo og Belgrad að jafnréttisverkefnum, öryggi og átakavörnum. Íslensk stjórnvöld styrkja einn íslenskan jafnréttissérfræðing til starfa hjá UN Women í Sarajevo en jafnréttisverkefnið þar nýtur einnig fjárframlags frá Íslandi.

Afríka

Mikil þörf hefur verið á starfi sérfræðinga að uppbyggingu friðar í Afríku. Tveir lögregluþjónar störfuðu við löggæsluverkefni Friðargæsludeildar Sameinuðu þjóðanna (DPKO) í Líberíu til ársloka 2010. Verkefnið snýst um uppbyggingu og stuðning við staðarlögreglu, en að því starfa um 1.300 lögreglumenn frá hátt í 40 ríkjum.

5.3.2. Kosningaeftirlit

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) hefur á síðustu árum unnið merkt starf í að treysta lýðræði og mannréttindi í sessi í ýmsum aðildarríkjum sínum, einkum þeim sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Íslensk stjórnvöld hafa stutt við lýðræðis- og mannréttindastarf

ÖSE með ýmsu móti, m.a. með þátttöku í kosningaeftirliti stofnunarinnar sem ætlað er að stuðla að frjálsum og lýðræðislegum kosningum í aðildarríkjum ÖSE. Á árinu 2010 tóku sextán Íslendingar, átta konur og átta karlar, þátt í eftirliti með forseta- og þingkosningum í Aserbaídsjan, Bosníu og Hersegóvínu, Georgíu, Hvíta-Rússlandi, Kirgistan, Moldóvu og Úkraínu. Í maímánuði 2011 fóru þrír íslenskir eftirlitsmenn til starfa í Albaníu.

5.4. Neyðar- og mannúðaraðstoð

Íslensk stjórnvöld vinna markvisst að því að veita fólki aðstoð sem býr við langvarandi neyð og hörmungar af völdum ófriðar. Framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar ýmissa fjölþjóðasamtaka eru veigamikið atriði í stefnu íslenskra stjórnvalda, sem og samstarf við frjáls félagasamtök. Á árinu 2010 námu framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar 278 m.kr. Þar af runnu 123 m.kr. til verkefna íslenskra félagasamtaka.

5.4.1. Alþjóðastofnanir

Íslensk stjórnvöld leggja umtalsvert af mörkum til neyðar- og mannúðaraðstoðar á vegum stofnana Sameinuðu þjóðanna, s.s. til Matvælaáætlunar SÞ (WFP), Neyðarsjóðs SÞ (CERF) og Samræmingarskrifstofu SÞ fyrir mannúðaraðstoð (OCHA). Á árinu 2010 var fé lagt til neyðaraðstoðar vegna jarðskjálftans á Haítí, flóttamannavandans á Fílabeinsströndinni og flóðanna í Pakistan. Þegar átökin hófust í Líbíu var ákveðið að veita tíu milljónir króna til aðstoðar við flóttamenn frá Líbíu, sem skiptist á milli Flóttamannastofnunar SÞ og Matvælaáætlunar SÞ, en um 700 þúsund manns hafa þurft að flýja heimili sín frá því átökin hófust. Íslenska friðargæslan hefur gert svokallaða viðbragðssamninga um að senda sérfræðinga á neyðarsvæði við nokkrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Á árinu 2010 og 2011 störfuðu upplýsingafulltrúar á vegum Barnahjálpar SÞ í Jemen og Pakistan.

5.4.2. Frjáls félagasamtök

Stjórnvöld telja afar mikilvægt að styrkja mannúðar- og hjálparstarf frjálsra félagasamtaka. Á árinu 2010 voru sérstakar verklagsreglur um stuðning við félagasamtök endurskoðaðar í samráði við samstarfshóp félagasamtaka. Meginmarkmið endurskoðunarinnar var að koma á samræmdum reglum vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar annars vegar og þróunarsamvinnuverkefna hins vegar. Frá og með árinu 2011 gilda því samhæfðar reglur utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ um allt samstarf stjórnvalda við félagasamtök á sviði þróunarmála. Í febrúar 2011 héldu utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ námskeið um reglurnar sem var sótt af 24 fulltrúum félagasamtaka.

Á árinu 2010 var jafnframt undirrituð ný samstarfsyfirlýsing utanríkisráðuneytisins og Rauða kross Íslands, og samstarfssamningar ráðuneytisins við Félag Sameinuðu þjóðanna og landsnefnd UNIFEM, nú UN Women voru endurnýjaðir. Í árslok 2010 var haldin málstofa á Akureyri um friðarstarf í þágu kvenna í samvinnu við Jafnréttisstofu og landsnefnd UNIFEM. Á haustmánuðum 2010 var auk þess haldið námskeið um friðargæslu, þróunarmál og neyðaraðstoð í samvinnu við ÞSSÍ, Rauða krossinn og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands með um 25 þátttakendum.

Íslensk stjórnvöld leggja mikla áherslu á samstarf við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu og samstarfssamninginn um Íslensku alþjóðabjörgunarsveitina og er Alþjóðasveitin sem skipuð er 34 liðsmönnum, á viðbragðslista Íslensku friðargæslunnar. Utanríkisráðuneytið fjármagnar einnig þátttöku sveitarinnar í alþjóðlegu björgunarteymi SÞ (*e. UN Disaster Assessment and Coordination – UNDAC*) sem miðar að því að senda sérfræðinga skjótt á vettvang í neyðar-

tilfellum. Náið samráð var haft við alþjóðabjörgunarsveitina vegna hamfaranna í Japan í mars á þessu ári og var hún sett í viðbragðsstöðu í kjölfarið.

5.5. Marghliða samvinna

5.5.1. Sameinuðu þjóðirnar

Aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum er einn helsti grundvöllur alþjóðastarfs og er samstarf við stofnanir Sameinuðu þjóðanna því einn veigamesti þáttur fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Yfir helmingur framlaga Íslands til alþjóðastofnana rennur til SÞ og námu þau tæpum 570 milljónum króna árið 2010.

Stofnanir Sameinuðu þjóðanna gegna margar hverjar lykilhlutverki í þróunar-, neyðar- og mannúðaraðstoð á vettvangi og stuðla þannig að bættum lífskjörum í fátækum þróunarríkjum. Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á samstarf við stofnanir sem endurspegla markmið Íslands í þróunarsamvinnu. Tvær þeirra eru lykilstofnanir: Stofnun Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna, UN Women (áður UNIFEM) og Barnahjálp SÞ.

Ísland veitir jafnframt framlög til eftirfarandi stofnana og sjóða SÞ sem eiga það sameiginlegt að gegna lykilhlutverki í alþjóðlegri þróunarsamvinnu, neyðar- og mannúðaraðstoð og samræmingaraðgerðum á vettvangi: Þróunaráætlunar SÞ (UNDP), Palestínuflóttamannaaðstoðarinnar (UNRWA), Mannfjöldasjóðs SÞ (UNFPA), Flóttamannaaðstoðar SÞ (UNHCR), Samræmingaskrifstofu SÞ fyrir neyðaraðstoð (OCHA), Neyðarsjóðs SÞ (CERF), Friðargæsludeildar SÞ (DPKO), Matvælaaðstoðar SÞ (WFP) og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SÞ (FAO).

UN Women

Eins og sagt er frá í kafla 4.1.2 hefur nýrri Stofnun um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women, verið komið á fót innan Sameinuðu þjóðanna en hún tók til starfa 1. janúar 2011. Stofnunin mun fyrst um sinn beina sjónum sínum að fimm áherslusviðum sem miða m.a. að því að binda enda á ofbeldi gegn konum og stuðla að valdeflingu kvenna á öllum sviðum þjóðlífs.

Áætlað hefur verið að framlög til UN Women þurfi að margfaldast ef stofnunin á að geta framfylgt umboði sínu. Bæði þarf að styrkja starfsemi í höfuðstöðvunum og starfsemina á vettvangi, ásamt því sem kostnaður hlýst af því að sameina þær fjórar stofnanir sem áður sinntu jafnréttismálum innan SÞ í eina. Íslendingar veittu sérstakt framlag til UN Women vegna kostnaðar við sameiningarferlið. Jafnframt því voru veitt reglubundin almenn framlög og framlög sem eyrnamerkt eru styrktarsjóði sem berst gegn kynbundnu ofbeldi. Auk þess hafa sérstök framlög runnið til verkefna í Afganistan og á hinum herteknu svæðum Palestínu þar sem áhersla er lögð á efnahagslega og félagslega valdeflingu kvenna. Þá hafa íslenskir sérfræðingar verið sendir til starfa á skrifstofu stofnunarinnar á Balkanskaga, Barbados og í höfuðstöðvum sjóðsins. Mikið og gott samstarf er á milli utanríkisráðuneytisins og landsnefndar UN Women á Íslandi og var formlegur samstarfssamningur við landsnefndina framlengdur til næstu þriggja ára á árinu 2010.

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna – UNICEF

Á árinu 2010 tók Ísland í fyrsta sinn eitt af 12 sætum Vesturlandahópsins í framkvæmdastjórn Barnahjálpar SÞ en hún tekur ákvarðanir um stefnumið, aðgerðaáætlanir fyrir einstök lönd og fjármál stofnunarinnar. Eitt af þeim málefnum sem Ísland lét sig varða, var úttekt sem gerð var á jafnréttismálum og samþættingu kynjasjónarmiða innan Barnahjálparinnar.

Á stjórnarfundi stofnunarinnar í júní á síðasta ári flutti Ísland ávarp fyrir hönd Norðurlandanna, Malaví og Líberíu þar sem úttektinni var fagnað og lögð var áhersla á mikilvægi þess að samþætting kynjasjónarmiða verði tengd mælanlegum markmiðum. Jafnframt var ítrekað að jafnréttismálin væru málaflokkur sem ávallt þyrfti að halda á lofti því jafnrétti kynjanna væru grunnforsenda fyrir því að þúsaldarmarkmiðin næðust. Á ársfundi Barnahjálparinnar í september var landsnefnd UNICEF á Íslandi ein af fjórum landsnefndum sem kynntu starfsemi sína.

Leiðtogafundur um þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Í september 2010, í upphafi 65. allsherjaþings SÞ, var haldinn leiðtogafundur um þúsaldarmarkmiðin sem forsætisráðherra sótti. Þar komu þjóðarleiðtogar saman ásamt öðrum hagsmunaaðilum og fóru yfir farinn veg og litu til framtíðar. Tilkynnt var um nýjar aðgerðir í þágu heilbrigðis kvenna og barna ásamt aðgerðum í baráttunni gegn fátækt, sjúkdómum og hungri. Ísland tók þátt í samningaviðræðum um yfirlýsingu fundarins en undirbúningur og viðræður fóru fram mest allt árið 2010. Í skjalinu var farið yfir dæmi um jákvæðan árangur og þær ályktanir sem draga má af starfinu frá setningu þúsaldarmarkmiðanna fyrir tíu árum, auk þess sem skuldbindingar aðildarríkja voru ítrekaðar.

5.5.2. Alþjóðabankinn

Árið 2010 samþykkti þróunarnefnd Alþjóðabankans, sem skipuð er 24 ráðherrum allra kjördæma bankans, að heimila bankanum að ráðast í hlutafjáraukningu. Hlutafjáraukningin er tvískipt, annars vegar er um að ræða sértæka hlutafjáraukningu, sem hefur það að markmiði að auka áhrif og vægi þróunarríkja í stjórn Alþjóðabankans og Alþjóðalánastofnunarinnar, og hins vegar almenna hlutafjáraukningu en henni er ætlað að svara aukinni eftirspurn þróunarríkja eftir aðstoð bankans í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar. Sértæk hlutafjáraukning Alþjóðabankans nemur alls 27,8 milljörðum Bandaríkjadala og hlutafjáraukning Alþjóðalánastofnunarinnar nemur 200 milljónum Bandaríkjadala. Almenna hlutafjáraukningin nemur 58,4 milljörðum Bandaríkjadala. Ísland, líkt og hin Norðurlöndin, styður hlutafjáraukninguna, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort Ísland nýti sér kauprétt á hlutabréfum í bankanum.

Ísland tók jafnframt virkan þátt í samningaviðræðum um 16. endurfjármögnun Alþjóðaframfarastofnunarinnar sem lauk í desember 2010. Stofnunin sérhæfir sig í aðstoð til fátækustu ríkjanna og er starf hennar endurfjármagnað á þriggja ára fresti. Endurfjármögnunin sem gengið var frá í desember sl. tekur til áranna 2012 til 2014. Samþykkt var að aðaláhersla Alþjóðaframfarastofnunarinnar á þessu tímabili verði á jafnréttismál, aðgerðir sem stemma stigu við loftlagsbreytingum, aðstoð við óstöðug ríki og viðbrögð við neyðarástandi sem skapast vegna náttúruhamfara eða efnahagslegra áfalla. Þrátt fyrir hina alþjóðlegu fjármálakreppu ákváðu aðildarríkin að veita stofnuninni stærstu endurfjármögnun sem fengist hefur til þessa og ítrekuðu þannig mikilvægi þess að veita fátækustu ríkjunum aðstoð. Endurfjármögnun tímabilsins telur 48,3 milljarða Bandaríkjadala. Vegna samdráttar í þjóðartekjum lækkaði hlutur Íslands frá fyrra endurfjármögnunartímabili úr 0,04% í 0,03%.

Bankinn hefur á undanförnum árum lagt aukna áherslu á mál sem Ísland telur mikilvæg, s.s. orkumál, fiskimál og jafnrétti kynjanna. Íslensk stjórnvöld hafa lagt sitt af mörkum til þess að styðja þessa þróun, m.a. með málflutningi í stjórn bankans og þátttöku í verkefnum á sviði orkumála (ESMAP), fiskimála (PROFISH) og jafnrétti kynjanna. Nú stendur yfir end-

urskoðun á stefnu bankans í orkumálum og munu fulltrúar Íslands sjá um að samræma afstöðu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna til hinnar nýju stefnu.

Ísland hefur einnig verið virkt í PROFISH-verkefninu en með því verkefni er ætlunin að styrkja sjálfbæra fiskveiðistjórnun, stuðla að efnahagslegum framförum, byggja upp fiskistofna og auka afrakstur greinarinnar. Nú er unnið að stefnumótun fyrir PROFISH-verkefnið til næstu fimm ára og hefur Ísland m.a. lagt áherslu á að efla fagþekkingu á fiskveiðum innan bankans og fjölga þróunarverkefnum á sviði sjálfbærra fiskveiða í samstarfi við landsdeildir bankans.

Bankinn hefur að undanförnu unnið ötullega að samþættingu jafnréttis kynjanna í störfum sínum og hefur Ísland tekið virkan þátt í að styrkja þá þróun, m.a. með þátttöku í sérstakri aðgerðaáætlun í jafnréttismálum. Áætluninni lýkur nú í apríl 2011 og vegna góðs árangurs, m.a. í að stemma stigu við mæðradauða og auka menntun kvenna, sem og í að gera málum kvenna hátt undir höfði innan bankans, hefur verið ákveðið að hefja nýjan áfanga áætlunarinnar sem mun standa til 2013. Hann verður byggður á þeim grunni sem fyrsta aðgerðaáætlunin lagði og m.a. verður lögð áhersla á að lækka þann þröskuld sem konur þurfa að yfirstíga til þess að verða fullgildir þátttakendur í formlegum vinnumarkaði í þróunarríkjum.

5.5.3. Aðrar stofnanir

Háskóli Sameinuðu Þjóðanna

Hér á landi starfa nú þrír skólar innan vébanda Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSÞ): jarðhitaskóli, sjávarútvegsskóli og landgræðsluskóli. Á þeim 33 árum, sem liðin eru frá stofnun elsta skólans, jarðhitaskólans, hefur samtals 681 sérfræðingur útskrifast frá skólunum þremur. Árið 2009 hófst auk þess tilraunaverkefni um jafnréttisskóla og er stefnt að því að hann verði hluti af neti HSÞ í framtíðinni en sex nemendur voru útskrifaðir frá honum árið 2010.

Jarðhitaskólinn er elstur skóla HSÞ á Íslandi. Alls luku 28 einstaklingar frá fimmtán þróunarlöndum námi við skólann á síðasta ári og hafa þá samtals 452 einstaklingar lokið sex mánaða námi við skólann. Þá voru þrettán nemendur í meistaranámi og tveir í doktorsnámi við Háskóla Íslands. Áhugi á nýtingu jarðhita fer sífellt vaxandi og er það ein af ástæðunum fyrir metfjölda nemenda á síðasta ári. Á árinu 2010 voru haldin fimm námskeið á vettvangi, í Kenía og Indónesíu. Jafnframt var haldið námskeið í El Salvador í byrjun árs 2011.

Markmið Sjávarútvegsskólans er að efla sérfræðiþekkingu í sjávarútvegi og fiskveiðum. Hafrannsóknastofnun ber ábyrgð á rekstri skólans en starfsemi hans byggist m.a. á samstarfi við Matís, Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri auk fjölda fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Á árinu útskrifuðust sautján nemendur frá fjórtán löndum eftir sex mánaða nám við skólann. Var þetta þrettánda útskrift skólans og hafa samtals 223 sérfræðingar frá 43 löndum lokið námi við hann. Nú stunda tveir nemar meistaranám á vegum skólans og sex eru við doktorsnám. Frá stofnun skólans hafa konur verið 35% útskriftarnema. Þá stendur skólinn fyrir styttri námskeiðum í þróunarlöndum. Árið 2010 voru slík námskeið haldin í Úganda, Belís, Barbados og Víetnam.

Landgræðsluskólinn varð formlega hluti af neti Háskóla SÞ í febrúar 2010. Skólinn er samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins, Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins og er kostnaður við rekstur hans greiddur af framlögum Íslands til þróunarmála. Markmið skólans er að þjálfa sérfræðinga frá þróunarlöndum sem glíma við jarðvegseyðingu, eyðimerkurmyndun og neikvæð áhrif loftslagsbreytinga í landgræðslu og sjálfbærri nýtingu lands. Í lok október 2010 útskrifuðust sex nemar eftir hálfs árs þjálfun við skólann. Á árinu var jafnframt haldið áfram að móta starf skólans, þ.e. unnið var að stefnumótun til næstu

fimm ára, starfslýsing forstöðumanns og stjórnar var endurskoðuð og þróun kennslunnar hélt áfram á vegum fagráðs skólans.

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)

Innan Norræna þróunarsjóðsins (NDF) var upphaflega unnið að því að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Stjórn sjóðsins samþykkti í júní 2009 nýja framkvæmdaáætlun sem er grundvöllurinn fyrir framtíðarverkefni sjóðsins, þ.e. að bregðast við orsökum og afleiðingum loftslagsbreytinga. Síðan þá hefur sjóðurinn styrkt 23 verkefni í þróunarlöndum, aðallega í Afríku. Þá hefur sjóðurinn einnig stofnað tryggingasjóð, ætlaðan smáum og meðalstórum verkefnum sem bera mikinn upphafskostnað og ekki yrði að öðrum kosti komið á laggirnar. Sjóðurinn hefur tvisvar veitt styrki til að efla sérstaklega tækni- og þekkingarmiðlun á sviði loftslagsbreytinga. Kallað var eftir styrkumsóknum í annað sinn í október 2010 og var sérstök áhersla lögð á áhrif loftslagsbreytinga í borgum og á endurnýjanlega orkugjafa. Í tilefni umsóknarferlisins efndu NDF og Norræni umhverfissjóðurinn (NEFCO) til kynningar á loftslagssjóðnum hér á landi í nóvember 2010 í samstarfi við utanríkisráðuneytið og umhverfisráðuneytið.

5.6. Tvíhliða samvinna - ÞSSÍ

Hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) er um þessar mundir unnið að því að endurskipuleggja starfsemi stofnunarinnar. Í meginatriðum felst breytingin í að fækka samstarfslöndum og verkefnum og að fá framkvæmd og yfirstjórn verkefna heimamönnum sem mest í hendur. Endurskipulagningin er mislangt á veg komin eftir samstarfslöndum en unnið er að sambærilegum breytingum í þeim öllum. Markmiðið er að stuðla að markvissara og árangursríkara þróunarstarfi og að auka eignarhald og ábyrgð heimamanna á öllum aðgerðum. Stefna samstarfslanda ÞSSÍ, Íslands og alþjóðlegar skuldbindingar eru hafðar að leiðarljósi við endurskipulagninguna. Jafnframt er stofnunin að bregðast við niðurskurði á framlögum síðustu tveggja ára.

Samstarfi Íslands og Namibíu lauk formlega í árslok 2010 þegar umdæmisskrifstofu ÞSSÍ í landinu, sem jafnframt var sendiráð, var lokað. Namibía er þriðja landið frá 2008 sem ÞSSÍ hættir samstarfi við. Samstarfið hófst árið 1990 og var Namibía um tíma stærsta samstarfsland ÞSSÍ. Undanfarin ár hefur stofnunin lagt áherslu á að styðja jaðarhópa í landinu og hafa helstu verkefni verið á sviði menntunar, heilbrigðis- og umhverfismála. Má þar nefna stuðning við menntun heyrnarlausra og heyrnarskertra og uppbyggingu við öflun á hreinu vatni og beitarstjórnun hjá hirðingjum í norðanverðu landinu. Þá hefur stofnunin stutt verkefni á sviði fullorðinsfræðslu og leikskólamála frumbyggja. Loks má nefna stuðning við auðlindastjórnun á hafsvæðinu úti fyrir ströndum landsins. Flestum þessara samstarfsverkefna lauk á árinu 2010 en þeim síðustu mun ljúka á árinu 2011. Allir starfsmenn ÞSSÍ í Namibíu hafa hætt störfum og sjá samstarfsaðilar alfarið um að ljúka framkvæmd síðustu verkefna.

Mósambík er eitt þriggja landa sem ÞSSÍ starfar áfram í. Megináhersla er lögð á að færa starfsemina sem mest til heimamanna og nýta innlend kerfi. Samstarfið við Mósambík byggist nú á tveimur stoðum, annars vegar verkefnastoð á sviði fiskimála, sem er fjármögnuð sameiginlega af Noregi og Íslandi, og hins vegar stuðningi við fullorðinsfræðslu í einu héraði í landinu. Samstarfið á sviði fiskimála beinist einkum að fæðuöryggi með áherslu á stjórnun fiskveiða, fiskeldi og baráttu gegn ólöglegum fiskveiðum. Fullorðinsfræðsluverkefnið hefur það að meginmarkmiði að draga úr ólæsi og stuðla að valdeflingu meðal fátækra í dreifbýli.

Gerðar voru breytingar á því verkefni um mitt ár 2010. Dregið var úr séráherslum verkefnisins og framkvæmd þess alfarið færð til heimamanna í héraði.

Malaví er einnig í hópi þeirra landa sem Ísland heldur áfram samstarfi við. Samstarfið er nú að fara í gegnum mikið umbrotaskeið. ÞSSÍ hefur um árabil aðallega beint stuðningi sínum að einu héraði við Malaví-vatn og þá einkum á sviði heilbrigðis- og menntamála. Í árslok 2010 var flestum samstarfsverkefnum lokið eða um það bil að ljúka, þar á meðal verkefni á sviði fullorðinsfræðslu og vatns- og hreinlætismála. Í báðum þessum verkefnum var lögð áhersla á að bæta grunnþjónustu við íbúa héraðsins. Stuðningur við stærsta verkefnið, sem er uppbygging heilbrigðisþjónustu í hluta héraðsins, lýkur ekki fyrr en í árslok 2011. Á árinu 2010 hófst undirbúningur að verkefni á sviði lýðheilsu sem á að þjóna öllu héraðinu og er miðað við að það verði að mestu eða öllu leyti framkvæmt af heimamönnum og undir stjórn þeirra. Þessi nálgun byggist m.a. á þeirri reynslu sem aflað hefur verið í samstarfi íslenskra og malavískra stjórnvalda á liðnum árum.

Úganda er þriðja landið sem Ísland starfar áfram með. Þar er áhersla lögð á stuðning við tvö svið, byggðaþróun og fiskimál. Annað helsta verkefnið er samstarf við héraðsstjórnvöld um byggðaþróun á eyjunum í Viktoríuvatni. Áhersla er lögð á að styrkja stjórnsýslu héraðsins og bæta þjónustu við almenning á sviði mennta-, fiski- og heilbrigðismála. Samningur vegna verkefnisins var endurnýjaður á árinu 2010. Hitt verkefnið er á sviði fiskimála og beinist sérstaklega að uppbyggingu í gæðamálum á löndunarstöðum. Tveimur verkefnum lauk á árinu 2010. Annað þeirra er frumkvöðlafræðsluverkefni en það hefur jafnframt notið stuðnings frá Belgíu. Belgar munu halda stuðningi sínum áfram til ársloka 2011 undir stjórn ÞSSÍ. Hitt verkefnið sem lokið var við á árinu er á sviði fullorðinsfræðslu og er verið að skoða mögulegt áframhald á aðkomu ÞSSÍ að þeim vettvangi í Úganda.

Embætti framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands var auglýst laust til umsóknar í október 2010. Alls bárust 33 umsóknir um embættið. Þriggja manna valnefnd sá um ráðningarferlið og naut aðstoðar Hagvangs við það verk. Að loknum viðtölum og hæfnismati ákvað utanríkisráðherra að skipa Engilbert Guðmundsson í embætti framkvæmdastjóra ÞSSÍ og hóf hann störf 1. mars sl. Tók hann við af Sighvati Björgvinssyni, sem gegnt hafði embættinu frá árinu 2001, en hann lét af störfum um áramót. Staðgengill framkvæmdastjóra var þá settur í embættið um tveggja mánaða skeið.

6. VIÐSKIPTAMÁL – EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

6.1. Aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, EES-samningurinn, hefur um árabil verið einn af hornsteinum í utanríkisstefnu Íslands. Með samningnum er íslenskum fyrirtækjum búið samkeppnishæft umhverfi á innri markaði Evrópu og grundvöllur lagður fyrir öflugt rannsóknar- og þróunarstarf hér á landi. Sú staðreynd, að Ísland hefur nú sótt um aðild að ESB, dregur á engan hátt úr mikilvægi þess að rekstur samningsins gangi eins vel fyrir sig og framast er unnt.

Eitt af meginverkefnum utanríkisráðuneytisins er að tryggja, ásamt fagráðuneytunum hverju á sínu sviði, að rekstur EES-samningsins gangi snurðulaust fyrir sig og að hagsmuna Íslands sé gætt í hvívetna við upptöku regluverks ESB í samninginn. Hins vegar er því ekki að leyna að sá niðurskurður, sem gripið hefur verið til í kjölfar efnahagskreppunnar hér á landi, hefur haft sín áhrif á möguleika Íslands til öflugrar hagsmunagæslu á vettvangi EES-samningsins. Þannig hefur fulltrúum fagráðuneyta í sendiráðinu í Brussel fækkað verulega og er nú svo komið að mörg ráðuneytanna eiga þar engan fulltrúa. Slíkt bitnar á möguleikum

ráðuneytanna til að fylgjast með og bregðast við breytingum í einstökum málaflokkum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum af þeim málum sem efst hafa verið á baugi á vettvangi EES-samstarfsins undanfarið ár.

6.1.1. Mál sem tengjast bankahruninu

Gjaldeyrishöft

Í október 2008 greip Ísland til verndarráðstafana skv. 43. gr. EES-samningsins í kjölfar bankahrunsins með því að setja reglur um gjaldeyrismál sem takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti, sem þeim tengjast, til og frá landinu sem að mati Seðlabanka Íslands valda alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum. Fyrrgreint ákvæði 43. gr samningsins veitir ríkjum á EES-svæðinu heimild til að grípa til fyrirbyggjandi verndaraðgerða við tilteknar aðstæður í efnahagslífi viðkomandi ríkis sem snertir vanda við greiðslujöfnuð þess eða yfirvofandi hættu á slíkum vanda. Með því að takmarka fjármagnsflutninga með þessum hætti verður að líta svo á að Ísland taki ekki lengur fullan þátt í innri markaði ESB.

Reglur um takmarkanir á fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum eru enn í gildi en nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar á þeim. Í áætlun Seðlabankans um afnám gjaldeyrishafta frá 5. ágúst 2009 kom fram að stefnt væri að afnámi haftanna í áföngum. Í fyrri áfanga skyldi byrjað að losa um höft á innstreymi fjármagns en því næst skyldi hafist handa við að losa um höft á langtímaeignum sem þegar væru að miklu leyti í eigu langtímafjárfesta eða myndu fljótlega komast í hendur slíkra fjárfesta, t.d. innlendra lífeyrissjóða. Að því loknu var áformað að losað yrði um höft á skammtímaeignum. Fyrsta skrefið í afnámi hafta var tekið í októberlok 2009 þegar höftum var aflétt á innstreymi nýs fjármagns.

Tekið hefur lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir að skapa þau skilyrði sem eru forsenda þess að hægt sé að afnema höftin án þess að það valdi verulegum óstöðugleika. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Má í því sambandi nefna tafir sem urðu á endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, tafir á að koma efnahagsreikningum nýju bankanna saman, erfiðleikar við að taka nægilega hratt á skuldavanda heimila og fyrirtækja og takmarkað aðgengi ríkissjóðs og fyrirtækja að erlendum lánsfjármörkuðum. Hinn 25. mars sl. samþykkti ríkisstjórnin hins vegar áætlun um losun gjaldeyrishafta í áföngum í samræmi við tillögur Seðlabanka Íslands. Til að ná markmiðum um afnám hafta án þess að fjármála- eða gengisstöðugleika verði teflt í tvísýnu hefur efnahags- og viðskiptaráðherra lagt til við Alþingi að lagaheimild um gjaldeyrishöft verið framlengd til ársloka 2015. Ef aðstæður leyfa verða höftin afnumin fyrr.

Málarekstur hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

Allt frá hruni íslensks efnahagslífs í október 2008 hefur málarekstur hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) á hendur íslenskum stjórnvöldum að mjög miklu leyti varðað þær aðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa gripið til í kjölfar hrunsins. Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum helstu málum sem hafa verið til skoðunar hjá ESA síðastliðið ár en umfjöllunin er þó engan veginn tæmandi.

Gildi neyðarlaganna

Í desember 2010 staðfesti ESA þá bráðabirgðaniðurstöðu sem stofnunin hafði komist að í árslok 2009 að ákvæði neyðarlaganna, einkum varðandi forgang sem innlendum innstæðum var veittur, og ráðstafanir íslenskra stjórnvalda á grundvelli laganna stæðust kröfur EES-

samningsins og önnur lagaleg skilyrði. Niðurstaða stofnunarinnar var sú að hvorki neyðarlögin né ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins hafi falið í sér ólögmæta mismunun gagnvart almennum kröfuhöfum. Því hafi ekki verið brotið gegn ákvæðum 40. gr. EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns. Fram kemur að þessi niðurstaða leysi ekki úr álitaefnum er varða tilskipun um innstæðutryggingar og mismunun á milli innstæðueigenda á Íslandi og innstæðueigenda sem áttu innstæður í útibúum íslenskra banka í öðrum EES-ríkjum.

Í ágreiningsmálum kröfuhafa fyrir dómstólum reynir m.a. á stjórnskipulegt gildi neyðarlaganna. Ljóst er að niðurstaða þess málareksturs getur skipt miklu máli að því er varðar endurreisn íslensks efnahagslífs.

Icesave

Eftirlitsstofnun EFTA sendi Íslandi áminningarbréf (*e. Letter of formal notice*) í maí 2010 þar sem kemur fram það álit stofnunarinnar að Íslandi hafi borið skylda til þess að setja upp innstæðutryggingakerfi sem tryggi innstæður að því lágmarki sem tilskipun ESB um innstæðutryggingar kveður á um. Tekið er fram að íslensk stjórnvöld hafi á grundvelli tilskipunar um innstæðutryggingar borið „árangursskyldu“, þ.e. skyldu til að tryggja að lágmarkstrygging sé tiltæk þegar þrír mánuðir, sem heimilt er að framlengja í allt að tólf mánuði, eru liðnir frá því að viðkomandi banki geti ekki staðið skil á innstæðu. Þá bendir ESA á að íslensk yfirvöld hafi gert greinarmun á innstæðueigendum í íslenskum útibúum og útibúum erlendis þegar gripið var til neyðarráðstafana í kjölfar bankahrunsins í október 2008.

Í fréttatilkynningu sem ESA birti vegna bréfsins kom fram að framgangur málsins myndi ráðast af því hvort samningar næðust við Breta og Hollendinga. Á meðan samningaviðræður íslenskra stjórnvalda við bresk og hollensk yfirvöld um uppgjör Icesave-reikninganna stóðu yfir fengu íslensk stjórnvöld frest til að skila inn athugasemdum sínum. Í ljósi þess að Icesave-samkomulagið var fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu hinn 9. apríl sl., sendu stjórnvöld hinn 2. maí sl. svar við áminningarbréfi ESA frá 26. maí 2010. Í svarinu kemur fram að Ísland hafni því að brot gegn innstæðutryggingatilskipun ESB hafi átt sér stað og krefjist þess að mál ESA verði látið niður falla.

Endurreisn Arion banka, NBI og Íslandsbanka

Hinn 15. desember 2010 ákvað ESA að hefja formlega rannsókn á því hvort aðgerðir vegna endurreisnar bankanna hér á landi hafi falið í sér ólögmæta ríkisstyrki í skilningi EES-samningsins. Stjórnvöld hafa útskýrt ítarlega gagnvart eftirlitsstofnuninni ýmis atriði er varða fall gömlu bankanna, stofnun þeirra nýju og samskipti við skilanefndir gömlu bankanna. ESA var send tilkynning um hvernig yrði staðið að endurreisn bankanna í september 2010 og var þeim ráðstöfunum sem þar var lýst hrundið í framkvæmd án þess að samþykki stofnunarinnar lægi fyrir. ESA hefur fallist á að björgunaraðgerðirnar hafi verið nauðsynlegar en telur að það verði að skoða málin í heild og m.a. þurfi að meta lífvænleika bankanna þriggja til framtíðar. Sú vinna er nokkuð umfangsmikil og kallar á upplýsingar frá bönkunum, sem eru hliðstæðar upplýsingum sem þeim er gert að skila til Fjármálaeftirlitsins. Niðurstöðu í þessum málum er líklega að vænta nú í sumar.

Framtíðarskipulag félagslegra lána

Íslensk stjórnvöld hafa frá árinu 2008 heitið ESA því að aðgreina með skýrari hætti félagsleg lán Íbúðalánasjóðs og lánastarfsemi sem rekin er í samkeppni við aðra lánveitendur á markaði. Í því felst að skilgreina þarf hvaða lán séu félagsleg og hvaða lán séu það ekki.

Aðeins félagsleg lán geta notið ríkisaðstoðar. Þessu tengist jafnframt undanþága sjóðsins frá arðgreiðslum, greiðslu ríkisábyrgðargjalds og tekjuskatts, en talið er að í þessum atriðum geti falist ríkisaðstoð.

Hinn 16. mars sl. samþykkti ESA með fyrirvara 33 milljarða króna framlag íslenska ríkisins til Íbúðalánasjóðs. Samþykkið er tímabundið og bundið því skilyrði að íslensk stjórnvöld leggi fyrir stofnunina nákvæma áætlun um endurskipulagningu sjóðsins fyrir lok september á þessu ári. Í slíkri endurskipulagningaráætlun þarf að skilgreina með skýrum hætti þá þjónustu sjóðsins sem hefur almenna efnahagslega þýðingu að því er varðar félagslegt húsnæði. Þjónusta sem fellur utan þessa hlutverks, en þar er einkum um að ræða lánastarfsemi, verður að vera fjármögnuð á markaðskjörum og skal í bókhaldi sjóðsins vera skilin frá verkefnum sem falla undir félagslegt hlutverk hans.

Peningamarkaðssjóðir

Hinn 8. september 2010 tók ESA ákvörðun um að hefja formlega rannsókn vegna kaupa nýju viðskiptabankanna á eignum peningamarkaðssjóða til að flýta fyrir slitum sjóðanna. Í þessari ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar felst að af hennar hálfu er litið svo á að ekki hafi verið staðfest að ákvarðanir bankanna hafi byggt á hagsmunum þeirra sjálfra frekar en hagsmunum stjórnvalda. Málið er til komið vegna kvörtunar rekstraraðila annarra sambærilegra sjóða.

Stjórnvöld hafa komið á framfæri upplýsingum frá bönkunum um ástæður þess að þeir keyptu eignir úr sjóðunum og hvernig þau kaup fóru fram. Niðurstöðu í málinu er líklega að vænta síðar á þessu ári.

Endurreisn Sjóvár

Hinn 22. september 2010 ákvað ESA að hefja formlega rannsókn vegna endurreisnar Sjóvár. Telur stofnunin þannig þörf á frekari upplýsingum um nauðsyn þess að ríkið tók þátt í endurfjármögnun fyrirtækisins og einnig um lífvænleika þess í kjölfar endurskipulagningar. Sjóvá var endurreist með aðkomu íslenskra stjórnvalda án þess að samþykki ESA lægi fyrir.

6.1.2. Innleiðing EES-gerða

Verulegur árangur hefur náðst á undanförnum misserum í því að bæta frammistöðu Íslands að því er varðar innleiðingu á gerðum ESB sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn. Gert er ráð fyrir því að óbirt frammistöðumat Eftirlitsstofnunar EFTA, sem miðaðist við stöðu innleiðingar á tilskipunum hinn 31. október 2011, muni leiða í ljós um 0,8% innleiðingarhalla, á móti 1,0% innleiðingarhalla á síðasta frammistöðumati sem miðaðist við 31. október 2010. Jafnframt er búist við að óinnleiddum reglugerðum sambandsins sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn fækki frá fyrra frammistöðumati.

Þessa bættu niðurstöðu má ekki síst rekja til aukinna afkasta þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins við þýðingar ESB-gerða. Góð staða í þeim efnum gefur fyrirheit um að skilvirkni innleiðingar muni halda áfram að aukast.

6.1.3. Þingleg meðferð EES-mála

Nýjar reglur Alþingis um þinglega meðferð EES-mála tóku gildi 1. október 2010. Reglurnar voru settar í framhaldi af skýrslu utanríkismálanefndar frá árinu 2008 en þar kom fram að nefndin teldi brýnt að endurskoða skipulag og þinglega meðferð EES-mála. Meðal þeirra breytinga sem felast í hinum nýju reglum má nefna eftirfarandi:

- ESB-gerðir, sem fyrirhugað er að fella inn í EES-samninginn og kalla á lagabreytingu

hér á landi, skulu sendar utanríkismálanefnd til skoðunar áður en viðræður um aðlögun eða upptaka í EES-samninginn á sér stað.
- Allar þær ESB-gerðir sem fyrirhugað er að taka upp í EES-samninginn skulu fyrir fram kynntar utanríkismálanefnd.
- Ekki skal taka ákvarðanir í sameiginlegu EES-nefndinni með fyrirvara um samþykki Alþingis nema að undangengnu samráði við utanríkismálanefnd.
- Samþykki Alþingis þarf til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við og skal slíkum fyrirvara að jafnaði aflétt með þingsályktun.

Að mati utanríkisráðuneytisins hefur vel tekist til við framkvæmd hinna nýju reglna. Utanríkisráðherra hefur þannig lagt fram á Alþingi vel á annan tug þingsályktunartillagna um heimild til staðfestingar ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar á yfirstandandi löggjafarþingi og staðalskjöl vegna gerða sem kalla á lagabreytingar hafa verið send Alþingi til samráðs. Telja má að Alþingi hafi þar með betri möguleika en áður til að leggja línur varðandi þau sjónarmið sem þurfi að hafa í huga við svokallaða aðlögun gerða að íslenskum aðstæðum og hafi jafnframt mun betri yfirsýn yfir upptöku ESB-gerða í EES-samninginn.

6.1.4. Önnur EES-mál

Í eftirfarandi umfjöllun um mál, sem hafa verið ofarlega á baugi í EES-samstarfinu, er einkum litið til þess að hve miklu leyti þau varða íslenska hagsmuni sérstaklega.

Matvælalöggjöf

Sameiginlega EES-nefndin ákvað að fella grunngerðir matvælalöggjafar ESB inn í EES-samninginn í október 2007. Kveðið var á um 18 mánaða aðlögunartíma fyrir Ísland til að innleiða gerðir um búfjárafurðir, þ.e. kjöt, mjólk, egg og ferskar afurðir úr þessum matvælategundum. Af Íslands hálfu voru ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella umræddar gerðir inn í EES-samninginn teknar með fyrirvara um staðfestingu Alþingis, þar sem innleiðing þeirra hér á landi kallaði á lagabreytingar. Ísland aflétti þeim fyrirvara síðar, í samræmi við sérstaka lagaheimild. Fyrrgreindur 18 mánaða aðlögunartími til innleiðingar á tilteknum þáttum gerðanna rennur út 31. október 2011 og ber íslenskum stjórnvöldum að tryggja að matvælalöggjöfin hafi að fullu verið innleidd fyrir þann tíma.

Verulegur hluti matvælalöggjafarinnar hefur þegar verið tekinn upp í íslenskar réttarreglur. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að líklegt er að ESA muni gera athugasemdir þess efnis að bann við innflutningi á fersku kjöti, eggjum og skinni skuli fellt brott úr íslenskum lögum.

Í þessu samhengi má nefna að ESA gaf út skýrslu um opinbert eftirlit með framleiðslu og markaðssetningu sjávarafurða hér á landi í kjölfar reglubundinnar heimsóknar til Íslands í nóvember á síðasta ári. Meginniðurstaða skýrslunnar er sú að íslensk yfirvöld hafi ekki tryggt að sjávarafurðir séu meðhöndlaðar og unnar samkvæmt kröfum EES-samningsins og að eftirlit með fiskafurðum á Íslandi sé ófullnægjandi.

Útvíkkun viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda til flugstarfsemi

Tilskipun 2003/87 um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda var felld inn í EES-samninginn haustið 2007. Féllst framkvæmdastjórnin á þeim tíma á að Ísland tæki ekki þátt í viðskiptakerfinu þar sem sú starfsemi hérlendis sem falla átti undir tilskipunina losaði langt undir 25 þúsund tonnum á ári. Eftir að flugstarfsemi verður felld undir viðskiptakerfið,

frá og með 1. janúar 2012, er fyrirséð að Ísland muni taka virkan þátt í viðskiptakerfinu. Umhverfisráðherra lagði á yfirstandandi löggjafarþingi fram lagafrumvarp til innleiðingar á reglum um viðskiptakerfið.

Íslensk stjórnvöld og flugrekstraraðilar hafa lagt mikla vinnu í að undirbúa að flugstarfsemi verði felld undir viðskiptakerfið. Þannig hafa íslenskir flugrekendur tekið þátt í gagnaöflun sem mun tryggja þeim hluta í losunarheimildum, sem er úthlutað án endurgjalds, í réttu hlutfalli við hlutdeild þeirra í heildarflugi innan EES-svæðisins árið 2010.

Notkun fjölfosfata í saltfiskvinnslu

Hinn 1. desember 2010 sendi ESA íslenskum stjórnvöldum áminningarbréf þar sem stofnunin gaf íslenskum stjórnvöldum tíu daga frest til þess að framfylgja banni við notkun fjölfosfata í saltfiskframleiðslu. Í bréfinu var jafnframt gefið til kynna að eftirlitsstofnunin myndi krefjast tiltekinna bráðabirgðaaðgerða, en slíkt bann gæti t.a.m. falist í banni við innflutningi saltfiskafurða til ríkja EES-svæðisins.

Í kjölfar bréfsins beindi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið þeim tilmælum til Matvælastofnunar (MAST) að stofnuninni bæri að framfylgja banninu umsvifalaust. Í framhaldinu tilkynnti MAST öllum saltfiskframleiðendum á Íslandi að notkun fjölfosfata við saltfiskframleiðslu væri óheimil frá og með þeim degi.

Saltfiskframleiðendur hafa mótmælt banninu m.a. á þeirri forsendu að það hafi verið sett á með of skömmum fyrirvara. Málið hefur verið áfram til skoðunar á vettvangi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og hafa íslenskir embættismenn og fulltrúar saltfiskframleiðenda fundað með ESA. Jafnframt hefur umsókn íslenskra saltfiskframleiðenda um að notkun fjölfosfata í saltfiskframleiðslu verði heimiluð verið til skoðunar hjá sérfræðingum framkvæmdastjórnar ESB og er niðurstöðu varðandi þá umsókn að vænta á næstu mánuðum.

Nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu

Nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu tók gildi 1. janúar sl. Með því var sett á stofn evrópsk kerfisáhættunefnd auk þriggja nýrra eftirlitsstofnana á sviði bankamála, verðbréfamála og vátryggingar- og starfstengdra lífeyrismála.

Eftirlitsstofnanirnar þrjár komu í stað eftirlitsnefnda sem áður störfuðu á umræddum sviðum. Meðal nýjunga er að stofnanirnar munu hafa frumkvæði að og semja drög að reglum sem verða bindandi fyrir aðildarríki og eftirlitsstofnanir þeirra (aðallega tæknilegar reglur), en framkvæmdastjórn ESB staðfestir þær. Stofnanirnar munu einnig hafa ákveðnar valdheimildir til að fylgja framkvæmd Evrópulöggjafar eftir, auk þess sem framkvæmdastjórnin fer með eftirlit, þ.m.t. gagnvart einstökum fyrirtækjum á fjármálamarkaði í þeim tilvikum þegar eftirlitsaðilar í viðkomandi aðildarríki tryggja ekki eftirfylgni við gildandi regluverk. Þá munu þær hafa vald til að skera úr ágreiningi milli tveggja eða fleiri eftirlitsaðila vegna fjármálastarfsemi sem veitt er yfir landamæri.

EFTA-ríkin innan EES hafa lagt á það ríka áherslu að framangreind löggjöf um nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu heyri undir EES-samninginn og því beri að fella hana inn í samninginn. Hið nýja eftirlitskerfi mun þá einnig ná til EFTA-ríkjanna innan EES. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á eðlilega þátttöku þessara ríkja í viðkomandi eftirlitsstofnunum. Ákveðin lagaleg óvissa er þó enn óútkljáð um EES-tæki hinnar nýju löggjafar.

Útsendir starfsmenn

ESA ákvað um mitt síðasta ár að stefna Íslandi fyrir EFTA-dómstólinn vegna laga frá 2007 um skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn sína til tímabundinna starfa á Íslandi. Málið lýtur að túlkun á tilskipun um útsenda starfsmenn og ákvæðum hennar um laun í veikindaforföllum og slysatryggingar. Lögin kveða á um að íslensk lög og kjarasamningar um framangreind réttindi skuli ná til erlendra starfsmanna meðan þeir starfa á Íslandi. Þessu er ESA ósammála og telur að lög/kjarasamningar í heimaríki starfsmanns skuli gilda og því fylgi réttindin starfsmanni meðan hann starfar á Íslandi.

Íslensk stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins leggja mikla áherslu á að erlendir starfsmenn sem komi hingað tímabundið njóti ekki lakari réttinda en þeirra sem tryggð eru á íslenskum vinnumarkaði. Ef fallist verði á kröfur eftirlitsstofnunarinnar er talið að réttindi þeirra verði almennt lakari en hér tíðkast og að slíkt geti grafið undan jafnvægi á íslenskum vinnumarkaði. Bent er á að í íslenskum vinnurétti sé litið svo á að lágmarkskjör feli í sér rétt til launa í veikindatilvikum. Ekki er gefið að þessi háttur sé hafður á í öllum ríkjum ESB og því er talið mikilvægt að þeir sem starfi á íslenskum vinnumarkaði njóti þess réttar sem hér er tryggður.

Sjónarmið íslenskra stjórnvalda hafa notið stuðnings bæði Finnlands og Noregs sem sendu EFTA-dómstólnum greinargerðir vegna málsins. Munnlegur málflutningur fór fram í lok mars og má búast við dómsniðurstöðu fljótlega.

6.2. Þróunarsjóður EFTA

Allt frá gildistöku EES-samningsins hafa EFTA-ríkin innan EES, Noregur, Ísland og Liechtenstein, skuldbundið sig til að leggja sitt af mörkum til að draga úr félagslegum og efnahagslegum ójöfnuði á Evrópska efnahagssvæðinu. Hefur þessi skuldbinding falið í sér að EFTA-ríkin innan EES hafa styrkt verkefni í tilteknum ríkjum innan ESB. Þessi þáttur EES-samningsins hefur ávallt verið tímabundinn og gilt í fimm ár í senn. Var hann fyrst framlengdur árið 1999. Er því haldið fram af hálfu ESB að þessi stuðningur sé ein af forsendum EES-samningsins. Það er ástæða þess að sambandið tekur málið ítrekað upp að liðnum gildistíma sjóðanna.

Við stækkun Evrópska efnahagssvæðisins árið 2002 vegna fjölgunar aðildarríkja ESB gerði sambandið ríkari kröfur en áður til EFTA-ríkjanna innan EES um fjárhagsleg framlög á grundvelli framangreindra ákvæða EES-samningsins. Niðurstaða samningaviðræðna varð sú að stofnað var nýtt fjármagnskerfi EES (hér eftir kallað Þróunarsjóður EFTA) fyrir nýju ríkin í ESB, auk Grikklands, Spánar og Portúgals. Kom Þróunarsjóður EFTA í stað sjóðsins sem verið hafði við lýði frá upphafi samningsins og endurnýjaður var árið 1999. Fjárframlög til þessa sjóðs hækkuðu verulega frá því sem verið hafði. Búlgaría og Rúmenía bættust í hóp þeirra ríkja sem nutu framlaga úr Þróunarsjóðnum árið 2007 og hækkaði þá framlag EES-ríkjanna innan EFTA nokkuð.

Samhliða framangreindum breytingum á fyrirkomulagi sjóðsins náðust samningar um niðurfellingu tolla á ákveðnu magni tiltekinna sjávarafurða. Samningar þar um höfðu sama gildistíma og samningar um sjóðinn. Eru í þessum samningum fólgnir sérstakir hagsmunir fyrir íslenskan sjávarútveg en þeir tryggja árlegan tollfrjálsan útflutning á fimm ára tímabili fyrir 950 tonn af heilfrystri síld, 520 tonn af frosnum leturhumri og 750 tonn af ferskum eða kældum karfaflökum.

Að kröfu ESB var á ný gengið til samninga um Þróunarsjóðinn árið 2008 þegar leið að lokum gildistíma hans. Tóku samningaviðræður langan tíma og reyndust erfiðar, ekki síst

vegna þess að framkvæmdastjórn ESB gerði á ný kröfur um aukin fjárframlög sem EFTA-ríkin innan EES töldu óraunhæfar með öllu. Samningaviðræðum lauk á vormánuðum árið 2010 og var samningur um endurnýjaðan sjóð undirritaður í ágúst sama ár.

Samningurinn er að efni til í samræmi við hina fyrri. Nokkur hækkun verður á heildarfjárhæð fjárframlaga í sjóðinn, úr um 150 milljónum evra árlega í 198 milljónir evra. Fyrir Noreg og Liechtenstein er það um 33% hækkun. Tekið skal fram að árlegt framlag Íslands er í evrum talið óbreytt frá því sem verið hefur undanfarin fimm ár og munu því Noregur og Liechtenstein bera þungann af þessari hækkun. Með þessum hætti var tekið tillit til alvarlegrar efnahagslegrar stöðu Íslands í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Ekki er sérstaklega fjallað um þetta í samningnum en EES-ríkin innan EFTA hafa tekið sérstaka ákvörðun um skiptingu þessa kostnaðar þar sem þetta er staðfest. Árlegt framlag Íslands mun aldrei fara fram úr 6,8 milljónum evra. Árlegt framlag Liechtensteins mun verða 2,2 milljónir evra og framlag Noregs um 189 milljónir evra. Til viðbótar leggur Noregur fram ár hvert 160 milljónir evra í sérstök tvíhliða framlög.

Samhliða þessum nýja samningi var endurnýjaður samningur Noregs og ESB um sérstök tvíhliða framlög Noregs til ríkjanna sem gengu í ESB og EES árin 2004 og 2007. Þar var einnig um nokkra hækkun fjárframlaga að ræða, úr 635 milljónum í 800 milljónir evra.

Jafnframt var gerður samningur um viðskipti með sjávarafurðir með svipuðu sniði og sá samningur sem gilt hefur undanfarin fimm ár. Tekur sá samningur gildi samhliða nýjum samningi um sjóðinn.

Á næsta tímabili kemur sjóðurinn til með að taka til 17 skilgreindra áherslusviða auk rannsókna og skólastyrkjaáætlana. Þau varða m.a. umhverfismál, endurnýjanlega orkugjafa, heilbrigðismál, rannsóknir, menntun og menningu, samfélagslegar umbætur og mannsæmandi vinnuskilyrði, auk réttarbóta og mannauðsstjórnunar. Jafnframt verður lögð sérstök áhersla á að styrkja tvíhliða tengsl EFTA-ríkjanna við styrkþegaríkin með því að koma á samstarfi um rekstur áætlana á þeim áherslusviðum sem sjóðurinn starfar á. Þar munu skapast tækifæri fyrir íslenska sérfræðinga til að miðla af reynslu sinni og taka þátt í félagslegum og efnahagslegum umbótum í ríkjunum sem um er að ræða. Í nóvember 2010 var haldinn vel sóttur kynningarfundur hér á landi á þeim samstarfsmöguleikum sem þarna kunna að vera fyrir hendi. Leitast verður við að taka mið af þessum áhuga þegar samið verður við styrkþegaríkin um þær áherslur sem gerðar verða í hverju ríki fyrir sig, en af hálfu stjórnvalda hefur sérstök áhersla verið lögð á að tefla fram íslenskum samstarfsaðilum um rekstur jarðhitaáætlana og rannsókna- og skólastyrkjaáætlana. Hefur Orkustofnun verið tilnefnd sem samstarfsaðili á sviði jarðhita og Rannís að því er varðar rannsóknir og skólastyrki. Ákveðið hefur verið að Rannís verði alls staðar tilgreind sem samstarfsaðili þar sem skólastyrkjaáætlanir verða reknar, en samningaumleitanir standa enn yfir um rekstur rannsókna- og jarðhitaáætlana.

6.3. Þátttaka Íslands í Schengen-landamærasamstarfi

Schengen-samstarfið fellur undir starfsemi og stefnu ESB á sviði dóms- og innanríkismála en samvinna á því sviði hefur þróast hratt undanfarin misseri. Áætlun ESB og megináherslur í málaflokknum fyrir tímabilið 2010–2014 má finna í Stokkhólmsáætluninni frá 2009 en hún gefur til kynna að tillögum að nýrri löggjöf á þessu sviði muni halda áfram að fjölga næstu árin.

Aðildarríki samstarfsins eru nú 25 talsins. Á árinu 2010 hafði verið stefnt að fullri aðild Liechtensteins, Rúmeníu og Búlgaríu en það náði hins vegar ekki fram að ganga. Nú er stefnt að aðild hinna tveggja síðastnefndu á árinu 2011. Að því er Liechtenstein varðar er unnið að

fullri aðild en óljóst er hvort það náist á þessu ári. Í lok mars 2010 var samningur undirritaður af hálfu Íslands, Noregs og Liechtensteins um aðild þess síðastnefnda og er unnið að fullgildingu samningsins hér á landi.

Endurnýjun Schengen-upplýsingakerfisins hefur verið fyrirhuguð um nokkurt skeið. Þróun þess verkefnis hefur þó ekki gengið sem skyldi og hefur gangsetningu ítrekað verið seinkað. Nýlega lagði framkvæmdastjórn ESB fram nýja áætlun um gangsetningu kerfisins sem nú er áætluð árið 2012.

Þá lagði framkvæmdastjórnin fram tvær nýjar tillögur í byrjun árs 2009 að gerðum um að setja á fót stofnun til að halda utan um rekstur stórra upplýsingakerfa á sviði dóms- og innanríkismála. Gert er ráð fyrir að stofnunin taki til starfa á árinu 2012 og mun hún verða ábyrg fyrir Schengen-upplýsingakerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og upplýsingakerfinu í hælismálum. Evrópuþingið hefur reglugerðina nú til umsagnar.

Á haustmánuðum 2010 lagði framkvæmdastjórn ESB fram endurbætta tillögu að breyttu fyrirkomulagi Schengen-úttekta. Tillagan kveður í megindráttum á um að ábyrgð þeirra flyst frá ríkjunum sjálfum til framkvæmdastjórnarinnar. Málið var borið undir Evrópuþingið til umsagnar áður en umræðum verður fram haldið meðal ríkjanna.

Umræður um breytingu á stofnreglugerð landamærastofnunar ESB (FRONTEX) héldu áfram árið 2010 og lögðu Ísland, Noregur, Sviss og Liechtenstein fram sameiginlegt álit þar sem sú krafa var gerð að löndin fjögur fengju aukinn kosningarétt í stjórn stofnunarinnar samhliða auknum umsvifum hennar. Málið er enn til umræðu og óljóst hver niðurstaðan verður.

Vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu er nauðsynlegt að Ísland geri sambærilega samninga og ESB við þriðju ríki um útgáfu vegabréfsáritana og um endurviðtöku þeirra sem dveljast ólöglega hér á landi. Ísland hefur lokið við gerð nokkurra slíkra samninga, m.a. samnings við Makaó sem var undirritaður 2009 en enn er unnið að fullgildingu hans. Samningaviðræður við Úkraínu eru langt komnar og eru bundnar vonir við að ljúka þeim á þessu ári.

Samningaviðræður standa að auki yfir við Bosníu og Hersegóvínu, Makedóníu, Moldóvu, Serbíu og Svartfjallaland. Ísland hefur fellt niður áritunarskyldu fyrir ríkisborgara sex eyríkja, þ.e. ríkjanna Máritíus, Barbados, Sankti Kitts og Nevis, Antígva og Barbúda, Bahamaeyja og Seychelles-eyja. Um þessar mundir er unnið að því að leita eftir gagnkvæmni þannig að það sama eigi við um íslenska ríkisborgara þegar ferðast er til viðkomandi ríkja.

Samningur um að setja á fót sjóð fyrir ytri landamæri Schengen (*e. External Borders Fund*) hefur verið undirritaður af öllum Schengen-ríkjunum. Unnið hefur verið að koma sjóðnum á fót hér á landi og er undirbúningur vel á veg kominn að því er varðar fyrstu umsóknir um styrki í sjóðinn. Fullgilding samningsins af Íslands hálfu er nú á lokastigi.

6.4. Fjölþjóðlegt viðskiptasamstarf

6.4.1. Alþjóðaviðskiptastofnunin

Erfiðlega hefur gengið að ná niðurstöðu í Doha-viðræðunum á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) en drög að rammasamkomulagi um marga helstu þætti hafa legið fyrir um tíma. Ráðherrar lykilríkja freistuðu þess að ná niðurstöðu sumarið 2008 sem gæti orðið grundvöllur að því að ljúka viðræðunum en höfðu ekki erindi sem erfiði. Síðan þá hefur lítið hreyfst að því er meginágreiningsefnin varðar, en ýmis smærri mál þokast áfram. Engu að síður hefur skort á pólitískan vilja til að ljúka viðræðunum og nú er ljóst að enn ber of mikið í milli aðila og ólíklegt að viðræðurnar klárist fyrir árslok. Ávallt hefur verið gert ráð

fyrir að niðurstaða viðræðnanna myndi hafa nokkur áhrif á Íslandi, einkum á sviði landbúnaðar.

Í Doha-viðræðunum hefur Ísland lagt áherslu á aukinn markaðsaðgang fyrir íslenskar útflutningsafurðir, sérstaklega sjávarafurðir og strangari reglur um ríkisstyrki við sjávarútveg. Þá hefur Ísland, m.a. í samstarfi við EFTA-ríkin, lagt áherslu á fjölþætt hlutverk landbúnaðar og nauðsyn þess að viðhalda starfsskilyrðum sem taki mið af ólíkum aðstæðum.

Af hefðbundnu starfi á vettvangi WTO má nefna að á vormánuðum 2011 var stofnuð kærunefnd á vegum WTO í máli Kanada og Noregs gegn ESB vegna banns sambandsins við innflutningi og viðskiptum með selaafurðir á innri markaði þess. Ísland mun fylgjast grannt með málinu og taka þátt í málsmeðferðinni sem þriðji aðili. Áhyggjuefni er að bannið virðist brjóta í bága við viðskiptareglur WTO en gengur auk þess gegn sjónarmiðum um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda sjávar, sem Ísland hefur barist fyrir á alþjóðavettvangi.

6.4.2. Fríverslunarsamtök Evrópu

Í júní 2010 var ráðherrafundur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), þ.e. Íslands, Noregs, Liechtensteins og Sviss, haldinn í Reykjavík. Á fundinum minntust ráðherrarnir þess að 50 ár voru liðin frá því að fríverslunarsamtökin voru sett á fót. Á síðasta ári voru einnig liðin 40 ár frá því að Ísland gerðist aðili að samtökunum. Ísland tekur virkan þátt í starfi EFTA, bæði við rekstur EES-samningsins og í sameiginlegum fríverslunarviðræðum EFTA-ríkjanna við þriðju ríki og rekstur fyrirliggjandi fríverslunarsamninga. Nánar er fjallað um þessa þætti samstarfsins í öðrum köflum skýrslunnar. Ísland fer með formennsku í ráðherraráði EFTA á síðari hluta ársins 2011.

6.4.3. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD)

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) fagnar 50 ára afmæli sínu á þessu ári, en stofnunin var sett á laggirnar til að stuðla að endurbyggingu Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina.

Aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar eru nú 34 talsins en Eistland, Ísrael, Síle og Slóvenía fengu aðild að stofnuninni árið 2010. Aðildarviðræður við Rússland hafa staðið frá því árið 2007 og eru nú langt á veg komnar. Efnahags-og framfarastofnunin hefur aukið samstarf við ríki utan stofnunarinnar, s.s. Brasilíu, Kína, Indland, Indónesíu og Suður-Afríku, með það að markmiði að laga þessi mikilvægu markaðssvæði að starfsháttum OECD ríkja á sem flestum sviðum.

Íslensk stjórnsýsla hefur notið góðs af starfi OECD á ýmsum sviðum. Í því sambandi má sérstaklega nefna efnahagsmál, ríkisfjármál, sjávarútvegsmál, mennta-, vísinda-, félags- og atvinnumál og stjórnsýslu-, umhverfis- og þróunarmál. Jafnframt er stofnunin leiðandi í tölfræðiúttektum, samanburðarrannsóknum og samræmingu stefnumiða milli aðildarríkja.

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur OECD lagt áherslu á að aðstoða ríkisstjórnir við að endurheimta traust á fjármálakerfinu með bættu regluverki og skilvirkari stjórnsýslu. Á þessu ári verða kynntar niðurstöður við mótun stefnu um grænan hagvöxt þar sem lögð er áhersla á þróun nýrra haglíkana sem samþætta langtímamarkmið um vistvænan hagvöxt og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Af Íslands hálfu er lögð áhersla á starf stofnunarinnar á sviði sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda, einkum að því er varðar fiskveiðar og við nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Einnig hefur af hálfu Íslands verið lögð áhersla á að stofnunin skoði mikilvægi þátttöku kvenna í atvinnulífinu.

6.5. Viðskiptasamningar

6.5.1. Fríverslunarsamningar

EFTA-samningar

EFTA-ríkin hafa undirritað 22 fríverslunarsamninga við ríki og ríkjahópa utan ESB.[7] Sextán þeirra eru í gildi gagnvart Íslandi. Lögð hefur verið fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og Kólumbíu frá árinu 2008. Tillagan var áður lögð fram á 138. löggjafarþingi en kom ekki til afgreiðslu. Einnig hafa verið lagðar fram á yfirstandandi þingi tillögur til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við Albaníu, Serbíu og samstarfsráð Persaflóaríkja (Barein, Katar, Kúveit, Óman, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Sádi-Arabíu), sem undirritaðir voru árið 2009 og Perú og Úkraínu sem undirritaðir voru árið 2010.

Á ráðherrafundi EFTA í nóvember 2010 var ákveðið að hefja fríverslunarviðræður við Rússland, Belarús og Kasakstan. Tvær samningalotur hafa þegar verið haldnar. Þessi ríki stofnuðu tollabandalag árið 2010 og er því einungis mögulegt fyrir EFTA-ríkin að semja við öll ríkin samtímis. Þá standa yfir fríverslunarviðræður milli EFTA-ríkjanna og Indlands. Gera má ráð fyrir að þær viðræður geti orðið tímafrekar. Þá eru EFTA-ríkin í viðræðum við Bosníu og Hersegóvínu, Indónesíu, Hong Kong og Svartfjallaland. Viðræðum EFTA-ríkjanna við Taíland hefur verið slegið á frest og þá hafa samningaviðræður við Alsír legið niðri.

EFTA-ríkin og Víetnam hafa nýlega lokið gerð sameiginlegrar hagkvæmniskönnunar um fríverslunarsamning. Vonast er til þess að fríverslunarviðræður ríkjanna hefjist á þessu ári. Einnig hafa EFTA-ríkin nýlega gert sameiginlegar yfirlýsingar við Malasíu og Panama um aukið samstarf ríkjanna á sviði viðskipta. Slíkar yfirlýsingar eru stundum fyrstu skref í átt að samningaviðræðum. EFTA-ríkin hafa einnig áhuga á því að auka samstarfið við önnur ríki Mið-Ameríku (El Salvador, Gvatemala, Hondúras, Kostaríka og Níkaragva).

Hoyvíkur-samningurinn

Fríverslunarsamningur Íslands og Færeyja (Hoyvíkur-samningurinn) tók gildi á árinu 2006. Með honum var komið á fríverslun með allar vörur sem upprunnar eru í löndum samningsaðilanna, en Færeyjar eru mikilvægur markaður fyrir ýmsar íslenskar vörur og íslensk fyrirtæki. Hinn 1. júlí 2010 var haldinn fundur í Hoyvíkur-ráðinu sem komið var á fót með samningnum og skipað er utanríkisráðherrum landanna. Á fundinum var rætt um ýmis málefni sem varða framkvæmd samningsins og samskipti landanna almennt. Einnig var haldinn fundur í sameiginlegu Hoyvíkur-nefndinni um mitt síðasta ár. Í október 2010 var sameiginleg þingmannanefnd sett á stofn. Nefndinni er ætlað að vera vettvangur fyrir þingmenn landanna til að ræða sameiginleg hagsmunamál landanna og vera ráðgefandi fyrir ráðið og sameiginlegu nefndina.

Fríverslunarviðræður við Kína

Á fundi utanríkisráðherra með utanríkisráðherra Kína, sem haldinn var í Peking í júlí 2010, kom fram að gera mætti ráð fyrir því að næsti fundur, sem tengist fríverslunarviðræð-

---

[7] Um er að ræða Albaníu, Síle, Egyptaland, samstarfsráð Persaflóaríkja, sem í sitja Barein, Kúveit, Óman, Katar, Sádi-Arabía og Sameinuðu arabísku furstadæmin, Ísrael, Jórdaníu, Kanada, Kólumbíu, Króatíu, Líbanon, Makedóníu, Marokkó, Mexíkó, Perú, Palestínu (PLO), Singapúr, Serbíu, Suður-Kóreu, Tollabandalag Suður-Afríkuríkja (SACU), sem Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland eru aðilar að), Túnis, Tyrkland og Úkraínu.

um Íslands og Kína, færi fram í Peking árið 2010 eða árið 2011. Á árlegum fundi sameiginlegrar nefndar Íslands og Kína um viðskiptamál sem haldinn var í Peking í byrjun nóvember 2010 var áréttað mikilvægi þess að fundur, sem tengist viðræðunum, yrði haldinn við fyrstu hentugleika.

6.5.2. Loftferðasamningar

Loftferðasamningar tryggja rétt flugfélaga, sem skráð eru á Íslandi, til að fljúga um lofthelgi og til og frá þeim ríkjum sem samningarnir ná til. Stöðugt vaxandi umsvif íslenskra flugrekenda hafa kallað á aukna áherslu á gerð tvíhliða loftferðasamninga við sem flest ríki.

Samningagerð er í höndum utanríkisráðuneytis og innanríkisráðuneytis í nánu samráði við hagsmunaaðila. Í dag eru 22 slíkir samningar í gildi og 31 til viðbótar bíður annaðhvort undirritunar eða fullgildingar. Margir þeirra geta þó komið til framkvæmda strax við áritun. Í flestum samninganna hefur náðst verulegur árangur í átt til aukins frelsis í flugsamgöngum en það skapar ný tækifæri fyrir íslenska flugrekendur til áætlunarflugs eða óreglubundins flugs með farþega og vörur.

Loftferðasamningur við Kanada var endurskoðaður í október sl. Svonefnt Halifax-skilyrði fellur brott haustið 2013 og munu íslenskir flugrekendur þá fá fullan aðgang að Kanadamarkaði sem er mjög lokaður. Fyrri samningur heimilaði einungis flug á milli Íslands og Kanada svo framarlega sem flugrekandi héldi úti flugi til Halifax tvisvar sinnum í viku yfir vetrartímann og þrisvar sinnum í viku yfir sumartímann.

Þá hafa á því tímabili sem skýrslan tekur til verið gerðir samningar við Armeníu, Barbados, Brasilíu, Jamaíku, Kólumbíu og Síle og er stefnt að undirritun þeirra við fyrsta tækifæri. Samningarnir munu auka svigrúm íslenskra flugrekenda sem vilja sinna verkefnum í þessum heimshlutum.

Áfram verður unnið að því að leita eftir aðild Íslands að fleiri samningum sem ESB og aðildarríki þess hafa gert við þriðju ríki, auk þess sem leitað verður eftir viðræðum við önnur ríki sem flugrekendur hafa þrýst á um að gerðir verði loftferðasamningar við.

6.5.3. Fjárfestingasamningar

Fjárfestingasamningum er fyrst og fremst ætlað að veita fjárfestum réttarvernd þannig að þeir njóti lögbundinna réttinda í því ríki þar sem þeir fjárfesta og geti gætt hagsmuna sinna fyrir dómstólum. Þannig má segja að fjárfestingasamningar ýti undir og stuðli að erlendri fjárfestingu hér á landi og fjárfestingum íslenskra fyrirtækja erlendis. Í sumum fríverslunarsamningum sem Ísland á aðild að með öðrum EFTA-ríkjum, eru ákvæði um fjárfestingar. Ef í fríverslunarsamningum hafa verið ákvæði um stofnfjárfestingar og vernd fjárfestinga, hefur ekki verið talin ástæða til að gera sérstakan fjárfestingasamning við viðkomandi ríki.

Á undanförnum árum hafa komið fram beiðnir um gerð fjárfestingasamninga frá stjórnvöldum í Benín, Makedóníu, Rússlandi, Tyrklandi og Úsbekistan. Engin ákvörðun hefur verið tekin um viðræður við Benín, Makedóníu og Úsbekistan, en samskipti hafa átt sér stað við tyrknesk stjórnvöld um gerð slíks samnings. Þá er gert ráð fyrir að fjárfestingar verði hluti fríverslunarviðræðna EFTA-ríkjanna og Rússlands sem hófust í upphafi þessa árs.

6.5.4. Tvísköttunarsamningar og upplýsingaskiptasamningar á sviði skattamála

Tvísköttunarsamningur við Króatíu var undirritaður í júlí 2010 og bíður hann fullgildingar. Einnig var gengið frá gerð viðauka við tvo eldri samninga, þ.e. við Belgíu og Lúxemborg og lutu þær breytingar að bættu aðgengi skattyfirvalda að upplýsingum. Viðaukinn við samn-

inginn við Lúxemborg var fullgiltur fyrir árslok og kom til framkvæmda 1. janúar 2011 en beðið er eftir því að Belgar ljúki sínu fullgildingarferli. Ekki náðist að fullgilda eða undirrita fleiri tvísköttunarsamninga á árinu 2010 en nú bíða sex samningar fullgildingar/undirritunar og er ferli við frágang þeirra misjafnlega langt á veg komið.

Ísland hefur verið aðili að samningi Evrópuráðsins og OECD um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum frá árinu 1995. Í lok maí 2010 var undirrituð bókun við samninginn sem færir hann nær þeim alþjóðlega mælikvarða sem nú gildir um upplýsingaskipti og snýr að bankaupplýsingum. Að auki er ríkjum sem ekki eru aðilar að OECD eða Evrópuráðinu, gefinn kostur á að gerast aðilar að samningnum að undangengnu samþykki aðildarríkjanna. Nýja bókunin mun taka gildi á árinu 2011.

Góður gangur hefur verið í gerð upplýsingaskiptasamninga á sviði skattamála en stýrihópur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar vinnur að því að gera slíka samninga við lágskattaríki og svokölluð bankaleyndarríki. Upplýsingaskiptasamningar eru mikilvæg verkfæri fyrir skattyfirvöld en á grundvelli þeirra geta skattyfirvöld óskað eftir upplýsingum um skattskyldar eignir og tekjur sem íslenskir skattaðilar eiga í lágskattaríkjum. Á síðasta ári voru undirritaðir 15 nýir tvíhliða upplýsingaskiptasamningar við eftirtalin ríki: San Marinó, Andorra, Bahamaeyjar, Sankti Kitts og Nevis, Sankti Vinsent og Grenadíneyjar, Antígva og Barbúda, Dóminíka, Grenada, Sankti Lúsía, Mónakó, Belís, Marshall-eyjar, Vanúatú, Líberíu, Montserrat og Liechtenstein. Norðurlöndin hafa því gengið frá undirritun alls 29 upplýsingaskiptasamninga á síðustu þremur árum. Markmiðið er að ná samningum við öll þau ríki sem OECD hefur skilgreint sem lágskattaríki eða bankaleyndarríki fyrir árslok 2012.

6.6. Tvíhliða viðskiptasamráð

Ísland heldur reglulega tvíhliða viðskiptasamráðsfundi með háttsettum embættismönnum frá Bandaríkjunum, Japan, Kína, Póllandi, Rússlandi og Þýskalandi. Um er að ræða vettvang þar sem tvíhliða utanríkisviðskipti og þróun efnahagsmála landanna eru rædd. Greind eru tækifæri og ógnanir í utanríkisviðskiptum, ræddar eru leiðir til úrbóta, t.d. með því að hefja samningaviðræður um ákveðin mál eða finna leiðir til að nýta ýmiss konar viðskiptatækifæri. Ekki síst eru mikilvæg tengsl innan stjórnsýslunnar virkjuð.

Á því tímabili sem skýrslan tekur til, frá maí 2010, voru haldnir fundir með Bandaríkjunum, Kína, Rússlandi, og Þýskalandi. Jafnframt er í undirbúningi að halda samráðsfundi með Japan og Póllandi.

6.7. Viðskiptaþjónustan, Íslandsstofa og Expó 2010

Viðskiptaþjónustan

Íslandsstofa tók til starfa í byrjun júlí 2010 á grundvelli nýrra laga sem samþykkt voru fyrir ári. Að grunni til eru lögin byggð á starfi Útflutningsráðs en starfsemin er þó mun umfangsmeiri en það sem féll undir verksvið ráðsins. Þannig falla landkynningar og markaðsverkefni ferðaþjónustunnar nú undir verksvið Íslandsstofu en þessi verkefni voru áður hluti af starfi Ferðamálastofu. Með þessari breytingu eru öll markaðs- og samstarfsverkefni atvinnulífs og hins opinbera komin á eina hendi. Annað meginhlutverk sem Íslandsstofu er falið er að styrkja ímynd og orðspor Íslands og styðja við kynningu á íslenskri menningu erlendis. Á þann hátt næst fram hagkvæmari nýting fjármuna en áður. Þar með hafa forsendur verið skapaðar til þess að Íslandsstofa verði öflugur samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda með það aðal markmið að auðvelda fyrirtækjum og einstaklingum markaðssókn erlendis.

Stjórn Íslandsstofu hefur skipað nokkur fagráð, m.a. um ferðaþjónustu, erlenda fjárfestingu, sjávarútveg, hugverkaiðnað, skapandi greinar o.s.frv. Þannig hafa fagaðilar úr atvinnulífinu tækifæri að koma á framfæri upplýsingum og ábendingum til stjórnar Íslandsstofu um hin ýmsu verkefni stofnunarinnar.

Starfsemi Íslandsstofu er komin á fulla ferð. Sem dæmi má nefna að aldrei hafa fleiri tekið þátt í ITB-ferðakaupsstefnunni í Berlín eða um 70 fulltrúar íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja. Þátttaka Íslands í sýningunni var undir yfirskrift Visit Iceland-verkefnisins og var sýningarsvæðið á sameiginlegu sýningarsvæði Norðurlanda. Þá má nefna nýlegar ferðaþjónustusýningar í London og Nuuk, auk ýmissa námskeiða og kynningarfunda um markaðs- og kynningarmál. Markmið þeirra er að stuðla að aukinni þátttöku íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegum viðskiptum og auðvelda þeim að ná til erlendra neytenda og notenda með útflutningi á vörum, þekkingu og þjónustu og laða erlenda fjárfestingu til landsins.

Utanríkisráðuneytið vinnur náið með Íslandsstofu og er nú unnið að endurskoðun eldri samstarfssamnings viðskiptaþjónustunnar við Útflutningsráð. Viðskiptafulltrúar starfa í átta sendiskrifstofum Íslands, þ.e. í Rússlandi, Kína, Japan, Danmörku, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Bretlandi og á Indlandi. Jafnframt eru ferðamálafulltrúar í Kína, Japan og á Indlandi. Þessa 11 starfsmenn nýtir Íslandsstofa í þjónustu við atvinnulífið og flest verkefni Íslandsstofu á erlendri grundu eru unnin í samstarfi við utanríkisþjónustuna. Sem dæmi um nýleg verkefni má nefna jarðhitaráðstefnu í Tókýó sem yfir 300 manns sóttu, ráðstefnu um íslenskan sjávarútveg á vegum sendiráðsins í London, sem um 250 manns sóttu, íslenska hönnunarsýningu í Peking og markaðsdag í Kaupmannahöfn, en 24 íslensk fyrirtæki tóku þátt í markaðsdeginum. Þá er rétt að geta þess að aðalræðisskrifstofa Íslands í New York annast skipulagningu á framkvæmd Iceland Naturally-markaðsverkefnisins í Bandaríkjunum ásamt ferðamálafulltrúa Íslandsstofu. Þá eru framundan frekari samstarfsverkefni milli ráðuneytisins og Íslandsstofu og má þar t.d. nefna tónlistar- og ferðakynningu í Stokkhólmi, ráðstefnu um fjárfestingar á Íslandi í London og ráðstefnu í Reykjavík um vegaframkvæmdir í Rússlandi með rússneskum sérfræðingum. Að lokum má geta þess að í mars sl. var haldin ráðstefna í Reykjavík um útboð og framkvæmdir á vegum Atlantshafsbandalagsins, en á henni leiðbeindu sérfræðingar frá bandalaginu íslenskum fyrirtækjum við öflun verkefna og tilboðsgerð í þau.

Þátttaka Íslands í EXPO 2010 í Sjanghaí

Heimssýningin í Sjanghaí var opnuð í byrjun maí 2010 og stóð í sex mánuði. Á þessu tímabili heimsóttu ríflega 2,3 milljónir gesta íslenska sýningarskálann. Markmiðið með þátttöku Íslands í heimssýningunni var að kynna land og þjóð, miðla þekkingu á sviði endurnýjanlegra orkugjafa og aðstoða fyrirtæki sem leita tækifæra á kínverskum markaði. Gestir víðs vegar að úr heiminum, ráðamenn frá um 100 löndum, stjórnmálamenn, fjölmiðlafólk og fleiri heimsóttu íslenska skálann og fengu upplýsingar um íslensk hagsmunamál.

Viðskiptaþjónusta sem boðið var upp á í íslenska skálanum nýttist fjölmörgum íslenskum fyrirtækjum á meðan á heimssýningunni stóð. Brugðist var við öllum beiðnum sem bárust um viðskiptaþjónustu. Voru þær beiðnir 198 talsins en alls nýttu 78 íslenskir viðskiptaaðilar þá þjónustu og aðstöðu sem boðið var upp á í skálanum. Tvær viðskiptasendinefndir frá Íslandi heimsóttu heimssýninguna í Sjanghaí og voru ferðir tveggja kínverskra viðskiptasendinefnda til Íslands skipulagðar á sama tímabili. Haldin var viðamikil ráðstefna í íslenska skálanum um lausnir á sviði sjálfbærrar orkuframleiðslu með þátttöku forseta Íslands.

Þátttaka Íslands í heimssýningunni í Sjanghaí vakti töluverða athygli kínverskra og alþjóðlegra fjölmiðla og alls voru fjórir blaðamannafundir haldnir í íslenska skálanum. Starfsfólk skálans skipulagði ferðir fjögurra hópa kínversks fjölmiðlafólks til Íslands og hélt nákvæma skráningu yfir fjölmiðlaumfjöllun sem til kom vegna þátttöku Íslands í heimssýningunni. Alls var fjallað 368 sinnum um Ísland, í þriðjungi tilfella í sjónvarpi.

Lokauppgjör þátttöku Íslands í EXPO í Sjanghaí stendur nú yfir en ljóst er að kostnaður við verkefnið er innan kostnaðaráætlunar.

7. UPPLÝSINGA- OG MENNINGARSTARF OG ORÐSPOR

Upplýsingastarf og orðspor

Eitt af verkefnum utanríkisráðuneytisins og sendiskrifstofa Íslands er að gæta að og efla orðspor Íslands erlendis. Það er mikilvægt verkefni því orðspor þjóðarinnar getur haft áhrif, og stundum úrslitaáhrif, á vilja erlendra aðila til þess að eiga viðskipti eða ganga til annars samstarfs við Íslendinga. Langan tíma getur tekið að geta sér gott orð, en orðspor getur á hinn bóginn laskast í einu vetfangi.

Fjölmiðlar hafa mikil áhrif á ímynd og orðspor ríkja. Á síðasta ári hefur áfram verið unnið að því að efla tengsl við erlenda fjölmiðla. Fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins á dagleg samskipti við erlenda blaða- og fréttamenn og hefur ráðuneytið komið sér upp öflugu tengslaneti. Fjöldi erlendra fjölmiðlamanna heimsækir Ísland ár hvert og veitir ráðuneytið þeim upplýsingar og kemur á viðtölum við ráðherra. Þannig kom hópur um 50 þýskra blaðamanna til Íslands á síðasta ári á vegum framkvæmdastjórnar ESB og var það tilefni nýtt til upplýsingamiðlunar og tengslamyndunar, svo dæmi sé tekið.

Sendiskrifstofum Íslands hefur sömuleiðis verið falið að rækta áfram tengsl við fjölmiðla í gistiríkjum og umdæmisríkjum, svo unnt sé að koma upplýsingum á framfæri við tengiliði með litlum fyrirvara. Annað veigamikið starf sendiskrifstofa felst í því að vakta umfjöllun erlendra fjölmiðla um Ísland og koma á framfæri upplýsingum eða leiðréttingum ef hún er röng eða hlutdræg. Í Bretlandi og Hollandi hafa íslensk stjórnvöld sömuleiðis notið liðsinnis almannatengslafyrirtækja sem vakta og leggja mat á erlenda fjölmiðlaumfjöllun, með sérstöku tilliti til Icesave-málsins.

Þegar meginviðfangsefni utanríkismálanna eru annars vegar, skiptir miklu að íslensk stjórnvöld og sendiskrifstofur Íslands tali einum rómi og gefi skýr skilaboð. Utanríkisráðuneytið hefur t.a.m. í ESB-ferlinu og Icesave-málinu tekið það hlutverk sitt alvarlega að samræma málflutning ráðuneytisins og sendiskrifstofa Íslands gagnvart erlendum stjórnvöldum og fjölmiðlum, í samstarfi við önnur ráðuneyti eftir því sem við á. Eins skal nefnt, að þegar eldgosið í Eyjafjallajökli vorið 2010 ógnaði hagsmunum íslenskrar ferðaþjónustu tóku utanríkisráðuneytið og sendiráð Íslands erlendis þátt í starfi íslenskra stjórnvalda, Almannavarna og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu við að koma raunsönnum upplýsingum á framfæri við umheiminn. Þegar vandi steðjar að sést glögglega hve miklu skiptir að upplýsingastarf sé markvisst, samræmt og agað.

Menningarstarf

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að eitt meginverkefna utanríkisþjónustunnar á næstu árum verði að byggja upp ímynd lands og þjóðar á grundvelli þekkingar, menningar og mannauðs. Til að svo megi verða skuli ráðist í markaðssókn erlendis á sviði lista, menningar, hönnunar og hugvitsgreina.

Frumlegt og þróttmikið listalíf og listsköpun íslenskra listamanna leikur lykilhlutverk við að móta orðspor Íslands sem menningarþjóðar á alþjóðavettvangi. Menning er einnig veigamikil og vaxandi atvinnugrein. Þetta var staðfest þegar niðurstöður kortlagningar á því hversu miklu skapandi greinar á Íslandi skila til þjóðarbúsins voru kynntar í desember sl. Þær leiddu í ljós að skapandi greinar velta tæpum 200 milljörðum króna árlega og tryggja tíu þúsund störf.

Menningarstarf er lögum samkvæmt einn af grunnþáttum starfsemi utanríkisráðuneytisins. Ráðuneytið hefur það hlutverk að standa vörð um menningarhagsmuni Íslendinga erlendis, að þjóna listamönnum, miðstöðvum og stofnunum, að koma á tengslum milli innlendra og erlendra aðila og miðla upplýsingum. Ráðuneytið og sendiskrifstofur um allan heim leggja áherslu á að kynna íslenska menningu og tungu og viðskiptaþjónusta sendiráða styður við markaðssókn fyrirtækja á sviði skapandi greina líkt og á öðrum sviðum. Sendiskrifstofur Íslands standa fyrir og styðja við hundruð menningarviðburða erlendis ár hvert. Sendiráðin byggja starfsemi sína á árlegum menningaráætlunum en verkefni spretta ýmist af eftirspurn eða frumkvæði sendiskrifstofanna sjálfra eða ráðuneytisins. Menningarstarf sendiskrifstofa er stutt af samráðshópi utanríkisráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis, og fjölmörgum öðrum opinberum aðilum, sem og fulltrúum einkageirans.

Lykill að farsælu menningarstarfi er náið og gott samráð og samstarf ráðuneyta, sendiráða, menningarstofnana, kynningarmiðstöðva, hagsmunaaðila og listamanna, svo og erlendra aðila. Kallað hefur verið eftir aðkomu ráðuneytisins að stefnumótun heima fyrir, en menningarfulltrúi þess situr í fjölmörgum stjórnum og starfshópum á sviði menningar og lista. Á vormánuðum kemur út skýrsla um menningarstarfsemi utanríkisþjónustunnar sem mun varpa skýrara ljósi á umfang, árangur og tækifæri á þessu sviði.

Af þeim hundruðum viðburða sem sendiskrifstofur Íslands komu að á því tímabili sem skýrslan tekur til má nefna viðburði á borð við myndlistarsýninguna Exkurs í Felleshus í Berlín, menningardagskrá í Shanghaí, tengd þátttöku Íslands á Heimssýningunni, listahátíðina Upptakt í Peking, bókmenntamálþing í París, kynnisheimsókn norskra myndlistarsérfræðinga til Íslands, stuðning við samsýningu sjö listamanna í Norður-Dakóta í Bandaríkjunum og Kanada, stuðning við Núna Now-hátíðina í Winnipeg, auk fjölda annarra viðburða á öllum sviðum lista og menningar.

Í júní 2010 var þremur átaksverkefnum á sviði menningarkynningar erlendis ýtt úr vör. Þar taka Hönnunarmiðstöð Íslands, Bókmenntasjóður og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar höndum saman með ráðuneytinu og sendiskrifstofum. Á sviði hönnunar hefur sýningin Icelandic Contemporary Design ferðast frá Kaupmannahöfn til Shanghaí, Peking og Stokkhólms. Á sviði samtímalistar hefur Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar kynnt íslenska samtímalist með á þriðja tug listamanna og sendiráðunum í Berlín, Brussel, Kaupmannahöfn, París og Peking. Verk listamannanna eru kynnt í húsakynnum sendiherrabústaða og sendiráðanna. Þá hefur utanríkisráðuneytið kynnt samtímalist í húsakynnum sínum við Rauðarárstíg undanfarin þrjú ár í samstarfi við Kynningarmiðstöð myndlistar, listamenn og söfnin. Þriðja átaksverkefnið er á sviði bókmennta. Bókmenntasjóður vinnur að hönnun og útgáfu kynningarefnis um íslenskar bókmenntir fyrir sendiskrifstofur. Þá hefur verið hönnuð veggspjaldasýning sem nefnist Sögueyjan: portrett af íslenskum samtímahöfundum sem miðlar því hvernig sagnaarfurinn er íslenskum höfundum uppspretta innblásturs. Sýningin var opnuð á vegum sendiráðsins í Berlín og Sögueyjunnar í mars sl. og mun nýtast sendiráðum víðar við kynningu á bókaþjóðinni.

Umfangsmesta menningarverkefni stjórnvalda á sviði menningarmála á þessu ári er heiðursþátttaka Íslands á bókasýningunni í Frankfurt í október nk. Yfirskrift verkefnisins er: Sögueyjan. Mennta- og menningarmálaráðuneytið sér um undirbúning verkefnisins og hefur ráðið sjálfstætt starfandi verkefnisstjóra en utanríkisráðuneytið á sæti í verkefnisstjórn þess. Bókasýningin er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum og er Ísland heiðursgestur fyrst Norðurlanda. Um er að ræða einstakt tækifæri til að koma íslenskum bókmenntum á framfæri en ljóst er að yfir 120 bækur, þ. á m. heildarútgáfa Íslendingasagnanna verða gefnar út í Þýskalandi á árinu. Þá verður efnt til menningardagskrár á öllum sviðum lista í samstarfi við þýskar menningarstofnanir. Búast má við mikilli umfjöllun í þýskum fjölmiðlum tengdri þessu verkefni á árinu. Sendiráðið í Berlín tekur virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd verkefnisins í samstarfi við Sögueyjarteymið á Íslandi og í Þýskalandi.

8. REKSTUR UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR

Íslenska utanríkisþjónustan er ein sú minnsta í Evrópu og þarf í ljósi smæðar sinnar að gæta að skilvirkni í störfum til að geta uppfyllt hlutverk sitt í hagsmunagæslu fyrir Ísland á erlendri grundu.

Þrátt fyrir óhagkvæma gengisþróun og það hversu stór hluti kostnaðar utanríkisráðuneytisins fellur til í erlendum gjaldeyri hefur utanríkisráðuneytið náð umtalsverðri hagræðingu allt frá efnahagshruninu árið 2008. Þá átti ráðuneytið frumkvæði að 23% niðurskurði af fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009, auk 2% viðbótarhagræðingar innan árs. Ráðuneytið fylgdi þessum niðurskurði eftir með 16,4% niðurskurði á fjárlögum 2010 og 9,5% niðurskurði í rekstri á fjárlögum 2011.

Þessari miklu hagræðingu hefur verið náð með viðamiklum aðgerðum til kostnaðarlækkunar í allri starfsemi ráðuneytisins: lokun sendiskrifstofa, fækkun starfsmanna og lækkun launa-, húsnæðis- og ferðakostnaðar. Rekstur ráðuneytis og sendiskrifstofa nemur um 38% af heildarútgjöldum ráðuneytisins árið 2011 og niðurskurður ársins 2011 á þessum liðum er tæp 37% af heildarhagræðingu ráðuneytisins það ár.

Sendiskrifstofur Íslands eru nú 21 talsins. Þar af eru 15 sendiráð, þrjár fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og þrjár aðalræðisskrifstofur. Auk þess hafa þrjár skrifstofur Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) stöðu sendiráðs. Þremur sendiskrifstofum var lokað á árinu 2009, í Róm, Strassborg og Pretoríu, auk tveggja skrifstofa ÞSSÍ í Níkaragva og á Srí Lanka. Þá var skrifstofu ÞSSÍ í Namibíu lokað í lok árs 2010. Fjöldi sendiskrifstofa nú er svipaður og á árunum 2002 til 2004. Hins vegar eru útsendir starfsmenn nú um það bil fjórðungi færri en þeir voru á því tímabili.

Flutningsskyldir starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru 127 talsins. Þar af starfa 76 á aðalskrifstofu ráðuneytisins og 52 á sendiskrifstofum erlendis. Á aðalskrifstofunni í Reykjavík starfa jafnframt 17 starfsmenn sem ekki lúta flutningsskyldu. Útsendum starfsmönnum hefur verið fækkað um 14 frá árinu 2008 og hafa þeir ekki verið færri frá því á árinu 1997. Á sendiskrifstofum er nú almennt lágmarksmannafli. Á fjórum sendiskrifstofum (Tókýó, Ottawa, Winnipeg og Helsinki) starfar til að mynda aðeins einn útsendur starfsmaður og á aðalræðisskrifstofunni í New York starfa eingöngu staðarráðnir starfsmenn. Á rúmlega helmingi sendiskrifstofa, alls 12 skrifstofum, starfa nú tveir eða færri útsendir starfsmenn.

Þótt sendiskrifstofur geti sinnt grundvallarskyldum sínum gagnvart gistiríkinu við slíkar aðstæður er ljóst að við svo mikla skerðingu er erfiðara um vik að sýna frumkvæði með því að standa að nýjum verkefnum og takmarkað svigrúm er til að mæta sérstökum aðstæðum sem upp kunna að koma og hafa aukið álag í för með sér. Samfara fækkun starfsmanna hefur

álagið á sendiskrifstofur aukist vegna aukinna verkefna og með flutningi verkefna frá starfsstöðvum sem hefur verið lokað. Starfsmönnum sendiskrifstofa hefur á sama tíma verið í vaxandi mæli falin fundarseta erlendis fyrir sérfræðinga úr íslensku stjórnsýslunni. Slíku fyrirkomulagi eru takmörk sett í ljósi þess að útsendum starfsmönnum hefur fækkað og álag á sendiskrifstofum er mikið. Þá er ekki hægt að gera ráð fyrir því að starfsmenn sendiráða geti komið í stað sérfræðinga á mismunandi sviðum til lengri tíma litið.

Framlög til þróunarmála og alþjóðastofnana nema ríflega 56% af fjárlögum utanríkisráðuneytisins. Í fjárlögum ársins 2011 eru framlög til þróunarmála skorin niður um 370,5 m.kr. eða sem nemur 46% af heildarniðurskurði ráðuneytisins á árinu 2011, miðað við 624 m.kr. niðurskurð á árinu 2010 sem nam 43% af heildarniðurskurði ráðuneytisins það ár. Nánar er fjallað um framlög Íslands til þróunarmála í kafla 5.2.




Þróun fjölda sendiskrifstofa
1991-2011
50
45
40
35
30
25
20
15
10
5
0
13
14
14
13
14
14
16
16
19
19
22
21
21
21
22
23
23
24
24
22
21
1991
1992
1993
1994
1995
1996
1997
1998
1999
2000
2001
2002
2003
2004
2005
2006
2007
2008
2009
2010
2011


Fjöldi útsendra starfsmanna
utanríkisráðuneyta Norðurlandanna 2010
700
600
500
400
300
200
100
0
54
550
590
594
630
Ísland
Danmörk
Svíþjóð
Finnland
Noregur


Fjöldi sendiskrifstofa utanríkisráðuneyta Norðurlandanna 2010
120
100
80
60
40
20
0
22
98
99
104
109
Ísland
Finnland
Danmörk
Svíþjóð
Noregur


Fjárlög utanríkisráðuneytisins 2011
10,5%
3,1%
1,9%
0,04%
28,0%
12,2%
13,3%
30,9%
03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa, 1010,3 m.kr. (10,5%)
03-111 Þýðingamiðstöð, 301,1 m.kr. (3,1%)
03-190 Ýmis verkefni, 182,3 m.kr. (1,9%)
03-199 Ráðstöfunarfé, 3,5 m.kr. (0,04%)
03-300 Sendiráð Íslands, 2.682,8 m.kr., (28,0%)
03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands, 1.166,3 m.kr. (12,2%)
03-391 Þróunarmál og alþj. hjálpar-starfsemi, 1.277,3 m.kr. (13,3%)
03-401 Alþjóðastofnanir, 2.959,3 m.kr. (30,9%)

1417. Álit félags- og tryggingamálanefndar [792. mál]

á skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustusamninga Barnaverndarstofu og lok þeirra.

Með bréfi dags. 24. febrúar 2011 vísaði forseti Alþingis umræddri skýrslu til félags- og tryggingamálanefndar. Nefndin hefur fjallað um skýrsluna og fengið á sinn fund Kristínu Kalmansdóttur og Þóri Óskarsson frá Ríkisendurskoðun, Braga Guðbrandsson og Heiðu Björg Pálmadóttur frá Barnaverndarstofu og Láru Björnsdóttur og Þorgerði Benediktsdóttur frá velferðarráðuneyti en nefndin ræddi ábendingar Ríkisendurskoðunar við þær í tengslum við umfjöllun um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum, 56. mál. Þá hafði nefndin fjallað um málefni meðferðarheimila á fundum í nóvember og desember á síðasta ári þar sem rætt var sérstaklega um gerð þjónustusamninga vegna slíkra heimila, lok samninganna og eftirlit Barnaverndarstofu og félags- og tryggingamálaráðuneytis, nú velferðarráðuneytis, með slíkum samningum. Á þeim tíma fékk nefndin á sinn fund Bolla Þór Bollason og Einar Njálsson frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Hákon Gunnarsson og Snæfríði Njálsdóttur frá meðferðarheimilinu Árbót ásamt lögmanni þeirra Björgvini Þorsteinssyni, Guðmund Tý Þórarinsson vegna Götusmiðjunnar ásamt lögmanni hans Gísla Kr. Björnssyni og Braga Guðbrandsson, Heiðu Björg Pálmadóttur, Jón Björnsson og Halldór Hauksson frá Barnaverndarstofu.

I. Málsmeðferð.

Nefndin ræddi eins og framan greinir málefni meðferðarheimila og þjónustusamninga Barnaverndarstofu vegna þeirra á fundum sínum 29. nóvember og 2. desember 2010. Strax á fyrri fundi nefndarinnar um málið var ljóst að Ríkisendurskoðun hefði ákveðið að gera úttekt á því hvernig staðið var að uppsögn þjónustusamninga Barnaverndarstofu við meðferðarheimili fyrir börn og unglinga á árunum 1996–2010. Nefndin fékk gesti vegna málsins og fjallaði ítarlega um það en samþykkti svo að fresta frekari umfjöllun þar til skýrsla Ríkisendurskoðunar um málið lægi fyrir.

Eftir að hafa rætt um skýrslu Ríkisendurskoðunar telur nefndin rétt að leggja fram álit sitt á málinu og telur jafnframt málið þannig vaxið að fylgja þurfi því eftir. Leggur nefndin því samhliða áliti þessu fram beiðni um skýrslu frá velferðarráðherra þar sem óskað verður upplýsinga um framgang mála vegna ábendinga Ríkisendurskoðunar um þjónustusamninga Barnaverndarstofu og lok þeirra og með hvaða hætti velferðarráðuneyti og Barnaverndarstofa muni að bregðast við þeim. Þá telur nefndin mikilvægt að fram komi hvaða stefnu sé fylgt varðandi meðferðarúrræði barna, hvort breytingar hafi verið gerðar á henni eða hvort breytinga sé að vænta, hverjir muni þá vinna að þeim breytingum og með hvaða hætti eftirliti og mati á breytingunum verði háttað.

II. Niðurstöður Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun bendir á að á árunum 1996–2010 hafi alls fjórtán þjónustusamningum verið sagt upp og kemst að því að af fyrirliggjandi gögnum verði „ekki annað ráðið en að Barnaverndarstofa hafi við þessi samningsslit yfirleitt leitast við að gæta hagsmuna ríkisins og þeirra barna sem dvöldu á meðferðarheimilunum, án þess þó að fara í bága við meðalhóf eða sýna rekstraraðilum óbilgirni. Þá hefur andmælaréttur þeirra jafnan verið virtur." Ljóst er því að Barnaverndarstofa hafi almennt leitast við að gæta hagsmuna hlutaðeigandi aðila og fara eftir stjórnsýslulögum.

Ríkisendurskoðun telur að lengi framan af hafi gætt stöðugleika í rekstri einkarekinna meðferðarheimila með nokkrum undantekningum. Nefndin telur þó skýrsluna gefa vísbendingar um að betur hefði mátt standa að þarfagreiningu við gerð sumra þeirra samninga sem var sagt upp eftir mjög skamman rekstrartíma.

Skoðun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að á „árunum 1997–2010 var sjö sinnum samið við rekstraraðila um sérstakar greiðslur vegna samningsslita.“ Ekki var hægt að vísa til tiltekinna reglna eða ákvæða í þjónustusamningum vegna greiðslnanna og telur nefndin því ljóst að þörf sé á skýrari reglum um gerð slíkra samninga, viðmiðunarreglum um greiðslur eða skýrum reglum um samninga.

Af þeim sjö tilvikum þar sem samið var sérstaklega um greiðslur var fjórum sinnum um að ræða greiðslu rekstrarframlags á hluta óunnins uppsagnartíma. Af þessu leiðir að í þremur tilvikum var ekki um að ræða slíkar greiðslur enda gerir Ríkisendurskoðun verulegar athugasemdir vegna greiðslna í tengslum við lokun heimilis á Torfastöðum, Götusmiðjunnar og heimilis að Árbót. Ríkisendurskoðun telur þessi lokauppgjör sérstaklega athyglisverð, ekki aðeins vegna þess að þau varða umtalsverða fjármuni, þ.e. alls um 84 millj. kr. að núviði, heldur einnig vegna þess að þau orka um margt tvímælis. Nefndin tekur þessi sjónarmið Ríkisendurskoðunar og áréttar að heimilin virðast ekki hafa átt lögvarða kröfu til annarra greiðslna en vegna umsamins uppsagnarfrests. Mörg óvissuatriði virðast vera til staðar við uppgjörið og þó svo að tvö þeirra byggist á fyrirliggjandi reikningum (Torfastaðir og Götusmiðjan) er samt sem áður til staðar óvissa um greiðsluskyldu.

Ríkisendurskoðun tekur eitt uppgjörið sérstaklega fyrir, vegna lokunar Árbótar, enda sker það sig úr að því leyti að bótafjárhæðin byggðist fremur á samkomulagi en eiginlegum reikningsskilum. Nefndin telur mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að setja verklagsreglur um hvernig fara eigi með deilu- eða vafamál sem upp koma vegna lokunar meðferðarheimila. Þá er nauðsynlegt að tryggja að sá aðili sem ber stjórnsýslulega ábyrgð á gerð, uppsögn og lokum þjónustusamninga hafi nægilegt svigrúm til að sinna lögbundinni skyldu sinni og ekki sé gengið inn á valdsvið hans. Nefndin áréttar að fara þarf eftir stjórnsýslulögum og hugsanlega sérlögum við úrlausn mála og ekki er unnt að velja aðra leið eftir hentugleik. Tryggja þarf jafnræði og réttaröryggi í þessum málum sem og öðrum. Þá er jafnframt mikilvægt að tryggja að vel sé farið með fjármuni ríkisins og ekki greitt nema skýr skylda sé til þess enda er þá í engu farið með jafnræði aðila og ábyrgð á meðferð opinberra fjármuna.

Samkvæmt 2. mgr. 79. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, getur Barnaverndarstofa falið öðrum rekstur heimila og stofnana á grundvelli þjónustusamnings. Það er því á ábyrgð Barnaverndarstofu að gera slíka samninga og þar með að segja þeim upp og semja um lyktir þeirra. Komi upp ágreiningur milli rekstraraðila heimilis og stofunnar er gert ráð fyrir því í 3. mgr. ákvæðisins að unnt sé að skjóta honum til velferðarráðuneytis.

Niðurstöður Ríkisendurskoðunar um samningslok við Árbótarheimilið eru taldar upp í fimm liðum. Í fyrsta lagi telur Ríkisendurskoðun að uppsagnarákvæði þjónustusamningsins hafi verið ótvírætt, í öðru lagi að forsendubrestur hafi orðið en þó hafi skort formlegar reglur Barnaverndarstofu um nýtingarhlutfall o.þ.h. og í þriðja lagi er lögvarinn réttur rekstraraðila Árbótar dreginn í efa þegar litið er til framkvæmdar uppsagnar og samningsákvæða. Í fjórða lagi telur Ríkisendurskoðun að engin málefnaleg rök hafi legið fyrir því að greiða Árbótarheimilinu bætur vegna samningsloka með tilliti til jafnræðissjónarmiða og mismununar. Í fimmta lagi gerir Ríkisendurskoðun ekki athugasemdir við að málinu hafi lokið með aðkomu félags- og tryggingamálaráðuneytis en bendir á að afskipti einstakra þingmanna úr Norðausturkjördæmi, m.a. fjármálaráðherra, hafi að einhverju leyti veitt málinu úr faglegum far-

vegi inn í hreinar samningaviðræður. Ríkisendurskoðun lítur það alvarlegum augum og telur að óska hefði átt eftir áliti ríkislögmanns og gera upp rekstur Árbótarheimilisins á grundvelli ársreikninga.

Nefndin telur rétt að taka sérstaklega undir orð Ríkisendurskoðunar hvað varðar afskipti utanaðkomandi aðila af stjórnsýsluathöfnum og starfi Barnaverndarstofu. Í skýrslunni segir: „Auk þess að formfesta betur í leiðbeinandi reglum og samningum ákvæði um hugsanlegar lokagreiðslur, hnígi veigamikil rök til slíkra greiðslna, er afar mikilvægt að jafnt Barnaverndarstofa sem velferðarráðuneyti sporni gegn óeðlilegum afskiptum utanaðkomandi aðila, jafnt stjórnmálamanna sem annarra, að lausn mála. Slík afskipti grafa undan faglegum vinnubrögðum og draga úr tiltrú almennings á stjórnsýslunni.“

Þá fylgja skýrslunni ábendingar til velferðarráðuneytis og Barnaverndarstofu sem verður gerð nánari grein fyrir í næsta kafla sem og afstöðu nefndarinnar til einstakra atriða er varða ábendingarnar.

III. Ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Í skýrslunni er fjórum ábendingum beint til velferðarráðuneytis og fjórum til Barnaverndarstofu. Velferðarráðuneyti er bent á að:

1. Taka þarf afstöðu til einkarekinna meðferðarheimila sem rekstrarforms.
2. Greiðslur vegna samningsslita séu gagnsæjar og málefnalegar.
3. Ganga þarf úr skugga um lögmæti uppsagnar.
4. Efla þarf eftirlit með þjónustu Barnaverndarstofu.

Ábendingar til Barnaverndarstofu eru:

1. Greiðslur vegna samningsslita séu gagnsæjar og málefnalegar.
2. Setja þarf skýrt viðmið um nýtingarhlutfall heimilanna.
3. Setja þarf skýrt viðmið um fagmenntun meðferðaraðila.
4. Tryggja þarf að Ríkisendurskoðun berist áritaðir ársreikningar.

Taka þarf afstöðu til einkarekinna meðferðarheimila sem rekstrarforms.

Nefndin tekur undir ábendingar Ríkisendurskoðunar og beinir því til ráðuneytis að farið verði í skýra stefnumörkun á þessu sviði þar sem metið verði hvort notast eigi áfram við þjónustusamningaformið og einkarekin heimili. Telur nefndin nauðsynlegt við þá stefnugerð að leitað verði til fagaðila, háskólasamfélagsins sem og barnaverndarnefnda enda er ákvörðun um úrræði handa börnum á þeirra ábyrgð.

Greiðslur vegna samningsslita séu gagnsæjar og málefnalegar.

Þessari ábendingu var beint bæði til velferðarráðuneytis og Barnaverndarstofu. Nefndin fjallaði mjög ítarlega um þennan þátt ábendinga Ríkisendurskoðunar og tekur undir afstöðu Ríkisendurskoðunar þess efnis að verði „haldið í núverandi rekstrarform er mikilvægt að velferðarráðuneyti tryggi fyrir sitt leyti að greiðslur til einkarekinna meðferðarheimila vegna samningsslita séu gagnsæjar og málefnalegar og taki mið af ákvæðum samninga, skráðum reglum um slíkar greiðslur og raunverulegu uppgjöri ef því er að skipta. Einungis með því móti verður jafnræði rekstraraðila tryggt.“ Afstaða velferðarráðuneytisins til þessarar ábendingar er jákvæð og hyggst ráðuneytið fela Barnaverndarstofu að semja drög að reglunum sem síðar yrðu staðfestar í ráðuneytinu.

Ganga þarf úr skugga um lögmæti uppsagnar.

Um þessa ábendingu segir Ríkisendurskoðun: „Mikilvægt er að velferðarráðuneyti gangi jafnan úr skugga um að uppsagnir þjónustusamninga séu lögmætar og leiti til ríkislögmanns leiki einhver vafi á um slíkt. Ekki á að þurfa að deila um það.“ Nefndin tekur undir þessa ábendingu enda óskaði hún sérstaklega skýringar á því á síðasta ári hvers vegna ekki hefði verið leitað álits ríkislögmanns vegna uppsagnar samnings við meðferðarheimilið Árbót. Nefndin telur nauðsynlegt að leitað sé álits ríkislögmanns sé vafi í málum um greiðsluskyldu eða önnur atriði. Velferðarráðuneytið tekur undir ábendingu Ríkisendurskoðunar og áréttar að héðan í frá muni það leita til ríkislögmanns þegar mál varða ráðuneytið sjálft eða mál er þannig vaxið að öðru leyti að rétt þykir að leita utanaðkomandi faglegs álits. Telur nefndin mikilvægt að tryggt verði að þetta verklag verði viðhaft hér eftir.

Efla þarf eftirlit með þjónustu Barnaverndarstofu.

Nefndin telur rétt að benda á að í frumvarpi til breytinga á barnaverndarlögum sem nefndin hefur nú til meðferðar (þskj. 57, 56. mál) eru lagðar til breytingar á eftirliti með barnaverndaryfirvöldum og kynntur nýr kafli inn í lögin um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Telur nefndin þetta að nokkru mæta athugasemdum Ríkisendurskoðunar en mikilvægt sé þó að gera enn betur. Telur nefndin ljóst að setja þarf skýra stefnu um eftirlit með velferðarþjónustu og kanna möguleika á því að fela sérstakri stofnun eða deild eftirlitið. Hugmyndir um slíka stofnun hafa verið þónokkuð til umræðu undanfarið og m.a. er minnst á hana í svari ráðuneytisins. Félags- og tryggingamálanefnd fagnaði áformum um slíka stofnun í nefndaráliti sínu um breytingu á lögum um málefni fatlaðs fólks (þskj. 550, 256. mál) og telur vert að árétta þau sjónarmið sín hér að mikilvægt sé að eftirlit sé sterkt, virkt og skilvirkt: „Verður þetta enn brýnna þegar horft er til þess að eftirlit slíkrar stofnunar snýr að hópum sem eiga oftar en ekki undir högg að sækja, svo sem börnum, öldruðum, fötluðu fólki og fólki sem nýtur þjónustu vegna bágra félagslegra aðstæðna. Pottur hefur víða verið brotinn í eftirliti og mikilvægt að tryggja að eftirlit með þjónustu sé hjá óháðum aðila. Nefndin beinir þeim eindregnu tilmælum til nýs velferðarráðherra að koma eftirlitsþættinum í fastar skorður eða koma á fót eftirlitsstofnun sem allra fyrst.“

Setja þarf skýrt viðmið um nýtingarhlutfall heimilanna.

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að Barnaverndarstofa setji skráða reglu um það hversu lágt nýtingarhlutfall meðferðarheimila má fara og í hve langan tíma það má standa til að stofan telji rétt að segja upp þjónustusamningum á grundvelli ónógrar eða dvínandi eftirspurnar. Nefndin telur að reglur sem þessar gætu orðið til þess að gera alla framkvæmd skýrari og gagnsærri enda fengju matskennd atriði minna vægi hverju sinni. Nefndin hefur þó nokkurn skilning á afstöðu Barnaverndarstofu um þetta atriði enda ráða barnaverndarnefndir miklu um nýtingu heimila og því getur verið nauðsynlegt að grípa til uppsagnar þjónustusamnings ef breytingar eru yfirvofandi. Skoða þarf þetta atriði nánar og telur nefndin mikilvægt að velferðarráðuneytið og Barnaverndarstofa kanni þörf á reglum þar um.

Setja þarf skýrt viðmið um fagmenntun meðferðaraðila.

Líkt og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar hefur með breyttum og nýjum úrræðum aukist mjög þjónustuþörf þeirra barna sem send eru á meðferðarheimili. Þetta eru oft erfiðari og alvarlegri tilfelli og því mikilvægt að börnin fái þá meðferð sem þau þurfa á að halda.

Nefndin tekur því undir þá ábendingu Ríkisendurskoðunar að rétt sé að Barnaverndarstofa setji skýrt viðmið um fagmenntun og hæfni þess fólks sem þar starfar. Nefndin telur þó að velferðarráðuneyti og Barnaverndarstofa þurfi að skoða sérstaklega hvort slík viðmið séu fest í þjónustusamning enda gætu þau tekið einhverjum breytingum vegna mismunandi þjónustuþarfar og þjónustuþyngdar þeirra barna sem vistast hverju sinni á meðferðarheimili. Hið minnsta þarf að tryggja að Barnaverndarstofa geti sett fram beinar kröfur um fagmenntun meðferðaraðila til að tryggja að börnum sé veitt sú þjónusta sem þau þarfnast og fái úrræði við hæfi.

Tryggja þarf að Ríkisendurskoðun berist áritaðir ársreikningar.

Allt frá 1998 hefur verið ákvæði í þjónustusamningum sem leggur skýra samningsskyldu á aðila að senda ársreikning til bæði Barnaverndarstofu og Ríkisendurskoðunar. Ársreikningar hafa í flestum tilfellum skilað sér til Barnaverndarstofu en ekki Ríkisendurskoðunar. Fundin hefur verið lausn á þessu máli þar sem Ríkisendurskoðun taldi rétt að Barnaverndarstofa skilaði reikningum til Ríkisendurskoðunar og stofan tekur undir þau sjónarmið.

Alþingi, 12. maí 2011.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Pétur H. Blöndal.
Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Guðmundur Steingrímsson.	Íris Róbertsdóttir.

1418. Fyrirspurn [793. mál]

til fjármálaráðherra um skiptingu mánaðarlauna eftir atvinnugreinum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvernig er skipting þeirra sem eru með mánaðarlaun yfir 1 millj. kr. eftir atvinnugreinum?

Skriflegt svar óskast.

1419. Fyrirspurn [794. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um yfirtöku fjármálafyrirtækja á atvinnustarfsemi.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Hversu margar tilkynningar hafa borist til Fjármálaeftirlitsins um yfirtöku fjármálafyrirtækja á atvinnustarfsemi, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki? Svar óskast sundurliðað eftir einstökum mánuðum.
2. Hver hefur stærð yfirtekinna eignarhluta verið, að meðaltali, í heild og eftir einstökum mánuðum?
3. Hver er skipting umræddra tilkynninga eftir atvinnugreinum, sbr. flokkun Hagstofunnar?
4. Hefur Fjármálaeftirlitið talið að einhverjar tilkynningar uppfylltu ekki skilyrði 1. málsl. 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki og ef svo er, hvað margar?
5. Hefur verið birt opinberlega hvaða fjármálafyrirtæki hafa sent inn tilkynningu og varðandi hvaða fyrirtæki? Ef svo er ekki, hverjar eru ástæður þess að nýta ekki 9. gr. a í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi?
6. Í hve mörgum tilvikum er liðinn 12 mánaða tímafrestur skv. 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki?
7. Í hve mörgum tilvikum hefur tímafrestur verið framlengdur og þá til hve langs tíma? Svar óskast sundurliðað eftir fjölda mánaða framlengingar.
8. Hafa verið sett skilyrði vegna slíkrar framlengingar, svo sem varðandi sölutilraunir?
9. Hefur keppinautum slíkra fyrirtækja verið gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða framlengingu?
10. Hafa ákvarðanir um framlengingu verið birtar, sbr. 9. gr. a í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi?
11. Hafa fyrirtæki, yfirtekin af fjármálafyrirtækjum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki, birt upplýsingar í samræmi við VII. og VIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti? Í hve mörgum tilvikum hefur það ekki verið gert og hverjar hafa afleiðingar þess verið?

Skriflegt svar óskast.

1420. Fyrirspurn [795. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um eftirlit með greiðslukortafærslum.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

1. Fer fram eftirlit í Seðlabanka Íslands með erlendum færslum á íslensk greiðslukort? Ef svo er, á hvaða lagagrundvelli fer slíkt eftirlit fram og hver eru rökin fyrir eftirlitinu?
2. Er eftirlitið bundið við lágmarksfjárhæð og ef svo er, hver er hún?

Skriflegt svar óskast.

1421. Beiðni um skýrslu [796. mál]

frá velferðarráðherra um viðbrögð við ábendingum Ríkisendurskoðunar í skýrslu um þjónustusamninga Barnaverndarstofu og lok þeirra.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, Pétri H. Blöndal, Jónínu Rós Guðmundsdóttur, Guðmundi Steingrímssyni, Ásmundi Einari Daðasyni, Írisi Róbertsdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur og Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að velferðarráðherra flytji Alþingi skýrslu um aðgerðir vegna ábendinga Ríkisendurskoðunar í skýrslu um þjónustusamninga Barnaverndarstofu og lok þeirra. Meðal þess sem óskað er eftir að fram komi í skýrslunni er eftirfarandi:

1. Með hvaða hætti velferðarráðuneytið og Barnaverndarstofa muni bregðast við ábendingum Ríkisendurskoðunar.
2. Rökstuðningur fyrir því ef ekki á að breyta eftir ábendingum Ríkisendurskoðunar.
3. Hvaða stefnu sé fylgt varðandi meðferðarúrræði barna, hvort breytingar hafi verið gerðar á henni eða hvort breytinga sé að vænta, hverjir muni þá vinna að þeim breytingum og með hvaða hætti eftirliti og mati á breytingum verði háttað.

Greinargerð.

Með bréfi dags. 24. febrúar 2011 vísaði forseti Alþingis skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustusamninga Barnaverndarstofu og lok þeirra til félags- og tryggingamálanefndar. Nefndin fjallaði um skýrsluna og skilað inn áliti um hana, sjá þskj. 1417, 792. mál. Í því áliti kom m.a. fram að nefndin teldi rétt að fylgja málinu eftir. Leggur nefndin því fram þessa beiðni um skýrslu þar sem óskað er eftir því að velferðarráðherra geri grein fyrir því með hvaða hætti ráðuneyti hans og Barnaverndarstofa muni bregðast við þeim ábendingum sem Ríkisendurskoðun leggur fram í skýrslu sinni. Rétt þykir líka að það sé rökstutt sérstaklega ef ekki á að breyta í samræmi við ábendingarnar. Þá þykir nefndinni mikilvægt að í skýrslunni komi fram hvaða stefnu sé fylgt varðandi meðferðarúrræði barna, hvort breytingar hafi verið gerðar á henni eða hvort breytinga sé að vænta. Ef svo er, þá er óskað upplýsinga um það hverjir muni vinna að slíkum breytingum. Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að gerð verði grein fyrir því hvernig eftirliti verður háttað, svo og mati á breytingunum.

1422. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ráðherra, sem jafnframt er kjörinn alþingismaður, verði gert heimilt að víkja sæti á Alþingi og fela varamanni sínum að taka sæti á Alþingi meðan hann gegnir ráðherraembætti. Geri ráðherra það sitji hann engu að síður á Alþingi, en þá einungis í krafti embættisstöðu sinnar skv. 51. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. með málfrelsi og til-

lögurétt en ekki atkvæðisrétt sem fellur þá í skaut þess varaþingmanns sem sæti hans tekur.

Tillögur um að ráðherrar víki sæti sem alþingismenn meðan þeir gegna ráðherraembættum eru ekki nýjar af nálinni. Fjölmargar slíkar tillögur hafa verið fluttar á Alþingi á umliðnum árum og þá einkum með frumvörpum til breytinga á stjórnarskrá, en aldrei hafa þær hlotið afgreiðslu. Með þessu frumvarpi er lagt til að í framangreindar breytingar verði ráðist með breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Deila má um hvort tækt sé að breyting á þingsköpum nægi til þess að ráðast í svo veigamiklar breytingar. Hefði að mati 1. minni hlutans farið betur á því að leggja þær fram með frumvarpi til breytingar á stjórnarskrá.

Tillögur eins og þær sem frumvarp þetta mælir fyrir um hafa einatt verið rökstuddar með vísan til meginreglu 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvaldsins. Flutningsmenn þeirra hafa í gegnum tíðina byggt þær á þeim grundvelli að skilin milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds séu of óljós við núverandi fyrirkomulag, þar sem þingmenn sem taka við ráðherraembætti halda áfram þingmennsku meðfram ráðherradómi og halda atkvæðisrétti sínum á Alþingi. Með því að afnema þingsetu ráðherra verði gerður skýrari aðskilnaður milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Þessar röksemdir eru tilteknar í greinargerð með frumvarpinu og í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar.

Fyrsti minni hluti gerir ekki lítið úr mikilvægi þess að löggjafarvaldið verði styrkt gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það verður hins vegar að mati 1. minni hlutans ekki gert nema með vandaðri heildarendurskoðun á störfum og starfsháttum þessara tveggja handhafa ríkisvaldsins á breiðum grundvelli.

Helsti galli frumvarpsins er sá að verði það samþykkt sem lög frá Alþingi er ljóst að hið breytta fyrirkomulag mun styrkja stöðu ríkisstjórnarmeirihlutans á þingi verulega, hver sem hann er hverju sinni, á kostnað stjórnarandstöðu. Verði frumvarpið að lögum kann talsmönnum ríkisstjórnarflokkanna að fjölga í samræmi við fjölda ráðherra hverju sinni.

Í núverandi ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs sitja tíu ráðherrar. Kjósi þeir allir að kalla til varamenn til að gegna þingmennsku í sinn stað meðan þeir gegna ráðherraembættum fjölgar talsmönnum ríkisstjórnarflokkanna um tíu, úr 32 í 42. Talsmenn stjórnarandstöðu yrðu hins vegar áfram 31. Að þessu leyti riðlast valdahlutföllin á Alþingi verulega og til hagsbóta fyrir ríkisstjórnarflokkana verði frumvarpið að lögum þó að fjöldi atkvæðisbærra alþingismanna haldist óbreyttur.

Á sama tíma gerir frumvarpið ekki ráð fyrir að gerðar verði neinar breytingar í þágu stjórnarandstöðunnar á Alþingi til þess að vega upp á móti þeim aukna liðsstyrk sem frumvarpið færir stjórnarmeirihlutanum. Slíkt ráðslag eru að sjálfsögðu ótækt í ljósi almennra lýðræðissjónarmiða. Verði frumvarpið að lögum er hætt við að þingstyrkur ríkisstjórnarflokkanna á Alþingi verði í raun mun meiri en úrslit áðurgenginna alþingiskosninga endurspegluðu. Má því segja að frumvarpið feli í sér innbyggðan lýðræðishalla sem 1. minni hluti telur ekki eftirsóknarverðan.

Það er óumdeilt að stjórnarandstaða hvers tíma gegnir mikilvægu hlutverki á Alþingi. Hún tekur á sama hátt og stjórnarmeirihlutinn þátt í löggjafarstarfinu en veitir ríkisstjórnarmeirihlutanum og ríkisstjórninni sjálfri jafnframt nauðsynlegt aðhald í störfum sínum. Verði frumvarp þetta að lögum verður stjórnarandstöðunni gert erfiðara fyrir en áður að rækja hið mikilvæga aðhaldshlutverk sitt.

Vera kann að við núverandi aðstæður kunni það að vera freistandi fyrir stjórnarmeirihlutann að fjölga talsmönnum sínum á Alþingi, ekki síst í ljósi þess að ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs styðst um þessar mundir einungis við minnsta mögulega þingmeirihluta.

Á það ber hins vegar að líta að ætlun flutningsmanna frumvarpsins hlýtur að vera sú að sú breyting sem það mælir fyrir um á þingsköpum Alþingis skuli gilda til framtíðar, óháð því hvaða stjórnmálaflokkar mynda meiri hluta á Alþingi hverju sinni og óháð því hversu sterkur sá meiri hluti kann að vera. Að mati 1. minni hlutans væri það mikið óráð að samþykkja frumvarpið í þeirri mynd sem það er lagt fram, sérstaklega þar sem frumvarpið mælir ekki fyrir um að gripið verði til neinna mótvægisaðgerða til þess að vega upp á móti skertri stöðu stjórnarandstöðu gagnvart ríkisstjórnarmeirihlutanum. 1. minni hluti bendir á að vert sé að hafa í huga að í framtíðinni kunni að koma upp þær aðstæður á Alþingi að mynduð verði ríkisstjórn sem styddist við ríflegan meiri hluta alþingismanna, en á sama tíma væri stjórnarandstaða fáliðuð. Slík valdahlutföll á Alþingi mundu varpa enn skýrara ljósi á galla þeirrar breytingar sem frumvarpið mælir fyrir um.

Í annan stað bendir 1. minni hluti á að samþykkt frumvarpsins mun augljóslega fela í sér veruleg útgjöld fyrir ríkissjóð. Í greinargerð með því kemur fram að ákveði ráðherra að varamaður taki sæti hans á Alþingi skuli ráðherrann sem í hlut á halda sömu kjörum og aðrir ráðherrar, sbr. 5. gr. laga nr. 88/1995, um þingfarakaup alþingismanna og þingfararkostnað. Hin auknu útgjöld að þessu leyti nema því þingfararkaupi og öðrum greiðslum til þeirra varaþingmanna sem sæti taka á Alþingi í stað ráðherra.

Jafnframt er ljóst að verulegur kostnaður mun falla á ríkissjóð þar sem fyrirsjáanlega þarf að útbúa starfsaðstöðu fyrir þá varaþingmenn sem taka sæti á Alþingi í stað ráðherra, auk þess sem viðbúið er að ráðast þurfi í framkvæmdir í Alþingishúsinu komi til svo mikillar fjölgunar þeirra sem þar starfa.

Sá kostnaðarauki sem hlýst af samþykkt frumvarpsins hefur ekki verið metinn og liggur ekki fyrir, en verður augljóslega verulegur. Telur 1. minni hluti að við núverandi aðstæður í samfélaginu væri þeim fjármunum betur varið til annarra og þarfari verkefna en þess að fjölga fulltrúum stjórnmálaflokkanna á Alþingi.

Af framangreindum ástæðum leggst 1. minni hluti gegn samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 12. maí 2011.

Sigurður Kári Kristjánsson.

1423. Svar [588. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um reiðhallir.

1. *Hvernig hefur stuðningi og eftirfylgni við byggingu reiðhalla verið háttað undanfarin ár?*

Hinn 15. mars 2003 var samþykkt á Alþingi ályktun þess efnis að landbúnaðarráðherra skyldi skipa nefnd sem gerði úttekt á aðstöðu til hestamennsku á landsbyggðinni og leggja fram tillögur um stuðning ríkissjóðs við uppbyggingu hennar. Téð nefnd skilaði skýrslu um málið 18. febrúar 2005 og lagði til að ríkisvaldið styrkti byggingu reiðhúsa á ákveðnum stöðum samkvæmt skilgreiningu nefndarinnar á slíkum mannvirkjum (sjá síðar) en í skýrslunni komu fram ýmsar viðmiðanir, svo sem um flokkun reiðhúsa eftir stærð og umfangi í reiðhallir, reiðskemmur og reiðskála og úttekt á aðstöðu hjá hestamannafélögunum um land allt. Í

framhaldi þessa eða í mars 2006 samþykkti ríkisstjórnin að veita verkefninu brautargengi og voru 330 millj. kr. veittar til þess með samþykkt Alþingis, sbr. fjárlagalið 04-891-69200. Þáverandi landbúnaðarráðherra skipaði nefnd til að annast úthlutun fjárins. Auglýst var eftir umsóknum um styrki og barst 41 umsókn og var styrkjum úthlutað til 28 reiðhúsa. Við úthlutunina var tekið mið af þeirri úttekt sem þegar hafði farið fram, sbr. skýrslu, gæðum umsókna, rökstuðningi og markmiðssetningu og fjárhagslegu bolmagni aðilanna er í hlut áttu, þ.m.t. bakhjarli er þeir nytu heima í héraði frá sveitarfélögum og e.t.v. fleirum, sjá nánar í svari við 2. lið fyrirspurnarinnar.

Landbúnaðarráðuneytið, og frá 1. janúar 2008 sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, hefur séð um eftirfylgni málsins gagnvart styrkþegum. Í öllum tilvikum var gerður samningur um styrkina og var útgreiðsla háð því að framvísað væri fokheldisvottorði fyrir byggingarnar.

Tekið skal fram að þó að fyrirspurnin snúist öll um reiðhallir er gengið út frá því að fyrirspyrjandi eigi við reiðhús almennt, en þau voru við styrkveitingarnar flokkuð í reiðhallir, reiðskemmur og reiðskála eins og fyrr hefur verið vikið að samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu, sem sett er fram í fyrrnefndri skýrslu:

Reiðhöll er húsnæði til hvers konar þjálfunar og sýningar á hrossum innan húss þar sem aðstaða er fyrir nokkurn fjölda áhorfenda, ásamt nauðsynlegri hreinlætis- og salernisaðstöðu. Gólfflötur reiðvallar er 40x20 m og stærri.

Reiðskemma er húsnæði til þjálfunar og reiðnámskeiðahalds þar sem hvorki er gert ráð fyrir fjölda áhorfenda né miklu öðru rými en gólffleti hússins sjálfs. Gólfflötur reiðskemmu er á bilinu 12x10 m til u.þ.b. 40x20 m. Húsnæði er ekki ætlað til sýningahalds eða fyrir stóra viðburði.

Reiðskáli er aðstaða fyrir tamningamann til vinnu með hest innan dyra. Gólfflötur reiðskála er almennt um 12x10 m eða minni.

2. *Hvernig hefur fjármunum til þessara bygginga verið úthlutað?*

Eftirfarandi atriði sem hér eru birt orðrétt, voru höfð til viðmiðunar þegar ákveðið var hvernig styrkjum úr 330 millj. kr. sjóðnum sem getið er um í svari við 1. lið yrði úthlutað og voru þau lögð fram í fylgiskjali með minnisblaði til ríkisstjórnarinnar í mars 2006.

- Einungis hestamannafélög innan Landssambands hestamannafélaga eiga þess kost að sækja um styrk.
- Viðkomandi sveitarfélag/félög skal vera aðili að umsókninni.
- Tilgreina skal hver sé rekstraraðili og þinglýstur eigandi byggingarinnar.
- Grunnhugmyndir að fyrirhuguðu húsi eða teikningar skulu fylgja umsókninni.
- Miða skal við að uppbygging reiðhúss sé mikilvæg vegna atvinnusjónarmiða í viðkomandi byggðarlagi, þ.e. ef mikil atvinnustarfsemi tengd hestamennsku er rekin á viðkomandi svæði og í nærliggjandi héruðum, svo sem hestabúgarðar, tamningastöðvar og hestatengd ferðaþjónusta, sem notað gæti mannvirkið og notið góðs af starfsemi sem þar færi fram. Þá skal og horft til þess í slíkum undantekningartilvikum hvort möguleikar til mótahalds séu fyrir hendi í næsta nágrenni.
- Einungis þær umsóknir koma til greina sen skila inn raunhæfri rekstraráætlun.
- Taka skal tillit til núverandi aðstöðu til hestamennsku á svæði umsækjenda og hvernig bygging reiðhúss fellur að því skipulagi og fyrirkomulagi sem fyrir er á viðkomandi félagssvæði.
- Ef öll önnur aðstaða til hestamennsku er á svæðinu eykur það líkur á stuðningi.

- Ef engin aðstaða er til hestamennsku á svæði minnkar það líkur á stuðningi.
- Ef reiðhús í eigu viðkomandi hestamannafélags er fyrir hendi eða í námunda við viðkomandi svæði skal skoða sérstaklega hvort þörf sé á viðbótarhúsi.
- Mestar líkur skulu þau félagssvæði eiga þar sem öll aðstaða til hestamennsku er fyrir hendi, önnur en reiðhús.
- Horft skal til þess hvort viðkomandi reiðhús gæti nýst til reiðkennslu fyrir nærliggjandi skóla.
- Sérstaklega skal horft til þess hvort framhaldsskólar séu á viðkomandi svæði sem gætu nýtt sér aðstöðuna til að bjóða upp á sérstakar hestanámsbrautir.
- Samningur um rekstur, nýtingu eða stuðning til uppbyggingar mannvirkis við aðila aðra en viðkomandi sveitarfélag, t.d. nágrannasveitarfélög, nágrannahestamannafélög eða samtök fatlaðra, styrkir umsóknina.
- Ef gert er ráð fyrir sérstakri aðstöðu fyrir fatlaða reiðmenn í mannvirkinu er það til styrkingar umsókninni.

3. *Hverjir hafa hlotið styrki til byggingar reiðhalla?*

Hér á eftir eru taldir upp þeir aðilar sem styrki hlutu til byggingar á reiðhöllum (**H**), reiðskemmum (**S**) eða reiðskálum (**Sk**). Jafnframt er getið um upphæð styrks hverju sinni og hvort byggingu á umræddu húsi sé lokið og þá hvaða ár styrkur var greiddur út:

1. Hestamannafélögin í Borgarfirði 25 millj. kr. til byggingar á **H** ..... **Lokið**, greitt 2008.
2. Hestamannafélagið Snæfellingur 15 millj. kr. til byggingar á **S** ..... **Lokið**, greitt 2010.
3. Hestamannafélagið Glaður í Dölum 5 millj. kr. til byggingar á **Sk** ..... **Lokið**, greitt 2009.
4. Hestamannafélagið Stormur, Vestfj. 12 millj. kr. til byggingar á **S** ..... **Lokið**, greitt 2006.
5. Hestamannafélagið Þytur, V.-Hún. 15 millj. kr. til byggingar á **S** ..... **Lokið**, greitt 2008.
6. Hestamannafélagið Neisti, Blönduósi 3 millj, kr. til lokafrágangs á **H** .... **Lokið**, greitt 2007.
7. Hestamannafélögin í Skagafirði 3 millj. kr. til lokafrágangs á **H** ..... **Lokið**, greitt 2007.
   Hafði áður hlotið styrk úr verkefninu „Hestamiðstöð Íslands“.
8. Hestamannafélagið Glæsir á Sigluf. 5 millj. kr. til byggingar á **S** ..... **Lokið**, greitt 2008.
9. Hestamannafélagið Hringur á Dalvík 5 millj. kr. til byggingar á **H** ..... **Lokið**, greitt 2007.
10. Hestamannafélagið Léttir á Ak. 29 millj. kr. til byggingar á **H** ..... **Lokið**, greitt 2007.
11. Hestamannafélagið Funi, Eyf. 5 millj. kr. til byggingar á **Sk** ..... **Lokið**, greitt 2008.
12. Hestamannafélagið Þráinn, Grýt. 5 millj. til byggingar á **Sk** ..... **Lokið**, greitt 2008.
13. Hestamf. Þjálfi og
14. Grani í S-Þing. 13 millj. kr. til byggingar á **S** ..... **Lokið**, greitt 2011.
15. Hestamannaf. Feykir, Öxarf. 5 millj. kr. til byggingar á **Sk** ..... **Lokið**, greitt 2008.
16. Hestamannaf. Snæfaxi, Þórshöfn 5 millj. kr. til byggingar á **Sk** ..... **Lokið**, greitt 2010.
17. Hestamannaf. Freyfaxi á Héraði 20 millj. kr. til byggingar á **H** ..... **Lokið**, greitt 2009.
18. Hestamannaf. Blær í Fjaraðbyggð 10 millj. kr. til byggingar á **S** ..... **Lokið**, greitt 2010.
19. Hestamannaf. Hornfirðingur 15 millj. kr. til byggingar á **S** ..... **Lokið**, greitt 2010.
20. Hestamannafélagið Kópur, Skaft. 5 millj. kr. til byggingar á **Sk** ..... **Lokið**, greitt 2009.
21. Hestamannaf. Geysir 7 millj. kr. til byggingar á **S** á Hvolsv. ..... **Lokið**, greitt 2008.
22. Hestamannaf. Geysir 26 millj. kr. til byggingar á **H** á Gaddstaðafl. ..... **Lokið**, greitt 2008.
23. Smári og
24. Logi, Árn. 20 millj. kr. til byggingar á **S** ..... **Lokið**, greitt 2008.
25. Hestamannafélagið Sleipnir á Self. 25 millj. kr. til byggingar á **H** ..... **Lokið**, greitt 2010.
26. Hestamf. Máni á Suðurn. 20 millj. kr. til byggingar á **H** í Reykjanb. ..... **Lokið**, greitt 2008.

27. Hestamannafélagið Máni 7 millj. kr. til byggingar á **S** í Grindav., húsið er í byggingu en ekki orðið fokhelt. . . . . **Samn**.
28. Hestamf. Hörður í Mosfb. 25 m. kr. til bygg. á **H** m. aðstöðu f. fatl. . . . . **Lokið**, greitt 2009.

Alls 330 milljónir.

4. Hver eru framtíðaráform varðandi stuðning við byggingu reiðhalla?

Reiðhús eru ómissandi þáttur í nútímahestahaldi, inniaðstaða oftast í formi einhvers konar reiðskála, jafnvel með endurnýtingu gamalla bygginga á hrossabúum, er nauðsynleg til að geta stundað tamningu og undirstöðuþjálfun á hrossum. Stærri hús, t.d. reiðskemmur, þurfa síðan að koma til við framhaldsþjálfun hrossa og til kennslu. Reiðhallir eru fyrst og fremst nauðsynlegar til sýningahalds og geta þannig nýst mjög stórum svæðum. Minni hús þurfa hins vegar að vera víðar. Reiðskemmur í öllum hesthúsahverfum og á stórum hrossabúum og einhvers konar reiðskálar alls staðar þar sem tamning hrossa í einhverjum mæli fer fram. Mikið hefur áunnist við byggingu reiðhúsa á síðustu árum, fjölmargir hrossabændur og tamningamenn hafa komið sér upp inniaðstöðu og hestamannafélögin og jafnvel einstaklingar hafa komið sér upp stærri húsum. Bæjarfélög hafa víða komið að þessum málum auk þess sem fjárveiting sú úr ríkissjóði sem hér er til skoðunar markaði þáttaskil víða. Á þessu starfi þarf að verða framhald og í því sambandi skal bent á að æskilegt og sjálfsagt er að hestamennskan njóti jafnstöðu við aðrar íþróttagreinar varðandi uppbyggingu mannvirkja, þ.m.t. bygging reiðhúsa. Skal þessu beint til þeirra aðila sem hafa með þau mál að gera á héraða- og landsvísu. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur þó engin frekari áform að sinni á þessum vettvangi enda er stórátaki á vegum ráðuneytisins nýlokið.

1424. Breytingartillaga [186. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Frá Merði Árnasyni.

24. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 2. mgr. d-liðar 10. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2012.

1425. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hrefnu Friðriksdóttur, formann nefndar sem endurskoðaði barnaverndarlögin, Þorgerði Benediktsdóttur, Láru Björnsdóttur,

Einar Njálsson og Guðlín Steinsdóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Braga Guðbrandsson og Heiðu Björg Pálmarsdóttur frá Barnaverndarstofu, Margréti Maríu Sigurðardóttur, umboðsmann barna, Elísabetu Gísladóttur frá embætti umboðsmanns barna, Guðjón Bragason og Gyðu Hjartardóttur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stellu Kristínu Víðisdóttur og Halldóru Dröfn Gunnarsdóttur frá Reykjavíkurborg, Ásu Kristjánsdóttur frá Kópavogsbæ, Unni V. Ingólfsdóttur frá Mosfellsbæ, Rannveigu Einarsdóttur frá Reykjanesbæ, Margréti Júlíu Rafnsdóttur frá Barnaheillum, Helga I. Jónsson frá dómstólaráði, Ingveldi Einarsdóttur frá Dómarafélagi Íslands, Anni G. Haugen frá Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, Stefaníu Arnardóttur frá Miðstöð foreldra og barna, Jón Vilberg Guðjónsson og Guðna Olgeirsson frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Elvu Dögg Þorsteinsdóttur frá Landssamtökum vistforeldra í sveitum og Guðberg Grétar Birkisson frá Félagi fósturforeldra. Umsagnir bárust frá Barnaheillum, dómstólaráði, Grímsnes- og Grafningshreppi, Guðbrandi Árna Ísberg sálfræðingi, Sveitarfélaginu Árborg, Barnaverndarstofu, kennaradeild Háskólans á Akureyri, Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar, Bláskógabyggð, umboðsmanni barna, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Dómarafélagi Íslands, Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, Vistforeldrum í sveitum og Félagi fósturforeldra, Fagdeild félagsráðgjafa á skóla- og fræðslusviði, landssamtökunum Þroskahjálp og Dalabyggð. Að auki höfðu borist 35 umsagnir vegna málsins á síðasta löggjafarþingi (þskj. 947, 557. mál, 138. þing) sem nefndin kynnti sér.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á gildandi barnaverndarlögum og er meginmarkmið þess að skýra eða skerpa á ákvæðum gildandi laga. Í frumvarpinu er þó að finna nokkur nýmæli, m.a. er afmarkað nánar hvaða ákvörðunum barnaverndarnefnda megi skjóta til kærunefndar barnaverndarmála. Þá er í frumvarpinu að finna nýmæli um lögsögu barnaverndarnefnda í málum barna sem ekki eiga lögheimili á Íslandi og barna sem koma hingað til lands eða eru hér á landi án forsjáraðila en fá hér hæli eða dvalarleyfi. Lagðar eru til breytingar á ákvæðum um tilkynningarskyldu og er m.a. fjallað með skýrari hætti um tilkynningarskyldu vegna þungaðra kvenna og tilkynningarskylda lögreglu takmörkuð hvað varðar brot sem börn fremja. Fjallað er með skýrari hætti um samstarf barnaverndarnefnda og þeirra sem starfa með börnum. Einnig er í frumvarpinu að finna ýmis nýmæli sem snúa að því að skýra og bæta réttarstöðu barna. Lagðar eru til breytingar sem snerta meðferð mála fyrir dómi, m.a. kveðið skýrar á um lögsögu og um skyldu til að kveðja til sérfróða meðdómsmenn. Þá er að finna nýmæli í frumvarpinu þar sem fjallað er um réttarstöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns en búa ekki saman. Réttarstaða fósturforeldra við ákvörðun um umgengni við barn í fóstri er gerð skýrari. Í frumvarpinu er einnig að finna nýmæli um kostnað vegna skólagöngu barna sem ráðstafað er í tímabundið fóstur í annað sveitarfélag en þar sem þau eiga lögheimili. Jafnframt er að finna nýmæli um afmörkun og skiptingu kostnaðar vegna vistunar barna utan heimilis og lagðar til breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að ábyrgð á uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vistuð eru utan heimilis.

I. Vinna nefndarinnar.

Frumvarpið er viðamikið og byggt á vinnu starfshóps sem félags- og tryggingamálaráðherra skipaði 8. júlí 2008. Almenn ánægja hefur verið með fyrirliggjandi frumvarp sem nefndin telur vandað og vel unnið. Nokkurrar gagnrýni hefur þó orðið vart vegna ákveðinna þátta sem nefndin tók til sérstakrar umfjöllunar. Þá fjallaði nefndin samhliða málinu um skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu barna og ungmenna sem ráðherra lagði

fram á Alþingi á sl. þingi (þskj. 1359, 410. mál, 138. þing). Að auki fjallaði nefndin um skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustusamninga Barnaverndarstofu og lok þeirra sem kom út í febrúar 2011 og fór yfir ábendingar sem varða barnaverndarlög í fyrirliggjandi frumvarpi.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu en telur jafnframt að ákveðin sjónarmið gesta og umsagnaraðila þurfi nánari skoðunar eða útfærslu við og beinir því til velferðarráðuneytis að skoða í samvinnu við Barnaverndarstofu og viðeigandi sérfræðinga hvort þörf sé á frekari breytingum á lögunum í samræmi við þær athugasemdir sem borist hafa. Auk þeirra breytinga sem gerð verður nánar grein fyrir hér á eftir eru lagðar til breytingar á gildistökuákvæði og lítils háttar orðalagsbreytingar í kjölfar þess að velferðarráðherra og ráðuneyti hans fer nú með málaflokkinn en ekki félags- og tryggingamálaráðherra líkt og var þegar frumvarpið var lagt fram.

Þau mál sem fengu hvað mesta umfjöllun í meðförum nefndarinnar voru tilkynningarskylda almennings og annarra, fötluð börn og vernd þeirra, þungaðar konur og ófædd börn, meðferð barnaverndarmála fyrir dómi, réttindi barna til að tjá sig og aðild þeirra að málum, ráðstöfun barns í fóstur og kostnaður vegna þess, tilsjónarmaður barns, réttur barns til umgengni við foreldra, kynforeldra og aðra aðstandendur, réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá, sem og réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá en er með sameiginlega forsjá og ferill mála þegar foreldrið tekur við umsjá barnsins, vistun barna á meðferðarheimilum, trúnaðarskylda skv. 8. mgr. 4. gr. laganna, kæranleiki ákvörðunar um vistun barns utan heimilis, fagteymi sem rannsakar voveiflegan dauða barns, heimildir Barnaverndarstofu til að fylgjast með búsetu kynferðisbrotamanna, breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga og neyðarvistun barna, mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis.

II. Tilkynningarskylda almennings og annarra vegna barna.

Í 6. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 16. gr. laganna þar sem kveðið er á um tilkynningarskyldu almennings. Breytingin miðar að því að gera ákvæðið skýrara og felur í sér að öllum beri að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn búið við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Nefndin ræddi mjög ítarlega þessar skilgreiningar vegna tilkynningarskyldunnar. Mikilvægt er að fólk veigri sér ekki við að tilkynna og orðalag ákvæðisins verður því að vera nægilega opið til þess að undir þessi atriði falli ýmiss konar aðstæður og hegðun sem ber sannanlega að tilkynna. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í ákvæðinu séu notaðir hefðbundnir flokkar og að innan þeirra megi skilgreina allar þær aðstæður sem reyna þarf á.

Í 17. gr. laganna er kveðið á um tilkynningarskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum. Í 7. gr. frumvarpsins er lögð til orðalagsbreyting á 1. mgr. 17. gr. til samræmis við þá breytingu sem lögð er til á 16. gr. laganna. Sem fyrr er þó kveðið á um að hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna sé skylt að tilkynna um aðstæður sem lýst er í 16. gr. laganna. Í 2. mgr. 17. gr. eru svo tilteknar sérstaklega ákveðnar starfsstéttir sem gert er skylt sérstaklega að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið. Í athugasemdum við greinina með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 80/2002 segir að þótt upptalningin sé nokkuð ítarleg sé henni ekki ætlað að vera tæmandi. Nefndin tekur undir það enda mikilvægt að skyldan hvíli á öllum þeim sem starfa með börnum eða hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf. Þrátt

fyrir þetta telur nefndin rétt að bæta við náms- og starfsráðgjöfum við upptalninguna enda eru þegar tilteknir þar kennarar, félagsráðgjafar o.fl.

Nefndin áréttar mikilvægi þess að ákvæðið sé ekki of takmarkandi eða leggi þá skyldu á hinn almenna borgara að meta aðstæður barns áður en hann tilkynnir aðstæður sem ætla má að falli undir ákvæðið. Tilkynningar af þessu tagi eru mjög mikilvægar og geta stuðlað að því að börn og fjölskyldur þeirra fái þá hjálp og þann stuðning sem þau þurfa. Meðal þeirra þátta sem nefndin ræddi sérstaklega tengda tilkynningarskyldunni voru vanræksla barna og ofbeldi á heimilum barna.

i. Vanræksla barna.

Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að mikilvægt væri að telja vanrækslu barna til aðstæðna sem tilkynna skyldi samkvæmt lögunum. Nefndin kynnti sér alvarleg áhrif vanrækslu á þroska barna og telur mjög mikilvægt að álíti fólk að barn búi við vanrækslu sé það tilkynnt til barnaverndarnefndar. Ekki verður þó annað séð en að slíkar aðstæður rúmist innan skilgreininga 6. gr. frumvarpsins enda vanræksla óviðunandi uppeldisaðstæður. Þá áréttar nefndin að Barnaverndarstofa hefur gefið út skilgreininga- og flokkunarkerfi en samkvæmt því eru tilkynningar flokkaðar í fjóra flokka: vanræksla, ofbeldi, áhættuhegðun barns og tilkynning vegna ófædds barn. Vanræksla er því skilgreind sem sérstakur flokkur og er vanrækslu svo skipt enn frekar niður í líkamlega vanrækslu, vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit, vanrækslu varðandi nám og tilfinningalega/sálræna vanrækslu. Ljóst er því að tekið er sérstaklega á vanrækslu í framkvæmdinni. Nefndin áréttar að sé að finna meinbugi á því að tilkynnt sé vegna vanrækslutilfella þyrfti að kynna sérstaklega tilkynningarskylduna þeim fagaðilum sem vinna með börn, hvað í henni felst og hvenær skuli tilkynna. Í 2. mgr. 17. gr. laganna eru taldar upp nokkrar starfsstéttir sem þurfa sérstaklega að vera vakandi í þessum efnum og telur nefndin mikilvægt að gætt sé að því að halda einstaklingum í þessum stéttum ávallt upplýstum um skyldu sína til að tilkynna sé ástæða til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Þá er mikilvægt að þeim sé kynnt sérstaklega skilgreininga- og flokkunarkerfi Barnaverndarstofu.

ii. Ofbeldi á heimilum barna.

Barnaheill gáfu nýlega út skýrsluna Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi þar sem rannsakaður var stuðningur við börn sem búa við heimilisofbeldi í Reykjavík. Nefndin fékk Barnaheill sérstaklega á sinn fund til að kynna skýrsluna og fara yfir efni hennar og samspil við fyrirliggjandi frumvarp.

Barnaheill komast m.a. að því að brýn þörf sé á endurskoðun á málefnum barna sem verða vitni að ofbeldi á heimilum sínum. Samtökin telja að auka þurfi vitund um að börn kvenna sem verða fyrir ofbeldi af hálfu maka séu einnig fórnarlömb ofbeldis. Barnaheill telja að þörf sé á heildstæðri stefnu og huga þurfi að löggjöf. Samtökin árétta að börnin séu fórnarlömb ofbeldis verði þau vitni að því. Þau telja að styrkja þurfi fræðslu fagfólks svo það geti náð til barna sem búa við heimilisofbeldi og veitt þeim stuðning. Barnaheill telja afar mikilvægt að rætt sé við börn sem búa á heimilum þar sem ofbeldi á sér stað, hlustað á þau og að markvisst mat fari fram á líðan þeirra svo hægt sé að veita þeim viðeigandi aðstoð. Í skýrslunni er bent á að tryggja þurfi að verklagsreglur séu til staðar auk þess sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við að ekki sé ávallt fylgt eftir málum barna sem búa á heimili þar sem ofbeldi viðgengst.

Nefndin telur niðurstöður Barnaheilla mjög alvarlegar og áréttar mikilvægi þess að börn séu vernduð. Samkvæmt skilgreininga- og flokkunarkerfi Barnaverndarstofu flokkast það sem andlegt ofbeldi þegar barn verður vitni að ofbeldi á heimili sínu. Nefndin telur því alveg skýrt að verði barn vitni að ofbeldi á heimili sínu falli það undir tilkynningarskyld tilfelli. Áréttar nefndin því að mikilvægt er að kynna ítarlega tilkynningarskylduna fyrir þeim starfsstéttum sem taldar eru upp í 2. mgr. 17. gr. laganna. Þá er jafnframt mikilvægt að upplýsa lögreglumenn sem hugsanlega koma á heimili þar sem ofbeldi viðgengst um skyldu sína til að tilkynna í málum sem þessum. Nefndin beinir því til Barnaverndarstofu og velferðarráðuneytis að tryggja að upplýsingaefni um þetta sé aðgengilegt og aðilar sem málin varða séu upplýstir um skyldu sína.

Þá ítrekar nefndin að í skilgreininga- og flokkunarkerfi Barnaverndarstofu og í handbók stofunnar er að finna nokkuð ítarlegar upplýsingar og verklagsreglur um það hvernig fara skuli með mál af þessu tagi. Reglurnar eru því til en rétt er að Barnaverndarstofa og velferðarráðuneytið skoði hvort skerpa þurfi á þeim.

III. Fötluð börn og vernd þeirra.

Þeim sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni að tryggja þyrfti að barnaverndarlög tækju jafnt til fatlaðra sem ófatlaðra barna. Lýst var yfir áhyggjum af því að hve litlu leyti barnaverndarlög og barnaverndaryfirvöld hafa litið til hagsmuna fatlaðra barna og þeirra úrræða sem þeim bjóðast. Bent var á að barnaverndaryfirvöld hefðu ekki eftirlit með vistunarúrræðum fyrir fötluð börn. Þá var áréttað mikilvægi þess að ákvæði barnaverndarlaga væru í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Nefndin bendir á að barnaverndarlög eru til verndar öllum börnum, enda segir í 1. mgr. 1. gr. laganna að börn eiga rétt á vernd og umönnun og að þau skuli njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Fötluðum börnum er því veitt sama lagavernd og öðrum með lögunum. Þau úrræði sem heyra undir lögin eru eðli málsins samkvæmt úrræði vegna barnaverndar, t.d. vegna fósturs, vistunar og meðferðar barns á grundvelli ákvörðunar barnaverndarnefndar. Markmið laganna er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Á þetta við um fötluð sem ófötluð börn. Í málum sem þessum er gripið til úrræða á grundvelli barnaverndarlaga og vegna barnaverndarmáls. Nefndin áréttar að sé um að ræða barnaverndarmál þar sem barn er með fötlun gilda um það sömu lög og reglur og barnaverndarmál ófatlaðs barns. Úrræði sem tengjast þjónustu við fatlað fólk, sbr. lög um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, eru því annars eðlis og markmið þeirra annað. Þar er um að ræða þjónustu vegna fötlunar einstaklingsins og er markmið með þjónustunni að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi, sbr. 1. gr. laga nr. 59/1992. Eftirlit með slíkum úrræðum fer eðlilega samkvæmt lögum nr. 59/1992.

Nefndin hefur þó tekið til sérstakrar skoðunar heimili sem starfrækt eru skv. 91. gr. barnaverndarlaga, hvort sem slík heimili eru einkaheimili skv. 1. mgr. ákvæðisins eða annars konar heimili skv. 2. mgr. en þar er einkum átt við sumarbúðir og sumardvalarheimili. Ákvæðið kveður á um að heimili sem þessi þurfi að sækja um leyfi, eftir atvikum, til barnaverndarnefndar eða Barnaverndarstofu. Þá er kveðið á um að ráðherra setji reglugerð þar sem m.a. sé kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, samninga um vistun, stuðning og eftirlit. Þar sem barnaverndarlög eiga við um öll börn telur nefndin ljóst að starfsemi heimilis sem fellur undir ákvæði 91. gr. og tekur við fötluðum börnum sé leyfisskyld. Þetta virðist þó ekki hafa verið ríkjandi túlkun ákvæðisins enda algengt að litið sé svo á að slík heimili sinni

þjónustu við fatlað fólk og falli því undir lög nr. 59/1992. Hefur þetta í för með sér að barnaverndaryfirvöld hafa ekki aðkomu að leyfisveitingu fyrir slík heimili séu þau fyrir börn með fötlun eða fjölþættan vanda og þar af leiðandi ekkert eftirliti með heimilunum. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er lögð áhersla á rétt barna til að búa hjá fjölskyldu sinni og að þeim sé tryggt heimili líkt og öðrum börnum. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að fötluð börn búi á sérstökum heimilum eða stofnunum sökum fötlunar sinnar enda njóti þau sömu réttinda og önnur börn samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Fötluð börn eiga því að njóta sömu verndar og önnur börn fari þau í sumarbúðir eða á sumardvalarheimili. Séu rekin heimili sem falla undir 91. gr. laganna en eru sniðin að sérþörfum barns með sérstakar þarfir eða fjölþættan vanda verður að tryggja að um starfsemina gildi ekki vægari kröfur og að með henni sé haft jafn öflugt eftirlit og með öðrum heimilum sem falla undir 91. gr. Nefndin telur mikilvægt að tryggja fötluðum börnum sömu vernd og sama rétt og öðrum börnum að þessu leyti og telur svo ekki vera nema öll heimili sem falla undir 91. gr. laganna séu leyfisskyld. Leggur nefndin því til að tekin verði af öll tvímæli um að starfsemin sé ávallt leyfisskyld jafnvel þótt starfsemi heimilanna heyri jafnframt undir önnur lög. Bendir nefndin í þessu tilfelli á að fari jafnframt fram þjónusta við fötluð börn á heimilinu fer um hana og eftirlit með henni samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks. Samkvæmt þessu getur heimili sætt eftirliti tveggja aðila í stjórnsýslunni en nefndin bendir þó á að verði sett á stofn óháð eftirlitsstofnun yrði heildareftirlit á einni hendi. Í því samhengi vísar nefndin til umfjöllunar sinnar um eftirlitsstofnunina í XVII. kafla álits þessa um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis.

Nefndin taldi í nýlegu áliti sínu um frumvarp til breytinga á lögum um málefni fatlaðra rétt að fagna því að til stæði að lögleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (þskj. 550, 256. mál). Þá lagði nefndin til breytingartillögu við frumvarpið þar sem ráðherra er gert að leggja fram á Alþingi eigi síðar en 1. október 2011 tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Í henni skal m.a. tímasetja aðgerðir vegna lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. ákvæði til bráðabirgða XIII í lögum nr. 59/1992. Nefndin áréttar hér mikilvægi þess að vinnu við lögfestingu samningsins ljúki sem fyrst og beinir nefndin því til velferðarráðherra og velferðarráðuneytis að við þá vinnu verði skoðuð sérstaklega ákvæði barnaverndarlaga og kannað hvort gera skuli breytingar á þeim.

IV. Þungaðar konur og vernd ófæddra barna.

Nefndin ræddi nokkuð aðstæður þungaðra kvenna. Í frumvarpinu er nú kveðið skýrt á um tilkynningarskyldu ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að mikilvægt væri að tilkynningarskyldan næði jafnframt til þeirra tilvika þegar ætla mætti að þunguð kona væri beitt ofbeldi enda væri með því heilsu bæði hins ófædda barns og móður vernduð með tryggari hætti. Tekur nefndin undir þessi sjónarmið og leggur til breytingu þessu til samræmis.

Nefndin ræddi jafnframt í tengslum við vernd ófæddra barna þau úrræði sem í boði eru sé talið að þunguð kona stofni heilsu eða lífi hins ófædda barns í hættu. Samkvæmt 30. gr. laganna skal barnaverndarnefnd þá beita úrræðum laganna í samráði við konuna og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við forsjáraðila hennar hafi hún ekki náð lögræðisaldri. Ef slík úrræði koma ekki að gagni getur barnaverndarnefnd sett fram kröfu um sviptinu sjálfræðis samkvæmt ákvæðum lögræðislaga og gilda þá ákvæði þeirra laga. Í lögræðislögum,

nr. 71/1997, er að finna skýrar málsmeðferðarreglur sem miða m.a. að því tryggja réttarstöðu þeirra sem krafist er að verði sviptir lögræði. Telur nefndin því eðlilegt að svipting sé gerð í samræmi við lögræðislög.

V. Meðferð barnaverndarmála fyrir dómi.

i. Flýtimeðferð mála.

Í b-lið 25. gr. frumvarpsins er lagt til nýtt ákvæði um að mál samkvæmt ákvæðum X. kafla laganna sæti ávallt flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga um meðferð einkamála. Þau mál sem hér um ræðir eru forsjársvipting, sbr. 29. gr. laganna, og endurskoðun ráðstafana skv. 2. mgr. 34. gr. þegar foreldri hefur verið svipt forsjá og foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri dregur til baka samþykki sitt fyrir úrræði utan heimilis. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að ekki væri þörf á ákvæðinu þar sem málshraðaregla 3. mgr. 54. gr. laganna ætti ávallt við. Að auki ætti flýtimeðferð samkvæmt framangreindum kafla laga um meðferð einkamála ekki allskostar við þar sem þar væri kveðið á um flýtimeðferð mála þegar aðili höfðar mál vegna ákvörðunar eða athafnar stjórnvalds en þegar um væri að ræða forsjársviptingu væri það stjórnvald sem höfðaði mál.

Nefndin telur hér um að ræða mjög mikilsverð réttindi auk þess sem óvissa í langan tíma getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir það barn sem um ræðir. Því telur nefndin eðlilegt að kveða á um flýtimeðferð þeirra. Til eru dæmi þess að dómarar hafa hafnað því að mál af þessu tagi sæti flýtimeðferð og því verður ekki annað séð en að full þörf sé á því að lögfesta ákvæðið. Hvað varðar vísun í ákvæði laga um meðferð einkamála áréttar nefndin að verði ákvæðið samþykkt með þessum hætti er vilji löggjafans skýr um að mál af þessu tagi skulu sæta flýtimeðferð. Þó svo að orðalag ákvæðis 123. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, samræmist ekki að fullu þeim málum sem sæta eiga flýtimeðferð vegna þess að einhverjum tilfellum höfðar stjórnvald málið, breytir það engu um skyldu samkvæmt ákvæðinu enda hefur ákvæðið þá verið rýmkað í þessu tilfelli til að ná yfir slík mál.

ii. Sérfróðir meðdómendur.

Það nýmæli er að finna í 26. gr. frumvarpsins að fortakslaust skuli kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi í málum skv. X. kafla laganna. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að ekki væri ávallt þörf á slíkum sérfróðum meðdómendum, þeir væru dýrir og það gæti tafið mál að finna hæfa meðdómsmenn. Nefndin áréttar að barnaverndarmál geta verið flókin og málin sem heyra undir X. kafla laganna varða mikilvæg réttindi barna og foreldra og því brýn þörf á að til staðar sé sérþekking í dómi. Nefndinni hefur jafnframt verið kynnt að sérfróðir meðdómendur eru kvaddir til í meiri hluta mála af þessu tagi og því er hvorki um mikinn kostnaðarauka að ræða né töf á málshraða frá núverandi fyrirkomulagi.

VI. Réttindi barna til að tjá sig og aðild þeirra að málum.

Í 46. gr. gildandi laga er kveðið á um að gefa skuli barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál sitt við málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Í fyrirliggjandi frumvarpi er þetta ákvæði fellt brott þannig að meginreglan verði sú að gefa skuli barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska. Er sú breyting í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þá er lagt til að sambærileg regla verði lögfest um málsmeðferð fyrir dómi, sbr. 27. gr. frumvarpsins. Almenn ánægja er með þá breytingu sem hér er lýst og telur nefndin hana mjög jákvæða.

Í 55. gr. laganna er kveðið á um að barni sem náð hefur 15 ára aldri skuli tilkynnt um málshöfðun og gefinn kostur á að gæta réttar síns. Nefndin ræddi hvenær þessi réttur barns virkjaðist og hvort barn gæti þá átt aðild að máli ef mál hefst áður en það nær 15 ára aldri en er enn til vinnslu þegar barn verður 15 ára. Nefndin áréttar að börnum 15 ára og eldri er tryggður réttur til aðildar að máli í nokkrum ákvæðum laganna, t.d. þegar vinna á áætlun um meðferð máls skv. 23. gr. og þegar nýta á úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns skv. 25. gr. Þá er beinlínis gert ráð fyrir því í 34. gr. laganna að barn sem náð hefur 15 ára aldri geti afturkallað samþykki sitt fyrir tímabundnu úrræði. Var nefndinni tjáð að framkvæmd þessa ákvæðis væri með þeim hætti að barn sem vistað hefði verið tímabundið með samþykki foreldra fyrir 15 ára aldur gæti þegar það væri 15 ára látið reyna á rétt sinn og krafist endurskoðunar ráðstöfunar. Ljóst er því að í framkvæmd hafa ákvæðin verið skýrð rúmt enda um mikilvæg réttindi að ræða sem eðlilegt er að barn njóti óháð því hvenær mál þess hófst. Nefndin áréttar því að hefjist mál, hvort sem er fyrir barnaverndarnefnd eða dómi, áður en barn verður 15 ára gamalt getur það þegar það nær þeim aldri fengið aðild að málinu í samræmi við ákvæði laganna.

VII. Ráðstöfun barns í fóstur og kostnaður vegna þess.

i. Leyfi til að taka barn í fóstur.

Nefndin ræddi nokkuð ítarlega málefni barna í fóstri. Meðal annars ræddi nefndin leyfi til að taka barn í fóstur. Kveðið er á um slík leyfi í 66. gr. laganna og segir þar að það sé Barnaverndarstofa sem veiti leyfin. Nefndinni voru tjáðar áhyggjur af því að ekki væru til reglur um málsmeðferð og sviptingu leyfis ef upp kæmu tilvik þar sem taka þyrfti barn úr fóstri. Þar með væri hætta á því að annað barn færi á heimili þar sem aðstæður væru óviðunandi. Nefndin áréttar að leyfi til að taka við barni í fóstur er bundið viðkomandi barni. Í 12. gr. reglugerðar nr. 804/2004, um fóstur, er kveðið á um það að í hvert sinn sem fósturforeldrar óska eftir að taka barn í fóstur skulu þeir sækja um leyfi að nýju til Barnaverndarstofu. Komi upp atvik sem verða til þess að barn er tekið úr fóstri er það því stofunnar að meta hvort gefa eigi út leyfi að nýju. Séu aðstæður óviðunandi eða ástæður þess að barn er tekið úr fóstri með þeim hætti að ekki sé eðlilegt að leyfi sé veitt að nýju kemur því ekki til þess.

ii. Greiðslur vegna fósturs.

Nefndinni voru kynntar athugasemdir þess efnis að ekki væri nægilega skýrt kveðið á um réttindi og starfsskilyrði fósturforeldra auk þess sem hagsmunafélög þeirra hefðu ekki aðkomu að því að semja um kaup sín og kjör. Aftur á móti er kveðið á um aðkomu sveitarfélaga og Barnaverndarstofu að gerð reglugerðar þar sem kveðið er á um fjárhæð gjalda sem sveitarfélögum ber að greiða fyrir fóstur. Nefndin telur mikilvægt að jafnframt sé haft samráð við hagsmunafélög fóstur- og vistforeldra þar sem til staðar er reynsla af fóstri og þeim kostnaði sem því fylgir. Leggur nefndin því til breytingu þessu til samræmis.

Nefndin ræddi jafnframt það fyrirkomulag að umönnunargreiðslur fylgi barninu ekki til fósturforeldra og áréttar að barn þarf hið minnsta sömu umönnun og það þurfti hjá foreldrum sínum. Telur nefndin því mikilvægt að velferðarráðuneytið skoði fyrirkomulag umönnunargreiðslna og mögulegar breytingar á þessu.

iii. Skólamál barna í tímabundnu fóstri utan lögheimilissveitarfélags.

Í 3. mgr. 40. gr. frumvarpsins er að finna nýmæli um skólagöngu fósturbarna í tímabundnu fóstri. Skal það sveitarfélag þar sem fósturforeldrar eiga lögheimili greiða allan

venjubundinn kostnað sem hlýst af skólagöngu barns í fóstri. Sveitarfélag sem ráðstafar barni í tímabundið fóstur skal þó greiða kostnað vegna sérfræðiþjónustu eða sérþarfa fósturbarns. Ákvæðið hefur hlotið mikla gagnrýni frá smærri sveitarfélögum á landsbyggðinni sem telja að það feli í sér íþyngjandi skyldur fyrir þessi sveitarfélög auk þess sem farið sé gegn þeirri meginreglu að sveitarfélögum sé ekki skylt að veita íbúum annarra sveitarfélaga þjónustu að kostnaðarlausu. Þá hafa nefndinni verið kynnt sjónarmið þess efnis að lögfesting ákvæðisins vinni gegn hagsmunum fósturbarna enda sé meginhluti fósturheimila á landsbyggðinni og lítil sveitarfélög og skólar eigi oft erfitt með að mæta auknum kostnaði vegna skólagöngu fósturbarna. Ákvæðið geti því orðið til þess að ekki verði unnt að koma börnum í fóstur til bestu mögulegu fósturforeldra vegna áhyggja af kostnaði sem lögheimilissveitarfélag fósturforeldra verður fyrir.

Kostnaðarskiptingin sem kveðið er á um í greininni byggist á áliti menntamálaráðuneytisins frá 14. október 2009 þar sem fram kemur að viðtökusveitarfélagi ber að greiða almennan kostnað vegna fósturbarnsins með sama hætti og almennt er greitt vegna annarra barna í sveitarfélaginu. Nefndinni barst í janúar sl. umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytisins um málið þar sem fram kemur að ráðuneytið telji að gjalda verði varhug við því að lögfesta þá túlkun sem fram kemur í álitinu. Telur ráðuneytið að fjalla þurfi um málið heildstætt, bæði í grunnskólalögum og barnaverndarlögum, í góðri sátt við öll sveitarfélög í landinu. Tekur nefndin undir þessi sjónarmið og telur mikilvægt að skipting kostnaðar vegna skólagöngu barna í tímabundnu fóstri sé gerð með þeim hætti að um hana ríki sátt og staðinn sé vörður um hag barna. Menntamálanefnd Alþingis hefur nú til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á grunnskólalögum (þskj. 1290, 747. mál). Í frumvarpinu er m.a. lögð til breyting á 5. gr. grunnskólalaga þar sem kveðið er á um að mennta- og menningarmálaráðherra setji reglugerð í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur stjórnvöld, þar sem m.a. skuli kveðið á um skólagöngu fósturbarna, bæði fagleg og fjárhagsleg málefni og samstarf aðila. Í athugasemdum um ákvæðið er farið yfir forsögu málsins, fyrra álit menntamálaráðuneytis og þá breytingu sem lögð er til á barnaverndarlögum. Þá segir í athugasemdunum að meginástæða þess að lagt sé til að mennta- og menningarmálaráðherra setji reglugerð sé *„viðvarandi ágreiningur um málefni fósturbarna sem eru vistuð tímabundið á einkaheimilum utan lögheimilissveitarfélags. Ágreiningurinn hefur einkum verið um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga vegna skólagöngu fósturbarnanna en einnig hafa komið upp mál sem tengjast málsmeðferð og faglegum þáttum hvað varðar skólagöngu barnsins og í sumum tilvikum hafa fósturbörn ekki fengið skólavist eða erfiðleikar hafa komið upp tilhögun skólavistar. Gert er ráð fyrir að mennta- og menningarmálaráðuneytið vinni að slíkri reglugerð í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur stjórnvöld, þ.m.t. velferðarráðuneytið vegna barnaverndarlaga og innleiðingar þeirra og innanríkisráðuneytið vegna mögulegrar aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að úrlausn þessara máls.“*

Með vísan til þess að málinu hefur verið fundinn farvegur í frumvarpi mennta- og menningarmálaráðherra og þess að skólamál heyra undir málefnasvið menntamálanefndar leggur nefndin til þá breytingu að í stað þess að kveðið sé á um skiptingu kostnaðar í lagákvæði verði vísað til þess að um hann fari samkvæmt grunnskólalögum og þar með reglugerðinni sem mennta- og menningarmálaráðherra setur með stoð í þeim lögum.

VIII. Tilsjónarmaður barns.

Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að þegar foreldrar hefðu afsalað sér forsjá eða verið sviptir henni skyldi ávallt skipa barni lögráðamann eða svokallaðan tilsjónarmann.

Nefndin áréttar að í 32. gr. barnaverndarlaga er heimild til að skipa lögráðamann í málum sem þessum og það er barnaverndarnefndar að meta það hverju sinni hvort það þjóni hagsmunum barnsins. Nefndin áréttar að vissulega getur verið mikilvægt fyrir hag barns að því sé skipaður sérstakur lögráðamaður eða tilsjónarmaður en þó þarf einnig að líta til þess að í tilfellum þar sem foreldrar fara ekki lengur með forsjá barns og því er komið í fóstur er mikið rót í lífi barnsins og á högum þess. Barn þarf að kynnast og tengjast fósturforeldrum sínum og það getur verið erfitt fyrir það að þurfa jafnframt að kynnast, tengjast og læra að treysta tilsjónarmanni. Þá er ekki séð að ávallt sé þörf fyrir slíkan aðila og leggur nefndin því ekki til breytingar á ákvæðinu.

Nefndinni var jafnframt bent á mikilvægi þess að barni sem er hér á landi án forsjáraðila sé fenginn tilsjónarmaður sem fylgi barninu í gegnum allt ferli þar til mál þess er til lykta leitt. Nefndin tekur undir mikilvægi þessa en bendir jafnframt á að slík lagaskylda er í 3. mgr. 34. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002. Þar er kveðið á um að ef fylgdarlaust barn, þ.e. einstaklingur undir átján ára aldri, sbr. 44. gr. sömu laga, sækir um hæli skuli stjórnvald skipa því talsmann úr hópi lögmanna. Nefndin ræddi þó jafnframt þær aðstæður ef um væri að ræða íslenskt barn sem ekki væri að sækja um hæli en áréttar að slík mál eru ávallt barnaverndarmál. Kæmi til þess í máli af þessu tagi að svipta þyrfti foreldra forsjá eða að þeir afsöluðu sér forsjá ætti framangreind 32. gr. barnaverndarlaga við.

IX. Réttur barns til umgengni við foreldra, kynforeldra og aðra aðstandendur.

Í barnaverndarlögum er orðið „foreldrar“ skilgreint á þann hátt í 3. mgr. 3. gr. laganna að með því sé að jafnaði átt við þá sem fara með forsjá barns og um inntak forsjár fari samkvæmt ákvæðum barnalaga. Hugtakið nær þannig bæði yfir kynforeldra barns, stjúpforeldra og sambúðarforeldra fari þeir með forsjána. Í nokkrum ákvæðum laganna og frumvarpsins er orðið kynforeldrar notað, m.a. þegar kveðið er á um rétt barns í fóstri til umgengni við kynforeldra, sbr. 36. gr. frumvarpsins og 74. gr. laganna, rétt barns sem vistað er á heimili eða stofnun til umgengni við kynforeldra, sbr. 81. gr. laganna, og rétt kynforeldris til að taka við umsjá sé það talið barni fyrir bestu ef foreldri sem barn býr hjá afsalar sér umsjá eða er svipt henni. Orðið kynforeldrar er ekki skilgreint sérstaklega í lögunum en nefndin telur ljóst af orðinu að hér sé átt við líffræðilegt foreldri. Með orðalagi ákvæðanna er börnum því mismunað þar sem réttur þeirra til umgengni við foreldra sína er ekki lögbundin nema um kynforeldri sé að ræða. Orðanotkun laganna er jafnframt nokkuð úr takti við lagaþróun síðustu ára, t.d. með tilliti til lagabreytinga sem miða að því að tryggja jafnan rétt og jafna stöðu samkynhneigðra í samfélaginu. Vert er að benda á í þessu samhengi á 6. gr. barnalaga þar sem kveðið er á um að kona sem elur barn sem getið er við tæknifrjóvgun teljist móðir þess. Sú kona er þá kynforeldri barnsins. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að kona sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu eða sambýliskonu sinni samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun telst foreldri barns sem þannig er getið. Sú kona er þó ekki kynforeldri barnsins og þar með hefur barn lagalega ekki sama rétt til umgengni við þær aðstæður sem lýst er að framan.

Nefndin telur mikilvægt að breyta orðnotkun í lögunum þannig að barn hafi sama rétt til umgengni við foreldri sitt hvort sem um er að ræða kynforeldri eða ekki. Leggur nefndin því til breytingu á 3. gr. laganna þannig að við skilgreiningu orðsins foreldri sé vísað til I. kafla barnalaga þar sem talin eru upp þau tengsl sem gert geti einhvern að foreldri. Að auki er lögð til breyting á öðrum ákvæðum barnaverndarlaga og fyrirliggjandi frumvarps þar sem orðið „kynforeldri“ kemur fyrir þannig að þar standi ávallt „foreldri“.

Nefndin ræddi þónokkuð umgengni barns við aðra aðstandendur sína en foreldra þegar barn er í fóstri eða vistað á heimili eða stofnun. Rétt er að geta þess að í þeim ákvæðum sem að framan eru talin er ávallt kveðið á um rétt barns til umgengni við kynforeldra sem og aðra sem því eru nákomnir. Nefndin telur hér um mikilvægan rétt að ræða enda á barn oft stóran hóp aðstandenda sem standa því nærri og bera hag þess fyrir brjósti. Mikilvægt er í barnaverndarmálum að tengsl barns við ættingja sína, t.a.m. ömmur og afa, séu virt og því séu tryggðar leiðir til að halda þeim tengslum. Nefndinni voru auk þess kynntar upplýsingar þess efnis að í framkvæmd væri ávallt reynt að leita fyrst til þeirra sem eru barni nákomnir enda sé það minnst röskun fyrir barnið að fara til fólks sem það þekkir og treystir. Ljóst er þó að ekki er ávallt hægt að koma því við og þá skiptir máli að tengsl barns við þá sem eru því nákomnir fái að haldast og dafna. Til að tryggt sé að þessi regla sé viðhöfð leggur nefndin til breytingu þess efnis að heimili sem barn er tengt tilfinningalegum tengslum skuli ganga fyrir við val á vistunaraðila séu skilyrði laganna uppfyllt að öðru leyti og það talið barni fyrir bestu.

X. Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá sem og réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá en er með sameiginlega forsjá og ferill mála þegar foreldrið tekur við umsjá barnsins.

Í 35. gr. frumvarpsins er lagt til að við lögin bætist tvö ný ákvæði. Hið fyrra varðar réttarstöðu foreldris sem ekki fer með forsjá barns, ef foreldri sem fer eitt með forsjá barnsins afsalar sér umsjá eða forsjá, kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun barns utan heimilis eða forsjársvipting á sér stað. Hið síðara varðar réttarstöðu foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða og foreldri sem barnið býr hjá afsalar sér umsjá barns eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun þess utan heimilis. Þessi ákvæði laganna voru rædd nokkuð ítarlega í meðförum nefndarinnar svo og samspil þeirra við barnalög en í þeim lögum er að finna lagareglur um forsjá barns.

Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að óeðlilegt væri að þegar foreldri sem ekki hefði forsjá væri falin umsjá barns giltu um það sömu reglur og um tímabundið fóstur. Því fylgdi skylda til að greiða foreldrinu greiðslur vegna fósturs, sbr. 75. gr. laganna, sem væri óeðlilegt og vart samræmanlegt grundvallarreglu um framfærsluskylda foreldra. Nefndin áréttar að foreldri er framfærsluskylt og í aðstæðum sem þessum er eðlilegt að hitt foreldrið greiði meðlag með barni sínu til þess sem tekur við umsjá eða forsjá þess. Þá telur nefndin eðlilegt að aðstæður hverju sinni séu metnar og ekki sé víst að hverju sinni sé grundvöllur fyrir fósturgreiðslum, til að mynda mætti leiða að því líkur að ekki sé ástæða til greiðslu hárra fósturgreiðslna ef umgengni foreldris hefur verið mikil og það hefur tekið virkan þátt í uppeldi og umönnun barnsins. Nefndin bendir þó á að mikilvægt sé að meta aðstæður faglega, greina þá aðstoð sem viðkomandi foreldri þarf til að geta sinnt umsjár- og forsjárskyldum sínum og aðstoða viðkomandi í samræmi við þarfir hans. Slík aðstoð getur vissulega falið í sér greiðslur en auk þess getur þurft að koma til annars konar aðstoð vegna aðstæðna foreldrisins og/eða barnsins. Aldrei má gleyma því að það er hagur barnsins og vernd þess sem vera skal í fyrirrúmi og það er oftast barni fyrir bestu að vera hjá foreldri sínu. Ekki má heldur horfa fram hjá því að ástæður þess að foreldrið tekur við umsjá barnsins geta reynst bæði barni og foreldri mjög erfiðar. Leggur nefndin því ekki til að greiðslur þær sem kveðið er á um í ákvæðinu séu felldar niður en leggur þó til orðalagsbreytingu þannig að reglurnar um tímabundið fóstur eigi við eftir því sem við á. Þannig sé það háð mati hverju sinni hvort fósturgreiðslur eigi að koma til.

Nefndin ræddi sérstaklega ástæður þess að meta þyrfti hæfi foreldris sem tekur við umsjá barns þegar um sameiginlega forsjá er að ræða. Telur nefndin mikilvægt að svo sérstakar lagareglur séu rökstuddar ítarlega enda er það algengt þegar um sameiginlega forsjá er að ræða að barn búi í reynd hjá báðum foreldrum og að þeir taki báðir að fullu þátt í raunverulegri umsjá og uppeldi barnsins. Vegna athugasemda sem gerðar eru við að barnaverndarnefnd meti hæfi foreldris sem tekur við umsjá barns telur nefndin vert að árétta að sé um að ræða sameiginlega forsjá og foreldrið sem barn býr hjá afsalar sér forsjá eða er svipt henni fer hitt foreldrið eftir það eitt með forsjá barnsins. Það er eingöngu þegar umsjá barnsins breytist sem kveðið er á um að barnaverndarnefnd meti sérstaklega hæfi foreldrisins. Ástæður þessa má rekja til hagsmuna barnsins. Þó svo að algengt sé að foreldrar með sameiginlega forsjá taki jafnan þátt í uppeldi og umönnun barns sem oft býr til jafns hjá báðum foreldrum er það ekki alltaf svo. Foreldrar eru misvel í stakk búnir að taka við umsjá barna sinna og þá sérstaklega þar sem horfa þarf til þeirra vandasömu aðstæðna sem barnið hefur undanteknningarlaust búið við þegar kemur að ráðstöfun utan heimilis. Barnaverndarnefnd ber að gera skriflegan samning við þann sem valinn er til að fara með umsjá barns og í honum þarf m.a. að meta sérstaklega þörf barnsins fyrir stuðning. Tryggja þarf að foreldrið geti veitt þann stuðning áður en það tekur við umsjá barnsins. Þá má ekki líta fram hjá því að hér er um tímabundið úrræði að ræða og barnaverndarnefnd þarf að geta að ákveðnum tíma liðnum tekið umsjána aftur frá foreldri og fært yfir til hins. Þessi ráðstöfun er því frábrugðin því þegar um sviptingu eða afsal forsjár er að ræða enda fer um breytingu á forsjánni eftir ákvæðum barnalaga. Nefndin áréttar að það getur vissulega verið barninu fyrir bestu að hæfi foreldris sé metið og ekki síst þegar mikið hefur gengið á í lífi barnsins og nauðsynlegt er að veita því mikinn stuðning. Nefndin bendir þó á að þar sem forsjá hefur verið sameiginleg, foreldrar hafa farið sameiginlega með uppeldi og umönnun barns er vandasamt að sjá að mat á hæfi foreldris þurfi að fara fram. Við slíkar aðstæður hlýtur að teljast eðlilegt og barninu fyrir bestu að umsjá þess færist hreinlega frá einu foreldri til hins. Barnaverndarnefnd er þó hugsanlega ekki kunnugt um þessar aðstæður fyrr en kæmi að því að meta hæfi foreldrisins. Það yrði þá fljótafgreitt. Þar sem aftur á móti leikur vafi á hæfi foreldris til að annast barnið og tryggja því þann stuðning sem það þarf er mikilvægt að meta hæfi foreldris. Nefndin leggur því ekki til breytingu á ákvæðinu þar sem því er einvörðungu ætlað að tryggja vernd barna, enda liggi að baki málefnalegar ástæður og ítarlegur rökstuðningur af hálfu barnaverndanefndar.

Þá gerir nefndin athugasemdir við að ekki séu skýrar reglur til um umsjá og bendir á að hugtakið er hvergi skilgreint í lögum. Var nefndinni kynnt að í framkvæmd væri talað um að það foreldri sem barn er með skráð lögheimili hjá fari með umsjá þess. Umsjárhugtakið byggist því á gildandi lagareglum um forsjá sem finna má í barnalögum en þar er kveðið á um að barn geti einungis haft lögheimili hjá öðru foreldri þótt forsjá þess sé sameiginlega hjá báðum foreldrum. Hvorki barnaverndarlög né barnalög hafa að geyma sérstaka skilgreiningu á því hvað felst í umsjá. Nefndin áréttar mikilvægi þess að lögin séu skýr og bendir á að skýr lagatexti um þessi málefni sé barni fyrir bestu. Nefndin telur mikilvægt að endurskoðuð verði ákvæði barnalaga er lúta að sameiginlegri forsjá barna og þar m.a. kveðið á um hvað felst í umsjá. Allsherjarnefnd hefur nú til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, þar sem lagðar eru til breytingar á ákvæðum er varða forsjá og umgengni (þskj. 1374, 778. mál). Leggur nefndin áherslu á að allsherjarnefnd hugi sérstaklega að þessu atriði.

XI. Vistun barna á meðferðarheimilum.

Málefni meðferðarheimila hafa verið nokkuð í umræðu að undanförnu, m.a. vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustusamninga Barnaverndarstofu og lok þeirra. Nefndin tók málefni meðferðarheimila sérstaklega fyrir á fundum sínum auk þess sem hún ræddi á nokkrum fundum framangreinda skýrslu. Þá skilaði nefndin áliti um skýrsluna (þskj. 1417, 792. mál) og lagði fram beiðni um skýrslu frá velferðarráðherra um framgang mála vegna ábendinga Ríkisendurskoðunar í skýrslunni (þskj. 1421, 796. mál).

Í skýrslu sinni kemst Ríkisendurskoðun m.a. að þeirri niðurstöðu að áherslubreytingar hafi orðið í meðferðarúrræðum fyrir börn á síðustu 15 árum. Heimilum hefur fækkað mjög og með tilkomu nýrra meðferðarúrræða hefur eftirspurn eftir meðferðarplássum farið minnkandi. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er farið ítarlega yfir þær breytingar sem orðið hafa á meðferðarúrræðum á síðustu árum, t.d. áherslubreytingum, aukinni þjónustuþörf þeirra barna sem vistast á meðferðarheimilum og meiri þörf á fagmenntun meðferðaraðila.

Á fundum nefndarinnar og í skýrslu Ríkisendurskoðunar kom fram að svokölluð fjölkerfameðferð (MST) sem fram fer á heimilum barnanna eða í tengslum við þau hefur dregið mjög úr því að börn séu vistuð utan heimila. Nefndin fagnar því að börn fái meðferð við hæfi í sínu nærsamfélagi og tekið séu heildstætt á meðferð barna með þátttöku foreldra og heimilisfólks. Mikilvægt er að tryggja að börn fái þau úrræði sem þau þarfnast en jafnframt að foreldrar fái þann stuðning sem þeir þurfa á að halda til að sinna foreldraskyldum sínum. Nefndin leggur áherslu á að svipuð meðferðaraðferð sé notuð um allt land og að hún sé í stöðugri endurskoðun og metin reglulega. Nefndin telur þó ekki raunhæft að unnt sé að beita fjölkerfameðferð fyrir öll börn, ekki eru alls staðar fagaðilar til að sinna meðferðinni, hún hentar ekki öllum börnum og aðstæður á heimilum geta verið slíkar að ekki er unnt að koma henni við. Því er ljóst að enn er þörf fyrir það að börn vistist á heimilum.

XII. Trúnaðarskylda skv. 8. mgr. 4. gr.

Nefndinni bárust nokkrar athugasemdir um að kveða þyrfti á um trúnaðarskyldu aðila sérstaklega í lögunum, t.d. þegar barnaverndarnefnd hefði samstarf við aðra aðila skv. 23. gr. barnaverndarlaga, sbr. 11. gr. frumvarpsins, og lætur aðilum upplýsingar í té skv. 26. gr. laganna, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Í 8. mgr. 4. gr. er kveðið á um að allir sem vinna að barnavernd skuli gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af. Nefndin áréttar að trúnaðarskylda þessi á við um alla þætti barnaverndarmála og á því ávallt við um þá sem fengnir eru í samstarf vegna þeirra og fá upplýsingar vegna mála. Þá bendir nefndin á að þeir aðilar sem fengnir eru í samstarf, t.d. kennarar, námsráðgjafar og skólayfirvöld, heilbrigðisstarfsmenn, sálfræðingar og fleiri eru sjálfir bundnir trúnaði samkvæmt sérlögum og starfsreglum. Nefndin telur ekki þörf á að kveða sérstaklega á um trúnaðarskyldu í einstökum ákvæðum laganna og áréttar að sú skylda sem kveðið er á um í 8. mgr. 4. gr. laganna nær yfir öll tilvik laganna.

XIII. Kæranleiki ákvörðunar um vistun barns utan heimilis.

Í 17. gr. frumvarpsins er kveðið á um það að val barnaverndarnefndar á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimils sé ekki kæranlegt til kærunefndar barnaverndarmála. Við nefndina voru bornar upp áhyggjur af því að verið væri að takmarka kæruleiðir. Kæranleiki ákvarðana af þessu tagi væri til þess fallinn að tryggja betur réttarstöðu og ætti m.a. að geta leitt til þess að ákvörðun væri betur undirbúin. Nefndin bendir á að nokkur óvissa hefur verið um það hvort ákvörðun um vistunaraðila sé kæranleg. Þeirri

óvissu var eytt með áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3609/2002 sem nánar er greint frá í athugasemdum frumvarpsins við 17. gr.

Nefndin áréttar að það er almenn regla stjórnsýsluréttar að ákvarðanir séu kæranlegar og sterk rök þarf til að takmarka kæranleika stjórnsýsluákvarðana. Nefndin bendir jafnframt á að svo getur verið að margir aðilar sæki um að taka að sér að vista barn. Vistun barns utan heimilis er neyðarúrræði sem skal taka að vel ígrunduðu máli. Barnaverndarlögum er ætlað að tryggja faglega ákvörðunartöku í þessum efnum enda þarf barnaverndarnefnd m.a. að gera skriflega áætlun um trygga umsjá barnsins þar sem m.a. skuli koma fram hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir. Val á því hver annast barnið byggist því á þessu faglega mati en ráðstöfunin sætir auk þess reglulegri endurskoðun, sbr. 25. gr. laganna. Þá er ljóst að faglegt mat hefur farið fram á þeim sem óska eftir að fá að annast barnið enda er skýrt kveðið á um það í lögunum að ekki megi ráðstafa barni í fóstur til annarra en þeirra sem hafa til þess tilskilin leyfi. Ágreiningur um vistun getur því einungis komið upp þegar velja þarf úr fleiri en einum aðila sem hafa tilskilin leyfi og eru því allir hæfir til að taka barn í fóstur.

Barn sem vistað er utan heimilis er oft að ganga í gegnum mjög erfiðan tíma í lífi sínu og þegar ákvörðun hefur verið tekin um hver skuli fara með vistun þess er mikilvægt að skapa barninu öruggt umhverfi og festu á heimili þar sem það getur búið sér skjól hjá þeim aðila sem sér um vistun þess. Meginregla stjórnsýsluréttar er að kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar, væri ákvörðunin kæranleg yrði barni því komið fyrir hjá völdum vistunaraðila en ætti jafnframt á hættu að vera tekið af honum yrði niðurstaða kærunefndar kæranda hliðholl. Slíkt umrót getur haft mjög slæm áhrif á barn á erfiðum tíma. Mikilvægt er jafnframt að hafa í huga að það eru réttindi barnsins sem skipta hér mestu máli og hafi barnaverndarnefnd valið hæfan aðila til að vista barnið hjá er ekki þar með sagt að umrótið sem fylgi því að flytja barnið til annars aðila sé barninu fyrir bestu. Réttarstaða þess sem kærir ákvörðunina yrði betur tryggð ef unnt er að kæra hana en nefndin telur þurfa að setja hagsmuni barnsins ofar í þessu máli.

XIV. Fagteymi sem rannsakar voveiflegan dauða barns.

Nefndinni var kynnt hugmynd um að koma á fót fagteymi sem falið yrði að rannsaka voveiflegan dauða barns. Ljóst er að til að teymi sem þetta geti sinnt verkefninu sem skyldi þyrfti að koma til samstarfs fjölda aðila, svo sem Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda, landlæknis og heilbrigðisyfirvalda og lögreglu og ákæruvalds, svo og hugsanlega Vinnueftirlitsins í einhverjum málum og fleiri aðila. Fagteymi af þessu tagi þyrfti að auki tryggðan aðgang að gögnum og fullnægjandi rannsóknarheimildir til að geta sinnt starfi sínu. Þá er nauðsynlegt að kanna hvar slíkt verkefni, verði það að veruleika, eigi að vistast, þ.e. hver ætti að leiða fagteymi af þessu tagi. Nefndin telur þarft að skoða hvort grundvöllur sé fyrir því að fagteymi sem þessu verði komið á fót en telur málið þó þannig vaxið að það þurfi frekari rannsóknar, skoðunar og umræðu við. Mikilvægt er að ekki verði farið í verkefni fyrr en það hefur hlotið næga umfjöllun og allir þeir sem starfa mundu við það hafa fengið að lýsa skoðun sinni á því og kostir þess og gallar greindir.

XV. Heimildir Barnaverndarstofu til að fylgjast með búsetu kynferðisbrotamanna.

Nokkrir umsagnaraðilar bentu á möguleika á því að lögfesta ákvæði sem veitti Barnaverndarstofu rétt til að fylgjast með búsetu kynferðisbrotamanna sem gerst hafa sekir um kynferðisbrot gagnvart barni og talin er stafa hætta af og m.a. afla upplýsinga um það hvenær

afplánun þeirra lýkur og fylgjast með búsetu og flutningum þeirra. Samkvæmt 36. gr. barnaverndarlaga getur Barnaverndarstofa tilkynnt barnaverndarnefnd flytjist maður sem veruleg hætta er talin stafa af í umdæmi hennar. Barnaverndarstofa hefur þó bent á að hún hafi mjög takmörkuð úrræði samkvæmt lögunum til að fá vitneskju um það hvar þeir einstaklingar dveljast sem ætla má að veruleg hætta geti stafað af. Nefndin ræddi þetta ákvæði nokkuð ítarlega og telur mikilvægt að mál þetta verði skoðað sérstaklega. Nefndin áréttar að kynferðisafbrot gagnvart barni eru meðal alvarlegustu brota sem framin eru og nauðsynlegt er að vernda börn gagnvart því að verða fyrir slíku. Ekki liggur þó ljóst fyrir að ákvæði sem tryggi Barnaverndarstofu heimildir til að fylgjast með búsetu manna sem gerst hafa sekir um kynferðisbrot gagnvart barni tryggi þá vernd. Nefndin telur nauðsynlegt að rannsökuð verði löggjöf nágrannaríkja hvað þetta varðar og hvaða reynsla er af slíkri löggjöf. Þá þyrfti að skoða sérstaklega lagaskil við refsirétt, hegningarlög og mannréttindaákvæði. Nefndin telur ótímabært að taka afstöðu til ákvæðis af þessu tagi enda þörf á frekari upplýsingum og umræðu um málið.

XVI. Breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er kveðið á um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að ríkið tekur yfir ábyrgð á að byggja upp heimili og stofnanir skv. 84. gr. laganna og 1. mgr. 36. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, nr. 65/2004. Sveitarfélög bera áfram ábyrgð á öðrum úrræðum skv. 84. gr. laganna og 2. mgr. 36. gr. reglugerðarinnar. Ríkið mun því eftir breytinguna m.a. bera ábyrgð á því að tiltæk séu heimili og stofnanir þar sem hægt er að vista barn í neyð eða bráðatilvikum. Í 5. kafla almennra athugasemda við frumvarpið og í athugasemdum við 42. gr. þess er farið mjög ítarlega yfir breytinguna, hvað í henni felst og rök fyrir því að þessi leið er farin. Telur nefndin ekki þörf á því að ítreka þessi atriði í áliti þessu. Nefndin áréttar þó að neyðarvistun barna er færð til ríkisins þar sem ekki hafa verið til staðar úrræði um land allt og ekki er grundvöllur fyrir því að byggja upp um allt land heimili sem sinnt geta börnum sem þurfa á slíkri vistun að halda. Tilvik þar sem slíkrar vistunar er þörf eru sem betur fer fátíð en krefjast mikillar sérfræðiþekkingar og faglegrar sérhæfingar. Nefndinni hafa verið kynnt sjónarmið þess efnis að breytt verkaskipting geti orðið til þess að biðtími barna í sumum stærri sveitarfélögum lengist. Telur nefndin vert að benda á að þó svo rík þörf sé t.d. fyrir neyðarvistunarúrræði á landinu öllu hefur ekki orðið almenn uppbygging á því og því ljóst að ásókn í þau heimili sem þó eru til staðar getur aukið biðtíma í úrræðið. Heimili sem nú er staðsett í Reykjavík hefur til að mynda eingöngu tekið við börnum úr því sveitarfélagi. Verði ekki frekari uppbygging úrræða er einsýnt að ásókn annarra sveitarfélaga í úrræðið getur orðið til að þjónusta við börn í Reykjavík verði lakari. Mikilvægt er því að strax verði hafist handa við að þarfagreina landið í heild sinni og tryggja að úrræði séu til staðar þar sem þörf er á þeim. Þá telur nefndin einsýnt að þrátt fyrir að kveðið verði á um það að sveitarfélög greiði gjald fyrir notkun úrræðanna að Barnaverndarstofa þurfi viðbótarfjármagn til uppbyggingar úrræðisins auk þess sem ekki er hægt að tryggja fulla nýtingu heimilis sem vistar börn í neyð. Sé full nýting ekki til staðar er ljóst að kostnaður félli á Barnaverndarstofu sem lýst hefur yfir áhyggjum af því að ekki sé tryggt sérstakt fjármagn vegna breytinganna. Tekur nefndin undir með stofunni og bendir á að þar sem þessi mál hafa verið í miklum ólestri er ljóst að byggja þurfi upp ný heimili sem mun kosta aukið fjármagn.

Þá telur nefndin vert að benda á að ekki liggur fyrir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um nánari framkvæmd við breytta verkaskiptingu og um þær fasteignir, lausafjármuni

og starfsfólk sem við breytinguna færist frá sveitarfélögum til ríkisins. Í þessu sambandi bendir nefndin á að mikið var lagt í að ljúka samkomulagi vegna yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga og þeirra eigna og starfsfólks sem við hana fluttist frá ríki til sveitarfélaga. Hér er vissulega um mun smærra mál að ræða að umfangi og fjármunum en engu síður er mikilvægt að ljúka samkomulaginu.

Fyrir nefndinni voru bornar upp áhyggjur af því að breytingin fæli í sér aukin kostnað fyrir smærri sveitarfélög sem nú þegar búa mörg hver við bága fjárhagsstöðu. Nefndin bendir á að sveitarfélög bera samkvæmt gildandi lögum ábyrgð á því að neyðarvistunarúrræði séu til staðar og þar með af þeim kostnaði sem verður til vegna slíks úrræðis. Hafi sveitarfélag ekki haft til staðar lögbundið úrræði fyrir breytinguna er þó ljóst að hún mun fela í sér kostnaðaraukningu fyrir sveitarfélagið. Mikilvægt er þó að hafa í huga að markmið þessarar breytingar er að tryggja að öll börn sitji við sama borð óháð búsetu sinni og geti ef nauðsyn krefur fengið neyðarvistun þar sem þeim er tryggð sú faglega þjónusta og meðferð sem þau þarfnast. Telur nefndin hér um að ræða svo mikilvæg réttindi að ekki sé unnt að draga breytinguna til baka. Ljóst er þó að þegar er eftir nokkur vinna til að unnt verði að vinna í samræmi við breytta verkaskiptingu.

Í 52. gr. frumvarpsins er kveðið á um gildistöku þess. Þar segir að lögin öðlist þegar gildi en sett sérregla um nokkur ákvæði frumvarpsins til að taka af öll tvímæli um áhrif þeirra á mál sem kunna að vera í vinnslu. Þá er í 9. mgr. ákvæðisins kveðið á um að ákvæði sem mæla fyrir um eða leiðir af nýrri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga öðlist gildi 1. janúar 2011 og segir um ákvæðið í athugasemdum frumvarpsins að ætlunin sé að veita ríki og sveitarfélögum tíma til að aðlaga starfsemi sína og undirbúa breytingar en frumvarpið var endurflutt óbreytt frá síðasta þingi. Ljóst er því að breyta þarf gildistöku þessa ákvæðis. Nefndinni var jafnframt bent á að ekki væri heppilegt að skipta um rekstrarfyrirkomulag á miðju ári. Með vísan til þess og nauðsynjar þess að ná samkomulagi um breytta verkaskiptingu, hnýta lausa enda og tryggja nægt fjármagn til uppbyggingar úrræða leggur nefndin til að gildistaka þeirra ákvæða sem getið er í 9. mgr. 52. gr. verði 1. janúar 2013 en brýnir jafnframt fyrir ríki og sveitarfélögum að nýta þann tíma til að ljúka málinu svo tryggt sé að til séu nauðsynleg úrræði til handa börnum er þurfa á neyðarvistun að ræða.

XVII. Mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis.

Í frumvarpinu er lagt til nýtt fyrirkomulag á mati og eftirliti með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Lagt er til að við lögin bætist nýr kafli, XV. kafli A, sem kveði á um markmið mats og eftirlit, svo og hlutverk barnaverndarnefnda, Barnaverndarstofu og velferðarráðuneytis við mat og eftirlit. Nefndin telur jákvætt að ítarlegar og skýrar sé kveðið á um þessi atriði í lögunum. Þó telur nefndin mikilvægt að skoðaðir verði möguleikar á því að koma á fót óháðri eftirlitsstofnun enda brýnt að eftirlit sé sterkt, virkt og skilvirkt. Bendir nefndin á fyrri orð sín um þetta mál úr nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra (þskj. 550, 256. mál): *„Verður þetta enn brýnna þegar horft er til þess að eftirlit slíkrar stofnunar snýr að hópum sem eiga oftar en ekki undir högg að sækja, svo sem börnum, öldruðum, fötluðu fólki og fólki sem nýtur þjónustu vegna bágra félagslegra aðstæðna. Pottur hefur víða verið brotinn í eftirliti og mikilvægt að tryggja að eftirlit með þjónustu sé hjá óháðum aðila. Nefndin beinir þeim eindregnu tilmælum til nýs velferðarráðherra að koma eftirlitsþættinum í fastar skorður eða koma á fót eftirlitsstofnun sem allra fyrst.“*

Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að óeðlilegt væri að rekstur úrræða eða framsal reksturs og eftirlit með honum væri á sömu hendi þar sem Barnaverndarstofu væri falið hvort tveggja. Nefndin vekur athygli á því að eðlilegt er að Barnaverndarstofa fari með innra eftirlit með úrræðunum en áréttar að ráðuneytinu er jafnframt falið eftirlitshlutverk samkvæmt frumvarpinu. Eðlilegt sé að verkkaupi hafi eftirlit með þeim aðila sem hann kaupir þjónustu af og með því að þjónusta sé í samræmi við samning. Þetta sé ekki hvað síst mikilvægt þegar þjónustan er veitt á sviði velferðarmála.

Í b-lið 50. gr. frumvarpsins (89. gr. b) er kveðið á um að barnaverndarnefnd skuli heimsækja með reglubundnum hætti börn sem vistuð eru á vegum nefndarinnar á heimilum og stofnunum. Sett er það viðmið að barnaverndarnefnd heimsæki fósturheimili eins og ástæða þykir til en þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það. Nefndin ræddi það hvort ástæða væri til að fjölga skylduheimsóknum Barnaverndarstofu enda geta komið upp mál þar sem ástæða verður til að heimsækja fósturheimili oftar auk þess sem ástæða getur verið til að heimsækja heimili fljótlega eftir að vistun hefst. Ljóst er þó að einnig verða tilfelli þar sem lágmarksfjöldi heimsókna dugir til og þar sem óæskilegt er að heimsækja fósturheimili of snemma heldur þurfi að gefa barni færi á aðlagast nýju umhverfi. Telur nefndin þó mikilvægt að unnt verði ef ástæða þykir að setja ríkari heimsóknarskyldur á barnaverndarnefndir eða kveða nánar á um eftirlit þeirra og leggur því til að ráðherra setji að höfðu samráði við Barnaverndarstofu reglugerð um eftirlit barnaverndarnefnda, m.a. um fjölda heimsókna á fósturheimili.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt með breytingum** sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ásmundur Einar Daðason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 2011.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaform., frsm. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Pétur H. Blöndal.

Jónína Rós Guðmundsdóttir. Guðmundur Steingrímsson. Íris Róbertsdóttir.

Þórunn Sveinbjarnardóttir. Lilja Rafney Magnúsdóttir.

1426. Breytingartillögur [56. mál]

við frv. til l. um breyt. á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:
   Í stað 1. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Með foreldrum er átt við foreldra skv. I. kafla barnalaga. Í lögum þessum er með foreldrum einnig að jafnaði átt við þá sem fara með forsjá barns.
2. Á eftir orðinu „ofbeldi“ í b-lið 6. gr. komi: eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi.

3. Við 7. gr. bætist nýr liður er orðist svo: Á eftir orðinu „þroskaþjálfum“ í 2. mgr. kemur: náms- og starfsráðgjöfum.
4. B-liður 30. gr. orðist svo: Í stað orðanna „stuttan frest“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: frest sem skal að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur.
5. Við 35. gr.
   a. Í stað orðsins „kynforeldrisins“ í 1. og 3. mgr. a-liðar (67. gr. a) og 1. mgr. b-liðar (67. gr. b), orðsins „kynforeldrið“ í 2. mgr. a-liðar (67. gr. a) og tvívegis í 2. mgr. b-liðar (67. gr. b) og orðsins „kynforeldris“ í 4. mgr. a-liðar (67. gr. a) komi: foreldrisins; foreldrið; og: foreldris.
   b. Við 2. mgr. a-liðar (67. gr. a) bætist: eftir því sem við á.
6. Á eftir 35. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað orðsins „kynforeldra“ í e-lið 68. gr. laganna kemur: foreldra.
7. Í stað orðsins „kynforeldra“ í 1. efnismgr. 36. gr. komi: foreldra.
8. Á eftir 37. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað orðsins „kynforeldrum“ í 72. gr. laganna kemur: foreldrum.
9. Við 38. gr. bætist nýr stafliður er verði a-liður og orðist svo: Í stað orðsins „kynforeldra“ í 1., 3. og 4. mgr., orðsins „Kynforeldrar“ í 2. mgr., orðsins „kynforeldri“ í 4. mgr. og orðsins „kynforeldrum“ í 7. mgr. kemur: foreldra; Foreldrar; foreldri; og: foreldrum.
10. 2. og 3. málsl. 3. efnismgr. 40. gr. orðist svo: Hverju sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem ráðstafað hefur verið í tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar. Um greiðslu kostnaðar vegna skólagöngu barnsins fer samkvæmt grunnskólalögum.
11. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 1. efnismálsl. a-liðar 42. gr. komi: Ráðuneytið.
12. Við 43. gr. bætist nýr stafliður er verði a-liður og orðist svo: Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimili sem barn er tengt tilfinningalegum tengslum skal ganga fyrir um vistun uppfylli það skilyrði laganna að öðru leyti og ef talið er barni fyrir bestu að vistast þar.
13. Á eftir 43. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað orðsins „kynforeldra“ í 1. og 4. mgr., orðsins „Kynforeldrar“ í 2. mgr., orðsins „kynforeldri“ í 4. mgr. og orðsins „kynforeldrum“ í 8. mgr. 81. gr. laganna kemur: foreldra; Foreldrar; foreldri; og: foreldrum.
14. Á eftir orðinu „sveitarfélaga“ í 1. málsl. efnismálsgreinar b-liðar 49. gr. komi: og hagsmunasamtök fóstur- og vistforeldra.
15. Við 50. gr.
   a. Við b-lið (89. gr. b) bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Ráðherra setur að höfðu samráði við Barnaverndarstofu reglugerð um eftirlit barnaverndarnefnda, m.a. um heimsóknir á fósturheimili.
   b. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. og orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í fyrirsögn d-liðar (89. gr. d) komi: Ráðuneytið; og: ráðuneytisins.
16. Á eftir 50. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við 91. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Sækja skal um leyfi samkvæmt ákvæði þessu fyrir heimili fyrir börn sem glíma við fjölþættan vanda þó svo að starfsemi slíkra heimila heyri jafnframt undir önnur lög, t.d. lög um málefni fatlaðs fólks.
17. Við 52. gr. Í stað ártalsins „2011“ í 9. mgr. komi: 2013.

1427. Frumvarp til laga [797. mál]

um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
Jónína Rós Guðmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Lilja Rafney Magnúsdóttir.

1. gr.

Við 15. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó er ráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að breyta þessum fjárhæðum til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar skal ráðherra breyta þeim með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga aðila á almennum vinnumarkaði frá 5. maí 2011. Í aðdraganda kjarasamninganna áttu stjórnvöld og aðilar á almennum vinnumarkaði víðtækt samráð um ýmsa þætti sem lúta að efnahags- og kjaramálum. Með efni yfirlýsingarinnar lögðu stjórnvöld sitt af mörkum til að kjarasamningar yrðu gerðir til þriggja ára á íslenskum vinnumarkaði. Enn fremur hafa stjórnvöld haft samráð við aðila á opinberum vinnumarkaði vegna efnis yfirlýsingarinnar.

Í yfirlýsingunni kemur meðal annars fram vilji stjórnvalda til að endurskoða bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga með hliðsjón af niðurstöðum kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þannig að lífeyrisþegar og atvinnuleitendur njóti hliðstæðra kjarabóta og um hefur verið samið í kjarasamningum. Heimilt er að hækka atvinnuleysisbætur með reglugerð, sbr. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. Hið sama gildir um fjárhæðir almannatrygginga, sbr. 69. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, en engu síður var samþykkt ákvæði til bráðabirgða þar sem fram kemur að bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr. laganna, breytist ekki á árinu 2011 í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2011. Því er lagt til í frumvarpi þessu að heimilt verði að hækka bætur almannatrygginga ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Meðal annars er vísað til nýgerðra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá 5. maí sl. sem og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar vegna þeirra.

1428. Fyrirspurn [798. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um Maastricht-skilyrði.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Uppfyllir Ísland verðbólguþátt Maastricht-skilyrðanna? Ef ekki, er þá stefnt að því og með hvaða hætti?
2. Uppfyllir Ísland langtímastýrivaxtaþátt Maastricht-skilyrðanna? Ef ekki, er þá stefnt að því og með hvaða hætti?
3. Hver hefur afkoma af rekstri ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu verið árin 2000–2010?
4. Uppfyllir Ísland þátt Maastricht-skilyrðanna um afkomu af rekstri ríkissjóðs? Ef ekki, er þá stefnt að því og með hvaða hætti?
5. Hverjar hafa skuldir hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu verið árin 2000–2010?
6. Uppfyllir Ísland þátt Maastricht-skilyrðanna um opinberar skuldir sem hlutfall af vergri landsframleiðslu? Ef ekki, er þá stefnt að því og með hvaða hætti?
7. Uppfyllir Ísland þær kröfur sem gerðar eru til að öðlast aðild að gengissamstarfi Evrópu (ERM II)? Ef ekki, er þá stefnt að því og með hvaða hætti?

Skriflegt svar óskast.

1429. Nefndarálit [334. mál]

um till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu S. Gunnsteinsdóttur frá velferðarráðuneyti, Hildi Jónsdóttur frá forsætisráðuneyti, Guðjón Bragason og Önnu Guðrúnu Björnsdóttur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Halldóru Gunnarsdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, Margréti Steinarsdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Brynhildi Flóvenz og Þorgerði Einarsdóttur frá Háskóla Íslands, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Sonju Þorbergsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Ingibjörgu Elíasdóttur frá Jafnréttisstofu. Í tengslum við umfjöllun um tillöguna fékk nefndin einnig á sinn fund Evu Bjarnadóttur og Eygló Árnadóttur sem kynntu skýrsluna *Konur í kreppu?* þar sem greind eru áhrif efnahagshrunsins á velferð kvenna. Þá hélt nefndin fund um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð og fékk á sinn fund af því tilefni Dr. Diane Elson og Dr. Susan Himmelweit, sem hafa m.a. unnið með hópi sérfræðinga sem hafa það að markmiði að stuðla að auknu jafnrétti kynja með því að leggja mat á efnahagsstefnur og áætlanagerð.

Nefndinni bárust umsagnir frá Persónuvernd, Tryggingastofnun ríkisins, Reykjanesbæ, Bláskógabyggð, Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar, Félagi náms- og starfsráðgjafa, Ný-

sköpunarmiðstöð Íslands, Orkustofnun, Akureyrarbæ, Kærunefnd jafnréttismála, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Umboðsmanni barna, Kvenréttindafélagi Íslands, landssamtökunum Þroskahjálp, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, félagsmálanefnd Fljótdalshéraðs, Fljótdalshrepps, Djúpavogshrepps, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar, Háskólanum á Akureyri, Kvenfélagasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Seðlabanka Íslands, Byggðastofnun, Hagsmunasamtökum heimilanna, Jafnréttisstofu, Landlæknisembættinu, Lýðheilsustöð, ríkislögreglustjóra, Bandalagi háskólamanna, Háskóla Íslands, Hrunamannahreppi og fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar. Þar sem tillagan snertir mörg málefnasvið og gert er ráð fyrir þátttöku allra ráðuneyta sendi nefndin beiðni til annarra fastanefnda Alþingis þar sem óskað var eftir því að þær fjölluðu um þá þætti tillögunnar sem féllu að málefnasviði hverrar nefndar. Nefndirnar skiluðu allar áliti og fylgja þau áliti þessu sem fylgiskjöl.

Tillagan felur í sér áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, flokkaða eftir áherslusviðum á sviði jafnréttismála. Áætlunin hefur þann tilgang að styrkja stöðu jafnréttismála á Íslandi með fjölbreyttum aðgerðum. Með henni er skilgreind stefna stjórnvalda og lýst verkefnum sem ýmist varpa ljósi á stöðu kynjanna eða fela í sér beinar aðgerðir í þágu kynjajafnréttis. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. maí 2009 var mörkuð sú stefna að styrkja skyldi stöðu jafnréttismála í stjórnkerfinu. Samkvæmt yfirlýsingunni hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir því að jafna hlutfall kynjanna á öllum sviðum samfélagsins og grípa til sértækra aðgerða sé þess þörf. Þannig verði kynjasjónarmið höfð að leiðarljósi í aðgerðum til atvinnusköpunar svo að þær gagnist bæði konur og körlum með fjölbreyttan bakgrunn. Einnig verði gripið til aðgerða til að útrýma kynbundnum launamun í samvinnu við hagsmunasamtök og aðila vinnumarkaðarins, lokið við gerð jafnréttisstaðla og starf jafnréttisfulltrúa ráðuneyta eflt auk þess sem unnið verði úr tillögum jafnréttisvaktarinnar. Fyrirliggjandi áætlun er því í samræmi við yfirlýsinguna. Þá er vert að geta þess að í stefnumarkandi áætlun ríkisstjórnarinnar, *Ísland 2020*, þar sem stefnt er að því að árið 2020 verði Ísland öflugt samfélag sem stendur vörð um velferð á sjálfbæran hátt í þágu allra hópa samfélagsins, er gengið út frá því að öll verkefni sem tengjast Íslandi 2020 taki tillit til kynjasjónarmiða.

1. Jafnréttisáætlun.

Nefndin fagnar fyrirliggjandi tillögu. Jafnréttisáætlunin er sett fram á greinargóðan hátt, henni er skipt upp eftir málaflokkum og áherslum þar sem koma fram mælanleg markmið fyrir hverja aðgerð. Umsagnaraðilar fagna flestir tillögunni þótt sumir telji þörf á því að ganga lengra í að treysta jafnrétti en gert er. Nefndin tekur undir þau sjónarmið og leggur til nokkrar breytingar á áætluninni sem gerð verður nánari grein fyrir hér á eftir. Nefndinni bárust ýmsar athugasemdir er varða ný verkefni eða breytingar á þeim verkefnum sem eru í áætluninni. Nefndin áréttar að við endurskoðun áætlunarinnar, sem og við gerð næstu jafnréttisáætlunar, sé rík ástæða til að huga sérstaklega að nýjum verkefnum sem ekki verður við komið að þessu sinni. Brýnt er þá að huga að því hversu vel slík verkefni samrýmast markmiðum jafnréttisáætlunar í heild, hversu mikilvæg, skýr og mælanleg þau eru, hvernig framkvæmd þeirra og eftirfylgni með þeim verður háttað, sem og mati á þeim.

Nokkur umræða varð um það í nefndinni í hversu ríkum mæli tilteknir liðir áætlunarinnar ganga einfaldlega út á að farið sé að lögum. Þannig miða nokkur verkefni tillögunnar að því að fá mismunandi aðila til að fara að lögum nr. 10/2008, um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla (jafnréttislögum), t.d. verkefni í 7. tölul. um hlut kynja í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum stjórnvalda og verkefni í 20. tölul. um hlut kvenna í stjórnum fyrirtækja og

stofnana. Þá leggur nefndin sjálf til nýtt verkefni í þessum anda, sbr. verkefni um kynjagreiningu upplýsinga og breytingu á 10. tölul. áætlunarinnar sem nánar er fjallað um í kafla um vinnumarkað og launamisrétti kynjanna hér á eftir.

Það er umhugsunarefni að þörf sé á slíkum átaksverkefnum til að minna opinbera aðila, stofnanir og fyrirtæki á að þeim beri skylda til að fara að landslögum. Það er von nefndarinnar að í næstu jafnréttisáætlun verði enn meira pláss fyrir ný og mikilvæg verkefni sem stuðla að jafnrétti kynjanna og ekki verði þá lengur þörf á ítrekuðum áminningum og átaksverkefnum sem snúa að því einu að farið sé að lögum.

2. Markmið, árangursmat og eftirfylgni.

Nefndin ræddi þónokkuð markmiðssetningu áætlunarinnar og einstakra verkefna hennar en ekki virðist alltaf skýrt hvert markmið einstakra verkefna er. Nefndin leggur til breytingar á stöku stað sem nánar er farið yfir hér á eftir. Nefndin telur ljóst að markmið áætlunar í jafnréttismálum sé að stuðla að jafnrétti kynjanna enda er lögbundið í 11. gr. jafnréttislaga að framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum sem ráðherra leggur fyrir Alþingi á fjögurra ára fresti skuli fela í sér verkefni sem ætlað er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi, sbr. 1. gr. laganna.

Nefndin leggur þó ríka áherslu á að einstök verkefni hafi skýr og mælanleg markmið þannig að unnt sé að fylgjast með framgangi þeirra, meta stöðu þeirra og árangur af þeim. Þetta er ekki hvað síst mikilvægt þegar horft er til þess að skv. 38. tölul. tillögunnar er gert ráð fyrir því að áætlunin verði árangursmetin og eftir atvikum endurskoðuð að tveimur árum liðnum. Nefndinni var kynnt að stefnt væri að því að kalla eftir ítarlegri verkefnalýsingu einstakra liða þar sem einnig kæmi fram skýrari markmiðssetning, nánari tímasetningar og skilgreindir væru ábyrgðaraðilar. Telur nefndin mikilvægt að ráðherranefnd um jafnrétti kynja, sbr. 1. tölul. tillögunnar, setji skýrar reglur um þessa verkefnalýsingu þannig að ljóst sé hvert markmið hvers verkefnis er, hver beri ábyrgð á því og hvenær áætlað sé að ljúka því eða einstökum hlutum þess. Nefndin bendir á að þetta samræmist hlutverki ráðherranefndarinnar eins og það er skilgreint í 1. tölul. tillögunnar um að fylgja eftir framkvæmdaáætlun ríkistjórnarinnar í jafnréttismálum.

3. Skipun í nefndir, ráð og stjórnir.

Allmargir umsagnaraðilar gerðu athugasemdir við verkefni sem lýst er í 7. tölul. áætlunarinnar þar sem kveðið er á um að ráðuneytin stefni að því að ná 40:60 markmiðinu við skipun í nefndir, ráð og stjórnir og viðhalda því, sbr. 15. gr. jafnréttislaga. Nefndin áréttar að greinin felur í sér að við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Það er því skýr lagaskylda að tryggja sem jafnast hlutfall kynjanna og um 40:60 markmiðið. Leggur nefndin því til breytingu á ákvæðinu þessu til samræmis og bendir á mikilvægi þess að ráðuneytin fari að lögum um þetta efni og tryggi sem jafnast hlutfall kynjanna við skipun. Þá telur nefndin óþarft að kveða á um það í áætluninni að Jafnréttisstofa hafi eftirlit með fjölda kvenna og karla í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytanna enda sinnir stofan þessu hlutverki nú þegar og ber skylda til þess, sbr. a-lið 3. mgr. 4. gr. jafnréttislaga þar sem stofunni er falið að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Nefndin telur mikilvægt að upplýsingar um hlut kynjanna séu aðgengilegar og birtar opinberlega og leggur því til að auk þess að Jafnréttisstofa birti þessar upplýsingar á vef sínum verði ráðuneytunum skylt að gera það einnig fyrir lok hvers árs.

Nefndinni voru einnig kynnt sjónarmið þess efnis að mikilvægt væri að kynna hlutafélögum og einkahlutafélögum að 1. september 2013 tækju gildi ákvæði laga nr. 13/2010 sem leggja sambærilega skyldu á hlutafélög og einkahlutafélög þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn. Þegar ákvæðið tekur gildi skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn slíkra félaga þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Nefndinni var bent á að á jafnréttisþingi 4. febrúar sl. hafi komið fram að hlutafélög virðist ekki undirbúa sig fyrir þessa breytingu. Nefndin telur kynningu á þessari skyldu fyrirtækjanna falla vel að 20. tölul. áætlunarinnar sem fjallar um hlut kvenna í stjórnum fyrirtækja og stofnana, en þar er gert ráð fyrir að efnt verði til fræðslu um ábyrgð og skyldur stjórnenda og stjórnarmanna í fyrirtækjum. Þá er í athugasemdum við áætlunina skýrt að eitt af þeim atriðum sem efna skal til fræðslu um er fyrrnefnt ákvæði um hlut kvenna í stjórnum sem fær gildi 2013. Til skýringar leggur nefndin því til breytingar á orðalagi ákvæðisins þannig að skýrt verði að vekja eigi athygli á gildistöku laganna með upplýsingagjöf og kynningarefni.

4. Jafnréttisfulltrúar.

Í 3. og 4. tölul. tillögunnar er jafnréttisfulltrúum ráðuneyta falið að móta heildstæða áætlun til fjögurra ára um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða inn í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og opinberra stofnana og að vinna að kynjasamþættingu á málefnasviði hlutaðeigandi ráðuneytis. Þá er þeim skv. 37. tölul. falin eftirfylgni framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum í samstarfi við Jafnréttisstofu og sérfræðinga ráðuneytisins. Jafnréttisfulltrúum er því falið ansi viðamikið hlutverk og ræddi nefndin stöðu þeirra sérstaklega. Fram komu í máli gesta áhyggjur af mismunandi stöðu jafnréttisfulltrúa, þeir væru í mismunandi stöðum innan ráðuneytanna og hefðu mismunandi bakgrunn, menntun og reynslu. Þá væru þeim falin mjög viðamikil verkefni samkvæmt áætluninni en ekki kveðið á um hversu miklum tíma þeir ættu að verja í þau. Þessir starfsmenn væru nú þegar störfum hlaðnir vegna annarra verkefna og óljóst hvort þeir gætu bætt á sig frekari verkefnum er tengjast jafnrétti og fyrirliggjandi jafnréttisáætlun. Nefndinni voru jafnframt kynntar áhyggjur af því að sömu jafnréttisfulltrúum væri falin eftirfylgni og þar með ábyrgð á framgangi jafnréttismála í ráðuneyti sínu. Þá var bent á að það skipti máli fyrir framkvæmd áætlunarinnar að sá aðili sem væri ábyrgur fyrir framkvæmd verkefna væri þannig staðsettur innan stjórnkerfisins að hann ætti auðvelt með að hafa áhrif á framvindu mála.

Nefndin bendir á að samkvæmt því sem segir hér að framan í kafla um markmið, árangursmat og eftirfylgni stendur til að gera ítarlegri verkefnalýsingar fyrir einstaka liði áætlunarinnar þar sem skýrt verður kveðið á um ábyrgðaraðila hvers verkefnis. Það breytir því ekki að ráðherra ber ábyrgð á því að þau verkefni sem Alþingi felur honum með samþykkt þingsályktunartillögu séu framkvæmd. Ráðuneytisstjóri stýrir svo ráðuneyti, samkvæmt lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, undir yfirstjórn ráðherra. Nefndin telur að verði fyrirliggjandi tillaga samþykkt sé ljóst að hlutaðeigandi ráðherra og ráðuneytisstjóri beri ábyrgð á því að sinna og ljúka þeim verkefnum sem eru í tillögunni. Verkefnalýsing kveður svo nánar á um hvaða starfsmanni eða starfsmönnum eru falin einstök verkefni eða hlutar þeirra. Starfsmanni er skylt að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt, skv. 15. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Nefndin telur því ljóst hvar endanleg ábyrgð verkefna liggur.

Í ljósi athugasemda og umsagna hvað þessi mál varðar leggur nefndin til þá breytingu að við gerð áætlunar skv. 3. tölul. hafi jafnréttisfulltrúar samstarf við Jafnréttisstofu. Jafnréttis-

stofa býr yfir mikilli þekkingu á málaflokknum og áætlunum af því tagi sem hér um ræðir og getur verið fulltrúunum dýrmætur bakhjarl við þá vinnu. Af sömu ástæðu er lögð til breyting á 8. tölul. tillögunnar þannig að jafnréttisáætlanir Stjórnarráðsins, ráðuneyta og stofnana verði unnar í samráði við Jafnréttisstofu. Þá telur nefndin vert að vekja athygli á því að ekki er til aðgerðamiðuð jafnréttisáætlun fyrir nýtt velferðarráðuneyti, eftir sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Heilbrigðisnefnd leggur í áliti sínu ríka áherslu á að slík áætlun verði gerð sem fyrst enda telur hún eðlilegt að ráðuneyti jafnréttismála gangi á undan með góðu fordæmi. Telur nefndin vert að leggja fram tillögu hvað þetta varðar.

5. Kyngreining upplýsinga.

Nefndin ræddi nokkuð kyngreiningu upplýsinga en í 16. gr. jafnréttislaga er kveðið á um að í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skuli greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því. Kyngreining upplýsinga er m.a. mikilvægur þáttur í kynjaðri fjárlagagerð, sbr. 5. tölul. tillögunnar, en 28. apríl sl. samþykkti ríkisstjórnin þriggja ára áætlun um áframhaldandi innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar. Markmiðið er að gera kynjaáhrif fjárlaga sýnileg í þeim tilgangi að hægt sé að bregðast við og endurmóta stefnu, útgjöld og tekjuöflun í samræmi við jafnréttismarkmið. Í áliti fjárlaganefndar er lögð áhersla á að sem fyrst verði metið hvaða áhrif breytingar í ríkisrekstri eftir hrun hafa haft, greint eftir kynjum. Í áliti efnahags- og skattanefndar kemur fram að innan starfshóps um breytingar og umbætur á skattkerfinu væri skilningur á mikilvægi kynjasjónarmiða við lagasmíð auk þess sem hjá efnahags- og skattanefnd kom fram að skattyfirvöld hefðu yfir að ráða ítarlegum upplýsingum sem unnt væri að nota við kynjagreiningu. Þá vekur nefndin sérstaka athygli á að stefna ríkisstjórnarinnar er að samþætta kynja- og jafnréttismál við stefnumörkun og aðgerðir ríkisstjórnarinnar og bendir á að það verður ekki gert nema fyrir liggi fullnægjandi gögn og upplýsingar.

Í skýrslunni Konur í kreppu? sem nefndin kynnti sér við umfjöllun málsins kemur fram að ýmis opinber gögn eru ekki kyngreind og það hafi haft áhrif á skýrslugerðina. Benda skýrsluhöfundar á að „skortur á upplýsingum um ólíka stöðu kynjanna eykur hættu á að stjórnvöld dragi rangar ályktanir og grípi til opinberra aðgerða sem ekki hafa tilætluð áhrif“. Nefndin tekur undir þessi orð og bendir á að það er skýr lagaskylda að kyngreina gögn í opinberri hagskýrslugerð. Mikilvægt er að árétta lagaskyldunu til að kyngreina gögn og framfylgja lögum um þetta efni. Leggur nefndin því til nýjan lið í áætlunina sem feli í sér að tryggt verði að farið sé eftir 16. gr. laganna. Nefndin áréttar mikilvægi þess að hið opinbera sinni lögbundinni skyldu sinni og leggur því til að þeir sem ekki sinna þessu lögbundna hlutverki verði áminntir í samræmi við ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, enda sé um að ræða brot er varði við 21. og/eða 38. gr. laganna.

6. Jafnréttismat á frumvörpum.

Nefndinni var kynnt að í fyrri drögum að áætluninni hafi verið gert ráð fyrir því að í henni væri verkefni er lyti að því að unnið yrði mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa á jafnrétti kynjanna sem mundi svo fylgja þeim við framlagningu á Alþingi með svipuðum hætti og kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins fylgir stjórnarfrumvörpum nú. Telur nefndin um mjög þarft verkefni að ræða sem aukið getur skilning á áhrifum frumvarpa og ýtt undir upplýsta og vel ígrundaða ákvarðanatöku. Ljóst er þó að slíkt mat getur tafið

verulega vinnu við frumvörp og seinkað framlagningu þeirra á Alþingi. Þá er ljóst að þróa þarf aðferðafræði að baki slíku mati og því yrði einungis um að ræða jafnréttismat á hluta af frumvörpum. Nefndin telur mikilvægt að jafnréttissjónarmið séu ávallt höfð í huga við framlagningu frumvarpa og að greint sé hvort frumvarp geti haft áhrif á jafnrétti og þá með hvaða hætti. Nefndin telur þó ekki unnt að kveða á um jafnréttismat frumvarpa að þessu sinni en leggur til að í þeirri endurskoðun sem stendur yfir á reglum um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa verði tryggt að frumvörpum fylgi ávallt gátlisti um jafnréttismál þar sem farið er yfir hvort og þá hvernig frumvarpið hefur áhrif á jafnrétti.

7. Vinnumarkaður – launamisrétti kynjanna.

Á íslenskum vinnumarkaði er enn launamisrétti kynja. Nefndin telur mikilvægt að útrýma því og tekur undir með fjárlaganefnd sem segir í áliti sínu að of hægt hafi gengið að uppræta kynbundinn launamun. Í tillögunni eru orðin „kynbundinn launamunur“ notuð yfir það sem í reynd er „launamisrétti kynjanna“ sem er það hugtak sem notað er í jafnréttislögum. Nefndin leggur til breytingu til samræmis við orðalag laganna og áréttar að hér er um misrétti að ræða en ekki einungis mun og skýrt þurfi að vera að markmiðið sé að upprætta misréttið og ná fram launajafnrétti.

Í 10. tölul. tillögunnar er kveðið á um gerð framkvæmdaáætlunar gegn kynbundnum launamun. Telur nefndin mikilvægt að þar sé kveðið skýrt á um hvert markmið slíkrar áætlunar sé og ljóst að hún skuli hafa það að markmiði að útrýma launamisrétti kynjanna. Nefndin leggur til breytingu þessa efnis. Í 10. tölul. eru talin upp sjö atriði sem framkvæmdaáætlunin skuli m.a. fela í sér og þar er kveðið á um að efnt verði til samstarfs við samtök aðila vinnumarkaðarins um innleiðingu Vegvísis um launajafnrétti. Nefndin telur um mjög þarft verkefni að ræða en bendir jafnframt á að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV í jafnréttislögum skal ráðherra sjá til þess að þróað verði sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Verkefni þessu átti að ljúka fyrir 1. janúar 2010 og samfara því átti að fara fram endurskoðun á lögunum. Nefndin telur brýnt að verkefninu verði lokið og fyrirtækjum gert kleift að fá jafnréttisvottun. Jafnréttisvottun væri staðfesting á því að stefna, framkvæmd eða ferli jafnréttismála fyrirtækis eða stofnunar væri í samræmi við ákveðna staðla eða viðmið sem byggjast á lögum. Jafnréttisvottun ætti því að geta orðið eftirsóknarvert takmark fyrirtækja og stofnana og hluti af ímynd þeirra. Fyrirtækjum og stofnunum væri enn fremur heimilt að geta slíkrar vottunar í auglýsingum, öðru kynningarefni og starfsauglýsingum og þar með yrði ákjósanlegra að starfa hjá slíku fyrirtæki eða stofnun eða eiga við það viðskipti.

Verkefni þau sem kveðið er á um í 11. og 12. tölul. tillögunnar eru um margt lík. Annars vegar er verkefni um kynbundið launamisrétti á landsbyggðinni þar sem greina á orsakir launamisréttis kynjanna eftir landsvæðum og hins vegar er verkefni sem felur í sér úttekt á launamisrétti kynja í sjávarútvegi og landbúnaði og aðstöðu til náms í greinunum. Mikill munur er þó á þeim fjármunum sem verja á í verkefnin og hljóðar kostnaðaráætlun fyrrnefnda verkefnisins upp á 2 millj. kr. en áætlun þess síðara upp á 5 millj. kr. Nefndin telur mikilvægt að gætt sé að því að kostnaðaráætlanir séu raunhæfar og nægum fjármunum varið til allra verkefna tillögunnar.

Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að mikilvægt væri að gera sérstaka úttekt á launamisrétti kynja í þeim starfstéttum þar sem annað kynið er ráðandi. Eitt af einkennum íslensks vinnumarkaðar er að hann er mjög kynskiptur eftir starfsgreinum og er það jafnframt

mjög afgerandi forsenda fyrir launamisrétti kynjanna. Mikilvægt er því að rannsaka heildstætt launamisrétti kynjanna, rannsaka ástæður þess að annað kynið sæki meira í ákveðin störf og þróa mælitæki sem nýtast við að taka ákvarðanir um laun á vinnumarkaði þar sem sömu mælikvarðar eru notaðir til að ákvarða laun karla og kvenna. Nefndin telur mikilvægt að borin verði saman laun einstaklinga í svokölluðum kvennastéttum og karlastéttum. Þannig verði skilgreint hvaða störf teljist jafnverðmæt og rannsakaðar ástæður þess að annað kynið sæki meira í ákveðin störf. Nefndin bendir á að ýmis verkefni sem þegar eru til staðar hafa það markmið að kanna launamisrétti kynjanna. Nefndin ítrekar hins vegar mikilvægi þess að launamisrétti kynjanna sé rannsakað heildstætt og beinir því til ráðherra og framkvæmdaraðila áætlunarinnar að sjónum verði sérstaklega beint að þessum efnum við endurskoðun áætlunarinnar. Þá verði jafnframt tekin afstaða til þess hvort ekki sé rétt að efna sérstaklega til slíkrar rannsóknar.

8. Fæðingarorlof.

Nefndin fjallaði þónokkuð um 13. tölul. tillögunnar þar sem lagt er til að gerð verði könnun á töku feðra á fæðingarorlofi o.fl. Þar er m.a. lagt til að könnuð verði sérstaklega áhrif niðurskurðar á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði á töku feðra á orlofinu. Þessi hluti tillögunnar er í nokkru samræmi við fyrirliggjandi beiðni um skýrslu frá velferðarráðherra sem nefndarmenn félags- og tryggingamálanefndar lögðu fram fyrr á þessu þingi (þskj. 912, 542. mál) en samhljóða skýrslubeiðni var jafnframt flutt á síðasta þingi. Í beiðninni er óskað heildstæðari upplýsinga um áhrif skerðinga á hámarksgreiðslur fæðingarorlofsins þar sem m.a. skuli skoða orlofstöku með tilliti til lengdar orlofs, kyns foreldris og tekna þess. Nokkrir umsagnaraðilar gera athugasemdir við þennan lið tillögunnar og telja könnunina of takmarkaða þar sem hún nái einungis til feðra og áhersla sé lögð á áhrif á verkaskiptingu ungra foreldra á heimilum og atvinnuþátttöku kvenna og karla. Tekur nefndin undir þetta og telur mikilvægt að könnuð sé taka bæði mæðra og feðra á fæðingarorlofi og áhrif þess óháð aldri foreldra. Þá telur nefndin mikilvægt að jafnframt verði staða mæðra og feðra könnuð eftir að fæðingarorlofstímabili lýkur, en vísbendingar eru m.a. um að konur fari síður og þá seinna út á vinnumarkað eftir það. Einnig eru vísbendingar um að fólk gangi ekki endilega að sama starfi eða ábyrgð að loknu fæðingarorlofi og er mikilvægt að slíkt verði einnig skoðað sérstaklega. Nefndin telur mikilvægt að allar upplýsingar könnunarinnar verði kyngreindar en jafnframt greindar eftir aldri og stöðu foreldra.

Nefndin hefur nú í nokkurn tíma beðið skýrslu um áhrif niðurskurðar á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði, sbr. lög nr. 173/2008, 70/2009 og 120/2009. Nefndin hefur fengið þær upplýsingar að skýrslan sem óskað var eftir frá velferðarráðherra sé í vinnslu. Mikilvægt er að fá heildstæða mynd af fæðingarorlofskerfinu og þeim áhrifum sem niðurskurður hefur haft á töku mæðra og feðra á fæðingarorlofi, sem og áhrif hans á verkaskiptingu foreldra á heimilum og atvinnuþátttöku einstaklinga af báðum kynjum. Nefndin telur að hægt verði að nýta skýrsluna og þá vinnu sem þegar hefur verið unnin í þessum efnum og beinir því til framkvæmdaraðila áætlunarinnar að vinna í framhaldinu heildstæðara mat á þessu sviði.

9. Kærunefnd jafnréttismála og dómar Hæstaréttar Íslands.

Í 17. tölul. tillögunnar er lagt til að gerð verði lögfræðileg úttekt á málum sem kærð hafa verið til kærunefndar jafnréttismála og þróun á túlkun jafnréttislaga hjá nefndinni verði skoðuð. Kærunefnd jafnréttismála fagnar því að til standi að gera slíka úttekt og telur nefndin vert að taka undir með kærunefndinni og áréttar mikilvægi þess að reglur á þessu sviði séu skýrar.

Nefndinni var bent á að til að fá heildstæða mynd af málum væri mikilvægt að kanna einnig dóma Hæstaréttar þar sem jafnréttislög hafa verið túlkuð. Könnun nefndarinnar hefur leitt í ljós að ekki er um ýkja marga dóma að ræða, til að mynda féllu tveir dómar í Hæstarétti í jafnréttismálum á tímabilinu 2008–2010. Mikilvægt er þó að fá heildarmynd af réttarþróun og lagatúlkun á þessu sviði. Nefndin tekur undir þau sjónarmið að með því að útfæra könnunina þannig að hún taki jafnframt til dóma Hæstaréttar gefi hún skarpari mynd af þróun mála og túlkun jafnréttislaga. Telur nefndin að þessi viðbót við verkefnið sé ekki það umfangsmikil að til þurfi viðbótarfjármagn og að hún rúmist því innan fyrirliggjandi kostnaðaráætlunar.

10. Kynbundið ofbeldi.

Í D-hluta tillögunnar er gerð grein fyrir verkefnum er varða aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi og telur nefndin um mjög mikilvæg verkefni að ræða. Nefndin fagnar vinnu við aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi sem getið er í 21. tölul.

Þá telur nefndin brýna réttarbót felast í frumvarpi til lögfestingar á „austurrísku leiðinni“, sbr. 22. tölul. tillögunnar, og fagnar því að frumvarpið hefur nú verið lagt fram (þskj. 1225, 706. mál). Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að þessi liður áætlunarinnar væri ekki alls kostar skýr þar sem ekki kæmi fram hver „austurríska leiðin“ væri. Nefndin bendir á að það er útskýrt í tillögutexta þessa liðar þar sem kemur fram að ætlunin sé m.a. að unnt verði að fyrirskipa að einstaklingur sem beitir heimilismenn sína ofbeldi yfirgefi heimilið. Í áliti allsherjarnefndar er tekið undir sjónarmið sem mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar setur fram í umsögn sinni um að heimilin eigi að vera griðastaður og því eðlilegra að sá sem beitir ofbeldi innan veggja heimilisins yfirgefi það í stað þess eða þeirra sem verða fyrir ofbeldinu.

Nefndin telur jafnframt mikilvægt að opna betur umræðuna um kynbundið ofbeldi. Þannig þurfi að verða vitundarvakning um að ofbeldi getur verið til staðar í öllum samböndum. Í bók Ingólfs V. Gíslasonar *Ofbeldi í nánum samböndum – orsakir, afleiðingar, úrræði* sem kom út á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis árið 2008 kemur fram að „karlar verða fyrir því að konur beiti þá ofbeldi, ofbeldi milli para getur verið gagnkvæmt, börn verða fyrir ofbeldi foreldra og systkina og aldraðir verða fyrir ofbeldi ættingja sinna. Þá er ofbeldi einnig til staðar í samböndum samkynhneigðra.“ Í bókinni segir auk þess að sænsk rannsókn bendi til þess að ofbeldi sé í reynd álíka algengt í sambúð samkynhneigðra og gagnkynhneigðra. Mikilvægt er að ofbeldi líðist aldrei í samböndum og á heimilum. Ekki má heldur líta fram hjá því að börn sem búa við þær aðstæður að ofbeldi er þáttur í heimilislífi þeirra mótast af því, hvort sem þau eru sjálf beinlínis beitt ofbeldi eða ekki. Hér er því um samfélagslegt vandamál að ræða sem brýnt er að ræða um og leita lausna á.

Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að mikilvægt væri að kanna sérstaklega stöðu fatlaðra kvenna. Þessar konur eru almennt taldar í áhættuhópi hvað varðar ofbeldi, meiðsli eða misþyrmingar, hirðuleysi eða vanrækslu, illa meðferð eða misnotkun í gróðaskyni. Endurspeglast þetta m.a. í formálsorðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þá hafa landssamtökin Þroskahjálp áhyggjur af kynferðislegri misnotkun fatlaðra kvenna og stúlkna og hafa samtökin m.a. staðið ásamt fleirum að fræðslu og útgáfu fræðsluefnis um áhættuþætti. Pottur hefur víða verið brotinn í réttindagæslu fatlaðs fólks og í eftirliti með þjónustu við það. Ríkisendurskoðun gerir m.a. alvarlegar athugasemdir við þessi atriði í skýrslu frá 2010 um þjónustu við fatlað fólk. Ljóst er að verja þarf fjármunum í verkefni sem þetta en nefndin telur mjög brýnt að gera könnun á stöðu fatlaðra kvenna svo að unnt

sé að meta hvort eftirlit með þjónustu og réttindagæsla sé viðunandi. Í þessum efnum þarf að kanna hvort grípa þurfi til sértækra aðgerða til að tryggja að mannréttindi og jafnrétti sé virt í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Leggur nefndin því til að nýtt verkefni bætist við tillöguna í samræmi við þetta og telur raunhæft að áætla 1,5 millj. kr. til þess.

Nefndin áréttar jafnframt að hún telur brýnt að skoðuð verði staða fatlaðra stúlkna og pilta með sömu sjónarmið að leiðarljósi. Slík könnun telst þó fremur barnaverndarmál en jafnréttismál og því leggur nefndin ekki til slíkt verkefni, en beinir því til velferðarráðuneytis að vaka sérstaklega yfir stöðu fatlaðra barna og ungmenna og tryggja að réttindagæslu þeirra, sem og alls fatlaðs fólks, sé sinnt með fullnægjandi hætti. Í þessu samhengi telur nefndin vert að benda á að hún hefur nú til umfjöllunar frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (þskj. 1252, 728. mál) sem lagt er fram í samræmi við ákvæði til bráðabirgða XI í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, en það á rætur að rekja til breytingartillögu nefndarinnar í 256. máli á þessu löggjafarþingi.

11. Menntir og jafnrétti.

Nefndin fjallaði þó nokkuð um E-hluta tillögunnar um menntir og jafnrétti þar sem gert er ráð fyrir sjö verkefnum. Í tengslum við umfjöllunina ræddi nefndin sérstaklega um fræðasamfélagið og sérfræðinga á sviði kynjafræði og jafnréttis. Telur nefndin mikilvægt að sækja þekkingu til fræðasamfélagsins og að verkefni sem varða jafnrétti verði unnin í samráði við sérfræðinga í kynjafræðum. Leggur nefndin því til breytingar þess efnis á 26. tölul., um jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum, en hún telur jafnframt eðlilegt að samráð sé haft við sveitarfélögin þar sem þau fara með málefni leik- og grunnskóla. Þá telur nefndin eðlilegt að við úthlutun fjármuna úr Jafnréttissjóði, sbr. 9. tölul. tillögunnar, verði skipað fagráð sem leggi faglegt mat á umsóknir og í því sitji m.a. sérfræðingar í kynjafræðum.

Í 27. tölul. tillögunnar er verkefni er lýtur að því að koma áföngum í kynja- og jafnréttisfræðum inn í framhaldsskóla. Nefndin telur um mjög þarft verkefni að ræða sem þar að auki er í samræmi við 23. gr. jafnréttislaga. Í greininni er m.a. kveðið á um kynjasamþættingu í stefnumótun í skólastarfi og að á öllum skólastigum skuli nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál. Í tillögunni er þó ekki að finna sérstakt verkefni er varðar jafnrétti í háskólum heldur einungis í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Telur nefndin mikilvægt að jafnframt verði horft til háskólanna hvað þetta varðar og leggur til að við tillöguna bætist verkefni um jafnrétti í háskólum sambærilegt því sem lagt er til um jafnrétti í framhaldsskólum í 27. tölul. Nefndin telur raunhæft að verja til verkefnisins 500 þús. kr. sem er sama fjárhæð og kostnaðaráætlun vegna sambærilegs verkefnis í framhaldsskólum hljóðar upp á.

Menntamálanefnd mælist til þess í áliti sínu að verkefni 28. tölul., um félagslíf í framhaldsskólum, sé útfært nánar. Tekur nefndin undir þessa athugasemd og telur verkefnalýsingu nokkuð óljósa enda eðlilegt að fyrst verði könnuð þátttaka pilta og stúlkna í félagslífi og öðru starfi í framhaldsskólum áður en gripið er til einstaka aðgerða til að tryggja jafna þátttöku þeirra. Nefndin telur um mikilvægt verkefni að ræða enda nauðsynlegt að stuðla að jöfnum tækifærum pilta og stúlkna og tryggja að einstaklingar fái jöfn tækifæri til að sinna hugðarefnum sínum, þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína til að gegna forystuhlutverki í félagsstarfi. Nefndin leggur til breytingu þess efnis.

Nefndin leggur til sambærilegar breytingar á 29. tölul. tillögunnar, um starfsgreinar, þar sem hún telur mikilvægt að kannaðar verði ástæður þess að stúlkur leita fremur í starfsgreinar sem skilgreindar hafa verið sem hefðbundnar kvennagreinar og strákar í þær sem hafa verið

skilgreindar sem hefðbundnar karlagreinar. Mikilvægt er að nemendur hafi jöfn tækifæri til að velja sér nám og störf óháð kyni. Ef í ljós kemur að aðgangur að ákveðnum greinum sé á einhvern hátt lokaður er lögð áhersla á að kannað verði með hvaða hætti megi opna hann.

31. tölul. tillögunnar, konur og kvikmyndagerð, felur í sér að hvetja eigi konur til að sækja um styrki í kvikmyndasjóði. Ljóst er að færri konur sækja um styrki úr kvikmyndasjóði en nefndin telur mikilvægt að kannað verði hvers vegna þær sækja síður um. Þá telur nefndin mikilvægt að viðfangsefni með kvenlægum gildum njóti viðurkenningar til jafns við karllæg viðmið í mati á umsóknum og bendir á mikilvægi þess að kynin og hlutverk þeirra fái fjölbreytta birtingarmynd í samfélaginu. Mikilvægt er að stúlkur og piltar hafi frá unga aldri jöfn tækifæri til að sinna hugðarefnum sínum og telur nefndin því jákvætt að skólastúlkur fái hvatningu til stuttmyndagerðar. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á ákvæðinu framangreindu til samræmis.

Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að miklu skipti að faglega sé staðið að verki við úthlutun fjár og að skipting fjármagns til rannsókna nýtist jafnt konum sem körlum. Þá var nefndinni kynnt að jafnréttisnefnd Háskóla Íslands vinni nú að gerð úttektar á hlut kynjanna í styrkjum til vísinda og rannsókna sem úthlutað er úr sjóðum í vörslu háskólans. Nefndin telur mikilvægt að heildarmynd fáist af hlut kynjanna við úthlutun styrkja til vísinda og fræða hér á landi og leggur til að við áætlunina bætist nýtt verkefni sem felur í sér að sjóðir sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og starfa á grundvelli laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir haldi kerfisbundið til haga upplýsingum um kynjaskiptingu fagráða, umsækjenda, styrkþega og styrkupphæðir fyrir árið 2012. Þannig verði í kjölfarið hægt að leggja mat á hvernig starfsemi sjóðanna nýtist hvoru kyni fyrir sig og unnt að grípa til aðgerða halli óeðlilega á annað kynið meðal styrkþega.

12. Jafnrétti og fjölmiðlar.

Í E-hluta tillögunnar er einungis að finna verkefni sem lúta að menntun og jafnrétti en nefndin telur mikilvægt að einnig sé horft til fjölmiðla. Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki varðandi jafnréttismál og lýðræðislega umræðu. Í nýlegri grein Eyglóar Arnadóttur, *Konur og karlar í fjölmiðlum*, kemur m.a. fram að karlar voru 97% viðmælenda í fréttum fjölmiðla um fjármálafyrirtæki í aðdraganda bankahrunsins en konur 3%. Þar er jafnframt vísað til rannsóknar á umfjöllun fjölmiðla um stjórnmálafólk fyrir kosningar til Alþingis 2009 „sem sýndi að stjórnmálakarlar fengu meiri umfjöllun en fjöldi þeirra á framboðslistum gaf tilefni til og stjórnmálakonur fengu minni umfjöllun en fjöldi þeirra og staða á framboðslistum gaf tilefni til“. Í greininni kemur auk þess fram að konur eru viðmælendur eða umfjöllunarefni í 15–38% frétta hér á landi, en þetta hlutfall er misjafnt eftir fréttaflokkum. Við vinnu menntamálanefndar í tengslum við frumvarp til laga um fjölmiðla, 198. mál, sem varð að lögum nr. 38/2011, var rætt nokkuð um jafnrétti í fjölmiðlum og lagði nefndin m.a. til breytingar á frumvarpinu. Í nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar segir m.a. „Meiri hlutinn leggur jafnframt til þá breytingu að fjölmiðlaveitur skuli virða jafnrétti kynjanna sem og að tryggja að mismunandi sjónarmið komi fram í umfjöllun um fréttir og fréttatengt efni, jafnt karla og kvenna. Meiri hlutinn leggur á það þunga áherslu að ákvæði jafnréttislaga verði virt í störfum og umfjöllun fjölmiðla á Íslandi enda er jafnrétti kynjanna einn af hornsteinum lýðræðisins.“ Nefndin tekur heils hugar undir þessa afstöðu og hefði fagnað því að sjá í áætluninni verkefni er lyti að könnun á birtingarmyndum kynjanna í fjölmiðlum. Beinir nefndin því til velferðarráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis að huga að því að gerð verði sérstök úttekt eða könnun á fjölmiðlum og jafnrétti. Nefndin telur mikilvægt að fjölmiðlar hafi skýra

jafnréttisáætlun og aðgerðaáætlun um það hvernig eigi að vinna gegn staðalímyndum kynjanna. Bendir nefndin í þessu samhengi á að í nýjum fjölmiðlalögum er gert ráð fyrir því að fjölmiðlaveitur sendi fjölmiðlanefnd skýrslu og í henni verði gerð grein fyrir stöðu jafnréttismála, m.a. um það hvernig tíma og/eða rúmi sé varið eftir kynjum. Telur nefndin að í jafnréttis- og aðgerðaáætlunum geti fjölmiðlar sett sér reglur og viðmið um það hvernig þeir skipta tíma og/eða rúmi eftir kynjum, m.a. til þess að stuðla að jafnari birtingu kynja í fjölmiðlum, gæta jafnréttissjónarmiða og tryggja að birtingarmynd kynjanna í fjölmiðlum verði á þá leið að konur og karlar hafi jöfn áhrif í samfélaginu og jöfn tækifæri. Í þessu samhengi telur nefndin einnig vert að huga að völdum, áhrifum og framgangi kvenna innan fjölmiðlanna sjálfra og hvernig jafnréttismarkmiðum er framfylgt á vinnustöðum á sviði fjölmiðlunar.

13. Karlar og jafnrétti.

Í F-hluta og 32. tölul. tillögunnar er fjallað um verkefnið *Karlar um borð* sem hefur það að markmiði að auka náms- og starfsval karla sem og annað hlutverkaval þeirra, vinna gegn staðalímyndum kynjanna og auka þátttöku þeirra í verkefnum fjölskyldunnar. Nefndin telur verkefnið jákvætt enda mikilvægt að virkja alla til þátttöku í umræðum um jafnrétti kynjanna og auka aðild karla að jafnréttisstarfi sem konur hafa sinnt í meira mæli til þessa. Þá sé brýnt að allir taki þátt í að tryggja jafnrétti í samfélaginu.

14. Alþjóðastarf.

Í G-hluta tillögunnar er að finna fjögur verkefni er varða alþjóðastarf. Í áliti utanríkismálanefndar um 33. tölul., eftirfylgni við aðgerðaáætlun um framkvæmd ályktunar öryggisráðsins nr. 1325 og tengdar ályktanir um konur, frið og öryggi á alþjóðavettvangi, segir: „Eftirfylgni við aðgerðaáætlun frá 8. mars 2008 um framkvæmd ályktunar öryggisráðsins nr. 1325 og tengdra ályktana um konur, frið og öryggi á alþjóðavettvangi er mikilvægt verkefni að mati nefndarinnar. Íslensk stjórnvöld hafa markað sér stöðu og aflað sér virðingar sem málsvari málaflokksins á alþjóðavettvangi, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og innan Atlantshafsbandalagsins þar sem nýlega voru tekin upp jafnréttismarkmið. Nefndin telur að orðalag þessa liðar jafnréttisáætlunarinnar eigi að endurspegla þennan styrkleika og áherslur íslenskra stjórnvalda með skýrari hætti og leggur til viðeigandi breytingar á orðalagi.“ Tekur nefndin undir þessi sjónarmið og leggur til breytingu á liðnum til samræmis við tillögu utanríkismálanefndar.

Þá telur nefndin vert að fagna því að unnið verði að því að Jafnréttisskóli Háskóla Íslands verði hluti af tengslaneti Sameinuðu þjóðanna. Þær þrjár deildir Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem starfa á Íslandi hafa verið mikilvægt framlag Íslendinga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og jákvætt væri ef fjórða deild skólans bættist við hér á landi. Mikilvægt er að Íslendingar miðli af reynslu sinni í jafnréttismálum og taki þátt í því að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna í þróunarríkjum, á átakasvæðum og í samfélögum þar sem nýlega hefur komist á friður að átökum loknum. Samvinna af þessu tagi heldur jafnframt íslensku samfélagi, þ.m.t. fræðasamfélagi, upplýstu um mikilvægi jafnréttis kynjanna.

15. Fjölþætt jafnrétti.

Nefndin ræddi nokkuð fjölþætt jafnrétti og tekur undir með menntamálanefnd sem bendir á í áliti sínu að jafnréttishugtakið hefur víðari skírskotun en túlkun þess í jafnréttislögum gefur til kynna. Nefndin telur mikilvægt að gætt sé jafnréttis meðal ýmissa annarra hópa sam-

félagsins. Áætlun í jafnréttismálum er þó lögð fram í samræmi við framangreind lög og er þar lögbundið að hún skuli fela í sér verkefni sem ætlað er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Ekki er því talið rétt að setja í áætlunina verkefni er varða fjölþætta mismunun en nefndin bendir á að í velferðarráðuneytinu er unnið að frumvarpi til laga um jafna meðferð fólks á vinnumarkaði án tillits til kynþáttar eða þjóðernis, trúar eða trúarskoðana, fötlunar/örorku, aldurs eða kynhneigðar, sem byggist m.a. á efnisþáttum tilskipana Evrópusambandsins nr. 2000/43/EB, um innleiðingu meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis, og nr. 2000/78/EB, um innleiðingu meginreglunnar um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi. Nefndin telur mikilvægt að frumvarp þetta komi sem fyrst til þinglegrar meðferðar á Alþingi.

16. Kostnaður.

Í áætluninni eru lögð til 38 verkefni. Veitt er fjármagn til 23 verkefna en 15 eru talin rúmast innan fjárheimilda ráðuneytanna. Áætlaður heildarkostnaður við tillöguna nemur 168,8 millj. kr. á þeim fjórum árum sem hún er í gildi og munar þar mest um 60 millj. kr. til Lánatryggingasjóðs kvenna (16. tölul.) auk þess sem gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóður jafnréttismála (2. tölul.) og Jafnréttissjóður (9. tölul.) fái 30 millj. kr. hvor. Nefndin leggur til þónokkrar breytingar á þeim verkefnum sem eru í áætluninni en telur þær breytingar þó rúmast innan fyrirliggjandi kostnaðaráætlana. Að auki leggur nefndin til að við áætlunina bætist fimm verkefni. Gert er ráð fyrir að þrjú þeirra rúmist innan fjárheimilda ráðuneyta en tvö þeirra þurfi sérstakt fjármagn og er heildarupphæð þeirrar fjárhæðar sem þar er lögð til 2 millj. kr. Fjárheimildir fylgja ekki þessum verkefnum og leggur nefndin því til að þau hefjist ekki fyrr en á næsta ári enda hefur ekki verið gert ráð fyrir þeim í fjárlögum fyrir árið 2011. Nefndin beinir þeim tilmælum til fjárlaganefndar að verkefnunum verði tryggðar fjárheimildir á fjárlögum áranna 2012–2014.

Auk þeirra breytinga sem þegar hefur verið gerð grein fyrir leggur nefndin til smávægilegar breytingar á texta. Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt með breytingum** sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ásmundur Einar Daðason, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Lilja Rafney Magnúsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 2011.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaform., frsm.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form.	Pétur H. Blöndal.
Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Guðmundur Steingrímsson.	Íris Róbertsdóttir.

Fylgiskjal I.

Álit

um till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur að beiðni félags- og tryggingamálanefndar fjallað um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (þskj. 401, 334. mál), þ.e. sérstaklega þá hluta tillögunnar sem falla undir málefnasvið nefndarinnar.

Tillagan er kaflaskipt eftir áherslusviðum ríkisstjórnarinnar á sviði jafnréttismála og í greinargerð með henni kemur fram að með þeirri framsetningu sé stefnt að því að áherslur og forgangsröðun stjórnvalda birtist með skýrari hætti í framkvæmdaáætluninni. Þá kemur fram að á síðustu árum hafi verið stigin stór skref í átt til jafnrar stöðu kynjanna en einnig að margt sé óunnið á sviði jafnréttismála og að þessari áætlun sé ætlað að ná utan um brýnustu verkefni ríkisstjórnarinnar á sviði kynjajafnréttis.

Þeir kaflar sem heyra sérstaklega undir málefnasvið nefndarinnar eru: A. Stjórnsýslan, C. Kyn og völd, D. Kynbundið ofbeldi og H. Eftirfylgni og endurskoðun og fór nefndin yfir þá ásamt því að skoða athugasemdir umsagnaraðila sem falla undir framangreinda kafla en þær eru almennt jákvæðar.

Nefndin fjallaði um kafla D um kynbundið ofbeldi, þ.e. verkefni 21 um nýja aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi, og telur hana mjög mikilvæga. Í henni er lagt til að tekið verði mið af rannsóknum úr gildandi aðgerðaáætlun frá 2006 auk rannsóknar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þá verði sérstök áhersla lögð á að skoða samhengi kynbundinna ofbeldisbrota, saksóknar vegna þeirra og meðferðar í dómskerfinu. Nefndin telur mjög mikilvægt að við mótun nýrrar aðgerðaáætlunar sé byggt á þeirri vinnu og þeim rannsóknum sem þegar hafa verið gerðar á þessu sviði og enn fremur samráði við fagfólk.

Þá fjallaði nefndin einnig sérstaklega um verkefni 22 um úrræði vegna heimilisofbeldis og verkefni 24 um forvarnir gegn vændi. Í tillögunni kemur fram að frumvarp til laga verði lagt fram á Alþingi til þess að leiða í lög heimild fyrir þar til bæra aðila innan réttarvörslukerfisins til að fyrirskipa að einstaklingur, sem beitir heimilismenn sína ofbeldi, yfirgefi heimilið og að svonefnd austurrísk leið, einnig kölluð rauða spjaldið, liggi til grundvallar þeirri vinnu. Í umsögn mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar er vísað í ársskýrslu Kvennaathvarfsins sem nefndin kannaði. Árið 2010 komu 118 konur og 54 börn til dvalar í kvennaathvarfið og árið 2009 komu 118 konur og 60 börn. Árið 2008 komu 130 konur og 77 börn til dvalar í athvarfið og 101 kona og 68 börn árið 2007. Nefndin tekur heilshugar undir þau sjónarmið sem mannréttindaskrifstofan setur fram í umsögn sinni um að heimilin eiga að vera griðastaður og því eðlilegra að þeir sem beita ofbeldi innan veggja heimilisins yfirgefi það í stað þeirra sem verða fyrir ofbeldinu. Nefndin tekur fram að slík þingmál hafa verið flutt á Alþingi og einnig lá það fyrir í þingmálaskrá forsætisráðherra fyrir 138. löggjafarþing að slíkt frumvarp yrði lagt fram en af því varð ekki. Nefndin leggur því sérstaka áherslu á að vinna við frumvarpið verði sett í forgang og málið lagt fram á Alþingi til þinglegrar meðferðar.

Nefndin tekur enn fremur undir sjónarmið Mannréttindaskrifstofu Íslands að forvarnir eru öflugasta vopn sem stjórnvöld hafa gegn kynbundnu ofbeldi og annarri óæskilegri hegðun og leggur áherslu á að í áætluninni verði lögð vinna í að skoða hvernig unnt er að auka forvarnir og að þær verði hluti af aðgerðaáætluninni.

Nefndin telur að með framkvæmdaáætluninni sé stigið mikilvægt skref í þá átt að stuðla að jafnrétti kynjanna á breiðum grunni. Með vísan til framanritaðs leggur nefndin til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álitinu.

Alþingi, 8. mars 2011.

Róbert Marshall,
Birgir Ármannsson, með fyrirvara,
Atli Gíslason,
Valgerður Bjarnadóttir,
Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara,
Sigurður Kári Kristjánsson.

Fylgiskjal II.

Álit

um till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Að beiðni félags- og tryggingamálanefndar hefur efnahags- og skattanefnd fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneytinu og Stefán Kjærnested og Björn Kristjánsson frá Fjársýslu ríkisins.

Nefndin ræddi vinnubrögð við undirbúning skattalöggjafar og hvernig staðið væri að því að greina áhrif slíkra breytinga á kynin. Einnig var fjallað um hvort upplýsingakerfi hins opinbera gerðu kleift að fylgjast með kynbundnum launamun.

Fram kom að innan starfshóps um breytingar og umbætur á skattkerfinu væri skilningur á mikilvægi kynjasjónarmiða við lagasmíð en einnig kom fram að á slík sjónarmið reyndi ekki í öllum tilvikum. Sjálfsagt væri að skoða kynjaáhrif í tengslum við breytingar á tekjuskatti einstaklinga sem lúta m.a. að persónuafslætti og tilfærslum milli þrepa samskattaðra aðila. Sama mætti einnig segja um breytingar á barnabótum og vaxtabótum og jafnvel breytingar á neðra og efra þrepi virðisaukaskattsins. Skattahækkanir sem lagðar voru til í áfangaskýrslu hópsins frá september 2010 og snertu m.a. fjármagnstekjuskatt, tekjuskatt lögaðila, auðlegðarskatt, erfðafjárskatt, eldsneyti, áfengi og tóbak og bankaskatt hefðu valdið minni vandkvæðum þar sem þær álögur tækju almennt jafnt til beggja kynja. Þó gætu mismunandi líffræðilegar og lýðfræðilegar aðstæður þurft skoðunar við eins og hærri meðalaldur kvenna og það að konur eru yfirleitt yngri í sambúð og ganga með börn.

Fram kom að skattyfirvöld hefðu yfir að ráða ítarlegum upplýsingum sem hægt væri að nota við kynjagreiningu. Einnig kom fram það viðhorf að kynjasjónarmið fælu í sér meiri áherslu á að sníða skattkerfið að einstaklingum fremur en fjölskyldu en að ákvörðun um þetta væri af pólitískum toga. Jafnframt réðist það af stefnumótun hvernig hag ætti upplýsingagjöf úr launakerfi ríkisins en hægt væri að láta vinna úr því upplýsingar eftir kynjum.

Alþingi, 8. mars 2011.

Helgi Hjörvar, form.
Tryggvi Þór Herbertsson.
Álfheiður Ingadóttir.
Magnús Orri Schram.
Birkir Jón Jónsson.
Lilja Rafney Jónsdóttir.
Pétur H. Blöndal,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
Þór Saari.

Fylgiskjal III.

Álit

um till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur að beiðni félags- og tryggingamálanefndar tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (334. mál). Nefndin fékk á sinn fund Hildi Jónsdóttur frá forsætisráðuneytinu og Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá velferðarráðuneyti.

Þeir þættir sem nefndin telur einkum á málefnasviði sínu eru þeir sem snúa að stjórnsýslu, fjármálum, mati og eftirliti með áætluninni.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið að enn betur þurfi að vinna innan Stjórnarráðsins að því að sem jöfnust kynjaskipting verði í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkisins. Jafnréttisáætlanir ráðuneyta gegna mikilvægu hlutverki við að koma á og viðhalda jöfnum tækifærum karla og kvenna. Nefndin er sammála því að fylgja þurfi því eftir að jafnréttisumbætur nái fram að ganga innan stjórnkerfisins. Tryggja þarf að öll störf standi jafnt konum sem körlum til boða og mikilvægt er að gætt sé jafnræðis kynjanna við sértækar aðgerðir stjórnvalda sem ætlað er að stuðla að fjölgun starfa og nýsköpun. Nefndin telur einnig mikilvægt að möguleiki sé á að vinna áfram að verkefnum sem leiða af áætluninni eins og gert er kleift með framkvæmdasjóði jafnréttismála. Þó telur nefndin að setja þurfi reglur um sjóðinn og að nauðsynlegt sé að ráðherranefndin setji viðmið fyrir fram við úthlutun úr sjóðnum.

Nefndin leggur áherslu á að sem fyrst verði metið hvaða áhrif breytingar í ríkisrekstri eftir hrun hafa haft, greint eftir kynjum. Taka þarf tillit til þess mats við gerð fjárlaga næstu ára ef jafna þarf hlut kynjanna að lokinni aðlögun ríkisrekstrar að breyttu umhverfi. Að sama skapi er þýðingarmikið að þróuð verði mælitæki sem nýtast við að taka ákvarðanir um laun á vinnumarkaði þar sem sömu mælikvarðar eru notaðir til að ákvarða laun karla og kvenna. Of hægt hefur gengið að uppræta kynbundinn launamun og leita þarf allra leiða til að vinna á þeim óréttláta mun sem alls ekki á að líðast.

Nefndin telur mikilvægt að eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar sé virkt og að skýrsla þar um verði send Alþingi og tekin þar til umræðu í kjölfar árlegrar greinargerðar jafnréttisfulltrúa til Jafnréttisstofu. Nefndin lýsir ánægju með að árangursmeta eigi áætlunina en bendir jafnframt á að fyrir hvert verkefni þurfi að setja skýr viðmið fyrir matið. Annars hafi matið lítinn tilgang og óljóst geti verið að því loknu hver árangurinn er.

Fjárlaganefnd lýsir ánægju sinni með það verklag sem birtist með áætluninni í heild og telur líklegt til árangurs að skipta henni niður í afmörkuð verkefni.

Alþingi, 22. mars 2011.

Oddný G. Harðardóttir, form.
Ásbjörn Óttarsson.
Ásmundur Einar Daðason.
Björgvin G. Sigurðsson.
Höskuldur Þórhallsson.
Kristján Þór Júlíusson.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.
Þór Saari.
Þuríður Backman.

Fylgiskjal IV.

Álit

um till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur að beiðni félags- og tryggingamálanefndar tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (334. mál) og fjallað um þá þætti sem snúa að málefnasviði hennar. Nefndin fékk á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur frá velferðarráðuneyti og Hildi Jónsdóttur frá forsætisráðuneyti til að kynna efni áætlunarinnar og uppbyggingu hennar.

Hlutverk áætlunarinnar er að skilgreina stefnu stjórnvalda og lýsa verkefnum sem ýmist varpa ljósi á stöðu kynjanna eða fela í sér beinar aðgerðir í þágu kynjajafnréttis. Áætluninni

er skipt í kafla eftir áherslusviðum á sviði jafnréttismála, en með því fyrirkomulagi er stefnt að því að áherslur og forgangsröðun stjórnvalda á sviði jafnréttismála birtist skýrar í áætluninni. Að auki er lagður grunnur að því að efla eftirfylgni með áætluninni og aðgang að sérfræðiráðgjöf við framkvæmd einstakra verkefna.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að hún muni beita sér fyrir því að mótuð verði heildstæð atvinnustefna fyrir Ísland, byggð á jafnræði atvinnugreina, jafnrétti kynjanna o.fl. Því er ljóst að málaflokkur jafnréttismála á að fá aukið vægi innan stjórnkerfisins og stefnt er að því að jafna hlutfall kynjanna á öllum sviðum samfélagsins og grípa til sértækra aðgerða sé þess þörf.

Nefndin fjallaði um tillöguna og þau verkefni sem falla undir málefnasvið nefndarinnar. Þó að jafnréttismál heyri undir allar nefndir, er það félags- og tryggingamálanefnd sem fjallar efnislega um þau mál. Heilbrigðisnefnd fjallaði um þá þætti málsins sem heyra undir málefnasvið allra fastanefnda þingsins og varða einkum jafnréttisfulltrúa ráðuneyta, jafnréttisáætlanir, hlut kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum stjórnvalda og eftirfylgni framkvæmdaáætlunarinnar.

Við umfjöllun nefndarinnar kom í ljós að ekki er tilbúin ný aðgerðamiðuð jafnréttisáætlun fyrir sameinað félags- og tryggingamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti. Nefndin leggur ríka áherslu á að slík áætlun verði sett sem fyrst, enda eðlilegt að ráðuneyti jafnréttismála gangi á undan með góðu fordæmi. Einnig bendir nefndin á að mikilvægt sé að efla starf jafnréttisfulltrúa í ráðuneytinu og að grundvallaratriði sé að hlutur hvors kyns í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum stjórnvalda verði ekki minni en 40% eins og kveðið er á um í 15. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna og sjá þurfi til þess að jafnréttisumbætur nái fram að ganga innan stjórnkerfisins.

Við afgreiðslu fjárlaga síðustu ára hefur mikið verið rætt um sparnaðarkröfur á heilbrigðisstofnanir og áhrif þeirra á heilbrigðisstarfsmenn sem eru að meiri hluta konur. Vinna þarf að því að gera öll störf aðlaðandi fyrir bæði kyn og útrýma staðalímyndum og launamun kynjanna. Tryggja þarf að öll störf standi jafnt konum sem körlum til boða og mikilvægt er að gætt sé jafnræðis kynjanna, ekki eingöngu við sértækar aðgerðir stjórnvalda sem ætlað er að stuðla að fjölgun starfa og nýsköpun heldur einnig þegar draga verður úr umfangi í opinberum rekstri.

Í athugasemdum við jafnréttisáætlunina kemur fram að margt er óunnið á sviði jafnréttismála og að áætluninni sé ætlað að ná utan um brýnustu verkefni ríkisstjórnarinnar á sviði kynjajafnréttis. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að aðgerðir til að ná jafnri stöðu karla og kvenna byggist á skipulagðri áætlun og allar upplýsingar séu kyngreindar og mælanlegar svo auðvelt sé að fylgja eftir einstökum verkefnum og meta árangur áætlunarinnar. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 16. mars 2011.

Þuríður Backman, form.
Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.
Ólafur Þór Gunnarsson.
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Fylgiskjal V.

Álit

um till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur að beiðni félags- og tryggingamálanefndar tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (334 . mál). Nefndin fékk á sinn fund Hildi Jónsdóttur frá forsætisráðuneytinu og kynnti sér einnig þær umsagnir sem borist hafa vegna þingsályktunartillögunnar og tengjast málefnasviði nefndarinnar. Að mati nefndarinnar gera umsagnaraðilar ekki verulegar athugasemdir við tillöguna og fagna margir henni. Þó ber að geta þess að sumir telja jafnvel þörf á því að ganga lengra í að treysta jafnrétti en gert er.

Þeir almennu þættir jafnréttisáætlunar sem nefndin telur einkum falla að málefnasviði sínu eru þeir sem snúa að samþættingu, aðgerðum og stefnumörkun á sviði kynja- og jafnréttismála, samhæfingar starfs ríkisstjórnarinnar og eftirfylgni með framkvæmdaáætlun hennar í jafnréttismálum. Þrír þættir áætlunarinnar falla sérstaklega að málefnasviði nefndarinnar, þ.e. kynbundinn launamunur á landsbyggðinni, aðgengi kvenna að fjármagni til stofnunar fyrirtækja og lánatryggingasjóður kvenna.

Nefndin tekur undir þær tillögur sem fram koma í þingsályktunartillögunni að grípa þurfi til raunhæfra aðgerða til að draga úr kynbundnum launamun á landsbyggðinni með gerð heildstæðrar framkvæmdaáætlunar. Fram kom á fundi nefndarinnar að vísbendingar væru um að kynbundinn launamunur væri á undanhaldi og fagnar nefndin þessari jákvæðu þróun á íslenskum vinnumarkaði en áréttar að nauðsynlegt sé að vera á varðbergi hvað þetta varðar. Nefndin telur það skipta miklu máli fyrir efnahagslífið í heild að auka þátttöku kvenna í atvinnusköpun og fagnar því að halda eigi til haga upplýsingum um kynjaskiptingu styrkþega hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Byggðastofnun, Orkusjóði og Tækniþróunarsjóði. Nefndin telur það skýrt að ef nýta á kraft kvenna til nýsköpunar og eflingar efnahagslífsins sé afar mikilvægt að þær njóti jafnræðis á við karla. Nátengt þessu á að endurvekja lánatryggingasjóð kvenna en hann hefur legið niðri frá árinu 2003. Nefndin telur að þessi sjóður sé öflugur vettvangur til að styðja konur til nýsköpunar með veitingu ábyrgða fyrir lánum.

Að öllu framangreindu sögðu leggur nefndin til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi 9. mars 2011.

Kristján L. Möller.
Lilja Rafney Magnúsdóttir.
Jón Gunnarsson.
Magnús Orri Schram.
Gunnar Bragi Sveinsson.
Lilja Mósesdóttir.
Margrét Tryggvadóttir.

Fylgiskjal VI.

Álit

um till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur að beiðni félags- og tryggingamálanefndar tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (334 . mál). Nefndin fékk á sinn fund Hildi Jónsdóttur frá forsætisráðuneytinu og Jónu Pálsdóttur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og kynnti sér einnig þær umsagnir sem borist hafa vegna þingsályktunartillögunnar og tengjast málefnasviði nefndarinnar. Að mati nefndarinnar gera umsagnaraðilar ekki verulegar athugasemdir við tillöguna og fagna margir henni. Þó ber að geta þess að sumir telja jafnvel þörf á því að ganga lengra í að treysta jafnrétti en gert er.

Þeir almennu þættir jafnréttisáætlunar sem nefndin telur einkum falla að málefnasviði sínu eru þeir sem snúa að samþættingu, aðgerðum og stefnumörkun á sviði kynja- og jafnréttismála, samhæfingar starfs ríkisstjórnarinnar og eftirfylgni með framkvæmdaáætlun hennar í jafnréttismálum. Nokkrir þættir áætlunarinnar falla sérstaklega að málefnasviði nefndarinnar, þ.e. kynungabók, jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum, jafnrétti í framhaldsskólum, félagslíf í framhaldsskólum, starfsgreinar, kennaramenntun, konur og kvikmyndagerð og verkefni um Jafnréttisstofu.

Nefndin leggur áherslu á að fræðsla um jafnréttismál standi nemendum á öllum skólastigum til boða og fagnar þeirri áherslu á jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum sem kemur fram í áætluninni sem og tillögu þar sem háskólar eru hvattir til að innleiða námskeið í kynjafræði. Nefndin vill vekja athygli á því að í umræðum um jafnréttismál og í verkefninu Jafnrétti í skólum hefur komið fram að kennarar telja sig ekki hafa nóga þekkingu á jafnréttismálum. Því er lagt til í áætluninni að inntak kennaramenntunar verði endurskoðað. Nefndin telur að þar sé stigið mikilvægt skref í rétta átt því menntun kennara í jafnréttismálum er forsenda markvissrar jafnréttisfræðslu í skólum.

Nefndin bendir á að eitt af einkennum íslensks vinnumarkaðar er að hann er mjög kynskiptur eftir starfsgreinum en það er jafnframt afdrifarík forsenda fyrir kynbundnum launamun. Með samstilltu átaki á að opna aðgang „hins kynsins“ að þeim starfsgreinum sem teljast annaðhvort kvennagreinar eða karlagreinar samkvæmt hefð. Af þessum sökum fagnar nefndin þessu átaki og áréttar mikilvægi kröfunnar um jöfn tækifæri til að velja sér nám og starf óháð kyni. Þessu nátengt vill nefndin benda á að í sumum starfsstéttum hallar á annað kynið og má sem dæmi nefna stétt kennara, en meiri hluti starfandi kennara eru konur. Það er mat nefndarinnar að mikilvægt sé að kennarar af báðum kynjum sinni jafnréttisfræðslu í skólum ef hún á að skila tilætluðum árangri. Fram kemur í jafnréttisáætluninni að hvetja eigi til jafnræðis kynjanna í félagslífi framhaldsskólanna sem og öðru starfi í framhaldsskólum. Nefndin tekur undir athugasemd umsagnaraðila um að ekki sé fyllilega ljóst með hvaða hætti sú hvatning á að fara fram og mælist til þess að það verði útfært nánar.

Nefndin gagnrýnir að ekki er í áætluninni gert ráð fyrir verkefni sem tengist fjölmiðlum. Það er áhyggjuefni því ljóst er að fullt tilefni er til aðgerða með tilliti til ójafnrar stöðu kynjanna í umfjöllun fjölmiðla. Rannsóknir hafa gefið ótvírætt til kynna að hlutur kvenna

sé mjög fyrir borð borinn í umfjöllun fjölmiðla, mun oftar sé leitað til karlkyns álitsgjafa en kvenna, karlar séu í miklum meirihluta viðmælenda í fréttum og fréttatengdum þáttum og svo mætti lengi telja. Nefndin vill m.a. vekja athygli á þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið um konur og karla í fjölmiðlum. Gerð var rannsókn á fréttum fjölmiðla um fjármálafyrirtæki í aðdraganda bankahrunsins, en þar kom fram að karlar voru 97% viðmælenda en konur 3%. Einnig var gerð rannsókn á umfjöllun fjölmiðla um stjórnmálamenn fyrir alþingiskosningarnar árið 2009 sem sýndi að karlar fengu meiri umfjöllun en fjöldi þeirra á framboðslistum gaf tilefni til en konur fengu minni umfjöllun en fjöldi þeirra og staða á framboðslistum gaf tilefni til.

Þessu tengt vill nefndin vekja athygli á fyrirspurnum tveggja alþingismanna er lúta að jafnrétti kynjanna í fjölmiðlum og vísindarannsóknir og kynjahlutfall. Tryggvi Þór Herbertsson beindi fyrirspurn til mennta- og menningarmálaráðherra um viðmælendur í frétta- og þjóðlífsþáttum Ríkisútvarpsins árin 2009–2010. Af svörum ráðherra má sjá að Silfur Egils á Skjá Einum er eini þátturinn þar sem þingkonur og þingkarlar komu jafn oft fram. Hins vegar hallar mjög á kynin á kostnað þingkvenna þegar kemur að aðalfréttatímum útvarps og sjónvarps og fréttaskýringaþáttunum Speglinum og Kastljósti. Eygló Harðardóttir beindi fyrirspurn til mennta- og menningarmálaráðherra um vísindarannsóknir og kynjahlutfall. Af svörum ráðherra má sjá að það er ekki munur á árangri karla og kvenna í úthlutun styrkja í Rannsóknarsjóði en hins vegar sækja færri konur í sjóðinn en karlar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hyggst framkvæma tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn á þessu sviði, m.a. í þeim tilgangi að greina ástæður þess að konur sækja síður í sjóðina en karlar. Nefndin fagnar þessu verkefni.

Nefndin vill vekja sérstaka athygli á því að hún hefur til meðferðar frumvarp til laga um fjölmiðla (mál. 198). Þar er í 26. gr. frumvarpsins mælt fyrir um að fjölmiðlaveita skuli í allri starfsemi sinni halda lýðræðislegar grundvallarreglur í heiðri. Meiri hluti nefndarinnar hefur lagt til þá breytingu í nefndaráliti að fjölmiðlaveitur skuli virða jafnrétti kynjanna sem og að tryggt sé að mismunandi sjónarmið komi fram í umfjöllun um fréttir og fréttatengt efni, jafnt kvenna og karla. Jafnframt leggur meirihluti nefndarinnar til að bætt verði við þremur liðum í ákvæði um skýrslugjöf fjölmiðlaveitu, sbr. 23. gr. frumvarpsins er lúta að upplýsingagjöf um stöðu kynjanna í fjölmiðlum.

Nefndin vill að lokum benda á að hún telur að jafnréttishugtakið sé víðara en túlkun þeirra í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008. Í þessu sambandi vísar nefndin til jafnrétti meðal annara hópa samfélagsins. Þetta er sér í lagi mikilvægt í þeim málum er varða menntun og fjölmiðla og telur nefndin að nauðsynlegt sé að löggjöf á sviði jafnréttismála sé víkkuð út með þetta í huga eða að jafnvel ný löggjöf verði sett sem tæki á þessum málum.

Alþingi 29. mars 2011.

Skúli Helgasson.
Þráinn Bertelsson.
Oddný Harðardóttir.
Margrét Tryggvadóttir.
Eygló Harðardóttir.
Ólafur Þór Gunnarsson.

Fylgiskjal VII.

Álit

um till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur að beiðni félags- og tryggingamálanefndar tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (334. mál). Tilgangur tillögunnar er að styrkja stöðu jafnréttismála á Íslandi með fjölbreyttum aðgerðum. Í tillögunni felst að Alþingi samþykki áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum með ályktun sinni. Áætluninni er skipt í kafla eftir áherslusviðum ríkisstjórnarinnar á sviði jafnréttismála en þar að auki er lagður grunnur að því að efla eftirfylgni með framkvæmd áætlunarinnar og tryggja aðgang að sérfræðiráðgjöf við framkvæmd einstakra verkefna.

Nefndin hefur farið yfir þær umsagnir sem borist hafa vegna tillögunnar og tengjast málefnasviði samgöngunefndar. Að mati samgöngunefndar gera umsagnaraðilar ekki verulegar athugasemdir við tillöguna og margir þeirra fagna henni. Telja sumir þeirra jafnvel þörf á því að ganga lengra í að treysta jafnrétti en gert er.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur m.a. fram að hún leggi áherslu á mannréttindafræðslu og kvenfrelsi með því m.a. að fá málaflokki jafnréttismála aukið vægi innan stjórnkerfisins. Ríkisstjórnin hyggist beita sér fyrir því að jafna hlutfall kynjanna á öllum sviðum samfélagsins og grípa til sértækra aðgerða sé þess þörf. Þannig verði kynjasjónarmið höfð að leiðarljósi í aðgerðum til atvinnusköpunar svo þær gagnist bæði körlum og konum með fjölbreyttan bakgrunn. Einnig verði gripið til aðgerða til að útrýma kynbundnum launamun í samvinnu við hagsmunasamtök og aðila vinnumarkaðarins, lokið við gerð jafnréttisstaðla og starf jafnréttisfulltrúa ráðuneyta eflt auk þess sem unnið verði úr tillögum jafnréttisvaktarinnar.

Þeir almennu þættir jafnréttisáætlunar sem nefndin telur einkum falla að málefnasviði hennar eru þeir sem snúa að samþættingu, aðgerðum og stefnumörkun á sviði kynja- og jafnréttismála, samhæfingar starfs ríkisstjórnarinnar og eftirfylgni með framkvæmdaáætlun hennar. Þá falla tveir sérstakir þættir áætlunarinnar að málefnasviði nefndarinnar, þ.e. skipun starfshóps til að kanna starfsumhverfi og starfskjör kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum með tilliti til kynjasjónarmiða og áhrifa þeirra í sveitarstjórnarstarfi og uppfærsla og viðhald gagnagrunns Jafnréttisstofu um jafnrétti kynjanna í sveitarstjórnum.

Í fjárlögum ársins 2011 er í fyrsta sinn unnið að verkefni á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis (nú innanríkisráðuneytis) í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Verkefnið snýr að því að meta áhrif Héðinsfjarðarganga á efnahagslega, félagslega, menningarlega og pólitíska stöðu mismunandi hópa með fjölbreyttum aðferðum. Fylgst verður náið með breytingum í kjölfar opnunar ganganna á árinu 2010 og þróun mála á fyrrgreindum sviðum fylgt fram til ársloka 2012. Rannsóknir á þessu sviði benda til þess að staða kvenna í strjálbýli sé að mörgu leyti lakari en þeirra sem búa í þéttbýli og atvinnumöguleikar og launakjör oft takmarkaðri. Eitt af helstu einkennum fámennra samfélaga á Vesturlöndum er brottflutningur kvenna og það sama á við hér á landi þar sem ungar konur hafa um langt skeið verið líklegri til að flytja á brott úr sveitum og sjávarbyggðum en ungir karlar. Um þetta segir eftirfarandi

í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011: „Að hluta til skýrist þetta af því að starfsmöguleikar kvenna í slíkum samfélögum eru oft einhæfir og bundnir við láglaunastörf. Á Íslandi endurspeglast þetta í því að óútskýrður launamunur kvenna á höfuðborgarsvæðinu er tæp 10% en tæp 30% á landsbyggðinni. Þá hefur verið á það bent að sá félagslegi auður sem felist í samhjálp og stuðningi í fámennum samfélögum byggist að verulegu leyti á ólaunaðri vinnu kvenna við umönnunarstörf við börn, aldraða og sjúka sem sinnt sé af launuðu fagfólki í þéttbýlinu. Með Héðinsfjarðargöngum tvöfaldast stærð samfélagsins og margvísleg tengsl við þéttbýli Akureyrar verða auðveldari. Þetta kann að verða til þess að bæta félagslega stöðu kvenna og íbúa af erlendum uppruna og styrkja þar með byggðakjarnana til framtíðar. Fylgst verður með breytingum á stöðu þessara hópa á grundvelli kannana og opinberra gagna. Verkefnið er hluti af stærra verkefni sem hefur það að markmiði að leggja heildstætt mat á breytingar á samfélagi, menningu og lífsháttum á norðanverðum Tröllaskaga, og auka skilning á áhrifum stórframkvæmda í vegagerð almennt.“

Í inngangsorðum Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum kemur eftirfarandi m.a. fram: „Ef takast á að móta samfélag sem byggir á jafnrétti er nauðsynlegt að sveitar- og héraðsstjórnir taki fullt tillit til kynjasjónarmiða í stefnumótun sinni, skipulagi og framkvæmd. Í nútímasamfélagi og heimi framtíðarinnar er raunverulegt jafnrétti kvenna og karla lykillinn að efnahagslegum og félagslegum árangri okkar, ekki einungis á vettvangi Evrópu eða þjóðríkja heldur einnig í héruðum, borgum og staðbundnum samfélögum.“

Í nýjustu skýrslu Alþjóðaefnahagsráðsins lenti Ísland í efsta sæti eftir mælingar á muninum á stöðu karla og kvenna annað árið í röð en hafði áður verið í því fjórða. Þá kemur þar fram að bættan árangur megi nær alfarið rekja til landvinninga kvenna í stjórnmálalífi landsins. Í athugasemdum við einstakar greinar þingsályktunartillögunnar kemur m.a. fram að hlutur kvenna í stjórnum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga hafi aukist verulega. Þannig hafi hlutur kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum stjórnarráðsins verið 39,6% á árinu 2009 en 36% árið 2007. Að sama skapi hefur hlutur kvenna í sveitarstjórnum á Íslandi aukist í 40% árið 2009 úr 36% árið 2006.

Nefndin fagnar þeim árangri sem náðst hefur í jafnréttismálum á þeim sviðum sem falla að málefnasviði nefndarinnar og hvetur stjórnvöld til þess að halda áfram á sömu braut enda kann lykillinn að bjartri framtíð íslensks samfélags að felast í að jafnrétti verði náð.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að atvinnuleysi karla hafi aukist hraðar en atvinnuleysi kvenna á síðustu mánuðum ársins 2008 en þó hafi sú þróun breyst og dregið aftur saman með kynjunum í þeim efnum. Viðvarandi umframeftirspurn eftir vinnuafli á meðan uppgangur ríkti í atvinnulífi þjóðarinnar þrýsti á fólk, sérstaklega á unga karla, að fara beint út á vinnumarkaðinn að loknu grunnskólaprófi án viðkomu í öðrum menntastofnunum. Af þeim sökum hefur menntunarstig karla verið lægra en kvenna sem ekki hafa átt möguleika á jafnháum launum og karlar nema með því að mennta sig. Nefndin vekur athygli á þessari staðreynd en hvetur stjórnvöld um leið til þess að leiðrétta þá slagsíðu sem birtist í framangreindri stöðu menntunarmála karla og launamála kvenna.

Að öllu framangreindu sögðu leggur nefndin til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 21. febrúar 2011.

Björn Valur Gíslason,form.
Róbert Marshall.
Árni Johnsen.
Lilja Rafney Magnúsdóttir.
Ásbjörn Óttarsson.
Mörður Árnason.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur að beiðni félags- og tryggingamálanefndar tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (334. mál). Tilgangur tillögunnar er að styrkja stöðu jafnréttismála á Íslandi með fjölbreyttum aðgerðum. Gerir tillagan ráð fyrir að Alþingi samþykki áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum með ályktun sinni. Áætluninni er skipt í kafla eftir áherslusviðum ríkisstjórnarinnar á sviði jafnréttismála en þar að auki er lagður grunnur að því að efla eftirfylgni með framkvæmd áætlunarinnar og tryggja aðgang að sérfræðiráðgjöf við framkvæmd einstakra verkefna.

Nefndin hefur farið yfir þær umsagnir sem borist hafa vegna frumvarpsins og þá sérstaklega þær sem tengjast málefnasviði sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Að mati nefndarinnar gera umsagnaraðilar ekki verulegar athugasemdir við tillöguna, margir þeirra fagna tilvist hennar en sumir telja þörf á því að ganga lengra í að treysta jafnrétti en þar er gert ráð fyrir.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur m.a. fram að hún leggi áherslu á mannréttindafræðslu og kvenfrelsi með því m.a. að fá málaflokki jafnréttismála aukið vægi innan stjórnkerfisins. Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir því að jafna hlutfall kynjanna á öllum sviðum samfélagsins og grípa til sértækra aðgerða sé þess þörf. Þannig verði kynjasjónarmið höfð að leiðarljósi í aðgerðum til atvinnusköpunar, svo að þær gagnist bæði körlum og konum með fjölbreyttan bakgrunn. Einnig verður gripið til aðgerða til að útrýma kynbundnum launamun í samvinnu við hagsmunasamtök og aðila vinnumarkaðarins, lokið við gerð jafnréttisstaðla og starf jafnréttisfulltrúa ráðuneyta eflt auk þess sem unnið verður úr tillögum jafnréttisvaktarinnar.

Þeir almennu þættir jafnréttisáætlunar sem nefndin telur einkum falla að málefnasviði hennar snúa að samþættingu, aðgerðum og stefnumörkun á sviði kynja- og jafnréttismála, eftirfylgni siðareglna fyrir ráðherra og ríkisstarfsmenn, markmiða um 40:60 skiptingu í nefndir, ráð og stjórnir, samþykkt nýrrar jafnréttisáætlunar fyrir sjávarútvegs- og landbún-

aðarráðuneytið og að lokum eftirfylgni framkvæmdaáætlunar um jafnréttismál. Þá fellur einn sérstakur þáttur áætlunarinnar að málefnasviði nefndarinnar, þ.e. úttekt á launamun kynjanna í sjávarútvegi og landbúnaði og aðstöðu til náms í greinunum.

Hinn 1. janúar 2008 staðfesti þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra jafnréttisáætlun fyrir ráðuneyti sitt. Var markmið þeirrar áætlunar að jafn réttur kynjanna ríki innan ráðuneytisins, jöfn staða og virðing. Þannig njóti bæði kynin jafnra tækifæra og kjara fyrir sambærileg störf. Þá var lögð áhersla á góða líðan starfsmanna á vinnustað þar sem samræming fjölskyldulífs og atvinnu er í heiðri höfð og að hver starfsmaður verði metinn á eigin forsendum og geti notið sín í starfi. Tryggt verði að mannauður ráðuneytisins nýtist sem best. Var ráð fyrir því gert að áætlunin tæki til allra starfa í ráðuneytinu og voru einstakir þættir hennar útfærðir nánar á greinilegan hátt.

Árið 2007 gaf nefnd um störf kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi út skýrslu um viðfangsefni sitt. Í niðurstöðukafla þeirra skýrslu kom eftirfarandi m.a. fram: „Konur sækja á, á flestum sviðum atvinnulífs og menntunar á Íslandi svo sem annars staðar á Vesturlöndum. Löng hefð er fyrir atvinnuþátttöku kvenna í sjávarútvegi, mestmegnis á sviði vinnslu í landi en þó einnig lítillega í veiðum. Samkvæmt Hagstofunni 2004 eru 860 konur starfandi við fiskveiðar eða 16,6% af starfandi fólki við fiskveiðar. Þó ber að hafa varann á þegar þessi tala er skoðuð þar sem í henni eru starfsmenn útgerðarfyrirtækja hvort sem er í landi eða til sjós, en meiri hluti eru starfandi karlmenn eða 83,4%. Konur eru um 40% starfsmanna í fiskvinnslunni en karlar um 60%. Ef fiskvinnsla og fiskveiðar eru tekin saman þá standa karlmenn fyrir um 70% af störfum í greinunum en konur um 30%. Þrátt fyrir þessar staðreyndir er konur að finna í sjávarútvegi, sem stunda fiskveiðar en fjöldi þeirra er takmarkaður. […] Greinilegt er að konur hafa látið til sín taka í sjávarútvegsfyrirtækjum þótt enn sé langt í land með að þær standi körlum á sporði í helstu stjórnunarstörfum. Það er tilfinning nefndarinnar að fyrir 20-30 árum síðan hafi landslag stjórnenda í greininni, t.d í störfum fjármálastjóra, starfsmannastjóra, gæðastjóra og í rannsóknum og þróun verið nær eingöngu mannað körlum. Engin könnun hefur áður verið gerð á þessu sviði og því er erfitt að finna staðfestingu fyrir þessu í öðrum en munnlegum heimildum frá reynsluríku fólki úr greininni. […] Konur sækjast frekar eftir skrifstofustörfum og störfum við vinnslu og pökkun. […] Spurt var hvort til væri skrifleg jafnréttisáætlun innan fyrirtækisins. Fimm af átján fyrirtækjum svöruðu því játandi eða 28%. Af þeim fimm fyrirtækjum sem voru með skriflega jafnréttisáætlun voru einungis þrjú með aðgerðaáætlun eða virka stefnu í jafnréttismálum. Samkvæmt því hefur yfirgnæfandi meirihluti fyrirtækja í sjávarútvegi ekki skriflega jafnréttisáætlun þrátt fyrir að lög kveði skýrt á um að það sé skylda fyrirtækja með 25 starfsmenn eða fleiri á launaskrá. Það var hins vegar áhugavert að sjá að þau félög sem voru með skriflega jafnréttisáætlun voru jákvæðari gagnvart konum í könnuninni.“

Nefndin hefur áhyggjur af því að enn sé nokkuð í land til þess að jafnrétti verði náð á sviði sjávarútvegsmála. Af þeim sökum fagnar nefndin því að stefnt sé að frekari úttektum á því sviði og þá sérstaklega hvað nám varðar enda virðist slíkt lykill eflingar sjálfstrausts og metnaðar kvenna á mörgum sviðum. Í sama mund minnir nefndin á mikilvægi þess að karlar séu einnig hvattir til náms þannig að þeir verði ekki menntunarlegir eftirbátar kvenna.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur um nokkurra ára skeið sinnt jafnréttismálum á sviði landbúnaðarmála af nokkrum myndugleik. Nefndin telur þó að hægt sé að gera betur og hvetur ráðuneytið til dáða í jafnréttismálum í landbúnaði. Að lokum fagnar nefndin því sérstaklega að stefnt sé að áframhaldandi kynjasamþættingu á málefnasviðum allra ráðuneyta Stjórnarráðsins.

Að öllu framangreindu sögðu leggur nefndin til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi 23. febrúar 2011.

Atli Gíslason, form.
Einar K. Guðfinnsson.
Sigurður Ingi Jóhannsson.
Björn Valur Gíslason.
Jón Gunnarsson.
Valgerður Bjarnadóttir.

Fylgiskjal IX.

Álit

um till. til pál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur að beiðni félags- og tryggingamálanefndar tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (334. mál). Tilgangur tillögunnar er að ná fram jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á Íslandi. Jafnréttisáætlun er ætlað það hlutverk að skilgreina stefnu stjórnvalda á hverjum tíma og lýsa verkefnum sem ýmist varpa ljósi á stöðu kynjanna eða fela í sér beinar aðgerðir í þágu kynjajafnréttis. Áætluninni er skipt í kafla eftir áherslusviðum á sviði jafnréttismála og auk þess er lagður grunnur að því að efla eftirfylgni með áætluninni og aðgang að sérfræðiráðgjöf við framkvæmd einstakra verkefna.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að hún leggi áherslu á að málaflokkur jafnréttismála fái aukið vægi innan stjórnkerfisins. Ríkisstjórnin muni enn fremur beita sér fyrir því að jafna hlutfall kynjanna á öllum sviðum samfélagsins og grípa til sértækra aðgerða sé þess þörf. Kynjasjónarmið verði höfð að leiðarljósi í aðgerðum til atvinnusköpunar og áhrif kvenna í endurreisninni tryggð.

Þær umsagnir sem borist hafa félags- og tryggingamálanefnd vegna tillögunnar eru almennt jákvæðar, ekki eru gerðar verulegar athugasemdir við hana og margir benda á að grípa verði til frekari aðgerða til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Þau almennu atriði sem snúa að málefnasviði nefndarinnar eru einkum kynjasamþætting, jafnréttisstarf umhverfisráðuneytis, endurskoðun jafnréttisáætlunar umhverfisráðuneytisins, siðareglur fyrir ráðherra og ríkisstarfsmenn, hlutur kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum stjórnvalda og eftirfylgni áætlunarinnar. Einnig fellur einn sérstakur hluti áætlunarinnar að málefnasviði nefndarinnar og er um að ræða kynjasjónarmið í loftslagsmálum.

Jafnréttisáætlun umhverfisráðuneytisins var samþykkt 5. apríl 2005. Samkvæmt upplýsingum úr ráðuneytinu er unnið að endurskoðun áætlunarinnar og er stefnt að því að þeirri

vinnu ljúki í ár. Í núgildandi áætlun kemur fram að markmið hennar sé að allt starfsfólk ráðuneytisins eigi jafna möguleika á að nýta eigin atorku og þróa hæfileika sína í störfum fyrir ráðuneytið. Jafnræði eigi að vera með störfum karla og kvenna og jafnréttisstarf skuli vera eðlilegur hluti af daglegu starfi ráðuneytisins og jafnréttissjónarmið samþætt ákvarðanatöku innan þess. Nefndin fagnar því að endurskoðun áætlunarinnar sé vel á veg komin og hvetur ráðuneytið til að ljúka þeirri vinnu svo fljótt sem auðið er.

Á 52. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna, sem haldinn var 25. febrúar til 7. mars 2008, var mikið fjallað um valdeflingu kvenna, meðal annars á vettvangi umhverfismála í tengslum við loftslagsbreytingar. Ályktaði fundurinn um mikilvægi þess að tryggja þátttöku kvenna í hvers konar stefnumótun og öðrum áætlunum stjórnvalda og að nauðsynlegt væri að kynjasjónarmið væru höfð til hliðsjónar í allri ákvörðunartöku. Nefndin tekur undir þetta og telur skipta miklu að tekið sé mið af aðstæðum, sjónarmiðum og reynsluheimi beggja kynja þegar ákvarðanir um aðgerðir í loftslagsmálum eru teknar. Nefndin telur ljóst að breytingar á loftslagi vegna losunar gróðurhúsalofttegunda af manna völdum séu ein stærsta vá sem mannkynið stendur frammi fyrir og fagnar því að af hálfu íslenskra stjórnvalda verði haldið áfram að halda kynjasjónarmiðum á lofti í samningaviðræðum um loftslagsmál. Einnig telur nefndin að sú könnun sem fram á að fara um áhrif mismunandi hegðunar kynjanna á Íslandi á loftslag sé mikilvægt tæki til að vekja einstaklinga til umhugsunar um áhrif á umhverfi sitt og þá ábyrgð sem hver og einn ber.

Nefndin telur mikilvægt að aðgerðir til að ná fram jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna byggist á greinargóðri og skipulagðri áætlun og leggur til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 8. mars 2011.

Mörður Árnason, form.
Ólína Þorvarðardóttir.
Birgir Ármannsson, með fyrirvara.
Álfheiður Ingadóttir.
Siv Friðleifsdóttir.
Ólafur Þór Gunnarsson.
Kristján Þór Júlíusson, með fyrirvara.
Skúli Helgason.

Fylgiskjal X.

Álit

um till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur að beiðni félags- og tryggingamálanefndar, dags. 31. janúar 2010, tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (334. mál). Nefndin var einkum beðin um álit á þeim atriðum jafnréttisáætlunarinnar sem varða

málefnasvið nefndarinnar, þ.e. í kafla um alþjóðastarf, auk nokkurra verkefna sem heyra til málefnasviða allra fastanefnda Alþingis.

Eftirfylgni við aðgerðaáætlun frá 8. mars 2008 um framkvæmd ályktunar öryggisráðsins nr. 1325 og tengdra ályktana um konur, frið og öryggi á alþjóðavettvangi er mikilvægt verkefni að mati nefndarinnar. Íslensk stjórnvöld hafa markað sér stöðu og aflað sér virðingar sem málsvari málaflokksins á alþjóðavettvangi, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og innan Atlantshafsbandalagsins þar sem nýlega voru tekin upp jafnréttismarkmið. Nefndin telur að orðalag þessa liðar jafnréttisáætlunarinnar eigi að endurspegla þennan styrkleika og áherslur íslenskra stjórnvalda með skýrari hætti og leggur til viðeigandi breytingar á orðalagi. Jafnréttisskóli Háskóla Íslands hóf starfsemi sína í október 2009. Um er að ræða afar mikilvægt starf en stefnt er að því að jafnréttisskólinn öðlist á næsta ári stöðu sem hluti af Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Fyrir eru á Íslandi þrjár deildir í Háskóla Sameinuðu þjóðanna: Jarðhitaskólinn frá og með árinu 1978, Sjávarútvegsskólinn frá og með árinu 1998 og Landgræðsluskólinn formlega frá og með árinu 2010. Starfsemi þessara skóla er meðal mikilvægustu framlaga Íslendinga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og frá árinu 1978 hafa hundruð erlendra sérfræðinga komið hingað til lands og hlotið menntun á viðkomandi sérsviðum. Utanríkismálanefnd telur brýnt að treysta starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna hér á landi og að ekki verði hvikað frá markmiðum um Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi frá árinu 2012.

Hvað varðar almenn atriði í jafnréttisáætluninni sem heyra til málefnasviða allra fastanefnda vill utanríkismálanefnd koma því á framfæri við félags- og tryggingamálanefnd að utanríkismálanefnd telur þau atriði fyrst og fremst vera á málefnasviði félags- og tryggingamálanefndar og að nefndin treysti því að hún fjalli faglega og ítarlega um málið. Að mati utanríkismálanefndar getur hún ekki gefið efnislega umsögn um þessi verkefni, nema með því að rannsaka málið á sama hátt og félags- og tryggingamálanefnd mun væntanlega gera.

Að þessu sögðu vill nefndin þó benda á hvernig orðalag 7. töluliðar jafnréttisáætlunarinnar um að ráðuneytin „stefni að því að ná 40:60 markmiðinu við skipun í nefndir, ráð og stjórnir“ samræmist ekki afdráttarlausu ákvæði 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008: „Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.“ Ekki verður séð hvernig hið opinbera getur sett sér það markmið að stefna að því að fara eftir ákvæðum laga í þessu tilliti.

Nefndin hefur fjallað um málið með framangreindum fyrirvörum vegna almennra atriða og tekið afstöðu til þingsályktunartillögunnar. Er niðurstaða nefndarinnar að leggja til að félags- og tryggingamálanefnd samþykki tillöguna með eftirfarandi breytingartillögu:

33. töluliður í kafla „G. Alþjóðastarf“ orðist svo:

Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 frá árinu 2000 um konur, frið og öryggi verði endurskoðuð með framsetningu skýrra, tímasettra markmiða. Tekið verði mið af öðrum ályktunum öryggisráðsins sem samþykktar hafa verið með skírskotun til ályktunar 1325 (ályktanir nr. 1820(2008), 1888(2009), 1889(2009) og 1960(2010)). Ísland efli jafnframt stöðu sína sem málsvari málaflokksins á alþjóðavettvangi bæði í marghliða og tvíhliða starfi með frumkvæði, sterkum áherslum og eftirfylgni á grundvelli framkvæmdaáætlunarinnar. Markvisst verði unnið að því að fræða starfsfólk utanríkisráðuneytisins og friðargæsluliða í málefnum öryggisráðsályktunar 1325 og tengdra ályktana.

Tímaáætlun: 2011–2014.
Kostnaðaráætlun: 2,5 millj. kr.
Ábyrgð: Utanríkisráðuneyti í samvinnu við innanríkis- og forsætisráðuneyti.

Alþingi 2. mars 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form.
Álfheiður Ingadóttir.
Birgitta Jónsdóttir.
Bjarni Benediktsson.
Helgi Hjörvar.
Ólöf Nordal.
Valgerður Bjarnadóttir.

Fylgiskjal XI.

Álit

um till. til þál. í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Félags- og tryggingamálanefnd óskaði með tölvupósti 1. febrúar 2011 eftir því að viðskiptanefnd léti í té álit sitt á tillögu velferðarráðherra til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Jónsdóttur og Ingibjörgu Pálsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Hildi Jónsdóttur frá velferðarráðuneyti.

Fram kom við umfjöllun um málið að í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu hefði einn starfsmaður þegar fengið það hlutverk að gegna starfi jafnréttisfulltrúa. Fram kom einnig að ráðuneytið teldi áætlun velferðarráðherra vera gott veganesti við endurskoðun jafnréttisáætlunar ráðuneytisins sem mun fara fram á árinu 2011.

Það sem helst varðar málefnasvið ráðuneytisins er hlutfall kynja í stjórnum og æðstu stöðum fyrirtækja og stofnana. Í tillögunni kemur orðrétt fram: „Efnt verði til fræðslu um ábyrgð og skyldur stjórnenda og stjórnarmanna í fyrirtækjum. Markmiðið verði að auka hæfni þessara aðila til að gegna stöðum sínum með áherslu á að ná til kvenna. Komið verði upp gagnagrunni með upplýsingum um þá sem hlotið hafa slíka fræðslu til að gera stjórnendum og stjórnarmönnum kleift að mynda með sér tengsl og auðvelda fyrirtækjum að finna hæfa stjórnendur og stjórnarmenn.“

Meiri hlutinn vekur athygli á því að á 138. löggjafarþingi var samþykkt breytingartillaga viðskiptanefndar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög og lögum um hlutafélög (71. mál á 138. löggjafarþingi). Í breytingartillögunni fólst breyting á 1. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög og 1. mgr. 39. gr. laga um einkahlutafélög þess efnis að í félögum þar sem starfsmenn eru fleiri en 50 á ársgrundvelli að jafnaði skuli hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Lög þessi munu öðlast gildi 1. september 2013.

Meiri hlutinn telur að gagnagrunnurinn muni auðvelda innleiðingu þessara lagaákvæða um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja. Markmið fyrirhugaðs gagnagrunns er hins vegar óljóst orðað í þingsályktunartillögunni. Meiri hlutinn áréttar því mikilvægi þess að upplýsingum verði safnað í grunninn um annars vegar fyrirtæki, þ.m.t. upplýsingum um stjórnir og stjórnendur sem vilja vinna að því að auka hluta kvenna í atvinnulífinu, og hins vegar um konur sem vilja taka að sér ábyrgðarstöður í íslenskum fyrirtækjum. Fram kom á fundinum að með tímanum mundi gagnagrunnur af þessu tagi stækka og þannig yrði auðveldara að finna konur til að taka sæti í stjórn. Stjórnendur í atvinnulífinu kvarta oft yfir því að erfitt sé að finna hæfar konur. Meiri hlutinn telur að markviss fræðsla um ávinninginn af því að fjölga konum í ábyrgðarstöðum og söfnun upplýsinga um hæfar konur séu mikilvæg skref í átt að breyttum viðhorfum til kvenna og fjölgun kvenna í stjórnum og meðal stjórnenda fyrirtækja. Sterkar vísbendingar eru um að konum í stjórnum fyrirtækja hafi ekki fjölgað eftir hrun og ætti gagnagrunnur að bætt úr því.

Við umfjöllun um málið í nefndinni var þeim sjónarmiðum lýst að áætlunin væri ómarkviss. Ekki eru sett fram skýr töluleg markmið í áætluninni né skýrar leiðir til að tryggja eftirfylgni við markmiðin. Við fyrrgreinda grein mætti því bæta: „Fræðsla um ábyrgð og skyldur stjórnenda og stjórnarmanna, ásamt uppbyggingu gagnagrunnsins mundi þannig stuðla að því að hlutfall hvors kyns yrði ekki lægra en 40% fyrir 1. september 2013.“

Jafnframt var þeirri spurningu velt upp hvort rétt væri að dreifa fjármunum jafnréttisáætlunar á milli ráðuneyta. Á það var hins vegar bent að unnið væri eftir nýrri aðferðafræði í jafnréttismálum. Í stað þess að nálgast jafnrétti kynjanna sem sértækt viðfangsefni eins ráðuneytis er nú óðum að ryðja sér til rúms sú skoðun að jafnréttismál séu mál allra ráðuneyta. Aðferðafræðin kallast samþætting og markmiðið með henni er að koma jafnréttismálum á dagskrá í öllum ráðuneytum. Því væri jákvætt að til að mynda jafnréttisfulltrúi væri starfandi í hverju ráðuneyti. Á það var jafnframt bent að fleiri hópar en konur ættu undir högg að sækja í íslensku samfélagi, fólk af erlendum uppruna, fatlaðir, öryrkjar o.fl. Í ljósi þessa væri jafnréttishugtakið oft skilgreint of þröngt. Sú áætlun sem hér um ræðir byggist hins vegar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008 þar sem í 11. gr. er kveðið á um að ráðherra skuli leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta, Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs.

Alþingi, 3. mars 2011.

Lilja Mósesdóttir, form.
Magnús Orri Schram,
Skúli Helgason,
Eygló Harðardóttir,
Atli Gíslason,
Valgerður Bjarnadóttir,
Margrét Tryggvadóttir.

1430. Breytingartillögur [334. mál]

við till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Á eftir orðinu „móti“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. tölul. komi: í samstarfi við Jafnréttisstofu.
2. 1. mgr. 7. tölul. orðist svo:
   Ráðuneytin fylgi lögbundnu 40:60 viðmiði við skipun í nefndir, ráð og stjórnir og viðhaldi því, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisstofa og ráðuneytin birti upplýsingar um hlut kynjanna a.m.k. árlega á vef stofunnar og allra ráðuneyta, sundurgreindar eftir ráðuneytum.
3. Við 1. málsl. 1. mgr. 8. tölul. bætist: í samráði við Jafnréttisstofu.
4. Við 1. mgr. 9. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi. Fagráð skipað m.a. sérfræðingum á sviði kynjafræða leggi faglegt mat á umsóknir.
5. Á eftir 9. tölul. komi tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
   10. Kynjagreining upplýsinga.
   Tryggt verði að farið sé eftir 16. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, við opinbera hagskýrslugerð og í viðtals- og skoðanakönnunum með því að upplýsingar verði greindar eftir kyni, þar sem það á við. Upplýsingar í stjórnsýslunni verði kyngreindar eftir 1. janúar 2012. Í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verði þeir áminntir sem bera ábyrgð á því að ekki er farið eftir þessu markmiði.
   Tímaáætlun: 2011–2014.
   Kostnaðaráætlun: Innan fjárheimilda.
   Ábyrgð: Velferðarráðuneyti/forsætisráðuneyti í samvinnu við önnur ráðuneyti.
   11. Jafnréttismat á frumvörpum.
   Við endurskoðun á reglum um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa verði tryggt að frumvörpum fylgi gátlisti um jafnréttismál þar sem farið er yfir það hvort og þá hvernig frumvarp hefur áhrif á jafnrétti. Endurskoðuðum reglum og gátlista verði fylgt eftir með kynningu og fræðslu.
   Tímaáætlun: 2011–2014.
   Kostnaðaráætlun: Innan fjárheimilda.
   Ábyrgð: Velferðarráðuneyti/forsætisráðuneyti í samvinnu við önnur ráðuneyti.
6. Við 10. tölul.
   a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Gerð verði heildstæð framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir gegn launamisrétti kynjanna með það að markmiði að útrýma því. Framkvæmdaáætlunin feli m.a. í sér eftirfarandi.
   b. Í stað orðanna „kynbundnum launamun“ í 1. tölul. 1. mgr. og fyrirsögn komi: launamisrétti kynjanna.
   c. Í stað orðsins „launamun“ í 4. tölul. 1. mgr. komi: launamisrétti.
   d. Við 5. tölul. 1. mgr. bætist: og þróaðar verði áfram hugmyndir um jafnréttisvottun.
7. Við 11. tölul.
   a. Í stað orðsins „launamunar“ og orðsins „launamun“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: launamisréttis; og: launamisrétti.
   b. Í stað orðanna „Kynbundinn launamunur“ í fyrirsögn komi: Launamisrétti kynjanna.

8. Í stað orðsins „launamun“ í fyrirsögn 12. tölul. komi: launamisrétti.
9. Við 13. tölul.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Gerð verði könnun á töku foreldra á fæðingarorlofi og áhrifum þess á verkaskiptingu þeirra á heimilum og atvinnuþátttöku kvenna og karla. Þá verði könnuð staða mæðra og feðra eftir að fæðingarorlofstímabili lýkur. Sérstaklega verði könnuð áhrif niðurskurðar á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði á töku foreldra á fæðingarorlofi. Upplýsingar verði greindar eftir kyni, aldri og stöðu foreldra. Verkefnið verði unnið í samvinnu við Jafnréttisstofu.
   b. Orðið „feðra“ í fyrirsögn falli brott.
10. Á eftir orðunum „kærunefnd jafnréttismála“ í 1. mgr. 17. tölul. komi: og í dómum Hæstaréttar Íslands.
11. Fyrirsögn B-hluta orðist svo: **Vinnumarkaður – launamisrétti kynjanna.**
12. Við 19. tölul.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Grunnurinn verði þróaður áfram í samvinnu við sveitarfélögin og nýtist til að leggja mat á stöðu jafnréttismála í sveitarfélögunum og sem hvatning til góðra verka.
   b. Í stað orðsins „sveitarstjórnum“ í fyrirsögn komi: sveitarfélögum.
13. Á undan 1. mgr. 20. tölul. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Staðið verði fyrir upplýsingagjöf og samið kynningarefni til að vekja athygli á gildistöku laga nr. 13/2010 sem kveða á um að í hlutafélögum og einkahlutafélögum þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skuli hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum. Þegar stjórn er skipuð fleiri en þremur verði tryggt að hlutfall annars kyns sé ekki lægra en 40%.
14. Við 1. mgr. 23. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá verði úrræðið árangursmetið og árangur borinn saman við sambærileg verkefni erlendis.
15. Á eftir 24. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi:
   27. Staða kvenna sem búa við fötlun.
   Könnuð verði staða þeirra kvenna sem búa við fötlun með það að markmiði að greina stöðu þessara einstaklinga sem eru í áhættuhóp hvað varðar ofbeldi, misnotkun og misneytingu og hvort grípa þurfi til sértækra aðgerða til að tryggja að konurnar njóti mannréttinda og mannfrelsis til fulls í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
   Tímaáætlun: 2012–2013.
   Kostnaðaráætlun: 1,5 millj. kr.
   Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.
16. Við 1. mgr. 26. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Verkefnið verði unnið í samráði við sérfræðinga í kynjafræðum og sveitarfélög.
17. Við 3. málsl. 1. mgr. 27. tölul. bætist: á sviði jafnréttismála.
18. Á eftir 27. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi:
   31. Jafnrétti í háskólum.
   Fræðslu í jafnréttismálum verði komið á innan háskóla. Skipaður verði starfshópur til að skipuleggja og innleiða slíkt ferli, en í hópnum eigi sæti fulltrúar háskóla og mennta- og menningarmálaráðuneytis og sérfræðingar í kynjafræðum. Reynslu verði miðlað milli skóla með kynningum, fundum og samstarfi. Árin 2013 og 2014 verði veitt jafnréttisverðlaun til þeirra þátttakenda sem sýnt hafa mestan árangur á sviði jafnréttismála.

Tímaáætlun: 2012–2014.
Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

19. 1. mgr. 28. tölul. orðist svo:
Þátttaka pilta og stúlkna í félagslífi verði könnuð með það að markmiði að stuðla að jöfnum tækifærum pilta og stúlkna. Út frá þeirri vinnu verði skoðað, í samráði við nemendafélög, hvort grípa þurfi til sértækra aðgerða til að hvetja annað kynið til frekari þátttöku. Birtingarmyndir framhaldsskólans í ríkisfjölmiðlum (RÚV) verði skoðaðar sérstaklega til að tryggja að ekki halli óeðlilega á annað kynið.

20. 1. mgr. 29. tölul. orðist svo:
Kannaðar verði ástæður þess að stúlkur leita fremur í starfsgreinar sem skilgreindar hafa verið sem hefðbundnar kvennagreinar og piltar í þær sem hafa verið skilgreindar sem hefðbundnar karlagreinar. Enn fremur verði kannað hvernig opna megi aðgang að þeim starfsgreinum sem virðast lokaðar ýmist körlum eða konum. Með samstilltu átaki starfsgreinaráða, skóla og atvinnufyrirtækja verði leitast við að nemendur hafi jöfn tækifæri til að velja sér nám og störf óháð kyni.

21. Í stað orðsins „námskeið“ í 1. málsl. 1. mgr. 30. tölul. komi: skyldunámskeið.

22. Við 31. tölul.
a. 1. mgr. orðist svo:
Kannað verði hvers vegna konur sækja síður en karlar um styrki úr kvikmyndasjóði. Fundin verði leið til þess að hvetja konur reglulega til að sækja um styrki fyrir eigið efni til handritsgerðar og framleiðslu kvikmynda, heimildarmynda og sjónvarpsþátta. Leitað verði leiða til þess að viðfangsefni með kvenlægum gildum njóti viðurkenningar til jafns við karllæg viðmið í mati á umsóknum. Markmiðið verði að fá fleiri myndir og þætti unna út frá kvenlægum sjónarhornum. Fundin verði leið til að hvetja skólastúlkur frá unga aldri til að skapa og miðla sínu sjónarhorni með kvikmyndasköpun ekki síður en pilta. Grunn- og framhaldsskólar verði hvattir til að standa fyrir átaksverkefnum í stuttmyndagerð stúlkna.
b. 2. mgr. orðist svo:
Tímaáætlun: 2011–2014.

23. Á eftir 31. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi:

36. Aðgengi kvenna og karla að fjármagni til vísindarannsókna.
Sjóðir sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og starfa á grundvelli laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir haldi kerfisbundið til haga upplýsingum um kynjaskiptingu fagráða, umsækjenda og styrkþega, og styrkupphæðir í öllum styrkjaflokkum fyrir árið 2012. Þannig verði á árinu 2013 unnt að leggja mat á hvernig starfsemi sjóðanna nýtist hvoru kyni fyrir sig. Komi í ljós að halli á annað kynið meðal styrkþega verði kannað hvort grípa skuli til aðgerða til að rétta þann halla, t.d. með því að gera styrkumsóknir aðgengilegri eða endurskoða úthlutunarreglur. Upplýsingar og viðeigandi aðgerðir nái jafnframt til verkefna sem Rannís styrkir til endurúthlutunar.
Tímaáætlun: 2012–2014.
Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda sjóðanna.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

24. 1. mgr. 33. tölul. orðist svo:
Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 frá árinu 2000 um konur, frið og öryggi verði endurskoðuð með framsetningu

skýrra og tímasettra markmiða. Tekið verði mið af öðrum ályktunum öryggisráðsins sem samþykktar hafa verið með skírskotun til ályktunar 1325 (ályktanir nr. 1820 (2008), 1888 (2009), 1889 (2009) og 1960 (2010)). Ísland efli jafnframt stöðu sína sem málsvari málaflokksins á alþjóðavettvangi bæði í marghliða og tvíhliða starfi með frumkvæði, sterkum áherslum og eftirfylgni á grundvelli framkvæmdaáætlunarinnar. Markvisst verði unnið að því að fræða starfsfólk utanríkisráðuneytisins og friðargæsluliða í málefnum öryggisráðsályktunar 1325 og tengdra ályktana.

25. Í stað orðanna „öll ráðuneyti“ í 4. mgr. 37. tölul. komi: í samvinnu við önnur ráðuneyti.

1431. Frumvarp til laga [799. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

I. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, VIII, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabilanna mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember á árinu 2011 vera sem hér segir:

1. Helmingi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabilanna mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember á árinu 2011 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilanna mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember á árinu 2011, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði til bráðabirgða VIII í tollalögum, nr. 88/2005.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem er ætlað að bregðast tímabundið við greiðsluerfiðleikum fyrirtækja vegna samdráttar í efnahagslífinu og er það í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga, dags. 5. maí 2011. Er lagt til að hefðbundnum gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalda vegna uppgjörstímabilanna mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember á árinu 2011 verði dreift á tvo gjalddaga. Einnig er lagt til að þetta fyrirkomulag skerði ekki heimild til að færa til innskatts allan virðisaukaskatt viðkomandi tímabils þótt einungis hluti hans hafi verið greiddur. Samhljóða breytingar hafa nokkrum sinnum áður verið lagðar til og var sambærileg breyting lögfest síðast með lögum nr. 22/2011. Áréttað skal að frumvarpinu er ætlað að eiga við um nýliðinn gjalddaga aðflutningsgjalda vegna tímabilsins mars og apríl síðastliðinn.

1432. Nefndarálit [707. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum (hreindýraveiðar).

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Írisi Bjargmundsdóttur frá umhverfisráðuneytinu, Kjartan Ingvarsson frá Umhverfisstofnun, Elías Blöndal Guðjónsson frá Bændasamtökum Íslands og Davíð Ingason og Arne Sólmundsson, stjórnarmenn í Skotveiðifélagi Íslands. Nefndin átti einnig símafund með Jóni Hávarði Jónssyni, varaformanni Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Þá bárust umsagnir frá Bændasamtökum Íslands, Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum, Hreindýraráði, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skotveiðifélagi Íslands og Umhverfisstofnun.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Breytingarnar ná til reglna um hreindýraveiðar, um leiðsögumenn með þeim og skiptingu arðs af veiðunum. Ætlunin er að gera reglur um útgáfu

leyfa fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum skýrari, gera meiri kröfur til veiðimanna, styrkja lagastoð ákvæða sem hafa verið í reglugerðum og skýra kröfur um þekkingu leiðsögumanna.

Nefndin fjallaði um málið á fundum sínum. Þau atriði sem fengu mesta umfjöllun voru skotpróf veiðimanna, samstarf Umhverfisstofnunar og skotfélaga, arður til landeigenda sem heimila veiðar á löndum sínum og samskipti leiðsögumanna og landeigenda.

Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar er í gangi heildarendurskoðun á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, og þar á meðal þeim ákvæðum og reglum sem gilda um hreindýraveiðar. Nefndin gerir ráð fyrir að í endurskoðun laganna felist allsherjarstefnumótun um hreindýraveiðar á Íslandi og telur því ekki ástæðu til að fjalla um aðra þætti þeirra en um er fjallað í frumvarpinu. Þeirri tillögu var til dæmis komið á framfæri við nefndina að reyndir veiðimenn ættu að geta fengið leyfi til að veiða einir án leiðsögumanns, e.t.v. eftir sérstakt próf. Nefndin telur þetta athyglisverða nýbreytni og beinir því til endurskoðunarnefndar villidýralaga að kanna nánar hvort heppilegt sé að koma á slíkri skipan og þá með hvaða hætti.

Nefndin fjallaði nokkuð um skotpróf veiðimanna. Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að dýraverndarsjónarmið ráði alltaf för þegar farið er til veiða. Nefndin fékk þær upplýsingar að of mörg dýr væru illa skotin og því nauðsynlegt að veiðimenn gætu sýnt fram á færni sína áður en þeim er úthlutað veiðileyfi. Nefndin bendir á að annars staðar á Norðurlöndum eru slík skotpróf forsenda þess að fá úthlutað veiðileyfi. Þeirri athugasemd var komið á framfæri að frumvarpið kvæði ekki nógu skýrt á um að veiðimaður þyrfti ekki að taka skotpróf nema hann fengi úthlutað leyfi. Nefndin bendir á að með því að gera kröfu um að veiðimaður skili ekki inn staðfestingu á verklegu skotprófi fyrr en 1. júlí ár hvert er komið í veg fyrir að þeir sem ekki hafa fengið úthlutað veiðileyfi gangist undir slíkt skotpróf að óþörfu. Nefndin hefur hins vegar fengið þær upplýsingar að stundum sé veiðileyfum úthlutað eftir 1. júlí, einkum sakir þess að veiðimaður hættir við og öðrum á biðlista er úthlutað leyfinu. Nefndin leggur því til að Umhverfisstofnun verði heimilt að veita veiðimanni sem fær úthlutað leyfi til hreindýraveiða eftir 1. júlí frest til að skila inn staðfestingu um verklegt skotpróf. Ljóst er að skammur tími er til stefnu til að uppfylla skilyrðið um skotpróf á komandi veiðitímabili og nefndin leggur því til breytingar á gildistökuákvæði frumvarpsins þannig að 2.–4. málsl. 1. mgr. taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2012.

Við umfjöllun nefndarinnar var nokkuð rætt um framkvæmd skotprófa. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar var ætlunin að Umhverfisstofnun gerði samning við skotfélög um að annast framkvæmd skotprófanna. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að félagasamtök og einstaklingar með viðeigandi aðstöðu, menntun og reynslu annist framkvæmd prófanna undir eftirliti Umhverfisstofnunar. Skotvellir sem skotfélögin eiga eru nú á fimm stöðum og skynsamlegast að þeir séu nýttir til prófanna. Til að taka af öll tvímæli um þetta leggur nefndin til breytingar á frumvarpinu í þá veru að Umhverfisstofnun verði heimilt að semja við skotfélög eða aðra um umsjá verklegs skotprófs samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur um framkvæmd þeirra.

Nefndin fjallaði nokkuð um úthlutun arðs til landeigenda og samskipti leiðsögumanna við landeigendur. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núgildandi skipulagi þannig að landeigandi verður að leyfa veiðar allt veiðitímabilið vilji hann fá úthlutað arði af veiðunum. Eins og fram kemur í greinargerð er nauðsynlegt að sem flestir landeigendur leyfi veiðar á landi sínu til þess að kerfið virki sem skyldi. Með því fyrirkomulagi arðgreiðslna sem lagt er upp með í frumvarpinu er líklegt að álag dreifist betur en nú á veiðisvæðin, og er það því hvati

fyrir landeiganda til að leyfa veiðar á landi sínu. Með breytingunum er jafnframt girt fyrir að landeigendur hafi bein afskipti af veiðunum, t.d. hverjir veiða og hvenær, sem ekki er eðlilegt í þessari skipan. Nefndin tekur hins vegar undir sjónarmið landeigenda um að eðlilegt sé að þeir geti fylgst með umferð á landi sínu og að samráð sé haft við þá, t.d. vegna smalamennsku, áður en haldið er til veiða. Nefndin var jafnframt upplýst að um bændur væru misáhugasamir um þessar veiðiupplýsingar. Sumir vilja fylgjast náið með umferð á landi sínu en öðrum gæti þótt ónæði að sífelldum tilkynningum. Telur nefndin nauðsynlegt að upplýsingaveita sé sett í einhvers konar farveg, t.d. með reglugerðarákvæði, þannig að flæði upplýsinga verði ávallt tryggt á sem bestan hátt. Nefndin var upplýst um starf umsjónarmanns Umhverfisstofnunar á Austurlandi og telur að hann ætti að geta annast nauðsynlega upplýsingamiðlun milli veiðihópa og landeigenda, svo sem á hreindýravefsíðu stofnunarinnar, hreindyr.is, sem nú þegar er helsti upplýsingavefurinn um veiðarnar. Þá háttar svo til í einhverjum tilvikum að margir eiga land saman og er þá ekki alltaf ljóst hver er í forsvari fyrir eigendur. Þegar sú er raunin er nauðsynlegt að landeigendur skipi ákveðinn forsvarsmann sem getur leyft eða bannað veiðar á landinu.

Nefndin ræddi um störf núverandi leiðsögumanna með hreindýraveiðum og hefur verið upplýst um að þeir leiðsögumenn haldi réttindum sínum að fullu út leyfistíma sinn. Fyrir nefndinni var hins vegar komið á framfæri þeirri athugasemd að skortur væri á leiðsögumönnum. Jafnvel hafi komið fyrir að veiðimenn séu hvattir til að drífa af veiðarnar þar sem leiðsögumaðurinn þurfi að taka við öðrum hópi veiðimanna sem sé farinn að bíða. Þetta getur valdið streitu og óþoli sem ekki eru heppilegir fylgifiskar veiða af þessu tagi. Nefndin leggur því til breytingar á 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins þannig að þegar Umhverfisstofnun metur þörf á að halda námskeið fyrir leiðsögumenn sé meðal annars miðað við eðlilega nýliðun í hópi leiðsögumanna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Umhverfisstofnun er heimilt að veita veiðimanni sem fær úthlutað leyfi til hreindýraveiða eftir 1. júlí frest til að skila inn staðfestingu á verklegu skotprófi.
   b. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Umhverfisstofnun heldur námskeið skv. 4. tölul. 10. mgr. í samráði við hreindýraráð og skal Umhverfisstofnun m.a. meta þörf á að halda slík námskeið með tilliti til eðlilegrar nýliðunar í hópi leiðsögumanna.
   c. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Umhverfisstofnun heldur verkleg skotpróf fyrir hreindýraveiðimenn og leiðsögumenn. Umhverfisstofnun er heimilt að fela öðrum framkvæmd verklegra skotprófa, svo sem rekstraraðilum skotvalla.
2. 2. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó taka 2.–5. málsl. 1. mgr. 1. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 2012.

Kristján Þór Júlíusson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 2011.

Mörður Árnason, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.
Björn Valur Gíslason.	Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.
Skúli Helgason.		Birgitta Jónsdóttir.

1433. Þingsályktun [681. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Albaníu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Lýðveldisins Albaníu.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1198.

1434. Þingsályktun [683. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Perús og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Lýðveldisins Perús.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1200.

1435. Þingsályktun [684. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Serbíu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Lýðveldisins Serbíu.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1201.

1436. Þingsályktun [685. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Úkraínu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Úkraínu.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1202.

1437. Þingsályktun [432. mál]

um göngubrú yfir Markarfljót.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí 2011.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að smíði göngubrúar yfir Markarfljót við Húsadal.

1438. Lög [773. mál]

um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1369.

1439. Lög [799. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1431.

1440. Fyrirspurn [800. mál]

til forsætisráðherra um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?
2. Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?

Skriflegt svar óskast.

1441. Fyrirspurn [801. mál]

til utanríkisráðherra um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?
2. Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?

Skriflegt svar óskast.

1442. Fyrirspurn [802. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?
2. Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?

Skriflegt svar óskast.

1443. Fyrirspurn [803. mál]

til fjármálaráðherra um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?
2. Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?

Skriflegt svar óskast.

1444. Fyrirspurn [804. mál]

til iðnaðarráðherra um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?
2. Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?

Skriflegt svar óskast.

1445. Fyrirspurn [805. mál]

til innanríkisráðherra um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?
2. Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?

Skriflegt svar óskast.

1446. Fyrirspurn [806. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?
2. Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?

Skriflegt svar óskast.

1447. Fyrirspurn [807. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?
2. Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?

Skriflegt svar óskast.

1448. Fyrirspurn [808. mál]

til umhverfisráðherra um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?

2. Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?

Skriflegt svar óskast.

1449. Fyrirspurn [809. mál]

til velferðarráðherra um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?
2. Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?

Skriflegt svar óskast.

1450. Fyrirspurn [810. mál]

til forsætisráðherra um verktakasamninga.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.

1451. Fyrirspurn [811. mál]

til utanríkisráðherra um verktakasamninga.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.

1452. Fyrirspurn [812. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um verktakasamninga.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.

1453. Fyrirspurn [813. mál]

til fjármálaráðherra um verktakasamninga.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.

1454. Fyrirspurn [814. mál]

til iðnaðarráðherra um verktakasamninga.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.

1455. Fyrirspurn [815. mál]

til innanríkisráðherra um verktakasamninga.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.

1456. Fyrirspurn [816. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um verktakasamninga.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.

1457. Fyrirspurn [817. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um verktakasamninga.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.

1458. Fyrirspurn [818. mál]

til umhverfisráðherra um verktakasamninga.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.

1459. Fyrirspurn [819. mál]

til velferðarráðherra um verktakasamninga.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.

1460. Fyrirspurn [820. mál]

til innanríkisráðherra um umhverfismat á Vestfjarðavegi.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hefur verið haldið áfram undirbúningi að nýju umhverfismati vegna vegagerðar á leiðinni Þorskafjörður–Skálanes á Vestfjarðavegi (nr. 60)?

1461. Fyrirspurn [821. mál]

til innanríkisráðherra um stofnframkvæmdir í vegagerð.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvaða stofnframkvæmdir í vegagerð hafa verið auglýstar til útboðs á þessu ári? Svar óskast sundurliðað þar sem meðal annars komi fram upplýsingar um áætlaðan verktaka- og framkvæmdakostnað við hvert verkefni og lægsta boð.

2. Hvaða stofnframkvæmdir er áætlað að verði enn fremur boðnar út á þessu ári og hver er áætlaður framkvæmdakostnaður við hverja og eina þeirra?

Skriflegt svar óskast.

1462. Nefndarálit [649. mál]

um frv. til l. um skil menningarverðmæta til annarra landa.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Vilberg Guðjónsson og Eirík Þorláksson frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjavörð.

Þá bárust umsagnir frá Fornleifavernd ríkisins og Þjóðminjasafni Íslands.

Með frumvarpinu er ætlunin að vernda þjóðarverðmæti og önnur skilgreind menningarverðmæti á Evrópska efnahagssvæðinu og tryggja með samræmdum reglum skil á menningarverðmætum til annarra landa hafi þau verið flutt til Íslands með ólögmætum hætti. Lög nr. 105/2001, um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, voru lögfest til samræmis við tilskipun ráðsins 93/7/EBE. Það hefur sýnt sig að lögin veita íslenskum menningarverðmætum ekki fullnægjandi vernd gegn óheftum útflutningi en í lögunum er miðað við verðgildismörk menningarminja sem ekki eru í neinu samræmi við verðlag þeirra á íslenskum markaði. Eðlilegt þykir að greint sé á milli löggjafar um íslenskar menningarminjar og flutning þeirra til annarra landa annars vegar og hins vegar laga um menningarminjar sem önnur ríki hafa skilgreint sem þjóðarverðmæti. Því er talið nauðsynlegt að setja sérlög sem geta hindrað eftirlitslausan flutning íslenskra menningarminja úr landi og koma ákvæði þar að lútandi fram í frumvarpi til laga um menningarminjar, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Helstu breytingar þessa frumvarps frá gildandi lögum eru að nú eru verkefni á þessu sviði sem safnaráð hefur haft með höndum flutt til nýrrar ríkisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, sem lagt er til að annist framkvæmd laganna fyrir hönd íslenska ríkisins. Stofnunin skal leggja mat á verðgildi menningarminja sem annað ríki krefst skila á, taka við kröfum um skil og hafa samstarf við valdbær stjórnvöld í öðrum ríkjum er fjalla þar um leyfi til útflutnings menningarminja. Þá er í frumvarpinu kveðið á um samráð við tilteknar menningarstofnanir eftir því sem við á.

Nefndin tekur undir sjónarmið umsagnaraðila þess efnis að breytt lagaumhverfi um skil menningarverðmæta muni stuðla að mikilvægum framförum á sviði safnastarfs og minjavörslu sem og skýra hlutverk þeirra stofnana sem þar hafa lagaskyldum að gegna.

Fram kemur í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins að tollyfirvöld skuli tafarlaust tilkynna Minjastofnun Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins. Kveðið er á um heimildir tollgæslu til haldlagningar í 161. gr. tollalaga, nr. 88/2005, en þar segir að tollgæsla skuli leggja hald á muni ef ætla má að þeir hafi sönnunargildi í sakamáli, ef þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ef ætla má að þeir kunni að verða gerðir upptækir, vegna brota á tollalögum eða öðrum lögum. Þar sem um er að ræða þvingunar-

ráðstöfun er það mat nefndarinnar að skýlaus heimild tollgæslu til haldlagningar sé nauðsynleg og leggur til breytingar á ákvæðinu þar að lútandi. Með hliðsjón af meðalhófsreglunni vill nefndin einnig ítreka það að valdbeitingarheimildin er bundin því skilyrði að aldrei má ganga lengra í beitingu hennar en nauðsynlegt reynist hverju sinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 2. mgr. 7. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Eftir kröfu Minjastofnunar Íslands er handhöfum tollgæsluvalds heimilt að leggja hald á menningarminjar skv. 1. mgr. uns niðurstaða fæst um skil á þeim í samræmi við 8. gr. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni. Um heimildir tollgæslu til valdbeitingar, handtöku, leitar, haldlagningar og innsiglunar gilda að öðru leyti ákvæði 151. gr. og 154.–164. gr. tollalaga.

Alþingi, 17. maí 2011.

Skúli Helgason, form., frsm.	Þuríður Backman.	Oddný G. Harðardóttir.
Eygló Harðardóttir.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Margrét Tryggvadóttir.	Íris Róbertsdóttir.

1463. Álit allsherjarnefndar [822. mál]

um skýrslu umboðsmanns Alþingis 2009.

1. Álit meiri hluta.

Allsherjarnefnd skilar nú í fjórða skipti áliti um skýrslu umboðsmanns Alþingis í samræmi við 1. mgr. 23. gr. laga um þingsköp Alþingis sem breytt var með lögum nr. 68/2007. Umfjöllun um skýrslur ársins 2007 og 2008 hefur ekki farið fram á þingfundi heldur einungis á fundum allsherjarnefndar sem skilaði áliti um skýrslurnar og eru þau prentuð sem fylgiskjöl með áliti þessu (fskj. II og III).

Nefndin fjallaði um skýrsluna á opnum fundi með kjörnum umboðsmanni Alþingis, Tryggva Gunnarssyni, og settum umboðsmanni Alþingis, Róbert Ragnari Spanó, þann 29. nóvember 2010 en það er sami háttur og var þegar fjallað var um skýrslu ársins 2008. Skýrslan fyrir árið 2009 er verk setts umboðsmanns þar sem kjörinn umboðsmaður starfaði allt það ár fyrir rannsóknarnefnd Alþingis en kom inn sem umboðsmaður í málum þegar settur umboðsmaður vék sæti vegna hæfisreglna. Upptaka af fundinum er aðgengileg á vef allsherjarnefndar Alþingis.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis.

Umboðsmaður Alþingis er starfsmaður þingsins og trúnaðarmaður þess sem hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum. Skal hann auk þess gæta að því að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Til umboðsmanns geta borgararnir leitað með gagnrýni, kvartanir og ábendingar ef þeir telja á sér brotið í stjórnsýslunni.

Umboðsmaður Alþingis getur einnig tekið upp mál að *eigin frumkvæði,* sbr. ákvæði 5. gr. laganna og starfsemi og málsmeðferð stjórnvalda til almennrar athugunar. Við ákvörðun um hvaða mál skuli tekin til athugunar hefur verið byggt á því sjónarmiði að málin hafi almenna þýðingu, horfi til umbóta og séu liður í að bæta réttaröryggi borgaranna.

Þá getur umboðsmaður tilkynnt Alþingi, hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn ef hann verður þess var að *meinbugir eru á gildandi lögum* eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. 11. gr. Hlutverk umboðsmanns Alþingis er mjög mikilvægur hluti af markvissu, þingeftirliti, þ.e. eftirliti gagnvart framkvæmdarvaldinu, ríkisstjórn og stjórnsýslu ríkisins og hvernig hún er framkvæmd. Meginmarkmið þess er að auðvelda borgurunum að leita með skilvirkum hætti réttar síns og tryggja réttaröryggi þeirra.

Málaflokkar o.fl.

Í umfjöllun nefndarinnar um skýrslu ársins 2009 var komið inn á nokkur álitaefni sem bæði settur umboðsmaður og kjörinn töldu rétt að vekja athygli á auk þeirra sem nefndarmenn spurðu sérstaklega um. Sú umfjöllun var ekki tæmandi en skýrslan veitir, eins og fyrri skýrslur, greinargott yfirlit yfir þau úrlausnarefni sem settur umboðsmaður þurfti að leysa úr á árinu. Í formála og fyrsta kafla skýrslunnar er fjallað um mál sem umboðsmaður telur hafa almenna þýðingu fyrir starfssvið umboðsmanns. Í öðrum kafla eru tölulegar upplýsingar um starfsemina. Ný mál voru 338 og fækkaði þeim um 8 frá árinu á undan. Kvartanir voru 333 og frumkvæðismál 15 talsins. Afgreidd mál voru 319 sem er þónokkur fækkun frá árinu áður en þá voru þau 354 talsins.

Í skýrslunni kemur fram að það er að meginefni til sömu málaflokkar sem kvartað er yfir og umfangið mjög svipað milli ára, þ.e. stærstu flokkarnir varða málefni opinberra starfsmanna, skatta og gjöld, almannatryggingar, málsmeðferð ákæruvalds, fangelsismál, mál sem varða banka, sjóði og fjármálastofnanir og loks málefni barna. Kom fram að umboðsmaður hefði náð að halda sig við viðmiðunarreglur sínar um málshraða en þar miðar hann við sex mánuði.

Stærsti einstaki málaflokkurinn er eins og áður tafir hjá stjórnvöldum á afgreiðslu mála eða 16,8% af heildinni en var 17% árið á undan. Hefur nefndin lagt áherslu á það í álitum vegna skýrslu ársins 2008 og 2007, sem eru fylgiskjöl með þessu áliti, að stjórnvöld taki sig verulega á í þessu efni. Tafir á afgreiðslu mála eru sérstaklega ámælisverðar þegar málsmeðferðartími er ákveðinn með lögum og leggur meiri hlutinn því enn á ný ríka áherslu á það við stjórnvöld að leysa úr málum innan lögbundinna fresta, m.a. með endurupptöku þeirra þegar þess gerist þörf. Meiri hlutinn telur að þannig sé unnt að viðhalda og auka traust almennings á stjórnsýslunni en það er markmiðið sem stefna skal að.

Rekstur embættisins.

Nefndin fjallaði nokkuð um rekstur embættisins í ljósi niðurskurðar síðustu ára og hvernig brugðist hafi verið við breyttum aðstæðum. Kom fram að starfsmönnum umboðsmanns hefur

fækkað úr 10 í 7 milli ára þar sem ekki hefur verið endurráðið í störf þeirra sem látið hafa af störfum. Afleiðing fækkunarinnar hefur í för með sér lengri afgreiðslutíma mála og telur meiri hlutinn slíkt varhugavert. Ekki síst þegar litið er til þess að enn hafa ekki komið fram af fullum þunga mál sem tengjast bankahruninu 2008, þar sem ekki er unnt að leita til umboðsmanns Alþingis fyrr en kæruleiðir innan stjórnsýslunnar hafa verið tæmdar. Fram kom að óhjákvæmilegt væri annað en að frumkvæðismálum mundi fækka og þau jafnvel falla niður í kjölfarið á fækkun starfsmanna en þau eru mjög tímafrek.

Raunlækkun til stofnana Alþingis samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2011, þ.e. umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar var 8,4% frá fjárlögum ársins 2010. Í áliti nefndarinnar um fjárlagafrumvarpið var lögð áhersla á mikilvægi þess að þær stofnanir sem veita stjórnvöldum aðhald með vönduðu eftirliti fái nauðsynlega fjármuni til þess að rækja hlutverk sitt, þ.e. umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun. Þá telur meiri hlutinn enn fremur nauðsynlegt að tryggja getu umboðsmanns til að framfylgja því hlutverki sínu að taka upp mál að eigin frumkvæði. Við lokaafgreiðslu fjárlaga var niðurskurðarkrafa til umboðsmanns því lækkuð frá tillögum í frumvarpinu og nam lækkunin á fjárlögum ársins 2011 3,3% miðað við árið á undan.

Yfirstjórnar- og eftirlitsheimildir ráðherra.

Settur umboðsmaður fjallaði um nokkur atriði sem hann taldi að þingmenn ættu að fylgja eftir á grundvelli eftirlitsskyldu sinnar og nefndi sérstaklega mál sem laut að yfirstjórnar- og eftirlitsheimildum ráðherra en hann vakti einnig máls á þessu við umfjöllun um skýrslu ársins 2008. Málið sem hann nefndi á fundinum snerist um það að hvaða marki ráðherrum er skylt að sýna frumkvæði gagnvart undirstofnunum þegar ljóst er að fyrir liggur kerfislægt vandamál, t.d. samskiptaörðugleikar milli starfsmanns og yfirmanns stofnunar. Ráðherra hafði upplýsingar frá starfsmanni um þessa samskiptaörðugleika og bendir umboðsmaður á mikilvægi þess að slíkar athugasemdir séu teknar alvarlega og brugðist við þeim af ábyrgð og festu, sérstaklega þegar viðkomandi geta hvorki fengið úrlausn mála sinna með kæru til æðra stjórnvalds né sérstaks stjórnvalds sem færi með eftirlitshlutverk á umræddu málasviði. Telur umboðsmaður að á ráðherra geti hvílt jákvæð eftirlitsskylda, þ.e. að honum geti verið skylt að sýna frumkvæði og sjá til þess að starfsemi undirstofnunar sé í lögmætu horfi jafnvel þó að honum berist ekki erindi vegna málsins. Bar ráðuneytinu því að taka með beinum og skýrum hætti afstöðu til þess hvort skylda hvíldi á því til að grípa til raunhæfra og virkra úrræða á grundvelli yfirstjórnar- og eftirlitsheimilda sinna. Meiri hlutinn telur mikilvægt að ráðherrar framfylgi slíkum jákvæðum eftirlitsskyldum og að til þess að þeir geti fylgst með að starfsemi stofnunar sé í lögmætu horfi sé mikilvægt að samband ráðuneyta við undirstofnanir sé gott og að kallað sé reglulega eftir upplýsingum um starfsemina.

Málefni opinberra starfsmanna.

Nefndin fjallaði nokkuð um ástæður þess að málefni opinberra starfsmanna eru svo stór hluti þeirra mála sem koma til kasta umboðsmanns. Benti kjörinn umboðsmaður á að forstöðumenn opinberra stofnana fara með opinbert vald og koma því fram í umboði almennings. Þetta er mjög sérstakur þáttur í opinberu valdi þar sem reynir bæði á lögfestar og ólögfestar reglur. Þannig gilda ákveðnar reglur um það hvernig eigi að bera sig að t.d. við ráðningu starfsmanna og starfslok en ólögfestar m.a. um að ráða þann sem hæfastur er. Tók umboðsmaður fram að viðfangsefnið varðar réttaröryggi þeirra borgara í þessu landi sem eru starfsmenn almennings.

Nefndi umboðsmaður í þessu sambandi einnig mál er lúta að starfssviði dómstóla en hann fær oft kvartanir frá einstaklingum sem telja að dómstólar hafi gert á þeirra hlut. Hefðbundnar dómsathafnir falla utan starfssviðs umboðsmanns en innan þeirra fer fram talsvert mikil stjórnsýsla og eiga hinar almennu reglur starfsmannalaga þar við en hins vegar er uppi óvissa um það hvort starfsmenn dómstóla geti leitað til umboðsmanns eins og aðrir sem telja á sér brotið. Telur umboðsmaður slíka réttaróvissu uppi í því að hann hefur ekki talið sér unnt að taka slík mál fyrir. Benti hann á nauðsyn þess að Alþingi taki skýra afstöðu til þess hvort ákvarðanir sem teknar væru í almennri stjórnsýslu dómstóla ættu að falla undir starfssvið umboðsmanns. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að skoða það sérstaklega og þá hvernig unnt er að skýra réttarstöðu starfsmanna dómstólanna að þessu leyti, m.a. með því að líta til nágrannalandanna, og telur eðlilegt að það verði skoðað innan þeirrar nefndar sem forsætisnefnd hefur skipað til að endurskoða lög um umboðsmann Alþingis.

Skylda til að auglýsa störf.

Á fundum nefndarinnar var að nýju rætt um álit umboðsmanns vegna skyldu til að auglýsa opinber störf. Umboðsmaður ákvað í árslok 2006 að eigin frumkvæði að taka til athugunar hvernig ákvæðum laga og reglna um auglýsingar lausra embætta og starfa hefði verið fylgt. Tók athugunin til áranna 2005 og 2006 og var takmörkuð við setningar, skipanir og ráðningar í störf hjá ráðuneytum og þau tilvik þar sem ráðherra fer með veitingarvaldið, t.d. störf forstöðumanna ríkisstofnana eða önnur störf hjá ríkinu. Við umfjöllun um ársskýrslu 2008 kom fram að athuguninni væri ekki lokið og að þrátt fyrir athugasemdir umboðsmanns og skýrar reglur sé dæmunum alltaf að fjölga og þau séu að verða fjölbreyttari. Kom fram að athugunin hefði því verið unnin áfram og er niðurstöðu að vænta á þessu ári. Meiri hlutinn ítrekar þá afstöðu sína að farið sé að settum reglum í þessu sambandi og bendir á að þeim er ætlað að tryggja að stjórnvöld geti valið úr sem flestum hæfum umsækjendum um hverja stöðu. Meiri hlutinn telur að þessi fjölmörgu dæmi gefi vísbendingu um þörf á endurskoðun reglnanna eins og hún benti á í áliti vegna síðustu skýrslu.

Fræðsla starfsfólks stjórnsýslunnar.

Umboðsmaður lagði á það sérstaka áherslu eins og síðustu ár að ekki náist árangur í að bæta stjórnsýsluna nema með því að fræða starfsfólk stjórnsýslunnar um reglur stjórnsýsluréttarins sem og um alþjóðlegar reglur sem innihalda fjölþjóðlegar skuldbindingar um réttindi borgaranna. Það er grundvallaratriði fyrir réttaröryggi borgaranna að starfsfólkið viti hvaða reglum á að fylgja og að þjónustan sem það veitir uppfylli gæðakröfur laga og réttarreglna. Bendir umboðsmaður á að málsmeðferðarreglur stjórnsýsluréttarins eru skýrar og löggjöfin því almennt ekki vandamálið, þótt hún mætti vera ítarlegri, heldur þekking og þjálfun starfsmannanna í að fylgja reglunum og jafnframt að unnt sé að bæta úr því með aukinni fræðslu. Meiri hlutinn tekur undir þetta sjónarmið eins og áður og bendir á að á vegum forsætisráðuneytis hefur verið starfræktur stjórnsýsluskóli Stjórnarráðs Íslands frá haustinu 2010 og er markmið hans að efla endurmenntun og þjálfun starfsmanna ráðuneyta. Þar hafa verið haldin námskeið fyrir nýja starfsmenn, námskeið fyrir stjórnendur og að auki einstaklingsbundin fræðsla fyrir nýja stjórnendur og aðstoðarmenn. Meiri hlutinn telur mjög mikilvægt að starfrækja slíkan skóla eða tryggja með námskeiðshaldi endurmenntun og þjálfun starfsmanna en ekki eingöngu innan ráðuneyta heldur einnig fyrir starfsmenn stofnana sem fara með opinbert vald, m.a. undirstofnana ráðuneyta.

Þagnarskyldureglur og vernd uppljóstrara.

Í umfjöllun um misbresti í stjórnsýslunni taldi kjörinn umboðsmaður ástæðu til að nefna að þegar litið er til nágrannalandanna eru Íslendingar nokkuð á eftir varðandi reglur um þagnarskyldu í opinberri stjórnsýslu. Bendir hann á að til þurfi að vera einhver vettvangur fyrir upplýsingar úr stjórnsýslunni sem eðlilegt er að vekja máls á. Slík mál þurfa að eiga einhvern farveg þó að nauðsynlegt sé að ákveðin mál séu unnin í trúnaði og að um þau gildi reglur um þagnarskyldu. Kom einnig fram að hann hefði orðið var við að þeir sem hafa borið sín mál fram eða kært til umboðsmanns hefðu fengið neikvæð viðbrögð frá stjórnvöldum. Tekur hann í því sambandi fram að það verða engar framfarir og umbætur í stjórnsýslunni, sem snýst um að þjónusta borgarana, nema til séu einstaklingar sem hafa til að bera þá elju að koma með athugasemdir og ábendingar vegna hennar. Embættið hefur stuðlað að umbótum í gegnum árin sem grundvallast á kvörtunum eða ábendingum frá fólki sem telur að eitthvað megi betur fara í stjórnsýslunni eða telur sig hafa verið beitt órétti. Meiri hlutinn tekur heils hugar undir þessi sjónarmið og telur mikilvægt að viðmót stjórnsýslunnar við kvörtunum og ábendingum mótist af þessu sjónarmiði öðru fremur.

Bendir umboðsmaður á að það kunni einnig að vera þörf á að hafa möguleika til að vernda þá einstaklinga sem vilja leita til umboðsmanns með ábendingar með sérstöku verndarákvæði. Settur umboðsmaður benti einnig á í þessu sambandi að ef opinber starfsmaður tekur þá ákvörðun að greina frá einhverju, þá sé það varla málefni sem varða viðkvæm persónuleg málefni einstaklinga heldur fremur kerfislæg vandamál, jafnvel misbeiting valds, lögbrot eða brot á vönduðum stjórnsýsluháttum og siðareglum sem þeir verða áskynja í starfi sínu og þeir telji innri boðleiðir ekki bera árangur eða þyki óviðeigandi og því þurfi að vera til staðar sérstök úrræði sem geri ráð fyrir að unnt sé að koma slíkum upplýsingum á framfæri við umboðsmann. Bendir umboðsmaður á að flest vestræn lýðræðisríki eru með þannig fyrirkomulag að viðkomandi geti komið upplýsingum á framfæri án þess að þurfa að gjalda fyrir það á einhvern hátt.

Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að bregðast við þessum athugasemdum og leggur til að við endurskoðun laga um umboðsmann Alþingis sem þegar hefur verið ákveðið að fari fram á vegum þingsins verði þetta skoðað sérstaklega. Meiri hlutinn birtir í fylgiskjali með álitinu tillögu að nýrri lagagrein um vernd uppljóstrara sem nefndin fékk frá umboðsmanni (fskj. I).

Þá benti settur umboðsmaður á að verði lagt til að tekið verði upp ákvæði um vernd uppljóstrara í lög um umboðsmann Alþingis væri einnig nauðsynlegt að taka afstöðu til upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart þinginu í framhaldinu. Bendir meiri hlutinn í því sambandi á að frumvarp til breytinga á þingsköpum Alþingis, þskj. 1014, 596. mál, er til umfjöllunar í þingskapanefnd og þar er m.a. fjallað um upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart þinginu. Telur meiri hlutinn eðlilegt að þingskapanefndin skoði sérstaklega samhengi við tillögu þessa.

Mörk einkaréttar og opinbers réttar.

Á fundinum var fjallað um undirbúning þeirra mála sem lögð eru fyrir Alþingi og mikilvægi þess að vanda hann. Lagði umboðsmaður í því sambandi sérstaka áherslu á að nauðsynlegt væri að átta sig á því hvernig einstök verkefni eru skilgreind út frá reglum einkaréttarins og hins opinbera réttar og að tekin sé skýr afstaða til þess, annaðhvort í lagatexta eða lögskýringargögnum, hver sé stjórnsýsluleg staða aðila. Nefndi hann í því sambandi sérstaklega breytingar á lagareglum um Ríkisútvarpið sem var fært frá því að vera hefðbundin

ríkisstofnun í opinbert hlutafélag. Breytingin hafði þýðingu fyrir eðli stofnunarinnar og þá sérstaklega varðandi málefni einstakra starfsmanna og að það hefði í för með sér ákveðið vandamál í túlkun, þ.e. hvort umboðsmaður hefði eitthvert umboð til að fjalla um málefni starfsmanna eftir breytinguna. Var niðurstaða hans sú að umboðsmaður gæti ekki fjallað um málið vegna þess hvernig Alþingi hefði skipað þessum málum að lögum þar sem hann hefði ekki valdheimildir til þess. Taldi hann mikilvægt að þingmenn gerðu sér grein fyrir því við slíkar breytingar á löggjöf að hvaða marki starfsemin á að lúta fullkomlega reglum einkaréttarins þar sem stjórnsýslureglur eiga ekki við eða hvort um er að ræða verkefni sem hið opinbera fer með og því nauðsynlegt að viðhalda þeim eftirlitsúrræðum sem þingið hefur sett, þ.e. umboðsmanni Alþingis. Meiri hlutinn telur þessar ábendingar umboðsmanns mjög mikilvægar og nauðsynlegt að skoða strax í undirbúningsferlinu ítarlega afleiðingar þeirra tillagna að breytingum á löggjöf sem ætlunin er að leggja fyrir þingið. Komi ekki fram nægilega góðar skýringar á afleiðingunum þurfi nefndir þingsins að kalla eftir þeim hjá viðkomandi stjórnvöldum.

Í skýrslu umboðsmanns er vakin athygli á þeirri aðstöðu sem borgararnir eru settir í þegar stjórnvöld telja sér heimilt í skjóli þess að lagareglur eru óljósar að leggja kostnað við þjónustu á borgarana þrátt fyrir þá meginreglu að ekki er heimilt að taka gjald fyrir opinbera þjónustu nema sérstök lagaheimild standi til þess. Bent er á nauðsyn þess að löggjafinn taki skýra afstöðu til þess hver sé hin stjórnsýslulega staða. Með öðrum orðum hvort það sé ætlun löggjafans að víkja frá meginreglunni um að kostnaður af starfsemi og þjónustu sem hið opinbera veitir almenningi, eða áskilur að þeir taki þátt í, sé borinn af sköttum og öðrum tekjum en gera borgurunum þess í stað að bera kostnað eða hluta kostnaðar af þjónustunni með þjónustugjöldum eða greiðsluþátttöku. Meiri hlutinn telur þetta mikilvæga ábendingu og telur að þegar lagafyrirmæli eru ekki skýr í þessum efnum beri stjórnvöldum að túlka þau borgurunum í hag. Jafnframt beinir nefndin þeim tilmælum til samgöngunefndar að hún líti sérstaklega til álits umboðsmanns Alþingis í máli 5234/2008 við endurskoðun umferðarlaga.

Meinbugir á lögum.

Á fundinum var fjallað sérstaklega um tilkynningar umboðsmanns til Alþingis, ráðherra eða sveitarstjórna í tilefni af meinbugum á lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum eða -framkvæmd, sbr. 11. gr. laga um umboðsmanna Alþingis, en í skýrslunni er yfirlit yfir þau tilvik þar sem komist var að niðurstöðu um meinbugi á lögum á árinu 2009. Var í því sambandi fjallað um hvort styrkja þyrfti löggjafann þannig að þingið kæmi sér upp lagaskrifstofu. Taldi umboðsmaður að það væri til bóta að þingið mundi í innra starfi sínu efla að einhverju leyti þennan þátt, þ.e. að skoða að hvaða marki þörf er á viðbrögðum af hálfu þingsins vegna álita umboðsmanns, t.d. hvort taka þyrfti upp einhvers konar miðlægan vettvang sem væri mannaður sérfræðingum hvort sem það væri með lagaskrifstofu Alþingis eða á öðrum sambærilegum vettvangi. Meiri hlutinn bendir í því sambandi á að með nýju frumvarpi til breytinga á lögum um þingsköp Alþingis (þskj. 1014, 596. mál) er lagt til að fastanefndum þingsins verði fækkað og málefnasviði breytt. Markmiðið með breytingunum er að styrkja starf nefndanna og auka skilvirkni nefndastarfsins og byggjast tillögurnar m.a. á tillögum úr skýrslu starfshóps um eftirlitshlutverk Alþingis. Telur meiri hlutinn að verði þær breytingar samþykktar skapist tækifæri til að huga betur m.a. að eftirfylgni mála sem koma frá umboðsmanni þar sem þingmenn munu sitja í færri nefndum og því hafa betri tíma til að setja sig inn í mál, fylgja þeim eftir og veita stjórnvöldum aðhald og hafa eftirlit með starfsháttum þeirra.

Undirbúningur löggjafar.

Á fundinum kom fram að það berast hlutfallslega fleiri kvartanir til umboðsmanns Alþingis en algengt er hjá fjölmennari þjóðum sem hann telur ráðast af því hve viðfangsefnin eru mörg. Kom fram að kjörinn umboðsmaður hefði einnig skoðað það hversu oft hann fyndi meinbugi á lögum í samanburði við önnur lönd og að það væri mun meira um það hér. Taldi hann að það ætti rót sína að rekja til mismunandi undirbúnings löggjafar og brýndi hann þingmenn sérstaklega til þess að vanda lagasetningu. Nefndi hann sem dæmi endurskoðun upplýsingalaga í Danmörku í samanburði við hérlenda endurskoðun. Þar var árið 2002 skipuð 22 manna nefnd sem safnaði saman miklum upplýsingum og umræðum í skýrslu sem var gefin út árið 2009 („Betænkning om offentlighedsloven nr. 1510/2009“) og kynnt þeim sem hafa áhuga og hagsmuni af málinu. Málið hefur verið til umræðu síðan skýrslan kom út og var frumvarp til upplýsingalaga lagt fram. Fyrir nefndinni kom fram að málið er nú til meðferðar í danska þinginu og að ekki er víst að það náist að afgreiða það fyrir vorið en megindeiluefnið þar er hvernig fara á með aðgang að pólitískum gögnum.

Umboðsmaður benti á að endurskoðun upplýsingalaga hér á landi hefði farið þannig fram að skipaður var hópur þriggja lögfræðinga til að endurskoða þau og vinna að frumvarpi til nýrra upplýsingalaga sem kynnt var á heimasíðu forsætisráðuneytisins þar sem umsagnaraðilum gafst stuttur frestur til að senda inn umsagnir. Málið er nú til meðferðar hjá allsherjarnefnd og hefur nefndin fengið fjölmargar athugasemdir í umsögnum sem hún telur nauðsynlegt að fara mjög vel yfir.

Umboðsmaður bendir á í tengslum við athugasemdir sínar um mikilvægi þess að vanda lagasetningu að lög eiga í eðli sínu að vera sáttmáli sem á að standa lengi. Til þess að unnt sé að skapa virðingu fyrir lögum og reglum þurfi aðkomu sem flestra að samningu þeirra og greiningu á því hver þörfin sé fyrir lagasetningu. Nauðsynlegt er því að þingmenn taki sér nægilegan tíma til þess að fara yfir þau mál sem lögð eru fram til þess að unnt sé að mæta kröfu um vandaða lagasetningu en það er grundvallaratriði þegar litið er til réttaröryggis borgaranna sem meginhlutverk umboðsmanns snýst um að gæta. Meiri hlutinn bendir í þessu sambandi á að þegar frumvörp eru lögð fram á Alþingi sé, í meðförum þeirrar nefndar sem fer með málið, venjulega kallað eftir umsögnum frá hagsmunaaðilum og sérfræðingum, stofnunum og félagasamtökum auk þess sem þeir sem mál varða geta komið umsögnum um þingmál á framfæri við nefnd, þ.e. allir sem það vilja. Þá sé jafnan lögð vinna í að reyna að mæta sjónarmiðum og athugasemdum í umsögnum aðila ef fram koma og jafnvel ákveðið ef ekki næst sátt um mál eða breytingar, að fresta afgreiðslu þeirra eða láta málin liggja ef nefndin telur nauðsynlegt að meiri vinna sé lögð í málið á vettvangi ráðuneyta. Meiri hlutinn fellst engu síður á þessi sjónarmið og telur nauðsynlegt að taka athugasemdir umboðsmanns til mjög alvarlegrar íhugunar.

Almennar leiðbeiningar og eftirfylgni.

Meiri hlutinn tekur undir að þó að viðfangsefni umboðsmanns séu að meginstefnu til kærur eða ábendingar einstaklinga eru almennar leiðbeiningar fólgnar í álitum hans fyrir stjórnvöld. Meginhlutverk þeirra sem starfa í stjórnsýslunni er að þjónusta almenning og til þess að unnt sé að ná raunverulegum árangri í að bæta þjónustuna er nauðsynlegt að bregðast við álitum og athugasemdum umboðsmanns Alþingis eins fljótt og unnt er. Meiri hlutinn tekur fram að almennt fara stjórnvöld eftir ábendingum umboðsmanns.

Meiri hlutinn telur að embætti umboðsmanns Alþingis hafi náð að festa sig mjög vel í sessi og öðlast traust meðal borgaranna. Meiri hlutinn telur þó að það mætti kynna almenn-

ingi embættið enn betur og tekur fram að ef þingmenn fylgi álitum umboðsmanns betur eftir geti það m.a. orðið til þess að vekja meiri athygli á embættinu og styrkja það enn frekar. Umboðsmaður tók fram að í reynd er þetta hringrás eftirlits þar sem þingmenn þurfa einnig að fylgja álitum umboðsmanns eftir. Á fundinum komu fram ábendingar til umboðsmanns um að hann sendi tölvupóst til allra þingmanna um leið og álit hans eru birt á netinu og telur meiri hlutinn að slíkt gæti orðið til þess að auðvelda þingmönnum eftirlit með stjórnvöldum. Þá gæti birting skýrslunnar á vef umboðsmanns einnig haft áhrif í því sambandi. Loks telur meiri hlutinn nauðsynlegt að ræða skýrsluna í byrjun hvers þings og skila áliti innan sex vikna frá þingsetningu.

Skýrslan fyrir starfsárið 2009 er mjög vönduð eins og ætíð og er mikilvæg heimild við túlkun reglna á réttarsviði stjórnsýsluréttarins sem enn eru að miklu leyti óskráðar.

Það hlutverk umboðsmanns að tryggja betur réttaröryggi borgaranna er mjög viðamikið en er nauðsynlegt til þess að skapa traust gagnvart stjórnvöldum og stjórnsýslustofnunum. Fækkun mála hjá umboðsmanni er því það markmið sem stefnt skal að og takist það er ljóst að unnt er að endurvekja það traust sem nauðsynlegt er að stjórnsýslan hafi. Meiri hlutinn leggur því áherslu á mikilvægi þess að nýta ábendingar umboðsmanns og þau tækifæri og tilefni sem gefast til umbóta hvort sem er innan stjórnsýslunnar, sveitarfélaga eða hjá Alþingi, m.a. í vandaðri lagasetningu.

Alþingi, 11. maí 2011.

Róbert Marshall, form.	Valgerður Bjarnadóttir.	Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara.
Þráinn Bertelsson.	Mörður Árnason.	Þór Saari.

2. Álit minni hluta.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, hefur umboðsmaður það hlutverk að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögunum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann og gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Umboðsmaður skal vera í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi.

Minni hluti allsherjarnefndar tekur í einu og öllu undir álit meiri hluta allsherjarnefndar um skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2009 sem unnin er í samræmi við 1. mgr. 23. gr. laga um þingsköp Alþingis sem breytt var með lögum nr. 68/2007. Markmiðið með lagabreytingunum var að tryggja betur en áður tengsl embættis umboðsmanns Alþingis og þingsins sjálfs. Minni hluti allsherjarnefndar getur þó ekki verið á áliti meiri hluta nefndarinnar. Er ástæðan sú að umræður um skýrslur ársins 2007 og 2008 hafa ekki farið fram á þingfundi heldur einungis á fundum allsherjarnefndar. Er það afar ámælisvert af Alþingi, löggjafanum sjálfum, að fylgja ekki eftir ákvæðum b-liðar 11. gr. laga nr. 68/2007, um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992 og nr. 102/1993, en þar segir: „Þá skal allsherjarnefnd fjalla um skýrslu umboðsmanns Alþingis áður en hún kemur á dagskrá þingsins og skila áliti um hana.“ Að mati minni hluta allsherjarnefndar er það óafsakanlegt að skýrslur umboðsmanns Alþingis frá árunum 2007 og 2008 hafi ekki verið teknar formlega á dagskrá þingsins sl. tvö ár. Ekki dugir að breiða yfir viljaleysi þetta

með því að dreifa álitum allsherjarnefndar frá árunum 2007 og 2008 með áliti nefndarinnar fyrir árið 2009. Er það tillaga minni hluta allsherjarnefndar að umræðum um skýrslu umboðsmanns Alþingis frá árinu 2009 verði fundinn staður nú þegar í dagskrá þingsins á því vorþingi sem nú stendur yfir. Að auki skuli skýrslur umboðsmanns Alþingis frá árunum 2007 og 2008 settar á dagskrá á sama tíma og skulu þessar þrjár ársskýrslur ræðast saman til að gjalda fyrir þau mistök sem átt hafa sér stað eða viljaleysi. Einnig skal á það minnt að verði ekki af umræðum um umræddar skýrslur nú á vorþingi styttist mjög í að umboðsmaður Alþingis skili skýrslu fyrir árið 2010 en hana skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert, sbr. 12. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Þá verði brátt fjórar skýrslur frá umboðsmanni óræddar á Alþingi.

Alþingi verður að virða valdmörk og hlutverk sitt og tryggja að skýrslur umboðsmanns Alþingis fái umræður í þinginu sem þeim ber samkvæmt lögum.

Alþingi, 11. maí 2011.

Vigdís Hauksdóttir.

Fylgiskjal I.

Tillaga að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, með síðari breytingum. – Ákvæði um vernd uppljóstrara.

(Drög.)

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, svohljóðandi:

Vernd uppljóstrara.

Óheimilt er að láta einstakling gjalda þess ef hann í góðri trú veitir umboðsmanni Alþingis upplýsingar um lögbrot stjórnvalds, óvandaða stjórnsýsluhætti eða brot á siðareglum.

Undir 1. mgr. fellur sú háttsemi að rýra réttindi, segja upp samningi, slíta honum eða láta einstakling gjalda þess á annan hátt að hann hafi látið umboðsmanni í té upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir rannsókn hans. Séu leiddar líkur að því skal gagnaðili sýna fram á að ákvörðun sé reist á öðrum forsendum en þeim að hann hafi veitt umboðsmanni upplýsingar.

Ef einstaklingur hefur frumkvæði að því að láta umboðsmanni Alþingis í té upplýsingar eða gögn sem tengjast stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og óskar eftir því að hann sæti ekki ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að refsiverðu broti hans sjálfs er umboðsmanni heimilt að óska eftir því við ríkissaksóknara að hann ákveði að hlutaðeigandi sæti ekki ákæru. Ef um opinberan starfsmann er að ræða getur umboðsmaður, af sama tilefni, óskað eftir því við hlutaðeigandi forstöðumann eða ráðuneyti að viðkomandi verði ekki látinn sæta viðurlögum vegna brota á starfsskyldum.

Skilyrði ákvörðunar skv. 3. mgr. eru að upplýsingar eða gögn tengist refsiverðu broti í opinberri stjórnsýslu eða broti á opinberum starfsskyldum og talið sé líklegt að þessar upplýsingar eða gögn geti haft verulega þýðingu fyrir rannsókn umboðsmanns samkvæmt lögum þessum eða séu mikilvæg viðbót við fyrirliggjandi sönnunargögn. Ef upplýsingar eða gögn tengjast refsiverðu broti þá er það jafnframt skilyrði fyrir beitingu þessarar heimildar að rök-

studdur grunur sé uppi um það að mati ríkissaksóknara að upplýsingar eða gögn tengist alvarlegu broti, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til að ætla að án þeirra muni reynast torvelt að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir broti.

2. gr.

Ákvæði e-liðar 2. mgr. 10. gr. orðast svo: Telji umboðsmaður að um sé að ræða brot í starfi er varði viðurlögum samkvæmt lögum getur hann gert viðeigandi yfirvöldum viðvart, sbr. þó 7. gr. a.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Til skoðunar hefur verið hvort ástæða sé til að setja svokallað uppljóstrunarákvæði í lög nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, sem mæli fyrir um vernd uppljóstrara með þeim hætti að einstaklingar og opinberir starfsmenn verði ekki látnir gjalda þess ef þeir greina umboðsmanni frá lögbrotum eða brotum á vönduðum stjórnsýsluháttum og siðareglum sem þeir verða áskynja um í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Um þetta efni var sérstaklega rætt á fundi allsherjarnefndar þegar fjallað var um ársskýrslu umboðsmanns fyrir árið 2009 og þá er þess að geta að umboðsmenn vestnorrænu ríkjanna hafa einnig haft það til skoðunar og rætt það á fundum sínum hvort ástæða kunni að vera að leggja til að slíkt ákvæði verði tekið upp í lög ríkjanna um umboðsmann í ljósi alþjóðlegs lagaumhverfis á þessu sviði. Má hér t.d. nefna samninga Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu. Þá hefur þing Evrópuráðsins sett tilmæli nr. 1615 frá 2003 um stofnunina umboðsmann en þar kemur m.a. fram að í þeim tilvikum þegar opinberir starfsmenn verða varir við alvarlegar brotalamir í störfum sínum og innri boðleiðir verða ekki taldar bera árangur eða þykja óviðeigandi skuli vera til staðar sérstök úrræði að landsrétti sem geri ráð fyrir að unnt sé að koma slíkum upplýsingum á framfæri við umboðsmann. Svokölluð uppljóstrunarákvæði er einnig að finna í einstökum lagabálkum hér á landi og má þar nefna 3. mgr. 42. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, 5. gr. laga nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara, 12. gr. laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, og 13. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 4. gr. breytingalaga nr. 86/2010. Í síðastnefnda ákvæðinu er sérstaklega kveðið á um að óheimilt sé að láta starfsmann gjalda þess að hann greini viðeigandi aðilum frá lögbrotum eða brotum á siðareglum sem hann hefur orðið áskynja um í starfi. Með viðeigandi aðilum í skilningi ákvæðisins er m.a. átt við umboðsmann Alþingis, sbr. athugasemdir í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 86/2010.

Fylgiskjal II.

Álit allsherjarnefndar um skýrslu umboðsmanns Alþingis 2008.
(138. löggjafarþing 2009–2010, þskj. 716, 402. mál.)

Allsherjarnefnd skilar nú í þriðja skipti áliti um skýrslu umboðsmanns Alþingis í samræmi við 1. mgr. 23. gr. laga um þingsköp Alþingis sem breytt var með lögum nr. 68/2007. Markmiðið með breytingunum var að tryggja betur en áður tengsl embættis umboðsmanns og þingsins sjálfs og undirstrika mikilvægi þess að skýrsla umboðsmanns fái viðeigandi umfjöllun í þeirri fastanefnd þingsins sem fjallar um málefni embættisins. Eitt mikilvægasta hlutverk Alþingis er að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu, ríkisstjórn og stjórnsýslu ríkisins og hvernig hún er framkvæmd. Embætti umboðsmanns er mikilvægur hluti markviss þingeftirlits og í reynd sá hluti sem borgararnir geta leitað til með gagnrýni og kvartanir.

Árið 2008 var afmælisár embættisins en þá voru 20 ár liðin frá stofnun embættis umboðsmanns Alþingis. Hlutverk hans er að hafa, í umboði Alþingis, eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum og auk þess að stuðla að því að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Á þessum tveimur áratugum hefur umboðsmaður náð að festa sig í sessi sem sjálfstæður og óháður málsvari borgaranna og hefur veitt stjórnvöldum raunverulegt aðhald í störfum sínum ásamt því að koma með tillögur að úrbótum. Þannig hefur hann haft mikil áhrif og mótað stjórnsýsluna.

Allsherjarnefnd fjallaði um skýrslu umboðsmanns um afmælisárið 2008 á opnum fundi sem var haldinn í beinni útsendingu á vef Alþingis með Tryggva Gunnarssyni, kjörnum umboðsmanni, og Róberti Ragnari Spanó, settum umboðsmanni frá ársbyrjun 2009. Markmiðið með reglum forsætisnefndar um opna fundi er að opna umræðu um efni sem eiga sérstakt erindi við borgarana. Telur nefndin að þegar litið er til mikilvægis þess verkefnis sem umboðsmaður fer með, þ.e. eftirlits- og aðhaldshlutverkið gagnvart stjórnvöldum, sé nauðsynlegt að skýrslan fái opnari umfjöllun í nefndinni og var niðurstaða hennar því að halda opinn fund um skýrsluna. Fundurinn var haldinn 24. nóvember sl. í beinni útsendingu og er upptaka af honum aðgengileg á vef þingsins. Þetta er í fyrsta skipti sem fjallað er um skýrslu umboðsmanns í beinni útsendingu og telur nefndin að með því sé skref stigið til þess að auka vægi umfjöllunarinnar um skýrsluna bæði innan Alþingis og utan þess. Þannig er aðhald aukið með stjórnvöldum á hverjum tíma auk þess sem ætla má að forvarnaráhrifin verði meiri þegar umfjöllunin fær veglegri sess. Fyrirmynd þessa er fengin frá Danmörku en þar hefur skýrsla þarlends umboðsmanns verið rædd á slíkum fundum frá árinu 2002. Þar hefur þróunin verið sú að almenningur hefur getað tekið þátt í fundunum með því að beina spurningum til umboðsmanns og telur nefndin rétt að á vegum Alþingis verði hugað að því hvernig unnt er að undirbúa slíka umræðu.

Ársskýrsla umboðsmanns Alþingis er nokkurs konar spegill þess hvernig til hefur tekist í stjórnsýslunni á hverju ári og telur nefndin vert á þessum tímamótum að líta til baka og skoða eldri skýrslur embættisins. Þær gefa yfirlit yfir starfið og þau áhrif sem það hefur haft á stjórnsýsluna á hverjum tíma. Á þeim árum sem liðið hafa frá stofnun embættisins hefur umfang stjórnsýslunnar aukist mikið og samhliða því eru gerðar auknar kröfur til málsmeðferðar. Þá eru borgararnir almennt betur upplýstir um réttindi sín og leita eftir þeim innan stjórnsýslunnar sem einnig er vísbending um að kæruleiðirnar skili árangri. Því er ljóst að

árangur embættisins er mikill, hvort sem litið er til þess að tryggja réttindi borgaranna í stjórnsýslunni eða veita stjórnsýslunni nauðsynlegt aðhald. Nefndin leggur áherslu á að eftirlit umboðsmanns er til þess fallið að gera stjórnsýsluna vandaðri og afkastameiri og auka jafnframt traust borgaranna á henni.

Umfang stjórnsýslunnar fer ört vaxandi og á fundinum kom fram að aldrei hefðu fleiri mál verið afgreidd en á afmælisárinu, eða 354 mál, en í árslok voru 104 mál óafgreidd. Þegar málafjöldi er skoðaður aftur í tímann sést að nokkuð mikil aukning hefur orðið strax á fyrstu tíu árum embættisins en þá fimmfaldaðist fjöldi skráðra mála, úr 70 málum á fyrsta árinu í 360 á því tíunda. Eftir það fækkar skráðum málum nokkuð og þau verða um og yfir 300 á ári hverju. Fram kom að umboðsmaður hefur sett sér viðmiðunarreglur um málshraða, þ.e. að afgreiða mál innan sex mánaða frá kæru en það hefur ekki alltaf tekist, m.a. vegna þess að oft fjallar hann um úrlausnarefni sem ekki hefur verið fjallað um áður og þarf að gefa sér tíma til þess.

Á fundinum kom fram að á árinu voru viðfangsefni svipuð og síðustu ár og fjallað um sömu málaflokka. Stærsti einstaki málaflokkurinn er eins og áður tafir hjá stjórnvöldum á afgreiðslu mála, eða 17% af heildinni, og er það heldur fleiri mál en síðustu ár. Nefndin telur mikilvægt að viðkomandi stjórnvöld taki sig verulega á í þessu efni og bæti úr enda er það tiltölulega auðvelt fyrir þau og varðar málsaðila oft mjög miklu. Telur nefndin tafir á afgreiðslu mála sérstaklega ámælisverðar þegar málsmeðferðartími er ákveðinn samkvæmt lögum og lagði á 136. löggjafarþingi ríka áherslu á það í áliti sínu um skýrslu ársins 2007 að við þær aðstæður sem ríktu í efnahagsmálum væri enn ríkari ástæða en áður til að leysa úr málum innan lögbundinna fresta, m.a. með endurupptöku þeirra þegar þess gerist þörf. Þannig væri unnt að viðhalda og auka traust almennings á stjórnsýslunni.

Í nokkrum málaflokkum varð fjölgun milli ára, m.a. í málum er lutu að fangelsum en þeim hafði fækkað verulega á síðastliðnum árum. Þá fjölgaði málum milli ára er lutu að opinberum starfsmönnum, sköttum og gjöldum, almannatryggingum, aðgangi að gögnum og upplýsingum og skipulags- og byggingarmálum. Málum sem falla undir flokkinn málsmeðferð og starfshættir stjórnsýslunnar fækkaði nokkuð milli ára en sérstaka athygli vakti þar í hve hlutfallslega mörgum málum reyndi á rannsóknarskyldu stjórnvalda en það voru 11 mál. Í skýrslunni kemur fram að í fimm málum reyndi á rannsóknarregluna við úrlausn á réttarstöðu þeirra sem sækja um opinber störf eða við lausn frá störfum.

Við umfjöllun nefndarinnar var nokkuð rætt um álit umboðsmanns vegna skyldu til að auglýsa opinber störf. Kom fram að í árslok 2006 hefði umboðsmaður ákveðið að eigin frumkvæði að taka til athugunar hvernig ákvæðum laga og reglna um auglýsingar lausra embætta og starfa hefði verið fylgt. Tók athugunin til áranna 2005 og 2006 og var takmörkuð við setningar, skipanir og ráðningar í störf hjá ráðuneytum og þau tilvik þar sem ráðherra fer með veitingarvaldið, t.d. störf forstöðumanna ríkisstofnana eða önnur störf hjá ríkinu. Tilefni þessa voru ábendingar sem bárust um að misbrestur væri á að störf og embætti væru auglýst. Kom fram að þrátt fyrir athugasemdir umboðsmanns og skýrar reglur sé dæmunum alltaf að fjölga og þau verði fjölbreyttari. Niðurstaða umboðsmanns hefur því tekið lengri tíma en áætlað var og er væntanleg á vormánuðum. Nefndin tekur undir mikilvægi þess að umboðsmaður fylgist með því að farið sé að settum reglum og bendir á að þeim er ætlað að tryggja að stjórnvöld geti valið úr sem flestum hæfum umsækjendum um hverja stöðu. Nefndin telur þó einnig að þessi fjölmörgu dæmi gefi ákveðna vísbendingu um þörf á endurskoðun reglnanna.

Sérkenni stjórnsýslunnar er að þær reglur sem fylgja þarf eru oft einungis að hluta til festar í lög. Margar grundvallarreglur stjórnsýsluréttarins eru óskráðar, m.a. reglan um skyldubundið mat stjórnvalda. Nokkuð reyndi á slík mál en þá hefur löggjafinn falið stjórnvöldum að taka ákvörðun og setja reglur um hvernig leysa eigi úr tilteknum málum og eru nefnd nokkur dæmi í skýrslunni. Þá lagði umboðsmaður áherslu á skyldu stjórnvalda til að svara fyrirspurnum og samspil þess við vandaða stjórnsýsluhætti. Nefndin telur að sú ábending snúi einnig að ásýnd stjórnsýslunnar, þ.e. að viðkomandi aðilar fái að fylgjast með gangi mála innan stjórnsýslunnar og bendir á að þar mætti nýta rafræna miðla mun meira.

Á fundinum var einnig rætt hvernig hið opinbera ætti að fara með eignir sínar og fjármuni en settur umboðsmaður benti á að það væri eitt stærsta verkefni Alþingis að taka afstöðu til þess. Ljóst er að hinu opinbera eigendavaldi eiga að vera önnur mörk sett en þau sem gilda gagnvart hefðbundnum einkaréttarlegum lögmálum enda ólíkir hvatar sem búa að baki. Reglur stjórnsýsluréttarins gilda um opinbera aðila sem eiga að gæta almannahagsmuna og vinna fyrir fólkið í landinu. Taldi umboðsmaður ljóst að ein viðbrögðin yrðu þau að eftirlitsumhverfinu með fjármálamarkaðinum verði breytt og inngrip hins opinbera aukið. Minnti umboðsmaður í því sambandi á mikilvægi þess að við setningu laga sé skýrt hvaða valdheimildir stjórnvöldum séu veittar, til þess að réttarstaðan sé skýrari, réttaröryggi borgaranna meira og eftirlit umboðsmanns þjóni tilgangi sínum.

Nefndin ræddi frumkvæðismálin sérstaklega en það eru mál sem umboðsmaður tekur upp að eigin frumkvæði og eru mikilvægur þáttur í starfi hans. Umboðsmaður upplýsti að embættinu bærust fjölmargar ábendingar, auk þess sem hann fylgdist með því sem er að gerast í samfélaginu en hann þyrfti að vera vandlátur á hvaða mál væru tekin til athugunar. Þróunin hefði verið að almennt sé byggt á því sjónarmiði að málin hefðu almenna þýðingu, horfi til umbóta og séu liður í að bæta réttaröryggi borgaranna. Tók hann sérstaklega fram að frumkvæðismálum hefði ekki verið beitt vegna tiltekinna mála einstaklinga eða lögaðila þó að þau gætu lotið að tilvikum sem snertu einstaklinga en byggt væri á að þau hefðu almenna þýðingu.

Fjöldi frumkvæðismála hefur aukist úr 6 í 14 milli áranna 2008 og 2009. Fram kom að á því gæti verið sú skýring að þegar bréf er sent frá umboðsmanni til stjórnvalds og óskað eftir upplýsingum sé það í upphafi skráð sem frumkvæðismál. Stór hluti erinda sem settur umboðsmaður hefði sent á árinu 2009 væri til þess að óska eftir upplýsingum frá viðkomandi stjórnvaldi um atriði sem gæti þarfnast frekari skoðunar. Ef svo væri, hæfist hin formlega frumkvæðisathugun en annars væri málinu lokið.

Yfirleitt fara stjórnvöld eftir tilmælum umboðsmanns sem geta verið almenns eðlis eða sérstök tilmæli. Kom fram að í tveimur málum hefði ekki verið farið eftir sérstökum tilmælum umboðsmanns, þ.e. máli er varðaði stimpilgjöld og var til meðferðar hjá fjármálaráðuneyti og máli hjá óbyggðanefnd er varðaði rökstuðning málskostnaðarákvörðunar. Nefndin telur mjög mikilvægt að farið sé eftir tilmælum umboðsmanns enda sé markmiðið með eftirliti hans að bæta stjórnsýsluna og veita stjórnvöldum aðhald sem verður grundvöllur þess að undirbyggja traust á þeim.

Umboðsmaður lagði sérstaka áherslu á að ekki náist árangur í að bæta stjórnsýsluna nema með því að fræða starfsfólk stjórnsýslunnar um reglur stjórnsýsluréttarins, sem og um alþjóðlegar reglur sem innifela fjölþjóðlegar skuldbindingar um réttindi borgaranna, enda sé það grundvallaratriði fyrir réttaröryggi borgaranna að starfsfólkið viti hvaða reglum á að fylgja. Nefndin tekur sérstaklega undir þetta sjónarmið eins og áður og telur sérstaklega mikilvægt í því þjóðfélagsumróti sem nú ríkir að ráðuneyti og stofnanir geri átak til þess að bæta úr

þessu enda bera þau ábyrgð á því að þjónustan sem borgurunum er veitt uppfylli gæðakröfur laga og réttarreglna. Nefndin telur mikilvægt að skoðað verði hvort leggja eigi meiri áherslu á þekkingu á reglum stjórnsýsluréttarins, t.d. við ráðningar starfsmanna stjórnsýslunnar eða með því að nýir starfsmenn sitji námskeið. Jafnframt verði hugað sérstaklega að endurmenntun innan stjórnsýslunnar en í máli umboðsmanns kom fram að fjöldi manna innan stjórnsýslunnar hefði ekki fengið neina slíka menntun.

Nefndin fjallaði um þá þróun innan stjórnsýslunnar að einkaréttarlegar leiðir eru notaðar í auknum mæli við lausn á ýmsum málum. Umboðsmaður nefnir dæmi um þetta í skýrslu sinni, svo sem að opinbera fyrirtækið ÁTVR reikni sér arð og að samið sé um uppgjör bóta vegna niðurskurðar á búfé. Umboðsmaður vakti athygli á því við umfjöllun um skýrslu ársins 2007 að það færðist í aukana að þjónusta við borgarana sé með samningum færð til einkaréttarlegra aðila sem taki að sér að sjá um þjónustuna og benti hann á mikilvægi þess að við þá samningsgerð sé gætt að settum lögum og reglum á viðkomandi sviði varðandi réttindi borgaranna. Nefndin tók undir það í áliti sínu og taldi að með slíkum samningum væri oft unnt að bæta þjónustu við borgarana en taldi mikilvægt að lögbundin réttindi yrðu ekki skert. Þá taldi nefndin einnig mikilvægt að vanda samninga opinberra aðila við einkaaðila, svo sem einkaskóla og einkafyrirtæki á heilbrigðissviði, vegna réttaröryggis og hugsanlegra skaðabóta, þar reyndi á forsvaranlega stjórnsýslu og meðferð fjármuna. Ítrekar nefndin þessi sjónarmið nú.

Á fundinum vakti settur umboðsmaður athygli á því að í júlí sl. lauk hann frumkvæðisathugun varðandi skyldur sem kunna að hvíla á ráðherra til að gæta að störfum undirstofnana. Var niðurstaðan sú að á þeim gæti hvílt bein jákvæð skylda til að grípa til virkra úrræða til að haga innra skipulagi og málsmeðferð með þeim hætti sem áskilið er í lögum. Byggist það á yfirstjórnar- og eftirlitshlutverki ráðherra sem bundinn er af almennum leiðbeiningarsjónarmiðum ekki síst út á við, gagnvart borgurum, og inn á við, gagnvart undirstofnunum.

Á fundinum var rætt um starfsemi kærunefnda í stjórnsýslunni en markmiðið með þeim er að auka skilvirkni og réttaröryggi innan stjórnsýslunnar. Umboðsmaður hefur metið hvernig það fyrirkomulag virkar í raun og hvort þessi tilhögun þjónar þeim tilgangi sínum að auka skilvirkni og réttaröryggi. Fram kom að umboðsmaður hefði stundum efasemdir um að starfsemin virkaði nægilega vel og benti á að oft væri takmörkuð þekking á efnisreglum og málsmeðferðarreglum innan nefndanna og að til þeirra kæmu of fá mál til þess að unnt væri að viðhalda sérhæfingu. Nefndin tekur undir það og bendir á álit sitt frá 136. löggjafarþingi á síðustu skýrslu þar sem hún taldi rétt með vísan til þessara ábendinga og enn fremur réttaröryggissjónarmiða, að leggja til að fram færi skoðun á því hvort unnt væri að styrkja kærunefndir innan stjórnsýslunnar með því að fækka þeim, jafnvel sameina þær eða færa verkefni þeirra til viðkomandi ráðuneyta sem gæti falið í sér ákveðna hagræðingu í rekstri. Nefndin ítrekar þessar ábendingar sínar nú og telur að með vísan til réttaröryggis og mögulegrar hagræðingar sé nauðsynlegt að skoða þetta.

Á fundinum var vikið að setningu neyðarlaganna og því kerfi skilanefnda og slitastjórna sem komið var á í mikilli skyndingu eftir bankahrunið haustið 2008 og hvort umboðsmaður hefði fjallað um það. Fram kom að umboðsmaður hefði fylgst nokkuð með því en hann teldi nauðsynlegt að gefa andrými til að skoða hver framvinda málsins yrði. Taldi settur umboðsmaður að ákveðin álitaefni gætu verið uppi, t.d. hvort ákvarðanir séu teknar á mörkum lögfræðinnar innan einkaréttar eða opinbers réttar og lagði áherslu á mikilvægi þess að þingmönnum sem handhöfum löggjafarvalds yrði að vera það ljóst við setningu laga innan hvaða réttarsviðs þau væru.

Þá taldi hann takmarkanir á því að hvaða marki honum væri unnt að fjalla um ákvarðanir einkaaðila, þ.e. ef þeim hefði verið fengið opinbert vald. Alþingi hefði með lögum nr. 44/2009, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, tekið ákveðna stefnumarkandi ákvörðun, þ.e. fært stöðu skilanefndanna úr upprunalegu horfi og þeim tengslum sem þær höfðu við Fjármálaeftirlitið og einnig úr hinu stjórnsýslulega eftirlitskerfi yfir í núverandi hlutverk skilanefndanna þar sem þær eru mikilvægur liður í slitameðferð gömlu bankanna. Taldi umboðsmaður því lítið svigrúm fyrir hann til að bregðast við kvörtunum er lúta að störfum gömlu bankanna í ljósi þess hvernig Alþingi sjálft hefði komið þessu kerfi á með lagabreytingu í apríl 2009. Þá eru nýju bankarnir ný hlutafélög sem starfa á einkaréttarlegum forsendum. Umboðsmaður benti þó á að í lok október hefðu verið samþykkt lög nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, sem m.a. settu lagaramma um sérstæka skuldaaðlögun þar sem gert væri ráð fyrir ákveðnu eftirlitskerfi, þ.e. eftirlitsnefnd, sem efnahags- og viðskiptaráðherra skipar og hefur eftirlit með samræmdri beitingu reglna um sértæka skuldaaðlögun sem Fjármálaeftirlitið staðfestir. Taldi umboðsmaður að aðkoma opinberra aðila þar kynni að vera verkefni sem umboðsmaður gæti haft eftirlit með en kerfið væri í sjálfu sér þannig að eftirlitsmöguleikar hans væru verulega takmarkaðir. Nefndin telur þessar athugasemdir umboðsmanns mjög gagnlegar og leggur áherslu á að gætt verði að því við samningu frumvarpa og lagasetningu hver réttaráhrif viðkomandi löggjafar verði.

Umboðsmaður benti enn á ný á mikilvægi vandaðrar lagasetningar og nauðsyn þess að í undirbúningsgögnum með lagafrumvörpum sé tekin afstaða til þess hvernig þau falli að stjórnarskrá og alþjóðareglum, sem gera ákveðnar kröfur um hvernig haga eigi þessum málum. Umboðsmaður benti á að í nágrannalöndunum sé ekki eingöngu gerð formleg prófun á því hvernig reglur eiga að virka í framkvæmd heldur einnig hvað þær hafa í för með sér og hvernig þær falla að efni stjórnarskrár og stjórnsýsluréttarins. Í áliti sínu frá 136. löggjafarþingi tók nefndin undir svipaðar athugasemdir umboðsmanns og taldi þá mikilvægt að við samningu frumvarpa yrði almennt gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi mál fellur að þeim lagaramma sem stjórnarskráin setur og enn fremur að almennt verði tekin afstaða til þessa við lagasetningu Alþingis og afgreiðslu mála hjá fastanefndum þingsins. Nefndin ítrekar þessi sjónarmið og telur nauðsynlegt að þessari gagnrýni verði mætt enda til þess fallin að tryggja réttaröryggi borgaranna til framtíðar.

Skýrslan fyrir afmælisárið 2008 er eins og áður mjög vönduð og verðskuldar mikla athygli og umræðu auk þess sem að hún er mikilvæg heimild við túlkun reglna á réttarsviði stjórnsýsluréttarins sem enn eru að miklu leyti óskráðar. Eðli umboðsmannseftirlits er eftirá-eftirlit til þess fallið að læra af og er skýrslan nauðsynlegur leiðarvísir til þess að unnt sé að meta hvort breyta þarf löggjöf eða starfsháttum stjórnsýslunnar. Nefndin telur ljóst að fá rit séu jafnupplýsandi um ástand lýðræðisins og stjórnsýslunnar eins og skýrsla umboðsmanns.

Allsherjarnefnd telur að með þeirri umfjöllun sem skýrslan fékk í nefndinni sé enn eitt skrefið stigið til þess að auka nauðsynlegt aðhald með stjórnvöldum og að mikilvægt sé að þróa umfjöllunina áfram, t.d. með aðkomu almennings. Mikilvægt er að byggja upp traust á stjórnvöldum og stjórnsýslustofnunum í því þjóðfélagsumróti sem nú er og telur nefndin að embætti umboðsmanns hafi veigamikið hlutverk við það stóra verkefni. Í því sambandi skiptir þó mestu máli hvernig stjórnvöld og stofnanir bregðast við álitum umboðsmanns og stærsta vísbendingin um að stjórnsýslan vinni vel og að réttaröryggi sé tryggt er að málum fækki hjá umboðsmanni Alþingis. Skýrslan er eins og áður gífurlega fjölbreytileg, bæði viðfangsefnin og lögfræðileg málefni, en að nokkru leyti eru umfjöllunarefnin þau sömu og árin

á undan. Nefndin telur því að stjórnvöld og stofnanir þurfi að skoða hverju það sætir og hvernig unnt sé að bæta úr til að endurvekja það traust sem nauðsynlegt er að stjórnsýslan hafi.

Nefndin leggur áherslu á að skýrslan fái enn meiri umfjöllun en verið hefur á vettvangi Alþingis. Þannig ætti að stefna að útkomu skýrslunnar fyrr þannig að á haustþingi hverju sinni gæfist ráðrúm til almennrar umræðu meðal þingmanna um skýrsluna.

Nefndin telur að embætti umboðsmanns njóti verðskuldaðs trausts meðal almennra borgara og stofnana stjórnsýslunnar enda er almennt farið eftir tilmælum hans.

Þór Saari áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 23. febr. 2010.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Erla Ósk Ásgeirsdóttir.	Ögmundur Jónasson.
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Magnús Orri Schram.	Þráinn Bertelsson.

Fylgiskjal III.

Álit allsherjarnefndar um skýrslu umboðsmanns Alþingis 2007.
(136. löggjafarþing 2008–2009, þskj. 593, 346. mál.)

Allsherjarnefnd skilar nú í annað skipti áliti um skýrslu umboðsmanns Alþingis í samræmi við 1. mgr. 23. gr. laga um þingsköp Alþingis sem breytt var með lögum nr. 68/2007. Markmiðið með breytingunum var að tryggja betur en áður tengsl embættis umboðsmanns og þingsins sjálfs og undirstrika mikilvægi þess að skýrsla umboðsmanns fái viðeigandi umfjöllun í þeirri fastanefnd þingsins sem um málefni embættisins fjallar.

Árið 2008 voru 20 ár liðin frá stofnun embættis umboðsmanns Alþingis. Hugmyndin að stofnun embættisins var fengin frá Norðurlöndunum og í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum um embætti umboðsmanns Alþingis árið 1997 segir að það sé samdóma álit manna að með þessari skipan hafi fundist virk leið til aðhalds með stjórnvöldum sem hafi bætt mjög stjórnsýslu landanna án þess að vera of þung í vöfum í einstökum málum. Hlutverk umboðsmanns hefur allt frá upphafi verið að hafa, í umboði Alþingis, eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum og stuðla að því að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Hefur umboðsmaður á þessum tíma náð að festa sig í sessi sem sjálfstæður og óháður málsvari borgaranna og hefur veitt stjórnvöldum raunverulegt aðhald í störfum sínum ásamt því að koma með tillögur að úrbótum.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um skýrslu umboðsmanns fyrir árið 2007 á tveimur fundum. Árið var nítjánda starfsár embættis umboðsmanns Alþingis. Nefndin heimsótti embættið 28. október 2008 og gerði umboðsmaður þar grein fyrir meginþáttum starfseminnar og fór yfir helstu atriði skýrslunnar sem lögð hafði verið fram á þingi nokkru áður. Þá kom umboðsmaður á fund nefndarinnar 12. nóvember sama ár og svaraði spurningum nefndarmanna um einstök atriði skýrslunnar. Í umfjöllun nefndarinnar um skýrsluna kom fram að umboðsmaður

hefur sett sér það stefnumið að afgreiðslu mála sé að jafnaði lokið innan sex mánaða frá því kvörtun berst. Fram kom að það markmið hefði ekki náðst að fullu m.a. vegna þess að málum hefði fjölgað um 13% milli áranna 2006 og 2007. Þá kom einnig fram að nokkrar breytingar hefðu verið gerðar á vinnubrögðum hjá umboðsmanni sem felast í því að fjallað er sameiginlega um samþætt mál eða mál með svipuð álitaefni og þau afgreidd samhliða. Hefur umboðsmaður þá gjarnan sent bréf til stjórnvalda vegna þeirra í heild. Nefndin telur ákveðna hagræðingu fólgna í því fyrir stjórnvöld sem leiði að auki til þess að samræmis sé gætt við úrlausn sambærilegra mála innan stjórnsýslunnar.

Tæplega helmingur mála sem kemur til umboðsmanns er sendur til stjórnvalda. Kom fram að umboðsmaður gerði það einungis þegar hann teldi slíkt nauðsynlegt. Varða athugasemdirnar yfirleitt meðferð tiltekins máls hjá stjórnvaldi en ekki efnislega niðurstöðu og því almennt ekki sérstök þörf á að gera breytingar á lögum eða reglum. Fram kom að stjórnvöld bregðast oftast vel við tilmælum umboðsmanns í þessum málum og fari eftir þeim. Í sumum tilfellum hefur þó nokkur dráttur orðið á því að umboðsmanni sé svarað og að hann fái skýringar á því sem hann leitar eftir. Þessar tafir geti haft afgerandi þýðingu þar sem miklir hagsmunir eru í húfi, svo sem í atvinnustarfsemi fyrirtækja og einstaklinga, og haft mikinn kostnað í för með sér fyrir viðkomandi. Nefndin leggur áherslu á að slíkt feli í sér brot á reglum um málshraða og til þess fallið að draga úr réttaröryggi borgaranna sem umboðsmanni er einmitt ætlað að standa vörð um. Þá felist það í skyldum stjórnvalda á hverjum tíma og standi þeim næst að bæta úr ef miður fer og að ekki sé þörf á því fyrir borgarana að leita til dómstóla í þeim málum sem varða eingöngu málsmeðferð en ekki efnislega niðurstöðu. Nefndin leggur ríka áherslu á að við þau miklu áföll sem orðið hafa í efnahagslífi þjóðarinnar sé enn meiri nauðsyn þess að stjórnvöld gæti að réttaröryggi borgaranna og líti á ábendingar og tilmæli umboðsmanns sem leiðbeinandi og leysi mál gagnvart borgurunum m.a. með endurupptöku þeirra þegar þess gerist þörf. Þannig er unnt að viðhalda og auka traust almennings á stjórnsýslunni.

Mikilvægur þáttur í starfi umboðsmanns eru svokölluð frumkvæðismál, þ.e. mál sem umboðsmaður tekur upp að eigin frumkvæði. Það eru oft mál sem fjallað er um í samfélaginu eða fjölmiðlum. Í þeim tilfellum hefur umboðsmaður oft beint því til viðkomandi stjórnvalds að breyta vinnubrögðum eða reglum. Í skýrslunni kemur fram að stjórnvöld hafi almennt farið eftir tilmælum umboðsmanns utan tveggja tilvika. Nefndin telur að það aðhald sem umboðsmaður veitir stjórnvöldum með þessum hætti sé mjög mikilvægt og enn fremur sé mikilvægt að stjórnvöld fari eftir tilmælum og ábendingum hans.

Telur nefndin rétt að vekja sérstaka athygli á einu frumkvæðismáli í skýrslunni sem varðar greiðslur til fanga fyrir vinnu innan fangelsanna og réttindi tengd þeim. Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að framkvæmd á greiðslum til fanga yrði færð til þess horfs að þeir teldust launþegar í merkingu ákvæða um slysatryggingu almannatryggingalaga eða að gildandi lagareglur yrðu endurskoðaðar þannig að slysatryggingar fanga uppfylltu að lágmarki þær kröfur sem leiðir af ákvæði evrópsku fangelsisreglnanna um slysatryggingar fanga við vinnu. Tekur nefndin undir þessi tilmæli umboðsmanns og kallar eftir því að dóms- og kirkjumálaráðuneytið finni viðunandi lausn sem tryggi lágmarksvernd.

Á fundum nefndarinnar benti umboðsmaður á ýmislegt sem má betur fara í stjórnsýslunni almennt, m.a. á nauðsyn þess að uppfræða starfsfólk um reglur stjórnsýsluréttarins sem og um reglur Evróputréttarins sem innihalda fjölþjóðlegar skuldbindingar um réttindi borgaranna gagnvart stjórnvöldum, t.d. hvað varðar heilsu, framfærslu og menntun. Nefndin tekur undir

mikilvægi þessa og telur nauðsynlegt að stjórnendur stofnana innan stjórnsýslunnar, bæði ríkis og sveitarfélaga, séu meðvitaðir um þá nauðsyn að stuðla að því að starfsmenn viðhaldi vel þekkingu sinni og þjálfun til þess að bæta og tryggja réttaröryggi.

Þá benti umboðsmaður einnig á að hjá kærunefndum innan stjórnsýslunnar vanti yfirsýn og þekkingu á reglum um stjórnsýsluleg réttindi borgaranna og að til þeirra komi í raun of fá mál til þess að unnt sé að viðhalda sérhæfingu. Nefndin telur því rétt með vísan til þessara ábendinga og enn fremur réttaröryggissjónarmiða að leggja til að fram fari skoðun á því hvort unnt er að styrkja kærunefndir innan stjórnsýslunnar með því að fækka þeim, jafnvel sameina þær eða færa verkefni þeirra til viðkomandi ráðuneyta sem getur falið í sér ákveðna hagræðingu í rekstri.

Þá kom fram á fundum nefndarinnar að umboðsmaður hafi fundað með stjórnvöldum til að ræða ákveðin álitaefni í málum, einkum ef þau varða grundvallarspurningar um starfsemi stjórnsýslunnar. Nefndin telur einnig mikilvægt að slík samvinna eigi sér stað og telur að hún sé til þess fallin að stuðla að því að þeir sem fara með opinbert vald gæti að lögum og góðum stjórnsýsluháttum í störfum sínum.

Umboðsmaður benti einnig á að í nokkrum tilfellum mætti auðvelda úrlausn einstakra mála borgaranna gagnvart stjórnvöldum með samningum og að ekki væri þörf á að leysa ágreiningsmál borgaranna gagnvart stjórnvöldum fyrir dómstólum. Telur nefndin eðlilegt, þegar litið er til réttaröryggissjónarmiða, málshraða og kostnaðar fyrir borgarana, að samningsleiðin verði almennt reynd áður en málum er vísað til dómstóla.

Umboðsmaður vakti athygli á því að það færist í aukana að þjónustu við borgarana sé skipað með samningum á sviði einkaréttar þar sem félög eða fyrirtæki taki að sér að sjá um þjónustuna. Benti umboðsmaður á mikilvægi þess að gætt sé að settum lögum og reglum á viðkomandi sviði varðandi réttindi borgaranna við slíka samningsgerð. Nefndin telur mögulegt að með slíkum samningum sé unnt að bæta þjónustu við borgarana en telur mikilvægt að lögbundin réttindi séu ekki skert. Þá telur nefndin einnig mikilvægt að vanda samninga opinberra aðila við einkaaðila svo sem einkaskóla og einkafyrirtæki í heilbrigðisþjónustu vegna réttaröryggis og hugsanlegra skaðabótakrafna, þar sem reyndi á forsvaranlega stjórnsýslu og meðferð fjármuna.

Umboðsmaður benti einnig á nauðsyn vandaðrar lagasetningar og að hugsanlegar skýringar á því að lagasetning væri ekki nægilega vönduð væri að undirbúningstíminn væri ekki nægilega langur og ekki kæmu nægilega margir að vinnunni. Þá benti umboðsmaður sérstaklega á að við lagasetningu yrði að líta til þess ramma sem stjórnarskráin setur löggjafanum en þar eru gerðar mjög ríkar kröfur. Benti umboðsmaður m.a. á að við endurskoðun á heildarlöggjöf um skólamál hefði ekki verið fjallað um afstöðu gagnvart ákvæðum stjórnarskrárinnar um menntun. Fram kom á fundunum að við undirbúning löggjafar á Norðurlöndunum væri almennt fjallað um þau grundvallarlög sem gilda á viðkomandi sviði. Nefndin telur mikilvægt að við samningu frumvarpa verði almennt gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi mál fellur að þeim lagaramma sem stjórnarskráin setur og enn fremur að almennt verði tekin afstaða til þessa við lagasetningu Alþingis og afgreiðslu mála hjá fastanefndum þingsins.

Skýrslur umboðsmanns eru mikilvæg heimild um túlkun reglna á réttarsviði stjórnsýsluréttarins sem enn er að miklu leyti óskráð. Nefndin telur því sérstaklega ánægjulegt að milli umboðsmanns og stjórnvalda sé samvinna, sérstaklega þegar upp koma álitaefni sem varða grundvallarspurningar á réttarsviðinu. Skýrslan fyrir árið 2007 er eins og áður mjög vönduð

og vill allsherjarnefnd þakka umboðsmanni og starfsfólki hans sérstaklega fyrir vel unnin störf á liðnum árum.

Alþingi, 25. febr. 2009.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir, varaform.	Birgir Ármannsson.
Ágúst Ólafur Ágústsson.	Árni Þór Sigurðsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.

Siv Friðleifsdóttir.

1464. Tillaga til þingsályktunar [823. mál]

um sókn í atvinnumálum.

Flm.: Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðardóttir, Guðmundur Steingrímsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Siv Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa til eftirfarandi aðgerða í atvinnumálum sem hafi að markmiði að greiða fyrir fjölgun starfa, styðja við hagvöxt og auka velferð:

I.
Efnahags- og skattamál.

1. Skuldameðferð lítilla og meðalstórra atvinnufyrirtækja sem talin eru rekstrarhæf fari fram með gagnsæjum hætti og ljúki hið fyrsta.
2. Skipaður verði starfshópur stjórnvalda og hagsmunaðila sem endurskoði skattumhverfi atvinnulífsins með það að markmiði að tryggja samkeppnishæfni Íslands. Tillögur verði kynntar opinberlega með góðum fyrirvara áður en þær koma til framkvæmda.
3. Losað verði um gjaldeyrishöftin svo fljótt sem verða má. Á meðan höftin vara verði leitast við að tryggja aðgengi innlendra aðila að alþjóðlegum fjármálamörkuðum auk þess sem leitað verði samninga við eigendur aflandskróna um að beina fjármunum sínum í verkefni innan lands.
4. Íslenskur hlutabréfamarkaður verði endurreistur og að almennur skattaafsláttur verði innleiddur vegna hlutabréfa- og stofnfjárkaupa.
5. Samskipti stjórnvalda og atvinnulífsins verði endurskoðuð eftir atvikum með gerð sérstaks gæðasáttmála þar sem leitast verði við að laga stjórnsýsluna betur að þörfum atvinnulífsins um leið og stuðlað verði að bættu viðskiptasiðferði.
6. Lög um einkahlutafélög og samvinnufélög verði einfölduð.

II.
Vinnumarkaðsaðgerðir.

1. Gerð verði úttekt á þörfum atvinnulífsins og atvinnulausra gagnvart námi og náms-framboði.
2. Komið verði til móts við þarfir einstaklinga sem ekki hafa fundið sig í framhalds- og háskólum.
3. Fólki án atvinnu verði boðið upp á fjölbreytt úrræði við upphaf næsta skólaárs.
4. Fólki án atvinnu verði í samstarfi við atvinnulífið boðið upp á starfsnám.
5. Horft verði sérstaklega til hinna „skapandi greina“, svo sem hönnunar- og tæknigreina.

III.
Stoðkerfi atvinnulífsins.

1. Mótuð verði heildarstefna á sviði atvinnuþróunar, þ.m.t. um ráðgjöf til fyrirtækja í greiðsluörðugleikum.
2. Stofnanaumgjörð opinberra aðila á sviði atvinnuþróunar atvinnuþróunar verði einfölduð.
3. Komið verði á fót atvinnuþróunarráði í hverjum landshluta.
4. Starfsemi Íslandsstofu verði efld til að laða að beina erlenda fjárfestingu.

IV.
Nýsköpun.

1. Lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki verði breytt þannig að stuðningur við þau verði í formi afsláttar á staðgreiðslu og rannsóknar- og þróunarkosntaði.
2. Einstaklingar njóti skattaafsláttar vegna fjárfestinga í nýsköpunarverkefnum og í sjóðum sem fjárfesta eingöngu í nýsköpunarfyrirtækjum.

V.
Hugverkaiðnaður.

1. Fjármagn til kennslu í raun- og verkfræðigreinum í háskólum landsins verði aukið.
2. Skattalegar ívilnanir verði boðnar til að laða erlenda sérfræðinga í vinnu hér á landi.
3. Framlög til Tækniþróunarsjóðs verði aukin.

VI.
Kvikmyndagerð og tónlist.

1. Endurgreiðsluhlutfall vegna kostnaðar við kvikmyndaframleiðslu verði hækkað úr 20% í 25%, sbr. lög nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.
2. Framlög til kvikmyndasjóðs verði aukin úr 450 millj. kr. í 700 millj. kr. á ári.
3. 25% hlutfall af kostnaði við tónlistarupptökur verði endurgreiddur.

VII.
Ferðaþjónusta.

1. Tekjur ríkisins sem renna eiga til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða renni til uppbyggingar innan greinarinnar á grundvelli heildstæðrar stefnu.
2. Hafið verði kynningarátak til að efla ferðaþjónustu allt árið. Ríkissjóður verji 350 millj. kr. til átaksins og aðilar í ferðaþjónustu leggi fram samsvarandi upphæð.

3. Markaðsmálum verði komið í farveg til lengri tíma með markvissu samstarfi ríkis, sveitarfélaga, markaðsstofa og fyrirtækja.
4. Grunnrannsóknir í ferðaþjónustu verði efldar og þær nýttar við kynningarátak, ímyndarsköpun og vöruþróun.

VIII.
Landbúnaður.

1. Stjórnvöld lýsi því yfir að rekstrarumhverfi landbúnaðarins verði ekki raskað frekar en orðið er til loka gildistíma núverandi búvörusamninga.
2. Með liðsinni Íslandsstofu verði vakin athygli erlendis á þeim miklu tækifærum sem fólgin eru í loðdýrarækt hér á landi og þeim kostum sem mæla með fjárfestingum hér. Greininni verði tryggt samkeppnishæft umhverfi og tryggðir möguleikar á að nýta þau hráefni sem til falla.
3. Unnið verði með matvælaframleiðendum að stefnumörkun um hvernig hægt sé að auka hlut innlendra matvæla í neyslu hérlendis og hvaða markmið skuli sett varðandi útflutning, sérstaklega á lambakjöti og grænmeti.
4. Að gerð verði áætlun um landnýtingu þar sem matvælaframleiðsla fái ríkan sess.
5. Fjölgað verði tækifærum matvælaframleiðenda til að vinna úr og þróa eigin afurðir.
6. Leitað verði allra leiða til þess að lækka kostnað við flutning á raforku, m.a. til að bæta rekstrarskilyrði garðyrkjunnar.
7. Sett verði raunhæf og mælanleg markmið um innlenda metan- og lífdísilframleiðslu.

IX.
Orkumál og orkuskipti.

1. Í framhaldi af samþykkt laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða verði staðið faglega að veitingu virkjunarleyfa og að stjórnvöld virði þau tímamörk sem þeim eru sett í þeim efnum.
2. Að bæta skattumhverfi vegna olíuleitar innan íslenskrar landhelgi og setja aukinn kraft í það verkefni.
3. Mótuð verði stefna um hvernig unnt sé með sem skilvirkum hætti að ýta undir notkun á nýrri tækni og endurnýjanlegum orkugjöfum í samgöngum. Fjárframlög til málaflokksins verði nýtt í þessu skyni.
4. Opinberir styrkir verði veittir til þeirra 10% heimila sem ekki eiga kost á heitu vatni til húshitunar sem nýst geta til kaupa varmadælum, gluggaskiptum, bættri einangrun húsa eða öðrum orkusparnaði gegn lækkuðum niðurgreiðslum hins opinbera á orku til húshitunar.
5. Stofnaður verði „Jöfnunarsjóður raforku“ sem hafi það hlutverk að jafna orkuverð í landinu.

X.
Uppbygging í mannaflsfrekum iðnaði.

1. Stjórnvöld geri beina erlenda nýfjárfestingu að forgangsatriði og móti sér stefnu um hvernig uppbyggingu stefna eigi að.
2. Lagaumhverfi, ívilnanir vegna beinna erlendra fjárfestinga og leyfisveitingaferli verði endurskoðað með það að markmiði að skilvirkni og gagnsæi íslenskrar stjórnsýslu verði aukið til muna.

3. Að stutt verði dyggilega við þau verkefni sem nú þegar eru til athugunar í uppbyggingu í mannaflsfrekum iðnaði.

XI.
Sjálfbært fjármálakerfi.

1. Mótuð verði stefna um fjármálakerfið sem byggi á fjölbreytni, neytendavernd og sjálfbærni.
2. Sparisjóðir verði endurskipulagðir að nýju með svæðaskiptu skipulagi.
3. Sett verði ný lög um lánasamvinnufélög.

Greinargerð.

Efnahagslífið er um þessar mundir þjakað af erfiðum skuldavanda fólks og fyrirtækja og allt of háu atvinnuleysi. Talið er að u.þ.b. 15 þúsund manns hafi verið atvinnulausir í lok febrúar sl. Stjórnvöld þurfa við þær aðstæður að sjá til þess að úrlausn á skuldavanda heimila og fyrirtækja gangi greiðlega fyrir sig og hvetja til fjárfestingar í atvinnuskapandi verkefnum. Með aukinni verðmætasköpun og eftirspurn munu tekjur ríkissjóðs vaxa sem gerir því kleift að standa undir aukinni velferð þeirra sem minnst lífskjör hafa. Hagvaxtarhorfur næstu ára benda til þess að þörf sé á markvissum aðgerðum til að útrýma atvinnuleysi.

Tillaga þessi er samin með hliðsjón af skýrslu atvinnumálanefndar Framsóknarflokksins frá apríl 2011 og ber heitið Ísland í vonanna birtu. Þar eru lagðar til úrbætur á ýmsum sviðum atvinnulífsins sem ætlað er að styðja við vöxt hagkerfisins og greiða fyrir fjölgun starfa. Aðgerðir sem lagðar eru til í skýrslunni eru greindar eftir málefnasviðum sem varða efnahags- og skattamál, vinnumarkaðsaðgerðir, stoðkerfi atvinnulífsins; nýsköpun, hugverkaiðnað, kvikmyndagerð og tónlist, ferðaþjónustu, landbúnað, orkumál og orkuskipti, uppbyggingu í mannaflsfrekum iðnaði og sjálfbært fjármálakerfi. Telja skýrsluhöfundar að með aðgerðunum megi skapa um 11.800 störf á næstu árum, bæði í formi varanlegra starfa og tímabundinna. Skýrslan er unnin á grundvelli víðtæks samráðs við aðila sem tengjast atvinnulífinu á einn eða annan hátt og varpar ljósi á fjölmörg tækifæri til atvinnusköpunar.

Skýrslu atvinnumálanefndar má finna hér en hún fylgir jafnframt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari: http://framsokn.is/files/skyrsla_atvinnumalanefndar_2011.pdf.

I. Efnahags- og skattamál.

Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu mælist nú 12% en ætti almennt að vera um og yfir 20%. Við þessar aðstæður þurfa stjórnvöld að breyta um stefnu og endurskoða reglur á sviði efnahags- og skattamála í samráði við atvinnulífið í þeim tilgangi að hvetja til fjárfestingar. Skattbreytingar undanfarinna ára sem lagðar hafa verið fram á grunni efnahagsáætlunar AGS og Íslands hafa haft það að markmiði að auka tekjur ríkissjóðs og draga úr fjárlagahallanum en um leið hafa þær verið notaðar í þágu pólitískra stefnumiða sem skýrir öðrum þræði hversu lítið samráð hefur verið haft við samningu þeirra. Breytingarlög nr. 70/2009, frá 29. júní 2009, og lög nr. 128/2009, frá 23. desember 2009, bera þess glögglega merki en þar var mælt fyrir ýmsum breytingum sem haft hafa neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi atvinnulífsins, þar af má nefna skattlagningu arðs sem launatekjur og skattlagningu vaxtagreiðslna úr landi. Skattahækkanir ríkisstjórnarinnar hafa enn fremur aukið á vanda hagkerfisins með því að draga úr eftirspurn. Með hliðsjón af skuldsetningu heimila og fyrirtækja væri nær að lækka skatta og greiða fyrir möguleikum á erlendri fjárfestingu. Sýnt

þykir að lög um hlutafélög og einkahlutafélög séu of lík og flækjustig í samvinnulöggjöfinni er of hátt. Því er lagt til endurskoðunar á þessum lögum.

II. Vinnumarkaðsaðgerðir.

Það er sérstakt áhyggjuefni að af þeim 15 þúsund manns sem eru atvinnulausir hefur 1/3 verið atvinnulaus í meira en 12 mánuði auk þess sem atvinnuleysi mælist hvað mest hjá ungu fólki. Reynsla annarra þjóða bendir til þess að við þær aðstæður sé rétt að auka tækifæri til náms og starfsmenntunar, ekki síst á sviði skapandi greina, vegna þeirra samfélagslegu vandamála og kostnaðar sem óbreytt ástand mun óhjákvæmilega hafa í för með sér. Stjórnvöld þurfa að auka framlög til menntakerfisins og leita eftir samstarfi við atvinnulífið um að koma fólki út á vinnumarkaðinn sem fyrst.

Atvinnuleysi mælist hvad mest hjá ungu fólki en það er 9,5%. Um 70% þessara einstaklinga eiga það sammerkt að hafa ekki fundið sig í grunn- og framhaldsskólanámi heldur einungis lokið grunnskólanámi. Íslenskt menntakerfi hefur ekki náð að þjóna þörfum þessa fólks og mikilvægt er að finna þeim úrræði. Helst er þá horft til ýmiss konar tæknigreina og annarra skapandi greina.

Raunhæft er að setja sem markmið að á árinu 2012 muni 2.000 einstaklingar, til viðbótar þeim 1.500 vinnumarkaðsúrræðum sem eru til staðar í dag, vera komnir í nám á framhalds- og háskólastigi eða í starfstengt nám í tæknigreinum og skapandi greinum. Þróa þarf þessa námsleið í góðri samvinnu stjórnvalda og atvinnulífsins. Afar brýnt er að fjölga þjálfunartækifærum fyrir atvinnulausa inni í fyrirtækjunum.

Mikilvægt er að atvinnuleysisbætur fylgi einstaklingum sem fara í starfsþjálfun til fyrirtækja og að atvinnurekandi bæti við fjármagni þannig að launin verði yfir lágmarkslaunum. Þetta verði þá hvatning fyrir atvinnurekendur til að taka þátt í átakinu og fyrir einstaklinginn til að sækjast eftir tví ad komast í slík starfsúrræði.

III. Stoðkerfi atvinnulífsins.

Lagt er til að verksvið stofnana ríkis og sveitarfélaga sem starfa á sviði atvinnuþróunar sæti endurskoðun sem ætlað er að stuðla að bættu verklagi og betri nýtingu opinberra fjármuna. Meðal þess sem skoðað verði er að sameina einstakar stofnanir og koma á fót staðbundnum starfsstöðvum sem geri aðilum kleift að nálgast upplýsingar um alla þá aðstoð sem í boði er. Skýra þarf verksvið Byggðastofnunar og auka möguleika stofnunarinnar til að vera öflugur ráðgjafi og stuðningsaðili við atvinnulíf á landsbyggðinni. Tryggja þarf við þá vinnu þátttöku sveitarstjórnarfólks, aðkomu íbúa, atvinnulífsins og menntastofnana.

IV. Nýsköpun.

Fjárfesting í nýsköpun er áhættusöm en um leið þjóðfélagslega brýn. Nýsköpunarfyrirtækin Össur, Marel og CCP eru dæmi um þau verðmæti sem orðið geta til í þekkingarsamfélaginu. Fyrirtækin þurfa jafnan á miklu fjármagni að halda til að sinna rannsóknum og markaðsvinnu sem óvíst er að skili sér á endanum. Opinberir aðilar ættu þess vegna að leita leiða til þess að styðja við starfsemina og huga að því um leið að auka framboð á fjárfestingartækifærum. Samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki er fyrirtækjunum heimilt að draga frá skatti fjárhæðir vegna útlags kostnaðar sem þau hafa haft af tilgreindum rannsóknum og þróun frá fyrra ári. Lagt er til að einnig væri hægt að veita þeim stuðning í formi afsláttar á staðgreiðslu launa til að forðast að fyrirtækin þurfi að fjármagna sig í langan tíma áður en þau fá endurgreiðslu. Einnig er lagt til að einstaklingar sem fjárfesta í nýsköp-

unarverkefnum njóti skattafsláttar hvort sem þeir fjárfesta beint eða kjósa að beina fjárfestingu sinni í gegnum sérstakan fjárfestingarsjóð sem sérhæfir sig í nýsköpunarfyrirtækjum.

V. Hugverkaiðnaður.

Stefnuleysi stjórnvalda í málefnum hugverkaiðnaðarins og lítill stuðningur hafa haft neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja á þeim markaði. Tilvist þessara fyrirtækja hér á landi stendur enn fremur ógn af gjaldeyrishöftum þar sem stór hluti afurðanna er seldur erlendis. Fyrirtækin geta starfað á ýmsum sviðum atvinnulífsins og mætti þar af nefna heilbrigðistækni, hönnun, fata- og listiðnað, líftækni, orku- og umhverfistækni, afþreyingariðnað, vél- og rafeindatækni fyrir matvælavinnslu og mannvirkjagerð og málmtækni. Hið opinbera þarf að hlúa vel að rekstrarumhverfi þessara fyrirtækja eins og fjallað er um í kaflanum um nýsköpun. Tryggja þarf að inn á vinnumarkaðinn komi vel menntað fólk á sviði raungreina og verkfræði sem annað geta eftirspurn fyrirtækjanna eftir vinnuafli til að auka á samkeppnishæfni þeirra. Er lagt til að framlög til háskólanna og Tækniþróunarsjóðs verði aukin í þessu skyni auk þess sem hugað verði að breytingum til að laða erlenda sérfræðinga að íslenskum vinnumarkaði. Einnig þarf að skoða möguleikana á að koma á vinnumarkaðsúrræðum fyrir atvinnulausa á sviði hugverkaiðnaðar.

VI. Kvikmyndagerð og tónlist.

Dregið hefur úr opinberum framlögum og styrkveitingum til kvikmyndagerðar á undanförnum árum þrátt fyrir að íslenskir aðilar hafi fengið mikið lof fyrir listsköpun sína á erlendri grund. Þannig voru framlög til kvikmyndasjóðs á árinu 2010 aðeins um 450 millj. kr. á sama tíma og langtímaáætlun frá árinu 2006 gerði ráð fyrir að til hans yrði varið um 700 millj. kr. Niðurskurðurinn hefur þær afleiðingar að verkefnum fækkar og fleiri missa vinnuna innan greinarinnar sem er háð stuðningi bæði hér og í flestum nágrannalöndum okkar. Leiða má líkur að því að fjármunum sem varið er til stuðnings listum og menningu auki áhuga manna á landi og þjóð. Opinber stuðningur skilar því ríkinu meiri tekjum en ef hans nyti ekki við. Lagt er til að stuðningi við tónlist hér á landi verði með sama hætti og gagnvart kvikmyndagerð.

VII. Ferðaþjónusta.

Ferðamönnum til landsins hefur þrátt fyrir krepputíð fjölgað mikið á síðustu árum með jákvæðum áhrifum á fjárhag ríkissjóðs. Á þessu ári stefnir í að ferðamannastraumur vaxi enn. Ísland hefur upp á fjölmargt að bjóða eins og fallega náttúru, einstaka sögu og menningu. Möguleikarnir virðast óþrjótandi enda er hvert landsvæði með sín sérkenni sem íbúar leggja rækt við, t.d. á sviði landbúnaðar eða sjávarútvegs. Þá má nefna heilsutengda ferðaþjónustu þar sem áherslan liggur á vel menntað starfsfólk og hreint umhverfi.

Rétt þykir að stuðla áfram að fjölgun ferðamanna með samhentu markaðsátaki ríkis, sveitarfélaga og aðila í ferðaþjónustu. Með fjölgun ferðamanna má gera ráð fyrir að störfum fjölgi en um leið verður að standa vörð um náttúru landsins. Þess vegna er þörf á aðgerðum til uppbyggingar ferðamannastaða vítt og breitt um landið og til að lengja ferðamannatímabilið eins og kostur er þannig að ágangur og tekjustreymi vegna ferðamanna verði sem jafnast. Framkvæmdasjóði ferðamannastaða verði ætlað það hlutverk að bæta aðstæður og verja íslenskar náttúruperlur en ekki til rekstrar. Opinberir aðilar þurfa enn fremur að greiða fyrir

samgöngum og aðgangi ferðamanna að stöðunum þannig að öryggi þeirra verði sem best tryggt.

VIII. Landbúnaður.

Bændur og aðrir aðilar sem starfa innan landbúnaðarins hafa mætt miklum skuldavanda í kjölfar efnahagshrunsins sem gengið hefur hægt að leysa úr. Staða einstakra undirgreina er misjöfn en á tímum hækkandi hrávöruverðs og matvælaverðs í heiminum leynast tækifæri. Hækkanirnar hafa ásamt skertum ráðstöfunartekjum heimila og lækkun gengis aukið veg innlendrar framleiðslu á kostnað innflutnings. Hlutfall innlendra matvæla í heildarneyslu landsmanna hefur farið hækkandi og mun sú þróun halda áfram ef heimsmarkaðsverð hækkar. Tilraunir á sviði kornræktar, skógræktar og framleiðslu metans og lífdísils benda einnig til þess að hægt sé að draga úr innflutningi á vörum eins og korni, timbri, áburði og eldsneyti. Lækkun gengisins hefur gert það að verkum að tækifæri íslensks landbúnaðar á erlendum mörkuðum eru meiri en áður og hafa í því sambandi verið nefndir möguleikar í loðdýrarækt, hrossarækt, fiskeldi, framleiðslu á lambakjöti og jafnvel grænmeti ef orkuverð er sanngjarnt. Tengsl landbúnaðar við ferðaþjónustuna eru enn fremur veruleg eins og áður er getið og sífellt færist í vöxt að neytendur kjósi að fá afurðirnar sendar beint frá býli.

IX. Orkumál og orkuskipti.

Íslenska þjóðin hefur nokkra sérstöðu í alþjóðlegu tilliti þar sem um og yfir sjötíu prósent frumorkunotkunar hennar koma frá umhverfisvænum orkugjöfum, þ.e. vatnsafli og jarðvarma. Það sem eftir stendur má að mestu leyti rekja til innflutts jarðefnaeldsneytis sem nýtt er til samgangna og til að knýja fiskiskipaflotann. Hækkandi eldsneytisverðs og markmið í loftslagsmálum gerir að verkum að nýjar aðferðir þróast til að beisla umhverfisvæna orku. Orkukreppa áttunda áratugarins leiddi til þess að stórátak var gert hér á landi í húshitun með heitu vatni og með sama hætti má nú segja að til staðar séu forsendur til að þróa vistvænar samgöngur hér á landi með áherslu á innlenda orkugjafa. Einnig þarf að gera átak í þágu orkusparnaðar á þeim svæðum sem ekki eiga kost á heitu vatni til húshitunar og víðar.

Alþjóðleg markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og aukin áhersla á verndun umhverfisins hefur gert landið að álitlegum fjárfestingarkosti fyrir ýmsan orkufrekan iðnað. Eftirspurn eftir hreinni orku fer vaxandi og þess vegna er þörf á að stjórnvöld hagi regluverkinu þannig að orkufyrirtækin ásamt sveitarfélögum vandi val sitt á virkjunarkostum og kaupendum orkunnar með það fyrir augum að það leiði til sem minnstrar röskunar á umhverfinu og að fjölbreyttni atvinnulífsins verði sem mest.

Áform um olíuleit og olíuvinnslu á Drekasvæðinu eru ekki gallalaus frá sjónarmiðum um vernd umhverfisins eins og ráða má af framangreindu. Ef af olíuvinnslu yrði mundi það aftur á móti hafa mikla atvinnu- og verðmætasköpun í för með sér sem ásamt öðru drægi úr þeim hættum sem eru samfara einni verstu meinsemd hvers samfélags, langtímaatvinnuleysi.

X. Uppbygging í mannaflsfrekum iðnaði.

Margt annað mælir með uppbyggingu í mannaflsfrekum iðnaði hér á landi en umhverfisvæn orka og má þar nefna menntað fólk, sveigjanlegan vinnumarkað og hagstæð rekstrarskilyrði. Veiking krónunnar hefur aukið samkeppnishæfni helstu útflutningsgreina til muna og skilað sér í áhuga erlendra fjárfesta á margvíslegri starfsemi sem gæti skapað þúsundir starfa. Álfyrirtækin þrjú hafa áformað að auka framleiðslu sína t.d. með álveri á Bakka við Húsavík auk þess sem rætt hefur verið um sólarkísilframleiðslu, gagnaver, koltrefjaframleiðslu, afl-

þynnuverksmiðju, gróðurhúsaiðnað og basalttrefjaframleiðslu, efnagarða og endurvinnsluiðnað. Af fæstum þessara verkefna getur þó orðið nema stjórnvöld marki stefnuna og láti af fordómum í garð erlendra fjárfesta.

XI. Sjálfbært fjármálakerfi.

Lagt er til að sparisjóðskerfið verði endurreist með svæðaskiptu skipulagi og að neytendum verði gert kleift að eiga með sér lánasamvinnufélög. Tilgangurinn er að styðja við samkeppni á fjármálamarkaði og auka samfélagslega vitund félaga á þeim markaði.

Endurreisn hins vestræna heims eftir áföll síðustu ára verður að byggjast á jafnvægi, raunverulegu blönduðu hagkerfi þar sem einkafyrirtæki, ríki og sameignarfélög ná að blómstra á sjálfbæran máta. Mikilvægur þáttur í því er fjölbreytni á fjármálamarkaði í stað þeirrar fábreytni sem nú blasir við þar sem þrír stórir bankar fara með um 90% hlutdeild á markaði.

Sanngjarnt, heilbrigt og réttlátt samfélag er líklegra til að vaxa og dafna á sjálfbæran máta hvort sem litið er til félagslegra, pólitískra eða umhverfislegra þátta. Fjármálastofnanir sem þjónusta félagsmenn á sanngjörnum kjörum og styðja við sitt nærsamfélag á lýðræðislegan máta skipta máli þegar byggja skal slíkt samfélag.

Þess vegna þarf að byggja upp nýtt sparisjóðakerfi, m.a. á grunni eignarhalds ríkisins á fjölmörgum sparisjóðum. Jafnframt þarf að setja ný lög um lánasamvinnufélög þannig að íslenskir neytendur hafi sömu möguleika og neytendur í nágrannalöndum okkar á að stofna og reka lánasamvinnufélög, sem og raunverulegt val um hvert þeir beina viðskiptum sínum.

Fylgiskjal.

ÍSLAND Í VONANNA BIRTU
Skýrsla atvinnumálanefndar Framsóknarflokksins.
(Apríl 2011.)

1 Inngangur.

Það þarf ekki að tíunda nauðsyn þess að hefja sókn í atvinnumálum þjóðarinnar. Fimmtán þúsund Íslendingar eru nú án atvinnu og þúsundir hafa flutt af landi brott á sl. 2 árum. Ef ekki verður ráðist í róttækar aðgerðir í atvinnumálum með tilheyrandi fjölgun starfa verður samdráttur efnahagskerfisins enn meiri – sem aftur kallar á enn frekari niðurskurð í velferðarkerfinu.

Á fundi landsstjórnar Framsóknarflokksins þann 20. janúar 2011 var skipuð sérstök nefnd til að koma með tillögur í atvinnumálum fyrir flokksþing Framsóknarmanna sem haldið verður þann 8.–10. apríl 2011. Var skipun nefndarinnar byggð á tillögu sem samþykkt var af miðstjórn Framsóknarflokksins 19.–21. nóvember sl. á Húsavík. Í nefndinni voru:

- Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins og formaður nefndarinnar.
- Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi.
- Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur og bæjarfulltrúi.
- Sigfús Ingi Sigfússon, verkefnastjóri.
- Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri.

Nefndin starfaði frá lokum janúar allt fram til 4. apríl og hér má sjá afrakstur þeirrar vinnu. Ágæt samvinna var höfð með málefnanefnd Framsóknarflokksins og jafnframt var leitað til félagsmanna um tillögur að úrbótum í atvinnumálum.

Nefndarmenn sóttu heimildir víða og var meðal annars leitað til fjölda fólks sem tengist atvinnulífinu á einn eða annan hátt. Viðmælendur voru meðal annars:

- Birkir Hólm Guðnason og Guðjón Arngrímsson, Icelandair.
- Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.
- Björn B. Björnsson, reykjavikfilms.is.
- Einar E. Einarsson, loðdýraræktarráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands.
- Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.
- Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna.
- Gissur Pétursson, framkvæmdastjóri Vinnumálastofnunar.
- Gunnar Ármannsson, framkvæmdastjóri Prima Care.
- Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP.
- Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Eiríkur Bjarnason hjá Vegagerðinni.
- Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.
- Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunar.
- Laufey Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Kvikmyndamiðstöðvar.
- Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.
- Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samáls – Samtaka álframleiðenda.
- Þórður Hilmarsson og Einar Tómasson, Íslandsstofu.

Í öðrum kafla má finna stutta samantekt á tillögum nefndarinnar, áhrifum þeirra á útgjöld ríkissjóðs, aukningu tekna og fjölgun starfa svo eitthvað sé nefnt. Þar á eftir kemur greining á núverandi stöðu ásamt ítarlegri umfjöllun um tillögur nefndarinnar.

Nefnd, undir forystu Sigurðar Inga Jóhannssonar, hefur fjallað sérstaklega um málefni sjávarútvegsins í samræmi við samþykkt síðasta flokksþings. Því eru sjávarútvegsmál undanskilin í úttekt og tillögum atvinnumála í skýrslunni.

Nefndarmenn vilja þakka öllum viðmælendum og öðrum sem komu að starfi nefndarinnar kærlega fyrir aðstoðina. Það er von okkar að tillögurnar hljóti málefnalega og góða umræðu á komandi flokksþingi enda er mjög mikilvægt að fjölgun starfa hefjist sem fyrst því eins og flestir framsóknarmenn vita þá tengjast vinna – vöxtur – velferð órjúfanlegum böndum.

2 Samantekt og tillögur.

2.1 Samantekt og núverandi staða.

Eftir að hafa greint stöðu íslensks atvinnulífs og þeirra tækifæra sem nú bjóðast til atvinnusköpunar er ekki hægt annað en að horfa björtum augum fram á veginn. Vissulega þarf að greiða úr erfiðleikum er tengjast skuldavandanum en á hinn bóginn eru sóknarfærin mýmörg. Stoðirnar þrjár; sjávarútvegur, stóriðja og ferðaþjónusta búa við hagstæð rekstrarskilyrði. Hugverkaiðnaðurinn hefur blómstrað á síðustu árum og ef fram heldur sem horfir verður hlutur þeirra atvinnugreina hagkerfinu enn mikilvægari. Tækifæri landbúnaðarins eru fjölmörg eins og farið er yfir í skýrslunni. Heilt yfir má því segja að framtíðin sé björt, ef við nýtum okkur tækifærin.

Á árinu 2010 voru að jafnaði 13.700 atvinnulausir ef miðað er við allt árið, skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar, eða um 7,6% þeirra sem eru á vinnumarkaði. Í lok febrúar 2011 var hlutfallið 8,6% eða um 15.000 einstaklingar. Mikið áhyggjuefni er að fjöldi þeirra sem hafa verið atvinnulausir í ár eða meira hefur fimmfaldast, þ.e. farið úr 900 í 5.000.

ASÍ spáir því að hægur hagvöxtur verði á næstu árum, en þó ekki nægur til að vinna á atvinnuleysinu. Seðlabankinn spáir hins vegar örlítið meiri hagvexti, en spá Hagstofunnar er lægri en þeirra beggja. Svo virðist sem hægt hafi á samdrætti landsframleiðslu á árinu 2010, eftir mikla lækkun 2009. Verulegt vandamál er þó að fjárfesting er enn afar lítil og skv. bráðabirgðatölum Hagstofunnar fyrir 2010 hefur hún ekki verið lægri í 15 ár – á föstu verðlagi.

Það er alvarleg sóun á verðmætum og mannauði að tæplega 15.000 manns gangi atvinnulausir. Að vinna bug á því verður að vera forgangsverkefni stjórnvalda og atvinnulífsins á næstu misserum. Markvissar aðgerðir geta hjálpað okkur að skapa frekari verðmæti í landinu. Stjórnvöld sem vilja tryggja byggð í landinu, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli, verða að skilja að verðmæti verða ekki til ekki fyrirhafnarlaust og skattstofna verður að rækta svo að þeir skili tekjum. Engin planta vex ef byrjað er á að éta af henni ræturnar. Halli ríkissjóðs verður ekki greiddur niður nema með því að skapa aukin verðmæti í landinu. Af þeim sökum vinnst lítið á atvinnuleysinu í landinu og tekjusamdrætti er yfirleitt mætt með enn frekari skattahækkunum, sem eru oftast ávísun á enn frekari samdrátt. Þannig skapast vítahringur sem þarf að brjótast út úr til að snúa þróuninni við.

Mikið liggur á að ljúka vinnu við endurskipulagningu fjármálakerfisins og fyrirtækja sem eru í ferli þar inni. Endalaus óvissa dregur verulegan kraft úr atvinnulífinu og óljósar forsendur bankanna við sölu og afskriftir lána fyrirtækja hafa valdið verulegri tortryggni. Ákvörðunum um uppbyggingu er endurtekið frestað og nýfjárfestingar eru í lágmarki. Það er mjög hættulegt ef fólk í atvinnurekstri telur sig ekki geta treyst því að fá sanngjarna meðferð og slíkar aðstæður hvetja atvinnurekendur ekki til að ráðast í ný verkefni. Yfirlýsingar um þjóðnýtingu einstakra atvinnuvega hafa beinlínis hamlað beinni erlendri fjárfestingu og fjölgun starfa. Pólitískur óstöðugleiki, eins og nú ríkir, kemur einfaldlega í veg fyrir atvinnuuppbyggingu.

Stefnubreyting er nauðsynleg. Það þarf að greiða fyrir nýsköpun og fjárfestingum í landinu, setja ákveðin markmið um atvinnuuppbyggingu sem byggja á styrkleikum landsins í heild og einstakra landshluta. Margar slíkar greiningar eru til sem þarf að nýta betur. Mikilvægast er að aðgerðir stjórnvalda greiði fyrir fjölgun starfa en hamli henni ekki að óþörfu. Svigrúm til að auka opinber útgjöld er ekki mikið um þessar mundir en margt er hægt að gera án beinna opinberra fjárfestinga. Tillögurnar sem finna má hér á eftir snúast ekki síst um að benda á verkefni af þeim toga. Nefndin telur að með þessum tillögum sé bent á leiðir til að vinna bug á atvinnuleysinu, bæði með því að skapa störf til lengri og skemmri tíma. Erfitt er að fullyrða um heildaráhrif tillagnanna hvað fjölda nýrra starfa varðar, enda hafa þær áhrif hver á aðra, en meginatriðið er að við megum ekki láta það óátalið lengur að 15 þúsund manns gangi atvinnulaus.

Til viðbótar þeim tillögum sem lagðar eru fram í skýrslunni eru fram undan miklar framkvæmdir í samgöngumálum. Hugmyndir eru uppi um fjárfestingu upp á 50–60 milljarða sem mun skapa 2.000–3.000 tímabundin störf. Fjárfestingin mun hafa jákvæð áhrif á verktakaiðnaðinn hér á landi en sú atvinnugrein hefur farið hvað verst út úr efnahagshruninu. Mikilvægt er að þessar framkvæmdir dreifist með skynsamlegum hætti um landið og að einnig verði horft til smærri verkefna, s.s. að fækka einbreiðum brúm og byggja upp tengivegi en slík verk eru mannaflsfrekari en þau stærri.

2.2 Tillögur.

Hér má sjá helstu tillögur sem fram koma í þessari skýrslu sem og áhrif þeirra til fjölgunar starfa. Nánari rökstuðningur og umfjöllum um þessar tillögur má sjá í síðari köflum skýrslunnar.

Efnahags- og skattamál:

- Klára endurskipulagningu skuldugra fyrirtækja.
- Skipa starfshóp stjórnvalda og hagsmunaðila sem yfirfari skattlagningu atvinnulífsins með það að markmiði að tryggja samkeppnishæfni Íslands.
- Grípa til sértækra aðgerða til að beina aflandskrónum í arðbær fjárfestingarverkefni innanlands.
- Koma á hvata til fjárfestinga á hlutabréfamarkaði með almennum skattaafslætti vegna hlutabréfakaupa.

>> Telja má að þessar aðgerðir muni leiða til þess að störfum fjölgi á íslenskum vinnumarkaði sem muni vega upp á móti lækkuðum álögum á fólk og fyrirtæki.

Vinnumarkaðsaðgerðir:

- Gera úttekt á þörfum atvinnulífsins og atvinnulausra gagnvart námi og námsframboði.
- Koma til móts við þarfir einstaklinga sem ekki hafa fundið sig í framhalds- og háskólum.
- Ný úrræði fyrir fólk án atvinnu verði fyrir hendi við upphaf skólaársins 2011–2012.
- Ná samkomulagi við íslenskt atvinnulíf um að nú í haust taki það fólk sem er án atvinnu í starfsnám.
- Horft verði sérstaklega til hinna „skapandi greina“, s.s. hönnunar- og tæknigreina.

>> Tvö þúsund atvinnulausum einstaklingum gefist kostur á námi eða starfsþjálfun. Leggja þarf aukna fjármuni til menntakerfisins en til framtíðar muni þeir fjármunir skila sér margfalt til baka.

Stoðkerfi atvinnulífsins:

- Samþætta aðila sem starfa innan stoðkerfis atvinnulífsins.
- Auka fjármagn til Íslandsstofu.

>> Þessar aðgerðir munu leiða til þess að fjármagnið nýtist betur til atvinnuuppbyggingar.

Nýsköpun:

- Breyta lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki þannig að stuðningur við þau verði í formi afsláttar á staðgreiðslu launa í stað rannsóknar- og þróunarstyrks.
- Breyta lögum um tekjuskatt þannig að veittur verði skattaafsláttur vegna fjárfestinga í sjóðum sem fjárfesta eingöngu í nýsköpunarverkefnum.

>> Kostnaður ríkissjóðs ætti ekki að aukast við þessar aðgerðir þar sem aðeins er verið að breyta því hvernig stuðningur og skattaafsláttur er veittur. Þó gæti orðið meira um skattaafslátt vegna fjárfestinga í nýsköpun. Ætla má að aðgerðirnar skili um 1.000 störfum.

Hugverkaiðnaður:

- Veita auknu fjármagni til kennslu í raun- og verkfræðigreinum í háskólum landsins.
- Að erlendir sérfræðingar sem starfa í tölvuleikjaframleiðslu hjá íslenskum fyrirtækjum fái tveggja ára skattfrelsi.

- Að auka framlög til Tækniþróunarsjóðs.[1]

>> Efling hugverkaiðnaðarins mun auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Tillögur um aukið námsframboð til að mæta þörfum þessara atvinnugreina, skattaafslættir og almennar breytingar á rekstrarumhverfi munu skapa þúsundir nýrra starfa í framtíðinni.

Kvikmyndagerð og tónlist:

- Að endurgreiðsluhlutfall vegna kvikmyndaframleiðslu verði hækkað úr 20% í 25%.
- Að framlög til kvikmyndasjóðs verði aukin úr 450 m.kr. í 700 m.kr. á ári.
- Að endurgreiðsluhlutfall við tónlistarupptökur hér á landi verði 25%.

>> Með þessum aðgerðum má gera ráð fyrir að um 800 ný störf verði til við kvikmyndagerð, í tónlistariðnaði og tengdum greinum á næstu fjórum árum.

Ferðaþjónusta:

- Mikilvægt er að framkvæmdasjóður ferðaþjónustunnar renni til uppbyggingar innan greinarinnar og markaðssetningar.
- Hefja kynningarátak og ímyndarsköpun til að efla ferðaþjónustu allt árið. Ríkissjóður verji 350 m.kr. til átaksins og aðilar í ferðaþjónustu leggi fram samsvarandi upphæð.
- Tryggja þarf markaðsmálum farveg til lengri tíma með markvissu samstarfi ríkis, sveitarfélaga, markaðsstofa og fyrirtækja.
- Efla grunnrannsóknir í greininni en kynningarátak, ímyndunarsköpun og vöruþróun byggir á góðum rannsóknum.

>> Gert er ráð fyrir að sérstakt átak skili 1.000 störfum í ferðaþjónustu. Aukinn kostnaður ríkissjóðs er 350 m.kr. en auknar gjaldeyristekjur eru áætlaðar um 10–15 milljarðar króna.

Landbúnaður:

- Stjórnvöld lýsi því yfir að rekstrarumhverfi landbúnaðarins verði ekki raskað frekar til loka gildistíma núverandi búvörusamninga.
- Með liðsinni Íslandsstofu verði vakin athygli erlendis á þeim miklu tækifærum sem fólgin eru í loðdýrarækt hér á landi og þeim kostum sem mæla með fjárfestingum hér. Greininni verði tryggt samkeppnishæft umhverfi og tryggðir möguleikar á að nýta þau hráefni sem til falla.
- Unnið verði með matvælaframleiðendum að stefnumörkun um hvernig hægt sé að auka hlut innlendra matvæla í neyslu hérlendis og hvaða markmið skuli sett varðandi útflutning, sérstaklega á lambakjöti og grænmeti.
- Fjölga þarf tækifærum matvælaframleiðenda til að vinna úr og þróa eigin afurðir.
- Leitað verði allra leiða til þess að lækka kostnað við flutning á raforku, m.a. til að bæta rekstrarskilyrði garðyrkjunnar.
- Sett verði raunhæf og mælanleg markmið um innlenda metan- og lífdíselframleiðslu.

>> Ekki er gert ráð fyrir að hugmyndir þessar hafi í för með sér aukningu á opinberum framlögum, nema vegna vinnu sem felst í þeim markmiðum sem sett eru fram. Störf sem verða til við þessar aðgerðir má áætla að verði um 500 bein störf og allt að 500 afleidd störf. Samtals eru það 1.000 störf á næstu 10 árum.

---

[1] Sjá kafla 3.3 um stoðkerfi atvinnulífsins.

Orkumál og orkuskipti:

- Stjórnvöld afgreiði á vorþingi 2011 frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða og vinni í framhaldinu faglega að veitingu virkjanaleyfa í samræmi við ný lög og innan tilskilinna tímafresta stjórnsýslunnar.
- Mótuð verði stefna um hvernig unnt sé með sem skilvirkustum hætti að ýta undir notkun á nýrri tækni og endurnýjanlegum orkugjöfum í samgöngum og fjárframlög nýtt til að ýta undir þá þróun.
- Stefnt verði að því að þau 10% heimila sem ekki eiga kost á heitu vatni til húshitunar fái styrki til fjárfestinga í t.d. varmadælum, gluggaskiptum, bættri einangrun húsa o.s.frv. gegn lækkuðum niðurgreiðslum hins opinbera á orku til húshitunar.

>> Áætla má að um 100–150 ársverk séu í tengslum við orkuviðhald, orkusparnað og orkuskipti. Sé farið í virkjanaframkvæmdir verður einnig til eftirfarandi fjöldi ársverka á byggingartíma:

- *Búðarhálsvirkjun – 700–800 ársverk.*
- *Hvammsvirkjun – 790 ársverk Holtavirkjun – allt að 460 ársverk.*
- *Urriðafossvirkjun – 850 ársverk.*
- *Hverahlíðarvirkjun – 1100 ársverk.*
- *Stækkun Reykjanesvirkjunar – 600–650 ársverk.*
- *Stækkun Hellisheiðarvirkjunar – 290–300 ársverk út árið 2011.*
- *Norðausturland – ein 50 mW virkjun – getur skapað allt að 400 ársverk (nokkrir kostir eru til skoðunar á svæðinu).*

Uppbygging í mannaflsfrekum iðnaði:

- Stjórnvöld geri beina erlenda nýfjárfestingu að forgangsatriði og móti sér stefnu um hvernig uppbyggingu stefna eigi að.
- Lagaumhverfi, ívilnanir fyrir beina erlenda fjárfestingu og leyfisveitingaferli verði endurskoðað með það að markmiði að skilvirkni og gagnsæi íslenskrar stjórnsýslu verði aukið til muna.

>> Fjöldi starfa í iðnaði fer eftir því hvaða verkefni fara af stað á næstunni og er mjög misjafnt milli verkefna hversu mörg störf skapast á byggingartíma og bein störf þegar nýbyggingu er lokið. Sem dæmi um fjölda starfa má nefna:

- *Endurbygging í Straumsvík (er þegar komin í gang) – 300 ársverk á byggingartíma – um 20 varanleg bein störf.*
- *Kísilverksmiðja í Helguvík – 300–400 ársverk á byggingartíma – 90 varanleg bein störf.*
- *Álver í Helguvík – 3200 ársverk á byggingartíma – 200 varanleg bein störf að loknum fyrsta áfanga.*
- *Gagnaver – 250–350 ársverk á byggingartíma – 60–100 varanleg bein störf í gagnaveri Verne Holding einu og sér.*
- *Hreinkísilverksmiðja – 600 ársverk á byggingartíma – 150 varanleg bein störf að loknum fyrsta áfanga.*
- *Álver á Bakka við Húsavík – allt að 5000–5500 ársverk á byggingartíma – allt að 450 varanleg bein störf að uppbyggingu lokinni.*
- *Þeistareykjavirkjun, Bjarnaflagsvirkjun og stækkun Kröfluvirkjunar – samtals 400–500 MW – mörg hundruð ársverk á byggingartíma.*

Sjálfbært fjármálakerfi:

- Mótuð verði stefna um fjármálakerfið sem byggi á fjölbreytni, neytendavernd og sjálfbærni.
- Sparisjóðir verði endurskipulagðir að nýju með svæðaskiptu skipulagi.

>> Verði þessar aðgerðir að veruleika mun þetta styðja við uppbyggingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja á landsbyggðinni ásamt því að auka samkeppni á fjármálamarkaði.

Samtals eru því áætluð störf ofangreindra tillagna eftirfarandi:

- 2.000 einstaklingar í nám eða starfsþjálfun
- 1.000 störf í nýsköpun
- 1.000 störf í ferðaþjónustu
- 800 störf í kvikmyndum og tónlist
- 1.000 störf í landbúnaði
- 2.000 störf í vegagerð
- 4.000 störf í iðnaði og orkumálum.

Störf, tímabundin og varanleg sem skapa má á næstu árum, ásamt vinnumarkaðsaðgerðum, eru því áætluð um 11.800.

3 Nauðsynlegar aðgerðir og tækifæri einstakra greina.

3.1 Efnahags- og skattamál.

Staðan í dag:

Rannsóknir sýna að of hár tekjuskattur einstaklinga dregur úr atvinnuþátttöku og eykur svarta atvinnustarfsemi. Háir skattar á fyrirtæki hafa svipuð áhrif en þá dregur mjög úr atvinnuvegafjárfestingu sem er lykilatriði í hagvexti til langs tíma. Árið 2009 nam hlutfall fjárfestingar í atvinnulífinu um 12% af landsframleiðslu en almennt ætti fjárfestingin að vera um eða yfir 20% til að tryggja aukinn hagvöxt. Mikilvægt er því að huga að efnahags- og skattaumhverfi því nauðsynlegt er að tryggja að umhverfið hvetji til fjárfestingar. Gjaldeyrishöftin, ásamt vanhugsuðum skattalagabreytingum í lok árs 2009, eru meðal atriða sem nauðsynlegt er að breyta til þess að auka erlenda fjárfestingu.

Hrun íslenska fjármálakerfisins hefur skilið eftir sig mörg og djúp sár sem standa vexti og viðgangi íslensks atvinnulífs fyrir þrifum. Meðal þeirra eru gjaldeyrishöft sem hefta aðgang að erlendum mörkuðum, auka fjármögnunarkostnað, takmarka öll viðskipti og standa fjármagnsmarkaði alveg fyrir þrifum. Auk þess hindra höftin erlenda fjárfestingu og vekja tortryggni og tregðu allra fjárfesta. Þá hrundi íslenski hlutabréfamarkaðurinn nánast í kjölfar fjármálakreppunnar en öflugur hlutabréfamarkaður er mikilvæg undirstaða aðgengis að fjármagni, auk þess að auðvelda endurskipulagningu í atvinnulífinu. Því er sérstaklega mikilvægt að skoða hvað sé hægt að gera til að hvetja fleiri fyrirtæki til að skrá sig á markaðinn og gera þeim auðveldara að fjármagna sig í gegnum hann.

Undir lok árs 2010 var undirritað samkomulag um leiðir við úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Fól það í sér að úrvinnslu yrði hraðað verulega og skoðun á fjárhagsstöðu þeirra lokið fyrir 1. júní 2011. Í kjölfarið yrði lífvænlegum fyrirtækjum í fjárhagsvanda gert tilboð um úrvinnslu skulda þeirra. Samkomulaginu ber að fagna en því miður hefur ferlið reynst tafsamt og betur má ef duga skal. Þar sem fjárhagsleg endurskipulagning lítilla og meðalstórra fyrirtækja gengur hægt sýnir efnahagsreikningur margra fyrirtækja ekki raunhæfa stöðu enda þótt rekstur sumra sé nokkuð góður. Þess má geta að ríflega 90% íslenskra fyrirtækja eru lítil og meðalstór og veita þ.a.l. fjölda fólks atvinnu og skapa veruleg

verðmæti. Þetta ástand hefur letjandi áhrif á fjárfestingar fyrirtækja og torveldar ákvarðanir um framtíð þeirra. Af þessum sömu orsökum gefur efnahagsreikningur fjármálafyrirtækja ekki rétta mynd af raunverulegri stöðu þeirra. Þá veldur áhyggjum að fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja á sér ekki stað með nægjanlega gegnsæjum hætti svo upp koma í sífellu raddir um mismunun sem þau hugsanlega sæta af hálfu bankanna.

Þann 26. nóvember 2009 var lagt fram frumvarp á Alþingi um tekjuöflun ríkisins þar sem fjallað var um hinar ýmsu skattalagabreytingar. Frumvarpið var sent til hagsmunaðila og sérfræðinga í skattamálum þann 7. desember 2009 og voru gefnir tveir dagar til að yfirfara frumvarpið og koma að athugasemdum. Þann 21. desember 2009 var frumvarpið samþykkt með óverulegum breytingum. Ljóst er að slík vinnubrögð eru á engan hátt ásættanleg og hafa þau verið gagnrýnd bæði innanlands sem og af AGS sem hefur bent á að slíkt sé ekki í samræmi við vinnubrögð annarra OECD-ríkja. Breytingar sem fólust í þessum nýju lögum snertu margar atvinnulífið og hafa slæm áhrif í því umhverfi sem við stöndum frammi fyrir í dag. Má þar nefna breytingu á skattlagningu í fámennum einkahlutafélögum, skattlagningu erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu og afdráttarskatt á vaxtagreiðslur til erlendra aðila. Flýta þarf endurskoðun á skattlagningu atvinnulífsins og eðlilegast er að það sé unnið af breiðum hópi fólks bæði innan og utan stjórnsýslunnar.

Tækifæri:

Í erfiðleikum felast tækifæri og nú er lag til að endurskoða skattlagningu frá grunni. Breytingar á skattalögum hafa átt sér skamman eða svo til engan fyrirvara sem hefur orðið til þess að ekki var ljóst hvaða áhrif breytingarnar myndu hafa á atvinnulífið. Mikill vilji er meðal atvinnulífsins og sérfræðinga í skattamálum til þess að endurskoða skattalöggjöfina auk þess sem mikil þörf er á að ríkissjóður hafi tryggari innkomu. Lækka þarf atvinnutryggingagjaldið sem er íþyngjandi skattur á atvinnulífið í landinu. Jafnframt þarf að skoða lækkun á tekjuskatti fyrirtækja og einstaklinga og fjármagnstekjuskatti sem gæti gefið fyrirtækjum meira svigrúm til að vaxa og bæta við sig starfsfólki. Afnám gjaldeyrishafta og skjótari fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja skiptir sköpum fyrir uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Til að efla traust í viðskiptalífinu er lagt til að skoðað verði hvort stjórnvöld og atvinnulífið geti gert með sér gæðasáttmála. Með því yrðu sett ákveðin viðmið bæði um háttsemi í viðskiptum og gæði stjórnsýslu.

Markmið:

- Ljúka vinnu við úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja og tryggja að fagleg og gagnsæ vinnubrögð verði viðhöfð, auk þess sem samkeppnissjónarmiða verði gætt.
- Að haga skattalöggjöf landsins þannig að hún bæði laði að erlenda fjárfestingu og hvetji einnig fyrirtæki til þess að halda áfram starfsemi á Íslandi.
- Að losa um gjaldeyrishöftin svo fljótt sem verða má og ef ekki reynist unnt að hverfa með öllu frá gjaldeyrishöftum verða stjórnvöld að leitast við að losa um tilhögun þeirra eftir föngum og tryggja aðgang að alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem búa yfir fjármagni á hagstæðum kjörum.
- Endurreisa íslenskan hlutabréfamarkað.

Fyrstu skref:

- Klára endurskipulagningu skuldugra fyrirtækja.
- Skipa starfshóp stjórnvalda og hagsmunaðila sem yfirfari skattlagningu atvinnulífsins með það að markmiði að tryggja samkeppnishæfni Íslands. Tillögur verði kynntar með góðum fyrirvara svo atvinnulíf, almenningur og þingmenn geti kynnt sér tillögurnar áður en lögum verður breytt.
- Grípa til sértækra aðgerða til að beina aflandskrónum í arðbær fjárfestingarverkefni innanlands. Sérstaklega skal horft til útflutningsgreina, en þá verður jafnframt (meðan gjaldeyrishöftin eru við lýði) að gera um þessi verkefni sérstaka samninga til að tryggja eðlilegt jafnræði fjárfesta hvað varðar fjármagnskostnað, skatta og tækifæri til að ráðstafa hugsanlegum arði. Að öðrum kosti fást eigendur aflandskróna vart til þátttöku í fjárfestingum innanlands og þá vofir gengisáhættan áfram yfir þjóðarbúinu.
- Skoða þarf hvort stjórnvöld og atvinnulífið geti gert með sér gæðasáttmála. Í því myndu felast ákveðnar gæðakröfur til hvors um sig. Stjórnsýslan skuldbindi sig til að vinna að ákveðnum gæðaviðmiðum um afgreiðsluhraða. Atvinnulífið setji sér um leið gæðaviðmið (s.s. gegn kennitöluflakki og skattundanskotum). Sameiginlega vinni aðilar síðan að því að gera stjórnsýsluna einfaldari. Markmiðið er að stuðla að skýrum og gagnsæjum reglum sem gera atvinnulífinu auðveldara að skapa meiri tekjur og fleiri störf og greiða um leið sanngjarnan hlut til samfélagsins.
- Koma á hvata til fjárfestinga á hlutabréfamarkaði með almennum skattaafslætti vegna hlutabréfakaupa. Auk þess verði af hálfu stjórnvalda lagt í vinnu við að kanna með hvaða hætti er unnt að ýta undir skráningu fyrirtækja, m.a. í eigu bankanna, á innlendan hlutabréfamarkað.

>> Þessar aðgerðir munu leiða til fjölgunar starfa á íslenskum vinnumarkaði og skila ríkissjóði auknum tekjum sem munu vega upp á móti lækkuðum álögum á fólk og fyrirtæki.

3.2 Vinnumarkaðsaðgerðir.

Staðan í dag:

Í lok febrúar 2011 voru tæplega 15.000 einstaklingar skráðir atvinnulausir á Íslandi. Atvinnuleysi meðal karla er 9,1% en meðal kvenna 7,7%. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu er 9% en 7,6% á landsbyggðinni. Mest er það á Suðurnesjum (14,3%) en minnst á Norðurlandi vestra (3,8%). Atvinnuleysi er breytilegt eftir árstíðum. Þannig er atvinnuástandið hvað verst yfir háveturinn fram á vor en tekur þá að lagast.

Af 15.000 atvinnulausum einstaklingum hafa tæplega 5.000 þeirra verið án atvinnu í meira en 12 mánuði. Samkvæmt erlendum rannsóknum sem gerðar hafa verið þá skila einungis um 20% af þeim einstaklingum, sem verða fórnarlömb langtímaatvinnuleysis, sér aftur inn á vinnumarkaðinn og reynsla Finna af efnahagshruninu í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar er víti til varnaðar í þessum efnum. Á Íslandi hefur atvinnuleysi verið með því lægsta sem þekkist, en á því hefur orðið mikil breyting og nú er atvinnuleysi mest á Íslandi af Norðurlöndunum. Það er því algjört forgangsverkefni stjórnvalda að koma í veg fyrir aukið langtímaatvinnuleysi sem getur leitt til enn frekari samfélagslegra vandamála.

Atvinnuleysi mælist hvað mest hjá ungu fólki en það er 9,5%. Um 70% þessara einstaklinga eiga það sammerkt að hafa ekki fundið sig í grunn- og framhaldsskólanámi heldur einungis lokið grunnskólanámi. Íslenskt menntakerfi hefur ekki náð að þjóna þörfum þessa fólks og mikilvægt er að finna þeim úrræði. Helst er þá horft til ýmiskonar tæknigreina og annarra skapandi greina. Einnig er mikilvægt að fólk eigi völ á starfstengdu námi með

þjálfun og æfingu í tilteknum störfum. Reynslan sýnir að stór hluti þeirra sem hefur slíka þjálfun starfar til langframa í viðkomandi atvinnugrein.

Tækifæri:

Mikil fjárfesting í menntakerfinu hér á landi síðustu árin á að geta veitt atvinnulausum tækifæri til náms við sitt hæfi ef rétt er að málum staðið. Eftir að hafa skoðað leiðir sem aðrar þjóðir hafa fetað í kjölfar efnahagserfiðleika þá er einkum horft til reynslu Finna. Í byrjun tíunda áratugar tuttugustu aldar jókst atvinnuleysi gífurlega í Finnlandi í kjölfar hruns Sovétríkjanna. Við því var brugðist á árunum 1995–99 af hendi stjórnvalda með því að leggja áherslu á aukna menntun og þjálfun atvinnulausra í tæknigreinum. Áætlunin gerði ráð fyrir að heildaratvinnuleysi í Finnlandi á þessum árum minnkaði um helming og að verulega myndi draga úr langtímaatvinnuleysi og atvinnuleysi ungs fólks. Framboð námsúrræða var aukið miðað við þarfir vinnumarkaðarins á þeim tíma. Þetta hefur leitt til mikillar sóknar Finna í tæknigreinum.

Markmið:

Raunhæft er að setja sem markmið að á árinu 2012 muni 2.000 einstaklingar, til viðbótar þeim 1.500 vinnumarkaðsúrræðum sem eru til staðar í dag, vera komnir í nám á framhalds- og háskólastigi eða í starfstengt nám í tæknigreinum og skapandi greinum. Þróa þarf þessa námsleið í góðri samvinnu stjórnvalda og atvinnulífsins. Afar brýnt er að fjölga þjálfunartækifærum fyrir atvinnulausa inni í fyrirtækjunum.

Mikilvægt er að atvinnuleysisbætur fylgi einstaklingum er fara í starfsþjálfun til fyrirtækja og að atvinnurekandi bæti við fjármagni þannig að launin verði yfir lágmarkslaunum. Er þetta þá hvatning fyrir atvinnurekendur til að taka þátt í átakinu og fyrir einstaklinginn til að sækjast eftir því að komast í slík starfsúrræði.

Fyrstu skref:

- Gera úttekt á þörfum atvinnulífsins og atvinnulausra gagnvart námi og námsframboði.
- Koma til móts við þarfir einstaklinga sem ekki hafa fundið sig í framhalds- og háskólum og því þarf nýja hugsun gagnvart námsleiðum og meiri stuðning í námi.
- Horft verði sérstaklega til hinna „skapandi greina“, s.s. hönnunar- og tæknigreina.
- Ný úrræði fyrir fólk án atvinnu verði fyrir hendi við upphaf skólaársins 2011–2012.
- Ná samkomulagi við íslenskt atvinnulíf um að í haust taki það fólk sem er án atvinnu í starfsnám.
- Að atvinnuleysisbætur fylgi hverjum starfsmanni og að atvinnurekandi bæti fjármunum við þannig að launin verði yfir lágmarkslaunum á íslenskum vinnumarkaði.

>> Tvö þúsund atvinnulausum einstaklingum gefst kostur á námi eða starfsþjálfun. Leggja þarf aukna fjármuni til menntakerfisins en til framtíðar munu þeir fjármunir skila sér margfalt til baka.

3.3 Stoðkerfi atvinnulífsins.

Staðan í dag:

Stoðkerfi atvinnulífsins er flókið og mikið fé og mikil fyrirhöfn fer í sjálft kerfið. Þetta staðfesta rannsóknir og kannanir, nú síðast hjá Ríkisendurskoðun í desember 2010. Í dag vinna að atvinnuþróun eða í tengslum við hana m.a. atvinnuþróunarfélög víða um landið, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Íslandsstofa og Byggðastofnun. Auk þess eru settir fjármunir

í staðbundna vaxtar- og menningarsamninga, markaðsstofur og fjölda annarra verkefna, sjóða og stofnana. Þegar skoðuð er starfsemi allra þessara stofnana og verkefna sést að það er oft mikil skörun á verkefnum. Því fara miklir fjármunir í flókna yfirbyggingu, auk þess sem stoðkerfið nýtist atvinnulífinu ekki sem skyldi þar sem það er margbrotið og yfirgripsmikið. Mikill tími frumkvöðla fer í umsóknaskrif og þekkingaröflun á ólíkum reglum stofnana og verkefna til að finna stuðning eða styrk við hæfi. Í dag starfa um 100 starfsmenn hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og um 20 starfsmenn hjá Byggðastofnun auk þess sem Byggðastofnun styrkir starfsemi atvinnuþróunarfélaga víðs vegar um landið, en þar eru yfir 30 starfsmenn. Þetta er aðeins stutt upptalning á fáum verkefnum sem sýnir að fjöldinn allur af starfsfólki vinnur á þessu sviði sem án efa má nýta betur með betri skipulagningu. Einnig er vert að nefna að fjórir starfsmenn innan Íslandsstofu hafa það hlutverk að laða að beina erlenda fjárfestingu en hjá stofunni er mjög lítill hluti af þeim framlögum sem renna til stoðkerfis atvinnulífsins. Á næstu árum verður að fara í átak til að laða að beina erlenda fjárfestingu. Tryggja verður nægt fjármagn til þess verkefnis.

Tækifæri:

Móta þarf heildarstefnu stjórnvalda á sviði atvinnuþróunar þar sem stofnanir verða sameinaðar og búið til einhvers konar „one stop“-kerfi þar sem aðilar sem eru með hugmynd og vilja aðstoð geta leitað á einn stað og fengið þar alla þá aðstoð sem boðið er upp á. Þó er eðlilegt að stjórnsýslulegur aðskilnaður sé milli ráðgjafa- og fjármálaþjónustu við frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki. Hafa þarf að leiðarljósi við slíka sameiningu að vinna hana í samvinnu við staðbundin landshlutasamtök og færa ákvörðunarvaldið til nærsamfélagsins, þ.e. frá ríkisvaldinu og í auknum mæli til sveitarfélaga eða samtaka þeirra. Með því að fá aðila sem nú þegar eru að vinna í kerfinu til að vinna saman að atvinnuþróun er hægt að tryggja mun betri skilvirkni og byggja upp sterkari starfsstöðvar. Það þarf einnig að vinna stefnumörkun fyrir hvert svæði fyrir sig að framtíðaratvinnuuppbyggingu og samtvinna hana menntastefnu á svæðinu. Mikilvægustu þættirnir ef farið verður í einföldun og sameiningu á þessu sviði er að tryggja samstarf og þátttöku sveitarstjórnafólks, aðkomu íbúa, atvinnulífsins og menntastofnana, þar sem þessir aðilar skipta miklu máli um atvinnuuppbyggingu til framtíðar á hverju svæði.

Markmið:

Gera kerfið skilvirkara, sýnilegra og aðgengilegra svo það nýtist betur þeim sem þurfa á því að halda. Færa ákvörðunarvald og stefnumótun til landshlutasamtaka sem eru best til þess fallin að móta atvinnustefnu á sínu svæði. Þessi einföldun og breyting á kerfinu mun tryggja betri nýtingu fjármagns og starfsfólks auk þess sem minni tími notenda þjónustunnar fer í að vinna sig í gegnum kerfið. Með því að gera kerfið einfaldara og skilvirkara má nýta fjármagn betur en nú er gert.

Fyrstu skref:

- Samþætta aðila sem starfa innan stoðkerfis atvinnulífsins í eitt atvinnuþróunarráð í hverjum landshluta sem geta síðan verið með starfsstöðvar (þekkingarsetur) víðar í landshlutanum eftir því hvað á best við á hverju svæði.

- Tryggja nánara samstarf Íslandsstofu og atvinnuþróunarfélaga landshlutanna. Fjármagn til starfsemi Íslandsstofu verði jafnframt aukið.[2]

>> Þessar aðgerðir munu leiða til þess að fjármagnið nýtist betur til atvinnuuppbyggingar.

3.4 Nýsköpun.

Staðan í dag:

Á Íslandi er lítill stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki samanborið við önnur OECD-lönd. Ef horft er til Norðurlandanna er Ísland í næstneðsta sæti og aðeins Noregur veitir nýsköpunarfyrirtækjum minni stuðning. Þrátt fyrir það er mikill áhugi á nýsköpun á Íslandi um þessar mundir. Fjöldi fyrirtækja hefur orðið til þar sem fólk býr til verðmæti úr þekkingu sinni og mikilvægt er að styðja við þetta frumkvæði til að fjölga atvinnutækifærum. Sem dæmi um nýsköpunarfyrirtæki sem hafa náð miklum árangri á tiltölulega fáum árum má nefna Össur, Marel og CCP.

Tækifæri:

Tækifærin eru mikil þar sem fjöldi einstaklinga og fyrirtækja eru að leita leiða til að fjármagna rannsóknir og markaðssetningu á nýjungum. Að sama skapi er mikið fjármagn til staðar og fjármagnseigendur virðast í leit að góðri fjárfestingu enda eru vextir lágir. Þar sem lítill stuðningur er við nýsköpun er ljóst að mikið svigrúm er til staðar til að auka hann án þess að brjóta gegn reglum EES um ríkisstyrki. Horfa ætti því til þeirra landa sem hafa komið upp einföldu en markvissu skattaafsláttarkerfi til stuðnings við nýsköpun, s.s. Hollands, Írlands og Belgíu.

Beinn stuðningur skiptir nýsköpunarfyrirtæki miklu máli. Nýsköpunarfyrirtæki geta fengið skattaafslátt á þann hátt að hægt er fá frádrátt frá skatti vegna útlagðs kostnaðar verkefnis frá fyrra ári, þ.e. þegar álagning fyrra árs fer fram. Þetta þýðir að nýsköpunarfyrirtæki þurfa að fjármagna sig í langan tíma áður en kemur til raunverulegs skattaafsláttar og/eða endurgreiðslu í formi styrks ef félagið þarf ekki að greiða tekjuskatt. Í flestum tilfellum ná nýsköpunarfyrirtæki ekki að mynda hagnað fyrstu árin í starfsemi sinni og því getur skipt sköpum að stuðningur verði virkur sem fyrst. Í öðrum löndum, t.d. Hollandi, er miðað við reiknað hlutfall af launakostnaði þar sem afslátturinn myndast strax við greiðslu staðgreiðslu launa starfsmanna félagsins. Þetta myndi auðvelda nýsköpunarfyrirtækjum starfsemina, sérstaklega fyrstu mánuðina, auk þess sem þetta er hvati til þess að ráða starfsfólk í vinnu. Hlutfall stuðnings gæti þá verið á bilinu 20–24% af launakostnaði. Með þessu fyrirkomulagi er verið að veita nýsköpunarfyrirtækjum skattaafslátt strax í staðinn fyrir endurgreiðslu löngu eftir að kostnaður fellur til.

Mjög mikilvægt er að hvetja til fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum. Í dag er skattaafsláttur vegna fjárfestingar í nýsköpun háður miklum takmörkunum. Miðað er við að einstaklingur fjárfesti lágri upphæð í einu fyrirtæki. Raunveruleikinn er hins vegar sá að einstaklingur sem vill fjárfesta í nýsköpunarverkefni getur átt erfitt með að finna hentugt verkefni. Á það sérstaklega við þar sem nýsköpunarfyrirtæki eru oft að leita að hárri fjárhæð þar sem þægilegra er að fá einn fjárfesti í stað fjölda lítilla. Það liggur því beinast við að opna á þann möguleika að heimila fjárfestingu í fjárfestingasjóðum sem síðan fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum. Fjárfesting í nýsköpun getur verið nokkuð áhættusöm og því er eðlilegt að fjárfestar geti dreift áhættunni með því að setja fjármagn í fjárfestingasjóð en ekki í eitt fyrirtæki. Með

---

[2] Sjá kafla 3.10 um uppbyggingu í mannaflsfrekum iðnaði.

þessu móti eru meiri líkur á að fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum aukist. Skattaafsláttur og dreifð áhætta mun auka líkurnar á því að fjárfestar taki þátt í nýsköpunarverkefnum.

Markmið:

- Að gera skattaafslætti og stuðning við nýsköpunarfyrirtæki einfaldari og hraðvirkari þannig að fleiri njóti góðs af og hvetja þannig fyrirtæki til að auka nýsköpun og einstaklinga með góðar hugmyndir til að koma þeim á framfæri.
- Að hvetja til fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum.

Fyrstu skref:

- Breyta lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki þannig að stuðningur við þau verði í formi afsláttar á staðgreiðslu launa í stað rannsóknar- og þróunarstyrks.
- Breyta lögum um tekjuskatt þannig að veittur verði skattaafsláttur vegna fjárfestinga í sjóðum sem fjárfesta eingöngu í nýsköpun.

>> Kostnaður ríkissjóðs ætti ekki að aukast við þessar aðgerðir þar sem aðeins er verið að breyta því hvernig stuðningur og skattaafsláttur er veittur. Þó gæti orðið meira um skattaafslætti vegna fjárfestinga í nýsköpun. Áætla má að þetta skili um 1.000 störfum.

3.5 Hugverkaiðnaður.

Staðan í dag:

Fyrirtæki í hugverkaiðnaði hafa vaxið mjög hratt á undanförnum árum þrátt fyrir stefnuleysi stjórnvalda gagnvart málaflokknum. Fyrirtæki í þessum iðnaði eru t.d.: CCP, Marel, Össur, Actavis, Latibær og Bláa Lónið-heilsuvörur svo nokkur dæmi séu nefnd. Þessi fyrirtæki byggja afurðir sínar fyrst og fremst á hugviti og því er mannauður mikilvægasta auðlind greinarinnar. Hér fyrir neðan má sjá dæmi um greinar sem flokkast undir hugverkaiðnað:

- Heilbrigðistækni (Samtök heilbrigðistæknifyrirtækja í burðarliðnum)
- Hönnun, fata- og listiðnaður
- Leikjaiðnaður (Icelandic Gaming Industry).
- Líftækni (Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja)
- Orku- og umhverfistækni (Clean Tech Iceland).
- Tónlist, kvikmyndir og afþreyingariðnaður (Samtónn, BÍL og fl.)
- Vél- og rafeindatækni fyrir matvælavinnslu
- Mannvirkjagerð og málmtækni (Mannvirki og Málmur)

Heimild: Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP.

Mörg lönd hafa leitast við að efla þennan iðnað með hagstæðu rekstrarumhverfi, t.d. með styrkjum, endurgreiðslu rannsókna- og þróunarkostnaðar og skattaafslætti. Stuðningur stjórnvalda gagnvart þessum hluta atvinnulífsins hefur verið mjög takmarkaður og stefna til framtíðar handahófskennd. Gjaldeyrishöftin hafa haft mjög hamlandi og neikvæð áhrif á þennan hluta atvinnulífsins. Fram hefur komið að verði þeim ekki aflétt innan fárra ára geti það leitt til þess að starfsemi þessara fyrirtækja byggist upp í öðrum löndum.

Menntakerfið hefur ekki skilað af sér nægjanlega mörgum einstaklingum útskrifuðum úr raungreina- og verkfræðinámi til þess að anna eftirspurn eftir vinnuafli í þessum iðnaði. Hlutfall þessara greina innan háskólanna er einungis um 11%. Mikilvægt er að það sé samspil á milli þarfa atvinnulífsins og menntakerfisins og markvisst verður að auka menntun í þeim greinum sem vantar sárlega vel menntað vinnuafl.

Mikilvægt er að stjórnvöld greini stöðu tölvuleikjaframleiðenda hér á landi. Mikil samkeppni ríkir milli landa um að laða að slík fyrirtæki. Ef borið er saman t.d. umhverfi fyrirtækja í Kanada og á Íslandi er ljóst að hætta er á að fyrirtæki í þessum iðnaði velji frekar að vera staðsett í Kanada þar sem umhverfið er mjög hagstætt. Hefja þarf tafarlaust vinnu við að greina samkeppnisumhverfi þessarar atvinnugreinar og tryggja að ekki verði landflótti fyrirtækja frá Íslandi.

Tækifærin:

Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd hefur vöxtur og þróun 18 fyrirtækja úr þessum geira atvinnulífsins verið ævintýralegur. Ef áætlanir ganga eftir þá munu þessi fyrirtækja þrefalda veltu sína á árunum 2010–2013 eða úr 15 milljörðum í 44–50 milljarða. Einkenni þessara fyrirtækja er að þar vinnur ungt og vel menntað fólk í vel launuðum störfum. Ef skapa á fjölbreytni í atvinnulífi landsins er mikilvægt að horfa til uppbyggingar þessara atvinnugreina.



Heimild: Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP

Markmið:

- Að auka námsframboð í raungreinum og verkfræði í íslenska menntakerfinu.
- Að gefa fólki án atvinnu kost á tæknimenntun.
- Að gera rekstrarumhverfi þessara fyrirtækja samkeppnishæfara en það er í dag.

Fyrstu skref:

- Veita auknu fjármagni til kennslu í raun- og verkfræðigreinum í háskólum landsins.
- Að koma á vinnumarkaðsúrræðum fyrir atvinnulausa á sviði hugverkaiðnaðar.[3]
- Að stuðningi við nýsköpun verði breytt þannig að veittur verði skattafsláttur á greiðslu staðgreiðslu skatta.[4]
- Að erlendir sérfræðingar sem starfa í tölvuleikjaframleiðslu hjá íslenskum fyrirtækjum fái tveggja ára skattfrelsi.
- Að gjaldeyrishöft verði afnumin hið fyrsta.[5]
- Að tryggingagjald verði lækkað.[6]
- Að auka framlög til Tækniþróunarsjóðs.[7]

>> Efling hugverkaiðnaðarins mun auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Tillögur um aukið námsframboð til að mæta þörfum þessara atvinnugreina, skattaafslættir og almennar breytingar á rekstrarumhverfi munu skapa þúsundir nýrra starfa í framtíðinni.

3.6 Kvikmyndagerð og tónlist.

Staðan í dag:

Íslensk kvikmyndagerð hefur staðið í miklum blóma á síðastliðnum árum. Íslenskar kvikmyndir hafa hlotið góða dóma, jafnt innanlands sem utan. Þessari ört vaxandi atvinnugrein þarf að skapa þannig umhverfi að Ísland verði betri valkostur fyrir erlenda aðila sem leita að tökustöðum fyrir kvikmyndir, þætti, tónlistarmyndbönd o.s.frv. í enn meira mæli en verið hefur. Slíkt umhverfi mun einnig stuðla að því að innlendir aðilar geti haldið áfram að framleiða þætti og kvikmyndir.

Þessi atvinnugrein byggir að verulegu leyti á stuðningi stjórnvalda. Flest ríki Evrópu styrkja kvikmyndagerð með sambærilegum hætti og hefur þróunin verið í þá átt að Ísland hefur dregist aftur úr á síðustu árum. Á grunni styrkveitinga er hægt að sækja frekari fjármögnun erlendis frá. Slík bein erlend fjárfesting skilar sér síðan margfalt inn í hagkerfið. Árið 2010 áttu 700 m.kr. að renna til kvikmyndasjóðs samkvæmt langtímaáætlun sem gerð var árið 2006, en einungis 450 m.kr. runnu til sjóðsins það ár og fátt bendir til þess að opinber framlög aukist á næstunni.

Verði ekkert að gert mun verkefnum í íslenskri kvikmyndagerð fækka, sem mun aftur bitna á fagþekkingu og starfsskilyrðum atvinnugreinar sem hefur verið í örum vexti á undanförnum árum. Ekki síst mun niðurskurðurinn hafa slæm efnahagsleg áhrif hér á landi. Samdráttur opinberra framlaga þýðir að kvikmyndaiðnaðurinn og tengdar greinar munu tapa a.m.k. 200 störfum frá því sem væri ef áætlað framlag hefði verið til staðar.

---

[3] Sjá kafla 3.2 um vinnumarkaðsúrræði
[4] Sjá kafla 3.4 um nýsköpun.
[5] Sjá kafla 3.1 um efnahags- og skattamál.
[6] Sjá kafla 3.1 um efnahags og skattamál.
[7] Sjá kafla 3.3 um stoðkerfi atvinnulífsins.

Íslenskir tónlistarmenn hafa náð miklum árangri á síðustu árum. Ungt hæfileikafólk hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana og mikilvægt er að umhverfið hvetji áfram til listsköpunar. Stjórnvöld eiga því að huga að aðgerðum til að styrkja íslenskan tónlistariðnað,stuðla að fjölbreyttri menningu og gera mannlífið skemmtilegra, ásamt því að byggja upp fleiri störf.

Tækifæri:

Mikil þekking hefur skapast í kvikmyndaiðnaði hér á landi á síðastliðnum árum. Kvikmyndir, leikstjórar og leikarar hafa hlotið alþjóðlegar viðurkenningar sem hafa haft mikið gildi í landkynningu. Eftirvinnsla kvikmynda, sem er tímafrekasti þátturinn við gerð kvikmynda, hefur aukist. Það liggja því mörg tækifæri í íslenskri kvikmyndagerð.

Fyrir hverjar 250 m.kr. sem lagðar eru í kvikmyndasjóð má áætla að fjárfesting í greininni til viðbótar framlagi ríkisins sé um 750 m.kr. Samtals er þetta því um 1 milljarður kr. og af honum má áætla að um 70% fari í launakostnað. Skattgreiðslur af launagreiðslum eru þá að lágmarki 300 m.kr. af hverjum milljarði. Ávinningurinn af því að skerða ekki framlag til kvikmyndasjóðs er augljós.

Sama má segja um upptökur á tónlist og gerð tónlistarmyndbanda. Mikil fagþekking er til staðar á upptöku tónlistar og við gerð tónlistarmyndbanda og þar er augljós skörun við kvikmyndagerð. Er því gullið tækifæri til að veita tónlistarupptökum og myndbandagerð erlendra aðila sama endurgreiðsluhlutfall og veitt er til kvikmyndagerðar og víkka þannig út markaðinn og atvinnumöguleika á þessu sviði. Innviðir til þess að fara af stað með tónlistarátak eru til staðar og fjárfesting því lítil sem engin til að auka umsvifin.

Markmið:

Að efla kvikmyndaiðnað hér á landi um leið og hafið er sambærilegt átak til að hvetja tónlistarmenn til að taka upp tónlist og gera tónlistarmyndbönd á Íslandi.

Fyrstu skref:

- Að endurgreiðsluhlutfall vegna kvikmyndaframleiðslu verði hækkað úr 20% í 25% og að Íslandsstofu verði falið það hlutverk að markaðssetja Ísland sem land kvikmyndagerðar.
- Að framlög til kvikmyndasjóðs verði aukin úr 450 m.kr. í 700 m.kr. á ári.
- Að endurgreiðsluhlutfall við tónlistarupptökur hér á landi verði 25% og að sú tilhögun verði nýtt til að markaðssetja Ísland með kröftugum hætti.

>> Með þessum aðgerðum má gera ráð fyrir að um 800 ný störf verði til við kvikmyndagerð, í tónlistariðnaði og tengdum greinum á næstu 4 árum.

3.7 Ferðaþjónusta.

Staðan í dag:

Ferðaþjónustan er ört vaxandi atvinnugrein og hefur mikil bein og óbein áhrif á íslenskt atvinnulíf. Afleidd áhrif hennar geta verið veruleg og ná til iðngreina og þjónustu vítt og breitt. Ferðaþjónustan er flókin og samsett úr mörgum greinum sem gerir alla útreikninga erfiða. Ferðaþjónustan er einn af burðarásum í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar og styrkur ferðaþjónustunnar fer vaxandi. Frá árinu 2001 til 2009 hafa gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum aukist um 233% og frá 2002 til 2009 hefur erlendum ferðamönnum fjölgað um 78%. Heildarfjöldi erlendra gesta árið 2010 var tæplega 495 þúsund manns (0,2% aukning

frá 2009) og níu af hverjum tíu Íslendingum ferðaðist innanlands. Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum voru 155 milljarðar króna árið 2009 og fjöldi starfa í ferðaþjónustu var 8.500 eða 5,1% af fjölda starfa í landinu.

Horfur í ferðaþjónustu árið 2011 eru mjög góðar. Þrátt fyrir samdrátt víða um heim og fækkun ferðamanna hefur orðið um 15% aukning á komum erlendra fermanna til landsins það sem af er ári, sbr. sama tímabil á síðasta ári. Það er nokkuð samdóma álit aðila í ferðaþjónustu að kynningar- og markaðsaðgerðir í kjölfar náttúruhamfaranna á síðasta ári hafi borið árangur. Merkjanlegur munur er á áhuga erlendra aðila gagnvart Íslandi og er það sóknarfæri sem þarf að nýta vel.

En þrátt fyrir jákvætt útlit þá steðja ýmis vandamál að ferðaþjónustunni og fjöldi ferðaþjónustufyrirtækja á í skuldavanda líkt og mörg fyrirtæki á Íslandi í dag. Við þeim vanda er nauðsynlegt að bregðast.[8] Á síðasta aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) var fjallað um minnkandi eftirspurn vegna minni kaupmáttar og um hættur sem stafa af skattahækkunum, aukinni opinberri gjaldtöku og stöðnun í fjárfestingum í atvinnulífinu. Ferðaþjónustan er viðkvæm fyrir ýmsum utanaðkomandi þáttum eins og eldgosum síðasta árs. Þá setti hrossasóttin verulegt strik í reikninginn í ferðaþjónustu tengdri hestamennsku. Því þarf að semja viðbragðsáætlanir svo bregðast megi við óvæntum atburðum, s.s. eldgosum og öðrum hamförum.

Háannatíminn er stuttur og því getur verið erfitt að byggja upp rekstrargrundvöll til heils árs sem skilar einhverri arðsemi. Reynt hefur verið að lengja ferðamannatímabilið og hefur það þokast í rétta átt en betur má ef duga skal. Tæplega helmingur ferðamanna hefur komið yfir sumarmánuðina þrjá síðastliðin þrjú ár, tæplega þriðjungur að vori eða hausti og um og yfir fimmtungur að vetri frá nóvember og fram í mars. Þessum hlutföllum þarf nauðsynlega að breyta.

Tækifæri:

Styrkleikar í ferðaþjónustunni eru fyrst og fremst einstök náttúra og lifandi land, en áhugi á sögu og menningu hefur aukist að undanförnu. Í nýlegri könnun Ferðamálastofu kemur fram að náttúran hefur mest áhrif á ákvörðun ferðamanna um að koma til landsins en 32% nefna enn fremur íslenska menningu eða sögu. Huga þarf vel að sérstöðu hvers svæðis og nýta staðbundna menningu, mat og listir í ferðaþjónustu en það eflir einnig vitund heimamanna og hefur margfeldisáhrif. Ísland verður heiðursgestur á bókasýningunni í Frankfurt í október en þetta er stærsta og þekktasta bókasýning og -kaupstefna í heimi og þar gefst einstakt tækifæri til að kynna íslenska menningu og listir.

Heilsutengd ferðaþjónusta er í hraðri sókn víða um heim og tryggja þarf hlutdeild á þeim markaði. Heilsuferðaþjónustu er gjarnan skipt í tvo flokka sem snúast annars vegar um lífsstíl og almenna vellíðan en hins vegar um lækningar og meðferðir innan heilbrigðiskerfisins. Líkt og með menningartengda ferðaþjónustu eigum við ónýtta möguleika á sviði heilsu- og lífstílstengdrar ferðaþjónustu.

Mikil þörf er á vöruþróun og nýsköpun á þessum vettvangi og frekari rannsóknum. Í heilsutengdri ferðaþjónustu liggja styrkleikar Íslands í óspilltri náttúru, hreinu lofti, hollum mat, gnægð af heitu vatni og góðu köldu vatni ásamt vel menntuðu fólki í heilbrigðisstéttum og sterku heilbrigðiskerfi.

---

[8] Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.1 sem fjallar um efnahags- og skattamál og m.a. skuldavanda fyrirtækja.

Í vetrarferðaþjónustu felast sóknarfæri og brýn þörf er fyrir sameiginlegar aðgerðir og samvinnu margra. Þar má byggja á menningartengdri og jafnvel heilsutengdri ferðaþjónustu. Þetta fellur vel að markaðssetningu og ímyndarsköpun Íslands sem hreins lands með áhugaverða menningu og sögu.

Ef hugmyndir um framkvæmdasjóð ferðaþjónustunnar verða að veruleika þarf að tryggja að það fjármagn skili sér alla leið inn í greinina til uppbyggingar. Ferðaþjónustan skilar miklu í þjóðarbúið en of lítið kemur til baka inn í greinina til uppbyggingar og þróunar. Slíkan sjóð þarf að nýta í framkvæmdir og úrbætur á ferðamannastöðum og sameiginlega markaðssetningu. Einnig mætti hluti þessa fjár fara í styrki til nýsköpunarverkefna. Gera þarf langtímaáætlanir um nýtingu fjármagnsins, framkvæmdir og markaðsaðgerðir.

Markmið:

Fara í markaðsátak sem mun fjölga ferðamönnum um 10% og hækka hlutfall þeirra sem koma utan háannatíma. Mögulegur ávinningur væri um 50.000 fleiri ferðamenn, 1.000 störf og 10–15 milljarðar í auknar gjaldeyristekjur. Að auki þarf að efla nýsköpun og vöruþróun.

Fyrstu skref:

- Hefja kynningarátak og ímyndarsköpun til að efla ferðaþjónustu allt árið. Ríkissjóður verji 350 m.kr. til átaksins og aðilar í ferðaþjónustu leggi fram samsvarandi upphæðir til markaðssetningar Íslands utan háannatíma ferðaþjónustunnar.
- Efla þarf vetrarferðamennsku með áherslu á menningu-, sögu- og heilsutengda ferðaþjónustu.
- Samhliða kynningarátaki er mikilvægt að ráðast í vöruþróun í víðtæku samstarfi við hlutaðeigandi aðila.
- Tryggja þarf markaðsmálum farveg til lengri tíma með markvissu samstarfi ríkis, sveitarfélaga, markaðsstofa og fyrirtækja.
- Efla grunnrannsóknir í greininni en kynningarátak, ímyndarsköpun og vöruþróun byggir á góðum rannsóknum.
- Tryggja góðar samgöngur um allt land svo ferðamönnum sé tryggt gott aðgengi að eftirsóknarverðum ferðamannastöðum og afþreyingu víðs vegar um landið.
- Mikilvægt er að framkvæmdasjóður ferðaþjónustunnar renni til uppbyggingar innan greinarinnar og markaðssetningar.

>> Gert er ráð fyrir að sérstakt átak skili 1.000 störfum í ferðaþjónustu. Aukinn kostnaður ríkissjóðs er 350 m.kr. en auknar gjaldeyristekjur eru áætlaðar um 10–15 milljarðar króna.

3.8 Landbúnaður.

Staðan í dag:

Um 4.800 störf eru nú í landbúnaði skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar 2010. Samkvæmt úttekt Hagfræðistofnunar HÍ frá 2009 er fjöldi afleiddra starfa svipaður þannig að alls eru störf tengd greininni um 10.000. Staða einstakra undirgreina er misjöfn. Sumar hafa aldrei staðið jafn vel, eins og minkaræktin, og aðrar hafa náð góðum árangri á erlendum mörkuðum eins og sauðfjárræktin. Enn aðrar eru að ná sér eftir kollsteypur eins og svínaræktin.

Stærsti áhrifaþátturinn er skuldastaða hvers og eins framleiðanda. Það sama gildir um landbúnaðinn eins og aðrar atvinnugreinar að gengið hefur hægt að vinna að fjárhagslegri

endurskipulagningu eftir bankahrunið.[9] Í flestum tilvikum er heimilis- og atvinnurekstur á sömu kennitölu sem hefur flækt málin og tafið fyrir lausnum. Gríðarlegar verðhækkanir á landi gerðu í sumum tilvikum óhóflega skuldsetningu mögulega sem landbúnaðarrekstur átti ekki möguleika á að standa undir. Úr þeim málum hefur enn ekki verið leyst.

Tækifæri:

Aukin eftirspurn er eftir upprunamerktum matvælum frá neytendum hérlendis. Það getur skapað fleiri störf við úrvinnslu í sveitum landsins og aukið fjölbreytni á matvörumarkaði verulega. Nú þegar selja á annað hundrað framleiðendur vörur beint frá býli og vörutegundirnar eru mun fleiri. Þetta er mikilvægur vaxtarsproti í greininni sem skynsamlegt er að hlúa að. Tækifæri eru líka á ýmsum tengingum við ferðaþjónustuna, s.s. með þróun matvælaminjagripa. Jafnframt geta falist tækifæri í meira fræðslustarfi, t.d. auknu námskeiðaframboði og fleiri starfsmenntabrautum tengdum matvælaframleiðslu.

Verulegur ávinningur felst í því að auka kornrækt til að minnka innflutning á kornvörum, sérstaklega til dýrafóðurs, en einnig til matvælaframleiðslu. Auk fleiri innlendra starfa myndi það spara talsverðan gjaldeyri. Í skýrslu Intellecta ehf. fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið frá árinu 2009 er talið raunhæft að þrefalda kornrækt hérlendis á 6–7 árum, þ.e. úr 15.000 tonnum í 45.000 tonn. Síðan þá hafa korn og önnur matvæli hækkað verulega á heimsmarkaði og hefur matvælaverð raunar aldrei verið hærra en nú skv. mælingum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SÞ (FAO). Þessi kostur er því enn hagkvæmari nú en fyrir tveimur árum.

Á sama hátt eru möguleikar á að vinna mun meira metan sem eldsneyti fyrir innanlandsmarkað bæði úr sláturúrgangi, öðrum lífrænum úrgangi sem fellur til við matvælavinnslu og lífrænu sorpi. Við þá vinnslu getur einnig fallið til áburður sem nýtist til frekari ræktunar og/eða landgræðslu. Metan getur ekki komið í stað jarðefnaeldsneytis en skv. útreikningum Sorpu væri raunhæft að framleiða metan til að knýja 15–20% einkabílaflotans innan 10 ára. Líklegt er að vinnsla sem þessi verði enn hagkvæmari á næstu árum vegna síhækkandi olíuverðs. Tækifæri eru einnig á að auka repjuræktun til framleiðslu á lífdísilolíu. Við þá ræktun fellur jafnframt til efni sem nýta má til fóður-, áburðar- eða metanframleiðslu. Tilraunaræktun hefur gefið góða raun þó að ljóst sé að ekki er raunhæft að standa að slíkri ræktun nema jarðvegur og veðurlag henti.[10]

Lambakjöt á, eins og stendur, bestu útflutningsmöguleika í langan tíma. Eftirspurn er verulega meiri á heimsmarkaði en áður og matvælaverð fer hækkandi. Svigrúm er til framleiðsluaukningar til að mæta eftirspurn þar sem víða er vannýtt framleiðslugeta vegna samdráttar síðustu áratuga. Hugmyndir eru um að auka framleiðslu um 20% á næstu árum sem myndi þýða um 11 þúsund tonna ársframleiðslu. Það myndi skapa fleiri störf, ekki síst á strjálbýlustu svæðum landsins. Auk þess er vöxtur í útflutningi annarra landbúnaðarafurða þar sem gengi krónunnar gerir þær mun samkeppnishæfari í verði.

Með minnkandi kaupmætti hefur hlutfall matvæla í útgjöldum heimilanna hækkað. Það er nú 13,9% skv. nýjustu neyslukönnun Hagstofunnar. Um helmingur matvælaneyslu landsmanna er innlendur en hinn helminginn flytjum við inn. Undanfarin misseri hefur innlendi hlutinn hækkað mun minna en sá innflutti samkvæmt mælingum Hagstofunnar. Líklegt er að sú þróun haldi áfram sbr. hækkandi matvælaverð á heimsmarkaði eins og áður er getið.

---

[9] Sjá nánar umfjöllun um skuldavanda fyrirtækja í kafla 3.1. um efnahags- og skattamál.
[10] Sjá nánar umfjöllun um orkuskipti í kafla 3.9.

Tækifæri gefast nú til að auka innlenda framleiðslu verulega og skapa ný störf í tengslum við það. Í Ísland 20/20, sóknaráætlun stjórnvalda, eru hugmyndir um að auka hlutfall innlendra matvæla af heildarneyslu innanlands upp í 60% árið 2020. Því ber að fagna þó að þær hugmyndir séu óútfærðar

Sérstaklega ber að skoða hugmyndir um aukningu á grænmetisframleiðslu. Meirihluti grænmetisneyslu landsmanna er innfluttur og þar eru tækifæri til að auka hlut innlendrar neyslu með því að auka framleiðslu og fjölga tegundum sem hér eru ræktaðar. Einnig gætu skapast útflutningsmöguleikar með stærri framleiðslueiningum og samkeppnishæfu orkuverði. Það yrði hagkvæmast í nálægð við orkuver.

Hestamennska og ræktun íslenska hestsins er vaxandi grein. Árið 2009 voru flutt út hross fyrir tæpan milljarð króna. Það hefði örugglega orðið meira 2010 ef ekki hefðu komið upp veikindi í stofninum, en útflutningur er nú vaxandi á ný. Um tveir þriðju hlutar stofnsins eru nú utan Íslands og í því felast mikil tækifæri, ekki síst tengd ferðaþjónustu. Íslenski hesturinn fellur vel að þeirri náttúruvænu ímynd sem við viljum leggja áherslu á í ferðamálum og hvetja þarf til þess að allir þeir sem kynnast hestinum heimsæki upprunaland hans, auk þess sem að við eigum að vera leiðandi í öllum málum sem honum tengjast.

Fiskeldi er jafnframt vaxandi grein og tækifæri eru til frekari stækkunar. Því er spáð að hægt sé að tvöfalda framleiðsluverðmæti greinarinnar á næstu 5–7 árum. Góðar aðstæður eru hér til að auka framleiðslu, einkanlega í landstöðvum, í ljósi þess að hér er aðgangur að nógu hágæðavatni en vatnsþörf greinarinnar er afar mikil. Aðstæður til sjókvíaeldis eru erfiðari vegna landfræðilegra aðstæðna og óstöðugra veðurfars en t.d. í Noregi.

Enn fremur eru tækifæri í skógrækt, bæði til timbur- og kurlframleiðslu sem og til að auka hlut innlendrar ræktunar á jólatrjáamarkaði. Þá kunna að skapast tekjumöguleikar í greininni vegna þess kolefnis sem hún bindur og getur bundið. Af náttúrulegum orsökum tekur uppbygging langan tíma en þarna liggja samt sem áður möguleikar til fjölgunar starfa.

Möguleikar til aukinnar framleiðslu minkaskinna á Íslandi eru miklir og vannýttir. Margt mælir því með enn frekari eflingu loðdýraræktar á Íslandi í dag en orðið er. Má þar nefna:

- Mikið er til af góðu hráefni til fóðurgerðar. Fóðurstöðvar búa yfir meiri framleiðslugetu en nýtt er í dag.
- Nægt landrými er til bygginga og/eða losunar á úrgangi frá búunum. Lítið landrými og erfiðleikar því tengdir, s.s. hvað varðar úrgangslosun, hamla uppbyggingu og endurnýjun í löndum þar sem minkarækt hefur staðið styrkum fótum líkt og í Danmörku og Hollandi. Því hafa minkabændur þaðan verið að horfa til Íslands með fjárfestingu í huga en það getur hjálpað til við uppbygginguna hér á landi, bæði fjárhagslega og faglega.
- Mikið er af ódýru vatni, bæði köldu og heitu sem er gott til þrifa og upphitunar á aðstöðu.
- Framleiðslukostnaður er fyllilega samkeppnisfær við það sem annars staðar þekkist.
- Verð á skinnum hefur farið hækkandi – bæði vegna hagstæðs gengis en einnig vegna sífellt aukinna gæða. Í dag er svo komið að aðeins Danir standa Íslendingum framar í gæðum skinna sem skýrist af mjög markvissu gæða- og ræktunarstarfi á Íslandi undanfarin ár.
- Spáð hefur verið að umsetning á skinnavörum eigi eftir að tífaldast fram til ársins 2050.

Markmið:

Með því að greiða fyrir þeim hugmyndum sem hér eru nefndar ættu að vera raunhæfir möguleikar á að fjölga störfum í landbúnaði um allt að 500 á næstu 10 árum (um 10%). Afleidd störf gætu þá orðið annað eins eða alls um 1.000 í landbúnaði og tengdum greinum.

Fyrstu skref:

- Stjórnvöld lýsi yfir að rekstrarumhverfi landbúnaðarins verði ekki raskað frekar til loka gildistíma núverandi búvörusamninga.
- Sett verði raunhæf og mælanleg markmið um innlenda metan- og lífdíselframleiðslu.
- Fjölga þarf tækifærum matvælaframleiðenda til að vinna úr og þróa eigin afurðir. Hægt verði að leita á einn stað eftir öllum nauðsynlegum leyfum og gjaldtöku haldið í lágmarki. Mikilvægt er að leita fyrirmynda um útfærslu matvælalöggjafar í öðrum EES-ríkjum.
- Unnið verði með matvælaframleiðendum að stefnumörkun um hvernig hægt sé að auka hlut innlendra matvæla í neyslu hérlendis og hvaða markmið skuli sett varðandi útflutning, sérstaklega á lambakjöti og grænmeti.
- Leitað verði allra leiða til þess að lækka kostnað við flutning á raforku, m.a. til að bæta rekstrarskilyrði garðyrkjunnar.
- Styrkja þarf enn frekar framboð á afþreyingu tengdri hestamennsku og efla áfram útflutningsmarkaði.
- Með liðsinni Íslandsstofu verði vakin athygli erlendis á þeim miklu tækifærum sem fólgin eru í loðdýrarækt hér á landi og þeim kostum sem mæla með fjárfestingum hér. Greininni verði tryggt samkeppnishæft umhverfi og möguleikar á að nýta þau hráefni sem til falla.

>> Ekki er gert ráð fyrir að hugmyndir þessar hafi í för með sér aukningu á opinberum framlögum, nema vegna vinnu sem felst í þeim markmiðum sem sett eru fram. Störf sem verða til við þessar aðgerðir má áætla að verði um 500 bein störf og allt að 500 afleidd störf. Samtals gerir það 1.000 störf á næstu 10 árum.

3.9 Orkumál og orkuskipti.

Staðan í dag:

Yfir sjötíu prósent af frumorkunotkun Íslendinga kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Það sem eftir stendur er innflutt eldsneyti sem að mestu er notað við fiskveiðar og í samgöngum. Að auki eru kol og gas notuð í litlu mæli við iðnað, þjónustu og til heimilisnotkunar. Er það bylting frá því sem áður var en á 20. öldinni og einkum í kjölfar olíukreppunnar á 8. áratug aldarinnar var gert stórátak í húshitun með heitu vatni sem skilar því að í dag eru um 90% húsa hituð upp með jarðvarma.

Árið 2009 nam raforkunotkun á Íslandi tæpum 17 GWH. Þar af notaði stóriðjan tæp 77% en almenn notkun var tæp 18%. Ríflega 75% raforkuvinnslunnar koma frá vatnsaflsvirkjunum en tæpur fjórðungur frá jarðvarmavirkjunum. Sé raforkunotkuninni deilt niður á hvern einstakling á Íslandi er hún með því hæsta sem gerist í heiminum. Sífellt stækkandi raforkukerfi sem orðið hefur hagkvæmara með aukinni orkusölu til stóriðju hefur leitt til þess að raforkuverð til heimila hefur lækkað að raunvirði á síðustu árum og er það í dag hið lægsta í Evrópu. Raforka til húshitunar hefur hins vegar hækkað talsvert vegna þess að framlag ríkisins til niðurgreiðslu hefur ekki haldið í við verðhækkanir raforkufyrirtækja.

Langstærsti hluti útstreymis gróðurhúsalofttegunda hér á landi, eða tæplega 70%, er tilkominn vegna brennslu á jarðefnaeldsneyti. Vegna hækkandi olíuverðs og umhverfissjónarmiða beinast sjónir manna nú sífellt meir að næstu orkuskiptum hér á landi, þ.e. í samgöngum – enda eru forsendur fyrir þróun vistvænna samgangna einkar góðar hér á landi.

Tækifæri:

Virkjanaframkvæmdir eru mjög atvinnuskapandi en nauðsynlegt er að um þær ríki sem víðtækust sátt. Því er lagt til að aðferðafræði rammaáætlunar verði beitt til að flokka virkjanakosti og forgangsraða þeim með tilliti til verndunar og nýtingar. Þar sem eftirspurn eftir endurnýjanlegri og umhverfisvænni orku eykst stöðugt á slík forgangsröðun og áhersla á fjölbreyttan kaupendahóp smám saman að styðja við og auka verðmæti seldrar orku, þ.e. hámarka afrakstur orkuauðlindanna á eðlilegum nýtingartíma (gæta t.a.m. að jafnstöðuvinnslu í jarðvarma). Jafnframt eru mikil tækifæri í orkusparnaði hér á landi, m.a. með bættri einangrun húsa og notkun varmadæla á þeim svæðum sem ekki eiga kost á heitu vatni til húshitunar og til nýtingar jarðhita þar sem hás hitastigs er krafist, í matvælaiðnaði og víðar.

Í samgöngum og siglingum felast mikil tækifæri til frekari nýtingar endurnýjanlegrar íslenskrar orku. Hvaða orkuberi eða tækni verður fyrir valinu á endanum liggur ekki fyrir en mikil gróska er í þróun ýmissa aðferða. Metanólframleiðsla á iðnaðarskala hefst í sumar í Svartsengi sem gæti komið í stað u.þ.b. 3% innlendrar bensínnotkunar. Þá hefur viljayfirlýsing verið undirrituð um undirbúning metanólframleiðslu í Kröflu, sem svarar til um fjórðungs innlendrar bensínnotkunar. Helst er aðgengi að kolsýru, koltvísýringi eða öðru kolefni hindrun fyrir enn frekari framleiðslu. Miklir möguleikar gætu skapast við innleiðingu DME (DyMethylEther) sem er fljótandi gas sem hægt er að brenna á díselvélum og því hægt að nota á flutningabíla og skipavélar. Hægt er að framleiða DME úr metanóli, hugsanlega um borð í skipum, þannig að mögulega þyrfti ekki að breyta skipum frá grunni til að keyra á umhverfisvænum, innlendum orkugjöfum.

Olíuvinnsla hefur mikla atvinnu- og verðmætasköpun í för með sér, bæði í formi beinna og afleiddra starfa. Mikil tækifæri felast í því að rannsaka Drekasvæðið í þeim tilgangi að nýta þar hugsanlega olíu. Því miður olli óhagstætt skattaumhverfi því að síðasta útboð rannsóknaleyfa á svæðinu brást. Mikilvægt er að stjórnvöld endurbæti skattumhverfið í ljósi reynslunnar og hraði næsta útboði rannsóknaleyfa á svæðinu. Ef olía finnst á Drekasvæðinu, í vinnanlegu magni, er um mikla hagsmuni að ræða fyrir þjóðarbúið. Ísland og Noregur hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta um nýtingu svæðisins en Ísland á 25% af mögulegum tekjum Noregsmegin á Drekasvæðinu og Norðmenn 25% Íslandsmegin. Því kemur samstarf við Noreg vel til greina hvað rannsóknir á svæðinu varðar. Finnist olía í vinnanlegu mæli mun hún strax teljast til verðmæta fyrir þjóðarbúið.

Markmið:

Leitast verði við að þær tafir sem orðið hafa á frumvarpi til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða seinki ekki mikilvægum virkjanaframkvæmdum og rannsóknum á svæðum sem ljóst þykir að hafi hvað minnsta umhverfisröskun í för með sér af þekktum virkjanahugmyndum. Með því er unnt að skapa allverulegan fjölda starfa við framkvæmdir og rannsóknir á erfiðum tímum atvinnuleysis.

Stjórnvöld setji sér jafnframt markmið um að árið 2020 komi a.m.k. 10% orku sem notuð er í samgöngum innanlands frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Dregið verði enn frekar úr notkun rafmagns til húshitunar á köldum svæðum með auknum styrkjum til fjárfestinga á

varmadælum, einangrun húsa o.s.frv. til að auka lífsgæði íbúa á þessum svæðum og til að losa um orku í raforkukerfinu sem nýta má til atvinnuskapandi verkefna.

Fyrstu skref:

- Stjórnvöld afgreiði á vorþingi 2011 frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða og vinni í framhaldinu faglega að veitingu virkjanaleyfa í samræmi við ný lög og innan tilskilinna tímafresta stjórnsýslunnar.
- Ekki verði beðið með veitingu virkjanaleyfa fram að gildistöku laganna fyrir þá virkjanakosti sem augljóst þykir að falli innan nýtingarflokks og séu þannig bæði hagkvæmir og hafi tiltölulega litla umhverfisröskun í för með sér. Með því verði skapaðar forsendur fyrir atvinnuuppbyggingu við bæði virkjanaframkvæmdirnar sjálfar og eins við framkvæmdir á vegum orkukaupenda þegar slíkar hugmyndir hafa farið í gegnum viðeigandi leyfisveitingaferla innan stjórnsýslunnar.
- Heimilaðar verði rannsóknir á mögulegum virkjanakostum sem falla undir umhverfisflokk A í fyrsta áfanga rammaáætlunar.
- Mótuð verði stefna um hvernig unnt sé með sem skilvirkustum hætti að ýta undir notkun á nýrri tækni og endurnýjanlegum orkugjöfum í samgöngum. Slíkt ýtir undir aukna færni og þekkingu í málaflokknum og hefur nokkra atvinnusköpun í för með sér, auk langtíma ávinnings í formi gjaldeyrissparnaðar o.fl. Þessari stefnumótun verði lokið fyrir vorið 2011.
- Stefnt verði að því að þau 10% heimila sem ekki eigi kost á heitu vatni til húshitunar fái styrki til fjárfestinga í t.d. varmadælum, gluggaskiptum, bættri einangrun húsa o.s.frv. gegn lækkuðum niðurgreiðslum hins opinbera á orku til húshitunar. Verði þar miðað við 10 ára niðurgreiðslur á raforku til húshitunar í stað 8 ára í dag. Með því verði ýtt undir atvinnusköpun iðnaðarmanna, auk þess sem umfram orka skapast í raforkukerfinu (um 20–25 MW að hámarki) sem hægt er að nýta til annarra atvinnuskapandi verkefna eða iðnaðar.
- Að gera skattaumhverfi vegna olíuleitar hagstæðara og hefja samstarf við Noreg um olíuleit á Drekasvæðinu.

>> Áætla má að um 100–150 ársverk séu í tengslum við orkuviðhald, orkusparnað og orkuskipti. Sé farið í virkjanaframkvæmdir verður einnig til eftirfarandi fjöldi ársverka á byggingartíma. Sem dæmi um störf sem geta skapast við einstakar virkjanaframkvæmdir má nefna eftirfarandi:

- Búðarhálsvirkjun – 700–800 ársverk
- Hvammsvirkjun – 790 ársverk
- Holtavirkjun – allt að 460 ársverk
- Urriðafossvirkjun – 850 ársverk
- Hverahlíðarvirkjun – 1100 ársverk
- Stækkun Reykjanesvirkjunar – 600–650 ársverk
- Stækkun Hellisheiðarvirkjunar – 290–300 ársverk út árið 2011
- Þeistareykjavirkjun, Bjarnaflagsvirkjun og stækkun Kröfluvirkjunar – samtals 400–500 MW – mörg hundruð ársverk á byggingartíma.

3.10 Uppbygging í mannaflsfrekum iðnaði.

Staðan í dag:

Uppbygging í mannaflsfrekum iðnaði á Íslandi á undanförnum árum og áratugum hefur skotið fleiri stoðum undir íslenskt atvinnulíf og haft sveiflujafnandi áhrif sem munað hefur um í kjölfar fjármálakreppunnar. Þar hefur áliðnaður mesta vægið en árið 2010 námu útflutningstekjur af álframleiðslu 220 milljörðum króna sem jafngilda 25% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Framleiðslugeta álveranna þriggja í Straumsvík, á Grundartanga og í Reyðarfirði nemur um þessar mundir ríflega 800 þúsund tonnum á ári en hjá fyrirtækjunum starfa um 1.800 manns. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerir ráð fyrir að 1,4 afleidd störf séu á bak við hvert starf í áliðnaði og þannig hafi ríflega 4.300 manns lifibrauð sitt af álframleiðslu og afleiddum störfum. Þá eru hér á landi jafnframt starfræktar járnblendiverksmiðja, aflþynnuverksmiðja og steinullarverksmiðja sem til samans hafa vel á fjórða hundrað starfsmenn og fram undan eru framkvæmdir tengdar uppbyggingu kísilverksmiðju í Helguvík, stækkun álvers í Straumsvík og við Búðarhálsvirkjun. Þá má geta þess að orkufrekur iðnaður skapar í dag um 200–300 ársverk í viðhaldi og stöðugri þjónustu á rekstrartímanum.

Tækifæri:

Margt mælir með uppbyggingu í mannaflsfrekum iðnaði á Íslandi umfram önnur lönd og á það jafnt við um orkufrekan iðnað sem og iðnað sem krefst ekki fjölda megavatta (MW). Ber þar fyrst að nefna umhverfisvæna og endurnýjanlega orku, en það skiptir fjárfesta sífellt meira máli að starfsemi fyrirtækja sé með eins umhverfisvænum hætti og unnt er. Þá er vinnuafl hér á landi nokkuð vel menntað og vinnumarkaður sveigjanlegur, greiður aðgangur er að miklu magni hreins vatns, viðskiptaumhverfið hefur að mörgu leyti verið hagstætt, nálægð er við stóra markaði beggja vegna Atlantshafsins og jafnvel Asíu í nálægri framtíð.

Miklu skiptir að halda áfram að breikka útflutningsgrundvöll þjóðarinnar, auka útflutning, efla gjaldeyrissköpun og auka framleiðslu og framleiðni. Við gengishrun íslensku krónunnar hafa rekstrarskilyrði útflutningsfyrirtækja stórlega batnað. Þetta hefur skilað sér í auknum áhuga erlendra fjárfesta á uppbyggingu margvíslegs iðnaðar hér á landi og má þar m.a. nefna sólarkísilframleiðslu, gagnaver, koltrefjaframleiðslu, aflþynnuverksmiðju, gróðurhúsaiðnað, basalttrefjaframleiðslu, efnagarða og endurvinnsluiðnað. Til samans myndu fyrrgreind uppbyggingaráform skapa þúsundir starfa á bæði byggingartíma og eins í formi varanlegra starfa að uppbyggingu lokinni. Sem dæmi má nefna að kísilver í Helguvík getur skapað um 90 bein störf, gagnaver Verne Holding og annarra gagnavera allt að 100–200 bein störf og gróðurhúsaiðnaður í stórum skala allt að 70–100 bein störf. Óraunhæft er að gera ráð fyrir að nema hluti þeirra nái fram að ganga en þeim mun mikilvægara er að stuðla að framgangi þessara verkefna þannig að endanleg ákvörðun byggi á faglegum undirbúningi og forsendum í stað fordóma eða geðþótta fárra einstaklinga.

Álfyrirtækin þrjú sem starfa hér á landi eru jafnframt öll með áform um aukna framleiðslu á næstu árum. Alcan í Straumsvík hefur þegar hafið stækkunarframkvæmdir, Norðurál stefnir að uppbyggingu nýs álvers í Helguvík og Alcoa vinnur að uppbyggingu nýs álvers á Bakka við Húsavík. Óvíst er hvort öll þessi áform verði að veruleika, m.a. vegna orkuöflunar og mengunarkvóta sem fyrirtækin þyrftu að einhverju leyti að kaupa og flytja með sér hingað, en verði svo má gera ráð fyrir að þau skapi 16–18 þúsund ársverk á byggingartíma (virkjanir + álver), 1700–2000 bein störf og 2400–2800 afleidd störf.

Markmið:

Tryggja þarf að pólitískur óstöðugleiki og hringlandaháttur með ýmis atriði sem hafa áhrif á starfsskilyrði iðnaðar á Íslandi fæli ekki erlenda fjárfesta frá. Stöðugleiki og hagstæð almenn starfsskilyrði eru grundvallaratriði sem þurfa að vera í lagi eigi að takast að laða hingað til lands fjölbreyttan og atvinnuskapandi iðnað. Eðlilegt er jafnframt að horft verði til þess við erlenda nýfjárfestingu hér á landi að hún skapi sem mestan fjölda verðmætra starfa, hafi sem mestan innlendan virðisauka í för með sér, skili verulegum skatttekjum og að nýjustu og umhverfisvænstu tækni sé ætíð beitt. Þá verði leitast við að auka breidd í atvinnuuppbyggingu og hafa þannig áframhaldandi sveiflujafnandi áhrif á íslenskt atvinnulíf.

Fyrstu skref:

- Stjórnvöld geri beina erlenda nýfjárfestingu að forgangsatriði og móti sér stefnu um áherslur fjárfestingarkosta.
- Fjármagn til fjárfestingarsviðs Íslandsstofu verði aukið og þess gætt að vægi starfseminnar verði ekki minni hér á landi í framtíðinni en meðal nágrannaþjóðanna. Formlegt og öflugt samstarf verði jafnframt viðhaft við nýtt stoðkerfi atvinnulífsins innanlands.[11]
- Lagaumhverfi, ívilnanir fyrir beina erlenda fjárfestingu og leyfisveitingaferli verði endurskoðað með það að markmiði að skilvirkni og gagnsæi íslenskrar stjórnsýslu verði aukið til muna.

>> Fjöldi starfa í iðnaði fer eftir því hvaða verkefni fara af stað á næstunni og er mjög misjafnt milli verkefna hversu mörg störf eru á byggingartíma og hversu mörg bein störf verða til þegar nýbyggingu er lokið. Sem dæmi um fjölda starfa má nefna:

- Endurbygging í Straumsvík (er þegar komin í gang) – 300 ársverk á byggingartíma – um 20 varanleg bein störf.
- Kísilverksmiðja í Helguvík – 300–400 ársverk á byggingartíma – 90 varanleg bein störf.
- Álver í Helguvík – 3200 ársverk á byggingartíma – 200 varanleg bein störf að loknum fyrsta áfanga.
- Gagnaver – 250–350 ársverk á byggingartíma – 60–100 varanleg bein störf í gagnaveri Verne Holding einu og sér.
- Hreinkísilverksmiðja – 600 ársverk á byggingartíma – 150 varanleg bein störf að loknum fyrsta áfanga.
- Álver á Bakka við Húsavík – allt að 5000–5500 ársverk á byggingartíma – allt að 450 varanleg bein störf að uppbyggingu lokinni.

3.11 Sjálfbært fjármálakerfi.

Staðan í dag:

Íslenskir sparisjóðir hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum. Sparisjóður Mýrarsýslu, SPRON, Byr – sparisjóður og Sparisjóðurinn í Keflavík ásamt Sparisjóðabankanum fóru í þrot. Íslenska ríkið endurfjármagnaði fimm sparisjóði; Sparisjóð Bolungarvíkur, Sparisjóð Svarfdælinga, Sparisjóð Vestmannaeyja og Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis. Að auki tók Arionbanki yfir rekstur Afls sparisjóðs og Sparisjóðs Ólafsfjarðar.

---

[11] Sjá nánar kafla 3.3 um stoðkerfi atvinnulífsins.

Orsakir erfiðleika sparisjóðanna á Íslandi eru fjölmargar og á eftir að skrá þá sögu ítarlega. Þó má telja að sú breyting sem varð á laga- og starfsumhverfi sparisjóðanna og breytt viðhorf gagnvart hugmyndafræði og rekstrarformi sparisjóðanna hafi átt sinn þátt í hruni þeirra.

Sparisjóðir eru náskyldir sameignarfélögum á borð við samvinnufélög (e. cooperatives), lánasamvinnufélög (e. credit unions), gagnkvæm tryggingafélög (e. mutual insurance), og sjálfseignarstofnanir, þar sem hagsmunir félagsmanna eru hafðir að leiðarljósi fremur en að hámarka hagnað. Félög af þessu tagi vilja ná rekstrarlegum árangri en á grunni siðferðislegra gilda og sterkrar samfélagslegrar vitundar. Þeir sem nota þjónustuna taka út hagnaðinn í formi lægri þjónustugjalda, lægri vaxta eða verkefna sem endurspegla samfélagslega ábyrgð félaganna í stað arðgreiðslna.

Tækifæri:

Endurreisn hins vestræna heims eftir áföll síðustu ára verður að byggja á jafnvægi, raunverulegu blönduðu hagkerfi þar sem einkafyrirtæki, ríki og sameignarfélög ná að blómstra á sjálfbæran máta. Mikilvægur þáttur í því er fjölbreytni á fjármálamarkaði í stað þeirrar fábreytni sem nú blasir við þar sem þrír stórir bankar fara með um 90% hlutdeild á markaði.

Sanngjarnt, heilbrigt og réttlátt samfélag er líklegra til að vaxa og dafna á sjálfbæran máta hvort sem litið er til félagslegra, pólitískra eða umhverfislegra þátta. Fjármálastofnanir sem þjónusta félagsmenn á sanngjörnum kjörum og styðja við sitt nærsamfélag á lýðræðislegan máta skipta máli þegar byggja skal slíkt samfélag.

Þess vegna þarf að byggja upp nýtt sparisjóðakerfi, m.a. á grunni eignarhalds ríkisins á fjölmörgum sparisjóðum. Jafnframt þarf að setja ný lög um lánasamvinnufélög þannig að íslenskir neytendur hafi sama möguleika og neytendur í nágrannalöndum okkar á að stofna og reka lánasamvinnufélög, sem og raunverulegt val um hvert þeir beina viðskiptum sínum.

Markmið:

Byggja upp nýtt sparisjóðakerfi, m.a. á grunni eignarhalds ríkisins á fjölmörgum sparisjóðum og tryggja þannig fjölbreytni á fjármálamarkaði.

Fyrstu skref:

- Mótuð verði stefna um fjármálakerfið sem byggi á fjölbreytni, neytendavernd og sjálfbærni.
- Sparisjóðir verði endurskipulagðir að nýju með svæðaskiptu skipulagi.
- Lög um sparisjóði verði endurskoðuð í samræmi við lagaumhverfi nágrannalanda okkar.
- Sett verði ný lög um lánasamvinnufélög.
- Skattaumhverfi sparisjóða og lánasamvinnufélaga verði gert hagstæðara.
- Íbúar og velunnarar sparisjóða verði hvattir til að leggja stofnfé í sparisjóð, s.s. með skattaívilnunum.
- Stjórnir sparisjóða endurspegli á nýjan leik samfélagslegt hlutverk sparisjóðanna, með fulltrúum innstæðueigenda, sveitarfélaga á starfssvæðinu og starfsmanna.
- Sparisjóðum og lánasamvinnufélögum verði aðeins heimilt að reka hefðbundna viðskiptabankastarfsemi.
- Starfssvæði sparisjóða og lánasamvinnufélaga verði afmarkað.
- Starfsemi og lánveitingar sparisjóða og lánasamvinnufélaga leggi áherslu á sjálfbærni, verndun umhverfis og þróun atvinnu- og mannlífs á viðkomandi svæði.

>> Verði þessar aðgerðir að veruleika mun þetta styðja við uppbyggingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja á landsbyggðinni ásamt því að auka samkeppni á fjármálamarkaði.

4 Heimildaskrá

Alþýðusamband Íslands. Endurskoðuð hagspá ASÍ 2011–2013.
http://www.asi.is/Portaldata/1/Resources/a_lidandi_stundu/Endursko_u__hagsp___tg.__24._mars_2011b.pdf
Brynjar Skúlason o.fl. Arðsemi skógræktar á Íslandi. Ráðunautafundur 2003.
http://www.ias.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/5ed2a07393fec5fa002569b300397c5a/08b580b4a95fa01900256cc900303819?OpenDocument
Forsætisráðuneytið 2009. Aðgerðir í atvinnumálum.
http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettamyndir/Adgerdir_atvinnumalum.pdf
Forsætisráðuneytið 2010. Sóknaráætlun 2020.
http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/samfelagsmarkmid/
Hagfræðistofnun HÍ 2009. Fjöldi starfa og afleidd störf í landbúnaði.
http://www.ioes.hi.is/publications/cseries/2009/C09_01.pdf
Hagstofa Íslands. Ferðaþjónustureikningar 2000–2006.
https://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=8645
Hagstofa Íslands. Neysla og verð ýmissa vörutegunda.
http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Verdlag-og-neysla/Neysla-og-verd-ymissa-vorutegund
Hagstofa Íslands. Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2007–2009.
https://hagstofa.is/lisalib/getfiletrack.aspx?ItemID=11976
Hagstofa Íslands. Vinnumarkaður 2010.
https://hagstofa.is/lisalib/getfiletrack.aspx?ItemID=12186
Hagstofa Íslands, Vinnumarkaður 2010.
https://hagstofa.is/lisalib/getfiletrack.aspx?ItemID=12186
Hagstofa Íslands. Þjóðhagsreikningar.
http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Thjodhagsreikningar/Thjodhagsreikningar
Hörður Arnarson. Erindi um þróun íslensks raforkumarkaðar og framtíðarsýn á ársfundi Landsvirkjunar 2010.
http://www.landsvirkjun.is/media/samradsfundir/arsfundur_LV_2010_hordur_arnarson.pdf
Intellecta ehf. Kornrækt á Íslandi – Tækifæri til framtíðar.
http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/Skyrslur/Kornrakt_a_Islandi__takifari_til_framtidar.pdf
Landbúnaðarháskóli Íslands. Rit Landbúnaðarháskólans nr. 24 – Ræktun repju og nepju til olíuframleiðslu og uppgræðslu.
http://www.lbhi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3140
Landssamband fiskeldisstöðva. Staða fiskeldis á Íslandi, framtíðaráform og stefnumótun rannsókna- og þróunarstarfs 2010–2013.
http://lfh.is/documents/vefutgafaLoka.pdf
Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO). Food Prices Index – Mars 2011.
http://www.fao.org/worldfoodsituation/wfs-home/foodpricesindex/en/
Metanblaðið, 24. júní 2010.
http://vefblod.visir.is/index.php?s=4166&p=95248
Ríkisendurskoðun. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um stuðning við atvinnu- og byggðaþróun.
http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/atv_og_byggdathroun.pdf
Samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja frá 15. desember

2010.
http://www.vi.is/files/2010.12.15-Samkomulag-Beina-brautin_2037526861.pdf
Samtök atvinnulífsins. Atvinna fyrir alla. Aðgerðaráætlun 2010 um uppbyggingu atvinnulífsins. Febrúar 2010.
http://www.sa.is/files/SA%20Adgerdaraetlun%20%282%29_1917971345.pdf
Samtök atvinnulífsins. Skattkerfi atvinnulífsins. September 2010.
http://www.sa.is/files/Skattkerfi%20atvinnulífsins_1814958571.pdf
Samtök ferðaþjónustunnar. Hagtölubæklingur SAF.
http://www.saf.is/saf/upload/files/pdf/hagtolur_2007/20886-2009_(2).pdf
Seðlabanki Íslands 2011. Áætlun um losun gjaldeyrishafta.
http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8564
Seðlabanki Íslands. Peningamál 2011/1, uppfærð spá.
http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8413
Vilborg Júlíusdóttir. Erindi um ferðaþjónustureikninga á afmælisráðstefnu SAF (6.11 2008).
http://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11176
Vinnumálastofnun. Staða á vinnumarkaði í febrúar 2011.
http://www.vinnumalastofnun.is/files/feb.11_2079465944.pdf
Heimasíða Beint frá býli http://www.beintfrabyli.is/is/page/about.
Heimasíða Bændasamtaka Íslands www.bondi.is.
Heimasíða Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is.
Heimasíða Hagstofu Íslands www.hagstofa.is.
Heimasíða Orkuseturs www.orkusetur.is.
Heimasíða Orkustofnunar www.os.is.
Heimasíða rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða www.rammaaaetlun.is.
Heimasíða Samtaka ferðaþjónustunnar www.saf.is.

1465. Frumvarp til laga [824. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum (í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga o.fl.).

Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 8. tölul 3. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um vexti vegna lánasamninga sem gerðir eru við ótengda aðila.

2. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist: sbr. 5. mgr. 66. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað „10%“ í 6. málsl. 9. tölul. kemur 5%.
b. 7. málsl. 9. tölul. fellur brott.
c. 3. mgr. 9. tölul. a orðast svo:

Skilyrði fyrir frádrætti samkvæmt þessum tölulið er að seljandi hlutabréfanna hafi átt a.m.k. 5% hlut í viðkomandi lögaðila á söludegi.

4. gr.

4. mgr. 58. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, þó ekki ef um er að ræða starf á vegum lögaðila sem skráður er á opinberum verðbréfamarkaði. Maður telst hafa ráðandi stöðu í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 2% hlut í þeim lögaðila. Ákvæði 1. og 2. málsl. skulu einnig gilda um starfandi hlutahafa sem ekki eru tengdir fjölskylduböndum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Á eftir „1.–3. tölul.“ í 6. og 7. tölul. 1. mgr. kemur: og 5. mgr.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tekjuskattshlutfall á þann hluta úthlutaðs arðs sem telst vera laun skv. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. skal vera skv. 1. tölul. 1. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Persónuafsláttur skal í upphafi hvers árs taka breytingu í réttu hlutfalli við mismun á vísitölu neysluverðs við upphaf og lok næstliðins tólf mánaða tímabils.

7. gr.

3. mgr. 101. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóra er heimilt að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni að leiðrétta álagningu á skattaðila ef yfirskattanefnd eða dómstólar hafa í hliðstæðu máli hnekkt skattframkvæmd sem skattskil eða ákvörðun skattstjóra eða ríkisskattstjóra var byggð á. Sama á við sé beinlínis kveðið svo á um í lögum að fallið sé frá fyrri skattframkvæmd. Breyting af þessu tilefni getur tekið til skattstofns eða skatts frá og með því tekjuári sem um var fjallað í máli því sem hliðstætt er talið, þó lengst sex ár aftur í tímann, talið frá því ári þegar úrskurður eða dómur var kveðinn upp. Sama viðmiðun gildir frá og með gildistöku viðkomandi lagaákvæðis. Beiðni um endurupptöku skal borin fram innan eins árs frá því að skattaðila var eða mátti vera kunnugt um tilefni hennar. Skattaðila er heimilt að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á b-lið ákvæðis til bráðabirgða XXXIII í lögunum:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins eins og það er talið fram í skattframtali félagsins skv. 1. mgr. þessa stafliðar“ í 2. mgr. kemur: stofnverð hlutabréfanna.

9. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við álagningu opinberra gjalda árið 2011 skulu aðilar sem falla undir 6. tölul. 4. gr. greiða sérstakan skatt sem nemur 0,0972% af hreinni eign til greiðslu lífeyris, sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Um álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Gjalddagi er 1. nóvember 2011.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó skal aðili með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis sem selur rafrænt afhenta þjónustu skv. d-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. til aðila sem er ekki skráður skv. 5. gr. og er heimilisfastur eða með fasta starfsstöð hér á landi innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri þjónustu hér á landi. Þjónusta þessi telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð. Seljandi skal ótilkvaddur tilkynna starfsemi sína rafrænt á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Aðilar sem selja rafrænt afhenta þjónustu fyrir 1.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili skulu undanþegnir skattskyldu.
b. Í stað orðsins „Kaupandi“ í 3. mgr. kemur: Aðili.

11. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 163/2010, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana), frestast framkvæmd ákvæðis d-liðar 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna, að því er varðar aðra raf-

rænt afhenta þjónustu en tölvuþjónustu, sem og framkvæmd ákvæða 42. gr. A laganna, til 1. október 2011.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „léttvíni“ í a-lið 5. tölul. kemur: og 6 lítra af öli.
b. Á eftir orðinu „léttvíni“ í b-lið 5. tölul. kemur: og 9 lítra af öli.
c. Í stað tölunnar „6“ í c-lið 5. tölul. kemur: 9.
d. Á eftir orðinu „öli“ í c-lið 5. tölul. kemur: eða.
e. Á eftir c-lið 5. tölul. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: 12 lítra af öli.
f. Á eftir orðinu „léttvíni“ í a-lið 1. mgr. 7. tölul. kemur: og 6 lítra af öli.
g. Á eftir orðinu „áfengi“ í b-lið 1. mgr. 7. tölul. kemur: og 9 lítra af öli.
h. Í stað tölunnar „6“ í b-lið 1. mgr. 7. tölul. kemur: 9.
i. Á eftir orðinu „léttvíni“ í a-lið 2. mgr. 7. tölul. kemur: og 3 lítra af öli.
j. Á eftir orðinu „áfengi“ í b-lið 2. mgr. 7. tölul. kemur: og 6 lítra af öli.
k. Í stað tölunnar „3“ í b-lið 2. mgr. 7. tölul. kemur: 6.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, með síðari breytingum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „neðangreind hlutföll“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: af styrkhæfum kostnaði.
b. 1.–3. tölul. 2. mgr. orðast svo:
   1. Þegar um lítil fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 70% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefnis eða 80% í tilviki samstarfsverkefnis. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 45% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða 60% í tilviki samstarfsverkefnis.
   2. Þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 60% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefnis eða 75% í tilviki samstarfsverkefnis. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 35% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða 50% í tilviki samstarfsverkefnis.
   3. Þegar um stór fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 50% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefnis eða 65% í tilviki samstarfsverkefnis enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 25% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða 40% í tilviki samstarfsverkefnis enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki.

14. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögin falla úr gildi 31. desember 2014. Stuðningur sem samþykktur hefur verið fyrir það tímamark heldur þó gildi sínu.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.

15. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við álagningu opinberra gjalda árið 2011 skal til viðbótar við sérstakan skatt samkvæmt lögunum greiða 0,0795% af skattstofni eins og hann er ákvarðaður í 3. gr. Gjalddagi viðbótarskattsins er 1. nóvember 2011.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

16. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. skulu lífeyrissjóðir, þar með taldir lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum og staðfestri reglugerð, sbr. 54. gr., greiða 0,13% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. 3. gr. til starfsendurhæfingar sjóðfélaga til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs sem starfar á vegum aðila vinnumarkaðarins. Fyrsta greiðsla er reiknuð af iðgjaldsstofni janúarmánaðar 2012. Gjalddagi skal vera tíundi dagur næsta mánaðar eftir að launagreiðandi hefur staðið skil á lífeyrisiðgjaldi skv. 2. mgr. 7. gr. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og gjaldið fellur í gjalddaga.

Iðgjald launagreiðanda, þ.m.t. þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs skal vera 0,13% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. 3. gr. og skal reiknast í fyrsta sinn eigi síðar en 1. september 2011. Iðgjaldið veitir réttindi til þjónustu VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Launagreiðanda skv. 1. málsl. er skylt að standa skil á iðgjaldinu til viðkomandi lífeyrissjóðs með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald, sbr. 2. mgr. 7. gr. Lífeyrissjóðir ráðstafa iðgjaldinu til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs og skal fara eftir þeim ákvæðum sem almennt gilda í þeim innheimtusamningum sem gerðir hafa verið milli aðila.

Ráðherra velferðarmála og ráðherra lífeyrismála skulu skipa samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að koma fram með nánari tillögur um skipulag og samhæfingu starfsendurhæfingarmála fyrir 1. nóvember 2011 þar sem miðað verði við jafna kostnaðarskiptingu í þrjá hluta. Þá skal nefndin fyrir sama tímamark leggja fram tillögur að skýrum lagaramma eða umgjörð Starfsendurhæfingarsjóðs, m.a. varðandi greiðsluskyldu, ábyrgð og eftirlit. Samráð skal haft við Landssamband lífeyrissjóða og skattyfirvöld við útfærsluna.

VII. KAFLI
Gildistaka.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1., 2., 4. og 5. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

Ákvæði 3., 6. og 8. gr. öðlast gildi 1. janúar 2012.

Ákvæði 10. gr. öðlast gildi 1. október 2011.

Ákvæði 16. gr. öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2012.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt, lögum um virðisaukaskatt og fleiri lögum í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var í tengslum við undirritun kjarasamninga 5. maí sl. Í yfirlýsingunni segir m.a. að stjórnvöld séu reiðubúin til að stuðla að því að áform þau sem nánar er fjallað um í yfirlýsingunni nái fram að ganga með framlagningu frumvarpa á yfirstandandi þingi. Auk þeirra atriða sem beinlínis er að finna í yfirlýsingunni inniheldur frumvarpið nokkrar lagabreytingartillögur sem brýnt er að samþykktar verði á vorþingi.

Frumvarpið var samið í fjármálaráðuneytinu að höfðu samráði við embætti ríkisskattstjóra. Við vinnslu þess hluta frumvarpsins er varðar skatta á fyrirtæki og fjallað er um í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var einnig haft samráð við Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands.

I. Yfirlýsing stjórnvalda tengd kjarasamningum 5. maí 2011.

Þær tillögur frumvarpsins sem tengjast yfirlýsingu stjórnvalda beint varða þrjá meginþætti, þ.e. persónuafslátt einstaklinga, skattlagningu fyrirtækja og tekjuöflun Starfsendurhæfingarsjóðs. Nánar er fjallað um hvern þátt fyrir sig hér á eftir.

Persónuafsláttur.

Kafli II í yfirlýsingunni tekur til bóta almannatrygginga og persónuafsláttar, en frumvarp fjármálaráðherra inniheldur einungis persónuafsláttinn sem er óaðskiljanlegur hluti af tekjuskattlagningu einstaklinga. Þar er lagt til í samræmi við yfirlýsingu stjórnvalda að persónuafsláttur taki breytingum ár hvert í samræmi við verðlagsbreytingar á undangengnum 12 mánuðum frá desember árið áður, fyrst í ársbyrjun 2012.

Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 3% á viðmiðunartímabilinu sem þýðir að öðru óbreyttu að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga lækka um nálægt 3 milljarða króna vegna hærri persónuafsláttar.

Skattar á fyrirtæki.

Umfjöllun um skatta á fyrirtæki er í kafla III í yfirlýsingunni undir yfirskriftinni Starfsskilyrði atvinnulífsins. Þar er líka fjallað um væntanlegar breytingar á tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjaldi, en frumvarp þess efnis verður ekki lagt fram fyrr en á haustþingi. Einnig kemur fram að síðustu misseri hafi fjármálaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands átt í samstarfi um mögulegar breytingar á skattalögum. Afrakstur þessa samstarfs sé m.a. sá að fjármálaráðherra muni leggja fyrir Alþingi nú á vorþingi tillögur að lagabreytingum sem varða eftirtalin atriði:

(i) Skattlagning einstaklinga starfandi í eigin félögum.

Um er að ræða tvenns konar breytingar frá gildandi ákvæði sem kom til framkvæmda við staðgreiðslu í ársbyrjun 2010. Ákvæðið kveður á um þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar til að úthlutaður arður teljist til launa hjá móttakanda arðsins. Fyrri breytingin felur í sér nánari skilgreiningu á því hvað felst í hugtakinu „ráðandi aðili“ þegar ákvörðuð eru laun við eigin atvinnurekstur. Tillagan er sú að maður teljist hafa ráðandi stöðu (vera ráðandi aðili) ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% eða meira í viðkomandi lögaðila. Sama regla eigi einnig við um starfandi hluthafa sem ekki eru tengdir fjölskylduböndum. Reglan nær þó einungis til þeirra sem eiga a.m.k. 2% hver um sig í viðkomandi lögaðila. Seinni breytingin er sú að sá hluti úthlutaðs

arðs sem telst vera laun skv. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga verði eingöngu skattlagður í neðsta þrepi tekjuskattsins, þ.e. 24,1% miðað við árið 2010, auk útsvars, sem er að hámarki 13,28% árið 2010 en ekki í þremur þrepum eins og nú gildir. Gert er ráð fyrir að þessi breyting verði afturvirk frá ársbyrjun 2010 og gildi fyrir rekstrarárin 2010 og 2012. Rétt er þó að taka fram að fjármálaráðherra áformar að fela starfshópi um endurskoðun á skattkerfinu að skoða þetta fyrirkomulag nánar með hliðsjón af tillögum sérfræðinga AGS og reglum nágrannaríkjanna.

(ii) Skilyrði fyrir frádráttarbærni arðgreiðslna og söluhagnaðar.

Lögð er til sú breyting að frádráttarbærni arðs og söluhagnaðar verði takmörkuð við 5% eignarhald en ekki 10% eins og nú gildir. Jafnframt er lagt til að það skilyrði að yfirfæranlegt tap verði nýtt áður en til frádráttar kemur verði fellt brott.

(iii) Afdráttur skatta á vaxtagreiðslur til erlendra aðila.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að ákvæði 8. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga um afdráttarskatt á vaxtagreiðslur til erlendra aðila taki ekki til vaxta vegna lánasamninga sem gerðir eru við ótengda aðila. Í flestum tilvikum hafa móttakendur vaxtanna getað nýtt sér ákvæði tvísköttunarsamninga til lægri skatts, undanþágu eða endurgreiðslu skattsins, en einhver dæmi eru hins vegar um að lántakendur hafi sjálfir þurft að bera afdráttarskattinn vegna ákvæða í lánasamningum. Þá er talin ákveðin hætta á að standi ákvæðið óbreytt þrengi það að lánamöguleikum íslenskra fyrirtækja á erlendum lánamörkuðum þar sem svigrúm er þegar mjög þröngt.

(iv) Mat hlutabréfa við skilgreiningu á gjaldstofni auðlegðarskatts.

Samkvæmt gildandi lögum leggst hluti af hinum tímabundna auðlegðarskatti á markaðsvirði hlutabréfa í eigu einstaklinga, eða skattalegt bókfært eigið fé. Þessi skattlagning fer fram eftir á þegar nánari upplýsingar liggja fyrir úr reikningum fyrirtækja. Álagning auðlegðarskatts á einstaklinga hefur því farið fram í tvennu lagi og dreifst á tvö skattár hjá viðkomandi, þar sem skattlagning hlutafjár kemur fram á seinna árinu. Ýmis vandkvæði hafa verið uppi varðandi þetta mat og sömuleiðis framangreinda tvískiptingu og er því lagt til að í stað mats á hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé verði tekið mið af stofnverði. Við þessa breytingu fellur seinni hluti skattlagningarinnar niður frá og með árinu 2012.

Erfitt er að meta af einhverri nákvæmni hvaða áhrif framangreindir fimm þættir muni hafa á tekjur ríkissjóðs. Ljóst er að afnám afdráttarskatts á vaxtagreiðslum af erlendum lánasamningum munu hafa umtalsverð bein áhrif til lækkunar en aðrir mun minni og eru heildaráhrifin metin um 2 milljarðar króna á ári. Dreifing á gjalddaga felur t.d. einungis í sér tilfærslu á tekjum metnum á greiðslugrunni.

Starfsendurhæfingarsjóður.

Kafli VI í yfirlýsingunni fjallar um lífeyrismál, starfsendurhæfingu og húsnæðismál og er því í frumvarpinu að finna breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Þessar breytingar taka að hluta til mið af þeim fyrirheitum sem ríkisstjórnin gaf við gerð stöðugleikasáttmálans 25. júní 2009 varðandi Starfsendurhæfingarsjóð. Þau fyrirheit voru þríþætt: Í fyrsta lagi að lögfesta skyldu launagreiðenda til greiðslu 0,13% iðgjalds til Starfsendurhæfingarsjóðs, samhliða skyldu launþega til að tryggja sér rétt til starfsendurhæfingar frá 16 til 70 ára aldurs. Í öðru lagi að lögfest verði framlag til Starfsendurhæfingarsjóðs frá

lífeyrissjóðunum er nemi 0,13% af iðgjaldsstofni frá og með 1. júlí 2010. Í þriðja lagi er lögfesting á 0,13% framlagi ríkissjóðs til Starfsendurhæfingarsjóðs frá og með 1. júlí 2013. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga frá 5. maí sl. var síðan ítrekað að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að lögfest yrði skylda allra launagreiðenda til greiðslu 0,13% iðgjalds til Starfsendurhæfingarsjóðs. Enn fremur kæmi til jafnhátt iðgjald frá lífeyrissjóðunum. Þá var þar kveðið á um að skipuð yrði samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að koma fram með nánari tillögur um skipulag og samhæfingu starfsendurhæfingarmála fyrir 1. nóvember 2011 þar sem miðað yrði við jafna kostnaðarskiptingu í þrjá hluta. Útfæra þyrfti aðkomu ríkisvaldsins varðandi faglegar útfærslur og samspil starfsendurhæfingar sem tengist vinnumarkaði og þjónustu heilbrigðiskerfisins. Í bráðabirgðaákvæði því sem lagt er til að öðlist gildi þegar í stað og falli úr gildi 1. janúar 2012 er við það miðað að ráðherra velferðarmála og ráðherra lífeyrismála skuli skipa framangreinda samráðsnefnd og hlutverk nefndarinnar verði, auk þess sem að framan greinir, að leggja fram tillögur að skýrum lagaramma eða umgjörð VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs, m.a. varðandi greiðsluskyldu, ábyrgð og eftirlit, fyrir sama tímamark, þ.e. 1. nóvember 2011. Við þá vinnu skuli haft samráð við Landssamband lífeyrissjóða og skattyfirvöld.

Í væntanlegu frumvarpi verða lagðar til breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, í samræmi við gerð stöðugleikasáttmálans frá 25. júní 2009 um Starfsendurhæfingarsjóð, en fyrirmæli um sjóðinn eru aftur ítrekuð í yfirlýsingu ríkistjórnarinnar frá 5. maí sl. Í frumvarpi fjármálaráðherra verður Starfsendurhæfingarsjóði, sem veita á viðtöku iðgjaldi til greiðslu kostnaðar við ráðgjöf, þjónustu og bein úrræði vegna starfsendurhæfingar, veitt lagastoð en stór hluti launagreiðenda greiðir þegar 0,13% iðgjald til sjóðsins á grundvelli kjarasamninga. Með lögunum verður kveðið á um skylduframlag lífeyrissjóða til sjóðsins. Þá er gert ráð fyrir að kveðið verði á um greiðsluskyldu launagreiðenda í lögum nr. 55/1980.

II. Áhrif kjarasamninga á afkomu ríkissjóðs.

Þó svo að bein áhrif af þeim tillögum sem er að finna í þessu frumvarpi og tengjast yfirlýsingu stjórnvalda við undirskrift kjarasamninga 5. maí sl. séu neikvæð fyrir tekjuhlið ríkissjóðs um allt að 5 milljarða króna er ljóst að til lengri tíma litið verða heildaráhrif nýgerðra kjarasamninga á afkomu ríkisins jákvæð gangi forsendur þeirra eftir. Hækkun persónuafsláttar eykur ráðstöfunartekjur heimila og þar með neyslu í einhverjum mæli sem aftur leiðir til aukinna tekna ríkissjóðs af neyslusköttum. Léttari skattbyrði fyrirtækja eykur svigrúm þeirra til fjárfestinga og aukinna umsvifa þjóðarbúsins sem m.a. ætti að endurspeglast í minna atvinnuleysi og þar með auknum launagreiðslum.

III. Aðrar breytingar.

Sem fyrr segir inniheldur frumvarpið ýmsar lagabreytingar sem ekki tengjast yfirlýsingu stjórnvalda með beinum hætti. Þessar eru helstar:

Lagfæringar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Í frumvarpinu er lagt til að lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki verði tímabundin en samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á styrkjakerfum er bundið því skilyrði. Engar efnislegar breytingar eru lagðar til á lögunum heldur einungis lagt til að kerfið verði látið gilda til ársloka 2014, eða í fimm ár.

Breytingar á lögum um virðisaukaskatt.

Hér er um tvíþættar breytingar að ræða. Fyrri breytingin lýtur að breytingu á 35. gr laganna en sú tillaga er tilkomin vegna breytingar sem gerð var á d-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna með lögum nr. 163/2010 (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana). Sú breyting tók gildi 1. janúar 2011 en kom til framkvæmda 1. maí 2011. Ákvæðið í d-lið er nú þannig að rafrænt afhent þjónusta telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð og ber sala á þeirri þjónustu því ekki virðisaukaskatt sé hún seld til aðila sem eru búsettir eða hafa starfsstöð erlendis. Samkvæmt núgildandi ákvæði 35. gr. ber aðila sem kaupir rafrænt afhenta þjónustu að innheimta og skila virðisaukaskatti vegna kaupanna nema hann hafi heimild til að telja virðisaukaskattinn til innskatts. Erfitt er að hafa eftirlit með virðisaukaskattsskilum vegna kaupa á rafrænni þjónustu erlendis frá þar sem viðskiptin, bæði greiðsla og þjónusta, fara fram með rafænum hætti og því má ætla að ríkissjóður hafi orðið fyrir tapi af þessum sökum. Í frumvarpi þessu er því lagt til að gerð verði sú breyting varðandi rafrænt afhenta þjónustu að þegar aðili sem er með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis selur þjónustu til aðila sem ekki er skráður skv. 5. gr. og með heimilisfesti eða fasta starfsstöð á Íslandi skuli seljandi skila virðisaukaskattinum í ríkissjóð.

Síðari breytingin varðar gildistöku d-liðar 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. og 42. gr. A laganna sem komu til framkvæmda 1. maí 2011. Þau tilmæli hafa borist frá ESA að láta ákvæðið ekki koma til framkvæmda fyrr en að lokinni athugun af þeirra hálfu hvort ákvæðin feli í sér ólögmæta ríkisaðstoð samkvæmt EES-samningnum. Því er lagt til að framkvæmd ákvæðanna verði frestað til 1. október 2011.

Breytingar á lögum um gjald á áfengi og tóbak.

Í frumvarpinu er lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum um leyfilegt magn á innfluttu áfengi á lægri gjöldum við komu til landsins. Heimildir ferðamanna til innflutnings á bjór eru auknar og sömuleiðis heimildir flugáhafna. Ljóst er að tekjur Fríhafnar (Isavia) munu aukast eitthvað vegna þessara auknu heimilda en á móti vegur að gera má ráð fyrir að sala ÁTVR á áfengi muni dragast eitthvað saman í kjölfarið og þar með skatttekjur ríkissjóðs í formi vörugjalda af þessum vöruflokkum. Nettóáhrif á afkomu ríkissjóðs gætu þannig orðið lítillega neikvæð, eða nálægt 100–200 millj. kr. á ársgrundvelli.

Fjármögnun sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu.

Í lok árs 2010 var samþykkt bráðabirgðaákvæði um sérstaka vaxtaniðurgreiðslu sem var hluti stjórnvalda í víðtækum aðgerðum vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna. Þessar greiðslur eru ígildi viðbótarvaxtabóta sem greiddar skulu tvisvar á ári, 1. maí og 1. ágúst, á þessu ári og á árinu 2012. Fyrsta greiðsla hefur þegar farið fram og nam réttum 3 milljörðum króna sem er í takt við áætlun um 6 milljarða króna heildarkostnað á ári.

Í því samkomulagi sem ríkisstjórnin gerði við hagsmunaaðila í tengslum við þessar aðgerðir segir að aðilar muni í samstarfi leita leiða til að þeir síðarnefndu, þ.e. fjármálafyrirtæki (viðskiptabankar) og lífeyrissjóðir, fjármagni þessi útgjöld. Nú liggur fyrir samkomulag þess efnis að heildargreiðslur þessara aðila í formi tímabundinnar skattlagningar verði 3,5 milljarðar króna á þessu ári sem skiptist jafnt milli þeirra, þ.e. 1.750 millj. kr. á viðskiptabanka og 1.750 millj. kr. á lífeyrissjóði. Skattstofn viðskiptabankana verður sá sami og er að finna í lögum nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, og verður hlutfall þessa tímabundna skatts 0,0795%. Ákvæði um tímabundinn skatt á lífeyrissjóði verður í bráðabirgðaákvæði við lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, og verður skattstofninn hreinar eignir samtrygg-

ingadeilda til greiðslu lífeyris sem námu nálægt 1.800 milljörðum króna í lok árs 2010. Samkvæmt því er áætlað skatthlutfall 0,0972%.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 70/2009 var samþykkt breyting á 3. gr. tekjuskattslaga er fjallar um takmarkaða skattskyldu. Með breytingunni var innleitt nýtt ákvæði þess efnis að erlendir aðilar skyldu sæta skattlagningu á vöxtum sem þeir fá greidda frá íslenskum aðilum af bankareikningum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum og öðrum kröfum og fjármálagerningum hér á landi. Að baki breytingunni lágu margvísleg rök. Helst má nefna að vaxtatekjur íslenskra skattaðila, einstaklinga sem fyrirtækja, eru skattskyldar og ójafnræði felst í því að undanskilja vaxtatekjur erlendra aðila skattlagningu. Vaxtatekjur sem greiddar voru erlendum aðilum töldust um árabil ekki til skattskyldra tekna í hendi þeirra aðila enda bæru þeir takmarkaða skattskyldu hér á landi. Á sama tíma voru aðrar tegundir tekna erlendra aðila, sem aflað var hér á landi, svo sem laun, þóknanir, rekstrarhagnaður, arður, leigutekjur og söluhagnaður, skattskyldar hér og með skattlagningu vaxta er skapað samræmi í þessum efnum. Vextir ásamt framangreindum tekjum eru farvegur út úr landinu fyrir hluta af þeim virðisauka sem verður til við starfsemi hér á landi og eðlilegt var talið að tryggja einhverja hlutdeild ríkissjóðs í þeim tekjum eins og öllum öðrum tekjum sem eiga uppruna sinn hérlendis. Ein meginástæða lagabreytingarinnar var að skattleysi vaxta úr landi opnar leiðir til að skjóta tekjum undan skatti hér á landi. Í frumvarpi því er varð að lögunum þótti rétt að árétta að ekki væri verið að leggja skatt á þá sem inna vaxtagreiðslurnar af hendi heldur þá sem eru móttakendur vaxtanna.

Að fenginni reynslu hefur komið í ljós að skatturinn getur þrengt að lánamöguleikum fyrirtækja. Í almennum skilmálum skuldabréfa og lánasamninga á alþjóðlegum fjármálamörkuðum milli ótengdra aðila er iðulega brugðist við afdráttarskatti af vöxtum með svokölluðu „gross-up“ ákvæði. Það felur í sér að ef til afdráttarskatts á vexti kemur er vaxtagreiðslan einfaldlega hækkuð þannig að nettógreiðslan til lánveitanda breytist ekki. Hin nýja skattlagning getur þannig fallið á lántakandann. Því er hér lögð til sú breyting að ákvæði 8. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga taki ekki til vaxta vegna lánasamninga sem gerðir eru við ótengda aðila sem ella mundu bera hér takmarkaða skattskyldu af slíkum vaxtatekjum.

Um 2., 4. og 5. gr.

Með lögum nr. 128/2009 var gerð sú breyting á 11. gr. tekjuskattslaga sem fjallar um skattskyldan arð, að fari heimil arðsúthlutun samtals yfir 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags telst það sem umfram er til helminga laun og arður, þegar móttakanda hans ber stöðu sinnar vegna að reikna sér endurgjald í samræmi við 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 58. gr. laganna. Breyting þessi hefur verið gagnrýnd og m.a. hafa fyrirtækin kallað eftir nánari skýringum á ákvæðinu. Hér er því lagt til að hugtakið ráðandi aðili verði skýrt nánar. Maður telst hafa ráðandi stöðu ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 2% hlut í þeim lögaðila. Þá er lagt til að sama gildi um hluthafa sem starfa í þágu lögaðilans en eru ekki tengdir fjölskylduböndum. Ekki er gert ráð fyrir að reglan taki til almennra launþega sem starfa hjá og eiga í félagi sem skráð er á opinberum verðbréfamarkaði enda hafa þeir almennt ekki ráðandi stöðu sem meðeigendur og eru þar með ekki í aðstöðu til að taka ákvarðanir um daglegan rekstur og stjórn félags. Þá er lagt til að sá hluti úthlutaðs arðs sem telst vera laun skv. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. verði eingöngu skattlagður

með því skatthlutfalli sem gildir fyrir lægsta skattþrep auk útsvars. Við álagningu árið 2011 yrði tekjuskattshlutfallið þannig 24,1% að viðbættu útsvari. Um er að ræða laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. sem mynda stofn til tryggingagjalds í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald. Sama gildir um greiðslu lífeyrisiðgjalds og önnur launatengd gjöld. Halda ber eftir staðgreiðslu af launum í samræmi við lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Um 3. gr.

Í lok árs 2009 var skattlagningu arðgreiðslna og söluhagnaðar milli fyrirtækja breytt á þann veg að í stað þess að arður og söluhagnaður væri að fullu frádráttarbær var frádráttarbærni takmörkuð við a.m.k. 10% eignarhald. Jafnframt var fyrirtækjum gert skylt að nýta yfirfæranlegt tap áður en til frádráttar kemur. Lögð er til sú breyting að frádráttarbærni arðs og söluhagnaðar verði takmörkuð við a.m.k. 5% eignarhald og jafnframt að skilyrðið um nýtingu á yfirfæranlegu tapi verði fellt brott. Komið hefur í ljós að skilyrðið um 10% eignarhald gæti haft áhrif á uppbyggingu skipulagðs verðbréfamarkaðar hérlendis enda er eignarhald á skráðum félögum að öllu jöfnu töluvert dreift. Jafnframt munu fyrirtæki sem rekin hafa verið með tapi að óbreyttu ekki getað nýtt sér frádráttarheimild vegna arðs og söluhagnaðar og af þeim sökum er lagt til að skilyrðið um jöfnun rekstrartaps ársins og yfirfæranlegs taps frá fyrri árum verði fellt niður.

Um 6. gr.

Verði frumvarpið að lögum mun persónuafsláttur taka breytingum árlega, í fyrsta sinn frá 1. janúar 2012, og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs næstliðinna tólf mánaða miðað við gildandi vísitölu við upphaf og lok viðmiðunartímabilsins, þ.e. frá desember til desember.

Um 7. gr.

Lagt er til að í 3. mgr. 101. gr. tekjuskattslaga verði kveðið skýrt á um heimild ríkisskattstjóra til að leiðrétta álagningu á skattaðila í því tilfelli þar sem beinlínis er kveðið svo á um í lögum að fallið sé frá fyrri skattframkvæmd. Sem dæmi um þetta má nefna nýsamþykkt lög nr. 37/2011, um skattfrelsi vátryggingarbóta vegna sjúkdómatrygginga.

Um 8. gr.

Hluti af hinum tímabundna auðlegðarskatti leggst á raunvirði hlutabréfa í eigu einstaklinga. Þessi hluti skattlagningarinnar fer fram eftir á þegar nánari upplýsingar liggja fyrir úr reikningum fyrirtækja. Í vissum tilvikum hafa verið vandkvæði á því að meta raunvirði bréfanna. Samkvæmt núgildandi ákvæði er lögaðilum skylt að gera grein fyrir virði eignarhluta síns í öðrum félögum. Ljóst er að alla jafna liggja þessar upplýsingar ekki fyrir í reikningsskilum lögaðila og getur í einhverjum tilvikum verið vandkvæðum bundið að nálgast þær. Er því lagt til að í stað hlutdeildar í skattalegu bókfærðu eigin fé verði tekið mið af stofnverði, þ.e. kostnaðarverði hlutabréfa við kaup þeirra eða stofnun félags við ákvörðun á auðlegðarskattsstofni.

Um 9. gr.

Lagt er til að við álagningu opinberra gjalda á árinu 2011 skuli þeir sjóðir sem falla undir 6. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga greiða sérstakan eignarskatt. Skattstofninn skal vera hrein eign til greiðslu lífeyris, sbr. ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Gjaldhlutfallið skal vera 0,0972%. Um framkvæmd álagningar-

innar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þó þannig að einungis er um einn gjalddaga að ræða sem er 1. nóvember 2011.

Um 10. gr.

Í a-lið er lagt til að aðili sem er með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis skuli innheimta og skila virðisaukaskatti hér á landi þegar hann selur rafrænt afhenta þjónustu skv. d-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. til aðila sem ekki er skráður skv. 5. gr. og með heimilisfesti eða fasta starfsstöð hér á landi. Seljandinn ber þannig ábyrgð á því að skila virðisaukaskattinum. Þessi tillaga er í samræmi við reglur um rafrænt afhenta þjónustu sem gilda í nágrannaríkjum Íslands, m.a. Noregi og aðildarríkjum Evrópusambandsins þar sem seljandi ber ábyrgð á virðisaukaskattsskilum í þeim tilvikum þegar þjónustan er afhent rafrænt til óskattskyldra aðila erlendis. Í ákvæðinu er einnig lagt til að þeir aðilar verði undanþegnir skattskyldu sem selja þjónustu fyrir 1.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili. Lagt er til að sama viðmið verði notað í þessu ákvæði og er vegna undanþágu á skattskyldu skv. 3. tölul. 4. gr. laganna.

Með þessari breytingu á ákvæðinu er því gerður greinarmunur á því við innheimtu og skil á virðisaukaskatti hvort það er óskattskyldur eða skattskyldur aðili sem kaupir rafrænt afhenta þjónustu, þ.e. þegar kaupandi er ekki skráður á virðisaukaskattsskrá skv. 5. gr. hvílir skylda til innheimtu og skila á virðisaukaskatti á seljanda þjónustunnar.

Í b-lið er lagt til að í stað orðsins kaupandi í 3. mgr. 35. gr. komi orðið aðili. Er þetta gert með hliðsjón af breytingunni sem lögð er til í a-lið þar sem lagt er til að seljandi skuli innheimta og skila virðisaukaskatti í þeim tilvikum.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði d-liðar 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. er varðar aðra rafrænt afhenta þjónustu en tölvuþjónustu skuli frestað og komi fyrst til framkvæmda 1. október 2011. Jafnframt er lagt til að ákvæði 42. gr. A skuli frestað og komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. október 2011. Í kjölfar samþykktar laga nr. 163/2010, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana), var Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) send fortilkynning (e. pre-notification) og leitað eftir afstöðu stofnunarinnar á því hvort tiltekin ákvæði laganna er lutu að gagnaverum fælu í sér ólögmæta ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. ESA hefur ekki svarað því með formlegum hætti hvort um ólögmæta ríkisaðstoð sé að ræða en hefur í samskiptum við fjármálaráðuneytið gefið til kynna að miklir möguleikar séu á að svo sé. ESA hefur því ráðlagt stjórnvöldum að láta lögin ekki koma til framkvæmda fyrr en niðurstaða liggur fyrir hvort um ólögmæta ríkisaðstoð sé að ræða. Í ljósi þessa er lagt til að framkvæmd ofangreindra ákvæða verði seinkað þar til ESA hefur gefið álit sitt á því hvort ákvæðin séu í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu er annars vegar lagt til að hækka heimild ferðamanna til kaupa á gjaldfrjálsu áfengi í tollfrjálsum verslunum hér á landi. Í a- og b-lið er lagt til að bætt verði við sex og níu lítrum af öli við þá samsetningu sem heimilt er að versla gjaldfrjálst. Í c-lið er lagt til að hækka heimild til kaupa á gjaldfrjálsu öli úr sex lítrum í níu lítra eða um 67%. Þá er í e-lið lagt til að nýr valmöguleiki komi til þar sem heimilt verði að versla einungis öl, samtals tólf lítra.

Hins vegar er lagt til að hækka heimild flugáhafna til kaupa á gjaldfrjálsu áfengi í tollfrjálsum verslunum hér á landi. Í f- og g-lið er lagt til að bætt verði við sex og níu lítrum af öli við þá samsetningu sem heimilt er að versla gjaldfrjálst. Í h-lið er lagt til að hækka heimild til kaupa á gjaldfrjálsu öli úr sex lítrum í níu lítra eða um 67%. I–k-liðir fjalla um breytingar á 2. mgr. 7. tölul. þar sem kveðið er á um heimild flugáhafna til gjaldfrjálsrar verslunar ef ferð varir skemur en 15 daga. Um er að ræða hlutfallslega sömu hækkun.

Um 13. gr.

Með lögum nr. 165/2010 voru lagðar til verulegar breytingar á ákvæðum 15. gr. laga nr. 152/2009 sem fólu í sér að rakið var með ítarlegum hætti hvaða takmarkanir gilda um samanlagða opinbera styrki til einstakra verkefna samkvæmt lögunum. Þessar takmarkanir eiga rætur sínar að rekja til leiðbeinandi reglna ESA um styrki vegna rannsókna og þróunar og nýsköpunar (e. Aid for Research and Development and Innovation). Framsetning textans á íslensku í frumvarpinu misfórst á þann veg að þar sem standa átti „samanlagður styrkur“ stóð ranglega „samanlagður styrkhæfur kostnaður“. Þessi misritun hefur valdið fyrirtækjum vandræðum við að skilja hvaða takmarkanir gilda um samanlagða styrki hins opinbera enda er ákvæðið torskilið eins og það er. Tekið skal fram að eingöngu er um að ræða lagfæringu á texta en ekki efnisbreytingu.

Um 14. gr.

Þann 23. mars 2011 barst stjórnvöldum ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) þar sem fallist var á stuðningskerfi við fyrirtæki sem stunda nýsköpun. Í ákvörðuninni er tekið fram að Ísland verði að uppfylla það skilyrði að tímabinda styrkjakerfið og er lagt til að skýrt verði kveðið á um það að kerfi þetta gildi til ársloka 2014, eða fimm ár eins og lagt er til í ákvörðuninni. Sé vilji fyrir því að lögin haldi áfram gildi sínu eftir það tímamark þarf að afla samþykkis ESA að nýju ásamt því að framlengja bráðabirgðaákvæðið.

Um 15. gr.

Lagt er til að nýtt ákvæði til bráðabirgða bætist við lög nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki. Í bráðabirgðaákvæðinu felst að við álagningu opinberra gjalda á árinu 2011 skuli þau fjármálafyrirtæki sem skattskyld eru samkvæmt lögunum greiða viðbótarskatt sem nemur 0,0795% af skattstofni eins og hann er ákvarðaður í lögunum. Um framkvæmd álagningarinnar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þó þannig að einungis er um einn gjalddaga að ræða sem er 1. nóvember 2011.

Um 16. gr.

Í 1. og 2. mgr. nýs ákvæðis til bráðabirgða er lagt til að iðgjald launagreiðanda, þ.m.t. þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skuli vera 0,13% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. 3. gr. til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs og skal það reiknast í fyrsta sinn eigi síðar en 1. september 2011. Launagreiðanda er skylt að standa skil á iðgjaldi til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald, sbr. 2. mgr. 7. gr., til viðkomandi lífeyrissjóðs. Þá er kveðið á um skyldu lífeyrissjóða til að greiða 0,13% af iðgjaldsstofni sínum til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs, í fyrsta sinn af iðgjaldsstofni janúarmánaðar 2012. Jafnframt er lagt til að lífeyrissjóðirnir annist einnig skil á iðgjaldi launagreiðenda til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs.

Í 3. mgr. ákvæðisins er síðan lagt til að ráðherra velferðarmála og ráðherra lífeyrismála skuli skipa samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að koma fram með nánari

tillögur um skipulag og samhæfingu starfsendurhæfingarmála fyrir 1. nóvember 2011 þar sem miðað verði við jafna kostnaðarskiptingu í þrjá hluta. Þá skal nefndin fyrir sama tímamark leggja fram tillögur að skýrum lagaramma eða umgjörð VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs, m.a. varðandi greiðsluskyldu, ábyrgð og eftirlit. Samráð skal haft við Landssamband lífeyrissjóða og skattyfirvöld við útfærsluna.

Gert er ráð fyrir að ákvæðið falli úr gildi 1. janúar 2012 þar sem þá á nefndin sem skipa á að hafa skilað tillögum um framtíðarfyrirkomulag Starfsendurhæfingarsjóðs sem nú ber nafnið VIRK Starfsendurhæfingarsjóður.

Um 17. gr.

Ákvæðið fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga o.fl.).

Með frumvarpi þessu eru lagðar til ýmsar breytingar á nokkrum lögum í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði hinn 5. maí sl. Því til viðbótar eru lagðar til nokkrar smærri breytingar til aðlögunar á ýmsum öðrum lögum. Í þessu frumvarpi eru það þrjú atriði sem lúta að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, en það eru ákvæði um persónuafslátt, Starfsendurhæfingarsjóð og skatta á fyrirtæki. Í fyrsta lagi er lagt til að persónuafsláttur taki breytingum árlega til samræmis við verðbólgu, í fyrsta sinn 1. janúar 2012, og breytist fjárhæð hans þá í samræmi við breytingar á gildandi vísitölu neysluverðs næstliðna tólf mánuði. Gert er ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga lækki um 1 mia. kr. fyrir hvert prósentustig sem afslátturinn hækkar. Miðað við spá um að vísitala neysluverðs hækki um 3% á tímabilinu má því áætla að tekjur ríkissjóðs lækki um 3 mia. kr. á næsta ári vegna hærri persónuafsláttar í kjölfar lögfestingar á þessu ákvæði.

Í öðru lagi eru lagðar til nokkrar breytingar á skattlagningu fyrirtækja. Fyrst má nefna að lagt er til að tekjuskattur leggist ekki á vaxtagreiðslur vegna lánasamninga sem þeir aðilar sem bera hér á landi ótakmarkaða skattskyldu gera við ótengda aðila sem ella mundu bera hér takmarkaða skattskyldu. Þá er lögð til breyting á skattlagningu einstaklinga starfandi í eigin félögum. Annars vegar er um að ræða nánari skilgreiningu á því hvað felst í hugtakinu ráðandi aðili í tengslum við skattlagningu launa- og arðgreiðslna við eigin atvinnurekstur og hins vegar að sá hluti úthlutaðs arðs sem er umfram 20% af bókfærðu eigin fé og telst vera laun samkvæmt gildandi lögum, eða helmingurinn, verði skattlagður í 24,1% tekjuskatti að frátöldu útsvari en ekki í þremur þrepum eins og nú er. Því til viðbótar er lagt til að skilyrði fyrir frádráttarbærni arðgreiðslna og söluhagnaðar milli fyrirtækja verði takmörkuð við 5% eignarhald í stað 10%. Loks er í þessu sambandi lagt til að við mat hlutabréfa við skilgreiningu á gjaldstofni auðlegðarskatts verði tekið mið af stofnverði í stað mats á hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé eins og nú er, nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess. Erfitt er að meta hvaða áhrif þessar breytingar

á skattalögum hafa á tekjur ríkissjóðs. Afnám afdráttarskatts á vaxtagreiðslur af erlendum lánasamningum mun hafa umtalsverð bein áhrif til lækkunar en aðrir liðir minna og er heildarlækkunin á tekjum ríkissjóðs metin á um 2 mia. kr. á ári.

Í þriðja lagi eru lagðar til tvenns konar breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Annars vegar er lagt til að lögfest verði skylda launagreiðenda frá og með 1. júlí nk. til greiðslu á 0,13% iðgjaldi til Starfsendurhæfingarsjóðs. Slíkar greiðslur eru þegar komnar til framkvæmda varðandi laun þeirra sem eru í stéttarfélögum, þ.m.t. af launum ríkisstarfsmanna, og mun lögfesting þessa frumvarps því ekki auka útgjöld ríkissjóðs sem launagreiðanda. Hins vegar er lagt til að lögfest verði framlag til Starfsendurhæfingarsjóðs frá lífeyrissjóðunum er nemi 0,13% af iðgjaldsstofni frá og með 1. janúar 2012. Verði þetta ákvæði lögfest munu iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða því rýrna um 0,13% af iðgjaldsstofni. Sú rýrnun kynni að leiða til skerðingar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga til lengri tíma litið en á móti ætti að vega minni örorkubyrði vegna aukinnar starfsendurhæfingar. Hjá lífeyrissjóðum ríkis og sveitarfélaga þar sem réttindi eru tryggð samkvæmt sérlögum þyrfti að breyta lögum til að draga úr þeim, ella kann þessi skerðing á tekjum þeirra að leiða til aukinna skuldbindinga fyrir hið opinbera.

Nokkrar aðrar breytingar eru gerðar sem ekki tengjast yfirlýsingu stjórnvalda með beinum hætti. Í fyrsta lagi er lagt til að sérstakar tímabundnar vaxtaniðurgreiðslur, sem eru hluti af víðtækum aðgerðum stjórnvalda vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna, verði fjármagnaðar af fjármálafyrirtækjum og lífeyrissjóðum í samræmi við samkomulag við þessa aðila. Heildarkostnaður vegna vaxtaniðurgreiðslna er áætlaður um 6 mia. kr. á hvoru árinu 2011 og 2012 og er í þessu frumvarpi lagt til að fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir greiði 3,5 mia. kr. af þeirri fjárhæð bæði árin með sérstakri tímabundinni skattlagningu. Gert er ráð fyrir því að fjárhæðin skiptist jafnt á milli aðila og komi 1.750 m.kr. frá fjármálafyrirtækjum og sama fjárhæð frá lífeyrissjóðum. Áfram verður leitað leiða í samráði við hagsmunaaðila um fjármögnun á þeim 2,5 mia. kr. sem vantar upp á 6 mia. kr. útgjöld ríkisins vegna vaxtaniðurgreiðslunnar.

Í öðru lagi er lagt til að lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki verði tímabundin til ársloka 2014 en samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA á styrkjum er bundið því skilyrði.

Í þriðja lagi eru lagðar til tvær breytingar á lögum um virðisaukaskatt vegna rafrænnar þjónustu. Sú fyrri lýtur að greiðsluskyldu aðila sem selur rafræna þjónustu hér á landi án þess að hafa heimilisfesti hér til óskattskylds aðila með heimilisfesti hér á landi. Sú síðari varðar meðferð á innfluttum búnaði óskattskylds aðila til staðsetningar í gagnaverum hér á landi.

Í fjórða lagi er lagt til að heimild ferðamanna til kaupa á áfengi á lægri gjöldum hér á landi í fríhöfn verði aukin frá því sem verið hefur. Hér er um að ræða talsverða aukningu á heimild ferðamanna og flugáhafna til að kaupa bjór og bætt við nýjum valmöguleika fyrir ferðamenn þegar þeir kaupa eingöngu bjór en ekki annað áfengi í fríhöfn. Áætlanir gera ráð fyrir að tekjur Fríhafnarinnar muni aukast talsvert vegna þessara auknu heimilda. Á móti má gera ráð fyrir að sala ÁTVR muni dragast eitthvað saman í kjölfarið. Þannig er gert ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs í formi vörugjalda af áfengi lækki og að heildaráhrifin á afkomu ríkissjóðs verði neikvæð um 100–150 m.kr. á ársgrundvelli.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að tekjulækkun ríkissjóðs í tengslum við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga verði um 5 mia. kr. Þessu til viðbótar verði lækkun tekna vegna breytinga á heimild ferðamanna til kaupa á áfengi á lægri gjöldum um 100–150 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 3,5 mia. kr. vegna sérstakrar tímabundinnar skattlagningar á fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði og að fjárhæðin gangi til fjármögnunar á sérstökum vaxtaniðurgreiðslum. Gengið er út frá því hér að fjármögnun á þeim

2,5 mia. kr. sem á vantar liggi fyrir þegar líður á árið og að forsendur fjárlaga muni þannig ekki raskast að því leyti.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir auknum útgjöldum fyrir ríkissjóð vegna breytinga í skattkerfinu þar sem þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á skattlagningu fyrirtækja eru í átt til einföldunar. Afkoma ríkissjóðs mun hins vegar verða lakari um 5 mia. kr. vegna lægri tekna ríkissjóðs frá því sem gert er ráð fyrir í gildandi fjárlögum.

1466. Svar [756. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur um tvíhliða samninga við Evrópusambandið.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða tvíhliða samningar hafa verið gerðir við Evrópusambandið eftir að EES-samningurinn tók gildi?

Eftirgreindir samningar hafa verið gerðir við Evrópusambandið eftir 1994 en eins og sjá má eru flestir þeirra gerðir ásamt fleiri ríkjum og eru því ekki hreinir tvíhliða samningar:

Ár	Samningur	Aths.
1996	Samningur í formi bréfaskipta um viðskipti með tilteknar landbúnaðarafurðir	
1996	Viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands í kjölfar aðildar lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu	
1999	Samningur í formi bréfaskipta milli Evrópubandalagsins annars vegar og lýðveldisins Íslands hins vegar um bókun 2 við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands	
1999	Samstarfssamningur Íslands og Noregs um þátttöku í Schengen-samstarfinu	
2001	Samstarfssamningur við Europol	
2003	Viðbótarbókun við fríverslunarsamning Íslands og ESB vegna aðildar lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Kýpur, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu	
2003	Samningur um aðild Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháen, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu að EES-samningnum	
2003	Samningur milli Evrópusambandsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um beitingu tiltekinna ákvæða samningsins frá 29. maí 2000 um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og bókunar við hann frá 16. október 2001	Hefur ekki öðlast gildi
2005	Samningur Íslands og Evrópsku réttaraðstoðarinnar (Eurojust)	
2005	Rammasamningur um þátttöku Íslands í hættustjórnunaraðgerðum á vegum ESB	
2005	Bókun við samning milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi	
2006	Aðildarsamkomulag Íslands og Evrópska lögregluskólans (Cepol)	

Ár	Samningur	Aths.
2006	Samningur milli lýðveldisins Íslands og Evrópusambandsins um öryggisverklag vegna skipta á trúnaðarupplýsingum	
2006	Fjölhliða samningur milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess, lýðveldisins Albaníu, borgaralegrar stjórnsýslu Sameinuðu þjóðanna í Kósóvó, Bosníu og Hersegóvínu, lýðveldisins Búlgaríu, lýðveldisins Íslands, lýðveldisins Króatíu, Makedóníu, fyrrum lýðveldis Júgóslavíu, konungsríkisins Noregs, Rúmeníu, lýðveldisins Serbíu og lýðveldisins Svartfjallalands um stofnun samevrópsks flugsvæðis	Hefur ekki öðlast gildi
2007	Samningur í formi bréfaskipta um viðskipti með landbúnaðarafurðir, sbr. 19. gr. EES-samningsins	
2007	Samningur um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum	
2007	Samningur um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu í Evrópska efnahagssvæðinu og viðbótarbókun við hann.	
2007	Samkomulag milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um þátttöku þeirra ríkja í starfsemi Evrópustofnunar um framkvæmd samvinnu á ytri landamærum aðildarríkja Evrópusambandsins	
2007	Samningur milli Evrópusambandsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs (framsal sakamanna)	Hefur ekki öðlast gildi
2009	Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um stofnun og um forréttindi og friðhelgi sendinefndar framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna á Íslandi	
2009	Samningar um aðild Íslands og Noregs að loftferðasamningi ESB og Bandaríkjanna	
2009	Samningur Íslands og Noregs um framkvæmd tiltekinna ákvæða ákvörðunar ESB nr. 2008/615/JHA um samstarf gegn hryðjuverkum og afbrotum þvert á landamæri	
2010	Viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands	
2010	Samningur milli Evrópusambandsins, Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs um EES-fjármagnskerfið 2009–2014	
2010	Samningur milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs, Ríkjasambandsins Sviss og Furstadæmisins Liechtensteins um viðbótarreglur um sjóðinn vegna ytri landamæra fyrir tímabilið 2007–2013	
Ekki undirritaður	Samningur um þátttöku Íslands, Noregs, Liechtenstein og Sviss í nefndum framkvæmdastjórnar ESB á sviði Schengen-samstarfsins	

1467. Nefndarálit [533. mál]

um frv. til l. um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Dóru Eyjólfsdóttur, Hrönn Pétursdóttur og Jón Vilberg Guðjónsson frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Daníel G. Gunnarsson og Málfríði Gunnarsdóttur frá Heyrnarhjálp, Valgerði Stefánsdóttur frá Sam-

skiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Ingibjörgu Halldórsdóttur og Eirík Rögnvaldsson frá Háskóla Íslands, Tryggva Þórhallsson og Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðrúnu Kvaran og Harald Bernharðsson frá Íslenskri málnefnd, Guðrúnu Nordal frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Kristin Halldór Einarsson frá Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskertra á Íslandi, Huld Magnúsdóttur og Ingunni Hallgrímsdóttur frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og Daða Hreinsson frá Félagi heyrnarlausra.

Þá bárust umsagnir frá Blaðamannafélagi Íslands, Bláskógabyggð, Blindrafélaginu, Dalvíkurbyggð, Félagi heyrnarlausra, Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Heyrnarhjálp, Íðorðafélaginu, Íslenskri málnefnd, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Staðlaráði Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Félagi bókasafns- og upplýsingafræða.

Með frumvarpinu er stefnt að því að setja í fyrsta sinn heildstæð lög um íslensku. Tilurð frumvarpsins má rekja til þingsályktunar um íslenska málstefnu sem Alþingi samþykkti 12. mars 2009 en í kjölfar hennar skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknmáls. Frumvarpið er byggt á tillögum nefndarinnar og styðst jafnframt við nýlega sænska löggjöf. Tilgangur frumvarpsins er að festa í lög stöðu íslenskrar tungu, mæla fyrir um varðveislu hennar, þróun og nothæfni. Jafnframt er íslensku táknmáli veitt aukið vægi sem fyrsta tungumáli þess hluta þjóðarinnar sem reiðir sig á það til tjáningar og samskipta.

Íslenskt mál.

Eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi. Í 1. gr. frumvarpsins er almenn yfirlýsing um að íslenska sé þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi. Nefndin tekur heilshugar undir þessa stefnuyfirlýsingu og telur hana mikilvæga í ljósi aukinna alþjóðlegra áhrifa á íslenskt samfélag.

Í frumvarpinu segir í 2. gr. að stjórnvöld skuli tryggja að unnt verði að nota íslensku á öllum sviðum þjóðlífsins og í 10. gr. segir að stjórnvöld skuli tryggja að íslenskur fræðiorðaforði eflist jafnt og þétt, sé aðgengilegur og notaður sem víðast. Hjá umsagnaraðilum komu fram þær athugasemdir að ekki væri ljóst hvernig framfylgja ætti þessum markmiðum og tryggja þyrfti fjármagn til þess að hrinda þessum ákvæðum í framkvæmd. Nefndin vill benda á að samkvæmt 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins er hlutverk Íslenskrar málnefndar að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli og gera tillögur til ráðherra um málstefnu, m.a. um það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Á málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er unnið að ýmiss konar fræðilegum verkefnum sem snerta málrækt og íðorðafræði. Málræktarsjóður er sjálfstæður sjóður með skipulagsskrá en ekki hefur verið hægt að veita styrki úr sjóðnum undanfarin ár sökum ákvæða í skipulagsskrá. Nefndin vill árétta að Íslensk málnefnd, sem tilnefnir í fulltrúaráð Málræktarsjóðs, kannar nú möguleika á því að breyta skipulagsskránni svo hægt verði að hefja að nýju úthlutun úr sjóðnum.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins um íslenska tungu tekur til íslenskra ríkisborgara, sbr. lög nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt, og erlendra ríkisborgara sem búsettir eru hér á landi. Nefndin vill benda á að af þessu leiðir að þeim sem hér búa og hafa ekki náð fullnægjandi tökum á tungumálinu til þátttöku í íslensku samfélagi skal veitt aðstoð við þýðingar, eftir atvikum með aðstoð túlka. Frá umsagnaraðila kom athugasemd um hvort ekki ætti að fella

ákvæðið frekar inn í heildarlöggjöf um málefni innflytjenda, sem nú er unnið að í velferðarráðuneyti. Nefndin áréttar að með ákvæðinu er ætlunin að sporna við samfélagslegri útilokun og mismunun þeirra sem skort hefur þekkingu til að nota íslenskt mál. Þessi réttindi eru ekki bundin við dvalarleyfi eða ríkisborgararétt heldur búsetu hér á landi samkvæmt þjóðskrá. Hið sama á við um 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Nefndin bendir á að með ákvæðinu er ekki kveðið á um rétt til endurgjaldslausrar þjónustu en á árinu 2010 er talið að opinber framlög hafi mætt um 50% kostnaðar við íslenskukennslu útlendinga.

Íslenskt táknmál.

Fjallað er um íslenskt táknmál í 3. gr. frumvarpsins en þar er í 1. mgr. gert ráð fyrir að íslenskt táknmál hljóti opinbera viðurkenningu sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra sem og afkomenda þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram komu í máli umsagnaraðila að mikilvægt sé að tryggt verði að ekki aðeins þeir sem greinast heyrnarlausir, heyrnarskertir eða daufblindir eigi rétt á að læra táknmál heldur sé einnig afar mikilvægt að tryggja aðgengi nánustu aðstandenda þeirra. Nefndin leggur því til breytingar á 1. mgr. 3. gr. og bendir á að þar er fjallað um íslenskt táknmál sem fyrsta mál og er því hér vísað til heyrandi barna heyrnarlausra foreldra, en íslenskt táknmál er þeirra fyrsta tungumál, þótt þau hafi möguleika á máltöku í íslensku. Með hliðsjón af þessu leggur nefndin einnig til breytingar á 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Með nánustu aðstandendum er hér átt við maka, foreldra, systkini og móður- og/eða föðurforeldra.

Fyrir nefndinni komu fram þau sjónarmið að lögfesting ákvæða um íslenskt táknmál hefði í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélög og íslenska ríkið. Nefndin vill í þessu sambandi ítreka að áætlað er að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra mæti um 98% af þeirri túlkaþjónustu sem stofnunin fær beiðnir um. Áætlað er að um 300 einstaklingar noti táknmál sem fyrsta mál. Nefndin vill jafnframt benda á að verið er að leggja lokahönd á tillögur um úrbætur hvað varðar þjónustu við þennan markhóp sem í kjölfarið verða kostnaðarmetnar.

Réttindi blindra.

Hjá umsagnaraðila komu fram þær athugasemdir að ekki væri hugað að réttindum blindra og stöðu íslensks punktaleturs. Nefndin tekur undir þessa athugasemd og telur það réttláta og eðlilega kröfu að lögfesta íslenskt punktaletur sem íslenskt ritmál þeirra sem það nota. Nefndin leggur til slíka breytingu og telur að með henni sé stigið mikilvægt skref í þá átt að tryggja réttindi blindra á Íslandi og stöðu íslenskrar tungu gagnvart öllum hópum samfélagsins.

Íslensk málnefnd.

Fjallað er um Íslenska málnefnd í 5. gr. frumvarpsins. Íslensk málnefnd starfar innan Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skv. 9. gr. laga nr. 40/2006. Með frumvarpi þessu eru gerðar þær breytingar að ákvæði um málnefndina eru færð í lög um íslenska tungu og kveðið á um að hún starfi sjálfstætt. Nefndinni er heimilt að bjóða mönnum, einum eða tveimur setu í nefndinni telji hún það nefndarstarfinu til gagns. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að með nokkrum rétti megi halda því fram að sá hópur sem skipaður er í málnefndina sé nokkuð einsleitur. Nefndin getur að vissu leyti tekið undir þessi sjónarmið og hvetur til þess að málnefndin nýti þessa heimild, m.a. til að bjóða fulltrúum almennra málnotenda aðild að nefndinni eftir því sem við á. Nefndin beinir þeim tilmælum til mál-

nefndarinnar að horfa til fulltrúa eldri borgara í þessu samhengi sökum þekkingar þeirra á íslenskri tungu.

Nefndin leggur til að fulltrúar í Íslenskri málnefnd verði 16 talsins og fækki um tvo frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Nokkrar umræður urðu í nefndinni um hversu fjölskipuð nefndin er og hvort það kæmi niður á störfum hennar. Nefndin vekur sérstaka athygli á því að alls sitja í nefndinni sex fulltrúar háskóla í landinu, þar af þrír fulltrúar Háskóla Íslands, auk fulltrúa Háskólans á Akureyri, Háskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Þrír háskólar í landinu eiga hins vegar ekki fulltrúa í nefndinni. Nefndin bendir á að samstarfsnefnd háskólastigsins hefur starfað frá árinu 1990 og starfar nú skv. 26. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, en nefndina skipa rektorar háskóla sem fengið hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Samstarfsnefnd háskólastigsins er þannig vettvangur samráðs og samstarfs háskólanna um sameiginleg málefni þeirra. Nefndinni þykir rétt út frá sjónarmiðum jafnræðis milli háskóla og í ljósi þess samstarfs sem þeir eiga sín á milli í samstarfsnefnd háskólastigsins að leggja til þá breytingu að fækka fulltrúum háskólastigsins úr sex í tvo, þar sem samstarfsnefndin tilnefni tvo fulltrúa í nefndina í stað fulltrúa tiltekinna háskóla.

Nefndin leggur til þá breytingu að fulltrúi innflytjenda eigi sæti í nefndinni til samræmis við ákvæði 2. gr. frumvarpsins. Innflytjendur hafa ekki enn stofnað með sér hagsmunasamtök á landsvísu og leggur því nefndin til að velferðarráðherra skipi viðkomandi fulltrúa úr röðum innflytjenda.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tilnefni einn mann í málnefndina fyrir hönd orðanefnda. Nefndin vill benda á að 14. mars sl. stofnuðu orðanefndir með sér félag, Íðorðafélagið. Í ljósi þessa telur nefndin eðlilegt að Íðorðafélagið taki við áðurnefndu tilnefningarhlutverki og leggur til breytingar þar að lútandi. Nefndin telur einnig að þar sem hlutverk Íslenskrar málnefndar sé að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og stuðla að notkun táknmáls í íslensku þjóðlífi sé rétt að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi fulltrúa í nefndinni þar sem málefnasvið hennar snertir með margvíslegum hætti starfsemi sveitarfélaganna.

Túlkun og táknmálstúlkun.

Fjallað er um túlkun og táknmálstúlkun hjá stjórnvöldum í 8. gr. frumvarpsins. Hér er kveðið á um rétt til að fá aðgengi að þjónustu samkvæmt lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála. Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram komu hjá umsagnaraðila að nauðsynlegt sé að hluti þessa hóps, sem notar íslensku en ekki táknmál, þarf einnig að fá réttindi sín tryggð og leggur til breytingar á ákvæðinu.

Ákvæði stjórnarskrár um tungumál.

Nokkrar umræður sköpuðust í nefndinni um hvort nauðsynlegt sé að taka upp ákvæði um íslenska þjóðtungu í stjórnarskrá lýðveldisins en hvergi er vikið að íslenskri tungu eða stöðu hennar í stjórnarskránni. Sú sérstaða ríkir hér á landi í samanburði við flest ríki Evrópu að íslenskan hefur frá upphafi verið eina tungumál þjóðarinnar. Sökum þess hafa ekki skapast bein álitamál um þörf á yfirlýsingu í stjórnarskrá um að íslenska sé eða skuli vera þjóðtungan. Þó hafa á síðustu árum skapast umræður í ljósi breyttra þjóðfélagshátta, vaxandi fjölda innflytjenda og alþjóðlegs samstarfs, hvort rétt sé að treysta undirstöður íslenskrar þjóðtungu með því að taka upp ákvæði um hana í stjórnarskránni. Af Norðurlöndunum er Finnland eina ríkið sem sett hefur sérstakt ákvæði um þjóðtungu sína í stjórnarskrá en í Noregi og Svíþjóð hafa verið sett almenn lög um tungumál og réttindi minnihlutahópa í þeim efnum. Rannsókn

á stjórnarskrám heims hefur leitt í ljós að í 158 ríkjum eru stjórnarskrár þar sem vikið er að réttindum sem tengjast tungumálum að einhverju leyti en í 26 stjórnarskrám er tungumáls ekki getið. Af þessu má sjá að Ísland er í minni hluta ríkja heims þar sem ekki er minnst á tungumál í stjórnarskrá. Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem uppi hafa verið um að eðlilegt sé og í samræmi við stjórnarskrá annarra ríkja að mæla fyrir um það í stjórnarskránni að þjóðtungan sé íslenska. Telur nefndin að slíkt ákvæði myndi styrkja stöðu tungunnar og undirstrika mikilvægi hennar í menningu þjóðarinnar.

Kostnaðarmat.

Við meðferð málsins komu fram athugasemdir um að lögfesting frumvarpsins hefði í för með sér umfangsmeiri og kostnaðarsamari framkvæmd opinberrar þjónustu. Sökum þessa væri nauðsynlegt að kostnaðarmeta og afla nánari upplýsinga um möguleg áhrif frumvarpsins fyrir ríki og sveitarfélög. Nefndin vill í þessu sambandi vísa til þess að í kostnaðarmati menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis er á það bent að hér sé um að ræða almenna heildarlöggjöf, heldur felur frumvarpið í sér almenn stefnuviðmið sem verði fylgt eftir í sérlögum á einstökum málasviðum, svo sem í lögum um skólamál og félagsþjónustu, stjórnsýslulögum, meðferð einkamála og sakamála. Nefndin leggur áherslu á að brýnt er að útfæra hið fyrsta þjónustustig umræddra réttinda í sérlögum með tilheyrandi mati á kostnaðarauka fyrir ríki og sveitarfélög.

Málfarsstefna hins opinbera.

Nefndin styður heilshugar þá markmiðslýsingu um málfar á vegum hins opinbera sem fram kemur í 7. gr. þar sem segir að mál það sem notað er í starfsemi ríkis og sveitarfélaga skuli vera vandað, einfalt og skýrt. Nokkur misbrestur hefur verið á að frumvörp til laga og fréttatilkynningar frá hinu opinbera uppfylli þessi skilyrði og er mikilvægt að löggjafinn og einstök ráðuneyti sýni í verki metnað til að fylgja vandaðri málstefnu í þessa veru. Nefndin leggur til að Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verði falið að fylgja eftir framkvæmd þessa ákvæðis, m.a. með því að veita starfsfólki ríkis og sveitarfélaga ráðgjöf um vandaða og skýra málnotkun innan stjórnsýslunnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. maí 2011.

Skúli Helgason, form., frsm.	Þuríður Backman.	Oddný G. Harðardóttir.
Eygló Harðardóttir, með fyrirvara.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Margrét Tryggvadóttir.	Íris Róbertsdóttir.

1468. Breytingartillögur [533. mál]

við frv. til l. um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 3. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Íslenskt táknmál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra.
   b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama rétt eiga nánustu aðstandendur.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

   Íslenskt punktaletur.

   Íslenskt punktaletur er fyrsta ritmál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Hver sem hefur þörf fyrir blindralestur vegna skerðingar á sjón skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt punktaletur um leið og hann hefur getu til.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „Íslenska ríkið stuðlar“ og orðsins „styður“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: Íslenska ríkið og sveitarfélög stuðla; og: styðja.
4. Við 5. gr.
   a. Í stað tölunnar „18“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 16.
   b. Í stað 4. og 5. málsl. 1. mgr. komi fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hver eftirtalinna tilnefnir einn mann í málnefndina: Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, Íðorðafélagið fyrir hönd orðanefnda, Bandalag þýðenda og túlka, Staðlaráð Íslands, Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Hagþenkir og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefnir tvo menn í málnefndina. Ráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. Velferðarráðherra tilnefnir þar að auki einn fulltrúa úr röðum innflytjenda.
5. Við 6. gr. Í stað orðanna „og hagsmunasamtök heyrnarlausra hér á landi“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: hagsmunasamtök heyrnarlausra og heyrnarskertra hér á landi og Samband íslenskra sveitarfélaga.
6. Við 8. gr. Í stað orðanna „rétt til að fá túlka- og táknmálstúlkaþjónustu“ í 1. mgr. komi: rétt til túlkaþjónustu.
7. Við 10. gr. Í stað orðanna „Stjórnvöldum er skylt að sjá til þess“ komi: Stjórnvöld skulu stuðla að því.

1469. Nefndarálit [700. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hörpu Theodórsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Þór Clausen frá Háskólanum í Reykjavík, Júlíu Sigurbergsdóttur frá

Félagi viðurkenndra bókara og Ingu Jónu Óskarsdóttur úr prófnefnd sem annast námskeið og próf fyrir viðurkennda bókara.

Með frumvarpinu er lagt til að fellt verði brott ákvæði laga um bókhald þess efnis að efnahags- og viðskiptaráðherra hlutist til um að haldin séu námskeið fyrir þá sem vilja fá viðurkenningu sem bókarar. Slík námskeið hafa verið haldin í Háskólanum í Reykjavík á grundvelli samnings milli skólans og fjármálaráðuneytis sem fór áður með málaflokkinn.

Verði frumvarpið að lögum mun hlutverk ráðherra skv. 43. gr. laganna vera að sjá til þess að haldin verði próf fyrir þá sem óska eftir viðurkenningu sem bókari. Þannig munu fleiri menntastofnanir geta boðið upp á námskeið og fá þá einnig þeir sem hafa starfsreynslu og treysta sér til að fara beint í próf möguleika til að öðlast viðurkenningu sem bókarar án þess að sækja námskeið.

Verði frumvarpið að lögum verður áfram kveðið á um það að ráðherra geti gert vissar kröfur sem mælt verði fyrir um í reglugerð. Í frumvarpinu kemur því fram að ráðherra setji reglugerð þar sem kveðið verði nánar á um skilyrði próftöku, prófgreinar, framkvæmd prófa og lágmarksárangur til að standast próf.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Eygló Harðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 2011.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Ásbjörn Óttarsson.
Valgerður Bjarnadóttir.	Björn Valur Gíslason.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Skúli Helgason.	Margrét Tryggvadóttir.	

1470. Fyrirspurn [825. mál]

til utanríkisráðherra um Lissabon-sáttmálann.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Er þýðingu á sáttmálum Evrópusambandsins lokið, sbr. svar ráðherra á þskj. 134 þar sem fram kom að þýðing væri hafin á sáttmálum Evrópusambandsins í heild sinni eins og þeir standa eftir gildistöku Lissabon-sáttmálans og áætlað væri að þýðingu þeirra yrði lokið í lok febrúar 2011?
2. Ef ekki, hvenær er þá áætlað að þýðingarvinnunni ljúki?
3. Hefur verið tekin ákvörðun um hvort sáttmálinn verði kynntur sérstaklega að þýðingu lokinni, t.d. með bæklingi sem dreift verði til allra heimila landsins?

Skriflegt svar óskast.

1471. Frumvarp til laga [186. mál]

um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við bætast eftirfarandi skilgreiningar í viðeigandi stafrófsröð, svohljóðandi:
   1. *Framleiðandi og innflytjandi rafhlaðna og rafgeyma:* aðili sem, óháð þeirri sölutækni sem er notuð,
      i. framleiðir og selur rafhlöður eða rafgeyma, eða
      ii. flytur rafhlöður eða rafgeyma inn eða út úr landinu í atvinnuskyni.
   2. *Meðferð úrgangs:* meðhöndlun úrgangs önnur en endanleg förgun.
   3. *Námuúrgangsstaður:* staður í námu þar sem spilliefni sem notuð eru eða til falla við námuvinnsluna eru meðhöndluð sem úrgangur.
   4. *Rafhlaða eða rafgeymir:* uppspretta raforku sem myndast við beina umbreytingu efnaorku og samanstendur af einu einhlaði eða fleiri eða einu endurhlaði eða fleiri.
b. Eftirfarandi skilgreiningar orðast svo:
   1. *Raf- og rafeindatæki:* búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið og er hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1500 volt þegar um er að ræða jafnstraum, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af búnaðinum.
   2. *Raf- og rafeindatækjaúrgangur:* raf- og rafeindatæki sem fleygt er, í heild eða að hluta, þar á meðal íhlutir, undireiningar og aukahlutir.
c. Í stað tilvísunarinnar „sbr. 20. gr.“ í skilgreiningunum *Spilliefni* og *Úrgangur* kemur: sbr. 29. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 3. og 4. mgr. orðast svo:

   Ráðherra gefur út til tólf ára í senn almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt. Umhverfisstofnun vinnur tillögu að áætluninni og leggur fyrir ráðherra, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins og fleiri aðila eftir því sem við á. Áætlunin skal taka mið af lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála í landinu og aðgerðir eða stefnumörkun til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun. Umhverfisstofnun skal auglýsa drög að landsáætlun í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Almenningi skal tryggður aðgangur að áætluninni, m.a. á vefsetri Umhverfisstofnunar. Meta skal áætlunina á a.m.k. sex ára fresti og endurskoða hana eftir þörfum.

   Sveitarstjórn skal semja og staðfesta áætlun sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja markmiðum landsáætlunar, sbr. 3. mgr. Í áætluninni

skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og gerð grein fyrir því hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum landsáætlunar. Sveitarstjórnir hafa heimild til að gera sameiginlega áætlun fyrir sín svæði eða svæði einstakra sorpsamlaga. Við gerð áætlunarinnar skal auglýsa hana í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Kynna skal áætlunina í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, þegar við á. Almenningi skal tryggður aðgangur að áætluninni og hún skal aðgengileg á netinu. Meta skal áætlunina á a.m.k. sex ára fresti og gera breytingar á henni sé þörf á. Áætlunin skal auglýst eins og hér að framan greinir á a.m.k. sex ára fresti, hvort sem henni hefur verið breytt eður ei.

b. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs að undanskildum drykkjarvöruumbúðum og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem til fellur í sveitarfélaginu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: útgefandi.

b. 2. mgr. orðast svo:

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir förgunarstaði úrgangs. Heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi fyrir aðrar móttökustöðvar og aðra meðferð úrgangs samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. þó 3. og 4. málsl. Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði. Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir meðhöndlun spilliefna, aðra en flutning, en söfnunar- og móttökustöðvum sem heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi er þó heimilt að taka á móti tilteknum spilliefnum frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum enda verði ekki um aðra meðhöndlun að ræða en söfnun og geymslu til skamms tíma.

c. Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: útgefanda starfsleyfis.

d. Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: Útgefandi.

e. Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 5. mgr. kemur: útgefanda starfsleyfis.

f. Í stað orðanna „gefa út starfsleyfi fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram“ í 6. mgr. kemur: auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrr en niðurstaða mats á umhverfisáhrifum liggur fyrir.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sbr. 32. og 33. gr.“ kemur: sbr. 42. og 43. gr.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Umhverfisstofnun getur óskað eftir upplýsingum um magn, tegund og uppruna úrgangs frá rekstraraðila, skilakerfi og frá félagi sem sér um söfnun og endurvinnslu umbúða sem falla undir lög nr. 52/1989, um ráðstöfun gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „sbr. 22. gr.“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: sbr. 31. gr.

6. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Rafhlöður og rafgeymar,** með fjórum nýjum greinum, 20.–23. gr., svohljóðandi, og breytast númer annarra greina og kafla samkvæmt því:

a. (20. gr.)

Skyldur sveitarfélaga og söluaðila.

Söfnunarstöðvar sem sveitarstjórnir sjá um að starfræktar séu í sveitarfélagi, sbr. ákvæði 5. mgr. 4. gr., skulu hafa aðstöðu fyrir móttöku á rafhlöðum og rafgeymum frá heimilum eins og nánar er kveðið á um í reglugerð. Ber söfnunarstöðvum að taka við slíkum úrgangi gjaldfrjálst.

Sveitarfélög skulu veita leiðbeiningar um hvernig beri að flokka rafhlöður og rafgeyma og skila þeim til söfnunarstöðva sveitarfélaga og upplýsa um að rafhlöður og rafgeymar mega ekki fara með öðrum úrgangi.

Þeim sem selja rafhlöður og rafgeyma og dreifa þeim ber að taka við notuðum rafhlöðum og rafgeymum á sölu- eða dreifingarstað gjaldfrjálst og tryggja viðeigandi ráðstöfun.

b. (21. gr.)

Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á rafhlöðum og rafgeymum.

Framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma bera ábyrgð á þeim rafhlöðum og rafgeymum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn.

Í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun á rafhlöðum og rafgeymum, að frátalinni söfnun til söfnunarstöðva, og fjármagna upplýsingagjöf samkvæmt ákvæðum 22. gr. Framleiðendur og innflytjendur uppfylla skyldur sínar með því að vörurnar beri úrvinnslugjald samkvæmt lögum um úrvinnslugjald.

Seljandi rafhlaðna og rafgeyma sem falla undir lög þessi og seld eru í tollfrjálsri verslun hér á landi og ætluð til innlendra nota ber ábyrgð framleiðanda og innflytjanda samkvæmt lögum þessum.

c. (22. gr.)

Upplýsingaskylda framleiðenda og innflytjenda.

Framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma skulu í upplýsingum sem ætlaðar eru kaupanda upplýsa um hvar sé heimilt að skila rafhlöðum og rafgeymum, að rafhlöður og rafgeymar megi ekki fara með öðrum úrgangi, að hægt sé að skila rafhlöðum og rafgeymum án greiðslu og að ábyrgst sé að úrgangurinn verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur. Jafnframt skal upplýsa um áhrif rafhlaðna og rafgeyma á heilsu manna og umhverfi. Loks skulu notendur upplýstir um merkingu á rafhlöðum og rafgeymum og hvað þær þýða.

d. (23. gr.)

Skráning framleiðenda og innflytjenda rafhlaðna og rafgeyma.

Úrvinnslusjóður skal halda skrá yfir framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma hér á landi.

7. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, V. kafli, **Sérákvæði um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði,** með fimm nýjum greinum, 24.–28. gr., svohljóðandi, og breytast númer annarra greina og kafla samkvæmt því:

a. (24. gr.)

Útgáfa starfsleyfis.

Námuúrgangsstaður er förgunarstaður og skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun veitir.

Ef rekstraraðili námuúrgangsstaðar hyggst gera breytingar á rekstrinum sem varðað geta starfsleyfið eða flytja reksturinn ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun um það með hæfilegum fyrirvara. Umhverfisstofnun metur innan fjögurra vikna frá móttöku tilkynningar hvort nauðsynlegt er að gefa út nýtt starfsleyfi vegna þeirra breytinga sem rekstraraðili hefur tilkynnt um.

Ef forsendur breytast er Umhverfisstofnun heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en gert var ráð fyrir þegar leyfið var gefið út, breytingar verða á rekstrinum vegna tækniþróunar eða breytingar á reglum um mengunarvarnir.

Ef fyrirhugaður námuúrgangsstaður er háður mati á umhverfisáhrifum skal ekki auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram.

b. (25. gr.)

Umsókn um starfsleyfi.

Umsókn um starfsleyfi fyrir námuúrgangsstað skal auk þess sem fram kemur í 6. gr. fylgja úrgangsáætlun, sbr. 26. gr., og starfsleyfistrygging, sbr. 28. gr.

c. (26. gr.)

Úrgangsáætlun.

Rekstraraðili námuúrgangsstaðar skal gera úrgangsáætlun sem miðar að því að lágmarka úrgang og kveður á um meðhöndlun og þá sérstaklega endurnýtingu eða förgun á námuúrgangi. Við áætlunargerð skal hafa sjálfbærni í huga.

Úrgangsáætlun skal hið minnsta innihalda upplýsingar um flokkun námuúrgangsstaðarins, þar sem það á við, og röksemdir fyrir henni, tegund og magn úrgangs sem áætlað er að falli til, einnig upplýsingar um áhrif úrgangsins á umhverfi og heilsu manna, greinargerð um aðgerðir til að draga úr áhættu ef einhver er, áætlun um eftirlit og vöktun, upplýsingar um lokun, um aðgerðir í kjölfar lokunar, um aðgerðir til að draga úr hættu á mengun vatns, lofts og jarðvegs, sem og niðurstöður könnunar á áhrifasvæði námuúrgangsstaðarins.

d. (27. gr.)

Viðbragðsáætlun.

Fyrir námuúrgang sem flokkast sem hættulegur skal rekstraraðili staðarins gera viðbragðsáætlun vegna hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og setja fram aðgengilegar upplýsingar um þá hættu.

Námuúrgangsstaður skal flokkaður sem hættulegur ef:

1. líkur eru á að hrun haugs eða stíflubrestur á námuúrgangsstaðnum geti valdið stórslysi samkvæmt áhættumati sem gert er fyrir staðinn, en í því skal m.a. tekið tillit til umfangs námuúrgangsstaðarins, einnig fyrirhugaðs framtíðarumfangs, staðsetningar hans og umhverfisáhrifa frá honum, eða
2. á staðnum er úrgangur sem yfir ákveðnum mörkum flokkast sem spilliefni, eða
3. á staðnum eru efni eða efnablöndur sem yfir ákveðnum mörkum flokkast sem hættuleg.

Viðbragðsáætlun skal liggja fyrir áður en starfsleyfi er gefið út.

e. (28. gr.)

Starfsleyfistrygging.

Auk almennra skilyrða sem tilgreind eru í 8., 26. og 27. gr. er það skilyrði starfsleyfis fyrir námuúrgangsstað að rekstraraðili leggi fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að uppfylltar verði þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal um lokunar- og eftirlitsaðgerðir eftir lokun námuúrgangsstaðarins.

Starfsleyfistrygging skal gilda í 30 ár eftir að námuúrgangsstað er lokað. Fjárhæð tryggingar skal tiltekin í starfsleyfi. Fjárhæð tryggingar skal vera í samræmi við umhverfisáhrif sem líklegt er að verði af starfseminni og þann kostnað sem fylgir því að byggja upp svæðið eftir lokun. Einnig skal taka mið af þeim kostnaði sem hlýst af vöktun og sýnatöku.

Aðför má ekki gera í tryggingunni nema til fullnustu skyldu rekstraraðila til aðgerða í samræmi við starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna sem verður 29. gr.:

a. Við bætast tveir nýir stafliðir, e- og f-liður, svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því:
   e. töluleg markmið um endurnýtingu og endurnotkun úrgangs og hlutverk Umhverfisstofnunar við að hafa eftirlit með því að sett markmið náist,
   f. hvaða úrgang heimilt er að meðhöndla á námuúrgangsstað, flokkun, hönnun og stjórnun námuúrgangsstaðar, kröfur um úrgangsáætlanir frá rekstraraðilum námuúrgangsstaðar og kröfur um starfsleyfistryggingu.
b. E-liður, sem verður g-liður, orðast svo: nánari atriði um innihald landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs og áætlana sveitarstjórna skv. 4. gr.
c. Í stað tilvísunarinnar „skv. 22. gr.“ í f-lið, sem verður h-liður, kemur: skv. 31. gr.
d. Í stað tilvísunarinnar „skv. 24. gr.“ í h-lið, sem verður j-liður, kemur: skv. 33. gr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna sem verður 30. gr.:

a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Á hverri söfnunarstöð skal einungis starfa eitt skilakerfi.
b. Í stað orðanna „gjaldskrá sem ráðherra setur að fenginni tillögu stýrinefndar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: 11. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna sem verður 31. gr.:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Framleiðandi og innflytjandi bera ábyrgð á raf- og rafeindatækjum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn. Tilgreina skal í reglugerð þau raf- og rafeindatæki sem falla undir þessi lög, tollskrárnúmer þeirra og flokkun.
b. 2. og 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Í ábyrgð framleiðanda og innflytjanda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs sem fellur til á landinu öllu. Þó er frátalin söfnun til söfnunarstöðva sveitarfélaga ef skilakerfi notast við þær við söfnun sína.
c. Orðið „sveitarfélaga“ í 4. málsl. 1. mgr. fellur brott.
d. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Óheimilt er að setja á markað, selja hér á landi eða taka til eigin nota í atvinnuskyni raf- og rafeindatæki sem falla undir þessi lög nema framleiðandi og innflytjandi þess sé aðili að skilakerfi.

Tollafgreiðsla raf- og rafeindatækis sem fellur undir þessi lög er háð því að innflytjandi og framleiðandi þess sé aðili að skilakerfi.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna sem verður 34. gr.:

a. B-liður 1. mgr. orðast svo: tryggja söfnun og móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs alls staðar á landinu, svo sem frá söfnunarstöðum sveitarfélaga, og í samráði við sveitarfélögin.

b. Á eftir 3. mgr., koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Safni skilakerfi raf- og rafeindatækjaúrgangi umfram hlutdeild sína í heildarmagni skv. 3. mgr. stofnast krafa á hendur skilakerfum sem hafa safnað undir hlutdeild sinni í heildarmagni. Tilgreina skal í reglugerð hvernig staðið skal að uppgjöri milli skilakerfa, þar á meðal um útreikning fjárkröfu milli skilakerfa og um einingarverð á hvert kíló eftir flokkum raf- og rafeindatækja. Stýrinefnd skal, að lágmarki ársfjórðungslega, reikna út markaðshlutdeild hvers skilakerfis og heildarmagn raf- og rafeindatækjaúrgangs sem safnað hefur verið á tilteknu tímabili. Það ræðst af markaðshlutdeild skilakerfis, þ.e. hlutfalli af innflutningi og/eða framleiðslu raf- og rafeindatækja, hversu miklu skilakerfi ber að safna af raf- og rafeindatækjaúrgangi á því tímabili.

Skilakerfi skal tryggja að söfnun og móttaka á raf- og rafeindatækjaúrgangi fari fram að lágmarki í hverju sveitarfélagi og í hverjum byggðarkjarna þar sem starfræktar eru móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir sambærilegan úrgang, t.d. spilliefni. Í öðrum byggðarkjörnum skulu sveitarfélög sjá til þess með samningi við skilakerfi að íbúar eigi þess kost að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi a.m.k. tvisvar sinnum á ári. Séu fleiri en eitt skilakerfi að störfum skal miða við að eitt skilakerfi starfi að lágmarki í hverju sveitarfélagi og í hverjum byggðarkjarna þar sem starfræktar eru móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir sambærilegan úrgang, t.d. spilliefni. Skilakerfi skal á vefsetri sínu birta upplýsingar um það hvar unnt er að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Eigi síðar en sex vikum eftir hver ársfjórðungamót skal skilakerfi gera stýrinefnd grein fyrir eftirfarandi atriðum fyrir undangengna þrjá mánuði:

a. hvaða framleiðendur og innflytjendur eru aðilar að skilakerfinu,
b. upplýsingar um heildarmagn raf- og rafeindatækja í kílóum sem hver og einn framleiðandi og innflytjandi hefur sett á markað eða tekið til eigin nota,
c. upplýsingar um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs í kílóum sem safnað hefur verið,
d. upplýsingar um ráðstöfun raf- og rafeindatækjaúrgangs.

a. Í stað tilvísunarinnar „2. málsl. 4. mgr.“ í 5. mgr. kemur: 2. málsl. 7. mgr.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna sem verður 35. gr.:

a. 2. mgr. orðast svo:

Stjórn Úrvinnslusjóðs, sbr. lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, gegnir jafnframt hlutverki stýrinefndar. Stýrinefndin starfar sjálfstætt.

b. Í stað 1. málsl. 3. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nú eru fleiri en eitt skilakerfi að störfum og ekki næst samkomulag um landfræðilega skiptingu við starfsemi

þeirra, og skal stýrinefnd þá leita hagkvæmra leiða til þess að söfnun, móttaka og meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum fari fram með skynsamlegum hætti. Skal hún hafa að leiðarljósi að tryggt sé að söfnun fari fram að lágmarki í hverju sveitarfélagi og í hverjum byggðarkjarna þar sem starfræktar eru móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir sambærilegan úrgang, t.d. spilliefni.

c. A-liður 4. mgr. orðast svo: hafa eftirlit með því að framleiðendur og innflytjendur séu aðilar að skilakerfi.
d. B-liður 4. mgr. fellur brott og breytist röð annarra stafliða samkvæmt því.
e. Í stað orðanna „sem fram kemur í viðauka I“ í d-lið 4. mgr. kemur: sbr. 31. gr.
f. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Stofnuninni er heimilt að beita skilakerfi þvingunarúrræðum samkvæmt lögum þessum.
g. Orðin „rekstri skráningarkerfis, sbr. 27. gr.“ í 1. málsl. 6. mgr. falla brott.

13. gr.

27. gr. laganna, sem verður 36. gr., orðast svo:

Framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja ber að skrá sig hjá Umhverfisstofnun a.m.k. 15 dögum áður en vara sem fellur undir lög þessi er sett á markað, seld eða tekin til eigin nota hér á landi. Skilakerfi er heimilt að skrá þá framleiðendur og innflytjendur sem aðilar eru að skilakerfinu hjá Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun skal halda skrá með upplýsingum um alla framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar að setja reglugerð um skráningu framleiðenda og innflytjenda. Í reglugerðinni skal fjallað um skyldu framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja til að skrá sig og skila upplýsingum um innflutning eða framleiðslu á raf- og rafeindatækjum til Umhverfisstofnunar og á hvaða hátt það skuli gert. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar og skilakerfa, svo og annarra hagsmunaaðila, við gerð tillagna að reglugerð.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna sem verður 37. gr.:

a. 1. og 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Telji stýrinefnd að einhver framleiði eða flytji inn raf- og rafeindatæki sem falla undir lögin en sé ekki aðili að skilakerfi skal hún tilkynna það til Umhverfisstofnunar. Stofnunin skal að fenginni tilkynningu gefa þeim sem um ræðir kost á að tjá sig um hvort hann framleiðir eða flytur inn raf- eða rafeindatæki sem falla undir lögin.
b. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðsins „Stýrinefnd“ í 2. og 3. mgr. kemur: Umhverfisstofnun sem og stýrinefnd.
d. Í stað orðanna „sbr. viðauka I“ í 2. mgr. kemur: sbr. 31. gr.
e. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Til að sannreyna framleiðslu-, innflutnings- og sölumagn raf- og rafeindatækja er Umhverfisstofnun sem og stýrinefnd heimilt að óska eftir gögnum um sölu raf- og rafeindatækja úr bókhaldi skilakerfa eða framleiðanda og innflytjanda. Löggiltur endurskoðandi skal staðfesta með undirskrift sinni að gögn og upplýsingar skv. 1. málsl. séu réttar. Skylt er að veita aðgang að umbeðnum gögnum innan 14 daga frá því að þeirra er óskað.
f. Í stað orðanna „þeir fá“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: hún fær.

15. gr.

Á eftir 28. gr. laganna, sem verður 37. gr., kemur ný grein, 38. gr., sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gjaldtaka.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni stofnunarinnar vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs. Upphæð gjalda skal nema kostnaði við veitta þjónustu og verkefni samkvæmt þessum kafla.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Úrvinnslusjóðs, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni Úrvinnslusjóðs vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs. Upphæð gjalda skal nema kostnaði við veitta þjónustu og verkefni samkvæmt þessum kafla.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna sem verður 39. gr.:

a. Í stað tilvísunarinnar „sbr. 21. gr.“ í a-lið kemur: sbr. 30. gr.
b. Í stað tilvísunarinnar „sbr. ákvæði 23., 24. og 25. gr.“ í e-lið kemur: sbr. ákvæði 32., 33. og 34. gr.
c. Orðin „sem falla undir viðauka I“ í f-lið falla brott.
d. I-liður orðast svo: skrá yfir tollskrárnúmer raf- og rafeindatækja sem falla undir lög þessi og í hvaða vöruflokk þau falla.
e. Við bætast tveir nýir stafliðir, l- og m-liður, svohljóðandi:
   l. uppgjör á milli skilakerfa, þar á meðal útreikning fjárkröfu milli skilakerfa og einingarverð fyrir hvert kíló, sbr. ákvæði 4. mgr. 34. gr.,
   m. fjölda og dreifingu móttökuaðstöðu fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang.

17. gr.

Í stað tilvísunarinnar „skv. 24. gr.“ í 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: skv. 33. gr.

18. gr.

Í stað tilvísunarinnar „skv. 22. gr.“ í 4. mgr. 33. gr. laganna kemur: skv. 31. gr.

19. gr.

Á eftir 6. mgr. 38. gr. laganna, sem verður 48. gr., kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sinni skilakerfi fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang ekki tilmælum um úrbætur og um alvarlegt eða ítrekað tilvik er að ræða er Umhverfisstofnun heimilt að svipta skilakerfið leyfi til að starfa.

20. gr.

1. málsl. 2. mgr. 39. gr. laganna, sem verður 49. gr., orðast svo: Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis samkvæmt lögum þessum má kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá því að ákvörðunin var tekin.

21. gr.

Viðauki I við lögin fellur brott.

22. gr.
Innleiðing.

Með lögum þessum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE sem vísað er til í XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2009 frá 5. febrúar 2009, svo og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma sem vísað er til í II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2007 frá 26. október 2007.

23. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 2. mgr. d-liðar 10. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2012.

24. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum:*
   a. 7. gr. laganna fellur brott.
   b. Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
      a. Orðin „einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, sbr. viðauka III“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
      b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
         Framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma bera ábyrgð á þeim rafhlöðum og rafgeymum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn og falla undir viðauka X og XI. Í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun á rafhlöðum og rafgeymum að frátalinni söfnun til söfnunarstöðva sveitarfélaga og verslana. Framleiðendur og innflytjendur uppfylla skyldur sínar með því að vörurnar beri úrvinnslugjald.
   c. 1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:
      Ráðherra skipar sex manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar. Fimm meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu eftirfarandi aðila: einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn sem Samtök iðnaðarins tilnefna, einn sem SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu tilnefna, einn sem Félag atvinnurekenda tilnefnir og einn sem Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir. Varaformaður sem ráðherra skipar, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna. Þurfi atkvæðagreiðslu um afgreiðslu mála ræður atkvæði formanns úrslitum falli atkvæði jöfn.
   d. Ákvæði til bráðabirgða I–III í lögunum falla brott.
   e. Viðauki III við lögin, Einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, fellur brott.
2. *Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum:*
   Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjali I við lögin:

a. 12. tölul. orðast svo: Förgunarstaðir fyrir úrgang.
b. 13. tölul. orðast svo: Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. staðir fyrir námuúrgang.

3. *Lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum:* 4. gr. laganna orðast svo:

Í reglugerð sem umhverfisráðherra setur skal kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, m.a. um fjárhæð, innheimtu og endurgreiðslu skilagjaldsins, gerð og efnisval skilagjaldsskyldra umbúða fyrir drykkjarvörur og upphæð umsýsluþóknunar. Við ákvörðun umsýsluþóknunar skal við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfsemina og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um bann við notkun og sölu einnota drykkjarvöruumbúða sem ekki er unnt eða torvelt er að endurnota eða endurnýta, kröfur um meðhöndlun notaðra drykkjarvöruumbúða og móttökuskilyrði, ákvæði um skyldu framleiðenda og innflytjenda til að merkja drykkjarvöruumbúðir, m.a. með strikamerkingum, lágmarksmarkmið um endurheimt drykkjarvöruumbúða, endurnýtingu og endurnotkun þeirra, sem félaginu ber að ná árlega, svo og um hlutverk Umhverfisstofnunar við að hafa eftirlit með því að sett markmið náist.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Umhverfisstofnun skal ljúka afgreiðslu starfsleyfa fyrir móttökustöðvar aðrar en förgunarstöðvar og starfsleyfa fyrir aðra meðferð úrgangs sem eru í vinnslu hjá stofnuninni við gildistöku laga þessara.

II.

Fyrir námuúrgangsstað sem nýttur er við gildistöku laga þessara skal sótt um starfsleyfi eigi síðar en 1. janúar 2012. Að öðrum kosti skal honum lokað.

1472. Frumvarp til laga [189. mál]

um breytingu á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

1. gr.

Í stað orðanna „1. mgr.“ í 3. mgr. 7. gr. laganna kemur: 2. mgr.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein, 18. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins.

Fjármálaráðherra getur heimilað miðlægri innkaupastofnun að bjóða út innkaup, sem falla undir lög þessi, í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins, hvort sem er í samstarfi við erlenda kaupendur, samtök þeirra eða fulltrúa, og/eða miðlægar innkaupastofnanir eða sér. Heimildin skal veitt fyrir hvert útboð fyrir sig að undangenginni rökstuddri beiðni stofnunarinnar.

Heimildin skal því aðeins veitt að fyrir liggi að reglur Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup hafi verið leiddar í lög í viðkomandi ríki og ástæða sé til að ætla að innkaup í ríkinu muni þjóna hagkvæmni eða virkri samkeppni og öðrum lögmætum sjónarmiðum við opinber innkaup. Um innkaup sem fram fara á grundvelli heimildar sem veitt er samkvæmt þessari grein gilda reglur viðkomandi ríkis, þar á meðal um kærur, gildi innkaupsákvarðana og skaðabætur. Í rökstuðningi fyrir beiðni innkaupastofnunar skal liggja fyrir mat á því hvort telja megi að viðunandi boð fáist með útboði á Íslandi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

1473. Lög [699. mál]

um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum (eftirlitsgjald).

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1218.

1474. Frumvarp til laga [826. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. a laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. koma fimm nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er að ákveða að hluti heildaraflamarks umfram 6.000 lestir, sbr. ákvæði til bráðabirgða X, renni til flokks minni fiskiskipa með strandveiðileyfi. Minni fiskiskip teljast skip allt að 3 brúttótonn. Skipum sem þannig flokkast til minni fiskiskipa er þó heimilt að tilheyra flokki stærri fiskiskipa með strandveiðileyfi sé þess óskað. Óheimilt er að skipta um flokk eftir að veiðar eru hafnar. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.
b. Í stað orðsins „mánuði“ í 2. málsl. 2. mgr. og „mánaðar“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: tímabil.
c. Á eftir orðinu „útgerð“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: eiganda.

d. Á eftir 2. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið.

2. gr.

Í stað 3. og 4. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð, ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr. Þó skulu aflaheimildir sem ráðstafað er í tilteknum fisktegundum árlega til eflingar sjávarbyggðum skv. 10. gr., línuívilnunar skv. 11. gr. og strandveiða koma til frádráttar í aflamarki sömu tegunda hjá öllum veiðiskipum hlutfallslega miðað við hlut einstakra skipa í heildarúthlutun, reiknað í þorskígildum á grundvelli laga þessara og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Skal miðað við samanlagða úthlutun í upphafi hvers fiskveiðiárs og síðustu heildarúthlutun í þeim tegundum sem ekki er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs, miðað við þorskígildi við úthlutun. Hafi skip engar eða ekki nægar heimildir í einhverri tegund til að mæta skerðingu samkvæmt þessari grein, að teknu tilliti til heimildar til breytinga milli tegunda skv. 1. mgr. 11. gr. og flutnings milli fiskveiðiára skv. 3. og 4. mgr. 11. gr., skal Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð tveggja mánaða frest til að flytja fullnægjandi veiðiheimildir á skipið eða greiða fyrir sömu heimildir, sbr. lög nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Hafi það ekki verið gert innan þess frests fellur leyfi þess til veiða í atvinnuskyni niður tímabundið, þar til úr hefur verið bætt. Ráðstöfun tekna samkvæmt þessari grein skal fara eftir ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski og hann getur ráðstafað þannig:

1. Til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.
2. Til stuðnings byggðarlögum þannig:
   a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski.
   b. Til byggðarlaga sem hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem hefur haft veruleg áhrif á atvinnuástand í byggðarlögunum. Aflaheimildir samkvæmt þessari grein skulu skiptast milli tegunda í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í tegundunum og skulu dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeilda. Í reglugerðum sem ráðherra setur skv. 3. og 4. mgr. skal kveðið á um hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. tölul. 1. mgr.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. Þar skal kveðið á um skilgreiningu á byggðarlagi, viðmiðunar- og útreikningsreglur og aðrar reglur um úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga. Sveitarstjórn getur ákveðið að úthlutun aflaheimilda samkvæmt 2. tölul. fari eftir ákvæðum 10. mgr. þessarar greinar. Skal sveitarstjórn tilkynna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu ákvörðun sína fyrir 1. ágúst ár hvert vegna komandi fiskveiðárs.

Ráðherra setur í reglugerð almenn skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga. Skulu þau skilyrði m.a. varða skráningarstað, skráningartíma, eignarhald, skiptingu milli fiskiskipa, lágmarksverð, tryggingar fyrir greiðslum og framkvæmd úthlutunar. Einnig er ráðherra heimilt að setja reglur um að ekki sé heimilt að úthluta aflaheimildum til skipa sem fluttar hafa verið meiri aflaheimildir frá en þær heimildir sem fluttar hafa verið til skipanna á tilteknu fiskveiðiári.

Framsal aflaheimilda, sem úthlutað er skv. 2. tölul. 1. mgr., er óheimilt en þó skulu heimil jöfn skipti á aflaheimildum í þorskígildum talið. Þó skal heimilt að flytja aflamark samkvæmt þessu ákvæði á milli skipa í eigu sama lögaðila. Framsal aflaheimilda samkvæmt töluliðnum skal þó vera heimilt hafi fiskiskip efnt löndunar- og vinnsluskyldu í samræmi við 7. mgr.

Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. 2. tölul. 1. mgr. og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Vinnsla telst í þessu tilfelli vera öll sú vinnsla fisks sem er umfram slægingu og ísun.

Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda, sem koma í hlut einstakra byggðarlaga, til fiskiskipa. Ákvarðanir Fiskistofu um úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein er heimilt að kæra til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Kærufrestur er tvær vikur frá tilkynningu Fiskistofu um úthlutun eða höfnun umsóknar um úthlutun og skal úthlutun ekki fara fram fyrr en að þeim fresti liðnum. Skal ráðuneytið leggja úrskurð á kærur innan tveggja mánaða. Ráðuneytið getur ákveðið að úthlutun aflaheimilda til skipa í tilteknu byggðarlagi verði frestað að hluta eða öllu leyti þar til það hefur lokið afgreiðslu á kærum sem borist hafa vegna úthlutunar þar.

Heimilt er að flytja aflamark einstakra fiskveiðiára sem úthlutað er samkvæmt þessari grein yfir á næsta fiskveiðiár og úthluta því með þeim aflaheimildum sem koma til úthlutunar á því fiskveiðiári. Aflamark sem er flutt frá eldra fiskveiðiári skal tilheyra aflamarki þess fiskveiðiárs sem hófst 1. september næst á undan úthlutun aflamarks.

Heimilt er ráðherra að ráðstafa aflaheimildum skv. 2. tölul. 1. mgr. þannig að úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga fari fram á sérstök byggðarlagsnúmer sem lúti sérstökum reglum. Fiskistofa skal halda skrá um þessi númer og annast úthlutun aflaheimilda sem koma í hlut einstakra byggðarlaga. Sveitarstjórnir hafa forræði yfir aflaheimildum sem úthlutað er samkvæmt framangreindu. Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. um takmarkanir á framsali aflaheimilda fiskiskipa er heimilt á hverju fiskveiðári að flytja allt aflamark af hverju byggðarlagsnúmeri til fiskiskipa. Óski sveitarstjórn eftir forræði yfir aflaheimildum skv. 3. mgr. skal birta tillögur sveitarstjórnar með aðgengilegum hætti, svo sem á vefsíðu viðkomandi sveitarfélags, sjö dögum áður en formleg afstaða er tekin til þeirra. Endanlegar reglur sveitarfélags skulu auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda.

Sveitarstjórn skal úthluta þessum aflaheimildum til fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, þannig að úthlutunin byggist á gagnsæi, málefnalegum og staðbundnum ástæðum og sé í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags. Sveitarstjórn skal tryggja að aflaheimildum samkvæmt þessari grein sé úthlutað til fiskiskipa sem eiga heimahöfn í viðkomandi byggðarlagi, útgerð eigi þar heimilisfesti og að afla sé landað til vinnslu í sveitarfélaginu. Vinnsla samkvæmt þessari málsgrein telst vera öll sú meðhöndlun fisks sem er umfram slægingu og ísun. Útgerð fiskiskips sem fær úthlutun frá sveitarstjórn með þessum hætti er óheimilt að framselja þessar aflaheimildir. Þó skal heimilt að flytja aflamark samkvæmt þessu ákvæði á milli skipa í eigu sama lögaðila.

Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd ákvæðis þessa.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Tilfærsla úr einstakri botnfisktegund getur þó aldrei orðið meiri en 30% af aflamarki skips í viðkomandi tegund.
b. Í stað 2. málsl. 9. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meira en 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju tímabili. Ráðherra skal binda heimild þessa við ákveðið tímabil.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. a laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „9,5%“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: 16,2%.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ráðherra er heimilt að taka tillit til mismunandi framlegðar útgerðarflokka, sbr. rekstraryfirlit fiskveiða sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir.

6. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, svohljóðandi:

Tekjum af veiðigjaldi skal ráðstafað þannig:

1. Fjórir fimmtu hlutar tekna af veiðigjaldi hvers fiskveiðiárs skulu renna í ríkissjóð.
2. Einn fimmti hluti tekna af veiðigjaldi hvers fiskveiðiárs skal renna til ráðstöfunar sveitarfélaga. Skipting í landshluta og sveitarfélög samkvæmt þessum tölulið fer samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands 1. desember á sama fiskveiðiári og veiðigjaldið fellur til.
   a. Skipta skal helmingi tekna samkvæmt þessum tölulið jafnt á milli landshlutanna Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra, Norðurlands eystra, Austurlands, Suðurlands, Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins.
   b. Hinn helmingur tekna samkvæmt þessum tölulið skal skiptast milli landshlutanna Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra, Norðurlands eystra, Austurlands, Suðurlands og Suðurnesja þannig:
      i. Fiskistofa skal reikna aflaverðmæti alls landaðs afla í landshlutunum sjö næstliðin fimmtán fiskveiðiár. Árlegt aflaverðmæti skal uppreiknað til meðalverðs síðasta heila fiskveiðiárs miðað við meðalvísitölu neysluverðs á sama tímabili.
      ii. Frá aflaverðmæti skv. i. lið skal draga verðmæti afla hvers landshluta sem unninn var úti á sjó á sama tímabili uppreiknað til meðalverðs síðasta heila fiskveiðiárs miðað við meðalvísitölu neysluverðs á sama tímabili. Með vinnslu samkvæmt þessum lið er átt við alla frekari vinnslu afla um borð í skipum en blóðgun, slægingu og flokkun, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1992, um vinnslu afla um borð í skipum.

      Þannig reiknað aflaverðmæti hvers landshluta skv. i. lið að frádregnum ii. lið og samanlagt aflaverðmæti landshlutanna sjö, sbr. i. og ii. lið, reiknað með sama hætti, er grundvöllur skiptingar þessa hluta teknanna á milli þeirra. Skal hver landshluti njóta sömu tekna af þessum hluta og hlutfall hans er af samanlögðu aflaverðmæti landshlutanna sjö.
   c. Samanlögðum tekjum hvers landshluta skv. a- og b-lið skal skipt þannig milli

sveitarfélaga innan landshlutans að þær renni til hvers sveitarfélags í sama hlutfalli og hlutfall sveitarfélagsins var í reiknuðu aflaverðmæti landshlutans, sbr. b-lið.

d. Fyrir miðjan desember ár hvert skal Fiskistofa reikna hlut hvers landshluta og sveitarfélags af innheimtu veiðigjaldi næstliðins fiskveiðiárs og greiða þeim sinn hlut.

7. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (VIII.)

Á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012 hefur ráðherra til ráðstöfunar, til sérstakrar úthlutunar, 2.000 lestir af síld (íslenskri sumargotssíld). Fiskveiðiárið 2011/2012 hefur ráðherra til ráðstöfunar, til sérstakrar úthlutunar, 1.200 lestir af skötusel. Þessar heimildir miðast við óslægðan afla og skulu dragast frá heildarafla þeim sem veiða má á hverju tímabili, sbr. 3. gr.

Aflaheimildum þessum er heimilt að ráðstafa til fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Útgerð á þess kost að fá úthlutað fyrir hvert skip, gegn greiðslu gjalds, allt að 10 lestum af skötusel og 20 lestum af síld í senn. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Verð á aflaheimildum skv. 1. mgr. skal vera 176 kr. fyrir hvert kg af skötusel og 13 kr. fyrir hvert kg af síld. Gjaldið skal greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Með aflaheimildir þessar skal að öðru leyti fara eins og aflamark sem úthlutað er á grundvelli aflahlutdeildar.

Tekjur af aflaheimildum þessum skulu renna til ríkissjóðs og skal þeim ráðstafað á þann veg að þær renni í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs, með það að markmiði að stuðla að rannsóknum, nýsköpun og þróun í sjávarbyggðum.

b. (IX.)

Á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012 er skipstjóra skips heimilt að ákveða að ákveðinn hluti keilu- og línuafla skips reiknist ekki til aflamarks þess.

Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal ekki nema meira en 10% af þeim heildarafla annarra tegunda en keilu og löngu, miðað við óslægðan fisk, sem landað er hverju sinni, að frátöldum þeim afla sem fluttur er óvigtaður á markað erlendis. Heimild þessi er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
2. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og 80% af andvirði hans renni til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts afla.

Sé heimild þessi nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.

Heimild þessi takmarkast við 1.000 lestir af keilu og 2.000 lestir af löngu á hvoru fiskveiðiári og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðiárs í fjögur þriggja mánaða tímabil. Fiskistofa skal tilkynna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu hvenær telja megi líklegt að leyfilegu magni hvers tímabils verði náð. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða tíma keilu-

og lönguafli reiknast að fullu til aflamarks. Þessar heimildir miðast við óslægðan afla og skulu dragast frá heildarafla þeim sem veiða má á hverju tímabili, sbr. 3. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

c. (X.)

Á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012 hefur ráðherra til ráðstöfunar allt að 2.400 lestum af þorski og 600 lestum af ufsa til strandveiða hvort fiskveiðiár, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 6. gr. a.

Á fiskveiðiárinu 2011/2012 skal allt að 6.000 lestum af þorski, 1.200 lestum af ýsu og 800 lestum af ufsa, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 1. mgr. 10. gr., ráðstafað til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr.

Aflaheimildir samkvæmt þessu ákvæði skulu ekki koma til frádráttar í aflamarki skv. 2. málsl. 3. mgr. 8. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1.–6. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en fiskveiðiárið 2011/2012.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytinu en með því eru lagðar til breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Um er að ræða annars vegar tímabundin ákvæði sem fyrirhugað er að gildi á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012 og hins vegar nokkrar almennar breytingar á lögunum.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um strandveiðar sem tilteknar eru í 6. gr. a laganna. Samkvæmt henni er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða í reglugerð að aukning aflamagns í strandveiðum geti runnið til flokks minni skipa með strandveiðileyfi. Minni skip í þessu sambandi teljast skip allt að 3 brúttótonn. Skipum sem þannig flokkast til minni fiskiskipa er þó heimilt að tilheyra flokki stærri fiskiskipa með strandveiðileyfi. Ekki er þó um að ræða að mögulegt sé að tilheyra báðum flokkum í senn, né fara á milli flokka eftir að veiðar eru hafnar. Einnig er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimilt að skipta leyfilegum heildarafla á tímabil í stað mánaða og að árétta að einungis sé heimilt að veita hverri útgerð, einstaklingi eða lögaðila eitt leyfi til strandveiða. Þetta ákvæði stuðlar að meiri aðgangsjöfnuði milli stórra og öflugra strandveiðibáta og lítilla báta í þeim flokki.

Um 2. gr.

Um langt skeið hefur það verið tíðkað að nýta hluta aflaheimilda til ýmiss konar jöfnunaraðgerða, ívilnana og uppbóta. Þetta hefur verið umdeilt fyrirkomulag, en á rætur sínar að rekja til lagasetningar sem allir þingflokkar hafa komið að með einhverjum hætti. Í þessari grein er sett fram tillaga um sanngjarnara fyrirkomulag þessara tilfærslna með því að miða útreikning á þeim út frá heildarþorskígildum en ekki úthlutana í þeim fjórum fisktegundum eins og nú er miðað við. Gert er ráð fyrir að þær útgerðir sem ekki ná innan tveggja mánaða að skila sínum hluta í þessar sameiginlegu ráðstafanir sæti ákvörðunum um gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Framkvæmd þessi yrði sett fram í reglugerð af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Að öðru leyti vísast til frumvarps til laga sem þingmennirnir Einar K. Guðfinnsson, Ásbjörn Óttarsson og Gunnar Bragi Sveinsson voru flutningsmenn að. Sjá nánar á þskj. 808 í 468. máli 138. löggjafarþings, 2009–2010.

Um 3. gr.

Núgildandi ákvæði um aðstoð við byggðir í lögum um stjórn fiskveiða hafa verið framkvæmd þannig í stuttu máli að ákvæði hafa tekið til skel- og rækjubóta og síðan til sérstakra úthlutana aflaheimilda til minni byggða, sem úthlutað hefur verið á einstök skip. Sveitarfélög hafa átt þess kost að móta sérreglur við þessar úthlutanir en annars hefur verið stuðst við almennar reglur sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gefur út. Reynslan af stjórnsýslulegri framkvæmd þessa ákvæðis hefur verið misgóð og er umdeild.

Í þessari grein er sveitarstjórnum gefinn sá kostur að velja á milli úthlutunarreglna ráðuneytisins eins og þær birtast í reglugerð hverju sinni eða nýs fyrirkomulags. Þetta fyrirkomulag felur í sér að byggðarlögum er gefið sérstakt númer í kerfi Fiskistofu, sem aflaheimildum byggðarlags er úthlutað til. Samkvæmt því er það sveitarstjórn sem úthlutar aflaheimildum til fiskiskipa, með sérstakri 100% framsalsheimild, en þau skilyrði eru sett að þau eigi heimahöfn á viðkomandi stað, útgerð eigi þar heimilisfesti og aflanum sé landað þar til vinnslu. Vinnsla telst vera öll sú meðhöndlun fisks sem er umfram slægingu og ísun. Þetta fyrirkomulag gefur sveitarstjórnum ákveðið svigrúm til að stuðla að framgangi ýmissa atriða eins og nýliðunar í greininni og stuðnings við kvótalitlar útgerðir eða ákveðinna veiðiaðferða og útgerðarflokka, t.d. línu- og handfæraveiða. Þá gefst einnig sá möguleiki að sveitarstjórnir veiti aflaheimildir til úrlausna ákveðinna vandmála, sem kunna að felast í meðafla við ákveðnar veiðar, svo sem við grásleppuveiðar. Gerð er skýr krafa til sveitarstjórna um gagnsæi, jafnræði og málefnalegra sjónarmiða við þessa úthlutun á aflaheimildum. Útgerðum sem fá þessar heimildir er óheimilt að framselja þær.

Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir birti tillögur sínar um úthlutun með aðgengilegum hætti fyrir almenning, t.d. á vefsíðu viðkomandi sveitarstjórnar, a.m.k. sjö dögum áður en tillagan er tekin til formlegar samþykktar á fundi sveitarstjórnar. Að samþykkt lokinni skulu úthlutunarreglur svo birtar með formlegum hætti í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 4. gr.

Tegundatilfærslur eru nauðsynlegar vegna meðafla og til að koma í veg fyrir brottkast. Þó er lagt til að hámark tilfærslna úr tegundum verði sett í lög. Þekkt er að vissar tegundir eru mikið nýttar til tilfærslna umfram aðrar. Dæmi eru um að allt að 80% af heildaraflamarki slíkrar tegundar sé ekki veitt en þess í stað breytt í aðrar tegundir.

Í síðari hluta greinarinnar er að finna nýtt ákvæði sem heimilar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skipta svokölluðum VS-afla niður á tímabil, við þá skiptingu getur hann m.a. tekið tillit til árstíðabundinna veiða.

Um 5. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að viðmið vegna útreiknings á veiðigjaldi verði á næsta fiskveiðiári hækkað úr 9,5% af reiknaðri EBITDU í 16,2% eða um 6,7 prósentustig. Hefði tillagan verið í gildi á yfirstandandi fiskveiðiári hefðu áætlaðar tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldi

orðið um 4.800 millj. kr. í stað 2.800 millj. kr. eins og nú er áætlað. Hækkunin hefði orðið um 2.000 millj. kr. eða um 70%.

Jafnframt er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra geti tekið tillit til mismunandi framlegðar útgerðarflokka. Ljóst er að afkoma útgerðarflokka er afar misjöfn og telja verður sanngjarnt að hægt sé að taka tillit til þess við ákvörðun veiðigjalds.

Um 6. gr.

Núgildandi ákvæði um veiðigjald gera ráð fyrir að allar tekjur af gjaldinu renni til ríkissjóðs. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að $\frac{4}{5}$ hlutar tekna af veiðigjaldi renni í ríkissjóð, en $\frac{1}{5}$ hluta veiðigjaldsins verði ráðstafað eftir tilteknu skiptihlutfalli til landshluta. Með þessu er stefnt að meiri sátt um ráðstöfun veiðigjalds. Með þessu er jafnframt komið til móts við þau sjónarmið að eðlilegt sé að sjávarbyggðir njóti sanngjarns hlutar af arðinum af auðlindinni.

Gert er ráð fyrir að helmingur af hluta landshluta af veiðigjaldi skiptist jafnt á milli þeirra. Hinn helmingurinn skiptist milli sjö landshluta, án höfuðborgarsvæðisins, í hlutfalli við verðmæti landaðs afla að frádregnum afla vinnsluskipa sl. fimmtán ár, allt reiknað á sama verðlagi. Með því að hluti tekna renni til sjávarbyggða utan höfuðborgarsvæðisins, er áréttað mikilvægi sjávarútvegs fyrir þær byggðir umfram höfuðborgarsvæðið í atvinnulegu tilliti. Tekjur hvers landshluta skiptist síðan þannig milli sveitarfélaga innan landshlutans að þær renni til hvers sveitarfélags í sama hlutfalli og hlutfall sveitarfélagsins var í reiknuðu aflaverðmæti landshlutans á þann veg sem gert er í b-lið 2. tölul. greinarinnar.

Um 7. gr.

Með ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 22/2010, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, var sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra veitt sérstök heimild til úthlutunar á aflaheimildum í skötusel sem gildir fyrir fiskveiðiárin 2009/2010 og 2010/2011. Í framkvæmd þykir vel hafa tekist til og er því í frumvarpi þessu sú leið valin að leggja til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi heimild til að úthluta ákveðnu magni af skötusel og íslenskri sumargotssíld til skipa sem hafa veiðileyfi. Rökin fyrir því að bæta við íslenskri sumargotssíld eru vegna óhjákvæmilegs meðafla við makrílveiðar sem og að opna möguleika við strandsvæði til að nýta síldina, m.a. til beitu.

Útgerðir þurfa að greiða gjald fyrir aflaheimildirnar. Gjaldið er fast verð fyrir hvert kg sem er 70% af meðalverði í viðskiptum með aflamark viðkomandi tegundar, sem birt var á vef Fiskistofu, á tímabilinu 1. september 2009 – 31. ágúst 2010 og frá 1. september fram í nóvember 2010. Reiknað er meðalverð tímabilsins 1. september 2009 – 31. ágúst 2010 og meðalverð tímabilsins 1. september 2010 fram á haustið 2010. Einfalt meðaltal þessara tveggja meðalverða er síðan reiknað. Þannig er nýrra verð látið vega meira en eldra verð í útreikningi. Að öðru leyti gilda sömu reglur og um aflamark sem úthlutað er á grundvelli aflahlutdeildar. Útgerðum sem fá úthlutað aflaheimildum á grundvelli ákvæðisins ber því að greiða veiðigjald líkt og af aflamarki.

Tekjur af sölu aflaheimilda renna í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs, með það að markmiði stuðla að rannsóknum, nýsköpun og þróun í sjávarbyggðum.

Nokkuð er um að langa og keila veiðist sem meðafli við þorsk- og ýsuveiðar. Líkur á brottkasti aukast verulega þegar lítið er um viðskipti með aflamark í meðaflategundum. Hér er eingöngu komið til móts við þær útgerðir sem fá umræddar tegundir sem meðafla. Því er lagt til veita þeim sérstaka meðaflaheimild sem er sambærileg við þá leið sem fram kemur

í 9. mgr. 11. gr. laganna, um svokallaðan VS-afla. Gert er ráð fyrir að meðafli í löngu og keilu sem nemi allt að 10% af lönduðum afla í hverri veiðiferð, miðað við óslægðan fisk, verði ekki reiknaður til aflamarks skips. Þar er þó frátalinn afli sem fluttur er óvigtaður á markað erlendis. Þegar þessi leið er farin er það skilyrði sett að keilu- og línuafli verði boðinn upp á viðurkenndum uppboðsmarkaði og 80% af andvirði aflans renni í Verkefnasjóð sjávarútvegsins líkt og gjald af öðrum afla sem ekki er skráður til aflamarks. Með þessu móti er gefinn nauðsynlegur sveigjanleiki hvað varðar meðafla í keilu og löngu og þar með dregið úr hvata til brottkasts. Einnig er að finna ákvæði sem heimilar ráðherra að skipta þessum afla niður á tímabil og er það í samræmi við ályktanir samtaka sjómanna.

Gert er ráð fyrir að ákveðnu viðbótaraflamagni sé ráðstafað til strandveiða annars vegar og í byggðakvóta hins vegar. Um er að ræða aukningu í þorsk- og ufsaheimildum sem ráðstafað er til strandveiða fiskiveiðiárin 2010/2011 og 2011/2012 og aukningu í þorsk-, ýsu- og ufsaheimildum sem ráðstafað er til stuðnings byggðarlögum á fiskveiðiárinu 2011/2012.

Um 8. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar almennar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, auk tímabundinna breytinga sem lagt er til að gildi á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi um heildarendurskoðun á gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Í þessari umsögn er miðað við að það frumvarp, verði það að lögum, muni gilda frá og með fiskveiðiárinu 2012/2013. Rétt er að vekja athygli á því að í báðum frumvörpunum eru lagðar til breytingar sem vekja upp álitaefni sem fjallað er um í báðum umsögnunum þannig að sú umfjöllun er að stórum hluta samhljóða.

Helstu breytingarnar eru í fyrsta lagi að lagt er til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra geti ákveðið með reglugerð að aukning aflamagns í strandveiðum umfram 6.000 lestir geti runnið til flokks minni skipa sem hafa strandveiðileyfi og eru allt að 3 brúttótonn. Einnig verði ráðherra heimilt að skipta leyfilegum heildarafla á tímabil í stað mánaða og áréttað að einungis sé heimilt að veita hverri útgerð, einstaklingi eða lögaðila eitt leyfi til strandveiða.

Í öðru lagi er lögð til breyting á þeirri grein laganna sem fjallar um hvaða afla-heimildir skulu dregnar frá heildaraflamarki áður en kemur til almennrar úthlutunar til fiskiskipaflotans. Er lagt til að miðað verði við að allir handhafar aflamarks standi undir því aflamarki sem varið er til byggðakvóta, strandveiða og línuívilnunar en ekki eingöngu útgerðir skipa sem ráða yfir botnfiskafla eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Hafi útgerð skips ekki yfir að ráða nægum aflaheimildum til að mæta þessari skerðingu fái hún tveggja mánaða frest til að flytja eða leigja fullnægjandi veiðiheimildir á skipið eða greiði gjald fyrir sömu heimildir, sbr. lög nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Líklegt er að útgerðir velji

yfirleitt ódýrari kostinn í þessu skyni, sem er að leigja aflaheimildir fremur en að greiða gjaldið þar sem meðalverð til viðmiðunar við álagningu þess er hærra. Er því ekki gert ráð fyrir að slíkar tekjur af gjaldinu verði teljandi.

Í þriðja lagi er í tengslum við sérstaka úthlutun aflaheimilda til minni byggðarlaga lagt til að sveitarstjórnum verði gefinn kostur á að velja á milli úthlutunarreglna ráðuneytisins eins og þær eru birtar í reglugerð hverju sinni eða nýs fyrirkomulags þar sem sveitarstjórnin sjálf úthlutar aflaheimildum til fiskiskipa eftir ákveðnum reglum.

Í fjórða lagi er lagt til að settar verði skorður við tilfærslum milli fisktegunda sem einstökum útgerðum er heimilt að gera innan fiskveiðiársins þannig að miðað verði við að þær geti ekki orðið hærri en 30% af aflamarki þeirra hverju sinni.

Í fimmta lagi er lagt til að á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012 hafi ráðherra til sérstakrar úthlutunar til útgerða 2.000 lestir af íslenskri sumargotssíld gegn greiðslu á gjaldi sem nemur 13 kr. fyrir hvert kíló af síld, þó að hámarki 20 lestir í senn á hvert skip. Á fiskveiðiárinu 2011/2012 skal ráðherra ennfremur hafa til úthlutunar 1.200 lestir af skötusel gegn greiðslu gjalds sem nemur 176 kr. á hvert úthlutað kíló af skötusel, þó að hámarki 10 lestir í senn á hvert skip. Samkvæmt núgildandi lögum hefur ráðherra heimild til að leigja út aflamark sem nemur 2.000 lestum af skötusel á yfirstandandi fiskveiðiári og minnkar magnið því um 800 lestir en á móti hækkar gjaldið á hvert kíló um 56 kr. Verði heimildirnar nýttar að fullu má gera ráð fyrir að tekjur af síldarheimildum nemi um 26 m.kr. hvort ár og að tekjur af aflaheimildum skötusels nemi um 211 m.kr. á fiskveiðiárinu 2011/2012. Heildartekjur af gjaldi af slíkum aflaheimildum gætu því lækkað lítils háttar á næsta fiskveiðiári, eða um 3 m.kr. Tekjurnar skulu renna í ríkissjóð en gert er ráð fyrir að jafnháu framlagi verði ráðstafað í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs með það að markmiði að stuðla að rannsóknum, nýsköpun og þróun í sjávarbyggðum. Ekki er því gert ráð fyrir að 40% af tekjunum af þessum aflaheimildum skötusels renni til átaks í atvinnusköpun hjá iðnaðarráðuneytinu eins og á núverandi fiskveiðiári.

Í sjötta lagi er lagt til að skipstjóra verði heimilt á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012 að ákveða að allt að 10% af keilu- og lönguafla skips sem landað er hverju sinni teljist ekki til aflamarks, enda verði aflanum haldið aðskildum frá öðrum afla og hann seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði. Tilgangurinn með því er að draga úr brottkasti í þessum fisktegundum. Gert er ráð fyrir að andvirði aflans að frádregnum kostnaði við uppboðið og hafnargjöldum skiptist þannig að til útgerðar renni 20% en 80% til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, sbr. 1. gr. laga 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Heimildin takmarkast við 1.000 lestir af keilu og 2.000 lestir af löngu. Verði heimildirnar nýttar að fullu á næsta fiskveiðiári og meðalsöluverð afla á markaði svipað og undanfarna tólf mánuði má gera ráð fyrir að allt að 250 m.kr. renni í sjóðinn og verði ráðstafað til lögbundinna verkefna hans eða til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. Gert er ráð fyrir að lítill hluti þessara heimilda verði nýttur á yfirstandandi fiskveiðiári og því er áætlað að tekjur á fiskveiðiárinu 2010/2011 verði að hámarki 40–50 m.kr. Að lokum er lagt til að auk 6.000 lesta af óslægðum botnfiski, sem tiltekið er í lögum að ráðstafa skuli til strandveiða, skuli á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012 aflaheimildirnar auknar um 2.400 lestir af þorski og 600 lestir af ufsa hvort ár. Í frumvarpinu er einnig kveðið á um að á fiskveiðiárinu 2011/2012 skuli allt að 6.000 lestum af þorski, 1.200 lestum af ýsu og 800 lestum af ufsa ráðstafað til stuðnings byggðarlögum til viðbótar við þær 12.000 lestir af óslægðum botnfiski sem tilteknar eru í gildandi lögum. Ekki er gert ráð fyrir að

veiðileyfum fjölgi vegna þessara ráðstafana og því verði ekki um að ræða auknar tekjur af veiðileyfum.

Í sjöunda lagi er lagt til að viðmið vegna útreiknings á veiðigjaldi verði á næsta fiskveiðiári hækkað úr 9,5% af reiknaðri EBITDU í 16,2% eða um 6,7 prósentustig en það svarar til liðlega 70% hækkunar á gjaldinu. Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra geti tekið tillit til mismunandi framlegðar útgerðarflokka en ekki er tilgreint á hvaða reglum eða viðmiðum það eigi að byggjast og því erfitt meta hvaða áhrif það kynni að hafa á þessa tekjuöflun ríkissjóðs.

Loks er í áttunda lagi lagt til í frumvarpinu að í stað þess að tekjur af veiðigjaldinu renni að fullu í ríkissjóð eins og verið hefur verði 1/5 hluta þeirra ráðstafað til sveitarfélaga. Samkvæmt frumvarpinu skal helmingur af hlut sveitarfélaganna skiptast jafnt á milli allra landshluta að höfuðborgarsvæðinu meðtöldu. Hins vegar er gert ráð fyrir að hinn helmingurinn af hluta sveitarfélaganna skiptist á sjö landshluta að undanskildu höfuðborgarsvæðinu í hlutfalli við verðmæti landaðs afla að frádregnum afla vinnsluskipa sl. 15 ár á föstu verðlagi. Tekjur hvers landshluta að frátöldu höfuðborgarsvæðinu samanstandi því af þessu tvennu en skiptist síðan milli sveitarfélaga innan landshlutans alfarið eftir hlutfalli sveitarfélagsins í reiknuðu aflaverðmæti lands-hlutans. Sá hluta teknanna sem rynni til sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, þar sem um 65% íbúa landsins búa, væri 1/80 hluti eða sem svarar til 1,3% af heildartekjunum og skiptist milli sveitarfélaga á því svæði á sama hátt eftir lönduðum afla í viðkomandi sveitarfélögum. Þetta fyrirkomulag mundi því jafnframt fela í sér að sveitarfélög þar sem engum afla er landað, hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða í öðrum landshlutum, fengju enga hlutdeild í þessu auðlindagjaldi á sjávarútveginn. Í greinargerð frumvarpsins kemur ekki fram rökstuðningur fyrir þessum skiptihlutföllum í úthlutun veiðigjaldsins til landshluta eða sveitarfélaga, svo sem hvers vegna hlutdeild sveitarfélaga skuli vera 1/5 eða höfuðborgarsvæðisins 1/80, og verður því með engu móti lagt mat á hvort hlutdeildin í tekjuöfluninni er skilvirk eða réttmæt miðað við tiltekinn tilgang eða markmið.

Hækkun á veiðigjaldinu um 70% gæti aukið árlegar tekjur af því um 2 mia.kr. miðað við áætlanir um tekjur af veiðigjaldi á yfirstandandi fiskveiðiári þannig að þær verði um 4,8 mia.kr. á ári í stað um 2,8 mia.kr. Þar af ætti samkvæmt frumvarpinu að ráðstafa um 1 mia.kr. til sveitarfélaga, eða sem svarar til 1/5 hluta af heildartekjunum, þannig að helmingurinn af aukningu teknanna mundi renna til þeirra og þar af um 60 m.kr. til höfuðborgarsvæðisins.

Reikningshaldslegt fyrirkomulag á þessum fjármagnstilfærslum milli stjórnsýslu-stiganna þarfnast frekari skoðunar. Gera má þó fastlega ráð fyrir að litið verði á ákvæði um ráðstöfun veiðigjaldsins til sveitarfélaga sem mörkun á hluta ríkisteknanna þótt slík skipting á tekjustofni sé óvanaleg og reyndar fordæmalaus. Veiðigjaldið væri þá sett fram í fjárlögum sem ríkistekjur á tekjuhlið ríkissjóðs en ráðstöfun á hluta þess sem tilfærsluframlag til sveitarfélaga á útgjaldahlið sem fjármagnað væri með mörkuðum hluta gjaldsins. Sú fjárveiting væri væntanlega færð á lið hjá innanríkisráðuneytinu sem fer með málefni sveitarstjórna. Samkvæmt frumvarpinu væri Fiskistofu ætlað að annast um að reikna framlag hvers landshluta og sveitarfélags af innheimtu veiðigjaldi og greiða þeim sinn hlut.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir grundvallarbreytingu á meðferð tekna af veiðigjaldi frá því sem nú er. Í 1. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna er kveðið á um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar og hafa tekjur af veiðigjaldinu til þessa runnið óskiptar í sameiginlegan sjóð landsmanna. Nú er lagt til að tilteknum hluta þeirra verði ráðstafað til sveitarfélaga með aðferð sem mun leiða til þess að mikill mismunur verður á framlagi til einstakra landshluta en þó einkanlega til einstakra sveitarfélaga miðað við fjölda íbúa sem þar búa. Ljóst má vera að mörg sveitarfélög munu ekki fá neina beina hlutdeild í veiðigjaldinu

en að önnur munu fá umtalsverð viðbótarframlög. Þannig má áætla að miðað við 4,8 mia.kr. heildartekjur af veiðigjaldi og landað aflaverðmæti undanfarinna 15 ára að framlag á hvern íbúa á höfuðborgarsvæðinu gæti legið nærri 300 kr. en á Austurlandi og Vestfjörðum gæti það orðið nálægt 14–15 þús. kr. eða um fimmtíufalt hærra. Enn þá meiri munur væri á framlagi á hvern íbúa í mismunandi sveitarfélögum miðað við sömu forsendur, þar sem ekkert framlag færi til sveitarfélaga þar sem engum afla er landað, t.d. í Hveragerði, Mosfellsbæ eða á Egilsstöðum, en framlagið gæti orðið í kringum 23 þús. kr. eða nokkru hærra á hvern íbúa í sveitarfélögum þar sem sjávarútgerð er mjög öflug, t.d. í Vestmannaeyjum, Grindavík eða Bolungarvík. Í þessu sambandi þarf einnig að hafa í huga að fiskiskip landa afla í umtalsverðum mæli annars staðar en í heimahöfn. Þá verður ekki séð að aðrir tekjustofnar sveitarfélaga sem fá úthlutað framlagi af veiðigjaldi muni rýrna þótt veiðigjald verði hækkað umtalsvert eða hugsanlega tekin upp leiga á fiskikvótum að einhverju marki heldur muni þær tekjur koma til viðbótar núverandi tekjustofnum þeirra.

Þessi breyting á meginreglunni í uppbyggingu tekjustofna ríkisins með því að marka hluta þeirra til sveitarfélaga gefur tilefni til þess að litið verði til ýmissa álitaefna sem þessu tengjast og að tillagan fái gaumgæfilega umfjöllun og skoðun við þinglega meðferð málsins. Fyrir liggur að tillögur í þessu frumvarpi eru aðeins fyrsta skrefið í breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu og að til umræðu eru áform um meiri hækkun á veiðigjaldinu, gjaldtöku fyrir leigu aflamarks og aukin framlög til sveitarfélaga. Breytingar af þessum toga gætu einnig í sjálfu sér líka falið í sér fordæmi sem erfitt gæti verið að sjá fyrir hvaða afleiðingar hafi fyrir tekjuöflunarkerfi og fjármálastjórn hins opinbera að öðru leyti verði haldið áfram á þessari braut.

Fyrst má nefna að auðlindarentan sem veiðigjaldinu er ætlað að ná til myndast í sjávarútgerð fyrst og fremst vegna almennra lagareglna um fiskveiðistjórnun sem íslenska ríkið setur og framfylgir á grundvelli þess að um sameiginlega auðlind þjóðarinnar er að ræða. Það kann því að orka tvímælis að almenn skattlagning á sameiginlega auðlind eigi að koma sumum landsmönnum meira til góða en öðrum eftir því hvar á landinu þeir búa, þ.m.t. þeim sem starfa við annað en sjávarútveg eins og á við um meiri hluta þeirra sem búa í sjávarbyggðum. Fram hafa komið ábendingar um að slíkt fyrirkomulag kunni að brjóta í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar en þó er engin umfjöllun eða rökstuðningur um það í greinargerð frumvarpsins. Þar segir einungis að ætlunin sé að stuðla að meiri sátt um ráðstöfun veiðigjaldsins og að eðlilegt sé að sjávarbyggðir njóti sanngjarns hluta af þessum ríkistekjum af auðlindinni. Í þessu sambandi hafa þó einnig verið sett fram sjónarmið um að fremur væri tilefni til þess að byggðarlög sem ekki njóta góðs af fiskveiðiauðlindinni, t.d. vegna landfræðilegrar staðsetningar, ættu að gera það með meiri hlutdeild í veiðigjaldinu. Á sama hátt kynnu að vakna spurningar um hvort t.d. auðlindagjöld sem lögð væru á vatnsafls- eða jarðhitavirkjanir ættu fremur að renna til sveitarfélaga þar sem svo vill til að orkuvinnslan er staðsett, eða hvort skattar af veltu af verslun og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu ættu að renna til þeirra sveitarfélaga en ekki annarra, eða að eldsneytisgjöld af umferð á höfuðborgarsvæðinu ætti ekki að renna til að fjármagna samgöngumannvirki sem staðsett væru í öðrum landshlutum.

Í annan stað er ástæða til að vekja athygli á því að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að úthlutun veiðigjalds til sveitarfélaga tengist á nokkurn hátt opinberum verkefnum þeirra eða t.d. erfiðri fjárhagsstöðu. Má reyndar ætla að sveitarfélög séu þess betur sett fjárhagslega sem meira af aflaverðmæti er landað hjá þeim og því muni aukin framlög til þeirra auka á misvægi í rekstrarskilyrðum sveitarfélaganna í landinu. Þriðja atriðið sem vert er að skoðað verði

í þessu sambandi er að fyrirkomulagið á úthlutun veiðigjaldsins verður til þess að sveitarfélög hafa hagsmuni af því hvort og hvar afla er landað. Það kynni að hafa áhrif á þær ákvarðanir útgerða burtséð frá rekstrarlegri hagkvæmni. Í fjórða lagi má telja að viðkomandi sveitarfélög yrðu smám saman að einhverju marki háð þessum framlögum til að standa undir starfsemi sinni og þar með meira háð sveiflum í framlegð sjávarútvegsins og ekki síður ákvörðunum ríkisvaldsins um breytingar á hlutfalli veiðigjalds eða hlutfalli framlags til sveitarfélaga af tekjunum. Það kann að vera mikið álitamál hvort heppilegt sé að þessi tekjuöflun ríkisins og tilfærsluframlög til sveitarfélagastigsins verði reist á framangreindum forsendum.

Þá virðist full ástæða til að huga að samhengi þessara áforma við þá stjórnskipan fyrir stjórnsýslustig hins opinbera sem er til staðar í landinu. Sú skipan felur í sér skýrt afmarkað tekjuöflunarkerfi og fjárstjórnarvald sem skoða þarf hvort verið er að veikja eða flækja með þessum breytingum. Sérstakur lagarammi hefur lengi gilt um tekjustofna sveitarfélaga, nú lög nr. 4/1995, þar sem allir tekjustofnar þeirra eru nánar skilgreindir. Þannig hefur sveitarstjórnarstiginu verið tryggt fullt sjálfstæði og skýr afmörkun gerð á tekjuöflunarkerfum og verkaskiptingu stjórnsýslustiganna. Ákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru óaðskiljanlegur hluti af þessu fyrirkomulagi. Jöfnunarsjóðurinn fær lögbundin framlög úr ríkissjóði, sem nú nema um 11 mia.kr. á ári, miðað við tiltekin viðmið um hlutfall af skatttekjum ríkisins og útsvarsstofni. Með því móti hefur verið tryggð nauðsynleg jöfnun á rekstrarskilyrðum sveitarfélaga eftir ákveðnum reglum og viðmiðum í formi tekjujöfnunarframlaga og útgjaldaframlaga úr sjóðnum. Ætla verður að þær úthlutunarreglur miðist við þær forsendur sem máli skipta til að jafna aðstöðumun sveitarfélaga og samkomulag er um á milli þeirra. Tillögur um ráðstöfun á veiðigjaldi og e.t.v. gjaldi fyrir leigu fiskikvóta síðar til sveitarfélaga með skiptingu eftir lönduðu aflaverðmæti fara fram hjá þessu stjórnkerfi og má raunar telja að þær fari á skjön við markmið þess. Að óbreyttu hljóta þessu nýju framlög til sveitarfélaganna, sérstaklega ef þau fara áfram vaxandi með frekari breytingum, að leiða til þess að tekjuskipting þeirra riðlast innbyrðis með réttu eða röngu. Ef rök eru talin standa til þess að veita aukin framlög til sveitarfélaga af tekjustofnum ríkisins vaknar sú spurning hvort ekki kæmi fremur til álita að gera það með því fyrirkomulagi sem byggt hefur verið á í stjórnsýslunni til þessa. Þá væri það gert með því móti að annaðhvort hækki útsvar sveitarfélaga á móti lækkun tekjuskatts ríkisins eða að viðmið um hlutfall skatttekna væri hækkað vegna framlags til Jöfnunarsjóðsins og þeim fjármunum væri síðan miðlað áfram til sveitarfélaganna, eftir atvikum með óbreyttum eða breyttum úthlutunarreglum. Þetta er sú leið sem jafnan hefur verið farin við breytta verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nú síðast við yfirfærslu á málefnum fatlaðra milli stjórnsýslustiganna við síðustu áramót, og hefur þótt gefast vel.

Í þessu sambandi má einnig benda á að mörkun ríkistekna með ráðstöfun framlaga til tiltekinna verkefna, í þessu tilviki til ótilgreindra verkefna tiltekins hluta sveitarfélaga, bindur hendur fjárveitingavaldsins og skerðir þar með fjárstjórnarvald Alþingis sem kveðið er á um í stjórnarskránni. Mörkun teknanna mun leiða til þess að þessi útgjöld munu breytast sjálfkrafa eftir því hvernig afkoma sjávarútvegsins verður og breyta verður fjárheimild til framlagsins eftir á í lokafjárlögum á grundvelli endanlegs uppgjörs teknanna. Fjárlagaskrifstofa hefur lengi bent á að þetta fyrirkomulag hefur reynst vera óheppilegt og að það samrýmist illa nútímalegri rammafjárlagagerð. Einnig hefur fjárlaganefnd gagnrýnt mjög slíkar ráðstafanir sem leiða af mörkun tekna í nefndarálitum og umræðum.

Fyrir liggur að afar erfið staða blasir við í ríkisfjármálunum sem kallar á það að leita verður allra leiða til að afla aukinna tekna og að engin slík tækifæri verði látin fara forgörðum til að draga úr og stöðva mikla skuldasöfnun ríkissjóðs um þessar mundir. Þörf fyrir það hefur enn ágerst við það að ríkissjóður hefur nýverið axlað auknar skuldbindingar til að greiða fyrir ásættanlegum lyktum kjarasamninga til lengri tíma sem ætti að geta stuðlað að auknum hagvexti og orðið öllum aðilum til hagsbóta. Mörkun teknanna til aukinna framlaga til sveitarfélaga styður því ekki eins og unnt væri við markmið í jöfnuð í ríkisfjármálum.

Loks er ástæða til að minna á í þessu samhengi að ríkið leggur árlega fram verulega fjármuni í að vernda, rannsaka, þróa og auka verðmæti fiskveiðiauðlindarinnar. Beinn kostnaður við það kemur að stærstum hluta fram í rekstrarútgjöldum Hafrannsóknastofnunarinnar, Fiskistofu, Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs og Landhelgisgæslunnar. Lauslega áætlað nemur sá kostnaður um 5 mia.kr. á ári ef miðað er við að um 70% af veltu Landhelgisgæslunnar sé vegna eftirlits og björgunarviðbúnaðar í tengslum við fiskveiðar. Þessu til viðbótar hafa kostnaðarsömustu tækja- og búnaðarkaup sem ríkið hefur ráðist í verið til að endurnýja og auka við farkosti Hafrannsóknastofnunarinnar og Landhelgisgæslunnar, nú síðast á árunum 2008–2011 með kaupum á varðskipi og flugvél fyrir síðarnefndu stofnunina sem samtals kostuðu um 10 mia.kr. miðað við verðlag í dag.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldi aukist um 2 mia.kr. og að um helmingi aukningarinnar verði veitt með tilfærsluframlögum á útgjaldahlið til sveitarfélaga. Á móti kemur að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti útgerðarfyrirtækja kunna að lækka frá því sem annars hefði orðið þar sem veiðigjald er frádráttarbær rekstrarkostnaður. Ætla má að tekjuskattur af þessum fyrirtækjum lækki vegna þessa um allt að 400 m.kr. eftir því í hvað mæli frádráttarbært rekstrartap kynni að vega á móti því. Vegna heimilda skipstjóra til að halda keilu- og línuafla utan aflamarks eru tekjur ríkissjóðs taldar aukast um allt að 50 m.kr. á þessu fiskveiðiári og 250 m.kr. á því næsta en á móti er gert ráð fyrir að úthlutað verði jafnmiklum framlögum úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Kostnaður Fiskistofu við að framkvæma og fylgja eftir þeim breytingum sem kveðið er á um í frumvarpinu felst fyrst og fremst í um 1 m.kr. einskiptiskostnaði við aðlögun hugbúnaðar, auk þess sem stofnunin telur að ástæða gæti verið til þess að ráða sérfræðing í hálft starf til að annast um þessi verkefni, svo sem útreikning og innheimtu veiðigjaldsins og skiptingu á framlagshluta sveitarfélaga. Telja má óvíst að brýn þörf verði til þess enda hefur stofnunin annast um útreikning veiðigjaldsins hingað til. Þannig má ætla að verði frumvarpið óbreytt að lögum gætu tekjur ríkissjóðs aukist um nálægt 1.850 m.kr. miðað við næsta fiskveiðiár en að útgjöld aukist á móti 1.150 m.kr. þar sem hluti teknanna væri markaður í tilfærsluframlög. Áhrif til batnaðar á afkomu ríkissjóðs á fyrsta árinu yrðu því um 0,7 mia.kr.

1475. Frumvarp til laga [827. mál]

um stjórn fiskveiða.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru auðlind í óskoraðri þjóðareign. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt auðlindarinnar. Veita má einstaklingum eða lögaðilum tímabundinn rétt til afnota eða hagnýtingar á auðlindinni gegn gjaldi. Óheimilt er að selja auðlindina eða láta varanlega af hendi.

Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda og gerð samninga um nýtingarleyfi á aflaheimildum samkvæmt lögum þessum myndar á gildistíma samninganna tímabundinn nýtingarrétt, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum og samningum, en hvorki beinan né óbeinan eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

2. gr.

Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

3. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á til að tryggja að veiðar fari fram með sjálfbærum og ábyrgum hætti. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn. Ráðherra getur gripið til annarra jafngildra ráðstafana til að veiðar séu stundaðar með sjálfbærum og ábyrgum hætti.

Leyfður heildarafli botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Skal heildarafli fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Ráðherra er heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda.

Heildarafli annarra tegunda sjávardýra en þeirra sem tiltekin eru í 2. mgr. skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

Eftirfarandi afli reiknast til heildarafla og skal dragast frá fyrir úthlutun samkvæmt flokkum og hlutum í þessari grein:

1. Áætlaður afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, sem og annarra rannsóknastofnana.
2. Áætlaður afli erlendra skipa í landhelgi Íslands.

3. Áætlaður afli til áframeldis á þorski eða öðrum tegundum.
4. Áætlaður afli sem fæst við veiðar sem fara fram í fræðsluskyni, enda séu veiðarnar óverulegar og aflinn ekki fénýttur.
5. Áætlaður afli tiltekinn í 9. mgr. 15. gr.
6. Annar afli sem fellur ekki undir flokka 1 og 2 í þessari grein.

Frá og með fiskveiðiárinu 2011/2012 er ráðherra heimilt að skipta úthlutuðum heildarafla í einstaka flokka og hluta sem hér segir:

1. *Flokkur 1:* Samningar um nýtingarleyfi á aflaheimildum.
2. *Flokkur 2:* Aflamagn sem úthlutað er án nýtingarsamninga sem ráðherra ráðstafar árlega í eftirtalda hluta:
   a. Strandveiðihluta, sbr. 10. gr.
   b. Byggðahluta, sbr. 14. gr.
   c. Leiguhluta, sbr. þessa grein.
   d. Línuívilnunarhluta, sbr. 15 gr.
   e. Bótahluta, sbr. 14. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða skiptingu úthlutaðs afla milli flokka 1 og 2 sem og hluta í flokki 2. Skal tilfærsla milli flokka og hluta gerast í áföngum á 15 ára tímabili. Í lok tímabilsins skulu að jafnaði 85% þorskígilda þeirra fisktegunda sem sæta takmörkunum skv. 2. mgr. þessarar greinar, að undanskildum þorski, ýsu, ufsa og steinbít, enda gilda sérreglur um þá stofna, renna til samninga um nýtingarleyfi á aflaheimildum í flokki 1.

Skipting þorsks milli flokka 1 og 2 skal vera samkvæmt þessari málsgrein. Verði leyfilegur heildarafli þorsks fyrir fiskveiðiár meiri en 160.000 lestir skulu 55% aukningarinnar renna til flokks 1 og 45% til flokks 2 þar til leyfilegur heildarafli þorsks fer yfir meðalafla fiskveiðiáranna 1990/1991–2010/2011. Þegar þeim afla er náð skulu 50% aukningar umfram það magn renna til flokks 1 og 50% til flokks 2.

Skipting ýsu milli flokka 1 og 2 skal vera samkvæmt þessari málsgrein. Verði leyfilegur heildarafli ýsu fyrir fiskveiðiár meiri en 50.000 lestir skulu 55% aukningarinnar renna til flokks 1 og 45% til flokks 2 þar til leyfilegur heildarafli ýsu fer yfir meðalafla fiskveiðiáranna 1990/1991–2010/2011. Þegar þeim afla er náð skulu 50% aukningar umfram það magn renna til flokks 1 og 50% til flokks 2.

Skipting ufsa milli flokka 1 og 2 skal vera samkvæmt þessari málsgrein. Verði leyfilegur heildarafli ufsa fyrir fiskveiðiár meiri en 50.000 lestir skulu 55% aukningarinnar renna til flokks 1 og 45% til flokks 2 þar til leyfilegur heildarafli ufsa fer yfir meðalafla fiskveiðiáranna 1990/1991–2010/2011. Þegar þeim afla er náð skulu 50% aukningar umfram það magn renna til flokks 1 og 50% til flokks 2.

Skipting steinbíts milli flokka 1 og 2 skal vera samkvæmt þessari málsgrein. Verði leyfilegur heildarafli steinbíts meiri en 12.000 lestir skulu 55% aukningarinnar renna til flokks 1 og 45% til flokks 2 þar til leyfilegur heildarafli steinbíts fer yfir meðalafla fiskveiðiáranna 1990/1991–2010/2011. Þegar þeim afla er náð skulu 50% aukningar umfram það magn renna til flokks 1 og 50% til flokks 2.

Til strandveiðihluta renna í upphafi þær aflaheimildir sem tilteknar eru í 10. gr. Að auki skulu renna til strandveiðihluta aflaheimildir í eftirgreindum fisktegundum:

1. Verði leyfilegur heildarafli þorsks yfir 160.000 lestir, sbr. 7. mgr., skal sá hluti aukningarinnar sem fellur í flokk 2 renna til strandveiðihluta þar til 2.400 lestir þorsks hafa bæst við strandveiðihluta.
2. Verði leyfilegur heildarafli ufsa yfir 50.000 lestir, sbr. 9. mgr., skal sá hluti aukningar-

innar sem fellur í flokk 2 renna til strandveiðihluta þar til 600 lestir af ufsa hafa bæst við strandveiðihluta.

Til byggðahluta fara í upphafi þær aflaheimildir sem runnið hafa til aðgerða í byggðamálum, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. Að auki skulu renna til byggðahluta þær aflaheimildir í eftirgreindum fisktegundum sem hér greinir:

1. Verði leyfilegur heildarafli þorsks yfir 160.000 lestir, sbr. 7. mgr, skal sá hluti aukningarinnar, sem fellur í flokk 2 og er umfram þær 2.400 lestir sem fyrst skulu renna til strandveiðihluta, ráðstafast til byggðahluta þar til 6.000 lestir þorsks hafa bæst við byggðahluta.
2. Verði leyfilegur heildarafli ýsu yfir 50.000 lestir, sbr. 8. mgr., skal sá hluti aukningarinnar sem fellur í flokk 2 renna til byggðahluta þar til 1.200 lestir ýsu hafa bæst við byggðahluta.
3. Verði leyfilegur heildarafli ufsa yfir 50.000 lestir, sbr. 9. mgr., skal sá hluti aukningarinnar, sem fellur í flokk 2 og er umfram þær 600 lestir sem fyrst skulu renna til strandveiðihluta, ráðstafast til byggðahluta þar til 800 lestir af ufsa hafa bæst við byggðahluta.

Til leiguhluta skal ráðstafa því magni sem árlega bætist við til ráðstöfunar í flokki 2 þegar fyrrgreindri aukningu aflaheimilda í strandveiðihluta og byggðahluta hefur verið náð. Allar útgerðir fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 5. gr. geta boðið í aflaheimildir sem boðnar eru upp í leiguhluta, sbr. lög um kvótaþing. Ráðherra ákveður í reglugerð skiptingu magns af hverri fisktegund sem boðið er upp hverju sinni, hámarksmagn sem hver aðili getur boðið í og skiptingu milli tímabila, landsvæða og útgerðarflokka. Tekjur af leiguhluta skulu ráðstafast með sama hætti og tekjur af veiðigjaldi skv. 28. gr.

Ráðherra er heimilt að ráðstafa tilteknu magni úr leiguhluta til nýrra nýtingarsamninga, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI.

Til línuívilnunarhluta renna þær aflaheimildir sem ráðstafað er skv. 8. mgr. 15. gr.

Til bótahluta renna þær aflaheimildir sem ráðstafað er skv. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr., skel- og rækjubætur. Á sjötta fiskveiðiári eftir gildistöku laga þessara skulu skel- og rækjubætur samkvæmt þessum hluta falla niður og renna til byggðahluta.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

II. KAFLI
Veiðileyfi, samningar um nýtingarleyfi, aflahlutdeild og aflamark, framsal og bann við veðsetningu.

4. gr.

Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Almenn veiðileyfi eru tvenns konar, þ.e. veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með krókaaflamarki. Á sama fiskveiðiári getur skip aðeins haft eina gerð veiðileyfis. Veiðileyfi í atvinnuskyni fellur niður hafi fiskiskipi ekki verið haldið til fiskveiða í atvinnuskyni í tólf mánuði. Þá fellur veiðileyfi niður ef fiskiskip er tekið af skrá hjá Siglingastofnun Íslands og ef eigendur eða útgerðir þeirra fullnægja ekki skilyrðum 2. málsl. 5. gr.

5. gr.

Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og eru skrásett á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skil-

yrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. gr.

Útgerðir, sem úthlutað hefur verið aflahlutdeild og eða krókaaflamarkshlutdeild á fiskveiðiárinu 2010/2011 og uppfylla skilyrði 5. gr., skulu eiga rétt á samningum um nýtingarleyfi á aflaheimildum. Heimilt er við samningsgerð að taka tillit til fjárhagsstöðu útgerðar, þ.m.t. skil á greiðslum opinberra gjalda, og að í gildi séu kjarasamningar við áhafnir.

Samningur um nýtingarleyfi skal í upphafi að hámarki vera til fimmtán ára. Hafi samningsaðili staðið við allar samningsskuldbindingar sínar skal hann eiga rétt á viðræðum um endurskoðun og framlengingu samnings sem hefja skal sex árum fyrir lok gildistíma samnings en ljúki eigi síðar en fimm árum fyrir lok gildistíma samnings.

Með fyrirvara um heimild Alþingis til frekari breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu og að forsendur samnings um nýtingarleyfi hafi ekki breyst er heimilt að framlengja samning um átta ár.

Fiskistofa annast samningsgerð í umboði ráðherra.

7. gr.

Varanlegt framsal aflahlutdeilda er óheimilt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er framsal aflahlutdeilda heimilt sem hér segir:

1. Framsal aflahlutdeilda milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
2. Framsal aflahlutdeilda milli ótengdra aðila er þó heimilt, með þeim takmörkunum að um jöfn skipti sé að ræða milli aðila í þorskígildum talið.
3. Krókaaflamarkshlutdeild verður aðeins flutt til báts sem er undir 15 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki. Aðrar aflahlutdeildir verða ekki fluttar til báta með krókaaflamark.

Leita skal staðfestingar Fiskistofu á að flutningur aflahlutdeilda sé innan heimilda. Öðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Heimilt er Fiskistofu að gera þjónustusamninga við útgerðir um rafrænar tilkynningar um flutning aflahlutdeilda milli fiskiskipa og skal greiða 12.000 kr. til Fiskistofu fyrir slíka samninga fyrir hvert fiskveiðiár. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um skilyrði fyrir gerð þjónustusamninga og reglur er lúta að framkvæmd flutnings aflahlutdeilda og greiðslu gjalds.

8. gr.

Eigi er heimilt að veðsetja, hvort heldur með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða hluta, aflahlutdeild fiskiskips eða önnur réttindi á grundvelli samnings um nýtingarrétt aflahlutdeildar. Hafi umrædd réttindi þegar verið skráð með samningi á skip eða annað veðandlag fyrir gildistöku laga þessara er óheimilt að endurnýja eða framlengja veðsetninguna þegar undirliggjandi veðsamningur rennur út. Óheimilt er að skilja aflahlutdeild eða réttindi sem henni tengjast frá skipi eða öðru fjárverðmæti nema með þinglýstu samþykki þeirra aðila sem stofnað hafa til veðréttinda í viðkomandi verðmæti frá 1. janúar 1998 sem enn voru í gildi við gildistöku laga þessara. Eigi er heimilt að veðsetja, hvort heldur með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða hluta, aflahlutdeild fiskiskips eða önnur réttindi á grundvelli samnings um nýtingarrétt aflahlutdeildar.

Hafi réttindi sem óheimilt er að veðsetja skv. 1. mgr. þegar verið skráð með samningi á veðsett skip eða annað fjárverðmæti fyrir gildistöku laga þessara og ekki má skilja þau frá því skv. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1997, um samningsveð, heldur slík veðsetning gildi sínu.

Veðréttur yfir skipi eða öðru fjárverðmæti, sem á hafa verið skráð réttindi sem óheimilt er að veðsetja skv. 1. mgr. fyrir gildistöku laga þessara, tekur eingöngu til þeirra skulda sem hann tók til, við gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veðsetja það skip eða fjárverðmæti, sem aflahlutdeild fiskiskips eða önnur réttindi á grundvelli samnings um nýtingarrétt aflahlutdeilda eru skráð á, til tryggingar skuld sem stofnað er til eftir gildistöku laga þessara að því skilyrði uppfylltu að sams konar veðsetning sama veðandlags að sömu eða hærri fjárhæð falli niður samhliða hinni nýju veðsetningu.

Óheimilt er að skilja aflahlutdeild eða réttindi sem henni tengjast frá skipi eða öðru fjárverðmæti nema með þinglýstu samþykki þeirra aðila sem stofnað hafa til veðréttinda í viðkomandi verðmæti frá 1. janúar 1998 sem enn voru í gildi við gildistöku laga þessara.

III. KAFLI
Frístundaveiðar, strandveiðar, krókaaflamark, tegundir sem ekki sæta takmörkunum og ívilnanir.

9. gr.

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu, nema annað leiði af alþjóðlegum skuldbindingum. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla sem veiddur er samkvæmt heimild þessarar málsgreinar er einungis heimilt að hafa til eigin neyslu og er óheimilt að selja eða fénýta hann á annan hátt.

Ráðherra er heimilt að ákveða að tilteknu magni skv. c-lið í flokki 2, leiguhluta, verði ráðstafað til opinberra stangveiðimóta enda komi leigugjald fyrir er taki mið af meðalleiguverði sl. sex mánuði fyrir viðkomandi tegund.

Aðilum sem reka ferðaþjónustu og hyggjast nýta við þann rekstur báta til frístundaveiða er skylt að sækja um sérstakt leyfi til Fiskistofu fyrir hvern bát sem nota skal í því skyni.

Einungis er heimilt að veita leyfi til frístundaveiða aðilum sem fengið hafa leyfi sem Ferðamálastofa gefur út með stoð í 8. gr. laga nr. 73/2005, um skipan ferðamála. Aðeins er heimilt að stunda veiðar með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar á þeim bátum sem leyfi fá samkvæmt þessari grein.

Leyfi til frístundaveiða, sbr. 3. mgr., eru tvenns konar:

1. Leyfi til að veiða tiltekinn fjölda fiska af kvótabundnum fisktegundum á hvert handfæri eða sjóstöng dag hvern og reiknast sá afli ekki til aflamarks viðkomandi báts. Ráðherra setur frekari reglur um þessi atriði í reglugerð.
2. Leyfi til veiða sem takmarkast af aflamarki eða krókaaflamarki viðkomandi báts. Allur afli þessara báta skal veginn í samræmi við gildandi reglur um vigtun og skráningu sjávarafla. Um afla báta sem eingöngu stunda frístundaveiðar gilda ekki ákvæði laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Ekki skal leitað staðfestingar Verðlagsstofu skiptaverðs skv. 4. málsl. 3. mgr. 15. gr. vegna flutnings aflamarks til þessara báta. Heimilt er að selja og fénýta á annan hátt þann afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið. Ráðherra er heimilt að ákveða að tiltekið magn skv. c-lið í flokki 2, leiguhluta, fari til frístundaveiða samkvæmt þess-

um tölulið enda komi leigugjald fyrir er taki mið af meðalleiguverði sl. sex mánuði fyrir viðkomandi tegund. Ráðherra setur frekari reglur um þessi atriði í reglugerð.

Innan sama fiskveiðiárs er einungis heimilt að veita báti leyfi annaðhvort skv. 1. tölul. eða 2. tölul. 5. mgr. Við veitingu leyfa til frístundaveiða koma aðeins til greina bátar sem hafa haffærisskírteini og eru skrásettir á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða á sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Leyfi til frístundaveiða skulu veitt til eins fiskveiðiárs í senn. Frístundaveiðibátar, sbr. 2. tölul. 5. mgr., sem jafnframt hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni skulu tilkynna Fiskistofu með viku fyrirvara um upphaf og lok tímabils sem skipinu er haldið til veiða í atvinnuskyni.

Rekstraraðili skal með sannanlegum hætti kynna fyrir áhöfn báts reglur um takmarkanir sem kunna að vera á veiðum á þeim svæðum þar sem líklegt má telja að báturinn stundi frístundaveiðar og enn fremur reglur um bann við brottkasti afla og reglur um meðferð afla.

Ráðherra setur í reglugerð frekari skilyrði og reglur um frístundaveiðar, þ.m.t. um skil á skýrslum vegna veiða frístundaveiðibáta og á sjóstangaveiðimótum.

Fiskistofa skal veita áminningar og svipta báta leyfi til frístundaveiða í samræmi við ákvæði VIII. kafla fyrir brot á ákvæðum þessarar greinar og reglum settum með stoð í henni.

10. gr.

Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra ráðstafa þeim aflaheimildum sem tiltekið er í 5. mgr. 3. gr., a-lið í flokki 2, strandveiðihluta, til veiða með handfæri á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Í lögum þessum eru slíkar veiðar nefndar strandveiðar og leyfin til þeirra veiða strandveiðileyfi. Afli sem fæst við strandveiðar reiknast ekki til aflamarks eða krókaaflamarks þeirra skipa er þær veiðar stunda.

Heimilt er að ákveða að hluti heildaraflamarks umfram 6.000 lestir, sbr. ákvæði til bráðabirgða IX, renni til flokks minni fiskiskipa með strandveiðileyfi. Minni fiskiskip teljast skip allt að 3 brúttótonn. Skipum sem þannig flokkast til minni fiskiskipa er þó heimilt að tilheyra flokki stærri fiskiskipa með strandveiðileyfi sé þess óskað. Óheimilt er að skipta um flokk eftir að veiðar eru hafnar. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

Þeim heimildum sem ráðstafað er til strandveiða samkvæmt þessari grein skal skipt á fjögur landsvæði. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skiptingu landsvæða og aflaheimilda á tímabili og landsvæði. Þá skal ráðherra með reglugerð stöðva strandveiðar frá hverju landsvæði þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla hvers tímabils verði náð.

Strandveiðar eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Fiskistofu er aðeins heimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða að fullnægt sé ákvæðum 5. gr. og einungis er heimilt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á fiskiskipi sínu. Óheimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða hafi aflamark umfram það aflamark sem flutt hefur verið til þess á sama fiskveiðiári verið flutt af því. Eftir útgáfu leyfis til strandveiða er skipum óheimilt að flytja frá sér aflamark þess árs umfram það sem flutt hefur verið til skips.

Frá útgáfudegi strandveiðileyfis er fiskiskipi óheimilt til loka fiskveiðiárs að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Strandveiðileyfi eru bundin við tiltekið landsvæði, sbr. 1. málsl. 3. mgr. Skal leyfið veitt á því svæði þar sem heimilisfesti útgerðar viðkomandi fiskiskips er skráð samkvæmt þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og skal öllum afla

fiskiskips landað í löndunarhöfn innan þess landsvæðis. Sama fiskiskipi verður aðeins veitt leyfi frá einu landsvæði á hverju veiðitímabili.

Leyfi til strandveiða samkvæmt þessari grein eru bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Óheimilt er að stunda veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Ráðherra er heimilt með reglugerð að banna strandveiðar á almennum frídögum.
2. Hver veiðiferð skal eigi standa lengur en 14 klukkustundir. Miðað er við þann tíma er fiskiskip lætur úr höfn til veiða til þess tíma er það kemur til hafnar aftur til löndunar. Aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi.
3. Tilkynna skal Fiskistofu um sjósókn fiskiskipsins í samræmi við reglur sem ráðherra setur.
4. Aldrei er heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð í fiskiskipi. Engin önnur veiðarfæri en handfærarúllur skulu vera um borð.
5. Á hverju fiskiskipi er aðeins heimilt að draga 650 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð.
6. Skylt er að landa öllum afla í lok hverrar veiðiferðar og skal hann veginn og skráður endanlega hér á landi. Um vigtun, skráningu og meðferð afla fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og ákvæðum gildandi reglugerðar þar um.

Þá skal beita ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, fari afli fiskiskips umfram hámark sem ákveðið er í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim. Gjald skal lagt á afla í samræmi við hlutfallslega skiptingu afla eftir tegundum. Skal gjaldið nema því meðalverði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á fiskmörkuðum á þeim stað og því tímabili þegar hann barst að landi.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd strandveiða.

11. gr.

Bátum sem veiðileyfi hafa með krókaaflamarki er heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum sem þeir hafa krókaaflamark í og enn fremur tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal þó setja reglur um leyfðan meðafla. Krókaaflamark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar. Þó er ráðherra heimilt að veita krókaaflamarksbátum leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum. Við hrognkelsaveiðar báta með krókaaflamarksleyfi skulu hrognkelsi vera meiri hluti landaðs heildarafla.

12. gr.

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr. eru frjálsar öllum þeim skipum sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr. með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma.

Veiðiheimildum í flokki 1 á þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af skal úthlutað til einstakra skipa, að því tilskildu að viðkomandi útgerð hafi gert samning við stjórnvöld um nýtingarleyfi á aflahlutdeild. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild í leyfðum heildarafla tegundarinnar sem fellur til flokks 1. Nefnist það aflahlutdeild skips í flokki 1 og helst hún óbreytt samningstímann.

Aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr. Þó skulu aflaheimildir sem ráðstafað er í tilteknum fisktegundum árlega til eflingar sjávarbyggðum

skv. 14. gr., línuívilnunar skv. 15. gr. og strandveiða koma til frádráttar í aflamarki sömu tegunda hjá öllum veiðiskipum hlutfallslega miðað við hlut einstakra skipa í heildarúthlutun, reiknað í þorskígildum á grundvelli laga þessara og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Ekki koma til frádráttar aflaheimildir sem renna frá aukningu til strandveiðihluta og byggðahluta skv. 3. gr. Skal miðað við samanlagða úthlutun í upphafi hvers fiskveiðiárs og síðustu heildarúthlutun í þeim tegundum sem ekki er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs, miðað við þorskígildi við úthlutun. Hafi skip engar eða ekki nægar heimildir í einhverri tegund til að mæta skerðingu samkvæmt þessari grein, að teknu tilliti til heimildar til breytinga milli tegunda skv. 1. mgr. 15. gr. og flutnings milli fiskveiðiára skv. 3. og 4. mgr. 15. gr., skal Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð tveggja mánaða frest til að flytja fullnægjandi veiðiheimildir á skipið eða greiða fyrir sömu heimildir, sbr. lög nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Hafi það ekki verið gert innan þess frests fellur leyfi þess til veiða í atvinnuskyni niður tímabundið þar til úr hefur verið bætt. Ráðstöfun tekna samkvæmt þessari grein skal fara eftir ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

Ákvæði laganna um úthlutun, nýtingu og framsal aflahlutdeilda og aflamarks gilda einnig um krókaaflahlutdeild og krókaaflamark nema öðruvísi sé kveðið á um í þeim.

13. gr.

Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, er ráðherra heimilt að ákveða skiptingu heildaraflaheimilda á milli flokka 1 og 2, sem og hluta í flokki 2. Jafnframt er ráðherra heimilt að úthluta aflahlutdeild á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila. Getur hann einnig við þá ákvörðun m.a. tekið mið af stærð eða gerð skips, veiðiaðferð, búnaði, svæðum, heimahöfn skips og útbreiðslu stofna. Hafi skip sem aflareynsla er bundin við, sbr. 1. málsl., horfið úr rekstri þegar úthlutun á sér stað er síðasta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip sú hlutdeild skuli skráð.

Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund er ráðherra heimilt að ákveða skiptingu heildaraflaheimilda á milli flokka 1 og 2, sem og hluta í flokki 2. Jafnframt er ráðherra heimilt að ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Getur hann við þá ákvörðun m.a. tekið mið af fyrri veiðum, veiðiaðferð, stærð eða gerð skips, svæðum, heimahöfn skips og útbreiðslu stofna. Getur ráðherra bundið úthlutun samkvæmt þessari málsgrein því skilyrði að skip afsali sér heimildum til veiða á öðrum tegundum og að útgerð viðkomandi skips hafi gert samning við stjórnvöld um nýtingarleyfi á aflaheimildum.

Ráðherra er einnig heimilt að nota aðrar aðferðir við fiskveiðistjórn tímabundið á tegundum sem ekki eru bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, enda liggi fyrir ákvörðun um að aflahlutdeildum verði ekki úthlutað.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er háð því að viðkomandi útgerð geri samning við stjórnvöld um nýtingarleyfi.

14. gr.

Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski og hann getur ráðstafað þannig:

1. Til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.
2. Til stuðnings byggðarlögum þannig:

a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski.
b. Til byggðarlaga sem hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og það hefur haft veruleg áhrif á atvinnuástand í byggðarlögunum. Aflaheimildir samkvæmt þessari grein skulu skiptast milli tegunda í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í tegundunum og skulu dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeilda. Í reglugerðum sem ráðherra setur skv. 3. og 4. mgr. skal kveðið á um hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. tölul. 1. mgr.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. Þar skal kveðið á um skilgreiningu á byggðarlagi, viðmiðunar- og útreikningsreglur og aðrar reglur um úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga. Sveitarstjórn getur ákveðið að úthlutun aflaheimilda skv. 2. tölul. fari eftir ákvæðum 10. mgr. þessarar greinar. Skal sveitarstjórn tilkynna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu ákvörðun sína fyrir 1. ágúst ár hvert vegna komandi fiskveiðiárs.

Ráðherra setur í reglugerð almenn skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga. Skulu þau skilyrði m.a. varða skráningarstað, skráningartíma, eignarhald, skiptingu milli fiskiskipa, lágmarksverð, tryggingar fyrir greiðslum og framkvæmd úthlutunar. Einnig er ráðherra heimilt að setja reglur um að ekki sé heimilt að úthluta aflaheimildum til skipa sem fluttar hafa verið meiri aflaheimildir frá en þær heimildir sem fluttar hafa verið til skipanna á tilteknu fiskveiðiári.

Framsal aflaheimilda, sem úthlutað er skv. 2. tölul. 1. mgr., er óheimilt en þó skulu heimil jöfn skipti á aflaheimildum í þorskígildum talið. Þó skal heimilt að flytja aflamark samkvæmt þessu ákvæði á milli skipa í eigu sama lögaðila. Framsal aflaheimilda samkvæmt töluliðnum skal þó vera heimilt hafi fiskiskip efnt löndunar- og vinnsluskyldu í samræmi við 7. mgr.

Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. 2. tölul. 1. mgr. og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Vinnsla telst í þessu tilfelli vera öll sú vinnsla fisks sem er umfram slægingu og ísun.

Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda, sem koma í hlut einstakra byggðarlaga, til fiskiskipa. Ákvarðanir Fiskistofu um úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein er heimilt að kæra til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Kærufrestur er tvær vikur frá tilkynningu Fiskistofu um úthlutun eða höfnun umsóknar um úthlutun og skal úthlutun ekki fara fram fyrr en að þeim fresti liðnum. Skal ráðuneytið leggja úrskurð á kærur innan tveggja mánaða. Ráðuneytið getur ákveðið að úthlutun aflaheimilda til skipa í tilteknu byggðarlagi verði frestað að hluta eða öllu leyti þar til það hefur lokið afgreiðslu á kærum sem borist hafa vegna úthlutunar þar.

Heimilt er að flytja aflamark einstakra fiskveiðiára sem úthlutað er samkvæmt þessari grein yfir á næsta fiskveiðiár og úthluta því með þeim aflaheimildum sem koma til úthlutunar á því fiskveiðiári. Aflamark sem er flutt frá eldra fiskveiðiári skal tilheyra aflamarki þess fiskveiðiárs sem hófst 1. september næst á undan úthlutun aflamarks.

Heimilt er ráðherra að ráðstafa aflaheimildum skv. 2. tölul. 1. mgr. þannig að úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga fari fram á sérstök byggðarlagsnúmer sem lúti sérstökum reglum. Fiskistofa skal halda skrá um þessi númer og annast úthlutun aflaheimilda sem koma í

hlut einstakra byggðarlaga. Sveitarstjórnir hafa forræði yfir aflaheimildum sem úthlutað er samkvæmt framangreindum hætti. Þrátt fyrir ákvæði 19. gr., þar sem kveðið er á um takmarkanir á framsali aflaheimilda fiskiskipa, er heimilt á hverju fiskveiðiári að flytja allt aflamark af hverju byggðarlagsnúmeri til fiskiskipa. Óski sveitarstjórn eftir forræði yfir aflaheimildum samkvæmt ákvæðum 3. mgr. skal birta tillögur sveitarstjórnar með aðgengilegum hætti, svo sem á vefsíðu viðkomandi sveitarfélags, sjö dögum áður en formleg afstaða er tekin til þeirra. Endanlegar reglur sveitarfélags skulu auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda.

Sveitarstjórn skal úthluta þessum aflaheimildum til fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni þannig að úthlutunin byggist á gagnsæi og málefnalegum og staðbundnum ástæðum og sé í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags. Sveitarstjórn skal tryggja að aflaheimildum samkvæmt þessari grein sé úthlutað til fiskiskipa sem eiga heimahöfn í viðkomandi byggðarlagi, útgerð eigi þar heimilisfesti og að afla sé landað til vinnslu í sveitarfélaginu. Vinnsla samkvæmt þessari málsgrein telst vera öll sú meðhöndlun fisks sem er umfram slægingu og ísun. Útgerð fiskiskips sem fær úthlutun frá sveitarstjórn með þessum hætti er óheimilt að framselja þessar aflaheimildir. Þó skal heimilt að flytja aflamark samkvæmt þessu ákvæði á milli skipa í eigu sama lögaðila.

Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

15. gr.

Heimilt er að veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega í samræmi við verðmætahlutföll einstakra tegunda, sbr. 23. gr. Heimild þessi takmarkast við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks en umframafli í hverri botnfisktegund má þó ekki vera meiri en sem nemur 2% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks. Tilfærsla úr einstakri botnfisktegund getur þó aldrei orðið meiri en 30% af aflamarki skips í viðkomandi tegund. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram aflamark í þorski. Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða að takmörkun á heimild skv. 2. málsl. skuli í ákveðnum fisktegundum miðast við hærra hlutfall en 2% af heildaraflaverðmæti botnfiskaflamarks.

Hafi aflamark verið flutt milli skipa skv. 19. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.

Heimilt er að flytja allt að 15% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafsrækju, humars og síldar, 10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki innfjarðarrækju frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Ráðherra getur að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar hækkað fyrrgreint hlutfall aflamarks í einstökum tegundum telji hann slíkt stuðla að betri nýtingu tegundarinnar.

Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, síldar, úthafsrækju og humars og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju og hörpudisks, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

Beita skal skerðingarákvæðum 1. mgr. áður en heimild 3. mgr. er nýtt. Heimild 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.

Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk og ýsu en allt að 15% á aðrar tegundir.

Við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem beitt er í landi má landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða. Ákvæði þetta tekur aðeins til þeirra báta sem tilkynna staðsetningu um sjálfvirkt tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 41 20. mars 2003, um vaktstöð siglinga. Línuívilnun í þorski skal á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir af óslægðum þorski og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðiárs á fjögur þriggja mánaða tímabil frá 1. september að telja, hlutfallslega með hliðsjón af þorskveiðum línubáta á árinu 2002. Fiskistofa fylgist með línuafla og tilkynnir ráðuneytinu hvenær telja megi líklegt að leyfilegu viðmiðunarmagni hvers tímabils verði náð. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða tíma þorskafli á línu skuli reiknast að fullu til aflamarks. Þá getur ráðherra ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuívilnunar og jafnframt ákveðið að ýsu- og steinbítsafli skuli reiknast að fullu til aflamarks þegar því er náð. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Skipstjóra fiskiskips er heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meira en 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju tímabili. Ráðherra getur ákveðið skiptingu afla samkvæmt þessari heimild á tímabil. Heimild þessi er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
2. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

Sé heimild í 9. mgr. nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að skylt sé að vinna einstakar tegundir uppsjávarfisks til manneldis. Hlutfall uppsjávarafla einstakra skipa sem ráðstafað er til vinnslu á því tímabili sem ráðherra ákveður skal ekki vera ákveðið hærra en 85%.

Því aflamarki viðkomandi skips, sem eftir stendur þegar heimildir samkvæmt grein þessari og 19. gr. hafa verið nýttar og ekki hefur verið veitt á fiskveiðiárinu, er ráðherra heimilt að ráðstafa í flokk 2, skv. c-lið, leiguhluta, á næsta fiskveiðiári. Þetta skal gert að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar.

IV. KAFLI
Hámarkshlutdeild, yfirráð og tengdir aðilar, flutningur aflamarks.

16. gr.

Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki þess við úthlutun í upphafi næsta fiskveiðiárs eða veiðitímabils þar á eftir, enda hafi aflahlutdeild þess ekki verið flutt til annars fiskiskips.

Við eigendaskipti að fiskiskipi þar sem ætlun er að aflahlutdeild þess fylgi skal ávallt fullnægt ákvæðum ákvæðis til bráðabirgða VI og 7. gr.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 12. gr. og 16. gr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu aðila sem eiga í samstarfi, aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir:

Tegund	Hámarksaflahlutdeild
Þorskur	12%
Ýsa	20%
Ufsi	20%
Karfi	35%
Grálúða	20%
Síld	20%
Loðna	20%
Úthafsrækja	20%

Nemi heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda en að framan greinir, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, við upphaf fiskveiðiárs hærra hlutfalli en 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda en 20%. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er að ræða. Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sbr. 23. gr., og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu. Þó skal samanlögð krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli en 4% af þorski og 5% af ýsu miðað við heildarkrókaaflahlutdeild í hvorri tegund.

Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum og 5. gr. laga nr. 151/1996 eða meira en 5% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sbr. 23. gr., og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1. og 2. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur.

Tengdir aðilar teljast:

1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um

sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum skv. 1.–3. tölul. telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

4. Aðilar sem hafa með sér samstarf. Samstarf skal vera talið á milli aðila sem gert hafa með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái yfirráðum yfir einum eða fleiri lögaðilum eða hafi sameiginleg yfirráð yfir aflaheimildum, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti. Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:
   a. Hjón, aðilar í skráðri sambúð og börn hjóna eða aðila í skráðri sambúð.
   b. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, c- og d-lið.
   c. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. að aðili eigi með beinum eða óbeinum hætti að minnst að kosti ⅓ hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, b- og d-lið.
   d. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.
   e. Bein eða óbein tengsl á milli aðila innan eða utan þess félags sem í hlut á, hvort sem um er að ræða rík hagsmunatengsl eða persónuleg tengsl, reist á skyldleika, tengdum eða vináttu, eða tengsl reist á fjárhagslegum hagsmunum eða samningum, sem líkleg eru til að leiða til samstöðu aðila um að stýra málefnum félagsins í samráði hvor eða hver við annan þannig að þeir ráði yfir því.

18. gr.

Aðila ber, þegar fyrirsjáanlegt er að aflahlutdeild fiskiskipa aðila fari umfram þau mörk sem sett eru í 1. eða 2. mgr. 17. gr., að tilkynna Fiskistofu flutning aflahlutdeilda, samruna lögaðila sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, kaup á eignarhlut í slíkum lögaðilum og kaup, kaupleigu eða leigu á fiskiskipi með aflahlutdeild. Þegar um tengda aðila er að ræða skv. 1. og 2. tölul. 4. mgr. 17. gr. hvílir tilkynningarskyldan á móðurfyrirtæki en annars á þeim aðila er að gerningnum stendur. Þá ber lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, að láta Fiskistofu reglubundið í té upplýsingar um eignarhluta allra þeirra sem eiga 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Jafnframt skal veita upplýsingar um eignarhluta einstaklinga og maka þeirra og skyldmenna í beinan legg sé samanlagður eignarhluti eða atkvæðisréttur þeirra 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Þá skal án tafar upplýsa Fiskistofu um samstarf um yfirráð í skilningi 2. tölul. 4. mgr. 17. gr. Lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, ber enn fremur að upplýsa Fiskistofu um lögaðila sem þeir eiga eignarhlut eða atkvæðisrétt í og eiga fiskiskip með aflahlutdeild.

Fiskistofa skal meta þær upplýsingar sem aðili hefur látið í té og innan hæfilegs frests tilkynna aðila hver aflahlutdeild fiskiskipa hans er. Ef aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila fer umfram framangreind mörk skal Fiskistofa tilkynna viðkomandi aðila að svo sé og hve há umframaflahlutdeild hans er. Aðila skal veittur sex mánaða frestur,

frá því að honum sannanlega barst tilkynningin, til að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeildinni niður fyrir mörkin. Hafi aðili ekki veitt Fiskistofu upplýsingar um að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir lok frestsins fellur umframaflahlutdeildin niður. Skerðist þá aflahlutdeild fiskiskipa í eigu viðkomandi hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Við úthlutun aflahlutdeildar í upphafi næsta fiskveiðiárs eftir lok frestsins skal skerðingin koma til hækkunar aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu annarra. Hækkunin skal vera í réttu hlutfalli við aflahlutdeild fiskiskipanna af þeim tegundum sem um ræðir.

19. gr.

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofnunin hefur staðfest flutninginn. Í tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um magn aflamarks sem flytja skal, auk upplýsinga um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.

Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin skrá upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar að lútandi. Ráðherra skal með reglugerð ákveða í hvaða formi tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera. Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu gjald að fjárhæð 3.200 kr. með hverri tilkynningu. Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks til fiskiskips skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Heimilt er Fiskistofu að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa og skal greiða 12.000 kr. til Fiskistofu fyrir slíka samninga fyrir hvert fiskveiðiár. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um skilyrði fyrir gerð þjónustusamninga og víkja frá ákvæðum 1.–3. mgr. að því leyti sem þau lúta að framkvæmd flutnings aflamarks og greiðslu gjalds vegna hans.

Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

Á hverju fiskveiðiári er heimilt að flytja af fiskiskipi 25% þess aflamarks sem skipi var úthlutað í þorskígildum talið á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, sbr. 23. gr. Heimild til framsals er áunnin með veiðum, en þó er ávallt heimilt að flytja allt að 5% aflamarks í upphafi fiskveiðiárs. Auk þess er heimilt að flytja frá skipi það aflamark í einstökum tegundum sem flutt hefur verið til skips. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Framsal aflamarks milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila sætir ekki takmörkunum.

Framsal aflamarks milli ótengdra aðila er þó heimilt með þeim takmörkunum að um sé að ræða jöfn skipti milli aðila í þorskígildum talið.

Ekki er heimilt að flytja aflamark milli krókaaflamarkskerfis og aflamarkskerfis.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð varðandi framkvæmd þessarar greinar.

V. KAFLI
Framkvæmd og eftirlit.

20. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.

21. gr.

Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hljóta veiðileyfi í atvinnuskyni skv. 5. gr., skulu halda rafrænar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til. Skal með reglugerð kveða nánar á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra, undanþágur frá rafrænni afladagbók og skil til Fiskistofu. Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni vegna vanskila á afladagbókum og skal leyfissvipting standa þar til skil hafa verið gerð eða skýringar hafa verið gefnar á ástæðum vanskila.

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum, er skylt að láta ráðuneytinu eða Fiskistofu ókeypis í té og í því formi, sem ráðherra ákveður, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

Eigendaskipti á fiskiskipi, eða aðra breytingu á útgerðaraðild fiskiskips, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, skal innan 15 daga frá undirritun samnings tilkynna til Fiskistofu. Bæði seljandi og kaupandi, eða leigusali og leigutaki þegar um leigu er að ræða, skulu sameiginlega undirrita tilkynningu um breytta útgerðaraðild á sérstöku eyðublaði sem Fiskistofa leggur til í þessu skyni. Afrit af þinglýstum kaupsamningi eða leigusamningi skal fylgja tilkynningu. Ábyrgð á tilkynningu til Fiskistofu hvílir á kaupanda skips eða leigutaka þess eftir atvikum. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd tilkynningarskyldu. Vanefndir á tilkynningarskyldu varða viðurlögum skv. 30. gr.

22. gr.

Fiskistofa annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu.

Jafnframt því sem þessir eftirlitsmenn sinna verkefnum samkvæmt lögum nr. 79/1997, lögum nr. 57/1996 og lögum nr. 151/1996 skulu þeir hafa eftirlit með löndun, vigtun, flutningi og vinnslu afla. Enn fremur skulu þeir hafa eftirlit með útflutningi afla eða afurða eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og í erindisbréfi.

Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum og er skipstjórum skylt að veita þeim aðstoð, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79 26. maí 1997. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að skipum, vinnslusölum fiskverkenda, birgðageymslum, húsnæði fiskmarkaða og vigtunarleyfishafa og flutningsförum sem flytja afla eða afurðir til að Fiskistofa geti sinnt eftirlitshlutverki sínu lögum samkvæmt.

Fiskvinnslum, fiskmörkuðum og vigtunarleyfishöfum er skylt að veita eftirlitsmönnum Fiskistofu alla þá aðstoð og aðstöðu sem nauðsynleg er til þess að þeir geti sinnt eftirlitsstörfum sínum, þ.m.t. mælingar á afla og nýtingu afla.

Fiskistofa skal reka útibú og deildir í landshlutum og skulu þeim útibúum falin stjórnsýslu- og eftirlitsverkefni.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að settur skuli, á kostnað útgerða, sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits um borð í fiskiskip.

VI. KAFLI
Þorskígildi.

23. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skal reikna þorskígildi fyrir 15. júlí ár hvert fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 24. gr., og taka mið af tólf mánaða tímabili sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Sé tekin ákvörðun um stjórn veiða á tegund sem ekki hefur áður sætt slíkri ákvörðun skal þegar reikna þorskígildi fyrir tegundina miðað við sama tímabil og greinir í 1. málsl. Þorskígildi skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um. Þegar fiskur er seldur ferskur erlendis skal miða við 88% af söluverðmæti hans. Varðandi botnfisk, að undanskildum karfa, skal miða við slægðan fisk. Miða skal við slitinn humar.

VII. KAFLI
Veiðigjald.

24. gr.

Leggja skal á veiðigjald fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli þessara laga, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða í samræmi við 26. gr.

Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um útreikning, álagningu og innheimtu veiðigjalds á grundvelli þessa kafla.

25. gr.

Ráðherra skal ákvarða veiðigjald komandi fiskveiðiárs samkvæmt þessari grein fyrir 15. júlí ár hvert. Til grundvallar veiðigjaldinu skal leggja aflaverðmæti miðað við tímabil sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl.

Fiskistofa skal reikna aflaverðmæti fyrir tegundir sem sæta ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 24. gr., og miða við tímabil 1. mgr.

Aflaverðmæti skv. 2. mgr. skal margfalda með sama hlutfalli og hlutfall vergrar hlutdeildar fjármagns (EBITDA) af tekjum nemur í nýjasta rekstraryfirliti fiskveiða sem Hagstofa reiknar og birtir.

Þeirri upphæð sem þannig fæst skal skipt jafnt á aflamagn sama tímabils umreiknað til þorskígilda miðað við þorskígildisstuðla næsta fiskveiðiárs, sbr. 23. gr. Veiðigjald komandi fiskveiðiárs skal síðan reiknað sem 19% af þeirri niðurstöðu og lagt í krónum á þorskígildiskílógramm.

Ráðherra er heimilt að taka tillit til mismunandi framlegðar útgerðarflokka við ákvörðun veiðigjalds, sbr. rekstraryfirlit fiskveiða sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir.

26. gr.

Fiskistofa leggur á veiðigjald. Eigendur skipa skulu greiða veiðigjald fyrir hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda eins og það er ákvarðað í 25. gr. Gjald á hvert skip skal þó aldrei vera lægra en 5.000 kr.

Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa skal gjaldið miðast við úthlutaðar veiðiheimildir í kílógrömmum talið. Fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en greinir í 1. málsl. skal gjaldið miðast við landaðan afla skips í viðkomandi tegund samkvæmt aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á tólf mánaða tímabili sem lýkur einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Gjald vegna strandveiða miðast við landaðan afla í strandveiðum. Miða skal við landaðan afla krókabáta í þeim tegundum sem þeir eru ekki bundnir aflatakmörkunum í en sæta ákvörðun um heildarafla.

27. gr.

Fiskistofa skal innheimta veiðigjald. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum ár hvert, 1. október, 1. janúar og 1. maí. Taki úthlutun veiðiheimilda gildi á tímabilinu 1. september til 31. ágúst fellur gjaldið þó í gjalddaga við útgáfu tilkynningar um úthlutaðar veiðiheimildir. Fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en greinir í 1. málsl. 2. mgr. 26. gr. er gjalddagi veiðigjalds vegna landaðs afla skips 1. október. Gjaldið er ekki afturkræft þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar. Gjalddagi veiðigjalds vegna afla sem veiddur er við strandveiðar er 1. október.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skips niður. Lögveð er í skipi fyrir gjaldinu. Ef gjald er ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir af fjárhæð gjalds frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við reglur laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Sé tekin ákvörðun um að lækka á tímabilinu 1. september til 31. ágúst áður leyfðan heildarafla einstakra tegunda skal Fiskistofa endurgreiða eiganda skips hluta gjaldsins sem nemur sömu grunnfjárhæð og innheimt var fyrir hvert þorskígildi sem aflaheimildir skips skerðast um.

28. gr.

Tekjum af veiðigjaldi skal ráðstafað þannig:

1. 50% tekna af veiðigjaldi hvers fiskveiðiárs skulu renna í ríkissjóð.
2. 30% tekna af veiðigjaldi hvers fiskveiðiárs skulu renna til ráðstöfunar sveitarfélaga. Skipting í landshluta og sveitarfélög samkvæmt þessum tölulið fer samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands 1. desember á sama fiskveiðiári og veiðigjaldið fellur til.
   a. Skipta skal helmingi tekna samkvæmt þessum tölulið jafnt á milli landshlutanna Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra, Norðurlands eystra, Austurlands, Suðurlands, Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins.
   b. Hinn helmingur tekna samkvæmt þessum tölulið skal skiptast milli landshlutanna Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra, Norðurlands eystra, Austurlands, Suðurlands og Suðurnesja þannig:
      i. Fiskistofa skal reikna aflaverðmæti alls landaðs afla í landshlutunum sjö næstliðin fimmtán fiskveiðiár. Árlegt aflaverðmæti skal uppreiknað til meðalverðs síðasta heila fiskveiðiárs miðað við meðalvísitölu neysluverðs á sama tímabili.
      ii. Frá aflaverðmæti skv. i. lið skal draga verðmæti afla hvers landshluta sem unninn var úti á sjó á sama tímabili uppreiknað til meðalverðs síðasta heila fiskveiðiárs miðað við meðalvísitölu neysluverðs á sama tímabili. Með vinnslu samkvæmt þessum lið er átt við alla frekari vinnslu afla um borð í skipum en blóðgun, slægingu og flokkun, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1992, um vinnslu afla um borð í skipum.

Þannig reiknað aflaverðmæti hvers landshluta skv. i. lið að frádregnum ii. lið og samanlagt aflaverðmæti landshlutanna sjö, sbr. i. og ii. lið, reiknað með sama hætti, er grundvöllur skiptingar þessa hluta teknanna á milli þeirra. Skal hver landshluti njóta sömu tekna af þessum hluta og hlutfall hans er af samanlögðu aflaverðmæti landshlutanna sjö.

c. Samanlögðum tekjum hvers landshluta skv. a- og b-lið skal skipt þannig milli sveitarfélaga innan landshlutans að þær renni til hvers sveitarfélags í sama hlutfalli og hlutfall sveitarfélagsins var í reiknuðu aflaverðmæti landshlutans, sbr. b-lið.

d. Fyrir miðjan desember ár hvert skal Fiskistofa reikna hlut hvers landshluta og sveitarfélags af innheimtu veiðigjaldi næstliðins fiskveiðiárs og greiða þeim sinn hlut.

3. 20% hluti tekna af veiðigjaldi skal nýtt með það að markmiði að efla nýsköpun, rannsóknir og þróun ásamt sameiginlegum markaðsmálum í íslenskum sjávarútvegi.

VIII. KAFLI
Viðurlög o.fl.

29. gr.

Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, eða eftir atvikum leyfi til strandveiða, fyrir brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Ákvörðunum Fiskistofu um áminningar og veiðileyfissviptingar verður skotið til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

30. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að sex árum.

Við fyrsta brot skal sekt eigi nema hærri fjárhæð en 12.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 1.200.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 24.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

31. gr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 30. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt falla úr gildi lög nr. 116/2006, með síðari breytingum. Lög þessu skulu hafa gildi í 23 ár frá gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Núverandi handhafar aflaheimilda skulu hafa lokið gerð samninga um nýtingarleyfi aflahlutdeilda sem gerðir eru á grundvelli 6. gr. eigi síðar en 1. september 2011. Tefjist samningagerð umfram frest þennan af ástæðum sem stjórnvöldum verður ekki kennt um falla aflaheimildir hlutaðeigandi niður og falla til ríkissjóðs.

II.

Skel- og rækjubætur, sem byggjast á ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 14. gr., skulu falla úr gildi að loknu fiskveiðiárinu 2015/2016.

III.

Á fiskveiðiárunum 2011/2012 til og með 2014/2015 hefur ráðherra til sérstakrar ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski. Þessum aflaheimildum skal ráðstafað til tilrauna með áframeldi á þorski í samráði við Hafrannsóknastofnunina sem fylgist með tilrauninni og birtir niðurstöður um gang hennar. Ráðherra setur frekari reglur um skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessu ákvæði.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 14. mgr. 3. gr. um ráðstöfun tekna af leiguhluta skulu tekjur af þessum hluta renna í ríkissjóð fyrstu fimm fiskveiðiárin eftir að lög þessi taka gildi. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. skal þetta ákvæði sæta endurskoðun þremur árum eftir gildistöku laga þessara.

V.

Hefja skal heildarendurskoðun laga þessara á sjöunda ári frá gildistöku þeirra.

VI.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. er á fiskveiðiárunum 2011/2012 til og með 2026/2027 heimild til framsals aflahlutdeildar háð samþykki ráðherra og sætir eftirfarandi takmörkunum, enda leiði flutningur aflahlutdeildar og annarra réttinda ekki til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess:

a. Ráðherra skal fyrir hönd ríkissjóðs eiga forleigurétt á þeim réttindum sem eru andlag framsals. Ákveði ráðherra að nýta forleigurétt skal greiðsla fyrir réttindin miðast við annað tveggja, samningsverð eða viðmiðunarverð, samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur í upphafi hvers fiskveiðiárs, hvort sem lægra reynist. Kostnaður ríkisins vegna forleiguréttar skal fjármagnaður af tekjum þess af veiðigjaldi.
b. Falli ráðherra frá forleigurétti skal það sveitarfélag þar sem framseljandi hefur lögheimili eiga forleigurétt á þeim réttindum sem eru andlag framsals. Ákveði sveitarfélag að nýta forleigurétt skal greiðsla fyrir réttindin ákvarðast á sama hátt og kveðið er á um í a-lið þessa ákvæðis.
c. Falli ráðherra, sem og sveitarfélag, frá forleigurétti skulu framseljandi og framsalshafi senda Fiskistofu beiðni um staðfestingu á heimild til framsals réttinda samkvæmt samningi um nýtingarleyfi. Að skilyrðum laga þessara uppfylltum gerir Fiskistofa samning við samningshafa um nýtingarleyfi á aflaheimildum og staðfestir þar með heimildina til

varanlegs framsals. Skal þá fyrri samningur, sem var andlag framsalsins, falla niður. Fiskistofa skal halda skrá um verð á aflahlutdeildum í viðskiptum.

d. Ráðherra getur ákveðið hvort hann ráðstafi forleigðri aflahlutdeild með nýjum nýtingarsamningi eða ráðstafi aflamarki í leiguhluta skv. 3. gr. Kjósi ráðherra að ráðstafa aflahlutdeild í flokk 1 ber honum að auglýsa hlutdeild fyrst í viðkomandi sveitarfélagi. Beri það ekki árangur skal hann auglýsa hlutdeildina í viðkomandi landshluta, en um skilgreiningar á landshlutum skal fara samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands, en síðan á landsvísu. Heimilt er að taka sérstakt tillit til nýliðunar í atvinnugreininni við beitingu þessa ákvæðis. Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa.

Til framsals aflahlutdeilda telst allur flutningur aflaheimilda milli lögaðila, þ.m.t. flutningur aflaheimilda til annars lögaðila við gjaldþrot.

VII.

Ráðherra skal setja á fót óháða nefnd sem úrskurða skal í ágreiningsmálum um verð í viðskiptum með aflaheimildir kjósi ráðherra eða sveitarstjórnir að beita forleigurétti sínum. Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa.

VIII.

Ráðherra skal skipa nefnd sem athuga skal mögulegar aðgerðir til að stuðla að frekari fullvinnslu sjávarafla hér á landi. Nefndin skal skila áliti sínu til ráðherra fyrir 1. desember 2011.

IX.

Skipa skal nefnd með fulltrúum forsætis-, sjávarútvegs- og landbúnaðar- og fjármálaráðherra undir forustu þess síðasttalda sem falið verður það verkefni að móta heildstæða stefnu um framtíðarfyrirkomulag skattlagningar í sjávarútvegi. Verður þar horft til þess hvað sé eðlilegt endurgjald fyrir aðgang að hinni sameiginlegu auðlind og þar á meðal hvernig útfæra megi sérstakan skatt eða álag á veiðigjald þegar aðstæður eru með þeim hætti að hreinn hagnaður samkvæmt árgreiðsluaðferð Hagstofu Íslands er yfir tilteknum mörkum, t.d. 10 milljörðum kr. Jafnframt skal nefndin skoða hvort rétt sé að hreinn hagnaður sem sprettur af viðskiptum með veiðiheimildir verði skattlagður eftir því sem slík viðskipti eru áfram heimil.

Nefndin skal taka mið af þeim breytingum sem fólgnar eru í lögum þessum, svo og lögum um breytingar á stjórn fiskveiða sem sett eru samhliða þessum lögum. Einnig skal hún hafa hliðsjón af niðurstöðu greiningar á hagrænum áhrifum fyrirhugaðra breytinga á sjávarútveginn og ljúka störfum fyrir 1. október 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér skal lögð á það áhersla að í frumvarpi þessu er höfð hliðsjón af skýrslu vinnuhóps um endurskoðun á stjórn fiskveiða sem lokið var í september á sl. ári. Frumvarpið er unnið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, undir formerkjum mjög viðamikils samráðs milli stjórnarflokkanna. Að því samráði komu sex stjórnarþingmenn allt frá því í nóvember 2010, ásamt fjórum ráðherrum sem að málum komu á seinni stigum.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs var sett fram stefna um að endurskoða ætti lög um stjórn fiskveiða með það að markmiði að „… fiskveiðar umhverfis landið séu hagkvæmar og skapi verðmæti og störf en

séu jafnframt sjálfbærar og vistvænar …“. Einnig segir að mikilvægt sé að skapa greininni bestu rekstrarskilyrði sem völ er á og treysta þannig rekstrargrundvöllinn til langs tíma, en jafnframt verði leitað sátta um stjórn fiskveiða og að „… gæta atvinnufrelsis og að tryggja að jafnræðis verði gætt við úthlutun afnotaréttarins og aðgengi að hinni sameiginlegu auðlind“.

Með þetta að markmiði og til að skapa vettvang um samráð var skipaður starfshópur um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða sem skilaði áliti í september 2010. Í vinnu hópsins kom fram að fulltrúar töldu að byggja ætti á aflamarks- eða aflahlutdeildarkerfi, en rétt væri að skoða einstaka þætti kerfisins nánar. Við úthlutun aflaheimilda bæri að gæta þjóðhagslegrar hagkvæmni og langtímasjónarmiða til að tryggja afkomu sjávarútvegsins, að hámarka afrakstur auðlindarinnar og tryggja sjálfbæra nýtingu fiskstofna við landið. Þá var lögð áhersla á að huga þyrfti að atvinnufrelsi í greininni sem og að hagsmunaaðilar fengju eðlilegan aðlögunarfrest að breyttu fyrirkomulagi. Meiri hluti starfshópsins taldi að með tilliti til markmiða um „jafnræði og meðalhóf [væri] rétt að endurskoða fiskveiðistjórnunarkerfið með sjálfstæðri löggjöf sem [tæki] hliðsjón af auðlindastefnu almennt er [byggðist] á hugmyndum um samningaleið“. Því var lagt til að „gerðir [yrðu] samningar um nýtingu aflaheimilda og þannig gengið formlega frá því að auðlindinni [væri] ráðstafað af ríkinu gegn gjaldi og að eignarréttur ríkisins [væri] skýr“. Mælt er með að „aflaheimildum verði skipt í „potta“ þar sem annars vegar eru aflahlutdeildir og hins vegar bætur og ívilnanir“. Tilgangur þeirrar leiðar, en pottar eru í þessu frumvarpi nefndir hlutar, er fyrst og fremst að tryggja réttlátari skiptingu og dreifingu aflaheimildanna.

Til að koma til móts við sjónarmið um atvinnufrelsi er í frumvarpinu áhersla á málefni nýliða. Grunnhugmyndin er að búa þeim möguleika til að komast inn í atvinnugreinina. Það er hins vegar undir þeim sjálfum komið hvernig þeir möguleikar eru nýttir. Ný ákvæði um strandveiðar, þar sem tryggt er að eigandi þurfi að vera lögskráður á bát, munu koma í veg fyrir útgerð fleiri en eins báts í eigu sama aðila og þar með auka möguleika nýliða í því kerfi. Aukning afla í strandveiðikerfinu ásamt byggðahluta mun einnig stuðla að þessu markmiði. Tiltekið er að ef nýtt fyrirkomulag er virkjað muni sveitarfélög geta styrkt sérstaklega stöðu nýliða í sinni heimabyggð. Þá er einnig gert ráð fyrir að nýliðar hafi forgang að forleigðum heimildum og jafnframt verður mögulegt að umbreyta heimildum í leiguhluta í nýtingarsamninga fyrir nýliða. Jafnframt mun leiguhluti rýmka aðgengi nýra aðila. Takmörkun á heildarmagni sem hver aðili getur boðið í úr leiguhluta mun einnig tryggja réttlátari dreifingu heimilda. Sveitarfélög munu geta gefið nýliðum forgang við úthlutun heimilda úr byggðahluta, kjósi þau svo.

Í frumvarpinu er lagt til í bráðabirgðaákvæði að lög um stjórn fiskveiða verði endurskoðuð á sjönda ári frá gildistöku nýrra laga. Þá hafa þær kerfisbreytingar sem hér eru lagðar til fest sig í sessi og hægt verður að taka mið af reynslunni við endurskoðunina. Tímabundinn nýtingarréttur eins og hér er lagður til er grundvöllur þeirrar umgjörðar sem þá er nauðsynleg.

Með framangreinda stefnu og skýrslu starfshópsins að leiðarljósi má segja að meginatriði frumvarpsins séu eftirfarandi:

– Áfram verði lögfest að nytjastofnar á Íslandsmiðum verði þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögunum. Óheimilt verði að selja auðlindina eða láta varanlega af hendi. Með sérstökum samningi megi veita einstaklingum og lögaðilum tímabundinn rétt til afnota eða hagnýtingar á auðlindinni gegn gjaldi.

- Úthlutun veiðiheimilda og gerð samninga um nýtingarleyfi á aflaheimildum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.
- Samningar um nýtingarleyfi á aflaheimildum verði í upphafi að jafnaði til 15 ára og nýtingarleyfishafi á rétt á viðræðum um endurskoðun og hugsanlega framlengingu samnings.
- Samningshafar eiga ekki óskoraðan rétt á framlengingu samnings.
- Komi til framlengingar á nýtingarsamningum skal hún vera átta ár.
- Með gerð tímabundinna nýtingarsamninga er rofið hið meinta eignarréttarlega samband veiðiheimilda og það er tvímælalaust mikilvægasta atriðið sem þetta frumvarp felur í sér.
- Bann verði lagt við veðsetningu á aflahlutdeild og réttindum á grundvelli nýtingarsamninga um aflahlutdeild. Gera þarf breytingar á ýmsum lögum til að tryggja þetta, sbr. frumvarp sem lagt verður fram samhliða þessu frumvarpi.
- Aflaheimildum sé skipt í tvo flokka, flokk 1, nýtingarsamninga, og flokk 2, sem síðan skiptist í svokallaða „hluta“. Áætlað er að allt að 15% þorksígilda séu í lok 15 ára samningstíma í flokki 2. Þó gilda sérreglur um þorsk, ýsu, ufsa og steinbít.
- Sérreglur um þorsk, ýsu, ufsa og steinbít gera ráð fyrir að eingöngu aukning aflamarks verði flutt til flokks 2. Af aukningu aflamarks renni 55% til flokks 1 og 45% til flokks 2 þar til leyfilegur heildarafli þessara fisktegunda fer yfir meðalafla fiskveiðiáranna 1990/1991–2010/2011. Þegar þeim afla er náð skulu 50% aukningar umfram það magn renna til flokks 1 og 50% til flokks 2.
- Hlutir undir flokki 2 eru þessir: a. strandveiðihluti; b. byggðahluti; c. leiguhluti; d. línuívilnunarhluti; e. bótahluti.
- Veiðigjald verði tvöfaldað frá því sem nú er.
- Gert er ráð fyrir að tekjur af veiðigjaldi skiptist þannig að 50% renni í ríkissjóð, 30% til sjávarbyggða og 20% til þróunar- og markaðsmála í sjávarútvegi.
- Varanlegt framsal aflaheimilda er bannað. Þó er í bráðabirgðaákvæði til 15 ára heimild til varanlegs framsals, með þeim takmörkunum að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eigi, f.h. ríkissjóðs, sem og sveitarfélög, skýran forleigurétt. Framsal innan sömu útgerðar verði þó heimilt, án þess að forleiguréttur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og sveitarfélaga eigi við. Við ákvörðun um hvort forleiguréttur sé nýttur skal gæta að jafnræði, byggðasjónarmiðum og hagkvæmri nýtingu auðlindarinnar.
- Framsal á aflamarki verði takmarkað innan fiskveiðiársins við 25% og réttindi til framsals verði áunnin með veiðum.
- Kvótaþingi verði komið á laggirnar á nýjan leik.
- Þær breytingar eru lagðar til á fyrirkomulagi byggðakvóta að sveitarfélögum verði gefinn sá kostur að úthluta veiðiheimildum sem þeim falla í hlut.
- Gildistími frumvarps þessa er 23 ár sem samsvarar tíma upphafssamnings auk einnar framlengingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með 1. mgr. er tekið af skarið um að nytjastofnar á Íslandsmiðum eru auðlind í þjóðareign. Löggjafinn er bær til að ráðstafa auðlindum sjávar með þeim hætti sem lagt er til í krafti valdheimilda sinna og á grundvelli fullveldisréttar síns. Skv. 2. og 3. málsl. er ráðherra heimilað að veita einstaklingum eða lögaðilum tímabundinn rétt til afnota eða hagnýtingar á auð-

lindinni gegn gjaldi. Nánar er mælt fyrir um tímalengd samninga, réttindi og skyldur aðila og þess háttar í 6. gr. frumvarpsins. Í lokamálslið 1. mgr. er áréttað að óheimilt sé að selja auðlindina eða láta varanlega af hendi. Þetta ræðst af því að auðlindin er þjóðareign sem ekki verður varanlega látin af hendi.

Eignarréttarleg staða handhafa réttinda samkvæmt samningi um tímabundinn rétt til afnota eða hagnýtingar á auðlindinni er slík að þau réttindi eru varin af 72. gr. stjórnarskrárinnar, með þeim almennu takmörkunum sem löggjafanum er heimilt að setja. Því er ekki um að ræða bein eignarréttindi. Þeim réttindum eru settar almennar skorður með lögum og samningum, svo sem með banni við veðsetningu sem lagt er til að verði fært í lög með frumvarpi sem lagt verður fram samhliða frumvarpi þessu. Hins vegar er áréttað að gerð slíkra samninga felur með engum hætti í sér óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Markmið laganna skv. 2. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Nokkrar grundvallarbreytingar felast í þessari grein. Í núverandi lögum er kveðið á um að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skuli ákveða heildarafla að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, en í frumvarpinu segir einnig: „Ráðherra getur gripið til annarra jafngildra ráðstafana til að veiðar séu með sjálfbærum og ábyrgum hætti.“ Í þessu felst að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur beitt öðrum aðferðum við fiskveiðistjórn en úthlutun heildaraflamarks, svo sem sóknarstýringu.

Önnur grundvallarbreyting er sú að allur áætlaður afli skv. 1.–6. tölul. 4. mgr. þessarar greinar skal dragast frá heildaraflamarki áður en til úthlutunar kemur.

Einnig felst í þessu ákvæði sú grundvallarbreyting að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi heimild til að ákvarða skiptingu úthlutaðs afla í tvo flokka, flokk nýtingarsamninga um aflaheimildir (flokkur 1) og flokk sem nær til úthlutunar utan nýtingarsamninga (flokkur 2). Hér er um að ræða útfærslu á svokallaðri „pottaleið“ sem fjallað er um í skýrslu endurskoðunarnefndarinnar og nefndin mælti með.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði heimilt að ákveða tilfærslu heildaraflamagns milli flokka 1 og 2. Skal tilfærsla milli flokka á fisktegundum, að undanskildum þorski, ýsu, ufsa og steinbít, en um þær tegundir gilda sérreglur, gerast í áföngum á 15 ára tímabili. Í lok tímabilsins verða að jafnaði 85% þorskígilda í flokki 1, með fyrirvara um aðrar aðgerðir og sérreglur er frumvarp þetta felur í sér.

Hér á eftir fer nánari lýsing á fyrirkomulaginu:

I. Flokkur 1: Nýtingarsamningar.
II. Flokkur 2: Aflamagn sem úthlutað er án nýtingarsamninga sem ráðstafað er í eftirtalda hluta:
   a. Strandveiðihluta.
   b. Byggðahluta.
   c. Leiguhluta.
   d. Línuívilnunarhluta.
   e. Bótahluta.

Skipting milli flokka 1 og 2 skal gerast þannig að á því fiskveiðiári þegar nýtt fyrirkomulag tekur gildi skulu 4% af þorskígildum þeirra fisktegunda sem sjávarútvegs- og

landbúnaðarráðherra úthlutar heildarafla í renna til flokks 2, að undanskildum afla í þorski, ýsu, ufsa og steinbít, en um hann gilda sérreglur. Á næstu fjórtán fiskveiðiárum þar á eftir skulu 0,79% af þorskígildum flytjast úr flokki 1 í flokk 2 á hverju ári þar til 85% þorskígilda fisktegunda, annarra en þorsks, ýsu, ufsa og steinbíts, eru í flokki 1 og 15% í flokki 2 að jafnaði.

Skipting þorsks milli flokka 1 og 2 skal vera sem hér segir: Verði leyfilegur heildarafli þorsks fyrir fiskveiðiár meiri en 160.000 lestir skulu 55% aukningarinnar renna til flokks 1 og 45% til flokks 2 þar til leyfilegur heildarafli þorsks fer yfir meðalafla fiskveiðiáranna 1990/1991–2010/2011. Þegar þeim afla er náð skulu 50% aukningar umfram það magn renna til flokks 1 og 50% til flokks 2.

Skipting ýsu milli flokka 1 og 2 skal vera sem hér segir: Verði leyfilegur heildarafli ýsu fyrir fiskveiðiár meiri en 50.000 lestir skulu 55% aukningarinnar renna til flokks 1 og 45% til flokks 2 þar til leyfilegur heildarafli ýsu fer yfir meðalafla fiskveiðiáranna 1990/1991–2010/2011. Þegar þeim afla er náð skulu 50% aukningar umfram það magn renna til flokks 1 og 50% til flokks 2.

Skipting ufsa milli flokka 1 og 2 skal vera sem hér segir: Verði leyfilegur heildarafli ufsa fyrir fiskveiðiár meiri en 50.000 lestir skulu 55% aukningarinnar renna til flokks 1 og 45% til flokks 2 þar til leyfilegur heildarafli ufsa fer yfir meðalafla fiskveiðiáranna 1990/1991–2010/2011. Þegar þeim afla er náð skulu 50% aukningar umfram það magn renna til flokks 1 og 50% til flokks 2.

Skipting steinbíts milli flokka 1 og 2 skal vera sem hér segir: Verði leyfilegur heildarafli steinbíts meiri en 12.000 lestir skulu 60% aukningarinnar renna til flokks 1 og 40% til flokks 2 þar til leyfilegur heildarafli steinbíts fer yfir meðalafla fiskveiðiáranna 1990/1991–2010/2011. Þegar þeim afla er náð skulu 50% aukningar umfram það magn renna til flokks 1 og 50% til flokks 2.

Allur þorskur og ufsi sem þannig rennur til flokks 2 skal fyrst fara í strandveiðihluta þar til 2.400 lestir af þorski og 600 lestir af ufsa hafa bæst við strandveiðihluta. Þorskur og ufsi sem til flokks 2 rennur umfram þetta skal ráðstafast til byggðahluta þar til 6.000 lestir af þorski og 800 lestir af ufsa hafa bæst við byggðahluta.

Allur ýsuafli sem rennur til flokks 2 skal ráðstafast í byggðahluta þar til 1.200 lestir af ýsu hafa bæst við byggðahluta.

Er 2.400 lestir af þorski og 600 lestir af ufsa hafa bæst við strandveiðihluta, sem og 6.000 lestir af þorski, 800 lestir af ufsa og 1.200 lestir af ýsu við byggðahluta, skulu allar viðbótaraflaheimildir í flokki 2 af þessum fisktegundum renna til leiguhluta.

Allar aflaheimildir annarra fisktegunda en þorsks, ýsu og ufsa, sem renna til flokks 2 á hverju fiskveiðiári, skulu ráðstafast í leiguhluta.

Til nánari útskýringar á hlutum í flokki 2:

a. Strandveiðihluti.

Til þessa hluta renna í upphafi 6.000 lestir af óslægðum botnfiski eins og tiltekið er í 6. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sbr. 10. gr. frumvarps þessa. Þar að auki rennur til þessa hluta það magn af þorski og ufsa sem bætist við flokk 2 á hverju fiskveiðiári og tiltekið er hér á undan þar til 2.400 lestir af þorski og 600 lestir af ufsa hafa bæst við strandveiðihlutann. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að aukning aflamagns í strandveiðihluta geti runnið til flokks minni skipa með strandveiðileyfi. Landaður afli annarra fisktegunda en þorsks og ufsa í strandveiðum skal dreginn af hluta c-liðar í flokki 2, leiguhluta.

b. Byggðahluti.

Til þessa hluta rennur óbreytt það aflamagn sem tiltekið er í 10. gr. gildandi laga, sbr. 14. gr. frumvarpsins, þ.e. magn í núverandi byggðakvóta. Þar að auki rennur til þessa hluta það magn af þorski og ufsa sem bætist við flokk 2 á hverju fiskveiðiári og tiltekið er hér á undan þar til 6.000 lestir af þorski og 800 lestir af ufsa hafa bæst við byggðahlutann. Að auki rennur til þessa hluta sú aukning á ýsuafla í flokki 2 sem tiltekin er að framan þar til 1.200 lestir af ýsu hafa bæst við.

c. Leiguhluti.

Til þessa hluta skal renna það magn sem til ráðstöfunar er í flokki 2, að undanskildu því magni af þorski, ýsu og ufsa sem ráðstafast til strandveiði- og byggðahluta. Jafnframt getur runnið til þessa flokks aflamark sem til er komið vegna þess að ríkið beiti forleigurétti sínum, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI. Aflaheimildir leiguhluta skulu boðnar upp á kvótaþingi. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákveður í reglugerð nánari útfærslu þessa, svo sem skiptingu magns milli tímabila, landsvæða og útgerðarflokka og það magn sem renna skal til sjóstangaveiðimóta og frístundaveiða, sbr. 9. gr., sem og hámark þeirra aflaheimilda sem hver útgerð getur boðið í á hverju tímabili. Einnig getur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tekið tillit til sérstakra umhverfishvata, t.d. til orkusparnaðar. Til leiguhluta geta einnig runnið heimildir samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VI.

Gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra geti ráðstafað aflaheimildum úr leiguhluta til nýrra nýtingarsamninga.

d. Línuívilnunarhluti.

Til þessa hluta rennur það aflamagn sem til ráðstöfunar er skv. 8. mgr. 15. gr. frumvarps þessa.

e. Bótahluti.

Til þessa hluta rennur það aflamagn sem til ráðstöfunar er, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. frumvarps þessa, skel- og rækjubætur. Í ákvæði til bráðabirgða II er gert ráð fyrir að magn, skel- og rækjubætur, sem ráðstafast samkvæmt þessum hluta falli til byggðahluta að fimm fiskveiðiárum liðnum.

Tekjum af leiguhluta skal ráðstafað með sama hætti og tekjum af veiðigjaldi skv. 28. gr. frumvarpsins. Þó er kveðið á um í ákvæði til bráðabirgða IV að tekjur þessar renni í ríkissjóð fyrstu fimm fiskveiðiárin eftir að lögin taka gildi.

Um 4. og 5. gr.

Ákvæðin eru óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í greininni, sem er nýmæli, er mælt fyrir um hvaða aðilar eigi rétt á samningum um nýtingarleyfi á aflaheimildum, skilyrði sem þeir þurfa að uppfylla sem og tímalengd slíkra samninga og forsendur fyrir framlengingu. Þá er mælt fyrir um að Fiskistofa annist samningsgerð í umboði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Lagt er til að útgerðir, sem úthlutað hefur verið aflahlutdeild og eða krókaaflamarkshlutdeild á fiskveiðiárinu 2010/2011 og uppfylla tiltekin skilyrði eigi rétt á samningum eins og hér eru lagðir til. Byggist þetta m.a. á minnisblaði í fylgiskjali 3 með skýrslu starfshóps um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Meðan samningur er í gildi geta rétthafar nýtt réttindi sín í samræmi við ákvæði samningsins og þau lög sem um fiskveiðistjórn gilda.

Ekki þykir rétt að gera kröfu um ákveðið félagaform. En heimilt er að taka tillit til fjárhagsstöðu útgerðar við samningsgerð og að hlutaðeigandi sé í skilum með greiðslu skatta og opinberra gjalda og hafi gilda kjarasamninga við áhafnir.

Lagt er til að samningar um nýtingarleyfi skuli í upphafi að hámarki vera til 15 ára. Ekki þykir rétt að mæla fyrir um að allir samningar skuli vera til jafnlangs tíma, enda er nauðsynlegt að ákveðið svigrúm verði til staðar, m.a. með tilliti til hve samningagerð reynist tímafrek. Þó er rétt að árétta að fulls jafnræðis skuli gætt. Þannig ber að leysa með sama hætti úr samningum aðila sem eins er ástatt um.

Hafi samningsaðili staðið við allar samningsskuldbindingar sínar skal hann eiga rétt á viðræðum um endurskoðun og hugsanlega framlengingu samnings sem hefjast skulu sex árum fyrir lok gildistíma samnings og ljúka skal eigi síðar en fimm árum fyrir lok gildistíma samnings. Áréttað skal að ekki er um skýlausan rétt til framlengingar samnings að ræða. Rétturinn einskorðast við að aðilar sem staðið hafa við allar samningsskuldbindingar á samningstímanum geti óskað eftir viðræðum um framlengingu.

Sé samningur framlengdur skal sú framlenging vera til átta ára. Tvíþætt skilyrði eru gerð fyrir framlengingu. Í fyrsta lagi er gerður fyrirvari um heimild Alþingis til frekari breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu og í annan stað að aðrar forsendur hafi ekki breyst frá upphaflegri samningsgerð. Ógjörningur er að tilgreina fyrir fram í löggjöf hvaða breyttu forsendur geti valdið því að samningur verður ekki framlengdur, en litið verður til meginreglna samningalaga um brostnar forsendur í þessu sambandi.

Að síðustu er Fiskistofu fengið það hlutverk að annast samningsgerð í umboði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Stjórnsýslulög gilda um ákvarðanir Fiskistofu samkvæmt ákvæði þessu.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er tiltekið að varanlegt framsal aflahlutdeilda er óheimilt. Þó er að finna undantekningar frá því.

Í 1. og 2. tölul. 2. mgr. eru undanþáguákvæði frá 1. mgr. sem kveða á um heimildir til framsals aflahlutdeildar og þær takmarkanir sem þessar undanþágur sæta. Jöfn skipti aflaheimilda eru hér leyfð svo framarlega að þau séu jöfn í þorskígildum talið.

Í 3. tölul. 2. mgr. felst sú breyting að aflahlutdeild verður ekki flutt á milli almenna aflahlutdeildarkerfisins annars vegar og krókaaflamarkskerfisins hins vegar, en samkvæmt gildandi lögum er heimilt að flytja aflaheimildir úr aflahlutdeildarkerfinu til báta með krókaaflamark.

Í 3. mgr. er að finna heimild Fiskistofu til að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflaheimilda og gjaldtöku fyrir þær.

Um 8. gr.

Í greininni er að finna reglur um veðsetningu aflahlutdeilda fiskiskips eða réttindi á grundvelli samnings um nýtingarrétt aflahlutdeildar. Til samræmis við breytingar á gildistíma slíkra réttinda sem felast í öðrum greinum frumvarps þessa eru veðsetningu slíkra réttinda verulegar skorður settar í þeim tilgangi að óbein veðsetning slíkra réttinda á grundvelli 4. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1997, um samningsveð, heyri sögunni til með tíð og tíma án þess þó að hagsmunir veðsala og veðtaka af þeim veðsetningum sem til staðar eru við gildistöku laganna séu fyrir borð bornir.

Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að óheimilt sé með öllu að veðsetja aflahlut-

deild fiskiskips eða réttindi á grundvelli samnings um nýtingarrétt aflahlutdeildar eftir gildistöku laganna.

Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 75/1997, um samningsveð, kemur fram að sá sem taki veðrétt í veiðiskipi taki með sama hætti og eigandi skipsins þá áhættu að hin úthlutuðu nýtingarréttindi verði skert vegna almennra ráðstafana ríkisvaldsins eða þau jafnvel afnumin á gildistíma veðsamnings. Þá er tiltekið að ekki sé ætlunin að hefta svigrúm löggjafans til slíkra almennra ráðstafana þannig að leitt geti af sér bótaskyldu ríkissjóðs, hvorki gagnvart eigendum veiðiskipa né heldur gagnvart þeim sem öðlast hafa takmörkuð réttindi yfir slíkum verðmætum.

Þrátt fyrir framangreind ummæli frumvarpsins er algengt að aflahlutdeild fiskiskipa hafi verið skráð með samningi á skip eða annað veðandlag og séu með því með óbeinum hætti andlag veðsetningar, enda er óheimilt að skilja þessi réttindi frá skipi nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi skipi, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1997, um samningsveð. Í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins er sérstaklega tekið fram að ekki sé mælt fyrir um að slík veðsetning tapi gildi sínu og réttarvernd.

Í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að sú veðsetning sem þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar heldur gildi sínu skv. 2. mgr. hennar sé bundin við þær skuldir sem veðsetningin stóð til tryggingar á við gildistöku laganna. Málsgreininni er ætlað að koma í veg fyrir að tryggingarbréfi sem gefið er út til tryggingar tilteknum skuldum veðsala við veðhafa sé breytt á þann veg að það taki til nýrra skulda og að skuldum sem allsherjarveðsetning taki til fjölgi eftir gildistöku laganna. Ákvæðinu er ekki ætlað að koma í veg fyrir að endurgreiðsluskilmálum skulda sem veðréttur tók til við gildistöku laganna sé breytt. Dómstólum er eftirlátið að meta í hvaða tilvikum skilmálabreytingar skulda feli í raun í sér nýja lántöku sem óheimilt væri að veðsetja réttindi á grundvelli samnings um nýtingarrétt aflahlutdeildar til tryggingar á eftir gildistöku laganna skv. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins er að finna mikilvæga undantekningarreglu sem tekur til endurfjármögnunar skuldar sem tryggð var með veði sem heldur gildi sínu eftir gildistöku laganna skv. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Skilyrði slíkrar veðsetningar er að hin nýja skuld sé ekki hærri en hin eldri skuld og er þá miðað við að höfuðstóll hinnar nýju skuldar jafngildi endurgreiðsluvirði eldri skuldarinnar á þeim degi sem veð til tryggingar henni er fellt niður en ekki upphaflegum höfuðstól eldri skuldarinnar. Líkt og varðandi 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins er dómstólum er eftirlátið að meta í hvaða tilvikum slík endurfjármögnun feli í sér nýja lántöku sem óheimilt væri að veðsetja réttindi á grundvelli samnings um nýtingarrétt aflahlutdeildar til tryggingar á eftir gildistöku laganna skv. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 5. mgr. greinarinnar er óheimilt að skilja aflahlutdeild eða réttindi á grundvelli samnings um nýtingu aflahlutdeildar frá veðsettu skipi eða öðru veðsettu fjárverðmæti, nema með þinglýstu samþykki þeirra aðila sem öðlast hafa veðréttindi í viðkomandi veðandlagi frá 1. janúar 1998. þ.e. frá og með gildistöku laga um samningsveð og fram að gildistöku laga þeirra sem lögð eru til með frumvarpi þessu. Með þessu móti er tryggt að reglan um bann við óbeinni veðsetningu sé ekki afturvirk.

Um 9. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða núgildandi lögum, með eftirfarandi viðbótum.

Samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum Íslands eru frjálsar veiðar tiltekinna fisktegunda til eigin neyslu óheimilar. Þetta hefur fyrst og fremst gildi hvað varðar veiðar á Austur-Atlantshafsbláuggatúnfiski.

Fram til þessa hefur afli veiddur á stangveiðimótum og af ferðaþjónustuaðilum ekki verið dreginn frá leyfilegum heildarafla. Skv. 2. mgr. þurfa þeir aðilar sem standa fyrir stangveiðimótum að leigja heimildir þegar ljóst er hver landaður afli hvers móts er. Gert er ráð fyrir að frá verði tekinn ákveðinn heildarafli til þessa úr leiguhluta.

Í gildandi lögum er aðeins heimilt að fénýta afla veiddan á stangveiðimótum til að standa straum af kostnaði við mótshald. Hér er lagt til að full heimild verði veitt til að fénýta afla, en á móti komi að aðilar þurfi að greiða leigugjald fyrir aflaheimildir, sem og að veiðigjald leggist á landaðan afla.

Um 10. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 6. gr. a gildandi laga, með þeim viðbótum að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að aukning aflamagns í strandveiðum geti runnið til flokks minni skipa með strandveiðileyfi. Minni skip í þessu sambandi teljast skip allt að 3 BT. Skipum sem þannig flokkast til minni fiskiskipa er þó heimilt að tilheyra flokki stærri fiskiskipa með strandveiðileyfi. Ekki er þó um að ræða að mögulegt sé að tilheyra báðum flokkum í senn, né fara á milli flokka eftir að veiðar eru hafnar.

Einnig er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimilt að skipta leyfilegum heildarafla á tímabil í stað mánaða og áréttað er að einungis sé heimilt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila eitt leyfi til strandveiða. Þetta ákvæði stuðlar að meiri aðgangsjöfnuði milli stórra og öflugra strandveiðibáta og lítilla báta í þeim flokki. Jafnframt er lagt til að eigandi fiskiskips skuli vera lögskráður á skip sitt með strandveiðileyfi.

Um 11. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga með þeirri viðbót að gert er að skilyrði fyrir hrognkelsaveiðum í net að hrognkelsi séu meiri hluti landaðs heildarafla hlutaðeigandi krókaaflamarksbáts. Þetta er gert til að koma í veg fyrir aðrar beinar veiðar séu stundaðar á grundvelli hrognkelsaleyfis krókaaflamarksbáts.

Um 12. gr.

Greinin er að hluta samhljóða 8. gr. gildandi laga en þó með tveimur viðbótum. Í 2. mgr. kemur fram að veiðiheimildum í flokki 1 á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af, skuli úthlutað til einstakra skipa, að því tilskildu að viðkomandi útgerð hafi gert samning við stjórnvöld um nýtingarleyfi á aflahlutdeild. Þykir nauðsynlegt að setja samning um nýtingarleyfi á aflahlutdeild sem skilyrði fyrir úthlutun aflahlutdeildar.

Um langt skeið hefur það verið tíðkað að nýta hluta aflaheimilda til ýmiss konar jöfnunaraðgerða, ívilnana og uppbóta. Þetta á þó eingöngu við um fjórar fisktegundir, þ.e. þorsk, ýsu, ufsa og steinbít, og þeir aðilar sem þar hafa átt hlutdeild óneitanlega fengið minna í hlut sem því nemur. Þetta hefur því verið umdeilt fyrirkomulag, en það á rætur sínar að rekja til lagasetningar sem flestir þingflokkar hafa komið að með einhverjum hætti. Hér er sett fram tillaga um sanngjarnara fyrirkomulag þessara tilfærslna, með því að miða útreikning út frá heildarþorskígildum, sem tryggir þátttöku allra aflahlutdeildarhafa, en ekki á grundvelli úthlutana á fjórum fisktegundum eins og nú er miðað við. Gert er ráð fyrir að þær útgerðir sem ekki ná, innan tveggja mánaða, að skila sínum hluta í þessar sameiginlegu ráðstafanir sæti ákvörðunum um gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Framkvæmd þessarar jöfnunaraðgerðar yrði sett fram í reglugerð af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Til nánari skýringar vísast að öðru leyti til frumvarps til laga sem Einar K. Guðfinnsson, Ásbjörn Óttarsson og Gunnar Bragi Sveinsson voru flutningsmenn að, sjá nánar þskj. 808, 468. mál, á 138. löggjafarþingi 2009–2010.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga með þeirri viðbót að gert er samsvarandi skilyrði um gerð samninga um nýtingarleyfi aflaheimilda og í 12. gr. að framan. Vísast til umfjöllunar um 12. gr. hvað þetta skilyrði varðar.

Jafnframt er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimilt, sem er nýlunda, að taka mið af stærð eða gerð skips, veiðiaðferð, búnaði, svæðum, heimahöfn og útbreiðslu stofna þegar aflahlutdeild vegna nýrra stofna er úthlutað. Við úthlutun aflahlutdeildar skal jafnframt ávallt vera fyrir hendi nýtingarsamningur við stjórnvöld.

Í þessari grein er einnig heimild til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að beita tímabundið öðrum aðferðum fiskveiðistjórnunar, svo sem að úthluta veiðidögum.

Um 14. gr.

Núgildandi ákvæði um aðstoð við byggðir í lögum um stjórn fiskveiða hafa verið framkvæmd þannig í stuttu máli að ákvæði hafa tekið til skel- og rækjubóta og síðan til sérstakra úthlutana aflaheimilda til minni byggða, sem úthlutað hefur verið á einstök skip. Sveitarfélög hafa átt þess kost að móta sérreglur við þessar úthlutanir, en annars hefur verið stuðst við almennar reglur sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gefur út. Reynslan af stjórnsýslulegri framkvæmd þessa ákvæðis hefur verið misgóð og er umdeild.

Í þessari grein er sveitarstjórnum gefinn sá kostur að velja á milli úthlutunarreglna ráðuneytisins eins og þær birtast í reglugerð hverju sinni eða nýs fyrirkomulags. Þetta fyrirkomulag felur í sér að byggðarlögum er gefið sérstakt númer í kerfi Fiskistofu sem aflaheimildum byggðarlags er úthlutað til. Samkvæmt því er það sveitarstjórn sem úthlutar aflaheimildum til fiskiskipa, með sérstakri 100% framsalsheimild, en þau skilyrði eru sett að þau eigi heimahöfn á viðkomandi stað, útgerð eigi þar heimilisfesti og aflanum sé landað þar til vinnslu. Vinnsla telst vera öll sú meðhöndlun fisks sem er umfram slægingu og ísun. Þetta fyrirkomulag gefur sveitarstjórnum ákveðið svigrúm til að stuðla að framgangi ýmissa atriða eins og nýliðunar í greininni og stuðnings við kvótalitlar útgerðir eða ákveðinna veiðiaðferða og útgerðarflokka, t.d. línu- og handfæraveiða. Þá gefst einnig sá möguleiki að sveitarstjórnir veiti aflaheimildir til úrlausnar ákveðnum vandamálum sem kunna að felast í meðafla við ákveðnar veiðar, svo sem við grásleppuveiðar. Gerð er skýr krafa til sveitarstjórna um gagnsæi, jafnræði og málefnaleg sjónarmið við þessa úthlutun á aflaheimildum. Útgerðum sem fá þessar heimildir er óheimilt að framselja þær.

Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir birti tillögur sínar um úthlutun með aðgengilegum hætti fyrir almenning, t.d. á vefsíðu viðkomandi sveitarstjórnar, a.m.k. sjö dögum áður en tillagan er tekin til formlegrar samþykktar á fundi sveitarstjórnar. Að samþykkt lokinni skulu úthlutunarreglur svo birtar með formlegum hætti í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 15. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga, þó með þeirri viðbót að við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: „Tilfærsla úr einstakri botnfisktegund getur þó

aldrei orðið meiri en 30% af aflamarki skips í viðkomandi tegund.“ Tegundatilfærslur eru nauðsynlegar vegna meðafla og til að koma í veg fyrir brottkast. Þó er lagt til að hámark tilfærslna úr tegundum verði sett í lög. Þekkt er að vissar tegundir eru mikið nýttar til tilfærslna umfram aðrar. Dæmi eru um að allt að 80% af heildaraflamarki slíkrar tegundar séu ekki veidd en þess í stað breytt í aðrar tegundir. Tekur þessi breyting mið af skýrslu starfshóps um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Í 9. mgr. er að finna nýtt ákvæði sem heimilar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skipta VS-afla niður á tímabil. Við þá skiptingu getur hann m.a. tekið tillit til árstíðabundinna veiða. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur í reglugerð ákveðið að skylt sé að vinna einstakar tegundir uppsjávarfisks til manneldis. Í núgildandi lögum er heimilt að setja 70% vinnsluskyldu (til manneldis) á uppsjávarafla. Hér er lagt til að þetta hámarkshlutfall verði hækkað í 85%. Hækkunin er rökstudd með þeirri meginstefnu að ákveðnar uppsjávarfisktegundir skuli fyrst og fremst nýta til manneldisvinnslu.

Loks er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra veitt heimild til að flytja til næsta fiskveiðiárs þær aflaheimildir sem eftir standa í lok tímabils, enda hafi allar heimildir til flutnings milli ára og tegunda verið fullnýttar útgerð skips. Þetta skal þó eingöngu gilda ef ákvæði í alþjóðasamningum kveða ekki á um annað. Flutningur er þó ávallt háður umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Þeim aflaheimildum sem þannig flytjast með þessum hætti milli ára getur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra úthlutað til flokks 2, skv. c-lið, leiguhluta.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Greinin er að mestu leyti efnislega samhljóða 13. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að nú hefur verið tekið upp hugtakið samstarf um yfirráð í 2. tölul. 4. mgr. í stað hugtaksins „raunveruleg yfirráð“. Við framkvæmd gildandi laga hafa komið í ljós erfiðleikar við að staðreyna að um tengda aðila sé að ræða þar sem kveðið er á um raunveruleg yfirráð. Þannig sýnir reynslan að jafnvel þótt sterkar vísbendingar séu til staðar, svo sem veruleg eignatengsl (þó undir 50%), samstarf, sami maður í lykilstöðu í tveimur fyrirtækjum o.s.frv., þá hefur Fiskistofa ekki talið gerlegt, gegn andmælum aðila, að sanna að um raunveruleg yfirráð sé að ræða.

Af þessum sökum er lagt til í þessari grein, að sú breyting sem gerð var á lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, sbr. lög nr. 22/2009, sé einnig gerð hér. Þar er farin sú leið að leggja áherslu á samstarf milli aðila og sönnunarbyrði snúið við, þannig að þegar aðstæður eru með tilteknum hætti beri að líta svo á að um samstarf sé að ræða nema sýnt sé fram á hið gagnstæða.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 14. gr. gildandi laga, þó að teknu tilliti til hugtaksins „samstarf um yfirráð“, sbr. umfjöllun um 17. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga. Ákvæði 5. og 6. mgr. þeirrar greinar, um veiðiskyldu falla þó niður. Þá er gerð sú breyting á 7. mgr. þeirrar greinar að á hverju fiskveiðiári verði heimilt að flytja af fiskiskipi 25% þess aflamarks sem skipi var úthlutað

í þorskígildum í stað 50% heimildar gildandi laga. Heimild til framsals skal áunnin með veiðum, þó er unnt strax í upphafi veiðiárs að framselja 5%. Jöfn skipti á aflaheimildum, í þorskígildum talið, verða áfram án sérstakra takmarkana. Er þetta í samræmi við niðurstöður starfshóps um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Heimild til framsals skapast þannig að hafi skip fengið úthlutað aflaheimildum á fiskveiðiárinu sem svarar til 100 tonna skal útgerð skipsins frjálst að framselja 5 tonn í upphafi fiskveiðiárs, áður en skip hefur veiðar og þar til það hefur veitt alls 20 tonn á fiskveiðiárinu. Eftir að skip hefur veitt 20 tonn skapast að nýju heimild til framsals í hlutfalli við veiddan afla að frádregnum þeim tonnum sem þegar hafa verið framseld.

Veiddur afli	Framseljanlegar heimildir
0–20 tonn	5 tonn
20–75 tonn	5–25 tonn

Skip sem hafði í upphafi fiskveiðiársins 100 tonna aflaheimildir í viðkomandi fisktegund getur því aldrei framselt meira en 25 tonn á því fiskveiðiári og þarf að lágmarki að veiða 75 tonn. Þetta þýðir jafnframt að þótt keyptar séu viðbótaraflaheimildir af fisktegundinni til skipsins getur framsal aldrei orðið meira en 25 tonn innan fiskveiðiársins. Útreikningur á leyfðu framsali miðast því ætíð við upphafsstöðu fiskveiðiársins.

Þrengingu framsalsréttar frá núgildandi lögum er ætlað að stuðla að því að skip veiði sínar úthlutuðu aflaheimildir. Á hinn bóginn er mikilvægt að viðhaldið sé svigrúmi til hagræðingar sem og að útgerðir geti brugðist við breyttum aðstæðum og því er takmarkað framsal enn leyft. Einnig þarf að hafa í huga að nokkuð er um að minni útgerðir án aflaheimilda treysti á það að leigja til sín heimildir og með þessu ákvæði má ætla að nokkuð sé komið til móts við þær, ásamt heimildum sem samkvæmt þessu frumvarpi renna til flokks 2, skv. c-lið, leiguhluta, sem munu nýtast þeim.

Lögð er til sú breyting að óheimilt er að flytja aflamark milli skipa sem eru í krókaaflamarkskerfi og aflamarkskerfi. Í núgildandi lögum er heimild til að flytja aflamark frá skipum í aflamarkskerfi til skipa í krókaaflamarkskerfi, en ekki öfugt. Er þetta gert þar sem veiðiskylda er afnumin og það sem kann að vera eftir af óveiddum heimildum innan hvors kerfis um sig fellur til ríkisins við lok veiðitímabils, sbr. lokamálsgrein 15. gr.

Um 20. gr.

Þessi grein er óbreytt frá fyrri lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hljóta veiðileyfi í atvinnuskyni skv. 5. gr., skulu halda sérstakar rafrænar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til. Skal með reglugerð kveða nánar á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra, undanþágur frá rafrænni afladagbók og skil til Fiskistofu. Með þessari breytingu er verið að árétta það að skip haldi rafrænar afladagbækur.

Í 3. málsl. 3. mgr. er áréttuð nauðsyn þess að kaupsamningar og leigusamningar á fiskveiðiskipum eða aðrar breytingar á útgerðaraðild skuli vera þinglýstir.

Um 22. gr.

Í þessari grein er verið að skerpa á framkvæmd eftirlits Fiskistofu sem ekki þarfnast frekari skýringa.

Um 23. og 24. gr.

Þessar greinar eru óbreyttar frá fyrri lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á veiðigjaldi, jafnt forsendum sem og heildargjaldtöku.

Lagt er til að hætt verði að framreikna kostnað af launum, olíu og öðrum rekstrargjöldum vegna útreikninga á framlegð eins og nú er gert. Þess í stað verði notað nýjasta framlegðarhlutfall sem birt er af Hagstofu Íslands. Þetta framlegðarhlutfall er byggt á ársreikningum útgerðarfyrirtækja sem Hagstofan safnar, vinnur úr og birtir. Meginhagræðið við þessa breytingu er að nýjustu opinberu tölur um framlegð eru ætíð notaðar. Í greininni er jafnframt er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra geti tekið tillit til mismunandi framlegðar útgerðarflokka.

Ljóst er að afkoma útgerðarflokka er afar misjöfn og telja verður sanngjarnt að hægt sé að taka tillit til þess við ákvörðun veiðigjalds.

Í frumvarpinu er lögð til tvöföldun á veiðigjaldi úr 9,5% í 19%. Með þessari hækkun er talið að komið sé til móts við þau sjónarmið að þjóðin eigi að njóta meiri hlutdeildar í þeim arði sem auðlindir sjávar gefa.

Hér fylgir dæmi um útreikning veiðigjalds árið 2010/11:

Fiskistofa reiknar aflaverðmæti frá 1. maí 2009 til 30. apríl 2010 (A). Aflaverðmæti er margfaldað með síðasta birta framlegðarhlutfalli í fiskveiðum frá Hagstofu Íslands sem er verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) í hlutfalli af tekjum (B). Nýjasta hlutfall sem Hagstofan hafði birt þegar veiðigjald ársins 2010/2011 var reiknað var hlutfall ársins 2008 sem var 25%. Upphæðin sem fæst með að margfalda aflaverðmæti með framlegðarhlutfalli er reiknuð framlegð (A*B) og myndar grunn fyrir veiðigjald. Fiskistofa reiknar þau þorskígildi sem mynduðu aflaverðmætið sem að framan greinir (C). Í reiknaða framlegð er deilt með þeim þorskígildum ((A*B)/C)). Veiðigjald er 19% af þessari reiknuðu fjárhæð (D) og er lagt á úthlutaðar veiðiheimildir fiskveiðiársins eða landaðan afla ef við á sem krónur á þorskígildiskíló (((A*B)/C)*D).

Aflaverðmæti 1. maí 2009 – 30. apríl 2010 (Fiskistofa)	128.748.644.396	kr.	A
Nýjasta framlegðarhlutfall (Hagstofa)	25%		B
Reiknuð framlegð	32.187.161.099	kr.	= A*B
Afli í þorskígildiskílóum á bak við aflaverðmæti (Fiskistofa)	471.841.115	þorskígildiskg	C
Viðmið til útreiknings veiðigjalds	68,22	kr./þorskígildiskg	= (A*B)/C
Veiðigjaldsprósenta	19%		D
Veiðigjald á hvert þorskígildiskíló til álagningar fiskveiðiárið 2010/11	12,96	kr./þorskígildiskg	= ((A*B)/C)*D

Um 26. gr.

Þessi grein er óbreytt frá fyrri lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Þessi grein er óbreytt frá fyrri lögum að öðru leyti en því að tekið er tillit til þeirra aðstæðna ef stjórn veiða fer fram með öðrum hætti en um getur skv. 1. málsl. 2. mgr. 26. gr. en þá er gjalddagi 1. október ár hvert.

Um 28. gr.

Núgildandi ákvæði um veiðigjald gera ráð fyrir að allar tekjur af gjaldinu renni til ríkissjóðs. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að 50% tekna af veiðigjaldi renni í ríkissjóð, 30% veiðigjaldsins verði ráðstafað eftir tilteknu skiptihlutfalli til sveitarfélaga og 20% séu nýtt með það að markmiði að styrkja rannsóknir, þróun, nýsköpun og markaðsmál í íslenskum sjávarútvegi. Með þessu er stefnt að meiri sátt um ráðstöfun veiðigjalds og komið til móts við þau sjónarmið að eðlilegt sé að sjávarbyggðir njóti sanngjarns hlutar af arðinum af auðlindinni.

Gert er ráð fyrir að helmingur af hluta landshluta af veiðigjaldi skiptist jafnt á milli þeirra. Hinn helmingurinn skiptist milli sjö landshluta, án höfuðborgarsvæðisins, í hlutfalli við verðmæti landaðs afla að frádregnum afla vinnsluskipa sl. fimmtán ár, allt reiknað á sama verðlagi. Með því að hluti tekna renni til sjávarbyggða utan höfuðborgarsvæðisins er áréttað mikilvægi sjávarútvegs fyrir þær byggðir umfram höfuðborgarsvæðið í atvinnulegu tilliti. Tekjur hvers landshluta skiptist síðan þannig milli sveitarfélaga innan landshlutans að þær renni til hvers sveitarfélags í sama hlutfalli og hlutfall sveitarfélagsins var í reiknuðu aflaverðmæti landshlutans á þann veg sem gert er í b-lið.

Um 29.–31. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá fyrri lögum og þarfnast ekki frekari skýringa. Þó er sú breyting lögð til í 2. mgr. 30. gr. að sektarfjárhæðir þrefaldist frá núgildandi lögum, enda hafa þær verið óbreyttar um nokkurt skeið.

Um 32. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er kveðið á um að réttindi útgerðar falli niður náist ekki samningar fyrir tiltekinn tíma.

Ljóst má vera t.d. að ef útgerð hafnar samningum, vegna hækkunnar veiðigjalds eða annarra sambærilegra tilvika getur slík höfnun ekki flokkast undir ástæðu sem stjórnvöldum verður kennt um.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Bráðabirgðaákvæði þetta er sambærilegt við ákvæði til bráðabirgða I í núgildandi lögum og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Eðlilegt er að skýrt sé kveðið á um endurskoðun laganna strax og nokkur reynsla er komin af þeim, þ.e. á sjöunda ári.

Um ákvæði til bráðabirgða VI.

Í a-lið 1. mgr. er að finna mikilvægt ákvæði um forleigurétt sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs. Er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ætlað töluvert svigrúm við ákvörðun um hvort hann nýtir forleiguréttinn. Þó verður að gera ráð fyrir að hann gæti ávallt jafnræðis við slíka ákvörðunartöku og að baki henni liggi byggðasjónarmið og/eða önnur málefnaleg sjónarmið. Einnig er kveðið á um hvernig verð skuli ákveðið þegar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra nýtir forleiguréttinn. Gert er ráð fyrir að hann geti nýtt forleigurétt á því verði sem samningur kveður á um, eða á verði sem sett er í reglugerð fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs, hvort verðið sem lægra er. Verð samkvæmt reglugerð mun taka mið af verði landaðs afla sem og markaðsverði á leigðu aflamarki.

Í b-lið 1. mgr. er að finna ákvæði sem veitir sveitarfélögum forleigurétt falli ríkissjóður frá sínum forleigurétti.

Í c-lið 1. mgr. er að finna ákvæði um fyrirkomulag framsals og hlutverk Fiskistofu.

Í d-lið 1. mgr. koma fram heimildir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til ráðstöfunar á forleigðri aflaheimild. Samkvæmt frumvarpinu verður heimilt að taka sérstaklega tillit til mögulegrar nýliðunnar í atvinnugreininni við úthlutun hlutdeilda. Jafnframt er tiltekið að framsal aflahlutdeilda og aflamarks milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila sæti ekki takmörkunum skv. a-lið 1. mgr.

Áréttað skal að aðilar geta ekki byggt væntingar á bráðabirgðaákvæði þessu um að aflaheimildir hafi framsalsverðmæti eftir að það fellur úr gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða VII.

Í ákvæðinu er kveðið á um skipun óháðrar úrskurðarnefndar sem skera skal úr ágreiningi um verð í viðskiptum með aflaheimildir þegar forleigurétti er beitt.

Um ákvæði til bráðabirgða VIII.

Mikilvægt er að stuðla að sem mestri fullvinnslu sjávarafla hér á landi. Í því skyni er í þessu ákvæði lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipi nefnd er hafi það verkefni að leggja til aðgerðir sem stuðlað gætu að þessu markmiði.

Um ákvæði til bráðabirgða IX.

Í ákvæðinu er lagt til að skipuð verði nefnd til að fara yfir skattamál sjávarútvegsins með heildstæðum hætti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Með frumvarpi þessu er lögð til heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða til að koma á fót breyttu fiskveiðistjórnunarkerfi. Í upphafi frumvarpsins er kveðið á um það að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu auðlind í óskoraðri þjóðareign sem óheimilt sé að selja eða láta varanlega af hendi en veita megi einstaklingum og lögaðilum tímabundinn rétt til afnota eða hagnýtingar á þeim gegn gjaldi. Samkvæmt frumvarpinu myndar úthlutun veiðiheimilda og gerð samninga um nýtingarleyfi á aflaheimildum ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Eins og í gildandi lögum er meginmarkmið frumvarpsins að stuðla að verndun nytjastofna á Íslandsmiðum og sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir að í ýmsum veigamiklum málum verði farnar aðrar leiðir að þeim markmiðum. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi um breytingar á gildandi lögum um stjórn fiskveiða sem tekur til fiskveiðiáranna 2010/2011 og 2011/2012. Í þessari umsögn er því miðað við að ýmis ákvæði frumvarpsins, verði það að lögum, muni gilda frá og með fiskveiðiárinu 2012/2013. Þá er rétt að vekja athygli á því að í báðum frumvörpunum eru lagðar til breytingar sem vekja upp álitaefni sem fjallað er um í báðum umsögnunum þannig að sú umfjöllun er að stórum hluta samhljóða. Einnig er bent á að í þessari umfjöllun er ekki vikið að hugsanlegum þjóðhagslegum áhrifum breytts fiskveiðistjórnunarkerfis eða breyttri gjaldtöku á rekstrarskilyrði og þróun sjávarútvegsins heldur er gengið út frá forsendum við núverandi aðstæður. Hafa verður í huga að lögfesting frumvarpsins gæti leitt til þess að þróun sjávarútvegsins verði á annan veg en felst í stöðu hans nú. Því verður að hafa þann fyrirvara á að þessar forsendur sem gengið er út frá til einföldunar fela í sér að tölur sem hér eru settar fram eru fyrst og fremst vísbendingar um stærðargráður. Fyrir liggur að áformað er að sérstakri hagfræðinganefnd verði falið að vinna hagfræðilega greiningu á áhrifum fyrirhugaðra breytinga á rekstrarskilyrði og starfsumhverfi sjávarútvegsins og er ætlunin að fulltrúar stjórnvalda og hagsmunaðila fari sameiginlega yfir niðurstöður hennar.

Í frumvarpinu eru lagðar til verulegar breytingar á ýmsum sviðum frá gildandi lögum. Helstu breytingarnar eru í fyrsta lagi að lagt er til að ráðherra skipti úthlutuðum heildarafla í tvo flokka. Í flokk 1 falla samningar um nýtingarleyfi á aflaheimildum en í flokk 2 fellur aflamagn sem úthlutað er án nýtingarsamninga. Hlutir undir flokki 2 eru strandveiðihluti, byggðahluti, leiguhluti, línuívilnunarhluti og bótahluti. Ráðherra verður heimilt að ákveða skiptingu úthlutaðs afla milli flokka 1 og 2 sem og hluta í flokki 2. Til leiguhluta skal ráðstafa því magni sem bætist í flokk 2 þegar tiltekinni aukningu aflaheimilda í strandveiðihluta og byggðahluta hefur verið náð. Gert er ráð fyrir að tilfærsla milli flokka og hluta fari fram í áföngum á 15 ára tímabili þannig að í lok þess verði að jafnaði 15% þorskígilda þeirra fisktegunda sem sæta takmörkunum í flokki 2, að undanskildum þorski, ýsu, ufsa og steinbít, enda gilda sérreglur um þá stofna.

Í öðru lagi er lagt til að í stað árlegrar úthlutunar aflahlutdeildar eða krókaaflamarkshlutdeildar verði gerðir tímabundnir samningar við útgerðir um nýtingarleyfi á aflaheimildum. Skulu útgerðir, sem úthlutað hefur verið aflahlutdeild eða krókaaflamarkshlutdeild á fiskveiðiárinu 2010/2011 og uppfylla tiltekin skilyrði, eiga rétt á slíkum samningum. Samn-

ingarnir skulu í upphafi vera að hámarki til fimmtán ára með möguleika á framlengingu um átta ár. Fiskistofa skal annast samningsgerð í umboði ráðherra.

Í þriðja lagi er lagt til að varanlegt framsal aflahlutdeilda verði óheimilt nema í undantekningartilvikum. Þó er í bráðabirgðaákvæði VI heimild til varanlegs framsals aflahlutdeildar til 15 ára sem háð er samþykki ráðherra og tilteknum skilyrðum. Skal ráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, eiga forleigurétt á þeim réttindum sem eru andlag framsals. Kostnaður ríkisins vegna forleiguréttar skal fjármagnaður með tekjum af veiðigjaldi. Falli ráðherra frá forleiguréttí flyst hann til lögheimilissveitarfélags framseljandans.

Í fjórða lagi er lagt til að framsal á aflamarki milli skipa óskyldra aðila innan fiskveiðiársins verði takmarkað við 25% í stað 50% heimildar gildandi laga og að réttindi til framsals verði að mestu áunnin með veiðum.

Í fimmta lagi er lagt til að óheimilt verði að veðsetja aflahlutdeild fiskiskips eða önnur réttindi á grundvelli samnings um nýtingarrétt aflahlutdeildar. Þegar gerðar veðsetningar skulu þó halda gildi sínu en óheimilt verður að endurnýja eða framlengja veðsetninguna þegar undirliggjandi veðsamningur rennur út. Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að miðað sé við að slík veðréttindi verði ekki aðfararhæf og falli því niður við gjaldþrot en til að tryggja það þurfi að gera breytingar á ýmsum lögum og er annað frumvarp boðað í þeim efnum.

Í sjötta lagi er lagt til að veiðigjald verði tvöfaldað þannig að það verði 19% í stað 9,5%. Einnig er gert ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra geti tekið tillit til mismunandi framlegðar útgerðarflokka en ekki er tilgreint á hvaða reglum eða viðmiðum það eigi að byggjast og því erfitt meta hvaða áhrif það kynni að hafa á þessa tekjuöflun ríkissjóðs. Sömuleiðis er lagt til að við ákvörðun veiðigjalds verði útreikningi framlegðar breytt þannig að í stað þess að draga reiknaðan rekstrarkostnað frá aflaverðmæti verði notað nýjasta framlegðarhlutfall (EBITDA) í rekstraryfirliti fiskveiða sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir. Undanfarinn áratug hefur þetta hlutfall framlegðar yfirleitt verið rétt um eða yfir 20% af tekjum fiskveiða. Árið 2009, síðasta árið sem reikningar liggja fyrir frá Hagstofunni, hafði hlutfallið hækkað í um 26% og er gert ráð fyrir að það haldist áfram hátt í ár. Endurspeglar það væntanlega þá miklu veikingu íslensku krónunnar sem varð við efnahagsáfallið árið 2008. Núverandi áætlanir um tekjur af veiðigjaldinu byggjast á þessari framlegð og verður því að hafa fyrirvara á því að draga kunni úr framlegðinni ef gengi krónunnar tekur að styrkjast á komandi árum.

Gjaldstofn þessa 19% veiðigjalds, verg hlutdeild fjármagns, felur í sér hina svokölluðu auðlindarentu að svo miklu leyti sem ekki er greidd leiga fyrir veiðiheimildir. Hann felur einnig í sér framlag til greiðslu vaxta af fjármagni sem bundið er í öflun teknanna. Í hefðbundnum útreikningum er reiknað með að þetta fjármagn beri 6% vexti. Í nýjustu tölum Hagstofunnar um afkomu sjávarútvegs á árinu 2009 er þessi kostnaðarliður 1/3 af vergri hlutdeild fjármagns. Sjálf auðlindarentan er því nær því að vera 2/3 af vergri hlutdeild fjármagns. Má því líta svo á að veiðigjaldið sé hærra hlutfall af eiginlegri auðlindarentu eða nálægt 29%. Jafnvel má færa rök fyrir því að gjaldstofninn ætti fremur að vera hreinn hagnaður (EBT) og þá teldist hlutfall veiðigjaldsins vera enn þá hærra.

Í sjöunda lagi er lagt til að í stað þess að tekjur af veiðigjaldi renni að fullu í ríkissjóð eins og verið hefur skuli 50% teknanna renna í ríkissjóð en 30% til sveitarfélaga samkvæmt nánari reglum og 20% skuli nýtt með það að markmiði að efla nýsköpun, rannsóknir og þróum og markaðsmál í sjávarútvegi. Þá er gert ráð fyrir að aflaheimildir leiguhluta verði boðnar upp á kvótaþingi, sem áformað er að koma á laggirnar á ný, og að tekjunum verði ráðstafað

með sama hætti og tekjum af veiðigjaldi en þó með þeirri undantekningu að fyrstu fimm fiskveiðiárin renni leigutekjurnar allar í ríkissjóð.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til ýmsar tæknilegar og aðrar veigaminni breytingar frá gildandi lögum um stjórn fiskveiða.

Samkvæmt frumvarpinu skal skipta 30% framlagi sveitarfélaga af tekjum bæði af veiðigjaldi og af leigu á aflaheimildum þannig að helmingur teknanna skiptist jafnt á milli allra landshluta að höfuðborgarsvæðinu meðtöldu. Hins vegar er gert ráð fyrir að hinn helmingurinn af hluta sveitarfélaganna skiptist á sjö landshluta að undanskildu höfuðborgarsvæðinu í hlutfalli við verðmæti landaðs afla að frádregnum afla vinnsluskipa sl. 15 ár á föstu verðlagi. Tekjur hvers landshluta að frátöldu höfuðborgarsvæðinu samanstandi því af þessu tvennu en skiptist síðan milli sveitarfélaga innan landshlutans alfarið eftir hlutfalli sveitarfélagsins í reiknuðu aflaverðmæti landshlutans. Sá hluti teknanna sem rynni til sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, þar sem um 65% íbúa landsins búa, væri um 1/53 hluti eða sem svarar til 1,9% af heildartekjunum og skiptist milli sveitarfélaga á því svæði á sama hátt eftir lönduðum afla í viðkomandi sveitarfélögum. Þetta fyrirkomulag mundi því jafnframt fela í sér að sveitarfélög þar sem engum afla er landað, hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða í öðrum landshlutum, fengju enga hlutdeild í útleigu aflaheimilda í eigu ríkisins né í auðlindagjaldi á sjávarútveginn. Í greinargerð frumvarpsins kemur ekki fram rökstuðningur fyrir þessum skiptihlutföllum í úthlutun teknanna til landshluta eða sveitarfélaga, svo sem hvers vegna hlutdeild sveitarfélaga skuli vera 30% eða höfuðborgarsvæðisins 1/53, og verður því með engu móti lagt mat á hvort hlutdeildin í tekjuöfluninni er skilvirk eða réttmæt miðað við tiltekinn tilgang eða markmið.

Einnig er vert að vekja athygli á því að ákvæði frumvarpsins, þess efnis að nýta skuli 20% tekna af veiðigjaldi og leigu aflaheimilda til að efla nýsköpun, þróun og markaðsstarf í sjávarútvegi, er mjög opið og óútfært þannig að hvorki í því né í greinargerð frumvarpsins felst viðhlítandi fyrirsögn um með hvaða hætti eða undir hvers forsjá fjármunum ríkisins skuli varið til slíkra verkefna. Telja má að umbúnaður lagaákvæðisins sé ófullnægjandi grundvöllur fyrir framkvæmd þess. Í frumvarpinu kemur ekki fram rökstuðningur fyrir því að hluta teknanna verði varið með þessum hætti né á því á hvaða forsendu þetta hlutfall er byggt. Miðað við að áætlanir frumvarpsins væru að fullu komnar til framkvæmda gætu þessi framlög á vegum ríkisins orðið umtalsverð eða sem svarar til rúmlega 2% af veltu fiskveiða. Sú spurning vaknar hvaða tilgangi það þjóni fyrir ríkið að leggja gjöld á sjávarútveginn ef ætlunin er að ráðstafa þeim í svo miklum mæli í slík stuðningverkefni fyrir greinina því allt eins mætti þá hafa gjaldtökuna lægri þannig að fyrirtækin hefðu þá sjálf meira fjármagn til ráðstöfunar til að annast um sitt þróunar- og markaðsstarf eins og verið hefur. Með þessu móti væri umfang og jafnvel einnig inntak nýsköpunar og markaðsstarfs sjávarútvegsins komið í einhverjum mæli á forræði ríkisins fremur en að ákvarðanataka um þá framþróun fari alfarið fram innan fyrirtækjanna sjálfra.

Miðað við áætlanir um tekjur af veiðigjaldi á yfirstandandi fiskveiðiári gæti tvöföldun veiðigjaldsins aukið árlegar tekjur af gjaldinu um 2,8 mia.kr. þannig að heildartekjur af gjaldinu yrðu 5,6 mia.kr. Samkvæmt frumvarpinu yrði allri aukningu tekna af veiðigjaldinu ráðstafað til sveitarfélaga og til nýsköpunar í sjávarútvegi. Til sveitarfélaga mundu renna um 1,7 mia.kr., þar af um 105 m.kr. til höfuðborgarsvæðisins, og um 1,1 mia.kr. til nýsköpunar o.fl. skyldra verkefna í sjávarútvegi. Talið er að tekjur af leiguhlutanum gætu orðið 0,8 mia.kr. á fyrsta ári eftir gildistöku laganna en þær mundu síðan fara vaxandi og hefur verið áætlað lauslega að þær gætu orðið um 7 mia.kr. á ári að 15 árum liðnum. Miðað við það

mundi 2,1 mia.kr. af leigutekjunum vera ráðstafað til sveitarfélaga, þar af um 130 m.kr. til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, og 1,4 mia.kr. vera varið til nýsköpunar í sjávarútvegi eftir að lögin eru að fullu komin í framkvæmd. Samanlagt næmu viðbótarframlög til sveitarfélaga þá um 3,8 mia.kr. og framlögin til nýsköpunar og markaðsmála sjávarútvegsins um 2,5 mia.kr. að þessum tíma liðnum. Eins og áður segir miðast þessar tölur við núverandi framlegð í fiskveiðum og verður að hafa fyrirvara á því að hún kunni að fara lækkandi ef gengi krónunnar styrkist í framtíðinni.

Reikningshaldslegt fyrirkomulag á þessum fjármagnstilfærslum milli stjórnsýslustiganna þarfnast frekari skoðunar. Gera má þó fastlega ráð fyrir að litið verði á ákvæði um ráðstöfun veiðigjaldsins og leiguteknanna til sveitarfélaga sem mörkun á hluta ríkisteknanna þótt slík skipting á tekjum hins opinbera sé óvanaleg og líklega fordæmalaus hér á landi. Veiðigjaldið og aflaheimildaleigan væru þá sett fram í fjárlögum sem ríkistekjur á tekjuhlið ríkissjóðs en ráðstöfun á hluta þeirra sem tilfærsluframlag til sveitarfélaga á útgjaldahlið sem fjármagnað væri með mörkuðum hluta teknanna. Sú fjárveiting væri væntanlega færð á lið hjá innanríkisráðuneytinu sem fer með málefni sveitarstjórna. Samkvæmt frumvarpinu væri Fiskistofu ætlað að annast um að reikna framlag hvers landshluta og sveitarfélags af innheimtu veiðigjaldi og leigu aflaheimilda og greiða þeim sinn hlut.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir grundvallarbreytingu á meðferð tekna af veiðigjaldi frá því sem nú er. Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu auðlind í óskoraðri þjóðareign. Tekjur af veiðigjaldinu hafa til þessa runnið óskiptar í sameiginlegan sjóð landsmanna. Nú er lagt til að tilteknum hluta þeirra verði ráðstafað til sveitarfélaga með aðferð sem mun leiða til þess að mikill mismunur verður á framlagi til einstakra landshluta en þó einkanlega til einstakra sveitarfélaga miðað við fjölda íbúa sem þar búa. Gert er ráð fyrir að sama fyrirkomulag verði haft á ráðstöfun nýrra tekna sem ríkissjóður hafi af leigu á veiðiréttinum. Ljóst má vera að mörg sveitarfélög munu ekki fá neina beina hlutdeild í veiðigjaldinu en önnur munu fá umtalsverð viðbótarframlög. Þannig má áætla að miðað við 12,6 mia.kr. heildartekjur af veiðigjaldi og leigu aflaheimilda að 15 árum liðnum, núverandi íbúafjölda og landað aflaverðmæti undanfarinna 15 ára að framlag á hvern íbúa á höfuðborgarsvæðinu gæti legið nærri 1 þús. kr. á ári en á Austurlandi og Vestfjörðum gæti það orðið nálægt 55 - 60 þús. kr. eða um fimmtíufalt hærra. Enn þá meiri munur væri á framlagi á hvern íbúa í mismunandi sveitarfélögum miðað við sömu forsendur, þar sem ekkert framlag færi til sveitarfélaga þar sem engum afla er landað, t.d. í Hveragerði, Mosfellsbæ eða á Egilsstöðum, en framlagið gæti orðið í kringum 90 þús. kr. eða jafnvel nokkru hærra á hvern íbúa í sveitarfélögum þar sem sjávarútgerð er mjög öflug, t.d. í Vestmannaeyjum, Grindavík eða Bolungarvík. Í þessu sambandi þarf einnig að hafa í huga að fiskiskip landa afla í umtalsverðum mæli annars staðar en í heimahöfn. Þá verður ekki séð að aðrir tekjustofnar sveitarfélaga sem fá úthlutað framlagi af veiðigjaldi muni rýrna þótt veiðigjald verði hækkað umtalsvert eða hugsanlega tekin upp leiga á fiskikvótum að einhverju marki heldur muni þær tekjur koma til viðbótar núverandi tekjustofnum þeirra.

Þessi breyting á meginreglunni í uppbyggingu tekjustofna ríkisins með því að marka hluta þeirra til sveitarfélaga gefur tilefni til þess að litið verði til ýmissa álitaefna sem þessu tengjast og að tillagan fái gaumgæfilega umfjöllun og skoðun við þinglega meðferð málsins. Breytingar af þessum toga gætu einnig í sjálfu sér líka falið í sér fordæmi sem erfitt gæti verið að sjá fyrir hvaða afleiðingar hafi fyrir tekjuöflunarkerfi og fjármálastjórn hins opinbera að öðru leyti verði haldið áfram á þessari braut.

Fyrst má nefna að auðlindarentan sem veiðigjaldinu er ætlað að ná til myndast í sjávarútgerð fyrst og fremst vegna almennra lagareglna um fiskveiðistjórnun sem íslenska ríkið setur og framfylgir á grundvelli þess að um sameiginlega auðlind þjóðarinnar er að ræða. Það kann því að orka tvímælis að almenn skattlagning á sameiginlega auðlind eigi að koma sumum landsmönnum meira til góða en öðrum eftir því hvar á landinu þeir búa, þ.m.t. þeim sem starfa við annað en sjávarútveg eins og á við um meiri hluta þeirra sem búa í sjávarbyggðum. Fram hafa komið ábendingar um að slíkt fyrirkomulag kunni að brjóta í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar en þó er engin umfjöllun eða rökstuðningur um það í greinargerð frumvarpsins. Þar segir einungis að ætlunin sé að stuðla að meiri sátt um ráðstöfun veiðigjaldsins og að eðlilegt sé að sjávarbyggðir njóti sanngjarns hluta af þessum ríkistekjum af auðlindinni. Í þessu sambandi hafa þó einnig verið sett fram sjónarmið um að fremur væri tilefni til þess að byggðarlög sem ekki njóta góðs af fiskveiðiauðlindinni, t.d. vegna landfræðilegrar staðsetningar, ættu að gera það með meiri hlutdeild í veiðigjaldinu. Á sama hátt kynnu að vakna spurningar um hvort t.d. auðlindagjöld sem lögð væru á vatnsafls- eða jarðhitavirkjanir ættu fremur að renna til sveitarfélaga þar sem svo vill til að orkuvinnslan er staðsett, eða hvort skattar af veltu af verslun og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu ættu að renna til þeirra sveitarfélaga en ekki annarra, eða að eldsneytisgjöld af umferð á höfuðborgarsvæðinu ætti ekki að renna til að fjármagna samgöngumannvirki sem staðsett væru í öðrum landshlutum.

Í annan stað er ástæða til að vekja athygli á því að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að úthlutun veiðigjalds til sveitarfélaga tengist á nokkurn hátt opinberum verkefnum þeirra eða t.d. erfiðri fjárhagsstöðu. Má reyndar ætla að sveitarfélög séu þess betur sett fjárhagslega sem meira af aflaverðmæti er landað hjá þeim og því muni aukin framlög til þeirra auka á misvægi í rekstrarskilyrðum sveitarfélaganna í landinu. Þriðja atriðið sem vert er að skoðað verði í þessu sambandi er að fyrirkomulagið á úthlutun veiðigjaldsins verður til þess að sveitarfélög hafa hagsmuni af því hvort og hvar afla er landað. Það kynni að hafa áhrif á þær ákvarðanir útgerða burtséð frá rekstrarlegri hagkvæmni. Í fjórða lagi má telja að viðkomandi sveitarfélög yrðu smám saman að einhverju marki háð þessum framlögum til að standa undir starfsemi sinni og þar með meira háð sveiflum í framlegð sjávarútvegsins og ekki síður ákvörðunum ríkisvaldsins um hugsanlegar breytingar á hlutfalli veiðigjalds eða hlutfalli framlags til sveitarfélaga af tekjunum. Það kann að vera mikið álitamál hvort heppilegt sé að þessi tekjuöflun ríkisins og tilfærsluframlög til sveitarfélagastigsins verði reist á framangreindum forsendum.

Þá virðist full ástæða til að huga að samhengi þessara áforma við þá stjórnskipan fyrir stjórnsýslustig hins opinbera sem er til staðar í landinu. Sú skipan felur í sér skýrt afmarkað tekjuöflunarkerfi og fjárstjórnarvald sem skoða þarf hvort verið er að veikja eða flækja með þessum breytingum. Sérstakur lagarammi hefur lengi gilt um tekjustofna sveitarfélaga, nú lög nr. 4/1995, þar sem allir tekjustofnar þeirra eru nánar skilgreindir. Þannig hefur sveitarstjórnarstiginu verið tryggt fullt sjálfstæði og skýr afmörkun gerð á tekjuöflunarkerfum og verkaskiptingu stjórnsýslustiganna. Ákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru óaðskiljanlegur hluti af þessu fyrirkomulagi. Jöfnunarsjóðurinn fær lögbundin framlög úr ríkissjóði, sem nú nema um 11 mia.kr. á ári, miðað við tiltekin viðmið um hlutfall af skatttekjum ríkisins og útsvarsstofni. Með því móti hefur verið tryggð nauðsynleg jöfnun á rekstrarskilyrðum sveitarfélaga eftir ákveðnum reglum og viðmiðum í formi tekjujöfnunarframlaga og útgjaldaframlaga úr sjóðnum. Ætla verður að þær úthlutunarreglur miðist við þær forsendur sem máli skipta til að jafna aðstöðumun sveitarfélaga og samkomu-

lag er um á milli þeirra. Tillögur um ráðstöfun á veiðigjaldi og gjaldi fyrir leigu fiskikvóta til sveitarfélaga með skiptingu eftir lönduðu aflaverðmæti fara fram hjá þessu stjórnkerfi og má raunar telja að þær fari á skjön við markmið þess. Að óbreyttu hljóta þessu nýju framlög til sveitarfélaganna að leiða til þess að tekjuskipting þeirra riðlast innbyrðis með réttu eða röngu. Ef rök eru talin standa til þess að veita aukin framlög til sveitarfélaga af tekjustofnum ríkisins vaknar sú spurning hvort ekki kæmi fremur til álita að gera það með því fyrirkomulagi sem byggt hefur verið á í stjórnsýslunni til þessa. Þá væri það gert með því móti að annaðhvort hækki útsvar sveitarfélaga á móti lækkun tekjuskatts ríkisins eða að viðmið um hlutfall skatttekna væri hækkað vegna framlags til Jöfnunarsjóðsins og þeim fjármunum væri síðan miðlað áfram til sveitarfélaganna, eftir atvikum með óbreyttum eða breyttum úthlutunarreglum. Þetta er sú leið sem jafnan hefur verið farin við breytta verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nú síðast við yfirfærslu á málefnum fatlaðra milli stjórnsýslustiganna við síðustu áramót, og hefur þótt gefast vel.

Í þessu sambandi má einnig benda á að mörkun ríkistekna með ráðstöfun framlaga til tiltekinna verkefna, í þessu tilviki til ótilgreindra verkefna tiltekins hluta sveitarfélaga og nýsköpunar og rannsókna í sjávarútvegi, bindur hendur fjárveitingavaldsins og skerðir þar með fjárstjórnarvald Alþingis sem kveðið er á um í stjórnarskránni. Mörkun teknanna mun leiða til þess að þessi útgjöld munu breytast sjálfkrafa eftir því hvernig afkoma sjávarútvegsins verður og breyta verður fjárheimildum til þessara framlaga og verkefna eftir á í lokafjárlögum á grundvelli endanlegs uppgjörs teknanna. Fjárlagaskrifstofa hefur lengi bent á að þetta fyrirkomulag hefur reynst vera óheppilegt og að það samrýmist illa nútímalegri rammafjárlagagerð. Einnig hefur fjárlaganefnd gagnrýnt mjög slíkar ráðstafanir sem leiða af mörkun tekna í nefndarálitum og umræðum.

Fyrir liggur að afar erfið staða blasir við í ríkisfjármálunum sem kallar á það að leita verður allra leiða til að afla aukinna tekna og að engin slík tækifæri verði látin fara forgörðum til að draga úr og stöðva mikla skuldasöfnun ríkissjóðs um þessar mundir. Þörf fyrir það hefur enn ágerst við það að ríkissjóður hefur nýverið axlað auknar skuldbindingar til að greiða fyrir ásættanlegum lyktum kjarasamninga til lengri tíma sem ætti að geta stuðlað að auknum hagvexti og orðið öllum aðilum til hagsbóta. Mörkun teknanna til aukinna framlaga til sveitarfélaga og annarra verkefna styður því ekki eins og unnt væri við markmið um jöfnuð í ríkisfjármálum.

Ljóst er að frumvarpið felur í sér umtalsverða viðbót í öflun skatttekna fyrir ríkissjóð þegar hún verður að fullu komin til framkvæmda því gera má ráð fyrir að heildartekjuöflun með þessum hætti verði um 12,6 mia.kr. Sú fjárhæð svarar til tæplega 3% af skatttekjum ríkissjóðs. Þessi skattlagning mun einnig hafa áhrif á aðra tekjuöflun ríkissjóðs í mynd tekjuskatta, bæði á fyrirtæki og einstaklinga (laun sjómanna sem ákvarðast í hlutaskiptakerfi). Í ljósi þessara áforma um stóraukið umfang virðist full ástæða til þess að við umfjöllun frumvarpsins verði tekið til vandlegrar skoðunar að ábyrgð á þessari skattheimtu verði hjá fjármálaráðuneytinu eins og almennt á við um skattkerfi ríkisins.

Loks er ástæða til að minna á í þessu samhengi að ríkið leggur árlega fram verulega fjármuni í að vernda, rannsaka, þróa og auka verðmæti fiskveiðiauðlindarinnar. Beinn kostnaður við það kemur að stærstum hluta fram í rekstrarútgjöldum Hafrannsóknastofnunarinnar, Fiskistofu, Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs og Landhelgisgæslunnar. Lauslega áætlað nemur sá kostnaður um 5 mia.kr. á ári ef miðað er við að um 70% af veltu Landhelgisgæslunnar séu vegna eftirlits og björgunarviðbúnaðar í tengslum við fiskveiðar. Þessu til viðbótar hafa kostnaðarsömustu tækja- og búnaðarkaup sem ríkið hefur ráðist í verið til

að endurnýja og auka við farkosti Hafrannsóknastofnunarinnar og Landhelgisgæslunnar, nú síðast á árunum 2008–2011 með kaupum á varðskipi og flugvél fyrir síðarnefndu stofnunina sem samtals kostuðu um 10 mia.kr. miðað við verðlag í dag.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má áætla að tekjur af veiðigjaldi geti aukist um 2,8 mia.kr. og að tekjur af kvótaleigu geti orðið um 7 mia.kr., þannig að aukning tekna ríkissjóðs gæti orðið samtals um 9,8 mia.kr. þegar lögin væru að fullu komin til framkvæmda að 15 árum liðnum. Á móti kemur að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti útgerðarfyrirtækja kunna að lækka frá því sem annars hefði orðið þar sem veiðigjald og kvótaleiga eru frádráttarbær útgjöld. Vitað er að leigukostnaður hefur verið fyrir hendi en ekki er að finna útgefnar upplýsingar um hann. Því er erfitt að segja til um hvort sá kostnaður muni aukast við þessa breytingu. Ef reiknað væri með því að um hreinan viðbótarkostnað yrði að ræða mundu bætast nálægt 10 mia.kr. við rekstrarkostnað útgerðarinnar sem rýrir tekjuskattsstofn og þar með tekjur ríkissjóðs um allt 2 mia.kr. Ef hins vegar gert er ráð fyrir að umfang kvótaleigu verði óbreytt en að tekjuskattsstofn lækki sem nemur hækkun veiðigjaldsins mundi tekjuskattur af þessum fyrirtækjum lækka um allt að 560 m.kr. Nettóáhrif frumvarpsins á tekjuhlið ríkissjóðs yrðu þá um 9,2 mia.kr. til hækkunar tekna og er miðað við það í niðurstöðutölum hér. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að af 9,8 mia.kr. tekjuauka af veiðigjaldi og kvótaleigu verði 6,3 mia.kr. veitt með tilfærsluframlögum á útgjaldahlið til sveitarfélaga og til að efla nýsköpun, rannsóknir, þróun og markaðsstarf í sjávarútvegi.

Í bráðabirgðaákvæðum í frumvarpinu er gert ráð fyrir að komið verði á fót tveimur nefndum. Annarri nefndinni er ætlað að athuga mögulegar aðgerðir til að stuðla að frekari fullvinnslu sjávarafla hér á landi. Hinni nefndinni er ætlað að móta heildstæða stefnu um framtíðarfyrirkomulag skattlagningar í sjávarútvegi. Báðar nefndirnar eiga að skila tillögum sínum á yfirstandandi ári. Gera má ráð fyrir að ekki þurfi að greiða þóknanir til fulltrúa opinberra aðila í þessum nefndum en að einhver kostnaður kunni að hljótast af þóknunum til annarra aðila og af aðkeyptri sérfræðiþjónustu. Ekki er talin ástæða til að ætla að sá kostnaður verði teljandi og má gera ráð fyrir að hann rúmist innan óskiptra fjárheimilda á safnliðum sem viðkomandi ráðuneyti hafa til ráðstöfunar til að standa að slíkum úttektum og nefndarstarfi.

Ekki liggur fyrir heildstæð áætlun um kostnað Fiskistofu við að framkvæma og fylgja eftir þeim breytingum sem kveðið er á um í frumvarpinu en lausleg áætlun gerir ráð fyrir 24 m.kr. aukningu rekstrarkostnaðar vegna fjölgunar um þrjú stöðugildi og 5 m.kr. tímabundnum kostnaði við hugbúnaðargerð. Ekki liggur heldur fyrir af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins rekstraráætlun fyrir kvótaþing, sem ætlunin er að verði komið á fót á ný til að annast um uppboð á leigu aflaheimilda. Lauslega má áætla að sá rekstrarkostnaður gæti orðið 20–30 m.kr. á ári en hér er gert ráð fyrir að hann verði fjármagnaður með þóknunargjaldi á þá sem bjóða í leigu á kvóta þannig að það hafi ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þannig má ætla að verði frumvarpið óbreytt að lögum gætu tekjur ríkissjóðs aukist um nálægt 9,2 mia.kr. nettó að 15 árum liðnum en að útgjöld aukist á móti um 6,3 mia.kr. vegna aukinna framlaga til sveitarfélaga og stuðningsverkefna fyrir sjávarútveg, auk um 30 m.kr. rekstrarkostnaðar. Árleg afkomuáhrif fyrir ríkissjóð að þessum tíma liðnum væru því um 2,9 mia.kr. til batnaðar að öðru óbreyttu. Miðað við að fiskveiðiárið 2012/2013 verði fyrsta árið sem lögin gildi má hins vegar gera ráð fyrir að áhrif á tekjuhlið yrðu um 3 mia.kr. en að útgjöldin aukist um 2,8 mia.kr. þar sem helmingi veiðigjalds væri ráðstafað til sveitarfélaga og stuðningsverkefna fyrir sjávarútveg. Áhrif til batnaðar á afkomu ríkissjóðs á fyrsta árinu yrðu því óveruleg eða 0,2 mia.kr.

1476. Breytingartillaga [186. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Frá Merði Árnasyni.

Orðin „að undanskildum drykkjarvöruumbúðum“ í b-lið 2. gr. falli brott.

1477. Frumvarp til laga [828. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða W í lögunum:

a. Í stað orðanna „fardaga 2012“ kemur: ársloka 2014.
b. Á eftir orðunum „öskufalls eða jökulflóða“ kemur: eða vegna þess að afurðasala frá lögbýlinu hefur verið bönnuð af ástæðum sem hlutaðeigandi framleiðandi gat ekki haft áhrif á.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða X í lögunum:

a. Í stað orðanna „2010, 2011 og 2012“ í 1. mgr. kemur: 2011, 2012, 2013 og 2014.
b. Við 1. mgr. bætist: eða vegna þess að afurðasala frá lögbýlinu hefur verið bönnuð af ástæðum sem hlutaðeigandi framleiðandi gat ekki haft áhrif á.
c. Í stað orðanna „2010, 2011 og 2012“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 2010, 2011, 2012, 2013 og 2014.
d. Í stað ártalanna „2007–2009“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 2007–2010.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Hinn 18. maí 2010 samþykkti Alþingi lög nr. 46/2010, um breytingu á lögum um Bjargráðasjóð og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (stuðningur við bændur á náttúruhamfarasvæðum), til að bregðast við afleiðingum eldgoss í Eyjafjallajökli. Með lögunum var bændum sem áttu við erfiðleika að etja vegna eldgossins veittur ákveðinn stuðningur, en vegna öskufalls, og að nokkru leyti jökulhlaupa, höfðu bændur sums staðar undir Eyjafjöllum til athugunar að láta af búskap eða fækka bústofni, a.m.k. um tíma. Samkvæmt lögunum geta mjólkurbændur á hamfarasvæðunum notið stuðnings af beingreiðslum þótt

framleiðsla þeirra raskist eða liggi niðri um tíma og hafa a.m.k. tveir bændur nýtt sér þennan kost sl. ár. Einnig er ráðherra veitt heimild til að víkja frá ásetningshlutfalli sauðfjár á lögbýlum þar sem framleiðsluskilyrði hafa raskast tímabundið vegna náttúruhamfara, jafnframt því sem sauðfjárframleiðendur geta notið óbreyttra greiðslna á grundvelli gæðastýringar þrátt fyrir að framleiðsla minnki eða falli niður um tíma á meðan framleiðsluskilyrði á býlum þeirra eru úr skorðum.

Frumvarp þetta er lagt fram þar sem í ljós hefur komið að þau tímamörk sem um getur í lögum nr. 46/2010 eru of stutt. Það getur verið skynsamlegt í einstökum tilfellum fyrir bændur að fresta endurræktun ónýtra túna og öðrum endurbótum á jörðunum enn um sinn þar sem landið er ekki tilbúið til ræktunar og búsetuskilyrði að öðru leyti slæm. Því þykir rétt að bjóða þann kost lengur að bændur sem svo stendur á fyrir geti haldið beingreiðslum án þess að framleiða og því er lagt til að tímamörkin sem sett voru í áðurnefndum lögum verði rýmkuð. Miðað er við gildistíma núverandi búvörusamnings um mjólkurframleiðslu, þ.e. til ársloka 2014.

Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir að bætt verði við lögin heimild til að þessi ákvæði nái einnig til framleiðenda á lögbýlum þar sem afurðasala hefur verið bönnuð „af ástæðum sem hlutaðeigandi framleiðandi gat ekki haft áhrif á“, eins og segir í frumvarpinu. Þetta gerir mögulegt að bregðast við þeim sérstöku aðstæðum sem uppi eru í Skutulsfirði vegna díoxínmengunar og/eða í öðrum sambærilegum tilvikum sem upp kunna að koma.

1478. Frumvarp til laga [829. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson.

1. gr.

2. og 3. málsl. 5. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Við ákvörðun endurgreiðslu eða útreikning á stöðu skuldar skal draga frá upphaflegum höfuðstól þær fjárhæðir sem inntar hafa verið af hendi fram að uppgjörsdegi í vexti, hvers kyns vanskilaálögur og afborganir. Fjárhæðin sem eftir stendur skal vaxtareiknuð samkvæmt ákvæðum 1. mgr. og án þess að heimilt sé að leggja vexti við höfuðstólinn, sbr. 12. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi taka til lánssamninga sem falla undir gildissvið ákvæðis til bráðabirgða X í lögunum.

Greinargerð.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu sem jafnframt er ætlað að ná til uppgjörs gengistryggðra lána, sbr. ákvæði til bráðabirgða X. Umrætt ákvæði var sett með lögum nr. 151/2010 en yfirlýstur tilgangur þeirra laga var að hraða og samræma uppgjör á tilgreindum lánasamningum í kjölfar hæstaréttardóma sem lýstu gengistryggingu ólögmæta. Eftir uppkvaðningu dómanna reis upp réttaróvissa að því er varðar

hvaða lán bæru með sér ólögmætið og hvernig haga ætti uppgjöri þeirra þegar svo háttaði. Gildissvið laganna var einskorðað við fasteignalán og bílalán einstaklinga og var á því byggt að upphaflegur höfuðstóll skyldi vaxtareiknaður í samræmi við almennt vaxtaviðmið laga um vexti og verðtryggingu en síðan kæmu til frádráttar höfuðstól og áföllnum vöxtum þær fjárhæðir sem inntar hefðu verið af hendi fram að uppgjörsdegi í vexti, hvers kyns vanskilaálögur og afborganir miðað við hvern innborgunardag.

Í frumvarpinu er lagt til að þessari aðferð við endurútreikning verði breytt til hagsbóta fyrir skuldara þannig að allar greiðslur sem inntar hafa verið af hendi fram að uppgjörsdegi komi þegar til frádráttar upphaflegum höfuðstól en að sú fjárhæð sem þá stendur eftir verði vaxtareiknuð í samræmi við almennt vaxtaviðmið laga um vexti og verðtryggingu frá upphafi samningstímans. Einnig er lagt til að ekki skuli leggja vexti við þá fjárhæð sem eftir stendur á hverju 12 mánaða tímabili eins og heimilað er í 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu.

Meginröksemdin að baki frumvarpinu er sú að lánveitendur beri fremur en skuldarar ábyrgð á ólögmæti gengistryggðra lána og þess vegna eigi við endurútreikning að velja þá reikniaðferð sem er þeim síðarnefndu hagfelldust án þess þó að þeir verði taldir auðgast með óréttmætum hætti á kostnað hinna fyrrnefndu.

1479. Frumvarp til laga [721. mál]

um breyting á lögum nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar á ársfundi fimm menn í stjórn Byggðastofnunar og jafnmarga til vara til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1480. Þingsályktun [334. mál]

um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí 2011.)

Alþingi ályktar skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, að samþykkja eftirfarandi áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2011–2014:

A. Stjórnsýslan.

1. Ráðherranefnd um jafnrétti kynja.

Ráðherranefnd um jafnrétti kynja starfi í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 15. september 2009 í því skyni að samþætta kynja- og jafnréttismál inn í stefnumörkun og aðgerðir ríkisstjórnarinnar, samhæfa starf hennar og fylgja eftir framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Tímaáætlun: Viðvarandi.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda ráðuneytanna.

Ábyrgð: Forsætisráðherra, velferðarráðherra, fjármálaráðherra og innanríkisráðherra.

2. Framkvæmdasjóður jafnréttismála.

Varið verði 30 millj. kr. samtals af fjárlögum tímabundið til þriggja ára, 2012–2014, 10 millj. kr. árlega, til jafnréttisverkefna á vegum ráðuneyta til að nýta niðurstöður, reynslu og þekkingu eða innleiða tillögur sem telja má til afraksturs af verkefnum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar. Ráðherranefnd um jafnrétti kynja úthlutar þessu fé. Viðmið við úthlutun verði kynnt ráðuneytum fyrir árslok 2011.

Tímaáætlun: 2012–2014.

Kostnaðaráætlun: 30 millj. kr.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti, velferðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti og innanríkisráðuneyti.

3. Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna móti í samstarfi við Jafnréttisstofu heildstæða áætlun til fjögurra ára um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða inn í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og opinberra stofnana. Í henni felist m.a.:

1. Stofnun stýrihóps með þátttöku æðstu stjórnenda í ráðuneytum.
2. Sérstakir fundir ráðherra, æðstu embættismanna og sérfræðinga á sviði jafnréttismála um stefnu, áherslur og aðferðir á sviði jafnréttismála.
3. Fræðsla fyrir starfsfólk ráðuneyta og stofnana um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.
4. Árlegar tillögur um a.m.k. tvö verkefni á málefnasviði hvers ráðuneytis sem tilraunaverkefni og skal þeim lokið í lok hvers árs.
5. Mælitölur eða lykiltölur á öllum helstu sviðum í starfsemi ráðuneyta og stofnana verði greindar til að jafnan séu fyrir hendi upplýsingar greindar eftir kynjum til stuðnings stefnumörkun og ákvörðunum. Greint verði á hvaða sviðum reglulegri upplýsingaöflun er ábótavant og úrbætur gerðar.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: 2,5 millj. kr.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti og velferðarráðuneyti.

4. Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna vinni að kynjasamþættingu á málefnasviði hlutaðeigandi ráðuneytis. Enn fremur fjalli jafnréttisfulltrúar um jafnréttisstarf og hafi eftirlit með jafnréttisstarfi á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess. Þar á meðal komi þeir að gerð og endurskoðun jafnréttisáætlana ráðuneyta og gæti þess að allar skýrslur og rannsóknir sem gerðar eru á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis eða stofnana þess séu kyngreindar.

Jafnréttisfulltrúar afli sér þekkingar á sviði jafnréttismála og starfi eftir samþykktri starfs- og fræðsluáætlun. Við framkvæmd fræðsluáætlunar verði höfð samvinna við námsbraut í kynjafræðum við Háskóla Íslands. Sérfræðingur Stjórnarráðsins í jafnrétti kynja og Jafnréttisstofa gegni ráðgjafarhlutverki fyrir jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: 700.000 kr. vegna fræðslu fyrir jafnréttisfulltrúa.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti í samvinnu við önnur ráðuneyti.

5. *Kynjuð fjárlagagerð.*

Kynjuð fjárlagagerð verði innleidd í áföngum á árunum 2011–2014. Í því skyni verði efnt til tilraunaverkefna í ráðuneytum og stofnunum sem hafi að markmiði að þróa verkferla og aðferðir við undirbúning kynjaðra fjárlaga. Útgáfu handbókar um kynjaða fjárlagagerð verði fylgt eftir með markvissri fræðslu. Verkefnisstjórn um kynjaða fjárlagagerð mun stýra verkefninu.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: 5,2 millj. kr.

Ábyrgð: Fjármálaráðuneyti.

6. *Siðareglur.*

Siðareglum fyrir ráðherra og ríkisstarfsmenn, þar sem m.a. er gert ráð fyrir ákvæðum um bann við kaupum á kynlífsþjónustu, verði fylgt eftir með kynningu og fræðslu fyrir starfsfólk ráðuneyta og stofnana.

Tímaáætlun: Viðvarandi.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda forsætisráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti í samvinnu við önnur ráðuneyti.

7. *Hlutur kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum stjórnvalda.*

Ráðuneytin fylgi lögbundnu 40:60 viðmiði við skipun í nefndir, ráð og stjórnir og viðhaldi því, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisstofa og ráðuneytin birti upplýsingar um hlut kynjanna a.m.k. árlega á vef stofunnar og allra ráðuneyta, sundurgreindar eftir ráðuneytum.

Tímaáætlun: Viðvarandi.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda ráðuneytanna.

Ábyrgð: Öll ráðuneyti.

8. *Jafnréttisáætlanir Stjórnarráðsins, ráðuneyta og stofnana.*

Ný jafnréttisáætlun fyrir Stjórnarráðið verði samþykkt og jafnréttisáætlanir einstakra ráðuneyta endurskoðaðar með hliðsjón af henni í samráði við Jafnréttisstofu. Átak verði gert í því að tryggja að allar stofnanir ríkisins starfi eftir jafnréttisáætlunum með sundurliðuðum markmiðum og aðgerðum í samræmi við 2. mgr. 18. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Tímaáætlun: Árslok 2011.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda ráðuneyta.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti í samvinnu við önnur ráðuneyti.

9. Jafnréttissjóður.

Rannsóknir og verkefni sem unnin hafa verið með styrk úr Jafnréttissjóði verði gerð aðgengileg á vefsvæði Stjórnarráðsins í þeim tilgangi að þau nýtist sem best til aðgerða í þágu jafnréttis kynjanna. Úthlutanir úr Jafnréttissjóði hefjist að nýju á árinu 2012. Fagráð skipað m.a. sérfræðingum á sviði kynjafræða leggi faglegt mat á umsóknir.

Tímaáætlun: 2012–2014.

Kostnaðaráætlun: 10 millj. kr. á ári.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti.

10. Kynjagreining upplýsinga.

Tryggt verði að farið sé eftir 16. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, við opinbera hagskýrslugerð og í viðtals- og skoðanakönnunum með því að upplýsingar verði greindar eftir kyni, þar sem það á við. Upplýsingar í stjórnsýslunni verði kyngreindar eftir 1. janúar 2012. Í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verði þeir áminntir sem bera ábyrgð á því að ekki er farið eftir þessu markmiði.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: Innan fjárheimilda.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti/forsætisráðuneyti í samvinnu við önnur ráðuneyti.

11. Jafnréttismat á frumvörpum.

Við endurskoðun á reglum um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa verði tryggt að frumvörpum fylgi gátlisti um jafnréttismál þar sem farið er yfir það hvort og þá hvernig frumvarp hefur áhrif á jafnrétti. Endurskoðuðum reglum og gátlista verði fylgt eftir með kynningu og fræðslu.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: Innan fjárheimilda.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti/forsætisráðuneyti í samvinnu við önnur ráðuneyti.

B. Vinnumarkaður – launamisrétti kynjanna.

12. Framkvæmdaáætlun gegn launamisrétti kynjanna.

Gerð verði heildstæð framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir gegn launamisrétti kynjanna með það að markmiði að útrýma því. Framkvæmdaáætlunin feli m.a. í sér eftirfarandi:

1. Skipuð verði framkvæmdanefnd um launajafnrétti kynjanna sem hafi með höndum yfirumsjón og samhæfingu aðgerða í því skyni að draga úr launamisrétti kynjanna.
2. Lokið verði við gerð jafnréttisstaðals á tímabilinu og honum fylgt eftir með markvissri fræðslu um innleiðingu hans.
3. Launaumsjónarkerfi ríkisins verði endurbætt tæknilega þannig að unnt verði að gera marktækar og reglulegar úttektir á launum karla og kvenna í ráðuneytum og stofnunum ríkisins.
4. Fram fari athugun á árangri starfsmats sveitarfélaga við að draga úr launamisrétti kynja og við endurmat hefðbundinna kvennastarfa og metinn ávinningur ríkisins af því að innleiða starfsmat.
5. Efnt verði til samstarfs við samtök aðila vinnumarkaðarins um innleiðingu *Vegvísis um launajafnrétti* og þróaðar verði áfram hugmyndir um jafnréttisvottun.

6. Gefinn verði út bæklingur til leiðbeiningar um túlkun ákvæðis laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf, m.a. með hliðsjón af Evrópurétti.
7. Gefinn verði út gátlisti fyrir forstöðumenn stofnana um viðmið varðandi endurskoðun á launum þannig að markmiðum um launajafnrétti verði náð.

Tímaáætlun: 2011–2014.
Kostnaðaráætlun: 6,4 millj. kr. (þar af 3,4 millj. kr. vegna jafnlaunastaðals).
Ábyrgð: Velferðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

13. Launamisrétti kynjanna á landsbyggðinni.

Byggðastofnun, sem heyrir undir iðnaðarráðuneyti, greini orsakir launamisréttis kynjanna eftir landsvæðum með það að markmiði að móta tillögu að aðgerðaáætlun til að útrýma launamisrétti kynjanna. Verkefnið er m.a. afrakstur vinnu að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við endurskoðun byggðaáætlunar fyrir árin 2010–2013. Í tillögu að nýrri byggðaáætlun, sem lögð hefur verið fram á Alþingi, er kveðið á um að jafnrétti og þátttaka beggja kynja í atvinnulífi og samfélagsmótun sé sérstakt viðfangsefni sem líta þurfi til. Árangursmat á verkefninu verði gert á miðju tímabili áætlunarinnar. Verkefnið er unnið af Byggðastofnun í samstarfi við Jafnréttisstofu, Hagstofu Íslands, háskóla og rannsóknastofnanir.

Tímaáætlun: 2011–2013.
Kostnaðaráætlun: 2 millj. kr.
Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti.

14. Úttekt á launamisrétti kynja í sjávarútvegi og landbúnaði og aðstöðu til náms í greinunum.

Gerð verði úttekt á annars vegar launum karla og kvenna í landbúnaði og sjávarútvegi og hins vegar stöðu karla og kvenna til náms í greinunum sem og námsframboði á framhaldsskóla- og háskólastigi.

Tímaáætlun: Lokið 2014.
Kostnaðaráætlun: 5 millj. kr.
Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

15. Fæðingarorlof.

Gerð verði könnun á töku foreldra á fæðingarorlofi og áhrifum þess á verkaskiptingu þeirra á heimilum og atvinnuþátttöku kvenna og karla. Þá verði könnuð staða mæðra og feðra eftir að fæðingarorlofstímabili lýkur. Sérstaklega verði könnuð áhrif niðurskurðar á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði á töku foreldra á fæðingarorlofi. Upplýsingar verði greindar eftir kyni, aldri og stöðu foreldra. Verkefnið verði unnið í samvinnu við Jafnréttisstofu.

Tímaáætlun: 2010–2012.
Kostnaðaráætlun: 4 millj. kr.
Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.

16. Nefnd um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Nefnd skipuð í samræmi við áherslur jafnréttisráðs árið 2010 kanni leiðir sem ætlað er að auðvelda virkum þátttakendum á vinnumarkaði að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Nefndin afli upplýsinga um það hvernig virkum þátttakendum á innlendum vinnumarkaði

finnst þeim takast að samhæfa fjölskyldu- og atvinnulíf og leggi til við velferðarráðherra hvernig unnt sé að auðvelda fólki að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Tímaáætlun: Skýrsluskil í janúar 2012.

Kostnaður: Rúmast innan fjárheimilda velferðarráðuneytis og jafnréttisráðs.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.

17. Aðgengi kvenna að fjármagni til stofnunar fyrirtækja.

Sjóðir sem heyra undir stofnanir iðnaðarráðuneytis, þ.e. Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Byggðastofnun, Orkusjóður og Tækniþróunarsjóður, haldi kerfisbundið til haga upplýsingum um kynjaskiptingu styrkþega fyrir árið 2011 þannig að unnt verði á árinu 2012 að leggja mat á hvernig starfsemi sjóðanna nýtist hvoru kyni fyrir sig og endurskoði úthlutunarreglur komi í ljós að halli á annað kynið meðal styrkþega.

Tímaáætlun: 2011–2012.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda sjóðanna.

Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti.

18. Lánatryggingasjóður kvenna.

Starfsemi Lánatryggingasjóðs kvenna sem starfaði á árunum 1998–2003 á vegum félagsmálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og Reykjavíkurborgar verði endurvakin. Markmið sjóðsins verði að styðja við nýsköpun í atvinnurekstri kvenna með því að veita ábyrgðir á lánum. Verkefnið verði unnið í samstarfi við fjármálastofnanir og aðila sem veita ráðgjöf og handleiðslu við framkvæmd verkefna, en fé til starfseminnar sé fyrir hendi í sjóði.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: 60 millj. kr.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

19. Úttekt á túlkun jafnréttislaga í álitum kærunefndar jafnréttismála.

Lögfræðileg úttekt á málum sem kærð hafa verið til kærunefndar jafnréttismála verði gerð og þróun á túlkun jafnréttislaga hjá kærunefnd jafnréttismála og í dómum Hæstaréttar Íslands verði skoðuð.

Tímaáætlun: 2011.

Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.

C. Kyn og völd.

20. Starfsumhverfi og starfskjör í sveitarstjórnum.

Starfshópur verði skipaður til að kanna starfsumhverfi og starfskjör kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum með tilliti til kynjasjónarmiða og áhrifa þeirra á þátttöku kvenna í sveitarstjórnarstarfi. Í starfi hópsins verði m.a. unnið í samræmi við tillögur starfshóps um aðgerðir til að jafna betur stöðu kynja í sveitarstjórnum, sbr. greinargerð frá október 2009. Verkefnið verði unnið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímaáætlun: 2011–2012.

Kostnaðaráætlun: 300.000 kr.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti.

21. Gagnagrunnur um jafnrétti kynjanna í sveitarfélögum.

Gagnagrunnur Jafnréttisstofu sem hún vann innan vébanda Evrópuverkefnisins *Jafnréttisvogin* (e. Tea for two) verði uppfærður og honum viðhaldið þannig að hann gefi á hverjum tíma upplýsingar um skilgreinda þætti er varða jafnrétti kynjanna innan sveitarstjórna, svo sem kynjahlutfall innan sveitarstjórna, í nefndum og ráðum, skiptingu íbúa, þjónustuþætti o.fl. Grunnurinn verði þróaður áfram í samvinnu við sveitarfélögin og nýtist til að leggja mat á stöðu jafnréttismála í sveitarfélögunum og sem hvatning til góðra verka.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaður: 700.000 kr.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti.

22. Hlutur kvenna í stjórnum fyrirtækja og stofnana.

Staðið verði fyrir upplýsingagjöf og samið kynningarefni til að vekja athygli á gildistöku laga nr. 13/2010 sem kveða á um að í hlutafélögum og einkahlutafélögum þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skuli hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum. Þegar stjórn er skipuð fleiri en þremur verði tryggt að hlutfall annars kyns sé ekki lægra en 40%.

Efnt verði til fræðslu um ábyrgð og skyldur stjórnenda og stjórnarmanna í fyrirtækjum. Markmiðið verði að auka hæfni þessara aðila til að gegna stöðum sínum með áherslu á að ná til kvenna. Komið verði upp gagnagrunni með upplýsingum um þá sem hlotið hafa slíka fræðslu til að gera stjórnendum og stjórnarmönnum kleift að mynda með sér tengsl og auðvelda fyrirtækjum að finna hæfa stjórnendur og stjórnarmenn.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda efnahags- og viðskiptaráðuneytis.

Ábyrgð: Efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

D. Kynbundið ofbeldi.

23. Ný aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi.

Unnið verði að gerð nýrrar aðgerðaáætlunar stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi fyrir tímabilið 2011–2015. Í nýrri aðgerðaáætlun verði tekið mið af rannsóknum úr gildandi aðgerðaáætlun frá 2006 auk rannsóknar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þá verði sérstök áhersla lögð á að skoða samhengi kynbundinna ofbeldisbrota, saksóknar vegna þeirra og meðferðar í dómskerfinu. Auk þessa verði mótuð afstaða til meðferðar nýs sáttmála Evrópuráðsins í málaflokknum og verkefni endurskilgreind með hliðsjón af honum. Skipuð verði nefnd til að vinna að framangreindri áætlun um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi.

Tímaáætlun: 2011.

Kostnaðaráætlun: 600.000 kr. við gerð áætlunar.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti og innanríkisráðuneyti.

24. Úrræði vegna heimilisofbeldis.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um nálgunarbann verði lagt fram á Alþingi til þess að leiða í lög heimild fyrir þar til bæra aðila innan réttarvörslukerfisins til að fyrirskipa að einstaklingur, sem beitir heimilismenn sína ofbeldi, yfirgefi heimilið. Svonefnd „austurrísk leið“ liggi til grundvallar þeirri vinnu.

Tímaáætlun: 2011.
Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.
Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti.

25. Karlar til ábyrgðar.
Meðferðarúrræðið *Karlar til ábyrgðar* verði eflt og boðið upp á þjónustu víðar um land. Brugðist verði við væntanlegri heimild til að fjarlægja ofbeldismann af heimili með því að bjóða upp á meðferð til að losna úr vítahring ofbeldis. Kannað verði hvort rétt sé að heimila að menn verði dæmdir til meðferðar. Þá verði úrræðið árangursmetið og árangur borinn saman við sambærileg verkefni erlendis.
Tímaáætlun: 2010–2014.
Kostnaðaráætlun: 12,7 millj. kr.
Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.

26. Forvarnir gegn vændi.
Fræðsluherferð sem beinist að mögulegum kaupendum vændis verði hleypt af stokkunum, meðal annars með áherslu á unga karlmenn til að koma í veg fyrir að þeir gerist kaupendur á kynlífsmarkaði.
Tímaáætlun: 2011.
Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.
Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti.

27. Staða kvenna sem búa við fötlun.
Könnuð verði staða þeirra kvenna sem búa við fötlun með það að markmiði að greina stöðu þessara einstaklinga sem eru í áhættuhóp hvað varðar ofbeldi, misnotkun og misneytingu og hvort grípa þurfi til sértækra aðgerða til að tryggja að konurnar njóti mannréttinda og mannfrelsis til fulls í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
Tímaáætlun: 2012–2013.
Kostnaðaráætlun: 1,5 millj. kr.
Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.

E. Menntir og jafnrétti.
28. Kynungabók.
Handbók fyrir ungt fólk með upplýsingum um kynferði og jafnrétti sem gefin var út á árinu 2010 verði fylgt markvisst eftir með kynningum, m.a. í tengslum við innleiðingu nýrra námskráa og námsefnisgerð. Upplýsingar verði endurnýjaðar og gefnar út aftur á tímabilinu.
Tímaáætlun: 2011–2014.
Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

29. Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum.
Verkefninu *Jafnrétti í skólum* verði fram haldið til þess að hugmyndir og verkefni sem unnin voru nýtist fleiri skólum og sveitarfélögum en verkefnið felur í sér jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum. Verkefnið var unnið í grunnskóla og leikskóla í fimm sveitarfélögum, samtals í tíu skólum, og eru upplýsingar um það á vefnum jafnrettiiskolum.is. Verkefnið verði unnið í samráði við sérfræðinga í kynjafræðum og sveitarfélög.

Tímaáætlun: 2011–2013.
Kostnaðaráætlun: 1,1 millj. kr.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

30. Jafnrétti í framhaldsskólum.
Áföngum í kynja- og jafnréttisfræðum verði komið inn í framhaldsskóla á sviði jafnréttismála. Reynslu verði miðlað milli skóla með kynningum, fundum og samstarfi. Árin 2013 og 2014 verði veitt jafnréttisverðlaun til þeirra þátttakenda sem sýnt hafa mestan árangur á sviði jafnréttismála.
Tímaáætlun: 2011–2013.
Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

31. Jafnrétti í háskólum.
Fræðslu í jafnréttismálum verði komið á innan háskóla. Skipaður verði starfshópur til að skipuleggja og innleiða slíkt ferli, en í hópnum eigi sæti fulltrúar háskóla og mennta- og menningarmálaráðuneytis og sérfræðingar í kynjafræðum. Reynslu verði miðlað milli skóla með kynningum, fundum og samstarfi. Árin 2013 og 2014 verði veitt jafnréttisverðlaun til þeirra þátttakenda sem sýnt hafa mestan árangur á sviði jafnréttismála.
Tímaáætlun: 2012–2014.
Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

32. Félagslíf í framhaldsskólum.
Þátttaka pilta og stúlkna í félagslífi verði könnuð með það að markmiði að stuðla að jöfnum tækifærum pilta og stúlkna. Út frá þeirri vinnu verði skoðað, í samráði við nemendafélög, hvort grípa þurfi til sértækra aðgerða til að hvetja annað kynið til frekari þátttöku. Birtingarmyndir framhaldsskólans í ríkisfjölmiðlum (RÚV) verði skoðaðar sérstaklega til að tryggja að ekki halli óeðlilega á annað kynið.
Tímaáætlun: 2011–2013.
Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda mennta- og menningarmálaráðuneytis.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

33. Starfsgreinar.
Kannaðar verði ástæður þess að stúlkur leita fremur í starfsgreinar sem skilgreindar hafa verið sem hefðbundnar kvennagreinar og piltar í þær sem hafa verið skilgreindar sem hefðbundnar karlagreinar. Enn fremur verði kannað hvernig opna megi aðgang að þeim starfsgreinum sem virðast lokaðar ýmist körlum eða konum. Með samstilltu átaki starfsgreinaráða, skóla og atvinnufyrirtækja verði leitast við að nemendur hafi jöfn tækifæri til að velja sér nám og störf óháð kyni.
Tímaáætlun: 2011–2013.
Kostnaðaráætlun: 200.000 kr.
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

34. Kennaramenntun.

Inntak kennaramenntunar verði endurskoðað og háskólar hvattir til að innleiða skyldunámskeið í kynjafræði fyrir alla nemendur. Starfshópur sem vinnur að endurskoðun kennaramenntunar og reglugerð taki mið af þessum markmiðum.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárveitingar til endurskoðunar kennaramenntunar.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

35. Konur og kvikmyndagerð.

Kannað verði hvers vegna konur sækja síður en karlar um styrki úr kvikmyndasjóði. Fundin verði leið til þess að hvetja konur reglulega til að sækja um styrki fyrir eigið efni til handritsgerðar og framleiðslu kvikmynda, heimildarmynda og sjónvarpsþátta. Leitað verði leiða til þess að viðfangsefni með kvenlægum gildum njóti viðurkenningar til jafns við karllæg viðmið í mati á umsóknum. Markmiðið verði að fá fleiri myndir og þætti unna út frá kvenlægum sjónarhornum. Fundin verði leið til að hvetja skólastúlkur frá unga aldri til að skapa og miðla sínu sjónarhorni með kvikmyndasköpun ekki síður en pilta. Grunn- og framhaldsskólar verði hvattir til að standa fyrir átaksverkefnum í stuttmyndagerð stúlkna.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

36. Aðgengi kvenna og karla að fjármagni til vísindarannsókna.

Sjóðir sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og starfa á grundvelli laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir haldi kerfisbundið til haga upplýsingum um kynjaskiptingu fagráða, umsækjenda og styrkþega, og styrkupphæðir í öllum styrkjaflokkum fyrir árið 2012. Þannig verði á árinu 2013 unnt að leggja mat á hvernig starfsemi sjóðanna nýtist hvoru kyni fyrir sig. Komi í ljós að halli á annað kynið meðal styrkþega verði kannað hvort grípa skuli til aðgerða til að rétta þann halla, t.d. með því að gera styrkumsóknir aðgengilegri eða endurskoða úthlutunarreglur. Upplýsingar og viðeigandi aðgerðir nái jafnframt til verkefna sem Rannís styrkir til endurúthlutunar.

Tímaáætlun: 2012–2014.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda sjóðanna.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

F. Karlar og jafnrétti.

37. Karlar um borð.

Skipaður verði starfshópur sem geri tillögur um hvernig auka megi þátttöku karla í umræðum um jafnrétti kynja og auka aðild karla að jafnréttisstarfi. Greining á stöðu karla í samfélaginu og möguleikum þeirra til virkrar þátttöku á nýjum og breyttum forsendum verði gerð. Starfshópurinn leiti samstarfs um verkefni sem stuðla að því að slík greining fari fram. Markmiðið sé að fá fram tillögur um m.a. hvernig megi auka náms- og starfsval karla sem og annað hlutverkaval þeirra, vinna gegn staðalímyndum kynjanna og auka þátttöku í verkefnum fjölskyldunnar. Hugað verði að neikvæðum þáttum, svo sem áhættuhegðun, ofbeldi og sjálfsvígum. Starfshópurinn hafi sér til fulltingis stærri ráðgjafahóp karla sem endurspegli breiðan bakgrunn með tilliti til aldurs og reynslu.

Tímaáætlun: 2011–2012.

Kostnaðaráætlun: 1 millj. kr.
Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.

G. Alþjóðastarf.

38. Eftirfylgni við aðgerðaáætlun um framkvæmd ályktunar öryggisráðsins nr. 1325 og tengdar ályktanir um konur, frið og öryggi á alþjóðavettvangi.

Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 frá árinu 2000 um konur, frið og öryggi verði endurskoðuð með framsetningu skýrra og tímasettra markmiða. Tekið verði mið af öðrum ályktunum öryggisráðsins sem samþykktar hafa verið með skírskotun til ályktunar 1325 (ályktanir nr. 1820 (2008), 1888 (2009), 1889 (2009) og 1960 (2010)). Ísland efli jafnframt stöðu sína sem málsvari málaflokksins á alþjóðavettvangi bæði í marghliða og tvíhliða starfi með frumkvæði, sterkum áherslum og eftirfylgni á grundvelli framkvæmdaáætlunarinnar. Markvisst verði unnið að því að fræða starfsfólk utanríkisráðuneytisins og friðargæsluliða í málefnum öryggisráðsályktunar 1325 og tengdra ályktana.

Tímaáætlun: 2011–2014.
Kostnaðaráætlun: 2,5 millj. kr.
Ábyrgð: Utanríkisráðuneyti.

39. Verkefni um Jafnréttisskóla.

Starf Jafnréttisskóla á vegum Háskóla Íslands verði stutt sem liður í uppbyggingu þekkingarsamfélags á Íslandi á sviði jafnréttismála. Markmið verkefnisins sé að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna með styttri námskeiðum fyrir sérfræðinga frá þróunarríkjum, átakasvæðum og samfélögum þar sem nýlega hefur komist á friður að átökum loknum. Unnið verði markvisst að því að Jafnréttisskólinn verði hluti af tengslaneti Sameinuðu þjóðanna. Markhópurinn sé starfsmenn stjórnsýslu og félagasamtaka sem starfa að jafnréttismálum í framangreindum ríkjum og svæðum. Utanríkisráðuneytið kosti verkefnið samkvæmt árlegri fjárhagsáætlun og samþykktum fjárlögum.

Tímaáætlun: 2010–2014.
Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.
Ábyrgð: Háskóli Íslands og utanríkisráðuneyti.

40. Kyn og loftslag.

Umhverfisráðuneyti og utanríkisráðuneyti haldi áfram kynjasjónarmiðum á lofti í samningaviðræðum um loftslagsmál. Ráðuneytin eigi samstarf um að kynna mikilvægi kynjasjónarmiða hvað varðar loftslagsmálin innan lands, svo sem með málþingum. Rannsóknir á kynjaþætti loftslagsmála verði efldar og áhersla lögð á kynjasjónarmið og loftslagsmál, ekki síst í fræðslu hvað málaflokkinn varðar í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

Tímaáætlun: 2010–2012.
Kostnaðaráætlun: 1,4 millj. kr.
Ábyrgð: Umhverfisráðuneyti og utanríkisráðuneyti.

41. Könnun á áhrifum mismunandi hegðunar kynjanna á loftslag á Íslandi.

Gerð verði könnun á þeim þáttum í hegðun kynjanna hér á landi sem ýmist auka eða minnka losun gróðurhúsalofttegunda, svo sem með akstri einkabíla, notkun á almenningssamgöngum, orkunotkun, flokkun sorps, kaupum á umhverfisvænum vörum, kjötneyslu og

öðru. Metið verði hversu mikil áhrif hvort kyn um sig hefur og til hvaða aðgerða þurfi að grípa. Markmiðið sé að vekja fólk til vitundar um áhrif einstaklinganna á umhverfi sitt.

Tímaáætlun: 2011–2014.

Kostnaður: 1 millj. kr.

Ábyrgð: Umhverfisráðuneyti.

H. Eftirfylgni og endurskoðun.

42. Eftirfylgni.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta annist eftirfylgni með framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum á vettvangi sinna ráðuneyta í samstarfi við Jafnréttisstofu og sérfræðing Stjórnarráðsins í jafnrétti kynja. Framvinduskýrsla fylgi árlegri greinargerð jafnréttisfulltrúa til Jafnréttisstofu. Skýrsla um stöðu verkefna samkvæmt framkvæmdaáætluninni verði lögð fyrir ráðherranefnd um jafnrétti kynja og jafnréttisþing.

Tímaáætlun: 2010–2014.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti í samvinnu við önnur ráðuneyti.

43. Árangursmat.

Áætlunin verði árangursmetin og eftir atvikum endurskoðuð að tveimur árum liðnum frá samþykkt hennar.

Tímaáætlun: 2012.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

Ábyrgð: Velferðarráðuneyti.

1481. Frumvarp til laga [707. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum (hreindýraveiðar).

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

Í stað 9. mgr. 14. gr. laganna koma sjö nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Enginn má stunda hreindýraveiðar nema hann hafi til þess veiðileyfi og sé í fylgd með leiðsögumanni. Áður en veiðimaður fer til hreindýraveiða skal hann hafa staðist verklegt skotpróf á síðustu tólf mánuðum. Veiðimaður þarf að skila inn staðfestingu á að hann hafi lokið verklegu skotprófi fyrir 1. júlí ár hvert. Skili veiðimaður ekki inn staðfestingu skal veiðileyfi hans úthlutað að nýju. Umhverfisstofnun er heimilt að veita veiðimanni sem fær úthlutað leyfi til hreindýraveiða eftir 1. júlí frest til að skila inn staðfestingu á verklegu skotprófi.

Enginn getur tekið að sér leiðsögn með hreindýraveiðum nema hann hafi til þess leyfi Umhverfisstofnunar. Leyfi skal veitt til allt að fjögurra ára í senn og miðast við tiltekin veiðisvæði. Til að geta hlotið leyfi sem leiðsögumaður þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa skotvopnaleyfi (B-flokk) og veiðikort.
2. Hafa staðfestingu á að hann hafi staðist verklegt skotpróf á síðustu tólf mánuðum.
3. Hafa þekkingu og reynslu af veiðum, fláningu og meðferð afurða hreindýra.
4. Hafa staðfestingu á þátttöku í námskeiðum Umhverfisstofnunar og að hann hafi lokið prófi í kjölfar þeirra með fullnægjandi árangri í:
   a. líffræði, sýklafræði, vistfræði og náttúruvernd með sérstöku tilliti til hreindýra,
   b. líffærafræði, þekkingu á helstu sjúkdómum og sníkjudýrum sem finnast á Íslandi og töku sýna,
   c. náttúruverndarlögum, lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, reglugerð um hreindýraveiðar og öðrum lögum sem máli skipta,
   d. leiðsögn,
   e. meðferð skotvopna,
   f. meðferð og notkun áttavita og GPS-staðsetningartækja,
   g. veiði villtra dýra og siðfræði og siðareglum veiðimanna,
   h. staðháttum á viðkomandi veiðisvæði.
5. Hafa tvisvar á sama veiðitímabili leiðsagt með hreindýraveiðum undir handleiðslu starfandi leiðsögumanns sem valinn er af Umhverfisstofnun.
6. Hafa sótt skyndihjálparnámskeið á síðustu tveimur árum.

Umhverfisstofnun heldur námskeið skv. 4. tölul. 10. mgr. í samráði við hreindýraráð og skal Umhverfisstofnun m.a. meta þörf á að halda slík námskeið með tilliti til eðlilegrar nýliðunar í hópi leiðsögumanna. Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta gjald fyrir námskeið á vegum hennar, próf í kjölfar námskeiða, verkleg skotpróf og fyrir útgáfu eða endurnýjun leyfa fyrir leiðsögumenn. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar gjaldskrá fyrir námskeið á vegum hennar, próf í kjölfar námskeiða, verkleg skotpróf og fyrir útgáfu eða endurnýjun leyfa fyrir leiðsögumenn.

Umhverfisstofnun heldur verkleg skotpróf fyrir hreindýraveiðimenn og leiðsögumenn. Umhverfisstofnun er heimilt að fela öðrum framkvæmd verklegra skotprófa, svo sem rekstraraðilum skotvalla.

Til að fá endurnýjun leyfis sem leiðsögumaður þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa skotvopnaleyfi (B-flokk) og veiðikort.
2. Hafa staðfestingu á að hann hafi staðist verklegt skotpróf á síðustu tólf mánuðum.
3. Hafa staðfestingu á þátttöku í endurmenntunarnámskeiði Umhverfisstofnunar.
4. Hafa sótt skyndihjálparnámskeið á síðustu tveimur árum.

Vilji leiðsögumaður bæta við sig veiðisvæðum hvort sem er við endurnýjun eða í öðrum tilvikum þarf hann að auki að standast próf í staðháttum á viðkomandi veiðisvæði.

Hlutverk leiðsögumanna með hreindýraveiðum er að fylgja veiðimanni um veiðisvæði, hjálpa honum að þekkja þau dýr sem hann má veiða, sjá til þess að veiðimaður fari rétt að við veiðarnar, skrái þær upplýsingar á veiðiskýrslur sem krafist er og skili inn veiðiskýrslum rétt útfylltum. Leiðsögumaður á að sjá til þess að veiðar séu í samræmi við lög og reglur. Brjóti leiðsögumaður gegn lögum og reglugerðum getur Umhverfisstofnun veitt honum áminningu eða svipt hann leyfi séu sakir alvarlegar eða ítrekaðar. Hafi leiðsögumaður verið sviptur leyfi getur hann öðlast slíkt leyfi á ný þegar fjögur ár eru liðin frá sviptingu enda fullnægi hann þeim kröfum sem gerðar eru þegar um nýtt leyfi er að ræða, sbr. 10. mgr. Ráð-

herra er heimilt að kveða nánar á í reglugerð um hlutverk og skyldur leiðsögumanna með hreindýraveiðum að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og hreindýraráðs.

Aðeins er heimilt að úthluta arði af hreindýraveiðum til þeirra sem heimila hreindýraveiðar á landi sínu allt veiðitímabilið. Eigandi eða ábúandi jarðar skal fyrir 1. júlí ár hvert tilkynna til Umhverfisstofnunar hvort hann heimili veiðar á landi sínu eður eigi. Eigandi eða ábúandi þarf þó ekki að tilkynna afstöðu sína árlega hafi hann gert það einu sinni og ekki orðið breyting á afstöðu hans. Umhverfisstofnun er heimilt að miða við afstöðu eiganda eða ábúanda frá fyrri veiðitímabilum hafi hann ekki tilkynnt um afstöðu sína fyrir 1. júlí.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó taka 2.–5. málsl. 1. mgr. 1. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 2012.

1482. Frumvarp til laga [649. mál]

um skil menningarverðmæta til annarra landa.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að tryggja skil á menningarverðmætum til annarra landa hafi þau verið flutt til Íslands með ólögmætum hætti.

2. gr.

Skilgreiningar.

Menningarverðmæti í skilningi laga þessara eru:

a. gripir sem teljast til þjóðarverðmæta í landinu sem þeir hafa verið fluttir frá, vegna listræns, menningarsögulegs eða fornleifafræðilegs gildis samkvæmt löggjöf eða reglugerðum viðkomandi ríkis, og falla undir einhvern þeirra flokka sem taldir eru í 5. gr.,
b. gripir sem falla ekki undir neinn þeirra flokka sem taldir eru í 5. gr. en eru hlutar opinberra minja- eða listasafna, bókasafna eða skjalasafna samkvæmt safnskrá,
c. gripir í eigu stofnana trúfélaga.

Til opinberra safna samkvæmt þessari grein teljast söfn í eigu ríkis, sveitarfélaga eða sjálfseignarstofnana sem hafa fengið opinbera viðurkenningu í samræmi við löggjöf viðkomandi lands.

3. gr.

Framkvæmd.

Minjastofnun Íslands annast framkvæmd laga þessara fyrir hönd íslenska ríkisins. Stofnunin leggur mat á verðgildi menningarminja og annast skil á menningarminjum til annarra ríkja. Við mat á verðgildi menningarminja og öðrum þáttum sem snerta minjagildi þeirra skal stofnunin hafa samráð við Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Stofnun Árna

Magnússonar í íslenskum fræðum eða Þjóðskjalasafn Íslands eftir því sem við á. Ef þörf gerist skal og leitað álits sérfróðra manna er eigi starfa við stofnanir þær er hér um ræðir.

Minjastofnun Íslands tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum.

Minjastofnun Íslands skal hafa náið samstarf og samráð við þau stjórnvöld í öðrum ríkjum er fjalla þar um leyfi til útflutnings menningarminja og um skil þeirra, svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig þau mál varða. Þá skal stofnunin leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins með óheimilum hætti. Skulu lögreglu- yfirvöld aðstoða við þá leit ef þörf gerist.

Tollyfirvöld skulu tafarlaust tilkynna Minjastofnun Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins.

4. gr.

Reglur um flutning menningarminja.

Óheimilt er að flytja til Íslands menningarminjar ef flutningurinn brýtur gegn:

a. reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá ríki á svæðinu,
b. löggjöf þess ríkis sem menningarminjar eru fluttar frá.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til þess ef menningarminjar eru fluttar tímabundið til landsins með lögmætum hætti en hefur ekki verið skilað á umsömdum tíma eða öðrum skilyrðum um tímabundinn flutning hefur ekki verið fullnægt.

5. gr.

Þjóðarverðmæti.

Eftirtaldir flokkar menningarminja teljast til þjóðarverðmæta skv. 2. gr. og er skylt að skila berist krafa um það frá öðru ríki skv. 6. gr.:

1. Forngripir, eldri en 100 ára, sem fundist hafa í jörðu, vatni eða sjó við fornleifarannsóknir eða á annan hátt.
2. Hlutar úr listrænum, sögulegum eða trúarlegum minjum er losaðir hafa verið frá þeim og eru eldri en 100 ára.
3. a. Málverk og handgerðar myndir, aðrar en þær sem getið er um í b-lið þessa töluliðar og 4. tölul., úr hvaða efni sem er, ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
   b. Vatnslitamyndir, gvassmyndir og pastelmyndir, gerðar í höndum að öllu leyti á hvaða efni sem er, ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
4. Mósaíkverk úr hvaða efni sem er og að öllu leyti handunnin, sem ekki falla undir 1. eða 2. tölul., og teikningar úr hvaða efni sem er séu myndverkin að öllu leyti handunnin, eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
5. Frumeintök af stungum, þrykki, silkiprenti og steinprenti ásamt tilheyrandi plötum og frumgerð veggspjalda, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
6. Frumeintök höggmynda eða myndastyttna og eftirmyndir þeirra, sem eru gerðar með sömu aðferð og frumeintökin, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra, enda falli þau ekki undir 1. tölul.
7. Ljósmyndir og kvikmyndir og filmur eða glerplötur af þeim, enda séu þær eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda myndanna.

8. Bækur, prentaðar fyrir 1500 (vöggugprent), svo og handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
9. Aðrar bækur, eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.
10. Prentuð landabréf, eldri en 200 ára.
11. Skjalasöfn hvers konar og hlutar þeirra, úr hvaða efni sem er, eldri en 50 ára.
12. a. Dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök.
    b. Söfn sem gildi hafa fyrir sagnfræði, steingervingafræði, mannfræði eða myntfræði.
13. Samgöngutæki, eldri en 75 ára.
14. Aðrar menningarminjar, eldri en 50 ára.

Menningarminjar skv. 1. mgr. falla einungis undir þessi lög sé verðgildi þeirra í samræmi við eftirfarandi upptalningu:

a. menningarminjar er falla undir 1., 2., 8. og 11. tölul. 1. mgr. án tillits til verðgildis þeirra,
b. menningarminjar er falla undir 4., 5., 7. og 10. tölul. 1. mgr. sé verðgildi þeirra 1.100.000 kr. eða meira,
c. menningarminjar er falla undir 6., 9., 12., 13. og 14. tölul. 1. mgr. sé verðgildi þeirra 3.800.000 kr. eða meira,
d. menningarminjar er falla undir a-lið 3. tölul. 1. mgr. sé verðgildi þeirra 11.500.000 kr. eða meira og b-lið 3. tölul. 1. mgr. sé verðgildi þeirra 2.300.000 kr. eða meira.

Upphæðir skv. 2. mgr. miðast við verðlag á þeim tíma er lög þessi öðlast gildi og taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Við verðgildismat skal miðað við ætlað markaðsverð hlutaðeigandi menningarminja á þeim degi er krafa annars ríkis um skil er borin fram.

6. gr.

Skil á menningarminjum.

Menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins skal skilað í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis.

Minjastofnun Íslands skal leitast við að finna tilteknar menningarminjar og eiganda eða handhafa þeirra berist krafa um það frá öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Slíkri kröfu skulu fylgja allar nauðsynlegar upplýsingar sem kunna að auðvelda fund minjanna.

Finnist menningarminjar hér á landi sem Minjastofnun Íslands telur að rökstuddur grunur leiki á að fluttar hafi verið til landsins með ólögmætum hætti skal stofnunin með sannanlegum hætti tilkynna hlutaðeigandi ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins um fundinn.

Telji valdbær stjórnvöld einhvers ríkjanna að minjarnar hafi verið fluttar frá yfirráðasvæði þess með ólögmætum hætti skal krafa þeirra um skil hafa borist Minjastofnun Íslands innan tveggja mánaða frá því að stofnunin tilkynnti um fundinn. Berist krafa um skil ekki innan þess frests falla skyldur Minjastofnunar Íslands til varðveislu minjanna skv. 5. mgr. niður.

Minjastofnun Íslands skal í samráði við stjórnvöld viðkomandi ríkis gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til varðveislu menningarminja sem sótt hefur verið um skil á. Stofnunin skal með viðeigandi ráðstöfunum sjá til þess að ekki sé reynt að hindra skilaferlið.

Ákvæði þessarar greinar er varða skil menningarverðmæta til annarra ríkja gilda einvörðungu um kröfur um skil til hlutaðeigandi stjórnvalda í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Íslensk stjórnvöld skulu þó jafnframt leitast við eftir föngum að aðstoða við réttmæt skil menningarminja til ríkja sem ekki eiga aðild að

nefndum samningi hafi minjarnar verið fluttar þaðan í andstöðu við þarlend lög. Skil á menningarminjum samkvæmt ákvæði þessu hafa farið fram þegar menningarminjar hafa verið afhentar stjórnvöldum þess ríkis sem leggur fram beiðni um skil.

7. gr.
Framkvæmd.

Íslenskum stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að menningarminjum sem skilgreindar eru í 2. og 5. gr. og hafa verið fluttar til Íslands með ólögmætum hætti, án tillits til núverandi eignaraðildar eða vörslu á þeim, verði skilað til réttra eigenda eða umsjármanna þeirra erlendis, enda sé skilyrðum í 5. gr. um verðmæti þeirra fullnægt þar sem við á.

Umsókn þar að lútandi skal borin upp formlega af valdbæru stjórnvaldi í hlutaðeigandi ríki og skal henni beint til Minjastofnunar Íslands sem gerir síðan viðeigandi ráðstafanir, eftir atvikum í samvinnu við hlutaðeigandi stjórnvöld hér á landi.

Eftir kröfu Minjastofnunar Íslands er handhöfum tollgæsluvalds heimilt að leggja hald á menningarminjar skv. 1. mgr. uns niðurstaða fæst um skil á þeim í samræmi við 8. gr. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni. Um heimildir tollgæslu til valdbeitingar, handtöku, leitar, haldlagningar og innsiglunar gilda að öðru leyti ákvæði 151. gr. og 154.–164. gr. tollalaga.

Við verðgildismat menningarminja skv. 5. gr. skal miða við þann dag er íslenskum stjórnvöldum berst krafa um skil á minjum frá valdbærum stjórnvöldum í öðru ríki. Við ákvörðun verðgildis skal haft mið af ætluðu markaðsverði.

8. gr.
Dómskröfur um skil á menningarminjum.

Séu menningarminjar sem fjallað er um í 2. og 4. gr. í eigu eða vörslu manna hérlendis er eigi vilja láta þær af hendi þegar Minjastofnun Íslands krefst þess, skv. 3. og 6. gr., geta hlutaðeigandi stjórnvöld í öðru ríki, sem bera fram lögformlega kröfu um skil menningarminja, krafist þess fyrir dómi hér á landi, hvort heldur sem er í einkamáli eða opinberu dómsmáli, að eigendum eða vörslumönnum minjanna verði gert að láta þær af hendi og að mælt verði fyrir um að þeim skuli skilað með lögmæltum hætti til þess ríkis er skila krefst. Sé um einkamál að ræða skal það höfðað gegn eiganda minjanna, hvernig sem hann er að minjunum kominn, og jafnframt gegn vörslumanni þeirra sé hann annar en eigandinn. Dómur um skil menningarverðmæta er grundvöllur innsetningargerðar, ef á reynir, en dómi má síðan jafnframt framfylgja með aðstoð sýslumanna, lögreglu og annarra þar til bærra yfirvalda, eftir því sem þörf krefur, fyrir atbeina Minjastofnunar Íslands.

Í kröfu um skil menningarminja sem hér um ræðir og borin er upp fyrir íslenskum stjórnvöldum og dómstóli, ef á reynir, skal minjunum m.a. lýst svo nákvæmlega sem frekast er kostur, svo og menningarlegu gildi þeirra og verðmæti. Þá skal fylgja kröfu skýr yfirlýsing frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í því ríki er skila krefst um að munirnir hafi verið fluttir úr því ríki með ólögmætum hætti.

Krafa um skil menningarminja skv. 1. mgr. verður eigi höfð uppi fyrir dómi eftir að eitt ár er liðið frá því að hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki er skila krefst fengu vitneskju um hvar menningarminjarnar eru niður komnar og hver sé núverandi eigandi eða vörslumaður þeirra hér á landi. Kröfu um skil verður ekki heldur komið að fyrir dómi þegar liðin eru meira en 30 ár frá því að minjarnar voru fluttar ólöglega frá því ríki er skila krefst.

Sé um að ræða minjar sem eru hluti af opinberum söfnum í því ríki er skila krefst eða þær heyra til trúarlegra minja þar, er lúta sérstökum verndarráðstöfunum samkvæmt lögum þess ríkis, skal þó kröfufresturinn miðast við 75 ár nema íslenska ríkið hafi skuldbundið sig til þess gagnvart hlutaðeigandi ríki að virða lengri frest.

Það ríki er krafist hefur skila á menningarverðmætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal bera kostnað sem stofnað er til við að framkvæma ákvörðun um að menningarminjum skuli skilað, þ.m.t. kostnað við málsmeðferð.

Þeir er komist hafa yfir menningarminjar sem þessi grein tekur til, án þess að flutningur minjanna til Íslands hafi verið saknæmur af þeirra hálfu eða þeir hafi að öðru leyti öðlast þær með ólögmætum hætti, geta krafist hæfilegra bóta frá því ríki er skila krefst vegna þess að þeim er gert að skila minjunum. Verður kröfu um bætur af þessum sökum m.a. komið að í dómsmáli, sem höfðað er til skila minjanna, eða þar sem krafa um skil er borin upp með öðrum hætti en jafnframt getur grandlaus eigandi minja, sem skilakrafa beinist að, samið við hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki er skila krefst um bætur af þessum sökum. Minjastofnun Íslands hefur milligöngu um þá samningsgerð eftir því sem þörf gerist. Hafi bótakrafa sem hér um ræðir verið viðurkennd með dómi eða liggi fyrir formlegur samningur um bætur, þar á meðal dómsátt, getur Minjastofnun Íslands gert það að skilyrði fyrir afhendingu minjanna til hlutaðeigandi erlendra stjórnvalda að bætur verði greiddar.

9. gr.

Tímamörk.

Hvað varðar kröfur um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum að samningi um Evrópska efnahagssvæðið gilda ákvæði laga þessara um skil á minjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá þeim ríkjum hingað til lands 1. janúar 1995 og síðar.

10. gr.

Ágreiningur.

Ágreiningi um atriði er lúta að framkvæmd laga þessara má skjóta til mennta- og menningarmálaráðherra.

11. gr.

Skaðabætur.

Hver sá sem verður fyrir fjártjóni vegna framkvæmda á ákvæðum laga þessara á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Kröfum um skaðabætur skal beint til Minjastofnunar Íslands. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

12. gr.

Niðurfelling gjalda.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem eru gefin út vegna framkvæmda á lögum þessum.

13. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum 4. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

14. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara.

15. gr.
Innleiðing.

Lög þessi eru sett til þess að viðhalda í innlendum rétti ákvæðum tilskipunar ráðsins 93/7/EBE frá 15. mars 1993, um skil menningarminja sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis, sem upphaflega var leidd í lög með lögum nr. 60/1996.

16. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012. Um leið falla úr gildi lög um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 105/2001.

1483. Breytingartillögur [237. mál]

við frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (MSch, LRM, VBj, BVG, SkH).

1. Við 12. gr. 2. og 3. málsl. 7. mgr. orðist svo: Endurgreiðslur skulu vera í íslenskum krónum. Sé innstæða í annarri mynt en íslenskri krónu skal viðmiðunargengi endurgreiðslu vera sölugengi samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands á þeim degi þegar greiðsluskylda sjóðsins verður virk skv. 1. mgr. 7. gr.
2. Við 18. gr. Í stað orðsins „Lágmarkseign“ í síðari málslið 1. mgr. komi: Lágmarksstærð.
3. Við 23. gr. Í stað orðsins „verðbréfaviðskiptum“ í 2. mgr. komi: verðbréfaþjónustu.
4. Við 31. gr. Í stað orðanna „hvern milljarð í stofnfé“ í 1. mgr. a-liðar komi: hverja milljón í stofnfé.

Greinargerð.

Lögð er til breyting á 12. gr. frumvarpsins sem lýtur að útgreiðslum úr sjóðnum. Með tillögunni er leitast við að tryggja að sjóðurinn þurfi ekki að standa frammi fyrir lántökum í erlendri mynt, reyni á greiðsluskyldu hans, með tilheyrandi áhrifum á gengis- og fjármálastöðugleika. Með því að binda útgreiðslur sjóðsins við innlenda mynt er þess vænst að fjármögnun sjóðsins á innlendum lánsfjármarkaði verði skilvirkari og síður háð þeim sveiflum sem sjóðurinn ella stæði frammi fyrir ef hann þyrfti að afla sér lánsfjár á erlendum mörkuðum.

1484. Nefndarálit [797. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sturlaug Tómasson, Ágúst Þór Sigurðsson og Ólaf Kr. Valdimarsson frá velferðarráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði heimild til handa ráðherra til að hækka með reglugerð bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. laga um almannatryggingar og fjárhæðir skv. 22. gr. laganna. Skilyrði hækkunar samkvæmt ákvæðinu er að verulegar breytingar verði á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga sem leiði til hækkunar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem er tilkomið vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga aðila á vinnumarkaði frá 5. maí 2011. Í henni kemur m.a. fram vilji stjórnvalda til að endurskoða bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga með hliðsjón af niðurstöðum kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þannig að lífeyrisþegar og atvinnuleitendur njóti hliðstæðra kjarabóta og um hefur verið samið í kjarasamningum. Nefndin telur málið mjög þarft og fagnar því að lífeyrisþegar fái hliðstæða hækkun og fólk á vinnumarkaði.

Nefndin ræddi sérstaklega hvaða leið yrði farin við hækkun bóta, hver hækkunin yrði og hver áætluð útgjaldaaukning yrði fyrir ríkissjóð. Fékk nefndin kynningu frá ráðuneytinu á þeirri leið sem væri í skoðun og er þar gert ráð fyrir því að bætur almannatrygginga hækki um mest 12 þús. kr. á þessu ári en 11 þús. kr. á því næsta. Fyrirkomulag hækkunarinnar í ár verður þá með þeim hætti að bætur hækka um 4,25% en framfærsluuppbótin hækkar svo um það sem eftir stendur upp í 12 þús. kr. Það eru þeir sem hafa hvað minnst milli handanna sem fá framfærsluuppbót og með þessu yrði því mesta hækkunin hjá þeim sem verst standa. Þá er gert ráð fyrir því að allir lífeyrisþegar almannatrygginga fái eingreiðslu og álag á bæði orlofsuppbót og desemberuppbót.

Nefndin kynnti sér áætlaða breytingu á útgjöldum almannatrygginga í kjölfar hækkunarinnar sem nemur rúmum 4,4 milljörðum kr. á yfirstandandi ári miðað við að hækkunin komi til framkvæmda í júní. Áætluð útgjaldaaukning á næsta ári nemur tæpum 6,2 milljörðum kr. Nefndin telur mikilvægt að kjarabætur á vinnumarkaði skili sér til lífeyrisþega svo að þeir dragist ekki aftur úr og staða þeirra verði ekki mun verri en annarra þjóðfélagsþegna. Brýnt er að hækkunin komi til framkvæmda strax um næstu mánaðamót.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. maí 2011.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form., frsm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.

Jónína Rós Guðmundsdóttir. Guðmundur Steingrímsson. Ásmundur Einar Daðason.

Íris Róbertsdóttir, með fyrirvara. Lilja Rafney Magnúsdóttir.

1485. Nefndarálit [678. mál]

um till. til þál. um fullgildingu Árósasamnings um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Kristínu Rannveigu Snorradóttur og Sigríði Auði Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti og Kristínu Haraldsdóttur frá lagadeild Háskólans í Reykjavík. Þá hafa borist umsagnir frá Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum sem gerður var í Árósum 25. júní 1998 og hefur verið nefndur Árósasamningur. Í athugasemdum við tillöguna segir að Árósasamningurinn sé ný tegund samnings um umhverfismál sem tengi saman umhverfisrétt og mannréttindi. Samningurinn staðfestir að sjálfbærri þróun verður ekki náð án aðildar allra hagsmunaaðila og tengir saman ábyrgð stjórnvalda og umhverfisvernd.

Markmið samningsins er sett fram í 1. gr. Samkvæmt því ákvæði skulu samningsaðilar ábyrgjast rétt til aðgangs að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgangs að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum í samræmi við ákvæði samningsins í því skyni að stuðla að verndun réttinda hvers einstaklings af núlifandi og komandi kynslóðum til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hans. Árósasamningurinn veitir almenningi réttindi sem eru þríþætt og mynda þrjár stoðir samningsins. Fyrsta stoðin leggur samningsaðilum og stjórnvöldum skyldur á herðar varðandi aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál. Önnur stoðin skyldar aðildarríki til að tryggja almenningi þátttöku í ákvarðanatöku sem snertir umhverfið. Með þriðju stoðinni styður samningurinn framangreind réttindi með ákvæðum um aðgang að réttlátri málsmeðferð sem stuðla að auknu vægi samningsins.

Nefndinni er kunnugt um að umhverfisnefnd hefur til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins og frumvarp til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem samningurinn leggur aðildarríkjum á herðar.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Birgitta Jónsdóttir. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

Helgi Hjörvar. Valgerður Bjarnadóttir.

1486. Nefndarálit [382. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Haraldsdóttur og Guðrúnu Þorleifsdóttur frá iðnaðarráðuneyti, Unni Halldórsdóttur frá Ferðamálasamtökum Íslands, Kristínu Huld Sigurðardóttur og Kristin Magnússon frá Fornleifavernd ríkisins, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Önnu Kristínu Ólafsdóttur og Hjalta J. Guðmundsson frá Umhverfisstofnun, Ólöfu Ýri Atladóttur frá Ferðamálastofu og Helgu Haraldsdóttur frá ferðamálaráði. Þá bárust umsagnir frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, Byggðastofnun, ferðamálaráði, Ferðamálasamtökum Íslands, Ferðamálastofu, Fornleifavernd ríkisins, Orkustofnun, Rannsóknamiðstöð ferðamála, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Steinari Berg, Umhverfisstofnun, þjóðgarðsverðinum á Þingvöllum og Þjóðminjasafni Íslands.

Frumvarpið felur í sér að stofnaður verði Framkvæmdasjóður ferðamannastaða. Með fjármagni úr sjóðnum skal leitast við að tryggja öryggi ferðamanna og verndun náttúru landsins. Sjóðnum er einnig ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks í því skyni að draga úr álagi á fjölsótta ferðamannastaði. Fjármagni úr sjóðnum skal annars vegar varið til uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum sem eru í opinberri eigu eða á náttúruverndarsvæðum, hins vegar til framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila jafnt sem einkaaðila.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi fjármálaráðherra um farþegagjald og gistináttagjald en því er ætlað að afla aukinna tekna til að standa undir framlögum til Framkvæmdasjóðsins, þjóðgarða og friðlýstra svæða. Þar er lagt til að farþegagjald og gistináttagjald renni í ríkissjóð en sú fjárhæð sem ráðstafað verður af fjárlögum til Framkvæmdasjóðsins mun endurspegla ⅗ af innheimtu farþegagjaldi og gistináttagjaldi.

Markmið og hlutverk Framkvæmdasjóðsins.

Nefndin vill leggja á það skýra áherslu að þeir fjármunir sem koma til greiðslu úr Framkvæmdasjóðnum eigi að fara til framkvæmda en ekki reksturs og er það í samræmi við markmiðsákvæði frumvarpsins. Nefndin vill einnig árétta að mikilvægt er að samþætta menningarleg, fagurfræðileg og náttúrufræðileg sjónarmið þegar horft verður til uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru, sem og til framkvæmda er varða öryggi ferðamanna.

Fram komu hjá umsagnaraðila athugasemdir um að þörf væri fyrir aukna vöktun á ástandi og þróun náttúru á ferðamannastöðum hér á landi, ekki síst á þeim svæðum sem eru friðlýst. Nefndin telur það ekki samræmast markmiði frumvarpsins að vöktun verði fjármögnuð af því fé sem rennur til Framkvæmdasjóðsins. Í vöktun felast ýmsar grunnrannsóknir sem margar hverjar eru í höndum opinberra stofnana og telur nefndin óheppilegt að blanda fjármögnun á slíku saman við ráðstöfun úr sjóði sem þessum.

Einkaaðilar.

Heimildir til framlaga til einkaaðila úr Framkvæmdasjóðnum takmarkast við framkvæmdir sem varða öryggi og verndun náttúru á ferðamannastöðum, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Af þessu leiðir að framlögum úr Framkvæmdasjóðnum er ekki ætlað að styrkja atvinnuuppbyggingu einkaaðila í ferðaþjónustu enda einskorðast framlög til þeirra við framangreind öryggis- og/eða verndunarverkefni. Hér er því ekki um samkeppnissjóð að ræða. Fjallað er um ríkisaðstoð í 61.–64. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Í frumvarpinu kemur fram að ekki er gert ráð fyrir því að framlög úr sjóðnum skilgreinist sem ríkisaðstoð. Engu síður leitaði iðnaðarráðuneytið eftir óformlegu áliti Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) varðandi framlög úr Framkvæmdasjóðnum og kannaði afstöðu ESA til þess hvort tilkynna þyrfti löggjöfina með formlegum hætti. ESA vísaði til minniháttarreglunnar (e. de minimis rule) en hún felur það í sér að styrkir undir ákveðinni lágmarksfjárhæð teljast ekki ógna samkeppni. Benti ESA á að ef framlög til einkaaðila falla undir þá reglu er ekki um tilkynningarskylt kerfi að ræða. Sú fjárhæð sem nú gildir er 200.000 evrur samtals á þremur árum. Í þessu felst að samanlagðir styrkir frá hinu opinbera á þremur árum geta verið allt að 200.000 evrur til einkaaðila. Rétt er að benda á að hér er átt við framlög úr Framkvæmdasjóði, menningarsamningi og vaxtarsamningi o.s.frv. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða ber að endurskoða lögin fyrir árslok 2013. Það er mat iðnaðarráðuneytisins og nefndarinnar að framlög til ferðamannastaða í opinberri eigu verði fyrirferðarmeiri en framlög til einkaaðila á fyrstu starfsárum sjóðsins. Sökum þessa er raunhæft að miða við að framlög til einkaaðila verði ekki hærri en minniháttarreglan kveður á um fyrstu þrjú árin.

Fram kemur í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins að framlög til einkaaðila séu alltaf háð því skilyrði að viðkomandi ferðamannastaður sé ávallt opinn almenningi og án endurgjalds. Sú gagnrýni kom fram hjá umsagnaraðilum að styrkúthlutanir úr sjóðnum fyrir einkaaðila væru skilyrtar en hið sama ætti ekki við um opinbera aðila. Hér væri því verið að mismuna landeigendum eftir því hvort um sé að ræða opinbera aðila eða einkaaðila þar sem sambærileg krafa er ekki gerð vegna ferðamannastaða í opinberri eigu. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið og leggur til að síðari málsliður 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði felldur brott.

Stjórn.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins skipar iðnaðarráðherra fjóra fulltrúa í stjórn Framkvæmdasjóðsins. Nefndin vill benda á að mikilvægt er að stjórn Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar taki tillit til gildandi ferðamálaáætlunar, áætlunar um ferðamennsku á hálendinu, náttúruverndaráætlunar, menningarstefnu í mannvirkjagerð og byggðaáætlunar.

Tekjur.

Fram kemur í 3. gr. frumvarpsins að árlegar tekjur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða verði framlag ríkissjóðs sem nánar er ákveðið í fjárlögum, vextir af fé sjóðsins, sem og aðrar tekjur. Miðað skal við að framlagið endurspegli um 60% þeirra tekna sem ríkissjóður hefur af farþegagjaldi og gistináttagjaldi. Nokkur gagnrýni kom fram hjá umsagnaraðilum á þessa ráðstöfun og var það skoðun þeirra að farþegagjald og gistináttagjald ættu að renna óskert í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Fram kemur í athugasemdum við frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald að þær tekjur sem innheimtast samkvæmt lögunum muni útdeilast á fjárlögum að $\frac{3}{5}$ hlutum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og $\frac{2}{5}$ hlutum til ráðstöfunar fyrir þjóðgarða og friðlýst svæði. Nokkrar umræður sköpuðust um málið. Það er skilningur nefndarinnar að þeir fjármunir sem koma til úthlutunar vegna farþegagjalds og

gistináttagjalds, hvort sem það er til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða eða til ráðstöfunar fyrir þjóðgarða og friðlýst svæði, eigi alfarið að renna til framkvæmda og uppbyggingar en ekki til reksturs. Nefndin vill benda á að friðlýst svæði eru 102 talsins og talið er brýnt að ráðast í verulegar úrbætur á mörgum þeirra. Með hliðsjón af þessu, sem og bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, en þar er gert ráð fyrir endurskoðun laganna í árslok 2013, leggur nefndin til að þessi skipting farþegagjalds og gistináttagjalds standi óbreytt en leggur til breytingar á ákvæðinu þessu til skýringar.

Nefndin leggur til þá breytingu að lögin öðlist þegar gildi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 2. málsl. 3. mgr. 1. gr. falli brott.
2. 1. tölul. 3. gr. orðist svo: Framlag ríkissjóðs sem nemur ⅗ af farþegagjaldi og gistináttagjaldi.
3. 7. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Margrét Tryggvadóttir, Jón Gunnarsson og Þráinn Bertelsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Kristján L. Möller, form., frsm.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Björgvin G. Sigurðsson.
Valgerður Bjarnadóttir.	Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.	Gunnar Bragi Sveinsson.

1487. Frumvarp til laga [830. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir orðinu „Fangelsismálastofnun“ í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: tollyfirvöld, eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög nr. 42/2010, um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, Vegagerðin, Lánasjóður íslenskra námsmanna.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 29. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sá tími sem Vinnumálastofnun veitir styrk skv. 1. mgr. 62. gr. vegna þátttöku hins tryggða í starfstengdu vinnumarkaðsúrræði telst ekki hluti tímabilsins skv. 1. mgr. í tilvikum er hinn tryggði nýtur launa frá vinnuveitanda sem eru hærri en grunnatvinnuleysisbætur hans meðan á þátttöku hans í vinnumarkaðsúrræði stendur og fær ekki greiddar atvinnuleysisbætur, sbr. 4. mgr. 33. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða í reglugerð, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiddar séu sérstakar desemberuppbætur á grunnatvinnuleysisbætur í lok hvers árs að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum.
b. 4. mgr. orðast svo:

   Þegar Vinnumálastofnun veitir styrk skv. 1. mgr. 62. gr. vegna þátttöku hins tryggða í starfstengdu vinnumarkaðsúrræði og hinn tryggði nýtur launa frá vinnuveitanda sem eru hærri en grunnatvinnuleysisbætur hans meðan á þátttöku hans í vinnumarkaðsúrræði stendur á hinn tryggði hvorki rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum né grunnatvinnuleysisbótum á sama tíma.

4. gr.

Í stað orðanna „veitir Vinnumálastofnun vísvitandi rangar upplýsingar í umsókn um atvinnuleysisbætur“ í 60. gr. laganna kemur: lætur vísvitandi hjá líða að tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem kunna að verða á högum hans á því tímabili sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum eða veitir vísvitandi rangar upplýsingar.

5. gr.

Í stað orðanna „30. júní 2011“ í 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum kemur: 31. desember 2011.

6. gr.

Í stað orðanna „30. júní 2011“ í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 31. desember 2011.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Þegar um er að ræða aðilaskipti að fyrirtæki sem hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta skal framsalshafi virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir fyrri vinnuveitanda á þeim degi er úrskurður var kveðinn upp um að fyrirtækið skuli tekið til gjaldþrotaskipta þar til kjarasamningi verður sagt

upp eða hann rennur út eða annar samningur kemur í hans stað. Vanefndir þess vinnuveitanda á skyldum hans gagnvart starfsmönnum fyrir þann dag færast ekki yfir til framsalshafa. Hið sama gildir komi innan þriggja mánaða frá framsali hins gjaldþrota fyrirtækis til endurráðningar fyrrum starfsmanna þess sem voru í starfi á úrskurðardegi.

b. 4. mgr. orðast svo:

1. og 2. mgr. eiga ekki við um aðilaskipti að fyrirtækjum sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.

III. KAFLI

Gildistaka.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands í tengslum við gerð kjarasamninga aðila á almennum vinnumarkaði frá 5. maí 2011. Í aðdraganda kjarasamningsins áttu stjórnvöld og aðilar á almennum vinnumarkaði víðtækt samráð um ýmsa þætti sem lúta að efnahags- og kjaramálum. Með efni yfirlýsingarinnar leggja stjórnvöld sitt af mörkum til að kjarasamningar verði gerðir til þriggja ára á íslenskum vinnumarkaði. Enn fremur hafa stjórnvöld haft samráð við aðila á opinberum vinnumarkaði vegna efnis yfirlýsingarinnar. Haft hefur verið samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins við gerð frumvarps þessa.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar gerir meðal annars ráð fyrir að stjórnvöld muni, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, standa fyrir átaki á sviði vinnumarkaðsaðgerða og til að efla menntun í samræmi við tillögur samráðshóps um vinnumarkaðsmál. Er þar á meðal lögð áhersla á þátttöku atvinnuleitenda í virkum starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, svo sem reynsluráðningu, starfsþjálfun, frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða átaksverkefnum, sbr. lög nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, með síðari breytingum, sem og einnig reglugerð nr. 12/2009, um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki. Er gert ráð fyrir að slíkum úrræðum verði fjölgað um allt að 1.500 árið 2011 þannig að heildarfjöldi þeirra einstaklinga sem njóta slíkra úrræða tvöfaldast. Jafnframt er mikilvægt að sá tími er atvinnuleitandi tekur þátt í starfstengdu virku vinnumarkaðsúrræði teljist ekki til þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 1. mgr. 29. gr. laganna. Með frumvarpi þessu eru því lagðar til breytingar á 29. og 33. gr. laganna, sbr. 2. og 3. gr. frumvarps þessa.

Í frumvarpi þessu er jafnframt lagt til að gildistími ákvæða til bráðabirgða V og VI verði framlengdur um sex mánuði eða til 31. desember 2011. Ákvæði þessi komu fyrst inn í lögin í nóvember 2008 vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði. Markmiðið með þessum ákvæðum var að koma til móts við breyttar aðstæður á vinnumarkaði, meðal annars með því að stuðla að því að atvinnurekendur skoði þann kost að lækka starfshlutfall hjá hluta starfsmanna sinna á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V fremur en að grípa til uppsagna. Þessi ákvæði hafa reynst mjög góð úrræði þar sem þau leiða til þess að færri einstaklingar missa störf sín að fullu en ella hefði verið sökum tímabundinna erfiðleika á vinnumarkaði. Þannig fengu 1.198 einstaklingar greiddar atvinnuleysisbætur í apríl 2011 á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V. Ákvæðin hafa verið í gildi frá hausti 2008 en frá upphafi lá fyrir að þau væru eingöngu viðbrögð við mjög breyttum aðstæðum í rekstrarumhverfi fyrirtækja á innlendum

vinnumarkaði. Enda þótt atvinnuleysi sé enn nokkuð eða 8,6% í mars 2011, sem þykir réttlæta að gildistími ákvæðanna verði framlengdur um sex mánuði, þykir engu síður vera kominn tími til að úrræði þessi verði endurmetin í samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Markmið slíkrar endurskoðunar væri að meta hvort ástæða sé til að breyta efni þeirra í desember 2011 í ljósi þess að þær aðstæður sem vísað var til við setningu þeirra hafa þá varað í rúmlega þrjú ár eða þá jafnvel að aðstæður á vinnumarkaði séu með þeim hætti að eðlilegt sé að þau verði ekki framlengd frekar. Þá eru lagðar til breytingar á 9. og 60. gr. laganna um atvinnuleysistryggingar í því skyni að koma enn frekar í veg fyrir að unnt sé að fá greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga og þar með styrkja stoðir eftirlits Vinnumálastofnunar.

Þá var mikilvægi þess að bæta réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum eftir að þau hafa verið úrskurðuð gjaldþrota undirstrikað í viðræðum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Var meðal annars vísað til þess að ákvæði laga nr. 72/2001, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum, er varða launakjör og starfsskilyrði sem og vernd gegn uppsögnum eiga ekki við í slíkum tilvikum. Samþykkti ríkisstjórnin því að leggja til við Alþingi að réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að þrotabúum yrði bætt á yfirstandandi þingi. Eru því í frumvarpi þessu lagðar til breytingar á 3. gr. laganna í því skyni að framsalshafi virði áfram kjarasamningsbundin launakjör og starfsskilyrði starfsmanna fyrirtækja sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta og aðilaskipti orðið þegar þrotabúið hefur verið selt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæði þessu er lagt til að kveðið verði með skýrum hætti á um að eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög nr. 42/2010, um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, sé skylt að láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna. Er það jafnframt í samræmi við það sem fram kemur í 3. mgr. 4. gr. laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum þar sem kveðið er á um að eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skuli senda meðal annars Vinnumálastofnun upplýsingar þær sem fram koma á vinnustaðaskírteini.

Þeir sem stunda hefðbundið nám á framhaldsskólastigi eða í háskóla teljast samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar ekki vera í fullri atvinnuleit þann tíma sem þeir stunda nám sitt, enda námið ekki vinnumarkaðsaðgerð samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar, sbr. 1. mgr. 52. gr. laganna. Það hefur því ekki verið talið hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs að tryggja framfærslu einstaklinga sem stunda nám, sbr. c-lið 3. gr. laganna, á sama tímabili og þeir stunda nám sitt enda er Lánasjóði íslenskra námsmanna ætlað það hlutverk. Í ákvæði þessu er því enn fremur lagt til að Lánasjóði íslenskra námsmanna verði gert skylt að láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna.

Enn fremur hefur Vinnumálastofnun átt ágætt samstarf við skatt- og tollyfirvöld. Þykir ástæða til að veita Vinnumálastofnun sömu heimildir til gagnaöflunar gagnvart tollyfirvöldum og þegar gilda gagnvart skattyfirvöldum. Samstarf Vinnumálastofnunar og tollyfirvalda lýtur að ýmiss konar eftirliti með greiðslum atvinnuleysistrygginga til atvinnuleitenda.

Þá er gert ráð fyrir að Vegagerðinni verði einnig gert skylt að veita Vinnumálastofnun þær upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegar við eftirlit með framkvæmd laganna. Er slíkt talið mikilvægt þar sem Vegagerðin hefur í umboði innanríkisráðuneytisins umsjón með

ýmiss konar leyfisveitingum, svo sem útgáfu almennra rekstrarleyfa til fólks- og farmflutninga á landi sem og útgáfu atvinnuleyfa til leiguaksturs og eðalvagnaþjónustu.

Um 2. gr.

Í ákvæði þessu er lögð til sú breyting að sá tími er atvinnuleitandi tekur þátt í virku starfstengdu vinnumarkaðsúrræði, hvort heldur um er að ræða reynsluráðningu, starfsþjálfun, frumkvöðlastarf innan fyrirtækis eða átaksverkefni, teljist ekki til þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 29. gr. laganna um atvinnuleysistryggingar enda fái viðkomandi greidd laun á tímabilinu sem eru hærri en grunnatvinnuleysisbætur hans. Samhliða er lagt til að Vinnumálastofnun veiti styrki til fyrrnefndra verkefna á grundvelli 1. mgr. 62. gr. laganna og er ekki gert ráð fyrir að hlutaðeigandi fái greiddar atvinnuleysisbætur á sama tíma og hann tekur þátt í starfstengdu vinnumarkaðsúrræði, sbr. 3. gr. frumvarps þessa. Þykir þetta mikilvægt í ljósi þess að atvinnuleitendur eru ráðnir til starfa hjá vinnuveitendum og fá greidd laun samkvæmt gildandi kjarasamningi í viðkomandi starfsgrein enda þótt vinnuveitandi fái greitt ígildi atvinnuleysisbóta hlutaðeigandi vegna ráðningarinnar. Hefur það þótt ósanngjarnt að það tímabil teljist til þess tímabils er atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 29. gr. laganna. Engu síður er um að ræða virk vinnumarkaðsúrræði og er því áfram gert ráð fyrir að starfið teljist ekki hluti ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. laganna, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 13. gr. og e-lið 1. mgr. 18. gr.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. ákvæðis þessa er lagt til að ráðherra verði heimilt að ákveða í reglugerð að greiddar séu sérstakar desemberuppbætur á grunnatvinnuleysisbætur í lok hvers árs. Er þá jafnframt gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að setja fram nánari skilyrði í reglugerð en við það er miðað að litið verði til þeirra reglna sem gilda almennt um desemberuppbætur samkvæmt gildandi kjarasamningum hverju sinni eftir því sem við getur átt. Markmiðið er meðal annars að tryggja að einstaklingar geti ekki fengið greiddar fullar desemberuppbætur bæði úr Atvinnuleysistryggingasjóði og frá vinnuveitanda. Hins vegar kann að vera að atvinnuleitandi fái greiddar hlutfallslegar desemberuppbætur bæði úr Atvinnuleysistryggingasjóði og frá vinnuveitenda í samræmi við þau tímabil sem hlutaðeigandi var í starfi og í atvinnuleit á sama ári. Þykir jafnframt mikilvægt að sambærilegt skilyrði um samþykki ríkisstjórnarinnar gildi um setningu slíkrar reglugerðar og gildir í 3. mgr. 33. gr. um tillögur ráðherra um hækkanir á fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta og á hámarki tekjutengdra atvinnuleysisbóta, hafi verulegar breytingar orðið á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þessa er lagt til að í stað þess að Vinnumálastofnun greiði grunnatvinnuleysisbætur atvinnuleitanda til vinnuveitanda vegna þátttöku atvinnuleitandans í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, hvort sem um er að ræða reynsluráðningu, starfsþjálfun, frumkvöðlastarf innan fyrirtækis eða átaksverkefni, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir, sem og einnig reglugerð um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki, sé litið á greiðslur Vinnumálastofnunar til vinnuveitanda sem styrk á grundvelli 1. mgr. 62. gr. laganna. Ekki eru lagðar til breytingar á þessum úrræðum að öðru leyti þannig að áfram verður gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun muni greiða vinnuveitanda fjárhæð sem jafngildir þeim grunnatvinnuleysisbótum sem viðkomandi atvinnuleitandi ætti ella rétt á ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð. Vinnuveitandi greiðir hins vegar viðkomandi atvinnuleitanda laun

samkvæmt gildandi kjarasamningi í hlutaðeigandi starfsgrein enda séu launin hærri en grunnatvinnuleysisbætur viðkomandi atvinnuleitanda. Samhliða því að lagt er til að sá tími sem atvinnuleitandi tekur þátt í framangreindum virkum vinnumarkaðsúrræðum verði ekki hluti þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 29. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarps þessa, er lagt til að atvinnuleitandi eigi hvorki rétt á grunnatvinnuleysisbótum né tekjutengdum atvinnuleysisbótum á sama tíma og hann tekur þátt í starfstengdu vinnumarkaðsúrræði enda fái hann greidd laun frá vinnuveitanda á þessum tíma sem eru hærri en grunnatvinnuleysisbætur hans.

Um 4. gr.

Lagt er til að orðin „í umsókn um atvinnuleysisbætur“ verði felld brott enda á það ekki að skipta máli hvar eða með hvaða hætti hinn tryggði veitir Vinnumálastofnun vísvitandi rangar upplýsingar sem leiða til þess að hann telst ranglega tryggður að fullu eða að hluta samkvæmt lögunum. Enn fremur er lagt til að litið sé á það að hinn tryggði láti vísvitandi hjá líða að tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem kunna að verða á högum hans á því tímabili sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum sem atvinnuleysisbóta sé aflað með sviksamlegum hætti. Er því lagt til að því verði bætt við 60. gr. laganna og hafi þá sömu afleiðingar og það að gefa Vinnumálastofnun rangar upplýsingar.

Um 5. og 6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V og VI hafa reynst vel í framkvæmd þar sem þau hafa leitt til þess að færri einstaklingar missa störf sín að fullu en ella hefði verið sökum tímabundinna erfiðleika á vinnumarkaði. Þannig fengu 1.198 einstaklingar greiddar atvinnuleysisbætur í apríl 2011 á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V en flestir þeirra voru í 50–60% starfshlutfalli eða 829 einstaklingar. Fleiri konur en karlar hafa nýtt sér þetta úrræði en 791 kona fékk greiddar atvinnuleysisbætur í apríl 2011 á grundvelli þessa ákvæðis. Þar af voru 514 konur í 50–60% starfshlutfalli. Er því lagt til að ákvæðin gildi áfram til loka árs 2011. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 7. gr.

Með ákvæði þessu eru lagðar til breytingar á 3. gr. laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum í því skyni að bæta réttarstöðu starfsmanna fyrirtækja sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta komi síðar til framsals á þrotabúi þeirra, en ákvæði laganna er varða launakjör og starfsskilyrði sem og vernd gegn uppsögnum eiga ekki við í þeim tilvikum, sbr. 4. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. laganna. Er átt við þau tilvik er þrotabú fyrirtækja sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta eru seld og er þá þrotabúið framseljandi en ekki fyrirtækið sem slíkt. Lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., með síðari breytingum, gilda áfram að öllu leyti þegar fyrirtæki eru úrskurðuð gjaldþrota og skiptastjórar skipaðir. Oftar en ekki tilkynnir skiptastjóri í upphafi skiptameðferðar starfsmönnum fyrirtækis sem hefur verið úrskurðað gjaldþrota að þrotabúið taki ekki við réttindum og skyldum samkvæmt ráðningarsamningum þeirra, sbr. 98. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Er því lagt til að framsalshafi virði áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir fyrri vinnuveitanda á þeim degi er úrskurður var kveðinn upp um að fyrirtækið væri gjaldþrota en ekki á þeim degi er aðilaskiptin áttu sér stað. Er það sá dagur er fyrrverandi vinnuveitandi missir forræðið yfir fyrirtækinu og skiptastjóra er falið að fara með

skiptin. Gildir slíkt þar til kjarasamningi er sagt upp eða hann rennur út eða annar samningur kemur í stað hans. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að framsalshafi ábyrgist vanefndir þess vinnuveitanda á skyldum hans gagnvart starfsmönnum eins og almennt gildir við aðilaskipti að fyrirtækjum í rekstri, sbr. 3. gr. laganna, sbr. einnig lög nr. 81/2010. Er því áfram gert ráð fyrir að launafólk fari með kröfur sínar um vangreidd vinnulaun eða orlofslaun sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir úrskurðardag til Ábyrgðasjóðs launa á grundvelli laga nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum.

Áfram er gert ráð fyrir að framsalshafi hafi svigrúm við að endurskipuleggja rekstur fyrirtækis sem hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta með uppsögnum á starfsfólki og eru því ekki lagðar til breytingar á 4. gr. laganna. Hins vegar þykir mikilvægt að veita starfsfólki ákveðna vernd svo framsalshafi misnoti ekki þá heimild sína. Er því lagt til að komi innan þriggja mánaða frá aðilaskiptunum til endurráðningar starfsfólks er starfaði hjá fyrirtækinu þegar það var úrskurðað gjaldþrota skuli framsalshafi virða launakjör og starfsskilyrði starfsfólksins sem það hafði á þeim degi er fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota. Á það við hvort sem framsalshafi ákveður að endurráða starfsfólkið í tilvikum er skiptastjóri þrotabúsins ákvað fyrir aðilaskiptin að þrotabúið tæki ekki við réttindum og skyldum samkvæmt ráðningarsamningum þeirra eða framsalshafi hafi sagt starfsfólki upp vegna aðilaskiptanna en síðan endurráðið það innan þriggja mánaða.

Um 8. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er tilgangur þess að fylgja eftir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga frá 5. maí síðastliðnum. Í yfirlýsingunni kemur meðal annars fram að stjórnvöld muni í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins beita sér fyrir aðgerðum er varða ýmis vinnumarkaðsúrræði og leggja fram lagafrumvörp til að tryggja framgang samninganna. Breytingartillögur frumvarpsins varða annars vegar lög um atvinnuleysistryggingar og hins vegar lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Á lögum um atvinnuleysistryggingar eru helstu breytingarnar þær að í fyrsta lagi er lagt til að fleiri aðilum verði nú skylt að veita Vinnumálastofnun upplýsingar sem teljast vera nauðsynlegar til hægt sé að framfylgja lögunum. Um er að ræða tollayfirvöld, eftirlitsfulltrúa samtaka aðila vinnumarkaðarins, Vegagerðina og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Með breytingunni er aðgangur Vinnumálastofnunar að gögnum aukinn til muna og stofnuninni betur gert kleift að hafa eftirlit með réttmæti umsókna um bætur. Nú þegar er slíkra gagna aflað

af hálfu Vinnumálastofnunar og er ekki gert ráð fyrir að þessi ráðstöfun hafi kostnaðarauka í för með sér.

Í öðru lagi er lagt til að skilgreiningu þess tímabils þegar einstaklingur á rétt á bótum verði breytt, annars vegar með því að biðtími eftir atvinnuleysisbótum vegna viðurlaga telst með heildartímabilinu og hins vegar með því að þegar atvinnuleitandi tekur þátt í vinnumarkaðsúrræði sem getur með ákveðnum hætti talist starfstengt teljist tímabilið ekki til þess tíma þegar atvinnuleysisbætur eru greiddar. Breytingar á skilgreiningu tímabilsins virka bæði til hækkunar og lækkunar útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs. Erfitt getur verið að leggja mat á þann þátt sem er til lækkunar þar sem engar forsendur liggja fyrir. Hins vegar sýnir reynslan af fyrri vinnumarkaðsúrræðum að um 40% fá áfram greiddar atvinnuleysisbætur eftir að starfstengdum úrræðum lýkur. Útgjaldaaukningin vegna þeirra sem verða áfram á atvinnuleysisbótum eftir að þriggja ára tímabilinu lýkur samkvæmt gildandi lögum og geta því þegið bætur í allt að sex mánuði til viðbótar er metin á um 100 m.kr.

Í þriðja lagi er lagt til að Vinnumálastofnun veiti styrki til vinnuveitanda sem greiði tryggðum einstaklingi í starfstengdu vinnumarkaðsúrræði laun samkvæmt gildandi kjarasamningi og því ekki gert ráð fyrir að hinn tryggði fái greiddar bætur á sama tíma. Breytingin hefur ekki áhrif á útgjaldahlið ríkissjóðs.

Í fjórða lagi er lagt til að inn í lög um atvinnuleysistryggingar verði sett ákvæði um að ráðherra verði heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að greiða sérstakar desemberuppbætur á grunnatvinnuleysisbætur. Gert er ráð fyrir að miðað verði við reglur sem gilda almennt um desemberuppbætur. Almennt hefur ekki tíðkast að greiða slíkar sérstakar eingreiðslur eða uppbætur til viðbótar við atvinnuleysisbætur og mun það einungis hafa verið gert í tvisvar sinnum í seinni tíð. Ekki verður annað ráðið af ákvæðinu en að gert sé ráð fyrir að desemberuppbót verði greidd árlega til atvinnulausra framvegis eins og þær eru í almennum kjarasamningum á hverjum tíma. Í kostnaðarmati frá velferðarráðuneytinu er gengið út frá því að í ár verði greidd desemberuppbót að fjárhæð um 48 þús. kr. ásamt 15 þús. kr. uppbót sem kveðið er á um í kjarasamningi SA og ASÍ umfram það sem núverandi lagaákvæði gera ráð fyrir. Það svarar til 3,5% af árlegum greiðslum til atvinnulauss einstaklings sem hefur óskertar grunnbætur. Áætlað er að kostnaðurinn við slíkar greiðslur gæti orðið um 700–800 m.kr. á yfirstandandi ári. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga kemur fram að lífeyrisþegar og atvinnulausir muni njóta hliðstæðra kjarabóta og verði í samningunum. Ekki verður séð að leggja eigi þann skilning í þetta að breyta eigi bótakerfum eða greiða uppbætur sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi lögum heldur að bæturnar eigi að hækka til samræmis við hækkanir í kjarasamningum. Þetta ákvæði frumvarpsins virðist því fela í sér annað eða meira en yfirlýsing ríkisstjórnarinnar bar með sér.

Í fimmta lagi lagt til að gildisákvæði tveggja bráðabirgðaákvæða varðandi heimild til greiðslu atvinnuleysisbóta á móti minnkuðu hlutastarfi sem nemi a.m.k. 30% til launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga verði framlengd til áramóta. Að óbreyttu ætti heimildin að falla úr gildi í lok júní næstkomandi eins og gert er ráð fyrir í forsendum gildandi fjárlaga. Tæplega 1.200 einstaklingar fengnu greiddar atvinnuleysisbætur í apríl 2011 á grundvelli ákvæðanna, flestir í um 50–60% starfshlutfalli eða 829 einstaklingar. Áætlað er að framlenging ákvæðanna um sex mánuði muni auka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 450 m.kr. frá því sem annars yrði. Þessi bótaréttur var tekinn upp tímabundið í nóvember 2008 og er hann talinn hafa gefið góða raun en flestir hagfræðingar telja þó að þetta skammtímaúrræði muni til lengri tíma litið hafa óheppileg áhrif á vinnumarkaðinn, raski samkeppnisforsendum

fyrirtækja og skapi freistnivanda vegna niðurgreiðslna á launakostnaði fyrirtækja. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er hvergi vikið að því að þessi breyting verði gerð á lögum.

Lögð er til breyting á gildandi lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum í þá veru að bæta stöðu starfsmanna fyrirtækja sem tekin hafa verið til gjaldþrotaskipta og eru síðan framseld úr þrotabúi. Gert er ráð fyrir að framsalshafi beri að virða áfram þau launakjör og starfsskilyrði sem í gildi voru á þeim degi er fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota. Í núgildandi lögum er miðað við þann dag er aðilaskipti áttu sér stað. Skulu fyrri kjör gilda þar til breytingar verða með einhverjum hætti á gildi kjarasamninga launþega. Hins vegar á framsalshafi ekki að ábyrgjast vanefndir fyrri vinnuveitenda á skyldum gagnvart launþegum líkt og tíðkast almennt með aðilaskipti á fyrirtækjum í rekstri. Ekki verður séð að þessi breyting hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Að öllu framansögðu má því gera ráð fyrir að frumvarpið kunni leiða til 1.250 m.kr. útgjaldaaukningar fyrir ríkissjóð á yfirstandandi ári en því til viðbótar mun 100 m.kr. kostnaður vegna breytinga á heildartíma bótaréttar í tengslum við vinnumarkaðsúrræði dreifast á næstu 2–3 ár. Þá virðist mega gera ráð fyrir að kostnaður við árlegar atvinnuleysistryggingar muni aukast varanlega sem nemi desemberuppbót, en þar gæti verið um að ræða í kringum 500–700 m.kr. miðað við spár um atvinnuleysi í nánustu framtíð. Þessar greiðslur væru til viðbótar við almennar hækkanir á bótunum sem áformað er að gera samkvæmt fyrrnefndri yfirlýsingu. Á móti þessari útgjaldaaukningu ættu breytingar sem snúa að gagnaöflun og upplýsingagjöf frá bótaþegum að geta leitt til skilvirkari bótagreiðslna og minni misnotkunar á atvinnuleysistryggingum en ekki er unnt að áætla fjárhæðir í því sambandi. Ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum í gildandi fjárlögum þar sem settur er bindandi útgjaldarammi á nafnvirði fyrir ríkið í heild næstu tvö árin

1488. Nefndarálit [680. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2011.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas Heiðar frá utanríkisráðuneytinu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til ríkisstjórnarinnar um að staðfesta þrjá samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2011 sem gerðir voru í London 21. október 2010. Um er að ræða sameiginlega bókun milli Evrópusambandsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2011; samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2011; og samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2011.

Með þessum árlegu fimmhliða samningum um norsk-íslenska síldarstofninn skiptast veiðiheimildir í sömu hlutföllum og gilt hafa frá árinu 2007. Vegna bágs ástands stofnsins er heildarafli minnkaður á milli ára og þar með veiðiheimildir allra samningsaðila.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Birgitta Jónsdóttir. Bjarni Benediktsson.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar. Ólöf Nordal.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Valgerður Bjarnadóttir.

1489. Nefndarálit [679. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Noregs um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas Heiðar frá utanríkisráðuneytinu og Kristin Einarsson frá Orkustofnun.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Noregs um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur sem undirritaður var af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra Íslands, og Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, í Reykjavík 3. nóvember 2008. Um er að ræða rammasamning um einingarnýtingu kolvetnisauðlinda sem er að finna beggja vegna markalína landgrunns Íslands og Noregs. Þar er að finna meginreglur um einingarnýtingu en með því hugtaki er átt við að viðkomandi auðlind er nýtt sem ein eining samkvæmt samkomulagi aðila. Samkvæmt samningnum skal í þeim tilvikum þegar olíu- eða gasauðlind nær yfir á landgrunn beggja ríkjanna gera sérstakan samning um skiptingu auðlindarinnar milli ríkjanna og um nýtingu hennar sem einingar.

Í athugasemdum við tillöguna er vísað til samkomulags milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál frá 28. maí 1980, samkomulags ríkjanna um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen frá 22. október 1981, viðbótarbókun frá 11. nóvember 1997 við samkomulagið frá 28. maí 1980 og samkomulagið frá 22. október 1981, og loks til samþykktrar fundargerðar um afmörkun landgrunns utan 200 sjómílna milli Íslands, Færeyja og Noregs í suðurhluta síldarsmugunnar frá 20. september 2006. Í athugasemdunum segir að með fyrirliggjandi samningi um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur sé kveðið á um meginreglur um einingarnýtingu auðlinda sem eru almennt sambærilegar við ákvæði annarra milliríkjasamninga á þessu sviði en taka sérstakt tillit til hins sameiginlega nýtingarsvæðis, þar á meðal þeirra sérstöku réttinda sem Ísland nýtur þar umfram Noreg samkvæmt sam-

komulaginu frá 22. október 1981. Reglurnar gilda ekki aðeins um markalínu landgrunnsins milli Íslands og Jan Mayen, heldur um markalínu landgrunnsins milli Íslands og Noregs í heild.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Valgerður Bjarnadóttir. Birgitta Jónsdóttir.

Bjarni Benediktsson. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Ólöf Nordal. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

1490. Nefndarálit [545. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2009 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Kára Gunndórsson frá Neytendastofu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2009, frá 3. júlí 2009, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, samninga um orlofskosti til langs tíma, endursölu- og skiptasamninga. Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 3. janúar 2010. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Markmiðið með tilskipuninni er samræming reglna á innri markaðnum hvað varðar vernd neytenda á tilteknum sviðum hennar auk þess sem gildissvið tilskipunarinnar er víkkað frá því sem áður var.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og mun fyrirhugað frumvarp innanríkisráðherra um breytingu á lögum um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, nr. 23/1997, með síðari breytingum, fjalla um það efni. Að líkindum mun frumvarpið koma til meðferðar í allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Birgitta Jónsdóttir. Bjarni Benediktsson.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar. Ólöf Nordal.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Valgerður Bjarnadóttir.

1491. Nefndarálit [739. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2011.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas Heiðar frá utanríkisráðuneytinu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2011. Samningurinn kveður á um allar heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski hvors í annars lögsögu á árinu 2011, gagnkvæma heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2011 auk þess sem hann kveður á um að hvor aðili skuli veita tveimur skipum sem skráð eru í landi hins aðilans leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2011.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Birgitta Jónsdóttir. Bjarni Benediktsson.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar. Ólöf Nordal.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Valgerður Bjarnadóttir.

1492. Nefndarálit [544. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2010 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Valgerði Guðmundsdóttur frá innanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2010, frá 1. október 2010, um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum. Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 1. apríl sl. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Markmiðið með ákvörðuninni er að kveða á um notkun rafrænna undirskrifta í tengslum við þjónustutilskipun ESB. Aðallega er um að ræða kvaðir til EES-ríkja um að setja upp svonefndan traustlista yfir vottunaraðila sem gefa út rafrænar undirskriftir.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og mun fyrirhugað frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra um breytingu á lögum um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, með síðari breytingum, fjalla um það efni. Að líkindum kemur frumvarpið til umfjöllunar í viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Valgerður Bjarnadóttir. Birgitta Jónsdóttir.

Bjarni Benediktsson. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Ólöf Nordal. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

1493. Nefndarálit [581. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Auði Ýri Steinarsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Nefndin óskaði álits viðskiptanefndar á tillögunni og er það birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010, frá 30. apríl 2010, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 um breytingu á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf og tilskipun 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar. Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 30. október 2010. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Markmiðið með tilskipuninni er að breyta ákvæðum tveggja tilskipana vegna aukinna tenginga milli greiðslukerfa yfir landamæri. Breytingar hafa orðið því að áður voru kerfin meira og minna landsbundin og sjálfstæð.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og munu fyrirhuguð frumvörp efnahags- og viðskiptaráðherra um breytingu á lögum um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, nr. 90/1999, og innanríkisráðherra um breytingu á lögum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, nr. 46/2005, fjalla um það efni. Að líkindum kemur fyrrnefnda frumvarpið til umfjöllunar í viðskiptanefnd en hið síðarnefnda í allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Valgerður Bjarnadóttir. Birgitta Jónsdóttir.

Bjarni Benediktsson. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Ólöf Nordal. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

Álit

um tillögur til þingsályktunar.

Frá viðskiptanefnd.

Utanríkismálanefnd óskaði eftir því með bréfi dags. 6. maí 2011 að viðskiptanefnd léti í té álit sitt á:

a. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn (581. mál). Tilskipunin varðar endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf, og samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar.
b. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2010 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn (629. mál). Tilskipunin varðar setningu lögbanns til verndar hagsmunum neytenda.
c. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (647. mál). Tilskipunin varðar takmörkun á áhættu fyrirtækja að því er varðar einn aðila og bætta áhættu- og krísustjórnun, sem og eflingu eftirlits og samvinnu eftirlitsaðila yfir landamæri.

Nefndin gerir ekki athugasemd við það að stjórnskipulegum fyrirvara verði aflétt af umræddum ESB-gerðum.

Margrét Tryggvadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 2011.

Álfheiður Ingadóttir,
form., frsm.
Magnús Orri Schram,
Ásbjörn Óttarsson,
Valgerður Bjarnadóttir,
Eygló Harðardóttir,
Björn Valur Gíslason,
Sigurður Kári Kristjánsson,
Skúli Helgason.

1494. Nefndarálit [578. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfisvernd) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti. Utanríkismálanefnd óskaði álits umhverfisnefndar á tillögunni og er það birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2008, frá 25. apríl 2008, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 916/2007 frá 31. júlí 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2216/2004 um staðlað og varið skráakerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB. Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 25. október 2008. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Markmiðið með reglugerðinni er að gera tæknilega breytingu á kerfi fyrir skrá yfir losun gróðurhúsalofttegunda sem er hluti af svonefndu ETS-viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og fjallar frumvarp umhverfisráðherra til laga um breytingu á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda, um efnið (710. mál, þskj. 1229). Frumvarpið er nú til umfjöllunar í umhverfisnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Valgerður Bjarnadóttir. Birgitta Jónsdóttir.

Bjarni Benediktsson. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Ólöf Nordal. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

Álit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur að beiðni utanríkismálanefndar, dags. 6. maí 2011, tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (578. mál).

Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings eða breyting á honum kallar á lagabreytingar hér á landi.

Í þingsályktunartillögunni er fjallað um afléttingu stjórnskipulegs fyrirvara á reglugerð nr. 916/2007 um breytingar á viðskiptaskráningarkerfi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda, ETS-kerfið. Er 587. mál beintengt 710. máli, sem nefndin hefur nú til efnislegrar meðferðar, en samkvæmt því verður fyrirkomulag ETS-kerfisins fært í fjórum skrefum nær því kerfi sem loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna kveður á um.

Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar er ekki gert ráð fyrir að sérstakur kostnaður falli á ríkissjóð vegna þeirra breytingar á ETS-kerfinu sem eru til meðferðar í þessu máli. Ekki er heldur gert ráð fyrir stjórnsýslulegum afleiðingum þar sem Umhverfisstofnun fer áfram með framkvæmd kerfisins af hálfu Íslands samkvæmt lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda. Nefndin leggur því til að þingsályktunartillagan verði samþykkt. Efnisleg umfjöllun um málið fer fram í tengslum við 710. mál um losun gróðurhúsalofttegunda, sem nú er til umfjöllunar í nefndinni.

Kristján Þór Júlíusson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 2011.

Mörður Árnason,
Ólína Þorvarðardóttir,
Birgir Ármannsson,
Björn Valur Gíslason,
Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara,
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir,
Skúli Helgason,
Birgitta Jónsdóttir.

1495. Nefndarálit [620. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti. Utanríkismálanefnd óskaði álits umhverfisnefndar á tillögunni og er álit nefndarinnar birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2009, frá 4. desember 2009, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni. Sex mánaða frestur, skv. EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 4. júní 2010. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Markmið tilskipunarinnar er að loftmengun haldist innan marka. Í því skyni er losun loftmengandi efna sem falla undir gildissvið tilskipunarinnar takmörkuð.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og mun fyrirhugað frumvarp umhverfisráðherra um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum fjalla um það efni. Eftir framlagningu kemur frumvarpið að líkindum til umfjöllunar í umhverfisnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Valgerður Bjarnadóttir. Birgitta Jónsdóttir.

Bjarni Benediktsson. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Ólöf Nordal. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

Álit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur að beiðni utanríkismálanefndar, dags. 6. maí 2011, tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (620. mál).

Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings eða breyting á honum kallar á lagabreytingar hér á landi.

Í þingsályktunartillögunni er fjallað um svokalla „þaktilskipun ESB“. Markmið tilskipunarinnar er að vernda umhverfið og heilsu manna gegn skaðlegum áhrifum súrrar ákomu, ofauðgunar jarðvegs og áhrifum ósons við yfirborð jarðar. Vegna tilskipunarinnar þurfa Íslendingar að takmarka losun á þeim efnum sem undir hana falla (brennisteinsdíoxíði, köfnunarefnisoxíði, rokgjörnum lífrænum efnasamböndum og ammoníaki). Þá er nauðsynlegt að breyta reglum um upplýsingaskyldu fyrirtækja sem þurfa að upplýsa um losun, losunarbókhald o.fl.

Umhverfisráðherra hefur boðað frumvarp á næsta þingi vegna framangreindra breytinga og kemur það væntanlega til efnislegrar meðferðar í umhverfisnefnd. Ekki er gert ráð fyrir að lagabreytingar vegna málsins hafi í för með sér umtalsverðan kostnað né hafi stjórnsýslulegar afleiðingar hér á landi. Leggur nefndin því til að tillagan verði samþykkt, og hyggst fjalla ítarlega um efnisákvæði málsins þegar þau koma til hennar kasta.

Kristján Þór Júlíusson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 2011.

Mörður Árnason,
Ólína Þorvarðardóttir,
Birgir Ármannsson,
Björn Valur Gíslason,
Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara,
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir,
Skúli Helgason,
Birgitta Jónsdóttir.

1496. Nefndarálit [629. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2010 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Kára Gunndórsson frá Neytendastofu. Utanríkismálanefnd óskaði álits viðskiptanefndar á tillögunni og er álit nefndarinnar birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2010, frá 12. mars 2010, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22/EB frá 23. apríl 2009 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda. Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 12. september 2010. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Með tilskipuninni er endurútgefin tilskipun 98/27/EB sem hefur verið breytt nokkrum sinnum. Þetta er gert til hagræðingar. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að í reynd væri einnig verið að víkka gildissviðið. Markmið tilskipunarinnar er eftir sem áður að koma í veg fyrir ólögmætar athafnir sem áhrif hafa á hagsmuni neytenda þegar viðskipti eru stunduð yfir landamæri.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og mun fyrirhugað frumvarp innanríkisráðherra um breytingu á lögum um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, nr. 141/2001, með síðari breytingum, fjalla um það efni. Eftir framlagningu kemur frumvarpið að líkindum til umfjöllunar í allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Valgerður Bjarnadóttir. Birgitta Jónsdóttir.

Bjarni Benediktsson. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Ólöf Nordal. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

Álit

um tillögur til þingsályktunar (581., 629. og 647. mál).

Frá viðskiptanefnd.

Utanríkismálanefnd óskaði eftir því með bréfi dags. 6. maí 2011 að viðskiptanefnd léti í té álit sitt á:

a. Tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn (581. mál). Tilskipunin varðar endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf, og samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar.
b. Tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2010 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn (629. mál). Tilskipunin varðar setningu lögbanns til verndar hagsmunum neytenda.
c. Tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (647. mál). Tilskipunin varðar takmörkun á áhættu fyrirtækja að því er varðar einn aðila og bætta áhættu- og krísustjórnun, sem og eflingu eftirlits og samvinnu eftirlitsaðila yfir landamæri.

Nefndin gerir ekki athugasemd við það að hinum stjórnskipulega fyrirvara verði aflétt af umræddum ESB-gerðum.

Margrét Tryggvadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 2011.

Álfheiður Ingadóttir, form.,
Magnús Orri Schram,
Ásbjörn Óttarsson,
Valgerður Bjarnadóttir,
Eygló Harðardóttir,
Björn Valur Gíslason,
Sigurður Kári Kristjánsson,
Skúli Helgason.

1497. Framhaldsnefndarálit [348. mál]

um frv. til l. um rannsóknarnefndir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið sem vísað var til hennar að nýju eftir 2. umræðu. Á fund nefndarinnar komu Róbert R. Spanó frá Háskóla Íslands, Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis, Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari Alþingis, Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun, Bryndís Hlöðversdóttir frá Háskólanum á Bifröst og Þórhallur Vilhjálmsson, aðallögfræðingur Alþingis.

Nefndin fjallaði um þann mun sem er á skipun rannsóknarnefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrár og skipun rannsóknarnefndar samkvæmt frumvarpinu. Þá fjallaði nefndin sérstaklega um gildissvið skv. 1. gr., hæfisskilyrði þeirra sem skipaðir eru í rannsóknarnefnd og hvernig skorið skuli úr um hæfi nefndarmanna, sbr. 3. gr., afmörkun verkefnis rannsóknarnefndar, sbr. 4. gr., ákvæði um tilkynningarskyldu til ákæruvaldshafa, forstöðumanns eða ráðuneytis vegna gruns um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og ákvæði um rof á fyrningarfresti ef rannsóknarnefnd er skipuð til að fjalla um störf ráðherra með sama hætti og ef um rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrár er að ræða, sbr. ákvæði laga um ráðherraábyrgð.

Fyrir nefndinni komu fram nokkrar athugasemdir við frumvarpið, einkum við ákvæði 6. gr. um rannsóknarheimildir og hvort þær séu fullnægjandi þegar litið er til verkefna rannsóknarnefnda. Nefndin fjallaði ítarlega um rannsóknarheimildirnar í ljósi þess að heimilt yrði að fela rannsóknarnefnd ekki einvörðungu að afla upplýsinga og draga ályktanir af þeim heldur einnig að draga fram ábyrgð. Enn fremur fjallaði nefndin um heimildir rannsóknarnefndar þegar máli er vísað til sakamálameðferðar og um meðferð gagna í slíku máli.

Rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrár.

Samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar getur Alþingi skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Alþingi getur veitt þessum nefndum heimild til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Með frumvarpi þessu og þeim breytingum sem nefndin leggur til er lagt til að sett verði almenn lög um rannsóknarnefndir og málsmeðferð fyrir þeim en með hugtakinu rannsóknarnefnd er átt við sérstaklega skipaða rannsóknarnefnd utanþingsmanna sem falið er að rannsaka tiltekin málsatvik í mikilvægum málum sem almenning varða. Ákvæði frumvarpsins koma því ekki í stað heimildar til skipunar rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæðum frumvarpsins verður að óbreyttu ekki beitt um rannsóknarnefndir þingmanna samkvæmt stjórnarskrárákvæðinu.

Nefndin tekur fram að það byggist á mati Alþingis hverju sinni hvort það telur rétt að virkja úrræði 39. gr. stjórnarskrár og skipa nefnd alþingismanna til að rannsaka mál eða skipa rannsóknarnefnd utanþingsmanna eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ákveði Alþingi skipun sérstakrar rannsóknarnefndar þingmanna verður að afmarka nánar verkefni og heimildir slíkrar nefndar í þingsályktun eða eftir atvikum í sérstökum lögum. Nefndin bendir í þessu sambandi á að utanríkismálanefnd hefur lokið umfjöllun um þingsályktunartillögu um kosningu rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar um aðdraganda ákvörðunar um stuðn-

ing Íslands við innrásina í Írak árið 2003 og birtingu skjala og annarra upplýsinga um málið og lagt til að hún verði samþykkt (147. mál). Verði tillagan samþykkt mun Alþingi kjósa nefnd fimm alþingismanna til að rannsaka málið á þeim grundvelli.

Gildissvið frumvarpsins.

a. Almannahagsmunir.

Við umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins ræddi nefndin ítarlega hvað bæri að telja mikilvæg mál sem almenning varða og hvort réttmætt væri að takmarka skipun rannsóknarnefndar við mál sem varða meðferð opinbers valds, sbr. 1. mgr. 1. gr. Í skýringum við ákvæðið og í almennum athugasemdum er lögð áhersla á að til þess að réttlætanlegt sé að setja rannsóknarnefnd á laggirnar verði það mál sem um ræðir að vera mikilvægt og varða almannahagsmuni með einhverjum hætti. Einnig er á því byggt að ekki eigi að grípa til þessa sérstaka úrræðis nema einsýnt sé að ekki sé unnt að notast við hefðbundin rannsóknarúrræði. Úrræðið sé sérúrræði og því mikilvægt að litið sé á það sem slíkt og ekki gripið til þess nema þegar nauðsyn krefur. Nefndin telur að með því að taka fram að mál skuli varða meðferð opinbers valds sé áréttað að rannsóknarnefnd megi ekki skipa til athugunar á máli sem varðar einkaréttarlega hagsmuni nema þeir tengist með einhverjum hætti meðferð opinbers valds. Nefndin telur að sá áskilnaður sem í þessu felst sé á hinn bóginn til þess fallinn að þrengja gildissvið laganna og geti mögulega leitt til ágreinings um það hvort starfsemi á vegum opinberra aðila feli í sér meðferð opinbers valds. Dæmi um slíkt eru opinber hlutafélög, t.d. Ríkisútvarpið ohf., og ýmis þjónustustarfsemi á vegum opinberra aðila, svo sem kennsla, umferðarmál og heilbrigðisþjónusta. Starfsemi á vegum slíkra aðila felur ekki nauðsynlega í sér valdbeitingu eða meðferð opinbers valds, eins og það hefur verið afmarkað í íslenskri réttarframkvæmd, og mundi því ekki falla undir gildissvið laganna. Þá má einnig benda á að rannsókn á starfsemi Íbúðalánasjóðs eða á falli sparisjóðanna mundi tæpast falla undir 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Enginn vafi er hins vegar á að sú starfsemi sem hér er nefnd gæti talist hafa þýðingu fyrir það mikilvæga viðfangsefni Alþingis að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Samkvæmt þessu yrði því nokkur hætta á að heimild til að skipa rannsóknarnefnd yrði sniðin þrengri stakkur en rök standa til. Leggur nefndin því til að í 1. gr. laganna verði ekki vísað til þess að mál skuli „tengjast meðferð opinbers valds“. Það er engu síður skoðun nefndarinnar að hér sé mikilvægt sjónarmið sem styðjast beri við þegar þingið ályktar að setja á fót rannsóknarnefnd.

b. Þáttur í eftirliti Alþingis.

Nefndin ræddi einnig ítarlega í þessu samhengi hvort til áréttingar ætti að taka sérstaklega fram í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins að skipun rannsóknarnefndar væri jafnframt liður eða þáttur í eftirliti þingsins. Að mati nefndarinnar hlýtur það ávallt að koma til sérstakrar skoðunar og mats af hálfu þeirrar þingnefndar sem fer með eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu hvenær um er að ræða mikilvægt mál er almenning varðar og hvort það geti talist vera eðlilegur þáttur í eftirliti þingsins með framkvæmdarvaldinu. Að mati nefndarinnar er aftur á móti óþarft að taka slíkt sérstaklega fram.

Nefndin tekur fram að við mat á því hvort um er að ræða mikilvægt mál er almenning varðar og hvort skipun nefndar í slíku máli sé eðlilegur þáttur í eftirliti Alþingis beri að líta til þeirra sjónarmiða, sem rakin eru í III. kafla í almennum athugasemdum við frumvarpið að gættu því sem áður segir að eftirlit Alþingis er ekki takmarkað við þá starfsemi opinberra

aðila sem felur í sér meðferð opinbers valds, en þar á meðal má nefna mál sem tengjast meðferð opinberra fjármuna, opinberar framkvæmdir eða framkvæmd opinberrar þjónustu.

c. Sjónarmið við skipun rannsóknarnefndar.

Það mun koma í hlut þeirrar þingnefndar sem fer með eftirlitshlutverk þingsins að gera tillögu um skipan rannsóknarnefndar eða veita umsögn um slíka tillögu. Það er mat nefndarinnar að fyrirfram sé ekki unnt að gefa tæmandi lýsingu á þeim sjónarmiðum sem hafa þarf í huga við mat á því hvað teljist mikilvæg mál er almenning varða sem Alþingi geti látið til sín taka á grundvelli eftirlitshlutverks síns. Til nánari afmörkunar megi þó draga saman þau sjónarmið sem einkum koma til álita við skipun rannsóknarnefndar með eftirfarandi hætti:

1. Skipan rannsóknarnefnda skal taka til mála þar sem mikilvægt sé að upplýsa um málsatvik og þegar Alþingi telur það nauðsynlegt fyrir eftirlitshlutverk þingsins. Leggja verður mat á hvort þau málsatvik sem ætlunin er að rannsaka teljist „mikilvæg mál sem almenning varða“. Í því sambandi leggur nefndin áherslu á að tekið skuli mið af eftirfarandi:
   a. Almennt skal við það miðað að þau málsatvik sem rannsaka á tengist starfsemi ríkisins, varði t.d. meðferð stjórnvalda á einstökum málum, þar á meðal málum sem fela í sér meðferð opinbers valds eða kerfisbrest í starfsemi stjórnvalda.
   b. Rannsókn á starfsemi einkaaðila kemur því aðeins til álita að hún sé á einhvern hátt tengd starfsemi opinbers aðila eða liður í rannsókn á henni.
   c. Orðin „mikilvæg mál sem almenning varða“ girða ekki fyrir að í sérstökum tilvikum geti farið fram rannsókn á starfsemi sveitarfélaga, enda sé sú leið talin best til þess fallin að upplýsa málið. Rannsókn á slíkri starfsemi yrði þá venjulega miðuð við aðkomu þeirra stjórnvalda sem falið hefur verið eftirlit með starfsemi sveitarfélaga.
2. Ekki skal setja á fót rannsóknarnefnd ef fyrirséð er að málið verði rannsakað á fullnægjandi hátt af þar til bærum aðila, t.d. lögbundinni rannsóknarnefnd á sviði flugmála eða sjóslysa. Það sama gildir um málsatvik þegar fyrir liggur skýr grundvöllur til saksóknar eða að beita megi opinberan starfsmann stjórnsýsluviðurlögum vegna brota hans í starfi.
3. Ekki skal setja á fót rannsóknarnefnd ef það þjónar ekki þeim tilgangi sem að er stefnt með skipan rannsóknarnefnda, svo sem ef málsatvik varða deilur milli einstaklinga eða fyrirtækja. Rannsóknarnefnd verður þannig ekki heldur skipuð þar sem réttarágreiningur er á milli stjórnvalda og einkaaðila. Ekki er þó hægt að útiloka að málefni sem varðar einkaaðila sæti rannsókn rannsóknarnefndar ef málið telst hafa almennt mikilvægi vegna þess að það varðar starfsemi stjórnvalda eða tengist henni.

d. Mikilvæg þýðing fyrir almenning.

Samkvæmt framansögðu skal því einungis skipa rannsóknarnefnd í málum sem hafa mikilvæga þýðingu fyrir almenning. Með því að styðjast við slíkt almennt skilyrði telur nefndin að svigrúm gefist til þess að meta málsatvik hverju sinni og um leið að meta hvort önnur rannsóknarúrræði séu tiltæk eða líkleg til þess að geta tekið á málinu. Með þessu móti gefist jafnframt ráðrúm til þess að móta framkvæmdina nánar á grundvelli framangreindra sjónarmiða. Í samræmi við þau almennu sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu leggur nefndin áherslu á að miðað verði við að rannsóknarnefnd verði ekki komið á fót nema ríkar ástæður séu til.

Almenn hæfisskilyrði formanns.

Eins og rakið er hér að framan er skipun rannsóknarnefndar sérstakt úrræði sem Alþingi getur gripið til á grundvelli eftirlitshlutverks síns. Nefndin fjallaði nokkuð um hvaða kröfur væri eðlilegt að gera til þess sem falin er ábyrgð á framkvæmd rannsóknar. Nefndin telur mikilvægt að í slíkum málum séu gerðar tilteknar kröfur og telur að í því sambandi beri að leggja áherslu á að lögfræðingur sem fenginn yrði til þess að leiða rannsókn hafi aflað sér þekkingar á reglum réttarfars og stjórnsýslu og öðlast tiltekna reynslu við beitingu þeirra þannig að tryggt sé að réttaröryggis sé gætt. Nefndin leggur því til að við 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði bætt nýjum málslið, þar sem gerð verði sú krafa að formaður rannsóknarnefndar eða sá sem falin er rannsókn máls skuli uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla. Í þessu felst jafnframt sú afstaða að um sé að ræða sérstök mál þar sem rétt sé að gera sérstakar kröfur um almennt hæfi þeirra sem falin er rannsókn máls.

Með beinni tilvísun til 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla og að undanskildum ákvæðum 5. mgr. 31. gr. sömu laga yrði tekið af skarið um að aðrar reglur sem þar koma fram og fela í sér skilyrði fyrir því að dómarar haldi starfi sínu skuli lagðar til grundvallar sem almenn hæfisskilyrði, að slepptu ákvæði um hámarksaldur. Nefndin telur ekki rétt að gera jafn strangar kröfur og til dómara að því leyti og telur að einstaklingar sem hafa reynslu af störfum rannsóknarnefnda eða dómarastörfum og búa við fulla starfsorku geti tekið að sér að leiða vinnu slíkra nefnda. Nefndin leggur því til að 2. mgr. 2. gr. bættist nýr málsliður, svohljóðandi: „Hann skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, en að undanskildum ákvæðum um hámarksaldur, sbr. 5. mgr. 31. gr. sömu laga.“

Starfsmenn rannsóknarnefnda og kostnaður.

Samkvæmt lokamálsgrein 1. gr. skal forseti Alþingis tryggja rannsóknarnefnd þann mannafla, sérfræðiaðstoð og aðbúnað sem nauðsynlegur er við rannsóknina. Nefndin leggur til að ákvæðið færist í nýja grein sem verði 3. gr. frumvarpsins og að auki verði þar kveðið á um heimild fyrir forseta til að ráða starfsmenn án auglýsingar skv. 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríksins, sbr. ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tengdra atburða, nr. 142/2008, þar sem vikið var frá skyldu til að auglýsa störf starfsmanna opinberlega. Í skýringum með því ákvæði, sem er heimildarákvæði, kemur fram að störf þessara starfsmanna eru tímabundin og miklu skipti að nefndin geti sem fyrst ráðið til starfa einstaklinga sem hún telur að búi yfir þeirri þekkingu og reynslu sem best nýtist í starfi nefndarinnar. Nefndin telur að sömu sjónarmið eigi við hér og telur eðlilegt að leggja til að slíkt heimildarákvæði verði lögum samkvæmt í þessu frumvarpi. Nefndin tekur fram að almennt verði að miða við að um laun og önnur starfskjör fari eftir þeim kjarasamningum sem um hlutaðeigandi starf gilda. Til þess að taka af allan vafa um réttarstöðu starfsmanna rannsóknarnefndar leggur nefndin til að ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríksins gildi að öðru leyti um þá, sbr. breytingu sem nefndin leggur til á 11. gr. frumvarpsins.

Til að taka af skarið um greiðslu kostnaðar af störfum rannsóknarnefnda leggur nefndin einnig til að tekið verði fram að kostnaður af störfum rannsóknarnefndar greiðist úr ríkissjóði. Fyrir nefndinni kom fram að erlendis hefur það verið gagnrýnt nokkuð hversu dýrt er að skipa rannsóknarnefndir vegna mikils sérfræðikostnaðar sem óhjákvæmilega fylgir slíkum

rannsóknum. Nefndin telur því rétt að ítreka nauðsyn þess að fara sparlega með úrræðið og nota það eingöngu þegar aðrar leiðir eru ekki færar.

Úrskurðarvald um hæfi.

Þó svo að verkefni rannsóknarnefndar sé fyrst og fremst að upplýsa um málavexti má einnig fela rannsóknarnefnd að meta lögfræðileg atriði sem geta orðið grundvöllur ábyrgðar, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Nefndin telur því mikilvægt að hægt sé að leita úrskurðar um hæfi nefndarmanna, sbr. 3. gr. stjórnsýslulaga, ef upp kemur ágreiningur eftir að rannsóknarnefnd hefur verið skipuð. Frumvarpið geymir ekki sérstök fyrirmæli í þessu sambandi en nefndin telur ljóst að við skipun rannsóknarnefndar mundi sá sem fer með skipunarvaldið, þ.e. forseti Alþingis, þurfa að skera úr um slík álitamál og færa slík atriði til bókar ef á reyndi síðar.

Eftir að rannsóknarnefnd hefur tekið til starfa geta komið upp álitamál um hæfi einstakra nefndarmanna eða starfsmanna nefndarinnar sem ekki voru fyrirséð í upphafi. Í framkvæmd geta enn fremur komið upp álitamál um aðild sem krefjast þess að nefndarmaður víki sæti vegna vanhæfis. Almennt yrði þó að líta svo á að sá einn hefði aðild að slíku máli sem rannsókn beindist að, sbr. einkum 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Nefndin telur eðlilegt að að nefndin úrskurði sjálf bæði um almennt og sérstakt hæfi starfsmanna nefndarinnar og leggur til því breytingar á 3. gr. frumvarpsins í þá veru.

a. Almennt hæfi nefndarmanns.

Ágreiningur um almennt hæfi nefndarmanns eftir að rannsóknarnefnd hefur verið skipuð lýtur að hæfi hans til þess að taka sæti í rannsóknarnefnd eða svonefndum almennum neikvæðum hæfisskilyrðum. Þegar svo ber undir eiga ekki við þau fyrirmæli 5. gr. stjórnsýslulaga að nefnd skeri sjálf úr um hæfi sitt í einstökum málum. Almennt mundi því heyra undir þann aðila sem skipaði í nefndina að úrskurða endanlega um hæfi nefndarmanns.

Nefndin telur að í ljósi þess að rannsóknarnefnd er skipuð af forseta Alþingis sé rétt að gera ráð fyrir því að ágreiningi um almennt hæfi nefndarmanns verði skotið til úrskurðar forseta og leggur til breytingu á 3. gr. frumvarpins þess efnis.

b. Sérstakt hæfi nefndarmanns.

Verði ágreiningur um sérstakt hæfi nefndarmanna, sbr. 3. gr. stjórnsýslulaga, verður að gera ráð fyrir því að nefndin sjálf úrskurði um það, sbr. 5. gr. þeirra laga. Nefndin telur að með þessu fyrirkomulagi ætti mál ekki að tefjast um of og um leið ætti að gefast færi á að bæta úr annmarkanum í samráði við forsætisnefnd og allsherjarnefnd, eða þá þingnefnd sem fer með eftirlit Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu, með skipun nýs nefndarmanns eða eftir atvikum varamanns. Nefndin áréttar að skipun nýs nefndarmanns kann að hafa þannig áhrif á störf nefndar að afmarka verði upp á nýtt verkefni hennar eða jafnvel skipa nýja nefnd. Þetta á sérstaklega við ef rannsókn er aðeins leidd af einum manni. Önnur álitamál geta einnig komið upp, svo sem hvort endurtaka verði málsmeðferð að einhverju leyti. Ljóst er að slík atvik verður að skoða hverju sinni og þá út frá því hvernig viðfangsefni rannsóknarnefndar hefur verið afmarkað í þingsályktun og skipunarbréfi.

Nefndin leggur því til þá breytingu á 3. gr. að rannsóknarnefnd skeri úr um sérstakt hæfi nefndarmanna.

Verkefni rannsóknarnefndar.

Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir að verkefni rannsóknarnefndar skuli skýrt afmarkað í umboði hennar, sbr. 1. mgr. 2. gr. Þá er skýrt tekið fram í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins að meginhlutverk rannsóknar sé að afla upplýsinga og gera grein fyrir málsatvikum í tilteknu máli.

a. Mat á ábyrgð og valdsvið annarra.

Í 3. mgr. 4. gr. er tekið fram að heimilt sé að fela rannsóknarnefnd að meta lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á það hvort grundvöllur sé fyrir því að einstaklingar eða lögaðilar skuli sæta ábyrgð. Ábyrgð getur verið þrenns konar í þessu samhengi, þ.e. refsiábyrgð, skaðabótaábyrgð og viðurlög samkvæmt opinberum starfsmannarétti. Nefndin tekur fram að ákveðin takmörk eru fyrir því sem hægt er að fela rannsóknarnefnd að gera. Fyrir nefndinni komu fram sjónarmið um að ekki væri nægilega skýrt kveðið á um þau takmörk í frumvarpinu. Meginviðfangsefni rannsóknarnefndar er eins og áður segir að upplýsa mál. Rannsóknarnefnd verður því hvorki falið að fella sök á einstaklinga eða lögaðila né kveða á um viðbrögð við slíku. Sama gildir um mögulega skaðabótaábyrgð. Opinberir hagsmunir leiða jafnframt til þess að komi í ljós við rannsókn máls að refsivert brot hafi verið framið verði að vera tryggt að því verði vísað til réttrar meðferðar hjá þar til bærum aðila.

b. Málum vísað til annarra.

Nefndin telur nauðsynlegt að leggja til nokkrar breytingar á 4. gr. þannig að skýrt verði kveðið á um hlutverk nefndarinnar þegar mál sem hún hefur upplýsingar um falla undir valdsvið annarra aðila. Nefndin leggur því til að við greinina verði bætt nýjum málsgreinum sem sækja fyrirmynd sína til 14. gr. laga nr. 142/2008 um að málum skuli vísa til hlutaðeigandi aðila. Málum er varða refsiábyrgð skal vísað til ríkissaksóknara. Málum sem varða skaðabótaábyrgð kann eftir atvikum að vera vísað til stjórnvalda og þá einkum á sviði samkeppnisréttar eða umhverfisréttar. Málum sem varða ábyrgð embættismanna og ríkisstarfsmanna verður vísað til hlutaðeigandi ráðuneytis eða forstöðumanns og um mál sem varða ábyrgð ráðherra fer eftir lögum um ráðherraábyrgð. Nefndin telur í þessu sambandi rétt að undirstrika að ákvörðun um að vísa máli til hlutaðeigandi aðila felur ekki í sér ákvörðun eða niðurstöðu um þá háttsemi sem hefur verið til athugunar.

Nefndin leggur því til breytingar á 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins þannig að hún skiptist upp í tvær málsgreinar, sem verði 3. og 7. mgr., og enn fremur að bætt verði við greinina nýjum málsgreinum.

c. Rof á fyrningu samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð.

Fyrir nefndinni hafa komið fram ábendingar um að ef rannsóknarnefnd verður falið að meta ábyrgð ráðherra sé rétt að kveða á um að slík rannsókn rjúfi fyrningu, sbr. 6. mgr. 15. gr. laga nr. 142/2008. Þingnefndin sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis fékk stöðu rannsóknarnefndar þingmanna skv. 39. gr. stjórnarskrár þar sem hún var m.a. talin hafa sambærilegt hlutverk við slíka nefnd, sbr. framhaldsnefndarálit allsherjarnefndar um málið (þskj. 605 í 286. máli á 138. löggjafarþingi). Nefndin leggur til að sama gildi ef rannsóknarnefnd utanþingsmanna samkvæmt frumvarpinu er falið að meta ábyrgð ráðherra samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð. Nefndin leggur því til að við 4. gr. bætist ný málsgrein í þá veru. Frestur til þess að höfða mál samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð er þrjú ár frá því að brot var framið. Þó fyrnist sök aldrei fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því að næstu reglulegu

alþingiskosningar eftir að brot var framið fóru fram. Samþykki Alþingi áður en fyrningarfrestur er liðinn að skipa rannsóknarnefnd til þess að meta ábyrgð ráðherra skal ákveða málshöfðun innan árs frá samþykkt Alþingis um skipun rannsóknarnefndar. Um meðferð skýrslu rannsóknarnefndar í slíkum málum færi þá nánar eftir fyrirmælum 10. gr. frumvarpsins. Árétta verður sérstaklega að það er Alþingi sjálft sem á endanum tekur ákvörðun um málshöfðun, sbr. 14. gr. laga um ráðherraábyrð.

Rannsóknarheimildirnar.

Nefndin fjallaði sérstaklega um ákvæði 6. gr. frumvarpsins um rannsóknarheimildir út frá hlutverki rannsóknarnefndar, þ.e. hversu víðtækar þær ættu að vera, möguleg viðurlög og hvort ákvæðið nái markmiðum sínum. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að miðað við þann grunn sem lagður er í frumvarpinu, um að heimild til skipunar rannsóknarnefndar verði einungis notuð í undantekningartilfellum og þegar sérstök ástæða sé til, sé nauðsynlegt að fara yfir rannsóknarheimildir 6. gr. frumvarpsins. Bent var á að teldi Alþingi rétt að skipa rannsóknarnefnd og aðrar leiðir væru ekki færar væri mikilvægt að tryggja sem best að uppljóstrun málsins næði fram að ganga. Bent var á að miðað við lög um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, nr. 142/2008, og skipun þeirrar rannsóknarnefndar væru heimildir 6. gr. frumvarpsins ekki nægilega tryggar eða skýrar til þess að rannsóknarnefnd geti sinnt því verkefni sem henni er falið samkvæmt frumvarpinu.

Nefndin telur að rannsóknarnefnd sem þingið hefur ákveðið að skipa þurfi að hafa fullnægjandi heimildir til þess að sinna því verkefni sem henni er falið og telur því nauðsynlegt að bregðast við þessum athugasemdum. Nefndin leggur því til breytingar á frumvarpinu sem sækja fyrirmynd sína til 6. gr. laga nr. 142/2008. Nefndin telur þó rétt að taka fram að rannsóknarheimildum skuli eingöngu beitt ef rannsóknarnefnd telur það nauðsynlegt og enn fremur að ætíð skuli litið til meðalhófs við beitingu þeirra.

a. Hlutverk rannsóknarnefndar.

Nefndin skoðaði ítarlega framangreindar athugasemdir út frá verkefnum rannsóknarnefndar skv. 4. gr. frumvarpsins en fyrir liggur að meginviðfangsefni rannsóknarnefndar er að afla upplýsinga um málsatvik. Einnig má fela rannsóknarnefnd að meta hvort grundvöllur sé fyrir því að einstaklingar eða lögaðilar skuli sæta ábyrgð. Lok má fela rannsóknarnefnd að meta hvort grundvöllur sé fyrir því að ráðherra sæti ábyrgð. Rannsóknarheimildir rannsóknarnefndar verða því að taka mið af þeim ólíka grundvelli sem rannsókn byggist á.

Það leiðir af 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins að fela má rannsóknarnefnd að leggja mat á hvort ráðherra skuli sæta ábyrgð vegna brota á refsilögum en einnig á grundvelli laga um ráðherraábyrgð. Skilyrði þess er að rannsóknarnefnd hafi verið falið slíkt hlutverk með skýrum hætti í þingsályktun. Til áréttingar tekur nefndin fram að það er Alþingi sem tekur endanlega ákvörðun um saksókn á hendur ráðherra samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð.

b. Gagna- og upplýsingaöflun nefndar.

Á það hefur m.a. verið bent að í 6. gr. frumvarpsins sé ekki kveðið á um skyldu til þess að verða við óskum rannsóknarnefndar um skriflegar skýringar vegna athugana hennar og svara beinum fyrirspurnum þar að lútandi eða um heimildir til vettvangsathugana. Þá sé ekki fjallað um meðferð gagna sem háð eru þagnarskyldu eða hvernig skuli fjalla um ágreiningsmál sem upp geta komið í því sambandi. Ekki sé með skýrum hætti fjallað um afhendingu á gögnum sem fela í sér álit sérfræðinga. Til viðbótar þessum atriðum hefur einnig verið bent

á að þrátt fyrir þær skyldur sem lagðar séu á aðila til þess að láta af hendi gögn og upplýsingar sé ekki mælt fyrir um refsingar eða þvingunarúrræði í frumvarpinu.

Auk framangreindra atriða telur nefndin rétt að benda á að orðalag 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er að mestu samhljóða 2. mgr. 11. gr. laga nr. 142/2008 og 1. mgr. 118. gr. laga um meðferð sakamála, þó svo að samhengið sé ekki alveg það sama. Sá munur er á að í frumvarpsákvæðinu er talað um „vísbendingu“ en í tilvitnuðum lagaákvæðum er talað um „bendingu“. Nauðsynlegt er að færa orðalagið til samræmis við ákvæði sakamálalaga að þessu leyti.

Eftir frekari athugun, samanburð við dönsk lög um rannsóknarnefndir og ákvæði laga nr. 142/2008 er lagt til að í 6. gr. frumvarpsins verði fjallað með almennum hætti um gagna- og upplýsingaöflun rannsóknarnefndar. Greinin verður þá eftir fyrri breytingar 7. gr. frumvarpsins. Því næst komi ný grein, 8. gr., um skýrslutökur. Þar á eftir komi ný grein um vernd uppljóstrara sem gerð verður grein fyrir hér á eftir. Þá er loks lagt til að 2. mgr. 6. gr. færist yfir í 7. gr. frumvarpsins, sem verður 10. gr. laganna, en þar er fjallað um réttarstöðu þeirra sem koma fyrir rannsóknarnefnd. Í því sambandi komi fram með skýrari hætti að réttur til þess að fella ekki á sig sök miðist ekki eingöngu við afhendingu gagna heldur taki einnig til upplýsinga sem látnar séu í té með öðrum hætti, þ.m.t. við skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd.

Réttarstaða þeirra sem koma fyrir rannsóknarnefnd.

a. Sá sem til rannsóknar er.

Í 1. og 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er orðalagið „sá sem til rannsóknar er“ notað. Sú afmörkun sem felst í gildissviði frumvarpsins, sbr. umfjöllun hér að framan leiðir til þess að fleiri en starfsmenn stjórnsýslunnar eða ráðherrar sem mál varðar geta verið til rannsóknar, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Samkvæmt því ættu slíkir aðilar jafnframt að eiga rétt á að velja sér aðstoðarmann og eftir atvikum njóta annarra réttinda skv. 7. gr. frumvarpsins. Almennt verður að ætla að þeir sem eru til rannsóknar séu það vegna starfa sinna og mögulegrar ábyrgðar í því sambandi. Ekki er eingöngu mikilvægt að réttarstaða þessara einstaklinga sé skýr heldur er það einnig mikilvægt fyrir skilvirkni í störfum rannsóknarnefndar. Þannig má vera ljóst að ágreiningur um það hverjir skuli njóta andmælaréttar getur tafið málsmeðferð og skapað óvissu um störf rannsóknarnefndar. Nefndin tekur fram að meta verður í hverju tilviki stöðu þeirra sem koma fyrir rannsóknarnefnd og þá í samhengi við þann grundvöll sem nefndin starfar á. Í því sambandi verður að líta til tilgangs rannsóknarinnar, m.a. hvernig hún hefur verið afmörkuð í ályktun þingsins og skipunarbréfi forseta þingsins, sbr. 1. og 2. gr. frumvarpsins, og jafnframt hvort rannsóknarnefnd hefur verið falið að meta lögfræðileg atriði er geta falið í sér ábyrgð einstaklinga eða lögaðila, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Nefndin tekur fram að eingöngu þeir einstaklingar, sem í ljósi tilgangs og afmörkunar rannsóknar eru til athugunar vegna starfa sinna, ættu að hafa réttarstöðu samkvæmt 7. gr. frumvarpsins. Ákvæðið ætti hins vegar ekki að girða fyrir að aðrir einstaklingar sem störf rannsóknarnefndar kunna að snerta geti sótt sér ráð hjá aðstoðarmanni. Slíkir einstaklingar ættu ekki að hafa réttarstöðu skv. 2. og 3. mgr. ákvæðisins og ættu því ekki rétt á að fá greiddan kostnað vegna aðstoðarmanns, sbr. 1. mgr. ákvæðisins.

b. Andmælaréttur.

3. mgr. 7. gr. frumvarpsins hljóðar svo: „Þeim sem fjallað er um í skýrslu nefndarinnar skal að skýrslutöku og gagnaöflun lokinni, með hæfilegum fyrirvara, gert kleift að tjá sig

skriflega um þau atriði sem nefndin hyggst leggja til grundvallar í skýrslu sinni og varða hann.“

Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að skilja megi orðalag ákvæðisins svo að það eigi við um alla sem getið er í skýrslu rannsóknarnefndar án tillits til þess hvort um sé að ræða einstaklinga sem rannsóknarnefnd hefur haft til athugunar skv. 1. og 2. mgr. 7. gr. eða til athugunar á grundvelli 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Þá geymi ákvæðið ekki fyrirmæli um þann grundvöll sem hlutaðeigandi á rétt á að tjá sig um. Nefndin tekur fram að til þess að andmælaréttur komi að notum verður áður en ákvörðun er tekin að leggja fyrir hlutaðeigandi þann lagagrundvöll sem rannsóknarnefnd hefur að byggja á og afstöðu hennar til málavaxta. Í ljósi þess sem áður er sagt verði að gera ráð fyrir því að þeir einir njóti réttarstöðu skv. 7. gr. frumvarpsins sem rannsóknarnefnd hefur beinlínis verið falið að leggja mat á hvort grundvöllur lagalegrar ábyrgðar sé fyrir hendi hjá, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Nefndin telur því nauðsynlegt í ljósi þeirra breytinga sem hún leggur til á 4. gr. (sem verði 5. gr.) að leggja til að vísað verði til 3. og 7. mgr. þeirrar greinar þannig að skýrt sé hverjir njóta réttarstöðu samkvæmt 7. gr. frumvarpsins.

Þá leggur nefndin til að við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

„Að skýrslutöku og gagnaöflun lokinni skal þeim sem til rannsóknar er og ætla má að sætt geti ábyrgð, sbr. 3. og 7. mgr. 5. gr., gert kleift að tjá sig um þá málavexti og lagatúlkun sem rannsóknarnefnd íhugar að fjalla um í skýrslu sinni. Nefndin veitir viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði.“

Refsiheimild.

Af hálfu þeirra sem komu fyrir nefndina var bent á að ekki væri lögð refsing við því ef þeir sem kæmu fyrir rannsóknarnefnd gæfu nefnd vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar. Með slíku ákvæði væri á hinn bóginn réttarstaða þeirra sem gæfu rannsóknarnefnd skýrslu um mál gerð skýrari, þó að leiða megi líkur að því að þeir sem kæmu fyrir rannsóknarnefnd bæru engu síður refsiábyrgð með rangri eða villandi upplýsingagjöf skv. 145. eða 146. gr. almennra hegningarlaga. Til þess að taka af allan vafa og gera réttarstöðu þeirra sem koma fyrir rannsóknarnefnd skýrari leggur nefndin til að við 7. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein um að ef maður lætur af ásetningi rannsóknarnefnd í té rangar eða villandi upplýsingar samkvæmt fyrirmælum laganna fari um refsingu fyrir slík brot samkvæmt nefndum ákvæðum almennra hegningarlaga.

Vernd uppljóstrara.

Nefndin fjallaði einnig um hvort rétt væri að leggja til að tekið verði upp ákvæði um vernd uppljóstrara eða þeirra sem veita rannsóknarnefnd upplýsingar, sambærilegt við ákvæði í lögum um embætti sérstaks saksóknara og lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna. Í áliti allsherjarnefndar um frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara (þskj. 292 í 141. máli á 136. löggjafarþingi) kemur fram að með slíku ákvæði sé vikið frá ákvæðum réttarfarslaga um að sækja menn til saka fyrir brot en að rökin sem búi að baki slíku ákvæði eru þau að brýnir almannahagsmunir geti krafist þess að ákveðið verði að falla frá saksókn. Sönnunarstaðan geti verið erfið og rök hafi verið færð fyrir því að framburðir einstaklinga sem liggja sjálfir undir grun geti gegnt mikilvægu hlutverki til að tryggja sönnun á refsiverðri háttsemi og að hagsmunirnir af því að fá slík brot upplýst geti verið mun meiri en hagsmunir af því að viðkomandi uppljóstrari sæti ákæru. Nefndin telur að í ljósi þeirra verkefna sem unnt er að fela rannsóknarnefnd samkvæmt frumvarpinu, þ.e. að meta

ábyrgð, sé nauðsynlegt að taka upp ákvæði í frumvarpið sambærilegt við það ákvæði sem er í lögum nr. 142/2008. Til viðbótar er rétt að árétta mikilvægi þess að upplýsingar sem rannsóknarnefnd eru veittar séu látnar í té í góðri trú. Jafnframt er mikilvægt að tryggja frekar réttindi uppljóstrara með því að leggja þá skyldu á gagnaðila, t.d. yfirmann, að sanna að aðgerðir sem beinast gegn starfsmanni sem látið hefur upplýsingar í té sé ekki að rekja til uppljóstrana hans. Nefndin leggur til að tekið verði upp í frumvarpið ný grein um vernd uppljóstrara.

Bráðabirgðaákvæði o.fl.

Í ljósi þess að sérstakri stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hefur ekki verið komið á fót, sbr. ákvæði í framkomnu frumvarpi til laga um breytingu á þingsköpum (596. mál), og ábendinga um mál sem samþykkt hefur verið að skipa rannsóknarnefnd til að fjalla um tekur nefndin fram að hún telur eðlilegt að um slík mál fari eftir ákvæðum þessa frumvarps verði það að lögum. Fyrir liggur að samþykkt hefur verið þingsályktun um skipun rannsóknarnefndar til að rannsaka starfsemi Íbúðalánasjóðs (22. mál). Nefndin leggur því til að við frumvarpið bætist nýtt bráðabirgðaákvæði þess efnis að þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða I skuli forseti Alþingis, samkvæmt þingsályktun frá 17. desember 2010, skipa rannsóknarnefnd til þess að rannsaka starfsemi Íbúðalánasjóðs. Um störf nefndarinnar fari að öðru leyti eftir lögum þessum.

Ástæða er til að taka fram að þegar liggur fyrir þingsályktun frá 28. september 2010 um „viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis“ (þskj. 1537 í 705. máli á 138. löggjafarþingi) sem felur m.a. í sér að annars vegar verði farið í sjálfstæða og óháða rannsókn á starfsemi lífeyrissjóða á Íslandi og hins vegar á aðdraganda og orsökum falls sparisjóða á Íslandi frá því að viðskipti með stofnfé voru gefin frjáls. Því er þingsins að fylgja eftir þeim ákvörðunum í samræmi við ákvæði þessa frumvarps verði það að lögum. Það verður viðfangsefni allsherjarnefndar að undirbúa og afmarka nánar tillögur í því sambandi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali

Vigdís Hauksdóttir og Sigurður Kári Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Birgir Ármannsson, Álfheiður Ingadóttir, Mörður Árnason og Þór Saari voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.
Björn Valur Gíslason.		Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara.

1498. Breytingartillögur [348. mál]

við frv. til l. um rannsóknarnefndir.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Forseti Alþingis skipar rannsóknarnefnd ef Alþingi samþykkir ályktun þar um til þess að rannsaka mikilvæg mál sem almenning varða.
   b. 1. málsl. 2. mgr. falli brott.
   c. 3. mgr. falli brott.
2. Við 2. mgr. 2. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hann skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, en að undanskildum ákvæðum um hámarksaldur, sbr. 5. mgr. 31. gr. sömu laga.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Forseti Alþingis skal tryggja rannsóknarnefnd þann mannafla, sérfræðiaðstoð og aðbúnað sem er nauðsynlegur við rannsóknina.
   Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er heimilt að ráða starfsmenn til starfa hjá rannsóknarnefnd án auglýsingar. Lögin gilda að öðru leyti um réttindi og skyldur starfsmannanna.
   Kostnaður af starfi rannsóknarnefndar greiðist úr ríkissjóði.
4. Við 3. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Rannsóknarnefnd sker úr um hæfi starfsmanna nefndarinnar.
   b. Á eftir orðinu „nefndarmanna“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: og starfsmanna.
   c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Nú verður ágreiningur um sérstakt hæfi nefndarmanns og sker þá rannsóknarnefnd úr, sbr. 5. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Til forseta Alþingis verður skotið ágreiningi um almennt hæfi nefndarmanns.
5. Í stað 3. mgr. 4. gr. komi sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Rannsóknarnefnd má fela að meta lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á það hvort grundvöllur sé fyrir því að einstaklingar eða lögaðilar skuli sæta ábyrgð. Skal nefndin þá fjalla um það í skýrslu sinni.
   Vakni grunur við rannsókn nefndarinnar um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað tilkynnir hún ríkissaksóknara um það og tekur hann ákvörðun um hvort rannsaka beri málið í samræmi við lög um meðferð sakamála.
   Ef nefndin telur að ætla megi að opinber starfsmaður hafi gerst brotlegur við starfsskyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eða ákvæðum annarra laga sem gilda um störf hans skal hún tilkynna viðkomandi forstöðumanni þar um og hlutaðeigandi ráðuneyti.
   Ekki er skylt að gefa viðkomandi kost á að tjá sig sérstaklega um þá ákvörðun rannsóknarnefndar að senda mál til ríkissaksóknara eða tilkynna það forstöðumanni eða ráðuneyti, sbr. 4. og 5. mgr.

Rannsóknarnefnd skal aðeins meta lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á hvort grundvöllur sé fyrir því að ráðherrar sæti ábyrgð ef Alþingi fer sérstaklega fram á álit nefndarinnar um það efni. Skal slík beiðni þá skýrt afmörkuð í umboði nefndarinnar.

Skipan rannsóknarnefndar sem ætlað er að fjalla um störf ráðherra, sbr. 7. mgr., hefur sömu réttaráhrif og kosning rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til athugunar á störfum ráðherra, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

6. Í stað 6. gr. komi þrjár nýjar greinar, 7.–9. gr., ásamt fyrirsögnum á undan 7. og 9. gr., svohljóðandi:

a. (7. gr.)

Öflun gagna og upplýsinga.

Sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, er skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Með gögnum er m.a. átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga, álit sérfræðinga og önnur gögn sem nefndin óskar eftir í þágu rannsóknarinnar, hvort sem þau eru prentuð (skrifleg) eða á rafrænu formi.

Sömu aðilum og greinir í 1. mgr. er jafnframt skylt að verða við óskum rannsóknarnefndar um að skýra skriflega frá athöfnum sínum og svara skriflega fyrirspurnum hennar.

Skylt er að verða við kröfu rannsóknarnefndar um afhendingu gagna og að veita upplýsingar þótt þær séu háðar þagnarskyldu. Sama gildir um upplýsingar sem óheimilt er að lögum að veita fyrir dómi nema með samþykki ráðherra, forstöðumanns eða annars yfirmanns viðkomandi, jafnt hjá hinu opinbera sem einkafyrirtæki.

Lögmaður, endurskoðandi eða annar aðstoðarmaður verður þó ekki krafinn upplýsinga, sem honum hefur verið trúað fyrir út af rannsókn nefndarinnar, nema með leyfi þess sem í hlut á. Ákvæði a- og b-liðar 2. mgr., 3. mgr. og 4. mgr. 119. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, gilda enn fremur um upplýsingagjöf þeirra sem þar eru tilgreindir. Dómari sker úr um upplýsingaskyldu þeirra og verður mál af því tagi rekið skv. 5. mgr. þessarar greinar.

Nú verður ágreiningur um afhendingu gagna, skýringa eða skriflegra svara, sbr. 1.–3. mgr., og getur rannsóknarnefnd þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms á grundvelli XV. kafla laga um meðferð sakamála. Lögregla skal veita nefndinni liðsinni við að framfylgja slíkum dómsúrskurði. Heimilt er að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar innan þriggja sólarhringa frá uppkvaðningu hans.

Í þágu rannsóknar er rannsóknarnefnd heimilt að beita ákvæði 73. gr. laga um meðferð sakamála til að varna því að gögnum sé fargað og skal lögregla framfylgja þeirri ákvörðun.

Rannsóknarnefnd á frjálsan aðgang að öllum starfsstöðvum stjórnvalda og til rannsókna á aðstæðum í þágu þess verkefnis sem henni hefur verið falið. Starfsmenn stjórnvalda og þeir aðilar sem rannsókn tekur til, sbr. 3. og 7. mgr. 5. gr., skulu láta rannsóknarnefnd í té alla nauðsynlega aðstoð vegna starfa hennar.

b. (8. gr.)

Rannsóknarnefnd getur kallað einstaklinga til skýrslugjafar og skulu þeir sem gefa skýrslu segja satt og rétt frá fyrir nefndinni. Formaður stýrir skýrslutökum en getur falið öðrum nefndarmanni það. Þá getur hann falið starfsmanni nefndarinnar eða öðrum er vinna að rannsókninni að beina spurningum að þeim sem gefur skýrslu.

Taka skal upp á hljóð- eða myndband það sem fram fer við skýrslutöku eða varðveita það með öðrum tryggilegum hætti.

Ef þeir sem kallaðir eru fyrir rannsóknarnefnd til skýrslutöku verða ekki við ósk nefndarinnar þar um getur nefndin óskað þess að héraðsdómari kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni telji hún það nauðsynlegt í þágu rannsóknar málsins. Um kvaðningu og skýrslugjöf og aðra framkvæmd skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Ákveða má að skýrsla sé gefin fyrir luktum dyrum.

c. (9. gr.)

Vernd uppljóstrara.

Óheimilt er að láta einstakling gjalda þess ef hann veitir í góðri trú rannsóknarnefnd upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir rannsóknina.

Undir 1. mgr. fellur sú háttsemi að rýra réttindi, segja upp samningi, slíta honum eða láta einstakling gjalda þess á annan hátt að hann hafi látið rannsóknarnefnd í té upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir rannsókn. Séu leiddar líkur að því skal gagnaðili sýna fram á að ákvörðun sé reist á öðrum forsendum en þeim að hann hafi veitt rannsóknarnefnd upplýsingar.

Ef einstaklingur hefur frumkvæði að því að láta rannsóknarnefnd í té upplýsingar eða gögn sem tengjast stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, opinberri stofnun, fyrirtæki, móður- eða dótturfyrirtæki þess eða fyrirtækjum sem það er í viðskiptum við eða stjórnendum þeirra og óskar eftir því að hann sæti ekki ákæru, þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að refsiverðu broti hans sjálfs, er rannsóknarnefnd heimilt að óska eftir því við ríkissaksóknara að hann ákveði að hlutaðeigandi sæti ekki ákæru. Ef um opinberan starfsmann er að ræða getur rannsóknarnefnd, af sama tilefni, óskað eftir því við forstöðumann eða ráðuneyti að hlutaðeigandi verði ekki látinn sæta viðurlögum vegna brota á starfsskyldum.

Skilyrði ákvörðunar skv. 3. mgr. eru að upplýsingar eða gögn tengist refsiverðu broti í opinberri stjórnsýslu eða broti á opinberum starfsskyldum og talið sé líklegt að þessar upplýsingar eða gögn geti haft verulega þýðingu fyrir rannsókn nefndarinnar samkvæmt lögum þessum eða séu mikilvæg viðbót við fyrirliggjandi sönnunargögn. Ef upplýsingar eða gögn tengjast refsiverðu broti er jafnframt skilyrði fyrir beitingu þessarar heimildar að rökstuddur grunur sé uppi um það að mati ríkissaksóknara að upplýsingar eða gögn tengist alvarlegu broti, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til að ætla að án þeirra muni reynast torvelt að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir broti.

7. Við 7. gr.

a. Á eftir orðunum „Sá sem til rannsóknar er“ í 1. og 2. mgr. komi: sbr. 3. og 7. mgr. 5. gr.

b. Í stað 3. mgr. komi fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Að skýrslutöku og gagnaöflun lokinni skal þeim sem til rannsóknar er og ætla má að sætt geti ábyrgð, sbr. 3. og 7. mgr. 5. gr., gert kleift að tjá sig um þá málavexti og lagatúlkun sem rannsóknarnefnd íhugar að fjalla um í skýrslu sinni. Nefndin veitir viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði.

Skylda til afhendingar gagna og til að láta af hendi upplýsingar og svör, sbr. 7. gr., og til að láta af hendi upplýsingar við skýrslugjöf, sbr. 8. gr., er þó ekki fyrir hendi ef ætla má að í henni geti falist játning eða bending um að sá sem beðinn er um að

afhenda gögnin eða láta af hendi upplýsingar hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Sama á við ef ætla má að afhending gagna eða veiting upplýsinga hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern þann sem tengist viðkomandi með þeim hætti sem segir í 1. og 2. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Gögn sem ráðherra eða starfsmaður stjórnsýslu hefur útbúið um störf sín verða þó ekki undanþegin afhendingu.

Ekki er heimilt að nota upplýsingar sem einstaklingur hefur veitt nefndinni sem sönnunargagn í sakamáli sem höfðað er gegn honum.

Ef maður lætur af ásetningi rannsóknarnefnd í té rangar eða villandi upplýsingar samkvæmt fyrirmælum laga þessara fer um refsingu fyrir slík brot skv. 145. og 146. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Um slík mál skal fara samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

8. 2. mgr. 8. gr. falli brott.
9. Orðin „og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins“ í 1. mgr. 11. gr. falli brott.
10. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða I skal forseti Alþingis, samkvæmt þingsályktun frá 17. desember 2010, skipa rannsóknarnefnd til þess að rannsaka starfsemi Íbúðalánasjóðs. Um störf nefndarinnar fer að öðru leyti eftir lögum þessum.

1499. Fyrirspurn [831. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um aðgengi nemenda að Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Frá Árna Johnsen.

Hvernig ætlar ráðherra að tryggja aðgengi allra þeirra nýju framhaldsskólanema sem munu óska eftir skólavist í Fjölbrautaskóla Suðurnesja næsta haust?

Skriflegt svar óskast.

1500. Fyrirspurn [832. mál]

til fjármálaráðherra um hækkun skatta og gjalda.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

Hversu oft hafa skattar og önnur gjöld hins opinbera verið hækkuð frá því í byrjun apríl 2009 og í hverju fólust hækkanirnar?

1501. Fyrirspurn [833. mál]

til fjármálaráðherra um flutning skattskyldrar starfsemi úr landi.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

1. Hversu mörg fyrirtæki hafa flutt skattskylda starfsemi sína úr landi að öllu leyti eða að hluta frá árinu 2007?
2. Hversu háar voru skattgreiðslur fyrirtækja sem nú hafa flutt skattskylda starfsemi sína úr landi árið 2007?

1502. Fyrirspurn [834. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um skuldalækkun og ábyrgð á húsnæðislánum.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

Telur ráðherra eðlilegt að þeir sem hafa ábyrgðarmenn á húsnæðislánum sínum, í heild eða að hluta, njóti ekki sömu réttinda til skuldalækkunar og þeir sem ekki hafa fengið uppáskrift ábyrgðarmanna?

1503. Fyrirspurn [835. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um varðveislu minja um seinni heimsstyrjöldina.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

Telur ráðherra ástæðu til að gera ráðstafanir til að varðveita minjar um seinni heimsstyrjöldina á Íslandi?

Skriflegt svar óskast.

1504. Fyrirspurn [836. mál]

til velferðarráðherra um skerðingu grunnlífeyris eldri borgara.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

Hversu mikil er samanlögð skerðing grunnlífeyris eldri borgara (67 ára og eldri) vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum, tryggingabóta eða annarrar tekjutengingar frá 1. júlí 2009?

Skriflegt svar óskast.

1505. Fyrirspurn [837. mál]

til velferðarráðherra um krabbamein.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

1. Hversu margir karlar greindust með krabbamein hér á landi árin 2009 og 2010? Hversu mörg tilfelli greindust af hverri tegund krabbameins?
2. Hversu margar konur greindust með krabbamein hér á landi árin 2009 og 2010? Hversu mörg tilfelli greindust af hverri tegund krabbameins?
3. Hversu margir karlar létust af völdum krabbameins árlega á árabilinu 1991–2011, greint eftir tegundum krabbameins?
4. Hversu margar konur létust af völdum krabbameins árlega á árabilinu 1991–2011, greint eftir tegundum krabbameins?

Skriflegt svar óskast.

1506. Fyrirspurn [838. mál]

til innanríkisráðherra um erlenda fanga.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

1. Hversu margir erlendir fangar voru vistaðir í íslenskum fangelsum í byrjun maí 2011?
2. Hversu hátt hlutfall fanga í íslenskum fangelsum voru erlendir í byrjun maí 2011 annars vegar og hins vegar í byrjun maí 2001?

1507. Lög [186. mál]

um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1471 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 3. og 4. mgr. orðast svo:
Ráðherra gefur út til tólf ára í senn almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt. Umhverfisstofnun vinnur tillögu að áætluninni og leggur fyrir ráðherra, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins og fleiri aðila eftir því sem við á. Áætlunin skal taka mið af lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála í landinu og aðgerðir eða stefnumörkun til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun. Umhverfisstofnun skal auglýsa drög að landsáætlun í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Almenningi skal tryggður aðgangur að áætluninni, m.a. á vefsetri Umhverfisstofnunar. Meta skal áætlunina á a.m.k. sex ára fresti og endurskoða hana eftir þörfum.
Sveitarstjórn skal semja og staðfesta áætlun sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja markmiðum landsáætlunar, sbr. 3. mgr. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og gerð grein fyrir því hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum landsáætlunar. Sveitarstjórnir hafa heimild til að gera sameiginlega áætlun fyrir sín svæði eða svæði einstakra sorpsamlaga. Við gerð áætlunarinnar skal auglýsa hana í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Kynna skal áætlunina í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, þegar við á. Almenningi skal tryggður aðgangur að áætluninni og hún skal aðgengileg á netinu. Meta skal áætlunina á a.m.k. sex ára fresti og gera breytingar á henni sé þörf á. Áætlunin skal auglýst eins og hér að framan greinir á a.m.k. sex ára fresti, hvort sem henni hefur verið breytt eður ei.

b. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem til fellur í sveitarfélaginu.

1508. Frumvarp til laga [56. mál]

um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. maí.)

1. gr.

Í stað 1. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Með foreldrum er átt við foreldra skv. I. kafla barnalaga. Í lögum þessum er með foreldrum einnig að jafnaði átt við þá sem fara með forsjá barns.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Heimilt er að skjóta til hennar úrskurðum og stjórnsýslu-ákvörðunum barnaverndarnefnda eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.
b. Í stað orðanna „2. og 4. mgr. 83. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: 3. mgr. 84. gr., 4. mgr. 89. gr. c.

3. gr.

Á eftir 1. málsl. 6. mgr. 7. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Barnaverndarstofa getur einnig rekið sérhæfð úrræði fyrir börn sem glíma við fjölþættan vanda í samstarfi við önnur yfirvöld, t.d. á sviði fötlunar eða félags- eða heilbrigðisþjónustu.

4. gr.

Við 4. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Vanræki sveitarstjórn þær skyldur er hvíla á sveitarfélaginu getur ráðuneytið beitt sér fyrir því að gripið verði til úrræða samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

5. gr.

4. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að framselja til einstakra starfsmanna nefndanna vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt lögum þessum, taka ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., setja fram kröfu um sjálfræðissviptingu skv. 30. gr. og taka ákvarðanir um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

   Ef barn flyst úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál til meðferðar skal nefndin tafarlaust tilkynna flutninginn til barnaverndarnefndar í umdæminu sem barnið flytur í, upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta nefndinni í té öll nauðsynleg gögn þess. Barnaverndarnefnd í umdæminu sem barnið flytur í ber að taka strax við meðferð málsins og leitast við að tryggja samfellu í vinnslu og meðferð málsins.
b. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ef ágreiningur rís milli barnaverndarnefnda getur Barnaverndarstofa ákveðið hvar barn telst eiga fasta búsetu, svo og mælt svo fyrir að önnur

nefnd en sú þar sem barn á fasta búsetu fari með mál ef það er talið tryggja betur meðferð þess.

c. Í stað 1. málsl. 5. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef barn á ekki lögheimili á Íslandi eða er hér án forsjáraðila sinna skal barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelst eða er statt fara með mál þess. Barnaverndarnefnd fer þá með umsjá barnsins eftir því sem þörf krefur og ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja hagsmuni þess.

d. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef barni, sem er hér á landi án forsjáraðila sinna, er veitt hæli eða dvalarleyfi á Íslandi ákveður Barnaverndarstofa hvaða barnaverndarnefnd skuli taka við forsjá barnsins og fara með málið eftir að leyfi er veitt. Ríkissjóður greiðir allan kostnað viðkomandi barnaverndarnefndar samkvæmt ákvæðum laganna vegna ráðstöfunar barnsins í fóstur eða aðra vistun.

e. 6. mgr. (sem verður 7. mgr.) orðast svo:

Barnaverndarnefndir sem í hlut eiga geta skotið ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3., 5. og 6. mgr. til kærunefndar barnaverndarmála.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

a. búi við óviðunandi uppeldisaðstæður,
b. verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
c. stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

b. 2. mgr. orðast svo:

Þá er hverjum manni skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu, eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi, eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig varða.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

b. Á eftir orðinu „þroskaþjálfum“ í 2. mgr. kemur: náms- og starfsráðgjöfum.

9. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Ef lögregla verður þess vör að barn búi við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. skal hún tilkynna barnaverndarnefnd um það. Þegar grunur leikur á að barn hafi framið eða framið hafi verið gegn barni brot gegn almennum hegningarlögum eða lögum þessum eða brot gegn öðrum lögum sem varðað getur þyngri

refsingu en tveggja ára fangelsi skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn málsins.

10. gr.

2. og 3. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo: Ákvörðun barnaverndarnefndar um nafnleynd og synjun um að aflétta nafnleynd er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála. Leiðbeina skal tilkynnanda og foreldri um rétt til að kæra ákvörðun barnaverndarnefndar.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „áreitni eða ofbeldis af hendi annarra“ í 1. mgr. kemur: ofbeldis eða vanvirðandi háttsemi af hendi annarra.
b. Á eftir orðunum „eða eigin hegðunar þess“ í 1. mgr. kemur: eða að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu eins og lýst er í 16. gr.
c. 3. mgr. fellur brott.
d. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja könnun máls eða að hefja ekki könnun er hvorki kæranleg til kærunefndar barnaverndarmála né annars stjórnvalds.
e. Við 2. málsl. 4. mgr. bætist: innan viku frá því að ákvörðunin var tekin.
f. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Barnaverndarnefnd ber einnig að staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvörðun barnaverndarnefndar um að loka máli á þessu stigi geta foreldrar skotið til kærunefndar barnaverndarmála.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvörðun barnaverndarnefndar um að loka máli þegar áætlun rennur út geta foreldrar skotið til kærunefndar barnaverndarmála.
c. 3. mgr. orðast svo:

   Barnaverndarnefnd skal ætíð meta þörf á samstarfi við aðra aðila við gerð og framkvæmd áætlunar. Sérstaklega ber að meta þörf á samstarfi við þá sem vinna með málefni viðkomandi barns og nefndir eru í 2. mgr. 17. gr. Ef barnaverndarnefnd telur hagsmuni barns kalla á samstarf við þessa aðila ber nefndinni að leggja áherslu á að afla samþykkis foreldra til að samstarfi verði komið á.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Við 3. málsl. 2. mgr. bætist: og tekur barnaverndarnefnd þá við forsjá þess.
b. Við 2. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef fóstur eða vistun varir þar til barn verður lögráða ber barnaverndarnefnd eigi síðar en þremur mánuðum áður en það verður 18 ára að meta þarfir barnsins fyrir frekari úrræði. Barnaverndarnefnd getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun haldist eftir að það verður 18 ára, allt

til 20 ára aldurs. Ungmenni getur skotið synjun barnaverndarnefndar, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til kærunefndar barnaverndarmála.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. Á eftir b-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: kveðið á um að heimilt sé að láta aðilum, sem vinna með mál viðkomandi barns og nefndir eru í 2. mgr. 17. gr. og 18. gr., í té upplýsingar um líðan barns eða meðferð máls ef það er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna barnsins.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Foreldrar geta skotið úrskurði til kærunefndar barnaverndarmála.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Heimilt er með úrskurði dómara að vista barn í allt að tólf mánuði í senn frá og með þeim degi þegar úrskurður dómara er kveðinn upp.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Ef krafist er framlengingar vistunar skv. 27. eða 28. gr. eða forsjársviptingar skv. 29. gr. áður en vistunartíma lýkur helst ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir.

16. gr.

Orðin „sbr. 3. mgr. 21. gr.“ í 1. mgr. 30. gr. laganna falla brott.

17. gr.

Fyrri málsliður 2. mgr. 31. gr. laganna orðast svo: Barnaverndarnefnd skal án tafar taka málið til meðferðar og innan 14 daga kveða upp úrskurð, eða taka ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi skv. 28. eða 29. gr., að öðrum kosti fellur ákvörðun skv. 1. mgr. úr gildi.

18. gr.

Við 33. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Val barnaverndarnefndar á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis skv. 25. og 27.–29. gr. er ekki kæranlegt til kærunefndar barnaverndarmála eða annars stjórnvalds, sbr. þó 67. gr. b.

19. gr.

Í stað orðanna „kröfu á hendur barnaverndarnefnd og fósturforeldrum“ í 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: kröfu á hendur barnaverndarnefnd, foreldri sem fer með forsjá skv. 67. gr. a eða 67. gr. b og fósturforeldrum.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Barnaverndarstofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.
b. 2. mgr. orðast svo:

Við ráðningu til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða á heimilum eða stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, skal ávallt liggja fyrir sakavottorð og upplýsingar úr sakaskrá um það hvort umsækjandi hafi hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Óheimilt er að ráða til starfa einstakling sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og eðlis brotsins.

c. 3. mgr. fellur brott.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Ef barnaverndarnefnd þykir“ í 1. málsl. kemur: heilsu eða lífi ófædds barns stefnt í hættu eða.
b. Við 1. málsl. bætist: eða þungaða konu.
c. Við 2. málsl. bætist: eða þungaðrar konu.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „upplýsingar um heilsu barns og foreldra þess“ í 1. mgr. kemur: upplýsingar og afrit af nauðsynlegum gögnum um heilsu barns, foreldra þess og annarra heimilismanna.
b. Í stað orðanna „upplýsingar sem þessar stofnanir búa yfir um barn og foreldra þess og varðað geta málið“ í 3. mgr. kemur: upplýsingar og afrit nauðsynlegra gagna sem þessar stofnanir búa yfir um barn, foreldra þess og aðra heimilismenn sem varðað geta málið.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 2. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „skal hún þegar taka afstöðu til þess“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: skal hún taka afstöðu til þess.
c. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. nema barn njóti aðstoðar lögmanns, sbr. 2. mgr. 47. gr.

24. gr.

Orðið „óháðra“ í 48. gr. laganna fellur brott.

25. gr.

51. gr. laganna orðast svo:

Aðilar barnaverndarmáls geta skotið úrskurði eða ákvörðun skv. 1. mgr. 6. gr. til kærunefndar barnaverndarmála innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi var tilkynnt um úrskurð eða ákvörðun.

Kærunefnd getur ákveðið að formaður nefndarinnar fari einn með mál og kveði upp úrskurð ef mál þykir ekki varða mikilsverða hagsmuni barns.

Kærunefnd skal innan tveggja vikna frá því að henni berst kæra taka mál til meðferðar og úrlausnar. Kærunefnd skal kveða upp úrskurð í máli svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að úrskurður barnaverndarnefndar var kærður til hennar.

Kærunefnd barnaverndarmála getur metið að nýju bæði lagahlið máls og sönnunargögn. Nefndin getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu leyti. Þá getur kærunefndin einnig vísað málinu til barnaverndarnefndar til meðferðar að nýju.

26. gr.

Á eftir 53. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 53. gr. a og 53. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (53. gr. a.)

Lögsaga.

Dómsmál samkvæmt lögum þessum er unnt að höfða hér á landi ef:

a. aðili er búsettur hér á landi,
b. barn er búsett hér á landi eða
c. barn dvelst eða er statt hér á landi og nauðsynlegt þykir að leita atbeina dómstóla til að tryggja öryggi þess.

b. (53. gr. b.)

Flýtimeðferð.

Mál samkvæmt ákvæðum þessa kafla skulu sæta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga um meðferð einkamála.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi nema útivist verði af hálfu aðila eða máli vísað frá vegna augljósra annmarka.
b. 3. mgr. fellur brott.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Um sérfróða meðdómsmenn og þinghöld.*

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, 1. málsl., svohljóðandi: Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska.
b. 3. mgr. fellur brott.

29. gr.

Síðari málsliður 61. gr. laganna orðast svo: Ákvæði 53. gr. b og ákvæði 1. mgr. 54. gr. gilda ekki um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar foreldrar eða barn leita úrlausnar teljast þau sóknaraðilar en barnaverndarnefnd varnaraðili. Þegar barnaverndarnefnd telst varnaraðili er nefndinni heimilt að gera í greinargerð sjálfstæða kröfu um úrskurð skv. 28. gr.

Dómari getur ákveðið að sameina mál sem rekin eru á sama tíma skv. X. og XI. kafla.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „svo fljótt sem verða má“ í 1. mgr. kemur: innan viku.
b. Í stað orðanna „stuttan frest“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: frest sem skal að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur.
c. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þegar sérstaklega stendur á er dómara heimilt að veita frekari fresti til gagnaöflunar en taka skal mál aftur fyrir svo fljótt sem unnt er.
d. Við 5. mgr. bætist: að jafnaði innan tveggja vikna.

32. gr.

Á eftir 63. gr. laganna kemur ný grein, 63. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Réttindi barns við málsmeðferð.

Barn sem er aðili máls samkvæmt ákvæðum þessa kafla hefur öll þau réttindi sem aðild fylgja.

Gefa skal barni sem ekki er aðili kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska nema dómari telji að afstaða barns komi fram með nægilega skýrum hætti í gögnum máls.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Með fóstri er í lögum þessum átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði þegar fyrir liggur að:

a. foreldrar hafa afsalað sér forsjá eða umsjá og samþykkt fósturráðstöfun,
b. kveðinn hefur verið upp úrskurður um heimild til að fóstra barn utan heimilis þegar samþykki foreldra og barns eftir atvikum liggur ekki fyrir,
c. foreldrar hafa verið sviptir forsjá með dómi,
d. barn er forsjárlaust vegna andláts forsjáraðila eða
e. barn sem komið hefur til landsins án forsjáraðila sinna er í umsjá barnaverndarnefndar eða fær hæli eða dvalarleyfi á Íslandi.

b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Með tímabundnu fóstri er átt við að fóstur vari í afmarkaðan tíma þegar ætla má að unnt verði að bæta aðstæður þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna án verulegrar röskunar á högum þess eða þegar áætlað er að annað úrræði taki við innan afmarkaðs tíma. Tímabundið fóstur skal ekki vara samanlagt lengur en tvö ár nema í algerum undantekningartilvikum þegar það þjónar hagsmunum barns.

34. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 66. gr. laganna orðast svo: Barnaverndarstofa veitir væntanlegum og starfandi fósturforeldrum fræðslu, almennar leiðbeiningar og annan almennan faglegan stuðning.

35. gr.

3. málsl. 2. mgr. 67. gr. laganna fellur brott.

36. gr.

Á eftir 67. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 67. gr. a og 67. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (67. gr. a.)

Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

Ef foreldri sem fer eitt með forsjá barns afsalar sér umsjá eða forsjá þess skv. 25. gr., eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun barns utan heimilis skv. 27. eða 28. gr., eða forsjársvipting á sér stað skv. 29. gr. skal barnaverndarnefnd kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins foreldrisins.

Sé talið barni fyrir bestu að hitt foreldrið taki við umsjá meðan tímabundin ráðstöfun varir gilda um það sömu reglur og um tímabundið fóstur eftir því sem við á.

Barnaverndarnefnd er heimilt, ef hún telur hagsmuni barns best tryggða með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins foreldrisins. Í þeim tilvikum metur barnaverndarnefndin hæfni foreldrisins og gerir skriflegan samning um breytta forsjá. Um réttindi barns fer skv. 70. gr.

Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd ávallt leita umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

b. (67. gr. b.)

Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjána afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun barns utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. skal barnaverndarnefnd kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins foreldrisins.

Sé talið barni fyrir bestu að hitt foreldrið taki við umsjá meðan tímabundin ráðstöfun varir metur barnaverndarnefnd hæfi foreldrisins og gerir skriflegan samning um umsjána. Ef barnaverndarnefnd telur barni fyrir bestu að aðrir taki við umsjá getur hitt foreldrið sem óskað hefur eftir að fá umsjá barns skotið synjun til kærunefndar barnaverndarmála.

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjána afsalar sér forsjá skv. 25. gr. eða er eitt svipt forsjá skv. 29. gr. þá fer hitt foreldrið eftir það eitt með forsjá barnsins. Um réttindi barns fer skv. 70. gr.

37. gr.

Í stað orðsins „kynforeldra“ í e-lið 68. gr. laganna kemur: foreldra.

38. gr.

1. og 2. mgr. 70. gr. laganna orðast svo:

Eftir að foreldri hefur afsalað sér umsjá eða forsjá eða verið svipt umsjá eða forsjá barns samkvæmt ákvæðum laga þessara á barn rétt á umgengni við foreldra eða aðra sem eru því nákomnir enda samrýmist það hagsmunum þess. Um umgengni fer í öllum tilvikum skv. 74. gr. óháð því hver tekur við umsjá eða forsjá barns.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur skal veita barni nauðsynlegan stuðning samkvæmt fóstursamningi á meðan fóstur varir. Ef foreldri barns tekur við umsjá eða forsjá þess skv. 67. gr. a eða 67. gr. b skal barnaverndarnefnd sem farið hefur með málið kanna sérstaklega þörf barns fyrir áframhaldandi stuðning. Ef þörf krefur skal barnaverndarnefnd í þessum tilvikum gera áætlun um stuðningsúrræði í samvinnu við foreldri skv. 23. gr.

39. gr.

71. gr. laganna fellur brott.

40. gr.

Í stað orðsins „kynforeldrum“ í 72. gr. laganna kemur: foreldrum.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 74. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „kynforeldra“ í 1., 3. og 4. mgr., orðsins „Kynforeldrar“ í 2. mgr., orðsins „kynforeldri“ í 4. mgr. og orðsins „kynforeldrum“ í 7. mgr. kemur: foreldra; Foreldrar; foreldri; og: foreldrum.
b. 3. málsl. 3. mgr. fellur brott.
c. 8. mgr. orðast svo:

   Þeir sem umgengni eiga að rækja geta skotið úrskurði samkvæmt þessari grein til kærunefndar barnaverndarmála.

42. gr.

Á eftir 74. gr. laganna kemur ný grein, 74. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Réttarstaða fósturforeldra við ákvörðun um umgengni.

Ávallt skal kanna viðhorf fósturforeldra til umgengni áður en gengið er frá samningi eða kveðinn upp úrskurður um umgengni.

Fósturforeldrar barns í varanlegu fóstri eru aðilar að máli um umgengni skv. 74. gr. Þessir fósturforeldrar taka þannig þátt í gerð samnings um umgengni, geta óskað breytinga á áður ákvarðaðri umgengni, eru aðilar að úrskurðarmáli og geta skotið úrskurði um umgengni til kærunefndar barnaverndarmála.

43. gr.

75. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur ber ábyrgð á að greiða fósturforeldrum framfærslueyri, fósturlaun og eftir atvikum annan útlagðan kostnað vegna barnsins sem leiðir af ákvæðum laga þessara.

Um fjárhæðir skv. 1. mgr. og skiptingu kostnaðar vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. fer samkvæmt reglugerð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 88. gr.

Fósturforeldrar og fósturbarn eiga rétt á allri almennri þjónustu samkvæmt lögum og fer almennt um kostnað vegna þeirrar þjónustu samkvæmt þeim lögum sem gilda á hverju sviði. Hverju sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem ráðstafað hefur verið í

tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar. Um greiðslu kostnaðar vegna skólagöngu barnsins fer samkvæmt grunnskólalögum.

44. gr.

76. gr. laganna fellur brott.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 79. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Ráðuneytið ber ábyrgð á að tiltæk séu heimili og stofnanir til að:
   a. veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra eða vegna eigin hegðunar þeirra,
   b. greina vanda barna, kanna aðstæður þeirra og meta þörf fyrir meðferð eða stuðning,
   c. veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota og
   d. veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna, svo sem í kjölfar meðferðar.
b. Í stað 3. og 4. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Heimili og stofnanir skv. 1. mgr. lúta faglegri og fjárhagslegri yfirstjórn Barnaverndarstofu og getur hún mælt fyrir um tiltekna sérhæfingu þeirra.

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 80. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimili sem barn er tengt tilfinningalegum tengslum skal ganga fyrir um vistun uppfylli það skilyrði laganna að öðru leyti og ef talið er barni fyrir bestu að vistast þar.
b. 3. málsl. 3. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðanna „samninga um vistun barns, skyldur barnaverndarnefnda og eftirlit með heimili“ í 5. mgr. kemur: samninga um vistun barns og skyldur barnaverndarnefnda.

47. gr.

Í stað orðsins „kynforeldra“ í 1. og 4. mgr., orðsins „Kynforeldrar“ í 2. mgr., orðsins „kynforeldri“ í 4. mgr. og orðsins „kynforeldrum“ í 8. mgr. 81. gr. laganna kemur: foreldra; Foreldrar; foreldri; og: foreldrum.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Öll starfsemi heimila og stofnana skv. 79. gr. skal miða að því að tryggja börnum rétt til einkalífs, rétt til að ráða persónulegum högum sínum og rétt til að hafa samskipti við aðra, allt eftir því sem samræmist best aldri barnsins og þroska þess og að því marki sem það samræmist tilganginum með vistun þess á heimili eða stofnun og ábyrgð á starfseminni, velferð og öryggi barnsins og annarra.
b. B- og c-liður 3. mgr. orðast svo:
   b. beita þvingunarráðstöfunum eða alvarlegum agaviðurlögum nema það teljist nauð-

synlegt til að ná lögmætum markmiðum, til verndar lífi, heilsu og þroska viðkomandi barns eða annarra barna, lífi eða heilsu starfsmanna eða til verndar eignum,

c. hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema nauðsyn beri til, m.a. að teknu tilliti til markmiðs vistunar.

49. gr.

83. gr. laganna fellur brott.

50. gr.

84. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Vistúrræði á vegum barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefndir skulu gera samninga við vistforeldra á einkaheimili eða skipuleggja vistúrræði á annan hátt, til að veita barni móttöku sem nauðsynlegt reynist að vista utan heimilis, þegar slíkt úrræði þykir henta barninu betur en vistun á heimili eða stofnun skv. 79. gr.

Heimilt er að vista barn á einkaheimili samkvæmt þessari grein að jafnaði í allt að þrjá mánuði. Ef vistun er ætlað að vara í lengri tíma fer að jafnaði um það eftir ákvæðum laganna um fóstur.

Barnaverndarnefnd sem óskar eftir að gera samning við vistforeldri eða setja á laggirnar annað úrræði fyrir tiltekið barn skal sækja um leyfi Barnaverndarstofu. Ef vistforeldri er búsett í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar skal fylgja yfirlýsing barnaverndarnefndar þess umdæmis um að hún sjái ekkert því til fyrirstöðu að leyfi verði veitt.

Barnaverndarnefnd veitir þeim vistforeldrum sem starfa á vegum nefndarinnar fræðslu og annan faglegan stuðning eftir því sem þörf krefur.

Ákvæði 1. og 3. mgr. 80. gr. og 81. og 82. gr. eiga við um vistun barns skv. 1. mgr. eftir því sem við á.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um úrræði samkvæmt þessu ákvæði þar sem m.a. skal kveða á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, útgáfu leyfis, ráðstöfun barns og samninga um vistun.

51. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla laganna verður: **Úrræði á ábyrgð sveitarfélaga.**

52. gr.

Við 87. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórn sem ráðstafar barni í vistun á heimili eða stofnun skv. 79. gr. greiðir til ríkisins gjöld sem nema hluta kostnaðar við rekstur úrræða í samræmi við ákvæði 2. mgr. 88. gr.

53. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: að frádregnum gjöldum skv. 2. mgr. 87. gr.

b. 2. mgr. orðast svo:

Ráðuneytið setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fóstur- og vistforeldra, reglugerð um fjárhæð gjalda sem sveitarfélögum ber að greiða skv. 2. mgr. 87. gr., svo og um greiðslutilhögun og önnur atriði. Ráðuneytið setur með sama hætti reglugerð um fjárhæðir sem greiddar eru vegna barna í fóstri skv. 75. gr. og um hlut ríkisins í kostnaði vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. Verði vanhöld á því að sveitarfélag greiði þau gjöld sem því ber samkvæmt reglugerðinni skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða Barnaverndarstofu það sem eftir verður eigi síðar en 31. desember ár hvert. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga innheimtir þá greiðslu hjá viðkomandi sveitarfélagi með því að draga umrædda greiðslu af jöfnunarframlögum til viðkomandi sveitarfélags.

54. gr.

Á eftir XV. kafla laganna kemur nýr kafli, XV. kafli A, **Mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis,** með fjórum nýjum greinum, 89. gr. a – 89. gr. d, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (89. gr. a.)

Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis er að:

a. tryggja að fyrirkomulag úrræða og framkvæmd vistunar barna utan heimilis sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, staðla og reglna samkvæmt ákvæðum laga þessara,
b. tryggja að ráðstöfun nái tilgangi sínum og að réttindi barna séu virt,
c. auka gæði úrræða og stuðla að umbótum og
d. safna upplýsingum um vistun barna utan heimilis, þörf fyrir úrræði, nýtingu, árangur og þróun.

b. (89. gr. b.)

Hlutverk barnaverndarnefndar.

Hver barnaverndarnefnd metur gæði og árangur vistúrræða á vegum barnaverndarnefndar. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í vistun eða fóstur skal fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Barnaverndarnefnd aflar nauðsynlegra upplýsinga í þessu skyni eftir því sem ástæða þykir til. Barnaverndarnefnd skal leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa barni kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska.

Barnaverndarnefnd skal heimsækja með reglubundnum hætti börn sem vistuð eru á vegum nefndarinnar á heimilum og stofnunum. Barnaverndarnefnd skal heimsækja fósturheimili eins oft og ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það.

Barnaverndarnefnd skal grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barns, svo sem að rifta samningi um fóstur eða vistun, ef í ljós kemur að meðferð barnsins í fóstri, á heimili, stofnun eða í öðru vistúrræði er óviðunandi eða aðstæður hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt.

Ráðherra setur að höfðu samráði við Barnaverndarstofu reglugerð um eftirlit barnaverndarnefnda, m.a. um heimsóknir á fósturheimili.

c. (89. gr. c.)

Hlutverk Barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa metur þörf fyrir úrræði fyrir börn sem vistast utan heimilis, safnar upplýsingum um ráðstafanir og metur árangur tiltekinna úrræða með það að markmiði að auka gæði og stuðla að umbótum.

Barnaverndarstofa metur gæði og árangur þeirra úrræða sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk skv. 79. gr.

Barnaverndarstofa hefur eftirlit með því að úrræði á ábyrgð sveitarfélaga skv. 84. gr. uppfylli hverju sinni þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum og stöðlum. Ef Barnaverndarstofa telur að úrræði uppfylli ekki þær kröfur sem eru gerðar getur stofan svipt barnaverndarnefnd leyfi til að nýta tiltekið úrræði.

Barnaverndarnefnd getur skotið ákvörðunum Barnaverndarstofu um leyfisveitingar og leyfissviptingar til kærunefndar barnaverndarmála.

d. (89. gr. d.)

Hlutverk ráðuneytisins.

Ráðuneytið hefur eftirlit með því að úrræði á ábyrgð ríkisins uppfylli hverju sinni þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum, stöðlum og þjónustusamningum þegar það á við. Í þessu skyni felur ráðuneytið óháðum sérfræðingi að heimsækja heimili og stofnanir skv. 79. gr. að lágmarki einu sinni á ári. Sérfræðingur skal sérstaklega leitast við að gefa börnum kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska og markmið með vistun.

Ráðuneytið setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um mat og eftirlit samkvæmt ákvæðum kafla þessa, m.a. nánar um markmið, áherslur og aðferðir.

55. gr.

Við 91. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sækja skal um leyfi samkvæmt ákvæði þessu fyrir heimili fyrir börn sem glíma við fjölþættan vanda þó svo að starfsemi slíkra heimila heyri jafnframt undir önnur lög, t.d. lög um málefni fatlaðs fólks.

56. gr.

2. mgr. 99. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem hvetur barn til lögbrota, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða annarrar hegðunar sem stefnir heilsu barnsins og þroska eða lífi og heilsu annarra í alvarlega hættu skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

57. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi gilda um öll þau mál sem eru í gangi við gildistöku þeirra, óháð því hvort atvik þau sem mál er sprottið af hafi að einhverju eða öllu leyti átt sér stað í tíð eldri laga, þó með þeim frávikum sem tilgreind eru í 3.–9. mgr.

Ákvæði a-liðar 2. gr. gildir um úrskurði og ákvarðanir sem teknar eru eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 18. gr. gildir um val á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. efnismgr. 25. gr. gildir um þau mál sem berast kærunefnd eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði b-liðar 26. gr. og 27. gr. gilda um þau mál sem þingfest eru eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 31. og 32. gr. gilda um mál sem borin eru undir dóm eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. málsl. 1. efnismgr. og 2. og 3. málsl. 2. efnismgr. 38. gr. gilda um umgengni og stuðning í tilvikum foreldra sem tekið hafa við umsjá eða forsjá barns með sérstökum samningi samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. mgr. 43. gr. og 44.–46. og 49.–54. gr. taka gildi 1. janúar 2013.

1509. Lög [649. mál]

um skil menningarverðmæta til annarra landa.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1482.

1510. Frumvarp til laga [839. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir.

1. gr.

Markmið þessa frumvarps er að breyta skipulagi fiskveiðistjórnunar og sölu sjávarafla og tryggja með því ríka aðkomu sveitarfélaga að úthlutunum aflaheimilda og eflingu byggðar. Með frumvarpinu er stefnt að því að hvert sveitarfélag á Íslandi fái forræði yfir veiðum á samsvarandi hluta nytjastofna á Íslandsmiðum og nemur samanlagðri aflahlutdeild þeirra fiskiskipa sem skráð voru í viðkomandi sveitarfélagi fyrir gildistöku laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990. Að auki stefnir frumvarpið að fjárhagslegri endurskipulagningu útgerðar á Íslandi í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Loks stefnir frumvarpið að eflingu umhverfisvænna handfæraveiða.

2. gr.

Á eftir 3. gr. a. laganna koma fjórar nýjar greinar, 3. gr. a–3. gr. d, svohljóðandi:

a. (3. gr. a.)

Heimildir til veiða úr nytjastofnum við Ísland eru á forræði íslenskra sveitarfélaga. Þó skulu sveitarfélög hlíta ákvörðun ráðherra skv. 3. gr.

Hlutdeild hvers sveitarfélags í heildarafla skal vera hin sama og samanlögð hlutdeild skráðra fiskiskipa í sveitarfélaginu við gildistöku laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990.

Ráðherra skal með reglugerð ákvarða hlutdeild einstakra sveitarfélaga í heildarafla.

b. (3. gr. b.)

Sveitarfélög skv. 3. gr. a skulu selja aflaheimildir til bjóðenda gegn gjaldi á grundvelli uppboða. Uppboð skulu kynnt rækilega með hæfilegum fyrirvara og skal öllum landsmönnum heimil þátttaka. Skulu uppboð haldin með jöfnu millibili tvisvar til tólf sinnum á hverju fiskveiðiári.

Ráðherra skal setja nánari reglur um fyrirkomulag uppboða og heimilar forsendur fyrir vali boða skv. 1. mgr. með reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal sveitarfélögum heimilt að selja allt að helmingi aflaheimilda sem þau hafa yfir að ráða hverju sinni með framvirkum samningum um sölu aflaheimilda til allt að fimm ára í senn til einstaklinga eða lögaðila sem hafa gert samninga um fjárfestingar í nýjum fiskiskipum. Verð aflaheimilda í slíkum samningum skal vera hið sama og meðalverð í uppboðum sveitarfélagsins. Slíkir samningar eru óframseljanlegir án sérstaks samþykkis viðkomandi sveitarfélags.

Kjósi kaupandi aflaheimilda ekki að nýta þær að fullu við lok fiskveiðiárs skal sveitarfélögum skylt að afturkalla sölu þeirra í heild eða að hluta gegn endurgreiðslu alls eða hluta kaupverðs. Fjárhæð endurgreidds uppboðsverð skal nema uppboðsverði að viðbættri eða frádreginni þeirri hækkun eða lækkun sem orðið hefur á meðalverði aflaheimilda frá kaupdegi til afturköllunardags.

Selji sveitarfélag aflaheimildir til einstaklinga eða lögaðila sem eiga lögheimili utan þess skulu kaupendur greiða sveitarfélaginu 10% álag á uppboðsverð.

Öðrum en sveitarfélögum eða uppboðsmörkuðum á vegum sveitarfélaga er óheimil sala eða framsal aflaheimilda.

c. (3. gr. c.)

Við veiðar á afla á grundvelli aflaheimilda skv. 3. gr. a er heimill meðafli úr öðrum tegundum allt að 10% af heildarafla hverrar veiðiferðar. Við löndun meðafla skal kaupandi aflaheimilda greiða viðeigandi sveitarfélagi gjald sem nemi meðaluppboðsverði aflaheimilda sömu tegundar á síðasta þekkta uppboðsdegi aflaheimilda, sbr. 3. gr. b.

d. (3. gr. d.)

Allur sjávarafli sem veiddur er á grundvelli aflaheimilda sem seldar hafa verið á uppboði sveitarfélags, þó ekki rækja, humar og uppsjávarfiskur, og veiddur er úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal seldur á innlendum uppboðsmarkaði sjávarafla er fengið hefur leyfi Fiskistofu og starfræktur er innan þess sveitarfélags þar sem uppboð aflaheimilda fór fram.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um einstaklinga og lögaðila sem starfrækja eigin fiskvinnslu og vinna aflann að fullu. Í þeim tilvikum skal uppgjör á aflahlut sjómanna ákvarðast af meðalverði þess uppboðsdags eða síðasta þekkta meðaluppboðsverði uppboðsdags á uppboði skv. 1. mgr.

Heimilt er að selja fullunninn frystan afla utan uppboðs skv. 1. mgr. Til fullunnins frysts afla telst sjávarafli sem hefur verið veiddur og í kjölfarið unninn um borð í frystiskipi, honum pakkað og hann verið flakaður, flattur, sneiddur, roðdreginn, hakkaður eða verkaður á annan

hátt og hann frystur að vinnslu lokinni. Þegar aðeins fer fram frysting um borð í frystiskipi á heilum eða hausskornum fiski eða heilfrysting á rækju telst slíkur afli ekki til fullunnins frysts afla í skilningi laga þessara.

Bjóðendur á uppboðsmarkaði skv. 1. mgr. sem vinna keyptan afla utan þess sveitarfélags sem uppboðið fer fram í skulu greiða því sveitarfélagi 10% álag á uppboðsverð.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi í atvinnuskyni fellur niður hafi fiskiskipi ekki verið haldið til fiskveiða í atvinnuskyni í tólf mánuði. Þá fellur veiðileyfi niður ef fiskiskip er tekið af skrá hjá Siglingastofnun Íslands og ef eigendur eða útgerð þess fullnægja ekki skilyrðum 2. málsl. 5. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. a laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Á hverju fiskveiðiári hefur ráðherra til ráðstöfunar 40.000 lestir af óslægðum botnfiski sem nýttar skulu til veiða með handfærum á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Í lögum þessum eru slíkar veiðar nefndar strandveiðar og leyfin til þeirra veiða strandveiðileyfi.

   Afli sem veiðist með strandveiðum reiknast ekki til heildarafla skv. 3. gr.

b. Í stað 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Strandveiðar eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Fiskistofu er aðeins heimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða að fullnægt sé ákvæðum 5. gr. og einungis er heimilt að veita hverri útgerð, einstaklingi eða lögaðila leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Á gildistíma strandveiðileyfis er fiskiskipi óheimilt að stunda aðrar veiðar í atvinnuskyni en strandveiðar.

   Handhafar strandveiðileyfis skulu greiða því sveitarfélagi þar sem þeir landa afla gjald, auðlindagjald, við löndun afla. Gjaldið skal lagt á miðað við hvert kíló landaðs sjávarafla. Fjárhæð gjaldsins skal miðast við meðalkílóverð síðasta þekkta uppboðsdags aflaheimilda í sveitarfélaginu.

c. 4. mgr. orðast svo:

   Strandveiðileyfi skulu veitt skráðum fiskiskipum með heimilisfang á svæði skv. 3. mgr. Einungis er heimilt að veita fiskiskipum útgerða, einstaklinga eða lögaðila strandveiðileyfi sé lögheimili þeirra skráð á sama stað og heimilisfang skráðs fiskiskips. Sama fiskiskipi verður aðeins veitt leyfi frá einu landsvæði á hverju veiðitímabili.

d. Orðið „föstudaga“ í 1. tölul. 5. mgr. fellur brott.

e. Í stað tölunnar „14“ í 2. tölul. 5. mgr. kemur: 18.

f. 5. tölul. 5. mgr. fellur brott.

5. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Við gildistöku laga þessara skal sérstakur sjóður, kvótaskuldasjóður, taka við réttindum og skyldum skuldara allra krafna á hendur íslenskum útgerðum, einstaklingum og lögaðilum sem sannanlega eru til komnar vegna kaupa eða leigu á aflaheimildum. Frá þeim tíma er sjóðurinn eini skuldari slíkra krafna.

Kröfur á hendur kvótaskuldasjóði skv. 1. mgr. bera ekki vexti.

Seljendur aflaheimilda skulu að loknu uppboði og uppgjöri greiða kvótaskuldasjóði gjald að fjárhæð sem nemur 5% söluverðmætis seldra aflaheimilda hvers uppboðs.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn kvótaskuldasjóðs og skal hlutast til um að rekstur hans fari fram á eðlilegan og lögmætan hátt. Ráðherra er heimilt að ráða sjóðnum starfsfólk.

6. gr.

8.–15. gr., V. og VI. kafli og ákvæði til bráðabirgða I–VII í lögunum falla brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2011.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að færa úthlutun á aflaheimildum úr sameiginlegum fiskveiðiauðlindum þjóðarinnar til þess horfs sem hún var í áður en framsal aflaheimilda kom til árið 1991, en fram að þeim tíma hafði úthlutunin byggst á veiðireynslu til margra ára og var því bæði sanngjörn og réttlát. Með frumvarpinu er einnig reynt að tryggja að aflaheimildir fari til þeirra byggða sem þeim var upprunalega úthlutað til. Miðað er við að aflahlutdeildin sé nýtt í viðkomandi sveitarfélagi. Þó er sveigjanleiki í nafni hagkvæmni tryggður þar sem aflahlutdeildin er framseljanleg þegar hagkvæmnisrök gefa tilefni til. Með því móti verður réttur íbúa sjávarbyggða á Íslandi til sjósóknar tryggður eins og verið hefur frá örófi alda sem eini raunverulegi grundvöllur tilvistar flestra þeirra.

Skýrt er kveðið á um eignarhald þjóðarinnar á fiskistofnunum í kringum landið í fyrstu tveimur greinum laga um stjórn fiskveiða. Þar segir orðrétt:

1. gr. Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

2. gr. Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Frumvarp þetta tryggir að arður af nytjastofnum á Íslandsmiðum skili sér til réttmætra eigenda þeirra, íslensku þjóðarinnar. Upptaka uppboðskerfis við sölu aflaheimilda tryggir hámarksverð fyrir nýtingarrétt auðlindarinnar en þó eingöngu að því marki sem útgerðirnar geta borið. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að hluta aflaheimilda megi selja framvirkt til allt að fimm ára í senn þannig að þeir sem hyggjast fjárfesta í útgerð geti gert ráð fyrir aðgengi að heimildum til lengri tíma en eins árs. Þá er sveigjanleiki tryggður með því að útgerðir utan viðkomandi sveitarfélaga geta keypt aflaheimildir gegn greiðslu 10% álags eða gjalds.

Með ákvæði um meðafla er stefnt að því að girða að mestu leyti fyrir brottkast afla. Þó væri æskilegast að settar yrðu skýrar og afdráttarlausar reglur sem alfarið banni brottkast afla gegn þungum viðurlögum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir mikilli beinni atvinnusköpun vegna löndunar alls afla og sölu í gegnum innlenda uppboðsmarkaði í samræmi við ákvæði frumvarps til laga um sölu sjávarafla o.fl. frá 139. löggjafarþingi (þskj. 51 – 50. mál) en þar segir m.a.:

„Allur sjávarafli, þó ekki rækja, humar og uppsjávarfiskur, sem veiddur er úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal seldur á innlendum uppboðsmarkaði sjávarafla er fengið hefur leyfi Fiskistofu. Heimilt er að selja afla í beinum viðskiptum í innlenda fiskvinnslu og skal þá verð milli útgerðar og fiskvinnslu ákvarðast af markaðsverði söludagsins eða síðasta þekkta markaðsverði á uppboðsmarkaði.

Heimilt er að selja fullunninn frystan afla utan innlends fiskmarkaðar skv. 12. gr. a. Til fullunnins frysts afla telst sjávarafli sem hefur verið veiddur og í kjölfarið unninn um borð í frystiskipi, honum pakkað og hann verið flakaður, flattur, sneiddur, roðdreginn, hakkaður eða verkaður á annan hátt og hann frystur að vinnslu lokinni. Þegar aðeins fer fram frysting um borð í frystiskipi á heilum eða hausskornum fiski eða heilfrysting á rækju telst slíkur afli ekki til fullunnins frysts afla í skilningi laga þessara.“

Þessi breyting ein sér mun að öllum líkindum leiða til um 800–1.000 nýrra starfa við fiskverkun með mjög litlum tilkostnaði á skömmum tíma.

Framsal aflaheimilda hefur leitt til gríðarlegrar byggðaröskunar víða um land og gert að engu eina bjargræði sjávarbyggða, sjósóknina, sem þær hafa notið í aldaraðir. Með því að taka lífsbjörgina af sjávarbyggðunum hefur öll afkoma og eignastaða íbúa á þessum stöðum raskast við atvinnuleysi, brottflutning og eignabruna. Með samþykkt þessa frumvarps mun sú þróun snúast við og fólksflótti af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins stöðvast og komið í veg fyrir þann gríðarlega samfélagslega tilkostnað sem slíkir hreppaflutningar hafa í för með sér.

Aukning á afla til strandveiða, sem hér eftir verða utan tillagna Hafrannsóknastofnunarinnar um heildarafla og standa yfir stærri hluta ársins en nú er, mun hafa umtalsverð áhrif á atvinnulíf um allt land. Auðlindagjald og strandveiðar munu og skila umtalsverðum tekjum til þeirra sveitarfélaga þar sem aflanum er landað.

Sá skaði sem útgerðir og núverandi handhafar aflaheimilda verða fyrir vegna missis aflaheimilda verður bættur með því að skuldir útgerða sem eru til komnar vegna kaupa á aflaheimildum verða færðar í sérstakan kvótaskuldasjóð. Skýrt er í lögum að aflahlutdeild útgerðar er ekki eign hennar og þær skuldir sem stofnað hefur verið til vegna kaupa á slíkum heimildum eru og hafa alltaf verið áhættulánveiting viðkomandi lánveitenda. Kvótaskuldasjóður verður greiddur niður með 5% gjaldi á allar seldar veiðiheimildir þar til sjóðurinn er að fullu upp gerður. Skuldir kvótaskuldasjóðs bera enga vexti.

Varðandi þá umræðu sem skapast hefur og lýtur að hugsanlegum brotum á eignarréttarákvæði stjórnarskrár skal tekið fram að um langa tíð hefur skýrt verið kveðið á um það í lögum að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar. Þrátt fyrir að möguleiki sé á þeirri ólíklegu niðurstöðu dómstóla að ríkið væri skaðabótaskylt vegna innköllunar aflaheimilda eða annars þess sem leiðir af frumvarpi þessu, þá er engu að síður þess virði að þær breytingar sem hér eru lagðar til komist til framkvæmda. Betra er að þurfa hugsanlega að sæta slíkri niðurstöðu dómstóla en að búa áfram við óbreytt eða lítið breytt fyrirkomulag fiskveiða.

Í framhaldi af þeim breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir er brýnt að fram fari víðtæk og ítarleg úttekt á Hafrannsóknastofnuninni og veiðiráðgjöf hennar með tilliti til aðferðafræðilegra sjónarmiða. Þar verði einnig kannað hversu vel hefur tekist til með verndun fiskistofna, fiskimiða og lífríkis og uppbyggingu fiskistofna. Í þeirri

úttekt er brýnt að fiskveiðar við Ísland verði skoðaðar heildstætt með tilliti til þess skaða sem þær hafa valdið á lífríkinu og lagt mat á hagkvæmni togveiða annars vegar og krókaveiða hins vegar. Slík úttekt ætti að vera gerð af hlutlausum erlendum sérfræðingum í samráði við sjómenn, íslenska fiskifræðinga og vistfræðinga.

1511. Framhaldsnefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hluti mótmælir harðlega þeirri ákvörðun meiri hluta nefndarinnar, þ.e. þingmanna ríkisstjórnarflokkanna, að afgreiða málið á fundi nefndarinnar í gær til 3. umræðu í þinginu. Með ákvörðun sinni ákvað meiri hlutinn að afgreiða málið til lokaumræðu án þess að efnislegri umræðu væri lokið.

Minni hlutinn óskaði eftir því á fundinum að fyrir nefndina yrðu kallaðir þeir fulltrúar stjórnvalda sem hafa tekið þátt í rýnivinnu vegna umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu til að fjalla um það málefnasvið sem frumvarpið tekur til. Ástæða þessarar beiðni er sú að ein þeirra tilskipana sem frumvarpið byggist á, tilskipun 2009/14/EB, hefur ekki verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Fram kom við umfjöllun um málið í nefndinni að ástæða þess að tilskipunin hafi ekki verið tekin upp í samninginn sé afstaða Norðmanna sem standi fast á sínum hagsmunum. Í þeirra innstæðutryggingakerfi er tryggingaverndin mun hærri en samkvæmt evrópurétti og virðast þeir því ekki sætta sig við hámarkstryggingavernd upp á 100.000 evrur. Fyrir liggur að frumvarp til nýrrar tilskipunar á sama sviði er nú til meðferðar á Evrópuþinginu. Vera kann að sú tilskipun verði samþykkt þar áður en tilskipun 2009/14/EB verður tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem gerir samþykkt frumvarpsins afar einkennilega.

Beiðni um frekari umfjöllun byggðist einnig á því sjónarmiði að nauðsynlegt væri að fá upplýsingar um það frá þeim embættismönnum sem hafa komið fram fyrir Íslands hönd í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu hvort sambandið hefur gert kröfu um eða sett þrýsting á íslensk stjórnvöld um að innleiða tilskipunina í íslenskan rétt í tengslum við aðildarumsóknina. Að mati 1. minni hluta er mikilvægt að þær upplýsingar liggi fyrir áður en Alþingi tekur afstöðu til frumvarpsins þar sem tilskipunin sem það byggist á fer freklega gegn hagsmunum íslenska ríkisins auk þess sem efni hennar gengur ekki upp. Íslenska þjóðin hefur brennt sig illilega á því að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins um innstæðutryggingar athugasemdalaust eins og Icesave-málið er besta dæmið um.

Því miður urðu fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna í viðskiptanefnd ekki við málefnalegri beiðni minni hlutans um frekari umfjöllun og í þess stað var minni hlutanum bent á að hann gæti aflað sér upplýsinga um stöðu rýnivinnunnar í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu á netinu og umbeðnir gestir því ekki kallaðir á fund nefndarinnar.

Fyrsti minni hluti mótmælir þessum vinnubrögðum harðlega. Það hlýtur að vera einsdæmi að alþingismönnum sem óska eftir jafnmikilvægum upplýsingum frá íslenskum embættismönnum og þeim sem hér um ræðir sé boðið upp á þá málsmeðferð að leita fanga um umbeðnar upplýsingar á netinu í stað þess að fá tækifæri til þess að ræða milliliðalaust við þá

sem í hlut eiga á fundum nefndarinnar. 1. minni hluti fordæmir vinnubrögð af þessu tagi. Þau lýsa ekki vilja meiri hlutans til opinna og gagnsærra vinnubragða á löggjafarþinginu. Jafnframt lýsir 1. minni hluti þeirri von sinni að þau vinnubrögð sem voru viðhöfð á fundi viðskiptanefndar séu ekki fordæmisgefandi um framtíðarvinnubrögð í fastanefndum Alþingis, ekki síst þegar um er að tefla jafnmikilvægt frumvarp og hér um ræðir. Sé þetta raunin er illa komið fyrir starfsháttum og vinnubrögðum á Alþingi.

Alþingi, 20. maí 2011.

Guðlaugur Þór Þórðarson, frsm. Sigurður Kári Kristjánsson.

1512. Framhaldsnefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá 2. minni hluta viðskiptanefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að Tryggingasjóður sparisjóðanna verði lagður niður og eftir 2. umræðu var samþykkt breytingartillaga meiri hlutans um að bæta við frumvarpið ákvæði í lög um fjármálafyrirtæki þar sem kveðið verði á um tilvist öryggissjóðs sparisjóðanna. Gert er ráð fyrir því að eignir tryggingasjóðsins renni inn í öryggissjóðinn og myndi stofnfé hans. Hlutverk öryggissjóðs sparisjóðanna er að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og fjárhagslegt öryggi sparisjóða. Það sjónarmið hefur komið fram að tilvist öryggissjóðsins geti haft áhrif á hið áhættutengda iðgjald ef sparisjóðirnir geti við ákveðnar aðstæður fengið lán frá sjóðnum.

Annar minni hluti telur nauðsynlegt að grípa til mun umfangsmeiri breytinga á lögum en lagt er til með frumvarpinu til að tryggja öryggi innstæðueigenda og draga úr kerfisáhættu. Nauðsynlegt kann að vera að gera forgang innstæðna við gjaldþrot varanlegan líkt og bent var á í skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Jafnframt þarf að skoða hvort setja beri hámark á það hversu hátt hlutfall innstæðna getur verið í einni innlánsstofnun og hvort aðskilja beri starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingarbanka. Bent hefur verið á að kerfisáhætta sé ekki bara í löndum með mjög stórt bankakerfi, sem sé mun stærra en landsframleiðsla í viðkomandi landi, heldur virðast stærri bankar einnig vera þeir sem eru hvað áhættusæknastir og sækja hart fram í að stækka út fyrir landsteinana. Smærri lönd gætu notað skattkerfið þannig að skatthlutfall hækki eftir stærð banka.

Annar minni hluti lýsir yfir áhyggjum af þeirri gengisáhætta sem felst í því að tryggja innstæður að 100.000 evrum í íslenskum krónum. Sem aðili að EES-samningnum þurfum við að innleiða í íslenska löggjöf reglur um innstæðutryggingar sem eru ekki í íslenskum krónum heldur í evrum sem gerir það að verkum að gengisáhætta verður innbyggð í kerfið. Reikna má með að gengi íslensku krónunnar muni veikjast ef banki fellur, sérstaklega einn af hinum þremur stóru, og hámarkstryggingin er tilgreind í evrum þótt hana eigi að umreikna í íslenskar krónur. 2. minni hluti bendir einnig á að það er þekkt í nágrannalöndum okkar að starfandi fjármálafyrirtæki skulu greiða sérstök iðgjöld vegna áfalla sem innstæðutryggingakerfi verða fyrir vegna fallinna banka, t.d. Bandaríkin og Bretland. Því er einkennilegt að hér

virðist stefnt að því að aðskilja eldri innstæðutryggingasjóð frá þeim nýja og láta skattgreiðendur greiða beint fyrir innstæðutryggingar í stað starfandi fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra. Nú liggur fyrir breytingartillaga frá meiri hlutanum þess efnis að greitt verði úr sjóðnum í íslenskum krónum og hefur því að hluta verið komið til móts við áhyggjur um gengisáhættu. 2. minni hluti telur mikilvægt að ákvæði þess efnis verði áfram í lögum svo fremi að íslenskan krónan sé gjaldmiðill hér á landi. Fram kom við umfjöllun um málið að í innstæðutryggingakerfi Noregs er aðeins greitt út í norskum krónum.

Til að draga úr áhættusækni má velta því upp hvort unnt væri að setja hámark á það hversu mikið bankar geta skuldsett sig. Að undanförnu hefur nokkuð borið á umræðu um mikilvægi þess að geta sótt fjármuni út fyrir landsteinana. Spurning er hvort innstæða sé til fyrir slíku, þ.e. hvort við þyrftum ekki frekar á því að halda að nýta þá fjármuni sem við eigum til að borga niður skuldir.

Annar minni hluti átelur vinnubrögð meiri hlutans við meðferð málsins. Það liggur fyrir að tilskipun 2009/14/EB, sem er ein þeirra tilskipana sem frumvarpið byggist á, hefur ekki verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þá kom fram að fyrir Evrópuþinginu sé til meðferðar ný tilskipun um innstæðutryggingar. Minni hlutinn óskaði eftir nánari upplýsingum um þá tilskipun sem og að farið yrði yfir það í nefndinni hvort Evrópusambandið hefði gert kröfu um eða sett þrýsting á íslensk stjórnvöld um að innleiða tilskipun 2009/14/EB inn í íslenskan rétt í tengslum við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Telja verður mikilvægt að þessar upplýsingar liggi fyrir áður en frumvarp þetta verður gert að lögum þar sem tilskipunin sem að baki býr fer freklega gegn hagsmunum Íslands auk þess sem efni hennar gengur ekki upp í framkvæmd. Þjóðin hefur nú þegar brennt sig á tilskipunum Evrópusambandsins um innstæðutryggingar, eins og Icesave-málið er besta dæmið um. Meiri hlutinn varð ekki við beiðninni og var minni hlutanum bent á að afla sér upplýsinga um stöðu rýnivinnunar vegna aðildarumsóknarinnar á netinu. 2. minni hluti mótmælir því harðlega að um svo stórt mál sem hér um ræðir sé ekki unnt að ræða frekar milliliðalaust við íslenska embættismenn á nefndarfundi.

Ekki á að samþykkja frumvörp sem lög frá Alþingi af skyldurækni eða til að geta lýst því yfir að lög um tiltekið efni hafi verið sett. Mikilvægt er að vanda vel til löggjafar um svo mikilvægt efni og tryggja þarf hagsmuni landsins.

Alþingi, 20. maí 2011.

Eygló Harðardóttir.

1513. Fyrirspurn [840. mál]

til innanríkisráðherra um hleranir.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvernig er ferli við umsókn og veitingu heimildar til hlerana?
2. Hve margar heimildir til hlerana voru „virkar“ 1. maí 2009, 1. maí 2010 og 1. maí 2011?
3. Hve margar heimildir til hlerana voru veittar árin 2009, 2010 og 2011? Hvaða aðilar, t.d. stofnanir, óskuðu eftir hlerunum? Hve mörgum umsóknum var hafnað?

4. Hjá hvers konar fyrirtækjum hefur verið hlerað framangreind ár, sundurliðað eftir fyrirtækjamerkingu Hagstofunnar? Hjá hve mörgum einstaklingum var hlerað á sama tíma?

Skriflegt svar óskast.

1514. Lög [797. mál]

um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1427.

1515. Frumvarp til laga [533. mál]

um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

(Eftir 2. umr., 20. maí.)

1. gr.
Þjóðtunga – opinbert mál.

Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.

2. gr.
Íslenskt mál.

Þjóðtungan er sameiginlegt mál landsmanna. Stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.

Allir sem eru búsettir hér á landi skulu eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi svo sem nánar er mælt fyrir um í sérlögum.

3. gr.
Íslenskt táknmál.

Íslenskt táknmál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Skulu stjórnvöld hlúa að því og styðja.

Hver sem hefur þörf fyrir táknmál skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur.

4. gr.
Íslenskt punktaletur.

Íslenskt punktaletur er fyrsta ritmál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Hver sem hefur þörf fyrir blindralestur vegna skerðingar á sjón skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt punktaletur um leið og hann hefur getu til.

5. gr.
Málstefna.

Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skulu sjá til þess að hún sé notuð. Um málstefnu og stöðu íslenskrar tungu skal leitað samvinnu við Íslenska málnefnd, sbr. 6. gr.

Íslenska ríkið og sveitarfélög stuðla að þróun, rannsóknum, kennslu og útbreiðslu íslensks táknmáls og styðja að öðru leyti við menningu, menntun og fræðslu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda. Um málstefnu og stöðu íslensks táknmáls skal leitað samvinnu við málnefnd um íslenskt táknmál, sbr. 7. gr.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fylgist með því hvernig lögum þessum er framfylgt og getur krafið einstakar stjórnsýslustofnanir um skýrslur þar að lútandi.

6. gr.
Íslensk málnefnd.

Ráðherra skipar Íslenska málnefnd og er skipunartími nefndarinnar fjögur ár. Í Íslenskri málnefnd eiga sæti 16 menn. Auk þess er nefndinni heimilt að bjóða mönnum, einum eða tveimur, setu í nefndinni ef hún telur það nefndarstarfinu til gagns. Hver eftirtalinna tilnefnir einn mann í málnefndina: Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, Íðorðafélagið fyrir hönd orðanefnda, Bandalag þýðenda og túlka, Staðlaráð Íslands, Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Hagþenkir og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefnir tvo menn í málnefndina. Ráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. Velferðarráðherra tilnefnir þar að auki einn fulltrúa úr röðum innflytjenda. Íslensk málnefnd skiptir með sér verkum.

Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli og gera tillögur til ráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og ráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki ráðherra.

Skrifstofa Íslenskrar málnefndar er í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ráðherra setur reglugerð um nánari starfsemi Íslenskrar málnefndar.

7. gr.
Málnefnd um íslenskt táknmál.

Ráðherra skipar fimm menn til setu í málnefnd um íslenskt táknmál til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Við skipun nefndarinnar skal haft samráð við hugvísindasvið Háskóla Íslands, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, hagsmunasamtök heyrnarlausra og heyrnarskertra hér á landi og Samband íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra velur formann og varaformann málnefndar um íslenskt táknmál.

Hlutverk málnefndar um íslenskt táknmál er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvað eina er varðar íslenskt táknmál og stuðla að eflingu íslensks táknmáls og notkun þess í íslensku þjóðlífi.

Skrifstofa málnefndar um íslenskt táknmál er í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ráðherra setur reglugerð um nánari starfsemi málnefndar um íslenskt táknmál.

8. gr.

Opinbert mál stjórnvalda.

Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannaþjónustu.

9. gr.

Túlkun og táknmálstúlkun hjá stjórnvöldum.

Um rétt til túlkaþjónustu og skyldur dómstóla til að leita aðstoðar túlka og táknmálstúlka fer samkvæmt lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála.

Stjórnvöld skulu leitast við að tryggja að sá sem skilur ekki íslensku geti fengið úrlausn erinda sinna og tileinkað sér efni skjala og skilríkja sem skipta hann máli.

10. gr.

Málfarsstefna ríkis og sveitarfélaga.

Mál það sem er notað í starfsemi ríkis og sveitarfélaga eða á vegum þeirra skal vera vandað, einfalt og skýrt.

11. gr.

Íslenskur fræðiorðaforði.

Stjórnvöld skulu stuðla að því að íslenskur fræðiorðaforði á ólíkum sviðum eflist jafnt og þétt, sé öllum aðgengilegur og notaður sem víðast.

12. gr.

Opinbert mál á alþjóðavettvangi.

Íslenska er opinbert mál Íslands á alþjóðavettvangi.

13. gr.

Skyldur ríkis og sveitarfélaga og staða íslensks táknmáls.

Ríki og sveitarfélög skulu tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli. Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á því að varðveita íslenskt táknmál, þróa það og stuðla að notkun þess. Lögð verði áhersla á að fræðiheiti á ólíkum sviðum í íslensku táknmáli nái að þróast og séu notuð.

Íslenskt táknmál er jafnrétthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.

14. gr.
Gildistaka, brottfellt lagaákvæði.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara fellur 9. gr. laga nr. 40/2006, um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, brott.

1516. Fyrirspurn [841. mál]

til fjármálaráðherra um áfallna skatta í vanskilum.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

1. Hversu miklir áfallnir skattar voru í vanskilum í lok mars á þessu ári?
2. Hvernig skiptist fjárhæðin eftir tegund skatts og lengd vanskila?
3. Hversu miklir áfallnir ógreiddir skattar hafa verið afskrifaðir á síðastliðnum tveimur árum?

Skriflegt svar óskast.

1517. Fyrirspurn [842. mál]

til velferðarráðherra um lyfjakostnað eldri borgara.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

Hversu mikið hefur lyfjakostnaður eldri borgara (67 ára og eldri) vegna lyfseðilsskyldra lyfja breyst frá árinu 2006 fram að nýjasta fáanlega mati?

Skriflegt svar óskast.

1518. Fyrirspurn [843. mál]

til velferðarráðherra um meðferð vegna ofnotkunar áfengis og lyfja.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

Hversu margir leituðu sér ásjár (meðferðar) vegna ofnotkunar áfengis og lyfja, þar með talið fíkniefna, árin 2007, 2008, 2009 og 2010?

Skriflegt svar óskast.

1519. Fyrirspurn [844. mál]

til velferðarráðherra um notkun sýklalyfja.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

1. Hversu mikið hefur notkun sýklalyfja breyst á Íslandi frá árinu 1990?
2. Telur ráðherra ástæðu til að hafa áhyggjur af ofnotkun sýklalyfja á Íslandi?

Skriflegt svar óskast.

1520. Fyrirspurn [845. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um húsafriðun.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

1. Hversu mörg hús byggð fyrir 1918 hafa verið rifin eða fjarlægð á annan hátt frá því að lög um húsafriðun tóku gildi? Hvaða hús eru þetta?
2. Í hversu mörgum tilvikum var leitað álits húsafriðunarnefndar áður en húsin voru rifin eða fjarlægð með öðrum hætti?

Skriflegt svar óskast.

1521. Fyrirspurn [846. mál]

til innanríkisráðherra um vegrið á milli akbrauta á Reykjanesbraut.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

1. Hafa viðeigandi aðilar kannað þörfina fyrir uppsetningu vegriðs á milli akbrauta á Reykjanesbraut (Keflavíkurvegi)?
2. Hefur þörfin fyrir vegrið á milli akbrauta á Reykjanesbraut (Keflavíkurvegi) verið metin með tilliti til umferðarslysa á Hafnarfjarðarvegi þar sem vegrið hefur verið sett upp á milli akbrauta?

Skriflegt svar óskast.

1522. Fyrirspurn [847. mál]

til innanríkisráðherra um fjölda innbrota og hópa erlendra afbrotamanna.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

1. Hversu mörg innbrot voru framin hér á landi á árunum 2009 og 2010 og það sem af er árinu 2011?
2. Hversu mörg innbrot voru framin hérlendis árin 1999 og 2000?
3. Er ástæða til að ætla að hópar erlendra afbrotamanna stundi skipuleg innbrot á Íslandi eða hafi gert það á síðastliðnum tveimur árum? Ef svo er, hefur verið lagt mat á hversu margir slíkir hópar stunda nú afbrot eða hafa gert á undanförnum tveimur árum?

Skriflegt svar óskast.

1523. Fyrirspurn [848. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um tilfærslu á kvóta.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

Hversu hátt hlutfall þess kvóta sem úthlutað var þegar aflamarkskerfi var komið á í sjávarútvegi hefur ekki skipt um hendur frá því að kvótanum var fyrst úthlutað?

Skriflegt svar óskast.

1524. Nefndarálit [477. mál]

um till. til þál. um vestnorrænt samstarf til að bæta aðstæður einstæðra foreldra á Vestur-Norðurlöndum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólínu Þorvarðardóttur, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að hafa frumkvæði að samstarfi við Færeyjar og Grænland um að stuðla að umbótum á aðstæðum einstæðra foreldra á Vestur-Norðurlöndum. Lagt er til að samstarf við Færeyjar og Grænland verði aukið, m.a. með því að ríkin skiptist á hugmyndum, þekkingu og reynslu. Markmiðið verði að leggja fram sameiginlegar tillögur um það hvernig best væri að bæta aðstæður fjölskyldna einstæðra foreldra. Sem fyrsta skref er skorað á velferðarráðherra að skipuleggja ráðstefnu, í samvinnu við velferðarráðherra Færeyja og Grænlands, þar sem skipst verði á hugmyndum og árangursríkar aðgerðir kynntar.

Tillagan byggist á ályktun nr. 1/2010 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 24. ágúst 2010 í Tasiilaq á Grænlandi en þar er áskorun þessa efnis beint til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Valgerður Bjarnadóttir. Birgitta Jónsdóttir.

Bjarni Benediktsson. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Ólöf Nordal. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

1525. Nefndarálit [647. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Auði Ýri Steinarsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Utanríkismálanefnd óskaði álits viðskiptanefndar á tillögunni og er álit nefndarinnar birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010, frá 2. júlí 2010, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 um breytingar á tilskipunum 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2007/64/EB að því er varðar banka sem tengjast miðlægum stofnunum, tiltekna þætti eigin fjár, stórar áhættuskuldbindingar, fyrirkomulag eftirlits og krísustjórnun. Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 2. janúar sl. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Markmið reglugerðarinnar er að takmarka það hversu mikla áhættu fyrirtæki geta tekið að því er varðar einn aðila (e. large exposures) og bæta áhættu- og krísustjórnun, sem og að efla eftirlit og samvinnu eftirlitsaðila yfir landamæri.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og fjalla frumvörp efnahags- og viðskiptaráðherra til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (eigið fé, stórar áhættur, verðbréfun o.fl.) (696. mál, þskj. 1215), og um greiðsluþjónustu (673. mál, þskj. 1190), um efnið. Frumvörpin eru nú til meðferðar í viðskiptanefnd. Þá mun fyrirhugað frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra um breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum, fjalla um það efni en ekki liggur enn þá fyrir hvenær frumvarp til breytinga á þeim lögum verður lagt fram. Eftir framlagningu mun það að öllu óbreyttu sömuleiðis koma til meðferðar í viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Valgerður Bjarnadóttir. Birgitta Jónsdóttir.

Bjarni Benediktsson. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Ólöf Nordal. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

Álit

um tillögur til þingsályktunar (581., 629. og 647. mál).

Frá viðskiptanefnd.

Utanríkismálanefnd óskaði eftir því með bréfi dags. 6. maí 2011 að viðskiptanefnd léti í té álit sitt á:

a. Tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar

nr. 50/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn (581. mál). Tilskipunin varðar endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf, og samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar.

b. Tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2010 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn (629. mál). Tilskipunin varðar setningu lögbanns til verndar hagsmunum neytenda.

c. Tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (647. mál). Tilskipunin varðar takmörkun á áhættu fyrirtækja að því er varðar einn aðila og bætta áhættu- og krísustjórnun, sem og eflingu eftirlits og samvinnu eftirlitsaðila yfir landamæri.

Nefndin gerir ekki athugasemd við það að hinum stjórnskipulega fyrirvara verði aflétt af umræddum ESB-gerðum.

Margrét Tryggvadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 2011.

Álfheiður Ingadóttir, form.,
Magnús Orri Schram,
Ásbjörn Óttarsson,
Valgerður Bjarnadóttir,
Eygló Harðardóttir,
Björn Valur Gíslason,
Sigurður Kári Kristjánsson,
Skúli Helgason.

1526. Nefndarálit [479. mál]

um till. til þál. um eflingu samgangna milli Vestur-Norðurlanda.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólínu Þorvarðardóttur, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að stofna vinnuhóp, í samvinnu við Færeyjar og Grænland og með mögulegri þátttöku Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA), til að vinna tillögur til eflingar innviða flug- og sjósamgangna á milli Vestur-Norðurlandanna í þágu aukins samstarfs á sviði ýmiss konar viðskipta og þjónustu auk vöru- og farþegaflutninga á milli landanna. Byggt verði á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram hjá ýmsum stofnunum á svæðinu. Skoðaðar verði sérstaklega í þessu sambandi forsendur fyrir auknum tengslum á sviði þjónustu og viðskipta á milli Vestfjarða og Austur-Grænlands.

Tillagan byggist á ályktun nr. 3/2010 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 24. ágúst 2010 í Tasiilaq á Grænlandi en þar er áskorun þessa efnis beint til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Valgerður Bjarnadóttir. Birgitta Jónsdóttir.

Bjarni Benediktsson. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Ólöf Nordal. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

1527. Nefndarálit [677. mál]

um till. til þál. um fullgildingu Singapúr-samnings um vörumerkjarétt.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Jón Ögmund Þormóðsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á Singapúr-samningi um vörumerkjarétt sem var gerður á ríkjaráðstefnu á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (World Intellectual Property Organization, WIPO) um samþykkt endurskoðaðs samnings um vörumerkjarétt sem haldin var í Singapúr 13.–28. mars 2006.

Í athugasemdum við tillöguna kemur fram að markmið samningsins er að koma á samræmdu alþjóðlegu skipulagi fyrir skráningu vörumerkja. Með samningnum er tekið tillit til breytinga sem orðið hafa í samskiptum og t.d. gert ráð fyrir að umsóknir um vörumerki geti verið með rafrænum hætti.

Samningurinn tekur til allra merkja sem heimilt er að skrásetja í aðildarríkjum hans. Þetta er í fyrsta sinn sem óhefðbundin merki eru viðurkennd í alþjóðasamningi um vörumerki. Samningurinn tekur m.a. til heilmynda, mynda í þrívídd, litar, staðsetningar og hreyfingar merkja og einnig ósýnilegra merkja, svo sem hljóð-, lyktar-, bragð- og snertimerkja. Gert er m.a. kleift að tilgreina merkin með ljósmyndum.

Með samningnum er komið á þingi aðildarríkja sem getur breytt reglugerðum sem settar eru á grundvelli samningsins. Þar með er komið á sveigjanleika í vernd vörumerkja þannig að auðveldara verður að bregðast við breyttum aðstæðum og nýrri þróun.

Nefndinni er kunnugt um að samhliða þingsályktunartillögu þessari hefur efnahags- og viðskiptaráðherra flutt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum, og er það til umfjöllunar í viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Birgitta Jónsdóttir gerir fyrirvara við álitið. Fyrirvarinn lýtur að vörumerkjarétti á ósýnilegum óhefðbundnum hlutum eins og bragði, hljóði, lykt og snertingu.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Birgitta Jónsdóttir, með fyrirvara.
Bjarni Benediktsson.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.	Helgi Hjörvar.
Ólöf Nordal.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.	

1528. Nefndarálit [476. mál]

um till. til þál. um athugun á fyrirkomulagi fraktflutninga við austurströnd Grænlands.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólínu Þorvarðardóttur, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að kanna vilja grænlensku landsstjórnarinnar til að láta meta hagkvæmni þess að breyta fyrirkomulagi vöruflutninga við austurströnd Grænlands í ljósi þeirra takmarkana sem núverandi sérleyfisfyrirkomulag hefur í för með sér fyrir byggðir þar.

Tillagan byggist á ályktun nr. 6/2010 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 24. ágúst 2010 í Tasiilaq á Grænlandi en þar er áskorun þessa efnis beint til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að frumkvæði í málinu kemur frá landsdeild Grænlendinga vegna ábendinga frá bæjarbúum í Tasiilaq. Ályktun Vestnorræna ráðsins var samþykkt eftir að fulltrúar allra grænlensku stjórnmálaflokkanna afgreiddu einróma tillögu þar um í landsdeild Grænlands að viðstöddum samstarfsráðherra Grænlands.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Birgitta Jónsdóttir.
Bjarni Benediktsson.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.	Helgi Hjörvar.
Ólöf Nordal.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.	

1529. Nefndarálit [710. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda (viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir).

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Glóeyju Finnsdóttur frá umhverfisráðuneytinu, Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun, Bryndísi Skúladóttur frá Samtökum iðnaðarins, Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins og Svein Ólafsson og Margréti Helgu Stefánsdóttur frá Flugmálastjórn Íslands. Umsagnir bárust frá Flugmálastjórn Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar og Samtökum iðnaðarins.

Með frumvarpinu er lagt til að innleiddar verði í íslenskan rétt reglur um viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda, ETS-kerfið. Viðskiptakerfið hefur verið virkt innan ESB frá árinu 2005 og er þar meginstjórntæki á sviði loftslagsmála og í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Með kerfinu er stefnt að því að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda á sem hagkvæmastan hátt. EFTA-ríkin hafa verið þátttakendur í viðskiptakerfinu frá árinu 2008 en þar sem sú starfsemi á Íslandi sem fallið hefði undir kerfið var sérstaklega undanþegin hefur kerfið enn ekki komist í gang hérlendis.

Frá 1. janúar 2012 fellur allt flug innan Evrópska efnahagssvæðisins, til þess og frá undir kerfið og frá 1. janúar 2013 nær kerfið til fleiri tegunda svonefnds staðbundins iðnaðar og gróðurhúsalofttegunda en nú. Þá myndast einn sameiginlegur pottur losunarheimilda fyrir allt svæðið og ákvarðanir um úthlutun byggjast á árangursviðmiðum sem verða þau sömu fyrir allt svæðið. Til þess að tryggja að íslensk fyrirtæki sitji við sama borð og fyrirtæki annars staðar á EES-svæðinu er mikilvægt að fylgja við þetta sömu tímafrestum og önnur ríki. Í þessu frumvarpi eru í 6. gr. ákvæði um losunarleyfi iðnfyrirtækja (í álframleiðslu, fiskimjölsvinnslu o.fl.), en að öðru leyti ekki um þau fjallað, og er á næsta þingi að vænta frumvarps um þátttöku iðnstarfsemi í viðskiptakerfinu á grundvelli tilskipunar 2009/29/EB sem er á leið inn í EES-samninginn.Tekur þetta frumvarp fyrst og fremst til flugstarfseminnar.

Þegar flugstarfsemi verður felld undir kerfið þurfa flugrekendur að standa árlega skil á losunarheimildum sem samsvara því magni gróðurhúsalofttegunda sem viðkomandi starfsemi losaði í andrúmsloftið á næstliðnu almanaksári. Af því sem kemur til úthlutunar úr sameiginlega pottinum verður 85% úthlutað endurgjaldslaust en 15% heimildanna fara á uppboðsmarkað. Gildir það fyrirkomulag óbreytt til 2020. Þessi uppboðsmarkaður er sameiginlegur nema aðildarríki kjósi að reka eigin uppboðsmarkað en þau þurfa þá að uppfylla ákveðin skilyrði, m.a. um fjölda losunarheimilda og stærð uppboða. Þrjú þeirra, Pólland, Þýskaland og Bretland, hafa ákveðið að reka eigin markað en slíkur sérmarkaður kemur ekki til greina fyrir Íslandi frekar en Noreg og önnur smærri ríki. Hvert ríki fær sinn hluta teknanna af sölu á sameiginlega markaðnum, en hefur engin áhrif á afdrif „síns“ hluta heimildanna.

Á uppboðsmarkaðnum getur hver sem er keypt heimildir, til eigin nota, til að selja aftur síðar eða jafnvel til að draga úr losun. Hægt verður að framselja heimildirnar og kaupa og selja að vild. Hver heimild er hins vegar einungis nýtt einu sinni og til að fá úthlutað heimild þarf að uppfylla ákveðin skilyrði.

Við innleiðingu viðskiptakerfisins hér á landi þurfa allt að 170 flugrekendur að sækja um losunarleyfi hérlendis. Af þeim eru 135–140 tiltölulega smáir flugrekendur sem áður hafa

verið í umsjón annarra ríkja, þar af um 45 sem flytjast hingað frá Bretlandi, 16 frá Frakklandi og 15 frá Ítalíu. Um 35 flugrekendur frá ríkjum utan EES-svæðisins koma í fyrsta sinn inn í kerfið, einkum frá Bandaríkjunum og Kanada. Stærsti nýi flugrekandinn verður Flugfélag Íslands. Aðrir flugrekendur hafa verið á lista hjá öðrum ríkjum vegna flugs innan ESB og skilað þangað eftirlitsáætlunum frá árinu 2009, t.d. Icelandair í Bretlandi.

Við undirbúning frumvarpsins var haft samráð við Samtök atvinnulífsins, flugrekendur og þá iðnrekendur sem efni frumvarpsins varðar. Þá kom fram í máli gesta nefndarinnar að forráðamenn fyrirtækjanna sem við sögu koma gera sér góða grein fyrir þeim breytingum sem í vændum eru og leggja áherslu á að frumvarpið nái fram að ganga sem fyrst. Þeirri athugasemd var komið á framfæri að tímafrestir í frumvarpinu gætu verið nokkuð knappir. Til að bæta úr því leggur meiri hlutinn til breytingar á dagsetningum í ákvæðum sem á að bæta við lögin, ákvæði til bráðabirgða I og II, þannig að nægjanlegt svigrúm sé fyrir alla aðila að bregðast við nýjum lögum.

Í umsögn Flugmálastjórnar Íslands er þeirri athugasemd komið á framfæri að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir reglubundinni aðkomu Flugmálastjórnar við yfirferð eftirlitsáætlana í samvinnu við Umhverfisstofnun. Huga þurfi að kostnaði vegna þess verkefnis. Hjá umhverfisráðuneytinu var upplýst að ekki er enn þá ljóst hvert umfang þessa verkefnis verður og kemur ekki í ljós fyrr en byrjað verður að vinna eftir væntanlegum lögum. Meiri hlutinn beinir því til forráðamanna Umhverfisstofnunar og Flugmálastjórnar að fylgjast grannt með þróun þessa samstarfs og benda ráðuneytum sínum á hugsanlegan kostnaðarauka.

Meiri hlutinn leggur til smávægilegar orðalagsbreytingar á texta frumvarpsins auk lagatæknilegra breytinga og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „á sem kostnaðarhagkvæmastan“ komi: á hagkvæman og skilvirkan.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „Flugrekstraraðili“ í 7. tölul. b-liðar og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi í viðeigandi beygingarmynd: flugrekandi.
3. Við 6. gr. Orðin „skv. 14. gr. e“ í e-lið 3. mgr. falli brott.
4. Við 7. gr. Í stað dagsetningarinnar „1. júní 2011“ í 3. mgr. c-liðar (14. gr. c) komi: 15. júní 2011.
5. Við 9. gr. Í stað dagsetninganna „30. maí 2011“ í a-lið (I.) og „31. maí 2011“ í b-lið (II.) komi: 15. júní 2011.
6. Við 10. gr. Í stað orðanna „kerfi Bandalagsins“ í 3. og 4. tölul. b-liðar (II. viðauka) kemur: viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda.

Alþingi, 24. maí 2011.

Mörður Árnason, form., frsm. | Ólína Þorvarðardóttir. | Birgir Ármannsson.

Álfheiður Ingadóttir. | Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, með fyrirvara. | Kristján Þór Júlíusson.

Skúli Helgason. | Birgitta Jónsdóttir, með fyrirvara.

1530. Framhaldsnefndarálit [721. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar að lokinni 2. umræðu. Hefur nefndin fengið á sinn fund Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Bjarna Jónsson, Ásmund Sverri Jónsson, Drífu Hjartardóttur og Sturlu Böðvarsson úr stjórn Byggðastofnunar.

Nefndinni bárust ábendingar um að ekki væri tímabært að leggja fram frumvarp til laga um breytingar á stjórn Byggðastofnunar meðan sérstök nefnd hefði það hlutverk að endurskoða lánahluta stofnunarinnar.

Meiri hlutinn áréttar það sem fram kemur í áliti meiri hluta nefndarinnar um frumvarpið (þskj. 1409) að með þessari breytingu er hægt að ná fram hagræðingu án þess að það bitni á starfsemi stofnunarinnar. Það er í samræmi við stefnu stjórnvalda um fækkun stjórnarmanna í stjórnsýslustofnunum og hagræðingu í ríkisrekstri, eins og nokkur dæmi eru til um.

Þá telur meiri hlutinn að samþykkt frumvarpsins hafi ekki áhrif á endurskoðun lánahluta stofnunarinnar. Meiri hlutinn tekur hins vegar undir það sjónarmið sem fram kom hjá stjórn Byggðastofnunar að þörf sé á heildarendurskoðun á lögum um Byggðastofnun. Vill meiri hlutinn beina því til iðnaðarráðherra að skipa starfshóp sem hafi það hlutverk að taka löggjöfina til gagngerrar endurskoðunar og horfa heildstætt á hlutverk stofnunarinnar og verkefni hennar og laga löggjöfina að breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu.

Meiri hlutinn hvetur til þess að þeirri vinnu verði hraðað og frumvarp lagt fram í haust á nýju þingi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 25. maí 2011.

Kristján L. Möller, form., frsm.	Lilja Rafney Magnúsdóttir, með fyrirvara.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.
Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.	Magnús Orri Schram.	Þráinn Bertelsson, með fyrirvara.

1531. Nefndarálit [572. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63/1989, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, ábúðarlögum, nr. 80/2004, og lögum um búfjárhald, nr. 103/2002 (niðurlagning Hagþjónustu landbúnaðarins).

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og Guðrúnu Jónsdóttur frá Hagstofu Íslands. Þá átti nefndin símafund með Ágústi Sigurðssyni frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Umsagnir bárust frá Samtökum atvinnulífsins, Háskólanum á Akureyri, Sambandi garðyrkjubænda, Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins, Landbúnaðarháskóla Íslands og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að Hagþjónusta landbúnaðarins verði lögð niður og verkefni hennar færð undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Er ætlunin samkvæmt frumvarpinu að ráðherra útvisti verkefni er varða hagþjónustu við landbúnað til hæfra aðila í gegnum þjónustusamninga. Í frumvarpinu er framangreind tillaga útfærð á þann hátt að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er falin yfirstjórn með hagþjónustu við landbúnað í stað Hagþjónustu landbúnaðarins. Þá er gerð breyting á þeim verkefnum sem teljast munu til hagþjónustuverkefna og ráðherra heimilað að útvista þau til Landbúnaðarháskóla Íslands, Hagstofu Íslands, Háskóla Íslands eða annars hæfs aðila. Ákvæðum um gjaldtöku vegna veittrar þjónustu er breytt í því skyni að þeir sem fara með hagþjónustuverkefni geti innheimt tekjur fyrir veitta þjónustu og ráðherra heimilað að kveða nánar á um rekstur og tilhögun verkefnanna með reglugerð. Að lokum eru verkefni sem Hagþjónustan hefur haft samkvæmt öðrum lögum færð í hendur þeirra aðila sem fara munu með hagþjónustuverkefni.

Samkvæmt frumvarpinu er talið að hægt sé að tryggja framgang verkefna Hagþjónustu landbúnaðarins með sveigjanlegri hætti en verið hefur. Því til stuðnings kemur m.a. fram í frumvarpinu að í minnisblaði vinnuhóps sem fór yfir starfsemi Hagþjónustu landbúnaðarins hafi verið settar fram tillögur að framtíðarfyrirkomulagi málefna hagþjónustu landbúnaðar. Segir einnig að tillögurnar séu settar fram annars vegar þar sem Hagþjónusta landbúnaðarins sé aðkreppt fjárhagslega og hins vegar þar sem samlegðaráhrif af sameiningu hennar við annað stjórnvald séu möguleg. Þá hafi það verið mat vinnuhópsins að óbreytt fyrirkomulag á rekstri stofnunarinnar væri vart fær kostur lengur þar sem blikur væru á lofti um auknar niðurfærslur fjárlagaheimilda á komandi árum og að óvissa væri um sértekjur stofnunarinnar. Þá benti vinnuhópurinn á að aðeins væri unnt að mæla með óbreyttu fyrirkomulagi varðandi hagþjónustu við landbúnað að framlög til stofnunarinnar yrðu stóraukin.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur m.a. fram að niðurlagning stofnunarinnar muni leiða til niðurfalls fjárveitingar ríkissjóðs frá og með fjárlögum 2012, annars vegar 27,9 millj. kr. útgjaldaheimildar og hins vegar sértekna að fjárhæð 3,1 millj. kr. Þá sé gert ráð fyrir 24,8 millj. kr. greiðslu úr ríkissjóði í gildandi fjárlögum. Einnig kemur fram að gera þurfi tillögur um nýjar fjárveitingar til hagþjónustuverkefna á grundvelli þjónustusamninga og bendir skrifstofan í því sambandi á að rúmar 3,3 millj.kr. séu nú greiddar í húsaleigu fyrir stofnunina og forstöðumann hennar á ári auk þess sem til falli afleiddur kostnaður í tengslum við rekstur stofnunarinnar. Því telur skrifstofan ljóst að eitthvert hagræði geti skapast við niðurlagningu stofnunarinnar en það hafi þó ekki verið metið sérstaklega.

Í umsögnum umsagnaraðila er framlagningu frumvarpsins ýmist fagnað eða ekki gerðar athugasemdir við efni þess eða ákvæði. Kemur þar iðulega fram að frumvarpið sé jákvætt enda hafi það í för með sér aukna samþættingu hagþjónustuverkefna við starfsemi háskóla og stofnana sem sinna sambærilegri starfsemi. Telja umsagnaraðilar slíkt geta leitt annars vegar til hagræðingar í ríkisrekstri og hins vegar til aukinna tækifæra á sviði hagrannsókna og öflunar upplýsinga úr landbúnaði. Voru téð sjónarmið ítrekuð af gestum á fundi nefndarinnar.

Aðeins ein athugasemd var gerð við ákvæði frumvarpsins. Háskólinn á Akureyri bendir á að ástæðulaust sé að nefna í 5. gr. frumvarpsins að Háskóli Íslands skuli koma til greina til að sinna hagþjónustuverkefnum. Er það álit háskólans að nær væri að benda sérstaklega á landsbyggðarháskóla eins og Háskólann á Hólum eða Háskólann á Akureyri sem eru í landbúnaðarhéruðum og hafi mjög látið sig varða rannsóknir er snerta landsbyggðina og atvinnuvegi hennar.

Nefndin vekur athygli á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um útvistun verkefna til Bændasamtaka Íslands frá því í mars sl. kemur eftirfarandi ábending fram: *„Að mati Ríkisendurskoðunar verður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið að tryggja óhlutdræga og vandaða hagskýrslugerð fyrir íslenskan landbúnað.[...]“* Viðbrögð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins við ábendingunni voru eftirfarandi: *„Ráðuneytið tekur undir að nauðsynlegt er að bæta hagsýslugerð í landbúnaði þannig að tryggja megi óhlutdræga og vandaða hagsýslusöfnun. Ráðuneytinu er kunnugt um að á vegum Hagstofu Íslands er nú unnið að þessu verkefni og hefur ráðuneytið átt fundi með Hagstofunni þar að lútandi. Þá er minnt á hlutverk Hagþjónustu landbúnaðarins, en hún starfar skv. lögum nr. 63/1989.“*

Á fundum sínum ræddi nefndin sérstaklega um þau störf sem hafa verið unnin á vegum Hagþjónustu landbúnaðarins. Var þar m.a. bent á að frumvarpið fæli mögulega í sér fækkun starfa í Borgarfirði. Þá kom fram það sjónarmið að slík starfafækkun væri þyngra högg fyrir landsbyggðina en höfuðborgarsvæðið auk þess sem hún kynni að hafa í för með sér minnkandi fjölbreytni starfa. Er það álit nefndarinnar að verulega brýnt sé að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið taki tillit til slíkra sjónarmiða þegar það útvistar hagþjónustuverkefni á grundvelli frumvarpsins, verði það að lögum. Þá beinir nefndin því til þeirra stofnana sem taka munu við hagþjónustuverkefnum að þær hafi hið sama í huga við skipulag vinnslu slíkra verkefna.

Nefndin ræddi sérstaklega athugasemd Háskólans á Akureyri við 5. gr. frumvarpsins. Var á það bent að mögulega gætu aðrir háskólar unnið að hagþjónustuverkefnum. Var t.d. nefnt að Háskólinn á Bifröst, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Hólum kynnu mögulega að hafa áhuga og faglegan styrk til að takast á við slík verkefni. Álit nefndarinnar er að gæta verði faglegs jafnræðis og byggðahagsmuna við úthlutun verkefna til háskólastofnana. Þannig verði verkefnum helst úthlutað til þeirra háskóla sem hafa starfsfólk og nauðsynleg tæki sem þarf til að sinna verkefnum á hagkvæman, skilvirkan og faglegan hátt að teknu tilliti til þess að meginhluti landbúnaðarstarfs er á landsbyggðinni. Af þeim sökum gerir nefndin þá tillögu til breytingar að Háskóli Íslands verði ekki sérstaklega tilgreindur sem aðili sem ráðherra sé heimilt að gera samninga við um hagþjónustuverkefni heldur látið við það sitja að nefna Landbúnaðarháskóla Íslands eða aðra háskóla og Hagstofu Íslands eða aðra hæfa aðila.

Í ljósi alls framangreinds leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „Hagstofu Íslands, Háskóla Íslands eða annan hæfan aðila“ í 5. gr. komi: eða aðra háskóla og Hagstofu Íslands eða aðra hæfa aðila.

Alþingi, 25. maí 2011.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Helgi Hjörvar.	Sigurður Ingi Jóhannsson.	Björn Valur Gíslason.
Jón Gunnarsson.	Róbert Marshall.	Atli Gíslason.

1532. Nefndarálit [480. mál]

um till. til þál. um samvinnu milli vestnorrænu ríkjanna um stjórn veiða úr sameiginlegum fiskstofnum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólínu Þorvarðardóttur, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að koma á samvinnu við Færeyjar og Grænland um stjórn veiða úr sameiginlegum fiskstofnum og skori jafnframt á hana að vinna með löndunum tveimur að undirbúningi viðræðna og samstarfs við aðrar fiskveiðiþjóðir á Norður-Atlantshafi um stjórn veiða úr sameiginlegum fiskstofnum.

Tillagan byggist á ályktun nr. 4/2010 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 24. ágúst 2010 í Tasiilaq á Grænlandi en þar er áskorun þessa efnis beint til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „koma á“ í tillögugreininni komi: efla.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Valgerður Bjarnadóttir. Birgitta Jónsdóttir.

Bjarni Benediktsson. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Ólöf Nordal. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

1533. Nefndarálit [676. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1996, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Ásu Ögmundsdóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust umsagnir um málið frá Persónuvernd, ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Með frumvarpinu er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda bókun sem gerð var í París 27. maí 2010 um breytingu á samningi um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum milli aðildarríkja Evrópuráðsins og aðildarlanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem gerður var í Strassborg 25. janúar 1988. Samningurinn var fullgiltur með heimild í lögum nr. 74/1996 og öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 1. nóvember 1996. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæðum bókunarinnar verði veitt lagagildi hér á landi þegar bókunin hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Í athugasemdum við frumvarpið segir að tilgangurinn með gerð bókunarinnar sé að færa samninginn að þeim alþjóðlega mælikvarða sem nú gildir um upplýsingaskipti og snúi einkum að aðgengi stjórnvalda að upplýsingum sem eru í vörslu banka og annarra fjármálafyrirtækja. Auk þess verður ríkjum sem hvorki eru aðilar að OECD né Evrópuráðinu gefinn kostur á að gerast aðilar að samningnum að undangengnu samþykki aðildarríkjanna. Samningurinn sem bókunin er gerð við kveður meðal annars á um skipti á upplýsingum, sameiginlegar skattrannsóknir, útvegun gagna og skjala og aðstoð við innheimtu skatta, en jafnframt er fullveldi ríkja og réttindi skattgreiðenda virt og vernd tryggð í því skyni að gæta trúnaðar vegna þeirra upplýsinga sem veittar eru á grundvelli samningsins. Bókunin um breytingu á samningnum kveður á um strangari skyldur aðildarríkja til að skiptast á upplýsingum frá því sem nú er.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem er fylgiskjal með frumvarpinu segir að breytingarnar sem í bókuninni felast muni auka möguleika íslenskra stjórnvalda á því að fá upplýsingar um tekjur og eignir aðila erlendis og geti þar með gert skattlagningu réttari og bætt innheimtu á opinberum gjöldum.

Í fylgiskjali með frumvarpinu eru ákvæði bókunarinnar sett upp á íslensku og ensku á greinargóðan hátt. Nefndin hefur áður talið nægjanlegt og eðlilegt, með tilliti til íslenskra laga og meðferðar mála á Alþingi (sjá nefndarálit á þskj. 1024, 492. mál á 120. löggjafarþingi) að alþjóðasamningar séu lögfestir á íslensku. Hin enska gerð bókunarinnar við samninginn er birt í frumvarpinu og er eðlilegt skýringargagn en hún á að mati nefndarinnar ekki fremur erindi í Stjórnartíðindi og lagasafn heldur en texti samningsins á sínum tíma. Nefndin vekur enn athygli á að opinber tungumál samningsins eru enska og franska og enda þótt einungis íslenski textinn verði lögtekinn geta enski og franski textinn verið mikilvægir, m.a. til túlkunar á vafatilvikum um merkingu orða samningsins. Er því mikilvægt að sérfræðingar og allur almenningur eigi greiðan aðgang að samningnum á frummálum hans jafnt sem íslensku þótt einungis hin íslenska þýðing hans birtist í Stjórnartíðindum og lagasafni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Valgerður Bjarnadóttir. Birgitta Jónsdóttir.

Bjarni Benediktsson. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Ólöf Nordal. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

1534. Breytingartillaga [676. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1996, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

Frá utanríkismálanefnd.

Fylgiskjal orðist svo:

Bókun
um breytingu á samningi um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

INNGANGSORÐ

Aðildarríki Evrópuráðsins og aðildarlönd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem undirritað hafa bókun þessa,

þar sem samningurinn um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, sem gerður var 25. janúar 1988 (hér á eftir nefndur „samningurinn“), var gerður áður en gengið var frá samkomulagi um alþjóðlega samþykkta viðmiðun um miðlun upplýsinga í skattamálum;

þar sem nýjar ytri aðstæður fyrir samvinnu hafa skapast eftir að lokið var við gerð samningsins;

þar sem æskilegt er að lokið verði við marghliða samning til að sem flest ríki geti notið þess ávinnings sem hinar nýju aðstæður fyrir samvinnu skapa og unnið jafnframt eftir ítarlegustu alþjóðlegum viðmiðunum um samvinnu á sviði skattamála;

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. gr.

1. Sjöunda forsendan í inngangsorðum samningsins falli brott og í stað hennar komi eftirfarandi:
   „eru því ákveðið þeirrar skoðunar að ríki skuli gera ráðstafanir eða veita upplýsingar, með hliðsjón af nauðsyn þess að standa vörð um upplýsingaleynd, og með tilliti til alþjóðasamninga um friðhelgi einkalífsins og streymi persónulegra upplýsinga,“
2. Eftirfarandi bætist við á eftir sjöundu forsendu í inngangsorðum samningsins:
   „telja að nýjar ytri aðstæður fyrir samvinnu hafi skapast og að æskilegt sé að marghliða samningur sé aðgengilegur til að sem flest ríki geti notið þess ávinnings sem hinar nýju aðstæður fyrir samvinnu skapa og unnið jafnframt eftir ítarlegustu alþjóðlegu stöðlum um samvinnu á sviði skattamála,“.

II. gr.

4. gr. samningsins falli brott og í stað hennar komi eftirfarandi:

„4. gr. – *Almennt ákvæði.*

1. Aðildarríki skulu skiptast á öllum upplýsingum, einkum þeim sem kveðið er á um í þessum hluta, sem fyrirsjáanlega skipta máli fyrir stjórnvöld við að beita eða framfylgja landslögum um þá skatta sem fjallað er um í samningi þessum.

2. Fellur brott.

3. Sérhvert aðildarríki getur í yfirlýsingu til annars hvors vörsluaðilans skýrt frá því að samkvæmt landslögum sé stjórnvöldum þess heimilt að láta mann, sem heimilisfastur er þar í landi eða hefur þar ríkisfang, vita áður en upplýsingar, sem hann varða, eru veittar skv. 5. og 7. gr.“

III. gr.

1. Í stað „og“ í b-lið 1. mgr. 18. gr. samningsins komi „eða“.
2. Í stað tilvísunar til „19. gr.“ í f-lið 1. mgr. 18. gr. samningsins komi tilvísun til „g-liðar 2. mgr. 21. gr.“

IV. gr.

19. gr. samningsins falli brott.

V. gr.

21. gr. samningsins falli brott og í stað hennar komi eftirfarandi:

„21. gr. – *Persónuvernd og takmarkanir aðstoðarskyldu.*

1. Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á réttindi og réttarvernd sem aðilum er veitt samkvæmt lögum eða stjórnsýsluvenju aðstoðarríkisins.

2. Með þeirri undantekningu sem í 14. gr. getur skulu ákvæði samnings þessa ekki túlkuð þannig að lögð sé á aðstoðarríkið skylda til að:

a. gera ráðstafanir sem ekki samrýmast lögum eða stjórnsýsluvenjum þess sjálfs eða lögum eða stjórnsýsluvenjum beiðniríkisins;
b. gera ráðstafanir sem mundu vera andstæðar allsherjarreglu (ordre public);
c. veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða stjórnsýsluvenjum þess sjálfs eða lögum eða stjórnsýsluvenjum beiðniríkisins;
d. veita upplýsingar sem afhjúpa mundu leyndarmál á sviði viðskipta, kaupsýslu, iðnaðar, verslunar eða sérfræðistarfa, eða viðskiptaferli, eða upplýsingar sem væri andstætt allsherjarreglu (ordre public) að afhjúpa;
e. veita stjórnsýsluaðstoð ef og að svo miklu leyti sem það telur skattlagninguna í beiðniríkinu vera andstæða meginreglum um skattlagningu eða ákvæðum samnings til að komast hjá tvísköttun eða einhvers annars samnings sem aðstoðarríkið hefur gert við beiðniríkið;
f. veita stjórnsýsluaðstoð í því skyni að beita eða framfylgja ákvæði skattalaga beiðniríkisins eða hvers konar kröfu þar að lútandi, sem mismunar ríkisborgara aðstoðarríkisins, samanborið við ríkisborgara beiðniríkisins við sömu aðstæður;
g. veita stjórnsýsluaðstoð ef beiðniríkið hefur ekki gert allar eðlilegar ráðstafanir sem því eru tiltækar samkvæmt lögum þess og stjórnsýsluvenjum, nema í þeim tilvikum þegar slíkar ráðstafanir hefðu í för með sér óhóflega erfiðleika;
h. veita aðstoð við innheimtu þegar stjórnsýsluálag á það ríki er óhóflegt í hlutfalli við þann ávinning sem félli beiðniríkinu í skaut.

3. Ef beiðniríkið fer fram á upplýsingar í samræmi við samning þennan skal aðstoðarríkið beita þeim aðferðum sem það hefur yfir að ráða til að afla þeirra upplýsinga sem óskað er eftir, jafnvel þótt aðstoðarríkið þurfi ekki á þeim að halda vegna eigin skattamála. Sú skuldbinding sem felst í fyrri málslið er með fyrirvara um takmarkanir, sem felast í samningi þessum, en í engu tilviki skal skýra þær takmarkanir, einkum hvað varðar 1. og 2. mgr., þannig að þær heimili aðstoðarríki að synja um upplýsingar af þeirri ástæðu einni að það sjálft hafi enga þörf fyrir þær.

4. Í engu tilviki skal túlka ákvæði samnings þessa, einkum hvað varðar 1. og 2. mgr., þannig að þau heimili aðstoðarríki að synja um upplýsingar af þeirri ástæðu einni að þær séu í vörslu banka, annarrar fjármálastofnunar, tilnefnds aðila eða umboðs- eða fjárvörsluaðila, eða af þeirri ástæðu að þær tengjast hagsmunum eiganda í aðila.“

VI. gr.

Eftirfarandi komi í stað 1. og 2. mgr. 22. gr. sem falli brott:

„1. Öllum upplýsingum, sem aðildarríki fær samkvæmt samningi þessum, skal haldið leyndum og skulu þær verndaðar á sama hátt og upplýsingar, sem fengnar eru samkvæmt lögum þess sjálfs, og, að því marki sem þörf krefur til að tryggja að persónulegar upplýsingar séu verndaðar með fullnægjandi hætti, í samræmi við þær verndarráðstafanir sem aðildarríkið, sem lagði þær fram, kann að tilgreina eftir því sem landslög þess útheimta.

2. Hvað sem öðru líður skulu slíkar upplýsingar aðeins látnar í té aðilum eða yfirvöldum (þar á meðal dómstólum og stjórnsýslu- eða eftirlitsaðilum) sem sjá um að leggja á, innheimta eða fullnusta skatta hjá því aðildarríki, eða leita fullnustu, lögsækja eða ákvarða um áfrýjun vegna þeirra, eða hafa eftirlit með framangreindu. Aðeins framangreindir aðilar eða yfirvöld mega nota þessar upplýsingar og þá aðeins í framangreindum tilgangi. Þrátt fyrir

ákvæði 1. mgr. mega þeir láta þær uppi í opnum réttarhöldum eða í dómsúrlausnum varðandi þá skatta.“

VII. gr.

Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 27. gr. samningsins sem falli brott:

„2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta þau aðildarríki sem aðild eiga að Evrópusambandinu nýtt sér, í gagnkvæmum samskiptum sín á milli, hugsanlega aðstoð, sem kveðið er á um í samningnum, að svo miklu leyti sem sú aðstoð hefur í för með sér víðtækari samvinnu en sú sem í boði er samkvæmt gildandi reglum Evrópusambandsins.“

VIII. gr.

1. Eftirfarandi málsgreinum verði skeytt aftan við 28. gr. samningsins:

„4. Sérhvert aðildarríki Evrópuráðsins eða sérhvert aðildarland Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem gerist aðili að samningnum eftir að bókunin um breytingu á samningi þessum öðlast gildi, en hún var lögð fram til undirritunar 27. maí 2010 („Bókunin frá 2010“), verður aðili að samningnum með áorðnum breytingum samkvæmt þeirri bókun, nema það láti í ljós aðra fyrirætlan í skriflegri orðsendingu til annars hvors vörsluaðilans.

5. Eftir að bókunin frá 2010 öðlast gildi getur sérhvert ríki, sem hvorki á aðild að Evrópuráðinu né OECD, óskað eftir að vera boðið að undirrita og fullgilda samninginn eins og honum var breytt með bókuninni frá 2010. Sérhver beiðni í þessa veru skal bera utanáskrift annars vörsluaðilans sem framsendir hana aðildarríkjunum. Vörsluaðilinn skal einnig upplýsa ráðherranefnd Evrópuráðsins og ráð OECD. Aðildarríkin að samningnum taka ákvörðun, með samhljóða samþykki og á vettvangi samræmingarnefndarinnar, um að bjóða ríkjum, sem þess óska, aðild að samningnum. Gagnvart hverju því ríki sem fullgildir samninginn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010 og í samræmi við þessa málsgrein, öðlast hann gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að skjal um fullgildingu er afhent öðrum vörsluaðilanna til vörslu.

6. Ákvæði samnings þessa, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, gilda um stjórnsýsluaðstoð sem tengist skattskyldum tímabilum sem hefjast 1. janúar eða síðar á því ári sem næst er á eftir því ári sem samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, öðlaðist gildi gagnvart aðildarríki, eða, ef ekki er um skattskylt tímabil að ræða, um stjórnsýsluaðstoð sem tengist skattlagningu 1. janúar eða síðar á því ári sem næst er á eftir því ári sem samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, öðlaðist gildi gagnvart aðildarríki. Tvö eða fleiri aðildarríki geta gert með sér gagnkvæmt samkomulag um að samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, gildi um stjórnsýsluaðstoð í tengslum við fyrri skattskyld tímabil eða skattlagningu.

7. Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr., að því er varðar skattamál þar sem fram kemur ásetningshegðun sem leiðir til saksóknar samkvæmt hegningarlögum beiðniríkis, skulu ákvæði samnings þessa, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, gilda frá þeim degi er þau öðlast gildi gagnvart aðildarríki að því er varðar fyrri skattskyld tímabil eða skattlagningu.“

2. Eftirfarandi staflið verði skeytt fyrir aftan e-lið 1. mgr. 30. gr. samningsins:

„f. að beita ákvæði 7. mgr. 28. gr. eingöngu vegna stjórnsýsluaðstoðar, sem varðar skatt-

skyld tímabil sem hefjast 1. janúar eða síðar á þriðja ári næst á undan því ári sem samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, öðlaðist gildi gagnvart aðildarríki, eða, ef ekki er um skattskyld tímabil að ræða, vegna stjórnsýsluaðstoðar sem varðar skattlagningu 1. janúar eða síðar á þriðja ári næst á undan því ári sem samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, öðlaðist gildi gagnvart aðildarríki.“

3. Orðin „ásamt sérhverju aðildarríki að samningi þessum“ bætist aftan við orðin „aðildarlöndum OECD“ í 1. mgr. 32. gr. samningsins.

IX. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir undirritunaraðila samningsins. Hún er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Undirritunaraðili getur ekki fullgilt, staðfest eða samþykkt bókun þessa nema hann hafi áður fullgilt, staðfest eða samþykkt samninginn eða geri það jafnhliða. Afhenda ber öðrum vörsluaðilanna skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.
2. Bókun þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fimm aðildarríki að samningnum hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af bókuninni í samræmi við ákvæði 1. mgr.
3. Bókunin öðlast gildi gagnvart hverju því aðildarríki að samningnum sem síðar lýsir sig samþykkt því að vera bundið af henni, á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er afhent til vörslu.

X. gr.

1. Sá vörsluaðili sem gerð, tilkynning eða orðsending hefur verið afhent hjá skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, aðildarlöndum OECD og hverju aðildarríki að samningnum, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, um eftirfarandi:
   a. sérhverja undirritun;
   b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu;
   c. hvern gildistökudag bókunar þessarar samkvæmt ákvæðum IX. gr.;
   d. sérhverja aðra gerð, tilkynningu eða orðsendingu varðandi bókun þessa.
2. Vörsluaðilinn, sem veitir orðsendingu viðtöku eða sendir út tilkynningu samkvæmt ákvæðum 1. mgr., skal upplýsa hinn vörsluaðilann um það.
3. Vörsluaðilarnir skulu senda aðildarríkjum Evrópuráðsins og aðildarlöndum OECD staðfest endurrit af bókun þessari.
4. Þegar bókun þessi öðlast gildi skv. IX. gr. skal annar vörsluaðilinn ganga frá texta samningsins, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, og senda öllum aðildarríkjum að samningnum staðfest endurrit af honum með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókunina.

Gjört í París 27. maí 2010 í tveimur eintökum á ensku og frönsku og eru báðir textarnir jafngildir. Skal annað eintakið afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins og hitt í skjalasafni OECD.

1535. Nefndarálit [481. mál]

um till. til þál. um samvinnu milli ríkissjónvarpsstöðva vestnorrænu ríkjanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólínu Þorvarðardóttur, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi hvetji mennta- og menningarmálaráðherra f.h. Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) til að útvíkka og styrkja samstarf RÚV við KNR (Útvarp Grænlands) og ÚF (Útvarp Færeyja) með því að auka framboð á fréttum og fréttatengdu efni frá Færeyjum og Grænlandi. Ríkisútvarpið geri sjónvarpsútsendingar frá Færeyjum og Grænlandi aðgengilegar í svo miklum mæli sem unnt er. Til lengri tíma litið verði stefnt að samstarfi milli stöðvanna um framleiðslu á efni, svo sem sjónvarpsþáttaröðum.

Tillagan byggist á ályktun nr. 5/2010 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 24. ágúst 2010 í Tasiilaq á Grænlandi en þar er áskorun þessa efnis beint til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Bjarni Benediktsson gerir fyrirvara við álitið. Fyrirvarinn er almenns eðlis.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Birgitta Jónsdóttir.
Bjarni Benediktsson, með fyrirvara.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.	Helgi Hjörvar.
Ólöf Nordal.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.	

1536. Svar [749. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Bjarna Benediktssonar um heyrnartæki og kostnaðarþátttöku ríkisins.

1. *Hver hefur verið þróun verðs á algengum heyrnartækjum frá árinu 2007?*

Söluaðilar heyrnartækja hér á landi eru fjórir, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, sem er ríkisstofnun og þrjú einkafyrirtæki, Heyrn ehf., Heyrnartækni ehf. og Heyrnarstöðin ehf. Vegna fyrirspurnarinnar var aflað upplýsinga hjá öllum þessum aðilum.

Til að auðvelda samanburð á verði og gæðum heyrnartækjanna sem í boði eru hafa seljendur skipt þeim í þrjá flokka, sem sýndir eru í eftirfarandi töflu. Flokkur I sýnir einföldustu tækin, síðan eru tæki í milliflokki og neðst eru þróuðustu tækin. Þróunin í hönnun og fram-

leiðslu tækjanna er mjög hröð, en verð þeirra ræðst m.a. af því hversu vel þau nýtast við að sía umhverfishljóð sem valda truflunum frá öðrum hljóðum og fjölda hlustunarkerfa sem hægt er að velja um. Verð í töflunni miðast við kaup á tækjum í bæði eyru og er með afslætti þar sem um hann er að ræða, en oftast eru keypt tæki í bæði eyru í einu. Þá skal haft í huga að hjá einkafyrirtækjunum er nauðsynleg þjónusta eins og stilling og kennsla í notkun þeirra innifalin í verðinu. Hjá Heyrnar- og talmeinastöð er verð tækjanna með umsýslukostnaði en án þjónustunnar sem greidd er af fjárveitingum.

Heyrnar og talmeinastöð Íslands	2007	2011	Hækkun
Flokkur I	71.600	114.400	59,8%
Flokkur II	111.600	208.400	86,7%
Flokkur III	165.000	290.414	76,0%
Heyrn ehf *	**2007**	**2011**	**Hækkun**
Flokkur I	182.456	280.000	53,5%
Flokkur II	306.656	360.000	17,4%
Flokkur III	346.906	420.000	21,1%
Heyrnartækni ehf *	**2007**	**2011**	**Hækkun**
Flokkur I	141.883	218.500	54,0%
Flokkur II	212.422	342.000	61,0%
Flokkur III	310.204	456.000	47,0%
Heyrnarstöðin ehf*	**2007**	**2011**	**Hækkun**
Flokkur I	150.000	180.000	20,0%
Flokkur II	214.000	234.000	9,3%
Flokkur III	296.000	296.000	0,0%

* Öll þjónusta vegna tækja innifalin í verði

Þróuðustu tækin styðja almennt best við félagslega virkni notenda og eru nú flest tæki seld úr þeim flokki að sögn seljenda.

2. *Hve hátt hlutfall af endanlegu verði heyrnartækja rennur til ríkisins í formi tolla, gjalda og skatta?*

Eingöngu er greiddur virðisaukaskattur af heyrnartækjum, hvorki tollar né önnur gjöld. Því renna 20,3% af endanlegu verði tækjanna í ríkissjóð.

Ekki á að greiða virðisaukaskatt af þjónustu sem veitt er vegna tækjanna þar sem litið er á hana sem heilbrigðisþjónustu, en eins og fram kom í svari við 1. tölul. er nauðsynleg þjónusta við heyrnartækin innifalin í verði þeirra hjá einkafyrirtækjunum. Tvö af þremur einkafyrirtækjum skipta reikningum annars vegar í verð tækis og hins vegar í kostnað vegna þjónustu og reikna þá eingöngu virðisaukaskatt á tækjahlutann. Hjá einu þeirra var virðisaukaskattur reiknaður af samanlögðu verði tækja og þjónustu. Verð heyrnartækja hjá Heyrnar- og talmeinastöð miðast við verð tækja auk umsýslukostnaðar, en þjónustan sem stofnunin veitir vegna tækjanna er notendum að kostnaðarlausu og greidd af fjárveitingum.

3. *Hver er kostnaðarþátttaka ríkisins í kaupum einstaklinga á heyrnartækjum og hvernig hefur hlutur ríkisins við kostnaðinn fylgt verðlagi?*

Kostnaðarþátttaka ríkisins í heyrnartækjum er skilgreind í tveimur reglugerðum, annars vegar reglugerð nr. 146/2007, um styrki vegna kaupa á heyrnartækjum hjá öðrum en Heyrnar- og talmeinastöð, og hins vegar í reglugerð nr. 1118/2006, með áorðnum breytingum, um greiðsluþátttöku ríkisins í hjálpartækjum sem Heyrnar- og talmeinastöð útvegar.

Kostnaðarþátttaka vegna kaupa á heyrnartækjum hjá öðrum en Heyrnar- og talmeinastöð nær eingöngu til 18 ára og eldri sem falla í vægari flokk heyrnarskerðingar (milli 30 og 70dB á verra eyra). Kostnaðarþátttaka ríkisins samkvæmt reglugerðinni nemur 30.800 kr. með hverju heyrnartæki, þ.e. 61.600 kr. þegar keypt eru tæki í bæði eyru. Kostnaðarþátttakan hefur verið óbreytt frá því í janúar 2006 og hefur því ekki fylgt verðlagi. Fram að efnahagshruni hjálpaði gengi íslensku krónunnar við að halda verði tækjanna í skefjum, en eftir það hefur föst fjárhæð greiðsluþátttöku ríkisins rýrnað með aukinni verðbólgu.

Reglugerð nr. 1118/2006, með áorðnum breytingum, um greiðsluþátttöku ríkisins í hjálpartækjum sem Heyrnar- og talmeinastöð útvegar, nær til sama hóps og fellur undir reglugerð nr. 146/2007. Af faglegum ástæðum er börnum og þeim sem taldir eru eiga við alvarlega heyrnarskerðingu að etja beint til stofnunarinnar hyggist þeir njóta greiðsluþátttöku ríkisins, en á Heyrnar- og talmeinastöðinni starfar læknir sérmenntaður í heyrnarfræðum. Greiðsluþátttaka ríkisins hjá þessum viðbótarhópum er ýmist hundrað prósent eins og hjá börnum eða hlutfallsleg og hefur því fylgt verðlagi og er skilgreind í reglugerðinni með eftirfarandi hætti:

- Börn yngri en 18 ára sem fá heyrnartæki greidd að fullu.
- Þeir sem falla í flokk alvarlegri heyrnarskerðingar (heyrn verri en 70 dB á verra eyra) fá greitt 80% af verði heyrnartækis.
- Þeir sem þurfa kuðungsígræðslutæki fá greitt 90% af verði heyrnartækis og þeir sem þurfa beinskrúfutæki fá greitt 80% af verði heyrnartækis.

Lífeyrisþegar sem hafa tekjur undir ákveðnum mörkum og keypt hafa heyrnartæki geta sótt um uppbót á lífeyri hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna kostnaðar við kaup á heyrnartækjunum. Á árinu 2010 áttu 230 einstaklingar rétt á slíkum bótum og námu þær um 90 þús. kr. á mann að meðaltali, en líta má á þessa endurgreiðslu sem eins konar greiðsluþátttöku ríkisins í tækjum þeirra sem lægstar tekjurnar hafa.

1537. Svar [536. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um skólagjöld og lán til greiðslu skólagjalda.

1. *Hversu margir skólar sem viðurkenndir eru af ráðuneytinu, á öllum skólastigum, taka skólagjöld af nemendum á skólaárinu 2010–2011 og hvaða skólar eru það?*

Um er að ræða 10 grunnskóla, 17 tónlistarskóla, 16 framhaldsskóla og 3 háskóla.

2. *Hvaða þjónustu við nemendur eða efniskostnaði er skólagjöldum ætlað að standa undir?*

Leitað var til skólanna um upplýsingar um upphæð skólagjalda og skýringar á því hvaða kostnaði gjöldunum er ætlað að standa undir. Skýringar skólanna er að finna í töflum 1, 2 og 3 fyrir hvert skólastig.

3. *Hversu há eru gjöldin hjá viðkomandi skólum á yfirstandandi skólaári og hver voru þau næstu fjögur skólaár þar á undan?*
   Sjá töflu 1, 2 og 3.

Tafla 1 **Grunnskólar og tónlistarskólar**

Einkaskólar á grunnskólastigi	**Skólagjöld í kr. á hvern nemanda á ári**				
	2010–11	2009–10	2008–09	2007–08	2006–07
Alþjóðaskólinn á Íslandi	210.000	200.000	190.500	175.250	175.250
Athugasemdir:	Nemendur með lögheimili í Garðabæ greiða engin skólagjöld. Nemendur sem hafa lögheimili í öðrum nágrannasveitarfélögum Garðabæjar greiða skólagjöld.				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöldum er ætlað að standa undir allri almennri þjónustu við nemendur fyrir utan sértæka þjónustu sem nemendur gætu þarfnast með tilliti til ákveðinna greininga eða þroskahömlunar. Skólagjöld standa undir öllum almennum efniskostnaði fyrir utan ritföng og stílabækur. Skólinn hefur ávallt haft námsstyrktarsjóð sem einstaklingar geta sótt um styrk hjá til lækkunar á skólagjöldum. Í skólann sækja einnig nemendur nám sem ekki hafa lögheimili á Íslandi og greiða því ekki sveitarfélögin hluta af námi þeirra. Þeir nemendur greiða full skólagjöld án afsláttar.				
Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði	23.750	0	0	0	0
Athugasemdir:	Engin skólagjöld 2006–2010 en þá lagði Hafnarfjarðarbær til ókeypis húsnæði og svo 75% af meðallandskostnaði af rekstri grunnskóla á landinu samkvæmt lögum. Nú er leiga innheimt og því rukkað lágmarkshúsnæðisgjald.				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Lágmarkshúsnæðisgjald til að greiða leigu fyrir skólahúsnæðið. Allt annað er greitt af skólanum, þar á meðal pappír, ritföng, skólataska o.fl.				
Barnaskóli Hjallastefnunnar, Garðabæ	21.000	21.000	18.000	18.000	18.000
Athugasemdir:	Ekki innheimt skólagjöld fyrir börn sem búa í Garðabæ enda greiðir sveitarfélagið fullt framlag með börnum sem sækja skólann. Börn sem stunda nám við skólann en búa utan Garðabæjar greiða 21.000 kr. á mán.				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Nemendur við skólann fá allan búnað í skólanum, ekkert kemur að heiman. Skólagjöldin eru hins vegar ætluð til að vega upp í það sem á vantar af framlagi annarra sveitarfélaga en Garðabæjar. En það er einungis 75% af vegnu landsmeðaltali.				
Barnaskóli Hjallastefnunnar, Reykjavík	99.750	99.750	99.750		
Athugasemdir:	Skólinn er á sínu þriðja starfsári.				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöldunum er ætlað að minnka bilið milli framlags sveitarfélagsins og kostnaðar við rekstur skólans.				
Landakotsskóli	23.000	20.500	20.500	13.000	13.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöld renna til launa og almenns reksturs skólans, þ.m.t. efnisgjöld nemenda, styttri ferðir o.fl.				

Einkaskólar á grunnskólastigi	Skólagjöld í kr. á hvern nemanda á ári				
	2010–11	2009–10	2008–09	2007–08	2006–07
Skóli Ísaks Jónssonar					
6 ára nemendur	180.000	190.000	190.000	170.000	170.000
5 ára nemendur	190.000	180.000	180.000	160.000	160.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Framlög Reykjavíkur árið 2010–2011 með 6–9 ára nemendum eru 75% af heildarmeðalkostnaði á hvern nemanda á landsvísu sem í dag er 908.000 kr. Framlög Reykjavíkur árið 2010–2011 með 5 ára nemendum er 684.000 kr. Skólagjöldin eiga að brúa það bil sem upp á vantar. Skólinn hefur aldrei fengið húsnæðisstyrk með 5 ára nemendum eins og leikskólar í eigin húsnæði fá. Mismunandi framlög frá sveitarfélögum með 5 ára nemendum.				
Suðurhlíðarskóli					
1.–4. bekkur	100.800	100.800	100.800	92.400	92.400
5.–10. bekkur	217.200	217.200	217.200	198.000	198.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Öll kennsla og efniskostnaður í þeim fögum þar sem það á við innifalið í skólagjöldum. Greitt er sérstaklega fyrir hádegismat og lengda viðveru yngri nemenda sem við köllum gæslu.				
Tjarnarskóli	184.300	184.300	159.600	176.700	235.600
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Hagstofa Íslands reiknar meðalkostnað á grunnskólanemanda á hverju ári. Sjálfstætt reknir grunnskólar fá sem svarar 75% af þeirri uppæð með hverjum nemanda. Skólagjöldunum er ætlað að brúa bilið sem ekki fæst af opinberu fé. Foreldrar standa því undir 25% af rekstri skólans.				
Waldorfskólinn, Lækjarbotnum	121.000	121.000	121.000	121.000	121.000
Athugasemdir:	Annað barn í fjölskyldu greiðir 14.000 kr. og þriðja barn greiðir 10.000 kr. Skólagjöld eru greidd í 11 mánuði.				
Waldorfskólinn Sólstafir	155.000	155.000	155.000	155.000	155.000
Athugasemdir:	Að teknu tilliti til afslátta er meðaltal greiddra skólagjalda á yfirstandandi skólaári 80.000 fyrir hvern nemanda í skólanum.				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöldum er ekki ætlað að standa undir afmarkaðri eða viðbættri þjónustu eða efniskostnaði í skólanum. Til upplýsinga þá fer skólastarfið fram í gegnum listir, handverk og beina upplifun. Efnis-, verkfæra- og ferðakostnaður sem það hefur í för með sér skilgreinir skólinn sem almennan kennslukostnað.				

Tónlistarskólar viðurkenndir af ráðuneytinu	Skólagjöld í kr. á hvern nemanda á ári				
	2010–11	2009–10	2008–09	2007–08	2006–07
Allegro Suzuki tónlistarskóli	128.000	118.000	118.000	105.000	96.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði en kennslulaunum, en launastyrkir sveitarfélaga nægja ekki fyrir kennslulaunum svo hluti skólagjalda nýtist í kennslulaun.				

Tónlistarskólar viðurkenndir af ráðuneytinu	Skólagjöld í kr. á hvern nemanda á ári				
	2010–11	2009–10	2008–09	2007–08	2006–07
Gítarskóli Íslands – GÍS	98.000	96.000	96.000	94.000	90.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöld standa undir húsnæðiskostnaði og öðrum rekstrarkostnaði og í sumum tilfellum undir hluta af launakostnaði þar sem GÍS fær aðeins hluta af launakostnaði kennara greiddan frá sveitarfélögum miðað við nemendafjölda í skólanum.				
Nýi tónlistarskólinn					
Forskóli	55.440	49.500	49.500	46.650	42.800
Hljóðfæranám grunnnám	97.776	87.300	87.300	81.640	74.900
Hljóðfæranám miðnám	110.768	98.900	98.900	92.430	84.800
Hljóðfæranám framhaldsnám	123.984	110.700	110.700	103.500	94.500
Hljóðfæranám háskólanám	137.088	122.400	122.400	114.450	105.000
Söngnám grunnnám	117.040	104.500	104.500	97.990	89.900
Söngnám miðnám	142.800	127.500	127.500	119.680	109.800
Söngnám framhaldsnám	168.896	150.800	150.800	141.650	129.500
Söngnám háskólanám	187.600	167.500	167.500	157.450	140.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöldin eiga að standa undir öllum rekstri: húsnæði, þrifum, hljóðfærakosti og skrifstofu, þar með talin laun ritara.				
Söngskólinn Domus Vox					
Fornám	45.000	40.000	40.000	33.000	30.000
Grunnnám	159.000	154.000	148.000	123.000	114.000
Miðnám	189.000	169.000	161.000	137.000	124.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöldin eiga að dekka allan annan kostnað við skólann, svo sem húsaleigu, pappírsgjald, utanumhald (skrifstofa) og annan sameiginlegan kostnað.				
Söngskólinn í Reykjavík	130.000 til 360.000	120.000 til 330.000	110.000 til 300.000	95.000 til 270.000	90.000 til 250.000
Athugasemdir:	Skólagjöld eru mjög mismunandi eftir því hversu langt nemendur eru komnir í náminu. Boðið er upp á ýmis styttri námskeið á verði allt frá 20.000 kr.				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Allur kostnaður við rekstur skólans greiðist af skólagjöldum annar en bein kennslulaun og launatengd gjöld þeim tengd: Húsnæði, viðhald húsnæðis, afborganir af lánum, vátryggingar, öryggisgæsla, hljóðfærakaup, viðhald hljóðfæra, námsefniskostnaður, tónleikahald, námskeiðahald, skrifstofurekstur, reikningsleg aðstoð, tölvukostnaður, hiti, rafmagn, sími, ræsting, hreinlætisvörur.				

Tónlistarskólar viðurkenndir af ráðuneytinu	Skólagjöld í kr. á hvern nemanda á ári				
	2010–11	2009–10	2008–09	2007–08	2006–07
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík	113.000*	99.900	90.000	79.500	79.500
Athugasemdir:	*Enginn systkinaafsláttur. Jafnaðargjald að ósk foreldra, óháð fjölda kennslustunda. 10% systkina afsláttur næstu fjögur skólaár á undan.				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöldum er ætlað að standa undir öllum daglegum rekstrarútgjöldum skólans, svo sem framkvæmdir til að gera húsnæði kennsluhæft, afborganir lána af húsnæði skólans, viðhald húsnæðis, fasteignagjöld, endurskoðandi, rekstur skrifstofu, tölvukostnað, pappír, ræsting, hljóðfærakaup, stillingar, viðgerðir.				
Tónlistarskóli Árbæjar					
Heilt nám	92.800	86.100	86.100	82.000	77.000
Hálft nám	62.800	52.800	52.800	51.800	46.000
Forskóli	33.900	29.500	29.500	24.500	19.500
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Allri þjónustu og rekstri utan greiðslu kennaralauna samkvæmt lögum um tónlistarskóla.				
Tónlistarskóli FÍH					
Grunnnám, heilt 1.–3. stig	140.400	130.000	111.632	99.671	92.288
Grunnnám hálft 1.–3. stig	97.200	90.000	78.141	69.769	64.601
Miðnám, heilt 4.–5. stig	183.600	170.000	146.616	130.907	121.210
Miðnám, hálft 4.–5. stig	129.600	120.000	102.631	91.635	84.847
Framhalds, heilt 6.–8. stig	226.800	210.000	175.271	156.492	144.900
Framhalds, hálft 6.–8. stig	151.200	140.000	122.690	109.544	101.430
Söngnám grunn, heilt 1.–3. stig	226.800	210.000	175.271	156.492	144.900
Söngnám grunn, hálft 1.–3. stig	151.200	140.000	122.690	109.544	101.430
Söngnám mið, heilt 4.–5. stig	248.400	230.000	199.197	177.854	164.680
Söngnám mið, hálft 4.–5. stig	172.800	160.000	139.438	124.498	115.276
Söngnám FN, heilt 6.–8. stig	297.000	275.000	238.981	213.376	197.570
Söngnám FN, hálft 6.–8. stig	205.200	190.000	167.286	149.363	138.299
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Samkvæmt lögum er kennslukostnaður greiddur af Reykjavíkurborg. Allur rekstrarkostnaður er greiddur af skólagjöldum svo sem húsaleiga, hljóðfæri, tæknibúnaður, ræsting, húsgæsla o.s.frv.				
Kennaradeild	540.000	500.000	266.112	237.600	220.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Kennaradeild er sjálfbær og greiða kennaranemar allan kostnað af námi sínu.				
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	109.000	109.000	99.000	88.000	84.500
Athugasemdir:	Fullt nám á hljóðfæri, þ.e. 2+30 mín. einkatímar, 60 mín. tónfræði, 60 mín. samspil eða hljómsveit eftir því sem við á.				

Tónlistarskólar viðurkenndir af ráðuneytinu	Skólagjöld í kr. á hvern nemanda á ári				
	2010–11	2009–10	2008–09	2007–08	2006–07
Tónlistarskólinn í Reykjavík					
Hljóðfæraleikur grunn 1.–3. stig	127.000	119.000	111.000	103.000	96.000
Hljóðfæraleikur, mið 4.–5. stig	179.000	167.000	156.000	145.000	135.000
Hljóðfæraleikur, framh. 7. stig	202.000	189.000	189.000	176.000	164.000
Hljóðfæraleikur, framh. 8. stig +	279.000	261.000	244.000	227.000	211.000
Söngdeild grunnnám 1.–3. stig	215.000	201.000	188.000	175.000	163.000
Söngdeild miðnám 4.–5. stig	266.000	249.000	233.000	217.000	202.000
Söngdeild fram 6.–9. stig	292.000	273.000	255.000	237.000	220.000
Aukahljóðfæri 1/2 klst. á viku	51.000	48.000	45.000	42.000	39.000
Aukasöngur án samsöngs og meðleiks	51.000	48.000	45.000	42.000	39.000
Aukasöngur með samsöng og meðleik	103.000	96.000	90.000	84.000	78.000
Tónfræðigreinar 1. námsgr.	58.000	54.000	50.000	47.000	44.000
Tónfræðigreinar 2. námsgr.	80.000	75.000	70.000	65.000	60.000
Tónfræðigreinar 3. námsgr.+	92.000	86.000	80.000	74.000	69.000
Athugasemdir:	Vísað var til 7% hækkunar á milli ára – ekki gefnar upp tölur síðustu tvö skólaárin				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöldin standa undir öllum rekstri skólans öðrum en kennslukostnaði sem greiddur er af sveitarfélögum.				
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	125.000	115.000	105.000	105.000	105.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöldin standa undir kennslu og öllum efniskostnaði.				
Tónsalir	90.000	42.000	40.000	39.000	37.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöldum er ætlað að standa undir rekstri skólans, svo sem húsaleigu, þrifum, símakostnaði, ljósritun/pappírskostnaði, tækja-, hljóðfærakostnaði, almennu viðhaldi tækja, reksturs tölvukerfa, endurskoðun og bókhaldsþjónustu.				

Tónlistarskólar viðurkenndir af ráðuneytinu	Skólagjöld í kr. á hvern nemanda á ári				
	2010–11	2009–10	2008–09	2007–08	2006–07
Tónskóli Eddu Borg					
Forskóli og hálft nám	66.300	66.300	61.900	54.800	52.800
Fullt nám	103.700	103.700	96.900	85.800	82.500
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Allur rekstrarkostnaður. Hljóðfærakaup og viðhald hljóðfæra, bækur, nótur, smááhöld til kennslu, t.d. nótnastatíf, hljómtæki o.fl. Rekstur skrifstofu, leiga og rekstur húsnæðis, auglýsingar o.fl.				
Tónskóli Hörpunnar	110.400	110.400	110.400	110.400	110.400
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöld standa undir öllum rekstrarkostnaði skólans svo og launakostnaði að hluta á móti fjárframlagi Reykjavíkurborgar. Reykjavík greiðir skólanum fyrir kennslu 68 nemenda. Í skólanum eru 198 nemendur, allt börn og fá þau öll að njóta til jafns framlags borgarinnar, en greiða sjálf mismuninn með skólagjöldum.				
Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar					
Forskóladeild	58.500	56.500	56.500	51.500	49.500
Suzukideild	72.000	69.000	69.000	63.000	60.500
Hljóðfæra- og söngdeild	93.000	89.000	89.000	82.000	79.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöldin standa undir öllum rekstri skólans öðrum en launakostnaði kennara, þ.e. kostnaði vegna húsnæðis, ræstingu, skrifstofureksturs, hljóðfæra og kennslutækja.				
Tónskólinn Do Re Mi					
Einkakennsla	94.300	89.820	89.820	83.829	78.942
Samkennsla og einkakennsla	84.800	80.830	80.830	75.446	71.048
Samkennsla og einkakennsla	77.600	73.930	73.930	69.024	67.100
Forskólanám	53.680	51.130	51.130	47.718	44.936
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Öllu öðru en kennslukostnaði svo sem húsnæði, skrifstofurekstri, hljóðfærakaupum, viðhaldi á hljóðfærum o.þ.h.				
Tónstofa Valgerðar	63.000–100.000	63.000–100.000	63.000–100.000	63.000–100.000	63.000–100.000
Athugasemdir:	Gefin eru upp skólagjöld á yfirstandandi skólaári, hafa ekki breyst í nokkur ár.				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöldin standa undir öllum rekstrarkostnaði við skólann að undanskildum launum kennara.				

Tafla 2. Framhaldsskólar.

Einkaskólar á framhaldsskólastigi	Skólagjöld í kr. á hvern nemanda á ári				
	2010–11	2009–10	2008–09	2007–08	2006–07
Danslistarskóli JSB-listdansbraut					
Fornám, 7–9 ára	69.000	69.000	69.000	69.000	59.000
1. áfangi, 1.–3. stig	84.000	84.000	84.000	84.000	59.000
2. áfangi, 4.–7. stig	96.400	96.400	96.400	96.400	94.500
Framhaldsskólastig	110.000	110.000	110.000	110.000	108.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöld koma til móts við styrki frá ríkinu vegna skólastarfsemi. Þjónusta við nemendur er fyrst og fremst í formi listdanskennslu en einnig stendur skólinn straum að öllum kostnaði vegna árlegra listdanssýninga í leikhúsi, búningakaupa o.fl. Gjöldin ganga upp í launakostnað vegna kennslu, launatengdra gjalda, húsnæðis- og rekstrarkostnað.				
Handverks- og hússtjórnarskólinn Hallormsstað	230.000	164.000	164.000	164.000	164.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Sundurliðun 2011: Heimavistar- og tryggingargjald 20.000 kr., nemendafélagsgjöld 3.000 kr., efnisgjald í handavinnu 15.000 kr., námskeið, pappír, möppur o.fl. 25.000 kr., mötuneytisgjald 101.000 kr.				
Hraðbraut	225.000	190.000	190.000	190.000	190.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Í reikningum Hraðbrautar er ekki sundurliðað hvað skólagjöldum er ætlað að standa undir, en skólinn veitir ýmsa þjónustu sem aðrir skólar veita ekki svo sem kennslu utan hefðbundinnar kennslu, aðstoð frá fjölda aðstoðarkennara til viðbótar við kennara skólans, starf yfirsetufólks til að tryggja góðan vinnufrið og aðhald á vinnudögum (þriðjudögum og fimmtudögum), lítt takmarkaðan aðgang að skólanum fram til 11 á kvöldin og um helgar, ótakmarkaðan aðgang að prenturum og pappír og ótakmarkaðan aðgang að síma skólans á skrifstofutíma.				
Heilsumeistaraskólinn	27.900	27.250	28.650	27–34.000	27–34.000
Athugasemdir:	Árið 2007 þegar skólinn var stofnaður í samvinnu við erlenda aðila voru greiðslur í erlendri mynt, dollurum. Á tímabilinu 2007–2008 með veikingu krónunnar riðlaðist rekstrargrundvöllurinn með þeim afleiðingum að skólinn hætti rekstri í samstarfi við erlenda aðila og stofnaður var íslenskur skóli þar sem allar greiðslur voru í ísl. kr. Nýi skólinn tók til starfa 1. febrúar 2009.				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöld standa undir efniskostnaði sbr. eftirfarandi lista: námsgögn sem fylgja kennslulotum, kjarnaolíur, blómadropum, lífrænu grænmetisfæði í námslotum eftir því sem við á, lifandi fæði og fl.				
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	357.625	354.710	312.979	268.539	254.998
Athugasemdir:	Heimavistarnemendur greiða 50.000 kr. aukalega fyrir önnina.				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöld þurfa að standa undir öllum efniskostnaði nemenda, fæði nemenda, námskeiðskostnað vegna utanaðkomandi kennara, bókakaupa o.fl.				

Einkaskólar á framhaldsskólastigi	Skólagjöld í kr. á hvern nemanda á ári				
	2010–11	2009–10	2008–09	2007–08	2006–07
Keilir					
Háskólabrú staðnám:					
Félagsvísinda- og lagabraut	435.000	435.000	435.000	435.000	
Hugvísindabraut	487.500	487.500	487.500	487.500	
Viðskipta- og hagfræðibraut	495.000	495.000	495.000	495.000	
Verk- og raunvísindabraut	585.000	585.000	585.000	585.000	
Háskólabrú fjarnám:					
Félagsvísinda- og lagabraut	570.000	570.000	741.000		
Hugvísindabraut	660.000	660.000	832.000		
Viðskipta- og hagfræðibraut	660.000	660.000	858.000		
Verk- og raunvísindabraut	780.000	780.000	1.014.000		
Heilsuskóli:					
ÍAK einkaþjálfun	585.000	545.000	545.000	495.000	
Íþróttaþjálfarinn (Nýtt)	240.000				
– ef ÍAK einkaþjálfari	220.000				
Flugakademía:					
Flugumferðastjórar	580.000				
Flugþjónusta	390.000				
Atvinnuflug	650.000				
Einkaflug	165.000				
Orkutæknifræði og mekatrón:					
Orkutæknifræði og mekatrón	250.000				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Gjöldum má gróflega skipta í þrennt: innritunargjöld, námsgjöld og efnisgjöld. Undir þetta falla margir liðir svo sem: mat umsókna, viðtöl, kostnaður vegna tölvukerfa (nemendaskrár, fjarkennsla, netföng o.fl.), umsýsla vegna gjalda, skráning inn í kerfið, gerð greiðsluseðla, innheimta o.fl., kennslulaun, yfirsetulaun, prófakostnaður, kennslugögn, ljósritun kennslugagna, húsnæðiskostnaður, stjórnunarkostnaður, námsráðgjöf, starfsemi kennslusviðs, rekstur bókasafns, efnis- og tækjagjöld, leyfisgjöld, svo sem til Flugmálastjórnar, HÍ o.fl., ýmis stoðþjónusta svo sem símsvörun, afgreiðsla, fjölritun, tölvuþjónusta, ýmis aðkeypt þjónusta.				
Kvikmyndaskóli Íslands	1.200.000	1.200.000	1.200.000	1.200.000	1.200.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Tekjur vegna skólagjalda eru ekki eyrnarmerktar í sérstaka þætti starfseminnar, heldur dreifast þær á alla rekstrarliði ásamt öðrum tekjum skólans.				
Klassíski listdansskólinn framhaldsdeild	140.000	120.000	120.000	100.000	100.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöldunum er ætlað að standa undir hluta rekstrarkostnaðar starfseminnar sem er danskennsla í húsakynnum skólans, auk hluta kostnaðar við sýningar og búninga.				

Einkaskólar á framhaldsskólastigi	Skólagjöld í kr. á hvern nemanda á ári				
	2010–11	2009–10	2008–09	2007–08	2006–07
Listdansskóli Íslands/ Dansmennt ehf.					
9 ára	76.700	71.500	68.300	65.000	63.000
10–15 ára	88.800	82.700	78.700	75.000	72.000
Framhaldsstig	111.000	103.500	98.700	94.000	90.000
Athugasemdir:	Að beiðni þáverandi menntamálaráðherra tók Listaháskóli Íslands að sér rekstur Listdansskóla Íslands frá haustinu 2006. Dansmennt ehf. í eigu Listaháskólans sér alfarið um rekstur skólans.				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöldin eru ekki eyrnamerkt sérstökum verkefnum, heldur fara þau í þá fjölbreyttu kennslu og þjónustu sem skólinn veitir nemendum sínum.				
Ljósmyndaskólinn	1.200.000	1.100.000			
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Í skólagjöldum er innfalin kennsla, fyrirlestrar, námsefni, aðgangur að vinnuaðstöðu (myrkraherbergi, myndveri, tölvuveri og tækjabúnaði) rekstur myrkraherbergis og aðgangur að bókasafni.				
Menntaskóli Borgarfjarðar	22.000	22.000	17.000	14.000	
Athugasemdir:	Skólagjöld skiptast í innritunargjöld og tölvuumsjón. Skólaárið 2010–2011 voru innritunargjöld 14.000 kr. og tölvuumsjón 8.000 kr.				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Innritunargjöldum er ætlað að standa undir umsýslu við innritun í skólann og tölvuumsjónargjald er tilkomið vegna nettengingar, netfangs, aðgangs að Innu og Námskjá.				
Myndlistaskólinn á Akureyri					
Fornám, myndlist, hönnun og arkitektúr	245.000	195.000	140.000	125.000	110.000
Grafísk hönnun, listhönnunardeild	320.000	255.000	180.000	155.000	125.000
Frjáls myndlist	285.000	235.000	165.000	155.000	125.000
Athugasemdir:	Nemendur í sérnámsdeildum skólans greiða staðfestingargjald 45.000 kr.				
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöld innihalda efniskostnað, allan pappír sem notaður er í vinnustofum, ljósritunarvél, prentara, blek, prentduft, sýrur og annað sem notað er á grafíkverkstæði, kaffi.				
Myndlistaskólinn í Reykjavík					
a. Fullt nám	226.000	226.000	226.000	226.000	210.000
b. Stakir áfangar	24.960	24.960	24.960	24.960	22.870

Einkaskólar á framhaldsskólastigi	Skólagjöld í kr. á hvern nemanda á ári				
	2010–11	2009–10	2008–09	2007–08	2006–07
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Framlag ráðuneytis til skólans er ekki reiknað með sama hætti og til annarra framhaldsskóla þó námið sé sniðið að lýsingu á listnámsbraut í aðalnámskrá. Skólinn tekur skólagjöld til að brúa þennan mun sem er á raunkostnaði og og framlagi ráðuneytis. Skv. a-lið er það kennsla 22 nemenda í undirbúningsnámi. Til samanburðar var námið sett inn í reiknilíkan ráðuneytis árið 2008. Samkvæmt því ætti framlag á nemenda að vera 1.031.000 kr. en er 914.000 kr. Þetta skýrir skólagjöldin að hluta. Einnig kom fram þegar nám skólans var sett inn í reiknilíkan að skólinn kennir nemendum stundum í fámennari hópum en reiknilíkanið gerir ráð fyrir og í stærra rými. Að hluta brúa skólagjöld einnig þennan mun. Skv. b-lið fær skólinn greiddar 12 millj. kr. til að standa fyrir myndlistarnámi fyrir almenning þar sem einnig er kennt samkvæmt aðalnámskrá. Á síðasta reikningsári kenndi skólinn um 600 nemendum sem hver tók að meðaltali 2,5 ein. Samkvæmt reiknilíkani er meðalverð einingar í listnámi 26.800 kr. Samkvæmt því ætti framlag vegna þessarar kennslu að vera 40.200.000. kr. Einnig gildir það sama um þessa kennslu og kennsluna í undirbúningsnáminu að nemendum er að jafnaði kennt í smærri hópum og í stærri aðstöðu.				
Snyrtiakademían/ Fótaaðgerðaskóli Íslands	1.990.000	1.990.000	1.990.000	1.990.000	1.990.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Í báðum skólum er skólagjöldum ætlað að standa undir öllum rekstrarkostnaði þeirra.				
Snyrtiakademían/ Snyrtiskólinn	1.680.000	1.680.000	1.680.000	1.680.000	1.680.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Í báðum skólum er skólagjöldum ætlað að standa undir öllum rekstrarkostnaði þeirra.				
Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins					
Byggingatækniskólinn byggingagreinar	38.350	38.100	33.100		
Byggingatækniskólinn tækniteiknun	28.670	30.100	25.100		
Fjölmenningarskólinn – fjölmenningarskólinn	20.200	23.100	18.100		
Hársnyrtiskólinn – hársnyrtideild	38.350	38.100	33.100		
Hönnunar- og handv. -fataiðn	28.670	30.100	25.100		
Hönnunar- og handv.- gull- og silfursmíði	38.350	38.100	33.100		
Hönnunar- og handv. listnámsbraut	28.670	30.100	25.100		
Raftækniskólinn	38.350	38.100	33.100		
Skipstjórnarskólinn	28.670	30.100	25.100		
Tæknimenntaskólinn	20.200	23.100	18.100		
Upplýsingatækniskóli – margmiðlunarskóli	38.350	38.100	33.100		

Einkaskólar á framhaldsskólastigi	Skólagjöld í kr. á hvern nemanda á ári				
	2010–11	2009–10	2008–09	2007–08	2006–07
Upplýsingatækniskóli tölvubraut	28.670	30.100	25.100		
Upplýsingatækniskóli upplýsinga- og fjölm.	28.670	30.100	25.100		
Véltækniskólinn	38.350	38.100	33.100		
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Efnisgjöld, innritunargjöld og skólagjöld fyrir prentun, ljósritun og geymslu gagna				
Verzlunarskóli Íslands	85.700	80.100	76.300	70.200	65.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Ein meginástæða skólagjaldanna er vegna kostnaðar við fasteignina sem skólinn er í. VÍ starfar samkvæmt skipulagsskrá sem gerð var fyrir Sjálfseignarstofnun Verslunarráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV). Sú stofnun starfrækir m.a. VÍ og er um húsnæðið að Ofanleiti 1. VÍ greiðir síðan húsaleigu til SVÍV. Húsaleigan dekkar afborganir og vexti af lánum sem tekin voru vegna byggingarframkvæmda svo og rekstrarkostnað við fasteignina. Á árinu 2010 borgaði skólinn samtals 163 millj. kr. í leigu, hún verður 174 millj. kr. á árinu 2011. Skólagjöldin hafa einnig gert skólanum kleift að bjóða upp á aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn eins og best gerist, svo sem góða aðstöðu og þjónustu við nemendur á bókasafni og góðan safnkost, vel útbúnar raungreinastofur o.fl. Skólinn endurnýjar allan tækjabúnað reglulega, tölvur o.fl., en í skólanum eru t.d. tvær tölvustofur og þrjú tölvuver sem nemendur hafa frjálsan aðgang að. Í skólagjöldum er innifalin prentkostnaður, hver nemandi fær prentkvóta sem nemur 300 blöðum á ári og þurfa ekki að borga fyrir rútur þegar farnar eru nemendaferðir. Nemendur fá ókeypis hafragraut á hverjum morgni o.fl.				

Tafla 3	Háskólar				
Einkaskólar á háskólastigi	**Skólagjöld í kr. á hvern nemanda á ári.**				
	2010–11	2009–10	2008–09	2007–08	2006–07
Háskólinn í Reykjavík					
BA-stig	308.000	308.000	294.000	266.000	410.000
MA-stig	696.000	696.000	696.000	696.000	696.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöld Háskólans í Reykjavík eru nýtt fyrir eftirfarandi þætti: • Húsnæði og aðstöðu skólans fyrir nám og rannsóknir og þá bæði fyrir kennara og nemendur. • Betri kennslu og þjónustu við nemendur og þar með meiri skilvirkni og árangur í námi. • Öflugri rannsóknir.				
Listaháskóli Íslands	343.000	320.000	285.000	255.000	225.000
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Skólagjöld eru ekki eyrnamerkt sérstökum verkefnum eða þjónustu, heldur fara þau í þá fjölbreyttu þjónustu sem skólinn veitir nemendum sínum svo sem kennslu, fín- og grófverkstæði, sýningar, nemendaleikhús, tónleika og annað.				

Einkaskólar á háskólastigi	Skólagjöld í kr. á hvern nemanda á ári.				
	2010–11	2009–10	2008–09	2007–08	2006–07
Háskólinn á Bifröst					
Frumgreinadeild	456.000	456.000	383.100	383.100	
Fjarnám frumgreinadeild	642.000	642.000	525.000	525.000	
Staðnám, grunnnám	516.000	516000	472500	472.500	
Fjárnám, grunnnám	714.000	714.000	648.000	648.000	
Staðnám, meistaranám	780.000	780.000	705.000	705.000	
Fjarnám meistaranám	810.000	810.000	705.000	705.000	
Þjónusta sem skólagjöld eiga að standa undir:	Sérstaða háskólastarfs á Bifröst skapar kostnað sem fer töluvert fram yfir reiknað framlag ríkisins. Kostnaður við kennslu er þriðjungi hærri en kostnaður á sambærilegu sviði við HÍ, þjónusta við nemendur er meiri en við aðra skóla auk þess sem skólinn heldur úti meiri árlegri starfsemi en nokkur annar skóli á Íslandi.				

4. *Hver var áætluð heildarfjárhæð útlána Lánasjóðs íslenskra námsmanna til greiðslu skólagjalda sömu skólaár?*

Sjá töflu 4.

Tafla 4 **Skólagjaldalán í kr. innan lands 2006–2009**

Heiti skóla	2009–2010	2008–2009	2007–2008	2006–2007
Viðurkenndir háskólar:				
Háskólinn á Bifröst	196.333.699	248.168.411	237.344.420	237.381.190
Háskólinn í Reykjavík	517.971.775	481.691.858	365.523.735	279.763.722
Listaháskóli Íslands	62.186.000	59.557.112	47.663.125	41.708.131
Samtals:	**776.491.474**	**789.417.381**	**650.531.280**	**558.853.043**
Viðurkenndir framhaldsskólar:				
Fjöltækniskóli Íslands		610.000	1.165.000	1.835.000
Flugskóli Íslands*	625.000	14.650.000	18.210.726	9.996.707
Tækniskólinn	15.942.500	9.462.500		
Snyrti-Akademían / Fótaaðgerðaskóli Íslands	54.666.030	55.500.093	57.842.358	44.703.487
Snyrtiskólinn				4.167.500
Keilir	115.135.480	107.325.250	34.906.000	
Kvikmyndaskóli Íslands	141.945.640	113.747.172	67.381.132	29.193.514
Myndlistaskólinn á Akureyri	5.567.500	4.255.000	2.710.000	2.565.000
Myndlistaskólinn í Reykjavík	2.235.000	1.310.500	575.000	
Samtals:	**336.117.150**	**306.860.515**	**182.790.216**	**92.461.208**
** Flugnám er viðurkennt af innanríkisráðuneyti*				
Viðurkenndir tónlistarskólar:				
Nýi Tónlistarskólinn				340.000
Söngskóli Sigurðar Demetz	466.800	705.500	975.000	495.000

Heiti skóla	2009–2010	2008–2009	2007–2008	2006–2007
Söngskólinn í Reykjavík	3.045.000	2.550.000	1.985.000	1.515.000
Tónlistarskóli FÍH	3.185.000	245.780	1.108.930	1.318.300
Tónlistarskólinn í Reykjavík			276.500	458.000
Samtals:	**6.696.800**	**3.501.280**	**4.345.430**	**4.126.300**
*** Nám eftir framhaldspróf í tónlist er lánshæft hjá LÍN.*				
Heildarsumma	**1.119.305.424**	**1.099.779.176**	**837.666.926**	**655.440.551**

1538. Nefndarálit [306. mál]

um till. til þál. um undirbúning að stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsögn frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er lagt til að dómsmála- og mannréttindaráðherra í samvinnu við utanríkisráðherra verði falið að skipa starfshóp sem vinni að undirbúningi stofnunar björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna. Lagt er til að starfshópurinn skili ráðherra tillögum sínum eigi síðar en 1. desember 2011.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er á Íslandi mikil þekking á björgunarmálum, jafnt hjá opinberum aðilum sem félagasamtökum. Hér er náttúra og allar aðstæður þannig að óvíða í heiminum er slíkt að finna. Íslenskir björgunarmenn hafa reynslu af björgun úr sjávarháska, eru vanir að takast á við foráttuveður á landi, snjóflóð, jarðskjálfta, björgun af jökli, umfangsmiklar leitir á erfiðum landsvæðum o.s.frv. Af þeim sökum virðast hér vera kjöraðstæður, fyrir þjóðir með veikar stoðir á þessu sviði, að læra af reynslu Íslendinga og öðlast þar með meiri færni við björgunarstörf.

Nefndin hefur kynnt sér það öfluga starf sem unnið er innan stofnana Háskóla Sameinuðu þjóðanna hérlendis, Jarðhitaskólans, Sjávarútvegsskólans og Landgræðsluskólans auk tilraunaverkefnis um jafnréttisskóla sem nú er í gangi. Meiri hlutinn telur fulla ástæðu til að kanna grundvöll þess að stofna björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi en telur ekki rétt að kveða afdráttarlaust á um að slíkan undirbúning skuli hefja nema að undangenginni rækilegri skoðun. Meiri hlutinn leggur því til þær breytingar á tillögugreininni að starfshópi verði falið að meta kosti þessa og galla og skuli skila niðurstöðu sinni til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. janúar 2012.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp til að kanna grundvöll fyrir stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna, kosti þess og galla. Starfshópurinn skili niðurstöðu sinni til ríkisstjórnarinnar eigi síðar en 1. janúar 2012.

Birgitta Jónsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Valgerður Bjarnadóttir.

1539. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að ráðherra sem jafnframt er kjörinn alþingismaður geti, ef hann telur ástæðu til, ákveðið að varamaður hans taki sæti á Alþingi meðan hann gegnir ráðherraembætti en að hann sitji á þingi einungis í krafti embættisstöðu sinnar skv. 51. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 51. gr. stjórnarskrárinnar er skýrt kveðið á um að ráðherrar eigi samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi en að þeir þurfi þó að gæta þingskapa. 2. minni hluti bendir á að stjórnarskráin geymir aðalákvæði um skipulag ríkisins og æðstu stjórn þess. Hún er öllum öðrum landslögum æðri og rétthærri og er því óeðlilegt að sú breyting sem lögð er fram í frumvarpinu sé gerð á þingsköpum en ekki stjórnarskránni. Að mati 2. minni hluta er ekki lagalegur grundvöllur fyrir því að breyta stjórnskipun ríkisins nema með breytingum á stjórnarskrá. 2. minni hluti hefur fullan skilning á því að ástæða sé að skýra aðskilnað löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Þar sem tillagan snýst hins vegar eingöngu um að heimila ráðherra að sitja einungis á Alþingi samkvæmt embættisstöðu sinni og kalla til varamann vakna upp spurningar hversu áhrifarík sú leið er. Að mati 2. minni hluta væri nær að gera tillögur að breytingum á stjórnarskrá á þá leið að ráðherra víki sæti á þingi á meðan hann situr á ráðherrastól í stað þess að velja þá leið sem farin er í frumvarpinu.

Annar minni hluti bendir á að með samþykkt frumvarpsins væri verulega vegið að lýðræðinu. Breytingin hefði í för með sér að stjórnarmeirihluti gæti hugsanlega bætt við sig tíu mönnum á þingi umfram þann fjölda sem hann fékk kosinn í lýðræðislegum kosningum. Á sama tíma er í frumvarpinu ekki gert ráð fyrir að staða stjórnarandstöðunnar verði styrkt á neinn hátt, en hlutverk hennar er ekki síður mikilvægt en stjórnarmeirihlutans. Stjórnarandstaðan sinnir því mikilvæga verki að veita stjórnarmeirihluta þingsins og ríkisstjórn nauðsynlegt aðhald. 2. minni hluti leggst því gegn samþykkt frumvarpsins sem felur svo bersýnilega í sér aðför að þeirri stjórnskipan sem kveðið er á um í stjórnarskránni auk þess að ákvæði þess geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir lýðræðið í landinu.

Alþingi, 26. maí 2011.

Vigdís Hauksdóttir.

1540. Nefndarálit [763. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100/2007, um almannatryggingar, lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (samspil örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða).

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sturlaug Tómasson, Ólaf Kr. Valdimarsson og Ágúst Þór Sigurðsson frá velferðarráðuneyti, Hrafn Magnússon, Þóreyju Þórðardóttur og Sigurbjörn Sigurbjörnsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Guðmund Magnússon, Lilju Þorgeirsdóttur og Sigríði H. Ingólfsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands og Unnar Stefánsson frá Félagi eldri borgara.

Markmið frumvarpsins er að koma í veg fyrir gagnkvæmar skerðingar örorkulífeyris úr lífeyrissjóðum og örorkulífeyris almannatrygginga. Byggist það á samkomulagi félags- og tryggingamálaráðherra, nú velferðarráðherra, og Landssamtaka lífeyrissjóða frá 30. desember 2010 sem gert var á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Landssamtaka lífeyrissjóða um víxlverkun örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyris úr lífeyrissjóðum annars vegar og hins vegar hækkun frítekjumarks ellilífeyrisþega í áföngum frá 3. desember 2010.

Í ákvæðum frumvarpsins er kveðið á um að örorkulífeyrir almannatrygginga, auk greiðslna örorkustyrks, aldurstengdrar örorkuuppbótar og tekjutryggingar, lækki ekki vegna almennra hækkana á örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum. Hið sama eigi við um greiðslur heimilisuppbótar, uppbótar á lífeyri vegna kostnaðar og uppbótar vegna reksturs bifreiðar. Þá er kveðið á um það í 3. gr. frumvarpsins að óheimilt sé að láta almennar hækkanir sem kunni að verða á örorkulífeyrisgreiðslum samkvæmt almannatryggingalögum og lögum um félagslega aðstoð leiða til lækkunar á örorkulífeyri sjóðfélaga úr lífeyrissjóði.

Nefndin ræddi nokkuð skerðingar sem örorkulífeyrisþegar hafa orðið fyrir á undanförnum árum. Nefndin bendir á að örorkulífeyrisþegar hafa vegna víxlverkana örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyris úr lífeyrissjóðum orðið fyrir umtalsverðum skerðingum á greiðslum frá sínum lífeyrissjóði síðustu ár og margir misst þær alveg. Mikilvægt er að stöðva frekari skerðingar og kanna til hlítar hvort og þá með hvaða hætti sé hægt að leiðrétta skerðingar aftur í tímann. Ákvæði frumvarpsins gilda frá 1. janúar 2011 og er því um að ræða leiðréttingu frá áramótum. Nefndinni var kynnt að frekari afturvirkni ákvæðanna væri mjög flókin í framkvæmd og mundi í einhverjum tilfellum leiða til þess að örorkulífeyrisþegi ætti rétt á lægri fjárhæð en greidd hefur verið sem mundi þá leiða til endurkröfu á lífeyrisþegann. Vandkvæði væru auk þess til staðar vegna lífeyrisþega sem látist hefðu á tímabilinu. Þá grundvallast gildistími frumvarpsins á því samkomulagi sem vísað er til hér að framan og gildir einungis frá 1. janúar þessa árs. Sökum þess hvernig þetta frumvarp er til komið og með vísan í samkomulagið sem það byggist á telur nefndin að svo stöddu ekki unnt að kveða á um frekari afturvirkni frumvarpsins. Það liggur á að tryggja þá réttarbót sem í frumvarpinu felst en nefndin áréttar hins vegar mikilvægi þess að skoða þessi mál til hlítar og frekari leiðréttingu á þeim skerðingum sem öryrkjar hafa orðið fyrir. Starfshópur á vegum velferðarráðherra vinnur nú að því að endurskoða almannatryggingalögin og er mikilvægt að þar sé tekið heildstætt á skerðingum og víxlverkunum sem bitna illa á þeim sem síst skyldi.

Við nefndina voru bornar upp áhyggjur af því að óljóst væri hvað átt væri við með almennum hækkunum. Til að mynda yrði unnt að skilgreina það þröngt og koma í veg fyrir að

þar undir féllu hækkanir í samræmi við nýsamþykkta breytingu þingsins á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar (797. mál). Í þeim lögum er ráðherra gefin heimild til að hækka bætur almannatrygginga með reglugerð ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Markmið laganna er að lífeyrisþegar njóti hliðstæðra kjarabóta og um hefur verið samið í kjarasamningum aðila á vinnumarkaði.

Nefndin kynnti sér samþykktar verklagsreglur Landssamtaka lífeyrissjóða, Tryggingastofnunar ríkisins og velferðarráðuneytis um samspil örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða. Í reglunum kemur fram að með almennum hækkunum greiðslna frá lífeyrissjóðum er átt við hækkanir vegna breytinga á vísitölu í samræmi við samþykktir lífeyrissjóðanna, þ.m.t. breytingar vegna vísitöluhækkunar á hámarki viðmiðunartekna lífeyrissjóðs. Þar er ekki kveðið á um við hvað sé átt með almennum hækkunum á örorkubótum almannatrygginga. Nefndin bendir á að öll hækkun á örorkulífeyri almannatrygginga sem gerð er með almennum hætti, þ.e. með lögum eða reglugerð þar sem tiltekin eru ákveðin viðmið og hækkanir á bótagreiðslum, falla undir hugtakið. Þá var nefndinni kynnt við umfjöllun beggja mála að sú hækkun mundi ekki leiða til víxlverkunar og því ljóst að hún fellur þar undir. Nefndin áréttar því að hækkanir sem verða í samræmi við framangreinda breytingu á almannatryggingalögum og reglugerð ráðherra fellur undir það að vera almenn hækkun og leiði því ekki til lækkunar örorkulífeyris lífeyrissjóða.

Nefndin fagnar því að sú hækkun sem verður á örorkulífeyri um næstu mánaðamót í samræmi við nýsamþykkt lög, reglugerð ráðherra og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga leiði ekki til víxlverkunar og samsvarandi lækkunar örorkulífeyris frá lífeyrissjóðum. Um er að ræða mikilvægar kjarabætur til handa lífeyrisþegum og brýnt að þeir fái notið þeirra án þess að samspil greiðslna frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum leiði til lækkunar.

Nefndinni voru kynntar áhyggjur af því að ekki væri hér um varanlega ráðstöfun að ræða þar sem frumvarpið hefur tímabundinn gildistíma og ákvæðum þess er einungis ætlað að gilda til ársloka 2013. Því fylgdi óvissa fyrir örorkulífeyrisþega um framtíðargreiðslu til þeirra. Í athugasemdum við frumvarpið og í máli gesta kom fram að nýta eigi tímann fram að því til að ljúka endurskoðun á sambandi og samspili lífeyrissjóða og almannatrygginga. Nefndin áréttar mikilvægi þess að fundin sé varanleg lausn á víxlverkun þessara tveggja meginstoða lífeyristrygginga landsmanna og að tíminn til endurskoðunar sé nýttur til hins ýtrasta eins og vilji stendur til. Nefndin áréttar jafnframt hversu nauðsynlegt það er við yfirstandandi endurskoðun almannatryggingalaga að lausn finnist á samspili lífeyrissjóða og almannatrygginga til frambúðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. maí 2011.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form., frsm.	Ásbjörn Óttarsson, með fyrirvara.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Guðmundur Steingrímsson.	Ásmundur Einar Daðason.	Íris Róbertsdóttir.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	

1541. Nefndarálit [768. mál]

um frv. til l. um brottfall laga nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðrúnu Þorleifsdóttur frá fjármálaráðuneyti og Þóru M. Hjaltested frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Nokkur umræða var í nefndinni um 8. gr. laganna sem fjallar um endurheimtur á innstæðum. Það er mat nefndarinnar að ekki séu forsendur til að 8. gr. haldi ein gildi sínu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Þór Saari voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. maí 2011.

Oddný Harðardóttir, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Björn Valur Gíslason.
Valgerður Bjarnadóttir.	Höskuldur Þórhallsson.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.
Ásbjörn Óttarsson.	Þuríður Backman.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1542. Svar [774. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um skuldir atvinnugreina.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar eru áætlaðar skuldir eftirtalinna atvinnugreina og hverjar eru forsendur útreikninganna:

a. byggingastarfsemi og mannvirkjagerð,
b. verslun,
c. ferðaþjónusta,
d. iðnaðarstarfsemi,
e. fjármála- og vátryggingastarfsemi,
f. fasteignaviðskipti?

Engin opinber stofnun hefur upplýsingar um endanlega skuldastöðu fyrirtækja eftir atvinnugreinum en Seðlabanki Íslands tekur saman upplýsingar um útlán innlánsstofnana til fyrirtækja samkvæmt eftirgreindri sundurliðun. Ekki er hægt að fá sundurliðun á fjármála- og vátryggingastarfsemi, ferðaþjónustu og fasteignaviðskipti eins og beðið er um í fyrirspurninni.

Staða útlána í mars 2011.

	Millj. kr.
Landbúnaður	13.000
Fiskveiðar	149.329
Námugröftur og iðnaður	183.026
Veitur	14.227
Byggingastarfsemi	83.238
Verslun	132.267
Samgöngur og flutningar	35.603
Þjónusta	494.368
Samtals	**1.105.057**

Forsendur útreikninganna eru sem hér segir: Virði útlánasafns innlánsstofnana er metið á kaupvirði, þ.e. því virði sem innlánsstofnanir keyptu útlánin á af fyrirrennurum sínum. Kaupverðið er það virði sem vænst er að muni innheimtast af útlánum. Virði útlánasafns þessara aðila endurspeglar því ekki skuldastöðu viðskiptavina.

1543. Svar [775. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um tap fyrirtækja vegna gjaldþrota eða afskrifta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikið fé er talið hafa tapast vegna gjaldþrota eða afskrifta hjá fyrirtækjum í eftirtöldum greinum á árunum 2006, 2007, 2008, 2009 og 2010 og hverjar eru forsendur útreikninganna:

a. byggingastarfsemi og mannvirkjagerð,
b. verslun,
c. ferðaþjónusta,
d. iðnaðarstarfsemi,
e. fjármála- og vátryggingastarfsemi,
f. fasteignaviðskipti?

Engin opinber stofnun hefur upplýsingar um hversu mikið fé hefur endanlega tapast vegna gjaldþrota eða afskrifta einstakra atvinnugreina. Í neðangreindri töflu eru upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu um afskriftir viðskiptabankana á árunum 2006–2010. Ekki er unnt að afla upplýsinga um forsendur útreikninganna þar sem þær geta verið mismunandi eftir bönkum og eðli mála.

Afskriftir viðskiptabanka hjá fyrirtækjum.

Ár*	2006	2007	2008	2009–2010
Byggingastarfsemi	204.463.503	100.060.225	349.233.725	25.293.365.239
Verslun	619.504.916	138.208.565	1.418.864.527	29.589.588.857
Fasteignafélög / fasteignaviðskipti	271.291.208	18.186.212	181.879.013	34.536.814.023
Þjónusta, fjármálafyrirtæki, samgöngur og flutningur	624.980.719	397.865.660	321.076.657	19.566.282.944

Ár*	2006	2007	2008	2009–2010
Iðnaður / landbúnaður / matvælaiðnaður	457.389.269	220.979.214	139.250.192	15.583.528.024
Sjávarútvegur / fiskveiðar	338.867.899	19.693.794	170.965.857	10.529.116.789
Annað	1.349.121.163	589.761.709	2.319.565.477	345.783.448.333
Samtals	**3.865.618.677**	**1.484.755.379**	**4.900.835.448**	**480.882.144.209**

* Tölurnar frá 2006–2008 eru frá tveimur stærstu viðskiptabönkunum en frá 2009–2010 eru þær frá þremur stærstu viðskiptabönkunum.

Vakin er athygli á því að bankarnir gefa sér hugsanlega mismunandi forsendur við útreikning afskriftanna og því ber að taka þessum tölum með þeim fyrirvara.

1544. Nefndarálit [403. mál]

um till. til þál. um orkuskipti í samgöngum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Erlu Gestsdóttur frá iðnaðarráðuneytinu. Þá bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf., Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Byggðastofnun, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Neytendasamtökunum, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Orkustofnun, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Valorku ehf. og Vegagerðinni.

Samkvæmt tillögunni felur Alþingi iðnaðarráðherra að vinna að því að minnka hlut jarðefnaeldsneytis í samgöngum með notkun endurnýjanlegra orkugjafa og orkusparnaði. Tillagan byggist m.a. á stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem segir að móta eigi heildstæða orkustefnu sem miði að því að endurnýjanlegir orkugjafar leysi innflutta orku af hólmi.

Í tillögunni kemur einnig fram að stefnt skuli að orkuskiptum í samgöngum þar sem jarðefnaeldsneyti verði leyst að hólmi með innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum. Unnið verði að stefnumótun, markmiðasetningu og aðgerðaáætlun fyrir orkuskipti í samgöngum fram til 2020. Nefndin vill í þessu sambandi benda á að núverandi verkefnishópur skal skila tillögum fyrir 1. nóvember næstkomandi. Nefndin leggur því til þær breytingar að stefnumótun fyrir orkuskipti í samgöngum fram til 2020 skuli liggja fyrir 1. janúar 2012.

Í athugasemdum umsagnaraðila kemur fram að flestir eru jákvæðir gagnvart tillögunni og styðja hana í megindráttum. Hins vegar er bent á nokkur atriði sem nefndin telur vert að skoða betur. Í tillögunni er lagt til að Ísland verði í forustu við notkun á endurnýjanlegri orku í samgöngum í heiminum. Nefndin telur nauðsynlegt að markmiðssetning sé skýr en að auki þurfi markmiðin að vera raunhæf og í samræmi við raunverulega getu stjórnvalda og almennings til að ná þeim. Leggur nefndin til breytingar á tillögunni þessu að lútandi. Nefndin bendir jafnframt á að þrátt fyrir að mikil þekking sé hér á landi á endurnýjanlegri orku þá sé sú þekking meiri erlendis. Því sé mikilvægt að auka alþjóðlegt samstarf til að nýta alla þá þekkingu sem er til staðar, hvort sem hún er hérlendis eða erlendis.

Nefndin fjallaði um jafnræði landsmanna þegar kemur að umhverfisvænum ökutækjum. Bendir nefndin á að í tillögunni komi fram að m.a. þurfi að auðvelda aðgengi að almenn-

ingssamgöngum og fjölga hjólastígum til að stuðla að breyttri hegðun fólks. Auk þess er í tillögunni fjallað um skattalegar ívilnanir fyrir kaupendur ökutækja með enga skráða losun koltvísýrings og kaupendur ökutækja sem eingöngu geta notað endurnýjanlega orku. Ljóst er að við orkuskiptin verður nauðsynlegt að leggja áherslu á breytta hegðun fólks og hvetja almenning til nýta sér almenningssamgöngur. Að mati nefndarinnar er hins vegar mikilvægt að tekið sé tillit til mismunandi möguleika fólks til að nýta sér almenningssamgöngur eða kaupa sér bíla sem nýta endurnýjanlega orkugjafa. Á landsbyggðinni er staðan oft sú að þörf fólks fyrir notkun einkabílsins er meiri en þörf þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu þar sem almenningssamgöngur eru betri. Þar að auki eru ferðir á landsbyggðinni oft lengri og um verri vegi að fara en á höfuðborgarsvæðinu, og því þörf á öflugum stórum bílum. Leggur nefndin áherslu á að skattalegar ívilnanir skekki ekki búsetuskilyrði í landinu og jafnræði allra landsmanna verði ávallt haft í huga.

Við umfjöllun nefndarinnar var rætt um framtíð Íslands í orkugjafamálum. Nefndin fagnar því að Ísland hafi verið leiðandi á sviði vetnisverkefna og rannsókna á vetni en bendir jafnframt á möguleika á sviði annarra endurnýjanlegra orkugjafa, t.d. notkun rafbíla, metaneldsneytis og lífdísilolíu Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að skoða notkun endurnýjanlegra orkugjafa með heildstæðum hætti og að orkustefna Íslands taki mið af þeim möguleikum sem til staðar eru hér á landi þar sem ljóst er að framleiðsla endurnýjanlegs eldsneytis hér á landi muni hafa í för með sér bætt lífsgæði, tækifæri til atvinnu- og nýsköpunar og gjaldeyrissparnað. Nefndin bendir hins vegar á að bílaframleiðendur og innflutningsaðilar hafi mikið að segja um það hvað sé í boði á markaðnum hverju sinni. Náið samstarf við þá er grundvöllur þess að vel takist til með orkuskipti í samgöngum. Með því að minnka notkun jarðefnaeldsneytis verður efnahagskerfið minna háð verðsveiflum á eldsneytismörkuðum erlendis.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. maí 2011.

Kristján L. Möller, form., frsm.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.
Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.	Gunnar Bragi Sveinsson.	Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.
Þráinn Bertelsson.	Magnús Orri Schram,	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.

1545. Breytingartillögur [403. mál]

við till. til þál. um orkuskipti í samgöngum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Í stað orðanna „í maí 2011“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: 1. janúar 2012.
2. 2. málsl. 3. mgr. orðist svo: Við þá vinnu skal hafa eftirfarandi markmið að leiðarljósi.
3. 1. tölul. 3. mgr. orðist svo:
   1. Markmið.
   Að því skal stefnt að Ísland verði í forustu við notkun á endurnýjanlegri orku í samgöngum. Nú er hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum á Íslandi töluvert lægra en annars staðar eða minna en 1%. Markmiðið innan ESB er 10% fyrir árið 2020.
4. Í stað orðanna „Hefja skal“ í 2. tölul. 3. mgr. komi: Stefnt skal að því að hefja.

1546. Framhaldsnefndarálit [580. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almenningsbókasöfn, nr. 36/1997 (gjaldtökuheimildir).

Frá menntamálanefnd.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eirík Þorláksson frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og Tryggva Gunnarsson, umboðsmann Alþingis.

Nefndinni bárust ábendingar um að skýra þyrfti nánar þær grundvallarreglur sem gilda um þjónustugjöld og dagsektir almenningsbókasafna.

Óheimilt er að taka gjald fyrir afgreiðslu eða úrlausn stjórnvalda, nema lagastoð sé fyrir hendi. Meginregla þessi byggist á þeirri grundvallarreglu að stjórnsýslan er lögbundin sem og að íþyngjandi stjórnvaldsákvarðanir verða almennt að byggjast á skýrri lagaheimild en slíkar heimildir verða ekki skýrðar rúmt. Gæta verður þess við töku þjónustugjalda fyrir þjónustustarfsemi að gjald sé ekki heimt fyrir aðra þjónustu en lagaheimildin kveður á um. Ákvörðun um fjárhæð þjónustugjalda verður að byggjast á traustum útreikningi á þeim kostnaði sem hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Ef ekki er unnt að sérgreina nákvæmlega ákveðna kostnaðarliði er heimilt að byggja þá á skynsamlegri áætlun. Einnig er mikilvægt að gjaldskrá byggist á því sjónarmiði að endurgoldinn sé kostnaður sem almennt stafar af þeirri þjónustu sem í té er látin. Óheimilt er að taka hærra gjald. Af þessu má sjá að það hefur grundvallarþýðingu að afmarka þá kostnaðarliði sem felldir verða undir þjónustugjaldið þegar meta á hversu hátt það á að vera. Með hliðsjón af þessu vill nefndin leggja til þær breytingar að afmarka nánar hvaða atriði falla undir þjónustugjöld almenningsbókasafna, þ.e. laun starfsfólks sem sinnir þjónustunni og sérstakan efniskostnað vegna hennar.

Þessu nátengt leggur nefndin einnig til að afmarka nánar heimild almenningsbókasafna til að taka gjöld fyrir skemmdir eða eyðileggingu á gögnum, en þær skulu nema að hámarki innkaupsverði viðkomandi efnis.

Í 1. gr. frumvarpsins er vikið að innheimtu dagsekta. Eins og segir í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 6010/2010 geta dagsektir ekki talist til þjónustugjalda. Með greiðslu dag-

sekta er ekki verið að inna af hendi endurgjald fyrir sérgreinda þjónustu heldur er um viðurlög að ræða sökum þess að reglur hafa verið brotnar. Dagsektir eru óbein þvingunarúrræði þar sem mönnum er gert skylt að reiða af hendi fjárgreiðslu samkvæmt ákvörðun stjórnvalds þar sem þeir hafa látið undir höfuð leggjast að fullnægja ákveðinni skyldu sem á þeim hvílir. Ákvörðun um að beita þvingunarúrræðum verður ávallt að byggjast á skýrri lagaheimild og hefur meðalhófsreglan ávallt sérstaka þýðingu við beitingu þeirra. Í ljósi eðlis dagsekta sem þvingunarúrræðis leggur nefndin til þá breytingu að í 1. gr. frumvarpsins verði kveðið á um hámark dagsekta, þ.e. að samanlagðar dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest megi ekki vera hærri en 4.000 kr. fyrir hvern lánþega. Þá skuli ráðherra að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna gefa út gjaldskrá um dagsektir. Jafnframt vill nefndin í ljósi skýrleika lagaheimilda leggja til nýtt ákvæði sem feli í sér breytingu á 15. gr. laganna þess efnis að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð um innheimtu dagsekta og bóta vegna safnefnis sem glatast eða skemmist í meðförum notenda.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

   14. gr. laganna orðast svo:

   Almenningsbókasöfnum er heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustu sína, svo sem fyrir útgáfu útlánsskírteina, millisafnalán, afritun, fjölföldun, ljósmyndun, sérfræðilega heimildaþjónustu, heimildaleit í gagnagrunnum og útlán á sérstökum safnkosti.

   Hvert safn setur gjaldskrá skv. 1. mgr. að fengnu samþykki bókasafnsstjórnar og skal hún birt notendum á aðgengilegan hátt. Umrædd gjöld skulu ekki vera hærri en raunkostnaður viðkomandi safns vegna þjónustunnar og er ætlað að standa straum af eftirfarandi kostnaðarþáttum við hana:

   a. launum starfsfólks sem sinnir þjónustunni,
   b. sérstökum efniskostnaði vegna þjónustunnar.

   Almenningsbókasöfnum er heimilt að innheimta dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest og bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda samkvæmt þeim reglum sem fram koma í reglugerð sem ráðherra setur skv. 15. gr. og gjaldskrá sem ráðherra setur skv. 4. mgr.

   Ráðherra skal gefa út gjaldskrá um dagsektir og bætur skv. 3. mgr. að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna. Samanlagðar dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest, sem ákveðnar eru með reglugerð, mega aldrei vera hærri en 4.000 kr. fyrir hvern lánþega. Bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda skulu að hámarki nema innkaupsverði viðkomandi efnis.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

   Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um innheimtu dagsekta fyrir afnot fram yfir skilafrest og bóta fyrir safnefni almenningsbókasafna sem glatast eða skemmist í meðförum notenda.

Þuríður Backman var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. maí 2011.

Skúli Helgason, form., frsm. | Lilja Rafney Magnúsdóttir. | Oddný G. Harðardóttir.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir. | Siv Friðleifsdóttir. | Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Íris Róbertsdóttir. | Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.

1547. Nefndarálit [719. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Þórð Reynisson frá iðnaðarráðuneytinu. Þá bárust umsagnir frá Hafrannsóknastofnuninni, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun og Samtökum iðnaðarins.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, en tilefni þess er af tvennum toga. Í fyrsta lagi er það liður í undirbúningi næsta útboðs á sérleyfum til rannsókna og vinnslu kolvetnis í íslenskri efnahagslögsögu á svonefndu Drekasvæði við Jan Mayen-hrygginn og í annan stað er það komið til vegna þeirra athugasemda sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert við það skilyrði núgildandi laga að leyfishafi verði að vera skráður aðili hér á landi.

Með frumvarpinu er lögð fram skilgreining á samstarfssamningi um framkvæmd leyfis þegar handhafar leyfis til rannsókna eru fleiri en einn. Þessi samstarfssamningur skal kveða á um hlutverk og skyldur aðila sem og um skaðabætur, en ef handhafar leyfis eru fleiri en einn skal beina skaðabótakröfu beint að rekstraraðila leyfisins. Nefndin bendir á að hver og einn leyfishafi er engu að síður skattskyldur aðili. Hugtakið rekstraraðili er einnig skilgreint í frumvarpinu en það er sá aðili sem sér um daglega stjórn kolvetnisstarfseminnar fyrir hönd leyfishafa. Með þessu er sett fram það skilyrði fyrir sérleyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis að rekstraraðili verði skipaður fyrir sérhvert leyfi sem veitt er. Nefndin er sammála því að mikilvægt sé að skilgreina stöðu rekstraraðila með hliðsjón af mikilvægi hans. Nefndin bendir einnig á að ekki er sett skilyrði um að rekstraraðili sé jafnframt leyfishafi og því er ekkert því til fyrirstöðu að utanaðkomandi aðili geti starfað sem rekstraraðili. Nefndin leggur á það áherslu að mikilvægt er í ljósi stöðu rekstraraðila að velja hann af kostgæfni.

Í frumvarpinu er lagt til að íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum teljist sérstakt félag. Ekki var talin ástæða til að gera þá kröfu að stofnað yrði sérstakt félag hér á landi um starfsemina en það var skoðað með tilliti til skattalegra sjónarmiða. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið, að nægilegt sé að gera kröfu

um íslenskt útibú eða umboðsskrifstofu félags. Vill nefndin benda á að norsk stjórnvöld hafa ekki gert kröfu um að stofnað sé og skráð sérstakt félag.

Fram kom hjá umsagnaraðila að samkvæmt skilgreiningu á leyfishafa, sbr. 6. mgr. 2. gr. laganna, er verið að leggja íþyngjandi kröfur á herðar leitarleyfishafa hvað varðar skattlagningu og skráningarskyldu og það sé í engu samræmi við eðli þeirra framkvæmda. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið. Uppi hafa verið ýmis vandkvæði varðandi skattlagningu leyfishafa en leyfishafi hefur verið skilgreindur sem skráður aðili hér á landi sem hefur fengið leyfi til leitar, rannsóknar og/eða vinnslu kolvetnis. Nefndin bendir á að frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar á kolvetnisvinnslu er til meðferðar hjá efnahags- og skattanefnd Alþingis. Þar verða gerðar þær breytingar að skattskyldar tekjur skapist eingöngu af starfsemi sem bundin er við sérleyfi en ekki við leyfishafa. Nefndin tekur undir þessar breytingar. Nefndin vill einnig árétta varðandi skráningarskyldu leyfishafa að ekki er talin ástæða til að gera þá kröfu að aðili sem fær leyfi til leitar skv. III. kafla laganna sé skráður aðili hér á landi eða með skráð útibú hér á landi. Er þar um íþyngjandi kröfu á leyfishafa að ræða. Nefndin leggur til að hugtakið leitarleyfishafi merki í lögunum aðila sem hefur fengið leyfi til leitar að kolvetni skv. III. kafla laganna. Til nánari skýringar getur leitarleyfishafi verið skip sem á leið um svæðið og notar ferðina til leitar. Nefndin telur ekki ástæðu til að slíkur aðili sé skráður sérstaklega hér á landi. Nefndin leggur til að ekki sé gerð slík krafa um sérstaka skráningarskyldu til leitarleyfishafa á sama hátt og gert er til leyfishafa skv. IV. kafla laganna.

Í gildandi löggjöf um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis er mælt fyrir um að kolvetnisstarfsemi og tengd starfsemi skuli rekin frá stöð á Íslandi, sbr. 7. mgr. 10. gr. laganna. Stjórnvöld hér á landi hafa verið í þeirri trú að ákvæðið rúmaðist innan þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem Ísland er bundið af, þar sem ákvæðið miði fyrst og fremst að því að tryggja öryggi og almannahagsmuni. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur hins vegar nýverið, með bréfi til íslenskra stjórnvalda, bent á að framangreint ákvæði feli í sér brot á skuldbindingum okkar að EES-rétti, nánar tiltekið að það eigi að vera hægt að veita þessa þjónustu frá stöð sem staðsett er innan Evrópska efnahagssvæðisins en ekki megi skuldbinda þjónustuna alfarið við Ísland. ESA hefur sent sams konar athugasemdir til Norðmanna sem hafa fallist á að gera breytingar á þessu lagaskilyrði. Nefndin bendir á að þær breytingar sem hér eru lagðar til taka mið af tillögum Norðmanna sem ESA hefur samþykkt. Breytingarnar miða við að koma til móts við athugasemdir ESA, sem og tryggja með sem bestum hætti öryggi og almannahagsmuni. Nefndin ítrekar að stjórnvöld geta eftir sem áður, undir vissum kringumstæðum, sett fram sérstakar kröfur til leyfishafa til að nota ákveðnar stöðvar sem og takmarkað fjarlægð þeirra frá viðkomandi rannsóknar- og vinnslusvæði, að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda um meðalhóf.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. maí 2011.

Kristján L. Möller, form., frsm. Lilja Rafney Magnúsdóttir. Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Gunnar Bragi Sveinsson. Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara. Þráinn Bertelsson.

Magnús Orri Schram. Jón Gunnarsson, með fyrirvara.

1548. Breytingartillögur [719. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á undan a-lið komi nýr liður er orðist svo: Orðin „leitar“ og „III. og“ í 6. mgr. falla brott.
   b. Við b-lið bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Leitarleyfishafi merkir í lögum þessum aðili sem fengið hefur leyfi til leitar að kolvetni skv. III. kafla.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað orðsins „leyfishafa“ í 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: leitarleyfishafa.
3. Við 4. gr. bætist tveir nýir liðir er orðist svo:
   a. Orðin „frá Íslandi“ í 2. málsl. 6. mgr. falla brott.
   b. 7. mgr. orðast svo:
      Leyfishafi skal sjá til þess að kolvetnisstarfsemin fari fram á ábyrgan hátt og í samræmi við þá löggjöf sem er í gildi hverju sinni og skal starfsemin taka tillit til nýtingar auðlindarinnar, sem og öryggis- og almannahagsmuna. Ráðstafanir leyfishafa varðandi skipulag og stærð starfseminnar skulu vera þannig að leyfishafi geti á hverjum tíma tekið upplýstar ákvarðanir um kolvetnisstarfsemi sína. Til að tryggja eftirfylgni um ráðstafanir leyfishafa getur Orkustofnun, telji hún það nauðsynlegt með tilliti til umfangs kolvetnisstarfsemi leyfishafa, sett fram sérstakar kröfur um ráðstafanir leyfishafa og staðsetningu stöðva þeirra. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfsemi slíkra stöðva í reglugerð, svo sem varðandi fjarlægð frá rannsóknar- og vinnslusvæði.

4. Á eftir 6. gr., er verði 7. gr., komi sjö nýjar greinar er orðist svo:
   a. (8. gr.)
      Orðin „III. og“ í 21. gr. laganna falla brott.
   b. (9. gr.)
      Í stað orðanna „Leyfishafi skal“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: Leyfishafi og aðrir sem stunda kolvetnisstarfsemi skulu.
   c. (10. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 24. gr. laganna:
      a. Í stað orðsins „leyfishafi“ kemur: handhafar leitar-, rannsóknar- og vinnsluleyfa.
      b. Orðin „til leitar, rannsókna og vinnslu“ falla brott.
   d. (11. gr.)
      Í stað orðsins „leyfishafa“ í 1. málsl. 1. mgr. 24. gr. a laganna kemur: handhafa leitar-, rannsóknar- og vinnsluleyfa.
   e. (12. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. b laganna:
      a. Í stað orðsins „leyfishafi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: handhafi leitarleyfis eða rannsóknar- og vinnsluleyfis.
      b. Á undan orðinu „leyfishafi“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. og 6. málsl. 2. mgr. kemur: leitarleyfis- eða.
   f. (13. gr.)
      Á undan orðunum „leyfishafi“ í 2. málsl. og „leyfishafa“ í fyrirsögn 26. gr. laganna kemur: leitarleyfis- og.
   g. (14. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. a laganna:
      a. Í stað orðsins „rannsóknarleyfis“ í 1. mgr. kemur: leitarleyfis eða rannsóknar- og vinnsluleyfis.
      b. Í stað orðsins „leyfishafi“ í 3. mgr kemur: handhafi leitarleyfis eða rannsóknar- og vinnsluleyfis.
5. Við 7. gr. Á undan a-lið komi nýr liður er orðist svo: Í stað orðsins „Leyfishafar“ í 1. mgr. kemur: Handhafar leitarleyfa eða rannsóknar- og vinnsluleyfa.
6. Á eftir 7. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað orðsins „leyfi“ í 1. málsl. 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: rannsóknar- og vinnsluleyfi.

1549. Tillaga til þingsályktunar [849. mál]

um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs og í Norður-Afríku.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Margrét Tryggvadóttir, Álfheiður Ingadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Valur Gíslason, Eygló Harðardóttir, Þór Saari.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á framfæri á alþjóðavettvangi áhyggjum Íslands af þróun mála í ýmsum arabalöndum við Miðjarðarhaf og í Norður-Afríku. Ísland getur ekki, sem herlaust land og rödd friðar og mannréttinda á alþjóðavettvangi, stutt stríðsrekstur sem fer fram úr umboði Sameinuðu þjóðanna. Alþingi styður mannréttinda- og lýðræðisbaráttu í Túnis, Egyptalandi, Líbíu, Sýrlandi, Jemen, Sádi-Arabíu, Barein, Palestínu og víðar og felur ríkisstjórninni að tala máli friðsamlegra lausna í þeim átökum og deilum sem nú eiga sér stað í þessum heimshluta.

Greinargerð.

Þróun mála í ýmsum arabalöndum við Miðjarðarhaf og í Norður-Afríku veldur áhyggjum. Mikilvægt er að alþjóðasamfélagið beini sjónum sínum að og styðji við mannréttinda- og lýðræðisbaráttu hvarvetna sem hún fer fram. Ríki heims mega ekki meðhöndla almenning sem berst fyrir grundvallarmannréttindum með mismunandi hætti eftir því hvaða hagsmunir annarra ríkja eru í húfi.

Með samþykkt sinni nr. 1973 setti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna skýran ramma um aðgerðir á vegum alþjóðasamfélagsins í Líbíu til að vernda líf almennra borgara og að koma á flugbanni yfir Líbíu. Samþykkt nr. 1973 var þó ekki óumdeild. Loftárásir Atlantshafsbandalagsins í Líbíu, m.a. á borgaraleg skotmörk, hafa þegar kostað fjölmarga óbreytta borgara lífið. Alþingi hlýtur að hvetja til vopnahlés og friðarviðræðna í kjölfarið.

Með þingsályktunartillögu þessari er ríkisstjórninni falið að koma þessum sjónarmiðum á framfæri á alþjóðavettvangi, m.a. innan Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins.

1550. Nefndarálit [734. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um námsstyrki, nr. 79/2003.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Agnesi Guðjónsdóttur og Jennýju Báru Jensdóttur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Þá bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Félagi framhaldsskólakennara og Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema og umboðsmanni barna.

Tilgangur laga um námsstyrki, nr. 79/2003, er einkum að veita námsstyrki til að jafna fjárhagslegan aðstöðumun framhaldsskólanema sem helgast af búsetu eða efnaleysi. Námsstyrkir eru einkum af tvennum toga: dvalarstyrkir og styrkir til skólaaksturs. Með frumvarpinu er ætlunin að auka jafnræði einstaklinga til náms á framhalds- og háskólastigi, með

áherslu á að koma til móts við nemendur sem ekki uppfylla skilyrði um lánveitingar úr Lánasjóði íslenskra námsmanna. Dæmi eru um að nemendur sem ekki uppfylla skilyrði til töku námslána hafi misst námsstyrk við að hefja nám í háskóla áður en þeir ná 18 ára aldri. Til að mæta slíku ójafnræði er ætlunin að víkka út gildissvið laganna þannig að þau nái einnig til háskólanáms en ekki einungis náms í framhaldsskólum. Meðal helstu breytinga er að háskólanemar yngri en 18 ára sem ekki eru fjárráða og eiga þar af leiðandi ekki kost á námsláni geta nú sótt um námsstyrki verði frumvarpið að lögum. Þá er einnig leitast við að jafna aðstöðu þeirra námsmanna sem stunda nám erlendis í sérhæfðum skólum sem ekki telst lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna en svo háttar til að ekki er hægt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili viðkomandi námsmanns hér á landi. Þetta ákvæði snertir einkum afreksfólk í íþróttum og nemendur í listdansi á framhaldsskólastigi.

Sú breyting er einnig gerð á námsstyrkjanefnd að nefndarmönnum er fækkað um tvo, úr fimm í þrjá. Með þeirri breytingu verður nefndin skipuð tveimur fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti án tilnefningar og einn verður skipaður eftir tilnefningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndin leggur á það áherslu að annar fulltrúinn sem skipaður verður af mennta- og menningarmálaráðherra sé fulltrúi nemenda.

Rétt er að vekja athygli á því að í athugasemdum við frumvarpið er hnykkt á þeim skilningi að lögin um námsstyrki veita erlendum ríkisborgurum tiltekinn rétt til námsstyrkja, þar á meðal ríkisborgurum Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, EES-ríkja og flóttamönnum sem veitt hefur verið dvalarleyfi hér á landi í samræmi við ákvæði flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna.

Frumvarpið tekur fyrst og fremst til úthlutunarreglna námsstyrkja. Nefndin tekur undir með umsagnaraðilum að hér er skref stigið í þá átt að auka jafnrétti til náms á Íslandi sem er mikilvæg forsenda almennrar velferðar í samfélaginu. Nefndin leggur áherslu á að hugað verði að heildarendurskoðun opinberrar námsaðstoðar á Íslandi í þeirri vinnu sem framundan er við endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna til að tryggja jafnræði milli nemenda á mismunandi skólastigum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. bætist við nýr stafliður, a-liður, svohljóðandi: Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 1. málsl. kemur: Ráðherra.
2. 4. gr. orðist svo:
   Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 6. og 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

Þuríður Backman var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. maí 2011.

Skúli Helgason, form., frsm. | Lilja Rafney Magnúsdóttir. | Oddný G. Harðardóttir.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir. | Margrét Tryggvadóttir. | Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Siv Friðleifsdóttir. | Íris Róbertsdóttir.

1551. Nefndarálit [698. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum (góðir stjórnarhættir o.fl.).

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hörpu Theodórsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands, KPMG hf., ríkislögreglustjóra, Samtökum atvinnulífsins, Seðlabanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að innleiddir verði í íslenskan rétt þeir þættir tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB sem lúta að góðum stjórnarháttum skráðra félaga á skipulegum verðbréfamarkaði sem og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 um eftirlit ársreikningaskrár með félögum utan aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem skrá verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi. Annars vegar er lagt til að nýrri grein verði bætt við lög um ársreikninga þess efnis að félög sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skuli birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í ársreikningi. Kauphöllin, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Ísland hafa gefið út leiðbeiningar um stjórnarhætti og því hafa flest félög á markaði hérlendis birt yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í ársreikningi. Hins vegar er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 94. gr. laganna. Þar er mælt fyrir um eftirlit ársreikningaskrár með því hvort ársreikningur félags, sem hefur skráða skrifstofu utan Evrópska efnahagssvæðisins en hefur verðbréf sín skráð á skiplegum verðbréfamarkaði hér á landi, sé saminn samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum heimaríkis sem séu hliðstæð ákvæðum laganna.

Við umfjöllun í nefndinni voru gerðar nokkrar athugasemdir við frumvarpið. Í 1. mgr. 1. gr. er kveðið á um að þau félög sem þar eru tilgreind skuli birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi. Bent var á að ársreikningum væri ekki skipt í kafla og því væri það orðalag ekki viðeigandi auk þess sem í tilskipun 2006/46/EB væri sérstaklega kveðið á um að yfirlýsing um stjórnarhætti ætti að koma fram í skýrslu stjórnar. Nefndin leggur til breytingu á orðalagi í þá veru að yfirlýsingin birtist í sérstökum kafla í skýrslu stjórnar. Benda má á að í 1. mgr. 3. gr. laga um ársreikninga er kveðið á um að ársreikningur skuli hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsstreymi, skýringar og skýrslu stjórnar. Þá skal áritun endurskoðenda eða skoðunarmanns fylgja ársreikningi. Með breytingartillögunni er hnykkt á því að yfirlýsingin komi fram í skýrslu stjórnar. Í 2. mgr. 1. gr. eru talin upp þau atriði sem eiga að koma fram í yfirlýsingunni. Fram kom við umfjöllun um málið að upptalning ákvæðisins gengi skemur en sambærileg upptalning í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Þar er mælt fyrir um atriði sem eiga að koma fram í svokallaðri stjórnarháttayfirlýsingu. Nefndin leggur til að greinin mæli fyrir um lágmarkskröfur til þeirra félaga sem hún nær til þannig að orðunum „að lágmarki“ verði bætt við inngangsmálslið 2. mgr. Í fyrri málslið 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. er kveðið á um að félög skuli vísa til þeirra reglna um stjórnarhætti sem þau fylgja eða fylgja ber samkvæmt lögum og hvar þær eru aðgengilegar. Nefndin leggur til að þetta ákvæði verði útvíkkað þannig að félög geti þess einnig í yfirlýsingunni hvað það er annað sem tengist stjórnarháttum sem þau fylgja eða ber að fylgja samkvæmt lögum, svo sem tilmæli eða handbækur. Auk þess ber félagi að geta um það hvar

upplýsingar um viðeigandi reglur, tilmæli, handbækur eða annað er að finna, t.d. á heimasíðu félags, annars staðar á netinu eða á öðrum stöðum. Í 2. málsl. 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. er kveðið á um að félagi beri að greina frá ástæðum þess að það víki frá reglum. Ekki er hins vegar kveðið á um að félag þurfi að geta þess hver frávikin eru og leggur nefndin því til að við málsliðinn bætist skylda til að greina frá því hvaða ákvæðum vikið er frá. Orðalag ákvæðisins er einnig einfaldað í breytingartillögu nefndarinnar.

Til einföldunar er lögð til orðalagsbreyting á 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. Þá er lögð til breyting á 3. mgr. 1. gr. en við umfjöllun um málið komu fram áhyggjur af því að hún gæti valdið misskilningi. Því er lagt til að hún verði ítarlegri. Nefndin leggur til að gerð verði breyting til að lagfæra b-lið 3. gr. Breytingin lítur annars vegar að framsetningu stafliðarins og hins vegar að því að vísa í umrædda reglugerð með sama hætti og gert er í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2008.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. maí 2011.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Valgerður Bjarnadóttir.	Birkir Jón Jónsson.	Björn Valur Gíslason.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Skúli Helgason.	Margrét Tryggvadóttir.

1552. Breytingartillögur [698. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum (góðir stjórnarhættir o.fl.).

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „ársreikningi sínum“ í 1. mgr. komi: skýrslu stjórnar.
   b. Á eftir orðunum „yfirlýsingunni skal“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: að lágmarki.
   c. 1. tölul. 2. mgr. orðist svo: Tilvísanir í þær reglur sem og leiðbeiningar, handbækur og fleira um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða fylgja ber samkvæmt lögum og upplýsingar um hvar slíkt er aðgengilegt almenningi. Víki félag frá reglum eða öðru skv. 1. málsl. í heild eða að hluta skal greina frá því hver frávikin eru og ástæðu fráviksins.
   d. Í stað orðanna: „eftirlitskerfis og áhættustýringarkerfi“ í 2. tölul. 2. mgr. komi: eftirlits og áhættustýringarkerfa.
   e. 3. mgr. orðist svo:
      Upplýsingar um móðurfélag skv. 2. mgr. skulu jafnframt birtar í skýrslu stjórnar með samstæðureikningi auk lýsingar á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringarkerfa samstæðunnar í tengslum við samningu samstæðureiknings.

2. Við 3. gr. B-liður orðist svo: Við greinina bætist: svo og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007.

1553. Nefndarálit [828. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og átt samskipti við lögfræðinga á vegum Alþingis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Frumvarp þetta er lagt fram í tvennum tilgangi. Annars vegar til þess að lengja tímamörk laga nr. 46/2010, um breytingu á lögum um Bjargráðasjóð og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (stuðningur við bændur á náttúruhamfarasvæðum), sem samþykkt voru til þess að bregðast við afleiðingum eldgoss í Eyjafjallajökli. Er í þeim efnum miðað við gildistíma núverandi búvörusamnings um mjólkurframleiðslu. Hins vegar er tilgangurinn að heimila að viðeigandi ákvæði laga nr. 46/2010 nái einnig til framleiðenda á lögbýlum þar sem afurðasala hefur verið bönnuð af ástæðum sem hlutaðeigandi framleiðandi gat ekki haft áhrif á. Þannig væri brugðist við aðstæðum sem m.a. hafa komið uppi í Skutulsfirði við Ísafjarðardjúp vegna díoxínmengunar og/eða í öðrum sambærilegum tilvikum sem upp kunna að koma.

Á fundum nefndarinnar var bent á að í þeim tilvikum þegar framleiðsluskilyrði á býlum og lögbýlum raskast tímabundið vegna þess að afurðasala hefur verið bönnuð af ástæðum sem hlutaðeigandi framleiðandi gat ekki haft áhrif á þá kunni þeir framleiðendur að eignast bótarétt á hendur þeim aðilum sem orsökuðu þær aðstæður sem leiddu til bannsins. Var m.a. nefnt sem dæmi að leiði mengun sem orðið hefur vegna ólögmætrar háttsemi þriðja aðila, þ.e. athafnar eða athafnaleysis hans, til banns þá kunni slíkt að leiða til þess að mengunarvaldurinn verði látinn bera skaðabótaábyrgð á því tjóni sem bannið hefur valdið framleiðandanum.

Skilningur nefndarinnar er að komi til þess að þriðji aðili verði talinn skaðabótaskyldur gagnvart framleiðendum þá kunni ákvæði frumvarpsins að hafa í för með sér tvenns konar hættur, annars vegar hættu á að bótagreiðslur tjónvalds til framleiðenda yrðu lækkaðar sem nemi þeim greiðslum sem þeir fengju vegna ákvæða frumvarpsins, hins vegar hættu á að framleiðendur fái þegar upp er staðið greitt meira en nemur raunverulegu tjóni þeirra. Er það mat nefndarinnar ef greiðslur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins kæmu til frádráttar skaðabótagreiðslum væri varnaðarhlutverki skaðabótareglna stefnt í hættu. Þá telur nefndin að ofgreiðslur skaðabóta fari gegn meginreglu skaðabótaréttar um að tjónþolar skuli fá tjón sitt bætt að fullu og kunni að orsaka ákveðið ójafnræði milli tjónþola í skaðabótamálum. Þá telur nefndin markmiðum laga nr. 46/2010 stefnt í hættu verði ekki brugðist við þeim hættum sem samþykkt frumvarpsins hefði í för með sér. Í ljósi þessa leggur nefndin til að breytingar verði gerðar á frumvarpinu þannig að bætt verði við ákvæðum sem girði fyrir framangreindar hættur.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við ákvæði til bráðabirgða W í lögunum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Nú hefur framleiðandi fengið greiddar bætur vegna tjóns sem hann á jafnframt rétt á að fá bætt með beingreiðslum samkvæmt þessu ákvæði og er þá heimilt að lækka beingreiðslurnar sem bótunum nemur. Jafnframt er ráðherra heimilt að áskilja að bætur sem framleiðandi kann að eiga rétt á síðar vegna tjónsins renni í ríkissjóð.
2. Við 2. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Heimilt er að binda ákvörðun um fyrirgreiðslu skv. 1. eða 2. mgr. skilyrði um að bætur sem framleiðandi kann að eiga rétt á frá þriðja aðila renni sem fyrirgreiðslunni nemur í ríkissjóð.

Atli Gíslason og Róbert Marshall voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. maí 2011.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Helgi Hjörvar.	Gunnar Bragi Sveinsson.	Björn Valur Gíslason.
	Jón Gunnarsson.	

1554. Nefndarálit [645. og 697. mál]

um frv. til l. um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins og frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málin og fengið á sinn fund Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Sonju Ýri Þorbergsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Valgerði Rún Benediktsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Tryggva Axelsson og Þórunni Önnu Árnadóttur frá Neytendastofu, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins og Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði Íslands. Nefndinni bárust umsagnir um málin frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi löggiltra endurskoðenda, Kauphöll Íslands, Neytendastofu, ríkislögreglustjóra, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík og Viðskiptaráði Íslands. Nefndinni bárust einnig álit frá samgöngunefnd og umhverfisnefnd.

Heildarlög um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópusambandsins (645. mál).

Með frumvarpi til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins er lagt til að innleidd verði í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006, þ.e. svokölluð þjónustutilskipun. Hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009. Sambærilegt frumvarp var lagt fram á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu (277. mál).

Tillaga Evrópusambandsins um þjónustutilskipun var fyrst lögð fram í janúar 2004 en hún varð mjög umdeild, einkum vegna ákvæða um heilbrigðisþjónustu og vinnurétt sem voru þá hluti af tillögunni. Svonefnd upprunalandsregla hennar var einnig mjög umdeild en óttast var að hún fæli í sér félagsleg undirboð. Samkvæmt upprunalandsreglunni giltu um veitanda þjónustu reglur þess lands sem hann hafði staðfestu í en ekki landsins þar sem þjónustan var veitt. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði fram nýja tillögu án ákvæða um heilbrigðisþjónustu og vinnurétt auk þess sem gerðar voru miklar breytingar á upprunalandsreglunni. Sú tilskipun var samþykkt 2006 og líkt og fyrr er getið tekin upp í EES-samninginn 9. júní 2009.

Í þjónustutilskipuninni er kveðið á um ákveðinn ramma þar sem reglur Evrópuréttar um veitingu þjónustu eru útfærðar en ákvæði tilskipunarinnar víkja fyrir ákvæðum annarra tilskipana. Frumvarpið er því almenns eðlis og víkja ákvæði þess fyrir sérlögum. Ýmis svið eru undanþegin gildissviði frumvarpsins eins og fram kemur í 2. gr. Gerður er greinarmunur á því hvort veitandi þjónustu hefur staðfestu á Íslandi (III. kafli) eða þjónusta er veitt án staðfestu hér á landi (IV. kafli). Áðurgreind upprunalandsregla á aðeins við þegar þjónusta er veitt án staðfestu. Sú krafa er gerð í tilskipuninni að öll leyfisferli séu eins einföld og kostur er. Einnig er ákvæði þess efnis að óheimilt sé að setja ákveðin skilyrði fyrir því að þjónusta sé veitt í tilteknu landi. Hvert og eitt ráðuneyti hefur því farið yfir ferli við leyfisveitingar og eru niðurstöður þeirrar vinnu í frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins (697. mál) sem verður fjallað um síðar í áliti þessu. Samkvæmt tilskipuninni skulu þjónustuveitendur eiga þess kost að sækja með rafrænum hætti um leyfi til að stunda starfsemi sína og geta fengið svör frá viðkomandi yfirvöldum með rafrænum hætti. Þá hvílir sú skylda á þjónustuveitendum að hafa ákveðnar upplýsingar aðgengilegar fyrir neytendur auk þess sem aðildarríkin skulu sjá til þess að löggjöf á ákveðnum sviðum verði breytt til að hún samræmist tilskipuninni. Til að ná markmiðinu um aukið flæði þjónustu hefur Evrópusambandið komið upp sérstöku evrópsku upplýsingakerfi (e. internal market information system) sem er ætlað að auðvelda lögbærum yfirvöldum ólíkra landa að hafa samskipti sín á milli. Samvinna stjórnvalda er einnig mikilvæg til að tryggja eftirlit með þjónustuveitendum.

Við umfjöllun ríkisstjórnarinnar um þjónustutilskipunina samþykkti hún sérstaka yfirlýsingu, þ.e. fyrirvara, sem leiðir til þess að gildistökugrein frumvarpsins er nú mjög ítarleg eins og má sjá í nokkrum töluliðum 2. gr. þar sem margs konar þjónustusvið eru undanskilin gildissviði tilskipunarinnar. Fyrirvarinn er svohljóðandi: „Við upptöku þjónustutilskipunarinnar (2006/123/EB) í EES-samninginn er minnt á af hálfu Íslands að tilskipunin hefur m.a. ekki áhrif á ráðningarskilmála og -skilyrði, samskipti milli aðila vinnumarkaðarins, réttinn til þess að semja um og ganga frá kjarasamningum og grundvallarréttindi, svo sem verkfallsréttinn og réttinn til að grípa til aðgerða á vinnustað. Þjónustutilskipunin hefur ekki áhrif á vinnulöggjöf eða þríhliða samvinnu verkalýðsfélaga, vinnuveitenda og stjórnvalda. Af Íslands hálfu er lögð áhersla á að hin víðtæka samstaða meðal Íslendinga um að gera áætlanir um aðgerðir, svo og viðeigandi ráðstafanir, sem miða að því að standa vörð um réttindi inn-

lendra og útlendra starfsmanna og góðan aðbúnað á vinnustöðum, stríði ekki gegn þjónustutilskipuninni. Þær ráðstafanir geta m.a. náð yfir skilvirkt kerfi um almenna beitingu kjarasamninga og innleiðingu sameiginlegrar ábyrgðar verktaka og undirverktaka til þess að tryggja að réttindi vinnandi fólks séu virt. Af Íslands hálfu er lögð áhersla á að það verði áfram á valdsviði innlendra yfirvalda – á öllum stigum stjórnsýslunnar, ríkisvalds og sveitarstjórna – að ákvarða í hvaða mæli hið opinbera skuli veita þjónustu, hvernig hún skuli skipulögð og fjármögnuð og hvaða sérstöku kvaðir skuli gilda um slíka opinbera þjónustu.“

Í 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er til að mynda kveðið á um að lögin gildi ekki um „þjónustu í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga“ (e. non-economic services of general interest). Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að hugtakið sé samtvinnað þjónustuhugtakinu eins og það er skilgreint í 37. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, þar sem kveðið er á um að með þjónustu í samningnum sé átt við þjónustu sem að jafnaði er veitt gegn þóknun. Af þessu er talið leiða að til að falla undir hugtakið „þjónusta“ verður þjónusta að vera af efnahagslegum toga en það verður að meta í hvert skipti fyrir sig hvort svo sé. Hugtakið „þjónusta í almannaþágu sem ekki er af efnahagslegum toga“ telst því ekki þjónusta samkvæmt skilgreiningu 37. gr. EES-samningsins og fellur því ekki undir gildissvið ákvæða frumvarpsins. Verði frumvarpið að lögum mun það ekki hafa áhrif á þjónustu í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga. Hugtakið hefur hvorki verið skilgreint í Evrópurétti né íslenskum rétti. Í handbók sem fylgdi þjónustutilskipuninni segir að meta verði í hverju tilfelli fyrir sig, í ljósi dóma Evrópudómstólsins, hvort þjónusta telst af efnahagslegum toga eða ekki. Dómstóllinn hefur þó ekki þróað skilgreiningu á hugtakinu en við skilgreiningu þess ber að horfa til fyrirvara Íslands við tilskipunina, sem getið er að framan. Við matið á því hvort að þjónusta er „af efnahagslegum toga“ má líta til þess hvernig hún er fjármögnuð. Þar skiptir hugtakið „þóknun“ töluverðu máli en Evrópudómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að einkenni þóknunar sé að hún teljist vera endurgjald fyrir þá þjónustu sem um ræðir. Þá hefur dómstóllinn slegið því föstu að þjónusta sé ekki efnahagsleg ef hún er fjármögnuð af hinu opinbera en ekki neytendum. Sem dæmi um þetta má nefna að dómstóllinn hefur úrskurðað að þjónusta sem veitt er í opinbera menntakerfinu sé ekki þjónusta í skilningi sáttmálans, jafnvel þó að nemendur greiði ákveðin gjöld, svo fremi að gjöldin standi ekki undir meginfjármögnun þjónustuveitandans.

Í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. er kveðið á um að reglur laganna gildi ekki um „markaðsvæðingu þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, hvort sem hún er í höndum opinberra aðila eða einkaaðila né einkavæðingu opinberra aðila sem veita þjónustu“ (e. services of general economic interest). Þetta hugtak hefur hvorki verið skilgreint í Evrópurétti né íslenskum rétti. Að sama skapi hefur Evrópudómstóllinn ekki þróað skilgreiningu á hugtakinu, heldur eingöngu tekið afstöðu til þess í einstökum málum, en við túlkun hugtaksins ber að horfa til fyrirvara Íslands við tilskipunina, sem getið er að framan. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að í vinnuskjali framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 7. desember 2010 sé að finna leiðbeiningar um beitingu Evrópureglna um ríkisaðstoð, opinber innkaup og innri markaðinn, gagnvart þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Þar er bent á að gildissvið og skipulag þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu sé mismunandi eftir ríkjum og að sú þjónusta sem falli undir hugtakið sé því mjög fjölbreytt og ráðist af sögulegum, landfræðilegum, félagslegum og menningarlegum þáttum. Það sé því ekki á forræði framkvæmdastjórnarinnar að skilgreina hvað teljist vera þjónusta í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu heldur sé það á forræði ríkjanna sjálfra að skilgreina eðli hennar og gildissvið. Í ljósi þessa

er þjónusta í almannaþágu þjónusta sem hefur einhvers konar efnahagslegan tilgang en er engu síður þjónusta sem stjórnvöld telja nauðsynlega í samfélagslegu tilliti, óháð því hvort það er nægur hvati til staðar fyrir aðila á frjálsum markaði til að veita slíka þjónustu.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í 5. mgr. 2. gr. er mælt fyrir um að ráðherra kveði nánar á um gildissvið í reglugerð. Meiri hlutinn leggur til breytingu á greininni í þá veru að kveðið verði á um gildissviðið í frumvarpinu þannig að þar verði taldar upp þær EES-gerðir sem hafa verið teknar upp í íslensk lög og lúta að aðgengi að þjónustu eða veitingu hennar. Til skýringar er lagt til breytt orðalag 2. mgr. 8. gr. Þar er mælt fyrir um að óheimilt sé að binda leyfi fyrir nýrri starfsstöð sömu skilyrðum eða eftirliti og þjónustuveitandi hefur þegar þurft að sæta á Íslandi eða í öðru EES-ríki. Í athugasemdum við greinina kemur fram að óheimilt sé að binda leyfi fyrir nýrri starfsstöð í meginatriðum sambærilegum skilyrðum eða eftirliti og veitandi þjónustu hafi þurft að undirgangast áður. Meiri hlutinn leggur til breytt orðalag til samræmis við orðalag athugasemda með frumvarpinu enda samræmist það betur tilgangi tilskipunarinnar um einfaldari málsmeðferð. Nokkrar breytingar eru lagðar til á 16. gr. Lagt er til breytt orðalag í 1. mgr. þannig að mælt verði fyrir um að tryggt skuli að viðtakendur þjónustu fái þær upplýsingar sem þar eru taldar upp. Einnig er lögð til lagfæring á 3. tölul. 1. mgr. í þá veru að vísa til Evrópunets neytendamiðstöðva í stað evrópsku neytendaaðstoðarinnar. Þá er lagt til að við 16. gr. bætist ný málsgrein svo að skýrt sé að Neytendastofa muni hafa það hlutverk að aðstoða viðtakendur þjónustu.

Breyting ýmissa laga vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins (697. mál).

Með þessu frumvarpi eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum vegna krafna sem eru gerðar í tilskipuninni um að aðildarríkin fari yfir öll leyfisferli og geri þau eins einföld og kostur er. Lagðar eru til breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, lögum um verslunaratvinnu, lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, lögum um bókhald, lögum um endurskoðendur, húsaleigulögum, lögum um bílaleigur og vopnalögum. Samkvæmt tilskipuninni er aðildarríkjunum óheimilt að setja ákveðin skilyrði fyrir veitingu leyfa en kveðið er á um ákveðna málsmeðferð við leyfisveitingu. Breytingarnar sem lagðar eru til miða einkum að því að skilyrði um búsetu nái ekki til ríkisborgara og lögaðila innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu né ríkisborgara og lögaðila í Færeyjum. Meiri hlutinn leggur til að gerðar verði lagfæringar á 3. og 8. gr.

Verði frumvörpin að lögum felst í því talsvert hagræði fyrir veitendur þjónustu sem munu búa við einfaldara ferli við að öðlast leyfi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sett sé upp upplýsinga- og þjónustuveita þar sem veitendur þjónustu geta sótt um öll leyfi til að stunda starfsemi sína með rafrænum hætti og fengið rafræn svör frá leyfisveitendum. Er það veitendum þjónustu til töluverðs hagræðis enda er þá ekki lengur þörf á að fara t.d. á marga staði heldur geta öll samskipti farið fram á einum stað með rafrænum hætti. Umrætt vefsvæði hefur verið í vinnslu á vegum island.is og verður opnað verði frumvarpið að lögum. Þá eru einnig settar takmarkanir á þau skilyrði sem leyfisveitendum er heimilt að setja fyrir veitingu leyfa og kveðið á um gildistíma leyfa. Í frumvarpinu eru einnig settar fram reglur um málsmeðferð við leyfisveitingar og m.a. kveðið á um að þeir frestir sem leyfisveitendur hafa til að veita leyfi séu fastsettir og að berist svar ekki innan tímafrest skuli líta svo á að leyfi sé veitt. Allt er þetta veitendum þjónustu til einföldunar og hagræðis.

Í lagasetningunni felst einnig nokkurt hagræði fyrir viðtakendur þjónustu. Í frumvarpinu er t.d. kveðið á um að óheimilt sé að mismuna viðtakendum þjónustu á grundvelli þjóðernis eða búsetu og þjónustuveitendum gert skylt að hafa ákveðnar upplýsingar um sig og þjónustu sína aðgengilegar fyrir viðtakendur. Þá er einnig kveðið á um að viðtakendur þjónustu geti fengið upplýsingar um veitendur þjónustu í öðrum aðildarríkjum, þ.m.t. hvaða reglur gildi og hvaða kröfur sé unnt að gera, sem og upplýsingar um ferli til að leysa úr ágreiningi o.s.frv.

Meiri hlutinn leggur til að frumvörpin verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 26. maí 2011.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Valgerður Bjarnadóttir.
Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Margrét Tryggvadóttir.

1555. Breytingartillögur [645. mál]

við frv. til l. um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁI, MSch, VBj, LRM, ÞSveinb, MT).

1. 5. mgr. 2. gr. orðist svo:
   Stangist ákvæði laga þessara á við ákvæði í lögum eða reglum sem settar hafa verið vegna innleiðingar EES-reglna í íslensk lög og lúta að aðgengi að þjónustu eða veitingu hennar ganga þau framar lögum þessum. Það á við um innleiðingu eftirfarandi EES-gerða:
   1. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu,
   2. reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja,
   3. tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur,
   4. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.
2. 2. mgr. 8. gr. orðist svo:
   Óheimilt er að binda leyfi fyrir nýrri starfsstöð jafngildum eða í meginatriðum sambærilegum skilyrðum eða eftirliti og þjónustuveitandi hefur þegar þurft að undirgangast á Íslandi eða í öðru EES-ríki.
3. Við 16. gr.
   a. Inngangsmálsliður 1. mgr. orðist svo: Tryggja skal að viðtakendur þjónustu geti fengið eftirfarandi upplýsingar á Íslandi.

b. Í stað orðanna „evrópsku neytendaaðstoðina“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: Evrópunet neytendamiðstöðva.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Neytendastofa annast aðstoð við viðtakendur þjónustu samkvæmt þessari grein.

1556. Breytingartillögur [697. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁI, MSch, VBj, LRM, ÞSveinb, MT).

1. Við b-lið 3. gr. bætist: og lögaðila í Færeyjum.
2. 8. gr. orðist svo:
Í stað orðanna „verður að“ í 1. málsl. 13. gr. a, 1. málsl. 13. gr. b, 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. c og 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. d laganna kemur: skal; við 4. tölul. 13. gr. a, 4. tölul. 13. gr. b, 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. c og 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. d bætist: eða; og við 13. gr. a, 13. gr. b, 1. mgr. 13. gr. c og 1. mgr. 13. gr. d bætist nýr töluliður, svohljóðandi: ekki hafa verið sviptur löggildingu Brunamálastofnunar til rafvirkjunarstarfa síðustu tólf mánuði.

1557. Fyrirspurn [850. mál]

til umhverfisráðherra um yfirgefin og illa hirt hús og sameiningu lóða í miðbæ Reykjavíkur.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

1. Telur ráðherra ástæðu til að grípa til lagasetningar eða annarra aðgerða til að bregðast við fjölda yfirgefinna og illa hirtra húsa í miðbæ Reykjavíkur?
2. Hver er afstaða ráðherra til sameiningar lóða í miðbæ Reykjavíkur?

Skriflegt svar óskast.

1558. Fyrirspurn [851. mál]

til innanríkisráðherra um gamalt húsnæði.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

1. Hvert er hlutfall íbúðarhúsnæðis á Íslandi sem byggt var árið 1918 eða fyrr?
2. Hversu hátt hlutfall alls húsnæðis á Íslandi var byggt árið 1918 eða fyrr í fermetrum talið?

Skriflegt svar óskast.

1559. Fyrirspurn [852. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um framleiðslu áburðar á Íslandi.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

Hefur hagkvæmni, þ.m.t. þjóðhagsleg hagkvæmni, þess að auka framleiðslu áburðar á Íslandi verið könnuð á undanförnum tveimur árum?

Skriflegt svar óskast.

1560. Fyrirspurn [853. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um eyðibýli.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

1. Hversu mörg eyðibýli hafa verið rifin, brennd eða fjarlægð með öðrum hætti frá byrjun árs 1990 til dagsins í dag?
2. Á hvaða jörðum og hvenær voru hús fjarlægð á umræddu árabili?

1561. Nefndarálit [579. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum (skrotóbak).

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Fenger og Laufeyju Helgu Guðmundsdóttur frá velferðarráðuneytinu, Viðar Jensson frá embætti landlæknis, Ívar J. Arndal og Svein Víking Árnason frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og Atla Kristjánsson hjá Rolf Johansen & co.

Þá bárust umsagnir frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Fræðslu og forvörnum, Krabbameinsfélagi Íslands, landlækni, Landspítala, Lýðheilsustöð, Læknafélagi Íslands, ríkislögreglustjóra, Rolf Johansen & co. ehf., tollstjóranum í Reykjavík og Viðskiptaráði Íslands.

Markmið frumvarpsins er að draga úr neyslu á reyklausu tóbaki og banna innflutning, framleiðslu og sölu á skrotóbaki, en það hefur ekki verið til sölu á Íslandi síðastliðin ár. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að neysla reyklauss tóbaks hefur aukist á meðal ungs fólks og þá sérstaklega notkun neftóbaks í munn í hópi ungra karlmanna.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að tóbaksframleiðendur leggja aukna áherslu á markaðssetningu á reyklausu tóbaki sem blandað er bragð- og lyktarefnum öðrum en þeim sem notuð eru í hefðbundna tóbaksframleiðslu. Í tóbaksplöntunni er nikótín sem er ávanabindandi fíkniefni og er í öllu tóbaki, hvort sem um er að ræða reyktóbak eða reyklaust tóbak og ávanabinding og nikótínfíkn er því óháð því hvernig inntakan fer fram. Reyklaust tóbak er heilsuspillandi eins og fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós og meðal annars fylgir notkuninni aukin hætta á krabbameini í munni. Stóraukin sala ÁTVR á grófkorna íslenska neftóbakinu styrkir niðurstöðu kannana sem benda til þess að ungir karlmenn noti í auknum mæli reyklaust tóbak og að þeir noti neftóbakið sem munntóbak. Bragð- og lyktarbætt grófkorna neftóbak hefur ekki verið fáanlegt hér á landi fram til þessa og eðlilegt að koma í veg fyrir markaðssetningu slíkra vörutegunda sem sérstaklega er beint að unglingum eða ungu fólki. Með bragð- og lyktarbæti er hér átt við efni sem draga úr tóbaksbragði, svo sem íblöndun ávaxtabragðs eða myntu. Jafnframt er mikilvægt að koma í veg fyrir vöruþróun þeirra vara sem nú þegar eru á markaði í þessa átt.

Aðeins ein tegund af neftóbaki er seld hér á landi, íslenska neftóbakið sem ÁTVR framleiðir. Var á það bent í umsögnum að líta megi svo á að það neftóbak sem ÁTVR framleiðir sé í raun bragðbætt þar sem salti, ammoníaki og pottösku er blandað við tóbakslaufin, meðal annars til rotvarnar. Þar sem salt er skilgreint sem bragðefni upp að vissu marki er því ljóst að b-liður frumvarpsins bannar í raun framleiðslu og sölu þess en var það ekki ætlunin með frumvarpinu. Við umfjöllun nefndarinnar var því skoðað hvort hægt væri að koma í veg fyrir markaðssetningu bragð- og lyktarblandaðs neftóbaks með öðrum hætti og var það meðal annars athugað í samráði við ÁTVR og embætti landlæknis. Niðurstaðan var sú að eðlilegra væri að ÁTVR hefði heimild til að hafna vörum sem sérstaklega eru markaðssettar fyrir ungt fólk. Nú er til umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd þingsins frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak (703. mál, þskj. 1222). Í því frumvarpi er kveðið á um heimild ÁTVR til að hafna áfengri vöru ef hún inniheldur til að mynda gildishlaðnar og ómálefnalegar upplýsingar, sérir blygðunarkennd, gefur til kynna að áfengi auki líkamlega, andlega, félagslega eða kynferðislega getu eða brjóti á annan hátt í bága við almennt velsæmi. Að mati

meiri hlutans er nauðsynlegt að slíkt heimildarákvæði nái einnig yfir vöruval á tóbaki og hvetur meiri hlutinn til að slíkri heimild verði bætt inn í frumvarpið. Ef það er gert er ljóst að ÁTVR mun hafa þá heimild sem nauðsynleg er til að hafna tóbaksvörum sem er sérstaklega beint að ungu fólki með tilliti til bragð- og lyktarefna, útlits, stærðar og lögunar umbúða, heiti vöru og markaðssetningu og framsetningu hennar að öðru leyti. Að mati meiri hlutans er eðlilegt að slíkt ákvæði verði í lögum um verslun með áfengi og tóbak en ekki í lögum um tóbaksvarnir. Til að hnykkja á mikilvægi þess að unnið sé gegn óæskilegri tóbaksnotkun ungs fólks leggur nefndin til breytingar á 1. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, þannig að markmið laganna verði einnig að vinna gegn tóbaksnotkun ungs fólks og takmarka framboð á tóbaksvörum sem sérstaklega er ætlað að höfða til þess.

Á Íslandi hefur mikill árangur náðst af tóbaksvarnastarfi samkvæmt niðurstöðum kannana um tíðni reykinga. Í könnunum Rannsóknar og greiningar við Háskólann í Reykjavík kemur í ljós að hlutfall nemenda í 10. bekk grunnskóla sem reykja daglega var 7% árið 2010 samanborið við 12% árið 2004. Þessum árangri hefur verið náð með öflugu forvarnastarfi sem styðst við heildstæða löggjöf. Það er því miður að undanfarin ár hefur neysla munntóbaks aukist, einkum meðal ungra karlmanna. Í mælingum sem Lýðheilsustöð hefur látið gera kemur í ljós að stórt hlutfall ungra karlmanna notar tóbak í vörina. Um það bil fimmti hver piltur á aldrinum 16–23 ára segist nota tóbak í vörina og 15% gera það daglega. Samkvæmt sömu mælingum segjast um 80% þeirra sem nota tóbak í munn eingöngu nota íslenska neftóbakið.

Enginn einn þáttur tóbaksvarna hefur eins mikil áhrif og verðlagning tóbaks skv. 1. tölul. 6. gr. Rammasamnings Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Með háu verði á tóbaksvörum er dregið úr reykingum og annarri tóbaksnotkun. Þetta á sérstaklega við um ungt fólk sem hefur oftast of litlar tekjur til að standa undir mikilli tóbaksnotkun.

Að mati meiri hlutans þarf að beita öllum tiltækum ráðum sem byggjast á gagnreyndri þekkingu í baráttunni við að ungt fólk hefji tóbaksnotkun. Auk þess að hækka verð þarf að gera löggjöf skýrari, takmarka aðgengi ungs fólks að tóbaki, bæta viðvörunarmerkingar á tóbaksvörum og byggja ofan á öflugt fræðslu- og forvarnastarf á sviði tóbaksvarna. Fjölmörg verkefni hafa verið unnin á sviði tóbaksvarna sem miða sérstaklega að því að koma í veg fyrir að ungt fólk hefji neyslu tóbaks. Nýleg dæmi um þetta eru verkefnin Tóbakslausir framhaldsskólar og Tóbakslausir grunnskólar. Sum verkefnanna hafa verið í gangi um árabil og gengið ágætlega. Má þar nefna Evrópuverkefnið Reyklaus bekkur en allt að 70% sjöundu og áttundu bekkja í grunnskólum landsins hafa tekið þátt í því síðustu 12 ár. Meiri hlutinn áréttar að það er nauðsynlegt að ráðast í frekari aðgerðir og hvetja alla til samvinnu um að sporna við þeirri óheillaþróun sem aukin neysla munntóbaks meðal ungra karlmanna er. Ungt fólk byrjar einkum að nota tóbak fyrir tilstuðlan hópþrýstings og fyrirmynda. Í sumar mun landlæknisembættið ásamt öðrum hagsmunaaðilum efna til vitundarvakningar í baráttunni gegn munntóbaksneyslu og er sjónum einkum beint að þeirri ábyrgð sem fyrirmyndir bera gagnvart börnum og unglingum.

Ísland staðfesti „Rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir“ 14. júní 2004 en í 2. tölul. 4. gr. kemur fram að nauðsynlegt er að fyrir hendi sé öflug pólitísk samstaða um að þróa og styðja, á innlendum, svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi, heildstæðar ráðstafanir sem taka til fjölmargra málaflokka og samræma viðbrögð, þar sem tekið er tillit til þess annars vegar að gera þurfi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að menn noti tóbak og hins vegar að vinna að því að menn hætti eða dragi úr neyslu tóbaks í hvaða formi sem er. Í 2. tölul. 5. gr. kemur jafnframt fram að aðilar samningsins skulu samþykkja

og koma í framkvæmd skilvirkum lögum, reglum, stjórnsýsluákvæðum og/eða öðrum ráðstöfunum og vinna, í samvinnu við aðra aðila og eftir því sem við á, að undirbúningi viðeigandi stefnumála til að koma í veg fyrir og draga úr tóbaksneyslu, nikótínfíkn og óbeinum reykingum.

Efni samningsins gefur tilefni til að skoða þurfi ný úrræði í lagasetningu til að vernda kynslóðir framtíðarinnar fyrir afleiðingum tóbaksnotkunar. Meiri hlutinn beinir því til efnahags- og skattanefndar að bæta inn í frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak heimild til handa ÁTVR til að takmarka vöruval á tóbaki sem sérstaklega er beint að ungu fólki.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir 2. mgr. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Vinna skal gegn tóbaksnotkun ungs fólks og takmarka framboð á tóbaksvörum sem sérstaklega er ætlað að höfða til þess.
2. Efnismálsgrein b-liðar 1. gr. orðist svo:
   Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er heimilt að hafna neftóbaksvörum sem er sérstaklega beint að ungu fólki með tilliti til bragð- og lyktarefna, útlits, stærðar og lögunar umbúða, heitis vöru og markaðssetningar og framsetningar hennar að öðru leyti. Ráðherra getur sett reglugerð um vöruval, innkaup og framleiðslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á tóbaki.
3. 2. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. október 2011.

Alþingi, 26. maí 2011.

Þuríður Backman, form., frsm.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.	Oddný G. Harðardóttir.

1562. Fyrirspurn [854. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um samskipti Seðlabanka Íslands við Moody's.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hver voru samskipti Seðlabankans við matsfyrirtækið Moody's frá 23. febrúar til 9. apríl sl.?

Skriflegt svar óskast.

1563. Fyrirspurn [855. mál]

til innanríkisráðherra um fangelsi á Hólmsheiði.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hver útbjó útboðsgögn fyrir byggingu fangelsis á Hólmsheiði?
2. Hvað er hlutur íslenskra arkitekta stór í þeirri vinnu sem er lokið?
3. Hver er staðan á málinu og hvenær er gert ráð fyrir að fangelsið verði tekið í notkun?

1564. Fyrirspurn [856. mál]

til innanríkisráðherra um kostnað ríkissjóðs við fangaflutninga.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs við fangaflutninga innan lands sl. 10 ár, sundurliðað eftir árum?
2. Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs við fangaflutninga til annarra landa sl. 10 ár, sundurliðað eftir árum?
3. Hvernig skiptist kostnaðurinn eftir tegundum flutninga, sundurliðað eftir flutningsleiðum?

Skriflegt svar óskast.

1565. Fyrirspurn [857. mál]

til velferðarráðherra um umönnunarbætur.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Kemur til greina af hálfu ráðherra að beita sér fyrir því að umönnunarbótum verði skipt á milli foreldra ef þeir fara sameiginlega með forræði?
2. Ef svo er, mun ráðherra beita sér í því og þá hvernig? Ef ekki, af hverju ekki?

Skriflegt svar óskast.

1566. Fyrirspurn [858. mál]

til velferðarráðherra um endurbætur á húsnæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Af hverju hefur ekki verið hafist handa um endurbætur á húsnæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi þrátt fyrir fjárveitingar upp á 90 millj. kr. árið 2010 og 62 millj. kr. árið 2011 til endurbóta á eldra húsnæði?

Skriflegt svar óskast.

1567. Fyrirspurn [859. mál]

til velferðarráðherra um breytingar á sjúkrahúsinu á Húsavík.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Af hverju hefur ekki verið hafist handa um breytingar á sjúkrahúsinu á Húsavík þrátt fyrir 50 millj. kr. framlag til verksins í fjárlögum 2010 og 15 millj. kr. framlag í fjárlögum 2011?

Skriflegt svar óskast.

1568. Þingsályktun [544. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2010 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 27. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 914.

1569. Þingsályktun [545. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2009 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 27. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 915.

1570. Lög [533. mál]

um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

(Afgreidd frá Alþingi 27. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1515.

1571. Tillaga til þingsályktunar [860. mál]

um aðgerðaáætlun um tóbaksvarnir.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Þuríður Backman, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Margrét Tryggvadóttir, Álfheiður Ingadóttir,
Ólína Þorvarðardóttir, Eygló Harðardóttir.

Alþingi ályktar að fela velferðarráðherra að vinna 10 ára aðgerðaáætlun um tóbaksvarnir þar sem einn liðurinn verði að sala á tóbaki verði takmörkuð við apótek.

Greinargerð.

Meginmarkmið aðgerðaáætlunarinnar er að koma í veg fyrir að ungmenni ánetjist tóbaki og að minnka þannig nýliðun reykingamanna.

Aðaláhersla áætlunarinnar verður á forvarnir og að ungmenni byrji ekki að reykja þó að einnig sé lögð áhersla á að þeir sem hafa byrjað að reykja hætti því. Aðgerðirnar beinast ekki gegn reykingafólki. Þeir sem reykja og geta ekki, eða vilja ekki, hætta fá aðgengi að tóbaki háð ákveðnum skilyrðum eftir að tóbak hefur verið tekið úr almennri sölu. Aðgengi að tóbaki yrði takmarkað í áföngum á tímabilinu. Sölu yrði hætt í þrepum, svo sem í nálægð skóla, í matvöruverslunum, söluturnum, á bensínstöðvum o.s.frv. Þannig yrði tóbak einungis selt í apótekum í lok tímabilsins.

Aðgerðaáætlunin miðar að því að ná enn frekari árangri í baráttunni gegn tóbaksnotkun en þegar hefur náðst með samræmdum vinnubrögðum. Ef áætlunin nær fram að ganga ætti það að heyra til undantekninga að Íslendingar neyti tóbaks að 10 árum liðnum.

Flutningsmenn sætta sig ekki við að tóbakssjúkdómar dragi um 300 Íslendinga til dauða árlega, þar af 20–30 vegna óbeinna reykinga. Er þingsályktunartillagan lögð fram í því skyni að fækka markvisst dauðsföllum vegna reykinga og auka lífsgæði.

Markaðssetningu tóbaks er því miður enn beint að ungmennum og hana þarf að stöðva. Flutningsmenn telja óásættanlegt að 20% ungmenna um tvítugt reyki enn hérlendis og að 700 ungmenni skuli ánetjist tóbaki á Íslandi á ári. Ætla má að helmingur þessara ungmenna falli frá fyrir aldur fram vegna reykinga.

Lítið hefur verið fjallað um rétt barna og fóstra til reyklauss og tóbakslauss umhverfis en þann rétt verður samfélagið að tryggja. Um 10% þungaðra kvenna sem nota tóbak ná ekki að hætta notkun þess þrátt fyrir þungunina og stefna heilsu barna sinna með því í voða. Það eitt eru sterk rök fyrir því að taka ætti tóbak úr almennri sölu.

Reykingar valda samfélaginu fjárhagslegu tjóni sem árlega nemur tugum milljarða kr. af skattfé borgaranna. Flutningsmenn telja brýnt að þeir fjármunir nýtist í staðinn til góðra samfélagslegra verkefna.

Draga þarf skipulega úr aðgengi að tóbaki, huga að verðlagningu tóbaks, koma í veg fyrir notkun tóbaks þar sem það getur skaðað aðra, stöðva kynningu á tóbaki og auka aðstoð við þá reykingamenn sem vilja hætta. Fræðslu- og eftirlitsaðlila ætti að styrkja í störfum sínum á tímabilinu. Þá telja flutningsmenn rétt að tóbak verði skilgreint sem lyf og sem ávana- og fíkniefni. Tóbaksreykur verði skilgreindur sem krabbameinsvaldandi eiturefni og hættulegt efni og að um hann gildi lög og reglur sem við eiga um slík efni.

Við vinnslu þingsályktunartillögu þessarar var leitað ráða hjá tóbaksvarnahópi Læknafélags Íslands en hann skipa Kristján G. Guðmundsson, Sigríður Ólína Haraldsdóttir, Valgerður Rúnarsdóttir og Þórarinn Guðnason.

Hópurinn hefur það hlutverk að vinna með stjórnvöldum að næstu skrefum í tóbaksvörnum á Íslandi og byggir starf sitt á stefnu og aðgerðaáætlun Læknafélags Íslands í tóbaksvörnum.

Stefna og aðgerðaáætlun Læknafélagsins byggist á tillögum samþykktum á Tóbaksvarnaþingi 2009 en á það þing, sem um 100 manns sóttu, var boðið fulltrúum fjölmargra aðila úr þjóðfélaginu, svo sem úr heilbrigðis- og menntakerfinu, frá stjórnmálaflokkum, Alþingi, aðilum úr ráðuneytum, sveitarfélögum, íþróttahreyfingu, atvinnulífinu, verkalýðsfélögum, frjálsum félagasamtökum, nemendum, fulltrúum heilbrigðisstarfsfólks og aðila sem unnið hafa að tóbaks- og vímuefnavörnum, svo nokkrir séu nefndir.

Sjö meginþættir aðgerðaáætlunarinnar sem velferðarráðherra er falið að gera:

1. *Sölustöðum tóbaks fækkað, aðgengi minnkað og stigu stemmt við nýjum neysluformum.*
   - Ísland stefni að því að verða meðal fyrstu landa til að takmarka verulega aðgengi að tóbaki með því að taka það úr almennri sölu. Sölu í matvöruverslunum, söluturnum, á bensínstöðvum, í flugvélum og fríhöfnum verði hætt. Tóbak verði þá einungis selt í apótekum með sérstakt tóbakssöluleyfi. Sala þess ætti að vera háð strangari reglum en nú er enda um ávana- og fíkniefni að ræða og tóbaksreykur er í raun krabbameinsvaldandi eiturefni.
   - Að u.þ.b. 10 árum liðnum yrði salan í apótekum enn takmörkuð á þann hátt að eftir það yrði hún háð því að „tóbakslyfseðli“ sé framvísað. Tóbak yrði þannig aðgengilegt fyrir þá fáu tóbaksneytendur sem ekki geta eða ekki vilja hætta. Skilyrði þess að læknir eða aðrir sérþjálfaðir heilbrigðisstarfsmenn skrifi út tóbakslyfseðil verður að viðkomandi hafi sjúkdómsgreininguna tóbaksfíkn og að ákveðin meðferðarúrræði hafi verið reynd og brugðist. Nikótínlyf og tóbak verða þannig aðgengileg á viðráðanlegu verði fyrir fólk með staðfesta tóbaksfíkn sem ekki getur eða ekki vill hætta.
   - Aðrar og nýjar dreifingar- og söluleiðir á tóbaki verði óheimilar.
   - Verð á tóbakssöluleyfum hækki og þeim verði fækkað.
   - Aldur til að starfa við að selja tóbak fylgi áfengiskaupaaldri.
   - Aldur til að kaupa tóbak fylgi áfengiskaupaaldri.
   - Hindra þarf að nýjar tegundir eða form tóbaks nái að festa rætur, t.d. munntóbak. Breyta þarf lögum og reglugerðum þannig að innflutningur, framleiðsla og sala íslensks neftóbaks verði óheimil, á sama hátt og gildir um munntóbak eða fínkornótt neftóbak. Ekki er unnt að sitja hjá meðan notkun þessa forms tóbaks eykst hröðum skrefum enda skrifaði Ísland árið 2004 undir rammasamning Alþjóðaheilbrigðismála-

stofnunarinnar um tóbaksvarnir og skuldbatt sig til að hindra notkun nýrra neysluforma tóbaks. Neysla neftóbaks sem munntóbaks er nýtt neysluform og með tilliti til rammasamningsins ber að stemma stigu við því. Þetta tóbaksform er auk þess bannað víðast hvar í Evrópu. Nú hefur t.d. Skautafélagið Björninn bannað munntóbaksnotkun í starfi sínu.

2. Enn frekari takmörk við því hvar neyta má tóbaks.

- Stefna þarf að því að afnema reykingar á almannafæri. Verulegur árangur hefur náðst með því að fækka stöðum þar sem tóbaksneysla er leyfileg. Fá ár eru síðan reykt var í flugvélum, rútum og kvikmyndahúsum, athæfi sem væri óhugsandi í dag enda ástand sem fáir ef nokkrir vilja snúa til baka til. Þó að efasemdaraddir hafi heyrst þegar slíkar reglur hafa verið settar hefur fljótt náðst góð sátt um þær, einnig meðal langflestra reykingamanna. Áfram þarf að vinna að slíkum takmörkunum í góðri sátt landsmanna og að stíga næstu skref til að vernda þá sem ekki reykja.
- Reykingar verði óheimilar á lóðum opinberra bygginga, á gangstéttum, í almenningsgörðum og á baðströndum. Nefna má að nú þegar er t.d. bannað að reykja í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.
- Reykingar undir stýri verði, líkt og farsímanotkun, óheimilar og reykingar verði óheimilar í bílum þar sem eru börn undir 18 ára aldri.
- Reykingar verði óheimilar á svölum fjölbýlishúsa og opinberra bygginga. Þeir sem búa í fjölbýli beri ábyrgð á því að reykurinn berist ekki í íbúðir annarra eða í almennt rými. Vernda þarf starfsmenn sem enn eru útsettir fyrir óbeinum reykingum, svo sem fangaverði, starfsmenn vistheimila og þá sem þjóna í reykherbergjum, t.d. í flughöfn.
- Reykingar verði óheimilar í nærveru þungaðra kvenna og barna vegna eituráhrifa óbeinna reykinga.

3. Auglýsingar fjarlægðar og sýnileiki tóbaks minnkaður.

- Settar verði reglur um að tóbaksumbúðir verði einsleitar og ekki aðlaðandi í útliti, þ.e. einlitur brúnn pappír með heilsuviðvörun. Þannig væri spornað við markaðssetningu tóbaksfyrirtækjanna sem með útliti tóbaksvara tengja þær jákvæðum ímyndum, eins og æsku, hreysti, ríkidæmi, karlmennsku eða kvenleika.
- Ísland styðji alþjóðlegt starf sem stuðlar að því að takmarka enn frekar auglýsingar á tóbaki, t.d. í sjónvarpsútsendingum og tímaritum.
- Rannsóknir sýna að reykingar í kvikmyndum og á leiksviði stuðla að tóbaksnotkun líkt og auglýsingar og ýta undir að ungt fólk líti á reykingar sem eðlilega eða æskilega hegðun. Því er óæskilegt að leikarar reyki í íslenskum bíómyndum og á leiksviðum og ætti að setja tilmæli um að draga úr því í lög eða reglugerð. Leikrit og kvikmyndir sem reykt er í ættu ekki að fá opinbera styrki eða annan stuðning af skattfé. Þetta er ekki gert til að hindra listrænt frelsi eða tjáningu heldur til að sporna við þekktum aðferðum tóbaksframleiðenda við óbeinar auglýsingar á tóbaki.
- Vinna þarf gegn því að tóbaksneysla sé sýnd sem æskileg eða ásættanleg hegðun hvarvetna í þjóðfélaginu.

4. *Efnahagslegar aðgerðir.*

- Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) leiðir hækkun á útsöluverði tóbaks til minni tóbaksnotkunar. Hækkun um 10% veldur 4–8% minnkun á neyslu. Verðhækkanir hérlendis frá 2008 og fleiri aðgerðir hafa skilað því að tíðni reykinga

meðal fullorðinna Íslendinga (15–89 ára) hefur lækkað úr 20% árið 2007 í rúm 14% árið 2010 samkvæmt könnun Lýðheilsustöðvar. Útsöluverð á tóbaki ætti því að hækka um 10% á ári að raungildi þar til það verður tekið úr almennri sölu. Tóbak ætti þó ekki hækka meira en svo að það standi undir samfélagslegum kostnaði við tóbaksneysluna. Reiknað verði út hver sá kostnaður er á vegum óháðra aðila.
- Tóbak ætti að taka út úr vísitölugrunni svo það hafi ekki áhrif framfærslugrunn, lán heimilanna og fleira.
- Eftir að tóbak verður tekið úr almennri sölu yrði það selt gegn tóbakslyfseðli á viðráðanlegu verði (nálægt kostnaðarverði).
- Alþingi feli óháðum aðila eða stofnun að gera úttekt á hvaða lögaðilar aðrir en ríkið hagnist á sölu og dreifingu tóbaks. Þá verði kannað hvort þeir lögaðilar beri efnahagslega ábyrgð á kostnaði samfélagsins af afleiðingum tóbaksneyslu.
- Kannað verði hvort íslensk stjórnvöld eigi lagalegan rétt á að krefja tóbaksframleiðendur um endurgreiðslur samfélagskostnaðar sem hlýst af tóbaksneyslu, líkt og stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa gert.
- Lyf við tóbaksfíkn, notuð sem hluti af virkri meðferð, ætti að niðurgreiða af Sjúkratryggingum Íslands. Að minnsta kosti ætti til að byrja með að bjóða vissum hópum upp á niðurgreiðslu lyfja til að hætta reykingum. Má þar nefna hjartasjúklinga, lungnasjúklinga, konur á barneignaraldri, unglinga sem reykja og einstaklinga í ýmsum áhættuhópum. Síðar ætti að bjóða öllum slíkar niðurgreiðslur. Skoða ætti kosti og galla þess að nikótínlyf yrðu einungis seld í apótekum að 10 árum liðnum þegar tóbak væri einungis selt þar.

5. Skilgreiningar og flokkun tóbaks og nikótíns að lögum.
- Nikótín og tóbak verði skilgreind sem lyf samkvæmt lögum. Skoðað verði hvort skilgreina ætti tóbak eins og nikótín, þ.e. sem lyf sem þeir geta þurft á að halda sem ekki geta hætt tóbaksnotkun í framtíðinni. Þá færi tóbak í ferli hjá Lyfjastofnun og öðrum þar til bærum yfirvöldum eins og önnur lyf, til mats á gagnsemi, fylgikvillum og áhættu af notkun.
- Nikótín og tóbak verði skilgreind sem ávana- og fíkniefni í lögum.
- Tóbak og tóbaksreykur verði flokkuð sem eiturefni og hættuleg efni, einkum með tilliti til umhverfisáhrifa óbeinna reykinga á menn. Þessi efni ættu, eins og önnur krabbameinsvaldandi efni og eiturefni, að falla undir lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum, og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Varðandi umhverfisáhrif tóbaksreyks á menn má benda á að talið er að í Bandaríkjunum valdi óbeinar reykingar, þ.e. umhverfismengun frá tóbaki, 8–10% dauðsfalla sem verða vegna reykinga. Miðað við þær tölur má ætla að um 20–30 einstaklingar látist úr óbeinum reykingum hér á landi á ári hverju. Þessar tölur sýna skýrt að tóbaksreykur hefur margfalt meiri áhrif en ýmis önnur umhverfismengun, t.d. sú díoxínmengun frá sorpbrennslum sem fengið hefur mikla athygli hér á landi undanfarið.

6. Eftirlit, skipulag og valdheimildir yfirvalda í tóbaksvörnum.
- Skýrt verði kveðið á um það í lögum að innflutningur, framleiðsla og öll umsýsla tóbaks verði einungis á hendi ÁTVR.
- Smásala tóbaks verði eingöngu á hendi apóteka og háð sérstökum leyfum.

- Endurskoða þarf refsingar varðandi brot á lögum um bann á tóbaksauglýsingum og vegna brota er varða ólöglega dreifingu og sölu tóbaks.
- Tryggja þarf að rekstrarleyfi tóbakssöluhafa verði skilyrðislaust innkölluð við brot og minnka þarf sönnunarbyrði þannig að hægt sé að svipta aðila rekstrarleyfi fyrir tóbakssölu ef hann verður uppvís að því að brjóta reglur t.d. að selja börnum tóbak. Dæmi um slíkt er að finna í Skotlandi en þar nægir að lögregla verði vitni að slíkum brotum til að verslun sé svipt tóbakssöluleyfi.
- Valdheimildir landlæknis og starfsfólks embættisins hvað varðar tóbaksvarnir þarf að styrkja. Skoðað yrði að koma á fót embætti tóbaksvarnalæknis hjá landlæknisembættinu, sem hafi hlutverk og valdheimildir í tóbaksfaraldrinum að fyrirmynd sóttvarnalæknis í farsóttum.
- Sveitarfélög og heilbrigðisnefndir þurfa að framfylgja lögum og reglum er varða tóbaksvarnir ákveðið og tryggja að eftirliti með tóbaksvörnum sé sinnt og að kunnátta sé til staðar hjá starfsmönnum um skaðsemi tóbaks og mikilvægi forvarna.

7. Aukin fræðsla, þekking og stuðningur við tóbaksvarnir.

- Auka þarf meðvitund alls þjóðfélagsins varðandi tóbaksvarnir og hætturnar sem fylgja tóbaksnotkun.
- Ungmenni byrja að stærstum hluta að reykja á aldrinum 16–20 ára í dag. Því þarf sérstakt átak til tóbaksvarna í þessum aldurshópi og ætti að gera því sérlega hátt undir höfði í aðgerðaáætluninni. Í þessu skyni þarf m.a. að vinna með og í gegn um framhaldsskólana þar sem næst til yfir 90% ungmenna á þessum aldri. Til að ná til þessa aldurshóps þarf einnig að nota nútímafjölmiðla, eins veraldarvefinn, þar á meðal blogg, Facebook, Twitter og aðra álíka. Einnig verði hugað að sérstökum aðgerðum til að ná til þeirra 16–20 ára ungmenna sem ekki eru í framhaldsskóla.
- Koma þarf kennslu í tóbaksfræðum inn í öll skólastig og lögbinda hana í aðalnámskrá, frá leikskólum til framhaldsskóla. Einkum verði lögð áhersla á skaðsemi tóbaks en einnig verði formlega gerð grein fyrir rangfærslum tóbakssala og tóbaksframleiðenda, blekkingum þeirra og hvernig þeir beita óbeinni markaðssetning á varningi sínum. Æskilegt væri að fræðslunni yrði fylgt eftir, t.d. með samræmdum prófum í skólum landsins í kunnáttu í tóbaksvörnum. Menntamálayfirvöld og heilbrigðisyfirvöld þurfa að vinna saman að því að tóbaksvarnafræðsla sé hluti af menntastefnu á Íslandi.
- Samhæfa þarf forvarna- og meðferðarstarf við tóbaksfíkn svo að sterkur bakhjarl tóbaksvarnastarfs sé á landinu. Skoða þarf kosti þess að koma upp miðstöð fyrir slíkt forvarnastarf innan eða utan þeirra stofnana sem sinna þessum málum. Slíkur bakhjarl eða miðstöð yrði samhæfingaraðili og leiðandi í forvörnum og meðferð einstaklinga með tóbaksfíkn, einkum þeirra sem ekki svara fyrstu meðferð, en hefði einnig forystu um að efla forvarnir og minnka nýliðun þeirra sem verða háðir tóbaki. Á slíkri miðstöð færi einnig fram kennsla og þjálfun heilbrigðisstarfsfólks í samstarfi við háskólana í meðferð tóbaksfíknar. Auka þarf kennslu í heilbrigðisvísindum í tóbaksfræðum og stuðla að frekari kennslu- og rannsóknum í tóbaksvörnum við háskólana enda þarf að auka mjög bæði endurmenntun heilbrigðisstarfsmanna og kennslu nema í heilbrigðisvísindum í tóbaksfræðum. Íhuga ætti að koma á fót sérstökum formlegum kennslustöðum í forvörnum og meðferð tóbaksfíknar á háskólastigi.

Rökstuðningur fyrir aðgerðaáætluninni.

Tóbaksvarnir í öðrum löndum – er Ísland að dragast aftur úr?

Á undanförnum árum hefur orðið vitundarvakning um skaðsemi óbeinna reykinga. Hér á landi tók bann við reykingum á veitingastöðum gildi 1. júní 2007 og var Ísland þar með komið í hóp þeirra landa sem er í fararbroddi í tóbaksvörnum. Síðan 2007 hefur hins vegar lítið gerst varðandi lagasetningar til stemma stigu við reykingum á Íslandi. Margt bendir til að Alþingi þurfi nú að huga að næstu skrefum ef Ísland á ekki að dragast aftur úr öðrum forystulöndum í tóbaksvörnum.

Erlendis hafa sjónir beinst að reyklausum vinnutíma, reyklausum skurðaðgerðum, banni við reykingum á almannafæri úti við, breytingum á umbúðum tóbaks og hærri sektum við brotum á tóbaksvarnalögum og fleiru. Í nokkrum löndum hefur farið fram umræða að vinna að því að tóbaksneyslu verið nær alveg hætt í landinu.

Í Bandaríkjunum hefur borgarstjóri New York borgar, Michael Bloomberg, verið í fararbroddi aðgerða. Frá og með 1.maí 2011 varðar það sektum í New York borg að reykja víða á almannafæri. Sama er uppi á teningnum í Kaliforníu, en þar er nú bannað að reykja í almenningsgörðum og á baðströndum.

Landlæknir Bandaríkjanna (surgeon general), Regina M. Benjamin, hefur unnið ötullega að tóbaksvörnum. Hún birt m.a. nýlega ítarlega skýrslu um skaðsemi reykinga en þar vakti m.a. mikla athygli sú staðreynd að reykingar eru eins og rússnesk rúlletta, fyrsti sígarettupakkinn getur valdið erfðabreytingum í frumum sem valdið geta lungnakrabbameini eða öðru krabbameini.

Annars staðar á Norðurlöndunum hefur sjónum verið beint að því að innleiða reyklausan vinnutíma og bæði í Svíþjóð og Finnlandi er þetta mjög víða orðið að veruleika, enda er kostnaður samfélagsins af reykingapásum verulegur.

Í Svíþjóð hafa ýmis samtök, m.a. félag bæklunarskurðlækna tekið höndum saman um það að skylda reykingamenn til að vera reyklausir í ákveðinn tíma fyrir bæklunaraðgerð til þess að minnka hættu á fylgikvillum aðgerðarinnar (*http://www.enrokfrioperation.se/new/*).

Í Finnlandi voru nýlega samþykkt tóbaksvarnalög þar sem lýst er yfir þeirri stefnu að útrýma beri reykingum í landinu. Í Finnlandi er húsfélögum falið vald til að ákveða hvort leyft er að reykja á sameiginlegum svæðum utan húss. Öll sala á munntóbaki er bönnuð í Finnlandi og leyft er að selja nikótínlyf á veitingastöðum. Viðurlög við því að selja ungmennum undir 18 ára aldri tóbak getur varðað allt að sex mánaða fangelsi í Finnlandi samkvæmt nýju lögunum.

Í Ástralíu verða frá júlí 2012 gerðar breytingar á útliti tóbaksumbúða, þannig að allt tóbak verður í sömu, hlutlausu umbúðunum og lítið áberandi nafn gefur til kynna tegundina. Í Vestur-Ástralíu er nú bannað að reykja í bílum þar sem börn upp að 17 ára aldri eru farþegar. Reykingar eru bannaðar upp að 10 m radíus frá útileiksvæðum. Einnig verða merkt reyklaus svæði á baðströndum.

Á Spáni tóku ný lög um tóbaksvarnir gildi í byrjun árs 2011. Samkvæmt þeim lögum er m.a. bannað að reykja þar sem börn eru að leik, við inngang skólabygginga og sjúkrahúsa.

Í Póllandi ná tóbaksvarnalög yfir almenningsgarða og er bannað að reykja þar.

Miðað við þessa upptalningu er ljóst að hér á landi þarf að beina athyglinni að fjölmörgum þáttum. Kominn er tími til að stíga næstu skref í lagasetningu og stefnumótun í tóbaksvarnamálum. Þar þarf helst að vinna að því að hindra skaðsemi óbeinna reykinga og leita leiða til að hindra nýliðun reykingafólks, auk þess að stíga skref í því að bæta meðferð.

Tóbaksfaraldurinn.

Reykingar og önnur neysla tóbaks dregur meira en 300 Íslendinga til dauða árlega. Þeir deyja úr ýmsum sjúkómum, svo sem krabbameinum, lungnasjúkdómum og hjarta- og æðasjúkdómum sem eru allt tóbakstengdir sjúkdómar. Verulegur hluti þessara einstaklinga fellur frá fyrir aldur fram.

Daglega ánetjast tvö ungmenni tóbaki hérlendis. Helmingur þessara rúmlega 700 ungmenna sem ánetjast tóbaki árlega mun deyja úr tóbakstengdum sjúkdómi, takist þeim ekki að hætta. Flutningsmenn telja þessa stöðu óásættanlega.

Flestir reykingamenn hefja reykingar á barnsaldri eða unglingsaldri (fyrir 20 ára aldur) og ákvörðun um að hefja reykingar er því ekki upplýst ákvörðun fullorðins einstaklings. Þar sem tóbak er ávanabindandi efni sem veldur fljótt fíkn gildir í raun ekki frjást val um notkun þess eftir að reykingar eru hafnar heldur stýrir fíkn og fráhvarf neyslunni að stærstum hluta. Það sést best á niðurstöðum rannsókna sem sýna að flestir reykingamenn segjast vilja hætta þó að þeir haldi reykingum áfram. Þá vilja fæstir reykingamenn að börnin þeirra byrji að reykja þó að þeir reyki sjálfir. Að þessu sögðu er ljóst að langmikilvægast í baráttunni við tóbaksnotkun og alvarlegar afleiðingar hennar er að stöðva nýliðun tóbaksneytenda með beinskeyttum aðgerðum, þar á meðal aðgengistakmörkunum.

Dauðsföll og sjúkdómar af völdum tóbaks.

Þrjú stærstu tóbakstengdu dánarmeinin eru hjarta- og æðasjúkdómar, lungnasjúkdómar og krabbamein. Þetta eru jafnframt langalgengustu dánarmeinin á Íslandi. Yfir 300 manns deyja hérlendis á ári vegna reykinga. Þar af deyja um 80 af þeim 350 einstaklingum sem árlega deyja úr kransæðasjúkdómi vegna reykinga. Um 100 manns deyja úr lungnaþembu og 130 manns úr lungnakrabbameini á ári, nær allir vegnar reykinga. Samtals eru því reykingatengd dauðsföll bara vegna þessara þriggja sjúkdóma yfir 300 á ári. Þá eru ótaldir aðrir sjúkdómar, eins og önnur krabbamein og heilablóðföll, sem mörg hver tengjast reykingum og svo fjölmargir aðrir reykingatengdir sjúkdómar sem eru fátíðari. Til samanburðar látast um það bil 10 manns í umferðinni árlega, eða 30 sinnum færri en af reykingum.

Annað dæmi er að um 80% þeirra sjúklinga sem komið hafa í kransæðaþræðingu á Landspítalann á síðustu árum eru reykingamenn eða fyrrverandi reykingamenn. Á sama tíma hefur hlutfall reykingamanna meðal þjóðarinnar verið á bilinu 20–40%.

Aðferðir til að stemma stigu við faröldrum.

Samhæfðar aðgerðir gegn heilsuvá á seinustu öld skiluðu víðtækum árangri og bættri heilsu þjóðarinnar. Má þar nefna bólusetningar, baráttuna gegn berklum og sullaveiki og frábæran árangur í slysavörnum sjómanna. Aðgerðir sambærilegar þeim sem notaðar voru til að ná árangri í þessum málefnum má einnig nota til að ná árangri gegn þeim alvarlegu afleiðingum tóbaksneyslu sem raktar eru hér að framan. Tillögurnar sem hér eru lagðar fram stefna að því að auðvelda þá vinnu.

Þjóðfélagslegur kostnaður vegna tóbaksfaraldursins.

Útreikningar hagfræðinga benda til að reykingar geti kostað þjóðarbúið um 30 milljarða kr. á ári. Tekjur ríkisins af tóbakssölu eru hins vegar aðeins um 3 milljarðar kr. og því ljóst að verulegur fjárhagslegur ávinningur er af því til lengdar að draga úr tóbaksnotkun. Einnig er ljóst að útsöluverð tóbaks stendur hvergi nærri undir kostnaðinum af neyslu þess.

Reykingar eru dæmi um neyslu þar sem kostnaður er að stórum hluta borinn af öðrum en neytandanum. Margar skýrslur hafa verið gefnar út um kostnað samfélaga vegna reykinga. Hagfræðistofnun HÍ gaf út eina slíka árið 2003, *Kostnaður vegna reykinga á Íslandi árið 2000*. Í skýrslunni var metinn beinn heilbrigðiskostnaður vegna reykinga og tillit tekið til þess aukakostnaðar sem verður vegna aukinnar læknis- og sjúkrahússþjónustu, aukins lyfjakostnaðar og þjónustu annarra stofnana. Einnig var metið framleiðslutap vegna dauðsfalla, veikinda og minni framleiðni vegna reykinga, en reykingafólk lifir að meðaltali 10–13 árum skemur en þeir sem ekki reykja samkvæmt upplýsingum WHO. Niðurstaða skýrsluhöfunda var sú að heildarkostnaður umfram tekjur árið 2000 væri um 19,2 milljarðar. Uppreiknað m.v. árið 2007 má gera ráð fyrir að kostnaður vegna reykinga umfram tekjur hafi verið um 29 milljarðar kr. sem þýðir um 94 þús. kr. á hvern íbúa landsins.

Samkvæmt kenningum hagfræðinnar er ráðstöfun auðlinda samfélagslega hagkvæm þegar allur kostnaður af neyslu er borinn af þeim sem neytir. Það þýðir að hækka þarf gjöld á tóbak verulega til að mæta þeim samfélagslega kostnaði sem verður vegna reykinga. Ef 15,4% einstaklinga 15 ára og eldri reykja daglega að meðaltali 15 sígarettur er viðbótarkostnaður samfélagsins vegna reykinga tæplega 3.000 kr. á hvern sígarettupakka. Miðað við þessar niðurstöður eru efnahagslegar byrðar tóbaksnotkunar miklar og því til mikils að vinna að minnka reykingar.

Samfélagslegur kostnaður og tekjur af reykingum árið 2007.

Beinn kostnaður		
Beinn heilbrigðiskostnaður		
Sjúkrahúsvist		5.750
Sjúkraflutningar		46
Lyfjanotkun		1.637
Heimahjúkrun		46
Vist á hjúkrunarheimili		2.020
Kostnaður vegna fæðinga		
Framtíðarsparnaður í heilbrigðiskerfinu	-	750
Annar beinn kostnaður		
Eignatap vegna eldsvoða		47
Tóbaksvarnir		74
Óbeinn kostnaður		
Framleiðslutap vegna:		
Ótímabærra dauðsfalla		5.707
Örorku		1.828
Óbeinna reykinga		647
Veikindadaga		1.801
Reykingahléa		6.424
Óáþreyfanlegur kostnaður		
Vegna sársauka og þjáninga		9.392
Tekjur ríkisins vegna tóbaksreykinga		
Tollar	-	350
Magnálag tóbaks	-	3.739
Virðisaukaskattur	-	1.555
Kostnaður umfram tekjur samtals		***29.024***

Tafla. Samfélagslegur kostnaður og tekjur af reykingum árið 2007. Unnið á grunni skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans af Kristínu Þorbjörnsdóttur heilsuhagfræðingi og Sólveigu Jóhannsdóttur, hagfræðingi og framkvæmdastjóra Læknafélags Íslands. Birt á Tóbaksvarnaþingi Læknafélags Íslands 2009.

Óbeinar reykingar.

Margar erlendar rannsóknir á áhrifum þess að minnka óbeinar reykingar benda til fækkunar á hjarta og lungnasjúkdómum með slíkum aðgerðum. Rannsókn hérlendis benti til fækkunar bráðra hjartaþræðinga meðal karlmanna sem ekki reyktu um 21% eftir lagasetningu sem takmarkaði reykingar á veitinga- og skemmtistöðum árið 2007. Slíkar rannsóknir sýna að verulegs ávinnings er að vænta af aðgerðum sem draga úr tóbaksnotkun beint og óbeint.

Tóbaksreykur er í raun hættulegt eiturefni sem er krabbameinsvaldandi. Umhverfisáhrif hans eða óbeinar reykingar eru taldar valda um 8–10% dauðsfalla sem verða árlega vegna tóbaksreykinga í Bandaríkjunum. Sé miðað við að sama hlutfall gildi hér á landi má ætla að það deyi 20–30 einstaklingar úr óbeinum reykingum á Íslandi á ári.

Tóbak og nikótín – flokkun og lyfjafræði.

Nikótín er náttúruefni samkvæmt venjulegum skilgreiningum og það er líka flokkað sem lyf og selt í tilteknum lyfjaformum (tyggigúmmí, plástrar, o.fl.). Nikótín er einnig eiturefni og hefur verið flokkað sem slíkt við ákveðna notkun, t.d. var það notað sem skordýraeitur þó að þeirri notkun sé nú að mestu hætt.

Nikótíninnihald tóbaks er það eina sem gerir það að söluvöru og það hefur sýnt sig að tóbak sem búið er að fjarlægja nikótínið úr selst ekki.

Kannabis (hass, maríjúana) og kókalauf eru flokkuð sem ólögleg fíkniefni og tóbak ætti í raun best heima í þeim flokki. Nikótín er þó ekki flokkað sem fíkniefni í dag, hvorki samkvæmt íslenskum lögum né alþjóðlegum listum yfir fíkniefni. Ef litið er til verkana nikótíns uppfyllir það hins vegar öll helstu skilmerki til að flokkast sem fíkniefni. Nikótín veldur sannarlega ávana og fíkn og tóbak er notað vegna þessara eiginleika nikótíns. Færa má gild rök fyrir því að nikótín og tóbak séu hættulegustu fíkniefnin sem eru á markaðnum ef talin eru áhrifin á veikindi og fjölda mannslífa sem neysla þeirra veldur.

Reynt hefur verið að bera nikótín saman við önnur algeng efni sem valda fíkn, eins og áfengi, kókaín og heróín. Ef niðurstöður nokkurra rannsókna eru teknar saman á þessum fjórum efnum verður niðurstaðan eftirfarandi:

- Notendur verða fljótar háðari nikótíni en hinum efnunum.
- Það er álíka erfitt að hætta notkun allra þessara efna.
- Þolmyndun er álíka mikil gegn nikótíni, áfengi og heróíni en minni gegn kókaíni.
- Líkamlegt fráhvarf er mest af áfengi, þá heróíni, svo nikótíni og minnst af kókaíni.
- Nikótín (tóbak) veldur í heildina flestum dauðsföllum, þá áfengi, svo kókaín og heróín.
- Víma er mest af áfengi en minnst af nikótíni.

Af þessu sést að nikótín er í sumu tilliti verst þessara fjögurra efna.

Tóbaksfíkn.

Tóbaksfíkn er alvarlegur sjúkdómur. Hann er langvinnur og hefur lífshættulegar afleiðingar fyrir þá sem ekki ná að hætta neyslu. Orsakir fíknsjúkdóms eru taugalífeðlisfræðilegar breytingar í heila. Áhættan fyrir því að þróa tóbaksfíkn ef neysla er hafin er m.a. tengd ætttarsögu og erfðum en einnig því hve snemma ævinnar neysla hefst. Þessir þættir hafa áhrif á það hverjir ánetjast, þ.e. hverjir verða fyrir þeim taugalífeðlisfræðilegu breytingum í heila sem fylgja því að þróa fíkn.

Allstór hluti þeirra sem prófa að reykja eða nota annað tóbak, þróar fíknsjúkdóm með framangreindum taugalífeðlisfræðilegum breytingum í heila. Enginn sem fiktar við reykingar eða byrjar að reykja ætlar að verða reykingamaður til langframa og enginn ætlar sér að ánetjast, verða fíkinn, háður, óánægður, líða illa og verða veikur.

Þegar fíknsjúkdómur er orðinn til hefur einstaklingurinn hvöt sem er sterkari en skynsemin og viljinn og einstaklingurinn getur átt í langri baráttu við að reyna að hætta neyslu tóbaks. Rannsóknir hafa sýnt að það er síst auðveldara að hætta neyslu tóbaks en kókaíns og amfetamíns, þ.e. fíknin í nikótín er ekki auðveldari viðfangs. Því yngri sem einstaklingurinn er þegar tóbaksneysla byrjar því meiri líkur eru á að hann þrói tóbaksfíknisjúkdóm. Þeir sem eru veikastir af tóbaksfíkn, eiga erfitt með að hætta, jafnvel þótt lífið liggi við.

Þessi vitneskja sýnir að reykingar og önnur tóbaksnotkun eru yfirleitt ekki frjálst val fullorðins upplýsts einstaklings. Lögmál hins frjálsa markaðar gilda því tæpast um tóbaksnotkun. Þeir sem eru fylgjandi frelsi einstaklingsins ættu að styðja það dyggilega að skapa

aðstæður hérlendis sem tryggja frelsi barna og unglinga til að ánetjast ekki nikótíni, fyrr en þá í fyrsta lagi með upplýstu vali á fullorðinsaldri.

Reykingar og tóbaksneysla hefjast langoftast á unglingsaldri. Afleiðingarnar koma síðar. Samt vita allir að talsvert stór hluti hópsins sem byrjar að fikta verða fíkinn. Enginn ungur sér samt fyrir sér að verða fórnarlamb afleiðinganna.

Til að hindra sjúkdóma, veikindi og ótímabær dauðsföll vegna tóbaksfíknar í framtíðinni, þarf hið fyrsta að stöðva nýliðun í tóbaksfikti og neyslu á unglingsaldri. Það er best gert með aðgerðum stjórnvalda í aðgangsskerðingu. Meðferð við tóbaksfíkn er sérhæft og langvinnt verkefni sem jafnframt þarf að sinna enn betur en nú er gert. En hindrun nýliðunar er mikilvægust fyrir framtíðina.

Listi yfir almennar aðgerðir í samfélaginu sem aðgerðaáætlun ætti að hvetja til.

- Félagasamtök, stéttarfélög, stjórnmálaflokkar, sveitarfélög, skólar, íþróttafélög, fyrirtæki og samtök atvinnurekenda þurfa að taka upp umræðu um tóbak, kostnað vegna þess og þann skaða sem notkun þess veldur á heilsu og lífsgæðum einstaklinga.
- Stéttarfélög, samtök atvinnulífsins, sveitarfélög, fyrirtæki og fleiri ættu að móta sér virka stefnu í tóbaksvarnamálum og velja tóbaksvarnafulltrúa. Hann sjái um að stefnunni sé fylgt eftir, aðstoðar og fræðir um leiðir til úrbóta, skipuleggur námskeið o.s.frv.
- Stjórnmálaflokkar ættu að setja sér langtímastefnu í tóbaksvarnamálum. Alþingi og ríkisstjórn ættu einnig að setja framsækin markmið í tóbaksvörnum við næstu endurskoðun heilbrigðisáætlunar. Þar má byggja á þeirri aðgerðaáætlun sem hér er fjallað um.
- Fræðslu þarf að stórauka til foreldra um skaðsemi reykinga á meðgöngu og á heimilum barna og veita þeim úrræði sem þess þurfa með.
- Forvarnafræðslu í skólum þarf að efla. Tryggt þarf að vera nægileg fræðsla um skaðsemi tóbaks fari fram í skólum landsins og sé fest í námskrá sem hluti af skyldunámsefni. Koma þarf á virku eftirliti með að þessu hlutverki skóla sé sinnt.
- Virk aðgerðaáætlun þarf að vera í boði í öllum skólum landsins fyrir nemendur sem nota tóbak og fjölskyldur þeirra. Með því er átt við að nemendur séu studdir til tóbaksleysis með fræðslu og stuðningi og bent á víðtæk úrræði. Jafnframt fái foreldrar og forráðamenn viðeigandi aðstoð.
- Efla þarf samstarf skóla og foreldrafélaga um tóbaksvarnir. Stutt verði við starf forvarnafulltrúa og skólahjúkrunarfræðinga í framhaldsskólum, sérstaklega þar sem flest ungmenni hefja þar reykingar.
- Hvetja þarf íþróttafélög til að fylgja eftir ályktun ÍSÍ um bann við allri tóbaksnotkun (þ.m.t. notkun munn- og neftóbaks) á æfingum og í félagsstarfi, sem og í húsnæði og á íþróttasvæðum sem þau nýta. Minnt er á mikilvægt hlutverk þjálfara og íþróttamanna í elstu flokkum sem fyrirmynd ungmenna.
- Öll félög sem sinna félags- og æskulýðsstarfi ættu að framfylgja markvissri tóbaksvarnastefnu.
- Tryggja þarf að fjármagn til tóbaksvarna verði aukið.
- Nýta þarf nútímasamskiptamiðla til tóbaksvarna fyrir ungmenni.
- Þverfaglega nálgun um tóbaksvarnir þarf að auka innan heilbrigðiskerfisins.
- Heilbrigðisyfirvöld og heilbrigðisstofnanir þurfa að setja minni nýliðun reykingamanna og meðferð tóbaksfíknar í forgang.

– Nauðsynlegt er að kanna hvaða meðferðarúrræði eru í boði við tóbaksfíkn og hvernig bæta megi þau enn frekar í samræmi við gagnreynda þekkingu.

Niðurlag.

Með samstilltu átaki ætti að vera mögulegt að gera þjóðina að mestu tóbakslausa á 10 árum. Það kæmi fljótlega fram í bættri heilsu, færri innlögnum á sjúkrahús, mundi aukna vinnufærni, auka framleiðni og auka lífsgæði. Þess utan yrði hundruðum ótímabærra dauðsfalla afstýrt. Þessu fylgdi fjárhagslegur ávinningur samfélagsins alls sem meta má til fjár á tugi milljarða króna.

Heimildir:

Við samningu þessa texta var stuðst við ýmsar heimildir, þær helstu voru:

1. Rammasamningur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir (WHO Framework Convention on Tobacco Control) sem Ísland skrifaði undir 2004.
2. MPOWER, stefnuplagg eða pakki Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til að snúa við tóbaksfaraldrinum (Mpower: A policy package to reverse the tobacco epidemic).
3. Vefsíða Hagstofu Íslands – dánarorsakir á Íslandi 2009.
4. U.S. Department of Health and Human Services, Centers for Disease Control and Prevention, National Center for Chronic Disease Prevention and Health Promotion, Office on Smoking and Health, 2010. How tobacco smoke causes disease: the biology and behavioral basis for smoking-attributable disease: a report of the Surgeon General. Rockville, MD: Dept. of Health and Human Services, Public Health Service, Office of Surgeon General, 2010.
5. Stefna og aðgerðaáætlun Læknafélags Íslands í tóbaksvörnum, samþykkt á aðalfundi LÍ í 2010.
6. Fyrirlestrar fluttir á Tóbaksvarnaþingi Læknafélags Íslands 2009 og ályktanir úr hópavinnu á Tóbaksvarnaþingi 2009.

1572. Nefndarálit [449. mál]

um till. til þál. um menntun og atvinnusköpun ungs fólks.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arnór Guðmundsson og Þóri Ólafsson frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Önnu Maríu Gunnarsdóttur og Aðalheiði Steingrímsdóttur frá Félagi framhaldsskólakennara, Guðrúnu Eyjólfsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Ársæl Guðmundsson frá Iðnskólanum og Jón B. Stefánsson frá Tækniskólanum – skóla atvinnulífsins.

Þá bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi framhaldsskólakennara, Félagi stjórnenda í framhaldsskólum, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, Iðnskólanum í Hafnarfirði, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema, Samtökum atvinnulífsins og Tækniskólanum. Að auki óskaði nefndin eftir áliti félags- og tryggingamálanefndar um tillöguna.

Með tillögunni er ætlunin að móta heildstæða aðgerðaáætlun sem hafi þann þríþætta tilgang að vinna bug á langtímaatvinnuleysi meðal ungs fólks, efla iðn- og tæknimenntun í samfélaginu og svara eftirspurn helstu vaxtargreina atvinnulífsins eftir vinnuafli með slíka menntun. Atvinnuleysi meðal ungs fólks á aldrinum 16–24 ára hefur mælst hátt á síðustu

missirum og hefur stór hluti atvinnuleitenda á þessum aldri verið atvinnulaus í langan til tíma.

Umsagnaraðilar eru að mestu jákvæðir í garð tillögunnar, styðja framgang hennar og benda á mikla þörf fyrir aukin námstækifæri fyrir ungt fólk. Í áliti félags- og tryggingamálanefndar er áréttað mikilvægi þess að auka virkni ungra atvinnuleitenda og koma í veg fyrir mikið brottfall nemenda úr framhaldsskólum. Í áliti nefndarinnar kemur einnig fram að mikilvægt er að efla iðn- og tæknimenntun í samfélaginu og svara með því eftirspurn helstu vaxtargreina atvinnulífsins eftir vinnuafli með slíka menntun. Nefndin tekur undir þessar ábendingar og leggur áherslu á mikilvægi þess að strax verði hafist handa við að móta aðgerðaáætlun og unnið áfram að því að fjölga atvinnutækifærum ungs fólks í helstu vaxtargreinum atvinnulífsins.

Í umsögnum var að mestu tekið undir það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni. Bent var á að á næstu árum verði að bregðast við þeirri mannaflaþörf sem atvinnulífið telur að verði innan iðn- og tæknigreina. Jafnframt kom fram að nauðsynlegt væri að nemendur öðluðust frekari færni m.a. með starfsþjálfun á vinnustöðum. Með þeim hætti væri unnt að virkja atvinnulífið, hugsanlega vekja áhuga nemenda á því að vinna í viðkomandi grein og ýta undir aukið sjálfstraust til frekara náms á sviðinu. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið og telur að slíkt fyrirkomulag mundi virka hvetjandi fyrir atvinnulaus ungmenni að hefja að nýju nám og auka á sama tíma líkur á betri stöðu á vinnumarkaði en það er þekkt staðreynd að ein árangursríkasta leiðin til að tryggja atvinnumöguleika til framtíðar er að bæta menntun þeirra einstaklinga sem í hlut eiga.

Nefndin fjallaði nokkuð um átakið *Nám er vinnandi vegur* sem ríkisstjórnin hefur, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, samþykkt að verja til 7 milljörðum kr. á næstu þremur árum. Átakið felur m.a. í sér að atvinnuleitendur verða hvattir til að sækja sér menntun í framhaldsskólum og munu framhaldsskólar haustið 2011 taka inn alla umsækjendur undir 25 ára aldri sem uppfylla skilyrði, ásamt eldri umsækjendum sem lokið hafa raunfærnimati vorið 2011. Einnig opnast nýir möguleikar fyrir atvinnuleitendur. Þeim sem uppfylla skilyrði gefst nú kostur á að stunda nám á haustönn án þess að greiða skólagjöld. Markmiðið er að veita 1.000 umsækjendum aðgang að framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og framhaldsfræðslu með óskertum atvinnuleysisbótum í eina önn. Það verður einnig gert skólaárin 2012 og 2013. Með átakinu verður mun auðveldara en áður að komast í framhaldsskóla eftir námshlé. Stofnaður verður sérstakur þróunarsjóður til að efla starfstengt nám og samstarf skóla og fyrirtækja um starfstengt nám verður aukið. Vinnustaðanámssjóður verður settur á fót til að auðvelda nemendum í starfsnámi að ljúka hagnýtu námi með starfsþjálfun á vinnustað. Nefndin leggur áherslu á að samhliða þessari aðgerðaáætlun verði tryggt aðgengi framhaldsskólanemenda frá 16 ára aldri að vinnustaðanámi, sbr. 28. gr. laga nr. 92/2008.

Nefndin telur að með átakinu *Nám er vinnandi vegur* sé að verulegu leyti komið til móts við það efni tillögunnar sem lýtur að því að fjölga námsúrræðum fyrir unga atvinnuleitendur. Eftir stendur að full þörf er á nánari samþættingu menntastefnu og atvinnustefnu stjórnvalda með sérstakri áherslu á eflingu starfsnáms í því skyni að fjölga atvinnutækifærum ungs fólks í helstu vaxtargreinum atvinnulífsins, svo sem hugverkaiðnaði og öðrum greinum þar sem mikil eftirspurn er eftir starfsfólki með iðn- og tæknimenntun. Leggur nefndin því til breytingar á texta tillögunnar þar að lútandi.

Nefndin leggur einnig til þær breytingar að aðgerðaáætlunin verði einnig mótuð í samráði við iðnaðarráðuneytið og Samtök atvinnulífsins og stefnt verði að því að skila niðurstöðum fyrir 1. desember 2011.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að hafa yfirumsjón með mótun aðgerðaáætlunar sem hafi þann tilgang að samþætta áherslur í menntastefnu og atvinnustefnu stjórnvalda með áherslu á að greina menntunarþörf atvinnulífsins, auka vægi starfsnáms í íslensku menntakerfi og þróa nýjar fjölbreyttar starfsnámsleiðir.

Aðgerðaáætlunin verði mótuð í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, efnahags- og viðskiptaráðuneyti, samtök launafólks og atvinnurekenda, háskóla, framhaldsskóla, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Landssamband æskulýðsfélaga og Vinnumálastofnun. Stefnt verði að því að skila niðurstöðum fyrir 1. desember 2011.

Alþingi, 26. maí 2011.

Skúli Helgason, form., frsm.	Þuríður Backman.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Eygló Harðardóttir.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Oddný G. Harðardóttir.
Margrét Tryggvadóttir.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Íris Róbertsdóttir.

Fylgiskjal.

Álit

um till. til þál. um menntun og atvinnusköpun ungs fólks.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur að beiðni menntamálanefndar tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um menntun og atvinnusköpun ungs fólks (449. mál). Nefndin beindi sjónum sínum einkum að þeim þáttum málsins sem heyra undir málefnasvið hennar og snúa að því að vinna bug á langtímaatvinnuleysi, svo og að atvinnusköpun og starfsþjálfun. Nefndin fékk á sinn fund Gissur Pétursson frá Vinnumálastofnun og kynnti sér að auki þær umsagnir sem borist hafa um málið. Umsagnaraðilar eru almennt jákvæðir í garð tillögunnar og styðja framgang hennar.

Nefndin fagnar fram kominni tillögu. Það er mjög alvarlegt mál fyrir samfélagið allt hversu margir yfirgefa skólakerfið án framhaldsskólaprófs eða starfsréttinda. Mikilvægt er að kanna hvað veldur því að svo margir nemendur í íslenska skólakerfinu flosna upp úr námi

og grípa verður til róttækra aðgerða til að koma í veg fyrir gríðarlegt brottfall nemenda sem hefur alvarleg áhrif á félagslega stöðu ungmenna og framtíð. Nefndin telur samhliða því mikilvægt að móta aðgerðaáætlun til að vinna bug á langtímaatvinnuleysi meðal ungs fólks, efla iðn- og tæknimenntun í samfélaginu og svara eftirspurn helstu vaxtargreina atvinnulífsins eftir vinnuafli með slíka menntun. Það er mikilvægt að veita öllum einstaklingum tækifæri til að þroska hæfileika sína og virkja starfskrafta sína sem jafnframt leiðir til aukinnar verðmætasköpunar í samfélaginu. Líkt og fram kemur í greinargerð með tillögunni hefur atvinnuleysi meðal ungs fólks á aldrinum 16–24 ára mælst hátt á síðustu missirum og stór hluti atvinnuleitenda á þessum aldri verið atvinnulausir til langs tíma. Nefndin áréttar mikilvægi þess að auka virkni ungra atvinnuleitenda enda brýnt að koma í veg fyrir þær alvarlegu afleiðingar sem atvinnuleysi getur haft á líf og heilsu ungs fólks. Stjórnvöld hafa þegar gripið til átaksverkefna í þessu skyni sem skilað hafa ágætum árangri og hefur nefndin kynnt sér þessi verkefni þegar til þeirra var stofnað sem og í tengslum við breytingar sem gerðar hafa verið á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, á yfirstandandi og síðustu löggjafarþingum.

Nefndinni voru kynntar upplýsingar þess efnis að þegar væri unnið að verkefnum sem falla að efni tillögunnar og telur nefndin brýnt að sú vinna sem þegar er hafin og samræmist tillögunni verði nýtt og felld inn í aðgerðaáætlunina. Þó sé jafnframt mikilvægt að fyrirliggjandi þingsályktunartillaga sé samþykkt þrátt fyrir einstök verkefni sem þegar eru hafin enda kveður tillagan ekki á um einstakar aðgerðir heldur mótun heildstæðrar aðgerðaáætlunar sem feli í sér töluleg markmið um fækkun langtímaatvinnulausra á árunum 2011 og 2012.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 5. maí 2011.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form.,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
Pétur H. Blöndal,
Jónína Rós Guðmundsdóttir,
Guðmundur Steingrímsson,
Íris Róbertsdóttir.

1573. Nefndarálit [630. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Guðlaugu Jónasdóttur frá innanríkisráðuneyti. Umsögn barst frá Sálfræðingafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að breyting verði gerð á bráðabirgðaákvæði laganna þannig að heimilt verði að víkja frá skilyrði ákvæðisins um að umsókn um bætur vegna tjóns sem leiða má af broti sem framið var fyrir 1. júlí 1996 skuli hafa borist bótanefnd fyrir 1. júlí 1997 ef veigamikil rök mæla með því.

Frumvarpið er lagt fram til að bregðast við athugasemdum umboðsmanns Alþingis um að ekki væri jafnræði með þeim sem orðið hafa fyrir tjóni vegna brota sem fram voru 1. janúar 1993 til 30. júní 1996 og þeirra sem hafa orðið fyrir tjóni sem leiðir af broti sem framið er 1. júlí 1996 eða síðar.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laganna er unnt að víkja frá skilyrðum um að tjón hafi án ástæðulauss dráttar verið kært og gerð krafa um greiðslu skaðabóta úr hendi brotamanns og að krafa hafi borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið ef brot er framið við gildistöku laganna 1. júlí 1996 eða síðar. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna þarf umsókn um bætur vegna tjóns sem leiðir af broti sem framið er fyrir 1. júlí 1996 hins vegar að berast innan árs frá gildistöku laganna. Síðarnefndur frestur rann því út 1. júlí 1997 og ekki er heimilt að víkja frá því skilyrði samkvæmt lögunum.

Nefndin telur nauðsynlegt að fullt jafnræði sé milli réttinda einstaklinga til greiðslu bóta sem falla undir gildissvið laganna hvenær sem brot hefur verið framið þannig að unnt sé að víkja frá skilyrðum laganna um fresti þegar veigamikil rök mæla með því.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Alþingi, 30. maí 2011.

Róbert Marshall, form., frsm. Birgir Ármannsson. Vigdís Hauksdóttir.

Mörður Árnason. Þór Saari.

1574. Nefndarálit [555. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum (setning í prestsembætti).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur frá innanríkisráðuneyti. Umsagnir bárust frá Prestafélagi Íslands og kirkjuráði þjóðkirkjunnar.

Með frumvarpinu er lagt til að ef sóknarpresti eða öðrum presti þjóðkirkjunnar er veitt lausn frá embætti eða leyfi frá störfum eða hann forfallast af öðrum ástæðum geti biskup Íslands falið öðrum presti að gegna embættinu til allt að eins árs í senn. Lagt er til að ákvæðið verði tímabundið og falli úr gildi árið 2015.

Á fundi nefndarinnar kom fram að frumvarpið er liður í viðbrögðum við þeirri hagræðingarkröfu sem þjóðkirkjan stendur frammi fyrir. Frumkvæðið að þessari tillögu hafi komin frá kirkjuþingi sem telur ekki rétt að skipa í embætti sóknarpresta fyrr en ákveðið hafi verið hvernig framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma verða en sérstaklega er litið til grannprestakalla í þessu sambandi.

Nefndin telur eðlilegt að þessi heimild verði sett tímabundið þar sem fyrir liggur að tillögur um breytingar á prestakallaskipan þurfa að fá umsögn á aðalsafnaðarfundum viðkomandi sókna. Tillögurnar eru síðan bornar upp á héraðsfundi sem sendir þær biskupafundi sem

býr málið til kirkjuþings og getur sú málsmeðferð tekið allt að eitt ár sérstaklega ef tillaga að breytingum kemur fyrst fram á kirkjuþingi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Alþingi, 30. maí 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.	Vigdís Hauksdóttir.
Mörður Árnason, með fyrirvara.		Þór Saari.

1575. Frumvarp til laga [861. mál]

um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum (EES-mál, innleiðing á tilskipun ESB um viðurkenningu á réttindum og prófskírteinum).

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ráðherra skal staðfesta leyfi til að bera starfsheiti sem lög þessi taka til samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sem uppfyllir skilyrði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007 frá 26. október 2007. Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar njóta sama réttar.

b. Orðin „1. tölul.“ í 2. mgr. falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum gilda, skv. 1. gr. laganna, um eftirtalin starfsheiti: 1. verkfræðinga, 2. tæknifræðinga, 3. arkitekta (húsameistara), 4. byggingafræðinga, 5. húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuði) eða þá sem hafa hluta þess starfsheitis, 6. iðnfræðinga, 7. landslagsarkitekta (landslagshönnuði), 8. skipulagsfræðinga, 9. raffræðinga, 10. tölvunarfræðinga, og 11. grafíska hönnuði.

Rétt til að nota framangreind starfsheiti hafa þeir menn einir sem fengið hafa til þess leyfi iðnaðarráðherra og þeir sem fengið hafa staðfestingu sama ráðherra til að bera samsvarandi starfsheiti sem veitt hefur verið í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahags-

svæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Fullnaðarpróf í viðkomandi starfsgrein er áskilið svo af leyfisveitingu geti orðið.

Með lögum nr. 26/2010, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Tilskipunin varð hluti af EES-samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007 frá 26. október 2007. Með þingsályktun 16. mars 2009 samþykkti Alþingi að heimila ríkisstjórninni að staðfesta ákvörðunina fyrir Íslands hönd. Að efni til varðar tilskipunin viðurkenningu á menntun til að gegna starfi sem er lögverndað og því að menn skuli hafa aflað sér faglegrar menntunar og hæfis áður en þeim er heimilt að hefja störf á viðkomandi sviði. Með tilskipuninni eru 15 fyrri tilskipanir um viðurkenningu faglegrar menntunar og hæfis sameinaðar í eina, bæði tilskipanir almenna kerfisins (89/48/EBE, 92/51/EBE og 1999/42/ EB) og hinar svokölluðu geiratilskipanir (um lækna, hjúkrunarfræðinga og fleiri stéttir). Eina háskólastéttin sem stendur utan þessa kerfis nú eru lögmenn. Með tilskipuninni verða ekki grundvallarbreytingar á tilhögun viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Réttur manna til viðurkenningar er hinn sami og áður en vonast er til að framkvæmdin verði einfaldari og skilvirkari, m.a. með nýjum ákvæðum um veitingu þjónustu og um samskiptakerfi stjórnvalda er annast viðurkenninguna. Öll meginskilyrði viðurkenningar og málsmeðferð er hin sama og áður og áfram liggur kerfinu til grundvallar sérstök skilgreining á menntunarstigum eða -þrepum. Menntunarstigin eru fimm og prófskírteini skilgreind samkvæmt því sem hér segir: skírteini vegna styttri námskeiða eða hæfniprófa (e. attestation of competence), framhaldsskólapróf (e. certificate) og þrjú þrep háskólaprófa (e. diploma), þar sem munurinn milli prófa felst í lengd náms í árum. Um þessi fimm stig segir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að þau verði að vera til í lögum hvers lands, jafnvel þótt það sé aðeins gert með vísun til tilskipunarinnar. Litið er svo á að þessi skipting menntunar endurspeglist í menntakerfinu á Íslandi.

Með lögum nr. 26/2010 voru innleiddar þær meginreglur sem gilda varðandi mat á menntun og hæfi þeirra manna sem hafa menntað sig og/eða starfað í einu af aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í framhaldinu birti mennta- og menningarmálaráðuneytið reglugerð um sama efni sem ber sama heiti og lögin og er nr. 879/2010. Eftir stendur að innleiða tilskipun 2005/36/EB á einstökum fagsviðum þar sem sérreglur gilda. Veigamestu fagsviðin sem eftir standa eru heilbrigðisstéttir og löggiltar iðngreinar sem falla undir iðnaðarlög, nr. 42/1978. Um nokkur fleiri og fámennari fagsvið gilda einnig sérreglur og má þar nefna arkitekta. Við samningu frumvarpsins var haft samráð við mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Vegna þess hve innleiðing á tilskipun 2005/36/EB hefur dregist á langinn á Íslandi höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál á hendur íslenska ríkinu fyrir EFTA-dómstólnum. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu 10. desember 2010 að þrátt fyrir gildistöku laga nr. 26/2010 hefði íslenska ríkið ekki að fullu uppfyllt þær skyldur sem á því hvíla skv. 7. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, varðandi innleiðingu á áðurnefndri tilskipun fyrir öll fagsvið.

Með vísan til framangreinds er lögð til sú breyting á lögum nr. 8/1996 að tilvísun í tilskipanir 85/384/EBE og 89/48/EBE verði felld brott og tilvísun í þá tilskipun sem í gildi er komi inn í staðinn. Vegna þess dráttar sem orðið hefur á innleiðingunni er lagt til að lagabreytingin öðlist þegar gildi og er ekki talið að það valdi vandkvæðum í framkvæmd. Í kjölfar lagabreytingarinnar er nauðsynlegt að endurskoða þau stjórnvaldsfyrirmæli sem birt hafa verið á grundvelli laga nr. 8/1996 með tilliti til áðurnefndra breytinga á tilskipunum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á 4. gr. laganna að tilvísun í tilskipanir 85/384/EBE og 89/48/EBE verði felld brott og tilvísun í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, komi í staðinn.

Með tilskipun 2005/36/EB, sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 26/2010, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, voru fimmtán fyrri tilskipanir um viðurkenningu faglegrar menntunar og hæfis sameinaðar í eina. Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að með tilskipuninni verða ekki breytingar á tilhögun viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi á Evrópska efnahagssvæðinu, réttur manna til viðurkenningar er hinn sami og áður en vonast er til að framkvæmdin verði einfaldari og skilvirkari, m.a. með nýjum ákvæðum um veitingu þjónustu og samskiptakerfi stjórnvalda er annast viðurkenninguna. Öll meginskilyrði viðurkenningar og málsmeðferð er hin sama og áður og áfram liggur kerfinu til grundvallar sérstök skilgreining á menntunarstigum.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1576. Tillaga til þingsályktunar [862. mál]

um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland.

Flm.: Gunnar Bragi Sveinsson, Vigdís Hauksdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Birkir Jón Jónsson, Höskuldur Þórhallsson, Siv Friðleifsdóttir, Eygló Harðardóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Birgir Ármannsson, Kristján Þór Júlíusson, Einar K. Guðfinnsson.

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að skipa nefnd hagsmunaaðila og fulltrúa allra þingflokka á Alþingi um grundvallarskilgreiningar á löggæslu og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland.

Nefndin hafi eftirfarandi hlutverk:

1. Að skilgreina öryggisstig á Íslandi.
2. Að skilgreina þjónustustig lögreglu.
3. Að skilgreina mannaflaþörf lögreglu.
4. Að skilgreina þörf lögreglunnar fyrir fjármagn.

Stjórnvöld skulu leitast við að veita nefndinni alla nauðsynlega aðstoð sem hún óskar eftir við störf sín, svo sem með því að veita upplýsingar og aðgang að gögnum og skýrslum stjórnvalda um málefni sem falla undir störf nefndarinnar. Jafnframt skal nefndin geta ráðfært sig við þá sérfræðinga sem hún telur þörf á.

Ráðherra leggi skýrslu nefndarinnar fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 2012.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að innanríkisráðherra skipi nefnd til að fjalla um löggæslumál hér á landi. Gert er ráð fyrir því að í nefndinni eigi sæti þingmenn úr þeim flokkum sem eiga sæti á Alþingi sem og fulltrúar frá hagsmunaaðilum, svo sem ríkislögreglustjóra og Landssambandi lögreglumanna. Samkvæmt tillögugreininni hefur nefndin fjórþætt hlutverk og er gert ráð fyrir því að hún skili innanríkisráðherra skýrslu sem hann leggi fyrir þingið eigi síðar en 1. mars 2012. Í framhaldinu verði unnin löggæsluáætlun fyrir Ísland.

Í tillögugreininni kemur fram að stjórnvöld skuli leitast við að veita nefndinni alla þá aðstoð sem hún óskar eftir, m.a. með því að veita henni aðgang að gögnum og skýrslum stjórnvalda, þ.m.t. þeim sem utanaðkomandi aðilar hafa unnið, um þau málefni sem falla undir málefnasvið nefndarinnar. Þá getur nefndin kallað til sín aðila til að veita upplýsingar og ráðleggingar. Hér má nefna sem dæmi starfsmenn lögreglunnar og sérfræðinga, svo og fulltrúa innanríkisráðuneytis, ríkislögreglustjóra, Landssambands lögreglumanna, Lögreglustjórafélags Íslands og Félags yfirlögregluþjóna.

Framlagning þingsályktunartillögunnar miðar að því að skilgreina eðli og umfang lögreglustarfsins auk þess að skilgreina ítarlega þau verkefni sem lögreglu er ætlað að sinna og hver kostnaður ríkissjóðs er af störfum lögreglu hverju sinni. Jafnframt er tilgangurinn að efla kostnaðarvitund þingsins hvað varðar löggjöf um verkefni lögreglu og þar með koma á faglegri aðkomu þingsins að þessum málaflokki. Flutningsmenn tillögunnar gera ráð fyrir því að með þessari vinnu og í kjölfar hennar, þ.e. með því að lögð verði fram löggæsluáætlun, megi jafnvel búast við betri nýtingu fjármuna hins opinbera til löggæslu og síðast en ekki síst ákveðinni fjárhagslegri hagræðingu.

Að mati flutningsmanna mun tillagan, verði hún samþykkt, varpa ljósi á raunverulegan rekstrarkostnað löggæslu á Íslandi. Einnig geti samþykkt hennar komið í veg fyrir illa eða lítt ígrundaðar ákvarðanir í þessum mikilvæga málaflokki sem m.a. hafa birst í stofnun nýrra embætta og stofnana, sem og niðurlagningu þessara sömu embætta og stofnana einhverjum árum síðar allt eftir geðþótta kjörinna þingmanna og ráðherra eða fjárhag ríkisins hverju sinni. Það hlýtur því að vera farsælt skref að stíga að hefja þá vinnu sem lögð er til svo að unnt sé að átta sig betur á raunverulegum rekstrarkostnaði við það að halda uppi öryggi í okkar herlausa landi.

Rétt er og að nefna það, í þessu samhengi, að mjög víða erlendis eru löggæsluáætlanir samþykktar af löggjafarsamkundum viðkomandi þjóða og þannig hefur norska þingið um árabil samþykkt löggæsluáætlun fyrir Noreg í þeim anda sem hér er lagt til. Það er því hægur vandi fyrir Alþingi að líta til frænda okkar Norðmanna við þá vinnu sem þingsályktunartillaga þessi miðar að.

Í 1. mgr. 1. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er mælt fyrir um það hlutverk ríkisins að halda uppi starfsemi lögreglu. Í 2. mgr. er hlutverk lögreglunnar skilgreint með eftirfarandi hætti:

„a. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi,
b. að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins,
c. að vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála eða öðrum lögum,
d. að greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að,

e. að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á,
f. að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu,
g. að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju.“

Í ljósi umfangs lögreglustarfsins geta skilgreiningar 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga tæplega talist fullnægjandi til að lögregla geti sinnt lögskipuðu hlutverki sínu samkvæmt lögreglulögum og öðrum þeim fjölmörgu lögum sem samþykkt hafa verið á Alþingi, sem og aragrúa reglugerða, án þess að fyrir liggi sú vinna sem þingsályktunartillaga þessi kveður á um. Flutningsmenn telja það hafa sýnt sig undanfarin ár og áratugi að ýmsar ákvarðanir eru teknar bæði á Alþingi og í ráðuneytum um að fela lögreglu verkefni að lögum og reglugerðum án þess að jafnhliða hafi farið fram skilgreiningar á þeim kostnaði sem leggst á rekstur lögreglu í landinu við samþykkt sömu laga og reglugerða.

Í tengslum við skipulagsbreytingar hjá lögreglunni 1997, með niðurlagningu Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) og stofnun embættis ríkislögreglustjóra (RLS), auk skipulagsbreytinga á árinu 2007, hefur orðið æ ljósara að þeir fjármunir sem ákvarðaðir eru á fjárlögum hvers árs til löggæslu hrökkva illa eða jafnvel alls ekki til að halda úti lögbundnu hlutverki lögreglunnar. Þessi staðreynd hefur orðið enn ljósari í tengslum við þær skipulagsbreytingar á lögreglu sem boðaðar hafa verið á komandi missirum svo sem sést hefur í málflutningi Landssambands lögreglumanna, sveitarstjórna víða um landið og fjölmiðla. Það er því afar brýnt, að mati flutningsmanna, að þegar verði hafist handa við þær grunnskilgreiningar á störfum lögreglu sem eru lagðar til með þessari þingsályktunartillögu og taldar eru upp í upphafi tillögunnar.

Fjöldamargar skýrslur hafa verið unnar, undanfarin ár og áratugi, um hlutverk og störf lögreglu, bæði hér á Íslandi og í löndum sem við miðum okkur gjarnan við, þar sem m.a. er að finna að hluta til þær upplýsingar sem lagt er til með þessari þingsályktunartillögu að verði skilgreindar. Nærtækt væri að leita í smiðju nágranna okkar á Norðurlöndunum um upplýsingar í þessum efnum.

Að mati flutningsmanna þessarar tillögu er nauðsynlegt að þingmenn átti sig á umfangi verksins og þeirri vinnu sem inna þarf af hendi og fylgja því lauslegar skilgreiningar á þeim lykilhugtökum sem tillagan snýr að:

1. Öryggisstig á Íslandi.

Að mati flutningsmanna þarf að leggja ítarlegt mat á þær hættur og ógnir sem steðja að íslensku samfélagi. Hér þarf einnig að horfa til þess hvað þingheimur telur eðlilegt öryggi fyrir þá sem búa á Íslandi, starfa hér eða heimsækja landið. Við skilgreininguna væri nærtækast að horfa til þeirrar vinnu sem liggur fyrir í því hættumati sem utanríkisráðherra fól sérstökum starfshópi að vinna að undir lok árs 2007 en formaður þess starfshóps var Valur Ingimundarson, prófessor. Auk Vals áttu sæti í starfshópnum Birna Þórarinsdóttir stjórnmálafræðingur, Ellý Katrín Guðmundsdóttir forstjóri, Einar Benediktsson sendiherra, Jón Ólafsson prófessor, Jón Sigurðsson rekstrarhagfræðingur, Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður, Ólafur Þ. Stephensen ritstjóri, Silja Bára Ómarsdóttir forstöðumaður, Sturla Sigurjónsson sendiherra, Þór Whitehead prófessor, Þórir Ibsen skrifstofustjóri og Þórunn J. Hafstein skrifstofustjóri. Ráðgjafi starfshópsins var Alyson Bailes, fyrrverandi forstöðumaður friðarrannsóknastofnunarinnar í Stokkhólmi (SIPRI), og starfsmaður hópsins var Erlingur Erlingsson sendiráðsritari.

Þá er einnig rétt að horfa til þeirrar vinnu sem unnin hefur hjá greiningardeild ríkislögreglustjóra sem miðar að því að leggja mat á þær hættur sem steðja að Íslandi er kemur að hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi svo eitthvað sé nefnt.

Að síðustu væri hér einnig rétt að horfa til hættumats í tengslum við almannavarnaverkefni hvers konar (eldgos, snjóflóð, jarðskjálfta o.s.frv.) en hlutverk lögreglu er kemur að framkvæmd slíkra verkefna er gríðarlega umfangsmikið og krefst jafnan mikils mannafla.

2. Þjónustustig lögreglu.

Eins og fyrr segir er hlutverk lögreglu skilgreint í lögreglulögum. Ljóst er að sú skilgreining er engan veginn tæmandi og þaðan af síður fullnægjandi til að lýsa hlutverki lögreglu í nútímasamfélagi.

Það hefur viljað bregða við að engar fjárveitingar hafi verið skilgreindar til aukinna verkefna lögreglu. Því er nauðsynlegt að verkefni lögreglu verði skilgreind ítarlega, þ.e. hvaða verkefnum lögregla á eða á ekki að sinna, og það verði svo tryggt að ítarleg kostnaðargreining fylgi lagafrumvörpum þar sem kveðið er á um aðkomu lögreglu og sömuleiðis að fjárveitingar verði tryggðar til lögreglu til að gera henni kleift að taka að sér þau auknu verkefni sem henni yrðu falin við samþykkt laga frá Alþingi.

Þessi skilgreining krefst þess að ítarleg úttekt fari fram á öllum gildandi lögum og reglugerðum og kostnaðarmat lagt á þátt lögreglu við framkvæmd þeirra starfa sem henni eru falin í þessum sömu lögum og reglugerðum.

Hér væri nærtækt að líta til þeirrar vinnu sem unnin var af hálfu ríkislögreglustjóra í tengslum við frumvarp um skipulagsbreytingar í lögreglu sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi (þskj. 977, 586. mál) og gerð var grein fyrir í skýrslunni *Skilgreining á grunnþjónustu lögreglunnar* sem kom út í október 2009.

3. Mannaflaþörf lögreglu.

Við skilgreiningu á þessum þætti þarf að horfa til þeirra skilgreininga sem koma út úr vinnu við skilgreiningu á öryggisstigi og þjónustustigi lögreglu, sbr. 1. og 2. lið hér framar þar sem ljóst má telja að ekki er hægt að áætla þann mannafla sem þarf til að halda úti löggæslu á Íslandi án þess að fyrir liggi niðurstaða um tvö framangreind atriði.

Víða á Norðurlöndunum hefur þessi vinna nú þegar verið unnin og er því nærtækt að leita í smiðju nágrannalanda okkar með fyrirkomulag þeirrar vinnu.

Hér þyrfti einnig að horfa til þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið á eðli og hlutverki lögreglu, t.d. í Danmörku í kringum miklar skipulagsbreytingar sem þar voru gerðar á lögreglu á árinu 2007 og má þar til að mynda nefna doktorsritgerð Rex Degnegaard, sem starfar við viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn, *Strategic Change Management – Change Management Challenges in the Danish Police Reform,* sem gefin var út í júlí 2010. Einnig væri nærtækt að líta til vinnu sem unnin hefur verið t.d. í Bretlandi og Hollandi sem miðar að því að setja upp reiknilíkan fyrir lögreglu þar sem m.a. er horft til afbrotatölfræði og þróunar þegar kemur að því að áætla fjármuni og mannafla til löggæslustarfa. Að síðustu er og rétt að nefna að embætti ríkislögreglustjóra hefur í a.m.k. tvígang sent frá sér skýrslu um mannaflaþörf lögreglu á Íslandi.

4. Fjárveitingar til lögreglu.

Þegar lokið hefur verið vinnu við þær skilgreiningar sem lagðar eru til er fyrst hægt að hefja þá vinnu að áætla fjárveitingar til lögreglu enda liggja þá fyrir ítarlegar skilgreiningar

á því öryggisstigi sem stjórnvöld telja æskilegt að sé á Íslandi auk þess sem fyrir liggja greinargóðar skilgreiningar á öllum störfum lögreglu, þ.e. þjónustustigi hennar. Þessi vinna miðar að því að fjárveitingavaldið átti sig á eðli og umfangi lögreglustarfans og þeirri staðreynd að verði lögreglu falin viðbótarverkefni muni það, eðli máls samkvæmt, hafa í för með sér aukinn kostnað við rekstur lögreglunnar.

Sú vinna sem lagt er til að verði hafin með þessari þingsályktunartillögu yrði, að mati flutningsmanna hennar, ágætisgrundvöllur fyrir vinnu Alþingis við að útfæra og í framhaldinu samþykkja sérstaka löggæsluáætlun fyrir Ísland.

1577. Tillaga til þingsályktunar [863. mál]

um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu.

Flm.: Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Ásmundur Einar Daðason, Björn Valur Gíslason, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Lilja Mósesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svandís Svavarsdóttir, Þráinn Bertelsson, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að Ísland segi sig úr Atlantshafsbandalaginu.

Greinargerð.

Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið þegar kalda stríðið var í algleymingi og heimsmyndin dregin skörpum skilum milli tveggja andstæðra fylkinga. Stórveldin, Bandaríkin og Sovétríkin, standa nú ekki lengur með vopnabúr sín hvort á móti öðru heldur hafa hagsmuna- og hernaðarátök á heimsvísu tekið á sig gjörbreytta mynd.

Atlantshafsbandalagið hefur einnig tekið miklum breytingum í tímans rás en þó ekki með þeim hætti sem eðlilegt hefði verið í ljósi breyttrar skipanar heimsmála. Í stað þess að slíðra sverðin í þágu friðar við lok kalda stríðsins hefur Nató farið í útrás með gríðarlegri hernaðaruppbyggingu um víða veröld.

Bandalagið er löngu hætt að skilgreina sig sem einungis bandalag um sameiginlegar varnir aðildarríkja. Í stað þess að horfa til beinnar árásar á eitthvert aðildarríkja bandalagsins, og skuldbindingar annarra aðildarríkja að hrinda slíkri árás, er nú litið á meinta ógn við einstök aðildarríki sem ógn og jafnvel árás á önnur. Með túlkun bandalagsins á ógn við öryggi um víða veröld fylgir nær opin heimild um hernaðaríhlutun, enda beitir Nató sér um heim allan í mun ríkari mæli en áður. Sú hefð hefur nú fest sig í sessi að Atlantshafsbandalagið taki við herleiðöngrum og stríðsbrölti forusturíkja sinna. Má færa fyrir því sterk rök að bandalagið sé herskárra og háskalegra en nokkru sinni fyrr.

Ísland gumar að því að vera herlaust og friðsamt land. Á sama tíma leggur Ísland beint eða óbeint blessun sína yfir hernaðaraðgerðir á vegum bandalagsins sem stofnað er til í því skyni að verja grímulausa hagsmuni forusturíkja þess. Kjarnorkuvopn eru enn sem fyrr hluti af viðbúnaði Natós og hornsteinn í stefnu bandalagsins, en Nató áskilur sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. Friðlýsing íslenskrar lögsögu gegn kjarnorkuvopnum og kjarnorkuknúnum farartækjum kann að reynast torsótt svo lengi sem Ísland er aðili að Nató.

Með loftárásum Atlantshafsbandalagsins á Líbíu er Ísland enn á ný orðið beinn aðili að styrjaldarátökum. Blóði drifin saga Natós og forusturíkja þess í bæði Írak og Afganistan ætti með réttu að vera fullt tilefni til þess að fólk allra flokka á Alþingi sameinaðist í þeirri kröfu að Ísland segði sig úr bandalaginu. Í stað þess er Ísland nú aðili að enn einni herförinni í fjarlægu landi. Á þessu augnabliki er útilokað að segja til um hvernig hernaðurinn í Líbíu muni þróast en ýmislegt í þessum stríðsrekstri minnir óhuggulega á upphaf innrásarinnar í Írak. Eins og venja er orðin þegar innrás er gerð í framandi olíuríki voru loftárásir Nató á Líbíu réttlættar með því að vernda ætti líbískan almenning. Reynslan sýnir hins vegar að lofthernaður eykur líkurnar á mannfalli meðal óbreyttra borgara. Mannfall almennings í Líbíu eykst, borgaraleg skotmörk eru hluti af meintum vörnum og börn eru fórnarlömb ígrundaðra árása.

Það er brýnt að Ísland sýni í verki að það er sjálfu sér samkvæmt, herlaust og andvígt hernaðarofbeldi. Öllum er ljóst að þær ógnir sem helst steðja að Íslandi eru ekki hernaðarlegs eðlis. Þjóð sem vill vera herlaus og friðsöm á að halda sig utan hernaðarbandalaga. Eftir hálfa öld og óforsvaranleg voðaverk er mál að linni. Því ber að segja Ísland úr Nató.

Eftirtalin fylgiskjöl fylgdu tillögunni:

I. NATO eftir kaldastríðið: árásargjarnt hernaðarbandalag heimsvaldasinna. Einar Ólafsson. (21. apríl 2007. Uppfært 7. október 2009. – Sótt á vefinn 26.5.2011: http://notendur.centrum.is/~einarol/natoeftirkalda_punktar.htm).

II. Byrði hvíta mannsins og stríðsþátttaka Íslands. Sverrir Jakobsson. (Skrifað 1. og 2. apríl. Hugrás – vefrit hugvísindasviðs.)

1578. Breytingartillögur [56. mál]

við frv. til l. um breyt. á barnaverndarlögum. nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Á eftir a-lið 2. gr. komi nýr stafliður svohljóðandi: Í stað orðanna „3. og 5. mgr. 15. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: 3., 5. og 6. mgr. 15. gr.
2. Við b-lið 53. gr.
   a. Orðin „og hagsmunasamtök fóstur- og vistforeldra“ í 1. málsl. falli brott.
   b. Á eftir orðunum „með sama hætti“ í 2. málsl. komi: og að höfðu samráði við hagsmunasamtök fóstur- og vistforeldra.
3. Við b-lið 54. gr. Í stað orðanna „að höfðu samráði við“ í 4. mgr. komi: að fengnum tillögum.
4. 9. mgr. 57. gr. orðist svo:
   Ákvæði a-liðar 45. gr., 50.–52. gr., a-liðar 53. gr. og 1., 3. og 4. málsl. b-liðar 53. gr. taka gildi 1. janúar 2013.

1579. Frumvarp til laga [864. mál]

um breyting á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skulu innlánsstofnanir greiða iðgjald á árinu 2011 til sjálfstæðrar deildar sjóðsins samkvæmt því sem kveðið er á um í ákvæði þessu.

Iðgjöld skulu vera samtala almenns iðgjalds skv. 3. mgr. og iðgjalds sem er reiknað á grundvelli áhættustuðuls skv. 4. mgr. og renna í hina sjálfstæðu deild sjóðsins. Um ráðstöfun fjár úr deildinni skal fara samkvæmt lögum.

Almennt iðgjald skal nema sem svarar 0,3% á ári af öllum innstæðum, eins og þær eru skilgreindar í 14. mgr., hjá viðkomandi innlánsstofnun öðrum en þeim sem eru undanþegnar tryggingavernd skv. 15. mgr. eða 0,075% á ársfjórðungslegum gjalddaga. Fyrsti gjalddagi almenns iðgjalds vegna fyrsta og annars ársfjórðungs 2011 skal vera 1. september 2011.

Auk iðgjalds skv. 3. mgr. greiðir innlánsstofnun breytilegt iðgjald í samræmi við áhættustuðul sem Fjármálaeftirlitið gefur hverri innlánsstofnun. Áhættustuðull skal lægst hafa gildið 0 og hæst gildið 1 og skal iðgjald skv. 3. mgr. margfaldað með áhættustuðlinum eins og hann er í lok þess ársfjórðungs sem iðgjald er greitt fyrir. Fyrsti gjalddagi áhættuvegins iðgjalds er 1. september 2011 fyrir annan ársfjórðung 2011.

Gjalddagi fyrir þriðja ársfjórðung er 1. nóvember 2011 og gjalddagi fyrir fjórða ársfjórðung er 1. mars 2012.

Að fenginni sameiginlegri tillögu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands ber sjóðnum að innheimta viðbótariðgjald til deildarinnar ef eign hennar dugir ekki til að standa undir greiðslu þegar greiðsluskylda sjóðsins verður virk. Einnig er sjóðnum heimilt að innheimta viðbótariðgjöld til að standa straum af kostnaði, afborgunum og greiðslum vaxta af lánum. Iðgjald samkvæmt þessari málsgrein skal þó aldrei vera hærra en nemur 0,6% af tryggðum innstæðum hjá viðkomandi innlánsstofnun.

Iðgjöld eru óendurkræf.

Eigi síðar en 30 dögum eftir lok hvers ársfjórðungs skulu innlánsstofnanir hafa veitt sjóðnum upplýsingar um samtölu þeirra eigna og atriða sem álagning skv. 3.–4. mgr. byggist á. Skulu upplýsingarnar veittar í því formi sem sjóðurinn ákveður. Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að sannreyna upplýsingar sem fjármálafyrirtæki hafa afhent samkvæmt grein þessari. Sjóðurinn tilkynnir innlánsstofnunum upphæð iðgjalds a.m.k. sjö dögum fyrir gjalddaga.

Standi innlánsstofnun ekki skil á upplýsingum sem henni ber að veita skv. 8. mgr. er sjóðnum heimilt að áætla iðgjald innlánsstofnunar skv. 3.–4. mgr. Slíkt iðgjald skal að lágmarki nema tvöfaldri síðustu álagningu ársfjórðungslegs iðgjalds viðkomandi innlánsstofnunar og er óheimilt að endurgreiða það þótt full skil verði gerð á öllum nauðsynlegum upplýsingum síðar.

Iðgjöld skulu greidd í krónum og sama á við um greiðslur úr deildinni.

Greiði innlánsstofnun sem er skylt að greiða iðgjald til sjóðsins ekki ársfjórðungslegt iðgjald á gjalddögum sem tilgreindir eru í 3.–5. mgr. leggst á iðgjaldið 5% álag fyrir hvern

liðinn dag umfram gjalddaga, í fimm daga. Hafi fyrirtæki ekki staðið skil á iðgjaldi og álagi að þeim tíma liðnum tilkynnir stjórn sjóðsins um vanskil fyrirtækisins til Fjármálaeftirlitsins.

Verði vanskil á greiðslu iðgjalds innlánsstofnunar er stjórn sjóðsins heimilt að láta færa fjármuni sem nema þeim innlánum sem orðið hafa til hjá hlutaðeigandi innlánsstofnun frá gjalddaga á reikning hennar hjá Seðlabanka Íslands þar til iðgjald hefur verið greitt.

Sé innlánsstofnun svipt heimild til að taka við innlánum eða starfsleyfi í heild raskast ekki hagsmunir þeirra sem njóta tryggingaverndar.

Með innstæðu er átt við inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum, og millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi, sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum, og hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun. Lántökur innlánsstofnunar, eiginfjárreikningar, heildsöluinnlán og safnreikningar, aðrir en reikningar innlánsleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar, teljast ekki til innstæðna.

Eftirfarandi innstæður njóta ekki verndar samkvæmt lögum þessum:

1. innstæður í eigu fjármálafyrirtækja,
2. innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti,
3. innstæður fyrirtækis þar sem fjármálafyrirtæki er meirihlutaeigandi,
4. innstæður ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja að meiri hluta í eigu opinberra aðila,
5. innstæður rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði,
6. innstæður félaga í sömu samsteypu og þau sem falla undir 1. tölul.,
7. innstæður sem eru ekki skráðar á nafn,
8. innstæður lífeyrissjóða aðrar en hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun.

Takmarkanir á tryggingavernd skv. 15. mgr. raska ekki rétthæð innstæðna í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við slitameðferð innlánsstofnunar skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði til bráðabirgða bætist við lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999. Mælt er fyrir um að vegna ársins 2011 greiði innlánsstofnanir gjald til sjálfstæðrar deildar sjóðsins. Ákvæði frumvarpsins byggjast einkum á 10., 11. og 14. gr. frumvarps efnahags- og viðskiptaráðherra til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta sem nefndin hefur haft til meðferðar en er ekki orðið að lögum (237. mál). Í 14. mgr. ákvæðisins er hugtakið innstæða skilgreint með sama hætti og gert er í áðurnefndu frumvarpi ráðherra og breytingartillögum á þskj. 1098. Gert er ráð fyrir því að fyrsti gjalddagi iðgjalda verði 1. september 2011. Í 2. málsl. 2. mgr. er kveðið á um að um ráðstöfun fjár úr hinni sjálfstæðu deild skuli fara samkvæmt lögum.

1580. Nefndarálit [785. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (mansal).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni Hafstein og Bryndísi Helgadóttur frá innanríkisráðuneyti. Umsagnir bárust frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Jafnréttisstofu, Mannréttindaskrifstofu Íslands, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og tollstjóranum í Reykjavík.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum um mansal. Annars vegar er lagt til að refsing fyrir mansal verði hækkuð úr 8 ára fangelsi í 12 ára fangelsi og hins vegar að mansalsbrot tæmi ekki sök gagnvart öðrum mjög alvarlegum frelsissviptingarbrotum, líkt og nú er, enda varða slík brot þyngri refsingu en ef brotið er gegn mansalsákvæði hegningarlaganna.

Nefndin fjallaði um hækkun refsirammans úr 8 ára fangelsi í 12 ár og telur þá breytingu eðlilega þegar litið er til alvarleika þessara brota og enn fremur að það sé í betra samræmi við refsiramma í sambærilegum brotum. Þá fellst nefndin einnig á að eðlilegt sé að mansalsbrot tæmi ekki sök gagnvart öðrum mjög alvarlegum frelsissviptingarbrotum þannig að unnt sé að dæma fyrir brot á þeim samhliða.

Nefndin fjallaði á fundi sínum um þá afleiddu breytingu sem lenging refsirammans hefur í för með sér, þ.e. að skilyrði 2. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála verða uppfyllt. Í þeirri grein segir að úrskurða megi sakborning í gæsluvarðhald þótt skilyrði a–d-liðar 1. mgr. séu ekki fyrir hendi ef sterkur grunur leikur á að hann hafi framið afbrot sem að lögum getur varðað 10 ára fangelsi, enda sé brotið þess eðlis að ætla megi varðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Þá er einnig kveðið á um í 2. mgr. 98. gr. sömu laga að einangrun megi ekki standa lengur samfleytt en í fjórar vikur nema sá sem henni sætir sé sakaður um brot sem varðað getur að lögum 10 ára fangelsi. Breytingin felur því í sér að heimilt er að beita gæsluvarðhaldi og einangrun í gæsluvarðhaldi ef önnur skilyrði eru uppfyllt, þ.e. að ætla megi að sakborningur muni torvelda rannsókn málsins, svo sem með því að afmá merki eftir brot, skjóta undan munum ellegar hafa áhrif á samseka eða vitni, eða telja megi gæsluvarðhald nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum sakbornings ellegar hann sjálfan fyrir árásum eða áhrifum annarra manna. Nefndin telur að þegar litið er til eðlis þeirra brota sem um er að ræða og þeirra hagsmuna sem í húfi eru sé eðlilegt að dómstólar hafi þessi heimild.

Nefndin fjallaði einnig um vitnavernd en fyrir nefndinni kom fram að ráðuneytið hefur ásamt lögregluyfirvöldum verið í samvinnu við yfirvöld á Norðurlöndum m.a. um mótun löggjafar um vitnavernd. Nefndin telur mjög mikilvægt að slík samvinna fari fram til að bæta vitnavernd, sérstaklega þegar litið er til þess að mansalsmál tengjast gjarnan skipulagðri alþjóðlegri brotastarfsemi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Álfheiður Ingadóttir, Valgerður Bjarnadóttir og Þráinn Bertelsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. maí 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Vigdís Hauksdóttir.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Mörður Árnason.	Þór Saari.

1581. Breytingartillaga [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/2007, um opinber innkaup.

Frá Álfheiði Ingadóttur og Magnúsi Orra Schram.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
2. gr. laga þessara skal endurskoðuð innan þriggja ára frá gildistöku þeirra.

1582. Breytingartillögur [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/2007, um opinber innkaup.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni og Sigurði Kára Kristjánssyni.

1. Í stað lokamálsliðar efnismálsgreinar 2. gr. komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Í rökstuðningi fyrir beiðni innkaupastofnunar skal liggja fyrir sérstakt samkeppnismat. Við móttöku beiðni innkaupastofnunar skal fjármálaráðuneyti leita eftir staðfestingu Samkeppniseftirlitsins á samkeppnismati innkaupastofnunar. Staðfesti Samkeppniseftirlitið ekki samkeppnismat innkaupastofnunar fara innkaup ekki fram samkvæmt ákvæði þessu.
2. Í stað orðanna „innan fimm ára“ í ákvæði til bráðabirgða komi: innan þriggja ára.

1583. Nefndarálit [703. mál]

um frv. til l. um verslun með áfengi og tóbak.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Jóhann Árnason frá fjármálaráðuneytinu, Almar Guðmundsson, Jón Erling Ragnarsson og Pál Rúnar Mikael

Kristjánsson frá Félagi atvinnurekenda, Ívar J. Arndal, Sigrúnu Ósk Sigurðardóttur og Svein Víking Árnason frá ÁTVR, Andrés Guðmundsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Gunnar Val Sveinsson og Ingólf Haraldsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði og Geir Gunnlaugsson, Lilju Sigrúnu Jónsdóttur og Önnu Björg Aradóttur frá embætti landlæknis. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Félagi atvinnurekenda, landlækni, ríkissaksóknara, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu og Viðskiptaráði Íslands. Einnig hefur nefndinni borist umsögn frá meiri hluta heilbrigðisnefndar Alþingis.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um ný heildarlög um starfsemi áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) er leysi af hólmi lög nr. 6/2002. Frumvarpið felur ekki í sér veigamiklar efnisbreytingar á fyrirkomulagi áfengisverslunar og eiga mörg ákvæði þess sér því samsvörun í gildandi lögum um verslun með áfengi og tóbak en jafnframt lögum um tóbaksvarnir, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbak. Meginhlutverk ÁTVR verður sem fyrr að annast smásölu áfengis og heildsölu tóbaks á grundvelli einkaleyfis og tekur gildissvið frumvarpsins mið af því.

Nýmæli frumvarpsins eru fólgin í að ÁTVR er ætlað að starfa samkvæmt stefnu stjórnvalda í áfengis- og tóbaksmálum á hverjum tíma og í stað sérstakrar stjórnar mun verslunin heyra undir ráðherra. Grunnstefið í þeirri stefnu er að takmarka aðgengi og draga úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu. Versluninni er ætlað að starfa með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi um leið og miðað er við að reksturinn standi undir sér og skili ríkissjóði hæfilegum arði. Þá er í frumvarpinu skotið lagastoð undir vöruvalsreglur um áfengi.

Efasemdir komu fram við umfjöllun nefndarinnar hversu vel færi á því að ÁTVR beitti sér gegn skaðsemi áfengis og tóbaks um leið og stofnunin hefði arðsaman verslunarrekstur með höndum. Gagnrýndar voru heimildir stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu til þess að hafna vörum sem innihéldu ákveðna eiginleika eða upplýsingar vegna einokunarstöðu verslunarinnar á markaði og reglna EES-samningsins um frjálst flæði vöru. Talsmenn atvinnulífsins áréttuðu fyrri sjónarmið um að lögleg sala áfengis hefði dregist saman vegna aukinnar skattheimtu.

Í tilefni af athugasemdum tekur nefndin fram að stefna stjórnvalda sem liggur til grundvallar frumvarpinu hefur verið samþykkt í ríkisstjórn. Með hliðsjón af skaðlegum eiginleikum áfengis og tóbaks telur nefndin eðlilegt að starfsemin markist af samfélagslegri ábyrgð og tilliti til lýðheilsu. Vegna stöðu ÁTVR á markaði og lögbundnu hlutverki verslunarinnar er samt sem áður brýnt að hún gæti jafnræðis og meðalhófs gagnvart viðsemjendum sínum og birgjum.

Þá er mikilvægt að forsendur útreikninga þeirra þjónustugjalda sem versluninni er heimilt að innheimta, sbr. 5. og 6. mgr. 9. gr. frumvarpsins, liggi fyrir áður en innheimta hefst.

Innan nefndarinnar komu fram skiptar skoðanir varðandi það fyrirkomulag að ÁTVR mundi framvegis starfa án stjórnar og þess í stað heyra beint undir ráðherra. Efasemdir komu fram um hvort slíkt hentaði ríkisstofnun sem hefði með höndum verslunarrekstur. Á móti var bent á að fyrirkomulagið væri í anda stefnu sem mörkuð hefði verið í tíð fyrri ríkisstjórna að beiðni Ríkisendurskoðunar.

Nefndin leggur til þær breytingar að í 4. gr. verði vísað til áfengislaga og tóbaksvarnalaga og að 1. mgr. 14. gr. falli brott. Síðari breytingin er gerð með hliðsjón af umsögn ríkissaksóknara og því mati fjármálaráðuneytisins að ekki sé þörf fyrir ákvæðið vegna viðurlagaákvæða í öðrum lögum á sviði áfengis- og tóbakslöggjafar og almennra hegningarlaga. Við meðferð málsins barst nefndinni umsögn meiri hluta heilbrigðisnefndar þar sem lagt var til

að lögfestar yrðu vöruvalsreglur um tóbak hliðstæðar þeim sem fram koma í frumvarpinu um áfengi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 2. mgr. 4. gr. orðist svo:
   ÁTVR skal haga starfsemi sinni í samræmi við áfengislög, tóbaksvarnalög og stefnu stjórnvalda á hverjum tíma.
2. Við 14. gr.
   a. 1. mgr. falli brott.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Haldlagning áfengis.*

Alþingi, 31. maí 2011.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.
Birkir Jón Jónsson, með fyrirvara.	Lilja Rafney Magnúsdóttir, með fyrirvara.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Magnús Orri Schram.	Björn Valur Gíslason, með fyrirvara.	Lilja Mósesdóttir.

1584. Nefndarálit [701. og 702. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna skattlagningar á kolvetnisvinnslu (virðisaukaskattur, tekjuskattur, staðgreiðsla opinberra gjalda) og frv. til l. um skattlagningu á kolvetnisvinnslu.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málin og fengið á sinn fund Þórð Reynisson f.h. fjármálaráðuneytis, Þóri Ólafsson og Steingrím Sigfússon frá Félagi löggiltra endurskoðenda og Gunnlaug Jónsson. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Gunnlaugi Jónssyni, Lögmannafélagi Íslands og Statoil.

Efnisatriði frumvarpanna.

Að fenginni reynslu við fyrsta útboð sérleyfa á Drekasvæðinu sem haldið var á tímabilinu 22. janúar til 15. maí 2009 án árangurs var ráðist í endurskoðun á lögum um skattlagningu kolvetnisvinnslu. Tilgangurinn var sem fyrr að færa íslenska ríkinu viðunandi endurgjald af nýtingu þessara gæða en um leið að koma til móts við gagnrýni sem fram hefur komið á það skattafyrirkomulag sem ákveðið var með lögum nr. 170/2008. Undirbúningi annars útboðs sem fyrirhugað er á síðari hluta þessa árs hefur m.a. verið hagað í samstarfi við norsk stjórnvöld sem hafa viðamikla reynslu á þessu sviði.

Í frumvarpi að nýjum heildarlögum um skattlagningu á kolvetnisvinnslu (þskj. 1221, 702. mál) er kveðið á um heimildir íslenska ríkisins til skattlagningar þeirra sem fengið hafa leyfi til leitar, rannsókna og/eða vinnslu kolvetnisafurða á svæðum sem tilgreind eru í 1. gr. svo og þá sem taka með beinum eða óbeinum hætti þátt í slíkri starfsemi, þ.m.t. vegna dreifingar eða annarrar afleiddrar starfsemi. Hugsunin er sú að lögaðilar, sjálfstætt starfandi menn og launafólk sem afla tekna við umrædda starfsemi beri þá skatta og gjöld sem almennt eru lögð á samkvæmt íslenskum lögum á hverjum tíma. Í frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna skattlagningar á kolvetnisvinnslu (þskj. 1220, 701. mál) er lagt til að þeir lögaðilar sem ekki eiga skattalegt heimilisfesti hér á landi og starfa samtals lengur en 30 daga á 12 mánaða tímabili beri takmarkaða skattskyldu með sama hætti og aðilar sem reka fasta starfsstöð hér á landi. Þá er í frumvarpi sem varðar breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis (þskj. 1243, 719. mál) lagt til að slakað verði á skilyrði leyfisveitingar þannig að ekki sé gerð krafa um að umsækjandi sem staðsettur er innan Evrópska efnahagssvæðisins en utan Íslands stofni íslenskt félag heldur nægi að hann skrái útibú eða umboðsskrifstofu hér á landi. Tilgangurinn með þessu er að tryggja skattalögsögu íslenska ríkisins að teknu tilliti til ákvæða EES-samningsins er varða fjórfrelsið og ákvæða í tvísköttunarmódeli OECD er varða fasta starfsstöð.

Frumvarpið að nýjum heildarlögum (702. mál) er reist á núgildandi lögum um skattlagningu kolvetnisvinnslu, nr. 170/2008, sem efnahags- og skattanefnd fjallaði um á 136. löggjafarþingi (sjá þskj. 458, 208. mál). Lögin gera ráð fyrir að leyfishafar greiði stighækkandi vinnslugjald sem leggist á þegar framleiðsla kolvetnis nær tilteknu lágmarki og allt þar til hagnaður af starfseminni verður 20% af skattskyldum rekstrartekjum en þá beri þeim að greiða kolvetnisskatt. Við fyrri umfjöllun nefndarinnar var gagnrýnt að útreikningur vinnslugjaldsins væri einkum til þess fallinn að draga úr áhuga erlendra olíufjárfesta. Nýja frumvarpið gerir ráð fyrir að í stað vinnslugjalds verði tekið upp framleiðslugjald sem reiknast sem fastákveðið hlutfall (5%) af verðmæti heildarvinnslu óháð umfangi og hagnaði leyfishafa. Verðmæti heildarvinnslu ákvarðast sem margfeldi unnins magns og viðmiðunarverðs sem þriggja manna sérfræðinganefnd skipuð af ráðherra ákvarðar. Tekið er fram að viðmiðunarverðið ákvarðist með hliðsjón af verði á alþjóðlegum mörkuðum fyrir sambærilegar afurðir.

Í annan stað er lögð til sú meginbreyting að kolvetnisskatturinn verði lagður á um leið og hagnaður myndast hjá leyfishafa eða öðrum sem eiga hlutdeild í slíkum tekjum. Þá er lagt til að útreikningur skattsins verði einfaldaður frá því sem nú er og að hann verði margfeldi skatthlutfalls og skattstofns. Skatthlutfallið, mælt í prósentum, er stighækkandi og ákvarðast sem margfeldi af hagnaðarhlutfalli og hlutfallstölunni 0,45 en með skattstofni er átt við allar tekjur skv. B- og C-lið 7. gr. laga um tekjuskatt að frádregnum rekstrarkostnaði skv. 31. gr. og niðurfærslu skv. 32. gr. sömu laga, með þeim undantekningum sem gerð er grein fyrir í 10. og 11. gr. frumvarpsins. Ekki er að finna samhljóða skilyrði og í f-lið 12. gr. gildandi laga um að tap af leyfisskyldri starfsemi verði hvorki flutt á milli leyfishafa né einstakra leyfissvæða en aftur á móti eru í frumvarpinu um breytingar á ýmsum skattalögum (701. mál) lagðar til tvær breytingar á III. kafla tekjuskattslaga, önnur sem er almenns eðlis og varðar heimildir til jöfnunar á rekstrarkostnaði þegar um er að ræða sjálfstæð afmörkuð verkefni (3. gr.) en hin kveður á um fyrningu tilgreindra eigna sem standa í tengslum við leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis (4. og 5. gr.).

Lagt er til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til þess að krefjast þess að skattskyldir aðilar leggi fram tryggingar fyrir væntanlegum sköttum og gjöldum svo og fyrir skattgreiðsl-

um annarra aðila sem þeir eru í ábyrgð fyrir (702. mál). Loks er lagt til að tilgreind starfsemi í kolvetnisvinnslu verði undanþegin því að teljast til skattskyldrar veltu í skilningi laga um virðisaukaskatt og er á það bent í athugasemdum að þetta sé gert til samræmis við það fyrirkomulag sem gildir í öðrum ríkjum sem vinna olíu, t.d. Noregi (701. mál).

Umfjöllun nefndarinnar.

Gagnrýnt var að farið væri fram með almenna breytingu á tekjuskattslögum, nánar tiltekið á 2. mgr. 29. gr., sem gæti varðað mun fleiri aðila en starfa við kolvetnisvinnslu. Í frumvarpinu um breytingar á ýmsum skattalögum (701. mál) er breytingin rökstudd með vísan til þess að verið sé að lögfesta viðtekna skattframkvæmd sem í raun megi leiða af almennum reglum 31. gr. sömu laga. Þá var gagnrýnt það framsal valds sem fjármálaráðherra væri fengið samkvæmt frumvarpinu til að fara fram á að skattskyldir aðilar legðu fram tryggingar fyrir skattgreiðslum. Ráðuneytið bendir hins vegar á að ákvæðið sé mikilvægt með tilliti til þeirra gríðarmiklu hagsmuna sem í húfi eru ef olía finnst og vinnslan gengur vel.

Við meðferð málsins tóku sumir umsagnaraðilar fram að æskilegt hefði verið að skýra nánar einstök orð og orðasambönd sem fram kæmu í frumvörpunum. Félag löggiltra endurskoðenda taldi t.d. að ekki væri nægilega ljóst hvaða aðilum öðrum en leyfishöfum bæri skylda til að greiða kolvetnisskatt vegna starfsemi sinnar. Félagið benti enn fremur á að ýmis óljós hugtök sem vörðuðu mat á frádráttarbærum kostnaði gætu skapað vandræði við ákvörðun skattstofna. Fjármálaráðuneytið taldi ekki að þessar athugasemdir gæfu tilefni til breytinga á frumvarpinu og benti m.a. á að í skattalögum væru mörg dæmi þess að niðurstaða réðist af matskenndum þáttum, t.d. þegar um væri að ræða mat á frádráttarbærum kostnaðarliðum. Þá væri einnig til þess að líta að verið væri að taka upp skatt á nýja atvinnustarfsemi hér á landi sem væri alþjóðleg og verulega flókin í eðli sínu.

Í áliti efnahags- og skattanefndar í tengslum við samþykkt núgildandi laga var bent á að leit og vinnsla kolvetnis á Drekasvæðinu væri dýrt og áhættusamt verkefni og að hagfellt skattumhverfi gæti ráðið miklu um hvort fyrirtæki tækju þátt í útboði. Eins og fyrr segir var útboðið í byrjun síðasta árs haldið án árangurs sem gefið hefur stjórnvöldum tilefni til þess að endurskoða gildandi lagaramma. Umsagnaraðilar töldu almennt að nýja frumvarpið horfi til bóta og samræmist því sem aðrar þjóðir sem stigið hafa sín fyrstu skref á sviði olíuleitar hefðu gert. Ekki eru þó allir á einu máli um hvort frumvarpið sé nægilega hagfellt fjárfestum.

Í frumvarpinu að nýjum heildarlögum er jafnan talað um ráðherra en ekki fjármálaráðherra sem veldur nokkurri óvissu um hvaða ráðherra fer með framkvæmd málaflokksins. Fjármálaráðuneytið gaf þær skýringar að þessi tilhögun væri í samræmi við tilmæli forsætisráðuneytisins og helgaðist af því að ekki þyrfti lagabreytingu til að færa málaflokkinn milli ráðuneyta.

Nefndin leggur til þá breytingu, að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið, að orðið „leit“ sem víða kemur fyrir í þeim frumvörpum sem hér eru til umfjöllunar falli brott. Breytingin er lögð fram með hliðsjón af umfjöllun iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis (þskj. 1243, 719. mál). Þar er gengið út frá því að leit sé ekki sérleyfisskyld starfsemi og því ekki grundvöllur skattskyldu.

Nefndin leggur til að frumvörpin verði **samþykkt** með breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 31. maí 2011.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.
Birkir Jón Jónsson.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Orri Schram.	Lilja Mósesdóttir.	Björn Valur Gíslason.

1585. Lög [864. mál]

um breyting á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 31. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1579.

1586. Nefndarálit [704. mál]

um frv. til breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, fjárfestingarheimildir).

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hafdísi Ólafsdóttur og Lilju Sturludóttur frá fjármálaráðuneyti, Hrafn Magnússon og Þóreyju S. Þórðardóttur, Hrafn Bragason og Kristján Geir Pétursson f.h. nefndar um starfsemi lífeyrissjóðanna (nefndin hefur það hlutverk að gera úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins í október 2008), Halldóru E. Ólafsdóttur, Ólaf E. Friðriksson og Gunnar Þór Ásgeirsson frá Fjármálaeftirlitinu, Halldór Árnason frá Samtökum atvinnulífsins, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Helgu Harðardóttur og Berglindi Ósk Guðmundsdóttur frá KPMG, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði, Sigríði Hönnu Ingólfsdóttur og Lilju Þorgeirsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands, Hólmfríði Kristjánsdóttur og Pétur Stein Guðmundsson frá Deloitte og Tanya Zharov frá Auði Capital hf. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Fjármálaeftirlitinu, Landssamtökum lífeyrissjóða, Lífeyrissjóði bankamanna, Alþýðusambandi

Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum atvinnulífsins, Parkinson-samtökunum á Íslandi, Auði Capital hf., Deloitte hf. og KPMG hf. Nefndinni barst einnig umsögn frá 1. minni hluta viðskiptanefndar.

1. gr. frumvarpsins og umfjöllun nefndarinnar.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 31. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða um almennt hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða. Má þar af nefna skilyrði er varða búsetu, fjárhagslegt sjálfstæði, brotaferil, hagsmunatengsl, menntun og starfsreynslu. Fram kemur í almennum athugasemdum að hliðstæðar breytingar hafi verið gerðar á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um vátryggingastarfsemi með breytingalögum nr. 75/2010. Breytingarnar séu þó ekki í öllum atriðum eins þar sem tekið hafi verið mið af sérstöðu lífeyrissjóða við samningu frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitinu er skv. 1. mgr. falið vald til að setja reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Lagt er til að þessir aðilar megi ekki hafa hlotið dóm vegna brota í tengslum við atvinnurekstur, þ.m.t. vegna brota á samkeppnislögum eða sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, á síðustu 10 árum í stað 5 ára eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Jafnframt er lagt til að þeir megi ekki hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota á síðustu fimm árum. Í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði um búsetuskilyrði líkt og í gildandi lögum en við umfjöllun málsins kom fram að skilyrðið hafi fallið brott vegna mistaka við samningu þess.

Í 2. mgr. kemur fram meginreglan um bann við tilgreindum hagsmunatengslum (krossstjórnarsetu) stjórnarmanna lífeyrissjóða og mega þeir samkvæmt því ekki:

- eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann,
- vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann,
- sinna lögmannsstörfum fyrir annan lífeyrissjóð.

Að auki er í ákvæðinu lagt bann við því að starfsmenn lífeyrissjóðs sitji í stjórn hans. Í skýringum fjármálaráðuneytis við meðferð málsins kom fram að enn fremur væri ekki gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri gæti tekið sæti í stjórn eftirlitsskylds aðila, hvorki þess lífeyrissjóðs sem hann færi fyrir né annars lífeyrissjóðs eða eftir atvikum eftirlitsskylds aðila.

Í 3., 4. og 5. mgr. koma fram skilyrtar undanþágur frá banninu sem heimila stjórnarsetu við eftirtaldar aðstæður:

- Stjórnarmaður eða starfsmaður lífeyrissjóðs getur tekið sæti í stjórn fjármálafyrirtækis sem er að hluta eða öllu leyti í eigu lífeyrissjóðsins og sinnir eingöngu þjónustuhlutverki fyrir lífeyrissjóði. Í skýringum fjármálaráðuneytis er vakin athygli á að tilvísun hér til starfsmanns lífeyrissjóðs þurfi að skoða með hliðsjón af 4. mgr. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
- Starfsmaður annars eftirlitsskylds aðila getur tekið sæti í stjórn lífeyrissjóðs ef hann er kosinn eða skipaður úr hópi sjóðsfélaga. Í skýringum ráðuneytis var áréttað að tilgangur ákvæðisins væri að gera alla sjóðfélaga jafnsetta óháð starfsgreinum og að öðrum kosti yrðu bankamenn sem dæmi útilokaðir frá áhrifum innan sinna lífeyrissjóða. Undanþágan gilti einnig óháð því hvort stjórnir væru kosnar á ársfundi eða þær skipaðar af atvinnurekendum eða stéttarfélögum.
- Stjórnarmanni í lífeyrissjóði er heimilt að sitja í stjórna annars lífeyrissjóðs.
- Þessar undanþágur eru að meginstefnu til háðar mati Fjármálaeftirlitsins á því hvort þær feli í sér hættu á hagsmunaárekstrum og/eða orðsporsáhættu á fjármálamarkaði.

Í 10. mgr. er lagt til að lífeyrissjóðir sendi tilkynningu án tafar um skipan og síðari breytingar á stjórn og framkvæmdastjóra til Fjármálaeftirlitsins sem metur hvort almennum hæfisskilyrðum sé fullnægt. Stofnuninni er einnig falið að setja reglur um hvernig staðið skuli að hæfismati þessara aðila og eiga slíkar valdheimildir sér hliðstæðu í lokamálslið 3. mgr. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Ákvæði 6., 7. og 8. mgr. 1. gr. eru samhljóða því sem er í gildandi lögum en 9. og 11. mgr. fela í sér óverulegar breytingar.

Á fundum nefndarinnar voru viðmælendur hennar almennt sammála um mikilvægi þess að draga úr hættu á að aðrir hagsmunir ráði för í starfsemi lífeyrissjóða en hagsmunir sjóðsfélaga, eigendanna. Hins vegar greindi menn á um hversu strangar kröfur ætti að gera til almennra hæfisskilyrða stjórnenda lífeyrissjóða með tilliti til sérstöðu sjóðanna samanborið við stöðu fjármálafyrirtækja. Einnig kom fram að á vegum lífeyrissjóðanna væri starfandi nefnd sem ætlað er að fjalla um starfsemi sjóðanna í aðdraganda að falli bankanna og komu því fram efasemdir um hvort framlagning frumvarpsins væri tímabær. Nefndinni er ætlað að skila tillögum síðsumars eða í haust.

Efnahags- og skattanefnd ræddi ákvæði frumvarpsins um bann við krossstjórnarsetu, sbr. 2. mgr. 1. gr., og undanþágur frá því í 3., 4. og 5. mgr. Fram komu sjónarmið um að bann við stjórnarsetu starfsmanna eftirlitsskyldra fjármálafyrirtækja, sbr. upphafsmálslið 2. mgr., hefði í för með sér að fjöldi núverandi stjórnarmanna í lífeyrissjóðum mundi að ósekju glata hæfisskilyrðum til stjórnarsetu. Landssamtök lífeyrissjóða töldu nær að einskorða bannið við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn fyrirtækjanna eins og þau hugtök væru skilgreind í lögum um fjármálafyrirtæki. Samtökin töldu einnig þörf á að rýmka undanþágur frumvarpsins, m.a. með hliðsjón af sjónarmiðum um sjóðfélagalýðræði og fjárfestingum sjóðanna í fjármálafyrirtækjum.

Aðrir telja óljóst hvaða almannahagsmuni undanþáguákvæðum frumvarpsins er raunverulega ætlað að standa vörð um og að þeim megi jafna til þess að meginreglunni um bann við krossstjórnarsetu sé vikið til hliðar. Fjármálaeftirlitið leggur til að 3., 4. og 5. mgr. 1. gr. verði felldar brott úr frumvarpinu. Stofnunin fjallar í umsögn sinni ítarlega um 4. mgr. og telur að hún opni fyrir margvíslega hættu á hagsmunaárekstrum, ekki síst með hliðsjón af því eignaumfangi lífeyrissjóða sem er í eignastýringu hjá innlendum fjármálafyrirtækjum. Stofnunin gagnrýndi einnig hversu ófyrirsjáanlegar og matskenndar heimildir hún hefði til þess að koma í veg fyrir að undanþágur frumvarpsins yrðu veittar og vakti athygli á því að skipan stjórna sjóðanna væri víða í hendi stéttarfélaga og fulltrúa launagreiðenda fremur en sjóðfélaga.

Nefndin ræddi hvernig staðið yrði að hæfismatinu og hvaða úrræði stæðu þeim til boða sem gæfu kost á sér til stjórnarsetu. Í skýringum fjármálaráðuneytis er vísað til þess að Fjármálaeftirlitið hafi á grundvelli 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eftirlit með því að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar uppfylli hæfisskilyrði. Hæfismatið sé framkvæmt með prófi en jafnframt muni stofnunin halda námskeið þar sem áhersla yrði lögð á að þátttakendur kunni skil á fjárfestingum sjóðanna og reglum um starfsemi þeirra.

Við meðferð málsins komu fram sjónarmið um mikilvægi þess að innan stjórna lífeyrissjóða væri til staðar dreifð þekking og reynsla en jafnframt þyrfti að gæta þess að blind trú á sérþekkingu kæmi ekki í veg fyrir virkt lýðræði innan sjóðanna. Einnig komu fram ríkar áherslur á að hlutfall kynjanna í stjórnum sjóðanna yrðu sem jafnast á hverjum tíma svipað og gert er ráð fyrir í 1. mgr. 51. gr. laga um fjármálafyrirtæki og 1. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög.

Að lokinni yfirferð með fulltrúum fjármálaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins er það niðurstaða nefndarinnar að leggja til að undanþágur sem fram koma í 3. og 5. mgr. 1. gr. falli brott. Einnig er lagt til að skýrt verði kveðið á um það í 4. mgr. að sú undanþága taki ekki til stjórnenda og lykilstarfsmanna eftirlitsskyldra aðila, eða ef hinn eftirlitsskyldi aðili annast rekstur lífeyrissjóðsins eða eignastýringu hans að hluta eða öllu leyti. Það er enn fremur skilningur nefndarinnar með hliðsjón af athugasemdum Fjármálaeftirlitsins að 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins hafi að geyma sérreglu sem gangi framar 4. mgr. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki og 5. mgr. 54. gr. laga um vátryggingastarfsemi ef ákvæðin stangast á.

Nefndin leggur til að við 1. mgr. 1. gr. verði bætt ákvæði um búsetuskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Nefndin leggur jafnframt til þá breytingu að skilyrði verði sett um lágmarksfjölda og hlutfall kynja í stjórnum lífeyrissjóða sem taki gildi 1. september 2013. Loks er lagt til að orðinu „hæfnismat“ sem fram kemur í 10. mgr. 1. gr. verði breytt í hæfismat.

B-liður 2. gr. frumvarpsins og umfjöllun nefndarinnar.

Í b-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að nýr málsliður komi á eftir 2. málsl. 3. mgr. 36. gr. laganna þess efnis að fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu séu eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með eignarhlutina, nema þær hömlur hafi eðlilegan viðskiptalegan tilgang og séu til þess fallnar að gæta hagsmuna fjárfesta.

Í athugasemdum frumvarpsins er ekki gerð grein fyrir tilurð þessarar breytingar en við umræður í nefndinni kom fram að hana mætti rekja til ágreinings um túlkun á 2. málsl. 3. mgr. 36. gr. laganna. Fjárfestingar lífeyrissjóða í óskráðum hlutabréfum eru samkvæmt ákvæðinu eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin og ársreikningar hlutafélaganna öllum aðgengilegir. Fjármálaeftirlitið hefur skýrt ákvæðið á þann veg að það taki til fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 36. gr. Með vísan til orðalags og aðdraganda að setningu 2. málsl. 3. mgr. 36. gr. og þeirra fjárfestinga sem lífeyrissjóðir hafa gert í þeirri trú að ákvæðið eigi ekki við um fjárfestingar samkvæmt umræddum tölulið hafa Landssamtök lífeyrissjóða og fjármálaráðuneytið ekki getað fallist á túlkun Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið bendir á í umsögn sinni að orðalagið „aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu“ hafi ekki skýra afmarkaða merkingu. Orðalagið skírskoti ekki einungis til sjóða sem starfræktir eru innan rekstrarfélaga, sbr. 4. gr. laga um verðbréfasjóði, heldur sjálfstæðra félaga sem rekin eru á ýmsu félagaformi og ekki sæti opinberu eftirliti. Fjármálaeftirlitið telur að áhættustig fjárfestinga í slíkum félögum sé umtalsvert vegna víðtækra fjárfestingarheimilda sem þau hafa almennt og vegna þeirra takmarkana sem jafnan gilda um framsal hluta eða hlutdeildarskírteina í þeim. Í þessu sambandi er minnt á reynslu lífeyrissjóðanna af fjárfestingum í erlendum framtakssjóðum gerðum fyrir hrun.

Fram kom við meðferð málsins að lífeyrissjóðirnir álitu sjálfir að takmarkanir á viðskiptum með eignarhluti geti verið sér til hagsbóta en aftur minnti Fjármálaeftirlitið á að niðurlag umræddrar frumvarpsgreinar gerði allt eftirlit marklaust þar sem aðilar geti ávallt borið fyrir sig að tilteknar hömlur hafi eðlilegan viðskiptalegan tilgang eða séu til þess fallnar að gæta hagsmuna fjárfesta. Stofnunin lagði þess vegna áherslu á að ef fallist yrði á að greiða fyrir fjárfestingum lífeyrissjóðanna í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu með þeim hætti sem að framan greinir yrði orðalagi ákvæðisins breytt á þann veg að tiltekið yrði hvers konar hömlur yrðu leyfilegar.

Nefndin leggur til breytingu á b-lið 2. gr. til samræmis við ábendingar Fjármálaeftirlitsins og að teknu tilliti til athugasemda fjármálaráðuneytis á þá leið að lífeyrissjóðunum verði heimilt að fjárfesta í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu þrátt fyrir að rekstrar- eða ábyrgðaraðili sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skv. 8. tölul. 1. mgr. eigi forkaupsrétt á hlut eða hlutdeildarskírteinum eða þurfi að samþykkja kaupanda í sjóðnum.

Um skilning á orðalaginu „aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu“ vísar nefndin til þess sem að framan greinir.

A-liður 2. gr. og 3. gr. frumvarpsins og umfjöllun nefndarinnar.

Eins og fyrr segir eru fjárfestingar lífeyrissjóða í óskráðum hlutabréfum skv. 2. málsl. 3. mgr. 36. gr. laganna aðeins heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin og „ársreikningar hlutafélaganna öllum aðgengilegir“. Í a-lið 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til tvær breytingar á þessu ákvæði, í fyrsta lagi að tekin verði upp tilvísun til 6. tölul. 1. mgr. 36. gr. til að undirstrika þann skilning fjármálaráðuneytisins sem gerð er grein fyrir í umfjöllun hér að framan og í annan stað að tilvitnuðu skilyrði verði breytt á þann veg að aðgangur verði bundinn við hluthafa, fjárfesta og eftirlitsaðila. Nefndin telur að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins að síðarnefnda breytingin sé ekki nægilega rökstudd og leggur til að hún falli brott.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem felur í sér lögbundið frávik frá 2. málsl. 3. mgr. 36. gr. laganna á þann veg að lífeyrissjóðum verði veitt heimild til að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum þrátt fyrir að hömlur séu á viðskiptum með hlutabréfin, enda samrýmist þær lögum um hlutafélög og eftir atvikum öðrum lögum. Heimildin gildir til 31. desember 2015 hvað varðar nýjar fjárfestingar og nýjar skuldbindingar nema þær varði hlutafélög sem sjóðurinn á í við lok tímabilsins. Umrætt tímamark tekur mið af áætlun Seðlabankans um afnám gjaldeyrishafta. Fram kemur í almennum athugasemdum að með viðskiptahömlum sé átt við hömlur sem fjallað er um í 21.–23. gr. hlutafélagalaga og að tilgangur breytingarinnar sé sá að greiða fyrir fjárfestingum lífeyrissjóðanna í óskráðum hlutabréfum.

Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins töldu að 3. gr. frumvarpsins væri nokkuð á skjön við þá meginreglu laganna að lífeyrissjóðir fjárfesti í seljanlegum verðbréfum en auk þess komu fram ábendingar um að skynsamlegra væri í þágu sama markmiðs að leita annarra leiða sem tryggi að sjóðirnir lokist ekki inni með fjárfestingu sína í eignum. Þá var upplýst að nefndin um starfsemi lífeyrissjóðanna væri með lögbundnar fjárfestingarheimildir sjóðanna til heildarendurskoðunar.

Nefndin leggur til að 3. gr. falli brott.

Framlenging á heimild til að taka út séreignarsparnað.

Að frumkvæði fjármálaráðuneytisins leggur nefndin loks til þá breytingu á frumvarpinu að heimild til úttektar á séreignarsparnaði taki gildi að nýju frá og með gildistöku frumvarpsins og gildi til 1. janúar 2012 en að önnur skilyrði útgreiðslu haldist óbreytt. Heimildin rann síðast út 1. apríl 2011. Breytingin er gerð að höfðu samráði við Landssamtök lífeyrissjóða, vörsluaðila og skattyfirvöld.

Breytingartillögur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við bætist ný grein, er verði 1. gr., svohljóðandi:
   Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Stjórn lífeyrissjóðs skal vera skipuð þremur einstaklingum hið fæsta. Hvort kyn skal eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í lífeyrissjóði skal tryggt að hlutfall hvors kynsins sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna í lífeyrissjóðum en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust.
2. Við 1. gr.
   a. Á eftir 2. málsl. 1. efnismgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
   b. 3. efnismgr. falli brott.
   c. Á eftir 1. málsl. 4. efnismgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Undanþága þessi á þó ekki við um stjórnendur og lykilstarfsmenn eftirlitsskyldra aðila eða ef hinn eftirlitsskyldi aðili annast rekstur lífeyrissjóðs eða eignastýringu hans að hluta eða öllu leyti.
   d. 5. efnismgr. falli brott.
   e. 2. málsl. 10. efnismgr. falli brott.
   f. Í stað orðsins „hæfnismati“ í lokamálslið 10. efnismgr. komi: hæfismati.
3. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „eru hluthöfum, fjárfestum og eftirlitsaðilum aðgengilegir“ í a-lið komi: öllum aðgengilegir.
   b. B-liður orðist svo: Á eftir 2. málsl. 3. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 8. tölul. 1. mgr. eru eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með eignarhlutina. Ákvæði um að rekstrar- eða ábyrgðaraðili sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skv. 8. tölul. 1. mgr. eigi forkaupsrétt á eignarhlut eða þurfi að samþykkja kaupanda að eignarhlut í sjóðnum teljast ekki hamla viðskiptum.
4. 3. gr. orðist svo:
   Í stað dagsetningarinnar „1. apríl 2011“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VIII og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IX í lögunum kemur: 1. janúar 2012.

5. Við 4. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skulu ákvæði 1. gr. öðlast gildi 1. september 2013.

Alþingi, 31. maí 2011.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, með fyrirvara.
Birkir Jón Jónsson, með fyrirvara.	Lilja Rafney Magnúsdóttir, með fyrirvara.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Magnús Orri Schram.	Lilja Mósesdóttir, með fyrirvara.	Björn Valur Gíslason, með fyrirvara.

1587. Lög [189. mál]

um breytingu á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup.

(Afgreidd frá Alþingi 31. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1472 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Við lögin bætist ný grein, 18. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins.

Fjármálaráðherra getur heimilað miðlægri innkaupastofnun að bjóða út innkaup, sem falla undir lög þessi, í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins, hvort sem er í samstarfi við erlenda kaupendur, samtök þeirra eða fulltrúa, og/eða miðlægar innkaupastofnanir eða sér. Heimildin skal veitt fyrir hvert útboð fyrir sig að undangenginni rökstuddri beiðni stofnunarinnar. Heimildin skal því aðeins veitt að fyrir liggi að reglur Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup hafi verið leiddar í lög í viðkomandi ríki og ástæða sé til að ætla að innkaup í ríkinu muni þjóna hagkvæmni eða virkri samkeppni og öðrum lögmætum sjónarmiðum við opinber innkaup. Um innkaup sem fram fara á grundvelli heimildar sem veitt er samkvæmt þessari grein gilda reglur viðkomandi ríkis, þar á meðal um kærur, gildi innkaupsákvarðana og skaðabætur. Í rökstuðningi fyrir beiðni innkaupastofnunar skal liggja fyrir sérstakt samkeppnismat. Við móttöku beiðni innkaupastofnunar skal fjármálaráðuneyti leita eftir staðfestingu Samkeppniseftirlitsins á samkeppnismati innkaupastofnunar. Staðfesti Samkeppniseftirlitið ekki samkeppnismat innkaupastofnunar fara innkaup ekki fram samkvæmt ákvæði þessu.

1588. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorbjörn Guðmundsson og Stefán Halldórsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Karl Björnsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sonju Þorbergsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að lífeyrissjóðir fái heimild til að eiga og reka íbúðarhúsnæði. Einnig er lagt til að sjóðirnir geti stofnað félag um reksturinn eða gert samning við einkaaðila um hann. Með rekstri er m.a. átt við útleigu.

Fram kom við meðferð málsins það sjónarmið að verði frumvarpið að lögum yrði sjóðunum í sjálfsvald sett hvort þeir nýttu heimildina. Slíkt hlyti að ráðast af því hversu vel það félli að starfsemi þeirra en um það höfðu Landssamtök lífeyrissjóða nokkrar efasemdir. Aðrir töldu aftur á móti að heimildin gæti haft jákvæð áhrif á fasteignamarkaðinn og búsetuskilyrði fólks á leigumarkaði.

Samkvæmt núgildandi reglum hafa sjóðirnir heimild til að fjárfesta í fasteignafélögum og séð í því ljósi er heimildin eðlileg.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Orðin „10. mgr.“ í b-lið 1. gr. falli brott.

Alþingi, 31. maí 2011.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, með fyrirvara.
Birkir Jón Jónsson.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Magnús Orri Schram.

Björn Valur Gíslason.

1589. Svar [357. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ásbjörns Óttarssonar um leigusamninga um húsnæði hjá ráðuneytum og undirstofnunum þeirra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða leigusamningar um húsnæði eru nú í gildi hjá ráðuneytum og undirstofnunum þeirra? Hver er stærð húsnæðis í hverju tilviki, leigutími, leiguverð og fjöldi starfsmanna sem nýtir húsnæðið? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum og undirstofnunum þeirra.

Í framhaldi af fyrirspurn þessari ritaði fjármálaráðuneytið öllum ráðuneytum bréf þar sem farið var fram á að einstök ráðuneyti öfluðu og sendu fjármálaráðuneytinu sundurliðaðar upplýsingar um leigusamninga einstakra ráðuneyta og undirstofnana þeirra.

Með hliðsjón af orðalagi fyrirspurnarinnar var litið svo á að ekki væri einungis verið að óska eftir upplýsingum um húsaleigusamninga ríkisins á almennum markaði heldur næði fyrirspurnin einnig yfir það húsnæði sem er í ríkiseigu enda séu fyrir hendi leigusamningar milli ríkisstofnana.

Fasteignir ríkissjóðs hafa umsjón og umsýslu með stórum hluta af þeim fasteignum sem eru í eigu ríkisins og nýttar eru af stofnunum ríkisins. Fasteignir ríkissjóðs sjá um hefðbundið viðhald slíkra fasteigna ásamt greiðslu opinberra gjalda og lögboðinna trygginga af eignunum en innheimta á móti svokallaða innri húsaleigu ríkisins sem standa þarf undir framangreindu viðhaldi og gjöldum. Til að greina á milli þessarar innri leigu ríkisins og annarrar hefðbundinnar húsaleigu er það húsnæði, sem er í umsýslu Fasteigna ríkissjóðs, sérstaklega merkt sem fasteignir í opinberri eigu í meðfylgjandi lista. Þær eignir eru margar að einhverjum hluta einnig í eigu sveitarfélaga, sbr. ákvæði laga um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á byggingartíma eignanna, t.d. varðandi framhaldsskóla og fasteignir heilbrigðisstofnana.

Í umræddum lista er einnig að finna íbúðarhúsnæði í opinberri eigu eða svokallaða „embættisbústaði“, sbr. lög nr. 27/1968, með áorðnum breytingum, samkvæmt lögum nr. 134/1996 og reglugerð nr. 480/1992, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins. Þótt meginreglan sé að ekki skuli leggja starfsmönnum ríkisins til húsnæði er slíkt íbúðarhúsnæði þó enn til staðar í einhverjum tilvikum, t.d. í tengslum við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni, vegna dómstóla og sýslumannsembætta. Mælt er fyrir um það í lögum að umræddir ríkisstarfsmenn skuli greiða leigu fyrir þau afnot í samræmi við þá svæðaskiptingu sem skilgreind hefur verið í reglugerðinni. Húsaleigan er síðan nýtt til viðhalds og greiðslu gjalda af umræddu húsnæði.

Að lokum er listi yfir þær fasteignir í opinberri eigu sem eru í umsýslu Fasteigna ríkissjóðs og leigðar eru öðrum aðilum en þeim sem talist geta „undirstofnanir“ hlutaðeigandi ráðuneyta. Þar er um að ræða eignir sem Fasteignir ríkissjóðs leigja út, t.d. til Ríkisendurskoðunar og hlutafélaga eins og Tækniskólans hf. og Matís hf., eða fasteignir sem leigðar eru til skamms tíma á almennum markaði meðan þær standa ónotaðar og skapa þar með tekjur fyrir stofnunina á meðan þær eru ekki nýttar í opinberri þágu.

Beðist er velvirðingar á þeim töfum sem orðið hafa á því að svara fyrirspurn þessari en hana má rekja til umfangsmikillar gagnaöflunar frá ráðuneytum og stofnunum ríkisins.

Leigusamningar um húsnæði hjá ráðuneytum og undirstofnunum þeirra.

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Forsætisráðuneyti						
Forsætisráðuneytið (v. AGS)	Hverfisgata 4a, Rvk.	137		31.3.2011	182.232	3–4
Forsætisráðuneytið	Hverfisgata 4a, Rvk.	176		31.1.2004	223.768	4–5
Forsætisráðuneytið (v. óbyggðanefndar)	Hverfisgata 4a,	160		31.12.2010	223.986	3–4
Forsætisráðuneytið (v. island.is)	Hverfisgata 6a,	214		31.12.2013	301.642	3
Forsætisráðuneytið	Hverfisgata 4, Rvk.	208		30.6.2014	342.993	6–7
Forsætisráðuneytið	Hverfisgata 6, Rvk.	265		30.4.2009	421.897	7–8
Forsætisráðuneytið (v. vistheimilanefndar)	Tryggvagata 19, Rvk.	287	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	216.625	3–5
Umboðsmaður barna	Laugavegur 13, Rvk.	163		31.12.2012	305.408	4–5
Þjóðgarður á Þingvöllum	Austurstræti 8–10, Rvk.	1 herb.		Ótímabundinn	87.247	2
Ríkislögmaður	Hverfisgata 4–6, Rvk.	265		1.6.2012	429.822	6
Kjararáð/FJR	Hverfisgata 6a, Rvk.	138		Ótímabundinn	196.488	3
Mennta- og menningamálaráðuneyti						
Mennta- og menningarmála-ráðuneytið	Sölvhólsgata, Rvk.	2.799	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	4.476.564	71
Háskóli Íslands	Við Hagatorg, Rvk.	125		14.1.2014	180.531	80
Háskóli Íslands	Dunhagi 18, Rvk.	242		15.6.2024	324.914	4
Háskóli Íslands	Bolholt 8 4. hæð, Rvk.	349		31.12.2013	619.623	40 sam-tals í Bolholti 6–8
Háskóli Íslands	Bolholt 6, 3. Hæð Rvk.	337		31.12.2013	646.870	
Háskóli Íslands	Bolholt 6, 5. hæð, Rvk.	597		31.12.2013	1.099.669	
Háskóli Íslands	Skipholt 37, Rvk.	2.399	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.746.942	20/134 nem.
Háskóli Íslands	Skipholt 50C, Rvk.	229		31.10.2011	476.135	10
Háskóli Íslands	Skipholt 50C, Rvk.	264		30.9.2011	552.498	10
Háskóli Íslands	Seljavegur 2, Rvk.	601		31.12.2016	415.382	
Háskóli Íslands	Dunhagi 5, Rvk.	615		Ótímabundinn	998.872	20
Háskóli Íslands	Sturlugata 8, Rvk.	1.519		1.03.2012	3.548.736	60
Háskólinn á Akureyri	Borgir, Akureyri	2.574		30.9.2029	9.713.143	45
Háskólinn á Akureyri	Borgir, Akureyri	273		1.9.2011	858.626	15
Háskólinn á Akureyri	Borgir, Akureyri	60		Ótímabundinn	177.000	1
Háskólinn á Akureyri	Tröllagil 29, Akureyri	75		Ótímabundinn	102.000	6–7
Landbúnaðarháskóli Íslands	Keldnaholt, Rvk.	5.156	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	3.384.040	
Landbúnaðarháskóli Íslands	Hvanneyri	5.199	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.557.908	
Landbúnaðarháskóli Íslands	Hvanneyri	6.434	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	6.291.810	
Listaháskóli Íslands	Sölvhólsgata 13, Rvk.	2.328	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.716.643	
Listaháskóli Íslands	Laugarnesvegur 91, Rvk.	4.341	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.300.867	
Fornleifanefnd ríkisins	Suðurgata 39, Rvk.	266	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	195.452	
Húsafriðunarnefnd	Suðurgata 39, Rvk.	265	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	194.817	4
Íslenski dansflokkurinn	Borgarleikhúsið, Rvk.	507		1.12.2012	1.424.346	14–16
Kvikmyndamiðstöð Íslands	Hverfisgata 54	264		1.1.2015	407.610	8
Landsbókasafn Íslands	Reykholt	315	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	225.540	1
Landsbókasafn Íslands	Þönglabakki 3, Rvk.	440		31.3.2018	567.600	0
Listasafn Einars Jónssonar	Eiríksgata, Rvk.	828	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	399.924	1
Listasafn Íslands	Bergstaðastræti 74, Rvk.	115	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	55.315	
Listasafn Íslands	Fríkirkjuvegur 7, Rvk.	2.554	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.233.582	
Listasafn Íslands	Laufásvegur 12, Rvk.	854	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	583.282	
Listasafn Íslands	Laugarnesvegur 91, Rvk.	38	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	15.184	
Náttúruminjasafn Íslands	Brynjólfsgata 31, Rvk.	161	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	161.000	4
Sinfónían	Harpa		Í opinberri eigu	Ótímabundinn	10.700.000	100
Þjóðleikhúsið	Lindargata 7, Rvk.	951	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	718.000	
Þjóðleikhúsið	Hverfisgata 19, Rvk.	6.258	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	4.724.790	
Þjóðleikhúsið	Laugarnesvegur 91, Rvk.	300	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	120.300	
Þjóðminjasafn Íslands	Suðurgata 41	4.626	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.236.600	
Þjóðminjasafn Íslands	Suðurgata, jarðfræðihús	1.140	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	778.620	
Þjóðminjasafn Íslands	Fiskislóð 11, Rvk.	12		1.2.2011	20.242	
Þjóðminjasafn Íslands	Dugguvogur 12, Rvk.	631	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	256.064	

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Þjóðminjasafn Íslands	Vesturvör 14, Kópavogi	791	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	321.146	
Þjóðminjasafn Íslands	Vesturvör 16–20, Kópavogi	2.200	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	807.400	
Þjóðskjalasafn Íslands	Laugarnesvegur 91, Rvk.	588	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	238.728	
Leiga ríkis á húsnæði til SÍM	Seljavegur 32, Rvk.	1.500	Í opinberri eigu	31.5.2011	673.500	
LÍN	Borgartún 21, Rvk.	975	Í opinberri eigu	1.2.2020	2.197.733	26
Námsgagnastofnun	Víkurhvarf 3, Kóp.	1.915	Í opinberri eigu	1.3.2029	3.960.442	27
Námsmatsstofnun	Borgartún 7A, Rvk.	891	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	672.330	18–45
Námsmatsstofnun	Borgartún, geymsla	214	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	86.787	
Samskiptamiðstöð heyrnar-lausra og heyrnarskertra	Suðurlandsbraut 12, Rvk.	653		31.7.2011	797.966	35
Blindrabókasafn Íslands	Digranesvegur 5, Kópavogi	694	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	492.800	
Kvikmyndasafn Íslands	Hvaleyrarbraut 13, Garðabæ	1.850	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	893.550	
Borgarholtsskóli	Mosavegur, Rvk.	10.700	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	7.832.400	139/1361
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Skagfirðingabraut 24, Sauðárkróki	3.234	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.367.288	
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Skagfirðingabraut 24, Sauðárkróki	4.007	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.933.124	58/384
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Grundargata 44, Grundarfirði	1.660		1.1.2024	2.622.800	30/187
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Aðalstræti 53, Patreksfirði	185		Ótímabundinn	193.325	2/32
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Nemendagarðar, Árborg	1.176		1.1.2015	626.000	
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Reiðskemma, Árborg	1.050		1.5.2011	4.518/klst.	
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Tryggvagata 25, Árborg	7.254	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	5.309.928	
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Tryggvagata 25, Árborg	2.622	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.919.304	
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Sunnubraut 36, Reykjanesbæ	9.178	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	6.718.296	100/1254
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Íþróttaaðstaða, Reykjanesbæ			31.05.2011	202.000	
Fjölbrautaskólinn Breiðholti	Austurberg 5, Rvk.	11.497	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	8.204.259	
Fjölbrautaskóli Garðabæjar	Skólabraut 6, Garðabæ	5.685	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	4.161.420	75/853
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Vogabraut 5, Akranesi	6.846	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	5.011.272	
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Vogabraut 5, Akranesi	1.254	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	917.928	70/500
Flensborgarskóli	Brekkugata, Hafnarfirði	7.948	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	5.817.936	91/780
Framhaldsskólinn á Húsavík	Stórigarður 10, Húsavík	1.700	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.244.400	
Framhaldsskólinn Laugum	Laugum	3.614	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.645.448	38/120
Framhaldsskólinn Laugum	Laugum	2.909	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.129.388	
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Brúarland, Mosfellsbæ	770		Ótímabundinn	616.210	
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Dalvegur 2, Vestmannaeyjum	3.172	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.321.904	
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Flatahraun 12, Hafnarfirði	4.450		1.1.2023	6.509.724	
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Gjótuhraun 7, Hafnarfirði	415		31.7.2011	1.045.943	
Kvennaskólinn	Fríkirkjuvegur og Þingholtsstræti	2.580	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.888.560	57/599
Menntaskóli Borgarfjarðar	Borgarbraut 54, Borgarnesi	1.890		1.1.2039	3.493.464	185 nem.
Menntaskólinn á Akureyri	Eyrarlandsvegur, Akureyri	6.824	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	4.995.168	
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Tjarnarbraut 25, Egilsstöðum	3.206	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.346.792	
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Tjarnarbraut 25, Egilsstöðum	2.655	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.943.460	
Menntaskólinn á Ísafirði	Torfunes, Ísafirði	3.650	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.671.800	
Menntaskólinn á Ísafirði	Torfunes, Ísafirði	1.709	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.250.988	
Menntaskólinn á Ísafirði	Móholt 5, Ísafirði	208	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	68.000	
Menntaskólinn á Tröllaskaga	Ægisgata 13, Ólafsfirði	833		1.1.2015	549.846	
Menntaskólinn í Kópavogi	Digranesvegur 51, Kópavogi	10.126	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	7.412.232	
Menntaskólinn við Hamrahlíð	Hamrahlíð 10, Rvk.	10.289	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	7.531.548	125/1200
Menntaskólinn við Sund	Gnoðarvogur 43, Rvk.	6.590	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	4.823.880	
Tækniskólinn	Skólavörðuholt, Rvk.	14.891	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	10.900.212	200/1900
Tækniskólinn	Við Háteigsveg, Rvk.	7.496	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	5.487.072	
Verkmenntaskóli Austurlands	Mýrargata 10, Neskaupstað	3.192	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.336.544	39/300
Verkmenntaskóli Austurlands	Mýrargata 10, Neskaupstað	1.598	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.169.004	
Verkmenntaskólinn Akureyri	Þórunnarstræti, Akureyri	12.530	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	9.172.472	140/ 1250
Fjölbrautaskólinn Ármúla	Ármúli 12, Rvk.	5.426	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	3.971.832	120/1000
Fjölbrautaskólinn Ármúla	Ármúli 10, Rvk.	465		Eitt ár í senn	450.000	40/400
Fjölbrautaskólinn Ármúla	Íþróttahús Fram, Rvk.	500			480.000	

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Utanríkisráðuneyti						
Utanríkisráðuneytið	Rauðarárstígur 25, Rvk.	2.837	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.140.743	87
Utanríkisráðuneytið	Rauðarárstígur 27, Rvk.	479		1.9.2012	733.733	14
Utanríkisráðuneytið	Suðurgata 12, Ísafirði	48		31.12.2014	113.715	
Utanríkisráðuneytið	Þverholt 14, Rvk.	566		31.1.2014	841.997	27
Þróunarsamvinnustofnun Ísl.	Þverholt 14, Rvk.	248		1.5.2014	492.923	12 samt.
Þróunarsamvinnustofnun Ísl.	Þverholt 14, Rvk.	79		1.5.2014	157.262	
Þróunarsamvinnustofnun Ísl.	Þverholt 14, Rvk.	192		1.9.2012	412.017	
Íslandsstofa	Borgartún 35, Rvk.	580		1.6.2012	1.202.008	25
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti						
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	Skúlagata 4, Rvk.	1.583		Ótímabundinn	1.108.559	39
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	Smiðshöfði 1 (geymsla)	1 m³		Ótímabundinn	14.722	
Fiskistofa	Dalshraun 1, Hfj.	1.789		31.12.2025	4.046.500	56
Fiskistofa	Miðhraun 14, Hfj.	72		31.3.2010	94.125	
Fiskistofa	Skúlagata 4, Rvk.	36	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	25.195	2
Fiskistofa	Hafnargata 9, Stykkishólmi	85		31.3.2017	124.305	3
Fiskistofa	Álaugavegur 21, Höfn	89		Ófrágenginn	137.857	3
Fiskistofa	Oddeyrarskáli, Akureyri	72		Ófrágenginn	115.000	5
Fiskistofa	Miðgarður 3, Grindavík	120		Ótímabundinn	199.878	4
Fiskistofa	Pollgata 4, Ísafirði	77		31.10.2018	131.411	2
Fiskistofa	Strandgata 63, Vestmannaeyjum	107		Ótímabundinn	84.337	2
Hafrannsóknastofnunin	Skúlagata 4, Rvk.	2.902	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.031.658	93
Hafrannsóknastofnunin	Grandaskáli, Rvk.	1.878		Ótímabundinn	1.751.743	5
Hafrannsóknastofnunin	Grandaskáli, Rvk.	228		Ótímabundinn	251.422	
Hafrannsóknastofnunin	Borgir, Akureyri	149		30.9.2029	561.358	3
Hafrannsóknastofnunin	Árnagata 2–4, Ísafirði	168		31.12.2013	291.991	7
Hafrannsóknastofnunin	Norðurtangi 5, Ólafsvík	57		Ótímabundinn	85.875	3
Hafrannsóknastofnunin	Strandvegur 50, Vestmannaeyjum	60		Ótímabundinn	78.213	2
Hafrannsóknastofnunin	Krossey, Höfn	60		Ótímabundinn	52.132	1
Hafrannsóknastofnunin	Nýheimar, Litlubrú 2, Höfn	20		Ótímabundinn	21.120	
Matvælastofnun	Austurvegur 64, Árborg	1.656		Til 2026	3.491.717	41
Matvælastofnun	Stórhöfði 23, Rvk.	469		Til 2016	1.025.970	20
Matvælastofnun	Furuvellir 1, Akureyri	162		Til 2012	267.585	5
Matvælastofnun	Keflavíkurflugvöllur	52		Ótímabundinn	150.995	1
Matvælastofnun	Keflavíkurflugvöllur	78		Ótímabundinn	226.192	1
Matvælastofnun	Ísafjörður	129		Til 2017	132.913	1
Matvælastofnun	Eimskip, Rvk.	77		Til 2017	88.662	1
Matvælastofnun	Vogabakki, Rvk.	77		Til 2017	88.662	1
Matvælastofnun	Hringhella 6, Hfj.	77		Til 2017	177.949	1
Matvælastofnun	Garðarsbraut 14, Húsavík	31		Ótímabundinn	25.000	1
Matvælastofnun	Fiskitangi, Akureyri	110		Ótímabundinn	139.395	1
Veiðimálastofnun	Sauðárkróki	159		Ótímabundinn	178.371	3
Veiðimálastofnun	Hvanneyri	54	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	117.839	2
Veiðimálastofnun	Reykjavík	445	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	955.287	12
Veiðimálastofnun	Hvammstanga	20		Ótímabundinn	33.440	1
Veiðimálastofnun	Árborg	75		Ótímabundinn	151.860	2
Verðlagsstofa skiptaverðs	Oddeyrarskáli, Akureyri	20		Ótímabundinn	40.000	2
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	Nóatúni 17, Rvk.	300		31.12.2011	481.997	8
Hagþjónusta landbúnaðarins	Hvanneyrargata 3, Hvanneyri	108		Ótímabundinn	176.640	3–5
Hagþjónusta landbúnaðarins	Sóltún 5, Hvanneyri	136	Í opinberri eigu	30.4.2011	95.744	1
Vesturlandsskógar	Hvanneyri	50		Ótímabundinn	100.450	2
Skjólskógar á Vestfjörðum	Aðalstræti 12, Þingeyri	140		31.5.2019	64.358	2
Norðurlandsskógar	Krókeyri, Akureyri	37		Ótímabundinn	57.735	4
Héraðs- og Austurlandsskógar	Miðvangur 2–4, Egilsstöðum	30	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	215.574	1
Suðurlandsskógar	Austurvegur 1, Árborg	88		Ótímabundinn	162.976	6
Suðurlandsskógar	Kirkjubæjarstofa	opið rými		Ótímabundinn	55.455	1

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Innanríkisráðuneyti						
Innanríkisráðuneytið	Sölvhólsgata 7, Rvk	3.002	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	4.799.631	75
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	Suðurgata 1, Sauðárkróki	801	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	538.183	16
Sýslumaðurinn í Bolungavík	Aðalstræti 10–12, Bolungarvík	220	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	153.558	6
Sýslumaðurinn í Vík	Ránarbraut 1, Vík	190		Ótímabundinn	153.269	5
Fangelsismálastofnun	Bitra, Flúðahreppi	550		01.03.12	1.507.300	9
Fangelsismálastofnun	Borgartúni 7, Rvk.	498	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	409.111	15
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	Lyngás 15, Egilsstöðum	482	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	311.526	8
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	Bjólfsgata 7, Seyðisfirði	285	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	198.790	11
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	Lónabraut 2, Vopnafirði	215	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	145.750	2
Neytendastofa	Borgartún 21, Rvk.	1.199		29.2.2020	2.287.102	20
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Bjarnarbraut 2, Borgarnesi	690	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	617.779	14
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Miðbraut 11, Búðardal	123	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	85.127	1
Lögregluskóli ríkisins	Krókháls 5a og 5b, Rvk.	2.445		30.12.31	3.306.180	12
Sýslumaðurinn í Kópavogi	Dalvegur 18, Kópavogi	1.971		01.07.26	2.166.756	27
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	Bæjarhraun 18, Hafnarfirði	971		30.09.15	1.228.068	28
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	Reykjavíkurvegur 68, Hafnarf.	66		31.12.11	66.408	0
Hæstiréttur	Lindargata 2, Rvk.	2.592	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.542.880	20
Sýslumaðurinn í Reykjavík	Skógarhlíð 6, Rvk.	2.371	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.556.328	50
Sýslumaðurinn á Siglufirði	Gránugata 4–6, Siglufirði	248	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	173.102	6
Sýslumaðurinn á Siglufirði	Hlíðarvegur 37, Siglufirði	58	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	21.852	0
Sýslumaðurinn í Keflavík	Vatnsnesvegur 33, Keflavík	693	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	447.492	23
Sýslumaðurinn í Keflavík	Víkurbraut 25, Grindavík	194	Í opinberri eigu	28.02.11	153.558	2
Útlendingastofnun	Skógarhlíð 6, Rvk.	770	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	537.590	24
Útlendingastofnun	Skógarhlíð 6, Rvk.	8	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	3.182	0
Sýslumaðurinn á Snæfellsnesi	Bankastræti 1a, Ólafsvík	158	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	110.645	3
Sýslumaðurinn á Snæfellsnesi	Hrannarstígur 2, Grundarfirði	102	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	71.545	2.5
Sýslumaðurinn á Snæfellsnesi	Borgarbraut 2, Stykkishólmi	340	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	260.713	10
Sýslumaðurinn á Snæfellsnesi	Borgarbraut 2, Stykkishólmi	327	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	250.489	5
Sýslumaðurinn í Hólmavík	Hafnarbraut 25, Hólmavík	164	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	123.525	3
Sýslumaðurinn í Hólmavík	Hafnarbraut 2, Hólmavík	40	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	16.222	0
Landhelgisgæslan	Skógarhlíð 14, Rvk.	1.681		1.1.2021	3.528.406	50
Landhelgisgæslan	Fiskislóð 22, Rvk.	338		1.6.2011	447.881	0
Landhelgisgæslan	Flugskýli, Reykjavíkurflugv.	1.610	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	186.781	0
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Hafnarstræti 1, Ísafirði	599	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	432.803	14
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Hafnarstræti 1, Ísafirði	512	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	326.501	11
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Skeið, Hólmavík	189	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	131.921	2
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Aðalstr 92, Patreksfirði	568	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	234.561	5
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Fjarðarstr 28, Ísafirði	53	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	20.003	0
Sýslumaðurinn í Búðardal	Miðbraut 11, Búðardal	227	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	158.444	4
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	Austurvegur 6, Hvolsvelli	311	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	216.756	7
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	Hlíðarvegur 16, Hvolsvelli	394	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	274.903	11
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	Iðjuvellir 2, Kirkjubæjarkl.	120	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	83.759	11
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	Smiðjuvegur 15 Vík	12		1.1.2016	35.000	0
Héraðsdómur Reykjavíkur	Miðbær, Rvk.	4.024	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.562.066	55
Héraðsdómur Vesturlands	Bjarnarbraut 8, Borgarnesi	269	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	90.714	3
Héraðsdómur Vestfjarða	Hafnarstræti 9–13, Ísafirði	241		1.7.2024	532.856	2
Héraðsdómur Norðurlands vestra	Skagfirðingabraut 21, Sauðárkróki	133		Ótímabundinn	238.125	2
Héraðsdómur Norðurlands eystra	Hafnarstræti 107, Akureyri	406	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	266.464	6
Héraðsdómur Austurlands	Lyngás 15, Egilsstöðum	278	Í opinberri eigu	1.1.2005	167.769	3
Héraðsdómur Suðurlands	Austurvegur 4, Árborg	362	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	122.126	6
Héraðsdómur Suðurlands	Heiðarvegur 15, Vestmannaeyjum	36	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	15.663	1
Héraðsdómur Reykjaness	Fjarðargata 9, Hafnarfirði	1.040		Ótímabundinn	2.416.970	17
Sýslumaðurinn á Selfossi	Hörðuvellir 1, Árborg	963	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	552.231	24
Sýslumaðurinn á Selfossi	Hörðuvellir 1, Árborg	783	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	485.566	20
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Brekkustígur 39, Reykjanesbæ	748		1.9.2019	978.847	25
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Flugstöð, Keflavíkurflugvelli	102	Í opinberri eigu	31.12.2030	188.782	20

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Hringbr. 130, Reykjanesbæ	713	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	497.659	47
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Víkurbraut 25, Grindavík	166	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	115.865	1
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Hringbraut 130, Reykjanesbæ	60		1.1.2016	37.568	0
Sýslumaðurinn á Eskifirði	Strandgata 52, Eskifirði	700	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	484.717	15
Sýslumaðurinn á Eskifirði	Hafnargata 36, Höfn	360	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	249.284	4
Sýslumaðurinn á Eskifirði	Skólavegur 53, Fáskrúðsfirði	221	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	153.227	3
Sýslumaðurinn á Eskifirði	Neskaupstaður	111	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	89.830	2
Sýslumaðurinn á Eskifirði	Bakki 1, Djúpavogi	120		Ótímabundinn	48.000	1
Persónuvernd	Laugavegur 118 C og D	453	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	250.176	7
LRH	Hverfisgata 113–115, Rvk.	5.732	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	4.000.989	216
LRH	Hverfisgata 113–116, Rvk.	1.155	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	433.109	6
LRH	Rauðarárstígur 10, Rvk.	2.109	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.472.293	58
LRH	Borgartún 7, Rvk.	253	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	94.801	0
LRH	Flatahraun 11, Hfj.	975	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	680.530	34
LRH	Krókháls 5, Rvk.	275		1.6.2012	288.633	12
LRH	Krókháls 5 a og b, Rvk.	223		1.6.2012	0	25
LRH	Dalvegur 18, Kópavogi	907		1.7.2026	1.845.756	42
LRH	Garðatorg 7, Garðabæ	74		31.12.2011	132.877	0
LRH	Keflavíkurflugvöllur	700	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	0	0
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Aðalstræti 92, Patreksfirði	287	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	191.606	4
Ríkissaksóknari	Hverfisgata 6, Rvk.	449		31.12.2015	773.894	13
Sýslumaðurinn á Akureyri	Hafnarstræti 107, Akureyri	1.378	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	853.568	22
Sýslumaðurinn á Akureyri	Þórunnarstræti 138, Akureyri	1.385	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	935.543	34
Sýslumaðurinn á Akureyri	Gunnarsbraut 6, Dalvík	192	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	122.369	6
Sýslumaðurinn á Akureyri	Gránugata 4–6, Siglufirði	273	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	190.552	5
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	Heiðarvegur 15, Vestmannaeyjum	738	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	462.555	10
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	Faxastígur 40–42, Vestmannaeyjum	453	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	271.492	10
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	Ásavegur 31, Vestmannaeyjum	233	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	93.043	1
Sýslumaðurinn á Akranesi	Stillholt 16–18, Akranesi	494	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	373.135	8
Sýslumaðurinn á Akranesi	Þjóðbraut 13, Akranesi	486	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	395.294	10
Sýslumaðurinn á Húsavík	Útgarður 1, Húsavík	899	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	618.772	18
Sýslumaðurinn á Húsavík	Víkurbraut, Raufarhöfn	118	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	82.364	1
Sýslumaðurinn á Húsavík	Eyrarvegur 2, Þórshöfn	158	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	110.340	1
Sérstakur saksóknari	Skúlagata 17, Rvk.	1.342		30.6.2014	2.566.000	70
Sérstakur saksóknari	Skúlagata 17, Rvk.	137		Ótímabundinn	262.000	
Sérstakur saksóknari	Skúlagata 17, Rvk.	347		1.8.2015	950.000	
Sýslumaðurinn á Blönduósi	Hnjúkabyggð 33, Blönduósi	332	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	243.000	20
Sýslumaðurinn á Blönduósi	Hnjúkabyggð 33, Blönduósi	368	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	243.000	7
Sýslumaðurinn á Blönduósi	Höfðabraut 6, Hvammstanga	53	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	37.000	9
Sýslumaðurinn á Blönduósi	Hnjúkabyggð 33, Blönduósi	60		Ótímabundinn	40.000	0
Sýslumaðurinn á Blönduósi	Félagsheimilinu á Blönduósi	9		Ótímabundinn	13.000	0
Vegagerðin	Borgartún 7, Rvk.	1.647	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.140.548	49
Vegagerðin	Borgartún 5, Rvk.	337	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	254.586	
Vegagerðin	Hringhella 4, Hafnarfirði	475		1.12.2013	721.573	10
Vegagerðin	Saltgeymsla, Grundarfirði	250		Ótímabundinn	45.000	0
Vegagerðin	Saltgeymsla Hrútafirði v/Holtavörðuheiðar	300		Ótímabundinn	48.442	0
Vegagerðin	Skýli, Ísafjarðarflugvelli	8	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.583	0
Vegagerðin	Geymsla, Dalsmynni, Borgarfirði	30		Ótímabundinn	8.333	0
Vegagerðin	Geymsla, Patreksfirði	360		Ótímabundinn	146.508	0
Vegagerðin	Geymsla, Skúlahorn, Blönduósi	200		1.7.2013	90.470	0
Vegagerðin	Geymsla, Tjörn á Mýrum, Hornafirði	99		31.10.2012	26.147	0
Umferðarstofa	Borgartúni 30, Reykjavík	1.567	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.162.112	48
Umferðarstofa	Aðalgata 5, Stykkishólmi	18		1.11.2012	53.029	2

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Umferðarstofa	Fiskislóð 11, Rvk.	26		31.12.2011	52.985	0
Rannsóknarnefnd umferðarslysa	Flugvallarvegur, Rvk.	68		Ótímabundinn	56.494	2
Siglingastofnun	Hafnarstræti 1, Ísafirði	117	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	80.817	3
Rannsóknarnefnd sjóslysa	Flugstöðin Stykkishólmsflugvelli	118	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	125.829	2
Flugmálastjórn Íslands	Skógarhlíð 12 – suðurhluti	818		30.11.2011	2.277.600	43
Flugmálastjórn Íslands	Skógarhlíð 12 – norðurhluti	212		30.11.2011	591.263	
Rannsóknarnefnd flugslysa	Flugvallarvegur, Rvk.	145		30.4.2013	130.000	3
Póst- og fjarskiptastofnun	Suðurlandsbraut 2, Rvk.	660		14.6.2014	1.410.035	25
Innanríkisráðuneyti						
Innanríkisráðuneytið	Tryggvagata 17, Rvk.	1.763		30.6.2013	3.394.967	35
Þjóðskrá Íslands	Borgartún 21, Rvk.	627		29.2.2020	1.164.565	13
Þjóðskrá Íslands	Borgartún 21, Rvk.	1.481		29.2.2020	2.826.343	60
Þjóðskrá Íslands	Austurvegur 4, Selfossi	183	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	124.195	4
Þjóðskrá Íslands	Hafnarstræti 93–95, Akureyri	390	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	267.631	11
Ríkislögreglustjóri	Keflavíkurflugvöllur		Í opinberri eigu			Breytil.
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	196		1.6.2018	157.127	Breytil.
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	27		1.6.2018	57.109	Breytil.
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	60		1.6.2018	36.769	Breytil.
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	207		1.6.2018	405.670	Breytil.
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	27		1.6.2018	42.356	Breytil.
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	12		1.5.2020	23.406	8
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	40		1.5.2020	105.929	
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	6		1.5.2020	16.571	
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	98		1.5.2020	157.565	
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	8		1.5.2020	16.179	
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	4		1.5.2020	8.464	
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	44		1.5.2020	27.738	0
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	16		1.6.2018	42.806	17
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	22		1.6.2018	46.455	
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	228		1.6.2018	446.629	
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	22		1.6.2018	34.454	
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	33		1.6.2018	52.266	4
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	17		1.6.2018	37.426	
Ríkislögreglustjóri	Björgunarmiðstöð Skógarhlíð	431		1.6.2018	639.251	
Ríkislögreglustjóri	Skúlagata 21, Rvk.	723			1.359.074	100
Ríkislögreglustjóri	Skúlagata 21, Rvk.	904			1.698.232	
Ríkislögreglustjóri	Skúlagata 21, Rvk.	550			647.263	
Ríkislögreglustjóri	Skúlagata 21, Rvk.	110			129.453	
Sýslumaðurinn á Höfn	Hafnarbraut 36, Höfn	260	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	181.479	5
Embættisbústaðir	Helgugata 5, Borgarnesi	308	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	87.780	
Embættisbústaðir	Aðalgata 13, Stykkishólmi	283	Í opinberri eigu	31.5.2012	89.428	
Embættisbústaðir	Búðarbraut 12, Búðardal	280	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	65.918	
Embættisbústaðir	Urðarvegur 47, Ísafirði	291	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	92.460	
Embættisbústaðir	Urðarvegur 68, Ísafirði	214	Í opinberri eigu	31.8.2011	124.120	
Embættisbústaðir	Miðstræti 1, Bolungarvík	229	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	59.311	
Embættisbústaðir	Aðalstræti 122a	229	Í opinberri eigu	30.9.2011	100.000	
Embættisbústaðir	Hafnarbraut 2, Hólmavík	271	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	57.659	
Embættisbústaðir	Melabraut 17, Blönduósi	190	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	59.376	
Embættisbústaðir	Háahlíð 10, Sauðárkrók	219	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	89.571	
Embættisbústaðir	Hlíðarvegur 37, Siglufirði	283	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	69.286	
Embættisbústaðir	Laugarholt 3a, Húsavík	264	Í opinberri eigu	30.4.2012	89.360	
Embættisbústaðir	Laufsskógar 10, Egilsstöðum	286	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	90.821	
Embættisbústaðir	Miðtún 13, Seyðisfirði	211	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	35.870	
Embættisbústaðir	Miðstræti 18, Neskaupstað	250	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	58.750	
Embættisbústaðir	Silfurbraut 5, Höfn	143	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	34.606	
Embættisbústaðir	Sigtún 2, Vík	210	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	66.780	
Embættisbústaðir	Ásavegur 31, Vestmannaeyjum	233	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	200.638	
Embættisbústaðir	Ártún 3, Skagafirði	227	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	90.000	

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Velferðarráðuneyti						
Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa	Hafnarhúsið v/ Tryggvagata	3.335		31.3.2021	6.014.000	94
Velferðarráðuneyti, nefndir	Hafnarhúsið v/ Tryggvagata	350		31.3.2021	631.175	11
Tryggingastofnun ríkisins	Laugavegur 114, Rvk.	2.097	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.492.673	93
Tryggingastofnun ríkisins	Laugavegur 114, Rvk.	322	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	123.318	1
Tryggingastofnun ríkisins	Laugavegur 116, Rvk.	811	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	577.437	
Tryggingastofnun ríkisins	Laugavegur 116, Rvk.	237	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	168.950	16
Tryggingastofnun ríkisins	Laugavegur 116, Rvk.	336		Ótímabundinn	263.168	0
Tryggingastofnun ríkisins	Fákafen 9, Rvk.	186		Ótímabundinn	143.980	0
Tryggingastofnun ríkisins	Laugavegur 116–118, Rvk.	377		Ótímabundinn	452.117	10
Sjúkratryggingar Íslands	Vínlandsleið 16. Rvk.	2.834		31.1.2025	4.132.057	40
Sjúkratryggingar Íslands	Laugavegur og Rauðarárstígur	880	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	596.041	21
Sjúkratryggingar Íslands	Laugavegur 114–116		Sjá TR	Ótímabundinn	Sjá TR	43
Landlæknir	Austurströnd 5, Seltjarnarnesi	937		1.12.2027	2.012.967	35
Lýðheilsustöð	Laugavegur 116, Rvk.	582	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	406.415	24
Lyfjastofnun	Vínlandsleið 14, Rvk.	1.294		31.5.2020	1.925.472	50
Lyfjastofnun	Vínlandsleið 14, Rvk.	598		1.8.2015	551.817	0
Geislavarnir ríkisins	Rauðarárstígur 10, Rvk.	629	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	452.981	10
Vinnueftirlit ríkisins	Bíldshöfði 16, Rvk.	35		Ótímabundinn	30.490	
Vinnueftirlit ríkisins	Bíldshöfði 16, Rvk.	197		Ótímabundinn	200.291	10
Vinnueftirlit ríkisins	Stillholt 18, Akranesi	74	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	51.173	2
Vinnueftirlit ríkisins	Árnagata 2–4, Ísafirði	79		31.12.2012	126.378	3
Vinnueftirlit ríkisins	Faxatorg 1, Sauðárkróki	69		Ótímabundinn	84.500	2
Vinnueftirlit ríkisins	Skipagata 14, Akureyri	207		31.5.2017	365.812	
Vinnueftirlit ríkisins	Útgarður 1, Húsavík	26		Ótímabundinn	42.000	2
Vinnueftirlit ríkisins	Kaupvangi 6, Egilsstöðum	100		1.10.2011	120.000	4
Vinnueftirlit ríkisins	Sunnumörk 2, Hveragerði	132		1.10.2014	309.694	4
Vinnueftirlit ríkisins	Krossmóar 4, Reykjanesbæ	88		1.2.2024	115.983	4
Ríkissáttasemjari	Borgartún 21, Rvk.	1.141		29.2.2020	2.189.529	2–150
Jafnréttisstofa	Borgir, Akureyri	211		30.9.2029	860.000	6
Umboðsmaður skuldara	Kringlan 1, Rvk.	1.531		30.11.2015	2.477.832	70
Sjúkrahúsið á Akureyri	Hrísalundur 12 G, Akureyri	57		Ótímabundinn	80.000	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	Helgamagrastræti 11	50		Ótímabundinn	88.855	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	Víðilundur 6 H, Akureyri	60		Ótímabundinn	90.787	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	Tjarnarlundur 2 G, Akureyri	98		13.8.2011	110.000	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	Aðalstræti 82, Akureyri	60		Ótímabundinn	60.500	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	Víðilundur 2 H, Akureyri	75		Ótímabundinn	85.200	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	Akursíða 10, Akureyri	87		Ótímabundinn	120.000	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	Hrafnagilsstræti 35, Akureyri	76		Ótímabundinn	90.000	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	Reynilundur 12, Akureyri	82		31.5.2011	75.000	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	Víðilundur 12 G, Akureyri	83		31.5.2011	95.000	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	Víðilundur 16 A, Akureyri	92		31.5.2011	85.000	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	Tjarnarlundur 8 D, Akureyri	90		31.8.2011	85.000	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	Snægil 12, Akureyri	70		30.6.2011	90.000	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	Norðurbyggð 14, Akureyri	129		1.11.2011	140.000	2
Sjúkrahúsið á Akureyri	Hamratún 32, Akureyri	110		31.5.2011	130.000	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	Melateigur 35, Akureyri	70		31.5.2011	90.000	1
Landspítali	Barónsstígur 47, Rvk.	342		22.12.2016	682.974	12
Landspítali	Eiríksgata 5, Rvk.	3.402		1.1.2020	7.293.888	140
Landspítali	Hátún 10a, Rvk.	275		Ótímabundinn	440.275	5
Landspítali	Skógarhlíð 8, Rvk.	150		Ótímabundinn	101.700	1
Landspítali	Snorrabraut 60, Rvk.	1.645		30.6.2016	4.099.340	50
Landspítali	Vesturhlíð 2, Rvk.	1.179		14.11.2012	1.453.707	4
Landlæknisembættið	Austurströnd 5, Seltjarnarnesi	937		1.12.2027	1.994.850	
Landlæknisembættið	Vatnagarðar 10, Reykjavík	610		31.8.2023	1.179.500	
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Hraunbær 115, Rvk.	755		30.9.2028	1.905.175	36
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Hraunbær 115, Rvk.	755		30.9.2028	1.905.175	
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Spöngin 33–37, Rvk.	1.520		31.12.2026	2.909.922	43

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Þönglabakki 1, Rvk.	1.651		31.8.2026	10.062.196	84
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Álfabakki 16, Rvk.	3.011		1.11.2013	Sjá að ofan	4
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Þverholt 2, Rvk.	698		31.12.2015	1.465.657	25
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Hamraborg 8, Kópavogi	1.051		1.8.2030	2.521.324	58
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Fjarðargata 13–15, Hafnarfirði	1.048		1.12.2029	1.889.475	39
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Álfheimar 74, Rvk.	948		1.8.2030	2.405.172	21
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Hraunberg 6, Rvk.	1.102	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	524.251	29
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Þönglabakki 6, Rvk.	759	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	361.240	23
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Efstaleiti 3, Rvk.	876	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	416.926	23
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Drápuhlíð 14, Rvk.	819	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	389.797	26
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Vesturgata 7, Rvk.	519	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	247.014	22
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Suðurströnd, Seltjarnarnesi	1.030	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	490.233	32
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Salavegur 2, Kópavogi	908		Ótímabundinn	1.910.800	
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Hagasmári 5, Kópavogi	860	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	409.368	23
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Garðatorg 7, Garðabæ	855	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	406.989	30
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	Sólvangsvegur 2, Hafnarfirði	2.196	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.045.100	68
Heilsugæslustöðin Dalvík	Hólavegur 6, Dalvík	949	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	694.668	13
Heilsugæslustöðin Dalvík	Öldugata 1, Dalvík	174	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	45.000	5
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes, Merkigerði og Heiðarbraut	8.654	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	4.118.871	240
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Borgarnes, Borgarbraut, Dílahæð og Borgarvík	1.856	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	856.615	15
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Búðardalur, Gunnarsbraut, Bakkahvammur og Sunnubraut	880	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	418.836	8
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Búðardalur, Reykhólar	107	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	50.927	0
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Grundarfjörður, Hrannarstígur og Fossahlíð	590	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	280.811	9
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Hólmavík, Borgabraut	1.411	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	671.565	27
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Hólmavík, Borgabraut	17	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	20.000	0
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Hólmavík, Árneshreppur	12	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	11.667	0
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Hvammstangi, Spítalastígur og Nestún	3.306	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	11.667	59
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Hvammstangi, Hafnarbraut	80		Ótímabundinn	69.823	0
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Hvammstangi, Höfðabraut	100		31.8.2011	100.000	0
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Ólafsvík, Engihlíð, Hjarðartún og Túnbrekka	1.220	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	580.659	9
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Ólafsvík, Engihlíð	85	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	61.442	0
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Stykkishólmur, Austurgata, Ægisgata og Skúlagata	5.250	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.498.738	67
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Stykkishólmur, Austurgata 8	129		Ótímabundinn	80.000	0
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Stykkishólmur, Skúlagata 9	62		31.12.2011	58.646	0
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	Mýrar 17, Stekkar 1, Stekkar 5, Mýrar 4, Patreksfirði, Tjarnarbraut 3, Bíldudal	2.886	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.376.600	
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	Strandgata 17, Patreksfirði	50		Ótímabundinn	50.000	1

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	Aðalstræti 90, Patreksfirði	106		Ótímabundinn	110.000	2
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Brunngata 7, Ísafirði (3 íbúðir)	247		Ótímabundinn	279.966	3
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Torfnes, sjúkrahús	9.308	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	4.430.600	
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Urðarvegur 20	237	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	113.049	
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Urðarvegur 34	240	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	114.480	
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Urðarvegur 54	196	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	93.492	
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Grundarstræti 1–7 Súðavík, heilsugæslustöð	56		Ótímabundinn	600.000	
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Aðalgata 2 Suðureyri, heilsugæslustöð	124				
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Vallargata 7, Þingeyri	1.249	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	595.773	
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Eyrarvegur 8, Flateyri	313	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	149.301	
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	Hnjúkabyggð 27, Blönduósi	59	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	28.081	1
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	Hnjúkabyggð 27, Blönduósi	59	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	28.140	1
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	Hnjúkabyggð 27, Blönduósi	118	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	56.398	1
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	Brekkubyggð 14, Blönduósi	172	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	82.207	1
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	Flúðabakki 2, Blönduósi	5.961	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.849.060	0
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	Flúðabakki 6, Blönduósi	376	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	179.709	1
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	Heiðarbraut 3, Blönduósi	197	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	94.156	1
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	Ægisgrund 16, Skagaströnd	267	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	127.613	0
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	Flúðabakki 2, Blönduósi	81	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	38.569	0
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	Vallarbraut 4, Skagaströnd	45		Ótímabundinn	31.337	0
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Sauðárhæðir, hags., sjúkra., hjúkrunar.	8, 906	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	4.248.160	
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Raftahlíð 66, Sauðárkróki	111	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	53.017	
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Raftahlíð 64, Sauðárkróki	111	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	53.017	1
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Raftahlíð 62, Sauðárkróki	111	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	53.017	Af-leysing
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Raftahlíð 62a, Sauðárkróki	56	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	26.509	1
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Raftahlíð 62b, Sauðárkróki	56	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	26.059	Af-leysing
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Raftahlíð 35, Sauðárkróki	148	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	70.293	1
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Læknisbústaður, Sauðárkróki	266	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	126.357	1
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Suðurbraut 15, Hofsósi	281	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	133.850	
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	Hvanneyrarbraut 37 og Hlíðarvegur 45–47, Siglufirði	3.526	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.681.900	65
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	Hornbrekka, Ólafsfirði	2.169	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.034.600	6
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	Ægisbyggð 8, Ólafsfirði læknabústaður	199	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	94.920	
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	Ártún 1, Siglufirði, læknabústaður	243	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	115.910	
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	Ártún 5, Siglufirði, læknabústaður	194	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	93.020	
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	Hvanneyrarbraut 58 n.h., Siglufirði	86	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	41.020	

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	Hvanneyrarbraut 58 e.h., Siglufirði	79	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	37.680	
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	Hvanneyrarbraut 60 e.h., Siglufirði	79	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	37.680	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Árholt 9, Húsavík	50		Ótímabundinn	69.586	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Garðarsbraut 69, Húsavík	76		Ótímabundinn	69.250	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Lyngholt 22, Húsavík	143		Ótímabundinn	111.179	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Árholt 9, Húsavík	242		Ótímabundinn	60.000	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Baldursbrekka 14, Húsavík	197	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	93.762	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Fossvellir 16, Húsavík	160	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	76.152	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Fossvellir 16, Húsavík	35	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	16.658	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Höfðabrekka 12, Húsavík	170	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	80.912	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Auðbrekka 4, Húsavík	425	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	202.279	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Auðbrekka 4, Húsavík	2.530	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.204.154	Samtals u.þ.b 140
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Auðbrekka 4, Húsavík	185	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	88.051	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Auðbrekka 4, Húsavík	1.433	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	682.036	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Vallholtsvegur 15, Hvammur, v. sjúkraþjálfunar	165		Ótímabundinn	81.000	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Vallholtsvegur 15, Hvammur, geymsla			Ótímabundinn		
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Helluhraun 17, Reykjahlíð	137	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	65.205	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Akurgerði 13, Kópaskeri	134	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	63.777	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Akurgerði 13, Kópaskeri	140	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	66.633	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Akurgerði 13, Kópaskeri	27	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	12.851	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Akurgerði 13, Kópaskeri	30	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	14.279	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Akurgerði 13, Kópaskeri	105	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	49.975	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Duggugerði 2, Kópaskeri	135	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	64.253	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Duggugerði 2, Kópaskeri	46	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	21.894	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Aðalbraut 33, Raufarhöfn	379	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	180.385	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Aðalbraut 33, Raufarhöfn	65	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	30.937	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Aðalbraut 33, Raufarhöfn	55	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	26.177	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Aðalbraut 33, Raufarhöfn	0	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	0	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Miðholt 4, Þórshöfn	427	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	203.231	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Miðholt 4, Þórshöfn	68	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	32.365	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Sunnuvegur 1, Þórshöfn	160	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	76.152	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Bílskúr á Raufarhöfn, Skakaholt	112		Ótímabundinn	56.091	Sjúkra-bíll
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Bílskúr á Kópaskeri, Bakkagata				30.355	Sjúkra-bíll
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Framhaldsskólinn á Laugum, heilsugæslusel		Í opinberri eigu	Ótímabundinn		
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Lónabraut 3, Vopnafirði	92		Ótímabundinn	66.000	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Austurvegur 10, Þórshöfn	210				
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Kolbeinsgata 14, Vopnafirði	293	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	139.468	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Á Laxárdalstúni, heilsugæslustöð	348	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	348	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Kolbeinsgata 11B, bílskúr, geymsla	102				
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Heiðargerði, Borgarfirði eystri	104	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	49.504	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Hamrabakki 8–10–12, Seyðisfirði	63	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	29.988	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Miðtún 10, Seyðisfirði	352	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	167.552	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Múlavegur 53	301	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	143.276	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Suðurgata 8, sjúkrahús	3.120	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.485.120	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Lagarás 17, Fljótsdalshéraði	1.415	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	673.540	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Lagarás 17, Fljótsdalshéraði, tvær smáíbúðir	60		Ótímabundinn		
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Lagarás 19, Fljótsdalshéraði	1.544	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	734.944	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Lagarás 22, Fljótsdalshéraði	218	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	103.768	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Selás 10, Egilsstöðum	77		30.9.2011	70.000	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Sólbrekka 16, Egilsstöðum	30		31.1.2011	55.000	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Lagarás 2, Egilsstöðum			Ótímabundinn	95.000	

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Bílgeymsla/geymsla, Fellabæ			Ótímabundinn	33.100	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Mýrargata 26, Neskaupstað	327	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	155.652	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Mýragata 20, sjúkrahús Neskaupstað	4.381	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.085.356	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Þiljuvellir 27	90		Ótímabundinn	40.000	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Hlíðargata 21, Neskaupstað			Ótímabundinn	80.000	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Melagata 13, Neskaupstað	150		31.3.2011	110.000	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Mýragata 18, Neskaupstað	53		28.2.2011	65.000	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Nesbakki 1a, Neskaupstað	62		1.9.2011	50.000	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Nesgata 39, Neskaupstað	90		15.5.2011	75.000	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Lyngbakki 4 2h, Neskaupstað	58		Ótímabundinn	65.000	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Starmýri 17–19 1 h. t.v., Neskaupstað	55		Ótímabundinn	54.700	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Starmýri 17–19 2 h. t.v., Neskaupstað	97		Ótímabundinn	85.000	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Bleiksárhlíð 59, Eskifirði	243	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	115.668	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Strandgata 31, heilsugæslustöð, Eskifirði	650	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	309.400	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Búðareyri 8, heilsugæslustöð, Reyðarfirði	208	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	99.008	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Stekkjarholt 29, Reyðarfirði	205	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	97.580	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Hlíðargata 60, heilsugæslu-stöð, Fáskrúðsfirði	358	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	170.408	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Túngata 2, heilsugæslusel, Stöðvarfirði	105	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	49.980	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Selnes 44, heilsugæslusel, Breiðdalsvík	105	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	49.980	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Eyjaland 2, heilsugæslustöð, Djúpavogi	348	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	165.648	
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Hraun 2, Djúpavogi	264	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	125.664	
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	Sunnubraut 3, Höfn	239	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	113.764	
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	Heilsugæslan, Víkurbraut, Höfn	730	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	347.480	
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	Víkurbraut 29, heilsugæsla Höfn	1.092	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	519.792	
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	Bugðuleira 3, Höfn	100	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	47.600	
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	Áshamar 61	60		Ótímabundinn	60.000	1
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	Búastaðabraut 2 kj.	50		Ótímabundinn	45.000	1
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	Smáragata 32	200		Ótímabundinn	60.000	1
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	Sólhlíð 7 kj.	55		Ótímabundinn	55.000	1
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	Kirkjubæjarbraut 15 kj.	60		Ótímabundinn	62.000	1
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	Ásavegur 2e	70		Ótímabundinn	70.000	1
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	Sólhlíð 20, sjúkrahús	4.236	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.016.336	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Skriðuvellir 13 og 15, Skaftárhreppi	647	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	307.972	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Iðjuvellir, Kirkjubæjarklaustri	60		31.12.2012	50.000	Sjúkra-bíll
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Hátún 2, Mýrdalshreppi	741	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	352.716	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Hátún 21, Mýrdalshreppi	90	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	42.840	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Geymsla fyrir sjúkrabíl, Vík		R.K.Í.		32.000	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Gilsbakki 9, Hvolsvöllur	170		1.7.2011	137.947	1
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Öldubakki 4, Rangárþingi eystra	429	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	204.204	

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Geymsla fyrir sjúkrabíl, Hvolsvelli				56.500	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Þrúðvangur 22, Rangárþingi ytra	319	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	151.844	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Suðurlandsvegur 3, Rangárþingi ytra	361	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	171.836	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Sjúkrahús Suðurlands við Árveg	8.827	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	4.201.652	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Eyrarvegur 32, Selfossi	376			530.000	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Fossheiði 54, þrjár íbúðir	276	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	131.376	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Austurvegur 54, Selfossi	376		1.6.2011	603.013	Sjúkra-bílar
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Breiðamörk 25, Hveragerði	380		15.6.2020	659.395	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Launrétt 2, 3 og 4, Bláskógabyggð	1.138	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	541.688	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selvogsbraut 24, Þorlákshöfn	348	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	165.648	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Eyjahraun 8, Þorlákshöfn	119			30.000	
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Skólavegur 6, heilsugæsla sjúkrahús	5.955	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.834.580	
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Mánagata 9, Reykjanesbæ	273	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	129.948	
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Austurvegur 5, Grindavík	1.553	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	739.228	
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Víkurbraut 62, Grindavík	520	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	247.520	
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Suðurgata 5, Reykjanesbæ	50		Ótímabundinn	50.000	1
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Grófin 8, geymsluhúsnæði	100		Ótímabundinn	78.734	
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbæ, Grindavík, Vogum	8.424	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	4.009.554	
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Digranesvegur 5, Kópavogi, skrifstofuhúsnæði	1.436	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.002.277	60
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Digranesvegur 5, Kópavogi, geymslur	257	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	96.550	60
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð	Hamrahlíð 17, Rvk.	562		Ótímabundinn	750.375	28
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð	Hamrahlíð 17, Rvk.	38		Ótímabundinn	42.658	1
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð	Hamrahlíð 17, Rvk.	10		Ótímabundinn	14.007	0
Heyrnar- og talmeinastöð Ísl.	Háaleitisbraut 1, Rvk.	500		31.12.2012	1.162.560	19
Barnaverndarstofa	Borgartún 21, Rvk.	539	Í opinberri eigu	29.2.2020	1.026.314	12
Barnaverndarstofa	Barnahús, Sólheimar 17, Rvk.	252	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	176.244	5
Barnaverndarstofa	Stuðlar, Fossaleyni 17, Rvk.	961	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	670.500	28
Barnaverndarstofa	MST meðf., Suðurlandsbraut 20, Rvk.	212		1.6.2015	331.147	10
Barnaverndarstofa	Háholt, meðferðarheimili, Skagafirði	386		1.9.2008	565.555	11
Barnaverndarstofa	Laugaland, meðferðarheimili, Eyjafirði	558		Ótímabundinn	499.268	10
Barnaverndarstofa	Geldingalækur, meðferðar-heimili, Rangárþingi ytra	592	Í opinberri eigu	31.3.2020	251.584	20
Vinnumálastofnun	Kringlan 1, Reykjavík	1.810		31.3.2018	2.803.690	85
Vinnumálastofnun	Laugavegur 116	100		Ótímabundinn	590.691	0
Vinnumálastofnun	Krossmóar 4, Reykjanesbæ	220		31.12.2024	388.396	9
Vinnumálastofnun	Stillholt 18, Akranesi	169	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	133.415	4
Vinnumálastofnun	Árnagata, 2–4, Ísafirði	204		31.12.2012	143.872	2
Vinnumálastofnun	Strandgata 1, Hvammstanga	299		31.12.2014	364.516	13
Vinnumálastofnun	Túnbraut 1–3 Skagaströnd	345		31.12.2017	311.443	26
Vinnumálastofnun	Faxatorg 1, Sauðárkróki	44		Ótímabundinn	55.298	1
Vinnumálastofnun	Skipagata 14	204		31.1.2017	371.645	7
Vinnumálastofnun	Garðarsbraut 26	30		Runninn út	82.769	1
Vinnumálastofnun	Austurvegur 56	130		Ótímabundinn	170.552	3
Vinnumálastofnun	Strandgata 50	22		Ótímabundinn	27.653	1
Fjármálaráðuneyti						
Fjármálaráðuneytið	Arnarhvoll, Rvk.	2.065	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	3.303.285	65
Fasteignir ríkissjóðs	Borgartún 7, Rvk.	349	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	263.948	11
Ríkiskaup	Borgartún 7c, Rvk.	707	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	610.588	23
Ríkiskaup	geymsla	190	Í opinberri eigu	Ótímabundinn		

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	Borgartún 7, 3. hæð, Rvk.	715	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	536.492	19
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	geymsla	100	Í opinberri eigu	Ótímabundinn		
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	Borgartún 7, 1. hæð, Rvk.	568	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	397.240	13
Framkvæmdasýsla ríkisins	Suðurgata 91, Siglufirði	18		Ótímabundinn	30.558	1
Framkvæmdasýsla ríkisins	Borgartún 7a, 3. og 4. hæð	513	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	383.094	22
Framkvæmdasýsla ríkisins	geymsla	67	Í opinberri eigu	Ótímabundinn		
Bankasýsla ríkisins	Borgartún 3, 2. hæð, Rvk.	182		31.3.2015	249.600	4–6
Ríkisskattstjóri	Laugavegur 164–166, Tryggvagata 19, Rvk.	5.395	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	3.800.000	140
Ríkisskattstjóri	Suðurgata 14, Hafnarfirði	1.378	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.024.000	53
Ríkisskattstjóri	Stillholt 16–18, Akranesi	562	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	425.000	12
Ríkisskattstjóri	Hafnarstræti 1–3, Ísafirði	336	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	232.000	6
Ríkisskattstjóri	Túngata 3, Siglufirði	254	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	192.000	7
Ríkisskattstjóri	Hafnarstræti 95, Akureyri	732	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	550.000	21
Ríkisskattstjóri	Skjólvangi 2, Egilsstöðum	440		30.6.2034	1.100.000	8
Ríkisskattstjóri	Vegskálum 1, Hellu	574	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	359.000	14
Ríkisskattstjóri	Heiðarvegur 15, Vestmannaeyjum	313	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	214.000	4
Yfirskattanefnd	Borgartún 21, 2. hæð, Rvk.	900	Í opinberri eigu	29.2.2020	1.788.064	15
Fjársýsla ríkisins	Vegmúli 3, Rvk.	2.876		Ótímabundinn	6.062.395	70
Tollstjóri	Tollhúsið, Tryggvagata 19	6.886	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	4.745.580	121
Tollstjóri	Tollhúsið, geymslur	606	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	245.926	
Tollstjóri	Klettagarðar 23, Rvk.	212		1.3.2019	53.640	29
Tollstjóri	geymslur	464		1.3.2019	1.174.186	
Tollstjóri	Cuxhavengata 1, Hafnarfirði	182		31.9.2022	376.335	6
Tollstjóri	Flugstöð Leifs Eiríkssonar	70		Ótímabundinn	167.429	
Tollstjóri	Flugstöð Leifs Eiríkssonar	130		Ótímabundinn	242.828	44
Tollstjóri	Flugstöð Leifs Eiríkssonar	132		Ótímabundinn	171.762	
Tollstjóri	Blikavellir 3, Keflavík	350		31.12.2012	848.389	
Iðnaðarráðuneyti						
Iðnaðarráðuneyti	Arnarhvoli, Reykjavík	798	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.246.476	21
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Borgum, Norðurslóð, Akureyri	137		30.9.2020	573.208	4
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Garðsbraut 5, Húsavík	46		Ótímabundinn	118.726	2
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Miðvangur 2, Egilsstöðum	32		Ótímabundinn	38.592	1
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Nýheimum, Höfn	95		1.5.2011	153.900	1
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Suðurgata 12, Ísafirði	41		Ótímabundinn	111.684	2
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Bárustígur 1, Vestmannaeyjum	143		Ótímabundinn	170.170	1
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Háeyri 1, Sauðárkróki	24		3 ár	63.216	2
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Vatnagarðar 16–18, Rvk.	1.300		3 ár	999.700	45
Ferðamálastofa	Geirsgata 9, Reykjavík	330		25.8.2029	503.250	9
Ferðamálastofa	Strandgata 29, Akureyri	113		Ótímabundinn	163.983	5
Orkustofnun	Grensásvegur 9, Reykjavík	1.901	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.140.600	33
Orkustofnun	Borgir, Akureyri	144		30.9.2029	547.383	4
ÍSOR	Grensásvegur 9, Reykjavík	3.425	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	5.167.374	
Byggðastofnun	Ártorg 1, Sauðárkróki	780		1.12.2014	1.503.840	20
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti						
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	Sölvhólsgata 7, 4. hæð	902	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.409.485	29
Fjármálaeftirlitið	Höfðatorg, Rvk.	2.605		31.8.2026	5.192.087	100
Samkeppniseftirlitið	Borgartún 26, Rvk.	830		1.12.2026	1.939.825	24
Einkaleyfastofan	Engjateigur 3, Rvk.	2		Ótímabundinn	47.081	
Hagstofa Íslands	Borgartún 21a, Rvk.	2.966		4.2.2023	5.976.935	85
Umhverfisráðuneyti						
Umhverfisráðuneytið	Skuggasund 1, Rvk.	1.254	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.005.577	34
Veðurstofa Íslands	Bústaðavegur 9, Rvk.	1.634	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.233.078	
Veðurstofa Íslands	Bústaðavegur 9, Rvk.	634	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	478.109	
Veðurstofa Íslands	Bústaðavegur 7, Rvk.	1993	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.502.722	
Veðurstofa Íslands	Bústaðavegur 9, Rvk.	232	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	174.783	
Veðurstofa Íslands	Geymsla, Kirkjusandi, Rvk.	37	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	15.184	
Veðurstofa Íslands	Grensásvegur 9, Rvk.	1.285	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	2.144.738	

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Veðurstofa Íslands	Grensásvegur 9, Rvk.	662	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	641.136	
Vatnajökulsþjóðgarður	Hraunvegur 8, Reykjahlíð	Skrifst.		31.5.2011	50.000	1
Vatnajökulsþjóðgarður	Klapparstígur 25–27, Rvk.			31.8.2010	243.750	4
Vatnajökulsþjóðgarður	Kirkjubæjarstofa, Klausturvegur 2	475		Ótímabundinn	85.000	3
Skipulagsstofnun	Laugavegur 166, Reykjavík	910	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	635.070	22
Skipulagsstofnun	Laugavegur 164, Rvk.	651	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	451.623	
Úrvinnslusjóður	Suðurlandsbraut 24, Rvk.	195		14.4.2013	433.736	5
Landmælingar Íslands	Stillholt 16–18, Akranesi	1.648	Í opinberri eigu	31.3.2024	2.239.132	29
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	Borgir, Akureyri	179		30.9.2029	676.343	6
Mannvirkjastofnun	Skúlagata 21, Rvk.	1.111		1.11.2025	2.045	15
Mannvirkjastofnun	Eyjaslóð 7, Rvk.	198		1.6.2016	159.000	0
Skógrækt ríkisins	Akureyri	80		Ótímabundinn	73.091	5
Skógrækt ríkisins	Rannsóknarstöð á Möðruvöllum		Í opinberri eigu	Ótímabundinn	20.650	2
Náttúrufræðistofnun Íslands	Urriðaholt 6–8, Garðabæ	3.500		1.12.2045	4.515.000	
Náttúrufræðistofnun Íslands	Borgir, Akureyri	1.107		30.9.2029	4.201.033	
Umhverfisstofnun	Suðurlandsbraut 24, 2. hæð	1.879		1.12.2022	3.498.896	62
Umhverfisstofnun	Bygggarðar 1, Seltjarnarnesi	58		15.9.2011	53.585	
Umhverfisstofnun	Birgðageymsla, Örfirisey	200		Ótímabundinn	94.643	
Umhverfisstofnun	Klettsbúð 7, Hellisandi	134		31.12.2015	130.000	2
Umhverfisstofnun	Laugabrekka Hellnum	150		16.7.2023	234.954	sumar-störf
Umhverfisstofnun	Mánagata 2, Ísafirði	50		Ótímabundinn	60.000	1
Umhverfisstofnun	Borgir, Akureyri	243		30.9.2029	1.032.236	8
Umhverfisstofnun	Hraunvegur 8, Reykjahlíð, Mývatnssveit	244		31.5.2026	408.092	1+sumar-störf
Umhverfisstofnun	Grímsstaðir 1, Mývatnssveit	87		31.5.2011	80.922	sumar-störf
Umhverfisstofnun	Tjarnarbraut 39e, Egilsstöðum	50		Ótímabundinn	21.060	1
Umhverfisstofnun	Klaustursvegur 15, Kirkjubæjarklaustri	68		1.11.2012	0	sumar-störf
Umhverfisstofnun	Nýheimar, Litlubrú 2, Höfn	19		Ótímabundinn	21.120	1
Landgræðsla ríkisins	Ásgarður, Hellu	237	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	71.502	
Landgræðsla ríkisins	Norðurbær, Hellu	151	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	52.440	
Landgræðsla ríkisins	Norðurbær II, Hellu	202	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	57.000	
Landgræðsla ríkisins	Austurkot, Hellu	57	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	18.830	
Landgræðsla ríkisins	Kornbrekka, Hellu	136	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	41.365	
Landgræðsla ríkisins	Akurhóll I, Hellu	145	Í opinberri eigu	31.3.2011	80.796	
Landgræðsla ríkisins	Frægarður, Hellu	19	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	41.580	
Landgræðsla ríkisins	Frægarður, Hellu	18	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	37.644	
Landgræðsla ríkisins	Steypuskáli, Hellu	465	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	71.000	
Landgræðsla ríkisins	Frægarður, Hellu	198	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	30.333	
Landgræðsla ríkisins	Vesturgarður 2, Hellu	63	Í opinberri eigu	1.12.2014	14.341	
Landgræðsla ríkisins	Akurhóll, 851 Hellu	71	Í opinberri eigu	30.10.2012	91.999	
Landgræðsla ríkisins	Garðarsbraut 5, Húsavík	37		Ótímabundinn	108.102	3
Landgræðsla ríkisins	Miðvangi 2–4, Egilsstöðum	14		Ótímabundinn	58.280	1
Landgræðsla ríkisins	Keldnaholt, Rvk.	100	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	228.187	5–6
Landgræðsla ríkisins	Hvanneyrargata 3, Borgarnesi	18		Ótímabundinn	33.562	2
Landgræðsla ríkisins	Hólar í Hjaltadal	11	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	38.853	1
Landgræðsla ríkisins	Skútahraun 15, Reykjahlíð, Mývatnssveit	67		Ótímabundinn	10.000	0
Landgræðsla ríkisins	Skútustaðir 3, Mývatnssveit	120		Ótímabundinn	10.000	0
Landgræðsla ríkisins	Hæðagarður, Kirkjubæjarkl.	55		Ótímabundinn	9.299	0
Fasteignir ríkissjóðs						
Skrifstofuhúsnæði	Laugavegur 164, Rvk.	227	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	202.000	
Skrifstofuhúsnæði	Laugavegur 164, Rvk.	138	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	90.000	
Íbúðarhúsnæði	Urðarvegur 68, Ísafirði	214	Í opinberri eigu	31.8.2011	124.000	
Íbúðarhúsnæði	Ártún 3, Sauðárkróki	223	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	91.000	
Íbúðarhúsnæði	Háahlíð 10, Sauðárkróki	219	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	90.000	
Geymsluhúsnæði	Borgartún 21, Reykjavík	306		Ótímabundinn	301.000	
Skrifstofuhúsnæði	Bjarnarbraut 8, Borgarnesi	222	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	235.000	
Geymsluhúsnæði	Kolaportið, Tryggvagata 19	2.514	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	1.938.000	

Stofnun – heiti	Staðsetning	Stærð (fm)	Leigusali	Gildistími leigu-samnings	Leiguverð (á mánuði)	Fjöldi starfs-manna
Atvinnuhúsnæði	Tryggvagata 19, Rvk.	432	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	320.177	
Skrifstofuhúsnæði	Hafnarstræti 1, Ísafirði	147	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	216.000	
Skrifstofuhúsnæði	Mánabraut 20, Akranesi	675	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	216.000	
Landsvæði og mannvirki	Sævarhöfða	1.200	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	831.000	
Skrifstofuhúsnæði	Hafnarstræti 1, Ísafirði	55	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	61.000	
Skrifstofuhúsnæði	Lágmúli 4, Reykjavík	731	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	976.000	
Íbúðarhúsnæði	Aðalgata 13, Stykkishólmi	283	Í opinberri eigu	31.5.2012	89.000	
Íbúðarhúsnæði	Aðalstræti 122a, Patreksfirði	229	Í opinberri eigu	30.9.2011	100.000	
Íbúðarhúsnæði	Laugaholt 3a, Húsavík	263	Í opinberri eigu	30.4.2012	89.000	
Atvinnuhúsnæði	Arnarholt	298	Í opinberri eigu	30.6.2012	43.000	
Íbúðarhúsnæði	Arnarholt	121	Í opinberri eigu	31.12.2012	125.000	
Atvinnuhúsnæði	Arnarholt	101	Í opinberri eigu	30.6.2012	41.000	
Skólahúsnæði	Tækniskólinn,Skólavörðuholti	14.891	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	10.900.000	
Skólahúsnæði	Tækniskólinn við Háteigsveg	7.496	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	5.487.000	
Skrifstofuhúsnæði	Bjarnabraut 8, Borgarnesi	123	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	90.000	
Skrifstofuhúsnæði	Bjarnabraut 8, Borgarnesi	86	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	60.000	
Skrifstofuhúsnæði	Bjarnabraut 8, Borgarnesi	84	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	60.000	
Skrifstofuhúsnæði	Seljavegur 32, Rvk.	1.500	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	680.000	
Skrifstofuhúsnæði	Norðurslóð 4, Akureyri	313		Ótímabundinn	1.200.000	
Skrifstofuhúsnæði	Mýrargata 10, Neskaupstað	188	Í opinberri eigu	31.5.2011	223.000	
Atvinnuhúsnæði	Austurvegur 28, Selfossi	783	Í opinberri eigu	31.12.2019	413.000	
Skrifstofuhúsnæði	Hvannavellir 14, Akureyri			31.7.2013	585.000	
Skrifstofuhúsnæði	Eyrarvegur 67, Selfossi	187	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	137.000	
Skrifstofuhúsnæði	Skúlagata 57, Rvk.	1.591	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	951.418	
Skrifstofuhúsnæði	Skúlatún 6, Rvk.	601	Í opinberri eigu	Ótímabundinn	322.844	

1590. Fyrirspurn [865. mál]

til velferðarráðherra um aðbúnað eldri borgara á hjúkrunarheimilum.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum nýlegrar könnunar um aðbúnað eldri borgara á hjúkrunarheimilum?

Skriflegt svar óskast.

1591. Tillaga til þingsályktunar [866. mál]

um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að skipa þriggja manna rannsóknarnefnd er leiti sannleikans um aðdraganda og orsök rekstrarerfiðleika og gjaldþrots íslenskra sparisjóða. Þá leggi nefndin mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um starf-

semi sparisjóða á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því.

Nefndin skal í þessu skyni:

a. Varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir rekstrarerfiðleika íslenskra sparisjóða sem leiddu m.a. til gjaldþrots margra þeirra og endurfjármögnunar annarra.
b. Meta starfshætti sparisjóðanna á undanförnum árum og varpa ljósi á hverjar séu helstu orsakir mismunandi árangurs rekstrar þeirra. Meðal annars verði fjármögnun og útlánastefna þeirra skoðuð, eignarhald, aukning stofnfjár, greiðslur arðs, kaup og sala stofnfjár og hlutafélagavæðing þeirra, svo og aðrir þættir sem kunna að skipta máli.
c. Gera úttekt á lagaramma og öðru starfsumhverfi sparisjóðanna og bera saman við starfsumhverfi sambærilegra fjármálafyrirtækja í nágrannalöndunum.
d. Leggja mat á hvernig staðið hafi verið að eftirliti og endurskoðun hjá sparisjóðunum og hvernig niðurstöðum eftirlitsaðila var fylgt eftir.
e. Koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu sem miða að því að gera sparisjóðum kleift að starfa á þeim samfélagslegu og rekstrarlegu forsendum sem þeir voru stofnaðir á.
f. Gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur leikur á um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og gera jafnframt grein fyrir þeim málum í skýrslu til Alþingis.
g. Skila forseta Alþingis skýrslu eigi síðar en 1. september 2012 um rannsóknina ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að láta vinna í þágu rannsóknarinnar.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að forsætisnefnd Alþingis verði falið að skipa þriggja manna nefnd til að rannsaka starfsemi íslenskra sparisjóða í samræmi við frumvarp til laga um rannsóknarnefndir sem allsherjarnefnd hefur afgreitt og lagt til að verði samþykkt sem lög um rannsóknarnefndir. Lagt er til að rannsóknarnefndin skili skýrslu til forseta Alþingis eigi síðar en 1. september 2012.

Tillagan er unnin upp úr frumvarpi til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna (þskj. 926, 548. mál) sem byggist á lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna, nr. 142/2008, og er til meðferðar í allsherjarnefnd.

Á síðasta löggjafarþingi voru tvær tillögur til þingsályktunar fluttar í þeim tilgangi að hefja rannsókn á aðdraganda falls nokkurra íslenskra sparisjóða (þskj. 1033, 603. mál og þskj. 1537, 705. mál). Hinn 28. september 2010 samþykkti Alþingi ályktun um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010, þ.e. þá síðarnefndu, þar sem meðal annars er kveðið á um að á vegum Alþingis skuli fara fram sjálfstæð og óháð rannsókn á aðdraganda og orsökum falls sparisjóða á Íslandi frá því að viðskipti með stofnfé voru gefin frjáls og að í kjölfar þess fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi sparisjóðanna.

Sparisjóðirnir.

Í mars 2009 tók Fjármálaeftirlitið yfir rekstur SPRON og Sparisjóðabankans, þjónustubanka sparisjóða um allt land. Allar innstæður viðskiptavina SPRON og nb.is voru færðar til Arion banka og gefið út skuldabréf sem var tryggt með veði í öllum eignum SPRON. 22. júlí 2009 skipaði Fjármálaeftirlitið bráðabirgðastjórn yfir Sparisjóði Mýrasýslu, en sjóðurinn hafði þá átt í miklum erfiðleikum í lengri tíma. Mánuðina fyrir bankahrunið 2008 höfðu verið uppi hugmyndir um að Kaupþing legði til nýtt stofnfé í sparisjóðinn og eignaðist 70% eignarhlut í honum, aðrir fjárfestar legðu fram frekara stofnfé og færu með um 10% eignarhlut en

Borgarbyggð héldi um 20% eignarhlut. Þær áætlanir náðu ekki fram að ganga fyrir hrunið í október 2008. Í apríl 2009 tók Nýja Kaupþing yfir lánasafn Sparisjóðs Mýrasýslu og varð jafnframt eigandi meiri hluta stofnfjár þriggja norðlenskra sparisjóða, þ.e. sparisjóða Siglufjarðar og Skagafjarðar, sem saman mynda Afl sparisjóð, og Sparisjóð Ólafsfjarðar. Stofnfé þessara sparisjóða hafði áður verið að mestu í eigu Sparisjóðs Mýrasýslu.

23. apríl 2010 tók Fjármálaeftirlitið yfir starfsemi Byrs – sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík. Þær ákvarðanir voru teknar eftir að stjórnir sjóðanna höfðu farið fram á að Fjármálaeftirlitið tæki yfir starfsemi þeirra þar sem samningaviðræðum við kröfuhafa lauk án árangurs. Í byrjun árs 2011 lauk svo endurfjármögnun Sparisjóðs Bolungarvíkur, Sparisjóðs Svarfdæla, Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis þar sem ríkið endurfjármagnaði og tók yfir meiri hluta stofnfjár sjóðanna.

Af þessu má sjá að sparisjóðirnir hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum í undangengnum áföllum á fjármálamörkuðum heimsins og voru merki þess orðin ljós fyrir október 2008 og setningu neyðarlaganna. Bankasýsla ríkisins hefur komið að endurfjármögnun þessara sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Þrátt fyrir þessi miklu áföll innan sparisjóðakeðjunnar á síðustu árum er ekki fjallað sérstaklega um málefni sparisjóðanna í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008. Þar er þó bent á að það verðskuldi slíka rannsókn. Undir það tók síðan Alþingi með samþykkt framangreindrar þingsályktunartillögu þingmannanefndar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Rannsóknarnefnd um sparisjóði.

Með tillögunni er lagt til að skipuð verði þriggja manna rannsóknarnefnd er leita skal sannleikans um aðdraganda og orsök rekstrarerfiðleika og gjaldþrots íslenskra sparisjóða. Einnig er lagt til að rannsóknarnefndin leggi mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um starfsemi sparisjóða á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því.

Verkefni nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar eru afmörkuð í tillögugreininni:

a. Varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir rekstrarerfiðleika íslenskra sparisjóða sem leiddu m.a. til gjaldþrots margra þeirra og endurfjármögnunar annarra.

b. Meta starfshætti sparisjóðanna á undanförnum árum og varpa ljósi á hverjar séu helstu orsakir mismunandi árangurs rekstrar þeirra. Meðal annars verði fjármögnun og útlánastefna þeirra skoðuð, eignarhald, aukning stofnfjár, greiðslur arðs, kaup og sala stofnfjár og hlutafélagavæðing þeirra, svo og aðrir þættir sem kunna að skipta máli.

c. Gera úttekt á lagaramma og öðru starfsumhverfi sparisjóðanna og bera saman við starfsumhverfi sambærilegra fjármálafyrirtækja í nágrannalöndunum.

d. Leggja mat á hvernig staðið hafi verið að eftirliti og endurskoðun hjá sparisjóðunum og hvernig niðurstöðum eftirlitsaðila var fylgt eftir.

e. Koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu sem miða að því að gera sparisjóðum kleift að starfa á þeim samfélagslegu og rekstrarlegu forsendum sem þeir voru stofnaðir á.

f. Gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur leikur á um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og gera jafnframt grein fyrir þeim málum í skýrslu til Alþingis.

g. *Skila forseta Alþingis skýrslu eigi síðar en 1. september 2012 um rannsóknina ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að láta vinna í þágu rannsóknarinnar.*

Nefndin telur mikilvægt að í rannsókninni verði farið töluvert aftur í tímann og skoðaðar breytingar á lagaumhverfi sparisjóðanna og rekstrarformi þeirra sem og ákvarðanir eftirlitsaðila og túlkun þeirra á gildandi reglum um starfsumhverfi þeirra. Eru því lögð til skýr markmið og lýsing á verkefnum rannsóknarnefndarinnar í tillögugreininni. Nauðsynlegt er að metið verði hvaða áhrif framangreint hafi haft á stöðu sparisjóðanna og rekstur almennt og jafnframt með tilliti til þeirra samfélagssjónarmiða sem þeir störfuðu eftir. Rannsóknin á því ekki að einskorðast við aðdraganda hrunsins í október 2008 heldur taka einnig til tímans eftir hrun enda eru áhrif hrunsins enn að koma í ljós hjá sparisjóðum um allt land.

1592. Nefndarálit [760. mál]

um frv. til l. um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eirík Þorláksson frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Ingibjörgu Sverrisdóttur frá Landsbókasafni - Háskólabókasafni, Birgi Björnsson frá Landsaðgangi að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum, Áslaugu Agnarsdóttur frá starfsmönnum Landsbókasafns – Háskólabókasafns og Eirík Guðmundsson frá Þjóðskjalasafni Íslands. Þá bárust umsagnir frá Háskólanum á Akureyri, Landsaðgangi að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, landsbókaverði og stjórn, Safnaráði, starfsmönnum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Sögufélaginu, Upplýsingu – félagi bókasafns- og upplýsingafræða og Þjóðskjalasafni Íslands.

Frumvarpið var upphaflega lagt fram á 136. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú lagt fram að nýju með nokkrum breytingum. Í umsögnum, sem og í máli gesta á fundum nefndarinnar, komu fram ýmis sjónarmið sem nefndin tók til skoðunar og íhugaði við meðferð málsins. Að auki höfðu borist 22 umsagnir vegna málsins á 136. löggjafarþingi (139. máli) sem nefndin kynnti sér.

Með frumvarpinu er lögð fram heildarendurskoðun á gildandi löggjöf um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Í samræmi við breytt hlutverk bókasafna á 21. öld, nauðsyn þess að endurskilgreina hlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, örrar þróunar á sviði upplýsingatækni og þeirra breytinga sem orðið hafa á háskólasamfélaginu á síðustu árum þykir nauðsynlegt að þessi heildarendurskoðun fari fram.

Lagt er til að staða safnsins sem rannsóknarbókasafns sé staðfest en það felur í sér að safnið varðveiti sérhæfð gögn sem notuð eru við rannsóknir, frumgögn og afleidd gögn. Safnið er einnig skilgreint sem þekkingarveita. Fram kom í máli umsagnaraðila að merking hugtaksins þekkingarveita væri óljós og það hafi ekki unnið sér sess í almennu íslensku máli. Orðið þekkingarveita er vissulega ekki að finna í íslenskri orðabók en það hefur hins vegar öðlast sess í almennu máli hin síðari ár og verið notað í rituðu máli innan Háskóla Íslands og í tengslum við ýmsa vísinda- og fræðslustarfsemi. Það er skilningur nefndarinnar að safnið veiti fyrst og fremst aðgang að þekkingu, þ.e. það starfar sem þekkingarveita með því að tryggja aðgengi að upplýsingum af öllu tagi með því að sinna virkri og fjölþættri upp-

lýsingaþjónustu. Þetta er í samræmi við tvöfalt hlutverk safnsins, þ.e. íslenskt þjóðbókasafn og rannsóknarbókasafn.

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Hjá umsagnaraðila kom fram sú gagnrýni að valdastaða stjórnar væri takmörkuð við það að vera ráðgefandi, en ábyrgð stjórnar ætti frekar að vera bundin við rekstrarlega þætti starfseminnar. Nefndin bendir á að hlutverk stjórnar safnsins er í samræmi við almenna þróun á hlutverki stjórna í opinberum stofnunum hér á landi síðastliðinn áratug, þ.e. að forstöðumaður ber fulla ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar, sbr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hlutverk stjórnar safnsins verður þá, svo dæmi sé tekið, í samræmi við hlutverk stjórnar stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/2006. Nefndin vill jafnframt benda á að einn megintilgangur með setningu laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins var að auka sjálfstæði forstöðumanna ríkisstofnana og möguleika þeirra til að taka ákvarðanir er varða stjórnun og starfsmannahald, jafnframt því sem gerðar eru auknar kröfur til þeirra og ábyrgð þeirra aukin. Nefndin ítrekar að stjórnin er mikilvægur samráðsvettvangur sem og tengiliður við Háskóla Íslands og háskóla- og vísindasamfélagið almennt og landsbókaverði til ráðgjafar. Þessu tengt er lögð til breyting á 9. gr. frumvarpsins, þ.e. að reglur um grisjun verða settar í samráði við stjórn safnsins en ekki að fengnu samþykki stjórnar.

Fjallað er um skipun og hlutverk landsbókavarðar í 3. gr. frumvarpsins. Lögð er til sú breyting að krafa er gerð um að landsbókavörður hafi háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Fram kom hjá umsagnaraðila sú krafa að staða landsbókavarðar væri bundin við prófessorshæfi viðkomandi og hann hefði einnig staðgóða rannsóknarreynslu. Einnig kom fram hjá umsagnaraðila að umsögn stjórnar safnsins um hæfi umsækjenda yrði rökstudd og ráðherra væri þá gert óheimilt að skipa umsækjanda sem stjórn hefði ekki talið hæfan. Nefndin bendir á að umrætt ákvæði er í samræmi við almennar kröfur sem gerðar eru í lögum til forstöðumanna menningarstofnana, sbr. 5. gr. laga nr. 35/2007, um Náttúruminjasafn Íslands, og ákvæði 3. og 6. gr. laga nr. 107/2001 um þjóðminjavörð og forstöðumann Fornleifaverndar ríkisins. Nefndin telur því eðlilegt að ákvæði um landsbókavörð séu sambærileg. Nefndin bendir einnig á að viðtekin venja er að kveða á um umsögn stjórna við ráðningu forstöðumanna, sbr. 5. gr. laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Það er jafnframt mat nefndarinnar að sú takmörkun sem hér er lögð til á valdi ráðherra til skipunar umsækjanda sé mjög óvenjuleg í löggjöf og telur ekki eðlilegt að leggja slíkt ákvæði til hér.

Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um meginverkefni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Frá umsagnaraðilum komu ábendingar er lúta að c-lið 4. gr., annars vegar að orðalag málsliðarins væri of almennt og hins vegar væri nauðsynlegt að safnið hafi sér til ráðgjafar nefnd sem skipuð væri fulltrúum helstu greiðenda til að taka þátt í stefnumótun, vali á efni, gerð fjárhagsáætlana o.fl. Nefndin tekur undir þessar ábendingar og leggur til breytingar þessu að lútandi. Einnig komu fram ábendingar varðandi g-lið 4. gr. um að brýnt væri að leggja áherslu á það þróunarstarf sem unnið er í safninu til hagsbóta fyrir íslensk bókasöfn. Nefndin tekur einnig undir þessa ábendingu enda felur hún í sér hugsun um forustuhlutverk safnsins í málefnum bókasafna.

Töluverðar breytingar hafa orðið á háskólasamfélaginu frá gildistöku núgildandi laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafns og lögð hefur verið aukin áhersla á samvinnu og samstarf háskólanna á milli. Telja verður því rökrétt að samstarf Háskóla Íslands við aðra skóla sé aukið. Í þessu sambandi telur nefndin eðlilegt að í frumvarpinu sé að finna heimild um að safninu sé heimilt að veita öðrum háskólum landsins þjónustu á grundvelli samninga,

sbr. 5. gr. frumvarpsins. Þessu tengt verður fulltrúi frá samstarfsnefnd háskólastigsins einnig í stjórn safnsins. Þessi tilnefning styður einnig aukið samstarf á milli háskólanna.

Nefndin hefur verið með til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almenningsbókasöfn, nr. 36/1997, um gjaldtökuheimildir almenningsbókasafna (580. mál). Við meðferð málsins bárust nefndinni ábendingar um að skýra þyrfti nánar þær grundvallarreglur sem gilda um þjónustugjöld og dagsektir almenningsbókasafna en frumvarpinu er ætlað að eyða lagalegri óvissu um gjaldtöku, sbr. álit umboðsmanns Alþingis nr. 6010/2010. Nefndin tók að fullu tillit til þessara athugasemda (þskj. 1546). Nefndin bendir á að þar sem hér er verið að ræða um sömu gjaldtökuheimildir þá sé eðlilegt að leggja til sams konar breytingar á 8. gr. frumvarpsins svo að gjaldtökuheimildir almenningsbókasafna og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns verði að fullu sambærilegar. Nefndin vill í þessu sambandi ítreka að það hefur grundvallarþýðingu þegar um er að ræða þjónustugjald að afmarka þá kostnaðarliði sem felldir verða undir gjaldið þegar meta á hversu hátt það á að vera. Einnig vill nefndin benda á að dagsektir eru óbein þvingunarúrræði sem verða ávallt að byggjast á skýrri lagaheimild með hliðsjón af meðalhófsreglunni. Nauðsynlegt er því að kveða á um hámark dagsekta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 31. maí 2011.

Skúli Helgason, form., frsm.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
Oddný G. Harðardóttir.	Eygló Harðardóttir.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Auður Lilja Erlingsdóttir.	Margrét Tryggvadóttir.	Íris Róbertsdóttir.

1593. Breytingartillögur [760. mál]

við frv. til l. um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „um aðgang“ í c-lið komi: um landsaðgang.
   b. Við c-lið bætist: í samráði við helstu hagsmunaaðila.
   c. Í stað orðanna „og samræmingu“ í g-lið komi: samræmingu og þróun.
2. Við 8. gr.
   a. Í stað orðsins „útlán“ í 1. mgr. komi: útgáfu útlánsskírteina.
   b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:

      Landsbókavörður setur gjaldskrá skv. 1. mgr. að fengnu leyfi stjórnar safnsins og skal hún birt notendum á aðgengilegan hátt. Umrædd gjöld skulu ekki vera hærri en raunkostnaður safnsins vegna þjónustunnar og er ætlað að standa straum af eftirfarandi kostnaðarþáttum við hana:

a. launum starfsfólks sem sinnir þjónustunni,
b. sérstökum efniskostnaði vegna þjónustunnar.

c. Á eftir orðinu „afnot“ í 2. mgr. komi: safnefnis.
d. Orðið „svo“ í 2. mgr. falli brott.
e. Við 2. mgr. bætist: samkvæmt þeim reglum sem landsbókavörður setur skv. 1. mgr. og gjaldskrá sem landsbókavörður setur skv. 4. mgr.
f. Í stað orðanna „reglur skv. 2. mgr.“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: bætur skv. 3. mgr.
g. Í stað 2. málsl. 3. mgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Samanlagðar dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest mega aldrei vera hærri en 4.000 kr. fyrir hvern lánþega. Bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda skulu að hámarki nema innkaupsverði viðkomandi efnis.
h. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Gjaldtökuheimildir.*

3. Í stað orðanna „að fengnu samþykki stjórnar safnsins“ í 9. gr. komi: í samráði við stjórn safnsins.

1594. Frumvarp til fjáraukalaga [867. mál]

fyrir árið 2011.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

		Skv. fjárl. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:				
	Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a.	1.11 Ellilífeyrir	8.410,0	2.088,0	10.498,0
b.	1.15 Örorkulífeyrir	5.150,0	1.646,0	6.796,0
c.	1.92 Álag á orlofs- og desemberuppbót	0,0	526,0	526,0
d.	1.93 Prósentuhækkanir, aðrir bótaflokkar	0,0	174,0	174,0
e.	*Greitt úr ríkissjóði*	*23.401,0*	*4.434,0*	*27.835,0*

Greinargerð.

Hinn 20. maí sl. samþykkti Alþingi breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, sbr. lög nr. 51/2011. Með lögunum er ráðherra veitt heimild til hækkunar bóta almannatrygginga ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Til stendur að hækka bætur í samræmi við ákvæðið 1. júní þannig að lífeyrisþegar og atvinnuleitendur njóti hliðstæðra kjarabóta og um hefur verið samið í kjarasamningum aðila á vinnumarkaði. Áætluð breyting á útgjöldum almannatrygginga í kjölfar hækkunarinnar er 4.434 millj. kr. á yfirstandandi ári en þá fjárhæð er ekki að finna í fjárlögum. Er frumvarp þetta því lagt fram til að tryggja að heimild sé fyrir greiðslu þessara fjármuna úr ríkissjóði.

1595. Breytingartillaga [701. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna skattlagningar á kolvetnisvinnslu (virðisaukaskattur, tekjuskattur, staðgreiðsla opinberra gjalda).

Frá efnahags- og skattanefnd.

Orðið „leitar“ í 5. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. og orðið „leit“ í 5. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. og a- og b-lið 5. gr. falli brott.

1596. Breytingartillaga [702. mál]

við frv. til l. um skattlagningu á kolvetnisvinnslu.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Orðið „leit“ í 1. mgr. 1. gr., 2. gr. og 8. gr. og orðið „leitar“ í 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 10. gr. falli brott.

1597. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um skeldýrarækt.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Jóhannsson og Sigríði Norðmann frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Jón Pál Baldvinsson og Bergsvein G. Reynisson frá Skelrækt, samtökum skelræktenda, Pétur Guðmundsson, Björn Erlendsson og Bjarna M. Jónsson frá Samtökum eigenda sjávarjarða, Þór Gunnarsson frá Matvælastofnun, Svövu S. Steinarsdóttur frá félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Sigurð Ingason frá Umhverfisstofnun, Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins og Guðberg Rúnarsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva og Landssambandi fiskeldisstöðva. Umsagnir um málið bárust frá Samtökum fiskvinnslustöðva og Landssambandi fiskeldisstöðva, Orkustofnun, Siglingastofnun Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hafrannsóknastofnuninni, Alþýðusambandi Íslands, Bændasamtökum Íslands, Hafnasambandi Íslands, Matís ohf., Félagi heilbrigðis- og skipulagsfulltrúa, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Fiskistofu, Landhelgisgæslu Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum eigenda sjávarjarða, Skelrækt, samtökum skelræktenda, Viðskiptaráði Íslands, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Umhverfisstofnun, Eyþingi, sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, og Samtökum atvinnulífsins. Þá óskaði nefndin álits umhverfisnefndar Alþingis á frumvarpinu.

Frumvarpið tekur til ræktunar skeldýra á íslensku forráðasvæði. Markmið þess eru að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra og setja reglur um starfsemina og efla með því móti atvinnulíf og byggð á Íslandi. Markmið þessi eru útfærð nánar í sex köflum frumvarpsins. Þannig er í II. kafla kveðið á um að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fari með yfirstjórn

mála samkvæmt frumvarpinu en einnig er tiltekið hvaða stjórnvöld fari að öðru leyti með framkvæmd og eftirlit. Að auki er þar nánar kveðið á um vald ráðherra til að ákveða skipulag og takmarka eða banna skeldýrarækt eða vissar aðferðir við slíka starfsemi. Í III. kafla er kveðið á um veitingu leyfa til ræktunar skeldýra og heimild ráðherra til að afturkalla slík leyfi. Í IV. kafla eru útfærðar þær reglur sem skulu gilda um starfsemi skeldýraræktar og í V. kafla koma fram þær heimildir sem stjórnvöld skulu hafa til gjaldtöku vegna eftirlits og leyfisveitinga. Í VI. kafla er lagt bann við framsali leyfa en í VII. kafla er ráðherra veitt heimild til setningar reglugerðar um skeldýrarækt auk þess sem kveðið er á um viðurlög vegna brota á lögunum og gildistöku þeirra.

Vinnan er snertir frumvarpið hefur verið viðamikil. Eins og sjá má hér að framan bárust nokkuð margar umsagnir um málið og gerðu umsagnaraðilar og álitsgjafar á köflum miklar athugasemdir við einstök ákvæði. Þá voru margar þeirra athugasemda ítrekaðar og útskýrðar frekar af gestum á fundum nefndarinnar. Fram komu ýmis sjónarmið sem skoðuð voru við meðferð málsins. Nokkur sjónarmið og athugasemdir tók 1. minni hluti til sérstakrar skoðunar.

Markmið frumvarpsins.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins skulu markmið laga um skeldýrarækt vera að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra og setja reglur um starfsemina og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu.

Ýmsir umsagnaraðila styðja framangreind markmið og fagna því að athygli stjórnvalda beinist að skeldýrarækt. Í áliti umhverfisnefndar Alþingis kemur þó fram gagnrýni á að verndun lífríkis og viðhald líffræðilegrar fjölbreytni séu ekki meðal frumvarpsmarkmiða. Þá leggur Fjórðungssamband Vestfirðinga til að við frumvarpið verði bætt markmiði sem geri ráð fyrir að uppbygging skeldýraræktar fari fram með sjálfbærni og verndun náttúru í huga. Á móti kom fram á fundi nefndarinnar að rétt væri að fjalla um atriði er snerta sjálfbærni og verndun náttúru í lögum um umhverfismál. Bent var á að ætlunin með frumvarpinu væri að setja lög um skeldýrarækt sem atvinnugrein og að þegar væri fjallað um umhverfisatriði er vörðuðu hana og aðrar atvinnugreinar í gildandi löggjöf um umhverfismál.

1. minni hluti hefur fullan skilning á því að frumvarpi um skeldýrarækt sé ætlað að móta þann ramma sem nauðsynlegur er svo að skeldýrarækt fái dafnað á samkeppnishæfan máta. Þá er hann meðvitaður um að skeldýrarækt er það ung atvinnugrein hér á landi að enn kann nokkuð að vera í að hún slíti barnsskónum. Engu að síður er það skoðun 1. minni hluta að trauðla verði skeldýrarækt talin starfsemi í rekstrarlegu tómarúmi þegar kemur að setningu reglna sem ætlað er að tryggja að slík ræktun geti átt sér stað. Álit 1. minni hluta er að rétt sé að miða við að aðalmarkmið laga um skeldýrarækt skuli áfram verða þau sem frumvarpshöfundar hafa lagt upp með en rétt sé að bæta við frumvarpið aukamarkmiðum sem verði sett skör lægra en aðalmarkmiðin. Í því ljósi leggur 1. minni hluti einnig til að gerðar verði nokkrar breytingar á einstökum ákvæðum frumvarpsins hvað varðar umsagnaraðila við undirbúning ákvarðana. Nánar verður gerð grein fyrir þeim breytingum hér á eftir. Því munu tiltölulega fá ákvæði frumvarpsins fela í sér beina útfærslu á aukamarkmiðum þess og hljóta slík markmið því óhjákvæmilega að fá minna vægi en aðalmarkmið við skýringu einstakra ákvæða.

Gildissvið frumvarpsins.

Í 2. gr. frumvarpsins er gildissvið þess afmarkað. Í áliti umhverfisnefndar Alþingis kemur m.a. fram að nefndin telji gildissviðsákvæðið ekki nægjanlega skýrt. Skynsamlegt kunni að

vera að afmarka gildissviðið betur og takmarka það við sjóinn. Í sama streng tekur Skelrækt, samtök skelræktenda. Þá telur umhverfisnefnd ekki ljóst hvort frumvarpið taki til ræktunar skeldýra í eldisstöð á landi. Einnig gerir Umhverfisstofnun athugasemd við notkun hugtaksins ræktun í gildissviðsafmörkun frumvarpsins og bendir á að hún telji að það nái til sömu þátta og hugtakið eldi samkvæmt lögum um fiskeldi. Telur stofnunin að skýrara væri að sama hugtakið væri notað í báðum lagabálkum og tekur Skelrækt, samtök skelræktenda, undir og leggur til að lög um skeldýrarækt verði einungis látin ná til skeldýra sem séu ræktuð, þ.e. án fóðrunar, til aðgreiningar frá fiskeldislögum sem ná til dýra sem alin eru.

Að mati 1. minni hluta er eðlilegt að brugðist verði við athugasemdum um að ákvæði frumvarpsins séu óskýr varðandi það hvort skeldýraræktarlögum er ætlað að taka til ræktar skeldýra í sjó eða ferskvatni. Er það gert með tillögu til breytingar.

Eftir nokkra skoðun og umræður er það álit 1. minni hluta að vafa um það hvort skeldýraræktarlögum er ætlað að ná til ræktunar skeldýra í eldisstöð á landi hafi verið eytt á fundum nefndarinnar. 1. minni hluti telur ótvírætt að lögunum sé ætlað að ná til allrar ræktunar skeldýra sem fram fer á íslensku forráðasvæði án tillits til þess hvort hún fer fram undir þaki eða ekki og hvort sem hún fer fram úti á hafi eða á landi svo fremi sem hún eigi sér stað í sjó.

Hvað mun á hugtökunum *ræktun* og *eldi* viðkemur bendir 1. minni hluti á eftirfarandi: Gildissvið frumvarpsins nær skv. 2. gr. þess til *ræktunar* skeldýra á íslensku forráðasvæði. Gildissvið fiskeldislaga nær til *eldis* vatnafiska og nytjastofna sjávar á íslensku forráðasvæði. Meginmarkmið frumvarpsins eru að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra, setja reglur um starfsemina og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Markmið fiskeldislaga er hins vegar að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Í því skyni er áskilið að leitast verði við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Samkvæmt almennri orðskýringu felur hugtakið *eldi* í sér fóðrun eða fóstrun. Hugtakið *ræktun* felur hins vegar í sér að yrkja, framleiða með ræktun eða hirða um eitthvað. Hugtakið ræktun kemur einnig fyrir í nokkrum hugtaksskýringum 3. gr. frumvarpsins. Þannig er *ræktunarsvæði* skilgreint sem afmarkað svæði þar sem skeldýraræktarfyrirtæki ræktar skeldýr og dýr sem eru ekki fóðruð en taka sjálf upp næringu úr umhverfi. Til *skeldýraræktar* telst ræktun skeldýra með skipulegri umhirðu og vöktun á afmörkuðu svæði þar sem engin fóðrun á sér stað. Hluti af ræktun er einnig skipuleg söfnun og veiði á skeldýrum til áframhaldandi ræktunar. Þá teljast ræktunarstaðir skeldýra til *skeldýraræktarstöðva*. Hugtakið *eldi* kemur einnig fyrir í nokkrum hugtaksskýringum 3. gr. fiskeldislaga. Þannig er fiskeldi skilgreint sem geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska, annarra vatnadýra og nytjastofna sjávar, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni. Hugtakið *ræktun* kemur einnig fyrir á nokkrum öðrum stöðum í fiskeldislögum og er *fiskrækt* skilgreind sem hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni eða sjó. Þá er *fiskræktarslepping* skilgreind sem slepping samstofna smáseiða eða gönguseiða í því skyni að auka fiskigengd í veiðivatni eða sjó. Síðasttaldar tvær skilgreiningar eru í samræmi við skilgreiningu fiskræktarlaga.

Af framangreindu dregur 1. minni hluti þá ályktun að hugtakið ræktun feli í sér umhirðu og vöktun án fóðrunar auk skipulegrar söfnunar og veiða á meðan eldi feli í sér umhirðu auk fóðrunar. Þar sem frumvarpinu er einungis ætlað að gilda um umhirðu og skipulega söfnun eða veiði skeldýra sem ekki felur í sér fóðrun er það álit 1. minni hluta að notkun hugtaksins *ræktun* í frumvarpinu sé réttlætanleg og haganleg til aðgreiningar frá hugtakinu *eldi*.

Skilgreiningar.

Eignarland.

Samkvæmt 1. tölul. 3. gr. frumvarpsins er hugtakið *eignarland* skilgreint sem landsvæði, þ.m.t. innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Í umsögn Samtaka eigenda sjávarjarða er farið fram á að orðalag skilgreiningarinnar verði lagfært. Samtökin telja að skilgreiningin innihaldi takmarkaðar upplýsingar sem kunni að leiða til misskilnings.

Á fundi nefndarinnar vísuðu fulltrúar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis á móti til þess að skilgreining frumvarpsins sé orðrétt í samræmi við skilgreiningu á hugtakinu eignarland í lögum um lax- og silungsveiði ásamt því að vera að mestu leyti í samræmi við skilgreiningu á hugtakinu eignarland í jarðalögum og þjóðlendulögum að öðru leyti en því að þar er ekki tekið fram að til landsvæðis teljist það sem er innan netlaga í stöðuvötnum og sjó. Var það skoðun ráðuneytisins að skilgreining frumvarpsins ætti að vera í sem mestu samræmi við þær skilgreiningar sem fram koma í öðrum lögum þannig að samræmis væri gætt. Að lokum var á það bent að lax- og silungsveiðilög væru yngst framangreindra laga.

1. minni hluti fellst á að eðlilegt sé að við lagasetningu sé stefnt að því að samræmis verði gætt við skilgreiningar hugtaka og að aðeins skuli vikið frá þeim skilgreiningum sem tíðkanlegar eru að raunveruleg þörf krefji. Það er álit 1. minni hluta að nægileg rök hafi ekki komið fram til þess að vikið verði frá skilgreiningu frumvarpsins. Þá bendir 1. minni hluti á að framsetning skilgreininga á hugtökunum *eignarland* og *netlög* virðist alls ekki hafa þann tilgang að afmarka rétt eigenda sjávarjarða til að stunda fiskveiðar heldur aðeins að setja fram mörk til aðgreiningar landsvæða í einkaeigu frá landsvæðum í almannaeigu eða opinberri eigu og til ákvörðunar á mörkum fasteigna þegar að ræktun skeldýra kemur. Það er skilningur 1. minni hluta að þessi framsetning skilgreininga haggi í engu réttindum landeigenda fyrir fasteignum sínum. Þá er það mat 1. minni hluta að framangreindar skilgreiningar eigi ekki að hafa nokkur áhrif á inntak skilgreininga sömu hugtaka samkvæmt öðrum lögum.

Mannvirki.

Í umsögnum Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Sambands íslenskra sveitarfélaga er gagnrýnt að skilgreining í 4. tölul. 3. gr. frumvarpsins á hugtakinu *mannvirki* sé ekki í samræmi við skilgreiningu laga um mannvirki á sama hugtaki. Er í því samhengi bent á að nauðsynlegt sé að samræmis sé gætt við skilgreiningu slíkra grundvallarhugtaka.

Samkvæmt 4. tölul. 3. gr. frumvarpsins teljast hvers konar byggingar og búnaður sem er notaður við ræktun skeldýra til mannvirkja í skilningi laga um skeldýrarækt. Samkvæmt 13. tölul. 3. gr. mannvirkjalaga teljast hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga til mannvirkja. Þá teljast einnig til mannvirkja tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Að auki teljast mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu til mannvirkja samkvæmt mannvirkjalögum. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna gilda þau um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan, innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar ásamt því að gilda um marga tiltekna þætti mannvirkja og gróður og útbúnað sem staðsettur er á lóðum o.fl. Markmið mannvirkjalaga eru m.a. að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og

heilnæmi sé fullnægt, stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja, stuðla að vernd umhverfis, stuðla að tæknilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði og stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur bygginga. Má því segja að markmið laganna varði mannvirki, gerð þeirra, umhverfi og rekstur.

Mannvirkjaskilgreiningu frumvarpsins má skipta í tvennt, þ.e. annars vegar í hvers konar byggingar sem notaðar eru við skeldýrarækt og hins vegar hvers konar búnað sem notaður er við skeldýrarækt. Sé sá hluti hugtaksins sem varðar byggingar borinn saman við mannvirkjaskilgreiningu mannvirkjalaga virðist a.m.k. óhætt að fullyrða að hugtakið nái ekki til virkjana, dreifi- og flutningskerfa rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, umferðar- og göngubrúa í þéttbýli, stórra skilta og togbrauta til fólksflutninga enda teldust þau almennt ekki til bygginga sem notaðar eru til ræktunar skeldýra. Hvað aðra þætti mannvirkjahugtaks mannvirkjalaga varðar eru mörkin ekki eins ljós að öðru leyti en því að jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús, teljist samkvæmt þeim til bygginga. Er það skilningur nefndarinnar að byggingahluti mannvirkjahugtaks frumvarpsins rúmist innan mannvirkjahugtaks mannvirkjalaga.

Samkvæmt gildissviðsskilgreiningu frumvarpsins virðist lögum um skeldýrarækt ætlað að gilda hvort heldur er á láði eða legi. Þá þætti mannvirkjahugtaks mannvirkjalaga sem ekki teljast til jarðfastrar og manngerðrar smíðar telur 1. minni hluti geta rúmast innan búnaðarhluta mannvirkjahugtaks frumvarpsins. Þar sem skeldýrarækt er ung atvinnugrein hér á landi kann búnaðarhluti mannvirkjahugtaksins að vera að einhverju leyti opnari en byggingarhlutinn. Þrátt fyrir að 1. minni hluti telji að gera verði kröfur til samræmis hugtaka á milli lagabálka telur 1. minni hluti að ekki verði hjá því litið að framangreindar skilgreiningar er að finna á mismunandi sviðum löggjafar. Því verður við afmörkun þeirra að huga sérstaklega að þeim markmiðum sem búa að baki mismunandi löggjöf og verður skilgreining hugtaka því að markast af þeim ólíku stefnumiðum og hagsmunum sem búa að baki hvorum lagabálki. 1. minni hluti telur einmitt að slíkir þættir réttlæti þann blæbrigðamun sem er á milli mannvirkjahugtaks frumvarpsins og mannvirkjalaga.

Netlög.

Bændasamtök Íslands og Samtök eigenda sjávarjarða gagnrýna skilgreiningu frumvarpsins á hugtakinu *netlög*. Benda þau á að til netlaga teljist ekki aðeins sjávarbotn heldur einnig vatnið yfir botninum. Þá nái netlög ekki aðeins 115 metra út frá vatnsbakka heldur einnig 115 metra út frá hólmum og skerjum sem eru 115 metra eða nær vatnsbakka. Þá benda Bændasamtökin á að netlög hafi einnig verið skilgreind svo að þau nái út á dýpi sem nemur 20 möskvum selnótar eða út á 7,5 metra dýpi miðað við stórstraumsfjöruborð þar sem grunnsævi sé meira en 115 metrar. Leggja samtökin til að skilgreiningu frumvarpsins verði breytt til samræmis við skilgreiningu laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Á móti kom fram hjá fulltrúum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins að skilgreining frumvarpsins sé orðrétt í samræmi við skilgreiningu á hugtakinu samkvæmt öðrum lögum og með skilgreiningunni sé stefnt að samræmi í íslenskri löggjöf.

Samkvæmt skilgreiningu lögfræðiorðabókar merkir hugtakið netlög hluta (einkasvæði) jarðar í sjó eða vatni. Eins og áður hefur komið fram nær gildissvið þessa frumvarps ekki til ræktunar skeldýra í ferskvatni. Skilgreiningar laga á netlögum hafa í gegnum tíðina verið mismunandi. Þær skilgreiningar koma í gildandi löggjöf t.d. fram í Jónsbók frá 1281 og lögum settum af Alþingi bæði fyrir og eftir lýðveldisstofnun. Margar þessara skilgreininga standa þannig óbreyttar frá fornu fari og hefur Alþingi hingað til ekki séð tilefni til þess að gera breytingar á þeim. Mismun á skilgreiningunum má helst skýra með því að þær tilheyra

lögum sem stefna að ólíkum markmiðum og skarast gildissvið þeirra ekki nema að takmörkuðu leyti. Þannig er með lax- og silungsveiðilögum stefnt að því að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra. Gildissvið þeirra laga er afmarkað við veiði úr ferskvatnsfiskstofnum á íslensku forráðasvæði, nema önnur skipan leiði af ákvæðum annarra laga. Markmið laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins virðist verða að kveða á um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum þeim er á hafsbotni kunna að finnast og fullveldisrétt yfir nýtingu þeirra. Gildissvið þeirra virðist ná til auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Þá er markmið jarðalaga að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota. Gildissvið þeirra nær til alls lands sem ekki er sérstaklega undanskilið í lögunum, þ.m.t. eru jarðir, jarðahlutar, afréttarlönd, almenningar, öræfi, þjóðlendur og hvers konar land, eyðijarðir, landspildur, lóðir, mannvirki, skógar, vatnsréttindi, veiðiréttindi, námuréttindi, jarðhitaréttindi og aðrar náttúruauðlindir, svo og hvers konar aðrar fasteignir, fasteignaréttindi, ítök og hlunnindi á landi og innan netlaga, hvort sem þau hafa verið skilin frá jörð eða ekki.

Það er skilningur 1. minni hluta að mismunandi skilgreiningar á netlögum í lögum orsakist af því að mismunandi lögum er ætlað að kveða á um mismunandi réttindi borgaranna. Af þeim sökum kann annað að eiga t.d. við um eignarrétt á jörð og eignarrétt á auðlindum eða veiðirétti. T.d. má benda á að í dómi Hæstaréttar Íslands sem birtur er í dómasafni réttarins frá 1996, bls. 2518, er leyst úr réttindum manna til þess að leggja net innan netlaga samkvæmt skilgreiningu Jónsbókar frá 1281. Sá dómur hefur í engu haggað öðrum réttindum manna innan netlaga. Er það álit 1. minni hluta að þar sem frumvarpinu er aðeins ætlað að ná til ræktunar skeldýra að teknu tilliti til þeirrar samræmdu skilgreiningar netlaga sem birst hefur í lagasetningu síðustu ár, þá séu ekki komin fram þau rök sem 1. minni hluti telur nauðsynleg eigi að skilgreina netlög á annan hátt en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ræktunarsvæði.

Umhverfisnefnd Alþingis gagnrýnir skilgreiningu frumvarpsins á hugtakinu *ræktunarsvæði* í áliti sínu. Telur nefndin nauðsynlegt að skýra hugtakið betur þannig að gætt verði samræmis við skilgreiningu hugtaksins *skeldýrarækt*. Bendir nefndin á að mögulega þurfi að gera ríkari greinarmun á ræktun með fóðrun og ræktun þar sem dýr eiga sjálf að afla sér fæðu.

Samkvæmt frumvarpinu teljast til ræktunarsvæða afmörkuð svæði þar sem skeldýraræktarfyrirtæki rækta skeldýr og dýr sem eru ekki fóðruð en taka sjálf upp næringu úr umhverfi. Til skeldýraræktar telst ræktun skeldýra með skipulegri umhirðu og vöktun á afmörkuðu svæði þar sem engin fóðrun á sér stað og skipuleg söfnun og veiði á skeldýrum til áframhaldandi ræktunar.

1. minni hluti fjallaði hér að framan um muninn á hugtökunum *ræktun* samkvæmt frumvarpinu og *eldi* samkvæmt fiskeldislögum. Vísar 1. minni hluti til þeirrar umfjöllunar hvað varðar greinarmun á „ræktun með fóðrun“ og „ræktun þar sem dýr afla sér sjálf fæðu“.

Hvað skýrleika skilgreiningarinnar á ræktunarsvæði varðar bendir 1. minni hluti á að gildissviði frumvarpsins er aðeins ætlað að ná til ræktunar skeldýra. Af þeim sökum telur 1. minni hluti að sá hluti skilgreiningarinnar sem varðar *„dýr sem eru ekki fóðruð en taka sjálf*

upp næringu úr umhverfi" kunni að valda vafa um það til hvers konar ræktunar frumvarpinu er raunverulega ætlað að ná. Af þeim sökum gerir 1. minni hluti þá tillögu að téður hluti frumvarpsgreinarinnar verði felldur brott.

Eftirlit.

Mengunarvarnaeftirlit.

Í 4. gr. frumvarpsins, sbr. 12. gr., kemur m.a. fram að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sé ætlað að fara með yfirstjórn mála samkvæmt lögum um skeldýrarækt en framkvæmd stjórnsýslunnar skuli að öðru leyti vera í höndum Matvælastofnunar sem hafi eftirlit með því að ákvæðum laganna verði framfylgt. Þá er ákveðnum stofnunum falið eftirlit með einstökum þáttum skeldýraræktar. Í 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins kemur fram að heimilt skuli verða að afturkalla tilraunaleyfi og ræktunarleyfi skeldýraræktenda séu aðstæður óviðunandi að mati Matvælastofnunar, m.a. vegna hættu á mengun.

Í umsögnum Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Orkustofnunar og í áliti umhverfisnefndar Alþingis kemur fram sú gagnrýni að stjórnsýslu málaflokks skeldýraræktar sé með frumvarpinu skipað til út frá sjónarmiðum ráðuneyta og stofnana þeirra. Hvergi sé komið inn á hlutverk heilbrigðisnefnda. Þá kemur fram að ekki geti talist forsvaranlegt að fela Matvælastofnun að viðhafa einhvers konar mengunarvarnaeftirlit.

Í þessu sambandi vill 1. minni hluti taka fram að íslensk stjórnvöld eru bundin af lögum í framkvæmdum sínum. Hefðbundinn skilningur á eftirliti á vegum hins opinbera felur í sér að eftirlitsaðili hefur tilsjón með því að ákveðnir þættir uppfylli skilyrði laga eða annarra fyrirmæla. Vald eftirlitsaðila til að koma eftirliti við getur ekki náð lengra en lagaheimildir sem liggja því til grundvallar segja til um. Þegar ytri mörk gildissviðs lagaákvæðis eru afmörkuð hefur m.a. verið stuðst við þá líkindareglu að stjórnvöldum sé almennt ekki ætlað að byggja ákvarðanir sínar á sjónarmiðum sem fela í sér að ná fram markmiðum sem öðrum stjórnvöldum er ætlað að vinna að lögum samkvæmt. Af því leiðir að leiki vafi um gildi heimilda stjórnvalda til eftirlits, þá eru þær skýrðar á þann hátt að þær skarist ekki við gildissvið eftirlitsheimilda annarra stjórnvalda á sama sviði.

Skv. 3. mgr. 3. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir fellur eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðslu um þessi mál undir mengunarvarnaeftirlit. Þá telst vöktun umhverfisins til mengunarvarnaeftirlits. Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta. Samkvæmt 10.–14. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir annast heilbrigðisnefndir sveitarfélaga heilbrigðiseftirlit, þ.e. eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum. Skv. 15. gr. sömu laga skulu heilbrigðisnefndirnar ráða heilbrigðisfulltrúa til að annast eftirlit sveitarfélaganna með þeim viðfangsefnum sem undir lögin falla.

Eins og fram hefur komið kveður 4. gr. frumvarpsins, sbr. 12. gr., á um að Matvælastofnun skuli fara með eftirlit með skeldýraræktarstöðvum, ræktunarstöðum skeldýra, á íslensku forráðasvæði. Skal eftirlitið ná til starfsemi stöðvanna, framfylgdar þeirra á ákvæðum skeldýraræktarlaga og að skilyrði í tilrauna- og ræktunarleyfi séu haldin. Í ákvæðum frumvarpsins er á ýmsan hátt kveðið á um þau skilyrði sem heimilt er að setja fyrir veitingu tilraunaleyfa og ræktunarleyfa og aðrar lagalegar skyldur ásamt því sem stuttlega er kveðið á um skyldur er varða þann búnað og mannvirki sem nýtt eru í starfseminni. Þá er ráðherra veitt

heimild til setningar reglugerðar um framkvæmd laga um skeldýrarækt. Í greinargerð frumvarpsins kemur m.a. fram að eftirlit með starfsemi á sviði skeldýraræktar sé aðallega eftirlit með heilnæmi og hollustuháttum, þ.e. matvælaeftirlit sem fari eftir lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem sett séu á grundvelli EES-gerða um það efni. Þannig sé í frumvarpinu gert ráð fyrir að Matvælastofnun annist eftirlit með skeldýrarækt með svipuðum hætti og gildi um eftirlit með annarri matvælaframleiðslu.

Af ákvæðum og greinargerð frumvarpsins dregur 1. minni hluti þá ályktun að ekki ríki mikill vafi um inntak eftirlitsheimilda Matvælastofnunar. Þar sem eftirliti Matvælastofnunar er aðeins ætlað að ná til starfsemi skeldýraræktarstöðva og almennar athugasemdir greinargerðar frumvarpsins virðast varpa ákveðnu ljósi á inntak eftirlitsheimilda hennar, þá ná þær vart til eftirlits með mengunarvörnum. Þessu til viðbótar kann að vera rétt að líta til framangreindrar líkindareglu við skýringu lagaákvæða við afmörkun þeirra.

Það er álit 1. minni hluta að með frumvarpinu sé ekki ætlunin að fá Matvælastofnun heimild til þess að annast mengunarvarnaeftirlit á sviði skeldýraræktar og ekki sé farið út fyrir hefðbundið starfssvið Matvælastofnunar og inn á starfssvið heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaga. Þá sé eðlilegt að stjórnsýslu laganna sé skipað út frá sjónarmiðum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og undirstofnana hans enda heyri málaflokkurinn skýrlega undir málasvið hans og hafi takmarkaða skörun við málefnasvið sveitarfélaga.

Eftirlit Landhelgisgæslunnar.

Í umsögn Landhelgisgæslu Íslands er m.a. gagnrýnt að hvergi í frumvarpinu sé komið inn á eftirlit Landhelgisgæslunnar, m.a. með því hvort leyfi sé fyrir eldisbúnaði, hvort slíkur búnaður veldur siglingahættu eða sé nægilega merktur svo sjófarendur geti varað sig á honum, og fleira í því ljósi að stofnunin fari með almenna löggæslu á hafinu.

Það er álit 1. minni hluta að eðlilegt sé að komið sé inn á framangreint hlutverk Landhelgisgæslunnar í frumvarpinu og leggur hún því til breytingar í því skyni.

Skipulagsmál sveitarfélaga og skipulag skeldýraræktar.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins, sem hefur fyrirsögnina *Svæðaskipting starfsemi*, er ætlunin að veita sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimild til þess að ákveða skipulag og skiptingu ræktunarsvæða meðfram ströndum landsins að því gefnu að vistfræðileg eða hagræn rök mæli með því.

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa telur að sveitarfélög eigi að fá ríkara hlutverk í ákvarðanatöku um úthlutun ræktunarsvæða og að eðlilegt kunni að vera að koma skipulagi ræktunarsvæða fyrir í ferli ákvarðanatöku um skipulag sveitarfélaga. Ásamt Fjórðungssambandi Vestfirðinga og umhverfisnefnd Alþingis telur félagið að með 5. gr. frumvarpsins sé gengið á skipulagsvald sveitarafélaga. Hafnasamband Íslands tekur í svipaðan streng og bendir á að nauðsynlegt sé að kveða á um að skeldýraræktarstöðvar megi ekki staðsetja þannig að rekstur þeirra og starfsemi hafi truflandi áhrif á daglega starfsemi innan hafnasvæða og í nágrenni þeirra.

Eins og áður hefur komið fram er markmið frumvarpsins m.a. að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra og setja reglur um skeldýrarækt. Er skeldýraræktarlögum ætlað að taka til ræktunar skeldýra á íslensku forráðasvæði. Skipulagsvald sveitarfélaga er útfært í skipulagslögum. Markmið þeirra laga eru að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir, stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, að tryggja réttaröryggi í með-

ferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi, tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana og að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla. Hvergi í skipulagslögum er að finna heimildir fyrir sveitarfélög til þess að setja reglur um það hvaða þættir skuli lagðir til grundvallar í nokkurri starfsemi eða henni á annan veg háttað heldur einskorðast valdheimildir þeirra við landnotkun, byggð og mannvirki.

Í sérstökum athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins kemur eftirfarandi fram: *„Nauðsynlegt þykir að setja reglur um skipulag um hvers konar nýtingu strandsvæða þar sem tekið er tillit til þeirra fjölmörgu hagsmunaárekstra sem geta orðið á milli þeirra sem vilja nýta strandsvæði með einum eða öðrum hætti, sem eru t.d. landeigendur, eigendur sumar- eða heilsárshúsa, eigendur netlaga, æðarbændur, veiðiréttarhafar, sjófarendur, fiskeldisaðilar, aðilar sem nýta þara eða þörunga, möl, sand, skeljasand, kalkþörungaset, málma, olíu, gas, og einnig ferðamenn o.fl. Þó er ekki gert ráð fyrir ákvörðun ráðherra um heildarframleiðslu á hverju svæði enda fjallað um hana í ræktunarleyfum. Við það er nú miðað í frumvarpsgreininni að svæðaskipting styðjist við vistfræðileg eða hagræn rök, og því er gert ráð fyrir að ævinlega skuli afla umsagna tiltekinna stofnana áður en ákvörðun um hana er tekin.[...] Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra geti falið Fiskistofu umsjón með skipulagi, gerð og vörslu gagnagrunns um svæðaskiptingu. Slíkur gagnagrunnur er m.a. nauðsynlegur til að tryggja að skýrt sé hvaða svæði aðilar hafa til umráða vegna ræktunar.“*

Ekki verður betur séð en að valdi ráðherra samkvæmt skeldýraræktarlögum sé ætlað að ná til þess að setja reglur um nýtingu strandsvæða sem þó nái ekki til þess að ákvarða hver heildarframleiðslan má vera á hverju svæði heldur aðeins til þess að ákveða skiptingu svæða á grundvelli vistfræðilegra og hagrænna raka. Þó svo að ætlunin sé að skrá í gagnagrunn Fiskistofu hverjir hafi ákveðin svæði til umráða er það skilningur 1. minni hluta að ákvörðun ráðherra eigi ekki á ná til slíks enda er ætlunin að fá Matvælastofnun vald til þess að gefa út leyfi til skeldýraræktar. Orðalag athugasemda frumvarpsins telur 1. minni hluti engu að síður nokkuð óskýrt.

Mat 1. minni hluta er að orðið *skipulag* í frumvarpsgreininni virðist valda misskilningi. Þannig virðast umsagnaraðilar hafa skilið það sem svo að efnislegt inntak valds ráðherra til að ákveða skipulag nái til þess að taka ákvarðanir sem varðað geta landnot, byggð og mannvirki. Skilningur 1. minni hluta er að svo sé alls ekki heldur sé valdi ráðherra aðeins ætlað að ná til þess að ákvarða hvar má rækta skeldýr og hvar ekki. Enda virðist eftirlit með skeldýrarækt hafa öll einkenni matvælaeftirlits sem stefnt sé að því að vernda heilsu almennings. Þannig mun ákvörðun ráðherra um að heimilt eða óheimilt sé að rækta skeldýr á ákveðnu svæði alls ekki takmarka heimildir sveitarfélaga til þess að taka skipulagsákvarðanir eða aðrar ákvarðanir samkvæmt ákvæðum skipulagslaga og mannvirkjalaga. Slíkt mun án efa í einhverjum tilvikum hjálpa sveitarfélögum við að taka slíkar ákvarðanir liggi fyrir hvort heimilt sé að rækta skeldýr á svæðum eða ekki. Sveitarfélögum verður þannig frjálst að taka ákvarðanir um nýtingu lands beinlínis í trássi við svæðisskiptingu ráðherra samræmist það hagsmunum þeirra. Í ljósi þess misskilnings sem virðist hafa komið upp leggur 1. minni hluti til að í stað orðsins „skipulag“ í frumvarpsgreininni komi orðið „fyrirkomulag“. Telur 1. minni hluti að með því móti sé komið í veg fyrir misskilning. Þá feli slíkt í sér að undirstrikaður sé skilningur 1. minni hluta á valdi ráðherra samkvæmt frumvarpsgreininni. 1. minni hluti bendir á að viðurkennt er í framkvæmd að löggjafanum sé að fullu heimilt að setja almennar reglur um atvinnustarfsemi sem m.a. sé ætlað að stuðla að almannahag.

Loks telur 1. minni hluti rétt að taka fram að almenningi er tryggður aðgangur að ferli töku ákvarðana um gerð skipulags sveitarfélaga með ákvæðum skipulagslaga í samræmi við markmið þeirra laga. 1. minni hluti telur að almennir borgarar hafi ekki sömu hagsmuni af því að fá að koma að ákvarðanatöku ráðherra um skiptingu og fyrirkomulag skeldýraræktarsvæða þar sem markmið þeirrar skiptingar er hvað helst að tryggja heilnæmi ræktaðra afurða en ekki að tryggja aðkomu að ákvarðanatöku er varðar fyrirkomulag nærumhverfis.

Umsagnaraðilar.

Margir umsagnaraðila telja nauðsynlegt að fjölga umsagnaraðilum um ýmsa þætti er varða undirbúning ákvarðanatöku samkvæmt frumvarpinu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að leitað verði umsagna til undirbúnings ákvarðanatöku ráðherra um svæðaskiptingu skeldýraræktar, ákvarðanatöku ráðherra um takmörkun eða bann við skeldýrarækt eða ákveðnum ræktunaraðferðum, ákvörðun um veitingu tilraunaleyfis til skeldýraræktar, ákvörðun um veitingu ræktunarleyfis, til undirbúnings setningar reglugerðar og gjaldskrár Matvælastofnunar vegna eftirlits og leyfisveitinga og til undirbúnings setningar ráðherra á reglugerð um framkvæmd skeldýraræktarlaga. Umsagnaraðilar nefna ýmis rök fyrir því að ýmsar stofnanir skuli veita umsagnir. Á móti kom fram, bæði á fundum nefndarinnar og í umsögn Skelræktar, samtaka skelræktenda, að of mikill fjöldi umsagnaraðila kunni að flækja ferli stjórnsýslumála á sviði skeldýraræktar og hafa þannig veruleg íþyngjandi áhrif á starfsemina.

Að mati 1. minni hluta verður ekki hjá því komist að undirbúningur ákvarðanatöku samkvæmt frumvarpinu verði vandaður og að sem flestir þættir verði upplýstir áður en ákvarðanir eru teknar. Í ljósi þess að margar greinar frumvarpsins útfæra málsmeðferð sem miðar að því að vernda almannahag telur 1. minni hluti ekki hjá því komist að bregðast við athugasemdum með því að fjölga umsagnaraðilum. Engu að síður er 1. minni hluti meðvitaður um að ekki megi íþyngja skeldýrarækt um of. Því hefur 1. minni hluti reynt að takmarka fjölda umsagnaraðila eins og hann telur sér fært.

Umsagnarfrestir.

Nokkrir umsagnaraðilar gerðu athugasemdir við að umsagnarfrestir umsagnaraðila samkvæmt frumvarpinu væru of stuttir. Þannig kom m.a. fram að í mörgum tilvikum kunni gerð umsagna að kalla á viðamikla gagnaöflun og samráð á milli stofnana. Þá var á það bent að sambærileg ákvæði væru ekki í lögum um fiskeldi. Á fundi nefndarinnar með fulltrúum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins kom fram sú afstaða ráðuneytisins að ef til vill færi vel á því að ákvæði um fresti umsagnaraðila til að skila umsögnum sínum yrðu felld brott úr frumvarpinu. Slíkt mundi enda leiða til þess að umsagnarbeiðendum beri að setja umsagnaraðilum hæfilega fresti samkvæmt 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga. Þá lagði Skelrækt, samtök skelræktenda, áherslu á að umsagnarfrestum samkvæmt frumvarpinu yrði ekki breytt. Að auki kom fram á fundum nefndarinnar að oft og tíðum dragist skil umsagna úr hömlu og voru dæmi þess tilgreind.

Í ljósi framangreindra sjónarmiða og tillagna leggur 1. minni hluti til að þá breytingu á þeim ákvæðum frumvarpsins sem kveða á um lengd umsagnarfresta að hámarksskilafrestur umsagna verði fjórar vikur.

Útgefin leyfi vegna skeldýraræktar.

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins er áætlað að Matvælastofnun verði heimilt að gefa út tímabundin tilraunaleyfi til skeldýraræktar, til þess að kanna hvort svæðið hentar til slíkrar ræktunar. Sérstaklega er tekið fram að leyfi þetta veiti ekki heimild til dreifingar afurða til neyslu.

Umhverfisstofnun bendir í umsögn sinni á að umfangsmeiri tilraunaverkefni verði að hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þrátt fyrir að tilraunaleyfi samkvæmt frumvarpinu liggi fyrir.

Á fundi nefndarinnar kom fram í máli fulltrúa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins að Umhverfisstofnun hefði í einhverjum tilvikum hafnað því að gefa út starfsleyfi til kræklingaræktar þar sem skeldýrarækt væri ekki mengandi starfsemi sem væri starfsleyfisskyld samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Skilningur 1. minni hluta er sá að lög um hollustuvernd og mengunarvarnir taki til hvers konar starfsemi og framkvæmda hér á landi, m.a. í efnahagslögsögunni, sem hafa eða geta haft áhrif á heilnæm lífsskilyrði landsmanna og umhverfi að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra. Áskilja lögin að allur atvinnurekstur sem haft geti í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi. Þá gera lögin ráð fyrir að óheimilt sé að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út.

1. minni hluti tekur undir framkomna ábendingu í umsögn Umhverfisstofnunar. Engu að síður bendir 1. minni hluti á að hann hefur ekki fundið því stað í frumvarpinu að gert sé ráð fyrir því að vikið verði frá ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá telur 1. minni hluti ummæli fulltrúa ráðuneytisins benda til þess að ákvörðun um þörf á starfsleyfi kunni að einhverju marki að vera matskennd. Það er álit 1. minni hluta að falli ræktun skeldýra sem fram fer á grundvelli tilraunaleyfis 7. gr. frumvarpsins undir gildissvið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og sé starfsleyfisskyld þeim samkvæmt, þá verði að sækja um starfsleyfi áður en hún hefst. Í nafni skýrleika leggur 1. minni hluti til smávægilegar breytingar á 7. gr. frumvarpsins af þessu tilefni.

Gildistími starfsleyfa.

Nokkrir umsagnaraðila gerðu athugasemdir við að tilraunaleyfi skv. 7. gr. frumvarpsins og ræktunarleyfi skv. 9. gr. þess sé ætlaður skammur gildistími. Á fundum nefndarinnar kom fram það sjónarmið að þar sem skeldýrarækt væri í raun sprotastarfsemi væri eðlilegt að ræktendum yrði búið umhverfi sem gerði þeim fært að eyða eðlilegum tíma í að afla sér fjármagns og byggja starfsemina upp eftir að leyfi hefði fengist. Öðrum kosti væri hætt við að fjárfestar yrðu fráhverfir greininni enda síður fast í hendi að ávöxtur tilrauna og upphafsára starfsemi skilaði sér til baka eftir því sem gildistími leyfa væri styttri. Á móti var á það bent að stuttur gildistími leyfa helgaðist af því að reynslan sýndi að eftir því sem gildistími starfsleyfa væri lengri, því meira svigrúm leyfðu leyfishafar sér til þess að hefja starfsemi. Stundum kæmi fyrir á öðrum sviðum að starfsemi færi alls ekki af stað á leyfistímanum. Slíkt hefði takmarkandi áhrif fyrir aðra þá sem hefðu mögulega áhuga á ræktun á sömu slóðum.

1. minni hluti bendir á að 16. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að framsal, leiga og veðsetning leyfa verði óheimil. Þá verði augljóslega nokkuð kostnaðarsamt að afla sér leyfis auk þess sem á leyfishafa eru felldar ýmsar skyldur samkvæmt ýmsum ákvæðum frumvarpsins. Þá kveður 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins á um heimild til afturköllunar ónýttra leyfa. Í ljósi framangreinds og með hliðsjón af því að skeldýrarækt er ung og upprennandi starfsgrein leggur 1. minni hluti til að gerðar verði breytingar á 7. og 9. gr. frumvarpsins þannig að gildistími tilraunaleyfa verði þrjú ár, framlengjanlegt að hámarki til sex ára, en gildistími ræktunarleyfa verði tíu ár.

Heilnæmiskönnun.

Í umsögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Viðskiptaráðs Íslands er gerð athugasemd við að hugtakið *heilnæmiskönnun* sé ekki nægilega skýrt í frumvarpinu. Umsagnaraðilarnir vísa til þess að hugtakið sé hvergi skilgreint í lögum og reglum.

Í 8. gr. frumvarpsins segir að áður en gefin verði út ræktunarleyfi skuli leyfishafi eða umsækjandi láta framkvæma heilnæmiskönnun. Það eitt segir um heilnæmiskönnunina að hún skuli skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi. Nefndin hefur ekki fundið aðrar skýringar á hugtakinu en þær að samkvæmt hefðbundnum málskilningi endurspeglast hugtakið heilnæmi í hugtakinu hollusta sem aftur merkir það m.a. að vera hollur. Því mætti telja að heilnæmiskönnun feli í sér athugun á því hvort eitthvað telst hollt, heilsusamlegt eða eftir atvikum ekki óhollt.

Í tengslum við umfjöllun nefndarinnar óskaði nefndin eftir því að Matvælastofnun sendi nefndinni skýringu á hugtakinu. Af því tilefni barst nefndinni eftirfarandi texti:

„Í stuttu máli er með heilnæmiskönnun lagt mat á umhverfismengun á ræktunar- og veiðisvæðum skeldýra (samloka).

Kröfuna fyrir þessu má finna í reglugerðum nr. 104 og 105/2010, sem samsvara EB reglugerðum nr. 853 og 854/2004.

Í heilnæmiskönnun er rannsakað hversu mikið finnst af mengandi efnum eins og þungmálmum (kvikasilfri, kadmíni og blýi), þrávirkum lífrænum efnum (PCB, díoxíni o.fl). og örverum (E.kólí) í holdi skeldýra.

Forsendan fyrir þessu er að skeldýr eins og kræklingur eru síarar sem taka til sín fæðu úr sjó með því að sía smár agnir úr sjónum sér til lífsviðurværis. Skeldýr endurspegla því mengunarástand sjávar þar sem þau lifa. Algengast er að þau séu ræktuð og veidd á strandsvæðum sem geta verið menguð af völdum iðnaðar og þéttbýlis. Því eru gerðar strangar kröfur um að þau séu rannsökuð og haft reglubundið eftirlit með þessum svæðum til að tryggja að skeldýrin séu heilnæm og neysluhæf.“

Í ljósi þess að skilgreining heilnæmiskönnunar er sérfræðilegs eðlis er það álit 1. minni hluta að eðlilegt sé að ráðherra verði heimilað að setja ákvæði um framkvæmd og umfang heilnæmiskönnunar í reglugerð. Gerir 1. minni hluti tillögu til breytingar á 17. gr. frumvarpsins í þessu ljósi.

Vöktun ræktunarsvæðis.

Í umsögn Matís ohf. kemur fram að fyrirtækið telur nauðsynlegt að áætlun um vöktun á ræktunarsvæðum liggi fyrir áður en ræktunarleyfi verði veitt til skeldýraræktenda. Nauðsynlegt sé að ræktandi haldi skrár um fjölda lína, botnfestingar og nýtingu ræktunarsvæðis auk þess að framkvæma sýnatökur á framleiðslusvæði svo sem efna- og örverurannsóknir, athugun á áhrifum veðurfarslegra þátta, mengun og fleira sem 7. gr. frumvarpsins kveður á um. Þau gögn sem leyfishafi safni geti skapað nauðsynlegan grundvöll skýrslu sem hann skal skila Matvælastofnunina árlega skv. 7. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Á móti kom fram það viðhorf Skelræktar, samtaka skelræktenda að ekki væri eðlilegt að leyfishafi væri skyldaður til að annast vöktun umhverfis- og heilnæmisþátta á ræktunarsvæði. Eðlilegra væri að Matvælastofnun annaðist slíka vöktun.

Í ljósi þess að verulegir hagsmunir liggja að baki því að vel takist til við ræktun skeldýra á Íslandi og að teknu tillit til þess að gert er ráð fyrir að leyfishafar skyli árlega skýrslum sem þarfnast forvinnu og undirbúnings fellst 1. minni hluti á rök Matís ohf. og gerir tillögu til breytingar á 9. gr. frumvarpsins því til samræmis.

Eftirlit og skýrslugjöf.

Orkustofnun bendir í umsögn sinni á að fyrirsögn 12. gr. frumvarpsins sé *Eftirlit og skýrslugjöf* en einungis sé þó kveðið á um eftirlit í greininni. Samkvæmt upplýsingum frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu varð fyrirsögn frumvarpsgreinarinnar til við vinnslu frumvarpsins. Í fyrri drögum þess var gert ráð fyrir að frumvarpsgreinin kvæði m.a. á um skyldu ræktenda til að skila Matvælastofnun skýrslum um ræktunina. Á síðari stigum var svo fallið frá því en það láðist að breyta fyrirsögninni því til samræmis.

Í ljósi framangreinds telur 1. minni hluti eðlilegt að breyta fyrirsögn frumvarpsgreinarinnar þannig að orðin „og skýrslugjöf“ falli brott.

Gjaldtaka.

Í umsögn Skelræktar, samtaka skelræktenda, er gjaldtökuheimild 15. gr. frumvarpsins gagnrýnd. Samtökin benda á að hæpið kunni að teljast að leggja rekstrarkostnað ríkisstofnana á atvinnugreinina. Þá setja samtökin fram þá skoðun að gjaldtaka eigi að koma fram í einfaldri og fastri gjaldskrá, gjaldtakan eigi að vera hófleg og taka mið af markmiðum stjórnvalda um stuðning við uppbyggingu nýrra atvinnuvega. Þá bendir Viðskiptaráð Íslands á að ákveðin óvissa felist í því að aðeins komi fram í frumvarpsgreininni að gjaldtakan skuli miðast við raunkostnað.

Á fundi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins að í frumvarpsgreininni sé miðað við að gjöld vegna veitingar leyfis verði ákveðin á grundvelli kostnaðar við útgáfu tilrauna- og ræktunarleyfa. Einnig var á það bent að eins og frumvarpið er sett fram sé litið á starfsemi á sviði skeldýraræktar sem matvælaframleiðslu undir eftirliti Matvælastofnunar. Af þeim sökum munu tilrauna- og ræktunarleyfishafar einnig þurfa að afla leyfis frá Matvælastofnun skv. 9. gr. matvælalaga. Í 7. mgr. 9. gr. þeirra laga komi fram að ef einnig er kveðið á um leyfisskyldu í sérlögum, geti Matvælastofnun gefið út eitt leyfi til starfseminnar á grundvelli beggja laganna. Er það mat ráðuneytisins að slíkt ætti að eiga við um veitingu leyfa á grundvelli laga um skeldýrarækt. Því telur ráðuneytið líklegt að kostnaður Matvælastofnunar við útgáfu slíks leyfis reynast minni vegna samlegðaráhrifa.

Skilningur 1. minni hluta er sá að þjónustugjöld megi innheimta samkvæmt einfaldri lagaheimild að því marki að það standi undir rekstri þjónustu stjórnvalds að heild eða hluta. Þjónustugjöldum er almennt ætlað að standa að hluta eða öllu leyti undir kostnaði við tiltekna þjónustu sem veitt er gjaldanda. Ákvörðun fjárhæðar þjónustugjalda verður yfirleitt að byggjast á traustum útreikningi á þeim kostnaði sem hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Ef ekki er hægt að sérgreina nákvæmlega ákveðna kostnaðarliði er heimilt að byggja þá á skynsamlegri áætlun. Fræðimenn hafa talið að lagatæknilega sé einfaldast að mæla fyrir um fjárhæð þjónustugjalda í lögum en þegar slíkt þyki ekki fært sé almennt rétt að afmarka sérstaklega þá kostnaðarliði sem áætlun þjónustugjalda má byggjast á.

Samkvæmt 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er ætlunin að ráðherra verði gert heimilt að gefa út gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og eftirlit Matvælastofnunar. Í því ljósi er það álit 1. minni hluta að ákvæði frumvarpsins uppfylli þau skilyrði sem almennt hafa verið talin gilda um töku þjónustugjalda af hálfu stjórnvalda. Þá er það álit 1. minni hluta að teknu tillit til krafna réttarríkisins um fyrirsjáanleika að æskilegt sé að ráðherra nýti heimild sína til setningar gjaldskrár hið fyrsta eftir gildistöku laga um skeldýrarækt.

Landssamtök fiskeldisstöðva og Samtök fiskvinnslustöðva gera þá athugasemd við 15. gr. frumvarpsins að orðalag fyrri hluta a-liðar 4. mgr. hennar sé óskiljanlegt. Þá gagnrýna sam-

tökin b-lið sömu málsgreinar og mótmæla því ef skilja á ákvæðið á þann veg að mismuna eigi fyrirtækjum eftir stærð.

Í 3. og 4. mgr. 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um framkvæmd og inntak opinbers eftirlits Matvælastofnunar með skeldýraræktar. Eru þar sérstaklega teknir fram þeir þættir sem ráðherra skal líta til við gerð gjaldskrárinnar.

Skilningur 1. minni hluta er sá að við beitingu matskenndra gjaldtökuheimilda beri stjórnvöldum að gæta jafnræðis og samræmis. Yfirleitt er þörf sérstakrar lagaheimildar til þess að láta tiltekinn notendahóp greiða mun hærra þjónustugjald en almennt hlýst af því að veita umrædda þjónustu til þess að hægt sé að afla fjár til að greiða niður þjónustuna fyrir annan notendahóp.

Í sérstökum athugasemdum við 15. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að um skýringu og túlkun ákvæðisins sé vísað til þeirra sjónarmiða sem fram koma í greinargerð með sams konar ákvæði í frumvarpi sem varð að lögum nr. 143/2009, sem breyttu ýmsum lögum í ljósi endurskoðunar EES-samningsins. Gert sé ráð fyrir að skýring og túlkun ákvæða laganna verði samræmd eins og unnt er. Í sérstökum athugasemdum við 17. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 143/2009 kemur fram að ráðherra skuli líta til ákveðinna sjónarmiða við gerð reglugerðar og gjaldskrár og að téð sjónarmið séu tekin upp úr 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Þá er sérstaklega á það bent að þrátt fyrir að ráðherra kunni að kjósa að taka sérstakt tillit til hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu eða fyrirtækja sem líða fyrir landfræðilega einangrun séu hagsmunir annarra matvælafyrirtækja í samkeppnislegu tilliti tryggðir með a.m.k. tvennum hætti: Í fyrsta lagi sé eftirlitsgjaldið þjónustugjald sem felur í sér að óheimilt verði að fella halla vegna lægri tekna af eftirliti hjá sumum matvælafyrirtækjum á önnur matvælafyrirtæki. Fjármagn til þess að bæta Matvælastofnun tekjutap verði að koma með sérstökum greiðslum úr ríkissjóði eða af fjárlögum stofnunarinnar. Í öðru lagi sé í I. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 lagt bann við að innheimt séu lægri eftirlitsgjöld fyrir eftirlit með matvælaframleiðslu en þar greinir. Því geti aldrei komið til þess að eftirlitsgjöld verði felld niður.

Í ljósi framangreinds telur 1. minni hluti að þrátt fyrir að ráðherra verði heimilað að taka tillit til framleiðslu fyrirtækja við ákvörðun um tilhögun reglugerða og gjaldskráa, þá muni honum það aðeins heimilt að tryggt sé að önnur fyrirtæki verði ekki látin bera þann kostnað sem af slíku tilliti hlýst. Verður ráðherra þannig ekki heimilað að velta kostnaði af eftirliti með litlum fyrirtækjum yfir á hin stærri. Slíkt færi enda gegn þeim meginreglum sem gilda um töku þjónustugjalda.

Bann við framsali á veittum leyfum.

Í umsögn Landssamtaka fiskeldisstöðva og Samtaka fiskvinnslustöðva kemur fram sú skoðun að ákvæði 16. gr. frumvarpsins sé óheppilegt þar sem það takmarki fjármagn til skeldýraræktar og komi í veg fyrir að eðlilegur arður renni til frumherja við framsal leyfa til nýrra rekstraraðila.

Framsalsbann það sem frumvarpsgreinin kveður á um var rætt sérstaklega á fundum nefndarinnar. Á það var m.a. bent á að baki frumvarpsgreininni byggi sú hugsun að þar sem verulegir hagsmunir væru fólgnir í því að tryggt væri að þekking og reynsla yrði til staðar í greininni, þá væri óeðlilegt að leyfin yrðu opin fyrir tíðu framsali. Þá væri eðlilegt í þeim tilfellum þegar skeldýraræktarfyrirtæki yrðu gjaldþrota að komið væri í veg fyrir að skeldýraræktarleyfi yrðu verðmæti sem skiptastjórum bæri að selja hæstbjóðendum án tillits til þekkingar þeirra eða tilgangs. Þar sem eðli skelfisks væri að hann gæti verið hættuleg vara vegna eitrunar væri ríkisvaldinu sérstaklega mikilvægt að tryggja að leyfishafar uppfylli þær kröfur

sem gera verður til þeirra. Að auki kom fram að ætlun frumvarpshöfunda væri að skeldýraræktarleyfi yrðu gefin út á kennitölur leyfishafa og ekkert kæmi því í raun og veru í veg fyrir sölu á hlutum í lögaðila sem væri handhafi slíks leyfis.

Í ljósi þess sem fram hefur komið er það álit 1. minni hluta að framsalsbann 16. gr. frumvarpsins sé eðlilegt og hallkvæmt fyrirkomulag.

Endurskoðun laga um skeldýrarækt.

Á fundum nefndarinnar kom það sjónarmið fram hjá nokkrum umsagnaraðilum að mögulega fæli frumvarpið í heild í sér að nokkuð íþyngjandi kvaðir væru felldar á skeldýraræktendur. Bent var á að nokkuð flókið kynni að reynast að afla tilskilinna leyfa áður en starfsemi hæfist auk þess sem ræktendur þyrftu að takast á við aðrar skyldur sem erfitt væri fyrir starfsgrein að standa undir á bernskuárum sínum.

Nefndin ræddi framangreind sjónarmið á fundum sínum og höfðu nefndarmenn djúpan skilning á þeim áhyggjum sem endurspeglast í framangreindum sjónarmiðum. Á það var bent að of miklar kvaðir kynnu að gera það að verkum að komið yrði í veg fyrir að ný atvinnugrein næði að fóta sig á Íslandi. Engu að síður er það álit 1. minni hluta að í ljósi þeirra ríku hagsmuna sem mörgum reglum frumvarpsins er ætlað að vernda, þá sé ekki fært að leggja til frekari breytingar til einföldunar á undirbúningi ákvarðanatöku samkvæmt frumvarpinu. Engu að síður beinir 1. minni hluti því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins að sérstakt og virkt eftirlit verði haft með því að lög um skeldýrarækt nái þeim markmiðum að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra og efla atvinnulíf í landinu. Það er álit 1. minni hluta að rétt sé að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra leggi fram nýtt frumvarp til laga um skeldýrarækt innan þriggja ára frá samþykkt skeldýraræktarlaga hafi lögin á þeim tíma ekki náð framangreindum markmiðum. Í því frumvarpi verði lagður nýr grundvöllur að skeldýrarækt á Íslandi ef þörf krefji.

1. minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali

Atli Gíslason og Róbert Marshall voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. maí 2011.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir.	Helgi Hjörvar.
	Björn Valur Gíslason.	

1598. Breytingartillögur [201. mál]

við frv. til l. um skeldýrarækt.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar (LRM, ÓÞ, HHj, BVG).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „Markmið“ komi: Meginmarkmið.

b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Að auki stefna lögin að viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni og verndun náttúru við ræktun skeldýra.

2. Fyrri málsliður 2. gr. orðist svo: Lög þessi taka til ræktunar skeldýra sem fram fer í söltu vatni á íslensku forráðasvæði.
3. 6. tölul. 3. gr. orðist svo: *Ræktunarsvæði:* Afmarkað svæði þar sem skeldýraræktarfyrirtæki ræktar skeldýr.
4. Við 4. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Landhelgisgæsla Íslands annast eftirlit með skeldýraræktarbúnaði á hafi úti.
5. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „skipulag“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: fyrirkomulag.
   b. Á eftir orðinu „Matvælastofnunar“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: Náttúrufræðistofnunar Íslands.
   c. Í stað orðsins „tvær“ í síðari málslið 2. mgr. komi: fjórar.
6. Við 6. gr.
   a. Á eftir orðinu „Matvælastofnunar“ í 4. málsl. komi: Náttúrufræðistofnunar Íslands.
   b. Í stað orðsins „tvær“ í lokamálslið komi: fjórar.
7. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðunum „Siglingastofnunar Íslands“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: Umhverfisstofnunar.
   b. Í stað orðsins „tvær“ í síðari málslið 2. mgr. komi: fjórar.
   c. Við 2. málsl. 3. mgr. bætist: og eftir atvikum starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eða staðfesting Umhverfisstofnunar á að þess gerist ekki þörf.
   d. Í stað orðsins „tveggja“ í 1. málsl. 5. mgr. komi: þriggja.
   e. Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. 5. mgr. komi: sex.
8. Við 9. gr.
   a. Á eftir orðunum „Siglingastofnunar Íslands“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: Umhverfisstofnunar.
   b. Í stað orðsins „tvær“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: fjórar.
   c. Við 2. málsl. 4. mgr. bætist: og áætlun um fyrirhugaða vöktun á ræktunarsvæðinu.
   d. Í stað orðsins „sjö“ í 6. mgr. komi: tíu.
   e. Lokamálsgrein falli brott.
9. Orðin „og skýrslugjöf“ falli brott úr fyrirsögn 12. gr.
10. Við 17. gr.
    a. Við 2. málsl. bætist: og framkvæmd og umfang heilnæmiskannana.
    b. Á eftir orðinu „Hafrannsóknastofnunarinnar“ í 5. málsl. komi: Landhelgisgæslu Íslands.
    c. Í stað orðanna „og Sambands íslenskra sveitarfélaga“ í 5. málsl. komi: Sambands íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar.
    d. Í stað orðsins „tvær“ í lokamálslið komi: fjórar.
11. 19. gr. orðist svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2011.

1599. Fyrirspurn [868. mál]

til fjármálaráðherra um skatta af verslun og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hversu miklir í krónum taldir eru skattar af veltu af verslun og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu?

Skriflegt svar óskast.

1600. Fyrirspurn [869. mál]

til fjármálaráðherra um eldsneytisgjöld af umferð á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hversu mikil eru eldsneytisgjöld af umferð á höfuðborgarsvæðinu?

Skriflegt svar óskast.

1601. Nefndarálit [789. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/2010, um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Erlendsson frá Vegagerðinni.

Með frumvarpinu er ætlunin að bæta skýrri eignarnámsheimild við lög um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir þannig að eytt sé öllum vafa um að félög skv. 1. og 2. gr. laganna geti staðið að lagningu Suðurlandsvegar frá Vesturlandsvegi austur fyrir Ölfusárbrú að nýjum gatnamótum á núverandi Suðurlandsvegi og lagningu Vesturlandsvegar frá Kollafirði að Hvalfjarðargöngum, lokið við Reykjanesbraut frá Kaldárselsvegi að Víknavegi, ásamt nauðsynlegum undirbúningi, og staðið að gerð jarðganga undir Vaðlaheiði ásamt vegalagningu að þeim auk annars nauðsynlegs undirbúnings.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að óvissa ríki um það hvort eignarnámsheimild vegalaga sé fullnægjandi grundvöllur eignarnáms Vegagerðarinnar þegar slíkt eignarnám er gert í þágu framkvæmda á vegum hlutafélaga sem Vegagerðin hefur stofnað eða tekið þátt í að stofna.

Á fundum nefndarinnar var málið rætt. Þar var m.a. bent á að veiting heimilda til eignarnáms vegna vegagerðar byggist á því að samfélagslegir hagsmunir krefjist þess að landeigendur verði skyldaðir til að láta af hendi land til þess að orðið geti af gerð vega, eins og

kveðið er á um í 37. gr. vegalaga. Þeir hagsmunir geti verið staðbundnir að því gefnu að þeir teljist engu síður almennir. Var einnig vísað til þess að áskilið væri samkvæmt eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar að fullar bætur yrðu greiddar til þeirra sem fyrir eignaskerðingu verða vegna eignarnáms. Þá kom fram að eignarnámsheimild frumvarpsins væri hvað framsetningu varðar í efnislegu samræmi við margar eignarnámsheimildir gildandi laga.

Nefndin bendir á að þær framkvæmdir sem vísað er til í 1. mgr. 1. gr. laganna eru allt framkvæmdir sem hafa um nokkurn tíma verið til umræðu í þjóðfélaginu. Er það mat nefndarinnar að slíkar framkvæmdir hafi í för með sér aukið umferðaröryggi, aukna hagkvæmni og skilvirkni samgangna, styttri ferðatíma, lægri flutningskostnað og jöfnun aðstöðu íbúa byggðarlaga. Þá muni slíkar framkvæmdir efla byggðir landsins og tengja saman aðskilin atvinnu- og þjónustusvæði.

Nefndin telur rétt að tekinn sé af allur vafi um að eignarnám vegna framkvæmda samkvæmt lögum um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir geti átt sér stað til samræmis við ákvæði vegalaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ólína Þorvarðardóttir, Mörður Árnason, Árni Johnsen og Guðmundur Steingrímsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. maí 2011.

Björn Valur Gíslason, form., frsm. Sigmundur Ernir Rúnarsson. Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Lilja Rafney Magnúsdóttir. Ásbjörn Óttarsson, með fyrirvara.

1602. Nefndarálit [385. mál]

um frv. til l. um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála og frv. til l. um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málin og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurð Örn Guðleifsson, Sigurberg Björnsson og Birnu Hreiðarsdóttur frá innanríkisráðuneytinu, Ingunni Ólafsdóttur, Elínu Árnadóttur og Björn Óla Hauksson frá ISAVIA ohf., Pétur K. Maack og Höllu S. Sigurðardóttur frá Flugmálastjórn Íslands, Hermann Guðjónsson og Stefán Pálsson frá Siglingastofnun Íslands, Gunnar Val Sveinsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Lísbeti Einarsdóttur frá Samtökum verslunar og þjónustu, Halldór Árnason frá Samtökum atvinnulífsins, Jens Bjarnason frá Icelandair, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Gísla Gíslason frá Hafnasambandi Íslands, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Hrein Haraldsson, Kristínu H. Sigurbjörnsdóttur og Jón Helgason frá Vegagerðinni. Umsagnir um málin bárust frá Icelandair, Íslenskri málnefnd, Ferðamálastofu, Flugmálastjórn Íslands, Hafnasambandi Íslands, ISAVIA ohf., Landhelgisgæslu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Siglingastofnun Íslands, Vegagerðinni, Landssam-

tökum hjólreiðamanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Landssambandi íslenska útvegsmanna, Samtökum ferðaþjónustunnar, Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, ríkislögreglustjóra og Skipulagsfræðingafélagi Íslands.

Með frumvörpunum er lagt til að settar verði á fót tvær stofnanir, annars vegar Farsýslan, stofnun sem sinni stjórnsýslu og eftirliti á sviði samgöngumála, og hins vegar Vegagerðin, stofnun sem sinni framkvæmdum og viðhaldi samgöngumannvirkja ásamt því að fara með eignarhald og sinna rekstri þeirra. Ætlunin er að stofnanirnar verði reistar á grunni núverandi samgöngustofnana, þ.e. Siglingastofnunar Íslands, Flugmálastjórnar Íslands, Umferðarstofu og Vegagerðarinnar. Er Farsýslunni ætlað að annast stjórnsýslu og eftirlit með flugmálum, hafnamálum og málum sem varða sjóvarnir, siglingamálum, umferðarmálum og vegamálum. Vegagerðinni er aftur á móti ætlað að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins og við þá framkvæmd stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum og stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið. Í frumvörpunum er skipulag stofnananna skilgreint og m.a. kveðið á um skyldu þeirra til að hafa samráð í ýmsum málum við aðila sem tengjast verkefnum þeirra. Verkefni þeirra eru ítarlega tíunduð og kemur þar helst fram sá grundvallarmunur sem er á stofnununum. Í tilvikum beggja stofnana eru gjaldtökuheimildir þeirra útfærðar og fjallað um fjármögnun og tekjur. Þá er í tilviki Farsýslunnar kveðið sérstaklega á um heimildir sem einkennandi má telja fyrir stjórnsýslu- og eftirlitsstofnanir.

Undirbúningur endurskipulagningar samgöngustofnana.

Á fundum nefndarinnar fylgdu fulltrúar innanríkisráðuneytis málinu eftir með ítarlegum gögnum. Þá ítrekuðu fulltrúar ráðuneytisins þau sjónarmið sem birtast í athugasemdum við frumvörpin.

Í almennum athugasemdum frumvarpanna kemur m.a. fram að endurskipulagning samgöngustofnana eigi rót sína að rekja til stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar frá júní 2008, *Samgönguframkvæmdir – Stjórnsýsluúttekt.* Þar eru settar fram tillögur um breytt stofnanakerfi samgöngumála og m.a. lagt til að settar verði á fót stjórnsýslustofnun og framkvæmdastofnun ásamt ríkisfyrirtæki á sviði rekstrar- og viðhalds. Að auki er vísað til þess að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hafi í janúar 2009 skipað nefnd um framtíðarskipan stofnana samgöngumála sem hafi skilað skýrslu sem ber heitið *Framtíðarskipan stofnana samgöngumála, Greining og valkostir*. Loks kemur fram að með hliðsjón af tillögum Ríkisendurskoðunar hafi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra ákveðið að hefja undirbúning að myndun tveggja stofnana í samræmi við einn valkosta nefndarinnar, þ.e. Farsýslunnar og Vegagerðarinnar eins og frumvörpin kveða á um.

Í athugasemdum frumvarpanna er farið nokkuð ítarlega yfir undirbúning og fyrirkomulag vinnu samgönguráðuneytisins vegna frumvarpanna. Kemur þar m.a. fram að stýrihópur skipaður fulltrúum ráðuneytisins, Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar Íslands, Umferðarstofu og Vegagerðarinnar hafi unnið að greiningu og útfærslu einstakra þátta verkefnisins. Í þeim hópi sátu m.a. forstöðumenn allra þeirra stofnana sem málið varðar ásamt fulltrúum starfsmanna. Stýrihópurinn hélt samtals 25 fundi um málið auk þess sem fjölmargir undirhópar voru skipaðir til að vinna að einstökum málefnum, svo sem starfsmannamálum, fjármálum, húsnæðismálum, upplýsingatækni, verkefnum, verkferlum o.fl. Starfsmönnum allra stofnana var einnig gert mögulegt að fylgjast með gangi mála á sérstöku heimasvæði sem útbúið var í þeim tilgangi þar sem m.a. mátti finna fundargerðir, skýrslur undirhópa og fleira sem málið

varðar. Fjölmargar athugasemdir og tillögur bárust þannig frá starfsmönnum sem margar hverjar höfðu áhrif á framgang málsins.

Að mati meiri hlutans virðast möguleikar til sameiningar hafa verið ræddir á breiðum grundvelli í stýrihópnum og virðist gert ráð fyrir því að stýrihópurinn vinni áfram að undirbúningi sameiningar. Þá virðist ætlunin að samrunaáætlun liggi fyrir við gildistöku frumvarpanna sem lög frá Alþingi. Virðist meiri hlutanum sem mikil vinna hafi verið lögð í undirbúning málsins.

Rök fyrir endurskipulagningu samgöngustofnana.

Markmið endurskipulagningar samgöngustofnana eru skýrlega sett fram í almennum athugasemdum frumvarpanna. Þau eru að auka faglegan styrk, skýra verkaskiptingu, bæta þjónustu og árangur, að efla, einfalda og auka gagnsæi stjórnsýslunnar, að tryggja markvissara samráð við hagsmunaaðila, að efla samgönguáætlun og tryggja markvissa framkvæmd hennar, að auka hagkvæmni og bæta nýtingu þeirra fjármuna sem fara til samgöngumála og að samþætta þróun og rannsóknir á sviði samgöngumála. Þá eru tiltekin þau rök sem liggja til grundvallar endurskipulagningu samgöngumála. Þau eru í fyrsta lagi ný framtíðarsýn um að skipulag samgöngumála lúti aðskilnaði á milli stjórnsýslu og eftirlits með samgöngukerfinu, rekstri samgöngukerfisins og starfsemi sem nýtir samgöngukerfið. Í öðru lagi ríkar kröfur sem gerðar eru um öfluga, gagnsæja, óháða og sterka en einfalda stjórnsýslu sem ekki eigi við um framkvæmdir og rekstur samgöngumannvirkja. Í þriðja og síðasta lagi stefna ríkisstjórnarinnar um að gera þurfi umbætur og breytingar á stjórnkerfi landsins í þeim tilgangi að nýta fjármuni eins vel og unnt er á sama tíma og lögð sé áhersla á að stjórnsýsla og þjónusta hins opinbera við almenning og atvinnulíf verði eins góð og kostur er.

Í athugasemdum við frumvörpin er tíunduð þau rök sem snerta nýtingu fjármuna og gæði þjónustu á þeim sviðum er sameining stofnananna varðar. Þar kemur m.a. fram að faglegur ávinningur frumvarpanna felist fyrst og fremst í því að samgöngustofnunum verður auðveldað að sinna hlutverki sínu og þeim veitt meira svigrúm til að bregðast við breyttum kröfum til starfsemi þeirra. Þá er á það bent að aðgreining stjórnsýslu frá framkvæmdum og rekstri sé gerð til þess að mæta kröfum sem komið hafa fram um faglega og hlutlausa stjórnsýslu auk þess sem hún tryggi að sambærilegar kröfur séu gerðar til framkvæmda og rekstrar mannvirkja og annarra þátta samgöngumála. Er það mat innanríkisráðuneytisins að samþætting verkefna þvert á samgöngugreinar muni endurspegla samgönguáætlun betur og auka líkur á því að hagkvæmni og virkni samgöngukerfisins verði tryggð. Þá er á það bent að sérhæfing stofnana eigi að gefa færi á eflingu vinnubragða, fagmennsku og auknum árangri. Samantekið muni því hagræðing verkefna samfara endurskipulagningu bæta möguleika stofnana til að taka á sig lækkun útgjalda án þess að til skerðingar þjónustustigs þurfi að koma. Þessu til viðbótar bendir ráðuneytið á að stórar stofnanir hafi yfirleitt hlutfallslega lægri rekstrarkostnað en litlar stofnanir og að greining á verkferlum samgöngustofnana hafi leitt í ljós að verkferlar þeirra séu í mörgum tilfellum sambærilegir.

Í frumvörpunum kemur einnig fram mat á þeirri fjárhagslegu hagræðingu sem frumvörpin kunna að hafa í för með sér. Meðal annars virðist greining á samþættingarmöguleikum stofnananna eiga að leiða til 14% hagræðingar. Byggist sú hlutfallstala á því að tækifæri séu til verulegrar lækkunar á kostnaði við yfirstjórn og ekki sé óvarlegt að áætla að möguleikar á beinni innri hagræðingu við myndun Farsýslunnar geti orðið á bilinu 10–15% af rekstrargjöldum stofnananna.

Fram kemur að ætla megi að myndun Vegagerðarinnar feli í sér hagræðingarmöguleika sem geta numið a.m.k. 10% af rekstrargjöldum. Þó er tekið fram að þeir hagræðingarmögu-

leikar séu af talsvert öðrum toga en möguleikar Farsýslunnar. Þannig muni sú endurskipulagning fela í sér óverulega stækkun og því séu möguleikar til hagræðingar í stoðþjónustu og yfirstjórn mun minni en í tilfelli Farsýslunnar. Að vísu séu möguleikar á faglegri samlegð fyrir hendi. Er einnig bent á að stórar stofnanir sem hafa trausta innviði og markvissa stjórnun geti oft bætt við sig verkefnum án þess að kostnaður aukist að ráði og þannig sé oft hægt að takmarka jaðarkostnað vegna viðbótarverkefna. Þar að auki gefi sameining tækifæri til að endurmeta og bæta starfsemina.

Framangreind rök og forsendur þeirra ítrekuðu fulltrúar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, og síðar innanríkisráðuneytisins, á fundum nefndarinnar. Meiri hlutinn hefur ekki séð tilefni til þessa að gera athugasemdir við þau svo langt sem þau ná.

Almennt um athugasemdir umsagnaraðila.

Margir umsagnaraðila taka undir að hagræðingar sé þörf í íslenskri stjórnsýslu. Af þeim sökum má segja að umsagnaraðilar hafi í raun ekki gert sérstakar athugasemdir við grundvallarhugmynd frumvarpanna. Þó eru gerðar athugasemdir við það hvernig framangreind hugmynd er útfærð í frumvörpunum. Þannig má nefna að umsagnaraðilar gera m.a. athugasemdir við að þeir telji ekki líkur á að frumvörpin skili þeim sparnaði sem til virðist ætlast og að ákvæði þeirra virðist ekki til þess fallin að lækka kostnað. Þá hafa þeir uppi efasemdir um að fært sé að viðhalda fagmennsku og þjónustustigi í stórri samgöngustofnun þar sem boðleiðir verði lengri en nú er. Að auki er nefnt að of kostnaðarsamt sé fyrir ríkissjóð að skilja stjórnsýsluhluta samgöngustofnana frá framkvæmdahluta þeirra og að raunveruleg hætta sé á að frumvörpin muni hafa í för með sér að gjaldskrár samgöngustofnana verði hækkaðar. Þá virðast þeir telja hættu á að þjónustustig einstakra samgöngustofnana muni lækka. Þar að auki leggjast nokkrir umsagnaraðilar gegn uppskiptingu einstakra samgöngustofnana en aðrir telja að ekki sé gengið nógu langt í sameiningarátt eða að frekar ætti að líta til sameiningar annarra stofnana, þvert á málefnasvið ráðherra og ráðuneyta.

Sú athugasemd var gerð við 4. gr. frumvarps til laga um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála, að ekki væri rétt að kveða á um að Farsýslan skuli taka afstöðu til tillagna sem berast frá rannsóknarnefnd samgönguslysa þar sem frumvarp til laga um slíka rannsóknarnefnd hafi ekki verið samþykkt sem lög frá Alþingi. Meiri hlutinn tekur undir þessa athugasemd og gerir þá tillögu til breytingar að stofnuninni verði skylt að taka afstöðu til tillagna sem berast frá þeim opinberu aðilum sem annast rannsókn samgönguslysa. Með því safnheiti á meiri hlutinn við núverandi rannsóknarnefndir sjóslysa, flugslysa og umferðarslysa eða aðra þá opinberu aðila sem taka munu við slíkum rannsóknum komi til breytinga á því sviði.

Málefni starfsmanna.

Í umsögnum þeirra stofnana sem frumvörpunum er ætlað að sameina kom m.a. fram hvatning til þess að staðið yrði við gefin loforð um að réttindi starfsmanna þeirra yrðu ekki skert við samþykkt frumvarpanna og að þeim yrðu boðin sambærileg störf á sambærilegum kjörum hjá nýjum stofnunum auk þess sem biðlaunaréttur starfsmanna yrði tryggður.

Skilningur meiri hlutans er að með ákvæði til bráðabirgða sé þeim starfsmönnum samgöngustofnana sem sinnt hafa verkefnum sem eftir sameiningu þeirra munu heyra undir Farsýsluna eða Vegagerðina veitt trygging fyrir því að þeim verði boðið sambærilegt starf á sambærilegum kjörum hjá nýrri stofnun. Staðfestu fulltrúar innanríkisráðuneytisins þennan skilning við meiri hlutann.

Aðrar færar leiðir.

Í umsögnum Hafnasambands Íslands og Siglingastofnunar Íslands kemur fram að lagst sé gegn því að sérþekkingu á sviði hafna- og siglingamála verði skipt upp og að eðlilegra væri að ráðast í sameiningu stofnana samkvæmt tillögum nefndar samgönguráðherra um framtíðarskipan stofnana samgöngumála eins og þær birtast í skýrslu nefndarinnar frá júní 2009.

Framangreindar athugasemdir og hugmyndir nefndar um framtíðarskipan stofnana voru talsvert ræddar í nefndinni. Í framangreindri skýrslu gerði nefnd samgönguráðherra tillögur útfærðar í fjórum liðum. Í fyrsta lagi verði komið á fót öflugri og sérhæfðri stjórnsýslustofnun sem taki til allra samgöngugreina. Í öðru lagi verði mynduð sameinuð stofnun hafs og stranda með sameiningu Siglingastofnunar Íslands, Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu og tilfærslu verkefna frá öðrum stofnunum svo sem Umhverfisstofnun og Hafrannsóknastofnuninni. Í þriðja lagi verði stjórnsýsluverkefni Vegagerðarinnar færð til sameiginlegrar stjórnsýslustofnunar en að öðru leyti verði starfsemi stofnunarinnar svipuð og nú er. Í fjórða og síðasta lagi verði rekstur flugvalla, flugstöðva og flugleiðsögu áfram í formi opinbers hlutafélags. Þar að auki gerði nefndin tillögur að bættri samhæfingu samgöngustofnana og lagði fram ábendingar um mögulega einföldun eða hagræðingu í málaflokknum.

Til grundvallar framangreindum tillögum nefndar samgönguráðherra lá sú niðurstaða nefndarinnar að bæta mætti heildarskipulag samgöngumála á Íslandi þannig að stofnanakerfi samgöngumála yrði betur fært um að mæta þörfum samfélagsins með hagkvæmum hætti og nýta tækifæri til aukins árangurs. Þá leit nefndin til þeirrar meginþróunar sem hefur átt sér stað í skipulagi samgöngustofnana annars staðar á Norðurlöndunum í þá átt að aðskilja stjórnsýslu frá öðrum hlutverkum samgöngustofnana. Þá hafi vísbendingar komið fram um að fyrirtæki og stofnanir hafi að undanförnu skilgreint sig út frá hlutverkum frekar en sérfræði í ljósi hagkvæmni og aðgengis að sérhæfðri þekkingu og þjónustu. Að auki hafi skoðun nefndarinnar leitt í ljós að umtalsverð samlegð hafi verið á milli Vegagerðarinnar, Umferðarstofu og Siglingastofnunar Íslands hvað stjórnsýsluverkefni varðaði en samlegð hafi reynst minni á milli Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar á sviði framkvæmda og viðhalds en upphaflega hafi verið ætlað. Loks hafi mikil samlegð verið á milli verkefna Siglingastofnunar Íslands, Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu og afmarkaðra verkefna annarra stofnana.

Í nefndaráliti utanríkismálanefndar Alþingis um frumvarp til laga um breytingar á varnarmálalögum sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi (þskj. 1204 í 581. máli) fjallar nefndin um niðurlagningu Varnarmálastofnunar. Við það tilefni ræddi nefndin m.a. hvort hagkvæmt kynni að reynast að flytja starfsemi Landhelgisgæslu Íslands til Suðurnesja. Þar kemur eftirfarandi m.a. fram: „Þá tekur meiri hlutinn undir með starfshópnum um möguleika á frekari endurskipulagningu og sameiningu þeirra stofnana sem heyra munu undir hið nýja innanríkisráðuneyti. *Sérstaklega kemur fram sú framtíðarsýn hópsins að eftir endurskipulagningu á verkefnum Landhelgisgæslunnar, Vaktstöðvar siglinga og ríkislögreglustjóra fari undirstofnun innanríkisráðuneytisins með framkvæmd öryggismála,* þ.m.t. þeirra sem áður voru falin Varnarmálastofnun. *Í þessu sambandi telur meiri hlutinn að sérstaklega beri að meta hagkvæmni þess að samþætta eða sameina starfsemi Landhelgisgæslunnar, Siglingastofnunar og Vaktstöðvar siglinga* og kanna eins og fyrr sagði möguleika á staðsetningu þessarar starfsemi, a.m.k. að hluta, á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.“ (Skáletrun samgöngunefndar.)

Álit meiri hlutans.

Nefndin hefur rætt málið nokkuð ítarlega á fundum sínum. Það er álit meiri hlutans að ekki sé annað fært en að fallast á þá grundvallarhugsun frumvarpanna að hagræðingar sé þörf í rekstri ríkisstofnana.

Meiri hlutinn telur hagræðingarmarkmið frumvarpanna líkleg til að ganga eftir. Það er þó mat hans, í ljósi eindreginna athugasemda umsagnaraðila, að nauðsynlegt sé að gæta þess sérstaklega að þau markmið frumvarpanna nái fram að ganga. Þannig stefna frumvörpin að því að viðhalda þeirri þjónustu sem veitt hefur verið á vegum þeirra stofnana sem ætlunin er að sameina og efla hana enn frekar. Þeir málaflokkar sem frumvörpin fjalla um snúa að kjarna allrar starfsemi á Íslandi. Ísland er umlukið hafi og ferðaleiðir til annarra landa langar. Íslenskt flugstjórnarsvæði er umfangsmikið og flugsamgöngur við útlönd verulega mikilvægar. Þá eru siglingar og hafnir höfuðatvinnuvegunum mikilvægar auk þess sem greiðar vegasamgöngur innan lands eru meðal þess sem ber íslenskan atvinnurekstur og samfélag uppi. Í því ljósi er það mat meiri hlutans að allt skipulag samgöngumála verði að taka tillit til þess að varðveita verði og efla faglega þekkingu í einstökum málaflokkum. Því er það álit meiri hlutans að framkvæmdarvaldinu beri að gæta þess vel að varðveita og efla þá þekkingu sem til staðar er hjá íslenskum samgöngustofnunum og búa svo um hnútana að fagþekking á sviði flugmála, siglinga, veglagningar, umferðar og fleiri sviðum glatist ekki heldur eflist í kjölfar endurskipulagningar stofnana.

Meiri hlutinn fellst á hugmyndir frumvarpanna um faglegan ávinning og hagræðingarmöguleika af sameiningu samgöngustofnana. Er það mat hans að í ljósi fjárhagslegrar stöðu ríkissjóðs sé verulega mikilvægt að ráðist verði í alla þá endurskipulagningu ríkisstofnana sem er líkleg til þess að leiða til fjárhagslegrar hagræðingar. Þá er það álit meiri hlutans að rétt sé í því sambandi að líta til þeirra hugmynda sem fram komu í skýrslu nefndar samgönguráðherra um framtíðarskipan stofnana samgöngumála frá júní 2009. Það er hins vegar álit meiri hlutans að ekki sé líklegt að þær hugmyndir sem þar eru viðraðar um sameiningu stofnana þvert á ráðuneyti nái fram að ganga að svo stöddu.

Meiri hlutinn lítur á útfærslu frumvarpanna sem skref í vegferð hagræðingar í ríkisrekstri með endurskipulagningu og sameiningu ríkisstofnana. Meiri hlutinn leggst því ekki gegn þeirri grundvallarhugmynd sem frumvörpunum er ætlað að útfæra og mælir af þeim sökum með samþykkt þeirra. Engu síður áréttar meiri hlutinn að hann telur að ekki megi láta staðar numið enda gæti slíkt í raun og veru dregið verulega úr þeirri hagræðingu sem mögulegt er að ná með frekari sameiningum ríkisstofnana. Því leggur meiri hlutinn til að við frumvörpin bætist ákvæði til bráðabirgða sem geri stjórnvöldum skylt að halda áfram á þeirri braut sem þau hafa markað með framlagningu frumvarpanna. Í þeim efnum lítur nefndin meðal annars til þess að Alþingi hefur til meðferðar frumvarp til nýrra laga um Stjórnarráð Íslands. Gerir meiri hlutinn ráð fyrir að ákvæði þessi felli þá skyldu á innanríkisráðherra að hann hafi frumkvæði að því að leggja frekari drög að sameiningu ríkisstofnana. Þá leggur meiri hlutinn til að leið ráðherrans verði vörðuð með þeim tillögum sem koma fram í niðurstöðum, tillögum og ábendingum nefndar samgönguráðherra um framtíðarskipan stofnana samgöngumála eins og þær birtust í skýrslu hennar frá júní 2009, þá einkum kafla 5.5.

Meiri hlutinn leggur til að frumvörpin verði **samþykkt** með breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstökum þingskjölum.

Mörður Árnason skrifar undir nefndarálit þetta með þeim fyrirvara að hann stendur ekki að þeim hlutum breytingartillagnanna sem fela í sér að nýir töluliðir bætist við ákvæði til bráðabirgða.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. maí 2011.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Mörður Árnason, með fyrirvara.
Ólína Þorvarðardóttir.	Róbert Marshall.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

1603. Breytingartillögur [385. mál]

við frv. til l. um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (BVG, SER, MÁ, ÓÞ, RM, GLG).

1. Í stað orðanna „rannsóknarnefnd samgönguslysa“ í 7. mgr. 4. gr. komi: þeim opinberu aðilum sem annast rannsókn samgönguslysa.
2. Í stað orðanna „1. janúar“ í 1. og 2. mgr. 20. gr. komi: 1. júlí.

1604. Breytingartillaga [386. mál]

við frv. til l. um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (BVG, SER, MÁ, ÓÞ, RM, GLG).

Í stað orðanna „1. janúar“ í 1. og 2. málsl. 17. gr. komi: 1. júlí.

1605. Nefndarálit [830. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttir frá velferðarráðuneyti, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Þórð Hjaltested frá Kennarafélagi Íslands og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga aðila á almennum vinnumarkaði frá 5. maí sl. Haft var samráð við samtök aðila á vinnumarkaði við gerð frumvarpsins. Í því eru lagðar til breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006. Þær helstu eru þær að lagt er til að fleiri aðilum verði skylt að veita Vinnumálastofnun upplýsingar sem teljast vera nauðsynlegar til að hægt sé að framfylgja lögunum. Þá er lagt til að sá tími sem atvinnuleitandi tekur þátt í starfstengdu vinnumarkaðsúrræði teljist ekki til þess tíma þegar atvinnuleysisbætur eru greiddar. Þessu tengt er jafnframt lögð til sú breyting að Vinnumálastofnun veiti styrki til vinnuveitenda sem greiði tryggðum einstaklingi í starfstengdu vinnumarkaðsúrræði laun samkvæmt gildandi kjarasamningi. Ekki er þá gert ráð fyrir að hinn tryggði fái bætur greiddar á sama tíma. Lögð er til breyting þess efnis að láti hinn tryggði hjá líða að veita Vinnumálastofnun upplýsingar um breytingu á högum sínum eða veitir vísvitandi rangar upplýsingar sem leiðir til þess að hann sé ranglega tryggður fyrirgerir hann tímabundið rétti sínum til greiðslu atvinnuleysisbóta skv. 60. gr. laganna. Jafnframt er kveðið á um að ráðherra verði heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að greiða sérstaka desemberuppbót á grunnatvinnuleysisbætur. Þá er lagt til að gildistími bráðabirgðaákvæða er kveða á um bætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði verði framlengdur til áramóta. Auk breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar er lögð til breyting á lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Er henni ætlað að bæta stöðu starfsmanna fyrirtækja sem tekin hafa verið til gjaldþrotaskipta og eru síðan framseld úr þrotabúi. Felst breytingin í því að ef framsalshafi heldur starfsmönnum fyrirtækis ber honum að virða áfram launakjör og starfsskilyrði sem voru í gildi á þeim degi er fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota.

Nefndin hefur fjallað um málið sem samstaða ríkir um hjá aðilum á vinnumarkaði. Fagnar nefndin því að lögfest sé heimild um greiðslu desemberuppbótar til handa einstaklingum sem fá greiddar atvinnuleysisbætur. Slík uppbót var greidd í desember 2010 en rétt er að skýr heimild til greiðslu hennar sé lögfest. Þá telur nefndin eðlilegt að taki tryggður einstaklingur þátt í virku starfstengdu vinnumarkaðsúrræði sé ekki litið svo á að þann tíma sé hann á atvinnuleysisbótum. Nefndin ræddi sérstaklega breytingar er varða gildistöku bráðabirgðaákvæða um hlutabætur. Ákvæðin voru sett skömmu eftir hrun til að bregðast við sérstökum tímabundnum aðstæðum á vinnumarkaði. Ákvæði til bráðabirgða V var ætlað að stuðla að því að fyrirtæki sem hagræða þyrftu í rekstri vegna efnahagshrunsins gripu fremur til þess ráðs að minnka starfshlutfall starfsfólks en að segja því upp. Sambærilegt ákvæði til bráðabirgða, VI, var lögfest varðandi sjálfstætt starfandi einstaklinga en síðar var því breytt á þann máta að sjálfstætt starfandi einstaklingur gæti einungis fengið hlutabætur í þrjá mánuði. Líkt og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið hafa þessi úrræði verið mikið notuð og reynst vel. Lagt er til að ákvæðið framlengist til áramóta en tíminn fram að því verði nýttur til að endurskoða það í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Nefndin áréttar mikilvægi þess að sú endurskoðun verði unnin heildstætt. Nefndin telur til að mynda rétt að endurskoðunin nái jafnframt til annarra ákvæða laganna um bætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli, þ.e. 17. og 22. gr. laganna, auk þess sem horft verði til allra þátta og hugsanlegra áhrifa af breytingu á þessu fyrirkomulagi. Vekur nefndin sérstaka athygli á því að um 2/3 þeirra sem þiggja hlutabætur í samræmi við ákvæði til bráðabirgða V eru konur og því sé mikilvægt að hafa kynjasjónarmið í huga við endurskoðunina.

Nefndin telur mikilvægt að starfsmönnum gjaldþrota fyrirtækja sé veitt ríkari vernd vegna áunninna réttinda sinna, haldi starfsemi áfram eftir gjaldþrot. Ákvæðið um óbreytt launakjör

og starfsskilyrði á við ákveði nýr rekstraraðili að halda sama starfsfólki eða endurráði hann það innan þriggja mánaða. Nefndin bendir á að ákvæðið kemur ekki í veg fyrir nauðsynlega hagræðingu í rekstri því að 4. gr. laganna um vernd við uppsögnum á ekki við þegar um gjaldþrot fyrirtækis er að ræða. Þá vekur nefndin athygli á því að í ákvæðinu er kveðið á um að virða skuli launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða annar samningur kemur í hans stað.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. júní 2011.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form., frsm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Pétur H. Blöndal.

Jónína Rós Guðmundsdóttir. Guðmundur Steingrímsson. Ásmundur Einar Daðason.

Íris Róbertsdóttir. Lilja Rafney Magnúsdóttir.

1606. Svar [810. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um verktakasamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Verktakar með samning við forsætisráðuneytið í maímánuði 2011.

Fjöldi verktaka	Lýsing verks
1	Verkefnastjórnun viðburða og dagskrár í tengslum við hátíðahöld í tilefni af tveggja alda afmæli Jóns Sigurðssonar.
2	Ráðgjöf til starfshóps um mótun stefnu um sjálfstæðar úrskurðarnefndir.
1	Vinna fyrir nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.
1	Kennsla á námskeiði innan Stjórnarráðsins um verkefnastjórnun.

Við vinnslu svarsins var miðað við verktakasamninga við sérfræðinga sem starfa fyrir ráðuneytið við smíði frumvarpa, gerð skýrslna og greinargerða, greiningar eða aðra sérfræðivinnu á vegum ráðuneytisins. Svarið nær til þeirra sem sinna slíkum verkefnum á grundvelli sérstaks verktakasamnings eða samkvæmt samkomulagi við ráðuneytið þegar svarið er unnið, þ.e. í maímánuði 2011. Einungis eru tilteknir þeir aðilar sem eru að vinna afmörkuð verkefni fyrir ráðuneytið. Í samræmi við samskipti við fyrirspyrjanda við vinnslu svarsins eru ekki tilteknir verktakasamningar við iðnaðarmenn, hönnuði eða ræstingafólk.

1607. Svar [800. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?*
2. *Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?*

Í samræmi við efni fyrirspurnarinnar er aðeins gerð grein fyrir ferðum embættismanna í undirstofnunum en ekki almennra starfsmanna.

Tilefni ferða árið 2007	**Til hvaða lands var ferðast**	**Fjöldi í ferð**
Forsætisráðuneyti:		
Brussel, i2010 eGovernment Subgroup, fundur	Belgía	1
Brussel, i2010 eGovernment Subgroup, fundur	Belgía	1
Brussel, i2010 eGovernment Subgroup, fundur	Belgía	1
Brussel, EUMA ráðstefna	Belgía	1
Brussel, samningaviðræður um ratsjárstöðvakerfi	Belgía	1
Kaupmannahöfn/Berlín vegna viðræðna um öryggismál	Danmörk	1
Ráðherra og föruneyti til London, bresk-íslenska viðskiptaráðið	Bretland	4
London, viðræður um öryggismál	Bretland	1
Ráðherra og föruneyti til Oxford og Stokkhólms, sænsk-íslenska viðskiptaráðið	Bretland/Svíþjóð	4
Kairó – fundir ráðuneytisstjóra	Egyptaland	1
Ráðherra og föruneyti – fundur forsrh. Norðurl. og með finnsk-ísl. viðskiptaráði	Finnland	4
París, fundur hjá OECD	Frakkland	1
París, EPC fundur hjá OECD	Frakkland	1
París, EPC fundur hjá OECD	Frakkland	1
París, fundur með frönskum embættismönnum um öryggismál	Frakkland	1
Aþena – lagaráðstefna	Grikkland	1
Opinber heimsókn til Írlands, Dublin	Írland	4
Ráðherra og fylgdarlið til Rómar vegna móttöku verðlauna	Ítalía	2
Ráðherra og föruneyti til Rómar á fund páfa og á Norðurlandaþing	Ítalía	4
Opinber heimsókn til Kanada	Kanada	5
Kanada, undirbúningsferð vegna opinberrar heimsóknar	Kanada	1
Ottawa, viðræður um öryggismál	Kanada	1
Opinber heimsókn til Svartfjallalands	Svartfjallaland	4
Bergen, í för með ráðherra	Noregur	1
Lissabon, ráðherrafundur og ráðstefna	Portúgal	2
Lissabon, „fifth i2010 eGovernm.Subgroup Meeting“	Portúgal	1
Bern, fundur með ráðuneytisstjórum OECD-ríkja	Sviss	1
Ráðherra og föruneyti til Bergen og Osló, m.a. fundur um öryggismál	Noregur	3
New York, fundur Iceland Naturally	Bandaríkin	1
Oracle-ráðstefna	Bandaríkin	1
Washington, fundur Iceland Nationaly	Bandaríkin	1
Baltimore, fræðsla og námskeið	Bandaríkin	1
Berlín, ráðstefna i2010 Subgroup	Þýskaland	1
Berlín, fundur „CIP-ICT Committee“ og Brussel „Fourth i2010“, fundir.	Þýskal./Belgía	1

Berlín og París viðræður við ráðgjafa	Þýskal./Frakkl.	1
Kaupmannahöfn, fundur í stjórn Norðurbryggju	Danmörk	1
Kaupmannahöfn, fundur í stjórn Norðurbryggju	Danmörk	1
Þórshöfn, fundur í stjórn Norðurbryggju	Færeyjar	1
Umboðsmaður barna:		
Fundur norrænna umboðsmanna barna	Finnland	1
Fundur evrópskra umboðsmanna barna	Spánn	1
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum:		
Norræn margmiðlun / Heimsminjaskrá	Svíþjóð	1
		67

Tilefni ferða árið 2008	**Til hvaða lands var ferðast**	**Fjöldi í ferð**
Forsætisráðuneyti:		
Opinber heimsókn til Albaníu og Grikklands	Albanía/Grikkl.	4
Fundur í Brussel 12th i2010 eGovernment Subgroup meeting	Belgía	1
Fundur 11th i2010 eGovernment Subgroup meeting	Belgía	1
Ráðstefna hjá EUPAN um samvinnu ESB	Belgía	1
Fundur 10th i2010 eGovernment Subgroup meeting	Belgía	1
Fundur um rafræna ferla, vegna þjónustutilskipunar	Belgía	1
Ráðstefna „eGovernment – alliance with users“	Belgía	1
Fundur um rafræna ferla í þjónustutilskipun ESB	Belgía	1
Nordiskt IT-Forum – norrænn samráðshópur	Danmörk	1
Norræna ráðherranefndin – IT-Forum	Danmörk	1
Ráðherra og föruneyti vegna ráðstefnu FT og WEC um orkumál í London	Bretland	2
Ráðherra og föruneyti vegna funda með forsætisráðherra Bretlands o.fl.	Bretland	4
Fundir með breskum ráðamönnum	Bretland	1
Samráðsfundur um öryggismál	Bretland	1
Ráðherra og föruneyti, ráðst. Euromoney London og IDU leiðtogafundur París	Bretl./Frakkland	3
Ráðherra og föruneyti – 60. þing Norðurlandaráðs í Helsinki	Finnland	4
Fundur hjá Evrópuráðinu, Strassborg	Frakkland	1
Fundur hjá OECD	Frakkland	1
EPC-fundur hjá OECD	Frakkland	1
Fundur v.EDRC, yfirheyrslur hjá OECD	Frakkland	1
Ráðherra og föruneyti í heimsókn til Kanada	Kanada	4
Ferð vegna „Iceland Naturally“ fundur í Toronto	Kanada	1
Ársþing Þjóðræknisfélaga í N-Ameríku	Kanada	1
Ráðherra og föruneyti – leiðtogafundur Eystrasaltsráðsins haldinn í Riga	Lettland	3
Ráðherra og föruneyti v. funda með forsætisráðherrum Lúxemborgar og Belgíu	Lúxemb./Belgía	4
Ferð til Osló til viðræðna við norska embættismenn	Noregur	1
Ráðherra og föruneyti vegna leiðtogafundar NATO í Búkarest	Rúmenía	3
Ráðherra og föruneyti vegna fundar forsætisráðherra Norðurlanda í Linköping	Svíþjóð	3
Ráðherra og föruneyti til fundar með norrænum forsætisráðherrum um alþjóðavæðingu í Svíþjóð	Svíþjóð	3
Fundur með AGS í Stokkhólmi	Svíþjóð	2
Ráðherra og föruneyti vegna allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna	Bandaríkin	5
Ráðherra og fylgdarlið vegna funda í New York	Bandaríkin	4
Samráðshópur ráðuneytisstjóra í New York	Bandaríkin	1
Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	Bandaríkin	1
Vorfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	Bandaríkin	1
Fundur í Kaupmannahöfn vegna undirbúnings viðburða	Danmörk	1
Fundur hjá GRECO, samtökum ríkja gegn spillingu	Frakkland	1
Samráðsfundur íslenskra og bandarískra embættismanna	Bandaríkin	1
Fundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington	Bandaríkin	1
Kaupmannahöfn, fundur í stjórn Norðurbryggju	Danmörk	1

Kaupmannahöfn, fundur í stjórn Norðurbryggju	Danmörk	1
Umboðsmaður barna:		
Fundur evrópskra umboðsmanna barna	Írland	1
Fundir hjá umboðsmanni barna í Svíþjóð	Svíþjóð	1
		77

Tilefni ferða árið 2009	**Til hvaða lands var ferðast**	**Fjöldi í ferð**
Forsætisráðuneyti:		
Fundur vegna e-Government Subgroup, PEGSCO	Belgía	1
Fundir hjá ESB	Belgía	1
Fundur e-Government Subgroup 14.	Belgía	1
Fundur hjá e-Government Subgroup, PEGSCO	Belgía	1
Fundur m. ESB vegna loftslagsmála	Belgía	1
IT-Forum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar	Danmörk	1
IT-Forum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar	Danmörk	1
Fundir í danska forsætisráðuneytinu	Danmörk	1
Ráðherra og föruneyti á loftslagsráðstefnu	Danmörk	4
Fundur með fjárfestum	Bretland	1
Kynningarfundur vegna lánamála	Bretland	1
Fundir vegna Icesave	Bretland	1
Fundur hjá OECD	Frakkland	1
Fundur hjá OECD	Frakkland	1
Fundur hjá OECD	Frakkland	1
Fundur vegna Icesave	Holland	1
Fundir vegna sóknaráætlunar	Írland	1
Samráðsfundur með norskum og dönskum embættismönnum	Noregur/Danm.	1
EUMA ráðstefna	Slóvenía	1
Ráðstefna um rafræna stjórnsýslu	Svíþjóð	2
Ráðherra og föruneyti – fundur forsætisráðherra Norðurlanda	Svíþjóð	3
UNFCC-loftslagsfundur	Thailand	1
Iceland Naturally, stjórnarfundur	Bandaríkin	1
Loftslagsfundur í Bonn	Þýskaland	1
Leiðtogafundur NATO Strassborg/Kehl	Þýskal./Frakkl.	1
Fundur hjá EDRC um efnahagsmál á Íslandi	Frakkland	1
Fundir vegna lánasamnings á milli Íslands og Norðurlandanna	Svíþjóð	2
Vorfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	Bandaríkin	1
Kaupmannahöfn, fundur í stjórn Norðurbryggju – Nordatlentens Brygge	Danmörk	1
Kaupmannahöfn, fundur í stjórn Norðurbryggju – Nordatlentens Brygge	Danmörk	1
Umboðsmaður barna:		
Norrænt verkefni: Barns rettigheter og deltagelse i Norden	Danmörk	1
Fundur evrópskra umboðsmanna barna	Frakkland	1
Fundur norrænna umboðsmanna barna + fyrirlestur á ráðstefnu um tannheilsu barna	Noregur	1
Ríkislögmaður:		
Mót norrænna ríkislögmanna	Finnland	1
Málflutningur – Mannréttindadómstóll Evrópu	Frakkland	1
		42

Tilefni ferða árið 2010	**Til hvaða lands var ferðast**	**Fjöldi í ferð**
Forsætisráðuneyti:		
Brussel, fundur High Level group – Digital Agenda f. Europe	Belgía	1
Brussel, OECD E-Leaders Meeting	Belgía	1
Brussel, fundur í i2010 subgroup	Belgía	1

Brussel, fundur í i2010 subgroup	Belgía	1
Ráðherra og föruneyti – fundir hjá Evrópusambandinu	Belgía	2
Brussel/Berlín fundir með ráðuneytisstjórum aðildarríkja OECD o.fl.	Belgía/Þýskal.	1
Kaupmannahöfn, ráðstefna og vinnustofa með fulltrúum Norðurlanda	Danmörk	1
Kaupmannahöfn, fundur í IT-Forum, Norræna ráðherranefnd	Danmörk	1
Kaupmannahöfn, fundur í IT-Forum, Norræna ráðherranefnd	Danmörk	1
Kaupmannahöfn, fundur hjá IT-Forum, Norræna ráðherranefnd	Danmörk	1
Kaupmannahöfn, fundur um norrænt löggjafarsamstarf	Danmörk	1
Ráðherra og föruneyti á forsætisrh.fund Norðurlanda og hnattvæðingarþing	Danmörk	3
London, fundir í breska forsætisráðuneytinu	Bretland	1
Strassborg, fundur hjá GRECO	Frakkland	1
Strassborg, fundur hjá GRECO	Frakkland	1
OECD ráðstefna	Frakkland	1
OECD-ráðstefna	Frakkland	1
Opinber heimsókn til Færeyja	Færeyjar	3
Maastricht, seminar í Evrópurétti	Holland	1
Ráðherra og föruneyti – heiðursgestur á Íslendingahátíðum	Kanada	2
Ráðherra og föruneyti – leiðtogafundur Eystrasaltsráðsins	Litháen	3
Ráðherra og föruneyti, leiðtogafundur NATO í Lissabon	Portúgal	3
Boston, fundur hjá Iceland Naturally	Bandaríkin	1
Ráðherra og föruneyti, leiðtogafundur um þúsaldarmarkmið Sþ	Bandaríkin	3
Kaupmannahöfn, fundur hjá stjórn Norðurbryggju	Danmörk	1
Kaupmannahöfn, fundur hjá stjórn Norðurbryggju	Danmörk	1
Kaupmannahöfn, fundur hjá stjórn Norðurbryggju	Danmörk	1
Kaupmannahöfn, fundur hjá stjórn Norðurbryggju	Danmörk	1
Umboðsmaður barna:		
Fundur norrænna umboðsmanna barna	Danmörk	1
Fyrirlestur á ráðstefnu Familiestyrelsen	Danmörk	1
Fundur evrópskra umboðsmanna barna	Frakkland	1
Ríkislögmaður:		
Málflutningur EFTA-dómstól	Lúxemborg	1
Mót norrænna ríkislögmanna	Svíþjóð	1
		45

Heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum.

Ráðuneyti / stofnun	Samtals ferðakostnaður í kr.	Ár
Forsætisráðuneyti	17.721.528	2007
Forsætisráðuneyti	22.339.388	2008
Forsætisráðuneyti	8.240.970	2009
Forsætisráðuneyti	9.827.898	2010
Umboðsmaður barna	304.464	2007
Umboðsmaður barna	418.433	2008
Umboðsmaður barna	655.432	2009
Umboðsmaður barna	461.405	2010
Ríkislögmaður	206.125	2009
Ríkislögmaður	184.380	2010
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	631.292	2007

1608. Nefndarálit [467. mál]

um till. til þál. um ferðamálaáætlun 2011–2020.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Haraldsdóttur og Sigríði Ólöfu Kristjánsdóttur frá iðnaðarráðuneytinu. Þá bárust umsagnir frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, Bláskógabyggð, Byggðastofnun, Eyþingi, Ferðamálaráði Íslands, Ferðamálastofu, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Hagstofu Íslands, Hrunamannahreppi, Íslandsstofu, Landsvirkjun, Markaðsstofu Austurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Rannsóknamiðstöð ferðamála, Höfuðborgarstofu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar og Vegagerðinni.

Tillögunni er ætlað að leysa af hólmi þingsályktun um ferðamál fyrir tímabilið 2006–2015. Í tillögunni er lögð áhersla á að auka arðsemi atvinnugreinarinnar, að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið, að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar og að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugu greiningar- og rannsóknarstarfi.

Innviðir og grunngerð.

Nefndin fjallaði nokkuð um innviði og grunngerð íslenskrar ferðaþjónustu. Íslensk náttúra er mikilvægasta auðlind ferðaþjónustunnar og því nauðsynlegt að byggja upp áfangastaði með aðgengi í huga til að hægt sé að nýta viðkomandi auðlind á sjálfbæran hátt. Við umfjöllun nefndarinnar var bent á að í tillögunni er ekki fjallað um samgöngur sem þó eru nauðsynlegur hlekkur í að geta byggt upp innviði ferðaþjónustunnar og stuðlað að náttúruvernd og sjálfbærni í ferðamálum. Nefndin fékk þær upplýsingar að við gerð ferðamálaáætlunarinnar var einblínt á þau atriði sem eru innan valdsviðs iðnaðarráðuneytisins og ferðamálin því umfjöllunarefni áætlunarinnar. Nefndin bendir hins vegar á að samvinna við þá aðila sem hafa með samgöngumál að gera er grundvallaratriði þess að hægt sé að byggja upp framúrskarandi ferðaþjónustu og m.a. stuðla að því að ferðamenn heimsæki Ísland í auknum mæli að vetri til. Nefndin leggur því til breytingar á tillögunni þessu að lútandi.

Nefndin ræddi um öryggismál og þá sérstaklega í tengslum við þær náttúruhamfarir sem hafa orðið undanfarin tvö ár. Er það skoðun nefndarinnar að í ferðamálaáætlun skuli kveðið á um öryggi ferðamanna og hvernig það sé best tryggt. Tengist það jafnframt aukinni áherslu á óruggar samgöngur og viðbragðsáætlanir vegna náttúruhamfara. Eftir eldgos í Eyjafjallajökli á síðasta ári var sett á fót viðbragðsteymi hjá forsætisráðuneytinu sem var kallað saman um leið og eldgos í Grímsvötnum hófst fyrr í þessum mánuði. Nefndin telur nauðsynlegt að ferðamálaáætlun sé jafnframt tengd ákveðinni viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara og leggur því til breytingar á tillögunni þannig að tengsl áætlunarinnar við samgöngur og öryggismál verði tryggð sem og að unnin verði viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara fyrir ferðaþjónustuna sem byggist á reynslu af þeim tveimur eldgosum sem valdið hafa talsverðum truflunum á flugi og öðrum samgöngum. Nefndin vill einnig leggja á það áherslu að við vinnu viðbragðsáætlunar verði hugað að því að ef flugsamgöngur stöðvast, þá skuli vera til

varaáætlun sem kveði á um aðgerðir til að koma einstaklingum og nauðsynjavörum til og frá landinu. Nefndin bendir á að hægt væri að gera það með áætlun um auknar ferjusiglingar til og frá Seyðisfirði, í samvinnu við rekstraraðila Norrænu.

Kannanir, rannsóknir, spár.

Í athugasemdum við tillöguna er áhersla lögð á samkeppnishæfi ferðamálaiðnaðarins hér á landi í alþjóðlegu samhengi. Til að tryggja að þróun ferðaþjónustunnar sé sambærileg við það sem best gerist annars staðar er nauðsynlegt að tryggja aðgengi að fjármagni og styrkja grunnþætti eins og tölulegar upplýsingar, kannanir, rannsóknir og spár.

Nefndin áréttar að ferðamannaiðnaðurinn er ein mest gjaldeyrisskapandi atvinnugreinin á landinu auk þess sem gjaldeyristekjur vegna erlendra ferðamanna hafa stóraukist undanfarin ár. Sjálfstæðar kannanir og rannsóknir eru grundvöllur áframhaldandi þróunar ferðamannaiðnaðarins, m.a. á sviði vöruþróunar, nýsköpunar og markaðssetningar. Góð markaðssetning er jafnframt grundvöllur þess að vara seljist vel. Nefndin bendir á nauðsyn þess að árangur kynningarstarfs sé ávallt mælanlegur og greint verði hvaða tækifæri séu í boði og hvaða straumar og stefnur í ferðaþjónustu verði á komandi tímabilum.

Í umsögn Hagstofu Íslands er tilkomu nýrrar ferðamálaáætlunar fagnað. Hagstofan bendir hins vegar á að samkvæmt lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, sé það hlutverk stofnunarinnar að safna og birta ítarlegar upplýsingar um ferðaþjónustu hér á landi, framboð gistirýma og fjölda gestakoma og gistinátta eftir þjóðerni gesta. Í ferðamálaáætluninni er hins vegar gert ráð fyrir að Ferðamálastofa hafi frumkvæði að og beri ábyrgð á mótun stefnu varðandi framkvæmd og vinnslu kannana á sviði ferðamála. Nefndin lýsir yfir ánægju með þá afstöðu Hagstofu Íslands að opinber hagskýrslugerð í ferðaþjónustu skuli vera á þeirra ábyrgð. Bendir nefndin hins vegar á að ekki er gert ráð fyrir breytingum á því fyrirkomulagi sem nú er í gildi heldur er eingöngu verið að hnykkja á ábyrgð Ferðamálastofu á að tryggt sé að skýrslur séu gerðar. Til að leggja áherslu á hlutverk Ferðamálastofu og annarra opinberra aðila leggur nefndin til breytingar þannig að Ferðamálastofa hafi yfirsýn yfir skýrslugerð en Hagstofa Íslands beri ábyrgð á opinberri hagskýrslugerð í ferðaþjónustu samkvæmt þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Íslendingar hafa á sviði hagskýrslugerðar í ferðaþjónustu. Nefndin áréttar að núverandi fyrirkomulag TSA-reikninga sé tryggt til framtíðar án sérstakra samninga og fjárframlaga þar um.

Vöruþróun og nýsköpun.

Í ferðamálaáætluninni er lögð áhersla á þróun ferðaþjónustunnar á fjölbreyttum sviðum allt árið um kring. Niðurstöður þjóðfunda sem haldnir voru í öllum landshlutum á árinu 2010 sýna að utan höfuðborgarsvæðisins vilja landsmenn setja ferðaþjónustuna í efsta sæti varðandi þau tækifæri sem þjóðfundargestir um allt land sjá sem meginstyrk sinna svæða. Áframhaldandi þróun ferðaþjónustunnar er því augljóslega grundvallaratriði í Sóknaráætlun 20/20. Til að slík þróun sé möguleg er nauðsynlegt að greina sérstöðu hvers svæðis fyrir sig og kortleggja þá möguleika sem fyrir hendi eru. Nefndin fagnar þeirri uppbyggingu sem orðið hefur um allt land en bendir jafnframt á nauðsyn þess að betur verði unnið að nýtingu hennar. Til að stuðla að lengingu ferðamannatímabilsins er mikilvægt að íslensk ferðaþjónusta verði samkeppnishæf við erlenda. Til þess að hún geti keppt um hylli ferðamanna er þörf á mikilli nýsköpun og stuðningi við hana af hálfu hins opinbera. Nefndin beinir því til ráðuneytisins að tryggja að nauðsynlegur fjárhagslegur stuðningur verði tryggður við þau verkefni sem stuðla eiga að fjölgun vara og áfangastaða í ferðaþjónustu og að opinber ráðgjöf sé ávallt til

staðar um allt land. Þessu tengt leggur nefndin einnig til breytingu á tillögunni um nauðsyn þess að lengja ferðamannatímabilið um land allt.

Markaðsmál.

Nefndin fjallaði um markaðsmál og hvernig best er hægt að tryggja að fjármagn sem lagt er í vöruþróun og nýsköpun nýtist á sem skilvirkastan hátt. Til þess að markaðssetning nái tilætluðum árangri, þ.e. aukningu í ferðaútgjöldum innan lands samkvæmt ferðaþjónustureikningum, aukningu í gjaldeyristekjum af erlendum ferðamönnum, betri dreifingu gistinátta yfir árstíðir og landsvæði og fjölgun ársverka í ferðaþjónustu, þarf í ferðamálaáætluninni að setja mælanleg markmið og mælikvarða á árangur. Nefndin vill því leggja á það áherslu að næstu 3–5 ár verði árlega hvatt til sérstakra átaksverkefna í samvinnu við markaðsstofur, fyrirtæki og sveitarfélög til að vekja athygli á ferðamöguleikum innan lands utan háannatímanna. Einnig vill nefndin að hvatt verði til ferðalaga innan lands með almennri kynningu á því sem íslensk ferðaþjónusta hefur upp á að bjóða.

Íslandsstofa mun gegna lykilhlutverki í samstarfi ferðamálayfirvalda en nefndin áréttar að til þess að hægt sé að ná tilætluðum árangri sé lykilatriði að fyrir liggi almenn stefna og áherslur hins opinbera í markaðssetningu ferðaþjónustunnar. Nefndin hvetur til þess að stofnað verði til samstarfs við markaðsstofur í hverjum landshluta fyrir sig vegna sérstakra kynningarverkefna í hverjum landshluta og bendir á þann möguleika að flétta þessar aðgerðir inn í samningsgerð Ferðamálastofu við markaðsstofurnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 1. júní 2011.

Kristján L. Möller, form., frsm.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.	Þuríður Backman.
Magnús Orri Schram.	Tryggvi Þór Herbertsson.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.
Margrét Tryggvadóttir.	Jón Gunnarsson.	Gunnar Bragi Sveinsson.

1609. Breytingartillögur [467. mál]

við till. til þál. um ferðamálaáætlun 2011–2020.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Á eftir orðinu „ferðamannatímabilið“ í b-lið 1. mgr. komi: um land allt.
2. Í stað orðsins „Leyfismál“ í d-lið 1. tölul. 2. mgr. komi: Leyfis- og öryggismál.
3. Við 1. tölul. 2. mgr. bætist tveir nýir stafliðir er orðist svo:
   e. Samgöngur eru mikilvægasta forsenda allrar ferðaþjónustu á Íslandi og mikilvægt að við áætlanagerð og framkvæmdir í tengslum við samgöngumál verði tekið tillit til hagsmuna ferðaþjónustunnar.

f. Unnin verði viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara fyrir ferðaþjónustuna sem byggist á reynslu af þeim tveimur eldgosum sem valdið hafa töluverðum truflunum á flugi og öðrum samgöngum.

4. Í stað orðanna „frumkvæði að“ í b-lið 2. tölul. 2. mgr. komi: yfirsýn yfir.
5. Við b-lið 2. tölul. 2. mgr. bætist: í samvinnu við Hagstofu Íslands, háskóla og Rannsóknamiðstöð ferðamála.
6. Á eftir b-lið 2. tölul. 2. mgr. komi nýr stafliður er orðist svo: Hagstofa Íslands beri ábyrgð á opinberri hagskýrslugerð í ferðaþjónustu samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á sviði hagskýrslugerðar í ferðaþjónustu.

1610. Nefndarálit [351. mál]

um frv. til l. um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Finnbogadóttur og Kjartan Gunnarsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Guðlaugu Maríu Valdemarsdóttur, Halldóru E. Ólafsdóttur og Söru Sigurðardóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Guðríði Ásgeirsdóttur, Kristínu Rafnar og Magnús Harðarson frá Kauphöllinni og Harald Örn Ólafsson og Ólaf Pál Gunnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja. Nefndinni bárust umsagnir frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands, Ríkisendurskoðun, ríkislögreglustjóranum, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði með víðtækara gildissviði en gildandi lög þar sem gert er ráð fyrir því að þau nái einnig til fagfjárfestasjóða og er vísað til þeirra í heiti frumvarpsins. Frumvarpið byggist á vinnu nefndar sem þáverandi viðskiptaráðherra skipaði 30. mars 2009 til að vinna að endurskoðun gildandi laga og semja frumvarp til nýrra laga. Frumvarp sama efnis var lagt fram á 138. löggjafarþingi (259. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Með frumvarpinu er lagt til að í íslenskan rétt verði innleidd tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007 sem birtist í EES-viðauka við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9/2008.

Þær meginbreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru í fyrsta lagi að lagt er til að gildissvið laganna nái einnig til fagfjárfestasjóða en þar með taka lögin til allra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Í öðru lagi er lagt til að skilyrði fyrir afturköllun á heimild rekstrarfélags til reksturs verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðs verði rýmkuð sem leiðir til þess að Fjármálaeftirlitið getur fyrr gripið inn í starfsemi ef tilefni er til. Í þriðja lagi er lagt til að ráðherra verði heimilað að kveða í reglugerð á um afmörkun á fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs sem og upplýsingagjöf til viðskiptavina um hana. Ákvæðinu er m.a. ætlað að koma í veg fyrir að sjóðir lýsi fjárfestingarstefnu sinni á þann veg að þeim sé heimilt að fjárfesta

0–100% í tilteknum eignaflokki. Í fjórða lagi eru lagðar til auknar kröfur til framkvæmdastjóra rekstrarfélags verðbréfasjóðs og sjóðstjóra sem og til stjórnarmanna og er lagt til að gerðar verði strangari kröfur við útvistun verkefna rekstrarfélags. Í fimmta lagi er lagt til að sett verði ákveðið hámark á fjárfestingu í fjármálagerningum tengdra aðila. Í sjötta lagi er lagt til að sérákvæði verði sett um peningamarkaðssjóði og tekinn af allur vafi um að þeir teljist til verðbréfasjóða. Í sjöunda lagi er lagt til að viðskiptavinum verði veittur aukinn aðgangur að upplýsingum um starfsemi sjóðanna. Í áttunda lagi er lagt til að fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða verði þrengdar nokkuð frá því sem nú er. Í níunda lagi er lagt til að lögfest verði lágmarkseftirlit með fagfjárfestasjóðum og mælt fyrir um skráningu þeirra en samkvæmt gildandi lögum lúta fagfjárfestasjóðir ekki skipulögðu eftirliti.

Í tíunda lagi er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái aukin eftirlitsúrræði og auknar heimildir til þess að beita stjórnvaldssektum sé ekki farið að ákvæðum laganna.

Við umfjöllun um málið komu fram athugasemdir um að ekki væri gert ráð fyrir rekstri svokallaðra hlutafélagssjóða í frumvarpinu. Sérkafla um hlutafélagssjóði var hins vegar að finna í frumvarpi ráðherra frá 138. löggjafarþingi. Bent var á að hlutabréf útgefin af hlutafélagasjóðum gætu verið álitlegur fjárfestingarkostur og að taka slíkra hlutabréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hefði ýmsa kosti í för með sér, svo sem aukna vernd og hagræði við áhættudreifingu. Meiri hlutinn hvetur efnahags- og viðskiptaráðherra til að hefja þegar vinnu í samráði við hagsmunaaðila um að setja reglur um hlutafélagssjóði.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu, ýmist til lagfæringar eða nánari skýringar en sumar þeirra varða efnisleg atriði.

Gildissvið frumvarpsins er afmarkað í 1. gr. Lagðar eru til nokkrar breytingar á greininni, einkum vegna athugasemda við hugtök. Lagt er til að í stað hugtaksins „framseljanlegt verðbréf“ í 2. mgr. komi hugtakið „fjármálagerningur“. Nánar er fjallað um þetta atriði þegar gerð verður grein fyrir breytingum á 2. gr. Þá þykir heppilegra að vísa til „seljanlegra eigna“ í stað „lausafjáreigna“ og er lögð til breyting í þá veru á 3. mgr.

Í 2. gr. eru orðskýringar. Lagðar eru til nokkrar breytingar á greininni. Til nánari skýringar er lagt til að við skýringu á hugtakinu „rekstrarfélag“ verði bætt tilvísun til II.–IV. kafla frumvarpsins. Í samræmi við breytingu á 1. gr. er lagt til að hugtakið „framseljanlegt verðbréf“ í 6. tölul. falli brott. Í 2. gr. tilskipunar 2007/16/EB er kveðið á um að með framseljanlegum verðbréfum sé átt við fjármálagerninga sem uppfylla ákveðin skilyrði sem þar eru talin upp í nokkrum stafliðum. Sú skilgreining samræmist ekki skilgreiningu frumvarpsins. Lagt er til að 6. tölul. mæli því fyrir um skilgreiningu á hugtakinu „fjármálagerningur“ og að um það sé vísað til laga um verðbréfaviðskipti. Þá er lagt til að hugtakið „peningamarkaðsgerningur“ komi í stað hugtaksins „peningamarkaðsskjal“ í 7. tölul. og annars staðar í frumvarpinu. Í síðari málslið 7. tölul. er mælt fyrir um að líftími peningamarkaðsskjala skuli ávallt vera styttri en 397 dagar. Við umfjöllun um málið var bent á að skilyrðið um styttri líftíma en 397 daga væri í ósamræmi við tilskipun 2007/16/EB. Í 3. gr. hennar er mælt fyrir um að með peningamarkaðsgerningum sé átt við fjármálagerninga sem uppfylla eitt fjögurra viðmiða sem þar eru nefnd. Meðal viðmiða er að binditími fjármálagernings við útgáfu sé 397 dagar eða skemmri og að fjármálagerningur gangist undir reglubundna arðsemisaðlögun í samræmi við aðstæður á peningamarkaði á a.m.k. 397 daga fresti. Meiri hlutinn leggur því til að við síðari málslið 7. tölul. bætist tilvísun til endurmatstímabils gernings og að kveðið verði á um líftíma sem sé ekki umfram 397 daga. Því megi líftími eða endurmatstímabil gerninga ekki vera umfram 397 daga. Tilgangur breytingartillagna við 2. gr. er einkum sá að samræma hugtök á sama réttarsviði og gæta að því að íslensk löggjöf samræmist Evrópulöggjöf.

Í 3. gr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið haldi skrá yfir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Lagt er til að ekki verði kveðið á um að skrá yfir fagfjárfestasjóði verði birt opinberlega af hálfu Fjármálaeftirlitsins, enda er í 60. gr. mælt fyrir um að óheimilt sé að koma fagfjárfestasjóði á framfæri við almenning.

Til skýringar er lagt til að 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. verði í sér málsgrein, þ.e. 3. mgr.

Í 17. gr. eru verkefni verðbréfasjóða talin upp og er mælt fyrir um það í 18. gr. að rekstrarfélag geti aðeins útvistað þau verkefni sem þar eru talin upp að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Meiri hlutinn leggur til að við 1. mgr. 18. gr. bætist nýr málsliður þess efnis að rekstrarfélag verðbréfasjóðs skuli tryggja að aðili sem félagið hefur útvistað verkefni til hafi hæfni, getu og viðeigandi leyfi til að inna af hendi þau verkefni sem honum eru falin af áreiðanleika og fagmennsku. Þá er lagt til að í stað þess að ráðherra mæli fyrir um útvistun verkefna rekstrarfélaga í reglugerð fái Fjármálaeftirlitið heimild til að setja reglur um útvistun verkefna.

Í 25. gr. er kveðið á um að rekstrarfélag verðbréfasjóðs skuli halda skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóði og að í skránni skuli m.a. koma fram nafn og kennitala eiganda og nafnverð skírteinis. Í 5. mgr. 23. gr. er mælt fyrir um að hlutdeildarskírteini skuli skráð á nafn eða safnreikning, sbr. lög um verðbréfaviðskipti. Með hliðsjón af þessu telur meiri hlutinn rétt að bæta nýrri málsgrein við 25. gr. sem kveði á um að ef hlutdeildarskírteini eru skráð á safnreikning skuli fjármálafyrirtæki veita rekstrarfélagi verðbréfasjóðsins upplýsingar um nöfn og kennitölur raunverulegra eigenda og nafnverð skírteina og kaupdag hvenær sem rekstrarfélag óskar en þó ekki sjaldnar en mánaðarlega.

Í 27. gr. er mælt fyrir um innlausnarskyldu en skv. 1. mgr. skulu hlutdeildarskírteini innleyst að kröfu eiganda samkvæmt reglum verðbréfasjóðsins. Í 2 og 3. mgr. er mælt fyrir um frestun á innlausn í ákveðnum tilvikum, annaðhvort samkvæmt ákvörðun sjóðsins eða samkvæmt kröfu Fjármálaeftirlitsins. Í 4. mgr. er mælt fyrir um að frestun á innlausn taki gildi þegar Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning frá rekstrarfélagi þess efnis og skal eftirlitið birta tilkynningu um frestun innlausnar á heimasíðu sinni. Mikilvægt er að frestun innlausnar öðlist gildi um leið og rekstrarfélag tekur slíka ákvörðun enda kann vitneskja um fyrirhugaða frestun annars að kvisast út og þannig gætu einstaka eigendur hlutdeildarskírteina hagnast á kostnað annarra. Telja verður að 4. mgr. geti hindrað tafarlausa frestun innlausnar og leggur meiri hlutinn því til að hún falli brott. Í samræmi við þetta leggur meiri hlutinn til breytingu á orðalagi 2. mgr. þess efnis að ekki aðeins Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt um frestun heldur einnig hlutdeildarskírteinishöfum og frestun skuli öðlast gildi við sendingu tilkynningar.

Í 30. gr. er kveðið á um að verðbréfasjóði sé aðeins heimilt að binda fé sitt í þeim framseljanlegu verðbréfum sem eru talin upp í 1.–7. tölul. greinarinnar. Í þeim töluliðum er vísað í ýmsa aðra eignaflokka en framseljanleg verðbréf og er því lögð til lagfæring á orðalagi inngangsmálsliðar greinarinnar. Í 2. tölul. er mælt fyrir um að verðbréfasjóði sé heimilt að binda fé í nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu þeirra á skipulegum verðbréfamarkaði og að skráning skuli fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu. Meiri hlutinn telur þetta of langan tíma og leggur til að fresturinn verði 180 dagar.

Í 31. gr. er ákvæði um hvaða aðrar eignir en mælt er fyrir um í 30. gr. verðbréfasjóði er heimilt að binda fé sitt í. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að verðbréfasjóði sé heimilt að binda sem svari allt að 10% af eignum sínum í óskráðum framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum. Þá er í 2. mgr. kveðið á um að verðbréfasjóði sé óheimilt að eiga meira en

10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Fram kom sú skoðun við umfjöllun í nefndinni að 2. mgr. væri of þröng eða að skilgreina þyrfti betur þá undantekningu sem veitir sjóði heimild til að vera með meira en 10% eigna í reiðufé. Hins vegar kom fram athugasemd þess efnis að ákvæðið væri of víðtækt og að það gæti ekki verið til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóður ætti mikið reiðufé. Með hliðsjón af framangreindu telur meiri hlutinn rétt að bæta nýrri málsgrein við 31. gr. þess efnis að verðbréfasjóður geti óskað eftir heimild Fjármálaeftirlitsins til að vera með meira en 10% eigna bundin í reiðufé.

Í 37. gr. er sérstakt ákvæði um peningamarkaðssjóði og er það nýmæli líkt og fyrr er getið. Í 2. mgr. er mælt fyrir um fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða og í 3. mgr. er kveðið á um að hámarkslíftími einstakra verðbréfa skuli ekki vera lengri en 397 dagar og að meðallíftími eignasafnsins megi að hámarki vera 90 dagar. Meiri hlutinn leggur til breytingar á hámarkinu í þá veru að meðallíftími megi að hámarki vera 180 dagar.

Í 39. gr. er kveðið á um heimildir til fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða. Í 3. tölul. 30. gr. er mælt fyrir um heimildir verðbréfasjóðs til að fjárfesta í *öðrum verðbréfasjóðum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu* sem uppfylla tiltekin skilyrði. Í 3. tölul. 40. gr. kemur fram að verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og *annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu*. Með tilliti til samræmis er ekki rétt að í 1. mgr. 39. gr. sé vísað til þess að verðbréfasjóðum sé heimilt að fjárfesta í *öðrum verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum (sjóðasjóðum)* heldur ætti að kveða á um að verðbréfasjóðum sé heimilt að fjárfesta í *öðrum verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu* sem uppfylla þá ákvæði 3. tölul. 30. gr. Meiri hlutinn leggur þetta til. Meiri hlutinn leggur einnig til að nýrri málsgrein verði bætt við þess efnis að verðbréfasjóði eða einstakri deild hans verði óheimilt að fjárfesta meira en 50% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags. Breytingin miðar að því að tryggja meiri dreifingu á áhættu.

Gerð er tillaga um að nýrri málsgrein verði bætt við 41. gr. sem er nú 2. mgr. 28. gr. Þar er mælt fyrir um að verðbréfasjóði sé óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina og að slík lán megi ekki nema meira en sem svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans. Talið er að ákvæðið eigi betur heima í 41. gr. sem er í kafla frumvarpsins um fjárfestingarheimildir.

Í 55. gr. er ákvæði um kynningarstarfsemi en skv. 1. mgr. skal þess gætt að í kynningarefni verðbréfasjóða komi fram réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi þeirra. Fram kom við umfjöllun um málið að borið hafi á því að verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir hafi umreiknað ársávöxtun út frá ávöxtun eins mánaðar tímabils en slíka framsetningu verður að telja villtölu. Einnig er þannig komið í veg fyrir að félag reki fleiri en einn fagfjárfestasjóð. Í 14. gr. er um hæfi framkvæmdastjóra rekstrarfélags og sjóðstjóra vísað til laga um fjármálafyrirtæki sem gilda um rekstrarfélag verðbréfasjóðs. Það leikur vafi á því hvort gera megi þá kröfu til sjóðstjóra og framkvæmdastjóra félags sem er ekki fjármálafyrirtæki að þeir uppfylli í heild sinni hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki. Meiri hlutinn leggur því til breytingu á IV. kafla í þá veru að sérstök grein taki til verðbréfasjóða sem eru reknir af rekstrarfélagi og önnur grein fjalli um verðbréfasjóði í eigu annarra. Í sameiginlegu ákvæði yrði svo getið um reglur sem fagfjárfestasjóðir skulu setja sér, skýrslugjöf til Fjármálaeftirlitsins o.fl. Vegna breytingar á IV. kafla frumvarpsins leggur meiri hlutinn til nokkrar breytingar á 66. gr. til að leiðrétta tilvísanir í aðrar greinar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson og Margrét Tryggvadóttir skrifa undir nefndarálit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 24. maí 2011.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Guðlaugur Þór Þórðarson, með fyrirvara.
Valgerður Bjarnadóttir.	Björn Valur Gíslason.	Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara.
Skúli Helgason.		Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.

1611. Breytingartillögur [351. mál]

við frv. til l. um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁI, MSch, GÞÞ, VBj, BVG, SKK, SkH, MT).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „í framseljanlegum verðbréfum og öðrum eignum“ í 2. mgr. komi: í fjármálagerningum og öðrum seljanlegum eignum.
   b. Í stað orðanna „í framseljanlegum verðbréfum og öðrum lausafjáreignum“ í 3. mgr. komi: í fjármálagerningum og öðrum seljanlegum eignum.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „samkvæmt lögum þessum“ í 4. tölul. komi: skv. II.–IV. kafla laga þessara.
   b. 6. tölul. orðist svo: *Fjármálagerningur:* Fjármálagerningur samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
   c. Í stað orðsins *„Peningamarkaðsskjöl“* í 7. tölul. komi: *Peningamarkaðsgerningar*.
   d. 2. málsl. 7. tölul. orðist svo: Líftími eða endurmatstímabil arðsemi þeirra má ekki vera umfram 397 daga.
3. Í stað 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Fjármálaeftirlitið heldur skrá yfir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um viðkomandi sjóði. Skrá yfir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði skal birt opinberlega.
4. Í stað orðanna „49.–56. gr.“ í fyrri málsl. 5. gr. komi: 51. gr.
5. 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. verði 3. mgr. greinarinnar.
6. Við 18. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verði 4. málsl., svohljóðandi: Rekstrarfélag skal tryggja að þjónustuaðili hafi hæfni, getu og öll leyfi, sem krafist er samkvæmt lögum, til að inna af hendi útvistuð verkefni af áreiðanleika og fagmennsku.

b. 3. mgr. orðist svo:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um útvistun verkefna rekstrarfélaga.

7. Við 25. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef hlutdeildarskírteini er skráð á safnreikning skal viðkomandi fjármálafyrirtæki veita rekstrarfélagi upplýsingar um nöfn og kennitölur raunverulegra eigenda, nafnverð skírteina og kaupdag þeirra, hvenær sem rekstrarfélag óskar þess en þó eigi sjaldnar en mánaðarlega.

8. Við 27. gr.
   a. Við 3. málsl. 2. mgr. bætist: og hlutdeildarskírteinishöfum og tekur gildi við sendingu tilkynningar.
   b. 4. mgr. falli brott.
9. 2. mgr. 28. gr. falli brott.
10. Við 30. gr.
    a. Í stað orðanna „eftirtöldum framseljanlegum verðbréfum“ í 2. málsl. komi: eftirtöldu.
    b. Í stað orðsins „peningamarkaðsskjölum“ í 1. og 7. tölul. komi: peningamarkaðsgerningum.
    c. Í stað orðanna „einu ári“ í 2. málsl. 2. tölul. komi: 180 dögum.
    d. Í stað orðanna „samkvæmt skilgreiningu 1. tölul.“ í 5. tölul. komi: samkvæmt skilyrðum 1. tölul.
11. Við 31. gr.
    a. Í stað orðsins „peningamarkaðsskjölum“ í 1. mgr. komi: peningamarkaðsgerningum.
    b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

    Verðbréfasjóður getur óskað eftir heimild Fjármálaeftirlitsins til að eiga meira en 10% í reiðufé eða seljanlegum eignum.

12. Í stað orðsins „peningamarkaðsskjal“ í 5. mgr. 34. gr. komi: peningamarkaðsgerningur.
13. Við 35. gr. Í stað orðsins „peningamarkaðsskjölum“ í 1. tölul. 1. mgr., 4. og 5. mgr. og tvívegis í 6. mgr. komi: peningamarkaðsgerningum.
14. Við 37. gr.
    a. Í stað orðsins „peningamarkaðsskjölum“ í 2. mgr. komi: peningamarkaðsgerningum.
    b. Í stað orðanna „90 dagar“ í 3. mgr. komi: 180 dagar.
15. Við 38. gr. Í stað orðsins „peningamarkaðsskjölum“ í 1. mgr. og orðsins „peningamarkaðsskjöl“ í 3. mgr. komi: peningamarkaðsgerningum; og: peningamarkaðsgerninga.
16. Við 39. gr.
    a. Í stað orðanna „annarra verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða (sjóðasjóðir)“ í 1. mgr. komi: annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
    b. Við bætist ný málsgrein, er orðist svo:

    Verðbréfasjóði eða einstakri deild hans er óheimilt að fjárfesta meira en 50% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags.

17. Í stað orðsins „peningamarkaðsskjölum“ í 4. tölul. 40. gr. komi: peningamarkaðsgerningum.
18. Við 41. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

19. Við 55. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
Verðbréfasjóði er óheimilt að umreikna ávöxtun eins tímabils á annað lengra tímabil.
20. Við 59. gr. Í stað orðsins „peningamarkaðsskjölum“ í 3. mgr. og fimm sinnum í 4. mgr. komi: peningamarkaðsgerningum.
21. IV. kafli orðist svo:
a. (60. gr.)

Fagfjárfestasjóðir í rekstri rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Rekstrarfélögum verðbréfasjóða er heimilt að stofna sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki veita viðtöku fé frá almenningi (fagfjárfestasjóði) og gefa út hlutdeildarskírteini. Ákvæði 23.–25. gr. um hlutdeildarskírteini gilda um sjóði samkvæmt þessari grein.

Rekstrarfélag ber ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra fagfjárfestasjóða og standa einvörðungu eignir hvers sjóðs til fullnustu skuldbindingum hvers þeirra. Ákvæði þetta víkur ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags.

b. (61. gr.)

Aðrir fagfjárfestasjóðir.

Öðrum en rekstrarfélögum verðbréfasjóða er heimilt að stofna sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki veita viðtöku fé frá almenningi (fagfjárfestasjóði) og gefa út hlutabréf eða hlutdeildarskírteini. Fagfjárfestasjóð má stofna sem hlutafélag eða í öðru félagaformi. Ef sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini gilda ákvæði 23.–25. gr. eftir því sem við á.

c. (62. gr.)

Sameiginleg ákvæði.

Óheimilt er að markaðssetja eða koma fagfjárfestasjóði á framfæri við almenning.

Fagfjárfestasjóður skal tryggja að viðskiptavinir sínir uppfylli skilyrði fyrir því að farið sé með þá sem fagfjárfesta, sbr. ákvæði laga um verðbréfasjóði.

Setja skal fagfjárfestasjóði reglur og fjárfestingarstefnu sem skulu ávallt vera fjárfestum aðgengilegar. Fagfjárfestasjóður skuldbindur sig til að fylgja eftir þeirri fjárfestingarstefnu sem hann setur sér. Í reglum sjóðsins skal tilgreina eðli og ástæður mögulegra hagsmunaárekstra.

Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu um stofnun fagfjárfestasjóðs innan eins mánaðar frá stofnun hans. Samhliða tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skal senda Fjármálaeftirlitinu reglur og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um sjóðstjóra og framkvæmdastjóra. Allar síðari breytingar á framangreindu skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu tafarlaust.

Fagfjárfestasjóður skal veita upplýsingar um eignasafn sjóðsins í ársreikningi og hálfsársuppgjöri sem skal ávallt vera aðgengilegt fjárfestum.

Sjóðstjórar skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum, sbr. 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Fagfjárfestasjóðir skulu gefa Fjármálaeftirlitinu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga vegna sjóða í rekstri þeirra á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Ábyrgð rekstrarfélags eða fagfjárfestasjóðs gagnvart hlutdeildarskírteinishöfum eða hluthöfum helst óbreytt þótt þriðja aðila sé falinn hluti verkefna sem tengjast rekstri sjóðsins.

Ákvæði 19. gr. um góða viðskiptahætti og 63. gr. um eftirlit gilda um sjóði samkvæmt þessum kafla.

22. Við 66. gr.
    a. Í stað orðanna „2. málsl. 1. mgr. 60. gr.“ í 35. tölul. 1. mgr. komi: 1. mgr. 62. gr.
    b. Í stað orðanna „3. málsl. 1. mgr. 60. gr.“ í 36. tölul. 1. mgr. komi: 1. mgr. 60. gr., 61. gr. og 4. mgr. 62. gr.
    c. Í stað orðanna „2. mgr. 61. gr.“ í 37. tölul. 1. mgr. komi: 4. mgr. 62. gr.
    d. Í stað orðanna „62. gr.“ í 38. tölul. 1. mgr. komi: 6. mgr. 62. gr.
    e. Í stað orðanna „63. gr.“ í 39. tölul. 1. mgr. komi: 7. mgr. 62. gr.
    f. Í stað orðanna „67. gr.“ í 40. tölul. 1. mgr. komi: 66. gr.
23. Í stað orðanna „1. janúar 2011“ í 74. gr. komi: 1. nóvember 2011.
24. Í stað orðanna „skv. 60. gr. fyrir 1. júlí 2011“ í ákvæði til bráðabirgða I komi: skv. 60. og 61. gr. fyrir 1. desember 2011.
25. Í stað orðanna „63. gr.“ í ákvæði til bráðabirgða II komi: 62. gr.

1612. Nefndarálit [788. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Valgerði Rún Benediktsdóttur, Tómas Brynjólfsson, Þóru M. Hjaltested og Björn Rúnar Guðmundsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Arnór Sighvatsson, Þuríði Árnadóttur, Hreiðar Eiríksson, Ragnar A. Sigurðsson, Pétur Stein Pétursson og Jón Karlsson frá Seðlabanka Íslands, Vilhjálm Egilsson frá Samtökum atvinnulífsins, Vigdísi Halldórsdóttur, Unni Erlu Jónsdóttur og Brynju Maríu Ólafsdóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Björgu Jóhannesdóttur frá skilanefnd Kaupþings, Kristján Óskarsson og Heimi Haraldsson frá skilanefnd Glitnis, Pál Harðarson, Magnús Harðarson og Magnús Kristin Ásgeirsson frá Kauphöll Nasdaq OMX, Lilju Rut Kristófersdóttur og Gísla Örn Kjartansson frá Fjármálaeftirlitinu, Sigríði Elsu Kjartansdóttur frá embætti ríkissaksóknara, Rögnu Haraldsdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins, Finn Oddsson og Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði, Símon Þór Jónsson frá Deloitte, Alexander Eðvardsson frá KPMG, Hildigunni Hafsteinsdóttur og Heimi Skarphéðinsson frá Neytendasamtökunum, Gunnar Val Sveinsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Boga Bogason frá Icelandair Group og Svein Hjört Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Analytica ehf., Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Nasdaq OMX, skilanefnd Kaupþings, Landssamtökum lífeyrissjóða, Lúðvíki Júlíussyni, Neytendasamtökunum, Persónuvernd, Ríkisendurskoðun, ríkissaksóknara, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og Viðskiptaráði Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði reglur um gjaldeyrismál sem Seðlabanki Íslands hefur gefið út með samþykki efnahags- og viðskiptaráðuneytis á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, sbr. reglur um gjaldeyrismál nr. 370 frá 29. apríl 2010, sbr. og leiðbeiningar gefnar út 4. maí 2010 með viðbótum 13. ágúst og 20. september sama ár. Í frumvarpinu eru einnig lagðar til minni háttar breytingar á reglunum.

Bráðabirgðaákvæðið rennur út 31. ágúst nk. en sú dagsetning tekur mið af lengd efnahagsáætlunar Íslands í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Frumvarpið er enn fremur reist á áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta fyrir 31. desember 2015 sem ríkisstjórnin samþykkti 25. mars sl. Gjaldeyrishöftunum var komið á í kjölfar neyðarráðstafana sem íslensk stjórnvöld gripu til vegna bankahrunsins haustið 2008. Útfærslan fólst í því að innleiða tímabundnar en jafnframt víðtækar hömlur á fjármagnshreyfingar til og frá landinu með það yfirlýsta markmið að tryggja stöðugleika krónunnar vegna yfirvofandi hættu á miklu útflæði fjármagns úr íslenska hagkerfinu. Fjármagnshreyfingar milli landa merkja í skilningi frumvarpsins annars vegar yfirfærslu eða flutning á fjármunum sem á sér stað til og frá landinu og hins vegar yfirfærslu og flutning á milli innlendra og erlendra aðila. Er lagt til að þær verði að meginstefnu til bannaðar með þeim undantekningum sem fram koma í frumvarpinu.

Þegar gjaldeyrishöftin voru sett var stefnt að losun þeirra eins fljótt og því yrði við komið vegna röskunar sem þeim er samfara og alþjóðlegum skuldbindingum um frelsi í viðskiptum. Reglur um höftin og umfangsmikið eftirlit sem þeim fylgir setja athafnafrelsi manna skorður sem geta gengið nærri stjórnarskrárvörðum réttindum á sviðum sem varða atvinnufrelsi og friðhelgi eignarréttar og einkalífs. Samt sem áður eru löggjafanum og stjórnvöldum játaðar umtalsverðar heimildir til ráðstafana á sviði efnahagsmála og almennt ber mönnum saman um að höftin hafi verið sett við erfiðar aðstæður sem menn hvorki þekktu né hafa upplifað. Fram kemur í athugasemdum frumvarpsins að þeir flokkar fjármagnshreyfinga sem lagt er til að séu bannaðir taki mið af nauðsyn þess að loka öllum mögulegum leiðum sem innlendir og erlendir aðilar hafa til að loka krónustöðum sínum fyrr en ella.

Samstaða virðist vera um að stefna beri að losun hafta en menn greinir á um með hvaða hætti, hversu hratt og í hve stórum skrefum. Sumir hafa ekki dregið í efa þörfina fyrir tilvist haftanna frá upphafi en aðrir telja að aðstæður í efnahagslífinu gefi nú tilefni til þess að endurskoða áætlunina og afnema höftin löngu fyrir tímafrestinn sem gefinn er í frumvarpinu. Færð hafa verið rök fyrir því að lögfesting reglnanna tryggi þeim ákveðinn varanleika sem muni gefa röng skilaboð til erlendra fjárfesta og fjármagnsmarkaða. Þá hefur því verið haldið fram að gefnar forsendur áætlunarinnar um aflandsgengi og óstöðugar krónueignir hér á landi hafi ekki verið rannsakaðar nógu ítarlega og að greindur tímarammi veiti stjórnvöldum lítið aðhald þar sem einstakar aðgerðir hafi ekki verið tímasettar. Vegna þeirrar röskunar sem höftin hafi fyrir viðskiptalífið og athafnafrelsi einstaklinga hafa fulltrúar úr atvinnulífinu með vísan til bitrar reynslu lagt áherslu á að hraða afnámi haftanna eða skoða aðrar vægari leiðir. Hinir sömu hafa vísað til skorts á gagnsæi við framkvæmd þeirra og að ekki hafi verið gætt jafnræðis og meðalhófs, einkum við veitingu undanþága.

Á fundum nefndarinnar var mikið rætt um þörfina fyrir að lögfesta reglur um gjaldeyrishöft. Með fyrrgreindu bráðabirgðaákvæði var farin sú leið í upphafi að leggja í hendur Seðlabanka Íslands að móta reglur um höftin. Stjórnvöld hafi þá staðið frammi fyrir óþekktum aðstæðum og ekki gert sér nákvæma grein fyrir því hvernig þær skyldu útfærðar til að ná tilgangi sínum. Seðlabankinn telur nú með hliðsjón af þeim tíma sem liðinn er að dregið hafi úr þörf fyrir það víðtæka framsal valds sem bankanum var fengið til þess að breyta reglum um gjaldeyrismál. Málið varði auk þess mikla hagsmuni og eðlilegt sé á þessum tímapunkti að gefa löggjafanum tækifæri til að fjalla um reglurnar og skjóta styrkari stoðum undir framkvæmd þeirra enda þótt sá háttur verði ekki fortakslaust leiddur af lögmætisreglu stjórnarskrárinnar. Lögfestingu reglnanna sé ekki ætlað að tefja áætlun um losun gjaldeyrishafta en

þó þyki að teknu tilliti til trúverðugleika og alþjóðlegra skuldbindinga rétt að ætla verkefninu raunsæjan tímaramma þar sem óneitanlega gæti nokkurrar óvissu um framgang þess.

Í erindi efnahags- og viðskiptaráðuneytisins til nefndarinnar frá 17. maí sl. er þess óskað að nefndin leggi til breytingar á 6. gr. frumvarpsins sem ásamt undanþágum sem Seðlabankinn veitir sé ætlað að stuðla að því að lögfesting valdi ekki skorti á sveigjanleika við losun hafta í samræmi við áætlun bankans. Um tillöguna segir nánar í niðurlagi erindisins: „Seðlabankinn hefur samkvæmt 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál heimild til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri. Með ákvæði þessu er Seðlabankanum hinsvegar gert kleift, að gera ýmsar ráðstafanir í samningum við aðila, sem miða bæði að því að skilyrða þátttöku við tiltekna aðila umfram aðra, og einnig að því að kvaðabinda gjaldeyrisviðskiptin eftir því sem þörf þykir, en öll slík skilyrði og kvaðir verða einungis sett til samræmis við áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta. Til samræmis við það er gert ráð fyrir að heimildin gildi til ársloka árið 2015. Grundvallaratriðið verður, að gjaldeyrisviðskiptin leiði ekki til alvarlegs og verulegs óstöðugleika í gengis- og peningamálum. Ákvæðið er ekki efnislega bundið við ákveðinn lið í áætlun um losun hafta heldur getur það rennt stoðum undir þau viðskipti sem áætluninni tengjast.“ Meiri hlutinn áréttar að höftin eigi ekki að vara að eilífu og markmið sé að afnema þau í áföngum, því fyrr því betra.

Að höfðu samráði við efnahags- og viðskiptaráðuneytið og að fengnum ábendingum Seðlabanka Íslands og annarra umsagnaraðila leggur meiri hlutinn til og bendir á eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á lagatilvísunum í a-lið 3. gr. (13. gr. a).
2. Lagðar eru til breytingar á inngangsmálsliðum 1. og 2. mgr. b-liðar 3. gr. (13. gr. b). Tilgangur þessara breytinga er að leiðrétta misritun sem Seðlabanki Íslands telur að óbreyttu mundi leiða til efnisbreytingar frá reglum nr. 370/2010 sem ekki hafi staðið til að gera.
3. Lagðar eru til breytingar á 4. málsl. 2. mgr. b-liðar 3. gr. (13. gr. b) og 4. málsl. 3. mgr. c-liðar 3. gr. (13. gr. c). Ákvæðin varða heimild einstaklings sem er erlendur aðili til að flytja út og kaupa erlendan gjaldeyri sýni hann fram á að fjármunirnir séu andvirði slysabóta eða arfs. Til samræmis við ábendingar ráðuneytisins og að fenginni umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja er lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt til þess að taka af vafa um að erlendur aðili þurfi ekki nauðsynlega að eiga reikning hér á landi til að geta flutt út andvirði arfs eða slysabóta.
4. Lagðar eru til breytingar á lokamálslið 2. mgr. b-liðar 3. gr. (13. gr. b) og lokamálslið 3. mgr. c-liðar 3. gr. (13. gr. c) en þar eru þeim námsmönnum sem sýnt geta fram á að þeir stundi lánshæft nám erlendis, samkvæmt reglum LÍN, veittar takmarkaðar heimildir til þess að flytja út og kaupa erlendan gjaldeyri eins og um væri að ræða erlendan aðila. Ekki þykir þörf á að afmarka heimildina við lánshæft nám samkvæmt reglum LÍN heldur nægi að viðkomandi geti sýnt fram á að hann sé í námi erlendis.
5. Lagðar eru til nokkrar breytingar á d-lið 3. gr. (13. gr. d). Í ákvæðinu er m.a. fjallað um skilyrði undanþágu til kaupa á ferðamannagjaldeyri.
   a. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á orðalagi upphafsmálsliðar 1. tölul. 2. mgr. á þá leið að í stað þess að gerð sé krafa um að gjaldeyrir sé ætlaður til að „greiða kostnað“ vegna ferðalaga erlendis verði miðað við að hann sé til „notkunar“ vegna ferðalaga erlendis.
   b. Í annan stað er lögð til breyting á 3. tölul. 2. mgr. þar sem gerð er krafa um að sá sem ferðast sé raunverulegur eigandi fjármuna sem hann tekur út eða notar til kaupa á hinum erlenda gjaldeyri. Samtök fjármálafyrirtækja bentu á við meðferð málsins að

óvissa væri um hversu langt fjármálafyrirtæki ættu að ganga í rannsókn á fjármálum viðskiptavinar við mat á því hvort umrætt skilyrði væri uppfyllt. Samtökin töldu einnig vafa leika á hvort aðila væri heimilt að kaupa gjaldeyri fyrir sína nánustu. Ráðuneytið og Seðlabankinn áréttuðu hins vegar að með ákvæðinu væri ekki verið að gera ítarlegar kröfur um sönnun á því hver ætti þá fjármuni sem verslað væri fyrir heldur væri eingöngu verið að koma í veg fyrir að einn aðili geti keypt gjaldeyri út á farseðla fjölda aðila og safnað þannig upp gjaldeyri. Stjórnvöldin gerðu ekki heldur athugasemd við að bætt yrði við heimild til að kaupa eða taka út gjaldeyri fyrir maka og er breytingin því lögð til þar að lútandi.

c. Í þriðja lagi er lagt til að 1. málsl. 3. mgr. verði felldur brott en þar er fjallað um skilaskyldu á þeim hluta ferðamannagjaldeyris sem ekki er nýttur í fyrirhugaðri ferð. Er þetta lagt til í ljósi athugasemda frá fjölmörgum umsagnaraðilum og fyrirsjáanlegra erfiðleika við framkvæmd ákvæðisins. Aftur á móti þykir ekki ástæða til þess að fella skylduna niður þegar ekki verður af fyrirhugaðri ferð.

6. Lögð er til breyting á lagatilvísun í 4. mgr. n-liðar 3. gr. (13. gr. n). Tilgangur þessarar breytingar er að leiðrétta misritun sem Seðlabanki Íslands gerir grein fyrir í umsögn sinni.
7. Lagt er til að p-liður 3. gr. (13. gr. p) falli brott. Í minnisblaði ráðuneytisins til nefndarinnar þar sem brugðist er við umsögn embættis ríkissaksóknara er talið að ákvæðinu sé ofaukið með hliðsjón af 4. og 5. gr. frumvarpsins.
8. Lagt er til að við 3. gr. verði bætt nýjum p-lið (13. gr. p) þar sem fjallað verður um eyðingu upplýsinga sem Seðlabanki Íslands safnar um gjaldeyrisviðskipti á grundvelli frumvarpsins. Tillagan er sett fram í ljósi umsagnar Persónuverndar en er lítillega breytt frá því sem þar kemur fram til að mæta sjónarmiðum ráðuneytisins og Seðlabanka Íslands.
9. Lagt er til að efnahags- og viðskiptaráðherra gefi þinginu skýrslu árlega um framgang áætlunar um losun gjaldeyrishafta.
10. Lögð er til breyting á 6. gr. til samræmis við það sem að framan greinir um mikilvægi þess að lögfesting frumvarpsins valdi ekki skorti á sveigjanleika við losun haftanna í samræmi við áætlun Seðlabanka Íslands.
11. Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja var óskað eftir því að 5. mgr. g-liðar 3. gr. (13. gr. g) sem heimilar framlengingu lána milli innlendra og erlendra aðila sem tekin voru fyrir setningu hafta yrði einnig látin taka til endurfjármögnunar. Ráðuneytið og Seðlabanki Íslands styðja ekki þá tillögu vegna erfiðleika við að reisa skorður við því að innlendir aðilar auki skuldsetningu sína við erlenda aðila.
12. Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja eru ummæli í athugasemdum við j-lið 3. gr. (13. gr. j) talin stangast á, nánar tiltekið þau sem fram koma í upphafsmálslið 2. mgr. í athugasemdum með 13. gr. j annars vegar og 3. mgr. í athugasemdum við 13. gr. j hins vegar. Ráðuneytið og Seðlabanki Íslands hafa tekið undir þennan skilning og telja að um sé að ræða misritun í upphafsmálslið 2. mgr. í athugasemdum með 13. gr. j. Með réttu sé átt við að innlendum aðila sé ekki einungis heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri til að standa skil á þeim greiðslum sem um ræðir í 1. málsl. 1. mgr. j-liðar 3. gr. (13. gr. j) til erlendra aðila heldur er innlendum aðilum einnig heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri til greiðslu samningsbundinna afborgana lána í erlendum gjaldeyri hjá því innlenda fjármálafyrirtæki sem veitti viðkomandi lán, líkt og fram kemur í 3. mgr. í athugasemdum með 13. gr. j.

13. Á fundi nefndarinnar óskaði fulltrúi skilanefndar Kaupþings eftir því að gerðar yrðu tilgreindar breytingar á frumvarpinu til þess að hægt yrði að ljúka ferli slitameðferðar með nauðasamningi. Frumvarpið mundi að óbreyttu standa því í vegi að hægt yrði að efna slíkan samning. Ráðuneytið og Seðlabanki Íslands tóku fram að fylgst yrði vel með uppgjörinu þegar þar að kæmi að teknu tilliti til sjónarmiða um fjármálastöðugleika og því ekki tilefni til að fallast á beiðnina.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðanna „13. gr. i“ í a-lið 3. gr. (13. gr. a) komi: 13. gr. n.
2. Við b-lið 3. gr. (13. gr. b).
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Eftirfarandi fjármagnshreyfingar milli landa eru óheimilar.
   b. Í stað orðanna „Bann 1. mgr. nær þó ekki til“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: Allar fjármagnshreyfingar skv. 1. mgr. á milli landa í erlendum gjaldeyri eru óheimilar nema um sé að ræða.
   c. 4. málsl. 2. mgr. orðist svo: Enn fremur er heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri í eigu einstaklings sé sýnt fram á að fjármunirnir séu andvirði slysabóta eða arfs sem honum hefur tæmst við dánarbússkipti.
   d. 5. málsl. 2. mgr. orðist svo: Námsmenn sem sýnt geta fram á að þeir séu í námi erlendis teljast erlendir aðilar í skilningi þessa ákvæðis.
3. Við c-lið 3. gr. (13. gr. c).
   a. 4. málsl. 3. mgr. orðist svo: Enn fremur er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri fyrir andvirði slysabóta eða arfs sem einstaklingi hefur tæmst við dánarbússkipti.
   b. 5. málsl. 3. mgr. orðist svo: Námsmenn sem sýnt geta fram á að þeir séu í námi erlendis teljast erlendir aðilar í skilningi þessa ákvæðis.
4. Við d-lið 3. gr. (13. gr. d).
   a. Í stað orðanna „að greiða kostnað“ í 1. tölul. 2. mgr. komi: notkunar.
   b. Við 3. tölul. 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. er einstaklingi þó heimilt að kaupa gjaldeyri fyrir maka.
   c. 1. málsl. 3. mgr. falli brott.
5. Í stað orðanna „1. mgr. 13. gr. b“ í 4. mgr. n-liðar 3. gr. (13. gr. n) komi: 2. mgr. 13. gr. b.
6. Orðin „laga nr. 87/1992“ í 1. málsl. o-liðar 3. gr. (13. gr. o) falli brott.
7. P-liður 3. gr. (13. gr. p) orðist svo:

   Þegar gjaldeyrishöft eru ekki lengur til staðar, sbr. 13. gr. a, en þó eigi síðar en 1. apríl 2016, skal Seðlabanki Íslands eyða þeim upplýsingum sem aflað er á grundvelli 1., 2. og 4. mgr. 15. gr. e, 15. gr. f og 1. og 2. mgr. 15. gr. g. Það á þó ekki við um gögn er varða meint brot gegn lögum um gjaldeyrismál og upplýsingar sem liggja til grundvallar niðurstöðum rannsókna á meintum brotum.
8. Við 3. gr. bætist nýr liður, q-liður (13. gr. q), svohljóðandi:

   Efnahags- og viðskiptaráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um framgang áætlunar um afnám gjaldeyrishafta, sbr. 13. gr. a. Ákvæðið skal sæta endurskoðun í aðdraganda að gerð skýrslunnar.

9. 6. gr. orðist svo:
   Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum orðast svo:
   Fram til 31. desember 2015 getur Seðlabankinn bundið gjaldeyrisviðskipti sín skilyrðum hvað varðar innra skipulag og fjárfestingarstefnu viðskiptamanna, eignarhald og fjármögnun þeirra, lágmarkstíma á eignarhaldi hluta eða hlutabréfa útgefinna af viðskiptamönnum, ráðstöfun þeirra á gjaldeyri til nánar tilgreindra fjárfestinga og lágmarkstíma á fjárfestingu þeirra.

Alþingi, 2. júní 2011.

Helgi Hjörvar, form., frsm. Magnús Orri Schram. Þuríður Backman.

Mörður Árnason. Auður Lilja Erlingsdóttir.

1613. Svar [804. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

1. *Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?*
2. *Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?*

Samantektartafla yfir fjölda ferða starfsmanna aðalskrifstofu iðnaðarráðuneytis og forstöðumanna stofnana.*

	Fjöldi ferða			
	2007	**2008**	**2009**	**2010**
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	81	97	57	59
Byggðastofnun	5	5	2	2
Ferðamálastofa	10	10	10	6
ÍSOR	6	4	7	7
Nýsköpunarmiðstöð	3	10	4	8
Orkustofnun	4	17	8	10
Samtals	**109**	**143**	**88**	**92**

*Sjá sundurliðun ferða og erinda í töflu aftar.

Heildarkostnaður ferða með dagpeningum eftir árum og stofnunum.

	Ferðakostnaður			
	2007	**2008**	**2009**	**2010**
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	12.980.662	16.443.920	13.920.086	10.551.013
Byggðastofnun	871.643	1.154.802	542.240	359.063
Ferðamálastofa	1.183.991	1.901.002	2.177.993	1.020.103
ÍSOR	855.657	786.995	1.917.980	1.360.142
Nýsköpunarmiðstöð	640.328	2.907.391	1.231.474	2.160.500
Orkustofnun	666.412	4.835.978	2.617.053	3.731.645
Samtals	**17.198.693**	**28.030.088**	**22.406.826**	**19.182.466**

Sundurliðun ferða á ráðuneyti / stofnun, ár, tilefni og fjölda í ferð.

Ráðuneyti / Stofnun	**Ár**	**Tilefni ferða**	**Land**	**Fjöldi í ferð**
Byggðastofnun	2007	Ráðstefna á vegum Nordregio	Svíþjóð	1
Byggðastofnun	2007	Hluthafafundur í Smyril Line	Færeyjar	1
Byggðastofnun	2007	Kynnisferð með atvinnuþróunarfélögum	Danmörk	1
Byggðastofnun	2007	Fundur í Managing committee ESPON	Lúxemborg	1
Byggðastofnun	2007	ESPON ráðstefna og fundur	Portúgal	1
Byggðastofnun	2008	Ráðstefna á vegum NPP	Skotland	1
Byggðastofnun	2008	Kynnisferð	Belgía, Noregur	1
Byggðastofnun	2008	ESPON ráðstefna	Slóvenía	1
Byggðastofnun	2008	Open days, ráðstefna	Belgía	1
Byggðastofnun	2008	Ráðstefna um fjármál lítilla og meðalstórra fyrirtækja	Þýskaland	1
Byggðastofnun	2009	ESPON ráðstefna	Tékkland	1
Byggðastofnun	2009	Fundur í ESPON monitoring committee	Svíðþjóð	1
Byggðastofnun	2010	Hluhafafundur hjá Smyril Line	Færeyjar	1
Byggðastofnun	2010	Ráðstefna	Finnland	1
Ferðamálastofa	2007	Nata-fundur	Danmörk	1
Ferðamálastofa	2007	Scandinavian Tourism	Bandaríkin	1
Ferðamálastofa	2007	Nata-fundur	Danmörk	1
Ferðamálastofa	2007	EU-ferðamál	Þýskaland	1
Ferðamálastofa	2007	ETC	Belgía	1
Ferðamálastofa	2007	Heilsársferðamennska	Nýja-Sjáland	1
Ferðamálastofa	2007	Nata-fundur	Danmörk	1
Ferðamálastofa	2007	Vest-Norden	Færeyjar	1
Ferðamálastofa	2007	NTO-ráðstefna	Þýskaland	1
Ferðamálastofa	2007	Nata-fundur	Danmörk	1
Ferðamálastofa	2008	Skrifstofa Ferðamálastofu	Danmörk	1
Ferðamálastofa	2008	Skrifstofa Ferðamálastofu	Bandaríkin	1
Ferðamálastofa	2008	Kynningarátak „Iceland on the edge“	Belgía	1
Ferðamálastofa	2008	Skrifstofa Ferðamálastofu	Þýskaland	1
Ferðamálastofa	2008	Sendiráð	Bretland	1
Ferðamálastofa	2008	TUR-ráðstefna	Svíþjóð	1
Ferðamálastofa	2008	Ferðaráðstefna	Frakkland	1
Ferðamálastofa	2008	Með utanríkisráðherra	Grænland	1
Ferðamálastofa	2008	OECD	Ítalía	1
Ferðamálastofa	2008	Skrifstofa Ferðamálastofu	Bandaríkin	1
Ferðamálastofa	2009	Skrifstofa Ferðamálastofu	Þýskaland	1
Ferðamálastofa	2009	Skrifstofa Ferðamálastofu	Danmörk	1
Ferðamálastofa	2009	Nata-fundur	Danmörk	1
Ferðamálastofa	2009	Ráðstefna	Japan	1
Ferðamálastofa	2009	Nata-fundur	Danmörk	1
Ferðamálastofa	2009	Imex ráðstefna	Þýskaland	1
Ferðamálastofa	2009	Vest-Norden	Danmörk	1
Ferðamálastofa	2009	Skrifstofa Ferðamálastofu	Bandaríkin	1
Ferðamálastofa	2009	Skrifstofa Ferðamálastofu	Bandaríkin	1
Ferðamálastofa	2009	Kynningarátak í Evrópulöndum	Frakkland	1
Ferðamálastofa	2010	Ráðstefna í Mílanó	Ítalía	1

Ráðuneyti / Stofnun	Ár	Tilefni ferða	Land	Fjöldi í ferð
Ferðamálastofa	2010	Nata-fundur	Danmörk	1
Ferðamálastofa	2010	Ferðamálastj. Vestur-Norðurlanda	Noregur	1
Ferðamálastofa	2010	Ráðstefna	Belgía	1
Ferðamálastofa	2010	ETC	Holland	1
Ferðamálastofa	2010	European Tourism	Malta	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Þátttaka í 12. alþjóðlegu álráðstefnunni á vegum CRU	Bahrain	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	IEA/IPHE workshop on Building the Hydrogen Economy infrastructure	Bandaríkin	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur CSD á vegum Sameinuðu þjóðanna í höfuðstöðvum SÞ	Bandaríkin	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Heimsókn ráðherra í rannsókna- og þjónustusetur Alcoa í Pittsburg	Bandaríkin	3
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundir í vinnuhópi EFTA um orkumál	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Ferð ráðherra að heimsækja að EFTA, eftirlitsstofnun EFTA og íslenska sendiráðið	Belgía	2
Iðnaðarráðuneyti	2007	Eurostar vinnufundur NPC fulltrúa	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur vinnuhóps EFTA um orkumál og „The Opening-up of European Energy Market“ ráðstefna	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur í Ad Hoc Energy Charter Strategy Group	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Eurostars-vinnufundur og Eurostars-fundur fjármögnunaraðila	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur í vinnuhópi EFTA um orkumál	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	CIP rammaáætlun ESB-stjórnarnefnd Entreprise and Innovation Programme og EFTA WG um nýsköpun	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Eurostars Launch Event og Eurostars Advisory Group vinnufundur	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur í vinnuhópi EFTA um orkumál	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	EUMA 2007 – ráðstefna fyrir ritara	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	EFTA-seminar	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur í vinnuhópi EFTA um orkumál	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Eurostars Advisory Group vinnufundur	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur stjórnarnefndar IPHE vetnissamstarf	Brasilía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur stjórnarnefndar IPHE og flutningur á skýrslu formanns	Brasilía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur framkvæmdanefndar IPHE	Bretland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur hjá EBRD-bankanum	Bretland	2
Iðnaðarráðuneyti	2007	Norrænn embættismannafundur EK-Energi og fundur í vinnuhópi Task-forest-vedvarende energi. Fundur í sameiginlegri embættismannanefnd (EK-NER)	Danmörk, Finnland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur NPP og fundur hjá Nora	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Norrænn embættismannafundur í EK-Næring og EK-Energi	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Norrænn embættismannafundur í EK-Regional og málþingum hlutverk borga í byggðaþróun. Sameiginlegur fundur EK-REG og EK-NE	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Norænn embættismannafundur í EK-Næring	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur aðildarlanda NORA um málefni stofnunarinnar	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur í Norðurslóðaáætluninni	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Norrænn embættismannafundur EK-Næring	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Norrænn embættismannafundur EK-Energi	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Norrænn embættismannafundur EK-Næring	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Norrænn embættismannafundur EK-Energi	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Ferð með samstarfsráðherra á ráðherrafund	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	PMC-fundur í Norðurslóðaáætluninni	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Norrænn embættismannafundur EK-Regional	Eistland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Ferð ráðherra til Maníla í Filippseyjum, og Jakarta í Indónesíu	Filippseyjar, Indónesía	2
Iðnaðarráðuneyti	2007	Norrænn embættismannafundur EK-Næring	Finnland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Ferð með ráðherra vegna samstarfsráðherrafunds í Joensuu/Koli	Finnland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Norrænn embættismannafundur EK-Regional	Finnland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Norrænn embættismannafundur EK-Næring	Finnland	2
Iðnaðarráðuneyti	2007	Ráðherra- og embættismannafundur EK-Næring og EK-Energi	Finnland	3
Iðnaðarráðuneyti	2007	Ráðherrafundur MR-Næring	Finnland	2
Iðnaðarráðuneyti	2007	Málþing um alþjóðasamvinnu á vegum norrænu embættismannanefndarinnar um orkumál, EK-Energi	Finnland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur EK-Regional í Mariehamn á Álandseyjum og fundur í nefnd um endurskoðun samstarfsáætlunar um byggðamál 2009–2012	Finnland	1

Ráðuneyti / Stofnun	Ár	Tilefni ferða	Land	Fjöldi í ferð
Iðnaðarráðuneyti	2007	OECD fundur í TIP-nefnd, Technology and Innovation Policy Committee	Frakkland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Þátttaka í alþjóðlegri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál í Balí	Indónesía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	PMC-fundur í Norðurslóðaáætluninni	Írland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundir Evreka vegna NPC og HLG	Ítalía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Eureka NPC og HLG fundir	Ítalía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Eureka NPC og HLG fundir	Ítalía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Ferð ráðherra á alþjóðlega orkuþingið í Róm, 20th World Energy Congress	Ítalía	3
Iðnaðarráðuneyti	2007	8. fundur í stýrinefnd alþjóðasamstarfs um vetnisvæðingu, IPHE-SC í Róm	Ítalía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	IPHE-fundur	Ítalía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	BASREC – EC og GSEO fundir í Ríga	Lettland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	European Investment Fund/ESB fundur EFTA/EEA landanna með EIF um „financial instruments“ CIP áætlunarinnar	Lúxemborg	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Ársfundur NORA haldinn í Solvor	Noregur	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Ferð með samstarfsráðherra á Norðurlandaráðsþing	Noregur	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Sendinefnd utanríkisráðuneytis á fund í Warsjá	Pólland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur í BASREC-GSEO í Warsjá	Pólland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur í Basrec-GSEO og ráðstefna um fjármögnun orkurannsókna	Rússland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Ársfundur EBRD í Kazan	Rússland	2
Iðnaðarráðuneyti	2007	Maribor Sloveniu Evreka NPC og HLG fundir	Slóvenía	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Ráðstefna í Alicante um vörumerki haldin af OHIM	Spánn	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur í EK-Energi um evrópumál	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Fundur ráðherra ESB/EEA um samkeppnishæfni þjóða í Wurzburg	Þýskaland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Samningafundur um loftslagsbreytingar	Þýskaland	1
Iðnaðarráðuneyti	2007	Ferð ráðherra vegna opnunar skrifstofu ENEX	Þýskaland	2
Iðnaðarráðuneyti	2008	Ferð með ráðherra til Afríku til viðræðna um orkumál o.fl.	Jemen, Djíbúti, Eþíópía,	3
Iðnaðarráðuneyti	2008	Ferð m/ráðherra á WIREC 2008 ráðstefnu	Bandaríkin	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Heimsókn ráðuneytisstjóra Stjórnarráðsins til Sameinuðu þjóðanna og fundir með fastafulltrúum ýmissa ríkja	Bandaríkin	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Ráðstefna og fundir um samstarf í orkumálum	Bandaríkin	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	IPHE stýrinefndarfundur um vetnismál	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur um orkumál m/framkvæmdastjórn ESB, kynning á möguleikum jarðhitanýtingar og um orkumál m/Eftirlitsstofnun EFTA	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	EIPc-fundur og fundir með EFTA í sendiráðinu í Brussel	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	WG Enterprise fundur og EIPc-fundur	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	EIPc-fundur	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Evrópudagur ferðaþjónustunnar. Fundur í ráðgjafanefnd um ferðamál (TAC)	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur í vinnuhópi EFTA um orkumál og íbúðaleit fyrir starfsmann í Brussel vegna flutninga	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Flutningur starfsmanna IDN til Brussel vegna starfa í sendiráðinu	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur í WES tengslanetinu	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Kynning á möguleikum jarðhitanýtingar í Evrópu. Fundir um orkumál með framkvæmdastjórn ESB og með eftirlitsstofnun EFTA	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur í vinnuhópi EFTA um orkumál	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur í vinnuhópi EFTA um orkumál með framkvæmdastjórn ESB	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur fulltrúa Íslands, Skotlands, Noregs, Færeyja, Grænlands, N-Írlands, Finnlands og Evrópusambandsins um byggðamál	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Eurostars, stjórnunarnefndarfundur	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur í EUREKA NPC og stjórnarnefndarfundur í Eurostars	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur í stjórn EUREKA NPC og stjórnarnefndarfundur í Eurostars	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur um orkumál m/framkvæmdastjórn ESB, kynning á möguleikum jarðhitanýtingar og um orkumál með Eftirlitsstofnun EFTA	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Samningafundir á Írlandi/Bretlandi um skiptingu Hatton-Rockall svæðisins	Bretland, Írland	1

Ráðuneyti / Stofnun	Ár	Tilefni ferða	Land	Fjöldi í ferð
Iðnaðarráðuneyti	2008	Kynning á Drekasvæðinu á olíuleitarráðstefnu í London	Bretland	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Samninganefndafundur um skiptingu HattonRockall svæðisins	Bretland	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn embættismannafundur, EK-Næring	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn embættismannafundur, EK-Næring	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	PMC-fundur, Norðurslóðaáætlun	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	NPP 2007–2013 PMG-fundur	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	PMC-fundur, Norðurslóðaáætlun	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn embættismannafundur, EK-Næring og EK-Energi	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Vinnuhópur um sjálfbæra þróun á vegum NMR	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Vinnuhópur um sjálfbæra þróun á vegum NMR	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn embættismannafundur í EK-Energi	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur í Basrec-Gseo	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn embættismannafundur í EK-Energi	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur stýrihóps um leiðandi rannsóknir (NRM)	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Viðræður við erlend tryggingarfélög vegna greiðslufalls trygginga íslenskra fyrirtækja	Danmörk, Noregur	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn embættismannafundur í EK-Regional	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur í starfshópi vegna norrænu nýsköpunarverðlaunanna	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur v. útboðs á rannsóknar- og vinnsluleyfum á Drekasvæðinu	Færeyjar	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur um loftslagsmál á vegum Sameinuðu þjóðanna	Ghana	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Ráðstefna um olíuleit í Reykjavík. Starfsmaður í sendiráðinu í Brussel	Ísland	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Opinber heimsókn ráðherra og forseta Íslands	Katar	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur í BASREC-GSEO	Lettland	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur vegna samkeppnis- og nýsköpunaráætlunar ESB(CIP)	Noregur	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur um olíuleit og Jan Mayen samkomulagið	Noregur	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Alþjóðleg ráðstefna um orku- og auðlindahagfræði	Noregur	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Loftlagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna	Pólland	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	EUREKA NPC og HLG fundir	Portúgal	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	IPHE stýrinefndarfundur um vetnismál	Rússland	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Ráðstefna, Alliance with users – eGovernment	Slóvenía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Ráðherrafundur ESB/Efta (orkumál)	Slóvenía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	EUREKA NPC og HLG fundir	Slóvenía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	EUREKA NPC og HLG fundir	Slóvenía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	EUREKA NPC, HLG og MC fundir	Slóvenía	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fræðslu- og kynnisferð, ferða- og byggðamál, endurnýjanlegir orkugjafar o.fl.	Skotland	17
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur vegna Norðurslóðaáætlunar 2007–2012	Skotland	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur vegna Norðurslóðaáætlunar, eftirlitsráð (PMC)	Skotland	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænir embættismannafundir í EK-Regional og EK-Næring	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn embættismannafundur EK-Næring	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Ráðstefna og fundur í vinnuhópnum KreaNord	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn ráðherrafundur MR-Næring	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur í vinnuhópi um sjálfbæra þróun á vegum NRM	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn embættismannafundur í EK-Energi og EK-Næring	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn embættismannafundur í EK-Energi og í vinnuhópi um endurnýjanlega orku (AGFE)	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur EK-Energi og í vinnuhópi um endurnýjanlega orku (AGFE)	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn ráðherrafundur MR-Næring	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur stýrihóps um leiðandi rannsóknir (NRM)	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur stýrihóps um leiðandi rannsóknir (NRM)	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn ráðherrafundur MR-Næring	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn embættismannafundur í EK-Regional	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn embættismannafundur í EK-Regional og stýrihóps um vinnslu samstarfsáætlunar um byggðamál 2009–2012	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn embættismannafundur EK-Regional v. formennsku Íslands	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Ráðherrafundur MR-Næring og EK-Regional	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Norrænn embættismannafundur EK-Regional og með fulltrúum Svíþjóðar vegna formennsku Íslands	Svíþjóð	1

Ráðuneyti / Stofnun	Ár	Tilefni ferða	Land	Fjöldi í ferð
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur um loftslagsmál á vegum Sameinuðu þjóðanna, upphaf samninga um losunarheimildir 2013–2020	Taíland	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Ráðstefna um alþjóðlega stofnun (IRENA) um endurnýjanlega orku	Þýskaland	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	EUMA ritararáðstefna	Þýskaland	1
Iðnaðarráðuneyti	2008	Fundur um loftslagsmál á vegum Sameinuðu þjóðanna	Þýskaland	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Vestnorden ferðakaupstefna í Kaupmannahöfn. Fundur í Washington	Bandaríkin, Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Loftslagsmál, fundur samninganefndar Íslands með ESB um viðskiptakerfið ETS	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Fundur í vinnuhópi EFTA um orkumál í Brussel	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Norrænn embættismannafundur EK-Regional og fundur með fulltrúum DG-Regio og ESPON	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Fundur í ráðgjafanefnd ESB um ferðamál (Advisory Committee on Turism)	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Sérfræðistörf hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Fundur í WES-tengslaneti	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Enterprise WG-fundur	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	IPHE stýrihópur fundur í Brussel (Vistvænir orkugjafar)	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Fundur með ESA um ríkisábyrgðir vegna orkufyrirtækja	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Enterprise Policy Group fundur á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í Brussel	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Stjórnarnefndarfundur í Euro stars, Brussel	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	EFTA working group on Enterprise Policy fundur og EIPC-fundur	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Fundur með Eftirlitsstofnun EFTA og fulltrúum fjármálaráðuneytisins	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	EIP Financila Instruments Workshop	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	EIPC-fundur í Brussel	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Ráðstefna um olíuleit. Kynning á tilboði á Drekasvæði. Fundur með Statoil Hydro	Bretland	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Fundur í London með olíumálayfirvöldum	Bretland	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Norrænn embættismannafundur EK-Næring	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Fundur í Basrec – GSEO og fundur í EK-E	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Ráðherrafundur í Basrec	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Fundur stjórnar PMG Norðurslóðaáætlunarinnar	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Norrænn embættismannafundur EK-Energi og EK-Næring	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Norrænn embættismannafundur EK-Regional	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Orkumálaráðstefna í Kaupmannahöfn	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Vestnorden ferðakaupstefna í Kaupmannahöfn	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Vinnufundur nýsköpun og atvinnumál, EK-N, EK-E, EK-E semínar	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Fundur vegna KreaNord og PMG ráðstefna í Malmö	Danmörk, Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Fundur hjá norrænu ráðherranefndinni í Kaupmannahöfn, stuðningsverkefni við sprotafyrirtæki tengd heilsugeiranum (EK-N, EK-S)	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Loftslagsfundur í Kaupmannahöfn	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Ráðherrafundur í Umeå í Svíþjóð og Women's Forum í Deauvill í Frakklandi	Frakkland, Svíþjóð	2
Iðnaðarráðuneyti	2009	INTERREG IIIB Northern Periphery PMC og NPP 2007-2013 PMC-fundur	Færeyjar	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Starfsmaður ráðuneytisins í Brussel á fundum í Reykjavík	Ísland	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Eco-Innovation national Info Day 2009 í Osló	Noregur	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Fundur í Osló um Jan Mayen samkomulagið	Noregur	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	„Kick off workshop“ Norrænar orkurannsóknir	Noregur	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Norrænn embættismannafundur í EK-Regional	Noregur	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Ræðumaður á Petroleum Tax Conference í Osló	Noregur	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Eftirfylgni á formennskuverkefni IDN í norræna orkusamstarfinu (EK-E)	Noregur	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Eureka fundir Sines NPC og HLG	Portúgal	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Eureka NPC- og HLG-fundir á Asóreyjum	Portúgal	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Eureka fundur í Lissabon, HLC/MC-fundir	Portúgal	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Fundur um loftslagsmál í Barcelona	Spánn	1

Ráðuneyti / Stofnun	Ár	Tilefni ferða	Land	Fjöldi í ferð
Iðnaðarráðuneyti	2009	Óformlegur orkumálaráðherrafundur ESB í Åre í Svíþjóð	Svíþjóð	3
Iðnaðarráðuneyti	2009	Ráðherrafundur og Norðurlandaráðsþing	Svíþjóð	2
Iðnaðarráðuneyti	2009	Norrænn embættismannafundur í EK-Regional og með stjórn Nordregio	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Fundur um loftslagsmál í Bangkok	Taíland	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	ITB ferðakaupstefnan í Berlín	Þýskaland	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Side Event fundur í Bonn um loftslagsmál	Þýskaland	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Side Event fundur í Bonn um loftslagsmál	Þýskaland	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Loftslagsfundur sameinuðu þjóðanna í Bonn	Þýskaland	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Loftslagsmálafundur í Bonn	Þýskaland	1
Iðnaðarráðuneyti	2009	Eureka fundur í Dresden	Þýskaland	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Fundur IPHE í Washington og viðræður við sérfræðinga í endur-nýjanlegum orkugjöfum	Bandaríkin	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Fundur stjórnarnefndar IPHE í Essen	Bandaríkin	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Fundur ráðherra vegna ferðamála	Belgía	2
Iðnaðarráðuneyti	2010	EFTA samstarfsfundur og fundir vegna samkeppnis- og nýsköpunaráætlunar	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	WG Enterprise EFTA. Samkeppnis og nýsköpunaráætlun	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Fundur vegna ferðamála í Brussel	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Fundur með EFTA (ESA) og fjármálarnáðuneyti um tilkynningu um ríkisaðstoð við fjárfestingarsamning ríkisins við Verne gagnaver	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	EFTA-fundur um orkumál	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Fundur með eftirlitsnefnd EFTA og framkvæmdanefnd EFTA	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Fundur í vinnuhópi EFTA um orkumál	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Óformlegur ráðherrafundur ESB um samkeppnishæfni	Belgía	2
Iðnaðarráðuneyti	2010	Fundur í WES-tengslanetinu	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Eurostars stjórnunarnefndarfundur	Belgía	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Ráðstefna um olíumál, kynning á útboði, viðræður við olíufélög	Bretland	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Námstefna á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og fundur í EK-Næring	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn ráðherrafundur MR-NER	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn embættismannafundur í EK-Næring	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Opnun hönnunarsýningar í Kaupmannahöfn	Danmörk	2
Iðnaðarráðuneyti	2010	KreaNord ráðstefna á vegum norrænu ráðherranefndarinnar	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn embættismannafundur í EK-Energi	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn embættismannafundur EK-Næring	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn embættismannafundur EK-Energi	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn ráðherrafundur MR-Næring og MR-Energi	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn ráðherrafundur EK-Energi	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn embættismannafundur, EK-E fundur og ráðstefna	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn embættismannafundur, EK-E fundur	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Fundur vegna Inspired by Iceland	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn embættismannanefndarfundur	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Embættismannanefndafundur og Nata-fundur	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Fundur ráðherra vegna ferðamála	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn ráðherrafundur atvinnu-, orku- og byggðamálaráðherra	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn embættismannafundur í EK-Regional	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn embættismannafundur í EK-Regional	Danmörk	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Ráðstefna á vegum vinnuhóps um orkunýtingu og orkusparnað	Finnland	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn embættismannafundur í EK-Næring	Grænland	2
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn embættismannafundur í EK-Energi	Grænland	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Starfsmaður ráðuneytisins í Brussel á fundum í Reykjavík	Ísland	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Starfsmaður ráðuneytisins í Brussel á fundum í Reykjavík	Ísland	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Orkumálaráðherra ráðstefna í Delí	Indland	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Heimsþing Alþjóðaorkumálaráðsins	Kanada	2
Iðnaðarráðuneyti	2010	EXPO heimssýningin í Kína	Kína	2
Iðnaðarráðuneyti	2010	Lokun EXPO og viðskiptaviðræður við kínversk stjórnvöld	Kína	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Innovation-ráðstefna á vegum Nice. Ráðherra ræðumaður	Noregur	4
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn embættismannafundur í EK-Energi	Noregur	1

Ráðuneyti / Stofnun	Ár	Tilefni ferða	Land	Fjöldi í ferð
Iðnaðarráðuneyti	2010	Fundur IDN, FJR, RSK og OS með fulltrúum norskra yfirvalda um fyrirhugað útboð á Drekasvæðinu	Noregur	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Óformlegur fundur orkumálaráðherra ESB	Spánn	2
Iðnaðarráðuneyti	2010	NPP-fundur	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Norrænn embættismannafundur í EK-Regional	Svíþjóð	1
Iðnaðarráðuneyti	2010	Fundir/málþing í Frankfurt vegna Inspired by Iceland	Þýskaland	1
ÍSOR	2007	Engine-fundur í Postdam/GFZ	Þýskaland	1
ÍSOR	2007	Fundur BRGM/CFG	Frakkland	1
ÍSOR	2007	Fundur umsókn ESB	Þýskaland	1
ÍSOR	2007	Samningur v. Norsk Hydro	Noregur	1
ÍSOR	2007	Ítalía ráðstefna evrópuverk I-GET	Ítalía	1
ÍSOR	2007	Noregur verkskil Statoil Hydro	Noregur	1
ÍSOR	2008	Erindi um jarðhita á kynningarfundi á vegum IVR	Belgía	1
ÍSOR	2008	Fundur evrópskra jarðfræðinga/viðræður um samstarf um hafsbotns-rannsóknir	Írland	1
ÍSOR	2008	Fundur með Statoil-Hydro um þjónustu ÍSOR	Noregur	1
ÍSOR	2008	Fundur með Statoil Hydro/fundur með forstöðumönnum jarðfræði-stofnana við Norður-Atlantshaf	Noregur, Danmörk	1
ÍSOR	2009	Jarðhitaráðstefna/Jacobsens	Noregur	1
ÍSOR	2009	Fundur Hilmholtz Germainschaft	Þýskaland	1
ÍSOR	2009	Fundir IPGT/Stanford GW	Bandaríkin	1
ÍSOR	2009	Fundur rannsóknarsj. ESB	Þýskaland	1
ÍSOR	2009	Fundur EERA um jarðhitamál	Holland	1
ÍSOR	2009	Fundur EERA og CEGL	Belgía, Ítalía	1
ÍSOR	2009	Fundur í stjórnarn. IPGT	Bandaríkin	1
ÍSOR	2010	Fundur/ráðstefna GEISER	Þýskaland	1
ÍSOR	2010	WGC 2010 ráðstefna á Balí	Indónesía	1
ÍSOR	2010	Aðalfundur EGEC, Brussel	Belgía	1
ÍSOR	2010	Fundur um hydrorift-verkefnið	Frakkland	1
ÍSOR	2010	Fundur með forstjóra SPT	Svíþjóð	1
ÍSOR	2010	EERA-fundur	Holland	1
ÍSOR	2010	Samstarfsverkefni við CNRS	Frakkland	1
Nýsköpunarmiðstöð	2007	Fundur hjá NBS, samtök byggingarannsóknamiðstöðva á Norður-löndum	Danmörk	1
Nýsköpunarmiðstöð	2007	Fundur forsætisráðherra og borgarstjóra Rómar. Ráðstefnan Global Energy	Ítalía	1
Nýsköpunarmiðstöð	2007	Norræn ráðstefna um nýsköpun	Finnland	1
Nýsköpunarmiðstöð	2007	Annual Conference hjá Europe Network	Frakkland	1
Nýsköpunarmiðstöð	2007	Fundir með US Energy og DoE í Washington. Fyrirlestur á SCC steypuþingi í Chicago. Heimsókn í MIT	Bandaríkin	1
Nýsköpunarmiðstöð	2007	Erindi á World Renevable Energy Conference. Nefndarfundur í Ali Sayigh Prize	Skotland	1
Nýsköpunarmiðstöð	2007	Erindi og stjórnun á WHEC heimsráðstefnunni. Fundur í IPHE framkvæmdanefndinni	Ástralía	1
Nýsköpunarmiðstöð	2007	Keynote erindi á Via Nordica ráðstefnunni	Finnland	1
Nýsköpunarmiðstöð	2007	Inte. Franchis sýning og ráðstefna	Bandaríkin	1
Nýsköpunarmiðstöð	2008	Fundur um Intelligent Energy Europe	Danmörk	1
Nýsköpunarmiðstöð	2008	Ferð með iðnaðarráðherra á fund í Capitol Hill, Washington DC. Erindi á ráðstefnunni WIREC með ráðherra. Rætt við aðstandendur Fablab í MIT Boston	Bandaríkin	1
Nýsköpunarmiðstöð	2008	Viðræður við prófessor P. Edwards í Oxford um efnafræði jarðhita og hugsanleg verkefni	Bretland	1
Nýsköpunarmiðstöð	2008	Fyrirlestur á orkuráðstefnu í Essen. Fundir vegna Energy Europe í Odense á næsta ári	Þýskaland	1
Nýsköpunarmiðstöð	2008	Fundað með Department of Energy sem fulltrúi Íslands í IPHE	Bandaríkin	1
Nýsköpunarmiðstöð	2008	Viðræður við Nord Innovation og kynning á ljósveiðum	Noregur	1
Nýsköpunarmiðstöð	2008	Heimsókn í Heniot-háskóla, í Spathclyde-orkusetur og í stjórnarráð skosku stjórnarinnar	Skotland	1
Nýsköpunarmiðstöð	2008	Fundur með V. Sake, ESCAGlobol, hafrannsóknastofnun Noregs. Fundur með Innovat Norge	Noregur	1

Ráðuneyti / Stofnun	Ár	Tilefni ferða	Land	Fjöldi í ferð
Nýsköpunarmiðstöð	2008	Fundir í sendiráði Íslands í Brussel með Dow Corning vegna silíkonefna	Belgía	1
Nýsköpunarmiðstöð	2009	Fundur í háskólanum í Leeds varðandi mælitækni á sviði gæðalofts	Bretland	1
Nýsköpunarmiðstöð	2009	Fundur með ritstjórum New Scientist Magazine í London. World Renewable Energy Network í Dubaí	Bretland, Dubaí	1
Nýsköpunarmiðstöð	2009	Heimsókn til DTU, þátttaka í fundi hjá erhvervs- og byggestyrelse f. ráðuneyti og NMÍ	Danmörk	1
Nýsköpunarmiðstöð	2009	Stjórn IPHE Essen, fundarstjórn í WHEC ráðstefnu í Essen	Þýskaland	1
Nýsköpunarmiðstöð	2009	Fundur dómnefndar GLOPAL, fundir með nýsköpunarmiðstöð Lálands, á Risø og RUC	Rússland, Danmörk	1
Nýsköpunarmiðstöð	2009	Erindi á Íslandsdegi í tengslum við borgarstjórn Mílanó og utanríkisráðuneytið. Fundir um nýsköpun	Ítalía	1
Nýsköpunarmiðstöð	2009	Ritstjórnarfundur Comprehensive Renewable Energy Oxford, undirbúningsfundur fyrir World Reneuable Energy Network tveggja ára ráðstefna í september ÞIS stýrir geo-hópi	Bretland	1
Orkustofnun	2007	Stjórnarfundur RENREN, ERRELECTRIC ráðstefna og tveir fundir	Belgía	1
Orkustofnun	2007	Erindi haldið á málstofu um íslensk-frönsk orkumál í franska öldungadeildarþinginu	Frakkland	1
Orkustofnun	2007	Fundur norrænna orkumálastjóra	Svíþjóð	1
Orkustofnun	2007	Forseta Íslands fylgt á fund þingnefndar bandaríska þingsins	Bandaríkin	1
Orkustofnun	2008	Ráðstefna um jarðhita í tilefni af Viku Evrópusambandsins	Belgía	1
Orkustofnun	2008	WIREC-ráðstefna og fundur sóttur með IHA	Bandaríkin	1
Orkustofnun	2008	Fundarstjóri á ráðstefnu IFC. Andmælandi við doktorsvörn í Padova á Ítalíu	Danmök	1
Orkustofnun	2008	Erindi á vinnufundi Annex49, Low Energy Systems og á vinnufundi CosteXergy í Þýskalandi	Austurríki	1
Orkustofnun	2008	Erindi fyrir ræðismenn í íslenska sendiráðinu	Svíþjóð	1
Orkustofnun	2008	Hugarflugsfundur varðandi orkumál í heiminum i boði INNER Ideas	Portúgal	1
Orkustofnun	2008	Erindi á ráðstefnunni Nordic Symposium on Buildings Physics	Danmörk	1
Orkustofnun	2008	IHA - Sustainability Forum. Nefndarstörf.	Bandaríkin	1
Orkustofnun	2008	Erindi flutt á World Renewable Energy Congress X and Exhibition	Bretland	1
Orkustofnun	2008	Erindi flutt á „2008 Conference of Arctic Parliamentarians“	Bandaríkin	1
Orkustofnun	2008	Fundur norrænna orkumálastjóra á Fjóni	Danmörk	1
Orkustofnun	2008	Fyrirlestur hjá African Union í Addis Ababa á vegum utanríkisþjónustunnar. IHA – Sustainability Forum. Nefndarstörf í Zambíu	Etíopía	1
Orkustofnun	2008	Flutt erindi í Minewater08 Conference. International conference on geothermal use of minewater	Holland	1
Orkustofnun	2008	Ferð með forsætisráðherra á ráðstefnuna FT-WEC. Setið sem sérfræðingur í orkumálum og setið fyrir svörum á blaðamannafundum	Bretland	1
Orkustofnun	2008	Þátttaka í ráðstefnunni „From Bali to Copenhagen: Developing the right toolbox to fight climate change in a globalised economy“	Noregur	1
Orkustofnun	2008	WEC Executive Assembly 2008, árlegt þing framkvæmdastjórnar WEC	Mexíkó	1
Orkustofnun	2008	Erindi flutt á „Der Geothermiekongress 2008 und Messe GEOEnergy“	Þýskaland	1
Orkustofnun	2009	Fundur sóttur í stjórnarnefnd IPGT. Fundur haldinn með Ed Wall frá orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna	Bandaríkin	1
Orkustofnun	2009	Hydropower Sustainability Assessment Forum. Fyrirlesari við COST Action C24 Energy í Stokkhólmi	Tyrkland	1
Orkustofnun	2009	Erindi haldið á ráðstefnu „The Icelandic Economy and Outlook“	Bandaríkin	1
Orkustofnun	2009	COST Meeting og IEA low energy. Erindi flutt 22. apríl á „LowEx Conference on The Future for Sustainable Energy Systems“	Belgía	1
Orkustofnun	2009	Erindi flutt á Arctic Exploration and Development for oil and gas	Bretland	1
Orkustofnun	2009	Ráðstefna í Reno, IPGT-fundur	Bandaríkin	1
Orkustofnun	2009	Kynning á olíuleit við Ísland fyrir olíufyrirtækjum sem eru með skrifstofur í Houston og Austin í Texas	Bandaríkin	1
Orkustofnun	2009	Fyrirlestur haldinn á ráðstefnunni „Energy Efficiency 2009“ í Vilníus	Litháen	1
Orkustofnun	2010	Opinber sendinefnd ásamt forseta Íslands. Viðræður á sviði olíu/orkuöflunar og nýtingar	Indland	1
Orkustofnun	2010	Erindi flutt og pallsborðsumræður um orkumál á RETEC10. Viðtöl við blaðamenn	Bandaríkin	1

Ráðuneyti / Stofnun	Ár	Tilefni ferða	Land	Fjöldi í ferð
Orkustofnun	2010	World Geothermal Congress 2010. Erindi flutt um lög og reglugerðir vegna jarðhita á Íslandi	Indónesía	1
Orkustofnun	2010	World Energy Congress í Montreal	Kanada	1
Orkustofnun	2010	Þátttaka í DIREC ráðstefnu haldin í Nýju Delí, með iðnaðarráðherra	Indland	1
Orkustofnun	2010	Fundur orkumálastjóra Norðurlanda í Longyearbyen á Svalbarða	Noregur	1
Orkustofnun	2010	Fundur á vegum norrænu ráðherranefndarinnar, tveir fyrirlestrar	Bandaríkin	1
Orkustofnun	2010	Ferð með Aðalsteini Óskarssyni vegna þátttöku Vestfjarða í RENREN-verkefni um nýtingu sjálfbærra orkugjafa, fundir og heimsókn í sólar-vindorkuver	Spánn	1
Orkustofnun	2010	Fundur um jarðhitamál með utanríkisráðherra hjá Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó í samvinnu við utanríkisráðuneytið. Fundur hjá Háskóla Sameinuðu þjóðanna	Japan	1
Orkustofnun	2010	Fyrsti fundur um ERANET-umsókn. Orkustofnun mun sækja um svokallað Eranet-verkefni í samstarfi við systurstofnanir sínar í Þýskalandi, Hollandi, Frakklandi og Ítalíu m.fl. Undirbúningsfundur	Holland	1

1614. Nefndarálit [708. og 709. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum l. vegna fullgildingar Árósasamningsins og frv. til l. um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málin og fengið á sinn fund Sigríði Auði Arnardóttur og Kristínu Rannveigu Snorradóttur frá umhverfisráðuneytinu, Kristínu Haraldsdóttur frá Auðlindaréttarstofnun Háskólans í Reykjavík, Hjalta Steinþórsson, forstöðumann úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, Árna Finnsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Björgólf Thorsteinsson frá Landvernd, Pétur Reimarsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá Samtökum atvinnulífsins, Friðrik Friðriksson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Þorstein Víglundsson frá Samáli, Hörpu Þórunni Pétursdóttur og Guðna A. Jóhannesson frá Orkustofnun, Stefán Thors og Ernu Hrönn Geirsdóttur frá Skipulagsstofnun, Trausta Baldursson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Svanfríði D. Karlsdóttur frá Umhverfisstofnun, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gústaf A. Skúlason frá Samorku, Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd og Bryndísi Skúladóttur og Jóhannes Gíslason frá samtökum íslenskra líftæknifyrirtækja. Þá átti nefndin símafund með Þresti Eysteinssyni hjá Skógrækt ríkisins.

Umsagnir um málin bárust frá Félagi umhverfisfræðinga á Íslandi, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Landgræðslu ríkisins, Landmælingum Íslands, Landvernd, Mannvirkjastofnun, Matvælastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samorku, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Landvernd, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum verslunar og þjónustu, Samáli, Samtökum fiskvinnslustöðva, Landssamtökum fiskeldisstöðva, Samtökum íslenskra líftæknifyrirtækja, Skipulagsstofnun, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun, úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, Úrvinnslusjóði og Veðurstofu Íslands.

709. mál – úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (heildarlög).

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót ný og sjálfstæð úrskurðarnefnd sem fái heitið úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Er frumvarpið unnið samhliða frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins (708. mál, þskj. 1227). Í því frumvarpi er að finna ýmsar breytingar á lögum sem eiga að tryggja að íslensk löggjöf samræmist Árósasamningnum. Snerta lagabreytingarnar einkum 2., 4. og 5. mgr. 9. gr. Árósasamningsins en í þeim ákvæðum er gerð krafa um að almenningur sem málið varðar og á nægjanlegra hagsmuna að gæta eigi aðgang að endurskoðunarleið fyrir dómstólum eða öðrum óháðum og hlutlausum aðila um ákvarðanir, aðgerðir eða aðgerðaleysi stjórnvalda vegna framkvæmda sem tilgreindar eru í I. viðauka við samninginn eða kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið.

Í frumvarpinu er lagt til að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála taki við hlutverki úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sem starfar samkvæmt skipulagslögum, nr. 123/2010, og úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarna sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Báðar nefndirnar eru lagðar niður samkvæmt frumvarpinu.

Skipan og störf úrskurðarnefndarinnar.

Nefndin fjallaði nokkuð um skipan nýju úrskurðarnefndarinnar. Var í umsögnum bent á það að starfssvið úrskurðarnefndarinnar yrði mjög vítt og fjölbreytt og því talið æskilegt að við skipan hennar yrði litið til sem flestra sviða. Meiri hlutinn leggur til að skipan úrskurðarnefndarinnar verði breytt á þann hátt að Hæstiréttur tilnefni alla aðra nefndarmenn en formann og varaformann, í stað þess að sérstakir trúnaðarmenn tveggja annarra ráðherra en umhverfisráðherra eigi þar sæti við hlið nefndarmanna sem Hæstiréttur tilnefnir og formanns sem ráðinn er eftir auglýsingu. Þar sem varaformaður gegnir einnig stöðu staðgengils forstöðumanns úrskurðarnefndarinnar telur meiri hlutinn nauðsynlegt að hann hafi sömu stöðu og formaður, þ.e. að hann sé ráðherraskipaður. Að mati meiri hlutans styrkir það stöðu hans ef til þess kemur að hann leysi forstöðumann af sem formaður úrskurðarnefndarinnar. Einnig leggur meiri hlutinn til breytingar á ákvæðum um sérþekkingu nefndarmanna til að gera hana víðfeðmari. Leggur meiri hlutinn m.a. til að í stað kröfu um sérþekkingu eins úrskurðarnefndarmanna á sviði „fiskifræði og/eða veiðimála“, sem er nokkuð þröngt svið, komi sérþekking á „vistfræði og lífríki þurrlendis, ferskvatns og sjávar“. Meiri hlutinn bendir jafnframt á að úrskurðarnefndin hefur samkvæmt frumvarpinu heimild til að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn við úrskurð einstakra mála. Er það skoðun meiri hlutans að með þessum breytingum sé stuðlað að því að úrskurðarnefndin verði sjálfstæð og skilvirk í störfum sínum.

Almenn málskotsaðild (actio popularis).

Nefndin fjallaði mjög um kæruaðild og málsmeðferð. Samkvæmt íslenskri dómaframkvæmd gildir hér á landi ólögfest meginregla um að sá sem höfðar dómsmál verði sjálfur að hafa lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr þeim kröfum sem hann gerir þar, og hefur þetta einnig verið talið eiga við um stjórnsýslukærur (sjá m.a. Ólaf Jóhannesson: „Málskot til æðra stjórnvalds.“ Tímarit lögfræðinga 3. h., september 1953, 139–40). Í frumvarpinu er sú breyting gerð að felld er úr gildi krafa um lögvarða hagsmuni kæranda í ákveðnum málum. Kærandi þarf þannig ekki að sýna fram á lögvarða hagsmuni ef um er að ræða ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda, sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum og

endurskoðun matsskýrslu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, ákvarðanir um að veita leyfi til framkvæmda sem eru matsskyldar skv. III. kafla laga um mat á umhverfisáhrifum eða ákvarðanir um að veita leyfi samkvæmt lögum um erfðabreyttar lífverur til sleppingar eða dreifingar erfðabreyttra lífvera. Tillögunni mætti raunar lýsa svo að í þessum tilteknu málum teljist almenningur hafa lögvarða umhverfishagsmuni í anda Árósasamningsins. Í nokkrum umsögnum komu fram efasemdir um ákvæði 4. gr. frumvarpsins um almenna kæruaðild. Var gagnrýnt að í þeim efnum væri gengið lengra í frumvarpinu en gert er ráð fyrir að lágmarki í Árósasamningnum, og meðal annars vísað til þess að þessi skipan, almenn málskotsaðild eða *actio popularis* á alþjóðamáli lögfræðinnar, væri aðeins við lýði í Portúgal en skemur gengið annars staðar í aðildarríkjum samningsins. Með lögfestingu þessarar reglu í hinum ákveðnu tilvikum skapaðist hætta á að kærum fjölgaði úr hófi fram, kærur yrðu erfiðari umfjöllunar þar sem hver einstaklingur gæti stílað kæru eftir sínu höfði og kærendur kynnu jafnvel að freista þess að „stífla“ úrskurðarnefndina með fjölda kærumála til að tefja framkvæmdir. Þá opnaði þessi skipan leið fyrir erlenda aðila til að kæra leyfisákvarðanir á Íslandi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Meiri hlutinn telur almenna kæruaðild í þessum tilvikum eðlilega skipan hérlendis. Veldur þar annars vegar að á Íslandi er samfélag fáliðans þar sem þau gildi standa djúpum rótum að virða beri viðhorf og sjónarmið hvers einstaklings, en hins vegar að ekki er um að ræða aðra sambærilega kosti sem styðjist við sérstaka hefð í réttarfari eða stjórnsýslu. Meiri hlutinn bendir á að helsti kostur annar en almenn kæruaðild er að binda aðild við umhverfis- og náttúruverndarfélög, sbr. lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Má þó vænta þess að í slíkri skipan gæti sá alla jafna kært sem það vildi, með því að fá slíkt kærumál samþykkt í samtökum sem ættu kæruaðild eða með því að safna liði og stofna sérstök samtök til að leggja fram kæru. Í þessu sambandi er athyglisvert að kærum í málum vegna mats á umhverfisáhrifum fækkaði ekki eftir að kæruaðild var þrengd í þetta far árið 2005 með breytingum á lögum nr. 106/2000, en áður hafði almenn kæruaðild verið við lýði. Þessi breyting var raunar umdeild. Telur meiri hlutinn eðlilegra og hreinlegra að skipa þessum málum með almennri kæruaðild en að fara samtakaleiðina.

Erfitt er að spá um það hver þróun kærufjölda yrði samkvæmt einstökum færum leiðum í þessu efni. Bent skal á að sú spá í athugasemdum með frumvarpinu að fyrst í stað kynni kærum að fjölga um 30% miðast annars vegar við það að kæruaðild verði almennari en nú er en hins vegar að kærur sem nú er fjallað um í iðnaðarráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti færist til nýju úrskurðarnefndarinnar. Í frumvarpinu eru gerðar ráðstafanir til að bæta málsmeðferð frá því sem nú viðgengst í úrskurðarnefndunum tveimur sem lagðar yrðu niður, meðal annars með fjölgun nefndarmanna og þeirri heimild til handa úrskurðarnefndinni að alla jafna fjalli þrír nefndarmenn af sjö um hvert mál, fimm aðeins í viðamiklum eða fordæmisgefandi málum, en nefndin geti einnig falið formanni einum að úrskurða í einföldum málum þar sem ekki teljast miklir hagsmunir vera í húfi. Þá eru í frumvarpinu ákvæði um sérstök eyðublöð sem ættu að auðvelda úrskurðarnefndinni leiðbeiningarhlutverk sitt og stuðla að samræmdri framsetningu kæranna. Meiri hlutinn minnir á reglugerðarheimildir 8. gr. um málsmeðferð og leggur til breytingartillögu við 4. gr. um að úrskurðarnefndin hafi skýra lagaheimild til að sameina samkynja kærur til að flýta umfjöllun mála og koma í veg fyrir „stíflu“. Í því sambandi má vísa til reynslu Skipulagsstofnunar af athugasemdum við umhverfismatsskýrslur þar sem kærufjöldi hefur ekki reynst tefja mál hafi þær verið efnislega skyldar. Ýmsir viðmælendur nefndarinnar töldu raunar að fjöldi kærenda skipti ekki mestu máli um hraðann við meðferð máls heldur sjálf kæruefnin.

Viðmælendur töldu ekki heldur ástæðu til að óttast kærur frá erlendum aðilum sem gætu jafnvel auðgað umfjöllun máls, en í því sambandi minnir meiri hlutinn á að kæruskjal skal vera á íslensku eins og önnur gögn í stjórnsýslunni.

Þegar hugað er að hugsanlegum töfum vegna kærumála verður að líta til ákvæða 5. gr. frumvarpsins, um stöðvun framkvæmda, þar sem segir að kæra til úrskurðarnefndar fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar sem kærð er. Fallist úrskurðarnefndin á kröfu kæranda um bráðabirgðastöðvun skuli málið hins vegar sæta flýtimeðferð. Framkvæmdartöf af völdum tilefnislítillar kæru eða sýndarmáls er því afar ósennileg.

Nefndin ræddi nokkuð um skipan þessara mála í öðrum aðildarlöndum Árósasamningsins og kynnti sér meðal annars skýrslu sem skrifuð var fyrir framkvæmdastjóra Evrópusambandsins í umhverfismálum árið 2007 um aðgang almennings í ESB-ríkjum (þá 25) að réttlátri málsmeðferð og virkum úrræðum skv. 9. gr. Árósasamningsins (e. Inventory of EU Member States' measures on access to justice in environmental matters, sjá: http://ec.europa.eu/environment/aarhus/study_access.htm). Í skýrslunni kemur fram að skipan mála er ólík í aðildarríkjunum og ræðst mjög af hefðum í hverju ríki um sig (sjá kafla 2.1). Almenn málskotsheimild, actio popularis, um tiltekin mál í tengslum við Árósasamninginn er eins og áður segir við lýði í Portúgal. Að auki segja skýrsluhöfundar að í Stóra-Bretlandi, á Írlandi og í Lettlandi gildi í reynd actio popularis vegna afar almennrar túlkunar á hagsmunaaðild. Á Spáni, í Eistlandi og í Slóveníu sé almenn málskotsheimild eða almenn hagsmunatúlkun einnig í gildi á mikilvægum sviðum umhverfisréttar. Rúm túlkun hagsmuna sem „sameiginlegra“ eða „dreifðra“ jafngildi að verulegu leyti almennri málskotsheimild í Hollandi, í Litháen, á Ítalíu og í Grikklandi. Í hinum ríkjunum er málum svo skipað með öðrum hætti. Svíþjóð er ekki talin meðal þeirra ríkja þar sem skipan mála þykir jafnast á við actio popularis, en í Svíþjóðarkafla skýrslunnar segir þó að hagsmunir einstaklinga njóti víðtækrar skilgreiningar. Nokkuð þykir hins vegar þrengt þar að félagasamtökum. Í Danmörku hafa samtök góða möguleika á kæruaðild en skilgreining á hagsmunum einstaklinga virðist á hinn bóginn nokkuð þröng. Meiri hlutinn telur ljóst af lestri skýrslunnar að samanburður milli ríkja um þetta er óárennilegur nema í breiðu samhengi og með tilliti til lagaumhverfis og hefða í réttarkerfi og stjórnsýslu hvers ríkis. Meiri hlutinn bendir þó á að skýrsluhöfundar telja að actio popularis eða sambærileg skipan efli verulega almannarétt í umhverfismálum samkvæmt Árósasamningnum (sjá texta og töflu í lok 3. kafla).

Við umfjöllun nefndarinnar var á það bent að í bréfi réttarfarsnefndar til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 17. september 2001, um lagabreytingar vegna Árósasamningsins, kemur fram að hún vill fara varlega við að breyta út af hinni óstaðfestu réttarreglu hérlendis um að kærandi í einkamáli hafi lögvarða hagsmuni. Nefndin ákvað að kalla fulltrúa réttarfarsnefndar á fund til að fara yfir bréfið frá 2001 og athuga hvort þau sjónarmið sem þar koma fram ættu enn við. Á þeim fundi var farið yfir vinnu við málið undanfarinn áratug í tengslum við ábendingar réttarfarsnefndar. Fram kom að með frumvarpi til laga um úrskurðarnefndina séu lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem fullgilding Árósasamningsins kallar eftir. Að auki stæði nú til að fara stjórnsýsluleið að markmiðum 9. gr. Árósasamningsins en ekki dómstólaleið. Andinn í bréfi réttarfarsnefndar frá 2001 hafi því skilað sér ágætlega í þau frumvörp sem um ræðir. Ákvæðin í frumvarpinu um actio popularis séu skýr og gildissvið þeirra vel afmarkað. Ekki sé verið að breyta hinum almennu réttarfarsreglum og þær taki því við þar sem þessum frumvörpum sleppir.

Meiri hlutinn bendir á að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 231/2002 staðfesti dómstóllinn að í skjóli meginreglu fyrri málsliðar 60. gr. stjórnarskrárinnar nýtur sá sem aðild hefur átt að

máli fyrir stjórnvaldi almennt réttar til að bera undir dómstóla hvort farið hafi verið að lögum við meðferð þess og úrlausn. Það er því ljóst að ef kærandi er ósáttur við úrskurð úrskurðarnefndarinnar getur hann borið undir dómstóla hvort formsreglum hafi verið fylgt í öllu við úrskurð úrskurðarnefndar og getur þá krafist ógildingar úrskurðarins ef hann telur að svo hafi ekki verið. Hann getur hins vegar ekki krafist þess að ákvörðun ráðherra um að veita tiltekið framkvæmdarleyfi verði felld úr gildi. Almenn kæruaðild fyrir úrskurðarnefndinni leiðir þannig ekki til aðildarréttar fyrir almennum dómstóli ef frá eru talin mál um formsreglur.

Meiri hlutinn telur að þessu samanlögðu ekki ástæðu til að breyta ákvæðum frumvarpsins um almenna kæruaðild. Á sama hátt og val milli stjórnsýsluleiðar og dómstólaleiðar er val milli aðildarkostanna einfaldlega pólitísk ákvörðun sem hvert Árósaríki um sig tekur á eigin forsendum, fellir að laga- og stjórnsýsluskipan sinni og mótar í samræmi við þær áherslur sem ráðandi eru í stjórnmálum á hverjum tíma. Meiri hlutinn leggur áherslu á að þannig sé búið að úrskurðarnefndinni að hún geti veitt almenningi og framkvæmdaraðilum úrskurð fljótt og vel. Meiri hlutinn vekur í þessu sambandi athygli á að hagkvæmast er fyrir alla aðila að útkljá álitaefni og deilumál sem fyrst við ákvörðunartöku sem snertir umhverfismál og framkvæmdir sem þau snerta og telur að sem allra opnust leið almennings til þátttöku í ákvörðunarferlinu stuðli að því.

Málarekstur í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Í umsögnum og máli gesta komu fram áhyggjur af því hversu mikinn tíma málarekstur tekur í núverandi úrskurðarnefndum, einkum úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Var mjög spurt um það hvers mætti vænta í því efni af hinni nýju úrskurðarnefnd. Eins og áður er rakið telur meiri hlutinn að með ýmsum hætti sé stuðlað að því í frumvarpinu að nýja úrskurðarnefndin geti starfað hratt og vel, en leggur áherslu á að áður en hún tekur til starfa verði gerð gangskör að því að ljúka málsmeðferð í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og meðal annars hugað að sérstakri fjárveitingu í því skyni.

Erfðabreyttar lífverur.

Fram kom í nokkrum umsögnum að almenn kæruaðild ætti ekki við í c-lið 3. mgr. 4. gr. um ákvarðanir um leyfi samkvæmt lögum um erfðabreyttar lífverur. Engar sönnur hafi verið færðar á að slepping eða dreifing erfðabreyttra lífvera innan marka þeirra laga gæti valdið tjóni og væri íþyngjandi fyrir fyrirtæki á þessu sviði að búa við almenna kæruaðild umfram annan atvinnurekstur. Meiri hlutinn tekur ekki undir þessi sjónarmið og minnir á varúðarreglu Ríó-yfirlýsingarinnar. Slepping og dreifing erfðabreyttra lífvera í náttúrunni er afar umdeilt mál bæði hér og erlendis, einnig meðal vísindamanna. Þessi álitaefni tengjast ýmsum almennum hagsmunum sem ekki teljast lögvarðir í hefðbundnum skilningi, svo sem í tengslum við ímynd Íslands sem ferðamannalands og stöðu íslenskra matvælaframleiðenda á erlendum mörkuðum, en varða einnig rétt almennings til verndar umhverfi sínu sem Árósasamningnum er einkum ætlað að tryggja.

Við umfjöllun nefndarinnar komu fram athugasemdir um að í c-lið 3. mgr. 4. gr. væri sérstaklega tekið fram að ekki þurfi að sýna fram á lögvarða hagsmuni ef um er að ræða ákvörðun um markaðssetningu á erfðabreyttum lífverum eða vörum sem innihalda þær. Meiri hlutinn tekur undir þær athugasemdir og leggur því til að sá hluti ákvæðisins verði felldur brott.

Málskostnaður.

Nefndin fjallaði um málskostnað og þá sérstaklega í tengslum við 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Meginreglan verður samkvæmt frumvarpinu sú að aðilar geta fengið leyst úr kærum fyrir nefndinni án þess að greiða sérstakan málskostnað. Í 5. mgr. 4. gr. er hins vegar kveðið á um að heimilt sé að úrskurða kæranda til að greiða málskostnað þegar kæra er bersýnilega tilefnislaus eða höfð uppi í þeim tilgangi að tefja fyrir framkvæmd. Meiri hlutinn telur slíkt ákvæði óþarft og í ósamræmi við meginreglu Árósasamningsins, en gerir tillögur til breytingar á frumvarpinu til þess að greiða fyrir afgreiðslu mála, t.d. um lagaheimild til að sameina samkynja mál. Leggur meiri hlutinn því til að ákvæðið verði fellt brott enda slíkt ákvæði ekki að finna í öðrum lögum um úrskurðarnefndir á stjórnsýslustigi.

708. mál – fullgilding Árósasamningsins (breyting á ýmsum lögum).

Í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins, 708. máli, eru helstu breytingarnar þær að allar stjórnvaldsákvarðanir um veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum sæta kæru til hinnar nýju úrskurðarnefndar sem stofna á samkvæmt frumvarpi til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, 709. máli, þskj. 1227.

Lagt er til að ákvæðum laga sem fela ráðherra að taka áðurnefndar ákvarðanir verði breytt og leyfisveitingarvaldið fært til viðeigandi undirstofnana. Að auki eru lagðar til ákveðnar breytingar sem ekki tengjast ákvæðum Árósasamningsins með beinum hætti en rétt þykir að gera til að tryggja samræmi í stjórnsýslu þeirra málaflokka sem frumvarpið snertir.

Í umsögnum um málið voru ekki gerðar miklar athugasemdir við frumvarpið. Þó gerði Orkustofnun athugasemd við það að í III. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir að ákvarðanir Orkustofnunar um veitingu, endurskoðun og afturköllun rannsóknar- eða nýtingarleyfa samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sæti kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Meiri hlutinn tekur ekki undir þessa athugasemd þar sem viðkomandi framkvæmdir geta í ákveðnum tilvikum valdið ýmsum varanlegum umhverfisáhrifum.

Í skipulagslögum, nr. 123/2010, er Skipulagsstofnun falið það hlutverk að staðfesta svæðis- og aðalskipulagstillögur í stað umhverfisráðherra. Stofnunin hefur þannig sama hlutverk og ráðherra varðandi yfirferð skipulagstillagna og staðfestingu þeirra. Meiri hlutinn telur því að ákvæði 22. gr. frumvarpsins eigi einnig að ná yfir ákvarðanir sem lúta að ákvörðunum um staðfestingu stofnunarinnar og leggur því til breytingar á ákvæðinu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvörpin verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan, auk málfars- og lagatæknilegra breytinga, og lagðar eru til í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 1. júní 2011.

Mörður Árnason, form., frsm.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Álfheiður Ingadóttir.
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.	Skúli Helgason.	Birgitta Jónsdóttir.

1615. Breytingartillögur [708. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

1. Í stað orðanna „verða kærðar“ í a-lið 1. gr., tvívegis í 2. gr., 1. efnismgr. 4. gr., 1. efnismgr. 11. gr., 1. efnismgr. 13. gr., 2. efnismgr. 15. gr., b-lið 16. gr., b-lið 25. gr. og tvívegis í 26. gr. komi: sæta kæru.
2. Í stað orðanna „verða kærðar“ í 2. efnismgr. 4. gr., 2. efnismgr. 8. gr., 2. efnismgr. 11. gr. og 2. efnismgr. 13. gr. komi: má kæra.
3. Í stað orðanna „Heimilt er að kæra ákvarðanir Umhverfisstofnunar skv. 38. og 41. gr.“ í 1. efnismgr. 15. gr. komi: Ákvarðanir Umhverfisstofnunar skv. 38. og 41. gr. sæta kæru.
4. Í stað orðanna „Heimilt er að kæra ákvarðanir Umhverfisstofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfis skv. 3. gr.“ í 17. gr. komi: Ákvarðanir Umhverfisstofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfis skv. 3. gr. sæta kæru.
5. Á undan orðinu „ráðherra“ í 22. gr. komi: Skipulagsstofnun og.
6. Í stað orðanna „má kæra“ í a-lið 27. gr. komi: sæta kæru.
7. Í stað orðanna „eru kæranlegar“ í a-lið 29. gr. og 32. gr. komi: sæta kæru.
8. Í stað orðanna „Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt lögum þessum“ í 30. gr. komi: Stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt lögum þessum sæta kæru.
9. Í stað orðanna „Rísi ágreiningur um ákvarðanir heilbrigðisnefndar er heimilt að vísa málinu“ í 33. gr. komi: Ákvarðanir heilbrigðisnefndar sæta kæru.

1616. Breytingartillögur [709. mál]

við frv. til l. um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. málsl. komi: Umhverfisráðherra.
   b. Við 4. málsl. bætist: og skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og formaður.
   c. 5. málsl. orðist svo: Ráðherra skipar hann að tilnefningu formanns til sama tíma og formann, eða til starfsloka hans beri þau að höndum áður en skipunartíma varaformanns lýkur.
   d. Í stað 6. og 7. málsl. kemur einn nýr málsliður er orðist svo: Aðrir nefndarmenn eru skipaðir til fjögurra ára í senn og skulu þeir tilnefndir af Hæstarétti.
   e. Í stað orðanna „og einn á sviði umhverfismála“ í 9. málsl. komi: einn á sviði umhverfismála, einn á sviði jarðvísinda, orkumála og jarðrænna auðlinda, og einn á sviði vistfræði og lífríkis þurrlendis, ferskvatns og sjávar.
   f. 11. og 12. málsl. falli brott.

2. Við 3. gr.
   a. Orðið „hennar“ í 3. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðsins „aðila“ í 4. mgr. komi: menn.
3. Við 4. gr.
   a. Orðin „eða markaðssetningar á erfðabreyttum lífverum eða vörum sem innihalda þær“ í c-lið 3. mgr. falli brott.
   b. Í stað lokamálsliðar 4. mgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Nefndinni er heimilt að sameina mál þegar kærur eru samkynja. Stjórnvöldum ber að veita nefndinni aðgang að gögnum og upplýsingum sem hún kann að óska í tengslum við úrlausn máls.
   c. 5. mgr. falli brott.
4. Við 5. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Sé um að ræða ákvörðun sem ekki felur í sér heimild til framkvæmda getur úrskurðarnefndin með sömu skilmálum frestað réttaráhrifum hennar komi fram krafa um það af hálfu kæranda.
5. Orðin „sem fela í sér efnislega niðurstöðu“ í 6. gr. falli brott.
6. Á eftir orðinu „mál“ í 2. mgr. 8. gr. komi: og úrskurða um mál með einföldum og skilvirkum hætti með vísan til fyrri fordæma.
7. Í stað orðanna „óbreyttum starfskjörum“ í ákvæði til bráðabirgða I komi: starfskjörum samkvæmt úrskurði kjararáðs.

1617. Nefndarálit [788. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Í nóvember 2008 voru fjármagnshöft innleidd sem hluti af efnahagsáætlun AGS til að stöðva gengishrun krónunnar og tryggja gengisstöðugleika. Gengi krónunnar hafði þá fallið um rúm 80% og ljóst að fjöldi fyrirtækja og heimila með gengistryggð og verðtryggð lán mundu lenda í vanskilum. Hlutfall erlendrar vöru í vísitölu neysluverðs hefur verið um 35% og koma gengisbreytingar því fljótt fram í verðlagi og í kjölfarið í kjörum verðtryggðra lána. Starfshópur sem forseti ASÍ stýrði í lok árs 2008 komst að þeirri niðurstöðu að ekki ætti að afnema verðtrygginguna til að forða skuldsettum heimilum frá gríðarlegri hækkun verðtryggðra lána vegna neikvæðra áhrifa á m.a. eignir lífeyrissjóðanna (sjá t.d. http://www.velferdarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4063). Með öðrum orðum, meðvituð ákvörðun var tekin um að láta lántaka alfarið taka á sig verðbólguskotið sem hækkað hefur höfuðstól verðtryggðra lána um þriðjung frá 1. janúar 2008. Stýrivextir voru hækkaðir í október 2008 úr 12% í 18% í örvæntingarfullri tilraun til að styðja við gengi krónunnar. Vaxtahækkunin tryggði ekki gengisstöðuguleika og reyndist mjög íþyngjandi fyrir íslensk fyrirtæki og heimili.

Í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 var talin hætta á hjarðhegðun meðal erlendra eigenda krónueigna sem mundu flestir reyna á sama tíma að skipta krónueignum sínum yfir í erlendan gjaldeyri. Seðlabanki Íslands fékk því í nóvember 2008 tímabundna lagalega heimild til að

setja reglur um gjaldeyrismál eða fjármagnshreyfingar sem efnahags- og viðskiptaráðherra þurfti fyrst að samþykkja til að þær öðluðust gildi. Reglurnar áttu aðeins að vera tímbundin ráðstöfun sem afnema átti um leið og tekist hefði að byggja traust á krónunni með lántöku frá AGS og „vinaþjóðum“ til að byggja upp gjaldeyrisvarasjóð. Vaxtakostnaður af gjaldeyrissjóðnum, sem mun nema tæpum 600 milljörðum kr., verður um 16 milljarðar kr. á ári (2,7% vextir). Í október 2009 var létt á fjármagnshöftunum með því að leyfa frjálst flæði fjármagns sem notað er til fjárfestinga innan lands.

Nú hefur efnahags- og viðskiptaráðherra lagt fram frumvarp til að lögfesta reglur Seðlabanka Íslands um fjármagnshreyfingar út úr hagkerfinu. Ástæðan sem gefin er fyrir nauðsyn þess að innleiða reglur um gjaldeyrismál í lög er að gjaldeyrishöftin verða lengur til staðar en ætlað var í upphafi. Í frumvarpinu eru fjármagnshöftin kölluð gjaldeyrishöft jafnvel þótt þau nái ekki til vöru- og þjónustuviðskipta milli landa. Þess má jafnframt geta að engar takmarkanir hafa verið á greiðslu vaxta og arðs út úr hagkerfinu þar sem slíkar greiðslur flokkast ekki sem fjármagnsviðskipti. Fjármagnshreyfingar milli landa eru skilgreindar í frumvarpinu sem annars vegar yfirfærsla eða flutningur á fjármunum sem á sér stað til og frá landinu og hins vegar yfirfærsla og flutningur á milli innlendra og erlendra aðila.

Kostir og gallar ólíkra hafta.

Kosturinn við gjaldeyrishöft er að hægt er að tryggja meiri gengisstöðugleika og samkeppnishæft gengi gjaldmiðilsins á sama tíma og verðbólgu er haldið í skefjum. Auk þess gera höftin mögulegt að hafa vaxtastigið lægra til að örva vöxt raunhagkerfisins og tryggja þannig hraða endurreisn efnahagslífsins eftir bankahrun. Hagvaxtaráhrifin af lægra vaxtastigi og meiri stöðugleika en ella eru talin af mörgum vega upp viðskiptakostnaðinn sem fellur á atvinnulífið vegna gjaldeyrishafta. Áhersla AGS og peningastefnunefndar á aðhaldssama peningastjórn eða háa stýrivexti allt frá því að höftin voru innleidd hefur því miður dregið verulega úr ávinningi af þeim fyrir íslenskt efnahagslíf.

Gallinn við gjaldeyrishöft er fyrst og fremst neikvæð viðbrögð á alþjóðalánamörkuðum. Reynslan sýnir hins vegar að neikvæðu viðbrögðin rista ekki djúpt og lánshæfismatið hækkar fljótlega aftur eða þegar gengisstöðugleiki hefur náðst. Annar galli gjaldeyrishafta er tekjuaukinn sem of lágt gengi gjaldmiðils býr til hjá útflutningsfyrirtækjum en hann getur valdið verulegum verðbólguþrýstingi. Draga má úr verðbólguþrýstingi með því að skattleggja þann hluta tekjuaukans sem er umfram jafnvægisgengi gjaldmiðilsins.

Hagfræðingar eru ekki sammála um hvort sé skilvirkara gjaldeyrishöft í formi reglna eða skattlagningar á t.d. útstreymi fjármagns. Með því að innleiða gjaldeyrishöft í formi reglna getur Seðlabankinn haft meiri stjórn á magninu sem kemur inn á gjaldeyrisskiptamarkaðinn. Þessu eru öfugt farið með gjaldeyrishöft í formi skattlagningar en þá hefur skatturinn áhrif á hvaða verð er greitt fyrir gjaldmiðilinn. Reynslan sýnir að lönd sem neyðast til að takmarka útstreymi fjármagns eftir bankahrun grípa yfirleitt fyrst til boða og banna til að takmarka það magn sem fjármagnseigendur geta komið úr landi. Jafnframt er algengt að hefja afnám gjaldeyrishafta í formi reglna með því að skipta yfir í skattlagningu. Skattinn er síðan hægt að lækka með því að fjárfesta til lengri tíma í atvinnulífinu áður en fjármagnið er losað út úr hagkerfinu. Gjaldeyrishöft í formi skattlagningar eru vinsæl þar sem erfiðara er fyrir stjórnmálamenn að hafa afskipti af þeim með laga- og reglugerðarbreytingum. Auk þess leikur markaðurinn stærra hlutverk við verðmyndun þegar lagður er skattur á fjármagnshreyfingar. Gjaldeyrishöft í formi reglna sem takmarka magn gjaldmiðilsins á gjaldeyrismörkuðum dregur hins vegar mun meira úr hættunni á gengishruni.

Uppboðsmarkaður.

Áætlun Seðlabanka Íslands um afnám gjaldeyrishafta frá mars á þessu ári er í megindráttum tvískipt. Í fyrri áfanga verður tekið á vanda sem skapast hefur vegna svokallaðra aflandskróna sem talið er að nemi um 465 milljörðum kr. Í síðari áfanga áætlunarinnar er ætlunin að losa um höft á aðrar krónueignir. Leysa á aflandskrónuvandann með uppboðsmarkaði fyrir gjaldeyri þar sem takmarkað magn er boðið fram hverju sinni. Uppboðsmarkaðurinn fer þannig fram að Seðlabankinn býður fyrst upp gjaldeyri til eigenda aflandskróna. Þessar aflandskrónur verða að því loknu boðnar í útboði til eigenda erlends gjaldeyris sem hafa áhuga á að fjárfesta til lengri tíma í ríkisskuldabréfum eða íslensku atvinnulífi.

Kosturinn við uppboðsmarkað fyrir gjaldeyri er að hann gefur til kynna í gegnum verðið hversu mikill þrýstingur er í raun og veru á krónuna vegna aflandskrónuvandans. Slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að geta metið hversu hratt er hægt að aflétta höftunum án þess að til umtalsverðrar gengislækkunar komi. Annar kostur þess að vera með uppboðsmarkað sem Seðlabankinn hefur eftirlit með er að forsendan fyrir hinum svokallaða gráa markaði eða aflandsmarkaði með krónur verður ekki lengur til staðar en hann hefur verið ógagnsær og torveldað upplýsingaöflun um aflandskrónuvandann. Þriðji kosturinn við uppboðsmarkað er að Seðlabankinn getur lagt skatt/gjald á fjárhæð þeirra krónueigna sem höfð eru viðskipti með á markaðinum til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Seðlabankinn getur jafnframt aukið framboð af ódýru fjármagni til atvinnulífsins með því að lækka skattinn hafi fjármagnið verið notað til fjárfestinga í ákveðinn tíma áður en til útstreymis kom.

Vandamálið við útfærslu Seðlabankans á uppboðsmarkaðinum er að krónumagnið sem viðskiptaaðilar mega eiga viðskipti með (um 15 milljarðar kr.) er of takmarkað til að eðlilegt markaðsverð myndist. Auk þess liggur ekki fyrir tímasett áætlun um hversu mikið magn verður boðið upp hverju sinni þar til aflandskrónuvandinn er leystur. Bankinn telur nauðsynlegt að takmarka magnið til að draga úr hættu á óstöðugleika í lausafjárstöðu bankanna og á skuldabréfamarkaði þegar innstæðueigendur og skuldabréfaeigendur taka út eða selja eignir sínar. Öllum er frjálst að bjóða í 15 milljarðana og ættu tilboðin að gefa nokkuð góða mynd af þrýstingnum á krónuna, þ.e. hversu mikið magn eigendur aflandskróna vilja losa út úr hagkerfinu. Áætlunin um afnám gjaldeyrishafta virðist fyrst og fremst ganga út á að takmarka magn aflandskróna sem fara á uppboðsmarkað í stað þess að reyna að hafa áhrif á magnið til lækkunar með nógu háum skatti/gjaldi. Eftir að fjármagnshöftin voru innleidd í nóvember 2008 fór gengi aflandskróna lægst í 50% af hinu skráða gengi krónunnar. Skattur/gjald sem næmi mismuninum á skráðu gengi og aflandskrónugenginu mundi draga verulega úr magninu sem kæmi inn á markaðinn.

Of margar krónur í umferð.

Magntakmarkanir Seðlabankans á uppboðsmarkaði og í formi reglna á útstreymi fjármagns sem nú á að innleiða í lög fram til loka árs 2015 benda til þess að bankinn telji afar erfitt að afnema höftin án þess að gengi krónunnar lækki umtalsvert. Ástæðan er sú að alltof mikið af krónum er í umferð, krónum sem búnar voru til með lánveitingum til kaupa á bólueignum. Lánveitingarnar voru fjármagnaðar með útgáfu innlendra verðbréfa sem ekki hafa lækkað í verði þrátt fyrir að eignirnar sem áttu að standa undir lánveitingunum/verðbréfunum hafi hrunið í verði (hlutabréf) eða lækkað (fasteignaverð). Í umferð eru því verðbréf og innstæður sem urðu til í bóluhagkerfi sem sprakk án þess að verðmæti þeirra hafi minnkað. Þessum eignum á m.a. að umbreyta í erlendan gjaldeyri á uppboðsmarkaði og allar líkur eru á gengishrapi nema þær fari mjög hægt og með miklum afföllum út úr hagkerfinu. Annað

gengishrun mun þurrka upp eignir mörg þúsund heimila og fyrirtækja sem eru með verðtryggð lán og óverðtryggðar tekjur.

Allar líkur eru á að þrýstingurinn á gengi krónunnar verði of mikill til að hægt verði að aflétta fjármagnshöftunum á næstunni vegna þess ójafnvægis sem ríkir á milli virðis innlendra eigna og innlendra skuldbindinga. Fjárfestingartækifæri skortir í íslensku atvinnulífinu vegna tregðu stjórnvalda og banka að leiðrétta skuldbindingar fyrirtækja og heimila. Við slíkar aðstæður eru fá arðbær fjárfestingartækifæri fyrir t.d. lífeyrissjóðina sem þurfa að fjárfesta á hverju ári 120–150 milljarða kr. Raunávöxtun íslenskra lífeyrissjóða hefur verið lægri en almennt gerist innan OECD frá hruni. Vonast er til að lífeyrissjóðirnir noti uppboðsmarkaðinn til að umbreyta erlendum eignum sínum í innlendar. Gangi þetta eftir mun fjárfestingarþörf sjóðanna innan lands aukast og enn erfiðara verður fyrir lífeyrissjóðina að ná 3,5% raunávöxtun á allar eignir sínar sem er há ávöxtunarkrafa í alþjóðlegu samhengi. Lífeyrissjóðirnir munu því í vaxandi mæli þrýsta á stjórnvöld að leyfa þeim að fjárfesta erlendis til að ná viðunandi raunávöxtun og mun sá þrýstingur bætast við aflandskrónuvandann. Reynist illmögulegt að draga verulega úr höftunum á næstunni vegna of mikils þrýstings á gengi krónunnar verða stjórnvöld að skoða hvort ekki sé nauðsynlegt að taka upp nýjan íslenskan gjaldmiðil með mismunandi skiptigengi til að leiðrétta ójafnvægið sem varnar eðlilegum markaðsviðskiptum með krónuna. Leiðrétting á ójafnvæginu milli virðis innlendra eigna og skuldbindinga mun gera upptöku annars gjaldmiðils auðveldari sé það á annað borð pólitískt mögulegt.

Sveigjanleiki mikilvægur.

Mikilvægt er að Seðlabankinn geti brugðist hratt við öllum breytingum sem verða á gjaldeyrismörkuðum núna þegar fyrir liggur að hefja á afnám fjármagnshaftanna. Auk þess eru þeir sem vilja sniðganga höftin fljótir að finna leiðir í kringum þau. Seðlabankinn þarf að geta verið sveigjanlegur í afskiptum sínum af útstreymi fjármagns til að geta brugðist við síbreytilegum aðstæðum á gjaldeyrismarkaði. Seðlabankinn hefur fram til þessa þurft að bregðast við glufum í reglum um gjaldeyrishöft og hættan á glufumyndun mun aukast þegar farið verður í afnám hafta. Það er því ekki hægt að samþykkja lögleiðingu reglna sem takmarka fjármagnsútstreymi jafnvel þótt maður sé sammála nauðsyn hafta á útstreymi fjármagns eins og aflandskróna. Alþingi hefur í lögum um Seðlabanka Íslands skilgreint markmið peningastefnunnar og stjórntæki bankans sem eru m.a. vaxtaákvarðanir, ákvörðun bindiskyldu og viðskipti á gjaldeyrismarkaði. Í lögunum er sjálfstæðum seðlabanka falin framkvæmd peningastefnunnar. Það samrýmist því ekki núverandi lögum um Seðlabanka Íslands að innleiða framkvæmd fjármagnshafta í lög. Lögleiðing reglna um fjármagnshreyfingar út úr hagkerfinu skerðir sjálfstæði Seðlabankans, dregur úr sveigjanleika við afnám haftanna og eykur hættuna á óeðlilegum afskiptum stjórnmálamanna af framkvæmd hennar.

Alþingi, 2. júní 2011.

Lilja Mósesdóttir.

1618. Svar [771. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um kostnað við jöfnun raforkuverðs.

1. *Hvað mundi kosta að niðurgreiða rafhitun til íbúðarhúsnæðis á köldum svæðum þannig að kostnaður yrði sambærilegur meðalhúshitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis á veitusvæði:*
   a. Orkuveitu Reykjavíkur,
   b. þeirrar hitaveitu sem er dýrust?

a. Samkvæmt lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, er heimilt að niðurgreiða allt að 40.000 kWst/ári hjá hverjum notenda. Upphæð niðurgreiðslna er háð fjárveitingum hvers árs. Árið 2011 er gert ráð fyrir 1.045 millj. kr. til niðurgreiðslna vegna húshitunarkostnaðar á köldum svæðum.

Samkvæmt útreikningum Orkustofnunar þyrfti rúmlega 1.080 millj. kr. til viðbótar til að niðurgreiða rafhitun á köldum svæðum þannig að kostnaður við húshitun yrði sambærilegur meðalhúshitunarkostnaði á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur.

Heildarkostnaður yrði því um 2.127 millj. kr., sem er nálægt tvöföldun frá því sem nú er.

b. Samkvæmt útreikningum Orkustofnunar þyrfti um 290 millj. kr. til viðbótar þeim 1.045 millj. kr. sem nú er varið til niðurgreiðslna á rafhitun á köldum svæðum þannig að kostnaður yrði sambærilegur meðalhúshitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis á veitusvæði þeirrar hitaveitu sem er dýrust.

Heildarkostnaður niðurgreiðslna miðað við dýrustu hitaveitu yrði því um 1.335 millj. kr.

2. *Hvað mundi kosta að niðurgreiða dreifingu raforku í dreifbýli þannig að kostnaður notenda yrði sambærilegur við kostnað notenda á dýrasta þéttbýlissvæðinu?*

Á fjárlögum fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir 245 millj. kr. til niðurgreiðslna á dreifingu raforku í dreifbýli. Samkvæmt útreikningum Orkustofnunar þyrfti um 682 millj. kr. til viðbótar þeirri upphæð svo kostnaður notenda í dreifbýli yrði sambærilegur við kostnað notenda á dýrasta þéttbýlissvæðinu.

Heildarkostnaður við að niðurgreiða dreifingu raforku í dreifbýli þannig að kostnaður notenda verði sambærilegur við kostnað notenda á dýrasta þéttbýlissvæðinu yrði því 927 millj. kr.

1619. Fyrirspurn [870. mál]

til innanríkisráðherra um endurupptöku mála.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hvaða efnisleg rök lágu því til grundvallar að í einu tilviki af 32 á árabilinu 2000–2010 var vikið frá þeirri meginreglu að þrír dómarar við Hæstarétt taki afstöðu til endurupptöku máls og allir níu dómarar fjölluðu um beiðnina, sbr. svar á þskj. 1361?

2. Hvað leið langur tími frá því að Hæstarétti barst beiðni um endurupptöku, í hverju tilviki í nefndum 32 tilvikum, þar til viðkomandi beiðni hafði verið afgreidd?

Skriflegt svar óskast.

1620. Svar [688. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um Íbúðalánasjóð og sérfræðiaðstoð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Í hverju fólst sú sérfræðiaðstoð sem Íbúðalánasjóður keypti af einstaklingum og lögaðilum á árunum 2000–2008, hverjum greiddi sjóðurinn fyrir sérfræðiaðstoð og hve mikið, sundurliðað eftir einstökum sérfræðingum?

Eftirfarandi eru upplýsingar um það hverjum Íbúðalánasjóður greiddi sérfræðiaðstoð á árunum 2001–2008 ásamt fjárhæðum, sundurliðað eftir einstökum sérfræðingum sem fengu greiddar 250 þús. kr. eða meira. Þar sem óskað var upplýsinga aftur til ársins 2000 var mjög tímafrekt að finna öll bakskjöl og var því ákveðið að miða við greiðslur sem voru 250 þús. kr. eða hærri. Sérfræðiaðstoð sem greitt var lægri fjárhæð fyrir er tekin saman fyrir hvert ár ásamt fjölda aðila. Jafnframt krefst það enn meiri vinnu að fara í gögn frá árinu 2000 þar sem árið 2001 var tekið upp nýtt bókhaldskerfi hjá Íbúðalánasjóði.

2001		
KPMG Endurskoðun ehf.	25.062.028	Endurskoðun og ráðgjöf
Ráðgjöf og Efnahagsspár ehf.	740.000	Ráðgj. v/gengistryggðra lána
Fjármálaeftirlitið	526.000	Eftirlitsgjald
Yrki ehf.	353.326	Arkitektaþjónusta
Fjármálalausnir ehf.	343.200	Tölvuráðgjöf v/Vogar
Íslandsbanki FBA	315.000	Ráðgjöf v/gengisvarna
Fjölmiðlavaktin	283.000	Gagnaöflun
Önnur sérfræðiaðstoð < 250 þús. kr. (25 aðilar)	1.580.631	
Samtals	**29.203.186**	
2002		
KPMG	19.283.324	Endurskoðun og ráðgjöf
Íslandsbanki	3.077.385	Fjármálaþjónusta
Strengur hf.	1.255.643	Tölvuþjónusta/ILS-kerfið
Fjármálaeftirlitið	767.000	Eftirlitsgjald
Lögmenn við Austurvöll	464.000	Lögfræðiráðgjöf – sérverkefni
Grunnur Gagnalausnir	450.188	Símkerfi
Capacent ehf.	390.010	Öryggismál tölvubúnaðar
Eykur ehf.	382.500	Gopro – verkefnastjórn
Orðalag ehf.	362.000	Þýðingar
Libra/Fjármálalausnir	343.200	Tölvuráðgjöf v/Vogar
KPMG Ráðgjöf/	626.240	Endurskoðun og ráðgjöf
Önnur sérfræðiaðstoð < 250 þús. kr. (25 aðilar)	2.053.079	
Samtals	**29.454.571**	

2003		
KPMG	17.293.165	Endurskoðun og ráðgjöf
Íslandsbanki	3.312.558	Fjármálaþjónusta
Gallup	2.702.320	Húsnæðiskönnun
Viðar Már Matthíasson (v/úrsskurðarnefndar)	1.584.000	Lögfræðiþjónusta
Ekrur ehf.	1.414.200	Fjárstýring
Friðjón Örn Fr./Vébönd (v/úrsskurðarnefndar)	1.028.000	Lögfræðiþjónusta
Helgi I. Jónsson (v/úrskurðarnefndar)	1.008.000	Lögfræðiþjónusta
Fjármálaeftirlitið	925.000	Eftirlitsgjald
Ríkiskaup	444.947	Útboð
Grunnur Gagnalausnir ehf	364.775	Símkerfi
Fjármálalausnir ehf.	343.200	Tölvuráðgjöf v/Vogar
Scriptorium ehf.	320.929	Þýðingarþjónusta
Lögmenn Suðurlandi	251.407	Lögfræðiinnheimta
Önnur sérfræðiaðstoð < 250 þús. kr. (34 aðilar)	1.900.169	
Samtals	**32.892.673**	
2004		
Capto Fin. Svíþjóð	22.081.277	Tölvuþjónusta
KPMG	19.589.880	Endurskoðun og ráðgjöf
Standard & Poor's AB	14.264.757	Fjármálaþjónusta
Ekrur ehf.	13.408.750	Fjárstýring
Evrópuráðgjöf	9.772.320	Lögfræðiþjónusta
Íslandsbanki	4.699.524	Fjármálaþjónusta
Institutional Investor	2.839.270	Fjármálaþjónusta
Ráðgjöf og Efnahagsspár	3.000.000	Fjármálaþjónusta
Moody‘s Investors Service	2.203.050	Fjármálaþjónusta
Árni P. Árnason	2.101.280	Lögfræðiþjónusta
Fjármálaeftirlitið	1.255.000	Eftirlit
WM-Data	1.066.595	Tölvuráðgjöf
Ráðgjöf	1.059.240	Félagsm./v ILS ný br.
Opin kerfi ehf.	780.174	Tölvuráðgjöf
Ellen Ingvadóttir	539.839	Dómtúlkur
IMG Deloitte	440.000	Mannafl/ráðn.
Raunvísindastofnun HÍ	392.351	Útdrættir húsbréfa
Bjarni Marteinsson arkitekt	372.000	Arkitekt
Libra/fjármálalausnir	343.200	Tölvuráðgjöf v/Vogar
Önnur sérfræðiaðstoð < 250 þús. kr. (35 aðilar)	2.053.289	
Samtals	**102.261.797**	
2005		
Ekrur ehf.	13.162.251	Fjárstýring
Evrópuráðgjöf	11.942.965	Lögfræðiþjónusta
Standard & Poor	11.178.050	Fjármálaþjónusta
Capto Financial	8.584.580	Tölvuþjónusta
KPMG Endurskoðun	6.454.705	Endurskoðun og ráðgjöf
Fjármálaeftirlitið	5.058.000	Eftirlit
Bjarni Marteinsson	3.951.817	Arkitekt
Endurskoðun og bókhald	3.830.350	Endurskoðun og ráðgjöf
INVIS ehf. (Jón G. Hreiðarsson)	3.409.709	Stefnumótun og skipulag
Íslandsbanki hf.	2.987.000	Fjármálaþjónusta
Moody‘s Investors Service	2.120.570	Fjármálaþjónusta
IMG ehf.	1.670.812	Ráðningar og ráðgjöf
Ríkisendurskoðun	1.245.400	Eftirlit

VST	758.867	Breytingar á raflögnum
Opin Kerfi	544.893	Tölvuþjónusta
Arion	500.000	Ráðgjöf og kynning
Bryndís Ásbjarnardóttir	300.000	Ritgerð
Arnar G. Hinriksson	253.390	Lögfræðiinnheimta
KCF Ráðgjöf ehf.	250.000	Kostgæfnisath. íbúðalána
Önnur sérfræðiaðstoð < 250 þús. kr. (25 aðilar)	1.816.009	
Samtals	**80.019.368**	
2006		
Capto Svíþjóð	14.918.257	Tölvuþjónusta
Standard og Poors's	13.178.300	Fjármálaþjónusta
KPMG Endurskoðun	8.963.314	Endurskoðun og ráðgjöf
Evrópuráðgjöf sf.	8.258.253	Lögfræðiráðgjöf
Fjármálaeftirlitið	7.810.200	Eftirlit
Capacent ehf.	7.212.803	Stefnumótun og skipulag
Schjödt lögfræðistofa	4.253.835	Lögfræðiráðgjöf
Íslandsbanki	3.000.000	Fjármálaþjónusta
Moody‘s	2.724.092	Fjármálaþjónusta
INVIS ehf. (Jón G. Hreiðarsson)	2.206.750	Stefnumótun og skipulag
HSH Nordbank	1.744.655	Fjármálaþjónusta
IBM Danmörk	1.596.810	Tölvuþjónusta
Deutsche Bank	1.507.170	Fjármálaþjónusta
Ríkisendurskoðun	1.253.800	Eftirlit
Ekrur ehf	1.250.000	Fjárstýring
Peter Dyrberg adv.Schjödt.no	1.216.800	Lögfræðiráðgjöf
Ernesto Hilmar Ramos	755.000	Þýðingar
Opin kerfi ehf.	679.562	Tölvuþjónusta
IFS Ráðgjöf ehf.	600.000	Ráðgjafarvinna
Skjal ehf./þýðing sérfræðitexti_NO-EN-NO-IS	431.799	Þýðingar á sérfræðitexta
Ríkiskaup	393.238	Útboð nr. 14147
Kná ehf	300.000	Upplýsingastreymi og samsk.
Önnur sérfræðiaðstoð < 250 þús. kr. (34 aðilar)	2.074.069	
Samtals	**80.019.368**	
2007		
Capacent ehf.	11.483.099	Stefnumótun og skipulag
KPMG Endurskoðun	11.216.212	Endurskoðun og ráðgjöf
Standard & Poor's	10.910.100	Fjármálaráðgjöf
Fjármálaeftirlitið	10.040.000	Eftirlit
Emric	9.671.500	Tölvuráðgjöf
Moody‘s	6.097.225	Fjármálaráðgjöf
INVIS ehf. (Jón G. Hreiðarsson)	5.331.251	Stefnumótun og skipulag
Evrópuráðgjöf sf.	5.169.904	Lögfræðiráðgjöf
Capto	3.853.544	Tölvuráðgjöf
JP/Moody‘s/ JP Morgan	3.797.027	Fjármálaráðgjöf
Schjödt lögfræðistofa	3.024.250	Lögfræðiráðgjöf
Íslandsbanki hf.	3.000.000	Fjármálaráðgjöf
WM-Data Nov. Twin	2.561.916	Tölvuráðgjöf
Kná ehf.	2.045.980	Upplýsingastreymi og samskipti
Ríkiskaup	1.737.659	Útboð nr. 14147
Óendurkræfur VSK af sérfræðiþjónustu 2006	1.498.791	
Ríkisendurskoðun	1.390.625	Eftirlit
Skjal ehf.	1.052.613	Þýðingarvinna

Evrópulög ehf.	1.008.262	Lögfræðiráðgjöf
Lögsýn hf.	605.443	Dómsmál og lögfræðiinnheimta
Strimill ehf.	536.595	Sölulaun
HR Havana ehf.	514.000	Þýðingar
Opin kerfi ehf.	423.700	Tölvuþjónusta
HH Ráðgjöf ehf.	371.010	Ráðningaþjónusta
Dagsljós ehf.	316.000	Passamyndir starfsmanna
Justitia ehf. (Gísli M. Auðbergsson)	306.007	Lögfræðiinnheimta
INNI Fasteignasala	267.156	Verðmöt fasteigna
Guðjón Bragason	266.000	Lögfræðiþjónusta
Önnur sérfræðiaðstoð < 250 þús. kr. (31 aðili)	2.924.718	
Samtals	**101.420.586**	
2008		
KPMG Endurskoðun	25.162.871	Endurskoðun og ráðgjöf
Fjármálaeftirlitið	15.899.000	Eftirlit
S&P	13.767.850	Fjármálaráðgjöf
Capacent ehf.	11.323.116	Stefnumótun og skipulag
Schjödt lögfræðistofa	11.136.932	Lögfræðiráðgjöf
NóNó ehf.	4.107.360	Ráðgjöf húsnæðismál
Skotta ehf.	3.560.003	Heimildamynd ofl
Evrópulög ehf.	2.876.036	Lögfræðiráðgjöf
Capto Svíþjóð	2.863.296	Tölvuráðgjöf
Spesía	2.027.531	Heimildamynd ofl
Ríkisendurskoðun	1.956.787	Eftirlit
Evrópuráðgjöf sf.	1.675.613	Lögfræðiráðgjöf
Logos sf.	1.448.640	Lögfræðiráðgjöf
Hópvinnukerfi ehf.	1.122.910	Ferlagreining og gæðahandbók
Pálmi Egilsson	498.000	Frágangur skjala fyrir Þjóðskjalasafn
KOM ehf.	449.015	Kynning og markaður
Strimill ehf.	397.155	Sölulaun
INVIS ehf. (Jón G. Hreiðarsson)	346.500	Ráðgjöf við skipulagsmál
DOMUS fasteignasala ehf.	305.507	Sölulaun
Draumahús ehf.	308.455	Sölulaun
IFS Ráðgjöf ehf.	300.000	Greiningarvinna
Fasteignasalan Árborgir ehf.	260.504	Sölulaun
Moody‘s	–2.083.957	credit v/2007
Önnur sérfræðiaðstoð < 250 þús. kr. (12 aðilar)	974.174	
Samtals	**100.683.300**	

1621. Fyrirspurn [871. mál]

fjármálaráðherra um sölu áfengis.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hve miklar tekjur hefur ríkið af sölu áfengis á ári hverju?

2. Hver eru árleg útgjöld ríkisins vegna áfengisdrykkju landsmanna?

Skriflegt svar óskast.

1622. Fyrirspurn [872. mál]

fjármálaráðherra um sölu tóbaks.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hve miklar tekjur hefur ríkið af sölu tóbaks á ári hverju?
2. Hver eru árleg útgjöld ríkisins vegna reykinga landsmanna?

Skriflegt svar óskast.

1623. Nefndarálit [728. mál]

um frv. til l. um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Láru Björnsdóttur og Rún Knútsdóttur frá velferðarráðuneyti, Guðmund Magnússon, Lilju Þorgeirsdóttur og Hrefnu K. Óskarsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands, Gerði Árnadóttur og Friðrik Sigurðsson frá Þroskahjálp, Helgu Baldvins- og Bjargardóttur frá Rannsóknarsetri í fötlunarfræðum, Freyju Haraldsdóttur og Emblu Ágústsdóttur frá NPA miðstöðinni svf., Helgu Jónu Benediktsdóttur frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Sigurstein Másson frá Vive – virkari velferð, Arndísi A. K. Gunnarsdóttur frá Barnaverndarstofu og Dóru S. Bjarnason frá rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar. Umsagnir bárust frá Félagi íslenskra félagsliða, Alþýðusambandi Íslands, Grímsnes- og Grafningshreppi, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Vive – virkari velferð, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara, Landssamtökunum Þroskahjálp, Ási styrktarfélagi, fagdeild félagsráðgjafa, félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs, Læknafélagi Íslands, NPA miðstöðinni svf., Rannsóknarsetri í fötlunarfræðum, Tryggingastofnun ríkisins, Öryrkjabandalagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bláskógabyggð, Félagi náms- og starfsráðgjafa, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Þroskahjálp á Suðurlandi, Barnaverndarstofu, Persónuvernd, Hrunamannahreppi og Mosfellsbæ.

Í frumvarpinu er kveðið á um þríþætta réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Í fyrsta lagi er kveðið á um réttindavakt ráðuneytis sem fer með stjórnsýslulega framkvæmd réttindagæslunnar. Í öðru lagi er kveðið á um svæðisbundna trúnaðarmenn sem fylgjast skulu með högum fatlaðs fólks á sínu svæði og vera því innan handar við hvers konar réttindagæslu. Í þriðja lagi

er kveðið á um persónulega talsmenn sem lögráða fatlaður einstaklingur á rétt á að fá eigi hann vegna fötlunar sinnar erfitt með að gæta hagsmuna sinna. Persónulegur talsmaður styður fatlaðan einstakling við að gæta réttar síns og aðstoðar við persónuleg málefni eftir því sem til er tekið í sérstöku samkomulagi milli hins fatlaða einstaklings og persónulegs talsmanns.

1. Fyrirliggjandi frumvarp og vinna nefndarinnar.

Frumvarpið byggist á tillögu starfshóps sem skipaður var af félags- og tryggingamálaráðherra í nóvember árið 2007. Brýnt hefur verið að setja lög um réttindagæslu fatlaðs fólks og í skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustu við fatlaða sem kom út í ágúst 2010 gerir Ríkisendurskoðun alvarlegar athugasemdir við fyrirkomulag réttindagæslu fatlaðs fólks og telur hana í óviðunandi ástandi. Telur stofnunin að taka verði eftirlitshlutverk svæðisráða og trúnaðarmanna til gagngerrar endurskoðunar. Í nefndaráliti um frumvarp til breytinga á lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, þar sem lagðar voru til breytingar vegna flutnings þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga (þskj. 550, 256. mál) tekur nefndin undir þessar athugasemdir Ríkisendurskoðunar. Nefndin gerði auk þess veigamiklar athugasemdir við að ekki væri gert ráð fyrir því í frumvarpinu að trúnaðarmönnum yrði fjölgað og beindi því til ráðherra að tryggja að fjöldi þeirra væri nægilegur til að tryggja reglubundið eftirlit og heimsóknir til fatlaðra einstaklinga. Þá lagði nefndin til breytingar á starfssviði trúnaðarmanna sem henni þótti of þröngt samkvæmt frumvarpinu þar sem starfssvið þeirra átti einungis að taka til ákveðinna afmarkaðra sviða. Í ljósi vankanta sem voru á réttindagæslu fatlaðs fólks lagði nefndin til breytingu á frumvarpinu þess efnis að ráðherra skyldi leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk eigi síðar en 1. mars 2011. Frumvarpið skyldi m.a. innihalda ákvæði um réttindagæslumenn fyrir fatlað fólk, persónulega talsmenn og nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk. Í fyrirliggjandi frumvarpi ganga réttindagæslumenn undir heitinu trúnaðarmenn í samræmi við 37. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Nefndin telur heitið réttindagæslumenn falla betur að starfsskyldum samkvæmt frumvarpinu auk þess sem það undirstrikar að hér er um nýtt og víðfeðmara starf að ræða en það sem trúnaðarmenn höfðu með höndum áður. Leggur nefndin því til breytingu á þessu og verða trúnaðarmenn almennt nefndir réttindagæslumenn hér eftir þessu til samræmis.

Í febrúar á þessu ári hélt nefndin fundi um þjónustu við fatlað fólk þar sem m.a. var rætt um framkvæmd yfirfærslu þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga auk þess sem nefndin ræddi sérstaklega réttindagæslu fatlaðs fólks og drög að frumvarpi þar um. Ljóst var að enn væri nokkur vinna eftir vegna ákvæða um aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk og að ekki næðist að ljúka þeirri vinnu á tilskildum tíma. Vegna brýnna hagsmuna í málinu og mikilvægri réttarbót sem felst í öðrum ákvæðum frumvarpsins varð það úr að gerð þess hluta er varðar nauðung var frestað en stefnt á framlagningu frumvarps vegna annarra ákvæða á þeim tíma sem kveðið var á um.

Í athugasemdum við fyrirliggjandi frumvarp kemur fram að stefnt sé að því að leggja fram frumvarp um aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk eigi síðar en 1. nóvember 2011. Telur nefndin mikilvægt að það náist og leggur því til ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið verður skýrt á um skyldu ráðherra til að leggja frumvarpið fram á Alþingi eigi síðar 1. nóvember nk.

Þau málefni sem hlutu mesta umfjöllun í nefndinni eru samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, réttindi fatlaðs fólks og frelsi þess til að taka eigin ákvarðanir, rétt-

indi fatlaðra barna, mannréttindi og yfirstjórn réttindagæslu fatlaðs fólks, eftirlit og eftirfylgni með réttindagæslu fyrir fatlað fólk, réttindavakt ráðuneytis, réttindagæslumenn; fjöldi þeirra, starfsheiti, hæfisskilyrði og tilkynningar til þeirra og persónulegir talsmenn; réttur á talsmanni, störf talsmanns og samkomulag við hann svo og útlagður kostnaður talsmanna vegna starfa sinna. Þá ræddi nefndin jafnframt þann kostnað sem hlýst af samþykkt frumvarpsins og kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis.

2. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (hér eftir nefndur „samningurinn“) var undirritaður fyrir Íslands hönd 30. mars 2007. Stigin hafa verið nokkur skref í því að treysta réttindi fatlaðs fólks til samræmis við samninginn. Undir lok síðasta árs þegar þjónusta við fatlað fólk var færð frá ríki til sveitarfélaga var gerð sú breyting á lögum um málefni fatlaðs fólks að í markmiðsákvæði laganna er nú kveðið á um að við framkvæmd þeirra skuli tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningnum. Auk þess er þar kveðið á um að stjórnvöld skuli tryggja heildarsamtökum fatlaðs fólks og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðs fólks. Er það í samræmi við 4. gr. samningsins enda skal samkvæmt henni hafa náið samráð við og tryggja þátttöku fatlaðs fólks með milligöngu samtaka þegar unnið er að löggjöf, stefnu og ákvarðanatöku um málefni fatlaðs fólks.

Með nýrri löggjöf um réttindagæslu fyrir fatlað fólk væri stigið mikilvægt skref í að styrkja enn frekar réttindi fatlaðs fólks en þó er ljóst að þau verða ekki að fullu tryggð fyrr en lögfestar eru reglur um aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verður fullgiltur og lögfestur.

Nefndin skilaði ítarlegu nefndaráliti vegna þeirra lagabreytinga sem gerðar voru þegar þjónusta við fatlað fólk var færð frá ríki til sveitarfélaga (þskj. 550, 256. mál). Þá lagði nefndin til fjölmargar breytingar á frumvarpinu sem Alþingi samþykkti. Meðal þeirra var nýtt ákvæði til bráðabirgða við lögin þar sem kveðið er á um að ráðherra skuli eigi síðar en 1. október 2011 leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Þar skal setja fram stefnu í málefnum fatlaðs fólk, skýra forgangsröðun verkefna, markvissa aðgerðaáætlun og skilgreinda árangursmælikvarða. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að í áætluninni verði tímasettar m.a. aðgerðir vegna lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, aðgengismála, biðlista eftir þjónustu, atvinnumála fatlaðs fólks og samræmds mats á þjónustu. Nefndin óskaði við umfjöllun sína upplýsinga um vinnu að framkvæmdaáætluninni og var tjáð að starfshópur um verkefni væri að hefja störf og að í honum sitji auk starfsmanna velferðarráðuneytis fulltrúar heildarsamtaka fatlaðs fólks og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Beinir nefndin því til ráðuneytisins og starfshópsins að kalla eftir fjölbreyttum sjónarmiðum og aðkomu fleiri samtaka fatlaðs fólks og notenda þjónustunnar og fræðasamfélagsins, svo sem Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum.

Markmið samningsins er skv. 1. gr. hans „að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi, og að auka virðingu fyrir meðfæddri göfgi þess.“ Gengið er út frá þeirri meginreglu að fatlað fólk skuli njóta jafnra réttinda á við aðra. Þar er m.a. kveðið á um samfélag án aðgreiningar, jöfn tækifæri, bann við mismunun, sjálfstæði og sjálfræði einstaklinga, rétt til að stýra lífi sínu og fleiri grundvallarréttindi sem aðildarríkjum samningsins ber að tryggja til handa fötluðu fólki. Þá er rík áhersla lögð á rétt fatlaðs fólks til að vera sjálfrátt og sjálfstætt og hafa meðal annars frelsi til að taka eigin ákvarðanir.

a. Frelsi fatlaðs fólks til að taka eigin ákvarðanir.

Í 12. gr. samningsins eru lagðar ríkar skyldur á aðildarríki samningsins að þeim sem vegna fötlunar sinnar eiga í erfiðleikum með að nýta sjálfir gerhæfi sitt sé tryggð aðstoð og stuðningur við það. Þar er þó jafnframt kveðið á um að gæta beri meðalhófs við gerð verndarráðstafana að því marki sem slíkar ráðstafanir hafa áhrif á réttindi og hagsmuni viðkomandi einstaklings.

Nefndin ræddi ítarlega þennan þátt og telur ljóst að með frumvarpinu er leitast eftir að tryggja að fatlaður einstaklingur fái notið réttar síns til að taka eigin ákvarðanir en honum sé jafnframt veittur stuðningur til þess þurfi hann á því að halda. Nokkuð víða í frumvarpinu telur nefndin þó ekki gætt meðalhófs við gerð verndarráðstafana. Nefndin telur afar brýnt að undirliggjandi öllum ákvæðum og stefnumótun í málefnum fatlaðra sé sjálfstæði, sjálfræði og vilji hins fatlaða einstaklings. Sem dæmi um hvernig þessa er ekki gætt sem ber í frumvarpinu er til að mynda kveðið á um það í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins að búi fatlaður einstaklingur á heimili fyrir fatlað fólk skuli forstöðumaður viðkomandi heimilis veita réttindagæslumanni upplýsingar sem eru honum nauðsynlegar vegna starfa síns. Varði þessar upplýsingar persónuleg málefni eða upplýsingar um einkafjármuni einstaklingsins er þó kveðið á um að leita skuli samþykkis hans eða persónulegs talsmanns hans. Samkvæmt orðalagi ákvæðisins er því ekki nauðsynlegt að hinn fatlaði einstaklingur veiti samþykki sitt heldur getur persónulegur talsmaður hans gert það fyrir hann. Telur nefndin orðalag ákvæðisins ekki í samræmi við samninginn og þau réttindi sem honum er ætlað að tryggja og leggur því til þá breytingu að leita skuli eftir samþykki fatlaða einstaklingsins og persónulegs talsmanns hans sé hann til staðar.

Þá er í ákvæðum er varða persónulega talsmenn fatlaðs fólks kveðið á um að slíkir talsmenn aðstoði fatlaðan einstakling við að taka ákvörðun en jafnframt er notað orðalagið að talsmaður hjálpi honum við að taka ákvörðun. Nefndin telur orðalagið óeðlilegt enda megi skilja það sem svo að persónulegur talsmaður hjálpi við að taka ákvörðunina sjálfa sem er vart samræmanlegt 12. gr. samningsins. Leggur nefndin því til þá breytingu á orðalagi að það verði hlutverk persónulegs talsmanns að styðja fatlaða einstaklinginn við undirbúning upplýstrar ákvörðunar. Með þessu er jafnframt tryggt að ákvæði frumvarpsins séu í samræmi við meginreglu samningsins, sbr. a-lið 3. gr. hans, um frelsi einstaklinga til að taka eigin ákvarðanir.

b. Réttindi fatlaðra barna.

Einungis lögráða einstaklingar eiga rétt á persónulegum talsmanni, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. Nefndin áréttar að eðlilegt er að ólögráða börn geta ekki fengið persónulegan talsmann enda gegna foreldrar þeirra eða forráðamenn ákveðnum skyldum lögum samkvæmt. Foreldrum ber t.d. samkvæmt barnaverndarlögum, nr. 80/2002, að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þá ber þeim að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna. Fyrir nefndinni voru þó bornar upp áhyggjur af því að eftirlit réttindagæslumanna næði ekki til haga fatlaðra barna og þeim bæri ekki að vera þeim og fjölskyldum þeirra innan handar við hvers konar réttindagæslu í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Það er brýnt að fötluð börn og fjölskyldur þeirra fái þá þjónustu og þann stuðning sem þeim ber samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks. Mikilvægt er að réttindavaktin sinni fræðslu-, upplýsinga- og réttindagæslustarfi sínu jafnframt gagnvart fötluðum börnum og

fjölskyldum þeirra. Þá er nauðsynlegt að fötluð börn og aðstandendur þeirra geti leitað til réttindagæslumanna.

Nefndin hefur nýlega fjallað um frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum, nr. 80/2002. Í nefndaráliti sínu um málið (þskj. 1425, 56. mál) fjallaði nefndin þó nokkuð um fötluð börn. Þar benti nefndin m.a. á að barnaverndarlög væru til verndar öllum börnum, enda segir í 1. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga að börn eigi rétt á vernd og umönnun og að þau skuli njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Fötluðum börnum er því veitt sama lagavernd og öðrum með lögunum. Markmið barnaverndarlaga er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Á þetta við um fötluð sem ófötluð börn og þegar aðstæður eru með þessum hætti er gripið til úrræða á grundvelli barnaverndarlaga og þá vegna barnaverndarmáls.

Nefndin áréttar að enginn áskilnaður er um lögræði í ákvæðum frumvarpsins um réttindavakt ráðuneytisins eða réttindagæslumenn. Þá leggur nefndin áherslu á að við framkvæmd laganna á að taka mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þar er sérstaklega kveðið á um sérstöðu fatlaðra barna auk þess sem sú skylda er lögð á aðildarríkin að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fötluð börn fái notið fullra mannréttinda og mannfrelsis til jafns við önnur börn, sbr. 7. gr. samningsins. Þá er í 23. gr. samningsins um virðingu fyrir heimili og fjölskyldu kveðið á um að ríkin skuli tryggja fötluðum börnum jafnan rétt til fjölskyldulífs. Til að koma í veg fyrir m.a. að fötluð börn séu vanrækt eða að þau séu þolendur aðskilnaðar skulu aðildarríki samningsins skuldbinda sig til þess að veita fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra snemma alhliða upplýsingar, þjónustu og stuðning. Með hliðsjón af ákvæðum samningsins og orðalagi frumvarpsins áréttar nefndin að ákvæði frumvarpsins um réttindavakt og réttindagæslumenn eiga við um alla fatlaða einstaklinga, börn sem fullorðna.

c. Mannréttindi og yfirstjórn réttindagæslu fatlaðs fólk.

Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að þar sem samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks væri mannréttindasamningur væri eðlilegt að hann væri vistaður hjá ráðuneyti mannréttindamála, þ.e. innanríkisráðuneyti. Meðal verkefna þess ráðuneytis er að hafa umsjón með lagabreytingum þegar þeirra er þörf vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga og skýrslugjöf til nefnda um framkvæmd þeirra mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að. Þá var nefndinni jafnframt tjáð að í ljósi þessa væri eðlilegt að innanríkisráðherra færi með yfirstjórn réttindagæslu fatlaðs fólks og að yfirumsjón með réttindum fatlaðs fólks og réttindavakt væri hjá innanríkisráðuneyti.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks fer velferðarráðherra með yfirstjórn málefna fatlaðs fólks og ber ábyrgð á opinberri stefnumótun í málaflokknum. Ráðherra hefur enn fremur eftirlit með framkvæmd þeirra laga, þar á meðal að þjónusta, starfsemi og rekstur sveitarfélaga og annarra aðila samkvæmt þeim sé í samræmi við markmið laganna, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og að réttindi fatlaðs fólks séu virt. Lög um málefni fatlaðs fólks eru þó fyrst og fremst lög um þjónustu við fatlað fólk. Nefndin áréttar mikilvægi þess að vinna að víðtækum viðhorfsbreytingum til málefna fatlaðs fólks og réttinda þeirra. Þó svo að í samningnum sé lögð áhersla á að fatlað fólk fái þjónustu og stuðning til að njóta réttinda sinna hefur samningurinn víðtækara efnissvið en einungis að þeim málaflokkum sem velferðarráðuneytið sinnir. Þá telur nefndin vert að benda á að skv. 33. gr. samningsins ber aðildarríkjum hans að koma á kerfi til að greiða fyrir, vernda og fylgjast með framkvæmd samningsins. Lögð er sú skylda á ríkin þegar þau koma á slíku kerfi að taka mið af þeim

meginreglum sem gilda um stöðu og starfsemi innlendra stofnana á sviði verndar og eflingar mannréttinda. Telur nefndin ljóst að það sé ekki samræmanlegt samningnum að fara með réttindagæslu fyrir fatlað fólk sem velferðarmál eða félagslegt málefni. Nefndin áréttar þann grundvallarskilning að hér sé um að ræða mannréttindamál en ekki félagslegt málefni eða velferðarmál.

Nefndin telur mikilvægt að réttindagæslu fyrir fatlað fólk sé sinnt af aðila í stjórnsýslunni sem sinnir réttindavakt eða vernd og sérhæfir sig í mannréttindum. Nefndinni er þó ljóst að engin sérstök mannréttindastofnun er til staðar í þessu skyni. Nefndin fékk þær upplýsingar að íslensk stjórnvöld hefðu verið gagnrýnd fyrir að ekki hefði verið stofnuð hér á landi þjóðbundin mannréttindastofnun samkvæmt svokölluðum Parísarreglum Sameinuðu þjóðanna. Parísarreglurnar kveða á um grunnskilyrði þess að stofnanir teljist þjóðbundnar stofnanir, m.a. um æskilegt valdsvið, umboð, uppbyggingu og starfsaðferðir stofnana. Eitt mikilvægasta skilyrðið sem Parísarreglurnar setja er að þjóðbundin mannréttindastofnun skuli fjármögnuð af ríkinu og henni fengið sem víðast umboð í stjórnarskrá eða með lögum þar sem skýrt sé kveðið á um hæfi og vald stofnunarinnar til að vernda og stuðla að mannréttindum í landinu. Íslenskum stjórnvöldum hafa m.a. borist athugasemdir um að finna þurfi réttindavernd fanga farveg og að henni yrði best fundinn farvegur t.d. hjá slíkri þjóðbundinni mannréttindastofnun. Nefndin telur mikilvægt að skoðað verði hvort unnt sé að koma á fót stofnun sem þessari sem fari þá heildstætt með réttindavernd og réttindavakt. Hægt væri að fela henni réttindagæslu fyrir fatlað fólk og aðra hópa þar sem huga þarf sérstaklega að vernd mannréttinda. Ljóst er þó að allar hugmyndir um stofnsetningu mannréttindastofnunar eru á frumstigum og kalla á víðtækt samstarf ráðuneyta, hagsmunaaðila og fræðasamfélags.

Nefndin skoðaði því hvernig innanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið hafa sinnt og sinna virkri réttindavakt. Nefndin telur að í reynd sé mun eðlilegra og réttara að réttindagæsla fatlaðs fólks og annað það sem lýtur að mannréttindamálum fatlaðs fólks og tengist samningnum sé vistað hjá innanríkisráðuneytinu sem ráðuneyti mannréttinda. Veruleikinn er hins vegar sá að innan Stjórnarráðsins hefur í gegnum tíðina verið farið með alla umsýslu málefna fatlaðra sem velferðarmál og því tekur tíma að byggja upp annars konar kerfi, sérhæfingu og þekkingu sem byggist á nálgun mannréttinda. Telur nefndin því ljóst að skipa þurfi sérstakan starfshóp til að vinna að þessum málum og leggja línur til framtíðar.

Í velferðarráðuneyti er starfrækt skrifstofa réttindaverndar og fjallar hún m.a. um jafnréttismál, barnaverndarmál, málefni innflytjenda, réttindi fatlaðs fólks, réttindi aldraðra, réttindi sjúklinga, réttindagæslu tengda vísindum og rannsóknum og rétt fólks til þjónustu. Hjá innanríkisráðuneytinu hefur hins vegar ekki byggst upp virk réttindavakt af því tagi sem kveðið er á um í frumvarpinu og hefur mannafli til slíks verið afar takmarkaður. Telur nefndin því rétt að enn um sinn sjái velferðarráðuneyti um réttindagæslu fyrir fatlað fólk eða þar til unnt er að koma málefninu fyrir hjá öðrum aðila sem sérhæfir sig í mannréttindum og réttindavernd. Leggur nefndin því til ákvæði til bráðabirgða þess efnis að ráðherra komi á fót starfshópi sem skipaður sé m.a. fulltrúum velferðar- og innanríkisráðuneytis, fjölbreyttum hagsmunasamtökum fatlaðs fólks, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum. Starfshópurinn hafi það hlutverk að endurskoða fyrirkomulag réttindagæslu fyrir fatlað fólk með það fyrir augum að farið sé með réttindagæsluna sem mannréttindamál en ekki velferðarmál eða félagslegt málefni. Lagt er til að við vinnu sína leiti hópurinn til mannréttindasérfræðinga og sérfræðinga á sviði réttindagæslu, réttindaverndar og fötlunarfræða. Hópurinn skoði m.a. að færa réttindagæsluna til ráðuneytis mannréttindamála eða til þjóðbundinnar mannréttindastofnunar eða veita Mannréttindaskrifstofu Íslands lögformlegt

hlutverk til að sinna réttindavernd. Ekki er um tæmandi talningu að ræða en mikilvægt er að starfshópurinn leiti leiða til að tryggja skilvirka og öfluga leið til að sinna réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Hópurinn skal skoða hvernig réttindavernd og réttindavakt er sinnt í þeim löndum sem þykja til fyrirmyndar í þessum efnum og leita til erlendra sérfræðinga. Telur nefndin vert að nefna í þessu samhengi að nýlega var haldin ráðstefna á vegum norrænna samtaka um fötlunarrannsóknir (NNDR, Nordic Network on Disability Research). Á ráðstefnuna komu allir helstu sérfræðingar um réttindi fatlaðs fólks og m.a. sérfræðingar sem unnu að gerð samningsins. Buðu þeir fram aðstoð sína við endurskoðun reglna á þessu sviði og undirbúning löggjafar og breytingar á lögum. Telur nefndin mikilvægt að nýtt sé sú sérfræðiþekking sem til er um þessi mál og gengið svo frá málum að réttindagæsla fyrir fatlað fólk sé skilvirk og framsækin í samræmi við skuldbindingar Íslands og samninginn.

Þá telur nefndin mikilvægt að jafnframt sé horft til þess að réttindaverndarmál almennt verði færð á hendur einum og sama aðilanum, í samræmi við Parísarreglur Sameinuðu þjóðanna, enda feli slíkt í sér samnýtingu sérþekkingar. Nefndin leggur til að starfshópurinn ljúki vinnu sinni eigi síðar en 31. desember 2011 og skili þá skýrslu til ráðherra með tillögum sínum og drögum að lagabreytingum. Skýrsluna kynni ráðherra svo fyrir Alþingi í kjölfarið.

d. Eftirlit með réttindagæslu.

Nefndin ræddi sérstaklega eftirlit með réttindagæslunni. Lögfestar eru reglur um eftirlit með þjónustu við fatlað fólk í lögum um málefni fatlaðs fólks. Þar er kveðið á um eftirlit ráðherra í 3. gr. og innra eftirlit sveitarfélaga í 4. gr. Markmið fyrirliggjandi frumvarps er að tryggja fötluðu fólki viðeigandi stuðning við gæslu réttinda sinna. Til að svo megi verða þarf þó augljóslega m.a. að hafa eftirlit með því að fatlaðir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Réttindavakt ráðuneytis er samkvæmt frumvarpinu ætlað að fara með eftirlitshlutverk með störfum réttindagæslumanna enda eru þeir ráðnir af ráðherra. Í a-lið 2. mgr. 3. gr. er kveðið á um að réttindavaktin skuli fylgjast með störfum réttindagæslumanna fatlaðs fólks og veita þeim ráðgjöf og leiðbeiningar eftir þörfum. Í athugasemdum við greinina kemur fram að gert er ráð fyrir að hlutverk ráðuneytisins felist fyrst og fremst í eftirliti og yfirumsjón með réttindagæslu. Ljóst er því að sama ráðuneyti er falið eftirlit með þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk og eftirlit með réttindagæslu þeirra. Telur nefndin mikilvægt að eftirlit með réttindagæslu sé fært frá ráðuneyti velferðarmála og vísar til umfjöllunar hér að framan um mannréttindi og yfirstjórn réttindagæslu fyrir fatlað fólk, svo og 33. gr. samningsins.

Í 8. gr. er kveðið á um að réttindagæslumenn hafi eftirlit með störfum persónulegra talsmanna. Persónulegum talsmönnum er svo m.a. gert að aðstoða fatlaðan einstakling við að gæta réttar síns.

Nefndin telur vert að minnast á að Ísland undirritaði án fyrirvara valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um sértækt eftirlit. Bókunin tekur gildi þegar Ísland hefur fullgilt samninginn. Bókunin felur það í sér að einstaklingar eða hópar einstaklinga geta sent nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kvartanir telji þeir brotið á réttindum sínum. Nefndin getur m.a. sent ríki beiðni um að það grípi til bráðabirgðaráðstafana til þess að koma í veg fyrir hugsanlegt óbætanlegt tjón fyrir þolanda eða þolendur meints brots, hún getur boðið aðildarríki að vinna með sér að rannsókn og hún getur boðið ríki að upplýsa um ráðstafanir sem gerðar hafa verið. Þá sendir nefndin viðkomandi aðildarríki niðurstöður rannsóknar sinnar ásamt athugasemdum og tilmælum. Ekki er um bindandi úrskurði eða eiginlegar úrlausnir fyrir meinta þolendur brota enda hefur nefndinni ekki verið falið vald til að úrskurða um þau mál sem fyrir hana koma. Hér er þó vissulega um

ákveðið aðhald að ræða enda neikvætt fyrir aðildarríki að fá ákúrur um mannréttindabrot frá slíkri nefnd. Nefndin bendir á að réttur fatlaðs fólks til að senda nefndinni orðsendingu um ætlað brot ríkisins á ákvæðum samningsins virkjast ekki fyrr en við fullgildingu hans. Brýnt er því að ljúka þeirri vinnu sem fyrst.

e. Réttindavakt ráðuneytis.

Nefndinni bárust nokkrar athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um réttindavakt ráðuneytis. Athugasemdir voru m.a. gerðar við að verkefni réttindavaktarinnar væru ekki nægilega skýr auk þess sem þau skarast á einhvern hátt við verkefni sem hagsmunasamtök fatlaðs fólks hafa sinnt. Þá voru gerðar athugasemdir við að ekki væri skýrt í ákvæðinu með hvaða hætti réttindavaktin muni starfa, hvernig hún verði skipuð og hvert samstarf hennar verður við hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Nefndinni var jafnframt tjáð að 60% stöðugildi til að sinna réttindavakt væri ekki nægilegt en það er það stöðugildi sem gert er ráð fyrir í kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu um frumvarpið.

Nefndin áréttar mikilvægi þess að virk réttindavakt sé til staðar og eftirlit sé haft með störfum réttindagæslumanna. Þá er nauðsynlegt er að réttindagæslumenn geti leitað ráðgjafar og leiðbeininga um störf sín til réttindavaktarinnar. Nefndin bendir jafnframt á að samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er lögð skylda á ríki til að grípa til aðgerða til að treysta réttindi fatlaðs fólks. Þá er jafnframt lögð áhersla á upplýsingagjöf ríkja til fatlaðs fólks auk þess sem ríkjum ber að vekja þjóðfélög til vitundar um fatlað fólk og auka virðingu fyrir réttindum þess og meðfæddri göfgi. Telur nefndin mikilvægt að þeim verkefnum sem getið er í 3. gr. frumvarpsins verði sinnt í samræmi við samninginn en áréttar að ekki er ætlunin með þeim að ganga inn á starfssvið hagsmunasamtaka fatlaðs fólks. Þá áréttar nefndin að mikilvægt er að hafa gott samráð og samvinnu við hagsmunasamtökin um útgefið efni og dreifingu þess enda er það ein af grundvallarreglum samningsins auk þess sem það er í samræmi við 3. mgr. 1. gr. frumvarps þar sem kveðið er á um að við framkvæmd laganna skuli taka mið af samningnum. Leggur nefndin því til breytingu þessu til samræmis.

Í d-lið 2. mgr 3. gr. er kveðið á um að réttindavaktinni beri að fylgjast með nýjungum á sviði þjónustu við fatlað fólk sem kunni að leiða til betri þjónustu og aukinna lífsgæða fyrir það. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að mikilvægt væri að vaktin fylgdist einnig með nýjungum í hugmyndafræði þar sem breytingar á þjónustu kæmu oft í kjölfar nýrra hugmynda og nálgunar um málaflokkinn. Tekur nefndin undir þessi sjónarmið og leggur til breytingu þessu til samræmis.

Nefndin ræddi jafnframt mikilvægi þess að upplýsa samfélagið allt um réttindi fatlaðs fólks. Nauðsynlegt er að breyta viðhorfi fólks gagnvart fötlun og fötluðu fólki. Með 8. gr. samningsins skuldbinda aðildarríki hans sig til að „samþykkja tafarlausar, árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir: a) til þess að vekja þjóðfélög til vitundar, m.a. fjölskylduna, um fatlað fólk og auka virðingu fyrir réttindum þess og meðfæddri göfgi, b) til þess að vinna á móti staðalímyndum, fordómum og skaðlegum venjum sem tengjast fötluðu fólki, m.a. þeim sem heimfæra má til kyns og aldurs, á öllum sviðum mannlífs, c) til þess að auka vitund um getu og framlag fatlaðs fólks“. Í greininni eru svo nefnd dæmi um ráðstafanir í þessu skyni. Nefndin telur nauðsynlegt að réttindavaktinni sé falið það hlutverk í samvinnu og samráði við hagsmunasamtök fatlaðra að bera ábyrgð á fræðslu- og upplýsingastarfi til að upplýsa almenning um réttindi fatlaðs fólks, vinna gegn staðalímyndum og fordómum og auka vitund um getu og framlag fatlaðs fólks. Leggur nefndin til breytingu þess efnis og bendir jafnframt

á að ráðuneytið horfi til 8. gr. samningsins vegna þessa verkefnis en þar segir enn fremur að meðal ráðstafana í þessu skyni megi nefna:

a. að hefja og vinna stöðugt að átaksverkefnum um vitundarvakningu hjá almenningi sem miða að því:
   i. að gera almenning móttækilegan fyrir réttindum fatlaðs fólks,
   ii. að stuðla að jákvæðri ímynd fatlaðs fólks og efla vitund í samfélaginu um málefni þess,
   iii. að færni, verðleiki og geta fatlaðs fólks sé viðurkennd í ríkari mæli, enn fremur framlag þess til vinnustaða sinna og vinnumarkaðarins í heild,
b. að ýta undir það sjónarmið, á öllum skólastigum, þ.m.t. hjá börnum frá unga aldri, að virða beri réttindi fatlaðs fólks,
c. að hvetja alla fjölmiðla til þess að gefa mynd af fötluðu fólki sem samræmist tilgangi samnings þessa,
d. að hvetja til þess að gerðar séu áætlanir um fræðslu sem lýtur að vitundarvakningu um fatlað fólk og réttindi þess.

3. Réttindagæslumenn fatlaðs fólks.

Fram til 1. janúar 2011 voru starfandi nokkrir trúnaðarmenn í sem jafngildir einu og hálfu stöðugildi. Nefndin telur vert að benda á að í framangreindu nefndaráliti sínu um breytingu á lögum um málefni fatlaðs fólks lagði hún ríka áherslu á að trúnaðarmenn yrðu skipaðir hið allra fyrsta og þáverandi trúnaðarmenn héldu störfum þar til ráðherra hefði skipað nýja. Þvert á þetta var starfandi trúnaðarmönnum sagt upp störfum frá og með áramótum og nýir trúnaðarmenn ekki skipaðir fyrr en í maí. Nefndinni hefur verið kynnt að velferðarráðuneytið hafi tekið við fyrirspurnum og ábendingum vegna réttinda fatlaðs fólks auk þess sem það svaraði spurningum varðandi lögin, þjónustu og réttindi. Slíkt er góðra gjalda vert og samræmist hlutverki þess skv. 2. mgr. 3. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Slíkt getur þó aldrei komið í stað réttindagæslumanna fatlaðs fólks. Nefndin telur í ljósi fyrri athugasemda sinna sem og ábendinga í skýrslu Ríkisendurskoðunar ámælisvert að í rúma fjóra mánuði hafi ekki verið til staðar lögbundnir trúnaðarmenn fatlaðs fólks.

Það er hins vegar fagnaðarefni að nú hefur stöðugildum trúnaðarmanna fjölgað til muna þótt óljóst sé hvort nóg sé að gert og þau þurfi að vera fleiri. Starfandi trúnaðarmenn eru nú átta talsins, staðsettir víða um land í samtals 4,75 stöðugildum. Umsagnaraðilar gera margir hverjir athugasemdir við hversu fáir réttindagæslumenn eru, hversu stórum landsvæðum þeim er ætlað að þjóna og hversu lítið starfshlutfall þeir hafa. Nefndin tekur undir áhyggjur umsagnaraðila og áréttar mikilvægi þess að réttindagæslu fyrir fatlað fólk sé vel sinnt og að réttindagæslumenn séu nægilega margir til að fatlað fólk eigi greiðan aðgang að réttindagæslumanni og þeir geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Nefndin beinir því til velferðarráðherra að fylgjast vel með störfum réttindagæslumanna og gæta þess að fjöldi þeirra og starfshlutfall sé í samræmi við umfang starfsins. Lagt er upp með að kerfið sé í þessari mynd til reynslu í eitt ár og sé svo metið að ári loknu hvernig til hafi tekist, hvort fjölga beri réttindagæslumönnum og hverju þurfi að breyta. Mikilvægt er að vel sé fylgst með þróuninni. Í kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu um fyrirliggjandi frumvarp kemur fram að áformað er að störf allra trúnaðarmanna geti samsvarað allt að 3,5 stöðugildum. Nefndin áréttar að ekki er áætlað að fækka réttindagæslumönnum frá því sem nú er enda voru þeir nýlega skipaðir til eins árs. Því er ljóst að kostnaðarumsögnin er byggð á röngum forsendum og frekara fjármagn þarf í verkefnið.

a. Hæfisskilyrði réttindagæslumanna.

Nefndin ræddi nokkuð störf réttindagæslumanna og hæfiskröfur þeirra. Í gildandi lögum um málefni fatlaðs fólks er gerð sú krafa að trúnaðarmenn hafi þekkingu og reynslu af málefnum fatlaðs fólks. Sambærileg krafa er gerð í fyrirliggjandi frumvarpi en þar er þó bætt við að leitast skuli við að ráða réttindagæslumenn sem hafa menntun sem nýtist þeim í starfi. Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að í reynd væri mikilvægara að réttindagæslumenn hefðu þekkingu á réttindum fatlaðs fólksheldur en málefnum fatlaðs fólks. Þannig skipti máli að ráðnir væru inn réttindagæslumenn sem hefðu færni til að meta hvort verið væri að uppfylla lögbundnar skyldur gagnvart fötluðum einstaklingi eða hvort verið væri að brjóta á rétti hans. Réttindagæslumaður þyrfti þannig að þekkja lög, reglur og kæruleiðir og vera í stakk búinn til að aðstoða fatlaðan einstakling við að leita réttar síns. Nefndin áréttar mikilvægi þess að ráðnir séu sem réttindagæslumenn hæfir einstaklingar sem hafa þekkingu í þeim málaflokki sem um ræðir. Mikilvægt er að til staðar sé þekking á þjónustu við fatlað fólk að því marki að vitað sé hvaða þjónustu fatlaður einstaklingur á rétt á. Nefndin bendir þó á að skv. c-lið 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins ber réttindavakt ráðuneytis ábyrgð á fræðslu og upplýsingastarfi varðandi réttindi fatlaðs fólks, þar á meðal fyrir réttindagæslumenn þess. Áréttar nefndin mikilvægi þess að þessu fræðsluhlutverki sé sinnt á skilvirkan og faglegan hátt svo að fatlaðir einstaklingar geti treyst á að réttindagæslumaður geti leiðbeint og aðstoðað þá með réttindi sín og málsmeðferð ef á þeim er brotið. Þá má ekki horfa fram hjá því að hagsmunasamtökum fatlaðs fólks er tryggð aðkoma að ráðningarferli réttindagæslumanna þar sem í 1. mgr. 4. gr. er kveðið á um að ráðherra ráði réttindagæslumenn að fenginni umsögn samtakanna.

Nefndin telur þó í ljósi þess að hér er um mjög mikilvæga réttindagæslu að ræða og að trúnaðarmenn samkvæmt frumvarpinu eru í reynd réttindagæslumenn fatlaðs fólks nauðsynlegt að þeir hafi þekkingu á réttindum fatlaðs fólks. Leggur nefndin því til breytingu þess efnis.

b. Tilkynningar til réttindagæslumanna.

Við nefndina voru viðraðar áhyggjur af því að form tilkynninga til réttindagæslumanna mætti ekki vera þess eðlis að það yxi fólki í augum að tilkynna teldi það að brotið væri á rétti fatlaðs einstaklings. Nefndin áréttar hér að ekki er eðlilegt að einungis verði hægt að tilkynna eftir einni ákveðinni leið og á ákveðnu formi. Telji fólk að réttur fatlaðs einstaklings sé ekki virtur er mikilvægt að hann geti tilkynnt það án mikils undirbúnings eða umstangs. Á vefsíðu velferðarráðuneytis er listi yfir þá trúnaðarmenn sem skipaðir hafa verið og símanúmer þeirra. Telur nefndin jafnframt mikilvægt að tölvupóstföng þeirra verði birt svo að unnt sé að senda tölvupóst með tilkynningum og beinir því til ráðuneytis að gæta að upplýsingar um þetta séu aðgengilegar. Þá var nefndinni tjáð að til stæði að kynna hlutverk og störf réttindagæslumanna fyrir fötluðum einstaklingum um land allt. Að auki telur nefndin ljóst að sé leitað til hagsmunasamtaka fatlaðs fólks vegna meint brots munu þau tilkynna það til réttindagæslumanns. Nefndin beinir því að auki til réttindavaktar ráðuneytisins að í því auðlesna efni og bæklingum um réttindi fatlaðs fólks sem vaktin á að annast útgáfu á verði hlutverki réttindagæslumanna gerð greinargóð skil svo og leiðum til að tilkynna telji fólk að réttur fatlaðs einstaklings hafi ekki verið virtur.

Nefndin ræddi orðalag ákvæðisins varðandi það hverjir geti tilkynnt til réttindagæslumanna en þar eru tilteknir sérstaklega fatlaðir einstaklingar, aðstandendur, persónulegir talsmenn, þjónustuaðilar og samtök fatlaðs fólks auk þess sem hver sá sem lætur sig málefni fatl-

aðs fólks varða getur tilkynnt telji hann að réttur fatlaðs einstaklings sé ekki virtur. Nefndin telur mikilvægt að orðalag ákvæðisins sé ekki of þrengjandi og áréttar að það er sameiginleg skylda allra í samfélaginu að standa vörð um að mannréttindi séu virt.

Ekki er kveðið á um tilkynningarskyldu í fyrirliggjandi frumvarpi. Þar er aftur á móti talið upp hverjir geti tilkynnt auk þess sem kveðið er á um að hver sá sem verður vitni að atviki sem vekur grun um að verið sé að brjóta gegn réttindum fatlaðs einstaklings geti tilkynni atvikið til réttindagæslumanns. Nefndin telur hér ekki nægilega sterkt að orði kveðið enda þarf viðkomandi að hafa orðið vitni að ákveðnu atviki til að geta tilkynnt það til réttindagæslumanns. Þá telur nefndin mikilvægt að um tilkynningarskyldu sé að ræða enda endurspegli það alvarleika mála þegar brotið er á mannréttindum fatlaðs fólks. Leggur nefndin því til breytingu þessu til samræmis.

4. Persónulegur talsmaður fatlaðs einstaklings.

Líkt og fram kemur í kafla 2.a hér að framan um frelsi fatlaðs fólks til að taka eigin ákvarðanir eru í 12. gr. samningsins lagðar skyldur á aðildarríki hans til að tryggja þeim sem vegna fötlunar sinnar eiga í erfiðleikum með að nýta sjálfir gerhæfi sitt aðstoð og stuðning við það. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að persónulegir talsmenn samkvæmt frumvarpinu eru fyrst og fremst hugsaðir sem aðstoðarmenn sem þekkja fatlaðan einstakling og áhugamál hans og þarfir og er ætlað að aðstoða hann við að lifa sjálfstæðu lífi og taka sjálfur upplýstar ákvarðanir um persónuleg málefni sín. Nefndin áréttar að persónulegur talsmaður aðstoðar fatlaðan einstakling við að gæta réttar síns og við persónuleg málefni í samræmi við samkomulag þeirra á milli. Þá er honum ekki ætlað að hjálpa honum við töku ákvarðana heldur veita honum stuðning við að undirbúa upplýsta ákvörðunartöku. Persónulegum talsmanni er ekki ætlað að koma í stað persónulegs aðstoðarmanns notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). Þegar hefur verið gerð grein fyrir tillögum nefndarinnar að breytingu á orðalagi þannig að rík áhersla sé á að það er hinn fatlaði einstaklingur sem tekur ákvörðunina og hlutverk persónulegs talsmanns er ekki að taka þátt í ákvarðanatöku hins fatlaða heldur styðja hann við undirbúning ákvörðunar. Nefndin áréttar í þessu samhengi að hlutverk persónulegs talsmanns byggist á samkomulagi milli hins fatlaða einstaklings og talsmannsins og þar með á forsendum hins fatlaða einstaklings. Því samkomulagi getur hinn fatlaði einstaklingur eða talsmaður hans hvenær sem er sagt upp. Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að réttindagæslumaður geti afturkallað umboð persónulegs talsmanns í samráði við réttindavakt ráðuneytis telji hann viðkomandi ekki gegna skyldum sínum gagnvart hinum fatlaða einstaklingi. Nefndin telur ljóst með vísan til þess að það er hins fatlaða einstaklingi að velja sér talsmann að þetta verði þó ekki gert nema með samþykki hans og leggur til breytingu þess efnis.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ekki er útilokað að einstaklingur sem á t.d. erfitt með að gæta réttar síns vegna afleiðinga viðvarandi sjúkdóms eða slyss geti átt rétt á persónulegum talsmanni samkvæmt frumvarpinu. Það er því ekki ætlunin að túlka orðið fötlun þrengra en tilefni er til en horfa á að einstaklingur sem vegna afleiðinga viðvarandi sjúkdóms eða slyss þarf stuðning við undirbúning upplýstar ákvörðunar um persónuleg málefni eða aðstoð við að leita réttar síns fái slíkan stuðning eða aðstoð. Nefndin bendir þó á að í 1. mgr. 1. gr. er sérstaklega tiltekið að lögin gildi um réttindagæslu fatlaðs fólks sem vegna fötlunar sinnar þarf slíkan stuðning eða aðstoð. Telur nefndin því að til að unnt sé að byggja rétt á ákvæðinu þurfi að taka sérstaklega fram í 1. gr. um gildissvið að IV. kafli frumvarpsins um persónulega talsmenn eigi jafnframt við um þá sem vegna viðvarandi sjúkdóms eða slyss

þurfa stuðning eða aðstoð af því tagi sem kveðið er á um. Leggur nefndin til breytingu þessu til samræmis.

a. Samkomulag um aðstoð persónulegs talsmanns.

Nefndin áréttar að aðstoð persónulegs talsmanns skuli ávallt fara fram á forsendum hins fatlaða einstaklings og með hagsmuni hans að leiðarljósi. Nefndin hefur rætt nokkuð ítarlega störf persónulegs talsmanns, verksvið hans, umboð o.fl. Nefndin telur ljóst að í samkomulagi því sem hinn fatlaði einstaklingur og persónulegur talsmaður hans skulu undirrita um aðstoðina, sbr. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins, kemur fram hvert hlutverk persónulegs talsmanns er, hvert umboð hans er og hvaða verkefnum hann getur sinnt. Nefndinni hafa borist ýmsar athugasemdir um aðgengi annarra en hins fatlaða að persónulegum og fjárhagslegum upplýsingum hjá t.d. Tryggingastofnun, heilbrigðisstofnunum, fjármálafyrirtækjum o.fl. Bendir nefndin á að hinn fatlaði einstaklingur einn getur samþykkt aðgengi persónulegs talsmanns að upplýsingum um sig og sín mál. Það getur hann gert með sérstöku umboði sem gildir einungis tímabundið eða með samkomulagi samkvæmt frumvarpinu sem hefur þá gildi þar til það er afturkallað. Nefndin ræddi jafnframt það skilyrði frumvarpsins að um undirritað samkomulag væri að ræða. Telur nefndin mikilvægt að hliðrað sé frá þeim kröfum þar sem því verður ekki við komið, enda ljóst að ekki geta allir skrifað undir slíkt samkomulag. Í 7. gr. er jafnframt kveðið á um að þegar réttindagæslumaður metur að hinn fatlaði einstaklingur geti ekki tjáð vilja sinn skuli hafa samráð við nánustu ættingja eða aðstandendur við val á persónulegum talsmanni.

Fyrir nefndinni voru bornar upp áhyggjur af því að með þessu mati réttindagæslumanns væri opnað fyrir möguleika á því að litið yrði svo á að einstaklingur sem þó gæti með skýrum hætti tjáð vilja sinn væri ófær um það vegna fötlunar. Ætti þetta t.d. við þegar um geðfötlun væri að ræða og aðstandendur væru einstaklingnum ósammála um val á talsmanni. Nefndin áréttar að ekki er með ákvæðinu ætlað að lögfesta ákvæði til að ganga þvert á vilja hins fatlaða einstaklings enda skal ávallt skýra ákvæðið í ljósi meginreglna samningsins og 12. gr. hans þar sem lögð er áherslu á gerhæfi hins fatlaða einstaklings og rétt hans til sjálfstæðrar ákvarðanatöku. Mat réttindagæslumanns kemur því einungis til þegar ljóst er að hinn fatlaði einstaklingur getur ekki eftir hefðbundnum leiðum, svo sem tali eða skrifum, tjáð vilja sinn. Í slíkum tilfellum eru það eðlilegt að þeir sem standa einstaklingnum næst, sem umgangast hann og þekkja hann, áhugamál hans og persónuleika, sem geta haft milligöngu um að tjá vilja hins fatlaða einstaklings um val á persónulegum talsmanni. Það er þó staðreynd að þeir sem standa einstaklingi næst eru ekki ávallt sammála honum. Þá getur verið að þeirra mat á því hvað sé viðkomandi einstaklingi fyrir bestu sé ekki endilega það sem samræmist vilja einstaklingsins. Leggur nefndin því áherslu á fræðslu til aðstandenda um réttindi fatlaðs fólks m.a. til sjálfstæðs lífs og gerhæfis og að ríkara eftirlit sé haft með persónulegum talsmönnum í þeim tilvikum sem réttindagæslumaður hefur metið það sem svo að fatlaður einstaklingur geti ekki sjálfur tjáð vilja sinn.

Leggur nefndin því til breytingu þess efnis að geti hinn fatlaði einstakingur ekki skrifað undir samkomulag sé heimilt að víkja frá því skilyrði enda sé samkomulagið þá gert að réttindagæslumanni viðstöddum og eftir nánari skilyrðum sem setja skal í reglugerð. Með vísan til framangreinds telur nefndin nauðsynlegt að sérstaklega sé tekið fram í frumvarpinu að í reglugerð um persónulega talsmenn verði m.a. kveðið á um form samkomulags og tryggt að það hafi gildi sem löglegt umboð.

Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um að persónulegur talsmaður skuli fá fræðslu um innihald og áherslur í starfi sínu. Þá ber skv. c-lið 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins réttindavakt ráðuneytisins ábyrgð á fræðslu- og upplýsingastarfi varðandi réttindi fatlaðs fólks, m.a. fyrir persónulega talsmenn. Leggur nefndin áherslu á að í reglugerð sé gerð nánari grein fyrir þeim atriðum sem persónulegur talsmaður þarf að hafa fengið fræðslu um áður en hann getur gengið frá samkomulagi við hinn fatlaða einstakling. Mikilvægt er að talsmaður sé t.d. upplýstur um lögbundið hlutverk sitt, réttindi hins fatlaða einstaklings, samkomulagið sem liggur starfi hans til grundvallar og að aðstoð hans skuli ávallt fara fram á forsendum hins fatlaða einstaklings. Nefndinni var kynnt að gert er ráð fyrir því að allir persónulegir talsmenn fái fræðslu í samræmi við ákvæði 7. gr. Þannig þurfi þeir að sækja námskeið til að geta orðið persónulegir talsmenn og á það við þó svo að um sé að ræða nána aðstandendur eins og foreldra og systkini.

b. Kostnaður.

Gert er ráð fyrir því að starf persónulegs talsmanns verði ólaunað. Telur nefndin þó rétt að gert sé ráð fyrir því að talsmenn fá endurgreiddan útlagðan kostnað sem sannanlega fellur til vegna starfa þeirra í fyrir hinn fatlaða einstakling. Mikilvægt er þó að settar séu skýrar reglur um hvaða kostnaður fáist endurgreiddur enda áfram stefnt að því að um sjálfboðaliðsstarf sé að ræða og leggur nefndin því til að nánari reglur þar að lútandi verði settar í reglugerð.

5. Kostnaður við réttindagæslu.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir því að ósamræmis gætir í kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofunnar og skipun réttindagæslumanna. Þannig er gert ráð fyrir kostnaði vegna 3,5 stöðugilda en þegar er búið að skipa trúnaðarmenn í sem nemur 4,75 stöðugildum. Eru þeir skipaðir til eins árs og því ljóst að aukinn kostnaður verður af störfum þeirra á yfirstandandi ári. Þá hefur nefndin lagt áherslu á að náið verði fylgst með störfum réttindagæslumanna og þess gætt að fjöldi þeirra og starfshlutfall sé í samræmi við umfang starfsins. Telur nefndin engar líkur á því að störf þeirra verði með þeim hætti að unnt verði að fækka þeim á næsta ári og því ljóst að tryggja þarf nægilegt fjármagn til þessa þáttar réttindagæslunnar og miða þar við raunhæfar áætlanir.

Í kostnaðarumsögninni er jafnframt gert ráð fyrir að réttindavakt ráðuneytisins sinni einn starfsmaður í 60% starfi og er miðað við þann kostnað í umsögninni. Nefndin telur unnt að miða við þetta starfshlutfall til að byrja með en leggur mikla áherslu að líkt og með störf réttindagæslumanna verði náið fylgst með réttindavaktinni og starfshlutfall og starfsmenn er starfa að henni verði í samræmi við umfang starfsins og þær kröfur sem gera þarf til réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Ljóst er að kostnaðarauki verður jafnframt af breytingartillögu nefndarinnar þess efnis að persónulegir talsmenn fái endurgreiddan útlagðan kostnað eftir nánari reglum sem útfærðar verði í reglugerð.

Nefndin hefur þó áhyggjur af því að ekki sé nægilegt fjármagn áætlað í fræðslu-, upplýsinga- og útgáfustarf réttindavaktarinnar sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins. Ljóst er að fræða þarf réttindagæslumenn og persónulega talsmenn sérstaklega en einnig er mikilvægt að upplýsa fatlað fólk, aðstandendur, starfsfólk og þjónustuaðila um réttindi fatlaðs fólks. Þá hefur nefndin lagt til að réttindavaktinni verði í samráði og samvinnu við félagasamtök fatlaðs fólks falið fræðslu- og upplýsingastarf gagnvart almenningi um réttindi fatlaðs fólks og að vinna gegn staðalímyndum og fordómum og auka vitund um getu og framlag þess.

Ljóst er að fjármagn þarf að fylgja því verkefni. Beinir nefndin því til fjárlaganefndar að fá raunhæft kostnaðarmat frá velferðarráðuneyti og fjárlagaskrifstofu og tryggja nægilegt fjármagn í samræmi við umfang verkefna og til að unnt sé að sinna réttindagæslu fyrir fatlað fólk svo vel sé.

6. Samantekt nefndarinnar.

Öflug og framsækin réttindagæsla fyrir fatlað fólk er mikilvægt og alþjóðlegt mannréttindamál en því hefur verið mjög ábótavant hérlendis. Brýnt er að bæta úr því. Nefndin telur að með frumvarpi þessu og breytingartillögum við það sé stigið mikilvægt skref í rétta átt í þessum efnum. Margt er hins vegar enn ógert og áframhaldandi vinna fram undan í heildarstefnumótun í málaflokknum. Nefndin telur því rétt að með bráðabirgðaákvæði verði settur á laggirnar starfshópur sem fari ofan í saumana á fyrirkomulagi, eftirliti og yfirumsjón réttindagæslu fyrir fatlað fólk hérlendis. Sú vinna á að grundvallast á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en eins og ítrekað hefur komið fram er löngu tímabært að hann verði að fullu lögleiddur hérlendis.

Nefndin áréttar mikilvægi þess að við þá vinnu verði haft víðtækt samráð við hagsmunafélög fatlaðs fólk, fatlað fólk og sérfræðinga í fötlunarfræðum. Þá áréttar nefndin einnig að brýnt er að fylgjast náið með framkvæmd laganna verði frumvarpið samþykkt. Í því samhengi ræddi nefndin margvíslega þætti, m.a. hvort nógu margir réttindagæslumenn séu til að sinna málaflokknum. Nefndin áréttar að á þessu ári hafi stöðugildum fjölgað til muna, þ.e. úr 1,5 í 4,75, en lýsir jafnframt áhyggjum sínum af því að enn sé ekki nóg að gert. Lítur nefndin svo á að þetta fyrirkomulag, þ.m.t. fjöldi stöðugilda, sé til reynslu í eitt ár og verði þá metið hvaða þörf sé á úrbótum í ljósi reynslunnar af framkvæmd laganna.

Grunnforsenda í nálgun nefndarinnar og umræðum hefur verið sú að réttindi fatlaðs fólks séu mannréttindi en ekki velferðarmál og að rauði þráðurinn í öllu því sem lagt er til hljóti að vera sjálfstæði, sjálfræði og vilji hins fatlaða einstaklings. Með þetta að leiðarljósi hefur nefndin í breytingartillögum við frumvarpið ítrekað að samþykki hins fatlaða einstaklings þurfi til hvers kyns ráðstafana í lífi viðkomandi. Í þessu samhengi áréttar nefndin einnig mikilvægi þess að á komandi hausti verði lagt fram frumvarp um nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk. Í október nk. er einnig von á framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks og væntir nefndin þess að í henni verði tímasettar aðgerðir sem tryggi að málefnum fatlaðs fólks, þjónustu við fatlað fólk og réttindagæslu fyrir fatlað fólk verði sinnt með sóma.

Með þessu frumvarpi er stigið mikilvægt skref í réttindagæslu fyrir fatlað fólk þó ekki sé ráðið fram úr öllum ágöllum þessa mikilvæga réttindamáls. Nefndin hefur því lagt sig fram um að betrumbæta og skýra tiltekna þætti frumvarpsins og koma öðrum og stærri málefnum í ákveðið úrlausnarferli til lengri tíma.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ásmundur Einar Daðason og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. júní 2011.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form., frsm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Pétur H. Blöndal.

Jónína Rós Guðmundsdóttir. Guðmundur Steingrímsson. Íris Róbertsdóttir.

Auður Lilja Erlingsdóttir.

1624. Breytingartillögur [728. mál]

við frv. til l. um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „sérstaka réttindagæslu fatlaðs fólks“ í 1. mgr. komi: réttindagæslu fyrir fatlað fólk.
   b. Í stað orðsins „ákvarðanir“ í 1. mgr. komi: undirbúning upplýstrar ákvörðunar.
   c. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Ákvæði IV. kafla gilda einnig um réttindagæslu einstaklinga sem vegna afleiðinga viðvarandi sjúkdóms eða slyss þurfa stuðning við undirbúning upplýstrar ákvörðunar um persónuleg málefni eða aðstoð við að leita réttar síns hvort sem er gagnvart opinberum þjónustuaðilum, öðrum stjórnvöldum eða einkaaðilum.
   d. Í stað orðsins „laganna“ í 2. og 3. mgr. komi: laga þessara.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „Ráðherra“ komi: Velferðarráðherra.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Yfirstjórn.*
3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „Ráðuneytið“ í 1. mgr. komi: Velferðarráðuneytið.
   b. Í stað orðanna „réttindavaktar fatlaðs fólks“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: réttindavaktarinnar.
   c. Í stað orðsins „trúnaðarmanna“ í a-lið 2. mgr. og orðsins „trúnaðarmenn“ í c-lið 2. mgr. komi: réttindagæslumanna; og: réttindagæslumenn.
   d. Í stað orðsins „þjónustu“ í b- og d-lið 2. mgr. komi: hugmyndafræði og þjónustu.
   e. Á eftir orðinu „upplýsingastarfi“ í c-lið 2. mgr. komi: í samvinnu og samráði við hagsmunasamtök fatlaðra.
   f. Við 2. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: bera ábyrgð á fræðslu- og upplýsingastarfi í samvinnu og samráði við hagsmunasamtök fatlaðra til að upplýsa almenning um réttindi fatlaðs fólks, vinna gegn staðalímyndum og fordómum og auka vitund um getu og framlag fatlaðs fólks.

4. Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í fyrirsögn II. kafla komi: velferðarráðuneytisins.
5. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „trúnaðarmenn“ þrívegis í 1. mgr. og í 3. mgr., orðsins „trúnaðarmaður“ tvívegis í 2. mgr. og orðsins „trúnaðarmanns“ í 2. mgr. komi: réttindagæslumenn; réttindagæslumaður; og: réttindagæslumanns.
   b. Á eftir orðinu „málefnum“ í 1. mgr. komi: og réttindum.
6. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „Trúnaðarmenn“ í 1. mgr. og orðsins „trúnaðarmanni“ í 2. mgr. komi: Réttindagæslumenn; og: réttindagæslumanni.
   b. Í stað orðanna „eða persónulegs talsmanns hans“ í 2. mgr. komi: og persónulegs talsmanns hans, sbr. IV. kafla, sé slíkur talsmaður til staðar.
7. Við 6. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:

      Öllum er skylt að tilkynna til réttindagæslumanns ef þeir hafa ástæðu til að ætla að brotið sé á rétti fatlaðs einstaklings. Aðstandendur fatlaðs einstaklings, persónulegur talsmaður, þjónustuaðilar, samtök fatlaðs fólks og aðrir sem vegna stöðu sinnar, tengsla eða starfa verða varir við að réttur fatlaðs einstaklings er fyrir borð borinn skulu tilkynna það réttindagæslumanni. Fatlaður einstaklingur, sem telur að réttur hans sé fyrir borð borinn, getur tilkynnt það réttindagæslumanni á viðkomandi svæði. Réttindagæslumaður skal veita hinum fatlaða einstaklingi nauðsynlegan stuðning og kanna málið að höfðu samráði við hann. Réttindagæslumaður getur einnig hvenær sem er tekið upp mál að eigin frumkvæði. Komist réttindagæslumaður að þeirri niðurstöðu að réttur fatlaðs einstaklings hafi verið fyrir borð borinn aðstoðar réttindagæslumaður hinn fatlaða einstakling við að leita réttar síns miðað við atvik máls hverju sinni og óskir hins fatlaða einstaklings.
   b. Í stað orðsins „Trúnaðarmaður“ í 2. og 3. mgr. og orðsins „trúnaðarmanns“ í 2. mgr. komi: Réttindagæslumaður; og: réttindagæslumanns.
   c. Á eftir orðunum „þess eðlis“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: og að fengnu samþykki hins fatlaða einstaklings.
8. Í stað orðsins „Trúnaðarmenn“ í fyrirsögn III. kafla komi: Réttindagæslumenn.
9. Við 7. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:

      Fatlaður einstaklingur sem er lögráða en á vegna fötlunar sinnar erfitt með að gæta hagsmuna sinna skal eiga rétt á persónulegum talsmanni. Fatlaður einstaklingur velur sér talsmann og getur óskað eftir samráði þar um við réttindagæslumann á viðkomandi svæði. Réttindagæslumaður skal staðfesta val talsmanns. Hafa skal samráð við nánustu ættingja eða aðstandendur geti hinn fatlaði einstaklingur, að mati réttindagæslumanns, ekki tjáð vilja sinn í þeim efnum. Hinn fatlaði einstaklingur og persónulegur talsmaður hans skulu undirrita samkomulag um aðstoðina og skal það varðveitt af réttindagæslumanni. Geti hinn fatlaði einstaklingur ekki undirritað samkomulag er heimilt að víkja frá skilyrði um undirritun en þá skal samkomulag gert að réttindagæslumanni viðstöddum og eftir reglum sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.
   b. Við lokamálslið 2. mgr. bætist: en persónulegur talsmaður skal fá endurgreiddan kostnað sem sannanlega fellur til vegna starfa hans í þágu hins fatlaða einstaklings.

c. Í stað orðanna „í samráði við hinn fatlaða einstakling“ í 3. mgr. komi: í samráði við og með samþykki hins fatlaða einstaklings.

10. Við 8. gr.
    a. Í stað orðsins „Trúnaðarmenn“ í 1. mgr. komi: Réttindagæslumenn.
    b. 2. mgr. orðist svo:
    Hinn fatlaði einstaklingur getur hvenær sem er afturkallað umboð persónulegs talsmanns og skal réttindagæslumaður aðstoða hann við það óski hann eftir því. Réttindagæslumaður getur með samþykki hins fatlaða einstaklings afturkallað umboð persónulegs talsmanns, í samráði við réttindavakt ráðuneytisins, telji hann viðkomandi ekki gegna skyldum sínum gagnvart hinum fatlaða einstaklingi. Þá getur persónulegur talsmaður hvenær sem er sagt sig frá umboðinu.
11. Við 9. gr.
    a. Á eftir orðunum „fatlaðan einstakling“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: á grundvelli samkomulags skv. 1. mgr. 7. gr. og þá.
    b. Í stað orðanna „hjálpar hinum fatlaða einstaklingi við að taka upplýstar ákvarðanir“ í 2. málsl. 1. tölul. 1. mgr. komi: styður hinn fatlaða einstakling við undirbúning upplýstrar ákvörðunar.
    c. 4. málsl. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Sé persónulegur talsmaður fatlaðs einstaklings til staðar er þjónustuveitanda skylt að kalla hann til þegar til stendur að gera verulegar breytingar á þjónustunni.
    d. Í stað orðanna „hjálpar honum að taka upplýstar ákvarðanir, svo sem um læknisaðgerðir“ í 2. málsl. 2. tölul. 1. mgr. komi: styður hann við undirbúning upplýstrar ákvörðunar, svo sem um meðferð heilbrigðisstarfsmanna.
    e. Við lokamálslið 2. tölul. 1. mgr. bætist: í samráði við hinn fatlaða einstakling.
    f. 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. orðist svo: Greiði fatlaður einstaklingur gjöld í sameiginlega sjóði, til dæmis í hússjóð eða vegna sameiginlegs heimilishalds með öðrum, skal persónulegur talsmaður með samþykki hins fatlaða einstaklings eiga rétt til aðgangs að öllum upplýsingum um meðferð fjármuna úr þeim sjóðum í samræmi við samkomulag skv. 1. mgr. 7. gr.
    g. Við 2. mgr. bætist: m.a. um fræðslu þeirra, form samkomulags skv. 1. mgr. 7. gr. og endurgreiðslu kostnaðar skv. 2. mgr. 7. gr.
12. Við 10. gr.
    a. Í stað orðsins „Trúnaðarmenn“ komi: Réttindagæslumenn.
    b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þagnarskyldan helst þó að hinn fatlaði einstaklingur andist og þó að réttindagæslumaður eða persónulegur talsmaður láti af störfum.
13. Fyrirsögn 11. gr. verði: *Gildistaka.*
14. Í stað orðsins „Breytingar“ í fyrirsögn 12. gr. komi: Breyting.
15. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
    Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um ráðningu réttindagæslumanna fatlaðs fólks skulu trúnaðarmenn sem skipaðir eru á grundvelli 37. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum, og reglugerðar nr. 172/2011, um trúnaðarmenn fatlaðs fólks, starfa áfram út skipunartíma sinn sem réttindagæslumenn fatlaðs fólks en að honum loknum skal ráða réttindagæslumenn í samræmi við 4. gr.

16. Við bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    a. (II.)
    Ráðherra skal eigi síðar en 1. nóvember 2011 leggja fram á Alþingi frumvarp til laga þar sem m.a. eru lögð til ákvæði um nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk. Frumvarpið skal ráðherra láta vinna í samstarfi við innanríkisráðuneyti.
    b. (III.)
    Ráðherra skal þegar við samþykkt laga þessara skipa starfshóp til að endurskoða fyrirkomulag réttindagæslu fyrir fatlað fólk með það fyrir augum að farið sé með réttindagæsluna sem mannréttindamál en ekki velferðarmál eða félagslegt málefni. Skal hópurinn leitast við að tryggja skilvirka, öfluga og framsækna leið til að sinna réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Við endurskoðunina skal taka mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
    Meðal þess sem starfshópurinn skal skoða eru möguleikar þess að færa verkefnið til ráðuneytis mannréttindamála, stofnun þjóðbundinnar mannréttindastofnunar til að sinna verkefninu eða að veita Mannréttindaskrifstofu Íslands lögbundið hlutverk til að sinna verkefninu. Skal hópurinn líta sérstaklega til Parísarreglna Sameinuðu þjóðanna í þessu samhengi.
    Þá skoði starfshópurinn möguleika á samnýtingu sérþekkingar með því að færa alla réttindavernd og réttindagæslu annarra hópa til sama aðila.
    Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum velferðarráðuneytis, innanríkisráðuneytis, fjölbreyttum hagsmunasamtökum fatlaðs fólks, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum. Auk þess verði leitað til mannréttindasérfræðinga og sérfræðinga á sviði réttindagæslu, réttindaverndar og fötlunarfræða.
    Starfshópurinn skal ljúka vinnu sinni eigi síðar en 31. desember 2011 og skila skýrslu til ráðherra með tillögum að lagabreytingum sem ráðherra skal kynna fyrir Alþingi.

1625. Nefndarálit [824. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum (í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga o.fl.).

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin fékk á fund sinn Maríönnu Jónasdóttur, Ingibjörgu Helgu Helgadóttur, Guðrúnu Þorleifsdóttur, Hlyn Ingason, Lilju Sturludóttur og Hafdísi Ólafsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Ingvar Rögnvaldsson, Elínu Arthúrsdóttur og Guðrúnu Jennýju Jónsdóttur frá ríkisskattstjóra, Halldór Árnason og Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, Gylfa Arnbjörnsson og Henný Hinz frá Alþýðusambandi Íslands, Þóreyju Þórðardóttur, Arnar Sigurmundsson, Hrafn Bragason og Þorbjörn Guðmundsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Ólaf E. Friðriksson og Gunnar Þór Ásgeirsson frá Fjármálaeftirlitinu, Guðmund Magnússon og Lilju Þorgeirsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands, Vigdísi Jónsdóttur frá VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði, Guðjón Rúnarsson og Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármála-

fyrirtækja, Símon Þór Jónsson frá Deloitte, Friðgeir Sigurðsson frá PwC, Sigurjón P. Högnason frá KPMG, Alexander Eðvardsson, Finn Oddsson og Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði, Karl Björnsson og Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Elínu Björgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Stefán Baldursson frá Bandalagi háskólamanna, Almar Guðmundsson frá Félagi atvinnurekenda, Rögnu Haraldsdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Deloitte hf., Félagi löggiltra endurskoðenda, meiri hluta, 1. minni hluta og 2. minni hluta fjárlaganefndar, Fjármálaeftirlitinu, Hagsmunasamtökum heimilanna, KPMG hf., Landssamtökum lífeyrissjóða, Lögmannafélagi Íslands, MP banka, PwC hf., ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjárfesta, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði, tollstjóra, Tryggingastofnun ríkisins, Viðskiptaráði og Öryrkjabandalagi Íslands.

Í 1.–6., 8. og 16. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar sem standa í tengslum við nýundirritaða kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins. Tillögurnar lúta aðallega að rekstrarumhverfi fyrirtækja en jafnframt er lagt til að persónuafsláttur verði vísitölutryggður og að viðmiðun við ákvörðun auðlegðarskatts verði breytt. Á fundum nefndarinnar kom fram almenn ánægja með gerð samninganna og það mikilvæga markmið að tryggja stöðugleika á vinnumarkaði til næstu ára. Talsverðar efasemdir komu þó fram um skynsemi þess að stjórnvöld gæfu aðilum vinnumarkaðarins loforð um að eiga frumkvæði að óútfærðum lagabreytingum í þeim tilgangi að liðka fyrir samningum. Nefndin stæði þá e.t.v. frammi fyrir tveimur vandasömum kostum, þ.e. að samþykkja fljótunnar tillögur eða eiga á hættu að tefla kjarasamningum í tvísýnu. Þá væri það umhugsunarvert að stuttu fyrir þingfrestun væru lagðar til í frumvarpi sem þessu breytingar sem ekki væru jafn aðkallandi frá efnahagslegu sjónarmiði.

Breytingar sem standa í tengslum við gerð kjarasamninga.

Í *6. gr. frumvarpsins* er lagt til að frá og með 1. janúar 2012 muni persónuafsláttur taka árlegum breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, þ.e. miðað við verðlagsbreytingar á undangengnum 12 mánuðum frá desember árið áður, fyrst í ársbyrjun 2012. Tillagan er samin á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við undirritun kjarasamninga.

Í *1. gr. frumvarpsins* er lögð til breyting á 8. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga sem felur í sér að skattlagning vaxta sem erlendir aðilar fá greidda frá íslenskum aðilum vegna lánasamninga skuli ekki eiga við í viðskiptum ótengdra aðila. Þegar umræddur skattur var lagður á með lögum nr. 70/2009 vöruðu talsmenn atvinnulífs við neikvæðum áhrifum reglunnar á lánamöguleika íslenskra fyrirtækja erlendis. Voru þau sjónarmið ítrekuð á fundum nefndarinnar en auk þess komu fram ábendingar um að skilyrði undanþágunnar væru ekki nægilega skýr og gætu þess vegna valdið vandkvæðum í skattframkvæmd. Meiri hlutinn telur í ljósi þeirra ábendinga og að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið ekki tímabært að lögfesta ákvæðið og leggur til að það falli brott. Breytingunni var ekki ætlað að taka gildi fyrr en við upphaf næsta árs og því er enn tími til stefnu. Meiri hlutinn er reiðubúinn til að taka málið upp á haustþingi með tilliti til mikilvægis málsins fyrir nýgerða kjarasamninga.

Í *3. gr. frumvarpsins* er lögð til breyting 9. tölul. og 9. tölul. a 31. gr. tekjuskattslaga þar sem fjallað er um heimildir lögaðila til þess að draga arð og söluhagnað frá rekstrartekjum. Í liðunum koma fram samhljóða skilyrði sem annars vegar lúta að eignarhaldi og hins vegar

jöfnun yfirfæranlegs taps. Breytingin felur í sér að í stað þess að gerð sé krafa um 10% eignarhlut verði miðað við 5% og að skilyrðið um jöfnun taps verði fellt brott. Meiri hlutinn fellst á það og leggur einnig til að skilyrði um eignarhald verði fellt brott. Er það m.a. gert með tilliti til sjónarmiða um dreift eignarhald.

Í *2., 4. og 5. gr. frumvarpsins* er lagt til að inntak lokamálsliðar 1. mgr. 11. gr. laga um tekjuskatt verði skýrt nánar. Í lagagreininni, sem lögfest var með lögum nr. 128/2009, kemur fram að þegar heimil arðsúthlutun hlutafélaga og einkahlutafélaga er samtals yfir 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé og viðtakanda arðsins ber stöðu sinnar vegna að reikna sér endurgjald skuli reikna til tekna sem laun 50% af þeim arði sem umfram er. Breytingarnar sem lagðar eru til felast í tvennu, í fyrsta lagi að lögfesta viðmið um hverjum ber að reikna sér endurgjald og í annan stað er mælt fyrir um að sá hluti úthlutaðs arðs sem telst vera laun verði eingöngu skattlagður í lægsta skattþrepi tekjuskattsins.

Tilgangur reglunnar er að meginstefnu sá að stemma stigu við misnotkun einkahlutafélagaformsins og styðja við reglur um reiknað endurgjald og áréttuðu talsmenn atvinnulífsins fyrri athugasemdir um að reglan mundi eiga síður við í þeim fyrirtækjum þar sem fjöldi hluthafa væri að störfum og enginn einn ráðandi og jafnframt þegar hagnaður verður ekki rakinn til vinnuframlags. Annar yfirlýstur tilgangur reglunnar er sá að bæta sveitarfélögum upp tekjumissi liðinna ára vegna yfirfærslu einstaklingsrekstrar yfir í einkahlutafélög. Til að mæta framangreindum sjónarmiðum leggur meiri hlutinn til þá breytingu á 4. og 5. gr. að viðmið um lágmarkseignarhald við mat á því hver sé ráðandi aðili verði hækkað úr 2% í 20%. Til að mæta áhrifum þessa á tekjur ríkis og sveitarfélaga er lagt til að sá hluti arðsins sem skattleggst sem laun verði skattlagður í hærra þrepi en samkvæmt frumvarpinu. Breytingin á ekki að hafa nein áhrif á heimild til millifærslu skv. 4. tölul. 1. mgr. 66. gr.

Meiri hlutinn leggur enn fremur til þá breytingu á 2. gr. að sá hluti arðsins sem skattleggst sem laun myndi hvorki stofn til tryggingagjalds né lífeyrisiðgjalds og ekki myndi hann heldur frádráttarbæran rekstrarkostnað hjá greiðanda. Nefndin ræddi með hliðsjón af þessari breytingu hvert eðli þess hluta arðsins sem skattleggst sem laun væri. Sjónarmið komu fram um að þetta gæti ráðist af því hvort til skoðunar væri móttakandi greiðslunnar eða greiðandinn.

Í *8. gr. frumvarpsins* er lagt til að í stað þess að miða ákvörðun auðlegðarskattsstofns við raunvirði hlutabréfa (hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé) verði miðað við stofnverð, þ.e. kostnaðarverð hlutabréfa við kaup þeirra eða stofnun félagsins. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ástæða þessarar breytingartillögu séu vandkvæði á því að meta raunvirði bréfanna en í umsögn ríkisskattstjóra var ekki fallist á að það sjónarmið gæti réttlætt svo róttæka breytingu.

Að fengnum tillögum fjármálaráðuneytisins leggur meiri hlutinn til breytingar á frumvarpsgreininni. Lagt er til að auðlegðarskattur verði ekki lagður á í tvennu lagi, þ.e. á nettóeignir aðrar en eigið fé/hlutafé á 1. ári og síðan eigið fé/hlutafé á 2. ári, heldur í einu lagi. Það mun hafa í för með sér að matið á nettóeignum í formi eigin fjár/hlutafjár byggist á skattalegu uppgjöri fyrirtækja einu ári fyrr. Þannig verður mat á skattalegu eigin fé við álagningu 2012 byggt á skattalegu uppgjöri fyrirtækja vegna rekstrarársins 2010 og skattlagt með annarri nettóeign aðila eins og hún stóð í árslok 2011. Endurreikningur auðlegðarskattsstofns og álagning auðlegðarskatts á árinu 2013 fellur niður. Breytingin kemur til framkvæmda við álagningu opinbera gjalda árið 2012.

Í *16. gr. frumvarpsins* er lagt til að lögfest verði skylda allra launagreiðenda til greiðslu 0,13% iðgjalds til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs og einnig skylda lífeyrissjóða til greiðslu 0,13% af sama stofni. Iðgjald launagreiðenda reiknast í fyrsta sinn eigi síðar en 1. september 2011 en fyrsta greiðsla sjóðanna skal reiknast af iðgjaldastofni janúarmánaðar 2012. Gildistími 16. gr. er til næstu áramóta samkvæmt frumvarpinu en ákvæðið gerir ráð fyrir að fyrir þann tíma, þ.e. 1. nóvember 2011, hafi sérstök samráðsnefnd stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins mótað tillögur að lagalegri umgjörð Starfsendurhæfingarsjóðs.

Umsagnaraðilar voru sammála um gildi starfsendurhæfingar og var á það bent að vísbendingar væru um að starfsemin væri þegar farin að skila ríki og lífeyrissjóðum ávinningi vegna minnkandi tíðni örorku. Óvenjuleg framsetning frumvarpsgreinarinnar endurspeglaði hins vegar áherslur þeirra sem vilja að verksvið og umgjörð sjóðsins verði skilgreind í lögum og að ávinningur af starfi hans verði kannaður ítarlega áður en greiðsluskylda lífeyrissjóðanna samkvæmt frumvarpinu verður virk. Miðað við greidd iðgjöld á árinu 2010 telur Fjármálaeftirlitið að framlög sjóðanna nemi um einum milljarði.

Sami fyrirvari er ekki gerður í frumvarpinu varðandi almenna launagreiðendur heldur er miðað við að greiðsluskylda þeirra geti orðið virk áður en nefndin skilar tillögum. Greiðsluskyldan mun því einnig taka til þeirra sem ekki hafa fram til þessa innt af hendi framlög til VIRK á grundvelli kjarasamninga. Réttlætingin fyrir því að láta gjaldskylduna taka til allra launagreiðenda helgast fyrst og fremst af því að öllu launafólki er boðið að nýta sér þjónustu VIRK.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar sem eiga að gera ákvæðið skýrara en án efnisbreytinga. Einnig er lagt til að Landssamtök lífeyrissjóða eigi fulltrúa í samráðsnefndinni.

Aðrar breytingar.

Í *9. og 15. gr. frumvarpsins* eru lagðar til breytingar er varða upptöku sérstaks tímabundins skatts á lífeyrissjóði, annars vegar, og tímabundins viðbótarskatts á fjármálafyrirtæki, hins vegar. Lagt er til að skatturinn nemi 0,0972% af hreinni eign til greiðslu lífeyris en að hinn skatturinn nemi 0,0795 af skattstofni eins og hann er ákvarðaður í lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessir skattar leggist á við álagningu þessa árs vegna tekjuársins 2010 og jafnframt að skatttekjunum skuli varið til þess að fjármagna sérstaka vaxtaniðurgreiðslu (ígildi vaxtabóta) vegna 2011 og 2012. Vísað er í athugasemdum frumvarpsins til þess að sjóðirnir og fjármálafyrirtækin hafi skuldbundið sig til þess að fjármagna útgjöld vegna þessara aðgerða sem taldar eru kosta um 6 milljarða kr. á ári. Frumvarpið gerir ráð fyrir að heildartekjur vegna þessara skatta verði 3,5 milljarðar kr. á þessu ári og að kostnaðarskipting sjóðanna og viðskiptabankanna verði jöfn.

Landssamtök lífeyrissjóða, Samtök fjármálafyrirtækja, aðilar vinnumarkaðarins og fleiri mótmæltu umræddum skattlagningaráformum. Hvorki sjóðirnir né fjármálafyrirtækin gengust við því á fundum nefndarinnar að hafa samþykkt að bera umræddan kostnað með þeim hætti sem að framan greinir. Aðilarnir hefðu fallist á að leita leiða við fjármögnun verkefnisins og hafi þeir kostir sem skoðaðir hafi verið byggst á gagnkvæmu samkomulagi við ríkið en ekki einhliða ákvörðun þess um töku skatts. Lífeyrissjóðirnir hefðu með þeim hætti boðist til þess að standa undir sem nemur ¼ af umræddum sex milljörðum eða um 1.500 millj. kr. Með hliðsjón af gildistökuákvæði frumvarpsins og banni stjórnarskrár við afturvirkni skattalaga var því haldið fram að skattlagningin væri ólögleg.

Skattlagningin er af mörgum talin ganga gegn grundvallarhugsun í starfsemi lífeyrissjóðanna um að skattlagning frestist þar til að útgreiðslu kemur. Þá gagnrýndu aðilar vinnumark-

aðarins það harðlega að hún kæmi harðar niður á almennu sjóðunum en hinum opinberu. Fyrrnefndu sjóðirnir byggðust á fullri sjóðssöfnun en hinir síðarnefndu á föstum réttindum sem væru tryggð með ábyrgð ríkissjóðs. Fjármálaeftirlitið gagnrýndi að ekki lægju fyrir útreikningar á hvaða áhrif skattlagningin mundi hafa á tryggingafræðilega stöðu sjóðanna og hið sama gerði Samband íslenskra sveitarfélaga með tilliti til fjárhags sveitarfélaganna. Á móti var því sjónarmiði haldið til haga að vaxtaniðurgreiðslurnar gætu hafa dregið úr þörf fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða fyrir afskriftir íbúðalána.

Við meðferð málsins lagði fjármálaráðuneytið til við efnahags- og skattanefnd þá breytingu að álagning umræddra skatta yrði frestað til ársins 2012 og ákvörðun stofnsins miðuð við árið 2011. Hinir skattskyldu aðilar yrðu þess í stað krafðir um fyrirframgreiðslu á þessu ári þar sem ákvörðun stofnsins væri miðuð við árslok 2010. Þá væri lagt til að hlutdeild sjóðanna í heildarkostnaðinum verði lækkuð í 40% en hlutur fjármálafyrirtækjanna hækki samsvarandi.

Meiri hlutinn telur að skattlagningin sé reist á málefnalegum forsendum þar sem henni er ætlað að standa undir almennri aðgerð til lausnar á skuldavanda heimila. Fjármögnun verkefnisins rúmist ekki endilega innan fjárfestingarheimilda lífeyrissjóða eða krafna um arðsemi í rekstri fjármálafyrirtækja. Samt sem áður má ætla að aðilarnir hafi haft ávinning af aðgerðunum og að ekki sé ósanngjarnt að þeir taki á sig beinan kostnað vegna þeirra. Meiri hlutinn leggur til breytingar í samræmi við tillögur ráðuneytisins og telur að þar sé komið á móts við sjónarmið um bann við afturvirkni skattalaga.

Í *10. og 11. gr. frumvarpsins* eru lagðar til breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Í 10. gr. er lagt til að seljendur rafrænnar þjónustu sem eru með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis skuli vera ábyrgir fyrir innheimtu og skilum virðisaukaskatts þegar sá sem kaupir þjónustuna hefur heimilisfesti eða fasta starfsstöð hér á landi en er ekki skráður í virðisaukaskattsskrá. Umfjöllun um þennan þátt málsins hefur staðið nokkuð í skugganum af öðrum atriðum frumvarpsins en til greina kemur að fjalla um málið aftur á komandi haustþingi. Meiri hlutinn leggur til að 10. gr. falli brott.

Í 11. gr. er lagt til að framkvæmd d-liðar 10. tölul. 12. gr. laganna sem sett var fyrir tilstilli efnahags- og skattanefndar með lögum nr. 163/2010 verði frestað til 1. október nk. með tilliti til athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem borist hafa fjármálaráðuneytinu eftir óformlegum leiðum. Benda má á að lagagreinin tók gildi um síðustu áramót og kom til framkvæmda 1. maí sl. Hluti nefndarmanna telur eðlilegt að gera breytingar á ákvæðinu ef þurfa þykir, ef og þegar formlegar athugasemdir hafa borist. Leggja þeir til að 11. gr. falli brott.

Í *7. gr. frumvarpsins* er lögð til breyting á 3. mgr. 101. gr. tekjuskattslaga þess efnis að ríkisskattstjóra verði heimilt að leiðrétta álagningu skattaðila ef beinlínis er kveðið svo á um í lögum að fallið sé frá fyrri skattframkvæmd. Í umsögnum komu fram sjónarmið um að máli geti skipt við meðferð þessarar heimildar hvort leiðrétt álagning sé ívilnandi eða íþyngjandi fyrir skattaðila.

Í tilvitnuðu lagaákvæði er fjallað um heimildir ríkisskattstjóra til endurupptöku máls og hefur athygli nefndarinnar verið vakin á því að verði frumvarpsgreinin samþykkt óbreytt muni réttur skattaðila til þess að kæra synjun ríkisskattstjóra um breytingu til yfirskattanefndar falla brott. Fram kom af hálfu fjármálaráðuneytisins að ekki hafi staðið til að fella kæruheimildina brott og er þess vegna lögð til breyting þar að lútandi.

Í *12. gr. frumvarpsins* eru lagðar til auknar heimildir til handa ferðamönnum til innflutnings gjaldfrjálsu áfengi. Í umsögn ÁTVR er breytingin gagnrýnd þar sem hún er talin

draga úr vægi einkasölu á áfengi sem er grundvallaratriði í áfengisstefnu stjórnvalda. Meiri hlutinn leggur til tæknilegar breytingar á ákvæðinu að fengnum tillögum fjármálaráðuneytisins.

Í *13. og 14. gr. frumvarpsins* sem varðar breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki er annars vegar lagt til að framsetning texta í 15. gr. laganna verði löguð án þess að í því felist efnisbreyting og í annan stað að lögunum verði markaður gildistími með hliðsjón af athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku skjali.

Mörður Árnason, Þuríður Backman og Auður Lilja Erlingsdóttir gera fyrirvara við álitið.

Fyrirvari Þuríðar Backman og Auðar Lilju Erlingsdóttur varðar tillögur einstakra nefndarmanna um 11. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 3. júní 2011.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Þuríður Backman, með fyrirvara.
Mörður Árnason, með fyrirvara.		Auður Lilja Erlingsdóttir, með fyrirvara.

1626. Breytingartillögur [824. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum (í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga o.fl.).

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (HHj, MSch, ÞBack, MÁ, ALE).

1. 1. gr. falli brott.
2. 2. gr. orðist svo:
   Í stað 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hjá þeim skattaðilum sem er skylt að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs, og skattleggja í samræmi við 5. mgr. 66. gr. Þannig ákvarðaðar tekjur mynda hvorki stofn til tryggingagjalds né lífeyrisiðgjalds né teljast til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar hjá greiðanda.
3. 3. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:
   a. 6. og 7. málsl. 9. tölul. falla brott.
   b. 3. mgr. 9. tölul. a fellur brott.
4. Í stað hlutfallstölunnar „2%“ í 2. málsl. 4. gr. komi: 20%.
5. B-liður 5. gr. orðist svo: Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tekjuskattshlutfall á þann hluta úthlutaðs arðs sem telst vera laun skv. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. skal vera skv. 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar. Þessar tekjur skulu þó ekki vera meðtaldar þegar reiknuð er millifærsla milli skattþrepa skv. 4. tölul. 1. mgr.

6. Við lokamálslið 7. gr. bætist: svo og má bera synjun um breytingu á skattákvörðun samkvæmt þessari málsgrein undir yfirskattanefnd.
7. 8. gr. orðist svo:

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða XXXIII og XXXIX skal haga álagningu auðlegðarskatts við álagningu opinberra gjalda á árunum 2012 og 2013 með eftirfarandi hætti: Á framtalsskyldar eignir skv. 72. gr. í lok ársins 2011 skal við álagningu 2012 leggja auðlegðarskatt sem hér segir á menn sem eru skattskyldir skv. 1. gr. og 4.–9. tölul. 3. gr.:

a. Frá eignum, sbr. 73. gr., skal draga skuldir skattaðila. Með skuldum í þessu sambandi teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól þeirra sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs. Skuldir í erlendum verðmæli skal telja á sölugengi í árslok. Til skulda teljast öll opinber gjöld er varða viðkomandi reikningsár, þó ekki þau gjöld sem eru lögð á tekjur eða hreina eign á næsta ári eftir lok reikningsárs. Frá eignum aðila sem um ræðir í 4. tölul. 3. gr. má einungis draga skuldir sem beint eru tengdar starfsemi þeirra hér á landi. Frá eignum aðila sem um ræðir í 5.–9. tölul. 3. gr. má einungis draga skuldir sem á eignum þessum hvíla.
b. Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 73. gr. skulu lögaðilar telja fram hlutdeild sína í öðrum félögum á markaðsverði ef um er að ræða félög sem eru skráð í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði en annars hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags í stað nafnverðs. Þá skulu lögaðilar telja fram eignarhlutdeild sína í félögum skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. á sama hátt.

   Við ákvörðun auðlegðarskattsstofns skal telja hlutabréf í félögum sem eru skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði fram á markaðsvirði í árslok. Sá sem á hlut í félagi sem ekki er skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skal telja fram til auðlegðarskattsstofns hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins eins og það er talið fram í skattframtali félagsins fyrir rekstrarárið 2010 skv. 1. mgr. þessa stafliðar.
c. Auðlegðarskattsstofn er þær eignir sem eftir verða þegar frá verðmæti eigna skv. 73. gr., sbr. a- og b-lið, hafa verið dregnar fjárhæðir skulda svo sem þær hafa verið ákvarðaðar í samræmi við fyrrnefnt ákvæði a-liðar. Auðlegðarskattsstofn skal ákvarða í heilum tugum króna og sleppa því sem umfram er.
d. Auðlegðarskatt skal miða við auðlegðarskattsstofn skattaðila í árslok.
e. Hjón sem samvistum eru, sbr. 5. gr., skulu telja saman allar eignir sínar og skuldir og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða séreign eða skuldir tengdar henni. Auðlegðarskattsstofni skal skipta að jöfnu milli þeirra og reikna auðlegðarskatt af hvorum helmingi fyrir sig skv. h-lið. Sama gildir um sambúðaraðila, sbr. 3. mgr. 62. gr. Auðlegðarskattsálagningu eftirlifandi maka eða sambúðaraðila, sbr. 3. mgr. 62. gr., sem situr í óskiptu búi skal hagað á sama hátt og um hjón væri að ræða í mest fimm ár frá andlátsári hins látna, þó ekki fram yfir gildistíma þessa ákvæðis, enda hafi viðkomandi ekki hafið sambúð að nýju.

f. Heimilt er ríkisskattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun auðlegðarskattsstofns hans þegar svo stendur á sem í 1. tölul. 1. mgr. 65. gr. greinir, enda hafi gjaldþol mannsins skerst verulega af þeim ástæðum.
g. Eignir barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. A-lið 68. gr. Gilda ákvæði 78. gr. einnig um þar greindar eignir barns. Ríkisskattstjóri má taka til greina umsókn framfæranda barns um að eignir barns, sem misst hefur annað foreldri sitt eða bæði og hefur ekki verið ættleitt, skuli skattlagðar hjá barninu sjálfu í samræmi við ákvæði h-liðar.
h. Auðlegðarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 75.000.000 kr. af auðlegðarskattsstofni einstaklings og fyrstu 100.000.000 kr. af samanlögðum auðlegðarskattsstofni hjóna greiðist enginn skattur. Af auðlegðarskattsstofni yfir þeim mörkum greiðast 1,5%.
i. Allir þeir sem hafa auðlegðarskattsstofn sem er umfram þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í h-lið skulu gera grein fyrir honum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.
j. Endurreikningur auðlegðarskattsstofns og álagning auðlegðarskatts á árinu 2013 fellur niður.

b. (II.)

Við álagningu opinberra gjalda árið 2012 skulu aðilar sem falla undir 6. tölul. 4. gr. greiða sérstakan skatt sem nemur 0,0778% af hreinni eign til greiðslu lífeyris, sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eins og hún er í árslok 2011. Um álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Gjalddagi er 1. nóvember 2012. Greiða skal fyrir fram upp í álagðan skatt 1. nóvember 2011 og miðast sú greiðsla við hreina eign til greiðslu lífeyris eins og hún var í árslok 2010 miðað við skatthlutfall samkvæmt ákvæði þessu.

8. 9. gr. falli brott.
9. 10. gr. falli brott.
10. Við 12. gr.
    a. B-liður orðist svo: Á eftir orðinu „léttvíni“ í b-lið 5. tölul. kemur: og 6 lítra af öli.
    b. I-liður orðist svo: A-liður 2. mgr. 7. tölul. orðast svo: 0,5 lítra af sterku áfengi og 0,75 lítra af léttvíni og 3 lítra af öli, eða.
    c. J-liður orðist svo: B-liður 2. mgr. 7. tölul. orðast svo: 0,5 lítra af sterku áfengi og 6 lítra af öli eða 0,75 lítra af léttvíni og 6 lítra af öli.
    d. K-liður falli brott.
11. 15. gr. orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við álagningu opinberra gjalda árið 2012 skal til viðbótar við sérstakan skatt samkvæmt lögunum greiða 0,0875% af skattstofni eins og hann er ákvarðaður í 3. gr. Gjalddagi viðbótarskattsins er 1. nóvember 2012. Greiða skal fyrir fram upp í álagðan viðbótarskatt 1. nóvember 2011 og miðast sú greiðsla við skattstofn eins og hann var í árslok 2010 miðað við skatthlutfall samkvæmt ákvæði þessu.

12. Við 16. gr.
    a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. skulu lífeyrissjóðir, þ.m.t. lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum og staðfestri reglugerð, sbr. 54. gr., greiða sem samsvarar 0,13% af samanlögðum iðgjaldsstofni, sbr. 1. mgr. 3. gr., allra sjóðfélaga til starfsendurhæfingar sjóðfélaga til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs sem starfar á vegum aðila vinnumarkaðarins.
    b. Í stað orðanna „eigi síðar en 1. september 2011“ í 1. málsl. 2. efnismgr. komi: af iðgjaldsstofni septembermánaðar 2011.
    c. Í stað orðanna „aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda“ í 1. málsl. 3. efnismgr. komi: aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda og Landssamtaka lífeyrissjóða.
    d. Orðin „Landssamband lífeyrissjóða og“ í 3. málsl. 3. efnismgr. falli brott.
    e. Heiti VI. kafla verði: **Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.**
13. 17. gr. orðist svo:

    Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda eins og hér segir:

    Ákvæði 2. og 5. gr. öðlast gildi 1. janúar 2012.

    Ákvæði 1., 3. og 4. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2011 og á staðgreiðsluárinu 2010 eftir því sem við á.

    Ákvæði 6. gr., b-liðar 7. gr. og 8.–12. gr. öðlast þegar gildi.

    Ákvæði a-liðar 7. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2012.

    Ákvæði 13. gr. öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2012.

1627. Breytingartillaga [824. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum (í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga o.fl.).

Frá Helga Hjörvar, Magnúsi Orra Schram og Merði Árnasyni.

11. gr. falli brott.

1628. Nefndarálit [706. mál]

um frv. til l. um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Guðlaugu Jónasdóttur frá innanríkisráðuneyti, Ingveldi Einarsdóttur frá Dómarafélaginu, Ingibjörgu Elíasdóttur frá Jafnréttisstofu og Vigdísi Evu Líndal og Ölmu Tryggvadóttur frá Persónuvernd.

Umsagnir bárust frá Ákærendafélagi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Barnaheillum, barnaverndarnefnd Reykjavíkur, Dómarafélagi Íslands, Grímsnes- og Grafningshreppi, barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar, Hrunamannahreppi, Jafnréttisstofu, barnaverndarnefnd Kópavogsbæjar, Mannréttindaskrifstofu Íslands, félagsmálastjóra Norðurþings, Persónuvernd, fjölskyldu- og félagsþjónustunni Reykjanesbæ, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum um kvennaathvarf, umboðsmanni barna og velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný lög á grundvelli gildandi laga um nálgunarbann og mælt fyrir um það nýmæli að heimilt verði að vísa manni brott af heimili sínu eða dvalarstað ef rökstudd ástæða er til að ætla að hanni hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola, eða hætta er á að slíkt muni gerast. Einnig mælir frumvarpið fyrir um að heimilt verði að beita nálgunarbanni samhliða brottvísun af heimili. Lagt er til að ákvörðun um nálgunarbann eða brottvísun verði í höndum lögreglustjóra en samkvæmt gildandi lögum tekur héraðsdómari ákvörðun um nálgunarbann.

Markmið frumvarpsins er að styrkja réttarstöðu brotaþola enn frekar og þá sérstaklega þeirra sem mega þola heimilisofbeldi og ofsóknir. Þá er það sjónarmið lagt til grundvallar í frumvarpinu að ekki er litið á heimilisofbeldi sem einkamál heldur mál sem varðar samfélagið í heild og nauðsynlegt er að bregðast við því sem slíku.

Brottvísun af heimili.

Nefndin fjallaði um fjölmörg atriði frumvarpsins á fundum sínum og sérstaklega um eiginlegt nýmæli frumvarpsins um brottvísun af heimili sem felur í sér heimild til að vísa manni brott af heimili sínu eða dvalarstað og banna honum að koma þangað aftur í tiltekinn tíma. Sú heimild er þó fyrir hendi í barnaverndarlögum. Skilyrði brottvísunar samkvæmt frumvarpinu eru að rökstudd ástæða sé til að ætla að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola, eða hætta sé á að viðkomandi muni gera það.

Friðhelgi einkalífs og verndun eignarréttar.

Í frumvarpinu er gerð grein fyrir afstöðu gagnvart ákvæðum stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs og verndun eignarréttar. Heimilt er með sérstakri lagaheimild skv. 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrár að takmarka friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Þá er skv. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu ekki heimilt að takmarka þessi réttindi nema samkvæmt ákvæðum laga og ef nauðsyn ber til í lýðræðisþjóðfélagi, meðal annars til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

Nefndin fjallaði um ákvæði frumvarpsins í tengslum við framangreind ákvæði en þau fela í sér þá grundvallarreglu að friðhelgi eins á ekki að vera ríkari en réttur annars til persónufrelsis. Það eru þau rök sem búa að baki því að vísa manni brott af eigin heimili að verið er að vernda líf og heilsu annarra. Nefndin fjallaði einnig um tengsl ákvæðanna við eignarréttarákvæði stjórnarskrár en í greinargerð með frumvarpinu og fyrir nefndinni kom fram að hér væri ekki um eiginlegt eignarnám að ræða þar sem hér er um tímabundna ráðstöfun að ræða. Því er unnt að takmarka aðgengi eiganda að eign vegna ríkra hagsmuna annarra, þ.e. vegna lífs og heilsu annarra. Nefndin fellst á þessi sjónarmið og telur að réttur einstaklinga til að njóta öryggis á eigin heimili sé svo ríkur að hann geti rutt slíkum réttindum til hliðar a.m.k. um sinn að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Ákvæði barnaverndarlaga.

Ákvæði um brottvísun af heimili hefur verið í barnaverndarlögum frá 1932. Í 37. gr. barnaverndarlaga er mælt fyrir um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann. Þar segir að ef barnaverndarnefnd þyki barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis geti nefndin krafist þess fyrir dómi að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn. Þá er með sama hætti heimilt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef nefndin telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns. Um málsmeðferð fer samkvæmt gildandi lögum um nálgunarbann. Fyrir nefndinni kom fram að það væru tiltölulega fá mál þar sem brottvísun hefði verið beitt en nokkrar barnaverndarnefndir hefðu þó reynslu af þessu bæði í fámennum og fjölmennum barnaverndarumdæmum.

Í 17. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ef barn býr á heimili þar sem brottvísun manns á sér stað skuli lögreglan ávallt tilkynna brottvísunina til barnaverndarnefndar og hið sama gildi ef um nálgunarbann er að ræða. Frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum bíður nú 3. umræðu á Alþingi en í því er kveðið á um að flytjist barnafjölskylda milli sveitarfélaga eftir að mál sem hana varðar hefur komið til kasta barnaverndarnefndar þá flytjist þær upplýsingar til barnaverndarnefndar í því sveitarfélagi sem viðkomandi fjölskylda flytur til.

Nálgunarbann.

Með frumvarpinu eru ekki lagðar til miklar breytingar á gildandi lögum um nálgunarbann sem kveða á um að lögregla eða lögreglustjóri geti gert kröfu um nálgunarbann. Lögreglu ber að taka afstöðu til beiðni um nálgunarbann svo fljótt sem verða má og ekki síðar en innan þriggja sólarhringa frá því að hún berst. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans skuli taka ákvörðun um nálgunarbann svo fljótt sem verða má en eigi síðar en sólarhring frá því að beiðni hefur borist eða mál komið upp.

Samkvæmt gildandi lögum um nálgunarbann geta þeir sem telja skilyrðum nálgunarbanns fullnægt beint rökstuddri beiðni til lögreglu um að þess verði krafist. Í frumvarpinu er lagt til að þeir sem geta farið fram á nálgunarbann og brottvísun af heimili séu taldir með tæmandi hætti, þ.e. auk brotaþola og lögreglu geti það verið fjölskylda eða lögráðamaður brotaþola, félagsþjónusta í sveitarfélagi sem viðkomandi er búsettur í eða barnaverndarnefnd. Fyrir nefndinni kom fram að það getur verið erfitt fyrir þá sem búa við ofbeldi að fara fram á nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili og er því nauðsynlegt að þeir sem verða varir við ofbeldi á heimilum sem réttlæti slík úrræði komi upplýsingum til viðeigandi yfirvalda. Þeir sem verða fyrir ofbeldi á heimilum eru gjarnan verr staddir en þeir sem beita ofbeldi, t.d. vegna ungs aldurs, fötlunar og andlegs eða líkamlegs styrks. Kom fram að nokkur umræða hefur t.d. verið í Noregi um ofbeldi gegn öldruðum á eigin heimili í þessu sambandi.

Nálgunarbanni er afmarkaður ákveðinn tími samkvæmt frumvarpinu eins og í gildandi lögum, þ.e. ekki lengur en eitt ár. Þá er ekki heimilt að framlengja ákvörðunina nema til komi ný ákvörðun og þurfa þá öll skilyrði að vera uppfyllt eins og við fyrri ákvörðun. Gengur ákvæðið að því leyti lengra en annars staðar á Norðurlöndum en þar er almennt ekki gert ráð fyrir því að ákvörðun um nálgunarbann sé borin undir dómstóla nema að kröfu sakbornings.

Meðalhóf.

Í frumvarpinu er kveðið á um að gæta skuli meðalhófs við beitingu ákvæða frumvarpsins, þ.e. að þeim skuli aðeins beitt þegar ekki þykir sennilegt að friðhelgi brotaþola verði vernduð

með öðrum og vægari hætti. Nefndin telur að við það hagsmunamat sem fram þarf að fara sé nauðsynlegt að taka sérstakt tillit til þess þegar sakborningur notfærir sér aðstöðu sína gagnvart öðrum, sérstaklega þegar um er að ræða börn, aldraða eða aðra sem eru honum háðir á einhvern hátt.

Nefndin tekur fram að ríkari ástæður þurfa að vera fyrir hendi til að unnt sé að brottvísa heimilismanni heldur en að kveða á um nálgunarbann. Brottvísun getur samkvæmt frumvarpinu varað í allt að fjórar vikur en nálgunarbann í allt að eitt ár og ekki er unnt að framlengja tímann nema til komi endurskoðun og gilda þá sömu málsmeðferðarreglur og við fyrri ákvörðun. Nefndin bendir einnig á að brottvísun af heimili er vægara úrræði en handtaka en unnt er að beita brottvísun af heimili í kjölfar handtöku.

Málsmeðferð hjá lögreglustjóra.

Nefndin fjallaði nokkuð um málsmeðferð samkvæmt frumvarpinu en með frumvarpinu er lagt til að ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun verði í höndum lögreglustjóra. Lögreglustjóra er þó gert skylt að bera ákvörðun sína undir héraðsdóm innan þriggja sólarhringa frá birtingu ákvörðunarinnar, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Málsmeðferð fyrir dómstólum frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar nema lögreglustjóri hafi ákveðið annað samkvæmt sömu grein.

Fyrir nefndinni komu fram ábendingar um að með frumvarpinu væri verið að gefa lögreglunni meira vald á fyrsta stigi en hún hefði samkvæmt gildandi lögum um nálgunarbann og því væri mikilvægt að vanda málsmeðferð. Komu fram ábendingar um að ekki væri nægilega skýrt kveðið á um það í frumvarpinu hvernig haga bæri meðferð beiðni fram að töku ákvörðunar. Fyrir nefndinni kom fram að þau tilvik þar sem reynt hefur á nálgunarbannsúrræðið séu ekki mörg á hverju ári. Nefndin telur þó ljóst að þegar á þau reynir sé um alvarleg tilvik að ræða sem nauðsynlegt sé að bregðast við mjög hratt. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir mjög hraðri málsmeðferð, þ.e. að ákvörðun sé tekin strax og auðið er og eigi síðar en sólarhring eftir að beiðni hefur borist eða mál komið upp með öðrum hætti eins og frumvarpið kveður á um. Nefndin telur þó að réttarstaða sakbornings sé tryggð þar sem lögreglustjóra er skylt að tilnefna sakborningi verjanda vegna meðferðar máls og skal ákvörðunin birt fyrir sakborningi eða lögmanni hans. Þá er í frumvarpinu lagt til að lögreglustjóra verði einnig skylt að tilnefna brotaþola réttargæslumann. Auk þessa er gert ráð fyrir að ákvörðun lögreglustjóra verði borin undir héraðsdóm til staðfestingar innan þriggja sólarhringa. Nefndin leggur því ekki til breytingar á þeim reglum um málsmeðferð í frumvarpinu.

Málsmeðferð fyrir dómi.

Dómara ber að gefa út kvaðningu á hendur þeim sem krafan beinist að þar sem kveðið er á um stað og stund þinghalds ásamt áskorun til viðtakanda um að sækja þing. Um málsmeðferð fyrir héraðsdómi fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála og því gæti gæsluvarðhald komið til greina ef um alvarlegt brot er að ræða, t.d. alvarleg heimilisofbeldismál.

Í 3. og 4. mgr. 7. gr. er kveðið á um að ekki sé heimilt að framlengja nálgunarbann eða brottvísun nema til komi ný ákvörðun og skilyrði fyrir beitingu úrræðanna séu enn fyrir hendi. Sama málsmeðferð gildir um þá ákvörðun og hina fyrri. Málsmeðferð fyrir dómstóli snýst því um að kanna hvort efnisleg skilyrði fyrir beitingu séu fyrir hendi og hvort brotið hafi verið gegn úrræðinu. Fyrir nefndinni kom fram að með því að leggja til að dómstólaleiðin gildi einnig um nálgunarbannið sé gengið lengra í að tryggja réttaröryggi sakbornings en gert er annars staðar á Norðurlöndum.

Nefndin fjallaði nokkuð um viðurlög við brotum gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili en skv. 20. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þau brot geti varðað sektum eða fangelsi allt að einu ári og ef brot er ítrekað og stórfellt geti refsing orðið fangelsi allt að tveimur árum. Fyrir nefndinni komu fram ábendingar um að skoða ætti hvort taka ætti upp rafrænt eftirlit með þeim sem sæta nálgunarbanni eða brottvísun af heimili þar sem vandséð væri hvernig ætti að fylgjast með því hvort brotið væri gegn úrræðunum. Nefndin telur að í því sambandi sé rétt að kanna hvernig úrræðið reynist og enn fremur að fylgjast verði með þessari þróun hjá öðrum Norðurlöndum.

Fyrir nefndinni komu einnig fram ábendingar um það hvort vert væri að skoða nálgunarbann sérstaklega sem refsingu, þ.e. hvort rétt væri að kveða á um það með lögum að unnt væri að dæma einstakling til að sæta nálgunarbanni. Nefndin telur að það þarfnist einnig frekari skoðunar og leggur það því ekki til að sinni.

Miðlun persónuupplýsinga.

Nefndin fjallaði einnig um ákvæði frumvarpsins sem kveða á um heimild lögreglu til miðlunar persónuupplýsinga til félagsþjónustu sveitarfélaga þegar brottvísun hefur átt sér stað, þ.e. að því marki sem hún verður talin nauðsynleg vegna vinnslu málsins. Samkvæmt ákvæðinu er lagt til að lögreglu verði falið að meta í hverju tilviki fyrir sig hvaða upplýsingum er nauðsynlegt að miðla í tilefni af brottvísun.

Fyrir nefndinni komu fram ábendingar frá Persónuvernd um að upplýsingar um hvort einstaklingur hafi gerst sekur um refsivert brot eru *viðkvæmar persónuupplýsingar,* sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, og til þess að vinnsla þeirra sé heimil verður hún bæði að eiga sér stoð í 8. og 9. gr. þeirra laga. Í 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Þá segir í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil standi til hennar *sérstök heimild* samkvæmt öðrum lögum. Í athugasemdum við þennan töluliið í frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 segir m.a. að mat á því hvort lagastoð sé fyrir hendi ráðist hverju sinni af skýringu viðkomandi sérlagaákvæðis, en því meiri íhlutun í einkalíf einstaklingsins sem umrædd vinnsla hefur í för með sér þeim mun ótvíræðari þurfi lagaheimildin að vera. Enn fremur segir í athugasemdunum að skýring slíks ákvæðis ráðist þá m.a. af því hvort löggjafinn hafi í raun tekið tillit til þeirra almennu persónuverndarsjónarmiða sem á reynir við meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga. Þá segir í athugasemdunum að skilyrði 2. tölul. verði tæplega talið uppfyllt nema fyrir liggi að löggjafinn hafi skoðað slík sjónarmið en engu síður talið vinnsluna nauðsynlega vegna almannahagsmuna.

Með hliðsjón af framangreindum athugasemdum, 7. gr. laga nr. 77/2000, um meðalhóf og áreiðanleika, og 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, leggur Persónuvernd til að í ákvæðinu sé skýrt nánar hvaða upplýsingum lögreglu sé heimilt að miðla til félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags.

Nefndin fjallaði um þessar athugasemdir Persónuverndar og aðrar sem bárust um sama ákvæði og telur nauðsynlegt að bregðast við þeim og skýra nánar hvaða upplýsingar um er að ræða. Fyrir nefndinni kom fram að þetta þyrftu fyrst og fremst að vera upplýsingar um hverjir búa á heimilinu og ástæða þess er sú að háttsemin eða hættan sem lögð er til grundvallar ákvörðun um brottvísun er ekki einkamál fjölskyldunnar heldur málefni samfélagsins sem nauðsynlegt er að bregðast við með samræmdum hætti. Það að leggja til að lögreglu sé

skylt að tilkynna félagsþjónustunni um brottvísunina verður til þess að sakborningur fær að vita að hann getur fengið aðstoð. Sömuleiðis getur brotaþoli eða brotaþolar sem þess þurfa fengið aðstoð og viðeigandi meðferð til að byggja sig upp en sveitarfélögin hafa ríkar skyldur í því efni. Nefndin leggur því til breytingu á frumvarpinu í þá veru að kveðið verði skýrt á um að lögreglu sé heimil miðlun upplýsinga um nöfn sakbornings og heimilisfólks.

Hugtakið sakborningur.

Í frumvarpinu er hugtakið sakborningur notað hvort sem um er að ræða nálgunarbann eða brottvísun en það er breyting frá gildandi lögum um nálgunarbann þar sem notað er orðið maður og einnig í ákvæði barnaverndarlaga um brottvísun. Í greinargerð með frumvarpi til laga um meðferð sakamála er varð að lögum nr. 88/2008 kemur fram að rétt þyki að skilgreina hugtakið „sakborningur“, sem er eitt af grundvallarhugtökum laga um meðferð sakamála, í lögunum sjálfum. Þar segir að samkvæmt íslenskum rétti hafi ekki verið gerður greinarmunur á grunuðum manni annars vegar og sökuðum manni hins vegar, eins og í danskri lagaframkvæmd, og að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að þessi skipan haldist óbreytt hér á landi. Þar af leiðandi verður maður ekki sakborningur við neina formlega athöfn þótt það liggi ljóst fyrir, svo að dæmi sé tekið, að um leið og maður er handtekinn í þágu rannsóknar skoðast hann sakborningur í skilningi laganna. Þótt miðað sé við að maður sé borinn sökum eða grunaður um refsiverða háttsemi nægja mjög óljósar grunsemdir í hans garð ekki til þess að hann teljist sakborningur. Á hinn bóginn er ekki gengið svo langt í þessu efni að gerð sé krafa um rökstuddan grun. Þetta þýðir að jafnskjótt sem viss grunur vaknar um að maður sé viðriðinn brot, með þeim hætti að refsivert geti talist, skal litið á hann sem sakborning. Við það öðlast hann réttarstöðu sakaðs manns eftir því sem nánar er kveðið á um í lögunum. Nefndin telur að þegar litið er til þessara skýringa á hugtakinu og þess að í frumvarpi þessu er lagt til að heimilt sé að beita sakborning nálgunarbanni eða brottvísun ef rökstudd ástæða er fyrir því, þ.e. rökstuddur grunur, sbr. breytingartillögu nefndarinnar, þá sé þessi hugtakanotkun í frumvarpinu eðlileg.

Hlutverk sveitarfélaga o.fl.

Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að verið væri að auka við lögbundnar skyldur félagsþjónustu sveitarfélaga umfram það sem leiðir af gildandi lögum og bent á að úrræði sveitarfélaganna til að mæta bráðum húsnæðisvanda eru fá. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að reiknað sé með að afar sjaldgæft verði að félagsþjónustan þurfi að útvega sakborningi húsaskjól þar sem aðstæður er jafnan þær að flestir geti leitað til ættingja eða vina og að hér ætti því ekki að vera um íþyngjandi skyldur fyrir sveitarfélögin að ræða. Fyrir nefndinni kom fram að reynslan erlendis er sú að flestir fara til ættingja og vina. Þá hafa sveitarfélögin mikilvægu hlutverki að gegna samkvæmt frumvarpinu gagnvart brotaþola og aðstoða hann eða þá með ýmsum hætti, t.d. við að vinna sig út úr afleiðingum heimilisofbeldis, en rannsóknir hafa sýnt að þeim sem alast upp við slíkt er hætt við að þróa með sér langvarandi sálræn og félagsleg vandamál, svo sem þunglyndi, kvíða, sektarkennd og misnotkun áfengis og vímuefna.

Nefndin tekur undir sjónarmið um að ofbeldi á heimilum er mál sem samfélagið þarf að bregðast við og vinna bug á með víðtækri samvinnu sem flestra og telur að frumvarpið sé skref í þá átt sem feli í sér mikla réttarbót fyrir brotaþola heimilisofbeldis án þess að vegið sé að réttaröryggi þeirra sem þurfa að sæta nálgunarbanni eða brottvísun. Þá felist í úrræðum frumvarpsins mikil vernd fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi og tækifæri til að tryggja

þeim nauðsynlegan stöðugleika og öryggi. Nefndin leggur áherslu á að reynslan af úrræðunum verði skoðuð og enn fremur að fylgst verði með þróun þessara úrræða og sambærilegra á annars staðar á Norðurlöndum.

Nefndin leggur til smávægilegar lagfæringar á orðalagi m.a. til samræmis við orðanotkun í lögum um meðferð sakamála og aðrar sem þarfnast ekki skýringa.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Valgerður Bjarnadóttir og Þór Saari voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. maí 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Birgir Ármannsson.
Vigdís Hauksdóttir.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.	Sigurður Kári Kristjánsson.

Mörður Árnason.

1629. Breytingartillögur [706. mál]

við frv. til l. um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „rökstudd ástæða er til að ætla“ í a-lið komi: rökstuddur grunur er um.
   b. Í stað orðanna „muni fremja háttsemi skv. a-lið gagnvart brotaþola“ í b-lið komi: brjóti gegn brotaþola skv. a-lið.
2. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „rökstudd ástæða er til að ætla“ í a-lið komi: rökstuddur grunur er um.
   b. Í stað orðanna „muni fremja háttsemi skv. a-lið gagnvart brotaþola“ í b-lið komi: brjóti gegn brotaþola skv. a-lið.
3. Í stað orðanna „Lögreglustjóri skal hraða“ í 2. mgr. 7. gr. komi: Hraða skal.
4. Í stað orðsins „lögmanni“ í 2. mgr. 9. gr. komi: verjanda.
5. Fyrri málsliður 1. mgr. 10. gr. orðist svo: Beiðni skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr. skal synjað ef skilyrði II. kafla laga þessara eru ekki talin vera fyrir hendi.
6. Í stað orðsins „persónuupplýsinga“ í síðari málslið 16. gr. komi: upplýsinga um nöfn sakbornings og heimilisfólks.

1630. Nefndarálit [710. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda (viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir).

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að innleiddar verði í íslenskan rétt reglur um viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda, svokallað ETS-kerfi. Markmið frumvarpsins, verði það að lögum, er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi á sem kostnaðarhagkvæmastan hátt og að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum. Lögin eiga að gilda um skráningu og bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda á landi og í mengunarlögsögu Íslands og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, svo og heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda frá tilteknum atvinnurekstri skv. I. og II. viðauka og flugstarfsemi skv. III. viðauka.

Frumvarpið er lagt fram til innleiðingar á eftirfarandi EES-gerðum:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008, um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi.

Þá er með lagafrumvarpi þessu lagt til að innleitt verði eitt ákvæði úr tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda. Um er að ræða ákvæði um losunarleyfi atvinnurekstrar sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2009/29/EB, en sá iðnaður þarf að sækja um og fá slíkt losunarleyfi árið 2011 til þess að eiga rétt á ókeypis úthlutun losunarheimilda vegna tímabilsins 2013–2020. Því þykir nauðsynlegt að innleiða þetta ákvæði núna þótt tilskipunin í heild verði innleidd síðar.

Fjöldi tilskipana, reglugerða og ákvarðana er varða viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda hefur nú þegar verið settur á vettvangi Evrópusambandsins og fleiri eru væntanlegar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi breyting verði gerð með breytingum á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda, er taka á ráðstöfun þeirra heimilda sem íslenska ríkið hefur til ráðstöfunar undir Kýótó-bókuninni. Að mati minni hluta umhverfisnefndar er sú ákvörðun afar undarleg því að lög nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda, fjalla að mestu um hvernig fara eigi með losunarheimildir sem Íslendingar eiga á alþjóðavettvangi auk íslenska ákvæðisins (14/CP.7) en með frumvarpi þessu og stefnu ríkisstjórnarinnar í lofslagsmálum eru þessar dýrmætu losunarheimildir gerðar verðlausar. Hlutur íslenska ríkisins í þeirri alheimsauðlind sem áunnir losunarkvótar eru falla niður samtímis, stóriðjunni og flugrekstraraðilum verða á sama tíma færð þessi gæði ókeypis eftir úthlutunarreglum Evrópusambandsins. Ríki, fyrirtæki og einstaklingar geta keypt þessar markaðsvæddu losunarheimildir og í leiðinni gilda um þær reglur eignaréttarins þ.e. kaup og sala, veðsetning þeirra o.s.frv. Það er kaldhæðnislegt að íslensku vinstri flokkarnir skuli vera þátttakendur í markaðsvæðingu loftslagsheimilda sem byggjast alfarið á

hugsun kvótakerfisins í sjávarútvegi, en reyna á sama tíma að tortíma því kerfi með skelfilegum afleiðingum fyrir landsmenn alla.

Saga og þróun loftslagsmála á Íslandi.

Andrúmsloftið er auðlind í tvennum skilningi. Í fyrsta lagi er hreint og ómengað andrúmsloft forsenda heilbrigði og velferðar mannkyns, auk þess að vera forsenda tiltekinna gæða annarra náttúruauðlinda eins og vatns, jarðvegs og lífríkis. Í öðru lagi er andrúmsloft auðlind að því leyti sem það tekur við útstreymi lofttegunda sem stafa frá ýmiss konar starfsemi. Um allan heim hefur athygli manna beinst að nauðsyn þess að vernda umhverfið fyrir röskun og spjöllum. Árið 1972 urðu þáttaskil á alþjóðavettvangi í umhverfismálum er Sameinuðu þjóðirnar boðuðu til fyrstu alþjóðaráðstefnunnar á sínum vegum um þessi málefni í Stokkhólmi. Þar voru settar fram 26 grundvallarreglur um sambúð manns og náttúru.

Í kjölfar Stokkhólmsráðstefnunnar 1972 var Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna stofnuð og vinnur hún að gerð alþjóðasamninga og samræmingu löggjafar um umhverfismál. Á árinu 1983 fylgdu Sameinuðu þjóðirnar Stokkhólmsráðstefnunni eftir með því að skipa alþjóðlega nefnd, *World Commission of Environment and Development* (WCED), undir forystu Gro Harlem Brundtland, þáverandi forsætisráðherra Noregs. Nefndin samþykkti ályktun A/38/161, sem fjallar um leiðir og stefnumörkun í umhverfismálum. Hefur þessi nefnd aldrei verið kölluð annað en Brundtland-nefndin og skýrslan aldrei kölluð annað en Brundtland-skýrslan um sjálfbæra þróun. Nefndin skilaði skýrslu til Sameinuðu þjóðanna 1987 sem bar nafnið *Our Common Future*. Markmið skýrslunnar var að varpa ljósi á hvernig nútímalifnaðarhættir gætu haft í för með sér skaða fyrir umhverfið sem hefði áhrif á komandi kynslóðir. Einnig var lögð áhersla á að vara við loftslagsbreytingum og mikilvægi þess að takmarka losun koltvíoxíðs.

Nokkur áfangi náðist í loftslagsmálum árið 1985 þegar Vínarsamningurinn um vernd ósonlagsins var samþykktur. Samþykkt hans var mjög framsýn ákvörðun á þessum tíma því ekki var að öllu leyti ljóst hvað orsakaði breytingar á ósonlaginu. Montreal-bókunin var síðar gerð við samninginn árið 1987 en hún fjallar um verndun ósonlagsins.

Árið 1988 settu Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaveðurfræðistofnunin á stofn milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar, *Intergovernmental Panel on Climate Change*. Hlutverk nefndarinnar var m.a. að gefa yfirlit yfir rannsóknir um loftslagsbreytingar sem unnið var að og jafnframt að draga ályktanir á vísindalegum grunni af þeim rannsóknum. Nefndinni var og gert að vera til ráðgjafar við gerð rammasamnings um loftslagsbreytingar.

Merk tímamót urðu á nýjan leik í umhverfismálum er efnt var til annarrar alheimsráðstefnu í Ríó de Janeiro 1992 um umhverfi og þróun. Þar var skrifað undir rammasamning Sameinuðu þjóðanna sem oft er nefndur Ríóyfirlýsing, sem er alþjóðleg yfirlýsing þar sem staðfestar voru 27 grundvallarreglur um samskipti manns og umhverfis sem leiða eiga að sjálfbærri þróun. Samningurinn var samþykktur í New York 9. maí 1992 og tók gildi 21. mars 1994. Ísland gerðist aðili að honum 16. júní 1993. Grundvallarreglur Ríó-yfirlýsingarinnar eru varúðarreglan og mengunarbótareglan.

Rammasamningurinn var ekki síður stefnumarkandi samningur varðandi viðbrögð heimsins við loftslagsbreytingum. Með aðild að honum gengust aðildarríkin hvert um sig undir skuldbindingar um að stemma stigu við gróðurhúsaáhrifum. Fyrsta aðildarríkjaþing rammasamningsins var haldið í Berlín 1995. Þar voru aðilar sammála um að skuldbindingar samningsins væru ekki fullnægjandi til að ná markmiðum hans og því var farið af stað með nýtt samningaferli til að auka skuldbindingar ríkja um samdrátt í útstreymi gróðurhúsalofttegg-

unda. Afraksturinn af þeirri vinnu skilaði sér í Kýótó-bókuninni sem samþykkt var samhljóða á þriðja aðildarríkjaþingi rammasamningsins sem haldið var í Kýótó 1. til 10. desember 1997. Hinn 11. desember 2007 var bókunin samþykkt á fundi samningsaðilanna. Bókunin er afgerandi og kveður á um að aðildarríki skuli draga úr útstreymi tiltekinna gróðurhúsalofttegunda miðað við útstreymi eins og það var árið 1990, á skilgreindum tímabilum. Fyrsta skuldbindingartímabil bókunarinnar var fimm ár, frá 2008–2012. Ísland gerðist aðili að bókuninni 23. maí 2002. Gildistökuákvæði bókunarinnar var tvíþætt. Annars vegar þurftu hið minnsta 55 aðildarríki að hafa fullgilt hana og hins vegar þurftu ríkin að vera ábyrg fyrir a.m.k. 55% af heildarútstreymi koltvíoxíðs miðað við árið 1990. Sem dæmi má nefna að í september 2003 höfðu 117 ríki gerst aðilar að bókuninni en engu að síður náðu þessi ríki þá ekki 55% skilyrðinu. Á þessum tíma vantaði enn 10,5%. Hinn 16. febrúar 2005 náðist það markmið að báðum skilyrðum var náð og Kýótó-bókunin við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna tók gildi. Talið er að bókunin sé ein mikilvægasta alþjóðlega samþykkt sem gerð hefur verið á umhverfisverndarsviði. 12. desember 2007 urðu enn á ný tímamót er loftslagsráðstefna aðildarríkja loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna var haldin á Balí. Var þetta fyrsti fundur aðildarríkjanna þar sem rætt var um hvað tæki við þegar tímabil Kýótó-bókunarinnar rynni út. Við tók samningaferli sem kallað var „frá Balí til Kaupmannahafnar“. Var því samningaferli ætlað að móta lokaferli í alþjóðlegum reglum um hvað tæki við að afloknu tímabili Kýótó-bókunarinnar á loftslagsráðstefnunni sem haldin var í Kaupmannahöfn í lok árs 2009. Ekkert samkomulag náðist á þeim fundi og málin eru því eins og er stefnulaus. Alger óvissa ríkir því um alþjóðlegar reglur um losun gróðurhúsalofttegunda eftir árið 2012.

Lagaþróun á Íslandi er snýr að losunarheimildum.

Á 132. löggjafarþingi voru samþykkt lög um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda, nr. 107/2006. Frumvarpið byggðist á tillögum nefndar sem skipuð var af umhverfisráðherra til að semja drög að frumvarpi um takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda. Í frumvarpi að lögum nr. 107/2006 kom fram að nefndin óskaði eftir því við umhverfisráðherra í skilabréfi sínu að umboð hennar yrði framlengt svo hún gæti haldið áfram vinnu sinni. Féllst ráðherra á það til að nefndin gæti skoðað leiðir til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda svo tryggja mætti að Ísland gæti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt Kýótó-bókuninni.

Markmið laganna var að skapa hér á landi skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Í athugasemdum við frumvarpið kom fram að það væri skylda hvers ríkis að fylgjast með losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt ákvæðum loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Umhverfisstofnun hafði verið falið það hlutverk að skila umhverfisráðuneytinu árlega tölulegum upplýsingum um útstreymi og bindingu til skrifstofu loftslagssamningsins ásamt ítarlegri skýrslu. Í skýrslunni er að finna hverju sinni tölur um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis frá árinu 1990 til þess árs sem nýjustu tölur liggja fyrir um. Íslandi bar eins og öðrum þjóðum samkvæmt Kýótó-bókuninni að setja á fót skráningarkerfi fyrir losunarheimildir áður en fyrsta skuldbindingartímabilið hófst árið 2008. Skráningarkerfinu var ætlað að halda utan um þær losunarheimildir sem Ísland fékk á skuldbindingartímabilinu. Þetta er rafrænn gagnagrunnur þar sem losunarheimildir eru skráðar í einingum sem hver um sig samsvarar einu tonni að ígildum koldíoxíðs á ári. Þessar einingar eru sá gjaldmiðill sem alþjóðlegt kerfi losunarheimilda og viðskipta með þær byggjast á.

Lög þessi hafa verið felld úr gildi. Í frumvarpi sem varð að lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda, var lagt til að efni laga nr. 107/2006 yrði fellt inn í lögin og þau eldri

jafnframt felld úr gildi. Þau voru sett eftir áframhaldandi vinnu þeirrar nefndar sem að framan greinir og umhverfisráðherra veitti umboð til áframhaldandi þróunar þessara mála hér á landi. Markmið laga nr. 65/2007 er hið sama og brottföllnu laganna, að gera það kleift að Ísland geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar um losun. Þá skylda lögin atvinnurekstur hér á landi til að afla sér losunarheimilda eða leggja fram áætlun hvernig þeirra muni aflað vegna þess tímabils sem áætlað er að rekstur standi yfir og úthlutunarnefnd hefur fallist á.

Í rammasamningi Sameinuðu þjóðanna var við það miðað að samningsaðilar þeir sem getið er í viðauka I við samninginn, sem eru aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD), ríki Austur-Evrópu og nokkur ríki sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum, ykju ekki útstreymi gróðurhúsalofttegunda og slepptu ekki út meira magni af þeim árið 2000 en þau gerðu árið 1990. Þó var sambærileg skuldbinding ekki lögð á aðra samningsaðila. Íslands er getið í viðauka I og fellur því undir ákvæðið. Þegar rammasamningurinn var samþykktur voru mismunandi leiðir að því marki sem að var stefnt og fólu í sér mismunandi skuldbindingar ríkja sem staðfesta að tilteknar þjóðir heims sem mengað hafa mest samþykktu að taka á sig meiri skyldur og takmarkanir en aðrir samningsaðilar. Flestum ríkjum sem gengust undir Kýótó-bókunina var gert að draga verulega úr útstreymi miðað við mengunarárið 1990, sbr. viðauka B við bókunina. Nokkrum ríkjum var heimilt að halda sama hlutfalli miðað við viðmiðunarárið 1990 og loks var nokkrum ríkjum heimilt að auka útstreymi gróðurhúsalofttegunda miðað við viðmiðunarárið 1990. Ísland var í þeim hópi og gefin var heimild til að auka útstreymi hér á landi um 10%, í Ástralíu um 8% og Noregur fékk heimild til 1% aukningar. Þetta voru þó ekki einu ríkin sem máttu auka útstreymi því innan Evrópubandalagsins gátu einstök aðildarríki sambandsins aukið losun á meðan önnur urðu að draga úr losun að sama skapi. Sú ástæða sem gefin var fyrir því að sum ríkin mættu halda sama hlutfalli og á viðmiðunarári var að þau væru að skipta yfir í markaðsbúskap. Meginákvæði bókunarinnar er að finna í 3. gr. hennar. Þar er framangreindum ríkjum gert að takmarka sameiginlega og hverju fyrir sig útstreymi þeirra gróðurhúsalofttegunda sem skráðar eru í viðauka A við bókunina, þannig að samanlagt árlegt útstreymi þeirra á fyrsta skuldbindingartímabilinu 2008–2012 verði að meðaltali 5,2% minna en viðmiðunarárið 1990.

Íslenska ákvæðið (14/CP.7).

Snemma varð ljóst að íslensk stjórnvöld sáu enga möguleika á að geta uppfyllt markmið rammasamningsins og Kýótó-bókunarinnar, þó svo að Ísland öðlaðist, eitt fárra ríkja, heimild til þess að auka útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Lögð var áhersla á að fá viðurkennda sérstöðu Íslands á alþjóðavettvangi, m.a. vegna smæðar efnahagskerfisins og sérstöðu hvað varðar samsetningu á útstreymi. Það tókst á fundi samningsaðila í Marrakesh í árslok 2001 og þar var samþykkt sérstök ákvörðun sem gerði Íslandi mögulegt að gerast aðili að bókuninni. Hún bar yfirskriftina: *Áhrif einstakra verkefna á útstreymi á skuldbindingartímabilinu* (e. Impact of single projects on emissions in the commitment period). Þessi ákvörðun markaði mikil tímamót og í framhaldinu gátu Íslendingar undirritað Kýótó-bókunina og fullnægt skuldbindingum hennar. Helstu skilyrði íslenska ákvæðisins voru að um „einstakt“ verkefni væri að ræða. Það fæli í sér að heimilt koltvíoxíðútstreymi frá nýrri stóriðju eða stækkun stóriðjuvers, sem hæfi starfsemi eftir 1990 og leiddi til meira en 5% aukningar í útstreymi á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar 2008–2012, yrði haldið utan við útstreymisheimild bókunarinnar eftir að útstreymisheimildir viðkomandi ríkis hefðu verið fullnýttar. Einnig var gerð krafa um notkun endurnýjanlegrar orku og að besta fáanlega tækni yrði notuð við framleiðsluna. Ákvörðunin náði aðeins til þeirra ríkja þar sem útstreymi var minna en

0,05% af heildarkoltvíoxíðútstreymi iðnríkjanna árið 1990, eða 1/10.000 af losuninni í heiminum. Með bréfi, dags. 17. október 2002, tilkynntu íslensk stjórnvöld að þau hygðust nýta sér íslenska ákvæðið, en auk Íslands nýtti Mónakó sér ákvæðið. Samkvæmt samkomulaginu mátti Ísland losa koltvíoxíðsútstreymi að hámarki 1.600.000 tonn á ári eða 8.000.000 tonn á tímabilinu og skýrt var kveðið á um að ekki mætti framselja til annarra ríkja þær heimildir sem svona væru til komnar. Hins vegar voru engar takmarkanir lagðar á að Ísland aflaði sér viðbótarlosunarheimilda með viðskiptum eða sameiginlegri framkvæmd. Áætlanir gerðu ráð fyrir að þessar losunarheimildir mundu nægja fyrir stóriðju sem þegar var til staðar í landinu við undirskrift ákvörðunar um íslenska ákvæðið og jafnframt duga þeirri stóriðju sem fyrirhuguð væri hér á landi í náinni framtíð. Þessar spár stóðust engan veginn og nú er skortur á losunarheimildum hér á landi miðað við þær áætlanir sem gerðar hafa verið. Þegar úthlutunarnefnd losunarheimilda, sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda, úthlutaði losunarheimildum fyrir tímabilið 1. janúar 2008 til 31. desember 2012, hafði hún til ráðstöfunar 8.000.000 losunarheimildir eða 1.600.000 losunarheimildir á ári, samkvæmt íslenska ákvæðinu (14/CP.7). Alls bárust úthlutunarnefnd losunarheimilda umsóknir um 10.966.585 losunarheimilda samkvæmt ákvæðinu samkvæmt greinargerð frá úthlutunarnefnd losunarheimilda.

Almennar losunarheimildir og mengunarreynsla.

Stóriðja á Íslandi sem losar gróðurhúsalofttegundir hefur verið starfrækt frá árinu 1958 er Sementsverksmiðjan hóf rekstur. Árið 1969 bættist álverið í Straumsvík við og síðan hóf Íslenska járnblendifélagið rekstur árið 1979. Þessi fyrirtæki voru því búin að vera í rekstri í áratugi þegar viðmiðunarárið 1990 var ákveðið. Þegar rammasamningur Sameinuðu þjóðanna var samþykktur og í kjölfarið Kýótó-bókunin var ljóst að Ísland hafði afar litla mengunarreynslu. Sérhverju ríki sem skráð er í viðauka I við samninginn var veitt heimild til losunar sem var hlutdeild í heildarmengunarkvótanum á heimsvísu. Þessar heimildir eru skráðar í viðauka B við bókunina. Ákveðið var að taka tillit til aðstæðna ríkja þegar losunarmörk voru sett og eru þau allt frá því að fela í sér 8% samdrátt miðað við árið 1990, yfir í það að nema 10% aukningu eins og Íslandi var úthlutað. Árið 1990 var heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi mælt um 3.300.000 tonna og á árinu 2004 var heildarútstreymi orðið um 3.700.000 tonn, og hafði aukist um 10,5% frá 1990.

Hlutdeild Íslands í losunarmörkum með 10% aukningu á við aðrar þjóðir, reyndist vera 500.000 losunarheimildir á ári eða 2.500.000 losunarheimildir á tímabilinu 2008 –2012. Alls bárust úthlutunarnefnd losunarheimilda umsóknir um 3.171.574 losunarheimilda samkvæmt almenna ákvæðinu.

Starfsleyfisskyld starfsemi.

Sú starfsemi sem stunduð er hér á landi sem losar gróðurhúsalofttegundir er starfsleyfisskyld í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum. Í fylgiskjali með frumvarpi til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, er listi yfir atvinnurekstur sem þáverandi Hollustuvernd ríkisins veitir starfsleyfi fyrir. Umhverfisstofnun var sett á fót með lögum nr. 90/2002 og tóku þau gildi 1. janúar 2003. Hlutverk Umhverfisstofnunar er meðal annars að annast þá starfsemi sem Hollustuvernd ríkisins var áður falin samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Sú starfsemi sem er starfsleyfisskyld lýtur opinberu eftirliti Umhverfisstofnunar í samræmi við fyrrgreind lög og reglugerð. Starfsleyfisskyld starfsemi skal auk þess færa sérstakt útstreymisbókhald sbr. reglugerð nr. 322/2002 um útstreymisbókhald og er hún einnig byggð á lögum nr. 7/1998. Er bókhaldinu ætlað að halda utan um það magn gróðurhúsalofttegunda sem sleppt er út í andrúmsloftið í tonnum talið. Hér skal einnig minnst á lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, en á þeim er byggist reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu, með síðari breytingum. Aðalheiður Jóhannsdóttir skiptir þessari starfsleyfiskyldu starfsemi í tvo flokka í grein sinni „Alþjóðlegar skuldbindingar um loftslagsbreytingar og íslenskur réttur“, á eftirfarandi hátt (greinin birtist í Lögbergi riti Lagastofnunar Háskóla Íslands árið 2003):

1. Starfsemi sem losar gróðurhúsalofttegundir og meginlosunin er komin til aðferða og efna sem notuð eru í viðkomandi framleiðsluferlum eða vegna rotnunar sem á sér stað við ákveðnar aðstæður. Í þennan flokk falla til dæmis álverið í Straumsvík, álverið á Grundartanga, Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga og Fjarðaál. Staðbundin starfsemi sem losar gróðurhúsalofttegundir vegna rotnunar er til dæmis landbúnaður og urðunarstaðir. Þess ber að geta að almennur landbúnaður er ekki starfsleyfisskyldur heldur einungis umfangsmikil svína- og alifuglarækt.
2. Starfsemi sem knúin er af orkugjöfum sem losa gróðurhúsalofttegundir. Hér undir falla til dæmis Sementsverksmiðjan hf. og fiskimjölsverksmiðjur.

Skylda atvinnurekstrar til öflunar losunarheimilda.

Í 1. mgr. 7. gr. laga 65/2007, um losun gróðurhúsaloftegunda, öllum atvinnurekstri sem fellur undir 2. mgr. 7. gr. gert að afla sér losunarheimilda á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Í athugasemdum við frumvarp að lögunum kemur fram að eftir gildistöku þeirra yrðu fyrirtæki sem reka starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna að afla sér slíkra losunarheimilda með úthlutun frá úthlutunarnefnd, í samræmi við úthlutunaráætlun sbr. 9. gr. laganna fyrir 1. janúar 2008, eða þeim yrði að öðrum kosti óheimilt að starfa eftir það. Nægilegt var þó að fyrirtækin gætu sýnt fram á áætlun um hvernig slíkra losunarheimilda yrði aflað. Í 2. mgr. voru eftirfarandi viðmiðanir varðandi skylduöflun losunarheimilda á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 vegna starfsemi settar:

a. staðbundin orkuframleiðsla með brennslu jarðefnaeldsneytis sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega,
b. staðbundin iðnaðarframleiðsla sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega.

Annars vegar eru ákvæði um eðli starfseminnar og hins vegar um stærð starfseminnar. Hér er um nokkra breytingu að ræða frá gildissviði laga um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda, því áður var kveðið á um að allur atvinnurekstur sem fengið hefði starfsleyfi sem heimilaði starfsemi og losaði meira en 30.000 tonn á ári þurfti að skila upplýsingum um losunina til Umhverfisstofnunar ár hvert. Líta verður svo á að með þessu hafi skilgreiningin verið þrengd á þann hátt að atvinnurekstur sem fellur undir ákvæði laganna sé staðbundin orkuframleiðsla með brennslu jarðefnaeldsneytis sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega og að auki staðbundin iðnaðarframleiðsla sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega. Ekki var því lengur miðað við ígildi koldíoxíðs sem tók til losunar allra gróðurhúsalofttegunda frá atvinnurekstrinum. Einnig kemur fram í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins að enginn vafi eigi að vera á því hvaða starfsþættir fyrirtækis falli undir skyldu til að afla losunarheimilda þar sem starfsleyfi rekstursins muni segja til um það. Þessar kröfur muni ná yfir allan atvinnurekstur sem hafði gilt starfsleyfi við gildistöku laganna og einnig yfir nýja starfsemi.

Undir þessa kvöð féll öll starfsemi sem kynni að verða sett upp á tímabilinu 2008–2012 og losaði meira en 30.000 tonn á ári, auk þeirrar stóriðju sem þegar var starfandi. Með því að lögbinda mörkin við 30.000 tonn á ári sem jafngildir tæplega 1% af heildarlosun Íslands, var tryggt að öll starfsemi af þeirri stærð sem gæti haft í för með sér umtalsverða aukningu á losun frá Íslandi yrði skyldug til að afla sér losunarheimilda. Aftur á móti yrði atvinnurekstur sem losaði minna, svo sem fiskimjölsverksmiðjur, undanþeginn, nema losun ykist verulega eða umfram 30.000 tonn af koldíoxíði á ári. Þessar viðmiðanir eru einfaldari en til dæmis í tilskipun Evrópusambandsins þar sem talin er upp sú tegund starfsemi sem er úthlutað losunarheimildum. Þar er sem dæmi álframleiðsla ekki talin með, en settar viðmiðanir um uppsett afl 20 MW orkuframleiðslu með jarðefnaeldsneyti sem geta leitt til þess að varaaflstöðvar og aflstöðvar sem eru lítið notaðar falla undir kerfið þrátt fyrir að losun frá þeim sé lítil.

Samkvæmt frumvarpinu skyldu allar umsóknir uppfylla skilyrði 8. gr. laganna og sækja yrði um úthlutun á losunarheimildum ekki síðar en níu mánuðum áður en fyrirhuguð starfsemi hæfist. Krafist var mikilla upplýsinga um reksturinn, til dæmis upplýsinga um eignarhald á rekstrinum og hver væri rekstraraðili hans. Sérstaklega varð skylt að veita upplýsingar um þann hluta starfseminnar sem væri uppspretta losunar og hvernig viðkomandi rekstur ætlaði að halda losun í lágmarki. Sömuleiðis eru í 2. mgr. ákvæði um hvernig skuli fara með úthlutun fyrir atvinnurekstur sem fellur undir íslenska ákvæðið (14/CP.7), því samkvæmt lögunum eru gerðar meiri kröfur til upplýsinga um losun frá atvinnurekstri sem fellur undir það ákvæði en almennt gerist.

Úthlutun losunarheimilda hér á landi.

Ákvæði Kýótó-bókunarinnar um heimildir samningsaðila til losunar gróðurhúsalofttegunda, sbr. viðauka A, fól ekki einungis í sér rétt til losunar heldur einnig var það skilyrði sett að samningsaðilar skyldu grípa til tiltekinna aðgerða innan lands til þess að draga úr heildarlosun í samræmi við 3. gr. bókunarinnar, sbr. viðauki B, með henni. Þegar þessi ákvæði eru skoðuð sést að ekki er í samræmi við bókunina að einungis þurfi að afla viðbótarheimilda frá öðrum ríkjum til að menga meira í heimaríki, eða að standa sameiginlega að því að uppfylla skuldbindingarnar. Aðildarríkin verða að sýna fram á að slíkar heimildir séu til viðbótar aðgerðum sem gripið er til innan tiltekins aðildarríkis. Ekki er því hægt að uppfylla skuldbindingar bókunarinnar með því að afla eingöngu losunarheimilda frá öðrum samningaaðilum.

Í 9. gr. laga nr. 65/2007, um losun gróðurhúsaloftegunda, er fjallað um áætlun sem úthlutunarnefnd losunarheimilda skyldi gefa út á árinu 2007 um væntanlega úthlutun heimilda á skuldbindingartímabilinu 2008–2012. Í athugasemdum við greinina í frumvarpinu (þskj. 957 á 133. löggjafarþingi) kom fram að áætlunin skyldi byggjast á umsóknum frá atvinnurekstri sem félli undir ákvæði frumvarpsins og væri þegar starfandi eða hygðist hefja starfsemi á tímabilinu. Megintilgangur þessarar áætlunar væri að tryggja eins mikið starfsöryggi atvinnurekstrarins og kostur væri. Skilyrt var í frumvarpinu að atvinnurekstur sem var þegar starfandi eða myndi hefja starfsemi fyrir upphaf skuldbindingartímabilsins nyti forgangs. Atvinnurekstur sem áætlað væri að hæfi starfsemi eða yki starfsemi á skuldbindingartímabilinu gæti því þurft að útvega sér losunarheimildir eftir öðrum leiðum eða hætta við framkvæmdir, þar sem ónógar losunarheimildir væru eftir til úthlutunar á þeim tíma. Alls bárust úthlutunarnefnd níu umsóknir, áður en umsóknarfrestur rann út 1. júní 2007, og heildarfjöldi losunarheimilda sem sótt var um var 14.138.159 eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Umsóknir til úthlutunarnefndar losunarheimilda í samræmi við lög um losun gróðurhúsaloftegunda frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2012.

Fyrirtæki	Samtals losunarheimildir	Almennar losunarheimildir	14/CP.7 losunarheimildir
Sementsverksmiðjan Akranesi	850.000	850.000	0
Íslenska járnblendifélagið	3.105.000	1.405.000	1.700.000
Alcan Straumsvík	2.468.821	804.696	1.664.125
Norðurál Grundartanga	2.509.300	30.300	2.479.000
Alcoa Reyðarfirði	2.532.665	12.665	2.520.000
Alcoa Bakka	366.788	1.788	365.000
Norðurál Helguvík	649.000	12.000	637.000
Alcan Þorlákshöfn	936.585	55.125	881.460
Tomahawk Development	720.000	0	720.000
Samtals	**14.138.159**	**3.171.574**	**10.966.585**

Eins og fram hefur komið hafði nefndin 10.500.000 losunarheimildir til úthlutunar á tímabilinu. Umhverfisstofnun fór yfir umsóknirnar og vísaði þeim til úthlutunarnefndar losunarheimilda ásamt umsögn stofnunarinnar. Nefndin byggði niðurstöður sínar á þeim viðmiðum sem er að finna í 11. gr. laganna, sem segir að fyrir atvinnurekstur sem var starfandi fyrir 1. janúar 2007 skyldi úthlutun taka mið af mældri eða áætlaðri meðaltalslosun koltvíoxíðs á árunum 2005 og 2006. Hefði atvinnurekstur ekki verið í rekstri í eitt eða fleiri af viðmiðunarárunum, eða aðrar ástæður leitt til þess að árabilið 2005–2006 lýsti ekki meðallosun, var heimilt að vísa til annarra viðmiðunarára eða sýna fram á hver hefði verið meðallosun atvinnurekstrar á annan sambærilegan hátt. Atvinnurekstur sem hóf starfsemi eftir 1. janúar 2007, eða hefði áætlanir um framleiðsluaukningu eftir þann tíma, skyldi taka mið af áætlaðri losun miðað við að notuð yrði besta fáanlega tækni til að halda losun koltvíoxíðs í lágmarki. Eins og fram hefur komið voru umsóknir um losunarheimildir vegna tímabilsins 2008–2012 samanlagt meiri en úthlutunarnefnd losunarheimilda hafði til umráða. Bar nefndinni því að hafa til hliðsjónar að fyrst skyldi úthluta til þess atvinnurekstrar sem hafið hafði starfsemi áður en fyrsta skuldbindingartímabil hófst 1. janúar 2008. Eftirstöðvum losunarheimilda þá var úthlutað til annarra umsækjenda sem höfðu í hyggju að hefja starfsemi eða auka starfsemi eftir 1. janúar 2008. Í 11. gr. segir enn fremur að þeir umsækjendur sem hefðu þegar starfsleyfi og/eða væru komnir langt í undirbúningi framkvæmda skyldu í áætlun úthlutunarnefndar njóta forgangs við ákvörðun um úthlutun losunarheimilda, umfram aðra sem skemmra væru komnir í undirbúningi. Því tók úthlutunarnefndin eftirfarandi ákvörðun við úthlutun:

Úthlutun úthlutunarnefndar losunarheimilda í samræmi við lög um losun gróðurhúsaloftegunda frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2012.

Fyrirtæki	Samtals losunarheimildir	Almennar losunarheimildir	14/CP.7 losunarheimildir
Sementsverksmiðjan Akranesi	666.875	666.875	0
Íslenska járnblendifélagið	1.957.895	1.017.370	940.525
Alcan Straumsvík	1.382.335	753.740	628.595
Norðurál Grundartanga	2.106.000	0	2.106.000
Alcoa Reyðarfirði	2.520.000	0	2.520.000
Samtals	**8.633.105**	**2.437.985**	**6.195.120**

Aðeins var úthlutað til starfandi atvinnurekstrar og miðað við umfangið í starfsemi fyrirtækjanna eins og það var talið verða á árinu 2008. Að mati nefndarinnar voru ekki forsendur til að úthluta til þeirra umsækjanda sem ekki voru starfandi á þessum tíma vegna ýmissa óvissuþátta í rekstri þeirra t.d. varðandi orkuöflun, niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum, útgáfu starfsleyfa og skipulagsforsendna. Því fengu Alcoa á Bakka, Norðurál í Helguvík, Alcan í Þorlákshöfn og Tomahawk Development ekki úthlutað losunarheimildum í þetta sinn. Starfandi atvinnurekstur sem fékk úthlutað losunarheimildum fékk ekki úthlutað til fyrirhugaðra stækkana á tímabilinu. 30. september 2008 var úthlutað á nýjan leik og fengu eftirfarandi fyrirtæki loftslagsheimildir: Norðurál – Helguvík 539.000, Rio Tinto Alcan, Straumsvík (viðbótarúthlutun) 152.025 og Alcoa Fjarðaál, Reyðarfirði (viðbótarúthlutun) 29.200 losunarheimildir. Ekki var um frekari úthlutanir að ræða því á þessum tímapunkti lá fyrir pólitísk ákvörðun um að Íslendingar yrðu hluti af ETS-kerfinu og afsöluðu sér á sama tíma loftslagsheimildum sem áunnar voru með mengunarreynslu auk íslenska ákvæðisins og gætti þáverandi ríkisstjórn þar með ekki að almannahagsmunum.

Framsal losunarheimilda.

Viðskipti eru bönnuð á milli ríkja með þær losunarheimildir sem Íslendingar fengu með íslenska ákvæðinu (14/CP.7), eða um 8.000.000 losunarheimildir. Það breytir því þó ekki að ríkið getur úthlutað þeim að vild til fyrirtækja innan lands og ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að taka upp notkunargjald í einhverju formi, því ríkjunum var í sjálfsvald sett hvort þau takmörkuðu útstreymi innan lands með úthlutun eða viðskiptum. Úthlutun almennu losunarheimildanna er frjáls, eða um 2.500.000 losunarheimildir. Í tillögu til þingsályktunar um aðild að Kýótó-bókuninni hér á landi var að athuguðu máli ekki talin ástæða til að setja inn ákvæði um viðskipti með losunarheimildir. Þetta er ítrekað í frumvarpi sem varð að lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda, en þar var ekki gert ráð fyrir að atvinnurekstri yrði heimilt að selja þær losunarheimildir sem honum yrði úthlutað frá úthlutunarnefndinni.

Þessi ákvörðun var athyglisverð, sérstaklega í ljósi þess að Kýótó-bókunin hvetur beinlínis til viðskipta með losunarheimildir á markaði innan lands eða í alþjóðlegu samhengi, til að heimildirnar nýtist á sem hagkvæmastan hátt. Að auki voru engar tillögur lagðar fram um að takmarka innanlandsviðskipti né önnur viðskipti með losunarheimildir sem Ísland öðlaðist í samræmi við viðauka B með Kýótó-bókuninni. Sú skoðun var þó viðruð að ómöguleiki réði því að Íslendingar gætu bæði selt heimildir samkvæmt viðauka B og í leiðinni fengið auknar heimildir samkvæmt íslenska ákvæðinu. Þennan skilning er þó ekki að finna í ákvörðun um íslenska ákvæðið og bent hefur verið á að þessi túlkun sem þarna kom fram takmarki réttindi Íslands á að nýta sér auðlindina andrúmsloft sem viðtaka fyrir starfsemi innan íslenskrar lögsögu. Árið 2003 lá ekki fyrir neinn gagnsær, skýr eða ítarlegur rökstuðningur að baki því að viðskipti með losunarheimildir ættu sér stað hér á landi. Hins vegar kemur fram í frumvarpi sem varð að lögum nr. 65/2007 að ástæða þess að viðskipti með losunarheimildir hér á landi væru ekki leyfðar væri sú að ákvörðun 14.CP/7 bannar viðskipti með losunarheimildir sem byggjast á henni en mikill meiri hluti losunarheimilda sem áætlað var að úthluta féll undir þá ákvörðun.

Strangar skráningareglur eru um viðskipti með losunarheimildir samkvæmt Kýótó-bókuninni. Er þeim best lýst í athugasemdum við fyrrgreint frumvarp (þskj. 957 á 133. löggjafarþingi). Þar segir um 3. gr.:

> „Hugtakið „losunarheimild“ er í frumvarpi þessu notað yfir inneign sem lögð er inn í skráningarkerfi og er heimild fyrir losun koldíoxíðs. Losunarheimildir eru gjaldmiðillinn

í því „kolefnishagkerfi“ sem sett er á fót með Kyoto-bókuninni. Ein losunarheimild samsvarar losun eins tonns af koldíoxíði á einu ári. Samkvæmt Kyoto-bókuninni geta verið sex mismunandi tegundir heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda sem eru ýmist gefnar út af skrifstofu bókunarinnar og lagðar inn á skráningarkerfi viðkomandi lands eða gefnar út af aðildarríkjum með samþykki skrifstofu bókunarinnar, t.d. með bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi eða með þátttöku í loftslagsvænni þróunaraðstoð. Hver losunarheimild sem gefin er út samkvæmt ákvæðum Kýótó-bókunarinnar fær rafrænt einkennisnúmer og verður rafrænn gjaldmiðill sem hægt er að rekja í gegnum viðskipti og flutning heimilda, svipað og merkta peningaseðla. Þegar rætt er um losunarheimildir í frumvarpinu er átt við þennan rafræna gjaldmiðil þannig að þegar t.d. talað er um 30.000 losunarheimildir er átt við einingar sem veita heimild til losunar 30.000 tonna af koldíoxíði á einu ári.“

Úthlutun og viðskipti með losunarheimildir eykur út af fyrir sig ekki umhverfisvernd, en þessi aðferð hvetur hins vegar til þess að losunin fari fram þar sem kostnaðurinn er lægstur. Hér sést að markaðshagkerfið er komið til sögunnar. Tækninni fleygir fram og vinnur hún í raun með markmiðum Kýótó-bókunarinnar. Sem dæmi má nefna að Íslendingar framleiða raforku með endurnýjanlegri orku, stunda aukna skógrækt og landgræðslu, friða og endurheimta fleiri og fleiri vatnsverndarsvæði. Aðrar þjóðir þurfa að treysta á að geta aflað sér aukinna heimilda í viðskiptum með kvóta frá þeim ríkjum sem hafa tök á að selja hann. Þróunaraðstoð við ríki sem skráð eru í viðauka I með Kýótó-bókuninni sbr. 12. gr. hennar, felst meðal annars í því að ríkin tileinka sér kerfi um hreina þróun sem lið í því að koma á sjálfbærri þróun og til að ná lokamarkmiði samningsins. Þessi viðskipti byggjast því í reynd á því að þau ríki sem ekki eru skráð í viðauka I, njóti góðs af tækniþekkingu ríkja sem eru skráð í hann og lúta skilyrðum hans til þess að minnka útstreymi í sínu heimaríki. Hafa þessar loftslagsheimildir verið kallaðar CDM-inneignir (e. Clean Development Mechanism). Ríkið sem kemur til aðstoðar nýtur síðan góðs af ávinningnum í formi aukinna kvóta til að standa við sinn hlut af skuldbindingum Kýótó-bókunarinnar, eða til eignar. Að mestu hefur verið bakkað út úr þessu kerfi svo og JI-inneignarkerfinu (e. Joint Implementation), því viðskipti með heimildir í því kerfi voru einungis heimil á Kýótó-skuldbindingartímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Þegar á heildina er litið hnattrænt stuðla JI og CDM að samdrætti á gróðurhúsalofttegundum þar sem hagfræðilega er mesta þörfin[1]. Umræður hafa skapast um það hvað verði um JI- og CDM-inneignir þegar skuldtímabilinu líkur árið 2012. Mikið af þeim verkefnum sem eru hafin eiga sér framhaldslíf langt fram yfir árið 2012. CDM verkefni geta spannað 21 ár eða lengur vegna breytinga á landnýtingu eða vegna skógræktar. Í raun má segja að eftir því sem lengri tími líður þar til ákvörðun verður tekin um hvað verði gert eftir 2012, því meiri áhrif hafi það í CDM og JI. Það er kannski ástæðan fyrir því að Evrópusambandið hefur snúið við blaðinu og leggur nú ofuráherslu á ETS-kerfið.

Staðan í dag.

Með frumvarpinu er lagt til að innleiddar verði í íslenskan rétt reglur um viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda, ETS-kerfið (e. The European Union Greenhouse Gas Emission Trading Scheme (EU ETS)). Starfsemi EU EUTS er í sífelldri endurskoðun og framtíð stofnunarinnar átti að ráðast á Kaupmannahafnarfund-

---

[1] Strategy for JI and CDM initiatives of the danish state: Joint Implementation (JI) and Clean Development Mechanism (CDM), bls. 7.

inum. Svo varð ekki því engar sættir náðust um hvað tæki við að afloknu skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar 31. desember 2012. EU ETS var stofnað í janúar 2005 og er rekið af ríkjum Evrópusambandsins. Byggist tilvist stofnunarinnar á tilskipun 2003/87/EB sem tók gildi 25. október 2003. Hún er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum sem á viðskipti með koltvíoxíð og hefur á skömmum tíma orðið einn aðaldrifkrafturinn að baki útþenslu heimsmarkaðarins með koltvíoxíð. Stundar stofnunin viðskipti með losunarheimildir sem meðal annars byggjast á JI- og CDM-inneignum. EU ETS er opið samvinnu allra ríkja sem hafa skrifað undir Kýótó-bókunina og hafa í hyggju að hefja starfsemi í þróunarlöndunum og á öðrum stækkandi mörkuðum með koltvíoxíð. Fyrsta stækkunin á skuldbindingartímabilinu 2008–2012 varð þegar Noregur, Ísland og Liechtenstein gengu í EU ETS[2]. Forsenda þess var að hliðstæðar reglur byggðar á tilskipun nr. 2003/87/EB voru settar í EES-samninginn þann 29. október 2007.

Fyrirtæki eru ekki einungis að leita eftir losunarheimildum sem falla undir JI- og CDM-inneignir heldur eru þau einnig að leita eftir viðskiptum með losunarheimildir sem falla undir almenn ákvæði Kýótó-bókunarinnar til að uppfylla skilyrði bókunarinnar í heimaríkjum sínum. Evrópusambandið hefur á stefnuskrá sinni að kaupa í kringum 550 milljónir tonna af koltvísýringi sem gefur 550 milljón losunarheimildir á skuldbindingartímabilinu 2008–2012. Fjárhagsáætlun sambandsins gerir ráð fyrir að lagðar verði sem samsvarar 2.900.000.000 evra í verkefnið[3]. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er meðlimur í alþjóðlegu samtökunum International Carbon Action Partnership (ICAP).

Sú stefna ríkisstjórnarinnar að ganga þessu kerfi á hönd án þess að berjast fyrir íslenska ákvæðinu og mengunarreynslukvóta Íslands er afar ámælisverð og gengur gegn þjóðarhagsmunum. Svo virðist sem enn og aftur hafi undirgefni stjórnvalda orðið ljós vegna aðildarumsóknar landsins að ESB. Því hefur beinlínis verið haldið fram að umsóknin væri í hættu undirgengjust Íslendingar ekki þessar skuldbindingar. Í september 2006 var skipaður starfshópur sem hafði það hlutverk að móta samningsmarkmið Íslands fyrir Kaupmannahafnarfundinn 2009 og í honum sátu umhverfisráðherra, iðnaðarráðherra, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra. Þessu markmiði var hent út af ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks og sú ákvörðun tekin að gangast undir tilskipun 2003/87/EB og sækja ekki rétt þjóðarinnar til heimildanna. Á það er minnt að þau rök sem lágu að baki samþykkt 14/CP.7 við Kýótó-bókunina eru enn í fullu gildi. Það er loftslagsvænt að nýtt sé endurnýjanleg orka við framleiðslu tiltekinna afurða í stað jarðefnaeldsneytis.

Nýverið var gildissvið tilskipunar 2003/87/EB rýmkað umtalsvert með tilskipun 2009/29/EB. Breytingin er þýðingarmikil fyrir Ísland því að hún felur í sér að losun koltvíoxíðs og perflúorkolefna (PFC) frá álframleiðslu og losun koldíoxíðs frá járnblendi mun heyra undir kerfið og vera háð losunarheimildum frá 1. janúar 2013. Tilskipun 2009/29/EB felur að auki í sér gagngerar breytingar á reglum um úthlutun losunarheimilda og eykur vald stofnana bandalagsins við framkvæmd kerfisins á kostnað aðildarríkja. Þá er gert ráð fyrir að hlutfall losunarheimilda sem boðnar eru upp aukist smám saman og verði orðið 100% árið

---

[2] EU action against climate change. EU emissions trading:an open system promoting global innovation. Evrópusambandið 2007. Á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/environment/climat/pdf/bali/eu_action.pdf, bls. 4.

[3] EU action against climate change. EU emissions trading:an open system promoting global innovation. Evrópusambandið 2007. Á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/environment/climat/pdf/bali/eu_action.pdf, bls. 19.

2027. Tilskipun 2009/29/EB er ekki enn orðin hluti EES-samningsins en búast má við að hún verði tekin til afgreiðslu sameiginlegu EES-nefndarinnar á næstu mánuðum[4].

Útvíkkun ETS-kerfisins snýr annars vegar að tilskipun 2008/101EB um flugsamgöngur sem tekur formlega gildi 2012. Allt flug, innan lands og millilandaflug frá ESB- og EES-ríkjunum þurfa að lúta ákvæðum tilskipunarinnar. Miðlæg úthlutun á að byggjast á sögulegri losun á árabilinu 2004–2006 og að auki t/km viðkomandi flugrekenda árið 2010. Þessi losun er fundin út af ábyrgðarríki flugrekandans sem kannar hvert skráningarríki flugrekandans er og hvar flugvélar hans losuðu mest og er miðað við lendingar árið 2006.

Hins vegar snýr útvíkkun ETS-kerfisins að tilskipun 2009/29/EB um staðbundinn iðnað sem gilda á frá janúar 2013. Boðar sú tilskipun breytingar á kerfinu sjálfu og fjölbreyttari iðnaðarstarfsemi er sett undir kerfið svo sem álframleiðsla, málmvinnsla önnur en járn, steinullarframleiðsla, efnaiðnaður o.fl. Hér á landi falla álverin og járnblendiverksmiðjan undir ETS-kerfið.

Þeir sem falla undir kerfið hér á landi eiga að hafa sent gögn með umsóknum til ESA fyrir 30. júní 2010, ESB ákvarðaði heildarmagn úthlutunar 30. september 2010 og síðan fjölda heimilda sem fóru á uppboð 31. desember 2010. Umsóknir og afgreiðsla losunarleyfa fara fram á árinu 2011 og auk þess verður birt hvaða fyrirtæki falla undir kerfið og yfirlit yfir útreiknaðar heimildir það ár. Losunarheimildunum verður síðan úthlutað 28. febrúar 2013. Þessi atriði eru ekki tekin með í reikninginn í frumvarpi þessu þrátt fyrir 6. gr. frumvarpsins um losunarleyfi atvinnurekstrar.

Þrátt fyrir það er búið að samþykkja drög um samræmdar reglur um endurgjaldslausa úthlutun losunarheimilda frá iðnaði. Sú úthlutun á að byggjast á upphaflegri og sögulegri framleiðslu auk ákvæðisins um verulega framleiðsluaukningu. Athygli vekur að upphafleg framleiðslugeta nær aftur fyrir Kýótó-bókunina eða á árabilinu 1. janúar 2005 til 31. desember 2008. Hefur umhverfisráðuneytið boðað nýtt lagafrumvarp um þetta efni.

ETS-kerfið hefur augljóslega fengið grimmt hlutverk markaðsaflanna. Úthluta á gæðum/kvótum til aðila sem eru nú þegar á markaði og talað er um að geyma ákveðinn hluta loftslagsheimilda til nýliðunar. Andrúmsloftið sjálft er auðlind. Hreint og ómengað andrúmsloft er forsenda heilbrigði og velferðar mannkyns, auk þess að vera forsenda tiltekinna gæða annarra náttúruauðlinda eins og vatns, jarðvegs og lífríkis. Á hinn bóginn er andrúmsloftið viðtaki útblásturs, og nú hefur Evrópusambandið gengið fram fyrir skjöldu á grunni Kýótó-bókunarinnar. Sjaldan hefur mannkyn orðið vitni að eins tærri snilld og viðskiptakerfið býður upp á. Viðskiptavafningar og afleiðusamningar blikna við hliðina á þessu fyrirbæri. Andrúmsloftið sjálft, sem ekki er snertanlegt, kemur til með að ganga kaupum og sölum, verður veðsett og verðið á heimildunum blásið upp. Þegar Stokkhólmsráðstefnan var haldin 1972 og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna var stofnuð í kjölfarið, en hún vinnur að gerð alþjóðasamninga og samræmingu löggjafar um umhverfismál, getur ekki verið að þá frumkvöðla sem að stofnunni stóðu hafi órað fyrir framhaldinu tæpum þremur áratugum seinna, þ.e. að markaðsmál umhverfisins yrðu rétthærri en umhverfið sjálft.

Það tekur þó steininn úr er viðaukar sem lagt er til að bætist við lögin eru skoðaðir. Minni hlutinn vísar hér sérstaklega í viðauka I,I I og III (sjá 10. gr. frumvarpsins). Í viðauka I er áréttuð sú skoðun að Íslendingar hafi aflað sér losunarheimilda á reynslu og með íslenska ákvæðinu til ársloka 2012. Þá rennur Kýótó-samningurinn úr gildi. Á Kaupmannahafnarráðstefnunni svokölluðu sem haldin var 2009 komust þjóðirnar sem að henni standa ekki að

[4] Umhverfisstofnun á vefslóðinni: http://www.ust.is/atvinnulif/loftslagsbreytingar/stadbundinn-idnadur/

neinu samkomulagi um framhaldið, þ.e. hvað tæki við í loftslagsmálum eftir 31. desember 2012. Nú hefur Evrópusambandið, upp á sitt einsdæmi, búið til umrætt viðskiptakerfi og skikkar allar EES-þjóðirnar að vera þátttakendur í því, þ.m.t. Ísland. Tímamörk kerfisins eru 1. janúar 2013 til 31. desember 2020. Á þetta við bæði um stóriðju og flug eins og að framan greinir. Þetta hefur skapað ímyndarvanda í Evrópusambandinu því í fyrsta lagi gæti þetta kerfi leitt til „stóriðjuleka“ út úr Evrópusambandinu því fyrirtækin þurfa að kaupa sér losunarheimildir til rekstursins og sjá sér hag í að staðsetja rekstur sinn annars staðar þar sem ekki þarf að kaupa heimildir. Hvað flugið varðar hefur kerfið mætt mikilli gagnrýni frá aðilum utan Evrópu því verið er að leggja aukagjald á hvert flugsæti með uppkaupum á kvóta. Telja aðilar utan Evrópusambandsins að slík skattlagning brjóti Chicago-samninginn, sem er samþykkt um alþjóðaflugmál, og Evrópusambandinu sé þetta ekki heimilt. Slíkt gerðist hér á landi er vinstri stjórnin lagði kolefnagjald á allt flug. Nú er það einungis innheimt innan lands því það var ekki talið standast umræddan Chicago-samning. Eftirtektarvert er að skoða undanþáguákvæði viðauka III er fjallar um flugsamgöngur. Þeir sem ekki þurfa að verða sér úti um losunarheimildir eru elítan sjálf og verður það almenningur í ríkjum Evrópusambandsins sem situr uppi með reikninginn. Undanþáguákvæðin eru t.d. þessi: flugferðir sem eingöngu eru til flutninga í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamanna hans, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra landa, annarra en aðildarríkja, ef þær eru rökstuddar með viðeigandi stöðuvísi á flugáætluninni, herflug herloftfara og toll- og lögregluflug, flug sem endar á flugvellinum þar sem loftfarið tók á loft og þar sem engin lending á sér stað í millitíðinni, æfingaflug, eingöngu að því er varðar öflun vottorðs eða áritunar ef um flugáhafnir er að ræða, þar sem þetta er rökstutt með viðeigandi athugasemd í flugáætluninni, ef flugið er hvorki til farþega- eða farmflutninga né vegna staðsetningar eða flutnings á loftfarinu.

Minni hluti umhverfisnefndar telur því að of mörg vafamál fylgi lagasetningu þessari og er þar sérstaklega vísað til þess að Evrópudómstóllinn hefur ekki kveðið upp dóma í málum bandarískra flugrekenda gegn Evrópusambandinu þar sem tekist er á um hvort um brot á Chicago-samningnum sé að ræða. Því er ekki tímabært fyrir Alþingi að samþykkja lög er lúta að þessu grundvallarmáli. Minni hlutinn leggur því til að málið verði **fellt.**

Alþingi, 31. maí 2011.

Vigdís Hauksdóttir.

1631. Svar [609. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um greiðsluaðlögun.

Hversu margir hafa lokið greiðsluaðlögun frá því að lög um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, tóku gildi, sundurliðað eftir mánuðum?

Embætti umboðsmanns skuldara hafa borist 2.813 umsóknir um greiðsluaðlögun og eru þar meðtaldar 278 umsóknir sem bárust Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna fyrir 1. ágúst 2010. Embættið hefur afgreitt samtals 896 umsóknir en þar af eru 719 mál til vinnslu hjá um-

sjónarmönnum. Ferlið hjá umsjónarmönnum tekur um þrjá mánuði frá því að umboðsmaður skuldara hefur veitt heimild til greiðsluaðlögunarumleitana.

Enginn hefur lokið greiðsluaðlögun þar sem samningar um greiðsluaðlögun einstaklinga eru gerðir til eins til þriggja ára en innan við ár er frá því að lög um greiðsluaðlögun tóku gildi.

Á myndinni hér á eftir gefur að líta fjölda umsókna sem borist hefur á mánuði hverjum. Fjöldinn hefur verið nokkuð stöðugur undanfarna mánuði eða tæpar 300 umsóknir á mánuði. Á bak við hverja umsókn getur verið annars vegar einstaklingur og hins vegar sambýlisfólk/hjón og eru því fleiri einstaklingar sem sótt hafa um greiðsluaðlögun en fjöldi umsókna segir til um.



*Tölur fyrir maí 2011 ná til 27. þess mánaðar.

Mynd 1. Greiðsluaðlögun einstaklinga, fjöldi umsókna per mánuð.

Eins og sjá má af eftirfarandi töflu hefur embættið samþykkt rúmlega 83% þeirra umsókna um greiðsluaðlögun sem hafa verið afgreiddar eða 745 umsóknir. Þar af hefur komist á samningur um greiðsluaðlögun í 22 tilfellum. Í fjórum tilfellum hafa kröfuhafar ekki fallist á frjálsa nauðasamninga. Samtals hefur 72 umsóknum verið synjað eða 8% umsókna. Þá hafa 79 umsækjendur afturkallað umsóknir sínar.

Greiðsluaðlögun einstaklinga —	Afgreidd mál
Afturkallað	79
Synjað	72
Umsjónarmaður	719
Samningur	22
Nauðasamningur	4
Alls	896

Tafla 1. Afgreidd greiðsluaðlögunarmál 27. maí 2011.

Afgreiðsla umsókna um greiðsluaðlögun einstaklinga fór hægt af stað hjá embætti umboðsmanns skuldara þar sem verkferlar voru í mótun samhliða því að embættið þurfti að ráða til starfa fjölda sérfræðinga til að sinna þessu ört vaxandi verkefni. Fjöldi afgreiddra umsókna hefur því aukist smám saman frá áramótum og er gert ráð fyrir að um 200 mál verði afgreidd í hverjum mánuði.

Þess ber að geta að nýlega sendi umboðsmaður skuldara öllum umsækjendum um greiðsluaðlögun bréf þar sem þeim var bent á þann möguleika að sækja um niðurfærslu fasteignaveðskulda að 110% af verðmæti eignar. Tekið var fram að umboðsmaður skuldara byði fram aðstoð til þeirra sem þegar hafa sótt um greiðsluaðlögun við að kanna þennan möguleika. Jafnframt er sérstaklega verið að kanna áhrif niðurfærslu fasteignaveðskulda hjá þeim sem þegar hafa fengið heimild til greiðsluaðlögunarumleitana. Afgreiðsla um 40 greiðsluaðlögunarmála hjá umboðsmanni skuldara hefur tafist nokkuð frá í apríl, á meðan beðið er eftir niðurstöðum umsókna um niðurfærslu fasteignaveðskulda. Að auki er beðið niðurstöðu um 100 umsókna um niðurfærslu fasteignaveðskulda sem lagðar voru inn í maí. Að mati umboðsmanns skuldara er um að ræða mikið hagsmunamál fyrir skuldara að sem flestir kanni hvort þeir uppfylli skilyrði niðurfærslu áður en umsóknarfrestur rennur út 1. júlí nk.

Afgreidd mál UMS frá 1.8.2010 til 1.5.2011	**2010**					**2011**					
	Ág.	**Sept.**	**Okt.**	**Nóv.**	**Des**	**Jan.**	**Feb.**	**Mars**	**Apr.**	**Maí***	**Alls**
Heimild til greiðsluaðlögunar-umleitana	0	4	21	38	22	27	114	203	106	210	745
Synjun á heimild til greiðsluaðlögunar-umleitana	1	0	2	6	4	6	12	12	10	19	72
Afturköllun að frumkvæði umsækjanda	0	0	1	29	4	13	9	12	3	8	79
Afgreidd mál UMS alls	**1**	**4**	**24**	**73**	**30**	**46**	**135**	**227**	**119**	**237**	**896**

*Tölur fyrir maí 2011 ná til 27. þess mánaðar.



* Tölur fyrir maí 2011 ná til 27. þess mánaðar.

Mynd 2. Fjöldi innkominna og afgreiddra umsókna um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara eftir mánuðum.

1632. Svar [812. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um verktakasamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Fjöldi verktaka	Lýsing verks
2	Sérfræðiráðgjöf við mótun efnahagsáætlunar o.fl.
6	Sérfræðiaðstoð vegna svars íslenskra stjórnvalda til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna tilskipunar um innstæðutryggingar.
3	Sérfræðiaðstoð vegna samningar lagafrumvarpa og greinargerða.
2	Þýðingarþjónusta.

Við vinnslu svarsins var miðað við samninga við sérfræðinga sem starfa fyrir ráðuneytið við smíði frumvarpa, skýrslna og greinargerða og við greiningu og ráðgjöf eða aðra sérfræðivinnu á vegum ráðuneytisins. Svarið nær til þeirra sem sinna slíkum verkefnum á grundvelli sérstaks verktakasamnings, innan rammasamnings ríkisins eða samkvæmt samkomulagi við ráðuneytið þegar svarið er unnið, þ.e. í maímánuði 2011.

1633. Fyrirspurn [873. mál]

til umhverfisráðherra um útblástur frá jarðvarmavirkjunum.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvaða efnasambönd er einkum að finna í útblæstri frá jarðvarmavirkjunum hér á landi og hversu stór hluti af útblæstrinum er brennisteinssambönd?
2. Hvaða aðrar atvinnugreinar losa brennisteinssambönd út í andrúmsloftið hér á landi og hver eru þau?
3. Hvaða leiðir hafa verið skoðaðar til að takmarka losun og hreinsa útblásturinn?

Skriflegt svar óskast.

1634. Nefndarálit [788. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um gjaldeyrismál sem Seðlabanki Íslands hefur sett á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Ríkisstjórnin hefur að tillögu Seðlabanka Íslands samþykkt áætlun um afnám gjaldeyrishafta og er í frumvarpinu lagt til, í samræmi við áætlunina, að höftum verði viðhaldið til 31. desember 2015 en þá er gert ráð fyrir að öllum gjaldeyrishöftum verði aflétt.

Þegar lög nr. 134/2008 voru samþykkt 28. nóvember 2008 var Seðlabanka Íslands veitt tímabundin heimild til að setja reglur til að takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta vegna þeirra. Var það gert til að koma á og tryggja stöðugleika á gengi íslensku krónunnar en áætlað var að höftin yrðu tímabundin. Í athugasemdum við það frumvarp er skýrt tekið fram að stefnt sé að því að afnema gjaldeyrishöftin svo fljótt sem auðið er og í þingræðum um málið kemur fram sú skoðun þingmanna að grundvallarforsenda fyrir samþykki gjaldeyrishafta væri sú að þau yrðu eingöngu tímabundin. Staðan hefur breyst og að mati 2. minni hluta er nauðsynlegt að unnið verði að því að afnema gjaldeyrishöftin en ekki festa þau í sessi. Að auki bendir 2. minni hluti á að áætlunin sem frumvarpið byggist á er ekki tímasett að öðru leyti en fram kemur að höftum verði viðhaldið til 31. desember 2015. 2. minni hluti telur algjörlega nauðsynlegt að áætlun um afnám gjaldeyrishafta sé nánari tímasett með skýrum viðmiðum þannig að unnt sé að vinna að áætluninni skipulega og auka þannig trúverðugleika á peningastefnu ríkisstjórnarinnar. Með þessu frumvarpi eru hins vegar send röng skilaboð þar sem reglur Seðlabanka Íslands eru lögfestar. 2. minni hluti telur að aðrar leiðir og aðferðir séu heppilegri og ekki jafn íþyngjandi í áætlun um afnám gjaldeyrishafta.

Það er skoðun 2. minni hluta að áætlun Seðlabanka Íslands um afnám gjaldeyrishafta og frumvarpið í heild hvíli á veikum stoðum. Áframhaldandi gjaldeyrishöft leggja miklar skorð-

ur við athafnafrelsi bæði einstaklinga og lögaðila. Ákvæði frumvarpsins koma þannig í veg fyrir að einstaklingar og lögaðilar geti framkvæmt aðgerðir sem nauðsynlegar eru í heilbrigðu efnahagslífi og mikilvægar til þess að fjármálamarkaðurinn verði virkur á ný eftir hrun bankakerfisins. Með áframhaldandi gjaldeyrishöftum er komið í veg fyrir erlenda fjárfestingu, hagvöxtur minnkar og atvinnuleysi eykst. 2. minni hluti harmar þá ákvörðun að festa í sessi reglur sem koma í veg fyrir endurreisn efnahagskerfisins, auka á atvinnuleysi, sem nú þegar er of mikið, og benda til þess að ríkisstjórnin hafi gefist upp í því verkefni að aflétta gjaldeyrishöftum. Þau gjaldeyrishöft sem nú þegar eru í gildi hafa í för með sér skort á erlendu fjármagni sem aftur leiðir til þess að geta til að fjárfesta í gjaldeyrisskapandi greinum, svo sem ferðamannaþjónustu, orkuvinnslu og iðnaði, er skert. 2. minni hluti bendir á að í þessum greinum er ekki að finna ónýtta afkastagetu. Frekari fjárfestinga sé þannig þörf svo að unnt sé að auka framleiðsluna. Enn fremur vill 2. minni hluti benda á að með því að lögfesta reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrishöft verður enn erfiðara en ella fyrir stjórnvöld að aflétta þeim höftum á sveigjanlegan og þægilegan hátt. Að sama skapi er það ávallt svo að menn finna einhverjar glufur í þeim reglum sem gilda og er iðulega brugðist við því með því að herða tökin og setja strangari reglur. Áframhaldandi gjaldeyrishöft kalla því á strangari gjaldeyrishöft og ekki er ljóst hvenær áætlað verður að fella þau úr gildi.

Í 3. gr d eru talin upp þau skilyrði sem einstaklingur þarf að uppfylla til að geta tekið út erlendan gjaldeyri í reiðufé. Kemur þar m.a. fram að sá sem kaupir gjaldeyrinn þarf að sýna fram á fyrirhugaða ferð með framvísun farmiða eða kvittunar fyrir greiðslu á ferð sinni, hann þarf að vera eigandi þeirra fjármuna sem greiddir eru fyrir erlenda gjaldeyrinn og þar að auki þarf sá einstaklingur sem kaupir gjaldeyrinn að fara sjálfur með féð úr landi. 2. minni hluti bendir á hversu óraunhæfar þessar reglur geta verið í reynd. Oft er það svo að börnum eða barnabörnum er gefinn gjaldeyrir til að nota í utanlandsferð. Við þær aðstæður getur verið ómögulegt fyrir fullorðna einstaklinginn að kaupa gjaldeyri í gjöf fyrir barnið. Þar að auki hafa fjármálafyrirtæki enga burði til að hafa eftirlit með þessum skilyrðum og þá sérstaklega því sem fram kemur í 4. tölul. 2. mgr., þ.e. að einstaklingurinn sem kaupir gjaldeyrinn fari sjálfur með hann úr landi.

Í umsögnum var á það bent að ákvæði 3. mgr. 3. gr. d (13. gr. d) væri óframkvæmanlegt. Fjármálafyrirtæki hafi engin tól til að fylgjast með því hvort einstaklingur nýti allan gjaldeyri í utanlandsferð eða ekki. Þar að auki bentu umsagnaraðilar á að fjármálafyrirtæki tækju ekki við klinki í erlendri mynt og því óhjákvæmilegt að ákvæðið verði brotið. Jafnframt var á það bent að í frumvarpinu sé ójafnræði á skilaskyldu einstaklinga annars vegar og fyrirtækja hins vegar. Einstaklingur hefur tvær vikur til að skila ónýttum gjaldeyri en fyrirtæki þrjár vikur. 2. minni hluti leggur áherslu á að óeðlilegt er að leggja ríkari skyldur á einstaklinga en fyrirtæki í atvinnurekstri. 2. minni hluti bendir á að í ákvæðinu er enn fremur ekki kveðið á um lágmarksupphæð ónýtts gjaldeyris. Það liggur því í orðanna hljóðan að heimilt verður að refsa einstaklingi með sektum eða fangelsi fyrir að gleyma að skila inn óverulegri fjárhæð og meðalhófs er því ekki gætt.

Að mati 2. minni hluta er áætlun stjórnvalda um afléttingu gjaldeyrishafta, sem frumvarpið byggist á, algjörlega fráleit. Nauðsynlegt er að setja fram metnaðarfyllri áætlun og bendir 2. minni hluti á hugmyndir sem fram koma í umsögn Kauphallarinnar. Þar kemur fram sú skoðun að hægt verði að afnema gjaldeyrishöftin á fáeinum mánuðum og lögð er til áætlun í fimm skrefum. Í henni kemur fram að mikilvægt sé að segja niður ákveðnar dagsetningar sem varða leiðina, öllum krónueigendum verður að hleypa að borðinu, bjóða verður upp til kaups ákveðinn hluta gjaldeyrisforðans, álag á verð erlends gjaldeyris verður að öllu jöfnu

að lækka í framhaldsútboðum og stefna ætti að afnámi hafta á 6–9 mánuðum. Að mati 2. minni hluta eru hugmyndir Kauphallarinnar vel framkvæmanlegar.

Á 136. löggjafarþingi lagði Framsóknarflokkurinn fram tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs (491. mál, þskj. 712). Tillagan fólst í því að koma til framkvæmda ákveðnum aðgerðum til að bregðast við fjárhagsvandanum og skapa forsendur til endurreisnar efnahagslífsins. Meðal aðgerða var að samið yrði við erlenda eigendur krónueigna, settur yrði á fót uppboðsmarkaður með krónur, lífeyrissjóðum yrði veitt heimild til gjaldeyrisviðskipta, peningamagn í umferð yrði aukið og veitt yrði heimild til skráningar hlutafjár í erlendri mynt. Tillagan náði því miður ekki fram að ganga. Er það skoðun 2. minni hluta að þær aðgerðir sem tillagan kvað á um séu algjörlega nauðsynlegar til að endurreisa íslenskan efnahag, auka hagvöxt og útrýma því mikla atvinnuleysi sem Íslendingar búa nú við.

Afnám gjaldeyrishafta mun óhjákvæmilega hafa í för með sér aukinn hagvöxt, frjálst flæði erlends fjármagns til landsins og síðast en ekki síst mundu hjól atvinnulífsins fara að snúast með auknum krafti, en það er grundvallaratriði þess að hægt sé að byggja upp það velferðarsamfélag sem þjóðin vill sjá. 2. minni hluti leggst því alfarið gegn samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 3. júní 2011.

Birkir Jón Jónsson.

1635. Breytingartillaga [385. mál]

við frv. til l. um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (BVG, SER, ÓÞ, RM, GLG).

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Eigi síðar en 1. febrúar 2012 skal innanríkisráðherra leggja fyrir ríkisstjórn og Alþingi áætlun um frekari sameiningu ríkisstofnana og drög að samkomulagi við viðeigandi ráðherra ríkisstjórnarinnar þess efnis að áætlun ráðherrans megi fram ganga. Skal framangreind áætlun miða við að sameiningu ríkisstofnana verði að fullu lokið fyrir lok árs 2013. Hvað sameiningarkosti varðar skal í áætlun ráðherra einkum litið til kafla 5.5 í skýrslu nefndar samgönguráðherra um framtíðarskipan stofnana samgöngumála – greining og valkostir.

1636. Breytingartillaga [386. mál]

við frv. til l. um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (BVG, SER, ÓÞ, RM, GLG).

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Eigi síðar en 1. febrúar 2012 skal innanríkisráðherra leggja fyrir ríkisstjórn og Alþingi áætlun um frekari sameiningu

ríkisstofnana og drög að samkomulagi við viðeigandi ráðherra ríkisstjórnarinnar þess efnis að áætlun ráðherrans megi fram ganga. Skal framangreind áætlun miða við að sameiningu ríkisstofnana verði að fullu lokið fyrir lok árs 2013. Hvað sameiningarkosti varðar skal í áætlun ráðherra einkum litið til kafla 5.5 í skýrslu nefndar samgönguráðherra um framtíðarskipan stofnana samgöngumála – greining og valkostir.

1637. Svar [664. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar Steingrímssonar um stöðu atvinnulausra sem ekki eiga rétt á bótum.

1. *Hversu margir eru á atvinnuleysisskrá sem eiga ekki rétt á bótum?*

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun eru samtals 48 manns á skrá hjá Vinnumálastofnun sem atvinnuleitendur sem eru ekki jafnframt tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

2. *Hversu lengi hafa þeir einstaklingar verið á skrá?*

Fimmtán atvinnuleitendur sem ekki eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins hafa verið á skrá hjá Vinnumálastofnun skemur en eitt ár en þar af hafa ellefu verið skráðir skemur en sex mánuði. Sjö atvinnuleitendur hafa verið á skrá í eitt til tvö ár, sjö í tvö til þrjú ár og sjö í þrjú til fjögur ár. Átta atvinnuleitendur hafa verið á skrá lengur en fjögur ár en upplýsingar vantar um fjóra einstaklinga.

3. *Hvaða vinnumarkaðsúrræði bjóðast þessu fólki?*

Markmið laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, með síðari breytingum, er að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Samkvæmt lögunum er atvinnuleitendum á aldrinum 16 til 70 ára heimilt að sækja um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum til Vinnumálastofnunar en tekið er fram að umsókn feli í sér skráningu hjá vinnumiðlun stofnunarinnar og beiðni um aðstoð ráðgjafa stofnunarinnar við atvinnuleitina, sbr. 7. gr. laganna. Enn fremur kemur fram í lögunum að Vinnumálastofnun skuli aðstoða alla á aldrinum 16 til 70 ára sem hafa heimild til að ráða sig til starfa hér á landi án takmarkana við atvinnuleit, sbr. 10. gr. laganna. Vinnumiðlun Vinnumálastofnunar er því öllum opin sem vilja nýta sér hana óháð því hvort einstaklingarnir eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins eða ekki.

Samkvæmt 11. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir er gert ráð fyrir að hjá ráðgjafa Vinnumálastofnunar fari fram mat á vinnufærni atvinnuleitanda og honum gefinn kostur á að taka þátt í einstökum vinnumarkaðsúrræðum. Vinnumálastofnun annast skipulag vinnumarkaðsúrræða sem skiptast í sex flokka: einstök námskeið, starfsúrræði, ráðgjöf samhliða námskeiðsþátttöku og reynsluráðningu, námsúrræði, atvinnutengda endurhæfingu og atvinnutengda endurhæfingu einstakra hópa, sbr. 12. gr. laganna.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum um vinnumarkaðsaðgerðir var það undirliggjandi markmið við setningu laganna að leitast „við að koma í veg fyrir að þær vinnumarkaðsaðgerðir sem í boði eru takmarkist við einstök greiðslukerfi en miði í staðinn við þarfir einstaklinganna sem þurfa á þeim að halda“. Áhersla

var lögð á getu einstaklinganna þannig að litið yrði á alla þá sem leita til Vinnumálastofnunar sem virka atvinnuleitendur og að þeir hinir sömu sem þyrftu á aðstoð að halda til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði gætu óskað eftir þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum á vegum stofnunarinnar.

Lögin um vinnumarkaðsaðgerðir gera jafnframt ráð fyrir að í einstökum greiðslukerfum sem ætlað er að tryggja framfærslu einstaklinga meðan á atvinnuleit og þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum stendur sé unnt að taka mið af árangri vinnumarkaðsaðgerða. Í athugasemdum við 15. gr. frumvarpsins, er varð að 15. gr. laganna, kemur meðal annars fram að „[þ]annig getur ákveðinn hvati falist í því að tengja rétt atvinnuleitanda til fjárhagsaðstoðar úr einstökum greiðslukerfum við þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum í því skyni að tryggja virka þátttöku í úrræðunum. Með þeim hætti er leitast við að auka líkur á árangri vinnumarkaðsaðgerða“. Náin tengsl hafa skapast að þessu leyti milli vinnumarkaðsaðgerðakerfisins og atvinnuleysistryggingakerfisins, sbr. einnig lög nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir að kostnaður af rekstri Vinnumálastofnunar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni er jafnframt gert ráð fyrir að leita skuli eftir samstarfi við aðra aðila um fjármögnun, sbr. 4. mgr. 4. gr. laganna. Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins, er varð að 4. gr. laganna, kemur jafnframt fram að gert sé „ráð fyrir að einstök greiðslukerfi kunni að koma að fjármögnun vinnumarkaðsúrræða vegna þátttöku skjólstæðinga þeirra samkvæmt þjónustusamningum“.

Vinnumálastofnun annast fjárvörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs og framkvæmd laganna um atvinnuleysistryggingar, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. Samkvæmt 62. gr. sömu laga er gert ráð fyrir að heimilt sé að veita styrki vegna þátttöku þeirra sem teljast tryggðir samkvæmt lögunum um atvinnuleysistryggingar í vinnumarkaðsaðgerðum, þar á meðal í starfsþjálfunarúrræðum. Í athugasemdum við 62. gr. frumvarpsins, er varð að 62. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar, kemur fram að gert sé „ráð fyrir að meginreglan verði sú að vinnumarkaðsaðgerðir verði fjármagnaðar úr ríkissjóði enda réttur fólks til þátttöku í slíkum úrræðum óháður rétti þeirra til framfærslu úr einstökum kerfum“. Síðan segir engu síður að til þess geti komið „að einstök framfærslukerfi þurfi að veita sérstaka styrki til vinnumarkaðsaðgerða óski þau eftir að rétthafar úr þeim kerfum taki þátt í einstökum úrræðum. Er þátttaka hins tryggða í hlutaðeigandi vinnumarkaðsúrræðum þannig háð því að hlutaðeigandi framfærslukerfi greiði til verkefnisins. Má þetta oft rekja til þess að rekstrarkostnaður hlutaðeigandi úrræðis er nokkuð mikill en eigi síður þykir réttlætanlegt að bjóða upp á það. Er með þessu jafnframt verið að stuðla að ákveðnum tengslum milli þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum og þess að eiga rétt á greiðslum sér og sínum til framfærslu“. Þá kemur einnig fram að þetta fyrirkomulag eigi sérstaklega við um „starfsþjálfunarúrræði er vinnuveitandi gerir samning um að taka hinn tryggða í starfsþjálfun með það að skilyrði að hann greiði hinum tryggða laun samkvæmt gildandi kjarasamningum og hann fái greitt mótframlag er jafngildir fjárhæð atvinnuleysisbóta“.

Reyndin hefur hins vegar verið sú að þrátt fyrir að lögin um vinnumarkaðsaðgerðir geri ráð fyrir að meginreglan hafi átt að vera sú að kostnaður við vinnumarkaðsaðgerðir væri greiddur úr ríkissjóði hafa vinnumarkaðsaðgerðir sem Vinnumálastofnun hefur boðið upp á eingöngu verið fjármagnaðar úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt fjárlögum síðustu ára, sbr. einnig 62. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. Þar af leiðandi hafa eingöngu þeir atvinnuleitendur sem teljast tryggðir samkvæmt þeim lögum átt rétt á þátttöku í þeim vinnumarkaðsaðgerðum enda eingöngu heimilt skv. 62. gr. laganna um

atvinnuleysistryggingar að veita styrki til þátttöku þeirra sem teljast tryggðir samkvæmt lögunum. Þannig gerðu fjárlög ársins 2010 ráð fyrir að kostnaður vegna almenns rekstrar Vinnumálastofnunar væri 980 millj. kr. en þar af væru greiddar 213,7 millj. kr. úr ríkissjóði og 578,9 millj. kr. úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna umsýslukostnaðar stofnunarinnar með sjóðnum. Enn fremur var áætlaður kostnaður vegna vinnumarkaðsúrræða 912 millj. kr. á árinu 2010 sem greiddist úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Hið sama á við um fjárlög fyrir árið 2011. Þar er gert ráð fyrir að kostnaður vegna almenns rekstrar Vinnumálastofnunar verði 971 millj. kr. en þar af verði greiddar 196,5 millj. kr. úr ríkissjóði og 582,6 millj. kr. úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna umsýslukostnaðar stofnunarinnar með sjóðnum. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður vegna virkra vinnumarkaðsaðgerða á árinu 2011 verði 857 millj. kr. sem greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Í tengslum við fjármögnun vinnumarkaðsaðgerða hjá Vinnumálastofnun hefur þannig í fjárlögum ekki verið gert ráð fyrir að aðrir en þeir sem teljast tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar geti nýtt sér vinnumarkaðsúrræðin.

Öðrum greiðslukerfum sem ætlað er að tryggja framfærslu atvinnuleitenda sem ekki eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins stendur til boða að greiða fyrir þátttöku þessara atvinnuleitenda í vinnumarkaðsúrræðum á vegum Vinnumálastofnunar, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir, og eiga þá þeir atvinnuleitendur jafnframt kost á að taka þátt í vinnumarkaðsúrræðum stofnunarinnar. Hefur stofnunin meðal annars gert samning við Reykjavíkurborg þar sem leitast verður við að ná samkomulagi um kostnaðarskiptingu milli Vinnumálastofnunar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar vegna þátttöku atvinnuleitenda í vinnumarkaðsúrræðum enda sé um að ræða atvinnuleitendur sem ekki eiga rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins og Reykjavíkurborg er ætlað að tryggja framfærslu.

Þá eru í gildi samningar ríkisins við starfsendurhæfingarmiðstöðvar sem og aðra þjónustuaðila á vettvangi starfsendurhæfingar. Þangað er einstaklingum sem þurfa á verulegri aðstoð að halda við að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði vísað frá heilsugæslu, félagsþjónustu og Vinnumálastofnun. Þeir samningar eru fjármagnaðir úr ríkissjóði enda þótt ákveðin óvissa hafi ríkt um þá fjármögnun vegna niðurskurðar í opinberum ríkisrekstri. Þau úrræði hafa staðið öllum opin sem á þeim hafa þurft að halda samkvæmt mati fagaðila.

Mál þessi hafa verið um nokkurt skeið til skoðunar hjá stjórnvöldum í samvinnu við ýmsa aðila án þess að fundin hafi verið viðunandi lausn á skipulagi þeirra. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði kemur fram að almennt samkomulag sé um mikilvægi uppbyggingar markvissrar starfsendurhæfingar svo stuðla megi að þátttöku og virkni á vinnumarkaði. Draga þurfi markvisst úr ótímabæru brottfalli launafólks af vinnumarkaði, meðal annars með því að bregðast við áður en fólk hverfur úr störfum sínum með virkri heilsuvernd á vinnustöðum, þar á meðal forvörnum. Þýðingarmikið er að atvinnulífið í heild komi að þeirri uppbyggingu ásamt stjórnvöldum og lífeyrissjóðum, en þegar greiðir stór hluti launagreiðenda 0,13% iðgjald til Starfsendurhæfingarsjóðs á grundvelli kjarasamninga.

Velferðarráðherra mun skipa samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að koma fram með nánari tillögur um skipulag og samhæfingu starfsendurhæfingarmála fyrir 1. nóvember 2011 þar sem miðað verði við jafna kostnaðarskiptingu í þrjá hluta. Útfæra þarf aðkomu ríkisvaldsins varðandi faglegar útfærslur og samspil starfsendurhæfingar tengdri vinnumarkaði og þjónustu heilbrigðiskerfisins. Verður nefndinni meðal annars falið að fjalla um rétt allra til virkra vinnumarkaðsaðgerða, þar á meðal atvinnutengdrar endurhæfingar, og þá einnig hvernig unnt verði að tryggja fjármögnun slíkra úrræða með viðunandi hætti.

4. *Eru þau úrræði frábrugðin þeim sem bjóðast fólki sem á rétt á bótum? Ef svo, hvers vegna?*

Vísað er til svars við 3. tölul.

1638. Nefndarálit [824. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum (í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga o.fl.).

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt, lögum um virðisaukaskatt og fleiri lögum í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var í tengslum við undirritun kjarasamninga 5. maí sl.

1. minni hluti fagnar 6 gr. frumvarpsins sem á að tryggja að persónuafsláttur taki breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Persónuafslátturinn mun breytast frá og með 1. janúar 2012 og þaðan í frá árlega. Vísitölubindingin mun koma í veg fyrir að skattbyrði þeirra sem lægstu tekjurnar hafa þyngist vegna rýrnunar persónuafsláttar. Hér er þó um 3 milljarða kr. kostnaðarauka fyrri ríkisjóð að ræða sem ekki verður séð að sé mætt annars staðar í frumvarpinu með nýrri tekjuöflun.

Breytingartillögur meiri hlutans á ákvæðum frumvarpsins sem viðkoma álagningu auðlegðarskatts og arðs eru til bóta. Tillögurnar miða að því að einfalda fyrirkomulag auðlegaðarskatts og er lagt til að hann verði ekki lagður á í tvennu lagi, þ.e. á nettóeignir aðrar en eigið fé/hlutafé á 1. ári og síðan eigið fé/hlutafé á 2. ári, heldur í einu lagi. Meiri hlutinn leggur til þrenns konar breytingar á skattlagningu arðs. Í fyrsta lagi er lagt til að viðmið um lágmarkseignarhald við mat á því hver sé ráðandi aðili verði hækkað úr 2% í 20% til að ákvæðið vinni ekki gegn dreifðu eignarhaldi. Í öðru lagi er lagt til að sá hluti arðsins sem skattleggst sem laun verði skattlagður í hærra þrepi en samkvæmt frumvarpinu til þess m.a. að bæta ríki og sveitarfélögum upp tekjutap vegna breytinga á ákvæðinu um hver sé ráðandi aðili. Í þriðja lagi gerir meiri hlutinn tillögu um að sá hluti arðsins sem skattleggst sem laun myndi hvorki stofn til tryggingagjalds né lífeyrisiðgjalds og hann myndi ekki heldur frádráttarbæran rekstrarkostnað hjá greiðanda.

1. minni hluti telur mikilvægt að 10 gr. frumvarpsins verði samþykkt til að draga sem fyrst úr tapi ríkissjóðs vegna rafrænna kaupa á þjónustu frá útlöndum. Í frumvarpinu er lagt til að gerð verði sú breyting varðandi rafrænt afhenta þjónustu að þegar aðili sem er með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis selur þjónustu til aðila sem ekki er skráður skv. 5. gr. og með heimilisfesti eða fasta starfsstöð á Íslandi skuli seljandi skila virðisaukaskattinum í ríkissjóð. Samkvæmt núgildandi ákvæði ber aðila sem kaupir rafrænt afhenta þjónustu að innheimta og skila virðisaukaskatti vegna kaupanna nema hann hafi heimild til að telja virðisaukaskattinn til innskatts.

Í 9 gr. frumvarpsins er lagt til að lífeyrissjóðirnir greiði sérstakan eignarskatt til að fjármagna hluta af sérstakri vaxtaniðurgreiðslu til heimila á árunum 2011 og 2012. Reiknað er með að heildarupphæð hinnar sérstöku vaxtaniðurgreiðslu nemi 12 milljörðum kr. sem koma til greiðslu tvisvar á ári, 1. maí og 1. ágúst, á þessu ári og árinu 2012. Gert er ráð fyrir að

ríkið fjármagni greiðsluna og innleiðingu sérstaks eignaskatts á lífeyrissjóði og með hækkun svokallaðs bankaskatts (15 gr.). Fjármálaeftirlitið (FME) bendir á að hér sé um að ræða grundvallarbreytingu á meginreglu laga um tekjuskatt sem undanskilur lífeyrissjóði frá tekjuskattsskyldu. Ekkert fordæmi er að finna um slíkan eignaskatt á lífeyrissjóði í skattalögum nágrannalandanna. 1. minni hluti tekur undir með FME um að sérstakur eignaskattur skapi varasamt fordæmi um skattlagningu eigna lífeyrissjóðanna til að fjármagna einstaka verkefni. Gagnrýnisvert er að ekki skuli liggja fyrir útreikningar á hvaða áhrif skattlagning þessi muni hafa á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóðanna. Skatturinn leggst auk þess þyngra á sjóði sem eru að fullu fjármagnaðir með sjóðssöfnun en þeim sem byggjast á meira mæli á gegnumstreymi. 1. minni hluti leggur því til að 9 gr. falli brott.

Lífeyrissjóðakerfið byggist á greiðslum iðgjalda í sjóðina til öflunar lífeyrisréttinda. Sjóðamyndunin hefur jafnframt verið byggð upp með því að fresta skattlagningu iðgjaldagreiðslna og ávöxtunar iðgjalda þar til að útgreiðslu kemur. Um 40% af fjármagni sjóðanna er því skattfé sem þeir ávaxta fyrir hið opinbera. Þegar sjóðirnir ná ekki hærri ávöxtun en sem nemur fjármagnskostnaði ríkis og sveitarfélaga eru engin fjármálaleg rök fyrir því að skattleggja ekki inngreiðslur í sjóðina. Íslenskir lífeyrissjóðir eru þeir næststærstu innan OECD miðað við landsfraleiðslu en raunávöxtun þeirra á sparifé landsanna hefur verið lægri en almennt gerist frá því fyrir hrun. Það bendir til þess að þeir séu orðnir of stórir fyrir íslenskt efnahagslíf. Fjárfestingartækifæri hefur skort í íslensku atvinnulífi vegna tregðu stjórnvalda og banka til að leiðrétta skuldbindingar fyrirtækja og heimila. Gjaldeyrishöftin koma auk þess í veg fyrir að lífeyrissjóðirnir geti fjárfest erlendis. Á hverju ári þurfa lífeyrissjóðirnir að finna fjárfestingartækifæri fyrir 120–150 milljarða kr. sem tryggi þeim a.m.k. 3,5% raunávöxtun. Skortur á arðbærum fjárfestingarkostum setur mikinn þrýsting á gengi krónunnar til lækkunar en gengi hennar er varið með fjármagnshöftum til að koma í veg fyrir gengishrun.

1. minni hluti hvetur stjórnarflokkanna til að taka til skoðunar skattlagningu iðgjaldagreiðslna við fjárlagagerð næsta árs og falla frá álagningu sérstaks eignaskatt sem mun leiða til skerðingar á kjörum lífeyrisþega, þar sem nota á skattinn til að fjármagna sérstakar vaxtaniðurgreiðslur en ekki til að efla hlut almannatryggingakerfisins í lífeyri. Jafnframt hvetur 1. minni hluti til þess að gerðar verði ráðstafanir til að leggja skatt á tekjuauka útflutningsfyrirtækja vegna of lágs gengis krónunnar. Of lágt gengi gjaldmiðils býr til mikinn tekjuauka hjá útflutningsfyrirtækjum sem veldur verðbólguþrýstingi. Draga má úr verðbólguþrýstingnum með því að skattleggja þann hluta tekjuaukans sem er til kominn vegna of lágs gengis.

Í 15 gr. er kveðið á um hækkun sérstaks bankaskatts til að fjármagna sérstaka vaxtaniðurgreiðslu einstaklinga. Hækkun er að mati 1. minni hluta réttlætanleg í ljósi mikils hagnaðar bankanna á þessu ári. Hagnaðurinn er fyrst og fremst tilkominn vegna tregðu bankanna að láta niðurfærsluna á útlánasöfnunum sem færð voru yfir til þeirra frá gömlu bönkunum ganga til lántakenda. Auk þess er mikilvægt að allar fjármálastofnir taki þátt í aðgerðum sem hraða endurreisn efnahagslífsins.

1. minni hluti leggst gegn 16 gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að samkomulag aðila vinnumarkaðarins um skyldu lífeyrissjóða og launagreiðenda til að greiða 0,13% af iðgjaldastofni sínum til VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs verði lögfest. Markmið VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Á fjárlögum eru sex endurhæfingarstofnanir sem fá samtals tæpa 2,5 milljarða kr. úthlutað á þessu ári. Auk þess kostar rekstur Grensáss um 600 millj. kr. á ári. Framlag ríkisins til stofnana sem hafa með höndum

endurhæfingu hefur lækkað umtalsvert frá hruni til að koma til móts við markmið ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum. Ef greiðsluskylda launagreiðenda og lífeyrissjóða verður lögfest má gera ráð fyrir að inn í VIRK renni álíka miklir fjármunir og nú fara til reksturs heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. 1. minni hluti tekur undir með Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra um að þungbært sé að horfa á það gerast að framlög til endurhæfingar fatlaðs og sjúks fólks séu skorin niður innan almannaþjónustunnar en launþegasamtökin hafi þagað þunnu hljóði frá hruni og nánast reist þá kröfu eina í velferðarmálum að fá peninga inn í nýjar stofnanir, nýja sjóði undir eigin handarjaðri (*http://www.ogmundur.is/news.asp?ID=658&type=one&news_ID=5191*).

Eins og FME bendir á í umsögn sinni, felur greiðsluskylda lífeyrissjóðanna í sér grundvallarbreytingu á lögum um lífeyrissjóði. Framlagi í lífeyrissjóði verður þá varið til annarra verkefna en að tryggja sjóðsfélögum lífeyrisréttindi og það skapar varasamt fordæmi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að skipun samráðsnefndar aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda skili af sér tillögum um annars vegar skipulag og samhæfingu starfsendurhæfingarmála og hins vegar um lagaramma um VIRK fyrir 1. nóvember nk. Lagarammann á innleiða fyrir 1. janúar 2012 en þá er gert ráð fyrir að 16 gr. falli úr gildi. Mikilvægt er að fyrir liggi áður en greiðsluskylda launagreiðenda og lífeyrissjóða verður lögfest hvernig skipulagi og samhæfingu starfsendurhæfingarmála verði háttað til að koma í veg fyrir þróun tvöfalds endurhæfingarkerfis, þ.e. eitt fyrir fólk á vinnumarkaði og annað fyrir þá sem standa þar fyrir utan. 1. minni hluti leggur því til að 16 gr. frumvarpsins falli brott, þannig að greiðsluskyldan verði ekki virk fyrr en samráðsnefndin hefur lokið störfum sínum og þær reglur sem eðlilegt er að settar verði um starfsemi VIRK liggja fyrir.

1. minni hluti leggur til eftirfarandi

BREYTINGAR:

1. 9. gr. falli brott.
2. 16. gr. falli brott.

Alþingi, 6. júní 2011.

Lilja Mósesdóttir.

1639. Tillaga til þingsályktunar [874. mál]

um námsleiðir fyrir erlenda stúdenta í háskólum landsins.

Flm.: Baldur Þórhallsson, Valgerður Bjarnadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Róbert Marshall, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að skipa nefnd í samráði við háskóla landsins sem hafi það verkefni að leggja fram tillögur um hvernig efla megi og fjölga námsleiðum fyrir erlenda stúdenta í grunn- og framhaldsnámi. Nefndin geri úttekt á fýsileika þess að fjölga erlendum stúdentum í háskólunum og hvernig það geti styrkt skólana sem rannsókna- og kennslustofnanir. Nefndin hafi einnig það hlutverk að athuga þann kostnað

sem felst í fjölgun erlendra stúdenta og þá tekjumöguleika sem geta skapast fyrir háskólana og íslenskt samfélag.

Greinargerð.

Fjölmörg tækifæri felast í því að bjóða auknum fjölda erlendra stúdenta í grunn- og framhaldsnámi á háskólastigi námsvist í háskólum landsins. Fjölgun erlendra stúdenta mundi styrkja rannsóknir og kennslu við háskólana. Fjölga mætti vísindamönnum og kennurum við háskólana og þannig stórefla þá sem akademískar stofnanir. Þannig nytu íslenskir stúdentar góðs af. Fjölgun erlendra stúdenta mundi auk þess skapa atvinnu utan háskólanna og styrkja efnahag landsins.

1640. Nefndarálit [747. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arnór Guðmundsson, Guðna Olgeirsson, Sigríði Láru Ásbergsdóttur og Sigurbjörgu Sigurjónsdóttur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Guðjón Bragason og Svandísi Ingimundardóttur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Helgu Margréti Guðmundsdóttur og Elísabetu Gísladóttur frá umboðsmanni barna, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Ragnar Þorsteinsson frá Reykjavíkurborg, Margréti Pálu Ólafsdóttur frá Samtökum sjálfstæðra skóla, Hrafn Sveinbjarnarson frá Héraðsskjalasafni Kópavogs, Petrínu Ásgeirsdóttur frá Barnaheillum, Arndísi A.K. Gunnarsdóttur frá Barnaverndarstofu og Þórunni Jónu Hauksdóttur framhaldsskólakennara. Þá bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Barnaheillum, Barnaverndarstofu, Bláskógabyggð, Dalabyggð, Fljótsdalshéraði, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hafnarfjarðarbæ, Héraðsskjalasafni Kópavogs, Hrunamannahreppi, Kennarasambandi Íslands, landlæknisembættinu, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sjálfstæðra skóla og umboðsmanni barna.

Með frumvarpinu er ætlunin að styrkja réttindi grunnskólanemenda til náms og velferðar og auka svigrúm skóla og sveitarfélaga til nánari útfærslu á lögbundinni skyldu sinni. Einnig er mennta- og menningarmálaráðuneytinu gefin skýrari lagastoð til að útfæra tiltekin atriði nánar í reglugerðum.

Málefni fósturbarna.

Nefndin fjallaði ítarlega um stöðu og rétt barna sem eru í umsjón fósturforeldra. Í frumvarpinu er lagt til að samræmingarhlutverk mennta- og menningarmálaráðuneytisins verði styrkt með því að ráðuneytið gefi út stjórnvaldsfyrirmæli varðandi skólagöngu fósturbarna. Með frumvarpsgreininni er ætlunin að eyða ágreiningi um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga vegna skólagöngu fósturbarna sem eru vistuð tímabundið á einkaheimilum utan lögheimilissveitarfélags. Einnig hafa komið upp mál er lúta að málsmeðferð og faglegum þáttum er varða skólagöngu barnsins. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að í sumum tilvikum hefur fósturbörnum verið synjað um skólavist eða mikil röskun orðið á skólagöngu þeirra í við-

tökusveitarfélagi vegna deilna um kostnaðarskiptingu. Nokkrir umsagnaraðilar töldu rétt að skorið yrði úr þessum ágreiningi með skýrum hætti í löggjöf en ekki í reglugerð eins og frumvarpið kveður á um. Það að kveða á um svo mikilvæg málefni í reglugerð hefði í för með sér óskýrt réttarástand og gæti viðhaldið deilum sem hafa orðið um skiptingu kostnaðar. Þegar barni er komið í tímabundið fóstur flyst lögheimili barnsins ekki til fósturforeldra, líkt og þegar um varanlega ráðstöfun barnsins er að ræða. Af þeim sökum hefur sprottið upp ágreiningur á milli sveitarfélaga um greiðslu lögheimilissveitarfélags til viðtökusveitarfélags þar sem barn er í tímabundnu fóstri. Á grundvelli 75. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, hefur ráðherra sett reglugerð nr. 804/2004, um fósturbörn. Þar segir í 2. mgr. 39. gr. að það sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur skuli standa straum af kostnaði við skólagöngu þess í grunnskóla á meðan ráðstöfunin varir. Þrátt fyrir skýr ákvæði reglugerðarinnar hefur engu síður verið viðvarandi ágreiningur milli sveitarfélaga um skólagöngu fósturbarna. Nefndin vill í þessu sambandi árétta að í 13. gr. grunnskólalaga kemur fram að allir nemendur grunnskóla eigi rétt á námi við sitt hæfi og byggist ákvæðið á 76. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að öllum skuli vera tryggður réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Nefndin bendir jafnframt á að í 5. gr. laganna er kveðið á um skýlausan rétt fósturbarna til skólagöngu í lögheimilissveitarfélagi fósturforeldra. Nefndin telur einsýnt að hagsmunir fósturbarna hljóti hér að vega þyngra en fjárhagslegir hagsmunir sveitarfélaga og að tryggja þurfi að þau njóti sömu þjónustu og önnur börn í sveitarfélagi sem þau flytjast til, óháð lögheimili. Nefndin styður þá tillögu frumvarpsins að fjallað verði í reglugerð um fagleg og fjárhagsleg málefni tengd skólagöngu fósturbarna sem og samstarf aðila á milli. Telur nefndin nauðsynlegt að fjalla um þetta mikilvæga mál heildstætt í góðri sátt við sveitarfélögin í landinu. Nefndin telur hins vegar mikilvægt að einnig verði haft samráð við Barnaverndarstofu, sem stjórnsýslustofnun er fer með daglega stjórn barnaverndarmála í umboði velferðarráðuneytisins, við gerð fyrrnefndar reglugerðar. Leggur nefndin til breytingar að þessu lútandi. Nefndin leggur áherslu á að mikilvægt sé að starfshópur með aðild fulltrúa mennta- og menningarmálaráðherra, velferðarráðherra, innanríkisráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Barnaverndarstofu móti þær tillögur sem verði staðfestar í fyrrnefndri reglugerð um skólagöngu fósturbarna. Starfshópurinn eigi að hafa það að markmiði að setja skýrar reglur um kostnaðarábyrgð lögheimilissveitarfélags, hvernig skuli farið með sértækan kostnað við skólagöngu á meðan tímabundið fóstur varir, gerð og inntak móttökuáætlunar vegna skólagöngu fósturbarna o.s.frv. Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að leggja það til að komið verði á fót úrskurðarnefnd sem skipuð verði fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis, Samband íslenskra sveitarfélaga og Barnaverndarstofu. Mun úrskurðarnefndin hafa það hlutverk að kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum er varða skólagöngu fósturbarna.

Fram kemur í a-lið 1. gr. frumvarpsins að áður en barni er ráðstafað í fóstur skuli barnaverndarnefnd kanna aðstæður og leggja mat á möguleika viðkomandi grunnskóla til að koma til móts við þarfir barnsins. Sérstaklega mun reyna á þetta ákvæði þegar barn flytur á milli sveitarfélaga. Meðal umsagnaraðila vöknuðu spurningar um áhrif og afleiðingar þess mats sem hér er gert ráð fyrir að fari fram af hálfu barnaverndarnefndar. Ljóst er að barnaverndarnefndir búa ekki yfir sérþekkingu á skólamálum. Nefndinni þykir því rétt að leggja til þá breytingu að barnaverndarnefnd kanni aðstæður í samráði við skólayfirvöld á viðkomandi stað. Með þessari breytingu fæst heildstætt mat á viðkomandi grunnskóla með hliðsjón af þörfum barnsins. Nefndin vill leggja á það áherslu að veita eigi fósturbörnum þá þjónustu sem þau þurfa, á sama hátt og ef um barn sem á lögheimili í sveitarfélaginu er að ræða.

Skólaráð.

Í 2. gr. frumvarpsins er grunnskólum veitt heimild til að sækja tímabundið um undanþágu frá 8. gr. gildandi laga um starfrækslu skólaráðs, með rökstuddri greinargerð. Í greinargerðinni þarf að koma fram hvernig verkefnum skólaráðs verði sinnt og þurfa gildar ástæður að liggja fyrir svo að undanþága sé veitt. Í máli umsagnaraðila kom fram að eðlilegt væri að veita heimild til undanþágu ótímabundið, væri horft til stöðu einstakra og fámennra skóla með færri en 20 nemendum. Nefndin telur hins vegar mikilvægt að skólaráð starfi í öllum grunnskólum landsins til að tryggja nauðsynlegt samráð skólastjórnenda, kennara, nemenda og foreldra um grundvallarþætti skólahalds, svo sem skólanámskrá, starfsáætlun skóla, fyrirhugaðar breytingar á skólahaldi og málefni er tengjast öryggi, aðbúnaði og velferð nemenda. Nefndin leggur því til þá breytingu á ákvæði 2. gr. að heimilt verði að veita undanþágu frá ákvæði 2. mgr 8. gr. sem kveður á um skipan fulltrúa í skólaráð en áskilið verði að skólaráð skuli starfrækt í öllum grunnskólum. Nefndin bendir á að heimildin felur í sér fækkun fulltrúa í skólaráði en skv. 8. gr. grunnskólalaga skal skólaráð skipað tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra og fulltrúa grenndarsamfélagsins. Með þessari tímabundnu heimild er þá heimilt að fækka fulltrúum í skólaráði þannig að hver aðili velji sér að lágmarki einn fulltrúa. Ráðuneytið getur einnig heimilað aðra samsetningu skólaráðs ef um mjög fámenna skóla er að ræða, svo sem með færri fulltrúum eða annars konar samsetningu en kveðið er á um í gildandi lögum.

Skólasafn.

Skólasöfn gegna mikilvægu hlutverki í skólasamfélaginu. Með 3. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði á ný ákvæði sem felur í sér skyldu grunnskóla til að gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns. Nefndin telur að skólasöfn gegni lykilhlutverki í að tryggja ákvæði markmiðsgreinar grunnskólalaga um stuðning skólaumhverfis við frumkvæði, skapandi skólastarf og sjálfstæð vinnubrögð nemanda. Við endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla sem nú bíður staðfestingar ráðherra hefur verið lögð áhersla á fimm grunnþætti menntunar, þ.e. læsi í víðum skilningi, lýðræði, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf. Ljóst er að skólasöfn gegna mikilvægu hlutverki í þessu sambandi, einkum að því er varðar skilning á eðli upplýsinga og gagna sem nemendur þurfa að hafa greiðan aðgang að í námi sínu og tómstundum.

Nefndin telur rétt að ítreka að þótt ákvæði um skólasöfn hafi verið fellt úr gildi með gildandi lögum árið 2008 hefur ekki verið litið svo á að grunnskólum bæri ekki skylda til að hafa skólasöfn. Í ljósi þessa vill nefndin benda á að ekki er verið að leggja aukin verkefni né skyldu á sveitarfélögin og þar af leiðandi mun þessi lagabreyting ekki hafa í för með sér aukinn kostnað. Hjá umsagnaraðila kom fram að nauðsynlegt væri að setja í reglugerð reglur um lágmarksbókakost skólasafna. Nefndin telur að slíkt sé of íþyngjandi enda verður heimilt samkvæmt ákvæðinu að veita þjónustu skólasafna í samstarfi við almenningsbókasöfn. Nefndin telur einnig rétt að taka fram að ákvæðið nær til allra grunnskóla óháð rekstrarformi. Nefndin bendir á að vert er að hafa í huga mikilvægi faglegs starfs á skólasöfnum og hvetur sveitarfélögin til að ýta undir það.

Val í námi.

Í 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á gildandi lögum sem fela í sér að dregið er úr lögbundnu vali nemenda á unglingastigi í þá veru að nemendur velji sér námsgreinar og

námssvið sem nemi allt að fimmtungi námstímans í stað þriðjungs. Þessar breytingar eru gerðar til að koma til móts við óskir sveitarfélaga um aukið svigrúm til hagræðingar í rekstri skóla. Nefndin leggur áherslu á að hér verði um tímabundna ráðstöfun að ræða því valfrelsi í námi er mikilvæg forsenda þess að hver nemandi fái menntun við sitt hæfi.

Á hinn bóginn er rétt að geta þess að val nemenda í grunnskólum hér á landi er með því hæsta sem þekkist meðal OECD-þjóða, ekki síst á unglingastigi. Þá má benda á að breytingar sem gerðar voru á lögunum árið 2006 um aukið val nemenda á unglingastigi hafa almennt ekki komist til framkvæmda þar sem þeim hefur ekki verið fylgt eftir með breytingum á viðmiðunarstundaskrá. Sumir skólar hafa þó breytt sínu skipulagi með vísan til lagabreytinganna. Nefndin telur mikilvægt að nota tækifærið við endurskoðun viðmiðunarstundaskrár til að auka fjölbreytni námsgreina og sviða og tryggja sérstaklega aukið vægi list- og verkgreina.

Skólabragur.

Nefndin fagnar sérstaklega ákvæði 6. gr. frumvarpsins um skólabrag þar sem kveðið er á um að skólayfirvöld, kennarar, nemendur og foreldrar leggist á eitt við að skapa jákvæðan skólabrag og góðan starfsanda í skólum. Mikilvægasta ákvæði þessarar greinar lýtur að skyldu allra grunnskóla til að móta stefnu um forvarnir gegn hvers kyns ofbeldi í skólastarfi, hvort sem er líkamlegt, andlegt eða félagslegt. Ein birtingarmynd þessa ofbeldis er einelti sem hefur verið eitt helsta vandamál í íslenskum skólum um árabil. Rétt er að benda á að ákvæðið um fagráð á sviði eineltismála er einkum tilkomið vegna aðgerða gegn einelti sem ríkisstjórnin hefur samþykkt. Þegar hefur verið skipuð verkefnisstjórn en reglugerðin sem mæla á fyrir um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins verður unnin í samvinnu við hana. Nefndin telur að þetta ákvæði hafi mikla þýðingu því með því er undirstrikað að jákvæður skólabragur er mikilvæg forsenda þess að markmiðsákvæði laganna um alhliða þroska, velferð og menntun nemenda nái fram að ganga.

Nemendaverndarráð.

Með setningu grunnskólalaga var lögfest ákvæði um nemendaverndarráð, sbr. 4. mgr. 40. gr. laganna. Nánar er kveðið á um hlutverk þess í reglugerð nr. 584/2010, um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Þar segir að hlutverk ráðsins sé að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur hvað varðar skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera jafnframt skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Með 7. gr. frumvarpsins er ætlunin að veita heimild til tímabundinnar undanþágu frá stofnun nemendaverndarráðs. Nefndin telur afar mikilvægt að þessi vettvangur sé til staðar, til að tryggja réttindi og þjónustu við nemendur sem þurfa á sérfræðiaðstoð að halda, svo sem sérkennslu, félagslega þjónustu eða námsráðgjöf. Hins vegar er það skoðun nefndarinnar að eðlilegt sé að veita fámennum skólum aukið svigrúm til undanþágu frá einstökum ákvæðum reglugerðarinnar ef rík rök hníga til. Nefndin leggur til breytingu í þessa veru en áréttar að í undanþágunni felst ekki heimild til þess að leggja nemendaverndarráð niður.

Sjálfstætt starfandi skólar.

Fjallað er um grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum í 8. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu er ætlunin að setja sérstaka lagastoð fyrir gerð þjónustusamninga og enn fremur er tilgreint að ekki sé heimilt að gera slíka samninga til lengri tíma en sjö ára í senn.

Fram kom hjá umsagnaraðila að þessi tímafrestur væri of skammur í ljósi þeirra fjárhagslegu skuldbindinga sem fylgja sjálfstæðum rekstri grunnskóla og þeim kostnaði sem hlýst af stofnun þeirra. Nefndin bendir á að skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði í tíu ár, sbr. 1. mgr. 3. gr. grunnskólalaga. Ekki eru sérstök rök fyrir því að vera með tímasetta þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi skóla en hins vegar er mikilvægt að veita heimild til riftunar ef um vanefndir á samningi er að ræða. Leggur nefndin því til breytingar á ákvæðinu þessu til samræmis.

Sveigjanleg skólastig.

Eitt af meginmarkmiðum með setningu grunnskólalaga var að skilgreina betur rétt nemenda á ýmsum sviðum, bæði hvað varðar hvetjandi námsumhverfi og andlega, líkamlega og félagslega vellíðan nemenda. Einnig er það skylda grunnskólanna að bjóða nemendum nám við hæfi og þess skal sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi, sbr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Grunnskólanemendum var veitt heimild til að stunda nám í einstökum greinum á framhaldsskólastigi meðan þeir væru í grunnskóla, hefðu þeir sýnt fullnægjandi færni, sbr. 4. mgr. 26. gr. laganna. Ákvæði þessa efnis var lögfest til að svara þeirri þróun sem orðið hafði fyrir árið 2008 þar sem færst hafði í vöxt að nemendur stunduðu nám samhliða grunnskóla og framhaldsskóla og hafði ríkt nokkur óvissa um framkvæmdina, þar á meðal um hvernig skipta ætti kostnaði vegna slíkrar tilhögunar. Gert var ráð fyrir því að samkomulag lægi fyrir milli viðkomandi grunnskóla og framhaldsskóla um framkvæmdina. Í framkvæmd hefur raunin orðið sú að það er misjafnt hvort framhaldsskólar meta þær einingar sem nemandi í grunnskóla tekur í framhaldsskóla og í raun er það svo að það hefur verið á valdi einstakra framhaldsskóla að meta þennan rétt nemenda í sérhverju tilfelli. Fram kemur í rannsókn Gerðar G. Óskarsdóttur á námi á mörkum grunn- og framhaldsskóla að einungis þriðjungur grunnskóla nemenda í Reykjavík sem tekið hefur einingar á framhaldsskólastigi hafi fengið þær metnar inn í framhaldsskóla í borginni. Meginskýringin á þessu er að bekkjarskólar líta ekki á námsframvindu í áföngum og námseiningum heldur er hver námsgrein skilgreind eftir skólaárum og/eða önnum og svigrúmið lítið til mismunandi samsetningar námsins eins og tíðkast í áfangaskólum. Hér er vert að benda á að skólameistari hvers skóla ber ábyrgð á mati fyrra náms nemenda og hvorki gildandi lög né aðalnámskrá kveða skýrt á um skyldur skóla í þessum efnum. Nefndin vill benda á að í einhverjum tilfellum hefur verið ofgreitt fyrir fyrstu áfanga framhaldsskólans. Mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins er að í ríflega 40% tilfella kunni að vera um það að ræða að greitt sé tvívegis fyrir sömu einingarnar.

Nefndin fékk einnig kynningu á MPA-ritgerð Þórunnar Jónu Hauksdóttur um samfellu í námi á milli grunn- og framhaldsskóla. Megintilgangur ritgerðarinnar var að meta áhrif stefnumótunar um hröðun í námi á námsframvindu bráðgerra nemenda. Fram kemur í niðurstöðum ritgerðarinnar að hröðun úr grunn- í framhaldsskóla veitir bráðgerum nemendum nám við hæfi og svarar félags- og tilfinningalegum þörfum þeirra og hún hefur einnig jákvæð áhrif á líðan og viðhorf þeirra. Jafnframt kemur fram að námsgengi og námsframvinda bráðgerra nemenda sem hraðað er úr grunn- í framhaldsskóla er framúrskarandi, líkt og var í grunnskóla.

Í fjárlögum ársins 2011 er ekki gert ráð fyrir framlögum til framhaldsskólans vegna sveigjanlegra skólastiga grunnskólanemenda. Í frumvarpinu er lagt til að grunn- og framhaldsskólar fái frest til 1. ágúst 2013 til að gera samninga sín á milli með sérstöku bráðabirgðaákvæði í lögunum.

Í ljósi framangreinds telur nefndin afar mikilvægt að tryggt verði jafnt aðgengi grunnskólanemenda að áföngum á framhaldsskólastigi óháð búsetu, svo og að ekki sé tvígreitt fyrir sömu einingarnar. Nefndin leggur því til að við gildistöku laga þessara skuli ráðherra skipa starfshóp sem móti tillögur um hvernig megi tryggja samræmdar gæðakröfur, jafnræði nemenda og samræmt mat framhaldsskóla á þeim einingum sem grunnskólanemendur taka í framhaldsskóla. Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, stjórnendum og kennurum grunn- og framhaldsskóla og fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Leggur nefndin til að starfshópurinn skili niðurstöðum til ráðherra eigi síðar en 31. mars 2012. Skal við það miðað að réttindi grunnskólanemenda skv. 4. mgr. 26. gr. verði virk frá og með skólaárinu 2012–2013. Nefndin leggur til breytingar á ákvæði til bráðabirgða í þessa veru. Það er jafnframt skilningur nefndarinnar að framangreindar breytingar eigi ekki að hafa áhrif á þá grunnskólanemendur sem nú þegar hafa tekið eða munu á næsta skólaári taka áfanga í framhaldsskólum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. júní 2011.

Skúli Helgason, form., frsm.	Þuríður Backman.	Jónína Rós Guðmundsdóttir.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, með fyrirvara.	Oddný G. Harðardóttir.	Eygló Harðardóttir, með fyrirvara.
Margrét Tryggvadóttir.	Auður Lilja Erlingsdóttir.	Íris Róbertsdóttir, með fyrirvara.

1641. Breytingartillögur [747. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðinu „aðstæður“ í a-lið komi: í samráði við skólayfirvöld á viðkomandi stað.
   b. Á eftir orðinu „sveitarfélaga“ í b-lið komi: Barnaverndarstofu.
   c. Við efnismálsgrein b-liðar bætist nýr málsliður er orðist svo: Úrskurðarnefnd skipuð fulltrúum frá ráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Barnaverndarstofu sker úr um ágreiningsmál.
2. Í stað orðanna „þessarar greinar“ í 2. gr. komi: þessarar málsgreinar.
3. Í stað orðsins „forráðamenn“ í 2. efnismgr. 6. gr. komi: forsjáraðila.

4. Við 7. gr.
   a. Í stað orðsins „ákvæði“ í 1. efnismálsl. komi: einstökum ákvæðum í reglugerð.
   b. 2. efnismálsl. falli brott.
5. Við 8. gr.
   a. 6. og 7. málsl. efnismálsgreinar c-liðar falli brott.
   b. D-liður orðist svo: Á eftir orðunum „veitingu hennar“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: form og efni þjónustusamninga, þ.m.t. meðferð rekstrarafgangs af starfsemi skólans sem rekja má til opinberra fjárveitinga; og í stað orðanna „og afturköllun viðurkenningar“ í sama málslið kemur: afturköllun viðurkenningar og riftun þjónustusamnings vegna vanefnda á ákvæðum hans.
6. 10. gr. verði 1. gr. og orðist svo:
   Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra; í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 4. gr., 2. mgr. 19. gr., 3. mgr. 31. gr., 1. mgr. 34. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: ráðuneyti; og í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 3. mgr. 46. gr. laganna kemur: Ráðuneyti.
7. 11. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
8. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
   Réttindi skv. 1. málsl. 4. mgr. 26. gr. laganna verða fyrst virk er reglur hafa verið settar um framkvæmd og fyrirkomulag á rétti grunnskólanemenda til að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla.
   Ráðherra skal við gildistöku laga þessara skipa starfshóp með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, grunnskóla og framhaldsskóla. Hópurinn skal meta hvernig tryggja megi jafnt aðgengi grunnskólanemenda að áföngum á framhaldsskólastigi óháð búsetu svo og að ekki sé tvígreitt fyrir sömu einingar og gera tillögu að reglum þar um. Þá skal starfshópurinn skoða hvernig megi samræma gæðakröfur og mat framhaldsskóla á einingum með það fyrir augum að tryggja jafnræði nemenda, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna. Starfshópurinn skal skila ráðherra niðurstöðum eigi síðar en 31. mars 2012 og skal miðað við að réttindi skv. 1. málsl. 4. mgr. 26. gr. laganna verði virk frá og með skólaárinu 2012–2013.

1642. Tillaga til þingsályktunar [875. mál]

um sameiningu háskólastofnana og rekstur tveggja öflugra háskóla.

Flm.: Baldur Þórhallsson, Valgerður Bjarnadóttir, Björgvin G. Sigurðsson,
Jónína Rós Guðmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Róbert Marshall, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stórefla rannsóknir og kennslu á háskólastigi með því að stuðla að sameiningu háskóla landsins. Fjárlög fyrir árið 2012 taki mið af því að fé verði veitt til reksturs tveggja öflugra háskóla. Þannig verði starfræktar tvær vísindastofnanir á landinu með nokkrar starfsstöðvar sem hafi getu til að vinna að rannsóknum og bjóða upp

á háskólakennslu eins og best gerist í heiminum. Verkefni háskólanna er að koma sér saman um hvernig sameiningu þeirra er best háttað.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur nokkur árangur náðst í sameiningu rannsóknastofnana á landinu en á sama tíma hefur háskólum fjölgað. Á árunum 1997–2007 urðu fimm nýjar stofnanir að háskólum og tvær til viðbótar hófu kennslu á háskólastigi. Formlegt samstarf þessara háskóla er mjög takmarkað. Þrjár atrennur voru gerðar til sameiningar. Einungis ein þeirra gekk eftir.

Þrjár skýrslur voru unnar árið 2009 sem allar nefna kosti þess að sameina háskólana, þ.e. skýrsla erlendrar sérfræðinefndar (Education, Research and Innovation policy: A new direction for Iceland), skýrsla verkefnisstjórnar vísinda- og háskólamála og skýrsla rýnihóps menntamálaráðherra um aðgerðir í háskóla- og vísindamálum. Erlenda sérfræðinefndin mælir sérstaklega með rekstri tveggja háskóla á landinu og rekur kosti þess fyrirkomulags.

Samvinna háskólanna er mikilvæg en sameining er miklu betri kostur hvort sem litið er til vísindastarfs eða háskólakennslu. Einnig getur umtalsverður sparnaður falist í sameiningu. Aukið samstarf opinberra háskóla sem verið er að vinna að er vissulega mikilvægt og skref í rétta átt eins og sá rammasamningur um samstarf í stoðþjónustu sem undirritaður var 9. maí sl. ber vott um. Fyrirkomulag núverandi samstarfsvettvangs opinberra háskóla leggur hins vegar ekki grunninn að sameiningu háskólanna á næstu missirum. Innan samstarfsvettvangsins er eingöngu rætt um samvinnu á afmörkuðum sviðum. Þar er ekki rætt um sameiningu háskólanna.

Sameining háskólastofnana er það viðkvæmt mál að frumkvæðið verður að koma frá Alþingi. Háskólar eiga að vera akademískar stofnanir. Akademísk stofnun skapar vettvang fyrir samræður vísindamanna innbyrðis og samræður vísindamanna við stúdenta. Grunnur öflugs vísindasamstarfs eru stærri háskólar þar sem akademísk umræða að hætti Sókratesar getur farið fram í krafti fjölda vísindamanna og getu til að stunda umfangsmiklar alþjóðlegar rannsóknir.

1643. Nefndarálit [788. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

Frá 3. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði reglur um gjaldeyrismál sem Seðlabanki Íslands hefur gefið út með samþykki efnahags- og viðskiptaráðuneytis á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, sbr. reglur um gjaldeyrismál nr. 370 frá 29. apríl 2010, sbr. og leiðbeiningar gefnar út 4. maí 2010 með viðbótum 13. ágúst og 20. september sama ár. Í frumvarpinu eru jafnframt lagðar til breytingar á reglunum sem miða að því að herða enn höftin. Framangreint ákvæði til bráðabirgða rennur út 31. ágúst nk. en sú dagsetning tekur mið af lengd efnahagsáætlunar Íslands í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Inngangur.

Í inngangskafla kennslubóka um alþjóðaviðskipti er yfirleitt að finna almenn varnaðarorð um skaðsemi gjaldeyrishafta. Höftum er gjarnan komið á til að bregðast við ástandi sem vísir menn telja að geti leitt til ófarnaðar vegna gengisfalls gjaldmiðilsins. Nauðsynlegt sé að hefta frelsi borgaranna til að eiga viðskipti með gjaldmiðilinn. Innleiðing hafta ber með sér að erlendir gjaldmiðlar séu eftirsóknarverðari en sá innlendi að mati ríkisstjórnar og seðlabanka. Tiltrú á gjaldmiðilinn hverfur sem gerir alla hagstjórn erfiða.

Með tímanum reyna borgararnir að finna leiðir fram hjá höftunum sem leiðir aftur til þess að reglur um gjaldeyrishöftin verða stöðugt flóknari og nákvæmari. Reynt er að stoppa í götin. Refsingar við brotum eru hertar. Eftirlit er aukið og hið opinbera hnýsist sífellt meira í einkahagi fólks og fyrirtækja. Yfirvöld treysta sumum betur en öðrum og veita þeim undanþágu frá reglunum og það verður eftirsóknarvert og verðmætt að komast í forréttindahópinn. Þeir sem fengið hafa undanþágur gæta þess að styggja hvergi valdhafana enda getur það leitt til þess að undanþágur þeirra falli niður.

Eftir því sem tímar líða verður sífellt erfiðara að finna leiðina að því að afnema höftin. Þau skref sem stjórnvöld treysta sér til að stíga í þeim efnum verða æ styttri og að lokum fer svo að tíminn sem það tekur að afnema höftin virðist nánast óendanlegur. Sífellt er unnið að því að finna ný rök fyrir því að áhættan af afnámi gjaldeyrishafta sé svo mikil að enn sé ekki runnin upp hin eina og sanna stund til að afnema þau. Betra sé að bíða og sjá til – kannski muni rofa til síðar. Jafnframt leggjast þeir sem hafa hagsmuni af höftunum harðlega gegn afnámi þeirra. Þetta er í hnotskurn reynsla okkar Íslendinga af gjaldeyrishöftum. Síðast tók um 60 ár að afnema gjaldeyrishöft á Íslandi.

Almenn umsögn.

Höftin sem sett voru á haustið 2008 voru rökstudd sem neyðarráðstöfun til þess að koma í veg fyrir hrun á gengi krónunnar og var þeim ætlað að gilda í skamman tíma – einungis nokkra mánuði. Höftin hafa hins vegar smám saman verið fest í sessi og er ekki fyrirsjáanlegt að þau verði aflögð á næstu árum með ríkjandi viðhorfum ríkisstjórnar og Seðlabankans. Ber frumvarpið vott um einbeittan vilja stjórnvalda til að viðhalda höftunum. Frumvarpið ber vott um algjöra uppgjöf fyrir verkefninu. Viljinn til að viðhalda höftum er að mestu órökstuddur og hræðsluáróður helst notaður.

Ekki verður séð að í tengslum við frumvarpið hafi aðrar leiðir verið kannaðar en núverandi fyrirkomulag gjaldeyrishafta – leiðir sem hefðu í för með sér minni velferðarkostnað fyrir borgarana. Það er þó ljóst að aðrar og kostnaðarminni leiðir eru til. Má þar m.a. nefna að skattlagning gjaldeyrisútstreymis hefur í för með sér mun minni skaða fyrir þjóðarbúið þar sem skattlagning lokar ekki fyrir viðskipti og hún skilar ríkissjóði tekjum um leið og hún hamlar útflæði gjaldeyris.

Höftin hafa haldið gengi krónunnar hærra en ella til skemmri tíma litið. Raungengi krónunnar er nú um 30% lægra en fyrir þremur árum og hefur ekki verið lægra síðan í byrjun síðustu aldar. Við innleiðingu gjaldeyrishaftanna var gengisvísitala krónunnar á bilinu 240–250 stig. Seðlabankinn og stjórnvöld reyndu með inngripum og fortölum að ná gengi krónunnar til baka og fyrri hluta marsmánaðar 2009 var gengisvísitalan komin í um 180–190 stig. Þá fór krónan lækkandi á ný og gengisvísitalan hefur síðastliðin tvö ár lengst af verið á bilinu 210–230 stig.

Nýtt ójafnvægi hefur myndast í efnahagslífinu þar sem útflutningsgreinar hafa mikinn rekstrarafgang en heimamarkaðsgreinar eiga margar hverjar erfitt uppdráttar. Þessu var þver-

öfugt farið á tímabilinu 2004–2007. Ef gengi krónunnar helst svipað og nú, eins og gjaldeyrishöftin stuðla að, munu launahækkanir, sem fyrst koma fram í útflutningsgreinum og síðan verðbólga, hækka raungengið á ný og skerða samkeppnisstöðu landsins. Gjaldeyrishöftin og hið lága gengi eru þannig að leggja grunn að óðaverðbólgu á Íslandi næstu árin. Vandamálin hlaðast upp á bak við stífluna.

Gjaldeyrishöftin halda jafnframt niðri kaupmætti og lífskjörum almennings. Auk stökkbreyttra lána hefur almenningur þurft að glíma við síhækkandi vöruverð og skatta. Stöðugt erfiðara er að ná endum saman í heimilisbókhaldinu. Með gjaldeyrishöftum er ólíklegt að gengi krónunnar muni hækka á næstu missirum. Í þessu samhengi er rétt að minna á að í nýgerðum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði eru forsendurnar meðal annars þær að gengisvísitala íslensku krónunnar verði innan við 190 stig í desember næstkomandi og að verðbólgan síðustu 12 mánaða verði innan við 2,5%. Í nýbirtum tölum Hagstofunnar mælist verðbólga síðastliðna 12 mánuði hins vegar 3,4%. Seðlabankinn hefur enn á ný misst stjórn á verðbólguvæntingum landsmanna.

Til að geta þrifist er nauðsynlegt fyrir fyrirtækin að búa við frjálst fjármagnsflæði og óheftan aðgang að erlendum fjármagnsmörkuðum. Gjaldeyrishöftin hafa því skaðað atvinnulífið stórkostlega. Fyrirtækin verða að geta sótt sér erlent lánsfé og eigið fé án þeirra viðskiptahindrana sem felast í höftunum. Höftin gera það að verkum að fyrirtækin geta ekki átt eðlilegt samstarf um rannsóknir og nýsköpun. Þau geta ekki leitað bestu leiða til að stunda markaðsstarf á erlendri grundu. Þau geta ekki fjárfest erlendis og nýtt þau tækifæri sem bjóðast. Höftin valda hærri fjármagnskostnaði en ella, takmarka aðgang að fjármagni og draga úr tiltrú á hagkerfið. Þótt í orði kveðnu sé erlendum aðilum heimilt að fjárfesta hér á landi þá vekja gjaldeyrishöftin tortryggni fjárfesta sem eðlilega spyrja sig hvort þeir geti treyst Íslendingum fyrir fjármunum sínum þar sem ekki einu sinni stjórnvöld hafa trú á eigin gjaldmiðli. Digurbarkalegar yfirlýsingar ráðherra um ónýta krónu hafa ekki bætt úr skák.

Gjaldeyrishöftin valda því að fjárfestingar verða minni en ella og þau stuðla að röngum fjárfestingarákvörðunum. Lítil fjárfesting leiðir til þess að ný störf verða ekki til. Það dregst á langinn að nauðsynleg markmið um hagvöxt náist. Höftin lengja því kreppuna og gera það að verkum að íslenska hagkerfið og um leið hagur fólks og fyrirtækja mun halda áfram að dragast aftur úr samkeppnislöndum. Ísland er nú í 31. sæti af um 50 löndum hvað varðar samkeppnishæfni landa. Það fælir frá erlenda fjárfestingu.

Hvað fjármálafyrirtækin varðar sérstaklega þá ber frumvarpið með sér að allan metnað skortir til að byggja þeim góða umgjörð til að takast á við afnám gjaldeyrishafta. Höftin draga úr hvata til að viðhalda þekkingu og getu fyrirtækja til að takast á við fjármagnsflutninga. Með höftunum er verið að leggja grunn að neikvæðri hringrás sem erfitt getur reynst að brjótast út úr.

Eftir því sem frá líður reyna þeir sem hafa tekjur í erlendum myntum að viðhalda eign sinni á erlendum gjaldeyri. Þeir sem hafa þess kost leitast við að koma upp sjóðum í öðrum myntum en krónunni og nýta innlenda gjaldmiðilinn einungis til að greiða innlendan kostnað og til að greiða af lánum. Eins og dæmin sanna og þróunin hér á landi sýnir þá hefur þungamiðja starfsemi íslenskra alþjóðlegra fyrirtækja verið að flytjast úr landi. Sú þróun mun halda áfram ef höftunum verður viðhaldið. Ekkert bannar fyrirtækjum að flytja framleiðslutæki sín úr landi, hefja framleiðslu á vöru sinni erlendis og jafnvel að selja hana hingað til lands gegn greiðslu í erlendum gjaldmiðli.

Því er nauðsynlegt að afnema höftin sem fyrst og mynda þannig eðlilegan markað með krónuna. Þá fyrst skapast skilyrði til þess að gengi hennar geti hækkað og lífskjör batnað.

Það er afar mikilvægt að raungengi krónunnar hækki smám saman með hækkun á nafngengi fremur en með kostnaðarhækkunum og verðbólgu umfram það sem gerist í nágrannalöndum.

Heppilegasta leiðin til að afnema höft er sú að ríkið og Seðlabankinn bjóði fram skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum til lengri tíma á móti eignum í krónum sem eigendur svokallaðra aflandskróna vilja koma í aðra gjaldmiðla. Samtímis þarf að tilkynna um afnám gjaldeyrishafta innan skamms tíma – nokkurra vikna eða mánaða. Þá standa kröfueigendur frammi fyrir því að geta valið að skipta á núverandi gengi eða taka áhættuna af því hvort krónan fellur eða hækkar í framhaldinu. Sá sem telur að krónan falli mun væntanlega frekar vilja skuldabréf í erlendum gjaldmiðli og sá sem telur að krónan haldist eða hækki mun væntanlega halda sig við krónubréfin. Að líkindum mun gengið lækka um skamma hríð í kjölfarið, því að um leið og botninn á gengi krónunnar hefur verið fundinn í óheftum markaðsviðskiptum, hækkar hún fljótt aftur og þá fer allt að vinna með henni. Eftir því sem fleiri trúa því að botninum sé náð og þora að skipta erlendum gjaldeyri fyrir krónur án þess að vera neyddir til þess lengur kemur krónan til með að hækka.

Lífeyrissjóðir eiga töluverðar eignir erlendis. Líklegt er að þeir sjái kauptækifæri í krónum í þessu ferli geti þannig náð til baka hluta af því tjóni sem þeir urðu fyrir í hruninu. Um leið og krónan kemst í hækkunarferil breytast verðbólguvæntingar og meiri von er til þess að launabreytingar verði hóflegri og raunveruleg verðbólga lægri. Afnám gjaldeyrishaftanna er því ein veigamesta aðgerðin sem þarf til að ná tökum á verðbólgu á næstu árum.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar er ekki áætlun um afnám gjaldeyrishafta heldur er það áætlun um að festa höftin í sessi til langs tíma. Í frumvarpinu felast skilaboð um að hér séu gjaldeyrishöft komin til að vera og um leið eru þau ávísun stjórnvalda á að samkeppnisstaða íslenska hagkerfisins muni halda áfram að versna á næstu árum. Lögfesting gjaldeyrishafta lýsir uppgjöf stjórnvalda fyrir gjaldmiðlavandanum.

Krafa á banka um afhendingu krónu (hvort sem bankinn er innlendur eða erlendur) felur í sér stjórnarskrárvarin kröfuréttindi að fá tafarlaust afhentan lögeyri landsins til frjálsrar ráðstöfunar. Kröfur sem þessar eru grundvöllur efnahagslegrar velferðar borgaranna og öll inngrip í kröfuréttindi sem þessi verða að standast ákvæði stjórnarskrár um vernd eignarréttar. Með frumvarpinu eru lagðar viðamiklar kvaðir á meðferð borgaranna á peningalegum eignum sínum í krónum. Í mörgum tilvikum er ljóst að slíkar kvaðir lúta að viðskiptum sem með engu móti tengjast gjaldeyrishreyfingum úr landi og það má draga í efa að frumvarpið standist að þessu leyti. Frumvarpið felur í sér margháttaðar hömlur á fjármagnsflutninga til og frá landinu og mismunar í mörgum tilvikum innlendum og erlendum aðilum. Ekki er fjallað um hvernig slíkt standist ákvæði Samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins) um frjálst flæði fjármagns.

Í 2. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, kemur fram að Ísland skuldbindi sig til að láta meginmál EES-samningsins hafa lagagildi hér á landi, þ.m.t. ákvæðið um frjálst flæði fjármagns (sem var svo tekið upp með lögum á sínum tíma).

Í 3. gr. EES-samningsins segir að Ísland skuldbindi sig til að: „… gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningi þessum leiðir. Þeir skulu varast ráðstafanir sem teflt geta því í tvísýnu að markmiðum samnings þessa verði náð.“

Í 41. gr. EES-samningsins kemur m.a. fram að greiðslur í tengslum við fjármagnsflutninga skuli lausar við öll höft. Gjaldeyrishöftum var aflétt á Íslandi á sínum tíma en nú er verið að leggja til lögleiðingu hafta á nýjan leik. Það er erfitt að sjá hvernig það getur staðist miðað við framangreint ákvæði.

Í 4. mgr. 45. gr. EES-samningsins segir að hlutaðeigandi samningsaðili geti gripið til nauðsynlegra fyrirbyggjandi verndarráðstafana ef ójafnvægi skapast – sem var gert hér á landi í kjölfar neyðarlaganna haustið 2008. En í sömu málsgrein segir svo: „Ráðstafanirnar skulu hafa í för með sér eins litla röskun á framkvæmd samnings þessa og kostur er á og mega ekki vera víðtækari en brýnasta nauðsyn krefur til að ráða bót á þeim skyndilega vanda sem komið hefur upp.“ Ljóst er því að sett er skýrt skilyrði um að ekki sé gengið lengra en nauðsyn krefst með þær ráðstafanir sem gripið er til og gætt sé meðalhófs. 3. minni hluti bendir á að ekki hefur verið leitað leiða til að grípa til annarra vægari ráðstafana sem hafa í för með sér minni röskun á framkvæmd EES-samningsins. Jafnframt má spyrja hvort það sé „brýn nauðsyn“ að lögleiða gjaldeyrisreglur Seðlabankans sem hingað til hafa verið settar til skamms tíma í senn, en slík tímabundin ráðstöfun er í mun meira samræmi við ákvæði EES-samningsins? 3. minni hluti hafnar þeirri túlkun.

Það blasir því við að meginmál EES-samningsins á að hafa lagagildi á Íslandi. Í því felst að kveðið er á um frjálst flæði fjármagns. Með lögum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, gengst Ísland jafnframt undir þá skyldur að skýra lög og reglur til samræmi við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggjast, sbr. 3. gr. laganna. Með fyrirliggjandi frumvarpi er brotið gegn þessu ákvæði laganna enda er verið að leggja til alvarleg höft á frjálst fjármagnsflæði.

Þá er aðferð löggjafans sem er beitt í frumvarpinu vafasöm. Frumvarpið felur í sér langa upptalningu á fjármagnshreyfingum sem lýstar eru ólögmætar. Síðan er undirsettu stjórnvaldi, Seðlabanka Íslands, veitt nánast ótakmörkuð heimild til að veita undanþágur frá bannákvæðunum. Í þessu felst framsal löggjafarvalds sem virðist í andstöðu við ákvæði 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, sbr. lög nr. 33/1944. Þá verður ekki annað séð en að brotið sé gegn grundvallarreglu stjórnarskrárinnar um jafnræði og eignarrétt, þ.e. 65. gr. og 72. gr. stjórnarskrárinnar sem felur í sér að borgarar eiga rétt á að hömlur á eignarréttindi þeirra ráðist af lögum, fremur en geðþótta stjórnvalda við beitingu undanþáguheimilda. Slík undanþáguheimild stjórnvalda gerir öll samskipti borgaranna við viðkomandi stjórnvald afar erfið og vandmeðferðin og rýrir mjög getu þeirra til að leita réttar síns ef þeir telja á sér brotið. Ekkert kemur fram um hvernig þessi heimild hafi verið nýtt hingað til eða hvernig ætlunin er að beita henni í framhaldinu. Minna má á að nýlega þurfti sérstaka ákvörðun aðstoðarbankastjóra Seðlabanka Íslands til að fyrirtæki í alþjóðaviðskiptum gæti tekið út gjaldeyri af bankareikningum sínum vegna hóflegs kostnaðar við ferðir starfsmanna sinna á sölusýningu erlendis. Þá leikur vafi á lagalegum grunni Seðlabankans til að takmarka viðskipti með lögeyri lýðveldisins eins og höft á svokölluðum aflandskrónum bera með sér.

Um einstakar greinar.

Með a-lið 3. gr. (13. gr. a) eru gjaldeyrishöftin fest í sessi fram til loka árs 2015 eða í 55 mánuði. Í tillögunni felast skýr skilaboð ríkisstjórnarinnar um að hún trúi ekki á gjaldmiðilinn og hafi ekki neina sýn um hvernig koma eigi íslenska hagkerfinu upp úr þeirri kreppu sem gjaldeyrishöftin eiga stóran þátt í að viðhalda.

Auk annars er í b-lið 3. gr. (13. gr. b) Íslendingum bannað að taka lán erlendis án þess að því fylgi sérstakur rökstuðningur. Erfitt er að sjá fyrir sér hvers vegna það eigi að banna erlendar lántökur íslenskra fyrirtækja eða einstaklinga. Því skyldu þeir sem geta fengið erlend lán ekki fá að taka slík lán. Hér er þá um að ræða erlendan gjaldeyri sem kemur til landsins sem getur nýst til góðra verka. Vandamálið tengist hugsanlega því að ríkissjóður

hefur ekki treyst sér til að sækja sér lánsfé á erlendan markað og þá er einfaldast að banna öðrum það líka.

Í d-lið 3 gr. (13. gr. d) er að finna afar smásmugulegar reglur um ferðagjaldeyri einstaklinga. Afar fróðlegt verður að fylgjast með því hvernig ríkisstjórnin hyggst hafa eftirlit með því að þessum ákvæðum laganna verði fylgt verði fyrirliggjandi frumvarp að lögum. Áhugavert verður að sjá hvernig tryggt verði að menn kaupi einungis gjaldeyri fyrir eigin fjármuni og hvernig gengið verði eftir því að menn skili innan tveggja vikna því sem afgangs er af gjaldeyri þegar heim er komið. Þar hljóta að liggja fyrir hugmyndir og jafnvel tillögur sem áhugavert hefði verið að sjá í greinargerð frumvarpsins. Meiri hluta nefndarinnar farnaðist þó að leggja til breytingu á 3. mgr. þar sem kveðið er á um skilaskyldu gjaldeyris innan tveggja vikna. Er það vel enda ljóst að með ákvæðinu yrði lögð ríkari skilaskylda á einstaklinga en aðra innlenda aðila sem hafa þrjár vikur til að skila gjaldeyri sínum til fjármálafyrirtækis, sbr. l-liður 3. gr. (13. gr. l) Ekki er þó ljóst hvert á að skila klinki þar sem fjármálastofnanir taka ekki á móti smápeningum. Þá er ekki ljóst hvernig það að borgari eigi t.a.m. eitt evrusent eða 100 dollara ógni fjármálalegum stöðugleika lýðveldisins Íslands. Í greininni er einnig að finna undanþáguheimild þar sem fjármálastofnun nærri millilandaflughöfnum og við hafnir farþegaskipa getur fengið að selja gjaldeyri öðrum en viðskiptavinum sínum með því nauðsynlega ákvæði að skylda Seðlabankann til að birta opinberlega upplýsingar um þessa aðila.

Í e-lið 3. gr. (13. gr. e) er að finna víðtækt bann við fjárfestingu í fjármálagerningum sem útgefnir eru í erlendum gjaldeyri. Bannið útilokar fjárfestingar einstaklinga og fyrirtækja fyrir eigin reikning í atvinnuskyni og setur þannig skorður við atvinnufrelsi. Ekki verður séð að almannahagur geti krafist svo víðtækrar skerðingar. Ákvæði greinarinnar gengur þannig í berhögg við 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins þar sem meginreglan er sú að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa.

Með g-lið 3. gr. (13. gr. g) er innlendum aðilum óheimilt að framlengja lánveitingar eða lántökur ef samkomulag hefur orðið um önnur kjör en upphaflega. Undarlegt er að ekki megi semja um ný og betri kjör ef svo verkast. Raunar er stórfurðulegt að ekki megi semja um ný kjör yfirhöfuð. Þannig gæti aðili sem hefur verulegar gjaldeyristekjur haft hagsmuni af framlengingu láns þótt kjörin séu ekki jafn góð og áður. Eins getur aðili sem er sammála því mati að krónan sé vanmetin verið því mótfallinn að innleysa gengistap ef honum gefst kostur á framlengingu í erlendri mynt.

Með l-lið 3. gr. (13. gr. l) er innlendum aðilum gert að skila öllum erlendum gjaldeyri sem þeir eignast til fjármálafyrirtækis hérlendis innan þriggja vikna. Er hér um að ræða grófa tilraun til að lögfesta skerðingu á eignarréttinum. Ákvæðið gengur þannig þvert á 72. gr. stjórnarskrár.

Í n-lið 3. gr. (13. gr. n) er fyrirtækjum í eigu ríkis og sveitarfélaga veitt undanþága frá verulegum þáttum gjaldeyrishaftanna sem er til þess fallið að mismuna aðilum þar sem sum fyrirtæki búa við alger höft en önnur ekki. Sérstaklega kemur þetta við fyrirtæki á samkeppnismarkaði, hvort sem er á sviði orkuframleiðslu eða fjölmiðlunar. Þannig rekur Orkuveita Reykjavíkur víðtæka starfsemi og sama á við um Landsvirkjun og svo hlýtur Ríkisútvarpið að falla undir þetta ákvæði. Hvers eiga samkeppnisaðilar þessara fyrirtækja, t.a.m. HS-orka o.fl., að gjalda?

Ákvæði 5. mgr. n-liðar 3. gr. (13. gr. n), þar sem kveðið er á um að þeir sem eru með 80% tekjum og 80% af gjöldum erlendis geta fengið undanþágu frá stórum hluta gjaldeyrishaftanna, leiðir augljóslega til þess að fyrirtæki sem eru nálægt þessum mörkum kaupa frekar

þjónustu erlendis í stað þess að beina þeim til innlendra þjónustuaðila. Jafnframt er stórfurðulegt að ekki skuli vera tekið tillit til stærðar fyrirtækis hér. Tekjur eins stærsta fyrirtækis landsins, Icelandair-Group, eru t.a.m. að um 70% í erlendri mynt sem útilokar fyrirtækið frá erlendum lántökum nema með undanþágum. Á fundi nefndarinnar kom fram í máli fjármálastjóra fyrirtækisins að hugsanlega mundi ákvæðið neyða það til að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi.

Það verður afar athyglisvert að fylgjast með því þegar Seðlabankinn fer að refsa fyrir brot á lögum og reglum um gjaldeyrishöft, t.d. þegar einstaklingur skilar ekki gjaldeyri í samræmi við l-lið 3. gr. (13. gr. l). Nokkra mynd af því eftirlitskerfi sem verið er að koma upp má fá með því að lesa úrskurð Persónuverndar frá 3. mars sl. um ákvörðun um heimildir Seðlabankans til vinnslu persónuupplýsinga í þágu gjaldeyriseftirlits. Það reyndar vekur upp spurningar um hvort eðlilegt geti verið að sami aðili sjái um reglusetningu, veitingu undanþága, eftirlit, rannsókn brota og að hluta refsingar þegar um er að ræða svo mikil inngrip í réttindi borgaranna.

Niðurstaða.

Ef frumvarpið verður gert að lögum er verið að senda skýr skilaboð um að gjaldeyrishöftin séu komin til að vera. Því gæti hér verið um ein alvarlegustu hagstjórnarmistök í gjörvallri Íslandssögunni að ræða. 3. minni hluti leggur því til að frumvarpið **verði alls ekki samþykkt**.

Alþingi, 4. júní 2011.

Tryggvi Þór Herbertsson, frsm. Pétur H. Blöndal.

1644. Breytingartillaga [704. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, fjárfestingarheimildir).

Frá Pétri H. Blöndal.

Á undan 1. gr. komi fjórar nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (1. gr.)
Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Lífeyrissjóður er eign sjóðfélaga sinna. Innstæða eða réttindi samkvæmt samningi um tryggingavernd eru eign rétthafa

b. (2. gr.)
Á eftir orðinu „sjóðfélaga“ í fyrri málslið 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: sem og hlutdeild hans í hreinni eign til greiðslu lífeyris.

c. (3. gr.)
Á undan 29. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:
Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðs. Heimild til að sitja félags-

fund hafa sjóðfélagar eða umboðsmenn þeirra. Stjórn lífeyrissjóðs boðar til félagsfundar. Henni ber að boða félagsfund innan viku ef sjóðfélagar með 1/10 atkvæðavægis eða endurskoðendur sjóðsins krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Til félagsfundar skal boðað með dagskrá í auglýsingu í fjölmiðlum með minnst fjögurra vikna og mest sjö vikna fyrirvara.

Atkvæðisréttur sjóðfélaga á félagsfundi fer eftir áunnum og framreiknuðum iðgjöldum þeirra eftir nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Sjóðfélagi getur veitt öðrum skriflegt umboð til þess að fara með atkvæði sitt á félagsfundi. Slíkt umboð gildir aldrei lengur en tvö ár og það má afturkalla hvenær sem er.

Aðila sem ber beina ábyrgð á skuldbindingum lífeyrissjóðs eða ábyrgð á breytilegu iðgjaldi til hans er þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. heimilt að fara með meiri hluta atkvæða á félagsfundi sjóðsins og við stjórnarkjör skv. 5. mgr. samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins.

Árlega skal halda félagsfund, ársfund, í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Í fundarboði skal auglýst eftir framboðum til stjórnar og gefa tveggja vikna framboðsfrest. Á ársfundi skal taka fyrir skýrslu stjórnar, ársreikninga, tryggingafræðilega úttekt, fjárfestingarstefnu, laun stjórnar og tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal kjósa beint á aðalfundi eða með almennri leynilegri póstatkvæðagreiðslu fyrir ársfund.

d. (4. gr.)

30. gr. laganna fellur brott.

1645. Svar [762. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um útgáfu Umhverfisstofnunar á starfsleyfum.

1. *Hvað veitti Umhverfisstofnun mörg starfsleyfi árin 2007–2010, sundurliðað eftir árum?*

Ár	Fjöldi útgefinna starfsleyfa
2007	12
2008	8
2009	6
2010	9
Samtals	**35**

Gefin hafa verið út 7 starfsleyfi frá 1. janúar 2011. Sjá nánar í fylgiskjali um sundurliðun útgefinna starfsleyfa.

2. *Hversu margar umsóknir um starfsleyfi bárust stofnuninni ár hvert á framangreindu tímabili, hversu margar af þeim voru um nýtt starfsleyfi og hversu margar voru um endurnýjun starfsleyfis?*

Samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, er farið með allar umsóknir um starfsleyfi sem þær væru nýjar umsóknir, endurnýjun starfsleyfis er þannig í sjáfu sér aldrei fyrir hendi. Hafa verður í huga að starfs-

leyfi eru gefin út til langs tíma, að jafnaði til 12–16 ára og á þeim tíma getur margt breyst, svo sem í lögum og reglugerðum, viðmiðunum og aðferðafræði starfsleyfa og jafnframt verður að taka tillit til dómaúrskurða og úrskurða umhverfisráðuneytis og úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þegar starfsleyfi rennur út og rekstraraðili sækir um nýtt starfsleyfi er því farið í gagngera skoðun á starfsháttum, mengunarvörnum, viðmiðunum, umhverfismörkum, niðurstöðum úr eftirliti, fjölda og eðli kvartana og úrbóta við þeim, auk framangreindra þátta en þessi skoðun kallar iðulega á frekari upplýsingar og gögn frá rekstraraðila. Umfang vinnu er að þessu leyti sambærilegt og við nýja starfsemi enda er í reglugerð og gjaldskrá Umhverfisstofnunar enginn munur á þessu tvennu.

Ár	Ný starfsemi	Nýtt starfsleyfi starfandi aðila	Annað*
2007	4	8	4
2008	5	2	2
2009	3	6	8
2010	7	6	3
Samtals	**19**	**22**	17

*Umsókn borist Umhverfisstofnun en annaðhvort hætt við, umsókn ekki fullnægjandi eða umsókn í bið þar sem skipulag liggur ekki fyrir.

Samtals hafa verið gefin út 7 starfsleyfi frá 1. janúar 2011.

3. *Hversu langan tíma tók útgáfa framangreindra starfsleyfa, sundurliðað eftir því hvort um framlengingu eða nýja umsókn var að ræða? Óskað er eftir yfirliti þar sem fram kemur tímalengd hverrar afgreiðslu og fjöldi afgreiddra mála eftir 1–3 mánuði, 3–6 mánuði o.s.frv.*

Fyrirtæki /fjöldi mánaða	**3–6**	**6–9**	**9–12**	**12–15**	**15–18**	**19–21**	**21–24**
2010	**2**	**2**	**1**	**1**	**1**	**1**	**1**
Norðurál – ný starfsemi	x						
Alcoa Fjarðarál					x		
Hringrás Akureyri – ný starfsemi		x					
Nesskel – ný starfsemi						x	
Skinney Þinganes							x
Mýrdalshreppur urðunarstaður v.Uxafótarlækjar	x						
HB Grandi Vopnafirði			x				
Norðurskel – ný starfsemi				x			
Carbon Recycling International – ný starfsemi		x					
2009	**0**	**3**	**2**	**0**	**1**	**0**	**0**
Verne Holdings – ný starfsemi			x				
Íslenska kísilfélagið – ný starfsemi			x				
Elkem Íslandi		x					
Becromal – ný starfsemi					x		
Sorpstöð Suðurlands		x					

Fyrirtæki /fjöldi mánaða	**3–6**	**6–9**	**9–12**	**12–15**	**15–18**	**19–21**	**21–24**
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja – viðbætur		x					
2008	**3**	**2**	**2**	**1**	**0**	**0**	**0**
Sementsverksmiðjan				x			
Seyra Siglufirði – ný starfsemi		x					
Norðurál Helguvík – ný starfsemi			x				
Hringrás Reyðarfirði – ný starfsemi		x					
Skeljungur olíubirgðastöð Hvalfirði – ný starfsemi	x						
Steinull	x						
Malbikunarstöð Hlaðbær Colas	x						
Sorpstöð Fjarðarbyggðar			x				
2007	**10**	**1**	**0**	**1**	**0**	**0**	**0**
Sorpstöð Rangárvallasýslu	x						
Olíudreifing Hvalfirði – ný starfsemi		x					
Íslandslax Núpum	x						
Salar Islandica	x						
Sæsilfur	x						
Íslandslax Eyjafirði – ný starfsemi	x						
AGVA Hvalfirði – ný starfsemi	x						
Hólalax	x						
Sorpeyðingarstöðin Funi				x			
AGVA Stakksfirði – ný starfsemi	x						
Alcoa Fjarðarál – ný starfsemi	x						
Olíudreifing Þórshöfn	x						
Samtals 2007–2010 alls 35 starfsleyfi	**15**	**8**	**5**	**3**	**2**	**1**	**1**

Tíminn sem er gefinn upp er heildartími frá því að umsókn er metin fullnægjandi og þar til starfsleyfi er gefið út. Inni í þessum tíma er lögbundinn auglýsingatími sem er 8 vikur, tími sem fer í að leita umsagna um starfsleyfistillögu, sem er á bilinu 2–4 vikur, og tími sem fer í að meta og svara efnislega öllum athugasemdum sem berast á auglýsingatíma en til þess hefur Umhverfisstofnun 4 vikur. Ekki er því mögulegt að gefa út starfsleyfi á styttri tíma en 3–4 mánuðum.

Ýmsar skýringar eru á lengri afgreiðslutíma fyrir útgáfu starfsleyfa. Stundum tefjast mál vegna skorts á upplýsingum og því að rekstraraðilar uppfylli kröfur starfsleyfisins svo sem að skila inn viðbragðsáætlun, starfsleyfistryggingu eða ábyrgðartryggingu. Til dæmis er óheimilt að gefa út starfsleyfi fyrir tiltekinn atvinnurekstur fyrr en viðbragðsáætlun liggur fyrir, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Einnig tekur tíma að fara yfir umsóknir um undanþágur sem heimilt er að veita í starfsleyfum svo sem áhættumat vegna botnþéttingar á urðunarstöðum.

Í stærri tilfellum þar sem um er að ræða nýja starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, vinnur Umhverfisstofnun iðulega drög að tillögu að starfsleyfi samhliða vinnu rekstraraðila við frummatsskýrslu. Formleg umsókn um starfsleyfi kemur hins vegar ekki inn til stofnunarinnar fyrr en að loknu matsferli og er þá meginhluta vinnunnar lokið í þeim tilvikum, sem styttir formlegan afgreiðslutíma. Dæmi um slíkt er t.d. upphafslegt starfsleyfi Alcoa Fjarðarál frá 2007.

4. *Í hve mörgum tilvikum tókst ekki að afgreiða nýtt starfsleyfi áður en hið fyrra rann út? Hvað gerist í þeim tilvikum og hversu mörg fyrirtæki voru þannig án starfsleyfis í árslok 2007–2010, sundurliðað eftir árum? Óskað er eftir yfirliti yfir þau fyrirtæki sem eru með útrunnið starfsleyfi í árslok 2008, 2009 og 2010, flokkað eftir starfsgreinum. Jafnframt komi fram á yfirlitinu hver fyrirtækjanna sóttu um endurnýjun starfsleyfis innan tilskilinna tímamarka.*

Þegar líður að lokum á gildistíma starfsleyfa er rekstraraðilum bent á að sækja þurfi um nýtt starfsleyfi með góðum fyrirvara. Í sumum tilfellum tefst mjög hjá fyrirtækjum að sækja um ný starfsleyfi með nægjanlegum fyrirvara, fylgigögn eru ekki nægjanleg eða upp koma atriði sem tefja vinnslu og útgáfu starfsleyfa. Almenn viðmiðun er að það þurfi að lágmarki 6 mánuði til að vinna starfsleyfi frá því að öll gögn liggja fyrir til þess að hægt sé að mæta óvæntum atriðum í ferlinu. Því getur verið nauðsynlegt að send verði inn umsókn með allt að 9 mánaða fyrirvara svo að nægur tími sé gefinn til að meta hvort hún uppfylli kröfur. Engin tímamörk eru tilgreind í lögum eða reglugerðum og er því ekki hægt að tilgreina fjölda innan einhverra tilskilinna tímamarka eins og vísað er til í fyrirspurninni. Með tilvísun til svars við 1. spurningu er enn fremur ljóst að erfitt er að meta hvað teldust tilskilin tímamörk þar sem margt getur hnikast til í ferlinu.

Af 35 útgefnum starfsleyfum á árabilinu 2007–2010 eru 20 hjá þegar starfandi fyrirtækjum. Í þeim tilvikum þar sem ekki tekst að afgreiða nýtt starfsleyfi áður en hið fyrra rann út hefur Umhverfisstofnun bent rekstaraðilum á að mögulegt sé að sækja um undanþágu frá starfsleyfi til umhverfisráðuneytis, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo að tryggja megi hnökralausa starfsemi á þeim tíma sem líður fram að útgáfu nýs starfsleyfis. Umhverfisstofnun, og eftir atvikum hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd, fær slíkar undanþágubeiðnir til umsagnar áður en þær eru veittar af ráðuneytinu.

Fjöldi starfandi fyrirtækja með undanþágur, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998	**Árslok 2008**	**Árslok 2009**	**Árslok 2010**
Meðhöndlun úrgangs	2	4	9
Fiskeldi	0	0	2
Fiskimjölsverksmiðjur	0	1	1
Olíubirgðastöðvar	0	0	2
Efnaiðnaður/málmvinnsla	0	0	0
Annað	0	0	0
Samtals 21	**2**	**5**	**14**

Fjöldi starfandi fyrirtækja án undanþágu	Árslok 2008	Árslok 2009	Árslok 2010
Meðhöndlun úrgangs	0	0	0
Fiskeldi	0	0	0
Fiskimjölsverksmiðjur	2	1	0
Olíubirgðastöðvar	0	0	0
Efnaiðnaður/málmvinnsla	0	0	0
Annað	0	0	0
Samtals 3	**2**	**1**	**0**

Útrunnin starfsleyfi í árslok 2008, 2009 og 2010, með undanþágu

Ártal - árslok	Útrunnið starfsleyfi en með undanþágu í árslok
2008	Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Fékk undanþágu til að brenna PCB-spilliefnum þar til starfsleyfi var gefið út 7. júlí 2009. Umsókn um brennslu spilliefna barst 21. nóvember 2008. Stöðin var með gilt starfsleyfi til að brenna almennan úrgang og önnur tiltekin spilliefni.
2008	Sorpstöð Suðurlands bs. Starfsleyfi rann út í byrjun desember 2008, fékk undanþágu til að urða sorp þar til starfsleyfi var gefið út 13. júlí 2009. Umsókn barst 6. október 2008, en var metin fullnægjandi 21. desember 2008.
2009	Mýrdalshreppur. Starfsleyfi rann út 30. júní 2009, staðurinn fékk undanþágu þar til nýtt starfsleyfi var gefið út 1. júní 2010. Sótt var um nýtt starfsleyfi 31. ágúst 2009, umsókn metin fullnægjandi 1. febrúar 2010.
2010	Gámaþjónustan Hafnarfirði. Fékk undanþágu frá starfsleyfi þar til nýtt starfsleyfi var gefið út í febrúar 2011. Sótt var um starfsleyfi 27. janúar 2010, umsókn metin fullnægjandi 7. júní 2010. Starfsleyfi gefið út 18. febrúar 2011.
2010	Móttökustöð Íslenska gámafélagsins í Helguvík. Er með undanþágu frá starfsleyfi meðan unnið er að starfsleyfistillögu.
2010	Efnaferli ehf. Er með undanþágu frá starfsleyfi á meðan unnið er að starfsleyfistillögu.
2010	Sagaplast, Akureyri. Er með undanþágu frá starfsleyfi meðan unnið er að starfsleyfistillögu.
2010	Íslenska gámafélagið á Selfossi, móttökustöð. Er með undanþágu frá starfsleyfi meðan unnið er að starfsleyfistillögu.
2010	Gámaþjónusta Norðurlands. Er með undanþágu frá starfsleyfi meðan unnið er að starfsleyfistillögu.
2010	Rifós og Íslandsbleikja, með starfsstöðvar á Vatnsleysuströnd, Öxnalæk og Grindavík. Starfsleyfi unnin á sama tíma, fengu undanþágu meðan unnið var að starfsleyfi. Tvö starfsleyfi gefið út í mars 2011, verið er að vinna að hinum tveimur.

Ártal - árslok	Útrunnið starfsleyfi en með undanþágu í árslok
2010	Starfsleyfi tveggja olíubirgðastöðva, á vegum Skeljungs hf. og Olíudreifingar ehf. á Reyðarfirði runnu út árið 2010. Í árslok 2010 höfðu stöðvarnar undanþágur. Starfsleyfin voru gefin út í janúar 2011.
2009 og 2010	Hula, Skógarsandi – urðun, starfsleyfi rann út 30. júní 2009, fékk undanþágu sem gildir til 1. september 2011.
2009 og 2010	Sorpsamlag Strandasýslu – urðun, starfsleyfi rann út 1. júlí 2009, fékk undanþágu sem gildir til 15. júní 2011.
2009 og 2010	Sorpurðun Skaftárhrepps á Stjórnarsandi, starfsleyfi rann út 30. júní 2009, fékk undanþágu sem gildir til 1. maí 2011.
2009 og 2010	Fiskimjölsverksmiðja Bolungarvíkur er með undanþágu meðan unnið er að útgáfu starfsleyfis.

Útrunnin starfsleyfi í árslok 2008, 2009 og 2010, án undanþágu.

Fiskimjölsverksmiðja Bolungarvíkur ehf. starfaði án starfsleyfis og án undanþágu í árslok 2008 en beiðni um undanþágu lá þó fyrir í umhverfisráðuneytinu á þeim tíma. Fyrirtækið mun væntanlega alveg hætta starfsemi innan skamms, enda er Kampi ehf., Ísafirði, og Hólmadrangur ehf., Hólmavík, bæði að undirbúa eigin vinnslu á rækjuskel sem hefur verið eina hráefni verksmiðjunnar upp á síðkastið. Verksmiðjan var með undanþágur í gildi í árslok 2009 og 2010 og hafði því heimild til starfseminnar.

Fiskimjölsverksmiðjan á Hornafirði hét áður Skeggey ehf. en sameinaðist Skinney-Þinganesi hf. sem er alhliða útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki. Nokkur óvissa ríkti um tíma um það hvernig framtíð fiskimjölsiðnaðarins á Hornafirði yrði háttað og síðan um fyrirkomulag mengunarvarna verksmiðjunnar. Fyrir vikið kom sú afleita staða upp að verksmiðjan var með útrunnið starfsleyfi og án undanþágu í árslok 2008 og 2009. Starfsleyfi var gefið út 2010.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir útgáfu starfsleyfa.

Efirfarandi er starfsleyfisyfirlit þar sem fram kemur fjöldi útgefinna leyfa, sundurliðað eftir árum og hvort um starfsleyfi fyrir nýjan rekstur er að ræða. Einnig upplýsingar um hvenær upphafleg umsókn barst og hvenær öll gögn skiluðu sér svo að hún væri metin fullnægjandi þannig að vinnsla leyfis gæti hafist formlega. Einnig er gefin upp heildartími frá því að umsókn var metin fullnægjandi og þar til starfsleyfið var gefið út. Þess má geta að inni í þessum tíma er lögbundinn auglýsingatími sem er 8 vikur, tími sem fer í að leita umsagna um starfsleyfistillögu, sem er á bilinu 2–4 vikur, og tími sem fer í að meta og svara efnislega öllum athugasemdum sem berast á auglýsingatíma en til þess hefur Umhverfisstofnun 4 vikur.

	Ný starf-semi	Umsókn barst	Umsókn metin fullnægjandi eða endanleg umsókn	Starfsleyfi gefið út	Vinnsla erindis
Alcoa Fjarðaál sf.	X	25.09.2006	25.09.2006	25.01.2007	4 mánuðir
Olíudreifing ehf. birgðastöð á Þórshöfn		11.07.2006	11.07.2006	26.01.2007	6 mánuðir
AGVA Stakksfirði	X	11.10.2006	11.10.2006	15.02.2007	4 mánuðir
Funi Sorpbrennsla		13.12.2005	13.12.2005	20.02.2007	14 mánuðir
Hólalax, Hólum		30.10.2006	30.10.2006	22.02.2007	4 mánuðir
AGVA, Hvalfirði	X	10.11.2006	10.11.2006	23.02.2007	3 mánuðir
Íslandslax, Eyjafirði	X	16.02.2007	16.02.2007	25.05.2007	3 mánuðir
Sæsilfur, Mjóafirði		27.04.2007	02.07.2007	02.10.2007	3 mánuðir
Íslandslax, Núpum III		09.07.2007	09.07.2007	29.11.2007	5 mánuðir
Salar Islandica v. Berufjarðar		21.08.2007	21.08.2007	29.11.2007	3 mánuðir
Olíudreifing ehf., birgðastöð í Hvalfirði		19.03.2007	19.03.2007	07.12.2007	9 mánuðir
Sorpstöð Rangárvallasýslu		08.02.2007	14.09.2007	13.12.2007	3 mánuðir
Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf.		05.06.2007	04.10.2007	27.02.2008	5 mánuðir
Sorpstöð Fjarðarbyggðar		05.09.2006	09.02.2007	28.02.2008	12 mánuðir
Steinull hf.		25.10.2007	25.10.2007	28.04.2008	6 mánuðir
Hringrás Reyðarfirði	X	03.10.2007	25.01.2008	09.09.2008	8 mánuðir
Norðurál Helguvík sf.	X	04.11.2007	04.11.2007	10.09.2008	10 mánuðir
Skeljungur hf., birgðastöð í Hvalfirði	X	18.06.2008	18.06.2008	13.10.2008	4 mánuðir
Móttökustöð Seyru ehf.	X	28.03.2007	26.05.2008	19.11.2008	6 mánuðir
Sementsverksmiðjan hf.		23.11.2007	23.11.2007	05.12.2008	13 mánuðir
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	Nýr viðauki	21.11.2008	21.11.2008	07.07.2009	8 mánuðir
Sorpstöð Suðurlands		06.10.2008	21.12.2008	13.07.2009	7 mánuðir
Becromal Iceland ehf.	X	04.01.2008	04.01.2008	14.07.2009	18 mánuðir
Elkem Ísland ehf.		04.02.2009	04.02.2009	20.08.2009	7 mánuðir
Íslenska kísilfélagið ehf.	X	01.08.2008	02.10.2008	02.09.2009	11 mánuðir
Verne Holdings ehf. v. vara-aflstöðvar	X	03.09.2008	03.09.2008	08.09.2009	12 mánuðir
Carbon Recyling International ehf.	X	19.05.2009	19.05.2009	29.01.2010	8 mánuðir
Norðurskel ehf.	X	09.02.2009	09.02.2009	15.04.2010	14 mánuðir
HB Grandi hf. v. fiskimjöls-verksmiðju á Vopnafirði		13.05.2009	13.05.2009	29.04.2010	11 mánuðir
Mýrdalshreppur urðun Uxarfótarlæk		21.08.2009	01.02.2010	01.06.2010	4 mánuðir
Skinney-Þinganes hf. v. fiski-mjölsverksmiðju Óslandi, Hornafirði, upphafleg umsókn kom frá Skeggey ehf.		11.06.2008	11.06.2008	10.06.2010	24 mánuðir
Nesskel ehf.	X	19.02.2009	19.02.2009	20.09.2010	19 mánuðir
Alcoa Fjarðaál sf.		15.07.2009	15.07.2009	08.11.2010	16 mánuðir
Hringrás Akureyri		11.12.2009	27.01.2010	18.11.2010	10 mánuðir
Norðurá bs.		07.08.2009	11.06.2010	26.11.2010	5 mánuðir
Olíudreifing ehf. v. Reyðar-fjarðar		08.04.2010	23.08.2010	20.01.2011	5 mánuðir

	Ný starf-semi	Umsókn barst	Umsókn metin fullnægjandi eða endanleg umsókn	Starfsleyfi gefið út	Vinnsla erindis
Skeljungur hf. v. Reyðarfjarðar		03.05.2010	14.06.2010	20.01.2011	7 mánuðir
Gámaþjónustan Hafnarfirði	X	27.01.2010	07.06.2010	18.02.2011	8 mánuðir
Íslandsbleikja ehf. v. Grindavíkur		18.01.2010	18.01.2010	31.03.2011	14 mánuðir
Íslandsbleikja ehf. v. Stóru-Vatnsleysu, Vogum, Vatnsleysuströnd		18.01.2010	18.01.2010	31.03.2011	14 mánuðir
Þóroddur ehf.	X	15.04.2010	27.07.2010	24.05.2011	10 mánuðir
Gámaþjónusta Norðurlands	X	29.10.2010	06.01.2011	24.05.2011	5 mánuðir

1646. Nefndarálit [824. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum (í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga o.fl.).

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt, lögum um virðisaukaskatt og fleiri lögum í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var í tengslum við undirritun kjarasamninga 5. maí sl.

Annar minni hluti gagnrýnir harðlega hversu seint frumvarpið er lagt fram og hvernig það hefur verið unnið í þinginu. Málshraðinn hefur verið mjög mikill og blandað er saman breytingum á gjörólíkum lögum, þ.e. lögum um tekjuskatt, lögum um virðisaukaskatt, lögum um gjald af áfengi og tóbaki, lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Að mati 2. minni hluta hefur þingið ekki fengið þann tíma sem nauðsynlegur er til að vinna málið vel og vandlega og er það skoðun 2. minni hluta að slíkt sé algjörlega óásættanlegt.

Í 2., 4. og 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um sérstakt skatthlutfall fyrir þann hluta arðs sem skattleggja á sem laun. Árið 2009 var gerð sú breyting á 11. gr. tekjuskattslaga að fari heimil arðsúthlutun samtals yfir 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags telst það sem umfram er til helminga laun og arður, þegar móttakanda hans ber stöðu sinnar vegna að reikna sér endurgjald í samræmi við 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 58. gr. laganna. Sú breyting hefur verið mikið gagnrýnd og m.a. hvað teljist vera ráðandi aðili. Breytingar meiri hluta nefndarinnar gera ráð fyrir því að viðbótartekjur muni falla í lægsta tekjuskattsþrep. Mikilvægt er að á milli 2. og 3. umræðu verði fulltrúar ríkisskattstjóra fengnir til þess að koma með álit sitt á þessari breytingartillögu. 2. minni hluti bendir enn fremur á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæðin komi til framkvæmda 1. janúar 2010. Að mati 2. minni hluta mun það óhjákvæmilega hafa í för með sér óeðlilega afturvirkni þar sem ljóst sé að leiðrétta þarf staðgreiðsluskil og framtal þeirra sem ákvæðið nær til.

Annar minni hluti fagnar þeim breytingum sem gerðar eru í 6. gr. frumvarpsins. Með því að kveða á um að persónuafsláttur skuli í upphafi hvers árs taka breytingu í réttu hlutfalli við mismun á vísitölu neysluverðs við upphaf og lok næstliðins tólf mánaða tímabils er komið til móts við þá verðlagsþróun sem orðið hefur í landinu. 2. minni hluti bendir hins vegar á að persónuafslátturinn hækkaði ekkert um síðustu áramót og kom það hvað harðast niður á láglaunafólki og þeim sem þiggja bætur almannatrygginga.

Annar minni hluti bendir á að með þeim breytingum sem lagðar eru til á skattlagningu lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja mun enn frekar aukast misvægið á milli réttinda starfsfólks á almennum vinnumarkaði annars vegar og starfsfólks hjá hinu opinbera hins vegar. Eitt af grundvallaratriðum við gerð kjarasamninga var að jafna réttindin en frumvarpið mun hins vegar hafa þveröfug áhrif og gæti hugsanlega sett kjarasamninga í uppnám. Í umsögn Alþýðusambands Íslands er þessi ráðstöfun harðlega gagnrýnd. Er þar bent á að hún muni eingöngu hafa áhrif á lífeyrisréttindi launafólks á almennum markaði og starfsfólks ríkis og sveitarfélaga sem eru félagsmenn í ASÍ-félögum. 2. minni hluti tekur undir þessa gagnrýni og leggst gegn fyrirhuguðum breytingum. Jafnframt vill 2. minni hluti taka undir álit 1. minni hluta fjárlaganefndar um frumvarpið en þar kemur eftirfarandi fram:

„Í 16. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir skattlagningu á lífeyrissjóði sem eru uppsafnaður skyldusparnaður almennings til eftirlauna að lokinni starfsævi. Hér er ríkisvaldið að leggja eignarskatt á lífeyrissjóði til að standa undir starfsendurhæfingu vegna örorku. Hér er verið að velta skyldum og kostnaði almannatryggingakerfisins yfir á þá sem eru skyldaðir með lögum til að greiða í lífeyrissjóði. Þessar aðferðir minna á flótta undan þeirri staðreynd að ríkissjóður stendur ekki lengur undir velferðarkerfinu og er um eins konar fjallabaksleið fjármálaráðherra og stjórnarmeirihlutans að ræða til fjármögnunar þess. Lífeyrisgreiðslur munu í staðinn lækka og í einhverjum tilvikum munu einstaklingar falla undir viðmiðunarmörk lágmarkslífeyris. Skattlagningin kann þar af leiðandi að leiða til aukinna útgjalda hins opinbera til ellilífeyris. Þessu atriði eru engin skil gerð í frumvarpinu. Þrátt fyrir eftirgrennslan hafa heldur ekki fengist viðhlítandi svör frá fjármálaráðuneytinu eða fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna í fjárlaganefnd um hvers vegna þetta ákvæði er í frumvarpinu og á hvern hátt það á að hafa liðkað fyrir kjarasamningum.“

Samkomulag ríkisstjórnarinnar við lánastofnanir, Íbúðalánasjóð og lífeyrissjóði um víðtækar aðgerðir vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna fól m.a. í sér aukningu vaxtabóta. 2. minni hluti telur að ákvæði 9. og 15. gr. frumvarpsins muni ekki koma að fullu til móts við skuldug heimili og fyrirtæki. Ríkisstjórnin mun þannig ekki standa við áðurnefnt samkomulag þar sem svigrúm verður enn til staðar að hækka skatthlutfallið meira. 2. minni hluti gagnrýnir að þrátt fyrir ríkisstjórnin hafi endurreist bankana með miklum afföllum af lánasöfnum halda fjármálafyrirtækin áfram að rukka einstaklinga og heimili um 100% hlutfall af skuldum. Ríkisstjórnin hefur þannig tekið sér stöðu með fjármálastofnunum og eigendum þeirra, sem eru erlendir kröfuhafar, í stað þess að verja heimili landsins sem hafa þurft að glíma við óleiðrétt lán og síhækkandi verðbólgu undanfarin ár. Jafnframt er rétt að benda á að með þessum tillögum er verið að skattleggja lífeyrissjóði og fjármálafyrirtæki um 2,5 milljarða kr. til að fjármagna sérstaka vaxtaniðurgreiðslu um 6 milljarða kr. á árinu 2011 og aftur árið 2012. Þannig standa enn út af 3,5 milljarðar kr. sem fjármagna þarf árið 2011 og 6 milljarðar kr. árið 2012. Greinilegt er að alvarlegur misskilningur virðist hafa átt sér stað í samkomulagi ríkisstjórnarinnar, sem kynnt var með mikilli flugeldasýningu, við fjármálastofnanir, Íbúðalánasjóð og lífeyrissjóði um hvernig staðið yrði að þessari fjármögnun. Að gera samninga við núverandi stjórnvöld er ekki beinlínis traustvekjandi og er rétt að benda

á stöðugleikasáttmálann sáluga sem aðilar vinnumarkaðarins sögðu sig frá vegna vanefnda ríkisstjórnarinnar. Þessi vinnubrögð og hvernig staðið er að efndum á samningum er ekki til þess fallið að auka tiltrú og traust á íslenskum stjórnvöldum og má segja að hér sé um að ræða birtingarmynd þess hversu hægt gengur að byggja upp íslenskt efnahagslíf. Ríkisstjórnin er þar stærsta vandamálið.

Annar minni hluti gagnrýnir vinnubrögð við umfjöllun málsins harðlega. Málið var seint lagt fram og málshraðinn hefur verið mikill. Frumvarp sem átti að vera lagt fram vegna nýgerðra kjarasamninga breyttist yfir í að vera samansafn breytinga á ólíkum lögum. 2. minni hluti áréttar að 10., 11., 12. og 13. gr. eiga alls ekki heima í frumvarpinu og lýsir jafnframt yfir óánægju með það í hversu miklum flýti frumvarpið var greinilega unnið. Til marks um hversu hroðvirknislega frumvarpið var unnið bendir 2. minni hluti á að heiti laganna í VI. kafla frumvarpsins er vitlaust. Rétt heiti laganna er lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi *lífeyrissjóða* en í frumvarpinu bera þau heitið lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi *lífeyrisréttinda*. 2. minni hluti styður því fram komnar tillögur um brottfall 10. og 11. gr. frumvarpsins.

Í 12. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Breytingarnar hafa í för með sér talsvert rýmri heimildir fyrir ferðamenn til að kaupa á áfengi í fríhöfn. 2. minni hluti furðar sig á því hvernig breytingar á lögum um gjald af áfengi og tóbaki tengjast breytingum á öðrum lögum sem nauðsynlegar eru vegna nýrra kjarasamninga og telur að breytingarnar eigi alls ekki heima í frumvarpinu. Að auki bendir 2. minni hluti á að skatttekjur af áfengi muni lækka og talið er að heildaráhrifin á afkomu ríkissjóðs verði 100–150 millj. kr. á ársgrundvelli.

Annar minni hluti bendir á að frumvarpið, sem átti upphaflega að snúa að málum tengdum gerð kjarasamninga, felur einnig í sér aðrar breytingar sem í raun snúa ekki að kjarasamningunum. Þannig er fjölmörgum öðrum atriðum smyglað með. Er það skoðun 2. minni hluta að ákvæði IV. kafla, þ.e. breytingar á lögum nr. 125/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, eigi ekki heima í frumvarpinu. Þær breytingar snúa að leiðréttingum á mistökum sem gerð voru með lögum nr. 165/2010, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld. Í athugasemdum við frumvarpið sem hér er til umfjöllunar kemur fram að eingöngu er um að ræða lagfæringu á texta en ekki efnisbreytingu. 2. minni hluti telur að um leið og mistökin voru uppgötvuð hefði átt að flytja frumvarp til leiðréttingar á þeim í stað þess að koma þeim fyrir í frumvarpi sem flutt er vegna nýrra kjarasamninga.

Í 16. gr. frumvarpsins er lagt til að greiðsluskylda atvinnurekenda og lífeyrissjóða í Starfsendurhæfingarsjóð verði lögbundin tímabundið. Vísað er til þess í ákvæðinu að velferðarráðherra og ráðherra lífeyrismála eigi að skipa samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að koma með nánari tillögur um skipulag og samhæfingu starfsendurhæfingar fyrir 1. nóvember nk. 2. minni hluti bendir á að með ákvæðinu sé verið að lögfesta undirbúning að ramma sem liggi ekki fyrir. Slíkur rammi á betur heima í samkomulagi en ekki löggjöf og þar að auki hefur við umfjöllun nefndarinnar komið í ljós að dagsetningar í ákvæðinu munu engan veginn standast. Það er því skoðun 2. minni hluta að það sé með öllu óásættanlegt að Alþingi samþykki ákvæðið í ljósi þeirrar óvissu sem er um málið.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að samþykkt frumvarpsins mun hafa í för með sér 5 milljarða kr. tekjulækkun ríkissjóðs. Þar að auki verði lækkun tekna vegna breytinga á heimild ferðamanna til kaupa á áfengi á lægri gjöldum um 100–150 millj. kr. Í frumvarpinu er eingöngu gert ráð fyrir tekjuaukningu um 3,5 milljarða kr. vegna sérstakrar tímabundinnar skattlagningar á fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði. 2. minni hluti gagn-

rýnir að ekki sé ennþá ljóst hvernig fjármögnun á þeim 2,5 milljörðum kr. sem á vantar verði háttað heldur sé það tekið fram að það muni skýrast þegar líður á árið. Slíkt er að öllu leyti óásættanlegt og telur 2. minni hluti að grundvöllur fyrir samþykkt frumvarpsins hljóti að velta á því hvernig ríkissjóður muni að fullu mæta tekjulækkun þeirri sem gert er ráð fyrir. Þær breytingar sem gerðar voru í störfum nefndarinnar á frumvarpinu áttu sér margar mjög skamman aðdraganda. Því var samþykkt að beiðni 2. minni hluta að fulltrúar ríkisskattstjóra fengju breytingarnar til umfjöllunar og eftir atvikum kallaðir fyrir efnahags- og skattanefnd Alþingis á milli 2. og 3. umræðu um málið.

Alþingi, 6. júní 2011.

Birkir Jón Jónsson.

1647. Svar [821. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um stofnframkvæmdir í vegagerð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða stofnframkvæmdir í vegagerð hafa verið auglýstar til útboðs á þessu ári? Svar óskast sundurliðað þar sem meðal annars komi fram upplýsingar um áætlaðan verktaka- og framkvæmdakostnað við hvert verkefni og lægsta boð.*
2. *Hvaða stofnframkvæmdir er áætlað að verði enn fremur boðnar út á þessu ári og hver er áætlaður framkvæmdakostnaður við hverja og eina þeirra?*

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir helstu framkvæmdir á árinu 2011. Þar koma fram upplýsingar um þau verk sem þegar hafa verið boðin út á árinu með áætluðum verktaka- og heildarkostnaði fyrir hvert verk, ásamt yfirliti yfir þau verk sem eftir er að bjóða út og áætlaðan kostnað við þau.

Útboð helstu vegaframkvæmda 2011

Vegur	Kafli	Áætlun til útboðs	Lægsta boð	Tilboði tekið	Áætlaður heildarkostnaður	Ath.
41 Reykjanesbraut	Undirgöng við Straumsvík				150.000.000	
41 Reykjanesbraut	Undirgöng við Grænás	92.500.000	64.895.000		80.000.000	Samvinna við Reykjanesbæ
Höfuðborgarsvæði	Bætt umferðarflæði				200.000.000	Samvinna við sveitarfélögin
	- Strætórein Arnarneshæð					
	- Hafnarfjarðarvegur í Engidal					
	- Nesbraut við Viðarhöfða					
	- Reykjanesbraut í Kaplakrika					
	Göngubrýr				100.000.000	
1 Hringvegur	Vegrið, vegfyllingar í Borgarfirði				60.000.000	
54 Snæfellsnesvegur	Um Haffjarðará, vegagerðarhluti	58.200.000	41.200.000	41.200.000	85.000.000	Innif. m.a. landbætur v/brúar
60 Vestfjarðavegur	Um Skálanes	170.190.200	115.703.934	115.703.934	190.000.000	
60 Vestfjarðavegur	Eiði - Kjálkafjörður				3.100.000.000	Unnið 2011 - 2014
643 Strandavegur	Í botni Steingrímsfjarðar				480.000.000	Unnið 2011 - 2012
1 Hringvegur	Vaðlaheiðargöng				10.400.000.000	Unnið 2011-2015
82 Ólafsfjarðarvegur	Snjóflóðavarnir við Sauðanes				50.000.000	
Bundið slitlag á tengivegi:						
218 Dyrhólavegur					78.000.000	
321 Skeiðháholtsvegur		12.500.000	12.558.270	12.558.270	27.000.000	
42 Krýsuvíkurvegur					126.000.000	Unnið 2011 - 2013
52 Uxahryggjavegur					160.000.000	Unnið 2011 - 2012
724 Reykjabraut					149.000.000	
817 Blómsturvallavegur					16.000.000	
824 Finnastaðavegur					19.000.000	
860 Grjótagjárvegur					60.000.000	Unnið 2011 - 2012
931 Upphéraðsvegur					44.000.000	
953 Mjóafjarðarvegur					6.000.000	

1648. Svar [846. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um vegrið á milli akbrauta á Reykjanesbraut.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hafa viðeigandi aðilar kannað þörfina fyrir uppsetningu vegriðs á milli akbrauta á Reykjanesbraut (Keflavíkurvegi)?*
2. *Hefur þörfin fyrir vegrið á milli akbrauta á Reykjanesbraut (Keflavíkurvegi) verið metin með tilliti til umferðarslysa á Hafnarfjarðarvegi þar sem vegrið hefur verið sett upp á milli akbrauta?*

Í janúar 2010 tók til starfa vinnuhópur innan Vegagerðarinnar sem fékk eftirtalin verkefni:

1. Skoða hvar brýnast er að setja vegrið, þ.e. miðjuvegrið og kantvegrið, á þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu og hvaða tegund vegriðs hentar best á hverjum stað.
2. Skoða hvar brýnast er að setja vegrið, þ.e. miðjuvegrið og kantvegrið, á Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur og hvaða tegund vegriðs hentar best á hverjum stað.

Ákveðið var að byrja á því að setja miðjuvegrið á þeim þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu þar sem hámarkshraði er 70 km/klst. eða meiri. Árið 2010 tókst að ljúka uppsetningu miðjuvegriðs á milli akbrauta á Hafnarfjarðarvegi milli Fossvogslækjar og Vífilsstaðavegar en á þeim vegarkafla er hámarkshraði 80 km/klst. Jafnframt tókst að ljúka uppsetningu miðjuvegriðs á Reykjanesbraut frá vegamótum við Bústaðaveg og suður fyrir mislæg vegamót Reykjanesbrautar og Breiðholtsbrautar. Á þessu ári verður uppsetningu miðjuvegriða á höfuðborgarsvæðinu haldið áfram og er unnið að gerð kostnaðaráætlana fyrir þá aðgerð á umferðarmesta hluta Nesbrautar (m.a. Ártúnsbrekku) og Hringvegi að Úlfarsfellsvegi en jafnframt á Reykjanesbraut, þ.e. frá þeim stað sem frá var horfið á síðasta ári, sunnan Breiðholtsbrautar og suður fyrir Vífilsstaðaveg. Stefnt er að því að halda verkefninu, og þ.m.t. uppsetning miðjuvegriða á Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur, áfram á næstu árum í samræmi við þær fjárveitingar sem fást. Í ljósi takmarkaðra fjármuna verða fyrst sett upp miðjuvegrið þar sem hættan er mest og jafnframt forgangsraðað miðað við umferð.

1649. Nefndarálit [727. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fullnustu refsinga, nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni Hafstein, Bryndísi Helgadóttur og Skúla Þór Guðmundsson frá innanríkisráðuneyti, Sigríði J. Friðjónsdóttur ríkissaksóknara, Ingveldi Einarsdóttur frá Dómarafélagi Íslands, Ölmu Tryggvadóttur og Vigdísi Evu Líndal frá Persónuvernd, Pál E. Winkel frá Fangelsismálastofnun, Þráin Farestveit frá Vernd og sr. Hrein S. Hákonarson fangelsisprest.

Umsagnir um málið bárust frá Ákærendafélaginu, Dómarafélagi Íslands, Jafnréttisstofu, Lögmannafélagi Íslands, Persónuvernd, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, umboðsmanni barna og Vodafone.

Með frumvarpinu er lagt til að reglur um fullnusta dóma utan fangelsa verði rýmkaðar. Í fyrsta lagi er lagt til að lögfest verði nýtt fullnustuúrræði, rafrænt eftirlit með dómþolum sem afplána óskilorðsbundna fangelsisrefsingu, og í öðru lagi að hækkuð verði sú hámarksrefsing sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu.

Rafrænt eftirlit.

Nefndin fjallaði um nýmæli frumvarpsins sem felur í sér heimild Fangelsismálastofnunar til að leyfa fanga að ljúka afplánun hluta refsingar utan fangelsis, þ.e. tólf mánaða óskilorðsbundinni fangelsisrefsingu eða lengri, enda hafi hann á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að úrræðið er ætlað til þess að aðlaga fanga að samfélaginu á ný eftir dvöl í fangelsi og er því ekki talin þörf á því að það eigi við um dómþola með skemmri refsingu en í tólf mánuði. Þeir sem uppfylla skilyrði þess að dveljast á áfangaheimili Verndar og afplána refsingu undir rafrænu eftirliti í kjölfarið geta því farið þangað allt að átta mánuðum fyrr en áður. Þannig getur sá er situr í fangelsi í 12 mánuði farið 30 dögum fyrr á Vernd og 30 dögum fyrr út úr fangelsi en áður og er þá undir rafrænu eftirliti í 30 daga við lok afplánunar en fer síðan á reynslulausn. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að ekki væri nægilega skýrt kveðið á um að afplánun undir rafrænu eftirliti gæti verið 30 dagar hið minnsta eins og kemur fram í skýringum. Nefndin telur rétt að taka fram að ekki er ætlunin að fram fari eitthvert mat á þessum tíma því þegar um tólf mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu er að ræða á afplánun undir rafrænu eftirliti að vera 30 dagar. Nefndin leggur því til þá breytingu á frumvarpinu að þetta verði skýrt tekið fram.

Fyrir nefndinni komu einnig fram athugasemdir um að skýra mætti betur hvað átt er við með orðunum „afplánun getur lengst um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð“ og tilgreina í hvaða tilvikum afplánunin „getur“ lengst og með hvaða hætti það gerist. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að um sé að ræða sömu reiknireglu og gildir um afplánun á Áfangaheimili Verndar. Nefndin tekur undir það sjónarmið að þetta sé ekki nægilega skýrt og telur rétt að kveða skýrt á um þetta eins og gert er í reiknireglum sem gilda hjá Vernd. Nefndin leggur því til að orðið getur falli brott þannig að skýrt sé að afplánun lengist um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð.

Tæknileg útfærsla.

Nefndin fjallaði nokkuð um búnaðinn sem þarf til að nota við rafrænt eftirlit en í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ekki þyki rétt að ákveða fyrir fram hvernig búnaður verður notaður en að um geti verið að ræða rafrænan búnað, ökklaband eða annan viðlíka búnað sem fullnægir skilyrðum ákvæðisins, t.d. farsíma sem búinn er myndavél og staðsetningartæki. Samkvæmt frumvarpinu er það því lagt í hendur Fangelsismálastofnunar að ákveða nánar hvers konar búnaður kemur til greina og mæla fyrir um eftirlitið að öðru leyti. Á Norðurlöndunum er algengast að notast við svokölluð ökklabönd en slíkt eftirlit er mjög kostnaðarsamt þar sem tækjabúnaðurinn er mjög dýr og stofnkostnaður því hár. Þá kemur einnig fram í greinargerð það mat fangelsisyfirvalda að í ljósi smæðar samfélagsins og reynslunnar af þeim föngum sem dvelja á Vernd sé unnt að hafa eftirlitið einfaldara hér á landi. Lagt er til að þeir sem fá að nýta úrræðið verði með farsíma með innbyggðum staðsetn-

ingarbúnaði og myndavél sem taki lifandi myndir af viðmælanda og sendi til þeirra sem sjá um eftirlitið.

Meðalhóf.

Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir frá laganefnd Lögmannafélagsins um að æskilegt væri að afmarka í ákvæðinu efnislega um hvers konar búnað getur verið að ræða, í stað þess að ákvörðunarvald um búnaðinn verði alfarið í höndum Fangelsismálastofnunar, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hér vegist væntanlega á sjónarmið um persónuvernd annars vegar og öryggissjónarmið hins vegar en vissulega megi telja eðlilegt og sanngjarnt að fangi, sem afplánar undir rafrænu eftirliti, verði að gefa eftir hluta af friðhelgi sinni og einkalífi. Í ljósi jafnræðissjónarmiða telur laganefnd hins vegar að gera megi kröfu um að löggjafinn afmarki úrræði og mat stjórnvaldsins í þessum efnum. Sem dæmi mætti nefna hvort löggjafinn sjái e.t.v. ástæðu til að banna (eða heimila) Fangelsismálastofnun að krefjast þess að fangar í afplánun beri kvikmyndatökuvél sem sendir rauntímaupptöku til stofnunarinnar 24 klst. á sólarhring. Nefndin tekur að nokkru leyti undir þessi sjónarmið en tekur fram að um beitingu þessarar heimildar gildi m.a. ákvæði stjórnarskrárinnar um meðalhóf. Nefndin telur nauðsynlegt að mæta sjónarmiðum um fyrirsjáanleika og leggur í því skyni til að við frumvarpið bætist reglugerðarheimild fyrir ráðherra til að útfæra úrræðið og beitingu þess nánar, þ.e. í 80. gr. laganna sem kveður á um reglugerðarheimildir ráðherra samkvæmt lögunum. Nefndin telur þó engu síður nauðsynlegt að fylgst verði vel með framkvæmd úrræðisins sem og reynslunni af beitingu þess með tilliti til mögulegrar endurskoðunar.

Persónuupplýsingar.

Nefndin fjallaði um ábendingar frá Persónuvernd varðandi þær upplýsingar sem safnast við rafrænt eftirlit. Telur stofnunin mikilvægt að lögin innihaldi skýrt ákvæði sem kveði á um meðferð þeirra persónuupplýsinga sem safnist um hinn skráða (dómþola) með notkun rafræns staðsetningarbúnaðar. Bendir Persónuvernd jafnframt á að mikilvægt sé að sömu öryggiskrafna verði gætt um upplýsingar sem safnast með notkun rafræns staðsetningarbúnaðar og endranær eiga við um upplýsingar sem safnað er um dómþola sem afplána fangelsisrefsingu sína á annan hátt. Þá benti stofnunin á að ef Fangelsismálastofnun fær þriðja aðila til þess að annast hluta vinnslunnar, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, t.d. vegna þess búnaðar sem notaður verður við rafrænt eftirlit, sé nauðsynlegt að gera vinnslusamning við umræddan aðila til samræmis við ákvæði 13. gr. laganna. Nefndin tekur undir þessar athugasemdir Persónuverndar og leggur áherslu á að farið verði eftir þeim við framkvæmdina. Nefndin bendir einnig á að með þessar upplýsingar skuli eins farið og aðrar hjá fangelsisyfirvöldum samkvæmt gildandi lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Skilyrði.

Í 2. gr. b (24. gr. b) frumvarpsins er kveðið á um skilyrði rafræns eftirlits og tekið fram í 1. tölul. greinarinnar að fangi þurfi að teljast hæfur til að sæta rafrænu eftirliti. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að æskilegt væri að hugtakið hæfur verði afmarkað nánar efnislega í ákvæðinu sjálfu. Í athugasemdum við frumvarpið segir að með þessu sé átt við að telja verði líklegt að hann geti staðið við skilyrði sem um rafrænt eftirlit gilda og að þetta úrræði teljist líklegt til að beina viðkomandi inn á aðrar brautir en áframhaldandi afbrot. Þá er í 5. tölul. greinarinnar tekið fram það skilyrði að fangi hafi nýtt sér úrræði 1. mgr. 24.

gr. en í því felst að gerð er sú krafa að fangar dvelji á áfangaheimili Verndar og hlíti þeim skilyrðum er um það gilda með fullnægjandi hætti áður en þeim er veitt heimild til að ljúka afplánun undir rafrænu eftirliti. Þá segir í athugasemdum að með þeim hætti hafi fangi sýnt fram á að hann sé hæfur til að afplána refsingu utan fangelsis og því ákjósanlegt að unnt sé að veita honum enn frekari tækifæri til aðlögunar að samfélaginu á ný með því að gefa honum kost á að ljúka afplánun á heimili sínu undir rafrænu eftirliti þar sem hann getur notið samvista við sína nánustu í enn ríkari mæli en áður en þó með sömu skilyrðum og gilda um afplánun á Vernd. Nefndin tekur fram að nauðsynlegt sé að skoða skilyrði greinarinnar í samhengi og telur að þetta eigi ekki að valda vafa í framkvæmd.

Í 3. tölul. er kveðið á um það skilyrði að maki fanga, forráðamaður, nánasti aðstandandi eða húsráðandi samþykki að hann sé undir rafrænu eftirliti á sameiginlegum dvalarstað þeirra. Í athugasemdum við þennan töluliið kemur fram að það þyki nauðsynlegt að samþykki annarra íbúa liggi fyrir, eða eftir atvikum húsráðanda áfangaheimilis. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir og tillögur um breytingar á þessum töluliið með vísan til athugasemda við frumvarpið í þá veru að lagt verði til að töluliðurinn hljóði þannig að húsráðandi og aðrir íbúar á dvalarstað fanga, og eftir atvikum forráðamenn ólögráða íbúa, samþykki að fangi sé undir rafrænu eftirliti á dvalarstað þeirra. Nefndin telur ekki unnt að fallast á þessa tillögu, t.d. þegar um áfangaheimili er að ræða, því þá væri unnt að túlka ákvæðið þannig að það þyrfti samþykki allra þeirra sem dveljast á áfangaheimilinu. Nefndin telur nægilegt í þeim tilvikum að húsráðandi áfangaheimilis samþykki eftirlitið og leggur því ekki til breytingu á þessum töluliið.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að það sé skilyrði þess að rafrænt eftirlit komi til álita að fangi hafi áður nýtt sér úrræði skv. 1. mgr. 24. gr. með fullnægjandi hætti, þ.e. uppfylli skilyrði fyrir að dvelja á Vernd. Fyrir nefndinni kom fram að miðað við þær kröfur sem Fangelsismálastofnun gerir til þeirra sem heimilað er að fullnusta refsingu utan fangelsis skv. 1. mgr. 24. gr. er sú heimild ekki veitt ef viðkomandi á óafgreidd mál hjá lögreglu eða ákæruvaldi, enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur á því ekki af völdum fangans. Var í því sambandi vísað til 3. mgr. 63. gr. laganna sem gildir um skilyrði reynslulausnar. Nefndin fellst á þessi sjónarmið og telur rétt að þetta skilyrði skuli einnig tekið skýrt fram í lögum varðandi rafrænt eftirlit en þó þannig að tekið sé fram að viðkomandi eigi að jafnaði ekki óafgreidd mál hjá lögreglu eða ákæruvaldi. Þannig er ekki gert ráð fyrir að t.d. minni háttar umferðarlagabrot útiloki þetta úrræði fyrir fanga. Nefndin leggur því til að þetta viðbótarskilyrði bætist við upptalninguna í frumvarpinu.

Samfélagsþjónusta.

Nefndin fjallaði einnig um þá tillögu sem frumvarpið felur í sér um rýmkun heimilda til að afplána refsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að heimilt verði, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta allt að 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi með ólaunaðri samfélagsþjónustu í minnst 40 klukkustundir og mest 480 klukkustundir. Í gildandi lögum er úrræðið miðað við 6 mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Einnig er lagt til að Fangelsismálastofnun geti ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð eða viðurkenndu námskeiði, enda nemi sá hluti samtals aldrei meira en einum fimmta samfélagsþjónustunnar að jafnaði. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að erfitt væri að meta þýðingu orðanna „að jafnaði“ í þessu sambandi og því væri óljóst hvort heimilt yrði að fara yfir mörkin um einn fimmta í ein-

stökum tilvikum og þá hvenær og hversu langt. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið og telur rétt að leggja til að orðin „að jafnaði“ falli brott.

Hlutverk dómstóla.

Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir frá Dómarafélagi Íslands varðandi þessa breytingu um að það er hlutverk dómstóla að skera endanlega úr um réttindi og skyldur í einkarétti, svo og um refsiverða háttsemi, og ákveða viðurlög við brotum. Bendir félagið á að samfélagsþjónusta er þekkt viðurlagategund víða um heim og að við setningu laga um samfélagsþjónustu á Íslandi, nr. 55/1994, hafi verið litið til og að nokkru leyti byggt á reynslu þeirra Norðurlanda sem tekið höfðu úrræðið upp en að lögin séu þó frábrugðin lögum nágrannaríkjanna að því leyti að ákvörðun um samfélagsþjónustu er hér í höndum framkvæmdarvaldsins en ekki dómsvaldsins. Dómstólar á Íslandi geta því ekki dæmt einstakling til samfélagsþjónustu heldur er það stofnun á vegum stjórnvalda, þ.e. Fangelsismálastofnun, sem fer með þetta úrræði. Þannig er framkvæmdarvaldinu heimilt að taka upp refsiákvarðanir dómstóla og ákveða einstaklingum önnur viðurlög en dómstólar hafa gert. Bendir félagið á að ákvörðun um samfélagsþjónustu er í eðli sínu dómsathöfn og að skilgreina beri samfélagsþjónustu sem tegund refsingar. Tekur Dómarafélagið fram að reynslan af samfélagsþjónustu hér á landi sé almennt talin góð og að ekki verði annað séð en að Fangelsismálastofnun hafi farist vel úr hendi að sjá um framkvæmd mála. Telur félagið að það breyti þó ekki því að fram hafa komið efasemdir um það hvort núverandi fyrirkomulag standist stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

Bendir félagið einnig á að samfélagsþjónusta er viðurlög í eðli sínu og því eðlilegt að um hana sé fjallað í almennum hegningarlögum, eins og um önnur refsiviðurlög, og að það er ekki hlutverk stjórnvalda að ákveða viðurlög, refsingu, heldur dómstóla. Fengi samfélagsþjónusta stöðu viðurlagategundar í almennum hegningarlögum væri dómþola ljóst strax við uppkvaðningu dóms hvaða refsingu hann þyrfti að sæta og ákæruvald og verjandi ákærða gætu komið að málum ef ákvörðun um samfélagsþjónustu væri hjá dómstólunum. Með frumvarpi því sem hér er til umsagnar er enn á ný verið að auka valdheimildir framkvæmdarvaldsins til að ákvarða mönnum endanleg viðurlög þar sem gert er ráð fyrir að fullnusta megi allt að 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi með samfélagsþjónustu, í stað sex mánaða samkvæmt gildandi lögum. Dómarafélag Íslands leggst gegn og varar við slíkri útvíkkun heimildar Fangelsismálastofnunar til fullnustu refsidóma í formi samfélagsþjónustu. Telur stjórn Dómarafélagsins eðlilegra að þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu og fela í sér hækkun þeirrar hámarksrefsingar sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu séu settar fram með breytingu á hegningarlögum þannig að samfélagsþjónusta sé ein tegund viðurlaga sem dómstólar ákvarði, svo sem tíðkast í öllum löndum Evrópu þar sem samfélagsþjónusta hefur verið lögtekin.

Nefndin tekur athugasemdir Dómarafélagsins alvarlega og telur nauðsynlegt að skoða hvort rétt sé að gera breytingar á lögunum að þessu leyti, þ.e. að líta á samfélagsþjónustu sem viðurlagategund og fela dómstólum að skera úr um þau. Gæti sú breyting falið í sér meira gagnsæi og fyrirsjáanleika fyrir þá sem eru dæmdir, sem og almenning. Nefndin tekur þó fram að nokkur hagkvæmnisrök búi að baki þeirri framkvæmd sem er á þessum málum og leggur því ekki til breytingar á henni. Nefndin telur þó að þegar litið er til þessara athugasemda og þess að séu menn dæmdir í 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi sé það að öllum líkindum fyrir nokkuð alvarleg brot þá geti verið varhugavert að rýmka heimildina eins mikið og lagt er til í frumvarpinu. Nefndin leggur því til þá breytingu á frumvarpinu að miðað verði

við unnt sé að afplána að hámarki níu mánaða óskilorðsbundið fangelsi með ólaunaðri samfélagsþjónustu og einnig til samræmis þá breytingu að hún geti mest orðið 360 klukkustundir.

Viðtalsmeðferð, viðurkennd námskeið.

Nefndin fjallaði einnig um þá heimild Fangelsismálastofnunar sem felur í sér að hluti af ólaunuðu samfélagsþjónustunni geti falist í viðtalsmeðferð eða viðurkenndu námskeiði enda nemi sá hluti aldrei meira en einum fimmta samfélagsþjónustunnar að jafnaði. Fyrir nefndinni kom fram að þessi námskeið þurfi að vera uppbyggjandi fyrir fanga og t.d. til þess fallin að aðstoða við vandamál tengd geðrænum erfiðleikum. Nefndin telur eðlilegt að miðað sé við það að verið sé að vinna að betrun fanga með þessu og undirbúa þátttöku þeirra í samfélaginu og að áhersla verði lögð á að verið sé að aðstoða fanga við að vinna úr persónulegum vandamálum, t.d. andlegum erfiðleikum, eða aðstoða þá við að leysa úr áfengis- eða fíkniefnavanda.

Fyrir nefndinni komu fram upplýsingar um að á Norðurlöndunum sé verið að skoða að setja þak á þær sektarfjárhæðir sem unnt er að afplána með samfélagsþjónustu og telur nefndin eðlilegt að það verði skoðað enda óeðlilegt að unnt sé að afplána með ólaunaðri samfélagsþjónustu í tiltölulega stuttan tíma tugmilljóna sektarkröfur.

Aðlögun o.fl.

Nefndin telur mikilvægt að unnt sé að beita þeim úrræðum sem lögð eru til í frumvarpinu sérstaklega þegar litið er til þess hve fangelsisrefsing getur verið þungbær hvort sem er fyrir viðkomandi fanga eða aðstandendur og haft ýmsar neikvæðar afleiðingar fyrir fanga, svo sem þunglyndi, vonleysi o.fl. Markmið úrræðanna er að gefa föngum kost á því að aðlagast samfélaginu smám saman áður en til lausnar úr fangelsi kemur og gefa þeim tækifæri til að vera í tengslum við fjölskyldu og vini meðan á afplánun stendur.

Fyrir nefndinni komu fram ábendingar frá umboðsmanni barna um hversu illa samfélagsþjónusta nýtist í framkvæmd þeim börnum sem hafa framið afbrot þar sem einstaklingar undir 18 ára aldri eru ekki dæmdir til óskilorðsbundinnar refsingar nema öll önnur úrræði hafi verið fullreynd. Sú tilhögun sé óheppileg í ljósi þess að samfélagsþjónusta er úrræði sem gæti hentað vel til að taka á afbrotum sakhæfra barna þar sem hún felur í sér að einstaklingur þarf að axla ábyrgð á hegðun sinni með uppbyggilegum hætti. Telur umboðsmaður barna því æskilegt að lögunum verði breytt þannig að dómari geti dæmt einstakling til að inna af hendi samfélagsþjónustu, t.d. í stað skilorðsbundinnar fangelsisrefsingar. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið og telur rétt að skoðað verði á vegum innanríkisráðuneytisins hvort rétt sé að leggja til þessa breytingu á lögunum.

Þá komu einnig fram ábendingar um mikilvægi þess að úrræðin standi bæði konum og körlum til boða og tekur nefndin undir þau sjónarmið.

Nefndin leggur til auk framangreindra breytinga að í stað þess að miða gildistöku frumvarpsins við 1. júní verði hún miðuð við 1. júlí nk.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Álfheiður Ingadóttir, Valgerður Bjarnadóttir og Þráinn Bertelsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. maí 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.	Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara.
Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara.	Mörður Árnason.	Þór Saari, með fyrirvara.

1650. Breytingartillögur [727. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fullnustu refsinga, nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta).

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 2. mgr. a-liðar (24. gr. a) orðist svo:
      Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi er afplánun undir rafrænu eftirliti 30 dagar. Afplánun undir rafrænu eftirliti lengist um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið 240 dagar hið mesta.
   b. Við b-lið (24. gr. b) bætist nýr töluliður, svohljóðandi: að fangi eigi að jafnaði ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur því ekki af völdum fangans.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „12 mánaða“ í a-lið komi: níu mánaða.
   b. Í stað orðanna „mest 480“ í a-lið komi: mest 360.
   c. Orðin „að jafnaði“ í lok a-liðar falli brott.
   d. Í stað orðanna „tólf mánuðir“ í b-lið komi: níu mánuðir.
3. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við 2. mgr. 80. gr. laganna bætist: sem og um fullnustu refsinga utan fangelsis.
4. 6. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. október 2011.

1651. Lög [580. mál]

um breytingu á lögum um almenningsbókasöfn, nr. 36/1997 (gjaldtökuheimildir).

(Afgreidd frá Alþingi 7. júní 2011.)

1. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Almenningsbókasöfnum er heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustu sína, svo sem fyrir útgáfu útlánsskírteina, millisafnalán, afritun, fjölföldun, ljósmyndun, sérfræðilega heimildaþjónustu, heimildaleit í gagnagrunnum og útlán á sérstökum safnkosti.

Hvert safn setur gjaldskrá skv. 1. mgr. að fengnu samþykki bókasafnsstjórnar og skal hún birt notendum á aðgengilegan hátt. Umrædd gjöld skulu ekki vera hærri en raunkostnaður viðkomandi safns vegna þjónustunnar og er ætlað að standa straum af eftirfarandi kostnaðarþáttum við hana:

a. launum starfsfólks sem sinnir þjónustunni,
b. sérstökum efniskostnaði vegna þjónustunnar.

Almenningsbókasöfnum er heimilt að innheimta dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest og bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda samkvæmt þeim reglum sem fram koma í reglugerð sem ráðherra setur skv. 15. gr. og gjaldskrá sem ráðherra setur skv. 4. mgr.

Ráðherra skal gefa út gjaldskrá um dagsektir og bætur skv. 3. mgr. að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna. Samanlagðar dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest, sem ákveðnar eru með reglugerð, mega aldrei vera hærri en 4.000 kr. fyrir hvern lánþega. Bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda skulu að hámarki nema innkaupsverði viðkomandi efnis.

2. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um innheimtu dagsekta fyrir afnot fram yfir skilafrest og bóta fyrir safnefni almenningsbókasafna sem glatast eða skemmist í meðförum notenda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1652. Frumvarp til laga [734. mál]

um breyting á lögum um námsstyrki, nr. 79/2003.

(Eftir 2. umr., 7. júní.)

1. gr.

Á eftir orðinu „framhaldsskólum“ í 1. gr. laganna kemur: og háskólum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: stunda reglubundið framhaldsskólanám hér á landi eða framhaldsskólanám erlendis og nemandi getur ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili hér á landi eða öðrum jafngildum dvalarstað.
b. Á eftir 2. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: hafa ekki náð 18 ára aldri og stunda reglubundið nám á háskólastigi hér á landi sem miðar að skilgreindum námslokum við fræðasvið háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra samkvæmt lögum um háskóla.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 1. málsl. kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. kemur: þriggja.
c. Orðin „einn skal skipaður eftir tilnefningu fjármálaráðuneytis“ í 2. málsl. falla brott.
d. Lokamálsliður greinarinnar fellur brott.

4. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 6. og 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

5. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

1653. Frumvarp til laga [760. mál]

um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

(Eftir 2. umr., 7. júní.)

1. gr.

Tilgangur og hlutverk.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er rannsóknarbókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Safnið sinnir virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála.

Safnið er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra.

2. gr.

Stjórn.

Ráðherra skipar sjö menn í stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til fjögurra ára í senn. Skulu tveir tilnefndir af háskólaráði Háskóla Íslands, einn af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, einn af Upplýsingu, félagi bóka-

safns- og upplýsingafræða, einn af starfsfólki Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og einn er skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í stjórn safnsins lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Stjórn safnsins er forstöðumanni þess, landsbókaverði, til ráðgjafar um stefnu safnsins og önnur málefni sem varða starfsemi þess. Stjórnin veitir landsbókaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og skipulag safnsins.

Landsbókavörður situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Landsbókavörður.

Ráðherra skipar landsbókavörð til fimm ára í senn, að fenginni umsögn stjórnar safnsins. Skal landsbókavörður hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins.

Landsbókavörður ákveður skipulag safnsins að fenginni umsögn stjórnar og annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri þess. Hann ræður starfsmenn og er í fyrirsvari fyrir safnið. Hann ber ábyrgð á rekstri safnsins og að starfsemi þess sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

4. gr.

Verkefni.

Hlutverk sitt rækir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn einkum með því:

a. að annast alhliða upplýsinga- og þekkingarmiðlun til almennings, fræðimanna og annarrar vísinda- og fræðslustarfsemi í landinu með leiðsögn og aðgengi að upplýsingalindum í hvaða formi sem er,
b. að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi í Háskóla Íslands, öðrum háskólum landsins og vísinda- og fræðslustarfsemi í landinu með fjölþættri upplýsinga- og þekkingarmiðlun,
c. að efla aðgang að erlendum gögnum í þágu vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs, meðal annars með því að annast framkvæmd samninga um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í samráði við helstu hagsmunaaðila,
d. að varðveita handritasöfn þau og einkaskjalasöfn sem stofnað hefur verið til og vinna að frekari söfnun og rannsóknum á íslenskum handritum og einkaskjölum og samsvarandi efni á nýrri miðlum,
e. að þaulsafna íslenskum gögnum, m.a. með viðtöku skylduskila samkvæmt lögum, svo og að afla erlendra gagna er varða íslensk málefni, skrá þau, veita aðgang að þeim og varðveita til framtíðar,
f. að vinna að rannsóknum og veita aðstoð við rannsóknir á sviði bókfræði, bóksögu og bókasafns- og upplýsingafræði og veita upplýsingar um íslenska útgáfustarfsemi,
g. að stuðla að samstarfi, samræmingu og þróun starfshátta bókasafna og veita þeim faglega ráðgjöf,
h. að sinna öðrum þeim verkefnum sem tengjast starfsemi safnsins samkvæmt nánari ákvörðun landsbókavarðar í samráði við stjórn.

5. gr.
Samstarf við Háskóla Íslands og aðra háskóla.

Samstarf Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Háskóla Íslands skal byggjast á sérstökum samstarfs- og þjónustusamningi.

Safninu er heimilt að veita öðrum háskólum landsins þjónustu eftir því sem nánar er ákveðið í gagnkvæmum þjónustusamningum við einstaka háskóla.

6. gr.
Fjárhagsmálefni.

Kostnaður við rekstur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns greiðist úr ríkissjóði. Framlagið er ætlað til lögbundinna verkefna safnsins, sbr. 4. gr. Þá skal hluti af fjárveitingum til Háskóla Íslands renna árlega til safnsins samkvæmt samstarfs- og þjónustusamningi milli safnsins og háskólans, sbr. 5. gr.

Safninu er heimilt að gera samninga við stofnanir og aðra aðila um samstarf eða þjónustu.

7. gr.
Samningar.

Landsbókaverði er heimilt að fenginni umsögn stjórnar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns að gera þjónustusamninga um afmarkaða þætti í starfsemi safnsins.

Enn fremur getur safnið með samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis gert samkomulag við aðrar stofnanir um að litið sé á gagnakost þeirra sem hluta af safninu.

8. gr.
Gjaldtökuheimildir.

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustu sína, svo sem útgáfu útlánsskírteina, millisafnalán, afritun, fjölföldun, gerð ljósmynda, sérfræðilega heimildaþjónustu og heimildaleit í gagnagrunnum.

Landsbókavörður setur gjaldskrá skv. 1. mgr. að fengnu leyfi stjórnar safnsins og skal hún birt notendum á aðgengilegan hátt. Umrædd gjöld skulu ekki vera hærri en raunkostnaður safnsins vegna þjónustunnar og er ætlað að standa straum af eftirfarandi kostnaðarþáttum við hana:

a. launum starfsfólks sem sinnir þjónustunni,
b. sérstökum efniskostnaði vegna þjónustunnar.

Safninu er heimilt að innheimta dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest og bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda samkvæmt þeim reglum sem landsbókavörður setur skv. 1. mgr. og gjaldskrá sem landsbókavörður setur skv. 4. mgr.

Landsbókavörður setur gjaldskrá um alla gjaldtöku skv. 1. mgr. og bætur skv. 3. mgr. að fenginni umsögn stjórnar. Samanlagðar dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest mega aldrei vera hærri en 4.000 kr. fyrir hvern lánþega. Bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda skulu að hámarki nema innkaupsverði viðkomandi efnis.

9. gr.
Grisjun.

Heimilt er að grisja efniskost safnsins og farga eða ráðstafa til annarra aðila því efni sem safnið telur sig ekki lengur þurfa á að halda. Landsbókavörður setur reglur um slíka grisjun í samráði við stjórn safnsins.

10. gr.
Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

11. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 71/1994, um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi fela ekki í sér breytingar á stöðu og réttindum starfsmanna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

1654. Þingsályktun [449. mál]

um menntun og atvinnusköpun ungs fólks

(Afgreidd frá Alþingi 7. júní 2011.)

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að hafa yfirumsjón með mótun aðgerðaáætlunar sem hafi þann tilgang að samþætta áherslur í menntastefnu og atvinnustefnu stjórnvalda með áherslu á að greina menntunarþörf atvinnulífsins, auka vægi starfsnáms í íslensku menntakerfi og þróa nýjar fjölbreyttar starfsnámsleiðir.

Aðgerðaáætlunin verði mótuð í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, efnahags- og viðskiptaráðuneyti, samtök launafólks og atvinnurekenda, háskóla, framhaldsskóla, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Landssamband æskulýðsfélaga og Vinnumálastofnun. Stefnt verði að því að skila niðurstöðum fyrir 1. desember 2011.

1655. Lög [56. mál]

um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1508 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Heimilt er að skjóta til hennar úrskurðum og stjórnsýslukvörðunum barnaverndarnefnda eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.
b. Í stað orðanna „3. og 5. mgr. 15. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: 3., 5. og 6. mgr. 15. gr.

c. Í stað orðanna „2. og 4. mgr. 83. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: 3. mgr. 84. gr., 4. mgr. 89. gr. c.

53. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: að frádregnum gjöldum skv. 2. mgr. 87. gr.
b. 2. mgr. orðast svo:

Ráðuneytið setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, reglugerð um fjárhæð gjalda sem sveitarfélögum ber að greiða skv. 2. mgr. 87. gr., svo og um greiðslutilhögun og önnur atriði. Ráðuneytið setur með sama hætti, og að höfðu samráði við hagsmunasamtök fóstur- og vistforeldra, reglugerð um fjárhæðir sem greiddar eru vegna barna í fóstri skv. 75. gr. og um hlut ríkisins í kostnaði vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. Verði vanhöld á því að sveitarfélag greiði þau gjöld sem því ber samkvæmt reglugerðinni skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða Barnaverndarstofu það sem eftir verður eigi síðar en 31. desember ár hvert. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga innheimtir þá greiðslu hjá viðkomandi sveitarfélagi með því að draga umrædda greiðslu af jöfnunarframlögum til viðkomandi sveitarfélags.

54. gr. hljóðar svo:

Á eftir XV. kafla laganna kemur nýr kafli, XV. kafli A, **Mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis,** með fjórum nýjum greinum, 89. gr. a – 89. gr. d, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (89. gr. a.)

Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis er að:

a. tryggja að fyrirkomulag úrræða og framkvæmd vistunar barna utan heimilis sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, staðla og reglna samkvæmt ákvæðum laga þessara,
b. tryggja að ráðstöfun nái tilgangi sínum og að réttindi barna séu virt,
c. auka gæði úrræða og stuðla að umbótum og
d. safna upplýsingum um vistun barna utan heimilis, þörf fyrir úrræði, nýtingu, árangur og þróun.

b. (89. gr. b.)

Hlutverk barnaverndarnefndar.

Hver barnaverndarnefnd metur gæði og árangur vistúrræða á vegum barnaverndarnefndar. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í vistun eða fóstur skal fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Barnaverndarnefnd aflar nauðsynlegra upplýsinga í þessu skyni eftir því sem ástæða þykir til. Barnaverndarnefnd skal leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa barni kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska.

Barnaverndarnefnd skal heimsækja með reglubundnum hætti börn sem vistuð eru á vegum nefndarinnar á heimilum og stofnunum. Barnaverndarnefnd skal heimsækja fósturheimili eins oft og ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það.

Barnaverndarnefnd skal grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barns, svo sem að rifta samningi um fóstur eða vistun, ef í ljós kemur að meðferð barnsins í fóstri, á heimili, stofnun eða í öðru vistúrræði er óviðunandi eða aðstæður hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu reglugerð um eftirlit barnaverndarnefnda, m.a. um heimsóknir á fósturheimili.

c. (89. gr. c.)

Hlutverk Barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa metur þörf fyrir úrræði fyrir börn sem vistast utan heimilis, safnar upplýsingum um ráðstafanir og metur árangur tiltekinna úrræða með það að markmiði að auka gæði og stuðla að umbótum.

Barnaverndarstofa metur gæði og árangur þeirra úrræða sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk skv. 79. gr.

Barnaverndarstofa hefur eftirlit með því að úrræði á ábyrgð sveitarfélaga skv. 84. gr. uppfylli hverju sinni þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum og stöðlum. Ef Barnaverndarstofa telur að úrræði uppfylli ekki þær kröfur sem eru gerðar getur stofan svipt barnaverndarnefnd leyfi til að nýta tiltekið úrræði.

Barnaverndarnefnd getur skotið ákvörðunum Barnaverndarstofu um leyfisveitingar og leyfissviptingar til kærunefndar barnaverndarmála.

d. (89. gr. d.)

Hlutverk ráðuneytisins.

Ráðuneytið hefur eftirlit með því að úrræði á ábyrgð ríkisins uppfylli hverju sinni þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum, stöðlum og þjónustusamningum þegar það á við. Í þessu skyni felur ráðuneytið óháðum sérfræðingi að heimsækja heimili og stofnanir skv. 79. gr. að lágmarki einu sinni á ári. Sérfræðingur skal sérstaklega leitast við að gefa börnum kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska og markmið með vistun.

Ráðuneytið setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um mat og eftirlit samkvæmt ákvæðum kafla þessa, m.a. nánar um markmið, áherslur og aðferðir.

57. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi gilda um öll þau mál sem eru í gangi við gildistöku þeirra, óháð því hvort atvik þau sem mál er sprottið af hafi að einhverju eða öllu leyti átt sér stað í tíð eldri laga, þó með þeim frávikum sem tilgreind eru í 3.–9. mgr.

Ákvæði a-liðar 2. gr. gildir um úrskurði og ákvarðanir sem teknar eru eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 18. gr. gildir um val á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. efnismgr. 25. gr. gildir um þau mál sem berast kærunefnd eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði b-liðar 26. gr. og 27. gr. gilda um þau mál sem þingfest eru eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 31. og 32. gr. gilda um mál sem borin eru undir dóm eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. málsl. 1. efnismgr. og 2. og 3. málsl. 2. efnismgr. 38. gr. gilda um umgengni og stuðning í tilvikum foreldra sem tekið hafa við umsjá eða forsjá barns með sérstökum samningi samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði a-liðar 45. gr., 50.–52. gr., a-liðar 53. gr. og 1., 3. og 4. málsl. b-liðar 53. gr. taka gildi 1. janúar 2013.

1656. Frumvarp til laga [728. mál]

um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

(Eftir 2. umr., 7. júní.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið og markmið.

Lög þessi gilda um réttindagæslu fyrir fatlað fólk sem vegna fötlunar sinnar þarf stuðning við undirbúning upplýstrar ákvörðunar um persónuleg málefni eða aðstoð við að leita réttar síns hvort sem er gagnvart opinberum þjónustuaðilum, öðrum stjórnvöldum eða einkaaðilum.

Ákvæði IV. kafla gilda einnig um réttindagæslu einstaklinga sem vegna afleiðinga viðvarandi sjúkdóms eða slyss þurfa stuðning við undirbúning upplýstrar ákvörðunar um persónuleg málefni eða aðstoð við að leita réttar síns hvort sem er gagnvart opinberum þjónustuaðilum, öðrum stjórnvöldum eða einkaaðilum.

Markmið laga þessara er að tryggja fötluðu fólki viðeigandi stuðning við gæslu réttinda sinna.

Við framkvæmd laga þessara skal taka mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

2. gr.
Yfirstjórn.

Velferðarráðherra fer með yfirstjórn réttindagæslu fatlaðs fólks samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Réttindavakt velferðarráðuneytisins.

3. gr.

Velferðarráðuneytið skal hafa yfirumsjón með réttindum fatlaðs fólks og skal koma á fót sérstakri réttindavakt innan ráðuneytisins.

Hlutverk réttindavaktarinnar er að:

a. fylgjast með störfum réttindagæslumanna fatlaðs fólks og veita þeim ráðgjöf og leiðbeiningar eftir þörfum,
b. safna upplýsingum um réttindamál fatlaðs fólks og þróun í hugmyndafræði og þjónustu við fatlað fólk og koma á framfæri ábendingum um það sem betur má fara,
c. bera ábyrgð á fræðslu- og upplýsingastarfi, í samvinnu og samráði við hagsmunasamtök fatlaðra, varðandi réttindi fatlaðs fólks, svo sem fyrir hina fötluðu einstaklinga, réttindagæslumenn fatlaðs fólks, talsmenn þeirra, aðstandendur, starfsfólk og þjónustuaðila,

d. fylgjast með nýjungum á sviði hugmyndafræði og þjónustu við fatlað fólk sem kunna að leiða til betri þjónustu og aukinna lífsgæða fyrir fatlað fólk,
e. annast útgáfu á auðlesnu efni og bæklingum um réttindi fatlaðs fólks,
f. bera ábyrgð á fræðslu- og upplýsingastarfi í samvinnu og samráði við hagsmunasamtök fatlaðra til að upplýsa almenning um réttindi fatlaðs fólks, vinna gegn staðalímyndum og fordómum og auka vitund um getu og framlag fatlaðs fólks.

III. KAFLI
Réttindagæslumenn fatlaðs fólks.

4. gr.

Á landinu skulu starfa svæðisbundnir réttindagæslumenn fatlaðs fólks sem ráðherra skal ráða að fenginni umsögn heildarsamtaka fatlaðs fólks. Skilyrði er að réttindagæslumenn hafi þekkingu og reynslu af málefnum og réttindum fatlaðs fólks. Leitast skal við að ráða réttindagæslumenn sem hafa menntun sem nýtist þeim í starfi.

Réttindagæslumaður má ekki, samhliða starfi sínu sem réttindagæslumaður, starfa fyrir þjónustuaðila á viðkomandi þjónustusvæði í starfi sem er ósamrýmanlegt starfi réttindagæslumanns.

Ráðherra skal setja reglugerð um réttindagæslumenn fatlaðs fólks og skal þar meðal annars kveðið á um fjölda þeirra.

5. gr.

Réttindagæslumenn skulu fylgjast með högum fatlaðs fólks á sínu svæði og vera því innan handar við réttindagæslu hvers konar, hvort sem það er vegna meðferðar einkafjármuna þess, þjónustu sem það á rétt á eða varðandi önnur persónuleg réttindi eða einkamál þess.

Búi hinn fatlaði einstaklingur á heimili fyrir fatlað fólk skal forstöðumaður viðkomandi heimilis veita réttindagæslumanni þær upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar vegna starfs síns. Þegar um er að ræða upplýsingar sem varða persónuleg atriði eða upplýsingar um einkafjármuni hins fatlaða einstaklings skal leita eftir samþykki hans og persónulegs talsmanns hans, sbr. IV. kafla, sé slíkur talsmaður til staðar.

6. gr.

Öllum er skylt að tilkynna til réttindagæslumanns ef þeir hafa ástæðu til að ætla að brotið sé á rétti fatlaðs einstaklings. Aðstandendur fatlaðs einstaklings, persónulegur talsmaður, þjónustuaðilar, samtök fatlaðs fólks og aðrir sem vegna stöðu sinnar, tengsla eða starfa verða varir við að réttur fatlaðs einstaklings er fyrir borð borinn skulu tilkynna það réttindagæslumanni. Fatlaður einstaklingur, sem telur að réttur hans sé fyrir borð borinn, getur tilkynnt það réttindagæslumanni á viðkomandi svæði. Réttindagæslumaður skal veita hinum fatlaða einstaklingi nauðsynlegan stuðning og kanna málið að höfðu samráði við hann. Réttindagæslumaður getur einnig hvenær sem er tekið upp mál að eigin frumkvæði. Komist réttindagæslumaður að þeirri niðurstöðu að réttur fatlaðs einstaklings hafi verið fyrir borð borinn aðstoðar réttindagæslumaður hinn fatlaða einstakling við að leita réttar síns miðað við atvik máls hverju sinni og óskir hins fatlaða einstaklings.

Réttindagæslumaður getur, telji hann málið þess eðlis og að fengnu samþykki hins fatlaða einstaklings, komið ábendingum um úrbætur á framfæri við hlutaðeigandi aðila og gefið honum frest til að verða við ábendingunum. Verði ekki orðið við ábendingum réttindagæslumanns og hann telur að málið sé kæranlegt til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðis-

mála, samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks, skal hann aðstoða hinn fatlaða við að kæra málið og vera honum innan handar varðandi rekstur málsins sé þess óskað.

Réttindagæslumaður skal meta í hverju tilviki fyrir sig, í samráði við hinn fatlaða einstakling, hvort rétt sé að tilkynna mál til ráðuneytisins.

IV. KAFLI
Persónulegir talsmenn fatlaðs fólks.

7. gr.

Fatlaður einstaklingur sem er lögráða en á vegna fötlunar sinnar erfitt með að gæta hagsmuna sinna skal eiga rétt á persónulegum talsmanni. Fatlaður einstaklingur velur sér talsmann og getur óskað eftir samráði þar um við réttindagæslumann á viðkomandi svæði. Réttindagæslumaður skal staðfesta val talsmanns. Hafa skal samráð við nánustu ættingja eða aðstandendur geti hinn fatlaði einstaklingur, að mati réttindagæslumanns, ekki tjáð vilja sinn í þeim efnum. Hinn fatlaði einstaklingur og persónulegur talsmaður hans skulu undirrita samkomulag um aðstoðina og skal það varðveitt af réttindagæslumanni. Geti hinn fatlaði einstaklingur ekki undirritað samkomulag er heimilt að víkja frá skilyrði um undirritun en þá skal samkomulag gert að réttindagæslumanni viðstöddum og eftir reglum sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.

Persónulegur talsmaður skal búa yfir þekkingu á persónulegum þörfum og áhugamálum þess einstaklings sem hann aðstoðar. Persónulegur talsmaður skal fá fræðslu um innihald og áherslur í starfi sínu. Ráðuneytinu er heimilt að gera samning við hagsmunasamtök fatlaðs fólks um milligöngu um að útvega persónulega talsmenn og annast fræðslu þeirra. Starf persónulegra talsmanna er ólaunað en persónulegur talsmaður skal fá endurgreiddan kostnað sem sannanlega fellur til vegna starfa hans í þágu hins fatlaða einstaklings.

Allar ráðstafanir persónulegs talsmanns skulu gerðar í samráði við og með samþykki hins fatlaða einstaklings og einvörðungu með hagsmuni hans að leiðarljósi.

8. gr.

Réttindagæslumenn skulu halda skrá um persónulega talsmenn á sínu svæði og hafa eftirlit með störfum þeirra.

Hinn fatlaði einstaklingur getur hvenær sem er afturkallað umboð persónulegs talsmanns og skal réttindagæslumaður aðstoða hann við það óski hann eftir því. Réttindagæslumaður getur með samþykki hins fatlaða einstaklings afturkallað umboð persónulegs talsmanns, í samráði við réttindavakt ráðuneytisins, telji hann viðkomandi ekki gegna skyldum sínum gagnvart hinum fatlaða einstaklingi. Þá getur persónulegur talsmaður hvenær sem er sagt sig frá umboðinu.

9. gr.

Persónulegur talsmaður aðstoðar fatlaðan einstakling á grundvelli samkomulags skv. 1. mgr. 7. gr. og þá einkum við eftirfarandi:

1. Að gæta réttar síns. Persónulegur talsmaður styður hinn fatlaða einstakling við undirbúning upplýstrar ákvörðunar um málefni sem varða hann. Skal persónulegur talsmaður vera hinum fatlaða einstaklingi til aðstoðar, m.a. þegar ákvarðanir eru teknar um þá þjónustu sem hinn fatlaði einstaklingur nýtur eða á rétt á. Sé persónulegur talsmaður fatlaðs einstaklings til staðar er þjónustuveitanda skylt að kalla hann til þegar til stendur að gera verulegar breytingar á þjónustunni.

2. Persónuleg málefni hins fatlaða einstaklings. Persónulegur talsmaður er hinum fatlaða einstaklingi innan handar varðandi persónuleg málefni og styður hann við undirbúning upplýstrar ákvörðunar, svo sem um meðferð heilbrigðisstarfsmanna, val á búsetu, atvinnu, tómstundum, o.fl. Persónulegur talsmaður skal skoða heildrænt hvort hinn fatlaði einstaklingur býr við góð lífskjör og koma ábendingum til viðkomandi um það sem betur mætti fara í samráði við hinn fatlaða einstakling.
3. Aðgangur að upplýsingum um fjármál. Greiði fatlaður einstaklingur gjöld í sameiginlega sjóði, til dæmis í hússjóð eða vegna sameiginlegs heimilishalds með öðrum, skal persónulegur talsmaður með samþykki hins fatlaða einstaklings eiga rétt til aðgangs að öllum upplýsingum um meðferð fjármuna úr þeim sjóðum í samræmi við samkomulag skv. 1. mgr. 7. gr. Í því skyni á talsmaður rétt til setu á húsfundum og öðrum slíkum fundum.
4. Aðstoð við ráðstöfun fjármuna vegna daglegra útgjalda. Persónulegum talsmanni er heimilt, á grundvelli samkomulags skv. 1. mgr. 7. gr., að sjá um greiðslu daglegra útgjalda fyrir fatlaðan einstakling enda fari greiðslur fram með reiðufé sem ráðstafað er af sérgreindum reikningi fyrir þess háttar útgjöld. Persónulegum talsmanni er hins vegar óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga fyrir hönd þess sem hann aðstoðar nema sá einstaklingur hafi veitt honum skriflegt umboð til þess. Hafi fötluðum einstaklingi verið skipaður ráðsmaður á grundvelli lögræðislaga tekur umboð persónulegs talsmanns ekki til þeirra eigna og fjármuna sem ráðsmaður hefur umsjón með.

Ráðherra skal setja reglugerð um persónulega talsmenn fatlaðs fólks þar sem kveðið verður nánar á um störf þeirra, m.a. um fræðslu þeirra, form samkomulags skv. 1. mgr. 7. gr. og endurgreiðslu kostnaðar skv. 2. mgr. 7. gr.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Þagnarskylda.

Réttindagæslumenn fatlaðs fólks og persónulegir talsmenn þeirra skulu gæta þagmælsku um hvaðeina sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara vegna hagsmuna hins fatlaða einstaklings. Þagnarskyldan helst þó að hinn fatlaði einstaklingur andist og þó að réttindagæslumaður eða persónulegur talsmaður láti af störfum.

11. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

Breyting á öðrum lögum.

37. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um ráðningu réttindagæslumanna fatlaðs fólks skulu trúnaðarmenn sem skipaðir eru á grundvelli 37. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum, og reglugerðar nr. 172/2011, um trúnaðarmenn fatlaðs fólks, starfa áfram

út skipunartíma sinn sem réttindagæslumenn fatlaðs fólks en að honum loknum skal ráða réttindagæslumenn í samræmi við 4. gr.

II.

Ráðherra skal eigi síðar en 1. nóvember 2011 leggja fram á Alþingi frumvarp til laga þar sem m.a. eru lögð til ákvæði um nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk. Frumvarpið skal ráðherra láta vinna í samstarfi við innanríkisráðuneyti.

III.

Ráðherra skal þegar við samþykkt laga þessara skipa starfshóp til að endurskoða fyrirkomulag réttindagæslu fyrir fatlað fólk með það fyrir augum að farið sé með réttindagæsluna sem mannréttindamál en ekki velferðarmál eða félagslegt málefni. Skal hópurinn leitast við að tryggja skilvirka, öfluga og framsækna leið til að sinna réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Við endurskoðunina skal taka mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Meðal þess sem starfshópurinn skal skoða eru möguleikar þess að færa verkefnið til ráðuneytis mannréttindamála, stofnun þjóðbundinnar mannréttindastofnunar til að sinna verkefninu eða að veita Mannréttindaskrifstofu Íslands lögbundið hlutverk til að sinna verkefninu. Skal hópurinn líta sérstaklega til Parísarreglna Sameinuðu þjóðanna í þessu samhengi.

Þá skoði starfshópurinn möguleika á samnýtingu sérþekkingar með því að færa alla réttindavernd og réttindagæslu annarra hópa til sama aðila.

Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum velferðarráðuneytis, innanríkisráðuneytis, fjölbreyttum hagsmunasamtökum fatlaðs fólks, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum. Auk þess verði leitað til mannréttindasérfræðinga og sérfræðinga á sviði réttindagæslu, réttindaverndar og fötlunarfræða.

Starfshópurinn skal ljúka vinnu sinni eigi síðar en 31. desember 2011 og skila skýrslu til ráðherra með tillögum að lagabreytingum sem ráðherra skal kynna fyrir Alþingi.

1657. Þingsályktun [467. mál]

um ferðamálaáætlun 2011–2020.

(Afgreidd frá Alþingi 7. júní 2011.)

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að stefna að eftirfarandi meginmarkmiðum í ferðamálum á tímabilinu 2011–2020:

a. að auka arðsemi atvinnugreinarinnar,
b. að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið,
c. að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar,
d. að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugu greiningar- og rannsóknarstarfi.

Þessi fjögur meginmarkmið ferðaþjónustunnar hvíli á eftirfarandi:

1. Innviðir og grunngerð.

a. Íslensk náttúra er auðlind ferðaþjónustunnar. Mikilvægt er að byggja upp, vernda og viðhalda ferðamannastöðum um allt land. Stjórnvöld og hagsmunaaðilar sameinist um leiðir til að fjármagna slíkar umbætur.
b. Uppbygging innviða ferðaþjónustunnar miði að því að vernda náttúru Íslands og ferðamálaáætlun stefni að því að innleiða hugarfar sjálfbærni og ábyrgðar á náttúru og menningu landsins.
c. Lagaumhverfi ferðamála taki mið af þeirri áætlun sem hér liggur fyrir.
d. Leyfis- og öryggismál í ferðaþjónustu verði tekin til gagngerrar endurskoðunar í samræmi við þær áherslur sem birtast í þessari áætlun.
e. Samgöngur eru mikilvægasta forsenda allrar ferðaþjónustu á Íslandi og mikilvægt að við áætlanagerð og framkvæmdir í tengslum við samgöngumál verði tekið tillit til hagsmuna ferðaþjónustunnar.
f. Unnin verði viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara fyrir ferðaþjónustuna sem byggist á reynslu af þeim tveimur eldgosum sem valdið hafa töluverðum truflunum á flugi og öðrum samgöngum.

2. Kannanir, rannsóknir, spár.

a. Mikilvægt er að stutt sé við þróun ferðaþjónustunnar og uppbyggingu með verulega aukinni áherslu á greiningar, rannsóknir og spár.
b. Sjálfstæði rannsókna verði tryggt en Ferðamálastofa hafi yfirsýn yfir og beri ábyrgð á mótun stefnu varðandi framkvæmd og úrvinnslu kannana og að gerðar séu framtíðarspár um þróun greinarinnar í samvinnu við Hagstofu Íslands, háskóla og Rannsóknamiðstöð ferðamála.
c. Hagstofa Íslands beri ábyrgð á opinberri hagskýrslugerð í ferðaþjónustu samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á sviði hagskýrslugerðar í ferðaþjónustu.
d. Í þjóðhagsreikningi liggi alltaf fyrir töluleg gögn um þróun ferðaþjónustunnar frá ári til árs.
e. Farnar verði bestu fáanlegar leiðir til að tryggja að gerðar verði samræmdar ítarlegar úttektir á auðlindum og innviðum ferðaþjónustunnar um allt land.

3. Vöruþróun og nýsköpun.

a. Vöruþróunarverkefni í ferðaþjónustu verði byggð á klasahugmyndafræði og grundvallist á sérstöðu og stefnumótun svæða.
b. Leitað verði nýrra leiða við vöruþróun með klasasamstarfi og tækni- og þekkingaryfirfærslu.
c. Stoðkerfi ferðaþjónustunnar verði einfaldað og tryggt að öflugar einingar séu til staðar úti um allt land sem hafa gott faglegt bakland og næga burði til að styðja við þróun áfangastaða, vöruþróun, nýsköpun og markaðssetningu.
d. Opinbert fjármagn til vöruþróunar á sviði ferðaþjónustu fari einkum til samstarfsverkefna sem hafi meðal markmiða að lengja ferðamannatímabilið.

4. Markaðsmál.

a. Opinbert kynningarstarf tengt ferðaþjónustu taki mið af markmiðum ferðamálaáætlunar.
b. Leitað verði nýrra leiða í opinberu kynningarstarfi og einnig til að auka faglegt samstarf opinberra aðila á sviði vöruþróunar og kynningarmála.

c. Við mótun samstarfs ferðamálayfirvalda við Íslandsstofu er mikilvægt að sett séu mælanleg markmið og mælikvarðar á árangur.
d. Mælikvarðar á árangur í kynningarstarfi eru meðal annars ferðaútgjöld samkvæmt ferðaþjónustureikningum, gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum, dreifing gistinátta yfir árstíðir og landsvæði og fjöldi ferðamanna auk kannana um væntingar og upplifun ferðamanna.

1658. Þingsályktun [403. mál]

um orkuskipti í samgöngum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. júní 2011.)

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að vinna að því að minnka hlut jarðefnaeldsneytis í samgöngum með notkun endurnýjanlegra orkugjafa og orkusparnaði. Stefnt skal að orkuskiptum í samgöngum þar sem jarðefnaeldsneyti verði leyst af hólmi með innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum.

Með orkuskiptum í samgöngum er stuðlað að grænu hagkerfi með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, óverulegri losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum og gjaldeyrissparnaði sem nota má til uppbyggingar á innviðum, þekkingu, framleiðslugetu og nýrri atvinnustarfsemi. Unnið verði að stefnumótun, markmiðasetningu og aðgerðaáætlun fyrir orkuskipti í samgöngum fram til 2020 og skal sú stefnumótun liggja fyrir 1. janúar 2012. Við þá vinnu skal hafa eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

1. **Markmið.**
   Að því skal stefnt að Ísland verði í forustu við notkun á endurnýjanlegri orku í samgöngum. Nú er hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum á Íslandi töluvert lægra en annars staðar eða minna en 1%. Markmiðið innan ESB er 10% fyrir árið 2020.
2. **Mikilvægi.**
   Unnið verði markvisst og eins hratt og kostur er að því að draga úr innflutningi á jarðefnaeldsneyti með því að hvetja til orkusparnaðar og skapa hagrænar forsendur fyrir notkun ökutækja sem nota endurnýjanlega orkugjafa. Stefnt skal að því að hefja framleiðslu og notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum sem leiða til minni losunar gróðurhúsalofttegunda, gjaldeyrissparnaðar og meira orkuöryggis.
3. **Skattaumhverfi.**
   Skattaumhverfi verði þróað áfram til að það hvetji bæði neytendur og fyrirtæki til orkuskipta í samgöngum og til framleiðslu á endurnýjanlegum orkugjöfum til samgangna. Jafnframt felist hvati til orkusparnaðar í skattkerfinu.
4. **Orkusparnaður.**
   Markvisst verði hvatt til orkusparnaðar í samgöngum, m.a. með miðlun upplýsinga til almennings, umhverfismiðuðu svæðaskipulagi, breyttu skattkerfi, eflingu almenningssamgangna og fleira í samvinnu við þá aðila sem nú þegar vinna að þessum málum, svo sem Orkusetur og sveitarstjórnir.
5. **Samstarf.**
   Lykilaðgerðir sem grípa þarf til verði skipulagðar og samstaða sköpuð um þær, m.a. með klasasamstarfi með þátttöku atvinnulífs, sveitarfélaga og ríkis.

6. **Rannsóknir og þróun.**
   Stuðla skal að rannsóknum, tækniþróun, nýsköpun og atvinnuþróun tengdri endurnýjanlegum orkugjöfum. Menntun og fræðsla á þessu sviði skal einnig efld.
7. **Ísland sem tilraunavettvangur.**
   Ísland er ákjósanlegur vettvangur til að reyna ýmsar nýjungar í notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum í samgöngum. Efla skal þátttöku í erlendu samstarfi í því skyni að laða að þekkingu og fjármagn.
8. **Stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun.**
   Efla skal stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun í tengslum við orkuskipti í samgöngum og stefnt skal að sérstakri fjármögnun verkefna á þessu sviði. Fé til verkefna sem tengjast orkuskiptum í samgöngum verði aukið.
9. **Alþjóðasamstarf.**
   Ísland uppfylli allar þær skyldur og kröfur sem alþjóðasamþykktir gera til landsins varðandi losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum, orkusparnað og hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum. Jafnframt taki Ísland þátt í alþjóðlegum verkefnum á þessu sviði eftir því sem efni þykja til.

1659. Fyrirspurn [876. mál]

til innanríkisráðherra um stöðu lífsskoðunarfélaga.

Frá Baldri Þórhallssyni.

1. Hefur ráðherra í hyggju að jafna stöðu lífsskoðunarfélaga, hvort sem um er að ræða veraldleg eða trúarleg félög, með sérstakri lagasetningu?
2. Hvað hefur verið gert í ráðuneytinu til þess að undirbúa slíka lagasetningu?

Skriflegt svar óskast.

1660. Fyrirspurn [877. mál]

til utanríkisráðherra um IPA-landsáætlun.

Frá Baldri Þórhallssyni.

1. Hvað líður samþykkt IPA-landsáætlunar fyrir 2011 vegna undirbúnings hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu?
2. Hver er hagur Íslendinga af samþykkt landsáætlunarinnar?

Skriflegt svar óskast.

1661. Nefndarálit [824. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum (í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga o.fl.).

Frá 3. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Of mikill hraði og óskyld mál.

Þriðji minni hluti gagnrýnir að flutt sé frumvarp, sem fer hraðferð í gegnum þingið til þess að framfylgja yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og að inn í það sé blandað óskyldum atriðum (í 7. gr. og 9.–15. gr.). Slík hraðferð kemur niður á gæðum nefndarstarfs og lagasetningar og hefur verið tíðkuð allt of oft undanfarið. Vinnubrögð sem þessi voru fordæmd í skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (þskj. 1501, 705. mál á 138. löggjafarþingi). Þar var jafnframt að finna þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti með 63 samhljóða atkvæðum hinn 28. september 2010. Þar ályktar Alþingi m.a. að brýnt sé að starfshættir þingsins verði teknir til endurskoðunar. Í skýrslunni kemur fram að auka beri fagmennsku við undirbúning löggjafar og lagði nefndin til að ríkisstjórn verði gert að leggja fram stjórnarfrumvörp með góðum fyrirvara þannig að þingmönnum gefist gott ráðrúm til að taka þau til faglegrar skoðunar, upplýstrar málefnalegrar umræðu og afgreiðslu. Þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við framlagningu frumvarpsins eru ekki í samræmi við þingsályktunina sem allur þingheimur var sammála um og verður að telja það ámælisvert. Þá er til vansa að ónauðsynlegum atriðum og óskyldum yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sé blandað inn í frumvarpið, sem gera verður kröfu til að hefðu átt að koma inn á frumvarpsformi á réttum tíma. Mun 3. minni hluti almennt ekki fjalla um þau atriði. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núgildandi lögum sem sett voru haustið 2009. 3. minni hluti varaði þá við að innleiðing auðlegarskatts og breytingar á lögum um tekjuskattlagningu fyrirtækja væru ekki til bóta en stjórnarmeirihlutinn skellti skollaeyrum við því. Nú er verið að lagfæra og hverfa frá lögum sem einmitt varað var við að tækju gildi. Svona vinnubrögð eru ólíðandi og virðist eiga að endurtaka þau hér.

Nokkur atriði frumvarpsins eru ótengd framangreindri yfirlýsingu vegna kjarasamninga. Flest atriði frumvarpsins eru leiðrétting á nýlega settum lögum sem einnig voru keyrð í gegn með miklum hraða og komið hefur í ljós að eru ekki í lagi. Þá þarf efnahags- og skattanefnd að breyta flestum ákvæðum frumvarpsins vegna þess að þau eru gölluð í frumvarpinu. Um er að ræða:

	Lýsing	Vegna yfirlýsingarinnar	Leiðrétting á eldri lögum	Gallar í frumvarpi
1. gr.	Vextir til útlanda	já	já	já
2. gr., 4. gr., 5. gr.	Skattlagning hluta arðs sem laun	já	já	já
3. gr.	Skattlagning arðs/söluhagnaðar á milli félaga	já	já	já
6. gr.	Verðtrygging persónuafsláttar	já	nei	já
7. gr.	Heimild skattstjóra til að leiðrétta álagningu	nei	já	já
8. gr.	Vegna auðlegðarskatts á hlutabréf	já	já	já
9. gr.	Eignaskattar á lífeyrissjóði v. vaxtaniðurgreiðslu	nei	nei	já
10. gr., 11. gr.	Virðisaukaskattur á rafrænni þjónustu	nei	já	já
12. gr.	Áfengi í fríhöfnum	nei	nei	já
13. gr., 14. gr.	Styrkir til nýsköpunar / ESA	nei	já	nei
15. gr.	Skattur á fjármálafyrirtæki v. vaxtaniðurgreiðslu	nei	nei	já
16. gr.	Skattur á iðgjöld lífeyrissjóða v. VIRK	já	nei	já
17. gr.	Gildistaka	já/nei	já/nei	já

Framsal löggjafarvalds.

Þriðji minni hluti hlýtur að gagnrýna að í tengslum við kjarasamninga sé ríkisstjórnin að gefa yfirlýsingar sem þarfnast lagasetningar frá Alþingi. Þannig er Alþingi stillt upp við vegg. Ef það ekki afgreiðir nauðsynlega lagasetningu eru kjarasamningar í uppnámi. Nægir þar að nefnda ákvæði um skattlagningu lífeyrissjóða. Þannig hefur löggjafarvaldið verið flutt frá Alþingi í trássi við stjórnarskrá.

Ekkert samráð. Kjarasamningar í uppnám?

Þriðji minni hluti fagnar því að kjarasamningar til langs tíma hafi náðst enda er það ein af forsendum þess að atvinnulífið geti farið í gang þó að ekki sé það nægileg forsenda. Hins vegar virðist frumvarpið vera unnið án nægilegs samráðs við aðila kjarasamningsins þannig að miklar efasemdir eru upp um að þeir telji að innihald yfirlýsingarinnar komi fram í frumvarpinu og jafnvel að það gangi þvert á yfirlýsinguna og að kjarasamningar kunni því að vera í uppnámi. Nægir þar að nefnda ákvæði um skattlagningu lífeyrissjóða. Í umsögn ASÍ kemur fram að fullyrðing í greinargerð frumvarpsins, um að fyrir liggi samkomulag um að tekna til niðurgreiðslu vaxta verði aflað með skattlagningu, sé ósönn. Ekkert slíkt samkomulag liggi fyrir.

Þá mótmælir ASÍ því harðlega að fjármögnun VIRK starfsendurhæfingarsjóðs sé einungis tryggð í nokkra mánuði með ákvæðum 16. gr. Þannig hafi í þrígang verið samið um sjóðinn og langtímafjármögnun hans og það virðist ætla að bregðast enn einu sinni.

Það eru helst þessi atriði í 9. gr. og 16. gr., sem varða skattlagningu lífeyrissjóðanna, sem virðast hafa komið aðilum vinnumarkaðarins og fleirum á óvart. Landssamtök lífeyrissjóða segja frumvarpið innihalda rangfærslur og að þeir munu aldrei semja um álagningu eignarskatta á lífeyrissjóðina. ASÍ segir frumvarpið auka á mismun á lífeyrisréttindum sem það lagði einmitt mikla áherslu á í yfirlýsingunni að yrði jafnaður. Ef samninganefnd ASÍ, sem kemur saman 22. júní nk., metur það svo að þær lagabreytingar sem heitið er í yfirlýsingunni hafi ekki náð fram að ganga rofna samningar í lok janúar 2012 og verður það að teljast mjög alvarlegt. Samtök atvinnulífsins gera alvarlega athugasemdir við skattlagningu á lífeyrissjóði og fjármálafyrirtæki benda á þá leið að þessara tekna verði aflað með fyrirhuguðum útboðum Seðlabankans vegna afnáms gjaldeyrishafta.

Þriðji minni hluti varar við tilhneigingu ríkisstjórnar, sem virðist fara vaxandi, til að hunsa allt samráð við aðila sem frumvörp varða, sem og þingmenn, og hvetur hana til að hverfa af braut einræðistilburða og taka upp lýðræðislegri vinnubrögð.

Atriði til bóta.

Nokkur atriði í frumvarpinu telur 3. minni hluti vera til bóta. 6. gr. fjallar um að persónuafsláttur verði í samræmi við yfirlýsinguna aftur verðtryggður og er það í takt við stefnu Sjálfstæðisflokksins þó að orðalagið í frumvarpinu sé gallað. Þetta atriði er mikilvægt til að vernda tekjulága launþega fyrir of mikilli skattlagningu í erfiðu árferði. Bendir 3. minni hluti þó á að í ákvæðið vantar hækkun vegna verðbólgu frá janúar 2009 til janúar 2011, sem svarar til 5.002 kr. á mánuði miðað við hækkun vísitölu neysluverð til verðtryggingar frá janúar 2009 til janúar 2011, sem svo mundi hækka enn frekar 1. janúar 2012.

Skattlagning lífeyrissjóða.

Með lögum 1974 og 1980 var öllum launþegum og síðan sjálfstæðum atvinnurekendum gert að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs viðkomandi starfstéttar eða starfshóps þannig að fólk

áynni sér lífeyrisrétt í samræmi við tekjur yfir starfsæfina. Þar með urðu lífeyrissjóðirnir veigamikill hluti af velferðakerfi landsins og eiga að tryggja fólki áframhaldandi lífskjör og framfærslu þó að það og fjölskyldan lendi í tekjumissi vegna ótímabærs dauða, örorku eða hárrar elli. Ásamt Tryggingastofnun, sem tryggir framfærslu, eru þeir undirstaða tryggingakerfisins. Þess vegna hefur engum dottið í hug að skattleggja lífeyrissjóðina á nokkurn máta enda eru lífeyrisgreiðslur þeirra skattaðar eins og launatekjur. Með þessu frumvarpi er ríkisstjórnin að fara út á nýja og mjög hála braut með því a gefa fordæmi fyrir því að skattleggja lífeyrissjóðina vegna „góðra“ mála eða til að leysa brýnan vanda. „Góð“ mál munu alltaf finnast og ætíð er við einhvern brýnan vanda að etja.

Sérstakan varhug ber að gjalda við ákvæðum 9. gr. um eignarskatt á lífeyrissjóðina til þess að greiða fyrir sérstakar vaxtabætur. Lífeyrissjóðirnir eiga enga „eign“ eins og rökstutt er hér á eftir og þessi skattlagning kemur fram sem neikvæðir vextir á fé sjóðanna sem nemur 0,0972% og lækkar því raunávöxtun sjóðanna sem því nemur. Staða sjóðanna er mjög viðkvæm fyrir slíkri skattheimtu en lauslegt tryggingafræðilegt mat er að til að mæta 0,5% varanlegri lækkun raunvaxta lífeyrissjóðs (úr 3,5% í 3,0%) þurfi að hækka iðgjald varanlega um 1,5% af launum allra sjóðsfélaga (úr 12% í 13,5%) eða skerða lífeyri varanlega um 11% eða hækka ellilífeyrisaldur um tæplega þrjú ár (úr 67 árum í 70 ár). Sjá fylgiskjal um 3,5% vaxtaviðmið lífeyrisjóðanna.

Eignir lífeyrissjóða.

Eignir lífeyrissjóðanna eru ætlaðar til að greiða sjóðfélögum þeirra lífeyri, ef þeir og fjölskylda þeirra verða fyrir tekjumissi vegna ótímabærs dauða, örorku og elli. Þessar skuldbindingar sjóðanna eru reiknaðar árlega af tryggingafræðingum og eiga eignir þeirra að standa undir skuldbindingunum með 10% vikmörkum. Hrunið olli sjóðunum miklum búsifjum og hafa margir almennu sjóðanna þurft að skerða lífeyri (sem þeir höfðu reyndar sumir hækkað áður í góðærinu) eða þeir eru við neðri vikmörk. Þess vegna er alls ekki um einhverja „eign“ að ræða sem hægt er að seilast í. Eignir sjóðanna nægja yfirleitt ekki fyrir skuldbindingum sem stendur en eiga að standast á skuldbindingarnar samkvæmt lögum. Er Ísland eitt af örfáum löndum í heimi, sem eiga fullfjármagnað lífeyriskerfi (B-deild LSR undanskilin) og hefur það verið Íslandi mikill styrkur í hremmingum undanfarinna ára.

Til að átta sig á skuldbindingunum má nefna að einstaklingur sem greiðir 12% (áður 10%) iðgjald til lífeyrissjóðs frá 27 ára aldri til 67 ára aldurs (venjuleg starfsæfi) er búinn að greiða á þessum 40 árum 400%–480% af meðalárslaunum til sjóðsins eða sem svarar 4–5 árslaunum. Hann lifir hins vegar og tekur ellilífeyri í 12–15 ár (eftir kyni) eftir 67 ára aldur og duga því fimmföld árslaun skammt ef ekki kom til raunvextir umfram laun. Svo koma barna-, maka- og örorkulífeyrir til viðbótar og eru þær greiðslur umtalsverðar.

Opinberir lífeyrissjóðir og almennir.

Opinberu lífeyrissjóðirnir (ríkis og sveitarfélaga) tryggja sjóðfélögum sínum föst lífeyrisréttindi með lögum og þó að sjóðirnir verði fyrir áfalli (hruni) eða skattlagningu eða nái ekki viðmiðinu um ávöxtun (3,5%) þá skiptir það sjóðfélagana engu máli. Ríkið eða sveitarfélagið verða að hækka iðgjaldið og til þess þarf aukna skatta. Almennu lífeyrissjóðirnir hafa ekki slíkan bakhjarl og því þurfa þeir að skerða lífeyri, hækka iðgjald eða hækka ellilífeyrisaldur. Hærra iðgjald fyrirtækja skerðir getu fyrirtækja til að greiða hærri laun. Skattlagning lífeyrissjóða kemur því beint eða óbeint niður á kjörum fólks á almennum vinnumarkaði og svo þarf það að standa undir aukinni skattgreiðslu til að greiða hækkað iðgjald til opinberu lífeyrisjóðanna. Skattlagningin kemur því tvöföld í bakið á þessu fólki eins og hrunið gerði líka.

Talið er að hækka þurfi iðgjald ríkisins til A-deildar LSR úr 11,5% af launum í 15,5% af launum að hluta til vegna hrunsins. Opinberir starfsmenn greiða 4% og því þarf heildariðgjaldið að hækka í 19,5% af launum. Þá eru ógreiddar 360 milljarðar kr. til að standa undir skuldbindingum B-deildar LSR og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (1,1 millj. kr. á hvern íbúa landsins) og hafa þær skuldbindingar ekki verið færðar sem slíkar í fjárlög. Þá vantar skuldbindingu sveitarfélaganna vegna starfsmanna sinna. Þetta mun þýða verulegar skattahækkanir sem allir launþegar þurfa að greiða beint eða óbeint.

Markmið yfirlýsingarinnar um lífeyrissmál.

Geta almennu lífeyrissjóðanna til að greiða lífeyri versnar vegna skattlagningar á lífeyrissjóði á meðan opinberir starfsmenn njóta óskerts lífeyris. Þannig eykur sérhver skattlagning á lífeyrissjóði þann mun sem er á lífeyriskjörum landsmanna. En það var einmitt undirstrikað í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að stefnt skuli að því að jafna þann mun. 9. og 16. gr í frumvarpinu um nýja skatta á lífeyrissjóði ganga því þvert á þetta markmið og er ekki furða þó að aðilar kjarasamninga sú óánægðir með þessi ákvæði. Leggur 3. minni hluti til að ríkisstjórnin ræði við þessa aðila um aðrar leiðir en skattlagningu.

VIRK starfsendurhæfingarsjóður.

Fjölgun öryrkja hefur verið mjög mikil undanfarna tvo áratugi. Hefur örorkulífeyrisþegum hjá Tryggingastofnun fjölgað úr 4.646 í 14.714 eða 3,9% af mannfjölda (16 ára til 66 ára) á tuttugu árum, frá 1990 til 2010. Þetta er mjög uggvænleg þróun að mati margra og benda sumir á að um kerfislægan vanda sé að ræða. Of lítið sé gert til að viðhalda og efla tengsl þeirra sem verða öryrkjar við atvinnulífið og virkja og efla getu þeirra. Einblínt sé á vangetuna, örorkuna.

Þá er matskerfið, 75% örorka, mjög varasamt. Sá sem metinn er meira en 75% öryrki fær fullar bætur, sem svo eru skertar vegna annarra tekna. Hins vegar ef hann endurhæfist þannig að hann verði 74% öryrki fær hann mjög litlar bætur. Þetta er ekki beint hvati til þess að endurhæfast.

Kvartað hefur verið undan því að starfsendurhæfing og aðlögun að vinnumarkaði sé í skötulíki. Sá sem verður öryrki er því í mjög slæmri stöðu. Hann verður óvirkur og fær fljótlega á tilfinninguna að hann sé óþarfur. Margir öryrkjar kvarta undan fordómum, einangrun og stefnuleysi sem afleiðingu af þessu sinnuleysi kerfisins. Kerfið gerir því hlutskipti öryrkja verra en ella og oft má líkja því við harmleik þegar fólk verður öryrkjar sem eftir áfall hefði geta orðið virkt aftur með nauðsynlegum stuðningi.

Þess vegna hefur undanfarin 10 ár, að atbeina Landssamtaka lífeyrissjóðanna, aðila vinnumarkaðarins og seinna í nefnd á vegum forsætisráðuneytisins, verið unnið að því að ráða bót á þessu. VIRK er í reynd afrakstur af þessu starfi. Það er sannfæring 3. minni hluta að með slíku starfi megi hemja fjölgun öryrkja og allir munu hagnast á því. Öryrkinn sem virkjar getu sína og fær starf við hæfi og tilgang. Atvinnulífið sem nýtur starfskrafta fyrrverandi öryrkja og reynslu. Lífeyrissjóðurinn og Tryggingastofnun sem lækka útgjöld sín. Svo þjóðfélagið í heild. Þess vegna styður 3. minni hluti allar aðgerðir, sem geta styrkt þetta starf en bendir á að einnig sé mikilvægt að taka á matinu, 75% örorkunni, sem sé kerfislæg villa.

Mikilvægt er að þessari starfsemi sé fundin fjármögnun til frambúðar og ættu allir að leggjast á eitt að hún finnist. T.d. með því að heimila lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun að greiða til hennar eingreiðslur, sem t.d. svara til þriggja ára lífeyrisgreiðslna, þegar öryrki endurhæfist, enda spara þessir aðilar fé sem ella færi í lífeyrisgreiðslur. Einnig gætu ríkið og

sveitarfélög komið að fjármögnun með sama hætti þannig að andvirði t.d. þriggja ára skattgreiðsla viðkomandi yrði endurgreitt til starfseminnar. Mest af öllu varðar að koma þessari starfsemi á þannig að fjöldi öryrkja verði ekki meiri en nauðsynlegt er og eðlilegt. Það er miður ef ríkisvaldið stendur ár eftir ár gegn þróun þessarar starfsemi vegna misskilnings og deilna um hver eigi að gera hvað.

Í umsögnum var bent á að lagagrunn skorti fyrir starfsemi VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. 3. minni hluti tekur undir nauðsyn þess að starfseminni sé settur slíkur rammi enda er sjóðnum ætlaðir miklir fjármunir.

Frumvarpið.

Einstakar greinar.

Með 1. gr. er að einhverju leyti tekin til baka breyting sem gerð var fyrir ári á skattlagningu vaxta, sem greiddir eru til útlanda en 3. minni hluti varaði við því á þeim tíma. Verður að telja ámælisvert að gerðar séu svo vanhugsaðar breytingar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skattleggja skuli vexti greidda til tengdra aðila. Það getur verið snúið að finna út hvað aðilar eru tengdir vegna þess hve auðvelt er að dylja eignahald í félögum erlendis, t.d. í Lúxemborg eða á Tortóla-eyju. Þá geta aðilar tengst og orðið ótengdir eftir viðskipti erlendis. 3. minni hluti leggur til að þetta atriði verði skoðað seinna í ljósi líklegra breytinga erlendis.

Þriðji minni hluti er hlynntur breytingum sem gerðar eru í 3. gr. frumvarpsins en þar er slakað á kröfum sem gilda þurfa um frádráttarbærni arðs og söluhagnaðar. Eðlilegra hefði þó verið að fella þessi skilyrði alveg niður.

Leiðrétting.

Í 2. gr., 4. gr. og 5. gr. er gerð tilraun til að leiðrétta og skýra nánar atriði sem lögfest var með lögum nr. 128/2009. Lögunum var ætlað að koma í veg fyrir misnotkun sem fólst í því að sjálfstætt starfandi menn stofnuðu einkahlutafélög um reksturinn og greiddu sér hluta tekna sinna sem arð og greiddu þá tekjuskatt fyrirtækja (15%, nú 20%) og fjármagnstekjuskatt (10%, nú 20%) af því sem eftir var. Þeir greiddu ekki tryggingagjald og önnur launatengd gjöld. Hefur þessi breyting valdið miklum heilabrotum og bitnað á starfsmönnum venjulegra fyrirtækja. Þá þykir mörgum undarlegt að sömu tekjur séu skattlagðar bæði sem fjármagnstekjur og launatekjur. Telur 3. minni hluti að réttast væri að þessi breyting frá 2009 yrði dregin til baka enda hefur ávinningur af slíkum æfingum minnkað mikið við hækkun á tekjuskatti fyrirtækja úr 15% í 20% og á fjármagnstekjuskatti úr 10% í 20%. Má álykta að þessar breytingar hafi verið gerðar þar sem skattyfirvöld hafi gefist upp á að beita ákvæðum skattalaga um reiknað endurgjald.

Líkt og fram hefur komið telur 3. minni hluti mikilvægt að persónuafsláttur hækki í samræmi við verðbólgu en bendir á að orðalag 6. gr. frumvarpsins þarf að lagfæra eigi að lögfesta það þannig að það sé til samræmis við það hvernig vísitala neysluverðs til verðtryggingar er reiknuð út.

Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að í stað þess að miða ákvörðun auðlegðarskattsstofns við raunvirði hlutabréfa (hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé) verði miðað við stofnverð, þ.e. kostnaðarverð hlutabréfa við kaup þeirra eða stofnun félagsins. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ástæða þessarar breytingartillögu séu vandkvæði á því að meta raunvirði hlutabréfa en í umsögn ríkisskattstjóra var ekki fallist á að það sjónarmið gæti réttlætt svo róttæka breytingu. 3. minni hluti gerir alvarlegar athugasemdir við þessi vinnubrögð. Hér er verið að breyta afturvirkt forsendum skattstofns sem getur bæði verið til hagsbóta og til

skaða fyrir skattþegna. Hér enn að koma í ljós sá flumbrugangur sem einkennt hefur þær gífurlegu skattbreytingar undanfarin ár sem gjörbreytt hafa ásýnd þjóðfélagsins.

Fjármálaráðuneytið kom með tillögu til efnahags- og skattanefndar um breytingu á þessu ákvæði og leggur meiri hlutinn til breytingu því til samræmis. Er þar lagt til að auðlegðarskattur verði ekki lagður á í tvennu lagi, þ.e. á nettóeignir aðrar en eigið fé að baki hlutafjár á fyrra ári og síðan endurmetið eigið fé að baki hlutafjár á síðara ári, heldur í einu lagi. Það mun hafa í för með sér að matið á nettóeignum í formi eigin fjár/hlutafjár byggist á skattalegu uppgjöri fyrirtækja einu ári fyrr. Þannig verður mat á skattalegu eigin fé við álagningu 2012 byggt á skattalegu uppgjöri fyrirtækja vegna rekstrarársins 2010 og skattlagt með annarri nettóeign aðila eins og hún stóð í árslok 2011. Endurreikningur auðlegðarskattsstofns og álagning auðlegðarskatts á árinu 2013 fellur niður. Leggur meiri hlutinn til að breytingin komi til framkvæmda við álagningu opinbera gjalda árið 2012.

Álagningarár	Eign (án hlutabréfa) í árslok	Hlutabréfaeign í árslok	Hlutabréfaeign endurreiknuð álagningarár
2010	2009	2009	2011
2011	2010	2010	2012
2012	2011	2010	
2013	fellur niður		

Í tillögunni virðist ekki gert ráð fyrir að eignarhald manna á hlutabréfum breytist á árinu 2011. Ef maður hefur selt hlutabréf fyrir 20 millj. kr. á árinu 2011 og keypt fyrir andvirðið íbúð eða lagt inn á bankareikning þá telja báðar eignirnar. Eins virðist ekki vera gert ráð fyrir að hlutabréfin tapist alveg á árinu 2011. Ef hann hins vegar hefur keypt hlutabréf fyrir 20 millj. kr. og notað til þess sparifé á bankabók eða tekið til þess lán telur hvorug eignin eða lánið lækkar stofn til auðlegðarskatts. Þeir sem ekki kæra sig um að greiða auðlegðarskatt munu leika þann leik að kaupa hlutabréf í árslok gegn láni og selja svo aftur eftir áramót. Hlutabréfið telur ekki en lánið dregst frá eignum. Þetta gengur auðvitað ekki upp. Allur þessi málatilbúnaður, skyndilausnir og árlegar, illskiljanlegar breytingar, jafnvel afturvirkar, gerir skattgreiðandann óöruggan og tortrygginn. Fyrir nú utan það að svokölluð „auðlegð“, 75 millj. kr. nettóeign, er hjá mörgum afrakstur sparnaðar og ráðdeildar um árabil og finnst þeim illa verðlaunuð sú hegðun. 3. minni hluti áréttar að ákvæði frumvarpsins sem og breytingatillaga meiri hlutans eru illa ígrunduð

Hér að framan hefur verið rætt ýtarlega um ákvæði 9. gr. um eignarskatta á lífeyrissjóði. 3. minni hluti er andvígur því ákvæði. Rétt er jafnframt að benda á að ákvæði 9. og 15. gr. um skatt á lífeyrissjóði og fjármálafyrirtæki eru ekki tilkomin vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar. 3. minni hluti fjallar að öðru leyti ekki um ákvæði sem ekki eru tilkomin vegna yfirlýsingarinnar en áréttar þá afstöðu sína að með þeim ákvæðum er blandað saman óskyldum hlutum og því ættu þau ákvæði með réttu ekki að vera hluti af fyrirliggjandi frumvarpi.

Skattlagning vegna VIRK.

Í 16. gr. er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir greiði 0,13% af iðgjaldsstofni til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Eins og getið er um hér að framan hefur þetta ákvæði eingöngu áhrif á almennu lífeyrissjóðina því opinberu sjóðirnir fá þetta bætt með hærra iðgjaldi frá opinberum aðilum, launagreiðendum sínum.

Gildistaka í 17. gr.

Margir umsagnaraðilar bentu á að gildistaka greiðslu til VIRK ætti að eiga sér stað eftir að viðkomandi lagaákvæði er fallið úr gildi. Nái frumvarpið fram að ganga er augljóst að þetta þarf að laga.

Með vísan til framangreindra athugasemda og í ljósi þeirra verulega vankanta sem eru á fyrirliggjandi frumvarpi leggur 3. minni hluti til að frumvarpið verði **fellt.**

Alþingi, 7. júní 2011.

Pétur H. Blöndal, frsm. Tryggvi Þór Herbertsson.

Fylgiskjal.

Pétur H. Blöndal:

3,5% vaxtaviðmið lífeyrissjóða.

Nokkur umræða hefur spunnist um þau 3,5% vaxtaviðmið sem notuð er af tryggingafræðingum til að núvirða væntanlegan lífeyri og framtíðariðgjöld, sem og verðbréfaeign lífeyrissjóða, og kveðið er á um í 19. og 20. gr. reglugerðar 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sumir halda því fram að þessi viðmið hafi áhrif og virki jafnvel sem lágmark fyrir raunvexti í landinu. Þeir geti ekki farið undir þessi mörk. Þeir ættu að setja sig í spor sjóðstjóra hjá lífeyrissjóði sem þarf að ráðstafa fé en vill ekki sætta sig við lægri vexti en 3,5% vegna þess að lífeyrissjóðurinn hans missir eign við slíka aðgerð eins og lýst er hér á eftir. Hann gerir tilboð aftur og aftur á markaði og í útboðum en fær aldrei vegna þess að meira framboð er af fé en eftirspurn og aðrir fá öll bréfin vegna þess að þeir sætta sig við t.d. 3,0% markaðsávöxtun á verðtryggð ríkistryggð skuldabréf. Ef hann bíður eftir því að markaðsávöxtun hækki og tekur áhættu af því og hún hækkar ekki þá er hann með fjármagn lífeyrissjóðsins á mjög lágum vöxtum (0,15%) á hlaupareikningi. Hann getur sætt sig við meiri áhættu eða reynt fyrir sér erlendis en þar eru öruggir markaðsvextir enn lægri, jafnvel óverðtryggðir og gengisáhætta bætist við. Í öllu falli tekur hann áhættu og getur tapað enn meira. Hann verður því að hlýða markaðsvöxtum og „tapa“ á fjárfestingunni í þeim skilningi að eign lífeyrissjóðsins rýrnar við kaupin. 20 ára skuldabréf með einni greiðslu, 100 millj. kr. í lokin kostar til að mynda 55,4 millj. kr. (=100/1,030^20) miðað 3,0% ávöxtunarkröfu en er metið á 50,3 millj. kr. (=100/1,035^20) við útreikning í eignasafni sjóðsins miðað við 3,5% vaxtaviðmiðið. Eign sjóðsins lækkar því, „rýrnar“, um 5,1 millj. kr. þ.e. 9,2% þegar 55,4 millj. kr. eru notaðar af handbæru fé til að kaupa þetta skuldabréf. Sjóðurinn „tapar“ 5,1 millj. kr. á aðgerðinni. En ef ekkert er að gert tapar sjóðurinn enn meiru með því að fá lága nafnvexti og enga verðtryggingu á þetta fé.

Þessi vaxtaviðmið, 3,5%, eru ætluð til að jafna aðstöðu sjóðfélaga, sem eru á misjöfnum aldri og eiga eftir að greiða mislengi í lífeyrissjóðinn sinn og sumir hafa jafnvel hafið töku lífeyris. Ef vaxtaviðmið lífeyrissjóðsins væru til langframa lægri en markaðsvextir, væru lífeyrisgreiðslur of lágar eða iðgjald of hátt og sjóðurinn mundi safna eignum umfram skuldbindingu. Fyrstu lífeyrisþegarnir mundu fá of lágan lífeyri en þeir sem seinna kæmu fengju miklu hærri lífeyri vegna „of“ góðrar stöðu lífeyrissjóðsins. Þess vegna er þetta vaxtaviðmið

ekkert annað en tilraun til að meta hvaða raunávöxtun lífeyrissjóðirnir muni ná til framtíðar og jafna þannig aðstöðu sjóðfélaga. Eftir að 3,5% vaxtaviðmið var tekið upp um 1980 hafa öruggir raunvextir oft verið hærri og stundum lægri en ekki hefur komið upp umræða um að breyta viðmiðinu fyrr en nú enda hefur það endurspeglað örugga raunvexti í landinu nokkuð vel.

Raunvextir hafa verið mjög háir hér á landi, bæði vegna þess að frjáls sparnaður er mjög lítill, neysla mikil og mörg fjárfestingartækifæri hafa verið mjög gjöful. Nú kann að verða breyting á vegna samdráttar og því kann að reynast nauðsynlegt að lækka þetta viðmið, t.d. í 2,5%, sem hefði mjög mikil áhrif á stöðu lífeyrissjóða til hins verra. Við því er hægt að bregðast með hækkun iðgjalds, sem skerðir kjör vinnandi fólks eða með skerðingu lífeyris, sem skerðir kjör þeirra sem hættir eru að vinna eða með því að hækka ellilífeyrisaldurinn. Eflaust verður farin blanda af öllum þessum leiðum.

Í töflunni hér á eftir er sýnt nauðsynlegt iðgjald sem þarf til að standa undir núverandi lífeyrisréttindum almennu lífeyrissjóðanna miðað við ýmsar forsendur um viðmiðunarvextir (raunvaxtastig í þjóðfélaginu) og ellilífeyrisaldur. Taflan byggist á mjög lauslegum útreikningum. Á töflunni sést að þriggja ára hækkun ellilífeyrisaldurs svarar nokkurn veginn til 0,5% lækkunar á ávöxtun. Þannig krefst núverandi staða, 3,5% vaxtaviðmið, 67 ára ellilífeyrisaldur 12,0% iðgjalds, sem er í gildi. Ef vaxtaviðmiðið, langtímaávöxtun sjóðanna, lækkar um 0,5% í 3,0%, þarf að hækka iðgjaldið í 13,5%, eða um 1,5% af öllum launum landsmanna, eða hækka ellilífeyrisaldurinn í 70 ár (sem krefst 11,8% iðgjalds) eða skerða lífeyri varanlega um 11%. (Hann stendur á móti iðgjaldstekjum sem væru 12% en þyrftu að vera 13,5% (=1-12/13,5).)

Nauðsynlegt iðgjald fyrir hefðbundinn íslenskan lífeyrissjóð.

Raunvextir	Ellilífeyrisaldur			
	67 ár	68 ár	69 ár	70 ár
1,0%	22,4%	21,3%	20,4%	19,5%
1,5%	19,6%	18,7%	17,9%	17,1%
2,0%	17,2%	16,5%	15,7%	15,1%
2,5%	15,2%	14,5%	13,9%	13,3%
3,0%	13,5%	12,9%	12,3%	11,8%
3,5%	12,0%	11,5%	11,0%	10,5%

1662. Nefndarálit [783. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (slit, eftirlit og innleiðing).

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Auði Ýr Steinarsdóttur og Kjartan Gunnarsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Ásu Ólafsdóttur lektor fyrir hönd ráðuneytisins, Önnu M. Karlsdóttur, Björk Sigurgísladóttur, Gunnar Andersen og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirliti, Herdísi Hallmarsdóttur, Kristinn Bjarnason og Einar Jónsson frá slitastjórn Landsbanka Íslands, Pál Eiríksson og Steinunni Hólm Guðbjartsdóttur frá slita-

stjórn Glitnis, Davíð Gíslason úr slitastjórn Kaupþings, Kolbein Árnason frá skilanefnd Kaupþings og Hildi Pétursdóttur, Hlyn Jónsson og Jóhann Pétursson frá slitastjórn SPRON. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands, Logos slf. lögmannsþjónustu, Lögmannafélagi Íslands, Seðlabanka Íslands, slitastjórn Glitnis, Kaupþingi banka hf., skilanefnd og slitastjórn Landsbanka Íslands, slitastjórn SPRON og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu eru einkum lagðar til breytingar á ákvæðum XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki sem fjallar um endurskipulagningu fjárhags, slit og samruna fjármálafyrirtækja. Einnig eru lagðar til breytingar á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum. XII. kafli laganna byggist á tilskipun 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana en hún var innleidd með lögum nr. 130/2004 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um vátryggingastarfsemi. Frekari breytingar voru gerðar á XII. kafla með lögum nr. 44/2009 en frumvarp til þeirra laga var afrakstur heildarendurskoðunar á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki og var lagt fram sem viðbrögð við því ástandi sem skapaðist í kjölfar falls viðskiptabankanna þriggja.

Verður nú gerð grein fyrir helstu breytingum sem felast í frumvarpinu og þeim breytingum sem meiri hlutinn leggur til. Í 2. gr. er kveðið á um að hæfisskilyrði 2. mgr., 4. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 52. gr. laganna nái einnig til slitastjórna. Nefndin leggur til að ákvæðið nái einnig til skilanefnda og bráðabirgðastjórna. Við umfjöllun um málið í nefndinni var lagt til að einnig yrði vísað til 5. mgr. og 6. mgr. 52. gr. laganna en í 5. mgr. er mælt fyrir um að þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. sömu greinar geti stjórnarmaður tekið sæti í stjórn annars fjármálafyrirtækis, vátryggingafélags eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu fjármálafyrirtækisins eða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu félags með yfirráð í fjármálafyrirtækinu. Í 6. mgr. er kveðið á um að stjórnarseta skv. 5. mgr. sé háð því að hún skapi ekki hættu á hagsmunaárekstrum að mati Fjármálaeftirlitsins. Nefndin tekur ekki undir ábendingar um að bæta 5. og 6. mgr. 52. gr. laganna við upptalningu 2. gr. frumvarpsins meðal annars vegna þess að skilanefndir og slitastjórnir hafa almennt meiri afskipti af daglegum rekstri fjármálafyrirtækja í slitum en stjórnarmenn í fjármálafyrirtækjum sem eru hvorki í fjárhagslegri endurskipulagningu né slitum. Í 3. gr. er lagt til að við frumvarpið bætist ný grein sem ber yfirskriftina „sérstakt eftirlit Fjármálaeftirlitsins“. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með rekstri fjármálafyrirtækis sem er stýrt af slitastjórn óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hafi starfsleyfi, takmarkað starfsleyfi eða hvort starfsleyfi hafi verið afturkallað. Skv. 4. mgr. ná ákvæði greinarinnar um sérstakt eftirlit til slitastjórna, skilanefndar og bráðabirgðastjórna. Samkvæmt frumvarpinu nær eftirlitið meðal annars til viðskiptahátta og er gengið út frá því að framganga fjármálafyrirtækis í endurskipulagningu eða slitum skuli vera í samræmi við það sem tíðkast almennt hjá fjármálafyrirtækjum með gilt starfsleyfi. Þá er í 2. mgr. mælt fyrir um að viðskipti fjármálafyrirtækis í endurskipulagningu eða slitum, við aðila í slitastjórn eða aðila í nánum tengslum við slíkan aðila, skuli fara að reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur og að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með því að svo sé. Fyrst og fremst er um frumkvæðiseftirlit að ræða en einnig geta kröfuhafar komið ábendingum á framfæri við Fjármálaeftirlitið. Meiri hlutinn leggur til að ákvæðið taki einnig til ráðstöfunar á eignum fjármálafyrirtækisins. Í almennum athugasemdum við frumvarpið kemur fram að fjármálafyrirtæki í slitum sem hafa enn starfsleyfi lúti eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Það eigi hins vegar ekki við um þau sem hafa takmarkað eða ekkert starfsleyfi. Telja verður æskilegt að sambærilegar reglur gildi um eftirlit með stórfum slitastjórna fjármálafyrirtækja í endurskipulagningu eða slitum óháð því hvort

þau hafa enn starfsleyfi og hið sama á við um dótturfélög. Meðal ákvarðana sem Fjármálaeftirlitinu ber að athuga, verði frumvarpið að lögum, eru ákvarðanir um innheimtu og umbreytingu lána í þeim tilvikum sem það á við. Markmiðið er að viðskiptamenn fjármálafyrirtækja í slitum njóti ekki lakari stöðu við úrlausn sinna skuldamála en viðskiptamenn annarra fjármálafyrirtækja. Í 2. mgr. 3. gr. er vísað til eðlilegra viðskiptahátta og venja sbr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Gert er ráð fyrir því að eftirlit með fjármálafyrirtækjum í endurskipulagningu eða slitum nái einnig til dótturfélaga þeirra. Við umfjöllun um málið í nefndinni var bent á að þetta þýddi í reynd að Fjármálaeftirlitinu bæri að hafa eftirlit með öllum dótturfélögum fjármálafyrirtækja í endurskipulagningu eða slitum án tillits til þess hvort dótturfélög teldust til eftirlitsskyldra aðila eða ekki. Fram kom að um hundruð félaga gæti verið að ræða. Meiri hlutinn telur ekki nauðsyn á svo víðtæku eftirliti og leggur til að eftirlit Fjármálaeftirlitsins nái aðeins til þeirra dótturfélaga sem halda utan um eignir fjármálafyrirtækisins. Í 3. mgr. er mælt fyrir um þau tilvik að maður í slitastjórn neitar að afhenda Fjármálaeftirlitinu umbeðin gögn og að maður í slitastjórn fullnægir ekki almennum hæfisskilyrðum. Í 3. málsl. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti í slíkum tilvikum borið kröfu um brottvikningu manns úr slitastjórn undir héraðsdóm sem skal taka málið til úrskurðar svo fljótt sem unnt er. Við mat á því hvort störf slitastjórna teljist aðfinnsluverð ber Fjármálaeftirlitinu meðal annars að líta til þess hvort farið hafi verið að reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur sem og þess hvort viðskiptahættir samræmist því sem tíðkast í viðskiptum starfandi fjármálafyrirtækja. Þá ber að líta til þess hvort slitastjórn hafi brotið gegn ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki eða lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. Í 4. málsl. 3. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti vikið manni í slitastjórn frá störfum tímabundið þar til héraðsdómur hefur kveðið upp úrskurð um þá kröfu. Þá er í 4. mgr. mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið getið beint kröfu til héraðsdóms um að ábyrgð á rekstri fjármálafyrirtækis í slitum eða fjárhagslegri endurskipulagningu verði flutt til slitastjórnar annars fjármálafyrirtækis. Meiri hlutinn telur varhugavert að Fjármálaeftirlitið fái vald til að víkja manni úr slitastjórn sem hefur verið skipaður af dómi þótt tímabundið sé og leggur til að 4. málsl. falli brott. Þá telur meiri hlutinn það óheppilegt að slitastjórn tiltekins fjármálafyrirtækis í slitum eða fjárhagslegri endurskipulagningu taki yfir verkefni annars slíks fjármálafyrirtækis. Benda má á að kröfuhafar viðkomandi fjármálafyrirtækja kunna að hafa andstæðra hagsmuna að gæta auk þess sem það samræmist illa hæfisreglum laganna að verkefni geti flust með þessum hætti til annarrar slitastjórnar. Meiri hlutinn leggur til breytingu á 4. mgr. í þá veru að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að beina kröfu til héraðsdóms um að slitastjórn verði vikið frá í heild eða að hluta. Þá verði bætt við málslið til að hnykkja á því að héraðsdómur skuli taka kröfu Fjármálaeftirlitsins til úrskurðar þegar í stað, sbr. 2. mgr. 76. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá getur kröfuhafi einnig borið upp aðfinnslur um störf skiptastjóra við héraðsdómara. Um slíka kröfu fer eftir atvikum skv. 169. gr. sömu laga.

Lagt er til að gerð verði ríkari krafa til upplýsingagjafar slitastjórnar fjármálafyrirtækis. Í 5. gr. er lagt til að við 3. mgr. 103. gr. laganna bætist nýr málsliður þess efnis að slitastjórn skuli skylt að kynna kröfuhöfum allar umtalsverðar ráðstafanir sem varða sölu eða ráðstöfun eigna eða annarra réttinda fjármálafyrirtækis. Skal slitastjórnin boða til funda í þessu skyni. Með ákvæðinu er ætlunin að festa upplýsingagjöf til kröfuhafa í sessi. Í athugasemdum við greinina kemur fram að markmið með kynningu sé að upplýsa kröfuhafa um *væntanlegar* ráðstafanir og gefa þeim færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Í þessum orðum virðist felast að kynna skuli kröfuhöfum fyrir fram um umtalsverðar ráðstafanir. Svo er þó ekki enda er ekki kveðið á um það í sjálfu ákvæði frumvarpsins. Við umfjöllun um málið í

nefndinni var bent á þetta misræmi milli frumvarpstextans og athugasemdar við greinina. Vakin var athygli á því að þar sem það væri unnt væru ákvarðanir kynntar fyrir fram. Hins vegar væri ljóst að einatt væri útilokað að greina ítarlega frá því hvernig málum væri háttað og gæti slíkt skaðað hagsmuni búsins. Almennt er gert ráð fyrir því að slitastjórnir meti sjálfar með hvaða hætti og á hvaða tímapunkti slík upplýsingagjöf fer fram. Þó þykir rétt að ætlast verði til þess slitastjórnir kynni kröfuhöfum væntanlegar ráðstafanir í þeim tilvikum þegar slík upplýsingagjöf gæti mögulega leitt til þess að hagstæðari niðurstaða fáist, t.d. í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að eignir verði seldar á of lágu verði þar sem lánafyrirgreiðsla er ekki fyrir hendi. Þetta gæti einnig átt við ef um er að ræða mikilvægar óafturkallanlegar ráðstafanir með eignir búsins. Meiri hlutinn leggur til að hnykkt verði á því að ákvæðið nái einnig til skilanefnda.

Lagðar eru til breytingar á ákvæðum um nauðasamninga í þeim tilgangi að greiða fyrir því að unnt verði að ljúka slitum með nauðasamningi. Í a-lið 6. gr. er annars vegar lagt til að reglum um nauðasamninga við lok slita verði breytt í þá veru að lengja þann frest sem er áskilinn frá fundi um atkvæðagreiðslu um frumvarp að nauðasamningi fram til framhaldsfundar. Lagt er til að fresturinn verði átta vikur í stað tveggja eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 153. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Þetta er lagt til svo slitastjórn hafi aukið svigrúm til að gera breytingar á frumvarpi til nauðasamnings. Hins vegar er í b-lið 6. gr. lagt til að reglum um atkvæðagreiðslu um nauðasamning fjármálafyrirtækis verði breytt á þá lund að samþykki atkvæðismanna sem talið er eftir höfðatölu miðist við þá sem taka þátt í atkvæðagreiðslu en ekki við þá sem hafa lýst kröfu við slitin. Þá er áskilinn aukinn meiri hluti, þ.e. samþykki 70% þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslu talið eftir höfðatölu. Þessi breyting felur í sér efnisbreytingu frá gildandi reglum. Í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. er mælt fyrir um að 60% allra kröfuhafa talið eftir höfðatölu þurfi að samþykkja frumvarp að nauðasamningi. Í frumvarpinu felst hins vegar það nýmæli að tiltekið hlutfall kröfuhafa sem greiða atkvæði í reynd við nauðasamningsumleitanir þurfi til svo að frumvarp teljist samþykkt. Í ljósi þess að um talsverða efnisbreytingu er að ræða þykir rétt að miða við 70% hlutfall. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að slitastjórnir kynni reglur um atkvæðagreiðslu um nauðasamning fyrir kröfuhöfum þannig að þeir séu vel upplýstir um þær reglur sem gilda um atkvæðagreiðslur um nauðasamninga fjármálafyrirtækja og afleiðingar þess að þeir mæti ekki til að greiða atkvæði á fundi þar sem frumvarp að nauðasamningi verður kynnt.

Við umfjöllun um málið í nefndinni var bent á að nauðsynlegt gæti verið fyrir slitastjórn að reyna nauðasamningsumleitanir aftur hafi þær fyrri ekki náð fram að ganga. Meiri hlutinn telur ekki rétt að stíga þetta skref og bendir á að umtalsvert lengri tími má líða milli atkvæðagreiðslna um frumvarp að nauðasamningi og að heimilt er að gera breytingar á frumvarpi að nauðasamningi þar til atkvæðagreiðslu um það er endanlega lokið. Þá kom fram sú tillaga við meðferð málsins að tiltekið hlutfall kröfuhafa gæti lagt fram frumvarp að nauðasamningi þegar fjármálafyrirtæki hefur verið í slitameðferð í tvö ár án þess að tekin hafi verið ákvörðun um að leita nauðasamnings. Slitum fjármálafyrirtækis lýkur annaðhvort með nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum. Það er ákvörðun slitastjórnar og á ábyrgð hennar að meta hvenær tímabært er að leita eftir nauðasamningi. Sé leitað eftir nauðasamningi er farið eftir reglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Þannig er í 3. mgr. 103. gr. a laga um fjármálafyrirtæki vísað til 2. mgr. 149. gr. og 151.–153. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Það að nauðasamningur verði staðfestur er háð því skilyrði að kröfur skv. 109.–112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. hafi fengist greiddar, trygging sett fyrir greiðslu þeirra eða skriflegt samþykki liggi fyrir um að nauðasamningur verði staðfestur án þess. Meiri hlutinn leggur til að

6. mgr. 102. gr. laganna verði breytt á þá leið að heimild til að greiða út kröfur við slit fjármálafyrirtækja takmarkist við kröfur samkvæmt framangreindum ákvæðum enda er reglunni einkum ætlað að einfalda störf slitastjórnar svo unnt verði að gera nauðasamning eða eftir atvikum leita eftir gjaldþrotaskiptum.

Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum. Gert er ráð fyrir því í a-lið 7. gr. að ef sæti í skilanefnd verður laust eftir gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum, skuli nýr maður skipaður af dómi en ekki Fjármálaeftirliti til að taka við því ef þörf þykir á með tilliti til þeirra verkefna sem nefndin á ólokið. Þá er hnykkt á því að reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti gildi um skilanefnd og störf hennar sem og hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki. Í b-lið er mælt fyrir um að eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins, skv. 3. gr. frumvarpsins, nái einnig til starfa skilanefndar. Meiri hlutinn leggur til breytingu á a-lið í þá veru að ekki verði skipaðir nýir fulltrúar í skilanefndir eftir gildistöku laganna verði frumvarpið að lögum. Þá er lagt til að 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða V um verkefni skilanefnda falli úr gildi 1. janúar 2012 og eftir það muni verkefni skilanefnda falla til slitastjórna. Enn fremur að þegar slitastjórn hefur tekið við verkefnum skilanefndar geti héraðsdómari skipað fleiri menn í slitastjórn en þeir megi þó ekki vera fleiri en fimm, sbr. 4. mgr. 101. gr. laganna. Markmið breytinganna er að slitameðferð hinna föllnu banka falli sem fyrst inn í þann farveg sem almenn ákvæði XII. kafla laganna mæla fyrir um. Telja verður að frestur til 1. janúar 2012 sé nægilegur til að undirbúa breytingarnar og skipuleggja flutning starfsmanna ef þess þarf með en þá hafa skilanefndir starfað í ríflega þrjú ár.

Með 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 102. gr. laganna. Þar er í a-lið lagt til að regla 15. gr. tilskipunar 2001/24/EB verði innleidd þar sem kveðið er á um efndir skuldbindinga þegar um grandlausa viðsemjendur er að ræða. Vísað er til 74. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. til að taka af öll tvímæli um að ákvæðið eigi einnig við um slit fjármálafyrirtækja. Í b-lið er lagt til að fjármálafyrirtæki geti stofnað innlánsreikning í eigin nafni þar sem hægt verði að leggja inn hlutagreiðslur vegna umþrættra krafna. Kveðið er á um að kröfuhafa skuli tilkynnt um hlutagreiðslu sem fer fram með þessum hætti. Heimild þessi er tilkomin vegna ábendinga um að óbreytt ákvæði gæti falið í sér skyldu til að stofna geymslureikninga, sbr. lög um geymslufé, nr. 9/1978, fyrir sérhvern kröfuhafa sem fær hlutagreiðslu upp í umþrætta kröfu. Bent hefur verið á að erfitt eða ómögulegt geti verið að framkvæma slíkar hlutagreiðslur þegar um marga kröfuhafa er að ræða og hlutagreiðslur fara fram í erlendum gjaldmiðlum á innlánsreikningum í bönkum utan Íslands. Við meðferð málsins í nefndinni var lagt til að kveðið yrði á um að við úthlutun í erlendum gjaldmiðli yrði miðað við sölugengi gagnvart íslenskri krónu á úthlutunardegi og var einnig lagt til að úthlutun til forgangskröfuhafa takmarkaðist við upprunalega fjárhæð viðkomandi gjaldmiðils. Kröfur á hendur hinum föllnu bönkum í erlendum gjaldmiðlum voru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við skráð gengi Seðlabanka Íslands þann 22. apríl 2009, sbr. gildistöku laga nr. 44/2009, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki. Meiri hlutinn telur ekki ástæðu til að lögfesta breytingar á gildandi fyrirkomulagi.

Með frumvarpinu er einnig ætlunin að bregðast við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna innleiðingar tilskipunar 2001/24/EB. Því eru í 1. gr. lagðar til breytingar á 99. gr. laganna. Hér er um að ræða reglur sem fjalla um réttaráhrif þess að slit á fjármálafyrirtæki hefjist, meðal annars um lagaval og undantekningar frá þeirri meginreglu að við slit og fjárhagslega endurskipulagningu fjármálafyrirtækis skuli lög heimaríkis þess gilda við tilteknar aðstæður. Í 2. mgr. 99. gr. laganna er kveðið á um að um réttarárhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunar um endurskipulagningu fjárhags fjármálafyrirtækis gildi íslensk

lög en í nokkrum stafliðum er mælt fyrir um frávik frá því. Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að d-liður 2. mgr. 99. gr. laganna verði ítarlegri til að innleiða að fullu 21. gr. tilskipunar 2001/24/EB. Í n-lið 2. mgr. 99. gr. laganna er mælt fyrir um að í ákveðnum tilvikum sé heimilt að beita ákvæðum III. kafla samningalaga um ógilda löggerninga nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt. Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er lögð til viðbót við n-lið þess efnis að löggerning megi aðeins ógilda ef sá sem hefur hag af því að hann haldi gildi sínu leggi fram sönnun um að um löggerninginn eigi að gilda lög annars ríkis og að því ríki sé ekki að finna ógildingarreglu sem nái utan um viðkomandi tilvik. Meiri hlutinn tekur fram að hér er ekki átt við ógildingarreglur samkvæmt XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti. Um riftun við slit fjármálafyrirtækja gilda sem fyrr riftunarreglur þess kafla, sbr. einnig 4. mgr. 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Eygló Harðardóttir og Sigurður Kári Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. júní 2011.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm. Kristján L. Möller. Valgerður Bjarnadóttir.

Auður Lilja Erlingsdóttir. Skúli Helgason.

1663. Breytingartillögur [783. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (slit, eftirlit og innleiðing).

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁI, KLM, VBj, ALE, SkH).

1. Á eftir orðinu „slitastjórn“ í 2. gr. komi: eða bráðabirgðastjórn.
2. Við 3. gr.
   a. 2. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Dótturfélag fjármálafyrirtækis í slitameðferð sem heldur utan um eignir þess skal jafnframt heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.
   b. Á eftir orðunum „Viðskipti“ í fyrri málslið 2. efnismgr. komi: og ráðstöfun eigna.
   c. Í stað orðanna „svo fljótt sem unnt er“ í 3. málsl. 3. mgr. komi: þegar í stað.
   d. Lokamálsliður 3. efnismgr. falli brott.
   e. Í stað orðanna „kveðið verði á um að ábyrgð á rekstri fjármálafyrirtækis sem er í fjárhagslegri endurskipulagningu eða í slitum skuli flutt til slitastjórnar annars fjármálafyrirtækis“ í 4. efnismgr. komi: víkja skuli slitastjórn frá í heild eða að hluta.
   f. Við 4. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Héraðsdómur skal taka málið til úrskurðar þegar í stað.
3. Við 4. gr. bætist nýr stafliður, er verði b-liður, svohljóðandi: Á eftir orðunum „að greiða viðurkenndar kröfur“ í 1. málsl. 6. mgr. kemur: skv. 109.–112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

4. Á eftir orðinu „Slitastjórn“ í 5. gr. komi: eða skilanefnd.
5. Við 7. gr.
   a. A-liður orðist svo: Í stað 2. málsl. 3. tölul. koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Að því leyti sem ekki er mælt fyrir um á annan veg í lögum þessum gilda reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti um skilanefnd, störf hennar og þá menn sem eiga sæti í henni. Þeir menn sem eiga sæti í skilanefnd skulu einnig uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr., 4. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 52. gr. laganna. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2012 og skulu þá þau verk sem skilanefndir hafa sinnt falla til slitastjórna. Þegar slitastjórn hefur tekið við verkefnum skilanefndar getur héraðsdómari eftir beiðni slitastjórnar skipað fleiri menn í slitastjórn en þeir mega þó ekki vera fleiri en fimm.
   b. Greinin verði 8. gr.

1664. Nefndarálit [696. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (eigið fé, stórar áhættur, verðbréfun o.fl.).

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björk Sigurgísladóttur og Lilju Rut Kristófersdóttur frá Fjármálaeftirliti, Auði Ýr Steinarsdóttur og Kjartan Gunnarsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Ragnar Árna Sigurðarson og Tryggva Pálsson frá Seðlabanka Íslands, Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði Íslands. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Ríkisendurskoðun, ríkislögreglustjóra, ríkisskattstjóra, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík og Viðskiptaráði Íslands.

Megintilgangur frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar 2009/111/EB þar sem mælt er fyrir um breytingar á þremur öðrum tilskipunum að því er varðar tiltekna þætti eigin fjár, stórar áhættur, fyrirkomulag eftirlits og áhættustýringar. Þær tilskipanir sem tilskipun 2009/111/EB breytir eru: tilskipun 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana, tilskipun 2006/49/EB um eigið fé fjármálafyrirtækja og tilskipun 2007/64/EB um greiðsluþjónustu á innri markaðnum. Í 5. og 7. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar sem tengjast ekki tilskipuninni. Þau ákvæði varða annars vegar 52. gr. laganna um hæfi til að sitja í stjórn fjármálafyrirtækis og hins vegar 87. gr. um upplýsingar í ársreikningi. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að allmörg ákvæða tilskipunarinnar munu verða innleidd með reglum Fjármálaeftirlitsins en í fylgiskjali I við frumvarpið er yfirlitstafla yfir ákvæði tilskipunarinnar og hvernig þau verða innleidd.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 2. gr. laganna um skýringar á hugtökum. Helsta breytingin er sú að lagt er til að við greinina bætist skilgreining á hugtakinu „verðbréfun“. Með verðbréfun er átt við viðskiptasamning eða kerfisfyrirkomulag þar sem lánaáhætta tengd ákveðinni kröfu/kröfusafni er lagskipt í hluta (e. tranches) með þeim hætti að greiðslur samkvæmt samningnum eða kerfisfyrirkomulaginu eru háðar afkomu af kröfu/kröfusafni og for-

gangsröðun laganna ákvarðar dreifingu taps á líftíma viðskiptasamningsins eða kerfisfyrirkomulagsins.

Helsta breyting frumvarpsins felst í 3. gr. þar sem lagt er til að við lögin bætist fjórar nýjar greinar. Í þeim er kveðið á um skiptingu áhættu við útgáfu fjármálagerninga sem tryggðir eru í undirliggjandi eignum, þ.e. við verðbréfun, á milli útgefanda og fjárfestis. Í a-lið er fjallað um það hvar áhættan liggur við útreikning á eiginfjárþörf þegar um ræðir verðbréfun í ákveðnum tilvikum. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ef þau fjármálafyrirtæki, sem þar eru talin upp, eru hvorki útgefandi, umsýsluaðli né upphaflegur lánveitandi beri þau ekki útlánaáhættu í formi verðbréfunar nema verðbréfunin uppfylli reglur Fjármálaeftirlitsins. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi geti ekki undanskilið verðbréfun, sem hefur verið seld öðrum aðila, við útreikning á eiginfjárþörf nema útgefandinn, umsýsluaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn haldi eftir hluta áhættunnar. Í fylgiskjali II við frumvarpið er skýringarmynd um meginhugmynd verðbréfunar og flutning áhættu frá upphaflegum lánveitanda til kaupanda. Nefndin leggur til breytingu á framsetningu a-liðar og orðalags og einnig er lagt til að lánafyrirtæki bætist við upptalningu á þeim fjármálafyrirtækjum sem eru talin upp í ákvæðinu.

B-liður 3. gr. fjallar um upplýsingaskyldu varðandi verðbréfun. Þar er kveðið á um að útgefandi eða umsýsluaðili skuli greina fjárfestum frá skuldbindingu sinni varðandi verðbréfun og tryggja að mögulegir framtíðarfjárfestar hafi aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum varðandi gæði og vanskilastöðu undirliggjandi eigna, sjóðstreymi og tryggingar, auk upplýsinga sem geta talist nauðsynlegar til að framkvæma heildstæð og traust álagspróf á sjóðstreymi og virði trygginga sem liggja að baki eignunum.

Í 1. mgr. c-liðar 3. gr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið setji nánari reglur um verðbréfun og í 2. mgr. er mælt fyrir um að ef þær eru brotnar beri Fjármálaeftirlitinu að krefjast a.m.k. 250% hækkunar á áhættuvog við eiginfjárútreikning. Þá er í d-lið kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli einu sinni á ári birta niðurstöður athugana sinna á framfylgni reglna a- og b-liðar 3. gr.

Helsta breytingin sem felst í 4. gr. er að fella brott 3. málsl. 1. mgr. 30. gr. þar sem mælt er fyrir um að samtala fyrir stórar áhættur megi ekki fara yfir 800% af eiginfjárgrunni en með stórri áhættu er átt við áhættu sem nemur 10% eða meira af eiginfjárgrunni. Þetta ákvæði var nokkuð rætt í nefndinni. Fram kom að ekki hefði gert gagn við mat á samþjöppunaráhættu að mælt væri fyrir um að samtala fyrir stórar áhættur mætti ekki fara yfir 800% af eiginfjárgrunni. Fjármálafyrirtæki kann að vera með mikla samþjöppunaráhættu en á sama tíma með samtölu stórra áhættuskuldbindinga langt undir 800%. Í stað þess að nema ákvæðið á brott, eins og lagt er til í frumvarpinu, leggur 1. minni hluti til að hlutfallið verði lækkað um helming og verði 400%.

Með lögum nr. 75/2010, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, voru gerðar nokkrar breytingar á 52. gr. laganna um hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja. Lögfest var í 4. mgr. greinarinnar að stjórnarmenn fjármálafyrirtækja og annarra eftirlitsskyldra aðila mættu ekki vera starfsmenn, lögmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða félaga í nánum tengslum. Því er mælt fyrir um fortakslaust bann við því að lögmenn sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækis sinni lögmannsstörfum fyrir aðra eftirlitsskylda aðila. Telja verður að ekki sé þörf á svo víðtæku banni hvað varðar lögmenn sem eiga sæti í stjórn fjármálafyrirtækja og á við um starfsmenn eða endurskoðendur þar sem hættan á hagsmunaárekstrum er minni í þeim tilvikum þegar lögmaður starfar fyrir annan eftirlitsskyldan aðila. Því er lagt til í 5. gr. frumvarpsins að lögmönnum sem eiga sæti í stjórnum

fjármálafyrirækja verði óheimilt að sinna lögmannsstörfum fyrir önnur fjármálafyrirtæki í stað þess að mæla fyrir um bann við störfum fyrir aðra eftirlitsskylda aðila en með eftirlitsskyldum aðilum er átt við alla þá sem heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. 2. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Við umfjöllun um málið í nefndinni kom fram athugasemd þess efnis að nauðsynlegt væri að útvíkka regluna enn frekar. Það sjónarmið kom fram að fremur ætti að gera það skilyrði að hagsmunaárekstrar væru sannanlegir eða líklegir. Einnig var bent á að óljóst væri hvort ákvæðið næði til erlendra stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum. 1. minni hluti bendir á að í 3. mgr. 1. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er kveðið á um að með eftirlitsskyldum aðilum sé átt við þá aðila sem eftirlit Fjármálaeftirlitsins tekur til og eru taldir upp í 2. gr., t.d. viðskiptabanka, lánastofnanir og vátryggingafélög. Erlend fjármálafyrirtæki teljast ekki til eftirlitsskyldra aðila samkvæmt þessari grein og því geta erlendir aðilar tekið sæti í stjórn fjármálafyrirtækis hér. 1. minni hluti leggur ekki til breytingu á 5. gr. en beinir því til efnahags- og viðskiptaráðherra að farið verði heildstætt yfir hæfisreglur eftirlitsskyldra aðila með hagsmunaaðilum.

Í lögum nr. 75/2010 var lögfest ný málsgrein sem bættist við 87. gr. laganna um samning ársreiknings og undirritun. Kveðið er á um það að í ársreikningi fjármálafyrirtækis skuli tilgreina upplýsingar um launagreiðslur og hlunnindi til stjórnarmanns og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis og einnig heildargreiðslur til lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækis. Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að sama regla eigi við lykilstarfsmenn og stjórnarmenn og framkvæmdastjóra þannig að tilgreindar verði í ársreikningi upplýsingar um launagreiðslur þeirra og hlunnindi. Nokkuð var rætt um það í nefndinni hvað réttlætti það að birta opinberlega upplýsingar um launagreiðslur umræddra starfsmanna. Bent var á að ef óbreytt frumvarp næði fram að ganga gæti það valdið launaskriði sem og að færri starfsmenn yrðu skilgreindir sem lykilstarfsmenn. 1. minni hluti telur að ekki hafi tekist að sýna fram á nauðsyn þess að greinin nái fram að ganga og leggur til að hún falli brott. 1. minni hluti bendir á að í 57. gr. a laga um fjármálafyrirtæki er mælt fyrir um að fjármálafyrirtækjum sé veitt heimild til að veita kauprétti eða kaupaukagreiðslur í samræmi við reglur sem Fjármálaeftirlitið setur. Í 2. málsl. greinarinnar er kveðið á um að færa skuli til gjalda ár hvert áunnin réttindi starfsmanna samkvæmt kaupaukakerfi eftir því sem reikningsskilareglur heimila og gera skuli grein fyrir þeim í skýringum með ársreikningi. 1. minni hluti telur eðlilegt að í ársreikningi sé sérstaklega gerð grein fyrir því hvað liggur til grundvallar kaupaukagreiðslum eða kauprétti, með öðrum orðum hvernig þeir eru reiknaðir út, og að fram komi fjöldi starfsmanna sem nýtur kaupaukagreiðslna eða kauprétta skipt eftir sviðum.

Í 110. gr. og 112. gr. b laga um fjármálafyrirtæki eru talin upp þau ákvæði laganna sem varða annars vegar stjórnvaldssektum (110. gr.) og hins vegar refsingu (112. gr. b). Í 8. og 9. gr. frumvarpsins er lögð til viðbót við þessar greinar í þá veru að Fjármálaeftirlitinu verði ekki aðeins heimilt að sekta eða refsa þeim sem hafa brotið gegn ákvæðum laganna heldur einnig hafi viðkomandi brotið gegn reglum sem eru settar á grundvelli laganna. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður t.d. kveðið á um það í 110. gr. laganna að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn þeim ákvæðum laganna sem þar eru talin upp og eftir atvikum reglum settum á grundvelli þeirra. Við umfjöllun um málið var gerð athugasemd við orðalagið „eftir atvikum“ og það talið geta falið í sér hættu á því að Fjármálaeftirlitið teldi sig hafa frjálst val um setningu reglna sem geti varðað viðurlögum. Til að taka af allan vafa leggur 1. minni hluti til að orðin „eftir atvikum“ falli brott.

Í b-lið 9. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 3. tölul. 1. mgr. 112. gr. b laganna í þá veru að í stað þess að vísa aðeins til 2. mgr. 19. gr. laganna verði vísað í 19. gr. í heild en þar er fjallað um góða viðskiptahætti og venjur. 1. minni hluti leggur til að þessi liður í frumvarpinu falli brott þannig að áfram verði aðeins vísað til 2. mgr. 19. gr. þar sem kveðið er á um að fara skuli að reglum sem Fjármálaeftirlitið setur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir.

Gerðar voru samræmdar breytingar á viðurlagaákvæðum um efnahagsbrot með lögum nr. 55/2007 og lögum nr. 52/2007. Með lögum nr. 55/2007 voru gerðar breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti, lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða (nú lög um kauphallir), lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, lögum um vátryggingastarfsemi, lögum um miðlun vátrygginga og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Með lögum nr. 52/2007 voru gerðar breytingar á viðurlagakafla samkeppnislaga. Framangreindar breytingar byggðust á skýrslu nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum frá 12. október 2006. Tillögur nefndarinnar voru þríþættar. Þær sneru að stjórnsýsluviðurlögum og refsingum, að viðurlögum við brotum á fjármálamarkaði og að viðurlögum við brotum á samkeppnislögum. Tvær álitsgerðir fylgdu skýrslunni, annars vegar álitsgerð Bjargar Thorarensen prófessors og Ásgerðar Ragnarsdóttur lögfræðings um rétt til að fella ekki á sig sök á stjórnsýslustigi skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og hins vegar álitsgerð Róberts R. Spanós prófessors um bann við tvöfaldri refsingu eða endurtekinni málsmeðferð til úrlausnar um refsiverða háttsemi skv. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu.

Fram kom við umfjöllun um málið að tilefni væri til að fara á ný yfir viðurlagakafla laga um fjármálafyrirtæki. Í 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar felst meðal annars að refsiverðri háttsemi skal lýst í settum lögum og að í lögum ber að tilgreina með skýrum og fyrirsjáanlegum hætti hvaða háttsemi varðar refsingu. Gjalda ber varhug við því að löggjafinn framselji vald til setningar refsifyrirmæla en hins vegar er viðurkennt að löggjafanum er að einhverju marki heimilt að veita framkvæmdarvaldinu heimild til að útfæra refsifyrirmæli í stjórnvaldsfyrirmælum svo fremi að lagastoð sé fyrir hendi þar sem háttsemi sem varðar refsingu og skilyrðum refsinæmi sé að meginstefnu lýst. Með lögum nr. 75/2010, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, voru Fjármálaeftirlitinu fengnar auknar heimildir til að setja reglur um tiltekin atriði eða útfæra atriði nánar í reglum. Í ljósi aukinna heimilda Fjármálaeftirlitsins og mikilla breytinga á fjármálamarkaði frá setningu laga nr. 55/2007 hvetur 1. minni hluti efnahags- og viðskiptaráðherra til að láta fara fram úttekt á viðurlagakafla laga um fjármálafyrirtæki.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðlaugur Þór Þórðarson, Eygló Harðardóttir, Björn Valur Gíslason og Margrét Tryggvadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. júní 2011.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Valgerður Bjarnadóttir.

Skúli Helgason.

1665. Breytingartillögur [696. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (eigið fé, stórar áhættur, verðbréfun o.fl.).

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar (ÁI, MSch, VBj, SkH).

1. Við 3. gr.
   a. Efnismálsgreinar a-liðar orðist svo:
      Við útreikning á eiginfjárþörf bera viðskiptabanki, lánafyrirtæki, sparisjóður eða rafeyrisfyrirtæki, sem hvorki eru útgefandi (e. originator), umsýsluaðili (e. sponsor) né upphaflegur lánveitandi (e. original lender), ekki útlánaáhættu í formi verðbréfunar, nema verðbréfunin uppfylli reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.
      Við útreikning á eiginfjárþörf geta útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi ekki undanskilið verðbréfun sem seld hefur verið öðrum aðila, nema útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi haldi eftir ákveðnum hluta áhættunnar í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins.
   b. 1. efnismgr. c-liðar orðist svo:
      Fjármálaeftirlitið skal setja nánari reglur um verðbréfun, þar á meðal um framkvæmd ákvæða 29. gr. b og 29. gr. c, þar sem m.a. kemur fram hversu háu hlutfalli áhættu útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi skal halda eftir og um viðbrögð við viðvarandi lausafjárþurrð á fjármálamarkaði.
2. C-liður 4. gr. orðist svo: Í stað orðanna „800%“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: 400%.
3. 7. gr. falli brott.
4. Orðin „eftir atvikum“ í a-lið 8. gr. og a-lið 9. gr. falli brott.
5. B-liður 9. gr. falli brott.
6. 11. gr. falli brott.

1666. Fyrirspurn [878. mál]

til fjármálaráðherra um undanþágur gagnavera frá greiðslu virðisaukaskatts.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað líður setningu reglugerða um undanþágur frá greiðslu virðisaukaskatts í rekstri gagnavera?
2. Hvaða skilyrði þurfa gagnaverin að uppfylla til að fá niðurfelldan virðisaukaskatt?

Skriflegt svar óskast.

1667. Fyrirspurn [879. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um innflutning aflandskróna.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hverjir hafa fengið að flytja inn aflandskrónur til fjárfestinga hér á landi og um hvaða fjárhæðir er að ræða? Svar óskast sundurliðað eftir:

a. íslenskum einstaklingum,
b. erlendum einstaklingum,
c. íslenskum fyrirtækjum,
d. erlendum fyrirtækjum.

Skriflegt svar óskast.

1668. Fyrirspurn [880. mál]

til innanríkisráðherra um samkeppni á ljósleiðaramarkaði.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvernig ætlar ráðuneytið að bregðast við samkeppni á ljósleiðaramarkaði?
2. Ætlar ráðuneytið að beita sér fyrir því að Farice-sæstrengurinn verði samkeppnishæfur á Evrópumarkaði?

Skriflegt svar óskast.

1669. Svar [844. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um sýklalyfjanotkun.

1. Hversu mikið hefur notkun sýklalyfja breyst á Íslandi frá árinu 1990?

Vel er fylgst með sölu sýklalyfja hér á landi. Frá árinu 1993 hefur sala sýklalyfja verið nokkuð stöðug. Hún hefur mælst á bilinu 20–23 skilgreindir dagskammtar á dag á hverja 1.000 íbúa. Minnst var salan á árunum 2000–2003 en mest á árunum 2004–2008.

Samanborið við hin Norðurlöndin hefur heildarsala sýklalyfja hér landi löngum verið áþekk heildarsölunni í Finnlandi. Árið 2009 var salan hér um 20% meiri en í Danmörku, um 12% meiri en í Noregi og um 50% meiri en í Svíþjóð.

Talsverðar sveiflur eru á sölu einstakra flokka sýklalyfja hér á landi milli ára og sala þeirra mjög breytileg milli landa.

Þá má geta þess að sala sýklalyfja hefur farið vaxandi á öllum hinum Norðurlöndunum síðustu árin nema á Íslandi og í Svíþjóð.

Einnig er fylgst með ávísunum einstakra sýklalyfja og þróun notkunar á þeim.

2. Telur ráðherra ástæðu til að hafa áhyggjur af ofnotkun sýklalyfja hér á landi?

Full ástæða er til að hafa áhyggjur af notkun sýklalyfja hérlendis og fylgjast vel með þróuninni.

Öllum er ljóst að notkun sýklalyfja hefur valdið byltingu í meðferð alvarlegra og lífshættulegra sjúkdóma. Hins vegar lærðist mönnum fljótt að notkun sýklalyfja gat leitt af sér ónæmi og þol sýklanna fyrir lyfjunum. Þetta hefur leitt af sér að margar bakteríur eru nú orðnar vel þolnar gagnvart sýklalyfjum þannig að fólk hefur um færri lyf að velja. Nú er svo komið að til eru bakteríustofnar sem engin sýklalyf duga við og má í því sambandi til dæmis nefna suma stofna berklabakteríunnar.

Ein skýring á útbreiðslu ónæmisins er mikil notkun sýklalyfja. Skynsamleg notkun sýklalyfja er því mjög nauðsynlegur þáttur í baráttunni við útbreiðslu ónæmra sýkla. Fræðsla og þekking er lykillinn að því að lyfin verði notuð rétt í þeirri baráttu og hefur margvíslegt verið gert á undanförnum árum hvað það varðar.

Hér á landi er það lögum samkvæmt hlutverk sóttvarnalæknis að fylgjast með notkun sýklalyfja og sýklalyfjaónæmis. Sýklalyfjagrunnur hefur nýlega verið tekinn í gagnið og gefur hann áreiðanlegar upplýsingar um ávísanir á sýklalyf og auknar upplýsingar um heildarnotkun sýklalyfja. Einnig er fylgst vel með notkun sýklalyfja á stofnunum.

Velferðarráðherra hefur skipað nefnd um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi til að vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til að hindra myndun ónæmis. Gefnar eru út ítarlegar skýrslur árlega um sölu og ávísanir á sýklalyf og fer nefndin yfir þær niðurstöður.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að náið samstarf er milli heilbrigðisyfirvalda á Íslandi og Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) um skynsamlega notkun sýklalyfja og baráttu við að halda sýklalyfjaónæmi í skefjum. Í nóvembermánuði á hverju ári er haldinn dagur vitundarvakningar um ábyrga sýklalyfjanotkun í Evrópu. Í samvinnu við Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina hefur sóttvarnalæknir staðið fyrir fræðsluaðgerðum í fjölmiðlum um sýklalyf.

Á Íslandi er þannig hvatt til þess að sýklalyf séu notuð með ábyrgum hætti. Lögð er áhersla á sýkingavarnir á heilbrigðisstofnunum og fylgst er með tíðni sýkinga sem tengjast heilbrigðisþjónustunni. Einnig er fylgst með notkun sýklalyfja innan stofnana og utan í því skyni að greina þróunina og hvernig hún tengist myndun sýklalyfjaónæmis. Upplýsingar um notkun sýklalyfja og sýklalyfjaónæmi geta gagnast læknum sem ávísa þessum lyfjum. Í samvinnu við lækna og læknasamtök hefur sóttvarnalæknir einnig unnið að aðgerðum sem miða að bættri notkun sýklalyfja. Árangur þessara aðgerða verður metinn með tilliti til þess hvort aðgerðirnar megi nýta almennt á landsvísu.

Á undanförnum árum hefur nokkur árangur náðst við að beina notkun sýklalyfja meðal barna og ungmenna á betri veg.

1670. Tillaga til þingsályktunar [881. mál]

um framtíðarstefnu í sjávarútvegsmálum.

Flm.: Sigurður Ingi Jóhannsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Ásmundur Einar Daðason, Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðardóttir, Guðmundur Steingrímsson, Höskuldur Þórhallsson, Siv Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skipa samráðshóp til að leita leiðar til að móta skýra stefnu til lengri tíma í sjávarútvegsmálum. Hópurinn verði skipaður fulltrúum allra þingflokka, fulltrúum atvinnulífsins, launþega, sveitarfélaga, fyrirtækja í sjávarútvegi og annarra hagsmunasamtaka. Hópurinn leggi tillögur fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eigi síðar en 1. janúar 2012 og ráðherra leggi fram lagafrumvörp til innleiðingar þeirra í íslensk lög. Við vinnu hópsins verði áhersla lögð á eftirfarandi:

1. Sjávarauðlindin verði tryggð sameign þjóðarinnar með ákvæði í stjórnarskrá.
2. Stjórn fiskveiða verði blönduð leið, annars vegar á grunni aflahlutdeildar á skip og hins vegar úthlutun veiðileyfa sem taki mið af sértækum byggðaaðgerðum, hvatningu til nýsköpunar og nýliðun. Úthlutun veiðileyfa verði gerð með þeim hætti að skilgreina tvo potta, annars vegar pott með nýtingarsamningum og hins vegar pott þar sem veiðileyfum verði úthlutað til ákveðinna aðila. Frístundaveiðar verði kallaðar ferðaþjónustuveiðar til að atvinnugreinin geti dafnað á eigin forsendum ferðaþjónustunnar.
3. Veiðigjald/auðlindarentan sem sjávarútvegurinn greiðir verði nýtt að hluta til nýsköpunar, rannsókna og markaðssetningar innan greinarinnar sjálfrar. Hluti renni til landsvæða þar sem auðlindarentan verður til og hluti í ríkissjóð.
4. Hlúð verði að nýsköpun og enn frekari nýtingu hráefnis til að skapa verðmæti og auka arðsemi.
5. Tryggt verði að auðlindin verði nýtt á sem skynsamlegastan hátt og nýtingin verði byggð á grunni vísindalegrar þekkingar og sjálfbærni lífríkisins.
6. Áhersla verði lögð á að sjávarútvegur sé ekki einungis veiðar heldur einnig hátæknivæddur matvælaiðnaður.
7. Sjónum verði í vaxandi mæli beint að umhverfislegum þáttum og augljósu samspili nýtingar hinna ýmsu tegunda hafsins til að tryggja áframhaldandi forustu Íslendinga á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda hafsins.

Greinargerð.

Mikilvægasta verkefni stjórnvalda er að tryggja stöðugleika og ná sem víðtækastri sátt í sjávarútvegsmálum þjóðarinnar. Felur það ekki síst í sér að auka verðmætasköpun þjóðarbúsins, efla arðsemi greinarinnar og styrkja þjóðarhag. Ekki hefur tekist að vinna saman að úrlausn þeirra verkefna sem snúa að sjávarútvegsmálum en nauðsynlegt er að móta skýra stefnu til lengri tíma litið og tryggja stöðugleika um fiskveiðistjórnarkerfið á þann hátt að rekstrarumhverfið sé stöðugt og hægt sé að skipuleggja rekstur og fjárfestingu.

Tillagan byggist á því að samráðshópur þingflokka, fulltrúa atvinnulífsins, launþega, sveitarfélaga, fyrirtækja í sjávarútvegi og annarra hagsmunasamtaka verði skipaður til að leita leiðar til að móta skýra stefnu til lengri tíma í sjávarútvegsmálum. Sérstök áhersla verði lög á sjö atriði.

1. Sjávarauðlindin sameign þjóðarinnar.

Mikilvægt er að tryggja eign þjóðarinnar á sjávarauðlindinni. Í 1. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, kemur fram að nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Nauðsynlegt er að lögfesta hvað hugtakið „sameign þjóðarinnar“ þýðir eða þjóðareign. Úthlutun aflaheimilda og nýtingarsamningar á þeim byggjast á að stjórnvöld fari með eignarréttinn á auðlindinni og geti með samningum falið öðrum nýtingarréttinn í ákveðinn tíma og magni. Málið er flókið og skal hafa til hliðsjónar 385. mál á 135. löggjafarþingi og 15. mál á 136. löggjafarþingi, frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

2. Stjórn fiskveiða verði með blandaðri leið.

Í tillögunni er lagt til að blönduð leið verði farin í stjórn fiskveiða. Grunnur núverandi kerfis um aflahlutdeild á skip hefur reynst vel bæði með tilliti til hagstjórnar og verndunar fiskstofna. Því er lagt til að sá grunnur verði áfram grundvöllur fiskveiðistjórnar og að enn frekari aukningu arðsemi og atvinnu í greininni. Hins vegar er lagt til nýtt fyrirkomulag úthlutana þar sem sérstaklega er gætt byggðasjónarmiða, m.a. með úthlutun aflaheimilda til fiskvinnsla, strandveiða og annarra aðgerða sem einnig auka möguleika á nýliðun í greininni. Að auki er sérstaklega ýtt undir nýsköpun með veiðum á van- og ónýttum tegundum og einnig fullnýtingu hráefnis, fiskeldi og rækt, t.d. kræklingarækt.

Í tillögunni er lagt til að úthlutun veiðileyfa verði gerð með þeim hætti að skilgreina tvo potta. Í potti eitt verða gerðir nýtingarsamningar til u.þ.b. 20 ára, á grunni aflahlutdeildar á hvern bát. Samningurinn verði á milli ríkis og útgerðar og eitt af skilyrðum verði annaðhvort að útgerðin sé algerlega í eigu íslenskra aðila eða í það minnsta að eigendur hafi haft íslenska búsetu að lágmarki síðustu fimm ár. Slíkt ákvæði gæti tryggt raunverulegt eignarhald Íslendinga á auðlindinni. Lagt er til að nýtingarsamningar verði til u.þ.b. 20 ára og að mati flutningsmanna mun það tryggja nægjanlega stöðugleika fyrir greinina til að auka fjárfestingar í henni. Að auki flýtir það fyrir nauðsynlegri endurnýjun flotans og eykur rekstrar- og atvinnuöryggi starfsmanna á sjó og í landi. Nýtingarsamningarnir innihaldi m.a. ákvæði um aukna veiðiskyldu og takmarkað framsal. Rétt þykir að setja ákvæði í samninginn sem tryggi að sé samningurinn brotinn eða útgerð verði gjaldþrota falli aflahlutdeildin aftur til ríkisins.

Nýtingarsamningar verði endurskoðaðir á fimm ára fresti með möguleika á framlengingu til fimm ára í senn. Hefur þeim hugmyndum verið komið á framfæri að eftir ákveðinn tíma, t.d. 10 ár, verði nauðsynlegt að tryggja með einhverjum hætti að hluti aflaheimildanna sé á hreyfingu til að tryggja hámarksarðsemi greinarinnar til lengri tíma sem og möguleika nýrra aðila að vaxa upp úr potti tvö. Jafnframt er lagt til að skoðað verði með hvaða hætti sé hægt að draga úr veðsetningu greinarinnar, í því sambandi er lagt til að óbein veðsetning aflaheimilda verði takmörkuð enn frekar.

Í potti tvö verði um að ræða nokkrar ólíkar aðferðir við að úthluta aflaheimildum. Í núverandi kerfi er einnig um þónokkrar ólíkar aðferðir að ræða þar sem aflaheimildum er úthlutað vegna byggðasjónarmiða eða annarra ívilnana. Þær aflaheimildir eru u.þ.b. 3,5% af heildarþorskígildum. Í potti tvö er lagt til að farin verði sú leið að úthluta til fiskvinnslu, þar sem það á við, ákveðnu magni aflaheimilda til að tryggja atvinnu og byggðasjónarmið. Um nýjung er að ræða þar sem hugsunin er sú að fiskvinnslan fengi úthlutað eftir ákveðnum reglum, samkvæmt byggðasjónarmiðum, og tekið yrði mið af vinnslu ársins á undan. Í tillögunni er lagt til að svokallaðar frístundaveiðar verði hér eftir kallaðar ferðaþjónustuveiðar. Hugmyndin er að útgáfa veiðileyfa byggist fyrst og fremst á að slíkar veiðar geti landað á Hafrann-

sóknastofnun eða VS-afla, þá geti sú atvinnugrein dafnað á eigin forsendum ferðaþjónustu en sé ekki takmörkuð af því að eiga ekki aðgang að aflaheimildum. Setja þarf sérstakar reglur um þessa atvinnugrein og veiðileyfaúthlutunina. Að mati flutningsmanna eru ferðaþjónustuveiðar mikilvægur vaxtarbroddur í einstökum sjávarbyggðum og hafa mikla möguleika til að dafna og stækka.

Lögð er rík áhersla á nýsköpun í sjávarútvegi. Ein leið til þess er að auka úthlutun veiðileyfa til aðila sem vilja reyna fyrir sér með að nýta van- eða ónýttar tegundir. Rökin fyrir því er að úthlutunin verði að einhverju leyti í formi meðaflareglna en einnig að úthlutað verði aflaheimildum til slíkra aðila til að tryggja rekstrargrundvöll, til að mynda á ársgrundvelli, á meðan verið er að byggja upp þekkingu á veiðum og vinnslu. Hér er einnig hugað að vexti fiskeldis (t.d. á þorski, lúðu og laxi) sem er mikilvægur vaxtarbroddur og ræktun, eins og t.a.m. kræklingarækt. Nýsköpun yrði einnig styrkt beint með fjárframlögum úr sjóðum sem verða til af veiðigjaldi/auðlindarentu.

Mikilvægt er að haft sé í huga að samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006 mega allir stunda fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu, þó með ákveðnum skilyrðum. Engu síður er mikilvægt að tryggja þann rétt enn frekar með úthlutun veiðileyfa til svokallaðra strandveiða. Úthlutun aflaheimildanna og þar með stjórn á kerfinu verði fólgin í að ákveða fyrir fram magn og auglýsa veiðileyfi innan fjögurra svæða skipt eftir landshlutum. Bátar fái úthlutað veiðileyfum dreift á báta í stað daga og þau tengd við lögskráningu þeirra. Þannig er réttur einstaklings til veiða tryggður en um leið er reynt að koma í veg fyrir að stórir aðilar geri út marga báta til strandveiða. Með úthlutun leyfa á svæði og á bát ætti dreifing báta að verða skynsamlegri eftir möguleikum á að veiða. Bátar með kvóta umfram 50 þorskígildistonn fái ekki strandveiðiheimildir. Réttur til strandveiða rýrni í hlutfalli við keyptan nýtingarrétt báta. Báti með 25 tonna kvóta væri því heimilt að veiða 50% af úthlutuðum strandveiðiheimildum. Þegar bátur eignaðist 50 tonn skuli hann skila inn veiðileyfi sem þá verður endurúthlutað. Þetta væri hvati fyrir strandveiðibáta til að kaupa sig inn í stærra kerfið. Sambærileg regla gæti gilt um þá sem hafa selt frá sér kvóta. Réttur þeirra til strandveiða gæti þannig vaxið um 20% ári eftir sölu – þannig að eftir 5 ár fengju þeir fullan strandveiðirétt.

Hugmyndir um stærðir potta eitt og tvö byggjast annars vegar á að núverandi tilfærslur frá potti eitt til tvö eru um 3,5% af heildarþorskígildi og hins vegar á að koma með sterkari hætti til móts við byggðasjónarmið, nýliðun, nýsköpun og aðra vaxtarbrodda í greininni.

Afar breytilegt er hvað einstaka tegundir leggja til tilfærslunnar í dag. Þar eru margar með 0% en nokkrar þær helstu (þorskur, ýsa, ufsi og steinbítur) á bilinu 3–8% og jafnvel 10% í steinbít. Hugmyndin er að allir og allar tegundir leggi eitthvað í pott tvö og þannig verði munur jafnaður á milli útgerða sem einungis nýta hefðbundna stofna sem eru grunnur tilfærslunnar til strandveiða, línuívilnunar, byggðakvóta o.s.frv. í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Einnig þarf að huga að milliríkjasamningum um nýtingu stofna og skipti á aflaheimildum vegna þeirra samninga. Aukningin eigi sér stað samhliða aukinni stofnstærð og þar með hærra aflamarki. Með því að auka aflamarkið um 3–5% og í sumum tegundum allt að 10% væri pottur tvö stóraukinn frá því sem nú er. Ef vel tekst til á næstu árum er rétt að endurskoða stærð potts tvö með það fyrir augum að hann stækki enn frekar á þar næstu árum en þó aldrei meira en 15% í einstökum tegundum samhliða stofnstærðaraukningu og jákvæðari reynslu af úthlutunum til potts 2.

Mikilvægt er að hafa í huga að árlegt aflamark sveiflast jafnt hlutfallslega hjá pottum eitt og tvö og eftir stofnstærð og ákvörðun um aflamark ársins, þ.e. hefur sömu áhrif á pottana til hlutfallslegrar aukningar eða minnkunar.

3. Nýting veiðigjalds sem sjávarútvegurinn greiðir.

Lagt er til að á nýtingarsamninga í potti eitt verði lagt árlegt veiðigjald, þ.e. svokölluð auðlindarenta. Veiðigjaldið verði hóflegt og tengt afkomu greinarinnar. Bent hefur verið á að mikilvægt sé að skilgreina hvað auðlindir séu, hverjar séu í eigu ríkis og hverjar falli undir hið óskilgreinda hugtak „sameign þjóðarinnar“. Jafnframt hefur verið bent á mikilvægi þess að jafnræði um gjaldtöku gildi á milli atvinnugreina.

Mikilvægt er að hluti auðlindarentunnar renni til greinarinnar sjálfrar til nýsköpunar, rannsókna og markaðsstarfa. Einnig er nauðsynlegt að nýir aðilar geti sótt um styrk til nýsköpunar og rannsókna til að auðga þekkingu og nýtingu á auðlindinni. Þá er lagt til hér að hluti gjaldsins renni aftur til þess landsvæðis þar sem auðlindarentan verður til, einkum til mótvægis við að annars mætti halda því fram að um væri að ræða viðbótarskattlagningu, sérstaklega landsbyggðarinnar. Hluti af auðlindarentunni rynni síðan í ríkissjóð.

4. Nýsköpun og nýting hráefnis.

Mikilvægt er að umgengni um sjávarauðlindina sé ávallt eins og best verður á kosið. Því er lagt til að allt kapp verði lagt á að hlúa enn frekar að nýsköpun og meiri nýtingu þess hráefnis sem nú er illa nýtt eða hent. Setja þarf efnahagslega hvata til að stýra því en einnig er mikilvægt að horfa til umhverfislegra þátta.

5. Nýting sjávarauðlindarinnar á grundvelli vísindalegrar þekkingar og sjálfbærni lífríkis.

Hin vísindalega þekking hefur á síðustu árum þróast í átt að langtímanýtingarstefnu á einstökum tegundum. Settar hafa verið aflareglur, m.a. í þorski, sem byggjast á 20% aflareglu næstu fimm árin. Slík stefna hefur síðan fengið staðfestingu á alþjóðavettvangi, m.a. hjá Alþjóðafiskveiðiráðinu (ICES). Mikilvægt er að sett verði langtímanýtingarstefna (aflaregla) um sem flestar tegundir og að allar tegundir verði skilgreindar sem nýtingarstofnar við Ísland. Einnig þarf að setja um nýtingarstofnana nýtingarstefnu, þ.e. ákvarða þarf heildarafla.

6. Sjávarútvegur sem meira en veiðar.

Mikilvægt er að árétta hversu háþróaður íslenskur sjávarútvegur er. Ekki er hægt að einblína á veiðar heldur verður að horfa á atvinnugreinina sem heild og hefur því verið haldið fram að einn helsti kostur íslenska kerfisins sé samþætting veiða og vinnslu. Lögð er áhersla á að styðja þá vinnu að gæða- og umhverfisvotta íslenskan sjávarútveg.

7. Forusta íslensks sjávarútvegs.

Íslenskur sjávarútvegur stendur vel á alþjóðavísu. Til að viðhalda áframhaldandi forustu má hvergi slaka á rannsóknum á sviðum sjálfbærrar nýtingar og samspili hinna ýmissa tegunda hafsins. Ekki síst þarf að huga að ýmsum umhverfislegum þáttum á alþjóðavísu og á innlendum vettvangi. Skoða skal notkun efnahagslegra hvata í fiskveiðistjórnarkerfinu til að tryggja sem mesta sjálfbærni í íslenskum sjávarútvegi.

1671. Nefndarálit [486. mál]

um till. til þál. um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Ingólfsson, Guðna Bragason og Önnu Katrínu Vilhjálmsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Engilbert Guðmundsson og Hannes Hauksson frá Þróunarsamvinnustofnun Íslands, Ingu Dóru Pétursdóttur frá Landsnefnd UN Women á Íslandi, Kristján Sturluson frá Rauða krossinum, Petrínu Ásgeirsdóttur frá Barnaheillum, Bjarna Gíslason frá Hjálparstarfi kirkjunnar, Stefán Inga Stefánsson frá Landsnefnd UNICEF á Íslandi, Andrés Arnalds frá Landgræðslu ríkisins, Hafdísi Hönnu Ægisdóttur og Berglindi Orradóttur frá Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna og Ingvar Birgi Friðleifsson frá Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna.

Umsagnir bárust nefndinni frá Bandalagi háskólamanna, Barnaheillum, Félagi Sameinuðu þjóðanna, Hjálparstarfi kirkjunnar, Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, Landgræðslu ríkisins, Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna, Rauða krossi Íslands, Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga, Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna, UN Women á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Viðskiptaráði Íslands og Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Auk þess barst minnisblað frá utanríkisráðuneyti.

Tillagan felur í sér áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og er hér um að ræða fyrstu þingsályktunartillöguna á þessu sviði en ákvæði laga nr. 121/2008, um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, kveða á um slíka áætlun. Áætlunin er kaflaskipt, og fjallar um skyldur Íslands í þróunarstarfi, þau gildi og áherslur sem liggja til grundvallar þróunarstarfi Íslands, framlög og framkvæmd eftir áherslusviðum, málaflokkum, samstarfsríkjum og stofnunum. Þá fjallar áætlunin um alþjóðlegt samstarf og viðmið í þróunarstarfi Íslands og stefnumörkun í innra sem ytra starfi á þessu málefnasviði. Í áætluninni er greint frá áformuðum framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu sem hlutfalli af vergum þjóðartekjum og hvernig þau skiptast á grundvelli stefnumiða Íslands í þróunarsamvinnu til lengri og skemmri tíma litið. Í áætluninni er að mati nefndarinnar sett fram heildstætt yfirlit yfir það hvernig stjórnvöld hyggjast ná settum markmiðum hennar.

Nefndin fagnar fyrirliggjandi tillögu og þeim tímamótum sem hún markar. Þróunarsamvinnuáætlunin er sett fram á greinargóðan hátt og var hún unnin í nánu samstarfi við frjáls félagasamtök, stofnanir og fagaðila. Nefndin telur mikilvægt hve jákvæð ummæli um vinnubrögð og samstarf við gerð áætlunarinnar hafa komið fram í umsögnum sem borist hafa nefndinni um málið og í máli gesta sem komu fyrir nefndina.

Nefndin tekur heils hugar undir markmið með alþjóðlegri þróunarsamvinnu eins og það er tilgreint í tillögunni um að Ísland leggi sitt lóð á vogarskálarnar fyrir bættum lífskjörum í fátækustu hlutum heimsins. Barátta gegn fátækt, félagslegu ranglæti, misskiptingu lífsgæða og hungri í heiminum eru forgangsmál í öllu þróunarstarfi.

Nefndin leggur jafnframt þunga áherslu á mannréttindasjónarmið og jafnréttismál í þróunarsamvinnu Íslands. Leggja ber áherslu á að íslensk stjórnvöld beiti sér á virkan hátt fyrir þessum málum í öllu þróunarsamstarfi, hvort sem um er að ræða tvíhliða eða marghliða þróunarverkefni eða samstarf á vettvangi alþjóðlegra stofnana um þróunarmál. Kynjasjónarmið eru þverlæg í þróunarsamvinnuáætluninni og leggur nefndin áherslu á að við stefnu-

mótun um þróunarmál á alþjóðlegum vettvangi tali íslensk stjórnvöld fyrir því að svo verði um alla þróunarsamvinnu sem þau eiga aðkomu að.

Ísland hefur lengi stefnt að því markmiði Sameinuðu þjóðanna að iðnríki skuli veita 0,7% af vergum þjóðartekjum (VÞT) til þróunarsamvinnu. Nægir að vísa til ályktunar Alþingis frá 28. maí 1985 um að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum yrði 0,7% af þjóðarframleiðslu innan sjö ára (þingmál 507, 107. löggjafarþingi). Þar sem stefnuyfirlýsingar stjórnvalda og Alþingis um að ná þessu markmiði hafa ekki gengið eftir telur nefndin mikilvægt að varða leiðina að markmiðinu sérstaklega. Hækkun framlaga um 0,01% af VÞT á ári frá 2011–2014 er tiltölulega lítil hækkun að mati nefndarinnar og kallar á nokkuð bratta hækkun næstu árin þar á eftir eigi Ísland að ná 0,7% markmiðinu árið 2021 eins og tillagan kveður á um.

Umsagnaraðilar og gestir á fundum nefndarinnar lýstu áhyggjum af því hvort markmiðið um 0,7% af VÞT væri raunhæft í ljósi lítilla hækkana til ársins 2014. Nefndin leggur því til að leiðin að markinu verði betur vörðuð og því gerð raunhæfari, með því að kveðið verði á um jafnari hækkun framlaga til ársins 2014, þ.e. úr 0,21% árið 2012 og upp í 0,28% af VÞT árið 2014. Árið 2017 verði svo sett nýtt viðmið en þá skuli 0,5% af VÞT renna til þróunarmála. Þá verði kveðið á um að tryggt sé að framlög til þróunarmála verði aldrei lægri að raungildi en árið 2011. Að lokum leggur nefndin til að markmiðið um 0,7% af VÞT verði fært fram um tvö ár, eða fram til ársins 2019 í stað ársins 2021.

Nefndin bendir á að á tímum mikils niðurskurðar í ríkisfjármálum hafa þjóðirnar sem Ísland ber sig saman við ekki skorið niður þróunaraðstoð. Má nefna að Norðurlöndin og Írar halda framlögum sínum jöfnum á meðan Bretar hafa ákveðið að auka sín framlög til þróunarmála sem hlutfall af VÞT. Þau grundvallarsjónarmið liggja þar að baki að það séu ríkir hagsmunir þróaðra ríkja að draga úr fátækt og misskiptingu auðs í heiminum, berjast gegn sjúkdómum og faröldrum sem víða eru landlægir í þróunarríkjum og auka menntunarstig með sérstakri áherslu á konur og börn. Framlög til þróunaraðstoðar og samvinnu er því um leið framlag til friðar og jöfnuðar um allan heim. Þessi viðhorf eiga Íslendingar hiklaust að styðja í verki.

Nefndin lýsir ánægju sinni með þá nýbreytni að lagt sé til að sérstakur fjárlagaliður verði eftirleiðis helgaður samstarfi við frjáls félagasamtök. Má nefna að umsagnaraðilar og gestir hafa fagnað þessari breytingu sérstaklega.

Þá fagnar nefndin áframhaldandi áherslu í áætluninni á þau svið þróunarmála þar sem Íslendingar hafa yfir sérþekkingu að búa, svo sem á sviði sjávarútvegs, fiskveiða, orkumála og byggðaþróunar. Á þeim sviðum hefur Ísland margt fram að færa og hefur raunar þegar náð miklum árangi í þróunarsamvinnulöndum okkar. Þær áherslur koma skýrt fram í verkefnum í samstarfsríkjum svo og í starfi deilda Háskóla Sameinuðu þjóðanna hér á landi.

Háskóli Sameinuðu þjóðanna fær veglegan sess í Þróunarsamvinnuáætluninni. Þrjár deildir Háskóla Sameinuðu þjóðanna starfa á Íslandi: Jarðhitaskólinn frá og með árinu 1978, Sjávarútvegsskólinn frá og með árinu 1998 og Landgræðsluskólinn formlega frá og með árinu 2010. Við umfjöllun nefndarinnar var athygli vakin á því að huga þyrfti að jarðvegsverndarmálum, t.d. sem hluta af auðlindasviði, við framkvæmd Þróunarsamvinnuáætlunarinnar. Tekur nefndin undir þau sjónarmið, enda megi líta á jarðveg sem afar mikilvæga en takmarkaða auðlind. Þá leggur nefndin áherslu á að starfsemi deilda þessa skóla er meðal mikilvægustu framlaga Íslendinga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu en frá árinu 1978 hafa hundruð erlendra sérfræðinga komið hingað til lands og hlotið menntun á viðkomandi sérsviðum. Utanríkismálanefnd telur brýnt að treysta starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna

hér á landi. Jafnréttisskóli Háskóla Íslands hóf starfsemi sína í október 2009. Þar er einnig um að ræða afar mikilvægt starf en stefnt er að því að jafnréttisskólinn öðlist á næsta ári stöðu sem hluti af Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Nefndin telur brýnt að hvergi verði hvikað frá stuðningi við deildir Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Bjarni Benediktsson og Ólöf Nordal gera fyrirvara við álitið.

Alþingi, 7. júní 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Bjarni Benediktsson, með fyrirvara.
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.	Helgi Hjörvar.	Ólöf Nordal, með fyrirvara.
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.	Björgvin G. Sigurðsson.	Birgitta Jónsdóttir.

1672. Nefndarálit [754. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein og Bryndísi Helgadóttur frá innanríkisráðuneyti, Snorra Magnússon og Steinar Adolfsson frá Landssambandi lögreglumanna, Ólaf Þ. Hauksson, sérstakan saksóknara, Harald Johannessen, Guðmund Guðjónsson og Öldu Hrönn Jóhannsdóttur frá ríkislögreglustjóra og Helga Magnús Gunnarsson, saksóknara efnahagsbrota.

Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, embætti sérstaks saksóknara, Fjármálaeftirlitinu, Helga Magnúsi Gunnarssyni saksóknara, Jafnréttisstofu, Landssambandi lögreglumanna, Persónuvernd, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, sýslumanninum á Selfossi og tollstjóranum í Reykjavík.

Með frumvarpinu er lagt til að verkefni efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra verði færð til embættis sérstaks saksóknara. Hjá báðum þessum stofnunum er til staðar sérþekking og sérhæfing á sviði rannsókna efnahagsbrota og er með sameiningu þeirra stefnt að aukinni skilvirkni og hagkvæmni. Í gildandi lögum um embætti sérstaks saksóknara er gert ráð fyrir að það starfi tímabundið og að hægt verði að leggja það niður eftir 1. janúar 2011 að fengnu áliti ríkissaksóknara og framlagningu frumvarps þess efnis fyrir Alþingi. Með frumvarpi þessu er lagt til að þessi tímamörk verði færð aftur til 1. janúar 2013. Samkvæmt áætlunum embættis sérstaks saksóknara er gert ráð fyrir að úrvinnslu úr þeim verkefnum sem embættinu voru falin í kjölfar efnahagshrunsins ljúki á árinu 2015.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að skipuð verði nefnd sérfróðra manna til að endurskoða skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum og gera tillögur að heildarskipulagi slíkra rannsókna innan einnar stofnunar til framtíðar.

Flutningur verkefna.

Nefndin fjallaði nokkuð um rökin fyrir því að flytja verkefni efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra til embættis sérstaks saksóknara. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að rannsókn efnahagsbrota krefst sérstakrar þekkingar á viðskiptum og bókhaldi og tengist oft víðtækri brotastarfsemi á þessu sviði. Kom fram að innan embættis sérstaks saksóknara og efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra hefur byggst upp mikil sérþekking og sérhæfing á þessu sviði og því séu mikil samlegðaráhrif fólgin í því að leggja saman starfskrafta þessara tveggja rannsóknareininga í eina sterka rannsóknareiningu í stað þess að reka fleiri en eina rannsóknareiningu á þessu sviði.

Fyrir nefndinni kom fram að mikill fjöldi starfsmanna efnahagsbrotadeildarinnar hefði farið til starfa hjá sérstökum saksóknara og að meðalstarfsaldur hjá efnahagsbrotadeild væri nú eitt ár. Þá komu fram ábendingar frá ríkisskattstjóra um að málsmeðferðartími hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefði oftar en ekki verið afar langur og að jafnvel komið fyrir að refsingu hefði ekki verið komið fram í ákveðnum málum m.a. vegna þess hve rannsókn tók langan tíma. Þá hafi nokkur mál ónýst vegna óhæfilegs dráttar á framvindu mála auk mistaka svo sem í málsmeðferð, verknaðarlýsingu ákæru o.fl. Fyrir nefndinni kom fram að fjöldi mála hjá efnahagsbrotadeild hefur aukist mjög mikið auk þess sem umfang mála hefur einnig aukist. Ákærum hjá deildinni hefur fjölgað mikið milli ára. Þær voru 21 árið 2007, 42 árið 2008, 47 árið 2009 og 62 árið 2010 en ein það sem af er á þessu ári.

Ríkissaksóknari, ríkislögreglustjóri, settur ríkissaksóknari í málum sérstaks saksóknara og sérstakur saksóknari hafa bent á að sterk rök séu fyrir því að sameina þessar tvær einingar. Fyrir nefndinni kom fram að sérstakur saksóknari telji að með því að leggja saman starfskrafta þessara rannsóknar- og ákærueininga megi ætla að meira ráðrúm gefist til að vinna að samræmdari og hraðari framgangi mála, m.a. með því að flytja rannsóknarstyrk embættisins á milli málaflokka eftir því sem þörf krefur á hverjum tíma. Í engu verði þó hvikað frá því meginviðfangsefni embættisins að rannsaka og eftir atvikum að fylgja eftir með ákæru þeim málum sem tengjast starfsemi fjármálastofnana og voru tilefni þess í upphafi að embætti sérstaks saksóknara var stofnað.

Nefndin tekur undir að hagkvæmnissjónarmið og fagleg rök mæla með þeirri skipan sem lögð er til í frumvarpinu og að verði hún samþykkt muni það leiða til þess að málsmeðferð verði skilvirkari í þeim málum sem falla undir embætti sérstaks saksóknara.

Málefni starfsmanna.

Á fundum sínum fjallaði nefndin einnig um stöðu starfsmanna samkvæmt frumvarpinu en í því er gert ráð fyrir að öllum embættismönnum og öðrum starfsmönnum efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra verði boðið starf hjá embætti sérstaks saksóknara og að þeim sem ekki þiggja að færast á milli embætta skuli boðið annað starf innan lögreglunnar. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér á réttarstöðu starfsmanna í mjög sérhæfðum störfum séu grundvallarbreytingar á ráðningarkjörum þeirra, þ.e. ef þeir þiggja tímabundið starf hjá embætti sérstaks saksóknara í stað ótímabundins starfs hjá efnahagsbrotadeild.

Nefndin fjallaði einnig um ákvæði 2. gr. en þar er kveðið á um að sérstakur saksóknari ráði aðra starfsmenn embættisins en saksóknara.

Þá er lagt til að heimilt sé að skipa lögreglumenn sem hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins til starfa við embættið, en ákvæði lögreglulaga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um fimm ára skipunartíma og biðlaunarétt, taki ekki til þessara starfsmanna og að skipun þeirra falli niður þegar embætti sérstaks saksóknara verður lagt niður eða sameinað annarri ríkisstofnun. Staða lögreglumanna er sérstök að því leyti að þeir eru embættismenn samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í athugasemdum frumvarpsins við 2. gr. kemur fram að verið sé að leggja til að staða þeirra starfsmanna sem hafa réttindi til að starfa sem lögreglumenn og starfa í raun sem slíkir hjá embætti sérstaks saksóknara í dag verði bætt en vegna ákvæða í lögum er ekki hægt að skipa þá sem lögreglumenn. Við embætti sérstaks saksóknara starfa nú bæði skipaðir lögreglumenn sem hafa verið fluttir tímabundið eða ótímabundið til embættisins á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögreglumenn sem hafa verið ráðnir til embættisins með tímabundnum ráðningarsamningum. Réttarstaða þeirra sem eru skipaðir er önnur en þeirra sem ekki eru skipaðir. Nefndin tekur undir nauðsyn þess að kveðið sé með skýrum hætti á um réttindi og skyldur þeirra sem sinna lögreglustörfum fyrir embættið og telur eðlilegt að réttarstaða þeirra sé bætt. Því leggur nefndin til að þeir lögreglumenn sem boðið verður starf hjá embætti sérstaks saksóknara verði skipaðir til starfa sem lögreglumenn hjá embætti sérstaks saksóknara, þó ekki í fimm ár heldur í skemmri tíma vegna þess að embættið er tímabundið, í samræmi við tillögu að nýrri 3. mgr. 2. gr. í frumvarpinu. Við hina nýju skipun munu þeir halda áunnum starfsstigum innan lögreglunnar. Það skal tekið fram að þrátt fyrir ákvæði starfsstigareglugerðar um að menn fullnægi tilteknum skilyrðum um starfstíma til þess að hljóta skipun er litið svo á að við embætti sérstaks saksóknara sé heimilt skipa lögreglumenn þó að þeir fullnægi ekki ákvæðum reglugerðar um starfstíma. Höfð er hliðsjón af persónulegri hæfni lögreglumanns svo sem starfsaldri, þekkingu, menntun, starfsreynslu og kyni. Verði embættið lagt niður eiga þeir rétt á óbreyttum launakjörum í þrjá mánuði.

Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra verði heimilt að flytja saksóknara frá embætti ríkislögreglustjóra á grundvelli 36. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, til embættis ríkissaksóknara.

Nefndin tekur einnig fram að réttarstaða embættismanna er samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins önnur en starfsmanna sem ekki eru embættismenn. Nefndin telur engu síður rétt að mæta þessum sjónarmiðum og leggur til breytingar á ákvæði til bráðabirgða um að bjóða skuli öllum starfsmönnum efnahagsbrotadeildarinnar starf hjá embætti sérstaks saksóknara. Bæði skal bjóða embættismönnum starf og öðrum starfsmönnum. Öðrum starfsmönnum en lögreglumönnum verði boðið ótímabundið starf. Verði embættið lagt niður eiga þeir rétt á þriggja mánaða launum.

Heildarskipulag rannsókna.

Á fundum nefndarinnar var einnig fjallað um hugmyndir um framtíðarskipan þessara mála. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er lagt til að innanríkisráðherra skipi nefnd sérfróðra manna að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti til þess að endurskoða skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum og gera tillögur að heildarskipulagi slíkrar rannsókna innan einnar stofnunar til að gera þær skilvirkari og markvissari og tryggja sem besta nýtingu fjármuna. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir og ábendingar um að eðlilegt væri að peningaþvættisskrifstofa ríkislögreglustjóra væri færð yfir

til embættis sérstaks saksóknara en í 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er lagt til að við upptalningu sérstakra verkefna sem ríkislögreglustjóra ber að hafa með höndum bætist að annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilgangur peningaþvættisskrifstofu sé að taka á móti tilkynningum um grunsamleg viðskipti sem geta verið liður í að þvætta illa fengið fé eða til fjármögnunar hryðjuverka. Tilgangurinn er að lögreglan bregðist við með rannsókn sakamáls sé tilefni til. Nefndin tekur í þessu sambandi fram að hún telur eðlilegt að sú nefnd sem innanríkisráðherra skal skipa samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skoði einnig hvar peningaþvættisskrifstofunni sé best fyrir komið. Nefndin leggur til að það bætist við upptalningu verkefna nefndarinnar.

Fyrir nefndinni komu einnig fram athugasemdir um að samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu virðist gert ráð fyrir því að nefndin skuli koma með tillögur að heildarskipulagi rannsóknar og saksóknar í efnahagsbrotamálum innan einnar stofnunar. Nefndin tekur í því sambandi fram að einnig er tekið fram í ákvæðinu að tilgangurinn er að gera rannsóknirnar skilvirkari og markvissari og tryggja sem best nýtingu fjármuna í þessu skyni. Nefndin er því ekki bundin af því að leggja til að þessum rannsóknum verði komið fyrir í einni stofnun uppfylli sú tillaga ekki önnur skilyrði greinarinnar.

Lagaskil.

Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að nauðsynlegt væri að kveða skýrt á um lagaskil, þ.e. varðandi ákæruvald í þeim málum sem ríkislögreglustjóri hefur ákært í og eru til meðferðar fyrir dómstólum. Í 1. gr. frumvarpsins er eingöngu vikið að yfirtöku á rannsóknarskyldu embættis sérstaks saksóknara. Nefndin fellst á þessi sjónarmið og telur nauðsynlegt að kveða skýrt á um að við gildistöku laganna flytjist ákæruvald og þar með sókn þeirra mála sem þegar sæta ákærumeðferð fyrir dómstólum af hálfu ríkislögreglustjóra frá embætti ríkislögreglustjóra til embættis sérstaks saksóknara.

Gildistaka.

Nefndin fjallaði um ákvæði frumvarpsins um gildistöku en fyrir nefndinni hafa komið fram ábendingar, m.a. frá sérstökum saksóknara, um að nauðsynlegt sé að fá meiri tíma til að undirbúa betur tilfærslu verkefna efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra til sérstaks saksóknara með tilliti til málastöðu deildarinnar og laga verklag að breyttu umhverfi. Þá þarf meiri tíma til undirbúnings vegna starfsmannamála, þ.e. vegna nýráðninga ef starfsmenn efnahagsbrotadeildar þiggja ekki starf hjá sérstökum saksóknara. Einnig þarf að undirbúa stækkun húsnæðisins vegna aukins fjölda starfsmanna o.fl. Nefndin leggur því til að gildistakan verði miðuð við 1. september 2011, en ákvæði til bráðabirgða öðlist þegar gildi.

Nefndin telur rétt að taka fram að seinni tilvísun í númer greinargerðar um rannsókn og saksókn efnahagsbrota er ranglega sögð 807/2007 en rétt númer er 804/2007, sbr. fyrri tilvísun í greinargerð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Valgerður Bjarnadóttir og Þór Saari voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. maí 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.
Vigdís Hauksdóttir.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.	Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara.
	Mörður Árnason.	

1673. Breytingartillögur [754. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. 4. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. september 2011. Við gildistöku laga þessara flyst ákæruvald og þar með sókn þeirra mála sem þegar sæta ákærumeðferð fyrir dómstólum af hálfu ríkislögreglustjóra frá embætti ríkislögreglustjóra til embættis sérstaks saksóknara.
   Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast ákvæði til bráðabirgða þegar gildi.
2. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:
   Frá gildistöku þessa ákvæðis er embætti sérstaks saksóknara heimilt að undirbúa sameiningu embættis sérstaks saksóknara og efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, m.a. með því að bjóða embættismönnum og öðrum starfsmönnum efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra starf hjá embætti sérstaks saksóknara. Þó er ráðherra heimilt að flytja saksóknara frá embætti ríkislögreglustjóra á grundvelli 36. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, til embættis ríkissaksóknara. Þeim sem ekki þiggja starf hjá embætti sérstaks saksóknara skal boðið annað starf innan lögreglunnar. Skulu þeir þá njóta sömu kjara og þeir njóta hjá ríkislögreglustjóra. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf sem er ráðið í samkvæmt þessari málsgrein.

1674. Nefndarálit [678. mál]

um till. til þál. um fullgildingu Árósasamnings um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

Frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar.

Fyrsti minni hluti utanríkismálanefndar fagnar því að gengið er til þess að fullgilda Árósasamninginn um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Samt sem áður gerir 1. minni hluti alvarlegar athugasemdir við þá leið sem valin hefur verið til innleiðingar á efnislegum atriðum samningsins hérlendis með fyrirhuguðum lagabreytingum, sbr. frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins og frumvarp til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fram kom á fundi utanríkismálanefndar að íslensk stjórnvöld hafa kosið að ganga mun lengra en samningurinn sjálfur kveður á um í að opna aðgang að málsmeðferð í umhverfismálum samkvæmt svokallaðri þriðju stoð samningsins. 1. minni hluti leggur áherslu á að ákvæði samningsins um þátttökuréttindi almennings í umhverfismálum eru almenns eðlis og veita aðildarríkjunum talsvert svigrúm við innleiðingu. Í frumvörpunum sem vísað er til hér að framan er gert ráð fyrir mjög rýmkuðum heimildum til þess að kæra matskenndar framkvæmdir án þess að kærandi hafi lögvarða hagsmuni í málunum. Á fundi nefndarinnar kom fram að auk Íslands hefur einungis eitt ríki, Portúgal, valið þessa útfærslu á samningnum og opnað aðild allra að stjórnsýslukærum án beinna hagsmuna þeirra af viðkomandi máli. Það er umhugsunarefni að á öðrum Norðurlöndum, þeim ríkjum sem við berum okkur alla jafna saman við, hefur þessi leið ekki verið valin. 1. minni hluti telur að auðveldlega megi misbeita þeim aukna aðgangi að stjórnsýslukærum sem fyrirhugaður er og gerir alvarlegan fyrirvara við þann hluta innleiðingar Árósasamningsins. 1. minni hluti hvetur til þess að þessi atriði verði endurskoðuð í meðferð á fyrrnefndum frumvörpum og lýsir andstöðu við frumvörpin eins og þau voru afgreidd úr umhverfisnefnd en ítrekar að öðru leyti stuðning sinn við að Árósasamningurinn verði fullgiltur.

Fyrsti minni hluti leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 7. júní 2011.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

1675. Svar [817. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um verktakasamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Í ráðuneytinu eru tveir aðilar starfandi á verktakasamningum.

1676. Svar [825. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um Lissabon-sáttmálann.

1. *Er þýðingu á sáttmálum Evrópusambandsins lokið, sbr. svar ráðherra á þskj. 134 þar sem fram kom að þýðing væri hafin á sáttmálum Evrópusambandsins í heild sinni eins og þeir standa eftir gildistöku Lissabon-sáttmálans og áætlað væri að þýðingu þeirra yrði lokið í lok febrúar 2011?*
2. *Ef ekki, hvenær er þá áætlað að þýðingarvinnunni ljúki?*

Þýðingu á sáttmálum Evrópusambandsins, en svo nefnast einu nafni stofnsáttmáli Evrópusambandsins, einnig nefndur Rómarsáttmálinn (1957), og þær breytingar sem gerðar hafa verið á honum með samrunasáttmálanum (1967, sem sameinaði Kola- og stálbandalagið, Kjarnorkubandalagið og Efnahagsbandalag í Evrópubandalagið), Evrópsku einingarlögunum (1987), Maastricht-sáttmálanum (1993), Amsterdam-sáttmálanum (1999), Nice-sáttmálanum (2003) og Lissabon-sáttmálanum (2009), er lokið og má finna hana á eftirfarandi vefslóðum:

– http://www.utanrikisraduneyti.is/utgefid-efni/
– http://esb.utn.is/hlidarval/skjol-og-tenglar/skjol-fra-esb/

3. *Hefur verið tekin ákvörðun um hvort sáttmálinn verði kynntur sérstaklega að þýðingu lokinni, t.d. með bæklingi sem dreift verði til allra heimila landsins?*

Engin ákvörðun hefur verið tekin að svo stöddu um sérstaka kynningu sáttmála ESB.

1677. Frumvarp til laga [882. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Agnes Suto, f. 1992 í Ungverjalandi.
2. Alda Kravec, f. 1981 í Kanada.
3. Amina Nekesa Khaemba, f. 1969 í Kenía.
4. Andrey Gagunashvili, f. 1981 í Rússlandi.
5. Anna Gudbjorg Cowden, f. 1989 í Bandaríkjunum.
6. Arlene Isabel Campo de Roa, f. 1949 í Kólumbíu.
7. Aron Sankla Ísaksson, f. 1997 í Taílandi.
8. Arthur Delos Reyes, f. 1976 á Filippseyjum.
9. Chamila Manel Salgado Meranjige, f. 1977 á Srí Lanka.
10. Darrell Dwayne Flake, f. 1980 í Bandaríkjunum.
11. Farida Riziki Khaemba, f. 1990 í Kenía.
12. Fe Daro Abellon, f. 1972 á Filippseyjum.
13. Florentina Tabaku, f. 1982 í Kósóvó.

14. Hlynur Bono Hlynsson, f. 1993 á Íslandi.
15. Ioannis Garmpis, f. 1962 í Túnis.
16. Ivan Shelykh, f. 1976 í Rússlandi.
17. Ivica Cavara, f. 1975 í Króatíu.
18. Jaime Armando Caicedo Vivas, f. 1994 í Kólumbíu.
19. Jaqueline Da Silva Luquez, f. 1989 í Brasilíu.
20. Jessica Daniela Caicedo Vivas, f. 1993 í Kólumbíu.
21. Jevgenijs Guls, f. 1987 í Lettlandi.
22. Jimmy Andres Salinas Moreno, f. 1990 í Kólumbíu.
23. Jussanam Da Silva, f. 1965 í Brasilíu.
24. Justin Christopher Shouse, f. 1981 í Bandaríkjunum.
25. Jyna Marithza Caicedo Vivas, f. 1982 í Kólumbíu.
26. Lai Thi Nguyen, f. 1956 í Víetnam.
27. Luis Enrique Sarabia Lopes, f. 1934 í Kólumbíu.
28. Manee Manorom Ólason, f. 1964 í Taílandi.
29. Maria Katherine Idarraga Calderon, f. 1989 í Kólumbíu.
30. Maria Kathleen Malong Smith, f. 1979 á Filippseyjum.
31. Marija Zikic, f. 1984 í Serbíu.
32. Mark Wesley Johnson, f. 1983 í Bandaríkjunum.
33. Narawit Seelarak, f. 2001 á Íslandi.
34. Nevin Nabil Hassan Abdalla Shalaby, f. 1974 í Egyptalandi.
35. Olga Fedorova, f. 1980 í Rússlandi.
36. Omar Daudo Chipa, f. 1962 í Mósambík.
37. Pacharin Julburom, f. 1977 í Taílandi.
38. Pawel Fiann, f. 1980 í Póllandi.
39. Rabia N Jassim, f. 1971 í Írak.
40. Rahul Srivastava, f. 1975 á Indlandi.
41. Roman Zakharii, f. 1975 í Úkraínu.
42. Sarah Irene Shantz-Smiley, f. 1982 í Kanada.
43. Stanomir Lovic, f. 1939 í Serbíu.
44. Steingrímur Þór Alexandersson, f. 1967 í Hvíta-Rússlandi.
45. Tetyana Yurchenko, f. 1992 í Úkraínu.
46. Tómas Vífill Bono Hlynsson, f. 1994 á Íslandi.
47. Viktoriya Þorsteinsson, f. 1971 í Úkraínu.
48. Vlora Bala, f. 1984 í Kósóvó.
49. Yapi Donatien Achou, f. 1976 á Fílabeinsströndinni.
50. Zorica Trickovic, f. 1985 í Serbíu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1678. Nefndarálit [621. mál]

um till. til þál. um heimild til staðfestingar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

I. Meðferð málsins í nefndinni.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti, Björgu Thorarensen, prófessor, Stefán Má Stefánsson, prófessor og nefndarmann í réttarfarsnefnd, og Valgerði Guðmundsdóttur frá innanríkisráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist gögn frá utanríkisráðuneyti og innanríkisráðuneyti vegna málsins. Við umfjöllun málsins óskaði utanríkismálanefnd eftir því að á vegum skrifstofu Alþingis yrði unnin stutt lögfræðileg greinargerð um málið. Hefur nefndinni borist minnisblað frá nefndasviði og aðallögfræðingi Alþingis og birtist það sem fylgiskjal við álit þetta.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á fyrirhugaðri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, þar sem felld verði inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB. Framsetning tillögunnar telst að mati meiri hlutans í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Nefndin hafði málið til umfjöllunar um nokkurt skeið áður en tillagan sem hér um ræðir var lögð fram á Alþingi. Var það gert á grundvelli 2. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála og fékk nefndin á sinn fund Bergþór Magnússon og Írisi Lind Sæmundsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Pétur K. Maack frá Flugmálastjórn Íslands. Þá var málið í vinnslu innan EFTA og fyrirhugað að taka reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 216/2008 inn í EES-samninginn og ljóst að sú breyting kallaði á lagabreytingu hér á landi.

Tillagan er lögð fram á Alþingi áður en sameiginlega EES-nefndin samþykkir ákvörðunina vegna stjórnskipulegra álitaefna sem samþykkt hennar hefur í för með sér. Ágreiningur var milli EES/EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar ESB um hvar sektarákvörðunarvald í málinu eigi að liggja. Íslensk stjórnvöld hafa sóst eftir að Flugmálastjórn fengi það en framkvæmdastjórn ESB hefur vísað til 108.–110. gr. EES-samningsins og talið að Eftirlitsstofnun EFTA ætti að fara með þetta vald. Hið stjórnskipulega álitaefni er hvort heimildir landsréttar heimili þetta framsal valds.

Meiri hlutinn vill benda á að málsmeðferðin, þar sem þingsályktunartillaga er lögð fram í aðdraganda ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, á sér tvö fordæmi: í 480. máli á 121. löggjafarþingi, um samræmdar heilbrigðisreglur fyrir m.a. fisk og fiskafurðir, og í 535. máli á þessu þingi, um að fella flugstarfsemi og stærstan hluta iðnaðar sem losar gróðurhúsalofttegundir undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (ETS).

Stjórnskipulegur þáttur málsins er mikilvægur, einkum ákvæði 25. gr. reglugerðarinnar sem veitir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, að beiðni Flugöryggisstofnunarinnar, heimild til að leggja sektir eða févíti á einstaklinga og fyrirtæki. Sektarákvörðunarvaldið samkvæmt ákvæðinu mun hins vegar hvíla hjá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, gagnvart EES/EFTA-ríkjunum við innleiðingu reglugerðarinnar í EES-samninginn.

Málið er ekki einstakt í sinni röð hvað varðar stjórnskipuleg álitaefni því af eðli EES-samningsins leiðir að efni hans hefur breyst og þróast frá undirritun hans. Nefndin hefur kynnt sér hvernig áður hefur verið fjallað um stjórnarskrána í tengslum við EES-samninginn, Schengen-samstarfið og samningum sem tengjast hvoru tveggja og hefur fjallað gaumgæfilega um þessi efni. Um er að ræða bæði skýrslur og greinargerðir sem prentaðar hafa verið í Alþingistíðindum en einnig sjónarmið sem komið hafa fram í álitum þingnefnda. Annars vegar er um lögfræðilegt álitaefni að ræða og hins vegar stjórnmálalegt úrlausnarefni. Gerð er grein fyrir þessu í álitinu.

II. Reglugerð (EB) nr. 216/2008.

Eftir stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem Ísland er aðili að, hefur reglugerðarkerfi um flugstarfsemi verið endurnýjað. Reglugerð (EB) nr. 216/2008 var lögtekin innan ESB 20. febrúar 2008. Með reglugerðinni er verksvið Flugöryggisstofnunar Evrópu aukið frá því sem áður var. Felldar eru niður tvær eldri tilskipanir og ein reglugerð en með þeirri síðastnefndu, nr. 1592/2002, var Flugöryggisstofnun Evrópu komið á fót. Sú reglugerð hafði verið lögfest hér á landi.

Þegar af þeirri ástæðu hefur verið talið brýnt fyrir hagsmuni flugstarfsemi á Íslandi að reglugerð (EB) nr. 216/2008 öðlist gildi sem fyrst. Fyrirhugað er að sameiginlega EES-nefndin samþykki hana á fundi sínum 1. júlí nk.

Flugöryggisstofnun Evrópu hefur frá stofnun hennar borið ábyrgð á lofthæfis- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, auk vottunar og eftirlits með viðhaldsstöðvum í þriðju ríkjum. Stofnunin fer meðal annars með viðamikið hlutverk á sviði stöðlunar og úttekta og annast söfnun, greiningu og rannsóknir í þágu aukins flugöryggis. Þá annast stofnunin enn fremur margvísleg verkefni tengd alþjóðlegu samstarfi og samvinnu í þágu flugöryggismála.

Með reglugerð (EB) nr. 216/2008 er verksvið stofnunarinnar aukið og nær nú til flugrekstrar og starfrækslu loftfara, mats á flugöryggislegum atriðum í upprunaríki flugrekenda með staðfestu utan bandalagsins, útgáfu skírteina áhafna, heimilda til rekstrar flugþjálfunar og kennslu, fluglæknasetra og vottunar flugþjálfa. Grunnkröfur til þessa eru í viðauka við reglugerðina, en nánari útfærsla reglna þar að lútandi verður í formi innleiðingarreglugerða sem framkvæmdastjórn ESB mun setja á næstu árum að tillögu stofnunarinnar. Reglugerðin er einnig grundvöllur annarra mikilvægra ESB-reglugerða, til að mynda reglugerðar (EB) nr. 1108/2009 um flugöryggismál á flugvöllum, í flugumferðarstjórn og flugleiðsögu.

Þá mælir reglugerðin meðal annars fyrir um grunnkröfur um umhverfisvernd, skilyrði fyrir útgáfu skírteina vegna lofthæfis, fyrir starfrækslu loftfara, flugskóla, viðhaldsstöðva og til flugmanna. Einnig mælir hún fyrir um gagnkvæma viðurkenningu þessara skírteina innan EES. Öll slík skírteini og leyfi eru og verða veitt af Flugmálastjórn Íslands.

Með 2. tölul. b 20. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um vottorð sem Flugöryggisstofnun Evrópu gefur út á þröngu sviði til hönnunarfyrirtækja í aðildarríkjum stofnunarinnar. Aðeins eitt íslenskt hönnunarfyrirtæki í þessa veru hefur vottorð frá stofnuninni og er það á mjög afmarkað sé litið til hönnunar loftfars í heild sinni. Varðar það sem dæmi vagna sem keyrðir eru um borð í farþegaþotum, að hönnunarfyrirtæki geti vottað að lestur af rafrænum kortum trufli ekki búnað í vélinni. Tilgangur ákvæðisins er að veita meiri sveigjanleika í viðurlögum ef brotið er gegn því, svo nú verður heimilt að beita févítisákvæðum áður en til afturköllunar skírteinis kemur. Er sektarheimildin því sett til að gæta meðalhófs.

Reglugerðin er grundvallarreglugerð fyrir flugstarfsemi. Við umfjöllun nefndarinnar var lögð áhersla á hve miklir hagsmunir slíkrar starfsemi á Íslandi eru tengdir reglugerðinni og hve rík áhersla er lögð á að gerðin verði hluti af EES-samningnum.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og mun fyrirhugað frumvarp innanríkisráðherra um breytingu á 136. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, fjalla um hið afmarkaða álitamál, þ.e. um hvernig Eftirlitsstofnun EFTA verður veitt sektarvald vegna skírteina sem útgefin eru. Fyrirhugað er að leggja frumvarpið fram á haustþingi.

III. Stjórnskipuleg álitaefni.

Við undirbúning þess máls sem hér er fjallað um vann Stefán Már Stefánsson, prófessor, að beiðni forsætisráðuneytisins álitsgerð sem er dagsett 10. janúar 2011. Umfjöllunarefnið er hvort ákvæði reglugerðar (EB) nr. 216/2008, einkum ákvæði 25. gr. reglugerðarinnar, stangist á við íslensku stjórnarskrána.

Í greinargerðinni er fjallað um forsögu málsins og reifar Stefán Már álitaefnið, ákvæði reglugerðar nr. 216/2008 sem máli skipta, ákvæði stjórnarskrár sem koma við sögu, stjórnarskrárleg atriði tengd annars vegar EES-samningnum og hins vegar Schengen-samningnum, meginsjónarmið um gildissvið stjórnarskrárinnar og heimildir til framsals, og ákvæði 1. mgr. 27. gr. samkeppnislaga. Nánar er fjallað um álitsgerðina hér á eftir.

Nefndin hefur kynnt sér hvernig áður hefur verið fjallað um stjórnarskrána í tengslum við EES-samninginn, Schengen-samstarfið og samningum sem tengjast hvoru tveggja og telur óhjákvæmilegt annað en að gerð sé almenn grein fyrir þeim þætti er varða stjórnskipuleg álitaefni tengd samningunum sem hafa komið til umfjöllunar á Alþingi.

a. Skýrslur og greinargerðir.

Við lögfestingu EES-samningsins árið 1993.

Í skýrslu utanríkisráðherra frá mars 1991 um stöðu samningaviðræðna um Evrópska efnahagssvæðið (þskj. 862, 360. mál 113. löggjafarþings) kemur fram að samræmd framkvæmd og túlkun á EES-reglunum í öllum aðildarríkjunum sé forsenda þess að markmiðum samningsins verði náð. Á það er bent að sameiginlegar stofnanir samningsaðilanna séu óhjákvæmilegar til eftirlits. Niðurstaðan er að þær hugmyndir sem vörðuðu valdsvið sameiginlegra stofnana á Evrópska efnahagssvæðinu féllu innan ramma stjórnarskrárinnar eins og hún hafði verið túlkuð fram að því.

Fjórar lögfræðilegar álitsgerðir um stjórnarskrána og EES voru lagðar fram á Alþingi við afgreiðslu EES-samningsins (1. mál 116. löggjafarþings):

Í fyrsta lagi álitsgerð nefndar utanríkisráðherra um stjórnarskrána og EES-samninginn (sbr. fskj. I, þskj. 30, 29. mál 116. löggjafarþings, bls. 3–18) sem fjórir lögfræðingar skipuðu: Þór Vilhjálmsson, hæstaréttardómari, Gunnar G. Schram, prófessor, Stefán Már Stefánsson, prófessor, og Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um framsal valds væri að ræða en taldi stjórnarskrána ekki koma í veg fyrir það. Ástæðan væri að 1) það sé íslensk réttarregla að við sérstakar aðstæður beri að beita erlendum réttarreglum hér á landi, 2) dæmi eru til þess að ákvarðanir erlendra stjórnvalda gildi hér á landi og að þær séu aðfararhæfar, 3) dæmi eru til þess að erlenda dóma megi framkvæma hér á landi, 4) vald það sem alþjóðastofnunum er ætlað með samningunum, sem hér er fjallað um, er vel afmarkað, 5) þetta vald er á takmörkuðu sviði, 6) það er ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila.

Lögfræðingarnir sögðu þó hugsanlegt að reynslan leiddi í ljós að það reyndist ekki rétt að reglurnar um vald stofnana EFTA væru vel afmarkaðar, að þær fælu ekki í sér verulegt valdframsal og væru ekki íþyngjandi í ríkum mæli. Þeir töldu ekki að nauðsyn væri til að ráðast í breytingar á stjórnarskránni vegna þessa möguleika. Ef hins vegar kæmi fram síðar, að slíkra breytinga væri þörf, væri Ísland að þjóðarétti skuldbundið til að gera þær. Að lokum sögðu lögfræðingarnir: „Við höfum tekið til athugunar, hvort sameiginleg áhrif samninganna geti falið í sér óheimilt valdframsal, þó að einstök ákvæði, skoðuð hvert fyrir sig, geri það ekki. Við teljum það ekki vera. Þá bendum við á, að síðar megi eða beri að gera stjórnarskrárbreytingu, ef fram kemur, að forsendur okkar standist ekki.“

Í öðru lagi álitsgerð frá Davíð Þór Björgvinssyni (lögð fram á fundi utanríkismálanefndar 7. júlí 1992), þáverandi dósent við lagadeild Háskóla Íslands, sem taldi að aðild að samningnum væri ekki stjórnarskrárbrot.

Í þriðja lagi álitsgerð frá Birni Þ. Guðmundssyni (sbr. fskj. II, þskj. 30, 29. mál 116. löggjafarþings, bls. 18–26), prófessor, sem taldi vafa á því að samningurinn bryti ekki í bága við stjórnarskrána og vildi þess vegna að henni yrði breytt.

Í fjórða lagi álitsgerð frá dr. Guðmundi Alfreðssyni (sbr. fskj. III, þskj. 30, 29. mál 116. löggjafarþings, bls. 26–40) sem taldi að ákvæði stjórnarskrárinnar yrðu brotin ef Alþingi samþykkti EES-samninginn.

Við undirbúning að þátttöku í Schengen-samstarfinu 1999.

Við samningaviðræður um aðild að Schengen-samstarfinu fól utanríkisráðherra þremur lagaprófessorum, Stefáni Má Stefánssyni, Davíð Þór Björgvinssyni og Viðari Má Matthíassyni, að taka saman álitsgerð um það hvort væntanlegt samkomulag við Evrópusambandið um Schengen-samninginn kynni að brjóta í bága við íslensku stjórnarskrána (sbr. fskj. I, þskj. 240, 206. mál 125. löggjafarþings, bls. 116–147). Niðurstaða prófessoranna var að framsal á einstökum þáttum ríkisvalds, sem gert sé ráð fyrir í samstarfssamningnum um Schengen-samstarfið væri takmarkað og tæki til afmarkaðra málaflokka. Þeir sögðu: „Það framsal ríkisvalds, sem fjallað er um í þessari álitsgerð er takmarkaðra og fyrirsjáanlegra, en það sem felst í samningunum um EES. Við teljum því, eins og að framan greinir, að það brjóti ekki í bága við stjórnarskrána.“

Í álitsgerð sömu manna um Schengen-samninginn og íslensku stjórnarskrána í ljósi samnings milli ráðs EB og Íslands og Noregs um framkvæmd og beitingu og þróun Schengen-samninganna (sbr. fskj. II, þskj. 240, 206. mál 125. löggjafarþings, bls. 148–159) eru þessi sjónarmið meðal þeirra meginatriða sem ítrekuð eru.

Við heildarmat þeirra á gildissviði íslensku stjórnarskrárinnar og á dæmum úr löggjöf um framsal ríkisvalds telja þeir að það séu nokkur atriði sem öðrum fremur skipta máli: Hvar lögskipti gerðust, hvaða hagsmuni sakarefnið varðaði, hvort ákvörðun taldist verulega íþyngjandi, hvort valdframsal var vel afmarkað og sjónarmið um fullveldið. Þeir telja að það séu heildaráhrifin sem máli skipti. Eðlilegt sé því að gera ráð fyrir að ákvæði íslenskrar stjórnarskrár og gildissvið „séu túlkuð með hliðsjón af gildandi þjóðarétti á hverjum tíma, a.m.k. að því marki sem unnt er að samrýma slíka túlkun fullveldisrétti ríkisins og réttaröryggi borgaranna“. Þeir telja líkur til þess að Alþingi geti kveðið nánar á um gildissvið tiltekins réttaratriðis sem hefur á sér alþjóðlegan blæ. Líklegt sé „að þetta svigrúm sé því meira þeim mun alþjóðlegri sem lögskiptin eru í eðli sínu“.

Við setningu nýrra samkeppnislaga árið 2005.

Við gerð frumvarps til samkeppnislaga árið 2004 (590. mál 131. löggjafarþings) var leitað álits Davíðs Þórs Björgvinssonar, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, um framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana í tilefni af innleiðingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 (sbr. fskj. við þskj. 921, 617. mál 131. löggjafarþings, bls. 88–131). Hann taldi að innleiðing og frumvarp stangaðist ekki á við stjórnarskrána og sagði að væri tekið mið af sjónarmiðum um breytilega skýringu stjórnarskrárinnar sem fælu í sér allmikið svigrúm fyrir hinn almenna löggjafa til að skýra og beita stjórnarskránni í samræmi við ríkjandi viðhorf í stjórnmálum í víðum skilningi, almenna þjóðfélagsþróun og þróun alþjóðasamskipta, mætti færa veigamikil rök fyrir því að löggjafanum væri játuð heimild til framsals ríkisvalds innan þeirra marka sem eftirfarandi regla setti:

„Framsal valdheimilda ríkisins til alþjóðlegra stofnana er að vissu marki heimilt að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum: (i) að framsalið sé byggt á lögum, (ii) það sé afmarkað og vel skilgreint, (iii) það sé ekki verulega íþyngjandi, hvorki fyrir íslenska ríkið né þegnana, (iv) það sé byggt á samningi sem kveði á um gagnkvæm réttindi og skyldur og mæli fyrir um samsvarandi framsal ríkisvalds annarra samningsríkja, (v) að hinar alþjóðlegu stofnanir sem vald er framselt til byggist á lýðræðislegum grundvelli og að þær viðurkenni almennar meginreglur um réttláta málsmeðferð og réttláta stjórnsýslu, (vi) að framsalið leiði af þjóðréttarsamningi sem stefnir að lögmætum markmiðum í þágu friðar og menningarlegra, félagslegra eða efnahagslegra framfara, (vii) framsalið má ekki leiða til þess að skert séu réttindi þegnanna sem vernduð eru í stjórnarskrá, (viii) framsalið sé afturkallanlegt.“

Við skoðun samkeppnislagafrumvarpsins taldi Davíð Þór nauðsynlegt að „árétta enn og aftur að forsendan fyrir því að 27. gr. frumvarpsins standist gagnvart stjórnarskrá er að fallist sé á að í íslenskum rétti gildi venjuhelguð regla um að hinn almenni löggjafi hafi heimild til að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, án sérstakrar heimildar til þess í stjórnarskránni.“

Í þessu sambandi verður að geta umsagnar réttarfarsnefndar (dbnr. 131/1216) við áðurnefnt frumvarp þar sem talið var varhugavert að rökstyðja framsal ríkisvalds með því að það væri takmarkað við tilteknar aðstæður. Taldi réttarfarsnefnd að skoða yrði það framsal ríkisvalds sem gert var ráð fyrir í heild og miða við allan EES-samninginn. Bent var á að mjög hefði reynt á íslenska stjórnarskrá í upphafi EES-samningsins. Ekki mætti líta á það framsal ríkisvalds sem uppi var í 27. gr. samkeppnislaga varðandi dómstólana sem einangrað fyrirbæri. Væri haldið áfram á þeirri braut mætti segja nákvæmlega það sama um flesta hluta EES-samningsins. Hann mætti greina í sundur í afmarkaða þætti og draga þannig smám saman vald frá íslenskum dómstólum. Þetta skipti máli þegar metið væri hvort framsal teldist smávægilegt. Taldi Stefán Már Stefánsson, prófessor og nefndarmaður í réttarfarsnefnd sem falið var að taka saman umsögnina fyrir hönd nefndarinnar, við það tilefni að ekki skipti máli hugsanlegur fjöldi tilvika sem 27. gr. samkeppnislaga tæki til, þegar stjórnskipulegt gildi ákvæðisins væri metið. Tók réttarfarsnefnd undir þessi sjónarmið.

Verulegar athugasemdir komu fram í umsögnum um þessa lagabreytingu. Farið væri inn á nýja braut sem hefði ekki verið í EES-samningnum í upphafi, þ.e. að íslenskir dómstólar yrðu bundnir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA í samkeppnismálum við tilteknar aðstæður. Í umsögn Dómarafélags Íslands (dbnr. 131/1380) við málið kom m.a. fram að það hlyti að teljast annmarki á undirbúningi frumvarpsins „að leggja álitsgerð aðeins eins manns til grundvallar löggjöf sem getur falið í sér ákvörðun um framsal ríkisvalds.“ Var á það bent

að í fyrri tilvikum þegar sambærilegar spurningar hefðu verið til umfjöllunar, hefðu fleiri aðilar verið kallaðir til ráðgjafar.

Við framsal sektarvalds til ESA vegna flugstarfsemi árið 2011.

Áður hefur verið nefnd álitsgerð Stefáns Más Stefánssonar, prófessors, frá 2011 um hvort ákvæði reglugerðar (EB) nr. 216/2008 sem hér er til umfjöllunar, einkum ákvæði 25. gr. hennar, stangist á við íslensku stjórnarskrána (fskj. II við þingsályktunartillögu þessa máls, bls. 52–75). Við samningu álitsgerðarinnar voru meginsjónarmið nefndar utanríkisráðherra um stjórnarskrána og EES-samninginn sem fjórir lögfræðingar skipuðu, lögð til grundvallar. Jafnframt voru flestar af fyrrgreindum álitsgerðum hafðar til hliðsjónar. Í forsendum Stefáns Más fyrir niðurstöðum sínum er fullveldissjónarmiðum veitt ákveðið vægi. Felst í því að staða Íslands í alþjóðlegu samstarfi sé í grundvallaratriðum önnur en áður var. Segir svo: „Er eðlilegt að líta svo á að ákveðið svigrúm sé fyrir hendi til að túlka viðkomandi stjórnarskrárákvæði þannig að ekki þrengi um of að möguleikum Íslands sem fullvalda þjóðréttaraðila til að tryggja hagsmuni sína sem best í samstarfi og samningum við aðrar þjóðir jafnvel þó að stofn þeirra sé gamall.“

Þá er fjallað um heimild stjórnarskrár til takmarkaðs framsals stjórnvalds er varðar milliríkjaviðskipti og vísar Stefán Már þar til álits nefndar utanríkisráðherra um stjórnarskrána og EES-samninginn. Segir Stefán Már það meginatriði að hver sá sem taki þátt í alþjóðlegum viðskiptum og njóti þess hagnaðar sem af þeim markaði leiðir skuli einnig bera skyldur sem honum tengjast eða af honum leiða. Þá ítrekar Stefán Már sjónarmið svipuð þeim og réttarfarsnefnd gerði áður varðandi skoðun á framsali ríkisvalds í heild og nauðsyn þess að miða við allan EES-samninginn.

Niðurstaða greinargerðar Stefáns Más er að sektarheimild til handa Eftirlitsstofnun EFTA vegna brota á reglugerð nr. 216/2008 mundi skoðast sem aðgerð sem hefði bein og íþyngjandi réttaráhrif hér á landi. Slíkar sektir og févíti væru bindandi fyrir íslenska aðila og aðfararhæfur á hendur þeim. Þar sem ákvarðanirnar yrðu aðeins bornar undir dómstól EFTA yrði að skoða þær með hliðsjón af þeirri dómstólavernd sem íslenskir aðilar njóta. Bent er á að umræddar reglur muni taka til mjög fárra aðila hér á landi, en samkvæmt upplýsingum nefndarinnar er aðeins um einn aðila að ræða, og gildi auk þess á mjög þröngu sviði. Niðurstaðan er að erfitt geti verið að fullyrða að breytingar á lögum vegna fyrrnefndra ákvæða brjóti í bága við stjórnarskrá. Gildi einu hvort horft sé á málið sem sérstakt fyrirbrigði eða hvort horft sé á EES-samninginn í heild sinni.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að meginþráðurinn í gegnum þorra greinargerðanna er að Alþingi hafi visst svigrúm til að túlka stjórnarskrána með hliðsjón af framsali ríkisvalds. Hafa fræðimenn fjallað um óskráða reglu þar um. Hins vegar tekur meiri hlutinn fram að ekki ríkir einhugur um þetta í álits- og greinargerðum.

b. Álit þingnefnda.

Í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar við afgreiðslu EES-samningsins, frá 30. nóvember 1992 (þskj. 372, 1. mál 116. löggjafarþings), er greint frá því að niðurstaða skýrslu utanríkisráðherra komi heim og saman við það sem fram hafði komið í umræðum innan nefndarinnar um þetta mál. Vísað er til þess að ríkisstjórn hafi látið kanna hvort einhver ákvæði EES-samningsins brytu í bága við íslensku stjórnarskrána og niðurstaðan hefði verið sú að óþarft væri að breyta stjórnarskránni vegna EES.

Meiri hlutinn nefnir til sögunnar þá staðreynd að hér á landi starfi ekki stjórnlagadómstóll eins og víða annars staðar. Til slíkra dómstóla sé unnt að skjóta álitaefnum varðandi stjórnskipulega stöðu mála á meðan þau eru til meðferðar á löggjafarþingum. Svo segir meiri hlutinn: „Hér er það alfarið á valdi Alþingis að ákveða við hina þinglegu meðferð hvort frumvörp til laga eða efni alþjóðasamninga samræmist stjórnarskránni eða ekki. Hæstiréttur Íslands hefur síðan úrslitavald til að dæma um það hvort íslensk lög eða samningar við erlend ríki brjóti í bága við stjórnarskrána.“

Í áliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, um frumvarp til nýrra samkeppnislaga, frá 3. maí 2005 (þskj. 1289, 590. mál 131. löggjafarþings), var fjallað um álit Davíðs Þórs. Taldi meiri hlutinn að færa mætti fyrir því veigamikil rök að Alþingi hefði heimild til framsals ríkisvalds innan þeirra marka sem lagt var til í frumvarpinu. Ályktun nefndarinnar var að það væri löggjafans að áskilja sér svigrúm til að móta samskipti við fjölþjóðlegar stofnanir í framkvæmd og beita framsalsreglunni svo íslenska ríkið gæti „áfram verið virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi“. Með þessum orðum er fullveldissjónarmiðum veitt ákveðið vægi.

IV. Stjórnmálaleg úrlausnarefni.

Meiri hlutinn gerir skýran greinarmun á þeim stjórnskipulegu álitaefnum sem uppi eru og þeim stjórnmálalegu úrlausnarefnum sem eru til skoðunar. Verður nú gerð almenn grein fyrir þeim þætti er varða úrlausnarefnin um framsal valds til alþjóðastofnana í tengslum við EES-samninginn annars vegar og hins vegar Schengen-samninginn.

a. Skýrslur og greinargerðir.

Í skýrslu utanríkisráðherra frá mars 1991 um stöðu samningaviðræðana um Evrópska efnahagssvæðið kemur fram að ef litið sé „til þróunar alþjóðamála almennt má vænta aukinnar þátttöku Íslands í samvinnu þjóða á fjölmörgum sviðum … „. Niðurstaðan er sú að í ljósi þeirrar þróunar sé „full ástæða til að kanna þörf á nýju ákvæði í stjórnarskrána sem kvæði skýrt á um heimildir til þátttöku í alþjóðastarfi“.

Þeir þrír prófessorar, sem utanríkisráðherra fól að gefa álit um hvort væntanlegt samkomulag við Evrópusambandið um Schengen-samninginn kynni að brjóta í bága við íslensku stjórnarskrána, bentu á að „þótt takmarkað framsal ríkisvalds með samningum um einstök málefni, eins og Schengen-samstarfið, sé samrýmanlegt stjórnarskránni, er fyrirsjáanlegt að aukin alþjóðleg samvinna einkum milli Evrópuríkja muni kalla á frekara framsal ríkisvalds.“ Þeir töldu að síðar kynni að koma „að talið verði að framsal hafi átt sér stað í of ríkum mæli miðað við reglur stjórnarskrárinnar, eins og þær eru nú“. Prófessorarnir töldu eðlilegt „þegar horft er fram á vaxandi alþjóðlegt samstarf í framtíðinni, að undirbúa og framkvæma breytingar á íslensku stjórnarskránni, til þess að koma í veg fyrir að sérstakur vafi rísi í hvert sinn, sem stofnað er til samstarfs um tiltekinn málaflokk.“

Við skoðun samkeppnislagafrumvarpsins taldi Davíð Þór á sama hátt að því mætti halda fram að skynsamlegt væri að setja ákvæði er heimiluðu að vissu marki framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana, hliðstæð þeim sem er að finna í stjórnarskrám margra Evrópuríkja. Þau lögfræðilegu rök byggju að baki að með því að hafa slíka reglu gefist tækifæri til að kveða skýrar á um slíkt framsal, skilyrði þess og umfang. Rökstuddi Davíð Þór þá ályktun svo að það „væri því heppilegra að hafa við slíka skráða stjórnskipunarreglu að styðjast, fremur en að byggja á óskráðri reglu þar um.“ Það væru þó ekki sjálfstæð rök fyrir því að nauðsynlegt hefði verið að breyta stjórnarskránni í tilefni af fullgildingu og lögfestingu EES-samningsins,

né heldur að slíkar breytingar væru nauðsynlegar til þess að heimilt væri að festa 27. gr. samkeppnislagafrumvarpsins í lög.

b. Álit þingnefndar.

Í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar frá 30. nóvember 1992 er vísað til þess að umræður um vald Alþingis til að ákveða við hina þinglegu meðferð hvort frumvörp til laga eða efni alþjóðasamninga samræmist stjórnarskránni eða ekki kunni að kveikja tillögur um íslenskan stjórnlagadómstól. Ekki var nánar lagt út af þessum orðum.

V. Ályktunarorð.

a. Efnisatriði málsins.

Reglugerð (EB) nr. 216/2008 er víðtæk og er grundvallarreglugerð fyrir flugstarfsemi í heild. Eftir tilkomu Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem Ísland hefur gerst aðili að, hefur reglugerðarkerfi sem gildir um þá starfsemi verið endurnýjað. Ríkir hagsmunir standa því til að reglugerðin öðlist gildi sem fyrst gagnvart íslenskum aðilum og íslenskri flugstarfsemi.

Efnislega varðar málið í raun samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á flugmarkaðnum og almenna hagsmuni íslenskra borgara og aðila í samgöngumálum til og frá landinu. Yrði reglugerðin ekki innleidd í íslenskan rétt yrði ekki hægt að innleiða þær reglugerðir sem á henni byggjast. Slíkt mundi leiða til þess að flugöryggismálum yrði háttað öðruvísi á Íslandi en annars staðar á EES-svæðinu. Við það skapaðist t.d. sú réttarstaða að öll leyfi tengd flugi og flugrekstri, flugskírteini einstaklinga og fyrirtækja sem Flugmálastjórn gefur út á sviði flugöryggis nytu ekki lengur viðurkenningar annars staðar í Evrópu líkt og þau gera nú. Íslenskum flugmálum yrði þannig háttað að Ísland nyti í raun stöðu þriðja ríkis á því sviði gagnvart öðrum EES-ríkjum. Fagréttindi sem flugvéltæknar, flugmenn og flugumferðarstjórar hafa nytu ekki lengur gagnkvæmrar viðurkenningar í öðrum ríkjum á EES-svæðinu. Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja á flugmarkaðnum mundi þannig skekkjast og kostnaður aukast enda ættu fyrirtækin erfitt með að sýna fram á að þau uppfylltu sömu flugöryggisreglur og gilda annars staðar í Evrópu. Ljóst er að framgangur málsins varðar þar með veigamikla almenna hagsmuni.

Meiri hlutinn hefur fjallað um ákvæði reglugerðarinnar, einkum ákvæði 25. gr. hennar, og kynnt sér ítarleg gögn málsins. Tilgangur ákvæðisins er að gefa meiri sveigjanleika í viðurlögum, svo í stað þess að afturkalla skírteini verði heimilt að beita févítisákvæðum. Er beiting sektar þannig síður íþyngjandi en aðrar ráðstafanir sem þegar hefur verið fallist á.

Meiri hlutinn hefur talið að réttur Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) til að leggja á sektir vegna brota á reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu takmarkist við samkeppnismál þar eð það var tilgangur EFTA-ríkjanna innan EES þegar EES-samningurinn var undirritaður. Meiri hlutinn getur hins vegar fallist á hugmyndina um að valdheimildir í þessa veru verði fluttar til hinnar sameiginlegu Eftirlitsstofnunar EFTA vegna hins sérstaka og afmarkaða samhengis að því er varðar reglugerð (EB) nr. 216/2008, með tilliti til áhrifa 25. gr. hennar til fyllingar 28. gr. sömu reglugerðar og þeirrar staðreyndar að í þessu tiltekna tilviki er ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að leggja á sektir síður íþyngjandi en aðrar ráðstafanir sem þegar hefur verið fallist á.

Meiri hlutinn vísar í þessu samhengi til að þegar hafa verið lögð fram drög að yfirlýsingu sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem kveðið er á um að innleiðing á umræddu ákvæði þessarar reglugerðar sé með fyrirvara um síðari breytingar á Evrópska efnahagssvæðinu vegna framtíðargerða á sama sviði, þ.e. vegna framtíðarvaldheimilda til að beita viðurlögum.

Vegna væntanlegrar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB í samninginn tekur meiri hlutinn fram að málið hafi ekki fordæmisgildi hvað Ísland varðar. Ísland verði ekki bundið af neinni framtíðargerð á þessu sviði nema það ákveði sérstaklega að vera bundið við hana samkvæmt stjórnskipunarlögum sínum.

b. Stjórnskipuleg álitaefni.

Málið hefur verið ítarlega rætt á fundum nefndarinnar. Hvað varðar hið stjórnskipulega álitaefni er niðurstaða meiri hlutans að það framsal eða takmörkun á sjálfstæði dómsvaldsins, sem að öllu óbreyttu verður í kjölfar þessa máls með breytingu á íslenskri löggjöf vegna ákvæða reglugerðar (EB) nr. 216/2008, einkum ákvæðis 25. gr. reglugerðarinnar, rúmist innan þeirra heimilda sem löggjafinn hefur samkvæmt þeirri reglu sem gildir hér á landi.

Áður hefur verið kannað hvort löggjafanum væri að stjórnlögum heimilt að takmarka valdsvið íslenskra dómstóla vegna alþjóðlegra skuldbindinga. Meginniðurstaða lögfræðiálita var að slík takmörkun á ríkisvaldi væri heimil, að því gefnu að í íslenskum rétti væri í gildi venjuhelguð regla sem heimilaði löggjafanum að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og án beinnar heimildar í stjórnarskránni. Að mati álitsgjafa var talið að slík regla gilti samkvæmt íslenskum rétti.

Að mati meiri hlutans er hér um að ræða sams konar mælikvarða á heimild löggjafans til takmörkunar á ríkisvaldi og áður hefur verið beitt við lögfestingu EES-samningsins árið 1993, við undirbúning að þátttöku í Schengen-samstarfinu 1999 og við setningu nýrra samkeppnislaga árið 2005 sé unnt að fallast á að Alþingi, sem æðsti handhafi löggjafarvaldsins, hafi heimild til að samþykkja slíka skuldbindingu sem í umræddri ákvörðun felst.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að ekki hefur reynt á gildi þessarar reglu fyrir dómstólum. Alþingi, sem æðsti handhafi löggjafarvalds og valdamesta stofnun ríkisins, hefur hins vegar byggt á slíkri reglu í framkvæmd. Það er á ábyrgð Alþingis að áskilja sér svigrúm til að móta inntak þessarar reglu nánar í framkvæmd og beita henni, m.a. með það að markmiði að stuðla því að íslenska ríkið geti verið virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi og er flugstarfsemi þar sannarlega meðtalin. Að mati meiri hlutans verður Ísland þannig sem fullvalda ríki að hafa ákveðið svigrúm til að tryggja hagsmuni sína sem best í samstarfi og samningum við aðrar þjóðir.

Að mati meiri hlutans er ákvæði 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 vel afmarkað og felur ekki í sér verulegt valdframsal sem talið verði íþyngjandi í ríkum mæli. Áður hefur gilt að framsal valds sem er takmarkað með þessum hætti og varðar milliríkjaviðskipti rúmist innan stjórnarskrárinnar. Að því leytinu er flugstarfsemi eðlislík, að um hana gilda lögmál milliríkjaviðskipta. Kjarni röksemdarinnar er sá að aðili sem tekur þátt í alþjóðlegum viðskiptum og nýtur þeirrar hagkvæmni og þess hagnaðar sem af þeim markaði leiðir skuli einnig bera skyldur gagnvart þeim stofnunum sem markaðnum tengjast eða sem af honum leiða.

Með ákvæðinu verður Eftirlitsstofnun EFTA veitt heimild til þess að beita innlenda aðila sektum og févíti vegna brota á reglugerð nr. 216/2008. Um er að ræða framsal sektarvalds vegna flugstarfsemi á mjög þröngu, afmörkuðu og tæknilegu sviði yfir til Eftirlitsstofnunar EFTA. ESB-ríki hafa þegar framselt sektarvald á sama afmarkaða sviðinu til framkvæmdastjórnarinnar, sem getur lagt sektir á einstaklinga og fyrirtæki að beiðni Flugöryggisstofnunar Evrópu.

Þessi atriði eru mikilvæg í ljósi þess að talið hefur verið að Alþingi geti kveðið nánar á um gildissvið tiltekins réttaratriðis sem hefur á sér alþjóðlegan blæ. Færð hafa verið rök fyrir því að þetta svigrúm sé því meira þeim mun alþjóðlegri sem lögskiptin eru í eðli sínu. Ekki fer á milli mála að umrætt réttarsvið, sem flugstarfsemin fellur undir, er alþjóðleg í eðli sínu.

Meiri hlutinn ítrekar að ákveðin óvissa ríkir um tilvist og umfang reglu um heimild löggjafans til að takmarka ríkisvaldið án skýrrar heimildar í stjórnarskránni.

Forsenda meiri hlutans er hins vegar að til staðar sé slík venjuhelguð regla við túlkun stjórnarskrárinnar sem lýst er ítarlega í fyrrgreindum lögfræðiálitum. Að mati meiri hlutans verður Alþingi einnig að líta til þess hvernig hagsmunum íslensks viðskiptalífs sé best borgið á alþjóðavettvangi en samstarfið á grundvelli EES-samningsins er ákaflega mikilvægt fyrir íslenska flugstarfsemi og efnahagslíf.

c. Stjórnmálaleg úrlausnarefni.

Hvað varðar hin stjórnmálalegu úrlausnarefni er ljóst að hér á landi er ekki unnt að skjóta álitaefnum um hvort efni frumvarpa samrýmist stjórnarskrá á meðan þau eru til meðferðar á Alþingi. Hér er það alfarið á valdi Alþingis að leggja mat á við hina þinglegu meðferð hvort frumvörp til laga eða efni alþjóðasamninga samræmist stjórnarskránni eða ekki. Hæstiréttur Íslands hefur síðan úrslitavald til að dæma um það hvort íslensk lög eða samningar við erlend ríki brjóti í bága við stjórnarskrána.

Allt frá árinu 1991 hefur verið fjallað um það á Alþingi hvort ákvæði EES-samningsins brytu í bága við íslensku stjórnarskrána. Þingviljinn virðist alltaf hafa verið fremur skýr. Meiri hluti nefndarinnar greindi frá því í nefndaráliti sínu við frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið 30. nóvember 1992 að það væri ekkert nýmæli að deilur vöknuðu um það á lögfræðilegum vettvangi hvort ákvarðanir Alþingis brjóti í bága við stjórnarskrána eða ekki.

Þrátt fyrir að framkvæmdin hafi hingað til verið með þessum hætti, og sama staða sé uppi á teningnum nú, er ljóst að mjög hefur reynt á mörk heimilda til framsal ríkisvalds frá upphafi EES-samningsins. Minnir meiri hlutinn á í því sambandi hve umræðan á sér langan aðdraganda. Hinn 24. ágúst 1992 var lagt fram frumvarp til breytinga á stjórnarskipunarlögum í tengslum við afgreiðslu EES-samningsins, sem Alþingi samþykkti að vísa til ríkisstjórnarinnar. Það þýðir að á næsta löggjafarþingi verða liðin 20 ár fyrir því hið stjórnmálalega úrlausnarefni, sem svo er nefnt hér, kom fyrst til þinglegrar meðferðar.

Í hverju af áðurnefndum þremur tilfellum hefur verið litið á framsal ríkisvalds sem einangrað fyrirbæri: við lögfestingu EES-samningsins árið 1993, við undirbúning að þátttöku í Schengen-samstarfinu 1999 og við setningu nýrra samkeppnislaga árið 2005. Í þessu máli er fjórða tilfellið til þinglegrar meðferðar. Að mati meiri hlutans verður ekki við svo búið til langframa.

Meiri hlutinn vekur athygli á þessum sjónarmiðum og telur eðlilegt að fram fari efnislega umræða um þau á vettvangi löggjafarþingsins.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 7. júní 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Valgerður Bjarnadóttir.	Birgitta Jónsdóttir, með fyrirvara.
Björgvin G. Sigurðsson.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.	Helgi Hjörvar.

Fylgiskjal.

Minnisblað.

Til utanríkismálanefndar
Frá nefndasviði og aðallögfræðingi Alþingis

Efni: Framsal sektarvalds til ESA, sbr. 25. gr. reglugerðar EB nr. 216/2008.

I.

Fyrir liggur tillaga til þingsályktunar um heimild til staðfestingar fyrirhugaðrar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Í fyrirhugaðri breytingu felst nánar að felld verði inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar eins og nánar er lýst í tillögunni.

Það álitamál hefur risið hvort það samræmist íslenskum stjórnskipunarlögum að taka upp í EES-samninginn ákvæði 25. gr. reglugerðarinnar sem veitir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, að beiðni Flugöryggisstofnunarinnar, heimild til að leggja sektir eða févíti á einstaklinga og fyrirtæki. Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar er lagt til að sektarvaldið verði hjá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA.

II.

Í drögum að nefndaráliti og samantekt nefndarritara er ítarleg grein gerð fyrir meðferð utanríkismálanefndar á málinu, efni reglugerðarinnar og stjórnskipunarlegum álitaefnum sem uppi voru við lögfestingu EES-samningsins 1993, við undirbúning að þátttöku í Schengensamstarfinu 1999 og við setningu nýrra samkeppnislaga 2005. Enn fremur er gerð grein fyrir álitaefnum við framsal sektarvalds til ESA sem hér er til athugunar og fram koma í álitsgerð Stefáns Más Stefánssonar frá 10. janúar sl. og minnisblaði utanríkisráðuneytisins frá 4. mars sl. Í þessum gögnum eru dregin fram þau atriði sem máli skipta fyrir meðferð utanríkismálanefndar á málinu. Aðalatriðin eru þessi:

1. Ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar geyma ekki bein fyrirmæli um heimildir til framsals á ríkisvaldi. Hefur umfjöllunin því beinst að því að draga fram þau sjónarmið sem slíkt framsal getur byggst á. Í röksemdum nefndar þeirrar sem utanríkisráðherra skipaði 1992 við undirbúning að fullgildingu EES-samningsins er að því er varðar heimildir til framsals á ríkisvaldi tekið fram að mestu máli skipti:
   a. að vald það sem alþjóðastofnunum væri ætlað með samningnum væri vel afmarkað,
   b. að það vald væri á takmörkuðu sviði,

c. að það vald væri ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila.

Úrlausn þess hvort heimilt sé að framselja það vald sem felst í 25. gr. reglugerðar nr. 216/2008 veltur á því hvernig þessir þættir verði nánar metnir, hvort sem litið er á heildstætt á skuldbindingar EES-samningisins eða tiltekna hluta hans.

2. Af eðli EES-samningsins leiðir að efni hans þróast áfram. EFTA-ríkin verða þannig að vera tilbúin að aðlaga landsrétt sinn að regluverki ESB á tilteknum sviðum og þá um leið að gæta þar hagsmuna sinna. Í þessu sambandi byggði nefnd utanríkisráðherra frá 1992 á því að síðar kynni reynslan að leiða í ljós að reglurnar um vald stofnana EFTA, þ. á m. ESA, væru ekki vel afmarkaðar eða þær fælu í sér verulegt valdframsal og væru íþyngjandi í ríkum mæli. Þá væri einnig hugsanlegt að í samkeppnismálum kæmi til meiri afskipta. Það var niðurstaða nefndarinnar að á þeim tíma hafi ekki verið nauðsynlegt að ráðast í breytingar á stjórnarskránni. Ef það kæmi hins vegar fram síðar að slíkra breytinga væri þörf væri Ísland að þjóðarétti skuldbundið til að gera þær.
3. Líta má til þeirra sjónarmiða í álitsgerð Stefáns Más Stefánssonar frá 10. janúar 2011 að ekki megi þrengja um of að möguleikum Íslands til að tryggja hagsmuni sína í þjóðréttarsamningum og einnig að Alþingi hafi ákveðið svigrúm til að skýra stjórnarskrána. Alþingi er þó sett ákveðin takmörk við mat á því hvort heimilt sé að taka í íslenska rétt reglugerðir ESB að óbreyttum stjórnlögum.
4. Samkvæmt íslenskum lögum verða lögspurningar – t.a.m. um stjórnskipulegt gildi þingmála sem ekki hafa verið afgreidd – ekki lagðar fyrir dómstóla til úrlausnar. Á meðan á þinglegri meðferð stendur er það því Alþingis að meta hvort frumvörp og aðrar tillögur sem þar koma fram samrýmist stjórnarskrá. Í þessu felst, að Alþingi hlýtur að teljast hafa visst svigrúm til þess að meta hvernig ákvæði stjórnarskrárinnar verði túlkuð hverju sinni, en þetta mat verður svo endurskoðað af dómstólum ef og þegar mál kemur fyrir þá. Telja verður að Alþingi megi, við þessa túlkun, m.a. hafa hliðsjón af reglum þjóðaréttar og fullveldisrétti þjóða eins og hann verður skýrður á hverju tíma og réttaröryggis þegnanna.
5. Einn aðili hér á landi, Icelandair, mun hafa vottun/skírteini frá Flugöryggisstofnun Evrópu, sbr. 20. gr. reglugerðarinnar og gæti því mögulega fallið undir sektarvald ESA skv. 25. gr. hennar. Ef þeirri heimild yrði beitt gæti sá aðili látið reyna á stjórnskipulegt gildi hennar í dómsmáli. Fyrir fram má ætla að litlar líkur séu á að reyna muni á sektarheimildir samkvæmt ákvæðinu. Má í því sambandi minna á að ekki hefur reynt á hvort ákvæði 1. mgr. 27. gr. samkeppnislaga sem gengur lengra, er varðar framsal dómsvalds við tilteknar aðstæður, fari í bága við stjórnarskrá.
6. Þegar borin eru saman ákvæði 25. gr. samkeppnislaga og 27. gr. reglugerðar EB 216/2008 sést að framsal ríkisvalds er með ólíkum hætti. Breytingin á samkeppnislögum fól í sér að íslenskir dómstólar verða fyrir fram bundnir við ákvörðun ESA í samkeppnismálum við tilteknar aðstæður. Þegar horft er til EES-samningsins í heild sinni og að ekki var gert ráð fyrir því að ákvæði Evrópuréttar um forúrskurði yrðu innleidd í íslenskan rétt verður ekki annað séð en að þar hafi verið gengið lengra í framsali valds en hér er lagt til. Ákvæði 25. gr. reglugerðarinnar gera á hinn bóginn ráð fyrir að ESA fari með sektarvald gagnvart einstaklingum og lögaðilum. Ágreiningi um grundvöll og fjárhæð sekta verður borinn undir EFTA-dómstólinn.
7. Að baki ákvæði 25. gr. reglugerðarinnar búa einnig samkeppnissjónarmið. Er þá byggt á því að sá sem tekur þátt í viðskiptum á samkeppnismarkaði með von um umtalsverðan hagnað undirgangist jafnframt ákveðnar skyldur gagnvart þeim markaði. Með öðrum

orðum er ekki augljóst að slíkur aðili eigi aðeins að bera ábyrgð gagnvart innlendum eftirlitsaðilum. Að þessu leyti gilda svipuð sjónarmið og reglur og gilda í samkeppnismálum samkvæmt EES-samningnum, þ.e. sá innlendi aðili sem tekur þátt í samkeppni, sem hefur áhrif á EES-markað, verður að sætta sig við að ESA og eftir atvikum dómstóll EFTA fari með mál hans út af hugsanlegum samkeppnisbrotum.

8. Fyrir fram er ekki hægt að fullyrða hvernig dómstólar mundu leysa úr ágreiningi um stjórnskipunarlegt gildi 25. gr reglugerðarinnar. Ef svo færi að þeir kæmust að þeirri niðurstöðu að ákvæðið stæðist ekki stjórnarskrá yrðu íslensk stjórnvöld að bregðast við því með stjórnarskrárbreytingu.

III.

Ljóst er að með lögtöku EES-samningsins og framþróun hans á tilteknum sviðum hefur framsal á ríkisvaldi átt sér stað. Við undirbúning að fullgildingu samningsins var gengið út frá því að takmarkað framsal Alþingis á ríkisvaldi mætti samrýma ákvæðum stjórnarskrárinnar að teknu tilliti til nánar tiltekinna sjónarmiða. Hefði Alþingi ákveðið vald til að meta þetta. Við framþróun samningsins hefur jafnframt verið litið svo á að svigrúm til framsals ríkisvalds sé almennt rýmra á sviði samkeppnismála. Það vald sem Eftirlitsstofnun EFTA er falið til ákvörðunar sekta með 25. gr. reglugerðar EB nr. 216/2008 er afmarkað við handhafa leyfis, skv. nánari fyrirmælum 20. gr. reglugerðarinnar. Jafnframt má líta svo á að sú starfsemi sem 25. gr. reglugerðarinnar nær til taki til aðila sem starfa á samkeppnismarkaði.

Samkvæmt þessu verður vart séð að með ákvæðinu sé gengið lengra en þegar hefur verið gert í samkeppnismálum skv. EES-samningnum.

1679. Svar [452. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um tekjur af ökutækjum og umferð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar eru tekjur ríkissjóðs af:

a. vörugjöldum af innfluttum ökutækjum,
b. vörugjöldum af eldsneyti á ökutæki,
c. sérstökum vörugjöldum af eldsneyti,
d. olíugjaldi,
e. flutningsjöfnunargjaldi,
f. bifreiðagjöldum,
g. þungaskatti,
h. virðisauka af bensíni,
i. virðisauka af dísilolíu,
j. virðisauka af bílasölu,
k. öðrum tekjuliðum sem ekki eru upptaldir en teljast mættu til komnir vegna vegaumferðar og ökutækja?

Óskað er eftir yfirliti yfir framangreindar tekjur sl. 10 ár.

Í töflunni aftast í svarinu má sjá tekjur ríkissjóðs af framangreindum liðum síðustu tíu árin (2000–2009). Liðir (a) – (g) eru sérgreindir tekjuliðir ríkissjóðs eða markaðar tekjur og upplýsingar um þá liggja fyrir í bókhaldi ríkissjóðs. Liði (h) – (j), þ.e. tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti sem lagður er á eldsneyti og ökutæki, þarf að áætla. Sjá nánari skýringar við einstaka liði hér fyrir neðan.

Liður (g) Þungaskattur. Þungaskattur var í gildi fram á mitt ár 2005 en þá tóku við olíugjald og kílómetragjald. Hér er því tekjur ríkissjóðs af kílómetragjaldi taldar með.

Liðir (h) – (j) Virðisaukaskattur af eldsneyti og bílasölu. Nákvæmar tölulegar upplýsingar um liði (h) – (j), virðisaukaskatt af eldsneyti og bílasölu, er ekki mögulegt að fá úr upplýsingakerfi virðisaukaskatts þar sem flokkun hans er byggð á atvinnugreinum, en þær atvinnugreinar sem hér er um að ræða geta jafnframt haft annars konar starfsemi með höndum. Áréttað skal að tölur hér um í töflunni eru áætlaðar.

Atvinnugrein 50.5 – bensínstöðvar, innifelur jafnframt starfsemi sem ekki fellur hér undir og því eru hér ekki sýndar tölur um álagningu virðisaukaskatts í greininni. Fremur er farin sú leið að áætla endanlegt söluverðmæti ökutækjaeldsneytis og reikna 24,5% af því. Sýndar eru þannig áætlaðar tölur um „brúttó“ virðisaukaskatt af sölu bensíns og dísilolíu á bifreiðar í dálkum (h) og (i) í neðri hluta töflunnar. Ekki er áætlað hversu mikill hluti þar af myndar innskatt í virðisaukaskattskyldum atvinnurekstri og rennur þannig til baka úr ríkissjóði.

Virðisaukaskattur af innfluttum ökutækjum og varningi sem þeim tengist er hér gróflega áætlaður út frá tölum Hagstofunnar um verðmæti innflutnings í þeim tollflokkum 87. kafla tollskrárinnar sem innihalda ökutæki af því tagi sem hér á við. Undanskilin eru reiðhjól, barnavagnar, hjólastólar o.þ.h. Einnig er gerð grein fyrir nettó álagningu virðisaukaskatts í atvinnugreininni bílasala (útskattur – innskattur), í seinni dálkinum sem merktur er (j). Um er að ræða atvinnugreinar 50.101–50.102 skv. eldri atvinnugreinaflokkun (árin 2000–2007) og atvinnugreinar 45.100 árin 2008–2009.

Liður (k) Aðrir tekjuliðir. Í töflunni eru sýndar tekjur ríkissjóðs af umferðaröryggisgjaldi, útgáfu ökuskírteina og skráningargjöldum ökutækja, samkvæmt bókhaldi ríkissjóðs. Nefna má dæmi um virðisaukaskattskylda starfsemi tengda ökutækjum og akstri, sem tekjur af eru ekki áætlaðar og meðtaldar hér, t.d. þjónustu bifreiðaverkstæða. Því skal lögð áhersla á að taflan er ekki tæmandi yfirlit um tekjur ríkissjóðs af ökutækjum, akstri og umferð.

	(a)	(b)	(c)	(d)	(e)	(f)	(g)	(g)	
M.kr.	Vörugjald af ökutækjum	Vörugjald af bensíni, almennt	Sérstakt vörugjald af bensíni	Olíugjald	Flutningsjöfnunargjald	Bifreiðagjald	Þungaskattur	Kílómetragjald	**Alls**
2000	4.960	2.127	5.430	.	655	2.550	4.639	.	**20.362**
2001	2.853	1.981	5.447	.	717	2.628	4.894	.	**18.520**
2002	2.804	1.890	5.493	.	689	2.916	4.704	.	**18.496**
2003	4.525	1.924	5.540	.	647	3.003	5.042	.	**20.681**
2004	6.320	2.248	6.100	.	506	3.187	5.865	.	**24.226**
2005	10.391	2.356	6.342	1.703	404	3.665	3.918	657	**29.436**
2006	10.083	2.060	6.935	5.560	368	4.110	-34	1.205	**30.287**
2007	11.208	1.948	7.220	6.224	374	4.435	-5	1.347	**32.750**
2008	6.826	1.904	6.833	5.921	378	4.701	-	1.028	**27.591**
2009	1.641	3.260	7.731	6.198	353	5.308	-13	863	**25.341**

		(h)	(i)	(j)	(j)	(k)	(k)	(k)	
M.kr.	Virðis-auka-skattur á vörugjöld í lið (a)	Virðis-auka-skattur af bensíni, brúttó	Virðis-auka-skattur af dísilolíu, brúttó	Virðisauka-skattur af ökutækj-um í tolli	Virðisauka-skattur af bílasölu (RSK)	Umferðar-öryggis-gjald	Öku-skírteini	Skrán-ingar-gjald öku-tækja	**Alls**
2000	1.215	4.331	...	...	874	38	75	...	**6.535**
2001	699	4.576	...	3.213	287	36	67	...	**8.877**
2002	687	4.495	692	2.971	692	48	64	259	**9.909**
2003	1.109	4.669	966	5.138	1.106	41	59	357	**13.445**
2004	1.548	5.182	1.151	6.873	1.489	44	61	427	**16.776**
2005	2.546	5.224	1.923	10.671	2.455	50	76	481	**23.426**
2006	2.470	6.165	3.869	11.427	1.577	74	77	461	**26.120**
2007	2.746	6.570	4.477	12.321	2.425	105	82	495	**29.221**
2008	1.672	7.814	6.024	9.132	789	97	79	338	**25.946**
2009	402	8.570	5.349	3.448	-258	98	69	221	**17.899**

Heimildir: Ríkisreikningur áranna 2000–2009, RSK og áætlanir fjármálaráðuneytisins.

1680. Svar [632. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um lækkun vörugjalda af ökutækjum sem breytt hefur verið til þess að nýta metan.

1. *Hvaða ástæður liggja að baki mismun í meðferð vörugjalda, samkvæmt lögum nr. 29/1993, um vörugjöld, eins og þeim var breytt um síðustu áramót, af nýjum og ónotuðum bifreiðum sem breytt hefur verið þannig að þær nota metan í stað bensíns eða dísilolíu annars vegar og hins vegar meðferð vörugjalda af notuðum bifreiðum sem breytt hefur verið á sama hátt?*

Í því frumvarpi sem fjármálaráðherra lagði fram um heildarendurskoðun á skattlagningu ökutækja og eldsneytis, sjá 197. mál á þskj. 214, var ekki lagt til að vörugjald af nýjum og ónotuðum bifreiðum sem breytt er til þess að nýta metan í stað bensíns eða dísilolíu fyrir nýskráningu en án gerðarviðurkenningar yrði fellt niður. Umrætt ákvæði í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., var lagt til í breytingartillögu meiri hluta efnahags- og skattanefndar, sjá þskj. 579. Ráðuneytið hefur því ekki upplýsingar um það hvaða ástæður liggja að baki þeim mismun í meðferð vörugjalda sem vísað er til.

2. *Hver er rökstuðningur að baki ákvörðun um 1.250.000 kr. hámarksniðurfellingu vörugjalda af nýju og ónotuðu ökutæki ef því er breytt fyrir nýskráningu svo það nýti metan í stað bensíns?*

Í frumvarpi fjármálaráðherra, sem vísað er til í svari við fyrstu spurningunni, var lagt til að hámarksniðurfelling vörugjalda af ökutækjum sem nýta metan að verulegu leyti yrði 750.000 kr. Við ákvörðun um að leggja til þá fjárhæð var tekið mið af meðalgreiðslu vörugjalda af almennum fólksbifreiðum án óhóflegs aukabúnaðar. Rétt þótti að þak yrði sett á niðurfellingarheimild vegna gerðarviðurkenndra metanbifreiða til þess að komast hjá misnotkun. Að öðru leyti er vísað til svars við fyrstu spurningunni.

3. *Hvers vegna er endurgreiðsla vegna breytinga á bifreið til að nýta metan bundin við 20% af kostnaði við breytinguna og hvers vegna er sú heimild bundin við 1.000 bifreiðar?*

Í bráðabirgðaákvæði XIII við lög nr. 29/1993, um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl., felst stórt skref til aukinnar metanvæðingar bílaflotans og þar með orkuskipta í samgöngum. Í ljósi þess að miklum fjármunum er varið til verkefnisins þótti rétt að nýta þær fjárheimildir með sem skilvirkustum hætti. Var þetta gert t.d. með því að einskorða endurgreiðsluna við þau ökutæki sem eru 6 ára og yngri, kveða á um lágmarksstærð á metangeymi bifreiðar og kveða á um hámark hverrar endurgreiðslu. Með þessu er leitast við að ökutækin geti á líftíma sínum ekið lengur á metani og lengra á hverri áfyllingu en skapa á sama tíma nægjanlega mikinn hvata til þess að skipta úr hefðbundnu jarðefnaeldsneyti yfir í metan. Þegar 1.000 bifreiðum hefur verið breytt eru þeir fjármunir sem varið er til þessa verkefnis uppurnir.

4. *Í hversu mörgum tilfellum hafa vörugjöld verið lækkuð vegna breytinga á nýjum eða ónotuðum bifreiðum skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 29/1993 frá 1. janúar 2011?*

Frá 1. janúar til 24. maí 2011 hafa vörugjöld af 14 nýjum og ónotuðum ökutækjum verið felld niður á grundvelli þess að þeim hefur verið breytt til þess að nýta metan fyrir nýskráningu.

5. *Hversu margir hafa nýtt sér heimild í ákvæði til bráðabirgða XIII við lögin til endurgreiðslu hluta af kostnaði við breytingu bifreiða frá 1. janúar 2011?*

Frá 1. janúar til 24. maí 2011 hafa vörugjöld af 89 ökutækjum verið endurgreidd á grundvelli tilvitnaðrar heimildar.

6. *Hversu margir hér á landi bjóða þjónustu við breytingar á bifreiðum til nýtingar á metani fremur en bensíni eða dísilolíu og hver er meðalkostnaður við slíka breytingu?*

Umferðarstofa hefur viðurkennt sjö aðila sem ísetningaraðila metanbúnaðar og ein umsókn bíður afgreiðslu. Hægt er að nálgast upplýsingar um þá sem Umferðarstofa hefur samþykkt á vefnum www.us.is undir hnappnum *Upplýsingatorg*. Við undirbúning ákvæðis til bráðabirgða XIII við lög nr. 29/1993, um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl., aflaði ráðuneytið upplýsinga um kostnað við breytingu á ökutæki úr því að nýta bensín yfir í að nýta metan að verulegu leyti. Samkvæmt þeim upplýsingum er kostnaður allt frá 400.000 kr. að 700.000 kr. og jafnvel hærri, allt eftir búnaði og vélarstærð ökutækja og þeim búnaði sem settur er í ökutækið.

1681. Svar [793. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um skiptingu mánaðarlauna eftir atvinnugreinum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig er skipting þeirra sem eru með mánaðarlaun yfir 1 millj. kr. eftir atvinnugreinum?

Svarið byggist á upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra um skil launa í staðgreiðslu fyrir árið 2010. Skipting launagreiðenda eftir atvinnugreinum kann að vera ónákvæm, einkum þegar í hlut eiga stærri fyrirtæki sem stunda margs konar starfsemi. Sem dæmi má taka að fyrirtæki með sjómenn í vinnu kann að vera skráð með atvinnugreinanúmer fiskvinnslu eins og upplýsingar hér fyrir neðan bera með sér. Atvinnugreinaskipting mun vera ófullkomin hjá opinberum aðilum og mikill fjöldi skráður í greinina opinber stjórnsýsla og löggjöf, þótt þeir starfi í raun við annað. Þá er þess að geta að í atvinnugreininni starfsemi lífeyrissjóða er að finna bæði starfsmenn sjóðanna og lífeyrisþega.

Alls eru í staðgreiðsluskrám ríkisskattstjóra rúmlega 51.000 greiðslur sem voru hærri en ein milljón króna árið 2010 eða um 4.300 að meðaltali í mánuði hverjum. Samtals voru rúmlega 800 einstaklingar með yfir eina milljón króna í laun frá einum launagreiðanda alla mánuði ársins 2010. Alls fengu 13.500 manns launagreiðslu sem var hærri en ein milljón króna einhvern mánuð ársins, þar af um helmingur einungis einu sinni meðan 1.149 einstaklingar fengu svo há laun alla tólf mánuði ársins. Tæplega 400 manns fengu fleiri en 12 launagreiðslur yfir einni milljón króna árið 2010.

Í eftirfarandi töflu eru upplýsingar um fjölda launagreiðslna yfir einni milljón króna að meðaltali árið 2010 eftir svokölluðum bálkum ásamt sams konar upplýsingum fyrir þær atvinnugreinar innan bálkanna þar sem fleiri en 50 einstaklingar voru með laun yfir einni milljón króna á mánuði að meðaltali árið 2010.

Meðalfjöldi launagreiðslna yfir einni milljón króna í staðgreiðslu árið 2010 eftir atvinnubálkum og atvinnugreinum.

Atvinnubálkur/atvinnugrein	**Meðalfjöldi**
Fiskveiðar og fiskeldi	797
Framleiðslustarfsemi	1.024
Fiskvinnsla	763
Álframleiðsla	70
Annað	194
Veitur	78
Mannvirkjagerð	65
Verslun og viðgerðarþjónusta	269
Hótel og veitingahúsarekstur	11
Samgöngur	310
Farþegaflutningar með áætlunarflugi	209
Annað	101
Fjármála- og vátryggingastarfsemi	592

Atvinnubálkur/atvinnugrein	Meðalfjöldi
Bankar, sparisjóðir o.fl.	223
Starfsemi eignarhaldsfélaga	113
Lífeyrissjóðir	100
Annað	156
Fasteignaviðskipti	26
Ýmis sérhæfð þjónusta	33
Opinber stjórnsýsla	453
Almenn stjórnsýsla og löggjöf	422
Annað	31
Fræðslustarfsemi	19
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	34
Menningar-, íþrótta- og tómstundastarfsemi	10
Félagasamtök og önnur þjónusta	36
Samtals	**4.298**

1682. Svar [803. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?*
2. *Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?*

Svör við fyrirspurninni koma fram í eftirfarandi töflum.

Fjöldi ferða starfsmanna og embættismanna til útlanda.

	2007	2008	2009	2010
Starfsfólk ráðuneytisins	145	140	97	95
Fjársýsla ríkisins	3	2	0	0
Ríkisskattstjóri	1	2	2	4
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	0	0	0	1
Yfirskattanefnd	0	1	1	0
Tollstjóri	8	6	6	5
Ríkiskaup	6	6	2	4
Framkvæmdasýsla ríkisins	7	9	6	5
Fasteignir ríkissjóðs	3	1	0	0
Bankasýsla ríkisins	0	0	0	2
ÁTVR	13	15	12	14

Áfangastaðir og erindi ferða.

Land, staðir	Erindi
Frakkland, París	Ráðherrafundir, OECD-nefndir (Financial Markets, Taxes, Budget, EPC, PUMA, Global Forum, Accural Accounting, PEMWP, CTPA, EDRC), stjórnarnefnd PGC, STEP-fundur, yfirheyrsla vegna efnahagsskýrslu OECD, Global Forum on Tranfer Pricing, STEPPIN-fundur um staðla og nýsköpunarútboð, fundir í samstarfi með áfengiseinkasölum á Norðurlöndum.
Bretland, London, Manchester	Semínar um einkaframkvæmd, fundir með bönkum og fjárfestum vegna fjármögnunar, Euronomy-ráðstefna, fundur um opinber innkaup í systurstofnun Ríkiskaupa í Bretlandi, Euro Facility Management Benchmark, ráðstefna um upplýsingalíkön, Build Smart ráðstefna og BIM-fundir um opinberar framkæmdir, fundur um tóbaksmál British American Tobacco, námsleyfi starfsmanns ráðuneytisins, CEEP-fundur. Fundir með breskum og hollenskum stjórnvöldum og samninganefndum þeirra um Icesave, uppgjör milli gömlu og nýju bankanna, málefni íslensku sparisjóðanna.
Danmörk, Kaupmannahöfn o.fl. staðir	Ríkisbókarafundur, norræna skattrannsóknarráðið, fundir með dönsku fjársýslunni, norræn embættismannanefnd um ríkisaðstoð, endurskoðun á norrænum tvísköttunarsamningum, Budget Expert Group um fjármögnun á alþjóðaverkefni, EK Finans, Miljö-ökonomi group, verkefnahópur um eftirlit og bótagreiðslur, norrænir skattahagfræðingar, starfshópur um norræn starfsmannaskipti, Löne- og personalutskottet, IMF-fundur, fundur um verkefnatilhögun ríkis og sveitarfélaga, fundur norrænu hagfræðinefndarinnar, endurskoðun á samningi um aðstoð í skattamálum, Nordic Network, Nordic Steering Group, MR Finans, undirbúningur ECOFIN-fundar í Belgíu, NFF-samstarf um opinbera stjórnsýslu, Gatetrade, samráðsfundur um opinber innkaup, ráðstefna norrænna skattyfirvalda um skattaflótta og skattaskjól, ársfundur Atlantshafsráðsins, heimsókn Bankasýslu ríkisins til Finansial Stabilitet, norræn félagaréttarráðstefna um stjórnarhætti, fjárfestavernd og starfskjarastefnur, heimsókn Framkvæmdasýslu ríkisins til að skoða fangelsisbyggingar, fundur vegna Byggeweb, verkefnavefjarins, undirbúningsfundur vegna EXPÓ, Bips-ráðstefna um opinberar framkvæmdir, NIKS-ráðstefna um opinberar farmkvæmdir, NAD-ráðstefna um áfengismál. Fundir um málefni Icesave og efnahagsástandið á Íslandi.
Belgía, Brussel	Fundir með ESA um ýmis mál, svo sem ríkisstyrki og opinber innkaup, fundir í vinnuhópum Evrópusambandsins og fundir í vinnuhópum EFTA á málefnasviði ráðuneytisins, ráðherrafundir með EFTA og ESB (Ecofin), ferðir í tengslum við flutning fulltrúa fjármálaráðuneytisins í sendiráðinu í Brussel, ýmsar ráðstefnur um málefni fjármálaráðuneytisins, tollamál ESB og Íslands, stjórnarfundir í Þróunarsjóði EFTA, Financial Reporting on Changing World, COCE, STEPPA-fundur um staðla og nýsköpunarútboð, ársfundur IOTA, aðalfundur og vinnufundir á vegum WCO, ráðstefna um öryggismál á vegum WCO, fundur um „maritime cargo containers prior to loading“, Borealis samstarfsfundur um áfengismál. Fundir með ýmsum aðilum um málefni Icesave, uppgjörs milli gömlu og nýju bankanna og íslensku sparisjóðanna.

Land, staðir	Erindi
Svíþjóð, Stokkhólmur, Gautaborg og Malmö	Fundur fjármálaráðherra Norðurlandanna, EK Finans, Löne- og personalutskottet, RAKO, eftirlit með bótagreiðslum, Nordisk Network, upplýsingaskiptasamningar, Budgetexpertgruppen, Nordic State Meeting, norræna skattrannsóknarráðið, norræn starfsmannaskipti, náms- og kynnisferð með heilbrigðisráðherra, Nordic Steering Group, NAK-fundur um launa- og starfsmannamál, NSO-ráðstefna, ráðherraráðstefna um rafræna stjórnsýslu, ársfundur Norræna fjárfestingarbankans NIB, fundur Norðurlandaráðs, Löne- og personalutskottet, ráðstefna um kynjaða hagstjórn, fundur vegna lánamála, STORK, norrænn starfshópur um opinber innkaup, Nordisk kontakt for statsbygninger, ársfundur ríkisskattstjóra Norðurlanda, ársfundur ríkisskattstjóra Eystrasaltsríkjanna, ársfundur IOTA, heimsókn Bankasýslu ríkisins til Riksgälden, ferð á ráðstefnu um einkaframkvæmdir og fundur m/C.F. Möller, NKS-fundur um opinberar framkvæmdir, fundur í BIM undirhópi á vegum NKS í Stokkhólmi og ráðstefnan „buildingSMART“, fundur um Alkohol toppmöte og CRS-fundir, heimsráðstefna áfengiseinkasala, fundir í Systembolaget um áfengismál, fundir með Philip Morris um tóbaksmál, norræn vímuefnaráðstefna, ráðstefna með áfengiseinkasölum á Norðurlöndum, fundur um tóbaksmál hjá Swedish Match.
Lúxemborg	Heimsókn ráðherra til íslenskra fjármálafyrirtækja og ráðherrafundur í Brussel í sömu ferð.
Finnland, Helsinki	Fundur norrænna fjármálaráðherra, fjárlagasérfræðingahópur norrænu ráðherranefndarinnar, fundir hagfræðinga norrænna fjármálaráðuneyta, Fundir Nordic steering group, EK Finans norrænu embættismannanefndar, Lop, Löne- og personaluttskottet, Miljö-ökonomi group, norræna skattrannsóknarráðið, fundur um málefni Eystrarsaltsríkjanna, MR Finans, norræn embættismannaskipti, fundur norrænna lagabókvarða, fundir í Norræna fjárfestingarsjóðnum, NAK-nordisk arbetsgivar, NIPPA-fundur um opinber innkaup, ráðstefna um opinber innkaup, ársfundur ríkisskattstjóra Norðurlandanna, fundir embættismanna um tollamál, fundur um opinberar byggingar RISK, TWN-samtökin um opinberar framkvæmdir, fundur BAT-áfengismál, fundir hjá Alko í Helsinki, fundir með Product Control Agency, CSR-samstarfsfundir um áfengismál.
Færeyjar, Þórshöfn	Fríverslunarsamningur Íslands og Færeyja, norræn starfsmannaskipti, Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, COCE, fundur með atvinnumálaráðherra Færeyja um FARICE, fundir hjá Rúsdrekkasalan.
Sviss, Genf, Zurich	WTO-fundur um endurnýjun alþjóðlegs samnings um opinber innkaup, EFTA Economic Committee, COCE, Euro Facility Management fundur, alþjóðleg ráðstefna um varnir gegn vörufölsun.
Holland, Mastricht, Haag	Námskeið hjá EIPA, European Institution of Public Administration, European Group on Public Administration, ráðstefna, viðræður við hollensk, bresk og þýsk stjórnvöld um innstæðutryggingar, fundur með fjármálaráðherra Hollands og bankamálaráðherra Bretlands, fundur ESB um opinber innkaup. Fundir með breskum og hollenskum stjórnvöldum og samninganefndum þeirra um Icesave.
Indland	Opinber heimsókn fjármálaráðherra.
Írland	Ferð í tengslum við opinbera heimsókn forsætisráðherra, fundur í tengslum við sóknaráætlun 2020, fundur WCO.
Kanada	COCE-fundur um gildistöku fríverslunarsamninga, World Library and Information Congress, fundir með framleiðendum áfengis og tóbaks.
Kína	Fríverslunarviðræður, fundur um hugsanleg kaup á gegnumlýsingarbifreið fyrir tollstjóraembættið, námsferð forstjóra ÁTVR.
Portúgal, Lissabon	Ráðherrafundur og ráðstefna um upplýsingatæknimál.

Land, staðir	Erindi
Noregur, Osló og Bergen	Fundur fjármálaráðherra Norðurlanda, EK Finans, Eystrarsaltsráðstefna, Nordisk skatteforskiningsråd, COCE-fundur um fríverslunarsamninga, Nordic redovisning-forum, norræn lífeyrisráðstefna, fundur fjármálaráðherra í Norræna fjárfestingarbank-anum, fundur norrænna fjárlagastjóra, MR Finans fundur, fundur um framleiðni í ríkisrekstri, Steering Group, efnahagsnefnd EFTA, fundur um opinber innkaup, nor-ræn starfsmannaskipti, Löne- og personalutskottet, fundur vegna innleiðingar tilskip-unar Evrópusambandsins um opinberar framkvæmdir, norrænn fundur um ríkisstyrki, fundur um skattlagningu kolvetnisvinnslu, ráðstefa um greiðslumál ríkisstofnana, nor-rænn vinnuhópur um opinber innkaup, Nordic Facility Management Benchmarking fundur, Skatteaten-skattafundur, norræna tollasamvinnuráðið, þátttaka í afmæli norskra tollyfirvalda, fundur í WCO, fundur með C.F. Möller vegna hönnunarútboðs, ársfundur forstjóra systurstofnana FSR á Norðurlöndum og BIPS-ráðstefna, BIM-ráð-stefna um opinberar framkvæmdir, fundir hjá Swedish Match og Harboes um áfengis-mál, fundir hjá Vinmonopolet, Borealis fundur um áfengismál, CSR-fundur. Fundir um málefni Icesave.
Nýja Sjáland	Námsleyfi starfsmanns ráðuneytisins.
Svartfjallaland	Í tengslum við opinbera heimsókn forsætisráðherra.
Eistland, Tallinn	Ráðstefna um stjórnendaþjálfun og fundur samtaka opinberra starfsmanna Norðurlanda.
Bandaríkin, Washington, New York, Orlando o.fl. borgir	Aðalfundur og vorfundur IMF og World Bank, tvísköttunarsamningur við Bandaríkin, Oracle-ráðstefna, fundur vegna framboðs í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, ráð-stefna um sjúkrahúsbyggingar, ráðstefna um tölvumál, fundir hjá National Alcohol Beverage Control Association NABCA, heimsráðstefna áfengissala í Seattle, fundir um áfengismál í Vancouver og San Francisco.
Búlgaría	Tvísköttunarviðræður.
Grænland	Nordic Steering Group.
Þýskaland	Fjármálaráðherrafundur Eystrarsaltsríkjanna, samningafundur um loftslagsmál, ferð fjármálaráðherra vegna 50 ára afmælis IPZV, ferð á árlegan fund í eigendahópi nor-rænu sendiráðanna, ársfundur í samráðshópi Norðurlandanna um fasteignarekstur sendiráðanna, heimsókn til Lingenfelder í Grosskarlbach.
Spánn, Madrid	STORK-verkefni um rafræn skilríki, vínferð forstjóra ÁTVR til Rioja.
Mexíkó	Samningafundur um loftslagsmál.
Rússland, Moskva	Sendinefnd vegna lánafyrirgreiðslu.
Slóvenía	Ráðstefna um rafræna stjórnsýslu.
Albanía	Tvísköttunarviðræður.
Grikkland, Aþena	STORK-verkefni um rafræn skilríki, fundur fjárlagastjóra Norðurlanda og fjárlagastjóra OECD.
Tæland, Bangkok	Samningafundur um loftslagsmál.
Litháen	Löne- og peronalutskottet.
Lettland	Fundur fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
Katar	Tvísköttunarviðræður.
Tyrkland	Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins IMF.
Ítalía, Feneyjar o.fl. staðir	Ráðherraráðstefna um opinbera stjórnsýslu, ársfundur um opinberar framkvæmdir alþjóðlegu verkefnastjórnunarsamtakanna, vínsmökkunarferð forstjóra ÁTVR.
Liechtenstein	Fundur EFTA Ecomomic Committee.
Pólland, Varsjá	Vinnufundur um opinber innkaup.
Ungverjaland	Árlegur fundur Evrópusvæðis hjá WCO, fundir um tóbaksmál.
Tékkland	Árlegur fundur um tollamál.
Ástralía, Sydney	TWN-fundur um opinberar framkvæmdir og heimsókn til byggingaryfirvalda í Singapore.
Singapore	Heimsókn til byggingaryfirvalda Singapore í sömu ferð og farin var til Ástralíu á fund um opinberar framkvæmdir.
Makedónía	Ráðstefna Evrópuráðsins um kynjaða hagstjórn, fundur WCO.

Heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum.

	2007	2008	2009	2010
Heildarkostnaður – fjármálaráðuneyti	26.430.939	30.074.747	21.098.051	21.926.776
Fjársýsla ríkisins	584.344	354.569	0	0
Ríkisskattstjóri	125.704	295.366	366.770	1.213.439
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	0	0	0	179.000
Yfirskattanefnd	0	193.130	211.680	0
Tollstjóri	1.684.726	1.330.657	1.592.042	1.499.823
Ríkiskaup	827.907	850.671	494.824	736.371
Framkvæmdasýsla ríkisins	1.185.080	1.978.535	1.486.968	1.140.313
Fasteignir ríkissjóðs	413.722	88.053	0	0
Bankasýsla ríkisins	0	0	0	408.354
ÁTVR	2.356.243	3.734.862	3.749.880	4.099.898

1683. Svar [841. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um áfallna skatta í vanskilum.

1. *Hversu miklir áfallnir skattar voru í vanskilum í lok mars á þessu ári?*

Í lok mars 2011 nam heildarfjárhæð áfallinna skatta í vanskilum samtals 127,1 milljarði kr.

2. *Hvernig skiptist fjárhæðin eftir tegund skatts og lengd vanskila?*

Heildarfjárhæðin, sbr. svar við 1. tölul., skiptist í grófum dráttum sem hér segir:

	Mia	%
1. Tekjuskattur einstaklinga	26,3	20,7
2. Tekjuskattur lögaðila	38,5	30,3
3. Virðisaukaskattur	45,2	35,6
4. Tryggingagjöld	7,0	5,5
5. Vörugjöld	1,7	1,3
6. Ýmsir skattar	8,4	6,6
Samtals	**127,1**	**100,0**

Upplýsingar um lengd vanskila liggja ekki fyrir.

3. *Hversu miklir áfallnir ógreiddir skattar hafa verið afskrifaðir á síðastliðnum tveimur árum?*

Á árinu 2009 námu afskriftir áfallinna skatta samtals 9,9 milljörðum kr. og 9,4 milljörðum kr. á árinu 2010, eða samtals 19,3 milljörðum kr. á síðustu tveimur árum. Þar af námu afskriftir á tekjuskatti einstaklinga 4,5 milljörðum kr., tekjuskatti lögaðila 4,4 milljörðum kr., virðisaukaskatti 8,8 milljörðum kr., tryggingagjaldi réttum 1 milljarði kr. og öðrum sköttum 0,6 milljörðum kr.

1684. Svar [633. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um stofnfjáreign ríkisins í sparisjóðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var aðdragandi þess að ríkið eignaðist meiri hluta stofnfjár í fimm sparisjóðum? Óskað er eftir upplýsingum um einstaka sparisjóði.

Vinna við fjárhagslega endurskipulagningu minni sparisjóða hófst á vormánuðum 2009 og byggðist í upphafi á þeim grunni sem lagður var í 2. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., oft nefnd neyðarlög. Í lögunum er að finna heimild til handa fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til að leggja sparisjóðum til stofnfé sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé þeirra.

Heimild ríkissjóðs til að leggja sparisjóðum til eiginfjárframlag var nánar útfærð í reglum útgefnum af settum fjármálaráðherra 18. desember 2008: „Reglur um framlag til sparisjóða skv. 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.“, hér eftir nefndar reglur um stofnfjárframlag. Á grundvelli reglnanna sóttu nokkrir sparisjóðir um stofnfjárframlag úr ríkissjóði á fyrri hluta árs 2009.[1]

Í tilefni af áformum einstakra sparisjóða um fjárhagslega endurskipulagningu var farið fram á það af hálfu fjármálaráðuneytisins að þeir sparisjóðir sem sóttu um stofnfjárframlag fengju óháð endurskoðunarfélag til þess að fara yfir reikninga þeirra og verðmæti eigna. Var endurskoðunarfélagið PricewaterhouseCoopers hf. (PWC) fengið til verksins. Þegar á leið reyndist staða sparisjóðanna verri en áður var talið og því mundi framlag skv. 2. gr. neyðarlaga ekki duga til að endurreisa þá fjárhagslega. Sparisjóðirnir þurftu því á aðkomu kröfuhafa að halda til að fjárhagsleg endurskipulagning væri möguleg.

Seðlabanki Íslands var helsti kröfuhafi sparisjóðanna. Ástæðan fyrir því er sú að Seðlabankinn hafði fengið kröfur Sparisjóðabanka Íslands hf. á hendur sparisjóðum framseldar sem endurgjald fyrir yfirteknar innstæður í Sparisjóðabankanum.[2] Í ljósi þessa tóku Seðlabanki Íslands og fjármálaráðuneytið upp nánari samvinnu um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóða og skyldi Seðlabankinn leiða vinnuna sem kröfuhafi. Afrakstur þessarar vinnu var kynntur sparisjóðunum með bréfi Seðlabanka Íslands dags. 1. febrúar 2010 þar sem sparisjóðunum var boðið að semja um uppgjör á skuldum sínum við Seðlabankann með þeim skilmálum og skilyrðum sem kynnt voru í bréfinu.

Einn þeirra möguleika sem sparisjóðunum var boðið upp á við uppgjör á skuldum sínum við Seðlabanka Íslands var að breyta hluta þeirra í stofnfé. Um slíka breytingu giltu áðurnefndar reglur fjármálaráðuneytisins um stofnfjárframlag frá 18. desember 2008. Í bréfi Seðlabankans til sparisjóða voru þeim enn fremur kynntar fyrirætlanir um að stofnfjárbréfin yrðu yfirtekin af ríkissjóði sem fæli Bankasýslu ríkisins að fara með eignarhald þeirra.

Með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 20. apríl 2010, voru eftirlitsstofnun EFTA (e. EFTA Surveillance Authority – ESA) kynnt áform ríkisins og Seðlabanka Íslands um fjár-

---

[1] Reglurnar kveða á um að stofnfjárframlag geti að hámarki numið 20% af bókfærðu eigin fé viðkomandi sparisjóðs miðað við samþykktan ársreikning 31. desember 2007.

[2] Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðabanka Íslands hf., dags. 21. mars 2009.

hagslega endurskipulagningu sparisjóða. Í kjölfarið veittu Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið ESA viðbótarupplýsingar og svöruðu fyrirspurnum stofnunarinnar varðandi endurskipulagningu sparisjóðanna. ESA samþykkti loks endurskipulagningaráform ríkisins og Seðlabankans með bréfi dags. 21. júní 2010.

16. júní 2010 kvað Hæstiréttur Íslands upp tvo dóma varðandi lögmæti lánsskuldbindinga í íslenskum krónum tengdra gengi erlendra gjaldmiðla. Niðurstaða réttarins var á þá leið að gengistrygging slíkra lána væri óskuldbindandi en tók ekki afstöðu til þess hvaða vexti lánin skyldu bera. Af þessu var ljóst að bókfært virði útlánasafna sparisjóðanna kynni að lækka þegar lánin yrðu endurreiknuð með tilliti til niðurstöðu Hæstaréttar.

30. júní 2010 sendu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands fjármálafyrirtækjum tilmæli vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða í lánssamningum fjármálafyrirtækja. Í kjölfarið könnuðu forsvarsmenn og endurskoðendur sparisjóðanna, í samráði við Fjármálaeftirlitið, áhrif dómanna miðað við forsendur um vaxtakjör sem gefnar voru í áðurnefndum tilmælum eftirlitsstofnana. Eftir að niðurstaða þeirra athugana lá fyrir var gengið frá samningum við einstaka sparisjóði:

Sparisjóður Norðfjarðar.

Lokið var við fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Norðfjarðar 28. júní 2010 með undirritun samkomulags við Seðlabanka Íslands.

Stofnfé sjóðsins eftir fjárhagslega endurskipulagningu var 625,8 millj. kr. og var fjöldi stofnfjáraðila 86. Heildareignir sjóðsins voru 5.377 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sjóðsins var 22%.

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkissjóðs í sparisjóðnum sem myndaðist við fjárhagslega endurskipulagningu auk þess sem hlutur Byggðastofnunar var færður yfir til Bankasýslunnar og fer hún því með 49,5% af stofnfé sjóðsins.

Tveir af fimm stjórnarmönnum eru skipaðir af Bankasýslu ríkisins

Sparisjóður Bolungarvíkur.

Lokið var við fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Bolungarvíkur 22. september 2010 með undirritun samkomulags við Seðlabanka Íslands.

Stofnfé sparisjóðsins eftir fjárhagslega endurskipulagningu var 688,2 millj. kr. og var fjöldi stofnfjáraðila 259. Heildareignir sjóðsins voru 5.144 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sjóðsins var um 18% og bókfært eigið fé 564,3 millj. kr.

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkisins í sparisjóðnum sem myndaðist við fjárhagslega endurskipulagningu auk þess sem hlutur Byggðastofnunar var færður yfir til Bankasýslunnar og fer hún því með 90,9% af stofnfé sjóðsins.

Fjórir af fimm stjórnarmönnum eru skipaðir af Bankasýslu ríkisins.

Sparisjóður Svarfdæla.

Lokið var við fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Svarfdæla 21. desember 2010 með undirritun samkomulags við Seðlabanka Íslands.

Stofnfé sparisjóðsins eftir fjárhagslega endurskipulagningu er 424,4 millj. kr. og er fjöldi stofnfjáraðila 152. Heildareignir sjóðsins eru 3.834 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sjóðsins var 16,3%.

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkisins í sparisjóðnum sem myndaðist við fjárhagslega endurskipulagningu og fer hún með 90% af stofnfé sjóðsins.

Sparisjóður Vestmannaeyja.

Lokið var við fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Vestmannaeyja 10. desember 2010 með undirritun samkomulags við Seðlabanka Íslands.

Stofnfé sparisjóðsins eftir fjárhagslega endurskipulagningu var 1.004,5 millj. kr. og var fjöldi stofnfjáraðila 85. Heildareignir sjóðsins voru 14.716 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sjóðsins var um 16,8%.

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkisins í sparisjóðnum sem myndaðist við fjárhagslega endurskipulagningu og fer hún með 55,3% af stofnfé sjóðsins.

Þrír af fimm stjórnarmönnum eru skipaðir af Bankasýslu ríkisins.

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis.

Lokið var við fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 21. desember 2010 með undirritun samkomulags við Seðlabanka Íslands.

Stofnfé sparisjóðsins eftir fjárhagslega endurskipulagningu er 258,2 millj. kr. og er fjöldi stofnfjáraðila 92. Heildareignir sjóðsins eru 2.669,1 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sjóðsins er 16% og bókfært eigið fé 304,2 millj. kr.

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkisins í sparisjóðnum sem myndaðist við fjárhagslega endurskipulagningu auk þess sem hlutur Byggðastofnunar var færður yfir til Bankasýslunnar og fer hún því með 75,9% af stofnfé sjóðsins.

Fjórir af fimm stjórnarmönnum eru skipaðir af Bankasýslu ríkisins.

Af þessu má sjá að ríkissjóður á meiri hluta í fjórum af fimm sparisjóðum þar sem hann á stofnfé og í þremur þeirra aukinn meiri hluta sem nægir til að breyta samþykktum sjóðsins.

1685. Svar [759. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Bjarna Benediktssonar um greiðslu virðisaukaskatts.

1. *Hversu há fjárhæð var greidd í virðisaukaskatt til ríkissjóðs árin 2009 og 2010 á grundvelli 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, þar sem segir: „Aðilar, sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir 3. og 5. mgr. 2. gr., skulu greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila skv. 1. mgr.“?*

Upplýsingar um virðisaukaskatt af starfsemi þeirra aðila sem undanþegnir eru skattskyldu nema til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila eru ekki tilgreindar sérstaklega í virðisaukaskattsskýrslu og liggja því miður ekki fyrir. Til eru upplýsingar um skattskylda aðila sem skráðir eru í tiltekna atvinnugrein sem falla undir undanþegna starfsemi skv. 3. og 5. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt en þar eru þó einnig þeir aðilar, innan þessara atvinnugreina, sem eru virðisaukaskattsskyldir. Þá getur einn og sami aðilinn boðið upp á mismunandi þjónustu sem er annars vegar virðisaukaskattsskyld og hins vegar ekki og því ekki hægt að greina fyrir hvaða hluta starfseminnar virðisaukaskattur er greiddur. Í athugun er að endurskoða lög um virðisaukaskatt og framkvæmd þeirra, meðal annars til þess að auðvelda yfirlit yfir starfsemi af þeim toga sem spurt er um.

2. *Hvaða aðilar greiddu virðisaukaskatt á grundvelli framangreinds ákvæðis?*
Sjá svar við 1. spurningu.

1686. Svar [777. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um sæstrengi.

1. *Hverjir eru eigendur sæstrengjanna Danice, Farice, Cantat-3 og Greenland Connect og í hvaða hlutföllum er eignarhaldið?*

Farice og Danice sæstrengirnir eru í eigu Farice ehf. en hluthafar þess félags eru íslenska ríkið, Landsvirkjun, Arion banki, Landsbanki Íslands hf. og Glitnir banki. Eignarhlutföll Farice ehf. eru þessi:

Íslenska ríkið	28,07%	A- og B-hlutir
Landsvirkjun	26,69%	A- og B-hlutir
Arion banki hf.	43,47%	B-hlutir
Landsbanki Íslands hf.	1,05%	B-hlutir
Glitnir banki hf.	0,71%	B-hlutir

Þegar tekið er tillit til mismunandi atkvæðavægis á milli A- og B-hlutabréfa, þar sem A-hlutir hafa fimmfalt vægi á móti B-hlutum, þá er atkvæðavægi á hluthafafundum þannig að íslenska ríkið er með 58,2%, Landsvirkjun 21,4% og Arion banki 19,7%.

Rekstri Cantat-3 sæstrengsins var hætt um síðustu áramót en strengurinn var tekinn í notkun 1994. Cantat-3 var í eigu síma- og fjarskiptafélaga í nokkrum löndum og áttu íslenskir aðilar rúmlega 5% hlut.

Greenland Connect sæstrengurinn er í 100% eigu Tele Greenland.

2. *Er ríkisábyrgð á sæstrengjunum? Hefur þurft að afskrifa skuldir vegna þeirra?*

Ríkisábyrgð er á hluta þeirra veðtryggðu langtímalána Farice ehf. sem til var stofnað vegna lagningar Farice og Danice sæstrengjanna. Alls nema veðtryggðar skuldir með ríkisábyrgð 7 milljörðum kr. en heildarskuldir félagsins eru um 9,3 milljarðar kr.

Í viðskiptaáætlun fyrir lagningu Danice sæstrengsins var gert ráð fyrir að gagnaver mynduðu kjölfestuna í tekjum af þeirri fjárfestingu. Uppbygging á þeirri starfsemi hefur hins vegar verið hægari en áætlanir gerðu ráð fyrir sem hefur raskað forsendum viðskiptaáætlunarinnar. Við fjárhagslega endurskipulagningu Farice lagði íslenska ríkið og Landsvirkjun félaginu til nýtt hlutafé í A-flokki að fjárhæð 11 millj. evra. Stærstu óveðtryggðu kröfuhafar félagsins samþykktu að breyta sínum kröfum í hlutabréf í B-flokki í félaginu, samtals að fjárhæð 52,7 millj. evra. Hlutafé félagsins hefur því verið aukið um samtals 63,7 millj. evra og er eftir endurskipulagninguna um 75,5 millj. evra. Veðtryggðir lánveitendur Farice ehf. hafa samþykkt að endurfjármagna skuldir félagsins. Heildarskuldir eftir endurskipulagningu nema um 56,5 millj. evra. og eiginfjárhlutfall félagsins er 45,5% í árslok 2010.

3. *Hver er bandbreidd sæstrengjanna?*

Uppsett bandbreidd Farice og Danice sæstrengjanna er 100 Gbit/s á hvorum streng. Hægt er að auka flutningsgetuna með uppsetningu endabúnaðar í landtökustöðvum. Slíkar fjárfestingar munu fylgja aukningu viðskipta í framtíðinni.

Fjármálaráðuneytið býr ekki yfir upplýsingum um hver bandbreidd sæstrengja í eigu annarra er.

4. *Hversu hátt hlutfall af hverjum þeirra um sig er í notkun og hverjir kaupa þjónustuna?*

Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig nýting sæstrengjanna Farice og Danice er í maí 2011, miðað við þá bandvídd sem er til reiðu í dag:

Sæstrengur	**Bandvídd til reiðu í maí 2011**	**Hlutfall bandvíddar í notkun samkvæmt samningum**
FARICE	100 Gbit/s	45%
DANICE	100 Gbit/s	55%

Bandvídd sú sem seld er samkvæmt framangreindu skiptist á núverandi viðskiptavini í eftirfarandi hlutföllum:

- Íslensk síma- og fjarskiptafélög 41%,
- Erlend síma- og fjarskiptafélög 15%,
- Aðilar sem reka rannsókna- og háskólanet 17%,
- Gagnaver og erlendir viðskiptavinir gagnavera 27%.

Fjármálaráðuneytið býr ekki yfir upplýsingum um hvert nýtingarhlutfall sæstrengja í eigu annarra er.

5. *Vita stjórnvöld til þess að áformað sé að leggja fleiri strengi til eða frá landinu? Ef svo er, hvaða aðilar standa að því?*

Erlendir aðilar hafa haft uppi áform um undirbúning að lagningu sæstrengs milli Íslands og Norður-Ameríku. Um er að ræða hóp manna, aðallega bandarískra, sem hafa þá trú að gagnaveraiðnaður muni vaxa hratt á Íslandi. Þeir hafa á síðustu missirum unnið að því að afla fjármagns til lagningar slíks sæstrengs. Í þessu sambandi er vert að nefna að næg bandvídd er til í Farice og Danice sæstrengjunum til þess að þjóna íslenskum almenningi, gagnaverum og öðrum um langa framtíð.

1687. Svar [780. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um ávinning af verkefninu „Allir vinna“.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er ávinningurinn af verkefninu „Allir vinna“ í ljósi skatttekna og fjölda ársverka?

„Allir vinna“ er þjóðarátak til að vekja athygli á endurgreiðslu virðisaukaskatts og skattfrádrætti vegna framkvæmda við íbúðarhúsnæði og frístundahús þegar unnið er að viðhaldi eða endurbótum á húsnæðinu á byggingarstað. Að þessu átaki standa stjórnvöld í samvinnu við Alþýðusamband Íslands og aðildarfélög, VR, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins,

Samtök verslunar og þjónustu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þessir aðilar taka þátt í átakinu með það að leiðarljósi að leggja sitt af mörkum við að koma hjólum atvinnulífsins í gang.

Sem fyrr segir er um tvíþætta aðstoð af hálfu stjórnvalda að ræða, annars vegar með endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu manna við íbúðarhúsnæði og frístundahús og hins vegar sérstakur skattfrádráttur, að hámarki 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum vegna viðhalds og endurbóta á eigin húsnæði.

Á þskj. 790 í 488. máli, fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um endurgreiðslu á virðisaukaskatti, er að finna sambærilega spurningu (4. tölul.): „Hversu mörg störf má ætla að átakið „Allir vinna“ hafi skapað á árunum 2009 og 2010?“ Í svari fjármálaráðherra segir m.a.: „Erfitt er að meta af einhverri nákvæmni hversu mörg störf hafa orðið til vegna þeirra atvinnuskapandi aðgerða í mannvirkjagerð sem stjórnvöld hafa gripið til og lýst er hér að framan. Óhætt er að fullyrða miðað við þær tölur sem fyrir liggja og fram koma í svörunum við 1.–3. tölul. að þær hafa dregið atvinnuleysi um einhver þúsund ársverka á árunum 2009 og 2010.“ Um nánari upplýsingar er vísað til svara fjármálaráðherra við framangreindri fyrirspurn.

Rétt er að árétta að í svari ráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur var fyrst og fremst verið að horfa til áhrifa á endurgreiðslu virðisaukaskattsins. Ekki er unnt að leggja mat á áhrif skattfrádráttarins á skatttekjur og fjölda ársverka fyrr en álagning opinberra gjalda á einstaklinga fyrir árið 2011 vegna tekna ársins 2010 liggur fyrir 1. ágúst nk.

1688. Svar [770. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um Landsvirkjun.

1. *Hvert er virði Landsvirkjunar í íslenskum krónum? Hvert er virði eigna Landsvirkjunar og hvað eru skuldirnar háar í íslenskum krónum?*

Landsvirkjun er ekki skráð á hlutabréfamarkaði og þar af leiðandi er ekki verðmyndun með bréf félagsins. Því er ekki unnt að svara því hvert virði félagsins er á þeim grundvelli.

Virði eigna og skulda Landsvirkjunar samkvæmt ársreikningi samstæðunnar 2010 er þannig að heildareignir eru 4.837.486 þúsund Bandaríkjadalir og skuldahlið efnahagsreikings er 3.193.164 þúsund Bandaríkjadalir. Starfrækslugjaldmiðill Landsvirkjunar er Bandaríkjadalur og samanburður við íslenskar krónur getur verið villandi með tilliti til gengissveiflna.

2. *Hver var árlegur rekstrarkostnaður Landsvirkjunar árin 2005–2010? Hvert var tap/hagnaður fyrirtækisins á sama árabili?*

Í meðfylgjandi töflu er að finna rekstrarkostnað árin 2005–2010 ásamt tapi eða hagnaði hvers tíma eins og hann kemur fram í ársreikningi félagsins. Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði eru færðar meðal rekstrartekna. Einnig ber að benda á að árið 2005 er gert upp miðað við eldri uppgjörsaðferð, en félagið tók upp alþjóðlega reikningsskilastaðla árið 2006 (IFRS).

Fjárhæðir í þúsundum USD	2010	2009	2008	2007	2006	2005
Rekstur						Ekki IFRS
Rekstrartekjur	383.991	299.788	452.027	368.824	343.511	250.836
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði	–6.342	42.526	–54.759	–59.447	–50.963	–12.745
Rekstrartekjur samtals	377.649	342.314	397.268	309.377	292.548	238.091
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	–79.564	–70.655	–100.512	–105.800	–102.805	–95.366
EBITDA	298.085	271.659	296.756	203.577	189.743	142.725
Afskriftir og virðisrýrnun	–107.258	–114.321	–105.532	–81.960	–76.932	–79.104
Rekstrarhagnaður (EBIT)	190.827	157.338	191.224	121.617	112.811	63.621
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	–108.258	52.602	–605.804	505.085	–212.470	38.486
Tekjuskattur	-9.653	–16.944	70.048	–167.444	277.230	0
Hagnaður/(tap) ársins	72.916	192.996	–344.532	459.258	177.571	102.107

3. *Hvernig eru skuldir Landsvirkjunar til komnar og hvernig skiptast þær eftir gjaldmiðlum? Hverjar eru eftirstöðvar skulda vegna Kárahnjúkavirkjunar?*

Meðfylgjandi tafla er úr ársreikningi félagsins og er þar sýnd skipting skulda milli gjaldmiðla. Landsvirkjun flokkar ekki lán með tilliti til verkefna félagsins. Þau eru tilkomin vegna rekstrarþátta, endurfjármögnunar og fjárfestinga. Aðgreining skulda vegna Kárahnjúkavirkjunar er því ekki fyrir hendi.

Vaxtaberandi langtímaskuldir, í þúsundum Bandaríkjadala, greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Eftirstöðvar 31. des. 2010
Skuldir í ISK, verðtryggðar	444.387
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	66.490
Skuldir í CHF	108.387
Skuldir í EUR	1.208.957
Skuldir í GBP	14.334
Skuldir í JPY	62.213
Skuldir í USD	1.034.730
	2.939.498

4. *Hvernig stendur fjármögnun vegna lána sem eru á gjalddaga í ár? Um hve háar fjárhæðir er að ræða?*

Landsvirkjun hafði um áramót handbært fé og aðgang að veltilánum fyrir alls 573 milljónir Bandaríkjadala. Eins og skipting afborgana ársins 2011 sýnir hér að neðan, undir liðnum afborganir næsta árs, þá er sú upphæð nægileg til að mæta afborgunum ársins. Þá má til viðbótar benda á að hér er ekki tekið tillit til þess fjár sem félagið skilar úr rekstri sínum á árinu. Á árinu 2010 var handbært fé frá rekstri jákvætt um 229 milljónir Bandaríkjadala.

Skuldir til langs tíma samtals	2.569.699
Afborganir næsta árs	369.799
	2.939.498

5. *Hefur Landsvirkjun eða íslenska ríkið varasjóð sambærilegan þeim sjóði sem Reykjavíkurborg hafði gagnvart Orkuveitu Reykjavíkur komi til greiðslufalls eða gjaldfellingar lána?*

Hér vísast í svar við 4. lið hér að framan. Þar kemur fram sú innistæða og veltilán sem félagið hafði aðgang að um síðastliðin áramót. Í töflunni hér fyrir neðan sjást þær fjárhæðir eins og þær stóðu 31. des. 2010 samkvæmt ársreikningi í þúsundum Bandaríkjadala.

Handbært fé í árslok	265.532
Óádregin veltilán	307.676
Lausafé alls	573.208

6. *Hvernig er skuldastaða Landsvirkjunar borið saman við önnur sambærileg orkufyrirtæki í Evrópu?*

Landsvirkjun leitaðist við að finna tölugögn úr ársskýrslum sambærilegra félaga á Norðurlöndunum varðandi eiginfjárhlutfall þeirra og þar af leiðandi skuldsetningu. Hér skal hafa þann fyrirvara að þessi gögn eru unnin af starfsmönnum Landsvirkjunar en koma ekki frá erlendum gagnaveitum eða bönkum.



7. *Hver er arðsemiskrafa Landsvirkjunar?*

Ekki hefur verið gerð formleg arðsemiskrafa til Landsvirkjunar en hún er einn af þeim þáttum sem fram þurfa að koma í eigendastefnu, sbr. svar við 8. lið hér á eftir.

8. *Hver er eigendastefna ríkisins varðandi Landsvirkjun? Lítur ráðherra svo á að fyrirtækið sé á samkeppnismarkaði, fákeppnismarkaði eða einokunarmarkaði?*

Íslenska ríkið er mikilvægur þátttakandi í orkuframleiðslu hér á landi. Framleiðsla raforku hefur síðan árið 2003 farið fram á samkeppnismarkaði og 78% framleiðslunnar eru á hendi þriggja orkufyrirtækja í ríkiseigu en þau eru Landsvirkjun, Orkusalan og Orkubú Vestfjarða. Landsvirkjun fer þar með langstærstan hluta eða um 74% allrar orkuframleiðslu á Íslandi.

Fjármálaráðuneytið mótar eigandastefnu ríkisins og hefur á hendi fyrirsvar og ábyrgð á eignarhlutum ríkisins í Landsvirkjun og öðrum fyrirtækjum í eigu ríkisins.

Unnið er að því að setja skýra og skriflega eigandastefnu gagnvart orkufyrirtækjunum sem eru í ríkiseigu og hún verður birt opinberlega. Þar verður m.a. gerð grein fyrir skipulagi eigandahlutverksins, hlutverkum mismunandi aðila innan ríkisins, markmiðum ríkisins með eignarhaldinu, kröfum til stjórnenda o.fl.

9. *Hvernig skiptist orkusala Landsvirkjunar til: a. innlendra aðila, b. erlendra aðila?*

Viðskiptavinir Landsvirkjunar eru sem stendur innlend fyrirtæki. Úr ársskýrslu félagsins má sjá skiptingu á raforkusölu (MWst) þannig fyrir árið 2010: almenningsveitur 15%, iðnaður (raforkuverð án álverðsviðmiðs) 16% og iðnaður (raforkuverð með álverðsviðmiði) 69%.

10. *Hefur það verið rætt innan ríkisstjórnarinnar, milli fjármálaráðherra og forstjóra Landsvirkjunar eða annars staðar í ríkiskerfinu hvort ríkið eigi að selja hluta af Landsvirkjun til að dreifa eigendaáhættu ríkisins í fyrirtækinu?*

Engin áform liggja fyrir um sölu ríkisins á eignarhlutum í Landsvirkjun.

11. *Er það stefna ríkisstjórnarinnar að auka orkuframleiðslu Landsvirkjunar úr 17 í 35 twst á ári horft til næstu 14 ára? Ef svo er, til hvaða virkjunarkosta er litið, skipt eftir: a. landsfjórðungum, b. svæðum innan landsfjórðunga?*

Landsvirkjun er orkufyrirtæki í ríkiseigu sem starfar á einkaréttarlegum markaði. Samkvæmt lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum, fer stjórn Landsvirkjunar með málefni fyrirtækisins og skal hún annast um að skipulag fyrirtækisins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn og forstjóri fara með stjórn fyrirtækisins og er það því í höndum þessara aðila að taka ákvarðanir um rekstur félagsins og uppbyggingu virkjunarkosta. Fjármálaráðherra skipar stjórn á aðalfundi fyrirtækisins og getur því ríkisvaldið lögum samkvæmt einungis beitt eigandavaldi sínu á aðalfundinum.

Stjórnendur Landsvirkjunar hafa sett fram tillögur að stefnumótun fyrirtækisins til 15 ára og voru þær kynntar á opnum ársfundi fyrirtækisins 15. apríl sl. Þar var sett fram áætlun um aukningu raforkuframleiðslu fyrirtækisins til ársins 2025, en hér ber að hafa í huga að um val á virkjunarkostum fer eftir gildandi lögum og reglum á hverjum tíma. Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og háhitasvæði mun gegna lykilhlutverki hvað framtíðaruppbyggingu virkjunarkosta varðar.

12. *Er það stefna ríkisstjórnarinnar að stuðla að því að sæstrengur verði lagður til annarra Evrópulanda á vegum Landsvirkjunar? Ef svo er, hver er áætlaður kostnaður við lagningu slíks sæstrengs og hvernig er fjármögnun hans hugsuð?*

Vísað er til svars við 11. lið um stefnumörkun Landsvirkjunar. Af hálfu Landsvirkjunar hefur verið sett fram það sjónarmið að lagning sæstrengs frá Íslandi til Evrópu mundi opna fyrir möguleika á sölu endurnýjanlegrar orku frá jarðgufu- og vatnsaflsvirkjunum Landsvirkjunar til Evrópu. Rannsókn Landsvirkjunar á lagningu sæstrengs hófst um mitt ár 2010 og er áætlað að unnt verði að taka ákvörðun um framhald málsins í lok árs 2011. Rannsókninni er ætlað að meta kosti þess að leggja lengsta rafmagnssæstreng í heimi og nær hún til mögulegra rekstrarlíkana, markaða og álagsstjórnunar. Rannsakaður er út- og innflutningur á rafmagni á grunni verðmismunar á evrópskum og íslenskum markaði. Einnig er Landsvirkjun að rannsaka áhrifin á íslenskan raforkumarkað, framboðsöryggi í raforkukerfi Íslands og aðfangastjórnun á Íslandi, með áherslu á notkun vatnsafls.

Áætlaður kostnaður liggur ekki fyrir. Gert er ráð fyrir að það taki fjögur til fimm ár til viðbótar að kanna til hlítar tæknilega og rekstrarlega þætti sæstrengs.

1689. Svar [787. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um Þróunarsjóð EFTA.

1. *Hver hafa verið framlög Íslands til Þróunarsjóðs EFTA (svonefnds EES-fjármagnskerfis, sbr. 61. mál 139. þings), sundurliðað eftir árum á núverandi verðlagi?*

Svar við þessum lið fyrirspurnarinnar er að finna í töflunni hér á eftir. Rétt er að benda á eftirfarandi:

1. Þróunarsjóður EFTA hefur gegnum tímann töluvert breyst við stækkanir á ESB. Þekking á þeirri sögu gæti skerpt skilning á inntaki neðangreindra talna. Í því efni er bent á stutta sögulega úttekt í greinargerð með frumvarpi á þskj. 62, 61. mál á yfirstandandi þingi um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.
2. Skuldbindingar Íslands og annarra EES/EFTA-ríkja ná yfir fimm ára tímabil en greiðslur vegna verkefna sem samþykkt eru innan heimilla tímafresta spanna lengri tíma. Þetta endurspeglast í greiðsluflæði til sjóðanna í gegnum árin.
3. Þá kynnu að vakna spurningar um þau ár sem engar greiðslur reiðast fram. Ekki hefur fundist önnur skýring á því en að þau árin var ekki um neinar styrkveitingar að ræða auk þess sem á árinu 2002 var um að ræða endurgreiðslu á fjármunum sem ekki voru veittir til verkefna.

Ár	Á verðlagi hvers árs	Á verðlagi ársins 2010
1994	88.875.608	189.545.630
1995	93.637.328	196.357.261
1996	93.201.846	191.140.093
1997	106.256.000	214.044.255
1998	101.993.108	202.094.363
1999	0	0
2000	0	0
2001	35.111.600	60.040.175
2002	-20.686.560	-33.752.734
2003	0	0
2004	0	0
2005	107.011.490	159.223.979
2006	20.534.697	28.619.347
2007	215.383.989	285.814.632
2008	347.526.338	410.209.834
2009	920.715.540	970.411.736
2010	1.345.976.048	1.345.976.048
Samtals	**3.455.537.032**	**4.219.724.619**

2. *Hvenær átti greiðslum að ljúka samkvæmt bókun 38 við EES-samninginn? Hvers vegna var haldið áfram að greiða?*

Skuldbindingu fjármagns til verkefna á grundvelli upphaflegu bókunar 38 var lokið 1999 en greiðslur voru hins vegar inntar af hendi á lengri tíma í takt við framvindu verkefna. Nýtt samkomulag var í kjölfarið gert um greiðslur fyrir tímabilið 1999–2004 og er andlag þeirra framhaldsgreiðslna sem innt er eftir.

3. *Hvenær átti greiðslum að ljúka samkvæmt framlengdum samningum um Þróunarsjóð EFTA frá 2004?*

Gert er ráð fyrir að greiðslum vegna skuldbindinga sjóðsins 2004–2009 ljúki 2012. Það helgast af því sem þegar er útskýrt að skuldbindingum er lokið innan samningstímans, en greiðslur taka lengri tíma í samræmi við framvindu skuldbundinna verkefna.

4. *Voru greiðslur inntar af hendi til Þróunarsjóðsins að liðnum gildistíma samninga um sjóðinn og áður en skrifað var undir nýtt samkomulag um framlög í Þróunarsjóð EFTA í ágúst 2010? Ef svo er, hvers vegna var haldið áfram að greiða?*

Svo er. Greiðslurnar byggðust á skuldbindingum sem samþykktar voru áður en frestur til samþykktar á nýjum verkefnum rann út. Hér enn bent á það sem fyrr er brýnt um tímasetningu skuldbindingar annars vegar og greiðslutímabil hins vegar.

5. *Hvaða ríki hafa fengið fjárhagsaðstoð úr sjóðnum og undir hvaða formerkjum, t.d. með vaxtaafslætti af lánum, beinum styrkjum o.s.frv.? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Grikkland, Írland, Bretland (Norður Írland), Portúgal og Spánn (10 héruð) nutu aðstoðar úr sjóði EES/EFTA-ríkjanna á tímabilinu 1994–1999. Fyrirkomulag stuðnings var ýmist í formi beinna fjárhagslegra framlaga eða niðurgreiðslu lána frá Fjárfestingabanka Evrópu (2% árleg niðurgreiðsla vaxta á 1.500 millj. evra lánasafn). Skipting fjárhæðar milli þessara ríkja á þessu tímabili var með eftirgreindum hætti:

Ríki	Styrkir (evrur)	Lánaniðurgreiðslur (evrur)
Grikkland	121.500.000	364.500.000
Írland	35.500.000	106.500.000
Bretland (N-Írland)	11.000.000	33.000.000
Portúgal	105.000.000	315.000.000
Spánn (10 héruð)	227.000.000	681.000.000
Alls	**500.000.000**	**1.500.000.000**

Vakin er athygli á að Austurríki, Finnland og Svíþjóð tóku þátt í þessum sjóði sem EFTA-ríki. Það skýrir meðal annars hve há fjárhæðin er miðað við tímabilið þar á eftir. Framkvæmdastjórn ESB innti af hendi framlög ríkjanna til sjóðsins eftir aðild þeirra að ESB sem tók gildi 1. janúar 1995.

Á tímabilinu 1999–2004 voru svo til ráðstöfunar alls 119 millj. evra sem skiptust á milli sömu ríkja og getur að framan með eftirgreindum hætti. Eingöngu var um að ræða beina styrki.

Ríki	Styrkir (evrur)
Grikkland	22.000.000
Írland	5.500.000
Bretland (N-Írland)	500.000
Portúgal	21.000.000
Spánn	70.000.000
Alls	**119.000.000**

Þau ríki sem hafa fengið aðstoð á tímabilinu 2004–2009 og 2009–2014 eru 15 ríki ESB, Búlgaría, Eistland, Grikkland, Lettland, Litháen, Malta, Kýpur, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Tékkland og Ungverjaland. Eingöngu er þar um beina styrki að ræða við verkefni í styrkþegaríkjum. Skipting heildarframlaga samkvæmt þessum tveimur samningum um sjóðinn er með neðangreindum hætti (brúttó í evrum):

Ríki	2004–2009 (evrur)[1]	2009–2014 (evrur)
Búlgaría	21.500.000	78.600.000
Rúmenía	50.500.000	190.750.000
Kýpur	1.260.000	3.850.000
Tékkland	48.540.000	61.400.000
Eistland	10.080.000	23.000.000
Grikkland	34.260.000	63.400.000
Ungverjaland	60.780.000	70.100.000
Lettland	19.740.000	34.550.000
Litháen	27.000.000	38.400.000
Malta	1.920.000	2.900.000
Pólland	280.800.000	266.900.000
Portúgal	31.320.000	57.950.000
Slóvakía	32.340.000	38.350.000
Slóvenía	6.120.000	12.500.000
Spánn	45.840.000	45.850.000
Alls	**672.000.000**	**988.500.000**

[1] Búlgaría og Rúmenía fyrir tímabilið 2007–2009.

1690. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Verði frumvarpið samþykkt fá lífeyrissjóðir heimild til að eiga og reka íbúðarhúsnæði til útleigu.

Eins og bent er á í áliti Samtaka atvinnulífsins gera núgildandi lög um lífeyrissjóði fyrst og fremst ráð fyrir fasteignum í eigu sjóðanna sem fullnustueignum sem þeir þurfa að losna

við. Samtökin telja að bein eign lífeyrissjóða á íbúðum sé varla áhugaverður fjárfestingarkostur. Lögin leyfa lífeyrissjóðum nú þegar að fjárfesta í fasteignafélögum sem reka íbúðarhúsnæði jafnt sem atvinnuhúsnæði í atvinnuskyni eða á markaðsforsendum.

Samkvæmt 36. gr. laga um lífeyrissjóði skulu sjóðirnir móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sitt með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Fjárfesting í húsnæði til útleigu er talin örugg langtímafjárfesting en ávöxtun fjárfestingarinnar er m.a. háð framboði af leiguhúsnæði og þá sérstaklega ódýru félagslegu húsnæði. Fasteignir sem lífeyrissjóðirnir hafa leyst til sín vegna vangoldinna skulda lántakenda munu verða leigðar út á hæsta mögulega verði til að tryggja hámarksávöxtun á fé sjóðsfélaganna. Tekjulágir einstaklingar sem ekki hafa efni á að greiða markaðsleigu munu því ekki geta leigt fasteignir lífeyrissjóðanna nema leigubætur til þeirra hækki verulega. Með öðrum orðum framboð félagslegs húsnæðis mun ekki aukast verði lífeyrissjóðunum heimilað að eiga og reka íbúðarhúsnæði til útleigu nema ríkið sé tilbúið að niðurgreiða verulega leiguna.

Allar líkur eru á að lífeyrissjóðirnir muni selja íbúðarhúsnæðið um leið og fullnægjandi verð fæst fyrir eignirnar, aðrir arðbærir fjárfestingarkostir verða í boði eða þegar sjóðirnir þurfa lausafé til greiðslu lífeyris. Það er auk þess erfitt að sjá hvernig heimild lífeyrissjóða til að eiga og reka íbúðarhúsnæði sem þeir hafa leyst til sín sem fullnustueign samrýmist markmiðinu um húsnæðisöryggi heimila á Íslandi. Ef tryggja á tekjulágu fólki húsnæðisöryggi þarf að endurskoða löggjöf um rekstrarumhverfi húsnæðisfélaga (skattar og afskriftir) og lánsfjármögnun þeirra hjá Íbúðalánasjóði sem og lög um húsnæðissamvinnufélög og húsaleigulög eins og bent er á í nýlegri skýrslu samráðshóps um húsnæðisstefnu (http://www.velferdarraduneyti.is/media/frettir2011/19042011_Skyrsla_samradshops_um_husnaedisstefnu.pdf).

Minni hlutinn sér ekki hvernig heimild lifeyrissjóðanna til að eiga og reka íbúðarhúsnæði til útleigu eykur húsnæðisöryggi og valkosti almennings í húsnæðismálum. Heimildin mun heldur ekki leiða til lækkunar á húsnæðiskostnaði almennings. Við núverandi aðstæður á fasteignamarkaði er brýnt að stjórnvöld geri gangskör í að efla húsnæðismarkað sem ekki er hagnaðardrifinn. Í því sambandi vill minni hlutinn benda á fyrirheit í yfirlýsingu stjórnarflokkanna þar sem segir: „Innleidd verði ný skipan húsnæðismála til að búa almenningi sambærilegt öryggi og valkosti í húsnæðismálum og á hinum Norðurlöndunum. Markmiðið er að fólk í húsnæðisleit eigi valkosti með eignar-, leigu- og búseturéttaríbúðum, hvort sem það þarfnast húsnæðis í fyrsta sinn eða síðar á lífsleiðinni.“

Alþingi, 3. júní 2011.

Lilja Mósesdóttir.

1691. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rakel Sveinsdóttur frá Creditinfo Íslandi hf., Valgerði Rún Benediktsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Maríu Thejll og Sigríði Ármannsdóttur fyrir hönd eftirlitsnefndar með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar, Halldór Jónsson frá Samtökum atvinnulífsins, Andrés Magnússon frá Samtökum verslunar og þjónustu og Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði Íslands. Nefndinni bárust umsagnir um tillöguna frá Byggðastofnun, Bændasamtökum Íslands, Creditinfo Íslandi hf., eftirlitsnefnd um sértæka skuldaaðlögun, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Hagsmunasamtökum heimilanna, iðnaðarnefnd Alþingis, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Seðlabanka Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu og Viðskiptaráði Íslands.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að setja á stofn ráðgjafarstofu fyrirtækja til að aðstoða fyrirtæki í greiðsluörðugleikum við endurskipulagningu rekstrar eða við að hætta rekstri. Gert er ráð fyrir því að ráðgjafarstofan verði þáttur í stuðningskerfi við atvinnulífið og að þar geti fyrirtæki fengið aðstoð og leiðbeiningar áður en þau eru komast í vandræði og lært að þekkja ýmis viðvörunarmerki.

Flestar umsagnir um tillöguna voru jákvæðar en við umfjöllun um málið komu fram mismunandi sjónarmið um hvernig væri heppilegast að útfæra aðstoð við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja þannig að best þjóni hagsmunum þeirra. Bent var á þá þjónustu sem þegar er fyrir hendi hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Byggðastofnun. Einnig var bent á að mikil fyrirhöfn væri fólgin í því að koma nýrri stofnun á fót, slíkt þarfnaðist undirbúnings og tæki tíma og þjónaði varla markmiði sínu. Þá var vísað til þess að e.t.v. væri eðlilegra að þjónusta af þessu tagi yrði veitt á vegum hagsmunasamtaka fyrirtækja. Ljóst er að gæta þarf að samkeppnissjónarmiðum enda eru þegar starfandi ráðgjafar sem þjónusta atvinnulífið hvort sem um fjárhagslega endurskipulagningu er að ræða eða annað. Fram kom það sjónarmið fyrir nefndinni að æskilegra væri að nýta þá þekkingu sem er þegar til staðar hjá ráðgjöfum og ráðgjafarstofum.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að komið verði á fót aðstoð við fyrirtæki í greiðsluörðugleikum en telur óheppilegt að setja á laggirnar sérstaka stofnun til að sinna því hlutverki. Að mati meiri hlutans er skynsamlegra að finna þessari þjónustu stað hjá stofnunum sem þegar eru starfandi, svo sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands, annaðhvort til framtíðar eða sem tímabundnu átaksverkefni. Meiri hlutinn leggur áherslu á að ráðgjafarhlutverkið verði útfært nánar og tryggja skal að það samræmist því hlutverki sem Nýsköpunarmiðstöð gegnir í dag. Verði tillagan samþykkt er nauðsynlegt að byggja sérstaklega upp hæfni og þekkingu á þessu sviði hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Fari svo að þjónustu af þessu tagi verði fundinn staður hjá Nýsköpunarmiðstöð er mikilvægt að tryggt verði að þjónustan skarist ekki við ráðgjafarþjónustu á samkeppnismarkaði. Þá vekur nefndin athygli á því að margvísleg þjónusta Nýsköpunarmiðstöðvar byggist á aðkeyptri sérfræðiþekkingu, þ.e. þjónustu ýmissa ráðgjafa úr atvinnulífinu og því gæti þjónustu við fyrirtæki í greiðsluörðugleikum verið sinnt af utanaðkomandi aðilum rétt eins og ýmissi annarri þjónustu stofnunarinnar. Í þessu sambandi þarf einnig að gæta að samkeppnissjónar-

miðum milli fyrirtækja í greiðsluörðugleikum og því telur nefndin mikilvægt að skilgreina hversu langt yrði gengið í stuðningsþjónustu við einstök fyrirtæki.

Þá kom fram fyrir nefndinni að þrjú undanfarin ár hafi fjöldi þeirra fyrirtækja sem leita ráðgjafar Impru á Nýsköpunarmiðstöð aukist verulega en Impra veitir frumkvöðlum endurgjaldslausa handleiðslu við þróun viðskiptahugmynda. Úrræði Impru takmarkast þó enn við þann mannafla sem starfaði þar fyrir bankahrunið 2008. Fram kom að með því að bæta við tveimur starfsmönnum með þekkingu og reynslu af ráðgjöf til fyrirtækja væri unnt að starfrækja ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluerfiðleikum innan Impru á grundvelli aðferðafræði hennar.

Það er því álit nefndarinnar að frekari ráðgjöf við fyrirtæki í greiðsluerfiðleikum sé mjög ákjósanleg og að finna ætti þeirri þjónustu stað í starfandi stofnun, svo sem í Nýsköpunarmiðstöð Íslands, í stað þess að setja á fót nýja stofnun til að sinna þessu hlutverki.

Magnús Orri Schram, Eygló Harðardóttir og Sigurður Kári Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. júní 2011.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm. Valgerður Bjarnadóttir. Auður Lilja Erlingsdóttir.

Skúli Helgason. Margrét Tryggvadóttir.

Fylgiskjal.

Álit

um till. til þál. um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur að beiðni viðskiptanefndar tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum (25. mál). Nefndin kynnti sér þær umsagnir sem borist hafa um þingsályktunartillöguna. Að mati nefndarinnar gera flestir umsagnaraðilar ekki verulegar athugasemdir við tillöguna og fagna henni margir.

Markmið tillögunnar er að setja á stofn ráðgjafarstofu fyrirtækja sem eiga í greiðsluörðugleikum og aðstoða þau við endurskipulagningu rekstrar eða við að hætta rekstri.

Nefndin telur ljóst að brýn þörf er til staðar fyrir að setja á fót ráðgjafarstofu vegna greiðsluörðugleika fyrirtækja en ráðgjöf á því sviði getur verið fyrirtækjum hjálpleg. Slík ráðgjafarstarfsemi er líkleg til að draga úr fjölda fyrirtækja sem fara í greiðsluþrot í kjölfar fjárhagserfiðleika. Fram kemur í umsögn Creditinfo að fjöldi fyrirtækja sem lent hafa í greiðsluþroti hefur aukist um tæplega 50% á milli áranna 2008 og 2009, en tæplega 30% aukning hefur orðið á fjölda gjaldþrota. Af þessu má sjá að afar mikilvægt er að koma á fót hlutlausri ráðgjöf fyrir fyrirtæki sem eru í fjárhagslegum erfiðleikum.

Fram kemur í greinargerð með tillögunni að tilvalið væri að ráðgjafarstofan starfaði með Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem veitir frumkvöðlum endurgjaldslausa handleiðslu við þróun viðskiptahugmynda. Þar er einnig hægt að leita aðstoðar vegna viðskiptahugmynda og almennan rekstur fyrirtækja. Hjá Impru/Nýsköpunarmiðstöð er veitt handleiðsla um viðvörunarmerki í rekstri og hvað beri að forðast. Þær áherslur sem nefndar eru í þingsályktunartillögunni ganga mun lengra en núverandi þjónusta Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands nær til.

Fram kemur hjá nokkrum umsagnaraðilum að huga verði að því að nú þegar eru til fjölmörg ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfa sig í lausnum á skuldavanda fyrirtækja og endurskipulagningu þeirra. Stofnun opinberrar ráðgjafarstofu gæti því skekkt samkeppnisstöðu einkafyrirtækja á þessum markaði. Lögð hefur verið áhersla á að starfsemi Impru skarist ekki á við ráðgjafarþjónustu á samkeppnismarkaði en starfsemin fer ekki inn á starfssvið hefðbundinna rekstrarráðgjafa. Miðað við þingsályktunartillöguna verður þó gengið lengra en almennt er gert. Með hliðsjón af samkeppnissjónarmiðum telur nefndin að mikilvægt sé að skilgreina hversu langt yrði gengið í stuðningsþjónustu við einstök fyrirtæki í rekstrarvanda. Einnig þarf að liggja fyrir hversu mikla vinnu er hægt að leggja í til að greiða úr rekstrarerfiðleikum fyrirtækja og eftirfylgni við málarekstur vegna slíka mála. Nefndin telur að hagkvæmt geti talist að bæta úrræðum fyrir fyrirtæki í greiðsluörðugleikum við þjónustuna sem þegar er fyrir hendi hjá Impru í stað þess að stofna nýja stofnun til að sinna þessu hlutverki. Engu síður er vert að hafa í huga að með þátttöku á þessu sviði verður Nýsköpunarmiðstöð Íslands farin að teygja sig út fyrir kjarnastarfsemi sína og orðin meiri þátttakandi í hagsmunamálum og rekstri fyrirtækja en fordæmi eru fyrir.

Iðnaðarnefnd lýsir yfir stuðningi sínum við umrædda þingsályktunartillögu og telur fulla þörf á því að koma henni til framkvæmda. Hins vegar er nauðsynlegt að kanna hvort fela ætti Nýsköpunarmiðstöð Íslands þetta hlutverk, hvort sem það er til frambúðar eða sem tímabundnu átaksverkefni. Útfæra þyrfti nánar hlutverk ráðgjafarstofu af þessu tagi og tryggja að það samræmist því hlutverk sem Impra gegnir í dag. Ef tillagan nær fram að ganga er nauðsynlegt að byggja sérstaklega upp hæfni og þekkingu á þessu sviði hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Alþingi, 1. júní 2011.

Kristján L. Möller, form.,
Lilja Rafney Magnúsdóttir,
Magnús Orri Schram,
Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara,
Gunnar Bragi Sveinsson,
Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara,
Þuríður Backman,
Jón Gunnarson, með fyrirvara,
Sigmundur Ernir Rúnarsson.

1692. Nefndarálit [826. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði).

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson og Brynhildi Benediktsdóttur frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Friðrik J. Arngrímsson og Adolf Guðmundsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Guðberg Rúnarsson, Guðmund Smára Guðmundsson, Sigurð Viggósson og Gunnar Tómasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Vilhjálm Egilsson og Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, Elínu Björgu Ragnarsdóttur, Albert Svavarsson og Jón Stein Elísson frá Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Árna Bjarnason frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Guðmund Ragnarsson frá VM – félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Jón Gunnar Björgvinsson og Snæbjörn Ingvarsson frá Samtökum íslenskra fiskimanna, Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnuninni, Auðun Ágústsson, Hrefnu Gísladóttur og Eyþór Björnsson frá Fiskistofu, Dagmar Sigurðardóttur og Sólmund Má Jónsson frá Landhelgisgæslu Íslands, Signýju Jóhannesdóttur, Matthías Kjeld og Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Pétur H. Pálsson frá Vísi hf., Pál Ingólfsson frá Fiskmarkaði Íslands hf., Ragnar Kristjánsson frá Fiskmarkaði Suðurnesja hf. og Róbert Ragnarsson frá Grindavíkurbæ. Þá átti nefndin símafund með Kristni H. Gunnarssyni.

Umsagnir um málið bárust frá Jóni Steinssyni, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, VM – félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Helga Áss Grétarssyni, Landhelgisgæslu Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda, Samtökum íslenskra fiskimanna, Sjómannasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Í fyrsta lagi er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði heimilað að ákveða í reglugerð að aukning aflamagns í strandveiðum geti runnið til flokks minni skipa með strandveiðileyfi. Þá verði ráðherra heimilað að skipta leyfilegum heildarafla á tímabil í stað mánaða og áréttað að einungis er heimilt að veita hverri útgerð, einstaklingi eða lögaðila eitt leyfi til strandveiða. Í öðru lagi er lagt til að miða beri útreikning tilfærslna á grundvelli jöfnunaraðgerða, ívilnana og uppbóta við heildarþorskígildi en ekki úthlutanir í fjórum fisktegundum. Í þriðja lagi verði sveitarstjórnum gefinn kostur á að velja á milli þess að byggja sérstakar úthlutanir aflaheimilda til minni byggða á úthlutunarreglum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins eins og þær birtast í reglugerð hverju sinni eða nýs fyrirkomulags. Í fjórða lagi er lagt til að hámark tegundatilfærslna verði lögfest sem 30% af aflamarki skips í viðkomandi tegund og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði heimilað að skipta svokölluðum VS-afla niður á tímabil. Í fimmta lagi er lagt til að viðmið vegna útreiknings á veiðigjaldi verði á næsta fiskveiðiári hækkað úr 9,5% af aflaverðmæti að teknu tilliti til frádráttarliða í 16,2% og að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði heimilað að taka tillit til mismunandi framlegðar útgerðarflokka við álagningu gjaldsins. Í sjötta lagi er gert ráð fyrir að ⅘ hlutar tekna af veiðigjaldi renni í ríkissjóð, en ⅕ hluta verði ráðstafað eftir tilteknu

skiptihlutfalli til landshluta þannig að helmingur af hluta landshlutanna skiptist jafnt á milli þeirra en hinn helmingurinn skiptist milli sjö landshluta, án höfuðborgarsvæðisins, í hlutfalli við verðmæti landaðs afla að frádregnum afla vinnsluskipa sl. fimmtán ár. Í sjöunda lagi er lagt til að þrjú ný ákvæði til bráðabirgða bætist við lögin. Með þeim verði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimilað að úthluta ákveðnu magni af skötusel og íslenskri sumargotssíld til skipa sem hafa veiðileyfi, lögð til sérstök meðaflaheimild vegna löngu og keilu og lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að auka magn þorsks og ufsa til ráðstöfunar til strandveiða, og þorsks, ufsa og ýsu til stuðnings byggðarlögum sem eru í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi eða hafa orðið fyrir aflaskerðingu og búa við slæmt atvinnuástand.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi 19. maí 2011. Fyrsta umræða um málið fór fram frá 30. maí til aðfararnætur 2. júní er því var vísað til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Margir þingmenn tóku til máls við fyrstu umræðu og hlaut málið því umtalsverða umræðu strax í upphafi.

Í umsögnum og í máli gesta á fundum nefndarinnar komu fram ýmis sjónarmið sem meiri hlutinn tók til skoðunar og íhugaði við meðferð málsins. Meiri hlutinn ræddi þau sjónarmið sem honum þóttu almennt einkenna umsagnir og ummæli umsagnaraðila. Þá tók meiri hlutinn nokkrar athugasemdir við einstakar frumvarpsgreinar til sérstakrar skoðunar.

Almennar athugasemdir umsagnaraðila.

Óhætt er að segja að almennt hafi umsagnir og ummæli umsagnaraðila um málið verið nokkuð neikvæðar og óvægnar. Þannig kom ítrekað fram að umsagnaraðilar teldu frumvarpið óvandað, m.a. þar sem það innihéldi nýjar tillögur sem ekki hefðu fengið mikla umfjöllun í þjóðfélaginu. Þá var gagnrýnt að ekki hefði verið lagt mat á mögulegar afleiðingar tillagnanna áður en frumvarpið var lagt fram og mikið gert úr því að líkur væru á að efnahagslegar afleiðingar þess yrðu alvarlegar og verulegar enda væri með því gengið freklega á þátt hagkvæmni í fiskveiðum. Þá kom fram að viðmið um samráð við gerð frumvarpa hafi verið virt að vettugi við gerð frumvarpsins, að einstök ákvæði færu gegn markmiðum gildandi fiskveiðistjórnunarlaga, að gengið væri á eignir og atvinnuréttindi útgerðarmanna og meira vald framselt til ráðherra en áður hefði þekkst. Þá var bent á að ákvæði frumvarpsins væru það matskennd að þau byðu heim hættu á brotum á ýmsum lögmætisreglum. Að auki virtust umsagnaraðilar marghafna flestum hugmyndum frumvarpsins nánast sama hvaða nafni þær nefndust enda gengju þær gegn hagsmunum sem snerta eignarhald á atvinnutækjum sjávarútvegsins og rétt þeirra sem starfa við sjávarútveg til áframhaldandi starfa.

Meiri hlutinn bendir á að skv. 1. gr. gildandi fiskveiðistjórnunarlaga eru nytjastofnar á Íslandsmiðum sameign íslensku þjóðarinnar. Þá er þar sérstaklega áréttað að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Af því leiðir að fjárfesting í atvinnutækjum á sviði sjávarútvegs hlýtur að taka að stórum hluta mið af því að nýting á auðlindum sjávar er að fullu háð fullveldisrétti íslenska ríkisins. Hlýtur hið sama að eiga við um atvinnu sem grundvallast á slíkri fjárfestingu. Hljóta því þeir hagsmunir sem einstaklingar og fyrirtæki hafa af áframhaldandi nýtingu og atvinnu ávallt að taka tillit til þess að stjórnun fiskveiða kann að taka breytingum eftir þeirri stjórnmálalegu stefnumörkun sem lýðræðislega kjörnir fulltrúar þjóðarinnar ákvarða hverju sinni innan þeirra marka sem stjórnskipan setur þeim. Enda hefur Hæstiréttur Íslands skýrlega tekið fram í máli réttarins, sem finna má í dómasafni hans frá árinu 2000, bls. 1534, að *„[t]il þess verð[i] […] að líta að samkvæmt 3. málslið 1. gr. [fiskveiðistjórnunarlaga] mynd[i] úthlutun veiðiheimilda ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra manna yfir*

þeim[...]. Aflaheimildir eru þannig aðeins varanlegar í þeim skilningi að þær verða hvorki felldar niður né þeim breytt nema með lögum. Í skjóli valdheimilda sinna getur Alþingi því kveðið nánar á um réttinn til fiskveiða, bundið hann skilyrðum eða innheimt fyrir hann frekara fégjald en nú er gert vegna breyttra sjónarmiða um ráðstöfun þeirrar sameignar íslensku þjóðarinnar, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru.“

Á fundum nefndarinnar voru fulltrúar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins inntir svara við því hvernig undirbúningi frumvarpsins hefði verið háttað. Í máli þeirra kom fram að undirbúningurinn hefði verið umtalsverður og að frumvarpið hefði verið gaumgæft allt fram að framlagningu þess. Ýmsir aðilar hefðu komið að gerð þess og það verið kynnt hagsmunaaðilum fyrir framlagningu. Gagnrýni þess efnis að frumvarpið styddist ekki við skýrslur og rannsóknir svöruðu þeir með því að benda á tiltekin dæmi úr skýrslum sem voru unnar í þeim tilgangi að undirbúa endurskoðun fiskveiðistjórnarkerfisins. Er það mat meiri hlutans að gagnrýni umsagnaraðila hafi gengið of langt að þessu leyti. Þá telur meiri hlutinn að gagnrýnendur frumvarpsins hafi gert of mikið úr efnahagslegum áhrifum þess enda virðist afskaplega lítið samhengi á milli þeirra breytinga sem frumvarpið boðar og téðra afleiðinga. Hvað varðar þá gagnrýni að samráð hafi ekki verið viðhaft við undirbúning frumvarpsgerðarinnar bendir meiri hlutinn á það mikla samráð sem viðhaft var í starfshópi sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði til þess að endurskoða lög um fiskveiðistjórnun og skilaði niðurstöðum sínum árið 2010. Þó svo að meiri hlutinn geri sér fyllilega grein fyrir því að ekki náðist full sátt í þeirri nefnd þá telur hann engu síður að ekki sé hægt að horfa í öllu fram hjá vinnu hópsins og þeim ályktunum sem hann eða einstakir hlutar hans drógu í vinnuferlinu.

Meiri hlutinn bendir á að þegar kemur að þeim þáttum atvinnulífs sem byggjast hvað tilhögun varðar á verulega sérfræðilegum þáttum hefur löggjafanum verið játað töluvert svigrúm til þess að fela handhöfum framkvæmdarvalds vald til þess að setja nánari reglur um slíka starfsemi. Hefur þannig verið litið svo á að það standi framkvæmdarvaldinu næst að setja sérhæfðar reglur enda sé það best í stakk búið til þess að bregðast við örum breytingum sem kunna að verða á slíku umhverfi. Er löggjafanum því oft aðeins ætlað að skapa þann ramma sem slík starfsemi rúmast innan en framkvæmdarvaldshöfum ætlað ríkt hlutverk og vald til afskipta af einstökum þáttum. Í slíku ljósi telur meiri hlutinn eðlilegt að í flókinni og sérhæfðri löggjöf á sviði fiskveiða fari fagráðherra sjávarútvegsmála með ríkt vald og heimildir til reglusetningar.

Í ljósi framangreinds hafnar meiri hlutinn því að undirbúningur frumvarpsins hafi verið ónógur eða lélegur. Væri fullt mark tekið á slíkri gagnrýni mætti með sanni halda því fram að langt gæti verið í að breytingar á stjórnkerfi fiskveiða yrðu að veruleika enda ekki fyrirsjáanlegt að áframhaldandi umfjöllun og undirbúningur muni nokkurn tíma leiða til þess að gagnrýnisraddir þagni og full sátt og samráð nái fram að ganga. Engu síður telur meiri hlutinn að ekki verði hjá því litið að stjórnkerfi fiskveiða er flókið og síbreytilegt. Af þeim sökum kann sveigjanleiki og örar breytingar að einkenna fyrirkomulag þess.

Einstök ákvæði frumvarpsins.

A-liður 1. gr.

Sú gagnrýni kom fram á fundum nefndarinnar að a-liður 1. gr. frumvarpsins kynni að leiða til þess að hvati myndaðist fyrir eigendur lítilla fiskiskipa til þess að sækja strandveiðar í auknum mæli. Bent var á að fjárveitingar til Landhelgisgæslu Íslands hafi verið skertar á fjárlögum undanfarin ár og ekki væri útlit fyrir að breytingar yrðu til batnaðar í bráð. Þá var bent

á að hætta kynni að skapast á því að eigendur smærri báta freistuðust til þess að setja aflmiklar vélar í báta sína í því skyni að auka veiðiafköst. Að lokum kom fram að verulega erfitt kynni að reynast að ganga almennilega frá afla í svo litlum bátum sem aftur kæmi niður á aflameðferð og aflaverðmæti. Af framangreindum sökum leggur meiri hlutinn til að a-liður 1. gr. frumvarpsins verði felldur brott.

2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til ákveðin aðferð til að jafna milli tegunda framlag útgerða í svokallaða samfélagspotta. Fram hefur komið gagnrýni á það fyrirkomulag sem þar er lagt til þar sem miðað er við að framlag útgerða geti eingöngu orðið í fjórum tilteknum tegundum, þ.e. þorski, ýsu, ufsa og steinbít, þar sem ljóst sé að það geti komið ójafnt niður á botnfiskveiðum útgerða þar sem botnfiskaflamark er tiltölulega lítill hluti af heildarheimildum viðkomandi útgerða. Í því skyni að koma til móts við þessa gagnrýni leggur meiri hlutinn til þá breytingu að allar útgerðir leggi fram að hámarki 5,3% af aflamagni í öllum tegundum fyrir úthlutun heildarafla að teknu tilliti til c-liðar 7. gr. frumvarpsins. Eftir að ráðstafað hefur verið í potta því sem kemur inn af þorski, ýsu, ufsa og steinbít verður aflamagni í öðrum tegundum skipt í þessar tegundir eins og mögulegt er. Það mun fara fram á sérstökum skiptimarkaði sem eftir atvikum verður settur á laggirnar af Fiskistofu og/eða samtökum í útgerð. Á hverju ári er mögulegt að um of- eða vanáætlun kunni að vera að ræða í magni vegna þessa enda er mjög erfitt að áætla nákvæmlega hvað út úr skiptum komi. Hér er gert ráð fyrir að við því verði brugðist með geymslu milli ára eða aukningu á næsta ári komi til vöntunar.

3. gr.

3. gr. frumvarpsins var gagnrýnd þar sem fyrirkomulag hennar kynni að þurfa meiri umræðu við. Þá var bent á að í álitum, bréfum og skýrslum umboðsmanns Alþingis hafa komið fram ábendingar þess efnis að í sumum tilvikum kunni sveitarstjórnum að reynast erfitt að fást við úthlutanir byggðakvóta, m.a. vegna fámennis og mikilla innbyrðis tengsla. Á fundum nefndarinnar kom þó fram að greinin fæli í sér nýjung sem væri ætlað að einfalda framkvæmd byggðaívilnunar sem hefði lítið með úthlutun byggðakvóta á árunum 2004–2007 að gera. Álit meiri hlutans er að fyrirkomulag greinarinnar þurfi nánari skoðunar við og leggur hann því til að ákvæðið falli brott.

6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um ráðstöfun tekna af veiðigjaldi. Kveður greinin á um að slíkum tekjum skuli annars vegar ráðstafað í ríkissjóð en hins vegar skuli þær renna til tilgreindra landshluta eftir nánar tilgreindum aðferðum. Þeim hluta sem renna á til landshlutanna er skipt í tvennt og m.a. gert ráð fyrir mismunandi skiptingu eftir landshlutum. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kom fram sú gagnrýni á fyrirkomulag frumvarpsgreinarinnar að hún kynni hvað fjárveitingarvald Alþingis varðar að fela í sér mismunun við úthlutun fjárframlaga til einstakra hluta landsins. Taldi skrifstofan slíkt fyrirkomulag geta falið í sér hættu á að brotið yrði gegn 65. gr. stjórnarskrár þar sem íbúar einstakra landshluta kynnu að verða öðruvísi settir en aðrir þegar kæmi að úthlutun fjármuna. Meiri hlutinn bendir á að um langa hríð hefur það löggjafarsjónarmið viðgengist að heimilt sé á grundvelli svokallaðra forgangsreglna að veita ákveðnum hópum manna aukin réttindi án þess að slíkt feli í sér mismunun, að því gefnu að slíkt geti talist málefnalegt. Engu síður telur meiri hlutinn að sá vafi sem hefur verið skapaður um fyrirkomulag 6. gr. frumvarpsins sé þess eðlis

að ekki verði hjá því komist að taka greinina til endurskoðunar. Tillaga meiri hlutans felur í sér að Alþingi verði falið að ákveða ráðstöfun ákveðins hlutfalls tekna af veiðigjaldi til sveitarfélaga á grundvelli fjárstjórnarvalds við samþykkt fjárlaga. Slíkar ráðstafanir þurfa að sjálfsögðu að uppfylla það skilyrði að teljast málefnalegar.

B-liður 7. gr.

B-lið 7. gr. frumvarpsins er ætlað að mæta þörf fyrir aflamark í löngu og keilu sem veiðast sem meðafli við þorsk- og ýsuveiðar. Markmið hans er að draga úr hættu á brottkasti vegna skorts á aflamarki í framangreindum tegundum. Á fundum nefndarinnar kom fram að erfitt reynist að stunda veiðar á ýsu og þorski þannig að aðgreining sé gerð á milli þeirra annars vegar og keilu og löngu hins vegar og því væri nauðsynlegt að auka möguleika á að koma í veg fyrir brottkast. Á móti kom þó fram að ástand keilu- og löngustofnanna við strendur landsins sé ekki eins og best verður á kosið. Þá var bent á að b-liður 7. gr. frumvarpsins gerði ráð fyrir að tiltölulega hátt hlutfall heildarafla tegundanna væri heimilað sem meðafli utan aflamarks. Þá kom fram að bein sókn virðist vera í tegundirnar og ákvörðun um sókn í stofnana virðist hafa verið nokkuð umfram veiðiráðgjöf undanfarin ár. Að auki kom fram að samkvæmt fiskveiðisamningum við Norðmenn og Færeyinga væru Íslendingar skuldbundnir til að heimila nokkrar veiðar erlendra aðila úr stofnunum utan aflamarks. Í ljósi alls framangreinds telur meiri hlutinn að ákvæði b-liðar 7. gr. frumvarpsins kunni að hafa í för með sér hættu á aukinni sókn í stofnana. Af þeim sökum gerir meiri hlutinn þá tillögu að liðurinn verði felldur brott úr frumvarpsgreininni.

C-liður 7. gr.

Nefndinni bárust upplýsingar frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu um að eðlilegt kynni að vera að breyta magntölum c-liðar 7. gr. frumvarpsins. Gerir meiri hlutinn tillögur til breytingar því til samræmis.

3. mgr. c-liðar 7. gr.

Þá leggur meiri hlutinn til að 3. mgr. c-liðar 7. gr. frumvarpsins verði breytt í því skyni að taka af allan vafa um að viðbót til strandveiða og byggðaaðgerða skal dragast frá aukningu aflamarks samkvæmt frumvarpinu og er orðalag hennar skýrt með hliðsjón af öðrum breytingum sem meiri hlutinn leggur til að gerðar verði á frumvarpinu. Orðalag málsgreinarinnar virðist hafa valdið nokkrum ruglingi meðal umsagnaraðila.

Nýtt ákvæði til bráðabirgða.

Að lokum bendir meiri hlutinn á að ekki er að finna í frumvarpinu ákvæði sem framlengir ákvæði til bráðabirgða IX í gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Það ákvæði kveður á um að á tveimur fiskveiðiárum, 2009/2010 og 2010/2011, skuli, með sérstakri úthlutun, allt að 200 lestir af óslægðum botnfiski boðnar til leigu þeim sem hafa leyfi til frístundaveiða, sbr. 2. tölul. 4. mgr. 6. gr. laganna. Fram hefur komið að ákvæðisins hafa helst notið stórir ferðaþjónustubátar þar sem farþegar stunda sjóstangaveiði með fjölda stanga. Miðað hefur verið við ákveðið meðalverð í viðskiptum með aflamark og hafa útgerðirnar þurft að greiða það verð fyrir aflann. Reynsla af ákvæðinu virðist hafa verið góð fram að þessu. Það er mat meiri hlutans að þörf fyrir ákvæðið virðist mikil enda skapar það ákveðið rekstraröryggi í útgerð ferðaþjónustubáta. Með hliðsjón af framangreindu leggur meiri hlutinn til að ákvæðið verði framlengt og magnið verði hækkað í 300 lestir af óslægðum botnfiski.

Auk þess sem að framan greinir gerir meiri hlutinn tillögu að nokkrum smávægilegum málfars- og orðalagsbreytingum í nafni skýrleika og lagasamræmis.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Atli Gíslason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. júní 2011.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, form., frsm. Jónína Rós Guðmundsdóttir. Magnús Orri Schram, með fyrirvara.

Björn Valur Gíslason, með fyrirvara. Róbert Marshall.

1693. Breytingartillögur [826. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði).

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar (LRM, JRG, MSch, BVG, RM).

1. Við 1. gr.
   a. A-liður falli brott.
   b. Í stað orðsins „tímabil“ í b-lið komi: tímabil; og: tímabils.
2. 2. gr. orðist svo:
   Í stað 3. og 4. mgr. 8. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., að frádregnu hlutfalli af magni hverrar tegundar sem skal vera allt að 5,3%. Sama gildir um aflamark samkvæmt lögum nr. 151/1996. Ráðherra skal ákveða hlutfall skv. 1. málsl. Við þá ákvörðun skal hann leitast við að hlutfallið sé sem næst í samræmi við að mætt sé magntölum 4. mgr. þegar skipti hafa farið fram skv. 5. mgr.
   Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla í hverri tegund skv. 3. mgr. skal varið til að mæta áföllum skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr., til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., til línuívilnunar skv. 11. gr. og til strandveiða skv. 6. gr. a.
   Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla skv. 3. mgr. í öðrum tegundum en þeim sem úthlutað er skv. 4. mgr. skal skipt í viðkomandi tegundir samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu og/eða samtökum í sjávarútvegi ákveðna framkvæmdaþætti til að tryggja að skipti þessi geti gengið eftir. Jafnframt er heimilt að flytja milli fiskveiðára aflaheimildir samkvæmt þessu ákvæði.
3. 3. gr. falli brott.
4. Í stað orðsins „ákveðið“ í lokamálslið b-liðar 4. gr. komi: ákveðin.
5. Í stað „21. gr. a“ í 5. gr. komi: 21. gr.
6. Í stað efnismálsgreinar 6. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Tekjur af veiðigjaldi skulu renna í ríkissjóð.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að ráðstafa 15% tekna af veiðigjaldi til sveitarfélaga. Nánari útfærsla á þeirri ráðstöfun skal koma fram í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012.

7. Við 7. gr.
   a. B-liður falli brott.
   b. C-liður orðist svo: Á fiskveiðiárinu 2010/2011 hefur ráðherra til ráðstöfunar allt að 1.900 lestir af óslægðum þorski og 600 lestir af óslægðum ufsa til strandveiða, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 6. gr. a.

      Á fiskveiðiárinu 2011/2012 hefur ráðherra til ráðstöfunar allt að 2.400 lestir af óslægðum þorski og 600 lestir af óslægðum ufsa til strandveiða, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 6. gr. a.

      Á fiskveiðiárinu 2011/2012 skal allt að 3.500 lestum af þorski, 1.200 lestum af ýsu og 800 lestum af ufsa, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 1. mgr. 10. gr., ráðstafað til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr.

      Aflaheimildum samkvæmt þessu ákvæði skal einungis ráðstafað á fiskveiðiárinu 2011/2012 verði leyfilegur heildarafli þorsks meiri en 160.000 lestir, ýsu meiri en 50.000 lestir og ufsa meiri en 50.000 lestir. Aflaheimildir þessar skal draga frá leyfðum heildarafla áður en til skiptingar og frádráttar skv. 3. mgr. 8. gr. kemur.
   c. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi:
      c. (X.)

         Á fiskveiðiárinu 2011/2012 hefur ráðherra til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 300 lestum af óslægðum botnfiski á hvoru ári. Gegn greiðslu gjalds er heimilt að ráðstafa aflaheimildum þessum til skipa sem hafa leyfi til frístundaveiða, sbr. 2. tölul. 4. mgr. 6. gr., vegna afla sem er fenginn við frístundaveiðar. Verð á aflaheimildum skal vera meðalverð í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Ráðherra kveður nánar á um úthlutun aflaheimilda í reglugerð.

         Um tekjur af aflaheimildum þessum fer skv. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VIII.
8. Í stað „1.–6. gr.“ í 8. gr. komi: 1.–5. gr.

1694. Tillaga til þingsályktunar [883. mál]

um þýðingu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á ensku.

Flm.: Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forseta Alþingis að láta þýða skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á ensku.

Greinargerð.

Rannsóknarnefnd Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 skilaði skýrslu sinni 12. apríl 2010. Í nefndinni áttu sæti Páll Hreinsson hæstaréttardómari, Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, og Sigríður Benediktsdóttir, kennari við hagfræðideild Yale-háskóla í Bandaríkjunum.

Útgáfa skýrslunnar markaði tímamót í endurreisn Íslands og hún geymir vandaða og nákvæma frásögn af þeim atburðum sem leiddu til hruns íslenska bankakerfisins og góða greiningu á íslensku viðskiptalífi.

Skýrslan var gefin út í níu bindum og seldist afar vel. Hún er einnig aðgengileg á vef Alþingis án endurgjalds og þar er einnig ítarefni sem ekki fylgir prentuðu útgáfunni. Skýrslan hefur enn ekki verið þýdd í heild á önnur tungumál en á vef þingsins er þó að finna enska þýðingu á hluta hennar. Flutningsmenn tillögunnar telja afar brýnt að skýrslan verði þýdd í heild sinni á ensku enda varðar efni hennar ekki einvörðungu þá sem eru læsir á íslensku.

1695. Tillaga til þingsályktunar [884. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórn fiskveiða.

Flm.: Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir.

Alþingi ályktar að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu um þau frumvörp sem lögð hafa verið fram um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Spurningin sem borin verði undir þjóðina í atkvæðagreiðslunni hljóði svo: „Hvaða fyrirkomulag vilt þú að haft verði við stjórn fiskveiða?“ Möguleg svör verði:

a. Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar (þskj. 1475, 827. mál, 139. lögþ.).
b. Samkvæmt frumvarpi Hreyfingarinnar (þskj. 1510, 839. mál, 139. lögþ.).
c. Hvorugt framangreindra.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er sett fram vegna þeirra frumvarpa sem nýverið hafa verið lögð fyrir Alþingi um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu og þeirrar stefnu Hreyfingarinnar að öll stærri mál eigi að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu en breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu eru eitt af þeim stóru og langvarandi deilumálum sem stjórnmálaflokkar á Alþingi hafa setið uppi með og ekki getað leyst. Tillagan er einnig í beinu framhaldi af umræðu um þessi mál á vettvangi stjórnmálanna þar sem forsætisráðherra hefur ítrekað lýst vilja sínum til þess að breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu eigi að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Frumvörpin eru um margt ólík og bjóða því upp á raunverulega valkosti en um það snýst einmitt alvörulýðræði, þ.e. um raunverulega valkosti. Frumvarp ríkisstjórnarinnar er sett fram sem málamiðlun ólíkra sjónarmiða sem fram komu í starfi nefndar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem skilaði skýrslu sinni í september síðastliðnum. Frumvarp Hreyfingarinnar tekur hins vegar mið af almennum sjónarmiðum og leitast við að samræma byggðasjónarmið, réttlætissjónarmið og hagkvæmnissjónarmið með fáum en markvissum tillögum.

Í lögum um þjóðaratkvæðagreiðslur kemur fram að heimilt er að vísa lagafrumvörpum til þjóðaratkvæðis. Tillaga þessi gerir ráð fyrir að frumvörpin fari í hefðbundið umsagnarferli hjá viðkomandi nefnd og að því loknu verði innsendar athugasemdir gerðar opinberar og þá séu málin tilbúin til kynningar fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu. Þjóðaratkvæðagreiðslan býður upp á þrjá valkosti, frumvarp ríkisstjórnarinnar, frumvarp Hreyfingarinnar og hvorugt.

1696. Nefndarálit [359. mál]

um frv. til l. um farþegagjald og gistináttagjald.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ögmund Hrafn Magnússon, Guðrúnu Þorleifsdóttur og Maríönnu Jónasdóttir frá fjármálaráðuneyti, Ernu Hauksdóttur, Árna Gunnarsson og Ólaf Torfason frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Skúla Eggert Þórðarson og Guðrúnu Jennýju Jónsdóttur frá ríkisskattstjóra, Ólöfu Ýrr Atladóttur frá Ferðamálastofu, Björn Óla Hauksson, Elínu Árnadóttur og Ingunni Ólafsdóttur frá Isavia ohf., Björgólf Jóhannsson og Davíð Þorláksson frá Icelandair Group, Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði, Ágúst Ágústsson frá Cruise Iceland (Faxaflóahafnir) og Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf., Cruise Iceland, International Air Transport Association, Ferðamálaráði, Ferðamálastofu, Gáru ehf., Hafnasambandi Íslands, Icelandair Group, Isavia ohf., Markaðsstofu Austurlands, Neytendasamtökunum, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar, embætti tollstjóra, Vegagerðinni og Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarpið er reist á vinnu nefndar sem falið var að meta kosti og galla gjaldtöku til uppbyggingar ferðaþjónustu. Lagði hún til að valin yrði leið gistináttagjalds og farþegaskatts. Taldi nefndin að gistináttagjaldið væri ákjósanlegri kostur út frá sjónarmiðum um að þeir greiði sem njóti en að farþegaskatturinn væri auðveldari í eftirliti og innheimtu. Reiknað er með að tekjur af gjaldinu geti skilað um 400 millj. kr. og að þeim verði ráðstafað á fjárlögum til samræmis við markmiðsákvæði laganna. Í almennum athugasemdum frumvarpsins er lagt til að ⅗ hlutum verði varið til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og ⅖ hlutum til þjóðgarða og friðlýstra svæða.

Nefndin telur með hliðsjón af fram komnum umsögnum um málið þörf á ítarlegri skoðun af hálfu ráðuneytisins á því hvort ákvæði frumvarpsins er varða upptöku farþegaskatts samrýmist skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum og eftir atvikum öðrum alþjóðaskuldbindingum á sviði flugmála. Hefur því m.a. verið haldið fram að skatturinn mismuni millilandaflugi með ólögmætum hætti í samanburði við innanlandsflug auk þess sem rekstraraðilum flugvalla sé almennt óheimilt að innheimta önnur gjöld en þau sem varið er til að standa undir kostnaði við veitingu sérgreindrar þjónustu. Er lagt til að ákvæðin um farþegaskatt falli brott.

Þá leggur nefndin til breytingar á ákvæðum frumvarpsins um gistináttagjald en í umsögnum komu m.a. fram óskir um að fyrirkomulag gjaldtökunnar yrði einfaldað þannig að gjald

flokkurinn yrði einn, gjaldið legðist á alla gistingu og að gjaldið yrði miðað við einingu í stað fjölda einstaklinga. Þá var bent á að gjaldið væri skattur en ekki þjónustugjald.

Nefndin leggur til að í stað gistináttagjalds verði tekinn upp gistináttaskattur á aðila sem stunda útleigu hótel- og gistiherbergja og útleigu tjaldstæða og annan rekstur sambærilegan þeim sem um er fjallað í 2. málsl. 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. virðisaukaskattslaga. Skatturinn skal vera 100 kr. af hverri gistináttaeiningu sem skilgreind er sem húsrými eða svæði sem leigð eru í allt að einn sólarhring og almennt skemur en til eins mánaðar. Undanþegnir skattinum verði þeir sem stunda atvinnurekstur sem undanþeginn er virðisaukaskatti og þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir eina milljón króna eða lægri fjárhæð á tólf mánaða tímabili.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. júní 2011.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.	Birkir Jón Jónsson.
Pétur H. Blöndal.	Magnús Orri Schram.	Lilja Mósesdóttir.
Þuríður Backman.	Mörður Árnason.	Auður Lilja Erlingsdóttir.

1697. Breytingartillögur [359. mál]

við frv. til l. um farþegagjald og gistináttagjald.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. 2. gr. falli brott.
2. 3. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Gistináttaskattur.

Greiða skal í ríkissjóð gistináttaskatt af hverri seldri gistináttaeiningu eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Gistináttaeining er leiga á gistiaðstöðu í allt að einn sólarhring, þ.m.t. yfir nótt. Með gistiaðstöðu er átt við húsnæði eða svæði sem leigt er út í þeim tilgangi að þar sé dvalið yfir nótt, svefnaðstaða sé fyrir hendi eða hægt sé að koma henni fyrir og leigan sé almennt til skemmri tíma en eins mánaðar, svo sem hús, íbúðir og herbergi, þ.m.t. herbergi á hótelum og gistiheimilum, sem og tjaldstæði og stæði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi.

Gistináttaskattur skal nema 100 kr. fyrir hverja selda gistináttaeiningu.

Tilgreina skal gistináttaskatt á sölureikningi eða greiðslukvittun og myndar hann stofn til virðisaukaskatts.

3. 4. gr. orðist svo:

Atvinnustarfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti er undanþegin gistináttaskatti.

4. Við 5. gr.
   a. 1. mgr. falli brott.

b. 2. mgr. orðist svo:
Öllum þeim sem selja gistináttaeiningar skv. 1. mgr. 2. gr. ber skylda til að innheimta og standa skil á gistináttaskatti.
c. Í stað orðanna „gjaldskyldu skv. 1. og 2. mgr.“ í 3. mgr. komi: skattskyldu.
d. 4. mgr. orðist svo:
Skattskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um skattskylda starfsemi áður en hún hefst.
e. 5. mgr. orðist svo:
Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir skattskylda aðila samkvæmt lögum þessum.
f. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Skattskyldir aðilar.*

5. 6. gr. falli brott.
6. 7. gr. falli brott.
7. Við 8. gr.
a. 1. mgr. falli brott.
b. 2. mgr. orðist svo:
Ríkisskattstjóri annast álagningu gistináttaskatts skv. 2. gr. Skattskyldir aðilar skulu greiða gistináttaskatt fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við fjölda seldra gistináttaeininga.
c. 3. mgr. falli brott.
d. 4. mgr. orðist svo:
Uppgjörstímabil gistináttaskatts skal vera tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember. Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga skulu skattskyldir aðilar ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu um fjölda seldra gistináttaeininga á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu skattsins.
e. Í stað orðsins „gistináttagjalds“ í 5. mgr. komi: gistináttaskatts.
f. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Álagning gistináttaskatts.*

8. Við 9. gr.
a. 1. mgr. orðist svo:
Sé gistináttaskatti ekki skilað á réttum tíma skal skattskyldur aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt skýrslu um fjölda seldra gistináttaeininga. Álag skal vera 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó verður það ekki hærra en 10%.
b. Í stað orðsins „gjaldi“ í 2. mgr. komi: skatti.
c. Í stað orðsins „innheimtumanni“ í 3. mgr. komi: innheimtumanni ríkissjóðs.
d. Í stað orðanna „gistirými og flutningstæki“ í 3. mgr. komi: og gistiaðstöðu.

9. Orðin „varðandi farþegagjald eða gistináttagjald“ í 10. gr. falli brott.
10. 11. gr. orðist svo:
Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara í reglugerð.
11. 12. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012 og gilda um þær gistináttaeiningar sem seldar eru frá og með þeim degi.
12. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um gistináttaskatt.

1698. Breytingartillögur [486. mál]

við till. til þál. um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Í stað 1. málsl. 3. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Barátta gegn fátækt, félagslegu ranglæti, misskiptingu lífsgæða og hungri í heiminum sé forgangsmál í öllu þróunarstarfi og verði áfram þungamiðjan í stefnu Íslands í þessum efnum. Jafnframt verði lögð mikil áhersla á mannréttindi, jafnrétti kynjanna, réttindi barna, frið og öryggi.
2. Kaflinn **Framlög** orðist svo:
   Íslensk stjórnvöld styðji markmið Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um að iðnríki skuli veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum (VÞT) til þróunarsamvinnu. Mörkuð verði sú stefna að Ísland muni á næstu tíu árum skipa sér í hóp þeirra ríkja sem leggja meira en sem nemur 0,7% af VÞT til þróunarsamvinnu. Framfylgt verði eftirfarandi áhersluatriðum:
   a. Fylgt verði tímasettri áætlun um hækkun framlaga á gildistíma þessarar áætlunar, úr 0,21% í 0,28% af VÞT á tímabilinu 2011–2014, sbr. eftirgreinda töflu.
   b. Hraðað verði hækkun framlaga við endurskoðun áætlunarinnar árið 2013.
   c. Verði hagvöxtur meiri en nú er spáð komi framlögin til endurskoðunar en jafnframt tryggt að framlög til þróunarmála verði aldrei lægri að raungildi en árið 2011.
   d. Árið 2017 renni 0,5% af VÞT til þróunarmála og árið 2019 renni 0,7% af VÞT til þróunarmála.
   e. Sérstakir fjárlagaliðir fyrir samstarf við félagasamtök, Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSÞ), Alþjóðabankann og umhverfis- og loftslagsmál verði í fjárlögum 2012.

   Áætlað er að þróun framlaga á gildistíma áætlunarinnar verði sem hér segir:

	VÞT* (m.kr.)	Hlutfall af VÞT (%)	Framlög (m.kr.)
2011	1.342.565	0,21	2.765
2012	1.468.071	0,21	3.083
2013	1.538.568	0,25	3.846
2014	1.657.441	0,28	4.640

Samkvæmt Hagstofu Íslands.

Fylgt verði eftirfarandi áætlun um skiptingu framlaga eftir fjárlagaliðum:

	2011		2012		2013		2014	
	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)
Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ)	1.166,3	42	1.234,0	40	1.539,0	40	1.856,0	40
Utanríkisráðuneytið	1.599,0	58	1.670,0	54	2.038,0	53	2.413,0	52
Þar af:								
Jarðhitaskóli HSÞ	187,7	7	199,0	6				
Matvæla- og landbúnaðarst. SÞ, FAO	11,0	0	11,0	0				
Þróunaráætlun SÞ, UNDP	22,1	1	23,0	1				
Barnahjálp SÞ, UNICEF	112,4	4	122,0	4				
Sjávarútvegsskóli HSÞ	147,3	5	158,0	5				
UNIFEM/UN Women	102,0	4	117,0	4				
Mannúðarmál og neyðaraðstoð	221,4	8	173,0	6				
Íslensk friðargæsla	115,8	4	144,0	5				
Þróunarmál og hjálparstarfsemi	353,3	13	169,0	5				
Átak í lækkun skulda þróunarríkja	20,0	1	–	–				
Alþjóðabankinn	–	–	138,0	4				
Landgræðsluskóli HSÞ	–	–	68,0	2				
Umhverfis- og loftslagsmál	–	–	60,0	2				
SÞ (alm. framl., alþj. friðarg., ILO, WHO)	56,0	2	56,0	2				
Stofnfjárframlög (IDA, NDF)	250,0	9	230,0	7				
Samstarf við frjáls félagasamtök	–	–	179,0	6	269,0	7	371,0	8
SAMTALS	2.765,3	100	3.083,0	100	3.846,0	10 0	4.640,0	100
Hlutfall af VÞT	0,21%		0,21%		0,25%		0,28%	

3. Í stað orðsins „Ofbeldissjóð UN Women“ í d-lið 3. tölul. IV. liðar í kaflanum **Framkvæmd** komi: styrktarsjóð á vegum UN Women til afnáms ofbeldis gegn konum.

1699. Svar [818. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um verktakasamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Í ráðuneytinu voru starfandi fjórir sérfræðingar sem voru á sérstökum verktakasamningi eða störfuðu samkvæmt samkomulagi við ráðuneytið í maímánuði 2011.

1700. Fyrirspurn [885. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um kostun á stöðum fræðimanna.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hversu margar stöður fræðimanna í háskólum landsins hafa verið kostaðar af einstaklingum, fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum á árunum 2001–2011, hverjar eru þessar stöður og hverjir hafa setið í þeim?
2. Hvaða reglur eru í gildi í háskólunum um hagsmunaskráningu starfsmanna vegna starfa eða tengsla fyrir utan háskólasamfélagið og eru þær upplýsingar aðgengilegar almenningi?
3. Hvernig hafa háskólar landsins brugðist við þeirri gagnrýni sem kom fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á samskipti atvinnulífsins og fræðasamfélagsins?
4. Hefur einhver úttekt verið gerð á áhrifum kostunar á störf viðkomandi starfsmanna, að frátalinni skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis?

Skriflegt svar óskast.

1701. Svar [811. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um verktakasamninga.

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Í maímánuði 2011 var enginn starfandi í utanríkisráðuneytinu sem verktaki. Í sama mánuði sinntu 10 aðilar sérfræðistörfum fyrir ráðuneytið í verktöku. Enginn þeirra var með vinnuaðstöðu í ráðuneytinu. Þar að auki voru 28 aðilar í verktöku við þýðingar fyrir Þýðingamiðstöðina en hún fellur undir sérstakan fjárlagalið, 03-111. Enginn þessara aðila er með vinnuaðstöðu hjá Þýðingamiðstöðinni. Í samræmi við samskipti forsætisráðuneytis við fyrirspyrjanda eru í svari þessu undanskildir verktakasamningar við iðnaðarmenn, hönnuði, ræstingafólk, öryggisgæslu o.þ.h.

1702. Svar [815. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um verktakasamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Hjá ráðuneytinu voru tveir starfsmenn á verktakagreiðslum í maímánuði. Annar var sérfræðingur í framkvæmd kosninga og hefur nú lokið störfum. Hinn er lögfræðingur, sérfræðingur m.a. í mannréttindamálum og sinnir verkefnum þeim tengdum fyrir ráðuneytið þegar á þarf að halda.

1703. Svar [490. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um skipun nefndar um framtíðaruppbyggingu fjármálakerfisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur nefnd sú verið skipuð sem var ætlað það hlutverk að móta stefnu um framtíðaruppbyggingu fjármálakerfisins, m.a. með hliðsjón af ábendingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og tillögum þingmannanefndar Alþingis, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 75/2010, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki? Ef svo er ekki, hver er ástæða þess að nefndin hefur ekki enn verið skipuð?

Í tilvitnuðu ákvæði til bráðabirgða í lögum um fjármálafyrirtæki er efnahags- og viðskiptaráðherra falið að skipa nefnd til að móta stefnu um framtíðaruppbyggingu fjármálakerfisins með hliðsjón af ábendingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, væntanlegum tillögum þingmannanefndar Alþingis um nauðsynlegar lagabreytingar og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lagaumhverfi fjármálageirans eftir fall bankanna. Verkefnið er m.a. að skoða stöðu og starfsumhverfi sparisjóða, eignarhald fjármálafyrirtækja á vátryggingafélögum og öfugt, reglur um hámarkseignarhlut í fjármálafyrirtæki og hvernig verði best hægt að tryggja dreift eignarhald, og hvort skilja beri að starfsemi fjárfestingarbanka og viðskiptabanka.

Fjármálamarkaðir og eftirlit með þeim hvort heldur er á Íslandi eða erlendis eru í mikilli gerjun og stjórnvöld og sérfræðistofnanir víða um heim rannsaka hvað úrskeiðis fór og hvernig best megi bæta umgjörð fjármálamarkaðar og koma í veg fyrir að hremmingarnar endurtaki sig.

Hér á landi var strax haustið 2008 ráðist í endurskoðun laga um fjármálafyrirtæki og erlendur sérfræðingur, Karlo Jännäri, var ráðinn til þess að leggja mat á innlent lagaumhverfi og framkvæmd fjármálaeftirlits og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur.

Lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, var breytt með lögum nr. 76/2009 og 75/2010. Frumvarp til laga nr. 76/2009 var samið af sérfræðingum á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og með því var settur nýr lagarammi um starfsemi sparisjóða. Óvissu var eytt um félagaform þeirra, réttindi stofnfjárhafa voru fest, settar voru skorður við arðgreiðslum, greitt var úr óvissu um heimildir til samstarfs, meðferð stofnfjárbréfa komið í fast form og fleira mætti upp telja. Án þessara lagabreytinga hefði ekki reynst unnt að endurskipuleggja og reisa við sparisjóði í fjárhagsvanda.

Nefnd var skipuð í árslok 2008 til að fara yfir lög á sviði fjármálamarkaðar. Frumvarp frá þeirri nefnd varð að lögum nr. 75/2010 og byggðist á tillögum sem Karlo Jännäri hafði skilað. Samkvæmt lögunum fékk Fjármálaeftirlitið auknar eftirlitsheimildir, ábyrgð og hlutverk innri eftirlitsdeilda og áhættustýringar eru auknar og efldar og óhæði ytri endurskoðenda

betur tryggt. Þá er í fyrsta skipti að finna regluverk um sérstaka skuldbindingaskrá sem eykur mjög möguleika eftirlitsaðila til að fylgjast með að reglur um stórar áhættu séu ekki brotnar. Skerpt hefur verið á ákvæðum um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti og þrengd þau tímamörk sem fjármálafyrirtæki hafa til þess að afsetja fullnustueignir. Samkvæmt lögunum hafa skilyrði fjármálafyrirtækja til að eiga eigin hluti verið þrengd og skulu eignarhlutir dótturfélaga nú teljast með svo og samningar utan efnahags um eigin hlutabréf. Bann hefur verið lagt við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum eða stofnfjárbréfum og settar þröngar skorður við lánveitingum til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna. Fjölmargar aðrar breytingar voru samþykktar með lögunum.

Unnið er að frekari úrbótum á lagaumhverfi fjármálafyrirtækja og er nefndin sem samdi frumvarp sem varð að lögum nr. 75/2010 enn að störfum. Vinnur hún að tillögugerð varðandi tæknileg atriði í starfsemi fjármálafyrirtækja. Afrakstur þeirrar vinnu er m.a. að finna í frumvarpi til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, þskj. 1215, 696. mál, sem er til meðferðar í þinginu. Hluti nefndarinnar vinnur áfram að afmörkuðum verkefnum, m.a. hvort breytinga sé þörf á ákvæðum um starfsleyfi og tengsl við aðra starfsemi.

Ráðuneytið vinnur nú að skýrslu um fjármálamarkaði og opinbert eftirlit. Markmiðið er að leggja skýrsluna fyrir Alþingi í haust og fá sem víðtækasta umræðu á Alþingi og meðal hagsmunaaðila til að byggja á við endurskoðun löggjafar. Skýrslan mun taka til hlutverks og framtíðar fjármálamarkaða, hlutverks ríkisins á fjármálamarkaði, leikreglna markaðarins og lagaramma, mismunandi leiða sem farnar eru erlendis, alþjóðareglna og stöðu íslenskrar löggjafar. Þá verður sérstaklega fjallað um sérstöðu Íslands sem smáríkis, sem býr við miklar hagsveiflur og er ekki hluti af stærri efnahagsheild. Leitast verður við að leiða fram hvernig fjármálamarkaður henti Íslandi best. Fjallað verður um fjármálastöðugleika og opinbert eftirlit með fjármálafyrirtækjum, eindareftirlit, þjóðhagsvarúð og samspil og heildayfirsýn. Þá verður fjallað um hvers lags stofnanakerfi komi til álita og hvaða ákvarðanir kortlagningin í skýrslunni kalli á.

Við vinnslu skýrslunnar er gert ráð fyrir að fulltrúar Alþingis fái tækifæri til þess að fylgjast með framvindu verksins og að boðað verði til málþinga með sérfróðum aðilum til að fjalla um einstaka þætti málsins. Þegar kynningu skýrslunnar og umræðu er lokið má reikna með að unnt verði að hrinda úr vör endurskoðun löggjafar um Seðlabanka Íslands og opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Með framangreindu verklagi og undirbúningi skýrslu til Alþingis telur ráðuneytið að nauðsynlegur grunnur hafi verið lagður að vinnu í samræmi við bráðabirgðaákvæði VI við lög nr. 75/2010.

1704. Svar [634. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um kröfur um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörgum fjármálafyrirtækjum hefur Fjármálaeftirlitið veitt undanþágu frá kröfum um eiginfjárhlutfall frá árinu 2007?*

2. *Hversu lengi hafa þau fjármálafyrirtæki starfað á undanþágu frá eftirlitinu sem hafa farið í þrot eða Fjármálaeftirlitið tekið yfir á sömu árum?*

Óskað var eftir því að Fjármálaeftirlitið tæki saman svör við fyrirspurninni. Fjármálaeftirlitið telur að fyrirspurnin varði frest til þess að auka eiginfjárgrunn að lágmarki skv. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 4. mgr. 86. gr. sömu laga, enda er ekki um að ræða heimild til að veita undanþágu eins og fyrirspurnin er orðuð. Eru eftirfarandi svör Fjármálaeftirlitsins í samræmi við framanritað:

Leit í kerfum Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að 20 fjármálafyrirtæki hafa fengið frest til lengri eða skemmri tíma skv. 4. mgr. 86. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt 4. mgr. 86. gr. laga um fjármálafyrirtæki er heimilt að veita að hámarki 12 mánaða frest. Í ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði er að finna upplýsingar um fresti sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt viðkomandi fjármálafyrirtækjum til að auka við eiginfjárgrunn sinn að lágmarki skv. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Ákvarðanirnar er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins undir hlekknum: Ákvarðanir – sérstakar aðstæður.

1705. Svar [842. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um lyfjakostnað eldri borgara.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið hefur lyfjakostnaður eldri borgara (67 ára og eldri) vegna lyfseðilsskyldra lyfja breyst frá árinu 2006 fram að nýjasta fáanlega mati?

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda eldri borgara (67 ára og eldri) sem þurfti að greiða fyrir lyf sem ávísað var með lyfseðli árin 2006–2010 og meðalgreiðslu á mann á ári. Tekið skal fram að ekki er tekið tillit til afsláttar sem apótek kunna að veita frá verði samkvæmt lyfjaverðskrá.

Ár	Fjöldi sem greiddi fyrir lyf gegn lyfseðli	Meðalgreiðsla á ári í kr.
2006	29.085	22.456
2007	29.376	22.969
2008	29.994	25.002
2009	30.640	31.211
2010	31.493	35.107

Yfir 90% eldri borgara þurfa að greiða fyrir lyf en tiltekinn hluti greiðir ekkert (þeir sem liggja á spítala eða á hjúkrunarheimilum þurfa til dæmis ekki að greiða).

Sé aðeins miðað við þá sem greiða fyrir lyf var meðalgreiðsla á mann 22.456 kr. árið 2006 samanborið við 35.107 kr. árið 2010 og hefur því hækkað um rúmlega 56%. Það er mun minni hækkun en hækkun lyfjaverðskrárgengis sem var 106% á sama tíma.

Ástæða hækkunar á lyfjakostnaði eldri borgara er fyrst og fremst gengisfall krónunnar en heildsöluverð langflestra lyfja er skráð í erlendri mynt og fylgir því gengisbreytingum nánast að fullu. Þannig kostaði evran 75 kr. í upphafi tímabilsins en 155 kr. í lok þess (miðað við lyfjaverðskrárgengi) sem er 106% hækkun. Hækkun á greiðslum vegna 0-merktra lyfja er 97%, heldur minni en sem nemur gengisbreytingum vegna þess að nokkur lyf eru skráð í íslenskum krónum og hluti álagningar er föst krónutala og fylgir því ekki gengisbreytingum.

Hafa ber í huga að lyfjanotkun aldraðra getur eins og notkun annarra einstaklinga verið breytileg vegna nýrra lyfja, meiri eða minni notkunar o.s.frv. Þá þarf að hafa í huga hugsanlega meiri notkun lyfja vegna fjölgunar í elsta aldurshópnum á tímabilinu, sem og að 44% lyfjaútgjalda eldri borgara eru vegna svokallaðra 0-merktra lyfja sem notendur greiða að fullu sjálfir. Lyfjakostnaður eldri borgara vegna slíkra lyfja hefur hækkað um 97% á tímabilinu en kostnaður eldri borgara vegna lyfja sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða hefur hækkað um 35% á sama tíma og kostnaður sjúkratrygginga vegna lyfja hefur hækkað um 43%.

Lyfjakostnaður eldri borgara vegna þeirra lyfja sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða hefur ekki hækkað til jafns við gengisbreytingar eða kostnað sjúkratrygginga vegna þess að sjúkratryggingar greiða verð lyfjaávísunar umfram ákveðna fasta krónutölu. Að því leyti dempar greiðsluþátttökukerfið höggið vegna gengis- og verðlagsbreytinga. Í tilfelli 0-merktu lyfjanna leggjast gengis- og verðlagsbreytingar aftur á móti á notendur af meiri þunga.

1706. Svar [847. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um fjölda innbrota og hópa erlendra afbrotamanna.

Aflað var upplýsinga frá embætti ríkislögreglustjóra.

1. *Hversu mörg innbrot voru framin hér á landi á árunum 2009 og 2010 og það sem af er árinu 2011?*

Tilkynnt innbrot til lögreglu voru 3.524 árið 2009, 2.866 árið 2010 (bráðabirgðatölur) og 599 á tímabilinu janúar til apríl 2011 (bráðabirgðatölur).

2. *Hversu mörg innbrot voru framin hérlendis árin 1999 og 2000?*

Tilkynnt innbrot til lögreglu voru 2.556 árið 1999 og 2.407 árið 2000.

3. *Er ástæða til að ætla að hópar erlendra afbrotamanna stundi skipuleg innbrot á Íslandi eða hafi gert það á síðastliðnum tveimur árum? Ef svo er, hefur verið lagt mat á hversu margir slíkir hópar stunda nú afbrot eða hafa gert á undanförnum tveimur árum?*

Eins og sjá má af framangreindum tölum hefur innbrotum fjölgað á síðustu tíu árum. Jafnframt er ljóst af mati greiningardeildar ríkislögreglustjóra að skipulögð glæpastarfsemi hefur færst í vöxt á Íslandi og eru þar á ferðinni bæði innlendir og erlendir glæpahópar. Flæði á milli hópa er mikið og afbrotamenn virðast starfa saman þegar tækifæri til að hagnast gefst. Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarfjölda kærðra einstaklinga hefur aukist og er það í

takti við þá þróun sem hefur orðið á starfsemi skipulagðra glæpasamtaka á Íslandi. Á höfuðborgarsvæðinu voru einstaklingar með erlent ríkisfang um 5% kærðra fyrir innbrot árið 2005, árið 2007 var sambærilegt hlutfall tæplega 12% og tæplega 17% árið 2009. Árið 2010 lækkaði þetta hlutfall og var 11% samkvæmt bráðabirgðatölum.

1707. Nefndarálit [705. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Helga Valberg Jensson frá innanríkisráðuneytinu, Daða Kristjánsson frá ríkissaksóknara, Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði, Ragnheiði Héðinsdóttur frá Samtökum iðnaðarins, Almar Guðmundsson og Pál Rúnar Mikael Kristjánsson frá Félagi atvinnurekenda, Ragnar Gunnarsson frá Sambandi íslenskra auglýsingastofa og Tryggva Axelsson og Þórunni Önnu Árnadóttur frá Neytendastofu.

Umsagnir bárust frá 365 miðlum ehf., Félagi atvinnurekenda, Foreldrasamtökum gegn áfengisauglýsingum, landlæknisembættinu, Neytendasamtökunum, Neytendastofu, ríkislögreglustjóra, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu.

Með frumvarpinu er lagt til að bann við áfengisauglýsingum verði gert skýrara og skilvirkara. Þá er lagt til að eftirlit með banninu færist frá lögreglu til Neytendastofu sem verði gert kleift að ljúka málum með stjórnvaldssekt.

Auglýsingabann.

Nefndin fjallaði um markmið frumvarpsins að gera bann við áfengisauglýsingum skýrara og skilvirkara. 1. málsl. 1. gr. er efnislega samhljóða ákvæði gildandi laga þar sem tekið er fram að hvers konar auglýsingar og önnur viðskiptaboð til markaðssetningar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Nánari útfærsla bannsins er lögð til í næstu málsliðum og þar lagt til að bannið verði víðtækara en í gildandi lögum, þ.e. að það nái einnig til vökva eða vöru sem er undir 2,25% af hreinum vínanda ef um er að ræða markaðssetningu í umbúðum sem skapað geta hættu á ruglingi milli áfengu vörunnar og hinnar óáfengu. Þá er lagt til að þegar viðskiptaboð skírskotar til annarrar framleiðslu en áfengis sé slík skírskotun ekki heimil ef hætta er á ruglingi við hina áfengu framleiðslu. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að með frumvarpinu væri gengið á rétt íslenskra fyrirtækja til að kynna þá vöru sem þau framleiða og flytja inn löglega og þar með væri brotið gegn tjáningarfrelsi og atvinnuréttindum þeirra. Þá komu fram tillögur um að leyfa auglýsingar á áfengi með afar ströngum skilyrðum til samræmis við það sem þekkist erlendis fremur en að banna áfengisauglýsingar með öllu. Meiri hlutinn bendir í því sambandi á að bann við áfengisauglýsingum hefur verið í lögum hér á landi allt frá árinu 1928. Tilgangurinn með banni við áfengisauglýsingum sé að vinna gegn misnotkun áfengis og þeim vandamálum sem af henni kunna að hljótast og er það í samræmi við markmiðsákvæði áfengislaga en skaðleg áhrif áfengisneyslu er alvarlegt lýðheilsuvandamál. Bendir meiri hlutinn einnig á að í dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur ekki verið fallist á að bann við áfengisauglýsingum brjóti gegn 73. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eða skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Meiri hlutinn tekur fram að bann við áfengisauglýsingum hefur ekki verið virt sem skyldi og það sé því nauðsynlegt að leggja til breytingar sem fela í sér skýrara regluverk og raunhæfari úrræði til að bregðast við brotum á gildandi auglýsingabanni.

Undanþágur frá banni.

Nefndin fjallaði einnig um þær undantekningar sem lagðar eru til frá banni við auglýsingum á áfengi skv. 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að þessar undanþágur muni hafa í för með sér röskun á samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu og innfluttrar framleiðslu. Slík röskun feli í sér mismunun og sé í andstöðu við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Meiri hlutinn tekur fram að undantekningarnar fela í sér takmörkuð frávik sem verði að teljast eðlileg og að þær raski ekki meginmarkmiði bannsins. Þar af leiðandi telur meiri hlutinn að ekki sé um að ræða brot gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og sá skilningur sé í samræmi við dómaframkvæmd Hæstaréttar.

Nefndin fjallaði nokkuð um þá undanþágu sem lögð er til í 4. tölul. 4. mgr. 1. gr. um að bannið eigi ekki við um auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á flutningatækjum áfengisframleiðanda. Meiri hlutinn telur ekki unnt að fallast á þá undanþágu og leggur til að hún falli brott.

Eftirlit Neytendastofu.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að eftirlit með brotum gegn 20. gr. laganna, þ.e. banni við áfengisauglýsingum, verði hjá Neytendastofu en ekki lögreglu, líkt og nú tíðkast. Neytendastofa hefur nú þegar eftirlit með villandi og óréttmætum auglýsingum samkvæmt lögum nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og markaðssetningu, og hefur því sérþekkingu og reynslu á því sviði. Í 4. mgr. 2. gr. er lagt til að ákvæði þeirra laga gildi um úrræði og eftirlit Neytendastofu samkvæmt áfengislögum, þ.m.t. málsmeðferð eftir því sem við geti átt. Meiri hlutinn telur þegar litið er til þessa hlutverks og þeirrar sérþekkingar og reynslu sem fyrir hendi er að það samræmist hlutverki og sérhæfingu stofnunarinnar vel að hafa eftirlit með banni við áfengisauglýsingum.

Stjórnvaldssektir og dagsektir.

Samkvæmt IX. kafla laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og markaðssetningu getur Neytendastofa lagt á stjórnvaldssektir ef ekki er farið að lögunum og dagsektir sé ekki farið að ákvörðunum hennar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði þeirra laga gildi um úrræði og eftirlit Neytendastofu, þ.m.t. málsmeðferð eftir því sem við getur átt sbr. 4. mgr. 2. gr. Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að Neytendastofa geti lagt á stjórnvaldssektir vegna brota á ákvæði 20. gr. laganna. Í 3. mgr. 2. gr. er lagt til að hafi Neytendastofa komist að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn 20. gr. og ekki látið af hinni ólögmætu háttsemi geti stofnunin lagt á dagsektir þar til látið hefur verið af hinni ólöglegu háttsemi.

Í VII. kafla áfengislaga er fjallað um leyfissviptingar, refsingar o.fl. en fyrir nefndinni komu fram ábendingar frá ríkissaksóknara um að samhliða þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu hefði þurft að leggja til breytingar á 1. mgr. 27. gr. áfengislaga sem er hið almenna refsiákvæði laganna varðandi þau brot sem heyra undir lögreglu og ákæruvald en þar er kveðið á um að brot gegn lögunum geta varðað sektum eða fangelsi allt að sex árum. Meiri hlutinn tekur undir þessi sjónarmið og leggur til þá breytingu á 27. gr. laganna að brot gegn 20. gr. laganna verði undanskilið hinu almenna refsiákvæði þar sem þau hljóta stjórnsýslulega meðferð, sbr. 20. gr. a, og varði þannig eingöngu stjórnvaldssektum.

Álagning stjórnvaldssekta.

Nefndin fjallaði einnig um athugasemdir ríkissaksóknara um að það kæmi ekki nægilega skýrt fram hvort álagning stjórnvaldssekta byggðist á hlutlægri ábyrgð eftirlitsskyldra lögaðila eða starfsmanna þeirra á þeim lögbrotum sem ákvæðin taka til eða hvort sýna þurfi

fram á ásetning eða gáleysi starfsmanna lögaðila. Þá sé ekki skýrt tekið fram í 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. hvort ábyrgðin nái til lögaðila eða starfsmanns lögaðila eða þeirra beggja en í greininni er lagt til að Neytendastofa geti lagt stjórnvaldssekt á hvern þann sem brýtur gegn 20. gr. laganna. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að skýrleiki refsiheimilda sé hafinn yfir allan vafa og að það leiði af lögmætisreglu stjórnsýsluréttar að stjórnvaldssektir verði ekki á lagðar í tilefni af lögbroti nema á grundvelli skýrrar lagaheimildar. Meiri hlutinn telur því nauðsynlegt að kveða skýrt á um það í frumvarpinu að Neytendastofa geti lagt stjórnvaldssektir á hvern þann einstakling eða lögaðila sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn 20. gr. laganna og leggur því til breytingu á frumvarpinu í þá veru. Þá telur meiri hlutinn rétt að leggja til að lögaðila megi ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans.

Viðskiptaboð o.fl.

Meiri hlutinn leggur til að hugtakið „viðskiptaboð“ komi í stað hugtaksins „viðskiptaorðsending“ til að gæta samræmis við hugtakanotkun í lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011, en til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning. Samkvæmt lögum um fjölmiðla er kostun skilgreind sem hljóð- og myndsending í viðskiptaskyni sem tekur til hvers konar framlaga opinbers fyrirtækis, einkafyrirtækis eða einstaklings til fjármögnunar einstakra dagskrárliða með það fyrir augum að vekja athygli á heiti viðkomandi vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum, enda fáist viðkomandi hvorki við hljóð- né myndmiðlun né framleiðslu hljóð- og myndverka. Meiri hlutinn tekur fram að með viðskiptaboði í þessum lögum er einnig átt við kostun fjölmiðlaefnis sem og kostun í tengslum við samkomur eða atburði og að slík viðskiptaboð séu einnig bönnuð. Meiri hlutinn leggur til breytingu á frumvarpinu þannig að það komi skýrt fram.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. júní 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Mörður Árnason.
Þráinn Bertelsson.		Þór Saari.

1708. Breytingartillögur [705. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (RM, ÁI, MÁ, ÞrB, ÞSa).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „aðrar viðskiptaorðsendingar“ og „eru bannaðar“ í 1. efnismgr. komi: önnur viðskiptaboð; og: eru bönnuð.
   b. Í stað orðsins „viðskiptaorðsendingum“ í 1. og 3. efnismgr. komi: viðskiptaboðum.
   c. Í stað orðsins „viðskiptaorðsendingu“ í 1. málsl. 2. efnismgr. komi: viðskiptaboði.

d. 2. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Til viðskiptaboða teljast auglýsingar, vöruinnsetning, kostun fjölmiðlaefnis og kostun í tengslum við samkomur eða atburði, svo og dulin viðskiptaboð sem er ætlað að þjóna auglýsingamarkmiðum og geta villt um fyrir neytanda að því er eðli þeirra varðar.
e. Í stað orðsins „viðskiptaorðsendinga“ í 3. efnismgr. komi: viðskiptaboða.
f. Í stað orðsins „viðskiptaorðsendingar“ í 1., 2. og 7. tölul. 4. efnismgr. komi: viðskiptaboð.
g. Í stað orðanna „flutningatækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum“ í 4. tölul. 4. efnismgr. komi: vöruumbúðum áfengisframleiðanda.
h. Á eftir orðinu „ríkisins“ í 5. tölul. 4. efnismgr. komi: vefsíðu Fríhafnarinnar ehf. og vefsíðum skráðra áfengisinnflytjenda.

2. Við 2. gr.
a. Í stað orðanna „þann sem“ í 2. málsl. 1. efnismgr. komi: þann einstakling eða lögaðila sem af ásetningi eða gáleysi.
b. Á eftir 2. málsl. 1. efnismgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans.
c. Í stað orðanna „viðskiptaorðsendingar“, „hennar“ og „viðskiptaorðsendingunni“ í 2. efnismgr. komi: viðskiptaboða; þeirra; og: viðskiptaboðinu.

3. Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:
Í stað orðanna „Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða“ í 1. mgr. 27. gr. laganna kemur: Að undanskilinni 20. gr. varða brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

4. 3. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. október 2011.

1709. Nefndarálit [826. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði).

Frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Um tvenns konar breytingar er að ræða, annars vegar tímabundin ákvæði sem fyrirhugað er að gildi á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012 og hins vegar nokkrar almennar breytingar á lögunum.

Athugasemdir umsagnaraðila um málið voru í öllum tilvikum mjög neikvæðar. Bent var ítrekað á að samþykkt frumvarpsins mundi veikja rekstrargrundvöll sjávarútvegsins, veikja gengi krónunnar, auka pólitískt vald ráðherra með óeðlilegu valdaframsali og færa veiðiheimildir frá þeim aðilum sem hafa atvinnu af sjómennsku til aðila sem stunda hana í frítíma sínum. 1. minni hluti tekur undir athugasemdir umsagnaraðila og gagnrýnir jafnframt þann stutta tíma sem nefndin hefur haft við afgreiðslu málsins. Að sama skapi voru umsagnaraðilum eingöngu gefnir þrír dagar til að skila inn athugasemdum og telur 1. minni hluti það óeðlilega stuttan tíma í ljósi þess hversu miklir hagsmunir eru í húfi.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 6. gr. a laganna á þann hátt að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra geti ákveðið með reglugerð að aukning aflamagns í strandveiðum umfram 6.000 lestir geti runnið til flokks minni skipa sem hafa strandveiðileyfi og eru allt að 3 brúttótonn. 1. minni hluti telur að óskynsamlegt sé að búa til slíkan sérsmábátastrandveiðiflota, m.a. af öryggisástæðum. Ljóst er að mikil eftirspurn hefur verið eftir kerfi sem gefur nýliðum tækifæri til að stunda veiðar. Strandveiðikerfið hefur verið tilraun til að svara þessari eftirspurn. Kerfið hefur sætt alvarlegri gagnrýni nær allra samfélagshópa, þ.m.t. strandveiðiflotans sjálfs. Stjórn veiðanna stuðlar að mismunun eftir stærð báta og landshlutum, lágu fiskverði til þátttakenda, minni gæðum hráefnisins, óhagkvæmri sjósókn með hærri olíukostnaði (þegar bátar þurfa að sigla heim úr góðri veiði vegna 650 kg hámarksveiði) og útilokun frá nýsköpun á bestu mánuðum ársins. Allir hópar samfélagsins, þ.m.t. ýmsir útgerðarmenn, eru tilbúnir að leggja til heimildir til nýliðunar. Hins vegar er ekki áhugi fyrir að heimildir séu teknar af útgerðum landsins til að færa öðrum starfandi útgerðum eða fyrrverandi útgerðarmönnum fiskveiðiheimildir, eða að aflaheimildir séu fluttar úr aflamarkskerfinu í einum landshluta til tímabundinna félagslegra veiða í öðrum landshluta. Veiðina þarf að opna og gera mögulegri í öllum landshlutum sem stuðning við nýliða, kvótalausar útgerðir og frumkvöðla. Fulltrúar Framsóknarflokksins eru reiðubúnir að taka þátt í mótun strandveiðikerfis er byggist meðal annars á tillögu til þingsályktunar í þskj. 1670, 881. máli á 139. löggjafarþingi (fylgiskjal I) og vísar einnig til fylgiskjals II.

Í 2. gr. er lögð fram tillaga að breytingum á því ákvæði laganna er fjallar um hvaða aflaheimildir skulu dregnar frá heildaraflamarki áður en kemur til almennrar úthlutunar til fiskiskipaflotans. Frumvarpstillagan sjálf gengur allt of langt og getur ekki óbreytt farið í gegnum þingið. Meiri hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar hefur hins vegar lagt fram breytingartillögu sem felur í sér sanngjarnara fyrirkomulag. 1. minni hluti telur að tillagan sé til bóta og gæti, ef vel heppnast, verið grundvöllur að réttlátari jöfnun milli aflahlutdeildarkerfisins og annarra úthlutunaraðferða. 1. minni hluti bendir hins vegar á hvort rétt væri að bíða með lögfestingu reglunnar, láta á hana reyna áður og læra af reynslunni. Einnig þarf að skoða prósentuhluta hennar og bendir 1. minni hluti á að óskýrt sé af hverju nú sé talað um hærri prósentutölu en var í upphaflegu frumvarpstillögunni. Ekki hefur gefist nægilegur tími til að gaumgæfa þau áhrif sem tillagan hefur og því er skynsamlegast að fella greinina út og bíða með afgreiðslu hennar til haustsins.

Það er álit 1. minni hluta að rétt sé að fella 3. gr. frumvarpsins brott og láta núverandi byggðakvótaúthlutunarkerfi standa óbreytt. 1. minni hluti telur hins vegar nauðsynlegt að lagst verði yfir þær reglur og þær gerðar einfaldari og skilvirkari. Í því sambandi bendir 1. minni hluti á hugmyndir Framsóknarflokksins sem fram koma í tillögu til þingsályktunar um framtíðarstefnu í sjávarútvegsmálum, sbr. þskj. 1670. Þar er lagt til að farin verði sú leið að úthluta ákveðnu magni aflaheimilda til fiskvinnslu. Mundi slíkt fyrirkomulag tryggja með enn öruggari hætti vinnu í viðkomandi byggðarlagi. Nauðsynlegt væri að setja ákveðna verklags- og viðmiðunarreglur og telur 1. minni hluti að eðlilegt væri að úthlutun mundi m.a. miðast við vinnslu ársins á undan.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að viðmið vegna útreiknings á veiðigjaldi verði hækkað um liðlega 70%. 1. minni hluti telur eðlilegt að leggja á veiðigjald en bendir hins vegar á að það verði að vera hóflegt og tengt afkomu greinarinnar. 1. minni hluti gagnrýnir jafnframt harðlega að ekki liggi fyrir efnahagsleg greining á áhrifum þess að hækka veiðigjaldið jafn mikið og lagt er til og telur 1. minni hluti nauðsynlegt að slík greining liggi fyrir áður en málið er afgreitt í þinginu. 1. minni hluti bendir á að veiðigjaldið er skattur í lagalegum skilningi og innheimta gjaldsins þarf því að byggjast á skýrri heimild í lögum, sbr. ákvæði 40. gr. og 1.

mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Það er því sérstaklega vafasamt að í frumvarpinu sé sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra falið skattlagningarvaldið án þess að kveðið sé á um efnisleg viðmið um það hvernig þessu valdi skuli vera beitt. Að mati 1. minni hluta fullnægir það ekki skilyrðum 40. gr. og 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar að vísa í ákvæðinu í rekstraryfirlit fiskveiða sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir heldur er nauðsynlegt að skattlagning byggist á skýrum viðmiðum í lagaákvæðum. Að mati 1. minni hluta er mikilvægt að b-liður 5. gr. frumvarpsins falli brott.

Núgildandi fyrirkomulag um ráðstöfun veiðigjaldsins gerir ráð fyrir að allar tekjur af veiðigjaldinu renni óskiptar til ríkissjóðs. Í 6. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á því fyrirkomulagi þannig að 80% teknanna renni í ríkissjóð en 20% verður ráðstafað eftir tilteknu skiptihlutfalli til landshluta. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að vonast er til að með þessari nýju skiptingu muni meiri sátt ríkja um ráðstöfun veiðigjaldsins. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram mikil gagnrýni á ákvæðið. Til að mynda er bent á að hið nýja fyrirkomulag muni leiða til þess að mikill mismunur verði á framlagi til einstakra landshluta. 1. minni hluti telur mikilvægt að hluti auðlindarentunnar renni til greinarinnar sjálfrar til nýsköpunar, rannsókna og markaðsstarfa. Að sama leyti er nauðsynlegt að nýir aðilar geti sótt um styrk til nýsköpunar og rannsókna til að auðga þekkingu og nýtingu auðlindarinnar. Þá tekur 1. minni hluti undir þá hugmyndafræði meiri hlutans að hluti gjaldsins renni aftur til þess landsvæðis þar sem auðlindarentan verður til. Er það í samræmi við þær hugmyndir sem fram koma í þingsályktunartillögu Framsóknarflokksins um framtíðarstefnu í sjávarútvegsmálum. Þar kemur jafnframt fram að ef hluti gjaldsins rennur til þess landsvæðis þar sem auðlindarentan varð til væri í raun um að ræða mótvægi við viðbótarskattlagningu, sérstaklega landsbyggðarinnar. Þó að 1. minni hluti sé samþykkur hugmyndafræðinni að baki ákvæðinu þá vill hann gagnrýna sérstaklega útfærsluna. Telur 1. minni hluti að betra væri að útfæra hugmynd sem miðaðist við að hluti auðlindarentunnar færi til atvinnusköpunar í viðkomandi byggðarlagi, m.a. með því að fjármunirnir rynnu til atvinnuþróunarfélaga og e.t.v. eignarhaldsfélaga sem mundu tilheyra viðkomandi byggðarlagi. Meiri hluti gjaldsins rynni síðan í ríkissjóð. 1. minni hluti bendir jafnframt á í þessu sambandi að grundvallaratriði er að skilgreina þjóðareign á auðlindum og hvaða auðlindir séu í þjóðareign. Í kjölfar þess er svo nauðsynlegt að tryggja jafnræði milli atvinnugreina um gjaldtöku.

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að þrjú ný ákvæði til bráðabirgða bætist við lögin. Í a-lið er lagt til að á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012 hafi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 2.000 lestir af síld til sérstakrar úthlutunar og að fiskveiðiárið 2011/2012 hafi hann einnig 1.200 lestir af skötusel til sérstakrar úthlutunar. 1. minni hluti er alfarið á móti a-lið 7. gr. þar sem verið er að fara út úr aflamarkskerfinu og færa úthlutun frá einum aðila yfir til annars en ekki verið að tala um aukningu umfram t.d. 20 ára meðaltalsafla. Að mati 1. minni hluta er mikilvægt að við úthlutun sé ávallt gætt að varúðarreglu um heildarveiði og varlega verði að fara í breytingar á því kerfi.

Í b-lið 7. gr. er kveðið á um að skipstjóra skips sé heimilt að ákveða að ákveðinn hluti keilu- og lönguafla skips reiknist ekki til aflamarks þess, en nokkuð er um að langa og keila veiðist sem meðafli við þorsk- og ýsuveiðar. Er markmið ákvæðisins sagt vera það að draga úr brottkasti vegna skorts á aflamarki. 1. minni hluti er sammála ákvörðun meiri hlutans að leggja til að ákvæðið verði fellt brott. Er það mat 1. minni hluta að ákvæðið gæti hugsanlega leitt til ofveiði í framangreindum tegundum og það beri að forðast.

Í c-lið 7. gr. er gert ráð fyrir að ákveðnu viðbótarmagni sé ráðstafað til strandveiða annars vegar og í byggðakvóta hins vegar. Þannig er gert ráð fyrir aukningu á þorsk- og ufsakvóta til strandveiða á yfirstandandi og næsta fiskveiðiári og hins vegar er gert ráð fyrir aukningu

á þorsk-, ýsu- og ufsakvóta á næsta fiskveiðiári til stuðnings byggðarlögum. 1. minni hluti getur tekið undir að til að stuðla að víðtækari sátt um fiskveiðistjórnarkerfið megi auka úthlutun til ýmissa þátta, sbr. tillögur í þskj. 1670, en telur að allt of bratt sé farið í þær stækkanir og í ljósi reynslunnar sé það ekki skynsamlegt. 1. minni hluti bendir einnig á að óskynsamlega sé farið í úthlutun til strandveiða þetta árið þar sem strandveiðitímabilið sé hálfnað. 1. minni hluti telur að til að byrja með mætti t.a.m. úthluta 1.000 tonnum af þorski og 250 tonnum af ufsa án þess að það kæmi til skerðingar á aflaheimildum annarra og án þess að trufla aflareglu eða gæðavottun ábyrgra fiskveiða. Hvað viðkemur úthlutun vegna næsta fiskveiðiárs telur 1. minni hluti að þar sé allt of langt gengið. Nauðsynlegt er að ákvörðun um stækkun potta sé tekin vegna raunverulegrar stofnstærðaraukningar en ekki til þess eins að færa úthlutun frá einum til annars. Það skapar ekki ný störf né aukinn hagvöxt. Er það skoðun 1. minni hluta að fara verður varlega í að stækka potta á meðan úthlutun til aflamarkskerfisins er langt undir meðaltali aflaheimilda síðustu 20 ára. Betra sé að auka við pottana lítið í einu á löngum tíma og byggja á þeirri reynslu sem myndast. Bendir 1. minni hluti á að við slíkar stækkanir potta er nauðsynlegt að skipaður verði samráðshópur til að sem víðtækust sátt náist um fiskveiðistjórnarkerfið. Er slíkan samráðshóp m.a. að finna í tillögu til þingsályktunar um framtíðarstefnu í sjávarútvegsmálum í þskj. 1670.

Í breytingartillögum er m.a. að finna tillögu að nýju ákvæði til bráðabirgða. Er það lagt til sökum þess að ekki er að finna í frumvarpinu ákvæði sem framlengir ákvæði til bráðabirgða IX í lögum um stjórn fiskveiða. Ákvæðið nær einna helst til ferðaþjónustubáta þar sem farþegar stunda sjóstangveiði með fjölda stanga. Ákvæðið kveður á um að á tveimur fiskveiðiárum skuli allt að 200 lestir af óslægðum botnfiski boðnar til leigu þeim sem hafa leyfi til frístundaveiða. 1. minni hluti telur að í stað þess fyrirkomulags sem haft hefur verið um frístundaveiðarnar sé skynsamlegra og betra kerfi að finna í tillögum framsóknarmanna í framangreindri tillögu til þingsályktunar. Er þar lagt til að svokallaðar frístundaveiðar verði kallaðar ferðaþjónustuveiðar. Hugmyndin er sú að útgáfa veiðileyfa byggist fyrst og fremst á að eftir slíkar veiðar verði heimilt að landa afla sem VS-afla. Með þeim hætti gæti atvinnugreinin dafnað á eigin forsendum ferðaþjónustu en sé ekki takmörkuð af því að eiga ekki aðgang að aflaheimildum. 1. minni hluti áréttar að setja þyrfti sérstakar reglur um þessa atvinnugrein og úthlutun veiðileyfa til hennar. Þetta fyrirkomulag mundi hins vegar ýta undir nýsköpun og styrkingu ferðaþjónustunnar og sérstaklega í ljósi þess að ferðaþjónustuveiðar eru mikilvægur vaxtarbroddur í einstökum sjávarbyggðum og hafa mikla möguleika til að dafna og stækka.

Að öllu framansögðu er ljóst að 1. minni hluti telur að frumvarpið sé vanbúið. Einstakar greinar megi fella út og breyta öðrum. 1. minni hluti leggst gegn frumvarpinu og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til gagngerrar endurskoðunar þar sem samráð og samvinna verði höfð við alla hagsmunaaðila, sbr. tillögur í þingsályktun í þskj. 1670.

Alþingi, 8. júní 2011.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Nefndarálitinu fylgdi fylgiskjal:

I. Tillaga til þingsályktunar um framtíðarstefnu í sjávarútvegsmálum. (Þskj. 1670, 881. mál á 139. löggjafarþingi.) Flm.: Sigurður Ingi Jóhannsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Ásmundur Einar Daðason, Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðar-

dóttir, Guðmundur Steingrímsson, Höskuldur Þórhallsson, Siv Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

Fylgiskjal II.

Sigurður Ingi Jóhannsson:

Nýjar hugmyndir um útfærslu strandveiða sem nýliðunar.

- Úthlutun strandveiðileyfa verði á grundvelli fiskveiðiársins, en bátar mega þó aldrei landa umfram 50% af heildarársstrandveiðiheimildum sínum innan sama mánaðar.
- Leyfum verði úthlutað til 5–7 ára.
- Þeir sem fara með 50 þorskígildistonnanýtingarrétt eða meira geta ekki sótt um strandveiðileyfi.
- Þeir sem selt hafa kvóta geta ekki sótt um strandveiðileyfi fyrr en 5–7 árum eftir sölu heimilda.
- Kostnaður við hvert strandveiðileyfi verði innheimtur við upphaf veiða. – Hugmyndir að gjaldi hafa verið um 10.000 kr. á hvert úthlutað þorskígildistonn.

1.

Veiðisvæðum skal skipt upp í fjögur landsvæði. Úthlutun strandveiði-/nýliðunarheimilda verði framkvæmd með þeim hætti að helmingi heimilda verði úthlutað jafnt á hvert svæði og helmingur á hvern þann bát sem hefur leyfi til veiðanna. Þar með er tekið mið af fjölda báta á milli svæða.

Hver bátur fær úthlutað ákveðnu magni sem hann má veiða á viðkomandi svæði og tímabili.

Strandveiðikvóti/nýliðunarkvóti er fyrir fram ákveðin – sem og heildarfjöldi strandveiðileyfa á hverju svæði. Verði umsækjendur fleiri en það hámark fara umsækjendur á lista og verður úrdráttur leyfa framkvæmdur á hverju ári eftir að gildandi leyfi koma til skiladags eða þeim skilað af öðrum ástæðum, t.d. kaupum á nýtingarrétti umfram 50 tonn.

Aflanum er því dreift á báta í stað daga innan svæðis eftir að skráningum til veiða er lokið 1. september ár hvert. Reglum um sóknardaga, lengd róðra, hámarksafla eða tegund veiðarfæra verður aflétt og nýtist kerfið þar með sem grunnur að nýliðun á mjög opnum og breiðum grunni.

Bátum er þannig gert kleift að veiða þann afla sem þeim verður úthlutað hvenær sem er árs, sem gefur kost á aðlögun eftir landsvæðum, fiskverði á mörkuðum og gæftum. Einnig er þar með stuðlað að auknu öryggi og hagræðingu.

Í lok fiskveiðiárs verður ónýttum heimildum úr kerfinu dreift á þá báta sem veiddu sínar heimildir og kæmu þar með til heimilda árið eftir.

Úthlutun verði á grunni þorskígilda og leyft verður að veiða allar tegundir með hvaða veiðarfærum sem er (nema ákveðnar viðkvæmar tegundir eftir ráðgjöf Hafró).

2.

Réttur til strandveiða rýrnar í hlutfalli við keyptan nýtingarrétt báta. Hlutdeild strandveiðiheimilda rýrnar þannig um 2% fyrir hvert tonn sem keypt er af heimildum. Báti með 25 tonna kvóta er því heimilt að veiða 50% af úthlutuðum strandveiðiheimildum. Þegar bátur hefur 50 tonna nýtingarrétt skal hann skila strandveiðileyfinu til ríkisins, enda það orðið óvirkt. Leyfinu verður þá endurúthlutað. Þessi þáttur er mikilvægur sem hvati fyrir nýliða til að stækka og verða að útgerðum án meðgjafar frá samfélaginu og um leið hleypa nýjum aðilum inn í strandveiðikerfið.

3.

Leyfum verður úthlutað út árið 2012 á báta og skip allt að 30 brúttótonnum, en óheimilt verður að selja eða flytja til leyfi og einungis verður mögulegt að skila leyfum til ríkisins. Verði bátur seldur fellur leyfið niður, leyfið er úthlutað á einstakling og bát. Einstaklingurinn má einungis hafa eitt leyfi, þarf að hafa skipstjórnarréttindi og þarf að vera sannarlega meirihlutaeigandi viðkomandi báts.

Með innleiðingu breytinganna er skerpt á tilgangi strandveiða og dregið úr óánægju og óhagkvæmni núverandi fyrirkomulags.

1710. Nefndarálit [826. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði).

Frá 2. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Í ræðum á Alþingi hefur hvað eftir annað verið eftir því kallað að undirbúningur að lagasmíð sé sem vandaðastur. Ekki hefur mátt merkja bilbug á nokkrum þingmanni í þessum efnum. Með reglubundnum hætti heyrum við úr ræðustóli þingsins ákall um breytt og bætt vinnubrögð. Ekki síst varðandi undirbúning þingmála.

Af þessum sökum hefði mátt ganga út frá því sem vísu að ráðherrar – sem vel að merkja sækja umboð sitt til Alþingis – gegndu þessu kalli. Framkvæmdarvaldið ber enda mikla ábyrgð. Þaðan eru vel flest þau frumvörp og þingmál ættuð sem á annað borð fá brautargengi á Alþingi. Þingmenn stjórnarliðsins sem vilja láta taka sig alvarlega hljóta líka að sjá til þess að þannig sé staðið að undirbúningi þingmála að einhver sómi sé að. Þingmál ríkisstjórnarinnar koma ekki til Alþingis sem stjórnarfrumvörp nema á ábyrgð ríkisstjórnarmeirihlutans á Alþingi. Það er því í höndum stjórnarliða hverju sinni að tryggja að þingmál ríkisstjórnarinnar séu þannig gerð úr garði að þau standist lágmarkskröfur.

Menn greinir vitaskuld á um pólitíska stefnumótun þeirra. En það reyna menn að útkljá á hinum lýðræðislega vettvangi Alþingis, jafnt í þingsal sem í þingnefndum. En hinar almennu lágmarkskröfur um að þingmál séu vandlega undirbúin, rökstudd og séu í samræmi við stjórnarskrána verða ábyrgðarmenn þingmála að sjá um að séu virtar.

Þetta er svo augljós og sjálfsögð krafa að ekki ætti að þurfa að færa hana í orð á þingskjölum en því miður er fullt tilefni til þess. Það er sérstaklega alvarlegt og alveg gróflega dapurlegt þegar um er að ræða mikilvæga löggjöf sem snertir grundvallarhagsmuni sjálfs sjávarútvegsins – okkar þýðingarmesta atvinnuvegar.

Annar minni hluti gagnrýnir harðlega að fyrirliggjandi frumvarp eigi að fara hraðferð í gegnum þingið án þess að tóm gefist til raunverulegrar málefnalegrar umræðu og faglegrar vinnu í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Vinnubrögð sem þessi voru fordæmd í skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (þskj. 1501, 705. mál á 138. löggjafarþingi). Þar var jafnframt að finna þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti með 63 samhljóða atkvæðum hinn 28. september 2010. Þar ályktar Alþingi m.a. að brýnt sé að starfshættir þingsins verði teknir til endurskoðunar. Í skýrslunni kemur fram að auka beri fagmennsku við undirbúning löggjafar og lagði nefndin til að ríkisstjórn verði gert að leggja fram stjórnarfrumvörp með góðum fyrirvara þannig að þingmönnum gefist gott ráðrúm til að taka þau til faglegrar skoðunar, upplýstrar málefnalegrar umræðu og afgreiðslu. Þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við framlagningu frumvarpsins eru ekki í samræmi við þingsályktunina sem allur þingheimur var sammála um og verður að telja það ámælisvert. Upplýst málefnaleg umræða um þingmál er grundvöllur vandaðrar og faglegrar lagasetningar. Enginn tími gafst til slíkra umræðna um málið innan nefndarinnar þar sem það var afgreitt frá nefnd strax að loknum gestakomum. Þá var gestum einungis gefnir tveir dagar til að skila umsögnum um mál sem varðar mikilvæga hagsmuni eins af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar.

Ótrúlega rýr rökstuðningur.

Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar hefur átt sér langan og mikinn aðdraganda. Það er fyrsta afurð ríkisstjórnarinnar eftir að fjölskipuð nefnd þingflokka og allra hagsmunaaðila skilaði ítarlegri skýrslu með afdráttarlausum tillögum á þessu mikilvæga málasviði, í september sl. Eftirtekjan er í besta falli skothent klúður. Illa undirbúið mál að nær öllu leyti. Sjö efnisgreinar og bráðabirgðaákvæði í þremur liðum.

Svo furðulegt sem það er, þá er ekki gerð hin minnsta tilraun til þess að undirbyggja málið með efnislegum hætti. Rökstuðningur málsins ótrúlega rýr. Hvorki má finna pút né plagg um hverjar afleiðingar frumvarpsins verða. Erfitt er síðan að átta sig á meginmarkmiðum þess, eins og ASÍ bendir á í umsögn sinni. Sá boðskapur fylgir að ekki standi til að kynna afleiðingar þess fyrr en það sé orðið að lögum. Hópur hæfra hagfræðinga var fenginn til þess að skoða afleiðingar frumvarpsins og leggja á það mat um sama leyti og ríkisstjórnarflokkarnir heimiluðu framlagningu þess. Það mat liggur ekki enn fyrir, nú þegar Alþingi býst til að ræða frumvarpið í aðalefnisumræðu þess, 2. umræðu.

Þetta er tæplega í anda þess reglubundna ákalls sem kveður við úr ræðustóli Alþingis um bætt vinnubrögð. Það er hins vegar skýr vísbending um að lítil alvara fylgi alvöruþrungnum orðum og loforðum um bætt vinnubrögð.

Frumvarpið og stjórnarskráin.

Í upphafi þingferils hvers alþingismanns, undirritar hann eið að stjórnarskránni. Í huga hvers þingmanns hlýtur það því að vera efst að tryggja að lög sem Alþingi setur, standist stjórnarskrá lýðveldisins. Þetta er svo sjálfsagt að varla ætti að nefna það. Þess vegna er það aldeilis makalaust að í umsögn sjálfrar fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, er farið um frumvarpið óvenju hörðum orðum í ítarlegri greinargerð, þar sem því er í veigamiklum atriðum fundið flest til foráttu. Þar er gengið svo langt að draga í efa að það standist stjórnarskrána.

Þetta hefur öllum verið ljóst sem komu að málinu. Ríkisstjórninni jafnt sem þingflokkum hennar. Álit fjárlagaskrifstofunnar lá fyrir. Engu að síður er því skutlað inn til Alþingis með slíka óvissu yfir sér hangandi. Þetta eru amk. fádæmi en trúlega þó fremur einsdæmi. Ábyrgð

á þessu verður að vísa á hendur þeim sem standa að frumvarpinu: ríkisstjórninni og þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna.

Í 47. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr lög nr. 33/1944, er kveðið á um að sérhver nýr þingmaður skuli vinna drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild. Í 2. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, er drengskaparheitið tilgreint svohljóðandi: Ég undirskrifaður/uð, sem kosin(n) er þingmaður til Alþingis Íslendinga, heiti því, að viðlögðum drengskap mínum og heiðri, að halda stjórnarskrá landsins. Þingmenn hafa því unnið því eið að hafa stjórnarskrána í hávegum og setja ekki vísvitandi lög sem brjóta gegn henni. Það hlýtur að teljast alvarlegt í ljósi þessa að ekki skyldi ríkari tími tekin til að rýna í ákvæði frumvarpsins, fjalla um það og gera á því nauðsynlegar breytingar til að tryggja að það gangi ekki í berhögg við stjórnarskrána.

Skerðing stjórnarskrárvarinna réttinda verður aðeins gerð með ríkum rökstuðningi og vísan til annarra réttinda sem vega hærra, t.d. almannahags. Annar hluti minnir á að réttindi sem leiða af umráðum aflaheimilda njóta verndar ýmissa grundvallarreglna stjórnarskrárinnar svo sem um vernd eignaréttar og atvinnufrelsis, sbr. 72. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd kom hörð gagnrýni á fyrirliggjandi frumvarp sem m.a. beindist að því að með því væri hugsanlega brotið gegn stjórnarskránni. Þá kemur fram í umsögn Helga Áss Grétarssonar að verði frumvarpið að lögum kunni það að leiða til þess að ríkisvaldið hafi gengið of langt í að skerða réttindi einstakra aðila, ekki síst vegna þess að skerðingin kann í einstaka tilvikum að vera tilviljunarkennd og bitna of hart niður á hagsmunum einstakra aðila. Engin tilraun er gerð til þess í athugasemdum við frumvarpið að útskýra þau rök sem liggja að baki því að ganga á stjórnarskrárvarin réttindi og í reynd er ekki minnst á málefnið einu orði. Það er engu líkara en frumvarpshöfundur hafi ekki gert sér grein fyrir þeim grundvallarréttindum sem um ræðir.

Lagt fram löngu eftir lögbundinn frest.

Þetta frumvarp sem um er fjallað er eins konar undanfari, í humátt á eftir því fylgdi annað og stærra mál, sem var frumvarp að nýjum heildarlögum um stjórn fiskveiða. Frumvarpið sem hér er um fjallað er þess eins konar prufukeyrsla. Viðtökurnar sem þessi prufukeyrsla hefur fengið, jafnt innan þings sem utan, ætti að verða ríkisstjórninni víti til varnaðar.

Frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi 19. maí. Nær tveimur mánuðum eftir að lögbundinn frestur til þess að leggja fram þingmál til afgreiðslu rann út. Mælt var fyrir málinu 30. maí, umræða stóð í þrjá daga og lauk síðasta dag maímánaðar, án mikillar þátttöku stjórnarliða. Málið var tekið út úr nefnd þann 8. júní.

Vinnubrögð sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Vinnubrögðin í nefndinni voru með eindæmum. Nefndin fundaði stíft. Margir gestir kallaðir fyrir nefndina og leitað umsagnar. Umsagnaraðilar fengu jafnvel ekki nema sólarhring til þess að undirbúa umsagnir sínar. Og það virðingarleysi var þeim sýnt, sem flestir tengjast sjómennsku og sjávarútvegi, að beiðni þar að lútandi barst þeim á sjálfri sjómannadagshelginni.

Sá fáheyrði atburður gerðist síðan að málið var fyrirvaralaust rifið út úr þingnefndinni. Engin efnisleg umræða fór fram um málið í nefndinni. Á borð nefndarmanna var einvörðungu lagt nefndarálit með breytingartillögum sem fyrir lá að yrði ekki breytt. Þetta eru ekki góð vinnubrögð og síst til þess fallin að skapa frið eða sátt í erfiðu máli.

Gagnrýni allra umsagnaraðila.

Ljóst er af þeim breytingartillögum sem meiri hlutinn hefur kynnt að hann hefur neyðst til þess að bregðast við þeirri harkalegu gagnrýni sem fram hefur verið sett á frumvarpið. 15 aðilar sendu inn umsagnir um málið. Enginn – ekki einn einasti þeirra – mælir því bót. Gagnrýnin er að sönnu margvísleg og er í öllum tilvikum þannig að hún beinist gegn veigamiklum efnisþáttum. Öll samtök sjómanna, Samtök atvinnulífsins, útvegsmenn og samtök fiskvinnslunnar og ASÍ gera þá kröfu að málið verði einfaldlega lagt til hliðar, síðastnefndu samtökin með eftirfarandi lokaorðum:

„Almennt má segja að þrátt fyrir að frumvarpið geri ráð fyrir margháttuðum breytingum á stjórn fiskveiða þá er erfitt að átta sig á meginmarkmiðum frumvarpsins. Við skoðun á frumvarpinu þá kemur í ljós að það mun:

- *Veikja rekstrargrundvöll sjávarútvegsins. Slíkt mun leiða til þess að gengi krónunnar verður veikara en ella og lífskjör lakari.*
- *Veikja stöðu þeirra sem hafa aðalstarf sitt af fiskveiðum og fiskvinnslu.*
- *Ýta undir leigubrask og skammtímahugsun í stað þess að setja því skorður.*
- *Auka á pólitískar valdheimildir ráðherra, án þess að færð séu sterk rök fyrir að það fyrirkomulag sé heppilegra en skýrar og gagnsæjar reglur.*
- *Leggja til fyrirkomulag á ráðstöfun á veiðigjaldi til sjávarbyggða sem orkar tvímælis og ýtir undir óréttlæti og mismunun.*

ASÍ telur mikilvægt að vandað sé til breytinga á fiskveiðistjórnarkerfinu. ASÍ getur ekki mælt með samþykkt frumvarpsins en leggur þess í stað til að sumarið verði nýtt til þess að vinna að nauðsynlegum breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu í víðtæku samráði þar sem fulltrúar launafólks eigi fulla aðild og áhersla verði lögð á að skapa sem besta og breiðasta sátt um niðurstöðuna.“

Hætt við að brjóta stjórnarskrána?

Sem dæmi um efnisbreytingar sem gerðar eru á frumvarpinu í meðförum nefndarinnar er ákvæði er lýtur að hugmyndum um að stofna sérstakan undirflokk strandveiða er næði til 3 tonna báta og minni. Þetta ákvæði varð hreint aðhlátursefni umsagnaraðila og hlaut því að mæta skapadægrum sínum í nefndinni. Þess utan var lagt til í a-lið 1. gr. frumvarpsins að ráðherra fái framselt löggjafarvald sem hugsanlega stangast á við atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Ráðherra eru þar ekki sett nein efnisleg viðmið og engar leiðbeiningar er að finna í athugasemdum við greinina.

Vitaskuld blasti við að engin þingnefnd gat afgreitt frá sér frumvarpsgrein sem fullkominn vafi léki á að væri í samræmi við stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Þannig var í 3. gr. frumvarpsins lagt til að sveitarstjórnir úthluti byggðakvóta. Sveitarstjórnir fá reyndar nokkur viðmið um þá úthlutun en þau eru mjög matskennd og kveðið á um að úthlutun byggist á gagnsæi, málefnalegum og staðbundnum ástæðum og sé í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags. Bendir Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur við Lagastofnun Háskóla Íslands, á að þetta fyrirkomulag vekji upp spurningar um vanhæfi sveitarstjórnarmanna og fleiri lagaleg álitaefni. Það er því ekki að undra að meiri hlutinn hafi séð sitt óvænna og fallið frá þeirri hugmynd frumvarpsins að ráðstafa veiðigjaldinu í fullkominni óvissu um hvort það væri í samræmi við stjórnarskrá.

Strandveiðar og altækt vald ráðherra.

Varðandi strandveiðarnar almennt var ekki gerð tilraun til þess að takast á við þær miklu deilur sem ríkja um skiptingu veiðisvæða og úthlutun aflamarks inn á þau. Í þeim efnum

hefur ráðherrann altækt vald sem Alþingi lét af hendi með lagabreytingu fyrir skemmstu. Nú er gráu bætt ofan á svart með því að ráðherra á að fá óskilgreint vald til þess að skipta veiðinni á tímabil, að eigin vild.

Við fyrstu umræðu málsins voru þó uppi fyrirheit af hálfu stjórnarliða um að slíkt altækt ráðherravald yrði takmarkað. Það er hvergi gert í breytingartillögum meiri hlutana. Stappar nærri að ráðherra fái að jafnaði fimmfaldar heimildir til þess að skipa málum að sínum hætti í hverri þeirri lagagrein sem frumvarpið hafði að geyma þegar það var lagt fram. Þá var við umræðuna sagt af hálfu stjórnarliða að ástæða væri til þess að skoða hverjir hafi nýtt sér heimildir til útgerða strandveiðibáta. Hafa nú komið fram upplýsingar frá Fiskistofu um að 40% þeirra sem hafi farið til strandveiða hafi selt frá sér kvóta.

Hækkun veiðigjalds.

Einn meginþáttur frumvarpsins lýtur að hækkun veiðigjaldsins um 70%. Forsenda þessarar miklu hækkunar er að framlegð í sjávarútvegi sé með ágætum. Rétt er það og þar ræður ekki síst að hagræðingin í sjávarútvegi hefur skilað sér með betri rekstrarárangri. Það er því þeim mun sérkennilegra að með þessu frumvarpi er dregið úr hagræðingu og skilvirkni sjávarútvegsins og þar með grafið undan möguleikum hans til þess að skila eiganda auðlindarinnar þeim arði sem ella væri hægt. Önnur ástæða góðrar rekstrarafkomu er lágt gengi íslensku krónunnar. Við blasir þess vegna að höfundar frumvarpsins reiða sig á að gengi krónunnar verði lágt um lengri framtíð, sem er athyglisverð framtíðarsýn.

Það er ljóst að svo mikil hækkun veiðigjalds mun taka í reksturinn hjá skuldugustu útgerðunum, sem oftast eru þær nýrri í atvinnugreininni. Með sterkara gengi verður framlegðin minni og geta til þess að standa undir skuldum þar með verri. Því má ætla að þetta ákvæði muni leiða til samþjöppunar í sjávarútvegi, fækkun einyrkja og verri aðgangi nýliða að atvinnugreininni. Er það í hróplegu ósamræmi við yfirlýstan tilgang frumvarpsins.

Í b-lið 5. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra geti við ákvörðun álagningarstigs veiðigjaldsins tekið tillit til mismunandi framlegðar útgerðarflokka. Um þetta segir í mjög svo rýrum athugasemdum við ákvæðið að ljóst sé að afkoma útgerðarflokka sé afar misjöfn og telja verði sanngjarnt að hægt sé að taka tillit til þess við ákvörðun veiðigjalds. Enginn vafi leikur á því að veiðigjaldið er skattur og ekki verður séð að þessi heimild ráðherra standist ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að engan skatt megi leggja á né breyta, né af taka nema með lögum. Heimildin gengur jafnframt í berhögg við 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að skattamálum skuli skipað með lögum. Þar stendur enn fremur að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Engin skýr efnisleg viðmið eru sett um það í hvaða tilvikum ráðherra geti afnumið eða ákvarðað skattinn heldur vísað til mismunandi framlegðar útgerðarflokka. Útgerðarflokkar byggjast m.a. á mismunandi stærð fiskiskipa sem veiða sömu fisktegundir og er það því óeðlileg viðmiðun við álagningu skatts. Í umsögn Landssambands íslenskra útgerðarmanna (LÍÚ) kemur fram að eðlilegra hefði verið að tiltaka skiptingu gjalds eftir fisktegundum eða flokkum þeirra þannig að framlegð yrði reiknuð sérstaklega fyrir hverja tegund eða flokk. 2. minni hluti áréttar andstöðu sína við ákvæðið í heild en bendir á að hefði verið farin sú leið sem LÍÚ tiltekur hefði a.m.k. verið málefnalegur grundvöllur fyrir ákvörðun skattsins. Ekki verður þó horft fram hjá því að þrátt fyrir slíkan grundvöll er ákvæðið ekki í samræmi við stjórnarskrá sem er skýr hvað þetta varðar.

Byggðaleg áhrif.

Í endurskoðunarnefndinni, sem er oft nefnd sáttanefnd, sammæltust nær allir um að fallast á að gert yrði ráð fyrir að afmarkaður hluti veiðiréttarins, kvótans, yrði tekinn úr hefðbundnu aflahlutdeildar- og aflamarkskerfi. Yrði þeim hluta varið til byggðalegra, félagslegra og atvinnulegra úrræða. Öllum var ljóst að á þessu yrði að vera mikið hóf. Fiskveiðiauðlindin er takmörkuð og afkastageta fiskiskipastólsins og fiskvinnslunnar umfram áætlaða afrakstursgetu fiskistofnanna. Um það bil 90% kvótans, veiðiréttarins, er í höndum útgerða sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins. Tilfærslur af þessu tagi verða því í meginatriðum á milli útgerðarstaða á landsbyggðinni. Þá koma einnig til skerðingar á aflamarki, minni og stærri skipa, sem oft á tíðum eru burðarásar í hráefnisöflun fyrir fiskvinnslur á landsbyggðinni. Og því er það svo að þó réttlæta megi að nýta hluta fiskveiðiréttarins til sértækra aðgerða í tilteknum byggðarlögum mun umtalsverð aukning á þessu sviði koma illa við ýmsar útgerðir. Ekki síst þær smærri og kvótaminni.

Skynsamlegt er hins vegar að leita annarra leiða til þess að byggja upp nýtt atvinnulíf á landsbyggðinni. Ekki með því að seilast eftir stöðugt meiri aflaheimildum í byggðalegum tilgangi, sem að lokum veikir sjávarútveginn og rýrir kjör starfsfólk hans í heild. Heldur með því að nýta þann ávinning sem þjóðarbúið í heild hefur haft af hagræðingunni í sjávarútveginum og ríkissjóður hefur vitaskuld sérstaklega notið, til þess að treysta innviði byggðanna og styðja fjölþætta atvinnuuppbyggingu um landið. Hagræðingu, tækniframförum og stórauknum afköstum hefur fylgt að sjávarútvegur hefur veikst í ýmsum byggðarlögum. Það er sannarlega mjög alvarlegt mál. Úr því verður þó ekki bætt með því að veikja sjávarútveginn í heild. Þvert á móti verður það miklu betur gert með því að nýta þau færi sem aukinn heildarávinningur af skynsamlegri og hagkvæmri fiskveiðistjórn fylgir til þess að bregðast við þeirri vá sem blasir við byggðarlögum.

Engin heildarsýn.

Í þessu frumvarpi er hvergi að finna neina heildarsýn. Það einkennist þess í stað af skammtímahugsun og fullkomnu skilningsleysi á sjávarútveginum sem framsækinni hátækniatvinnugrein sem keppir á harðsóttum alþjóðlegum mörkuðum og hér innan lands við aðrar atvinnugreinar um gott starfsfólk og nauðsynlega fjárhagslega fyrirgreiðslu. Frumvarpið er því til óþurftar fyrir íslenskan sjávarútveg, sett fram í fullkomnu ósætti við alla þá sem við eiga að búa, jafnt launþega sem atvinnurekendur, sjómenn sem landverkafólk. Það er því hvorki líklegt til þess að stuðla að þeirri sátt í mikilvægu máli sem kallað hefur verið eftir, né leiða til þess að hagur greinarinnar batni, né heldur stuðla að betri lífskjörum í landinu.

Annar minni hluti áréttar að fyrirliggjandi frumvarp er óvandað, tillögur þess eru ófullburða, kunna að brjóta gegn stjórnarskrá, athugasemdum og skýringum við það er mjög ábótavant og ákvæði þess ófullburða. Með vísan til alls þessa og framangreindra athugasemda leggur 2. minni hluti til að málið nái ekki fram að ganga.

Alþingi, 9. júní 2011.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.

Jón Gunnarsson.

Fylgiskjöl með álitinu voru:

1. Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands (6. júní 2011).
2. Umsögn frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands (6. júní 2011).
3. Umsögn frá VM – Félagi vélstjóra og málmtæknimanna (5. júní 2011).
4. Umsögn frá Fiskistofu (6. júní 2011).
5. Umsögn frá Hafrannsóknastofnuninni (6. júní 2011).
6. Umsögn frá Kristni H. Gunnarssyni, Ólafi Halldórssyni, Elínu Björgu Ragnarsdóttur, Gísla Halldórssyni, Lýð Árnasyni, Sigurði J. Hreinssyni og Magnúsi Reyni Guðmundssyni.
7. Umsögn frá Landhelgisgæslu Íslands (6. júní 2011).
8. Umsögn frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva og Samtökum atvinnulífsins (6. júní 2011).
9. Umsögn frá Landssambandi smábátaeigenda (6. júní 2011).
10. Umsögn frá Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda (6. júní 2011).
11. Umsögn frá Samtökum íslenskra fiskimanna (6. júní 2011).
12. Umsögn frá Sjómannasambandi Íslands (3. júní 2011).

1711. Lög [348. mál]

um rannsóknarnefndir.

(Afgreidd frá Alþingi 9. júní 2011.)

Skipun rannsóknarnefndar.

1. gr.

Forseti Alþingis skipar rannsóknarnefnd ef Alþingi samþykkir ályktun þar um til þess að rannsaka mikilvæg mál sem almenning varða.

Í tillögu til ályktunar skal kveðið á um hvað rannsaka á, hvernig haga skal rannsókninni og um fjölda nefndarmanna. Ef tillaga um skipan rannsóknarnefndar kemur ekki frá þeirri þingnefnd sem fer með eftirlit Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu skal vísa henni til þeirrar nefndar til athugunar og skal nefndin gefa þinginu álit sitt um hana áður en greidd eru atkvæði um tillöguna við síðari umræðu.

2. gr.

Rannsóknarnefnd skal skipuð a.m.k. þremur nefndarmönnum. Heimilt er þó að fela einum einstaklingi rannsókn máls ef rök mæla með því. Forseti Alþingis velur formann og afmarkar umboð nefndarinnar, hvort tveggja í samráði við forsætisnefnd og að fengnum tillögum þeirrar nefndar sem fer með eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Formaður rannsóknarnefndar skal vera lögfræðingur. Fari einn maður með rannsókn máls skal hann enn fremur vera lögfræðingur. Hann skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, en að undanskildum ákvæðum um hámarksaldur, sbr. 5. mgr. 31. gr. sömu laga.

Sé rannsóknarnefnd falið að meta lögfræðileg atriði sem geta varpað ljósi á það hvort einstaklingar skuli sæta ábyrgð skulu nefndarmenn vera þrír hið minnsta.

3. gr.

Forseti Alþingis skal tryggja rannsóknarnefnd þann mannafla, sérfræðiaðstoð og aðbúnað sem er nauðsynlegur við rannsóknina.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er heimilt að ráða starfsmenn til starfa hjá rannsóknarnefnd án auglýsingar. Lögin gilda að öðru leyti um réttindi og skyldur starfsmannanna.

Kostnaður af starfi rannsóknarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

Sjálfstæði og hæfi nefndarmanna.

4. gr.

Rannsóknarnefnd er í störfum sínum óháð fyrirmælum frá öðrum, þar með talið Alþingi. Skulu nefndarmenn jafnframt vera óhlutdrægir og óvilhallir gagnvart þeim stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og öðrum sem nefndin hefur til athugunar. Sama á við um starfsmenn og aðstoðarmenn rannsóknarnefndarinnar að öðru leyti. Rannsóknarnefnd sker úr um hæfi starfsmanna nefndarinnar.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna og starfsmanna fer eftir sömu reglum og fram koma í 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ber nefndarmanni að víkja sæti að því marki sem hann tengist einstaklingi, stofnun eða einkafyrirtæki sem rannsókn nefndarinnar beinist að.

Nú verður ágreiningur um sérstakt hæfi nefndarmanns og sker þá rannsóknarnefnd úr, sbr. 5. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Til forseta Alþingis verður skotið ágreiningi um almennt hæfi nefndarmanns.

Verkefni rannsóknarnefnda.

5. gr.

Verkefni rannsóknarnefndar skal skýrt afmarkað í umboði hennar, sbr. 1. mgr. 2. gr.

Meginhlutverk rannsóknarnefndar er að afla upplýsinga og gera grein fyrir málsatvikum í tilteknu máli, sbr. 1. mgr. 1. gr., en einnig getur nefndin í skýrslu sinni gert tillögu um breytingu á lögum, reglugerðum eða stjórnsýsluframkvæmd eftir því sem rannsóknin gefur tilefni til.

Rannsóknarnefnd má fela að meta lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á það hvort grundvöllur sé fyrir því að einstaklingar eða lögaðilar skuli sæta ábyrgð. Skal nefndin þá fjalla um það í skýrslu sinni.

Vakni grunur við rannsókn nefndarinnar um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað tilkynnir hún ríkissaksóknara um það og tekur hann ákvörðun um hvort rannsaka beri málið í samræmi við lög um meðferð sakamála.

Ef nefndin telur að ætla megi að opinber starfsmaður hafi gerst brotlegur við starfsskyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eða ákvæðum annarra laga sem gilda um störf hans skal hún tilkynna viðkomandi forstöðumanni þar um og hlutaðeigandi ráðuneyti.

Ekki er skylt að gefa viðkomandi kost á að tjá sig sérstaklega um þá ákvörðun rannsóknarnefndar að senda mál til ríkissaksóknara eða tilkynna það forstöðumanni eða ráðuneyti, sbr. 4. og 5. mgr.

Rannsóknarnefnd skal aðeins meta lögfræðileg atriði til að varpa ljósi á hvort grundvöllur sé fyrir því að ráðherrar sæti ábyrgð ef Alþingi fer sérstaklega fram á álit nefndarinnar um það efni. Skal slík beiðni þá skýrt afmörkuð í umboði nefndarinnar.

Skipan rannsóknarnefndar sem ætlað er að fjalla um störf ráðherra, sbr. 7. mgr., hefur sömu réttaráhrif og kosning rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til athugunar á störfum ráðherra, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

Framkvæmd rannsóknar.

6. gr.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar. Rannsóknarnefnd metur sjálf hvort fundir nefndarinnar séu opnir eða lokaðir. Rannsóknarnefnd skal færa gerðabók á fundum sínum.

Rannsóknarnefnd skal leitast við að upplýsa mál eins vel og unnt er. Nefndin ákveður sjálf, innan þess ramma sem umboð hennar og lög þessi leyfa, hvernig framkvæmd rannsóknar skal hagað með það að markmiði að mál það sem til athugunar er verði sem best upplýst. Nefndin kallar í því skyni eftir þeim upplýsingum um málið sem hún telur nauðsynlegar.

Við ákvarðanir nefndarinnar um framkvæmd rannsóknarinnar ræður afl atkvæða úrslitum mála. Verði ágreiningur um einstök atriði í niðurstöðum hennar geta einstakir nefndarmenn gert sérstaklega grein fyrir afstöðu sinni í bókun.

Öflun gagna og upplýsinga.

7. gr.

Sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, er skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té gögn sem hún fer fram á. Með gögnum er m.a. átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga, álit sérfræðinga og önnur gögn sem nefndin óskar eftir í þágu rannsóknarinnar, hvort sem þau eru prentuð (skrifleg) eða á rafrænu formi.

Sömu aðilum og greinir í 1. mgr. er jafnframt skylt að verða við óskum rannsóknarnefndar um að skýra skriflega frá athöfnum sínum og svara skriflega fyrirspurnum hennar.

Skylt er að verða við kröfu rannsóknarnefndar um afhendingu gagna og að veita upplýsingar þótt þær séu háðar þagnarskyldu. Sama gildir um upplýsingar sem óheimilt er að lögum að veita fyrir dómi nema með samþykki ráðherra, forstöðumanns eða annars yfirmanns viðkomandi, jafnt hjá hinu opinbera sem einkafyrirtæki.

Lögmaður, endurskoðandi eða annar aðstoðarmaður verður þó ekki krafinn upplýsinga, sem honum hefur verið trúað fyrir út af rannsókn nefndarinnar, nema með leyfi þess sem í hlut á. Ákvæði a- og b-liðar 2. mgr., 3. mgr. og 4. mgr. 119. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, gilda enn fremur um upplýsingagjöf þeirra sem þar eru tilgreindir. Dómari sker úr um upplýsingaskyldu þeirra og verður mál af því tagi rekið skv. 5. mgr. þessarar greinar.

Nú verður ágreiningur um afhendingu gagna, skýringa eða skriflegra svara, sbr. 1.–3. mgr., og getur rannsóknarnefnd þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms á grundvelli XV. kafla laga um meðferð sakamála. Lögregla skal veita nefndinni liðsinni við að framfylgja slíkum dómsúrskurði. Heimilt er að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar innan þriggja sólarhringa frá uppkvaðningu hans.

Í þágu rannsóknar er rannsóknarnefnd heimilt að beita ákvæði 73. gr. laga um meðferð sakamála til að varna því að gögnum sé fargað og skal lögregla framfylgja þeirri ákvörðun.

Rannsóknarnefnd á frjálsan aðgang að öllum starfsstöðvum stjórnvalda og til rannsókna á aðstæðum í þágu þess verkefnis sem henni hefur verið falið. Starfsmenn stjórnvalda og þeir aðilar sem rannsókn tekur til, sbr. 3. og 7. mgr. 5. gr., skulu láta rannsóknarnefnd í té alla nauðsynlega aðstoð vegna starfa hennar.

8. gr.

Rannsóknarnefnd getur kallað einstaklinga til skýrslugjafar og skulu þeir sem gefa skýrslu segja satt og rétt frá fyrir nefndinni. Formaður stýrir skýrslutökum en getur falið öðrum nefndarmanni það. Þá getur hann falið starfsmanni nefndarinnar eða öðrum er vinna að rannsókninni að beina spurningum að þeim sem gefur skýrslu. Taka skal upp á hljóð- eða myndband það sem fram fer við skýrslutöku eða varðveita það með öðrum tryggilegum hætti.

Ef þeir sem kallaðir eru fyrir rannsóknarnefnd til skýrslutöku verða ekki við ósk nefndarinnar þar um getur nefndin óskað þess að héraðsdómari kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni telji hún það nauðsynlegt í þágu rannsóknar málsins. Um kvaðningu og skýrslugjöf og aðra framkvæmd skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Ákveða má að skýrsla sé gefin fyrir luktum dyrum.

Vernd uppljóstrara.

9. gr.

Óheimilt er að láta einstakling gjalda þess ef hann veitir í góðri trú rannsóknarnefnd upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir rannsóknina.

Undir 1. mgr. fellur sú háttsemi að rýra réttindi, segja upp samningi, slíta honum eða láta einstakling gjalda þess á annan hátt að hann hafi látið rannsóknarnefnd í té upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir rannsókn. Séu leiddar líkur að því skal gagnaðili sýna fram á að ákvörðun sé reist á öðrum forsendum en þeim að hann hafi veitt rannsóknarnefnd upplýsingar.

Ef einstaklingur hefur frumkvæði að því að láta rannsóknarnefnd í té upplýsingar eða gögn sem tengjast stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, opinberri stofnun, fyrirtæki, móður- eða dótturfyrirtæki þess eða fyrirtækjum sem það er í viðskiptum við eða stjórnendum þeirra og óskar eftir því að hann sæti ekki ákæru, þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að refsiverðu broti hans sjálfs, er rannsóknarnefnd heimilt að óska eftir því við ríkissaksóknara að hann ákveði að hlutaðeigandi sæti ekki ákæru. Ef um opinberan starfsmann er að ræða getur rannsóknarnefnd, af sama tilefni, óskað eftir því við forstöðumann eða ráðuneyti að hlutaðeigandi verði ekki látinn sæta viðurlögum vegna brota á starfsskyldum.

Skilyrði ákvörðunar skv. 3. mgr. eru að upplýsingar eða gögn tengist refsiverðu broti í opinberri stjórnsýslu eða broti á opinberum starfsskyldum og talið sé líklegt að þessar upplýsingar eða gögn geti haft verulega þýðingu fyrir rannsókn nefndarinnar samkvæmt lögum þessum eða séu mikilvæg viðbót við fyrirliggjandi sönnunargögn. Ef upplýsingar eða gögn tengjast refsiverðu broti er jafnframt skilyrði fyrir beitingu þessarar heimildar að rökstuddur grunur sé uppi um það að mati ríkissaksóknara að upplýsingar eða gögn tengist alvarlegu broti, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til að ætla að án þeirra muni reynast torvelt að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir broti.

Réttarstaða einstaklinga fyrir rannsóknarnefnd.

10. gr.

Sá sem til rannsóknar er, sbr. 3. og 7. mgr. 5. gr., á rétt á aðstoðarmanni að eigin vali á öllum stigum rannsóknar. Ef rök mæla sérstaklega með því getur nefndin ákveðið að kostnaður við störf aðstoðarmanns skuli greiddur af nefndinni. Ákvörðun nefndarinnar þar um má kæra til forseta Alþingis innan þriggja vikna frá því að hún var kunngjörð þeim sem í hlut á.

Sá sem til rannsóknar er, sbr. 3. og 7. mgr. 5. gr., skal, á meðan það ekki skaðar rannsóknarhagsmuni, hafa aðgang að gögnum málsins og vera upplýstur um þau atriði sem til skoðunar eru hjá nefndinni hvað hann varðar og teljast mikilvæg fyrir mál hans. Heimilt er

að takmarka aðgang að gögnum ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, enda vegi þeir hagsmunir sem mæla með því að upplýsingunum sé haldið leyndum þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnunum.

Að skýrslutöku og gagnaöflun lokinni skal þeim sem til rannsóknar er og ætla má að sætt geti ábyrgð, sbr. 3. og 7. mgr. 5. gr., gert kleift að tjá sig um þá málavexti og lagatúlkun sem rannsóknarnefnd íhugar að fjalla um í skýrslu sinni. Nefndin veitir viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði.

Skylda til afhendingar gagna og til að láta af hendi upplýsingar og svör, sbr. 7. gr., og til að láta af hendi upplýsingar við skýrslugjöf, sbr. 8. gr., er þó ekki fyrir hendi ef ætla má að í henni geti falist játning eða bending um að sá sem beðinn er um að afhenda gögnin eða láta af hendi upplýsingar hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Sama á við ef ætla má að afhending gagna eða veiting upplýsinga hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern þann sem tengist viðkomandi með þeim hætti sem segir í 1. og 2. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Gögn sem ráðherra eða starfsmaður stjórnsýslu hefur útbúið um störf sín verða þó ekki undanþegin afhendingu.

Ekki er heimilt að nota upplýsingar sem einstaklingur hefur veitt nefndinni sem sönnunargagn í sakamáli sem höfðað er gegn honum.

Ef maður lætur af ásetningi rannsóknarnefnd í té rangar eða villandi upplýsingar samkvæmt fyrirmælum laga þessara fer um refsingu fyrir slík brot skv. 145. og 146. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Um slík mál skal fara samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Þagnarskylda.

11. gr.

Þagnarskylda skv. 18. gr. laga nr. 70/1996, sbr. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hvílir á nefndarmönnum og öðrum er vinna að rannsókn um þær upplýsingar sem nefndinni berast og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt nefndin hafi lokið störfum. Rannsóknarnefnd er þó heimilt að afhenda upplýsingar og gögn til sérfræðilegra ráðgjafa í þeim mæli sem nauðsynlegt er. Sama á við ef nefndin telur afhendingu slíkra upplýsinga nauðsynlega vegna gagnkvæmrar miðlunar upplýsinga og samstarfs við aðila erlendis sem sinna hliðstæðum rannsóknum og nefndin. Afhendi nefndin upplýsingar á grundvelli þessara heimilda hvílir þagnarskylda á þeim sem fær gögnin afhent.

Ákvæði 1. mgr. skal ekki standa því í vegi að rannsóknarnefnd geti birt upplýsingar sem annars væru háðar þagnarskyldu ef nefndin telur slíkt nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður sínar. Nefndin skal þó því aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.

Upplýsingagjöf nefndar á starfstíma.

12. gr.

Rannsóknarnefnd ákveður sjálf hvaða upplýsingar eða tilkynningar hún birtir opinberlega um störf sín þar til hún hefur skilað lokaskýrslu sinni. Sama gildir um aðgang að gögnum sem nefndin aflar.

Rannsóknarnefnd getur veitt forseta Alþingis upplýsingar um framgang rannsóknarinnar meðan á henni stendur og getur forseti í tilefni af slíkri upplýsingagjöf og að höfðu samráði við forsætisnefnd gert Alþingi grein fyrir fram komnum upplýsingum ef æskilegt þykir.

Óheimilt er að veita aðgang að gögnum frá opinberum stofnunum sem rannsóknarnefnd hefur fengið afhent við rannsókn nema með samþykki nefndarinnar.

Skýrsla og starfslok rannsóknarnefndar.

13. gr.

Rannsóknarnefnd skilar forseta Alþingis skriflegri skýrslu með rökstuddum niðurstöðum rannsóknar sinnar þegar henni er lokið. Rannsóknarnefnd getur ákveðið að skila sérstökum skýrslum um einstaka hluta rannsóknarinnar eða áfangaskýrslum og skal haga meðferð þeirra á sama hátt og lokaskýrslu.

Forseti skal þegar í stað senda þeirri nefnd Alþingis sem fer með eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu lokaskýrslu nefndarinnar sem tekur ákvörðun um hvort hún skuli strax tekin til efnislegrar meðferðar í nefndinni eða að lokinni umræðu í þinginu. Skal nefnd sú sem fer með eftirlitshlutverk Alþingis að lokinni umfjöllun um skýrsluna gefa þinginu álit sitt um hana og leggja fram tillögur um úrvinnslu og meðferð niðurstaðna hennar.

Með birtingu lokaskýrslu lýkur störfum rannsóknarnefndarinnar.

Að rannsókn nefndarinnar lokinni skulu gögn, sem aflað hefur verið við rannsóknina, færð Þjóðskjalasafni Íslands. Um aðgang að þeim fer samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga og laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

Lagatengsl, gildistaka o.fl.

14. gr.

Ákvæði upplýsingalaga og ákvæði 18.–21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda ekki á meðan rannsóknarnefnd er að störfum. Sama gildir um ákvæði stjórnsýslulaga, nema sérstaklega sé til þeirra vísað í þessum lögum. Ekki er unnt að bera fram kvörtun um störf nefndarinnar við umboðsmann Alþingis.

Þegar rannsóknarnefnd hefur lokið störfum skulu þeir sem rannsókn hefur beinst að njóta réttinda samkvæmt ákvæðum 18.–21. gr. laga nr. 77/2000 og 9. gr. upplýsingalaga, enda hafi ákæruvaldið ekki tekið mál viðkomandi til meðferðar sem sakamál. Fer þá um rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt ákvæðum laga um meðferð slíkra mála. Um réttindi annarra til aðgangs að gögnum rannsóknarnefndar, þar á meðal þeirra sem hafa komið fyrir rannsóknarnefnd, veitt upplýsingar eða rannsóknarnefnd hefur aflað upplýsinga um, fer skv. 4. mgr. 13. gr. að gættum ákvæðum 18. og 21. gr. laga nr. 77/2000.

15. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Allsherjarnefnd fer með verkefni þingnefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Skal allsherjarnefnd fjalla um tillögur um skipun rannsóknarnefnda, leggja mat á og gera tillögu til Alþingis um hvenær rétt er að skipa rannsóknarnefnd, svo og eftir atvikum að taka skýrslur slíkrar nefndar til umfjöllunar, gefa þinginu álit sitt um þær og gera tillögur um frekari aðgerðir þingsins.

II.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða I skal forseti Alþingis, samkvæmt þingsályktun frá 17. desember 2010, skipa rannsóknarnefnd til þess að rannsaka starfsemi Íbúðalánasjóðs. Um störf nefndarinnar fer að öðru leyti eftir lögum þessum.

1712. Frumvarp til laga [382. mál]

um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

(Eftir 2. umr., 9. júní.)

1. gr.
Markmið og hlutverk.

Með stofnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða skal stuðlað að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón um land allt. Þá skal með fjármagni úr sjóðnum leitast við að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsótta ferðamannastaði.

Fjármagni úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða skal varið til:

1. Uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum sem eru í eigu opinberra aðila eða á náttúruverndarsvæðum.
2. Framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila jafnt sem einkaaðila.

Framkvæmdasjóði ferðamannastaða er heimilt að fjármagna undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna framkvæmda skv. 2. mgr. en sjóðnum er ekki heimilt að bera rekstrarkostnað mannvirkja, náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða.

2. gr.
Stjórn.

Iðnaðarráðherra skipar fjóra fulltrúa í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til tveggja ára í senn. Skulu tveir skipaðir eftir tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar, einn eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður.

Stjórn sjóðsins skal árlega gera tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum. Tillögur stjórnar skulu rúmast innan hlutverks sjóðsins eins og það er skilgreint í 1. gr. Við vinnslu tillagna skal stjórn sjóðsins jöfnum höndum auglýsa eftir umsóknum um framlög og hafa frumkvæði að öflun upplýsinga frá yfirvöldum umhverfismála og öðrum hagsmunaaðilum um þörf á framkvæmdum sem falla undir gildissvið laga þessara.

3. gr.
Tekjur.

Árlegar tekjur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða eru:

1. Framlag ríkissjóðs sem nemur ⅗ af farþegagjaldi og gistináttagjaldi.
2. Vextir af fé sjóðsins.
3. Aðrar tekjur.

4. gr.
Framkvæmd.

Ráðherra tekur ákvörðun um einstakar úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á grundvelli tillagna stjórnar.

Að jafnaði skal úthluta úr sjóðnum tvisvar á ári en þó er heimilt að víkja frá því ef brýna þörf ber til. Upplýsingar um úthlutanir úr sjóðnum skal birta opinberlega.

5. gr.
Varsla, reikningshald og endurskoðun.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða skal vera í vörslu Ferðamálastofu sem annast rekstur sjóðsins, þ.m.t. framkvæmd úthlutana úr sjóðnum, uppgjör, bókhald og gerð ársreikninga.

Við úthlutanir úr sjóðnum skulu framlög greidd til verkefna eftir framgangi þeirra.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga hans.

6. gr.
Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í reglugerð.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Iðnaðarráðherra skal standa fyrir mati á framkvæmd laganna sem ljúka ber fyrir árslok 2013. Hafa skal samráð við umhverfisráðherra og helstu hagsmunasamtök í ferðaþjónustu og umhverfismálum við þá vinnu.

1713. Lög [707. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum (hreindýraveiðar).

(Afgreidd frá Alþingi 9. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1481.

1714. Svar [795. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur um eftirlit með greiðslukortafærslum.

Við undirbúning þessa svars var leitað upplýsinga hjá Seðlabanka Íslands.

1. *Fer fram eftirlit í Seðlabanka Íslands með erlendum færslum á íslensk greiðslukort? Ef svo er, á hvaða lagagrundvelli fer slíkt eftirlit fram og hver eru rökin fyrir eftirlitinu?*

Já, Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með erlendum færslum á íslensk greiðslukort.

Slíkt eftirlit er í samræmi við lög nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Í 14. gr. laganna er kveðið á um að skylt sé að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti

sem hann kann að óska eftir. Auk þess segir í 15. gr. e sömu laga að í tengslum við rannsókn mála sé Seðlabanka Íslands heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Seðlabankans. Jafnframt segir í 15. gr. laganna að í tengslum við athuganir tiltekinna mála sé Seðlabanka heimilt að afla upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

Rétt er að geta þess að samkvæmt ákvörðun Persónuverndar frá 3. mars sl. í máli nr. 2010/610, styðst vinnsla Seðlabankans á persónuupplýsingum í þágu gjaldeyriseftirlitsins við fullnægjandi lagaheimildir.

Rökin fyrir eftirlitinu eru eftirfarandi:

1. Að hafa eftirlit með því að notkun greiðslukorta og útflæði erlends gjaldeyris vegna þeirra sé í samræmi við lög og reglur um gjaldeyrismál, þ.e. að greitt sé fyrir vöru- og þjónustu.
2. Eftirlitinu er ætlað að bera kennsl á og hindra sniðgöngu, enda er ljóst að þennan greiðslumiðil er unnt að nota í þeim tilgangi. Hefur eftirlit Seðlabankans leitt í ljós fjölmörg dæmi notkunar greiðslukorta, bæði á vegum korthafa og söluaðila, einstaklinga og fyrirtækja, sem gefa tilefni til gruns um ítrekuð og langvarandi brot er varða umtalsverðar fjárhæðir, hvort sem horft er til reiðufjárúttekta úr bönkum/hraðbönkum eða úttekt hjá söluaðilum, óháð fjárhæðum.
3. Að mati Seðlabankans eru það helst tvær leiðir sem færar eru til að draga úr líkum á sniðgöngu. Annars vegar sérstakar takmarkanir á notkun greiðslukorta erlendis. Slíkt hefði í för með sér víðtæk og neikvæð áhrif á möguleika fyrirtækja og einstaklinga til viðskipta utan Íslands. Svo að slíkar takmarkanir samræmdust markmiðum reglna um gjaldeyrismál þyrftu þær að byggja á aðstæðum hvers og eins korthafa/greiðanda og mundu fjárhæðarmörk ein og sér ekki tryggja slíkt samræmi. Eins væri það afar flókið í framkvæmd, ef þá mögulegt, ef vel á að vera svo að ónauðsynleg óþægindi hlytust ekki af. Hins vegar að viðhafa virkt eftirlit með notkun þessa greiðslumiðils sem er sú leið sem Seðlabankinn hefur kosið að fara.

2. Er eftirlitið bundið við lágmarksfjárhæð og ef svo er, hver er hún?

Nei, eftirlitið er ekki bundið við lágmarksfjárhæð. Með hliðsjón af reynslu Seðlabankans við eftirlit er það mat bankans að slíkt skilyrði mundi draga svo mjög úr gæðum eftirlitsins að bankinn teldi sig ekki vera að sinna, með fullnægjandi hætti, því lögboðna eftirlitshlutverki sem honum er falið. Þá getur Seðlabankinn ekki gefið það út að sniðganga upp að tilteknu fjárhæðarmarki sé heimil.

Athygli er vakin á því að Seðlabankinn hefur haldið fundi með færsluhirðum greiðslukorta þar sem farið hefur verið yfir möguleika til eftirlits, bæði fyrir og eftir að gagnaöflun Seðlabankans hófst. Eftirlit sem miðar að því að greina sniðgöngu fer fram hjá Seðlabankanum í dag. Í skoðun er hvort unnt sé að hluti þess (forgreining gagna) fari fram hjá færsluhirðum.

1715. Svar [798. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um Maastricht-skilyrði.

1. *Uppfyllir Ísland verðbólguþátt Maastricht-skilyrðanna? Ef ekki, er þá stefnt að því og með hvaða hætti?*

Samkvæmt Maastricht-skilyrðunum skal verðbólga ekki vera meiri en 1,5 prósentustigum yfir meðaltali verðbólgu árið áður í þeim þremur aðildarríkjum Evrópusambandsins þar sem hún mældist minnst. Árshækkun samræmdrar vísitölu neysluverðs (HCPI) á Íslandi var í apríl 3,1%, en meðaltalsverðbólga, eða öllu heldur verðhjöðnun, árið 2010 var -2,1% í þeim þremur ESB-ríkjum þar sem verðbólga var minnst. Ísland var því töluvert frá því að uppfylla skilyrðið árið 2010.

Markmið Seðlabanka Íslands um stöðugt verðlag miðar við 2,5% verðbólgu á tólf mánuðum. Framkvæmdastjórn ESB spáir 3% verðbólgu á Íslandi árið 2011. Á sama tíma er því spáð að verðbólga verði 1,63% í þeim þremur ríkjum ESB þar sem hún er minnst. Gangi þetta eftir næst skilyrðið með tilliti til ársins 2011.

2. *Uppfyllir Ísland langtímastýrivaxtaþátt Maastricht-skilyrðanna? Ef ekki, er þá stefnt að því og með hvaða hætti?*

Ekkert Maastricht-skilyrðanna varðar stýrivexti. Samkvæmt Maastricht-skilyrðunum skulu langtímavextir ekki vera hærri en 2 prósentustigum umfram vexti í þeim þremur aðildarríkjum ESB þar sem vextir eru lægstir. Langtímavextir skuldabréfa ríkissjóðs (10 ára) voru að meðaltali 6,5% árið 2010. Í þeim þremur ríkjum ESB þar sem verðbólga var lægst 2010 voru vextir að meðtali 7,35%. Vextir á Íslandi hefðu því mátt vera 9,35% árið 2010 en voru nærri 3 prósentustigum lægri en svo.

Ef staðan væri tekin nú væri miðað við vexti í Tékklandi, Írlandi og Svíþjóð. Meðallangtímavextir í þeim þremur ríkjum eru 5,8%. Vaxtaviðmið Maastricht-skilyrða væri því 7,8%. Langtímavextir ríkissjóðs eru hins vegar nú um 7,3%.

3. *Hver hefur afkoma af rekstri ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu verið árin 2000–2010?*

Tekjuafgangur / -halli % af vergri landsframleiðslu.

Ár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
%	1,7	-0,7	-2,6	-2,8	0	4,9	6,3	5,4	-13,5	-10	-7,8

Heimild: Hagstofa Íslands

4. *Uppfyllir Ísland þátt Maastricht-skilyrðanna um afkomu af rekstri ríkissjóðs? Ef ekki, er þá stefnt að því og með hvaða hætti?*

Samkvæmt Maastricht-skilyrðunum skal halli af rekstri ríkissjóðs ekki vera meiri en 3% sem hlutfall af vergri landsframleiðslu í lok ársins á undan. Ef svo er ekki þarf hlutfallið að hafa lækkað jafnt og þétt í átt að 3%. Stjórnvöld stefna að jákvæðum frumjöfnuði ríkissjóðs árið 2011 og að árið 2013 verði heildarafkoma ríkissjóðs jákvæð. Halli af rekstri ríkissjóðs er talinn hafa verið 5,4% árið 2010, samkvæmt skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 6. júní sl., en í þeirri tölu er stuðst við skilgreiningu AGS á skuldum hins opinbera. Í skýrslunni er því spáð að hallinn verði 3,3% í lok árs 2011 og 0,5% í lok árs 2012, en að afkoma ríkissjóðs

verði orðin jákvæð um 2,2% árið 2013. Gangi spáin eftir verður skilyrðinu náð í lok árs 2012, eða fyrr sé tekið tillit til lækkunar hlutfallsins úr 13,5% í 3,3% frá lokum árs 2008 til loka árs 2011.

5. *Hverjar hafa skuldir hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu verið árin 2000–2010?*

Skuldir hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Ár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
%	73	75	72	71	64,5	52,6	57,4	53,3	102	120	120,2

Heimild: Hagstofa Íslands

Í Maastricht-skilyrðunum er hins vegar gert ráð fyrir heildarskuldum hins opinbera án viðskiptaskulda og lífeyrisskuldbindinga. Í eftirfarandi töflu hafa þessir tveir þættir verið fjarlægðir:

Skuldir hins opinbera án viðskiptaskulda og lífeyrisskuldbindinga sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Ár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
%	38,5	43,9	40,8	39,6	34,2	25,3	30	28,5	70,2	88,1	89,4

Heimild: Hagstofa Íslands

6. *Uppfyllir Ísland þátt Maastricht-skilyrðanna um opinberar skuldir sem hlutfall af vergri landsframleiðslu? Ef ekki, er þá stefnt að því og með hvaða hætti?*

Samkvæmt Maastricht-skilyrðunum skulu skuldir hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs og sveitarfélaga, ekki vera hærri en sem nemur 60% af vergri landsframleiðslu í lok ársins á undan. Ef svo er ekki þarf hlutfallið að hafa minnkað og stefna í 60% á ásættanlegum hraða.

Skuldir hins opinbera námu um 92,6% af vergri landsframleiðslu í lok árs 2010 samkvæmt áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem notar annan mælikvarða en Hagstofan. Í spá sjóðsins frá 6. júní sl. er gert ráð fyrir að hlutfallið hækki í 100,1% árið 2011, en taki svo að lækka í 94,6% í lok árs 2012, 90,3% í lok árs 2013, 83,8% 2014, 78,9% 2015 og loks 71,3% í lok árs 2016. AGS notar ekki sama mælikvarða á opinberar skuldir og gert er samkvæmt Maastricht-skilyrðunum.

Ef spá AGS um 23% lækkun skuldahlutfalls hins opinbera frá lokum árs 2010 til loka árs 2016 er notuð sem viðmið má áætla gróflega að skuldir samkvæmt Maastricht-skilyrðunum lækki úr 89,4% af vergri landsframleiðslu í 68,8% frá 2010 til 2016. Samkvæmt því næst markmið um skuldir ríkissjóðs ekki á spátímanum, en sé tekið tillit til lækkunar hlutfallsins úr 89,4% í 68,8% frá lokum árs 2010 til loka árs 2016 má telja hraða lækkunar skulda viðunandi.

7. *Uppfyllir Ísland þær kröfur sem gerðar eru til að öðlast aðild að gengissamstarfi Evrópu (ERM II)? Ef ekki, er þá stefnt að því og með hvaða hætti?*

Engar kröfur eru gerðar um aðild að ERM II aðrar en aðild að Evrópusambandinu. Ísland er ekki aðili að ESB, en sótti um aðild 16. júlí 2009 og hófust aðildarviðræður formlega 27. júlí 2010. Við aðild að sambandinu gæti Ísland sótt um aðild að ERM II. Aðildarríki þurfa að vera í tvö ár í ERM II gengissamstarfinu með viðunandi árangri áður en upptaka evru er möguleg.

1716. Svar [854. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um samskipti Seðlabanka Íslands við Moody's.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver voru samskipti Seðlabankans við matsfyrirtækið Moody's frá 23. febrúar til 9. apríl sl.?

Við undirbúning þessa svars var leitað upplýsinga hjá Seðlabanka Íslands.

Febrúar 2011.

Matsfyrirtækið Moody's gaf út álit dagsett 23. febrúar sem bar titilinn „Iceland: Outcome of Referendum on Icesave Likely to Impact sovereign Raitings". Í kjölfarið urðu nokkur samskipti milli Seðlabanka Íslands og Moody's um álitið og fyrirkomulag væntanlegrar þjóðaratkvæðagreiðslu.

Mars 2011.

Í fyrstu viku marsmánaðar áttu sér stað samtöl milli Seðlabanka Íslands og Moody's í tengslum við endurmat á eignum þrotabús Landsbankans.

Hinn 18. mars fór fram símafundur á milli Moody's, framkvæmdastjóra hjá Seðlabanka Íslands, lögmanni Landslaga og skrifstofustjóra efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Á fundinum var farið m.a. yfir helstu þætti Icesave-málsins og líklega framvindu þess í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu hvort sem um „já" eða „nei" niðurstöðu yrði að ræða. Í framhaldi var sent svar við fyrirspurn Moody's um málið.

Apríl 2011.

Hinn 4. apríl var haldinn símafundur milli tveggja sérfræðinga hjá Seðlabanka Íslands og Moody's til að fara yfir stöðu mála varðandi efnahagsáætlun og þjóðaratkvæðagreiðslu og gera drög að fundi með Moody's í tengslum við áætlaðan vorfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington DC.

Hinn 9. apríl sendi Seðlabanki Íslands minnisblað til Moody's þar sem rakið var í stuttu máli hver líkleg áhrif yrðu á efnahagsáætlun Íslands, eftir því í hvaða farveg deilan færi. Sama dag var minnisblaðinu fylgt eftir með símtölum og í vikunni á eftir áttu sér stað fleiri samtöl, m.a. um afstöðu norrænu ríkjanna varðandi áframhaldandi lánveitingar.

Seðlabanki Íslands ber ábyrgð á samskiptum við matsfyrirtæki fyrir hönd ríkissjóðs. Starfsmenn Seðlabankans eiga í samskiptum við matsfyrirtæki í viku hverri í gegnum síma eða með tölvupósti til að fara yfir þróun efnahagsmála á Íslandi. Þá heimsækja matsfyrirtækin Ísland árlega og eiga viðræður við fulltrúa stjórnvalda, atvinnulífs og vinnumarkaðs og aðra hagsmunaaðila.

1717. Fyrirspurn [886. mál]

til forseta Alþingis um heildarkostnað við stjórnlaganefnd.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hversu mikill er heildarkostnaðurinn við stjórnlaganefnd miðað við þær áætlanir sem gerðar voru, er hann endanlegur og hvernig sundurliðast hann?

Skriflegt svar óskast.

1718. Fyrirspurn [887. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hver er formaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og hvenær var hann skipaður?
2. Hversu margir úrskurðir hafa fallið hjá nefndinni frá áramótum?
3. Hver er að meðaltali málshraðinn fyrir nefndinni og er hann í samræmi við þann fjögurra vikna frest sem mælt er fyrir um í samþykktum fyrir úrskurðarnefndina?
4. Hefur nefndin skilað ársskýrslu fyrir árið 2010 og ef ekki, er hún væntanleg?

Skriflegt svar óskast.

1719. Fyrirspurn [888. mál]

til velferðarráðherra um húsnæðiskostnað.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

1. Hversu hátt hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilis hefur húsnæðiskostnaður hérlendis verið að meðaltali árin 2000–2010, sundurliðað eftir árum? Í hverju felst sá húsnæðiskostnaður?
2. Hversu hár hefur sambærilegur kostnaður verið í grannlöndum, eins og t.d. í Noregi og Svíþjóð, á árunum 2000–2010? Og hvert hefur hlutfall hans verið af ráðstöfunartekjum í þeim löndum, sundurliðað eftir árum?
3. Liggur fyrir opinber stefna um æskilegan húsnæðiskostnað sem hlutfall af ráðstöfunartekjum eftir skatt og ef svo er, hvert er það kostnaðarhlutfall?

Skriflegt svar óskast.

1720. Breytingartillaga [783. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (slit, eftirlit og innleiðing).

Frá Álfheiði Ingadóttur.

Við bætist ný grein er verði 9. gr., svohljóðandi:

Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 2011“ í 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 1. júlí 2012.

1721. Frumvarp til laga [710. mál]

um breytingu á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda (viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir).

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laganna er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi á hagkvæman og skilvirkan hátt og að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lögin gilda um skráningu og bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda á landi og í mengunarlögsögu Íslands og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, svo og heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda frá tilteknum atvinnurekstri skv. I. og II. viðauka og flugstarfsemi skv. III. viðauka.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: *Losunarheimild:* Heimild til losunar gróðurhúsalofttegunda. Ein losunarheimild jafngildir heimild til losunar á einu tonni af koldíoxíð-ígildi á ári. Eitt tonn af koldíoxíð-ígildi samsvarar einu tonni af koldíoxíði eða því magni annarra gróðurhúsalofttegunda sem hefur sambærilegan hlýnunarmátt, sbr. töflu í IV. viðauka.
b. Við greinina bætast sex nýir töluliðir, 6.–11. tölul., svohljóðandi:
   6. *Aðili:* Einstaklingur eða lögaðili.
   7. *Flugrekandi:* Aðili sem rekur loftfar og notar það til að stunda flugstarfsemi sem tilgreind er í III. viðauka eða, ef aðilinn er óþekktur eða ekki tilgreindur af eiganda loftfars, eigandi loftfarsins.
   8. *Losunarleyfi:* Leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda sem atvinnurekstri skv. II. viðauka ber að hafa til þess að geta sótt um og fengið úthlutað losunarheimildum fyrir tímabilið 2013–2020.

9. *Mengunarlögsaga Íslands:* Hafsvæðið sem nær yfir innsævi að meðtalinni strönd að efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði, landhelgi og efnahagslögsögu, landgrunn Íslands og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.
10. *Tonnkílómetrar:* Flugvegalengd margfölduð með þyngd farms. Með flugvegalengd er átt við stórbaugslengd (e. great circle distance) milli brottfararflugvallar og komuflugvallar auk 95 km staðlaðrar viðbótar. Með þyngd farms er átt við samanlagða þyngd þess sem flutt er af farmi, pósti og farþegum.
11. *Umsjónarríki:* Ríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem ber ábyrgð á framkvæmd tilskipunar 2008/101/EB gagnvart flugrekanda.

4. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisstofnun fer með framkvæmd laga þessara, þar með talið bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda, skráningarkerfi, leyfisveitingar og eftirlit með losun koldíoxíðs frá atvinnurekstri skv. I. og II. viðauka og flugrekendum skv. III. viðauka. Umhverfisstofnun fer einnig með úthlutun losunarheimilda til flugrekenda skv. III. viðauka. Umhverfisstofnun skal vera úthlutunarnefndinni, sbr. 2. mgr., til ráðgjafar varðandi umsóknir um losunarheimildir og um annað sem nefndin óskar aðstoðar við.

5. gr.

2. og 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Skráningarkerfið heldur utan um útgáfu, handhöfn, framsal og ógildingu losunarheimilda atvinnurekstrar skv. I. og II. viðauka, flugrekenda skv. III. viðauka og annarra aðila. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um nánari útfærslu á skráningarkerfinu, skilyrði fyrir stofnun reiknings í kerfinu, hvaða upplýsingar skuli skráðar í kerfið, um samvinnu og samtengingu við önnur kerfi, rekstur kerfisins og hvernig farið skuli með útgáfu, handhöfn, flutning, ógildingu og afskráningu losunarheimilda.

Frá 1. janúar 2012 er hverjum þeim aðila sem uppfyllir sett skilyrði heimilt að stofna reikning í skráningarkerfinu og eiga losunarheimildir. Aðilum er heimilt að flytja losunarheimildir sínar á aðra reikninga í skráningarkerfum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Aðili getur hvenær sem er krafist þess að losunarheimildir á reikningi hans verði ógiltar. Þetta á þó ekki við um losunarheimildir sem atvinnurekstri skv. I. viðauka er úthlutað fyrir árin 2008–2012.

6. gr.

Á undan 7. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Losunarleyfi atvinnurekstrar.

Rekstraraðilar er stunda starfsemi sem getið er í II. viðauka skulu hafa losunarleyfi. Losunarleyfi er forsenda þess að atvinnurekstur geti sótt um og fengið úthlutað losunarheimildum fyrir tímabilið 2013–2020. Sækja ber um losunarleyfi til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun gefur út losunarleyfi innan þriggja mánaða frá því að umsókn berst ef sýnt þykir að atvinnurekstur sé fær um að vakta losun frá starfsemi sinni og gefa um hana skýrslu skv. 13. gr.

Í umsókn um losunarleyfi skal koma fram lýsing á eftirfarandi atriðum:

a. starfsstöð og starfsemi rekstraraðila, þar á meðal þeirri tækni sem notuð er,
b. hráefnum og hjálparefnum sem notuð eru í starfseminni og má ætla að valdi losun gróðurhúsalofttegunda,

c. uppsprettum gróðurhúsalofttegunda frá viðkomandi starfsstöð,
d. áætlun rekstraraðila um vöktun losunar og skýrslugjöf um hana, sbr. 13. gr.

Umsóknin skal jafnframt hafa að geyma lýsingu á almennu máli um þau atriði sem getið er í þessari málsgrein.

Í losunarleyfinu skal eftirfarandi koma fram:

a. nafn og heimilisfang rekstraraðila,
b. lýsing á starfsemi og losun frá henni,
c. skilyrði um vöktun, þ.m.t. aðferðafræði og tíðni vöktunar,
d. skilyrði um skýrsluskil,
e. ákvæði um skyldu til að skila losunarheimildum, öðrum en losunarheimildum sem gefnar eru út vegna flugstarfsemi. Skila skal losunarheimildum í samræmi við losun starfseminnar, fyrir hvert almanaksár, eins og hún hefur verið vottuð af til þess bærum aðilum. Skila skal losunarheimildum innan fjögurra mánaða frá lokum viðkomandi almanaksárs.

Endurskoða skal losunarleyfi á fimm ára fresti hið minnsta. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um vöktunaráætlun vegna losunarleyfa og þau skilyrði sem hún þarf að uppfylla.

7. gr.

Á eftir III. kafla laganna koma tveir nýir kaflar, III. kafli A, **Losunarheimildir flugrekenda,** með fimm nýjum greinum, 14. gr. a – 14. gr. e, og III. kafli B, **Gjaldtaka,** með einni nýrri grein, 14. gr. f, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (14. gr. a.)

Gildissvið kaflans.

Þessi kafli gildir um flugrekendur sem stunda flugstarfsemi sem getið er í III. viðauka, að því gefnu að viðkomandi starfsemi feli í sér lendingu eða flugtak á Evrópska efnahagssvæðinu. Kaflinn gildir þó eingöngu um flugrekanda ef Ísland telst umsjónarríki hans í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Í reglugerðinni skal mælt fyrir um niðurröðun flugrekenda á umsjónarríki í samræmi við lista sem gefinn er út árlega af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

b. (14. gr. b.)

Skylda flugrekenda til að skila inn losunarheimildum.

Flugrekendur skulu fyrir 30. apríl ár hvert standa skil á losunarheimildum í samræmi við losun frá viðkomandi flugstarfsemi á undanfarandi almanaksári samkvæmt skýrslu skv. 2. mgr. 14. gr. e.

Flugrekendum er heimilt að efna skyldur sínar skv. 1. mgr. með losunarheimildum sem hefur verið úthlutað eða hafa verið seldar á uppboði í samræmi við tilskipun 2003/87/EB.

c. (14. gr. c.)

Úthlutun losunarheimilda til flugrekenda undir umsjón íslenska ríkisins.

Á tímabilinu 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 og á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 verður losunarheimildum úthlutað endurgjaldslaust til flugrekenda í samræmi við árangursviðmið sem ráðherra skal ákveða með reglugerð fyrir 31. desember 2011. Ákvæði þeirrar reglugerðar skulu vera í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um árangursviðmið fyrir flugstarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 verður tilteknum fjölda losunarheimilda úthlutað endurgjaldslaust til flugrekenda sem hefja flugstarfsemi sem getið er í III. viðauka að loknu árinu 2010 og þeirra flugrekenda sem aukið hafa starfsemi sína í tonnkílómetrum að meðaltali um meira en 18% á ári frá árinu 2010 til ársins 2015. Úthlutun samkvæmt þessari málsgrein skal byggjast á árangursviðmiði sem ráðherra ákveður í reglugerð í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um árangursviðmið fyrir flugstarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Umsóknir um losunarheimildir skv. 1. mgr. skal senda Umhverfisstofnun fyrir 15. júní 2011. Umsóknir um losunarheimildir skv. 2. mgr. skal senda Umhverfisstofnun fyrir 30. júní 2015. Umhverfisstofnun skal taka afstöðu til umsókna innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi ákvörðun EES-nefndarinnar um árangursviðmið fyrir flugstarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu er tekin. Ráðherra setur reglugerð með nánari ákvæðum um form og efni umsókna, þar á meðal um hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn, og um málsmeðferð við afgreiðslu Umhverfisstofnunar á umsóknum.

Umhverfisstofnun úthlutar losunarheimildum fyrir 28. febrúar 2012 og eftir það fyrir 28. febrúar ár hvert á reikning viðkomandi flugrekenda í skráningarkerfinu.

d. (14. gr. d.)

Uppboð losunarheimilda.

Íslenska ríkið skal á hverju ári frá árinu 2012 bjóða upp losunarheimildir flugrekstrar í samræmi við heimildir sínar samkvæmt EES-samningnum. Ráðherra setur reglugerð um hve margar losunarheimildir verða boðnar upp af íslenska ríkinu og um tilhögun uppboðsins.

e. (14. gr. e.)

Eftirlitsáætlanir, vöktun og skýrslugerð.

Flugrekendur skulu útbúa eftirlitsáætlanir þar sem fram kemur hvernig vöktun og skýrslugerð um losun koldíoxíðs og tonnkílómetra verður háttað. Senda ber Umhverfisstofnun eftirlitsáætlanir í síðasta lagi fjórum mánuðum fyrir upphaf þess árs sem flugrekandi hyggst hefja starfsemi sem getið er í III. viðauka. Umhverfisstofnun fer yfir eftirlitsáætlanir flugrekenda í samráði við Flugmálastjórn ef þörf er á. Ef eftirlitsáætlanir uppfylla skilyrði laga þessara og reglugerðar skv. 3. mgr. ber Umhverfisstofnun að staðfesta þær innan þriggja mánaða frá því að þær berast.

Flugrekendur skulu í síðasta lagi 31. mars ár hvert skila skýrslu um losun koldíoxíðs til Umhverfisstofnunar. Skýrslan skal vottuð af óháðum aðila sem til þess er bær í samræmi við reglugerð skv. 3. mgr. Ef skýrsla flugrekanda hefur ekki verið vottuð á fullnægjandi hátt hinn 31. mars skal Umhverfisstofnun koma í veg fyrir hvers konar aðgerðir á reikningi viðkomandi flugrekanda í skráningarkerfinu skv. 6. gr. þar til fullnægjandi skýrslu hefur verið skilað.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar reglugerð með nánari ákvæðum um efni og form eftirlitsáætlana skv. 1. mgr., uppfærslu þeirra og reglulega endurskoðun, auk ákvæða um efni og form skýrslna um losun koldíoxíðs skv. 2. mgr. Í reglugerðinni skal gerð krafa um að skýrsla um losun koldíoxíðs sé vottuð af óháðum aðila sem er til þess bær samkvæmt lögum þessum.

f. (14. gr. f.)

Gjaldtaka.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir eftirfarandi:

1. Yfirferð yfir skýrslu atvinnurekstrar um losun koldíoxíðs og afgreiðslu umsókna um losunarleyfi atvinnurekstrar.
2. Afgreiðslu umsókna flugrekenda um losunarheimildir, staðfestingu eftirlitsáætlana flugrekenda og yfirferð yfir skýrslu flugrekenda um losun koldíoxíðs.
3. Gjald sem atvinnurekstur, flugrekendur og aðrir aðilar sem eiga reikning í skráningarkerfinu skv. 6. gr. skulu greiða.

Upphæð gjalda samkvæmt þessari grein skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggjast á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalda byggist á og mega gjöldin ekki vera hærri en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld þessi má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisstofnun leggur stjórnvaldssektir á atvinnurekstur og flugrekendur sem er skylt að eiga losunarheimildir og hafa ekki lagt inn nægjanlegar heimildir á lokareikning fyrir 1. maí hvert ár vegna næstliðins árs. Skal sektin nema sem svarar 100 evrum í íslenskum krónum vegna hverrar losunarheimildar sem upp á vantar í samræmi við skýrslu um losun koldíoxíðs frá atvinnurekstri þess árs, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr. Sektir samkvæmt þessari grein renna í ríkissjóð.

Umhverfisstofnun er heimilt að ákvarða sektir allt að 100.000 kr. á dag ef atvinnurekstur sinnir ekki skyldu um skil á skýrslu skv. 13. gr. eða ef flugrekandi sinnir ekki skyldu um skil á skýrslu skv. 14. gr. e.

9. gr.

Við lögin bætast fimm ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Starfandi atvinnurekstur sem fellur undir lög þessi skv. II. viðauka skal sækja um losunarleyfi skv. 6. gr. a í síðasta lagi 15. júní 2011.

b. (II.)

Starfandi flugrekendur sem falla undir lög þessi skulu í síðasta lagi 15. júní 2011 skila skýrslu um losun koldíoxíðs til Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 14. gr. e.

c. (III.)

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð heimild til undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. 14. gr. e að því er varðar frest til að senda Umhverfisstofnun eftirlitsáætlanir og skýrslu um losun koldíoxíðs. Eingöngu skal heimilt að veita slíka undanþágu í tilvikum þar sem flugrekandi hefur ekki sinnt skyldu varðandi eftirlitsáætlanir og skýrsluskil vegna atvika eða ástæðna sem ekki eru á hans valdi eða vegna atvika sem upp komu fyrir setningu laga þessara.

d. (IV.)

Ef flugrekandi sem fellur undir umsjón íslenska ríkisins hefur sent lögbæru yfirvaldi annars ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins eftirlitsáætlanir og þær hafa hlotið staðfestingu í samræmi við ákvæði tilskipunar 2003/87/EB, með síðari breytingum, fyrir 31. desember 2010 skal Umhverfisstofnun staðfesta slíkar áætlanir. Er flugrekanda þá ekki skylt að skila áætlun skv. 14. gr. e. Flugrekandi sem sendi eftirlitsáætlun, skv. 1. mgr. 14. gr. e, til lögbærs yfirvalds annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu árið 2010 skal einnig senda skýrslu um losun fyrir árið 2010, skv. 2. mgr. 14. gr. e, og umsókn um losunarheimildir, skv. 3. mgr. 14. gr. e, til þess sama stjórnvalds árið 2011.

e. (V.)

Til 31. desember 2012 telst losunarheimild vera heimild til losunar koldíoxíðs. Ein losunarheimild jafngildir því heimild til losunar á einu tonni af koldíoxíði á ári.

10. gr.

Við lögin bætast fjórir nýir viðaukar, I.–IV. viðauki, svohljóðandi:

a. (I. viðauki.)

Starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda á tímabilinu 1. janúar 2008 – 31. desember 2012.

Eftirfarandi atvinnurekstur er óheimill á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 nema hann hafi aflað sér losunarheimilda eða lagt fram áætlun um hvernig hann muni afla sér losunarheimilda vegna tímabilsins í samræmi við lög þessi:

Starfsemi	Gróðurhúsalofttegund
a. staðbundin orkuframleiðsla með brennslu jarðefnaeldsneytis sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega.	Koldíoxíð
b. staðbundin iðnaðarframleiðsla sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega.	Koldíoxíð

b. (II. viðauki.)

Starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda á tímabilinu 1. janúar 2013 – 31. desember 2020.

Eftirfarandi atvinnurekstur fellur undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda frá og með 1. janúar 2013 og ber að afla losunarleyfis í samræmi við lög þessi:

Starfsemi	Gróðurhúsalofttegundir
Bruni eldsneytis í stöðvum með heildarnafnvarmaafli sem er yfir 20 MW (að undanskildum stöðvum til brennslu á hættulegum úrgangi eða sorpi).	Koldíoxíð
Hreinsun jarðolíu.	Koldíoxíð
Framleiðsla á koksi.	Koldíoxíð
Brennsla eða glæðing, einnig kögglun, málmgrýtis (þ.m.t. brennisteinsgrýti).	Koldíoxíð

Starfsemi	Gróðurhúsalofttegundir
Framleiðsla á hrájárni eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa, þar sem afkastagetan er meiri en 2,5 tonn á klukkustund.	Koldíoxíð
Framleiðsla eða vinnsla á járnríkum málmum (þ.m.t. járnblendi) þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafli sem er yfir 20 MW. Vinnslan tekur m.a. til völsunarstöðva, ofna til endurhitunar, glæðingarofna, smiðja, málmsteypna og eininga til yfirborðsmeðhöndlunar og sýruböðunar.	Koldíoxíð
Framleiðsla á hrááli.	Kodíoxíð og perflúorkolefni
Framleiðsla á endurunnu áli þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafli sem er yfir 20 MW.	Koldíoxíð
Framleiðsla eða vinnsla á járnlausum málmum, þ.m.t. framleiðsla á málmblöndum, hreinsun, steypumótun o.s.frv. þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafli (þ.m.t. eldsneyti sem er notað sem afoxunarefni) sem er yfir 20 MW.	Koldíoxíð
Framleiðsla á sementsgjalli í hverfiofnum með afkastagetu sem er yfir 500 tonnum á dag eða í annars konar ofnum þar sem framleiðsluafköstin eru yfir 50 tonnum á dag.	Koldíoxíð
Framleiðsla á kalki eða glæðing á dólómíti eða magnesíti í hverfiofnum eða annars konar ofnum sem hafa framleiðslugetu sem er yfir 50 tonnum á dag.	Koldíoxíð
Framleiðsla glers, einnig glertrefja, þar sem bræðsluafköstin eru meiri en 20 tonn á dag.	Koldíoxíð
Framleiðsla á leirvörum með brennslu, einkum þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteini, þaksteini og leirmunum eða postulíni, þar sem framleiðslugetan er yfir 75 tonnum á dag.	Koldíoxíð
Framleiðsla á einangrunarefni úr steinull þar sem notað er gler, berg eða gjall og bræðsluafköstin eru yfir 20 tonnum á dag.	Koldíoxíð
Þurrkun eða glæðing á gifsi eða framleiðsla á gifsplötum og öðrum gifsvörum þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafli sem er yfir 20 MW.	Koldíoxíð
Framleiðsla á pappírsdeigi úr timbri eða öðrum trefjaefnum.	Koldíoxíð
Framleiðsla á pappír eða pappa þar sem framleiðslugetan er meiri en 20 tonn á dag.	Koldíoxíð
Framleiðsla kinroks, sem felur í sér kolun á lífrænum efnum á borð við olíu, tjöru og sundrunar- og eimingarleif, þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafli sem er yfir 20 MW.	Koldíoxíð
Framleiðsla á saltpéturssýru.	Koldíoxíð og nituroxíð
Framleiðsla á adipínsýru.	Koldíoxíð og nituroxíð
Framleiðsla á glýoxali og glýoxýlsýru.	Koldíoxíð og nituroxíð

Starfsemi	Gróðurhúsalofttegundir
Framleiðsla á ammoníaki.	Koldíoxíð
Framleiðsla á lífrænum íðefnum í lausu með sundrun, umbreytingu, oxun, að hluta eða til fulls, eða með svipuðum ferlum þar sem framleiðslugetan er meiri en 100 tonn á dag.	Koldíoxíð
Framleiðsla á vetni (H_2) og tilbúnu gasi með umbreytingu eða hlutaoxun þar sem framleiðslugetan er meiri en 25 tonn á dag.	Koldíoxíð
Framleiðsla á natríumkarbónati (Na_2CO_3) og natríumbíkarbónati ($NaHCO_3$).	Koldíoxíð
Föngun gróðurhúsalofttegunda frá stöðvum sem falla undir þessa tilskipun, í því skyni að flytja þær til geymslu í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB.	Koldíoxíð
Flutningur gróðurhúsalofttegunda eftir leiðslum til geymslu í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB.	Koldíoxíð
Geymsla gróðurhúsalofttegunda í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB.	Koldíoxíð

1. Stöðvar, eða hlutar þeirra, sem eru notaðar fyrir rannsóknir, þróun og prófun á nýjum vörum og aðferðum og stöðvar sem nota eingöngu lífmassa falla ekki undir þennan viðauka.
2. Markgildin hér að framan eiga almennt við um framleiðslugetu eða -afköst. Ef margar tegundir starfsemi sem falla undir sama flokk eru reknar í sömu stöðinni er afkastageta þeirra lögð saman.
3. Þegar heildarnafnvarmaafl stöðvar er reiknað til þess að ákveða hvort hún verði tekin með í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda skal leggja saman nafnvarmaafl allra tæknieininga í stöðinni þar sem eldsneyti er brennt. Þessar einingar geta tekið til allra tegunda af kötlum, brennurum, hverflum, hiturum, bræðsluofnum, brennsluofnum, glæðingarofnum, hitunarofnum, þurrkofnum, hreyflum, efnarafölum, tengibrunaeiningum (e. chemical looping combustion units), afgaslogum og eftirbrennurum eða hvarfakútum (e. thermal or catalytic post-combustion units). Einingar sem hafa nafnvarmaafl undir 3 MW og einingar sem nota eingöngu lífmassa teljast ekki með við þessa útreikninga. „Einingar, sem nota eingöngu lífmassa“ eru m.a. einingar þar sem jarðefnaeldsneyti er eingöngu notað við gangsetningu eða stöðvun.
4. Ef eining er notuð við tiltekna starfsemi og viðmiðunarmörkin fyrir einingunna eru ekki gefin upp sem heildarnafnvarmaafl skulu mörkin fyrir þessa starfsemi vega þyngra þegar ákvörðun er tekin um upptöku í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda.
5. Ef í ljós kemur að farið hefur verið yfir markgildin fyrir einhverja tegund starfsemi í þessum viðauka í tiltekinni stöð skulu allar einingar sem brenna eldsneyti, aðrar en einingar sem brenna hættulegum úrgangi eða sorpi, koma fram í leyfinu fyrir losun gróðurhúsalofttegunda.

c. (III. viðauki.)

Flugstarfsemi sem fellur undir lögin.

Flugsamgöngur falla innan gildissviðs laga þessara en frá og með 1. janúar 2012 falla þær undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Flugsamgöngur teljast allar flugferðir sem lýkur eða hefjast á flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins. Eftirfarandi flug eru undanþegin gildissviði viðskiptakerfisins og laga þessara:

a. flugferðir sem eingöngu eru til flutninga í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamanna hans, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra landa, annarra en aðildarríkja, ef þær eru rökstuddar með viðeigandi stöðuvísi á flugáætluninni,
b. herflug herloftfara og toll- og lögregluflug,
c. flug í tengslum við leit og björgun, flug í tengslum við slökkvistarf, flug í mannúðarskyni og sjúkraflug sem viðurkennt er af viðeigandi, lögbæru yfirvaldi,
d. flug sem er eingöngu samkvæmt sjónflugsreglum eins og þær eru skilgreindar í 2. viðauka við Chicago-samninginn,
e. flug sem endar á flugvellinum þar sem loftfarið tók flugið og þar sem engin lending á sér stað í millitíðinni,
f. æfingaflug, eingöngu að því er varðar öflun vottorðs eða áritunar ef um flugáhafnir er að ræða, þar sem þetta er rökstutt með viðeigandi athugasemd í flugáætluninni, ef flugið er hvorki til farþega- eða farmflutninga né vegna staðsetningar eða flutnings á loftfarinu,
g. flug sem er eingöngu vegna vísindarannsókna eða til að skoða, prófa eða votta loftför eða búnað, hvort sem er í lofti eða á jörðu niðri,
h. flug loftfara með staðfestan hámarksflugtaksmassa sem er minni en 5.700 kg,
i. flugferðir sem farnar eru innan ramma um skyldur um opinbera þjónustu, sem settar eru fram í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2408/92, eins og tilgreint er í 2. mgr. 299. gr. Rómarsáttmálans, eða á flugleiðum þar sem flutningsgetan sem í boði er er ekki meiri en 30.000 sæti á ári, og
j. flug sem félli undir lögin ef ekki væri fyrir tilstilli þessa liðar og er á vegum flugrekanda í rekstri sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun á ári er minni en 10.000 tonn. Flugferðir sem eingöngu eru til flutninga í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamanna hans, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra aðildarríkis má ekki undanskilja að því er varðar þennan lið.

d. (IV. viðauki.)

Eftirfarandi tafla sýnir hversu mikið magn þeirra gróðurhúsalofttegunda sem lögin ná til samsvara einu tonni af koldíoxíð-ígildi:

Gróðurhúsalofttegundir	**Magn (í tonnum) er samsvarar einu tonni af koldíoxíð-ígildi**
Koldíoxíð (CO_2)	1
Metan (CH_4)	25
Köfnunarefnisdíoxíð (N_2O)	298
HFC-23	14.800
HFC-134a	1.430
Brennisteinshexaflúoríð (SF_6)	22.800

11. gr.
Innleiðing EES-gerða.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á eftirfarandi EES-gerðum:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi.

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1722. Þingsályktun [679. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Noregs um kolvetnisauðlindir sem liggja yfir markalínur.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1196.

1723. Þingsályktun [680. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2011.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júlí 2011.)

Samhljóða þskj. 1197.

1724. Þingsályktun [739. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2011.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1269.

1725. Þingsályktun [621. mál]

um heimild til staðfestingar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1079.

1726. Frumvarp til laga [201. mál]

um skeldýrarækt.

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Meginmarkmið laga þessara er að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra, setja reglur um starfsemina og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Að auki stefna lögin að viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni og verndun náttúru við ræktun skeldýra.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til ræktunar skeldýra sem fram fer í söltu vatni á íslensku forráðasvæði. Ákvæði laganna gilda m.a. um skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Eignarland:* Landsvæði, þ.m.t. innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einka-eignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
2. *Framleiðslusvæði:* Sjávarsvæði, ármynni eða lón þar sem er að finna náttúruleg skeldýr eða svæði sem eru notuð til að rækta skeldýr og þaðan sem lifandi skeldýr eru tekin.
3. *Lindýr:* Hryggleysingjar með mjúkan, óliðskiptan líkama, sveipaðan möttli (kápu) (Mollusca).
4. *Mannvirki:* Hvers konar byggingar og búnaður sem er notaður við ræktun skeldýra.
5. *Netlög:* Sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.
6. *Ræktunarsvæði:* Afmarkað svæði þar sem skeldýraræktarfyrirtæki ræktar skeldýr.
7. *Skeldýr:* Flokkur lindýra sem hefur um sig skel.

8. *Skeldýrarækt:* Ræktun skeldýra með skipulegri umhirðu og vöktun á afmörkuðu svæði þar sem engin fóðrun á sér stað. Hluti af ræktun er einnig skipuleg söfnun og veiði á skeldýrum til áframhaldandi ræktunar.
9. *Skeldýraræktarstöð:* Ræktunarstaður skeldýra.
10. *Þörungaeitur:* Lífræn eiturefni sem samlokur safna í sig þegar þær nærast á þörungum sem innihalda slík efni (sjávarlífeitur).

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Stjórnsýsla.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Matvælastofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Einnig hefur Fiskistofa eftirlit með veiðum skeldýra til áframhaldandi ræktunar, vigtun og skráningu sjávarafla í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda á hverjum tíma. Þá skal Fiskistofa hafa eftirlit með því að veiði á skeldýrum sé einungis stunduð á svæðum sem flokkuð hafa verið af Matvælastofnun og upplýsa Matvælastofnun um atriði sem varða veiði skeldýra á hverjum tíma, svo sem hvaða aðilar stunda veiðarnar, aflabrögð og hvar skeldýranna er aflað. Landhelgisgæsla Íslands annast eftirlit með skeldýraræktarbúnaði á hafi úti.

5. gr.
Svæðaskipting starfsemi.

Ráðherra er heimilt, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, að ákveða samkvæmt lögum þessum fyrirkomulag og skiptingu ræktunarsvæða meðfram ströndum landsins. Ráðherra getur falið Fiskistofu umsjón með skipulagi, gerð og vörslu gagnagrunns um svæðaskiptingu vegna ræktunarsvæða.

Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra m.a. afla umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslu Íslands, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera fjórar vikur.

Ákvörðun ráðherra um svæðaskiptingu skal birt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.
Staðbundið bann við starfsemi o.fl.

Ráðherra getur takmarkað eða bannað skeldýrarækt eða ákveðnar aðferðir við slíka starfsemi í einstökum fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart þeirri starfsemi sem fer fram samkvæmt lögum þessum. Sama gildir ef starfsemin truflar siglingar eða veldur siglingahættu. Áður en ákvörðun um slíkt bann er tekin skal ráðherra leita eftir afstöðu aðila sem starfrækja skeldýrarækt á viðkomandi svæðum. Einnig skal ráðherra afla umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslu Íslands, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera fjórar vikur.

III. KAFLI
Leyfisveitingar o.fl.

7. gr.
Tilraunaleyfi.

Matvælastofnun er heimilt að gefa út tímabundin tilraunaleyfi til skeldýraræktar til þess að kanna hvort svæðið hentar til slíkrar ræktunar. Leyfi þetta veitir ekki heimild til dreifingar afurða til neyslu.

Áður en tilraunaleyfi er veitt skal Matvælastofnun afla umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslu Íslands, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu tilraunasvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera fjórar vikur.

Umsókn um tilraunaleyfi skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að skeldýraræktarstöð, fagþekkingu umsækjenda um tilraunaleyfi á viðkomandi sviði, stærð og umfang starfsemi og tegundir og eftir atvikum starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eða staðfesting Umhverfisstofnunar á að þess gerist ekki þörf. Ef áformað er að starfsemi samkvæmt umsókn umsækjanda fari fram innan netlaga eignarlands skal fylgja eignarheimild eða samningur við eiganda viðkomandi lands. Þá skal fylgja yfirlýsing bygginga- og/eða skipulagsfulltrúa sveitarfélags um að mannvirki sem er áformað að nota við skeldýrarækt séu í samræmi við skipulag.

Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þá þætti sem um getur í 3. mgr. getur Matvælastofnun gert umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en tilraunaleyfi er veitt.

Tilraunaleyfi gildir að hámarki til þriggja ára í senn en heimilt er að endurnýja það samkvæmt umsókn leyfishafa um eitt ár í senn þannig að það gildi að hámarki í sex ár. Í leyfi skulu koma fram upplýsingar um staðsetningu, aðferðir við ræktun og þær tegundir sem leyfið gildir um. Leyfið gildir eingöngu um þær skelfisktegundir sem sótt er um leyfi fyrir og skal það vera bundið við afmörkuð svæði.

Einnig er heimilt að binda tilraunaleyfi skilyrðum um að leyfishafi merki ræktunarsvæði til öryggis fyrir sjófarendur, haldi skrár um fjölda lína, botnfestingar og framvindu ræktunartilraunar, framkvæmi tilteknar forkannanir varðandi staðarval og sýnatökur á framleiðslusvæði, efna- og örverurannsóknir, athugun á áhrifum veðurfarslegra þátta, mengun o.fl.

Leyfishafi skal skila Matvælastofnun skýrslu um ræktunina árlega auk þess að veita stofnuninni aðgang að gögnum um ræktunina.

Við útgáfu tilraunaleyfis getur Matvælastofnun krafist þess að leyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi.

Matvælastofnun er heimilt að veita tilraunaleyfishafa forgang að ræktunarleyfi á viðkomandi svæði að gildistíma loknum.

8. gr.
Heilnæmiskönnun.

Áður en gefin eru út ræktunarleyfi skal leyfishafi eða umsækjandi láta framkvæma heilnæmiskönnun. Heilnæmiskönnun skal skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi. Leyfishafi greiðir kostnað við heilnæmiskönnun en heimilt er ráðherra að ákveða að hann skuli greiddur úr ríkissjóði að hluta eða öllu leyti ef fjárheimildir fást til þess í fjárlögum.

Niðurstöður úr heilnæmiskönnun skulu liggja fyrir við útgáfu ræktunarleyfis.

9. gr.
Ræktunarleyfi.

Ræktun og veiðar skeldýra eru einungis heimilar á ræktunarsvæðum sem Matvælastofnun hefur viðurkennt á grundvelli heilnæmiskannana.

Hægt er að sækja um ræktunarleyfi þótt tilraunaleyfi hafi ekki áður verið veitt. Við útgáfu ræktunarleyfis getur Matvælastofnun krafist þess að leyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi.

Áður en ræktunarleyfi er veitt skal Matvælastofnun afla umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera fjórar vikur. Einnig skal leita umsagnar Landhelgisgæslu Íslands um hvort fyrirhugað ræktunarsvæði truflar siglingar eða veldur siglingahættu. Jafnframt hefur Matvælastofnun heimild, að fenginni umsögn Fiskistofu, til að ákvarða stærð ræktunarsvæðis, hafi svæðaskipting ekki verið ákveðin, sbr. 5. gr. Matvælastofnun skal hafa að leiðarljósi reynslu tilraunaleyfishafa á tilraunaleyfissvæðinu þegar ræktunarleyfi er veitt á viðkomandi svæði að loknum gildistíma tilraunaleyfisins.

Umsókn um ræktunarleyfi skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að skeldýraræktarstöð, fagþekkingu umsækjenda um ræktunarleyfi á viðkomandi sviði, stærð og umfang starfsemi, framleiðslumagn og tegundir og áætlun um fyrirhugaða vöktun á ræktunarsvæðinu. Einnig skulu fylgja umsókn upplýsingar um merkingu ræktunarsvæðis til öryggis fyrir sjófarendur. Ef áformað er að starfsemi samkvæmt umsókn umsækjanda fari fram innan netlaga eignarlands skal fylgja eignarheimild eða samningur við eiganda viðkomandi lands. Þá skal fylgja umsókn yfirlýsing bygginga- og/eða skipulagsfulltrúa sveitarfélags um að mannvirki sem er áformað að nota við skeldýrarækt séu í samræmi við skipulag.

Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þá þætti sem um getur í 4. mgr. getur Matvælastofnun gert umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en ræktunarleyfi er veitt. Þá getur Matvælastofnun takmarkað stærð og umfang ræktunarsvæðis frekar en fram kemur í umsókn þótt svæðaskipting hafi verið ákveðin skv. 5. gr., ef stofnunin telur tilefni til þess.

Telji Matvælastofnun að umsókn um ræktunarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara skal stofnunin gefa út ræktunarleyfi til tíu ára í senn.

Leyfishafi skal skila Matvælastofnun skýrslu um ræktunina árlega auk þess að veita stofnuninni aðgang að gögnum um ræktunina.

10. gr.
Afturköllun.

Heimilt er að afturkalla tilraunaleyfi og ræktunarleyfi séu aðstæður að mati Matvælastofnunar óviðunandi vegna hættu á mengun eða vegna annarra ófyrirsjáanlegra aðstæðna.

Ef leyfishafi hefur ekki hafið starfsemi innan 24 mánaða frá útgáfu ræktunarleyfis er Matvælastofnun heimilt að fella ræktunarleyfi úr gildi. Sama gildir ef starfsemi leyfishafa stöðvast í 24 mánuði. Einnig getur Matvælastofnun afturkallað ræktunarleyfi ef leyfishafi eða

starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmælum eða gegn skilyrðum tilrauna- eða ræktunarleyfis eða skilyrði eru að öðru leyti ekki uppfyllt.

Þá er heimilt að svipta aðila tilrauna- eða ræktunarleyfum ef þeir afhenda Matvælastofnun ekki umbeðnar upplýsingar samkvæmt lögum þessum.

Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skal Matvælastofnun ávallt veita leyfishafa skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

IV. KAFLI
Starfsemi.

11. gr.
Mannvirki og búnaður.

Mannvirki og búnaður sem nýtt eru í þágu skeldýraræktar skulu vera í samræmi við gildandi skipulag og ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda á hverjum tíma.

Leyfishafi skal merkja búnað og mannvirki og senda tilkynningar um starfsemina til Landhelgisgæslu Íslands, Siglingastofnunar Íslands, hafnaryfirvalda í viðkomandi sveitarfélögum og annarra stjórnvalda eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda á hverjum tíma. Landhelgisgæsla Íslands sendir út tilkynningu til sjófarenda um staðsetningu ræktunarsvæðis.

12. gr.
Eftirlit.

Matvælastofnun skal hafa eftirlit með skeldýraræktarstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Eftirlitið skal ná til starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í tilrauna- og ræktunarleyfi séu haldin.

13. gr.
Lok starfsemi.

Við lok starfsemi sem leyfi hefur verið veitt til samkvæmt lögum þessum, bæði tilraunaleyfi og ræktunarleyfi, er leyfishafa skylt að fjarlægja öll mannvirki og allan búnað sem hann hefur notað til starfsemi sinnar innan þriggja mánaða. Matvælastofnun getur þó veitt leyfishafa lengri frest ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Ef leyfishafi sinnir ekki þessari skyldu innan framangreindra tímamarka getur Matvælastofnun látið framkvæma verkið á hans kostnað. Tilkynna skal um lok starfsemi til Landhelgisgæslu Íslands sem kemur upplýsingum á framfæri með tilkynningum til sjófarenda.

14. gr.
Framleiðsla og dreifing.

Um framleiðslu og dreifingu skeldýra og eftirlit með heilbrigði skeldýra og heilnæmi afurða fer eftir ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi.

V. KAFLI
Gjaldtaka.

15. gr.
Gjaldskrá.

Fyrir leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu leyfishafar greiða gjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við störf Matvælastofnunar vegna veitingar leyfis og til að standa straum af kostnaðarþáttum við eftirlitið, svo sem:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna útgáfu leyfa og eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, svo og vegna vinnu og annars kostnaðar Fiskistofu við skipulag, gerð og vörslu gagnagrunns, sbr. 5. gr.,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, þegar tiltekin starfsemi leyfishafa eða afurðir eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis skeldýra vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað við viðbótareftirlit ber leyfishafi. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir eða vara hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak opinbers eftirlits og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og eftirlit Matvælastofnunar að fengnum tillögum stofnunarinnar.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal taka tillit til eftirfarandi atriða:
a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,
c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
d. þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Ráðherra skal afla umsagna hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár Matvælastofnunar með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar.

Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.
Framsal.

Framsal, leiga og veðsetning á tilraunaleyfi og ræktunarleyfi til skeldýraræktar samkvæmt lögum þessum er óheimil.

VII. KAFLI
Reglugerðarheimild, viðurlög, o.fl.

17. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga með reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um útgáfu tilrauna- og ræktunarleyfa, merkingar á búnaði og mannvirkjum, úttekt á mannvirkjum og búnaði, endurnýjun og viðhald þeirra og framkvæmd og umfang heilnæmiskannana. Einnig skal skilgreina í reglugerðinni tegundir skeldýra sem er heimilt að rækta, eftirlit með starfsemi skeldýraræktarstöðva og flutning skeldýra milli starfsstöðva eða svæða. Enn fremur hefur ráðherra heimild til að setja í reglugerð ákvæði um veiðar á villtum stofnum skeldýra til ræktunar. Við setningu reglugerða skal eftir því sem við á leitað um-

sagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslu Íslands, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera fjórar vikur.

18. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum þessara laga og stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að tveimur árum.

Mál út af brotum skv. 1. mgr. skulu sæta meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

19. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2011.

1727. Frumvarp til laga [572. mál]

um breyting á lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63/1989, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, ábúðarlögum, nr. 80/2004, og lögum um búfjárhald, nr. 103/2002 (niðurlagning Hagþjónustu landbúnaðarins).

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.
b. 2. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðanna „starfi Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 3. mgr. kemur: framkvæmd þessara laga.
d. Í stað orðanna „henni er heimilt að afla sér“ í 3. mgr. kemur: aðila sem sinnir verkefnum með heimild í 3. gr. a er heimilt að afla sér.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hlutverk Hagþjónustu landbúnaðarins er“ kemur: Ráðherra skal hlutast til um hagþjónustu í landbúnaði sem hefur svofellt hlutverk.
b. 1. tölul. orðast svo: Að annast hagrannsóknir í landbúnaði, eftir atvikum í samstarfi við stofnanir sem sinna sambærilegri starfsemi. Áhersla skal lögð á rannsóknir og úrvinnslu

gagna sem nýtast við hagrænar leiðbeiningar til bænda og rannsóknir sem gagnast við stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda.

c. 2., 3., 5. og 6. tölul. falla brott.

3. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Yfirstjórn.**

4. gr.

II. kafli laganna fellur brott.

5. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, II. kafli A, **Framkvæmd hagþjónustu landbúnaðarins,** með einni grein, 3. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að gera samning um framkvæmd verkefna samkvæmt lögum þessum við Landbúnaðarháskóla Íslands eða aðra háskóla og Hagstofu Íslands eða aðra hæfa aðila.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Orðin „og skulu þær hafa hliðsjón af viðmiðunargjaldskrá Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 2. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „Hagþjónusta landbúnaðarins“ í 3. mgr. kemur: Aðili sem sinnir verkefnum með heimild í 3. gr. a.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „stofnunarinnar“ kemur: samkvæmt lögum þessum.
b. Orðin „og skulu greiðslurnar vera samkvæmt viðmiðunargjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur“ falla brott.

8. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Í stað orðanna „Stjórn og starfsmönnum Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 9. gr. laganna kemur: Þeim sem sinna verkefnum samkvæmt þessum lögum með heimild í samningi skv. 3. gr. a.

10. gr.

10. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um rekstur og tilhögun hagþjónustu landbúnaðarins.

12. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um hagþjónustu landbúnaðarins.**

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

13. gr.

Í stað orðanna „forstöðumaður Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 8. mgr. 7. gr. laganna kemur: aðili skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 2. mgr. kemur: Aðili skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.
b. Í stað orðanna „Stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 2. mgr. kemur: Aðili skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.
c. Í stað orðanna „Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 3. mgr. kemur: aðila skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.

III. KAFLI

Breyting á ábúðarlögum, nr. 80/2004.

15. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.

16. gr.

Í stað orðanna „Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: aðila skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.

V. KAFLI

Gildistaka.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012.

Ákvæði til bráðabirgða.

Störf hjá Hagþjónustu landbúnaðarins eru lögð niður frá og með 1. janúar 2012. Ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda um starfsmenn, eftir því sem við á.

1728. Frumvarp til laga [706. mál]

um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

I. KAFLI
Skilgreiningar og aðild.

1. gr.

Með nálgunarbanni samkvæmt lögum þessum er átt við þau tilvik þegar manni er bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðru móti í samband við annan mann.

2. gr.

Með brottvísun af heimili samkvæmt lögum þessum er átt við þau tilvik þegar manni er vísað brott af heimili sínu eða dvalarstað og honum bannað að koma þangað aftur í tiltekinn tíma.

3. gr.

Sá maður sem misgert er við, brotaþoli, fjölskylda hans eða annar honum nákominn, getur borið fram beiðni til lögreglu um að maður, sakborningur, sem brotið hefur gegn honum eða raskað friði hans á annan hátt, sæti nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili.

Sömu heimild skv. 1. mgr. hefur lögráðamaður brotaþola og sá sem kemur fram fyrir hönd félagsþjónustu og/eða barnaverndarnefndar í sveitarfélagi þar sem viðkomandi er búsettur.

Lögreglustjóri getur einnig að eigin frumkvæði tekið mál til meðferðar samkvæmt lögum þessum ef hann telur ástæðu til.

II. KAFLI
Skilyrði.

4. gr.

Heimilt er að beita nálgunarbanni ef:

a. rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola, eða
b. hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotaþola skv. a-lið.

5. gr.

Heimilt er að beita brottvísun af heimili ef:

a. rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot gegn ákvæðum XXII.–XXIV. kafla almennra hegningarlaga og/eða 108. gr., 233. gr., 233. gr. b, 253. gr. og/eða 257. gr. sömu laga og verknaður hefur beinst að öðrum sem er honum nákominn og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, enda varði brotið fangelsi allt að sex mánuðum, eða
b. hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotaþola skv. a-lið.

Heimilt er að beita nálgunarbanni samhliða brottvísun af heimili ef það þykir nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni brotaþola.

Lögreglu er heimilt að handtaka sakborning á heimili eða þar sem til hans næst í þágu meðferðar og ákvörðunar vegna nálgunarbanns og/eða brottvísunar af heimili.

6. gr.

Nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili verður aðeins beitt þegar ekki þykir sennilegt að friðhelgi brotaþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Við mat skv. 1. mgr. er heimilt að líta til þess hvort sakborningur hafi áður þurft að sæta nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili sem og þess hvort háttsemi hans á fyrri stigum hafi verið þannig háttað að hætta er talin á að hann muni fremja háttsemi sem lýst er í 4. gr. og 1. mgr. 5. gr.

III. KAFLI
Málsmeðferð hjá lögreglustjóra.

7. gr.

Lögreglustjóri, eða löglærður fulltrúi hans, á heimilisvarnarþingi brotaþola tekur ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili, á grundvelli beiðni skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr., eða ef ríkir almannahagsmunir, einkahagsmunir eða hagsmunir vegna rannsóknar og/eða dómsmeðferðar sakamáls krefjast þess.

Hraða skal meðferð máls og taka ákvörðun skv. 1. mgr. svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sólarhring eftir að beiðni hefur borist skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr. eða mál komið upp með öðrum hætti.

Nálgunarbanni skal markaður ákveðinn tími, þó ekki lengur en eitt ár í senn. Ekki er heimilt að framlengja nálgunarbann nema til komi ný ákvörðun, enda séu skilyrði 4. gr. enn þá fyrir hendi.

Brottvísun af heimili skal markaður ákveðinn tími, þó ekki lengur en fjórar vikur í senn. Ekki er heimilt að framlengja brottvísun af heimili nema til komi ný ákvörðun, enda séu skilyrði 5. gr. enn þá fyrir hendi.

8. gr.

Lögreglustjóra er skylt að tilnefna sakborningi verjanda vegna meðferðar máls samkvæmt lögum þessum og fer um slíka tilnefningu skv. IV. kafla laga um meðferð sakamála. Brotaþola skal jafnframt tilnefndur réttargæslumaður og fer um þá tilnefningu skv. V. kafla laga um meðferð sakamála.

Nú skilur sakborningur eða brotaþoli íslensku ekki nægilega vel og skal þá lögregla, ef þess er talin þörf, kalla til löggiltan dómtúlk eða annan hæfan mann til að annast túlkun þess sem fram fer. Ef sakborningur eða brotaþoli er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal á sama hátt kallaður til kunnáttumaður til aðstoðar. Þóknun til handa túlki eða kunnáttumanni og annar kostnaður vegna starfa þeirra greiðist úr ríkissjóði. Um störf þeirra og hæfi gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. laga um meðferð sakamála eftir því sem við á.

9. gr.

Ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili skal vera skrifleg, rökstudd og tilgreina sakborning og brotaþola. Tímamörk, gildissvið og gildistaka nálgunarbanns og/eða brottvísunar skulu jafnframt tilgreind í ákvörðun.

Ákvörðun skal birt fyrir sakborningi eða fyrir verjanda hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu. Réttaráhrif ákvörðunar miðast við birtingu ákvörðunar. Við birtingu skal leiðbeina um réttaráhrif ákvörðunar og málsmeðferð fyrir héraðsdómi skv. IV. kafla þessara laga.

10. gr.

Beiðni skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr. skal synjað ef skilyrði II. kafla laga þessara eru ekki talin vera fyrir hendi. Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin.

Nú er beiðni synjað og er lögreglustjóra þá skylt að tilkynna það brotaþola ásamt rökstuðningi. Skal brotaþola jafnframt bent á að honum sé heimilt að kæra ákvörðunina til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því honum er tilkynnt um hana, eða hann fékk vitneskju um hana með öðrum hætti.

Ríkissaksóknara ber að taka afstöðu til kærunnar innan viku frá því málsgögn vegna hinnar kærðu ákvörðunar berast frá lögreglustjóra. Felli ríkissaksóknari ákvörðun lögreglustjóra úr gildi skal lögreglustjóri leggja málið fyrir héraðsdóm samkvæmt reglum IV. kafla laga þessara nema ríkissaksóknari mæli fyrir um annað.

11. gr.

Þegar ástæður þær sem lágu til grundvallar ákvörðun um beitingu úrræða skv. 4. gr. og/eða 5. gr. eru ekki lengur fyrir hendi skal lögreglustjóri fella bannið og/eða brottvísunina úr gildi með nýrri ákvörðun. Skylt er að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin.

Nú er ákvörðun um úrræði skv. 4. gr. og/eða 5. gr. felld úr gildi og er lögreglu þá skylt að tilkynna það brotaþola og sakborningi ásamt rökstuðningi.

Ákvörðun lögreglu um að fella úr gildi nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili verður ekki borin undir dómara en heimilt er að kæra hana eftir sömu reglum og gilda um kæru ákvörðunar lögreglu um að fella niður rannsókn sakamáls.

IV. KAFLI
Málsmeðferð fyrir dómi.

12. gr.

Lögreglustjóri skal bera ákvörðun um beitingu úrræðis skv. 4. og/eða 5. gr. undir héraðsdóm til staðfestingar svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur sólarhringum eftir að ákvörðun var birt fyrir sakborningi. Hið sama gildir um ákvörðun um framlengingu nálgunarbanns og/eða brottvísunar.

Málsmeðferð fyrir héraðsdómi frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar nema lögreglustjóri hafi ákveðið annað.

13. gr.

Eftir að héraðsdómi hefur borist krafa lögreglustjóra ákveður dómari stað og stund þinghalds þar sem mál verður tekið fyrir. Þinghald skal háð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur sólarhringum eftir að gögn málsins hafa borist héraðsdómi.

Dómari gefur út fyrirkall á hendur sakborningi sem greini stað og stund þinghalds ásamt áskorun til hans um að sækja þing. Telji dómari að afstaða sakbornings til kröfunnar liggi nægilega fyrir í gögnum lögreglu er dómara heimilt að taka fram í fyrirkalli að fjarvist sakbornings verði metin til jafns við afstöðu hans við meðferð máls hjá lögreglustjóra og að úrskurður kunni að ganga um málið þótt hann sæki ekki þing. Ella skal þess getið í fyrirkalli að lögregla megi færa sakborning fyrir dóm, með valdi ef með þarf, sinni hann því ekki.

Dómari skal einnig tilkynna brotaþola, eða réttargæslumanni hans, hvenær þing verður háð.

Fyrirkall skal birt fyrir sakborningi eða fyrir lögmanni hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu.

14. gr.

Sakborningi skal skipaður verjandi vegna meðferðar máls fyrir dómi og fer um þá skipun skv. IV. kafla laga um meðferð sakamála. Brotaþola skal jafnframt skipaður réttargæslumaður og fer um þá skipun skv. V. kafla laga um meðferð sakamála.

15. gr.

Um málsmeðferð fyrir héraðsdómi gilda ákvæði XV. kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Ef sakborningur sækir þing við uppkvaðningu úrskurðar telst úrskurður birtur fyrir honum, enda standi honum þegar til boða endurrit úrskurðarins. Nú verður úrskurður ekki birtur á dómþingi og skal þá birta úrskurð fyrir sakborningi eða fyrir lögmanni hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu.

Réttaráhrif úrskurðar héraðsdóms miðast við birtingu nema dómari hafi ákveðið annað.

V. KAFLI
Tengsl við sveitarfélög.

16. gr.

Þegar manni hefur verið vísað brott af heimili sínu samkvæmt lögum þessum skal lögregla tilkynna brottvísunina til félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags. Í því skyni er lögreglu heimil miðlun upplýsinga um nöfn sakbornings og heimilisfólks að því marki sem hún verður talin nauðsynleg vegna vinnslu málsins.

17. gr.

Ef barn býr á heimili þar sem brottvísun manns á sér stað skal lögregla ávallt tilkynna brottvísunina til barnaverndarnefndar. Hið sama gildir þegar manni er gert að sæta nálgunarbanni.

VI. KAFLI
Gildissvið og gildistaka.

18. gr.

Ákvæði laga um meðferð sakamála gilda um málsmeðferð samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á og ekki er sérstaklega tilgreint í lögum þessum.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 122/2008, um nálgunarbann.

20. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, orðast svo:

   Ef maður brýtur gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili samkvæmt lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að 2 árum.

2. Á eftir orðunum „um nálgunarbann“ í lokamálslið 37. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, með síðari breytingum, kemur: og brottvísun af heimili.

1729. Frumvarp til laga [828. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögunum:

a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 1. mgr.:
   a. Í stað orðanna „fardaga 2012“ kemur: ársloka 2014.
   b. Á eftir orðunum „öskufalls eða jökulflóða“ kemur: eða vegna þess að afurðasala frá lögbýlinu hefur verið bönnuð af ástæðum sem hlutaðeigandi framleiðandi gat ekki haft áhrif á.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Nú hefur framleiðandi fengið greiddar bætur vegna tjóns sem hann á jafnframt rétt á að fá bætt með beingreiðslum samkvæmt þessu ákvæði og er þá heimilt að lækka beingreiðslurnar sem bótunum nemur. Jafnframt er ráðherra heimilt að áskilja að bætur sem framleiðandi kann að eiga rétt á síðar vegna tjónsins renni í ríkissjóð.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða X í lögunum:

a. Í stað orðanna „2010, 2011 og 2012“ í 1. mgr. kemur: 2011, 2012, 2013 og 2014.
b. Við 1. mgr. bætist: eða vegna þess að afurðasala frá lögbýlinu hefur verið bönnuð af ástæðum sem hlutaðeigandi framleiðandi gat ekki haft áhrif á.
c. Í stað orðanna „2010, 2011 og 2012“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 2010, 2011, 2012, 2013 og 2014.
d. Í stað ártalanna „2007–2009“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 2007–2010.
e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Heimilt er að binda ákvörðun um fyrirgreiðslu skv. 1. eða 2. mgr. skilyrði um að bætur sem framleiðandi kann að eiga rétt á frá þriðja aðila renni sem fyrirgreiðslunni nemur í ríkissjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1730. Frumvarp til laga [783. mál]

um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (slit, eftirlit og innleiðing).

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 99. gr. laganna:

a. D-liður orðast svo: Heimild til endurskipulagningar fjárhags fjármálafyrirtækis hefur ekki áhrif á eignarrétt, þar á meðal veðrétt, lánardrottna eða annarra yfir eignum sem staðsettar eru í öðru aðildarríki. Hið sama gildir um réttinn til að ráðstafa veðsettri eign, hvort heldur með framsali eða öðrum hætti, og réttinn til að taka við arði af eigninni. Skal litið svo á að réttindi sem skráð eru í opinbera skrá og njóta réttarverndar gagnvart þriðja manni teljist til eignarréttar í skilningi ákvæðisins.
b. Við n-lið bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Löggerningur verður þó ekki ógiltur ef sá sem hag hefur af því að slíkur löggerningur haldi gildi sínu leggur fram fullnægjandi sönnun um að um löggerninginn eigi að gilda lög annars ríkis og að þar sé ekki að finna ógildingarreglu sem tekur til þess tilviks sem um ræðir.

2. gr.

Við 4. mgr. 101. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þeir menn sem eiga sæti í slitastjórn eða bráðabirgðastjórn skulu einnig uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr., 4. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 52. gr.

3. gr.

Á eftir 101. gr. laganna kemur ný grein, 101. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Sérstakt eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með rekstri fjármálafyrirtækis sem er stýrt af slitastjórn, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur starfsleyfi eða takmarkað starfsleyfi eða hvort starfsleyfi þess hefur verið afturkallað. Dótturfélag fjármálafyrirtækis í slitameðferð sem heldur utan um eignir þess skal jafnframt heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitið nær meðal annars til viðskiptahátta þess sem felur meðal annars í sér að framganga þess gagnvart viðskiptavinum skal vera í samræmi við það sem almennt tíðkast hjá fjármálafyrirtækjum með gilt starfsleyfi.

Viðskipti og ráðstöfun eigna fjármálafyrirtækis sem stýrt er af slitastjórn eða viðskipti slitastjórnar við einstaka aðila sem sitja í slitastjórn, eða aðila í nánum tengslum við slíkan aðila, skulu fara að reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur. Fjármálaeftirlitið skal, að eigin frumkvæði eða á grundvelli ábendinga kröfuhafa, hafa eftirlit með slíkum viðskiptum.

Neitun á kröfu Fjármálaeftirlitsins um afhendingu gagna getur varðað brottrekstri úr slitastjórn. Hið sama á við fullnægi maður sem sæti á í slitastjórn ekki almennum hæfisskilyrðum sem um hann gilda. Fjármálaeftirlitið skal bera slíka kröfu undir héraðsdóm sem skal taka málið til úrskurðar þegar í stað.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beina kröfu til héraðsdóms um að víkja skuli slitastjórn frá í heild eða að hluta í þeim tilvikum þegar viðkomandi slitastjórn telst ekki hafa unnið

störf sín í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar eða eftir atvikum samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Héraðsdómur skal taka málið til úrskurðar þegar í stað.

Ákvæði greinar þessarar eiga við um rekstur fjármálafyrirtækis sem er stýrt af bráðabirgðastjórn eða skilanefnd eftir því sem við á.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Við slit fjármálafyrirtækis gilda reglur 74. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., meðal annars um að sá sem hvorki vissi né mátti vita um slitin getur unnið rétt á hendur fjármálafyrirtækinu vegna ráðstafana fram til þess að tilkynning er birt um slitin. Skal þá litið svo á að þeim sem í hlut á hafi ekki verið kunnugt um að slit hafi verið hafin, ef slík tilkynning hefur ekki farið fram, nema sýnt sé fram á annað. Skal jafnframt litið svo á að þeim sem í hlut á hafi verið kunnugt um að slit hafi verið hafin, hafi slík tilkynning farið fram, nema sýnt sé fram á annað.
b. Á eftir orðunum „að greiða viðurkenndar kröfur“ í 1. málsl. 6. mgr. kemur: skv. 109.–112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.
c. Í stað lokamálsliðar 6. mgr. koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar endanleg niðurstaða hefur fengist um ágreininginn skal hlutdeild þeirrar kröfu í innstæðu geymslureikningsins ásamt hlutdeild í áföllnum vöxtum greidd kröfuhafanum að því leyti sem krafan hefur verið viðurkennd, en fé sem eftir kann að standa skal renna aftur til fjármálafyrirtækisins. Fari hlutagreiðslur fram í fleiri en einum gjaldmiðli má stofna sérstakan geymslureikning fyrir hvern gjaldmiðil. Við hverja hlutagreiðslu sem fram fer með innborgun inn á sérstaka geymslureikninga skal senda kröfuhafa sem greiðslu fær tilkynningu, en með innborgun inn á slíkan reikning telst hlutagreiðsla til viðkomandi kröfuhafa hafa farið fram. Með sérstökum geymslureikningi í skilningi ákvæðisins er átt við fjárvörsluinnlánsreikning á nafni fjármálafyrirtækisins sem stofnaður er í því skyni að leggja hlutagreiðslur inn á.

5. gr.

Við 3. mgr. 103. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Slitastjórn eða skilanefnd er jafnframt skylt að kynna kröfuhöfum um allar umtalsverðar ráðstafanir sem varða sölu eða ráðstöfun eigna eða annarra réttinda fjármálafyrirtækis á fundum sem slitastjórn boðar til með almennum hætti.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 103. gr. a laganna:

a. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Eftir því sem átt getur við fara nauðasamningsumleitanir að öðru leyti eftir ákvæðum 2. mgr. 149. gr. og 151.–153. gr. sömu laga, þó með því fráviki að frestur skv. 1. mgr. 51. gr. sömu laga skal vera átta vikur, en slitastjórn gegnir þá því hlutverki sem skiptastjóri hefði annars á hendi og heldur kröfuhafafundi við þessar umleitanir.
b. Við 3. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Frumvarp að nauðasamningi fjármálafyrirtækis telst samþykkt ef því er greitt sama hlutfall atkvæða eftir fjárhæðum krafna atkvæðismanna og eftirgjöf af samningskröfum á að nema samkvæmt frumvarpinu, þó að lágmarki 60 hundraðshluta þeirra atkvæða. Jafnframt er áskilið samþykki 70 hundraðshluta atkvæða þeirra atkvæðismanna sem greiða atkvæði um nauðasamninginn.

7. gr.

Á eftir orðunum „2000/28 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB er varðar skilgreiningu á lánastofnun og 2000/46 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja“ í 117. gr. laganna kemur: tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009, um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki:

a. Í stað 2. málsl. 3. tölul. koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Að því leyti sem ekki er mælt fyrir um á annan veg í lögum þessum gilda reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti um skilanefnd, störf hennar og þá menn sem eiga sæti í henni. Þeir menn sem eiga sæti í skilanefnd skulu einnig uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr., 4. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 52. gr. laganna. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2012 og skulu þá þau verk sem skilanefndir hafa sinnt falla til slitastjórna. Þegar slitastjórn hefur tekið við verkefnum skilanefndar getur héraðsdómari eftir beiðni slitastjórnar skipað fleiri menn í slitastjórn en þeir mega þó ekki vera fleiri en fimm.
b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins skv. 101. gr. a laganna nær einnig til starfa skilanefndar sem starfar samkvæmt ákvæði þessu og þeirra manna sem í henni eigi sæti.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1731. Þingsályktun [677. mál]

um fullgildingu Singapúr-samnings um vörumerkjarétt.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1194.

1732. Þingsályktun [486. mál]

um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Alþingi ályktar, sbr. lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2008, að á árunum 2011–2014 skuli unnið að þróunarsamvinnu Íslands í samræmi við eftirfarandi áætlun.

Markmið Íslands með alþjóðlegri þróunarsamvinnu sé að leggja lóð sitt á vogarskálar í baráttunni gegn fátækt og fyrir bættum lífskjörum í fátækustu hlutum heimsins. Með virkri þátttöku á þessu sviði leitist Ísland við að uppfylla pólitískar og siðferðislegar skyldur sínar

sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna. Alþjóðleg þróunarsamvinna sé ein af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu.

Barátta gegn fátækt, félagslegu ranglæti, misskiptingu lífsgæða og hungri í heiminum sé forgangsmál í öllu þróunarstarfi og verði áfram þungamiðjan í stefnu Íslands í þessum efnum. Jafnframt verði lögð mikil áhersla á mannréttindi, jafnrétti kynjanna, réttindi barna, frið og öryggi. Leitast verði við að tryggja innbyrðis samræmi í utanríkisstefnu Íslands með tilliti til hnattrænna efnahags-, umhverfis- og öryggismála.

Íslensk þróunarsamvinna endurspegli þau gildi sem íslenskt samfélag stendur fyrir, virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum, fjölbreytni mannlífs, umburðarlyndi, réttlæti og samstöðu. Í ljósi þessa verði lögð áhersla á:

a. Ábyrgð – að ráðvendni og gagnsæi verði höfð að leiðarljósi í þróunarstarfi og ábyrgð á framkvæmd og árangri starfsins deilt með samstarfsaðilum.
b. Árangur – að allir þættir þróunarstarfsins, stjórnun, verklag og aðferðafræði verkefna, stuðli að því að árangur þróunarsamvinnu verði sem mestur.
c. Áreiðanleika – að landi og þjóð verði aflað virðingar á alþjóðavettvangi með því að vera faglegur og traustur samstarfsaðili í þróunarstarfi.

Markmið Íslands í þróunarsamvinnu verði að styðja áætlanir um útrýmingu fátæktar á grunni sjálfbærrar þróunar og uppbyggingar á mannauði. Sérstök áhersla verði lögð á mannréttindi, jafnrétti, frið, öryggi og verkefni þar sem íslensk sérþekking og reynsla nýtist.

Framlög.

Íslensk stjórnvöld styðji markmið Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um að iðnríki skuli veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum (VÞT) til þróunarsamvinnu. Mörkuð verði sú stefna að Ísland muni á næstu tíu árum skipa sér í hóp þeirra ríkja sem leggja meira en sem nemur 0,7% af VÞT til þróunarsamvinnu. Framfylgt verði eftirfarandi áhersluatriðum:

a. Fylgt verði tímasettri áætlun um hækkun framlaga á gildistíma þessarar áætlunar, úr 0,21% í 0,28% af VÞT á tímabilinu 2011–2014, sbr. eftirgreinda töflu.
b. Hraðað verði hækkun framlaga við endurskoðun áætlunarinnar árið 2013.
c. Verði hagvöxtur meiri en nú er spáð komi framlögin til endurskoðunar en jafnframt tryggt að framlög til þróunarmála verði aldrei lægri að raungildi en árið 2011.
d. Árið 2017 renni 0,5% af VÞT til þróunarmála og árið 2019 renni 0,7% af VÞT til þróunarmála.
e. Sérstakir fjárlagaliðir fyrir samstarf við félagasamtök, Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSÞ), Alþjóðabankann og umhverfis- og loftslagsmál verði í fjárlögum 2012.

Áætlað er að þróun framlaga á gildistíma áætlunarinnar verði sem hér segir:

	VÞT* (m.kr.)	Hlutfall af VÞT (%)	Framlög (m.kr.)
2011	1.342.565	0,21	2.765
2012	1.468.071	0,21	3.083
2013	1.538.568	0,25	3.846
2014	1.657.441	0,28	4.640

Samkvæmt Hagstofu Íslands.

Fylgt verði eftirfarandi áætlun um skiptingu framlaga eftir fjárlagaliðum:

	2011		2012		2013		2014	
	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)
Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ)	1.166,3	42	1.234,0	40	1.539,0	40	1.856,0	40
Utanríkisráðuneytið	1.599,0	58	1.670,0	54	2.038,0	53	2.413,0	52
Þar af:								
Jarðhitaskóli HSÞ	187,7	7	199,0	6				
Matvæla- og landbúnaðarst. SÞ, FAO	11,0	0	11,0	0				
Þróunaráætlun SÞ, UNDP	22,1	1	23,0	1				
Barnahjálp SÞ, UNICEF	112,4	4	122,0	4				
Sjávarútvegsskóli HSÞ	147,3	5	158,0	5				
UNIFEM/UN Women	102,0	4	117,0	4				
Mannúðarmál og neyðaraðstoð	221,4	8	173,0	6				
Íslensk friðargæsla	115,8	4	144,0	5				
Þróunarmál og hjálparstarfsemi	353,3	13	169,0	5				
Átak í lækkun skulda þróunarríkja	20,0	1	–	–				
Alþjóðabankinn	–	–	138,0	4				
Landgræðsluskóli HSÞ	–	–	68,0	2				
Umhverfis- og loftslagsmál	–	–	60,0	2				
SÞ (alm. framl., alþj. friðarg., ILO, WHO)	56,0	2	56,0	2				
Stofnfjárframlög (IDA, NDF)	250,0	9	230,0	7				
Samstarf við frjáls félagasamtök	–	–	179,0	6	269,0	7	371,0	8
SAMTALS	2.765,3	100	3.083,0	100	3.846,0	100	4.640,0	100
Hlutfall af VÞT	0,21%		0,21%		0,25%		0,28%	

Framkvæmd.

Í þróunarstarfi Íslands verði áhersla lögð á að skerpa sýn og fylgja skýrari forgangsröðun á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Framfylgt verði eftirfarandi áhersluatriðum:

I. Áherslusvið, málaflokkar og þverlæg málefni.

1. Fiskimál:

a. Virk þátttaka verði í stefnumótun alþjóðastofnana á sviði fiskimála.
b. Áhersla verði lögð á störf FAO og Alþjóðabankans.
c. Þróunarsamvinnustofnun Íslands leggi sérstaka áherslu á fiskimál í Mósambík og Úganda.
d. Stofnað verði fagteymi utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í auðlindamálum.
e. Öflugt starf verði á vegum Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Starfsemi skólans verði liður í heildarstefnu Íslands í málaflokknum.

2. Orkumál:

a. Virk þátttaka verði í stefnumótun alþjóðastofnana á sviði orkumála.
b. Stuðlað verði að aukinni fjárfestingu ríkja og þróunarstofnana í jarðhitaverkefnum til hagsbóta fyrir þróunarríki.
c. Áhersla verði lögð á störf Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankans, Norræna þróunarsjóðsins og IRENA.

d. Þróunarsamvinnustofnun Íslands starfi að orkumálum í tvíhliða og svæðisbundnu samstarfi.
e. Öflugt starf verði á vegum Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Starfsemi skólans verði liður í heildarstefnu Íslands í málaflokknum.

3. Menntun:

a. Sérstök áhersla verði á menntun og fullorðinsfræðslu í öllum samstarfslöndum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.
b. Samstarf verði við félagasamtök í menntamálum.
c. Starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi á sviði fiskimála, orkumála og landgræðslu verði liður í áherslu á menntun.
d. Stuðningur verði við UN Women og UNICEF sem lykilstofnanir sem stuðla að menntun stúlkna og kvenna.

4. Heilbrigðismál:

a. Þróunarsamvinnustofnun Íslands leggi áherslu á heilbrigðismál og hollustuhætti í Malaví og Úganda, sérstaklega mæðra- og ungbarnaheilsu.
b. Samstarf verði við félagasamtök í heilbrigðismálum.
c. Samstarf verði við UN Women sem stuðlar að bættri heilsu stúlkna og kvenna.
d. Þátttaka verði í samstarfi Norðurlanda um mikilvægi kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda.
e. Stuðningur verði við UNICEF með áherslu á heilsufar barna.

5. Stjórnarfar:

a. Stuðningur verði við verkefni UN Women á Balkanskaga, í Afganistan og Palestínu.
b. Framfylgt verði aðgerðaáætlun um konur, frið og öryggi.
c. Nám sérfræðinga frá stríðshrjáðum ríkjum verði við jafnréttisskólann.
d. Stuðningur verði við mannúðarstörf alþjóðaráðs Rauða krossins.

6. Endurreisn:

a. Framlag verði til samhæfingar endurreisnarstarfs í Afganistan.
b. Stuðningur verði við palestínska flóttamenn með framlagi til Sameinuðu þjóðanna (UNRWA/UNHCR).
c. Stuðningur verði við samhæfingu mannúðaraðstoðar í Palestínu í samstarfi við OCHA.
d. Stuðningur verði við verkefni UN Women og UNICEF.

7. Jafnréttismál:

a. Stofnað verði fagteymi utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands um jafnréttismál.
b. Mótuð verði jafnréttisstefna í þróunarsamvinnu byggð á endurskoðun á stefnu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Lokið: Janúar 2012.
c. Endurskoðun fari fram á aðgerðaáætlun um konur, frið og öryggi. Lokið: Mars 2011.
d. Stuðningur verði við tilraunaverkefni um jafnréttisskóla.
e. Í úttektum á þróunarverkefnum verði lagt sérstakt mat á samþættingu jafnréttissjónarmiða.
f. Jöfn staða kynjanna verði meðal starfsmanna í þróunarsamvinnu.
g. Unnið verði markvisst að jafnréttismálum og framgangi ályktana öryggisráðsins um konur, frið og öryggi á vettvangi alþjóðastofnana.

8. Umhverfismál:

a. Mótuð verði umhverfisstefna í þróunarsamvinnu. Lokið: Apríl 2012.
b. Sérstaklega verði fjallað um sjálfbærni í umhverfismálum við undirbúning og framkvæmd þróunarverkefna.

c. Virk þátttaka verði í störfum alþjóðastofnana á sviði endurnýjanlegra orkugjafa.
d. Öflug starfsemi verði á vegum Jarðhitaskóla og Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.
e. Framlag verði til alþjóðlegs loftslagssjóðs á vegum Sameinuðu þjóðanna.
f. Stuðningur verði við smá eyþróunarríki vegna loftslagsmála.

II. Neyðar- og mannúðaraðstoð.

1. Stefnumótun og stuðningur við félagasamtök:

a. Sérstakur fjárlagaliður verði um samstarf við félagasamtök í fjárlögum frá 2012.
b. Fylgt verði núverandi verklagsreglum um umsóknir og styrkveitingar.
c. Endurskoðun verði á verklagsreglum. Lokið: Ágúst 2012.
d. Ísland gerist aðili að alþjóðlegu átaki um mannúðaraðstoð innan tveggja ára.
e. Unnið verði skipulega samkvæmt verklagi og viðmiðum átaksins frá árinu 2012.

2. Stuðningur við skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA):

a. Regluleg framlög verði til OCHA. Sérstök framlög verði skapist ófyrirséð þörf.
b. Skammtímastörf sérfræðinga á vegum utanríkisráðuneytisins verði fyrir OCHA á vettvangi.
c. Virk þátttaka verði í málefnavinnu Norðurlanda um neyðaraðstoð Sameinuðu þjóðanna.

3. Stuðningur við Neyðarsjóð Sameinuðu þjóðanna (CERF):

a. Regluleg framlög verði til CERF.
b. Virk þátttaka verði í málefnavinnu Norðurlanda um neyðaraðstoð Sameinuðu þjóðanna.

4. Stuðningur við matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP):

a. Framlög verði til neyðaraðstoðar WFP þar sem þörf skapast.
b. Skammtímastörf sérfræðinga á vegum utanríkisráðuneytisins verði fyrir WFP á vettvangi.
c. Virk þátttaka verði í málefnavinnu Norðurlanda um WFP.

III. Lönd og landsvæði.

1. Afganistan:

a. Gerð verði aðgerðaáætlun fyrir 2012–2014. Lokið: Nóvember 2011.
b. Íslendingar taki þátt í norrænu samstarfi sem byggist m.a. á samnorrænni úttekt frá 2009.
c. Stuðlað verði að betri samhæfingu aðstoðar alþjóðasamfélagsins.
d. Unnið verði að málefnum kvenna.
e. Neyðar- og mannúðaraðstoð verði á vegum alþjóðastofnana og félagasamtaka.

2. Malaví:

a. Gerð verði samstarfsáætlun fyrir 2012–2014. Lokið: Október 2011.
b. Mannauður: Áhersla verði lögð á menntun, heilbrigðismál og hollustuhætti.

3. Mósambík:

a. Gerð verði samstarfsáætlun fyrir 2012–2014. Lokið: Október 2011.
b. Auðlindir og mannauður: Áhersla verði lögð á fiskimál og menntun.

4. Palestína:

a. Gerð verði aðgerðaáætlun fyrir 2012–2014. Lokið: Nóvember 2011.
b. Neyðar- og mannúðaraðstoð verði á vegum alþjóðastofnana og félagasamtaka.
c. Aðstoð verði við flóttamenn.
d. Aðstoð verði við konur og börn.

5. Úganda:

a. Gerð verði samstarfsáætlun fyrir 2012–2014. Lokið: Október 2011.
b. Auðlindir og mannauður: Áhersla verði lögð á fiskimál, menntun og byggðaþróun.

IV. Stofnanir.

1. Alþjóðabankinn:

a. Framlag Íslands verði vegna 16. samningalotu um endurfjármögnun IDA, 2011.
b. Átaksverkefni í jafnréttismálum (GAP). Mat verði lagt á hugsanlegt áframhald á samstarfi. Lokið: Október 2011.
c. Verkefni á sviði fiskimála (PROFISH). Mat verði lagt á hugsanlegt áframhald á samstarfi. Lokið: Júní 2011.
d. Verkefni í orkumálum (ESMAP). Mat verði lagt á hugsanlegt áframhald á samstarfi. Lokið: Október 2012.
e. Virk þátttaka verði í málefnavinnu kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í stjórn bankans.
f. Þátttaka verði í samstarfsverkefni kjördæmisins á sviði mannréttindamála.

2. UNICEF:

a. Störf íslenskra sérfræðinga verði á vettvangi.
b. Fylgt verði samstarfssamningi um skammtímastörf sérfræðinga vegna neyðarverkefna.
c. Virk þátttaka verði í málefnavinnu Norðurlanda um UNICEF.
d. Störf ungra íslenskra sérfræðinga verði fyrir UNICEF á vettvangi.
e. Samstarf verði við UNICEF á Íslandi.

3. UN Women:

a. Störf íslenskra sérfræðinga verði á vettvangi.
b. Virk þátttaka verði í málefnavinnu um jafnréttismál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.
c. Störf ungra íslenskra sérfræðinga verði fyrir UN Women.
d. Stuðningur verði við styrktarsjóð á vegum UN Women til afnáms ofbeldis gegn konum.
e. Samstarf verði við landsnefnd UNIFEM/UN Women á Íslandi.
f. Þátttaka verði í samstarfi Norðurlanda um UN Women.

4. Háskóli Sameinuðu þjóðanna:

a. Virk starfsemi Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og námskeiðahald á hans vegum í þróunarlöndum.
b. Virk starfsemi Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og námskeiðahald á hans vegum í þróunarlöndum.
c. Virk starfsemi Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og námskeiðahald á hans vegum í þróunarlöndum.
d. Stuðningur verði við tilraunaverkefni um jafnréttisskóla.
e. Unnið verði að undirbúningi að framtíðarfyrirkomulagi starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi á tímabilinu.

Alþjóðlegt samstarf og viðmið.

Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegar samþykktir um þróunarsamvinnu sem íslensk stjórnvöld eru aðili að verði nú sem fyrr leiðarljós þróunarsamvinnu Íslands. Framfylgt verði eftirfarandi áhersluatriðum:

1. Sameinuðu þjóðirnar:

a. Sérstök áhersla verði lögð á samstarf við undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna sem sinna áherslumálum Íslands.
b. Virk þátttaka verði í málefnavinnu gagnvart Sameinuðu þjóðunum á vegum utanríkisráðuneytisins og fastanefnda.
c. Virkt samstarf verði við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

2. OECD-samstarf:

a. Ísland verði aðili að DAC, þróunarsamvinnunefnd OECD, á framkvæmdatímabili áætlunarinnar.
b. Umbætur verði gerðar í fyrirkomulagi rekstrar og bókhalds vegna þróunarframlaga. Lokið: Desember 2011.
c. Jafningjarýni á þróunarsamvinnu Íslands fari fram fyrir endurskoðun áætlunarinnar.

3. Parísaryfirlýsingin, Accra-aðgerðaáætlunin:

a. Mótuð verði tímasett markmið í þróunarsamvinnu Íslands með tilliti til Parísaryfirlýsingarinnar og Accra-aðgerðaáætlunarinnar. Lokið: Febrúar 2012.
b. Virk þátttaka verði í starfi DAC um framgang Parísaryfirlýsingarinnar.

Stefnumörkun, innra og ytra starf.

Framfylgt verði eftirfarandi áhersluatriðum:

1. Stefnumörkun og eftirlit:

a. Endurskoðuð áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands verði lögð fyrir Alþingi árið 2013.
b. Utanríkisráðherra gefi skýrslu til Alþingis um framkvæmd áætlunarinnar á árinu 2013.
c. Regluleg skýrslugjöf verði til utanríkismálanefndar og fjárlaganefndar.

2. Samspil tvíhliða og marghliða þróunarsamvinnu:

Stofnuð verði fagteymi utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands á eftirfarandi sviðum til eflingar tvíhliða og marghliða samvinnu: i) jafnréttismál; ii) auðlindamál; iii) verklag og eftirlit.

3. Mannauðsstjórn:

a. Mótuð verði sameiginleg mannauðsstefna utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vegna starfa að þróunarmálum. Lokið: Nóvember 2011.
b. Haldnir verði sameiginlegir málfundir og námskeið á vegum utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.
c. Komið verði á starfsmannaskiptum við alþjóðastofnanir og þróunarstofnanir annarra ríkja.
d. Hlutur kvenna og karla verði jafnaður samkvæmt jafnréttisstefnu í þróunarsamvinnu.

4. Samstarf við frjáls félagasamtök:

a. Hlutfall framlaga sem renna til samstarfs við félagasamtök verði hækkað á tímabilinu.
b. Fylgt verði sameiginlegum verklagsreglum og eitt umsóknarferli verði fyrir allt samstarf stjórnvalda og félagasamtaka.
c. Stjórnvöld viðhaldi góðum samskiptum við samstarfshóp félagasamtaka.
d. Félagasamtök sæti úttektum og öðrum eftirlitsaðgerðum sem fylgt er í þróunarstarfi.

5. Samstarf við háskólasamfélagið:

Mótaðar verði áherslur um samstarf stjórnvalda og háskólasamfélagsins á sviði þróunarsamvinnu. Lokið: Maí 2012.

6. Kynning og umfjöllun:

a. Fylgt verði árlegri sameiginlegri kynningaráætlun utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.
b. Ráðstefnur og málþing verði skipulögð í samráði við félagasamtök og háskólasamfélagið.

7. Þátttaka einkaaðila í þróunarsamvinnu:

Unnin verði greining á möguleikum íslenskra aðila til þátttöku í uppbyggingu atvinnuvega í þróunarlöndum. Lokið: Júní 2012.

1733. Frumvarp til laga [703. mál]

um verslun með áfengi og tóbak.

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

I. KAFLI

Gildissvið, markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um smásölu á áfengi og heildsölu á tóbaki.

Lög þessi taka ekki til skipa og flugvéla sem koma í landhelgi og hafa innan borðs áfengi eða tóbak sem hluta af tollfrjálsum forða ef með þann varning er farið samkvæmt sérákvæðum laga.

Ráðherra er heimilt að setja sérreglur um innflutning ferðamanna og áhafna skipa og flugvéla á áfengi og tóbaki.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara eru:

a. að skilgreina umgjörð um smásölu áfengis og heildsölu tóbaks sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð,
b. að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu,
c. að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óæskilegum vörum.

3. gr.

Yfirstjórn.

Fjármálaráðherra fer með yfirstjórn á smásölu áfengis og heildsölu tóbaks og framkvæmd laga þessara.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Starfrækja skal sérstaka stofnun, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR, sem sinnir smásölu áfengis og heildsölu tóbaks undir stjórn ráðherra.

ÁTVR skal haga starfsemi sinni í samræmi við áfengislög, tóbaksvarnalög og stefnu stjórnvalda á hverjum tíma.

Starfsemi ÁTVR skal miðuð við að hún sé sem hagkvæmust og afli tekna sem nægi til að greiða rekstrarkostnað og skila hæfilegum arði til ríkissjóðs, m.a. með tilliti til þeirra eigna sem eru bundnar í rekstri stofnunarinnar.

5. gr.
Forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Ráðherra skipar forstjóra ÁTVR til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi sem nýtist honum í starfi.

Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, ber ábyrgð á daglegum rekstri og ræður aðra starfsmenn. Forstjóri ber ábyrgð á gerð ársskýrslu um rekstur og starfsemi ÁTVR og skal kynna hana fyrir ráðherra árlega.

6. gr.
Verkefni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Helstu verkefni ÁTVR eru þessi:

a. Innkaup á áfengi til smásölu og tóbaki til heildsölu.
b. Birgðahald og dreifing á áfengi til áfengisverslana.
c. Rekstur áfengisverslana og þjónusta við viðskiptavini.
d. Birgðahald, heildsala og dreifing á tóbaki.
e. Að tryggja að allt tóbak sé merkt samkvæmt lögum um tóbaksvarnir.
f. Álagning og innheimta tóbaksgjalds.
g. Önnur verkefni sem tengjast smásölu á áfengi og heildsölu á tóbaki.

III. KAFLI
Um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

7. gr.
Einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

ÁTVR hefur einkaleyfi til að selja og afhenda áfengi í smásölu, sbr. 10. gr. áfengislaga. Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.

ÁTVR hefur einkaleyfi til að selja tóbak innan lands í heildsölu. Um smásölu tóbaks fer eftir ákvæðum laga um tóbaksvarnir.

8. gr.
Tóbaksgjald og merkingar tóbaks.

ÁTVR leggur á og innheimtir tóbaksgjald af tóbaksvörum sem hafa verið fluttar hingað til lands eða eru framleiddar hér á landi. Um fjárhæð tóbaksgjalds fer eftir ákvæðum laga um gjald af áfengi og tóbaki.

ÁTVR skal tryggja að allt tóbak flutt inn frá útlöndum eða framleitt hér á landi sem ætlað er til sölu sé merkt.

9. gr.

Verðlagning á áfengi og tóbaki.

Vöruverð í verslunum ÁTVR skal vera það sama hvar sem er á landinu.

Álagning ÁTVR á áfengi með 22% eða lægra hlutfall af vínanda að rúmmáli skal vera 18% en álagning áfengis með meira en 22% hlutfall af vínanda að rúmmáli skal vera 12%. Um ákvörðun á áfengisinnihaldi vísast til laga um gjald af áfengi og tóbaki.

Heildsöluálagning ÁTVR á tóbak skal vera 18%.

Álagning ÁTVR á áfengi og tóbak leggst á verð vöru að viðbættum öllum gjöldum nema virðisaukaskatti.

ÁTVR er heimilt að innheimta gjald af birgjum vegna kostnaðar sem leiðir af töku nýrrar áfengrar vöru til sölu. Skal gjaldið eingöngu standa straum af þeim kostnaði sem til fellur vegna skráningar, könnunar og annarra nauðsynlegra ráðstafana af hálfu ÁTVR við að taka nýja vöru til sölu.

ÁTVR er heimilt að innheimta gjald af birgjum sem leiðir af merkingu á tóbaksvörum. Skal gjaldið eingöngu standa straum af þeim kostnaði sem til fellur vegna merkingarinnar. Um merkingar tóbaks fer eftir ákvæðum laga um tóbaksvarnir.

10. gr.

Áfengisverslanir.

ÁTVR skal eiga og reka áfengisverslanir. ÁTVR skal sækja um leyfi til rekstrar áfengisverslunar til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi. ÁTVR ábyrgist fullnægjandi öryggis- og eftirlitsbúnað þess húsnæðis sem hýsir verslunina. Um afgreiðslutíma verslana fer eftir ákvæðum áfengislaga.

11. gr.

Vöruval.

Ráðherra setur reglugerð um vöruval og innkaup ÁTVR á áfengi.

Reglurnar skulu miða að því að tryggja vöruúrval með hliðsjón af eftirspurn kaupenda, jafnframt því að tryggja framleiðendum og birgjum áfengis möguleika á að koma vörum í sölu í áfengisverslunum.

ÁTVR skal leitast við að innkaup séu í samræmi við alþjóðasáttmála.

ÁTVR er heimilt að hafna vörum sem innihalda gildishlaðnar eða ómálefnalegar upplýsingar eða gefa til kynna að áfengi auki líkamlega, andlega, félagslega eða kynferðislega getu, særa blygðunarkennd eða brjóta á annan hátt í bága við almennt velsæmi, m.a. með skírskotun til ofbeldis, trúar, ólöglegra fíkniefna, stjórnmálaskoðana, mismununar og refsiverðrar háttsemi.

ÁTVR er heimilt að hafna vöru sem er keimlík annarri vöru á almennum markaði.

ÁTVR er heimilt að hafna vöru sem inniheldur koffein og önnur örvandi efni.

12. gr.

Þjónusta og upplýsingar.

ÁTVR skal veita viðskiptavinum góða og vandaða þjónustu sem byggist á fagmennsku og hlutleysi.

ÁTVR skal veita viðskiptavinum sínum ítarlegar upplýsingar um þá vöru sem er á boðstólum, allt eftir því sem samrýmist lögum þessum, áfengislögum og öðrum lagafyrirmælum og reglum á hverjum tíma. Upplýsingarnar eiga að fela í sér almenna fræðslu um áfengi, uppruna þess, meðferð og notkun. Einnig á ÁTVR að standa fyrir eða veita upplýsingar um mögulega skaðsemi vörunnar og þá áhættu sem getur fylgt neyslu áfengis og tóbaks.

13. gr.
Samfélagsleg ábyrgð.

ÁTVR starfar með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og vinnur gegn skaðlegri neyslu áfengis.

Þegar ástæða er til að ætla að kaupandi hafi ekki náð aldri til að kaupa áfengi samkvæmt áfengislögum skal ÁTVR ávallt láta hlutaðeigandi sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

ÁTVR er heimilt að neita að selja eða afhenda áfengi ef viðkomandi er áberandi ölvaður.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

14. gr.
Haldlagning áfengis.

Leggja skal hald á vörur þær sem lög þessi taka til og eru fluttar inn eða framleiddar í heimildarleysi. Innfluttar vörur skulu afhentar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins til ráðstöfunar.

15. gr.
Kæruheimild.

Ákvarðanir um rétt aðila, sem teknar eru á grundvelli þessara laga, eru kæranlegar til ráðherra.

16. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

17. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

1734. Svar [802. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?*

2. *Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum.

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi starfsmanna	Heildarkostnaður
2007			
Írland	Kynningarferð með ráðherra um alþjóðlega fjármálamiðstöð	2	
Danmörk	Ferð viðskiptaráðherra til Kaupmannahafnar í viðskiptamóttöku	3	
Belgía	Fundir í ráðgjafarnefnd um neytendamál	1	
Brussel	Evrópska neytendaaðstoðin	1	
Brussel	Vinnunefnd um neytendamál	1	
Brussel	Vinnunefnd um samkeppnismál	1	
Kína	Fríverslunarviðræður milli Íslands og Kína	1	
Grænland	Fundur norræna samkeppnisstofnana og ráðuneyta sem fara með samkeppnismál	1	
Ísland	Ýmis verkefni IVR – starfsmaður búsettur í Svíþjóð	1	
Ísland	Ýmis verkefni IVR – starfsmaður búsettur í Svíþjóð	1	
Danmörk	Norræn neytendaráðstefna – starfsmaður búsettur í Svíþjóð	1	
Ísland	Ýmis verkefni IVR – starfsmaður búsettur í Svíþjóð	1	
Ísland	Fundur samtaka atvinnulífsins um viðurlög við efnahagsbrotum	1	
Róm	FATF-fundur	1	
París	Fundur um peningaþvætti	1	
Strassbourg	FATF-fundur	1	
Kaupmannahöfn	Fundur EFTA um Target 2 securities uppgjörskerfið	1	
Brussel	Fundur, European Securities Committee	1	
Brussel	Félagaréttarfundur	1	
Helsinki	Norrænn félagaréttarfundur	1	
Brussel	Félagaréttarfundur ESB	1	
Rúmenía	Opinber heimsókn forseta Íslands til Rúmeníu	2	
Brussel	Fundur í vinnuhópi EFTA um samkeppnismál	1	
London	Viðbót	1	
London	Ráðstefna um þróun EB-samkeppnisréttar síðasta árið í London	1	
Belgía	Fundur sérfræðinganefndar EFTA um fjármálaþjónustu (EWGFS)	1	
Kaupmannahöfn	Viðskiptamóttaka	1	
Brussel	Fundur EIOPC og fundur EBC	1	
Brussel	EES-semínar hjá EFTA/ESA	1	
Brussel	Fundur sérfræðinganefndar EFTA um fjármálaþjónustu (EWGFS)	1	
Brussel	Fundur EPC og fundur Investment committe OECD	1	
Bandaríkin	Notendaráðstefna Oracle E-Business Suite	1	
París	Vinnufundur Fjárfestingarnefndar V/NCPs (OECD)	1	
Ísland	Ýmis verkefni IVR – starfsmaður búsettur í Brussel	1	
Ísland	Ýmis fundir í Reykjavík – starfsmaður búsettur í Brussel	1	
	Samtals		**6.043.346**
2008			
Stokkhólmur	Fundur norræns vinnuhóps um kauparétt og ráðstefna: The CIGS part II	1	
London	Fundur ráðherra með breska fjármálaráðherranum, heimsóknir til íslenskra banka í London	2	
Kaupmannahöfn	Norrænn fundur fyrir samkeppnisyfirvöld í Kaupmannahöfn	1	
Slóvakía	Opnun nýrrar verksmiðju Marel	2	
Brussel	Fundur EFTA „working group on competition policy“ og semínar fyrir samkeppnisyfirvöld í EFTA	1	
New York	Kynning á Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna	1	
Belgía og Lúxemborg	Heimsókn til EFTA og höfuðstöðvar bankanna í Lúxemborg	3	
Kína	Opinber heimsókn viðskiptaráðherra	5	
Belgía	Fundur um ráðgjafanefnd um neytendamál í Brussel	1	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi starfsmanna	Heildar-kostnaður
Belgía og Lúxemborg	Fundur vinnunefndar um neytendamál	1	
Osló	Norrænn vinnufundur um rammatilskipun ESB um samningsréttindi neytenda	1	
London og Stokkhólmur	Fundur ráðherra með breska fjármálaráðherranum, heimsóknir til íslenskra banka í London, fundur samstarfsráðherra Norðurlanda í Gautaborg	2	
Kiev	Ársfundur EBRD	4	
Gínea Bissá	Ferð Háskólans í Reykjavík, viðskiptaráðuneytisins og fleiri	2	
París	Vorfundur FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	1	
Brussel	Fimmti fundur The Export group on electronic commerce	1	
Brussel	Nýliðanámskeið um EES-samninginn á vegum EFTA	6	
Slóvenía	Ráðstefna. Alliance with users – eGovernment	1	
Brussel	Félagaréttarfundur EFTA og ESB	1	
Brussel	Félagaréttarfundur ESB	1	
Brussel	Félagaréttarfundur ESB	1	
Brussel	Félagaréttarfundur ESB	1	
Stokkhólmur	Norrænn félagaréttarfundur	1	
London	Fundur með breska fjármálaráðherranaum og heimsóknir í íslenska banka	1	
Genf	Fundur Alþjóðahugverkastofnuninar WIPO um réttindi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa	1	
Brussel	Fundur hjá European Banking Committee	1	
Brussel	Fundur hjá European Banking Committee	1	
London	Fundur kjördæmis Íslands, Svíþjóðar og Eistlands hjá EBRD	1	
Brussel	Fundur CEIOPS hjá ESB	1	
Brussel	Fundur hjá European Banking Committee	1	
London	EBRD fundur kjördæmis Íslands, Svíþjóðar og Eistlands til undirbúnings ársfundi	1	
Belgía og Bretland	1. fundur EFTA Working group on Financial Services, 2. Fundur með skrifstofu Íslands, Svíþjóðar og Eistlands hjá EBRD	1	
Washington	Ráðstefna um fjármálalæsi	1	
Brasilía	Fundir FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	1	
Kanada	Fundir FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	1	
París	NCP-fundur hjá OECD (guidelines for Multinational Enterprises)	1	
London	Árlegur júnífundur FATF	1	
París	Fundir hjá fjárfestingarnefnd OECD	1	
Noregur	Fundur fulltrúa Norðurlandanna NCPs	1	
París	Vorfundur FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	1	
Brussel	Fundur Working Group on Early Intervention á vegum framkvæmdastjórnar ESB	1	
Stokkhólmur	Samráðsfundur Norðurlandaþjóða um innleiðingu á tilskipun 2007/64/EB	1	
Stokkhólmur	Fundur Norðurlanda um nýja Evrópugerð, nýja tilskipun um neytendalán	1	
Brussel	Fundur Mortage Credit Expert Group og fundur European Securities Committee	1	
Berlín	Fundur á vegum Nordic-Baltic vinnuhóps um innleiðingu þjónustutilskipuninnar	1	
Brussel	Fundur á vegum framkvæmdastjórnarinnar vegna innleiðingar þjónustutilskipunninar	1	
Pólland	Fundur á vegum Nordic-Baltic vinnuhóps um innleiðingu þjónustutilskipuninnar	1	
Brussel	Flutningur starfsmanns og fjölskyldu heim frá Brussel til Íslands	1	
Brussel	Fundur European Banking Committee	1	
Ísland	Fríverslunarviðræður Íslands og Kína (starfsmaður frá Brussel)	1	
Kína	Fríverslunarviðræður við Kína, aukalota um þjónustuviðskipti	1	
			17.539.947

2009

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi starfsmanna	Heildar-kostnaður
París	WPI	1	
Washington og New York	Með ráðherra, heimsóknir í ráðuneyti í Washington og IACC, Icelandic American Chamber of Commerce Inc., New York	2	
Lúxemborg	Með ráðherra á fundi með fjármálaráðherra Lúxemborgar	2	
Stokkhólmur og Helsinki	Fundir vegna afgreiðslu AGS á fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og sjóðsins	3	
London	Fundir vegna afgreiðslu AGS á fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og sjóðsins	3	
París	EPC-fundur OECD	1	
Bandaríkin	Ráðherra hélt fyrirlestra í Harvard og Yale, fundur með Hjálmari V. Hannessyni sendiherra og Hlyni Guðjónssyni viðskiptafulltrúa til að ræða aðstæður íslenskra fyrirtækja sem eru í viðskiptum í Bandaríkjunum.	1	
Malmö	Ráðherraráðstefna, eGoverment	1	
Brussel	Fundur, Expert group on electronic commerce	1	
Lúxemborg	Fundur með fjármálaeftirliti og seðlabanka Lúxemborgar	1	
Brussel	Félagaréttarfundur ESB/EES	1	
Brussel	Félagaréttarfundur ESB/EES	1	
Brussel	Fundur vinnunefndar ESB um innstæðutryggingakerfi	1	
París	Yfirheyrsla EDRC vegna efnahagsskýrslu OECD fyrir Ísland	1	
Brussel	14. fundur EBC	1	
Zurich	Fundur vinnunefnda EFTA um fjármálaþjónustu. Semínar EWGFS um fjármálaþjónustu í samstarfi við famkvæmdastjórn ESB	1	
London	Ársfundur EBRD	1	
Brussel	Ráðstefna, ESB, High Level Conference	1	
London	Fundur kjördæmis Svíþjóðar, Íslands og Eistlands í EBRD	1	
Brussel	Fundur, EFTA Working group on Financial Services	1	
París	Ráðstefna og tengslafundur um fjármálalæsi í sambandi við fjármálakreppuna	1	
Brussel	Ráðgjafarhópur á vegum ESB um kvartanir	1	
Brussel	Sérfræðinefnd um neytendamál á vegum framkvæmdastjórnar ESB	1	
Brussel	Fundur framkvæmdastjórnar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og fundur evrópsku bankanefndarinnar	1	
Brussel	Fundur, The Working group on Early Intervention (EC)	1	
París	Fundur FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	1	
Brussel	Fundur evrópsku bankanefndarinnar (EBC)	1	
Lyon	Fundur FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	1	
París	Árlegur fundur NCP fulltrúa v. reglna OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	1	
París	Aukafundur FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	1	
París	Fundur FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	1	
Brussel	Fundur Working Group on Early Intervention	1	
París	Fundur STEP-nefndar hjá OECD í París	1	
Stokkhólmur	Fundur á vegum Nordic-Baltic vinnuhóps um innleiðingu þjónustutilskipuninnar	1	
Brussel	Fundur í vinnuhóp, EFTA WG on Competition Policy	1	
Kaupmannahöfn	Fundur á vegum Nordic-Baltic vinnuhóps um innleiðingu þjónustutilskipuninnar	1	
Stokkhólmur	Fundur Norðurlandanna vegna innleiðingar þjónustutilskipuninnar	1	
Brussel	Fundur EWGFS	1	
	Samtals		**10.801.296**
2010			
Washington	Ársfundur AGS	4	
Helsinki	Norræna hagfræðinganefndin	1	
Kaupmannahöfn	Norræna hagfræðinganefndin	1	
Brussel	Fundir European Securities Committee og Working groups for financial services	1	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi starfsmanna	Heildar-kostnaður
París	Ráðstefna um peningaþvætti	1	
Brussel	EFTA-semínar	1	
Brussel	Námskeið um EES	3	
Litháen	NBMFC-fundur	1	
Turku og París	Ársfundur NIB og ráðherrafundur OECD	1	
Zagreb og París	Ársfundur EBRD og EPC-fundur	1	
Stokkhólmur	Ráðstefna um atvinnuleysi í kjölfar kreppunnar og fundur norræna hagstjórnarráðsins	1	
París	Fundur OECD	1	
Washington	Fundur efnahags- og viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra með yfirstjórn AGS	1	
London	Kjördæmisfundur EBRD	1	
Osló	Fundir með fjármálaráðherrum Noregs og Danmerkur	1	
Osló og Kaupmannahöfn	Fundir í ráðuneytum í Danmörku og Noregi	3	
Washington og Seattle	Heimsókn í ráðuneyti og fyrirlestur hjá IACC	3	
París og Brussel	Fundur með framkvæmdastjórn ESB og ráðherrafundur OECD	2	
Zagreb	Ársfundur EBRD	1	
Washington	Fundur efnahags og viðskiptaráðherra með yfirstjórn AGS	1	
París	STEP-fundur OECD	1	
Haag	Fundur með breskum og hollenskum stjórnvöldum v/ ICESAVE	1	
París	STEP-fundur OECD	1	
Brussel	ARC-fundur	1	
Brussel	ARC-fundur	1	
Brussel	Fundur International Developments in Accounting and Auditing	1	
Brussel	Félagaréttarfundur ESB	1	
Brussel	Fundur í félagaréttarnefnd ESB	1	
Brussel	Sameiginlegur fundur EBC og CRDWG og fundur EWGFS	1	
Brussel	Fundur EWGFS, EFTA Working Group on Financial Services	1	
Brussel	Fundir EBC og ESA	1	
Osló	EFTA working group on financial services	2	
Brussel	Ráðstefna ESB um áhættustjórnun í fjármálaþjónustu	1	
Brussel	Fundur vinnunefndar EFTA, EWGFS og fundur vinnunefndar ESB um endurskoðun á innstæðutryggingakerfum	1	
Amsterdam	Fundir FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	1	
Brussel	Fundur EBC	1	
Abu Dhabi	Fundir FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	1	
Brussel	Sérfræðingafundur vegna hagspár ESB fyrir umsóknarríki	1	
París	WPI-fundur OECD og fundur með starfsmönnum OECD	1	
Brussel	Fundur EBD	1	
Eistland	Ráðstefna eistneska seðlabankans um upptöku evru	1	
Stokkhólmur	Fundur NBMFC Alternates	1	
Washington	Vorfundur AGS	1	
París	WPI-fundur OECD og vinnufundur norrænu ríkjanna	1	
Brussel	Fundur um þjónustutilskipunina	1	
Brussel	Fundur um þjónustutilskipunina	1	
Kaupmannahöfn	Fundur um þjónustutilskipunina	1	
Berlín	Fundur um þjónustutilskipunina	1	
Brussel	Fundur um þjónustutilskipunina	1	
Stokkhólmur	Norrænn samkeppnisfundur	1	
	Samtals		**17.606.349**

Einkaleyfastofan. Hafa ber í huga að stór hluti ferða sem farnar eru á vegum stofnunarinnar eru endurgreiddar af alþjóðastofnunum, í flestum tilvikum af EPO

Land	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildarkostnaður
2007			
Þýskaland /Holland	Fundir í stjórn, framkvæmdaráði, fjárlaga-, tækni- og laganefndum EPO	12	
Þýskaland	Námskeið / aðrir fundir á vegum EPO.	8	
Ungverjaland/Holland/Spánn/Þýskaland/Svíþjóð/Frakkland/Bretland/ Noregur/Ítalía	Námskeið á vegum EPO	20	
Danmörk /Noregur	Undirbúningsfundir fyrir stofnun NPI	11	
Svíþjóð	Námskeið í flokkun vörulista	2	
Belgía	EFTA hugverkahópur	3	
Noregur /Finnland/ Danmörk	Samráðsfundir Norðurlanda og Eystrasaltsríkja	5	
Spánn	Fundur hjá OHIM, skráningarskrifstofu ESB	1	
Sviss	Fundur hjá WIPO v. Haag-samningsins	1	
Danmörk	Fundur hjá DKPTO, vörumerkjaráðstefna í Kaupmannahöfn	1	
Danmörk	Fundur um rafræna skjalastjórnun og tölvumál hjá DKPTO	1	
Bandaríkin	Námsdvöl hjá USPTO v. vörumerkja	1	
Sviss	Ársþing Alþjóðahugverkastofnunarinnar	3	
Sviss	Fundur hjá WIPO um rafræna móttöku vörumerkjaumsókna	1	
Danmörk	Námskeið hjá DANAK – faggilding	1	
Búlgaría	Aðalfundur EA – faggilding	1	
Sviss	EA-fundur v. faggildingar	1	
Sviss	EA MAC – faggilding	1	
Kýpur	Aðalfundur EA - faggilding	1	
	Samtals		11.993.623
	Endurgreitt		6.809.733
	Samtals		**5.183.890**
2008			
Danmörk/Noregur	NPI fundir / opnun NPI	11	
Belgía	EFTA-hugverkahópur / sérfæðingahópur ESB	5	
Svíþjóð	Námskeið fyrir einkaleyfasérfræðinga	1	
Þýskaland/Holland	Fundir í stjórn, framkvæmdaráði, fjárlaga-, tækni- og laganefndum EPO	26	
Holland	Námskeið / aðrir fundir á vegum EPO	7	
Austurríki/Ítalía/ Slóvenía	Námskeið á vegum EPO	4	
Svíþjóð/Lettland	Samráðsfundur Norðurlanda og Eystrasaltsríkja	6	
Sviss	Námskeið um alþjóðleg skráningarkerfi vörumerkja og hönnunar	5	
Bretland	Árlegur fundur WIPO v. Ipr í OECD	1	
Sviss	Fundir á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar	2	
Bandaríkin	Námsdvöl hjá USPTO v. vörumerkja	1	
Belgía	Alþjóðleg ráðstefna v. vörumerkja	1	
Bretland	Alþjóðleg ráðstefna um skjalavörslu	1	
Sviss	Ársþing Alþjóðahugverkastofnunarinnar	1	
Lettland	Ráðstefna um IPR, forstjóri ELS flutti erindi	1	
Þýskaland	Ráðstefna á vegum INTA	1	
Grikkland/Portúgal	EA-fundur v. faggildingar	2	
Pólland	Fundur í fastanefnd EA MAC – faggilding	1	
Portúgal	Faggildingarúttekt	1	
Litháen	NORDA-fundur – faggilding	1	
Eistland	Aðalfundur EA – faggilding	1	
Belgía	IC & CC nefnd EA – faggilding	1	
Rúmenía	EA Mac fastanefnd – faggilding	1	
	Samtals		16.742.470
	Endurgreitt		7.362.383
	Samtals		**9.380.087**

Land	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildar-kostnaður
2009			
Noregur	Stjórnarfundir, fundir og námskeið vegna NPI	5	
Þýskaland	Fundir í stjórn, framkvæmdaráði, fjárlaga-, tækni- og laganefndum EPO	9	
Þýskaland	Námskeið / aðrir fundir á vegum EPO	3	
Belgía	Ráðstefna / hugverkahópur EFTA	2	
Danmörk	NIR-ráðstefna	1	
Litháen	Samráðsfundur Norðurlanda og Eystrasaltsríkja	2	
Tékkland	EPO-ráðstefna	1	
Sviss	Námskeið um alþjóðlegt skráningarkerfi vörumerkja WIPO	1	
Noregur	Norrænn fundur og fundur á vegum EPO	1	
Lúxemborg	European Accredidation + EA M – faggilding	1	
Belgía	Fundur í hugverkahópi EFTA	1	
Þýskaland/Noregur	Fundur í stjórn akademíu EPO / stjórnarfundur NPI	1	
Svíþjóð	ESB enforcement fundur / ráðstefna	2	
Sviss	Fundir hjá WIPO	2	
	Samtals		6.655.646
	Endurgreitt		1.897.986
	Samtals		**4.757.660**
2010			
Spánn	Fundur hjá OHIM , skráningarskrifstofu ESB	3	
Danmörk/Noregur	Stjórnarfundir, fundir og námskeið vegna NPI	6	
Þýskaland/Holland	Fundir í stjórn, framkvæmdaráði, fjárlaga-, tækni- og laganefndum EPO	5	
Lettland	Samráðsfundur forstjóra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja	1	
Spánn	EPO-fundur og ráðstefna	1	
Noregur	NIR-fundur og ráðstefna	1	
Belgía	Fundir í hugverkahópi EFTA	1	
Holland	Námskeið / aðrir fundir á vegum EPO	4	
	Samtals		5.245.523
	Endurgreitt		1.945.787
	Samtals		**3.299.736**

Hagstofan.

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi starfsmanna	Heildar-kostnaður
2007			
Barcelóna	Tech Ed	1	
Búdapest	Dgins	1	
England	SQL-tölvumál	1	
Gautaborg	Fjölmiðlastatistík/Nordicom	1	
Genf	CES/OECD	1	
Grikklandi	Menntun/OECS	1	
Heerlen	Blaise	1	
Helsinki	PC-Axis	1	
Helsinki	PC-Axis	1	
Helsinki	Þjóðhagsreikningar/NUNA	1	
Helsinki	Fjölmiðlastatistik/Nordicom	1	
Helsinki	Þjóðhagsreikningar	1	
Helsinki	PPP-vísiölur	2	
Helsinki	Utanríkisverslun/þjónustuviðskipti	1	
Írland	tölvumál/DELL og EMC	1	
Kanada	Ottawahópur/verðvísitölur	1	
Kaupmannahöfn, Osló	Utanríkisverslun/kynnisferð	1	
Kaupmannahöfn	Kontaktnetið	1	
Lissabon	ISI	1	
London	Menntun/OECS	1	
London	Heimsókn á hagstofuna í London	1	
Lúxemborg	Utanríkisverslun	3	
Lúxemborg	Menntun/Education and training	1	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi starfsmanna	Heildar-kostnaður
Lúxemborg	Dgins	1	
Lúxemborg	ICT	1	
Lúxemborg	Tölvumál	1	
Lúxemborg	Informat.society stat.	1	
Lúxemborg	Neysluverðsvísitala	2	
Lúxemborg	Hagstofustjórafundur/SPC	3	
Lúxemborg	Fundur	1	
Lúxemborg	Hagstofustjórafundur/SPC	1	
Lúxemborg	Þjóðhagsreikningar/menntamál	2	
Lúxemborg	Landbúnaðarmál	1	
Lúxemborg	ESSPROS	1	
Lúxemborg	Vinnumarkaðsrannsóknir	2	
Lúxemborg	NACE/CPA/business register	2	
Lúxemborg	Vinnumarkaðsrannsóknir	2	
Lúxemborg	Tölvumál	1	
Lúxemborg	Mannfjöldi/dánarorsök	1	
Lúxemborg	Þjóðhagsreikningar	2	
Lúxemborg	Lífskjarakönnun/EU-SILC	1	
Lúxemborg	PPP-vísiölur	2	
Lúxemborg	Ferðamál	1	
Lúxemborg/Búdapest	Hagstofustjórafundur/Dgins	1	
Lúxemborg/ Kaupmannahöfn	Nomesko/heilbrigðismál	1	
Lúxemborg	WG Dissemination	1	
Lúxemborg	SPC/norrænn hagstofustjórafundur	1	
New York	St.Com	1	
Osló	Vefstjórafundur	1	
Osló	Utanríkisverslun	1	
Osló	Safnastatistík	1	
París	OECD	1	
París	OECD	1	
París	Þjóðhagsreikningar/OECD	1	
París	OECD	1	
París/Helsinki	Utanríkisverslun	1	
Stokkhólmur	Ráðstefna/Nord I og D	2	
Stokkhólmur	Kontaktnetið	1	
Sviss	ESTP	1	
Svíþjóð	Útgjaldarannsókn	2	
Bandaríkin	IBUC 2007	1	
Vínarborg	Aðferðarfræði/vinnmarkaðsmál	1	
París	Þjóðhagsreikningar/NUNA	1	
	Samtals		**13.617.542**
2008			
Brussel	Gæðaleiðréttingar	1	
Brussel	Konur og vísindi	1	
Frankfurt	European Central bank	1	
Færeyjar	NOMESKO	1	
Genf	Neysluverðsvísitala	1	
Genf	Manntal	1	
Genf	Þjóðhagsreikningar	1	
Heerlen, Hollandi	Blaise	1	
Helsinki	Vestjórar	1	
Helsinki	Heimsókn á finnsku hagstofuna	4	
Helsinki	Þjóðhagsreikningar	1	
Helsinki	Þjóðhagsreikningar	1	
Helsinki	PPP-vísiölur	2	
Helsinki	Mannfjöldi og fleira	1	
Kaupmannahöfn	Ritstjórnarfundur	1	
Kaupmannahöfn	SHA-staðall	1	
Kaupmannahöfn	Rannsóknarverkefni	1	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi starfsmanna	Heildar-kostnaður
Lissabon	Mannfjöldi og fleira	1	
London	Microsoft data Warehouse	1	
Lúxemborg/Frankfurt	OECD/CMFB	1	
Lúxemborg	Utanríkisverslun	3	
Lúxemborg	ISS	1	
Lúxemborg	Upplýsingatækni	1	
Lúxemborg	Neysluverðsvísitala	2	
Lúxemborg	ESTP	1	
Lúxemborg	Ferðamál	1	
Lúxemborg	Finance Statistics	2	
Lúxemborg	FAWG	1	
Lúxemborg	Landbúnaðarmál	2	
Lúxemborg	Vinnumarkaðsmál/EU-SILC	3	
Lúxemborg	SPC/Dir. of Social Stat.	3	
Lúxemborg	Vinnumarkaðsmál	2	
Lúxemborg	SPC	1	
Lúxemborg	Mannfjöldi og fleira	3	
Lúxemborg	Local Coordinators	1	
Lúxemborg	PPP	1	
Lúxemborg	Þjóðhagsreikningar	1	
Madrid	Rannsóknarverkefni	1	
Nuuk, Grænlandi	Menntamál	1	
Osló	Tölvumál o.fl.	1	
Osló	Standardisation	2	
Osló	Hagstofustjórar	2	
Osló	Efnahagsmál	1	
Osló	ESTP	1	
París	Vöru- og þjónustuviðskipti	1	
París	OECD	3	
París	SHA-staðall	1	
París	Ferðamál	1	
París	Þjóðhagsreikningar	2	
Frakkland	Þjónustuviðskipti/utanríkisviðskipti	2	
Róm	PC-Axic	2	
Stokkhólmur	Standardisation	2	
Stokkhólmur	Verkferlar	1	
Stokkhólmur	Vinnumarkaðsmál	1	
Stokkhólmur	Svar við könnunum	1	
Washington	Þjóðhagsreikningar o.fl.	2	
Wiesbaden	Gæðaleiðréttingar	1	
Zürich	Hagstofustjórafundur	1	
	Samtals		**17.618.351**
2009			
Berlín	Menntamál	1	
Helsinki	Hagstofustjórafundur	1	
Helsinki	PPP	2	
Kaupmannahöfn	Norræna tölfræðingamótið	1	
Kaupmannahöfn	NORDICOM	1	
Kaupmannahöfn	Norræna árbókin	1	
Lúxemborg	Utanríkisverslun	2	
Lúxemborg	Menntamál	1	
Lúxemborg	Metdata og SINE	1	
Lúxemborg	ITDG	1	
Lúxemborg	Upplýsingasamfélagið	1	
Lúxemborg	Sjávarútvegsmál	1	
Lúxemborg	Heilbrigðismál	1	
Lúxemborg	Neysluverð	2	
Lúxemborg	PPP/HICP	1	
Lúxemborg	Ferðamál	1	
Lúxemborg	Gæðamál	1	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi starfsmanna	Heildar-kostnaður
Lúxemborg	ESTP	1	
Lúxemborg	Þjóðhagsreikningar	2	
Lúxemborg	Landbúnaðarmál	1	
Lúxemborg	Esspros	1	
Lúxemborg	Vinnumarkaðstölfræði	2	
Lúxemborg	Business Register	1	
Lúxemborg	Social statistics	1	
Lúxemborg	Hagstofustjórafundur	2	
Lúxemborg	Lýðræði	1	
Lúxemborg	Menningarstatistík	1	
Lúxemborg	Þjóðhagsreikningar/CMFB	1	
Lúxemborg	Superivisory and Nat.acc	1	
Lúxemborg	Hagskýrslugerð og heilbrigðismál	1	
Lúxemborg	Lífskjarakönnun	1	
Madrid	Launamál	1	
Malta	Hagstofustjórafundur	1	
Osló	Könnunardeildir	1	
Osló	Þjónustuviðskiptin við útlönd	3	
Osló	IT-fundur	1	
París	OCED-fundur	1	
París	Economic prospects	1	
París	NUNA og þjóðhagsreiningar	1	
París/Lúxemborg	Utanríkisverslun	1	
Stokkhólmur/ Kaupmannahöfn	Hagskýrslugerð/norræna tölfræðingamótið	1	
Stokkhólmi	Könnunardeildir	1	
Stokkhólmi	Þjóðhagsreikningar	1	
Sviss	Ottawahópurinn	1	
Vilníus	AC-Axis	1	
Vín	Samræmd vísitala neysluverðs	1	
Örebro	Mannfjöldi	2	
	Samtals		**15.808.387**
2010			
Dublin	Vísitala neysluverðs	1	
Genf	SDMX	1	
Genf	Vinnustofa	1	
Helsinki	Vísitölur	2	
Kaupmannahöfn	Tölfræðingamótið/heimsókn á dönsku hagstofuna	9	
Kaupmannahöfn	Tölfræðingamótið/norrænn hagstofustjórafundur	4	
Lissabon	Verðmælingar á eigin húsnæði	1	
Lúxemborg	Aðferðafræði/kannanir	1	
Lúxemborg	Utanríkisverslun	2	
Lúxemborg	Upplýsingasamfélagið	1	
Lúxemborg	UOE/Menntun og þjálfun	2	
Lúxemborg	Gæðamál	1	
Lúxemborg	STNE og Metdata	1	
Lúxemborg	ITDG og Cora	1	
Lúxemborg	Upplýsingasamfélagið	1	
Lúxemborg	Vísitala neysluverðs	2	
Lúxemborg	PPP-vísitala	1	
Lúxemborg	Ferðamál	1	
Lúxemborg	FAWG	2	
Lúxemborg	Vinnumarkaðstölfræði	2	
Lúxemborg	ISCO-08	1	
Lúxemborg	Fyrirtækjaskrá	1	
Lúxemborg	European Directors Social Stat	2	
Lúxemborg	Vinnumarkaðstölfræði	1	
Lúxemborg	ESSC	4	
Lúxemborg	Mannfjöldaspá	1	
Lúxemborg	DNA+CMFB+DMES	3	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi starfsmanna	Heildar-kostnaður
Lúxemborg	PPP-véla og tækja	1	
Lúxemborg	SILC-könnun	1	
Lúxemborg	Evrópuviðskipti	1	
Lúxemborg	Manntal	2	
New Port, Wales	HICP	1	
Nürnberg, Þýskalandi	Brottfall í könnunum	1	
París	Utanríkisverslun	1	
París	INES	1	
París	STEP	1	
París	Fiskur	1	
París	OECD	1	
París	OECD-STEP	1	
París	OECD-CES	1	
París	WS LFS Methodology	1	
París	NUNA/Þjóðhagsreikningar	1	
Róm	Fyrirtækjaskrá	1	
Sofía, Búlgaríu	ESSC	1	
Stokkhólmur	Kortagerð	1	
Stokkhólmur	NORDICOM	1	
Stokkhólmur	Vefstjórafundur	1	
Varsjá	SILC-könnun	1	
	Samtals		**21.902.730**

Fjármálaeftirlitið.

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildar-kostnaður
2007			
París	HR Task Forcefund	1	
París	HR Force fund	1	
Róm	CESR Expert Group Investment Management	1	
Róm	CESR Investment Management	1	
Brussel	CESR Investment Management	1	
Róm	CESR Investment Management	1	
París	CESR Prospectuses	1	
París	CESR Transparancy fund	1	
París	CESR Prospectus Group	1	
París	CESR Prospectus Group	1	
París	CESR Prospectus Group	1	
Washington	Framhaldsmenntunarráðstefna tryggingarstærðfræðinga	1	
Amsterdam/Haag	Fundur með DNB/fundur með NIBC	1	
Stokkhólmur	Fundur vegna norrænnar viðlagaæfingar	1	
Osló	Norrænn stjórnarfundur	1	
Dresden	CESR	1	
Basel	Semínar „On dealing with problem bank situation“	1	
París	CESR-fundur	1	
Vín	Námskeið á vegum CEEBS „ICAAP and stress testing in banks"“	1	
Kaupmannahöfn	Fundur með Kaupþing FIH og Finanstilsynet og norænn haust-fundur á lánamarkaði og fundur með finnska eftirlitinu	1	
London	CEBB EGCR	1	
London	CEBS EGFI	1	
Helsinki	Norænn Pillar II fundur	1	
Kaupmannahöfn	Norrænn eiginfjárfundur og fundur með Finanstilsynet vegna Kaupþings IRB	1	
Tallinn	Groupe de contact	1	
London	CEBS/FSI semínar	1	
Stokkhólmur	CEBS EGCR	1	
London	CEBS EGCR	1	
Stokkhólmur	Norrænn eiginfjárfundur	1	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildar-kostnaður
París	CESR Takeover-bids	1	
París	MidFid level 3 fund	1	
Kaupmannahöfn	Norrænn fundur á verðbréfamarkaði	1	
Frankfurt	Insurance Intermediate fundur á vegum CEIOPS	1	
London	Inrenational Insurance Regulatores´ semínar á vegum FSA	1	
Kaupmannahöfn	Fundur á lánamarkaði og fundur með danska eftirlitinu	1	
Amsterdam	EGFI-fundur	1	
New York	Supervision hjá New York	1	
London	Vettvangseftirlit hjá Glitni, Landsbanka Íslands, Straumi-Burðarás og MP-fjárfestingarbanka	1	
London	EGFI-fundur	1	
Frankfurt	CEIOPS-fundur	1	
Frankfurt	CEIOPS-fundur	1	
Ft. Lauderdale	IAIS-rástefna	1	
Stokkhólmur	Norrænar viðlagaæfingar	1	
Osló	Norrænn forstjórafundur	1	
Luxemborg	CEIOPS-fundur	1	
Frankfurt	CEIOPS-fundur	1	
Osló/Helsinki	Eftirlitsheimsókn vegna NEMI/norrænn fundur á vátryggingamarkaði	1	
Frankfurt	CEIOPS-fundur	1	
Frankfurt	CEIOPS vinnuhópur um vátryggingamiðlara	1	
París	TREM Operational Procedure	1	
París	TREM Group test	1	
Stokkhólmur	TRS-fundur	1	
Helsinki	TRS-fundur	1	
Stokkhólmur	IT-Tilsynet	1	
Búkarest	TREM-semínar	1	
Stokkhólmur/London	Nordic Baltic TRS/CESR-Teck og vettvangsathugun hjá Glitni, Landsbanka, Straumi-Burðarás og MP-fjárfestingarbanka	1	
París	CESR-Teck	1	
Stokkhólmur	Nordic Baltic TRS	1	
London	Stress Testing semínar	1	
Basel	Semínar um greiðsluhæfi	1	
London	5. árlegt Covered bond semínar	1	
Osló	Administrative mode	1	
Osló	Fundur hjá framkvæmdahópi vegna norrænnar viðlagaæfingar	1	
Stokkhólmur	Undirbúningur norrænnar viðlagaæfingar	1	
London	Námstefna um COREP	1	
Osló	Fundur hjá framkvæmdahópi vegna norrænnar viðlagaæfingar	1	
London	Vettvangsathugun hjá Glitni, Landsbanka Íslands, Straumi-Burðarás og MP-fjárfestingarbanka	1	
Helsinki	Fundur hjá framkvæmdahópi vegna norrænnar viðlagaæfingar	1	
Kaupmannahöfn	Fundur hjá framkvæmdahópi vegna norrænnar viðlagaæfingar	1	
Stokkhólmur	Fundur hjá framkvæmdahópi vegna norrænnar viðlagaæfingar	1	
Lissabon	CESR-fundur	1	
Madrid	CESR-Pol fundur	1	
Osló	Norrænn forstjórafundur	1	
París	CESR Takeover og CESR-fundur	1	
París	CESR-Pol-fundur	1	
Kaupmannahöfn	Norrænn fundur á verðbréfamarkaði	1	
Lissabon	CESR Reveiw Panel	1	
London	CESR-Pol fundur	1	
París	CERS um yfirtökboð	1	
Frankfurt	Ráðstefna um IOPRPs	1	
Frankfurt	CEIOPS Insurance Groups Supervision Committee fundur	1	
Kraká	IGSC-semínar og IGSC-fundur	1	
Basel	FSI-semínar, Basel II & Solvency II	1	
London	Námskeið, Effective Crisis Communication	1	
Osló	Administrative mode	1	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildar-kostnaður
Amsterdam/Haag	Fundur með DNB/fundur með NIBC	1	
Osló	Norrænn forstjórafundur	1	
London	Vettvangseftirlit hjá Glitni, Landsbanka Íslands, Straumi-Burðarás og MP-fjárfestingarbanka	1	
París	Fundur FATF	1	
London	AMPL-semínar, gegn peningaþvætti	1	
París	FATE-fundur	1	
London	Námstefna COREP	1	
París	CESR Reveiw Panel	1	
London	FAS v/Excel	1	
Washington	SEC-námsekið	1	
Lissabon	Review panel	1	
París	FREG	1	
Brussel/París	Life&Pension um Solvency II/ FREG	1	
Kraká	IGSC-semínar og IGSC-fundur	1	
París	FREG	1	
Amsterdam	CEIOPS-fundur	1	
Osló/Helsinki	Eftirlitsheimsókn vegna NEMI/norrænn fundur á vátryggingamarkaði	1	
London	CEIOPS Pillar I hópur	1	
Frankfurt	CEIOPS Pillar I hópur	1	
London	CEIOPS Pillar I hópur	1	
London	CEIOPS Pillar I hópur	1	
Kaupmannahöfn/París	Nordic Baltic TRS/CESR Data Quality hópur og CECSR Tech fundur	1	
Barcelona	ITF Forum	1	
Stokkhólmur	TRS-fundur	1	
París	CESR-Teck fundur	1	
Vilníus	Nordic-Baltic TRS-fundur	1	
París	TREM Group test	1	
London	CESR-Teck fundur	1	
Stokkhólmur	TRS Workshop	1	
París	CESR-Teck fundur	1	
Stokkhólmur	IT-Tilsyn	1	
London	CESR-Tech fundur	1	
Stokkhólmur/Osló	Nordic Baltic TRS/Administrative mode	1	
London/ Kaupmannahöfn	CESR-Tech/Nordic Baltic	1	
Osló	Nordic Baltic	1	
Stokkhólmur/London	Nordic Baltic TRS/ CESR-Teck	1	
London	CESR-Tech	1	
London	CEBS	1	
London	Groupe de contact	1	
Amsterdam/Haag	DNB/NIBC	1	
Lissabon	CEBS	1	
Osló	Norrænn forstjórafundur	1	
London	CEBS	1	
Lubljana	Groupe de contact	1	
London	CEBS	1	
London	Groupe de contact	1	
Stokkhólmur	FSF European Regional fundur	1	
Kaupmannahöfn	TRS-fundur	1	
Stokkhólmur	TRS-fundur	1	
París	TRME Operational Procedure	1	
Vilníus	Nordic-Baltic TRS fundur	1	
London/Stokkhólmur	Kynning á úrvinnslukerfi TRS/TRS-námstefna, fundur	1	
Helsinki	TRS-fundur	1	
Luxemborg	S&I Group	1	
Búkarest	TREM-semínar	1	
Stokkhólmur	Nordic-Baltic TRS-fundur	1	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildar-kostnaður
Kaupmannahöfn	Nordic-Baltic TRS-fundur	1	
Osló	Nordic-Baltic TRS-fundur	1	
Stokkhólmur	Nordic-Baltic TRS-fundur	1	
Frankfurt	CEIOPS-fundur	1	
	Samtals		**20.558.334**
2008			
Stokkhólmur	TRS-fundur	1	
Frankfurt	Námskeið á vegum CESR-Tech	1	
Osló	TRS-fundur	1	
Stokkhólmur	Surveillance	1	
Stokkhólmur	TRS-fundur	1	
Stokkhólmur	Norænn fundur á verðbréfasviði	1	
Vilníus	TRS-fundur	1	
Helsinki	CESR Surveillance & Intelligence	1	
Helsinki	TRS-fundur	1	
Osló	Nordic Baltic TRS	1	
Kaupmannahöfn	Norrænn sviðsstjórafundur	1	
London	IGSC	1	
Frankfurt	IGSC	1	
Frankfurt	IGSC	1	
Frankfurt	CEIOPS	1	
Vín	CEIOPS IGSRR	1	
Frankfurt	CEIOPS IGSRR	1	
Lissabon	CEIOPS IGSRR	1	
Edinborg	Fundur í trygginganefnd	1	
Róm	CEIOPS-fundur	1	
Frankfurt	CEIOPS IGSRR	1	
París	CEIOPS IGSRR	1	
Frankfurt	CEIOPS	1	
Lissabon	CEIOPS IGSRR	1	
Helsinki	Úttekt á útibúi Kaupþings	1	
Stokkhólmur/París	Norrænn fundur á verðbréfasviði/CESR Takeovoer-bids	1	
Stokkhólmur	Post MidFid market landscape in the Nordic and Baltic region	1	
París	CESR Takeover-bids	1	
Beatenberg	FSI Semínar um áhættustjórn	1	
London	Fundur með FSA	1	
Basel	Semínar um Liquidity and Asset Liability Management	1	
Haag	Fundur vegna innlánastarfsemi	1	
Amsterdam	Fundur með hollenska eftirlitinu	1	
Luxemborg	Samstarf við ECB og fjármálaeftirlitið í Lúxemborg	1	
London	Vettvangseftirlit með FSA hjá Heritable Bank og útibúi Landsbankans	1	
London	Vettvangseftirlit með FSA hjá Landsbanka Íslands Securities	1	
Stokkhólmur	TRS-fundur	1	
Kaupmannahöfn	TRS-fundur	1	
París	CESR Intergrating fundur	1	
Frankfurt	Námskeið á vegum CESR-Tech	1	
Osló	TRS Operating fundur / TRS Maintenance and Development Group fundur	1	
Roskilde	TRS tæknihópur	1	
Amsterdam	Fundur með hollenska eftirlitinu	1	
Kaupmannahöfn	Norrænn forstjórafundur	1	
London	EGFI-fundur	1	
London	Fundur með FSA	1	
London	EGFI-fundur	1	
London	Með FSA hjá Heritable Bank og útibúi Landsbankans	1	
Kaupmannahöfn	Norænn forstjórafundur	1	
Stokkhólmur	Norænn fundur á vátryggingamarkaði	1	
Frankfurt	CEIOPS IMEG	1	
Basel	Semínar, Financial Crisis Management	1	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildar-kostnaður
Stokkhólmur	Norrænn fundur, bankaeftirlit	1	
Basel	FSI-semínar, Practice Techniques to Implement Pillar	1	
London	Groupe de Contact	1	
London	CEBS – EGCR	1	
London	CEBS – EGCR	1	
London	Deloitte UK	1	
London	CEBS – EGCR	1	
Kaupmannahöfn	Fundur með Finanstilsynet, Erhversbank og Deloitte vegna Kaupþings IRB	1	
London/ Kaupmannahöfn	CEBS – EGCR/vettvangsathuganir v/RB í FIH	1	
Stokkhólmur	Semínar, áhættustjórnun	1	
Stokkhólmur	Life & Pensions Nordics	1	
París	CESR Transparency og CESR Pripectuses	1	
Stokkhólmur	Life & Pensions Nordics	1	
París	CESR Review panel workshop	1	
Stokkhólmur	Áhættustjórnun semínar	1	
Brussel	Samstarfsnefnd evrópskra bankaeftirlita (EBC)	1	
Brussel	X ICBS 2008 ráðstefna bankaeftirlita	1	
Amsterdam/ Stokkhólmur	Fundur með hollenska eftirlitinu/fundur með norrænum Seðla-bönkum, viðskipta- og/eða fjármálaráðuneytunum og norrænum fjármálaeftirlitum vegna viðlagamála	1	
London	FSA-fundur	1	
Washington	Árlegt alþjóðlegt semínar, Policy Challenges for Financial Sector	1	
Ljubljana	CESR-fundur	1	
Kaupmannahöfn	Stjórnarfundur	1	
Madrid	Semínar, Reputational Risk and Global Internal Control	1	
London	FATF-fundur	1	
Kaupmannahöfn	Stjórnarfundur	1	
Franfurt	CEIOPS Consumer Protection fundur	1	
Frankfurt	CEIOPS Consumer Protection fundur	1	
Frankfurt	CEIOPS Consumer Protection fundur	1	
Kaupmannahöfn	Stjórnarfundur	1	
Amsterdam	CESR Transparency	1	
Amsterdam/París	CESR Transparency/CESR Prospectures	1	
London	Annual AML European Conference	1	
London	Ferð á vegum viðskiptaráðherra vegna funda með fjármálráðherra Breta og bönkum í eigu Íslendinga	1	
London	FSA-fundur	1	
PArís	CERS-fundur	1	
París	CERS-fundur	1	
Osló	Nordic Baltic TRS	1	
Kaupmannahöfn	Fundur vegna OMX-samstarfsins og norænn forstjórafundur	1	
Kaupmannahöfn	Semínar, Nordic Securities Processing	1	
Stokkhólmur	Norænn fundur á verðbréfasviði	1	
París	CESR-fundur	1	
London	Vettvangseftirlit með FSA hjá Landsbanka Íslands Securities	1	
Kaupmannahöfn	Norænn sviðstjórafundur á verðvbréfasviði v/TRS	1	
Frankfurt	Internat Model fundur og FinReq fundur	1	
Frankfurt	Internat Model fundur og FinReq fundur	1	
Brussel	Solvency II ráðstefna	1	
París	CEIOPS FinReq-fundur	1	
Brussel	CEIOPS FinReq-fundur	1	
Stokkhólmur	Norrænn fundur á vátryggingamarkaði	1	
Frankfurt	FinReq-fundur og QiS4 Spreadsheet námskeið	1	
Hergiswill	Semínar, Advanced Risk Management Practice in the Insurance Industry	1	
París/Stokkhólmur	FREG fund/Life & Pension Nordics	1	
Búdapest	CESR TECH og TREM User Network	1	
Kaupmannahöfn	TRS-fundur	1	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildar-kostnaður
París	CESR Integration Testing Meeting	1	
Osló	Nordic Baltic TRS	1	
Osló	Operational Meeting/Maintenance and Development Group fundur	1	
Helsinki	TREM User Network og CESR Tech fundur	1	
París	CESR Trem User Network fundur	1	
Stokkhólmur	TRS-fundur	1	
Vilníus	TRS-fundur	1	
Kaupmannahöfn	Administrative mode	1	
Helsinki	CESR Trem User Network fundur	1	
París	TREM User Network og CESR Tech fundur	1	
Helsinki	TRS-fundur	1	
París	CESR Trem User Network fundur	1	
Osló	Nordic Baltic TRS	1	
Helsinki	TREM semínar og CESR tech fundur	1	
Brussel	Ráðstefna varðandi MAD og CESR-Pol fundur	1	
París	CESR Review panel fundur	1	
Larnaca	CESR Pol fundur	1	
Lissabon	CESR Review Panel	1	
París	CESR-Pol fundur	1	
London	Semínar, Fraud and Financial Crime in the Financial Market	1	
Prag	CESR-Pol fundur	1	
París	CESR Review Panel	1	
Kaupmannahöfn	Norrænn forstjórafundur	1	
Ljubljana	CEBS fundur	1	
Bratislava	Groupe de Contact	1	
London	CEBS	1	
London	Groupe de Contact	1	
Róm	CESR Expert Group on Investment	1	
Stokkhólmur	CEIOPS IGSC-fundur	1	
Madrid	Semínar, Market and Liquidity Risk	1	
París	CESR PCG fundur	1	
London	FSA námskeið	1	
Amsterdam	Eftirlit með Nasdaq OMX	1	
	Samtals		**23.881.745**
2009			
Amsterdam	CESR-fundur, Transperency	1	
Búdapest	CESR – Transperency Directive Expret Group	1	
Amsterdam	Transperency Directive fundur	1	
Helsinki	TRS-fundur	1	
Washington	SEC´s Securities Enforcement and Market Oversight	1	
Kaupamannahöfn	TRS-fundur	1	
Litháen	Vilníus	1	
Stokkhólmur	TRS-fundur	1	
Helsinki	NBTRS-fundur	1	
Berlín	CEIOPS forstjórafundur	1	
Stokkhólmur	Nordic Directive General fundur	1	
Frankfurt	Forstjórafundur	1	
London	FSA New Liquidity Policy ráðstefna	1	
París	CESR-review Panel	1	
New York	Chif regulatory Officer´s ráðstefna	1	
Vín/París	CESR-Pol/CESR review panel	1	
París	S&I-fundur	1	
Frankfurt	CESR-Pol	1	
Madrid	CCESRS&I	1	
Madrid	CCESR-Pol S&I group	1	
París	CESR-Pol fundur	1	
Frankfurt	CEIOPS IGSRR	1	
Dublin/Brussel	CEIOPS IGSRR/6th European Passport Experts Fundur	1	
Tallin	CEIOPS Pillar	1	
Frankfurt	CEIOPS IGSRR	1	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildar-kostnaður
Frankfurt	CEIOPS IGSRR	1	
Osló	Norrænn fundur á lánasviði	1	
London	Fundur með FSA	1	
London	Fundur með FSA	1	
London	CEBS EGPR	1	
Osló	CEBS Groupe de Contact	1	
London	Norrænn fundur á lánamarkaði	1	
London	CEBS EGFR fundur	1	
Riga	Group de Contact	1	
London	FSI/CEBS semínar „Practical Techniques to Implement Pillar“	1	
London	CEBS-EGPR fundur	1	
Soffía	Groupe de Contact fundur	1	
Stokkhólmur	Norrænn eiginfjárfundur	1	
London	CEBS-fundur	1	
Búdapest	CCP-CEIOPS	1	
Frankfurt	CEIOPS CCP-fundur	1	
Luxemborg	CCP-fundur	1	
Frankfurt	CEIOPS	1	
París	CESR	1	
Kaupamannahöfn	TRS fundur	1	
Washington	SEC's Securites Enforcement and Market Oversight	1	
Stokkhólmur	NBTRS-fundur	1	
Stokkhólmur	Nordic Directive General fundur	1	
París	CESR-fundur	1	
Prag	Fundur í Prag	1	
París	CESR Conference	1	
Lyon	FATA-fundur	1	
London	AMLP Forum, árlegt semínar	1	
París	FATF-fundur	1	
London	AMLP Forum, árlegt semínar	1	
Búdapest	CESR CCP Clearing Semínar	1	
Kaupamannahöfn	Nordic NASDAQ OMX	1	
Helsinki	Nordic NASDAQ OMX supervision group	1	
Helsinki	Dutch- Nordic fundur um CCP	1	
Stokkhólmur	Nordic NASDAQ OMX supervision group	1	
Lúxemborg	Með viðskiptaráðherra	1	
Róm	IMEG/CESR	1	
Róm	IMEG-fundur	1	
Kaupamannahöfn	IT Gruppen	1	
Stokkhólmur	NB TRS DM og OP-fundur	1	
Sviss	Semínar, Reputional risk, including Selected Aspects of Operational Risk on Governance Issues /FSI	1	
Brussel	CEIOPS Pension seminar on IORPs	1	
Hong Kong	ICAC	1	
London	CEBS	1	
Stokkhólmur	Nordic Pensions & Investments Summits	1	
London	CEBS0fundur	1	
Osló	Nordic Insurance Supervision, fundur	1	
París	CESR-fundur	1	
London	FSI/CEBS semínar um „Practical Techniques to Implement Pillar“	1	
Frankfurt	Cross-sector seminar on Quantitative approaches to risk	1	
London	Hedge Fund Regulation/Investoregulation	1	
Helsinki	Nordisk tilsynsmode	1	
London	CEBS main fundur	1	
Stokkhólmur	Nordic Directive General fundur	1	
Róm	UTCITS	1	
Osló	TRS-fundur	1	
Munchen	CEIOPS	1	
Frankfurt	Cross-sector seminar on Quantitative approaches to risk	1	
Washington	SEC´s Enforcement and Market Oversight	1	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildar-kostnaður
Washington	SEC´s Enforcement and Market Oversight	1	
London	EGFI (expert group on financial information)	1	
París	CESR-fundur	1	
Frankfurt	Finreq fundur, CEIOPS	1	
Frankfurt	Finreq fundur, CEIOPS	1	
Frankfurt	Finreq fundur, CEIOPS	1	
Osló	Nordic Insurance Supervision fundur	1	
París	Finreq-fundur	1	
Stokkhólmur	CEIOPS FinReq fundur	1	
París	Finreq-fundur	1	
Frankfurt	CEIOPS members fundur	1	
París	CEIOPS FinReq-fundur	1	
Frankfurt	Finreq-fundur	1	
Frankfurt	Finreq-fundur	1	
Frankfurt	IT Task Force CEIOPS	1	
Helsinki	CESR-Tech	1	
Kaupamannahöfn	TRS joint coordination team´s fundur og NTRS IT-CT	1	
Kaupamannahöfn	TRS-fundur	1	
Frankfurt	IT Task Force-fundur	1	
París	CESR Tech	1	
Kaupamannahöfn	IT Gruppen	1	
Stokkhólmur	NB TRS DM og OP fundur	1	
Helsinki	CESR Tech-fundur og TREM User Network	1	
Stokkhólmur	NBTRS-fundur	1	
París	CESR Tech	1	
	Samtals		**26.081.092**
2010			
Frankfurt	CEIOPS-fundur	1	
Lissabon	CEIOPS-fundur	1	
París	CEIOPS IGSRR-fundur	1	
Frankfurt	CEIOPS IGSRR-fundur	1	
Frankfurt	Forstjórafundur CEIOPS	1	
Frankfurt	CEIOPS IGSRR-fundur	1	
Ljubljana	CEIOPS og Groupe Consultatif	1	
Frankfurt	Norrænn Internal Model fundur/Ceiops	1	
Helsinki/Talin	Int. Mod., heimsókn í Tryg Vesta	1	
Kaupmannahöfn	Norrænn Internal Model fundur	1	
Kaupmannahöfn	Financial Requirement Expert Group	1	
Frankfurt	Nordic Internal Model fundur	1	
Stokkhólmur	FinReq og IntMod fundur	1	
Frankfurt	CEIOPS Finreq fundur	1	
Brussel	Cross-Sector semínar og MidFid	1	
Tallinn	CESR Review Panel	1	
París	CESR Review Panel	1	
Lissabon	CESR Review Panel	1	
París	Norrænn fundur á verðbréfasviði	1	
Helsinki	CESR Pol-fundur	1	
París	CESR Pol-fundur	1	
París	CESR S&I-fundur	1	
Madrid	N-TRS Technical fundur	1	
Stokkhólmur	FATF-fundur	1	
París	TATF-MENATATA	1	
Abu Dhabi	RATF-fundur	1	
París	CESR-Pol	1	
París	CESR-fundur	1	
París	CESR-fundur	1	
París	Trade teck fundur	1	
Frankfurt	CESR-fundur	1	
Brussel	CESR-fundur	1	
París	Norrænn stjórnarfundur	1	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildar-kostnaður
Helsinki	CESR-fundur	1	
París	Norrænn fundur á verðbréfasviði	1	
Helsinki	CESR forstjórafundur	1	
Barcelona	TRS stýrishópsfundur	1	
Stokkhólmur	CSSF	1	
Luxemborg	Norrænn lausafjárfundur	1	
Helsinki	Norrænn eiginfjárfundur	1	
Osló	CEBS EGPR-fundur	1	
London	CEBS-fundur	1	
London	NBSG-fundur	1	
Kaupmannahöfn	CEBS-fundur	1	
London	Norrænn forstjórafundur/Nordic-Baltic banks og Supervisory Authorities	1	
Helsinki / Stokkhólmur	Group de Contact Fundur	1	
Kraká	CEBS GdC	1	
London	CCP-fundur	1	
Bratislava	CCP-fundur	1	
Frankfurt	CCP-fundur	1	
Frankfurt	CCP, CEIOPS	1	
Frankfurt	Norænn forstjórafundur	1	
Helsinki	16. ICBS	1	
Singapore	Norænn forstjórafundur	1	
Helsinki	41. fundur CESR	1	
París	CEBS	1	
London	12. Integrated Financial Supervisory ráðstefna	1	
Dublin	Framkvædastjórn Evrópusambandsins	1	
Brussel	Fundur með norska fjármálaeftirlitinu	1	
Osló	CESR forstjórafundur	1	
París	Norrænn fundur	1	
Helsinki	IT Expert group	1	
Helsinki	Nordic TRS samstarf	1	
Osló	UCITS	1	
Róm	UCITS-fundur	1	
Róm	Ráðstefna um Art of Indexing Summit Europe	1	
Frankfurt	Transaction Reporting system joint sub group, 3. fundur	1	
París	Transaction Reporting, TF-fundur	1	
Madrid	TRS-fundur	1	
Stokkhólmur	Vettvangsathuganir	1	
Þýskaland	CEBS-fundur	1	
Eltville	Norænn lausfjárfundur	1	
Helsinki	International Institute for Enforcment and Market Oversight	1	
Washington	Fundur hjá Nasdaq OMX	1	
Helsinki	Gdc-fundur	1	
Búkarest	Gdc-fundur	1	
London	Norænn forstjórafundur	1	
Helsinki	Samnorrænn fundur	1	
Stokkhólmur	Samnorrænn fundur	1	
Stokkhólmur	CESR-Pol fundur	1	
Aþena	CESR-Pol fundur	1	
Varsjá	CMB & SSEC Seminar	1	
Istanbúl	CESR, Review Panel	1	
París	Cross-Sector Seminar on MidFid	1	
Tallinn	EFGI-fundur	1	
London	Norrænn eiginfjárfundur	1	
Osló	CEIOPS-fundur	1	
Frankfurt	Norrænn forstjórafundur	1	
Helsinki	Risk model in financial institutes	1	
Frankfurt	Vettvangsathuganir	1	
Eltville	CEBS ICAAP	1	
Vín	Nordic-fundur	1	

Land/borg	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildar-kostnaður
Helsinki	Fundur í Brussel	1	
Brussel	EU Passport Experts	1	
Osló	FSA-fundur	1	
London	Fundur í Kaupmannahöfn	1	
Kaupmannahöfn	Fundur í Amsterdam	1	
Amsterdam	IMSC-fundur	1	
París	CESR-fundur	1	
Akureyri	FSI-Semínar	1	
Basel	5. árleg ráðstefna, Risk management and supervision	1	
Basel	Árlegur fundur um aðgerðir gegn peningaþvætti	1	
London	Fundur í Amsterdam	1	
Amsterdam	EFTA-fundur	1	
Brussel	EFTA working group	1	
Brussel	CEBS-fundur	1	
London	On-site in spections	1	
Frankfurt	International Institute for Enforcment and Market Oversight	1	
Washington	Pillar 2 and SPER	1	
Madrid	Risk model in financial institutes	1	
	Samtals		**25.415.843**

Samkeppniseftirlitið.

Land	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildar-kostnaður
2007			
Danmörk	Fundur í norrænum vinnuhópi um kartelmál	1	
Danmörk	Fundur með norrænum systurstofnunum um orkumál	1	
Frakkland	Ráðstefna hjá OECD um samkeppnismál	1	
Frakkland	Fundur OECD	1	
Svíþjóð	Fundur norrænna samkeppnisstofnana um raforkumál	1	
Svíþjóð	Fundur forstjóra norrænu samkeppnisyfirvaldanna	1	
Svíþjóð	Fundur forstjóra norrænu samkeppnisyfirvaldanna	1	
Finnland	Fundur í norrænum vinnuhópi um samkeppni í lyfsölu og lyfjadreifingu	1	
Finnland	Fundur með norrænum samkeppniseftirlitum um orkumál	1	
Finnland	Fundur í vinnuhópi um flugmál á vegum ECA, ATWG	1	
Portúgal	Árlegur fundur ECA	1	
Írland	Fundur/ráðstefna (ICN) um samruna	1	
Ungverjaland	5. fundur IT Forensic	1	
Belgía	Fundur í vinnuhópi EFTA, Directors General for Competition	1	
Belgía	Directors General for Competition	1	
Belgía	Ráðstefna um samkeppnismál	1	
Belgía	Fundur í vinnuhópi EFTA um samkeppnismál	1	
England	Námskeið í samkeppnisrétti, EC Competiton Law Summer School	1	
England	Námskeið í samkeppnisrétti, EC Competiton Law Summer School	1	
Grænland	Haustfundur norrænna samkeppnisyfirvalda	1	
Grænland	Haustfundur norrænna samkeppnisyfirvalda	1	
Lúxemborg	Ráðstefna „Small Economies and Competition Policy – A Fair Deal“	1	
	Samtals	**22**	**2.918.749**
2008			
Belgía	Fundur og semínar um samkeppnislmál hjá ESA	1	
Belgía	Fundur í vinnuhópi EFTA og semínar hjá Eftirlitsstofnun EFTA	1	
Belgía	Fundur Directors Generals (Competition)	1	
Danmörk	Samstarfsfundur norrænna yfirlögfræðinga samkeppniseftirlita	1	
Danmörk	Fundur í norrænum vinnuhópi um samkeppni í lyfsölu og lyfjadreifingu	1	
Danmörk	Fundur í norrænum vinnuhópi um samkeppni á lyfjamörkuðum	1	
Danmörk	Haustfundur norrænna samkeppnisyfirvalda	1	
Danmörk	Haustfundur norrænna samkeppnisyfirvalda	1	
Danmörk	Haustfundur norrænna samkeppnisyfirvalda	1	
Tyrkland	Fundur vegna FIT-vinnuhóps	1	

Land	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildar-kostnaður
Tyrkland	Fundur vegna FIT-vinnuhóps	1	
England	Námskeið í samkeppnisrétti	1	
England	Ráðstefna um samkeppnisrétt	1	
England	Námskeið í samkeppnisrétti	1	
Finnland	Fundur með norrænum samkeppniseftirlitum um fjarskiptamarkaðinn	1	
Svíþjóð	Fundur í norrænum vinnuhópi um kartelmál, „Nordisk kartëllsätverksmöte“	1	
Svíþjóð	Fundur vegna athugunar á matvörumarkaði	1	
Svíþjóð	Norrænn fundur vinnuhóps um samkeppnismál er varða norræna lyfjamarkaði	1	
Svíþjóð	Norrænn fundur vinnuhóps um samkeppnismál er varða norræna lyfjamarkaði	1	
Frakkland	OECD-fundur	1	
Frakkland	Samkeppnisnefnd	1	
Bandaríkin	Ráðstefna um upplýsingatæknimál	1	
Ungverjaland	Ársfundur evrópskra samkeppnisyfirvalda	1	
Noregur	Fundur í norrænum vinnuhópi um samkeppni í lyfsölu og lyfjadreifingu	1	
Noregur	Forstjórafundur norrænna samkeppniseftirlita	1	
Noregur	Forstjórafundur norrænna samkeppniseftirlita	1	
Tékkland	Ráðstefna (workshop) um samruna (ICN)	1	
Tékkland	Ráðstefna (workshop) um samruna (ICN)	1	
	Samtals	**28**	**4.448.128**
2009			
Frakkland	Fundur OECD	1	
Finnland	Fundur forstöðumanna samkeppnisyfirvalda á Norðurlöndum	1	
Finnland	Fundur forstöðumanna samkeppnisyfirvalda á Norðurlöndum	1	
Finnland	Fundur í norrænum vinnuhópi um ólögmætt samráð fyrirtækja	1	
Spánn	Fundur ECA	1	
Þýskaland	CCE bootcamp námskeið (hluti af EAT-FIT Program námskeiðaröð)	1	
Þýskaland	Ráðstefna á sviði IT forensics haldið í samstarfi EB og samkeppnis-eftirlita í Evrópu	1	
Noregur	Ráðstefna Konkurransepolitikk og globale utfordringer	1	
Danmörk	Vinna við gerð norrænnar skýrslu um efnahagskreppuna	1	
Danmörk	Vinna við gerð norrænnar skýrslu um efnahagskreppuna	1	
Svíþjóð	Vinnufundur norrænna samkeppnisyfirvalda um lyfjamarkaðinn	1	
Belgía	Fundur OECD	1	
Belgía	Directors Generals fundur	1	
Belgía	Fundur, hluti af EAT-FIT program	1	
Holland	Fundur, hluti af EAT-FIT program (European Antitrust Training in forensic IT)	1	
	Samtals	15	2.720.412
	Endurgreitt frá ESB		175.891
	Samtals		**2.544.521**
2010			
Ítalía	Fundur vegna EAT-FIT verkefnisins	1	
Frakkland	Fundur OECD	1	
Frakkland	Fundur OECD	1	
Frakkland	Fundur OECD	1	
Finnland	Vinnufundur um gerð samnorrænnar skýrslu um samkeppni og vistvænan hagvöxt	1	
Færeyjar	Fundur forstjóra norrænna samkeppnisyfirvalda	1	
Austurríki	ECA-fundur, samstarf EUR samkeppniseftirlita	1	
Noregur	Fundur samnorræns vinnuhóps um gerð skýrslu vegna samspils samkeppnis- og umhverfisstefnu	1	
Svíþjóð	Fundur norrænna samkeppnisyfirvalda	1	
Svíþjóð	Fundur norrænna samkeppnisyfirvalda	1	
Svíþjóð	Fundur norrænna samkeppnisyfirvalda	1	
Svíþjóð	Fundur norrænna samkeppnisyfirvalda	1	
Svíþjóð	Fundur norrænna samkeppnisyfirvalda um meginframtíðaráætlun samkeppniseftirlitanna	1	

Land	Tilgangur ferðar	Fjöldi ferða	Heildar-kostnaður
Svíþjóð	Fundur norrænna samkeppnisyfirvalda um meginframtíðaráætlun samkeppniseftirlitanna	1	
England	Ráðstefna „The 2010 European Digital Forensica and Incident Response Summit“	1	
Belgía	Fundur Director General	1	
Belgía	Fundur hjá ESA	1	
	Samtals	17	3.361.027
	Endurgreitt frá ESB		181.063
	Samtals		**3.179.964**

Seðlabanki Íslands.

Seðlabanka Íslands barst framangreind fyrirspurn frá ráðuneytinu 19. maí sl. Rétt er að benda á að samkvæmt lögum er Seðlabanki Íslands sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og lýtur sérstakri stjórn eins og mælt er fyrir í lögunum. Lögin kveða á um að yfirstjórn bankans sé í höndum efnahags- og viðskiptaráðherra og bankaráðs. Alþingi kýs sjö fulltrúa í bankaráð að loknum kosningum til Alþingis. Í lögunum segir að stjórn bankans sé að öðru leyti í höndum seðlabankastjóra. Texti laganna og lögskýringar hafa leitt til þess skilnings að efnahags- og viðskiptaráðherra fari ekki með yfirstjórn í öðrum skilningi en þeim að fara með málefni bankans innan ríkisstjórnar, hvað varðar lagabreytingar og svo í einstökum atriðum þar sem lögin kveða á um samþykki hans. Bankaráð fer hins vegar með eftirlit með starfsemi Seðlabankans fyrir hönd Alþingis og upplýsingagjöf til þess er ekki háð þagnarskyldu. Seðlabanki Íslands er því ekki undirstofnun ráðuneytisins og það er því álitamál hvort fyrirspurnin eins og hún er orðuð nái til hans. Það er hins vegar engum vandkvæðum bundið fyrir bankann að veita umbeðnar upplýsingar og er það þá val ráðuneytisins hvort það áframsendir svör bankans um ferðakostnað vegna fyrirspurnarinnar. Það er á dagskrá komandi bankaráðsfunda að ræða ítarlega skýrslu um ferðakostnað bankans á árinu 2010.

Ferðir starfsmanna Seðlabankans til annarra landa eru fyrst og fremst tilkomnar vegna samstarfs við aðra seðlabanka, erlendar fjármálastofnanir og eftirlitsaðila. Þá koma til ferðir sem tengjast því að Seðlabankinn sér um erlend lánamál og á samskipti við lánshæfismatsfyrirtæki í umboði fjármálaráðuneytisins. Sem dæmi um aðila sem SÍ hefur sótt fundi hjá síðastliðin ár eru:

- ECB, Seðlabanki Evrópu,
- IMF, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn,
- BIS, Alþjóðagreiðslubankinn,
- OECD, Efnahags- og framfarastofnun Evrópu,
- WBG, World Bank Group,
- NFCE, Nordic-Baltic Cross-Border Stability Group,
- NBMFC, Nordic-Baltic Monetary Financial Committee.

Á árunum 2007–2010 hafa fundir og ráðstefnur sem Seðlabanki Íslands hefur sótt verið víða um heim, í eftirtöldum löndum:

Austurríki,	Frakklandi,	Litháen,	Spáni,
Bandaríkjunum,	Færeyjum,	Lúxemborg,	Suður-Afríku,
Belgíu,	Gvatemala,	Möltu,	Sviss,
Brasilíu,	Hollandi,	Noregi,	Svíþjóð,
Bretlandi,	Írlandi,	Portúgal,	Tékklandi,
Síle,	Ítalíu,	Póllandi,	Víetnam,
Danmörku,	Japan,	Rússlandi,	Þýskalandi.
Eistlandi,	Kanada,	Slóvakíu,	
Finnlandi,	Lettlandi,	Slóveníu,	

Tölfræði vegna ferða starfsmanna Seðlabankans er eftirfarandi:

Ár	Ferðir	Ferðadagar	Kostnaður
2007	125	426	25,2
2008	109	339	27,4
2009	103	291	34,5
2010	132	394	37,4

Ferðir: Fjöldi ferða þar sem ferðir teljast t.d. vera tvær ef tveir starfsmenn fóru á sama fundinn.

Ferðadagar: Margfeldi fjölda starfsmanna í ferðinni og tímalengd. Af fjölda ferðadaga 2010 voru 63 dagar vegna þriggja ferða starfsmanna á námskeið hjá IMF og BIS

Kostnaður: Í millj. kr.

Heildarkostnaður við ferðir starfsmanna og embættismanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og stofnunum.

Ráðuneyti / stofnun	Samtals ferðakostnaður, kr.	Ár	
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	6.043.346	2007	
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	17.539.947	2008	
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	10.801.296	2009	
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	17.606.349	2010	
Einkaleyfastofan	5.183.890	2007	Kostnaður stofnunar að frádreginni endurgreiðslu
Einkaleyfastofan	9.380.087	2008	Kostnaður stofnunar að frádreginni endurgreiðslu
Einkaleyfastofan	4.757.660	2009	Kostnaður stofnunar að frádreginni endurgreiðslu
Einkaleyfastofan	3.299.736	2010	Kostnaður stofnunar að frádreginni endurgreiðslu
Fjármálaeftirlitið	20.558.334	2007	
Fjármálaeftirlitið	23.881.745	2008	
Fjármálaeftirlitið	26.081.092	2009	
Fjármálaeftirlitið	25.415.843	2010	
Hagstofan	13.617.542	2007	
Hagstofan	17.618.351	2008	
Hagstofan	15.808.387	2009	
Hagstofan	21.902.730	2010	
Samkeppniseftirlitið	2.918.749	2007	
Samkeppniseftirlitið	4.448.128	2008	
Samkeppniseftirlitið	2.544.521	2009	Kostnaður stofnunar að frádreginni endurgreiðslu
Samkeppniseftirlitið	3.179.964	2010	Kostnaður stofnunar að frádreginni endurgreiðslu
Seðlabanki Íslands	25.200.000	2007	
Seðlabanki Íslands	27.400.000	2008	
Seðlabanki Íslands	34.500.000	2009	
Seðlabanki Íslands	37.400.000	2010	

1735. Svar [671. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um starfsendurhæfingarstöðvar.

1. *Hve margar starfsendurhæfingarstöðvar falla undir verksvið ráðuneytisins og á hvaða sviðum starfa þær?*

Frá árinu 2008 hefur fyrirkomulagið verið með þeim hætti að stjórnvöld hafa gert samninga við fyrirtæki sem hafa boðið upp á starfsendurhæfingu og eru þau talin upp í töflu 1. Var meðal annars auglýst eftir umsóknum um styrki til atvinnutengdrar endurhæfingar í apríl 2008. Samningarnir fjalla um að veita tilteknum fjölda fólks atvinnutengda endurhæfingu og hafa það að markmiði að styðja þá sem vegna heilsubrests hafa hætt þátttöku á vinnumarkaði eða eru öryrkjar til að verða aftur virkir á vinnumarkaði eða hefja nám. Meðal annars er metið hvort tiltekið úrræði henti aðstæðum viðkomandi einstaklings óháð því hver sé ástæða heilsubrestsins eða skertrar vinnufærni.

2. *Hver hafa heildarframlög ríkisins til þessara stöðva verið sl. fimm ár, sundurliðað eftir árum og einstökum endurhæfingarstöðvum?*

Heildarframlög ríkisins til starfsendurhæfingarstöðva síðastliðin fimm ár koma fram í töflu 1, sundurliðað eftir árum og einstökum endurhæfingarstöðvum. Tölur fyrir árið 2010 eru byggðar á bráðabirgðauppgjöri.

Tafla 1. Framlög ríkisins til starfsendurhæfingarstöðva 2006–2010.

	2010	2009	2008	2007	2006
AE starfsendurhæfing	30.929.602	11.173.843	650.056		
Starfsendurhæfing Suðurnesja – Samv.	34.400.000	34.400.000	5.160.000		
Starfsendurhæfing Austurlands	26.712.000	27.262.000	10.062.000		
Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar	34.400.000	30.272.000	5.676.000		
Starfsendurhæfing Skagafjarðar	9.030.000	12.126.000	2.924.000		
Starfsendurhæfing Vestfjarða	16.082.000	9.030.000			
Styrktarfélag klúbbsins Geysis	2.727.000	2.727.000	1.276.500		
Starfsendurhæfing Suðurlands – Birta	12.728.000				
Starfsendurhæfing Vestmannaeyja	2.580.000				
Janus endurhæfing ehf.	104.969.245	61.446.893	48.733.705	34.715.716	30.084.333
Starfsþjálfun fatlaðra – Hringsjá	75.284.000	67.727.000	42.513.919	18.364.865	17.604.235
Endurhæfingarmatsteymi	5.795.729	7.142.996	8.408.961	8.767.433	4.711.262
Starfsendurhæfing Norðurlands	42.490.000	41.630.000	24.766.125	10.199.448	10.035.860
Ljósið, endurhæfing og stuðningsmiðstöð	12.100.000	20.400.000	6.295.551	6.000.000	3.590.911
Ekron – starfsþjálfun	28.896.000	41.328.496	34.916.000		
Reykjalundur, atvinnutengd endurhæfing*	30.700.000	30.700.000	30.700.000	30.700.000	30.700.000
	469.823.576	**397.366.228**	**222.082.817**	**108.747.462**	**96.726.601**

* Hluti þjónustusamnings velferðarráðuneytis við Reykjalund.

3. *Þegar framlög til endurhæfingarstöðva eru ákveðin er þá farið eftir:*
   a. *fjölda einstaklinga sem nýta sér endurhæfinguna hverju sinni, eða*
   b. *umfangi og stærð þeirrar þjónustu sem boðið er upp á?*

Við gerð samninga við starfsendurhæfingarstöðvar er bæði litið til þess hver þörfin er fyrir þá endurhæfingu sem í boði er á viðkomandi svæði sem og umfangs þeirrar þjónustu sem hlutaðeigandi starfsendurhæfingarstöð veitir.

4. *Er munur á framlögum ríkisins til endurhæfingarstöðva eftir málaflokkum og ef svo er, hver er ástæða þess?*

Árið 2008 tók til starfa sérstakt samningateymi á vegum forsætisráðuneytis, félags- og tryggingamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og menntamálaráðuneytis sem annaðist gerð samninga við starfsendurhæfingarstöðvar um atvinnutengda endurhæfingu. Árið 2010 tók félags- og tryggingamálaráðuneytið við gerð þessara samninga. Enginn munur er á framlagi ríkisins til endurhæfingarstöðva eftir málaflokkum heldur fer það eftir umfangi þeirrar þjónustu sem keypt er.

5. *Hversu margir þjónustusamningar eru í gildi við endurhæfingarstöðvar? Um hvaða stöðvar er að ræða, hve mikið er greitt í hverju tilviki fyrir þjónustu við hvern einstakling og hvaða ár voru þjónustusamningarnir gerðir?*

Samtals voru 17 þjónustusamningar í gildi vegna atvinnutengdrar endurhæfingar á fyrri hluta árs 2011. Í töflu 2 má sjá um hvaða stöðvar er að ræða og hve mikið er greitt í hverju tilviki fyrir þjónustu við hvern einstakling og hvaða ár þjónustusamningar voru gerðir. Ljóst er að munur er á hversu hátt verð er greitt fyrir þjónustu við einstaklinga eftir einstökum samningum en sá munur skýrist af umfangi þeirrar þjónustu sem keypt er hverju sinni.

Tafla 2. Starfsendurhæfingarstöðvar sem ríkið hefur gert samninga við.

Starfsendurhæfingarstöð	Greiðsla fyrir einstakling á mánuði		Þjónustusamningur gerður
Janus endurhæfing	Atvinnutengd endurhæfing – Gul leið	117.500 kr.	2008
	Atvinnutengd endurhæfing – Græn leið	43.650 kr.	
	Endurhæfing á biðtíma – eingr.	47.872 kr.	
	Eftirfylgd	43.650 kr.	
Janus – mat	Endurhæfingarmat	67.454 kr.	2009
Ljósið	Heildargreiðsla á mánuði	1.100.000 kr.	2008
Hringsjá	Atvinnutengd endurhæfing	112.000 kr.	2009
	Eftirfylgd (á tíma)	5.000 kr.	
	Lesblindunámskeið	125.000 kr.	
	Námskeið	29.000 kr.	
	Ráðgjöf á námskeið (á tíma)	5.000 kr.	
Gunnar Guðmundsson endurhæfingarmatsteymi	Endurhæfingarmat	13.963–41.888 kr.	2009
AE-starfsendurhæfing	Atvinnutengd endurhæfing	113.194 kr.	2008
	Eftirfylgd	42.043 kr.	
St.félag klúbbsins Geysir	Starfs- og námsráðgjöf Árleg greiðsla	2.727.000 kr.	2008
Reykjalundur	Atvinnutengd endurhæfing Árleg greiðsla	30.700.000 kr.	2005
Ekron	Atvinnutengd endurhæfing	86.000 kr.	2008
St.endurh. Hafnarfjarðar	Atvinnutengd endurhæfing	86.000 kr.	2008
St.endurh. Vestfjarða	Atvinnutengd endurhæfing	86.000 kr.	2009
St.endurh. Skagafjarðar	Atvinnutengd endurhæfing	86.000 kr.	2008
St.endurh. Norðurlands	Atvinnutengd endurhæfing	86.000 kr.	2008
	Snemmtæk íhlutun (Brúin) á viku	26.875 kr.	
	Eftirfylgd	7.000 kr.	
St.endurh. Austurlands	Atvinnutengd endurhæfing	86.000 kr.	2008
St.endurh. Suðurlands	Atvinnutengd endurhæfing	86.000 kr.	2009
Starfsorka Vestmannaeyjum	Atvinnutengd endurhæfing	86.000 kr.	2010
Samvinna Suðurnesjum	Atvinnutengd endurhæfing	86.000 kr.	2008

6. *Hvernig er eftirliti háttað með starfsemi endurhæfingarstöðva sem fá greiðslur frá ríkinu og hver annast eftirlitið?*

Það hefur ekki verið viðhaft markvisst eftirlit með framkvæmd samninga sem stjórnvöld hafa gert við starfsendurhæfingarstöðvar um atvinnutengda endurhæfingu en samstarf hefur verið milli aðila um þróun atvinnutengdrar endurhæfingar. Velferðarráðuneytið stefnir að því að gildandi samningar verði teknir út á tímabilinu ágúst til október 2011 en þegar hefur úttektaraðili ásamt embætti landlæknis tekið út einn samning að beiðni ráðuneytisins.

1736. Svar [745. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur um málefni fatlaðra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur verið gert í málefnum fatlaðra eftir að þau fluttust yfir til sveitarfélaga 1. janúar sl.?

Endurskoðuð lög um málefni fatlaðs fólks voru samþykkt á Alþingi í desember 2010 og tóku gildi 1. janúar 2011 samtímis því að ábyrgð á framkvæmd þjónustu við fatlað fólk fluttist til sveitarfélaganna.

Velferðarráðuneytið hefur átt náið samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga um framkvæmdina á yfirfærslunni. Mikil sameiginleg vinna hefur verið lögð í það að útfæra þann ramma sem skapaður var með breytingum á lögum í desember síðastliðnum. Þá hafa fulltrúar Reykjavíkurborgar og annarra helstu þjónustusvæða tekið virkan þátt í að móta verklag um ýmsa þætti innan málaflokksins í samráði við hagsmunasamtök notenda.

Við yfirfærsluna er eðlilega horft til þeirra sveitarfélaga og svæða sem hafa haft með höndum þjónustu við fatlað fólk á umliðnum árum. Þróunin á framkvæmd þessara sveitarfélaga og sá árangur sem þau hafa náð í samþættingu þjónustu til hagsbóta fyrir notendur hefur mikið að segja þegar kemur að því að móta fyrirmyndir fyrir önnur sveitarfélög og svæði. Líta má svo á að þar sem vel hefur tekist til hafi orðið til fyrirmyndir sem nota má til eftirbreytni. Velferðarráðuneytið og fulltrúar sveitarfélaga hafa farið yfir þessi dæmi og lagt þau til grundvallar við gerð leiðbeininga um inntak þeirra reglna sveitarfélaga sem lög mæla fyrir um að þau skuli setja sér.

Í nýsamþykktum lögum var meðal annars kveðið á um fimmtán atriði sem velferðarráðuneytið ber ábyrgð á og þurfa að koma til framkvæmda. Hér á eftir er gerð grein fyrir þessum ákvæðum og hvernig staða þeirra er um þessar mundir.

1. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að unnið verði að því að undirbúa fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sú vinna er hafin í ráðuneytinu og hefur einnig verið óskað eftir þátttöku fjögurra annarra ráðuneyta í þessu verkefni, þ.e. forsætis-, innanríkis-, mennta- og menningarmála- og umhverfisráðuneytis.

2. Í öðru lagi er velferðarráðherra falið að leggja eigi síðar en 1. október 2011 tillögu fyrir Alþingi til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Þar skal setja fram stefnu í málefnum fatlaðs fólks, skýra forgangsröðun verkefna, markvissa aðgerðaáætlun og skilgreinda árangursmælikvarða.

Verið er að skipa starfshóp um þetta verkefni og hefur verið óskað tilnefninga frá heildarsamtökum fatlaðs fólks og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

3. Í þriðja lagi er ráðherra falið eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal að þjónusta, starfsemi og rekstur sveitarfélaga og annarra aðila samkvæmt lögunum sé í samræmi við markmið laganna, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og að réttindi fatlaðs fólks séu virt. Markmið eftirlitsins er að safna og miðla upplýsingum til að tryggja sambærilega þjónustu við fatlaða einstaklinga í ljósi ólíkra þarfa. Í ráðuneytinu er hafin vinna við að setja gæðastaðla og undirbyggja tölfræðiupplýsingar svo unnt verði að setja reglur um eftirlitið.

4. Í lögunum er kveðið á um að landinu sé skipt í þjónustusvæði þannig að á hverju svæði séu að lágmarki 8.000 íbúar. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágu frá íbúafjölda á grundvelli landfræðilegra aðstæðna, enda hafi viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög sýnt fram á getu til að veita þjónustu í samræmi við ákvæði laganna. Fjórar umsóknir bárust um undanþágur sem hafa verið samþykktar og er því þessu verkefni lokið.

5. Þá er í lögunum kveðið á um skyldur ráðherra til að setja nánari reglur í reglugerð um starfsleyfi sem sveitarfélagi eða sveitarfélögum sem standa saman að þjónustusvæði er heimilt að veita félagasamtökum, sjálfseignarstofnunum eða öðrum einkaaðilum sem vilja hefja eða taka við rekstri þjónustustofnunar eða húsnæðisúrræðis á þjónustusvæði þeirra.

Vinna er hafin í ráðuneytinu við gerð reglugerðarinnar í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga eins og kveðið er á um í lögunum.

6. Einnig er kveðið á um að sett verði reglugerð um húsnæði og þjónustu á heimili fatlaðs fólks og er þeirri vinnu lokið. Reglugerð þess efnis tók gildi á sama tíma og lögin eða 1. janúar 2011.

7.–9. Samkvæmt þremur greinum laganna er ráðherra heimilt að setja leiðbeinandi reglur, þ.e. þar sem kveðið er á um þjónustu vegna stuðningsfjölskyldna fyrir fjölskyldur fatlaðra barna, styrki til tækjakaupa og námskostnaðar fyrir fatlað fólk og ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk. Er sú vinna langt komin í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

10.–11. Samkvæmt lögunum skal ráðherra skipa trúnaðarmenn að fengnum tillögum heildarsamtaka fatlaðs fólks í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um trúnaðarmenn fatlaðs fólks, svo sem um fjölda þeirra.

Reglugerð um trúnaðarmenn hefur verið sett og tók hún gildi 22. febrúar 2011. Þá hefur ráðherra skipað átta trúnaðarmenn um allt land frá og með 1. maí síðastliðnum.

12. Í ákvæði til bráðabirgða í lögunum er kveðið á um að komið skuli á sérstöku samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka fatlaðs fólks um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Markmið þess er að þróa leiðir til að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð við fatlað fólk með markvissum og árangursríkum hætti.

Ráðherra hefur skipað sjö manna verkefnisstjórn til að leiða samstarfsverkefnið sem skal standa til ársloka 2014. Eigi síðar en þá skal ráðherra leggja fram frumvarp þar sem lagt verður til að lögfest verði að notendastýrð persónuleg aðstoð verði eitt meginform þjónustu við fatlað fólk.

13. Í greinargerð með lögunum og í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk er kveðið á um skipun starfshóps um framtíðarskipulag atvinnumála fatlaðs fólks. Um þessar mundir er ráðuneytið að ganga frá skipun starfshópsins.

14. Ráðherra hefur nú þegar skipað átta manna samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks eins og kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða í lögunum. Samráðshópurinn hefur tekið til starfa og fundar reglulega. Nefndin verður velferðarráðherra og sveitarfélögum til ráðgjafar um málefni fatlaðs fólks, hefur yfirumsjón með framkvæmd á yfirfærslu þjónustu við fatlað

fólk, gerir tillögur um breytingar á tilhögun yfirfærslunnar eftir því sem ástæða er til, stýrir endurmati á yfirfærslunni og fjallar um vafamál og álitamál sem upp kunna að koma.

15. Ráðherra er í lögunum gert að leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk eigi síðar en í mars 2011 þar sem meðal annars verði lögð til ákvæði um réttindagæslumenn fyrir fatlað fólk, persónulega talsmenn og aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk. Frumvarp til laga um réttindagæslu var lagt fram í mars síðastliðnum en frumvarp sem kveður á um aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk verður lagt fyrir Alþingi 1. október næstkomandi.

1737. Svar [752. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar E. Árnadóttur um útleigu á skurðstofum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað tefur útleigu á skurðstofum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja?

Fundað var með stjórnendum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja 10. mars sl. í ráðuneytinu þar sem þeir greindu frá ósk sinni um að mega leigja út skurðstofur og sýndu drög að leigusamningi. Áður hafði stofnunin í samráði við Ríkiskaup auglýst skurðstofur til leigu. Að mati ráðuneytisins þurfti nánari upplýsingar um erindi stofnunarinnar og var kallað eftir þeim. Sem dæmi má nefna nánari útlistanir á aðkomu leigjenda að sjúkrahúsinu allan sólarhringinn, skil milli þess sem leigt er og þess sem ekki verður leigt, heimildir starfsmanna leigjenda til að fara um aðra hluta heilbrigðisstofnunarinnar, aðkomu að stoðdeildum o.fl. Benda má á að þar sem ætlunin mun vera að framkvæma skurðaðgerðir á útlendingum þarf mjög að vanda til sóttvarna og tengdra þátta þannig að önnur þjónusta stofnunarinnar truflist ekki vegna smitsjúkdóma.

Þá taldi ráðuneytið rétt að ráðgast við ráðuneyti fjármála vegna þessarar útleigu á eigum ríkisins. Svör fjármálaráðuneytisins við fyrirspurn velferðarráðuneytisins hefur nýlega borist. Ráðuneytið reiknar með að afgreiða erindi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir lok þessa mánaðar.

1738. Svar [858. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um endurbætur á húsnæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Af hverju hefur ekki verið hafist handa um endurbætur á húsnæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi þrátt fyrir fjárveitingar upp á 90 millj. kr. árið 2010 og 62 millj. kr. árið 2011 til endurbóta á eldra húsnæði?

Frá því um mitt ár 2010, þegar framkvæmdum var að ljúka við viðbyggingu við sjúkrahúsið á Selfossi, hefur verið unnið að undirbúningi endurnýjunar og breytinga sem gera þarf á eldri hluta hússins. Áður en sjálf vinnan við hönnun endurbóta hófst var unnin forsögn að þeirri starfsemi sem vera ætti í húsinu. Sú vinna hefur reynst tímafrek og margir þurft að koma að því verki, bæði starfsmenn sjúkrahússins og ráðuneytisins. Upp úr síðastliðnum áramótum náðist samstaða um þær forsendur sem endurhönnun gamla hlutans mun byggjast á. Samkvæmt þeim verður rekin bráðamóttaka í húsinu en þar verður auk þess góð aðstaða til að veita sérfræðiþjónustu af ýmsu tagi. Legudeild verður endurbætt og henni breytt til að uppfylla þær kröfur sem nú eru gerðar til sjúkrarýma. Aðstaða fyrir aðra sjúkraþjónustu verður einnig bætt.

Vinna við frumhönnun þessa verks er hafin og stefnt að því að henni ljúki upp úr miðju sumri. Þá mun strax verða leitað heimilda til verkhönnunar og útboðs framkvæmda í framhaldi af því. Erfitt er að segja til um hve langan tíma framkvæmdir munu taka. Það fer meðal annars eftir því hvað unnt verður að taka stóran hluta hússins til endurbóta í hverjum verkáfanga og hve mikil truflun má verða á núverandi starfsemi.

Vonir standa til þess að framkvæmdir geti hafist síðar á árinu og að þær verði til hagsbóta fyrir starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og þá sem þurfa á þjónustu hennar að halda.

1739. Svar [656. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur um færslu öldrunarmála til sveitarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er unnið að færslu öldrunarmála til sveitarfélaga og ef svo er, hver er staða málsins?

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur meðal annars fram að stefnt skuli að því að færa málefni aldraðra til sveitarfélaga jafnhliða því að heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið hafa sameinast í velferðarráðuneytið.

Færsla öldrunarmála var, ásamt flutningi þjónustu við fatlað fólk, hluti af endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála sem sett var af stað að tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga vorið 2007. Verkefninu var stýrt af verkefnisstjórn sem skipuð var fulltrúum ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka fatlaðra.

Verkefnisstjórnin vann grunnvinnu vegna yfirfærslunnar sem nýtist sameiginlega fyrir báða málaflokkana. Stefnan var sett á að þjónusta við fatlaða færðist yfir 1. janúar 2011 og öldrunarþjónusta ári síðar eða 1. janúar 2012.

Undirbúningur flutnings öldrunarþjónustu tafðist á sínum tíma vegna vinnu við skiptingu verkefna á sviði öldrunarþjónustu milli heilbrigðisráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytis. Þrátt fyrir tafir á heildarverkinu var tekin saman greinargerð um stöðu öldrunarþjónustu og helstu þætti er koma til álita við yfirfærslu þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga. Einnig söfnuðu ráðgjafar á vegum verkefnisstjórnarinnar grunnupplýsingum um þjónustu við aldraða á vegum sveitarfélaga. Fjallað hefur verið um málið á ýmsum fundum og ráðstefnum meðal annars á vegum sveitarfélaga. Þessi vinna mun nýtast þegar verkefnið fer af stað að nýju.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hefur velferðarráðherra nú ákveðið að skipa nefnd um flutning málefna aldraðra til sveitarfélaga. Nefndin verður skipuð einum fulltrúa fjármálaráðuneytis, innanríkisráðuneytis, samstarfsnefndar um málefni aldraðra, öldrunarráðs og samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu auk tveggja fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og frá Landssambandi eldri borgara. Einnig er gert ráð fyrir að stéttarfélög starfsmanna tilnefni sameiginlega einn fulltrúa í nefndina. Ráðherra skipar formann án tilnefningar.

Sent hefur verið bréf til hlutaðeigandi aðila og vonast er til þess að tilnefningar berist sem fyrst og að nefndin geti tekið til starfa áður en langt um líður. Of snemmt er að fullyrða hvenær tilfærslan getur átt sér stað en óraunhæft er að áætla að það geti orðið fyrr en 1. janúar 2013.

1740. Svar [859. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um breytingar á sjúkrahúsinu á Húsavík.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Af hverju hefur ekki verið hafist handa um breytingar á sjúkrahúsinu á Húsavík þrátt fyrir 50 millj. kr. framlag til verksins í fjárlögum 2010 og 15 millj. kr. framlag í fjárlögum 2011?

Sú starfsemi sem rekin er í húsakynnum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga á Húsavík hefur breyst verulega síðan húsin voru hönnuð og á enn eftir að breytast á komandi árum. Yngri hluti sjúkrahússins á Húsavík var tekinn í notkun á miðju ári 1970 og hafði undirbúningur og bygging þess staðið yfir í rúman áratug. Áfast við sjúkrahúsið er nýleg heilsugæslustöð frá 1992 og elsta sjúkrahúsbyggingin sem tekin var í notkun í nóvember 1936. Öll eru þessi hús samtengd og innangengt milli þeirra. Síðastnefndi hlutinn, sá elsti, hefur ekki verið mikið notaður undanfarin ár. Ástand eldri hlutanna beggja er orðið mjög slæmt, vegna lítils viðhalds og einnig vegna þess að komið er að lokum endingartíma vatnslagnakerfa húsanna og nauðsynlegt að endurvinna þau í heild. Brunavarnir í húsunum eru í ólestri og vinnuaðstaða starfsfólks og aðbúnaður notenda ekki í takt við kröfur tímans. Áður en vinna við endurbyggingu, og breytingar á húsnæðinu hefst þarf að endurskipuleggja þá starfsemi sem á að vera í framtíðinni í húsnæði Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga á Húsavík. Unnið hefur verið að þeirri endurskipulagningu undanfarin ár og er nú verið að ljúka því verki. Um eða upp úr miðju sumri mun vinna hefjast við forhönnun endurbóta og breytingar húsnæðisins. Það fer síðan eftir því hve hratt það verk vinnst hvenær unnt verður að hefja gerð útboðsgagna vegna endurbóta og bjóða út framkvæmdir. Gangi allt að óskum gæti því verki lokið öðru hvorum megin áramóta 2013 og 2014.

Undirbúningur þessa verks er því kominn vel á rekspöl og er þess vænst að senn verði hægt að hefja langþráðar endurbætur á sjúkrahúsinu á Húsavík.

1741. Svar [660. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur um kærunefnd jafnréttismála.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Stendur ráðherra með kærunefnd jafnréttismála vegna úrskurða hennar eða er ætlunin að skipta um nefndarmenn og skipa nýja?

Ákvæði um kærunefnd jafnréttismála hafa verið í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla allt frá árinu 1991.

Við endurskoðun laganna á árinu 2008 var gerð sú breyting að allir nefndarmenn skyldu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar og jafnframt var kveðið á um að úrskurðir nefndarinnar væru bindandi gagnvart málsaðilum, en heimilt er að bera úrskurði nefndarinnar undir dómstóla. Með fyrrgreindum breytingum á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var kærunefnd jafnréttismála gerð sjálfstæðari og úrskurðum hennar gefið aukið vægi.

Megintilgangur þess að fela sjálfstæðri úrskurðarnefnd kærumál vegna meintra brota á lögunum er að meðferð slíkra mála sé hlutlæg, fagleg og skilvirk og þannig verði betur tryggt að farið sé að ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Kærunefndin fjallar um meint brot einkafyrirtækja, félagasamtaka og opinberra stofnana og er því mikilvægt að nefndin sé sjálfstæð og óháð hinu pólitíska valdi.

Það er á valdi aðila máls hvort úrskurðir kærunefndarinnar séu bornir undir dómstóla. Sé það ekki gert eru úrskurðirnir bindandi fyrir málsaðila og eru engar áætlanir um að breyta því. Í tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum, sem velferðarráðherra lagði fram á Alþingi í nóvember sl., er m.a. lagt til að gerð verði úttekt á túlkun jafnréttislaga í álitum kærunefndar jafnréttismála.

Varðandi spurningu um hvort ætlunin sé að skipta um nefndarmenn og skipa nýja má benda á að allir fulltrúar í kærunefndinni eru tilnefndir af Hæstarétti og það er því ekki á valdi ráðherra að skipta um nefndarmenn. Tilnefningar bárust frá Hæstarétti og ný kærunefnd var skipuð frá 1. maí sl. í samræmi við tilnefningar Hæstaréttar.

1742. Svar [836. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugsonar um skerðingu grunnlífeyris eldri borgara.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikil er samanlögð skerðing grunnlífeyris eldri borgara (67 ára og eldri) vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum, tryggingabóta eða annarrar tekjutengingar frá 1. júlí 2009?

Samkvæmt almannatryggingalögum byrjar grunnlífeyrir að lækka þegar viðmiðunartekjur lífeyrisþega ná 214.602 kr. á mánuði eða 2.575.220 kr. á ári. Þegar lífeyrisþegi hefur hærri viðmiðunartekjur en það lækkar grunnlífeyrir um 25% þar til hann fellur niður þegar mánaðartekjur ná 331.778 kr. en það samsvarar árstekjum sem nema 3.981.332 kr. Hér er því

um ansi hátt frítekjumark að ræða, eða tæplega 215.000 kr. á mánuði sem þýðir að mánaðarlegar viðmiðunartekjur lífeyrisþega upp að því tekjumarki hafa ekki áhrif til lækkunar grunnlífeyrisins. Auk þess er í gildi sérstakt frítekjumark fyrir fjármagnstekjur sem er nú 98.640 kr. á ári.

Þegar viðmiðunartekjur eru ákveðnar við útreikning grunnlífeyris gildir sú almenna regla að tekið er tillit til allra skattskyldra tekna skv. II. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þó er við útreikninginn tekið tillit til ákvæða skattalaga um það hvað teljist ekki til tekna og einnig til frádráttarliða samkvæmt þeim lögum, auk undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Við útreikning grunnlífeyrisins teljast auk þess ekki sem tekjur bætur samkvæmt almannatryggingalögum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og greiðslur úr séreignarlífeyrissparnaði.

Í 76. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að öllum sem þess *þurfa* skuli tryggður réttur að lögum til aðstoðar vegna elli. Í þessu sambandi er rétt að benda á að það telst grunnregla félagsmála- og almannatryggingaréttar að menn skuli framfæra sig sjálfir þegar þeir eru færir um það. Þetta hefur af fræðimönnum verið kallað sjálfsframfærsluregla. Skiptar skoðanir eru um það hvort grunnlífeyrir almannatrygginga skuli falla alveg niður þegar viðmiðunartekjur fara yfir tiltekið hámark eins og nú er. Sumir eru þeirrar skoðunar að allir eigi að fá einhverja greiðslu úr almannatryggingum óháð tekjum, þ.e. að grunnlífeyri almannatrygginga eigi ekki að snerta þrátt fyrir aðrar tekjur lífeyrisþega, hann eigi að vera „heilagur“ eins og það er stundum kallað.

Athyglisvert er í þessu sambandi að í fyrirspurninni er dagsetningin 1. júlí 2009 nefnd sérstaklega. Það sem þá gerðist var að vegna þeirra hörmunga sem dunið höfðu yfir íslenskt þjóðfélag blasti við niðurskurður á öllum sviðum samfélagsins, þar með talið í almannatryggingum. Því var ákveðið að greiðslur sem lífeyrisþegar nutu úr lífeyrissjóðum skyldu hafa áhrif við útreikning grunnlífeyris. Lífeyrissjóðstekjur höfðu fram að þeim tíma verið undanþegnar við þann útreikning og því ekki haft áhrif til lækkunar á greiðslum grunnlífeyris en þessi breyting hafði auðvitað þau áhrif að grunnlífeyrir þeirra sem höfðu hæstu lífeyrissjóðstekjurnar lækkaði eða féll alveg niður.

Taka verður skýrt fram að grunnlífeyrir hafði þó alls ekki verið ósnertanlegur fram til 1. júlí 2009. Þannig hafa til dæmis atvinnutekjur verið teknar með við ákvörðun viðmiðunartekna grunnlífeyris allt frá árinu 1992 og fjármagnstekjur verið reiknaðar með frá árinu 1996. Hluti lífeyrisþega fékk því ekki greiddan grunnlífeyri vegna tekna fyrir þá breytingu sem gerð var um mitt árið 2009.

Rétt er að ítreka það að lífeyrisþegar geta haft aðrar tekjur upp að um 215.000 kr. á mánuði án þess að það hafi áhrif á fjárhæð bóta, en það eru hærri tekjur en lægstu launataxtar. Þetta gerir það að verkum að greiðslur grunnlífeyris falla ekki niður fyrr en tekjur lífeyrisþega ná um 332.000 kr. á mánuði. Þetta veldur því líka að mjög hátt hlutfall eldri borgara, þ.e. þeirra sem eru 67 ára og eldri, fær greiddan grunnlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og þar af fá um 80% þeirra grunnlífeyrinn greiddan að fullu, án lækkunar vegna tekna.

Að lokum skal þess getið að nú þegar 75 ár eru liðin frá því að fyrstu lög um alþýðutryggingar voru sett árið 1936 stendur yfir lokaáfangi heildarendurskoðunar almannatryggingakerfisins. Sá vinnuhópur sem ráðherra skipaði fyrr á þessu ári og í eru fulltrúar allra flokka á Alþingi ásamt fulltrúum helstu hagsmunasamtaka aldraðra og öryrkja er nú að kynna sér skýrslur og aðra vinnu sem unnin hefur verið á undanförnum árum í tengslum við ýmsa þætti endurskoðunarinnar, til dæmis er varðar einföldun bótakerfisins, upptöku starfshæfnismats, barnatryggingar og fleira. Tillögur þessa hóps eru væntanlegar í lok þessa árs og í framhaldi

af því er ráðgert að leggja fram frumvarp til nýrra laga um almannatryggingar á næsta vorþingi.

1743. Svar [746. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur um notendastýrða og persónulega þjónustu við fatlaða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur verið gert til að efla notendastýrða persónulega aðstoð við fatlaða og hyggst ráðherra auka rétt fatlaðs fólks til notendastýrðrar og persónulegrar þjónustu?

Viðhorf og stefna í þjónustu við fatlað fólk er að breytast með nýjum tímum og nýjum áherslum. Þessar breytingar bera það meðal annars með sér að einstaklingsbundnar þarfir notenda þjónustunnar eru hafðar í fyrirrúmi. Breytingar eiga sér því stað í allri velferðarþjónustu og enn frekari breytingar eru fyrirsjáanlegar á stefnu og framkvæmd. Ein afleiðing þessarar þróunar er úrræði sem nefnt hefur verið notendastýrð persónuleg aðstoð.

Notendastýrð persónuleg aðstoð felst í því að sá er í hlut á stjórnar því að jafnaði sjálfur hvers konar stoðþjónustu hann nýtur, hvar og hvernig hún er veitt og að hve miklu leyti. Það er þó háð tilteknum fjárhags- og tímaramma sem veltur á sameiginlegu mati notanda og þjónustuaðila á þjónustuþörfum. Enn fremur er þjónustan háð ákvörðunum fjárveitingarvaldsins hverju sinni og gera verður ráð fyrir tilteknu hámarki tímafjölda sem til hennar er varið.

Notendastýrð persónuleg aðstoð getur átt sér stað á heimili notanda, vinnustað, sem og annars staðar þar sem hann dvelur, eða verið aðstoð við að sækja aðra þjónustu í samfélaginu. Í sumum nágrannalöndum okkar er áhersla lögð á að notandinn sé fær um að stjórna þjónustunni sjálfur en einnig finnast þess dæmi að aðstandendur hans eða sérstakir ábyrgðarmenn hafi þar hlutverki að gegna.

Markmiðið með notendastýrðri persónulegri aðstoð er að þjónustan sé betur sniðin að þörfum notandans og fjölskyldunnar, sé sveigjanlegri og þannig hnitmiðaðri og skilvirkari. Þar með er það ekki jafnháð hentugleikum starfsfólks um hvernig, hvenær og hvaða þjónusta er veitt. Bent hefur verið á að á árum áður hafi gætt þeirrar tilhneigingar að þjónusta fatlað fólk sem hóp fremur en einstaklinga.

Fyrstu þreifingar með þjónustu í átt að notendastýrðri þjónustu á Íslandi áttu sér stað upp úr 1994. Á þeim árum sem liðin eru hefur þjónustan tíðkast í ýmsum útfærslum en í takmörkuðum mæli. Í drögum félags- og tryggingamálaráðuneytisins, nú velferðarráðuneytisins, að stefnu í málefnum fatlaðra barna og fullorðinna 2007–2016 gert ráð fyrir frekari tilraunum með notendastýrða þjónustu.

Í áfangaskýrslu nefndar um þjónustuna sem unnin var á árinu 2007 er lagt til að sett verði á laggirnar tilraunaverkefni til tveggja ára. Verkefnið fór af stað seinni hluta þess árs og lauk í byrjun árs 2010. Helstu niðurstöður tilraunaverkefnisins báru það með sér að mikil ánægja ríkir með notendastýrða persónulega aðstoð hjá þeim notendum sem fengu slíka þjónustu innan ramma verkefnisins, ekki síður en hjá aðstandendum þeirra. Meðal þess sem notendur upplifðu var aukið sjálfstæði, reisn og virðing og eru þær niðurstöður í samræmi við niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið annars staðar á Norðurlöndunum um framkvæmd að-

stoðar af þessu tagi. Niðurstöður þessa tilraunaverkefnis leiddu jafnframt í ljós að nauðsynlegt er að skapa aðstoðinni ákveðna umgjörð með því að skýra markmið og skipulag og verklagsreglur við framkvæmd.

Með þessa reynslu að leiðarljósi var þess sérstaklega gætt við endurskoðun laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, að horft yrði til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar og mikilvægis þessa úrræðis í nýjum lögum.

17. desember sl. var samþykkt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, sem eru nr. 152/2010. Í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum er gert ráð fyrir að ráðherra skipi sjö manna verkefnisstjórn til að leiða samstarfsverkefni um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Að verkefnisstjórninni koma fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er að móta ramma um fyrirkomulag notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar við fatlað fólk. Í því skyni munu sveitarfélög í samráði við verkefnisstjórnina leitast við að bjóða fötluðu fólki notendastýrða persónulega aðstoð til reynslu í tiltekinn tíma. Við mat á hverjum eða hvaða hópi fatlaðs fólk skuli boðin slík þjónusta skal gæta jafnræðis.

Sveitarfélög skulu síðan gera notendasamninga um notendastýrða persónulega aðstoð við hvern notanda eða aðila sem kemur fram fyrir hönd hans þar sem fram kemur hvaða þjónustu hlutaðeigandi þarf á að halda í daglegu lífi og verðmat þjónustunnar. Sveitarfélögum er heimilt að ráðstafa til notandans fjármunum sem svara til kostnaðar vegna þjónustu hvers notanda sem veitt er á grundvelli notendasamnings um notendastýrða persónulega þjónustu.

Fyrir árslok 2014 er gert ráð fyrir því að faglegt mat skuli eiga sér stað á verkefninu og því lokið. Jafnframt er gert ráð fyrir því að ráðherra muni eigi síðar en í árslok 2014 leggja fram frumvarp til laga þar sem lagt verður til að lögfest verði að persónuleg notendastýrð aðstoð verði eitt meginform þjónustu við fatlað fólk og mun efni frumvarpsins meðal annars taka mið af reynslu af framkvæmd samstarfsverkefnisins.

Verkefnisstjórnin hefur þegar hafið störf og gera má ráð fyrir að fyrsta áfanga vinnunnar verði lokið í ágúst.

1744. Svar [837. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um krabbamein.

1. *Hversu margir karlar greindust með krabbamein hér á landi árin 2009 og 2010? Hversu mörg tilfelli greindust af hverri tegund krabbameins?*

Hjá krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands eru skráðar upplýsingar um alla sem greinast með krabbamein hér á landi og hefur það verið gert síðan árið 1954. Skráin veitir mikilsverðar upplýsingar um þróun þessa sjúkdóms síðustu áratugi og má nýta hana til að reyna að sjá fyrir þróunina næstu árin og þar með að vera betur í stakk búin varðandi fræðslu og forvarnir og meðferð sem tengist þessum sjúkdómi. Síðast en ekki síst er þessi skrá gagnleg við faraldsfræðilegar rannsóknir á orsökum krabbameins.

Samkvæmt upplýsingum frá krabbameinsskránni greinast nú 1.387 Íslendingar á ári með krabbamein. Þetta er há tala, en hafa ber í huga að meira en sex af hverjum tíu geta vænst þess að lifa í fimm ár eða lengur.

Ekki liggja fyrir endanlegar tölur fyrir árið 2010 og vegna fámennis þjóðarinnar er talið æskilegt að skoða tíðni sjúkdómsins í fimm ára tímabilum. Árin 2005–2009 greindust 724 karlar með krabbamein að meðaltali á ári. Flestir greindust með krabbamein í blöðruhálskirtli, eða 220, 78 greindust með lungnakrabbamein, 74 með ristil- og endaþarmskrabbamein, 53 með krabbamein í þvagvegum og um 35 með húðkrabbamein, önnur en sortuæxli, svo helstu tegundirnar séu taldar.

2. *Hversu margar konur greindust með krabbamein hér á landi árin 2009 og 2010? Hversu mörg tilfelli greindust af hverri tegund krabbameins?*

Árin 2005–2009 greindust 663 konur með krabbamein að meðaltali á ári. Hjá konum er brjóstakrabbamein algengast, 195 greinast með það, 74 greinast með lungnakrabbamein, 62 með ristil- og endaþarmskrabbamein, 31 með húðkrabbamein, önnur en sortuæxli, og 30 með sortuæxli í húð.

3. *Hversu margir karlar létust af völdum krabbameins árlega á árabilinu 1991–2011, greint eftir tegundum krabbameins?*

Hér er vitnað í dánartölur Hagstofunnar, en þær eru ekki tiltækar nema til ársins 2009. Síðustu fimm árin, 2005–2009, dóu 287 karlar af völdum krabbameins að meðaltali á ári.

Lungnakrabbamein er mannskæðasta krabbameinið hjá körlum. Það leggur að velli 66 karla á ári. Næstflestir deyja af krabbameini í blöðruhálskirtli, eða 51, þá af ristil- og endaþarmskrabbameini, 29 dauðsföll, síðan af krabbameini í brisi, 15 dauðsföll, og loks af krabbameini í þvagvegum, 14 dauðsföll.

4. *Hversu margar konur létust af völdum krabbameins árlega á árabilinu 1991–2011, greint eftir tegundum krabbameins?*

Síðustu fimm árin, 2005–2009, dóu 253 konur af völdum krabbameins að meðaltali á ári.

Lungnakrabbamein er mannskæðasta krabbameinið hjá konum eins og hjá körlum. Það leggur að velli 65 konur á ári. Næstflestar deyja af völdum brjóstakrabbameins, eða 39, þá af ristil- og endaþarmskrabbameini, 23 dauðsföll, síðan af krabbameini í brisi, 17 dauðsföll, og loks af krabbameini í eggjastokkum, 13 dauðsföll.

Samanburður tuttugu ár aftur í tímann, eins og háttvirtur þingmaður spyr um í þriðja og fjórða lið, leiðir í ljós að dauðsföllum úr krabbameini hefur fjölgað um 32%, sem að hluta til skýrist af fjölgun þjóðarinnar og breyttri aldurssamsetningu. Að teknu tilliti til slíkra þátta hefur svonefnd dánartíðni úr krabbameini lækkað um 16% á þessu tímabili sem einkum er þakkað fyrri greiningu og bættri meðferð.

Þess skal getið að lokum að ákveðið hefur verið að láta vinna sérstaka áætlun um aðgerðir og markmið í baráttunni við krabbamein, svonefnda krabbameinsáætlun, líkt og margar þjóðir hafa gert fyrir hvatningu frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Unnið verður að málinu í ráðuneytinu á næstu mánuðum í náinni samvinnu við heilbrigðisstarfsfólk, sjúklingasamtök og vísindamenn.

Miklar vonir eru bundnar við að með þessu móti sé hægt að draga fram mikilvægustu viðfangsefnin á þessu sviði og skila okkur áfram í baráttunni gegn krabbameini.

1745. Breytingartillögur [866. mál]

við till. til þál. um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna.

Frá allsherjarnefnd.

1. 1. mgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar, í samræmi við lög um rannsóknarnefndir, sbr. einnig ályktun þingsins um rannsóknarskýrslu Alþingis frá 28. september 2010, að skipa þriggja manna rannsóknarnefnd er leiti sannleikans um aðdraganda og orsök rekstrarerfiðleika og gjaldþrots sparisjóðanna á Íslandi.
2. D-liður 2. mgr. orðist svo: Leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna, eftirlit og endurskoðun hjá sparisjóðunum, hverjir kunni bera ábyrgð á því og hvernig niðurstöðum eftirlitsaðila var fylgt eftir.
3. Í stað dagsetningarinnar „1. september 2012“ í g-lið 2. mgr. komi: 1. júní 2012.

1746. Svar [813. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um verktakasamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Eftirfarandi eru upplýsingar um fjölda verktaka og lýsing á verkefnum þeirra fyrir ráðuneytið í maí síðastliðnum:

Fjöldi	Verklýsing
3	Málefni sparisjóðanna, svo sem Byrs og Sparisjóðs Keflavíkur.
1	Lögfræðileg ráðgjöf í tengslum við niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave og samskipti við ESA.
1	Öflun og greining tölfræðiupplýsinga um lífeyrismál og mat á lífeyrisskuldbindingum.
3	Úrskurðir fyrir kærunefnd útboðsmála.
1	Þarfagreining og rýmisáætlun starfsemi ráðuneytisins í Arnarhvoli.
1	Þýðingar á ýmsum skjölum fyrir fjármálaráðuneytið.
1	Gerð skýrslu um mat á áhrifum af beitingu bresku hryðjuverkalaganna fyrir íslensk fyrirtæki.
2	Ráðgjöf og samstarfsverkefni um þróun rafrænna skilríkja.
1	Málflutningur f.h. ríkissjóðs vegna þjóðlendna.
1	Gerð skýrslu um endurreisn viðskiptabankanna.
1	Ráðgjöf og önnur aðstoð við ráðningu starfsfólks.

Við vinnslu svarsins var miðað við verktakasamninga við sérfræðinga sem starfa fyrir ráðuneytið við smíði frumvarpa og gerð skýrslna, við greinargerðir, greiningar eða aðra sér-

fræðivinnu. Svarið nær til þeirra sem sinna slíkum verkefnum á grundvelli sérstaks verktakasamnings eða samkvæmt öðru samkomulagi við ráðuneytið þegar svarið er unnið, þ.e. í maímánuði 2011. Einungis eru tilteknir þeir aðilar sem eru að vinna afmörkuð verkefni fyrir ráðuneytið. Í samræmi við samskipti við fyrirspyrjanda við vinnslu svarsins eru ekki tilteknir verktakasamningar við iðnaðarmenn, hönnuði eða ræstingafólk.

1747. Svar [776. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um toll á lestölvur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver er afstaða ráðherra til þess að breyta tollflokkun lestölva og lækka toll á þær?

Ísland er aðili að samningi Alþjóðatollastofnunarinnar (WCO) um samræmda vörulýsinga- og vörunúmeraskrá. Gerð og túlkun á þeirri tollskrá sem notast er við hér á landi byggist á samræmdu skránni og skýringum við hana. Tollflokkuninni sem slíkri er því almennt ekki breytt nema í samræmi við samræmdu skrána. Þeim gjöldum sem hvíla á tollskrárnúmerum er hins vegar mögulegt að breyta með lögum.

Tollflokkun á lestölvum er mismunandi eftir gerð og búnaði hvers tækis. Almennt er þó hægt að halda fram að lestölvur flokkist í tollskrárnúmerið 8543.7001 sem ber 7,5% toll, 25% vörugjald og 25,5% virðisaukaskatt auk gjalds af eftirlitsskyldum rafföngum og úrvinnslugjald.

Tollur á vörur í þessu númeri er felldur niður á grundvelli fríverslunarsamninga, sé upprunaland vörunnar eitt af þeim löndum sem Ísland hefur gert fríverslunarsamning við. Þannig er ekki greiddur tollur af lestölvu eigi hún uppruna sinn (framleidd) á EES-svæðinu. Það hefur almennt verið stefna stjórnvalda að fella ekki niður tolla á einstakar vörutegundir nema á grundvelli tvíhliða samninga um gagnkvæmar tollívilnanir.

Þó svo að í fyrirspurninni sé eingöngu vísað til tolls er vörugjald jafnframt lagt á lestölvur og aðrar vörur í þessu tollskrárnúmeri. Er því gert ráð fyrir að átt sé við öll aðflutningsgjöld þegar vísað er til tolla, þ.m.t. vörugjaldsins.

Almenna vörugjaldið hefur verið talsvert til skoðunar í fjármálaráðuneytinu, bæði verklag vegna álagningar vörugjalds og samræmi innan kerfisins. Ljóst er að álagningu vörugjalds þarf að taka heildstætt til endurskoðunar. Almenna vörugjaldið ber þess glögglega merki að ómarkvissar breytingar á einstökum vöruflokkum hafa ekki leitt til samræmis í álagningu gjaldsins. Stefnt er að því að heildstæð endurskoðun fari fram í ráðuneytinu, í samráði við þá aðila sem málið varðar, sem miði að því að móta almenna stefnu og samræma gjaldtöku eins fljótt og mögulegt er.

1748. Svar [845. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um húsafriðun.

1. *Hversu mörg hús byggð fyrir 1918 hafa verið rifin eða fjarlægð á annan hátt frá því að lög um húsafriðun tóku gildi? Hvaða hús eru þetta?*

Samkvæmt lögum um húsafriðun, nr. 104/2001, ber byggingarfulltrúum að fylgjast með því að eigendur húsa sem hyggjast rífa hús sitt leiti eftir áliti húsafriðunarnefndar áður en leyfi er veitt til framkvæmda. Húsafriðunarnefnd hefur ekki haft tök á því að fylgjast það grannt með niðurrifi húsa að hún geti svarað þessari spurningu svo að óyggjandi sé. Hins vegar ber byggingarfulltrúum sveitarfélaga, sem veita leyfi til framkvæmda, að halda skrá um þær og er því nærtækast að leita til þeirra um upplýsingar af þessu tagi.

2. *Í hversu mörgum tilvikum var leitað álits húsafriðunarnefndar áður en húsin voru rifin eða fjarlægð með öðrum hætti?*

Skv. 2. mgr. 6. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001, er öllum þeim sem hyggjast breyta, flytja eða rífa húseign sem byggð er fyrir 1918 skylt að leita álits húsafriðunarnefndar. Samkvæmt upplýsingum frá húsafriðunarnefnd hefur nefndin 210 sinnum fjallað um niðurrif húsa á fundum sínum frá því að lögin tóku gildi 20. maí 2001. Af húsum sem nefndin fjallaði um voru 172 reist fyrir 1918 og í þremur tilvikum er húss getið oftar en einu sinni því málefnið var rætt á fleiri en einum fundi. Umfjöllun nefndarinnar endaði nokkrum sinnum með því að lagt var til við ráðherra að friða viðkomandi húseign.

1749. Svar [586. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um kaupauka- og starfslokagreiðslur fjármálafyrirtækja.

1. *Hefur Fjármálaeftirlitið sett reglur um kaupauka- og starfslokagreiðslur fjármálafyrirtækja í samræmi við breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 75/2010?*

Ráðuneytið óskaði eftir því að Fjármálaeftirlitið tæki saman drög að svari við fyrirspurninni.

Samkvæmt upplýsingum eftirlitsins hafa reglur um kaupaukakerfi verið til umfjöllunar í stjórn Fjármálaeftirlitsins að undanförnu. Þar sem um er að ræða eftirlit með málaflokki sem ekki hefur áður verið á hendi Fjármálaeftirlitsins hefur stjórnin tekið sér viðeigandi umþóttunartíma og hefur enn ekki tekið ákvörðun um að gefa þær út og birta.

Við undirbúning reglnanna var tekið mið af erlendum reglum um sama efni, einkum sænskum reglum, reglum Financial Stability Board og meginreglum sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gefið út. Þá var sérstök hliðsjón höfð af drögum að tilskipun (CRD III) sem voru í vinnslu innan ESB allt síðasta ár. Evrópuþingið lagði til vissar breytingar á tilskipuninni sl. sumar. 11. október sl. samþykkti ráð ESB loks tilskipunina með nokkrum breytingum. CEBS (samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á lánamarkaði) gaf síðan í kjölfarið út leiðbeiningar varðandi tilskipunina sem voru skoðaðar í tengslum við vinnu við reglur Fjármálaeftirlitsins.

2. *Ef svo er, hvernig eru þær reglur?*

Eins og fram kemur í svari við 1. spurningu eru reglur um kaupaukakerfi til umfjöllunar í stjórn Fjármálaeftirlitsins. Á þessari stundu er ekki vitað hvenær stjórnin lýkur umfjöllun sinni. Eins og á við um aðrar reglur sem Fjármálaeftirlitið gefur út verða þær birtar á heimasíðu eftirlitsins.

3. *Ef svo er ekki, hver er ástæða þess að reglur hafa ekki verið settar?*

Um kaupaukagreiðslur og fyrirhugaða reglusetningu Fjármálaeftirlitsins er fjallað í svari við 1. spurningu. Rétt er að árétta að samkvæmt bráðabirgðaákvæði III við lög nr. 75/2010 eru settar takmarkanir við greiðslu kaupauka til 1. janúar 2012.

Hvað varðar starfslokasamninga og heimild til setningar reglugerðar um slíka samninga er fjallað í 57. gr. b laga um fjármálafyrirtæki. Í lögunum er ekki gert ráð fyrir reglusetningu Fjármálaeftirlitisins.

Ákvæði 57. gr. b um starfslokasamninga eru nokkuð ítarleg. Þar eru tiltekin öll þau skilyrði sem fyrir hendi þurfa að vera til þess að heimilt sé að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmann, form þeirra, tímalengd og opinbera birtingu. Að mati ráðuneytisins er ekki tímabært að taka ákvörðun um hvort nauðsyn kunni að vera til að setja ítarlegri reglur um starfslokasamninga í reglugerð.

1750. Frumvarp til laga [889. mál]

um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

I. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. ágúst 2011“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum kemur: 30. september 2011.

II. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. ágúst 2011“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum kemur: 30. september 2011.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að heimild bráðabirgðaákvæða laga um gjaldeyrismál verði framlengd til 30. september 2011. Þar er Seðlabanka Íslands veitt tímabundin heimild til að setja reglur, með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra, til að takmarka eða stöðva tímabundið

tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra. Að óbreyttu rennur heimildin út 31. ágúst nk. en sú dagsetning tekur mið af lengd efnahagsáætlunar Íslands í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Frumvarpið er lagt fram að undangenginni umfjöllun efnahags- og skattanefndar um frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra (þskj. 1612, 788. mál) þar sem lagt er til að reglur sem settar hafa verið á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um gjaldeyrismál verði lögfestar með hliðsjón af áætlun um losun gjaldeyrishafta fyrir 31. desember 2015. Umfjöllun um málið hefur verið frestað að sinni í ljósi samkomulags þingflokka um þingfrestun og er stefnt á afgreiðslu þess í september nk. Ekki er búist við að höftin falli brott 30. september 2011.

Efnahags- og skattanefnd mun áður en nefndafundir og þingfundir hefjast í september óska eftir lagalegri og hagfræðilegri úttekt á frumvarpi ráðherra og einstökum greinum þess. Meta þarf hvort lögfesting þess veiti Seðlabanka Íslands nægilegan sveigjanleika til að bregðast skjótt við leka í gjaldeyrishöftum samhliða losun þeirra samkvæmt áætluninni. Þá þarf að meta nauðsyn slíkrar lagasetningar með tilliti til væntinga markaðarins um afnám hafta og trúverðugleika áætlunarinnar.

1751. Breytingartillaga [382. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. tölul. 3. gr. orðist svo: Framlag ríkissjóðs sem nemur ⅗ af gistináttaskatti.

1752. Svar [808. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

1. *Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?*

Tilefni ferða	**Fjöldi**	**Land/borg**
2007		
Umhverfisráðuneyti:		
Fundur norrænna umhverfisráðherra	1	Belgía
Fundur norrænna umhverfisráðherra og landbúnaðarráðherra	1	Belgía
Fundur norrænna umhverfisráðherra, sumarfundur	1	Finnland
Norðurlandaráðsþing	1	Noregur
Umhverfisráðherrafundur um kjarnorkumál	2	Írland
Fundur nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD)	1	Bandaríkin

Tilefni ferða	Fjöldi	Land/borg
13. aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (COP-13/UNFCCC)	2	Balí
Morgunverðarfundur umhverfisráðherra Norðurlandanna	1	Belgía
Fundur evrópskra ráðherra um stefnumótun í málefnum hafsins	1	Portúgal
Morgunverðarfundur umhverfisráðherra Norðurlandanna	1	Belgía
Óformlegur fundur umhverfisráðherra á Evrópska efnahagssvæðinu	2	Þýskaland
Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna	1	Bandaríkin
Fundur evrópskra ráðuneytisstjóra um umhverfismál (EPRG)	1	Belgía
Umhverfisráðherrafundur á vegum Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna	1	Kenya
Fundur í stjórnarnefnd alþjóðlegs verkefnis um varnir gegn mengun sjávar frá landi í Rússlandi	1	Rússland
Fundur norrænna umhverfisráðherra	1	Belgía
Fundur á vegum Evrópusambandsins	1	Belgía
Ráðherrafundur um málefni Sellafield	1	Írland
Óformlegur fundur norrænna umhverfisráðherra	1	Belgía
Heimsókn með sendinefnd iðnaðarráðherra	1	Bandaríkin
13. aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (COP-13/UNFCCC)	1	Balí
Fundur fulltrúa umhverfishagfræðinga hjá aðildaríkjum ESB (ENVECO)	1	Belgía
Heimsókn vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins um landfræðilegar upplýsingar	1	Noregur
Fundur í efnahags- og viðskiptanefnd á vegum Norrænu ráðherra-nefndarinnar	1	Danmörk
Námskeið vegna nýrrar efnalöggjafar Evrópu (REACH)	1	Belgía
Ráðstefna vegna nýrrar efnalöggjafar Evrópu (REACH)	1	Belgía
Aðlögun tilskipunar um loftslagskvóta	1	Belgía
Fundur vegna löggjafar Evrópusambandsins um matvæli 178/2002/EB	1	Belgía
Fundur vegna löggjafar Evrópusambandsins um matvæli 178/2002/EB	1	Belgía
Fundur í vinnuhópi á vegum norræna ráðherraráðsins um stjórnsýslu matvælamála (NMF)	1	Svíþjóð
Fundur norrænna upplýsingastarfsmanna	1	Danmörk
Fundur norrænnar embættismannanefndar um matvæli (FJLS)	1	Finnland
Fundur norrænnar embættismannanefndar um matvæli (FJLS)	1	Finnland
Norrænn ráðherrafundur og embættismannafundur um matvæli	1	Finnland
Fundur í sérfræðinganefnd á vegum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA)	1	Belgía
Fundur vegna norrænnar umhverfis- og sjávarútvegsáætlunar	1	Danmörk
Evrópskur fundur um byggingarmál (CEBC)	1	Holland
Aðildarríkjafundur Stokkhólmssamningsins	1	Afríka
Stjórnar- og aðildarríkjafundur samnings Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlega verslun með tegundir dýra og plantna í hættu	1	Holland

Tilefni ferða	Fjöldi	Land/borg
Óformlegur samráðsvettvangur um hafið og hafréttarmál	1	Bandaríkin
12. fundur vísinda- og tækninefndar á vegum samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni	1	Frakkland
Norrænn fundur um aðgengismál fatlaðra	1	Noregur
Fundur norrænna byggingaryfirvalda (NBM)	1	Finnland
Ráðstefna, norræni byggingardagurinn (NBD)	1	Svíþjóð
Fundur í norrænum vinnuhópi um vörur og úrgang	1	Svíþjóð
Fundur í norrænum starfshópi um dreifðar byggðir	2	Danmörk/Rússland
Fundur í norrænum starfshópi um dreifðar byggðir	1	Rússland
Fundur í vinnunefnd á vegum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) um umhverfismál (WGE)	3	Belgía/Belgía/ Noregur
Fundur vegna samnings Sameinuðu þjóðanna um flutning og förgun spilliefna (BASEL)	1	Noregur
Fundir tveggja undirnefnda loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, vísinda- og tækninefndar og framkvæmdanefndar	2	Þýskaland/Danmörk
Samningafundur um framtíð tölulegra skuldbindinga Kýótó-bókunarinnar	1	Austurríki
13. aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (COP-13/UNFCCC)	2	Balí
Fundur í norrænum loftslagshópi	1	Noregur
Undirbúningsfundur fyrir fund nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD)	1	Bandaríkin
Fundur nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD)	1	Bandaríkin
Fundur um verndun hafsins á Norðurslóðum (PAME)	1	Danmörk
Fundur í norrænum vinnuhópi um umhverfismál (AU)	2	Danmörk/Finnland
Fundur í norrænum vinnuhópi og embættismannahópi um umhverfismál (AU/EK-M)	1	Álandseyjar
Fundur í norrænum vinnuhópi um umhverfismál (AU)	2	Danmörk
Fundur í norrænum embættismannahópi um umhverfismál (EK-M)	1	Danmörk
Norrænn ráðherrafundur (MR-M)	1	Finnland
Fundur með Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA)	1	Belgía
Fundur um heimsminjar	1	Noregur
Stjórnarfundur hjá Umhverfisstofnun Evrópu	3	Danmörk/Danmörk/ Danmörk
Ársfundur Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP)	2	Naírobí
Fundur sérfræðinganefndar um loftslagsmál hjá OECD	1	Frakkland
Fundur vegna samnings um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR)	2	Portúgal/Bretland
Fundur vegna samnings um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR)	1	Belgía
Fundur um málefni hafsins	1	Bandaríkin
Kynningar- og samráðsfundur hjá Evrópusambandinu	1	Bretland
Náttúrufræðistofnun:		
Fundur stjórnar/fastanefndar Bernarsamningsins um villtar plöntur og dýr	4	Frakkland
Fundur um lífríki og loflagsbreytingar á vegum Bernarsamningsins	1	Frakkland
Kynnisferð starfsmanna NÍ til British Nat. Museum o.fl.	1	Bretland

Tilefni ferða	Fjöldi	Land/borg
Úrvinnslusjóður:		
Endurvinnsluráðstefna um fyrirkomulag söfnunar og endurnýtingu	1	Bandaríkin
ProEurope-fundur a.v. og IdentiPlast-ráðstefna um söfnun og endurnýtingu plastumbúða	1	Slóvenía/Belgía
Fundur vegna raftækjaúrgangs og vinnslu ökutækja	1	Danmörk
EPRO-fundur um plastendurvinnslu, erindi um stöðu mála á Íslandi	1	Frakkland
Nevang, heimsókn og skoðun á framkvæmd söfnunar og endurnýtingu umbúða	1	Holland
ProEurope-fundur um rekstrarumhverfi söfnunar- og endurnýtingarkerfa í Evrópu	1	Pólland
ProEurope-aðalfundur og ýmsir fyrirlestrar um söfnun og endurnýtingu	1	Malta
ProEurope-tækniráðstefna	1	Tékkland
EPRO-fundur um plastendurvinnslu	1	Spánn
Umhverfisstofnun:		
Fundur forstjóra evrópskra umhverfisstofnana	1	Finnland
Fundur forstjóra evrópskra umhverfisstofnana	1	Króatía
Landmælingar Íslands:		
Stjórnarfundur EuroGeographics, forstjóri, stjórnarformaður	4	Frakkland/Króatía/ Frakkland/Frakkland/ Belgía
Fundur um Inspire hjá Statens Kartverk á vegum umh.	1	Noregur
Árlegur fundur forstjóra norrænna kortastofnana	2	Finnland/Svíþjóð
Alþjóðleg ráðstefna um kortamál í Evrópu	1	England
Ársþing EuroGeographics	1	Króatía
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar:		
Fundur í International Arctic Science Committee v. Human Dimensions of Arctic Evironm. verk.	1	Bandaríkin
Fundur um Human Dimensions of Arctic Env.A Multilingual Web Resourca og Artic sýn. á Bryggen	1	Danmörk
Vinnufundur í International Polar Year-verkefninu	1	Noregur
Ferð til Rovaniemi vegna fyrirlesturs á ráðstefnu um Nature and Tourism: Tools for sustainability	1	Finnland
Þátttaka í 2nd Bonn Dialogue: Melting Ice and Vanishing Life	1	Þýskaland
Landgræðsla ríkisins:		
Fundur um rannsóknir á bindingu kolefnis með landgræðslu í gróðri og jarðvegi	1	Bandaríkin
Brunamálastofnun:		
Norrænn fundur um samvinnu í brunamálum	2	Finnland/Svíþjóð
Norrænn fundur um þróun samvinnu í brunamálum	1	Svíþjóð
Fundur evrópskra byggingaryfirvalda	1	Króatía
Fundur Brunamálastofnunar um brunamál og brunaákvæði byggingarvörutilskipunarinnar	1	Finnland
Fundur norrænna byggingaryfirvalda	1	Finnland
Fundur um Interflam	1	England

Tilefni ferða	Fjöldi	Land/borg
Fundur um brunamál	1	Svíþjóð
Alþjóðleg samstarfsnefnd um byggingareglugerðir og norrænn fundur um brunaeiginleika byggingarefna.	1	Austurríki/Danmörk
Skógrækt ríkisins:		
Ráðstefna um skógrækt	1	Ítalía
Ráðstefna: Conference of protection Eur	1	Pólland
Skipulagsstofnun:		
Sameiginlegur og árlegur fundur norrænna skipulagsyfirvalda	1	Svíþjóð
Lokaráðstefna Spatial North-verkefnisins	1	Bretland
Veðurstofa Íslands:		
WHO: 2. meeting management group WMO RA VI: Secure and Sustainable Life	1	Spánn
Samráðsfundur vestur-evrópskra veðurstofa (ICWED)	1	Þýskaland
WMO, Alþjóðaveðurfræðistofnunin, ráðstefna / stefnumótun	1	Sviss
ECMWF: 67. session of the Council, stjórnarfundur	1	Írland/England
FMI: NMD 48/NORDMET, 9. árlegur fundur norrænna veðurstofu-stjóra	1	Finnland
Met-Portugal / EUMETNET 31. Council meeting, stjórnarfundur	1	Portúgal
EWGLAM 29 & 14. SRNWP meeting á króatísku veðurstofunni	1	Króatía
EACCS meeting Darmstadt Dec 2007, The EUMETSAT Advisory Committee	1	Þýskaland
ECMWF Council, evrópska reiknimiðstöðin, stjórnarfundur	1	England
2008		
Umhverfisráðuneyti:		
Fundur norrænna umhverfisráðherra, sumarfundur	1	Svíþjóð
Fundur norrænna umhverfisráðherra og matvæla-, skógar- og land-búnaðarráðherra	1	Noregur
Norðurlandaráðsþing	1	Finnland
Ráðherrafundur á vegum Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP)	1	Mónakó
Ráðherrafundur OECD	1	Frakkland
Aðildarríkjafundur samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (COP9)	1	Belgía
14. aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (COP-14/UNFCCC)	1	Pólland
Morgunverðarfundur norrænna umhverfisráðherra	3	Belgía
Ráðherrafundur OECD	1	Frakkland
Norðurlandaráðsþing	1	Belgía
Fundur evrópskra ráðuneytisstjóra um umhverfismál (EPRG)	2	Belgía
Ráðherrafundur á vegum Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP)	1	Mónakó
Ráðherrafundur OECD	1	París
16. fundur nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD16)	1	Bandaríkin
14. aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (COP-	1	Pólland

Tilefni ferða	Fjöldi	Land/borg
14/UNFCCC)		
Morgunverðarfundur með Stavros Dimas, umhverfisstjóra Evrópusambandsins	1	Belgía
Samráðsfundur um hafmál	1	Belgía
Fundur í efnahags- og viðskiptanefnd á vegum norrænu ráðherra-nefndarinnar	1	Svíþjóð
Fundur í vinnunefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) um umhverfismál (WGE)	5	Belgía/Lichtenstein
Kynnisferð vegna innleiðingar vatnatilskipunar Evrópusambandsins	2	Belgía
Fundur vegna Evrópugerða á vinnslustigi	1	Belgía
Fundur í norrænum vinnuhópi um vörur og úrgang	3	Svíþjóð/Noregur
Norrænn fundur um aðgengismál fatlaðra	1	Danmark
Fundur norrænna byggingaryfirvalda	1	Danmörk
Samingafundur í loftslagsmálum	2	Bangkok
Fundur undirnefnda á vegum loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og samningafundir um loftslagsmál	2	Þýskaland
Samningafundir vegna loftslagsmála og um framtíð tölulegra skuldbindinga Kýótó-bókunarinnar	2	Ghana
14. aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (COP-14/UNFCCC)	2	Pólland
Fundur um framkvæmd íslenska ákvæðis Kýótó-bókunarinnar	1	Þýskaland
Fundur í norrænum vinnuhópi um loftslagsmál	4	Svíþjóð
Kynningar- og samráðsfundur með Evrópusambandinu	1	Belgía
Fundur vegna samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni	1	Þýskaland
Fundur á vegum Alþjóðanáttúruverndarsambandsins (IUCN)	1	Spánn
Fundur heimsminjanefndar Sameinuðu þjóðanna	1	Bandaríkin
Fundur um verndun hafsins á norðurslóðum (PAME)	2	Kanada/Finnland
Fundur í norrænum vinnuhópi (AU) og um norræna umhverfisáætlun	2	Danmörk
Fundur í norrænum vinnuhópi um umhverfismál (AU) og um norræna umhverfisáætlun	4	Danmörk/Svíþjóð/ Danmörk/Danmörk
Fundur í norrænum vinnuhópi um umhverfismál (AU) og um norræna umhverfisáætlun	2	Svíþjóð/Danmörk
Fundur í hópi norrænna embættismanna um umhverfismál (EK-M) og um norræna umhverfisáætlun	1	Danmörk
Fundur í hópi norrænna embættismanna um umhverfismál (EK-M)	1	Svíþjóð/Danmörk
Fundur norrænna umhverfisráðherra (MR-M)	2	Svíþjóð
Fundur norrrænna umhverfisráðherra (MR-M) og embættismanna (EK-M)	1	Finnland
Norrænn fundur um sjálfbæra þróun	2	Svíþjóð
Stjórnarfundur Umhverfisstofnunar Evrópu	3	Danmörk
Fundur sérfræðinganefndar um loftslagsmál hjá OECD	2	Frakkland
Fundur um umhverfismál hjá OECD (WPEP)	1	Frakkland
Fundur vegna samnings um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR)	2	England
Vísindanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (IPCC)	1	Ungverjaland

Tilefni ferða	Fjöldi	Land/borg
Fundur vegna samnings um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR) og aukafundir	1	Frakkland
Fundur um málefni hafsins á vegum Sameinuðu þjóðanna	1	Bandaríkin
16. fundur nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD-16)	1	Bandaríkin
Ársfundur Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP)	1	Mónakó
Náttúrufræðistofnun:		
Fundur stjórnar/fastanefndar Bernarsamningsins um villt dýr og plöntur	3	Frakkland
Aðildarríkjafundur Alþjóðanáttúruverndarsambandsins	1	Spánn
Aðildarríkjafundur samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (CBD)	1	Þýskaland
Fundur vísinda- og tækninefndar samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (CBD)	1	Ítalía
Úrvinnslusjóður:		
Ráðstefna um framleiðendaábyrgð við söfnun og endurvinnslu	1	Belgía
ProEurope-fundur og fundur um smurolíusöfnun og endurvinnslu	1	Belgía/Danmörk
ProEurope Congress um endurvinnslumál í Evrópu	1	Tékkland
EPRO-fundur um plastendurvinnslu	1	Austuríki
Plastendurvinnslufyrirtæki í eigu Íslendinga opnað	1	Lettland
ProEurope-aðalfundur og ýmsir fyrirlestrar um söfnun og endurnýtingu	1	Kýpur
Epro-fundur um plastendurvinnslu	1	Portúgal
Umhverfisstofnun:		
Ferð vegna olíuverkefnisins á Drekasvæðinu	1	Noregur
Fundur hjá skrifstofu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna um útfærslu íslenska ákvæðisins	1	Þýskaland
Fundur forstjóra umhverfisstofnana í Evrópu	1	Belgía
Fundur vatnastjóra í Evrópu	1	Tékkland
Fundur forstjóra European Evironmental Protection Agencies	1	Belgía
Fundur Real Change-netsins í Stokkhólmi	1	Svíþjóð
Ráðstefna á vegum þingmannanefndar EFTA um loftslagsmál	1	Noregur
Landmælingur Íslands:		
Fundur forstjóra norrænna kortastofnana	1	Grænland
GSDI Association-ráðstefna	1	Trinidad
Kveðja forstjóra Statens Kartverk, fundur með norsku herkortast.	1	Noregur
Stjórnarfundur EuroGeographics	3	Lissabon/Rúmenía/ Sviss
Starfsmannaferð – heimsókn til kortastofnunar Frakklands	1	Frakkland
Fundur vegna tilskipunar Evrópusambandsins um landfræðilegar upplýsingar fyrir umhverfisráðuneytið	1	Belgía
Fundur vegna tilskipunar Evrópusambandsins um landfræðilegar upplýsingar	1	Slóvenía
Ársþing EuroGeographics	1	Síbía

Tilefni ferða	Fjöldi	Land/borg
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar:		
FISHERNET-fundur í evrópsku verkefni um strandmenningu og sjálfbærni	1	Spánn
Þáttaka í ICASS II-ráðstefnu	1	Grænland
Landgræðsla ríkisins:		
Þátttaka, fyrirlestrar og fundarstjórn á ráðstefnu um loftlagsbreytingar og jarðvegsvernd í boði Ohio State University	1	Bangladesh
Heimsókn JRC-rannsóknarstöðvar ESB í Ispra á Ítalíu og undirskrift samstarfssamnings, flutt erindi um jarðvegsvernd	1	Ítalía
Brunamálastofnun:		
Samvinna um forvarnir og viðbrögð við eldsvoðum í norðurhöfum	1	Noregur
Norræn byggingaryfirvöld funda	1	Danmörk
Fundur í alþjóðabrunavísindafélaginu	1	Þýskaland
Fundur um samvinnu í þróun og rannsóknum (NICe)	1	Danmörk
Fundur í alþjóðlega brunatæknifélaginu	1	Bandaríkin
Fundur evrópskra byggingaryfirvalda (CEBC)	1	Lettland
Skógrækt ríkisins:		
Ráðstefna: SAS-conferenece	1	England
Nordisk skoghistorisk-ráðstefna	1	Danmörk
Skipulagsstofnun:		
Ráðstefna í Nuuk: Regional Planning in Greenland	1	Grænland
Sustainable Places	1	Holland
Veðurstofa Íslands:		
Samráðsfundur vestur-evrópskra veðurstofa (ICWED)	1	Belgía
ECMWF: 69. session of the Council, stjórnarfundur evrópsku reikni-miðstöðvarinnar	1	England
WHO: 27. meeting of Financial Advisory Committee (FINAC – 27)	1	Sviss
ECOMET: 26. session General Assembly	1	Noregur
ECMWF Council, stjórnarfundur evrópsku reiknimiðstöðvarinnar	1	England
EUMETSAT, EACCS, fundur aukaaðildarþjóða	2	Þýskaland
2009		
Umhverfisráðuneyti:		
Norðurlandaráðsþing og fundur norrænna umhverfisráðherra (MRM)	1	Svíþjóð
15. aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (COP-15/UNFCCC)	2	Danmörk
Óformlegur morgunverðarfundur norrænna umhverfisráðherra	2	Belgía
15. aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (COP-15/UNFCCC)	1	Danmörk
Fundur evrópskra ráðuneytisstjóra um umhverfismál (EPRG)	3	Belgía
Samráðsnefnd um hafstefnu Evrópusambandsins	2	Belgía
Fundur í stjórnarnefnd alþjóðlegs verkefnis um varnir gegn mengun sjávar frá landi í Rússlandi	1	Finnland
Norrænn fundur	1	Noregur

Tilefni ferða	Fjöldi	Land/borg
Fundur í efnahags- og viðskiptanefnd á vegum norrænu ráðherra-nefndarinnar	1	Danmörk
Fundur vinnunefndar EFTA um umhverfismál (WGE)	5	Belgía
Ráðstefna vegna nýrra efnalöggjafar Evrópu (REACH)	1	Belgía
Fundur upptöku Evrópugerða í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES)	1	Noregur
Fundur í norrænum vinnuhópi um vörur og úrgang	2	Finnland
Fundur norrænna skipulagsyfirvalda	1	Danmörk
Fundur norrænna skipulagslögfræðinga	1	Noregur
Vinnuhópur sem starfar á vegum norrænu ráðherranefndarinnar	1	Danmörk
Ráðstefna um byggingarstaðla	1	Ítalía
Samningfundur um loftslagsmál (UNFCCC)	2	Þýskaland
Fundur undirnefnda á vegum loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og samningafundir um loftslagsmál	2	Þýskaland
Samningafundur um loftslagsmál (UNFCCC)	1	Tæland
15. aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (COP-15/UNFCCC)	2	Danmörk
Samningafundur með Evrópusambandinu vegna loftslagsmála	1	Belgía
Samningafundur um loftslagsmál (UNFCCC)	1	Þýskaland
Óformlegur fundur um losun og bindingu vegna landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF)	1	Írland
4. aðildarríkjafundur um Stokkhólmssamninginn um þrávirk lífræn efni	1	Sviss
Ráðherrafundur Norðurskautsráðsins	1	Noregur
Fundur í norrænum vinnuhópi um umhverfismál (AU)	1	Danmörk
Fundur í norrænum vinnuhópi um umhverfismál (AU) og námskeið vegna innleiðingar norrænu umhverfisáætlunarinnar	1	Danmörk
Námskeið vegna innleiðingar norrænu umhverfisáætlunarinnar	1	Danmörk
Fundur í norrænum vinnuhópi um umhverfismál (AU) og um norræna umhverfisáætlun	1	Danmörk
Fundur í hópi norrænna embættismanna um umhverfismál (EK-M) og um sjálfbæra þróun	1	Danmörk
Fundur í hópi norrænna embættismanna um umhverfismál (EK-M)	1	Danmörk
Fundur norrænna umhverfisráðherra og fundur norrænna embættis-manna um umhverfismál	2	Svíþjóð
Norrænn fundur um sjálfbæra framleiðslu og neyslu	2	Finnland/Danmörk
Fundur í norræna genaráðinu	1	Svíþjóð
Fundur í norrænu embættismannanefndinni um skógrækt (EK-FJLS)	2	Danmörk/Svíþjóð
Stjórnarfundur Umhverfisstofnunar Evrópu	3	Danmörk
Fundur vegna samnings um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR) og aukafundir	1	Belgía
Fundur vegna samnings um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR)	3	England/England/ Svíþjóð
Fundur um málefni hafsins	1	Bandaríkin

Tilefni ferða	Fjöldi	Land/borg
17. fundur nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD-17)	1	Bandaríkin
Fundur í norrænum vinnuhópi um vistkerfi í hafinu	1	Danmörk
Ráðstefna um víðerni	1	Tékkland
Fundur hjá norrænu heimsminjastofnuninni	1	Danmörk
Samningafundur með Evrópusambandinu vegna loftslagsmála	1	Belgía
Norræn ráðstefna um líffræðilega fjölbreytni	1	Noregur
Samningafundur um loftslagsmál	2	Spánn
Fundur um verndarsvæði í hafinu, samning um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR)	1	England
Fundur um samning um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR)	1	Svíþjóð
Ferð vegna norræna Svansmerkisins	1	Svíþjóð
Náttúrufræðistofnun:		
Fundur stjórnar/fastanefndar Bernarsamningsins um villt dýr og plöntur	3	Frakkland
Undirbúningsfundur vegna ráðstefnu í boði spænsku ríkisstjórnarinnar	1	Spánn
Undirbúningsfundur vegna ráðstefnu um friðlýst svæði	1	Frakkland
Fundur um Emerald Network á vegum Bernarsamningsins	1	Frakkland
Úrvinnslusjóður:		
ProEurope-fundur um endurvinnslumarkaði og fundur um Lestrecycle	1	Tékkland/England
EPRO-fundur um plastendurvinnslu, erindi um ástand mála á Íslandi	1	Eistland
Fundir um skilagjaldskerfi fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir	1	Danmörk
Umhverfisstofnun:		
Fundur forstjóra umhverfisstofnana Evrópu	1	Sviss
Fundur vatnaforstjóra	1	Tékkland
Svanurinn, NMN-fundur	1	Svíþjóð
Fundur forstjóra umhverfisstofnana Evrópu	1	Írland
Svansfundur	1	Finnland
Vatnaforstjórafundur og IMPEL-fundur	1	Svíþjóð
Landmælingar Íslands:		
Stjórnarfundur EuroGeographics, forstjóri og stjórnarformenn	1	Belgía
Inspire- og GSDI-ráðstefna	2	Holland
Ráðstefna CC Exchange um kortamál	1	England
Árlegur fundur forstjóra norrænna kortastofnana	1	Svíþjóð
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar:		
Fundir með Dartmouth cCllege vegna samstarfs við Dickey Center og Institute of Arctic Studies	1	BNA
Vinnufundur í FISHERNET um fiskveiðimenningu / evrópska strandmenningu / evrópska fiskveiðimenningu	3	Kýpur/Orkneyjar/ Noregur
Stjórnarfundur menningarhússins í Nuuk (NAPA)	1	Grænland
Landgræðsla ríkisins:		
Þátttaka í vinnufundi um jarðvegsvernd og fyrirlestur á kynningu á nýjum jarðvegs-Atlasi	1	Bandaríkin

Tilefni ferða	Fjöldi	Land/borg
Fluttir fyrirlestrar um landgræslu hjá jarðvegsverndarmiðstöð ESB og fundarhöld með starfsmönnum sendiráðs Íslands í Brussel og stofnunum ESB	1	Belgía
Brunamálastofnun:		
Fundur um samvinnu í þróun og rannsóknum (NICe)	2	Finnland/Noregur
Samvinna á norðurslóðum um forvarnir og viðbrögð við eldsvoða	1	Noregur
Fundur norrænna byggingaryfirvalda	1	Svíþjóð
Fundur rafmagnsöryggisstjórnvalda á Norðurlöndunum	1	Finnland
Nefndarfundur um aukna samhæfingu byggingarreglugerða	1	Danmörk
Skógrækt ríkisins:		
Ferð til Þrændalaga og Norlands	1	Noregur
Skipulagsstofnun:		
EU-seminar um samþætta áætlunagerð	1	Holland
Ársfundur norrænna skipulagsyfirvalda	1	Danmörk
Veðurstofa Íslands:		
Vatnafræðivinnuhópur (WMO)	1	Frakkland
Samráðsfundur vestur-evrópskra veðurstofa (ICWED)	2	Írland
EUMETNET-samráðsfundur	1	England
17. NRB-symposium, endurmenntunarferð / verkefnafundur	1	Kananda
Verkefnafundir	6	Svíþjóð/Sviss/Noregur/ Belgía/Kanada
EUMETSAT, EACCS-fundur aukaaðildarþjóða	1	Þýskaland
Stjórnarfundur evrópsku reiknimiðstöðvarinnar (ECMWF Council)	1	England
2010		
Umhverfisráðuneyti:		
Fundur norðurskautsráðherra	2	Grænland
Ráðherrafundur um líffræðilega fjölbreytni	1	Japan
Ráðherrafundur vegna samnings um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR)	1	Noregur
Óformlegur fundur umhverfisráðherra Evrópu	2	Belgía
Fundur evrópskra ráðuneytisstjóra um umhverfismál (EPRG)	1	Belgía
Vinnufundur vegna ástand hafs á norðurslóðum	1	Bandaríkin
Fundur evrópskra ráðuneytisstjóra um loftslagsmál (EPRG)	1	Belgía
Fundur evrópskra upplýsingafulltrúa	1	Belgía
Samningafundur um loftslagsmál (UNFCCC)	1	Þýskaland
Fundur í norrænum vinnuhópi um loftslagsmál	1	Svíþjóð
Fundur sérfræðinganefndar um loftslagsmál hjá OECD	1	Frakkland
Fundur í norrænum vinnuhópi um loftslagsmál	1	Svíþjóð
Fundir undirnefnda á vegum loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC)	2	Þýskaland
Fundir vegna samnings um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR)	1	England
Samningafundur um loftslagsmál (UNFCCC)	1	Þýskaland
Fundir vegna samnings um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR)	1	England
Samningafundir um loftslagsmál (UNFCCC)	4	Kína /Mexíkó

Tilefni ferða	Fjöldi	Land/borg
Fundur umhverfishagfræðinga Evrópusambandsins	1	Færeyjar
Fundur vinnunefndar EFTA um umhverfismál (WGE)	4	Belgía
Norrænn fundur um vörur og úrgang og fleiri norrænir fundir	1	Danmörk
Norrænn fundur um dreifðar byggðir	1	Noregur
Fundur norrænna byggingaryfirvalda	1	Noregur
Fundur norrænna skipulagsyfirvalda	1	Noregur
Fundur með framkvæmdastjóra Evrópusambandsins	1	Belgía
Fundur vegna aðlögunar tilskipunar EB um viðskiptakerfi um los-unarheimildir gróðurhúsalofttegunda	1	Belgía
6. Þrándheimsráðstefnan um líffræðilega fjölbreytni	1	Noregur
14. fundur undirnefndar samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræði-lega fjölbreytni	1	Naírobí
10. aðildarríkjafundur samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (CBD)	1	Japan
Fundur um verndun hafsins á Norðurslóðum (PAME)	2	Danmörk/Bandaríkin
Fundur í norrænum vinnuhópi um umhverfismál (AU)	3	Danmörk
Fundur í hópi norrænna embættismanna um umhverfismál (EK-M)	1	Danmörk
Fundur norrænna umhverfisráðherra (MR-M)	1	Danmörk
Norrænn fundur um sjálfbæra framleiðslu og neyslu	2	Danmörk/Noregur
Fundur í norrænu embættismannanefndinni um skógrækt (EK-FJLS)	2	Færeyjar
Stjórnarfundur Umhverfisstofnunar Evrópu	3	Danmörk
Ráðherrafundur vegna samnings um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR	1	Noregur
Fundir vegna samnings um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR)	1	England
Fundir vegna samnings um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR)	1	Þýskaland
18. fundur nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD-18)	1	Bandaríkin
Fundur í norrænum vinnuhópi um vistkerfi í hafinu	1	Danmörk
Fundur vegna stefnumótunar um Svansmerkið	1	Danmörk
Fundur á vegum finnska umhverfisráðuneytisins vegna árs líffræðilegrar fjölbreytni	1	Finnland
Fundur á vegum Umhverfisstofnunar Evrópu	1	Danmörk
Náttúrufræðistofnun:		
Fundur stjórnar/fastanefndar Bernarsamningsins	2	Frakkland
Emerald-fundur og fundur stjórnar Bernarsamningsins	1	Frakkland
Ræða á hátíðarfundi Evrópuráðsins vegna árs líffræðilegrar fjölbreytni	1	Frakkland
Ráðstefna Evrópuráðsins og EB: Post 2010 targets	1	Spánn
Úrvinnslusjóður:		
EPRO-fundur um plastendurvinnslu, kynning á stöðu söfnunar og endurvinnslu á Íslandi	1	Finnland
ProEurope Congress um endurvinnslumál í Evrópu	1	Belgía
EPRO-fundur um söfnun og endurvinnslu á plastumbúðum	1	Ítalía
Umhverfisstofnun:		
Fundur forstjóra umhverfisstofnana Evrópu	1	Spánn

Tilefni ferða	Fjöldi	Land/borg
IMPE-fundur	1	Spánn
Fundur hafs- og vatnaforstjóra stofnana Evrópu	1	Spánn
Fundur forstjóra umhverfisstofnana í Evrópu	1	Pólland
Svansfundurinn (NMR)	1	Noregur
Vinnufundur: Natur- och kulturarvskraft 2010	1	Svíþjóð
Fundur vatna- og hafforstjóra stofnana Evrópu	1	Belgía
Svansfundur	1	Danmörk
Landmælingar Íslands:		
Árlegur fundur forstjóra norrænna kortastofnana	1	Noregur/Færeyjar
Ráðstefna vegna Inspire	2	Pólland
Ársþing EuroGeographics	1	Belgía
Fjarkönnunar- og landbúnaðarráðstefna	1	Ítalía
Inspire- fundur f. umh.	1	Belgía
Vatnajökulsþjóðgarður:		
Heimsóknir í nokkra þjóðgarða innan Bandaríkjanna	1	Bandaríkin
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar:		
Erindi á ráðstefnu: Geopolitical and Legal Aspects of Canada's and Europe's Northern Dimensions	1	Kanada
Erindi á ráðstefnu við Háskólann í Oulu	1	Finnland
Erindi á ráðstefnu um Coastal cultures in time of change	1	Danmörk
Landgræðsla ríkisins:		
Vinnufundur hjá JRC í Ispra um endurskoðun samstarfssamninga, erindi um aðgerðir Landgræðslunnar í kjölfar eldgossins í Eyja-fjallajökli, ráðstefnu- og kynnisferð	1	Ítalía
Brunamálastofnun:		
Norrænn fundur um samvinnu í þróun og rannsóknum	1	Danmörk
Fundur á sviði rafmagnsöryggismála	1	Noregur
Árlegur fundur norrænna byggingaryfirvalda	1	Noregur
Haustfundur rafmagnsöryggisstofnana á Norðurlöndum (NSS)	1	Álandseyjar
Skipulagsstofnun:		
Ársfundur norrænna skipulagsyfirvalda	1	Noregur
Veðurstofa Íslands:	1	
Verkefnisumsókn CIA / TFI	1	Danmörk
Vinnufundir um þjónustu við alþjóðaflugið	4	Finnland/Frakkland/ Kanada
Ársfundur norrænu vatnafræðistofnunarinnar	1	Danmörk
Samstarf um reiknaðar veðurspár (HIRLAM Council)	1	Holland
Samstarf evrópskra veðurstofa (EUMETNET EIG Council)	2	Holland/Pólland
Samráðsfundur vestur-evrópskra veðurstofa (ICWED)	2	England
Verkefnafundir greiddir af öðrum	6	Noregur/Finnland/ Danmörk
Samráðsfundur norrænna veðurstofa	1	Noregur
Heimsóknir til veður- og vatnafræðistofnana	1	Nýja Sjáland
Stjórnarfundur evrópsku reiknimiðstöðvarinnar (ECMWF Council)	1	England
Fjöldi ferða samtals	**502**	

2. *Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?*

Tekið er fram að kostnaðartölur taka til allra starfsmanna ráðuneytisins, en einungis til forstöðumanna stofnana sem eru einu embættismennirnir í stofnunum.

Ráðuneyti / stofnun:	**Samtals ferðakostnaður**	**Ár**
Umhverfisráðuneyti	17.301.087	2007
Umhverfisráðuneyti	20.566.666	2008
Umhverfisráðuneyti	19.378.915	2009
Umhverfisráðuneyti	17.740.426	2010
Náttúrufræðistofnun	1.082.816	2007
Náttúrufræðistofnun	1.844.910	2008
Náttúrufræðistofnun	1.909.635	2009
Náttúrufræðistofnun	1.641.467	2010
Úrvinnslusjóður	2.294.000	2007
Úrvinnslusjóður	1.961.000	2008
Úrvinnslusjóður	729.000	2009
Úrvinnslusjóður	835.000	2010
Umhverfisstofnun	285.677	2007
Umhverfisstofnun	1.097.297	2008
Umhverfisstofnun	1.563.218	2009
Umhverfisstofnun	1.514.839	2010
Landmælingar Íslands	1.218.204	2007
Landmælingar Íslands	1.486.300	2008
Landmælingar Íslands	1.289.147	2009
Landmælingar Íslands	1.583.487	2010
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	604.584	2007
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	272.910	2008
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	225.110	2009
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	569.811	2010
Vatnajökulsþjóðgarður	597.556	2010
Landgræðsla ríkisins	254.866	2007
Landgræðsla ríkisins	722.873	2008

Landgræðsla ríkisins	453.986	2009
Landgræðsla ríkisins	490.792	2010
Brunamálastofnun	1.704.328	2007
Brunamálastofnun	1.204.324	2008
Brunamálastofnun	1.567.388	2009
Brunamálastofnun	1.184.118	2010
Skógrækt ríkisins	403.698	2007
Skógrækt ríkisins	206.215	2008
Skógrækt ríkisins	58.650	2009
Skipulagsstofnun	333.968	2007
Skipulagsstofnun	327.022	2008
Skipulagsstofnun	478.285	2009
Skipulagsstofnun	246.884	2010
Veðurstofa Íslands	1.618.744	2007
Veðurstofa Íslands	1.145.271	2008
Veðurstofa Íslands	1.996.547	2009
Veðurstofa Íslands	2.317.756	2010

1753. Frumvarp til laga [824. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum (í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga o.fl.).

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hjá þeim skattaðilum sem er skylt að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs, og skattleggja í samræmi við 5. mgr. 66. gr. Þannig ákvarðaðar tekjur mynda hvorki stofn til tryggingagjalds né lífeyrisiðgjalds né teljast til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar hjá greiðanda.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. 6. og 7. málsl. 9. tölul. falla brott.
b. 3. mgr. 9. tölul. a fellur brott.

3. gr.

4. mgr. 58. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, þó ekki ef um er að ræða starf á vegum lögaðila sem skráður er á opinberum verðbréfamarkaði. Maður telst hafa ráðandi stöðu í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 20% hlut í þeim lögaðila. Ákvæði 1. og 2. málsl. skulu einnig gilda um starfandi hlythafa sem ekki eru tengdir fjölskylduböndum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Á eftir „1.–3. tölul.“ í 6. og 7. tölul. 1. mgr. kemur: og 5. mgr.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Tekjuskattshlutfall á þann hluta úthlutaðs arðs sem telst vera laun skv. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. skal vera skv. 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar. Þessar tekjur skulu þó ekki vera meðtaldar þegar reiknuð er millifærsla milli skattþrepa skv. 4. tölul. 1. mgr.

5. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Persónuafsláttur skal í upphafi hvers árs taka breytingu í réttu hlutfalli við mismun á vísitölu neysluverðs við upphaf og lok næstliðins tólf mánaða tímabils.

6. gr.

3. mgr. 101. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóra er heimilt að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni að leiðrétta álagningu á skattaðila ef yfirskattanefnd eða dómstólar hafa í hliðstæðu máli hnekkt skattframkvæmd sem skattskil eða ákvörðun skattstjóra eða ríkisskattstjóra var byggð á. Sama á við sé beinlínis kveðið svo á um í lögum að fallið sé frá fyrri skattframkvæmd. Breyting af þessu tilefni getur tekið til skattstofns eða skatts frá og með því tekjuári sem um var fjallað í máli því sem hliðstætt er talið, þó lengst sex ár aftur í tímann, talið frá því ári þegar úrskurður eða dómur var kveðinn upp. Sama viðmiðun gildir frá og með gildistöku viðkomandi lagaákvæðis. Beiðni um endurupptöku skal borin fram innan eins árs frá því að skattaðila var eða mátti vera kunnugt um tilefni hennar. Skattaðila er heimilt að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992, svo og má bera synjun um breytingu á skattákvörðun samkvæmt þessari málsgrein undir yfirskattanefnd.

7. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða XXXIII og XXXIX skal haga álagningu auðlegðarskatts við álagningu opinberra gjalda á árunum 2012 og 2013 með eftirfarandi hætti: Á framtalsskyldar eignir skv. 72. gr. í lok ársins 2011 skal við álagningu 2012 leggja auðlegðarskatt sem hér segir á menn sem eru skattskyldir skv. 1. gr. og 4.–9. tölul. 3. gr.:

a. Frá eignum, sbr. 73. gr., skal draga skuldir skattaðila. Með skuldum í þessu sambandi teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól þeirra sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs. Skuldir í erlendum verðmæli skal telja á sölugengi í árslok. Til skulda teljast öll opinber gjöld er varða viðkomandi reikningsár, þó ekki þau gjöld sem eru lögð á tekjur eða hreina eign á næsta ári eftir lok reikningsárs. Frá eignum aðila sem um ræðir í 4. tölul. 3. gr. má einungis draga skuldir sem beint eru tengdar starfsemi þeirra hér á landi. Frá eignum aðila sem um ræðir í 5.–9. tölul. 3. gr. má einungis draga skuldir sem á eignum þessum hvíla.
b. Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 73. gr. skulu lögaðilar telja fram hlutdeild sína í öðrum félögum á markaðsverði ef um er að ræða félög sem eru skráð í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði en annars hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags í stað nafnverðs. Þá skulu lögaðilar telja fram eignarhlutdeild sína í félögum skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. á sama hátt.

   Við ákvörðun auðlegðarskattsstofns skal telja hlutabréf í félögum sem eru skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði fram á markaðsvirði í árslok. Sá sem á hlut í félagi sem ekki er skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skal telja fram til auðlegðarskattsstofns hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins eins og það er talið fram í skattframtali félagsins fyrir rekstrarárið 2010 skv. 1. mgr. þessa stafliðar.
c. Auðlegðarskattsstofn er þær eignir sem eftir verða þegar frá verðmæti eigna skv. 73. gr., sbr. a- og b-lið, hafa verið dregnar fjárhæðir skulda svo sem þær hafa verið ákvarðaðar í samræmi við fyrrnefnt ákvæði a-liðar. Auðlegðarskattsstofn skal ákvarða í heilum tugum króna og sleppa því sem umfram er.
d. Auðlegðarskatt skal miða við auðlegðarskattsstofn skattaðila í árslok.
e. Hjón sem samvistum eru, sbr. 5. gr., skulu telja saman allar eignir sínar og skuldir og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða séreign eða skuldir tengdar henni. Auðlegðarskattsstofni skal skipta að jöfnu milli þeirra og reikna auðlegðarskatt af hvorum helmingi fyrir sig skv. h-lið. Sama gildir um sambúðaraðila, sbr. 3. mgr. 62. gr. Auðlegðarskattsálagningu eftirlifandi maka eða sambúðaraðila, sbr. 3. mgr. 62. gr., sem situr í óskiptu búi skal hagað á sama hátt og um hjón væri að ræða í mest fimm ár frá andlátsári hins látna, þó ekki fram yfir gildistíma þessa ákvæðis, enda hafi viðkomandi ekki hafið sambúð að nýju.
f. Heimilt er ríkisskattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun auðlegðarskattsstofns hans þegar svo stendur á sem í 1. tölul. 1. mgr. 65. gr. greinir, enda hafi gjaldþol mannsins skerst verulega af þeim ástæðum.
g. Eignir barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. A-lið 68. gr. Gilda ákvæði 78. gr. einnig um þar greindar eignir barns. Ríkisskattstjóri má taka til greina umsókn framfæranda barns um að eignir barns, sem misst hefur annað foreldri sitt eða

bæði og hefur ekki verið ættleitt, skuli skattlagðar hjá barninu sjálfu í samræmi við ákvæði h-liðar.

h. Auðlegðarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 75.000.000 kr. af auðlegðarskattsstofni einstaklings og fyrstu 100.000.000 kr. af samanlögðum auðlegðarskattsstofni hjóna greiðist enginn skattur. Af auðlegðarskattsstofni yfir þeim mörkum greiðast 1,5%.

i. Allir þeir sem hafa auðlegðarskattsstofn sem er umfram þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í h-lið skulu gera grein fyrir honum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

j. Endurreikningur auðlegðarskattsstofns og álagning auðlegðarskatts á árinu 2013 fellur niður.

b. (II.)

Við álagningu opinberra gjalda árið 2012 skulu aðilar sem falla undir 6. tölul. 4. gr. greiða sérstakan skatt sem nemur 0,0778% af hreinni eign til greiðslu lífeyris, sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eins og hún er í árslok 2011. Um álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Gjalddagi er 1. nóvember 2012. Greiða skal fyrir fram upp í álagðan skatt 1. nóvember 2011 og miðast sú greiðsla við hreina eign til greiðslu lífeyris eins og hún var í árslok 2010 miðað við skatthlutfall samkvæmt ákvæði þessu.

8. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við álagningu opinberra gjalda árið 2011 skulu aðilar sem falla undir 6. tölul. 4. gr. greiða sérstakan skatt sem nemur 0,0972% af hreinni eign til greiðslu lífeyris, sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Um álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Gjalddagi er 1. nóvember 2011.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „léttvíni“ í a-lið 5. tölul. kemur: og 6 lítra af öli.
b. Á eftir orðinu „léttvíni“ í b-lið 5. tölul. kemur: og 6 lítra af öli.
c. Í stað tölunnar „6“ í c-lið 5. tölul. kemur: 9.
d. Á eftir orðinu „öli“ í c-lið 5. tölul. kemur: eða.
e. Á eftir c-lið 5. tölul. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: 12 lítra af öli.
f. Á eftir orðinu „léttvíni“ í a-lið 1. mgr. 7. tölul. kemur: og 6 lítra af öli.
g. Á eftir orðinu „áfengi“ í b-lið 1. mgr. 7. tölul. kemur: og 9 lítra af öli.
h. Í stað tölunnar „6“ í b-lið 1. mgr. 7. tölul. kemur: 9.
i. A-liður 2. mgr. 7. tölul. orðast svo: 0,5 lítra af sterku áfengi og 0,75 lítra af léttvíni og 3 lítra af öli, eða.
j. B-liður 2. mgr. 7. tölul. orðast svo: 0,5 lítra af sterku áfengi og 6 lítra af öli eða 0,75 lítra af léttvíni og 6 lítra af öli.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, með síðari breytingum.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „neðangreind hlutföll“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: af styrkhæfum kostnaði.

b. 1.–3. tölul. 2. mgr. orðast svo:

1. Þegar um lítil fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 70% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefnis eða 80% í tilviki samstarfsverkefnis. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 45% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða 60% í tilviki samstarfsverkefnis.
2. Þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 60% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefnis eða 75% í tilviki samstarfsverkefnis. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 35% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða 50% í tilviki samstarfsverkefnis.
3. Þegar um stór fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 50% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefnis eða 65% í tilviki samstarfsverkefnis enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 25% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða 40% í tilviki samstarfsverkefnis enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki.

11. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögin falla úr gildi 31. desember 2014. Stuðningur sem samþykktur hefur verið fyrir það tímamark heldur þó gildi sínu.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.

12. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við álagningu opinberra gjalda árið 2012 skal til viðbótar við sérstakan skatt samkvæmt lögunum greiða 0,0875% af skattstofni eins og hann er ákvarðaður í 3. gr. Gjalddagi viðbótarskattsins er 1. nóvember 2012. Greiða skal fyrir fram upp í álagðan viðbótarskatt 1. nóvember 2011 og miðast sú greiðsla við skattstofn eins og hann var í árslok 2010 miðað við skatthlutfall samkvæmt ákvæði þessu.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

13. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. skulu lífeyrissjóðir, þ.m.t. lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum og staðfestri reglugerð, sbr. 54. gr., greiða sem samsvarar 0,13% af samanlögðum iðgjaldsstofni, sbr. 1. mgr. 3. gr., allra sjóðfélaga til starfsendurhæfingar sjóðfélaga til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs sem starfar á vegum aðila vinnumarkaðarins. Fyrsta greiðsla er reiknuð af iðgjaldsstofni janúarmánaðar 2012. Gjalddagi skal vera tíundi dagur næsta mánaðar eftir að launagreiðandi hefur staðið skil á lífeyrisiðgjaldi skv. 2. mgr. 7. gr. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og gjaldið fellur í gjalddaga.

Iðgjald launagreiðanda, þ.m.t. þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs skal vera 0,13% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. 3. gr. og skal reiknast í fyrsta sinn af iðgjaldsstofni septembermánaðar 2011. Iðgjaldið veitir réttindi til þjónustu VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Launagreiðanda skv. 1. málsl. er skylt að standa skil á iðgjaldinu til viðkomandi lífeyrissjóðs með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald, sbr. 2. mgr. 7. gr. Lífeyrissjóðir ráðstafa iðgjaldinu til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs og skal fara eftir þeim ákvæðum sem almennt gilda í þeim innheimtusamningum sem gerðir hafa verið milli aðila.

Ráðherra velferðarmála og ráðherra lífeyrismála skulu skipa samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda og Landssamtaka lífeyrissjóða til að koma fram með nánari tillögur um skipulag og samhæfingu starfsendurhæfingarmála fyrir 1. nóvember 2011 þar sem miðað verði við jafna kostnaðarskiptingu í þrjá hluta. Þá skal nefndin fyrir sama tímamark leggja fram tillögur að skýrum lagaramma eða umgjörð Starfsendurhæfingarsjóðs, m.a. varðandi greiðsluskyldu, ábyrgð og eftirlit. Samráð skal haft við skattyfirvöld við útfærsluna.

VI. KAFLI

Gildistaka.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda eins og hér segir:

Ákvæði 2. og 5. gr. öðlast gildi 1. janúar 2012.

Ákvæði 1., 3. og 4. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2011 og á staðgreiðsluárinu 2010 eftir því sem við á.

Ákvæði 6. gr., b-liðar 7. gr. og 8.–12. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði a-liðar 7. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2012.

Ákvæði 13. gr. öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2012.

1754. Frumvarp til laga [747. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

1. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra; í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 4. gr., 2. mgr. 19. gr., 3. mgr. 31. gr., 1. mgr. 34. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: ráðuneyti; og í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 3. mgr. 46. gr. laganna kemur: Ráðuneyti.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd kanna aðstæður í samráði við skólayfirvöld á viðkomandi stað og leggja mat á möguleika viðkomandi grunnskóla til að koma til móts við þarfir barnsins.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessarar greinar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, Barnaverndarstofu og önnur stjórnvöld þar sem m.a. skal kveðið á um skólagöngu fósturbarna, bæði fagleg og fjárhagsleg málefni og samstarf aðila. Úrskurðarnefnd skipuð fulltrúum frá ráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Barnaverndarstofu sker úr um ágreiningsmál.

3. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er, með rökstuddri greinargerð, að sækja tímabundið um undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar til ráðuneytis. Í greinargerð þarf að koma fram með hvaða hætti verkefnum skólaráðs verði sinnt. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir veitingu undanþágu, svo sem fámenni eða sérstaða.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Í öllum grunnskólum skal gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns sem skal vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist námsgreinum og námssviðum aðalnámskrár grunnskóla.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skólahúsnæði.*

5. gr.

2. mgr. 26. gr. laganna orðast svo.

Á unglingastigi, þ.e. í 8.–10. bekk, skulu nemendur velja námsgreinar og námssvið í allt að fimmtung námstímans samkvæmt nánari viðmiðunum sem settar eru í aðalnámskrá grunnskóla. Skólum er heimilt að skipuleggja mismunandi hlutfall valtíma eftir árgöngum í 8.–10. bekk og binda valið að hluta tilteknum námssviðum.

6. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórnum er heimilt að samræma tiltekna leyfisdaga innan skólaársins fyrir alla skóla í sveitarfélaginu, að höfðu samráði við hagsmunaaðila.

7. gr.

30. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Skólabragur.

Öllum aðilum skólasamfélagsins ber að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag.

Skólastjórum og kennurum ber að eiga samráð við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Foreldrum ber með sama hætti að eiga samráð við skólann um skólagöngu barna sinna. Sama á við um aðra forsjáraðila barna í viðkomandi skóla.

Grunnskólar skulu hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi. Skólar skulu einnig hafa áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Áætlun skal m.a. framfylgt með því að hver skóli setji sér skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þá skal í skólareglum koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í reglugerð sem sett er sameiginlega á grundvelli þessarar greinar og 14. gr. Þar skal m.a. mælt fyrir um starfrækslu fagráðs á vegum ráðuneytisins er verði ráðgefandi í eineltismálum.

8. gr.

Við 4. mgr. 40. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er, með rökstuddri greinargerð, að sækja um tímabundna undanþágu frá einstökum ákvæðum í reglugerð um nemendaverndarráð til ráðuneytis. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir veitingu undanþágu, svo sem fámenni eða sérstaða.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

a. Við upphafsmálslið 1. mgr. bætist: og framlög til hans.
b. Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: og nánari útfærslu á atriðum í þjónustusamningi skv. 2. mgr.
c. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Sveitarfélög skulu gera þjónustusamninga við grunnskóla sem falla undir þessa grein. Í samningi skulu koma fram atriði er varða áherslur í starfsemi skólans, mat og eftirlit með gæðum, fjárhagsleg samskipti og atriði sem varða gildi samnings, þar á meðal um reynslutíma. Þá skal í samningi tekin afstaða til þess hvort rekstraraðili hafi heimild til gjaldtöku af foreldrum og að hvaða marki heimildin tekur til kennslu og skólamáltíða. Enn fremur skal gengið frá fyrirkomulagi sérfræðiþjónustu og skólaaksturs, ef við á. Grunnskóli með viðurkenningu ráðuneytisins á rétt á því að sveitarstjórn geri við hann þjónustusamning.
d. Á eftir orðunum „veitingu hennar“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: form og efni þjónustusamninga, þ.m.t. meðferð rekstrarafgangs af starfsemi skólans sem rekja má til opinberra fjárveitinga; og í stað orðanna „og afturköllun viðurkenningar“ í sama málslið kemur: afturköllun viðurkenningar og riftun þjónustusamnings vegna vanefnda á ákvæðum hans.

10. gr.

1. málsl. 4. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Ráðherra setur reglugerð um skilyrði til heimakennslu á grunnskólastigi og viðurkenningu grunnskóla samkvæmt þessari grein.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Réttindi skv. 1. málsl. 4. mgr. 26. gr. laganna verða fyrst virk er reglur hafa verið settar um framkvæmd og fyrirkomulag á rétti grunnskólanemenda til að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla.

Ráðherra skal við gildistöku laga þessara skipa starfshóp með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, grunnskóla og framhaldsskóla. Hópurinn skal meta hvernig tryggja megi jafnt aðgengi grunnskólanemenda að áföngum á framhaldsskólastigi óháð búsetu svo og að ekki sé tvígreitt fyrir sömu einingar og gera tillögu að reglum þar um. Þá skal starfshópurinn skoða hvernig megi samræma gæðakröfur og mat framhaldsskóla á einingum með það fyrir augum að tryggja jafnræði nemenda, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna. Starfshópurinn skal skila ráðherra niðurstöðum eigi síðar en 31. mars 2012 og skal miðað við að réttindi skv. 1. málsl. 4. mgr. 26. gr. laganna verði virk frá og með skólaárinu 2012–2013.

1755. Frumvarp til laga [645. mál]

um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að greiða fyrir frjálsum þjónustuviðskiptum og tryggja jafnræði þeirra sem veita þjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins en viðhalda jafnframt hágæðaþjónustu.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um alla þjónustu sem er ekki sérstaklega undanskilin gildissviði laganna.

Lög þessi gilda ekki um eftirfarandi þjónustu:

1. þjónustu í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga,
2. fjármálaþjónustu,
3. rafræna fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet sem og aðstöðu og þjónustu því tengda,
4. þjónustu á sviði flutninga og tengda starfsemi sem fellur undir 6. kafla III. hluta EES-samningsins, sbr. ákvæði laga um Evrópska efnahagssvæðið,
5. starfsmannaleigur,
6. heilbrigðisþjónustu,
7. hljóð- og myndmiðlunarþjónustu,
8. fjárhættuspil, þ.e. hvers konar spil eða leik sem ræðst að hluta eða öllu leyti af heppni og felur í sér fjárhagslegan ávinning,
9. starfsemi í tengslum við meðferð opinbers valds,
10. félagsþjónustu,

11. öryggisþjónustu á vegum einkaaðila,
12. þjónustu lögbókenda og fulltrúa sýslumanna sem eru skipaðir af hinu opinbera.

Lög þessi gilda um þjónustuveitendur:

1. sem hafa staðfestu í öðru EES-ríki og hyggjast öðlast staðfestu á Íslandi,
2. sem hafa staðfestu í öðru EES-ríki og hyggjast veita þjónustu á Íslandi án þess að hafa staðfestu hér á landi,
3. sem hafa staðfestu á Íslandi.

Reglur laga þessara gilda ekki um:

1. markaðsvæðingu þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, hvort sem hún er í höndum opinberra aðila eða einkaaðila, né einkavæðingu opinberra aðila sem veita þjónustu,
2. afnám einkaréttar á sviði þjónustustarfsemi,
3. ríkisaðstoð sem er veitt í EES-ríki og fellur undir samkeppnisreglur EES-samningsins, sbr. ákvæði laga um Evrópska efnahagssvæðið,
4. rétt stjórnvalda til að skilgreina, í samræmi við EES-reglur, hvað telst vera þjónusta í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu,
5. skipulag og fjármögnun þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, í samræmi við EES-reglur um ríkisaðstoð, eða hvaða sérstöku skyldur felast í slíkri þjónustu,
6. ráðstafanir, í samræmi við EES-reglur, til að vernda eða stuðla að margbreytileika menningar og tungumála eða fjölbreyttri fjölmiðlun,
7. refsirétt,
8. vinnurétt, þ.e. lagaleg eða samningsbundin ákvæði um ráðningarskilmála, vinnuskilyrði, heilbrigði og öryggi á vinnustað, tengsl milli vinnuveitenda og starfsmanna, réttindi og skyldur launafólks sem starfar á Íslandi í lengri eða skemmri tíma, eða almannatryggingalöggjöf,
9. nýtingu grundvallarréttinda, né réttinn til að semja um, ganga frá og framfylgja kjarasamningum eða grípa til aðgerða á vinnustað í samræmi við landslög og venju er samræmist EES-reglum,
10. rétt stjórnvalda til að ákvarða hvort um er að ræða ráðningarsamband milli vinnuveitanda og launþega eða verktöku, og beita í því sambandi viðeigandi íslenskum lögum og kjarasamningum,
11. skattarétt,
12. alþjóðlegan einkamálarétt.

Stangist ákvæði laga þessara á við ákvæði í lögum eða reglum sem settar hafa verið vegna innleiðingar EES-reglna í íslensk lög og lúta að aðgengi að þjónustu eða veitingu hennar ganga þau framar lögum þessum. Það á við um innleiðingu eftirfarandi EES-gerða:

1. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu,
2. reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja,
3. tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur,
4. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í þessum lögum merkir:

1. *Þjónusta:* öll sjálfstæð atvinnustarfsemi er lýtur að veitingu þjónustu sem að öllu jöfnu er veitt gegn þóknun, sbr. 37. gr. EES-samningsins, sbr. og ákvæði laga um Evrópska efnahagssvæðið.
2. *Þjónustuveitandi:*
   a. einstaklingur sem er ríkisborgari í EES-ríki og veitir þjónustu,
   b. lögaðili sem hefur staðfestu í EES-ríki og veitir þjónustu.
3. *Viðtakandi þjónustu:*
   a. einstaklingur sem er ríkisborgari í EES-ríki eða nýtur góðs af réttindum sem honum eru veitt með EES-gerðum og nýtir sér eða óskar eftir að nýta sér þjónustu,
   b. lögaðili sem hefur staðfestu í EES-ríki og nýtir sér eða óskar eftir að nýta sér þjónustu.
4. *Staðfesta:* þar sem raunveruleg atvinnustarfsemi þjónustuveitanda fer fram, í ótiltekinn tíma og á fastri atvinnustöð þaðan sem þjónustan er í reynd veitt.
5. *Fyrirkomulag leyfisveitinga:* hver sú málsmeðferð þar sem gerð er krafa um að þjónustuveitandi eða viðtakandi þjónustu geri ráðstafanir í því skyni að fá formlega ákvörðun eða óbeina ákvörðun frá lögbæru yfirvaldi um að fá að veita eða nýta þjónustu.
6. *Krafa:* hver sú skuldbinding, bann, skilyrði eða takmörkun sem kveðið er á um í lögum og stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkjanna eða vegna dómaframkvæmdar, stjórnsýsluvenju, reglna fagfélaga, eða vegna sameiginlegra reglna sem fagsamtök og aðrar fagstofnanir hafa samþykkt á grundvelli lagalegs sjálfstæðis. Reglur sem kveðið er á um í kjarasamningum milli aðila vinnumarkaðarins teljast ekki kröfur í þessu sambandi.
7. *Lögbært yfirvald:* hver sá aðili sem gegnir hlutverki eftirlitsaðila eða stjórnvalds í EES-ríki í tengslum við þjónustustarfsemi, þ.m.t. dómstólar þegar þeir gegna eftirlits- eða stjórnvaldshlutverki, fagfélög, fagsamtök eða aðrar fagstofnanir sem á grundvelli lagalegs sjálfstæðis setja sameiginlegar reglur um aðgang að þjónustustarfsemi eða um það að stunda hana.
8. *Lögvernduð starfsgrein:* starfsréttindi sem aflað er á grundvelli menntunar eða hæfni og eru staðfest af þar til bæru stjórnvaldi með útgáfu leyfis, löggildingar eða sérstakrar viðurkenningar, sem nánar er mælt fyrir um í lögum.
9. *Starfsábyrgðartrygging:* vátrygging sem þjónustuveitandi tekur vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar gagnvart viðtakendum þjónustu og, ef við á, þriðja aðila, sem rekja má til þjónustunnar.
10. *Þverfagleg starfsemi:* þegar þjónustuveitandi stundar fleiri en eina tegund starfsemi.
11. *Markaðssetning:* hvert það form boðskipta eða annarra aðgerða sem ætlað er að kynna, beint eða óbeint, vörur, þjónustu eða ímynd fyrirtækis, samtaka eða einstaklings sem leggur stund á lögverndaða starfsgrein eða starfsemi á sviði viðskipta, iðnaðar eða iðnar.

II. KAFLI
Aðgengi að þjónustu, kröfur til skjalagerðar og réttur til upplýsinga.

4. gr.
Rafræn málsmeðferð.

Þjónustuveitendur geta með rafrænum hætti sótt um leyfi til að stunda starfsemi sína á Íslandi og fengið svör frá lögbærum yfirvöldum með rafrænum hætti. Á það við um öll nauðsynleg formsatriði og það ferli er lýtur að leyfisveitingu.

Ákvæði 1. mgr. um rafræna málsmeðferð gildir ekki um það sem eðli málsins samkvæmt getur ekki farið fram rafrænt, svo sem skoðun á húsnæði þar sem þjónusta er veitt, skoðun á búnaði sem þjónustuveitandi notar eða áþreifanlega skoðun á getu þjónustuveitanda eða starfsmanna sem hann ber ábyrgð á.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um nauðsynlegar ráðstafanir vegna rafrænnar málsmeðferðar í reglugerð.

5. gr.

Kröfur til framlagðra skjala.

Ef leyfisveitandi krefst þess að þjónustuveitandi eða viðtakandi þjónustu leggi fram vottorð eða hvers kyns staðfestingu á því að tiltekið skilyrði sé uppfyllt skal leyfisveitandinn viðurkenna skjöl frá öðrum EES-ríkjum sem þjóna sama tilgangi og þar sem skýrt kemur fram að skilyrðið sé uppfyllt.

Óheimilt er að krefjast þess að skjal frá öðru EES-ríki sé frumrit, staðfest endurrit eða löggilt þýðing nema slík krafa sé rökstudd með vísan til brýnna almannahagsmuna.

Leyfisveitanda er heimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi eða viðtakandi þjónustu leggi fram þýðingu skjala, þó ekki löggilta, á íslensku.

Ráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að ákveðin tegund skjala sé undanþegin kröfum þessarar greinar.

6. gr.

Réttur til upplýsinga.

Eftirfarandi upplýsingar skulu þjónustuveitendur og viðtakendur þjónustu geta fengið með rafrænum hætti:

1. hvaða skilyrði þjónustuveitendur þurfa að uppfylla til að geta veitt þjónustu á Íslandi,
2. upplýsingar um hvernig hægt er að hafa samband við lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á veitingu leyfis til að stunda þjónustu,
3. upplýsingar um skilyrði og leiðir til að fá aðgang að opinberum skrám og gagnagrunnum um þjónustuveitendur og þjónustu,
4. upplýsingar um þær úrlausnarleiðir sem alla jafna eru tiltækar komi upp ágreiningur,
5. upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við samtök eða stofnanir, önnur en lögbær yfirvöld, þar sem þjónustuveitendur eða viðtakendur þjónustu geta fengið hagnýta aðstoð,
6. upplýsingar um kjarasamninga og aðrar upplýsingar er varða réttindi og skyldur á íslenskum vinnumarkaði.

Þjónustuveitendur og viðtakendur þjónustu eiga rétt á aðstoð með rafrænum hætti sem felst í upplýsingagjöf um almenna túlkun og beitingu skilyrða skv. 1. tölul. 1. mgr. Umrædd aðstoð felur þó ekki í sér skyldu til að veita lögfræðilega ráðgjöf í einstökum málum. Upplýsingarnar skulu vera réttar og uppfærðar og settar fram á skilmerkilegan hátt. Lögbær yfirvöld skulu bregðast við beiðni um upplýsingar svo fljótt sem auðið er.

III. KAFLI

Staðfesturéttur þjónustuveitanda og leyfisveitingar.

7. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda þegar þjónustuveitandi með staðfestu á EES-svæðinu hyggst veita þjónustu með staðfestu á Íslandi.

8. gr.
Skilyrði fyrir veitingu leyfis.

Ef aðgangur að því að veita þjónustu, sem fellur undir gildissvið laga þessara, er háður leyfum skulu skilyrði fyrir veitingu leyfa vera án mismununar, nauðsynleg vegna brýnna almannahagsmuna og í samræmi við meðalhóf.

Óheimilt er að binda leyfi fyrir nýrri starfsstöð jafngildum eða í meginatriðum sambærilegum skilyrðum eða eftirliti og þjónustuveitandi hefur þegar þurft að undirgangast á Íslandi eða í öðru EES-ríki.

Ef takmarka á leyfi fyrir því að veita þjónustu við ákveðin landsvæði skal það rökstutt með vísan til brýnna almannahagsmuna.

9. gr.
Gildistími leyfa.

Óheimilt er að veita leyfi til þjónustustarfsemi til takmarkaðs tíma nema:

1. leyfið endurnýist sjálfkrafa eða endurnýjun sé aðeins háð því að skilyrði séu áfram uppfyllt,
2. fjöldi tiltækra leyfa sé takmarkaður með vísan til brýnna almannahagsmuna,
3. hægt sé að rökstyðja takmarkaðan gildistíma með vísan til brýnna almannahagsmuna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er leyfisveitanda heimilt að krefjast þess að þjónustuveitandi hefji í reynd starfsemi sína innan ákveðins tíma eftir að hann öðlast leyfi.

Þjónustuveitendum er skylt að upplýsa viðeigandi lögbær yfirvöld um:

1. stofnun dótturfélaga með starfsemi sem fellur undir gildissvið leyfisins,
2. breytingar á aðstæðum þjónustuveitanda sem leiða til þess að skilyrði leyfisins eru ekki lengur uppfyllt.

Ef fjöldi leyfa í tiltekinni starfsemi er takmarkaður vegna skorts á tiltækum náttúruauðlindum eða tæknigetu skal leyfisveitandi birta fyrir fram við hvað verður stuðst við mat á umsækjendum til að tryggja óhlutdrægni og gagnsæi við valið. Ef fjöldi leyfa er takmarkaður skal veita leyfi til takmarkaðs tíma og óheimilt er að láta leyfið endurnýjast sjálfkrafa eða fela í sér annan ávinning fyrir þjónustuveitanda, sem er með nýútrunnið leyfi, eða annan aðila honum tengdan.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. er leyfisveitanda heimilt við veitingu leyfa að taka tillit til sjónarmiða um lýðheilsu, félagsmálastefnu, heilbrigði og öryggi starfsmanna eða sjálfstætt starfandi einstaklinga, vernd umhverfisins, varðveislu menningararfleifðar og annarra brýnna almannahagsmuna.

Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á heimild lögbærs yfirvalds til að afturkalla leyfi ef viðkomandi skilyrði eru ekki lengur uppfyllt.

10. gr.
Málsmeðferð við leyfisveitingar.

Málsmeðferð við leyfisveitingar skal vera skýr, hlutlæg, gagnsæ og aðgengileg. Leyfisveitandi skal birta fyrir fram upplýsingar um fyrirkomulag málsmeðferðar.

Frestur til að veita leyfi skal fastsettur og birtur fyrir fram. Leyfisveitanda er heimilt að framlengja frestinn einu sinni í takmarkaðan tíma ef mál er mjög umfangsmikið. Ákvörðun um framlengingu skal rökstyðja og birta þjónustuveitanda áður en upphaflegi fresturinn rennur út. Leyfisumsókn telst fram komin á því tímamarki þegar öll nauðsynleg gögn liggja fyrir.

Ef svar er ekki veitt innan tímafrests skal litið svo á að leyfi sé veitt nema kveðið sé á um annað í lögum.

Heimilt er að víkja frá því fyrirkomulagi sem kveðið er á um í 3. mgr. með vísan til brýnna almannahagsmuna.

Staðfesta skal viðtöku umsóknar um leyfi svo fljótt sem unnt er. Í staðfestingunni skal tilgreina:

1. tímamörk skv. 2. mgr.,
2. tiltækar kæruleiðir,
3. ef við á, að hafi svar ekki borist innan ákveðinna tímamarka teljist leyfið hafa verið veitt.

Ef umsókn um leyfi er hafnað eða henni er ábótavant skal tilkynna umsækjanda um það svo fljótt sem auðið er, svo og um öll hugsanleg áhrif á tímamörk skv. 2. mgr. þessarar greinar og tiltækar kæruleiðir.

11. gr.

Skilyrði sem óheimilt er að setja fyrir veitingu leyfis.

Óheimilt er að binda aðgang að þjónustu eða veitingu þjónustu með staðfestu skilyrðum er fela í sér:

1. mismunun sem grundvallast beint eða óbeint á þjóðerni eða, ef lögaðili á í hlut, staðsetningu skráðrar skrifstofu,
2. bann við því að hafa starfsstöð í fleiri en einu EES-ríki eða við því að þjónustuveitandi sé færður í skrár eða skráður í fagfélag eða fagsamtök í fleiri en einu EES-ríki,
3. takmarkanir á frelsi þjónustuveitanda til að velja á milli aðalstarfsstöðvar eða aukastarfsstöðvar,
4. gagnkvæmni, að undanskildum skilyrðum um gagnkvæmni sem kveðið er á um í gerðum EES-samningsins um orku, sbr. ákvæði laga um Evrópska efnahagssvæðið,
5. að metið sé hverju sinni hvort þjónustu vanti á ákveðnum markaði, hver séu efnahagsleg áhrif þjónustunnar eða hvort þjónustan samræmist hagrænum áætlunum stjórnvalda. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði ef áætlanir stjórnvalda ráðast af mikilvægum almannahagsmunum,
6. að samkeppnisaðili eigi aðild að ákvarðanatöku stjórnvalda í einstökum málum,
7. að þjónustuveitandi verði að vátryggja sig hjá íslensku vátryggingafélagi eða leggja fram tryggingu frá aðila er starfar á Íslandi, sé gerð krafa um að þjónustuveitandi sé vátryggður,
8. kröfu um að þjónustuveitandi hafi verið skráður í tiltekinn tíma í skrár á Íslandi eða hafi áður stundað starfsemina í tiltekinn tíma á Íslandi.

IV. KAFLI
Frelsi til að veita þjónustu án staðfestu.

12. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda þegar þjónustuveitandi með staðfestu á EES-svæðinu hyggst veita þjónustu án staðfestu á Íslandi.

13. gr.

Frelsi til að veita þjónustu.

Þjónustuveitandi með staðfestu í öðru ríki á EES-svæðinu hefur rétt til að veita þjónustu án staðfestu á Íslandi.

Lögbæru yfirvaldi er einungis heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir veitingu þjónustu án staðfestu ef það er nauðsynlegt með vísan til allsherjarreglu, almannaöryggis, lýðheilsu eða umhverfisverndar.

Óheimilt er að setja skilyrði fyrir þjónustuveitingu án staðfestu sem leiða til beinnar eða óbeinnar mismununar á grundvelli þjóðernis eða staðfestu. Þau skilyrði sem þjónustuveitanda er gert að uppfylla til að mega veita þjónustu án staðfestu á Íslandi skulu ekki vera strangari en nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

Óheimilt er að takmarka frelsi til að veita þjónustu án staðfestu með því að setja skilyrði er felur í sér:

1. kvöð um starfsstöð á Íslandi,
2. kvöð um leyfi frá lögbærum yfirvöldum nema kveðið sé á um undantekningu frá því í lögum þessum eða sérlögum,
3. bann við því að setja á fót tiltekna starfsemi sem þjónustuveitandi þarfnast til að geta veitt þjónustu,
4. kvöð um sérstakt samningsbundið fyrirkomulag milli þjónustuveitanda og viðtakenda þjónustu sem kemur í veg fyrir eða takmarkar að sjálfstætt starfandi aðili geti veitt þjónustu,
5. kvöð um að þjónustuveitandi hafi undir höndum vottorð frá lögbærum yfirvöldum um hæfi til að stunda þjónustustarfsemi,
6. kröfur sem hafa áhrif á notkun búnaðar og tækja sem eru óaðskiljanlegur hluti þjónustunnar nema þær séu nauðsynlegar vegna heilbrigðis og öryggis á vinnustað,
7. mismunun á grundvelli þjóðernis eða búsetu viðtakanda þjónustu, sbr. 14. gr.

Ákvæði 1.–4. mgr. hafa ekki áhrif á rétt lögbærs yfirvalds til að beita reglum sem kveðið er á um í kjarasamningum.

Ráðherra getur kveðið á um almennar undanþágur frá skilyrðum þessarar greinar í reglugerð.

14. gr.

Undanþágur í einstökum tilfellum.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. er lögbæru yfirvaldi heimilt í undantekningartilvikum að grípa til sérstakra ráðstafana gagnvart þjónustuveitanda sem hyggst veita þjónustu án staðfestu á Íslandi ef ráðstafanirnar eru til þess að tryggja öryggi þjónustu.

Lögbæru yfirvaldi er einungis heimilt að grípa til ráðstafana skv. 1. mgr. þessarar greinar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. það hefur leitað aðstoðar hjá lögbæru yfirvaldi í því ríki þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu, sbr. ákvæði reglna um samvinnu stjórnvalda á EES-svæðinu vegna þjónustuviðskipta, sem ráðherra setur, sbr. 21. gr.,
2. viðkomandi ráðstafanir um öryggi þjónustu hafa ekki verið samræmdar á EES-svæðinu,
3. ráðstafanirnar kveða á um meiri vernd viðtakenda þjónustu en ráðstafanir sem staðfestuaðildarríkið gerir,
4. staðfestuaðildarríkið hefur gripið til ófullnægjandi ráðstafana,
5. meðalhófs er gætt.

V. KAFLI
Réttur viðtakenda þjónustu, aðstoð við viðtakendur þjónustu o.fl.

15. gr.
Réttur viðtakenda þjónustu.

Óheimilt er að mismuna viðtakendum þjónustu á grundvelli þjóðernis eða búsetu og þjónustuveitanda er óheimilt að setja í þjónustuskilmála sína skilyrði er mismuna viðtakendum þjónustu á þeim grundvelli. Í undantekningartilvikum er heimilt að setja mismunandi skilyrði fyrir aðgengi að þjónustu ef mismunurinn er rökstuddur með hlutlægum viðmiðum.

16. gr.
Aðstoð við viðtakendur þjónustu.

Tryggja skal að viðtakendur þjónustu geti fengið eftirfarandi upplýsingar á Íslandi:

1. almennar upplýsingar um kröfur sem gilda í öðrum EES-ríkjum um aðgang að þjónustustarfsemi og ástundun hennar, einkum um vernd neytenda,
2. almennar upplýsingar um tiltækar leiðir til að leggja fram kvartanir komi upp ágreiningur milli þjónustuveitanda og viðtakanda þjónustu,
3. upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við samtök eða stofnanir, þ.m.t. Evrópunet neytendamiðstöðva, þar sem þjónustuveitendur eða viðtakendur þjónustu geta fengið hagnýta aðstoð.

Upplýsingarnar skulu vera réttar og uppfærðar og hægt að nálgast þær með rafrænum hætti.

Neytendastofa annast aðstoð við viðtakendur þjónustu samkvæmt þessari grein.

17. gr.
Upplýsingar um þjónustuveitendur.

Þjónustuveitendur skulu hafa eftirfarandi upplýsingar tiltækar fyrir viðtakendur þjónustu:

1. nafn, rekstrarform, heimilisfang og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hafa samband við þjónustuveitanda,
2. upplýsingar um skrár sem þjónustuveitandi er skráður í, sem og upplýsingar um skráningarnúmer eða annað auðkenni þjónustuveitanda í skrá,
3. upplýsingar um viðeigandi lögbær yfirvöld ef starfsemin er háð leyfum,
4. virðisaukaskattsnúmer,
5. ef lögverndaðar starfsgreinar eiga í hlut, öll fagfélög þar sem þjónustuveitandi er skráður, starfsheiti og EES-ríki þar sem starfsheitið er veitt,
6. staðlaða samningsskilmála sem þjónustuveitandi notar, þ.m.t. samningsskilmála er varða lög sem gilda um samninginn og þar til bæra dómstóla,
7. tilvist ábyrgðar á þjónustu eftir sölu, umfram lögbundna ábyrgð,
8. fyrir fram ákveðið verð,
9. helstu þætti þjónustunnar,
10. starfsábyrgðartryggingar og ábyrgðir, hvernig hægt er að ná sambandi við vátryggjanda eða ábyrgðarmann og við hvaða svæði tryggingarnar eða ábyrgðirnar eru bundnar.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu koma fram í öllum upplýsingaskjölum sem þjónustuveitandi afhendir viðtakanda þjónustu þar sem sett er fram nákvæm lýsing á þjónustunni. Þær skulu einnig vera aðgengilegar viðtakanda þjónustu með rafrænum hætti og þar sem þjónustan er veitt.

Óski viðtakandi þjónustu eftir því ber þjónustuveitanda að leggja fram eftirfarandi upplýsingar til viðbótar þeim sem um getur í 1. mgr.:

1. verð eða þá aðferð sem notuð er til að reikna út verð ef þjónustuveitandi getur ekki gefið verðið upp fyrir fram,
2. starfsreglur sem gilda um þjónustuveitanda í staðfestuaðildarríki hans, sé um lögverndaðar starfsgreinar að ræða,
3. upplýsingar um þverfaglega starfsemi og samstarf þjónustuveitanda sem tengist viðkomandi þjónustu og til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra,
4. allar siðareglur starfsstétta sem þjónustuveitandi er bundinn af, hvar þær er að finna með rafrænum hætti og á hvaða tungumáli þær eru tiltækar,
5. upplýsingar um þær einkaréttarlegu úrlausnarleiðir í ágreiningsmálum sem tiltækar eru, hvað einkenni slíkar leiðir og hver séu skilyrði þess að nota slíkar aðferðir.

Upplýsingarnar sem kveðið er á um í þessari grein skulu liggja fyrir með skýrum hætti áður en samningur er gerður. Ef ekki er um formlegan samning að ræða skulu þær liggja fyrir innan hæfilegs tíma áður en þjónusta er veitt.

Þjónustuveitandi skal svara beiðni viðtakanda þjónustu um upplýsingar eða kvörtun svo fljótt sem auðið er og leggja sig fram um að finna fullnægjandi lausn fyrir viðtakanda þjónustu.

18. gr.

Vátryggingar.

Óheimilt er að krefjast þess að þjónustuveitandi afli sér starfsábyrgðartryggingar eða annars konar ábyrgðar á Íslandi ef þjónustuveitandi er þegar með ábyrgð eða vátryggingu gefna út af lánastofnun eða vátryggjanda sem hefur starfsleyfi í öðru EES-ríki og hefur heimild til að veita þjónustu hér á landi, ef vátryggingin er jafngild eða í meginatriðum sambærileg við þá tryggingu sem krafist er. Ef tryggingin eða ábyrgðin er aðeins sambærileg að hluta er heimilt að krefjast viðbótartryggingar vegna þeirra þátta sem falla ekki undir fyrirliggjandi tryggingu.

19. gr.

Markaðssetning lögverndaðra starfsgreina.

Allsherjarbann við markaðssetningu þeirra lögvernduðu starfsstétta er falla undir gildissvið laga þessara er óheimilt. Þó er heimilt að kveða á um bann við markaðssetningu lögverndaðra starfsstétta vegna brýnna almannahagsmuna svo fremi að gætt sé jafnræðis og meðalhófs.

20. gr.

Þverfagleg starfsemi.

Þjónustuveitandi hefur rétt á að stunda þverfaglega starfsemi sjálfur og í samstarfi við aðra. Í slíkum tilfellum skal tryggt að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra, að ekki leiki vafi á sjálfstæði og óhlutdrægni hverrar starfsemi fyrir sig og að reglur viðeigandi starfsstétta stangist ekki á, sérstaklega hvað varðar þagnarskyldu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að takmarka þverfaglega starfsemi:

1. lögverndaðra starfsstétta, til að tryggja að farið sé eftir siðareglum starfsstétta og til að tryggja sjálfstæði og óhlutdrægni,

2. þjónustuveitenda sem veita þjónustu á sviði vottunar, faggildingar, tæknilegs eftirlits, prófana eða tilrauna, til að tryggja sjálfstæði þeirra og óhlutdrægni.

VI. KAFLI
Samvinna á sviði stjórnsýslu.
21. gr.
Vinnsla og miðlun upplýsinga.

Íslensk stjórnvöld skulu eiga samstarf við stjórnvöld annarra EES-ríkja um eftirlit með þjónustuveitendum og miðlun upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að tryggja frjálst flæði þjónustu.

Stjórnvöld er hafa með höndum leyfisveitingar eða eftirlit með þjónustuveitendum hafa heimild til að miðla nauðsynlegum upplýsingum í gegnum sérstakt evrópskt upplýsingakerfi. Með sama hætti er stjórnvöldum heimilt að taka við upplýsingum úr slíku kerfi og varðveita þær í skrá. Miðlun með öðrum hætti er óheimil.

Ráðherra getur sett nánari reglur um samvinnu stjórnvalda á EES-svæðinu vegna þjónustuviðskipta.

VII. KAFLI
Innleiðing og gildistaka.
22. gr.
Innleiðing.

Með lögum þessum eru innleidd efnisákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009.

23. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1756. Frumvarp til laga [697. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum.
1. gr.

Við a-lið 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, svo og Færeyingar og lögaðilar í Færeyjum, eru undanþegnir búsetuskilyrðinu.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

2. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess leyfi sýslumanns. Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðin „skal veitt til fimm ára í senn og“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skilyrðið um búsetu á þó ekki við um ríkisborgara og lögaðila annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga og lögaðila í Færeyjum.
c. Í stað orðanna „viðurkenndu vátryggingafélagi“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: vátryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu á Íslandi.
d. 2. mgr. orðast svo:
   Ef lögaðili á í hlut skulu allir stjórnarmenn fullnægja skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr.

4. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Sýslumaður heldur skrá yfir þá sem hafa leyfi til starfsemi samkvæmt þessum kafla. Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að skráning leyfa sé á hendi eins sýslumanns.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 20. gr. laganna:

a. Orðin „í umdæmi því þar sem uppboð skal haldið hverju sinni“ í 1. málsl. falla brott.
b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns.

6. gr.

Orðin „í umdæmi sínu“ í 5. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, með síðari breytingum.

7. gr.

Orðið „tímabundna“ í 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Í stað orðanna „verður að“ í 1. málsl. 13. gr. a, 1. málsl. 13. gr. b, 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. c og 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. d laganna kemur: skal; við 4. tölul. 13. gr. a, 4. tölul. 13. gr. b, 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. c og 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. d bætist: eða; og við 13. gr. a, 13. gr. b, 1. mgr. 13. gr. c og 1. mgr. 13. gr. d bætist nýr töluliður, svohljóðandi: ekki hafa verið sviptur löggildingu Brunamálastofnunar til rafvirkjunarstarfa síðustu tólf mánuði.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

9. gr.

1. tölul. 2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo: Vera búsettur hér á landi. Skilyrðið um búsetu á þó ekki við um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, með síðari breytingum.

10. gr.

Í stað orðsins „starfsleyfi“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: heimild til að veita þjónustu.

VI. KAFLI

Breyting á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum.

11. gr.

1. tölul. 1. mgr. 74. gr. laganna fellur brott.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 64/2000, um bílaleigur, með síðari breytingum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skilyrðið um búsetu á þó ekki við um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.
b. Í stað orðanna „viðurkenndu vátryggingafélagi“ í 2. mgr. kemur: vátryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu á Íslandi.

VIII. KAFLI

Breyting á vopnalögum, nr. 16/1998.

13. gr.

Við 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef umsækjandi er ríkisborgari eða lögaðili annars ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal umsókn um leyfi beint til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Hið sama gildir um ríkisborgara Færeyja og lögaðila þar í landi.

IX. KAFLI

Gildistaka.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1757. Frumvarp til laga [754. mál]

um breyting á lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Embætti sérstaks saksóknara skal einnig rannsaka grun um alvarleg brot gegn 109. gr., 128. gr., 129. gr., 179. gr., 247.–250. gr., 253. gr., 254. gr., 262. gr., 264. gr. og 264. gr. a almennra hegningarlaga, alvarleg brot gegn skatta- og tollalögum, brot gegn lögum sem varða gjaldeyrismál, samkeppni, verðbréf, lánsviðskipti, umhverfisvernd, vinnuvernd, stjórn fiskveiða og grun um önnur alvarleg, óvenjuleg eða skipulögð fjármunabrot sem tengjast atvinnurekstri eða verslun og viðskiptum.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Sérstakur saksóknari ræður aðra starfsmenn embættisins en saksóknara. Heimilt er að skipa lögreglumenn sem hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins til starfa við embættið, en ákvæði lögreglulaga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um fimm ára skipunartíma og biðlaunarétt taka ekki til þessara starfsmanna. Skipun þeirra fellur niður þegar embætti sérstaks saksóknara verður lagt niður eða sameinað annarri ríkisstofnun, sbr. 7. gr., en þeir skulu þá halda óbreyttum launakjörum í þrjá mánuði frá þeim tíma. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gildir ekki um ráðningu eða skipun samkvæmt þessu ákvæði.

3. gr.

Í stað ártalsins „2011“ í 7. gr. laganna kemur: 2013.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2011. Við gildistöku laga þessara flyst ákæruvald og þar með sókn þeirra mála sem þegar sæta ákærumeðferð fyrir dómstólum af hálfu ríkislögreglustjóra frá embætti ríkislögreglustjóra til embættis sérstaks saksóknara.

Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast ákvæði til bráðabirgða þegar gildi.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lögreglulög, nr. 90/1996, með síðari breytingum:* A-liður 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: að annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
2. *Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum:* Orðin „þar á meðal ríkislögreglustjóri“ í 2. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VII og orðin „þar með talið ríkislögreglustjóra“ í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum falla brott.
3. *Lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 84. gr. laganna kemur: embætti sérstaks saksóknara.
4. *Lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „ríkis-

lögreglustjóra“ í 5. mgr. 26. gr. laganna kemur: embætti sérstaks saksóknara; og í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 7. mgr. 41. gr. laganna kemur: embættis sérstaks saksóknara.

5. *Lög um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „ríkislögreglustjóri“ í 1. mgr. og orðanna „rannsóknarlögreglustjóra ríkisins“ í 4. mgr. 41. gr. laganna kemur: embætti sérstaks saksóknara; og: embættis sérstaks saksóknara.
6. *Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóri“ í 4. mgr. 20. gr. laganna kemur: Embætti sérstaks saksóknara.
7. *Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 2. mgr. 16. gr. a laganna kemur: embættis sérstaks saksóknara.
8. *Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 3. mgr. 97. gr. laganna kemur: embætti sérstaks saksóknara.
9. *Lög um ársreikninga, nr. 3/2006:* Í stað orðsins „ríkislögreglustjóri“ í 1. mgr. og orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 6. mgr. 126. gr. laganna kemur: embætti sérstaks saksóknara; og: embættis sérstaks saksóknara.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku þessa ákvæðis er embætti sérstaks saksóknara heimilt að undirbúa sameiningu embættis sérstaks saksóknara og efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, m.a. með því að bjóða embættismönnum og öðrum starfsmönnum efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra starf hjá embætti sérstaks saksóknara. Þó er ráðherra heimilt að flytja saksóknara frá embætti ríkislögreglustjóra á grundvelli 36. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, til embættis ríkissaksóknara. Þeim sem ekki þiggja starf hjá embætti sérstaks saksóknara skal boðið annað starf innan lögreglunnar. Skulu þeir þá njóta sömu kjara og þeir njóta hjá ríkislögreglustjóra. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf sem er ráðið í samkvæmt þessari málsgrein.

Innanríkisráðherra skal skipa nefnd sérfróðra manna að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti til þess að endurskoða skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum og gera tillögur að heildarskipulagi slíkra rannsókna innan einnar stofnunar í þeim tilgangi að gera þær skilvirkari og markvissari og tryggja sem besta nýtingu fjármuna sem ætlaðir eru í þessu skyni. Skal nefndin í störfum sínum hafa hliðsjón af skipan efnahagsbrotarannsókna annars staðar á Norðurlöndum. Skal nefndin skila ráðherra tillögum ásamt greinargerð eigi síðar en einu ári frá gildistöku laga þessara.

1758. Svar [850. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um yfirgefin og illa hirt hús og sameiningu lóða í miðbæ Reykjavíkur.

1. *Telur ráðherra ástæðu til að grípa til lagasetningar eða annarra aðgerða til að bregðast við fjölda yfirgefinna og illa hirtra húsa í miðbæ Reykjavíkur?*

Í lögum og reglugerðum er víða kveðið á um heimildir fyrir eftirlitsaðila til að bregðast við vegna ásigkomulags og frágangs húsa. Hér verður gerð nánari grein fyrir þessum heimildum.

Í 3. mgr. 37. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010, er kveðið á um heimild fyrir eftirlitsaðila til aðgangs að fullbyggðu mannvirki sé því verulega áfátt með tilliti til ákvæða laga og reglugerða um byggingarmál.

Í 56. gr. sömu laga er fjallað um heimild til aðgerða til að knýja fram úrbætur. Þar segir að ef byggingarfulltrúi eða Mannvirkjastofnun meti það svo að ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar sé ábótavant, af því stafi hætta eða það teljist skaðlegt heilsu, eða ekki sé gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum, lögum, reglugerðum og byggingarlýsingu, skuli gera eiganda eða umráðamanni þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt sé. Heimilt er fyrir Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúa að beita dagsektum allt að 500.000 kr. til að knýja menn til þeirra verka sem þau skulu hlutast til um samkvæmt lögum um mannvirki og reglugerðum, eða láta af ólögmætu atferli. Einnig er heimilt fyrir byggingarfulltrúa og Mannvirkjastofnun að láta vinna verk, sem þau hafa lagt fyrir að unnið skuli, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið. Heimilt er að innheimta kostnað og dagsektir með fjárnámi.

Í 61. gr. núgildandi byggingarreglugerðar, nr. 441/1998, er fjallað um byggingareftirlit og segir m.a. í 61.5 gr. byggingarreglugerðar að sé ásigkomulagi, frágangi, notkun, umhverfi eða viðhaldi húss eða annars mannvirkis ábótavant eða stafi af því hætta að mati byggingarfulltrúa og/eða slökkviliðsstjóra skuli hann gera eiganda eða umráðamanni þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt sé. Einnig er í 61.7 gr. byggingarreglugerðar að finna heimild fyrir byggingarnefnd eða byggingarfulltrúa að láta framkvæma þær endurbætur sem nefndin/byggingarfulltrúinn telur nauðsynlegar á kostnað eiganda (umráðamanns) telji nefndin/byggingarfulltrúinn að útlit húss eða annars mannvirkis sé mjög ósnyrtilegt eða óviðunandi á annan hátt, eða að óþrifnaður eða óþægindi stafi af og eigandi (umráðamaður) sinnir ekki áskorun nefndarinnar/byggingarfulltrúa um úrbætur.

Í 16. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003, er að finna heimild til handa heilbrigðisnefnd til að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til, niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu. Einnig getur heilbrigðisnefnd látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu.

Í 23. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs er kveðið á um þvingunarúrræði en þar kemur fram að heimilt sé að veita viðkomandi aðila áminningu til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar að uppfylltum hæfilegum fresti til úrbóta sé þess þörf. Ef aðili verður ekki við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests er heilbrigðisnefnd heimilt að ákveða dagsektir þar til úr verður bætt og skal hámark þeirra vera 500.000 kr. á dag. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda og má innheimta kostnað við verkið sem og dagsektir með fjárnámi.

Samkvæmt 18. gr. reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002, ber eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis að halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði.

Borgaryfirvöld fara með framkvæmd skipulags- og byggingarmála í miðbæ Reykjavíkur á grundvelli gildandi skipulags- og mannvirkjalaga og ber ráðuneytið fullt traust til stjórnenda borgarinnar til þess að stjórna þeim málum á þann hátt að velferð borgarbúa sé tryggð í hvívetna. Vegna fyrirspurnar háttvirts þingmanns vill ráðuneytið taka fram að engar ábendingar eða óskir hafa komið fram frá Reykjavíkurborg um það mál sem fyrirspurnin fjallar um

eða nauðsyn þess að breyta löggjöf til að Reykjavíkurborg geti tekist á við meintan vanda. Í ljósi framangreinds og þess að nú þegar er að finna áðurgreind ákvæði í lögum og reglugerðum hefur ráðuneytið ekki hugleitt að leggja fram frumvarp um það efni sem fyrirspurnin snýr að.

2. *Hver er afstaða ráðherra til sameiningar lóða í miðbæ Reykjavíkur?*

Ákvörðun um sameiningu lóða í miðbæ Reykjavíkur er ekki á ábyrgð ráðuneytisins heldur viðkomandi sveitarfélags, í þessu tilviki Reykjavíkurborgar.

1759. Svar [794. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Bjarna Benediktssonar um yfirtöku fjármálafyrirtækja á atvinnustarfsemi.

Fjármálaeftirlitið, og eftir atvikum Seðlabanki Íslands, safna upplýsingum frá eftirlitsskyldum aðilum í samræmi við þau eftirlitshlutverk sem þessum stofnunum eru falin lögum samkvæmt.

Í samræmi við framangreint var óskað var eftir því að Fjármálaeftirlitið tæki saman svör við fyrirspurninni eftir því sem tök væru á. Samkvæmt upplýsingum frá eftirlitinu reyndist ekki unnt að svara öllum spurningum í fyrirspurninni, annars vegar þar sem tölfræðileg samantekt mundi reynast tímafrek eða spurningarnar eiga ekki við.

Svör eftirlitsins eru eftirfarandi:

1. *Hversu margar tilkynningar hafa borist til Fjármálaeftirlitsins um yfirtöku fjármálafyrirtækja á atvinnustarfsemi, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki? Svar óskast sundurliðað eftir einstökum mánuðum.*

Samkvæmt upplýsingum Fjármálaeftirlitsins eiga bankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki (að Byggðastofnun undanskilinni) alls 149 eignarhluti sem hafa komið til vegna tímabundinnar starfsemi. Eftirfarandi tafla sýnir hvenær starfsemi fjármálafyrirtækjanna hófst eftir mánuðum og ári.

Fjöldi tilkynninga	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**	**2011**
janúar					1				1	1	1
febrúar		1							8	7	4
mars								2		2	1
apríl									6	3	1
maí							1		3	2	
júní									8	3	
júlí						1			1		
ágúst									9	1	
september								2	1	2	

Fjöldi tilkynninga	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
október					2	1		38	7	2	
nóvember	1					1			3	3	
desember		1			1		3	4	6	3	
Samtals	**1**	**2**	**0**	**0**	**4**	**3**	**4**	**46**	**53**	**29**	**7**

2. *Hver hefur stærð yfirtekinna eignarhluta verið, að meðaltali, í heild og eftir einstökum mánuðum?*

Fjármálaeftirlitið safnar þessum upplýsingum ekki kerfisbundið saman.

3. *Hver er skipting umræddra tilkynninga eftir atvinnugreinum, sbr. flokkun Hagstofunnar?*

Fjármálaeftirlitið heldur ekki utan um atvinnugreinaflokkun tilkynninga.

4. *Hefur Fjármálaeftirlitið talið að einhverjar tilkynningar uppfylltu ekki skilyrði 1. málsl. 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki og ef svo er, hvað margar?*

Skilyrðin sem sett eru fram í 1. málsl. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 161/2002 eru tvenns konar:

i. Að um sé að ræða tímabundna starfsemi.
ii. Tilgangur starfseminnar sé að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila.

Fjármálaeftirlitið er ekki í aðstöðu til að meta fyrra skilyrðið við yfirferð á tilkynningum, heldur verður tíminn að leiða það í ljós. Skilgreining á hugtakinu „tímabundið“ var skilgreint með lögum nr. 75/2010 sem eitt ár, sjá nánar svar við 6. spurningu. Tilgangur þeirra tilkynninga sem hafa borist Fjármálaeftirlitinu virðist ávallt annaðhvort vera til að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila.

5. *Hefur verið birt opinberlega hvaða fjármálafyrirtæki hafa sent inn tilkynningu og varðandi hvaða fyrirtæki? Ef svo er ekki, hverjar eru ástæður þess að nýta ekki 9. gr. a í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi?*

Það hefur ekki verið gert. Lagagreinin sem vísað er til (9. gr. a í lögum 87/1998) snýr fyrst og fremst að niðurstöðum í málum og athugunum stofnunarinnar er byggjast á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið hefur birt opinberlega gagnsæisstefnu sína í samræmi við fyrrgreinda lagagrein og er hún aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar.

6. *Í hve mörgum tilvikum er liðinn 12 mánaða tímafrestur skv. 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki?*

Ekki hefur enn reynt á þetta ákvæði þar sem það var innleitt í júní 2010 með lögum nr. 75/2010 sem tóku gildi 26. júní 2010.

7. *Í hve mörgum tilvikum hefur tímafrestur verið framlengdur og þá til hve langs tíma?*

Á ekki við, sjá nánar svar við 6. spurningu.

8. *Hafa verið sett skilyrði vegna slíkrar framlengingar, svo sem varðandi sölutilraunir?*

Á ekki við, sjá nánar svar við 6. spurningu.

9. *Hefur keppinautum slíkra fyrirtækja verið gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða framlengingu?*
Á ekki við, sjá nánar svar við 6. spurningu.

10. *Hafa ákvarðanir um framlengingu verið birtar, skv. 9. gr. a í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi?*

Á ekki við, sjá nánar svar við 6. spurningu.

11. *Hafa fyrirtæki, yfirtekin af fjármálafyrirtækjum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki, birt upplýsingar í samræmi við VII. og VIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti? Í hve mörgum tilvikum hefur það ekki verið gert og hverjar hafa afleiðingar þess verið?*

Fjármálaeftirlitið getur ekki veitt ítarlegar upplýsingar um framangreind atriði að svo stöddu. Eftir að tilkynning berst um yfirtöku á yfir 40% eignarhlut er vinnuregla Fjármálaeftirlitsins á þá leið að Fjármálaeftirlitið óskar eftir því við fjármálafyrirtækið að viðskiptaaðilinn verði upplýstur um að umrædd lagaákvæði eigi við, þ.e. að viðskiptaaðilanum ber að sinna upplýsingaskyldu í samræmi við framangreinda kafla verðbréfaviðskiptalaganna, en í því felst m.a. birting ársreiknings, árshlutareiknings og breytingar á samþykktum.

1760. Lög [789. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/2010, um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1399.

1761. Framhaldsnefndarálit [826. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði).

Frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á ný og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Stefán Friðriksson og Siggeir Stefánsson frá Ísfélagi Vestmannaeyja hf., Gunnþór Ingvason frá Síldarvinnslunni hf., Pétur H. Pálsson frá Vísi hf., Eirík Tómasson frá Þorbirni hf., Róbert Ragnarsson frá Grindavíkurbæ, Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Adolf Guðmundsson og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá átti nefndin símafundi með Þórólfi Gíslasyni frá Fisk seafood hf. og Þorsteini Má Baldvinssyni frá Samherja hf.

Í máli gesta á fundum nefndarinnar komu fram ýmis sjónarmið sem meiri hlutinn tók íhugaði og tók til sérstakrar skoðunar. Ákvað 1. minni hluti í framhaldinu að draga til baka þegar fram lagðar tillögur sína til breytinga á frumvarpinu, leggja sumar þeirra fram á ný breyttar en aðrar óbreyttar. Þá bætir 1. minni hluti nýjum tillögum við. Gerir 1. minni hluti grein fyrir þeim sjónarmiðum sem til grundvallar lágu í áliti þessu.

Minni fiskiskip.

Sú gagnrýni kom fram á fundum nefndarinnar að hætta væri á að ákvæði a-liðar 1. gr. frumvarpsins kynnu að hvetja eigendur lítilla fiskiskipa til þess að sækja strandveiðar í auknum mæli. Bent var á að fjárveitingar til Landhelgisgæslu Íslands hafi verið skertar á fjárlögum undanfarin ár og ekki væri útlit fyrir að breytingar yrðu til batnaðar í bráð. Þá var bent á þá hættu sem kynni að skapast ef eigendur smærri fiskiskipa freistuðust til þess að setja aflmiklar vélar í skip sín í því skyni að auka veiðiafköst. Að lokum kom fram að verulega erfitt kynni að reynast að ganga almennilega frá afla í svo litlum skipum sem aftur kæmi niður á aflameðferð og aflaverðmæti.

Í ljósi framangreinds leggur 1. minni hluti til að a-liður 1. gr. frumvarpsins verði felldur brott.

Frístundaveiðar ferðaþjónustuaðila.

Ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 22/2010, um breytingu á gildandi fiskveiðistjórnarlögum kveður á um að á tveimur fiskveiðiárum, 2009/2010 og 2010/2011, skuli, með sérstakri úthlutun, allt að 200 lestir af óslægðum botnfiski boðnar til leigu þeim sem hafa leyfi til frístundaveiða, sbr. 2. tölul. 4. mgr. 6. gr. laganna.

Á fundum nefndarinnar kom fram að stórir ferðaþjónustubátar sem bjóða farþegum að stunda sjóstangaveiði með fjölda stanga hafa helst notið góðs af ákvæðinu. Miðað hefur verið við ákveðið meðalverð í viðskiptum með aflamark og hafa útgerðirnar þurft að greiða það verð fyrir aflann. Reynsla af ákvæðinu virðist hafa verið góð fram að þessu og virtust menn almennt sammála um gildi þess. Er það mat 1. minni hluta að þörf fyrir ákvæðið sé mikil enda skapar það ákveðið rekstraröryggi í útgerð ferðaþjónustubáta.

Með hliðsjón af framangreindu leggur 1. minni hluti til að við frumvarpið verði bætt nýrri grein sama efnis og framangreint bráðabirgðaákvæði og efni þess þannig fest í sessi. Þá leggur 1. minni hluti til að heimilt ráðstöfunarmagn ráðherra verði aukið í 300 lestir af óslægðum botnfiski.

Tilfærsla aflaheimilda.

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til ákveðin aðferð til að jafna milli tegunda framlag útgerða í svokallaða samfélagspotta. Fram hefur komið gagnrýni á það fyrirkomulag sem þar er lagt til þar sem miðað er við að framlag útgerða geti eingöngu orðið í fjórum tilteknum tegundum, þ.e. þorski, ýsu, ufsa og steinbít, þar sem ljóst sé að það geti komið ójafnt niður á botnfiskveiðum útgerða þar sem botnfiskaflamark er tiltölulega lítill hluti af heildarheimildum viðkomandi útgerða.

Í því skyni að koma til móts við framangreinda gagnrýni leggur 1. minni hluti til þá breytingu að allar útgerðir leggi fram að hámarki 5,3% af aflamagni í öllum tegundum fyrir úthlutun heildarafla að teknu tilliti til c-liðar 7. gr. frumvarpsins. Eftir að ráðstafað hefur verið í potta því sem kemur inn af þorski, ýsu, ufsa og steinbít verður aflamagni í öðrum tegundum skipt í þessar tegundir eins og mögulegt er. Það mun fara fram á sérstökum skiptimarkaði

sem eftir atvikum verður settur á laggirnar af Fiskistofu og/eða af samtökum í útgerð. Á hverju ári er mögulegt að um of- eða vanáætlun kunni að vera að ræða í magni vegna þessa enda er mjög erfitt að áætla nákvæmlega hvað út úr skiptum komi. Hér er gert ráð fyrir að við því verði brugðist með geymslu milli ára eða aukningu á næsta ári komi til vöntunar.

Þá kom það sjónarmið fram á fundi nefndarinnar að fyrirkomulag 2. gr. kynni að koma hart niður á þeim útgerðarfyrirtækjum sem hafa yfir að ráða miklu aflaheimildum í uppsjávartegundum og hafa sérhæft sig í veiðum og vinnslu slíks afla. Til þess að bregðast við þessum sjónarmiðum leggur 1. minni hluti til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða sem feli í sér að frádráttarhlutfall 2. gr. frumvarpsins verði virkt í áföngum. Þannig leggur 1. minni hluti til að það taki gildi að ⅓ hluta á næsta fiskveiðiári, ⅔ hlutum fiskveiðiárið 2012/2013 en að fullu næsta fiskveiðiár þar á eftir. Á sama tími komi frádráttarliðir samkvæmt gildandi ákvæði 8. gr. laganna til frádráttar þar sem frádráttarhlutfalli 2. gr. sleppir.

Byggðakvóti.

3. gr. frumvarpsins var gagnrýnd þar sem fyrirkomulag hennar kynni að þurfa meiri umræðu við. Þá var bent á að í álitum, bréfum og skýrslum umboðsmanns Alþingis hafa komið fram ábendingar þess efnis að í sumum tilvikum kunni sveitarstjórnum að reynast erfitt að fást við úthlutanir byggðakvóta, m.a. vegna fámennis og mikilla innbyrðis tengsla íbúa og sveitarstjórnarmanna. Á fundum nefndarinnar kom þó fram að greinin fæli í sér nýjung sem væri ætlað að einfalda framkvæmd byggðaívilnunar sem hefði lítið með úthlutun byggðakvóta á árunum 2004–2007 að gera.

Álit 1. minni hluta er að fyrirkomulag greinarinnar þurfi nánari skoðunar við og leggur hann því til að ákvæðið falli brott.

Tegundartilfærslur, lækkun viðmiða hámarksumframafla.

Fyrsti minni hluti leggur til að viðmið um hámarksumframafla í hverri tegund skv. 4. gr. frumvarpsins verði lækkað úr 2% af heildarverðmætum botnfiskaflans í 1,5%. Tilgangur breytingarinnar er að stemma stigu við ofnotkun á tegundatilfærslum með beinum veiðum enda hafa þær valdið töluverðri ofveiði umfram ákveðið heildaraflamark vissra tegunda í gegnum tíðina. Telur 1. minni hluti að með þessari takmörkun verði dregið úr almennri virkni tegundatilfærsla sem meðaflaaðgerðar.

Hlutfallstala veiðigjalds.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að hækka viðmið vegna útreiknings á veiðigjaldi úr 9,5% af EBITDA (afkomu áður en tekið er tillit til vaxtagreiðslna og vaxtatekna, skattgreiðslna og afskrifta) útgerðarfyrirtækja. Á fundum nefndarinnar voru þau rök færð fyrir hækkuninni að framlegð útgerðarfyrirtækja væri góð og þau ættu vel að ráða við hana og teldist hækkunin hófleg í því samhengi. Á móti var bent á að mörg íslensk útgerðarfyrirtæki eru nokkuð skuldsett og þau ráði því misvel við slíkar hækkanir. Af þeim sökum kynni hækkun að skerða samkeppnishæfni ákveðinna hópa fyrirtækja á meðan áhrif á slíka hæfni annarra yrðu hverfandi.

Í ljósi framangreinds leggur 1. minni hluti til að viðmið til útreiknings veiðigjalds skv. 5. gr. frumvarpsins lækki í 13,3% en jafnframt verði heimild ráðherra til þess að taka tillit til mismunandi framlegðar útgerðarflokka við álagningu gjaldsins felld brott.

Ráðstöfun veiðigjalds.

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um ráðstöfun tekna af veiðigjaldi. Kveður greinin á um að slíkum tekjum skuli annars vegar ráðstafað í ríkissjóð en hins vegar skuli þær renna til tilgreindra landshluta eftir nánar tilgreindum aðferðum. Þeim hluta sem renna á til landshlutanna er skipt í tvennt og m.a. gert ráð fyrir mismunandi skiptingu eftir landshlutum.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kom fram sú gagnrýni á fyrirkomulag frumvarpsgreinarinnar að hún kynni hvað fjárveitingarvald Alþingis varðar að fela í sér mismunun við úthlutun fjárframlaga til einstakra hluta landsins. Taldi skrifstofan slíkt fyrirkomulag geta falið í sér hættu á að brotið yrði gegn 65. gr. stjórnarskrár þar sem íbúar einstakra landshluta kynnu að verða öðruvísi settir en aðrir þegar kæmi að úthlutun fjármuna.

Fyrsti minni hluti telur að sá vafi sem hefur verið skapaður um fyrirkomulag 6. gr. frumvarpsins sé þess eðlis að ekki verði hjá því komist að taka greinina til endurskoðunar. Felur tillaga hans í sér að Alþingi verði gert skylt að ákveða ráðstöfun ákveðins hlutfalls tekna af veiðigjaldi til sjávarbyggða á grundvelli fjárstjórnarvalds við samþykkt fjárlaga 2012. Vekur 1. minni hluti sérstaka athygli á því að tillaga hans innifelur þá breytingu að ráðstöfun slíkra tekna verður til sjávarbyggða en ekki einstakra sveitarfélaga. Er það mat nefndarinnar að með því móti verði hamlað gegn því að ráðstöfun gjaldsins mismuni landsmönnum eftir búsetu.

Meðafli við makrílveiðar.

Í a-lið 7. gr. frumvarpsins er ráðgert að ráðherra fái til ráðstöfunar 2.000 lestir af sumargotssíld þar sem síld er óhjákvæmilegur meðafli við makrílveiðar. Á fundum nefndarinnar kom fram að þau fiskiskip sem haldið hafa til veiða á makríl án þess að hafa yfir aflaheimildum í síld að ráða hafi óhjákvæmilega orðið að greiða sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Athygli nefndarinnar var vakin á því að við slíkar aðstæður skapast verulegur hvati fyrir útgerðarmenn til þess að landa ekki síld sem meðafla heldur skila henni á ný í hafið.

Fyrsti minni hluti telur verulega óheppilegt að stjórnkerfi fiskveiða innihaldi hvata til brottkasts sjávarafla. Því felst hann á þá leið sem sett er fram í frumvarpinu. Leggur 1. minni hluti til að ráðstöfunarmagn síldar verði aukið og sú aukning komi úr stofni norsk-íslenskrar síldar.

Tilfærsla löngu og keilu.

B-lið 7. gr. frumvarpsins er ætlað að mæta þörf fyrir aflamark í löngu og keilu sem veiðast sem meðafli við þorsk- og ýsuveiðar. Er markmið hans að draga úr hættu á brottkasti vegna skorts á aflamarki í framangreindum tegundum.

Á fundum nefndarinnar kom fram að erfitt reynist að stunda veiðar á ýsu og þorski þannig að aðgreining sé gerð á milli þeirra annars vegar og keilu og löngu hins vegar og því væri nauðsynlegt að auka möguleika á að koma í veg fyrir brottkast. Á móti kom þó fram að sókn í keilu- og löngustofnana við strendur landsins sé ekki eins og best verður á kosið. Þá var bent á að b-liður 7. gr. frumvarpsins gerði ráð fyrir að tiltölulega hátt hlutfall heildarafla tegundanna væri heimilað sem meðafli utan aflamarks. Þá kom fram að bein sókn virðist vera í tegundirnar og ákvörðun um sókn í stofnana virðist hafa verið nokkuð umfram veiðiráðgjöf undanfarin ár. Að auki kom fram að samkvæmt fiskveiðisamningum við Norðmenn og Færeyinga væru Íslendingar skuldbundnir til að heimila nokkrar veiðar erlendra aðila úr stofnunum utan aflamarks.

Í ljósi alls framangreinds telur 1. minni hluti að ákvæði b-liðar 7. gr. frumvarpsins kunni að hafa í för með sér hættu á aukinni sókn í stofnana. Af þeim sökum gerir 1. minni hluti þá tillögu að liðurinn verði felldur brott úr frumvarpsgreininni.

Magn til strandveiða og byggðaaðgerða.

Fyrsti minni hluti ákvað að leggja til breytingu á magntölum c-liðar 7. gr. frumvarpsins. Þá leggur hann til að magntölur í ýsu verði felldar brott úr ákvæðinu. Gerir 1. minni hluti tillögur til breytingar því til samræmis.

Breyting í átt til skýrleika.

Þá leggur 1. minni hluti til að 3. mgr. c-liðar 7. gr. frumvarpsins verði breytt í því skyni að taka af allan vafa um að viðbót til strandveiða og byggðaaðgerða skal dragast frá aukningu aflamarks samkvæmt frumvarpinu og er orðalag hennar skýrt með hliðsjón af öðrum breytingum sem 1. minni hluti leggur til að gerðar verði á frumvarpinu. Virðist orðalag málsgreinarinnar hafa valdið nokkrum misskilningi meðal umsagnaraðila.

Úttekt á áhrifum samfélagslegra potta.

Á fundum nefndarinnar höfðu gestir ýmsar skoðanir á því hvaða áhrif sérstakar úthlutanir til eflingar samfélaga hefðu í raun og veru. Í því ljósi leggur 1. minni hluti sérstaka áherslu á að hann telur við hæfi að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hlutist til um gerð úttektar á raunverulegum áhrifum slíkra markmiða og þátta fiskveiðistjórnarlaga. Telur 1. minni hluti eðlilegt að ráðherra leggi fram tillögu um framtíðarfyrirkomulag samfélagspotta í framhaldi af niðurstöðum slíkrar úttektar. Væri æskilegt að slíkri vinnu væri lokið skömmu eftir upphaf 140. löggjafarþings.

Auk þess sem að framan greinir gerir 1. minni hluti tillögu að smávægilegum málfars- og orðalagsbreytingum í nafni skýrleika og lagasamræmis.

Fyrsti minni hluti bendir á að í nefndaráliti á þingskjali nr. 1692 kom fram að meiri hlutinn teldi að umsagnir og ummæli umsagnaraðila um málið hafi almennt verið nokkuð neikvæðar og óvægnar. Vill 1. minni hluti taka fram að slíkt átti þó ekki við um umsagnir allra aðila, t.d. var umsögn Landssambands smábátaeigenda í mörgum atriðum mjög jákvæð.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Atli Gíslason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. júní 2011.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, form., frsm.	Ólína Þorvarðardóttir, með fyrirvara.	Helgi Hjörvar, með fyrirvara.

Róbert Marshall,
með fyrirvara.

1762. Breytingartillögur [826. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði).

Frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar (LRM, ÓÞ, HHj, RM).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir 4. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ráðherra skal hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nemi allt að 300 lestum af óslægðum botnfiski á hverju fiskveiðiári, sem gegn greiðslu gjalds er heimilt að ráðstafa til skipa sem hafa leyfi til frístundaveiða skv. 2. tölul. 4. mgr. vegna afla sem er fenginn við frístundaveiðar. Verð á aflaheimildum skal vera 80% af meðalverði í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Þessar heimildir miðast við óslægðan afla og skulu dragast frá þeim heildarafla sem veiða má á hverju tímabili, sbr. 3. gr. Ráðherra kveður nánar á um úthlutun aflaheimilda þessara í reglugerð. Tekjur af aflaheimildum þessum skulu renna í rannsóknarsjóð til að auka verðmæti sjávarfangs.
2. Við 1. gr.
   a. A-liður falli brott.
   b. Í stað orðsins „tímabil“ í b-lið komi: tímabil; og: tímabils.
3. 2. gr. orðist svo:
   Í stað 3. og 4. mgr. 8. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., að frádregnu hlutfalli af magni hverrar tegundar sem skal vera allt að 5,3%. Sama gildir um aflamark samkvæmt lögum nr. 151/1996. Ráðherra skal ákveða hlutfall skv. 1. málsl. Við þá ákvörðun skal hann leitast við að hlutfallið sé sem næst í samræmi við að mætt sé magntölum 4. mgr. þegar skipti hafa farið fram skv. 5. mgr.
   Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla í hverri tegund skv. 3. mgr. skal varið til að mæta áföllum skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr., til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., til línuívilnunar skv. 11. gr. og til strandveiða skv. 6. gr. a.
   Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla skv. 3. mgr. í öðrum tegundum en þeim sem úthlutað er skv. 4. mgr. skal skipt í viðkomandi tegundir samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu og/eða samtökum í sjávarútvegi ákveðna framkvæmdaþætti til að tryggja að skipti þessi geti gengið eftir. Jafnframt er heimilt að flytja milli fiskveiðiára aflaheimildir samkvæmt þessu ákvæði.
4. 3. gr. falli brott.
5. Við 4. gr.
   a. Á undan a-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað „2%“ í 2. málsl. og lokamálslið 1. mgr. kemur: 1,5%.
   b. Í stað orðsins „ákveðið“ í lokamálslið b-liðar komi: ákveðin.
6. 5. gr. orðist svo:
   Í stað hlutfallstölunnar „9,5%“ í 2. málsl. 4. mgr. 21. gr. laganna kemur: 13,3%.
7. 6. gr. orðist svo:
   Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, svohljóðandi:

Tekjur af veiðigjaldi skulu renna í ríkissjóð.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ráðstafa 15% tekna af veiðigjaldi til sveitarfélaga. Nánari útfærsla á þeirri ráðstöfun skal koma fram í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012.

8. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðunum „2.000 lestir af síld (íslenskri sumargotssíld)“ í 1. málsl. 1. mgr. a-liðar komi: og 2.000 lestir af norsk-íslenskri síld.
   b. B-liður falli brott.
   c. C-liður orðist svo:

      Á fiskveiðiárinu 2010/2011 hefur ráðherra til ráðstöfunar allt að 1.900 lestum af óslægðum þorski og 600 lestum af óslægðum ufsa til strandveiða, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 6. gr. a.

      Á fiskveiðiárinu 2011/2012 hefur ráðherra til ráðstöfunar allt að 2.000 lestum af óslægðum þorski og 600 lestum af óslægðum ufsa til strandveiða, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 6. gr. a.

      Á fiskveiðiárinu 2011/2012 skal allt að 2.500 lestum af þorski og 500 lestum af ufsa, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 1. mgr. 10. gr., ráðstafað til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr.

      Aflaheimildum samkvæmt þessu ákvæði skal einungis ráðstafað á fiskveiðiárinu 2011/2012 verði leyfilegur heildarafli þorsks meiri en 160.000 lestir og ufsa meiri en 50.000 lestir. Aflaheimildir þessar skal draga frá leyfðum heildarafla áður en kemur til skiptingar og frádráttar skv. 3. mgr. 8. gr.
   d. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi:

      c. (X.)

      Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna skulu frádráttarliðir samkvæmt þeirri málsgrein eins og þeir voru fyrir gildistöku 3. gr. laga þessara koma til frádráttar að ⅔ hlutum frá leyfðum heildarafla á fiskveiðiárinu 2011/2012. Skal frádráttarhlutfall skv. 3. mgr. 8. gr. laganna á því fiskveiðiári aðeins koma til frádráttar svo nemi þriðjungi þess. Skal aflamagni samkvæmt þessari málsgrein ráðstafað skv. 3. og 4. mgr. 8. gr. laganna.

      Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna skulu frádráttarliðir samkvæmt þeirri málsgrein eins og þeir voru fyrir gildistöku 3. gr. laga þessara koma til frádráttar að ⅓ hluta frá leyfðum heildarafla á fiskveiðiárinu 2012/2013. Skal frádráttarhlutfall skv. 3. mgr. 8. gr. laganna á því fiskveiðiári aðeins koma til frádráttar svo nemi ⅔ hlutum þess. Skal aflamagni samkvæmt þessari málsgrein ráðstafað skv. 3. og 4. mgr. 8. gr. laganna.

9. Í stað „1.–6. gr.“ í 8. gr. komi: 2.–6. gr.

1763. Framhaldsnefndarálit [824. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum (í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga o.fl.).

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á ný milli 2. og 3. umræðu.

Lagt er til að ákvæðið um tímabundinn skatt á lífeyrissjóði til að fjármagna sérstaka vaxtaniðurgreiðslu falli brott. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir taki þátt í kostnaði vegna vaxtaniðurgreiðslnanna og að stjórnvöld og sjóðirnir nái samkomulagi um fjármögnunina fyrir þing- og nefndarfundi í september nk.

Lilja Mósesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. B-liður 7. gr. falli brott.
2. 8. gr. falli brott.
3. Orðin „b-liðar 7. gr.“ og „a-liðar“ í 14. gr. falli brott.

Alþingi, 10. júní 2011.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.	Árni Þór Sigurðsson.
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Magnús Orri Schram.	Auður Lilja Erlingsdóttir.

1764. Lög [710. mál]

um breytingu á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda (viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir).

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1721.

1765. Lög [572. mál]

um breyting á lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63/1989, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, ábúðarlögum, nr. 80/2004, og lögum um búfjárhald, nr. 103/2002 (niðurlagning Hagþjónustu landbúnaðarins).

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1727.

1766. Lög [555. mál]

um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum (setning í prestsembætti).

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 942.

1767. Lög [706. mál]

um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1728.

1768. Lög [785. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (mansal).

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1389.

1769. Lög [828. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1729.

1770. Lög [783. mál]

um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (slit, eftirlit og innleiðing).

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1730 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:
Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 2011“ í 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 1. júlí 2012.

1771. Lög [703. mál]

um verslun með áfengi og tóbak.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1733.

1772. Lög [747. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1754.

1773. Lög [645. mál]

um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1755.

1774. Lög [697. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1756.

1775. Lög [754. mál]

um breyting á lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1757.

1776. Lög [768. mál]

um brottfall laga nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1336.

1777. Tillaga til þingsályktunar [890. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 15. júní 2011 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 2. september 2011.

1778. Framhaldsnefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um skeldýrarækt.

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin fjallaði áfram um málið eftir að 2. umræða fór fram 9. og 10. júní sl.

Hinn 31. maí barst nefndinni erindi frá Skelrækt, samtökum skelræktenda. Í erindinu benda samtökin á að þau telji að frumvarpi til laga um skeldýrarækt hafi verið ætlað að einfalda lagaumhverfi skeldýraræktar og að aðgreina skelrækt frá mengandi starfsemi eins og fiskeldi. Þá benda samtökin á að þeim finnst ekki eðlilegt að ræktun skeldýra skuli vera starfsleyfisskyld samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Benda samtökin einnig á að samkvæmt nýlegu starfsleyfi sem Umhverfisstofnun hafi gefið út til handa rekstraraðila skeldýraræktar þurfi kræklingaræktendur að taka tryggingu vegna bráðamengunar skv. 16. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda þar sem kræklingarækt falli í 11. flokk I. viðauka við lögin og teljist þar með til eldis sjávar- og ferskvatnslífvera með fráveitu til sjávar. Að lokum minna samtökin á fyrri athugasemdir sínar og óska þess að vera talin meðal umsagnaraðila í ýmsum greinum frumvarpsins.

Í tilefni af framangreindu erindi samtakanna óskaði nefndin eftir viðbrögðum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins við þeim athugasemdum sem þar komu fram. Nefndinni barst svo bréf frá ráðuneytinu 1. júní sl. Þar bendir ráðuneytið m.a. á að í frumvarpi til laga um skeldýrarækt eins og það var lagt fyrir Alþingi (þskj. 218) hafi ekki verið gert ráð fyrir að starfsemi skeldýraræktar væri starfsleyfisskyld. Svo hafi verið þar sem Umhverfisstofnun hafi svarað tiltekinni beiðni ræktenda um starfsleyfi vegna kræklingaræktar á þann veg að stofnunin teldi að ekki ætti að gefa út starfsleyfi fyrir viðkomandi starfsemi samkvæmt lögum um hollustuvernd og mengunarvarnir þar sem hún hefði ekki í för með sér mengun. Þá bendir ráðuneytið á að hingað til hafi ræktun skeldýra verið felld undir fiskeldislög og að í 7. gr. þeirra sé gert ráð fyrir að allt fiskeldi sé starfsleyfisskylt, þ.e. að annaðhvort sé skylt að leita eftir starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd viðkomandi sveitarfélags eða Umhverfisstofnun eftir umfangi og stærð starfseminnar. Þá kemur fram að 1. minni hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar hafi lagt til að Umhverfisstofnun ákveði í hverju tilviki hvort viðkomandi starfsemi sé starfsleyfisskyld eða ekki. Þá kemur fram það mat ráðuneytisins að framangreind breytingartillaga sé til bóta að teknu tilliti til röksemda sem koma fram í nefndaráliti. Þá vekur ráðuneytið athygli á að ef tiltekin starfsemi verður ekki talin starfsleyfisskyld samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar falli ekki kostnaður á viðkomandi rekstraraðila vegna starfsleyfis.

Að auki rekur ráðuneytið ástæður þess að ekki var gert ráð fyrir því í ákvæðum frumvarpsins að Skelrækt, samtök skelræktenda, yrði umsagnaraðili þegar teknar verða tilteknar stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt lögum sem sett kunna að verða á grundvelli frumvarpsins. Bendir ráðuneytið á að sjaldgæft eða óþekkt sé að félög sem starfa á vegum einstaklinga eða annarra einkaaðila og ekki hafa verið sett sérstök lög um séu umsagnaraðilar um stjórnvaldsákvarðanir ríkis og sveitarfélaga. Þá vekur ráðuneytið athygli á að gert er ráð fyrir umsagnaraðilum á vegum slíkra hagsmunaaðila, t.d. í lögum um fiskeldi. Umsagnaraðilar samkvæmt þeim lögum, þ.e. Landssamband fiskeldisstöðva og Landssamband veiðifélaga, séu hins vegar félög sem eru stofnuð með lögum. Einnig vekur ráðuneytið athygli á að þegar teknar verða stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt þeim lögum sem kunna að verða sett á grundvelli frum-

varpsins sé Matvælastofnun heimilt að leita álits eða umsagnar hjá Skelrækt samkvæmt meginreglum stjórnsýsluréttar um svonefnda frjálsa álitsumleitan.

Skilningur meiri hlutans er sá að skeldýrarækt sé í eðli sínu ekki mengandi starfsemi. Í slíkri ræktun felist að meginstefnu til einungis tilfærsla og samansöfnun skeldýra á heppilegan ræktunarstað án notkunar víðbótarefna. Því telur meiri hlutinn að líkur séu á því að samþykkt laga um skeldýrarækt muni hafa þau áhrif að almennt muni ræktun skeldýra verða ndanþegin starfsleyfisskyldu samkvæmt lögum um hollustuvernd og mengunarvarnir. Byggist framangreindur skilningur nefndarinnar á því að Umhverfisstofnun virðist í ákveðnum tilvikum ekki hafa talið ræktun skeldýra starfsleyfisskylda auk þess sem samþykkt frumvarpsins sem lög muni hafa í för með sér að skeldýrarækt heyri ekki lengur undir fiskeldislög og skeldýrarækt teljist því ekki lengur til eldis.

Við umfjöllun nefndarinnar var rætt um hvort mögulegt væri að undanskilja skeldýrarækt starfsleyfisskyldu og skyldu til töku bráðamengunartryggingar á grundvelli mengunarvarnarlöggjafar. Var m.a. nefnt að eðli skeldýraræktar væri þannig að slík skylduálagning gæti ekki talist í samræmi við það markmið sem mengunarvarnarlöggjöf stefnir að. Að áliti meiri hlutans eru slíkar leiðir vart raunhæfar þar sem með þeim kynnu að vakna áleitnar spurningar um hvort farið væri gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á sviði umhverfisréttar.

Meiri hlutinn hefur fullan skilning á því að skeldýraræktendur vilji á grundvelli samtaka sinna hafa eitthvað um það að segja til hvaða þátta er litið við töku ákvarðana sem varðað geta skeldýrarækt. Engu að síður telur meiri hlutinn að þegar kemur að töku ákvarðana sem byggjast þurfa á hlutlægum sérfræðiupplýsingum sé ekki eðlilegt að hagsmunasamtök hafi rétt til að koma sjónarmiðum sínum að. Telur meiri hlutinn að væri slík leið farin kynni að skapast hætta á hagsmunaárekstrum. Þó bendir meiri hlutinn á að stjórnvöldum er ávallt heimilt að nálgast álit hagsmunaðila á grundvelli viðurkennds frelsis stjórnvalda til slíkra gjörða.

Meiri hlutinn telur þó ekki hjá því litið að hagsmunaaðilar í skeldýrarækt hljóta að teljast meðal þeirra aðila sem hafa ættu möguleika á að veita umsögn við undirbúning reglugerða um starfsemi skeldýraræktar. Af þeim sökum leggur meiri hlutinn til þá breytingu á 17. gr. frumvarpsins að samtök hagsmunaaðila á sviði skeldýraræktar verði tilgreind meðal lögbundinna umsagnaraðila. Með því móti telur meiri hlutinn komið til móts við athugasemdir Skelræktar, samtaka skelræktenda, ásamt því sem jafnræðis sé gætt.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir orðinu „Orkustofnunar“ í 5. málsl. 17. gr. komi: samtaka hagsmunaaðila í skeldýrarækt.

Atli Gíslason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. júní 2011.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, form., frsm. | Ólína Þorvarðardóttir. | Helgi Hjörvar.

Björn Valur Gíslason. | Róbert Marshall.

1779. Svar [513. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar um styrki og lánveitingar til íslensks atvinnulífs.

1. *Hverjar eru þær nefndir og ráð sem úthluta styrkjum til íslensks atvinnulífs og hver var kostnaðurinn við rekstur þeirra árið 2010?*

Ekki eru starfandi nefndir og ráð sem úthluta styrkjum til íslensks atvinnulífs á vegum forsætisráðuneytis, efnahags- og viðskiptaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, velferðarráðuneytis, utanríkisráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Í eftirfarandi yfirliti er að finna upplýsingar um þær nefndir og ráð sem úthlutuðu styrkjum árið 2010 og heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og innanríkisráðuneyti. Fjármunir sem sérstaklega eru skilgreindir á fjárlögum frá Alþingi til ákveðinna verkefna, undirstofnana, sjálfstæðra stofnana eða sjóða á vegum stofnana eru ekki tilgreindir í yfirlitinu. Efni fyrirspurnarinnar var afmarkað með þeim hætti að einungis eru veittar upplýsingar um nefndir og ráð sem heyra beint undir ráðuneyti og taka sjálfstæðar ákvarðanir um úthlutun fjármuna. Eru nefndir og ráð sem heyra undir undirstofnanir því undanskilin.

2. *Hversu miklum fjármunum var úthlutað í formi styrkja og lánveitinga árið 2010?*

Á eftirfarandi yfirliti er að finna heildarfjárhæðir styrkja og lánveitinga sem hver nefnd eða ráð um sig úthlutaði á árinu 2010. Með vísan til 1. tölul. fyrirspurnarinnar er hér aðeins um að ræða úthlutanir á vegum þeirra nefnda og ráða sem tilgreindar eru samkvæmt afmörkun í þeim lið.

3. *Hversu miklum fjármunum var úthlutað til stofnana og fyrirtækja í eigu hins opinbera árið 2010?*

Á eftirfarandi yfirliti er að finna tilgreiningu á því hve stór hluti úthlutaðra fjármuna nefnda og ráða, skv. 1. tölul. og með hliðsjón af afmörkun í svari við 2. tölul., rann til opinberra stofnana og fyrirtækja. Þar eru meðtalin fyrirtæki og opinberar stofnanir á sveitarstjórnarstigi.

4. *Telur ráðherra að nægjanleg yfirsýn sé við núverandi fyrirkomulag eða mætti gera kerfið markvissara?*

Á vegum ráðuneytisins hefur verið unnið að því að greina fyrirkomulag þjónustu við allar greinar atvinnulífs innan stjórnkerfisins og þá ekki síst innan Stjórnarráðsins. Það er mat ráðherra að mikilvægt sé að samræma þjónustu við allar atvinnugreinar eftir því sem kostur er, m.a. til að tryggja jafnræði meðal þeirra. Ekki er síður mikilvægt að ráðuneytin og stjórnsýslan í heild endurspegli þróun og stöðu einstakra atvinnugreina á hverjum tíma. Stofnun eins atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis gæti verið mikilvægur þáttur í slíkri endurskipulagningu.

Árétta ber að forsætisráðuneytið hefur aðeins tekið að sér að safna saman svörum annarra ráðuneyta og eru þau birt í svarinu óbreytt. Forsætisráðuneytið hefur með öðrum orðum ekki endurskoðað svörin enda hefur það ekki neinar forsendur til þess og getur því ekki borið ábyrgð á því þótt síðar komi í ljós einhverjar villur í svörum annarra ráðuneyta.

Styrkir og lánveitingar til íslensks atvinnulífs.

Nefndir og ráð undir ráðuneytunum sem veita lán eða úthluta styrkjum til íslensks atvinnulífs:	Rekstrarkostnaður viðkomandi nefndar/ráðs á árinu 2010, kr.:	Úthlutun viðkomandi nefndar/ráðs á árinu 2010 og er ekki tilgreint á fjárlögum, kr.		Þar af úthlutun til stofnana og fyrirtækja í eigu hins opinbera, ekki skilgreint á fjárlögum, kr.:	
		Styrkur:	Lánveiting:	Styrkur:	Lánveiting:
Mennta- og menningarmálaráðuneytið				Ríki og sveitarfélög:	
02 319-118 Stjórn þróunarsjóðs námsgagna	400.000	126.000.000		5.000.000	
02 319-126 Verkefnasjóður skólasamninga		29.700.000		29.700.000	
02 720-134 Sprotasjóður	535.000	46.400.000		46.400.000	
02 918-110 Safnasjóður/Safnaráð	822.000	86.500.000		42.800.000	
02 978-101 Launasjóður listamanna / stjórn	4.950.000	365.000.000			
02 979-610 Húsafriðunarsjóður	3.200.000	140.900.000			
02 981-110 Kvikmyndasjóðir	3.590.000	452.000.000			
02 982-122 Áhugaleikfélög	850.000	20.000.000			
02 982-118 Bókmenntasjóður	1.190.000	28.630.000		16.860.000	
02 982-124 Leiklistarráð/starfsemi atvinnuleikhópa	743.600	64.156.400			
02 982-125 Tónlistarsjóður/Tónlistarráð	650.000	45.250.000			
02 983-154 Fornleifasjóður	594.300	18.500.000		7.900.000	
02 988-119 Æskulýðssjóður	525.000	6.975.000			
02 989-116 Íþóttasjóður/íþróttanefnd	574.900	14.626.000			
02 236 101 Rannsóknarsjóður	14.418.471	273.002.000		216.904.000	
02 299-115 Nýsköpunarsjóður	1.650.000	116.000.000		88.000.000	
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti					
AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi	16.964.425	324.190.000		229.370.000	
Verkefnasjóður sjávarútvegsins, samkeppnisdeild	1.902.888	99.940.000		65.200.000	
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	21.386.918	174.820.000		44.160.000	
Fjárlagaliður 04-190-1.34 Eldi sjávardýra		19.100.000		12.500.000	
Innanríkisráðuneytið					
Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar	enginn	138.700.000		35.600.000	
Iðnaðarráðuneytið					
Stjórn Tækniþróunarsjóðs	27.680.306	756.000.000		113.400.000	
Stjórn Átaks til atvinnusköpunar		96.990.000			
Orkuráð vegna Orkusjóðs	11.495.295	26.898.482		4.700.000	

1780. Svar [556. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um greiðslur til nefnda á vegum Stjórnarráðsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar hafa greiðslur til nefnda á vegum ráðuneytanna verið síðustu fimm ár, skipt eftir ráðuneytum, nefndum og árum?

Óskað var eftir nánari afmörkun svarsins af hálfu fyrirspyrjanda, með bréfi til forseta Alþingis dags. 9. mars sl., og var þá staðfest að einungis væri óskað eftir upplýsingum um nefndarlaun, en ekki annan kostnað.

Áréttað er að í svörum ráðuneyta er jafnan einungis gerð grein fyrir þeim nefndum þar sem nefndarlaun hafa verið greidd en auk þeirra er starfandi nokkur fjöldi ólaunaðra nefnda á vegum ráðuneyta sem ekki eru að jafnaði tilgreindar, enda ekki um þær spurt. Svarið við fyrirspurninni var unnið þannig að Fjársýslan var fengin til að keyra þær launategundir sem

notaðar eru til greiðslu nefndarlauna í ráðuneytunum á þau fjárlaganúmer og viðföng sem óskað var eftir í hverju ráðuneyti fyrir sig. Ráðuneytin fengu síðan hvert fyrir sig senda niðurstöðu útkeyrslunar hjá Fjársýslunni og unnu út frá henni samræmt svar til þingsins sem forsætisráðuneytið hefur tekið saman. Forsætisráðuneytið sá aðeins um að safna saman svörum ráðuneyta og eru þau birt óbreytt. Forsætisráðuneytið hefur með öðrum orðum ekki endurskoðað svörin enda hefur það ekki neinar forsendur til þess, forsætisráðuneytið getur því ekki borið ábyrgð á því þótt síðar kunni að koma í ljós einhverjar villur í svörum annarra ráðuneyta. Ráðuneytið biðst velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara fyrirspurninni en tafirnar stafa af umfangi fyrirspurnarinnar og álitaefnum sem upp komu við afmörkun á efni hennar. Ráðuneytið bendir í því sambandi á svör forsætisráherra við fyrirspurnum á þingskjölum 1413 og 1414 þar sem því er hafnað að veita efnislegt svar þar sem sýnt þótti að ómögulegt væri að veita svar innan þess frests sem þingsköp setja vegna umfangs viðkomandi fyrirspurna. Sama átti í raun við um þessa fyrirspurn en engu síður taldi ráðuneytið rétt að ljúka vinnslu svarsins þar sem hún var langt komin þegar framangreind svör voru veitt.

Heiti nefndar	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**
Forsætisráðuneytið					
Gjöf Jóns Sigurðssonar	851.394		961.049		993.065
Handverk og hönnun, heimilis- og listiðn	1.974.940				
Nefnd um hollara mataræði og aukna hreyfingu		439.096			
Nefnd sem bar að leggja mat á hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra					545.421
Nefnd til að fara yfir lög um Kjaradóm og kjaranefnd	213.300				
Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn		2.995.493	3.512.826	3.861.110	3.937.305
Nefnd til undirbúnings tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar				403.459	443.820
Nefnd um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál Íslands		793.084			
Nefnd um endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands					362.228
Nefnd um Evrópumál	2.495.040	611.121	4.142.184	1.597.582	
Nefnd um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi á Íslandi		1.080.906			
Nefnd um stöðu íslensku fjölskyldunnar	367.452	349.275			
Nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum		696.862			
Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur	1.904.222	2.047.284	2.203.181		
Samráðsnefnd um staðsetningu ríkisstofnana á Vatnsmýrarsvæðinu		547.501			
Sérfræðinganefnd stjórnarskrárnefndar	1.156.532	544.528			
Starfshópur til þess að undirbúa lagasetningu um verðlagningu og aðgengi opinberra upplýsinga	169.669				
Stjórnarskrárnefnd	4.524.631	2.411.320	1.863.035		
Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3.062.129	2.856.317	2.714.143	2.764.014	2.805.319
Útboðs- og einkavæðingarverkefni		708.279			
	16.719.309	**16.081.066**	**15.396.418**	**8.626.165**	**9.087.158**
Mennta- og menningarmálaráðuneytið					
Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema			1.182.461	3.948.786	2.866.859
Blindraletursnefnd				94.284	
Bókmenntasjóður		833.516	1.188.063	1.271.082	1.194.093
Dómnefnd um forstöðumann				324.670	

Heiti nefndar	2006	2007	2008	2009	2010
Dómnefnd um hátíðarbúning íslenskra knapa	278.991				
Dómnefnd um veitingu Evrópumerkisins		220.353		32.386	
Endurmenntunarsjóður	1.009.037		145.352	110.457	
Endurskoðun á viðmiðum um æðri menntun og prófgráður					153.161
Endurskoðun laga um framhaldsskóla			356.467		
Evrópa unga fólksins		323.952	170.624	271.067	667.625
Flugminjanefnd			79.360		
Fræðslunefnd mjólkuriðnaðarins	147.104	107.084	47.278	170.890	
Grunnþættir í lýðræði				157.140	
Grunnþættir í menntun – jafnrétti				94.284	
Grunnþættir í skapandi starfi				157.140	
Höfundaréttarnefnd		847.304	1.730.305	3.704.711	3.049.679
Íslensk málnefnd			1.074.003		
Íþróttasjóður ríkisins	268.721	291.234		781.775	
Jónasarnefnd			279.989		
Lagaleg staða íslenskrar tungu					1.046.600
Landsnefnd um konur og vísindi		220.997			
Launasjóðir listamanna	3.720.401	3.339.956	3.502.783	4.735.651	4.951.170
Leiklistarráð	740.290	887.199	843.365	593.379	531.632
Listahátíð Reykjavíkur			317.439	349.370	496.670
Matsnefnd framhaldsskóla	40.581	91.021	55.158		
Matsnefnd grunnskóla	111.596	171.334	114.131		
Matsnefnd leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla			171.196		706.897
Námsefnisnefnd	1.117.190	354.988	327.666	479.848	321.669
Námskrárhópur um heimilisfræði	73.771				
Námsleyfisnefnd í snyrtifræðum		128.505			
Námsmatsnefnd framhaldsskóla	71.016				
Námsorlofsnefnd framhaldsskólakennara	50.726		38.887	58.928	58.908
Nefnd um afreksíþróttasvið í framhaldsskólum				105.943	
Nefnd um eflingu starfsnáms	1.834.578				
Nefnd um endurgerð greinaskrár í náttúrufræðum		35.730			
Nefnd um endurskoðun á lögverndarlögum kennara	202.903				
Nefnd um endurskoðun laga um framhaldsskóla				182.676	
Nefnd um endurskoðun laga um leikskóla		1.387.288			
Nefnd um endurskoðun laga um menningararfinn		552.197			
Nefnd um endurskoðun laga um Námsgagnastofnun		245.359			
Nefnd um endurskoðun námskrár i íþróttum og heilsurækt	674.934				
Nefnd um endurskoðun námskrárlaga	73.553				
Nefnd um framtíðarskipan kennaramenntunar	145.414				
Nefnd um heildarendurskoðun á lögum um háskóla	415.950				
Nefnd um heildarskoðun á grunnskólalögum	849.993	1.033.642			
Nefnd um lesblindu í grunnskólum		516.679			
Nefnd um lestrarörðugleika			190.548		
Nefnd um málefni Iðnskólans í Hafnarfirði				92.876	
Nefnd um menningarstefnu í mannvirkjagerð				310.352	
Nefnd um náms- og starfsráðgjöf			288.894		
Nefnd um námskrárgerð í náttúrufræðum grunnskóla		660.666			
Nefnd um skipulag almennrar námsbrautar í framhaldsskólum		508.988			
Nefnd um skipulag fjar- og dreifnáms		437.139			
Nefnd um skipulag náms og námsframboðs		809.164			
Nefnd um skipulag náms- og starfsráðgjafar		535.093			
Nefnd um stefnumótun í hönnun og byggingarlist		661.242			

Heiti nefndar	2006	2007	2008	2009	2010
Nefnd um stefnumótun í læsi					380.973
Nefnd um styrkveitingu til þróunarverkefna í framhaldsskólum		196.320			
Nefnd um uppbyggingu menntakerfis fyrir blinda og sjónskertra		396.209			
Nefnd um viðmið um æðri menntun og prófgráður	228.265				
Nemaleyfisnefnd í hársnyrtingu	295.900	180.257			
Nemaleyfisnefnd í snyrtifræðum	192.757				
Raunvísindahópur	111.596				
Ráðgjafanefnd Þróunarsjóðs grunnskóla		278.422			
Ritnefnd um almennan hluta aðalnámskrár framhaldsskóla					1.176.097
Ritnefnd um almennan hluta aðalnámskrár grunnskóla					940.464
Ritnefnd um almennan hluta aðalnámskrár leikskóla					1.646.329
Rýnihópur um námskrá fataiðngreina			187.818		
Rýnihópur í íslensku				94.284	
Rýnihópur í matreiðslu				644.276	
Rýnihópur í stærðfræði				119.820	
Rýnihópur um aðalnámskrá framhaldsskóla				667.847	
Rýnihópur um byggingagreinar				667.847	
Rýnihópur um erlend tungumál				232.764	
Rýnihópur um málm- og véltækni					667.625
Safnaráð				227.854	286.686
Samráðsnefnd leikskóla	84.543				
Samráðsnefnd um leikskóla		151.392			
Samræmingarhópur um starfs- og verknám					703.800
Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara				405.624	366.212
Sprotasjóður				258.350	238.622
Starfsgreinaráð – Fulltrúar MRN í starfsgreinaráðum	2.219.321	3.311.075	3.482.525	3.760.476	2.363.500
Starfshópur um aðalnámskrá í íslensku		972.693			
Starfshópur um eflingu skáklistar í grunnskólum		149.917			
Starfshópur um grunnþætti í menntun – sjálfbærni					107.998
Starfshópur um íslenska málstefnu					468.319
Starfshópur um kennslu í kjötiðn				149.283	
Starfshópur um mannréttindafræðslu í framhaldsskólum			151.223		
Starfshópur um mótun íþróttastefnu	449.767				
Starfshópur um námsmat á framhaldsskólastigi	152.177				
Starfshópur um samstarf Kvikmyndasafns og Bæjarbíós			74.185		
Starfshópur um stefnumótun í menntun fyrir fanga			342.393		
Stjórn Barnamenningarsjóðs		210.557	173.930		176.724
Stjórn Bókmenntakynningarsjóðs	141.993				
Stjórn endurmenntunarnefndar framhaldsskóla	263.773				
Stjórn endurmenntunarsjóðs framhaldsskólakennara			139.994		
Stjórn endurmenntunarsjóðs grunnskóla	920.128		108.885	113.927	
Stjórn Fornleifasjóðs	122.943	288.124	415.317	573.663	542.256
Stjórn fræðslunefndar mjólkuriðnaðarins					
Stjórn FS-nets		2.069.887	1.145.818	1.164.160	1.184.286
Stjórn Gunnarsstofu	273.919	71.811			
Stjórn Kjarvalsstofu í París					11.782
Stjórn Launasjóðs stórmeistara í skák		130.510			
Stjórn listamannalauna	676.342			84.463	1.108.453
Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins					153.161

Heiti nefndar	2006	2007	2008	2009	2010
Stjórn Menningarsjóðs félagsheimila	32.890		82.721		
Stjórn Námsgagnasjóðs				156.158	
Stjórn Námsgagnastofnunar			365.055		
Stjórn Sprotasjóðs				172.854	
Stjórn Þýðingarsjóðs	243.483	541.759			
Stjórn Æskulýðssjóðs				130.623	
Stjórnarlaun UNESCO nefndar		229.698			
Stýrihópur um rafvirkjun				667.847	
Tónlistarráð	914.031	515.017	474.447	460.913	532.834
Trúnaðarmenn í samræmdum prófum í grunnskóla	10.950.280	11.326.867	11.726.112		
Undanþágunefnd framhaldsskóla	64.252		49.257		74.617
Undanþágunefnd grunnskóla	196.320		264.434		235.632
Undirbúningsnefnd um þátttöku í bókamessu í Frankfurt 2011					549.996
Undirbúningur aðalnámskrár framhaldsskóla				530.349	
Úthlutunarnefnd Þróunarsjóðs framhaldsskóla	177.748	192.105			
Úthlutunarnefnd Þróunarsjóðs grunnskóla	326.013	278.784			
Úthlutunarnefnd Þróunarsjóðs leikskóla	190.213		88.219		
Útvarpsréttarnefnd	1.885.696	2.010.977	1.972.825	1.508.046	1.508.046
Verkefnastjórn um stafræna menningu í þágu menntunar	399.042				
Verkefnastjórn um vísinda- og háskólamál				873.002	
Verkefnisstjórn um símenntun	319.572				
Vinnuhópur um endurskoðun iðnmeistaranáms		321.251			
Vinnuhópur um námskrárgerð fyrir meindýraeyða		128.500			
Vinnuhópur um námskrárgerð í fótaaðgerðafræði		490.800			
Vinnuhópur um skil leik- og grunnskóla		249.862			
Vísindanefnd	2.270.898	3.251.174	2.776.933	1.839.045	3.000.087
Þjóðbúningaráð	147.104	378.480	124.439	443.774	176.724
Þróunarnefnd Innu		96.375			
Þróunarsjóður námsgagna			225.514	334.942	318.104
Æskulýðsráð ríkisins	246.112	259.673	1.751	591.782	90.933
Æskulýðssjóður				187.643	123.707
Örnefnanefnd		119.317	99.163	654.097	247.414
	36.323.827	**43.998.444**	**36.576.928**	**35.743.407**	**35.426.343**
Utanríkisráðuneytið					
Aðalsamninganefnd og samningahópar vegna ESB-aðildarviðræðna					10.615.519
Forvalsnefnd	229.856	247.100	105.935		
Hættumatsnefnd			6.870.152	516.686	
Kaupskrárnefnd	3.791.120	2.920.972	1.252.305		
Skaðabótanefnd	1.395.052	735.446	30.441		
Skipulags- og bygginganefnd varnarsvæða	4.241.638	4.516.260	2.741.191		
Varnarmálanefnd	869.008				
	10.526.674	**8.419.778**	**11.000.024**	**516.686**	**10.615.519**
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið					
Yfirstjórn	1.805.535	514.796	577.402	438.729	
– Fiskeldisnefnd, lauk störfum 2007					
– Nefnd um bólusetningu geit- og saufjár, lauk störfum 2007					
– Nefnd um byggingu reiðhalla, lauk störfum 2006					
– Nefnd um hættu á garnaveiki í nautgripum, lauk störfum 2009					

Heiti nefndar	2006	2007	2008	2009	2010
Ýmsar nefndir	700.652	282.945	594.438	681.196	
– Erfðanefnd landbúnaðarins					
– Nefnd um eflingu loðdýraræktar, lauk störfum 2009					
– Nefnd um útflutning á hrossum					
Framkvæmdarnefnd búvörusamnings	1.961.837	506.150	1.704.848		
Nefnd um markaðsöflun og kynningar		629.933			
Nefnd vegna starfsmenntunar	820.592	2.712.473	1.176.648	914.913	
Sexmannanefnd	5.924.436	6.352.044	7.044.958	6.785.514	993.336
Úrskurðarnefndir	2.331.112	3.115.054	2.601.901	2.611.022	2.100.488
Nefndarlaun, sjávarútvegur	1.033.565	1.282.752	1.380.405	1.996.276	
– Nefnd um aðgerðir í eflingu þorskeldis					
– Nefnd um afnám útflutningsálags					
– Nefnd um eflingu rannsókna á þorski					
– Nefnd um kræklingarækt, lauk störfum 2007					
– Nefnd um ólöglegar fiskveiðar, lauk störfum 2006					
– Viðurlaganefnd, lauk störfum 2006					
	14.577.729	**15.396.147**	**15.080.600**	**13.427.650**	**3.093.824**
Samgönguráðuneytið (nú innanríkisráðuneytið)					
Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga			1.484.682	1.686.836	2.352.010
Ferðamálaráð		8.034.607			
Fjarskiptaráð			421.847	447.225	
Hafnaráð	1.626.070	1.913.421	1.836.745	1.382.244	122.986
Markaðssetning Íslands í Evrópu (Iceland Naturally)		531.772			
Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku (Iceland Naturally)		1.731.853			
Nefnd um athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reykjavíkurflugvelli	1.553.093	2.052.023			
Nefnd um sameiningu opinberra hlutafélaga samgönguráðuneytisins				910.779	
Nefnd um sameiningu samgöngustofnana				1.706.222	
Nefnd um sameiningu sveitarfélaga				1.004.004	
Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga			1.753.883	2.303.604	196.450
Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga			3.362	1.368.171	330.008
Samgönguráð	766.212	339.161		2.232.993	960.312
Siglingaráð	2.955.819	2.570.035	2.894.495	637.076	
Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar				1.828.051	1.631.425
Undanþágunefnd skipstjórnarmanna	1.554.286	1.162.124	1.009.084	1.744.383	1.484.964
Úrskurðarnefnd póst- og fjarskiptamála	7.306.927	6.314.082	8.475.656	2.738.196	2.150.228
	15.762.407	**24.649.078**	**17.879.754**	**19.989.784**	**9.228.383**
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (nú innanríkisráðuneytið)					
Áfrýjunarnefnd neytendamála				1.038.864	3.484.976
Eftirlitsnefnd vegna neyðarsímsvörunar	2.062.393				
Mannanafnanefnd	882.122	949.976	1.022.275	1.092.832	982.278
Matsnefnd eignarnámsbóta	2.809.496	3.020.200	2.059.739	4.560.107	3.359.022
Náðunarnefnd	2.317.188	2.636.228	2.704.261	2.810.922	4.805.209
Nefnd sem endurskoða á starfsemi og reglugerðir um útfararþjónustu	451.534				
Nefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara		599.107	842.011	173.811	1.026.525
Nefnd til að fjalla um milliliðalausa sönnunarfærslu í sakamálum				524.993	
Nefnd til að kanna innleiðingu á einkaréttarlegum	171.819				

Heiti nefndar	2006	2007	2008	2009	2010
úrræðum til að tryggja vernd hugverkaréttinda					
Nefnd um dómarastörf, skv. 2. mgr. 23.gr. dómstólalaga	3.571.161	3.349.315	2.420.889	5.113.759	3.789.771
Nefnd um framtíðarskipulag Litla-Hrauns		1.159.686	334.005		
Nefnd um málskostnað í opinberum málum	974.470	1.038.712	1.116.946	1.151.670	1.117.185
Nefnd um skipulag forsjármála	290.862				
Nefnd um skráningu trúfélaga	252.045			67.167	41.315
Prófnefnd fasteignasala	3.215.592	2.974.800			
Prófnefnd íslenskuprófa vegna ríkisborgararéttar				95.044	
Prófnefnd skjalaþýðenda	633.713	255.121	1.359.092	259.964	2.729.665
Prófnefnd vegna héraðsdómslögmanna	439.456	1.625.547	498.350	516.564	525.528
Prófnefnd vigtarmanna					139.035
Refsiréttarnefnd	2.108.228	2.262.612	2.533.112	2.168.289	1.911.349
Réttarfarsnefnd	3.335.903	2.730.172	2.878.387	2.994.362	3.064.306
Sifjalaganefnd	383.088	382.799	221.588		19.643
Starfshópur um landamerki og þinglýsingar á landamerkjum og lóðamörkum		385.924			
Starfshópur um meðferð nauðgunarmála			721.710		
Úrskurðarnefnd um áfengismál	1.006.917	535.308	40.956		
Verkefnastjórnun um nýskipan lögreglumála	728.198				
Yfirfasteignamatsnefnd				1.848.331	8.184.530
Ættleiðingarnefnd	922.493	978.684	1.056.504	1.119.564	1.121.304
	26.556.678	**24.884.191**	**19.809.825**	**25.536.243**	**36.301.641**
Heilbrigðisráðuneytið (nú velferðarráðuneytið)					
Hjúkrunarráð	548.989	732.637	20.977		
Áfengis- og vímuvarnarráð	162.003	156.128	176.056	49.095	
Framkvæmdanefnd vegna byggingar nýs Landspítala – háskólasjúkrahúss	4.025.708	2.891.514			
Geislavarnarráð		53.143			
Gigtarráð		2.055.509	1.682.500		
Hópur sem starfaði að gerð hreyfihandbókar fyrir grunnskóla			380.790		
Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir	2.334.761	2.346.444	2.357.496	2.551.737	2.758.500
Landsnefnd um lýðheilsu	91.567				
Ljósmæðraráð	81.024				
Lyfjagreiðslunefnd	3.740.819	3.882.080	4.258.655	3.045.097	3.714.450
Lyfjanefnd (óstaðfest)	2.031.037	2.180.721	2.172.234	2.439.312	2.496.312
Læknaráð	2.487.342	2.310.131	927.982		
Manneldisráð	197.221	197.018	180.744	110.464	
Nefnd sem metur umsóknir um almenn lækningaleyfi	413.696	431.407	464.074	467.028	477.936
Nefnd til að meta hæfni umsækjanda um stöður forstjóra heilbrigðisstofnanna				228.887	428.143
Nefnd um ágreiningsmál	1.599.260	1.403.772			
Nefnd um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana			11.419.995	1.971.596	
Nefnd um lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990		1.533.421			
Nefnd um málefni Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins			7.849.037	609.320	
Nefnd um málefni Landspítala			11.556.674	714.309	
Nefnd um sérfræðileyfi í sjúkraþjálfun	51.967			126.398	102.723
Nefnd um undirbúning fyrir deiliskipulag LSH	585.438				
Nefnd um verksvið Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri		844.897			

Heiti nefndar	2006	2007	2008	2009	2010
Nefnd vegna líffærafluttninga, bæði vegna lífæragjafar og ígræðslu, líffæraígræðslunefnd	435.812	303.776	93.139		
Nomeskonefnd	328.152	346.236	367.472	62.492	
Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins	1.918.663	2.043.898	1.569.492		
Samráðsnefnd SÍ og tannlækna					325.184
Samstarfsnefnd um málefni aldraðra	406.600	140.600			
Sérfræðinefnd skv. reglugerð nr. 305/1997		747.818	500.448	443.316	154.797
Sérfræðinefnd um sérfræðileyfi sálfræðinga		185.587	240.977		384.129
Slysavarnaráð	362.746	267.647	279.066	98.190	
Sóttvarnaráð	1.354.104	1.421.244	1.540.400	928.786	
Starfsgreinaráð heilbrigðis- og félagsgreina		306.121	265.911	206.766	
Stjórnarnefnd Landspítalans	5.916.958	4.118.746			
Stöðunefnd	1.200.796	848.676	2.293.263	2.132.722	1.912.046
Stöðunefnd	452.940				
Tannverndarráð	140.872	74.346		36.822	
Tóbaksvarnarráð	295.832	137.541	217.051	65.460	
Utanfararstyrkjanefnd	2.092.081	1.487.883		1.207.930	1.089.782
Úrskurðarnefnd almannatrygginga	3.054.625	3.161.453			
Vinnuhópur um málefni systra með Goldenhar-heilkenni					263.215
Vísindasiðanefnd	7.424.880	6.417.784	6.820.809	7.136.614	6.146.073
	43.735.893	**43.028.178**	**57.635.242**	**24.632.341**	**20.253.290**
Félags- og tryggingamálaráðuneytið (nú velferðarráðuneytið)					
Aðgerðaráætlun um ofbeldi	231.117				141.420
Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga	1.283.400	1.379.644			
Flóttamannanefnd og innflytjendaráð	861.983	1.211.635	997.170	863.289	492.410
Framkvæmdastjórn Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna	2.745.225	2.475.251	1.189.463	325.929	
Handbók fyrir dagmæður		207.648			
Jafnréttisráð	3.345.096	2.807.896	4.329.825	2.606.739	681.280
Kærunefnd barnaverndarmála	2.403.780	2.596.585	2.739.123	2.870.388	2.990.295
Kærunefnd greiðsluaðlögunarmála					815.186
Kærunefnd húsamála					1.764.157
Kærunefnd húsnæðismála	2.707.016	1.931.536			2.552.676
Kærunefnd jafnréttismála	2.496.062	2.363.796	2.604.867	2.662.541	2.201.261
Kærunefndir fjöleignarhúsam. og húsaleigu	4.601.683	4.844.983	5.012.593	4.872.814	2.207.411
Lánatryggingasjóður kvenna	77.562	24.225			
Reikningsskila- og upplýsinganefnd	689.568	744.372	428.457		
Sameining sveitarfélaga 2003–2005	510.335				
Samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins	587.466	491.410	277.026	208.656	
Samstarfsefnd um málefni aldraðra				147.446	340.250
Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra		2.179.281	2.697.882	2.031.090	419.292
Úrskurðarnefnd almannatrygginga			1.779.369	4.096.498	3.949.335
Úrskurðarnefnd félagsþjónustu	1.864.916	1.998.092	2.146.993	2.234.274	1.184.684
Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála					1.085.896
Úrskurðarnefnd frístundahúsamála					120.001
Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlof	1.977.054	3.168.368	3.262.050	3.037.902	3.801.570
Þátttaka í erlendu vinnumálasamstarfi	459.712	494.200	531.822	413.532	
	26.841.975	**28.918.922**	**27.996.640**	**26.371.098**	**24.747.124**

Heiti nefndar	2006	2007	2008	2009	2010
Fjármálaráðuneytið					
Endurskoðendaráð				1.250.969	
Ferðakostnaðarnefnd	415.936	456.851	581.727	488.682	397.292
Gjaldtökunefnd	410.200	432.800	185.550		
Kjaradómur	3.768.955				
Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna	142.309	728.865	677.488		
Kærunefnd útboðsmála	5.575.755	4.405.961	5.896.489	13.513.751	10.692.473
Reikningsskilaráð	194.687	636.148	292.524		
Ríkisreikningsnefnd	615.304	649.200	698.629	726.192	743.148
Ríkisfjármálanefnd	652.613				
Ríkistollanefnd	2.672.680	2.847.320	3.073.082	3.194.298	3.268.908
Samninganefnd ríkisins	3.112.276	2.769.932	4.892.744	2.614.302	3.609.505
Samninganefnd um tvísköttunarmál	650.604	709.235	800.580	800.580	
Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir	963.430	657.214	886.376	304.712	
Starfshópur um innleiðingu á 8. félagsréttartilsk. ESB				786.068	
Starfshópur um launamun á opinberum vinnumarkaði			646.388		
Vinnuhópur til að benda á leiðir til					
að lækka ríkisútgjöld		553.726	886.376	921.336	
Yfirfasteignamatsnefnd	9.809.115	8.935.602	9.407.410	7.326.070	
Þóknananefnd	366.123	736.921	573.118	553.724	845.186
	29.349.987	**24.519.775**	**29.498.481**	**32.480.684**	**19.556.512**
Iðnaðarráðuneytið					
Tækninefnd	2.985.024	1.492.771	2.732.120	1.558.428	2.332.432
Stjórn Iceland Naturally Europe				1.029.749	70.715
Stjórn Iceland Naturally Norður-Ameríku				653.230	216.073
Vatnalaganefnd					738.944
Nefnd um endurskoðun á tryggingum ferðaskrifstofa					317.806
Úrskurðarnefnd raforkumála					482.943
Verkefnastjórn vegna orkunýtingar á Norðausturlandi					2.780.033
	2.985.024	**1.492.771**	**2.732.120**	**3.241.407**	**6.938.946**
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið					
Aðrar nefndir	135.733	925.881	5.413.044	5.001.991	12.392.308
Áfrýjunarnefnd neytendamála	563.462	4.141.242	1.118.497	3.814.942	
Áfrýjunarnefnd samkeppnismála	7.769.267	6.084.252	12.397.199	11.079.081	8.352.837
Eftirlitsnefnd um sértæka skuldaaðlögun					12.206.755
Fastanefndir			5.932.081	3.783.407	2.872.192
Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa	50.263	3.961.798	5.153.695	5.683.540	6.176.739
Nefnd um erlenda fjárfestingu					15.804
Prófnefnd bifreiðasala	953.167		741.762		
Prófnefnd verðbréfaviðskipta	2.548.364	2.596.866	2.873.716	3.065.280	3.305.891
Samkeppnis og neytendamál			256.038		
Samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva, kauphalla og SÍ	536.320	576.564	620.453	644.928	660.000
Úrskurðarnefnd verðbréfamiðstöðva				145.297	
	12.556.576	**18.286.603**	**34.506.485**	**33.218.466**	**45.982.526**

Heiti nefndar	2006	2007	2008	2009	2010
Umhverfisráðuneytið					
Brunamálaskóli					565.760
Brunamálastofnun ríkisins					642.471
Dýraverndarráð				103.264	89.119
Framkvæmdanefnd um varnir gegn mengun sjávar f. landi	324.795				
Hreindýraráð		132.251			
Íslandsnefnd alþóðasambandsins (IUGS)	72.712				
Íslenska matvælarannsóknanefndin	77.844	114.377			
Nefnd um endurskoðun laga um bygg. og brunam.	2.085.100				
Nefnd um endurskoðun skipulagslaga	1.108.258				
Ofanflóðasjóður	1.558.903	1.668.288	1.322.398	1.394.640	1.388.091
Prófanefnd mannvirkjahönnuða	1.917.958	2.179.284	2.345.185	2.437.698	2.442.272
Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur		428.262			258.796
Ráðgjafarnefnd um þjóðgarð í Jökulsárgljúfrum	163.488				
Samstarfsnefnd um líffræðilegan fjölbreytileika			80.831		
Samvinnunefnd um miðhálendið		3.466.141	1.381.118	3.059.900	1.365.405
Sérfræðinganefnd um nettóminnkun gróðurhúsalofttegunda			727.321		1.282.536
Skrifstofa					76.711
Tilraunadýranefnd	54.494			382.393	1.000.340
Umhverfisfræðsluráð	288.775		100.225	148.370	
Úrskurðarnefnd hollustuhátta og mengunarvarnamála	5.553.851	2.374.979	4.902.864	8.009.543	7.071.492
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingamál	3.204.719	4.541.598	4.258.637	3.251.360	2.965.736
Vernd Breiðafjarðar		1.081.253	1.427.318	1.369.481	1.278.761
Ýmiss kostnaður vegna nefnda			31.781		
Ýmiss kostnaður vegna nefnda			31.781		
	16.410.897	**15.986.433**	**16.609.459**	**20.156.649**	**20.427.490**

1781. Þingsályktun [866. mál]

um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Alþingi ályktar, í samræmi við lög um rannsóknarnefndir, sbr. einnig ályktun þingsins um rannsóknarskýrslu Alþingis frá 28. september 2010, að skipa þriggja manna rannsóknarnefnd er leiti sannleikans um aðdraganda og orsök rekstrarerfiðleika og gjaldþrots sparisjóðanna á Íslandi.

Nefndin skal í þessu skyni:

a. Varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir rekstrarerfiðleika íslenskra sparisjóða sem leiddu m.a. til gjaldþrots margra þeirra og endurfjármögnunar annarra.
b. Meta starfshætti sparisjóðanna á undanförnum árum og varpa ljósi á hverjar séu helstu orsakir mismunandi árangurs rekstrar þeirra. Meðal annars verði fjármögnun og útlánastefna þeirra skoðuð, eignarhald, aukning stofnfjár, greiðslur arðs, kaup og sala stofnfjár og hlutafélagavæðing þeirra, svo og aðrir þættir sem kunna að skipta máli.

c. Gera úttekt á lagaramma og öðru starfsumhverfi sparisjóðanna og bera saman við starfsumhverfi sambærilegra fjármálafyrirtækja í nágrannalöndunum.
d. Leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna, eftirlit og endurskoðun hjá sparisjóðunum, hverjir kunni að bera ábyrgð á því og hvernig niðurstöðum eftirlitsaðila var fylgt eftir.
e. Koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu sem miða að því að gera sparisjóðum kleift að starfa á þeim samfélagslegu og rekstrarlegu forsendum sem þeir voru stofnaðir á.
f. Gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur leikur á um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og gera jafnframt grein fyrir þeim málum í skýrslu til Alþingis.
g. Skila forseta Alþingis skýrslu eigi síðar en 1. júní 2012 um rannsóknina ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að láta vinna í þágu rannsóknarinnar.

1782. Frumvarp til laga [359. mál]

um gistináttaskatt.

(Eftir 2. umr., 10. júní.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að afla tekna til að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsóttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Jafnframt að afla tekna til þess að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins.

2. gr.
Gistináttaskattur.

Greiða skal í ríkissjóð gistináttaskatt af hverri seldri gistináttaeiningu eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Gistináttaeining er leiga á gistiaðstöðu í allt að einn sólarhring, þ.m.t. yfir nótt. Með gistiaðstöðu er átt við húsnæði eða svæði sem leigt er út í þeim tilgangi að þar sé dvalið yfir nótt, svefnaðstaða sé fyrir hendi eða hægt sé að koma henni fyrir og leigan sé almennt til skemmri tíma en eins mánaðar, svo sem hús, íbúðir og herbergi, þ.m.t. herbergi á hótelum og gistiheimilum, sem og tjaldstæði og stæði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi.

Gistináttaskattur skal nema 100 kr. fyrir hverja selda gistináttaeiningu.

Tilgreina skal gistináttaskatt á sölureikningi eða greiðslukvittun og myndar hann stofn til virðisaukaskatts.

3. gr.
Undanþágur.

Atvinnustarfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti er undanþegin gistináttaskatti.

4. gr.
Skattskyldir aðilar.

Öllum þeim sem selja gistináttaeiningar skv. 1. mgr. 2. gr. ber skylda til að innheimta og standa skil á gistináttaskatti.

Undanþegnir skattskyldu eru þeir sem uppfylla skilyrði 3. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Skattskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um skattskylda starfsemi áður en hún hefst.

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir skattskylda aðila samkvæmt lögum þessum.

5. gr.
Álagning gistináttaskatts.

Ríkisskattstjóri annast álagningu gistináttaskatts skv. 2. gr. Skattskyldir aðilar skulu greiða gistináttaskatt fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við fjölda seldra gistináttaeininga.

Uppgjörstímabil gistináttaskatts skal vera tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember. Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga skulu skattskyldir aðilar ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu um fjölda seldra gistináttaeininga á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu skattsins.

Skýrslur vegna gistináttaskatts skulu vera á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

6. gr.
Viðurlög.

Sé gistináttaskatti ekki skilað á réttum tíma skal skattskyldur aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt skýrslu um fjölda seldra gistináttaeininga. Álag skal vera 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó verður það ekki hærra en 10%.

Sé skatti ekki skilað innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er.

Heimilt er innheimtumanni ríkissjóðs að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur þess er eigi gerir skil á réttum gjalddaga þar til skil eru gerð, m.a. með því að setja skrifstofur, starfsstöðvar og gistiaðstöðu hans undir innsigli.

7. gr.
Ýmis ákvæði.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, eftirlit, upplýsingaskyldu, viðurlög, kærur og aðra framkvæmd skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

8. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012 og gilda um þær gistináttaeiningar sem seldar eru frá og með þeim degi.

1783. Lög [382. mál]

um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

(Afgreidd frá Alþingi 10. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1712 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Tekjur.

Árlegar tekjur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða eru:

a. Framlag ríkissjóðs sem nemur ⅗ af gistináttaskatti.
b. Vextir af fé sjóðsins.
c. Aðrar tekjur.

1784. Svar [831. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Árna Johnsens um aðgengi nemenda að Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig ætlar ráðherra að tryggja aðgengi allra þeirra nýju framhaldsskólanema sem munu óska eftir skólavist við Fjölbrautaskóla Suðurnesja næsta haust?

Nýir framhaldsskólanemendur sem munu sækja um Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru annars vegar nemendur sem koma beint úr grunnskólum á svæðinu eða eru á fræðsluskyldualdri, þ.e. yngri en 18 ára, og hins vegar eldri nemendur.

Hvað varðar yngri hópinn hefur ráðuneytið þegar gert ráðstafanir til að gera Fjölbrautaskólanum kleift að taka við auknum fjölda nemenda. Þannig hafa fjárheimildir til skólans verið hækkaðar um sem nemur 42 ársnemendum á árinu 2011, úr 898 í 940, og gert er ráð fyrir að þessi hækkun haldist áfram árið 2012.

Nýlega samþykkti ríkisstjórnin að veita aukið fjármagni til að opna aðgang að framhaldsskólum fyrir atvinnuleitendur og fólk yngra en 25 ára. Mun Fjölbrautaskóli Suðurnesja fá auknar fjárveitingar til þess að koma til móts við óskir þessa hóps um skólavist.

Með þessum ráðstöfunum ætti skólinn að geta brugðist við væntanlegri fjölgun næsta haust og veitt fleiri nemendum skólavist.

1785. Svar [835. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um varðveislu minja um seinni heimsstyrjöldina.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Telur ráðherra ástæðu til að gera ráðstafanir til að varðveita minjar um seinni heimsstyrjöldina á Íslandi?

Seinni heimsstyrjöld og hersetan á Íslandi markaði á margan hátt þáttaskil í sögu þjóðarinnar og minjar um herinn vekja oft forvitni og áhuga Íslendinga og erlendra gesta sem sækja okkur heim. Stríðsminjarnar eru hluti af heimssögulegum atburðum sem réðu örlögum og lífskjörum fólks um allan heim. Þessar minjar eru menningarverðmæti sem ber að hlúa að og varðveita og miðla til komandi kynslóða. Ef það á að takast er ljóst að ráðast þyrfti í sérstakt átaksverkefni því þjóðminjalög miða við að fornleifar 100 ára og eldri njóti verndunar. Yngri minjar falla utan verndunarákvæða laganna þó svo að skv. 9. gr. þjóðminjalaga segi að friðlýsa megi yngri minjar. Markvisst átaksverkefni af þessu tagi yrði upplagt verkefni fyrir hina nýju stofnun á sviði minjaverndar sem lagt er til að stofnuð verði í frumvarpi til laga um menningarminjar, sem nú er til meðferðar í þinginu.

Þótt ekki hafi verið ráðist í markvissa skráningu stríðsminja hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir til að vernda slíkar minjar. Stofnanir ríkisins á sviði minjavörslu, þ.e. Fornleifavernd ríkisins, húsafriðunarnefnd og Þjóðminjasafn Íslands, hafa allar bent á mikilvægi þess að huga að verndun yngri minja en þeirra sem 100 ára reglan nær til.

Fornleifaverndin hefur friðlýst sérstaklega tvær minjar sem falla utan 100 ára reglunnar. Önnur þeirra er flugvélaflak úr seinni heimsstyrjöld af gerðinni Northorp N-3PB Torpedo bomber sem var friðlýst árið 2002, en það fannst á botni Skerjafjarðar 27. ágúst það sama ár. Er hún nokkuð heilleg og er önnur tveggja sem til eru í heiminum. Þessi gerð véla var notuð af norskri flugsveit sem hafði aðstöðu í Skerjafirði og voru einungis 24 slíkar vélar smíðaðar.

Þá hefur ráðherra samþykkt tillögu húsafriðunarnefndar um að friða gamla flugturninn á Reykjavíkurflugvelli og var friðunarbréfið undirritað 18. maí sl.

Á minjasöfnum landsins er nokkuð varðveitt af gripum sem tengjast síðari heimsstyrjöldinni og sérsafn um stríðsárin, Íslenska stríðsminjasafnið, er á Reyðarfirði. Það var sett á laggirnar árið 1995. Er það eina safnið sem hefur að meginmarkmiði að skrá og miðla sögu hernámsáranna 1939–1945. Það er til húsa í bragga frá stríðsárunum en á Reyðarfirði reis braggahverfi fyrir um 4.000 hermenn auk þjónustubygginga og varnarmannvirkja. Á safninu hefur verið lögð áhersla á söfnun og miðlun ljósmynda en einnig eru þar varðveitt farartæki og ýmsir munir. Gestir geta fengið stríðsárakort af Reyðarfirði í hendurnar sem vísar á minjar sem enn standa í þorpinu.

Upplýsingar í gagnagrunninum Sarpi nýtist vel til þess að fá yfirlit yfir gripavarðveislu í þeim söfnum sem eru aðilar að Sarpi, m.a. yfir gripi tengda stríðinu.

Á vísindavefnum er til gott yfirlit yfir stríðsáraminjar hér á landi en Skúli Sæland sagnfræðingur svaraði fyrirspurn þar að lútandi í nóvember árið 2004. Það yfirlit gæti reynst mikilvægt verkfæri í átaki við varðveislu þessara minja.

Minna má á að meðal þess sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum sem haldinn var í Reykjanesbæ 9. nóvember sl. var að fela Þróunarfélagi Keflavíkur að setja á stofn hersetusafn á gamla varnarsvæðinu í einu af fjölmörgum húsum félagsins. Safninu er ætlað að kynna

merkilega og umdeilda sögu bandarísks herliðs á Íslandi allt frá síðari heimsstyrjöld. Hér er að vísu aðallega um yngri minjar að ræða en þó vottur um að reynt sé að halda á lofti mikilvægum hluta íslenskrar síðaritímasögu.

Einnig má geta þess að til er fallbyssuhreiður frá seinni heimsstyrjöldinni rétt við hliðina á Garðskagavita og í lok maí 2011 hófst hreinsun þess í samstarfi Fornleifaverndar ríkisins og Sveitarfélagsins Garðs.

1786. Svar [806. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?*
2. *Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?*

Starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í stofnunum þess fóru samtals 1.311 ferðir til útlanda í embættiserindum á tímabilinu 2007–2010 og skiptust þær þannig eftir árum:

Ferðaár	Mennta- og menningarmála-ráðuneytið Fjöldi ferða	Undirstofnanir Fjöldi ferða	Samtals Fjöldi ferða
2007	324	107	431
2008	252	112	364
2009	175	63	238
2010	204	74	278
Samtals	**955**	**356**	**1.311**

Tafla 1.

Nánari sundurliðun á því hvert var farið og í hvaða erindagjörðum er að finna í listum hér á eftir, en alls bárust svör frá 50 undirstofnunum. Svör vantar frá Listasafni Íslands, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, Framhaldsskóla Vestmannaeyja og Menntaskólanum við Sund. Í samræmi við efni fyrirspurnarinnar er aðeins gerð grein fyrir ferðum embættismanna í stofnunum ráðuneytisins en ekki almennra starfsmanna.

Í töflu 2 má sjá heildarkostnað sundurliðaðan eftir ferðaári, ráðuneyti og samtals heildarkostnaði stofnana. Tekið skal fram að vegna breytinga á gengi krónunnar endurspeglast fækkun ferða ekki að fullu í kostnaðartölum.

Ferðaár	Mennta- og menningarmála-ráðuneytið	Undirstofnanir	Kostnaður samtals
2007	37.129.220 kr.	18.385.539 kr.	55.514.759 kr.
2008	43.893.045 kr.	21.199.886 kr.	65.092.931 kr.
2009	34.538.857 kr.	13.913.799 kr.	48.452.656 kr.
2010	35.934.547 kr.	18.730.570 kr.	54.665.117 kr.
Samtals	**151.495.669 kr.**	**72.229.794 kr.**	**223.725.463 kr.**

Tafla 2.

Ýtarlegri sundurliðun ferða eftir árum, ráðuneyti og stofnunum er að finna í eftirfarandi listum.

Ferðayfirlit 2007.

Tilgangur ferðar	**Land/borg**
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Fundur smáríkja um gæðamál háskólastigsins	Andorra
Fundur smáríkja um gæðamál háskólastigsins í Andorra og OECD-fundur menntamálaráðherra í Kaupmannahöfn	Andorra
PLA-fundur um starfsmenntakennara, VET partnership between schools and companies, The role of teachers	Austurríki
Fundur embættismanna um norræn menningarmál (EK-K)	Álandseyjar
Vegna formennsku í Nipå-Norden Institut á Álandseyjum. Ársfundur.	Álandseyjar
Cluster og Evrópska skólanetið: Steering Committee og Policy Inovation Group (PIC)	Belgía
CRERST og forfundur/móttaka	Belgía
Crest mutual learning exercise, CREST	Belgía
ECVET Technical Working Group	Belgía
EES-semínar	Belgía
EES-semínar	Belgía
EFTA-semínar, The EEA-Autum 2007	Belgía
EFTA working group on budgetary matters	Belgía
EFTA/EU working group on intelectual property	Belgía
EFTA-ESB fundir um innleiðingu tilskipunar 2005/36	Belgía
ESFRI-fundur	Belgía
Ferð í vinnuhópi um tungumál	Belgía
Ferð til Brussel með ráðherra	Belgía
Ferð til Brussel með ráðherra	Belgía
Foresight Correspondents, CREST	Belgía
Fundir í EFTA WG um prófskírteini og EQF Prep. Implementation Group	Belgía
Fundir í gæðahópi um starfsmenntun, nefnd um viðurkenningu prófskírteina og vinnuhópi EFTA	Belgía
Fundir með ráðherrum Evrópusambandsins, Bozar, EFTA og ESA o.fl.	Belgía
Fundur ESB í Youth Action Committee	Belgía
Fundur hjá framkvæmdastjórn ESB v/sjónvarpstilskipunar og EFTA	Belgía
Fundur í Cluster on Teachers & Trainers	Belgía
Fundur í CLusters of Teachers and Trainers	Belgía
Fundur í EQF Implementation preparatory group	Belgía
Fundur í Focus Group on VET Teachers & Trainers	Belgía
Fundur í framkvæmdanefnd ungmennaáætlunar ESB og fundur með fulltrúum annarra Norðurlanda um sömu mál	Belgía

Tilgangur ferðar	Land/borg
Fundur í horizontal stjórnarnefnd 7. RÁ	Belgía
Fundur í hópi samráðsaðila v. tilsk. 2005/36 um niðurst. prófskírteina	Belgía
Fundur í nefnd til innleiðingar tilsk. 2005/36 um viðurkenningu prófskírteina	Belgía
Fundur í nefnd um viðurkenningu prófskírteina og í vinnuhópi EFTA um sama efni	Belgía
Fundur í Ploteus-gagnagrunnsverkefni	Belgía
Fundur í stjórn Evrópska skólanetsins	Belgía
Fundur í stjórnarnefnd	Belgía
Fundur í stjórnarnefnd Erasmus Mundus	Belgía
Fundur í stjórnarnefnd félags-, hag- og hugvísinda í 7. RÁ	Belgía
Fundur í Technical Working Group on ECVET	Belgía
Fundur í The Working Group on Budgetary Matters	Belgía
Fundur í vinnuhópi EFTA og ESB um viðurkenningu prófskírteina og innleiðingu tilskipunar 2005/36	Belgía
Fundur í vinnuhópi Evrópumiðstöðva í sérkennslu, Impact group	Belgía
Fundur í vinnuhópi um tungumál í Brussel og fundur um Nordplus og ráðstefna í Kaupmannahöfn	Belgía
Fundur með ESA vegna Rúv	Belgía
Fundur með ESA vegna Rúv	Belgía
Fundur með ESA vegna Rúv	Belgía
Fundur ráðgjafanefndar ESB um menntamál	Belgía
Fundur samræmingarnefndar ESB	Belgía
Fundur samræmingarnefndar ESB	Belgía
Fundur um Internal Market Information System	Belgía
Fundur um jafningjafræðslu um raunfærnimat	Belgía
Með ráðherra til funda við ráðherra Evrópusambandsins og fleira	Belgía
Með ráðherra til funda við ráðherra Evrópusambandsins og fleira	Belgía
Meeting of directors general for higher education	Belgía
MELT-verkefnið	Belgía
MELT, fundur um staðla fyrir skráningu námsefnis	Belgía
MST Cluster og stjórnarnefndarfundur í innviðum 7. RÁ	Belgía
OMC, Policy Mix Peer Review Working Group	Belgía
Stjórnarnefndarfundur í Science Society	Belgía
Stjórnarnefndarfundur Research Infrastructures	Belgía
Stjórnarnefndarfundur Research Infrastructures	Belgía
Fundur á vegum ESB innan SGIB-hópsinsm, fulltrúi Íslands	Belgía
Vorfundur stjórnarfulltrúa í Evrópumiðstöð f. þróun í sérkennslu	Belgía
Árlegur formanna- og ritarafundur norrænu UNESCO-nefndanna	Danmörk
Árlegur fundur norrænu UNESCO-nefndarinnar	Danmörk
Árlegur fundur norrænu UNESCO-nefndarinnar	Danmörk
EK-U	Danmörk
EK-U fundur	Danmörk
Ferð ekki farin	Danmörk
Ferð ekki farin, KK endurgreiddi dagpeninga	Danmörk
Ferð með ráðherra, vegna opnunar sýningar í tilefni 200 ára afmælisárs Jónasar Hallgrímssonar	Danmörk
Fundur á vegum NMR í Programkomité for Nordplus Rammeprogram, Nordplus Voksen	Danmörk
Fundur EK-K embættismanna um norrænt menningarsamstarf og fundur EK-K með fulltrúum Eystrasaltsríkjanna	Danmörk
Fundur EK-K, Stjórnarfundur í NWHF	Danmörk
Fundur embættismannanefndar norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál	Danmörk
Fundur fulltrúa NOQA með fulltrúum nmr um ytra mat á	Danmörk
Fundur Högut 1-07	Danmörk

Tilgangur ferðar	Land/borg
Fundur	Danmörk
Fundur í Cluster Teachers and Trainers í Brussel 22 og 23.11 og fundur í CERI Governing board, OECD í París	Danmörk
Fundur í vinnuhópi norræna ráðherraráðsins um studieströd 2007	Danmörk
Fundur í norrænni nefnd um starfsnám. Fargjald og gisting greitt af erlendum aðilum	Danmörk
Fundur í norrænu LdV-verkefni um EQF	Danmörk
Fundur í norrænu LdV-verkefni um EQF	Danmörk
Fundur í norrænu LdV-verkefni um EQF	Danmörk
Fundur í norrænu LdV-verkefni um EQF	Danmörk
Fundur í norrænu skólanefndinni NSS	Danmörk
Fundur í Sektornettverk for utdanning	Danmörk
Fundur í Sprogorganiseringsudvalget	Danmörk
Fundur í stjórnarnefnd Nordiska teman	Danmörk
Fundur með NMRS. Fundur í EK-U	Danmörk
Fundur norrænna ráðuneyta um kvikmyndamál	Danmörk
Fundur ritara og formanna norrænu UNESCO-nefndanna	Danmörk
Fundur samráðsnefndar norrænna ráðuneyta um höfundarétt	Danmörk
Fundur	Danmörk
Fundur um Nordplus-áætlanirnar	Danmörk
Fundur viðurkenningarnefndar í hugvísindum í Kaupmannahöfn	Danmörk
Fundur vinnuhóps um samstarf Norðurskautsríkja (A8)	Danmörk
HÖGUT-fundur og fundur norræns vinnuhóps á vegum NMR	Danmörk
HÖGUT-fundur, norrænn vinnuhópur á vegum NMR	Danmörk
HÖGUT-fundur	Danmörk
Innovation og diversitet fundir í Kaupmannahöfn og Policy Mix Core Group í Brussel	Danmörk
NOQA-vinnufundur	Danmörk
Nordforsk styre EK-U	Danmörk
Nordiska teman	Danmörk
Nordplus	Danmörk
Nordplus konference og fundir í Nordplus Framwork programme committee	Danmörk
Nordplus nefndir, æðri menntun	Danmörk
Nordplus ráðstefna / nefndarfundur	Danmörk
Norræn ráðstefna um sérkennslumál í samstarfi ýmissa aðila	Danmörk
Norrænn embættismannafundur um íþróttamál	Danmörk
Opnun sýningar í tilefni af því að 200 ár eru liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar	Danmörk
Ráðstefna á Norðurbryggju IPY – Alþjóðlegt ár heimskautasvæðanna	Danmörk
Ráðstefna á Norðurbryggju IPY – Alþjóðlegt ár heimskautasvæðanna	Danmörk
Ráðstefna á Norðurbryggju. Alþjóðlegt ár heimskautasvæðanna	Danmörk
Ráðstefna um samtvinnun háskóla og rannsókna	Danmörk
Stjórnarfundur NIFIN	Danmörk
SVL-fundur um fullorðinsfræðslu, Nordplus Junior fundur	Danmörk
Undirbúningsfundur um norrænt verkefni um aðalnámskrár og almenna menntun (í tengslum við UNESCO)	Danmörk
Vegna NORDBUK-fundar	Danmörk
Alþjóðleg ráðstefna	England
Bologna-ráðherrafundur	England
Fundur um Bologna-ferlið	England
Opnun á sýningu Hreins Friðfinnssonar. Fundur v/útrásar íslenskrar tónlistar í Bretlandi o.fl.	England
Opnun á sýningu Hreins Friðfinnssonar. Fundur v/útrásar íslenskrar tónlistar í Bretlandi o.fl.	England

Tilgangur ferðar	Land/borg
PLA Cluster verkefni	England
Ráðherrafundur í Bologna ferlinu	England
EK-U fundur	Finnland
Fundur í menningarmálanefnd Nordiska handikappolitiska rådet	Finnland
Fundur í Nordiska handikappolitiska rådet, ein nótt greidd af erlendum aðilum	Finnland
Fundur í norrænni nefnd	Finnland
Fundur í norrænni nefnd um iðnmennt ásamt ráðstefnu um iðnmenntun	Finnland
Fundur í norrænum samráðshópi um vísindastefnumál	Finnland
Fundur í Sektornettverk för utdanningsfrågor	Finnland
Fundur norrænna matsstofnana	Finnland
Fundur og ráðstefna SVL	Finnland
Fundur um heimsminjamál – undirbúningur að áfangaskýrslu nr. 2 (periodie report)	Finnland
Fundur um leikskólamál	Finnland
Málstofa norræns tengslanets og stýrihóps um fullorðinsfræðslu	Finnland
Málþing í Hanaholmen 3/12 og EK-K fundur 5/12	Finnland
MR-U norrænn embættismannafundur	Finnland
MR-U norrænn fundur	Finnland
Noqa fundur v. samnorræns verkefnis um ytra mat ásamt athugun á ráðningu sérfræðinga	Finnland
NSS-fundur og sameiginlegur fundur með SVL	Finnland
NSS-SVL fundur, fargjald greitt af erlendum aðilum	Finnland
Ráðstefna, Excellence stem from people	Finnland
Ráðstefna norræna ráðherraráðsins	Finnland
Ráðstefna um líðan barna í skólum. Haldin á vegum NMR/NSS	Finnland
Sameiginlegur fundur ráðgjafahópa NSS, HÖGUT, SVL og NSR sem starfa á vegum NMR	Finnland
Sameiginlegur fundur ráðgjafahópa NSS, HÖGUT, SVL og NSR sem starfa á vegum NMR	Finnland
Semínar, líðan barna í skólum, á vegum NSS	Finnland
Stjórnarfundur í NIFIN	Finnland
Stjórnarfundur NWHF	Finnland
34. aðalráðstefna UNESCO	Frakkland
Ársfundur CD-PAT	Frakkland
CDMC-fundur hjá Evrópuráðinu	Frakkland
CSTP-fundur	Frakkland
Fulltrúi á aðalráðstefnu UNESCO menntamálanefnd	Frakkland
Fundir í CERI Governing Board OECD	Frakkland
Fundur CDMC-Bureau	Frakkland
Fundur CDMC-Bureau	Frakkland
Fundur Evrópuráðsins (CDMC)	Frakkland
Fundur í CDES sem er æskulýðsvettvangur Evrópuráðsins og samráðsfundur með fulltrúum æskulýðssamtaka	Frakkland
Fundur í CDMC-PSB hjá Evrópuráðinu	Frakkland
Fundur í æskulýðsvettvangi Evrópuráðsins, Strassborg CDES-Program committee of youth	Frakkland
Fundur menntamálanefndar OECD og sameiginlegur fundur með CERI	Frakkland
Fundur PEB Governing Board	Frakkland
Fundur um jafningjafræðslu og raunfærnismat	Frakkland
Fundur UNESCO vegna lyfjaeftirlits	Frakkland
Fundur vísindanefndar OECD og vinnufundur um hreyfanleika vísindamanna	Frakkland
Heimferð úr prívat ferð til Nice	Frakkland
PEB Governing Board	Frakkland
PEB Governing Board	Frakkland

Tilgangur ferðar	Land/borg
PLA fundur á vegum MST Cluster ET 2010	Frakkland
Ráðstefna v/Regional European Meeting on the World Programme for Human Rights Education	Frakkland
Fundur OECD um úttektir á háskólastarfi (Thematic Review of Tertiary Education)	Frakkland
Vinnubúðir um jafningjamat og árangursmat á vegum OECD	Frakkland
1. fundur í European Guidance Policy Network	Holland
Fundur í Focus Group on VET T8T	Holland
12. fundur tengiliða v/Education for Democratic citizenship	Írland
Fundur og ráðstefna á vegum IDEC, Evrópunefnd International Reading Ass. Erlendir aðilar greiða tvær nætur	Írland
Feneyjatvíæringurinn	Ítalía
Feneyjatvíæringurinn	Ítalía
Erindi flutt á ráðstefnu	Ítalía
Erindi flutt á ráðstefnu:	Ítalía
Ræða menningarmál á nokkrum fundum	Ítalía
Smáþjóðaleikar 2007 og Feneyjartvíæringurinn	Ítalía
Smáþjóðaleikar 2007 og Feneyjatvíæringurinn	Ítalía
Árlegur samráðsfundur stofnana norrænna ráðuneyta sem fara með æskulýðsmál með fulltrúum ráðuneyta Eystarsaltsríkja	Lettland
Baltic 21 Education sector meeting	Lettland
Opinber heimsókn með ráðherra og aðalráðstefna UNESCO	Liechtenstein
Opinber heimsókn og aðalráðstefna UNESCO	Liechtenstein
Smáþjóðaleikar 2007	Mónakó
59. þing Norðurlandaráðs	Noregur
59. þing Norðurlandaráðs	Noregur
Fundur í stjórn alþjóðlega menntaskólans í Førde	Noregur
59. þing Norðurlandaráðs	Noregur
59. þing Norðurlandaráðs	Noregur
Árleg ráðstefna norrænna námskrárdeilda	Noregur
FordForsk fundur um The ESFRI-roadmap and Nordic Infrastructure priorities í Osló og OECD fundur í París	Noregur
Fundur fjölmiðladeilda norrænu ráðuneytanna	Noregur
Fundur í Nordic infrastructure cooperation group	Noregur
Fundur í vinnunefnd EFTA um fjölmiðlamál	Noregur
Fundur norrænnar samstarfsnefndar um safnamál í Osló	Noregur
Fundur um heimsminjamál, stjórnarfundur NWHF og EK-K fundur	Noregur
Haustfundur Evrópumiðstöðvar fyrir þróun í sérkennslu, stjórnarfulltrúar	Noregur
NOQA-samstarfsfundur	Noregur
Norðurlandaráðsþing og MR-U fundur o.fl.	Noregur
Norræn ráðstefna um skólamál	Noregur
Norrænn fundur fjölmiðladeilda menningarráðuneyta um almannaþjónustufjölmiðla	Noregur
Norrænn fundur um málefni nýbúa – nemenda með annað móðurmál	Noregur
Norrænn fundur um námskrártengd mál. Árlegur fundur	Noregur
Pipeline, ráðstefna um menntun fanga	Noregur
Statistical workshop – creative industries	Noregur
Þátttaka í norrænni ráðstefnu um menningarlega fjölbreytni á Norðurlöndum	Noregur
Alþjóðleg ráðstefna um skólastjórnun	Nýja Sjáland
Bologna-fundur	Portúgal
Forsætisráðstefna um raunfærnismat og EQF European Qualifications Framework formlega ýtt úr vör	Portúgal
Fundur DG, Higher education + ráðstefna: Modernisation of higher education	Portúgal

Tilgangur ferðar	Land/borg
Fundur framkvæmdastjórnar ESB	Portúgal
Fundur framkvæmdastjórnar ESB	Portúgal
Fundur framkvæmdastjórnar ESB	Portúgal
Fundur framkvæmdastjórnar ESB sem fer með æskulýðsmál	Portúgal
ICT, stjórnarnefndarfundur í upplýsingatækniáætlun ESB og ráðstefna un nand-tækni	Portúgal
Ráðstefna um framtíðarvísindi og tækni í Evrópu og CREST-fundur	Portúgal
Tveir fundir, Council, óformlegir	Portúgal
Young voices – meeting diversity in education	Potúgal
Farskóli Físos - Félags íslenskra safna og safnamanna í Glasgow og Edinborg	Skotland
Farskóli safnamanna í Glasgow, skoðuð söfn, m.a. náttúruvísindasafn í Edinborg	Skotland
Kynnisferð starfsfólks menntamálaráðuneytis – 56.	Skotland
Kynnisferð starfsfólks menntamálaráðuneytis	Skotland
Evrópukeppni kvennalandsliða í knattspyrnu	Slóvenía
Með ráðherra á Evrópukeppni kvennalandsliða í knattspyrnu	Slóvenía
Með ráðherra á Evrópukeppni kvennalandsliða í knattspyrnu	Slóveníu
4. Naple ráðstefna: Digital Resource in Public libraries	Spánn
WADA – heimsráðstefna um lyfjaeftirlit	Spánn
Fundur í norrænu samstarfsverkefni um EQF, ein nótt greidd af erlendum aðilum	Svíþjóð
Aðalfundur NOQA	Svíþjóð
CAS-Nordic Forum: meeting for joint committee and sub committee chairs	Svíþjóð
Economic Returns of Medical Research	Svíþjóð
Fundur fjölmiðladeilda norrænu ráðuneytanna v/nýrrar ESB tilskipunar	Svíþjóð
Fundur í Nordiska handikappolitiska rådet	Svíþjóð
Fundur í norrænum verkefnishópum um EQF og fundir í Brussel um innleiðingu tilsk. 2009/36	Svíþjóð
Fundur í norrænu samstarfsverkefni um EQF, ein nótt greidd af erlendum aðilum	Svíþjóð
Fundur í OECD-verkefni: Digital Learning Resources, Nordic Countries	Svíþjóð
Norrænn fundur; The Commission consultation on ECVET	Svíþjóð
Norrænn fundur um gæði í kennslu ungra barna	Svíþjóð
Stjórnarfundur Sænsk-íslenska samstarfssjóðsins	Svíþjóð
Norræn tónlistarhátíð og fundur með tékkneska menningarmálaráðherranum	Tékkland
Norræn tónlistarhátíð og fundur með tékkneska menntamálaráðherranum	Tékkland
Norræn tónlistarhátíð og fundur með tékkneska menntamálaráðherranum	Tékkland
Fundir í CD ES PR, æskulýðsvettvangur Evrópuráðsins	Ungverjaland
Peer Learning Activity PLA in ICT Cluster verkefninu	Ungverjaland
Fundur INES á vegum OECD sem landsfulltrúi Íslands	Ungverjaland
Bókamessa í Frankfurt	Þýskaland
Bókamessa	Þýskaland
Ferð til Dortmund á heimsmeistaramót í handbolta karla	Þýskaland
Ferð til Dortmund á heimsmeistaramót í handbolta karla	Þýskaland
Fundur Bologna undirbúningsnefndar	Þýskaland
Fundur Bologna-undirbúningsnefndar	Þýskaland
Fundur í evrópskri nefnd	Þýskaland
Fundur í Evrópunefnd International Reading Association og Evrópuráðstefna um lestur	Þýskaland
Fundur í LLP-committee	Þýskaland
Fundur vinnuhóps A8 í Hannover og þátttaka í ASSW	Þýskaland
Kynnisferð starfsfólks menntamálaráðuneytis	Þýskaland
MST (EDU-2010) 18. apríl og Helsinki Group on Women in Science	Þýskaland
Ráðstefna um framkvæmd UNESCO-samnings um fjölbreytileg menningarleg tjáningarform	Þýskaland
Ráðstefna/fundur um fjölmiðla vegna formennsku Þýskalands í Evrópusambandinu	Þýskaland

Tilgangur ferðar	Land/borg
Fundur á vegum ESB innan SGIB-hópsins	Þýskaland
Bókamessa í Frankfurt	Þýskaland
Landbúnaðarháskóli Íslands	
NOVA stjórnarfundur	Svíþjóð
Erindi á semínari og verið við vörn Elsu Albertsdóttur	Svíþjóð
Heimsókn til Ohio State University. Undirritun samkomulags um samstarf	Bandaríkin
Undirbúningur fyrir stefnumótunarvinnu LbhÍ, Landgræðsluskólinn	Noregur
Þjóðminjasafn Íslands	
Undirbúningur samstarfs við MEM	New York
Undirbúningur afhendingar á íslenskum gripum	Stokkhólmur
Heimsókn Exedra-hóps til London	London
Árlegur fundar safnstjóra á Norðurlöndum	Álandseyjar
Samningur og skipulag ljósmyndasýningar MEM	New York
„Leadership Challenges in the 21st Century“	Vín, Austurríki
Fundur í Dublin	Dublin,
Farskóli FISOS, ferð með Minjum og Sögu, vinafélagi Þjóðminjasafnsins	Glasgow, Edinborg/Kaupmannahöfn
Þátttaka í „The Best of Heritage“ í Dubrovnik forstöðumenn tengdir ICOM, IOMOS, UNESCO o.fl.	Dubronovnik
Nordiska Museet (Connecting Collecting)	Stokkhólmur
Þjóðskjalasafn Íslands	
Fundur ICA-PCOM Verkefnastjórn ICA í París (ÓÁ formaður)	París
Fundur í Kaupmannahöfn vegna afritunarverkefna og í Genf, ICA Management Commission	Genf
Fundur í stjórnarnefnd ICA og opnun Russian Historical Archives í St. Pétursborg	Pétursborg
Fundur með umsjónarmanni rafrænnar skjalavörslu í Rigsarkivet í Kaupmannahöfn	Kaupmannahöfn, Þórshöfn, Brussel, Lichtenau
Fundir rekstrarstjórnar ICA og valnefndar um ráðningu nýs framkvæmdastjóra samtakanna	París
Fundir verkefnastjórnar ICA og fundir rekstrarstjórnar ICA. CITRA-hringborðsráðstefna þjóðskjalavarða og aðalfundur ICA	Québec
Fundur undirbúningsnefndar alheimsþings ICA í Kuala Lumpur í Malasíu	Kuala Lumpur
Flensborgarskólinn	
Vinnudagar starfsmanna beggja skóla	Odense
Húsafriðunarnefnd	
Fundur hjá Kulturarvstyrelsen	Danmörk
Monitoring Group Meeting á vegum Eystrasaltsríkja	Vilnius
Árlegur fundur menningarminjastjórnar Norðurlanda	Jyvaskyla
Fundur vegna ferlimála fatlaðra um menningarbyggingar	Osló
Fundur í verkefninu „Tilgjengelighet til kulturhistoriske miljøer“	Stokkhólmur
Ráðstefnan 3rd Baltic Sea Region Cultural Heritage Forum	Vilnius
Fundur stýrihóps varðandi menningarminjar í Eystrasaltsríkjunum	Brussel
Fundur stýrihóps varðandi menningarminjar í Eystrasaltsríkjunum	Brussel
Fjölbrautaskóli Breiðholts	
Skoðaðir framhaldsskólar	Amsterdam
Ráðstefna	Nýja Sjáland
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	
BETT, ráðstefna	London
Lánasjóður íslenskra námsmanna	
Framkvæmdastjórafundur lánasjóða námsmanna á Norðurlöndunum	Kaupmannahöfn

Tilgangur ferðar	Land/borg
Náttúruminjasafn Íslands	
Farskóli safnamanna, viðræður við stjórnendur, forstöðumenn safna og sýninga	Kaupmannahöfn
Farskóli safnamanna, heimsótt nokkur söfn og rætt við starfsmenn þeirra	Glasgow
Skoða rekstur náttúrum.safna, viðræður við stjórnendur, forstöðumenn safna og sýninga	Osló, Helsinki, Stokkhólmur
Rannís	
Stjórnarfundur í SafefoodERA	Kaupmannahöfn
Undirbúningur fyrir norræna áætlun um iðndoktora í boði NordForsk	Kaupmannahöfn
Stjórnarfundur í ESF og fundur í EuroHorcs-verkefninu	Búdapest
Fundur í starfshópi NordForsk um NoríaNet	Kaupmannahöfn
Stjórnarfundur í BSR Inno Net	Vilníus, Litháen
Stjórnarfundur í ECORD	Den Haag
Stjórnarfundur í IGFA	Osló
Excellence Stems from People	Turku
Stjórnarfundur í Inno BS-verkefninu	Helsinki,
Fundur í ERA netsverkefninu ECORD í Lissabon og SafefoodERA í Bilbao	Lissabon, Bilbao
Stjórnarfundur í ECORD Council	Madrid
Stjórnarfundur og aðalfundur í IGFA og fundur í NordHORC´s forystumenn norrænna rannsóknarráða	Vínarborg, Stokkhólmur,
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	
Vinnufundur um opið aðgengi að rannsóknarupplýsingum (Open Access)	Helsingør
IFLA-þing og CDNL-fundur. Alþjóðleg ráðstefna og fundur Conference of Directors of National Libraries	Durban
NORON-, CENL- og TEL-fundir. Fundir norrænna og evrópskra landsbókavarða og The European Library	Helsinki
Menntaskólinn við Hamrahlíð	
IB Head World Confernce	San Francisco
Háskólinn á Akureyri	
Fundur v/NRF	USA
Fundur v/NRF	Skotland
Námsmatsstofnun	
Fundur EU um rafræn próf v/undirbúnings rafrænna samræmdra prófa	Milanó
Aðalfundur IEA í Hong Kong	Hong Kong
Fundur yfirstjórnar PISA-verkefnisins	Edinborg
Fundur um rafræn próf	Kaupmannahöfn
Fundur vegna TALIS (rannsókna á kennurum á vegum OECD)	París
Fundur vegna TAO prófabanka EU vegna rafrænna samræmdra prófa	Mílanó
Að sitja ráðstefnu og námskeið um CAT rafræn próf	Minniapolis USA
PISA-PGB stjórnarfundur og fundur í Network A -OECD	Osló
Fornleifavernd ríkisins	
Fundur í stjórn Evrópusamtaka stjórnsýslustofnana fornleifamála	Finnland
Fundur þjóðminjavarða Evrópu	Frakkland
Ársfundur þjóðminjavarða Evrópu	Tékkland
Ársfundur þjóðminjavarða Norðurlanda	Finnland
Fundirnir eru fjórir hvert ár, 3. fundur sóttur	Írland
Fundur um staðlagerð v. fornleifauppgrafta	Sviss
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	
ICP, ráðstefna skólastjórnenda	Nýja Sjáland
Námsferðar um samfellu listmenntunar og almennrar menntunar	Finnland

Tilgangur ferðar	Land/borg
Menntaskólinn í Kópavogi	
Ráðstefna um mat á skólastarfi og gæðastarf í skólum	Bandaríkin
ICP, ráðstefna skólastjórnenda	Nýja Sjáland
Þjóðleikhúsið	
Leikhússtjórar á Norðurlöndum	Stokkholm
Leiklistahátíð, Pétur Gautur	London
The Magnetic North Theatre Festival	Kanada
Íslenski dansflokkurinn	
Sýningarferð, apríl	Shanghai, Guang-zhou, Bejing
Sýningarferð, október og nóvember	USA
Fundir v/norræns samstarf KEÐJA	Tallinn
Háskóli Íslands	
Undirritun samstarfssamning milli Háskóla Íslands og University of California og fundir með stjórnendum skólans	Santa Barbara
Ráðstefna	Lissabon,
Heimsókn rektora HÍ og KHÍ til Færeyja á vegum menntamálaráðuneytis	Færeyjar
Ráðstefna um um Bolognaferlið, sótt með menntamálaráðuneyti sem fulltrúi (formaður) samstarfsnefndar háskólastigsins	London
Verið við afhendingu Global Energy Internationall Prize verðlaunanna sem Þorsteinn Ingi Sigfússon prófessor veitti viðtöku	St. Pétursborg
Vegna samstarfssamnings	Bandaríkin
Þátttaka í NUS-ráðstefnu	Þrándheimur
Fundur NUS	Kaupmannahöfn
Kvikmyndamiðstöð Íslands	
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð sem og fundir í erlendu samstarfi	Rotterdam, Gautaborg
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð/markaði sem og fundir í erlendu samstarfi	Berlín
Fundur í stjórn norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins, sjóður greiðir flug og gistingu	Osló
Kynning á íslenskum kvikmyndum- á kvikmyndahátíð/markaði sem og fundir í erlendu samstarfi	Cannes,
Fundur í stjórn norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins, sjóður greiðir flug og gistingu	Osló
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð	Karlovy Vary,
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð	Telluride
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð	Toronto
Fundur í stjórn norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins, sjóður greiðir flug og gistingu	Osló
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð. Fundur Scandinavian Films	Pusan í Kóreu og Helsinki
Fjölbrautaskólinn á Laugum	
Upplýsinga- , tækni og námsgagnakynnig fyrir framhaldsskóla	London
BETT ráðstefna - Námsferð/heimsóknir í þrjá skóla með starfsmenn FL vegna þróunarverkefnis	Minneapolis/ Henderson
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	
Tölvusýning Bett	London
Samningur við Namibian Maritime and Fishers Institute	Namibía
Samstarf á sviði sjávarútvegs og veiðitækni	Færeyjar
Kynning á vetnisverkefni	Danmörk
Kvikmyndasafn Íslands	
Heimsráðstefna kvikmyndasafna, FIAF	Tokyo
Norðurlandaráðstefna kvikmyndasafna	Helsinki
Fundur forstöðumanna NL-kvikmyndasafna	Stokkhólmur

Ferðayfirlit 2008.

Tilgangur ferðar	Land/borg
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Aðalfundur ENQA (European association for quality assurance in higer education)	Austurríki
CDMC fundur	Austurríki
Stjórnarfundur í Ni på (nordeur iustitut á Álandi), opnun sýningar (ræða). Ung filmkunst í Norden	Álandseyjar
Ferð ráðuneytisstjóra	Bandaríkin
Náms- og kynnisferð til The New England Center for Children. Gisting greidd með fargjaldi.	Bandaríkin
Brussel vegna menningarsýningar	Belgía
EFTA-WG um menntun. Ráðstefna á vegum EFTA um menntamálasamstarf EFTA- og ESB-ríkja	Belgía
EFTA-WG um menntun.Ráðstefna á vegum EFTA um menntamálasamstarf EFTA- og ESB-ríkja	Belgía
EQF-ráðstefna	Belgía
ESB - FP7 - ICTC	Belgía
ESB - FP7 - ICTC fundir, Committee meeting + bilatered meeting	Belgía
ESB - FP7-Food	Belgía
ESB - FP7-ICT fundur og ICT NCP fundur	Belgía
ESB - FPICT PC fundur og NCP om researc infrastructure	Belgía
ESB - Fundur Cluster-ICT	Belgía
ESB - Fundur Cluster-ICT	Belgía
ESB - Fundur í focus group on VET TET	Belgía
ESB - Fundur, nationed expent on promshou of creativity and innovation through learnig	Belgía
ESB -Fundir vegna innleiðingar á tilskipun	Belgía
ESFRI-fundur, stjórnarnefndarfundur f. 7. rá ri	Belgía
First meeting of the advisory group, EQF	Belgía
Fundir í EFYA WG um viðurkenningu prófskírteina og samsvarandi fundir hjá ESB	Belgía
Fundir í nefnd og tengiliðahópi um viðurkenningu prófskírteina og vinnuhópi EFTA um sama málefni	Belgía
Fundir nefndar og tengiliðahóps um tilskipun um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina	Belgía
Fundur ESB samræmingarnefndar menntunar og þjálfunar 2010 r&t 2010	Belgía
Fundur framkvæmdastjórnar með þeim fulltrúum aðildarlandanna er fylgjast með framkvæmd menntaáætlana	Belgía
Fundur hjá EQF-advisory group	Belgía
Fundur hjá framkvæmdastjórn ESB v/innleiðingar sjónvarpstilskipunar og norrænn fundur á undan	Belgía
Fundur í ad hoc hópum rannsóknir (30.sept.) og fundur ad hoc hóps með EK-U. EK-NER (1.okt.)	Belgía
Fundur í budget-nefnd ESB	Belgía
Fundur í Cluster, teachers and trainers	Belgía
Fundur í Cluster, teachers and trainers, og sameiginlegur fundur með Cluster on key coupetences	Belgía
Fundur í coordinatora hópi og nefnd um viðurkenningar prófskírteina í Brussel og SVL fundur í Kaupmannahöfn	Belgía
Fundur í European RTD Evaluation Network	Belgía
Fundur í LLP	Belgía
Fundur í managemennt committe for culture. Stjórnarnefnd menningaráætlunar 2007	Belgía
Fundur í námsklasa um hæfnisviðmið	Belgía
Fundur í norrænni nefnd um Nordplus	Belgía
Fundur í stjórnarnefnd 7. rá í félags-hugvísindum (FHH) Umræða um starfsáætlun 2010 til 2013	Belgía
Fundur í stjórnarnefnd Erasmus mundus	Belgía
Fundur í stjórnarnefnd félags-, hag-, og hugvísinda í 7. rammaáætlun ESB 4. mars í Brussel	Belgía
Fundur í stjórnarnefnd menningaráætlunar ESB menning 2007	Belgía
Fundur í the working group on budgetary matters	Belgía
Fundur í vinnuhópi um tungumál	Belgía

Tilgangur ferðar	Land/borg
Fundur í youth action committee á vegum ESB	Belgía
Fundur landstengiliða	Belgía
Fundur LLP-nefndir ESB	Belgía
Fundur með öðrum Norðurlöndunum hjá EYIC 2009 hópnum	Belgía
Fundur samhæfingaraðila um framkvæmd tilskipunar 2009/36 um viðurkenningu prófskírteina	Belgía
Fundur sérfræðihóps um skattaívilanir í rannsóknum með sérfræðingum í RTÞ-horfum	Belgía
Fundur stjórna Erasmus mundus	Belgía
Fundur um European Label	Belgía
Fundur um innleiðingu sjónvarpstilskipunar ESB	Belgía
Fundur um kvikmyndamálefni – Cinema Expert Group	Belgía
Fundur um sjónvarpstilskipun hjá framkvæmdastjórn ESB- og EFTA-fundur	Belgía
Fundur vinnuhóps um fullorðinsfræðslu	Belgía
Fundur starfshóps um hugverkarétt	Belgía
MHEI fundur (klasi)	Belgía
MST-EDI 2010 - Stjórnarfundur, Brussel	Belgía
Norrænn fundur v/undirbúnings fyrir 48th session of the international conference on education	Belgía
Opnun á íslensku menningarhátíðinni í Bozar 26. febrúar og bókmenntakvöld	Belgía
Opnun menningarhátíðar í Brussel og fundur vinnunefndar EK-K í Kaupmannahöfn	Belgía
Opnun menningarhátíðar í Brussel	Belgía
Opnun menningarhátíðar í Brussel	Belgía
RESFRI 25. fundur	Belgía
Ræðumaður á semínari EFTA	Belgía
Steering Committee for Education - CoE.	Belgía
Stjórnarfundur í 7rá-innviðir	Belgía
Stjórnarnefnd 7. rá í félags-, hag- og hugvísindum (FHH), umræða um starfsáætlun 2010 og um vervísi til 2013	Belgía
Tengslanefnd framkvæmdastjórnar ESB	Belgía
Námstefna	Belgía
Bologna follow-up group extraordinary meeting	Bosnía, Herzegovina
Ad hoc hópur um rannsóknir hjá NRN	Danmörk
Afhendingarfundur vegna sænsk-íslenskrar formennsku í norrænu samstarfi	Danmörk
Árlegur fundur farmanna og ritara norrænu UNESCO-nefndarinnar	Danmörk
EK-U 1/08	Danmörk
EK-U fundur í embættismannanefnd um menntun og vísindi og fundur með undirnefnd BKU-U	Danmörk
EK-U fundur í embættismannanefnd um menntun og vísindi og fundur með undirnefnd EK-U	Danmörk
Fargjald greitt af erlendum aðilum	Danmörk
Fundur EK-4 2.08	Danmörk
Fundur EK-4 2.08	Danmörk
Fundur EK-U	Danmörk
Fundur í danska menntamálaráðuneytinu vegna launakostnaðar forstöðumanna	Danmörk
Fundur í HÖGUT-fundur í ad hoc hópi um rannsóknir	Danmörk
Fundur í HÖGUT m.a. vegna undirbúnings formennsku Íslands 2009	Danmörk
Fundur í Nordisk indikator samarbejdsgruppe	Danmörk
Fundur í Nordisk policy gruppe for den nordlige dimensjonens partnerskab for kultur og EK-K	Danmörk
Fundur í Nordiska handikappolitiska rådet	Danmörk
Fundur í Nordplus voksen. Mat á umsóknum	Danmörk
Fundur í Nordplus voksen. Mat á umsóknum	Danmörk
Fundur í norrænni nefnd, NSS, um skólamál	Danmörk

Tilgangur ferðar	Land/borg
Fundur í norrænum vinnuhópi um skapandi iðngreinar virea Nord	Danmörk
Fundur í policygruppu f. nordic divention	Danmörk
Fundur í stýrihópi um nám fullorðinna (SVL)	Danmörk
Fundur í tengslum við Evrópuverkefni um lýðræði og mannréttindi. Norrænn fundur/ráðstefna	Danmörk
Fundur í vinnuhópi norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltslandanna í rannsóknum	Danmörk
Fundur Nordbuk	Danmörk
Fundur, norræna ráðherranefndin um skapandi iðngreinar. Far greitt af erlendum aðilum	Danmörk
Fundur norrænna námskrárdeilda um námskrármál	Danmörk
Fundur norrænu barna- og ungmennanefndarinnar, Nordbuk	Danmörk
Fundur um eftirfylgni við UNESCO-samning um menningarerfðir	Danmörk
Fundur UNESCO-landsnefnda á Norðurlöndum	Danmörk
Fundur v/formennskuáætlunar 2009 hjá norrræna ráðherraráðinu	Danmörk
HÖGUT-fundur á vegum norrænu ráðherranefndarinnar	Danmörk
NOQA-fundur vegna samstarfsverkefnis um mat á NQF	Danmörk
Nordbuk-fundur	Danmörk
Norræn námsstefna um námskrármál	Danmörk
Norræn ráðstefna um menningarerfðir, erlendir aðilar greiða fargjald og gistingu	Danmörk
Norrænn samráðsfundur v. erlendra nemenda	Danmörk
Ráðstefna kulturforum. Fundur í vinnunefnd um hnattvæðingu	Danmörk
Sameiginlegur fundur EK-U og EK-N	Danmörk
Sameiginlegur fundur EK-U og EK-N í Kaupmannahöfn	Danmörk
Skoðun leikhússins í Kaupmannahöfn og ráðherrafundur í Uppsölum	Danmörk
Tillfallig arbetsgrupp for forskningsfragor	Danmörk
Undirbúningsfundur með skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar um formennsku Íslands og fundur EK-K	Danmörk
Vorfundur Evrópumiðstöðva í sérkennslu í Danmörk	Danmörk
BETT, sýning um skólamál og upplýsingasamfélagið	England
Erlendir aðilar greiddu fargjald og hluta uppihalds	England
Vinnufundur í starfshópi Evrópumiðstöðvar í sérkennslumálum og BETT-sýning	England
Bologna-samningar á vegum finnska menntamálaráðuneytisins	Finnland
ESB - Fundur í norrænu LdV-verkefni um EQF	Finnland
ESB - Fundur í norrænu LdV-verkefni um EQF	Finnland
Fundur embættismannanefndar um menningarmál EK-K	Finnland
Fundur fjölmiðlaeftirlitsstofnana á Norðurlöndum	Finnland
Fundur í EK-K	Finnland
Fundur í norrænu LdV verkefni um EQF	Finnland
Norðurlandaráðsþing	Finnland
Norðurlandaráðsþing	Finnland
Norðurlandaráðsþing	Finnland
Norðurlandaráðsþing	Finnland
Norðurlandaráðsþing	Finnland
Norrænn embættismannafundur	Finnland
Undirbúningsfundur v/ 48th session of the International Conference on Education, Inclusive Education	Finnland
Úthlutun úr finnska meningarsjóðnum	Finnland
Málþing um fjöltyngi í Sorbonne, leikur Íslands og Frakklands í La Roche-sur-Yon og afhending Erró til UNESCO	Frakkalnd
Ársfundur í stjórnarnefnd menningararfsnefndar Evrópuráðsins CDPATER	Frakkland
CDMC-fundur stýrinefndar Evrópuráðsins um fjölmiðla og nýja miðla	Frakkland

Tilgangur ferðar	Land/borg
Crest fundur í Aix-en-Provence	Frakkland
Fundir Monitoring group og CAHMA vegna lyfjaeftirlitsmála	Frakkland
Fundur Evrópuráðsins (Bureau)	Frakkland
Fundur Evrópuráðsins í París	Frakkland
Fundur framkvæmdanefndar Evrópusambandsins um málefni ungs fólks m.a. ungmennáætlunar	Frakkland
Fundur í CERI/OECD	Frakkland
Fundur í Evrópuneti um náms- og starfsráðgjöf og ráðstefna Lifelong guidance í boði Frakka	Frakkland
Fundur í framkvæmdastjórn (bureau) CDPATEP	Frakkland
Fundur í PEB govering board	Frakkland
Fundur íþróttanefndar Evrópuráðsins (EPas)	Frakkland
Fundur um nýja miðla, undirbúningur f. Reykjavíkurfund 2009. Fundur m. protocol-skrifstofu o.fl.	Frakkland
Fundur-DIR.GEN of higher edication	Frakkland
Málþing um fjöltyngi í Sorbonne og afhending Erró til Unesco	Frakkland
Málþing um fjöltyngi í Sorbonne, leikur Íslands og Frakklands í La Roche-sur-Yon og afhending Erró til UNESCO	Frakkland
MIDEM - The world's music market	Frakkland
MIDEM - The world's music market	Frakkland
MIDEM - The world's music market	Frakkland
OECD Education Policy Committee	Frakkland
Ráðstefna OECD um 40 ára afmæli CERI	Frakkland
Ráðstefna OECD um bætta kennslu og mat fullorðinna	Frakkland
Fundur SFRI á vegum OECD	Frakkland
Fundur OECD INES Working party um tölfræði í menntamálum	Frakkland
Tungumáladagurinn, 26. sept., ráðstefna í boði Frakka v/formennsku þeirra í ESB	Frakkland
Fundur norrænna heimsminjastaða og stjórnarfundur NWHF, fargjald og hluti af gistingu greitt af erlendum aðilum	Grænland
UNESCO 15. fundur evrópskra UNESCO-nefndar samráðsfundur um 34 c/5	Holland
Unesco-samráðsfundur 2008 um 35c/5 og 156. svæðafundur Evrópunefnda	Holland
ESB-fundur í Focus group on VET teacher and trainers	Ítalía
Fundur vegna MELT-verkefnis	Ítalía
Upphafsfundur Evróps samstarfsverkefnis um rannsóknir á menningararfi NET-geritage project	Ítalía
OECD fundur	Japan
Ársfundur heimsminjanefndar UNESCO	Kanada
Fundir með stjórn Bauff, ræðismanni Alaska og Manitoba og v/ Stephan Benediktsson Fund	Kanada
Fundur í vinnuhópi ELGPN á vegum Evrópusambandsins, seinni vinnuhópur	Kína
Ólympíuleikar	Kína
Ólympíuleikar	Kína
Úrslitaleikur íslenska landsliðsins í handbolta	Kína
Úrslitaleikur íslenska landsliðsins í handbolta	Kína
Ráðherrafundur landa með lítið háskólakefi	Kýpur
Fundur/ráðstefna á vegum Evrópunefndar Int. Reading Ass. og stofnfundur Evrópusamtaka um lestur	Lettland
5. Naple (national authorities on public libraries in Europe) ráðstefna	Litháen
Árlegur fundur fulltrúa norrænna ráðuneyta er fara með æskulýðsmál	Lúxemborg
Opinber heimsókn með forseta Íslands	Mexíkó
Opinber heimsókn með forseta Íslands	Mexíkó
Aðalfundur NOQA 2008	Noregur
Ferð á EM2008, leiki Íslands við Slóveníu og Frakkland	Noregur
Fundur í menningarmálanefnd Nordiska handikappolitiska rådet	Noregur
Fundur í norrænni nefnd NSS	Noregur

Tilgangur ferðar	Land/borg
Fundur í stjórn skóla Rauða krossins. Erlendir aðilar greiða fargjald og gistingu	Noregur
Fundur menntamálaráðherra Evrópu	Noregur
Fundur v/innleiðingar tilskipunar til menningarráðuneytis og Medietilsynet í Noregi	Noregur
Lodufundur í norrænu EQF-verkefni með styrk LDV-áætlunar ESB	Noregur
OECD fundur um vísindamál	Noregur
Opnun óperuhúss í Björvika og leikhús í Kaupmannahöfn skoðað	Noregur
Opnun óperuhúss í Björvika, leikhús í Kaupmannahöfn skoðað og ráðherrafundur í Uppsala	Noregur
PLA í MST-cluster	Noregur
Stjórnarfundur NWHF	Noregur
Stjórnarfundur NWHF, EK-K fundur, Nordisk Policy group, íslensk formennska, undirbúningur	Noregur
Stýripinnar v. gæðaúttektar Noqa á Joint Nordic Masters Program	Noregur
Úthlutunarfundur í Norska menningarsjóðnum	Noregur
Ráðstefna OECD um mat á háskólum. Ísland var eitt af þeim löndum sem tekið var út	Portúgal
ESB-fundur um viðmið um lokapróf (NWF)	Pólland
Fundur á vegum alþjóðlegu lestrarsamtakanna International Reading Association	Rúmenía
Informal meeting of Crest and Council's joint WP on Research / Atomic Questions	Slóvanía
Fundur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um málefni ungs fólks, ungmennaáætlunina EUF	Slóvenía
Fundur í evrópskri nefnd, Director General for Vocational Education and Training,	Slóvenía
eGovernment ráðstefna í samvinnu við ESB	Slóvenía
Fundur SGIB-hópsins á vegum evrópsku ráðherranefndarinnar sem fulltrúi Íslands. Tölfræði menntunar	Slóvenía
Era-net fundur	Spánn
Farið á leik Evrópukeppninnar 2008 í fótbolta	Sviaa
Aukafundur í EK-U	Svíþjóð
Fundir í norrænum stýrihópi um EQF-verkefni og tecnical working group EC VET	Svíþjóð
Fundur EK-K (norræna embættismannanefndin í menningarmálum)	Svíþjóð
Fundur EK-U/4 í Stokkhólmi	Svíþjóð
Fundur í nefndinni sektor nettverk for utdanning	Svíþjóð
Fundur í Nordiska handikappolitiska rådet	Svíþjóð
Fundur í norrænni nefnd NSS og sameiginlegur fundur ráðgjafarnefnda	Svíþjóð
Fundur í noræna vinnuhópnum um skapanndi atvinnugreinar og málþing með starfshópi	Svíþjóð
Fundur í policy group f. cultural parthership in nordic dimension	Svíþjóð
Fundur í Programme Committee for the Nordplus Programme	Svíþjóð
Fundur í stefnumótunarnefnd um menningarsamstarf norrænu víddarinnar	Svíþjóð
Fundur í vinnunefnd NMR um menningu og hnattvæðingu og fundur norrænna embættismanna um menningarmál	Svíþjóð
Fundur í yrkesutbildning gruppen. Ráðstefna í Lundi	Svíþjóð
Fundur í Yrkesutbildningsgruppen	Svíþjóð
Fundur í yrkesutbildningsgruppen. Fritjof Karlsson	Svíþjóð
Fundur meningarmálaráðherra MR-K 1/2008	Svíþjóð
Fundur Nordbuk vorfundur	Svíþjóð
Fundur norrænu UNESIO-nefndarinnar	Svíþjóð
Fundur SVL	Svíþjóð
HÖGUT-fundur og formannskuráðstefna Svía	Svíþjóð
Högut fundur og formennskuráðstefna Svía	Svíþjóð
MR-K 1/2008 menningarmálaráðherrafundur með ráðherra	Svíþjóð
Nordplus sub-committee fundur	Svíþjóð
Norrænn fundur til að undirbúa heimsminjafund UNESCO í júlí 2008	Svíþjóð
Norrænn fundur um leikskólamál á vegum NSS	Svíþjóð

Tilgangur ferðar	Land/borg
Norrænn fundur um leikskólamál	Svíþjóð
Norrænn fundur um leikskólamál	Svíþjóð
Norrænn fundur UNESCO-nefnda á Sarö	Svíþjóð
Ráðherrafundur MR-U	Svíþjóð
Ráðstefna IVA um samanburð á vísinda- og nýsköpunarstefnu á Norðurlöndum	Svíþjóð
Ráðstefna um fæði í fullorðinsfræðslu í Nynåshamn og fundur í stýrihópi um fullorðinsfræðslu	Svíþjóð
Fundur samstarfsnefndar um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis	Svíþjóð
Fundur um samnorrænar áherslur innan skólakerfisins til að vekja athygli á loftlagsmálum	Svíþjóð
Lokuð málstofa í Istanbul um tungumálakennslu og stefnumótun í tungumálakennslu í Evrópu	Tyrkland
13. fundur tengiliða v/education for democratie citisenship (coe)	Ungverjaland
Fundur hjá æskulýðsvettvangi Evrópuráðsins	Ungverjaland
Fundur hjá æskulýðsvettvangi Evrópuráðsins, RDES Program Commettee on youth	Ungverjaland
Bókamessa	Þýskaland
Bókamessan í Frankfurt	Þýskaland
Fundur	Þýskaland
Opnun bókamessunar	Þýskaland
UNESCO-verkefni um víkingaminjar	Þýskaland
UNESCO-verkefni um víkingaminjar	Þýskaland
Landbúnaðarháskóli Íslands	
Moving from Science of Agr. to science of Life	Missouri USA
Fundur um samstarf SLU og LbhÍ	Svíþjóð
Stjórnarfundur NOVA	Danmörk
Þjóðminjasafn Íslands	
(Menntamálaráðuneyti greiðir fargjöld, Þjóðminjasafn greiðir dagpeninga)	Brussel
(Alþingi greiðir flug og gistingu 1 nótt)	Kaupmannahöfn
(Eing. dagpeningar í tvo daga)	New York
Opnun ljósmyndasýningar í Nord. Mus í Stokkhólmi	Stokkhólmur
Leiðsögn á ferð vinafélagsins í Glasgow	Glasgow
Þjóðskjalasafn Íslands	
Heimsþing og stjórnarfundir Alþjóða skjalaráðsins í Kuala Lumpur	Kuala Lumpur
Semínar í grisjun, Nordisk arkivakademi, Kaupmannahöfn. Stjórnar- og nefndafundir ICA í Malmö. Fundur um samstarfsverkefni í rafrænni skjalavörslu í Kaupmannahöfn	Kaupmannahöfn, Malmö
Expertseminar um skjalasafnsbyggingar, haldið í Kaupmannahöfn	Kaupmannahöfn
Fundru ICA-PCOM Verkefnastjórn ICA í París, fundur í Statens arkiver um afritun skjala einokunarverslunarinnar og um framtíð rafænnar skjalavörslu í Kaupmannahöfn	París, Kaupmannahöfn
Sækja þing kanadískra skjalavarða í Fredrickton	Kanada
Fundur þjóðskjalavarða Norðurlanda 2008	Þrándheimur
Stjórnarfundur ICA-CITRA	París
Húsafriðunarnefnd	
Fundur stýrihóps varðandi menningarminjar í Eystrasaltsríkjunum	Kraká
Fundur stýrihóps varðandi menningarminjar í Eystrasaltsríkjunum	Stafangur
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	
Ferð skólameistara – skoðaðir framhaldsskólar	Frakkland
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	
BETT, ráðstefna	London
Námskeið SMÍ	Strassborg
Lánasjóður íslenskra námsmanna	
Framkvæmdastjórafundur lánasjóða námsmanna á Norðurlöndunum	Tromsö, Noregi
Samnorrræntþing lánasjóða námsmanna á Norðurlöndunum	Færeyjar

Tilgangur ferðar	Land/borg
Menntaskólinn að Laugarvatni	
Skólmeistarar kynntu sér franska og þýska menntakerfið	Frakkland og Þýskaland
Skólameistari fór með hóp starfsmanna skólans í náms- og kynnisferð til norðurríkja BNA og til Kanada	Kanada og BNA
Ráðstefna evrópskra skólastjórnenda haldin í Kaupmannahöfn	Danmök
Náttúruminjasafn Íslands	
Viðræður við stjórnendur, forstöðumenn safna og sýninga	Helsinki
Ráðstefna sótt, könnuð jarðfræði Ósló, eldvirkni á kol og perm	Ósló
Viðræður við stjórnendur, forstöðumenn safna og sýninga	London
Rannís	
Stjórnarfundur í Inno BSR í Stokkhólmi og ráðstefna um klasa; Innovation Cluster Conference, í tengslum við InnoBSR	Stokkhólmur
OECD ráðstefna; Open Innovation in Global Networks	Kaupmannahöfn
Ráðstefna NordForsk um öndvegisáætlanir	Kaupmannahöfn
Stjórnarfundur í TAFTIE	Brussel
Fundur um bencmarking í vísindum og tækni í Ósló og fundur um Norðurlandasamstarf í Kaupmannahöfn	Ósló og Kaupmannahöfn
Eurohorcs og ESF	Austurríki
Undirbúningur fyrir Topforskningsverkefnið	Svíþjóð
NordHorcs; fundur með forstöðumönnum norrænu rannsóknaráðanna,	Kaupmannahöfn
ESB um nýsköpun	París
Stjórnarfundur í TFI Topforskningsintiativet	Ósló
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	
Stöðufundur í European Digital Library	Frankfurt
Primo, Summa og NORON fundur	Kaupmannahöfn, Helsinki
IFLA þing og CDNL Alþjóðleg ráðstefna og fundur Conference of Directors of National Libraries	Quebec
CENL og TEL fundir - Fundir evrópskra landsbókavarða og The European Library	Zagreb
Menntaskólinn á Ísafirði	
Skólasýning, London	London
Skólameistaraferð	Frakkland
Menntaskólinn við Hamrahlíð	
Tónleikaferð Hamrahlíðarkórsins, fararstjórn	Frakkland
Háskólinn á Akureyri	
Fundur m/rektorum háskóla norðurslóða	Finnland
Heimsókn í háskóla	Finnland
Námsmatsstofnun	
Fundur vegna undirbúnings ETK-prófa	Luxemborg
Að sitja samnorrænan PISA-fund	Stokkhólmur
PISA-fundur í Warsjá	Warsjá
TALIS-fund í Paris	París
PISA fundur í París - Strategic development group PISA	París
Aðalfundur IEA í Berlín	Berlín
PISA Governingboard fundur í Den Haag Hollandi	Den Haag
Stjórnarfundur TALIS í París	París
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskjum fræðum	
Vinnufundur með fræðimönnum við Uppsalaháskóla. Gisting greidd af Uppsalaháskóla.	Svíþjóð

Tilgangur ferðar	Land/borg
Fornleifavernd ríkisins	
Ársfundur EAC og ráðstefna samtakanna	Rúmenía
Ársfundur þjóðminjavarða Evrópu	Danmörk
Ársfundur þjóðminjavarða Norðurlanda	Danmörk
Stjórnarfundur EAC	Ungverjaland
Fundur heimsminjanefndar í Portúgal. Evrópuverkefni á Ítalíu. Stjórnarfundur hjá EAC í Þýskalandi	Portúgal, Ítalía og Þýskaland
Fundur um staðlagerð v. fornleifauppgrafta og stjórnarfundur EAC	Tékkland
Fundur um staðlagerð v. fornleifauppgrafta	Frakkland
Fyrirlestur um járnrannsóknir hjá háskólaum í Osló, fundur með Oldsaksamlingen i Osló v. fornleifa frá víkingaöld	Noregur
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	
Ferð skólameistara (SMÍ)	Strassburg, París
Ráðstefna ESHA (European School head association)	Kaupmannahöfn
Framhaldsskóli Húsavíkur	
Kynnisferðar með Skólameistarafélagi Íslands	Frakkland
Menntaskólinn í Kópavogi	
Ferð skólameistarafélags Íslands	Þýskaland/ Frakkland
Menntaskólinn á Egilstöðum	
Skólameistaraferð	París, Strassborg
Þjóðleikhúsið	
Leiklistarhátíð	Finnland
Leikferð, Pétur Gautur	Brussel
Íslenski dansflokkurinn	
Sýningarferð, apríl	Brussel
Sýningarferð, maí	Bergen
Fundur v/Trans Dans Europe, júní	Prag
Fundur með Wim Vandekeybus, juní	Gautaborg
Heimsókn á sýningu, september	Kaupmannahöfn
Sýningarferð, nóvember	Caen
Fundur hjá RepNet, desember	Malmö
Háskóli Íslands	
Fundur NUS	Danmörk
Vegna Delhi Sustainable Development summit	Nýja-Delhi
EUA-ráðstefna og General Assembly	Barcelona
80 ára afmæli háskólans í Árósum	Árósar
Equality Challenge Unit Biennial Conference	Bretland
Heimsóknir til kínverskra háskóla	Peking
Kvikmyndamiðstöð Íslands	
Stýrihópur Nordisk Panorama	Malmö
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð sem og fundir í erlendu samstarfi	Gautaborg,
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð/markaði sem og fundir í erlendu samstarfi	Berlín
Fundur í stjórn Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins, sjóður greiðir flug og gistingu	Osló
Opnun á sögusýningu um íslenska kvikmyndagerð	Berlín
Fundir með fulltrúum kvikmyndahátíðarinnar í Cannes og Bozar	París og Brussel
Fundir með ýmsum amerískum hátíðum og tengiliðum, t.d. Telluride, Sundance, Cinequest og Scandinavian House, kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð	Boston og Toronto
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð/markaði sem og fundir í erlendu samstarfi	Cannes,

Tilgangur ferðar	Land/borg
Fundur í stjórn Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins, sjóður greiðir flug og gistingu	Osló
CNC, franska kvikmyndastofnunin	París
Fundur í stjórn Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins, sjóður greiðir flug og gistingu	Danmörk
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð.	Toronto
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð/markaði sem og fundir í erlendu samstarfi	Malmö
Ameríski kvikmyndamarkaðurinn	Los Angeles
Stjórn Scandinavian Films og Norræna sjóðsins	Osló
Fjölbrautaskólinn á Laugum	
Heimsókn mrn. og SMÍ í danska menntamálaráðuneytið og framhaldsskóla	Kaupmannahöfn
Námsferð Skólameistarafélags Íslands í danska og þýska framhaldsskóla	París
Ráðstefna um skólamál á vegum samtaka stjórnenda í framhaldsskóla Í Evrópu.	Kaupmannahöfn
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	
Tölvusýning Bett	London
Fundur með dönskum skólameisturum og fulltrúum MNR	Kaupmannahöfn
Skólameistaraferð	Strassborg -París
Fundur Fiskeriskolen í Thyborøn	Danmörk
Þátttaka í norrænu verkefni um fullorðinsfræðslu	Vilinius
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	
Fundur á KC um málþroskarannsóknir og táknmálstúlkaþjónustu	Danmörk
Þáttaka í norrænu ráðstefnu um daufblindu	Helsinki
Kvikmyndasafn Íslands	
Heimsráðstefna kvikmyndasafna, FIAF	París
Norðurlandaráðstefna kvikmyndasafna	Kaupmannahöfn
Fjölbrautaskóli Suðurlands	
Vinna gegn fordómum, kynnast menningu annarra landa, nemendaferð	Grikkland

Ferðayfirlit 2009.

Tilgangur ferðar	Land/ borg
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Fundur EPAS (Enloget portial aggreement on sport)	Azerbaidjan
Fargjald greitt af erlendum aðilum	Álandseyjar
Stjórnarfundur NiPá (Nordisk institut á Álandseyjum)	Álandseyjar
50 ára afmæli norræna fjölmiðlasamstarfsins	Belgía
50 ára afmæli norræna fjölmiðlasamstarfsins	Belgía
ADV. Gorup	Belgía
Ár nýsköpunar í Evrópu	Belgía
Árlegur fundur Eurydice skrifstofa	Belgía
Bolognafundur	Belgía
Conference of the European Ministers responsible for Higher Education - Bologna	Belgía
Conference of the European Ministers resporisible for Higer Education - Bologna	Belgía
EFTA og ESB fundir um viðurkenningu prófskírteina	Belgía
Esfri- European strategy forum on research infrastructures - fundur	Belgía
Fundir í EFTA vinnuhópi og nefnd ESB. 2005/36 um viðurkenningu prófskírteina	Belgía
Fundur í cluster of teachers and trainers	Belgía
Fundur í ráðgjafanefnd um starfsmenntun ESB	Belgía
Fundur í skipulagsnefnd Evrópu árs nýsköpunar (EYIC 2009)	Belgía
Fundur í stjórnarnefnd félags hugvísinda og ráðstefna um framtíð ERA-neta	Belgía
Fundur í stjórnarnefnd LLP-Committee	Belgía

Tilgangur ferðar	Land/ borg
Fundur í the working group on budgetary matters	Belgía
Fundur í working group on budgetary matters	Belgía
Fundur landsfulltrúa menntaáætlunar ESB	Belgía
Fundur m. framkvæmdastj. ESB um rekstur skrifstofu ælkulýðsáætlunar ESB	Belgía
Fundur samræmingarnefndar menntunar og þjálfunar 2010 vegna skýrslugerðar	Belgía
Fundur samræmingarnefndar. Menntun og þjálfun 2010 ETCG	Belgía
Fundur um tengingu NQF við EQF aðferðir og samráð	Belgía
Fundur vinnuhóps EFTA um mennta- og æskulýðsmál (EFTA-WG on Ed., Tr. and Youth)	Belgía
Kom heim degi fyrr, en þurfti að greiða hótel í þrjár nætur	Belgía
Stjórnarfundur 7. RÁ rannsóknainnviðir	Belgía
Stjórnarnefndarfundur (PC) í 7RÁ - RI	Belgía
The 4 th. meeting of the Expert group on EU data needs in the field of teachers professional development	Belgía
Undirbúningur vegna könnunar á læsi	Belgía
Fundur með framkvæmadstjórn ESB vegna innleiðingar sjónvarpstilskipunar	Belgía
EK-U fundur í Kaupmannahöfn, fundur í Topforskningsinsinstitutet í Stokkhólmi og fundur í norska rannsóknaráðinu um rannsóknaáætlun í e-vísindum í Osló	Danmörk
Fundur á vegum Högut með ENIC/NARK nefndum + fundur með fulltrúum í Högut um næstu formennskuáætlun	Danmörk
Fundur í ad hoc hópi um rannsókir	Danmörk
Fundur í ad hoc hópi um rannsóknir, formaður	Danmörk
Fundur í ad hoc hópi um rannsóknamál á vegum NMR, formaður og fundarstjórn	Danmörk
Fundur í HØGUT	Danmörk
Fundur í stjórn Top forskning industriret fyrir norrænu ráðherranefndina sem obsavatör fyrir EK-U	Danmörk
Fundur með skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar vegna fjárhagsáætlunar HÖGUT og vegna vinnuáætlunar ad hoc hóps um áætlanir	Danmörk
Fundur með skrifstofum norrænu ráðherranefndarinnar vegna skipulags verkefnis um endurskipulagningu norræna vísinda- og nýsköpunarsvæðisins	Danmörk
Fundur til að undirbúa HÖGUT-fund 13. nóvember	Danmörk
Fundur til að undirbúa HÖGUT-fund í september	Danmörk
Fyrsti fundur fagstjórna í toppforskningsinitiativet (Osló). Fundur í Kaupmannahöfn með skrifstofu norrænu ráðherranefndar vegna HÖGUT. Ad hoc rannsóknafundur í ágúst	Danmörk
Vinnufundur um norræna rannsóknasvæðið og endurskipulagningu þess	Danmörk
Fundur í hnattvæðingarnefnd norrænu ráðherranefndarinnar í mennigarmálum. Ísland leiðir starfið. Fundur með skrifstofu NMR	Danmörk
Árlegur fundur ritara og formanna Norrænu UNESCO-nefndanna	Danmörk
EK-K, fundur norrænna embættismanna í menningarmálum	Danmörk
Embedsmandskommiteen for uddannelse og forskning. EK norræna ráðherraráðið	Danmörk
Fundir embættismannanefnda norrænna ráðherranefnda og BK-U	Danmörk
Fundir embættismannanefnda norrænna ráðherranefnda og EK-U 27. og 28. maí 2009	Danmörk
Fundur EK-U 3/09	Danmörk
Fundur í EK-K	Danmörk
Fundur í embættismannanefnd EK-U og Froika-nefnd um langtímaáætlun fyrir störf M2-4 2011-2013	Danmörk
Fundur í embættismannanefnd um menntun og rannsóknir hjá norrænu ráðherranefndinni	Danmörk
Fundur í KreaNords-vinnuhópnum og ráðstefna	Danmörk
Fundur í nefnd á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um námsstyrki á Norðurlöndum (studiestödsgrupp)	Danmörk
Fundur í Nordplus voksen, formennska, nefnd um úthlutanir til fullorðinsfræðslu og umræður	Danmörk

Tilgangur ferðar	Land/ borg
Fundur í skipulagshóp vegna ráðstefnu um nýsköpun og skapandi vinnu í höndum ungs fólks	Danmörk
Fundur í stjórnarnefnd víkingarverkefnis og EK-K 4/09	Danmörk
Fundur í vinnuhópi um skapandi atvinnugreimar Kreanord Kaupmannahöfn	Danmörk
Fundur í vinnunefnd á vegum MR-K um menningarsamstarfið og fundur vinnuhóps með formönnum nefnda	Danmörk
Fundur með skipulagshóp ráðstefnu í dos á vegum norrænu ráðherraáætlunarinnar og EYIC 2009	Danmörk
Fundur með skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar vegna skipulags verkefnis um endurskipulangingu norræna vísinda- og nýsköpunarsvæðisins	Danmörk
Fundur með starfsmönnum norrænna ráðuneyta um málefni fatlaðra	Danmörk
Fundur sérfræðinga frá öllum Norðurlöndunum til að ákveða hvernig skuli ráðstafa safni listaverka frá Listamiðstöðinni í Sveaborg, Finnlandi	Danmörk
Fyrsti fundur norrænu embættismannanefndarinnar um mennigarmál (EK-K) undir forsæti Íslands	Danmörk
Nordbuk-fundur	Danmörk
Norrænn embættismannafundur um íþróttamál	Danmörk
Seinni fundur Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar 2009	Danmörk
Fundur í Den nordiske indikatornetværk indikatorarbejdsgruppen	Danmörk
Undirbúningsfundur fyrir fund í embættismannanefnd um mennta- og vísindamál	Danmörk
Undirritun samninga við Eystrasaltsríkin þrjú um þátttöku þeirra í starfsemi norrænu menningargáttarinnar sem form. EK-K	Danmörk
High level reflection panel on entrepreneurship education samstarf DG education/youth og DG enterprise/inclustry	England
Árleg norræn mannvirkjaráðstefna	Finnland
Norrænn fundur starfsmanna ráðuneyta um kvikmyndamálefni og löggjöf á sviði kvikmynda	Finnland
Fundur í Krea Nord starfshópnum og Krea Nord hópfundur + Nordisk kultur forum	Finnland
Árlegur fundur norrænna sérfræðinga um námskrármál. Þema: listgreinar og skapandi skólastarf	Finnland
Fundur, tilpassningsgruppen med stjórn KKN og fundur nefndarinnar	Finnland
Fundur í samstarfshópi norræna ráðuneyta	Finnland
Norrænn fundur um lýðræði og mannréttindi í námskrám. Í tengslum við verkefni Evrópuráðsins um EDC/HRE	Finnland
Sækja aðalfund NQPA (Nordic quality assurance network in higer education)	Finnland
Fundur í yrkesak-gruppen og NSS ásamt ráðstefnu um nemakeppnir í starfsgreinum	Finnland
Stjórnarfundur NSS, íslensk formennska	Finnland
Semínar um fullorðinsfræðslu og árangursmælingar á vegum Evrópusambandsins. EC study on european terminology in adult learning	Frakkland
35. aðalráðstefna UNESCO	Frakkland
Aðalráðstefna UNESCO	Frakkland
Fundur hjá Directorate for science, technology and industri hjá OECD	Frakkland
Fundur í CERI, OECD	Frakkland
Fundur hjá OECD, fulltrúi í Working party on ludication af educational system	Frakkland
UNESCO með ráðherra	Frakkland
Ferðatilhögun breyttist mikið, dagpeningarnir eru þeir sömu en fargjaldið hækkaði	Frakkland
Fundur með education policy committee OECD í París. Fundur Directors-General for school í ESB	Frakkland
Þátttaka í 35. aðalráðstefnu UNESCO	Frakkland
Ársfundur CD-PATEP, menningarstarfsnefndar Evrópuráðsins	Frakkland
CDMC Bureau. Fundur með ungmannadeild Evrópuráðsins v/fundar ungs fólks fyrir ráðherrafund í Reykjavík	Frakkland
CDMC, fundur stýrinefndar Evrópuráðsins fyrir ráðherrafund í Reykjavík.	Frakkland
Fundur CDCULT, menningarmálanefndar Evrópuráðsins	Frakkland
Fundur í Steering committee for education. Árlegur fundur.	Frakkland

Tilgangur ferðar	Land/ borg
15. fundur tækniliða v/verkefnis Evrópuráðsins um Education for artigenship and human rights (EDC/HRE)	Frakkland
Fargjald greitt af erlendum aðilum	Frakkland
Fundir Monitoring group og Cahama (lyfjaeftirlit)	Frakkland
Fundur í stjórn menningarstarfsnefndar Evrópuráðsins (Bureau)	Frakkland
Fundur stýrinefndar Evrópuráðsins um fjölmiðla og nýja miðla. Fyrsti fundur eftir ráðherrafund í Reykjavík í mars 2009	Frakkland
Norðurlandafundur	Færeyja
Norræn námsstefna um jafnréttismál á vegum norrænu ráðherranefndarinnar	Færeyjar
Þátttaka í Nordisk kulturforum, formaður EK-K	Færeyjar
Fundur Vestnorræna ráðsins á Grænlandi, ferð farin f.h. ráðherra	Grænland
Ráðstefna um speglun prófgráða inn í EQF-þrepin	Írland
Farið með stýrihóp um sóknaráætlanir	Írland
Fyrsti fundur fjörurra landa um ECVET í Evrópusambandsverkefni	Ítalía
Opnun sýningar Ragnars Kjartanssonar í Feneyjum	Ítalía
Norræna menningarráðherranefndin	Kananda
EFTA, budget meeting, Vadus	Liechtenstein
Árlegur fundur norrænu UNESCO-nefndanna m.a. til að undirbúa aðalráðstefnu UNESCO	Noregur
Árlegur samráðsfundur UNESCO-landsnefnda á Norðurlöndum	Noregur
Fundur Main programme committe for Nordplus	Noregur
Fundur í stjórn Alþjóðlega menntaskólans í Fjaler	Noregur
Framsaga á 13. norræna höfundaréttarþingi í Álasundi í Noregi	Noregur
Fundur um iðnfræðslumál. Ferðir og uppihald greitt af Norðmönnum	Noregur
Fundir undirnefnda og yfirnefnda Nordplus	Noregur
Árlegur fundur norrænnar nefndar um leikskóla og fræðiráðstefna um menntun yngri barna.	Noregur
Ársfundur norrænna skrifstofustjóra um gæðamál	Noregur
Fundur í Nordbuk	Noregur
Fundur í stýrihópi um nám fullorðinna (SVL)	Noregur
Fundur ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneyta á Norðurlöndum	Noregur
Hótel greitt af erlendum aðilum	Noregur
Óformlegur ráðherrafundur OECD	Noregur
Ráðstefna um framkvæmd Nordplus-áætlunarinnar, fulltrúi í stjórnarnefnd Nordplus-junior	Noregur
Ráðstefna undir- og yfirnefndar Nordplus, norræna ráðherranefndin greiðir gistingu og hluta uppihalds	Noregur
Regional meeting for the adult learning action plan	Noregur
Ráðstefna um stöðu og menntun í fámennum handverksgreinum	Noregur
Stjórnarfundur NWHF, Fundur Norðurlandaráðs um norrænt menningarsamstarf	Noregur
High level workshop on the role af Member states in the development of the European research area-invitation by the minister of science	Portúgal
High level workshop on the role af Member states in the development of the European research area	Portúgal
High level workshop on the role of Member states in the development of the European research area.	Portúgal
Fundur í stjórn Evrópumiðstöðvar um þróun í sérkennslu	Skotland
Óformlegur fundur menntamálaráðherra	Svíþjóð
Fundur í vinnunefnd um endurskoðun á norrænu menningarsamstarfi	Svíþjóð
Ferð til Malmö á norræna ráðstefnu um tölvuleiki, Nordic Game. Gisting greidd af erlendum aðilum	Svíþjóð
Gisting greidd af erlendum aðilum.	Svíþjóð

Tilgangur ferðar	Land/ borg
Með ráðherra á ráðstefnu um tölvuleiki, Nordic Games. Gisting greidd af erlendum aðilum	Svíþjóð
Stjórn norræna blaðamannaháskólans (NJC)	Svíþjóð
Bologna-fundur. Undirbúningur ráðherrafundar 2010/2011	Svíþjóð
Erlendir aðilar greiða gistingu	Svíþjóð
Esrif-fundur og formennska ráðherranefndar	Svíþjóð
Fargjald og gisting greitt af erlendum aðilum	Svíþjóð
Lokaráðstefna Svía í ESB um ár nýsköpunar	Svíþjóð
Norðurlandaráðsþing - MR-K 2/09 fundur	Svíþjóð
Norðurlandaráðsþing	Svíþjóð
Norðurlandaráðsþing	Svíþjóð
Ráðstefna, Gender differences in educational achevement – EU	Svíþjóð
Fundur RTD EVALUATION network (Euevalnet)	Svíþjóð
Úthlutunarfundur styrkja í Nordplus junior	Svíþjóð
Fundur í SVG og ráðstefna um starfsmenntun. Ráðstefna í Brussel um EQARF og ECVET	Svíþjóð
Fundur Director-General VT í Vasterás	Svíþjóð
Fundur í sérfræðinganefnd um safn listaverka í Sveaborg, Finnlandi. Annar fundur.	Svíþjóð
Norðurlandaráðsþing - MR-K 2/09 fundur	Svíþjóð
„Best practice“ nethásólafundur með aðilum frá Svíþjóð, Skotlandi og Kanada + EUCEN-ráðstefna (Quality and innovation in lifelong learning)	Svíþjóð
Ráðstefna, director general meeting, DG-fundur vegna formennsku Svíþjóðar í ráðherraráði Evrópuráðsins	Svíþjóð
Fundur norrænna embættismanna á íþróttasviði	Svíþjóð
Esfri fundur (evrópskir rannsóknainnviðir) og formennskufundur um rannsóknainnviði	Tékkland
Fundur í nefnd á vegum Evrópusambandsins, Meeting of directors general for vocations education and training	Tékkland
Ráðherrafundur / Bologna	Tékkland
Upphafsráðstefna árs nýsköpunar og skapandi hugsunar 2009	Tékkland
ECVET-semínar (Berlín)	Þýskaland
Kulturforum á vegum norrænu ráðherranefndarinnar sem formaður norrænu menningarnefndarinnar (EK-K)	Þýskaland
Ferð til Frankfurt á Bókamessuna 2009	Þýskaland
Heimsókn á bókakaupstefnuna í Frankfurt v. setu í verkefnisstjórn f. þátttöku Íslands 2011	Þýskaland
Ráðstefna UNESCO um sjálfbæra þróunn	Þýskaland
UNESCO, World conference on education for sustainable developement, fundur í Kaupmannah.	Þýskaland
UNESCO, World conference on education for sustainable developement, fundur í Kaupmannah.	Þýskaland
Landbúnaðarháskóli Íslands	
Stjórnarfundur NOVA	Finnland
NOVA fundur	Svíþjóð
NOVA stjórnarfundur	Noregur
Þjóðminjasafn Íslands	
Árlegur norænn safnstjórafundur, Færeyjum	Færeyjar
Þátttaka í Culture Forum í Berlín	Berlín
Þátttaka í „The Best of Heritage“ í Köln	Köln
Þjóðskjalasafn Íslands	
Fundur og opnun á Digital World Library í hörfuðstöðvum UNESCO í París	París
Fundur þjóðskjalavarða Norðurlanda	Stokkhólmur
Fundur þjóðskjalavarða Norðurlanda	Stokkhólmur

Tilgangur ferðar	Land/ borg
Húsafriðunarnefnd	
Fundur stýrihóps varðandi menningarminjar í Eystrasaltsríkjunum og fundur forstöðumanna í minjavörslu Evrópu	Slésvík og Vín
Fundur stýrihóps varðandi menningarminjar í Eystrasaltsríkjunum	Gdansk
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	
BETT, ráðstefna	London
Viðræður við stjórnendur, forstöðumenn safna og sýninga	Bandaríkin
Mineraltage 2009, sölustefna f. steindir, heimsótt nokkur söfn, kannað verðlag	Þýskaland
Rannís	
Fundur í stjórn Topforsknings-verkefnisins	Osló
Fundur hjá OECD DSTI nefnd vegna efnahagskreppu	París
Fundur EuroHorcs og OMC Belgíu	Sviss / Belgía
TFI Topforsknings Initiativet	Kaupmannahöfn
TFI Topforskningsintiativet	Kaupmannahöfn
TFI Topforsknings Initiativet og fundur yfirmanna norrænu rannsóknaráðanna	Osló
OMC Belgía, fundur um mat og áhrif rannsóknaverkefna í Osló og fundur í TFI í Stokkhólmi	Osló og Stokkhólmur
Stjórnarfundur í BSR Inno Net	Osló
Ársfundur TAFTIE í Osló og stjórnarfundur í TFI-verkefninu í Stokkhólmi	Osló, Stokkhólmur
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	
NORON, fundur norrænna landsbókavarða	Stokkhólmur
Fundir evrópskra landsbókavarða og The European Library	Madrid
Háskólinn á Akureyri	
Fundur v/NRF	Osló
Námsmatsstofnun	
Ritstjórnarfundur um norrænu PISA skýrsluna 2006	Osló
PISA governingboard fundur í Bratislava	Bradislava
PISA SDG fundur um framtíð rafrænna prófa	Paris
TALIS BPC fundur í París	París
Aðalfundur IEA í Tallinn	Tallinn
PISA GB og PISA SDG fundur í Istanbul	Istanbul
Fundur á vegum IEA um Improving Education Evidence from secondary analalysis and international studies	Stokkólmur
Fornleifavernd ríkisins	
Fundur v. tilnefningar víkingaminja á heimsminjaskrá UNESCO	Danmörk
Stjórnarfundur EAC	Belgía
Ársfundur EAC og ráðstefna samtakanna	Frakkland
Ársfundur þjóðminjavarða Evrópu	Vín/Bratislava
Ársfundur þjóðminjavarða Norðurlanda	Svíþjóð
Þjóðleikhúsið	
Leiklistarhátíð	London/Varsjá
Íslenski dansflokkurinn	
Fundur hjá RepNet	Oldenburg
Sýningarferð	Reggio
Fundur með Wim Vandekeybus	Gautaborg
Fundur hjá Kultur Kontakt Nord	Berlín
Sýningarferð, Part@dk festival	Kaupmannahöfn

Tilgangur ferðar	Land/ borg
Háskóli Íslands	
HRK-NUS fundur	Þýskaland
Heimsókn til Harvard-háskóla	Bandaríkin
Ráðstefna um Bologna-ferlið	Belgía
EUA ráðstefna og þing	Þýskaland
Ferð til Japans að tilstuðlan utanríkisráðuneytis Japans, m.a. heimsóknir í japanska háskóla og til þarlendra ráðuneyta	Japan
Kvikmyndamiðstöð Íslands	
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð sem og fundir í erlendu samstarfi	Holland / Svíþjóð
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð/markaði sem og fundir í erlendu samstarfi	Berlín, Þýskaland
kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð/markaði sem og fundir í erlendu samstarfi	Cannes
Norrænir forstjórar kvikmyndastofnana og Norræni sjóðurinn	Stokkhólmur
Þátttaka í dómnefnd á kvikmyndahátíð, hátíð greiðir flug og gistingu	Tékkland
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð.	Toronto, Kanada
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð.	Pusan, Kórea
Fundur í stjórn Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins, sjóður greiðir flug og gistingu	Stokkhólmur,
Ráðstefna Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins um sjónvarpsefni	Kaupmannahöfn,
Þátttaka í dómnefnd á Nordlich festival í Leeuwarden, hátíð greiðir flug og gistingu	Holland
Nordisk Kulturforum	Berlín,
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	
M/Finnlandi og Eistlandi	Noregur

Ferðayfirlit 2010.

Tilgangur ferðar	Land/borg
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Ráðherrafundur Bologna	Asturríki
ECVET verkefni	Asturríki
Ferð í framhaldi af Búdapest	Asturríki
Ráðherrafundur Bologna	Asturríki
Fundur í ECVET-verkefni (einingarkerfi evrópskrar starfsmenntunar)	Asturríki
21 árs afmæli NiPá + stjórnarfundur	Álandseyjar
Erlendir aðilar greiða fargjald og hluta uppihalds	Álandseyjar
Óformlegur fundur ráðherra vísindamála	Belgía
Óformlegur fundur menntamálaráðherra	Belgía
Fundur í stefnumiðunarhópi EK-U. Troika fundur (IS+OK+FI)	Belgía
Stjórnarnefndarfundur í Félags-hag-og hugvísindum og norrænn fundur um NORLA í ERA	Belgía
NRIN, norræn vinnuhópur um innviði til rannsókna og norrænt samstarf	Belgía
Fundur Directors General for Higer Education	Belgía
Fundur Directors General for Higer Education	Belgía
Fundur á vegum Evrópumiðstöðvar í sérkennslu, VET-project, polict and practice in the field of Special Needs Education	Belgía
EFTA-WG Education, Training and Youth (vinnuhópur EFTA um mennta- og æskulýðsmál)	Belgía
EFTA-WG Education, Training and Youth (vinnuhópur EFTA um mennta- og æskulýðsmál)	Belgía
ESB heimsókn til ýmissa aðila í Brussel	Belgía
Vinnufundur hjá Evrópumiðstöðum um þróun sérkennslu. Mapping the implementation of policy for inclusive education.	Belgía
Fundur í Thematic working group um kennaramenntun	Belgía
Árlegur fundur Eurydice skrifstofa	Belgía

Tilgangur ferðar	Land/borg
Fundir í Coordinators og Committee. EFTA WG recognition of professional qualifications.	Belgía
Ferð til Brussel vegna undirbúnings starfs sem vísindafulltrúi menntamálaráðuneytis	Belgía
EQF-advisory group fundur	Belgía
Fundur í stjórnarnefnd, félags-, hag- og hugvísindi	Belgía
Fundur í stjórnarnefnd ungmennaáætlunar ESB, Youth in Action Committee. Evrópa unga fólksins.	Belgía
Youth in Action, nefndarfundur og fræðsluferð til Brussel	Belgía
Fundur í ESTRI, European Strategy form on Research Infrastructures	Belgía
Stjórnarnefndarfundur 7. RÁ	Belgía
Fundur, working group on budgetary matters	Belgía
Fundur, working group on budgetary matters	Belgía
Fundir í EFTA WG um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, nefnd framkvæmdastjórnar ESB v. aðildarviðræðna	Belgía
Fundur tengiliða um innleiðingu tilskipunarhópa ESB 2009/36 um viðurkenningu prófskírteina	Belgía
Fundur um PLA um kennarmenntun á Íslandi (undirb.)	Belgía
Fundur ESB með ábyrgðarmönnum menntaáætlunar ESB (national autorities representatives)	Belgía
Fundur vinnuhóps um fullorðinsfræðslu WGAL	Belgía
LLP-fundur	Belgía
Vinnuhópur ESB um fullorðinsfræðslu	Belgía
Undirbúningsfundur vegna könnunar á stærðfræðikennslu	Belgía
Sóttur fundur ráðherra Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandanna og aðrir fundir um sveitarstjórnarmál í Brussel	Belgía
Sóttur fundur ráðherra Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandanna og aðrir fundir um sveitarstjórnarmál ásamt ráðherra	Belgía
Fundur í LLP-nefndar, fundur í DGVT, ráðstefna um gæðamál	Belgía
Fundur í LLP-nefndar, fundur DGVT , ráðstefna um gæðamál	Belgía
Sameiginlegur fundur ráðgjafanefnda norrænu ráðherranefndarinnar. Fulltrúi HÖGUT	Danmörk
Fundur í NSS og sameiginlegur fundur allra nefnda á undan	Danmörk
Ársfundur norrænna bókasafnayfirvalda 2010, fundir haldnir til skiptis á Norðurlöndunum	Danmörk
Fundur í ad hoc hópi um rannsóknastarf EK-U	Danmörk
EK-K fundur	Danmörk
Erlendir aðilar endurgreiddu fargjaldið gegnum KK	Danmörk
SVL-fundur	Danmörk
Semínar, norrænir ráðuneytisstjórnar	Danmörk
Pallborðsumræðum á málþingi stjórnað	Danmörk
Högut-fundur	Danmörk
EK-U fundur, v/undirbúnings stefnu MR-U, ráðstefna um kennaramenntun, rannsóknir og vinnufundur	Danmörk
Fundur í ad hoc hópi um rannsóknir á Norðurlöndunum	Danmörk
Fundur í menningarmálanefnd Nordiska handikappolitiska rådet	Danmörk
Fundur í Nordiska handikappolitiska rådet	Danmörk
Fundur NKiN, norrænir innviðir.	Danmörk
Ráðstefna Krea Nord og fundur í Krea Nord	Danmörk
Fargjöld og mestur hluti uppihalds greitt af erlendum aðilum	Danmörk
Vinnufundur í Krea Nord	Danmörk
Fundur um rekstur ofurtölvu hjá norrænum háskólum. Hagsmuna Íslands gætt	Danmörk
Fundur í Studiestøttegruppen, undirnefnd Högut, norræna ráðherraráðið	Danmörk
Fundur með Studiestøttegruppen undirnefnd Högut, auk fundar með Högut	Danmörk
Fundur í samráðsnefnd norrænna ráðuneyta um höfundaréttarmál	Danmörk

Tilgangur ferðar	Land/borg
Ráðstefna: Konference om fordybet lovgivningassamarbeje i Norden	Danmörk
Fundur í vinnuhópi löglærðra sérfræðinga á vegum HÖGUT – norræna ráðherraráðsins.	Danmörk
Fundur embættismannanefndar norrænu ráðherranefndarinnar í menningarmálum 2010	Danmörk
Fundur norrænna embættismanna í menningarmálum (EK-K)	Danmörk
EK-K, fundur norrænna embættismanna um menningarmál	Danmörk
Fundur undirnefndar Nordbuk	Danmörk
Haustfundur Nordbuk	Danmörk
EK-K fundur og fundur í vinnuhópi um aðgerðaáætlun 2010–2012 í beinu framhaldi af honum	Danmörk
Fargjald greitt af erlendum aðilum	Danmörk
Fargjald og hluti uppihalds greitt af erlendum aðilum	Danmörk
Fundur í vinnuhópi norrænu ráðherranefndarinnar, starfsásætlun. Kynning á formennsku Dana 2010	Danmörk
Aðalfundur NOQA	Danmörk
EK-U fundur í Kaupmannahöfn	Danmörk
Grundtvig-ráðstefna ESB og DG fundur um fullorðinsfræðslu í tengslum við annan fund	Danmörk
EK-U fundur	Danmörk
MR-U- og NB-fundir	Danmörk
Fundur samstafsnefndar um kennslu í Norðurlandafræðum, fulltrúi í íslensku nefndinni	Danmörk
Fundur NSS og Yrkesutbildningdgruppen	Danmörk
NOQA-verkefni um vettvangsheimsóknir	Danmörk
Skandinavískur fundur um þróun hæfniþrepa og tengingu námsloka við þrep	Danmörk
3. fundur í NSS	Danmörk
Ferðin ekki farin, afgreiddir dagpeningar 109.202 kr. en endurgreiddar 90.000 kr.	Danmörk
Fundur í NSS og semínar, workshop, um brottfall	Danmörk
Fundur í samstarfshópi norrænna ráðuneyta, DNI samstarfsverkefni um menntatölfræði	Danmörk
Fundir í norrænum vinnuhópi um viðmiðunaramma (NQF/EQF) og í undirhópi NSS um starfsmenntun	Danmörk
Norræna ráðherranefndin. Kynnt skýrsla Anne Bamford, stefna um skapandi starf í menntun	Danmörk
Ferð ekki greidd af erlendum aðilum	Danmörk
Ferðir og hluti uppihalds greitt af erlendum aðilum.	Danmörk
Fundur samráðshóps um mat á skólastarfi (Nordisk evalueringsnetverk)	Danmörk
2. fundur í Sprogkampagne-rådet – tengiliður	Danmörk
Fundur í Sprogkampagne-rådet	Danmörk
Þátttaka í málþingi um menningararf og loftslag	Danmörk
Fundir í norrænum vinnuhóp um viðmiðunaramma (NQF/EQF) og í undirhópi NSS um starfsmenntun	Danmörk
Þáttaka í Grundtvig-ráðstefnu ESB og DG-fundi um fullorðinsfræðslu síðdegis	Danmörk
Fundir í fullorðinsfræðslunefnd MMR og fundur samráðsaðila um viðurkenningu prófskírteina vegna tilskipunar 2005/36	Danmörk
Fundur um fullorðinsfræðslu	Eistland
Að sækja fund nefndar um Nord-plus styrki á háskólastiginu	Eistland
Fundur um upplýsingakerfi o.fl. í náms- og starfsráðgjöf og undirbúningur næsta fundar á Íslandi	England
Ráðstefna og fundur í evrópskri nefnd um lestur, haldinn á vegum finnsku lestrarsamtakanna	Finnland
Fundur í evrópsku samstarfsverkefni (ECVET)	Finnland
Fundur í stjórn Menningarsjóðs Íslands og Finnlands. Úthlutað styrkjum til umsækjenda, íslenskra og finnskra	Finnland
Menningarsjóður Íslands og Finnlands.	Finnland
Ráðstefna, Ansvar og gränser – public service som kulturbärare i de nordiska länderna	Finnland

Tilgangur ferðar	Land/borg
Norrænn fundur embættismanna á íþróttasviði	Finnland
Ferð ekki farin, fargjald og dagpeningar endurgreitt	Finnland
Þáttaka í NOQA-verkefni. Heimsóknir í finnska háskóla	Finnland
Þátttaka í verkefnisstjórn NOQA en Ísland fer með formennsku í NOQA þetta árið	Finnland
Árlegur fundur norrænu UNESKO-nefndarinnar	Finnland
Fundur í menntanefnd OECD Education Policy Committee	Frakkland
Ráðherrafundur OECD um menntamál	Frakkland
OECD-fundur	Frakkland
Fundur í CERI / OECD	Frakkland
Stjórnarnefndarfundur menningarnefndar Evrópuráðsins (CD-CULT BUREAU)	Frakkland
Fundur, european RTD evaluation network	Frakkland
Fundur í cluster of teachers and trainers. Fundur í stjórnarnefnd CERI/OECD	Frakkland
Fundur lyfjaeftirlitsnefnda Evrópuráðsins	Frakkland
COMC – Bureau – Evrópuráðið	Frakkland
Fundur æskulýðsvettvangs Evrópuráðsins, Strassborg.	Frakkland
Learning democracy and human rights, erlendir aðilar greiða hluta uppihalds	Frakkland
Fundur Evrópuráðsins um fjölmiðla	Frakkland
Fundur menningarmálanefndar Evrópuráðsins CD-cult	Frakkland
CDMC	Frakkland
Evrópuráðsfundur	Frakkland
Heimsókn með ráðherra í mennta- og menningarmálaráðuneyti Færeyja	Færeyjar
Högut-fundur	Færeyjar
Fundur í Krea-Nord og fundur með færeyskum samtökum	Færeyjar
Ferð ekki farin, dagpeningar endurgreiddir	Færeyjar
Reglubundinn samráðsfundur í norrænu netverki um leikskólana	Færeyjar
Árlegur fund norrænar leikskólanefndar	Færeyjar
EK-U fundur	Færeyjar
Skipulagsráðstefna: Quality assurance of education research in Nordic universities	Færeyjar
Skipulagning ráðstefnu: Quality Assurance of Education and Research in Nordic Universities	Færeyjar
Skipulagning ráðstefnu: Quality Assurance of Education and Research in Nordic Universities	Færeyjar
Ráðstefna. Quality Assurance of Education and Research in Nordic Universities. Same topic, different methods?	Færeyjar
Nordisk læreplanseminar 2010	Færeyjar
Fundur (vinnufundur) í stjórnarnefnd félags-, hag- og hugvísinda. Undirbúningur fyrir síðustu þrjú ár áætlunar	Ítalía
Fundir í Cooodinators Committee. EFTA WG recognition of professional qualifications.	Ítalía
Ráðstefna, Internet Governance. Fundur vegna þingsályktunar um að Ísland skapi sér sérstöðu um vernd tjáningarfrelsis	Lettland
Fundur, working group on budgetary matters	Noregur
Ráðstefna um barnamenningu og úthlutunarfundur í Norsk-íslenska sjóðnum	Noregur
17. fundur tengiliða í verkefni Evrópuráðsins um Education for Citizenship and Human Rights (EDC/HRE)	Noregur
Norrænn embættismannafundur um íþróttamál	Noregur
Skandinavískur samstarfsfundur um þróun hæfnþrepa og tenging námsloka á þrep, lokafundur	Noregur
Fundur í Krea Nord vinnuhópnum.	Noregur
Stjórnarfundur NWHF	Noregur
Ráðstefnan Menntun – auður framtíðar á Norðurlöndum – að halda ungmennum í námi. Haldin í Osló	Noregur
Ráðstefnan; Menntun - auður framtíðar á Norðurlöndum - að halda ungmennum í námi	Noregur

Tilgangur ferðar	Land/borg
Fundur í norrænum stýrihóp um fullorðinsfræðslu (SVL)	Noregur
Fundur norrænna ráðuneyta um kvikmyndamálefni	Noregur
Fundur í Nordiska handikappolitiska rådet (NHR)	Noregur
Fundur í norrænum vinnuhópi um viðmiðaramma (EQF/NQF) og tengiliðahópi um viðurkenningu á faglegri menntun	Noregur
Heimsókn í lánasjóði Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur með framkvæmdastjóra LÍN	Noregur
Fundur samstarfsnefndar um kennslu í norðurlandamálum erlendis + ráðstefna nefndarinnar í Edinborg	Skotland
Fundur í EQF. Málþing um tengingu breska viðmiðunarrammans (NQF) við evrópska rammann (EQF).	Skotland
23rd session of the Conncil of Europe Standing Conference of ministers of education	Slóvenía
23rd session of the Conncil of Europe standing conference of ministers of education	Slóvenía
Fundur í stjórn norræna stjörnusjónaukans og í vísindanefnd hans	Spánn
Bologna Follow-up Group meeting	Spánn
Vorfundur DGVT	Spánn
Hluti uppihalds greiddur af erlendum aðilum	Spánn
Vorfundur í Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu og alþjóðleg ráðstefna um skóla án aðgreiningar.	Spánn
Fundur SGIB, sérfræði hóps um menntatölfræði og rannsóknir á vegum framkvæmdastjórnar ESB	Spánn
Þátttaka í EDEN 2010 í Valencia á Spáni	Spánn
Fargjald og hótelkostnaður greiddur af erlendum aðilum	Sviss
Vinnufundur í Impct hópi Evrópumiðstöðvar. Þróun í sérkennslu	Sviss
Vinnufundur í Impct hópi Evrópumiðstöðvar. Þróun í sérkennslu	Sviss
Ráðstefna um frjálsan hugbúnað og stafrænt frelsi á Norðurlöndum	Svíþjóð
Nordplus junior	Svíþjóð
Fundur, Nordisk departementsmøde í Stokkhólmi	Svíþjóð
Haustfundur Nordiska handikappolitiska rådet	Svíþjóð
Fundur í verkefnisstjórn víkingatilnefningar. Í framhaldinu fundur í forsætisnefnd norrænu félaganna í Tromsö	Svíþjóð
Fyrsti fundur samnorræns hóps um innleiðingu NQF og EQF og mögulegt samstarf. Borgað af norræna ráðherraráðinu	Svíþjóð
Kraftfelt 2010. Ráðstefna um framhaldsmenntun fullorðinna og háskólamenntun.	Svíþjóð
Ferð í tengslum við aðra ferð.	Svíþjóð
Norrænn fundur um European Qualifications framework (EQF)	Svíþjóð
Þáttaka í norrænu-baltnesku málþingi um heimsminjar, ferðamennsku og sjálfbærni	Svíþjóð
Ráðherrafundur og Bologna	Ungverjaland
Ráðherrafundur Bologna	Ungverjaland
Ráðherrafundur Bologna	Ungverjaland
Fundur í æskulýðsvettvangi Evrópuráðsins CDEJ og samráðsvettvangi um æskulýðsmat	Ungverjaland
Fundur í sérfræðingahópi og stjórnarnefnd fyrir víkingarverkefnið	Þýskaland
OECD-ráðstefna um starfsmenntun í Evrópu í ljósi félagslegra og efnahagslegra breytinga (þrenginga)	Þýskaland
Fundur og sýningaropnun v/víkingaminja og tilnefningar þeirrra á heimsminjaskrá	Þýskaland
Bókamessan í Frankfurt, opnun	Þýskaland
Landbúnaðarháskóli Íslands	
Norska Islandshäsforingen (NI), kynning á verkefnum við LbhÍ tengdum hrossarækt	Gardemoen Noregi
NOVA-Board fundur	Århus Danmörk
Vísindanefnd, Stiftelsen Svensk Hästforkning (SH)	Krusenberg Svíþjóð

Tilgangur ferðar	Land/borg
Þjóðminjasafn Íslands	
Fundur og flutnningur á ljósmyndum MEM til Íslands	New York
Skandinavisk Museumsforbund, ráðstefna 2010	Færeyjar
Árlegur norrænn safnstjórafundur, Nuuk. Fundir í Kaupmannahöfn	Kaupm.höfn / Nuuk
Vinnufundur hjá Center of Vestnordens historie	Kaupmannahöfn
Þjóðskjalasafn Íslands	
Stjórnarfundur CITRA	Osló
Fundir stjórnar ársþings (hringborðsráðstefnu) þjóðskjalavarða, CITRA bureau	Osló
Fundur með ríkisskjalaverði Danmerkur um samstarfsverkefni	Kaupmannahöfn
Húsafriðunarnefnd	
4th Baltic Sea Region Cultural Heritage Forum	Riga
Lánasjóður íslenskra námsmanna	
Kynning á regluverki og skipulagi annarra lánasjóða námsmanna á Norðurlöndunum.	Osló, Sundsvall og Kaupmannahöfn
Menntaskólinn að Laugarvatni	
ESHA, ráðstefna Evrópskra skólastjórnenda haldin í Kýpur	Kýpur
Náttúruminjasafn Íslands	
Viðræður við stjórnendur, forstöðumenn safna og sýninga, undirbúningur samtaka	Stokkhólmur
Stofnun samtaka forstöðumanna höfuðsafna á sviði náttúrufræða á Norðurlöndum	Osló
Rannís	
OMC Belgía. París. EuroHorcs-fundur með vísindaráðherrum í Zurich. CORNETII- ERA SME fundur í Berlín	París, Zurich, Berlín
Stjórnarfundur í Topforskningsintiativet	Kaupmannahöfn
Nirpa fundur um Globalisation and research Policy	Stokkhólmur
Stjórnarfundur í TFI Topforskningsintiativet	Stokkhólmur
Eurohorcs fundur	Frankfurt
Fundur um norræna atvinnulífspólitík og nýsköpun	Kaupmannahöfn
Stjórnarfundur í Topforskningsintiativet og ársfundur verkefnisins	Kaupmannahöfn
EuroHorcs fundur	Leuven
Fundur norrænu rannsóknaráðanna, Nordic Benchmarking Seminar	Kaupmannahöfn
Fundur í stjórn JRC Joint Research Centre – Board and Governors	Ispra Ítalíu
Fundur og ráðstefna OMC Belgíuverkefnið um áhrifamat	Brussel
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	
Fundir evrópskra landsbókavarða og The European Library	London
Menntaskólinn við Hamrahlíð	
Nordiska Skolledarkongressen	Göteborg
Háskólinn á Akureyri	
Ráðstefna, Rectors forum	Alaska
Ráðstefna, gæðamál háskóla	Frakkland
Námsmatsstofnun	
Stjórnarfundur OECD-TALIS í París	París
Fundur, PISA Governing Board	Amsterdam
Fundir, PISA Executive Group og PISA SDG	London
Undirbúningur að norrænni PISA-skýrslu 2009	Kaupmannahöfn
Fundur TALIS BPC	Osló
Aðalfundur IEA Governing Board	Botswana
Fundur PISA Governing Board	Vín

Tilgangur ferðar	Land/borg
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	
Vinnufundur vegna bókamessu í Frankfurt. Fargjald og gisting greidd af skipuleggjendum.	Frankfurt
Fundur um náttúru- og minjavernd í Stokkhólmi, stjórnarfundur EAC í Budapest	Svíþjóð/Ungverjaland
EAC-fundur	Holland
Ársfundur þjóðminjavarða Evrópu	Frakkland
(European School head association)	Kýpur
Þjóðleikhúsið	
Skoða leikverk	London
Leiklistarhátíð	Kaupmannahöfn/ Stokkhólmur
Leikferð, Sindri Silfurfiskur	Kaupmannahöfn/ Lundur
Íslenski dansflokkurinn	
Fundur hjá RepNet	Malmö
Fundur hjá RepNet	Malmö
Fundur hjá RepNet	Malmö
Sýningarferð	Kuopio og PO
Þátttaka í Tansmessen	Düsseldorf
Fundur hjá RepNet	Malmö
Háskóli Íslands	
Heimsókn til rektors King´s College, University of London	London
Bologna-fundur í Búdapest og Vín, einnig farið til München	Búdapest, Vín, München
Women rectors across Europe, Women Leadership in Higher Education	Istanbul
Afmælisráðstefna Norræna setursins við Fudanháskóla í Shanghai auk heimsóknar til Ningbo-háskóla	Kína
Samstarfsráðstefna HÍ og Manitobaháskóla í Winnipeg	Winnipeg
EUA-ráðstefna og þing í Palermo	Palermo
Upplýsingaráðstefna á vegum Evrópusambandsins og stofnana þess um ráðstefnutúlkun	Brussel
Kvikmyndamiðstöð Íslands	
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð sem og fundir í erlendu samstarfi	Rotterdam, Gautaborg
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð/markaði sem og fundir í erlendu samstarfi	Berlín
Fundur í stjórn Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins, sjóður greiðir flug og gistingu	Osló
Fundir með ýmsum amerískum hátíðum og tengiliðum, HBO, Tribeca, Lincoln Center, MOMA, Scandinavian House	New York
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð/markaði sem og fundir í erlendu samstarfi	Cannes
Fókus á íslenskar myndir á kvikmyndahátíð og fundur hjá norræna sjóðnum	Gdynia og Osló
Fókus á íslenskar myndir á kvikmyndahátíð	Bratislava
Nordisk Talent og kvikmyndahátíð	Kaupmannahöfn, Feneyjar
Kynning á íslenskum kvikmyndum á kvikmyndahátíð	Toronto
European Film Promotion	Hamborg
Kvikmyndahátíð og European Film Awards og Think Tank fundur/ráðstefna	Tallinn, Kaupmannahöfn
Fjölbrautaskólinn á Laugum	
Námsferð/heimsóknir í þrjá skóla með starfsmenn FL vegna þróunarverkefnis	Kaupmannahöfn/ Lundur

Tilgangur ferðar	Land/borg
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	
Fundur í Evrópuverkefninu SignOn um enskukennslu fyrir heyrnarlausa	Barcelona
Fyrirlestur og þátttaka í ráðstefnu um menntun heyrnarlausra	Vancouver
Kvikmyndasafn Íslands	
Fundur forstöðumanna NL-kvikmyndasafna og vinnuferð til Kaupmannahafnar	Osló, Kaupmannahöfn
Fjölbrautaskóli Suðurlands	
Ferð tengd frammistöðumati og stofnanasamningi KÍ	Pólland

1787. Tillaga til þingsályktunar [891. mál]

um prófessorsstöðu tengda nafni Jóns Sigurðssonar forseta.

Frá forsætisnefnd.

Alþingi ályktar – í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta 17. júní 2011 – að stofnuð verði prófessorsstaða tengd nafni hans.

Prófessorsstaðan verði við Háskóla Íslands en starfsskyldur þess sem henni gegnir verði m.a. við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum og í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða.

Staðan verði auglýst og skipað í hana á fimm ára fresti eftir almennum reglum um prófessora. Heimilt verði að endurnýja skipunartímann einu sinni.

Prófessorinn hafi rannsókna- og kennsluskyldu í sínu fagi. Eitt lykilverkefna verði að halda árlega ráðstefnur og námskeið í sumarháskóla á Hrafnseyri með innlendum og erlendum kennurum og fyrirlesurum.

Við skipun í prófessorsembættið verði höfð hliðsjón af því hvernig áætlun umsækjenda um rannsóknarstarf og kennslu tengist lífi, starfi og arfleifð Jóns Sigurðssonar og efli þekkingu á sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa málið þannig að prófessorinn geti tekið til starfa frá og með næstu áramótum.

Greinargerð.

Jón Sigurðsson skipar sérstakan heiðurssess í íslenskri sögu. Sem forustumaður Íslendinga í þeirri þjóðfrelsisbaráttu sem hófst um miðbik 19. aldar greyptist persóna hans og minning í þjóðarvitund Íslendinga. Fæðingardagur hans var valinn sem þjóðhátíðardagur hér á landi og lýðveldisstjórnarskráin látin taka gildi þann dag 1944.

17. júní 1911, þegar öld var liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar, var Háskóli Íslands stofnsettur í Alþingishúsinu. Minningarmörk Jóns Sigurðssonar blasa hvarvetna við; í þingsalnum er mynd af honum og á Austurvelli, fyrir framan Alþingishúsið, er stytta. Ár hvert er lagður blómsveigur frá íslensku þjóðinni við fótstall þeirrar styttu til að minnast forustu hans í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Reykvíkingar leggja blómsveig á leiði Jóns og konu hans í kirkjugarðinum við Suðurgötu ár hvert á þjóðhátíðardaginn.

Afmælis Jóns Sigurðssonar hefur verið minnst með margvíslegum hætti á þessu ári. Nefnd var skipuð 2007 til þess að skipuleggja ýmsa viðburði, sýningar o.fl. til að minnast starfa

Jóns. Starfsvettvangur hans var breiður. Hann var ekki aðeins forustumaður frelsisbaráttunnar heldur líka einn fremsti vísindamaður í norrænum fræðum um sína daga. Víðsýni hans og þekking var einstæð. Það, ásamt ríkri réttlætiskennd, var sá grundvöllur sem málstaður hans var reistur á, að Ísland yrði frjálst og fullvalda ríki og efldar yrðu framfarir í atvinnuháttum og lífskjörum þjóðarinnar. „Vísindi og kunnátta eru lykill að allri framför manna og hagsældum“ sagði Jón Sigurðsson í grein sinni „Um alþíng“ árið 1842.

Jón Sigurðsson var forseti Alþingis lengi, forseti neðri deildar og forseti sameinaðs Alþingis við lok þingsetu sinnar. Af þessu tilefni vill Alþingi að stofnuð verði staða prófessors er verði tengd nafni Jóns í þakklætis- og virðingarskyni fyrir framlag hans á Alþingi, bæði sem stjórnmálaleiðtoga þingsins og hins formlega forustumanns þess.

Vel þykir fara á því að starfsstöð prófessorsins verði á heimaslóðum Jóns Sigurðssonar því höfuðviðfangsefni prófessorsins verður rannsóknir og kennsla á þeim sviðum sem tengjast lífi og starfi Jóns. Æskilegt er að prófessorinn hafi búsetu nálægt starfsstöð sinni; sú er reynslan af þátttöku vísindamanna í starfi háskólasetranna, en aðstæður vísindamanna og mat hæfnisnefndar verður þó að ráða niðurstöðu um það atriði hverju sinni. Um ráðningu prófessorsins gildi að öðru leyti allar almennar reglur um ráðningu prófessora við Háskóla Íslands, um akademískar kröfur og dómnefnd. Ráðgert er að prófessorinn heyri undir rektor nema rektor ákveði aðra skipan á því.

Síðastliðin tíu til fimmtán ár hefur eitt af áherslusviðum Háskóla Íslands verið uppbygging rannsókna- og fræðasetra á landsbyggðinni. Um þessar mundir eru þau átta talsins um allt land. Setrin hafa orðið mikil lyftistöng fyrir fræða- og menningarstarf í þeim byggðum þar sem þau eru, eins og skýrsla um starfsemi þeirra á árinu 2010 sýnir. Þar kemur skýrt fram hversu vel akademískir starfsmenn rannsóknasetranna tengjast deildum, nemendum og öðrum kennurum við Háskóla Íslands, bæði í kennslu- og rannsóknastarfi.

Megintilgangur rannsóknasetranna er að styrkja uppbyggingu rannsókna- og fræðastarfs með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu svæðanna. Sérstaðan getur verið landfræðileg, líffræðileg eða sögu- og samfélagsleg. Tilgangur starfseminnar er enn fremur að stuðla að fjölbreyttara atvinnu- og menningarlífi. Prófessorsstaða eins og hér er lögð til yrði lyftistöng fyrir starfsemi minningarsafns Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri, m.a. fyrir sumarháskólann sem haldinn er þar árlega. Auk þess yrði staðan styrkur fyrir sagn- og stjórnmálafræðirannsóknir á Vestfjörðum, en þar er nú þegar unnið að ýmsum hug- og félagsvísindaverkefnum. Alþingi hefur fyrir sitt leyti styrkt Stofnun rannsóknasetra við Háskóla Íslands um árabil með fjárveitingum sem fara árlega til setranna. Þær fjárveitingar eru í umsjá mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Akademískir starfsmenn rannsóknasetra Háskóla Íslands eru valdir eftir sömu hæfniskröfum og aðrir kennarar háskólans. Þeir njóta fullra réttinda sem háskólakennarar, hafa m.a. aðgang að rannsókna- og vinnumatssjóðum háskólans.

1788. Svar [877. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Baldurs Þórhallssonar um IPA-landsáætlun.

1. *Hvað líður samþykkt IPA-landsáætlunar fyrir 2011 vegna undirbúnings hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu?*

Sérhvert ríki, sem sækist eftir aðild, á kost á stuðningi frá Evrópusambandinu til að gera stjórnsýslu þess sem best búna í stakk til að takast á við umsóknarferlið. IPA (e. Instrument for Pre-Accession Assistance) er samheiti yfir alla þessa aðstoð. Um skiptingu í landsáætlun og fjölþegaáætlun, ásamt grófum ramma heildarupphæða sem Ísland á kost á, er vísað til skriflegs svars utanríkisráðherra við annarri fyrirspurn um IPA-stuðning sem lagt var fram á Alþingi hinn 11. maí sl. (þskj. 1401, 640. mál).

Undirbúningur verkefna sem til greina kæmi að styrkt yrðu á fyrstu landsáætlun IPA 2011 hefur staðið yfir um hríð. Honum lauk formlega 3. júní sl. þegar stjórnvöld sendu framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögu sína. Að samanlögðu námu óskir um fjármögnun verkefna sem skoðuð voru mun hærri fjárhæð en hægt var að mæta. Framkvæmdastjórnin kom til móts við það með því að hækka þá heildarupphæð sem upplýst var um í svarinu 11. maí sl. með því að bæta við 2 milljónum evra sem leggjast við þá heildarfjárhæð sem ætluð er til IPA-landsáætlana fyrir Ísland, sbr. svar 11. maí.

Verkefnin þjóna annars vegar umsóknarferlinu og undirbúningi viðræðna við Evrópusambandið og hins vegar undirbúningi fyrir þátttöku í þeim stuðningskerfum Evrópusambandsins sem einkum varða byggðamál og atvinnuuppbyggingu. Aðstoðin lýtur einnig að verkefnum sem miða að því að mæta EES-skuldbindingum, sbr. eftirgreint. Öll verkefnin eru valin með tilliti til þess að þau nýtist óháð aðild að Evrópusambandinu.

Ákvörðun verður tekin í nóvember næstkomandi á vettvangi stjórnarnefndar IPA þar sem öll aðildarríki sambandsins eiga sæti.

Í tillögu Íslands að IPA-landsáætlun 2011 er eftirfarandi lagt til:

- **Hagstofan** verði styrkt til að endurbæta gerð þjóðhagsreikninga en skortur á mikilvægum hagtölum á ýmsum sviðum veldur erfiðleikum við að meta stöðu einstakra atvinnugreina. Á alþjóðavettvangi er bætt hagskýrslugerð meðal þeirra fyrirbyggjandi aðgerða í efnahagsmálum sem einna mest áhersla er lögð á í kjölfar fjármálahrunsins. Styrkur til verkefnisins mun gera Hagstofunni kleift að fjölga starfsmönnum sem er forsenda þess að ráðist verði í framkvæmd þess.
- **Matís** fái styrk til að framfylgja reglugerðum um matvælaöryggi sem hafa nú þegar verið innleiddar á Íslandi sem hluti af skuldbindingum í gegnum EES. Markmiðið er að tryggja matvælaöryggi, styrkja eftirlit og auka neytendavernd. Til að það sé hægt þarf að bæta bæði tækjabúnað og þjálfun starfsfólks til að vinna við tiltekin tæki. Hingað til hefur ekki verið til staðar tækjabúnaður til að fylgjast með og greina þau efni sem nauðsynlegt er og því hefur þurft að senda sýni utan með þeim kostnaði og töfum sem því hefur fylgt.
- **Náttúrufræðistofnun** fer fyrir verkefni sem unnið er í samstarfi fleiri stofnana sem vinna að því að byggja upp NATURA 2000 samstarfsnet á Íslandi. Markmið NATURA 2000 er að kortleggja vistkerfi og fuglalíf á Íslandi með það fyrir augum að auðkenna þau svæði sem þarfnast verndunar. Slík kortlagning er mikilvæg við skipulagningu byggðamála og uppbyggingu ferðaþjónustu, auk náttúruverndar, og forsenda þess að

hægt sé að meta í hvaða mæli fyrirliggjandi skráning stenst kröfur sem gerðar eru. Hluti fjárstuðningsins fer í að fjölga starfsmönnum stofnunarinnar.
- **Þýðingamiðstöð** fái styrk til að standa að þýðingu á regluverki Evrópusambandsins á íslensku. Hluta af stuðningnum er ætlað að styrkja tækjakaup við nýja námsbraut fyrir ráðstefnutúlka við HÍ.
- **Skrifstofa landstengiliðs** verði styrkt en hún annast samræmingu og miðlun styrkja til að byggja upp frekari þekkingu á stuðningi Evrópusambandsins á sviði byggðamála og atvinnuuppbyggingar. Samkvæmt regluverki IPA tilnefnir utanríkisráðuneytið landstengilið, sem annist samræmingu, stjórn og eftirlit með framkvæmd aðstoðarinnar. Stuðningnum er ætlað að byggja upp þekkingu á því hvernig hægt er að nýta sjóði Evrópusambandsins víðs vegar um stjórnkerfið, þar með talið þá sjóði sem bjóðast umsóknarlöndum. Á þetta sérstaklega við um þau svið sem ekki falla undir EES-samninginn. Stuðningnum verði beint í fyrsta lagi að stofnunum sem hefðu ávinning af því að nýta sér styrkjakerfi Evrópusambandsins í umsóknarferlinu, í öðru lagi að undirbúningi fyrir frekari nýtingu sjóða ef til aðildar kemur, og í þriðja lagi að umsýslu styrkjanna.
- **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins** fái styrk til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun með því að þróa raunfærnimat. Verkefnið nýtist sem tilraunaverkefni til undirbúnings að þátttöku í Evrópska félagsmálasjóðnum – ESF (European Social Fund). Markmiðið er annars vegar að auka atvinnuhæfni einstaklinga og hins vegar að auka skilvirkni fullorðinsfræðslunnar en hlutfall Íslendinga á aldrinum 20–66 ára án formlegrar framhaldsmenntunar er um 30%, sem er eitt hið hæsta í Evrópu. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi þess hóps sem verst varð fyrir barðinu á kreppunni. Áformuð er sérstök námskrá fyrir fullorðinsfræðslu, viðurkenning á óformlegri (non-formal og informal) menntun, aukin gæði í fullorðinsfræðslu og ráðgjöf til einstaklinga. Hluti verkefnisins er þróun svokallaðs ICT-kerfis en þar verður hægt að nálgast viðurkenndar upplýsingar um starfshæfni einstaklinga óháð menntun.
- **Háskólafélag Suðurlands** fái styrk til að vinna að verkefninu Katla Jarðvangur. Verkefnið felur m.a. í sér þróunaráætlun fyrir Eyjafjallajökulssvæðið og uppbyggingu á þekkingarsetri um svæðið. Um er að ræða tilraunaverkefni til undirbúnings að þátttöku í Evrópska byggðaþróunarsjóðnum, ERDF (European Regional Development Fund). Það miðar að því að byggja upp dýrmæta reynslu fyrir önnur verkefni sem gætu sótt um styrki í sjóði Evrópusambandsins til að styðja við uppbyggingu atvinnuverkefna. Katla Jarðvangur stefnir einnig að því að þróa fjölbreyttari og viðameiri möguleika fyrir ferðaþjónustuna en áður hefur verið með sérstakri áherslu á umhverfi og menningu. Það fellur því einnig vel að því markmiði að fjölga ferðamönnum á Suðurlandi í kjölfar eldgosa. Verkefnið byggist á samvinnu allra hagsmunaaðila á svæðinu.

2. *Hver er hagur Íslendinga af samþykkt landsáætlunarinnar?*

Verkefnin á IPA-landsáætlun fyrir árið 2011 nýtast Íslandi með margvíslegum hætti svo sem lesa má af svari við fyrri lið fyrirspurnarinnar. Þau munu í senn efla hlutaðeigandi stofnanir og styrkja stjórnsýsluna, og þar með bæta stöðu Íslands í samningaviðræðunum. Sömuleiðis munu þau bæta þekkingu íslenskra stofnana á möguleikum og þátttöku í stuðningskerfum Evrópusambandsins, svo sem við atvinnuuppbyggingu og eflingu mannauðs.

1789. Lög [882. mál

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1677.

1790. Lög [824. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum (í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hjá þeim skattaðilum sem er skylt að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs, og skattleggja í samræmi við 5. mgr. 66. gr. Þannig ákvarðaðar tekjur mynda hvorki stofn til tryggingagjalds né lífeyrisiðgjalds né teljast til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar hjá greiðanda.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. 6. og 7. málsl. 9. tölul. falla brott.
b. 3. mgr. 9. tölul. a fellur brott.

3. gr.

4. mgr. 58. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, þó ekki ef um er að ræða starf á vegum lögaðila sem skráður er á opinberum verðbréfamarkaði. Maður telst hafa ráðandi stöðu í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 20% hlut í þeim lögaðila. Ákvæði 1. og 2. málsl. skulu einnig gilda um starfandi hluthafa sem ekki eru tengdir fjölskylduböndum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Á eftir „1.–3. tölul.“ í 6. og 7. tölul. 1. mgr. kemur: og 5. mgr.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tekjuskattshlutfall á þann hluta úthlutaðs arðs sem telst vera laun skv. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. skal vera skv. 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar. Þessar tekjur skulu þó ekki vera meðtaldar þegar reiknuð er millifærsla milli skattþrepa skv. 4. tölul. 1. mgr.

5. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Persónuafsláttur skal í upphafi hvers árs taka breytingu í réttu hlutfalli við mismun á vísitölu neysluverðs við upphaf og lok næstliðins tólf mánaða tímabils.

6. gr.

3. mgr. 101. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóra er heimilt að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni að leiðrétta álagningu á skattaðila ef yfirskattanefnd eða dómstólar hafa í hliðstæðu máli hnekkt skattframkvæmd sem skattskil eða ákvörðun skattstjóra eða ríkisskattstjóra var byggð á. Sama á við sé beinlínis kveðið svo á um í lögum að fallið sé frá fyrri skattframkvæmd. Breyting af þessu tilefni getur tekið til skattstofns eða skatts frá og með því tekjuári sem um var fjallað í máli því sem hliðstætt er talið, þó lengst sex ár aftur í tímann, talið frá því ári þegar úrskurður eða dómur var kveðinn upp. Sama viðmiðun gildir frá og með gildistöku viðkomandi lagaákvæðis. Beiðni um endurupptöku skal borin fram innan eins árs frá því að skattaðila var eða mátti vera kunnugt um tilefni hennar. Skattaðila er heimilt að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992, svo og má bera synjun um breytingu á skattákvörðun samkvæmt þessari málsgrein undir yfirskattanefnd.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða XXXIII og XXXIX skal haga álagningu auðlegðarskatts við álagningu opinberra gjalda á árunum 2012 og 2013 með eftirfarandi hætti: Á framtalsskyldar eignir skv. 72. gr. í lok ársins 2011 skal við álagningu 2012 leggja auðlegðarskatt sem hér segir á menn sem eru skattskyldir skv. 1. gr. og 4.–9. tölul. 3. gr.:

a. Frá eignum, sbr. 73. gr., skal draga skuldir skattaðila. Með skuldum í þessu sambandi teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól þeirra sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs. Skuldir í erlendum verðmæli skal telja á sölugengi í árslok. Til skulda teljast öll opinber gjöld er varða viðkomandi reikningsár, þó ekki þau gjöld sem eru lögð á tekjur eða hreina eign á næsta ári eftir lok reikningsárs. Frá eignum aðila sem um ræðir í 4. tölul. 3. gr. má einungis draga skuldir sem beint eru tengdar starfsemi þeirra hér á landi. Frá eignum aðila sem um ræðir í 5.–9. tölul. 3. gr. má einungis draga skuldir sem á eignum þessum hvíla.
b. Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 73. gr. skulu lögaðilar telja fram hlutdeild sína í öðrum félögum á markaðsverði ef um er að ræða félög sem eru skráð í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði en annars hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags í stað nafnverðs. Þá skulu lögaðilar telja fram eignarhlutdeild sína í félögum skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. á sama hátt.

Við ákvörðun auðlegðarskattsstofns skal telja hlutabréf í félögum sem eru skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði fram á markaðsvirði í árslok. Sá sem á hlut

í félagi sem ekki er skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skal telja fram til auðlegðarskattsstofns hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins eins og það er talið fram í skattframtali félagsins fyrir rekstrarárið 2010 skv. 1. mgr. þessa stafliðar.

c. Auðlegðarskattsstofn er þær eignir sem eftir verða þegar frá verðmæti eigna skv. 73. gr., sbr. a- og b-lið, hafa verið dregnar fjárhæðir skulda svo sem þær hafa verið ákvarðaðar í samræmi við fyrrnefnt ákvæði a-liðar. Auðlegðarskattsstofn skal ákvarða í heilum tugum króna og sleppa því sem umfram er.
d. Auðlegðarskatt skal miða við auðlegðarskattsstofn skattaðila í árslok.
e. Hjón sem samvistum eru, sbr. 5. gr., skulu telja saman allar eignir sínar og skuldir og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða séreign eða skuldir tengdar henni. Auðlegðarskattsstofni skal skipta að jöfnu milli þeirra og reikna auðlegðarskatt af hvorum helmingi fyrir sig skv. h-lið. Sama gildir um sambúðaraðila, sbr. 3. mgr. 62. gr. Auðlegðarskattsálagningu eftirlifandi maka eða sambúðaraðila, sbr. 3. mgr. 62. gr., sem situr í óskiptu búi skal hagað á sama hátt og um hjón væri að ræða í mest fimm ár frá andlátsári hins látna, þó ekki fram yfir gildistíma þessa ákvæðis, enda hafi viðkomandi ekki hafið sambúð að nýju.
f. Heimilt er ríkisskattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun auðlegðarskattsstofns hans þegar svo stendur á sem í 1. tölul. 1. mgr. 65. gr. greinir, enda hafi gjaldþol mannsins skerst verulega af þeim ástæðum.
g. Eignir barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. A-lið 68. gr. Gilda ákvæði 78. gr. einnig um þar greindar eignir barns. Ríkisskattstjóri má taka til greina umsókn framfæranda barns um að eignir barns, sem misst hefur annað foreldri sitt eða bæði og hefur ekki verið ættleitt, skuli skattlagðar hjá barninu sjálfu í samræmi við ákvæði h-liðar.
h. Auðlegðarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 75.000.000 kr. af auðlegðarskattsstofni einstaklings og fyrstu 100.000.000 kr. af samanlögðum auðlegðarskattsstofni hjóna greiðist enginn skattur. Af auðlegðarskattsstofni yfir þeim mörkum greiðast 1,5%.
i. Allir þeir sem hafa auðlegðarskattsstofn sem er umfram þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í h-lið skulu gera grein fyrir honum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.
j. Endurreikningur auðlegðarskattsstofns og álagning auðlegðarskatts á árinu 2013 fellur niður.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „léttvíni“ í a-lið 5. tölul. kemur: og 6 lítra af öli.
b. Á eftir orðinu „léttvíni“ í b-lið 5. tölul. kemur: og 6 lítra af öli.
c. Í stað tölunnar „6“ í c-lið 5. tölul. kemur: 9.
d. Á eftir orðinu „öli“ í c-lið 5. tölul. kemur: eða.
e. Á eftir c-lið 5. tölul. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: 12 lítra af öli.
f. Á eftir orðinu „léttvíni“ í a-lið 1. mgr. 7. tölul. kemur: og 6 lítra af öli.
g. Á eftir orðinu „áfengi“ í b-lið 1. mgr. 7. tölul. kemur: og 9 lítra af öli.
h. Í stað tölunnar „6“ í b-lið 1. mgr. 7. tölul. kemur: 9.

i. A-liður 2. mgr. 7. tölul. orðast svo: 0,5 lítra af sterku áfengi og 0,75 lítra af léttvíni og 3 lítra af öli, eða.
j. B-liður 2. mgr. 7. tölul. orðast svo: 0,5 lítra af sterku áfengi og 6 lítra af öli eða 0,75 lítra af léttvíni og 6 lítra af öli.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, með síðari breytingum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „neðangreind hlutföll“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: af styrkhæfum kostnaði.
b. 1.–3. tölul. 2. mgr. orðast svo:
   1. Þegar um lítil fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 70% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefnis eða 80% í tilviki samstarfsverkefnis. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 45% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða 60% í tilviki samstarfsverkefnis.
   2. Þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 60% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefnis eða 75% í tilviki samstarfsverkefnis. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 35% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða 50% í tilviki samstarfsverkefnis.
   3. Þegar um stór fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 50% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefnis eða 65% í tilviki samstarfsverkefnis enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 25% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða 40% í tilviki samstarfsverkefnis enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki.

10. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögin falla úr gildi 31. desember 2014. Stuðningur sem samþykktur hefur verið fyrir það tímamark heldur þó gildi sínu.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.

11. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við álagningu opinberra gjalda árið 2012 skal til viðbótar við sérstakan skatt samkvæmt lögunum greiða 0,0875% af skattstofni eins og hann er ákvarðaður í 3. gr. Gjalddagi viðbótarskattsins er 1. nóvember 2012. Greiða skal fyrir fram upp í álagðan viðbótarskatt 1. nóvember 2011 og miðast sú greiðsla við skattstofn eins og hann var í árslok 2010 miðað við skatthlutfall samkvæmt ákvæði þessu.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

12. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. skulu lífeyrissjóðir, þ.m.t. lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum og staðfestri reglugerð, sbr. 54. gr., greiða sem samsvarar 0,13% af samanlögðum iðgjaldsstofni, sbr. 1. mgr. 3. gr., allra sjóðfélaga til starfsendurhæfingar sjóðfélaga til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs sem starfar á vegum aðila vinnumarkaðarins. Fyrsta greiðsla er reiknuð af iðgjaldsstofni janúarmánaðar 2012. Gjalddagi skal vera tíundi dagur næsta mánaðar eftir að launagreiðandi hefur staðið skil á lífeyrisiðgjaldi skv. 2. mgr. 7. gr. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og gjaldið fellur í gjalddaga.

Iðgjald launagreiðanda, þ.m.t. þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs skal vera 0,13% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. 3. gr. og skal reiknast í fyrsta sinn af iðgjaldsstofni septembermánaðar 2011. Iðgjaldið veitir réttindi til þjónustu VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Launagreiðanda skv. 1. málsl. er skylt að standa skil á iðgjaldinu til viðkomandi lífeyrissjóðs með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald, sbr. 2. mgr. 7. gr. Lífeyrissjóðir ráðstafa iðgjaldinu til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs og skal fara eftir þeim ákvæðum sem almennt gilda í þeim innheimtusamningum sem gerðir hafa verið milli aðila.

Ráðherra velferðarmála og ráðherra lífeyrismála skulu skipa samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda og Landssamtaka lífeyrissjóða til að koma fram með nánari tillögur um skipulag og samhæfingu starfsendurhæfingarmála fyrir 1. nóvember 2011 þar sem miðað verði við jafna kostnaðarskiptingu í þrjá hluta. Þá skal nefndin fyrir sama tímamark leggja fram tillögur að skýrum lagaramma eða umgjörð Starfsendurhæfingarsjóðs, m.a. varðandi greiðsluskyldu, ábyrgð og eftirlit. Samráð skal haft við skattyfirvöld við útfærsluna.

VI. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda eins og hér segir:

Ákvæði 2. og 5. gr. öðlast gildi 1. janúar 2012.

Ákvæði 1., 3. og 4. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2011 og á staðgreiðsluárinu 2010 eftir því sem við á.

Ákvæði 6. gr. og 8.–11. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði 7. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2012.

Ákvæði 12. gr. öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2012.

1791. Lög [359. mál]

um gistináttaskatt.

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1782.

1792. Lög [201. mál]

um skeldýrarækt.

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1726 með þessari breytingu:

17. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga með reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um útgáfu tilrauna- og ræktunarleyfa, merkingar á búnaði og mannvirkjum, úttekt á mannvirkjum og búnaði, endurnýjun og viðhald þeirra og framkvæmd og umfang heilnæmiskannana. Einnig skal skilgreina í reglugerðinni tegundir skeldýra sem er heimilt að rækta, eftirlit með starfsemi skeldýraræktarstöðva og flutning skeldýra milli starfsstöðva eða svæða. Enn fremur hefur ráðherra heimild til að setja í reglugerð ákvæði um veiðar á villtum stofnum skeldýra til ræktunar. Við setningu reglugerða skal eftir því sem við á leitað umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslu Íslands, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, samtaka hagsmunaaðila í skeldýrarækt, Siglingastofnunar Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera fjórar vikur.

1793. Þingsályktun [890. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1777.

1794. Nefndarálit [596. mál]

um frv. um breyt. á l. nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis (nefndaskipan, eftirlitshlutverk Alþingis o.fl.).

Frá þingskapanefnd.

Inngangur.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bernódusson, skrifstofustjóra Alþingis, Þórhall Vilhjálmsson, yfirlögfræðing Alþingis, og Bryndísi Hlöðversdóttur, rektor Háskólans á Bifröst.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um þingsköp Alþingis. Meginefni frumvarpsins er að gera breytingar á nefndaskipan Alþingis, setja skýrari ákvæði um eftirlitshlutverk þingsins og um meðferð trúnaðarmála í nefndum. Breytingarnar miða að því að styrkja störf nefndanna og þar með faglega umfjöllun Alþingis um þingmál svo og að efla eftirlitshlutverk þess og styrkja stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Í frumvarpinu eru einnig mikilvæg ákvæði um upplýsingaskyldu ráðherra, upplýsingarétt þingmanna og um meðferð trúnaðarupplýsinga í nefndum þingsins.

Það má á margan hátt líta á frumvarpið sem viðbrögð Alþingis við tillögum nefndar sem sett var á fót í júní 2008 til að athuga og gera tillögur um eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu en nefndin skilaði skýrslu um málið í september 2009. Þá samþykkti Alþingi samhljóða á fundi 28. september 2010 að breytingar á þingsköpum Alþingis væru hluti af víðtækum breytingum á stjórnkerfinu í kjölfar efnahagsáfallanna við fall bankanna í október 2008. Við útfærslu á ákvæðum frumvarpsins var einnig tekið tillit til ráðgefandi tilmæla Evrópuráðsins nr. 1601 (2008) um réttindi og ábyrgð stjórnarandstöðunnar í störfum þinga í lýðræðisríkjum (Procedural guidelines on the right and responsibilities of the opposition in a democratic parliament).

Vinna nefndarinnar.

Áður en frumvarpið var lagt fram var það til umræðu í þingflokkum allra flokka, svo og á mörgum fundum fulltrúa þingflokka, auk formanna þingflokka með forseta Alþingis.

Á meðal fyrstu verkefna nefndarinnar eftir að hún fékk frumvarpið til meðferðar var að ræða um störf og verklag nefndarinnar. Áhugi var fyrir því á meðal nefndarmanna, auk þess sem það var beinlínis lagt fyrir nefndina, að skoða nokkur önnur atriði en fjallað er um með beinum hætti í frumvarpinu. Þar má t.d. nefna dagskrárliðina „störf þingsins“ og „óundirbúinn fyrirspurnatími“. Þá skoðaði nefndin einnig önnur atriði sem vörðuðu meira skipulag og umgjörð þingstarfanna ásamt ásýnd þingsins.

Samhliða vinnu við frumvarpið í nefndinni var fjallað um önnur frumvörp sem lögð hafa verið fram á yfirstandandi löggjafarþingi og varða breytingar á starfsemi Alþingis og á þingsköpum Alþingis, t.d. 6. mál (umræðutími þingmála) og 49. mál um lagaskrifstofu Alþingis en því máli vísaði allsherjarnefnd til nefndarinnar. Allsherjarnefnd óskaði síðan sérstaklega eftir áliti nefndarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað (afnám sérstakra álagsgreiðslna), 24. mál.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Breytingar á nefndaskipan Alþingis.

Eins og nefnt hefur verið er eitt meginefni frumvarpsins að leggja til breytingar á skipulagi fastanefnda Alþingis, fjölda þeirra og þeim málaflokkum sem undir þær heyra. Markmið breytinganna er að styrkja og efla nefndastarfið enn frekar og þar með faglega umfjöllun Alþingis um þingmál ásamt því að gefa nefndunum meira og betra svigrúm til starfa. Meginbreytingarnar frá fyrra skipulagi eru að fastanefndum fækkar úr tólf í átta. Fækkun fastanefnda Alþingis mun vonandi bæta löggjafarstarfið því betra skipulag verður á störfum nefndanna. Þá er lagt til að verkaskipting nefnda taki ekki að öllu leyti mið af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu eins og verið hefur heldur taki nefndaskipulagið mið af störfum Alþingis og verkaskiptingin ráðist af því hvað heppilegast er talið fyrir starfsemi þingsins og að vinnuálag verði sem jafnast. Þá er einnig lagt til að komið verði á fót nýrri nefnd, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, sem ætlað er að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis og umfjöllun þingsins um stjórnskipunarmál.

Samkvæmt frumvarpinu fækkar nefndasætum. Flestir þingmenn munu við breytinguna sitja í einni nefnd, en nú sitja margir þingmenn í tveimur til fjórum nefndum. Hver nefndarmaður getur því sinnt betur en áður starfsskyldum sínum í nefndum og fengið betri heildarsýn yfir tengda málaflokka. Auðveldara verður að skipuleggja fundi nefndanna og þær geta fundað oftar og lengur í senn en nú þar sem fundir munu ekki skarast við fundi annarra nefnda. Öll þessi atriði má telja að skili markvissara starfi sem muni koma fram í betri undirbúningi lagasetningar.

Í 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á skipulagi fastanefnda Alþingis. Nefndin ræddi ítarlega þau sjónarmið sem liggja að baki nýrri nefndaskipan og um skiptingu málefnasviða og málaflokka á milli nefnda.

Þrátt fyrir það að frumvarpið geri ráð fyrir því að fjöldi nefndarmanna sé að jafnaði níu í hverri fastanefnd er það afstaða nefndarinnar að ákveðinn sveigjanleiki þurfi að vera í fjölda nefndarmanna og í tillögu um skipan nefndanna eigi að vera hægt að breyta út frá meginreglunni. Það væri m.a. hægt að gera til að bregðast við mismunandi álagi í störfum nefnda.

Í tengslum við verkaskiptingu á milli nefnda var m.a. fjallað um verkefni fjárlaganefndar og hvort rétt væri að fjalla um tekjur og gjöld ríkisins í einni og sömu nefndinni með því að færa skattamál undir verksvið nefndarinnar. Rætt var um það hvort skattamálin ættu frekar heima í annarri nefnd, t.d. atvinnuvega- og viðskiptanefnd, frekar en fjárlaganefnd. Gert er ráð fyrir því að ýmis tímafrek viðfangsefni fjárlaganefndar muni breytast í kjölfar breytinga á nefndaskipan Alþingis. Umfjöllun um fjárlagafrumvarpið og eftirlit með framkvæmd fjárlaga verður samt sem áður mjög fyrirferðarmikil í nefndinni. Það er því hugsanlegt að ekki gefist mikill tími til að fjalla um skattamál í nefndinni sem oft eru flókin og tæknileg og þarfnast vandaðrar yfirferðar. Niðurstaða nefndarinnar var því sú að skattamál ættu frekar heima í sérstakri nefnd, efnahags- og viðskiptanefnd.

Þá var rætt um auðlindamál. Frumvarpið gerir ráð fyrir að um auðlindamál, þ.e. rannsóknir, nýtingarstefnu, ráðgjöf og verndun, eigi að fjalla í umhverfis- og samgöngunefnd en um nýtingu auðlinda á grundvelli rannsókna og ráðgjafar eigi að fjalla í atvinnuvega- og viðskiptanefnd jafnvel þó að auðlindamál séu ekki sérstaklega tilgreind sem verkefni nefndarinnar í frumvarpinu heldur aðeins um þau fjallað í athugasemdum með frumvarpinu. Það var að lokum niðurstaða nefndarinnar að tiltaka auðlindamál (nýtingu auðlinda á grundvelli rannsókna og ráðgjafar) sérstaklega sem verkefni atvinnuveganefndar en auðlindamál (rannsóknir, ráðgjöf, verndun og sjálfbærni á sviði auðlindamála almennt) sem verkefni umhverfis- og samgöngunefndar. Í tengslum við það að skil á milli verkefna nefnda séu oft ekki alveg skýr

tekur nefndin sérstaklega fram að það er að endingu þingið sjálft sem ákveður til hvaða nefndar máli er vísað.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið leggur nefndin til nokkrar breytingar á 4. gr. frumvarpsins. Aðalbreytingin er sú að til verði sérstök efnahags- og viðskiptanefnd sem fjalli um efnahagsmál almennt, viðskiptamál, þ.m.t. bankamál og fjármálastarfsemi, og skatta- og tollamál. Fjárlaganefnd mun síðan veita efnahags- og viðskiptanefnd umsögn um þingmál er varðar tekjuhlið fjárlaga. Atvinnuvega- og viðskiptanefnd mun eftir þetta heita atvinnuveganefnd. Atvinnuveganefnd mun m.a. fjalla um auðlindamál (nýtingu auðlinda á grundvelli rannsókna og ráðgjafar) en umhverfis- og samgöngunefnd um auðlindamál (rannsóknir, ráðgjöf, verndun og sjálfbærni á sviði auðlindamála almennt). Helstu rökin fyrir því að bæta við einni nefnd eru þau að eftir að skattamál hafa verið færð frá fjárlaganefnd til atvinnu- og viðskiptanefndar er sú nefnd væntanlega orðin of störfum hlaðin og því lagt til að stofna annars vegar atvinnuveganefnd og hins vegar sérstaka efnahags- og viðskiptanefnd.

Upptalning verkefna undir hverri fastanefnd getur aldrei verið tæmandi og því var í nefndinni rætt um nokkra málaflokka sem ekki eru taldir upp sérstaklega í frumvarpinu. Nefndin leggur til að málefnum barna sé bætt við upptalningu verkefna velferðarnefndar og mannréttindum við verkefni allsherjar- og menntamálanefndar. Þá leggur nefndin til að við verkefni utanríkismálanefndar bætist að nefndin fjalli um skýrslur alþjóðanefnda, sem og skýrslu utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál. Þannig fæst heildstæðari umfjöllun um alþjóðastarf Alþingis og umfjöllun um skýrslu utanríkisráðherra á vettvangi nefndarinnar. Í samræmi við þetta leggur nefndin til breytingar á 47. gr. þingskapa þannig að alþjóðanefnd skuli leggja fyrir þingið ár hvert skýrslu um starfsemi sína. Skýrslum alþjóðanefnda skal vísa til utanríkismálanefndar til umfjöllunar. Utanríkismálanefnd getur síðan lagt fram skýrslu um alþjóðastarf Alþingis, á grundvelli skýrslna alþjóðanefnda, og kemur hún á dagskrá eftir sömu reglum og almennt gilda um skýrslur.

Loks var fjallað um nokkur önnur verkefni nefnda, t.d. málefni sveitarstjórnarstigsins og byggðamál, og hvar þeim verkefnum væri best fyrir komið samkvæmt nýrri nefndaskipan en ekki eru þó lagðar til neinar breytingar á því hvernig þessum málum er fyrir komið í frumvarpinu.

Þá var fjallað um skiptingu formennsku- og varaformennskuembætta í nefndum en í samkomulagi þingflokka um nefndaskipunina verður sérstaklega fjallað um formennsku og varaformennsku í nefndunum og hvort embætti í einstökum nefndum komi í hlut minni hluta. Mikið tækifæri er til að breyta vinnubrögðum í fastanefndum þingsins með því að minni hluti taki að sér forustu í nefndum en það getur hins vegar einnig kallað á ýmis vandamál varðandi stjórn nefndanna. Minni hluti þarf að geta valið að hafna því að taka við formennsku og varaformennsku í nefndum og þá þarf meiri hluti einnig að geta valið að fara með formennsku og varaformennskuembætti í öllum nefndum kjósi hann það. Í samræmi við þetta leggur nefndin til orðalagsbreytingar á 5. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að í sömu grein komi heimild til að víkja frá fjölda fulltrúa í fastanefndum. Sömuleiðis er gert ráð fyrir breytingu á frumvarpsgreininni þannig að víkja megi frá hlutfallsreglunni um skiptingu nefndasæta til þess að tryggt sé að þeir flokkar sem starfa saman í meiri hluta á Alþingi geti haft meiri hluta í þingnefndum.

Bráðabirgðaákvæði frumvarpsins gerir ráð fyrir því að skipting málefna á milli fastanefnda skuli koma til endurskoðunar einu ári frá gildistöku laganna. Óvíst er að þá verði komin mikil reynsla á breytingar á skipulagi fastanefnda þingsins en þá verður a.m.k. hægt að fara yfir reynsluna af breytingunum og bregðast við því sem betur má fara. Nefndin telur

að í bráðabirgðaákvæðinu sé rétt að tilgreina einnig önnur atriði en bara skiptingu málefna á milli fastanefnda sem rétt sé að endurskoða eftir eitt ár, t.d. starfshætti fastanefnda.

Í 4. gr. frumvarpsins eru einnig ákvæði um sérstaka stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Nefndin skal í senn fjalla um þingmál sem falla undir málefnasvið hennar og hafa ríka frumkvæðisskyldu um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Réttur minni hluta, þ.e. fjórðungs nefndarinnar, til að taka upp mál innan hennar er sérstaklega tryggður í frumvarpinu.

Nefndin fjallaði talsvert um hlutverk og verkefni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndarinnar. Um leið og nefndin fagnar tilkomu nefndar af þeim toga sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefndin er og væntir jafnframt mikils af störfum hennar telur nefndin mikilvægt að ákveðinnar hófsemi sé gætt við beitingu á mörgum af þeim úrræðum sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefndin hefur yfir að ráða. Vísar nefndin í því sambandi til þess hvernig sams konar nefnd í norska þinginu hefur starfað á umliðnum árum en í ákvæðinu er höfð hliðsjón af norskum reglum um þetta efni, þ.e. þingsköpum Stórþingsins.

Nefndin leggur til að eftirlit stjórnskipunar- og eftirlitsnefndarinnar beinist að ákvörðunum einstakra ráðherra og verklagi þeirra frekar en því að kanna einstakar ákvarðanir hjá ríkisstjórn eða stjórnsýslu hennar. Það er í betra samræmi við stjórnskipan landsins.

Í 9. gr. frumvarpsins er fjallað um fyrirkomulag nefndarfunda, þ.e. hvort þeir eigi að vera lokaðir eða opnir. Meginregla þingskapa er að fundir nefnda eru lokaðir og gildir það um almenna vinnufundi nefnda. Aðgang að slíkum fundum hafa ekki aðrir en nefndarmenn, starfsmenn nefndar og þeir gestir sem nefnd kallar til fundar við sig. Í 2. mgr. er lögð til sú nýjung að þegar gestir koma á fund nefndar eru þeir opnir fréttamönnum. Hér er það þó undanskilið að þegar starfsmenn Stjórnarráðsins mæta á fund nefndar eru þeir fundir ekki opnir með þessum hætti. Í 3. mgr. eru síðan tillögur sem miða að því að festa í lög ákveðnar meginreglur um opna nefndarfundi. Þær tillögur byggjast í flestum atriðum á gildandi reglum forsætisnefndar.

Nefndin fagnar því sérstaklega að allar miða þessar breytingar á fyrirkomulagi nefndarfunda að því að bæta aðgengi almennings og fjölmiðla að starfi fastanefnda Alþingis og nefndarfundum. Samhliða þessum breytingum ræddi nefndin um fundargerðir nefnda og leggur til að fundargerðir nefnda verði gerðar opinberar sem fyrst að afloknum fundum nefnda. Þessar breytingar eru gerðar í trausti þess að eðli fundargerðanna breytist ekki, t.d. með bókunum. Fastanefndir skulu einnig halda sérstakar gerðabækur þar sem bóka skal trúnaðarmál.

Nefndin ræddi einnig um störf og umgjörð fastanefnda og jafnframt um mikilvægi þess að efla eins og kostur er aðstoð og þjónustu við nefndir og nefndarmenn. Fyrirhugaðar breytingar á nefndaskipan Alþingis munu leiða til þess að hægt verður að láta hverri nefnd í té meiri aðstoð og betri þjónustu en nú er unnt að gera og er það af hinu góða. Þá eiga bæði nefndarmenn og þá sérstaklega starfsmenn nefnda eftir að geta sérhæft sig mun meira en færi hefur gefist á hingað til. Það eitt og sér mun styrkja faglega umfjöllun mála í nefndum mjög mikið.

Að lokum telur nefndin að allar þær breytingar á skipulagi fastanefnda Alþingis sem lagðar eru til í frumvarpinu og fjallað hefur verið um hér að framan og eins þær sem ekki hefur verið fjallað sérstaklega um muni styrkja og efla nefndastarfið á komandi árum og veita svigrúm til betri vinnubragða.

Eftirlitshlutverk Alþingis.

Annað meginefni frumvarpsins er að gera Alþingi betur kleift að annast þau verkefni sem því eru falin samkvæmt stjórnarskrá við að veita stjórnvöldum aðhald og hafa eftirlit með starfsháttum framkvæmdarvaldsins. Markmið breytinganna er að efla eftirlitshlutverk Alþingis og styrkja stöðu þess gagnvart framkvæmdarvaldinu. Í frumvarpinu er lagt til að settar verði skýrari reglur um rétt Alþingis, einkum þingnefnda, til upplýsinga og gagna frá stjórnsýslunni. Þá er lagt til að lögð verði skylda á ráðherra til að tryggja að Alþingi hafi þær upplýsingar sem hafa verulega þýðingu fyrir þau mál sem til meðferðar eru á Alþingi. Þá er loks lagt til að Alþingi verði gert kleift að taka við trúnaðarupplýsingum sem hafa þýðingu fyrir störf þingsins.

Í 21. gr. frumvarpsins er fjallað um eftirlitshlutverk Alþingis. Með greininni er lagt til að til komi nýr kafli sem geymi gildandi ákvæði þingskapa um eftirlitshlutverk þingsins auk þess sem fjórum nýjum greinum verður bætt við þingsköpin í þeim tilgangi að styrkja upplýsingarétt þingsins gagnvart stjórnvöldum.

Eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu kemur m.a. fram í 54. gr. stjórnarskrárinnar þar sem mælt er fyrir um rétt alþingismanna til þess að „óska [með leyfi Alþingis] upplýsinga ráðherra um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu“, sbr. enn fremur 46. og 49. gr. þingskapa. Eftirlit þingsins er bundið við störf ráðherra eða opinber málefni. Hvað fellur hins vegar nánar hér undir er ekki skýrt í þingsköpum. Helst hefur þótt valda ágreiningi þegar þingmenn hafa spurst fyrir um málefni hlutafélaga.

Nefndin ræddi almennt um eftirlitshlutverk Alþingis og einnig sérstaklega um opinber málefni og hvað eigi þar undir. Í frumvarpinu er skilgreint hvað átt er við með „opinberu málefni“. Fyrirspurnum og skýrslubeiðnum hefur almennt verið svarað um hvert það atriði sem tengist beint eða óbeint hlutverki og starfsemi ríkisins og stofnana þess. Skilgreiningin tekur mið af því. Helst hefur þótt óljóst hvaða upplýsingar um starfsemi fyrirtækja í eigu ríkisins séu opinbert málefni í þessum skilningi. Í frumvarpinu eru dregin ákveðin mörk að þessu leyti og við það miðað að starfsemi félaga og annarra lögaðila teljist opinbert málefni ef þau eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins og þau fara með stjórnsýslu eða veita almenningi opinbera þjónustu. Grundvallaratriðið er að um sé að ræða málefni sem tengist hlutverki og starfsemi ríkisins sem ráðherra ber ábyrgð á.

Nefndin ræddi talsvert um rétt Alþingis til upplýsinga og gagna frá stjórnsýslunni. Í b-lið 21. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði almenn regla sem leggur þá skyldu á ráðherra að veita þinginu allar þær upplýsingar sem hafa verulega þýðingu fyrir mat þingsins á fyrirliggjandi máli. Þessi skylda gildir bæði um athugun þingmála og frumkvæðisathugun fastanefnda þingsins. Ákvæðið leggur ákveðna athafnaskyldu á ráðherra óháð því hvers eðlis málið er og hver á frumkvæði að því. Til þess að ráðherra verði lagalega skylt að leggja upplýsingarnar fram verða þær þó að hafa verulega þýðingu fyrir tiltekið mál sem þingið hefur til umfjöllunar. Ekki er því verið að leggja þá skyldu á ráðherra að halda þinginu almennt upplýstu um starfsemina á málefnasviði sínu. Þá verður ráðherra eða ráðuneyti hans að búa yfir upplýsingunum og þær að tengjast málefnasviði ráðuneytisins. Upplýsingarnar verða enn fremur að hafa verulega þýðingu fyrir það mál sem er til umfjöllunar. Þetta atriði er að ákveðnu marki háð mati ráðherrans. Þó má ganga út frá því að allar þær upplýsingar sem geta almennt breytt afstöðu þingmanna til málsins hafi verulega þýðingu í þessum skilningi. Tilgangurinn er að tryggja að þingmenn hafi allar nauðsynlegar upplýsingar til að geta metið mál á réttum forsendum. Með þessu er ekki aðeins verið að setja ákveðna reglu um upplýs-

ingaskyldu ráðherra heldur einnig að draga fram að upplýsingaréttur Alþingis markist af þörf þingsins fyrir upplýsingar sem víki almennt takmörkunarheimildum upplýsingalaga til hliðar. Þá er lagt til að heimilað verði að leggja fyrir Alþingi upplýsingar sem annars er óheimilt að veita samkvæmt reglum um þagnarskyldu.

Nefndin fjallaði um þá skyldu sem lögð er á Alþingi að tryggja að upplýsingar berist ekki til óviðkomandi og einnig um skjalasafn Alþingis, og meðferð og varðveislu gagna, svo og aðgengi að þeim. Reglur, sem um þetta gilda, þarf að yfirfara og setja nýjar ef þörf er á verði frumvarpið að lögum.

Í d-lið 21. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði almenn þagnarskylduregla sem taki til allra alþingismanna. Þingmaður skal gæta þagmælsku um upplýsingar sem hann hefur fengið í starfi sínu ef þær eiga að fara leynt samkvæmt lögum eða lögmætri ákvörðun þess sem veitir upplýsingarnar. Þagnarskyldureglan ásamt ákvæðum um að grípa skuli til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að upplýsingar berist ekki óviðkomandi og um miðlun og varðveislu þeirra gerir stjórnvöldum kleift að leggja fyrir þingið upplýsingar sem annars væri óheimilt að veita samkvæmt reglum um þagnarskyldu eða á grundvelli upplýsingalaga.

Nefndin ræddi ítarlega um afleiðingar þess að brjóta þagnarskyldureglunna en í almennum skýringum við greinina segir að ef þingmaður brjóti þagnarskyldu sína geti reynt á refsiábyrgð hans. Með refsiábyrgð er vísað til fyrirmæla 136. gr. almennra hegningarlaga um að opinber starfsmaður skuli sæta fangelsi allt að einu ári ef hann „segir frá nokkru, er leynt á að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan.“ Það hefur verið litið þannig á að 136. gr. almennra hegningarlaga verði beitt með lögjöfnun um brot alþingismanna. Nefndin leggur samt sem áður til að í greininni sé vísað sérstaklega til þess að um brot á ákvæðum um þagnarskyldu fari skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

Nefndin fagnar því sérstaklega að staða minni hluta er styrkt á ýmsan hátt í frumvarpinu. Ákvæði þess um upplýsingarétt þingmanna og upplýsingaskyldu ráðherra undirstrikar jafnræði þingmanna í aðgangi að upplýsingum. Líklega birtist þetta markmið þó skýrast í breytingum á reglum um störf þingnefnda. Tiltekinn minni hluti nefndarmanna getur krafist þess að fundur með gestum verði opinn og sami minni hluti getur krafist aðgangs að gögnum stjórnvalda. Fylgt er leiðbeiningum Evrópuráðsins um þetta hlutfall og miðað við að fjórðungur nefndarmanna geti farið fram á þetta. Þar sem níu þingmenn eiga almennt sæti í fastanefnd nægir ekki að tveir þingmenn krefjist opins fundar eða aðgangs að gögnum fyrir nefndina heldur þurfa þeir að vera þrír.

Loks telur nefndin að allar þær breytingar á eftirlitshlutverki Alþingis sem lagðar eru til í frumvarpinu og sem styrkja munu og efla stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu á komandi árum séu mikið framfaraspor.

Nokkur önnur atriði frumvarpsins.

Í 18. og 20. gr. frumvarpsins er lagt til að framlagningarfrestur lagafrumvarpa og þingsályktana á síðari hluta þings breytist. Þetta er gert til að lagafrumvörp og þingsályktunartillögur frá ríkisstjórninni komi það tímanlega inn í þingið að hægt sé að fjalla um þau með eðlilegum hætti og skipuleggja vinnuna betur bæði í umræðum í þingsal og ekki síður í nefndum. Nauðsynlegt er að dreifa málum og þar með vinnuálagi sem jafnast yfir þingtímann.

Nefndin fjallaði ítarlega um framlagningarfrestinn. Rætt var um það þegar ráðherrar koma með stór og umdeild mál inn í þingið eftir að framlagningarfrestur er liðinn með það fyrir augum að fá málin tekin fyrir, þau rædd og jafnvel afgreidd á skömmum tíma. Slík vinnu-

brögð eru ekki til þess fallin að auka gæði lagasetningar. Í framhaldi af því leggur nefndin til að framlagningarfresturinn verði áfram miðaður við 1. apríl en þegar mál koma inn í þingið eftir að framlagningarfresturinn er liðinn komist þau ekki á dagskrá fyrr en a.m.k. fimm dögum eftir að búið er að útbýta þeim. Frá því má þó víkja ef þrír fimmtu hlutar þeirra þingmanna er um það greiða atkvæði samþykkja.

Í 20. gr. frumvarpsins er nýmæli um að í upphafi þings á hverju ári skuli forsætisráðherra leggja fram skýrslu um framkvæmd þeirra ályktana sem Alþingi hefur samþykkt. Ákvæðið miðar að því að styrkja stöðu þingsins og tryggja betur framkvæmd ályktana þess. Nefndin ræddi um þinglega meðferð skýrslunnar eftir að búið er að leggja hana fram. Það er eðlilegt að stjórnskipunar- og eftirlitsnefndin fjalli um skýrsluna og efni hennar sérstaklega ef framkvæmd ályktana hefur ekki gengið eftir eins og stefnt var að.

Mikil umræða varð í nefndinni um fyrirspurnir á þingskjölum og svör við þeim. Fjöldi framlagðra fyrirspurna hefur sjaldan verið eins mikill og á yfirstandandi löggjafarþingi. Fjallað var sérstaklega um skrifleg svör ráðherra við fyrirspurnum sem ekki er svarað á réttum tíma og hvaða úrræði Alþingi og þingmenn hafi til að reka á eftir skriflegum svörum við fyrirspurnum sem ekki berast á réttum tíma. Rætt var um að hafa fresti til að svara fyrirspurnum raunhæfari. Sá frestur er nú 10 virkir dagar en raunhæfara er að hafa hann 15 daga. Lagt er til að ráðherra þurfi síðan að gera þinginu grein fyrir því þegar fyrirspurn er ekki svarað á réttum tíma af hvaða ástæðum það stafar og hvenær vænta megi svars. Loks var fjallað um það að forðast ætti að prenta upp fyrirspurnir eins og nokkur kostur er.

Eins og nefnt hefur verið hér að framan var nefndinni falið að ræða sérstaklega um dagskrárliðina „störf þingsins“ og „óundirbúinn fyrirspurnatími“ jafnvel þó ekki sé fjallað um dagskrárliðina með beinum hætti í frumvarpinu.

Í tengslum við dagskrárliðinn „störf þingsins“ ræddi nefndin um fyrirkomulag hans og þörfina fyrir að lengja dagskrárliðinn. Í dag standa störf þingsins í allt að hálftíma á fyrir fram ákveðnum þingfundum að jafnaði tvisvar sinnum í hverri heilli starfsviku. Það vantar stundum meiri sveigjanleika fyrir forseta sem stjórnar umræðunum hverju sinni til að lengja dagskrárliðinn, t.d. um hálftíma. Dagskrárliðnum lýkur mjög oft þegar margir eru ennþá eftir á mælendaskrá. Nefndin leggur þó ekki til neinar breytingar á fyrirkomulagi dagskrárliðarins, a.m.k. ekki að sinni.

Varðandi dagskrárliðinn „óundirbúinn fyrirspurnatími“ ræddi nefndin um fyrirkomulag hans og eins um þörfina fyrir að breyta því fyrirkomulagi. Nú stendur óundirbúinn fyrirspurnatími í allt að hálftíma á fyrir fram ákveðnum þingfundum að jafnaði tvisvar sinnum í hverri heilli starfsviku. Nefndin leggur ekki til neinar breytingar á því fyrirkomulagi, a.m.k. ekki að sinni.

Í 24. gr. frumvarpsins er lagt til að breyta því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur varðandi umræður utan dagskrár. Slíkar umræður munu framvegis fá heitið „sérstakar umræður“ og verða settar á dagskrá þingfunda. Í nefndinni var m.a. rætt um heiti dagskrárliðarins og eins um það hvort ráðherra þurfi alltaf að vera til andsvara í slíkum umræðum eða hvort heimilt eigi að vera fyrir þingmann að geta talað við annan þingmann, t.d. formann þingflokks eða formann nefndar. Umræður utan dagskrár eru mikilvægur hluti af eftirliti Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Með umræðum utan dagskrár hafa þingmenn reynt að fá fram afstöðu ráðherra til mála sem ofarlega eru á baugi í þjóðfélagsumræðunni og hvernig ríkisstjórnin eða ráðuneyti ætla að bregðast við tilteknum málefnum. Þess vegna er gengið út frá því að ráðherrar verði til andsvara í sérstökum umræðum.

Í 25. gr. frumvarpsins er opnað fyrir útbýtingu þingskjala á vef þingsins á milli þingfunda. Nefndin tekur undir það sem fram kemur í athugasemdum við greinina að forseti eigi að móta reglur um það hvernig alþingismönnum er tilkynnt um útbýtinguna, t.d. með tilkynningu í tölvupósti eða símaskilaboðum. Nefndin hvetur til þess að farið verði sparlega með þær heimildir sem fjallað er um í greininni.

Í 30. gr. frumvarpsins er fjallað um siðareglur alþingismanna. Nefndin ræddi um það með hvaða hætti leggja skuli slíkar reglur fyrir þingið. Það var niðurstaða nefndarinnar að forsætisnefnd skuli undirbúa og leggja reglurnar fyrir þingið í formi þingsályktunartillögu. Forsætisnefnd skal fjalla um mál er varða siðareglur alþingismanna, framkvæmd þeirra og brot á þeim.

Í 33. gr. frumvarpsins er lagt til að þingmálið sé íslenska og í því sambandi ræddi nefndin sérstaklega um það þegar túlkar koma á nefndarfundi til að túlka mál gesta. Um þetta atriði þarf að fjalla nánar í starfsreglum nefnda þar sem huga skal sérstaklega að því að niðurstaða um það hvort þörf sé fyrir túlk eða ekki liggi fyrir nokkru áður en gestur mætir á fund nefndar.

Í sömu grein er fjallað um upplýsinga- og rannsóknarþjónustu Alþingis. Með ákvæðinu er ætlunin að treysta betur grundvöll starfseminnar. Nefndin leggur mikla áherslu á mikilvægi starfsemi upplýsinga- og rannsóknarþjónustunnar og hvetur til þess að skoðaðar séu allar leiðir til að styrkja og efla starfsemi hennar enn frekar á næstu árum.

Nefndin telur það mikilsvert sem kemur fram í 29. gr. frumvarpsins að forseti Alþingis og forsætisnefnd þurfi að ráðfæra sig við formenn þingflokka áður en settar eru reglur sem heimild er fyrir í þingskapalögum. Það hefur reyndar oftast verið gert en mikilvægt er að festa þetta samráð í þingsköpin.

Ýmis önnur atriði sem nefndin ræddi.

Eins og nefnt var hér að framan fjallaði nefndin um fjölmörg mál sem ekki tengjast með beinum hætti efni frumvarpsins en varða hins vegar skipulag og umgjörð þingstarfanna ásamt ásýnd þingsins. Nær öll atriðin miða að því að styrkja og efla Alþingi og auka sjálfstæði þess.

Stærsta málið af þessum toga, sem nefndin fjallaði um, er án efa samkomudagur Alþingis og starfstími þingsins. Samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar skal reglulegt Alþingi koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið. Þá segir í greininni að samkomudegi reglulegs Alþingis megi breyta með lögum. Nefndin leggur til að færa skuli samkomudag Alþingis fram til annars þriðjudags í september. Stærsti kosturinn við slíkar breytingar á starfstíma þingsins er vafalaust sá að þá kemur fjárlagafrumvarpið fyrr fram en nú er og þinginu gefast mun betri tími til að fjalla um frumvarpið. Þá leggur nefndin til að fjármálaráðherra skuli leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. apríl ár hvert tillögu til þingsályktunar um meginskiptingu útgjalda fjárlaga næsta fjárlagaárs (ramma) svo og greinargerð um breytingar á tekjuöflun ríkisins. Með tillögunni skal fylgja áætlun um ríkisfjármál næstu þriggja ára þar á eftir.

Nefndin leggur einnig til að við þingsköp Alþingis bætist ákvæði um að stjórnarfrumvörpum skuli fylgja mat á kostnaði fyrir ríkissjóð við lögfestingu þess. Í 2. mgr. 30. gr. laganna segir að ef nefnd mæli með samþykkt lagafrumvarps eða þingsályktunartillögu skuli hún láta prenta með áliti sínu áætlun um þann kostnað sem hún telur ný lög eða ályktun hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Nefndin leggur jafnframt til að við þetta ákvæði bætist nýr málsliður um að nefnd skuli láta endurskoða kostnaðarmat stjórnarfrumvarps ef hún gerir verulegar breyt-

ingartillögur við frumvarpið. Nefndin leggur að lokum áherslu á að farið sé eftir núgildandi ákvæðum þingskapa um kostnaðarmat.

Nokkur atriði, sem nefndin fjallaði um, eru þess eðlis að nefndin telur rétt að beina því sérstaklega til forsætisnefndar Alþingis að taka þau til frekari athugunar og umræðu á vettvangi þeirrar nefndar. Hér er um eins konar aðgerðaáætlun að ræða. Við upphaf næsta löggjafarþings skal síðan kjósa nefnd níu þingmanna sem vinnur að frekari endurskoðun þingskapa. Sú nefnd skal einnig hafa hliðsjón af þessum atriðum.

Eitt stærsta málið af þessum toga, sem nefndin fjallaði um, varðar án efa reglur um ræðutíma. Með breytingum á lögum um þingsköp Alþingis sem tóku gildi í ársbyrjun 2008 voru gerðar veigamiklar breytingar á reglum um ræðutíma. Nefndin hvetur til þess að farið verði yfir reynsluna af þessum breytingum og kannað sérstaklega hvort frekari breytinga sé þörf á reglum um ræðutíma. Við þá vinnu verði m.a. horft til hugmynda sem settar eru fram í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um þingsköp Alþingis (6. mál, umræðutími þingmála).

Nefndin hefur fjallað sérstaklega um frumvarp til laga um lagaskrifstofu Alþingis (49. mál). Nefndin telur að hugmyndin sem sett er fram í frumvarpinu um lagaskrifstofu Alþingis sé góð og tekur undir mörg af þeim sjónarmiðum sem þar eru rakin. Nefndin leggur því til að frekari athugun fari fram á efni frumvarpsins.

Í tengslum við gerð starfsáætlunar Alþingis og skipulagningu þingstarfa á hverjum tíma telur nefndin rétt að kannaðir séu kostir þess að í stað þess að nefndarfundir fari jafnan fram áður en þingfundir hefjast verði þingfundir a.m.k. stundum fyrir hádegi en nefndarfundir að þeim loknum eftir hádegi. Þá telur nefndin rétt að skoðað sé hvort hægt sé að fjölga svokölluðum nefndadögum þannig að hægt sé að jafna betur álag í störfum fastanefnda.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að komið verði á fót sérstakri hagdeild sem heyri beint undir Alþingi. Slík stofnun skal hafa skoðun á efnahagsmálum ásamt því að aðstoða þingmenn og nefndir við að taka afstöðu til slíkra mála.

Það er álit nefndarinnar að mikilvægt sé að unnið verði að því að þingmál geti lifað á milli þinga. Samkvæmt 52. gr. þingskapa skulu þingmál sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu við þinglok falla niður. Víða í þjóðþingum nágrannaríkja er það hins vegar þannig að þingmál, sem ekki eru afgreidd, falla ekki niður fyrr en við lok kjörtímabils. Hugsanlega verður útfærslan á þessu atriði hér á landi þannig að hægt verður að velja með einhverjum hætti hvort þingmál skuli lifa á milli þinga eða ekki.

Nefndin leggur einnig áherslu á að vefur Alþingis verði yfirfarinn með það fyrir augum að bæta aðgengi almennings að störfum þingsins, t.d. störfum fastanefnda og þingmálum. Vefur Alþingis á alltaf að vera í takt við það viðmót og þá þróun sem á sér stað og má ekki dragast aftur úr vefþróun. Í kjölfarið á slíkri úttekt og hugsanlegum endurbótum þarf síðan að hvetja almenning til að koma skoðunum sínum og ábendingum á þingmálum og störfum þingsins á framfæri í gegnum vefinn.

Það var rætt í nefndinni hvort þingmönnum eigi að vera heimilt að hafa tölvur í þingsal. Nefndin leggur til að skoðað verði til hvað ráðstafana þurfi að grípa til að þetta geti orðið mögulegt. Þá þarf að leggja mat á þann kostnað sem fylgir þessum breytingum. Í þjóðþingum nágrannaríkja er víðast hvar aðgengi að tölvum í þingsal þótt það sé nýtt með nokkuð breytilegum hætti. Til að koma í veg fyrir ónæði sem fylgt getur þessum breytingum leggur nefndin til að leitast sé við að setja upp spjaldtölvur með snertiskjá. Slíkar tölvur eru sambærilegar snertisímum sem mjög margir þingmenn hafa nú þegar. Samhliða þessum breytingum mundi draga úr pappírsnotkun í þingsal.

Nefndin leggur að lokum áherslu á að fara þurfi yfir þá aðstoð og þjónustu sem veitt sé þingflokkum og þá umgjörð sem þeim er búin. Ljóst er að fjölga þarf starfsfólki sem starfar fyrir þingflokka. Þingmenn þurfa t.d. að geta haft aðgang að sérfræðingum í tengslum við þingmálagerð en nú er slíka þjónustu helst að fá á nefndasviði Alþingis.

Forsætisnefnd og síðar sérnefnd þurfa að vinna að frekari athugun þessara atriða sem hér hafa verið rakin og taka afstöðu til þess hvernig áfram verður unnið að þeim.

Helstu breytingar á frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með nokkrum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

Nefndin leggur til að færa skuli samkomudag Alþingis fram til annars þriðjudags í september. Þá leggur nefndin til að fjármálaráðherra skuli leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. apríl ár hvert tillögu til þingsályktunar um meginskiptingu útgjalda fjárlaga næsta fjárlagaárs (ramma) svo og greinargerð um breytingar á tekjuöflun ríkisins. Með tillögunni skal fylgja áætlun um ríkisfjármál næstu þriggja ára þar á eftir. Þessar breytingar taki þó ekki gildi fyrr en á árinu 2012 til að gefinn sé hæfilegur aðlögunartími.

Lagt er til að skattamál færist frá fjárlaganefnd yfir til nýrrar nefndar, efnahags- og viðskiptanefndar, sem fjalli um efnahagsmál almennt, viðskiptamál, þ.m.t. bankamál og fjármálastarfsemi og skatta- og tollamál. Fjárlaganefnd mun síðan veita efnahags- og viðskiptanefnd umsögn um þingmál er varða tekjuhlið fjárlaga. Atvinnuvega- og viðskiptanefnd heiti eftir þetta atvinnuveganefnd. Atvinnuveganefnd mun m.a. fjalla auðlindamál (nýtingu auðlinda á grundvelli rannsókna og ráðgjafar) en umhverfis- og samgöngunefnd um auðlindamál (rannsóknir, ráðgjöf, verndun og sjálfbærni á sviði auðlindamála almennt). Þá leggur nefndin til að mannréttindamál bætist við verkefni allsherjar- og menntamálanefndar og að málefni barna bætist við verkefni velferðarnefndar. Þá leggur nefndin einnig til að utanríkismálanefnd fjalli sérstaklega um skýrslur alþjóðanefnda sem og skýrslu utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál. Loks er lagt til að heimilt verði að víkja frá fjölda fulltrúa í fastanefndum.

Þá er lagt til að fundargerðir nefnda verði gerðar opinberar sem fyrst að afloknum fundum nefnda. Fundargerð skal samþykkt annaðhvort í lok fundar eða í upphafi næsta fundar nefndar og að því búnu birt á vef þingsins. Undan skal þó fella þau atriði fundargerðar sem hafa að geyma þagnarskyldar upplýsingar. Fastanefndir skulu halda sérstakar gerðabækur þar sem bóka skal trúnaðarmál.

Einnig er lagt til að framlagningarfrestur lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna á síðari hluta þings sé 1. apríl en þegar mál koma inn í þingið eftir að framlagningarfresturinn er liðinn komist þau ekki á dagskrá fyrr en a.m.k. fimm dögum eftir að búið er að útbýta þeim. Frá því má þó víkja ef þrír fimmtu hlutar þeirra þingmanna er um það greiða atkvæði samþykkja.

Lagt er til að við bætist ákvæði um að stjórnarfrumvarpi skuli fylgja mat á kostnaði fyrir ríkissjóð við lögfestingu þess og einnig að nefnd skuli láta endurskoða kostnaðarmat stjórnarfrumvarps ef hún gerir verulegar breytingartillögur við frumvarpið.

Þá er lagt til að skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd þeirra ályktana sem þingið samþykkti á næstliðnu ári komi til umræðu í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd eftir að forsætisráðherra hefur lagt skýrsluna fram. Nefndin getur síðan lagt fyrir þingið álit sitt á skýrslu ráðherra og ef hún telur ástæðu til gert tillögur til þingsins um einstök atriði í skýrslunni.

Þá er einnig lagt til að um brot á reglum um þagnarskyldu þingmanna fari skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

Þá leggur nefndin jafnframt til breytingar á 47. gr. laganna um að alþjóðanefnd skuli leggja fyrir þingið ár hvert skýrslu um starfsemi sína. Skýrslum alþjóðanefnda skal vísa til utanríkismálanefndar til umfjöllunar. Utanríkismálanefnd getur síðan lagt fram skýrslu um alþjóðastarf Alþingis, á grundvelli skýrslna alþjóðanefnda, og kemur hún á dagskrá eftir sömu reglum og almennt gildir um skýrslur.

Lagt er til að frestur til að svara fyrirspurnum skriflega sé lengdur úr 10 virkum dögum í 15 virka daga og eins að ráðherrar geri þinginu grein fyrir því þegar það dregst að svara fyrirspurn af hvaða ástæðum það stafar og hvenær vænta megi svars.

Þá er einnig lagt til að 31. gr. frumvarpsins verði umorðuð þannig að meiri hluti nefndar geti staðið að flutningi þingmála.

Þá er jafnframt lagt til að forsætisnefnd skuli undirbúa og leggja fram þingsályktunartillögu um siðareglur fyrir alþingismenn. Forsætisnefnd fjallar um mál er varða siðareglur alþingismanna, framkvæmd þeirra og brot á þeim.

Loks er í ákvæði til bráðabirgða lagt til að ásamt skiptingu málefna á milli fastanefnda komi starfshættir nefndanna til endurskoðunar innan árs frá gildistöku laganna. Enn fremur er lagt til að við upphaf næsta löggjafarþings skuli kjósa nefnd níu þingmanna sem vinni að frekari endurskoðun þingskapa. Við þá vinnu skal hafa hliðsjón af áliti sérnefndar sem fjallaði um breytingar á þingsköpum á 139. löggjafarþingi.

Alþingi, 11. júní 2011.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, form., frsm.	Ragnheiður E. Árnadóttir.	Árni Þór Sigurðsson.
Kristján L. Möller.	Birgitta Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Þuríður Backman.	Gunnar Bragi Sveinsson.	Róbert Marshall.

1795. Breytingartillögur [596. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis (nefndaskipan, eftirlitshlutverk Alþingis o.fl.).

Frá þingskapanefnd.

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:
   Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Samkomudagur Alþingis er annar þriðjudagur í september, sbr. 35. gr. stjórnarskrárinnar.
2. Við 4. gr.
   a. Á undan orðinu „skipaðar“ í 1. mgr. komi: að jafnaði.

b. Við 1. tölul. Á eftir orðunum „dóms- og löggæslumál“ komi: mannréttindamál.
c. Við bætist nýr töluliður er orðist svo:
2. *Efnahags- og viðskiptanefnd.*
Nefndin fjallar um efnahagsmál almennt, viðskiptamál, þ.m.t. bankamál og fjármálastarfsemi, svo og skatta- og tollamál.
d. 2. tölul., er verði 3. tölul., orðist svo:
3. *Atvinnuveganefnd.*
Nefndin fjallar um sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál, iðnaðar- og orkumál, nýsköpun og tækniþróun, atvinnumál almennt og einnig nýtingu auðlinda á grundvelli rannsókna og ráðgjafar.
e. 3. tölul., er verði 4. tölul., orðist svo:
4. *Umhverfis- og samgöngunefnd.*
Nefndin fjallar um umhverfismál, skipulags- og byggingarmál og rannsóknir, ráðgjöf, verndun og sjálfbærni á sviði auðlindamála almennt. Enn fremur fjallar nefndin um samgöngumál, þ.m.t. framkvæmdaáætlanir, byggðamál svo og málefni sveitarstjórnarstigsins og verkaskiptingu þess og ríkisins.
f. 4. tölul., er verði 5. tölul., orðist svo:
5. *Fjárlaganefnd.*
Nefndin fjallar um fjármál ríkisins, fjárveitingar, eignir ríkisins, lánsheimildir, og ríkisábyrgðir og lífeyrismál. Nefndin veitir efnahags- og viðskiptanefnd umsögn um þingmál er varða tekjuhlið fjárlaga. Enn fremur skal nefndin annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga.
g. Við 5. tölul., er verði 6. tölul., bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur fjallar nefndin um skýrslur alþjóðanefnda sem og skýrslu utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.
h. Við 6. tölul., er verði 7. tölul. Á eftir orðinu „félagsþjónustu“ komi: málefni barna.
i. Við 7. tölul., er verði 8. tölul. Í stað orðanna „kanna einstakar ákvarðanir eða verklag hjá ríkisstjórn eða stjórnsýslu hennar“ í 2. mgr. komi: kanna ákvarðanir einstakra ráðherra eða verklag þeirra.

3. Við 5. gr.
a. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Þó má víkja frá þessu til að samstarf þingflokka á Alþingi endurspeglist í nefndum.
b. Orðin „og þá fara eftir sömu reglu“ í lok 7. málsl. 1. mgr. falli brott.
c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verði 9. málsl. og orðist svo: Heimilt er í tillögunni að víkja frá fjölda fulltrúa í fastanefndum.

4. Á eftir 9. gr. komi ný grein er orðist svo:
Á eftir 2. málsl. 21. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Fundargerð skal samþykkt annaðhvort í lok fundar eða í upphafi næsta fundar nefndar og því næst birt á vef þingsins. Undan skal þó fella þau atriði fundargerðar sem hafa að geyma þagnarskyldar upplýsingar. Hver nefnd heldur gerðabók þar sem bóka skal trúnaðarmál.

5. Við 12. gr. bætist nýr stafliður er orðist svo:
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Fjármálaráðherra skal leggja fyrir Alþingi, eigi síðar en 1. apríl ár hvert, tillögu til þingsályktunar um meginskiptingu útgjalda fjárlaga næsta fjárlagaárs (ramma), svo og greinargerð um breytingar á tekjuöflun ríkisins. Með tillögunni skal fylgja áætlun um ríkisfjármál næstu þriggja ára þar á eftir.

6. Á eftir 15. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við 2. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur skal nefnd láta endurskoða kostnaðarmat stjórnarfrumvarps, sbr. 36. gr., ef hún gerir verulegar breytingartillögur við frumvarpið.
7. Við 18. gr.
   a. Við bætist nýr stafliður, er orðist svo:
      a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórnarfrumvörpum skal fylgja mat á kostnaði fyrir ríkissjóð við lögfestingu þeirra.
   b. Í stað dagsetningarinnar „15. mars“ í b-lið komi: 1. apríl.
   c. Við b-lið bætist nýr málsliður er orðist svo: Samþykkis má þó fyrst leita þegar liðnir eru fimm dagar frá útbýtingu frumvarpsins en frá því má víkja ef þrír fimmtu hlutar þeirra þingmanna er um það greiða atkvæði samþykkja.
8. Við 20. gr.
   a. B-liður falli brott.
   b. Á eftir b-lið komi nýr stafliður er orðist svo: Við lokamálsgreinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samþykkis má þó fyrst leita þegar liðnir eru fimm dagar frá útbýtingu tillögunnar en frá því má víkja ef þrír fimmtu hlutar þeirra þingmanna er um það greiða atkvæði samþykkja.
   c. Við síðari málsgrein c-liðar bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar skýrslan hefur verið lögð fram skal hún ganga til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar til umfjöllunar. Nefndin getur lagt fyrir þingið álit sitt á skýrslu ráðherra og, ef hún telur ástæðu til, gert tillögur til þingsins um einstök atriði í skýrslunni.
9. Við 21. gr. Við d-lið bætist: sbr. 136. gr. almennra hegningarlaga.
10. Á eftir 22. gr. komi ný grein er orðist svo:
    47. gr. laganna orðast svo:
    Alþjóðanefnd skal leggja fyrir þingið ár hvert skýrslu um starfsemi sína. Skýrslum alþjóðanefnda skal vísa til utanríkismálanefndar til umfjöllunar. Utanríkismálanefnd getur lagt fram skýrslu um alþjóðastarf Alþingis, á grundvelli skýrslna alþjóðanefnda, og kemur hún á dagskrá eftir sömu reglum og almennt gilda um skýrslur.
11. Við 23. gr. Við bætist tveir nýir stafliðir er verði b- og c-liðir og orðist svo:
    b. Í stað orðanna „eigi síðar en tíu virkum dögum“ í 6. mgr. kemur: eigi síðar en 15 virkum dögum.
    c. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Takist ráðherra ekki að svara fyrirspurninni innan þess frests sem ákveðinn er í þessari grein skal hann gera forseta Alþingis skriflega grein fyrir því, svo og hver ástæðan er og hvenær vænta megi svars til Alþingis.
12. Við 30. gr. B-liður orðist svo:
    b. (81. gr.)
    Forsætisnefnd skal undirbúa og leggja fram þingsályktunartillögu um siðareglur fyrir alþingismenn.
    Forsætisnefnd fjallar um mál er varða siðareglur alþingismanna, framkvæmd þeirra og brot á þeim.
13. Við 31. gr. Greinin orðist svo:
    Við 2. mgr. 76. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um meiri hluta nefndar.

14. Við 37. gr.
    a. Í stað orðanna „Ákvæði til bráðabirgða í lögum um rannsóknarnefndir falla“ í 2. mgr. komi: Ákvæði til bráðabirgða I í lögum um rannsóknarnefndir fellur.
    b. Við bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:
       Nýtt ákvæði 1. gr., um samkomutíma Alþingis, og c-liður 14. gr., um áætlun um skiptingu útgjalda ríkisins næsta fjárlagaár, öðlast gildi 1. september 2012.
15. Við 38. gr. Í stað orðanna „atvinnuvega- og viðskiptanefnd“ í lok 5. tölul. og 6. tölul. komi: efnahags- og viðskiptanefnd.
16. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
    Starfshættir fastanefnda, svo og skipting málefna milli þeirra, sbr. 5. gr. laga þessara, komi til endurskoðunar innan árs frá gildistöku laganna.
    Við upphaf næsta löggjafarþings skal kjósa nefnd níu þingmanna sem vinnur að frekari endurskoðun þingskapa og hefur hliðsjón af áliti sérnefndar sem fjallaði um breytingar á þingsköpum á 139. löggjafarþingi.

1796. Fyrirspurn [892. mál]

til fjármálaráðherra um efnahagsreikning Arion banka, Íslandsbanka og NBI (Landsbankans) við stofnun.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hver var efnahagsreikningur Arion banka, Íslandsbanka og NBI (Landsbankans) við stofnun hvers og eins þeirra haustið 2009? Svar óskast um bókfært virði eigna og skulda hvers og eins banka, samkvæmt viðurkenndum reiknisskilavenjum (IFRS), og raunvirði eða sannvirði eigna hvers og eins banka við yfirfærslu frá hinum föllnu bönkum (Kaupþingi, Glitni og Landsbanka), fyrir og eftir útgáfu fjármálagerninga fyrir mismun eigna og skulda og eiginfjárframlagi íslenska ríkisins. Í svarinu verði sérstaklega tekið fram virði útlána hinna föllnu banka til einstaklinga og fyrirtækja, og virði þeirra lána sem voru þá bókuð sem útlán í íslenskum krónum og í erlendri mynt.

Skriflegt svar óskast.

1797. Breytingartillögur [826. mál]

við brtt. á þskj. 1762 [stjórn fiskveiða].

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, Ólínu Þorvarðardóttur,
Birni Val Gíslasyni, Róberti Marshall og Helga Hjörvar.

1. Við 3. tölul.
    a. Við bætist ný málsgrein sem verði 2. efnismgr. (4. mgr. 8. gr. laganna), svohljóðandi:

Við frádrátt skv. 1. málsl. 3. mgr. skal tekið mið af sérstakri tilgreiningu eigenda veiðiskipa á þeim tegundum sem hlutfall skv. 1. málsl. 3. mgr. skal dregið frá. Slíkt er þó aðeins heimilt að því leyti sem samanlögð þorskígildi aflaheimilda sérstaklega tilgreindra tegunda eru jöfn samanlögðum þorskígildum frádreginna aflaheimilda skv. 1. málsl. 3. mgr. Aðeins er heimilt að tilgreina skv. 1. málsl. ýsu, ufsa, þorsk og steinbít.

b. Orðin „og/eða samtökum í sjávarútvegi“ í 2. málsl. 3. efnismgr. falli brott.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd ákvæða greinarinnar í reglugerð.

2. Í stað orðsins „skal“ í fyrri málslið 2. efnismgr. 7. tölul. komi: er heimilt að.

3. Í stað efnismálsgreina d-liðar 8. tölul. komi ein málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna skulu frádráttarliðir samkvæmt þeirri málsgrein eins og þeir voru fyrir gildistöku 3. gr. laga þessara koma til frádráttar að ¾ hlutum frá leyfðum heildarafla á fiskveiðiárinu 2011/2012. Skal frádráttarhlutfall skv. 3. mgr. 8. gr. laganna á því fiskveiðiári aðeins koma til frádráttar svo nemi fjórðungi þess. Skal aflamagni samkvæmt þessari málsgrein ráðstafað skv. 5. og 6. mgr. 8. gr. laganna.

1798. Lög [889. mál]

um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1750.

1799. Breytingartillaga [826. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði).

Frá Ásbirni Óttarssyni, Birni Val Gíslasyni, Sigurði Inga Jóhannssyni og Björgvini G. Sigurðssyni.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Í stað orðanna „1. september 2011“ í 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum kemur: 1. september 2012.

1800. Fyrirspurn [893. mál]

til velferðarráðherra um stöðugildi lækna og hjúkrunarfræðinga.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hvernig þróaðist fjöldi stöðugilda lækna og hjúkrunarfræðinga árin 2007–2010, sundurliðað eftir heilbrigðisstofnunum?

Skriflegt svar óskast.

1801. Fyrirspurn [894. mál]

til fjármálaráðherra um framlög ríkisins til SpKef og Byrs.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hver hafa framlög ríkisins verið til SpKef?
2. Hver hafa framlög ríkisins verið til Byrs?

Skriflegt svar óskast.

1802. Frumvarp til laga [826. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði).

(Eftir 2. umr., 11. júní.)

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra skal hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nemi allt að 300 lestum af óslægðum botnfiski á hverju fiskveiðiári, sem gegn greiðslu gjalds er heimilt að ráðstafa til skipa sem hafa leyfi til frístundaveiða skv. 2. tölul. 4. mgr. vegna afla sem er fenginn við frístundaveiðar. Verð á aflaheimildum skal vera 80% af meðalverði í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Þessar heimildir miðast við óslægðan afla og skulu dragast frá þeim heildarafla sem veiða má á hverju tímabili, sbr. 3. gr. Ráðherra kveður nánar á um úthlutun aflaheimilda þessara í reglugerð. Tekjur af aflaheimildum þessum skulu renna í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. a laganna:

a. Í stað orðsins „mánuði“ í 2. málsl. 2. mgr. og „mánaðar“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: tímabil; og: tímabils.
b. Á eftir orðinu „útgerð“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: eiganda.
c. Á eftir 2. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið.

3. gr.

Í stað 3. og 4. mgr. 8. gr. laganna koma fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., að frádregnu hlutfalli af magni hverrar tegundar sem skal vera allt að 5,3%. Sama gildir um aflamark samkvæmt lögum nr. 151/1996. Ráðherra skal ákveða hlutfall skv. 1. málsl. Við þá ákvörðun skal hann leitast við að hlutfallið sé sem næst í samræmi við að mætt sé magntölum 5. mgr. þegar skipti hafa farið fram skv. 6. mgr.

Við frádrátt skv. 1. málsl. 3. mgr. skal tekið mið af sérstakri tilgreiningu eigenda veiðiskipa á þeim tegundum sem hlutfall skv. 1. málsl. 3. mgr. skal dregið frá. Slíkt er þó aðeins heimilt að því leyti sem samanlögð þorskígildi aflaheimilda sérstaklega tilgreindra tegunda eru jöfn samanlögðum þorskígildum frádreginna aflaheimilda skv. 1. málsl. 3. mgr. Aðeins er heimilt að tilgreina skv. 1. málsl. ýsu, ufsa, þorsk og steinbít.

Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla í hverri tegund skv. 3. mgr. skal varið til að mæta áföllum skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr., til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., til línuívilnunar skv. 11. gr. og til strandveiða skv. 6. gr. a.

Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla skv. 3. mgr. í öðrum tegundum en þeim sem úthlutað er skv. 5. mgr. skal skipt í viðkomandi tegundir samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu ákveðna framkvæmdaþætti til að tryggja að skipti þessi geti gengið eftir. Jafnframt er heimilt að flytja milli fiskveiðiára aflaheimildir samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd ákvæða greinarinnar í reglugerð.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað „2%“ í 2. málsl. og lokamálslið 1. mgr. kemur: 1,5%.
b. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Tilfærsla úr einstakri botnfisktegund getur þó aldrei orðið meiri en 30% af aflamarki skips í viðkomandi tegund.
c. Í stað 2. málsl. 9. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meira en 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju tímabili. Ráðherra skal binda heimild þessa við ákveðin tímabil.

5. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „9,5%“ í 2. málsl. 4. mgr. 21. gr. laganna kemur: 13,3%.

6. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, svohljóðandi:

Tekjur af veiðigjaldi skulu renna í ríkissjóð.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að ráðstafa 15% tekna af veiðigjaldi til sveitarfélaga. Nánari útfærsla á þeirri ráðstöfun skal koma fram í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012.

7. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (VIII.)

Á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012 hefur ráðherra til ráðstöfunar, til sérstakrar úthlutunar, 2.000 lestir af síld (íslenskri sumargotssíld) og 2.000 lestir af norsk-íslenskri síld. Fiskveiðiárið 2011/2012 hefur ráðherra til ráðstöfunar, til sérstakrar úthlutunar, 1.200 lestir af skötusel. Þessar heimildir miðast við óslægðan afla og skulu dragast frá heildarafla þeim sem veiða má á hverju tímabili, sbr. 3. gr.

Aflaheimildum þessum er heimilt að ráðstafa til fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Útgerð á þess kost að fá úthlutað fyrir hvert skip, gegn greiðslu gjalds, allt að 10 lestum af skötusel og 20 lestum af síld í senn. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Verð á aflaheimildum skv. 1. mgr. skal vera 176 kr. fyrir hvert kg af skötusel og 13 kr. fyrir hvert kg af síld. Gjaldið skal greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Með aflaheimildir þessar skal að öðru leyti fara eins og aflamark sem úthlutað er á grundvelli aflahlutdeildar.

Tekjur af aflaheimildum þessum skulu renna til ríkissjóðs og skal þeim ráðstafað á þann veg að þær renni í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs, með það að markmiði að stuðla að rannsóknum, nýsköpun og þróun í sjávarbyggðum.

b. (IX.)

Á fiskveiðiárinu 2010/2011 hefur ráðherra til ráðstöfunar allt að 1.900 lestum af óslægðum þorski og 600 lestum af óslægðum ufsa til strandveiða, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 6. gr. a.

Á fiskveiðiárinu 2011/2012 hefur ráðherra til ráðstöfunar allt að 2.000 lestum af óslægðum þorski og 600 lestum af óslægðum ufsa til strandveiða, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 6. gr. a.

Á fiskveiðiárinu 2011/2012 skal allt að 2.500 lestum af þorski og 500 lestum af ufsa, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 1. mgr. 10. gr., ráðstafað til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr.

Aflaheimildum samkvæmt þessu ákvæði skal einungis ráðstafað á fiskveiðiárinu 2011/2012 verði leyfilegur heildarafli þorsks meiri en 160.000 lestir og ufsa meiri en 50.000 lestir. Aflaheimildir þessar skal draga frá leyfðum heildarafla áður en kemur til skiptingar og frádráttar skv. 3. mgr. 8. gr.

c. (X.)

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna skulu frádráttarliðir samkvæmt þeirri málsgrein eins og þeir voru fyrir gildistöku 3. gr. laga þessara koma til frádráttar að ¾ hlutum frá leyfðum heildarafla á fiskveiðiárinu 2011/2012. Skal frádráttarhlutfall skv. 3. mgr. 8. gr. laganna á því fiskveiðiári aðeins koma til frádráttar svo nemi fjórðungi þess. Skal aflamagni samkvæmt þessari málsgrein ráðstafað skv. 5. og 6. mgr. 8. gr. laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2.–6. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en fiskveiðiárið 2011/2012.

1803. Frumvarp til laga [596. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis (nefndaskipan, eftirlitshlutverk Alþingis o.fl.).

(Eftir 2. umr., 11. júní.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Samkomudagur Alþingis er annar þriðjudagur í september, sbr. 35. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, sbr. 13. gr., hefur verið kjörin, tekur hún við verkefnum kjörbréfanefndar skv. 1. mgr.

3. gr.

Í stað orðanna „getur sett“ í 2. málsl. 5. mgr. 8. gr. laganna kemur: setur.

4. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Á Alþingi starfa þessar fastanefndir, að jafnaði skipaðar níu mönnum hver:

1. *Allsherjar- og menntamálanefnd.*
   Nefndin fjallar um dóms- og löggæslumál, mannréttindamál, ríkisborgararétt, neytendamál, málefni þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga og jafnréttismál, svo og um mennta- og menningarmál og vísinda- og tæknimál.
2. *Efnahags- og viðskiptanefnd.*
   Nefndin fjallar um efnahagsmál almennt, viðskiptamál, þ.m.t. bankamál og fjármálastarfsemi, svo og skatta- og tollamál.
3. *Atvinnuveganefnd.*
   Nefndin fjallar um sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál, iðnaðar- og orkumál, nýsköpun og tækniþróun, atvinnumál almennt og einnig nýtingu auðlinda á grundvelli rannsókna og ráðgjafar.
4. *Umhverfis- og samgöngunefnd.*
   Nefndin fjallar um umhverfismál, skipulags- og byggingarmál og rannsóknir, ráðgjöf, verndun og sjálfbærni á sviði auðlindamála almennt. Enn fremur fjallar nefndin um

samgöngumál, þ.m.t. framkvæmdaáætlanir, byggðamál svo og málefni sveitarstjórnarstigsins og verkaskiptingu þess og ríkisins.

5. *Fjárlaganefnd.*
   Nefndin fjallar um fjármál ríkisins, fjárveitingar, eignir ríkisins, lánsheimildir og ríkisábyrgðir og lífeyrismál. Nefndin veitir efnahags- og viðskiptanefnd umsögn um þingmál er varða tekjuhlið fjárlaga. Enn fremur skal nefndin annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga.
6. *Utanríkismálanefnd.*
   Nefndin fjallar um samskipti við erlend ríki og alþjóðastofnanir, varnar- og öryggismál, útflutningsverslun, málefni Evrópska efnahagssvæðisins og þróunarmál, svo og utanríkis- og alþjóðamál almennt. Enn fremur fjallar nefndin um skýrslur alþjóðanefnda sem og skýrslu utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.
7. *Velferðarnefnd.*
   Nefndin fjallar um sjúkra- og lífeyristryggingar, félagsþjónustu, málefni barna, málefni aldraðra og málefni fatlaðra, húsnæðismál, vinnumarkaðsmál og heilbrigðisþjónustu.
8. *Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.*
   Nefndin fjallar um stjórnarskrármál, málefni forseta Íslands, Alþingis og stofnana þess, kosningamál, málefni Stjórnarráðsins í heild og önnur mál sem varða æðstu stjórn ríkisins. Enn fremur fjallar nefndin um skýrslur Ríkisendurskoðunar og um ársskýrslu og tilkynningar umboðsmanns Alþingis.
   Nefndin skal einnig hafa frumkvæði að því að kanna ákvarðanir einstakra ráðherra eða verklag þeirra sem ástæða þykir til að athuga á grundvelli þess eftirlitshlutverks sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu. Komi beiðni um slíka athugun frá a.m.k. fjórðungi nefndarmanna skal hún fara fram. Um athugun sína getur nefndin gefið þinginu skýrslu.
   Nefndin skal jafnframt leggja mat á og gera tillögu til Alþingis um hvenær rétt er að skipa rannsóknarnefnd, sbr. lög um rannsóknarnefndir. Nefndin tekur skýrslur slíkrar nefndar til umfjöllunar og gefur þinginu álit sitt um þær og gerir tillögur um frekari aðgerðir þingsins.

Fastanefndir skal kjósa á þingsetningarfundi Alþingis að afloknum alþingiskosningum og gildir kosningin fyrir allt kjörtímabilið.

6. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Formenn þingflokka skulu á þingsetningarfundi leggja fram við kosningu fastanefnda, sbr. 13. gr., og við kosningu alþjóðanefnda, sbr. 35. gr., tillögu um skipun nefndanna, svo og varamanna í þeim. Tillagan skal byggjast á hlutfallslegum þingstyrk flokkanna og miðast við heildarfjölda nefndarsæta, annars vegar í fastanefndum og hins vegar í alþjóðanefndum. Skipta skal nefndarsætum með hliðsjón af þeirri aðferð við hlutfallskosningu sem kennd er við d'Hondt, sbr. 75. gr. Þó má víkja frá þessu til að samstarf þingflokka á Alþingi endurspeglist í nefndum. Hver alþingismaður á rétt á sæti í a.m.k. einni nefnd skv. 13. gr., en enginn má þó eiga sæti í fleiri en tveimur fastanefndum. Taka skal sérstakt tillit til óska þingflokka sem eiga ekki rétt á sæti í öllum fastanefndum. Hafa skal hliðsjón af fundaskrá nefndanna við skiptingu nefndarsæta. Í tillögunni skal jafnframt tilgreina hvernig embættum formanns, 1. varaformanns og 2. varaformanns í fastanefndum er skipt milli þingflokka. Heimilt

er í tillögunni að víkja frá fjölda fulltrúa í fastanefndum. Í alþjóðanefndum skal kjósa formann og einn varaformann. Sé tillaga formanna þingflokkanna samþykkt er kosningu nefndanna lokið, svo og kosningu embættismanna þeirra.

Þingflokki, sem ekki á fulltrúa í fastanefnd skv. 13. gr., er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum hennar.

Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um nefndaskipunina eða formennsku í nefndum, eða tillaga frá þeim eða hluta þeirra nær ekki tveimur þriðju hlutum atkvæða á þingsetningarfundi, skal kjósa til nefndanna á þeim fundi, hverrar fyrir sig, eftir reglum 75. gr. (d'Hondt). Skulu þá nefndirnar kjósa sér formann og varaformenn á fyrsta fundi hverrar nefndar er boða skal til innan viku frá kosningu hennar. Sá kveður þá þingnefnd saman til fyrsta fundar er fyrstur var kosinn. Forseti skal tilkynna kjör þeirra á þingfundi.

Nefnd getur hvenær sem er kosið að nýju formann eða varaformenn ef fyrir liggur beiðni meiri hluta nefndarmanna og fellur þá hin fyrri kosning úr gildi er ný kosning hefur farið fram.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 1. mgr. orðast svo: Ef formaður og varaformenn eru forfallaðir, eða varaþingmenn sitja fyrir þá, felur formaður öðrum nefndarmanni að undirbúa fund nefndar og gegna formannsstörfum til bráðabirgða.
b. Í stað orðanna „þriðjungi“ og „þriðjungur“ í 2. mgr. kemur: fjórðungi; og: fjórðungur.
c. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fundur skal haldinn svo fljótt sem við verður komið eftir að ósk berst. Formaður skal gefa viðhlítandi skýringar ef dregst umfram þrjá virka daga að halda fund í nefndinni.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skal þá varamaður taka sæti aðalmanns um stundarsakir eða fylgja reglum 3. mgr. um staðgengil.
b. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.
c. Á eftir orðinu „nefndarmanns“ í 3. mgr. kemur: og varamanns.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Fundatími nefnda skal ákveðinn áður en kosið er til nefndanna, sbr. 14. gr. Forseti ákveður í samráði við formenn nefnda starfsdaga þeirra og starfshætti að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um þá í þingsköpum.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Forseti getur sett nefnd, sem hefur mál til athugunar, frest til afgreiðslu þess og útgáfu nefndarálits eða framhaldsnefndarálits ef hann telur að athugun nefndarinnar hafi dregist óeðlilega. Skal forseti tilkynna um frestinn á þingfundi. Atkvæða skal leita ef einhver þingmaður óskar þess.

10. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Nefndarfundi mega auk nefndarmanna sitja starfsmenn nefndanna og þeir gestir sem nefnd kveður til funda eða fellst á að komi fyrir nefndina. Óheimilt er að vitna til orða nefndarmanna eða gesta sem falla á lokuðum nefndarfundi nema með leyfi viðkomandi, sbr. þó 2. mgr.

Þegar gestir koma fyrir þingnefnd, aðrir en þeir sem starfa í Stjórnarráðinu á ábyrgð ráðherra, er nefnd jafnan heimilt að opna slíka fundi, eða hluta fundar, fyrir fréttamönnum. Gildir þá ekki ákvæði 1. mgr. um tilvitnun til orða gesta á nefndarfundi. Ákvæði þessarar málsgreinar á ekki við ef nefnd hefur fallist á að taka við upplýsingum eða gögnum í trúnaði, sbr. 49. gr.

Nefnd getur einnig haldið opinn fund í því skyni að afla upplýsinga um þingmál sem vísað hefur verið til hennar eða um mál sem nefndin tekur upp að eigin frumkvæði. Nefnd getur óskað eftir því að núverandi eða fyrrverandi ráðherra, forstöðumenn sjálfstæðra ríkisstofnana, formenn ráða og nefnda á vegum ríkisins, ríkisendurskoðandi, umboðsmaður Alþingis, fulltrúar hagsmunaaðila og sérfræðingar sem ekki starfa undir stjórn eða á ábyrgð ráðherra komi á opinn fund og veiti nefndinni upplýsingar. Fari að minnsta kosti fjórðungur nefndarmanna fram á slíkan fund skal formaður nefndarinnar leita eftir því með hæfilegum fyrirvara við þann sem beðinn er að koma á opinn fund að hann verði við því og gera honum grein fyrir tilefni fundarins.

Opnir fundir skulu haldnir í heyranda hljóði og sendir út í sjónvarpi og á vef samkvæmt nánari reglum forsætisnefndar.

Óheimilt er að miðla upplýsingum á opnum fundi, eða vísa til þeirra, sem eiga að fara leynt samkvæmt reglum um þagnarskyldu eða upplýsingalögum. Formaður nefndar getur ákveðið að fundi skuli lokað svo að leggja megi fram slíkar trúnaðarupplýsingar.

Forseti setur nánari reglur um framkvæmd opinna funda, m.a. um aðgang áheyrenda og útsendingu.

11. gr.

Á eftir 2. málsl. 21. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Fundargerð skal samþykkt annaðhvort í lok fundar eða í upphafi næsta fundar nefndar og því næst birt á vef þingsins. Undan skal þó fella þau atriði fundargerðar sem hafa að geyma þagnarskyldar upplýsingar. Hver nefnd heldur gerðabók þar sem bóka skal trúnaðarmál.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 2.–4. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Við 1. mgr. bætist eftirfarandi málsliður: Við framhald umræðunnar gilda á ný ákvæði 89. gr. um ræðutíma við þá umræðu.

13. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skylt er ráðherra að veita utanríkismálanefnd upplýsingar og hafa samráð við hana um EES-mál í samræmi við reglur sem forsætisnefnd setur.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. 1.–6. málsl. 2. mgr. falla brott.

b. 3. málsl. 3. mgr. fellur brott.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Fjármálaráðherra skal leggja fyrir Alþingi, eigi síðar en 1. apríl ár hvert, tillögu til þingsályktunar um meginskiptingu útgjalda fjárlaga næsta fjárlagaárs (ramma), svo og greinargerð um breytingar á tekjuöflun ríkisins. Með tillögunni skal fylgja áætlun um ríkisfjármál næstu þriggja ára þar á eftir.

15. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Á starfstíma sínum er nefnd hvenær sem er heimilt að fjalla um mál sem heyrir undir málefnasvið hennar þó að þingið hafi ekki vísað því sérstaklega til hennar.

Nefnd getur, ef hún telur ástæðu til, gefið þinginu skýrslu um athugun sína skv. 1. mgr. þar sem gerð er grein fyrir ábendingum og athugasemdum nefndarinnar um það málefni sem hún hefur tekið upp. Í skýrslunni er heimilt að gera tillögu til þingsályktunar og kemur tillagan til afgreiðslu við lok umræðunnar um skýrsluna, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 45. gr.

Að loknum alþingiskosningum tekur nýkjörin nefnd afstöðu til þess hvort ólokinni athugun skv. 1. mgr. verði fram haldið.

16. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 27. gr. laganna orðast svo: Þegar máli hefur verið vísað til nefndar til athugunar tekur hún ákvörðun um málsmeðferð og felur þá jafnframt einum nefndarmanni að vera framsögumaður málsins.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Áður en nefnd lýkur athugun máls skal liggja fyrir tillaga að nefndaráliti til afgreiðslu. Fallist nefndarmaður ekki á álitið skal hann tilkynna um það áður en lokaafgreiðsla málsins fer fram. Nefndarálit skal prenta og útbýta meðal þingmanna á fundi.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömu tímafrestir um hvenær hefja má umræðu eftir útbýtingu framhaldsnefndarálits gilda eins og annars um álit nefnda, sbr. 40. og 45. gr.

18. gr.

Við 2. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur skal nefnd láta endurskoða kostnaðarmat stjórnarfrumvarps, sbr. 37. gr., ef hún gerir verulegar breytingartillögur við frumvarpið.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Íslandsdeild þingmannanefnda EFTA og EES.
b. 7. tölul. 1. mgr. fellur brott og breytist röð síðari töluliða samkvæmt því.
c. Í stað orðsins „EFTA“ í 2. mgr. kemur: EFTA og EES.
d. 3. mgr. fellur brott.
e. Í stað orðanna „getur sett“ í lokamálsgrein kemur: setur.

20. gr.

Á eftir 35. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því:

Forsætisnefnd getur stofnað tímabundið alþjóðanefndir til viðbótar þeim sem getið er um í 1. mgr. 35. gr. Auk þess getur forsætisnefnd ákveðið að fela tiltekinni alþjóðanefnd afmörkuð alþjóðleg verkefni.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórnarfrumvörpum skal fylgja mat á kostnaði fyrir ríkissjóð við lögfestingu þeirra.
b. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Forseti setur enn fremur reglur um frágang lagafrumvarpa sem innleiða reglur er byggjast á ESB-gerðum (EES-mál).
c. Í stað síðari málsliðar 2. mgr. kemur ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

   Ríkisstjórnin skal við upphaf vetrarþings afhenda forseta endurskoðaða áætlun um framlagningu stjórnarfrumvarpa á vetrar- og vorþingi ásamt áætluðum útbýtingardegi, sbr. 3. mgr. 58. gr. Lagafrumvörp, sem útbýtt er eftir 1. apríl, verða ekki tekin á dagskrá fyrir sumarhlé nema með samþykki þingsins, sbr. 74. gr. Samþykkis má þó fyrst leita þegar liðnir eru fimm dagar frá útbýtingu frumvarpsins en frá því má víkja ef þrír fimmtu hlutar þeirra þingmanna er um það greiða atkvæði samþykkja.

22. gr.

Í stað orðanna „sérnefndar skv. 32. gr.“ í 1. mgr. 42. gr. laganna kemur: stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. 5. mgr. orðast svo:

   Ef Alþingi berst erindi sem lýtur að málefni sem þingið verður samkvæmt stjórnarskrá eða lögum að taka afstöðu til en er ekki þingmál skv. III. kafla skýrir forseti frá því á þingfundi. Málið gengur síðan án umræðu til nefndar samkvæmt tillögu sem forseti gerir. Þegar nefnd hefur lokið athugun málsins lætur hún uppi álit sitt sem er útbýtt á þingfundi, ásamt tillögu að ályktun Alþingis sem skal rædd og afgreidd við eina umræðu eftir reglum um síðari umræðu um þingsályktunartillögur.
b. Við lokamálsgreinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samþykkis má þó fyrst leita þegar liðnir eru fimm dagar frá útbýtingu tillögunnar en frá því má víkja ef þrír fimmtu hlutar þeirra þingmanna er um það greiða atkvæði samþykkja.
c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Stjórnskipulegum fyrirvara skv. 103. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ber að aflétta með þingsályktun og skal haga framsetningu hennar í samræmi við reglur sem forseti setur.

   Forsætisráðherra leggur í október á hverju ári fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd þeirra ályktana sem þingið samþykkti á næstliðnu ári og kalla á viðbrögð ráðherra eða ríkisstjórnar, nema lög kveði á um að haga skuli skýrslugjöf til þingsins á annan hátt. Í skýrslunni skal enn fremur fjalla um meðferð málefna sem þingið hefur vísað til ríkis-

stjórnar eða einstaks ráðherra. Þegar skýrslan hefur verið lögð fram skal hún ganga til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar til umfjöllunar. Nefndin getur lagt fyrir þingið álit sitt á skýrslu ráðherra og, ef hún telur ástæðu til, gert tillögur til þingsins um einstök atriði í skýrslunni.

24. gr.

Á eftir 44. gr. laganna kemur nýtt kaflaheiti, IV. EFTIRLITSSTÖRF ALÞINGIS OG ALMENNAR UMRÆÐUR, ásamt fjórum nýjum greinum, 48.–51. gr., svohljóðandi, og breytist töluröð annarra kafla og greina samkvæmt því:

a. (48. gr.)

Alþingi, þingnefndir og einstakir alþingismenn hafa eftirlit með störfum framkvæmdarvaldsins. Eftirlitshlutverk Alþingis snýr að ráðherrum sem bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum, sbr. 14. gr. stjórnarskrár.

Eftirlitsstörf alþingismanna fara fram með fyrirspurnum, skýrslubeiðnum og sérstökum umræðum samkvæmt ákvæðum þessa kafla þingskapa, en þingnefndir geta tekið upp mál er snúa að stjórnarframkvæmd ráðherra samkvæmt ákvæðum II. kafla, sbr. 5. og 8. tölul. 1. mgr. 13. gr., um fjárlaganefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, og 1. mgr. 26. gr., um athugun nefndar á málum að eigin frumkvæði.

Eftirlitsstörf Alþingis gagnvart ráðherrum taka til opinberra málefna. Með opinberu málefni er átt við sérhvert málefni er tengist hlutverki og starfsemi ríkisins og stofnana þess, svo og félaga og annarra lögaðila sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins og annast stjórnsýslu eða veita almenningi opinbera þjónustu á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings.

b. (49. gr.)

Við umfjöllun um þingmál, við sérstakar umræður, í svörum við fyrirspurnum þingmanna og í skýrslum, hvort sem er að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni þingmanna, svo og við athugun mála að frumkvæði fastanefnda þingsins, skal ráðherra leggja fram þær upplýsingar sem hann hefur aðgang að og hafa verulega þýðingu fyrir mat þingsins á málinu.

Heimilt er að leggja fyrir Alþingi upplýsingar sem annars er óheimilt að veita samkvæmt reglum um þagnarskyldu. Skal þá grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að upplýsingarnar berist ekki óviðkomandi.

Þingnefnd getur ákveðið að trúnaður ríki um tilteknar upplýsingar sem hún fær á nefndarfundi. Sömuleiðis tekur þingnefnd afstöðu til þess fyrir fram hvort hún tekur við upplýsingum sem bundnar eru þagnarskyldu að lögum eða ósk þess sem vill veita nefndinni þær.

Þingnefnd tekur afstöðu til þess fyrir fram hvort hún tekur við upplýsingum sem háðar eru þagnarskyldu að lögum eða ósk þess sem vill veita nefndinni þær. Þingnefnd getur jafnframt ákveðið að trúnaður skuli ríkja um tilteknar upplýsingar sem hún fær á nefndarfundi.

c. (50. gr.)

Ef að minnsta kosti fjórðungur nefndarmanna krefst þess að nefnd fái aðgang að gögnum frá stjórnvöldum út af máli sem nefndin hefur til umfjöllunar skal stjórnvald verða við beiðni nefndarinnar þess efnis eins skjótt og unnt er og eigi síðar en sjö dögum frá móttöku beiðninnar. Því aðeins er heimilt að takmarka aðgang nefndar að gögnum að hagsmunir hennar af

því að kynna sér efni þeirra eigi að víkja fyrir mun ríkari opinberum hagsmunum eða einkahagsmunum. Rökstyðja skal slíka synjun skriflega.

Ef lögmætar ástæður eru fyrir beiðni um að trúnaðar sé gætt um efni gagna skulu nefndarmenn kynna sér gögnin á lokuðum fundi án þess að fara með þau út af fundinum. Sá sem lætur nefndinni í té slík gögn getur þó heimilað að nefndarmenn taki afrit með sér út af fundi og skulu nefndarmenn þá gæta þess vandlega að óviðkomandi geti ekki kynnt sér þau.

Gögn sem afhent eru nefnd í trúnaði skulu varðveitt í skjalasafni Alþingis samkvæmt reglum sem forsætisnefnd setur.

d. (51. gr.)

Þingmaður hefur þagnarskyldu um upplýsingar sem hann hefur fengið í starfi sínu ef þær eiga að fara leynt samkvæmt lögum eða lögmætri ákvörðun þess sem veitir upplýsingarnar, sbr. 136. gr. almennra hegningarlaga.

25. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Nefnd eða meiri hluti hennar getur sömuleiðis óskað eftir skýrslu ráðherra um opinbert málefni, sbr. 83. gr.

26. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Alþjóðanefnd skal leggja fyrir þingið ár hvert skýrslu um starfsemi sína. Skýrslum alþjóðanefnda skal vísa til utanríkismálanefndar til umfjöllunar. Utanríkismálanefnd getur lagt fram skýrslu um alþjóðastarf Alþingis, á grundvelli skýrslna alþjóðanefnda, og kemur hún á dagskrá eftir sömu reglum og almennt gilda um skýrslur.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „málefni“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: sbr. 1. mgr. 53. gr.
b. Í stað orðanna „eigi síðar en tíu virkum dögum“ í 6. mgr. kemur: eigi síðar en 15 virkum dögum.
c. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Takist ráðherra ekki að svara fyrirspurninni innan þess frests sem ákveðinn er í þessari grein skal hann gera forseta Alþingis skriflega grein fyrir því, svo og hver ástæðan er og hvenær vænta megi svars til Alþingis.
d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ef ráðherra hverfur úr embætti falla niður fyrirspurnir til hans sem ósvarað er.

28. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 50. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Forseti getur sett á dagskrá þingfundar sérstaka umræðu þar sem þingmenn geta fengið tekið fyrir mál hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Þingmaður skal afhenda forseta skriflega beiðni hér um. Við slíka umræðu skal ráðherra vera til andsvara.

Sé málefni, sem tekið er fyrir skv. 2. mgr., í senn svo mikilvægt, umfangsmikið og aðkallandi að það rúmist ekki innan umræðumarka sérstakrar umræðu, sbr. 89. gr., getur forseti

heimilað lengri umræðutíma og rýmri ræðutíma hvers þingmanns og ráðherra en ákveðinn er í 89. gr. Skal forseti leita samkomulags þingflokka um ræðutímann, en sker úr ef ágreiningur verður.

Forseti getur á fundartíma heimilað ráðherrum og formönnum stjórnmálaflokka að gefa sérstaka yfirlýsingu og fulltrúum annarra flokka að bregðast við henni ef ástæða er til. Forseti ákveður ræðutíma þegar gefin er yfirlýsing af þessu tagi og eins þegar umræða fer fram um hana.

29. gr.

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Á milli þingfunda má birta þingskjöl á heimasíðu Alþingis og telst sú birting jafngilda útbýtingu á þingfundi. Forseti setur nánari reglur um útbýtingu þingskjala á vef þingsins. Sama gildir um tilkynningar um þingsetu varamanna. Allar tilkynningar, sem birtast fyrst á vef þingsins samkvæmt þessari málsgrein, skal forseti endurtaka við upphaf næsta þingfundar eftir vefbirtingu.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „umræður utan dagskrár“ í 1. mgr. kemur: sérstakar umræður.
b. Lokamálsliður 4. mgr. orðast svo: Beiðnin skal vera skrifleg og borin fram áður en umræðan hefst.
c. Á eftir orðunum „um atkvæðagreiðslu“ í 7. mgr. kemur: um kosningu.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 60. gr. laganna:

a. Orðin „sbr. þó 2. mgr.“ í niðurlagi 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Breytingartillaga, sem er á dagskrá við 2. umræðu en hefur verið kölluð aftur að hluta eða í heild, kemur því aðeins á dagskrá við 3. umræðu að hún hafi verið flutt á ný.

32. gr.

Við 68. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar kjósa á um einn mann eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru og eigi hafa hreyft andmælum við því við forseta. Kosningin getur farið fram með rafeindabúnaði, sbr. 2. mgr. 73. gr., þannig að jafna megi henni við skriflega kosningu.

33. gr.

Við 72. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Forseti og forsætisnefnd skulu leita samráðs við formenn þingflokka um þær reglur sem þeim er falið að setja samkvæmt lögum þessum.

34. gr.

Á eftir 72. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 80. og 81. gr., svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því:

a. (80. gr.)

Alþingismenn skulu, innan mánaðar frá því að nýkjörið þing kemur saman, gera opinberlega grein fyrir fjárhagslegum hagsmunum sínum og trúnaðarstörfum utan þings eftir nánari reglum sem forsætisnefnd setur.

Sama gildir um varaþingmann sem tekur fast sæti á Alþingi, svo og um varaþingmann sem setið hefur samfellt fjórar vikur á þinginu. Enn fremur skulu ráðherrar, sem ekki eru jafnframt alþingismenn, fylgja sömu reglu.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu birtar á vef Alþingis þegar skráningu er lokið. Alþingismaður skal skrá nýjar upplýsingar innan mánaðar frá því að þær liggja fyrir.

b. (81. gr.)

Forsætisnefnd skal undirbúa og leggja fram þingsályktunartillögu um siðareglur fyrir alþingismenn.

Forsætisnefnd fjallar um mál er varða siðareglur alþingismanna, framkvæmd þeirra og brot á þeim.

35. gr.

Við 2. mgr. 76. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um meiri hluta nefndar.

36. gr.

Við 77. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Birta má á heimasíðu Alþingis á netinu öll gögn sem annars skal prenta. Telst sú birting jafngild prentun, nema annað sé tekið fram. Við rafræna útgáfu skal tryggja öryggi og áreiðanleika birtra upplýsinga og að þær varðveitist á varanlegan hátt. Forseti getur sett reglur um hvernig birtingunni skuli háttað.

37. gr.

Á eftir 77. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 85. og 86. gr., svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því:

a. (85. gr.)

Þingmálið er íslenska.

Ef hluti þingskjals er á erlendu tungumáli skal íslensk þýðing fylgja. Frá því má þó víkja ef sérstakar ástæður mæla með því og sá hluti þingskjals varðar ekki með beinum hætti meginefni máls.

Ef þingmaður vitnar í prentað mál, sbr. 65. gr., á erlendri tungu skal hann jafnframt þýða eða endursegja efni þess á íslensku.

Ef gestur kemur á fund nefndar og getur ekki talað íslensku skal túlka mál hans. Frá því má þó víkja ef enginn hreyfir andmælum.

b. (86. gr.)

Á vegum skrifstofu Alþingis starfar upplýsinga- og rannsóknaþjónusta fyrir þingmenn og nefndir þingsins. Um starfsemina skal kveðið nánar á í reglum sem forsætisnefnd Alþingis setur.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 80. gr. laganna:

a. Inngangsmálsgreinin orðast svo:

Réttur þingmanna og ráðherra til að taka þátt í umræðum skal vera allt að þeim tíma sem tilgreindur er í eftirfarandi yfirliti með reglum um ræðutíma, sbr. þó 57. gr., um sérstakar umræður, 58. og 59. gr., um stefnuræðu og almennar stjórnmálaumræður, 62. gr., um rýmkaðan rétt til umræðna, 63. gr., um styttingu andsvara, 64. gr., um takmörkun umræðna, 79. gr., um umsaminn ræðutíma, og 82. gr., um útvarp umræðu.

b. Í stað orðanna „**UMRÆÐUR UTAN DAGSKRÁR** (HÁLFTÍMI)“ í töflu kemur: **SÉRSTÖK UMRÆÐA.**

c. Liðurinn „**UMRÆÐUR UTAN DAGSKRÁR** (HINAR LENGRI)“ í töflu fellur brott.

d. Á eftir orðinu „atkvæðagreiðslu“ aftast í töflu kemur: eða um kosningu.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á greinaröð laganna og kaflafyrirsögn:

a. 51. og 52. gr. laganna færast framar og verða lokagreinar III. kafla (ÞINGMÁL), 46. og 47. gr.

b. 73. og 74. gr. laganna færast framar og verða lokagreinar hins nýja IV. kafla (EFTIRLITSSTÖRF ALÞINGIS OG ALMENNAR UMRÆÐUR), 58. og 59. gr.

c. Við fyrri málslið 3. mgr. 73. gr. laganna bætist: ásamt áætlun um hvenær þeim verður útbýtt.

d. Fyrirsögn V. kafla laganna verður: ÞINGFLOKKAR OG ÞINGMENN.

40. gr.

Breytingar á millivísunum í lögunum.

1. Í stað „68. gr.“ í 2. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: 75. gr.
2. Í stað „49. gr.“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: 56. gr.
3. Í stað „67. gr.“ í 4. mgr. 10. gr., 2. mgr. 36. gr. og tvívegis í 6. mgr. 44. gr. laganna kemur: 74. gr.
4. Í stað „53. gr.“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: 60. gr.
5. Í stað „73. gr.“ í 3. mgr. 18. gr., 74. gr. og 4. mgr. 75. gr. laganna kemur: 58. gr.
6. Í stað „80. gr.“ í 2. mgr. 40. gr., 1. mgr. 48. gr. og 1., 3. og 4. mgr. 55. gr. laganna kemur: 89. gr.
7. Í stað „45.–47. gr.“ í 1. mgr. 48. gr. laganna kemur: 52.–54. gr.
8. Í stað „55. gr.“ í 1. mgr. 48. gr. laganna kemur: 62. gr.
9. Í stað „72. gr.“ í 2. mgr. 55. gr. og 3. mgr. 63. gr. laganna kemur: 79. gr.
10. Í stað „skv. 36. og 44. gr.“ í 2. mgr. 76. gr. laganna kemur: skv. 37. og 45. gr.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við upphaf næsta löggjafarþings. Skal þá kosið á ný til fastanefnda og alþjóðanefnda samkvæmt þessum lögum.

Nýtt ákvæði 1. gr., um samkomutíma Alþingis, og c-liður 14. gr., um áætlun um skiptingu útgjalda ríkisins næsta fjárlagaár, öðlast gildi 1. september 2012.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögum um rannsóknarnefndir fellur brott þegar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hefur verið kosin skv. 5. gr. laga þessara.

42. gr.

Breyting annarra laga.

1. Síðari málsliður 3. mgr. 24. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, sbr. 4. gr. laga nr. 5/2009, orðast svo: Skal ræða skýrsluna í þeirri þingnefnd sem þingforseti ákveður.
2. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995:
   a. Í stað 3. málsl. 2. mgr. 3. gr., sbr. 23. gr. laga nr. 141/2003, koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fyrsti varaformaður fastanefndar fær 10% álag á þingfararkaup og annar varaformaður 5% álag. Enn fremur er heimilt að greiða formanni sérnefndar, svo og varaformönnum, sambærilegt álag eða hluta þess ef sérstök ástæða er til.
   b. Í stað orðanna „sbr. 2. mgr. 53. gr.“ í 1. mgr. 11. gr. kemur: sbr. 2. mgr. 60. gr.
3. Við 1. mgr. 1. gr. laga um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Forsætisnefnd Alþingis skal tilnefna mann við kosninguna. Aðrar tilnefningar skulu berast forseta Alþingis svo tímanlega að unnt sé að kanna kjörgengisskilyrði áður en kosningin fer fram.
4. Í stað orðsins „allsherjarnefndar“ í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 82/2008, um almannavarnir, sbr. 193. gr. laga nr. 162/2010, kemur: allsherjar- og menntamálanefndar.
5. Í stað orðanna „efnahags- og skattanefnd“ í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 75/2009, um stofnun opinbers hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, kemur: efnahags- og viðskiptanefnd.
6. Í stað orðsins „Viðskiptanefnd“ í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins, kemur: Efnahags- og viðskiptanefnd.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfshættir fastanefnda, svo og skipting málefna milli þeirra, sbr. 5. gr. laga þessara, komi til endurskoðunar innan árs frá gildistöku laganna.

Við upphaf næsta löggjafarþings skal kjósa nefnd níu þingmanna sem vinnur að frekari endurskoðun þingskapa og hefur hliðsjón af áliti sérnefndar sem fjallaði um breytingar á þingsköpum á 139. löggjafarþingi.

1804. Lög [826. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði).

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1802 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Í stað orðanna „1. september 2011“ í 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum kemur: 1. september 2012.

8. gr. hljóðar svo:

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (VIII.)

Á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012 hefur ráðherra til ráðstöfunar, til sérstakrar úthlutunar, 2.000 lestir af síld (íslenskri sumargotssíld) og 2.000 lestir af norsk-íslenskri síld. Fiskveiðiárið 2011/2012 hefur ráðherra til ráðstöfunar, til sérstakrar úthlutunar, 1.200 lestir af skötusel. Þessar heimildir miðast við óslægðan afla og skulu dragast frá heildarafla þeim sem veiða má á hverju tímabili, sbr. 3. gr.

Aflaheimildum þessum er heimilt að ráðstafa til fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Útgerð á þess kost að fá úthlutað fyrir hvert skip, gegn greiðslu gjalds, allt að 10 lestum af skötusel og 20 lestum af síld í senn. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Verð á aflaheimildum skv. 1. mgr. skal vera 176 kr. fyrir hvert kg af skötusel og 13 kr. fyrir hvert kg af síld. Gjaldið skal greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Með aflaheimildir þessar skal að öðru leyti fara eins og aflamark sem úthlutað er á grundvelli aflahlutdeildar.

Tekjur af aflaheimildum þessum skulu renna til ríkissjóðs og skal þeim ráðstafað á þann veg að þær renni í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs, með það að markmiði að stuðla að rannsóknum, nýsköpun og þróun í sjávarbyggðum.

b. (IX.)

Á fiskveiðiárinu 2010/2011 hefur ráðherra til ráðstöfunar allt að 1.900 lestum af óslægðum þorski og 600 lestum af óslægðum ufsa til strandveiða, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 6. gr. a.

Á fiskveiðiárinu 2011/2012 hefur ráðherra til ráðstöfunar allt að 2.000 lestum af óslægðum þorski og 600 lestum af óslægðum ufsa til strandveiða, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 6. gr. a.

Á fiskveiðiárinu 2011/2012 skal allt að 2.500 lestum af þorski og 500 lestum af ufsa, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 1. mgr. 10. gr., ráðstafað til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr.

Aflaheimildum samkvæmt þessu ákvæði skal einungis ráðstafað á fiskveiðiárinu 2011/2012 verði leyfilegur heildarafli þorsks meiri en 160.000 lestir og ufsa meiri en 50.000 lestir. Aflaheimildir þessar skal draga frá leyfðum heildarafla áður en kemur til skiptingar og frádráttar skv. 3. mgr. 8. gr.

c. (X.)

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna skulu frádráttarliðir samkvæmt þeirri málsgrein eins og þeir voru fyrir gildistöku 3. gr. laga þessara koma til frádráttar að ¾ hlutum frá leyfðum heildarafla á fiskveiðiárinu 2011/2012. Skal frádráttarhlutfall skv. 3. mgr. 8. gr. laganna á því fiskveiðiári aðeins koma til frádráttar svo nemi fjórðungi þess. Skal aflamagni samkvæmt þessari málsgrein ráðstafað skv. 5. og 6. mgr. 8. gr. laganna.

9. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2.–6. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en fiskveiðiárið 2011/2012.

1805. Lög [596. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis (nefndaskipan, eftirlitshlutverk Alþingis o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1803.

1806. Lög [728. mál]

um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

(Afgreidd frá Alþingi 11. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1656.

1807. Svar [816. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um verktakasamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Aðkeypt sérfræðiþjónusta í ráðuneytinu felst einkum í kaupum á lögfræðiþjónustu, ráðgjafarþjónustu og þjónusta þýðenda. Þessi vinna fer nær undantekningarlaust fram utan ráðuneytisins. Í maí sl. störfuðu þannig sex lögaðilar fyrir ráðuneytið. Um var að ræða þrjú ráðgjafarfyrirtæki, tvo túlka og einn lögfræðing.

1808. Svar [807. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?*

2. *Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?*

Á eftirfarandi töflum má sjá yfirlit yfir allar utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna ráðuneytisins og embættismanna stofnana þess.

Utanlandsferðir 2007			
Sjávarútvegsráðuneytið			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Bandaríkin	Fundir með þingmönnum	6	228.769
Bandaríkin	Fundur hjá SÞ með Japönum	4	111.386
Bandaríkin	Ársfundur IWC – Alþjóða hvalveiðiráðið	14	487.346
Belgía	Fundur hjá OSPAR	7	235.528
Belgía	Fundur hjá IUU	3	144.896
Belgía	Fundur um markaðsmál	3	140.555
Belgía	OSPAR fundur	7	235.528
Belgía	Aðalfundur EUMA	6	242.675
Belgía	Fundur um „General Food Law“	2	119.304
Belgía	Sjávarútvegssýning	4	197.872
Bretland	Ársfundur NEAFC	7	199.195
Bretland	Strandríkjafundur	10	338.250
Bretland	Strandríkjafundur	3	235.469
Bretland	Ársfundur NEAFC	4	129.117
Bretland	Fundur hjá NEAFC	5	172.389
Bretland	Ársfundur NEAFC	7	208.737
Bretland	PECCOE fundur	10	314.140
Bretland	Strandríkjafundur	5	160.501
Bretland	Aukaaðalfundur NEAFC	4	152.817
Bretland	Fundur hjá NEAFC	4	213.243
Danmörk	Samingafundur með Færeyingum	1	95.619
Danmörk	Strandríkjafundur	2	92.202
Danmörk	Samráðsfundur um IWC	1	84.037
Danmörk	Undirbúningsfundur vegna ársfundar NAFMC	2	107.446
Danmörk	Fundur MiFi	2	81.121
Danmörk	Fundur EK_FJLS	3	56.644
Danmörk	Fundur EK_FJLS	2	93.122
Danmörk	Fundur EK_FJLS	2	31.885
Danmörk	Fundur MiFi	2	93.186
Danmörk	Fundur EK_FJLS	2	107.272
Danmörk	Fundur MiFi og NAF	3	124.658
Danmörk	NAMMCO fundur	2	108.269
Danmörk	Strandríkjafundur	2	92.202
Finnland	Fundur norrænna matvælaráðherra	4	143.126
Finnland	Fundur EK_FJLS	3	126.850
Frakkland	OECD fundur	6	254.129
Frakkland	OECD fundur	5	167.580
Grænland	Ráðherrafundur NAFMC	4	38.780
Holland	Aðildarríkjafundur CITES	16	358.033
Ítalía	Ársfundur FAO	5	136.690
Ítalía	Fundur FAO	4	188.050
Ítalía	Fundur FAO	7	212.391
Japan	Viðræður um markaðsmál um hvalaafurðir	4	307.400

Japan	Viðræður um markaðsmál um hvalaafurðir	6	386.920
Japan	Fundur um hvalamál	9	380.322
Kanada	NAFO fundur	4	234.740
Kína	Viðræður um viðskiptasamning við Kínverja	9	476.528
Kína	Viðræður um viðskiptasamning við Kínverja	8	356.518
Noregur	Norðurlandaráðsþing	2	64.301
Noregur	Strandríkjafundur um norsk-íslenska síld	5	168.362
Noregur	Þing Norðurlandsráðs og embættismannafundur	4	145.998
Noregur	Ráðstefna um fiskeldi	3	173.196
Noregur	Ársfundur NAMMCO	6	196.815
Noregur	Fundur um IUU málefni	2	125.076
Noregur	Fundur hjá PECCOE	4	164.365
Portúgal	Fundur IUU um ólöglegar veiðar	2	58.985
Portúgal	NAFO fundur	7	205.584
Rússalnd	Tvíhliða fundur með Rússum um sjávarútvegsmál	4	155.385
Rússland	Ráðstefna um stjórn fiskveiða	5	207.387
Sviss	WTO fundur	3	220.524
Sviss	WTO fundur	4	224.455
Sviss	WTO fundur	4	199.924
Tyrkland	Ársfundur ICCAT	8	173.107
Þýskaland	Grune woche – matvælasýning og ráðstefna	3	182.367
Þýskaland	Ráðstefna „The future marine policy of the EU“	4	187.111
Þýskaland	Ráðstefna „The future marine policy of the EU“	4	189.471
Samtals 66 ferðir 2007		**309**	**12.245.850**

Utanlandsferðir 2007

Landbúnaðarráðuneytið

Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Belgía	Scar fundur	3	170.394
Belgía	ESB fundur	2	164.794
Belgía	ESB fundur	4	207.923
Belgía	Efta fundur	3	168.119
Belgía	EUMA fundur	4	133.050
Danmörk	Samningafundur um háskólarannsóknarstyrki	2	121.127
Danmörk	Fundur hjá Genersradet	2	117.103
Danmörk	NKJ fundur	3	142.195
Danmörk	Fundur hjá Nordgen	2	115.288
Danmörk	Fundur hjá Nordgen	1	95.186
Danmörk	Fundur hjá Nordgen	2	118.660
Danmörk	Fundur hjá Nordgen	3	156.066
Danmörk	Loðdýrauppboð í Kaupmannahöfn	3	81.115
Danmörk	Fundur hjá NMR	3	140.300
Danmörk	Fundur hjá NMR	3	124.643
Danmörk	Fundur hjá NMR	2	107.109
Danmörk	Fundur hjá NMR	3	107.918
Finnland	Norrænn fundur matvælaráðherra	6	290.097
Finnland	Fundur norrænna matvælaráðherra	4	200.662
Finnland	Fundur norrænna matvælaráðherra	4	200.662
Frakkland	OECD	3	151.054
Frakkland	WTO fundur	3	155.339
Ítalía	COAG Fao fundur	4	162.542
Kína	Tvíhliðasamningur Kína og Íslands	8	368.480
Kína	Tvíhliðasamningur Kína og Íslands	7	307.098
Noregur	Norðurlandsráðsfundur	3	117.319
Noregur	WTO fundur	2	107.129

Pólland	Fundur skógræktarráðherra	5	159.925
Sviss	Efta fundur	5	251.984
Sviss	Efta fundur	3	179.821
Sviss	WTO fundur	2	180.202
Sviss	WTO fundur	4	252.365
Sviss	WTO fundur	3	209.786
Sviss	WTO fundur	6	318.262
Sviss	WTO fundur	4	216.766
Sviss	WTO fundur	6	313.929
Sviss	WTO fundur	3	271.604
Svíþjóð	NKJ fundur	2	101.108
Svíþjóð	Fundur hjá Nordgen	3	125.831
Svíþjóð	Fundur hjá NMR	4	176.843
Þýskaland	Fundur vegna Kýótóbókunarinnar	10	213.630
Samtals 41 ferð		**149**	**7.303.428**
Utanlandsferðir 2008			
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Bandaríkin	Fiskeldisráðstefna	4	143.806
Bandaríkin	IWC fundur	9	386.187
Belgía	Efta fundur	3	232.966
Belgía	ESB fundur	2	134.980
Belgía	Ráðstefna um fiskeldi	3	146.044
Belgía	Sjávarútvegssýning	3	175.300
Belgía	ESB fundur	4	165.417
Belgía	Sjávarútvegssýning	3	301.077
Belgía	EES fundur	5	395.961
Belgía	SCARnefndarfundur	3	255.096
Bosnía	ECP/GR fundur	7	378.489
Bretland	IWC fundur	4	204.756
Bretland	NEAFC fundur	7	452.816
Bretland	PECMAS fundur	4	245.829
Bretland	Strandríkjafundur	14	665.506
Bretland	NEAFC fundur	5	219.377
Bretland	NEAFC fundur	3	136.063
Bretland	NEAFC fundur	3	134.548
Bretland	Strandríkjafundur	4	148.955
Bretland	PECCOE fundur	4	194.368
Bretland	NEAFC fundur	7	454.866
Bretland	Strandríkjafundur	14	665.506
Bretland	Strandríkjafundur	3	173.013
Bretland	IWC fundur	6	202.242
Bretland	Samráðsfundur um karfa	4	148.955
Bretland	NEAFC fundur	7	452.816
Bretland	NEAFC fundur	5	222.565
Bretland	Samráðsfundur um karfa	4	148.955
Bretland	NEAFC fundur	3	127.071
Chile	Ársfundur IWC	20	778.320
Danmörk	NAMMCO fundur	2	128.245
Danmörk	NAMMCO fundur	2	97.222
Danmörk	Ek-fisk fundur	3	124.312
Danmörk	MR-FJLS fundur	5	184.028
Danmörk	NEAFC fundur	4	135.945
Danmörk	EK-FJLS fundur	3	194.772

Danmörk	EK-FJLA fundur	3	124.539
Danmörk	Sjávarútvegssýning	2	122.889
Danmörk	Samráðsfundur um karfa	4	135.953
Danmörk	Samráðsfundur um karfa	4	135.945
Danmörk	Ny Nordisk Mad	3	150.000
Danmörk	NMR fundur	4	150.149
Danmörk	Fundur um nordisk handlingsplan	2	105.140
Danmörk	Nordgen fundur	2	99.382
Finnland	Norðurlandaráð fundur	4	253.160
Finnland	FJSL fundur	4	264.260
Frakkland	OECD fundur	3	172.706
Frakkland	OECD fundur	4	311.871
Frakkland	OSPAR fundur	5	275.962
Frakkland	OECD fundur	4	175.946
Frakkland	TREK hestasýning	8	334.494
Frakkland	OECD fundur	6	268.490
Frakkland	OECD fundur	4	141.923
Færeyjar	Tvíhliða viðræður	3	216.176
Grænland	NAMMCO fundur	4	311.532
Holland	OSPAR fundur	7	205.739
Indland	Fríverslunarviðræður við Indverja.	5	341.030
Írland	ABIC fundur	7	334.926
Ítalía	FAO fundur	6	266.992
Ítalía	FAO fundur	8	256.221
Ítalía	FAO fundur	6	29.785
Japan	Samráðshópur um hvalveiðimál	6	461.747
Kanada	NAFO fundur	5	240.154
Kanada	NAFO fundur	11	406.977
Kanada	NAFO fundur	12	557.648
Litháen	EAAP fundur	7	369.953
Malta	NAFO fundur	6	352.037
Malta	NAFMC fundur	5	249.287
Marakó	ICCAT fundur	10	534.699
Namibía	Alþjóðleg fiskveiðiráðstefna	7	672.947
Noregur	Ráðstefna um þorskeldi	4	240.183
Noregur	WTO fundur	2	111.243
Noregur	Samráðsfundur um karfa	3	125.517
Noregur	NMR fundur	3	240.653
Noregur	NMR fundur	5	200.197
Pólland	Kyotobókunin	10	388.968
Rússland	NEAFC fundur	3	298.562
Spánn	IUCN fundur	9	525.518
Spánn	NAFO fundur	7	325.263
Spánn	NASCO aðalfundur	5	228.902
Spánn	NAFO fundur	7	325.263
Sviss	WTO fundur	5	233.500
Sviss	WTO fundur	4	196.683
Sviss	Efta fundur	4	255.848
Sviss	WTO fundur	5	296.557
Sviss	WTO fundur	4	196.683
Svíþjóð	Ek-fisk fundur	2	135.201
Svíþjóð	Ek-fisk fundur	4	169.261
Svíþjóð	Fundur norrænna matvælaráðherra.	4	177.244
Svíþjóð	EK-FJLS fundur	3	136.045
Svíþjóð	MR-FJLS fundur	2	97.392

Svíþjóð	Norðurlandaráð fundur	2	101.762
Svíþjóð	Fundur norrænna matvælaráðherra.	4	181.945
Svíþjóð	Ráðstefna um dýravernd	3	123.125
Svíþjóð	EK-FJLS fundur	4	171.143
Svíþjóð	Fundur norrænna matvælaráðherra.	4	219.571
Svíþjóð	EK-skor fundur	2	98.910
Svíþjóð	IWC fundur	2	112.542
Svíþjóð	Fundur norrænna matvælaráðherra.	4	214.372
Svíþjóð	NKJ fundur	3	106.786
Tæland	Kyotobókunin	9	331.350
Þýskaland	FAO fundur	5	215.245
Þýskaland	Ráðstefna um líffræðilega fjölbreytni	14	397.077
Þýskaland	EUMA fundur	4	161.977
Þýskaland	Kyotobókunin	6	237.590
Samtals 105 ferðir 2008		**528**	**25.965.111**
Utanlandsferðir 2009			
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Bandaríkin	Fiskeldisráðstefna	3	182.915
Bandaríkin	Fiskeldisráðstefna	3	309.514
Bandaríkin	IWC fundir	5	344.688
Belgía	ESB fundur	3	246.778
Belgía	ESB fundur	3	236.374
Belgía	ESB fundur	3	376.039
Belgía	ESB fundur	5	295.295
Bretland	ICCat fundur	4	236.858
Bretland	NEAFC fundur	6	339.686
Bretland	NAFO fundur	5	300.081
Bretland	NEAFC fundur	3	212.067
Bretland	NEAFC fundur	3	209.432
Bretland	Strandríkjafundur um karfa	4	260.209
Bretland	Strandríkjafundur um karfa	6	312.458
Bretland	NEAFC fundur	3	214.830
Bretland	NEAFC fundur	4	255.030
Bretland	NEAFC fundur	3	148.718
Bretland	NEAFC fundur	6	312.458
Bretland	IWC fundir	7	370.970
Bretland	NEAFC fundur	5	248.831
Bretland	NEAFC fundur	6	365.659
Chile	IWC fundir	15	824.239
Danmörk	NAMMCO fundur	2	162.055
Danmörk	AG-Fisk fundur NMR	3	135.891
Danmörk	NAFO fundur	3	188.822
Danmörk	NAFO fundur	2	158.397
Danmörk	NAFO fundur	2	152.641
Danmörk	EK-FJLS fundur	2	164.628
Danmörk	NMR fundur	17	809.312
Danmörk	FJSL fundur	3	221.757
Danmörk	NKJ fundur	4	238.439
Finnland	IWC fundir	2	166.141
Frakkland	OECD fundur	4	265.739
Færeyjar	Tvíhliða samningar við Færeyjar	4	217.506
Indland	EFTA fundur	7	485.470

Írland	LULUCF fundur	5	300.849
Ísland	Fundur með ráðherra	6	328.605
Ísland	Fundur með bændasamtökunum	5	171.145
Ítalía	FAO fundur	15	973.427
Ítalía	FAO fundur	6	400.219
Ítalía	FAO fundur	15	714.053
Japan	IWC	7	536.740
Noregur	NAMMCO fundur	9	449.906
Noregur	NAMMCO fundur	5	313.473
Noregur	Strandríkjafundur um karfa	10	489.689
Noregur	Fiskeldisráðstefna	3	266.773
Noregur	IWC fundir	2	165.524
Noregur	PECCOE fundur	6	347.405
Portúgal	IWC fundir	18	861.684
Pólland	Viðskiptasamningur við Pólverja	2	200.242
Rússland	NEAFC fundur	5	349.368
Rússland	NEAFC fundur	4	388.902
Rússland	NEAFC fundur	5	332.223
Rússland	NEAFC fundur	5	424.132
Rússland	NEAFC fundur	3	318.098
Spánn	KYOTO bókunin	13	694.030
Sviss	Heimsmeistaramót íslenska hestsins	8	437.167
Sviss	EFTA fundur	5	329.113
Svíþjóð	OSPAR fundur	6	331.676
Svíþjóð	EK-FJLS fundur	6	377.285
Tyrkland	OECD fundur	5	360.929
Tæland	KYOTO bókunin	17	910.014
Þýskaland	KYOTO bókunin	9	427.235
Þýskaland	KYOTO bókunin	13	607.400
Þýskaland	KYOTO bókunin	13	538.528
Samtals 65 ferðir 2009		**391**	**23.315.761**

Utanlandsferðir 2010

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Bandaríkin	Alþjóðleg fiskeldisráðstefna	3	251.404
Bandaríkin	Fiskeldisráðstefna	3	170.614
Bandaríkin	Fiskeldisráðstefna	6	416.550
Bandaríkin	IWC fundur	6	478.524
Bandaríkin	IWC fundur	6	526.972
Bandaríkin	IWC fundur	10	598.904
Bandaríkin	IWC fundur	3	336.460
Belgía	ESB fundur	3	233.697
Belgía	ESB fundur	4	243.396
Belgía	ESB fundur	4	323.539
Belgía	ESB fundur	2	236.287
Belgía	ESB fundur	2	236.287
Belgía	ESB fundur	3	237.537
Bretland	NEAFC fundur	3	263.091
Bretland	NEAFC fundur	3	196.980
Bretland	NEAFC fundur	3	179.287
Bretland	NEAFC fundur	8	423.284
Bretland	NEAFC fundur	6	337.568
Bretland	NEAFC fundur	7	422.472

Bretland	ESB fundur	4	315.327
Bretland	NEAFC fundur	3	179.287
Bretland	NEAFC fundur	4	233.783
Bretland	NEAFC fundur	4	252.901
Bretland	NEAFC fundur	5	302.287
Bretland	NEAFC fundur	3	317.557
Danmörk	ESB fundur	3	177.156
Danmörk	NAMMCO fundur	2	156.925
Danmörk	ESB fundur	3	177.156
Danmörk	EK-FJLS fundur	2	147.971
Danmörk	EK-FISK fundur	3	178.056
Danmörk	Norræna ráðherranefndin	3	183.210
Danmörk	Norræna ráðherranefndin	2	173.368
Danmörk	NMR fundur	2	34.237
Danmörk	NMR fundur	2	168.302
Danmörk	NMR fundur	4	242.657
Danmörk	NMR fundur	2	148.405
Danmörk	NMR fundur	2	164.064
Danmörk	NMR fundur	2	166.533
Finnland	ESB fundur	4	335.641
Frakkland	OECD fundur	4	217.961
Frakkland	OECD fundur	13	576.229
Færeyjar	Tvíhliða viðræður	6	339.810
Færeyjar	NMR	2	232.508
Færeyjar	NMR fundur	3	127.077
Færeyjar	NMR fundur	3	276.358
Færeyjar	NMR fundur	5	220.099
Færeyjar	Sjávarútvegsráðstefna	5	264.762
Færeyjar	NMR fundur	3	196.933
Færeyjar	NMR fundur	3	301.039
Færeyjar	NMR fundur	4	239.352
Ítalía	FAO fundur	7	410.010
Ítalía	Kýótóbókunin	4	268.307
Ítalía	ESB fundur	6	355.400
Japan	NAMMCO fundur	13	793.220
Japan	IWC fundur	6	780.550
Japan	IWC fundur	6	526.972
Kanada	NAFO fundur	5	400.052
Kanada	NAFO fundur	7	372.572
Kanada	NAFO fundur	5	345.611
Kanada	NAFO fundur	4	416.055
Katar	Hafréttarfundur	16	909.620
Marakkó	IWC fundur	14	664.431
Marokkó	Hafréttarfundur	14	690.371
Noregur	NMR fundur	4	236.592
Noregur	NMR fundur	4	236.592
Noregur	EFTA fundur	4	322.059
Noregur	NEAFC fundur	5	327.062
Noregur	NEAFC fundur	3	238.686
Noregur	IWC fundur	2	150.418
Noregur	NEAFC fundur	5	327.062
Rússland	NEAFC fundur	5	420.441
Ukraína	EFTA fundur	3	325.129
Þýskaland	OSPAR fundur	5	264.485
Þýskaland	Sjávarútvegsráðstefna	3	247.329

Þýskaland	Fundur um erfðabreytt matvæli	11	505.579
Samtals 75 ferðir 2010		**356**	**23.694.409**

Utanlandsferðir 2007			
Fiskistofa			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Belgía/Brussel	Fundir hjá SCOFAC og ESA um eftirlit með innflutningi á lýsi	3	167.178
Belgía/Brussel	Fundur um animal by-product legislation í Brussel	2	236.528
Belgía/Brussel	Fundur í vinnunefnd ESB um lýsisreglur	3	133.481
Belgía/Brussel Írland/Dublin	Fundur með ESA í Brussel og ráðstefna IAFI í Dublin	5	154.078
Bretland/London	Vinnufundur ESB um fiskimjölsreglur	6	248.004
Frakkland/París	Codex fundur	5	184.114
Írand/Dublin	Grange-fundur forstjóra eftirlitsstofnana	3	177.811
Ítalía/Róm	Codex fundur	5	193.211
Litháen	Fundur í evrópunefnd Codex	4	227.087
Rússland/Moskva	Fundur um eftirlit með sjávarafurðum	4	226.122
Rússland/Pétursborg	Fundur við rússneska embættismenn um innfl. á ísl. sjávarafurðum	3	40.160
Þýskaland/Berlín	Fundur um matvælaráðgjöf	5	181.173
Samtals 12 ferðir 2007		**48**	**2.168.947**
Utanlandsferðir 2008			
Fiskistofa			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Belgía/Brussel	Fundur um lýsi.	2	190.565
Belgía/Brussel	Fundur um fiskveiðistjórnun og eftirlit	3	300.681
Noregur/Þrándheimur	Ráðstefna um fiskveiðieftirlit	7	303.503
Pólland/Varsjá	Evrópunefnd alþjóðastaðlaráðsins Codex	5	269.147
Sviss/Genf	Aðalfundur Codex Alimentarius	6	293.763
Svíþjóð/Stokkhólmur	Norræn ráðstefna um sjálfbærisvottun og rekjanleika sjávarafurða	3	131.738
Samtals 6 ferðir 2008		**26**	**1.489.397**
Utanlandsferðir 2009			
Fiskistofa			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Bretland/Grimsby	Fundur með hagsmunaaðilum í Grimsby		144.106
Bretland og Þýskaland	Fundað með eftirlitsmönnum í Hull, Grimsby og Bremerhaven		386.824
Frakkland/París	Fundur CCCGP		374.634
Ítalía/Róm	Aðalfundur Alþjóðastaðlaráðsins		343.431
Samtals 4 ferðir 2009			**1.248.995**
Utanlandsferðir 2010			
Fiskistofa			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Bretland/London	Fundur í vinnuhóp á vegum Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar	4	235.983

Þýskaland	Fundur með fleiri fulltrúum ísl. stjórnvalda og fisksöluaðila með fiskkaupendum	2	208.401
Samtals 2 ferðir 2010		**6**	**444.384**

Utanlandsferðir 2007			
Matvælastofnun			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Belgía	Fundir varðandi kampýlóbakter	3	157.724
Belgía	Heimsókn landbúnaðarráðherra til Brussel	5	102.511
Belgía	Fundur í vinnuhóp ESB um Súnur	3	143.676
Belgía	Fundur með ESB vegna Annex I og fundur með ESA	2	119.099
Belgía	Fundur með ESB vegna Annex I og fundur með ESA	2	119.099
Belgía	Fundur hjá ESA um eftirlit	3	122.547
Belgía	Fundur um matvælaöryggi á vegum ESB	3	119.180
Belgía	Fundur í vinnuhóp ESB um Súnur	3	123.554
Danmörk	Fundur yfirdýralækna Norðurlanda	5	120.150
Danmörk	Fundur norrænu embættismannanefndarinnar um matvæli	3	97.613
Finnland	Fundur í vinnuhóp norrænu ráðherran., NMDD	3	126.254
Finnland	Fundur norrænu embættismannanefndarinnar um matvæli	3	123.824
Finnland	Fundur norrænu embættismannanefndarinnar um matvæli	4	200.290
Frakkland	Alþjóðlegur fundur yfirdýralækna í OIE	7	183.658
Ítalía	Fundur í FMD nefnd hjá FAO um gin- og klaufaveiki	5	123.041
Portúgal	Fundur yfirdýralækna í ESB	5	171.264
Samtals 16 ferðir 2007		**59**	**2.153.484**
Utanlandsferðir 2008			
Matvælastofnun			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Belgía	Fundur um Evrópumál hjá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	2	116.445
Danmörk	Fundur norrænu embættismannanefndarinnar um matvæli	3	127.188
Danmörk	Fundur forstjóra matvælastofnana í KH	2	123.151
Eistland	Málstofa hjá norrænni-baltneskri nefnd um viðbragðs-áætlanir vegna dýrasjúkdóma	4	268.692
Finnland	Fundur yfirdýralækna Norðurlanda	4	194.003
Frakkland	Alþjóðlegur fundur yfirdýralækna í OIE	6	218.500
Litháen	Fundur yfirdýralækna í Evrópudeild OIE	6	234.233
Rússland	Fundur um útflutning á sjávarafurðum til Rússlands	4	378.553
Sviss	Fundur í SPS nefnd WTO	3	216.260
Svíþjóð	Fundur í vinnuhóp norrænu ráðherranefndarinnar, NMDD	3	122.785
Svíþjóð	Fundur norrænu embættismannanefndarinnar um matvæli	3	126.020
Samtals 11 ferðir 2008		**40**	**2.125.830**

Utanlandsferðir 2009			
Matvælastofnun			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Belgía	Fundur hjá Veterinary Working Group	2	0
Belgía	Fundur yfirdýralækna á EES-svæðinu	1	18.455
Frakkland	Alþjóðlegur fundur yfirdýralækna í OIE	6	319.950
Noregur	Fundur í vinnuhóp norrænu ráðherranefndarinnar, NMDD	3	191.252
Noregur	Fundur yfirdýralækna Norðurlanda	4	270.076
Rússland	Fundur um útflutning á sjávarafurðum, fiskmjöli og kjötvörum til Rússlands	4	362.403
Rússland	Fundur um útflutning á sjávarafurðum, fiskmjöli og kjötvörum til Rússlands	4	362.403
Svíþjóð	Norræn ráðstefna um dýraverndarmál	2	93.054
Svíþjóð	Fundur yfirdýralækna í ESB	4	225.621
Svíþjóð	Fundur norrænu embættismannanefndar um matvæli	3	180.618
Samtals 10 ferðir 2009		**33**	**2.023.832**
Utanlandsferðir 2010			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Matvælastofnun			
Belgía	Fundur hjá Veterinary Working Group	3	220.707
Belgía	Fundur um Evrópumál hjá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	3	215.250
Belgía	Fundur hjá Veterinary Working Group	3	253.220
Danmörk	Fundur norrænu embættismannanefndarinnar um matvæli	2	63.244
Frakkland	Alþjóðlegur fundur yfirdýralækna í OIE	6	322.728
Færeyjar	Fundur norrænu embættismannanefndarinnar um matvæli	4	147.688
Ítalía	Fundur hjá Advisory Forum hjá EFSA	4	140.872
Ítalía	Fundur hjá Animal Health and Animal Welfare hóp EFSA	4	29.037
Þýskaland	Undirritun samnings við Rússa vegna útflutnings á sjávarafurðum, fiskmjöli og kjötvörum	3	189.014
Samtals 9 ferðir 2010		**32**	**1.581.760**

Utanlandsferðir 2007			
Hafrannsóknastofnunin			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Danmörk	Ársfundur ICES	3	
Írland	Fundur vegna Sea Change	3	

Írland	Fundur vegna Sea Change	1	
Rússland	Alþjóðleg ráðstefna um fiskveiðar í N-Atlantshafi	5	
Samtals 4 ferðir 2007		**12**	**421.768**
	Utanlandsferðir 2008		
Hafrannsóknastofnunin			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Bandaríkin	Fundur um þróunarstarf	6	
Belgía	EFARO-fundur með embættismönnum EU	3	
Danmörk	ICES Council	3	
Danmörk	Stjórnarfundur EFARO	2	
Danmörk	Ársfundur ICES	2	
Frakkland	Ársfundur EFARO	5	
Grænland	Fundur hjá norrænu ráðherranefndinni	3	
Írland	Fundur vegna Sea Change	2	
Kanada	American Fisheries Society	5	
Kanada	ICES Council	4	
Nýfundnaland	Heimsókn forsætisráðherra til Nýfundnalands	6	
Samtals 11 ferðir 2008		**41**	**1.695.759**
	Utanlandsferðir 2009		
Hafrannsóknastofnunin			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Bandaríkin	International Boston Seafood Store	4	
Danmörk	Stjórnarfundur ICES	3	
England	Fundur í Sainsbury Headquarters	1	
Holland	EFARO-fundur	2	
Holland	EFARO-stjórnarfundur	1	
Rússland/Danmörk	Fundur með rússnesk-íslensku fiskveiðinefndinni og stjórnarfundur í EFARO	7	
Svíþjóð	EFARO-fundur	5	
Svíþjóð	Fundur með Fiskeriverket	6	
Samtals 8 ferðir 2009		**29**	**1.606.588**
	Utanlandsferðir 2010		
Hafrannsóknastofnunin			
Belgía	EFARO-fundur	2	
Danmörk	Fundur um Marifish Evrópuverkefnið	2	
Danmörk	Ársfundur ICES	2	
England	Fundur um stjórn makrílveiða	4	
Færeyjar	Ráðstefna á vegum norrænu ráðherranefndarinnar	5	
Samtals 5 ferðir 2010		**15**	**796.139**

Utanlandsferðir 2007			
Veiðimálastofnun			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Danmörk	Fundur laxanefndar ICES	13	329.202
Samtals 1 ferð 2007		**13**	**329.202**
Utanlandsferðir 2008			
Veiðimálastofnun			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Kanada	Ársfundur ICES	4	264.082
Samtals 1 ferð 2008		**4**	**264.082**
Utanlandsferðir 2009			
Veiðimálastofnun			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Finnland	Vinnufundur um vatnatilskipun	3	252.323
Samtals 1 ferð 2009		**3**	**252.323**
Utanlandsferðir 2010			
Veiðimálastofnun			
Kanada	Fundur um loftslagsbreytingar	7	317.349
Svíþjóð	Vinnufundur um vatnatilskipun	3	178.241
Samtals 2 ferðir 2010		**10**	**495.590**

Utanlandsferðir 2007			
Hagþjónusta landbúnaðarins			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Belgía/Lúxemborg	Fundur hjá DG-Agri (Belgía) / sækja CPSA-fund hjá Eurostat (Lúxemborg)	3	177.368
Lúxemborg	Vinnufundur hjá Eurostat	4	197.361
Samtals 12 ferðir 2007		**7**	**374.729**

Utanlandsferðir 2008			
Hagþjónusta landbúnaðarins			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Svíþjóð	Málstofa og stjórnarfundur hjá NSK	3	151.104
Lúxemborg	FSS vinnufund hjá Eurostat	4	183.070
Samtals 2 ferðir 2008		**7**	**374.729**
Utanlandsferðir 2009			
Hagþjónusta landbúnaðarins			
Land	**Tilgangur ferðar**	**Fjöldi daga**	**Heildarkostnaður með dagpeningum**
Finnland	Málstofa og stjórnarfundur hjá NSK + Málstofa hjá OECD	7	237.177
Lúxemborg	CPSA-fundur hjá Eurostat	3	256.284
Samtals 2 ferðir 2009		**10**	**493.461**
Utanlandsferðir 2010			
Hagþjónusta landbúnaðarins			
Engar ferðir voru farnar til útlanda á vegum Hagþjónustu landbúnaðarins á árinu 2010			

1809. Svar [646. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Bjarna Benediktssonar um málefni fjármálafyrirtækja og skilanefnda.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur ekki beinan aðgang að upplýsingum um málefni einstakra eftirlitsskyldra aðila. Ráðuneytið óskaði eftir því við Fjármálaeftirlitið að það tæki saman svör við spurningum á þskj. 1142. Fylgja svör eftirlitsins hér á eftir.

1. *Hvaða viðskiptabankar, sparisjóðir og fjárfestingarbankar:*
   a. *eru að störfum í landinu,*
   b. *hafa hætt störfum frá því í byrjun árs 2008?*

Í árskýrslu Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2010 (tímabilið 1.7.2009 til 30.6.2010) kemur fram að 30.6.2010 hafi verið starfandi 5 viðskiptabankar, 12 sparisjóðir og 8 lánafyrirtæki (lánafyrirtæki hafa heimild til að kalla sig fjárfestingarbanka skv. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002). Ofangreindar tölur telja ekki með fjármálafyrirtæki í slitameðferð eða undir bráðabirgðastjórn. Þá er vísað á heimasíðu eftirlitsins þar sem birtur er heildarlisti yfir eftirlitsskylda aðila, www.fme.is.

Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki í slitameðferð eða undir bráðabirgðastjórn 30.6.2010 voru Glitnir banki hf.; Kaupþing banki hf.; Landsbanki Íslands hf.; Sparisjóðabanki Íslands hf.; ALMC hf. (Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf.); Byr sparisjóður; Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON); Sparisjóðurinn í Keflavík; Sparisjóður

Mýrasýslu (nauðasamningum lokið); Frjálsi Fjárfestingarbankinn hf.; VBS fjárfestingarbanki hf.; Askar Capital hf. og Avant hf.

Hinn 1.10.2010 afturkallaði Fjármálaeftirlitið starfsleyfi viðskiptabankans ALMC hf. (áður Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf.), sbr. frétt á heimasíðu eftirlitsins 18.10. 2010.

Hinn 23.2.2011 afturkallaði Fjármálaeftirlitið starfsleyfi sparisjóðanna Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON), og auk þess starfsleyfi lánafyrirtækisins Frjálsa fjárfestingarbankans hf., sbr. frétt á heimasíðu eftirlitsins 14.3.2011.

Hinn 7.4.2011 afturkallaði Fjármálaeftirlitið starfsleyfi lánafyrirtækisins Askar Capital hf., starfsleyfi viðskiptabankans Sparisjóðabanka Íslands hf. og starfsleyfi fjárfestingarbankans VBS fjárfestingarbanka hf., sbr. frétt á heimasíðu eftirlitsins 8.4.2011.

Frá 2008 hefur nokkrum sparisjóðum verið slitið vegna samruna: Samruna Sparisjóðsins í Keflavík við Sparisjóð Vestfirðinga og Sparisjóð Húnaþings og Stranda; samruna Sparisjóðs Skagafjarðar við Sparisjóð Siglufjarðar (AFL sparisjóður); samruna Sparisjóðs Norðlendinga við Byr sparisjóð; samruna Sparisjóðs Kaupþings hf. við Arion banka hf.; samruna Spkef sparisjóðs við NBI hf.; samruna Sparisjóðs Mýrasýslu við Arion banka hf.

2. *Hve margir starfa hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og fjárfestingarbönkum?*

Umbeðnar upplýsingar liggja ekki fyrir.

3. *Hve margir starfa hjá skilanefndum fjármálafyrirtækja?*

Umbeðnar upplýsingar liggja ekki fyrir.

4. *Hve margir störfuðu hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og fjárfestingarbönkum á árinu 2007?*

Fjármálaeftirlitið hefur tekið saman upplýsingar fyrir árin 2007 og 2008: Stöðugildi samtals í árslok 2007: Viðskiptabankar – 4.050; sparisjóðir – 785; lánafyrirtæki – 558.

Stöðugildi samtals í árslok 2008: Viðskiptabankar – 3.526; sparisjóðir – 802; lánafyrirtæki – 607.

Bent er á að upplýsingar um stöðugildi má finna í skýringum með ársreikningum þessara aðila.

5. *Hverjar voru heildareignir 10 stærstu fjármálafyrirtækjanna:*
   a. *á árinu 2007,*
   b. *í lok árs 2010?*

Í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2010 er að finna upplýsingar um heildareignir viðskiptabankanna frá 2003 til 2010. Vakin er athygli á því að tímabil ársskýrslunnar nær frá 1.7.2009 til 30.6.2010. Þá bendir Fjármálaeftirlitið einnig á samantekt sem ber heitið: *Heildarniðurstöður ársreikninga fjármálafyrirtækja og verðbréfa- og fjárfestingarsjóða fyrir árið 2007*, útgefin í september 2008, sem hægt er að nálgast á heimasíðu eftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur ekki upplýsingar fyrir lok árs 2010 þar sem ekki hafa borist endanlegir ársreikningar frá öllum aðilum.

6. *Hverjar voru heildareignir þeirra fjármálafyrirtækja sem voru í slitameðferð í lok árs 2010?*

Fjármálaeftirlitið hefur umbeðnar upplýsingar ekki tiltækar en bendir á að upplýsingarnar má finna í ársreikningum þessara aðila.

7. *Hvenær er áætlað að slitameðferð ljúki hjá einstökum fjármálafyrirtækjum og með hvaða hætti?*

Upplýsingar liggja ekki fyrir hjá ráðuneytinu eða Fjármálaeftirlitinu umfram það sem gefið hefur verið út opinberlega af slitastjórnum.

8. *Hver er afstaða íslenska ríkisins sem kröfuhafa í þrotabú fjármálafyrirtækja til þess að leitað sé nauðasamninga til að ljúka slitum fjármálafyrirtækja?*

Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur lýst þeirri afstöðu að ekki séu að áliti ráðuneytisins lagaskilyrði til að skilanefndir haldi áfram rekstri þrotabúa fjármálafyrirtækja án þess að annaðhvort sé leitað nauðasamninga eða gjaldþrotameðferðar. Æskilegt hlýtur að teljast að nauðasamninga sé leitað eins fljótt og kostur er og þess þannig freistað að koma þrotabúunum í hendur réttra eigenda og greiða fyrir viðskiptum með hluti í þeim.

9. *Telur ráðherra að það muni flýta fyrir endurreisn íslenska fjármálakerfisins að slitameðferð ljúki með nauðasamningum, í stað þess að lok slitameðferðar verði við greiðslu allra viðurkenndra krafna eða skv. 2. mgr. 103. gr. a laga um fjármálafyrirtæki?*

Efnahags- og viðskiptaráðherra telur einsýnt að nauðasamningar séu fljótvirkasta og skynsamlegasta leiðin til að koma þrotabúunum í hendur réttra eigenda og skapa þar með beint samband eigenda og stjórnenda í a.m.k. tveimur af þremur stóru bankanna. Ávinningur af slíku er augljós, sérstaklega í ljósi þess umboðs- og stjórnunarvanda sem einkennt hefur endurreisn fjármálakerfisins og gerð er skýr grein fyrir í nýútkominni skýrslu Samkeppniseftirlitsins.

10. *Með hvaða hætti er hlutleysi tryggt og hagsmunaárekstur fyrirbyggður í störfum slita- og skilanefnda?*

Með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um slit fjármálafyrirtækja er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið fái ótvírætt eftirlitshlutverk með stjórnarháttum slitastjórna og skilanefnda og því að þær fari að ákvæðum 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki um góða viðskiptahætti. Kröfuhafar eiga þar að auki ávallt rétt til að bera kvartanir um starfshætti slitastjórna eða skilanefnda undir héraðsdóm, enda lúta þær ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. um störf skiptastjóra.

11. *Hver er kostnaður hvers og eins þrotabús fjármálafyrirtækjanna:*
    a. *við starf hvers og eins skilanefndarmanns,*
    b. *vegna þjónustu hvers og eins fyrirtækis sem skilanefndarmaður starfar fyrir eða starfar hjá?*

Hvorki ráðuneytið né Fjármálaeftirlitið hafa umbeðnar upplýsingar tiltækar. Upplýsingar um þóknanir skilanefnda og slitastjórna á að vera að finna í skýringum með ársreikningum þessara aðila.

1810. Svar [840. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um hleranir.

Vegna fyrirspurnarinnar var aflað upplýsinga frá embætti ríkissaksóknara, dómstólaráði og embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

1. *Hvernig er ferli við umsókn og veitingu heimildar til hlerana?*

Heimildir til hlerana eru einungis veittar með úrskurði dómstóla að undangenginni kröfu lögreglu þar um og að uppfylltum tilteknum lagaskilyrðum, sbr. XI. kafla laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, þ.e. að ástæða sé til að ætla að upplýsingar, sem skipt geta miklu fyrir rannsókn máls, fáist með þeim hætti, að rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi ellegar að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.

2. *Hve margar heimildir til hlerana voru „virkar“ 1. maí 2009, 1. maí 2010 og 1. maí 2011?*

Samkvæmt upplýsingum embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem sér um framkvæmd símhlerana á landsvísu var eftirtalinn fjöldi hlerana virkur á umræddum dögum, en að auki eru upplýsingar um hve margir úrskurðir þar af voru til framhaldshlerunar:

	1. maí 2009	1. maí 2010	1. maí 2011
Fjöldi úrskurða	17	10	9
- þar af framhald	5	4	4

3. *Hve margar heimildir til hlerana voru veittar árin 2009, 2010 og 2011? Hvaða aðilar, t.d. stofnanir, óskuðu eftir hlerunum? Hve mörgum umsóknum var hafnað?*

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda úrskurða til símhlerana sem voru veittir 2009, 2010 og 2011 samkvæmt upplýsingum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Miðað er við ár úrskurðarins þó að hann geti veitt heimild til símhlerunar yfir lengra tímabil en 12 mánuði. Gögn eru aðgreind eftir því hvort um er að ræða fyrsta úrskurð til símhlerunar eða framhaldsúrskurð.

	2009	2010	(Til 27. maí) 2011
Tenging	116	119	45
Framhald	57	172	28
Samtals	173	172	73

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda úrskurða til símhlerana sem voru veittir 2009, 2010 til 27. maí 2011, greint eftir þeim stofnunum (lögregluembættum) sem óskuðu eftir þeim, samkvæmt upplýsingum embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu:

	2009	2010	2011 (til 27.maí)
Lögregluembættið á Akranesi	2	0	4
Lögregluembættið á Akureyri	0	0	8
Lögregluembættið í Borgarnesi	8	0	0
Lögregluembættið á Eskifirði	4	2	0
Lögregluembættið á Ísafirði	0	1	1
Lögregluembættið á höfuðborgarsvæðinu	93	72	28
Lögregluembættið á Suðurnesjum	40	25	7
Ríkislögreglustjóri	2	0	10
Lögregluembættið á Selfossi	3	0	0

Sérstakur saksóknari	19	72	15
Lögregluembættið í Vestmannaeyjum	2	0	0
Samtals	173	172	73

Samkvæmt upplýsingum dómstólaráðs var fjöldi úrskurða um símhleranir á umræddu tímabili eftirfarandi:

Fjöldi úrskurða um símahleranir árin 2009, 2010 og til og með 27. maí 2011			
	2011*	2010	2009
Héraðsdómur Reykjavíkur	22	34	46
Héraðsdómur Vesturlands	4	28	10
Héraðsdómur Vestfjarða	1	1	1
Héraðsdómur Norðurl. vestra	0	0	0
Héraðsdómur Norðurl. eystra	8	4	0
Héraðsdómur Austurlands	0	2	0
Héraðsdómur Suðurlands	0	0	7
Héraðsdómur Reykjaness	40	109	127
Samtals	75	178	191

Ekki liggur fyrir á þessu stigi í hversu mörgum tilvikum kröfum lögreglu um símhleranir var hafnað.

4. *Hjá hvers konar fyrirtækjum hefur verið hlerað framangreind ár, sundurliðað eftir fyrirtækjamerkingu Hagstofunnar? Hjá hve mörgum einstaklingum var hlerað á sama tíma?*

Samkvæmt upplýsingum frá ríkissaksóknara hafa símar fyrirtækja verið hleraðir í tveimur tilvikum á framangreindu tímabili en ekki er unnt að veita nánari upplýsingar um þessar hleranir vegna rannsóknarhagsmuna. Í öðrum tilvikum hefur verið um hleranir hjá einstaklingum að ræða.

1811. Svar [814. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um verktakasamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Þau verkefni sem unnin eru af verktökum fyrir iðnaðaráðuneytið í maí 2011 eru eftirfarandi:

Fjöldi	Viðfangsefni
1	Sérfræðivinna við vatnalagafrumvarp.
1	Sérfræðivinna við þýðingu lagafrumvarps.
1	Sérfræðivinna við skýrslugerð um orkunýtingu.
1	Sérfræðivinna um sviðsmyndagreiningu í þróun stóriðjumöguleika.
1	Sérfræðivinna vegna viðbragða við gosinu í Grímsvötnum.

Svarið nær til allra þeirra sem vinna sérfræðivinnu fyrir ráðuneytið á grundvelli verktakasamnings eða sérstaks samkomulags við smíði frumvarpa, skýrslugerð eða aðra sérfræðivinnu á vegum ráðuneytisins.

1812. Þingsályktun [891. mál]

um prófessorsstöðu tengda nafni Jóns Sigurðssonar forseta.

(Afgreidd frá Alþingi 15. júní 2011.)

Samhljóða þskj. 1787.

1813. Svar [857. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um umönnunargreiðslur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Kemur til greina af hálfu ráðherra að beita sér fyrir því að umönnunarbótum verði skipt á milli foreldra ef þeir fara sameiginlega með forræði?*
2. *Ef svo er, mun ráðherra beita sér í því og þá hvernig? Ef ekki, af hverju ekki?*

Umönnunarmat og afgreiðsla umönnunargreiðslna byggist á 4. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, og reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, með síðari breytingum. Þar segir að Tryggingastofnun sé heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna og taka aukinn þátt í greiðslu sjúkrakostnaðar ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu. Í lögunum kemur þannig skýrt fram að hér er um að ræða greiðslur vegna umönnunar og tilfinnanlegra útgjalda vegna barns.

Þegar skilyrði til umönnunargreiðslna eru uppfyllt samkvæmt áðurnefndu lagaákvæði er greidd aðstoð til framfærenda barnsins. Framfærandi er talinn vera sá aðili sem hefur með höndum meginábyrgð á daglegri umönnun barnsins og hefur með höndum meginútgjöld vegna meðferðar þess. Þannig er litið á framfæranda sem þann aðila sem annast reglulega framfærslu barnsins, hefur meginumsjón með barninu og sér til þess að það sæki skóla. Við umönnunarmat er metið, með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, hvernig þessum þáttum er háttað og ákvarðað í samræmi við það. Í flestum tilvikum er um það að ræða að barn hefur

formlega búsetu og lögheimili hjá þeim sem hefur með höndum áðurnefnda framfærslu og sami aðili sækir um umönnunargreiðslur.

Það verður að hafa hugfast í þessu sambandi að umönnunargreiðslur eru ekki aðstoð vegna hefðbundins framfærslukostnaðar barns heldur aðstoð vegna viðbótarkostnaðar sem fellur til vegna sjúkdóms eða hömlunar barnsins. Talið hefur verið mikilvægt að einhver einn ákveðinn aðili sé ábyrgur fyrir því gagnvart barni að umönnunargreiðslur séu nýttar í þjónustu, stuðning, þjálfun, lyf og annan þann viðbótarkostnað sem fellur til vegna veikinda eða fötlunar barnsins. Með því móti er tryggt að greiðslurnar nýtist sem best til að mæta þeim viðbótarútgjöldum sem af veikindunum eða fötluninni stafa.

Umönnunargreiðslur taka mið af umönnun, meðferð, þjónustu og útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barna. Matskerfið getur verið afar flókið og hætta er á að tvískiptar greiðslur geti gert það enn flóknara. Það getur til dæmis verið vandasamt við endurmat umönnunargreiðslna ef staðfesting á útlögðum kostnaði vegna barnsins skilar sér ekki eða ef annað foreldrið staðfestir kostnað en hitt ekki. Þá geta vaknað upp spurningar um það hvernig greiðslur ættu að skiptast milli foreldranna, þ.e. í jöfnum hlutföllum, eftir staðfestingu á útlögðum kostnaði eða eftir viðveru barna hjá foreldri. Aðstæður fólks eru afar mismunandi og viðbúið er að upp geti komið vandkvæði þegar kostnaður fellur til á ólíkum tíma, til að mynda einungis hjá öðru foreldrinu, eða foreldrar ekki samstíga um það hvernig nýta ætti umönnunargreiðslur í þágu barnsins.

Reynslan af núverandi fyrirkomulagi hefur verið góð og ekki verður séð að sérstök ástæða sé til að gera breytingar á því. Almennt hefur verið sátt milli foreldra, sem fara með sameiginlega forsjá barna, hvernig farið verði með umönnunargreiðslur vegna barna þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins hafa stofnuninni einungis borist þrjár óskir um skiptingu umönnunargreiðslna á undanförnum sjö árum. Einstaka dæmi eru þó til um að foreldrar, sem eru ekki í samvistum en eru með sameiginlega forsjá barns, hafi óskað eftir upplýsingum frá Tryggingastofnun um fjárhæðir umönnunargreiðslna og hvernig þeim skuli ráðstafað. Í þeim fáu tilvikum er til staðar ósætti milli foreldra og andstæð sjónarmið sem erfitt getur verið að leggja mat á hverju sinni.

Það þykir hins vegar fátt mæla gegn því að foreldrar sem hafa sameiginlega forsjá barns komi sér saman um skiptingu umönnunargreiðslna sín á milli, til dæmis þegar barn er til skiptis í viku og viku hjá hvoru foreldri, eftir að Tryggingastofnun hefur greitt umönnunargreiðslurnar til þess foreldris sem telst framfærandi. Telja verður þó að það eigi frekar við þegar um vægari sjúkdóma eða fötlun barnanna er að ræða þar sem reynslan sýnir að börn með mjög alvarlega fatlanir eða veikindi eru oftast í fullri búsetu hjá öðru foreldrinu. Í þeim tilvikum þykir það fyrirkomulag sem nú er við lýði hafa gefist vel og full sátt verið um það hjá langflestum foreldrum.

1814. Nefndarálit [661. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30/1987, um orlof, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá velferðarráðuneyti. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Persónuvernd, Samtökum atvinnulífsins og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lögð til breyting til rýmkunar á rétti starfsmanna til töku orlofs í kjölfar veikinda. Samkvæmt gildandi lögum um orlof þarf starfsmaður, sem vegna veikinda gat ekki farið í orlof á þeim tíma sem ákveðið hafði verið, að ljúka orlofi fyrir 31. maí næstan á eftir ellegar fá orlof sitt greitt út. Felur frumvarpið í sér að þetta skilyrði verði fellt niður en áfram gert ráð fyrir því að starfsmaðurinn taki orlof eins fljótt og unnt er. Þá er jafnframt lagt til að felld verði niður skylda til að greiða orlofslaunin til starfsmanns hafi hann ekki lokið töku orlofs fyrir 31. maí.

Nefndin hefur fjallað um málið og kynnt sér umsagnir sem borist hafa. Enginn af átta umsagnaraðilum gerir athugasemd við málið sem unnið hefur verið í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Telur nefndin efni frumvarpsins til hagsbóta fyrir starfsmenn þar sem réttur þeirra til orlofs er rýmkaður og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ásmundur Einar Daðason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. ágúst 2011.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form., frsm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Pétur H. Blöndal.

Jónína Rós Guðmundsdóttir. Guðmundur Steingrímsson. Unnur Brá Konráðsdóttir.

Þórunn Sveinbjarnardóttir. Lilja Rafney Magnúsdóttir.

1815. Svar [873. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um útblástur frá jarðvarmavirkjunum.

1. *Hvaða efnasambönd er einkum að finna í útblæstri frá jarðvarmavirkjunum hér á landi og hversu stór hluti af útblæstrinum er brennisteinssambönd?*

Stærstur hluti af útblæstri jarðvarmavirkjana er vatnsgufa en jarðhitalofttegundir eru um 0,5% af heildarútstreymi. Hlutfall jarðhitalofttegunda er misjafnt milli jarðhitasvæða en þær helstu eru þessar, taldar upp í þeirri röð sem algengt er að magn þeirra sé í: koldíoxíð (CO_2), brennisteinsvetni (H_2S), köfnunarefni (N_2), vetni (H_2) og metan (CH_4).

Í stærstu jarðvarmavirkjuninni, Hellisheiðarvirkjun, eru hlutföll jarðhitalofttegunda sem hér segir (heimild: Frummatsskýrsla um nýtingu jarðhita við Gráuhnúka fyrir Hellisheiðarvirkjun):

Koldíoxíð (CO_2)	75%
Brennisteinsvetni (H_2S)	24%
Vetni (H_2)	0,95%
Metan (CH_4)	0,07%

Af snefilefnum sem berast með gufu hafa menn helst áhyggjur af kvikasilfri (Hg). Litlar upplýsingar eru aðgengilegar um heildarlosun kvikasilfurs frá jarðvarmavirkjunum hér á landi.

2. *Hvaða aðrar atvinnugreinar losa brennisteinssambönd út í andrúmsloftið hér á landi og hver eru þau?*

[1]Aðrar atvinnugreinar sem losa brennisteinssambönd út í andrúmsloftið eru stóriðja, fiskveiðar, annar iðnaður og framkvæmdir, samgöngur auk margra smærri aðila. Í alþjóðlegu bókhaldi mengandi efna eru öll brennisteinssambönd reiknuð yfir í SO_2-ígildi.[2]

Á árinu 2009 var heildarlosun brennisteinssambanda 76,6 Gg[3] SO_2-ígilda. Í þeirri tölu er losun jarðhitavirkjana reiknuð yfir í SO_2-ígildi þó svo að losunin sé á forminu H_2S. Losun utan jarðhitavirkjana er nær öll á forminu brennisteinsdíoxíð (SO_2) en þó er lítill hluti losunar frá álverum einnig á forminu karbónýlsúlfíð (COS).

Losunin skiptist sem hér segir:

Tegund starfsemi	**Losun í Gg SO_2-ígilda**
Jarðhitavirkjanir	60,6
Stóriðja	12,7
Fiskveiðar	2,2
Iðnaður og framkvæmdir	0,8
Samgöngur	0,2
Annað	0,1
Samtals	**76,6**

3. *Hvaða leiðir hafa verið skoðaðar til að takmarka losun og hreinsa útblásturinn?*

Reglugerðir um leyfilegan styrk brennisteinsvetnis og brennisteinsdíoxíðs í andrúmslofti setja óbeinar takmarkanir á losun þar sem þessar reglugerðir þarf að uppfylla utan iðnaðarsvæða. Vegna þessa eru t.d. settar kvaðir á hámarksstyrk brennisteins í kolaskautum álvera. Reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti gildir um vöktun, eftirlit, mælingar, umhverfismörk, upplýsingaskipti og tilkynningar til almennings. Í framhaldi af setningu reglugerðarinnar er til athugunar að setja sérstaka reglugerð um losunarmörk og ákvæði um beinar takmarkanir á losun brennisteinssambanda hér á landi.

---

[1] Losun annarra brennisteinssambanda en SO_2 er reiknuð yfir í SO_2-ígildi. 1 Gg af brennisteinsvetni (H_2S) jafngildir 1,88 Gg af brennisteinsdíoxíði (SO_2).

[2] Gg merkir gígagrömm. Gígagramm jafngildir 1.000 tonnum.

Hreinsun brennisteinssambanda úr útblæstri er vel þekkt og víða notuð. Við slíka hreinsun fellur hins vegar til hreinn brennisteinn, brennisteinssýra eða gifs eftir því hvaða aðferð er notuð. Offramboð er á þessum efnum á heimsmarkaði. Við hefðbundna hreinsun má því búast við að urða þurfi brennistein á föstu formi eða losna við brennisteinssýru á einhvern hátt. Það má því gera ráð fyrir brennisteinsmenguðu frárennsli frá slíkri hreinsun sem getur haft neikvæð áhrif á yfirborðsvatn og grunnvatn.

Losun niður fyrir grunnvatn, niður í jarðhitageyminn sjálfan, getur aftur á móti verið umhverfisvænn kostur. Sú lausn er enn á tilraunastigi en Orkuveita Reykjavíkur hefur gert tilraunir með niðurdælingu. Einnig standa yfir tilraunir við að láta örverur brjóta niður brennisteinsvetni en brennisteinn á föstu formi fellur einnig til við þá aðferð.

1816. Svar [865. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur um aðbúnað eldri borgara á hjúkrunarheimilum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum nýlegrar könnunar um aðbúnað eldri borgara á hjúkrunarheimilum?

Kallað var eftir niðurstöðum könnunarinnar og brugðist var við niðurstöðum hennar með auknu eftirliti og eftirfylgni með þeim eftirlitsúrræðum sem fyrir hendi eru í samstarfi við landlæknisembættið, sem hefur eftirlitsskyldu með heilbrigðisþjónustunni í landinu. Stjórnendur hvers hjúkrunarheimilis bera síðan ábyrgð á þjónustunni sem þar er veitt gagnvart ráðuneytinu og skjólstæðingum sínum.

Í könnuninni sem vísað er til í fyrirspurninni er hjúkrunarheimilum skipt upp í flokka út frá tilteknum gæðavísum í svokölluðu RAI-mati. RAI er mælitæki sem notað er til að meta hjúkrunarþarfir og heilsufar íbúa á hjúkrunarheimilum en það er skammstöfun fyrir enska heitið *Resident Assessment Instrument* sem á íslensku hefur verið nefnt *Raunverulegur aðbúnaður íbúa*.

Fræðimaðurinn, sem stóð að þessari könnun, setti fram íslensk gæðaviðmið fyrir RAI-gæðavísa. Gæðavísar gefa vísbendingar um það sem vel er gert eða betur má fara. Einnig má nota þá til að mæla árangur eða setja af stað umbótaverkefni. Í greiningunni á hjúkrunarheimilunum var notuð greining á gæðavísum frá árinu 2009. Eins og gefur að skilja segir niðurstaða þeirrar greiningar því ekki endilega hvernig staðan er á hjúkrunarheimilunum í dag. Niðurstöðum könnunarinnar verður því m.a. fylgt eftir með því að fá einnig greiningu á gæðavísum fyrir árið 2011. Þegar þær niðurstöður liggja fyrir og hægt er að bera þær saman við niðurstöður af gæðavísum frá 2009 er betur hægt að gera sér grein fyrir raunverulegri stöðu hjúkrunarheimilanna. Einnig gefur samanburðurinn tækifæri á því að gera sér betri grein fyrir árangri umbóta.

Umræða um gæði þjónustu er gagnleg og skapar enn frekari aðstæður til gæðaumbóta þar sem þeirra er þörf. Velferðarráðuneytið mun áfram kappkosta að efla þjónustu við eldri borgara og nýta þau eftirlitsúrræði sem fyrir hendi eru til að tryggja aðbúnað þeirra á

hjúkrunarheimilum. Frekari upplýsingar eru væntanlegar í lok árs eða byrjun þess næsta og ráðuneytið mun að sjálfsögðu fylgja því eftir.

1817. Svar [893. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um stöðugildi lækna og hjúkrunarfræðinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig þróaðist fjöldi stöðugilda lækna og hjúkrunarfræðinga árin 2007–2010, sundurliðað eftir heilbrigðisstofnunum?

Töflur 1 og 2 sem hér fara á eftir sýna annars vegar þróun fjölda stöðugilda lækna í Læknafélagi Íslands og hins vegar þróun fjölda stöðugilda hjúkrunarfræðinga í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Stöðugildi vísar til þess sem oft er nefnt ársverk í dagvinnu.

Töflurnar sýna einnig svokallað vinnuframlag þessara stétta en það er samræmd magnmæling á dagvinnu og yfirvinnu.

Tölurnar fengust úr Oracle, launa- og starfsmannakerfi ríkisins.

Tafla 1. Þróun fjölda stöðugilda og vinnuframlags lækna á heilbrigðisstofnunum (2007–2010).*

Læknafélag Íslands og Læknafélag Íslands, heilsugæslulæknar	2007					2008				
	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Meðaltal	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Meðaltal
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu										
Stöðugildi	126,2	126,3	132,1	128,8	128,3	121,8	128,9	129,6	128,5	127,2
Vinnuframlag	136,6	136,3	142,3	138,9	138,5	131,9	138,6	139,7	138,2	137,1
Landspítali										
Stöðugildi	482,2	490,0	504,0	494,0	492,5	494,0	499,6	508,4	491,7	498,4
Vinnuframlag	578,5	586,6	597,4	590,6	588,3	588,5	590,9	600,8	585,9	591,5
Sjúkrahúsið á Akureyri										
Stöðugildi	54,6	57,1	61,5	57,8	57,7	56,7	55,4	61,6	56,8	57,6
Vinnuframlag	65,7	69,1	72,2	68,4	68,8	67,9	66,6	72,9	67,5	68,7
Heilbrigðisstofnun Vesturlands [1)]										
Stöðugildi	25,0	27,5	34,4	32,6	29,9	28,0	29,8	34,2	29,5	30,4
Vinnuframlag	32,0	33,8	43,8	41,3	37,7	37,2	38,7	43,3	36,8	39,0
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði										
Stöðugildi	1,3	1,7	2,7	2,1	1,9	2,1	2,4	3,0	2,1	2,4
Vinnuframlag	1,5	1,8	2,8	2,4	2,1	2,3	2,5	3,2	2,3	2,6
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða [2)]										
Stöðugildi	7,0	8,5	8,8	6,7	7,8	8,0	7,3	8,1	7,7	7,8
Vinnuframlag	7,0	8,5	8,8	6,7	7,8	8,0	7,3	8,1	7,7	7,8
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi										
Stöðugildi	2,7	3,3	3,4	3,2	3,2	2,7	4,4	4,1	3,0	3,6
Vinnuframlag	3,0	3,6	3,7	3,4	3,4	2,9	4,6	4,4	3,3	3,8
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki										
Stöðugildi	6,0	7,1	7,5	7,0	6,9	7,5	7,9	8,0	7,3	7,7
Vinnuframlag	6,0	7,1	7,5	7,0	6,9	7,5	7,9	8,0	7,3	7,7
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð [3)]										
Stöðugildi	2,2	2,4	2,5	2,1	2,3	2,2	2,5	2,4	2,1	2,3
Vinnuframlag	2,4	2,5	2,5	2,1	2,4	2,2	2,5	2,4	2,1	2,3
Heilsugæslustöðin Dalvík										
Stöðugildi	1,9	2,3	2,7	1,8	2,2	1,7	2,0	2,7	2,1	2,1
Vinnuframlag	2,2	2,6	3,0	1,8	2,4	2,1	2,2	2,8	2,4	2,4
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga										
Stöðugildi	7,5	8,5	11,0	8,5	8,9	8,0	8,6	11,5	8,8	9,2
Vinnuframlag	8,4	9,4	12,9	9,4	10,0	8,8	9,5	12,4	9,6	10,1
Heilbrigðisstofnun Austurlands										
Stöðugildi	17,4	18,2	19,9	16,4	18,0	19,2	18,6	20,7	19,2	19,4
Vinnuframlag	19,2	20,0	21,6	17,9	19,7	21,1	20,3	22,6	20,8	21,2
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum										
Stöðugildi	7,2	8,7	8,7	7,4	8,0	7,4	8,3	8,2	7,5	7,8
Vinnuframlag	7,2	8,8	8,7	7,4	8,0	7,5	8,4	8,2	7,5	7,9
Heilbrigðisstofnun Suðurlands										
Stöðugildi	22,4	25,5	28,1	24,0	25,0	23,6	26,2	30,8	26,0	26,6
Vinnuframlag	25,9	30,0	35,2	28,4	29,9	29,3	32,3	39,1	30,9	32,9
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja										
Stöðugildi	18,1	20,5	19,4	19,8	19,5	20,8	22,9	23,6	22,2	22,4
Vinnuframlag	20,1	22,6	21,1	21,9	21,4	22,8	25,2	25,6	24,4	24,5
St. Jósefsspítali, Sólvangur [4)]										
Stöðugildi	3,6	3,5	2,7	3,2	3,3	3,2	8,9	7,9	6,6	6,6
Vinnuframlag	7,7	8,0	6,2	7,3	7,3	7,9	13,2	11,8	9,9	10,7
Samtals stöðugildi	**785,2**	**811,0**	**849,3**	**815,4**	**815,2**	**806,7**	**833,7**	**864,7**	**821,3**	**831,6**
Samtals vinnuframlag	**923,2**	**950,6**	**989,7**	**954,9**	**954,6**	**947,9**	**970,8**	**1005,4**	**956,8**	**970,2**

* Í töflunni eru læknisverk sem greitt er fyrir með verktakagreiðslum ekki meðtalin. Það getur skýrt sveiflur í fjölda stöðugilda og vinnuframlagi, t.d. á heilbrigðisstofnununum á Blönduósi og Patreksfirði.

Tafla 1, frh.

Læknafélag Íslands og Læknafélag Íslands, heilsugæslulæknar	2009					2010				
	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Meðaltal	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Meðaltal
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu										
Stöðugildi	128,8	130,0	124,5	124,1	126,8	122,8	121,5	127,2	129,0	125,1
Vinnuframlag	138,4	135,2	125,1	124,6	130,8	123,2	121,9	127,6	129,5	125,6
Landspítali										
Stöðugildi	495,7	501,1	503,5	475,5	493,9	468,4	468,8	467,4	459,9	466,1
Vinnuframlag	585,5	592,2	589,6	562,6	582,5	549,0	548,2	546,1	542,0	546,4
Sjúkrahúsið á Akureyri										
Stöðugildi	55,7	54,6	54,9	51,4	54,1	51,4	53,2	56,2	52,3	53,3
Vinnuframlag	66,0	65,5	65,1	61,3	64,5	60,9	63,8	67,1	62,0	63,4
Heilbrigðisstofnun Vesturlands [1)]										
Stöðugildi	31,6	32,8	31,6	28,9	31,2	29,5	31,6	32,0	25,8	29,7
Vinnuframlag	37,6	39,4	38,2	34,6	37,4	35,0	36,1	36,5	29,8	34,3
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði										
Stöðugildi	2,0	1,3	0,8	2,0	1,5	2,1	1,2	0,8	1,0	1,3
Vinnuframlag	2,2	1,5	0,8	2,2	1,7	2,1	1,2	0,8	1,0	1,3
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða [2)]										
Stöðugildi	7,3	7,0	7,3	6,0	6,9	6,0	6,4	8,5	8,1	7,2
Vinnuframlag	7,3	7,0	7,3	6,0	6,9	6,0	6,4	8,5	8,1	7,2
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi										
Stöðugildi	1,9	1,2	2,0	1,5	1,6	0,2	1,3	2,4	1,0	1,2
Vinnuframlag	2,2	1,2	2,1	1,7	1,8	0,2	1,3	2,4	1,0	1,2
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki										
Stöðugildi	7,1	8,6	8,3	6,6	7,7	7,0	8,7	6,6	5,9	7,0
Vinnuframlag	7,1	8,6	8,3	6,6	7,7	7,0	8,7	6,6	5,9	7,0
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð [3)]										
Stöðugildi	2,1	2,2	2,5	1,9	2,2	3,0	3,6	3,7	3,0	3,3
Vinnuframlag	2,1	2,2	2,5	1,9	2,2	3,0	3,6	3,7	3,0	3,3
Heilsugæslustöðin Dalvík										
Stöðugildi	2,2	2,3	2,7	1,5	2,2	2,0	2,4	2,6	2,1	2,3
Vinnuframlag	2,5	2,5	2,8	1,6	2,4	2,2	2,7	2,8	2,4	2,5
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga										
Stöðugildi	7,9	10,5	10,8	8,6	9,4	8,7	9,4	9,9	7,7	8,9
Vinnuframlag	8,6	10,5	10,8	8,7	9,7	8,8	9,5	10,0	7,9	9,0
Heilbrigðisstofnun Austurlands										
Stöðugildi	18,6	17,7	19,3	17,0	18,1	15,6	16,5	18,5	17,5	17,0
Vinnuframlag	19,7	18,5	20,1	17,7	19,0	16,5	17,4	19,4	18,9	18,0
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum										
Stöðugildi	7,3	7,6	7,7	6,7	7,3	6,3	6,7	7,0	5,5	6,4
Vinnuframlag	7,3	7,6	7,8	6,7	7,4	6,4	6,8	7,0	5,5	6,4
Heilbrigðisstofnun Suðurlands										
Stöðugildi	25,5	26,0	28,3	24,5	26,1	22,2	24,4	27,8	23,9	24,5
Vinnuframlag	30,3	31,0	34,5	29,8	31,4	27,3	29,3	33,9	28,0	29,6
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja										
Stöðugildi	22,4	22,0	20,6	18,5	20,9	16,8	17,4	21,7	18,9	18,7
Vinnuframlag	24,3	23,2	21,1	20,6	22,3	17,4	18,3	22,9	20,3	19,7
St. Jósefsspítali, Sólvangur [4)]										
Stöðugildi	7,0	2,8	2,0	1,9	3,4	4,4	10,3	7,6	10,4	8,2
Vinnuframlag	10,3	3,6	2,1	1,9	4,5	4,4	10,6	7,9	10,6	8,4
Samtals stöðugildi	**823,2**	**827,6**	**826,8**	**776,6**	**813,6**	**766,4**	**783,3**	**800,0**	**771,9**	**780,4**
Samtals vinnuframlag	**951,5**	**949,7**	**938,4**	**888,7**	**932,1**	**869,3**	**885,7**	**903,3**	**875,9**	**883,5**

Tafla 1, frh.

Læknafélag Íslands og Læknafélag Íslands, heilsugæslulæknar	2011 1.ársfj.	Breyting meðaltals 2007-2010	Breyting 1.ársfj.07-1.ársfj.11
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu			
Stöðugildi	128,6	-2,5%	1,9%
Vinnuframlag	129,0	-9,4%	-5,6%
Landspítali			
Stöðugildi	466,4	-5,4%	-3,3%
Vinnuframlag	545,8	-7,1%	-5,6%
Sjúkrahúsið á Akureyri			
Stöðugildi	55,3	-7,7%	1,2%
Vinnuframlag	64,9	-7,8%	-1,2%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands [1)]			
Stöðugildi	25,5	-0,4%	2,2%
Vinnuframlag	29,9	-8,9%	-6,4%
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði			
Stöðugildi	1,0	-34,2%	-25,0%
Vinnuframlag	1,0	-39,7%	-32,6%
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða [2)]			
Stöðugildi	5,8	-6,6%	-17,7%
Vinnuframlag	5,8	-6,6%	-17,7%
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi			
Stöðugildi	1,0	-61,2%	-63,1%
Vinnuframlag	1,0	-64,0%	-66,3%
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki			
Stöðugildi	5,1	1,7%	-14,7%
Vinnuframlag	5,1	1,9%	-14,7%
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð [3)]			
Stöðugildi	3,0	45,9%	38,5%
Vinnuframlag	3,0	39,8%	24,6%
Heilsugæslustöðin Dalvík			
Stöðugildi	2,0	6,4%	8,9%
Vinnuframlag	2,2	4,6%	1,2%
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga			
Stöðugildi	7,2	0,9%	-3,5%
Vinnuframlag	7,3	-9,8%	-13,3%
Heilbrigðisstofnun Austurlands			
Stöðugildi	16,7	-5,3%	-4,2%
Vinnuframlag	17,6	-8,3%	-8,2%
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum			
Stöðugildi	6,5	-20,1%	-9,2%
Vinnuframlag	6,5	-20,1%	-9,5%
Heilbrigðisstofnun Suðurlands			
Stöðugildi	21,9	-1,8%	-2,3%
Vinnuframlag	26,0	-0,8%	0,5%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja			
Stöðugildi	20,6	-3,9%	13,8%
Vinnuframlag	22,2	-8,0%	10,2%
St. Jósefsspítali, Sólvangur [4)]			
Stöðugildi	3,8	150,6%	4,6%
Vinnuframlag	3,9	14,7%	-49,8%
Samtals stöðugildi	**772,9**	**-4,3%**	**-1,6%**
Samtals vinnuframlag	**869,4**	**-7,4%**	**-5,8%**

Skýringar:

1) St. Franciskusspítali, heilbrigðisstofnanirnar Akranesi, Hólmavík og Hvammstanga ásamt heilsugæslustöðvunum Borgarnesi, Ólafsvík, Grundarfirði og Búðardal voru sameinaðar í eina stofnun, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, 1. janúar 2010. Engin stöðugildi voru skráð í launakerfi ríkisins á St. Franciskusspítala fyrir 1. janúar 2009. Á árinu 2009 var meðalfjöldi stöðugilda jafnt vinnuframlagi (2,9).
2) Heilbrigðisstofnanirnar á Ísafirði og Bolungarvík sameinuðust í eina stofnun, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, 1. janúar 2009.

3) Heilbrigðisstofnunin Siglufirði og Heilsugæslustöðin Ólafsfirði voru sameinaðar í eina stofnun, Heilbrigðisstofnunina Fjallabyggð, 1. janúar 2010. Fyrir þann tíma voru stöðugildi á Ólafsfirði ekki skráð í launakerfi ríkisins.
4) Læknar sem voru á verktakasamningi á St. Jósefsspítala voru færðir á fastlaunasamning á árinu 2010 og skýrir það fjölgun stöðugilda milli áranna 2009 og 2010.

Tafla 2. Þróun fjölda stöðugilda og vinnuframlags hjúkrunarfræðinga á heilbrigðisstofnunum (2007–2010).

	2007					2008				
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Meðaltal	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Meðaltal
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu [1)]										
Stöðugildi	168,6	167,8	164,0	167,8	167,1	165,2	163,6	158,9	165,5	163,3
Vinnuframlag	179,9	182,0	177,5	180,5	180,0	179,0	179,3	173,6	177,9	177,5
Landspítali										
Stöðugildi	938,6	940,6	955,4	961,2	949,0	965,2	969,5	976,9	997,4	977,3
Vinnuframlag	1123,9	1167,1	1137,2	1161,7	1147,5	1181,9	1173,1	1153,2	1180,8	1172,2
Sjúkrahúsið á Akureyri										
Stöðugildi	124,9	128,4	136,9	136,0	131,6	135,1	133,9	138,6	137,8	136,4
Vinnuframlag	138,5	150,8	150,2	152,3	148,0	155,0	151,3	149,5	151,9	151,9
Heilbrigðisstofnun Vesturlands [2)]										
Stöðugildi	48,2	50,5	53,5	51,3	50,9	52,2	52,9	52,5	48,0	51,4
Vinnuframlag	56,2	58,3	60,4	59,0	58,5	60,1	60,2	59,4	54,6	58,6
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði										
Stöðugildi	3,5	3,5	3,4	2,7	3,3	3,8	4,6	3,4	3,7	3,9
Vinnuframlag	4,1	4,0	4,3	3,4	3,9	4,7	5,6	4,7	4,4	4,9
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða [3)]										
Stöðugildi	21,4	21,1	22,4	20,5	21,4	20,8	21,7	25,1	21,4	22,3
Vinnuframlag	24,8	24,8	26,0	24,1	24,9	24,0	25,0	28,6	25,2	25,7
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi										
Stöðugildi	7,5	7,9	8,7	7,1	7,8	6,9	7,2	8,1	6,9	7,2
Vinnuframlag	9,1	9,6	10,1	8,4	9,3	8,2	9,0	10,2	8,6	9,0
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki										
Stöðugildi	22,3	22,3	22,0	22,1	22,2	21,9	21,6	20,2	20,9	21,1
Vinnuframlag	24,4	24,8	24,8	24,4	24,6	24,2	24,1	22,6	22,7	23,4
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð [4)]										
Stöðugildi	7,4	7,6	8,1	7,6	7,7	7,7	8,2	9,0	9,0	8,5
Vinnuframlag	9,3	9,2	9,7	9,3	9,4	9,4	10,1	10,5	10,5	10,1
Heilsugæslustöðin Dalvík										
Stöðugildi	1,8	1,8	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7	1,8	1,7	1,7
Vinnuframlag	1,8	1,8	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7	1,8	1,7	1,7
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga										
Stöðugildi	22,4	24,5	28,2	23,6	24,7	23,8	23,9	24,0	20,6	23,1
Vinnuframlag	25,5	28,0	32,1	27,1	28,2	27,4	27,2	28,1	23,7	26,6
Heilbrigðisstofnun Austurlands										
Stöðugildi	37,0	40,3	45,1	41,0	40,8	43,4	43,2	43,0	40,0	42,4
Vinnuframlag	46,5	49,0	53,7	50,3	49,9	52,4	52,3	51,3	48,1	51,0
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum										
Stöðugildi	15,1	15,4	16,0	17,2	15,9	16,6	15,7	16,5	14,2	15,7
Vinnuframlag	17,9	19,1	18,8	20,4	19,0	19,7	18,7	19,5	16,6	18,6
Heilbrigðisstofnun Suðurlands [5)]										
Stöðugildi	34,4	35,5	35,8	34,9	35,1	35,2	37,2	37,6	41,2	37,8
Vinnuframlag	40,7	43,7	41,8	40,4	41,7	42,6	46,0	44,2	47,2	45,0
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja										
Stöðugildi	35,6	35,2	37,6	36,5	36,2	39,4	37,1	34,2	38,9	37,4
Vinnuframlag	41,6	41,4	41,6	42,8	41,9	46,3	43,2	39,5	44,4	43,3
St. Jósefsspítali, Sólvangur [6)]										
Stöðugildi	43,0	43,5	42,8	44,4	43,5	46,6	46,1	43,0	42,3	44,5
Vinnuframlag	50,2	51,0	50,4	50,4	50,5	53,4	55,0	51,6	51,0	52,7
Samtals stöðugildi	**1531,7**	**1545,9**	**1581,6**	**1575,6**	**1558,7**	**1585,7**	**1588,0**	**1592,9**	**1609,5**	**1594,0**
Samtals vinnuframlag	**1794,6**	**1864,6**	**1840,3**	**1856,2**	**1838,9**	**1889,9**	**1881,8**	**1848,3**	**1869,4**	**1872,3**

Tafla 2, frh.

	2009					2010				
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Meðaltal	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Meðaltal
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu [1]										
Stöðugildi	133,3	131,5	126,7	126,5	129,5	125,5	121,6	119,5	119,7	121,6
Vinnuframlag	139,9	136,8	130,5	131,8	134,8	129,1	125,5	124,0	123,1	125,4
Landspítali										
Stöðugildi	1031,5	1036,6	1037,9	1023,1	1032,3	1004,4	990,4	1010,8	1012,8	1004,6
Vinnuframlag	1176,3	1218,2	1137,1	1121,4	1163,3	1088,0	1131,1	1098,7	1107,6	1106,3
Sjúkrahúsið á Akureyri										
Stöðugildi	134,4	136,6	138,1	130,0	134,8	123,9	125,8	135,1	125,9	127,7
Vinnuframlag	143,9	157,5	146,5	140,6	147,1	131,8	146,2	143,7	135,7	139,3
Heilbrigðisstofnun Vesturlands [2]										
Stöðugildi	53,9	57,2	58,8	54,8	56,2	54,0	55,1	59,6	55,3	56,0
Vinnuframlag	60,5	63,4	64,8	59,6	62,1	58,0	61,0	64,9	60,6	61,2
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði										
Stöðugildi	3,9	3,3	2,1	2,7	3,0	1,7	2,2	2,8	3,7	2,6
Vinnuframlag	4,5	3,8	2,7	3,1	3,5	2,2	2,8	3,4	4,1	3,1
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða [3]										
Stöðugildi	22,1	22,3	23,1	22,0	22,4	21,0	21,7	20,6	18,2	20,3
Vinnuframlag	25,1	25,4	25,3	24,9	25,2	23,5	24,2	23,1	20,3	22,8
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi										
Stöðugildi	7,5	7,9	9,2	8,2	8,2	8,0	8,5	9,3	8,1	8,4
Vinnuframlag	8,8	10,0	10,7	9,2	9,7	9,1	9,8	10,6	9,1	9,7
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki										
Stöðugildi	21,0	21,4	22,1	21,2	21,4	21,5	21,1	20,4	19,9	20,7
Vinnuframlag	22,8	23,4	23,9	23,1	23,3	23,3	23,0	22,0	21,6	22,5
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð [4]										
Stöðugildi	8,6	8,5	8,8	8,5	8,6	9,8	9,4	9,5	9,3	9,5
Vinnuframlag	10,1	9,9	10,2	9,9	10,0	10,9	10,3	10,6	10,2	10,5
Heilsugæslustöðin Dalvík										
Stöðugildi	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7
Vinnuframlag	1,7	1,9	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga										
Stöðugildi	21,1	23,8	24,7	22,8	23,1	22,8	23,8	23,8	22,4	23,2
Vinnuframlag	24,0	26,3	26,7	24,3	25,3	24,2	25,3	25,5	23,7	24,7
Heilbrigðisstofnun Austurlands										
Stöðugildi	38,0	39,6	42,7	36,8	39,3	37,7	42,1	50,0	43,9	43,5
Vinnuframlag	44,2	45,3	47,7	42,1	44,8	42,8	47,3	55,7	49,5	48,8
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum										
Stöðugildi	13,6	13,7	14,5	13,5	13,9	12,9	12,8	12,4	12,9	12,8
Vinnuframlag	15,7	15,8	16,2	15,2	15,7	14,3	14,1	13,7	14,6	14,2
Heilbrigðisstofnun Suðurlands [5]										
Stöðugildi	42,2	39,6	40,0	39,6	40,3	38,9	42,1	44,1	42,7	41,9
Vinnuframlag	48,7	47,5	45,5	44,6	46,6	43,8	49,4	49,2	46,5	47,2
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja										
Stöðugildi	38,8	38,7	43,9	43,0	41,1	43,5	44,8	42,9	43,4	43,7
Vinnuframlag	42,9	42,6	47,2	46,3	44,7	46,4	48,6	46,0	46,6	46,9
St. Jósefsspítali, Sólvangur [6]										
Stöðugildi	43,7	43,9	45,1	46,0	44,7	42,0	43,2	39,8	40,7	41,4
Vinnuframlag	50,8	49,7	48,5	48,7	49,4	44,8	47,1	42,9	42,7	44,4
Samtals stöðugildi	**1615,3**	**1626,5**	**1639,4**	**1600,5**	**1620,4**	**1569,2**	**1566,3**	**1602,3**	**1580,7**	**1579,6**
Samtals vinnuframlag	**1820,1**	**1877,5**	**1785,4**	**1746,5**	**1807,4**	**1693,6**	**1767,4**	**1735,7**	**1717,7**	**1728,6**

Tafla 2, frh.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	2011 1.ársfj.	Breyting meðaltals 2007-2010	Breyting 1.ársfj.07-1.ársfj.11
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu [1]			
Stöðugildi	120,2	-27,2%	-28,7%
Vinnuframlag	124,3	-30,3%	-30,9%
Landspítali			
Stöðugildi	1039,8	5,9%	10,8%
Vinnuframlag	1126,8	-3,6%	0,3%
Sjúkrahúsið á Akureyri			
Stöðugildi	126,4	-2,9%	1,2%
Vinnuframlag	136,5	-5,8%	-1,5%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands [2]			
Stöðugildi	53,3	10,0%	10,6%
Vinnuframlag	58,8	4,6%	4,7%
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði			
Stöðugildi	3,7	-20,5%	5,7%
Vinnuframlag	4,0	-21,2%	-1,2%
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða [3]			
Stöðugildi	17,6	-4,8%	-17,8%
Vinnuframlag	19,8	-8,6%	-20,2%
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi			
Stöðugildi	8,5	8,3%	12,7%
Vinnuframlag	9,6	3,8%	5,8%
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki			
Stöðugildi	19,1	-6,5%	-14,2%
Vinnuframlag	20,9	-8,6%	-14,5%
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð [4]			
Stöðugildi	9,7	24,0%	31,3%
Vinnuframlag	10,5	11,8%	13,1%
Heilsugæslustöðin Dalvík			
Stöðugildi	1,7	-1,6%	-2,9%
Vinnuframlag	1,7	-2,6%	-5,8%
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga			
Stöðugildi	19,2	-5,9%	-14,3%
Vinnuframlag	20,4	-12,4%	-20,1%
Heilbrigðisstofnun Austurlands			
Stöðugildi	43,5	6,4%	17,6%
Vinnuframlag	49,5	-2,2%	6,5%
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum			
Stöðugildi	11,2	-20,0%	-26,1%
Vinnuframlag	12,4	-25,5%	-31,1%
Heilbrigðisstofnun Suðurlands [5]			
Stöðugildi	39,6	19,4%	15,2%
Vinnuframlag	44,6	13,4%	9,4%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja			
Stöðugildi	41,3	20,6%	16,2%
Vinnuframlag	44,8	12,0%	7,7%
St. Jósefsspítali, Sólvangur [6]			
Stöðugildi	24,7	-4,7%	-42,5%
Vinnuframlag	26,8	-12,2%	-46,7%
Samtals stöðugildi	**1589,8**	**1,3%**	**3,8%**
Samtals vinnuframlag	**1711,6**	**-6,0%**	**-4,6%**

Skýringar:

1) Heimahjúkrun fyrir Reykjavík og Seltjarnarnes var flutt frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar 1. janúar 2009.
2) St. Franciskusspítali, heilbrigðisstofnanirnar Akranesi, Hólmavík og Hvammstanga ásamt heilsugæslustöðvunum Borgarnesi, Ólafsvík, Grundarfirði og Búðardal voru sameinaðar í eina stofnun, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, 1. janúar 2010. Á St. Franciskusspítala voru ekki skráð stöðugildi í launakerfi ríkisins á fyrir 1. janúar 2009. Á árinu 2009 var meðalfjöldi stöðugilda 8,0.

3) Heilbrigðisstofnanirnar á Ísafirði og Bolungarvík sameinuðust í eina stofnun, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, 1. janúar 2009.
4) Heilbrigðisstofnunin Siglufirði og Heilsugæslustöðin Ólafsfirði voru sameinaðar í eina stofnun, Heilbrigðisstofnunina Fjallabyggð, 1. janúar 2010. Fyrir þann tíma voru stöðugildi á Heilsugæslustöðinni Ólafsfirði ekki skráð í launakerfi ríkisins.
5) Hjúkrunarheimilið Fossheimar var opnað í apríl 2008. Þá fjölgaði hjúkrunarrýmum stofnunarinnar um 16 rými.
6) Sjúkrasvið St. Jósefsspítala, Sólvangs sameinaðist Landspítala í janúar 2011.

1818. Svar [819. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um verktakasamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Tveir aðilar vinna sérfræðistörf á verktakasamningi við velferðarráðuneytið. Í öðru tilvikinu er um að ræða sérfræðing sem vinnur sérfræðistörf sem lúta að húsnæðismálum og starfaði hann meðal annars með samráðshópi um húsnæðisstefnu. Ráðuneytið greiðir einn þriðja af vinnu viðkomandi sérfræðings en Íbúðalánasjóður tvo þriðju. Í hinu tilvikinu er um að ræða sérfræðing sem er formaður nefndar um vinnumarkaðsúrræði fyrir atvinnuleitendur og úrræði á sviði starfs- og endurmenntunar. Enn fremur stjórnar viðkomandi vinnuhópi um samhæfingu vinnumála- og menntastefnu en í því felst meðal annars umsjón með verkefninu *Nám er vinnandi vegur* fyrir hönd velferðarráðuneytis. Hvorugur þessara sérfræðinga hefur starfsaðstöðu í ráðuneytinu.

1819. Nefndarálit [729. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá velferðarráðuneyti. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Jafnréttisstofu, Persónuvernd, ríkislögreglustjóra, ríkisskattstjóra, Tryggingastofnun ríkisins, Viðskiptaráði Íslands og Vinnueftirlitinu.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um starfsmannaleigur í kjölfar athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA þess efnis að tiltekin ákvæði laganna brjóti hugsanlega í bága við 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þar sem kveðið er á um frjáls þjónustuviðskipti. Stofnunin gerir m.a. athugasemdir við að einstök ákvæði laganna jafngildi kröfu um að erlendar starfsmannaleigur þurfi að sækja um leyfi fyrir fram til að geta hafið starfsemi hér á landi. Þá telur stofnunin að unnt sé að ná þeim markmiðum laganna þó að umræddum ákvæðum sé breytt þannig að efni þeirra falli betur að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru að öllu leyti sambærilegar breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 96/2010 á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Var þeim breytingum ætlað að koma til móts við sambærilegar athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA við þau lög og stóð félags- og tryggingamálanefnd saman að nefndaráliti um frumvarpið (138. þing, þskj. 1291, 484. mál). Enginn umsagnaraðila gerir athugasemd við fyrirliggjandi frumvarp sem er samið í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.

Með frumvarpinu er m.a. rennt styrkari stoðum undir heimildir Vinnumálastofnunar til að beita þvingunarúrræðum gagnvart starfsmannaleigum sem ekki virða ákvæði laganna. Telur nefndin það til þess fallið að tryggja jafnræði fyrirtækja og jafna samkeppnisstöðu þeirra. Telur nefndin jafnframt þýðingarmikið að Vinnumálastofnun fái auknar heimildir til að beita dagsektum fari fyrirtæki ekki að fyrirmælum stofnunarinnar um viðunandi úrbætur til að tryggja betur að ákvæði laganna séu virt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ásmundur Einar Daðason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. ágúst 2011.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form., frsm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Pétur H. Blöndal.

Jónína Rós Guðmundsdóttir. Guðmundur Steingrímsson. Unnur Brá Konráðsdóttir.

Þórunn Sveinbjarnardóttir. Lilja Rafney Magnúsdóttir.

1820. Frumvarp til laga [895. mál]

um breytingu á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

3. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Þeir sem hófu kennaranám fyrir 1. júlí 2008 og hafa lokið bakkalárprófi og tilskildu námi í uppeldis- og kennslufræðum fyrir 1. janúar 2012 eiga rétt til leyfisbréfs til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við samþykkt laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, var ákveðið að 3., 4. og 5. gr. laganna tækju til þeirra sem byrjuðu kennaranám eftir gildistöku laganna (1. júlí 2008). Jafnframt var ákveðið að þeim sem byrjað hefðu kennaranám fyrir þann tíma veittist frestur til 1. júlí 2011 til að fá leyfisbréf til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskóla að loknu bakkalárprófi og tilskildu námi í uppeldis- og kennslufræðum.

Lögin eru afdráttarlaus og gera ekki ráð fyrir neinni aðlögun eða undanþágum, sbr. 3. mgr. 23. gr. laganna. Þrátt fyrir það hafa mennta- og menningarmálaráðuneyti borist fyrirspurnir frá aðilum sem hafa ekki getað lokið námi sínu til kennsluréttinda eftir eldra kerfi innan tímamarkanna, 1. júlí 2011. Í flestum tilvikum er um að ræða töf á námi vegna veikinda. Um er að ræða takmarkaðan fjölda námsmanna sem eiga ólokið fáum námskeiðum en ættu að geta lokið námi sínu fyrir áramót.

Þrátt fyrir að lögin séu afdráttarlaus hvað varðar gildistöku má telja það sanngirnismál að þessum einstaklingum sem hafa orðið fyrir töfum í námi vegna veikinda og eiga fá námskeið eftir í námi sínu verði gert kleift að ljúka því fyrir áramót og fá útgefið leyfisbréf á grundvelli ákvæða eldri laga nr. 86/1998. Því er lagt til að þeir sem eiga ólokið námi til kennsluréttinda (BEd) fái tækifæri til að ljúka náminu fyrir 1. janúar 2012 og útgefið leyfisbréf að því loknu.

1821. Skýrsla [796. mál]

velferðarráðherra um viðbrögð við ábendingum Ríkisendurskoðunar í skýrslu um þjónustusamninga við Barnaverndarstofu og lok þeirra, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Spurning nr. 1: Með hvaða hætti velferðarráðuneyti og Barnaverndarstofa muni bregðast við ábendingum Ríkisendurskoðunar.

Svar:

1. Reglur stjórnsýsluréttarins séu virtar við samningsslit.

Ráðuneytið telur að sýnt sé fram á þörf á almennum reglum til að tryggja að reglur stjórnsýsluréttarins séu virtar við lok þjónustusamninga Barnaverndarstofu. Ljóst er að stjórnsýslulög eiga við um lok þjónustusamninga Barnaverndarstofu enda um opinbert fjármagn að tefla. Er í þessu sambandi bent á dóm Hæstaréttar (nr. 318/1998) um meðferðarheimilið að Geldingalæk sem skar úr um þetta atriði. Þannig verði bæði að fara að skráðum sem óskráðum reglum stjórnsýsluréttarins við lok þjónustusamninganna. Málsmeðferðin verður að vera málefnaleg og gagnsæ og virða ber reglur stjórnsýslulaga, þ.e. rannsóknarreglu, andmælareglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu. Samhliða því að beita hinum almennu reglum stjórnsýslulaga verður jafnframt að meta hvert mál fyrir sig og er það raunar hin hliðin á rannsóknarreglunni. Ávallt ber að vinna málið út frá lögfræðilegri hlið þess auk hinnar reikningslegu.

2. Taka þarf afstöðu til einkarekinna meðferðarheimila sem rekstrarforms.

Með tilkomu fjölkerfameðferðar (MST), þar sem barn og fjölskylda er aðstoðuð á heimili sínu og í nánasta umhverfi, átti sér stað gríðarleg stefnubreyting í meðferð barna samkvæmt barnaverndarlögum. Stefnubreytingin átti sér stað í samræmi við samþykkt Alþingis árið 2008 á þingsályktun um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum. Slík meðferð barna á heimili sínu þýðir að mjög dregur úr meðferðarstarfi á meðferðarstofnunum. Auk þess hefur MST-kerfið það í för með sér að hugmyndin sem býr að baki *fjölskyldureknum* heimilum gengur ekki upp þar sem einungis börn sem eiga í hvað mestum erfiðleikum og þurfa vandmeðfarna aðstoð fá nú meðferð á meðferðarheimilum. Ekki er hægt að ætlast til að fjölskyldur taki að sér slík verkefni á heimili sínu. Það rekstrarform virðist því vera því liðin tíð.

Enda þótt fjölskyldurekin heimili hafi runnið sitt skeið er ekki þar með sagt að svo eigi við um einkarekin heimili. Það málefni þarfnast sérstakrar athugunar við. Kosturinn við einkarekin heimili er m.a. sá að þau eru ódýrari en þau ríkisreknu. Nú eru þrjú meðferðarheimili rekin skv. barnaverndarlögum. Eitt er ríkisrekið, hið nýja heimili að Lækjarbakka, en tvö eru í einkarekstri, þ.e. heimilin að Háholti og Laugalandi.

Með tilkomu fjölkerfameðferðar (MST), breytinga á samsetningu skjólstæðinga meðferðarheimila og erlendra rannsókna síðustu ára á virkni og forsendum stofnanameðferðar, rís einnig sú spurning hvort hugmyndafræðin að baki meðferðarheimilunum á landsbyggðinni, hvort sem þau eru einkarekin eða ríkisrekin, sé einnig að renna sitt skeið. Þeir unglingar sem dveljast á meðferðarheimilum og sem eiga í mestum vanda eru í auknum mæli á aldrinum 16–18 ára og eiga allflestir bæði við hegðunarefiðleika og vímuefnavanda að etja. Rannsóknir og reynsla af meðferðarstarfi leiða í ljós að bakslög eru mjög tíð hjá unglingum sem glíma við blandaðan hegðunar- og vímuefnavanda og að þjónusta sem miðast fyrst og fremst við inn- og útskrift af meðferðarstofnum geti vissulega skapað góð tímabil meðan á vistun stendur en þjóni í raun meðferðarþörf þessa hóps með takmörkuðum hætti. Nauðsynlegt sé að miða meðferðarinngrip við stigskipta og samfellda þjónustu, þar sem vistun á stofnun sé í sem mestri nálægð við heimahaga svo tryggja megi þátttöku foreldra og fjölskyldunnar og aðlögun að jákvæðum félagahópi sem sé í takt við þroskaskeið unglingsára. Með þessum hætti megi jafnframt auka og bæta þann þátt meðferðarinnar sem á sér stað utan stofnunar, aðlögun að skóla og/eða atvinnu, aðgengi að hæfu starfsfólki sem og öðrum sérhæfðum meðferðarúrræðum. Staðsetning meðferðarheimila á landsbyggðinni er því augljósum annmörkum háð hvað þetta varðar auk þess sem spyrja má hvort heimili á landsbyggðinni ráði við að manna slíka starfsemi, þ.e. hvort þar sé aðgangur að því fagfólki sem nauðsynlegt er.

3. Greiðslur vegna samningsslita séu gagnsæjar og málefnalegar.

Ráðuneytið er sammála Ríkisendurskoðun í því að setja verður gagnsæjar og málefnalegar reglur, og þar með lögmætar, um greiðslur vegna samningsslita á þjónustusamningum þar sem meginreglur stjórnsýslulaga gildi. Á það bæði við þegar eiginlegt lokauppgjör á sér stað eða samningaleiðin er farin.

Ráðuneytið hefur falið Barnaverndarstofu að semja drög að reglunum sem síðar yrðu staðfestar í ráðuneytinu. Með tölvupósti Barnaverndarstofu, dags. 15. ágúst 2011, kemur fram að Barnaverndarstofa fallist á að setja slíkar reglur eins og raunar komi fram í skýrslu Ríkisendurkoðunar. Þær reglur verði að vera fáar og einfaldar jafnframt því að þess sé gætt að þær girði ekki fyrir að samningar um starfslok geti yfir höfuð tekist. Því telur Barnaverndarstofa að reglurnar þurfi að takmarkast við eftirfarandi sjónarmið:

„a) að hagsmunir vistbarna hafi verið tryggðir þrátt fyrir snemmbæra lokun meðferðarheimilis með því að tryggja þeim a.m.k. sambærilega þjónustu

b) að kostnaður ríkissjóðs samkvæmt starfslokasamningi yrði umtalsvert minni heldur en ef slíkt samkomulag væri ógert

c) að samningsfjárhæð vegna starfsloka taki sem mest mið af raunverulegu uppgjöri (raunkostnaði) vegna lokunar heimilis

d) að gætt sé jafnræðisreglu þannig að litið sé til hliðstæðra samninga sem áður hafa verið gerðir.“

4. Ganga þarf úr skugga um lögmæti uppsagnar.

Ráðuneytið tekur undir athugasemd Ríkisendurskoðunar hvað þetta atriði varðar. Mikilvægt er að uppsögn þjónustusamnings fái ætíð lögfræðilega meðferð innan ráðuneytisins og leitað verði til ríkislögmanns þegar mál varða ráðuneytið sjálft eða mál er þannig vaxið að öðru leyti að rétt þykir að leita utanaðkomandi faglegs álits.

5. Efla þarf eftirlit með þjónustu Barnaverndarstofu.

Samkvæmt nýsamþykktum lögum, nr. 80/21. júní 2011, um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, var gerð sú breyting að eftirlitshlutverk ráðuneytisins var aukið. Ráðuneytið hefur samkvæmt lögunum eftirlit með því að vistunarúrræði á vegum ríkisins uppfylli hverju sinni þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum, stöðlum og þjónustusamningum þegar það á við. Í þessu skyni skal ráðuneytið fela óháðum sérfræðingi að heimsækja heimili og stofnanir skv. 79. gr. barnaverndarlaga að lágmarki einu sinni á ári. Skal sérfræðingur sérstaklega leitast við að gefa börnum kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan í samræmi við aldur og þroska barns og markmiði með vistun. Eftirlit þetta var áður hjá Barnaverndarstofu. Samkvæmt lögunum skal ráðherra setja reglugerð um þetta efni. Í athugasemdum í frumvarpinu með þessari grein kemur meðal annars fram að lögð sé áhersla á að ráðuneytið fylgist með reglubundnum hætti með uppbyggingu og nýtingu stofnana og heimila fyrir börn, fylgist með því hvernig úttektum og eftirliti sé háttað með allri starfseminni og leggi mat á hvort fylgt sé ákvæðum laga, reglugerða og gæðastaðla.

Best væri að mati ráðuneytisins að eftirlit með ríkisreknum heimilum væri á vegum utanaðkomandi aðila í þeim skilningi að verkefnið væri hjá sérstakri deild eða eftirlitsstofnun. Slík stofnun er nú ekki fyrir hendi, en umræða hefur verið um það innan stjórnsýslunnar að komið verði á stofnun sem sæi um eftirlit bæði með stofnunum sem fara með heilbrigðisþjónustu og félagslega þjónustu. Bent hefur verið á Embætti landlæknis í því sambandi sem nú fer með eftirlit með heilbrigðisþjónustu. Meðan slíkt ytra eftirlit er ekki fyrir hendi hvað varðar félagslega þjónustu á borð við barnavernd er ekki öðrum eftirlitsaðila til að dreifa en

viðkomandi fagráðuneyti sem fer með yfirstjórn barnaverndarmála. Á vegum ráðuneytisins er nú nýhafið verkefni um eftirlit með velferðarþjónustu.

Spurning nr. 2. Rökstuðningur fyrir því ef ekki á að breyta eftir ábendingum Ríkisendurskoðunar.

Vísað er til svars við spurningu 1.

Spurning nr. 3. Hvaða stefnu sé fylgt varðandi meðferðarúrræði barna, hvort breytingar hafi verið gerðar á henni eða hvort breytinga sé að vænta, hverjir muni þá vinna að þeim breytingum og með hvaða hætti eftirliti og mati á breytingum verði háttað.

Svar:

Þann 1. apríl sl. var haldinn samráðsfundur ráðuneytisins og Barnaverndarstofu um vistanir barna utan heimilis. Barnaverndarstofa kynnti að komin væri upp ný staða varðandi umönnun barna á meðferðarheimilum þar sem einungis börn sem eiga í sem mestum vanda eru nú vistuð þar en önnur fái aðstoð á heimili sínu skv. MST kerfinu. Barnaverndarstofa flokkar hina nýju stöðu í þrennt.

1. Þeir skjólstæðingar sem eru á heimilum Barnaverndarstofu núna séu í miklum vanda staddir. Unglingar þessir sýni alvarlegri ofbeldishegðun en áður var. Að undanförnu hafi komið upp alvarleg atvik, svo sem að starfsmönnum hafi veri ógnað með hnífi. Þau heimili sem geta tekið við þessum börnum eru Háholt og Lækjarbakki auk Stuðla. Barnaverndarstofa vinnur að því að setja peninga í öryggisviðbúnað og að forstöðumaður geti kallað á aukavakt þegar ástandið er hættulegt. Fleiri skjólstæðingar með mikinn hegðunarvanda eru nú saman í hvert sinn á meðferðarheimilunum og það ber á auknum tengslum við eldri einstaklinga tengda fíkniefnaheiminum og öðrum lögbrotum.

2. Hvað varðar lokuðu deildina á Stuðlum, neyðarvistunina, þá sé viðvarandi biðlisti. Barnaverndarstofa leggur áherslu á að hættuleg tilvik geti átt sér stað.

3. Vímuefnameðferð. Meðferðin á heimilunum sé almennt við hegðunarvanda, þ.m.t. vegna vímuefnavanda, en að áherslu vanti á sérhæfða vímuefnameðferð fyrir börn á aldrinum 16–18 ára.

Tillögur Barnaverndarstofu sem fram komu á fundinum voru:

A. Mjög brýnt sé orðið að bæta við rýmum í neyðarvistun í bráðatilvikum.
B. Byggja þurfi upp úrræði fyrir þau börn sem sem verst séu sett í vímuefnavandanum, heimili sem gæti sinnt a.m.k. sex unglingum á hverjum tíma. Hugsanlega væri hagkvæmast að starfrækja eina einingu sem gæti sinn hlutverkum A og B.

Í framhaldi af fundinum barst ráðuneytinu bréf Barnaverndarstofu, dags. 1. júlí 2011, þar sem fram komu eftirfarandi tvær tillögur:

1. Forgangsverkefni verði að efla og bæta undirbúning vistana og eftirfylgd við börn og fjölskyldur eftir að vistun á meðferðarheimilum lýkur. Þannig verði brugðist jafnóðum við bakslögum, álagi á fjölskyldur, endurteknum neyðarvistunum og vistunarþörf til langs tíma. Mikilvægt sé að þjónustan einkennist af sveigjanleika og aðlögun að þörfum hvers barns og fjölskyldu. Með hliðsjón af því hve sveitarfélögin eru misjöfn að stærð og styrk og hve mikilvægt er að um samfellda þjónustu sé að ræða er lagt til að Stuðlum verði falið þetta hlutverk enda sé fyrst og fremst um meðferðarvinnu og eftirmeðferð að ræða. Þessi breyting krefst þess að sérfræðingum og öðrum starfsmönnum á Stuðlum verði fjölgað sem starfi í náinni samvinnu við foreldra, barnaverndarstarfsmenn, heimaskóla eða vinnustaði barna, meðferðarheimili, fjölkerfameðferð (MST) aðra meðferðaraðila og aðila í samfélaginu.

2. Opnað verði nýtt meðferðarúrræði á höfuðborgarsvæðinu sem sameini bráðavistun og meðferð vegna alvarlegrar vímuefnaneyslu og afbrotahegðunar. Áhersla verði lögð á aðlögun að fjölskyldu og jákvæðum félagshópi, aðgengi að hæfu og menntuðu starfsfólki, að skóla og vinnu og öflugri eftirfylgd eftir að vistun lýkur. Markhópurinn verði börn á aldrinum 16–18 ára með mikla þjónustuþörf, alvarlegan vanda vegna vímuefnaneyslu og afbrotahegðunar. Áætlað sé að sá hópur geti verið fimm til tíu einstaklingar á hverjum tíma.

Þá kemur fram í bréfi Barnaverndarstofu að stofan hafi að undanförnu átt samráð við fulltrúa barnaverndarnefnda, starfsfólk meðferðarheimila og heilbrigðisþjónustu í því skyni að öðlast dýpri skilning á þeim þörfum sem nú blasi við og þeim tækifærum sem fyrir hendi séu.

Ítarlegri rökstuðning fyrir framangreindum tillögum er að finna í greinargerð Barnaverndarstofu sem er *fylgiskjal* með skýrslu þessari.

Fylgiskjal

Greinargerð um neyðarvistanir og meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu, þjónustuþörf og tillögur til úrbóta

Halldór Hauksson, sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs, júní 2011

Samantekt

Rýnt er í upplýsingar um aldurssamsetningu og meðferðarþörf barna í meðferðarúrræðum og mikið álag á neyðarvistun Stuðla sem annar ekki eftirspurn á álagstímum. Þetta álag gefur vísbendingar um að eftirfylgd eftir að vistun á meðferðarheimili lýkur sem og undirbúningi þeirra sem bíða eftir vistun geti verið ábótavant. Fjallað er um mikilvægi samfelldrar þjónustu við börn sem glíma við fjölþættan hegðunar- og tilfinningavanda, afbrotahegðun eða vímuefnavanda. Vísað er í rannsóknir sem sýna að slík þjónusta bætir meðferðarárangur og dregur úr bakslögum. Í þessu sambandi er lagt til að auka þjónustu Stuðla á sviði eftirfylgdar. Mikil blöndun skjólstæðinga á mismunandi aldri og með ólíkan vanda í neyðarvistun og meðferðarúrræðum getur haft neikvæð áhrif á meðferðarárangur. Fjallað er um þörf fyrir sérhæfða meðferð fyrir börn á aldrinum 16-18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunar- og vímuefnavanda. Mörg þessara barna hafa verið vistuð á einu eða fleiri meðferðarheimilum Barnaverndarstofu og gert tilraunir til meðferðar á Vogi. Fjallað er um meðferðarþörf og hvernig meðferð barna með fullorðnum eða á forsendum fullorðinna hentar skjólstæðingum barnaverndarnefnda í raun illa. Nefnd eru dæmi frá Norðurlöndum þar sem sakhæf börn eru dæmd til meðferðar í stað fangelsis. Með nýju sérhæfðu úrræði á höfuðborgarsvæðinu fyrir 16-18 ára börn sem glíma við vímuefnavanda og/eða hafa hlotið skilorðsbundna dóma myndi skapast möguleiki á afplánun í meðferð í stað fangelsis með fullorðnum sem einnig er forsenda þess að lögfesta megi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

1 Neyðarvistanir á lokaðri deild Stuðla

Meðferðarstöð ríkisins að Stuðlum í Grafarvogi starfar samkvæmt reglugerð nr. 271/1995 og hefur tvíþætt hlutverk, annars vegar gæslu og umönnun í neyðarvistun á lokaðri deild og hins vegar greiningu og meðferð á meðferðardeild (sjá kafla 3). Barnaverndarnefndir sækja um vistun barna á meðferðardeild til Barnaverndarstofu en nefndirnar ráðstafa sjálfar plássum í neyðarvistun á lokaðri deild. Helstu ástæðurnar neyðarvistana eru vímuefnaneysla, útigangur, afbrot eða ofbeldishegðun. Hlutverk neyðarvistunar er ekki meðferð heldur gæsla og umönnun meðan barnaverndarnefnd undirbýr frekari úrræði og skal hámarksvistunartími ekki vara lengur en 14 daga, sbr. reglugerð nr. 271/1995. Stuðlar hafa jafnan hvatt barnaverndarnefndir til að hafa vistun eins stutta og kostur er.



Á mynd 1 sem sýnir fjölda vistunardaga og komur má sjá að notkun barnaverndarnefnda á neyðarvistun hefur aukist jafnt og þétt frá opnum Stuðla í september 1996 til ársloka 2010. Meðallengd hverrar vistunar hefur að jafnaði verið um 6 dagar (vistunardagar/komur). Eins og fjallað verður um í kafla 1.2 eru vistanir í mörgum tilfellum lengri auk þess sem barnaverndarnefndir vista sum börn endurtekið.
Undanfarin tvö ár, 2009 og 2010, hefur nýting lokaðrar deildar verið um 85% sem þýðir að á álagstímum er deildin full. Hafa barnaverndarnefndir kvartað yfir þessu til Barnaverndarstofu, sérstaklega á fyrstu mánuðum ársins 2011. Í töflu 1 kemur fram að hafna þurfti beiðnum eða fyrirspurnum barnaverndarnefnda um neyðarvistun fyrir 68 börn á tímabilinu janúar-maí 2011. Þar af var barn týnt í 21 tilfelli sem þýðir að nefndin vildi taka pláss frá þangað til barn kemur í leitirnar. Flestar synjanir voru í mars en dregið hefur úr þeim í maímánuði. Í flestum tilfellum fæst pláss einhverju síðar, stundum er beiðni ítrekuð einu sinni eða oftar, pláss tekið frá eða að viðkomandi barnaverndarnefnd hefur ekki samband aftur.

Tafla 1: Fyrirspurn/vistunarbeiðni synjað	**janúar**	**febr.**	**mars**	**apríl**	**maí**	***Samtals***
Einstaklingar	10	12	22	16	8	*68*
Þar af barn týnt	3	4	7	4	3	*21*

Svo margar synjanir um neyðarvistun eru óviðunandi en því ber að halda til haga að starfsmenn Stuðla leggja sig alltaf fram um að þjónusta nefndirnar sem best og leysa krefjandi verkefni við erfiðar aðstæður. Ekki er aðstaða til að tvískipta deildinni, og eins og fjallað verður um hér í framhaldi getur aldurs- og kynjablöndun barna með mjög mismunandi vanda orkað mjög tvímælis og veldur áhyggjum. Af þessum sökum hefur ekki verið gripið til þess ráðs að vista börn á aukadýnum, eins og reynt var á tímabili árið 2002, því erfitt getur reynst að hafa stjórn á slíkum aðstæðum.

1.1 Kynjahlutföll og aldursdreifing

Eins og fram kemur í töflu 2 eru kynjahlutföll nokkuð jöfn á árunum 2007 og 2008. Árið 2009 eru vistanir stúlkna 30% algengari en vistanir stráka (115/148) þrátt fyrir jafnan fjölda stráka og stelpna. Árið 2010 snýst þetta við þegar vistanir drengja eru 56% algengari en vistanir stúlkna (154/99) auk þess sem fjöldi drengjanna að baki þessum vistunum er 56% meiri en fjöldi stúlkna (62/40).

Tafla 2: Fjöldatölur og kynjahlutföll lokuð deild	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**	**Samtals**
Fjöldi barna (einstaklingar)	93	106	114	102	415
Fjöldi stráka / fjöldi stelpna	44/49	57/49	57/57	62/40	
Fjöldi vistana (komur)	182	182	263	253	880
Vistanir strákar / vistanir stelpur	97/85	93/89	115/148	154/99	

Eins og fram kemur á mynd 2, sem sýnir árin 2007-2010, er aldursdreifing barna á neyðarvistun mikil. (Miðað er við fjölda vistana og aldursskiptingin miðuð við þann aldur sem barn hefur náð eða nær á árinu). Marktækar sveiflur eru í hlutfallstölum 16-18 ára barna milli ára sem að einhverju leyti getur tengst lokun Götusmiðjunnar sumarið 2010 sem einnig var lokuð sumarið 2007 vegna flutninga. Misjafnt var hins vegar hvort barnaverndarstarfsmenn notuðu neyðarvistun Stuðla ef barn fór án samþykkis eða var vísað úr Götusmiðjunni (sjá nánar kafla 2).

Þessi mikla aldursblöndun barna á lokaðri deild hefur valdið töluverðum áhyggjum, sérstaklega við ákveðnar aðstæður ef vista þarf mjög unga einstaklinga á deildinni en það gerist einkum ef Barna- og unglingageðdeild Landspítala neitar að vista ákveðin börn sem mörg hver hafa verið þjónustuð af spítalanum til margra ára.
Barnaverndarstofa hefur skoðað þann möguleika að skipta upp neyðarvistun eftir aldri. Ef miðað er við meðaltöl 12, 13 og 14 ára á tímabilinu 2007-2010 (19%) barna má gera ráð fyrir um 42 vistunum 12-14 ára barna á ári. Ef miðað er við meðaltöl 17 og 18 ára barna á sama tímabili (32%) má gera ráð fyrir 70 vistunum 17-18 ára barna á ári en hér ber að hafa í huga miklar sveiflur í fjölda eldri hópsins eftir árum. Til að bæta aðstæður hafa Stuðlar ákveðið að breyta skrifstofurými inn af vaktherbergi í aukasetustofu fyrir börn sem bætir möguleika á tvískiptingu deildarinnar auk þess að bjóða upp á eitt aukapláss á álagstímum eða sérstakt aðskilið pláss þegar um yngri börn er að ræða.

1.2 Endurteknar neyðarvistanir sömu barna á ákveðnum tímabilum

Í töflum 3 og 4 er fjallað um fjölda neyðarvistana og samanlagða vistunardaga barna sem komu á árinu 2010 að meðtöldum neyðarvistunum sömu einstaklinga á 12 mánaða tímabili fyrir fyrstu neyðarvistun á árinu 2010. Ávallt er reiknað til ársloka 2010.[1] Með þessari reikniaðferð hafa þau 102 börn sem komu í neyðarvistun árið 2010 verið vistuð samtals 349 sinnum á tímabilinu (eða að meðaltali 3,4 sinnum hvert barn en hafa ber í huga að staðalfrávikið er 2,8 sem í þessu tilfelli þýðir að meðaltalið hækkar vegna þeirra tiltölulega fáu einstaklinga sem vistast mjög oft).
Í töflu 3 má sjá flokkun á fjölda neyðarvistana og hversu mörg börn liggja að baki hverjum flokki, allt frá 37 börnum sem vistast einu sinni upp í þrettán vistanir eins barnsins á tímabilinu.

Tafla 3: Fjöldi vistana 2010+12 mánaða tímabil fyrir fyrstu vistun barns árið 2010 (N=102,

Fjöldi vistana	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
Fjöldi barna	37	17	11	8	8	3	6	3	6	1	0	1	1
Hlutfall	36%	17%	11%	8%	8%	3%	6%	3%	6%	1%	0%	1%	1%

[1] Dæmi: Ef fyrsta vistun er 1. júlí 2010 þá reiknast með allar vistanir frá 1. júlí 2009 til ársloka 2010.



Eins og fram kemur í reglugerð nr. 271/1995 um Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga skal hámarksvistunartími á lokaðri deild ekki vara lengur en 14 daga. Reglugerðin kveður ekki á um hámarksfjölda vistana eða hámark samanlagðra vistunardaga tilteknna barna. Þannig getur samanlagður vistunartími í raun orðið mjög hár eins og fram kemur í töflu 4 um árið 2010.

Tafla 4: Samanlagður fjöldi vistunardaga úr einni eða fleiri vistunum sömu barna (2010+12 mánaða tímabil fyrir fyrstu vistun barns árið 2010)

Dagar	2-5	6-10	11-15	16-20	21-30	31-40	41-50	51-70	71-102
Fjöldi barna	20	21	13	12	11	11	5	5	4
Hlutfall	20%	21%	13%	12%	11%	11%	5%	5%	4%

Endurteknar neyðarvistanir sömu einstaklinga gætu gefið vísbendingar um annmarka í úrræðum eða samvinnu kerfa við að leysa úr meðferðarþörf. Í töflu 5 eru allar neyðarvistanir á umræddu tímabili (2010+12 mánuðir fyrir fyrstu vistun 2010) skoðaðar með tilliti til tengsla við meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu eða hvort börnin voru í fóstri. Hver einstaklingur getur talist í fleiri en einn flokk[2] (fyrir utan þau börn sem ekki er sótt um úrræði fyrir eða tengjast úrræði á tímabilinu, flokkur 1). Í ljós kemur meðal annars að börn á biðlista eftir meðferð eiga 21% vistana og börn sem hafa lokið meðferð eiga 21% vistana [flestar á fyrstu mánuðunum eftir að meðferð lauk]. Einstaklingar geta tvítalist í báðum þessum flokkum en raunfjöldi einstaklinga í báðum flokkunum er 55 (54% allra einstaklinga á tímabilinu) og vistast þeir samtals 148 sinnum (42% allra vistana á tímabilinu).

Þau börn á neyðarvistun sem eru á biðlista eða að koma úr meðferð verðskulda sérstaka athygli. Ætla má að þjónusta á biðtíma meðferðar, svo sem stöðumat og hvatningarviðtöl ástamt stuðningi við fjölskyldu til að hafa eftirlit með barni o.s.frv., sem og víðtæk eftirfylgd við barn og fjölskyldu eftir að vistunarhluta meðferðar lýkur sé til þess fallin að draga úr bakslögum og þörf fyrir neyðarvistun. Rannsóknir hafa leitt í ljós að mikilvægt er að styðja við börn eftir að meðferð lýkur en einnig að hefja undirbúningsvinnu með þeim sem bíða eftir meðferð. Ekki sé vænlegt til árangurs að sinna meðferðarþörf unglinga með inngripi sem einskorðast af innskrift og útskrift af stofnun. Meðferðin þurfi að líkjast þróunarferli sem spanni mat, meðferð og eftirfylgd, hún þurfi að vera sveigjanleg og klæðskerasniðin að breytilegum þörfum og vilja

[2] Dæmi: Barn væri neyðarvistað samtals 6 sinnum á tímabilinu, þar af einu sinni áður en sótt er um úrræði, einu sinni meðan barn er á biðlista, einu sinni í inntökuferli, einu sinni meðan á meðferð stóð og tvisvar eftir að meðferð lauk.

skjólstæðings til breytinga; meðferðarþörfin kalli á samfellda umönnun (continued care) (Kaminer & Godley, 2010; Kaminer & Winters 2011) sjá kafla 5.

Tafla 5: Tengsl barna sem vistast á neyðarvistun við önnur úrræði á vegum Barnaverndarstofu. Tímabil: Allar vistanir einstaklinga í neyðarvistun árið 2010 (N=102) + vistanir sömu einstaklinga á 12 mánaða tímabili fyrir fyrstu neyðarvistun á árinu 2010.

Flokkar (hvernig tengsl einstaklingur átti við úrræði við hverja neyðarvistun)	Einstaklingar (geta tvítalist milli flokkana 2-7)	Vistanir	Meðalfjöldi vistana í hverjum flokki á einstakling
1. Engin umsókn eða tengsl við úrræði á tímabilinu, þ.e. flokkar 2-7 eiga ekki við	*34*	*49 (14%)*	*1,4*
2. Áður en sótt er um úrræði eða áður en tengsl við úrræði eru hafin. Einn eða fleiri flokkar 3-7 áttu við síðar á tímabilinu	20	30 (23%)	1,5
3. Á biðlista eftir úrræði á vegum Barnaverndarstofu, m.v. dagsetningu umsóknar barnaverndarnefndar	39	**74 (21%)**	1,9
4. Í inntökuferli (dagana áður en meðferð byrjar)	25	32 (9%)	1,3
5. Er í meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu	34	**76 (22%)**	2,2
6. Kom úr meðferð á vegum Barnaverndarstofu á tímabilinu	35	**74 (21%)**	2,1
7. Í fóstri	6	14 (4%)	2,3
Samtals	**Raunfjöldi einstaklinga: N=102**	**349 (100%)**	**3,4 (SD=2,8)**
Fjöldi einstaklinga sem voru einungis neyðarvistaðir í inntökuferli (4) eða meðan á meðferð stóð (5)	*5*	*5*	*1*
Raunfjöldi einstaklinga á biðlista (3) og/eða sem höfðu verið í meðferð (6), þ.e. sömu einstaklingar ekki tvítaldir í flokkum 3 og 6	*55 (54%)*	*148 (42%)*	*2,7*
Raunfjöldi í fóstri án umsóknar um eða án tengsla við meðferðarúrræði á tímabilinu	*4*	*10*	*2,5*

Þegar fjallað er um neyðarvistanir er full ástæða til að spyrja hvort þær séu í einhverjum tilvikum ofnotaðar. Í fjölkerfameðferð (MST) er lögð á það sérstök áhersla að forðast neyðarvistanir ef þess er nokkur kostur og reynt að efla foreldra í að takast á við erfiðar uppákomur. Þetta er gert með aukinni aðstoð við fjölskyldu barns og öryggisáætlunum á heimavelli og reynt að koma í veg fyrir að vandi barns verði stærri í hugum fólks en hann er í raun og veru og nái þar með stjórn á foreldrunum. Þó er ljóst að vandi sumra barna og foreldra getur á tímabilum orðið það mikill að brýn þörf er á neyðar- eða bráðavistun og það getur einnig átt við börn sem fá MST meðferð og gildir ekki síst um börn sem glíma við alvarlegan vímuefnavanda, sem fjallað verður um í kafla 2. Hins vegar virðist ljóst að setja þarf ákvæði í reglugerð um Stuðla um sérstök viðbrögð og samráð ef sama barn er neyðarvistað ítrekað á tilteknu tímabili svo tryggja megi að vinnsla máls sé árangursrík og markviss.

Starfsmenn Barnaverndarstofu, Stuðla og stærstu barnaverndarnefnda hafa skoðað vistunarlista barna á lokaðri deild á 12-16 mánaða tímabilum. Þegar tímabilið janúar 2010 til maí 2011 var skoðað með tveimur

stærstu notendum neyðarvistunar, Barnavernd Reykjavíkur og Félagsþjónustu Kópavogs, komu fram mikilvægar bakgrunnsupplýsingar um börn sem eru neyðarvistuð mjög endurtekið: Erfiðar heimilisaðstæður og/eða búsetuvandi barna, þroskafrávik eins og greindarskerðing eða röskun á einhverfurófi sem og geðrænir erfiðleikar – oftast í tengslum við vímuefnaneyslu, þar með talin misnotkun áfengis. Þær skoðanir komu fram að vandi þessara barna geri kröfu um meiri samfellu í meðferð og umönnun, ekki síst með tilliti til eftirfylgdar og/eða nánari afskipta á biðtíma eftir úrræði. Umönnunarþörf og vandi barna á neyðarvistun er mjög mismunandi þrátt fyrir að vistunarástæður kunni að vera af svipuðum toga eins og neysla, útigangur, afbrot eða ofbeldishegðun. Þau börn sem vistuð eru endurtekið glíma oft við vanda og sýna hegðun sem getur reynt mjög á önnur börn og starfsmenn neyðarvistunar. Starfsmenn Stuðla og Barnaverndarstofu hafa haft af þessu nokkrar áhyggjur og ekki síður af aldurs- og kynjablöndun.

2 Bráðavistun vegna geðræns vanda eða fíkniefnavanda

Með hækkun sjálfræðisaldurs árið 1998 jókst þörfin fyrir læknisþjónustu við börn sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda í tengslum við vímuefnaneyslu og/eða geðræna erfiðleika. Á sama tíma var ljóst að fjölga þyrfti neyðarvistunarplássum og töldu Barnaverndarstofa og BUGL æskilegast að byggja neyðarvistun sem heilbrigðiskerfið og barnaverndaryfirvöld stæðu að í sameiningu sem varð því miður ekki að veruleika. Þess í stað var gerður þjónustusamningur árið 1999 um þjónustu Landspítalans við Stuðla, meðferðarheimilin og unglingadeild SÁÁ. Framkvæmd þjónustusamningsins hefur að mörgu leyti tekist mjög vel og eflt samvinnu þessara kerfa. Sá hluti samningsins sem snýr að bráðavistunum vegna vímuefnavanda og/eða geðrænna erfiðleika sem valda alvarlegum hegðunarvanda hefur reynst erfiðari í framkvæmd. Hefur BUGL jafnan gert grein fyrir því að geta með engu móti vistað unglinga í slíkum vanda auk þess sem 33A hefur haft mikla fyrirvara á vistunum unglinga sökum blöndunar við fullorðna sem deildin er sérhæfð í og gert þá kröfu að barnageðlæknar fylgi þeim eftir á 33A. Svo virðist sem ekki sé einhugur um það innan Landspítalans hvernig framkvæmd þjónustunnar skuli vera. Að mati Barnaverndarstofu, framkvæmdastjóra geðsviðs og framkvæmdastjóra kvenna- og barnasviðs Landspítala hefur spítalanum ekki tekist að sinna bráðavistunum þessara barna, sbr. fund þessara aðila 30. júní s.l.

Fljótlega kom í ljós við framkvæmd þjónustusamningsins að í stað þess að ákveðin börn sem barnaverndarnefndir höfðu afskipti af ættu greiðara aðgengi að bráðavistunarplássum á Landspítala virtist dæmið snúast við og börn með flókinn vanda og/eða undir áhrifum sterkra vímuefna frekar vera vistuð á lokaðri deild Stuðla en áður – að vísu með stórbættu aðgengi að ráðgefandi lækni BUGL. Einnig er það svo að þegar unglingar fá bráðaþjónustu á 33A miðast dvölin að jafnaði við sólarhring eða fáa daga eða fráhvarfsmeðferð í skilningi afeitrunar eins og um fullorðna einstaklinga væri að ræða. Barnaverndarnefndir hafa hins vegar þörf fyrir bráðavistun í marga daga eða nokkrar vikur með tilliti til þeirra áhrifa sem langvarandi notkun sterka vímuefna hafa á hegðun, tilfinningar, geðrænt ástand og sjálfstjórn.
Allmargir unglingar sem barnaverndaryfirvöld hafa afskipti af vegna hegðunar- og vímuefnavanda (og hafa jafnvel verið neyðarvistaðir endurtekið á lokaðri deild Stuðla) gera tilraun til meðferðar á Vogi sem getur gagnast þeim og sumir fara jafnvel áfram á Staðarfell. Mörgum er hins vegar vísað út af Vogi vegna hegðunarvanda eða fara af sjálfir eftir nokkurra daga viðdvöl. Barnaverndarnefndir kvarta yfir því að ekki sé haft samband eða samráð við barnaverndarstarfsmann þegar unglingur fer eða er látinn fara af Vogi og að erfitt sé fyrir barnaverndarstarfsmenn að eiga samvinnu við Vog um meðferð unglinga.

Unglingum í þessum hópi var iðulega vísað í Götusmiðjuna meðan hún starfaði og gátu sumir náð ágætum árangri á 2-4 mánaða vistunartíma auk eftirmeðferðar. Götusmiðjan var opið úrræði sem hafði þann kost að barnaverndarnefndum reyndist auðvelt að fá samþykki unglings fyrir vistuninni og greitt aðgengi var að plássum. Staðurinn uppfyllti þannig á ákveðinn hátt þörf fyrir bráðavistun sem gat skipt miklu máli í vinnslu vandamála þar sem bakslög eru algeng. Starfsfólk Götusmiðjunnar, barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu hafði hins vegar áhyggjur af þeim óstöðugleika í meðferðarumhverfinu sem þetta fyrirkomulag olli – auk þeirra áhrifa sem sá fjöldi unglinga hafði sem gátu dvalið á staðnum í einu (alls voru þar 13 pláss) sem og blöndunar við skjólstæðinga eldri en 18 ára.
Brottfall úr Götusmiðjunni var hátt og ef miðað er við tímabilið frá júlí 2007 til maí 2010 dvöldu um 19% barnanna skemur en eina viku, 22% í 1-4 vikur, 18% í 4-8 vikur, 28% í 8-16 vikur sem var skilgreindur tími grunnmeðferðar, 11% í 16-32 vikur til framhaldsmeðferðar og 2% lengur en 32 vikur. Einnig voru dæmi um að mörgum börnum í einu væri vísað burt úr Götusmiðjunni fyrir reglubrot. Misjafnt var hvort barnaverndarstarfsmenn notuðu neyðarvistun Stuðla þegar barn fór án samþykkis eða var vísað úr Götusmiðjunni.

3 Meðferðarúrræði

Innleiðing fjölkerfameðferðar (MST) árið 2008 leiddi til þess að fjölskyldur 12-18 ára barna á suðvesturhorni landsins sem glíma við alvarlega hegðunarerfiðleika og/eða vímuefnavanda eiga kost á ítarlegri og gagnreyndri meðferð á heimavelli í allt að 5 mánuði. Eftir stækkun MST teymanna fyrripart árs 2011 verður hægt að þjónusta um 80 fjölskyldur á ári. Eitt af markmiðum MST er að koma í veg fyrir eða draga úr þörf fyrir vistun utan heimilis. Einnig er reynt að meta hvenær MST getur nýst í framhaldi af stofnanameðferð eða stytt þann tíma sem vista þarf barn á stofnun eða fósturheimili.



Meðferðarstofnunum á vegum Barnaverndarstofu hefur fækkað umtalsvert á síðustu árum í kjölfar minnkandi eftirspurnar barnaverndarnefnda eftir meðferð utan heimilis. Viðhorf til stofnanameðferðar hafa breyst og rannsóknir leitt í ljós að einungis skuli vista unglinga í mjög alvarlegum vanda á meðferðarstofnun (Andreassen, 2003). Athygli vekur að á sama tíma hefur neyðarvistunum barna á lokaðri deild Stuðla fjölgað eins og fjallað var um í kafla 1. Greining og meðferð á meðferðardeild Stuðla hefur þann tilgang að enduraðlaga barn að fjölskyldu og heimahögum og draga úr þörf fyrir lengri vistun utan heimilis. Greining og meðferð á Stuðlum er einnig forsenda þess að hægt sé að ráðstafa barni í langtímameðferð en í dag starfa 3 langtímameðferðarheimili með 17-19 plássum og vistunartíma frá 6-12 mánuðum.

Ákveðnar vísbendingar eru um að meðalaldur barna á Laugalandi og Háholti taki breytingum og sé um einu ári hærri á árinu 2011 en á árinu 2009. Þó ber að taka þessum vísbendingum með fyrirvara þar sem um fáa einstaklinga er að ræða ár hvert.
Skýrari vísbendingar um hækkandi aldur koma fram á Stuðlum. Eins og sjá má á mynd 3 verður umtalsverð fjölgun 17 og 18 ára barna (miðað við aldur sem barn náði eða nær á árinu) á tímabilinu frá janúar 2010-júní 2011. Lokun Götusmiðjunnar í júlí 2010 getur haft áhrif á þessa auknu eftirspurn en Barnaverndarstofa hafði ekki fjárhagslegt svigrúm til að opna nýtt stofnanaúrræði fyrir 16-18 ára. Þar að auki má gera ráð fyrir að innleiðing MST árið 2008 hafi þau áhrif að börn sem eiga í vaxandi vanda eftir MST meðferð komi þar með síðar til meðferðar á stofnun. 12-13 ára börnum fer fækkandi á Stuðlum og hlutfallslega fleiri börn á aldrinum 12-16 ára eru í MST en á Stuðlum á tímabilinu 2010 til maí/júní 2011. Hlutfallið snýst við fyrir aldurshópana 17 og að 18 ára sem eru umtalsvert fleiri á Stuðlum en í MST.
Athygli vekur að kynjahlutföll virðast skekkjast á tímabilinu 2010 til dagsins í dag en þá eru helmingi fleiri strákar en stelpur í meðferð á Stuðlum. Nær þrefalt fleiri strákar en stelpur eru í MST (og helmingi fleiri strákar en stelpur voru í MST 2008-2009). Erfitt er að meta hvað veldur þessari þróun sem einnig átti sér stað á neyðarvistun Stuðla, sbr. kafli 1, en vert að athuga það nánar með þeim barnaverndarnefndum sem vista börnin.

3.1 Umönnunarþyngd, aðgengi og sérhæfing úrræða

Eftirspurn eftir meðferð á Stuðlum hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár en á tímabilum eins og að hausti þegar barnaverndarstarfsmenn koma úr sumarfríum hefur ekki verið hægt að fylla öll meðferðarpláss. Reynt hefur verið að bjóða upp á eftirmeðferð á Stuðlum en lengi verið ljóst að efla þarf þann hluta. Erfiðar hefur reynst með eftirmeðferð og eftirfylgd af meðferðarheimilum sem virðist ekki einungis tengjast staðsetningu þeirra heldur á einhvern hátt óljósri samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Árangur af stofnanameðferð stendur ekki í beinu samhengi við vistunartímann heldur fjölhliða og viðurkenndar aðferðir sem beitt er í meðferðinni (Andreassen, 2003). Einnig er vitað að meðferðarþörf unglinga sem glíma við hegðunar- og vímuefnavanda þar sem bakslög eru algeng einskorðast ekki við inn- og útskrift í úrræði heldur þarf í raun að tryggja samfellda umönnun, þjónustu og eftirlit á mismunandi stigum (sjá kafla 4 og 5) (Kaminer & Godley, 2010). Af þessu tilefni er lagt til að Stuðlum verði falið aukið hlutverk á sviði eftirfylgdar og fjölskyldumeðferðar, einnig gagnvart öðrum meðferðarheimilum, svo tryggja megi samfellda umönnun, sjá kafla 6.

Fyrri hluta árs 2011 hefur verið biðlisti eftir meðferð á Stuðlum sem meðal annars tengist því að Stuðlar drógu úr innskriftum í mars og apríl vegna mjög krefjandi 16-18 ára skjólstæðinga og mikils álags sem skapaðist á meðferðardeildinni. Ekki hefur verið umtalsverð bið eftir langtímameðferð undanfarin misseri en hins vegar telja barnaverndarnefndir sig eiga í erfiðleikum með að fá úrræði fyrir ákveðna unglinga á aldrinum 16-18 ára sem þurfa sérhæfða vímuefnameðferð samhliða meðferð við alvarlegum hegðunarvanda eða afbrotahegðun. Flestir þessara unglinga hafa verið til meðferðar áður, jafnvel í mörgum úrræðum á vegum Barnaverndarstofu eða á Vogi. Ekki getur því talist með öllu fyrirsjáanlegt hvernig meðferðarþörf þessa hóps er mætt í dag auk þess sem vandi þeirra er oft þess eðlis að mjög erfitt getur verið að blanda þeim saman við þann hóp unglinga sem dvelja á Stuðlum eða meðferðarheimilunum þó beiðnum um vistun sé ekki hafnað. Stærð hópsins getur verið breytileg en í upphafi árs 2011 áætluðu þrjár stærstu barnaverndarnefndir landsins að á þeim tíma væri samtals um að ræða 4-6 einstaklinga á aldrinum 16-18 ára sem þyrftu í raun öflugri meðferð vegna vímuefnavanda sem oftar en ekki tengist alvarlegum hegðunarvanda, brotthlaupum og/eða afbrotum.

Fækkun meðferðarheimila, styttri vistunartími með tíðari innskriftum og sú stefna að vista einungis unglinga á stofnun sem glíma við alvarlegasta vandann þýðir að umönnunarþyngd er almennt þyngri og meiri á hverjum tíma. Þeim atvikum hefur fjölgað umtalsvert allt frá tímabilinu 2008-2009 sem starfsmenn meðferðarheimila þurfa að takast á við ofbeldi sem leiðir til þess að áherslan í meðferðarstarfinu færist í auknum mæli í að halda öryggismörkum. Slík þróun getur haft keðjuverkandi áhrif á möguleika til fjölbreytts og árangursríks meðferðarstarfs með börnum og foreldrum og haft neikvæð áhrif á starfsmenn meðferðarheimila til lengdar. Hefur Barnaverndarstofa fengið utanaðkomandi aðila til að endurskoða öryggismál meðferðarheimila, meðal annars með tilliti til verklags, stjórnunar og mannafla. Einnig hefur Barnaverndarstofa gefið heimilunum heimild til að kalla til aukamannaafla ef þörf krefur og jafnframt bætt við ákveðnum stöðugildum.

3.2 Afplánun óskilorðbundinna refsidóma og lögfesting barnasáttmálans

Í skýrslu vinnuhóps dómsmálaráðuneytis og Barnaverndarstofu frá árinu 2010 um afplánun sakhæfra barna er fjallað um leiðir til lögfestingar Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna sem gerir þær kröfur að einstaklingar undir 18 ára aldri þurfi ekki að afplána í fangelsi með fullorðnum. Hér á landi eru mjög fáir einstaklingar undir 18 ára aldri dæmdir til óskilorðsbundinnar refsingar á ári hverju sem mælir á móti þeim möguleika að reisa sérstakt úrræði enda dveldu dæmdir einstaklingar á tímabilum einangraðir í slíku úrræði (sem er andstætt hagsmunum þeirra) auk þess sem úrræðið myndi á tímabilum standa tómt. Vinnuhópurinn kemst einnig að þeirri niðurstöðu að hagsmunum ungra fanga undir 18 ára aldri sé almennt betur borgið með vistun og afplánun í meðferð á vegum barnaverndaryfirvalda og leggur fram tvær megintillögur: Annars vegar að Barnaverndarstofu verði falið í lögum að annast bæði gæsluvarðhald og afplánun fanga undir 18 ára aldri líkt og gert hefur verið að ákveðnu marki með samningi Barnaverndarstofu og Fangelsismálastofnunar frá 5. nóvember 1999 um vistun fanga undir 18 ára aldri á meðferðarheimilum. Hins vegar að byggt verði við neyðarvistun Stuðla vegna gæsluvarðhalds og að byggð verði sérstök eining við eitt af meðferðarheimilum Barnaverndarstofu þar sem hægt væri að vista unga fanga tímabundið sem ekki vilja taka þátt í meðferð eða brjóta ítrekað reglur og með grófum hætti. Þeir gætu síðan unnið sig aftur inn í meðferðina í stað þess að fara í afplánun á vegum Fangelsismálastofnunar líkt og núverandi samkomulag stofnananna gerir ráð fyrir. Hér þyrfti að huga sérstaklega að öryggisstigi á meðferðarheimilinu, sem er umtalsvert lægra en í fangelsi, sem og lagaheimildum starfsmanna til valdbeitingar (Skýrsla vinnuhóps, 2010).

Ef tillögur vinnuhópsins eru skoðaðir í því ljósi sem varpað hefur verið á stöðu neyðarvistana og meðferðarúrræða í köflunum hér að framan verður að viðurkenna að tillögur um þjónustu við gæsluvarðhalds- og afplánunarfanga í viðbyggingum við núverandi starfsemi þarf að endurskoða. Blöndun eldri unglinga, sem sýna alvarlega og ítrekaða brotahegðun og eru í vímuefnaneyslu, við þann breiða hóp sem meðferðarkerfið þjónustar að öðru leyti, getur orkað mjög tvímælis og líklegt að slík blöndun sé ekki til þess fallin að mæta meðferðar- eða öryggisþörf viðkomandi unglinga í báðum hópum. Hér þarf einnig að huga að aldurs- og kynjablöndun. Síðast en ekki síst þarf að tryggja að meðferðin sé sérhæfð svo hún sé líkleg til að skila árangri sem snýr meðal annars að landfræðilegri staðsetningu meðferðarstaðarins eins og fjallað verður nánar um hér að neðan.
Farið hefur verið yfir meðferðarþörf unglinga sem hljóta óskilorðsbundna dóma á samráðsfundum Barnaverndarstofu með Stuðlum annars vegar og Fangelsismálastofnun hins vegar. Flest þeirra barna sem framið hafa ítrekuð afbrot sem leiða til óskilorðsbundins dóms glíma við alvarlegan hegðunar- og vímuefnavanda og þyrftu á sérstöku úrræði að halda sem tekur á báðum þáttum. Þó kennir reynslan að ákveðnir einstaklingar sem afplána dóma eða sitja í gæsluvarðhaldi eiga ekki samleið með harðari hópnum

og gætu því afplánað á öðrum meðferðarheimilum. Tryggja þarf öryggi og aðgreiningu kynja innan úrræðisins og sumir vilja meina að nauðsynlegt sé að aðskilja kynin í aðskildum úrræðum. Talið er mikilvægt að börn geti afplánað áfram á sama stað eftir 18 ára aldur. Varasamt er talið að byggja upp úrræði sem er lokað og í litlum tengslum við samfélag og heimahaga barnanna og þarf staðsetning úrræðisins að vera á höfuðborgarsvæðinu og taka mið af möguleikum að fá hæft starfsfólk og að börnin geti tengst samfélaginu og aðlagast því á sem mestan hátt. Meðferðarstaðurinn þarf að geta haldið aftur af unglingum sem vilja yfirgefa staðinn en gera verður ráð fyrir að barn sem afplánar dóm í hálfopinni meðferð komi til með að geta hlaupið burt; aðalatriðið er hins vegar að tekið sé við barninu aftur. Lögð er áhersla á að ábyrgð á úrræðinu þurfi að vera á einni hendi en mismunandi stofnanir þurfi að skuldbinda sig til samvinnu, svo sem Fangelsismálastofnun, heilbrigðisstofnanir, Barnaverndarstofa og fleiri. Fara þurfi yfir málaflokkinn í víðu samhengi, meðal annars til að tryggja að börn upplifi að lögbrot hafi afleiðingar en að tryggt sé að ef um afplánun er að ræða þá geti hluti hennar verið utan stofnana og í tengslum við samfélagsþjónustu og sáttamiðlun. Nauðsynlegt er að eftirfylgd og samfélagsleg aðlögun sé fastur hluti af meðferðarferlinu og almennt að í meðferðinni sé beitt viðurkenndum aðferðum og tekið á helstu áhættuþáttum afbrotahegðunar, sjá kafli 4.

4 Áhættuþættir og viðurkenndar aðferðir

Áhættuþættir andfélagslegrar hegðunar hafa verið skoðaðir í fjölmörgum rannsóknum undanfarna áratugi. Andrews og Bonta skilgreina 4 meginþætti og 4 viðbótarþætti:

1. Saga um andfélagslega hegðun
2. Andfélagslegir persónuleikaþættir
3. Andfélagslegur hugsanastíll
4. Andfélagslegir vinir
5. Aðstæður í fjölskyldu (tilfinningatengsl, samskipti, eftirlit, afleiðingar)
6. Skóli og vinna
7. Tómstundir og áhugamál
8. Misnotkun vímuefna

Allir þessir áhættuþættir fyrir utan sögu um andfélagslega hegðun eru breytanlegir. Úrslitaatriði fyrir meðferðarárangur er að meðferðin beinist að þeim breytanlegu áhættuþáttum sem eru ráðandi hjá hverjum og einum. Þegar tekin er ákvörðun um hverjir skuli vistast í stofnanameðferð er talið mikilvægt að meta vægi áhættuþátta svo einungis þeir sem eru í mikilli áhættu og geta ekki nýtt sér meðferð á heimavelli séu vistaðir á stofnun. Ekki sé útilokað að þeir sem glíma við miðlungs eða lítinn vanda geti orðið fyrir neikvæðum áhrifum af vistun á stofnun með einstaklingum með mjög alvarlegan vanda (Andrews & Bonta, 2010; Andreassen, 2003). Hér ræður þó innihald meðferðarstarfsins, hæfni og reynsla starfsfólks á meðferðarstofnun ávallt úrslitum (Kaminer, 2005). Tryggja þarf að í meðferðinni sé notast við viðurkenndar aðferðir sem henta þroska og meðferðarþörfum unglingsins (móttækileiki). Meðhöndla þarf áhættuþætti eins og kvíða eða þunglyndi, meðal annars til að auka getu og vilja til meðferðar, en meðhöndlun kvíða og þunglyndis ein og sér er ekki talin tryggja árangur í meðferð andfélagslegrar hegðunar. Taka þarf tillit til áhættuþátta eins og veikleika í vitsmunastarfi sem hafa áhrif á hegðunarvanda, getu til að nýta sér meðferðina og meðferðarhorfur. (Andrews & Bonta, 2010; Henggeler, 2009). Áhersla er lögð á aðferðir sem æfa félagsfærni, sjálfstjórn og félagsvæn viðhorf, dæmi: Aggression Replacement Training og Motivational Interviewing (Andreassen, 2003).

Ákveðið hlutfall foreldra á erfitt með að taka þátt í meðferð vegna sinna eigin erfiðleika og/eða erfiðra samskipta við ungling í vanda þar sem bakslög eru algeng og áhrif á fjölskyldulíf talin óbærileg. Ónóg samvinna barnaverndarstarfsmanna og meðferðaraðila við foreldra og ungling í skipulagi og framkvæmd meðferðar dregur úr virkni hennar og eykur líkur á alvarlegum mótþróa (Andrews & Bonta, 2010; Henggeler, 2009; Slettebø, 2009; St.meld.nr20, 2005-2006). Langtímarannsóknir leiða í ljós að slök tilfinningatengsl innan fjölskyldu, óstöðugleiki eða skortur á eftirliti og afleiðingum auki líkur á andfélagslegri hegðun. Almennt hafi meðferðarprógrömm sem beinist að þessum þáttum og þátttöku foreldra jákvæð áhrif á vandamál og afbrotahegðun barna ef þau eru leiðbeinandi og byggja á grunni hugrænnar atferlismeðferðar, innihaldi þjálfun sem leiði til aukinnar hæfni, byggi á hágæða meðferðarsambandi og séu framkvæmd af vel þjálfuðum meðferðaraðilum undir ströngu gæðaeftirliti sem tryggi að meðferðin sé framkvæmd með sambærilegum móti og þegar virkni hennar var rannsökuð. Dæmi um aðferðir sem beitt er hér á landi og uppfylla ofangreind skilyrði eru Parent Management Training (PMT) sem er þjálfun og meðferð fyrir fjölskyldur barna að 12 ára aldri, sem og fjölkerfameðferð (MST) á heimavelli fyrir fjölskyldur 12-18 ára barna (Andrews & Bonta, 2010). Í MST er unnið með samskipti, eftirlit, afleiðingar og aðra áhrifavalda vandans í tengslum við öll kerfin í kringum barnið (foreldra, fjölskyldu, félagahóp, skóla og nærumhverfi) (Henggeler, 2009).

4.1 Meðferðarúrræði á Norðurlöndum vegna afbrotavanda

Að mati nágranna okkar á Norðurlöndum eru viðbrögð við alvarlegum hegðunarvanda og afbrotum í formi fangelsunar og útilokunar frá samfélaginu talin árangurslaus og skaðleg leið sem hafi neikvæð áhrif á persónuþroska, dragi úr félagsfærni og félagstengslum og leiði til stimplunar. Þess í stað er lögð áhersla á þjálfun og meðferð til að breyta til hins betra þeirri hegðun sem veldur vandanum. Lögð er áhersla á skjót viðbrögð vegna lögbrota unglinga og sem dæmi má nefna að ef barn fremur ofbeldisglæp eða annað alvarlegt afbrot í Danmörku þá skal liggja fyrir bráðabirgðaáætlun um meðferð máls innan 7 daga þar sem unnið er með unglingi og foreldrum að því að draga úr líkum á frekari afbrotum. Ítarlegri áætlun um meðferð máls er gerð í framhaldi. Dómstólum er heimilt að dæma börn til meðferðar í stað fangelsisvistar. Hér á eftir verður í dæmaskyni fjallað um nokkrar leiðir sem Danir og Norðmenn beita í meðferð afbrota og alvarlegs hegðunarvanda.

4.1.1 Stigskipt þjónusta

Danskir dómstólar geta dæmt sakhæfa unglinga sem framið hafa alvarleg og/eða endurtekin lögbrot í samfellt meðferðarferli, *Ungdomssanktionen,* þar sem meðferðarþörf en ekki sjálft lögbrotið ræður tímalengd og styrleikum inngripa í allt að 24-30 mánuði. Dómurinn byggir á bakgrunnsupplýsingum um vanda unglings svo meta megi hvort úrræðið fullnægi meðferðarþörf eða hvort ofbeldishætta sé talin það mikil að vistun í fangelsi þjóni þörfum unglings betur. Samhliða dómi í Ungdomssanktionen gera félagsmálayfirvöld sveitarfélags aðgerðaáætlun með fjölskyldu og unglingi sem er endurskoðuð reglulega: Sett eru skýr, afmörkuð og mælanleg *yfir- og undirmarkmið* um hegðun, aðlögun að samfélagi, tengsl við fjölskyldu og félagahóp, meðferðarinngrip, nám og vinnu osfv.
Ungdomssanktionen samanstendur af þremur fösum:

1. Öryggisdeild með vistun að jafnaði í 2 mánuði (undangengið gæsluvarðhald á deildinni ekki meðtalið). Heimilt að hafa útidyr og glugga læsta og hafa eftirlit með samskiptum út fyrir deildina.
2. Opin stofnun eða annað viðeigandi úrræði að jafnaði í 12 mánuði. Val á úrræði tekur mið af meðferðarþörf á grunni greiningar/mats sem skal að mestu lokið í fasa 1 eða fyrir þann tíma.

3. Dagdeildarumönnun („ambulant“ umönnun) og eftirlit í þann tíma sem eftir er að 24 mánaða tímabili en þó að lágmarki í 6 mánuði.

Hægt er að flytja ungling til baka á öryggisdeild ef alvarleg bakslög verða en ákveðin tímamörk gilda fyrir fasa 1 og 2 (Servicestyrelsen, 2010). Bent hefur verið á annmarka við að flytja ungling ítrekað til baka á öryggisdeild sem ekki er staðsett innan sömu stofnunar og opna meðferðin. Slíkt geti komið niður á samfellu og skapi óstöðugleika í meðferðinni (Brøgger, 2007).
Svokallaður „Koordinator“ er skipaður í upphafi ferlisins og er framlengdur armur barnaverndarstarfsmanns, hefur hlutverk tengiliðs og persónulegs ráðgjafa í gegnum allt ferlið. Sérstaklega reynir á hlutverk hans í þriðja fasanum. Hann stendur vörð um samhengi meðferðarfasa og þverfaglega aðkomu mismunandi kerfa að fjölþættum vanda (afbrotavanda, misnotkun vímuefna, tilfinningavanda og skólavanda o.s.frv.), heldur fundi með unglingi, foreldrum, aðilum í nærumhverfi og öðrum svo markmiðum áætlunar um meðferð máls verði fullnægt (Servicestyrelsen, 2010).

4.1.2 Opin meðferð og MultifunC

Í skýrslu norska dómsmálaráðuneytisins frá 2006 um valkosti við refsingar vegna afbrota er lagt til að með sérstakri heimild í barnaverndarlögum verði hægt að dæma sakhæfa unglinga að 18 ára aldri til meðferðar á stofnun á vegum barnaverndaryfirvalda í stað afplánunar í fangelsi. Einungis skuli vista ungling í fangelsi ef engin önnur leið telst fær en við eins opnar aðstæður og kostur er, endurmeta forsendur með stuttu millibili og stefna sem fyrst að flutningi í vægara úrræði og meðferð. Mikilvægt er talið að við afplánun og gæsluvarðhald sé aðgengi að skóla, vinnu og viðeigandi aðstoð. Lögð er áhersla á að stytta vistunartíma en draga úr líkum á bakslögum með samfelldri og þverfaglegri þjónustu á mismunandi stigum þar sem stofnanir skuldbindi sig til að veita nauðsynlega þjónustu. Samfélagsþjónusta og sáttamiðlun (Restorative Justice) er sögð mikilvæg fyrir bæði ósakhæfa og sakhæfa unglinga (St.meld.nr20, 2005-2006).
Gerð er áætlun um meðferð máls til lengri tíma þar sem svokallaður „mentor“ gegnir samræmingar-hlutverki (svipað og „koordinator“ í Ungdomssanktionen). Áætlunin byggir á einstaklingsbundnum bakgrunnsupplýsingum sem nýtast einnig dómstólum við umfjöllun mála. Í norsku skýrslunni er lagt til að skipaður verði þverfaglegur samráðshópur með hverjum þeim sem afplánar dóma. Hópurinn sé skipaður fulltrúum refsivörslukerfis, barnaverndar, vímuefnameðferðar, læknis- og félagsþjónustu, menntakerfis, o.s.frv. (St.meld. nr. 20, 2005-2006). Norska dómsmálaráðuneytið hefur á seinustu misserum gert nánari útfærslur á þessum tillögum en á sama tíma hafa tvö unglingafangelsi verið reist með 4-6 plássum á hvorum stað til að draga úr þörf fyrir vistun unginga í fangelsi með fullorðnum. Þess má geta að Svíar vinna nú að úrræðum utan stofnana í anda þeirra norsku (Munnlegar upplýsingar, 2010).
Tekið er fram í norsku skýrslunni að meðferð skjólstæðinga með alvarlegan hegðunarvanda og afbrotavanda geri kröfu um meiri mönnun en þekkist á öðrum meðferðarstofnunum.[3] Tryggja þurfi góða menntun, hæfni og sameiginlegan hugmyndagrunn starfsmanna. Eru svokallaðar MultifunC stofnanir nefndar sem mögulegur kostur sem og einnig fjölkerfameðferð (MST) á heimavelli. Á grundvelli yfirlitsrannsókna á aðferðum sem virka í stofnanameðferð voru fyrir um 5-6 árum síðan settar á fót fimm MultifunC stofnanir í Noregi og tvær í Svíþjóð. Meðferðin beinist að breytanlegum áhættuþáttum andfélagslegrar hegðunar unglinga sem glíma við mjög alvarlegan hegðunarvanda. MultifunC eru hálfopnar stofnanir í miklum tengslum við kerfin í kringum barn og foreldra, aðlögun að almennum skóla í

[3] Dæmi má taka af MultifunC stofnunum þar sem er umtalsvert fleira starfsfólk en þekkist af íslenskum meðferðarstofnunum sem sinna unglingum með sambærilegan vanda. Þannig vinna rúmlega 40 manns á MultifunC stofnuninni í Ås sunnan við Osló í Noregi þar sem hægt er að vista allt að 8 unglinga auk eftirmeðferðar.

nágrenninu strax á fyrstu vikum meðferðar sem og tíðum tengslum við félagsvæna vini og viðfangsefni fyrir utan stofnunina. Jafnóðum er tekist á við bakslög og reynt að draga úr neikvæðum áhrifum stofnanavistunar. Meðferðin tekur um 6 mánuði auk eftirmeðferðar í heimahögum unglings í 3-4 mánuði. Umfangsmiklar árangursrannsóknir fara fram á MultifunC og eru Danir að opna tvær slíkar stofnanir.

5 Vímuefnameðferð unglinga og samfelld þjónusta

Vandi unglinga sem vísað er til meðferðar vegna vímuefnavanda er oft samtvinnaður alvaralegum hegðunarvanda sem hefur afgerandi áhrif á viðhorf og getu til meðferðar. Bakslög og endurteknar meðferðartilraunir eru að margra mati regla fremur en undantekning. Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að brottfall unglinga úr vímuefnameðferð geti verið á bilinu 30-50% og hlutfall þeirra sem nota vímuefni áfram þrátt fyrir að hafa lokið meðferð geti jafnvel verið hærra. Helsti annmarki á vímuefnameðferð fyrir unglinga séu fastmótaðar aðferðir þar sem nokkurn vegin sömu inngrip og leiðir eru notuð fyrir alla án tillits til viðbragða og margbreytilegra þarfa viðkomandi unglings (Kaminer & Winters 2011). Bent hefur verið á að ekki sé vænlegt til árangurs að sinna meðferðarþörf unglinga með inngripi sem einskorðast af innskrift og útskrift af meðferðarstofnun. Meðferðarþörfin sé meira í líkingu við þróunarferli í stærra samhengi sem spanni mat, meðferð og samfellda umönnun (continued care). Þannig sé eðlilegt að gera stöðumat og hefja meðferð í formi hvatningarviðtala (Motivational Interviewing) áður en til vistunar kemur og auka þannig líkur á framförum og gera áhrifin skýrari af sjálfum vistunarhluta meðferðarinnar. Í meðferðinni þurfi að nota viðurkenndar aðferðir sem leiði til aukinnar getu og vilja til breytinga og meta þurfi framfarir reglulega með matslistum. Og þar sem fallhætta er umtalsverð meðal unglinga sem glíma við hegðunar- og vímuefnavanda hafi hefðbundin eftirmeðferð í raun ekki reynst vel. Því sé mikilvægt að aðstoða viðkomandi unglinga og fjölskyldur áfram með skýrum og leiðandi hætti í heimaumhverfi þeirra (assertive continuing care). Samfelld umönnun þurfi einnig að fela í sér ákveðið og samfellt eftirlit með stöðunni og möguleika á að grípa aftur til sterkara meðferðarinngrips ef bakslög verða (adaptive continuing care) (Kaminer & Godley, 2010). Bandarísk samtök á sviði fíknifnameðferðar[4] hafa lagt til að í stað þess að nota hugtakið „eftirmeðferð“ verði þessu ferli lýst sem „samfelldri umönnun“; meðferð þurfi að vera sveigjanleg og klæðskerasniðin að breytilegum þörfum og vilja skjólstæðings til breytinga (Kaminer & Winters 2011).

Oft hefur verið fjallað um einkenni góðrar vímuefnameðferðar fyrir unglinga og hvernig meðferðarþörf þeirra er frábrugðin þörfum fullorðinna. Meðferðarþörfin einkennist af hinu sérstaka þroskaskeiði unglingsára með ólíkum viðhorfum og hugðarefnum miðað við fullorðna og ólíku vægi umhverfisþátta, mikilvægi foreldranna og sterkra áhrifa úr félagahópi. Mikilvægt sé að sníða meðferðina að þörfum hvers og eins með tilliti til hugræns-, tilfinningalegs-, líkamlegs-, félagslegs- og siðferðisþroska. Eftir því sem vímuefnanotkun færist niður í yngri aldurshópa verði vart við seinkaðri þroska á þessum sviðum sem aftur gerir sérstakar kröfur til meðferðar. Þar sem allflestir unglingar koma í meðferð að undirlagi fullorðinna þurfi að beita sérstökum hvatningaraðferðum til að þeir haldist í meðferðinni og fáist til samvinnu. Meðferðinni þurfi að takast að auka líkur á því að líf án vímuefna verði eftirsóknarvert í augum unglingsins (SAMSHA/CSAT, 1993).
Bandarískur sérfræðingahópur skilgreindi 9 lykilþætti í vímuefnameðferð fyrir unglinga á grundvelli fræðilegrar þekkingar og notaði þættina til að meta gæði vímuefnameðferðar á 144 sérhæfðum stofnunum fyrir unglinga (Brannigan og félagar, 2004):

[4] The American Society of Addiction Medicine (sjá Kaminer og Winters, 2011)

1. *Samræmi milli greiningar og meðferðar*
   Alhliða greining og mat á sálfræðilegum, geðrænum og læknisfræðilegum vandamálum, námserfiðleikum, fjölskylduvirkni og öðrum þáttum í lífi unglings.
2. *Alhliða og samþætt meðferðarnálgun*
   Meðferðin taki til allra þátta í lífi unglings og einskorðist ekki við vímuefnanotkun.
3. *Fjölskylda taki þátt í meðferð*
   Vandinn á sér oft rætur í fjölskyldunni og almennt næst betri árangur með þátttöku foreldra (forsjáraðila), sem og nánum tengslum við heimili og fjölskyldu unglings, skóla og eftir atvikum refsivörslukerfi.
4. *Í takti við þroska*
   Meðferð skal sníða að þroska og þörfum unglinga en ekki einungis aðlöguð út frá prógrammi fullorðinsmeðferðar.
5. *Hvatning og utanumhald*
   Meðferðin þarf að byggja upp traust milli unglinga og meðferðaraðila. Nota þarf viðurkenndar hvatningaraðferðir og umbunarkerfi.
6. *Hæfir starfsmenn*
   Starfsmenn skulu hafa þjálfun í þroska unglinga, geð- og sálrænum fylgiröskunum, misnotkun og ánetjan vímuefna.
7. *Kyn- og menningarbundnar þarfir*
   Innihald meðferðar skal mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna, minnihlutahópa og koma til móts við menningarmun.
8. *Samfelld umönnun*
   Meðferðin skal innihalda þjálfun sem dregur úr líkum á bakslögum, eftirmeðferðaráætlun og leiðir í þjónustu á heimavelli. Hafa skal samband og kanna árangur eftir að meðferð er lokið.
9. *Meðferðarárangur*
   Gera skal ítarlegt mat á framförum í meðferðinni og leiðum til að bæta meðferðina auk þess að beina athyglinni að bjargráðum og styrkleikum.

Sömu lykilþættir hafa verið lagðir til grundvallar í öðrum umfangsmiklum rannsóknum vestanhafs þar sem kortlagt er innihald vímuefnameðferðar fyrir unglinga og þarfir fyrir úrbætur. Fjallað er um fjölhliða meðferðarþarfir unglinga og bent á að blöndum í meðferð með fullorðnum henti unglingum í raun illa. Séu hins vegar ekki aðrir möguleikar fyrir hendi en að meðhöndla unglinga með fullorðnum beri að gæta varúðar og hafa í huga að alls ekki sé tryggt að meðferðin þjóni þörfum þeirra nægilega vel. Áhersla er lögð á mikilvægi læknisþjónustu vegna líkamlegra sjúkdóma í tengslum við vímuefnaneyslu og geðræna fylgikvilla (Mark og félagar, 2006; Knudsen, 2009).

6 Tillögur um úrbætur

Á ýmsum samráðsfundum Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum og á starfsdegi félagsmálastjóra 2011 hafa komið fram óskir um sérstakt úrræði fyrir eldri unglinga í alvarlegum hegðunar- og vímuefnavanda. Nýlega sendi starfshópur á vegum Barnaverndar Reykjavíkur skýrslu til Barnaverndarstofu um stöðu meðferðarmála ungmenna þar sem meðal annars var óskað eftir sérhæfðu úrræði fyrir eldri unglinga í vímuefnavanda, auknu samstarfi við Barna- og unglingageðdeild Landspítalans, aukinni samfellu í meðferð, aukinni eftirfylgd og stóraukinni aðstoð við unglinga og fjölskyldur eftir að meðferð er lokið. Loks var auglýst sérstaklega eftir aukinni skilvirkni í dómskerfinu svo ungmenni skynji að afbrot hafi afleiðingar (Skýrsla starfshóps Barnaverndar Reykjavíkur, 2011). Starfsmenn Stuðla hafa árum saman lagt á það áherslu að óskýrar afleiðingar dómskerfisins við

endurteknum lögbrotum unglinga geri það að verkum að þeir sjái sig síður tilneydda til að taka þátt í meðferð. Sáttameðferð hefur reynst vel sem hluti af meðferð barna sem sýna afbrotahegðun en því miður virðist sáttameðferð vegna sakhæfra barna hafa átt erfitt uppdráttar hér á landi og er ástæða til að hvetja til aukinnar útbreiðslu hennar.

Eins og fram kemur í umfjöllun þessarar greinargerðar er það mikilvægt forgangsverkefni að efla og bæta undirbúning vistana barna sem bíða eftir meðferð í meðferðarúrræðum sem og eftirfylgd við börn og fjölskyldur eftir að vistun á meðferðarheimili lýkur. Þannig sé brugðist jafnóðum við bakslögum, álagi á fjölskyldur, endurteknum neyðarvistunum og vistunarþörf til langs tíma. Mikilvægt er að þjónustan einkennist af sveigjanleika og aðlögun að þörfum hvers barns og fjölskyldu en að útfært verði skýrt verklag í samráði við barnaverndarnefndir. Með tilliti til mismunandi stærðar og styrks sveitarfélaga og ekki síst mikilvægi samfelldrar þjónustu er lagt til að Stuðlum verði falið þetta verkefni enda koma öll þau börn sem í hlut eiga á neyðarvistun og/eða meðferðardeild Stuðla. Stuðlar myndu einnig sinna þessu verkefni í tengslum við önnur meðferðarheimili Barnaverndarstofu og mögulega áframhaldandi fjölskyldumeðferð vegna barna á meðferðarheimilum. Þessi breyting krefst fjölgunar sérfræðinga og annarra starfsmanna á Stuðlum sem starfi í náinni samvinnu við foreldra, barnaverndarstarfsmenn, heimaskóla eða vinnustaði barna (ekki síst auknu hlutverki Fjölsmiðjunnar), meðferðarheimili, fjölkerfameðferð (MST), lögreglu (m.a. með tilliti til sáttameðferðar), aðra meðferðaraðila og aðila í samfélaginu. Samvinna við Fjölsmiðjuna um þjónustu við einstaklinga á aldrinum 16-18 ára er mjög mikilvæg, þar sem bakslög geta verið tíð og einstaklingsbundin geta mismikil. Einnig verði stutt við innra starf meðferðarheimila með tilliti til yfirstandandi endurskoðunar Barnaverndarstofu á verklagi, stjórnun, starfsaðferðum, starfsmannafjölda og öryggi á meðferðarheimilum. Eins og fram kemur í kafla um neyðarvistun er afar brýnt að við endurskoðun á reglugerð um Stuðla verði kveðið á um sérstök viðbrögð og samráð ef sama barn er neyðarvistað ítrekað á tilteknu tímabili.

Eins og fram kemur í þessari greinargerð hníga mjög sterk rök að opnun nýs meðferðarheimilis á höfuðborgarsvæðinu sem sameini bráðavistun og meðferð vegna alvarlegrar vímuefnaneyslu og afbrotahegðunar eldri unglinga. Áhersla sé á aðlögun að fjölskyldu og jákvæðum félagahópi, aðgengi að hæfu og menntuðu starfsfólki, að skóla og vinnu og öfluga eftirfylgd eftir að vistun lýkur. Markhópurinn verði börn á aldrinum 16-18 ára með mikla þjónustuþörf, samleitinn og alvarlegan vanda á sviði vímuefnaneyslu og afbrotahegðunar en áætlað er að sá hópur geti talið á bilinu 5-10 einstaklinga á hverjum tíma: Í upphafi árs 2011 áætluðu þrjár stærstu barnaverndarnefndir landsins að á þeim tíma væri samtals um að ræða 4-6 einstaklinga á aldrinum 16-18 ára sem þyrftu í raun öflugri meðferð vegna vímuefnavanda sem oftar en ekki tengist alvarlegum hegðunarvanda, brotthlaupum og/eða afbrotum. Í þessum hópi hafa þeir ungu fangar verið mjög fáir sem ekki hafa getað eða viljað afplána á starfandi meðferðarheimilum Barnaverndarstofa og fara þess vegna í fangelsi með fullorðnum. Með hinu nýja meðferðarheimili mætti hins vegar þjónusta all flest og nær öll börn, sem sæta gæsluvarðhaldi eða hljóta óskilorðbundna refsidóma, á forsendum meðferðar í stað refsivörslu í fangelsi með fullorðnum. Þannig má tryggja lögfestingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en eins og fram kemur í skýrslu vinnuhóps um afplánun sakhæfra barna er ekki hægt að útiloka að það kunni að þjóna hagsmunum tiltekinna einstaklinga betur að afplána í fangelsi með fullorðnum ef ofbeldishegðun er það mikil að vista þyrfti viðkomandi einstakling til langs tíma í lokuðum hluta meðferðarheimilis aðskilinn frá öðrum börnum (Skýrsla vinnuhóps, 2010).

Ef þessi tillaga um nýja stofnun nær fram að ganga dregur úr óæskilegri blöndun barna á neyðarvistun og meðferðardeild Stuðla sem í dag getur haft mjög neikvæð áhrif á meðferðarárangur. Þannig mætti efla og bæta þjónustu Stuðla við börn á aldrinum 12-16 ára sem glíma við hegðunar- og/eða vímuefnavanda og

þjónustu við börn að 18 ára aldri sem glíma við hegðunarvanda á grunni þroskaskerðingar eða geðræns vanda (og sem BUGL á erfitt með eða neitar að þjónusta í dag vegna hegðunarvanda og ofbeldishegðunar). Tryggja þarf heilbrigðisþjónustu á staðnum og þverfaglega vinnu. Hin nýja stofnun byggi á stigskiptri þjónustu:

a) Öryggis- og bráðavistun vegna alvarlegs hegðunar- og/eða vímuefnavanda. Þessi hluti yrði einnig notaður þegar bakslög verða í meðferðinni (b) sem kalla á öryggisgæslu ásamt því að vera gæsluvarðhaldsúrræði fyrir réttarvörslukerfið. Mikilvægt er að hafa öryggis- og bráðavistun sem stysta og halda meðferð áfram í hálfopnum hluta (b) með möguleika á endurteknum öryggisvistunum ef þörf krefur.
b) Áframhaldandi hálfopin meðferð með sérstakri áherslu á viðurkenndar aðferðir á sviði vímuefnavanda og afbrotahegðunar (sbr. greinargerð). Æskilegt að skilgreind verði mismunandi stig öryggisviðbragða eftir meðferðarþörf og réttarstöðu hvers einstaklings ef hann hyggst yfirgefa staðinn, allt frá almennum fortölum yfir í beitingu þvingunar eða tímabundinnar öryggisvistunar (a). Í meðferðinni sem og eftirfylgd sem sinnt væri frá meðferðarheimilinu eftir útskrift verði lögð áhersla á sáttameðferð og samfélagsþjónustu, samvinnu við fjölskyldu, barnavernd og félagsþjónustu, skólakerfi eða vinnustaði (m.a. Fjölsmiðju), aðra meðferðaraðila og Fangelsismálastofnun.
c) Eftirfylgd (sjá umfjöllun hér að ofan).

Heimildir

Andreassen, T. (2003). *Behandling af ungdom i institusjoner; Hva siger forskningen?* Oslo: Kommunalforlaget AS.

Andrews, D. A., & Bonta, J. (2010). *The psychologie of criminal conduct, 5. útgáfa.* New Providence, NJ: LexisNexis.

Brøgger, M. H. (2007). *Ungdomssanktionen. En gennemgang af straffelovens § 74 a samt en analyse af eventuelle behov for en reform indenfor området.* http://www.jura.au.dk/fileadmin/site_files/filer_jura/dokumenter/forskning/rettid/2008/afh4.pdf. Norska dóms- og lögregluráðuneytið.

Henggeler, S. W. (2009). *Multisystemic therapy for antisocial behavior in children and adolescent (önnur útgáfa).* New York: The guilford press.

Kaminer Y. & Winters K. C. (2011). Adolescent behavior change. Process and outcome. Birtist í: Y. K. Winters, *Clinical manual of adolescent substance abuse treatment* (pp. 143-161). Washington, DC: American psychiatric publishing, Inc.

Kaminer, Y. (2005). Challenges and opportunities of group therapy for adolescent substance abuse: A critical review. *Addictive behaviors, 30*, 1765-1774.

Kaminer, Y., & Godley, M. (2010). From assessment reactivity to aftercare for adolescent substance abuse: Are we there yet? *Child and adolescent psychiatric clinics of north america, 19*(3), 577-590.

Knudsen, H. K. (2009). Adolescent-only sunstance abuse treatment: Availability and adoption og components of quality. *Journal of substance abuse treatment, 36*, 195-204.

Munnlegar upplýsingar. (2010). Upplýsingar í samtali við Anne Brita Normann, rágjafa í norska dóms- og lögregluráðneytnu.

Brannigan R. og félagar. (2004). The quality of highly regarded adolescent substance abuse treatment programs. Results of an In-depth national survey. *Archives of pediatrics and adolescent medicine, 158*, 904-909.

SAMSHA/CSAT. (1993). *SAMHSA/CSAT Treatment improvement protocols. Executive summary and recommendations.* Vefsíða http://www.ncbi.nlm.nih.gov/books/NBK26058/

Servicestyrelsen. (2010). *Håndbok om ungdomssanktionen (önnur útgáfa).* Óðinsvé: Servicestyrelsen.

Skýrsla starfshóps Barnaverndar Reykjavíkur. (2011). *Skýrsla starfshóps um stöðu í meðferðarmálum ungmenna.*

Skýrsla vinnuhóps. (2010). *Skýrsla vinnuhóps um afplánun sakhæfra barna.* Dóms- og mannréttindaráðuneytið.

Slettebø, T. (2009). *Oppfølging av foreldre med barn/ungdom plassert i fosterhjem eller på institusjon.* http://brage.bibsys.no/diakon/handle/URN:NBN:no-bibsys_brage_9860.Norska fjölskyldu- og jafnréttisráðuneytið.

St.meld.nr20. (2005-2006). *Alternative straffereaksjoner overfor unge lovbrytarar.* http://www.regjeringen.no/nb/dep/jd/dok/regpubl/stmeld/20052006/stmeld-nr-20-2005-2006-.html?id=332074. Norska dóms- og lögregluráðuneytið.

Tamini L. M. & félagar. (2006). Characterizing substance abuse programs that treat adolescents. *Journal of substance abuse treatment, 31*, 59-65.

1822. Nefndarálit [561. mál]

um frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá iðnaðarráðuneytinu, Aagot Óskarsdóttur lögfræðing, Gústaf Adolf Skúlason frá Samorku, Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Guðjón Bragason og Lúðvík E. Gústafsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Dýrleif Kristjánsdóttur hdl.

Nefndinni bárust einnig umsagnir frá Aagot Óskarsdóttur lögfræðingi, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bláskógabyggð, Bændasamtökum Íslands, Fjarðabyggð, Fljótsdalshéraði, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hafnarfjarðarbæ, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Hrunamannahreppi, Landssambandi veiðifélaga, Landsvirkjun, nefnd um endurskoðun náttúruverndarlaga, Norðurþingi, Rarik, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samorku, Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og umhverfisnefnd Alþingis.

Vatnalögin hafa verið ein helsta réttarheimild um vatnsréttindi hér á landi og hafa staðist vel tímans tönn. Engu síður hafa orðið á síðustu áratugum miklar samfélagsbreytingar og tækniframfarir. Einnig hafa nýtingarmöguleikar í samfélaginu aukist til muna sem og vægi umhverfisverndar. Með frumvarpi þessu er ætlunin að gera nauðsynlegar úrbætur á vatnalögum frá 1923, nr. 15/1923, en láta þau að öðru leyti halda gildi sínu. Sökum þessa eru því aðeins lagðar til óverulegar efnislegar breytingar á fyrstu fimm köflum laganna þar sem fjallað er um inntak vatnsréttinda sem og helstu meginreglur réttarsviðsins en önnur ákvæði eru einfölduð og færð til nútímahorfs, m.a. í ljósi breyttra aðstæðna. Í athugasemdum við frumvarpið er ítarlega fjallað um löggjafarþróun vatnamála og réttarframkvæmd frá öndverðu til okkar daga.

Gildissvið, markmið og orðskýringar.

Fram kemur í 1. gr. frumvarpsins að gildissvið laganna taki til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki þar um. Það var niðurstaða nefndarinnar að lögin nái ekki til vatns í loftkenndu

formi og leggur nefndin því til að gildissvið laganna nái til yfirborðsvatns í föstu og fljótandi formi. Nefndin leggur einnig til þá breytingu að samhliða lögunum gildi einnig skipulagslög, lög um mannvirki, náttúruverndarlög og lög um stjórn vatnamála, sem og önnur löggjöf sem við á í hverju tilviki fyrir sig.

Núgildandi vatnalög hafa ekki að geyma ákvæði um markmið laganna enda tíðkaðist ekki við lagasetningu þess tíma að setja slík markmiðsákvæði í lög. Í löggjöf á síðari árum er algengt að kveðið sé á um í lögum að stefna skuli að tilteknu takmarki. Þessi ákvæði eru að jafnaði þess eðlis að þau leggja stjórnvöldum þá skyldu á herðar að hefjast handa um tilteknar ráðstafanir. Fram kom hjá umsagnaraðilum mikilvægi þess að setja slíkt ákvæði og það mundi endurspegla fjölþætt hlutverk vatnalöggjafarinnar. Nefndin tekur heilshugar undir þessi sjónarmið og leggur til breytingu þessu að lútandi. Markmið vatnalaganna verður því að kveða á um rétt almennings til nýtingar vatns, greiðan aðgang að nægu og hreinu vatni og vatnsréttindi landeigenda. Einnig að samþætta nýtingar- og umhverfissjónarmið á sviði vatnamála, auka samvinnu stjórnvalda á þessu sviði og tryggja skynsamlega nýtingu vatnsauðlindarinnar og langtímavernd hennar með fyrirbyggjandi aðgerðum á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Þessara markmiða mun Orkustofnun, sem fer með stjórnsýslu og eftirlit skv. XVI. kafla frumvarpsins, horfa til við stjórnsýsluákvarðanir sínar. Það er samhljóma álit nefndarinnar að með því að leggja til fyrrgreindar breytingar, þ.e. að setja inn markmiðsákvæði í 1. gr. frumvarpsins, muni það stuðla að því að markmiðinu sem lögin stefna að verði náð.

Fram kemur í markmiðsgreininni að tryggja skuli vatnsauðlindina með beitingu fyrirbyggjandi aðgerða en reglan um fyrirbyggjandi aðgerðir er ein af meginreglum alþjóðlegs umhverfis- og auðlindaréttar. Markmiða á sviði umhverfismála og meginreglna er getið í 174. gr. EB-samningsins. Í 2. mgr. 174. gr. hans er sérstaklega getið að stefna EB skuli m.a. byggjast á reglunni um fyrirbyggjandi aðgerðir. Óhætt er að fullyrða að íslenskur umhverfis- og auðlindaréttur byggist á þeirri meginreglu að gripið skuli til fyrirbyggjandi aðgerða í því skyni að koma í veg fyrir að umhverfi verði fyrir tjóni eða skerðingu og nægir í því sambandi að benda á lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Nefndin vill benda á að leyfisveitingar, skilyrði og eftirlit eru allt þættir sem miða að því að koma í veg fyrir að eitthvað óæskilegt gerist.

Frá umsagnaraðilum komu nokkrar ábendingar um þær orðskýringar sem er að finna í 1. gr. frumvarpsins. Töldu umsagnaraðilar að í einhverjum tilfellum mætti skilgreina hugtökin nánar og samræma þau betur annarri löggjöf. Til þess að mæta þessum sjónarmiðum leggur nefndin til þá breytingu á 1. gr. frumvarpsins að samhliða vatnalögunum gildi einnig skipulagslög, lög um mannvirki, náttúruverndarlög, lög um stjórn vatnamála sem og önnur lög, eins og við á hverju sinni, um rétt almennings til vatns og um vatnsréttindi landeigenda.

Vatnsréttindi.

Í samræmi við markmið frumvarpsins verða ekki lagðar til neinar breytingar á inntaki og stöðu vatnsréttinda frá þeim grundvelli sem lagður var með vatnalögunum frá 1923 og mótast hefur í réttarframkvæmd á síðastliðnum áratugum. Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram sú meginregla að rétturinn til umráða og hagnýtingar á vatni sem er á fasteign tilheyrir þeirri fasteign á þann hátt sem lögin heimila. Ákvæðið felur í sér það sem kallað er jákvæð skilgreining eignarréttinda, þ.e. að eignarráð landeiganda eru afmörkuð í lögunum sjálfum og hann hefur ekki aðrar heimildir yfir vatninu en lögin tiltaka sérstaklega. Hins vegar veita lögin landeiganda víðtækar heimildir til nýtingar og ráðstöfunar að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem lögin setja. Einnig kemur fram í 3. gr. frumvarpsins að landeigendur sem

hafa aðgang að sama vatni eiga sama rétti til þess í hlutfalli við þá nýtingu sem er gerleg á eða fyrir landi þeirra. Nefndin telur, í ljósi þess að ekki eigi að víkja frá hinni jákvæðu skilgreiningu vatnalaga á vatnsréttindum landeigenda, rétt að leggja til þá breytingu að landeigendur eigi eingöngu rétt til þeirra nýtingar sem lögin heimila en ekki þeirrar nýtingar sem sé gerleg.

Í 8. gr. frumvarpsins birtist hin forna regla Jónsbókar um að vötn öll skuli renna sem að fornu hafa runnið. Sérstök undantekning frá meginreglunni birtist m.a. í 9. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um heimild til að fella vatnsfall í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Þá er lögð til sú breyting á lögunum í 9. gr. frumvarpsins að 2. mgr. 8. gr. gildandi vatnalaga verði felld brott, en ákvæðið laut að kostnaði landeiganda við að fella vatn í fornan farveg. Þessi breyting er gerð þar sem ákvæðið þótti til þess fallið að rýra þann ríka rétt sem menn eiga til þess að fella vatnsfall á ný í fornan farveg. Hjá umsagnaraðilum komu fram þær athugasemdir að með breytingunni væri verið að opna fyrir heimild landeiganda til að ráðast í breytingar á farvegi í allt að 20 ár. Nefndin vill í þessu sambandi árétta þá meginreglu hefðarlaga, nr. 46/1905, að hefð skapast ekki fyrr en eftir 20 ár og jafnframt á þá meginreglu vatnalaga að þótt vatn breyti um farveg þá breytast ekki landamerki. Nefndin vill einnig benda á að allar framkvæmdir sem fyrirhugað er að ráðast í og tengjast vatni og vatnafari eru tilkynningarskyldar til Orkustofnunar, sbr. 2. mgr. 79. gr. frumvarpsins. Jafnframt er skv. 4. mgr. 79. gr. frumvarpsins Orkustofnun heimilt að setja skilyrði fyrir starfsemi og framkvæmdum sem taldar eru nauðsynlegar af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að framkvæmdir eða starfsemi geti spillt þeirri nýtingu sem fram fer í eða við vatn eða möguleikum á að nýta vatn síðar.

Fjallað er um minni háttar vötn í 9. gr. frumvarpsins. Samkvæmt ákvæðinu er landeiganda óheimilt að spilla slíkum landsvæðum nema það sé nauðsynlegt til varnar því landi eða landsnytjum að fengnu leyfi Orkustofnunar. Fram kom hjá umsagnaraðila að slíkt leyfi kynni að stangast á við 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999, þar sem kveðið er á um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa. Einnig var bent á að framkvæmdir sem þessar væru almennt framkvæmdaleyfisskyldar frá sveitarfélagi skv. 13. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Nefndin vill árétta að vatnalög breyta ekki þeim leyfum sem nauðsynleg eru samkvæmt öðrum lögum og geta jafnframt ekki heimilað framkvæmdir sem annars eru óheimilar. Nefndin leggur þó til þá breytingu að þegar við á sé einnig nauðsynlegt að fá umsögn Umhverfisstofnunar. Nefndin vill jafnframt ítreka að þótt um sé að ræða minni háttar vötn sem landeigendur hafa rýmri rétt til eru framkvæmdir ekki óheftar og alltaf tilkynningarskyldar til Orkustofnunar skv. 2. mgr. 79. gr. frumvarpsins. Fram kemur í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins hagnýtingarréttur landeiganda um minni háttar vötn. Til þess að gæta samræmis leggur nefndin til þá breytingu að slíkur réttur verði einnig gerður tilkynningarskyldur til Orkustofnunar, sbr. 2. mgr. 144. gr. frumvarpsins.

Í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um aðgangsröð að vatni á landareign þegar vatn er ekki nægilegt til allra þeirra nota sem þörf er á eða hugur stendur til, en ákvæðið er nýmæli. Umsagnaraðilar bentu á að ákveðin hætta væri á því að ákvæðið ylli misskilningi gagnvart 22. gr. frumvarpsins, sem fjallar um rétt sveitarstjórnar í þágu vatnsveitu sveitarfélaga. Rétt væri því, til að taka af allan vafa um stöðu vatnsveitna sveitarfélaga í aðgangsröðinni, að bæta inn þörf vatnsveitu á eftir búsþörfum. Nefndin vill í þessu sambandi árétta að gildissvið vatnalaganna tekur til yfirborðsvatns. Forgangur vatnsveitna sveitarfélaga til nýtingarleyfa vegna grunnvatns er tryggður í 15. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Vatnsveitur sveitarfélaganna nota nær eingöngu, ef ekki eingöngu, grunnvatn til vatnsveitu. Einnig er rétt að benda á að í 22. gr. frumvarpsins um heimild sveitarstjórnar til

vatnsveitugerðar er aðeins vísað til þeirra þarfa sem í þessum kafla getur, þ.e. í III. kafla frumvarpsins, en hann lýtur að vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar. Ákvæðið um aðgangsröðun að vatni er hins vegar í II. kafla frumvarpsins er fjallar um almenn ákvæði vatnsréttinda. Sökum þessa verður að ætla að aðgangur vatnsveitu komi á undan aðgangi að vatni til áveitu og til orkuþarfar. Ákvæði III. kafla frumvarpsins eru sérákvæði gagnvart ákvæði 11. gr. frumvarpsins. Það er því mat nefndarinnar að réttarstaðan sé að þessu leyti óbreytt og engin hætta á að ákvæði 11. gr. frumvarpsins valdi réttaróvissu.

Um rétt til vatnstöku til heimilis- og búsþarfa og til sunds og baða er fjallað í 12. gr. frumvarpsins. Nokkrar umræður urðu um málið í nefndinni. Fram kom hjá umsagnaraðilum að nauðsynlegt væri að afmarka þessar heimildir í ljósi breyttra tíma. Þá sér í lagi að verja réttindi þeirra sem stunda stangveiðar í ám og vötnum gegn utanaðkomandi raski á veiðitíma. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið að mikilvægt sé að valda ekki truflun á veiði manna og leggur til breytingu þessu viðvíkjandi.

Fjallað er um ráðstöfunarheimildir opinberra aðila í 17. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að ríki og sveitarfélögum, svo og fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu þeirra, er óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti rétt til umráða og hagnýtingar á því vatni sem hefur að geyma virkjanlegt afl umfram 10 MW. Ekki er kveðið á um til hversu langs tíma opinberum aðilum er heimilt að veita tímabundinn afnotarétt til umráða og hagnýtingar á vatni en í núgildandi lögum er kveðið á um að það skuli vera til allt að 65 ára í senn. Nefndin bendir á að í iðnaðarnefnd er til umfjöllunar frumvarp iðnaðarráðherra um breytingar á þeim ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923, og laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem fjalla um hámarkstíma afnotaréttar fyrir nýtingu vatnsafls (720. mál á þskj. 1244). Með því frumvarpi er lagt til að ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu verði heimilt að veita tímabundið afnotarétt að vatnsréttindum til allt að 40 ára frá því að orkuvinnsla hefst og jarðhitaréttindum til allt að 30 ára, í stað 65 ára í senn eins og frumvarpið gerir ráð fyrir og er í samræmi við núgildandi vatnalög og auðlindalög. Það er mat nefndarinnar að þar sem fyrrgreint frumvarp hefur ekki hlotið afgreiðslu Alþingis sé nauðsynlegt að kveða á um að afnotaréttur til umráða og hagnýtingar á vatni skuli vera óbreyttur, eða 65 ár. Leggur nefndin til slíka breytingu á frumvarpinu. Nefndin leggur hins vegar á það áherslu að verði fyrrnefnt frumvarp að lögum mun ákvæði 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins breytast að sama skapi.

Um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar.

Í III. kafla vatnalaga er fjallað um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar. Rétt er að hafa í huga að ekki eru lagðar til grundvallarbreytingar á ákvæðum kaflans frá gildandi vatnalögum en einstök ákvæði hans eru einfölduð og skýrð nánar.

Í 18. gr. frumvarpsins eru ekki gerðar efnisbreytingar á 17. gr. vatnalaga nema að því leyti að greinin fær nýja fyrirsögn. Í ákvæðinu er fjallað um heimild landeiganda til vatnstöku til heimilis- og búsþarfa og annarrar starfsemi sem stunduð er á eigin landareign. Heimildin til vatnstöku er takmörkuð við það sem þörf er á, samkvæmt ákvæðinu. Fram kom hjá umsagnaraðila að þessi afmörkun ákvæðisins kynni að hafa aðra merkingu í atvinnustarfsemi 21. aldar og þar af leiðandi veita afar opna heimild til vatnstöku án þess að hugað væri að áhrifum hennar á náttúru, og þá sérstaklega lífríki. Nefndin telur rétt að leggja á það áherslu að sá fyrirvari sem er í ákvæðinu er hinn sami, þ.e. eiganda landareignar er rétt að veita til sín vatni, þó þannig að öðrum sem eiga tilkall til vatnsins verði sem minnst tjón eða bagi að. Einnig vill nefndin benda á 7. gr. frumvarpsins en þar segir m.a. að manni sé óheimilt, nema sérstök heimild eða lagaleyfi sé til þess, að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmagni

eða vatnsflæði, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð. Það er samdóma álit nefndarinnar að hér sé um að ræða mikilvægt málefni en bendir á að annaðhvort þarf lagaheimild eða leyfi Orkustofnunar, skv. 144. gr. frumvarpsins, til framkvæmda sem hafa áhrif á náttúru eða lífríki. Því er ekki um að ræða opna heimild til vatnstöku.

Mannvirkjagerð, miðlun vatns, varnir lands, þurrkun o.fl.

Í VI. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði úr V. kafla um stíflugerð, VI. kafla um vatnsmiðlun, VII. kafla um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna, VIII. kafla um þurrkun lands og XIII. kafla almenn ákvæði um vatnsvirki. Inntak þessara kafla er að meginstefnu til hið sama og til einföldunar hefur þeim verið safnað saman í einn kafla.

Í 51. gr. frumvarpsins er fjallað um stíflugerð til vatnsmiðlunar. Samkvæmt ákvæðinu þarf skilyrðislaust leyfi Orkustofnunar til vatnsmiðlunar eða breytinga á henni ef flatarmál miðlunarlóns að því loknu er 1.000 fermetrar eða stærra við hæstu vatnsstöðu. Fram kom hjá umsagnaraðila að þar sem hér er um að ræða framkvæmd sem leita þarf framkvæmdaleyfis sveitarfélags fyrir sé nauðsynlegt að slík tilvísun komi fram í ákvæðinu. Nefndin bendir á að framkvæmdir á grundvelli 51. gr. frumvarpsins eru réttilega leyfisskyldar skv. 13. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Hins vegar eru önnur ákvæði frumvarpsins einnig háð framkvæmdaleyfi. Nefndin tók því þá afstöðu að vel færi á því að hafa almenna tilvísun í markmiðsgrein frumvarpsins, þ.e. að þar kæmi fram að samhliða þessum lögum giltu einnig skipulagslög, lög um mannvirki, náttúruverndarlög, lög um stjórn vatnamála sem og önnur lög, eins og við á hverju sinni um rétt almennings til vatns og vatnsréttindi landeigenda. Við meðferð málsins í nefndinni var einnig rætt hvort óvissa kynni að koma upp um hlutverk Orkustofnunar annars vegar og viðkomandi sveitarstjórnar hins vegar við veitingu leyfa og eftirlit með leyfisskyldri framkvæmd. Heimildir sveitarstjórnar við útgáfu framkvæmdaleyfis markast eins og fyrr segir af efni 13. gr. skipulagslaga og er megininntak framkvæmdaleyfis byggt á skipulagslegum forsendum. Ekki er því um að ræða breytingu á hlutverki sveitarfélaga. Nefndin telur því ólíklegt að óvissa verði um hlutverk sveitarstjórnar annars vegar og Orkustofnunar hins vegar þar sem Orkustofnun styðst við aðrar réttarheimildir við útgáfu leyfa. Byggingarleyfi á grundvelli mannvirkjalaga lýtur að því hvort mannvirkið uppfylli hönnunarkröfur og forsendur. Sú gagnrýni kom einnig fram hjá umsagnaraðilum að óeðlilegt væri að miða leyfisskyldur til vatnsmiðlunar eða breytingar á henni við vatnsflöt miðlunarlóns þar sem vatnsmiðlun hefur allajafna í för með sér mikla röskun vatnabúskapar á framkvæmdasvæðinu. Flatarmál lónsyfirborðs skipti ekki endilega höfuðmáli í þessu sambandi. Rétt er að skiptar skoðanir eru á þessu viðmiði sem frumvarpið kveður á um en nefndin telur hins vegar eðlilegt að sett sé viðmið þar sem dregin eru mörk milli tilkynningarskyldu og afdráttarlausrar leyfisskyldu. Nefndin bendir á að ef miðlunarlón er stærra en 1.000 fermetrar er það leyfisskylt en ef það er minna er skylt að tilkynna það til Orkustofnunar. Nefndin vísar einnig til þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að í lögunum verði ákvæði þess efnis að sett verði reglugerð um upplýsingar sem skila þarf með leyfisumsókn annars vegar og tilkynningarskyldu hins vegar. Telji Orkustofnun að lón sem búið er að tilkynna um sé það umfangsmikið að fara beri með það svipað og lón sem er leyfisskylt, t.d. setja einhver skilyrði, getur stofnunin gert það, láti hún framkvæmdaraðila, þann sem tilkynnti, vita um það innan fjögurra vikna. Þá verður líka að benda á að skyldan til að sækja um leyfi er ekki verulega meira íþyngjandi en tilkynningarskyldan, a.m.k. ekki hvað tímafrestinn varðar, því að Orkustofnun ber að afgreiða leyfi innan átta vikna.

Fjallað er um breytingar á vatnsfarvegi í 54. gr. frumvarpsins. Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að mikilvægt væri að vísa til þess að ákvæði skipulagslaga um framkvæmdaleyfi gildir þegar um breytingu á vatnsfarvegi er að ræða. Nefndin vill í þessu sambandi árétta að ákvæði skipulags- og mannvirkjalaga gilda um fyrrgreindar breytingar sem og önnur löggjöf sem við á, sbr. 38. gr. náttúruverndarlaga, er fjallar um leyfisumsókn til Umhverfisstofnunar, sé hætta á að friðlýstum náttúruminjum verði spillt. Meiri háttar breytingar á farvegi eru framkvæmdaleyfisskyldar og verða jafnframt að samræmast skipulagi á viðkomandi landsvæði. Í 2. mgr. 54. gr. er kveðið á um heimild viðeigandi stjórnvalds til að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr., að fengnu leyfi Orkustofnunar. Heimildin er bundin við að þetta sé gert til að verja fasteignir eða önnur mannvirki sem varða almannaheill. Það má leiða að því líkum að orðalag ákvæðisins geri ráð fyrir að almannahagsmunir geti einungis falið í sér spjöll á fasteignum eða öðrum mannvirkjum en ekki friðlýstum náttúruminjum. Leggur nefndin því til breytingar á ákvæðinu því til samræmis. Nefndin bendir einnig á að ákvæði 2. mgr. 54. gr. tekur ekki til bráðaástands, en ef slík tilvik koma upp ber að líta til þeirra sjónarmiða sem gilda um neyðarrétt.

Kveðið er á um aðgæsluskyldu í 80. gr. frumvarpsins. Hér er um að ræða almenna aðgæsluskyldu mannvirkja og framkvæmda, en reglan á sér m.a. fyrirmynd í 2. mgr. 24. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Við meðferð málsins kom fram að reglan kvæði ekki á um skyldu til að sýna aðgæslu gagnvart náttúrunni við framkvæmdir né að forðast að valda tjóni á henni. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið en þau eru m.a. í samræmi við varúðarregluna sem er ein af meginreglum umhverfisréttar. Varúðarreglan á við þegar liggur fyrir að framkvæmd muni líklega valda alvarlegu eða óbætanlegu umhverfistjóni en ekki er hægt að sanna það vísindalega. Þá ber að beita þeim aðgerðum sem nauðsynlegar teljast til þess að koma í veg fyrir slíkt tjón og er óheimilt að bera fyrir sig skort á vísindalegri fullvissu um að tjón sé yfirvofandi. Nefndin leggur til breytingu á ákvæðinu í þessu tilliti.

Um óhreinkun vatna.

Í IX. kafla laganna er fjallað um óhreinkun vatna. Í frumvarpinu er ekki um að ræða efnislega breytingu á reglum um óhreinkun vatna en í samræmi við nútímahugtakanotkun er notað í frumvarpinu hugtakið mengun, en það er skilgreint í 1. gr. frumvarpsins. Fram kemur í 56. gr. frumvarpsins að óheimilt er að menga vötn eða láta í þau eða svo nærri þeim að hætt sé við að í þau berist efni, hlutir og lífverur sem spilla mundu eðlis- eða efnaástandi vatnsins, lífríki þess og nánasta umhverfi. Kveðið er á um í 2. mgr. 56. gr. að umhverfisráðherra geti veitt undanþágu frá því banni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. sömu greinar, í samræmi við lög þar að lútandi. Við meðferð málsins í nefndinni voru lagðar fram þær tillögur að 2.–4. mgr. 56. gr. yrðu felldar brott þar sem samkvæmt reglugerðum um mengun vatns og grunnvatns sem eiga stoð í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, er óheimilt að menga vötn að meginstefnu til og undanþágur skilgreindar með stoð í sömu lögum. Vert er að hafa í huga að umhverfisráðherra hefur ríkar heimildir samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til að veita undanþágur, þ.m.t. frá starfsleyfum. Nefndin leggur því til að 2.–4. mgr. verði felldar brott. Nauðsynlegt er þó að meginreglan um að óheimilt sé að menga vötn, sbr. 1. mgr. 56. gr. frumvarpsins, haldi sér þar sem hennar er hvergi getið í lagasetningu.

Um almenna umferð um vötn.

Fjallað er um almenna umferð um vötn í XII. kafla gildandi vatnalaga. Í II. kafla frumvarpsins er að finna almenna reglu um vatnsréttindi almennings, sbr. 11. gr. frumvarpsins, en hér er þessi réttur útfærður enn frekar. Fjallað er um heimild til að fara um vötn og til afnota af vatnsbökkum í 67. gr. frumvarpsins en þar segir að öllum sé heimil för, þ.m.t. á farartækjum, um vötn, einnig á ís, með þeim takmörkunum sem lög kveða á um. Fram kom hjá umsagnaraðilum að þörf væri á því að takmarka þessa heimild nánar til verndar náttúru eða lífríki eða vegna mannvirkja í eða við vatn. Nefndin tekur undir þetta og leggur til varúðarákvæði, þ.e. að heimilt verði að fara um vötn og til afnota á vatnsbökkum en þó þannig að það valdi ekki truflun á veiðum manna. Sambærilegar breytingar voru einnig lagðar til við 11. gr. frumvarpsins. Einnig komu fram ábendingar um að ákvæði um umferðarrétt ætti betur heima í náttúruverndarlögum en vatnalögum. Með hliðsjón af gildissviði frumvarpsins telur nefndin óráðlegt að fella ákvæði um almenna umferð um vötn úr vatnalögunum. Hins vegar sé rétt að hafa þessi sjónarmið í huga við endurskoðun á náttúruverndarlögunum, en bent hefur verið á að fyrrgreind ákvæði vatnalaga eigi betur heima þar sem safnað er saman þeim ákvæðum er varða almannarétt.

Almenn ákvæði um vatnsvirki.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að XIV. kafli vatnalaganna verði felldur brott en ákvæði hans flytjist í aðra kafla, sbr. VI. og XV. kafla frumvarpsins. Við meðferð málsins komu fram athugasemdir að þar sem 133. gr. laganna væri felld á brott skorti að útfæra meginreglu 2. mgr. 7. gr. Þetta hefði í för með sér opna heimild til handa landeigendum til tiltekinna framkvæmda án tillits til þess hvaða áhrif þær hefðu. Nefndin tekur ekki undir þessar athugasemdir. Vert er að hafa í huga að 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er bannregla. Lagaheimild fyrir einhverju sem hefur áhrif á það sem upp er talið í ákvæðinu yrði væntanlega skýrð þrengjandi í samræmi við almennar lögskýringarreglur. Nefndin bendir á að rétt sé að taka mið af því sem fram kemur í breytingartillögu um markmiðsákvæði laganna, sem og því sem talið er upp í 4. mgr. 144. gr., sbr. 79. gr. frumvarpsins. Þar segir að Orkustofnun sé heimilt að setja skilyrði fyrir starfsemi og framkvæmdum sem taldar eru nauðsynlegar af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að framkvæmdir eða starfsemi geti spillt þeirri nýtingu sem fram fer í eða við vatn eða möguleikum á að nýta vatn síðar. Slík skilyrði skulu vera í samræmi við markmið laganna, reglugerðir og vatnaáætlun samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Heimild Orkustofnunar til að setja slík skilyrði nær þó ekki til starfsemi og framkvæmda á friðlýstum svæðum sem háðar eru leyfi Umhverfisstofnunar. Nefndin vill einnig benda á að önnur löggjöf, svo sem náttúruverndarlög, hafa einnig áhrif í þessu sambandi.

Eignarnám og bætur.

Kafli XV. frumvarpsins fjallar um eignarnám og bætur. Með hliðsjón af gildandi réttarframkvæmd eru reglurnar færðar nær gildandi réttarframkvæmd. Ákvæðum kaflans er ætlað að taka almennt til framkvæmdar og tilhögunar eignarnáms samkvæmt lögunum en einstök sérákvæði eru felld brott. Aflögð er sú verkaskipting milli ráðherra og dómkvaddra matsmanna sem vatnalögin frá 1923 gera ráð fyrir en ákvörðunarvald um eignarnám og hversu víðtækt það á að vera er á ábyrgð viðkomandi ráðherra. Jafnframt er gert ráð fyrir því að um framkvæmd eignarnáms fari eftir almennum reglum, þ.e. lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

Stjórnsýsla.

XVI. kafli frumvarpsins á að leysa af hólmi ákvæði XVI. og XVII. kafla gildandi vatnalaga. Kaflinn hefur að geyma ákvæði um málsmeðferð og yfirstjórn vatnamála en lagt er til að yfirstjórn málaflokksins skiptist á milli iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Samkvæmt frumvarpinu fer umhverfisráðherra með yfirstjórn umhverfis- og vatnaverndar og annast framkvæmd tiltekinna greina frumvarpsins en að öðru leyti lúta lögin yfirstjórn iðnaðarráðherra. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir því að meginstjórnsýsla vatnamála verði á hendi Orkustofnunar. Eftirlit Orkustofnunar snýr í fyrsta lagi að leyfisskyldum aðgerðum, í öðru lagi að þeim aðgerðum sem skilyrði hafa verið sett fyrir og í þriðja lagi er eftirlit heimilt með öllum aðgerðum ef tilefni gefast. Eftir sem áður eru framkvæmdir í og við vötn háðar leyfum og eftir atvikum eftirliti samkvæmt t.d. skipulagslögum, mannvirkjalögum og lögum um lax- og silungsveiði og þar með aðkomu viðkomandi stjórnvalda.

Í 143. gr. frumvarpsins er fjallað um yfirstjórn vatnamála. Fram kemur í 4. mgr. að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn umhverfis- og vatnsverndar samkvæmt lögunum og er heimilt að fela Umhverfisstofnun stjórnsýslu. Við meðferð málsins komu fram þær athugasemdir að þar sem í frumvarpinu væri ekki að finna almenn ákvæði um umhverfisvernd væri ekki þörf á að kveða á um yfirstjórn umhverfisráðherra með umhverfis- og vatnsvernd. Nefndin telur þessar athugasemdir réttmætar og leggur til að ákvæði um yfirstjórn umhverfisráðherra verði felld brott.

Fjallað er um þá tímafresti sem Orkustofnun hefur vegna leyfisveitinga og tilkynningarskyldu í 79. gr. frumvarpsins. Hafa verður í huga að framkvæmdir geta einnig verið leyfiseða eftirlitsskyldar samkvæmt öðrum lögum og af hálfu annarra aðila. Nokkur umræða varð um þessi mál í nefndinni. Nefndin vill hér árétta að hún telur rétt að sett verði reglugerðarheimild í anda góðrar stjórnsýslu, sbr. 87. gr. frumvarpsins, varðandi mörk á milli þeirra framkvæmda sem eru annars vegar leyfisskyldar og hins vegar tilkynningarskyldar.

Fram kemur í 2. mgr. 79. gr. að skylt er að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir sem fyrirhugað er að ráðast í og tengjast vatni og vatnafari, þar á meðal framkvæmdir sem ekki eru sérstaklega leyfisskyldar samkvæmt þessum lögum eða öðrum. Fram kom hjá umsagnaraðilum að ákvæðið væri of almennt orðað og túlka mætti það á þann veg að það næði til allra minni háttar framkvæmda sem nauðsynlegar geta talist vegna viðgerða eða lagfæringa á veitu- og virkjanaframkvæmdum og rúmast jafnvel innan áður útgefinna framkvæmdaleyfa. Nefndin bendir á að sú tilkynningarskylda sem lögð er til í ákvæðinu er byggð á því sjónarmiði að allar framkvæmdir sem snerta vatn geta haft áhrif á umhverfið. Sökum þessa er rétt að upplýsingar um framkvæmdir séu til staðar hjá þeirri stofnun sem hefur með stjórnsýslu vatnamála að gera. Nefndin áréttar í þessu sambandi jafnframt að hér er ekki átt við nauðsynlegar viðgerðir vegna bilana á þeim mannvirkjum sem þegar hafa verið leyfð ef augljóst er að ekki er um nýframkvæmd að ræða. Nefndin telur það ekki samræmast almennum lögskýringarsjónarmiðum að skýra 2. mgr. 79. gr. frumvarpsins þannig að málsgreinin taki til slíkra viðgerðarframkvæmda á grundvelli neyðarréttarsjónarmiða. Tilkynningarskyldan til Orkustofnunar er sett til að ná til allra framkvæmda en þó er ekki ætlunin sú að hún nái til nauðsynlegra bráðaviðgerða á framkvæmdum sem þegar hafa verið leyfðar. Ef um væri að ræða algera endurnýjun mundi ákvæðið eiga við. Til nánari skýringa leggur nefndin til breytingar þessu að lútandi. Nefndin vill jafnframt benda á að hún telur það ekki íþyngjandi að tilkynna fyrir fram ákveðnar viðhaldsviðgerðir til Orkustofnunar. Hins vegar sé augljóst að þegar um er að ræða viðgerðir vegna bilana er ógerningur að ferlið sé slíkt að nauðsynlegt sé að tilkynna um framkvæmdina og bíða hinn lögákveðna fjögurra vikna frest, sbr. 5. mgr. 79. gr. frumvarpsins.

Fram kemur í 4. mgr. 79. gr. frumvarpsins að Orkustofnun hafi heimild til að setja skilyrði fyrir starfsemi og framkvæmdum sem taldar eru nauðsynlegar af tæknilegum ástæðum eða ætla má að framkvæmdir eða starfsemi geti spillt þeirri nýtingu sem fram fer í vatni eða við vatn eða möguleikum á að nýta vatn síðar. Skýrt er tekið fram í ákvæðinu að slíkt skilyrði skuli m.a. vera í samræmi við vatnaáætlun. Nefndin fagnar þessari tengingu í frumvarpinu við vatnaáætlun og lögin um stjórn vatnamála og bendir á að allar umfjallanir og framkvæmdir á þessu sviði verður framvegis að byggja á umræddum lögum og nýlegum vatnastjórnunarlögum.

Ýmis ákvæði.

Fram kom í máli umsagnaraðila að mikilvægt væri að til staðar væri almenn regla um yfirborðsrannsóknir og önnur undirbúningsstörf á frumstigi rannsókna áður en rannsóknarleyfi fæst. Slík regla er í 138. gr. gildandi vatnalaga. Nefndin tekur undir þessa ábendingu en leggur áherslu á að slíkar heimildir eiga við þegar um er að ræða minni háttar rannsóknir en til umfangsmeiri rannsókna þarf leyfi Orkustofnunar.

Almenn reglugerðarheimild er í 87. gr. frumvarpsins. Þar segir í 2. mgr. að umhverfisráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að því leyti sem stjórnsýsla sé undir hann sett. Við meðferð málsins voru þau sjónarmið reifuð hvort fella ætti þessa reglugerðarheimild brott. Nefndin bendir á að einungis ákvæði 12. gr., um bann við óhreinkun vatna og ákvæði 67. gr., um heimild til að fara um vötn og til afnota af vatnsbökkum, eru á verksviði umhverfisráðherra. Að öðru leyti hefur hann ekki hlutverk samkvæmt frumvarpinu ef frá er talið ákvæði um umferð báta á vötnum en þar er atvikssbundin reglugerðarheimild. Nefndin telur því rétt að fella brott hina almennu reglugerðarheimild til handa umhverfisráðherra á grundvelli laganna.

Nefndin leggur jafnframt til ýmsar aðrar smærri breytingar sem varða einkum lagatæknileg atriði og gerir einnig allmargar tillögur um málfarsbreytingar. Þá leggur nefndin til að lögin öðlist þegar gildi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. ágúst 2011.

Kristján L. Möller, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Magnús Orri Schram.
Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.	Sigmundur Ernir Rúnarsson.	Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.
Gunnar Bragi Sveinsson, með fyrirvara.	Þráinn Bertelsson.	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.

1823. Breytingartillögur [561. mál]

við frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi“ í 1. efnismgr. komi: í föstu eða fljótandi formi.
   b. Á eftir 1. efnismgr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
      Markmið þessara laga er að:
      a. kveða á um rétt almennings til nýtingar vatns, greiðan aðgang að nægu og hreinu vatni og vatnsréttindi landeigenda,
      b. samþætta nýtingar- og umhverfissjónarmið á sviði vatnamála og auka samvinnu stjórnvalda á því sviði og
      c. tryggja skynsamlega nýtingu vatnsauðlindarinnar og langtímavernd hennar með fyrirbyggjandi aðgerðum á grundvelli sjálfbærrar þróunar.
      Samhliða þessum lögum gilda einnig skipulagslög, lög um mannvirki, lög um náttúruvernd, lög um stjórn vatnamála og önnur lög, eins og við á hverju sinni um rétt almennings til vatns og vatnsréttindi landeigenda.
   c. Fyrirsögn orðist svo: *Gildissvið, markmið og orðskýringar.*
2. 2. gr. orðist svo:
   Fyrirsögn I. kafla laganna orðast svo: **Gildissvið, markmið og orðskýringar.**
3. Í stað orðsins „gerleg“ í 2. efnismgr. 3. gr. komi: heimil.
4. Við 10. gr.
   a. Inngangsmálsliður a-liðar orðist svo: Í stað 1. málsl. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi.
   b. Við a-lið bætist: og þegar við á að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.
   c. Á eftir a-lið komi nýr stafliður er orðist svo: Á eftir orðunum „Landeiganda er rétt“ í 1. tölul. kemur: að teknu tilliti til 2. mgr. 144. gr.
   d. Inngangsmálsliður b-liðar orðist svo: 3. tölul. orðast svo.
   e. Orðin „að fengnu leyfi Orkustofnunar“ í b-lið falli brott.
5. Við efnismálsgrein 12. gr. bætist: þó þannig að það valdi ekki truflun á veiði manna.
6. Í stað orðsins „við“ í 1. efnismgr. 16. gr. komi: frá.
7. Við 1. málsl. 3. efnismgr. 17. gr. bætist: til allt að 65 ára í senn.
8. Í stað orðsins „vatnsveitugerðar“ í fyrirsögnum í 22. og 23. gr. komi: vatnsveitu.
9. Við 54. gr.
   a. Í stað orðanna „og eftir atvikum leyfi Fiskistofu“ í 1. efnismgr. a-liðar komi: eða eftir atvikum leyfi Fiskistofu.
   b. Í stað orðanna „eða önnur mannvirki sem varða almannaheill“ í 2. efnismgr. a-liðar komi: önnur mannvirki sem varða almannaheill eða náttúruminjar.
10. Við c-lið 55. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
    Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda og framkvæmdir í eða við vötn skal þess gætt að sem minnst röskun verði á vatni, gæðum þess, vatnslegi, lífríki, vistkerfum eða landslagi. Einnig skal forðast að valda öðrum sem tilkall eiga til sama vatns tjóni eða óhagræði.
11. 2.–4. efnismgr. 56. gr. falli brott.

12. Við 67. gr.
    a. Við 1. málsl. 1. efnismgr. bætist: þó þannig að það valdi ekki truflun á veiðum manna.
    b. Á eftir orðunum „til sunds og baða“ í 2. efnismgr. komi: sbr. 11. gr.
13. Við 78. gr.
    a. Í stað orðsins „þau“ í 1. málsl. 2. efnismgr. komi: lög.
    b. 4. efnismgr. falli brott.
14. Við 79. gr.
    a. 1. efnismgr. orðist svo:

       Ef um leyfisskylda framkvæmd samkvæmt lögum þessum er að ræða skal ákvörðun Orkustofnunar um að veita leyfi eða synja leyfis liggja fyrir innan átta vikna frá því að tilkynning um fyrirhugaða framkvæmd barst stofnuninni.
    b. Í stað orðanna „tilkynningu skv. 1. mgr.“ í 3. efnismgr. komi: umsókn skv. 1. mgr. eða tilkynningu skv. 2. mgr.
    c. Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þá er ekki skylt að tilkynna til Orkustofnunar framkvæmdir sem telja verður til viðgerða eða lagfæringa á veitu- eða virkjunarmannvirkjum og rúmast innan áður útgefinna leyfa samkvæmt lögum þessum.
    d. Á undan orðunum „starfsemi og framkvæmdum“ í 1. málsl. 4. efnismgr. komi: leyfis- eða tilkynningarskyldri.
    e. Í stað orðsins „vatnastjórnunaráætlun“ í 2. málsl. 4. efnismgr. komi: vatnaáætlun.
    f. Í stað orðanna „skv. 4. mgr.“ í 1. málsl. 5. efnismgr. komi: í samræmi við ákvæði laga þessara.
    g. Orðin „skv. 4. mgr.“ í 3. málsl. 5. efnismgr. falli brott.
    h. 6. efnismgr. orðist svo:

       Iðnaðarráðherra skal í reglugerð, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, setja nánari fyrirmæli um framkvæmd leyfisveitinga og tilkynningarskyldu, þ.m.t. um upplýsingaskyldu umsækjenda um leyfi, sbr. 1. mgr., og tilkynnenda, sbr. 2. mgr., til Orkustofnunar, útfærslu skilyrða sem setja má fyrir framkvæmdum og önnur atriði samkvæmt þessari grein.
15. Við 80. gr.
    a. Í stað orðanna „viðkomandi stjórnvald“ í 1. og 3. málsl. 1. efnismgr. komi: Orkustofnun.
    b. Í stað orðsins „stjórnvöld“ í 2. efnismgr. komi: Orkustofnun.
    c. Í stað orðsins „leyfisveitanda“ í 3. efnismgr. komi: Orkustofnun.
16. Á eftir 85. gr. komi ný grein er orðist svo:

    153. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

    Rannsóknarheimildir.

    Eiganda lands, sem og öðrum rétthöfum, er skylt að þola að yfirborðsrannsóknir og önnur undirbúningsstörf, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmda samkvæmt lögum þessum, fari fram á landi hans, enda getur hann krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem af því hlýst. Landeiganda skal tilkynnt um hinar fyrirhuguðu rannsóknir með góðum fyrirvara og eigi síðar en um leið og tilkynning er send Orkustofnun. Til umfangsmeiri rannsókna þarf leyfi Orkustofnunar.
17. Inngangsmálsliður 86. gr. orðist svo: 154. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn.

18. 87. gr. orðist svo:
Á eftir 154. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Reglugerðir.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. ákvæði sem lúta að undantekningum frá tilkynningarskyldu vegna minni háttar vatna og um starfrækslu vatnafélaga.

19. 1. málsl. 1. mgr. 89. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.

1824. Nefndarálit [723. mál]

um till. til pál. um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Örn Ingólfsson, Auðun Atlason og Þórð Bjarna Guðjónsson frá utanríkisráðuneyti. Umsagnir bárust nefndinni frá Landhelgisgæslu Íslands, Nexus – Rannsóknarvettvangi og ríkislögreglustjóra.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli utanríkisráðherra að skipa nefnd tíu þingmanna til að móta þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Ráðherra leiti tilnefningar tveggja þingmanna frá þingflokkum sérhvers eftirtalinna stjórnmálaflokka, Samfylkingarinnar, Sjálfstæðisflokks, Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs og Framsóknarflokks, auk eins frá Hreyfingunni. Ráðherra skipi formann án tilnefningar. Tillagan kveður á um hlutverk nefndarinnar sem verði að fjalla um og gera tillögur um stefnu sem tryggi þjóðaröryggi Íslands á grundvelli herleysis. Við mótun stefnunnar taki nefndin mið af áhættumatsskýrslu fyrir Ísland frá árinu 2009, stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Nefndin skilgreini meginforsendur stefnunnar og setji fram tillögur um markmið og leiðir til að ná þeim. Hún skili tillögu til utanríkisráðherra svo fljótt sem verða má og eigi síðar en í júní 2012. Ráðherra leggi að því búnu tillögu að þjóðaröryggisstefnu Íslands fyrir Alþingi.

Í athugasemdum með tillögunni kemur fram að með breyttu öryggisumhverfi hafi öryggisþarfir breyst frá því að íslensk stjórnvöld tóku upphaflega ákvörðun um þátttöku í vestrænu varnarsamstarfi. Í meginatriðum er um að ræða sex þætti: i) Varnarsamstarfið við Bandaríkin er gjörbreytt frá því sem áður var; ii) öryggis- og varnarsamstarf á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hefur verið í örri þróun undanfarin ár; iii) grannríkjasamningar um öryggissamstarf á friðartímum hafa breikkað grundvöll íslenskra öryggismála auk þess sem öryggis- og varnarmál eru nú viðfangsefni norrænnar samvinnu; iv) öryggissamstarf Íslands og Evrópusambandsins hefur farið vaxandi; v) öryggisumhverfi Íslands hefur gjörbreyst; vi) brýn þörf hefur skapast um verndun öryggishagsmuna á hafsvæðum kringum og norður af Íslandi í kjölfar hraðrar bráðnunar ísþekju Norðurhafa.

Meiri hlutinn telur rétt að sú nefnd sem skipuð verður vinni tillögur að þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland á grundvelli her- og vopnleysis. Lögð er til orðalagsbreyting á 1. mgr. þar sem ráðherra er falið að skipa nefndina samkvæmt tilnefningu þingflokka eins og þar er mælt fyrir um. Við mat á alþjóðlegum skuldbindingum Íslands komi til skoðunar og áréttingar 30 ára samfelld stefna íslenskra stjórnvalda um bann við staðsetningu kjarnavopna hér á landi, samþykktir Alþingis um stefnu Íslands í afvopnunarmálum og enn fremur frumvarp til laga

um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja (18. mál yfirstandandi þings) sem meiri hluti utanríkismálanefndar leggur til að vísað verði til ríkisstjórnarinnar.

Í ljósi þess hve umhverfi öryggishugtaksins hefur breyst mikið á undanförnum árum, sbr. þá þætti sem áður hafa verið nefndir, leggur meiri hlutinn áherslu á að öryggishugtakið verði skoðað á breiðum grunni. Þannig verði við starf nefndarinnar meðal annarra atriða horft til: umhverfisvár, svo sem vegna náttúruhamfara og áhrifa loftslagsbreytinga, heilsufarslegrar vár, svo sem vegna farsótta, öryggis mengunarvarna, fæðuöryggis, siglingaöryggis, netöryggis, fjarskiptaöryggis, þeirrar vár sem stafar af alþjóðlegri glæpastarfsemi o.s.frv.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingu sem gerð er grein fyrir hér að framan og lögð er til í sérstöku þingskjali.

Helgi Hjörvar var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. ágúst 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Birgitta Jónsdóttir.
Björgvin G. Sigurðsson.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.	Valgerður Bjarnadóttir.

1825. Breytingartillaga [723. mál]

við till. til þál. um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar (ÁÞS, ÁI, BirgJ, BjörgvS, SDG, VBj).

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd tíu þingmanna til að vinna tillögur að þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Nefndin verði skipuð tveimur þingmönnum tilnefndum frá þingflokkum sérhvers eftirtalinna stjórnmálaflokka: Samfylkingarinnar, Sjálfstæðisflokks, Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs og Framsóknarflokks, auk eins tilnefnds af Hreyfingunni. Ráðherra skipi formann án tilnefningar.

Hlutverk nefndarinnar verði að fjalla um og gera tillögur um stefnu sem tryggi þjóðaröryggi Íslands á grundvelli her- og vopnleysis. Við mótun stefnunnar taki nefndin mið af áhættumatsskýrslu fyrir Ísland frá árinu 2009, stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, m.a. um bann við kjarnorkuvopnum, samþykktum Alþingis um stefnu Íslands í afvopnunarmálum og frumvarpi til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja (sbr. 18. mál 139. þings). Nefndin skilgreini meginforsendur stefnunnar og setji fram tillögur um markmið og leiðir til að ná þeim.

Nefnd þingmanna um mótun þjóðaröryggisstefnu skili tillögu til utanríkisráðherra svo fljótt sem verða má og eigi síðar en í júní 2012. Ráðherra leggi að því búnu tillögu að þjóðaröryggisstefnu Íslands fyrir Alþingi.

1826. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétu Gunnarsdóttur og Pétur G. Thorsteinsson frá utanríkisráðuneyti, Dagmar Sigurðardóttur og Ásgrím L. Ásgeirsson frá Landhelgisgæslunni, Stefán Pálsson og Einar Ólafsson frá Samtökum hernaðarandstæðinga, Jóhönnu Eyjólfsdóttur frá Amnesty International og Guðríði Sigurbjörnsdóttur frá Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna. Umsagnir bárust nefndinni frá Amnesty International á Íslandi, Landhelgisgæslunni, Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna, Nexus – Rannsóknarvettvangi, Samtökum hernaðarandstæðinga og utanríkisráðuneytinu.

Markmið frumvarpsins er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorkuvopnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorkuóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

Nokkrar umræður urðu um málið innan nefndarinnar og voru skiptar skoðanir á afgreiðslu þess. Í umsögn utanríkisráðuneytisins kemur fram að markmið frumvarpsins sé að meginstefnu til í samræmi við yfirlýsta stefnu íslenskra stjórnvalda eins og hún hefur birst í yfirlýsingum stjórnvalda en einnig í samþykkt Alþingis um stefnu Íslands í afvopnunarmálum. Á hinn bóginn geti ýmis ákvæði frumvarpsins farið í bága við skuldbindingar Íslands á alþjóðavettvangi og því þurfi að huga betur að því hvort og þá hvernig meginstefnan yrði bundin í lög. Meiri hlutinn telur liggja fyrir að gera megi nokkrar breytingar á frumvarpinu ef það eigi að verða að lögum enda um margflókið mál að ræða sem hefur snertifleti við mikilvæga og viðkvæma hagsmuni. Hafa þegar verið unnar breytingartillögur sem varða meðal annars afmörkun svæðisins, nánari skilgreiningu á undanþáguheimildum, tilvísun í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna o.fl.

Á undanförnum árum hefur utanríkisráðuneytið unnið að greiningu á öryggi og vörnum Íslands. Má þar nefna skýrslu áhættumatsnefndar frá árinu 2009. Það er mat meiri hlutans að þar sem nú stendur fyrir dyrum mótun þjóðaröryggisstefnu sé eðlilegt að nefnd sú um mótun þjóðaröryggisstefnu sem fyrirhugað er að taki til starfa taki efnisatriði frumvarpsins til meðferðar. Í því efni ber einnig að benda á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er því lýst yfir að Ísland skuli friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum og nefnd um þjóðaröryggisstefnu hlýtur þar af leiðandi einnig að fjalla um hvernig hrinda megi því markmiði í framkvæmd.

Við mat á alþjóðlegum skuldbindingum Íslands komi m.a. til skoðunar ályktun Alþingis um stefnu í afvopnunarmálum frá árinu 1985, 30 ára samfelld stefna og yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda um bann við staðsetningu kjarnavopna hér á landi og lög og alþjóðasamningar sem Ísland er aðili að, svo sem um allsherjarbann við notkun og tilraunum með kjarnorkuvopn, bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn í gufuhvolfinu, himingeimnum og neðansjávar, bann við staðsetningu kjarnorkuvopna og annarra gjöreyðingarvopna á hafsbotni og í honum, o.s.frv. Telur meiri hlutinn ljóst að ekki verði komist hjá því að taka framangreind mál til skoðunar með heildstæðum hætti við mat á þjóðaröryggisstefnu Íslands.

Í ljósi alls framangreinds og að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem hér eru reifuð leggur meiri hlutinn til að frumvarpið fái frekari vinnslu í fyrirhugaðri nefnd um þjóðaröryggisstefnu og í því augnamiði verði málinu **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Helgi Hjörvar var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. ágúst 2011.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Birgitta Jónsdóttir.
Björgvin G. Sigurðsson.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.	Valgerður Bjarnadóttir.

1827. Breytingartillögur [830. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. 5. gr. orðist svo:
   Í stað orðanna „til 30. júní 2011“ í 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum kemur: frá 20. júlí 2011 til og með 31. desember 2011.
2. 6. gr. orðist svo:
   Í stað orðanna „til 30. júní 2011“ í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: frá 20. júlí 2011 til og með 31. desember 2011.

1828. Framhaldsnefndarálit [760. mál]

um frv. til l. um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar eftir 2. umræðu og hefur fengið á sinn fund Eirík Þorláksson frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur landsbókavörð, Áslaugu Agnarsdóttur og Ívar Jónsson frá Landsbókasafni – Háskólabókasafni og Véstein Ólason, formann stjórnar Landsbókasafns – Háskólabókasafns.

Nefndin ræddi að nýju stjórn Landsbókasafns – Háskólabókasafns. Sú gagnrýni kom fram hjá starfsmönnum Landsbókasafns – Háskólabókasafns að með þeirri breytingu á hlutverki stjórnar safnsins sem felst í frumvarpinu sé komið í veg fyrir atvinnulýðræði innan stofnunarinnar. Eins og fram kemur í nefndaráliti menntamálanefndar um málið (þskj. 1592) er hlutverk stjórnar safnsins í samræmi við almenna þróun á hlutverki stjórna í opinberum stofnunum hér á landi, þ.e. að forstöðumaður beri fulla ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar, sbr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að horfa heildstætt á hlutverk stjórna hjá opinberum stofnunum og vill árétta að einn megintilgangur með setningu laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins var að auka sjálfstæði forstöðumanna ríkisstofnana. Nefndin ræddi einnig ítar-

lega hlutverk starfsmanna við stjórnun opinberra stofnana og er það niðurstaða nefndarinnar að tilefni sé til að meta heildstætt stöðu aðvinnulýðræðis í opinberri stjórnsýslu á Íslandi. Meiri hlutinn leggur því til að ríkisstjórnin skipi starfshóp er geri úttekt á aðild starfsmanna að stjórnun ríkisstofnana hér á landi borið saman við nágrannalöndin, meti þörf fyrir úrbætur og leggi eftir atvikum fram tillögur um breytingar á vægi og aðkomu starfsmanna að stjórnun, stefnumótun og ákvarðanatöku innan stofnana ríkisins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

8. gr. orðist svo:

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er heimilt að innheimta gjöld fyrir þjónustu sína, svo sem útgáfu útlánsskírteina, millisafnalán, afritun, fjölföldun, gerð ljósmynda, sérfræðilega heimildaþjónustu og heimildaleit í gagnagrunnum.

Umrædd gjöld skulu ekki vera hærri en raunkostnaður safnsins vegna þjónustunnar og er ætlað að standa straum af eftirfarandi kostnaðarþáttum við hana:

a. launum starfsfólks sem sinnir þjónustunni,
b. sérstökum efniskostnaði vegna þjónustunnar.

Safninu er heimilt að innheimta dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest, svo og bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda.

Landsbókavörður setur gjaldskrá um alla gjaldtöku skv. 1. mgr. og dagsektir og bætur skv. 3. mgr. að fenginni umsögn stjórnar. Gjaldskrá skal birta notendum á aðgengilegan hátt. Samanlagðar dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest mega aldrei vera hærri en 4.000 kr. fyrir hvern lánþega. Bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda skulu að hámarki nema innkaupsverði viðkomandi efnis.

Alþingi, 30. ágúst 2011.

Skúli Helgason, form., frsm. — Þuríður Backman. — Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir. — Oddný G. Harðardóttir. — Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.

Unnur Brá Konráðsdóttir. — Auður Lilja Erlingsdóttir.

1829. Nefndarálit [648. mál]

um frv. til l. um Þjóðminjasafn Íslands.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eirík Þorláksson og Jón Vilberg Guðjónsson frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminja-

vörð, Sindra Ellertsson Csillag frá Fornleifafræðingafélagi Íslands, Halldóru Huld Sigurðardóttur, Þórdísi A. Baldursdóttur og Karen Þóru Sigurkarlsdóttur, sjálfstæða forverði, og Kristínu Huld Sigurðardóttur og Þór Hjaltalín frá Fornleifavernd ríkisins. Þá bárust umsagnir frá Brynju Björk Birgisdóttur, Fornleifafræðingafélagi Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Halldóru Ásgeirsdóttur forngripaverði, Karen Þóru Sigurkarlsdóttur gripaforverði og Þórdísi Önnu Baldursdóttur textílforverði og frá Þjóðminjasafni Íslands, Náttúruminjasafni Íslands, Listasafni Íslands, safnaráði FÍSOS og Íslandsdeild ICOM.

Með frumvarpinu er ætlunin að skýra nánar lagalega stöðu Þjóðminjasafns Íslands. Frumvarpið kveður á um að Þjóðminjasafn Íslands skuli taka við og varðveita muni, sýni og önnur rannsóknargögn úr fornleifarannsóknum og bera ábyrgð á gripum í kirkjum landsins. Þjóðminjasafninu er einnig veitt heimild til að fela viðurkenndu safni varðveislu gripa til langframa, sem og til að lána safngripi tímabundið vegna sýninga eða rannsókna. Þá er lögð til gjaldtökuheimild til handa Þjóðminjasafninu fyrir aðgengi að safninu og ýmsa sértæka þjónustu.

Fram kemur í 3. gr. frumvarpsins að hlutverk Þjóðminjasafns Íslands sé að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og miðla sögu þjóðarinnar. Fram kom hjá umsagnaraðilum nokkur gagnrýni á að safnið skuli eiga að taka við og varðveita fornmuni, sýni og önnur rannsóknargögn úr fornleifarannsóknum þar sem slíkt mundi veita Þjóðminjasafninu einkaleyfi á forvörslu gripa úr fornleifarannsóknum og þar af leiðandi skerða atvinnufrelsi sjálfstætt starfandi forvarða. Meiri hlutinn vill benda á að samkvæmt lögum ber Þjóðminjasafn Íslands ábyrgð á varðveislu forngripa. Í því felst umsjón forngripa, bein forvarsla sem og fyrirbyggjandi forvarsla gripa sem berast safninu. Hins vegar hafa ekki verið skýr ákvæði í lögum um skil gripa til safnsins. Skil á forngripum hafa í mörgum tilvikum dregist í áraraðir þar sem skýr ákvæði um skilaskyldu gripa hefur skort. Ætla má að eigi færri en 100 þúsund gripir séu í vörslu einkaaðila við mismunandi skilyrði. Dæmi eru um að gripir hafi orðið fyrir skemmdum í vörslu rannsóknaraðila vegna ófullnægjandi forvörslu á rannsóknarstað eða vegna þess að skilyrðum um forvörslu hefur ekki verið fullnægt. Meiri hlutinn telur því eðlilegt að Þjóðminjasafn Íslands hafi yfirumsjón með og annist forvörslu íslenskra menningarminja þar sem gripir sem finnast við fornleifarannsóknir eru frumheimildir um menningarsögu Íslands og almannahagsmunir krefjast þess að varðveisla þeirra og frágangur sé með tilskildum hætti. Ábyrgð Þjóðminjasafns Íslands verður því að vera ótvíræð en meiri hlutanum þykir þó rétt að benda á að safnið getur nýtt sér þjónustu sjálfstætt starfandi forvarða þar sem safnið telur slíkt henta.

Fram kom hjá umsagnaraðilum að mikilvægt væri að undirstrika rannsóknarhlutverk Þjóðminjasafns Íslands. Meiri hlutinn vill benda á að skv. 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Þjóðminjasafn Íslands eigi að rækja hlutverk sitt m.a. með því að rannsaka og annast kynningu á menningarminjum með sýningum, útgáfu á fræðilegum ritum og annarri fræðslustarfsemi. Meiri hlutinn vill einnig árétta að skv. 1. gr. frumvarpsins er safnið höfuðsafn á sviði menningarminja. Í 2. mgr. 3. gr. frumvarps til nýrra safnalaga sem liggur fyrir þinginu (þskj. 1152, 650. mál) segir m.a.: „Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands.“

Nefndin ræddi hugmyndir um embættisheiti forstöðumanns Þjóðminjasafns Íslands sem verið hefur „þjóðminjavörður“ um árabil. Í máli nokkurra umsagnaraðila kom fram það sjónarmið að nafngiftin væri villandi því að hugtakið „þjóðminjar“ tæki til ýmissa þátta sem ekki eru lengur á verksviði Þjóðminjasafns Íslands, svo sem fornleifa, mannvirkja og húsa. Meiri hlutinn vill í þessu sambandi árétta að Þjóðminjasafn Íslands er skv. 1. gr. höfuðsafn á sviði

menningarminja og gegnir sem slíkt lykilhlutverki í þjóðminjavörslu í landinu. Nafngiftin getur því ekki talist villandi þó að umsýsla og ábyrgð tiltekins hluta þjóðminja sé á forræði annarra aðila. Meiri hlutinn telur eðlilegt að gætt sé samræmis milli heitis Þjóðminjasafns Íslands og embættisheitis forstöðumanns þess og telur ekki tilefni til þess að gera á þeim breytingar að svo stöddu.

Meiri hlutinn leggur til þá breytingu á 8. gr. frumvarpsins, er lýtur að aflögðum kirkjugripum, að ákvæðið nái eingöngu til aflagðra, friðaðra kirkjugripa, enda þykir ljóst að annað gæti skapað vanda.

Meiri hlutinn tekur undir sjónarmið umsagnaraðila um að eðlilegt sé að veita rýmri aðlögun að breyttu umhverfi hvað varðar m.a. skilaskyldu forngripa og leggur til að gildistöku laganna verði frestað til 1. janúar 2013.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Forstöðumaður Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörður, stjórnar starfsemi og rekstri safnsins.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Skipulag og yfirstjórn.*
2. Á eftir orðinu „aflagða“ í 1. mgr., orðinu „aflagðra“ í 2. mgr. og orðinu „Aflagðir“ í fyrirsögn 8. gr. komi: friðaða; friðaðra; og friðaðir.
3. Í stað ártalsins „2012“ í 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða komi: 2013.

Alþingi, 31. ágúst 2011.

Skúli Helgason, form., frsm. — Þuríður Backman. — Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Jónína Rós Guðmundsdóttir, með fyrirvara. — Unnur Brá Konráðsdóttir. — Margrét Tryggvadóttir.

Oddný G. Harðardóttir. — Auður Lilja Erlingsdóttir.

1830. Nefndarálit [299. mál]

um frv. til l. um umhverfisábyrgð.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Steinunni Fjólu Sigurðardóttur og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Guðnýju Björnsdóttur lögfræðing, Sigrúnu Ágústsdóttur frá Umhverfisstofnun, Trausta Baldursson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, Bryndísi Skúladóttur frá Samtökum iðnaðarins, Guðjón Rúnarsson frá

Samtökum fjármálafyrirtækja og Sigurð Ólaf Kolbeinsson frá tryggingafélaginu Verði. Umsagnir bárust frá Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Fornleifavernd ríkisins, Hafnasambandi Íslands, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands. Auk þess fékk nefndin sérstakt minnisblað frá Guðnýju Björnsdóttur lögfræðingi um fjárhagslega tryggingu skv. 21. gr. frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lögð til heildstæð löggjöf um umhverfisábyrgð sem byggist á greiðslureglu umhverfisréttarins sem er meginregla um að mengunarvaldur bæti tjón sem hann veldur á umhverfinu og beri kostnað af því (mengunarbótareglunni). Með samþykkt frumvarpsins yrði innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess, hér eftir nefnd tilskipun um umhverfisábyrgð. Frumvarpið felur í sér að sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni komi í veg fyrir tjón og bæti úr tjóni hafi það orðið, og beri kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

1. Markmið og gildissvið laganna.

Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að markmið frumvarpsins væri víðtækara en gildissvið þess og rétt væri að gera breytingar á markmiðsgrein þessu til samræmis. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er markmiðið að tryggja að sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni komi í veg fyrir tjón eða bæti úr tjóni hafi það orðið og beri kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir. Gildissviðið er svo afmarkað nánar í 2. gr. og II. viðauka þar sem kveðið er á um að lögin gildi um umhverfistjón sem rekja má til atvinnustarfsemi. Meiri hlutinn telur eðlilegt að skýrt sé kveðið á um að markmið laganna sé að tryggja að sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni komi í veg fyrir tjón eða bæti það og beri af því kostnað. Meiri hlutinn telur þó ekki rétt að gera frekari breytingar á markmiðsgreininni enda er eðlilegt að afmarka gildissviðið í öðrum greinum. Þetta er í samræmi við *Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa* (Rv. 2007). Þar kemur fram að markmiðsákvæðum er almennt ekki ætlað að skapa réttindi eða skyldur heldur er oftar um viljayfirlýsingu að ræða (bls. 36).

Líkt og að framan greinir er með frumvarpinu lögð til heildstæð löggjöf um umhverfisábyrgð sem byggist á greiðslureglu umhverfisréttarins, sem oftast er kölluð mengunarbótareglan og felur í sér að mengunarvaldur bæti tjón sem hann veldur á umhverfinu og beri kostnað af því. Þessi regla er ekki nefnd sérstaklega í frumvarpinu þótt hennar sé getið í athugasemdum við það. Meiri hlutinn telur mikilvægt að kveðið sé á um að markmið frumvarpsins sé í samræmi við þessa meginreglu og leggur því til breytingu á markmiðsgreininni. Skilgreiningu á reglunni er nú ekki að finna í lögum og leggur meiri hlutinn því til að henni verði bætt við 6. gr. frumvarpsins. Orðalag skilgreiningarinnar er sótt til stjórnarfrumvarps til laga um meginreglur umhverfisréttar sem Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra lagði fram á 133. löggjafarþingi en varð ekki að lögum (þskj. 842, 566. mál).

Nefndin ræddi nokkuð um gildissvið frumvarpsins enda varð hún vör við að nokkurs misskilnings gætti um það. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. ber mengandi atvinnustarfsemi og önnur sambærileg starfsemi sem fellur undir II. viðauka frumvarpsins hlutlæga ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni af völdum slíkrar starfsemi. Þar sem um hlutlæga ábyrgð er að ræða ber viðkomandi rekstraraðili ábyrgð hvort sem tjónið, eða yfirvofandi hætta á því, verður rakið til saknæmrar háttsemi eða ekki. Í 2. mgr. 2. gr. er kveðið á um að

lögin gildi um tjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum og taki þar einnig til tjóns eða yfirvofandi hættu á tjóni sem rekja má til annarrar atvinnustarfsemi en þeirrar sem fellur undir II. viðauka. Slíkur rekstraraðili ber þó einungis ábyrgð á slíku tjóni hafi því verið valdið af ásetningi eða gáleysi, og þar er því ekki um hlutlæga ábyrgð að ræða heldur á almenn sakarregla við. Af framangreindu er því ljóst að gildissviðið afmarkast nánar af því hvað telst umhverfistjón samkvæmt frumvarpinu, hvernig atvinnustarfsemi er skilgreind og hvaða svæði teljast til verndaðra tegunda og náttúruverndarsvæða.

Nefndinni voru tjáð sjónarmið þess efnis að ákvæði 3. mgr. 20. gr. frumvarpsins stangist á við gildissviðið og með því sé ábyrgð þess rekstraraðila sem hafi gilt starfsleyfi á kostnaði takmörkuð. Til að mynda var nefndinni nefnt dæmi um það ef bifreið rekstraraðila með gilt starfsleyfi til efnistöku veltur og lekur olíu yrði rekstraraðilinn undanþeginn ábyrgð á kostnaði vegna ákvæðisins. Í 20. gr. er kveðið á um að rekstaraðili skuli ekki bera kostnað af úrbótum ef hann getur sannað að tjón verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans, og að það hafi orðið við losun, eða annan sambærilegan atburð, sem var *sérstaklega heimiluð* og í fullu samræmi við skilyrði leyfis sem veitt var samkvæmt gildandi lögum. Meiri hlutanum virðist því sem misskilnings gæti um þetta atriði. Takmörkun á ábyrgð rekstraraðila á eingöngu við um þær aðgerðir sem heimilar eru samkvæmt starfsleyfi eða fyrirliggjandi heimild, hún tekur ekki til annarra mengunaróhappa þar sem þau flokkast ekki sem afleiðingar hinna heimilu aðgerða. Rekstraraðili í dæminu hér að framan mundi því bera ábyrgð vegna þess umhverfistjóns sem hlaust af olíulekanum enda var lekinn ekki sérstaklega heimilaður eða hans getið í starfsleyfi. Óhappatilvik sem þessi falla ekki undir undanþágu 3. mgr. 20. gr.

1.1. Umhverfistjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum.

Í 3. gr. er að finna nánari útskýringu á því hvað teljist til umhverfistjóns samkvæmt frumvarpinu. Í 1. tölul. 3. gr. er nefnt tjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum og það skilgreint sem tjón sem hefur veruleg skaðleg áhrif á varðveislu verndaðra tegunda eða náttúruverndarsvæða. Meiri hlutinn telur orðalagið ekki að fullu í samræmi við frumútgáfur tilskipunarinnar um umhverfisábyrgð og leggur til breytingu þess efnis að tjónið verði skilgreint sem tjón sem hefur veruleg skaðleg áhrif á góða verndarstöðu tegundanna eða svæðanna, eða torveldar verulega áform um að ná slíkri stöðu.

Nánari skilgreiningu á því hvað teljist verndaðar tegundir og náttúruverndarsvæði er að finna í 6. gr. frumvarpsins. Nefndin ræddi möguleika á því að fella fleiri tegundir eða svæði undir skilgreininguna og komst meiri hlutinn að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að öll náttúrufyrirbæri á náttúruminjaskrá féllu hér undir. Skilgreining frumvarpsins væri þá efnislega sú sama og skilgreining hliðstæðra fyrirbæra í 7. og 8. tölul. 3. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999. Meiri hlutinn gerir sér grein fyrir göllum náttúruminjaskrárinnar í þessu sambandi, að þar skortir á innra samhengi og einstakar náttúruminjar eru oft ekki nægilega afmarkaðar, svo sem með hnitum. Meiri hlutinn beinir því þess vegna til Umhverfisstofnunar að beita varlega stjórnvaldsheimildum í þessu tilviki. Nefndin hefur einnig fengið þær fréttir að endurskoðunarstarf við náttúruverndarlögin gangi vel. Nú eru á leiðinni tillögur um að styrkja náttúruminjaskrána með sérstökum viðmiðum um það sem á skránni er og með kortlagningu og skilvirkri greiningu einstakra minja á skránni. Búast má við að á næstu árum aukist notagildi skrárinnar til muna við framkvæmd væntanlegra laga um umhverfisábyrgð.

Meiri hlutinn telur af ýmsum ástæðum ekki rétt að taka að sinni til greina aðrar hugmyndir um afmörkun gildissviðs, svo sem um svæði og tegundir á náttúruverndaráætlun, um jarðmyndanir og vistkerfi skv. 37. gr. náttúruverndarlaga, um svæði í verndarflokki rammaáæt-

lunar, sbr. lög nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, og um tegundir á válista. Full ástæða er þó til að fara innan skamms yfir þetta á ný þar sem löggjöf um náttúruvernd og umhverfismál er í örri þróun heima og heiman.

Við nefndina voru höfð uppi sjónarmið þess efnis að víkka bæri gildissvið frumvarpsins þannig að það tæki jafnframt til tjóns á menningarminjum. Meiri hlutinn bendir í þessu sambandi á að gildissvið tilskipunarinnar sem frumvarpinu er ætlað að innleiða er afmarkað við umhverfisábyrgð og ákvæði þess skilgreind sem hluti umhverfisréttar. Að vissu leyti má segja að menningarlandslag geti fallið undir gildissviðið en menningarminjar eru annars eðlis. Menntamálanefnd hefur til umfjöllunar frumvarp til laga um menningarminjar (þskj. 1153, 651. mál). Tilgangur þess frumvarps er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Meiri hlutinn telur að ákvæði um ábyrgð á tjóni á menningarminjum eigi betur heima í slíkum heildarlögum um menningarminjar en í lögum um umhverfisábyrgð.

Þá fjallaði nefndin jafnframt um það hvort rétt væri að skilgreina vatnsverndarsvæði sem náttúruverndarsvæði samkvæmt ákvæðinu. Meiri hlutinn bendir á að vatnsverndarsvæði eru vernduð út frá öðrum forsendum en náttúruvernd, þ.e. til að viðhalda vatnsgæðum. Ekki sé því eðlilegt að fella slík svæði undir skilgreininguna á náttúruverndarsvæði heldur eigi þau að njóta sérstakrar verndar í samræmi við reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn sem sett er með stoð í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Vatnsverndarsvæði eru þó oft á náttúruverndarsvæðum að hluta eða öllu leyti og falla þá vissulega undir skilgreininguna. Í þessu sambandi má einnig benda á að frumvarpið tekur til tjóns á vatni, þ.e. tjóns sem hefur veruleg skaðleg áhrif á umhverfi og gæði vatns.

1.2. Umhverfistjón á vatni.

Í 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins er tjón á vatni skilgreint sem tjón sem hefur veruleg skaðleg áhrif á umhverfi og gæði vatns hvað varðar vistfræðilegt og gott efnafræðilegt ástand þess og/eða magnstöðu grunnvatns samkvæmt skilgreiningum í lögum um stjórn vatnamála og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum. Meiri hlutinn telur orðalag ekki að öllu leyti samræmast lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, hér eftir nefnd vatnastjórnarlög, og leggur til breytingu á því. Í tilskipuninni um umhverfisábyrgð er vísað sérstaklega til vatnatilskipunarinnar 2000/60/EB sem innleidd var með vatnastjórnarlögum. Gert er ráð fyrir því að skilgreiningar séu til samræmis við innleidd ákvæði vatnatilskipunarinnar. Nefndin hefur nýlega fjallað um frumvarp sem varð að vatnastjórnarlögum (298. mál) en þeirri umfjöllun var ekki lokið þegar frumvarp þetta um umhverfisábyrgð var lagt fram. Nefndin lagði til þónokkrar breytingar á frumvarpi til vatnastjórnarlaga sem Alþingi samþykkti og leggur meiri hlutinn til sambærilegar breytingar á fyrirliggjandi frumvarpi. Meiri hlutinn telur þær breytingar sem lagðar eru til á 2. tölul. 3. gr. jafnframt gera ákvæðið skýrara en ýmsir umsegjendur töldu ákvæðið ekki nægilega skýrt. Jafnframt eru lagðar til breytingar á nokkrum töluliðum 6. gr. til samræmis við ákvæði vatnastjórnarlaga.

Í athugasemdum við ákvæðið er farið yfir það hvernig umhverfistjón á vatni er metið, þ.e. hvað teljist veruleg skaðleg áhrif á vistfræðilegt ástand, og gott efnafræðilegt ástand vatns, svo og magnstöðu grunnvatns. Meiri hlutinn áréttar að nægilegt er að veruleg áhrif séu á einn þessara þátta til að um veruleg áhrif samkvæmt ákvæðinu sé að ræða.

1.3. Umhverfistjón á landi.

Í 3. tölul. 3. gr. er skilgreint hvað teljist umhverfistjón á landi og það skilgreint sem hvers kyns mengun á landi sem veldur umtalsverðri hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar manna vegna efna eða lífvera sem með beinum eða óbeinum hætti berast á yfirborð lands eða í jarðveg eða berggrunn. Í 7. tölul. 6. gr. er að finna skilgreiningu á ráðstöfunum til úrbóta. Þar er gert ráð fyrir að undir ráðstafanirnar falli hvers kyns aðgerðir vegna tjóns á landi við að fjarlægja mengandi efni eða lífverur og endurheimta fyrra ástand eða jafngildar aðgerðir. Hér er gengið lengra en í tilskipun um umhverfisábyrgð þar sem einungis er kveðið á um að bæta skuli tjón á landi. Meiri hlutinn bendir á að tilskipunin um umhverfisábyrgð er svokölluð lágmarkstilskipun og ríkjum því í sjálfsvald sett að ganga lengra en þar er kveðið á um. Ákvæðið er til samræmis við meginreglu umhverfisréttar um að færa skuli umhverfið til fyrra horfs eftir umhverfistjón. Auk þess bendir meiri hlutinn á að sama leið var farin við innleiðingu tilskipunar um umhverfisábyrgð í Danmörku.

Í I. viðauka frumvarpsins er að finna kafla um úrbætur vegna umhverfistjóns á landi. Textinn er sambærilegur II. viðauka tilskipunarinnar um umhverfisábyrgð og samkvæmt honum eru gerðar vægari kröfur en í 7. tölul. 6. gr. og 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um jafngildar ráðstafanir og endurheimt fyrra ástands. Þar sem gengið er lengra í þeim ákvæðum frumvarpsins sem varða umhverfistjón á landi en kveðið er á um í tilskipun um umhverfisábyrgð er rétt að fella brott tilvísun til viðaukans úr 2. mgr. 14. gr. sem og texta I. viðauka frumvarpsins um úrbætur umhverfistjóns á landi. Meiri hlutinn leggur til breytingu þess efnis.

Nefndin ræddi sérstaklega hvort fok, uppblástur og gróðureyðing teldist umhverfistjón á landi. Ljóst er að þetta getur talist umhverfistjón samkvæmt frumvarpinu séu atvik að öðru leyti með þeim hætti að þau eigi undir það. Tjónið sjálft verður þá að rúmast innan skilgreiningar á umhverfistjóni og ljóst þarf að vera að tjóninu veldur rekstraraðili með atvinnustarfsemi í samræmi við skilgreiningar frumvarpsins.

1.4. Undantekningar um gildissvið.

Ýmsar undantekningar eru gerðar um gildissvið frumvarpsins, sbr. 4. gr. þess. Nefndin ræddi sérstaklega undantekningu d-liðar 1. mgr. 4. gr. þar sem kveðið er á um að lögin gildi ekki um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni ef tjónið eða hættan á því er af völdum starfsemi þar sem megintilgangurinn er að þjóna landvörnum eða alþjóðaöryggi eða þar sem eina markmiðið er vernd gegn náttúruhamförum. Meiri hlutinn telur fyrri hluta ákvæðisins eiga illa við á Íslandi, sem er herlaust land. Sagan hefur aftur á móti sýnt að margs konar mengun getur fylgt hernaði og landvörnum. Leggur meiri hlutinn því til að fyrri hluti ákvæðisins um að tjón eða hætta á því sem rekja megi til starfsemi tengdrar landvörnum eða alþjóðaöryggi falli brott. Að auki leggur meiri hlutinn til orðalagsbreytingu vegna starfsemi til verndar fyrir náttúruhamförum svo ekki sé neinum vafa undirorpið að átt er við bráðaaðgerðir til að forða fólki frá lífshætti eða heilsutjóni, viðhalda mikilvægum innviðum eða koma í veg fyrir stórfellt eignatjón, en ekki langtímaviðbúnað, svo sem byggingu flóðgarða.

2. Lagaskil.

Nefndin ræddi nokkuð um skil frumvarpsins og skörun við önnur lög. Meðal annars voru nefndinni tjáð sjónarmið þess efnis að óvissa gæti skapast þegar upp kæmi bráðamengun enda giltu um það önnur lög, t.d. lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004,

lög um brunavarnir, nr. 75/2000, og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Ætti það ekki síst við þegar horft væri til 19. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um ráðstafanir sem þola ekki bið. Meiri hlutinn bendir í þessu sambandi á að í 3. mgr. 4. gr. er kveðið á um að ákvæði III. kafla um fyrirmæli hafi ekki áhrif á valdheimildir og ráðstafanir stjórnvalda sem tilgreindar eru í IV. kafla laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, lögum um brunavarnir, og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Verði til að mynda bráðamengun eða mengunaróhapp samkvæmt lögum um brunavarnir er ljóst að á meðan slíkt ástand varir er það slökkviliðsstjóri sem stjórnar á vettvangi. Meiri hlutinn bendir á að umrædd 19. gr. er í III. kafla frumvarpsins um fyrirmæli og telur því ljóst að ákvæði 3. mgr. 4. gr. tryggi að ekki myndast óvissa um lagaskil, valdheimildir og ráðstafanir stjórnvalda.

3. Skilgreiningar.

Þegar hefur verið fjallað um skilgreiningar sem eiga rætur að rekja til vatnatilskipunarinnar og gerð grein fyrir breytingum á þeim til samræmis við vatnastjórnarlög auk viðbótarskilgreiningar á mengunarbótareglunni. Meiri hlutinn leggur jafnframt til nokkrar orðalagsbreytingar í fleiri skilgreiningum til skýringar og einföldunar þar sem það á við. Meðal annars leggur meiri hlutinn til breytingu á skilgreiningu á atvinnustarfsemi sem meiri hlutinn telur ná betur merkingunni eins og henni er lýst í greinargerðinni. Meiri hlutinn áréttar þó að í tillögunni felst ekki efnisleg breyting.

4. Athafnaskylda og tilkynningarskylda.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um athafnaskyldu og tilkynningarskyldu rekstraraðila. Nefndinni var bent á að í starfsleyfi sem heilbrigðiseftirlit gefur út er kveðið á um að umsvifalaust skuli tilkynna mengunaróhöpp til heilbrigðiseftirlits auk þess sem tilkynna skal öll stærri óhöpp þar sem hætta er á umhverfismengun og almannahættu til slökkviliðs. Þar sem rekstraraðila ber skv. 8. gr. frumvarpsins að tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni er ljóst að rekstraraðila ber að tilkynna a.m.k. tveimur eftirlitsaðilum um einn og sama atburðinn. Meiri hlutinn gerir sér grein fyrir að það eftirlit sem hér um ræðir, þ.e. eftirlit heilbrigðiseftirlits samkvæmt starfsleyfi og eftirlit Umhverfisstofnunar samkvæmt frumvarpinu, er ekki af sama meiði og verður því varla hjá því komist við núverandi aðstæður að tilkynnt sé til tveggja aðila. Meiri hlutinn telur þó mikilvægt að reynt verði sem unnt er að einfalda eftirlit með atvinnustarfsemi sem getur nú heyrt undir marga sjálfstæða eftirlitsaðila.

Í 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldur rekstraraðila ef umhverfistjón sem rekja má til starfsemi hans eykst eða yfirvofandi hætta á slíku tjóni verður bráðari. Nefndinni var bent á að mikilvægt væri að Umhverfisstofnun tilkynnti heilbrigðisnefnd um málið þegar hún fengi slíka tilkynningu frá rekstraraðila, væri hann háður eftirliti heilbrigðisnefndar. Leggur meiri hlutinn til breytingu þessu til samræmis.

Samkvæmt 11. gr. er það Umhverfisstofnun sem metur hvort orðið tjón eða yfirvofandi tjón sé umhverfistjón eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni. Stofnunin metur jafnframt hver ber ábyrgð á slíku tjóni og tjónshættu. Við matið skal stofnunin leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar, stofnana og annarra sérfróðra aðila. Í ákvæðinu eru tilteknar nokkrar stofnanir. Meiri hlutinn telur rétt að Mannvirkjastofnun verði bætt við upptalninguna enda fer sú stofnun m.a. með framkvæmd laga um brunavarnir, nr. 75/2000, en þar er t.d. að finna ákvæði um aðgerðir vegna bráðamengunar o.fl. Meiri hlutinn áréttar þó að ekki er um tæmandi upptalningu að ræða og að það er Umhverfisstofnunar að ákveða hverju sinni hvaða

upplýsinga þarf að afla til að geta metið þá þætti sem henni ber að meta samkvæmt ákvæðinu. Umhverfisstofnun kann í ákveðnum tilvikum að telja nauðsynlegt að kalla eftir sérstakri úttekt af hálfu umsagnaraðila. Slíkar úttektir geta verið tímafrekar og kostnaðarsamar fyrir umsagnaraðilana en mikilvægt er að tryggja að Umhverfisstofnun fái tímanlega þau gögn sem hún þarf til að taka upplýsta ákvörðun. Í samræmi við mengunarbótaregluna, þá meginreglu umhverfisréttarins að mengunarvaldur beri kostnað af því tjóni sem valdið er, telur meiri hlutinn eðlilegt að í slíkum tilvikum sé Umhverfisstofnun heimilt að greiða umsagnaraðila kostnað vegna úttektarinnar samkvæmt sérstökum samningi. Rekstraraðili sem ábyrgur er skal svo endurgreiða stofnuninni þann kostnað. Leggur meiri hlutinn til breytingu þessu til samræmis. Meiri hlutinn áréttar að rekstraraðila stendur opin kæruleið í þessu sambandi sem öðrum skv. 32. gr.

5. Fyrirmæli.

Í III. kafla frumvarpsins er kveðið á um fyrirmæli Umhverfisstofnunar til rekstraraðila. Í 18. gr. er kveðið á um að stofnunin þinglýsi yfirlýsingu um fyrirmæli á fasteign þar sem umhverfistjón hefur orðið. Vegna misskilnings sem gætt hefur um þetta ákvæði telur meiri hlutinn vert að árétta það sem fram kemur í athugasemdum við greinina þar sem segir m.a. að rökin fyrir þinglýsingunni séu „að kynna hugsanlegum kaupendum fasteigna að búast megi við að sá sem ábyrgð ber á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni þurfi að framkvæma þar rannsóknir eða varnarráðstafanir eða úrbætur. Haft er í huga að úrbætur vegna umhverfistjóns geta tekið langan tíma.“ Hér er því m.a. verið að vernda hagsmuni hugsanlegra kaupenda. Jafnframt er vert að benda á að veiti rekstraraðili veð í eignum sínum sem tryggingu í samræmi við 21. gr. frumvarpsins er þinglýst um þann veðrétt á þær eignir sem um ræðir.

6. Ábyrgð á greiðslu kostnaðar.

Í 20. gr. er kveðið á um greiðslu kostnaðar. Þar eru í 2. og 3. mgr. lagðar til undantekningar á greiðsluskyldu rekstraraðila að ákveðnum skilyrðum uppfylltum til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar um umhverfisábyrgð. Skýrt er kveðið á um það að sönnunarbyrðin hvíli á rekstraraðila, þ.e. hann þarf að geta sýnt fram á að skilyrði undantekningarákvæðanna séu uppfyllt. Meðal annars er kveðið á um að rekstraraðili beri ekki kostnað af rannsóknum, varnarráðstöfunum og úrbótum ef hann getur sannað að þriðji aðili hafi valdið tjóni þrátt fyrir að rekstraraðili hafi gert viðeigandi öryggisráðstafanir, sbr. a-lið 2. mgr. Hið sama gildir geti hann sannað að tjón hafi orðið vegna þess að farið var eftir ófrávíkjanlegum fyrirmælum opinbers stjórnvalds, sbr. b-lið 2. mgr. Meiri hlutinn bendir á að til ófrávíkjanlegra fyrirmæla samkvæmt ákvæðinu geta t.d. talist ákvæði í reglugerð og jafnvel starfsleyfi. Líkt og kveðið er á um í ákvæðinu getur rekstraraðili þó ekki losnað undan ábyrgð ef um er að ræða fyrirmæli sem koma til vegna losunar eða annars atviks sem starfsemin hefur sjálf valdið.

Undanþágan í 3. mgr., sem kalla mætti fyrirmælaundanþágu, og er valkvæð samkvæmt tilskipun um umhverfisábyrgð, er eingöngu bundin við kostnað vegna úrbóta og verður rekstraraðili þar að sýna fram á að tjón hafi ekki orðið við atburð, svo sem losun, sem var sérstaklega heimilaður og í fullu samræmi við skilyrði leyfis. Nánar er rætt um 3. mgr. 20. gr. í 1. kafla þessa álits um markmið og gildissvið laganna. Auk þess er umfjöllun hér á eftir um innleiðingu undanþágunnar í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Meiri hlutinn ítrekar einnig að rekstraraðili er ekki undanþeginn kostnaði af nauðsynlegum aðgerðum til að bregðast við bráðamengun, nema að því leyti sem undanþágureglur

frumvarpsins eiga við, og vísar um það til umfjöllunar í 2. kafla hér að framan um lagaskil.

Í tilskipun um umhverfisábyrgð er gefinn kostur á undanþágu frá greiðslu kostnaðar vegna tjóns sem valdið er með losun eða starfsemi sem rekstraraðili sýnir fram á að hafi ekki verið líkleg til að valda umhverfistjóni miðað við vísinda- og tækniþekkingu á þeim tíma þegar losunin átti sér stað eða starfsemin fór fram. Þessi undanþága, sem kalla mætti þekkingarstigsundanþágu, er ekki lögð til í fyrirliggjandi frumvarpi og talið eðlilegra að rekstraraðili beri þá áhættu. Fram kom fyrir nefndinni tillaga um að leiða þessa undanþágu í lög hérlendis og voru nefnd til sanngirnissjónarmið auk samkeppnisraka. Í þessu álitamáli telur meiri hlutinn þó veigameiri þau rök að fáir séu í betri aðstöðu til að gera sér grein fyrir óvissu og deilum í vísinda- og tæknilegum efnum sem varða starfsemi atvinnufyrirtækis en forsvarsmenn þess. Eðlilegt sé því að gegn hagnaðarvon af notkun tiltekins tæknibúnaðar eða efnisaðfanga vegi aðgát sem fylgir vitneskju um ábyrgð á umhverfistjóni ef illa fer og um útgjöld sem fylgt geta því að fara ekki eins varlega og við á. Sú hætta fylgir undanþágunni að forsvarsmenn fyrirtækja telji ráðlegast að vita sem minnst um hættuna af starfsemi sinni, og takmarka rannsóknir á umhverfisáhrifum hennar. Samkvæmt upplýsingum úr skýrslu Evrópusambandsins frá 12. október 2010 um innleiðingu tilskipunarinnar um umhverfisábyrgð tóku tólf þjóðþing Evrópusambandsríkja þá afstöðu að lögfesta bæði fyrirmæla- og þekkingarstigsundanþágurnar, þ.e. í Belgíu, Bretlandi, Eistlandi, Grikklandi, Ítalíu, á Kýpur, í Lettlandi, á Möltu, í Portúgal, Slóvakíu, á Spáni og í Tékklandi. Hún tekur þó ekki til erfðabreytingastarfsemi í Eistlandi, Lettlandi, Skotlandi og Wales. Aðeins Frakkar lögfestu þekkingarstigsundanþáguna en ekki fyrirmælaundanþáguna, en í þremur ríkjum var farið að eins og lagt er til í frumvarpinu, í Danmörku, Finnlandi og Litháen. Svíar fóru þann milliveg að þar eru fyrirmæli og þekkingarstig metin með mildandi hætti við ákvörðunartöku (væntanlega einnig fyrir dómstólum). Austurríkismenn, Belgar, Búlgarar, Hollendingar, Írar, Pólverjar, Rúmenar, Slóvenar, Ungverjar og Þjóðverjar kusu að lögfesta hvoruga undanþáguna. Fyrirmælaundanþágan gildir því í 15 ESB-ríkjum af 27 auk Svíþjóðar, en þekkingarstigsundanþágan í 13 ríkjum auk Svíþjóðar. Norðmenn hafa aftur á móti nokkra sérstöðu enda er löggjöf þeirra um umhverfisábyrgð frá árinu 1981 (LOV 1981-03-13 nr. 06: lov om vern mot forurensninger og om avfall) og ekki sett til að innleiða tilskipun um umhverfisábyrgð. Í þeim lögum er ekki gert ráð fyrir undanþágum sambærilegum fyrirmæla- og þekkingarstigsundanþágunum.

6.1. Fjárhagsleg trygging.

Nefndin fjallaði nokkuð ítarlega um ákvæði 21. gr. frumvarpsins um fjárhagslega tryggingu, kynnti sér m.a. þróun vátrygginga á þessu sviði og ræddi möguleika á slíkum tryggingum vegna ábyrgðar á umhverfistjóni. Í 14. gr. tilskipunar um umhverfisábyrgð segir að aðildarríki skuli gera ráðstafanir til að hvetja til þróunar samninga og markaða á sviði fjárhagslegra trygginga. Auk þess er þar kveðið á um að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skuli leggja fram skýrslu þar sem fjallað verði m.a. um aðgang að vátryggingum fyrir sanngjarnt verð og skilyrði þar að lútandi og um aðrar tegundir fjárhagslegra trygginga vegna starfsemi sem fellur undir III. viðauka. Skýrslan var birt 12. október 2010 og þar kom fram það mat framkvæmdastjórnarinnar að í ljósi skorts á reynslu við framkvæmd tilskipunarinnar væru ekki nægileg gögn til staðar til að kynna samhæft kerfi af lögboðnum fjárhagslegum tryggingum. Skoðun á þessu hefur verið frestað til ársins 2014 og telur meiri hlutinn mikilvægt að umhverfisráðuneytið fylgist með þróun á þessu sviði. Komi til þess að setja ítarlegri reglur um tryggingar og skoða nánar möguleika á vátryggingum á þessu sviði telur meiri

hlutinn ljóst að hafa þurfi samráð við Samtök fjármálafyrirtækja og vátryggingafélög sem starfa á íslenskum markaði.

Meiri hlutinn hefur orðið var við að nokkurs misskilnings gætir um ákvæði 21. gr. og áréttar því að ekki er sérstaklega gert ráð fyrir vátryggingum í fyrirliggjandi frumvarpi enda eru almennt ekki veittar vátryggingar þegar ljós er yfirvofandi hætta á tjóni. Tilgangur ákvæðisins er að tryggja að rekstraraðili sem ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni efni skyldur sem á hann eru lagðar. Það er því Umhverfisstofnunar að sjá til þess að sett sé fjárhagsleg trygging fyrir því að rekstraraðili sem ábyrgð ber uppfylli skyldur sínar og meta hvers konar trygging teljist fullnægjandi hverju sinni. Í athugasemdum við 21. gr. frumvarpsins segir enn fremur að slík trygging geti „verið í formi veðs í fasteign, bankaábyrgðar eða annarrar tryggingar sem talist getur fullnægjandi“.

Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að mikilvægt væri að sá kostnaður sem rekstraraðili væri ábyrgur fyrir að greiða væri tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð, farartæki, skipi eða mannvirki. Meiri hlutinn bendir í þessu samhengi á að Umhverfisstofnun er í sjálfsvald sett að ákveða hvaða tryggingu hún telur fullnægjandi og getur í því sambandi gert kröfu um veðrétt í eign eða eignum rekstraraðilans. Sá kostnaður sem kveðið er á um í frumvarpinu er ekki beintengdur ákveðinni eign líkt og t.d. fasteignagjöld sem bundin eru ákveðinni fasteign, bifreiðagjöld sem bundin eru ákveðinni bifreið o.s.frv. Þá ber að athuga að lögveðsheimildir fela að einhverju leyti í sér eignarnámskennd einkenni þar sem veitt eru óbein eignarréttindi, þ.e. veðréttur, í eign án samþykkis eiganda hennar. Slík takmörkun á eignarrétti verður ekki gerð nema með skýrum lagaákvæðum. Þar sem stjórnvaldi yrði falið að meta hvort og þá hvaða eign yrði veðandlag lögveðsins telur meiri hlutinn skilyrði um slíkan skýrleika ekki uppfyllt en bendir á að gjald vegna kostnaðar Umhverfisstofnunar við eftirlit, vöktun og málsmeðferð skv. II.–VI. kafla má innheimta með fjárnámi, sbr. 29. gr. frumvarpsins.

7. Stjórnvöld, eftirlit og gjaldtaka.

V. kafli frumvarpsins fjallar um stjórnvöld og eftirlit og er þar m.a. að finna heimild Umhverfisstofnunar til að fela heilbrigðisnefndum með samningi tiltekna þætti eftirlitsins sem undir stofnunina heyra. Samkvæmt 29. gr. frumvarpsins er það Umhverfisstofnun sem innheimtir gjald af rekstraraðila á grundvelli gjaldskrár sem ráðherra setur. Hafi verið gerður samningur við heilbrigðisnefnd um eftirlit skv. 22. gr. er þó kveðið á um að hún innheimti gjaldið á grundvelli sömu gjaldskrár. Nefndinni hafa verið kynnt sjónarmið þess efnis að þar sem heilbrigðisnefndum hefur verið falið með samningi að fara með eftirlit sé rétt að þau innheimti gjald í samræmi við sínar eigin gjaldskrár. Meiri hlutinn telur aftur á móti mikilvægt að sett sé ein samræmd gjaldskrá vegna kostnaðar sem til fellur við eftirlit, vöktun og málsmeðferð. Þá telur meiri hlutinn jafnframt rétt að kveðið verði á um greiðslur í samningi við heilbrigðisnefnd, en að heppilegast sé að Umhverfisstofnun sjái ávallt um innheimtuna, enda eru með því sköpuð skýr skil milli viðkomandi gjaldskrár Umhverfisstofnunar og annars konar gjaldskrár sem heilbrigðisnefndirnar ákveða.

Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að mikilvægt væri að heilbrigðisnefndir hefðu, þar sem samningur skv. 22. gr. væri til staðar, sömu heimildir við eftirlitið og Umhverfisstofnun. Meiri hlutinn telur þetta tryggt í 3. málsl. 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins.

8. Málskot.

Í 32. gr. frumvarpsins er kveðið á um málskotsrétt vegna ákvarðana sem teknar eru á grundvelli laganna. Er þar gert ráð fyrir að heimilt verði að kæra ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laganna til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Nefndin hefur nýlega fjallað um frumvarp til fullgildingar Árósasamningnum (þskj. 1227, 708. mál). Þar er gert ráð fyrir að ný úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála taki við kærum vegna laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. einnig frumvarp til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (þskj. 1228, 709. mál). Verði þau frumvörp samþykkt er ljóst að ný úrskurðarnefnd tekur jafnframt við kærum vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli laga um umhverfisábyrgð.

Í tengslum við málskotsrétt fjallaði nefndin nokkuð um rétt til þess að leita úrlausnar fyrir dómstólum. Það er grundvallarregla réttarfars að dómstólar leysa ekki úr sakarefni nema sýnt sé að stefnandi hafi af því lögvarða hagsmuni að fá dóm um það. Í gegnum tíðina hefur það verið nokkrum vafa undirorpið hvort umhverfisverndarsamtök eiga samkvæmt þessu rétt til að leita úrlausnar fyrir dómstólum vegna ákvörðunar úrskurðarnefndar í máli sem þau eiga aðild að. Meiri hlutinn telur ljóst að þessi vafi sé ekki lengur til staðar enda staðfesti Hæstiréttur í dómi sínum í máli nr. 231/2002 að í „skjóli meginreglu fyrri málsliðar 60. gr. stjórnarskrárinnar nýtur sá, sem aðild hefur átt að máli fyrir stjórnvaldi, almennt réttar til að bera undir dómstóla hvort farið hafi verið að lögum við meðferð þess og úrlausn.“ Ljóst er því að umhverfisverndar- og útivistarsamtök geta borið úrskurð úrskurðarnefndarinnar undir dómstóla enda lúti ágreiningur að því hvort úrskurðarnefndin hafi farið að lögum við meðferð tiltekins máls. Þá geti slík samtök krafist ógildingar úrskurðarins ef þau telja að svo hafi ekki verið. Samtökin geta hins vegar ekki borið efnislegan ágreining í þessum málum undir dómstóla.

9. Gildistaka.

Í frumvarpinu er kveðið á um að lögin taki gildi þegar við samþykkt þeirra. Meiri hlutinn leggur til að gildistöku verði frestað til 1. janúar 2012. Með því gefst færi til að ljúka gerð reglugerða sem vera skulu lögunum til fyllingar, og nægilegt ráðrúm í stjórnsýslu og atvinnurekstri til að undirbúa framkvæmd laganna. Þá gefst umhverfisráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og Umhverfisstofnun tækifæri til að kanna betur kostnaðarþátt málsins og tryggja að fjármagn skorti ekki í fjárlögum til verkefna samkvæmt hinum væntanlegu lögum.

Auk þeirra breytinga sem þegar hefur verið gerð grein fyrir leggur meiri hlutinn til nokkrar breytingar til að gera orðalag vandaðra, einfaldara og skýrara, og enn fremur til að samræma orðalag í frumvarpinu tilskipuninni um umhverfisábyrgð og orðalagi annarra laga.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 31. ágúst 2011.

Mörður Árnason, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Ólína Þorvarðardóttir.
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.	Skúli Helgason.	Birgitta Jónsdóttir.

1831. Breytingartillögur [299. mál]

við frv. til l. um umhverfisábyrgð.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (MÁ, ÁI, ÓÞ, GLG, SkH, BirgJ).

1. 1. gr. ásamt fyrirsögn orðist svo:

Markmið. Mengunarbótareglan.

Markmið laga þessara er að tryggja að sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni komi í veg fyrir tjón eða bæti úr tjóni ef það hefur orðið, og beri kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir, í samræmi við mengunarbótareglu umhverfisréttar.

2. Við 3. gr.
   a. 1. málsl. 1. tölul. orðist svo: Tjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum, þ.e. tjón sem hefur veruleg skaðleg áhrif á góða verndarstöðu tegundanna eða svæðanna eða torveldar verulega áform um að ná slíkri stöðu.
   b. Orðið „laganna í 2. málsl. 1. tölul. falli brott.
   c. 1. mgr. 2. tölul. orðist svo:

      Tjón á vatni, þ.e. tjón sem spillir vatnsgæðum með verulega skaðlegum áhrifum á vistfræðilegt ástand og vistmegin vatns, kemur í veg fyrir gott efnafræðilegt ástand vatns, eða breytir magnstöðu grunnvatns, samkvæmt skilgreiningum í lögum um stjórn vatnamála og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
   d. A- og b-liður 2. mgr. 2. tölul. orðist svo:
      a. ástæðuna fyrir því að ekki tókst að koma í veg fyrir að ástand yfirborðsvatnshlots eða grunnvatnshlots versnaði má rekja til breytinga, svo sem vegna mengunar eða í tengslum við loftslagsbreytingar, á vatnsgæðum, líffræðilegum, vatnsformfræðilegum eða eðlisefnafræðilegum eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða á hæð grunnvatnshlots, eða
      b. ný sjálfbær umsvif eða breytingar hafa í för með sér að ástand yfirborðsvatnshlots fer úr mjög góðu í gott.
   e. A–c-liður 3. mgr. 2. tölul. orðist svo:
      a. gripið sé til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots,
      b. tilgangur framkvæmdanna eða umsvifanna vega þyngra vegna almannaheilla, þar með talins ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna, eða fyrir sjálfbæra þróun en ávinningur af því að umhverfismarkmið náist, og
      c. tilgangi framkvæmdanna eða umsvifanna verður ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „Lögin“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Lög þessi.
   b. D-liður 1. mgr. orðist svo: starfsemi þar sem eina markmiðið er vernd gegn yfirvofandi eða yfirstandandi náttúruhamförum, eða.
   c. Í stað orðsins „samning“ í 1. og 2. tölul. e-liðar 1. mgr. komi: samnings.
   d. Í stað orðanna „er varða“ í fyrirsögn komi: um.
4. Í stað orðsins „Lögin“ í 5. gr. komi: Lög þessi.

5. 6. gr. orðist svo:

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Atvinnustarfsemi:* Hvers kyns hagræn starfsemi, á vegum einkaaðila eða hins opinbera, í hagnaðarskyni eða ekki.
2. *Árósavatn:* Vatn í nágrenni ármynnis, ísalt vegna nálægðar við strandsjó en undir verulegum áhrifum af aðstreymi ferskvatns.
3. *Endurheimt:* Það ferli að koma náttúruauðlindum og/eða skertri þjónustu þeirra aftur í fyrra ástand, eða að fyrra ástand endurheimtist án afskipta mannsins (náttúruleg endurheimt).
4. *Fyrra ástand:* Ástand náttúruauðlinda og vistkerfisþjónustu þeirra áður en tjón varð, metið á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga.
5. *Grunnvatn:* Vatn, kalt eða heitt, sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi.
6. *Losun:* Beint eða óbeint útstreymi efna eða lífvera út í umhverfið af mannavöldum.
7. *Magnstaða:* Mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein og óbein, vatnstaka hefur haft á grunnvatnshlot.
8. *Mengunarbótaregla:* Greiðsluregla umhverfisréttar, sú meginregla að sá sem mengar beri að jafnaði þann kostnað sem hlýst af því að koma í veg fyrir mengun eða draga úr áhrifum vegna mengunar.
9. *Náttúruauðlindir:* Verndaðar tegundir og náttúruverndarsvæði, vatn og land.
10. *Ráðstafanir til úrbóta:* Hvers kyns aðgerðir eða röð aðgerða vegna tjóns á vatni eða vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum, þ.m.t. mildandi ráðstafanir eða bráðabirgðaráðstafanir, til að endurheimta fyrra ástand, lagfæra eða endurnýja náttúruauðlindir sem hafa orðið fyrir tjóni, og/eða skertar nytjar þeirra, en bjóða ella sambærilega kosti, eins og mælt er fyrir um í I. viðauka . Einnig hvers kyns aðgerðir vegna tjóns á landi við að fjarlægja mengandi efni eða lífverur og endurheimta fyrra ástand eða jafngildar aðgerðir.
11. *Rekstraraðili:* Einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á tiltekinni atvinnustarfsemi.
12. *Strandsjór:* Yfirborðsvatn landmegin við línu sem dregin er einni sjómílu utan grunnlínu landhelginnar og nær inn að ytri mörkum árósavatns.
13. *Tjón:* Mælanleg skaðleg breyting á náttúruauðlind eða mælanleg bein eða óbein skerðing á þjónustu náttúruauðlindar.
14. *Umhverfisverndarsamtök:* Samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði og hafa minnst 30 félaga. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.
15. *Útivistarsamtök:* Samtök sem hafa útivist og umhverfisvernd að markmiði og hafa minnst 30 félaga. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.
16. *Varnarráðstafanir:* Hvers kyns ráðstafanir sem eru gerðar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða lágmarka tjón, þegar atburður, aðgerð eða aðgerðaleysi hefur leitt til yfirvofandi hættu á umhverfistjóni.
17. *Vatn:* Yfirborðsvatn og grunnvatn.
18. *Vatnshlot:* Eining vatns, svo sem allt það vatn sem er að finna í stöðuvatni, á eða strandsjó.

19. *Verndaðar tegundir og náttúruverndarsvæði:*
    a. Tegundir villtra fugla og villtra spendýra sem eru friðaðar samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og tegundir vatnafiska sem njóta verndar samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.
    b. Lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem friðlýst eru samkvæmt lögum um náttúruvernd.
    c. Friðlýst svæði samkvæmt lögum um náttúruvernd, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti.
    d. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt sérstökum lögum vegna náttúru eða landslags.
    e. Lífverur, vistgerðir þeirra, vistkerfi og búsvæði, önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr. náttúruverndarlaga.
20. *Vistgerð:* Staður eða svæði með ákveðnum einkennum, t.d. hvað varðar gróður- og dýralíf, jarðveg og loftslag.
21. *Yfirborðsvatn:* Kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, árósavatn og strandsjór, auk jökla.
22. *Yfirvofandi hætta:* Það ástand að verulegar líkur eru á umhverfistjóni í náinni framtíð.
23. *Þjónusta náttúruauðlindar:* Vistkerfisþjónusta hennar, eiginleikar eða virkni sem hún býr yfir og nýtast annarri náttúruauðlind eða eru almenningi til hagsbóta með öðrum hætti.

6. Við 7. gr.
    a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Ákvörðun um hvort umhverfistjón skv. 1. tölul. 3. gr. hefur orðið eða yfirvofandi hætta á slíku tjóni hefur skapast skal tekin með hliðsjón af mati á verndarstöðu tegundar eða svæðis fyrir tjón, þjónustu tegundar eða svæðis, og getu tegundar eða svæðis til náttúrulegrar endurnýjunar.
    b. Í stað orðanna „á fyrra ástandi“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: frá fyrra ástandi.
    c. B-liður 1. mgr. orðist svo: það hlutverk sem viðkomandi einstaklingar tegundarinnar eða hið skaðaða svæði gegna gagnvart tegundinni eða varðveislu svæðisins, og hversu sjaldgæf tegundin eða svæðið er.
    d. B-liður 3. mgr. orðist svo: sveiflur sem stafa af náttúrulegum orsökum eða íhlutun í tengslum við stjórnun svæða sem falla undir b–e-liði 19. tölul. 6. gr.
    e. C-liður 3. mgr. orðist svo: tjón á tegundum eða svæðum sem staðfest hefur verið að bætist við náttúrulega endurheimt á skömmum tíma.
    f. Í stað „14. tölul. 6. gr.“ í 4. mgr. komi: 19. tölul. 6. gr.
    g. Fyrirsögn orðist svo: *Viðmiðanir við mat á tjóni eða yfirvofandi hættu á tjóni á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum.*
7. Við 8. gr.
    a. Í stað orðanna „eða frekara tjón“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: eða afstýra frekara tjóni.
    b. Í stað orðanna „sem hefur orðið“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: sem þegar er orðið.
8. 9. gr. ásamt fyrirsögn orðist svo:

Aukið umhverfistjón eða bráðari hætta.

Þegar umhverfistjón sem rekja má til starfsemi rekstraraðila eykst, yfirvofandi hætta á umhverfistjóni verður bráðari, eða umhverfistjón verður þar sem hætta vofði yfir, skal rekstraraðilinn þegar í stað grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir eða takmarka frekara tjón, eða draga úr bráðari hættu.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun ef þegar orðið umhverfistjón eykst, yfirvofandi hætta á umhverfistjóni verður bráðari eða umhverfistjón verður þar sem hætti vofði yfir. Þegar um er að ræða atvinnurekstur sem er háður eftirliti heilbrigðisnefndar sveitarfélags skal Umhverfisstofnun tilkynna viðkomandi heilbrigðisnefnd um málið.

9. Við 10. gr.
   a. Í stað orðanna „fela ekki í sér takmörkun á skyldu“ komi: takmarka ekki skyldu.
   b. Í stað orðanna „aukningu umhverfistjóns“ komi: aukið umhverfistjón.
10. Við 11. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Umhverfisstofnun metur hvort orðið eða yfirvofandi tjón er umhverfistjón eða yfirvofandi hætta á umhverfistjóni í skilningi laga þessara, og hver ber ábyrgð á því. Við matið skal stofnunin eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Veðurstofu Íslands, Veiðimálastofnunar, Landgræðslu ríkisins eða annarra sérfróðra aðila. Kalli beiðni um umsögn að mati Umhverfisstofnunar á sérstaka úttekt af hálfu umsegjanda er henni heimilt að greiða umsegjandanum kostnað vegna úttektarinnar samkvæmt sérstökum samningi. Umhverfisstofnun skal innheimta þennan kostnað hjá rekstraraðila.
   b. Í stað orðsins „laganna“ í 1. málsl. og a-lið 2. mgr. komi: laga þessara.
   c. Í stað orðsins „sé“ í a-lið 2. mgr. komi: er.
11. Við 12. gr.
   a. 1. málsl. orðist svo: Umhverfisstofnun er heimilt að gefa rekstraraðila sem ábyrgð ber samkvæmt lögum þessum fyrirmæli um að veita upplýsingar og standa fyrir rannsóknum sem hafa þýðingu við mat á því hvernig unnt er að bæta úr umhverfistjóni eða koma í veg fyrir umhverfistjón.
   b. Í stað orðanna „greiningar og mælingar“ í 3. málsl. komi: greiningu og mælingu.
12. Við 13. gr.
   a. Í stað orðsins „lögunum“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: lögum þessum.
   b. Í stað orðanna „takmarka eða koma í veg fyrir frekara umhverfistjón“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: koma í veg fyrir frekara umhverfistjón eða takmarka það.
13. Við 14. gr.
   a. Í stað orðsins „lögunum“ í 1. og 2. mgr. komi: lögum þessum.
   b. Í stað orðanna „framkvæma jafngildar ráðstafanir í samræmi við I. viðauka“ í 2. mgr. komi: gera jafngildar ráðstafanir.
14. 15. gr. orðist svo:
   Hafi orðið fleiri en eitt umhverfistjón og ekki er unnt að bæta úr þeim samtímis skv. 14. gr. ákveður Umhverfisstofnun úr hvaða umhverfistjóni skuli fyrst bætt, m.a. að teknu tilliti til eðlis umhverfistjóns, útbreiðslu þess og skaða af því, möguleika á náttúrulegri endurnýjun og hættu fyrir heilsufar manna.
15. Við 16. gr.
   a. Í stað orðsins „lögunum“ í 1. mgr. komi: lögum þessum.
   b. 2. og 3. mgr. orðist svo:
      Ef sá sem ábyrgð ber samkvæmt lögum þessum hefur ekki umráð eignar þar sem umhverfistjón verður eða yfirvofandi hætta er á umhverfistjóni getur sá sem umráðin hefur þurft að sæta fyrirmælum Umhverfisstofnunar um að þola að fram fari rann-

sóknir, varnarráðstafanir og úrbætur á vegum þess sem ábyrgð ber á umhverfistjóninu eða hinni yfirvofandi hættu á umhverfistjóni.

Þegar ráðstafanir samkvæmt lögum þessum leiða til tjóns á eign þriðja manns getur eigandi eða afnotahafi eignarinnar gert skaðabótakröfu á hendur ríkissjóði ef ekki næst samkomulag við tjónvald um bætur eða þegar tjónvaldur getur ekki greitt bótakröfuna.

16. Í stað orðanna „Í því tilviki að“ í 2. málsl. 3. mgr. 17. gr. komi: Ef.
17. Við 18. gr.
    a. Orðin „boðuð eða gefin“ í 1., 2., 3. og 4. mgr. falli brott.
    b. Í stað orðsins „fyrirmæli“ í 1. mgr. komi: fyrirmæli skv. 12.–14. gr.
    c. Í stað orðsins „lögunum“ í 1. mgr. komi: lögum þessum.
18. Við 20. gr.
    a. Í stað orðanna „framkvæma ber“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: honum eru faldar.
    b. Orðin „samkvæmt lögum“ í 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
    c. Í stað orðanna „tjóni hafi verið valdið af þriðja aðila“ í a-lið 2. mgr. komi: þriðji aðili hafi valdið tjóninu.
    d. Í stað orðanna „gefin eru vegna losunar eða annars atviks“ í b-lið 2. mgr. komi: gefin voru vegna losunar eða annars atburðar.
    e. Í stað orðanna „því hafi verið valdið“ í 3. mgr. komi: það hafi ekki orðið.
19. Við 21. gr.
    a. Í stað orðsins „lögunum“ í 1. mgr. komi: lögum þessum.
    b. Í stað orðanna „tryggingu, þegar“ í 3. mgr. komi: tryggingu þegar.
20. Við 22. gr.
    a. Í stað orðsins „laganna“ í 2. málsl. komi: laga þessara.
    b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í samningnum skal m.a. kveðið á um greiðslur til heilbrigðisnefndar vegna eftirlitsins.
21. Við 23. gr.
    a. Í stað orðsins „framkvæma“ komi: gera.
    b. Í stað orðsins „lögunum“ komi: lögum þessum.
22. Við 24. gr.
    a. Í stað orðsins „laganna“ í 1. mgr. komi: laga þessara.
    b. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Umhverfisstofnun skal heimill aðgangur að lóðum, mannvirkjum og farartækjum í eigu rekstraraðila án dómsúrskurðar til eftirlits eða annarra verkefna samkvæmt lögum þessum.
    c. 3. mgr. orðist svo:

       Umhverfisstofnun getur ef þörf krefur leitað aðstoðar lögreglu við að beita heimildum skv. 2. mgr.
23. Í stað orðsins „lögunum“ í 1. málsl. 28. gr. komi: lögum þessum.
24. 2. málsl. 1. mgr. 29. gr. falli brott.
25. Við 30. gr.
    a. Í stað orðanna „af ráðstöfunum skv. 1. mgr. 23. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: við ráðstafanir skv. 23. gr.
    b. Í stað orðanna „eftir að losun eða annar atburður varð“ í 3. mgr. komi: eftir losun eða annan atburð.
26. Í stað orðanna „Lögin“ í 31. gr. komi: Lög þessi.

27. 3. tölul. 3. mgr. 32. gr. orðist svo: Umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök, enda samrýmist það tilgangi þeirra að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.
28. Í stað orðanna „skulu þau varða“ í 2. málsl. 1. mgr. 33. gr. komi: varða þau.
29. Í stað orðanna „Lög þessi fela í sér innleiðingu á“ í 34. gr. komi: Með lögum þessum er innleidd.
30. Við 35. gr.
    a. Í stað orðanna „öðlast þegar gildi“ í 1. mgr. komi: öðlast gildi 1. janúar 2012.
    b. Í stað „14. tölul. 6. gr.“ í 4. mgr. komi: 19. tölul. 6. gr.
31. I. og II. viðauki orðist svo:

I. VIÐAUKI

Úrbætur vegna umhverfistjóns á vatni og vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum.

Í þessum viðauka eru sameiginleg rammaákvæði sem fylgja ber með það að markmiði að velja heppilegustu ráðstafanirnar til að tryggja úrbætur vegna umhverfistjóns.

1. Úrbætur vegna umhverfistjóns á vatni, vernduðum tegundum eða náttúruverndarsvæðum felast í því að koma umhverfinu aftur í fyrra ástand sitt með því að gera á því frumúrbætur, fyllingarúrbætur eða jöfnunarúrbætur sem eru skilgreindar svo:
    a. „frumúrbætur“: Ráðstafanir sem koma náttúruauðlind sem orðið hefur fyrir tjóni, og/eða skertri þjónustu náttúruauðlindar, aftur í fyrra ástand eða í átt til þess,
    b. „fyllingarúrbætur“: Ráðstafanir sem gripið er til í tengslum við náttúruauðlind og/eða þjónustu náttúruauðlindar til að bæta það upp að frumúrbæturnar nægja ekki til að koma náttúruauðlind sem orðið hefur fyrir tjóni og/eða þjónustu hennar að fullu í fyrra horf,
    c. „jöfnunarúrbætur“: Aðgerðir til að bæta upp tímabundið tap á náttúrulegri auðlind og/eða þjónustu náttúruauðlindar frá því að tjón verður og þar til árangur af frumúrbótum hefur náðst að fullu. „Tímabundið tap“ telst tap sem er afleiðing þess að náttúruauðlind eða þjónusta náttúruauðlindar, sem hefur orðið fyrir tjóni, getur ekki gegnt vistfræðilegu hlutverki sínu eða nýst fyrir aðrar náttúruauðlindir eða almenning fyrr en frum- eða fyllingarúrbætur eru að fullu komnar til framkvæmda. Slíkt tap leiðir ekki til fébóta til almennings.

Ef ekki næst að koma umhverfinu aftur í fyrra ástand sitt með frumúrbótum skal grípa til fyllingarúrbóta. Auk þess skal tímabundið tap bætt upp með jöfnunarúrbótum.

Í úrbótum vegna umhverfistjóns á vatni, vernduðum tegundum eða náttúruverndarsvæðum felst einnig að útrýma allri umtalsverðri hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar manna.

1.1. *Markmið með úrbótum.*

Tilgangurinn með frumúrbótum.

1.1.1. Tilgangurinn með frumúrbótum er að koma náttúruauðlindunum sem orðið hafa fyrir tjóni og/eða skertri þjónustu þeirra aftur í fyrra ástand eða í átt til þess.

Tilgangurinn með fyllingarúrbótum.

1.1.2. Ef ekki er unnt að koma náttúruauðlindunum sem orðið hafa fyrir tjóni og/eða þjónustu náttúruauðlinda í fyrra ástand sitt er gripið til fyllingarúrbóta. Tilgangurinn með fyllingarúrbótum er að sjá til þess að náttúruauðlind og/eða þjónusta

náttúruauðlindar, þ.m.t. ef við á náttúruauðlind á öðrum stað en tjónið varð, sé á svipuðu stigi og verið hefði ef svæðinu sem orðið hefur fyrir tjóni hefði verið komið aftur í fyrra ástand. Ef unnt er og við á skal hinn staðurinn vera í landfræðilegum tengslum við staðinn sem orðið hefur fyrir tjóni, með hliðsjón af hagsmunum þeirra íbúa sem málið varðar helst.

Tilgangurinn með jöfnunarúrbótum.

1.1.3. Beita skal jöfnunarúrbótum til að jafna upp tímabundið tap á náttúruauðlind og þjónustu náttúruauðlindar meðan þess er beðið að þær jafni sig. Í þessum úrbótum felast frekari endurbætur á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum eða vatni, annaðhvort á staðnum sem orðið hefur fyrir tjóni eða á öðrum stað. Slíkt tap leiðir ekki til fébóta til almennings.

1.2. *Ákvörðun um ráðstafanir til úrbóta.*

Ákvörðun ráðstafana til frumúrbóta.

1.2.1. Skoða skal kosti um aðgerðir sem standa til boða í því skyni að koma náttúruauðlindinni og þjónustu náttúruauðlindar strax í átt að fyrra ástandi sínu með flýtiferli eða með náttúrulegri endurheimt.

Ákvörðun ráðstafana til fyllingar- og jöfnunarúrbóta.

1.2.2. Þegar umfang ráðstafana til fyllingar- og jöfnunarúrbóta er ákvarðað skal fyrst skoða notkun aðferða þar sem fundin eru jafngildi með því að bera eina auðlind saman við aðra auðlind og þjónustu einnar náttúruauðlindar saman við þjónustu annarrar. Samkvæmt þessum aðferðum skal fyrst vega og meta aðgerðir sem gefa af sér náttúruauðlindir og/eða þjónustu af sömu tegund, gæðum og umfangi og þær sem urðu fyrir tjóni. Verði þessu ekki komið við skal sjá til þess að völ sé á öðrum náttúruauðlindum og/eða þjónustu þeirra í staðinn. Sem dæmi má nefna að skert gæði skal vega upp með því að auka umfang ráðstafana til úrbóta.

1.2.3. Ef ekki er unnt að nota fyrsta kostinn, jafngildisaðferðina þar sem ein auðlind er borin saman við aðra og þjónusta einnar við þjónustu annarrar, skal nota annars konar matsaðferðir. Umhverfisstofnun getur fyrirskipað hvaða aðferð skuli notuð til að ákvarða umfang nauðsynlegra ráðstafana til fyllingar- og jöfnunarúrbóta, t.d. fjárhagslegt mat. Ef unnt er að meta auðlindina sem glataðist, og/eða þjónustu hennar, en ekki er unnt, innan eðlilegra tímamarka eða með eðlilegum kostnaði, að meta auðlindina og/eða þjónustuna sem kemur í staðinn getur Umhverfisstofnun valið ráðstafanir til úrbóta þar sem kostnaðurinn jafngildir áætluðu, fjárhagslegu virði náttúruauðlindarinnar og/eða þjónustunnar sem glataðist. Þegar ákveðnar eru fyllingar- og jöfnunarúrbætur skal við ráðstafanir til að nýta aðrar náttúruauðlindir og/eða þjónustu þeirra tekið tillit til forgangsraðar í tíma og heppilegrar tímasetningar. Sem dæmi má nefna að því lengri tíma sem það tekur að ná fyrra ástandi, þeim mun meira hlýtur (að öðru jöfnu) að verða umfang þeirra ráðstafana til jöfnunarúrbóta sem gera þarf.

1.3. *Val á kostum til úrbóta.*

1.3.1. Meta skal eðlilega kosti til úrbóta með bestu fáanlegri tækni og á grundvelli eftirfarandi viðmiðana, sem eru:

- áhrif hvers kostar á lýðheilsu og almannaöryggi,
- kostnaður af því að hrinda viðkomandi kosti í framkvæmd,
- líkurnar á að hver kostur fyrir sig skili árangri,

- að hve miklu leyti hver kostur kemur í veg fyrir tjón í framtíðinni og að hve miklu leyti framkvæmd þessa kostar kemur í veg fyrir frekara tjón,
- að hve miklu leyti hver kostur gagnast mismunandi þáttum náttúruauðlindarinnar og/eða þjónustu hennar,
- að hve miklu leyti hver kostur tekur mið af félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum sjónarmiðum sem skipta máli og öðrum þáttum sem skipta máli og eru einkennandi fyrir viðkomandi stað,
- hversu langur tími líður þar til úrbæturnar hafa skilað árangri,
- að hve miklu leyti hver kostur dugir til að koma í samt lag svæðinu þar sem umhverfistjónið varð,
- landfræðileg tengsl við staðinn sem orðið hefur fyrir tjóni.

1.3.2. Við mat á þeim kostum til úrbóta sem koma til greina má velja ráðstafanir til frumúrbóta sem koma vatni, vernduðum tegundum eða náttúruverndarsvæðum, sem hafa orðið fyrir tjóni, ekki að fullu í fyrra ástand sitt eða eru lengur en ella að ná fyrra ástandi. Einungis má taka slíka ákvörðun ef náttúruauðlindirnar og/eða þjónusta náttúruauðlindar, sem fara forgörðum á upprunalega staðnum vegna þessarar ákvörðunar, eru bættar upp með því að auka fyllingar- og jöfnunaraðgerðir þannig að til verði svipaðar náttúruauðlindir og/eða þjónusta og þær sem fóru forgörðum. Þetta á t.d. við þegar unnt er að sjá fyrir jafngildum náttúruauðlindum og/eða þjónustu þeirra annars staðar með minni tilkostnaði. Þessar viðbótarráðstafanir til úrbóta skulu ákveðnar í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í lið 1.2.2.

1.3.3. Þrátt fyrir reglurnar sem settar eru fram í lið 1.3.2 og í samræmi við 14. gr. hefur Umhverfisstofnun rétt til að ákveða að ekki skuli gera frekari ráðstafanir til úrbóta ef:

a. þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið tryggja að ekki sé lengur fyrir hendi veruleg hætta á því að heilsufar manna, vatn, verndaðar tegundir eða náttúruverndarsvæði verði fyrir skaðlegum áhrifum,
b. kostnaðurinn við þær ráðstafanir sem gera þarf til að ná fyrra ástandi eða svipuðu ástandi er óhóflegur miðað við ávinninginn af þeim fyrir umhverfið.

II. VIÐAUKI
Starfsemi sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

1. Starfsleyfisskyldur atvinnurekstur á grundvelli 5. gr. a og 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem gerð er krafa um samþættar mengunarvarnir, sbr. I. viðauka reglugerðar um starfsleyfi sem haft getur í för með sér mengun.
2. Losun efna í vatn (grunnvatn og yfirborðsvatn) sem er háð leyfi eða skráningu og leyfisskyld vatnstaka og vatnsmiðlun.
3. Framleiðsla efna og efnablandna sem flokkast sem hættuleg efni, eiturefni, varnarefni eða sæfiefni, sbr. lög nr. 45/2008, um efni og efnablöndur, og lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, notkun þeirra, geymsla, vinnsla, urðun, losun og flutningur.
4. Flutningur hættulegs eða mengandi farms á vegum, járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum, á sjó eða í lofti, sbr. umferðarlög, nr. 50/1987, og reglugerð um flutning á hættulegum farmi sem sett er á grundvelli þeirra laga, eða lög nr.

41/2003, um vaktstöð siglinga, og reglugerð um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa.
5. Starfsemi sem þarf leyfi til samkvæmt lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.
6. Flutningur úrgangs milli landa, háður leyfi eða bannaður, sbr. ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

1832. Frumvarp til laga [896. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna brottfalls laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996.

Frá allsherjarnefnd.

I. KAFLI

Breyting á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „staðfestri samvist“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: hjónabandi.

II. KAFLI

Breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 56/2010.

2. gr.

Orðin „aðilar í staðfestri samvist“ í a-lið 28. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Orðin „eða staðfestri samvist“ í a-lið 2. tölul. 22. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI

Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

4. gr.

Orðin „aðila í staðfestri samvist“ og „staðfestri samvist“ í 1. og 3. tölul. 4. mgr. 95. gr. a laganna falla brott.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

5. gr.

Orðin „aðila í staðfestri samvist“ og „staðfestri samvist“ í 1. og 3. tölul. 4. mgr. 70. gr. a laganna falla brott.

V. KAFLI

Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

6. gr.

Orðin „aðilar í staðfestri samvist“ og „staðfestri samvist eða“ í a-lið 5. tölul. 1. gr. a laganna falla brott.

VI. KAFLI
7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hugtakið staðfest samvist verði fellt brott úr gildandi lögum en enn finnst hugtakið í nokkrum lögum og við það eru bundin ákveðin réttindi eða skyldur. Með setninga laga nr. 65/2010, um breytingar á hjúskaparlögum o.fl., var ætlunin að fella hugtakið brott úr lögum og jafna stöðu mismunandi hjúskaparforma. Misbrestur virðist hins vegar hafa orðið á að allar tilvísanir til staðfestrar samvistar væru felldar brott og þá einnig í þeim frumvörpum sem hugtakið staðfest samvist kom fyrir í og voru til meðferðar á Alþingi á sama tíma.

Frumvarpið samanstendur af sex köflum og fela fimm fyrstu kaflarnir í sér tillögur um breytingu á tiltekinni löggjöf. Í fyrsta kafla eru lagðar til breytingar á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna. Um er að ræða breytingu á orðunum staðfestri samvist í hjónaband í ákvæði þar sem fjallað er um samþykki til geymslu fósturvísa.

Í öðrum kafla eru lagðar til breytingar sem gera þarf á nýlegri löggjöf um vátryggingastarfsemi, en á tveimur stöðum í lögunum er vitnað til hugtaksins staðfest samvist. Er hér lagt til að í báðum tilvikum verði orðin felld brott.

Í þriðja og fjórða kafla eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, annars vegar og lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, hins vegar. Eru þær sambærilegar og fela í sér brottfall orðanna „aðila í staðfestri samvist“ þar sem fjallað er um skilgreiningu á nákomnum aðilum.

Fimmti kafli tekur á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, þar sem fella þarf brott orðin „aðilar í staðfestri samvist“ og „staðfestri samvist eða“ í orðskýringaákvæði þar sem hugtakið samstarf er skilgreint.

Í sjötta kafla er kveðið á um gildistöku laganna og skulu þau öðlast þegar gildi.

1833. Frumvarp til laga [897. mál]

um breyting á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001.

Flm.: Björn Valur Gíslason.

1. gr.

C-liður 3. gr. laganna orðast svo: *Einkaleyfi:* Sérleyfi sveitarfélags, byggðasamlags eða landshlutasamtaka sveitarfélaga til reglubundinna fólksflutninga á tilteknu svæði eða tilteknum leiðum.

2. gr.

Á eftir orðinu „Sérleyfishafa“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: og einkaleyfishafa.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Fyrri málsliður 1. mgr. orðast svo: Vegagerðin getur veitt sveitarfélögum, byggðasamlögum og landshlutasamtökum sveitarfélaga einkaleyfi til að skipuleggja og sjá um almenningssamgöngur með bifreiðum á tilteknu svæði og á tilteknum leiðum.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Öðrum en einkaleyfishafa er óheimilt nema með samþykki hans að stunda reglubundna fólksflutninga á svæðum og leiðum þar sem einkaleyfi til reglubundinna fólksflutninga hefur verið veitt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lagafrumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á orðalagi tiltekinna ákvæða í lögum um fólksflutninga og farmflutninga, nr. 73/2001, sem varða einkaleyfi til reglubundinna fólksflutninga. Þörf fyrir lagfæringar á nokkrum ákvæðum hefur komið í ljós við endurskoðun á tilhögun sérleyfisaksturs. Vegagerðin hefur unnið að samningsgerð við landshlutasamtök sveitarfélaga um endurskipulagningu almenningssamgangna með það að markmiði að skipulagning á sérleyfisakstri færist til landshlutasamtaka sveitarfélaga en Vegagerðin úthluti styrkjum til þeirra. Nokkur ákvæði núgildandi laga ríma ekki alls kostar við þessa tilhögun. Um misræmi er að ræða í framsetningu á ákvæðum er varða sérleyfi og einkaleyfi sem lagfæra verður til að taka af tvímæli um heimild til þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru. Er lagt til að við því sé brugðist skjótt til að unnt verði að ljúka samningsgerð sem allra fyrst með tilheyrandi úrbótum á almenningssamgöngum milli sveitarfélaga.

Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting að samræma hugtökin einkaleyfi og sérleyfi og fá þannig samræmi í lagatextann en með því eru tekin af tvímæli um að heimilt sé að veita einkaleyfi á tilteknum leiðum eins og venja er þegar um sérleyfi er að ræða.

Í öðru lagi er lagt til að tekin séu af tvímæli um að landshlutasamtök sveitarfélaga geti fengið úthlutað einkaleyfi sem vafi þykir leika á eins og núgildandi lög eru orðuð.

Í þriðja lagi er tekið sérstaklega fram að einkaleyfishafi geti eins og sérleyfishafi notað bifreiðar sem gerðar eru fyrir átta farþega og færri. Þessar breytingar lúta einkum að því að samræma orðalag laganna hvað snertir einkaleyfi og sérleyfi sem hvor tveggja lúta að starfrækslu almenningssamgangna. Eins og gildandi lög eru orðuð er misræmi í lagatextanum sem veldur vandkvæðum í framkvæmd. Í ljósi þess að einkaleyfi og sérleyfi hafa sama tilgang, þ.e. að tryggja einkarétt til reglubundinna fólksflutninga, þykir rétt að taka af öll tvímæli um að sömu reglur gildi um þessi leyfi hvað snertir útfærslu á leyfum og notkun á hagkvæmum og umhverfisvænum ökutækjum við aksturinn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í c-lið 3. gr. laganna er hugtakið einkaleyfi skilgreint þannig að um sé að ræða sérleyfi sveitarfélags til reglubundinna fólksflutninga innan lögsagnarumdæmis þess. Þessi afmörkun þykir ekki heppileg þegar skipuleggja á almenningssamgöngur utan þéttbýlis. Þar er nauðsynlegt að sérleyfisleiðir geti legið á milli lögsagnarumdæma sveitarfélaga þannig að unnt sé að tengja saman atvinnu- og búsetusvæði óháð sveitarfélagamörkum. Til þess að almenningssamgöngur geti þjónað byggðarlagi verða þær að tengja það við önnur byggðarlög. Til

þess að unnt sé að veita sveitarfélögum einkaleyfi á sérleyfisleiðum milli sveitarfélaga er lögð til breyting á skilgreiningu í þá veru að einkaleyfi geti hvort sem er náð til tiltekinna svæða eða leiða.

Um 2. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. gildandi laga er sérleyfishafa heimilt að nota bifreiðar sem ætlaðar eru fyrir færri en níu farþega við sérleyfisakstur. Einkaleyfi felur í sér sérleyfi til sveitarfélags eða samtaka þeirra og má því mögulega skýra gildandi lög í þá veru að einkaleyfishafa sé heimilt að nota slíkar bifreiðar við reglubundna flutninga samkvæmt einkaleyfi. Engu síður er lagt til, svo að taka megi af öll tvímæli þar um, að skýrt sé kveðið á um heimild einkaleyfishafa til að nota hagkvæmari og umhverfisvænni ökutæki við aksturinn. Er þar ekki síst horft til þess að í mörgum tilvikum er farþegafjöldi ekki meiri en svo að fólksbifreiðar henta vel til akstursins og óhagkvæmt að nota hópbifreiðar.

Um 3. gr.

Í a-lið er lögð er til breyting á 1. mgr. 7. gr. er varðar einkaleyfi til reglubundinna fólksflutninga. Breytingin felur í sér að heimilt sé að veita einkaleyfi hvort sem er til reglubundinna fólksflutninga á tilteknu svæði eða tilteknum leiðum. Um þessa breytingu má vísa til skýringa við 1. gr. en tilgangur breytingarinnar er að gera kleift að veita einkaleyfi til reglubundinna flutninga milli byggðarlaga í stað þess að einkaleyfi megi aðeins veita til flutninga innan sveitarfélags. Með breytingunni eru tekin af öll tvímæli að þessu leyti og gerir það mögulegt að ljúka samningum við landshlutasamtök sveitarfélaga um almenningssamgöngur á milli sveitarfélaga.

Í b-lið er lögð til orðalagsbreyting sem leiðir af 1. gr. frumvarpsins og a-lið þessarar greinar sem þarfnast ekki skýringa. Enn fremur er orðalagið lagað betur að öðrum ákvæðum er varða sérleyfi. Þannig er forgangsréttur einkaleyfishafa með skýrum hætti bundinn við reglubundna fólksflutninga en orðalag gildandi laga er óheppilegt og má skilja á þann veg að öðrum en einkaleyfishafa sé óheimilt nema með hans leyfi að stunda hvort sem er reglubundna eða óreglubundna fólksflutninga á svæði þar sem einkaleyfi er í gildi en telja verður að ákvæðið hafi ekki verið túlkað með þeim hætti í framkvæmd.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

1834. Svar [894. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um framlög ríkisins til SpKef og Byrs.

1. *Hver hafa framlög ríkisins verið til SpKef?*

22. apríl 2010 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald stofnfjáreigendafundar í Sparisjóðnum í Keflavík á grundvelli heimildar í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009, vék stjórn sparisjóðsins frá í heild sinni og skipaði bráðabirgðastjórn. Einnig tók FME ákvörðun um að ráðstafa eign-

um Sparisjóðsins í Keflavík til nýs sparisjóðs, SpKef sparisjóðs, og kvað á um yfirtöku SpKef sparisjóðs á nánar tilgreindum innstæðum.

Ráðuneytið stofnaði nýjan sparisjóð á grundvelli heimildar í 1. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Ráðuneytið lagði nýja sparisjóðnum til 900 millj. kr. eiginfjár framlagi úr ríkissjóði og voru allar innstæður og eignir gamla sparisjóðsins fluttar yfir í hinn nýja að undanskildu lítils háttar rekstrarfé sem skilið var eftir í gamla sparisjóðnum.

Í samræmi við ákvörðun FME skyldi fara fram uppgjör milli gömlu og nýju fjármálastofnananna og að því loknu yrði nýja sparisjóðnum lagt til eigið fé sem uppfyllir skilyrði FME um starfsleyfi. Miðað við bráðbirgðatölur um eignaverðmæti á þeim tíma var áætlað að stofnframlag þyrfti að nema um 13 milljörðum kr.

Frá því að FME yfirtók rekstur Sparisjóðsins í Keflavík og færði innstæður og eignir hans yfir í SpKef sparisjóð, hélt ráðuneytið áfram að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins. Sú vinna tók langan tíma vegna óvissu um eignamat, m.a. í kjölfar dóma Hæstaréttar í gengistryggingarmálum. Það er svo með bréfi stjórnarformanns og sparisjóðsstjóra SpKef dagsettu 25. febrúar 2011 til fjármálaráðuneytisins að upplýst er um það mat stjórnenda sparisjóðsins að áætluð fjárþörf vegna fjármögnunar á sparisjóðnum sé 19,4 milljarðar kr. Þar af skorti 11,2 milljarða kr. á að eignir sparisjóðsins dugi fyrir innstæðum. Á tímabilinu frá stofnun SpKef, þ.e. frá apríl 2010, og þar til Fjármálaeftirlitið tók ákvörðun um samruna SpKef og Landsbankans 5. mars 2011 hafði ráðuneytið veitt sparisjóðnum heimild til að nýta allt að 6 milljarða kr. af áætluðu eiginfjárframlagi ríkisins sem tryggingu fyrir lausafjárfyrirgreiðslu af hálfu Seðlabanka Íslands.

Bankasýsla ríkisins hafði kynnt þau sjónarmið að þar sem veruleg óvissa væri um rekstrarhæfi SpKef sparisjóðs til framtíðar yrði tekinn til skoðunar möguleiki á sameiningu við Landsbankann hf. Starfshópi skipuðum fulltrúum Bankasýslu og ráðuneytisins sem var falið að meta kosti og galla við fjármögnun sparisjóðsins úr ríkissjóði og við samruna við Landsbankann lagði til að gengið yrði til samninga við Landsbankann um samruna. 5. mars 2011 var undirritaður samningur við Landsbankann um yfirtöku og samruna hans við SpKef. Samningurinn var með fyrirvara um samþykki skilanefndar Lansbanka Íslands og um að FME féllist á að taka ákvörðun á grundvelli VI. bráðabirgðaákvæðis við lög nr. 161/2002. Samkvæmt ákvæðum samkomulagsins mun Landsbankinn vinna áreiðanleikakönnun á eignum og skuldum og skuldbindingum sparisjóðsins. Niðurstaða áreiðanleikakönnunar Landsbankann er að verðmæti eigna séu um 20 milljörðum kr. lægra en fyrrnefnt mat stjórnenda. Ráðuneytið vinnur nú að greiningu á fráviki mats Landsbankans og stjórnenda sparisjóðsins og mun í kjölfarið taka upp viðræður við bankann um lausn á ágreiningi um uppgjör. Leiði viðræður aðila ekki til lausnar getur hvor aðili um sig farið fram á að ágreiningur aðila verði lagður fyrir úrskurðarnefnd.

2. Hver hafa framlög ríkisins verið til Byrs?

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 22. apríl sl. tók eftirlitið yfir vald stofnfjáreigendafundar í Byr sparisjóði, vék stjórn sparisjóðsins frá, skipaði honum bráðabirgðastjórn og mælti fyrir um aðrar nauðsynlegar ráðstafanir. Stofnaður var nýr banki, Byr hf. með 900 millj. kr. eiginfjárframlagi úr ríkissjóði og voru allar innstæður og eignir gamla sparisjóðsins fluttar yfir í nýja bankann.

Í samræmi við ákvörðun FME skyldi fara fram uppgjör milli gömlu og nýju fjármálastofnananna og að því loknu yrði bankanum lagt til eigið fé sem uppfyllir skilyrði FME um starfs-

leyfi. 14. október 2010 náðist samkomulag um drög að skipulagi Byrs hf. við slitastjórn Byrs sparisjóðs og kröfuhafa hans. Samkvæmt því samþykkti slitastjórn að breyta kröfu sinni á hendur Byr hf. í hlutafé en með því var áætlað að hún eignaðist um 95% alls hlutafjár. Á móti lofaði ríkið að veita Byr hf. víkjandi lán, allt að 5 milljörðum kr. Með samkomulaginu átti Byr hf. að uppfylla skilyrði FME um eigið fé og lausafjárkröfur. Á vormánuðum 2011 lá fyrir að áætlanir um fjárhagslega skipan Byrs hf. samkvæmt rammasamkomulaginu dygðu ekki og að hvorki ríkið né kröfuhafar Byrs sparisjóðs voru tilbúnir að leggja fram frekari fjármuni. Í ljósi stöðunnar ákvað stjórn Byrs hf. að leita eftir því að tryggja fjárhag bankans með því að bjóða til sölu nýtt hlutafé í bankanum.

Í tengslum við söluna var krafa Byrs sparisjóðs metin til hlutafjár með sérfræðiskýrslu í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga. Með samkomulagi frá 20. júní 2011 var síðan samið um það milli ríkisins, Byrs hf. og slitastjórnar Byrs sparisjóðs að breyta kröfunni í hlutafé á genginu 1. Eftir það skiptist hlutafé Byrs hf. þannig að ríkið fór með 900 millj. kr. og um 12% en Byr sparisjóður 6.862 millj. kr. og 88%. Með því samkomulagi var tryggt að báðir aðilar væru jafnstæðir sem hluthafar ef til sölu kæmi.

Í skipulögðu söluferli var áhugasömum fjárfestum síðan boðið að kaupa nýtt hlutafé fyrir allt að 10 milljarða kr. og eignast með því meiri hluta hlutafjár í bankanum. Jafnframt lýstu bæði ríkið og slitastjórn Bys sparisjóðs því yfir að hlutir þeirra væru til sölu ef bjóðendur kysu að eignast allan bankann. Tveir aðilar skiluðu inn tilboðum og gerðu báðir kröfu um að kaupa allt hlutafé bankans og að Byr hf. yrði sameinaður við þá. Einnig gerðu báðir bjóðendur kröfu til þess að víkjandi lán það sem samið var um í rammasamkomulaginu stæði þeim til boða. Niðurstaða mats á framkomnum tilboðum var að gengið var til samninga við Íslandsbanka. Samningurinn er með fyrirvara um samþykki FME og Samkeppniseftirlitsins um yfirtöku Íslandsbanka á Byr hf. og sameiningu. Þá er undirskrift ráðuneytisins um sölu á hlut sínum í bankanum með fyrirvara um samþykki Alþingis.

1835. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Björn Þór Hermannsson og Jönu Finnbogadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Sigurð Erlingsson, Einar Jónsson, Gunnhildi Gunnarsdóttur og Soffíu Guðmundsdóttur frá Íbúðalánasjóði, Hörpu Jónsdóttur og Jónas Þórðarson frá Seðlabanka Íslands, Hildigunni Hafsteinsdóttur frá Neytendasamtökunum, Henný Hinz frá Alþýðusambandi Íslands og Þóreyju S. Þórðardóttur, Arnar Sigurmundsson og Þorbjörn Guðmundsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða. Þá bárust umsagnir frá Samtökum atvinnulífsins, ríkisskattstjóra, Samtökum fjármálafyrirtækja, Alþýðusambandi Íslands, Búmönnum og Búseta, Neytendasamtökunum, Reykjanesbæ, Fjármálaeftirlitinu, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Búseta á Norðurlandi, Seðlabanka Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Bláskógabyggð, umboðsmanni skuldara, Íbúðalánasjóði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hagsmunasamtökum heimilanna, Sveitarfélaginu Ölfusi og fjölskyldusviði Mosfellsbæjar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um húsnæðismál þess efnis að Íbúðalánasjóði verði falið það verkefni að bjóða íbúðarhúsnæði sem hann hefur leyst til sín til kaupleigu í stað þess að leigja það út eins og nú er kveðið á um. Þá verði sjóðnum heimilt að veita óverðtryggð lán. Auk þess er lögð til með ákvæði til bráðabirgða tímabundin breyting á lánaheimildum þannig að sjóðnum verði heimilt að veita að uppfylltum nánari skilyrðum lán til endurbóta sem geti numið allt að 90% af kostnaði við framkvæmdir þó svo að fjárhæð lána sem þegar eru áhvílandi sé hærri en lögbundin hámarksfjárhæð lána Íbúðalánasjóðs svo fremi að samanlögð fjárhæð lána verði ekki hærri en nemur fasteignamati eignar.

Meiri hlutinn telur það ljóst að framangreint ákvæði til bráðabirgða getur aukið áhættu sjóðsins. Í kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis kemur fram að engin greining hafi farið fram á þessu atriði og því ekki forsendur hér til að meta breytingu á áhættunni til fjár. Með vísan til þessa telur meiri hlutinn ekki unnt að samþykkja þessa breytingu að svo stöddu og leggur til að ákvæðið falli brott.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að Íbúðalánasjóði verði falið það verkefni að bjóða íbúðarhúsnæði sem hann hefur leyst til sín til kaupleigu. Ákvæði frumvarpsins kveða ekki nánar á um skilyrði fyrir kaupleigunni eða leiguverð og er gert ráð fyrir að slíkt verði útfært nánar í reglugerð. Meiri hlutinn telur þennan hluta frumvarpsins ekki nægilega vel útfærðan og að hér sé um of mikið framsal löggjafarvalds að ræða. Einnig kom fram á fundum nefndarinnar að ekki lægi fyrir hvernig ætti að útfæra kaupleigukerfið. Leggur meiri hlutinn því til að ákvæðið falli brott en telur jafnframt ástæðu til að áfram verði skoðaðir möguleikar Íbúðalánasjóðs til þess að bjóða íbúðir í eigu sjóðsins til kaupleigu. Meiri hlutinn telur eðlilegt að unnið verði til samræmis við niðurstöður samráðshóps um húsnæðisstefnu sem skilaði skýrslu til velferðarráðherra í apríl sl. Meiri hlutinn tekur undir með samráðshópnum að auka þurfi jafnræði milli ólíkra búsetuforma og fjölga valkostum á húsnæðismarkaði. Þá áréttar meiri hlutinn mikilvægi þess að sett sé fram ítarleg stefnumörkun sem grundvallist á fullnægjandi upplýsingum og góðri greiningu á húsnæðismarkaði.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að veita Íbúðalánasjóði heimild til að gefa út óverðtryggða skuldabréfaflokka og þar með að veita óverðtryggð lán, sbr. 2. gr. frumvarpsins, enda geti þessi heimild aukið valmöguleika lántakenda. Meiri hlutinn áréttar þó að útfærslan á því hvernig Íbúðalánasjóður hagar útgáfu og fjármögnun slíkra lána er eftir. Hér er því einungis stigið fyrsta skref í átt að óverðtryggðum útlánum sjóðsins en síðar kemur í ljós hvaða kjör bjóðast á markaði og þar með hvort hér sé um raunhæfa leið að ræða fyrir fólk til að fjármagna íbúðarkaup sín. Skv. 4. mgr. 21. gr. laganna er kveðið á um að vextir skuli vera óbreytanlegir á lánstíma. Til að lágmarka afföll og áhættu Íbúðalánasjóðs telur meiri hlutinn þó mikilvægt að vextir óverðtryggðra útlána sjóðsins geti verið breytilegir. Leggur meiri hlutinn því til breytingu þess efnis en áréttar að sú breyting mun einungis ná til óverðtryggðra útlána sjóðsins. Verðtryggð lán hans verða áfram á föstum óbreytanlegum vöxtum. Meiri hlutinn telur þó ekki rétt að kveða á um að óverðtryggð lán skuli ávallt vera með breytilegum vöxtum heldur setji Íbúðalánasjóður reglur um vexti af óverðtryggðum lánum sínum enda hlýtur vaxtastefna hans að fara eftir fjármögnun sjóðsins á þessum skuldabréfaflokkum.

Það er skýr vilji meiri hlutans að Íbúðalánasjóður nýti sér þá heimild sem honum er veitt með frumvarpinu til að kanna möguleika á útgáfu óverðtryggðra skuldabréfaflokka og eftirspurn eftir þeim. Meiri hlutinn áréttar að komi til óverðtryggðra lánveitinga verði sjóðurinn að vanda mjög upplýsingagjöf til lántaka. Verði vextir slíkra lána breytilegir felur það í sér áhættu fyrir lántakendur þar sem greiðslubyrðin getur breyst umtalsvert í kjölfar vaxtabreyt-

inga. Mikilvægt er að Íbúðalánasjóður stundi ekki lánveitingar sem fela í sér mikla áhættu fyrir lántakendur.

Leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. falli brott.
2. Við 3. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Í stað 1. málsl. 4. mgr. 21. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Vextir af verðtryggðum ÍLS-verðbréfum skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann en vextir af óverðtryggðum ÍLS-verðbréfum geta verið breytilegir. Íbúðalánasjóður skal setja reglur um vaxtakjör óverðtryggðra lána.
3. 2. mgr. 4. gr. falli brott.
4. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

Jónína Rós Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. ágúst 2011.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, form., frsm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Pétur H. Blöndal.

Guðmundur Steingrímsson. Unnur Brá Konráðsdóttir. Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

1836. Nefndarálit [709. mál]

um frv. til l. um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi um breytingu ýmissa laga vegna fullgildingar hins svonefnda Árósasamnings frá 1998 (708. mál). Ísland undirritaði samninginn á sínum tíma en fullgilding hans hér á landi hefur dregist, m.a. vegna skiptra skoðana um útfærslu ákveðinna lagabreytinga sem leiðir af innihaldi hans. Samningurinn sem slíkur felur í sér leiðbeiningar og lágmarksreglur og veitir aðildarríkjunum þar með allmikið svigrúm varðandi útfærslu einstakra þátta. Fyrir liggur að aðildarríkin hafa í mörgum tilvikum farið mismunandi leiðir í þeim efnum.

Frumvarp þetta felur í sér tvær meginbreytingar. Annars vegar er gert ráð fyrir stofnun nýrrar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem hafa skal það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmála á sviði umhverfis- og auðlindamála. Á hin nýja nefnd meðal annars að taka við hlutverki úrskurðarnefndar í skipulags- og byggingarmálum og úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarna. Hins vegar er gert ráð fyrir að reglur um málsaðild að kærumálum sem heyra undir valdsvið nefndarinnar verði

víkkaðar verulega út, þannig að í raun muni hver sem er geta kært ákvarðanir stjórnvalda sem varða framkvæmdir og undirbúning þeirra með ýmsum hætti. Verður hér á eftir fjallað um hvorn þessara þátta fyrir sig.

Ný úrskurðarnefnd.

Í frumvarpinu er fjallað um skipan og starfshætti úrskurðarnefndarinnar. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra skipi formann, sem jafnframt er forstöðumaður, samkvæmt auglýsingu að tilteknum hæfisskilyrðum uppfylltum, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilnefni einn nefndarmann og iðnaðarráðherra einn. Gert er ráð fyrir að formaður/forstöðumaður velji eða ráði staðgengil sinn en fjórir nefndarmenn séu tilnefndir af Hæstarétti, að uppfylltum tilteknum hæfisskilyrðum.

Meiri hluti umhverfisnefndar leggur til að verulegar breytingar verði gerðar á skipan nefndarinnar. Undir sumar þær breytingar má taka, t.d. að eðlilegt sé að staðgengill formanns sé valinn með sama hætti og á sömu forsendum og formaður. Á hinn bóginn verður ekki fallist á þá breytingartillögu að fella brott tilnefningar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og iðnaðarráðherra. Ýmis mál sem heyra undir verksvið þessara ráðherra eiga að koma til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni og ekki óeðlilegt að þessir ráðherrar geti hvor fyrir sig tilnefnt einn nefndarmann með sérþekkingu á viðkomandi málaflokkum. Minnt er á að afar algengt er að úrskurðarnefndir innan stjórnsýslunnar séu skipaðar með blönduðum hætti, þ.e. sumir nefndarmenn tilnefndir af ráðherrum, aðrir af Hæstarétti, auk þess sem hagsmunaaðilar eiga oft fulltrúa í slíkum nefndum.

Varðandi hæfisskilyrði nefndarmanna getur einnig verið um ýmis álitamál að ræða, ekki síst í ljósi þess hve víðtækt verksvið nefndarinnar á að vera. Ljóst er að ekki er unnt að tryggja að meðal nefndarmanna séu sérfræðingar á öllum þeim sviðum sem til meðferðar geta komið og er því mikilvægt að árétta að nefndin verður að hafa svigrúm til að leita ráðgjafar eftir því sem við á.

Minni hlutinn vekur sérstaka athygli á því að undanfarin ár hefur málshraði hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og úrskurðarnefnd hollustuhátta og mengunarvarna verið allsendis ófullnægjandi. Skýrist það vafalaust að nokkru leyti af því fjárhagslega svigrúmi sem nefndirnar hafa haft til sinna starfa. Ekki síður er skýringa að leita í flóknu og tímafreku ferli vegna leyfisveitinga og stjórnvaldsákvarðana sem tengjast matsskyldu, skipulagsbreytingum, framkvæmdaleyfum, nýtingar-, virkjunar- og starfsleyfum auk leyfa samkvæmt ýmsum öðrum lögum (sjá fylgiskjal).

Á síðustu árum hefur sjálfstæðum stjórnsýslunefndum fjölgað mikið án þess að heildarstefnumörkun liggi að baki stofnun þeirra. Þessari þróun hefur fylgt að erfitt hefur reynst að manna stjórnsýslunefndir hæfum einstaklingum auk þess sem kostnaður við stjórnsýsluna hefur aukist og flækjustig kerfisins að sama skapi.

Erfitt er að henda reiður á þeim leikreglum sem úrskurðarnefndir starfa eftir ef frá eru talin ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og reglusetning um störf þeirra er öll mjög af skornum skammti. Fullyrða má að gæði málsmeðferðar fyrir dómstólum séu mun meiri en fyrir úrskurðarnefndum þar sem þeir starfa eftir skýrum og gegnsæjum réttarfarsreglum.

Upplýst var fyrir nefndinni að lausleg könnun hefði verið gerð á því hversu langan tíma tók að kveða upp úrskurði í þeim málum sem heyra undir þær tvær úrskurðarnefndir sem hér undir falla. Árið 2010 kvað úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála upp 72 úrskurði. Að meðaltali tók það 15½ mánuð að kveða upp úrskurð í þessum 72 málum. Það tók úrskurðarnefnd um hollustuhætti og mengunarvarnir að meðaltali 40 vikur að kveða upp úr-

skurð sinn en þess má geta að lögbundinn frestur sem nefndinni er veittur til þess er á bilinu 4–8 vikur.

Við þá skipulagsbreytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir er afar brýnt að gæta að þessum þætti, enda geta tafir á málsmeðferð fyrir nefnd af þessu tagi valdið miklum óþægindum og jafnvel beinu tjóni.

Almenn kæruaðild.

Þau nýmæli frumvarpsins sem lúta að actio popularis eða almennri málsaðild að kærumálum eru að mati minni hlutans ekki nægjanlega rökstudd. Samkvæmt núgildandi rétti eiga þeir aðild sem taldir eru eiga lögvarða hagsmuni af úrlausn máls. Jafnframt er gert ráð fyrir því að almannasamtök, þar á meðal umhverfis- og náttúruverndarsamtök, geti átt aðild að málum, að tilteknum formskilyrðum uppfylltum. Með frumvarpinu er ætlunin að víkka þessa reglu verulega út, þannig að hver sem er geti kært ákvarðanir á mörgum mikilvægum sviðum, þar á meðal ákvarðanir um matsskyldu framkvæmda, sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum og endurskoðun matsskýrslu, ákvarðanir um leyfi til framkvæmda, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og ákvarðanir um leyfi á grundvelli laga um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996.

Minni hlutinn leggst gegn þessari breytingu. Ekki hefur verið sýnt fram á að núgildandi reglur takmarki kærurétt með óeðlilegum hætti. Allir þeir sem beinna hagsmuna hafa að gæta hafa kærurétt og þar að auki margvísleg samtök sem láta þessa málaflokka sig varða. Formskilyrðin sem gerð eru til slíkra samtaka eru ekki mikil heldur byggjast eingöngu á því að sýnt sé fram á að um raunveruleg samtök með einhverja lágmarksstarfsemi sé að ræða.

Í þessu sambandi vill minni hlutinn ítreka að allar framkvæmdir sem hér undir falla eiga það sammerkt að lúta lagafyrirmælum um langt og vandað kynningar- og samráðsferli á undirbúningstíma. Í frumvarpinu er hins vegar ekki tekið tillit til þess að hugsanlegur kærandi hafi ekki látið sig málið varða á fyrri stigum. Þetta gengur í raun gegn markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum og er einnig í mótsögn við þær skýringar sem gefnar eru með 4. gr. þessa frumvarps þar sem segir að brýnt sé að ágreiningur um form eða efni ákvörðunar verði staðreyndur sem fyrst. Samkvæmt frumvarpinu getur aðili sem lætur sig engu varða mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og nýtir sér ekki lögbundinn athugasemdarétt sinn gert athugasemdir við leyfisveitingu á forsendum sem taka mátti afstöðu til í matsferli.

Í greinargerð frumvarpsins er tekið fram að við lögfestingu actio popularis megi gera ráð fyrir að kærum fjölgi til muna og hættan er sú að úrskurðarnefnd verði drekkt í kæruflóði í umdeildum málum. Hugsanlega verða afleiðingarnar þær að tugir, hundruð eða jafnvel þúsundir kæra frá einstaklingum muni berast vegna einstakra umdeildra framkvæmda í stað þess að andstæðingar þeirra taki sig saman og vinni slíkar kærur á vettvangi félaga eða samtaka. Stóraukinn kærufjöldi mun koma niður á málshraða og auka kostnað, án þess að hin umdeildu mál fái betri og vandaðri meðferð hjá úrskurðarnefndinni. Auknar heimildir til að sameina mál eða afgreiða sambærilegar kærur með sama hætti geta að einhverju leyti komið til móts við þessi sjónarmið, en það breytir þó ekki því að úrskurðarnefnd mun að öllum líkindum þurfa að fara yfir og leiða til lykta mun fleiri kærur heldur en ella. Úrskurðarnefnd er að sjálfsögðu bundin af almennum reglum stjórnsýsluréttar í þeim efnum og getur ekki leyft sér að slaka á kröfum um eðlilega málsmeðferð þótt kærufjöldinn sé mikill.

Rétt er að minna á að actio popularis er undantekning í íslenskri löggjöf og löggjöf nágrannalandanna. Á flestum sviðum er gerð krafa um lögvarða hagsmuni þegar tekin er

afstaða til aðildar að dómsmálum og málum í stjórnsýslunni. Breytingin í frumvarpinu er því á skjön við hið almenna fyrirkomulag aðildarmála í íslenskum rétti.

Jafnframt er rétt að minna á að fæst aðildarríki Árósasamningsins hafa gengið jafn langt í þessum efnum og lagt er til í frumvarpinu. Ríkin hafa að sönnu heimild til að útfæra þessar reglur með mismunandi hætti og réttarreglur og hefðir eru ekki sambærilegar milli landa að öllu leyti, en miðað við umfjöllun nefndarinnar er það aðeins í Portúgal sem actio popularis er í gildi vegna tiltekinna mála sem fjallað er um í Árósasamningnum. Í öðrum ríkjum virðist kæruaðild takmarkast við aðila sem eiga lögvarða hagsmuni eða félagasamtök, þótt skilgreiningar og útfærsla sé mismunandi. Hvað sem því líður er óumdeilt að leið frumvarpsins er afar róttæk miðað við það sem þekkist í öðrum aðildarlöndum.

Minni hlutinn telur að eðlilegt hefði verið að fara betur yfir réttarástand í öðrum löndum, ekki síst þeim löndum sem búa við líkasta löggjöf og réttarhefð, áður en jafn róttæk breyting er afgreidd. Þannig hefði til dæmis getað skipt miklu máli að átta sig á því hvers vegna norrænu ríkin hafa valið aðrar leiðir en frumvarpið gerir ráð fyrir, því vafalaust hafa tillögur af þessu tagi komið þar til umræðu á þeim tíma sem liðinn er frá undirritun Árósasamningsins.

Þá er rétt að vekja athygli á því að regla frumvarpsins gengur svo langt að hin almenna kæruaðild er ekki bundin við íslenska aðila, einstaklinga eða samtök. Nái frumvarpið fram að ganga munu einstaklingar og samtök hvaðanæva að geta kært til úrskurðarnefndar, óháð því hvort þau hafa nokkur tengsl við Ísland eða íslenska hagsmuni. Trúlega á breyting af þessu tagi sér enga fyrirmynd í íslenskri löggjöf enda almennt gert ráð fyrir því að erlendir aðilar sem hér reka mál fyrir stjórnvöldum eða dómstólum hafi einhverja lögvarða hagsmuni af úrlausn máls. Ekki liggur heldur fyrir hvort nokkurt annað aðildarríki Árósasamningsins hefur gengið svo langt og engin leið er að segja til um hvaða afleiðingar breyting af þessu tagi mun hafa í för með sér. Rík ástæða hefði verið til að nefndin fjallaði um og kannaði reynslu annarra landa og legði mat á þörfina eða afleiðingar þessarar leiðar á umhverfi, almenning, atvinnulíf og stjórnsýslu landsins.

Að lokum telur minni hlutinn rétt að vekja athygli á því að leyfisveitingar á grundvelli laga um erfðabreyttar lífverur eru sérstaklega tilgreindar meðal þeirra atriða sem almenn kæruaðild nær til. Ekki hefur komið fram að sambærileg regla gildi annars staðar í aðildarríkjum Árósasamningsins. Minni hlutinn telur þetta ákvæði frumvarpsins fremur byggjast á tortryggni og andstöðu við starfsemi af þessu tagi heldur en rökum og telur engin haldbær rök hníga til þess að leggja þurfi þennan stein í götu framþróunar á þessu sviði. Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að fullnægjandi sé að byggja kæruaðild í þessum málum á lögvörðum hagsmunum eða aðild félagasamtaka.

Minni hluti umhverfisnefndar leggst því gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Alþingi, 1. sept. 2011.

Kristján Þór Júlíusson, frsm. Birgir Ármannsson.


Leyfisferli með landsskipulagi
Landsskipulag
Alþingi
Undirbúningur framkvæmda
Umhverfismat áætlana og aðalskipulag
Almenningur
Lögbundnir umsagnaraðilar
Sveitarfélag
Umhverfisstofnun
Leyfi
Iðnaðarráðuneyti nýtingarleyfi
Umhverfisráðuneyti
Mat á umhverfisáhrifum
Álit Skipulagsstofnunar
Skipulagsferli
Rannsókna borun
Fallist á framkvæmd
Framkvæmdaleyfi og deiliskipulag
Forkönnun og undirbúningur
Sótt um rannsóknaleyfi
Iðnaðarráðuneyti
Yfirborðs-rannsóknir
Tilkynning til Skipulagsstofnunar
Ákvörðun um matsskyldu
Umhverfis-stofnun
Umhverfis-ráðuneyti
Lagst gegn framkvæmd

1837. Nefndarálit [748. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (EES-reglur o.fl.).

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá velferðarráðuneyti, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Sonju Ýri Þorbergsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ingibjörgu Úlfarsdóttur og Björgu Bjarnadóttur frá Kennarasambandi Íslands og Guðjón Axel Guðjónsson frá Samtökum atvinnulífsins. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Barnaheillum, Jafnréttisstofu, Kennarasambandi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Persónuvernd, ríkisskattstjóra, Tryggingastofnun ríkisins og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Breytingarnar eru þrenns konar. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar sem eru til komnar vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Auk lengingar á foreldraorlofi til samræmis við tilskipun Evrópusambandsins 2010/18/EB, um framkvæmd endurskoðaðs rammasamnings um foreldraorlof, er lögð til breyting á 13. gr. vegna álits Eftirlitsstofnunar EFTA þess efnis að ákvæði laganna er varða ávinnslutímabil brjóti gegn ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í öðru lagi er um að ræða breytingar sem eru til komnar vegna álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5862/2009. Þar taldi umboðsmaður að reiknireglan sem viðhöfð hefur verið varðandi viðmiðunartekjur við útreikning greiðslna úr sjóðnum væri ekki í samræmi við lög um fæðingar- og foreldraorlof. Breytingarnar miða að því að skýra frekar þá reiknireglu sem Fæðingarorlofssjóður hefur viðhaft við framkvæmd laganna. Í þriðja lagi eru svo lagðar til ýmsar breytingar á lögunum meðal annars í því skyni að skýra betur tiltekin ákvæði sem þótt hafa óskýr við framkvæmd laganna og tryggja betur rétt fólks.

Nefndin hefur fjallað um málið. Þau atriði sem hlutu mesta umfjöllun voru breytingar sem rekja má til framangreindra ábendinga Eftirlitsstofnunar EFTA, breytingar á ákvæðum er varða viðmiðunartekjur við útreikning greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði, framsal réttar til töku fæðingarorlofs við andlát annars foreldris og lenging foreldraorlofs.

Meiri hlutinn fagnar lengingu á foreldraorlofi. Orlofið hefur verið lítið notað hér á landi og þó svo að margvíslegar ástæður kunni að liggja baki því telur nefndin mikilvægt að kynna foreldrum þann rétt sem þeir hafa til töku slíks orlofs. Þá telur meiri hlutinn margar af þeim breytingum sem lagðar eru til jákvæðar og til frekari skýringar á ákvæðum laganna. Meiri hlutinn telur m.a. jákvætt að nú sé gert ráð fyrir því að heimilt verði að miða töku fæðingarorlofs hjá foreldrum sem ættleiða barn eða taka í varanlegt fóstur við komu barns inn á heimilið þegar um er að ræða reynslutíma áður en til ættleiðingar eða varanlegs fósturs kemur. Þegar foreldrar ættleiða barn frá öðrum löndum eða taka við barni í varanlegt fóstur er algengt að kveðið sé á um reynslutíma í samningum um ættleiðingu. Samkvæmt gildandi lögum hafa foreldrar þurft að taka sér launalaust leyfi meðan á reynslutíma stendur en hér er ráðin bót á því.

Eftirlitsstofnun EFTA gerði athugasemdir við ákvæði 11. mgr. 13. gr. laganna og taldi það brjóta gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og reglugerð nr. 1408/71/EBE, um

beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra. Ákvæði 11. mgr. setur það skilyrði að foreldri þurfi að hafa verið þátttakandi á innlendum vinnumarkaði, a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili, áður en til samlagningar starfstímabila foreldris í öðrum aðildarríkjum geti komið. Meiri hlutinn ræddi þetta mál ítarlega en samkvæmt frumvarpinu er lagt til að hafi foreldri starfað skemur á innlendum vinnumarkaði skuli Vinnumálastofnun meta hvort það teljist hafa starfað á innlendum vinnumarkaði þannig að taka skuli tillit til starfstíma í öðru aðildarríki. Meiri hlutinn áréttar að breytingin felst í því að Vinnumálastofnun meti hvert tilvik fyrir sig í samræmi við lögin. Auk þess leggur meiri hlutinn áherslu á að mikilvægt er að koma í veg fyrir misnotkun á fæðingarorlofskerfinu og því eðlilegt að ekki skapist sjálfkrafa réttur til greiðslna eftir styttri tíma á innlendum vinnumarkaði en einn mánuð.

Í a-lið 3. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 5. mgr. 13. gr. laganna sem varðar útreikning á ávinnslutímabili vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Í athugasemdum við ákvæðið eru breytingunni gerð greinargóð skil og tekin dæmi til skýringar. Meiri hlutinn ræddi þann möguleika að miða ávallt við laun fyrir fullt starf þegar foreldri hefði tekið 50% fæðingarorlof samhliða 50% launalausu leyfi á viðmiðunartíma. Slík regla mundi þó skapa ójafnræði við þá foreldra sem eru t.d. í 50% starfi og launalausu námsleyfi eða hafa minnkað við sig starfshlutfall niður í 50% af einhverjum ástæðum. Nefndin bendir á að aðstæður foreldra eru margvíslegar og mikilvægt að sama reglan gildi um útreikning tekna á viðmiðunartímabili. Það er meginregla við útreikning hjá Fæðingarorlofssjóði að launalaust leyfi á viðmiðunartímabili reiknast sem slíkt. Nefndin telur þá breytingu sem um ræðir tryggja jafnræði með foreldrum og lögfesta þá meginreglu.

Í c-lið 1. gr. er lögð til breyting á 8. mgr. 8. gr. Breytingunni er ætlað að samræma tímamark vegna framsals réttinda við andlát annars foreldris yfir til hins. Í ákvæðinu er kveðið á um að ef foreldri andast áður en barn nær 18 mánaða aldri færist sá réttur sem hinn látni hafði ekki nýtt sér yfir til hins foreldrisins. Þegar um ættleiðingu eða varanlegt fóstur er að ræða er aftur á móti miðað við 36 mánuði frá því að barn kom inn á heimili. Þar er vísað til réttar til fæðingarorlofs en hann fellur niður 36 mánuðum eftir fæðingu barns eða eftir að barn kom inn á heimili ef um ættleiðingu eða varanlegt fóstur er að ræða. Meiri hlutinn telur mikilvægt að sama regla gildi um framsal réttinda hvort sem um er að ræða fæðingu, ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Meiri hlutinn telur þó eðlilegra að miða við 36 mánuði en ekki 18 mánuði. Hafi foreldri ætlað sér að fresta töku fæðingarorlofs en andast þegar barn er tveggja ára, eða tveimur árum eftir að það var ættleitt eða tekið í varanlegt fóstur, fær hitt foreldrið samkvæmt frumvarpinu ekki ónýttan rétt til fæðingarorlofs framseldan. Meiri hlutinn telur mikilvægt að samræmi sé á milli ákvæðanna um rétt til fæðingarorlofs og framsal við andlát foreldris og leggur því til breytingu á þessu. Þessu til samræmis leggur meiri hlutinn til breytingu á sambærilegu ákvæði er varðar framsal á ónýttum rétti til fæðingarorlofs sé foreldri ófært um að annast barn sitt vegna sjúkdóms, afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar.

Í 4. gr. frumvarpsins er ranglega vísað til viðmiðunarfjárhæðar fjármálaráðherra á reiknuðu endurgjaldi. Hið rétta er að það er ríkisskattstjóri sem ákveður þessa fjárhæð, skv. 3. málsl. 1. mgr. 58. gr. tekjuskattslaga, nr. 90/2003, og leggur meiri hlutinn til breytingu þessu til leiðréttingar.

Auk þeirra breytinga sem nefndar hafa verið leggur meiri hlutinn til breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins og leggur til að lögin öðlist þegar gildi fyrir utan sérreglu sem gildir um gildistöku breytinga á foreldraorlofi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi:

BREYTINGUM:

1. Í stað c-liðar 1. gr. komi þrír nýir stafliðir er orðist svo:
   c. Í stað orðanna „18 mánaða aldri“ í 1. málsl. 8. mgr. kemur: 36 mánaða aldri.
   d. Í stað orðanna „tímamark 5. mgr. um brottfall réttinda“ í 2. málsl. 8. mgr. kemur: 36 mánuði eftir að barn kom inn á heimilið.
   e. Í stað orðanna „18 mánuðunum“ í 1. og 2. málsl. 9. mgr. kemur: 36 mánuðunum.
2. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í a-lið 4. gr. komi: ríkisskattstjóra.
3. 1. mgr. 16. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og eiga við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða eru tekin í varanlegt fóstur eftir gildistöku laga þessara.

Jónína Rós Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. sept. 2011.

Guðrfíður Lilja Grétarsdóttir, form., frsm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Guðmundur Steingrímsson.

Þórunn Sveinbjarnardóttir. Lilja Rafney Magnúsdóttir.

1838. Frumvarp til laga [898. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 14. gr. laganna:

a. Við 6. tölul. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sama gildir um sölu á rafrænni útgáfu slíkra bóka. Sama gildir um sölu á geisladiskum og öðrum sambærilegum miðlum með bókartexta.
b. Við 10. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um stafræna dreifingu slíkrar tónlistar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó skal aðili með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis sem selur rafrænt afhenta þjónustu skv. d-lið 10. tölul. 1. mgr.

12. gr. til aðila sem er ekki skráður skv. 5. gr. og er heimilisfastur eða með fasta starfsstöð hér á landi innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri þjónustu hér á landi. Þjónusta þessi telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð. Seljandi skal ótilkvaddur tilkynna starfsemi sína rafrænt á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Aðilar sem selja rafrænt afhenta þjónustu fyrir 1.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili skulu undanþegnir skattskyldu.

b. Í stað orðsins „Kaupandi“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Aðili.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

3. gr.

Eftirfarandi tollskrárnúmer falla brott úr E-lið viðauka I við lögin: 8519.8100, 8521.9029, 8543.7001.

III. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

4. gr.

A-tollur tollskrárnúmeranna 8519.8100, 8521.9029 og 8543.7001 í viðauka I við lögin verður 0%.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2011.

Greinargerð.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á virðisaukaskattslögum, lögum um vörugjald og tollalögum. Í fyrsta lagi er lagt til að útgáfa rafrænna bóka og stafræn dreifing tónlistar sem og sala á geisladiskum og öðrum sambærilegum miðlum með bókartexta verði skattlögð í neðra þrepi virðisaukaskattsins. Í annan stað er lagt til að erlendum þjónustuaðilum sem veita rafræna þjónustu hér á landi beri að innheimta og skila virðisaukaskatti af sölunni enda sé kaupandinn ekki á virðisaukaskattsskrá hérlendis. Loks er lagt til að almennir tollar og vörugjöld falli brott af ýmiss konar raftækjum, þ.m.t. afspilunartækjum.

Við undirbúning málsins voru undanþáguheimildir 2. tölul. 4. gr. laga um virðisaukaskatt einnig ræddar og kom þá m.a. til tals að fjölga þeim tegundum listaverka sem undir ákvæðið falla og færa þar undir fleiri listgripi sem framleiddir eru í takmörkuðu upplagi. Kom fram að dönsk lög væru að þessu leyti hagstæðari en hin íslensku og að fjármálaráðuneytið væri reiðubúið að skoða breytingar í þá átt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sala rafrænna bóka beri sama virðisaukaskatt og bækur sem nú uppfylla skilyrði 6. tölul. 14. gr. virðisaukaskattslaga. Þar segir að sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, sem og hljóðupptaka af lestri slíkra bóka sé skattlögð með 7% virðisaukaskatti. Frumvarpið gerir ráð fyrir að rafrænar bækur séu að efni til sambærilegar og bækur í skilningi nefnds lagaákvæðis, þ.e. innihaldi bókartexta, en að munurinn felist í miðlunaraðferðinni. Með rafrænni útgáfu er átt við að afhending bókar fer fram í formi rafrænnar þjónustu hvort sem um er að ræða niðurhal af vefnum, vefáskrift eða annað.

Í framkvæmd ríkisskattstjóra hafa mótast ákveðnar viðmiðanir um flokkun prentaðs efnis sem getur verið vandasöm. Samkvæmt upplýsingum úr fjármálaráðuneyti tekur 7% skatthlutfallið í dag almennt ekki til bóka án texta í meginmáli. Undir lægra skatthlutfallið falla þó myndabækur með íslenskum texta, t.d. barnabækur og listaverkabækur og aðrar slíkar bækur þó að texti sé ekki stórvægilegur. Það sama gildir um nótnabækur enda sé texti með nótunum. Undir 7% skatthlutfallið falla enn fremur landabréfabækur, atlasar og kort sem hafa að geyma þematískar upplýsingar, t.d. upplýsingar um veðurfar, jarðfræði, hafstrauma, sólkerfi eða sambærilegar bækur.

Rafræn þjónusta er í eðli sínu alþjóðleg og telja sumir að tillaga frumvarpsins um að skattleggja tilgreinda rafræna þjónustu í neðra þrepinu en aðra ekki samræmist illa tilhneigingu ríkja til að samræma reglur sínar á alþjóðavettvangi um milliríkjaviðskipti. Þess vegna, meðal annars, hefur gætt tregðu við að færa skattprósentu virðisaukaskatts á rafrænar bækur (óáþreifanlegar) til jafns við ritaðar bækur (áþreifanlegar). Auk þess hefur verið bent á að torvelt geti verið að aðgreina sölu rafrænna bóka frá annarri rafrænni þjónustu. Á móti vega sjónarmið af menningarlegum og samkeppnislegum toga sem aðrir telja vega þyngra eins og nánar er gerð grein fyrir í frumvarpi Marðar Árnasonar o.fl. um svipað efni og efnahags- og skattanefnd hefur haft til umfjöllunar (þskj. 741, 451. mál.).

Í annan stað er í frumvarpinu lagt til að sala geisladiska og annarra áþreifanlegra miðla með bókartexta verði færðir úr almennu skattþrepi í virðisaukaskatti í lægra þrep. Skatthlutfall virðisaukaskatts á þessum vörutegundum færi þannig úr 25,5% í 7%. Undanþágan tekur einungis til áþreifanlegra vara, svo sem geisladiska, minnislykla og annarra sambærilegra miðla. Þá er einnig áskilið að efni miðilsins sé bókartexti í þeim skilningi sem hefur verið lagður í það hugtak í virðisaukaskattsframkvæmd.

Í þriðja lagi er lögð til samsvarandi breyting og að framan greinir varðandi sölu tónlistar, sbr. 10. tölul. 2. mgr. 14. gr. Er lagt til að stafræn dreifing tónlistar verði færð í neðra virðisaukaskattsþrepið. Breytingin er lögð til að fengnum athugasemdum frá Bandalagi íslenskra listamanna og fleiri aðilum.

Í dag eru helstu aðferðir til stafrænnar miðlunar á tónlist fólgnar í niðurhali annars vegar og streymi hins vegar. Á heimasíðu STEF (Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar) er niðurhal tónlistar talið vera það þegar vefsíða býður upp á að hlaða niður og vista á tölvum notenda eintök tónverka á netinu. Streymi á tónlist á sér stað þegar hlustað er á tónlist í gegnum internetið án þess að henni sé hlaðið niður á tölvu notanda eða annað móttökutæki og þá án þess að búið sé til nýtt eintak af tónlistinni nema þá tímabundið á meðan á streyminu stendur.

Um 2. gr.

Lögð er til breyting samhljóða þeirri sem lögð var til í 10. gr. frumvarps fjármálaráðherra um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrr á þessu þingi (þskj.1465, 824. mál.), sbr. nú lög nr. 73/2011. Við þinglega meðferð frumvarpsins lagði meiri hluti efnahags- og skattanefndar til að greinin yrði felld brott þar sem ekki hefði gefist nægur tími til að fjalla um ákvæðið en um leið lýsti meiri hlutinn sig reiðubúinn til að fjalla um málið á komandi hausti. Ákvæðið gerir ráð fyrir að erlendir söluaðilar rafrænnar þjónustu innheimti og skili virðisaukaskatti af sölu til óskattskyldra aðila hér á landi, þ.e. kaupandi er í því tilviki ekki skráður á virðisaukaskattsskrá. Tilgangur ákvæðisins er að jafna samkeppnisstöðu íslenskra og erlendra aðila sem selja rafræna þjónustu hér á landi og í annan stað að auka tekjur ríkissjóðs. Frumvarpið gerir

ráð fyrir því að almennar reglur virðisaukaskattslaga gildi um framkvæmdina. Um nánari skýringar vísast til frumvarps fjármálaráðherra.

Um 3. og 4. gr.

Lagt er til að almennir tollar og vörugjöld af þremur tollflokkum falli niður. Breytingunni er fyrst og fremst ætlað að leiðrétta tiltekið misræmi í skattlagningu á afspilunartækjum sem sum hver eru gædd eiginleikum tölvu sem hvorki ber tolla né vörugjöld. Athygli skal þó vakin á að fleiri vörutegundir en afspilunartæki falla undir þau tollskrárnúmer sem hér um ræðir og má um það vísa til tollskrárinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóra hafa tekjur ríkissjóðs af þeim númerum sem um ræðir verið u.þ.b. 100 millj. kr. að meðtöldum virðisaukaskatti sem leggst ofan á vörugjöld og tolla. Aftur á móti gæti breytingin haft í för með sér jákvæð áhrif á innlenda sölu þess búnaðar sem um ræðir.

Fram hefur komið við umfjöllun um þessa tillögu að innan fjármálaráðuneytisins hafi að undanförnu og í samvinnu við tollstjóra og Samtök verslunar og þjónustu verið unnið að heildargreiningu á vörugjaldskerfinu í því skyni að gera kerfið einfaldara, gagnsærra og sanngjarnara.

Um 5. gr.

Ákvæðið fjallar um gildistöku. Lagt er til að ákvæði taki gildi 1. nóvember 2011 eða í upphafi þess uppgjörstímabils á virðisaukaskatti sem er á gjalddaga 5. febrúar 2012.

1839. Svar [553. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um afskriftir í fjármálakerfinu.

Fjármálaeftirlitið, og eftir atvikum Seðlabanki Íslands, safna upplýsingum frá eftirlitsskyldum aðilum í samræmi við þau eftirlitshlutverk sem þessum stofnunum eru falin og fór ráðuneytið fram á að Fjármálaeftirlitið tæki saman svör við fyrirspurninni eftir því sem tök væru á. Er í svarinu byggt á upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu. Stofnunin vekur athygli á að fyrir árin 2006–2008 eru tölur frá tveimur stærstu bönkunum en fyrir árin 2009–2010 eru tölur frá þremur stærstu bönkunum. Enn fremur lætur stofnunin þess getið að upplýsingunum beri að taka með þeim fyrirvara að bankarnir kunni að gefa sér mismunandi forsendur við útreikning á afskriftum.

1. *Hverjar hafa verið árlegar heildarafskriftir í fjármálakerfinu sl. 5 ár?*

2006	5.936.470.579
2007	2.428.244.642
2008	6.076.101.998
2009–2010	503.296.561.150

2. *Hversu miklar voru þessar afskriftir hjá lögaðilum annars vegar og einstaklingum hins vegar?*

	Einstaklingar	Lögaðilar
2006	2.070.851.902	3.865.618.677
2007	943.489.263	1.484.755.379
2008	1.175.266.550	4.900.835.448
2009–2010	22.412.922.613	480.884.638.537

3. *Hvernig skiptust afskriftirnar á milli fyrirtækja og einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar?*

	Lögaðilar höfuðborgar-svæðið	Einstaklingar höfuðborgar-svæðið	Lögaðilar landsbyggðin	Einstaklingar landsbyggðin	Óflokkað lögaðilar	Óflokkað einstaklingar
2006	2.332.091.950	1.118.507.113	809.916.738	433.343.391	723.609.989	519.001.398
2007	944.847.312	496.400.824	427.109.359	232.724.977	112.798.708	214.363.462
2008	3.093.793.914	651.485.281	438.065.943	190.941.820	1.368.975.591	332.839.449
2009–2010	440.106.840.336	14.528.944.569	24.442.686.666	3.718.442.462	16.335.111.535	4.165.535.582

4. *Hvernig skiptust afskriftirnar á milli helstu atvinnugreina og hverjar voru þessar afskriftir sem hlutfall af heildarútlánum til viðkomandi atvinnugreina?*

	Byggingastarfsemi	Verslun	Sjávarútvegur/ fiskveiðar/vinnsla	Fasteignafélög/ fasteignaviðskipti
2006	204.463.503	619.504.916	338.867.899	271.291.208
2007	100.060.225	138.208.565	19.693.794	18.186.212
2008	349.233.725	1.418.864.527	170.965.857	181.879.013
2009–2010	25.293.365.239	29.589.588.857	10.529.116.789	34.536.814.023

	Þjónusta, fjármft., samg. og flutningur	Iðnaður/landbún./ matvælaiðnaður	Annað	Samtals
2006	624.980.719	457.389.269	1.349.121.163	3.865.620.683
2007	397.865.660	220.979.214	589.761.709	1.484.757.386
2008	321.076.657	139.250.192	2.319.565.477	4.900.837.456
2009–2010	19.566.282.944	15.583.528.024	345.783.448.333	480.882.144.209

Því miður fékkst ekki svar við seinni hluta spurningarinnar um hverjar voru afskriftir sem hlutfall af heildarútlánum til viðkomandi atvinnugreina.

1840. Nefndarálit [711. mál]

um frv. til l. um ökutækjatryggingar.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Kára Kárason, Kjartan Gunnarsson og Þóru Hjaltested frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Ólaf Lúther Einarsson, Vigdísi Halldórsdóttur og Valgeir Pálsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Jónas Guðmundsson sýslumann, Dagnýju Jónsdóttur og Mörtu Jónsdóttur frá Umferðarstofu og Eyjólf Sæmundsson frá Vinnueftirlitinu. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Árna Davíðssyni, Fjármálaeftirlitinu, Landssamtökum hjólreiðamanna, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóra, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum fjármálafyrirtækja, sýslumanninum í Bolungarvík, Umferðarstofu, Vegagerðinni, Viðskiptaráði Íslands og Vinnueftirlitinu.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um ökutækjatryggingar verði í sérstökum lögum sem komi í stað XIII. kafla umferðarlaga. Samgöngunefnd Alþingis hefur á þessu þingi haft til umfjöllunar frumvarp samgönguráðherra til nýrra umferðarlaga (495. mál). Frumvarp þetta byggist á tillögum nefndar sem skilaði þáverandi viðskiptaráðherra tillögum sínum 9. júlí 2009. Drög að frumvarpi voru auglýst á heimasíðu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins en frumvarpið hefur tekið nokkrum breytingum frá því að nefndin skilaði tillögum sínum bæði vegna athugasemda sem bárust ráðuneytinu og vegna þess að Evrópusambandið hefur gefið út nýja tilskipun um ökutækjatryggingar, nr. 103/2009/EB. Ráðgert er að taka tilskipunina upp í EES-samninginn nú í haust.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að lögmælt ábyrgðartrygging skuli gilda í aðildarríkjum, þ.e. ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, á grundvelli eins og sama iðgjalds. Einnig er kveðið á um að vátrygging skuli veita þá vátryggingarvernd í hverju aðildarríki sem mælt er fyrir um í löggjöf þess ríkis eða þá vernd sem íslensk löggjöf mælir fyrir um ef sú vernd er víðtækari. Með greininni er 14. gr. tilskipunarinnar innleidd.

Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér eru þær að gildissvið reglna um skaðabótaábyrgð og vátryggingarskyldu er rýmkað þannig að það nái til ökutækja eins og þau eru skilgreind í tilskipuninni. Einnig er lagt til að ýmis ákvæði verði lögfest sem nú eru í reglugerð. Lögð eru til sterkari og hraðvirkari úrræði vegna óvátryggðra ökutækja og lögð til rýmkun á reglum um fyrningu krafna.

Það helsta sem um var rætt í nefndinni var eftirfarandi:

Skráningarskylda sem forsenda eftirlits.

Bent var á að til að hægt væri að hafa eftirlit með því að ökutæki væru vátryggð þyrfti að skrá þau. Leggur meiri hlutinn því til að við frumvarpið bætist ný grein þess efnis að ökutæki samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins skuli skráningarskyld og verður Umferðarstofu falið að annast skráningu og ákveða skilyrði hennar. Þau ökutæki sem eru einnig skilgreind sem vinnuvél samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og heilbrigði á vinnustöðum, nr. 46/1980, skulu jafnframt skráð hjá Vinnueftirliti ríkisins, sbr. 49. gr. þeirra laga. Markmið breytingarinnar er að tryggja að þau ökutæki sem er skylt að ábyrgðartryggja séu skráningarskyld en skráning er forsenda þess að unnt sé að hafa eftirlit með því að vátrygg-

ingarskyldan sé uppfyllt. Einnig var um það rætt við umfjöllun um málið að réttlætanlegt gæti verið að undanskilja tilteknar tegundir ökutækja vátryggingarskyldu. Má þar nefna sem dæmi rafknúna hjólastóla og sérstakar tegundir vinnuvéla sem ekki eru notaðar í almennri umferð. Er því lögð til breytingartillaga við 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins þess efnis að ráðherra geti undanþegið tilteknar tegundir ökutækja skráningar- og vátryggingarskyldu.

Til einföldunar er lagt til að í 3. gr. frumvarpsins verði hugtökin aðildarríki og umráðamaður skilgreind en þetta leiðir til nokkurra afleiddra breytinga á frumvarpinu. Enn fremur er bætt við skilgreiningu á hugtakinu almenn umferð enda vísað til þess í breytingartillögu meiri hlutans við 8. gr. frumvarpsins.

Ábyrgðartrygging ökutækja.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er skyldutrygging ökutækja tvíþætt; annars vegar ábyrgðartrygging skv. 7. gr. frumvarpsins (88. gr. gildandi umferðarlaga) og hins vegar slysatrygging ökumanns og eiganda skv. 8. gr. (92. gr. gildandi umferðarlaga). Í ábyrgðartryggingunni felst að sá sem ber ábyrgð á ökutæki skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Skv. 6. gr. frumvarpsins ber eigandi/umráðamaður ábyrgð á ökutækinu og er fébótaskyldur skv. 4. og 5. gr. en fébótaskyldan getur þó færst yfir á þann sem notar ökutæki í algeru heimildarleysi. Sá sem ber ábyrgð á ökutæki ber ábyrgð án sakar (hlutlæg ábyrgð) sem þýðir að ábyrgð fellur á hann án tillits til þess hvort hann hefur sýnt af sér saknæma eða ólögmæta háttsemi.

Slysatrygging ökumanns og eiganda.

Ábyrgðartryggingin bætir tjón þriðja manns en í 8. gr. er mælt fyrir um sérstaka slysatryggingu ökumanns og eiganda. Ákvæði um slysatryggingu ökumanns og eiganda var fyrst lögfest með gildandi umferðarlögum og er 8. gr. frumvarpsins að mestu samhljóða 92. gr. þeirra. Tilgangur ákvæðisins er að veita ökumanni bætur vegna slyss sem hann verður fyrir jafnvel þótt hann sjálfur beri ábyrgð á slysinu. Með lögum nr. 32/1998 var 92. gr. skýrð frekar og má þar nefna þrennt: Bótasvið ákvæðisins var tengt notkunarhugtaki ábyrgðartryggingarinnar, lagt var til að kveðið yrði á um að tryggingin næði ekki til ökumanns sem notar ökutæki í algeru heimildarleysi og auk þess var slysatryggingin einnig látin ná til vátryggingartaka sem slasast sem farþegi í eigin ökutæki eða á annan hátt af völdum eigin ökutækis.

Nokkuð var rætt um það í nefndinni við hvaða kringumstæður slysatrygging ökumanns og eiganda ætti að gilda. Bent var á að frá því að gildandi umferðarlög öðluðust gildi hafi tegundum ökutækja fjölgað mikið, svo sem ökutækjum sem eru notuð í tómstundum og frístundum en ekki sem hefðbundin samgöngutæki. Vakin var athygli á því að notkun slíkra tækja mætti jafna við notkun á t.d. bátum og svifdrekum og væri vandséð hvaða rök lægju á bak við það að notendur slíkra ökutækja nytu svo víðtækrar vátryggingarverndar á grundvelli gildandi 92. gr. umferðarlaga en ekki þeir sem nota ýmis önnur tæki í tómstundum. Ökutæki þessi voru ekki höfð í huga þegar ákvæði um slysatryggingu ökumanns og eiganda var fyrst lögfest en þá var gengið út frá ökutækjum sem eru notuð í almennri umferð, þ.e. fólksbifreiðar, hópferðabifreiðar, vöru- og sendibifreiðar og bifhjól. Síðar hafa bæst við margar tegundir ökutækja sem mörg hver eru bæði notuð í almennri umferð og t.d. í leikjum og keppni. Meiri hlutinn tekur undir framangreind sjónarmið um að ekki sé eðlilegt að skyldutrygging skv. 8. gr. frumvarpsins gildi þegar ökutæki er notað í tómstundum sem e.t.v. felur í sér áhættutöku, svo sem í leik eða keppni, oft á þar til gerðum svæðum. Öðru máli

gegni hins vegar um notkun sama ökutækis sem samgöngutækis í almennri umferð. Meiri hlutinn leggur því til viðbót við 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins þess efnis að hún nái aðeins til ökumanns sem stjórnar ökutæki í almennri umferð. Með almennri umferð er átt við meðferð ökutækja og aðra umferð á vegum sem eru opnir almenningi og er hugtakið skilgreint í breytingartillögu við 3. gr. frumvarpsins í samræmi við skilgreiningu frumvarps til nýrra umferðarlaga. Þá leggur meiri hlutinn til að við 2. mgr. 24. gr. bætist heimild fyrir efnahags- og viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um slysatryggingu ökumanns og eiganda annarra ökutækja en þeirra sem eru tilgreind í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins en mælt er fyrir um að tryggingin skuli þó aldrei taka til notkunar ökutækisins við leik, æfingar, keppni eða aðra sambærilega áhættu. Við umfjöllun í nefndinni var um það rætt að breytingin mundi væntanlega hafa áhrif til lækkunar á iðgjöldum þeirra ökumanna sem einungis aka um í almennri umferð en upplýst var fyrir nefndinni að iðgjöld ökumanna í áhættuakstri eru lægri en útgjöld vegna tjóna í þeim flokki og hefur fyrrnefndi hópurinn því borið hluta þeirra með hækkuðum iðgjöldum. Fram kom fyrir nefndinni að ökumönnum umræddra ökutækja, svo sem torfæruhjóla, torfærubíla og keppnisbifhjóla stæði áfram til boða að kaupa slysatryggingu ökumanns.

Lögveðsréttur vegna vátryggingariðgjalds.

Í 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um það nýmæli að vátryggingariðgjald njóti lögveðsréttar í ökutækinu til að heimilt sé að krefjast nauðungarsölu á því án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Verðmæti ökutækja rýrnar hratt og lögveðsréttur veitir handhafa hans sterka heimild til að fá kröfu sína fullnustaða. Meiri hlutinn leggur því til viðbót við greinina þannig að lögveðsrétturinn takmarkist við eitt ár til að skerða ekki réttindi síðari veðhafa enn frekar.

Í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins er lagt til að vátryggingafélag skuli senda tilkynningu um lok vátryggingar til Umferðarstofu. Í 3. mgr. sömu greinar er kveðið á um að tilkynning skv. 1. mgr. verði ekki gefin svo gilt sé ef vátrygging er upphaflega tekin vegna annars ökutækis og vanskil stafa frá tíma áður en vátrygging var færð yfir á nýtt ökutæki. Við umfjöllun um málið í nefndinni var bent á að það tíðkist ekki lengur að ökutækjatryggingar séu færðar milli ökutækja heldur sé stofnuð ný trygging í hvert sinn. Meiri hlutinn leggur því til að 3. mgr. 11. gr. verði felld brott.

Ótryggð ökutæki í umferð.

Í 11. gr. er lagt til að kveðið verði á um reglur um lok vátryggingar og vanskil en slíkar reglur eru ekki í XIII. kafla umferðarlaga. Vátryggingafélag skal, skv. 1. mgr. 11. gr., senda Umferðarstofu tilkynningu um lok vátryggingar þegar eftir að hún fellur úr gildi. Hér er um nýmæli að ræða en í reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar er mælt fyrir um að slík tilkynning skuli send þremur mánuðum eftir gjalddaga iðgjalds. Í 12. gr. er mælt fyrir um úrræði vátryggjanda þegar vanrækt er að greiða iðgjöld. Í greininni felst það nýmæli að Umferðarstofa fær heimild til að kyrrsetja eða fjarlægja ökutæki á kostnað eiganda/umráðamanns en hún gæti einnig falið viðkomandi vátryggingafélagi eða öðrum aðila verkefnið. Eiganda/umráðamanni skal tilkynnt um kyrrsetningu eða flutning ökutækis og gefinn kostur á að greiða iðgjaldið sem er í vanskilum. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að þau úrræði sem fram að þessu hafa staðið til boða, að fjarlægja skráningarnúmer óvátryggðra ökutækja, hafi ekki virkað sem skyldi. Erfitt getur reynst að hafa uppi á eiganda/umráðamanni eða sjálfu ökutækinu auk þess sem lögregla á þess oft ekki kost að sinna þessu verkefni.

Þegar lögboðin vátrygging vegna ökutækis er ekki í gildi greiða Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. bætur vegna tjóns sem rekja má til hins óvátryggða ökutækis en öllum tryggingafélögum á Íslandi er skylt að vera aðilar að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum. Um háar fjárhæðir getur verið að ræða og geta útgjöld vegna óvátryggðra ökutækja leitt til hækkunar á iðgjöldum þeirra sem hafa sín ökutæki vátryggð. Ótækt er að þeir sem hafa sín ökutæki vátryggð, þ.e. meiri hluti ökutækjaeigenda, skuli þurfa að greiða hærri iðgjöld vegna þess kostnaðar sem lendir á vátryggingafélögum við að standa undir greiðslu bóta til þeirra sem hafa orðið fyrir tjóni af völdum óvátryggðra ökutækja. Fram kom við umfjöllun um málið í nefndinni að líklega væru hátt í sjö þúsund ökutæki óvátryggð en þar af væru um 1.500 dráttarvélar.

Vantryggingagjald.

Mikið var fjallað um 12. gr. við meðferð málsins í nefndinni, einkum út frá kröfum um öryggi í umferðinni. Meiri hlutinn leggur til talsverðar breytingar á ákvæðinu sem felast í því að þegar Umferðarstofu berst tilkynning um að vátrygging ökutækis sé fallin úr gildi þá skuli leggja á mánaðarlegt gjald, svokallað vantryggingagjald. Fjárhæð þess getur numið allt að 25.000 kr. á mánuði, það skal ekki lagt á oftar en 10 sinnum og skal gjaldið njóta lögveðs í ökutækinu, sbr. 11. gr. frumvarpsins, og fjárnámsréttar hjá eiganda (umráðamanni) ökutækis án undangengins dóms eða sáttar. Gert er ráð fyrir því að ákvarða skuli fjárhæð gjaldsins eftir gerð og búnaði ökutækja. Má þar vísa til reglugerðar nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja þar sem ökutæki eru flokkuð. Gjaldið mun því vera hæst fyrir stærstu og þyngstu ökutækin en lægra fyrir þau minni, svo sem fólksbifreiðar. Einnig er gert ráð fyrir því að í ákveðnum tilvikum verði heimilt að lækka gjaldið um 50%. Í 4. mgr. er kveðið á um að leggja megi bann við notkun ökutækis falli vátrygging úr gildi. Eiganda (umráðamanni) skal, skv. 5. mgr., send tilkynning með sannanlegum hætti um álagningu vantryggingagjalds og réttaráhrif hennar og eftir atvikum um bann við notkun ökutækis. Veita skal frest í 14 daga frá birtingu til að greiða áfallin gjöld eða skrá ökutækið úr umferð. Sé ökutækið skráð úr umferð má fresta frekari innheimtuaðgerðum en ella er heimilt að óska nauðungarsölu á ökutækinu, hefja aðrar aðgerðir til innheimtu eða hefja aðgerðir til að aftra notkun ökutækisins. Í 8. mgr. er kveðið á um heimild til að birta opinberlega tilkynningu um þau ökutæki sem hafa sætt álagningu vantryggingagjalds hafi ekki tekist að birta viðkomandi tilkynningu um álagningu vantryggingagjalds skv. 5. mgr. Í lokamálsgrein 12. gr. er ráðherra veitt heimild til að fela öðru stjórnvaldi álagningu og innheimtu gjaldsins.

Aukið umferðaröryggi.

Vegna framangreindra breytinga við 12. gr. frumvarpsins er lagt til að 23. gr. falli brott og auk þess er lögð til viðbót við 1. mgr. 24. gr. þar sem ráðherra er falið að setja reglugerð um vantryggingagjaldið. Í reglugerðinni yrði mælt fyrir um málsmeðferð, svo sem hver annist álagningu gjaldsins og innheimtu, fjárhæð þess eftir gerð og búnaði ökutækja og um skil þess í ríkissjóð.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um markmið frumvarpsins. Þar segir í 1. mgr. að markmið laganna sé aukið umferðaröryggi og að í gildi sé ábyrgðartrygging vegna ökutækja. Þá er í 2. mgr. mælt fyrir um það markmið að tryggja að þeir sem vátryggingarskylda beinist að hafi í gildi vátryggingu til að lágmarka kostnað sem lendir ella á þeim sem hafa slíka vátryggingu. Meiri hlutinn áréttar að helsta markmiðið með breytingum á 12. gr. lýtur að því að auka öryggi með því að fækka óvátryggðum ökutækjum í umferðinni. Oft eru óvátryggð

ökutæki einnig óskoðuð en hafi eigandi/umráðamaður ökutækis látið hjá líða að færa ökutæki sitt til lögmæltrar skoðunar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja má leggja á hann svokallað vanrækslugjald. Vanrækslugjaldið var fyrst lagt á 1. apríl 2009 og var þá lagt á um 5.600 ökutæki. Meiri hlutinn vonast til þess að það fyrirkomulag sem felst í breytingartillögu hennar við 12. gr. muni leiða til þess að óvátryggðum ökutækjum í umferðinni fækki þannig að iðgjöld þeirra sem eru tryggðir lögmæltum vátryggingum lækki.

Önnur ákvæði.

Í 2. mgr. 18. gr. er kveðið á um að vátryggingafélag eigi endurkröfurétt á hendur hverjum þeim sem hefur valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Skv. 13. gr. frumvarpsins bera vátryggingafélög ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til mánuður er liðinn frá því að félagið sendi Umferðarstofu tilkynningu um að tryggingin sé fallin úr gildi. Meiri hlutinn leggur til að vátryggingafélög eigi einnig endurkröfurétt í þeim tilvikum sem tjón hefur verið greitt eftir að vátrygging er fallin niður skv. 13. gr.

Áður hefur verið getið um breytingartillögur meiri hlutans við 24. gr. Í 1. mgr. 24. gr. er mælt fyrir um skyldu ráðherra til að setja reglugerð en í 2. mgr. er kveðið á um heimild hans til að setja reglugerð. Til að draga saman tillögur til breytinga á ákvæðinu lagt til að a-liður 1. mgr. falli brott og að við 1. mgr. bætist nýr stafliður um nánari útfærslu á vantryggingagjaldinu. Þá er lögð til breyting á orðalagi b-liðar 2. mgr., að d-liður 2. mgr. falli brott og að við 2. mgr. bætist heimild til að setja reglugerð um slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Í 25. gr. frumvarpsins er lagt til að Umferðarstofa hafi eftirlit með framkvæmd laganna. Meiri hlutinn leggur til að eftirlitið verði einnig í höndum Fjármálaeftirlitsins sem hefur þegar margvíslegt eftirlit með vátryggingastarfsemi. Mörg ákvæði frumvarpsins snúast um nánari útfærslu á tímafrestum o.fl. sem er þegar kveðið á um í lögum um vátryggingasamninga og Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með.

Í 27. gr. frumvarpsins er kveðið á um að lögin öðlist gildi 1. júlí 2011. Meiri hlutinn leggur til breytingu á greininni í þá veru að lögin öðlist gildi 1. desember 2011 og að á sama tíma falli ákvæði XIII. kafla umferðarlaga brott. Hins vegar er lagt til að ákvæði 12. gr. um vantryggingagjald öðlist gildi 1. febrúar 2012 til að veita þeim aðlögunarfrest sem ákvæðið kann að ná til. Reglugerðir sem settar hafa verið við XIII. kafla umferðarlaga halda gildi sínu svo fremi að þær samræmist ákvæðum frumvarpsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. sept. 2011.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm. | Magnús Orri Schram. | Valgerður Bjarnadóttir.

Auður Lilja Erlingsdóttir. | Skúli Helgason.

1841. Breytingartillögur [711. mál]

við frv. til l. um ökutækjatryggingar.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁI, MSch, VBj, ALE, SkH).

1. Orðin „Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA)“ í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. falli brott.
2. Við 3. gr. bætist þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Aðildarríki er ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.
   Umráðamaður er sá aðili sem hefur varanleg umráð ökutækis.
   Almenn umferð samkvæmt lögum þessum er öll meðferð ökutækja og önnur umferð á vegum sem eru opnir almenningi.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði umferðarlaga um skráningarskyldu ökutækja skulu ökutæki skv. 1. mgr. 3. gr. skráningarskyld samkvæmt lögum þessum. Umferðarstofa annast skráningu og ákveður skilyrði hennar. Ökutæki sem eru jafnframt skilgreind sem vinnuvél í skilningi laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, skulu einnig skráð hjá Vinnueftirliti ríkisins, sbr. 49. gr. þeirra laga.
4. Í stað orðanna „ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum“ í b-lið 1. mgr. 7. gr. komi: aðildarríki.
5. 1. mgr. 8. gr. orðist svo:
   Auk ábyrgðartryggingar skv. 8. gr. skal hver ökumaður sem stjórnar ökutæki í almennri umferð tryggður sérstakri slysatryggingu enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 1. mgr. 7. gr.
6. 10. gr. orðist svo:
   Vátryggingariðgjald ökutækis hvílir sem lögveð á ökutækinu, einnig þótt vátryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er, og gengur í eitt ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á því hvílir nema sköttum til ríkissjóðs. Á grundvelli slíks lögveðs má krefjast nauðungarsölu á ökutæki án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Lögveðið fellur ekki niður við eigendaskipti.
7. Við 11. gr.
   a. Við fyrri málslið 2. mgr. bætist: þar á meðal vantryggingagjald skv. 13. gr.
   b. 3. mgr. falli brott.
8. 12. gr. orðist svo:
   Nú berst Umferðarstofu tilkynning um að vátrygging ökutækis sé úr gildi fallin, sbr. 1. mgr. 12. gr., og skal þá lagt á mánaðarlegt gjald, vantryggingagjald, frá þeim degi er tilkynning barst, sem eigandi eða umráðamaður ökutækis skal greiða.
   Fjárhæð vantryggingagjalds má vera allt að 25.000 kr. á mánuði. Fjárhæð gjaldsins skal ákvarða eftir gerð og búnaði ökutækja. Þá má ákveða að lækka gjaldið um 50% ef tilkynning vátryggingafélags skv. 1. mgr. er afturkölluð innan tiltekins tíma eða ökutæki er skráð ótímabundið úr umferð innan sama tíma. Gjaldið skal ekki leggjast á oftar en 10 sinnum vegna sömu tilkynningar og getur það að hámarki orðið 250.000 kr.

Vantryggingagjald ásamt innheimtukostnaði skal njóta lögveðs í ökutækinu í samræmi við ákvæði 11. gr. og fjárnámsréttar hjá eiganda eða umráðamanni ökutækis án undangengins dóms eða sáttar.

Falli vátrygging úr gildi, sbr. 1. mgr., má leggja bann við notkun ökutækis. Til að framfylgja því banni má fjarlægja skráningarmerki ökutækis, festa á það tilkynningu um bann við notkun þess eða nota til þess gerðan tækjabúnað til að hindra notkun. Heimilt er að leita aðstoðar lögreglu við aðgerðir samkvæmt þessari grein.

Eiganda eða umráðamanni ökutækis skal án tafar send tilkynning með sannanlegum hætti um álagningu vantryggingagjalds og réttaráhrif hennar og eftir atvikum um bann við notkun ökutækis. Skal honum veittur 14 daga frestur frá birtingu til annaðhvort að greiða iðgjald vátryggingar sem er í vanskilum og áfallið vantryggingagjald auk kostnaðar eða til að skrá ökutæki ótímabundið úr umferð. Sé ökutæki skráð úr umferð má fresta frekari innheimtuaðgerðum í allt að þrjá mánuði. Að öðrum kosti er heimilt án frekari tilkynninga að óska nauðungarsölu á ökutækinu, hefja aðrar aðgerðir til innheimtu gjaldsins eða hefja aðgerðir til að aftra notkun ökutækisins.

Ekki er heimilt svo gilt sé að greiða álagt vantryggingagjald nema tilkynning til Umferðarstofu skv. 1. mgr. hafi verið afturkölluð eða ökutæki skráð ótímabundið úr umferð.

Takist ekki birting skv. 5. mgr. eða sé erfiðleikum háð má að liðnum einum mánuði frá álagningu vantryggingagjalds birta opinberlega tilkynningu þar sem fram kemur skráningarnúmer ökutækis, nafn skráðs eiganda eða umráðamanns þess og eftir atvikum lýsing ökutækis þess sem sætt hefur álagningu gjaldsins. Telst slík birting jafngilda birtingu greiðsluáskorunar samkvæmt ákvæðum laga, nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

Heimilt er að halda úti vefsíðu þar sem birt eru skráningarnúmer þeirra ökutækja sem á hvílir vantryggingagjald hverju sinni.

Ráðherra er heimilt að fela öðru stjórnvaldi álagningu og innheimtu vantryggingagjalds.

9. Við 16. gr.
   a. Í stað orðanna „EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum“ í b-lið 1. mgr. og a-lið 2. mgr. komi: aðildarríki.
   b. Í stað orðanna „EES- eða EFTA-ríki, í Færeyjum“ í c-lið 1. mgr. komi: aðildarríki.
   c. Í stað orðanna „EES- eða EFTA-ríki“ í b- og c-lið 2. mgr. komi: aðildarríki.
10. Við 17. gr.
   a. Í stað orðanna „EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum“ í a-og b-lið komi: aðildarríki.
   b. Í stað orðanna „EES- eða EFTA-ríki“ í c-lið komi: aðildarríki.
11. Við 2. mgr. 18. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur á vátryggingafélag endurkröfu á tjónvald hafi tjón verið greitt eftir að vátrygging er fallin niður skv. 14. gr.
12. 23. gr. falli brott.
13. Við 24. gr.
   a. A-liður 1. mgr. falli brott.
   b. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: málsmeðferð við álagningu og innheimtu vantryggingagjalds skv. 13. gr., skilyrði lækkunar þess, fjárhæð gjalds eftir gerð og búnaði ökutækja, hver skuli annast álagningu þess og innheimtu, þóknun vegna innheimtu og skil þess í ríkissjóð.
   c. B-liður 2. mgr. orðist svo: undanþágu frá skráningar- og vátryggingarskyldu samkvæmt lögum þessum vegna tiltekinna ökutækja.

d. D-liður 2. mgr. falli brott.
e. Við 2. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: slysatryggingu ökumanns og eiganda annarra ökutækja en þeirra sem eru tilgreind í 1. mgr. 9. gr. Þó skal vátryggingin aldrei taka til notkunar þeirra við leik, æfingar, keppni eða aðra sambærilega áhættu.

14. 25. gr. orðist svo:
Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim að því leyti sem ekki er á annan veg mælt í lögum.

15. 27. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. desember 2011. Þó skal álagning vantryggingagjalds hefjast 1. febrúar 2012.
XIII. kafli umferðarlaga, nr. 50/1987, fellur úr gildi 1. desember 2011.
Reglugerðir og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið skv. XIII. kafla umferðarlaga halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir eða önnur fyrirmæli hafa verið gefin út.

1842. Nefndarálit [673. mál]

um frv. til l. um greiðsluþjónustu.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Finnbogadóttur, Kjartan Gunnarsson og Þóru Hjaltested frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Lindu Kolbrúnu Björgvinsdóttur og Hildi Jönu Júlíusdóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Tryggva Axelsson frá Neytendastofu, Erlu Þuríði Pétursdóttur og Margréti Kjartansdóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Sigríði Rafnar Pétursdóttur frá Seðlabanka Íslands. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands, Kortaþjónustunni hf., Neytendasamtökunum, Neytendastofu, Ríkisendurskoðun, ríkislögreglustjóranum, ríkisskattstjóra, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands og tollstjóranum í Reykjavík.

Með frumvarpinu er lagt til að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2007/64/EB um greiðsluþjónustu á innri markaðnum verði innleidd í íslenskan rétt. Með tilskipuninni er nokkrum fyrri tilskipunum breytt og ein tilskipun afnumin. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008 7. nóvember 2008. Viðskiptaráðherra skipaði nefnd helstu hagsmunaaðila sem hafði það hlutverk að aðstoða við innleiðingu tilskipunarinnar og skilaði hún ráðherra tillögum sínum. Markmið tilskipunarinnar er að skapa heildstætt, samstætt og nútímalegt regluverk um greiðsluþjónustu innan EES-svæðisins.

Í 4. gr. frumvarpsins er talið upp í nokkrum töluliðum hvað það er sem felst í greiðsluþjónustu. Sem dæmi um það sem fellur undir hugtakið má nefna hefðbundin banka- og kortaviðskipti, svo sem það að leggja reiðufé inn á greiðslureikning og taka reiðufé út af greiðslureikningi ásamt aðgerðum sem eru nauðsynlegar vegna rekstrar greiðslureikninga, millifærslur fjármuna o.fl. (1.–4. tölul.). Þá heyrir útgáfa greiðslumiðla og færsluhirðing undir greiðsluþjónustu. Með greiðslumiðli, en það hugtak er skilgreint í 10. tölul. 7. gr. frumvarpsins, er átt við debet- og kreditkort og jafnvel síma. Svokölluð færsluhirðing telst einnig til

greiðsluþjónustu en í henni felst að veita seljanda vöru eða þjónustu heimild til að taka við greiðslum með greiðslukortum, taka við kortafærslum og greiða síðan seljanda út þegar handhafi korts greiðir reikninginn. Þá heyra peningasendingar undir greiðsluþjónustu en með því er átt við það þegar tekið er við fjármunum frá sendanda og þeir sendir viðtakanda án þess að sérstakur reikningur sé stofnaður. Í athugasemdum við greinina kemur fram að ganga verði út frá því að greiðsluþjónusta muni þróast og að erlendis sé slík þjónusta fjölbreytilegri en hér á landi.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði sameiginlegt heildarregluverk um greiðsluþjónustu en fram að þessu hefur þetta svið aðeins heyrt undir ákvæði á víð og dreif í lögum, svo sem lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um neytendalán. Við umfjöllun um málið kom fram í máli gesta að frumvarpið styrkti réttarstöðu neytenda og að það byggðist að mörgu leyti á þeim venjum sem hefðu viðgengist á þessu sviði.

Eitt af markmiðum tilskipunarinnar er að efla réttarstöðu neytenda. Í III. kafla eru til að mynda ítarleg ákvæði um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu. Má þar nefna 35. gr. um almenna upplýsingagjöf og 36. gr. um upplýsingar og skilmála í tengslum við stakar greiðslur. Í C-lið kaflans eru sérákvæði um rammasamninga sem eru samningar um greiðsluþjónustu þar sem kveðið er á um framkvæmd einstakra greiðslna og röð greiðslna í framtíðinni sem fela í sér skyldu til stofnunar greiðslureiknings. Kveðið er á um að ekki sé heimilt að krefjast gjalds fyrir upplýsingar sem eru veittar skv. III. kafla. Í IV. kafla eru ákvæði um réttindi og skyldur í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu. Þar eru m.a. reglur um framkvæmd greiðslu og hvenær hún telst heimiluð og kveðið er á um skyldur aðila hvað varðar notkun greiðslumiðla.

Með frumvarpinu er starfsemi þeirra fyrirtækja sem undir lögin heyra sérgreind, þ.e. aðgreint er hvers konar starfsemi heimilt er að stunda. Í 19. gr. er kveðið á um að greiðslustofnun sé heimilt að stunda aðra starfsemi auk greiðsluþjónustu en slíkum heimildum eru þó sett takmörk í ákvæðinu.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Lögð er til lagfæring á skilgreiningu a-liðar 14. tölul. 7. gr.

Í 3. mgr. 15. gr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að banna greiðslustofnun að stunda aðra starfsemi en veitingu greiðsluþjónustu og að um slíkt bann gildi 1. og 2. mgr. sömu greinar. Í 19. gr. er kveðið á um heimildir greiðslustofnunar til að stunda aðra starfsemi en greiðsluþjónustu. Þar sem í 15. gr. felast heimildir Fjármálaeftirlitsins til afturköllunar starfsleyfis telur meiri hlutinn að heimild eftirlitsins til að banna greiðslustofnun að stunda aðra starfsemi eigi fremur heima í 19. gr. Því er lagt til að við 19. gr. bætist ný málsgrein þess efnis að Fjármálaeftirlitið geti bannað tiltekna starfsemi greiðslustofnunar og að um slíkt bann skuli farið eftir 1. og 2. mgr. 15. gr.

Í 2. mgr. 16. gr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti sett reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur. Í III. og IV. kafla eru ítarlegar reglur um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu og um réttindi og skyldur aðila í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu. Meiri hlutinn telur ákvæðið óþarft enda tekur 1. mgr. 16. gr. við þar sem ákvæðum III. og IV. kafla sleppir en þar er kveðið á um að greiðslustofnun skuli viðhafa heilbrigða viðskiptahætti og venjur. Fjármálaeftirlitið hefur einnig heimild skv. 2. mgr. 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi til að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, varði málefnið hóp eftirlitsskyldra aðila. Meiri hlutinn leggur því til að ákvæðið verði fellt brott.

Í 17. gr. er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið skuli halda skrá yfir greiðslustofnanir sem er ný tegund þjónustuveitenda á sviði fjármálaþjónustu. Við umfjöllun um málið var bent á að skráin ætti einnig að ná yfir greiðsluþjónustuveitendur. 17. gr. er í II. kafla frumvarpsins en sá kafli gildir aðeins um greiðslustofnanir og peninga- og verðmætasendingarþjónustu. Meiri hlutinn leggur því til að 17. gr. falli brott en að við I. kafla bætist ákvæði þess efnis að Fjármálaeftirlitið skuli halda skrá yfir greiðsluþjónustuveitendur og almenningur skuli hafa aðgang að þeirri skrá.

Við umfjöllun um málið í nefndinni kom fram að í efnahags- og viðskiptaráðuneyti sé unnið að drögum að reglugerð um varðveislu greiðslustofnana á fjármunum. Meiri hlutinn telur tilefni til að breyta 18. gr. svo hún verði ítarlegri og nái einnig til greiðsluþjónustuveitenda en að ráðherra hafi auk þess heimild til að setja reglugerð um varðveislu fjármuna samkvæmt greininni.

Í 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um heimild greiðslustofnunar til að stunda aðra starfsemi en greiðsluþjónustu. Í 2. mgr. sömu greinar er greiðslustofnun veitt heimild til að sinna rekstrarþjónustu og nátengdri stoðþjónustu auk þess sem greiðslustofnun verður heimilt að starfrækja greiðslukerfi. Við umfjöllun um málið voru rök færð fyrir því að heimildir greiðslustofnunar til að stunda aðra starfsemi væru ekki eins víðtækar og kveðið er á um í tilskipuninni. Leggur meiri hlutinn því til að 1. og 2. mgr. verði sameinaðar og orðalagi lítillega breytt. Í 6. mgr. 19. gr. er greiðslustofnun veitt heimild til að veita „minni háttar“ lán. Bent var á við umfjöllun um málið að líklega væri um þýðingarvillu úr tilskipuninni að ræða og leggur meiri hlutinn því til að orðið minni háttar falli brott. Þær lánveitingar sem hér um ræðir skulu samkvæmt greininni vera veittar í tengslum við veitingu greiðsluþjónustu, sbr. nánari tilvísun til töluliða 4. gr. þar sem hugtakið greiðsluþjónusta er skilgreint. Sem dæmi má nefna svokallaða raðgreiðslusamninga. Meiri hlutinn leggur til að við 6. mgr. bætist heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að setja nánari reglur um lánveitingar greiðslustofnunar.

Í 4. mgr. 23. gr. er lögð skylda á lögbær yfirvöld annarra ríkja til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um ákveðin atriði. Meiri hlutinn leggur til breytt orðalag málsgreinarinnar enda ætti sú skylda sem þarna er átt við að beinast að Fjármálaeftirlitinu.

Í 2. mgr. 64. gr. er vísað til 67. gr. um það hvenær fjármunir séu til reiðu fyrir viðtakanda greiðslu. Í 2. málsl. 1. mgr. 67. gr. er kveðið á um að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skuli tryggja að fjárhæð greiðslu sé viðtakanda til ráðstöfunar þegar í stað eftir að hún hefur verið eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda. Við umfjöllun um málið í nefndinni kom fram að það hefði tíðkast áratugum saman hér á landi að seljendur vöru eða þjónustu gerðu upp mánaðarlega við greiðslukortafyrirtæki og að óbreytt frumvarp gæti raskað slíkum samningum. Meiri hlutinn leggur því til viðbót við 2. mgr. 64. gr. þess efnis að tímafrestur skv. 67. gr. eigi ekki við sé um annað samið.

Í 74. gr. er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með framkvæmd laganna. Fram kom við umfjöllun um málið að efni greinarinnar væri of víðtækt, enda heyrði það t.d. ekki til verkefna eftirlitsins að hafa eftirlit með póstrekendum og seðlabönkum annarra ríkja, sbr. tilvísun í II. kafla frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur því til að tilvísun í þá aðila sem Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirlit með verði skilgreint betur og að Póst- og fjarskiptastofnun hafi eftirlit með póstrekendum með rekstrarleyfi samkvæmt lögum um póstþjónustu.

Í 75. gr. er kveðið á um að Seðlabanki Íslands hafi eftirlit með framkvæmd 6. gr. en hún fjallar um þátttöku í greiðslukerfum. Bent var á við umfjöllun um málið að eftirlit af þessu tagi samræmdist ekki lögbundnum verkefnum bankans enda beinir hann einkum sjónum sínum að hinu þjóðhagslega umhverfi fjármálakerfisins og kerfinu í heild. Leggur meiri

hlutinn því til að ákvæðið verði umorðað á þann veg að um aðgengi greiðsluþjónustuveitenda að greiðslukerfum fari samkvæmt samkeppnislögum.

Meiri hlutinn leggur auk þess til að lögin öðlist gildi 1. desember 2011.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 30. ágúst 2011.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Magnús Orri Schram.	Guðlaugur Þór Þórðarson, með fyrirvara.
Valgerður Bjarnadóttir.	Auður Lilja Erlingsdóttir.	Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara.
	Skúli Helgason.	

1843. Breytingartillögur [673. mál]

við frv. til l. um greiðsluþjónustu.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁI, MSch, GÞÞ, VBj, ALE, SKK, SkH).

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

   Skrá yfir greiðsluþjónustuveitendur.

   Fjármálaeftirlitið heldur skrá yfir greiðsluþjónustuveitendur samkvæmt lögum þessum. Í skránni skal tilgreina helstu upplýsingar um greiðsluþjónustuveitendur, svo sem um starfsheimildir og, ef við á, um umboðsaðila og útibú.

   Almenningur skal hafa aðgang að skrá Fjármálaeftirlitsins yfir greiðsluþjónustuveitendur.
2. A-liður 14. tölul. 7. gr. orðist svo: Fjármálafyrirtæki með starfsleyfi til móttöku innlána eða annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi og veitingar útlána fyrir eigin reikning.
3. Í stað orðsins „kvarðafastanum“ í 4. mgr. 11. gr. komi: kvarðastuðlinum.
4. 3. mgr. 15. gr. falli brott.
5. 2. mgr. 16. gr. falli brott.
6. 17. gr. falli brott.
7. 18. gr. orðist svo:

   Fjármunum sem mótteknir hafa verið frá notendum greiðsluþjónustu eða frá öðrum greiðsluþjónustuveitendum vegna framkvæmdar greiðslu skal haldið skýrt aðgreindum frá eigin fé greiðsluþjónustuveitanda, þ.m.t. greiðslustofnunar, og fjármunum í eigu annarra en notenda greiðsluþjónustu.

   Fjármunir skv. 1. mgr. skulu teljast forgangskröfur í þrotabú greiðsluþjónustuveitanda komi til gjaldþrots. Um rétthæð þeirra fer skv. 109. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., enda sýni eigandi fjármuna fram á eignarrétt sinn að þeim.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um hvernig varðveislu fjármuna skv. 1. mgr. skuli háttað.

8. Við 19. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Greiðslustofnun er heimilt að stunda aðra starfsemi auk greiðsluþjónustu ef hún er nátengd starfsemi eða rekstri greiðsluþjónustu, svo sem þjónustu við framkvæmd greiðslna, gjaldeyrisviðskipta, ráðstöfunum til verndunar eigna og geymslu og vinnslu gagna. Greiðslustofnun er jafnframt heimilt að starfrækja greiðslukerfi.
   b. 2. mgr. falli brott.
   c. Orðin „minni háttar“ í 6. mgr. falli brott.
   d. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um lánveitingar greiðslustofnunar.
   e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Fjármálaeftirlitið getur bannað greiðslustofnun að hluta til eða öllu leyti að stunda starfsemi samkvæmt þessari grein. Um slíkt bann gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 16. gr.
9. Við 23. gr.
   a. Í stað orðanna „skrá yfir greiðslustofnanir skv. 17. gr.“ í 2. og 3. mgr. komi: skrá skv. 6. gr.
   b. Í stað orðanna „22. gr.“ í 3. mgr. komi: 15. gr.
   c. 4. mgr. orðist svo:
      Berist Fjármálaeftirlitinu tilkynning frá lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki, sem greiðslustofnun óskar eftir að veita greiðsluþjónustu í fyrir milligöngu umboðsaðila eða með stofnun útibús, sem hafa gilda ástæðu til að ætla að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eigi sér stað, hafi átt sér stað eða sé í undibúningi eða að tilnefning umboðsaðila eða stofnun útibúsins gæti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka getur Fjármálaeftirlitið hafnað því að færa upplýsingar um umboðsaðilann eða útibúið í skrá skv. 6. gr. eða afturkallað skráningu ef hún hefur þegar farið fram.
10. Við 2. mgr. 64. gr. bætist: nema samningsaðilar tiltaki annan tímafrest.
11. 74. gr. orðist svo:
    Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara að því er varðar eftirlitsskylda aðila samkvæmt lögum, nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
    Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi greiðslustofnana, og peninga- og verðmætasendingarþjónustu, þ.m.t. umboðsaðilum, útibúum og útvistunaraðilum, sem falla undir ákvæði II. kafla, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
    Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
    Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara að því er varðar póstrekendur með rekstrarleyfi samkvæmt lögum um póstþjónustu.
12. 75. gr. orðist svo, ásamt fyrirsögn:
    Aðgengi að greiðslukerfum.
    Um aðgengi greiðsluþjónustuveitenda að greiðslukerfum skv. 7. gr. fer samkvæmt samkeppnislögum, nr. 44/2005.
13. 80. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. desember 2011.

1844. Fyrirspurn [899. mál]

til innanríkisráðherra um fangelsismál.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Hefur verið tekin ákvörðun um byggingu nýs fangelsis, og ef svo er, hver tók þá ákvörðun, hver er hún og hverjar eru forsendur hennar?
2. Hver er fyrirhuguð staðsetning nýs fangelsis?
3. Hver er áætlaður kostnaður og fjármögnun við framkvæmdina?
4. Hver er framkvæmdaáætlun verksins?
5. Liggur fyrir rekstraráætlun, og ef svo er, hver er hún?
6. Hver er stofnkostnaður og rekstrarkostnaður í samanburði við uppbyggingu á Litla-Hrauni sem og í samanburði við aðra kosti sem nefndir hafa verið?
7. Hvað varð um samkeppnishugmynd milli sveitarfélaga um fangelsisþjónustu sem ráðherra hefur kynnt?
8. Hver er heildarundirbúningskostnaður ráðuneytisins, þ.m.t. hönnunarkostnaður, sundurliðaður eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

1845. Breytingartillögur [650. mál]

við frv. til safnalaga.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SkH, ÞBack, OH, RR, MT, JRG, UBK, ALE).

1. Við 5. gr.
   a. 1. mgr. falli brott.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Safnvísar sinna safnatengdri starfsemi en uppfylla ekki öll skilyrði sem söfn til að hljóta viðurkenningu skv. 10. gr.
   c. Í stað orðanna „en ekki“ í 3. og 4. mgr. komi: fremur en.
   d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Safnvísar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn skv. 22. gr.
   e. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Önnur safnatengd starfsemi, safnvísar, setur og sýningar.*
2. Við 7. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fulltrúar í safnaráði og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á safnamálum og reynslu eða menntun sem nýtist á þessu sviði.
   b. F-liður 2. mgr. orðist svo: að setja skilmála um staðla fyrir skráningarkerfi safna og viðurkenningu á skráningarkerfum.

3. Í stað orðanna „vegna náms“ í 5. tölul. 10. gr. komi: í skipulögðum námsferðum.
4. 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. falli brott.
5. 2. mgr. 16. gr. falli brott.
6. Í stað orðsins „ákveður“ í síðari málslið 1. mgr. 17. gr. komi: samþykkir.
7. Í stað orðanna „Söfnum í eigu ríkisins“ í 1. mgr. 19. gr. komi: Öllum söfnum sem lög þessi taka til skv. 2. gr.
8. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2012“ í 24. gr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: 1. janúar 2013.

1846. Fyrirspurn [900. mál]

til innanríkisráðherra um stöðu einstaklinga sem hlotið hafa dóm en bíða afplánunar.

Frá Oddnýju G. Harðardóttur.

1. Hve margir einstaklingar sem hlotið hafa dóm bíða eftir að geta hafið afplánun, skipt eftir kyni og aldri?
2. Hve margir þessara einstaklinga, skipt eftir kyni, aldri, brotaflokkum og lengd dóma,
   a. má reikna með að verði vistaðir í öryggisfangelsi,
   b. fullnægja skilyrðum um vistun í opnu fangelsi,
   c. fullnægja skilyrðum um afplánun í samfélagsþjónustu?
3. Hve margir einstaklingar bíða eftir afplánun vegna vararefsingar?

Skriflegt svar óskast.

1847. Frumvarp til fjáraukalaga [901. mál]

fyrir árið 2011.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Ásmundur Einar Daðason, Birkir Jón Jónsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Siv Friðleifsdóttir, Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Lilja Mósesdóttir.

1. gr.

Liðir 5.2. og 5.3. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2011 falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu til fjáraukalaga er lagt til að heimildir fjármálaráðherra til að selja og ráðstafa hlutum ríkisins í sparisjóðum verði felldar niður. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á svonefndum neyðarlögum, nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

Vinna við fjárhagslega endurskipulagningu minni sparisjóða hófst á vormánuðum 2009 og byggðist í upphafi á þeim grunni sem lagður var í 2. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Heimild ríkissjóðs til að leggja sparisjóðum til eiginfjárframlag var nánar útfærð í reglum útgefnum af settum fjármálaráðherra 18. desember 2008. Á grundvelli reglnanna sóttu nokkrir sparisjóðir um stofnfjárframlag úr ríkissjóði á fyrri hluta árs 2009. Þegar á leið kom í ljós að staða sparisjóðanna var verri en áður var talið og að framlag skv. 2. gr. neyðarlaganna dygði ekki til að endurreisa þá fjárhagslega. Sparisjóðirnir þurftu á aðkomu kröfuhafa að halda til að fjárhagsleg endurskipulagning væri möguleg en Seðlabanki Íslands var helsti kröfuhafi sparisjóðanna.

Sparisjóðunum var boðið að gera upp skuldir sínar við Seðlabanka Íslands með því að breyta hluta þeirra í stofnfé. Í framhaldinu yfirtók ríkissjóður stofnfjárbréfin og Bankasýslu ríkisins var falið að fara með eignarhald þeirra. Sparisjóðirnir sem ríkið á eignarhlut í eru: Sparisjóður Norðfjarðar (49,5% af stofnfé sjóðsins), Sparisjóður Bolungarvíkur (90,9% af stofnfé sjóðsins), Sparisjóður Svarfdæla (90% af stofnfé sjóðsins), Sparisjóður Vestmannaeyja (55,3% af stofnfé sjóðsins) og Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis (75,9% af stofnfé sjóðsins). Fjármálaráðherra hefur einnig nýtt sér þessar valdheimildir til þess að stofna SpKef sparisjóð og sameina hann Landsbankanum og til að stofna Byr hf. sem var seldur Íslandsbanka.

Þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og verða teknar um ráðstöfun á eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum munu hafa mikil og varanleg áhrif á íslenskt efnahagslíf. Því skiptir miklu máli að staldra við og huga að því hvert skal stefna. Með lögum nr. 75/2010, um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, frá 23. júní 2010 var kveðið á um að skipuð yrði nefnd sem hefði það hlutverk að móta stefnu um framtíðaruppbyggingu fjármálakerfisins, m.a. með hliðsjón af ábendingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og tillögum þingmannanefndar Alþingis. Slík vinna hófst í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu vorið 2011. Fram hefur komið af hálfu ráðuneytisins að vinnan muni taka til hlutverks og framtíðar fjármálamarkaða, hlutverks ríkisins á fjármálamarkaði, leikreglna markaðarins og lagaramma, mismunandi leiða sem farnar eru erlendis og alþjóðareglna. Þá verður sérstaklega fjallað um sérstöðu Íslands sem smáríkis sem býr við miklar hagsveiflur og er ekki hluti af stærri efnahagsheild. Leitast verður við að leiða fram hvernig fjármálamarkaður henti Íslandi best. Fjallað verður um fjármálastöðugleika og opinbert eftirlit með fjármálafyrirtækjum, þjóðhagsvarúð og samspil og heildaryfirsýn. Þá verður fjallað um hvers lags stofnanakerfi komi til álita og hvaða ákvarðanir kortlagningin kalli á.

Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir skýr stefnumörkun frá hendi stjórnvalda um skipulag og uppbyggingu fjármálakerfisins hefur fjármálaráðherra og Bankasýsla ríkisins þegar selt eða hafið söluferli á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum, nú síðast stofnfé í Sparisjóði Svarfdæla og Sparisjóði Norðfjarðar. Byggjast þær ákvarðanir fyrst og fremst á neyðarlögunum og liðum 5.2 og 5.3 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2011.

Í umfjöllun rannsóknarnefndar Alþingis um einkavæðingu ríkisbankanna var gagnrýnt sérstaklega hvað Alþingi gaf framkvæmdarvaldinu opna heimild til að selja ríkisbankana. Allt

mat og öll stefnumörkun var í höndum framkvæmdarvaldsins þrátt fyrir að Alþingi hafi haft brýnar ástæður til að kveða á um helstu atriði sem máli skiptu við sölu ríkisbankanna í lögum. Bent var á að alltof skammur tími hefði verið ætlaður í ferlið og að pólitísk markmið hafi verið látin ráða frekar en fagleg. Nefndin lagði áherslu á að stjórnvöld yrðu að leggja sjálfstætt mat á kaupendur sem og sýna festu og eftirfylgni gagnvart fjármálamörkuðum. Þingmannanefndin sem sett var á stofn til að fara yfir skýrslu rannsóknarnefndarinnar lagði til að lögfest yrði rammalöggjöf um sölu og einkavæðingu ríkisfyrirtækja og til þess meðal annars að tryggja eftirlitshlutverk Alþingis. Ríkisstjórnir hvers tíma ættu einnig að marka opinbera stefnu um hvort og þá með hvaða hætti selja ætti og/eða einkavæða ríkisfyrirtæki. Ekkert af þessu liggur fyrir.

Þá fyrst þegar skýr stefnumörkun um sölu og einkavæðingu ríkisfyrirtækja, uppbyggingu fjármálamarkaðarins og rammalöggjöf um einkavæðingu ríkisfyrirtækja liggur fyrir getur Alþingi veitt heimild til sölu. Sú heimild verður þó að tryggja að Alþingi taki afstöðu til aðalatriða við söluna í lögum og tryggi eftirlitshlutverk sitt með söluferlinu. Núverandi heimildir uppfylla ekki þessi skilyrði, tryggja ekki fagleg og vönduð vinnubrögð og veita ráðherra óhófleg völd. Því er lagt til að þessar víðtæku valdheimildir fjármálaráðherra verði felldar niður.

1848. Frumvarp til laga [902. mál]

um breytingar á lögum um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Ásmundur Einar Daðason, Birkir Jón Jónsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Siv Friðleifsdóttir, Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Lilja Mósesdóttir.

1. gr.

I. kafli laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í neyðarlögunum svokölluðu, lögum nr. 125/2008, felast víðtækar heimildir fyrir fjármálaráðherra til að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki í heild eða að hluta. Með frumvarpi þessu er lagt til að heimildir ráðherra skv. I. kafla laganna falli brott. Samhliða frumvarpi þessu er flutt frumvarp til fjáraukalaga þar sem lagt er til að heimildir fjármálaráðherra til að selja og ráðstafa hlutum ríkisins í sparisjóðum verði felldar brott (901. mál).

Á grundvelli heimilda neyðarlaganna tók fjármálaráðherra ákvörðun um stofnun nýju bankanna (Nýja Kaupþings (nú Arion banki), Nýja Landsbankans (nú Landsbankinn) og Nýja Glitnis (nú Íslandsbanki)) í október 2008. Þessar sömu valdheimildir voru nýttar til að

ganga til samninga við skilanefndir gömlu bankanna um að breyta hlut uppgjörskrafna þeirra í hlutafé í nýju bönkunum. Þetta var gert með þríhliða samkomulagi á milli gömlu bankanna, nýju bankanna og fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, eins og fram kemur í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn á þessu þingi (þskj. 1376 í 626. máli). Ágreiningur varð á milli Alþingis og fjármálaráðherra um hvort ákvæði neyðarlaganna dygðu til að ráðstafa eignarhlutum ríkisins í nýju bönkunum. Niðurstaðan varð sú að meiri hluti fjárlaganefndar lagði fram frumvarp um heimild til að staðfesta breytingar á eignarhlut ríkisins í umræddum bönkum í samræmi við stjórnarskrána og lög um fjárreiður ríkisins, sem varð að lögum nr. 138/2009. Eignarhlutur ríkisins í Arion banka er nú 13%, eignarhlutur ríkisins í Íslandsbanka er 5% og eignarhlutur ríkisins í Landsbankanum er 81,33%.

Augljóst er af þessu hversu gífurlegar valdheimildir fjármálaráðherra fer með á grundvelli ákvæða neyðarlaganna. Við setningu þeirra þótti ljóst að svo væri enda var lögfest ákvæði til bráðabirgða við lögin þess efnis að þau skyldi endurskoða fyrir 1. janúar 2010. Sú endurskoðun hefur ekki farið fram.

Þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og verða teknar um ráðstöfun á eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum munu hafa mikil og varanleg áhrif á íslenskt efnahagslíf. Því skiptir miklu máli að staldra við og huga að því hvert skal stefna. Með lögum nr. 75/2010, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, sem samþykkt voru í júní 2010 var kveðið á um að skipuð yrði nefnd sem hefði það hlutverk að móta stefnu um framtíðaruppbyggingu fjármálakerfisins, m.a. með hliðsjón af ábendingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og tillögum þingmannanefndar Alþingis. Þessi vinna hófst í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu vorið 2011. Fram hefur komið af hálfu ráðuneytisins að sú vinna muni taka til hlutverks og framtíðar fjármálamarkaða, hlutverks ríkisins á fjármálamarkaði, leikreglna markaðarins og lagaramma, mismunandi leiða sem farnar eru erlendis og alþjóðareglna. Þá verður sérstaklega fjallað um sérstöðu Íslands sem smáríkis sem býr við miklar hagsveiflur og er ekki hluti af stærri efnahagsheild. Leitast verður við að leiða fram hvernig fjármálamarkaður henti Íslandi best. Fjallað verður um fjármálastöðugleika og opinbert eftirlit með fjármálafyrirtækjum, þjóðhagsvarúð og samspil og heildaryfirsýn. Þá verður fjallað um hvers konar stofnanakerfi komi til álita og hvaða ákvarðanir kortlagningin kalli á.

Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir skýr stefnumörkun frá hendi stjórnvalda um skipulag og uppbyggingu fjármálakerfisins hafa fjármálaráðherra og Bankasýsla ríkisins þegar selt eða hafið söluferli á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum, nú síðast stofnfé í Sparisjóði Svarfdæla og Sparisjóði Norðfjarðar. Byggjast þær ákvarðanir fyrst og fremst á neyðarlögunum og lið 5.2 og 5.3 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2011.

Í umfjöllun rannsóknarnefndar Alþingis um einkavæðingu ríkisbankanna var gagnrýnt sérstaklega hvað Alþingi gaf framkvæmdarvaldinu opna heimild til að selja ríkisbankana. Allt mat og öll stefnumörkun var í höndum framkvæmdarvaldsins þrátt fyrir að Alþingi hafi haft brýnar ástæður til að kveða á um helstu atriði sem máli skiptu við sölu ríkisbankanna í lögum. Bent var á að alltof skammur tími hafi verið ætlaður í ferlið og að pólitísk markmið hafi verið látin ráða frekar en fagleg. Nefndin lagði áherslu á að stjórnvöld yrðu að leggja sjálfstætt mat á kaupendur sem og sýna festu og eftirfylgni gagnvart fjármálamörkuðum. Þingmannanefndin sem sett var á stofn til að fara yfir skýrslu rannsóknarnefndarinnar lagði til að lögfest yrði rammalöggjöf um sölu og einkavæðingu ríkisfyrirtækja, m.a. til þess að tryggja eftirlitshlutverk Alþingis. Ríkisstjórnir hvers tíma ættu einnig að marka opinbera stefnu um hvort og þá hvernig selja eigi og/eða einkavæða ríkisfyrirtæki. Ekkert af þessu liggur fyrir.

Þá fyrst þegar skýr stefnumörkun um sölu og einkavæðingu ríkisfyrirtækja, uppbyggingu fjármálamarkaðarins og rammalöggjöf um einkavæðingu ríkisfyrirtækja liggur fyrir getur Alþingi veitt heimild til sölu. Sú heimild verður þó að tryggja að Alþingi taki afstöðu til aðalatriða við söluna í lögum og tryggi eftirlitshlutverk sitt með söluferlinu. Núverandi heimildir uppfylla ekki þessi skilyrði, tryggja ekki fagleg og vönduð vinnubrögð og veita ráðherra óhófleg völd. Því er lagt til að þessar víðtæku valdheimildir fjármálaráðherra verði felldar brott.

1849. Nefndarálit [650. mál]

um frv. til safnalaga.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eirík Þorláksson og Ragnheiði H. Þórarinsdóttur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur frá menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristínu Huld Sigurðardóttur og Þór Hjaltalín frá Fornleifavernd ríkisins, Helga Torfason, forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands, Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjavörð, Rakel Halldórsdóttur, framkvæmdastjóra safnaráðs, og Halldór Björn Runólfsson, forstöðumann Listasafns Íslands. Þá bárumst umsagnir frá Fornleifafræðingafélagi Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands og Landbúnaðarsafni Íslands, Náttúruminjasafni Íslands, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, stjórn íslensku ICOMOS-nefndarinnar, Þjóðminjasafni Íslands, Listasafni Íslands, safnaráði, FÍSOS og Íslandsdeild ICOM.

Með frumvarpinu er kveðið á um skipulag og stjórnsýslu safnamála á Íslandi með það fyrir augum að efla starfsemi safna í landinu. Einnig er tilgangur frumvarpsins sá að tryggja markvissari nýtingu fjárveitinga ríkisins til málaflokksins og bætt aðgengi almennings að þeim menningar- og náttúruarfi sem er að finna í söfnum landsins. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar, *Íslensk muna- og minjasöfn: Meðferð og nýting á ríkisfé*, sem gerð var fyrir Alþingi í maí 2009, kemur fram mikilvægi þess að mótuð verði skýr safnastefna og forræði menntamálaráðuneytisins á safnamálum aukið. Jafnframt kemur fram að nauðsynlegt sé að móta langtímastefnu um fjárveitingar til safnamála, einfalda þurfi styrkjakerfi safna og setja fastmótaðar reglur um styrkveitingar, sem og að auka eftirlit með þeim. Einnig telur Ríkisendurskoðun að stefna eigi að öflugri og hagkvæmari rekstrareiningum safna sem standi undir faglegum kröfum og að koma þurfi á sjóðakerfi fyrir aðila sem starfa utan safnalaga. Frumvarpinu er m.a. ætlað að koma til móts við helstu ábendingar Ríkisendurskoðunar í fyrrgreindri skýrslu.

Í skýrslunni kemur fram að í ársbyrjun 2009 hafi verið um 60 fullburða lista-, náttúru- og menningarminjasöfn í landinu. Því til viðbótar séu safnvísar, setur og sýningar rúmlega 200 talsins. Bent er á að söfnum hafi fjölgað mjög á Íslandi á sama tíma og þeim hefur fækkað til muna í Danmörku og Noregi þar sem söfn hafa verið sameinuð á undanförnum árum í færri og stærri einingar. Í fjárlögum ársins 2009 var 1,6 milljörðum kr. varið til safnamála, þar af 730 millj. kr. til safna sem ekki eru í ríkiseigu. Fjárlaganefnd úthlutaði meiri hluta þess

fjár (52%) til einstakra safna, safnvísa, setra og sýninga en fjárlaganefnd hefur nú tekið þá skipan til gagngerrar endurskoðunar í því skyni að auka fagmennsku og eftirlit með ráðstöfun styrkveitinga, m.a. til samræmis við ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Almennt má segja um frumvarpið að þar birtist sú stefna stjórnvalda að stuðla að auknu samstarfi og skýrari verkaskiptingu safna í landinu, ýta undir samstarf safna innan landshluta sem og samstarf við höfuðsöfn og ábyrgðarsöfn sem geti tekið að sér að leiða samstarf safna á tilteknum sviðum.

Gildissvið og skilgreiningar.

Frumvarpið tekur til safna í eigu ríkisins og annarra safna sem eru viðurkennd samkvæmt frumvarpinu. Gildissvið núgildandi safnalaga, nr. 106/2001, takmarkast við list- og minjasöfn en með frumvarpinu er ætlunin að önnur söfn, svo sem vísindasöfn, falli undir gildissvið laganna.

Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er hugtakið safn skilgreint en byggt er á þeirri skilgreiningu sem fram kemur í siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM) og í 4. gr. gildandi safnalaga. Ákvæðið felur í sér það nýmæli að sérstaklega er tekið fram að söfn starfi í þágu almennings og að þau skuli ekki vera rekin í hagnaðarskyni. Við meðferð málsins var lagt til að tekin yrði afstaða til þess hvort lögvernda ætti heitið safn. Meiri hlutinn bendir á að almenn merking orðsins sé sú að safn sé stofnun þar sem safngripir eru geymdir en þó eru fleiri skýringar þekktar. Í löggjöf hér á landi eru til dæmi um lögverndun starfsstétta og starfsréttinda en almenn tegundaheiti, svo sem skóli og fjölmiðill eru ekki lögvernduð. Hið sama gegnir um heitið safn og er það mat nefndarinnar að ekki sé tilefni til að lögvernda hugtakið og það yrði ekki til þess fallið að efla safnastarf í landinu.

Safnvísar, setur og sýningar.

Kveðið er á um safnvísa, setur og sýningar í 5. gr. frumvarpsins en þau teljast ekki til safna í skilningi 3. gr. þess. Þessi hugtök hafa ekki verið skilgreind í löggjöf hér á landi og slík safnastarfsemi hefur ekki haft aðgang að styrkjum úr safnasjóði.

Stór hluti stofnana í landinu sem stundar safnatengda starfsemi telst fremur til safnvísa en safna. Í frumvarpinu segir að safnvísir starfi að nokkru leyti sem safn en uppfylli ekki öll skilyrði laganna um söfn, m.a. með tilliti til hlutverks, safnkosta og umfangs starfseminnar. Sú tillaga kom frá umsagnaraðilum að þar sem notkun þeirra hugtaka sem ákvæðið fjallar um sé ekki nægilega skýr sé rétt að fella ákvæðið brott. Talsverðar umræður urðu í nefndinni varðandi skilgreiningu á hugtökunum safnvísir, setur og sýningar. Meðal þeirra sem vinna að safnamálum eru hugtökin „safnvísir“, „setur“ og „sýning“ notuð til viðbótar við safnahugtakið til að greina á milli mismunandi tegunda safnastarfsemi. Í ljósi þessa er það mat meiri hlutans að rétt sé að skilgreina þessi hugtök í löggjöf og leggur til breytingar á ákvæðinu með það fyrir augum að skýra skilgreiningar hugtaka. Skv. 4. mgr. 22. gr. frumvarpsins geta önnur söfn, safnvísar, setur og sýningar notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn. Viðurkennd söfn bera ábyrgð á þessum verkefnum og ábyrgjast gagnvart sjóðnum að allir samstarfsaðilar vinni samkvæmt ákveðnum faglegum gæðakröfum.

Safnaráð.

Fjallað er um skipan safnaráðs í 7. gr. frumvarpsins. Þær breytingar eru gerðar á skipan ráðsins frá gildandi lögum að lagt er til að Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) tilnefni einn fulltrúa, auk þess sem Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag íslenskra safna og

safnamanna tilnefni áfram hvort sinn fulltrúa. Ákvæðið felur einnig í sér það nýmæli að ráðherra skipi tvo fulltrúa án tilnefningar og skuli annar þeirra jafnframt vera formaður ráðsins. Samkvæmt ákvæðinu eiga forstöðumenn höfuðsafna ekki sæti í safnaráði en fram kemur í 3. mgr. 7. gr. að forstöðumenn höfuðsafnanna þriggja sitji fundi safnaráðs stöðu sinnar vegna til að tryggja eðlilegt samráð allra þessara aðila um málefni safna. Nokkur gagnrýni kom fram hjá umsagnaraðilum vegna þessa og þá aðallega í þá veru að forstöðumenn höfuðsafna eigi sæti í safnaráði stöðu sinnar vegna. Meiri hlutinn vill benda á að skv. 4. mgr. 22. gr. frumvarpsins geta höfuðsöfn í samvinnu við viðurkennd söfn átt aðild að verkefnum sem sótt er um styrki úr safnasjóði til að framkvæma. Eigi forstöðumenn höfuðsafna einnig sæti í ráðinu getur komið upp vanhæfi þar sem höfuðsöfn geta verið aðilar að styrkumsóknum sem ráðið veitir umsögn um skv. j-lið 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Telur meiri hlutinn að slík staða geti vakið réttmætan vafa um hlutlægni ráðsins í ákvörðunum sínum. Meiri hlutinn telur að áhrif höfuðsafna í safnaráði séu nægilega tryggð með rétti forstöðumanna til að sitja fundi ráðsins, auk þess sem kveðið er á um nánari samvinnu ráðsins og þeirra samkvæmt ákvæði 7. gr. frumvarpsins. Þar að auki áréttar meiri hlutinn að hlutverk safnaráðs er að vera ráðgefandi gagnvart ráðherra en jafnframt að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu.

Fram kemur í f-lið 7. gr. frumvarpsins að það sé eitt af hlutverkum safnaráðs að setja skilmála um skráningarkerfi safna og viðurkenningu á þeim. Fram kom sú ábending við meðferð málsins að ákvæðinu yrði breytt á þann veg að safnaráð setti skilmála um staðla fyrir skráningarkerfi safna í stað þess að það setji skilmála um skráningarkerfin. Meiri hlutinn tekur undir þessa athugasemd þar sem með ákvæðinu átti að tryggja að öll söfn notuðu í starfi sínu skráningarkerfi sem eru samhæfanleg við netið og að auðvelt yrði að flytja upplýsingar milli kerfa, fremur en að safnaráð geti sagt fyrir um að öll söfn skuli nota sömu skráningarkerfin.

Fram kom sú gagnrýni í máli einstakra umsagnaraðila að ekki væri nægilega tryggt með ákvæðinu að safnaráð verði skipað fagaðilum á sviði safnamála. Meiri hlutinn tekur undir það sjónarmið og leggur til þá breytingu að fulltrúar í safnaráði og varamenn þeirra skuli hafa til að bera fagþekkingu á sviði safnamála, nánar tiltekið menntun og/eða starfsreynslu á umræddu sviði.

Viðurkennd söfn.

Fram kemur í 9. gr. frumvarpsins að ráðherra veiti safni viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Um er að ræða formlegt ferli sem er nýmæli í íslenskri löggjöf en hefur verið almenn regla í nágrannalöndum okkar. Ferlið felur í sér að öll söfn sem hingað til hafa notið rekstrarstyrkja úr safnasjóði þurfa við gildistöku laganna að sækja um viðurkenningu. Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um þau skilyrði sem söfn þurfa að uppfylla til þess að öðlast viðurkenningu.

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um þau skilyrði sem söfn þurfa að uppfylla til þess að öðlast viðurkenningu. Fram kemur í 2. tölul. að til þess að hljóta viðurkenningu skuli safn hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Fulltrúar sveitarfélaga lýstu yfir áhyggjum af því að þetta gæti haft í för með sér röskun á starfsemi safna í eigu sveitarfélaga. Bent var á að safn sem rekið er af sveitarfélagi lúti reglum sveitarfélagsins, m.a. um hvernig fara skuli með rekstrarafgang eða rekstrarhalla á milli ára. Meiri hlutinn bendir á að með þessu ákvæði sé fyrst og fremst verið að tryggja að rekstur safna sé aðgreinanlegur í bókhaldi eigenda þeirra en ekki sé ætlunin að breyta stöðu safna í eigu sveitarfélaga hvað varðar fjárhag og reikningsskil.

Til þess að öðlast viðurkenningu skal safn skv. 4. tölul. 10. gr. starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Með þessu ákvæði á að tryggja ákveðið samræmi í starfsemi safna og jafna stöðu þeirra varðandi ytri aðstæður og starfshætti. Við meðferð málsins komu fram þær athugasemdir að þetta skilyrði kunni að vera svo íþyngjandi að það muni reynast erfitt að uppfylla án verulegra útgjalda fyrir viðkomandi söfn. Þetta geti haft í för með sér þrýsting á sveitarfélög um aukin fjárútlát. Meiri hlutinn bendir á að viðurkenning safna byggist á alþjóðlegum viðurmiðunum. Meiri hlutinn vill þó árétta að telji safn sig þurfa lengri tíma til að aðlaga starfsemi sína að nýrri löggjöf sé ekkert sem kemur í veg fyrir að safnaráð mæli með tímabundinni viðurkenningu safns á meðan slík aðlögum fer fram og veiti þannig viðkomandi safni lengri aðlögunartíma en bráðabirgðaákvæði gerir ráð fyrir í frumvarpinu. Meiri hlutinn tekur hins vegar undir sjónarmið umsagnaraðila um að eðlilegt sé að veita söfnum rýmri aðlögun til að laga starfsemi sína og umgjörð að breyttu lagaumhverfi. Leggur meiri hlutinn til að gildistöku laganna verði frestað til 1. janúar 2013.

Sú skylda er lögð á viðurkennt safn skv. 5.tölul. 10. gr. að það veiti skólanemendum sem heimsækja það vegna náms aðgang án gjaldtöku. Hjá umsagnaraðilum kom fram að eðlilegt væri að afmarka þá heimild nánar, svo sem við söfn sem njóta opinberra styrkja og jafnvel tiltekin skólastig. Meiri hlutinn bendir á að nú þegar taka söfn á móti nemendum án gjaldtöku þegar um námsferðir er að ræða. Meiri hlutinn leggur til að umræddu ákvæði verði breytt á þann veg að heimild til aðgangs án gjaldtöku takmarkist við skipulagðar námsferðir skóla. Nefndin áréttar að hér sé miðað við námsferðir á vegum skóla í almenna skólakerfinu.

Eins og áður sagði þá er það ráðherra sem veitir safni viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Meiri hlutinn vill benda á að ef safnaráð telur að ekki séu öll skilyrði viðurkenningar uppfyllt og hafnar því að gera tillögu um viðurkenningu til ráðherra þá hefur það safn sem sækist eftir viðurkenningu rétt á að beina kvörtun sinni til ráðherra sem óskar þá eftir rökstuðningi safnaráðs í málinu. Ef ráðherra er sammála niðurstöðu safnaráðs tilkynnir hann ákvörðun sína og getur farið fram á að safnið bæti úr þeim atriðum sem gerðar eru athugasemdir við. En ef ráðherra er ósammála niðurstöðu safnaráðs á hann að tilkynna ákvörðun sína og getur þá farið fram á að safnaráð endurskoði ákvörðun sína og sendi ráðherra nýja tillögu um stöðu viðkomandi safns.

Starfsemi viðurkenndra safna.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um viðurkennd söfn og starfsemi þeirra en áhersla er lögð á þjónustuhlutverk þeirra og hvaða þættir efli skilning á þróun og stöðu menningar, lista náttúru eða vísinda.

Kveðið er á um ráðstöfun safngripa í 16. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að hafi viðurkennt safn notið opinberra styrkja skv. 11. eða 22. gr. frumvarpsins skuli safnkosti þess ráðstafað í samræmi við fyrirmæli stofnskrár eða samþykkta og í samráði við viðkomandi höfuðsafn. Jafnframt segir í 2. mgr. 16. gr. að óheimilt sé að taka af safnskrá muni sem viðurkennt safn hefur fengið að gjöf eða með arfleiðslu eða sem keyptir hafa verið fyrir almannafé. Við meðferð málsins komu fram þær athugasemdir að ákvæði 2. mgr. 16. gr. kynni að stangast á við 1. mgr. 16. gr. og ákvæði 17. gr. um förgun safngripa. Meiri hlutinn tekur undir þessar athugasemdir og leggur til að 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins falli brott.

Söfnum í eigu ríkisins er heimilt að taka aðgangseyri skv. 19. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er nýmæli en nauðsynlegt er að skýr lagastoð sé fyrir slíkri gjaldtöku. Fram kom sú athugasemd við meðferð frumvarpsins að sama þörf væri fyrir skýra gjaldtökuheimild hvort sem

um væri að ræða starfsemi í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Meiri hlutinn vill benda á að ákvæðið er heimildarákvæði og í ljósi þess sé ekkert því til fyrirstöðu að það taki til allra safna sem frumvarpið tekur til, í stað þess að binda það eingöngu við söfn í eigu ríkisins. Meiri hlutinn gerir tillögu um breytingu þar að lútandi.

Safnasjóður.

Fjallað er um hlutverk safnasjóðs í VI. kafla frumvarpsins en meginhlutverk sjóðsins er að efla starfsemi safna sem undir lög þessi falla. Fram kemur í 22. gr. frumvarpsins að ráðherra úthlutar styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs. Í núgildandi safnalögum er það hins vegar safnaráð sem úthlutar styrkjum úr safnasjóði. Fram komu hjá umsagnaraðilum athugasemdir þess efnis að fremur ætti að viðhalda núverandi fyrirkomulagi en leggja til þessar breytingar. Meiri hlutinn bendir á að skv. i- og j-lið 7. gr. frumvarpsins verður það hlutverk safnaráðs að setja safnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra svo staðfestir. Með þessari breytingu er fyrirkomulag úthlutunar styrkja fært til þess sem gildir um ýmsa aðra sjóði á sviði menningarmála. Sem dæmi má nefna úthlutanir úr tónlistarsjóði og leiklistarsjóði þar sem fagnefndir gera tillögur til ráðherra sem ákveður endanlegar styrkveitingar. Meiri hlutinn telur því eðlilegt að sama fyrirkomulag verði viðhaft um úthlutanir úr safnasjóði, þ.e. að úthlutun sé í höndum æðra stjórnvalds á grundvelli tillagna frá safnasjóði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 1. sept. 2011.

Skúli Helgason, form., frsm. | Þuríður Backman. | Oddný G. Harðardóttir.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir. | Margrét Tryggvadóttir. | Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Unnur Brá Konráðsdóttir. | Auður Lilja Erlingsdóttir.

1850. Fyrirspurn [903. mál]

til innanríkisráðherra um tekjur sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hversu hátt hlutfall tekna sveitarfélaga sl. 5 ár kemur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og hversu há er fjárhæðin í hverju tilviki? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum í röð eftir hlutfalli.

1851. Lög [830. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1487 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:
Í stað orðanna „til 30. júní 2011“ í 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum kemur: frá 20. júlí 2011 til og með 31. desember 2011.

6. gr. hljóðar svo:
Í stað orðanna „til 30. júní 2011“ í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: frá 20. júlí 2011 til og með 31. desember 2011.

1852. Frumvarp til laga [719. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. sept.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðin „leitar“ og „III. og“ í 6. mgr. falla brott.
b. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum telst skráður aðili.
c. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Samstarfssamningur um framkvæmd leyfis merkir í lögum þessum samningur sem aðilar að einu leyfi, ef þeir eru fleiri en einn, gera sín á milli og kveður á um hlutverk og skyldur hvers samleyfishafa innan leyfisins og framkvæmd þess.
   Rekstraraðili merkir í lögum þessum sá aðili sem sér um daglega stjórn kolvetnisstarfseminnar fyrir hönd leyfishafa.
   Leitarleyfishafi merkir í lögum þessum aðili sem fengið hefur leyfi til leitar að kolvetni skv. III. kafla.

2. gr.

Í stað orðsins „leyfishafa“ í 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: leitarleyfishafa.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við 3. málsl. 1. mgr. bætist: og skulu sömu skilyrði eiga við um ákvörðun Orkustofnunar um rekstraraðila, sbr. 1. mgr. 10. gr. a.

b. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Gera má ríkari kröfur til rekstraraðila í því sambandi.
c. 3. mgr. orðast svo:
Um efni samstarfssamnings skv. 2. mgr. fer samkvæmt lögum þessum. Ekki ber að líta á samstarfssamning, eða þá aðila sem að honum standa, sem sjálfstætt félag í skilningi laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, eða laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hver og einn aðili sem stendur að samstarfssamningi á hlut í því leyfi sem samstarfssamningurinn kveður á um og er því sjálfstæður leyfishafi í skilningi laga þessara.
d. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Rekstraraðili er ábyrgur fyrir útreikningi og greiðslu gjaldsins fyrir hönd leyfishafa.

4. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í umsókn skal umsækjandi tilnefna rekstraraðila.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:
a. Á eftir 1. málsl. 6. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum telst sérstakt félag.
b. Orðin „frá Íslandi“ í 2. málsl. 6. mgr. falla brott.
c. 7. mgr. orðast svo:
Leyfishafi skal sjá til þess að kolvetnisstarfsemin fari fram á ábyrgan hátt og í samræmi við þá löggjöf sem er í gildi hverju sinni og skal starfsemin taka tillit til nýtingar auðlindarinnar, sem og öryggis- og almannahagsmuna. Ráðstafanir leyfishafa varðandi skipulag og stærð starfseminnar skulu vera þannig að leyfishafi geti á hverjum tíma tekið upplýstar ákvarðanir um kolvetnisstarfsemi sína. Til að tryggja eftirfylgni um ráðstafanir leyfishafa getur Orkustofnun, telji hún það nauðsynlegt með tilliti til umfangs kolvetnisstarfsemi leyfishafa, sett fram sérstakar kröfur um ráðstafanir leyfishafa og staðsetningu stöðva þeirra. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfsemi slíkra stöðva í reglugerð, svo sem varðandi fjarlægð frá rannsóknar- og vinnslusvæði.

6. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Rekstraraðili.

Við veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfis skal Orkustofnun ákveða rekstraraðila fyrir hvert einstakt leyfi.

Óheimilt er að skipta um rekstraraðila nema með sérstöku leyfi Orkustofnunar. Í sérstökum tilvikum getur Orkustofnun skipt út rekstraraðila að eigin frumkvæði.

Í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun hefur ákveðið rekstraraðila, sem er ekki leyfishafi rannsóknar- og vinnsluleyfis, þá skulu skyldur og aðrar skuldbindingar laga þessara gagnvart leyfishöfum eiga við um þann rekstraraðila nema annað sé sérstaklega tekið fram. Nánar skal kveðið á um skyldur rekstraraðila í rannsóknar- og vinnsluleyfi.

7. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Rekstraraðila leyfis.

8. gr.

Orðin „III. og“ í 21. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Í stað orðanna „Leyfishafi skal“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: Leyfishafi og aðrir sem stunda kolvetnisstarfsemi skulu.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 24. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „leyfishafi“ kemur: handhafar leitar-, rannsóknar- og vinnsluleyfa.
b. Orðin „til leitar, rannsókna og vinnslu“ falla brott.

11. gr.

Í stað orðsins „leyfishafa“ í 1. málsl. 1. mgr. 24. gr. a laganna kemur: handhafa leitar-, rannsóknar- og vinnsluleyfa.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. b laganna:

a. Í stað orðsins „leyfishafi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: handhafi leitarleyfis eða rannsóknar- og vinnsluleyfis.
b. Á undan orðinu „leyfishafi“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. og 6. málsl. 2. mgr. kemur: leitarleyfis- eða.

13. gr.

Á undan orðunum „leyfishafi“ í 2. málsl. og „leyfishafa“ í fyrirsögn 26. gr. laganna kemur: leitarleyfis- og.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. a laganna:

a. Í stað orðsins „rannsóknarleyfis“ í 1. mgr. kemur: leitarleyfis eða rannsóknar- og vinnsluleyfis.
b. Í stað orðsins „leyfishafi“ í 3. mgr. kemur: handhafi leitarleyfis eða rannsóknar- og vinnsluleyfis.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Leyfishafar“ í 1. mgr. kemur: Handhafar leitarleyfa eða rannsóknar- og vinnsluleyfa.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Orkustofnun er heimilt, við ákvörðun um rekstraraðila, að kveða svo á um að skaðabótaskylda samkvæmt þessari málsgrein nái einnig til rekstraraðila sem ekki er leyfishafi.
c. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

   Í þeim tilvikum þar sem handhafar leyfis til rannsókna og vinnslu á kolvetni eru fleiri en einn skal skaðabótakröfu beint að rekstraraðila leyfisins. Hafi rekstraraðili ekki greitt

skaðabótakröfu að fullu á gjalddaga ber leyfishöfum að greiða eftirstöðvar greiðslunnar í réttu hlutfalli við hlut þeirra í viðkomandi leyfi. Standi einstakur leyfishafi ekki skil á sinni greiðslu skal hlutur hans í greiðslu skaðabóta greiddur af öðrum leyfishöfum í réttu hlutfalli við hlut þeirra í viðkomandi leyfi.

16. gr.

Í stað orðsins „leyfi“ í 1. málsl. 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: rannsóknar- og vinnsluleyfi.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1853. Lög [763. mál]

um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (samspil örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða).

(Afgreidd frá Alþingi 2. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1330.

1854. Lög [734. mál]

um breyting á lögum um námsstyrki, nr. 79/2003.

(Afgreidd frá Alþingi 2. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1652.

1855. Breytingartillaga [709. mál]

við frv. til l. um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Frá minni hluta umhverfisnefndar (KÞJ, BÁ, VigH).

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Kærurétt samkvæmt þessari grein eiga þeir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun og umhverfisverndar-, útivistar- og hagsmunasamtök sem eiga varnarþing

á Íslandi, enda séu félagsmenn þeirra 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Umhverfisverndarsamtök teljast samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Útivistarsamtök teljast samtök sem hafa útivist og umhverfisvernd að markmiði. Samtök skv. 2. og 3. málsl. skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

1856. Svar [879. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um innflutning aflandskróna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjir hafa fengið að flytja inn aflandskrónur til fjárfestinga hér á landi og um hvaða fjárhæðir er að ræða? Svar óskast sundurliðað eftir:

a. íslenskum einstaklingum,
b. erlendum einstaklingum,
c. íslenskum fyrirtækjum,
d. erlendum fyrirtækjum.

Óskað var eftir svörum við fyrirspurninni hjá Seðlabanka Íslands sem fer með eftirlit með aflandskrónum.

Heildarfjárhæð innstreymis innlends gjaldeyris var alls 11.784.867.585 kr. á árinu 2010.

Í svari Seðlabanka Íslands kemur fram að bankanum er ekki heimilt með vísan til þagnarskyldu, sbr. 15. gr. laga um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, að birta upplýsingar um hverjir hafa fengið að flytja inn aflandskrónur sundurliðað eftir fjárhæðum.

Í ljósi framangreinds hefur ráðuneytið ekki tök á því að svara öllum þeim atriðum sem spurt er um í fyrirspurninni.

1857. Nefndarálit [674. og 675. mál]

um frv. til l. um Stjórnarráð Íslands og frv. til l. um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málin og fengið á sinn fund Ragnhildi Arnljótsdóttur, Ágúst Geir Ágústsson og Arnar Þór Másson frá forsætisráðuneyti.

Umsagnir um málin bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Fiskistofu, Fjármálaeftirlitinu, Geislavörnum ríkisins, Innheimtustofnun sveitarfélaga, Jafnréttisstofu, Landsneti ehf., Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Orkustofnun, Ríkisendurskoðun, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara,

ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Seðlabanka Íslands, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, tollstjóranum í Reykjavík, Tryggingastofnun ríkisins, umboðsmanni barna, Umferðarstofu, Veðurstofu Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Vinnueftirlitinu, Hafrannsóknastofnuninni, landlæknisembættinu, Landsvirkjun, vísindasiðanefnd og Þjóðskjalasafni Íslands.

Þá barst tilkynning frá Fiskistofu og Geislavörnum ríkisins um 675. mál.

Efni frumvarps (674. mál).

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um Stjórnarráð Íslands. Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru að ráðuneyti verði ekki talin upp með tæmandi hætti í lögunum heldur einungis að heildarfjöldi þeirra verði tíu og ákvörðunarvald um það hvaða ráðuneyti skuli starfrækt hvíli hjá stjórnvöldum. Lagðar eru til breytingar sem varða samhæfingu starfa milli ráðuneyta, m.a. þegar málefni og málefnasvið skarast og kveðið á um frumkvæðisskyldu forsætisráðherra í því efni. Lagt er til að kveðið verði á um ritun fundargerða ríkisstjórnar og ráðherranefnda. Lagt er til að sett verði ákvæði um skipan og stöðu ráðherranefnda sem er nýmæli frá gildandi lögum. Þá eru í frumvarpinu ákvæði um stjórnunar- og eftirlitsskyldur ráðherra með undirstofnunum og sjálfstæðum stofnunum sem heyra undir hann sem og með eignum ríkisins. Þá eru lagðar til breytingar er varða starfsmannahald og mannauðsmál ráðuneyta sem miða að því að tryggja betur aðgreiningu milli stjórnvalds- og stefnumótunarþáttar í starfsemi ráðuneyta, styrkja sjálfstæði starfsmanna gagnvart þeim ráðherra sem gegnir embætti hverju sinni og stuðla að auknum hreyfanleika starfsmanna innan Stjórnarráðsins. Loks er í frumvarpinu lagt til að ráðherra verði heimilt að ráða, auk aðstoðarmanns, sérstakan ráðgjafa til starfa í hverju ráðuneyti sem hann fer með.

Efni fylgifrumvarps, breytingar á ýmsum lögum (675. mál).

Samhliða framangreindu frumvarpi (674. mál) liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands (675. mál). Lagðar eru til breytingar á lögum þar sem fagheiti ráðherra eða ráðuneytis kemur fyrir. Í stað fagheitisins komi hugtökin ráðherra eða ráðuneyti. Samhliða verður reglugerð um Stjórnarráð Íslands endurskoðuð og gefinn út forsetaúrskurður með tæmandi talningu á verkefnum ráðuneyta og þar með hvaða ráðuneyti fer með hvaða stjórnarmálefni.

Markmið breytinganna.

Markmið frumvarpanna er að stuðla að bættum og faglegum starfsháttum, auka samhæfingu og samvinnu innan Stjórnarráðsins. Enn fremur er markmiðið að auka sveigjanleika framkvæmdarvaldsins til þess að skipuleggja starfsemi sína og laga sig að breyttum þörfum í nútíma stjórnsýslu og áherslum við pólitíska stefnumörkun sem aftur ýtir undir skilvirkari undirbúning stjórnarframkvæmdar í hverjum málaflokki. Meiri hlutinn tekur í því sambandi fram að í samhæfingu felast möguleikar á hagræðingu innan stjórnsýslunnar en leggur áherslu á mikilvægi þess að sveigjanleiki komi ekki niður á kröfum um réttaröryggi borgaranna, fagleg vinnubrögð og gagnsæi í stjórnsýslunni sem hefur það grundvallarhlutverk að þjóna almenningi. Minnir meiri hlutinn í því sambandi á ríka leiðbeiningarskyldu stjórnvalda við almenning og mikilvægi þess að aðgengi að upplýsingum um það hver fer með hvaða málaflokk verði tryggt.

Endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands (674. mál).

Nefndin fjallaði um fjölmörg atriði frumvarpsins á fundum sínum, þar á meðal afstöðu þess gagnvart stjórnarskrá og tengsl við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem fjallaði um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði. Í skýrslunni komu fram ábendingar og tillögur sem lutu að endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands sem og í skýrslu þingmannanefndar sem falið var að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndarinnar og tillögur hennar og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar.

Tillögur rannsóknarnefndarinnar sem lúta að endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands eru m.a. um að skilgreina þurfi betur efnisinntak 9. gr. laga um Stjórnarráð Íslands sem varðar eftirlit ráðuneytis með starfrækslu stofnana, sem undir það ber, og eignum á vegum þeirra stofnana. Sérstakar starfsskyldur embættismanna verði lögfestar. Mál og ákvarðanir ríkisstjórnar komi með skýrum hætti fram í fundargerð, m.a. vegna ákvæða laga um ráðherraábyrgð, hugað verði að skráningu upplýsinga af fundum oddvita ríkisstjórnar og af fundum þar sem oddvitar koma fram sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar innan stjórnkerfisins jafnt sem utan þess og að samræmdar verði reglur um skráningu munnlegra upplýsinga í stjórnsýslunni, m.a. í samskiptum við erlend ríki.

Frumvarpið byggist á tillögum úr skýrslunni *Samhent stjórnsýsla* en þar var fjallað um það hvernig unnt væri að bregðast við tillögum og ábendingunum í þessum skýrslum. Nefndin fjallaði m.a. um það hvort nægilega langt væri gengið í frumvarpinu við að fylgja eftir ábendingum og tillögum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og skýrslu þingmannanefndarinnar og hvort breytingarnar í frumvarpinu séu til þess fallnar að styrkja stjórnkerfið, skýra ábyrgð og verkaskiptingu innan þess. Fyrir nefndinni kom fram að markmiðið með breytingunum er að auka sveigjanleika innan ráðuneyta og stofnana og að verkaskipting verði skýr og enn fremur ábyrgð á verkefnum.

Eftirlitshlutverk Alþingis.

Í nýsamþykktum lögum um breytingu á þingsköpum Alþingis, nr. 84/2011, sem taka gildi 1. október nk. eru lagðar til breytingar á starfsháttum Alþingis sem byggjast m.a. á gagnrýni á störf og starfshætti Alþingis sem kom fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Sú gagnrýni var studd af áðurnefndri þingmannanefnd sem falið var að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndarinnar og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar. Meðal tillagna þingmannanefndarinnar var að auka þurfi sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu, leggja beri meiri áherslu á eftirlitshlutverk þingsins og auka fagmennsku við undirbúning löggjafar. Með lögum um breytingu á þingsköpum er kveðið á um endurskipulagningu nefndakerfisins, fækkun nefnda og að ekki verður lengur samsvörun milli málefna Stjórnarráðsins og málefnaskiptingar nefnda Alþingis. Sett verður á fót ný nefnd, *stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd,* sem kosið verður til á næsta löggjafarþingi. Nefndinni er ætlað að fjalla um málefni Stjórnarráðsins í heild og önnur mál sem varða æðstu stjórn ríkisins. Nefndin skal einnig hafa frumkvæði að því að kanna ákvarðanir einstakra ráðherra eða verklag þeirra sem ástæða þykir til að athuga á grundvelli þess eftirlitshlutverks sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd getur því þurft að kalla eftir upplýsingum frá einstökum ráðuneytum innan Stjórnarráðsins og þá sérstaklega frá forsætisráðuneytinu sem hefur með höndum ákveðna verkstjórn og er í fyrirsvari við almenna stefnumörkun ríkisstjórnar.

Þingræðisreglan.

Nefndin fjallaði um frumvarpið í tengslum við þá grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipunar að ráðherrar og ríkisstjórn sitji í umboði Alþingis. Reglan sem jafnan er nefnd *þingræðisreglan* felur í sér að þeir einir geti setið í ríkisstjórn sem meiri hluti Alþingis vill styðja eða a.m.k. þola í embætti. Samkvæmt henni er forsætisráðherra skylt að biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt ef tillögu um vantraust á ríkisstjórn er samþykkt á Alþingi. Í henni felst jafnframt að samþykki Alþingi tillögu um vantraust á einstakan ráðherra í ríkisstjórn er forsætisráðherra skylt að leggja fyrir forseta tillögu um að viðkomandi ráðherra verði leystur frá embætti. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að reglan komi skýrt fram í lögum um Stjórnarráð Íslands og leggur því til breytingu á 1. gr. frumvarpsins þess efnis.

Stjórnarráð Íslands.

Eins og rakið hefur verið, sbr. breytingar sem lagðar eru til á 1. gr. frumvarpsins, starfar ráðherra og þar með ráðuneyti hans í umboði Alþingis. Þannig ber ráðherra og ráðuneyti að starfa á grundvelli þeirrar stefnu sem Alþingi hefur markað með lögum og þingsályktunum. Ráðuneytum ber jafnframt að undirbúa, útfæra og hrinda í framkvæmd þeirri stefnu sem ráðherra og ríkisstjórn sem situr í umboði Alþingis vill beita sér fyrir enda rúmist hún innan ramma þeirra laga sem Alþingi hefur sett. Þannig er ekki gerður greinarmunur á ráðherra og ráðuneyti, enda þótt embættismenn beri sjálfstæða ábyrgð á þeim verkefnum sem þeim eru falin og beri jafnframt skylda til að veita ráðherra réttar upplýsingar og faglega ráðgjöf þannig að hann geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum, sbr. 20. gr. frumvarpsins og þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til að gerðar verði á því ákvæði. Meiri hlutinn telur rétt að leggja til að í 1. mgr. 2. gr. verði m.a. kveðið á um að Stjórnarráð Íslands skiptist í ráðuneyti og að hugtakið ráðuneyti verði skilgreint sem skrifstofur ráðherra og æðstu stjórnvöld framkvæmdavaldsins á sínu málefnasviði.

Ráðherrar og skipting starfa með þeim.

Nefndin fjallaði nánar um ákvæði 2. gr. og 4. gr. frumvarpsins í tengslum við skipulag Stjórnarráðsins og skiptingu starfa með ráðherrum. Í athugasemdum við frumvarpið er umfjöllun um ákvæði stjórnarskrár í þessu sambandi, m.a. um ákvæði 15. gr. stjórnarskrárinnar sem er svohljóðandi: „Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.“ Með hliðsjón af 1. mgr. 13. gr. stjórnarskrárinnar þar sem mælt er fyrir um að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt og jafnframt með hliðsjón af 1. mgr. 14. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum má vera ljóst að það er á hendi framkvæmdarvaldsins að ákveða fjölda ráðherra og að skipta með þeim störfum. Formlega hvílir valdið að þessu leyti hjá forsætisráðherra, sbr. 3. gr. frumvarpsins, en í reynd hvílir ákvörðunarvaldið hjá ríkisstjórn í krafti þess umboðs sem ríkisstjórnin þiggur frá Alþingi, sbr. þingræðisregluna og þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til að gerðar verði á 1. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn telur hins vegar að ekki sé fullt samræmi á milli þeirra tillagna sem lagðar eru til í frumvarpinu og þeirrar merkingar sem lögð er í 15. gr. stjórnarskrárinnar og gerð er grein fyrir í athugasemdum við frumvarpið. Ósamræmi þetta birtist annars vegar í ákvæði 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um að ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands skuli á hverjum tíma ekki vera fleiri en tíu og hins vegar að vissu leyti jafnframt í ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins þar sem segir að hvert ráðuneyti skuli óskipt lagt til eins og sama ráðherra. Ákvæði 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er á skjön við valdheimildir stjórnvalda skv. 15. gr.

stjórnarskrárinnar enda takmarkar það í reynd valdheimildir ríkisstjórnar til að ákveða fjölda ráðherra. Að mati meiri hlutans er brýnt að vald og ábyrgð fari saman að þessu leyti. Ríkisstjórn sem ekki hefur vald til að skipuleggja Stjórnarráð Íslands þannig að það fái sem best valdið þeim verkefnum sem Alþingi hefur falið því getur þannig heldur ekki borið ábyrgð á því ef skipulagslegir annmarkar valda því að misbrestur verður á því að lög eða stefnumótun frá Alþingi fái ekki framgang. Meiri hlutinn telur mikilvægt í þessu sambandi að draga lærdóm af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis en þar segir m.a. í inngangi kafla 21.4.1 í 7. bindi skýrslunnar:

„Á meðal þeirra krafna sem gerðar eru til stjórnkerfis lýðræðisríkja er að föstu skipulagi þess eða framkvæmd einstakra verkefna sé þannig háttað að verkaskipting sé skýr og þar með endanleg ábyrgð á því að störfum sé sinnt með fullnægjandi hætti. Skýr skipting verkefna og ábyrgðar er ekki bara forsenda þess að hægt sé að láta þá einstaklinga sem starfa innan stjórnkerfisins sæta ábyrgð vegna mistaka eða vanrækslu í starfi heldur standa gild rök fyrir því að hitt hafi ríkari almenna þýðingu að þannig liggi með skýrum hætti fyrir hvar sérstakra úrbóta sé þörf ef illa fer.“

Í samræmi við framangreint er það því tillaga meiri hlutans að framangreind ákvæði frumvarpsins um að ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands skuli ekki vera fleiri en tíu og ákvæðið um að hvert ráðuneyti skuli lagt óskipt til eins og sama ráðherra verði felld brott.

Frumkvæðisskylda forsætisráðherra.

Nefndin fjallaði um frumkvæðisskyldu forsætisráðherra, valdmörk hans gagnvart öðrum ráðherrum og hvort forsætisráðherra gæti gengið inn í störf annarra ef frumvarpið verður að lögum. Skv. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að stjórnarmálefni beri undir ráðuneyti eftir ákvæðum forsetaúrskurðar, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveðinn er upp samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Fyrir nefndinni kom fram að til að breyta forsetaúrskurði þarf atbeina ríkisstjórnarinnar og forseta til. Leggja þarf fram tillögu um breytingar fyrir ríkisstjórn til umræðu og skapar það væntanlega nokkra festu í skiptingu málaflokka milli ráðuneyta.

Nefndin ræddi einnig um ábyrgð ráðherra þegar verkefni skarast og nauðsyn þess að hlutverk forsætisráðherra sé skýrt. Í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði á um að komi upp vafi eða ágreiningur um það undir hvaða ráðuneyti stjórnarmálefni heyrir skeri forsætisráðherra úr. Meiri hlutinn telur að þegar litið er til þeirrar ábyrgðar sem ráðherrar bera á málaflokkum sínum samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár og lögum um ráðherraábyrgð sé mjög mikilvægt að tekið sé markvisst á slíkum málum eins fljótt og auðið er.

Mál og málaflokkar skarast víða en í frumvarpinu eru frekari ákvæði sem ætlað er að mæta þeirri skörun. Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að forsætisráðherra beri að gæta þess að verkaskipting milli ráðherra, sbr. 4. gr., sé eins skýr og kostur er. Þá er í greininni enn fremur kveðið á um að ráðherrar skuli leitast við að samræma stefnu og aðgerðir ráðuneyta þegar málefni og málefnasvið skarast og að forsætisráðherra skuli beita sér fyrir því að stefna og aðgerðir ráðherra á einstökum sviðum séu samhæfðar ef á þarf að halda. Loks er kveðið á um það nýmæli í frumvarpinu að forsætisráðherra geti ákveðið með samþykki ríkisstjórnar að skipa ráðherranefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflokka. Meiri hlutinn telur því að afmörkun frumkvæðisskyldu forsætisráðherra í frumvarpinu sé til þess fallin að tryggja að unnt sé að skýra valdsvið og valdmörk hvers ráðherra.

Ríkisstjórnarfundir og skráning upplýsinga.

Nefndin fjallaði um ákvæði 6. og 7. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um hvað fjalla skuli um á ríkisstjórnarfundum og um efni fundargerða ríkisstjórnar. Í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins kemur fram að ákvæðinu sé ekki ætlað að vera tæmandi talning á þeim málum sem bera þarf upp í ríkisstjórn, sbr. ákvæði stjórnarskrár um ráðherrafundi. Meiri hlutinn telur engu síður rétt að tekið sé skýrt fram að bera eigi upp þingsályktunartillögur á ríkisstjórnarfundum þó að það liggi í hlutarins eðli og leggur því til þá breytingu á greininni.

Þá fjallaði nefndin um skráningu upplýsinga og aðgang að upplýsingum í tengslum við efni 6. og 7. gr. en í síðarnefndu greininni er kveðið á um að í fundargerðir ríkisstjórnar skuli færðar niðurstöður, skýrt frá frásögnum og tilkynningum ráðherra auk þess sem greint skal frá umræðuefni ef ekki er á því formleg niðurstaða og bókuð afstaða samkvæmt sérstakri ósk ráðherra. Nefndin fjallaði ítarlega um efni greinarinnar í tengslum við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og skýrslu þingmannanefndarinnar sem falið var að fjalla um skýrsluna og hvort rétt væri að ganga lengra í skráningu upplýsinga þar sem um formleg samskipti er að ræða. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir í 7. bindi, 21. kafla, bls. 261: „Að því marki sem samráð og fundir milli oddvita ríkisstjórnar koma í reynd í stað þess að fjallað sé um mál á fundum ríkisstjórnar kann að vera rétt að huga að því að setja reglur um skráningu þess sem fer fram við slíkt samráð.“

Enn fremur segir þar: „Sama á við um fundi þar sem oddvitar ríkisstjórnarinnar koma sameiginlega fram gagnvart aðilum úr stjórnkerfinu eða utanaðkomandi og þeim eru sem fulltrúum ríkisstjórnarinnar veittar upplýsingar eða kynnt málefni sem þurfa að koma til úrlausnar innan stjórnsýslunnar.“

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til umfjöllunar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis í 7. kafla, bls. 281. Í greinargerðinni segir: „Brýnt er að samdar verði samræmdar reglur um skráningu munnlegra upplýsinga um samskipti innan stjórnarráðsins við önnur stjórnvöld, einkaaðila og stjórnvöld annarra ríkja.“

Í skýrslu þingmannanefndarinnar (þskj. 1501, 705. mál 138. þings) sagði um þetta:

„Þá verði verklag innan ráðuneyta samræmt sem og skráning samskipta“… „fundargerðir ríkisstjórnar verði skráðar með skýrum hætti og þær birtar opinberlega“ … „samhliða fundargerðabók ríkisstjórnarfunda verði haldin sérstök trúnaðarmálabók sem notuð sé þegar rætt er um viðkvæm málefni ríkisins eða önnur mál sem lúta trúnaði“. Og: „á fundum innan Stjórnarráðsins séu skráðar fundargerðir“.

Þegar litið er til framanritaðs telur meiri hlutinn rétt að leggja til að við 6. gr. bætist ný málsgrein þess efnis að á ríkisstjórnarfundum skuli einnig skýra frá fundum þar sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar koma sameiginlega fram gagnvart aðilum úr stjórnkerfinu eða utan þess og þegar þeim sem fulltrúum ríkisstjórnarinnar eru veittar mikilvægar upplýsingar eða kynnt málefni sem þurfa að koma til úrlausnar innan stjórnsýslunnar.

Þá telur meiri hlutinn einnig rétt að leggja til að kveðið verði á um að fundargerðir verði birtar innan árs en sú breyting var lögð til við meðferð nefndarinnar á frumvarpi til upplýsingalaga (þskj. 502, 381. mál). Samhliða þeirri breytingu telur nefndin rétt að leggja til að haldin verði sérstök trúnaðarmálabók þar sem bóka skuli atriði sem falla undir takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna, sbr. 9. og 10. gr. upplýsingalaga. Meiri hlutinn tekur fram að í nýsamþykktum lögum um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis er verið að rýmka aðgang að fundum fastanefnda og kveða á um að fundargerðir fastanefnda verði birtar á vef þingsins. Samhliða því er kveðið á um sérstaka trúnaðarmálabók sem hver nefnd skal halda um þau mál sem bóka skal sem trúnaðarmál.

Loks leggur meiri hlutinn til þá meginbreytingu að ríkisstjórnarfundir verði hljóðritaðir og afrit af þeim geymt í vörslu Þjóðskjalasafns og að hljóðritanirnar skuli gerðar opinberar að 30 árum liðnum frá fundinum. Meiri hlutinn telur að með þessum breytingum sé verið að bregðast við ábendingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og tillögum í skýrslu og ályktun þingmannanefndar Alþingis og þeirri staðreynd að stjórnvöld sækja umboð sitt til þjóðarinnar og starfa í hennar þágu.

Auk þessa leggur meiri hlutinn einnig til að í 11. gr. verði kveðið á um frekari skráningarskyldu á samskiptum og öllum fundum milli ráðuneyta Stjórnarráðsins sem og við aðila utan þess. Enn fremur að forsætisráðherra setji reglur um skráninguna.

Ráðherranefndir.

Nefndin fjallaði nánar um ákvæði frumvarpsins um ráðherranefndir en í 1. mgr. 9. gr. er kveðið á um að forsætisráðherra geti ákveðið með samþykki ríkisstjórnar að skipa ráðherranefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflokka og í 2. mgr. að forsætisráðherra stýri fundum ráðherranefnda eða feli öðrum ráðherra að stýra fundum ráðherranefndar í sinn stað. Meiri hlutinn telur að skilja megi ákvæðið svo að það sé skilyrði samkvæmt frumvarpinu að forsætisráðherra eigi sæti í öllum ráðherranefndum. Þó að slíkt kunni að vera raunin í flestum tilvikum er það ekki sjálfgefið í öllum tilvikum. Telur meiri hlutinn því eðlilegra að ákvörðunarvaldið um það hvaða ráðherrar eigi sæti í ráðherranefndum sé að fullu í höndum ríkisstjórnar. Það leiðir hins vegar af stöðu forsætisráðherra að eigi hann sæti í ráðherranefnd samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar þá stýrir hann jafnframt fundum hennar. Meiri hlutinn leggur því til að orðin „í sinn stað“ í 2. mgr. 9. gr. falli brott. Þessu tengt er lagt til að ákvæði 1. mgr. 10. gr. falli brott og að það verði þá jafnframt ákvörðun ríkisstjórnar eða eftir atvikum viðkomandi ráðherranefndar að ákveða hvaða starfsmanni Stjórnarráðsins sé falið að vera ritari ráðherranefndarinnar.

Stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra.

Lægra sett stjórnvöld.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra gagnvart *stjórnvöldum* sem undir hann heyra. Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins, hver á sínu sviði, og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, sbr. 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 13. gr. og 14. gr. stjórnarskrárinnar. Yfirstjórnarheimildir ráðherra grundvallast því á ákvæðum stjórnarskrár og gildandi lögum. Ráðuneyti og þau stjórnvöld sem fara með verkefni á málefnasviði ráðherrans heyra því undir yfirstjórn hans enda séu ekki gerðar undantekningar á því samkvæmt lögum. Þær yfirstjórnunarheimildir sem hér um ræðir eru nefndar almennar yfirstjórnunarheimildir. Af almennum yfirstjórnarheimildum ráðherra og stjórnarskrárbundinni ábyrgð hans á stjórnarframkvæmdum leiðir síðan að á ráðherra hvíla einnig almennar eftirlitsskyldur með þeirri framkvæmd stjórnarmálefna er undir hann heyra, bæði þeirri framkvæmd er fram fer á vegum viðkomandi ráðuneytis og annarra stjórnvalda, nema á því séu gerðar undantekningar með lögum.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að í ákvæðum kaflans er verið að leitast við að orða nokkrar almennar leiðbeiningarreglur um þessar stjórnunarheimildir ráðherra og eftirlit sem af þeim leiðir gagnvart öðrum stjórnvöldum. Þar segir að inntaki þeirra verði þó ekki lýst nema að mjög takmörkuðu leyti og að ákvæðin fela ekki í sér tæmandi lýsingu á stjórnsýslulegri stöðu og sambandi ráðherra og annarra stjórnvalda og er því almennt ekki unnt að gagnálykta að þessu leyti.

Í umsögnum sem nefndinni bárust um málið var sett fram nokkur gagnrýni á ákvæði þessa kafla sem lutu m.a. að því að þau væru ekki nægilega skýr og of matskennd og að þau virðist kippa stoðum undan málskotsheimild borgara til hlutaðeigandi ráðuneytis samkvæmt stjórnsýslulögum. Nefndin fjallaði nokkuð um þetta og leggur meiri hlutinn áherslu á að í kaflanum er ekki verið að leggja til að ráðherra gefi fyrirmæli um afgreiðslu einstakra mála heldur er lagt til að lögfestar séu almennar leiðbeiningarreglur um stjórnunarheimildir ráðherra og það eftirlit sem af þeim leiðir. Þannig er í reynd ekki verið að leggja til neinar breytingar á gildandi rétti heldur er einungis verið að skýra almennar yfirstjórnarheimildir ráðherra sem eru óskráðar og virðast ekki hafa verið nægilega skýrar. Með því er m.a. ætlunin að mæta ábendingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Sá grundvöllur sem hér er byggt á er að ráðherra ber ábyrgð á stjórnarframkvæmdinni, sbr. ákvæði laga um ráðherraábyrgð, og er því nauðsynlegt að geta kallað eftir upplýsingum eins og gert er ráð fyrir í 14. gr. frumvarpsins til þess að geta sinnt yfirstjórnarhlutverki sínu.

Af almennum stjórnunar- og eftirlitsheimildum ráðherra leiðir að hann getur haft ákveðna *frumkvæðisskyldu* gagnvart stjórnvöldum og hefur umboðsmaður Alþingis m.a. bent á dæmi um það í skýrslu sinni vegna ársins 2008 og 2009 að ráðherra geti haft ákveðna frumkvæðisskyldu gagnvart stjórnvöldum sem undir hann heyra. Þannig geti ráðherra verið skylt að sýna frumkvæði og m.a. sjá til þess að starfsemi undirstofnunar sé í lögmætu horfi jafnvel þó að honum berist ekki erindi vegna málsins. Í áliti umboðsmanns um málið sem var tilefni þessara ábendinga kemur fram að ráðherra hafði upplýsingar frá starfsmanni um samskiptaörðugleika innan stofnunar. Bendir umboðsmaður á mikilvægi þess að slíkar athugasemdir séu teknar alvarlega og brugðist við þeim af ábyrgð og festu, sérstaklega þegar viðkomandi geta hvorki fengið úrlausn mála sinna með kæru til æðra stjórnvalds né sérstaks stjórnvalds sem færi með eftirlitshlutverk á umræddu málasviði. Telur umboðsmaður að á ráðherra geti hvílt jákvæð eftirlitsskylda að þessu leyti, þ.e. að honum bar að taka með beinum og skýrum hætti afstöðu til þess hvort skylda hvíldi á ráðuneytinu að grípa til raunhæfra og virkra úrræða á grundvelli yfirstjórnar- og eftirlitsheimilda sinna. Í áliti meiri hluta allsherjarnefndar var fallist á mikilvægi þess að ráðherrar framfylgi slíkum jákvæðum eftirlitsskyldum og enn fremur að til þess að þeir geti fylgst með að starfsemi stofnunar sé í lögmætu horfi sé mikilvægt að samband ráðuneyta við undirstofnanir sé gott og kallað reglulega eftir upplýsingum um starfsemina.

Sjálfstæð stjórnvöld.

Nefndin fjallaði einnig um ákvæði kaflans um sjálfstæð stjórnvöld en í 12. gr. frumvarpsins er tekið fram að ráðherra hafi með höndum yfirstjórn stjórnvalda sem hafa á hendi framkvæmd stjórnarmálefna er undir ráðuneyti hans heyra, enda leiði ekki af lögum að stjórnvald skuli vera sjálfstætt gagnvart ráðherra. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að með þessu sé gert ráð fyrir mati hverju sinni hvort stjórnvald teljist sjálfstætt og að heppilegra væri að kveða á um að ráðherra hefði ekki yfirstjórn gagnvart sjálfstæðum stjórnvöldum nema lög mæli fyrir um slíkt. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að þær almennu yfirstjórnarheimildir sem ákvæðið mælir fyrir um nái ekki til þeirrar stjórnsýsluframkvæmdar sem með lögum hefur verið tryggt sjálfstæði gagnvart ráðherra. Meiri hlutinn tekur í þessu sambandi fram að hér er ekki um efnislegar breytingar á stöðu sjálfstæðra stjórnvalda að ræða fremur áhersla á að staða sjálfstæðra stjórnvalda samkvæmt lögum sé skýr og enn fremur hvort og þá hvaða heimildir ráðherra hafi gagnvart þeim.

Í 2. mgr. 13. gr. er kveðið á um að ráðherra skuli hafa almennt eftirlit með starfrækslu, fjárreiðum og eignum þeirra sjálfstæðu stjórnvalda sem heyra stjórnarfarslega undir hann. Þá segir enn fremur í greininni að eftirlit með sjálfstæðum stjórnvöldum taki ekki til einstakra ákvarðana þeirra. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ákvæðinu er ætlað að vera til leiðbeiningar um almennar eftirlitsskyldur sem á ráðherra hvíla gagnvart þeim verkefnum sem slíkum stjórnvöldum eru falin og teljast stjórnarfarslega til þeirra málefna sem undir viðkomandi ráðuneyti heyra. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að ákvæðið væri of fortakslaust og að rétt væri að gera ráð fyrir fyrirvörum vegna einstakra stofnana. Meiri hlutinn leggur áherslu á að hér er ekki um að ræða breytingar á gildandi rétti. Þannig tekur eftirlit ráðherra með sjálfstæðum stjórnvöldum ekki til einstakra ákvarðana þeirra og er því mikilvægt að vandað verði til framkvæmdar eftirlitsins. Meiri hlutinn telur að lögfesting þessarar óskráðu reglu sé til þess fallin að skýra stöðu ráðherra og jafnframt að tryggja að starfsemi stofnunar sé í lögmætu horfi sem og ákveðið aðhald í meðferð opinberra hagsmuna.

Valdmörk ráðherra.

Nefndin leggur til að við 13. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein sem miðar að því skýra valdmörk á milli ráðherra í þeim tilvikum þar sem eign á vegum stjórnvalds hefur verið lögð undir annan ráðherra en þann sem stjórnvald heyrir stjórnarfarslega undir en í slíkum tilvikum fer hinn fyrrnefndi með eftirlitið með þeirri eign, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Dæmi um þetta geta verið fasteignir í eigu ríkisins, t.d. skólabyggingar sem Fasteignir ríkisins fara með umsjá með og eru undir yfirstjórn fjármálaráðherra en fagráðherrann, þ.e. mennta- og menningarmálaráðherra, fer með eftirlit með þeirri faglegu starfsemi sem fram er í húsinu. Annað dæmi getur verið eign ríkissjóðs í fjármálastofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra en efnahags- og viðskiptaráðherra fer með eftirlit með faglegri starfsemi. Í samræmi við þetta er lagt til að við 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins bætist tilvísun til greinarinnar.

Skipulag ráðuneyta.

Í 17. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra skuli, að fenginni tillögu ráðuneytisstjóra, skipuleggja ráðuneyti sitt. Að mati meiri hluta nefndarinnar er óheppilegt með hliðsjón af ábyrgð ráðherra á skipulagi ráðuneytis síns og þeirra stjórnarmálefna sem undir það heyra, að ráðherra sé bundinn af því að ráðuneytisstjóri leggi fram tillögu í þessum efnum. Í þessu efni þarf vald og ábyrgð að fara saman, sbr. umfjöllun í kafla um ráðherra og skiptingu starfa með þeim hér að framan. Það er á ábyrgð ráðherra að skipulag ráðuneytis sé þannig að það fái sem best valdið þeim verkefnum sem því er falið að sinna. Meiri hlutinn leggur því til að kveðið verði á um það í greininni að ráðherra skipuleggi ráðuneyti sitt sjálfur en telur engu síður sjálfsagt og eðlilegt að ráðherra hafi samráð við ráðuneytisstjóra við skipulagningu ráðuneytis.

Innra skipulag ráðuneyta.

Nefndin fjallaði um ákvæði 18. og 19. gr. frumvarpsins en í 18. gr. er kveðið á um að ráðherra skipi ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra að fengnu mati hæfnisnefndar, sbr. 19. gr., og í henni er kveðið á um að við skipun í embætti ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í ráðuneytum skuli ráðherra skipa þriggja manna nefnd til að meta hæfni umsækjenda um embættið. Þannig verður að skipa nefnd áður en ákvörðun er tekin um hverja einstaka skipun, þ.e. ad hoc nefnd. Einnig er kveðið á um að forsætisráðherra setji reglur um hæfnisnefndir þar

sem m.a. er fjallað um skipun nefndar, verkefni og málsmeðferð. Fyrir nefndinni kom fram að með þessu ákvæði er leitast við að útrýma pólitískum embættisveitingum og ráðningum en nokkur gagnrýni hefur verið á skipanir og ráðningar innan Stjórnarráðsins og hefur umboðsmaður Alþingis tekið það til athugunar. Nefndin fjallaði um hvort með þessari tilhögun væri í reynd komið til móts við þá gagnrýni sem fram hefur komið, þ.e. hvort nægilegt væri að ráðherra skipaði þriggja manna nefnd sem væri falið að meta hæfni umsækjanda um embætti í ráðuneyti hans og að niðurstaða nefndarinnar væri ráðgefandi við skipun í viðkomandi embætti. Meiri hlutinn telur að slík tilhögun sé ekki hafin yfir vafa en leggur ekki til breytingar á því að sinni en leggur áherslu á að nauðsynlegt er að huga að því hvort ekki eigi að setja á stofn hæfnisnefnd samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem verði ráðgefandi við skipun í embætti innan Stjórnarráðsins og undirstofnana ráðuneyta. Meiri hlutinn leggur til að kveðið verði á um það í greininni að forsætisráðherra setji reglur um hæfnisnefndir þar sem einnig sé kveðið á um hæfi nefndarmanna í hæfnisnefnd, þ.e. hvaða kröfur þeir verði að uppfylla sem skipaðir eru í nefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um stöður æðstu stjórnenda innan Stjórnarráðsins.

Ráðuneytisstjórar.

Í 2. málsl. 18. gr. er lagt til að tekið verði fram að ráðuneytisstjóri sé í *fyrirsvari* við ráðningu annarra starfsmanna ráðuneytis. Í 2. mgr. 51. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er kveðið á um að ráðuneytisstjórar séu í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum ráðuneyta og taki ákvarðanir um réttindi þeirra og skyldur á sama hátt og forstöðumenn stofnana. Í athugasemdum sem fylgdu því frumvarpi kemur fram að ráðherrar eru að sjálfsögðu forstöðumenn hvers ráðuneytis í skilningi laganna, en að í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ráðuneytisstjórar komi í þeirra stað þegar um er að ræða ýmsar minni háttar ákvarðanir er varða starfsmenn ráðuneyta. Í lögunum er því ekki kveðið beint á um að þeir séu í fyrirsvari við ráðningar annarra starfsmanna en þegar litið er til ákvæða starfsmannalaga er ljóst að það fellur undir starfsskyldur þeirra. Meiri hlutinn telur varhugavert að gera þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu frá gildandi lögum um Stjórnarráðið en þar segir í 13. gr.: „Ráðherra skipar ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra til fimm ára í senn. Aðrir starfsmenn ráðuneytis eru ráðnir.“ Meiri hlutinn telur að ákvæði laga um Stjórnarráðið séu í betra samræmi við starfsmannalögin og leggur því til breytingu á frumvarpinu til að mæta því þannig að kveðið verði á um að aðrir starfsmenn ráðuneytis verði ráðnir og að 2. málsl. falli brott.

Í frumvarpinu er lagt til að ráðherrar setji ráðuneytisstjórum *erindisbréf* sem er breyting frá gildandi lögum þar sem einungis er kveðið á um að ráðherrar setji deildarstjórum og skrifstofustjórum erindisbréf. Meiri hlutinn telur þá breytingu eðlilega þegar litið er til þess að ráðuneytisstjórar eru æðstu embættismenn Stjórnarráðs Íslands og mikilvægt að þeir geri sér grein fyrir starfssviði sínu, starfsskyldum og ráðgjöf í stefnumótandi verkefnum.

Nefndin fjallaði einnig um gildistíma erindisbréfa ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í tengslum við þá formfestu sem þarf að vera í stjórnsýslunni og hvort rétt væri að þeir fengju ný erindisbréf við ráðherraskipti. Meiri hlutinn telur að þegar litið er til hlutverks ráðherra sem forstöðumanns hvers ráðuneytis og enn fremur þess að hann ber ábyrgð á stjórnarframkvæmdum sé nauðsynlegt að gefin séu út ný erindisbréf við ráðherraskipti til þess að ráðherra sé unnt að koma sínum áherslum og stefnu til embættismanna og að þeim sé ljóst hvert hlutverk þeirra er gagnvart ráðherra.

Meiri hlutinn leggur til tilteknar orðalagsbreytingar á 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins sem miða að því að skerpa á almennum starfsskyldum starfsmanna gagnvart ráðherra. Meiri hlut-

inn gerir jafnframt ráð fyrir að starfsskyldur starfsmanna verði nánar útfærðar í siðareglum starfsmanna, sbr. ákvæði VI. kafla frumvarpsins. Jafnframt er kveðið á um starfsskyldur starfsmanna Stjórnarráðs Íslands í IV. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Aðstoðarmenn og ráðgjafar.

Nefndin fjallaði um ákvæði frumvarpsins um aðstoðarmenn og ráðgjafa og telur brýnt að skapað verði aukið svigrúm fyrir ráðherra til að ráða til sín pólitíska aðstoðarmenn þannig að þeir fái með eðlilegum hætti sinnt pólitískri stefnumótun innan ráðuneyta sinna. Að mati meiri hluta nefndarinnar eru þær tillögur sem settar eru fram í frumvarpinu um þetta efni, þar sem kveðið er á um heimild til að ráða einn aðstoðarmann og einn ráðgjafa í hvert ráðuneyti, ekki fullnægjandi m.a. þar sem ekki tekið tillit til þess að ráðuneytin eru mjög mismunandi að stærð og umfangi. Þannig skortir sveigjanleika til að meta það á hverjum tíma hversu marga aðstoðarmenn þörf sé á að ráða í einstök ráðuneyti eða sveigjanleika til að bregðast við sérstökum aðstæðum sem upp kunna að koma eða breyttri forgangsröðun ríkisstjórna á hverjum tíma sem kallað geta á fjölgun aðstoðarmanna í einstökum ráðuneytum. Meiri hlutinn hefur í þessu sambandi í huga umfjöllun í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þar sem segir m.a. eftirfarandi um þetta atriði í kafla 21.4.7 í 7. bindi skýrslunnar:

„Við umbætur á Stjórnarráði Íslands verður að horfast í augu við það að ráðherrar virðast margir hverjir hafa talið að þörf væri á að fjölga pólitískum aðstoðarmönnum í ráðuneytum til að annast pólitíska stefnumótun og aðra vinnu af þeim toga. Verður því að taka af skarið um hvort breyta eigi lögum þannig að heimilt verði að ráða fleiri starfsmenn á hina pólitísku skrifstofu ráðherra.“

Er það tillaga meiri hluta nefndarinnar að í stað þeirra tillagna sem fram koma í frumvarpinu um fjölda aðstoðarmanna ráðherra, þ.e. einn aðstoðarmann og einn ráðgjafa, skuli þeir ekki vera fleiri á hverjum tíma en sem nemur tveimur fyrir hvern ráðherra en heimilt verði samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar að ráða þrjá til viðbótar ef þörf krefur. Með þessu móti má tryggja eðlilega skiptingu á fjölda aðstoðarmanna m.a. með hliðsjón af stærð ráðuneyta og fjölda málaflokka sem undir þau heyra. Þá verður auk þess unnt að bregðast við auknu álagi í einstökum ráðuneytum með því að nýta þessa heimild. Meiri hlutinn leggur til að hið nýja aðstoðarmannakerfi komist til framkvæmda þegar við gildistöku laganna enda brýnt nú sem fyrr að efla hina pólitísku skrifstofu ráðherra.

Nefndin fjallaði einnig um kjör aðstoðarmanna og telur óheppilegt ef aðstoðarmenn ráðherra þyrftu að semja beint um kjör sín við ráðherra. Meiri hlutinn leggur því jafnframt til að ákvörðunarvald um launakjör aðstoðarmanna verði felld undir kjararáð og bendir í því sambandi á að ekki eru í gildi kjarasamningar sem taka til aðstoðarmanna. Meiri hlutinn leggur því til að við frumvarpið bætist ný grein er breyti lögum um kjararáð. Jafnframt leggur meiri hlutinn til að regla gildandi laga um rétt aðstoðarmanns til að snúa til fyrri starfa sem ríkisstarfsmaður skuli halda gildi sínu og leggur til breytingu á frumvarpinu í þá veru.

Siðferðileg viðmið.

Nefndin fjallaði einnig um ákvæði 24. gr. frumvarpsins um siðareglur fyrir annars vegar starfsmenn Stjórnarráðs Íslands og hins vegar siðareglur fyrir ráðherra. Í greininni er kveðið á um að haft sé samráð við þá starfsmenn sem í hlut eiga. Meiri hlutinn telur rétt að leggja til þá breytingu að við undirbúning siðareglna skuli leitað eftir tillögum frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands bæði hvað varðar siðareglur starfsmanna og ráðherra.

Meiri hlutinn leggur enn fremur til þá breytingu á 2. mgr. 24. gr. að í stað þess að forsætisráðherra staðfesti siðareglur fyrir ráðherra að höfðu samráði við ríkisstjórn þá skuli ákvörðunarvald um samþykkt siðareglna fyrir ráðherra hvíla hjá ríkisstjórninni sjálfri en forsætisráðherra skuli í framhaldi af samþykkt siðareglna undirrita þær fyrir hönd ríkisstjórnar og sjá um birtingu þeirra. Meiri hlutinn telur eðlilegra að ríkisstjórnin taki ákvörðun um samþykkt siðareglna frekar en að forsætisráðherra geri það sérstaklega þegar litið er til þess að þær eiga að gilda fyrir alla ráðherrana.

Málstefna.

Meiri hlutinn leggur til að við frumvarpið bætist nýr kafli um málstefnu innan Stjórnarráðsins sem er í samræmi við nýsamþykkt lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Meiri hlutinn leggur til að forsætisráðherra verði falið að móta Stjórnarráðinu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggi fyrir á íslensku svo sem kostur er, og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Þar skulu einnig settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum og starfsemi Stjórnarráðsins. Enn fremur skal koma fram hver gögn liggja að jafnaði fyrir í erlendum málbúningi og hvaða tungumál þar er um að ræða. Þá skal þar setja reglur um rétt manna af erlendum uppruna til samskipta við Stjórnarráðið á annarri tungu en íslensku. Meiri hlutinn leggur enn fremur til að tekið verði fram í greininni að mál það sem er notað í starfsemi Stjórnarráðsins eða á vegum þess skuli vera vandað, einfalt og skýrt. Meiri hlutinn tekur fram að efnislega samhljóða tillaga er til meðferðar í samgöngunefnd og enn fremur að verði hún samþykkt þá verði kveðið á um málstefnu á báðum stigum stjórnvalda, þ.e. hjá ríkisvaldinu og hjá sveitarstjórnum.

Almannaþjónusta o.fl.

Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að sú grundvallarhugsun verði höfð að leiðarljósi samhliða þeim breytingum að afnema heiti ráðherra og ráðuneyta úr lögum um Stjórnarráðið og öðrum lögum, sbr. frumvarp á þskj. 1192 (675. mál), að tryggt verði að upplýsingar um það hvernig málaflokkar skiptast milli ráðherra og ráðuneyta séu aðgengilegar og skýrar svo að ekki sé hætta á því að almennir borgarar eigi í erfiðleikum með að leita réttar síns þegar þeir þurfa t.d. að kæra ákvarðanir stjórnvalda um rétt þeirra og skyldu til æðra stjórnvalds.

Loks tekur meiri hlutinn undir ábendingar Jafnréttisstofu um að mikilvægt sé að líta til jafnréttislaga við framkvæmd laga um Stjórnarráð Íslands en tekur fram að ekki er unnt að taka upp ákvæði í lög um Stjórnarráðið sem kveða á um kynjakvóta í ríkisstjórn þar sem slíkt færi í eðli sínu gegn þingræðisreglunni. Meiri hlutinn telur engu síður eðlilegt að ríkisstjórnarflokkar líti til þess við skipun ríkisstjórna að þar sé nokkurt jafnvægi.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu í 674. máli sem eiga að gera ákvæði þess skýrari, sbr. framanritað, og einnig nokkrar lagfæringar sem þarfnast ekki skýringa.

Samhliða því frumvarpi sem hér hefur einkum verið fjallað um (674. mál) er eins og fyrr segir til meðferðar frumvarp til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands (675. mál), en þar eru lagðar til breytingar á lögum sem fela í sér að afnumin verða heiti ráðherra og ráðuneyta úr lögum. Meiri hlutinn leggur til fjölmargar tæknilegar breytingar á því frumvarpi sem þarfnast ekki skýringa.

Meiri hlutinn leggur til að frumvörpin verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 5. sept. 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir, með fyrirvara.	Valgerður Bjarnadóttir, með fyrirvara.
Þráinn Bertelsson.	Mörður Árnason.	Þór Saari, með fyrirvara.

1858. Breytingartillögur [674. mál]

við frv. til l. um Stjórnarráð Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (RM, ÁI, VBj, ÞrB, MÁ, ÞSa).

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ráðherrar starfa í umboði Alþingis. Forsætisráðherra er skylt að biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt ef tillaga um vantraust á ríkisstjórn er samþykkt á Alþingi. Samþykki Alþingi tillögu um vantraust á einstakan ráðherra í ríkisstjórn er forsætisráðherra skylt að gera tillögu til forseta um að viðkomandi ráðherra verði leystur frá embætti.
2. 1. mgr. 2. gr. orðist svo:
   Stjórnarráð Íslands skiptist í ráðuneyti. Ráðuneyti eru skrifstofur ráðherra og æðstu stjórnvöld framkvæmdarvaldsins hvert á sínu málefnasviði. Ákveða skal fjölda ráðuneyta og heiti þeirra með forsetaúrskurði, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, samkvæmt tillögu forsætisráðherra.
3. Fyrri málsliður 2. mgr. 4. gr. falli brott.
4. Við 6. gr.
   a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist: þ.m.t. tillögur til þingsályktana.
   b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Á ríkisstjórnarfundum skal skýra frá fundum þar sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar koma sameiginlega fram gagnvart aðilum úr stjórnkerfinu eða utan þess og þegar þeim sem fulltrúum ríkisstjórnarinnar eru veittar mikilvægar upplýsingar eða kynnt málefni sem þurfa að koma til úrlausnar innan stjórnsýslunnar.
5. Við 7. gr.
   a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Undan skal þó fella þau atriði fundargerðar sem hafa að geyma upplýsingar sem falla undir takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna, sbr. 9. og 10. gr. upplýsingalaga, og skulu þau færð í sérstaka trúnaðarmálabók.
   b. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Allir fundir ríkisstjórnarinnar skulu hljóðritaðir og afrit geymt í vörslu Þjóðskjalasafns. Hljóðritanir þessar skulu gerðar opinberar að 30 árum liðnum frá fundi.
6. Við 9. gr.
   a. Orðin „í sinn stað“ í lok 2. mgr. falli brott.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þótt ráðherra hafi tekið mál upp í ráðherranefnd leysir það hann ekki undan skyldu til að bera mál upp í ríkisstjórn, sbr. 6. gr.

7. Við 10. gr.
   a. 1. mgr. falli brott.
   b. 4. mgr. orðist svo:

Forsætisráðherra setur reglur um störf ráðherranefnda að höfðu samráði við ríkisstjórn.

8. 11. gr. orðist svo:

Færa skal skrá um samskipti og alla fundi milli ráðuneyta Stjórnarráðsins sem og við aðila utan þess.

Forsætisráðherra setur reglur um skráninguna.

9. Á eftir orðunum „meðferð eigna“ í 2. mgr. 12. gr. komi: sbr. þó 3. mgr. 13. gr.
10. Við 13. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi eign á vegum stjórnvalds verið lögð undir annan ráðherra, sbr. 4. gr., en þann sem stjórnvald heyrir stjórnarfarslega undir fer sá ráðherra með almennt eftirlit með þeirri eign, sbr. 15. gr.

11. Orðin „að fenginni tillögu ráðuneytisstjóra“ í 17. gr. falli brott.
12. Við 18. gr.
   a. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Aðrir starfsmenn eru ráðnir.
   b. 2. mgr. orðist svo:

Ráðherra setur ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanni ráðherra erindisbréf og ráðuneytisstjórar setja skrifstofustjórum erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur. Forsætisráðuneytið skal gefa út leiðbeinandi erindisbréf fyrir ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og aðstoðarmenn ráðherra í Stjórnarráði Íslands.

13. Á eftir orðunum „skipun nefndar“ í 2. mgr. 19. gr. komi: hæfi nefndarmanna svo og.
14. Við 20. gr.
   a. Orðið „faglegs“ í 1. mgr. falli brott.
   b. 2. mgr. orðist svo:

Starfsmenn ráðuneyta skulu í samræmi við stöðu sína og hlutverk veita ráðherra réttar upplýsingar og ráðgjöf sem byggist á staðreyndum og faglegu mati á valkostum þannig að hann geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og stefnumótun.

15. 22. gr. orðist svo:

Ráðherrum er heimilt að ráða til starfa í ráðuneyti sínu aðstoðarmann eða aðstoðarmenn. Aðstoðarmenn sem eru ráðnir til starfa í Stjórnarráði Íslands skulu á hverjum tíma ekki vera fleiri en nemur tveimur fyrir hvern ráðherra en heimilt er samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar að ráða þrjá til viðbótar ef þörf krefur. Ákvæði um auglýsingaskyldu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eiga ekki við um ráðningu aðstoðarmanna. Aðstoðarmaður ráðherra gegnir störfum fyrir ráðherra svo lengi sem ráðherra ákveður, þó ekki lengur en ráðherra sjálfur.

Aðstoðarmaður ráðherra heyrir beint undir ráðherra. Meginhlutverk aðstoðarmanns ráðherra er að vinna að stefnumótun á málefnasviði ráðuneytis undir yfirstjórn ráðherra og í samvinnu við ráðuneytisstjóra. Aðstoðarmanni ráðherra er óheimilt að rita undir stjórnvaldserindi fyrir hönd ráðherra.

Um laun og starfskjör aðstoðarmanna ráðherra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs um kjör skrifstofustjóra.

Aðstoðarmaður ráðherra á rétt á biðlaunum í þrjá mánuði eftir að hann lætur af starfi. Hafi aðstoðarmaður áður verið ríkisstarfsmaður á hann rétt á að hverfa aftur til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins. Þiggi fyrrverandi aðstoðarmaður ráðherra laun vegna annarra starfa á því tímabili sem hann á rétt á biðlaunum vegna fyrri starfa sinna sem aðstoðarmaður skerðast biðlaunin sem þeim launum nemur.

16. 1. og 2. mgr. 24. gr. orðist svo:

Forsætisráðherra staðfestir siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands. Við undirbúning reglnanna skal hafa samráð við starfsmenn sem í hlut eiga og leita eftir tillögum frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Einstökum ráðuneytum er heimilt að útfæra siðareglurnar nánar með hliðsjón af sérstökum verkefnum sem þau sinna. Heimilt er forsætisráðherra að setja sérstakar siðareglur fyrir aðstoðarmenn ráðherra, sbr. 22. gr.

Ríkisstjórn samþykkir siðareglur fyrir ráðherra. Forsætisráðherra undirritar siðareglurnar fyrir hönd ríkisstjórnar og birtir þær. Við undirbúning þeirra skal leita eftir tillögum frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

17. Á eftir 25. gr. komi nýr kafli, VII. kafli, **Málstefna,** með einni nýrri grein, 26. gr., svohljóðandi:

Forsætisráðherra mótar Stjórnarráðinu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggi fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Þar skulu settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum og starfsemi Stjórnarráðsins. Enn fremur skal koma fram hver gögn liggja að jafnaði fyrir í erlendum málbúningi og hvaða tungumál þar er um að ræða. Þá skal þar setja reglur um rétt manna af erlendum uppruna til samskipta við Stjórnarráðið á annarri tungu en íslensku.

Mál það sem er notað í starfsemi Stjórnarráðsins eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt.

18. 2. og 3. mgr. 27. gr. falli brott.

1859. Nefndarálit [12. mál]

um till. til þál. um reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Nefndinni hefur borist álit frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Á 138. löggjafarþingi var tillaga sama efnis til meðferðar í nefndinni og bárust þá umsagnir frá Bændasamtökum Íslands, Matís ohf., Matvælastofnun, Neytendasamtökunum, Samtökum iðnaðarins og Viðskiptaráði Íslands.

Í tillögunni er lagt til að efnahags- og viðskiptaráðherra móti reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum til að tryggja eðlilegt og sanngjarnt samkeppnisumhverfi innlendrar matvælaframleiðslu.

Í skilaskyldu felst að kaupmenn geti sér að kostnaðarlausu krafist þess að framleiðandi taki til baka framleiðsluvöru sem er að nálgast síðasta söludag. Þetta geta kaupmenn gert hvað varðar íslenskar matvörur en ekki erlendar. Margir íslenskir matvælaframleiðendur telja þetta fyrirkomulag skapa mikla skekkju í samkeppnisumhverfi, sökum þess að innlendir framleiðendur þurfi að bera kostnað af þeirri rýrnun sem hlýst af því þegar vöru er skilað en sá sem flytur inn matvöru geti komið ábyrgðinni og kostnaðinum af sér yfir á herðar kaupmannsins. Fyrirkomulagið leiði síðan til þess að hvatning skapist fyrir seljanda vöru til að hafa meira áberandi þá vöru sem er ekki með skilaskyldu, þ.e. innfluttu vöruna, til að tryggja að kostnaður af rýrnun falli ekki á hann.

Í áliti sínu frá 24. nóvember 2010 leggur sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 5. sept. 2011.

Magnús Orri Schram, varaform., frsm.	Guðlaugur Þór Þórðarson.	Auður Lilja Erlingsdóttir.
Valgerður Bjarnadóttir, með fyrirvara.	Eygló Harðardóttir.	Björn Valur Gíslason.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Skúli Helgason.	Margrét Tryggvadóttir.

Fylgiskjal.

Álit

um till. til þál. um reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur að beiðni viðskiptanefndar tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum (12. mál).

Tillagan var áður flutt á 136. löggjafarþingi (363. mál) og aftur á 138. löggjafarþingi (22. mál). Mælt var fyrir málinu á 138. löggjafarþingi og því vísað til viðskiptanefndar til umfjöllunar. Viðskiptanefnd óskaði umsagna sautján aðila en sex umsagnir bárust. Meiri hluti umsagnaraðila mæltist til þess að nefndin legði til að tillagan yrði samþykkt. Byggðust umsagnir þeirra m.a. á þeim rökum að skilaréttur á innlendum landbúnaðarvörum stríddi gegn eðlilegu viðskiptasiðferði og heilbrigðiskröfum um meðferð matvæla, vafi léki á því hvort slíkur réttur stæðist samkeppnislög, að slíkar reglur væru mikilvægt skref í átt að því að tryggja eðlilegt og sanngjarnt samkeppnisumhverfi innlendrar framleiðslu, að slíkar reglur væru mikilvægar með tilliti til heilbrigðis- og umhverfissjónarmiða, að sá möguleiki að skila vöru þegar líftími hennar er að renna út dragi úr hvatningu verslunarinnar til að grípa til söluhvetjandi aðgerða og að hægt væri að spara stórar fjárhæðir á þjóðhagslegan mælikvarða með því að

draga úr kostnaði vegna vöruskila. Þá kom það sjónarmið einnig fram hjá umsagnaraðilum að nauðsynlegt væri að kanna hvort þörf væri á reglusetningu í ljósi þeirra markmiða sem þingsályktunartillagan stefndi að enda mætti slíkum markmiðum oft og tíðum ná með gerð samninga við hagsmunaaðila. Í því skyni væri eðlilegt að leitað yrði sjónarmiða samkeppnisyfirvalda og hagsmunaaðila. Einnig kom fram það sjónarmið að forsendur tillögunnar væru umdeilanlegar. Þannig væri hætta á að afleiðingar reglusetningar yrðu neikvæðar fyrir matvælaöryggi þar sem ábyrgð á gæðum matvöru væri færð úr höndum framleiðenda og fagmanna. Þá gætu slíkar reglur haft í för með sér minnkandi neytendavernd þar sem öryggi matvæla kynni að minnka og verslanir gætu þurft að taka á sig ábyrgð sem nú hvílir á framleiðanda vöru sem fagaðila. Einnig væri hætta á að verðmæti gætu tapast vegna meiri förgunar á matvöru en nú væri.

Nefndin fór yfir framangreindar umsagnir en fól einnig nefndarritara að leita afstöðu leiðandi aðila á smásölumarkaði, samkeppnisyfirvalda og afurðasala til málefnisins. Virðist það sameiginlegur þráður í afstöðu framangreindra aðila að ekkert sé því beinlínis til fyrirstöðu að ráðherra verði falið að setja reglur ur skilaskyldu en nauðsynlegt sé að slík reglusetning verði vel ígrunduð og að við gerð slíkra reglna verði haft samráð við samkeppnisyfirvöld og hagsmunaaðila. Er niðurstaða nefndarinnar að leggja til að viðskiptanefnd Alþingis samþykki tillöguna óbreytta.

Alþingi 24. nóv. 2010.

Ólína Þorvarðardóttir, form.,
Ásmundur Einar Daðason,
Einar K. Guðfinnsson,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara,
Jón Gunnarsson,
Róbert Marshall,
Sigurður Ingi Jóhannsson.

1860. Fyrirspurn [904. mál]

til mennta- og menningarmálaráðherra um kostaðar stöður við skóla á háskólastigi.

Frá Þór Saari.

Hversu margar stöður við skóla á háskólastigi hafa verið kostaðar af fyrirtækjum, samtökum eða stofnunum frá árinu 1995 og hversu lengi? Óskað er eftir sundurliðun eftir skólum, auk upplýsinga um hverjir hafi gegnt umræddum stöðum og hversu lengi, svo og hver greiði kostnaðinn við þær.

Skriflegt svar óskast.

1861. Breytingartillögur [674. mál]

við frv. til l. um Stjórnarráð Íslands.

Frá Þór Saari, Birgittu Jónsdóttur og Margréti Tryggvadóttur.

1. 2. mgr. 7. gr. orðist svo:
   Í fundargerðir ríkisstjórnar skulu færðar niðurstöður, skýrt frá frásögnum og tilkynningum ráðherra auk þess sem greint skal frá umræðuefni, ef ekki er á því formleg niðurstaða. Haga skal fundargerð með þeim hætti að í ljós sé leitt hverjir hafa með ráðum, fortölum, atkvæði eða á annan hátt stuðlað að hverju því sem tekið er fyrir á ríkisstjórnarfundi. Bókuð sé afstaða hvers ráðherra til mála.
2. Við 20. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ráðuneytisstjórum er skylt að mótmæla eða koma að athugasemdum telji þeir gjörðir ráðherra ekki samræmast lögum eða vönduðum stjórnsýsluháttum. Samsvarandi skylda hvílir einnig á skrifstofustjórum óháð afstöðu ráðuneytisstjóra. Mótmæli og athugasemdir af þessum toga ber að tilkynna til umboðsmanns Alþingis.

1862. Lög [719. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 6. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1852.

1863. Frumvarp til laga [709. mál]

um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

(Eftir 2. umr., 6. sept.)

1. gr.
Hlutverk.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnaratriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á þessu sviði. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð í störfum sínum.

2. gr.
Nefndarskipan.

Umhverfisráðherra skipar sjö menn í nefndina og jafnmarga til vara. Einn nefndarmanna, sem skal vera formaður hennar og forstöðumaður og hafa starfið að aðalstarfi, er skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hann skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Staðgengill forstöðumanns er varamaður formanns og skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og formaður. Ráðherra skipar hann að tilnefningu formanns til sama tíma og formann, eða til starfsloka hans beri þau að höndum áður en skipunartíma varaformanns lýkur. Aðrir nefndarmenn eru skipaðir til fjögurra ára í senn og skulu þeir tilnefndir af Hæstarétti. Þeir skulu allir hafa háskólapróf. Einn skal hafa sérþekkingu á sviði skipulagsmála, einn á sviði byggingarmála, einn á sviði umhverfismála, einn á sviði jarðvísinda, orkumála og jarðrænna auðlinda og einn á sviði vistfræði og lífríkis þurrlendis, ferskvatns og sjávar. Einn skal hafa embættispróf í lögfræði eða annað háskólapróf sem verður metið jafngilt. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

3. gr.
Starfshættir.

Forstöðumaður úrskurðarnefndarinnar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber ábyrgð á fjárhag hennar og daglegum rekstri. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk nefndarinnar.

Að jafnaði skulu þrír nefndarmenn eiga sæti í úrskurðarnefndinni um hvert mál sem nefndinni berst. Ef mál er viðamikið eða fordæmisgefandi skulu fimm menn sitja í nefndinni. Formaður ákvarðar hvernig nefndin er skipuð í hverju máli og hvort hún er skipuð þremur eða fimm mönnum. Skal hann gæta þess að í nefndinni eigi sæti þeir sem besta þekkingu hafa til úrlausnar málsins. Formaður eða varaformaður eiga sæti í nefndinni í öllum málum.

Nefndin getur falið formanni að úrskurða í málum sem eru einföld úrlausnar og varða ekki verulega hagsmuni. Nefndin setur fullskipuð nánari reglur um hvenær heimildinni verður beitt.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn við úrskurð einstakra mála. Starfa þeir með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.

4. gr.
Málsmeðferð og kæruaðild.

Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og undirrituð. Þar skal koma fram hver er kærandi, hvaða ákvörðun er kærð, kröfur kæranda og rök fyrir kæru. Úrskurðarnefndin getur ákveðið að kæra skuli borin fram á sérstöku eyðublaði sem hún skal þá hafa aðgengilegt fyrir alla.

Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Það á þó ekki við ef mælt er fyrir um annan kærufrest í þeim lögum sem kæranleg ákvörðun byggist á. Sé um að ræða ákvarðanir sem sæta opinberri birtingu telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

Kærurétt samkvæmt þessari grein eiga þeir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun og umhverfisverndar-, útivistar- og hagsmunasamtök sem eiga varnarþing á Íslandi, enda séu félagsmenn þeirra 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Umhverfisverndarsamtök teljast samtök sem hafa

umhverfisvernd að meginmarkmiði. Útivistarsamtök teljast samtök sem hafa útivist og umhverfisvernd að markmiði. Samtök skv. 2. og 3. málsl. skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

Þegar kæra berst nefndinni tilkynnir hún stjórnvaldi því sem tók hina kærðu ákvörðun um kæruna og veitir því allt að 30 daga frest til að skila gögnum og umsögn um málið. Stjórnvaldinu er skylt að láta nefndinni í té öll þau gögn og upplýsingar sem tengjast málinu og nefndin telur þörf á að afla. Í viðamiklum málum getur nefndin veitt allt að 15 daga viðbótarfrest. Nefndin aflar viðbótargagna og umsagna og kynnir sér aðstæður á vettvangi þegar þörf er á til að mál teljist nægjanlega upplýst. Nefndinni er heimilt að sameina mál þegar kærur eru samkynja. Stjórnvöldum ber að veita nefndinni aðgang að gögnum og upplýsingum sem hún kann að óska í tengslum við úrlausn máls.

Nefndin kveður upp úrskurð eins fljótt og kostur er og jafnan innan þriggja mánaða frá því að málsgögn bárust frá stjórnvaldi, sbr. 4. mgr., en innan sex mánaða frá sama tímamarki sé mál viðamikið.

Formaður, eftir atvikum varaformaður, stýrir störfum nefndarinnar við umfjöllun máls. Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls.

Um málsmeðferð nefndarinnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

5. gr.

Stöðvun framkvæmda.

Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Kærandi getur þó krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Komi fram krafa um slíkt skal úrskurðarnefndin svo fljótt sem verða má kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurði um stöðvun framkvæmda ber viðkomandi stjórnvaldi að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Þau mál þar sem fallist er á stöðvun framkvæmda skulu sæta flýtimeðferð sé þess krafist af framkvæmdaraðila.

Sé um að ræða ákvörðun sem ekki felur í sér heimild til framkvæmda getur úrskurðarnefndin með sömu skilmálum frestað réttaráhrifum hennar komi fram krafa um það af hálfu kæranda.

6. gr.

Úrskurðir nefndarinnar og birting.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi. Úrskurðir nefndarinnar skulu birtir með aðgengilegum og skipulegum hætti.

7. gr.

Kostnaður.

Kostnaður vegna úrskurðarnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um úrskurðarnefndina, þ.m.t. um verkefni hennar, valdsvið og starfsskilyrði.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um málsmeðferð úrskurðarnefndarinnar, þ.m.t. heimildir til að sameina mál og úrskurða um mál með einföldum og skilvirkum hætti með vísan til fyrri fordæma og frestun réttaráhrifa.

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012. Ákvæði til bráðabirgða I tekur þó þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Starfsmönnum úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sem lögð er niður með lögum um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins, skal boðið starf hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði. Forstöðumanni úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál skal boðið að taka við starfi forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samkvæmt lögum þessum með starfskjörum samkvæmt úrskurði kjararáðs.

II.

Máli sem við gildistöku laga þessara hefur verið tekið til efnismeðferðar til endanlegrar ákvörðunar á stjórnsýslustigi skal lokið hjá því stjórnvaldi sem hefur það til meðferðar. Skipunartíma nefndarmanna úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sem starfar samkvæmt lögum nr. 123/2010, og úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarna, sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lýkur þegar öllum málum hefur verið lokið hjá nefndunum.

1864. Frumvarp til laga [708. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins.

(Eftir 2. umr., 6. sept.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr., svohljóðandi:
   Ákvarðanir Fiskistofu sem teknar eru samkvæmt þessum kafla sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Kæruleið og skaðabætur.*

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 71/2008, um fiskeldi.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Ákvarðanir Fiskistofu er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rekstrarleyfis til fiskeldis, sbr. III. og V. kafla, sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. Aðrar ákvarðanir sem Fiskistofa tekur á grundvelli laga þessara sæta kæru til ráðherra og fer um kærurnar samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

3. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr., 1. málsl. 1. mgr. 6. gr., 1. málsl. 19. gr., 1. málsl. 28. gr., 1. málsl. 1. mgr. 29. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 34. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarmynd): Orkustofnun.
b. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr., 1. málsl. 2. mgr. 4. gr., 1. málsl. 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr., 1. málsl. 2. mgr. 6. gr., 16. gr., 2. málsl. 17. gr., 2. málsl. 19. gr., 1. málsl. 1. mgr. 20. gr. og 32. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarmynd): Orkustofnun.
c. Orðin „að fengnu samþykki ráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 4. gr., 3. málsl. 1. mgr. 10. gr. og 3. málsl. 14. gr. laganna falla brott.
d. Orðin „Orkustofnunar og“ í 4. mgr. 5. gr. og orðið „Orkustofnunar“ í 3. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

4. gr.

2. og 3. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rannsóknar- eða nýtingarleyfa samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

IV. KAFLI

Breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

5. gr.

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr., 1. málsl. 2. mgr. og 2., 4. og 5. málsl. 4. mgr. 5. gr., 1. og 2. málsl. 2. mgr. 9. gr., 2. og 3. mgr. 11. gr., 1. málsl. 13. gr., 1. og 3. málsl. 3. mgr. 14. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarmynd): Orkustofnun.
b. Orðin „til ráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna falla brott.
c. Í stað orðanna „leyfi ráðherra“ í 35. gr. laganna kemur: samþykki leyfisveitanda.
d. Í stað orðanna „aðvörun ráðherra“ í 2. málsl. 36. gr. laganna kemur: aðvöruninni.
e. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1., 2. og 3. málsl. 36. gr. laganna kemur: leyfisveitandi.

6. gr.

32. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 1. málsl. 2. mgr. fellur brott og 2. málsl. orðast svo: Áður en sérleyfi til dreifingar raforku er veitt skal Orkustofnun leita umsagnar viðkomandi sveitarfélaga.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Orkustofnun skal kynna umsókn um leyfi samkvæmt lögum þessum með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

8. gr.

Í stað 2. mgr. 37. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa sem fjallað er um í 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 11. gr. sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála eða úrskurðarnefndar raforkumála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Hún skal borin fram innan 30 daga frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

V. KAFLI
Breyting á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr., 1. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 68. gr., 1. mgr. 69. gr., 2. málsl. 71. gr., 1. og 2. mgr. 74. gr., 3. mgr. 75. gr. og 1. málsl. og b-lið 1. mgr. og 5. mgr. 133. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarmynd): Orkustofnun.

10. gr.

Við 151. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir Orkustofnunar er snerta mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir sem fjallað er um í VI., VII. og XIV. kafla sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum.

11. gr.

Á eftir 30. gr. a laganna kemur ný grein, 30. gr. b, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Kærur.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, með síðari breytingum.

12. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarmynd): Orkustofnun.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Orkustofnun.

13. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, með síðari breytingum.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: Umhverfisstofnun.
b. Orðin „og Umhverfisstofnunar“ í 3. mgr. falla brott.

15. gr.

74. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar skv. 38. og 41. gr. sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Þeir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda öðrum ákvörðunum Umhverfisstofnunar geta kært þær til ráðherra. Umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök sem varnarþing eiga á Íslandi njóta sama réttar, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.

Aðrar stjórnvaldsákvarðanir sem lúta að framkvæmd laga þessara og ráðherra tekur ekki sjálfur eða staðfestir sæta kæru til ráðherra sem kveður upp endanlegan úrskurð á stjórnsýslustigi. Um slíkar kærur fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, með síðari breytingum.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „úrskurðar“ í 1. mgr. kemur: sbr. þó 4. mgr.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar er lúta að lagningu sæstrengja og neðansjávarleiðslna, sbr. 2. mgr. 9. gr., sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

X. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

17. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Kærur.

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfis skv. 3. gr. sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

XI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir“ í 1. mgr. kemur: umhverfis- og auðlindamála.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.
c. 1. málsl. 2. mgr. fellur brott.

XII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sérstakrar úrskurðarnefndar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.
b. Orðin „eða þegar ágreiningur rís vegna ákvörðunar um útgáfu starfsleyfis samkvæmt ákvæðum 6. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað 2.–4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

20. gr.

2. mgr. 32. gr. laganna fellur brott.

XIII. KAFLI

Breyting á skipulagslögum, nr. 123/2010.

21. gr.

Í stað orðanna „úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál“ í 6. mgr. 13. gr. laganna og lokamálslið 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

22. gr.

52. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Kærur.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ákvarðanir sem Skipulagsstofnun og ráðherra ber að lögum þessum að staðfesta sæta þó ekki kæru til nefndarinnar. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

23. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Kærur, þvingunarúrræði og viðurlög.**

XIV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar, með síðari breytingum.

24. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir sem Umhverfisstofnun tekur og varða veitingu, endurskoðun eða afturköllun leyfis samkvæmt þessari grein sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

XV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Eiturefni mega þeir einir framleiða er til þess hafa fengið leyfi Umhverfisstofnunar, enda mæli Vinnueftirlit ríkisins með veitingu slíkra leyfa.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Ákvarðanir Umhverfisstofnunar er varða veitingu, endurskoðun eða afturköllun leyfis skv. 1. mgr. sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, með síðari breytingum.

26. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar er varða veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfis samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. Aðrar ákvarðanir sæta kæru til ráðherra innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tilkynnt.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka sé matsskyld og ákvarðanir skv. 2. mgr. 5. gr. sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála; sömuleiðis ákvarðanir stofnunarinnar skv. 12. gr. um endurskoðun matsskýrslu. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. mgr. kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

d. 4. mgr. fellur brott.

e. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Málskot.*

28. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, með síðari breytingum.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 7. mgr. orðast svo:

Stjórnvaldsákvarðanir Brunamálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

b. Í stað orðanna „úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála“ í 9. og 10. mgr. kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

30. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

XX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 160/2010, um mannvirki.

31. gr.

Í stað orðanna „úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

32. gr.

59. gr. laganna orðast svo:

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 17. gr. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

XXI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

33. gr.

4. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir heilbrigðisnefndar sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012.

1865. Breytingartillögur [675. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (RM, ÁI, VBj, ÞrB, MÁ, ÞSa).

1. XII. kafli, 12. gr., falli brott.
2. Orðið „fulltrúa“ í b-lið 21. gr. falli brott.
3. D-liður 41. gr. orðist svo: Í stað orðanna „er fjármálaráðherra setur“ í 8. gr. laganna kemur: settum af þeim ráðherra er fer með lífeyrismál.
4. L. kafli, 50. gr., falli brott.
5. 53. gr. orðist svo:
   a. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 2. gr. laganna kemur: ráðuneyti.
   b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 3. gr., 10. gr. og 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
   c. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
      Ráðuneytisstjóri sér um daglegan rekstur ráðuneytisins ásamt öðrum starfsmönnum sem það er falið.

d. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 6. gr., 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 17. gr. og 18. gr. laganna kemur: ráðherra.
e. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ tvívegis í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
f. Í stað orðsins „Utanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

6. Í stað orðanna „ráðuneyti er fer með íþróttamál“ í a-lið 57. gr. komi: ráðuneyti íþróttamála.
7. Á undan orðinu „ráðuneyti“ í b-lið 62. gr. komi: því.
8. Við 113. gr.
   a. Á undan orðinu „laganna“ í a-lið komi: og 5. gr.
   b. C-liður falli brott.
9. CXXXV. kafli, 135. gr., falli brott.
10. Á eftir CLX. kafla komi nýr kafli, **Breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum**, með einni nýrri grein sem orðist svo:
    a. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 6. tölul. 13. gr. laganna kemur: ráðherra.
    b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 25. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.
11. C-liður 169. gr. falli brott.
12. B-liður 215. gr. falli brott.
13. C-liður 264. gr. orðist svo: Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 12. gr., 2. og 3. mgr. 19. gr., 2. mgr. 20. gr. og 25. gr. laganna kemur: ráðherra.
14. Í stað orðanna „3. gr. laganna“ í a-lið 266. gr. komi: 3. gr. og 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XIV í lögunum.
15. Í stað orðanna „2. málsl. og tvívegis í 3. málsl.“ í b-lið 271. gr. komi: 2.–4. málsl.
16. Á eftir orðunum „ákvæði til bráðabirgða“ í c-lið 274. gr. komi: I.
17. CCCV. kafli, 305. gr., falli brott.
18. CCCXLVI. kafli, 346. gr., falli brott.
19. Í stað orðanna „3. mgr.“ í 347. gr. komi: 4. mgr.
20. Orðin „tvívegis í 1. mgr. og“ í a-lið 360. gr. falli brott.
21. Í stað orðsins „föst“ í h-lið 361. gr. komi: fast.
22. Við 370. gr.
    a. A-liður orðist svo: Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 29. gr., 2. mgr. 31. gr., 7. mgr. 34. gr. og 5. mgr. 47. gr. laganna kemur: Ráðherra.
    b. Í stað orðanna „37. gr.“ í b-lið komi: 47. gr.
23. CCCLXXVI. kafli, 376. gr., falli brott.
24. Í stað orðanna „2. mgr. 18. gr.“ í a-lið 395. gr. komi: 1. mgr. 18. gr.
25. Orðin „tvívegis í 1. mgr. og þrívegis í 2. mgr. 9. gr.“ í 424. gr. falli brott.
26. Í stað orðanna „1. gr.“ í 457. gr. komi: 2. gr.
27. Fyrirsögn CDLVII. kafla verði: **Breyting á lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, með síðari breytingum.**
28. Orðin „2. mgr. 6. gr.“ í c-lið 463. gr. falli brott.
29. Við 471. gr.
    a. Á undan a-lið komi nýr stafliður er orðist svo: Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 18. gr. a laganna kemur: ráðuneytið.
    b. Á eftir orðunum „fjármálaráðherra í“ í c-lið, er verði a-liður, komi: 18. gr. a.

30. 497. gr. orðist svo:
    a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 4. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 26. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
    b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í fyrirsögn 38. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
31. DXXXVI. kafli, 536. gr., falli brott.
32. Á undan DXLVI. kafla komi 11 nýir kaflar, með einni grein hver, sem orðist svo ásamt fyrirsögnum:
    a. (DXL. kafli.)

Breyting á lögum um stjórn vatnamála, nr. 36/2011.

540. gr.

a. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 2. mgr. 4. gr., tvívegis í 1. mgr. 5. gr. og ákvæði til bráðabirgða I í lögunum kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilnefnir einn fulltrúa, iðnaðarráðherra einn“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Þeir ráðherrar er fara með málefni orkumála og fiskeldis tilnefna einn fulltrúa hvor.

b. (DXLI. kafli.)

Breyting á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011.

541. gr.

a. Í stað orðsins „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 62. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. málsl. 3. mgr. 62. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með málefni fjarskipta.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. málsl. 3. mgr. 62. gr. laganna kemur: sama ráðherra.

c. (DXLII. kafli.)

Breyting á lögum um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar, nr. 44/2011.

542. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 10. og 13. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað 3.–5. málsl. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum kemur einn nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra skipar nefndina, og formann hennar, og skulu vera í henni tíu fulltrúar tilnefndir af ráðherrum er fara með málefni þjóðlendna, orkumála, samgangna, vísinda og landbúnaðar og skulu þessir fulltrúar ráðherranna annast tengsl við stofnanir viðkomandi ráðuneyta, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn, LÍSA, samtök um landupplýsingar á Íslandi, einn og Landmælingar Íslands einn.

d. (DXLIII. kafli.)

Breyting á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011.

543. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 12. gr. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. og 6. mgr. 10. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni náttúruverndar.
c. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með skipulagsmál.

d. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með málefni náttúruverndar.
e. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með málefni menningarminja.
f. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: Sá ráðherra er fer með málefni náttúruverndar.

e. (DXLIV. kafli.)

Breyting á lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 57/2011.

544. gr.

Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: ráðherra.

f. (DXLV. kafli.)

Breyting á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, nr. 61/2011.

545. gr.

a. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðuneytið“ í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með málefni innflytjenda.

g. (DXLVI. kafli.)

Breyting á lögum um breyting á lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63/1989, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, ábúðarlögum, nr. 80/2004, og lögum um búfjárhald, nr. 103/2002 (niðurlagning Hagþjónustu landbúnaðarins), nr. 74/2011.

546. gr.

Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ a-lið 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

h. (DXLVII. kafli.)

Breyting á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011.

547. gr.

a. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: þann ráðherra er fer með málefni náttúruverndar.

i. (DXLVIII. kafli.)

Breyting á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011.

548. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

j. (DXLIX. kafli.)

Breyting á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011.

549. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Ráðuneytið skal hafa yfirumsjón með réttindum fatlaðs fólks og skal koma á fót sérstakri réttindavakt innan þess.

c. Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Réttindavakt ráðuneytisins.**
d. Í stað orðsins „innanríkisráðuneyti“ í ákvæði til bráðabirgða II í lögunum kemur: ráðuneyti mannréttindamála.
e. Í stað orðanna „velferðarráðuneytis, innanríkisráðuneytis“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögunum kemur: ráðuneytisins og ráðuneytis mannréttindamála.

k. (DL. kafli.)

Breyting á lögum um skeldýrarækt, nr. 90/2011.

550. gr.

Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

1866. Nefndarálit [310. mál]

um till. til þál. um staðgöngumæðrun.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur frá velferðarráðuneytinu, fulltrúa frá Staðgöngu, Katrínu B. Baldvinsdóttur og Elínu Einarsdóttur frá Tilveru, Salvöru Nordal frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, Ástríði Stefánsdóttur frá menntavísindasviði Háskóla Íslands og Karen Busby, lagaprófessor við háskólann í Manitoba í Kanada. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, ART Medica, Bahá´íum á Íslandi, Barnaheillum, Femínistafélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Frjálshyggjufélaginu, Guðmundi Pálssyni, sérfræðingi í heimilislækningum, Helgu Sól Ólafsdóttur, félagsráðgjafa MscSW, Art Medica, Jafnréttisstofu, Stuðningsfélaginu Krafti, Kvenréttindafélagi Íslands, landlæknisembættinu, Læknafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, Rauða krossi Íslands, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, Staðgöngu, Tilveru, umboðsmanni barna og þjóðmálanefnd Þjóðkirkjunnar. Einnig hafa nefndinni borist umsagnir frá meiri hluta og minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að heilbrigðisráðherra, nú velferðarráðherra, verði falið að skipa starfshóp sem undirbúi frumvarp sem heimili staðgöngumæðrun á Íslandi. Í tillögunni er lagt til að við vinnuna skuli m.a. lögð áhersla á að:

a. staðgöngumæðrun verði aðeins heimiluð í velgjörðarskyni,
b. sett verði ströng skilyrði fyrir staðgöngumæðrun í því augnamiði að tryggja sem best réttindi, skyldur og hagsmuni staðgöngumæðra og væntanlegra foreldra og réttindi og hag þeirra barna sem hugsanlega verða til með þessu úrræði,
c. verðandi staðgöngumæður og verðandi foreldrar verði skyldugir til að gera með sér bindandi samkomulag um staðgöngumæðrun.

Meiri hlutinn telur réttlætanlegt að stíga það skref að fela velferðarráðherra að skipa starfshóp sem undirbúi frumvarp um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Mikilvægt er að starfshópinn skipi fjölbreyttur hópur fólks svo að sem flest sjónarmið fái notið sín. Vanda verður mjög smíð slíks frumvarps, setja þarf skýr og ströng skilyrði og

byggja traustan lagaramma til að tryggja í reynd öruggar aðstæður, hagsmuni og réttindi ólíkra aðila – barnsins, staðgöngumóður og verðandi foreldra. Við vinnuna verður að taka mið af faglegu mati, alþjóðlegum rannsóknum og reynslu annarra þjóða.

Hvað er staðgöngumæðrun?

Í áfangaskýrslu vinnuhóps um staðgöngumæðrun, sem skipaður var af þáverandi heilbrigðisráðherra í byrjun árs 2009, er gefin eftirfarandi skilgreining á staðgöngumæðrun:

„Staðgöngumæðrun í víðum skilningi er þegar kona (staðgöngumóðir) gengur með barn fyrir par eða einstakling (verðandi foreldra eða foreldri) og hefur fallist á fyrir meðgönguna að afhenda þeim barnið eftir fæðingu.

Hefðbundin staðgöngumæðrun (e. traditional or partial surrogacy) kallast það þegar staðgöngumóðirin gengur með sitt eigið barn í þeim tilgangi að afhenda það erfðafræðilegum föður og hugsanlega konu hans eða sambúðaraðila. Barnið getur verið getið með samförum (e. sexual intercourse), heimasæðingu með fersku eða frosnu sæði (e. home artificial insemination) eða tæknisæðingu (e. intrauterine insemination or intracervical insemination). Sé ekki hægt að nota sæði frá verðandi föður er hægt að nota gjafasæði. Tilefni (ábending) fyrir notkun gjafasæðis getur t.d. verið vöntun á sæðisfrumum eða erfðagalli hjá verðandi föður, verðandi foreldrar eru báðir konur eða verðandi foreldri er einstæð kona.

Staðgöngumæðrun þegar hin þungaða kona hefur enga erfðafræðilega tengingu við barnið og það er getið með glasafrjóvgun hefur verið kallað full staðgöngumæðrun (e. gestational surrogacy, full surrogacy, IVF surrogacy). Í slíku tilfelli geta báðar kynfrumur komið frá verðandi foreldrum, báðar kynfrumur komið frá egg- og sæðisgjöfum vegna vöntunar á kynfrumum beggja verðandi foreldra eða vegna alvarlegs erfðagalla þeirra. Loks getur önnur kynfruma komið frá öðru foreldranna og hin kynfruman frá kynfrumugjafa. Þessi aðferð krefst glasafrjóvgunar.“

Talið er að um 15% para eigi við ófrjósemi að stríða. Miklar framfarir í tæknifrjóvgun síðastliðin ár og áratugi, sem og framsækin og opin löggjöf hérlendis um tæknifrjóvgun, hefur hjálpað stórum hópi þessara para. Hluti þessara para er þó enn hjálparvana. Meðal þeirra er tiltölulega fámennur hópur kvenna sem t.a.m. hefur fæðingargalla á legi eða hefur fæðst án legs, konur sem hafa misst legið eða það orðið óstarfshæft vegna meðferða, svo sem krabbameinsmeðferðar, eða aukaverkana við læknisaðgerðir.

Út frá siðferðilegu sjónarmiði er nauðsynlegt að gera greinarmun á annars vegar því sem kalla má staðgöngumæðrun sem velgjörð og hins vegar staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni. Hið fyrra á við þegar kona gengur með barn fyrir aðra konu í þeim tilgangi að láta gott af sér leiða (velgjörð). Oft er hún skyld parinu sem tekur við barninu eða er náinn vinur þeirra, en ekki alltaf. Eins og rannsóknir sýna er fjöldi dæma til um staðgöngumæður sem leggja út í þessa vegferð af samkennd í garð barnlausra para og sem velgjörð jafnvel til ókunnugs fólks.

Það er mat meiri hlutans að það sé siðfræðilega grundvallarmunur á því að ganga af velgjörð með barn fyrir t.a.m. systur sína eða hinu að vera ráðin á viðskiptagrundvelli sem ókunnug staðgöngumóðir. Meiri hlutinn telur einboðið að setja þurfi skýr mörk á milli staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni og staðgöngumæðrunar í hagnaðarskyni enda sé um tvo eðlisólíka gjörninga að ræða. Með ákvörðun um staðgöngu í velgjörðarskyni er gengið út frá því að ákvörðun konunnar sé sjálfstæð og gerð af fúsum og frjálsum vilja sem byggist á löngun hennar til að hjálpa öðrum til að eignast barn. Með lagalegri heimild til staðgöngumæðrunar hérlendis væri því aðeins átt við skýrt afmarkaða staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Í flestum löndum Evrópu er staðan sú að staðgöngumæðrun er ekki leyfð, þ.e. hún er ýmist bönnuð með beinum hætti eða með ákvæðum annarra laga, t.d. laga um tæknifrjóvgun eða laga um ættleiðingu sem koma í reynd í veg fyrir að staðgöngumæðrun sé heimil. Staðgöngumæðrun er leyfð með lögum í Rússlandi, Ungverjalandi og Úkraínu með misströngum skilyrðum.

Staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni er leyfð í nokkrum löndum, t.d. í Bretlandi, Hollandi, Grikklandi og Georgíu. Í nokkrum Evrópulöndum eru engin ákvæði um staðgöngumæðrun í löggjöf, meðal þeirra eru Belgía, Króatía, Tékkland, Portúgal og Rúmenía og standa ákvæði laga því ekki í vegi fyrir staðgöngumæðrun. Staðgöngumæðrun er leyfð bæði í Kanada og Bandaríkjunum.

Í ýmsum löndum er staðgöngumæðrun í reynd óframkvæmanleg með löglegum hætti þar sem tæknifrjóvgunarlöggjöfin og/eða ættleiðingarlöggjöfin er mun strangari en hún er hérlendis. Fáir hafa gengið jafn langt og Íslendingar í frjálsræði hvað varðar tæknifrjóvgun, eins og nánar verður komið að síðar, og skoða verður heimild til staðgöngumæðrunar af velgjörð hérlendis m.a. í því samhengi. Vel er þekkt hérlendis sú rótgróna hefð að gefa börn í fóstur til ættingja eða vina og það er m.a. algengara hérlendis en annars staðar að systir gefi eggfrumu.

Þættir sem leggja þarf áherslu á við gerð frumvarps eru m.a. eftirfarandi:

- Með hvaða hætti er hagur barnsins best tryggður og hvernig má setja í forgrunn þroskavænleg og kærleiksrík uppeldisskilyrði barnsins?
- Hver er réttur barnsins m.a. til að þekkja uppruna sinn?
- Hvernig er velferð, sjálfræði og réttindi staðgöngumóður best tryggð?
- Þarf að uppfylla skilyrði til að fá að vera staðgöngumóðir?
- Hvernig er best komið í veg fyrir staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni og hvernig má helst tryggja að um velgjörð sé að ræða?
- Hverjum á að vera heimilt að eignast/ættleiða barn með staðgöngumæðrun og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til slíks, svo sem hæfni til foreldrahlutverksins og saga um ófrjósemi?
- Þurfa verðandi foreldrar að fara í gegnum sérstakt ættleiðingarferli?
- Hvað gerist ef verðandi foreldrar skipta um skoðun á meðgöngutímanum?
- Á að setja skilyrði um að verðandi foreldrar og staðgöngumóðir séu íslenskir ríkisborgarar og/eða búsett hér á landi?
- Á að leyfa að verðandi foreldrar greiði staðgöngumóður endurgjald fyrir útlögðum kostnaði af þungun, líkt og í tilfelli konu sem gefur eggfrumu til annarrar konu?
- Með hvaða hætti skal orlof og fæðingarorlof staðgöngumóður og verðandi foreldra barnsins vera?
- Hvernig má tryggja góðar verklagsreglur um skipulag mæðraverndar með tilliti til staðgöngumæðrunar, svo sem að sami heilbrigðisstarfsmaður annist ekki parið sem á við ófrjósemi að stríða og staðgöngumóðurina?
- Hvernig má tryggja faglega afgreiðslu á umsóknum og leyfum sem og skýrt eftirlit og eftirfylgni með framkvæmdinni?
- Hvernig verður best stuðlað að opinni og upplýstri umræðu um staðgöngumæðrun í samfélaginu?

Hugsanleg skilyrði og ferli staðgöngumæðrunar.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að leggja upp með að löggjöfin verði ströng og með skýrum skilyrðum. Jafnframt væri hægt að hugsa sér að í frumvarpinu væri endurskoðunarákvæði þar sem reynslan væri metin, t.d. að 2–5 árum liðnum, en ef staðgöngumæðrun verður að veruleika er nauðsynlegt að reynslan sé metin nákvæmlega með rannsóknum og eftirliti.

Eitt skilyrði gæti verið að sérstök nefnd skipuð fagfólki skoði ítarlega aðstæður bæði parsins sem óskar eftir barninu sem og staðgöngumóður og fjölskyldu hennar og veiti leyfi. Einnig væri hægt að hugsa sér að væntanlegir foreldrar og uppalendur barnsins byrji strax sérstakt ættleiðingarferli að gefnu sérstöku forsamþykki. Regluleg viðtöl við alla málsaðila ættu að vera í gegnum ferlið til að koma í veg fyrir og leysa möguleg vandamál sem upp kunna að koma.

Hægt væri að hugsa sér að einungis kona sem getur ekki gengið með barn vegna sjúkdóma eða erfðagalla, eða tiltekið par sem hefur í fleiri ár reynt allar leiðir til að yfirstíga ófrjósemisvanda en ekki tekist, eigi rétt á að eignast barn með staðgöngumæðrun. Þá væri hægt að hugsa sér að staðgöngumóðirin sé náinn ættingi og því hluti af stórfjölskyldu barnsins eða náin vinkona hinna verðandi foreldra. Ef gera ætti undantekningu á slíku skilyrði náinna tengsla staðgöngumóður og verðandi foreldra yrði að koma til sterkur rökstuðningur og sérstök undanþága.

Hugsanlegt er að gera þá kröfu til staðgöngumóður að hún hafi áður gengið í gegnum meðgöngu og fæðingu, hafi jafnvel ákveðið að eignast sjálf ekki fleiri börn og sé vel upplýst um hvað hún er að takast á hendur, áhættur þess og álag. Þá verður að taka tillit til maka og annarra fjölskyldumeðlima staðgöngumóður.

Fram hafa komið hugmyndir um að leyfa eingöngu fulla staðgöngumæðrun, þ.e. að einungis sé leyfilegt að nota kynfrumur verðandi foreldra en ekki kynfrumu staðgöngumóðurinnar. Meiri hlutinn telur óeðlilegt að setja slík skilyrði heldur verði að meta hvert og eitt tilfelli fyrir sig í samræmi við vilja allra aðila. Þannig er m.a. til þess að líta að það felur hugsanlega í sér meiri hættur læknisfræðilega fyrir staðgöngumóðurina að ganga ekki með eigið egg og í sumum tilfellum er það ekki kostur yfirhöfuð að ganga með gjafaegg.

Meiri hlutinn tekur ekki að svo stöddu endanlega afstöðu til þess hvernig þessum málum er best háttað en lítur á það sem hlutverk starfshópsins að kynna sér í þaula rannsóknir og reynsluna erlendis frá og fá faglega ráðgjöf í þessum efnum frá fólki sem hefur starfað á þessum vettvangi. Hið pólitíska leiðarljós er hins vegar skýrt – að tryggja í fyrsta lagi hag barnsins, að tryggja í öðru lagi rétt, sjálfræði og velferð staðgöngumóðurinnar og fjölskyldu hennar, og að tryggja í þriðja lagi farsæla aðkomu hinna verðandi foreldra.

Hagur barnsins.

Lagarammi og regluverk utan um staðgöngumæðrun verður öðru fremur að setja í forgang að tryggja hag barnsins, rétt barnsins til kærleiksríkra foreldra, verndar, umönnunar og góðra uppeldisskilyrða.

Í barnalögum er m.a. kveðið á um víðtæk réttindi barnsins og í lögum um tæknifrjóvgun kemur fram að hana megi því aðeins framkvæma að ætla megi að barninu sem til verður við aðgerðina verði tryggð þroskavænleg uppeldisskilyrði.

Ljóst má vera að réttindi og hagur barnsins helst m.a. í hendur við þau skilyrði sem verðandi foreldrar verða að uppfylla, svo sem um hæfni til að sjá barninu fyrir góðu uppeldi og öruggu heimili.

Samkvæmt barnalögum er móðir barns skilgreind sú kona sem fæðir barn. Faðir barnsins er eiginmaður hennar eða sambýlismaður hennar nema móðirin tilkynni annan föður. Til að tryggja rétt barnsins til foreldra er að mati meiri hlutans barninu fyrir bestu að það sé skýrt að kona sem fæðir barnið sé móðir barnsins og ekki sé hróflað við þeirri skilgreiningu.

Fyrirmynd að fyrirkomulagi hvað þetta varðar gæti t.a.m. komið frá Finnlandi frá þeim tíma sem staðgöngumæðrun var leyfð þar. Samkvæmt upplýsingum meiri hlutans var úrræðið lítið notað í Finnlandi eða aðeins um 17 mál á 10 ára tímabili. Andlegt, félagslegt og líkamlegt mat var gert af fagfólki á bæði parinu og staðgöngumóður ásamt maka hennar ef hann var til staðar, áður en ákvörðun var tekin um að leyfa meðferð. Áður en meðferðin hófst þurfti parið og staðgöngumóðirin að byrja formlegt ættleiðingarferli og ættleiðing gekk síðan í gildi þegar barnið var tveggja mánaða. Allir aðilar fengu víðtækan stuðning og ráðgjöf fagaðila varðandi andlega, félagslega og líkamlega heilsu gegnum alla meðgönguna og eftir fæðinguna. Af þessum 17 málum var staðgöngumóðirin allajafna innan stórfjölskyldunnar eða náin vinkona, en í tveimur tilfellum var það ókunnug kona. Rétt er að geta þess að ástæða þess að staðgöngumæðrun var síðar bönnuð í Finnlandi var samkvæmt upplýsingum meiri hlutans ekki slæm reynsla af staðgöngumæðrun heldur umdeild umræða um rétt einhleypra og samkynhneigðra kvenna til tæknifrjóvgunar. Þá var löggjöfin sem slík slegin af.

Samkvæmt barnalögum á barnið rétt á að vita um líffræðilegan uppruna sinn. Það er sjálfsagt að álíta sem svo að farsælast sé að þeir einstaklingar sem eru getnir og fæddir með þessum hætti hafi fullan aðgang að öllum upplýsingum um tilurð sína þegar þeir hafa aldur og þroska til. Í undirbúningsvinnu fyrir ferlið er og hægt að brýna fyrir verðandi foreldrum að segja börnum sínum frá uppruna sínum.

Það er staðreynd að einstaklingar eru nú þegar getnir við fjölbreyttar kringumstæður hvað varðar líffræðilegan skyldleika við foreldra sína. Þegar rætt er um rétt barna til að þekkja uppruna sinn er t.a.m. rétt að benda á að samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun er slíkur réttur ekki alltaf til staðar, svo sem þegar um er að ræða gjafasæði eða gjafaegg. Barn sem getið er með staðgöngumæðrun hefur þannig mun sterkari forsendur til að fá að þekkja uppruna sinn heldur en t.a.m. barn sem er getið með gjafasæði sem nafnleynd hvílir allajafna á.

Tryggja verður rétt barnsins ef svo ólíklega vill til að hinir verðandi foreldrar vilja ekki taka við barninu. Slík tilfelli eru afar fá en hafa þó komið upp erlendis. Bent hefur verið á að við að einskorða staðgöngumæðrun við aðila sem tengjast traustum böndum, og þá sérstaklega innan fjölskyldunnar, megi koma í veg fyrir hugsanleg vandamál sem tengjast ábyrgðinni á barninu ef verðandi foreldrar hafna því. Litlar líkur eru á að barninu sé hafnað af allri fjölskyldunni. Áður en lagt er upp í ferlið verður að vera ljóst hver tekur við barninu ef verðandi foreldrar hætta við og ef hinir verðandi foreldrar fara í gegnum ættleiðingarferli má líka gera kröfu um aðra ábyrgðaraðila.

Þær takmörkuðu rannsóknir sem til eru um tengsl barna staðgöngumæðra við foreldra sína hafa sýnt að þau tengsl koma að jafnaði betur út en meðaltal.

Réttur staðgöngumóður.

Meiri hlutinn telur ekki rétt að væntanlegt frumvarp um staðgöngumæðrun feli í sér að bindandi samkomulag skuli gert milli staðgöngumóður og verðandi foreldra.

Rökstuðningurinn fyrir þessu lýtur að skilyrðislausum rétti kvenna, í þessu tilfelli staðgöngumóður, til að ráða yfir eigin líkama.

Ekkert samkomulag getur tekið frá konu þann skýlausa rétt að ráða yfir eigin líkama. Á meðgöngunni geta komið upp fjölmargir ófyrirséðir þættir sem ekki er mögulegt að semja

um fyrir fram. Það er mikilvægt að standa vörð um rétt staðgöngumóðurinnar yfir þeim ákvörðunum sem taka þarf á meðgöngu og í fæðingarferlinu öllu án íhlutunar annarra.

Sömuleiðis getur, að mati meiri hlutans, ekkert tekið frá konu þann rétt að teljast móðir barnsins sem hún gengur með og fæðir, burtséð frá því hvaðan kynfrumur barnsins koma. Það eitt að kynfrumur parsins séu notaðar, svo dæmi sé tekið, gefur þeim ekki rétt til líkama staðgöngumóðurinnar eða til barnsins. Þá væri auk þess undirstaðan fyrir notkun gjafaeggja og gjafasæðis brostin.

Þetta breytir því ekki að stuðla ber að góðum og uppbyggilegum tengslum staðgöngumóður við verðandi foreldra barnsins, enda hafa rannsóknir erlendis sýnt að slíkt er einn lykilþátturinn í jákvæðri upplifun staðgöngumæðra á hlutverki sínu og ef rétt er á haldið öllum aðilum í hag.

Í þessum efnum á ekki heldur að vera hægt að svipta staðgöngumóður barni sínu vilji hún ekki gefa það frá sér. Hægt væri að hugsa sér að í því frumvarpi sem lagt væri fyrir Alþingi væri gert ráð fyrir einhvers konar umþóttunartíma staðgöngumóður eftir fæðingu ákveði hún að hætta við að láta barnið frá sér. Slíkt tíðkast t.a.m. í Bretlandi. Reynslan erlendis sýnir að slíkt er afar fátítt og kemur allajafna ekki upp, en til að taka af allan vafa og tryggja réttaröryggi hinnar fæðandi konu og barnsins telur meiri hlutinn áríðandi að málum sé fyrir komið með þessum hætti.

Þónokkrar fagrannsóknir liggja fyrir um reynslu staðgöngumæðra á Vesturlöndum, hvort heldur er um að ræða hefðbundna eða fulla staðgöngumæðrun. Þær rannsóknir virðast sýna yfirgnæfandi að reynsla staðgöngumæðra er jákvæð og að þær eru ánægðar með að hafa lagt upp í þetta ferli. Með réttu er því hægt að segja að það sé réttur konu að ákveða sjálf hvort, hvernig og hvenær hún verði þunguð, það sé konunnar sjálfrar að taka upplýsta ákvörðun um sinn líkama og þar með að vera staðgöngumóðir í velgjörðarskyni ef hún svo óskar. Virða á sjálfræði konu sem af fúsum og frjálsum vilja gengur með barn, hvort heldur sem er erfðafræðilega hennar eða ekki, og ákveður jafnframt af fúsum og frjálsum vilja að gefa það í velgjörðarskyni í fóstur til annarra foreldra sem hafa verið úrskurðuð hæf til að veita barninu öruggt og kærleiksríkt uppeldi.

Félagsleg réttindi staðgöngumóður á meðgöngu eru nú þegar til staðar sem almenn réttindi þungaðra kvenna, svo sem réttur til atvinnuöryggis, en að auki er við frumættleiðingu tryggður tveggja mánaða réttur til fæðingarorlofs fyrir foreldra sem gefa barn til ættleiðingar við fæðingu.

Samflot með öðrum Norðurlöndum?

Í þónokkrum umsögnum er þess getið að Íslendingar ættu að bíða eftir öðrum Norðurlöndum hvað varðar staðgöngumæðrun og eiga samleið með þeim.

Að mati meiri hluta nefndarinnar er þetta langt í frá sjálfgefið viðmið í þessum efnum. Staðreyndin er sú að Ísland hefur gengið mun lengra en önnur Norðurlönd hvað varðar frjálsræði í lögum og regluverki um tæknifrjóvgun. Löggjafinn hérlendis hefur lýst vilja sínum í þeim efnum með afgerandi hætti.

Leyfilegt er hérlendis að nota bæði gjafasæði og gjafaegg og láta þannig getnað verða til án nokkurrar erfðafræðilegra tengsla við móðurina, konuna sem gengur með barnið. Víða erlendis er slíkt ekki leyfilegt. Kona sem getur gengið með barn getur fengið gjafaegg jafnt sem gjafasæði, glasafrjóvgun jafnt sem tæknifrjóvgun, hvort heldur hún er í sambúð með manni, konu eða einhleyp. Þá getur kona sem er í sambúð með annarri konu gengið með barn sambýliskonu sinnar, þ.e. með kynfrumu úr sambýliskonu sinni og gjafasæði. Hæpið er að

halda því fram að sú kona sé einungis „hýsill“ fyrir barn annarrar konu eða verið sé að misnota líkama hennar til að gera aðra konu að móður.

Auðveldara ættleiðingarferli.

Í umsögnum um þingsályktunartillöguna er iðulega bent á að í stað þess að heimila staðgöngumæðrun ættu stjórnvöld að beita sér fyrir opnari ættleiðingarlöggjöf. Sjálfsagt er og rétt að stjórnvöld rýmki af mætti heimildir til ættleiðingar frá öðrum löndum. Veruleikinn er hins vegar sá að lönd sem gefa börn til ættleiðingar setja jafnan fram ákveðnar kröfur sem Ísland þarf að uppfylla. Ísland getur ekki einhliða rýmkað kröfur um t.d. aldur parsins, heilbrigði eða annað þegar um slíkar ættleiðingar er að ræða, biðlistar eru langir og taka jafnvel mörg ár. Eina leiðin til að efla ættleiðingar erlendis frá er ef íslensk yfirvöld semja við fleiri lönd. Slíkir samningar eru flóknir og erfiðir og byggjast auk þess á því að viðkomandi lönd vilji yfirhöfuð semja við Ísland. Ættleiðingarferlið er afar þungt í vöfum og tekur gríðarlega langan tíma en ætti sannarlega að vera raunverulegt úrræði fyrir þá sem vilja með þeim hætti stofna eða stækka fjölskyldu. Meiri hlutinn tekur því undir þá áherslu að stjórnvöld eigi að beita sér af alefli fyrir rýmri og víðtækari ættleiðingarlöggjöf. Slíkt grefur hins vegar ekki undan því meginsjónarmiði meiri hlutans að heimila beri staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Kúgun kvenna og viðskiptavæðing staðgöngumæðrunar.

Staðgöngumæðrun fyrir peninga getur við ákveðnar aðstæður verið felld undir verslun með börn ásamt misnotkun á líkama og sál konunnar sem gengur með barn. Vegna þróunar í læknavísindum hefur í auknum mæli orðið til markaður fyrir staðgöngumæðrun á alþjóðavísu. Fræg eru dæmin um slíkt frá Indlandi sem vekja óhug og eru skýr dæmi um viðskiptavæðingu staðgöngumæðrunar. Athyglisvert er að um langa hríð var engin löggjöf til um staðgöngumæðrun á Indlandi og því hefur skapast eins konar iðnaður sem hefur vaxið og dafnað í lagalegu tómarúmi. Einkareknar læknastofur með staðgöngumæður á sínum snærum hafa orðið til og í grófum dráttum má segja að slíkar stofur ráði yfir lífi staðgöngumóður á meðgöngu. Þar eru staðfest tilfelli um konur sem eru algjörlega sviptar yfirráðaréttinum yfir eigin líkama og lífsstíl, eigin meðgöngu, þungun og ferðafrelsi, sviptar áhrifum á fæðingarferlinu og því að hafa nokkuð um nýfætt barn að segja.

Spurningin er m.a. hvernig best sé að sporna við slíkum nöturleika og hvar ábyrgð íslenskra stjórnvalda geti legið þegar kemur að slíkri misnotkun. Þetta er augljóslega eitt af þeim málum sem á að vinna í samvinnu ríkja og á vettvangi mannréttinda. Það er hins vegar tvískinnungur að banna skýrt takmarkaða staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni innan eigin landamæra en láta óheftan iðnað staðgöngumæðrunar og viðskiptayfirráð yfir líkama kvenna í fjarlægum löndum í þágu Vesturlandabúa fara fram eins og ekkert sé.

Sem dæmi má nefna að í Noregi getur kona ekki gefið egg og ljóst að Norðmenn nýta sér heimsmarkaðinn í þessum efnum. Það hlýtur að vera knýjandi spurning hvort fólk telji slíkt heillavænlegra – að beina fólki til útlanda þar sem er minna eftirlit og óljósara utanumhald. Því má halda fram með góðum rökum að ein áhrifamesta leiðin til að minnka notkun á staðgönguiðnaði til dæmis í þróunarlöndunum er m.a. ef lönd lögleiða staðgöngumæðrun innan vandaðs lagaramma þar sem réttindi barns og staðgöngumóður eru höfð að leiðarljósi.

Hvenær hefur næg umræða farið fram?

Með lögum um staðgöngumæðrun er unnt að tryggja réttindi barns, staðgöngumóður og verðandi foreldra og jafnframt er hægt að tryggja opinbert eftirlit með framkvæmdinni. Það er alveg ljóst að þörfin fyrir og þráin eftir að verða foreldri er afar djúpstæð og hópur fólks mun ávallt leita allra leiða til að fá þá þörf uppfyllta. Ef staðgöngumæðrun er bönnuð opinberlega eru allar líkur á að fólk fari til útlanda eða leiti annarra misgóðra leiða.

Meðal þeirra sem gagnrýna þingsályktunartillöguna er það rauður þráður að halda því fram að ekki hafi farið fram nógu ítarleg og almenn umræða í samfélaginu til að leggja fram frumvarp um staðgöngumæðrun.

Það er rétt að það að leyfa staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni krefst eins og fram hefur komið vandaðra vinnubragða, ábyrgrar stefnumótunar og tíma. Meiri hlutinn hefur því rýmkað mjög áætlaðan tíma til undirbúnings slíks frumvarps og leggur nú til að frumvarp liggi fyrst fyrir 1. mars 2012. Slíkt frumvarp fái þá þegar þar að kemur ítarlega umfjöllun á þingi, fari í opið umsagnarferli og að lokum taki Alþingi afstöðu til þess hvort heimila skuli staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni eða ekki.

Meiri hlutinn tekur undir þá áherslu að æskilegt sé að efna til upplýstrar og opinnar umræðu um þessi efni. Það er hins vegar staðföst trú meiri hlutans að skilvirkasta leiðin til að efla upplýsta umræðu sé einmitt að fram komi vandað og ítarlegt frumvarp á Alþingi sem feli í sér skilgreind skilyrði fyrir staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni hérlendis. Það að setja málið í bið inni í lokuðum starfshópi skilar sér í reynd ekki út á hinn opinbera vettvang og er ekki eins vel til þess fallið að tryggja öfluga og lifandi umræðu um málið.

Við undirbúning frumvarpsins væri einnig hægt að hugsa sér að starfshópur ráðherra efndi til opins málþings um vinnuna og jafnframt væri hægt að hugsa sér að velferðarnefnd Alþingis stæði fyrir opnum nefndafundum um málið.

Í þessu samhengi má ekki heldur láta hjá líða að taka fram að umræða um staðgöngumæðrun almennt er að sjálfsögðu ekki algjörlega ný af nálinni. Finna má skýrslur, umfjallanir um staðgöngumæðrun langt aftur í tímann og þónokkur fjöldi alþjóðlegra rannsókna liggur fyrir um reynsluna erlendis af staðgöngumæðrun. Staðgöngumæðrun er þegar grannt er skoðað og þrátt fyrir allt eitt af elstu og rótgrónustu úrræðum manneskjunnar við barnleysi.

Margvísleg úrlausnarefni bíða starfshóps sem fær það verkefni að semja frumvarp sem heimilar staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni og nánar hefur verið gerð grein fyrir hér að framan.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela velferðarráðherra að skipa starfshóp sem undirbúi frumvarp til laga sem heimili staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Við vinnuna verði m.a. lögð áhersla á að tryggja í fyrsta lagi hag og réttindi barnsins, að tryggja í öðru lagi rétt, sjálfræði og velferð staðgöngumóðurinnar og fjölskyldu hennar, og að tryggja í þriðja lagi farsæla aðkomu hinna verðandi foreldra. Skýrt verði kveðið á um traustan lagaramma, ströng skilyrði og skýrar verklagsreglur við framkvæmd og eftirlit staðgöngumæðrunar sem og hvernig best verði stuðlað að upplýstri umræðu um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni í samfélaginu. Við vinnuna verði faglegt mat og þekking, alþjóðlegar rannsóknir og reynsla annarra þjóða lögð til grundvallar.

Frumvarpið verði lagt fram á Alþingi eigi síðar en 1. mars 2012.

Alþingi, 2. sept. 2011.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, frsm. Kristján L. Möller. Guðlaugur Þór Þórðarson.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir. Siv Friðleifsdóttir.

1867. Nefndarálit [310. mál]

um till. til þál. um staðgöngumæðrun.

Frá minni hluta heilbrigðisnefndar.

Minni hlutinn er mótfallinn samþykkt þingsályktunartillögunnar vegna þeirrar eindregnu afstöðu sem þar birtist um að heimila eigi staðgöngumæðrun þótt með ströngum skilyrðum sé.

Minni hlutinn tekur undir álit meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar um að ótímabært sé að skipa starfshóp til að semja lagafrumvarp um staðgöngumæðrun en að mikilvægt sé að skoða þau álitamál sem tengjast staðgöngumæðrun, þ.m.t. siðferðileg, heilsufarsleg, félagsleg og fjárhagsleg atriði. Mikilvægt er að huga að löggjöf og reynslu nágrannalandanna hvað varðar málefnið.

Minni hlutinn beinir því til velferðarráðherra að skipa starfshóp sem verði falið að skoða frekar þau álitamál sem bent var á af hálfu vinnuhóps fyrrverandi heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun sem skilaði áfangaskýrslu um siðfræðileg, lögfræðileg og læknisfræðileg álitaefni. Af umsögnum sem nefndinni hafa borist má ráða að þörf sé frekari íhugunar og umræðu í samfélaginu sem síðan liggi til grundvallar opinberri stefnumótun sem velferðarráðherra ber ábyrgð á.

Minni hlutinn **leggst gegn samþykkt** tillögunnar.

Alþingi, 2. sept. 2011.

Þuríður Backman, form., frsm. Þórunn Sveinbjarnardóttir. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Mörður Árnason.

1868. Frumvarp til laga [702. mál]

um skattlagningu á kolvetnisvinnslu.

(Eftir 2. umr., 7. sept.)

I. KAFLI
Almennt.
1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til skattlagningar á allar tekjur af rannsóknum, vinnslu og sölu kolvetnis, þ.m.t. öll afleidd starfsemi, svo sem flutningur í leiðslum eða með skipum og önnur vinna og þjónusta sem innt er af hendi:

a. í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands,
b. á samliggjandi hafsvæði þar sem kolvetnisauðlind nær yfir miðlínu annars ríkis þegar réttur til kolvetnis fellur til Íslands samkvæmt samningi við hitt ríkið,
c. fyrir utan svæðið sem nefnt er í a-lið, enda hafi Ísland rétt til að skattleggja þá starfsemi og vinnu samkvæmt almennum rétti eða sérstökum samningum við erlent ríki.

Af tekjum, þ.m.t. launum, sem verða til í þeirri starfsemi sem fjallað er um í 1. mgr. skal auk skatta og gjalda samkvæmt lögum þessum greiða alla aðra skatta og önnur opinber gjöld sem eru lögð á skattskylda aðila hér á landi eftir þeim lögum og reglum sem um þau gilda á hverjum tíma.

2. gr.
Skattskyldir aðilar.

Skylda til að greiða skatta og gjöld af þeirri starfsemi sem fjallað er um í 1. gr. hvílir á þeim aðilum sem fengið hafa leyfi til rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis, svo og öðrum aðilum sem taka með beinum eða óbeinum hætti þátt í rannsóknum, vinnslu og dreifingu kolvetnisafurða og annarri afleiddri starfsemi. Skattskylda samkvæmt lögum þessum, sbr. og lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, hvílir þannig á lögaðilum, sjálfstætt starfandi mönnum og launþegum sem afla tekna við starfsemi sem fram fer á þeim svæðum sem tilgreind eru í 1. gr.

3. gr.
Skilgreiningar.

Kolvetni merkir í lögum þessum jarðolía, jarðgas eða annars konar kolvetni sem er til staðar í jarðlögum undir hafsbotni frá náttúrunnar hendi og nýtanlegt er í loftkenndu eða fljótandi formi.

Leyfishafi merkir í lögum þessum hver sá aðili sem fengið hefur leyfi eða hlutdeild í leyfi til rannsókna eða vinnslu kolvetnis samkvæmt lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Landgrunn merkir í lögum þessum hafsbotninn og neðansjávarsvæði utan landhelgi, sem eru framlenging landsvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlínum landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunnssvæðisins ná ekki þeirri fjarlægð, sbr. lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Milli Íslands annars vegar og Færeyja og Grænlands hins vegar, þar sem minna en 400 sjómílur eru milli grunnlína, afmarkast efnahagslögsaga og landgrunn Íslands af miðlínu.

Tunna eða ígildi hennar merkir í lögum þessum mælieining fyrir jarðolíu þar sem ein tunna jafngildir 0,15898 rúmmetrum eða samsvarandi magn af öðru kolvetni með sama orkuinnihaldi, svo sem af jarðgasi.

II. KAFLI
Framleiðslugjald.

4. gr.
Gjaldskylda.

Skattskyldur leyfishafi skv. 2. mgr. 3. gr. skal greiða sérstakt framleiðslugjald sem reiknast af verðmæti þess magns í tunnum talið sem hann vinnur árlega af kolvetni á grundvelli hinnar leyfisskyldu starfsemi. Með vinnslu er átt við allt það kolvetni sem afhent er úr auðlindinni, þar á meðal til framhaldsvinnslu og eigin nota.

5. gr.
Viðmiðunarverð í skattskilum.

Ráðherra skipar þrjá menn í nefnd til fimm ára í senn og jafnmarga til vara til að ákvarða viðmiðunarverð á kolvetni og skulu þeir ýmist hafa þekkingu á sviði kolvetnisvinnslu, lögfræði eða hagfræði. Nefndin skal í upphafi hvers mánaðar ákvarða viðmiðunarverð á kolvetni fyrir næstliðinn mánuð. Viðmiðunarverðið skal taka mið af meðalverði á kolvetni eins og það var á viðurkenndum alþjóðlegum markaði með sambærilegar kolvetnisafurðir, m.a. að teknu tilliti til sölukostnaðar og afhendingarstaðar.

Ákvarðanir viðmiðunarverðsnefndar eru endanlegar á stjórnsýslustigi. Ráðherra setur nánari reglur um ákvörðun viðmiðunarverðs og störf nefndarinnar.

6. gr.
Gjaldstofn og gjaldhlutfall framleiðslugjalds.

Gjaldstofn framleiðslugjalds skv. 4. gr. miðast við verðmæti heildarvinnslu leyfishafa á hverju ári og ákvarðast sem margfeldi unnins magns og viðmiðunarverðs skv. 5. gr.

Gjaldhlutfall framleiðslugjalds skal vera 5% og telst gjaldið til rekstrarkostnaðar.

7. gr.
Um skil á framleiðslugjaldi.

Greiða skal mánaðarlega framleiðslugjald í staðgreiðslu til ríkissjóðs og telst það vera bráðabirgðagreiðsla upp í endanlega álagningu, sbr. 4. mgr.

Gjaldskyldir leyfishafar skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils greiða ótilkvaddir til innheimtumanns ríkissjóðs það framleiðslugjald sem þeim ber að standa skil á samkvæmt skilagrein sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjalddagi framleiðslugjalds vegna hvers mánaðar er 1. dagur næsta mánaðar og eindagi 14 dögum síðar.

Að öðru leyti fer um staðgreiðslu framleiðslugjalds eftir lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, eftir því sem við á. Um viðurlög og málsmeðferð gilda ákvæði VI. kafla þeirra laga.

Samhliða álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal fara fram endanlegt uppgjör eða álagning framleiðslugjalds fyrir næstliðið ár. Frávik skulu gerð upp á meðalviðmiðunarverði ársins hvort sem um of- eða vangreiðslu er að ræða.

Fyrir árslok skal gjaldskyldur aðili senda ríkisskattstjóra áætlun um áformaða heildarvinnslu kolvetnis á næsta ári ásamt rekstraráætlun og skal hún samþykkt af Orkustofnun. Áætlunin skal endurskoðuð ársfjórðungslega og skal Orkustofnun samþykkja breytingar.

III. KAFLI
Sérstakur kolvetnisskattur.

8. gr.
Skattskyldir aðilar.

Skattskyldir leyfishafar skv. 3. gr. sem hafa tekjur af rannsóknum, vinnslu, dreifingu eða sölu á kolvetni, sem og aðrir aðilar sem hafa hlutdeild í slíkum tekjum, skulu greiða sérstakan kolvetnisskatt af skattstofni skv. 9. gr.

9. gr.
Skattstofn sérstaks kolvetnisskatts.

Til skattstofns sérstaks kolvetnisskatts skattskylds aðila skv. 8. gr. teljast allar tekjur skv. B- og C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að frádregnum rekstrarkostnaði skv. 10. gr., með þeim undantekningum sem síðar greinir.

Hafi sala á kolvetni á einhverju tímabili farið fram á lægra verði en viðmiðunarverði skv. 5. gr. skal við útreikning á skattstofni ákvarða þá sölu á viðmiðunarverði.

Við ákvörðun á skattstofni kolvetnisskatts skal að öðru leyti en greinir í lögum þessum miða við ákvæði laga nr. 90/2003, eftir því sem við getur átt.

10. gr.
Frádráttur frá skattskyldum tekjum.

Á því ári sem tekjuöflun hefst samkvæmt útgefnu leyfi er heimilt að draga frá tekjum skv. 9. gr. uppsafnaðan og árlegan rekstrarkostnað sem til hefur fallið skv. 31. gr. og niðurfærslu eigna skv. 32. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með þeim undantekningum sem fram koma í lögum þessum.

Við ákvörðun á stofni til kolvetnisskatts er eigi heimilt að draga frá tekjum ársins hærri fjármagnskostnað en sem nemur 5% af stöðu skulda að frádregnum peningalegum eignum, þ.m.t. kröfum og birgðum, í lok viðkomandi reikningsárs. Ráðherra er heimilt með reglugerð að hækka eða lækka viðmiðunarhlutfallið með hliðsjón af starfrækslu- og fjármögnunargjaldmiðli leyfishafa og almennu vaxtastigi í viðkomandi mynt. Við útreikning á þeim stofni skal ekki telja til skuldar reiknaðan ógreiddan tekjuskatt eða reiknaðan ógreiddan kolvetnisskatt. Sama gildir um reiknaðar skattskuldbindingar og skattinneignir vegna varanlegs tímamismunar á reikningsskilum og skattskilum. Til fjármagnskostnaðar teljast öll vaxtagjöld, verðbætur, afföll og gengismunur af bókfærðum skuldum, sbr. 49. gr. laga nr. 90/2003, eftir að frá þeim hafa verið dregnar vaxtatekjur, verðbætur, afföll og gengismunur af bókfærðum eignum í samræmi við 8. gr. sömu laga. Falli slíkur fjármagnskostnaður til við öflun annarra eigna en þeirra sem nýttar eru í hinni leyfisskyldu starfsemi skal honum skipt í réttu hlutfalli við eftirstöðvar skattalegs fyrningarverðs allra fyrnanlegra eigna í lok árs og kemur þá sá hluti fjármagnskostnaðarins sem tengist eignum sem ekki eru nýttar til kolvetnisvinnslu ekki til frádráttar tekjum við ákvörðun á skattstofninum.

Óheimilt er að færa til frádráttar tekjum hærri leigu af mannvirkjum eða búnaði sem nýttur er til rannsóknar eða öflunar á kolvetni en sem nemur eðlilegum afskriftum og vöxtum af viðkomandi eignum miðað við nýtingartíma á hverju ári. Við mat á því hvað skuli telja eðlilegar afskriftir og vexti skal taka mið af ákvæðum laga nr. 90/2003 og öðrum þeim reglum sem settar hafa verið með vísan til þeirra laga. Sé búnaður leigður af tengdum aðila geta skattyfirvöld hafnað gjaldfærslu á leigunni nema leigutaki framvísi upplýsingum og gögnum

um kostnaðarverð og uppsafnaðar afskriftir slíks búnaðar í hendi leigusala þannig að hægt sé að ganga úr skugga um að framangreindum skilyrðum sé fullnægt.

Kostnað við leigu á vinnuafli er því aðeins heimilt að færa til frádráttar tekjum að starfsmannaleigan eða leigutakinn standi skil á staðgreiðslu og launatengdum gjöldum, sbr. 3. og 4. mgr. 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Vátryggingaiðgjöld, dreifingarkostnað og hvers kyns þjónustugjöld til tengdra aðila er því aðeins heimilt að færa til frádráttar tekjum að skattskyldir aðilar geti sýnt fram á með fullnægjandi hætti að þau séu ekki hærri en gerist í viðskiptum ótengdra aðila.

Á því ári sem næst fer á undan því ári sem vinnslusvæði er lokað, sbr. 16. gr. laga nr. 13/2001, er heimilt að fresta 20% af rekstrartekjum ársins til tekjufærslu á lokunarári.

11. gr.

Óheimill frádráttur frá tekjum.

Við ákvörðun á stofni til sérstaks kolvetnisskatts er eigi heimilt að draga frá eftirtalinn kostnað og gjaldaliði:

a. tap af sölu eigna til tengdra aðila,
b. hvers konar gjafir og framlög, svo sem til líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og íþróttafélaga,
c. niðurfærslu viðskiptakrafna og vörubirgða,
d. tap eða kostnað af starfsemi sem fellur utan gildissviðs laga þessara, þ.m.t. starfsstöðvar í landi,
e. tap eða kostnað sem myndast hefur hjá skattskyldum aðila fyrir leyfisveitingu skv. 8. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

12. gr.

Skatthlutfall.

Skatthlutfall kolvetnisskatts, mælt í prósentum, er stighækkandi og ákvarðast sem margfeldi af hagnaðarhlutfalli skv. 2. mgr. og hlutfallstölunni 0,45.

Hagnaðarhlutfall í prósentum ákvarðast sem hlutfall skattstofns af heildartekjum, sbr. 9. gr.

Fjárhæð kolvetnisskatts er margfeldi skatthlutfalls skv. 1. mgr. og skattstofns skv. 9. gr.

13. gr.

Um skil á kolvetnisskatti.

Álagning kolvetnisskatts skal fara fram samhliða álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, á því framtalsformi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Á grundvelli rekstraráætlunar skv. 5. mgr. 7. gr. skulu skattskyldir aðilar greiða fyrirframgreiðslu upp í væntanlega álagningu kolvetnisskatts á sömu gjalddögum og áskilið er í 2. mgr. 7. gr. um framleiðslugjald. Fyrirframgreiðslan hverju sinni skal taka mið af endurskoðaðri áætlun fyrir árið í heild sinni.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði um tekjur.

14. gr.

Varði kostnaður, annar en fjármagnskostnaður, í senn bæði öflun tekna af hinni leyfisskyldu starfsemi og öflun annarra tekna, að frátöldum fjármagnstekjum, skal skipta kostnaðinum í réttu hlutfalli við tekjurnar.

15. gr.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna vegna hinnar leyfisskyldu starfsemi skal ákvarðaður og skattlagður með sama hætti og af fyrnanlegum eignum samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Skattskyldir aðilar sem greiða skatt samkvæmt lögum þessum skulu ef við á halda tekjum og gjöldum af leyfisskyldri starfsemi sinni aðgreindum frá tekjum og gjöldum af annarri starfsemi í bókhaldi sínu.

17. gr.

Reikningsár lögaðila eða útibús sem skráð er hér á landi vegna starfsemi skv. 1. gr. skal vera almanaksárið. Skattskylda aðila samkvæmt lögum þessum hefst frá og með því almanaksári þegar leyfinu sem starfsemin byggist á var úthlutað.

18. gr.

Skattskyldum aðilum er óheimilt að úthluta tekjuafgangi ef það verður til þess að hlutfall eigin fjár verður lægra en 15% af skattalegu bókfærðu verði heildareigna.

19. gr.

Um afmörkun skattskyldu aðila skv. 2. gr. laga þessara fer skv. 1., 2. eða 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eftir því sem við á.

VI. KAFLI
Framtöl, skýrslugjafir, álagning, eftirlit, kærur, innheimta o.fl.

20. gr.

Að öðru leyti en greinir í þessum lögum skulu um framtöl, skýrslugjafir, álagningu, eftirlit, kærur og innheimtu framleiðslugjalds og kolvetnisskatts gilda ákvæði IX.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, en varðandi viðurlög er sérstaklega vísað til XII. kafla þeirra laga.

21. gr.

Álagning, innheimta og ábyrgð á skattgreiðslum.

Skattar samkvæmt lögum þessum skulu lagðir á af ríkisskattstjóra og renna í ríkissjóð. Tollstjóri hefur á hendi innheimtu þeirra.

Af launum samkvæmt lögum þessum sem skattskyld eru skv. 1. gr. og 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal haldið eftir staðgreiðslu í samræmi við A-lið 2. og 3. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sama á við um greiðslur sem inntar eru af hendi til aðila skv. 3., 6., 7. eða 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, enda séu þeir ekki skattskyldir skv. 4. tölul. 1. mgr. sömu greinar. Launagreiðandi er enn fremur staðgreiðsluskyldur af tryggingagjaldi samkvæmt ákvæðum laga um tryggingagjald, nr. 113/1990.

Fjármálaráðherra getur krafist þess að skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum setji tryggingu fyrir væntanlegum sköttum sínum og gjöldum svo og fyrir skattgreiðslum annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

22. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem um nánari ákvörðun tekna og eigna, störf ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefndar og um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um sérstakt bókhald framtalsskyldra aðila, þar á meðal birgðabókhald. Einnig getur hann kveðið á um form reikningsskila og geymslu bókhalds og annarra gagna er varða skattframtöl.

23. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um skattlagningu kolvetnisvinnslu, nr. 170/2008, með síðari breytingum.

1869. Frumvarp til laga [701. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar á kolvetnisvinnslu (virðisaukaskattur, tekjuskattur, staðgreiðsla opinberra gjalda).

(Eftir 2. umr., 7. sept.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, 12. gr. A, svohljóðandi:

Til skattskyldrar veltu telst ekki:

1. Sala og útleiga á olíuborpöllum og fljótandi hafstöðvum til notkunar við kolvetnisvinnslu. Undanþágan tekur einnig til rekstrarbúnaðar sem er afhentur með slíkum mannvirkjum.
2. Sala á þjónustu á síðasta stigi viðskipta sem stendur í beinum tengslum við byggingu, endurbyggingu, viðgerðir og viðhald á mannvirkjum og búnaði skv. 1. tölul. Undanþágan tekur einnig til vöru sem er afhent í tengslum við afhendingu á slíkri þjónustu.
3. Björgunarþjónusta í tengslum við mannvirki skv. 1. tölul.
4. Sala á vöru og þjónustu á síðasta stigi viðskipta til nota í beinum tengslum við byggingu, endurbyggingu, viðgerðir og viðhald á leiðslum frá hafsvæði utan gildissviðs laga þessara til lands.
5. Sala á vöru og þjónustu til nota á hafsvæði utan landhelgi í tengslum við rannsóknir og nýtingu á auðlindum á hafsbotni svo fremi sala sé til aðila sem hafa fengið leyfi til rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis, svo og annarra aðila sem taka með beinum hætti þátt í rannsóknum, vinnslu og dreifingu kolvetnisafurða.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um vöru og þjónustu sem fellur undir undanþágur skv. 4. og 5. tölul. 1. mgr.

II. KAFLI
Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við 4. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Rekstrartekjur aðila sem eru skattskyldir skv. 2. gr. laga um skattlagningu á kolvetnisvinnslu, og falla ekki undir 2. gr. laga þessara, skal gera upp samkvæmt reglum sem gilda um fastar starfsstöðvar, enda vari starfsemin samtals lengur en 30 daga á 12 mánaða tímabili.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með orðunum „hér á landi“ í 1. mgr. er átt við landið sjálft, landhelgina, efnahagslögsöguna og landgrunnið, sem og svæði þar sem Ísland hefur rétt til skattlagningar lögum samkvæmt eða samkvæmt sérstökum samningum við erlent ríki.

3. gr.

Við 2. mgr. 29. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er í sjálfstæðum afmörkuðum verkefnum sem taka til tveggja eða fleiri tekjuára að draga frá eða mynda tap með slíkum rekstrarkostnaði fyrr en verkefnin byrja að afla tekna eða fyrir liggur með skýrum hætti að ekkert verði af tekjuöfluninni.

4. gr.

1. tölul. 33. gr. laganna orðast svo: Lausafé, þ.m.t. skip, loftför, bifreiðar, vélar, tæki og borpallar til kolvetnisvinnslu.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „skipsbúnaður“ í 1. tölul. kemur: þ.m.t. til notkunar sérstaklega við rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

b. Við 3. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Borpallar, leiðslukerfi og annar búnaður til notkunar sérstaklega við rannsóknir og vinnslu kolvetnis að lágmarki 10%, að hámarki 30%.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

6. gr.

Á eftir orðunum „ákvæðum 3.“ í 2. málsl. A-liðar 2. gr. laganna kemur: 2. málsl. 4.

IV. KAFLI
Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1870. Nefndarálit [381. mál]

um frv. til upplýsingalaga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Þórhallsson og Elínu Ósk Helgadóttur frá forsætisráðuneyti, Trausta Fannar Valsson frá Háskóla Íslands, Gústaf Adolf Skúlason frá Samorku, Elínu Smáradóttur frá Orkuveitu Reykjavíkur, Hallgrím Ásgeirsson frá Landsbanka Íslands, Guðjón Axel Guðjónsson frá Samtökum atvinnulífsins, Unni Gunnarsdóttur og Guðrúnu Finnborgu Þórðardóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Hjálmar Jónsson og Sigurð Má Jónsson frá Blaðamannafélagi Íslands, Eirík G. Guðmundsson frá Þjóðskjalasafni Íslands, Svanhildi Bogadóttur frá Borgarskjalasafni Reykjavíkur, Hrafn Sveinbjarnarson frá Héraðsskjalasafni Kópavogs, Val Frey Steinarsson frá Sagnfræðingafélaginu, Ingibjörgu Sverrisdóttur frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Guðjón Bragason og Tryggva Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Rögnu Árnadóttur frá Landsvirkjun, Bjarna Guðmundsson frá Ríkisútvarpinu ohf., Björgvin Ragnarsson frá IMMI (International Modern Media Institute), Jónu Pálmadóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Sigríði Logadóttur frá Seðlabanka Íslands, Óttar Guðjónsson frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Elínu Jónsdóttur frá Bankasýslu ríkisins og Gunnar H. Hall og Láru Hansdóttur frá Fjársýslu ríkisins.

Umsagnir bárust frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bankasýslu ríkisins, Blaðamannafélagi Íslands, Borgarskjalasafni Reykjavíkur, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Fjármálaeftirlitinu, Héraðsskjalasafni Kópavogs, IMMI – alþjóðlegri stofnun um tjáningar- og upplýsingafrelsi, Isavia ohf., Landsbankanum, Landsvirkjun, Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Mannréttindaskrifstofu Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur, Persónuvernd, Ríkisútvarpinu ohf., Sagnfræðingafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samorku – samtökum orku- og veitufyrirtækja, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Viðskiptaráði Íslands og Þjóðskjalasafni Íslands.

Efni frumvarpsins.

Frumvarpið byggist í megindráttum á gildandi upplýsingalögum, nr. 50/1996, en það markmið liggur að baki endurskoðun þeirra að auka þurfi upplýsingarétt almennings, tryggja gagnsæi í stjórnsýslunni og við meðferð opinberra hagsmuna í þeim tilgangi m.a. að styrkja upplýsingarétt og tjáningarfrelsi og einnig þátttöku almennings í lýðræðisþjóðfélagi. Með frumvarpinu eru því lagðar til ýmsar breytingar sem m.a. miða að því að tryggja gagnsæi í stjórnsýslunni og við meðferð opinberra mála, auka upplýsingarétt með því að auðvelda borgurunum að leggja fram beiðnir um upplýsingar, víkka gildissvið laganna þannig að upplýsingalög taki einnig til lögaðila sem eru að 75% hluta eða meira í eigu hins opinbera og skerpa ákvæði um rétt til upplýsinga um málefni starfsmanna og vinnugögn stjórnvalda. Helstu nýmæli frumvarpsins eru rakin í athugasemdum með frumvarpinu.

Gildissvið laganna.

Nefndin hefur fjallað um fjölmörg atriði málsins á fundum sínum og mjög ítarlega um þau ákvæði sem lúta að því að víkka gildissvið upplýsingalaga. Samkvæmt gildandi lögum taka upplýsingalög einungis til starfsemi stjórnvalda en almennt ekki til einkaréttarlegra lögaðila,

óháð eignarhaldi þeirra. Þó er kveðið á um að hafi einkaréttarlegum aðila verið falið vald til að taka stjórnvaldsákvarðanir, þ.e. ákvarðanir sem falla undir gildissvið stjórnsýslulaga nái upplýsingalögin til þeirrar starfsemi, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Með frumvarpinu er lagt til að gildissvið laganna verði víkkað þannig að þau nái til allrar starfsemi lögaðila sem eru að 75% hluta eða meira í eigu hins opinbera. Í greininni er gert ráð fyrir tveimur undantekningum frá þessari reglu, þ.e. að lögin taki ekki til lögaðila sem sótt hafa um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, og dótturfélaga þeirra. Síðari undantekningin er að forsætisráðherra geti að fenginni tillögu viðkomandi ráðherra eða sveitarstjórnar ákveðið að lögaðili skuli ekki falla undir lög þessi.

Í umsögnum sem nefndinni bárust komu fram athugasemdir við þessa útvíkkun gildissviðs laganna og þá sérstaklega frá lögaðilum sem mundu falla undir lögin svo breytt en fara ekki með stjórnsýsluhlutverk eða eru í samkeppnisrekstri með alla sína starfsemi eða stóran hluta hennar. Um er að ræða fyrirtæki í fjármálastarfsemi, orkuframleiðslu og -sölu, rekstri flugvalla o.fl. Athugasemdir þeirra lutu m.a. að því að við breytinguna verði samkeppnisstaða aðila á markaði ekki jöfn og þannig væru því lagðar viðbótarskyldur á aðila á grundvelli eignaraðildar. Þá hvetji þetta ekki til eignaraðildar að slíkum fyrirtækjum. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ástæður þess að miðað er við 75% eignarhlut eru fyrst og fremst þær að þegar því marki er náð telst almennt um afgerandi eignarhlut að ræða í viðkomandi fyrirtæki. Þar með má einnig ganga út frá því að ákvarðanir um rekstur og ráðstöfun slíkra lögaðila feli á afgerandi hátt í sér ákvarðanir um ráðstöfun opinberra hagsmuna. Meiri hlutinn telur að þegar um fyrirtæki í opinberri eigu sé að ræða eigi upplýsingar um starfsemi þeirra að vera aðgengilegar fyrir almenning og leggur því til að gildissviðið verði miðað við lögaðila sem eru að 51% hluta í eigu hins opinbera. Í því felist ákveðið aðhald gagnvart viðkomandi lögaðilum sem er nauðsynlegt þegar um er að ræða hagsmuni sem eru að meiri hluta til í eigu hins opinbera. Meiri hlutinn tekur fram að í þessu felist ekki sjálfkrafa að allar upplýsingar sem þessa lögaðila varða verði aðgengilegar almenningi. Áfram verði byggt á þeirri reglu að vegna samkeppnishagsmuna verði heimilt að undanþiggja ýmsar upplýsingar aðgangsrétti almennings, sbr. ákvæði 3. tölul. 10. gr., enda ljóst að ekki er hægt að leggja ríkari skyldur á aðila eftir eignarhaldi þegar þeir eru í samkeppni á markaði hvort sem um innlenda eða erlenda samkeppni er að ræða. Meiri hlutinn telur því að með þessu sé í reynd ekki verið að raska samkeppnisstöðu lögaðila í samkeppnisrekstri.

Undanþáguheimild forsætisráðherra.

Nefndin fjallaði einnig um heimild forsætisráðherra skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins til að veita tilteknum lögaðilum undanþágur frá gildissviði laganna og hvort slíkt samræmdist nútímastjórnsýslu. Í greininni er gert ráð fyrir að forsætisráðherra sé þetta heimilt að fenginni tillögu viðkomandi ráðherra eða sveitarstjórnar. Fyrir liggur að með þeirri útvíkkun á gildissviði sem frumvarpið felur í sér, og enn frekar þeirri útvíkkun sem meiri hlutinn leggur til varðandi að miða við lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera geti fleiri lögaðilar fallið undir gildissvið laganna sem réttmæt rök eru fyrir að undanþiggja gildissviði þeirra. Meiri hlutinn telur að nauðsynlegt sé að hafa slíka undanþáguheimild í lögunum en velti nokkuð fyrir sér útfærslu ákvæðisins, hvort réttara væri að fela hana öðrum en forsætisráðherra og hvort rétt væri að undanþiggja viðkomandi lögaðila frá gildissviði laganna í heild. Niðurstaða þeirrar umræðu var að leggja ekki til breytingu á því heldur kveða á um að forsætisráðherra geti, að fenginni tillögu viðkomandi ráðherra eða sveitarstjórnar og að fenginni umsögn úrskurðarnefndar um upplýsingarétt, ákveðið að lögaðili skuli ekki falla

undir gildissvið laganna. Meiri hlutinn telur eðlilegt að lögaðilar sem eru t.d. eingöngu í fjármálastarfsemi, svo sem bankar og sparisjóðir, falli hér undir.

Þá telur meiri hlutinn einnig rétt að kveða á um það að forsætisráðherra geti með sama hætti og undanþágan er veitt dregið slíka undanþágu til baka. Meiri hlutinn leggur auk þess til að forsætisráðuneytið skuli halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu skv. 3. mgr. 2. gr., og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð árlega. Meiri hlutinn telur að með þessum breytingum sé tryggt ákveðið aðhald gagnvart þeim sem fara með þetta vald hverju sinni og enn fremur með því að fram þurfi að fara endurmat á veittum undanþágum.

Málefni starfsmanna.

Nefndin fjallaði nokkuð um málefni starfsmanna, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Í greininni er kveðið á um að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki almennt ekki til málefna starfsmanna þeirra aðila sem lögin taka til. Þó eru undanskildar ákveðnar upplýsingar en að öðru leyti kveðið á um aðgang að m.a. upplýsingum um nöfn starfsmanna, launakjör þeirra, áherslur og kröfur um árangur í starfi æðstu stjórnenda og viðurlög í starfi sem þeir hafa sætt, þar á meðal vegna áminninga og brottvísana. Fyrir nefndinni kom fram sú gagnrýni að ákvæðið gæti orðið til þess að fæla hæfa umsækjendur frá því að sækja um störf ef gerð yrði krafa um birtingu nafna umsækjenda. Víðtækur aðgangur að þessum upplýsingum gæti einnig orðið til að skerða samkeppnishæfni þeirra aðila sem heyra undir lögin gagnvart einkaaðilum, enda hvílir ekki sambærileg upplýsingaskylda á þeim. Auk þess var nefndinni kynnt sjónarmið þess efnis að óeðlilegt væri að almenningur ætti kröfu um aðgang að upplýsingum um launakjör starfsmanna og frammistöðu þeirra. Meiri hlutinn tekur fram að samkvæmt gildandi rétti er t.d. unnt að fá upplýsingar um föst launakjör nafngreindra starfsmanna, samkvæmt túlkun úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sem byggist á nefndaráliti allsherjarnefndar um málið á 120. löggjafarþingi, (þskj. 899, 361. mál), en þar segir:

„Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna, þar með talið vegna fjárhagslegra hagsmuna einstaklinga. Í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins kemur fram að ákvæði greinarinnar standi ekki í vegi fyrir því að almenningur fái aðgang að gögnum um föst laun og önnur föst launakjör opinberra starfsmanna. Að því leyti sem slík upplýsingagjöf fellur undir ákvæði frumvarps þessa en ekki ákvæði laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, leggur nefndin sérstaka áherslu á að skýra beri ákvæði 5. gr. svo að með lögum þessum sé ekki aðeins tryggður aðgangur að upplýsingum um föst laun opinberra starfsmanna heldur einnig að þeim einstaklingsbundnu samningum sem gerðir hafa verið við starfsmenn um önnur föst kjör þeirra, svo sem fasta (ómælda) yfirvinnu, akstursgjald o.fl.“

Þá er skýrt afmarkað í frumvarpinu hvaða upplýsingar um málefni starfsmanna lúta ákvæðum upplýsingalaga. Upplýsingar um starfsfólk, launakjör og frammistöðu eru ekki einkamál þegar kemur að opinberri starfsemi þar sem þær varða í reynd opinbera hagsmuni og ráðstöfun almannafjár. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi gagnsæis í stjórnsýslunni og bendir á að aukið gagnsæi sé til þess fallið að auka traust gagnvart stjórnsýslunni. Mikilvægt er að almenningi sé gert kleift að hafa aðhald og eftirlit með stjórnvöldum, það verður ekki gert nema með auknum aðgangi að upplýsingum.

Upplýsingaréttur almennings.

Undanþágur, takmarkanir og brottfall þeirra.

Meiri hlutinn fjallaði ítarlega um ákvæði 6. gr. frumvarpsins, um gögn sem eru undanþegin upplýsingarétti almennings, en það er sambærilegt ákvæði 4. gr. gildandi upplýsingalaga. Skv. 6. gr. frumvarpsins nær réttur almennings ekki til gagna sem talin eru upp í greininni í sex töluliðum. Í fyrsta lagi eru upptaldar fundargerðir ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreinar á ríkisráðs- og ríkisstjórnarfundum og gögn sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi. Í 2. tölul. er talin upp gögn sem útbúin eru af sveitarfélögum, samtökum þeirra eða stofnunum og varða sameiginlegan undirbúning, tillögugerð eða viðræður þessara aðila við ríkið um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga. Þá nær 3. tölul. til bréfaskipta við sérfróða aðila til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað. Í 4. tölul. eru talin upp gögn sem ráðherra aflar frá sérfróðum aðilum vegna undirbúnings lagafrumvarpa. 5. tölul. nær til gagna sem tengjast málefnum starfsmanna, sbr. 7. gr. frumvarpsins, og 6. tölul. og síðasti til vinnugagna, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Meiri hlutinn fjallaði einnig um ákvæði 10. gr. sem fela í sér reglur um takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna og er samsvarandi ákvæði í 6. gr. gildandi laga. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að leggja til þá breytingu að undir þessar reglur falli einnig efnahagslega mikilvægir hagsmunir ríkisins og telur ekki þörf á að rökstyðja þá takmörkun sérstaklega.

Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um brottfall takmarkana á upplýsingarétti en í 3. mgr. greinarinnar er kveðið á um meginregluna sem gildir um brottfall takmarkana. Samkvæmt henni fer um þá þætti eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn eftir að liðin eru 30 ár frá því að gögnin urðu til.

Umfjöllun nefndarinnar um efni þessara greina varðaði það hvort eðlilegt væri að um öll þau gögn sem talin eru upp í 6. gr. ætti að gilda meginreglan um aðgang eftir 30 ár nema ákvæði laga um Þjóðskjalasafn heimiluðu frekari takmarkanir eða hvort aðgangur almennings að þessum gögnum eða hluta þeirra ætti að vera ríkari. Nefndin fjallaði sérstaklega um 1. tölul. greinarinnar í tengslum við þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til á frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands og eru til umræðu í nefndinni, þ.e. um að haldin skuli trúnaðarmálabók og að ríkisstjórnarfundir verði hljóðritaðir og hljóðritanirnar gerðar opinberar að 30 árum liðnum. Meiri hlutinn telur þegar litið er til þessara fyrirhuguðu breytinga eðlilegt að aðgangur almennings að fundargerðum ríkisráðs og ríkisstjórnar og að minnisgreinum frá slíkum fundum verði opnaður að liðnu einu ári frá fundi nema aðrar takmarkanir samkvæmt lögunum eigi við. Meiri hlutinn leggur því til að sú sérregla komi fram á undan 1. mgr. 12. gr.

Meiri hlutinn telur einnig nauðsynlegt að ganga mun lengra þegar litið er til þeirra meginmarkmiða sem frumvarpið felur í sér, sbr. ákvæði 1. gr. þar sem segir að markmið laganna sé að tryggja gagnsæi í stjórnsýslu við meðferð opinberra hagsmuna, m.a. í þeim tilgangi að styrkja upplýsingarétt og tjáningarfrelsi, möguleika almennings til þátttöku í lýðræðissamfélagi, möguleika fjölmiðla og almennings til að veita stjórnvöldum aðhald, möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni og til að styrkja traust almennings á stjórnsýslunni. Meiri hlutinn leggur því til að á eftir nýrri 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar til viðbótar. Fyrri málsgreinin felur í sér ákvæði um að veita skuli aðgang að gögnum sem 2.–4. tölul. og 6. tölul. 6. gr. taka til að liðnum fjórum árum frá því að þau urðu til eða jafnskjótt og ráðstöfun er að fullu lokið, nema aðrar takmarkanir samkvæmt lögum þessum eigi við. Síðari málsgreinin felur í sér ákveðna varúðarreglu sem meiri hlutinn telur nauð-

synlegt að leggja til, þ.e. að við sérstakar aðstæður geti forsætisráðherra lengt fjögurra ára undanþáguna um eitt ár, að fenginni tillögu viðkomandi ráðherra eða sveitarstjórn. Ákvörðun um slíka framlengingu skal birta í skrá um undanþágur frá upplýsingalögum, sbr. 4. mgr. 2. gr. Meiri hlutinn leggur ekki til frekari breytingar á 12. gr. frumvarpsins.

Tilgreiningarreglan.

Með 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um afmörkun á beiðni um aðgang að upplýsingum. Lögð er til sú breyting frá gildandi lögum að ekki þurfi lengur að tilgreina hvaða gögnum máls óskað sé eftir heldur skuli aðili tilgreina efni þess máls sem hann óskar eftir að kynna sér með nægjanlega skýrum hætti, þannig að hægt sé að afmarka beiðni við tiltekin gögn ákveðins máls eða öll gögn ákveðins máls. Nefndinni voru kynnt sjónarmið þess efnis að hér væri um óeðlilega rýmkun á tilgreiningarreglunni að ræða og eðlilegt væri að gera þá kröfu að beiðni um gögn væri skýr og afmörkuð. Nefndinni var jafnframt tjáð að breytingin gæti verið íþyngjandi og leitt til mikillar viðbótarvinnu hjá opinberum aðilum, með tilheyrandi kostnaði. Nefndin bendir á að ákvæði gildandi laga um tilgreiningu á gögnum takmarka nokkuð aðgang almennings að upplýsingum og leggur þá kröfu á hinn almenna borgara að hann hafi upplýsingar um það hvaða gögn eru tiltæk áður en beiðni er lögð fram. Líkt og fram kemur í athugasemdum við ákvæðið „liggja almennt ekki fyrir með opinberum hætti upplýsingar um það hvaða mál er eða hefur verið til meðferðar hjá stjórnvöldum“. Markmið breytingarinnar er því að auka upplýsingarétt almennings og auðvelda borgurunum að leggja fram beiðni um upplýsingar en tilgreiningarreglan hefur verið einn helsti þröskuldur varðandi aðgang almennings að upplýsingum í fórum stjórnvalda. Meiri hlutinn fellst á þau sjónarmið sem koma fram í athugasemdum með frumvarpinu að óhjákvæmilegt sé að slaka á henni, eigi á annað borð að rýmka rétt almennings að þessu leyti. Meiri hlutinn telur enn fremur að ákvæðið sé til þess fallið að efla eftirlitshlutverk almennings með stjórnsýslunni og auka þar með réttaröryggi.

Opinber birting upplýsinga.

Nefndin fjallaði einnig um ákvæði 13. gr. frumvarpsins um opinbera birtingu upplýsinga og aðgang að upplýsingum og hvort nægilega langt sé gengið í opinberri birtingu. Í greininni segir að forsætisráðherra geti með reglugerð sett fyrirmæli um birtingu gagna og upplýsinga stjórnvalda á vefsíðum þeirra. Enn fremur að með reglugerðinni skuli tryggja, eftir því sem kostur er, að birting sé samræmd milli stjórnvalda og að viðeigandi reglum um meðferð upplýsinga sé fylgt. Þá er einnig tekið fram í að birting samkvæmt greininni megi ekki ganga gegn reglum um vernd einkalífs, ákvæðum laga þessara um takmarkanir á upplýsingarétti eða reglum um þagnarskyldu. Meiri hlutinn telur rétt að gerðar séu meiri kröfur til opinberra aðila en felast í ákvæðum greinarinnar og því nauðsynlegt að kveða mun skýrar á um birtingu gagna opinberra aðila. Meiri hlutinn leggur því til þá breytingu að greinin verði orðuð þannig að listi yfir öll mál og gögn mála sem skylt er að skrá í málaskrár opinberra aðila, uppruna þeirra og innihald, skuli vera almenningi aðgengilegur, þó þannig að ekki sé vegið að hagsmunum sem njóta verndar skv. 9. og 10. gr. né að farið sé gegn ákvæðum annarra laga um þagnarskyldu. Enn fremur að forsætisráðherra skuli í reglugerð kveða nánar á um gerð slíkra lista, rafrænan aðgang og tímafresti sem þeim sem falla undir lögin beri að virða. Þá leggur meiri hlutinn einnig til að með reglugerðinni skuli tryggja, eftir því sem kostur er, jafnt aðgengi almennings og samræmi í birtingu upplýsinga samkvæmt greininni. Meiri hlutinn telur að með þessari breytingu sé verið að leggja mjög ríkar skyldur á stjórnvöld sem feli í

sér gríðarlega breytingu í framkvæmd. Meiri hlutinn telur því nauðsynlegt að gefinn verði sex mánaða aðlögunartími og að hún taki til mála sem verða til eftir gildistöku laganna. Engu síður telur meiri hlutinn eðlilegt að málaskrár aftur í tímann verði birtar, eftir því sem unnt er, og á það sérstaklega við um mál sem almenningur og fjölmiðlar hafa áhuga á.

Aðgengi fatlaðra.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og valfrjáls bókun við hann var undirritaður af Íslandi án fyrirvara 30. mars 2007. Meðal markmiða samningsins er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra. Skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum. Í 21. gr. samningsins er kveðið á um að aðildarríki samningsins skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti nýtt sér rétt sinn til tjáningar- og skoðanafrelsis, þ.m.t. frelsi til að leita eftir, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum, til jafns við aðra, með hjálp hvers kyns samskiptamiðla að eigin vali. Þannig er kveðið á um að upplýsingar sem almenningi eru ætlaðar séu á aðgengilegu formi og með aðgengilegri tækni, sem hæfir einstaklingum sem eiga við mismunandi fötlun að stríða, tímanlega og án aukakostnaðar.

Í nefndaráliti félags- og tryggingamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, með síðari breytingum, frá 14. desember 2010 (þskj. 550, 256. mál), var lögð áhersla á mikilvægi þess að tryggja að í löggjöf sem fjallar um málefni fatlaðs fólks og réttindi þess væri tekið mið af réttarbótum í löggjöf nágrannaríkja, að mannréttindi séu tryggð, að samráð væri haft við fatlað fólk og að löggjöf væri til samræmis við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Meiri hlutinn telur verulegar líkur á því að ákveðinn hluti almennings verði af þeim réttindum sem honum eru tryggð með setningu laga og reglna og telur því nauðsynlegt við meðferð þessa frumvarps að leggja til að við 13. frumvarpsins bætist að kveðið verði á um að við opinbera birtingu upplýsinga skuli tryggja eins og kostur er aðgengi fatlaðs fólks til jafns við aðra þegna þjóðfélagsins. Meiri hlutinn telur þó nauðsynlegt að ákvæðið taki ekki gildi fyrr en sex mánuðum eftir gildistöku laganna svo að unnt sé að undirbúa framkvæmd þess þar sem það felur í sér grundvallarbreytingu á framsetningu upplýsinga hjá fjölda stofnana. Þá telur meiri hlutinn ekki unnt að leggja þá lagaskyldu á stjórnvöld að ákvæðið nái til birtingar gagna fyrir gildistöku laganna, þegar litið er til þess hve mikla vinnu og kostnað verkið mundi fela í sér. Meiri hlutinn telur því eðlilegt að ákvæðið nái einungis til upplýsinga sem verða til eftir gildistöku laganna en leggur engu síður áherslu á að stjórnvöld sem geta gengið lengra en ákvæðið segir til um geri það.

Meiri hlutinn telur einnig að við framkvæmd ákvæðisins verði litið til staðla á vegum Worldwide Web Consortium um vefaðgengi og efni (e. Web Content Accessibility Guidelines 2.0 (WCAG)) en þeir eru nú þegar hluti af stefnu stjórnvalda um íslenskt upplýsingasamfélag og í anda þess sem gerist í nágrannalöndunum.

Aðgangur að gögnum í rannsóknarskyni.

Í 33. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu til að sækja um leyfi til aðgangs að gögnum í rannsóknarskyni þegar gögnin eru undanþegin upplýsingarétti skv. II. og III. kafla. Í 2. mgr. er kveðið á um að afla skuli samþykkis Persónuverndar fyrir afhendingu gagns hafi það að geyma persónugreinanlegar upplýsingar og vinnsla með upplýsingarnar hafi fallið undir lagaákvæði um skráningu og meðferð persónuupplýsinga eða upplýsingarnar komi úr skrá sem haldin er af opinberum aðila. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir frá Persónuvernd

um að orðalag ákvæðisins væri mjög vítt og ætti því við um allar upplýsingar sem hægt væri að rekja til tiltekinna manna, hvort sem þær eru unnar með rafrænum hætti eða ekki. Meiri hlutinn tekur undir ábendingar Persónuverndar um mikilvægi þess að skýrt sé hvort leyfisskyldan eigi við um allar persónuupplýsingar eða aðeins þær sem lúta að einkalífsatriðum eða eru viðkvæmar samkvæmt skilningi laga. Í samræmi við þessar ábendingar leggur meiri hlutinn til breytingu á ákvæðinu þess efnis að Persónuvernd setji reglur um skyldu til að afla leyfis. Breytingartillaga nefndarinnar felur í sér að ákvæðið verður efnislega sambærilegt ákvæði persónuverndarlaga um leyfisskylda vinnslu, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Aðgangur að gögnum hjá Þjóðskjalasafni.

Í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir að lögin gildi um aðgang að gögnum í 30 ár frá því að þau urðu til, og er þá miðað við síðustu innfærslu eða síðasta bréf afgreidds máls. Frá þeim tíma fer um aðgang samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn. Ákvæðið er efnislega í samræmi við gildandi lög.

Nefndin fjallaði sérstaklega um ákvæði frumvarpsins sem fela í sér breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn, sbr. 2. tölul. 36. gr. Í f-lið þess töluliðar er lagt til að við lögin um Þjóðskjalasafn Ísland bætist ný grein, 9. gr. c. Þar er gert ráð fyrir að stjórnvald geti ákveðið við afhendingu skjala til Þjóðskjalasafns Íslands að skjal verði fyrst aðgengilegt þegar liðin eru 60 ár frá því að það varð til ef það þykir nauðsynlegt til að vernda virka almannahagsmuni um öryggi ríkisins eða varnarmál, samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir, bréfaskipti stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað, svo og gögn sem varða viðskipti stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, að því leyti sem þau eru í samkeppni við aðra. Meiri hlutinn telur að ekki séu rök fyrir því að heimila þessa takmörkun á aðgangi um 30 ár til viðbótar við þau 30 er gildissvið upplýsingalaganna nær yfir og að ekki geti verið virkir almannahagsmunir eftir svo langan tíma að því er varðar tvo síðastnefndu liðina. Meiri hlutinn leggur því til að þeir falli brott.

Meiri hlutinn leggur til að gildistaka frumvarpsins verði miðuð við 1. október 2011.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 31. ágúst 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Valgerður Bjarnadóttir, með fyrirvara.
Þráinn Bertelsson.	Mörður Árnason.	Þór Saari.

1871. Breytingartillögur [381. mál]

við frv. til upplýsingalaga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (RM, ÁI, VBj, ÞrB, MÁ, ÞSa).

1. Við 2. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Lög þessi taka til allrar starfsemi lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera.
   b. Í stað 3. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði eða hefur fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, eða er dótturfélag slíks félags, getur forsætisráðherra, að fenginni tillögu viðkomandi ráðherra eða sveitarstjórnar, og að fenginni umsögn úrskurðarnefndar um upplýsingarétt, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laganna eða dregið slíka undanþágu til baka.
      Forsætisráðuneytið skal halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu skv. 3. mgr, og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð árlega. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.
2. Í stað orðanna „Ekki er þó ekki skylt“ í 1. mgr. 5. gr. komi: Ekki er þó skylt.
3. Í stað orðanna „minnisgreina á ráðherrafundum“ í 1. tölul. 6. gr. komi: minnisgreina á ríkisráðs- og ríkisstjórnarfundum.
4. Við 10. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins.
5. Við 2. mgr. 11. gr. bætist: þ.m.t. að hluta gagna.
6. 12. gr. orðist svo:
   Veita skal aðgang að gögnum sem 1. tölul. 6. gr. tekur til að liðnu einu ári frá fundi, nema aðrar takmarkanir samkvæmt lögum þessum eigi við.
   Veita skal aðgang að gögnum sem 2.–4. og 6. tölul. 6. gr. taka til að liðnum fjórum árum frá því að gögn urðu til eða jafnskjótt og ráðstöfun er að fullu lokið, nema aðrar takmarkanir samkvæmt lögum þessum eigi við.
   Við sérstakar aðstæður getur forsætisráðherra lengt fjögurra ára undanþáguna um eitt ár að fenginni tillögu viðkomandi ráðherra eða sveitarstjórnar. Ákvörðun um framlengingu skal birta í skrá um undanþágur frá upplýsingalögum, sbr. 4. mgr. 2. gr.
   Veita skal aðgang að gögnum sem 4. tölul. 10. gr. tekur til jafnskjótt og ráðstöfunum eða prófum er að fullu lokið, nema aðrar takmarkanir samkvæmt lögum þessum eigi við.
   Veita skal aðgang að upplýsingum sem 5. tölul. 10. gr. tekur til þegar ekki er lengur ástæða til að ætla að miðlun upplýsinganna geti haft skaðleg áhrif á umhverfið.
   Um brottfall annarra takmarkana fer eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands eftir að liðin eru 30 ár frá því að gögnin urðu til, sbr. 4. mgr. 4. gr.
7. 13. gr. orðist svo:
   Listi yfir öll mál og gögn mála sem skylt er að skrá í málaskrár opinberra aðila, uppruna þeirra og innihald skal vera almenningi aðgengilegur, þó þannig að ekki sé vegið að hagsmunum sem njóta verndar skv. 9. og 10. gr. laganna. Forsætisráðherra skal í

reglugerð kveða nánar á um gerð slíkra lista, rafrænan aðgang og tímafresti sem þeim sem falla undir lögin ber að virða. Með reglugerðinni skal tryggja, eftir því sem kostur er, jafnt aðgengi almennings og að birting upplýsinga samkvæmt greininni sé samræmd milli stjórnvalda.

Við opinbera birtingu upplýsinga skal tryggja eins og kostur er aðgengi fatlaðs fólks til jafns við aðra þegna þjóðfélagsins.

8. 2. mgr. 33. gr. orðast svo:

Ef gögn stjórnvalds hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar, eins og þær eru skilgreindar í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eða ef miðlun felur í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila, skal stjórnvald afla samþykkis Persónuverndar áður en það miðlar upplýsingum. Persónuvernd setur nánari reglur um leyfisskylduna og getur ákveðið að skylda til að afla leyfis falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skal við slíka miðlun.

9. Við 35. gr.
   a. Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 2011“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: 1. október 2011.
   b. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal 13. gr. ekki taka gildi fyrr en sex mánuðum eftir gildistöku þeirra og gilda um gögn sem verða til frá sama tíma.
   c. Í stað orðsins „þeirra“ í síðari málslið 1. mgr. komi: laga þessara.
10. Við 36. gr.
   a. Í stað hlutfallstölunnar „75%“ í a-lið 1. mgr. 2. tölul. 36. gr. komi: 51%.
   b. C- og d-liður f-liðar 2. tölul. falli brott.
   c. Orðin „eða um almannahagsmuni er að ræða“ í g-lið 2. tölul. falli brott.

1872. Fyrirspurn [905. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um innflutning aflandskróna frá því að gjaldeyrishöft voru sett á.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hver er heildarfjárhæð innstreymis innlends gjaldeyris frá því að gjaldeyrishöft voru sett á og allt til dagsins í dag, sundurliðað eftir árum?
2. Hverjir hafa fengið að flytja inn aflandskrónur, þ.e. hvaða:
   a. íslenskir einstaklingar,
   b. erlendir einstaklingar,
   c. íslensk fyrirtæki, og
   d. erlend fyrirtæki?

Skriflegt svar óskast.

1873. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frá minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Meginefni þessa frumvarps er að gera Íbúðalánasjóði kleift að bjóða upp á óverðtryggð útlán og jafnframt að veita sjóðnum heimild til að slík útlán beri breytilega vexti. Breytingartillögur meiri hlutans snúa jafnframt að því að fella brott aðra þætti frumvarpsins en þá sem varða heimild til handa sjóðnum að veita óverðtryggð lán. Í upphafi er rétt að taka fram að undirritaður styður meginþætti frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt. Hins vegar er mikilvægt að fram komi sú staðreynd að hér er aðeins um mjög lítið skref að ræða og tekur frumvarpið á engan hátt heildstætt á þeim vanda sem verðtryggingin er.

Áður en Íbúðalánasjóður getur boðið upp á óverðtryggð útlán þarf sjóðurinn að vinna sig út úr verðtryggingunni. Í fyrstu þarf sjóðurinn að kanna möguleika á útgáfu óverðtryggðra skuldabréfaflokka. Sjóðurinn er fjármagnaður að stærstum hluta gegnum ÍLS (70%). Stærstur hluti þessarar fjármögnunar er í formi verðtryggðra skuldabréfa sem eru án uppgreiðsluheimilda. Af u.þ.b. 800 milljarða útlánasafni sjóðsins eru einungis tæpir 40 milljarðar sem hægt er að greiða upp strax, afganginn er ekki hægt að greiða upp fyrr en að 25 árum liðnum og því þarf að ná samningum við lífeyrissjóðina um uppgreiðslu á þessum verðtryggðu bréfum og nýrri fjármögnun í formi óverðtryggðra bréfa. Niðurstöður þessa liggja ekki fyrir og áætlar sjóðurinn að þessi vinna geti tekið að lágmarki 12 mánuði. Það kom einnig fram hjá sjóðnum að vinna við þetta sé á byrjunarstigi sem þýðir að óverðtryggð fasteignalán eru ekki alveg handan við hornið eins og margir hafa látið í veðri vaka. Í þessari umræðu þarf einnig að huga að þeirri staðreynd að lífeyrissjóðir eru lögum samkvæmt skuldbundnir til að verðtryggja lífeyri og hvernig geta sjóðirnir staðið við slíkt án þess að umræðan sé tekin um umgjörð lífeyrissjóðakerfisins á sama tíma?

Verðtrygging útlána er án nokkurs vafa eitt stærsta vandamál fólksins í landinu og það er ljóst að stærsta verkefni stjórnvalda er að leita leiða til afnáms hennar. Það eitt og sér er ekki nóg heldur verður einnig að taka á vanda þeirra sem í dag eru með verðtryggð útlán sem hækka gríðarlega um hver mánaðamót.

Í ljósi þungrar skuldabyrði heimilanna er ekki mikil von til þess að margir fari úr verðtryggðum lánum yfir í óverðtryggð húsnæðislán. Vegna þess ætti verkefnið að vera að setja þak á verðtryggingunna á ársgrundvelli sem miðast við verðbólgumark Seðlabankans með þolmörkum. Framsóknarflokkurinn lagði þetta til haustið 2009 og aftur á yfirstandandi löggjafarþingi og er málið nú til umfjöllunar í viðskiptanefnd. Þakið yrði fyrsta raunverulega skrefið sem stigið yrði í þá átt að afnema verðtryggingunna. Samkvæmt útreikningum Marinós G. Njálssonar, ráðgjafa, hefur komið fram að ef 4% þak hefði verið sett á verðtryggingunna sl. 20 ár hefði raunávöxtun lífeyrissjóðanna náð að jafnaði 3,5% ávöxtun.

Annað mikilvægt atriði er að ná fram raunvaxtalækkun fasteignalána. Staðreyndin er sú að raunvextir innlendra verðtryggðra húsnæðislána eru hærri heldur en þegar kemur að óverðtryggðum húsnæðislánum í nágrannalöndum okkar. Það er ljóst að slík vaxtalækkun mundi minnka greiðslubyrði íslenskra heimila mjög mikið.

Um leið og mælt er með samþykkt þessa máls skal það tekið fram að frumvarpið tekur á engan hátt á þeim vanda sem fylgir verðtryggingunni og því er gerð sú krafa að ríkisstjórnin

svari kalli þjóðarinnar og hefji raunverulega vinnu við að taka á þeim vanda sem verðtryggingin veldur daglega hjá heimilum og fyrirtækjum landsins.

Alþingi, 7. sept. 2011.

Ásmundur Einar Daðason.

1874. Nefndarálit [726. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Sæmundsson, Hjördísi Stefánsdóttur og Stefaníu Traustadóttur frá innanríkisráðuneytinu, Halldór Halldórsson og Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sesselju Árnadóttur og Auðun Guðjónsson frá KPMG ehf., Guðmund Snorrason frá PwC ehf., Ólaf Örn Ólafsson frá sveitarfélaginu Ölfusi, Eirík Björn Björgvinsson frá Akureyrarbæ, Róbert Ragnarsson frá Grindavíkurbæ og Birgi Björn Sigurjónsson og Kristbjörgu Stephensen frá Reykjavíkurborg. Þá átti nefndin símafund með Guðrúnu Maríu Valgeirsdóttur frá Skútustaðahreppi. Umsagnir bárust frá Orkustofnun, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Grindavíkurbæ, PricewaterhouseCoopers ehf., Flóahreppi, Ólafi Erni Ólafssyni, Sveitarfélaginu Ölfusi. Sveitarfélaginu Vogum, Bláskógabyggð, Skútustaðahreppi, Vopnafjarðarhreppi, ríkislögreglustjóranum, Akureyrarbæ, Ferðamálastofu, héraðsskjalavörðum Árnesinga og Kópavogs, Hrunamannahreppi, Hvalfjarðarsveit, KPMG ehf., Dalabyggð, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Félagi löggiltra endurskoðenda, Skipulagsstofnun, Grundarfjarðarbæ, Vegagerðinni, Grímsnes- og Grafningshreppi, Öldu Sigfúsdóttur, bæjarfulltrúum og bæjarstjóra Grundarfjarðarbæjar, Hafnarfjarðarbæ, Persónuvernd, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Skorradalshreppi.

Með frumvarpinu er stefnt að heildarendurskoðun gildandi sveitarstjórnarlaga. Er frumvarpið unnið af starfshópi skipuðum af samgönguráðherra en í hópnum áttu sæti bæði fulltrúar samgönguráðuneytisins og fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Eftir því sem komið hefur fram á fundum nefndarinnar var frumvarpið unnið í mikilli samvinnu við sveitarfélög í landinu og fengu þau a.m.k. tvö tækifæri með nokkru millibili til þess að gera athugasemdir við drög þess.

Samkvæmt því sem fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins lágu fjögur meginsjónarmið til grundvallar gerð þess:

1. að tryggja beri ríka sjálfstjórn sveitarfélaga hér á landi,
2. að sömu, eða sambærilegar reglur, eigi að gilda um meginþætti í stjórnsýslu allra sveitarfélaga,
3. að búa þurfi sveitarstjórnum skýrt og skilvirkt starfsumhverfi sem taki tillit til þarfa sveitarstjórna til að sinna staðbundnum hagsmunum en feli um leið í sér skýr skilaboð um að sveitarstjórnir skuli á hverjum tíma starfa þannig að sem best samræmist hagsmunum íbúa sveitarfélagsins og þjóðfélagsins í heild,

4. að sveitarfélögin þurfi að eflast enn frekar og öðlast þá stöðu að geta staðið sem mest á eigin fótum bæði faglega og rekstrarlega.

Að auki var við gerð frumvarpsins horft til 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands sem kveður á um sjálfstjórnarrétt íslenskra sveitarfélaga og ákveðinna atriða úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Umfjöllun samgöngunefndar um þingmálið hófst í maí sl. er fulltrúar innanríkisráðuneytisins komu á fund nefndarinnar og kynntu henni frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga. Umsagnir um málið bárust nefndinni allt til miðs ágústmánaðar enda miklar annir hjá sveitarfélögum auk þess sem sumarfrí kunna að hafa haft nokkuð að segja. Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins var það unnið í töluverðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Mátti því frá upphafi búast við að nokkur sátt væri um efni þess. Þegar nefndin tók að fjalla um málið að nýju 17. ágúst sl., eftir sumarhlé Alþingis, lá fyrir að ráðast þyrfti í nokkra vinnu við að leggja mat á sjónarmið sem komu fram í umsögnum. Fljótlega kom í ljós að samtöl þurftu að eiga sér stað á milli innanríkisráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félags löggiltra endurskoðenda, endurskoðunarfyrirtækja og ákveðinna sveitarfélaga. Innanríkisráðuneytið tók strax frumkvæðið, fundaði með framangreindum aðilum á meðan nefndin fjallaði að öðru leyti um málið. Skal tekið fram að nokkrar af þeim tillögum sem nefndin leggur fram til breytingar á frumvarpinu eru afurðir þessa frumkvæðis ráðuneytisins.

Í umsögnum sem og í máli gesta á fundum nefndarinnar komu fram ýmis sjónarmið sem nefndin tók til skoðunar og íhugaði við meðferð málsins. Nokkur sjónarmið og athugasemdir tók nefndin til sérstakrar skoðunar.

Kjörtímabil sveitarstjórna.

Í umsögn Reykjavíkurborgar kemur fram að borgin telji ákveðið misræmi vera á milli 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins og athugasemda við hana. Virðist hún telja að skýringarnar bendi til þess að í ákvæðinu sé kveðið á um lengd kjörtímabila sveitarstjórna en stað þess sé svo ekki að finna í texta greinarinnar.

Í frumvarpsgreininni er hvergi komið inn á lengd kjörtímabila sveitarstjórna. Bendir nefndin á að í 3. mgr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna er skýrt kveðið á um að kjörtímabil sveitarstjórna sé fjögur ár. Þá er það mat nefndarinnar að þegar frumvarpið og lög um kosningar til sveitarstjórna eru virt sem heild virðist skil þeirra miðast við það að kosningalögin taki til kosninga og réttaráhrifa þeirra en sveitarstjórnarlög taki við þegar ákvæði kosningalaganna hafa verið tæmd eða sveitarstjórnarmenn hafa náð þeim réttindum sem ákvæði kosningalaganna eiga að tryggja þeim. Af þeim sökum kann það að vera í réttu og rökrænu samhengi að kveðið er á um lengd kjörtímabila sveitarstjórna í kosningalögunum en ekki í frumvarpi til sveitarstjórnarlaga.

Staða ráðherra sveitarstjórnarmála gagnvart sveitarfélögum og öðrum.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra sveitarstjórnarmála skuli í störfum sínum standa vörð um hagsmuni sveitarfélaganna, sjálfstjórn þeirra, verkefni og fjárhag. Í umsögn KPMG ehf. kemur fram sú gagnrýni á frumvarpsgreinina að erfitt sé að sjá hvernig efni hennar geti samræmst XI. kafla frumvarpsins, þar sem fjallað er um stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum, enda sé ráðherra þar fengið það hlutverk að taka við og úrskurða í kærum einstaklinga og lögaðila á hendur sveitarfélögum. Þannig skjóti skökku við að á sama

tíma og ráðherra beri í störfum sínum að gæta hagsmuna sveitarfélaga eigi hann að gegna hlutverki óvilhalls úrskurðaraðila á stjórnsýslustigi og réttaröryggi borgaranna kunni því að verða stefnt í hættu.

Í athugasemd við frumvarpsgreinina kemur eftirfarandi m.a. fram: *„Þetta ákvæði felur í sér mikilvæga stefnuyfirlýsingu um hlutverk ráðherrans. Ráðherra er ætlað að standa vörð um hagsmuni sveitarfélaganna, ásamt því að sinna öðrum verkefnum og sem honum eru falin á hverjum tíma og leiða af stöðu hans í stjórnkerfinu. Með orðalagi þessu er lögð áhersla á að það er sameiginlegt verkefni allra þeirra sem koma að stjórn ríkisins að tryggja hagkvæma verkaskiptingu stjórnvalda og skilvirka og réttláta stjórnsýslu.“*

Á fundi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum innanríkisráðuneytisins að mat þess væri að ráðherra gæti gegnt slíku tvíþættu hlutverki án þess að það kæmi niður á hagsmunum einstakra aðila enda væri í reynd um samþætta hagsmuni að ræða. Þá væri ráðherra ætlað að gæta hagsmuna sveitarfélaganna sjálfra, og þar með íbúa þeirra, en ekki sveitarstjórna sem slíkra. Af þessu tilefni kom fram í máli fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga að mögulega mætti bregðast við athugasemd KPMG ehf. með því að skjóta því inn í greinina að ráðherra skyldi gæta hagsmuna sveitarfélaga á vettvangi ríkisstjórnar.

Að mati nefndarinnar er það sú ætlan að fela ráðherra að *gæta hagsmuna sveitarfélaga* sem veldur áhyggjum umsagnaraðila. Telur nefndin að ekkert sé því til fyrirstöðu að ráðherra sé með lögum falið að gæta sjálfstjórnar, verkefna eða fjárhags sveitarfélaga enda stangist slíkt ekki á við hagsmuni einstaklinga eða lögaðila. Þá kunni slíkt einmitt að samræmast hlutverki ráðherra samkvæmt stjórnarskrá og alþjóðlegum skuldbindingum landsins. Þá telur nefndin að það kunni að stangast á við hlutverk og rétt ráðherra sem stjórnmálamanna og jafnvel þingmanna að vera með lögum bundnir við að gæta hagsmuna ákveðinna aðila á vettvangi ríkisstjórnar. Af þeim sökum gerir nefndin þá tillögu til breytingar á frumvarpsgreininni að í henni verði kveðið á um skyldu ráðherra til að gæta að og virða sjálfstjórn sveitarfélaganna, verkefni þeirra og fjárhag.

Yfirlit yfir lögmælt verkefni.

Nokkrir umsagnaraðila gera athugasemdir við að ráðuneyti sveitarstjórnarmála sé skv. 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins ætlað að gefa út leiðbeinandi yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga. Benda þeir á að óljóst sé hvaða þýðingu það muni hafa ef yfirlitið verður ekki uppfært nægilega oft og telja ákveðna hættu á að það fái einhverja réttarheimildarlega stöðu og reynt geti á gildi verkefna sem mælt sé fyrir um í sérlögum en reynast ekki vera á yfirliti ráðuneytisins.

Í athugasemd við frumvarpsgreinina kemur m.a. fram að yfirlitinu sé ekki ætlað að hafa gildi sem sjálfstæð réttarheimild enda ráðist skyldur sveitarfélaga af þeim lögum sem sett hafa verið um verkefni þeirra. Er þar jafnframt áréttað að vandað heildaryfirlit sem þetta sé til þess fallið að auðvelda umræðu um skyldur og hlutverk sveitarfélaga, m.a. í tengslum við tekjustofna þeirra og útgjöld.

Að mati nefndarinnar er ekkert sem bendir til þess að yfirliti þessu sé ætlað annað hlutverk en að leggja ábyrgð á því að fyrir liggi samantekt eða upptalning á lögmæltum verkefnum sveitarfélaga á ráðuneyti sveitarstjórnarmála. Þannig eigi slíkt yfirlit aldrei að upphefja sett lög eða stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru á grundvelli laga enda er í engu getið um annað efnislegt inntak eða eðli yfirlitsins í texta frumvarpsgreinarinnar eða athugasemdum frumvarpsins.

Heiti sveitarstjórnar o.fl.

KPMG ehf. setur fram þá athugasemd við 10. gr. frumvarpsins í umsögn sinni að ekki sé ljóst hvort tilgangur frumvarpsins sé að þrengja heimildir núgildandi laga. Þannig er bent á að embættisheitisins *forseti bæjarstjórnar* sé ekki getið í frumvarpinu. Þá hafa við umfjöllun málsins komið fram vangaveltur um það hvort seinni málsgrein frumvarpsgreinarinnar komi í veg fyrir að önnur sveitarfélög geti borið heitið *borg*. Á fundi nefndarinnar kom fram sú skýring af hálfu innanríkisráðuneytisins að ákvæði 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar væri einungis ætlað að kveða á um heiti á stjórnsýslueiningunni *sveitarstjórn* en væri ekki nokkru leyti ætlað að taka á nafngjöf einstakra sveitarfélaga. Þannig ætti ákvæðið ekki að koma í veg fyrir að önnur sveitarfélög en Reykjavík tækju upp heitið *borg*.

Nefndin telur skýringu ráðuneytisins á 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar hafa samhljóm við skilning hennar. Í nafni samræmis leggur nefndin til þá breytingu að 2. málsl. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kveði einnig á um að oddvita sveitarfélags megi nefna forseta sveitarstjórnar eða forseta bæjarstjórnar. Er sú tillaga m.a. byggð á því að vitað er um að þegar hafi einhver sveitarfélög tekið upp á að nota slíka titla á oddvita sína.

Tímabil stöðugleika íbúafjölda.

Á fundi nefndarinnar kom fram sú gagnrýni á 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins að tímabil stöðugleika íbúafjölda sveitarfélaga vegna skyldu til fækkunar eða fjölgunar sveitarstjórnarmanna væri of langt. Var þannig talið að í stað þess að íbúafjöldi hefði verið ofan eða neðan skilgreindra viðmiðunarmarka í átta ár samfellt væri nægilegt að svo hefði verið í fjögur ár. Á móti bentu fulltrúar innanríkisráðuneytisins á dæmi þess að íbúafjöldi nokkurra sveitarfélaga hefði sveiflast verulega á milli ára. Töldu þeir átta ár nauðsynleg til þess að tryggja að ákveðinn stöðugleiki væri kominn í fjölda íbúa sveitarfélags. Í ljósi röksemda ráðuneytisins telur nefndin ekki tilefni til þess að gera breytingar á frumvarpsgreininni.

Hlutverk og umboð fráfarandi sveitarstjórnar.

Í 12. gr. frumvarpsins er fjallað um hvenær nýkjörin sveitarstjórn fær heimildir til þess að hlutast til um málefni sveitarfélags. Í lokamálslið 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram að nýkjörin sveitarstjórn hafi ekki umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins fyrr en hún tekur við störfum. Þá kveða 1. og 2. málsl. málsgreinarinnar á um að ný sveitarstjórn taki við störfum 15 dögum eftir kjördag en þangað til haldi fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu með þeim takmörkunum sem leiði af lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Í umsögn Reykjavíkurborgar er bent á að hvergi í frumvarpinu sé fjallað um takmarkanir á umboði fráfarandi sveitarstjórnar en að eðlilegt sé að svo sé í stað þess að látið sé nægja að vísa til laga um kosningar til sveitarstjórna. Í máli fulltrúa innanríkisráðuneytisins kom fram að þeir teldu lagaákvæðið skýrt varðandi það að nýkjörin sveitarstjórn gæti engar ákvarðanir tekið fyrr en á fyrsta lögmælta fundi sínum. Í athugasemd við frumvarpsgreinina er efni hennar endurtekið en einnig kemur þar m.a. fram að það leiði af eðli sveitarstjórnar sem stjórnsýslunefndar að hún geti enga ákvörðun tekið nema á lögmætum fundi. Ljóst sé því að nýkjörin sveitarstjórn geti ekki í reynd tekið að sér stjórn sveitarfélagsins fyrr en á sínum fyrsta lögmæta fundi. Af þeirri ástæðu sé kveðið á um það í ákvæðinu að fyrsta fund beri að halda eigi síðar en 15 dögum eftir að nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum. Reglur sama efnis er að finna í 96. og 97. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna. Í 2. mgr. 97. gr. þeirra kemur eftirfarandi fram: *„Eftir að kjörtímabili fráfarandi sveitarstjórnar er lokið og*

þar til löglega kjörin sveitarstjórn tekur við störfum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar getur starfandi sveitarstjórn ekki innt af hendi neinar greiðslur eða gengist undir nokkrar skuldbindingar fyrir hönd sveitarfélagsins nema samkvæmt heimild í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.“

Áður hefur verið komið inn á skil sveitarstjórnarlaga og laga um kosningar til sveitarstjórna og bent á að hin síðarnefndu taki til kosninga og réttaráhrifa þeirra en sveitarstjórnarlög taki við þegar ákvæði kosningalaganna hafa verið tæmd eða sveitarstjórnarmenn hafa náð þeim réttindum sem ákvæði kosningalaganna eiga að tryggja þeim. Í ljós þessa og þess hve skýrt orðalag frumvarpsgreinarinnar og ákvæða laga um kosningar til sveitarfélaga er telur nefndin ekki sérstaka ástæðu til þess að bregðast við gerðum athugasemd, enda má telja það haganlegt fyrirkomulag að hnykkja stuttlega á reglum kosningalaganna í frumvarpinu en láta þær að öðru leyti standa sjálfstætt.

Kjör oddvita.

KPMG ehf. gerir þá athugasemd við 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins að óheppilegt misræmi sé á milli orðalags 1. og 3. málsl. málsgreinarinnar. Þannig kveði 1. málsl. á um að sá sé rétt kjörinn oddviti sveitarfélags sem fái atkvæði meiri hluta þeirra sem sitja í sveitarstjórn á meðan 3. málsl. kveði á um að meiri hluti atkvæða þeirra sem sitja fund sveitarstjórnar nægi í þeim tilvikum þegar kemur til þess að tvær umferðir verði að fara fram í kosningum um oddvita.

Í athugasemd við frumvarpsgreinina kemur m.a. fram að í fyrsta lagi teljist sá rétt kjörinn oddviti sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Séu ekki allir sveitarstjórnarfulltrúar mættir til fundarins þarf samt sem áður meiri hluta allra þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Þá er bent á að það sé almenn regla stjórnsýsluréttar að mál teljist afgreitt með jákvæðum hætti hljóti það atkvæði meiri hluta mættra fundarmanna enda sé mættur nægilegur fjöldi fulltrúa og að til fundar hafi verið boðað með réttum hætti þannig að nefnd sé ályktunarhæf. Vikið sé frá meginreglunni í 1. málsl. en farið eftir henni í 3. málsl. þannig að verði umræddum meiri hluta ekki náð við fyrstu umferð, svo sem vegna þess að tiltekinn hluti sveitarstjórnarmanna situr hjá við kosninguna, skuli kjósa að nýju en þá teljist sá kjörinn oddviti sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Ekki sé ólíklegt að breytingin leiði í reynd í ákveðnum tilvikum til einföldunar kosningarinnar.

Nefndin telur útfærslu ákvæðisins nánast óhjákvæmilega. Þannig má sjá fyrir að í tilviki þar sem sveitarstjórn hefur nauman meiri hluta gæti einn fulltrúi í sveitarstjórn sem ekki er sáttur við að ákveðinn aðilli verði kjörinn oddviti komið í veg fyrir kjör hans með því að mæta ekki á fundi þar sem kosning á að fara fram. Er nefndinni ófært að sjá hvernig slíkt fyrirkomulag gæti talist í anda lýðræðis.

Niðurfelling funda að sumri.

Í umsögn Reykjavíkurborgar kemur fram sú athugasemd að skýran texta vanti í 14. gr. frumvarpsins þess efnis að heimilt sé að fella niður fundi sveitarstjórnar í tvo mánuði á hverju sumri. Bendir borgin á að kveðið sé á um slíkt í gildandi sveitarstjórnarlögum og nauðsynlegt sé að gefa skýrt til kynna hvort brotthvarf þeirrar heimildar megi útskýra þannig að verið sé að fella heimildina niður eður ei.

Afstaða innanríkisráðuneytisins til athugasemdar borgarinnar er sú að ákvæðið girði ekki fyrir að sveitarfélag kveði á um hlé á fundum sínum yfir ákveðinn tíma sumarsins í sam-

þykktum um stjórn sveitarfélags. Þá var áréttuð sú meginregla frumvarpsgreinarinnar að fundartíma og fundarstað ber að ákveða fyrir fram og að fundi ber að halda reglulega. Að auki vísaði ráðuneytið til athugasemda við frumvarpsgreinina og benti á að ef sveitarstjórn orðar ákvörðun sína eða ákvæði samþykkta um fundartíma og fundarstað með ófrávíkjanlegum hætti yrði vart vikið frá slíku nema á grundvelli mjög sérstakra aðstæðna sem jafna mætti til neyðarástands.

Í ljósi framangreinds telur nefndin ekki tilefni til að gera tillögu um breytingu á frumvarpsgreininni.

Boðun funda.

Í 15. gr. frumvarpsins er fjallað um boðun og auglýsingu sveitarstjórnarfunda. Þar kemur m.a. fram að fundarboð skuli berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en þremur sólarhringum fyrir fund.

Margir umsagnaraðila gagnrýna að lengja eigi þann tíma sem líða má frá því að fundarboð berst fram að fundi. Kemur í gagnrýni þeirra m.a. fram að tveir sólarhringar hafi reynst afskaplega hæfilegur fyrirvari, að lengri fyrirvari muni skapa óvissu þegar komi að fundum annarra nefnda og ráða sveitarfélags og að lengri fyrirvari bæti ekki undirbúning sveitarstjórnarfunda heldur skapi þvert á móti hættu á að málum verði bætt á dagskrá funda með afbrigðum og tækifæri sveitarstjórnarmanna til þess að kynna sér dagskrá og meðfylgjandi gögn muni þannig skerðast frá því sem nú er. Í ljósi eindreginna athugasemda umsagnaraðila leggur nefndin til þá breytingu á frumvarpsgreininni að fundarboð skuli berast sveitarstjórnarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund í sveitarstjórn eins og verið hefur samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum.

Fjarfundir.

3. mgr. 17. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

„Ef fjarlægðir í sveitarfélagi eru miklar eða samgöngur innan sveitarfélags eru erfiðar er heimilt að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar. Skal þá mælt fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku í fundi og atkvæðagreiðslu, tryggja skal óskerta möguleika þeirra sem viðstaddir eru fund til að fylgjast með því sem þar fer fram, sbr. 1. mgr. 16. gr., og jafnframt skal tryggja öryggi samskipta milli fundarmanna, t.d. þannig að óviðkomandi geti ekki fylgst með umræðum um mál sem eru háð trúnaði.“

Reykjavíkurborg bendir í umsögn sinni á að nauðsynlegt sé að kveða berum orðum á um heimild nefnda og ráða sveitarstjórna til að funda í með fjarfundabúnaði. Leggur borgin til að sveitarfélögum verði heimilað að kveða á um það í samþykkt um stjórn sveitarfélags hvort og með hvaða hætti slíkir fjarfundir fari fram. Þá kom sú spurning fram á fundi nefndarinnar hvort verið gæti að fundir í með símbúnaði féllu undir ákvæðið.

Í athugasemd við frumvarpsgreinina kemur m.a. fram að sveitarstjórnarfulltrúi sem tekur þátt í fundi með fjarfundarbúnaði teljist ekki lögmætur þátttakandi í störfum fundarins samkvæmt gildandi lögum en að ákvæði 3. mgr. sé ætlað að leyfa ákveðna undantekningu frá þeirri meginreglu. Af henni leiðir að heimilt verður að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórna sé ákveðnum og ströngum skilyrðum fullnægt. Þá er tekið fram að orðalag ákvæðisins um að fjarlægðir séu miklar eða samgöngur erfiðar vísi til þess að aðstæður séu almennt með þeim hætti í sveitarfélaginu, e.t.v. þó árstíðabundið, og telst að þeim skilyrðum uppfylltum heimilt að nota búnaðinn með reglubundnum hætti. Þá er ítrekað að ákvæðið eigi

ekki að nýta til að auðvelda sveitarstjórnarmönnum að taka þátt í fundum þegar þeir eru staddir utan sveitarfélags eða taka þátt í sveitarstjórnarstörfum frá öðrum löndum enda vísi það til samgangna og fjarlægða innan sveitarfélags. Þegar kemur að umfjöllum um kröfur til fjarfundarbúnaðar segir að frumvarpið sé tæknilega hlutlaust. Þá verði almennt að gera ráð fyrir því að hver og einn sveitarstjórnarmaður, hvort sem hann er staddur á fundinum eða ekki, sé sýnilegur þeim sem fylgjast með fundinum allan fundartímann og að hægt væri að fylgjast, án hindrana, með innleggi hans og þátttöku í fundi með sama hætti og ef hann væri viðstaddur. Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins skal ráðherra setja með auglýsingu viðmið um framkvæmd fjarfunda sveitarstjórna.

Ljóst verður að telja að sú meginregla kemur fram í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar að til þess að sveitarstjórnarmenn viðhafi lögmæta mætingu á fund sveitarstjórnar verði þeir að mæta á fundi. Regla 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er undantekningarákvæði frá framangreindri meginreglu. Af þeim sökum er auðsætt að regla 3. mgr. er undantekning en ekki almenn regla. Á fundi nefndarinnar fór fram umræða um þær breytingar sem orðið hafa á tækni síðustu ár og varða möguleika manna til fjarfunda. Þá ræddu nefndarmenn eigin reynslu af slíkum fundum og það hagræði sem hafa má af þeim. Var það mat nefndarmanna að 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar fæli í sér reglu sem gengi e.t.v. fulllangt miðað við raunverulegt tilefni meginreglunnar. Í því ljósi leggur nefndin til breytingu á málsgreininni í því skyni að auðvelda sveitarstjórnarmönnum að nýta sér fjarfundi þannig að slíkir fundir nálgist það frekar að vera valkostir frekar en að heyra algerlega til undantekninga og nánast í neyð. Vill nefndin með því móti veita sveitarstjórnum ákveðið svigrúm til þess að haga málum eftir því sem hentar í hverju sveitarfélagi fyrir sig og auka enn frekar á tæknilegt hlutleysi frumvarpsgreinarinnar. Þá bendir nefndin á að í 2. mgr. 46. gr. frumvarpsins kemur fram að um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gildi ákvæði III. kafla eftir því sem við geti átt. Er það því mat nefndarinnar að ákvæði 3. mgr. geti átt við um nefndir sveitarstjórna að breyttu breytanda enda nokkuð skýrlega á um slíkt kveðið. Verður þó ekki síður að gæta þeirra sjónarmiða sem að framan greinir um gildi 3. mgr. sem undanþáguheimildar þegar kemur að fundum nefnda.

Tvær umræður í sveitarstjórn.

Í 18. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu sveitarstjórnar til að hafa tvær umræður um ákveðin mál. Kemur þar m.a. fram í 3. tölul. 1. mgr. að skylt sé að hafa tvær umræður um stefnumarkandi áætlanir sem eigi að gilda til lengri tíma og taki til sveitarfélags eða meiri hluta þess. Í umsögn Skipulagsstofnunar er bent á téður töluliður eigi mögulega ekki alltaf við. Í því samhengi bendir stofnunin á að 41. gr. skipulagslaga kveði á um að sveitarstjórn skuli taka tillögu til deiliskipulags til umræðu að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar.

Í athugasemd við frumvarpsgreinina kemur fram að ákvæði hennar sé efnislega sambærilegt 21. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. D-liður 21. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga hljómar svo: *„Sveitarstjórnir skulu hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem skipulags- og framkvæmdaáætlanir.“* Í undirbúningsgögnum gildandi og eldri sveitarstjórnarlaga er ekki að finna skýringu á gildi ákvæðisins umfram það sem kemur fram í beinum orðum þess. Fræðimenn hafa talið að þegar óljóst er hvort ályktun um gildandi rétt verði dregin af einu lagaákvæði frekar en öðru kunni að vera eðlilegt að líta til ákveðinna forgangsreglna, þ.e. viðmiðunarreglna um rökfræðilegt samhengi lagaákvæða. Hefur þannig m.a. verið talið heimilt að leggja til grundvallar það lagaákvæði sem felur í sér sérreglu gegn almennri reglu.

Mat nefndarinnar er að þegar svo verður skýrlega ráðið af ákvæðum sérlaga að ræða beri þætti sem falla undir 3. tölul. 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins einu sinni þá beri svo að gera. Aftur á móti verði ávallt að skýra vafa um slíkt til samræmis við almenna reglu töluliðarins og fjalla um slíka þætti eins og 18. gr. frumvarpsins kveður á um.

Leiðbeiningar um ritun fundargerða.

Í umsögn KPMG ehf. er sett fram athugasemd við 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Í þeirri málsgrein kemur fram að ráðherra skuli með auglýsingu setja leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, m.a. um hvað þar er skylt að bóka, um staðfestingu þeirra þegar að loknum fundi og skráningu og meðferð rafrænna fundargerða. Gagnrýni KPMG ehf. varðar það að fyrirtækið telur óskýrt hvaða gildi slíkar leiðbeiningar eiga að hafa og bendir það á að skýrara væri að mæla fyrir um þá þætti sem nefndir eru í málsgreininni í reglum eða reglugerð settri af ráðherra og birtri í B-deild sStjórnartíðinda. Þá komu fram í umsögn héraðsskjalavarða Árnesinga og Kópavogs sjónarmið þess efnis að nauðsynlegt væri að tryggja áfram varðveislu fundargerða sveitarstjórna og formfestu um meðferð þeirra.

Í máli fulltrúa innanríkisráðuneytisins kom fram að markmið ákvæðisins væri að tryggja að settar væru reglur um lágmarksinntak fundargerðar sveitarstjórna og varðveislu þeirra. Þá kom fram að ákvæðið væri í samræmi við þá stefnu sem fylgt hefði verið hér á landi, sbr. t.d. ákvæði upplýsingalaga, stjórnsýslulaga og laga um Þjóðskjalasafn Íslands, að sömu almennu reglur skyldu gilda um málaskrá, vistun og varðveislu skjala hjá sveitarfélögum og öðrum stjórnvöldum.

Nefndin telur að þegar leggja á skyldur á sveitarstjórnir beri löggjafanum undir slíkum kringumstæðum að taka mið af því svigrúmi sem stjórnarskráin veitir honum til athafna. Þá beri einnig að horfa til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki þeim grundvallarreglum sem gilt hafa um sveitarstjórnarstigið. Þannig verði ekki hjá því litið að í 3. gr. frumvarpsins koma fram þær meginreglur að sveitarstjórnir séu sjálfstæð stjórnvöld byggð á lýðræðislegum grunni sem beri ábyrgð á framkvæmd eigin verkefna. Þessi lýðræðislegi grundvöllur felur í sér að gert virðist ráð fyrir pólitísku svigrúmi til töku ákvarðana þar sem gætt verður hagsmuna sveitarfélags og íbúa þess. Á móti vegur pólitísk ábyrgð sveitarstjórnarmanna reynist ákvarðanir þeirra rangar. Af þeim sökum er það álit nefndarinnar að ekki eigi að takmarka frelsi sveitarstjórna um tilhögun fundargerða meira en svo að settar séu fram leiðbeiningar með auglýsingu. Er hugsunin sú að slíkar leiðbeiningar skapi íbúum möguleika á að veita sveitarstjórnum aðhald á sama tíma og eðlilegt svigrúm til sjálfstjórnar er tryggt.

Hæfisreglur.

Í 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins segir eftirfarandi:

„Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélaga til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í lögum þessum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar, nema strangari regla sé sett í samþykkt um stjórn og fundarsköp. Þá verður starfsmaður sveitarfélags ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.“

Í umsögn Reykjavíkurborgar kemur fram þrenns konar gagnrýni á téða málsgrein 20. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er gagnrýnt að frávik 2. málsl. málsgreinarinnar frá hæfisreglu 2.

tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga sé ekki nægilega tilgreint í lagatextanum. Í öðru lagi er gagnrýnt að skýringar vanti í frumvarpið á því af hverju vikið sé frá hæfisreglu 2. máls. 5. tölul. 1. mgr. sömu lagagreinar um svokallað undirmannavanhæfi í lokamálslið 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Þá kemur í þriðja lagi fram sú skoðun borgarinnar að efni frumvarpsgreinarinnar eigi betur heima í IV. kafla frumvarpsins.

Í athugasemd við frumvarpsgreinina kemur efnislega fram að í niðurlagi 1. mgr. 20. gr. sé vikið frá hæfisreglu stjórnsýslulaga vegna fámennis sumra sveitarfélaga og lagt til að á sveitarstjórnarstiginu skuli ekki gilda jafn ströng regla um vanhæfi vegna skyldleika. Er þar bent á að ákvæði 3. gr. stjórnsýslulaga geri ráð fyrir að vensl að öðrum lið til hliðar valdi vanhæfi en frávik frumvarpsgreinarinnar varði það að miðað skuli við einn lið til hliðar í stað tveggja. Þá er minnt á að sveitarstjórnarmaður geti engu síður verið vanhæfur í máli skyldmennis síns, þótt fjarskyldara sé, enda sé það þá sérstaklega tengt honum fyrir náinn vinskap eða með öðrum hætti skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Er það mat nefndarinnar að þessi hluti frumvarpsgreinarinnar, að teknu tilliti til athugasemda við hana, valdi ekki vafa um merkingu hennar.

Telur nefndin að frávik frá undirmannavanhæfisreglu stjórnsýslulaga byggist á því að fámennari sveitarfélög hafa oft fáa starfsmenn og fáa sveitarstjórnarmenn. Því gæti almenn undirmannavanhæfisregla í ákveðnum tilvikum lamað starfsemi sveitarfélaga í einstökum málum eða málaflokkum. Þó bendir nefndin á að svigrúm sveitarfélaga til mats á því hvort tilefni er til fráviks frá undirmannavanhæfisreglunni er afstætt og kann því að gæta munar á því sem talist getur eiga við í sveitarfélögum eftir stærð þeirra og starfsemi.

Þá telur nefndin staðsetningu efnis 20. gr. frumvarpsins í III. kafla frumvarpsins um fundi sveitarstjórna ekki háða tilviljun. Bendir nefndin á að kaflinn fjallar almennt um fundi sveitarstjórna og að þar koma fram ákvæði sem stefna að réttri, málefnalegri og vandaðri ákvörðunartöku um mál sem á borð þeirra kunna að koma. Almennt er hæfisreglum ætlað að varna því að ákvarðanir stjórnvalda byggist á ómálefnalegum sjónarmiðum. Þá eru hæfisreglur ekki reglur er varða með beinum hætti efni ákvarðana og réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna heldur aðeins fyrirkomulag þegar taka á ákvörðun. Er þeim ætlað að stuðla að því að svo verði um hnútana búið að ekki sé hætta á að annarleg sjónarmið ráði för í sveitarstjórn. Af þeim sökum telur nefndin að staðsetning efnis frumvarpsgreinarinnar sé haganleg og í samræmi við efnisskipan frumvarpsins.

Varamenn.

Í umsögn Reykjavíkurborgar kemur fram sú gagnrýni á 21. gr. frumvarpsins að þar sé ekki nægilega skýrt kveðið á um hverjir séu varamenn í skilningi frumvarpsins þegar kosið er til sveitarstjórnar hlutbundinni listakosningu. Þannig spyr borgin hvort varamenn séu þeir sem fái útgefið kjörbréf að kosningum loknum, sbr. lög um kosningar til sveitarstjórna, eða allir þeir sem eru á framboðslista viðkomandi stjórnmálaflokks sem ekki teljast aðalmenn. Bendir borgin á að í ljósi annarra ákvæða frumvarpsins þar sem reynir á réttindi og skyldur varamanna sé nauðsynlegt að fyrir liggi skýr skilgreining.

Á fundi nefndarinnar kom fram í máli fulltrúa innanríkisráðuneytisins að ráðuneytið teldi engan vafa leika á því hverjir væru varamenn í skilningi frumvarpsins. Þannig teldust allir þeir sem voru í framboði en náðu ekki kjöri til varamanna, í þeirri röð sem þeir skipuðu lista, svo framarlega sem einhver af viðkomandi lista hefði náð kjöri í sveitarstjórn. Þá skipti útgáfa kjörbréfa að afloknum kosningum ekki máli í þessu sambandi að öðru leyti en því að fyrirsjáanlegt væri að kjörbréf væri gefið út til varamanns þegar fyrir lægi að hann þyrfti að

taka sæti í sveitarstjórn. Þá benti ráðuneytið á að í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar sé vikið frá þessu með heimild framboðslista til að gera samkomulag um varamenn. Slíkt samkomulag fái þó ekki gildi sem frávik frá meginreglunni fyrr en sveitarstjórn hefur tekið formlega ákvörðun um slíkt og því sé ekki hægt að gefa út kjörbréf fyrr en fyrir liggur hverjir varamennirnir eru.

Í ljósi skýringa ráðuneytisins telur nefndin ekki tilefni til breytinga á frumvarpsgreininni.

Mál utan dagskrár.

Í umsögnum Reykjavíkurborgar og Sveitarfélagsins Ölfuss kemur fram gagnrýni á 27. gr. frumvarpsins. Segir þar m.a. að 2. mgr. feli í sér meginreglu og svo matskenndar undantekningar frá henni að veruleg hætta kunni að skapast á hártogunum vegna túlkunarvafa. Þá geti það ekki samræmst lýðræðissjónarmiðum að einn sveitarstjórnarmaður geti tálmað því að mál verði tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar. Að auki er sett fram tillaga til viðbótar við 1. mgr. í því skyni að skýra hana frekar og árétta mikilvægi góðs undirbúnings sveitarstjórnarfunda.

Á fundi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum innanríkisráðuneytisins að markmið ákvæðisins væri að stuðla að betri undirbúningi og framkvæmd funda og skapa festu í stjórnsýslu sveitarfélaga. Af lestri athugasemdar við frumvarpsgreinina má sjá að meginregla 2. mgr. greinarinnar byggist á þeim rökum að mikilvægt sé að hver og einn sveitarstjórnarmaður eigi raunhæfa möguleika á að taka upplýsta afstöðu til máls áður en hann þarf svo að greiða atkvæði um það á fundi sveitarstjórnar. Þannig virðist reglunni ætlað að efla tækifæri sveitarstjórnarmanna til að byggja ákvarðanir sínar á eigin sannfæringu og mati. Af þeim sökum mætti spyrja sig hvort lýðræðisleg sjónarmið eigi almennt að vega þyngra en réttur einstakra sveitarstjórnarmanna til að hafa tækifæri til að kynna sér mál. Öðrum ákvæðum frumvarpsins virðist ekki ætlað að styðja við téðan rétt og virðist þannig vera um ákveðinn lágmarksrétt einstakra sveitarstjórnarmanna að ræða.

Að mati nefndarinnar er í frumvarpsgreininni gengið of langt í að tryggja rétt hvers einstaks sveitarstjórnarmanns á kostnað lýðræðis og skilvirkni. Af þeim sökum leggur nefndin til að í stað þess að krafist sé samþykkis allra fundarmanna skv. 1. málsl. 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar nægi samþykki ⅔ hluta fundarmanna. Í því ljósi telur nefndin einnig ástæðu til að leggja til að 2. málsl. 2. mgr. falli brott.

Undanþágur frá rétti sveitarstjórnarmanna til aðgangs að upplýsingum.

Í 28. gr. frumvarpsins er kveðið á um rétt sveitarstjórnarmanna til aðgangs að gögnum sveitarfélags. Segir þar í 1. mgr.:

„Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.“

Í umsögn Persónuverndar kemur fram að stofnunin telur eðlilegt að sá fyrirvari sé gerður við aðgangsrétt sveitarstjórnarmanna í lagatexta sem nánar er lýst í athugasemd við frumvarpsgreinina.

Skilningur nefndarinnar er sá að þrátt fyrir að frumvarpsgreinin feli í sér breytingu á orðalagi og skipan meginreglunnar um rétt sveitarstjórnarmanna til þess að kynna sér gögn og upplýsingar frá því sem er í 30. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga þá feli sú útfærsla ekki í sér breytingu á gildandi undantekningum á þeim rétti. Í þessu ljósi og þar sem undanþágur frá upplýsingarétti sveitarstjórnarmanna hafa að því er virðist til þessa verið leiddar af ákvæðum

sérlaga og meginreglum laga er það álit nefndarinnar að ekki sé tilefni til þess að leggja til breytingar á frumvarpsgreininni.

Siðareglur.

Í umsögnum nokkurra umsagnaraðila eru gerðar athugasemdir við 29. gr. frumvarpsins. Er þannig talið óviðeigandi að Samband íslenskra sveitarfélaga sé sett í hlutverk eftirlitsaðila skv. 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar enda samrýmist slíkt illa hlutverki þess sem hagsmunasamtaka sveitarfélaga. Þá er bent á nauðsyn þess að tekið sé fram í lagatexta hvar birta eigi siðareglur sveitarstjórnar.

Í máli fulltrúa innanríkisráðuneytisins kom fram að samkvæmt meginreglu séu sveitarstjórnarmenn einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu og þeir beri sjálfstæða ábyrgð á athöfnum sínum gagnvart lögum og kjósendum sínum. Í ljósi framangreindrar meginreglu hafi það þótt varasamt að skylda sveitarstjórn til þess að setja sér siðareglur. Þá hafi að sama skapi verið talið nauðsynlegt að skylda sveitarstjórn til þess að fara yfir siðareglur sem fyrri sveitarstjórn hafi sett sér og taka þar með afstöðu til þess hvort sömu siðferðilegu viðmið ættu að gilda um störf hennar.

Að mati nefndarinnar verður ekki hjá því komist að skylda sveitarstjórnir til þess að setja sér siðareglur. Sveitarstjórnir starfa í umboði íbúa sveitarfélaga sem hafa verulegan hag af því að siðferðileg viðmið sveitarstjórnar séu ljós þegar kemur að stjórn sveitarfélags. Það kann því að stuðla að opnari umræðuvettvangi í sveitarfélögum. Með því verður þó ekkert sagt um hvert verður efni mögulegra siðareglna, hvort þær verði atviksbundnar eða matskenndar eða hallist í eina átt frekar en aðra enda er það verkefni skilið eftir handa sveitarstjórn. Þá fellst nefndin á að rétt sé að leggja þá skyldu á sveitarstjórn að birta siðareglur sínar á aðgengilegum stað, t.d. á vefsíðu sveitarfélags eða með auglýsingu enda ná slíkar reglur vart markmiðum sínum að fullu fari svo ekki fram. Af framangreindum sökum gerir nefndin tillögu til breytingar á frumvarpsgreininni.

Tímabundinn flutningur úr sveitarfélagi.

Í 1. mgr. 30. gr. frumvarpsins er kveðið á um þá meginreglu að missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skuli hann víkja úr sveitarstjórn. Í 3. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna kemur fram að hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram, á lögheimili í sveitarfélaginu og hefur ekki verið sviptur lögræði sé kjörgengur í sveitarstjórn. Hefur ákvæðið verið skilið svo að missi maður lögræði eða lögheimili í sveitarfélagi uppfylli hann ekki lengur kjörgengisskilyrði. Frá meginreglu frumvarpsgreinarinnar er vikið í 3. mgr. hennar þar sem kemur fram að þegar sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélagi um stundarsakir megi sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið Ölfus gagnrýnir 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar þar sem ekki sé nægilega skýrt kveðið á um það hvaða tímamörk sé átt við með orðalaginu *„um stundarsakir“*. Spyr sveitarfélagið hvort ekki sé rétt að sveitarfélög fái heimild til þess að setja reglur um slíkt í samþykktir sínar og hvort meiri hluti sveitarstjórnar þurfi að standa að samþykkt óskar sveitarstjórnarmanns um tímabundna lausn frá störfum í sveitarstjórn.

Samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu er tilgangur frumvarpsgreinarinnar að leggja til ákveðna formfestu og að ekki sé ætlunin að breyta efnislegri merkingu ákvæðisins frá því sem gilt hefur skv. 4. mgr. 24. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Nefndin telur sig geta tekið undir að það kunni að vera óheppilegt að ekki liggi fyrir ákveðin tímamörk sem heimila sveitarstjórnarmönnum tímabundin frávik frá sveitarstjórnarstörfum. Engu síður kom fram í umræðum á fundi nefndarinnar að viðeigandi tímamörk kynni að þurfa að ákvarða í hvert og eitt sinn að teknu tilliti til aðstæðna viðkomandi sveitarstjórnarmanns hverju sinni. Þannig kann að verða að taka ákveðið tillit til flutnings manna í annað bæjarfélag tímabundið vegna náms sem ekki er í boði í viðkomandi sveitarfélagi á meðan erfitt kann að vera að taka tillit þess að sveitarstjórnarmaður fer í áralanga heimsreisu á skútu. Kunna ástæður fjarvista að samrýmast starfi sveitarstjórnarmannsins með afskaplega mismunandi hætti. Er það álit nefndarinnar að fram hjá slíkum rökum verði ekki litið og að ekki sé tilefni til breytinga á frumvarpsgreininni.

Boðun varamanna.

Í umsögnum nokkurra aðila er 31. gr. frumvarpsins gagnrýnd. Þannig kemur fram í umsögnum Sveitarfélagsins Ölfuss og Ólafs Arnar Ólafssonar að ákvæði 2. málsl. 1. mgr. bjóði heim hættu á misnotkun sem valdið geti óþarfa flækjum í tengslum við fundi sveitarstjórna. Er þannig bent á að hættan verði að allir varamenn verði alltaf mættir þegar sveitarstjórn fundar og þeir verði látnir taka þátt í afgreiðslu mála eftir hentugleika.

Nefndin bendir á að ef vanhæfur sveitarstjórnarmaður tekur þátt í umræðum og afgreiðslu máls getur það varðað ógildingu á ákvörðun sveitarstjórnarinnar. Hæfisreglum laga er almennt ætlað að auka verulega líkurnar á því ákvarðanir stjórnvalda verði byggðar á málefnalegum sjónarmiðum. Slíkar reglur byggjast á rótgrónum lagasjónarmiðum og um þær hefur hingað til ekki ríkt mikill lagalegur vafi. Þá bendir nefndin á að í XI. kafla frumvarpsins er kveðið á um ýmsar heimildir ráðherra til þess að hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir fylgi réttum lögum. Telur nefndin sterk lýðræðisleg rök liggja að baki því að boða skuli varamenn til fundar þegar aðalmenn verða að víkja af fundi vegna vanhæfis. Enda mætti hugsa sér að t.d. áhrifamönnum í atvinnulífi sveitarfélags eða mönnum sem eiga marga vini eða stóra fjölskyldu yrði vart vært í sveitarstjórn ef þeim væri ekki gert fært að kalla inn fyrir sig varamenn í málum þar sem þeir verða vanhæfir.

Í umsögn Reykjavíkurborgar kemur fram sú gagnrýni á 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar að skilgreining hennar á lögmætum forföllum sé of þröng. Þannig verði forföll þeirra að standa allan fund sveitarstjórnar til að teljast lögmæt en það feli í sér afar mikla takmörkun á grundvallarrétti kjörinna fulltrúa til að fá að taka óhindrað þátt í störfum sveitarstjórnar. Þá telur Reykjavíkurborg að ákvæði vanti í frumvarpsgreinina þar sem kveðið sé á um hver beri ábyrgð á boðun varamanns þegar um vanhæfi eða forföll aðalmanns er að ræða. Loks leggur hún til að kveðið verði á um það í frumvarpsgreininni að ábyrgð á boðun varamanns verði á herðum aðalmanns.

Í athugasemd við frumvarpsgreinina kemur m.a. fram að tilgangur reglunnar í 2. mgr. sé að tryggja festu í fundum sveitarstjórna og jafnframt að stuðla að því að einstakir sveitarstjórnarmenn víki ekki af fundi og kalli varamann til meðferðar máls nema að þeir hafi raunverulegar og lögmætar ástæður til þess. Þá muni regla 2. mgr. ekki útiloka að aðalfulltrúi í sveitarstjórn víki stuttlega af fundi, án þess að kallaður sé til varamaður, enda sé þá fjarvera ekki þannig að hún feli í sér brot á mætingarskyldu skv. 22. gr. eða öðrum starfsskyldum kjörins fulltrúa.

Á fundi nefndarinnar kom fram að regla 2. mgr. væri óbilgjörn og þá sérstaklega í ljósi lokamálsgreinar frumvarpsgreinarinnar. Var bent á að í ýmsum sveitarfélögum hefði það verklag verið viðhaft á sveitarstjórnarfundum að aðal- og varasveitarstjórnarmenn hafi sér-

hæft sig í ákveðnum málaflokkum sveitarstjórnarmála. Þegar þau mál sem viðkomandi varamaður hefur sérhæft sig í kemur á dagskrá fundar hafa aðalmenn vikið af fundi tímabundið og hleypt viðkomandi varamanni að á meðan á umfjöllun um ákveðin mál stendur. Slíkt hafi leitt til mikillar skilvirkni í málsmeðferð sveitarstjórna og gert þeim kleift að vanda umfjöllun um einstök mál meira en annars hefði verið.

Skoðun nefndarinnar er sú að gæta þurfi lýðræðislegra sjónarmiða þegar tekin er ákvörðun um að boða varamann á fund sveitarstjórnar. Er enda fjallað nokkuð ítarlega um réttindi og skyldur varamanna í frumvarpinu. Engu síður telur nefndin að ekki megi ganga svo á þátt skilvirkni í starfi sveitarstjórna í nafni lýðræðissjónarmiða að fyrirsjáanlegt megi telja að málsmeðferð verði þar óvandaðri og minni líkur verði þannig til þess að hagsmuna sveitarfélags sé gætt. Bendir nefndin á að erfitt getur reynst fyrir staka fulltrúa stjórnmálaflokks í sveitarstjórn að mega ekki skipta varamanni inn fyrir sig þegar fjallað er um mál sem þeir hafa ekki þekkingu á. Mætti jafnvel telja hættu á að slíkt gæti í raun leitt til jafngildis þess að viðkomandi aðalmaður væri forfallaður þar sem tök hans á að hafa afskipti af máli yrðu í raun lítil. Færi svo væri lýðræðislegra sjónarmiða ekki gætt nema að formi til. Af þeim sökum leggur nefndin til að 5. mgr. verði felld brott. Þá leggur nefndin til breytingu á 2. mgr. frumvarpgreinarinnar í því skyni að skýra skyldu aðalmanns til þess að tilkynna forföll sín þannig að unnt verði að bregðast við með því að boða varamann í hans stað.

Afsölun greiðslna fyrir störf í sveitarstjórn.

Í 32. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu sveitarstjórna til að ákveða sveitarstjórnarmönnum hæfilega þóknun fyrir störf þeirra. Þá kveður 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar á um að sveitarstjórnarmönnum sé óheimilt að afsala sér greiðslum slíkrar þóknunar. Í umsögn KPMG ehf. er fundið að því að í frumvarpinu sé ekki að finna nægilegar skýringar á tilvist málsgreinarinnar.

Í athugasemd við frumvarpsgreinina kemur m.a. fram að ákvæðið byggist á því sjónarmiði að möguleikar til þátttöku í sveitarstjórnarstörfum eigi almennt ekki að grundvallast á persónulegum fjárstyrk frambjóðenda. Að mati nefndarinnar er þar átt við að sjá má fyrir sér að fjársterkir frambjóðendur kunni að notfæra sér fjárhagslegan styrk sinn til þess að tilkynna í kosningabaráttu að þeir muni afsala sér þóknun fyrir sveitarstjórnarstörf en aðrir frambjóðendur sem eru fjárhagslega verr settir hafi ekki tök á því að gefa sömu loforð. Þá má gera sér í hugarlund að eftir því sem slíkum undirboðum fjölgi muni áhugi annarra á því að taka sæti í sveitarstjórn minnka. Kynni slíkt jafnvel að leiða til þess að einstaklingar sem íbúar sveitarfélaga sæju hag af að fá í sveitarstjórn væru ekki fáanlegir til að taka þar sæti.

Réttur til fjarveru úr starfi.

Í umsögn KPMG ehf. kom fram sú athugasemd við 33. gr. frumvarpsins að skýra yrði nánar hver þýðing 4. mgr. hennar væri. Samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu er erfitt að henda reiður á sérstökum rökum fyrir tilvist reglu 4. mgr. og að e.t.v. væri þörf fyrir tilveru hennar ekki knýjandi. Í ljósi framangreinds leggur nefndin til að framangreind málsgrein verði felld brott úr frumvarpsgreininni.

Byggðarráð.

Í 35. gr. frumvarpsins er fjallað um byggðarráð. Reykjavíkurborg gerir í umsögn sinni athugasemdir við þær breytingar sem frumvarpsgreininni er ætlað að hafa í för með sér varðandi sérstöðu og vægi byggðarráðs. Í fyrsta lagi gerir borgin athugasemd við að sjálfstæðar

fullnaðarafgreiðsluheimildir byggðarráðs skv. 3. mgr. 39. gr. gildandi laga sé ekki að finna í frumvarpinu. Í öðru lagi gagnrýnir borgin að ákvæði lokamálsliðar téðrar málsgreinar 39. gr. sveitarstjórnarlaga, þess efnis að meðan sveitarstjórn sé í sumarleyfi fari byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella, sé ekki að finna í frumvarpinu. Í þriðja lagi gerir borgin athugasemd við að ekki sé að finna í frumvarpinu þann fyrirvara við heimild byggðarráðs til fullnaðarafgreiðslu mála að ekki sé ágreiningur um afgreiðsluna innan ráðsins eða við framkvæmdarstjóra sveitarfélags. Bendir borgin á að slíkt kunni að hafa í för með sér að minni líkur verði á því að sveitarstjórn feli byggðarráði fullnaðarafgreiðsluvald í málum.

Nefndin fellst á að gagnrýni Reykjavíkurborgar virðist eiga rétt á sér. Frumvarpi til sveitarstjórnarlaga er ætlað að ná til allar sveitarfélaga hvort sem þau eru stór eða lítil. Þykir nefndinni sem þarfir stærri sveitarfélaga hafi orðið undir við samningu frumvarpsins að þessu leyti. Leggur nefndin því til breytingar á frumvarpsgreininni þannig að sveitarfélögum verði í samþykktum sínum heimilað að fela byggðarráði fullnaðarákvörðun mála sem ekki snerta fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans enda sé ekki ágreiningur um slíkt innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra. Þá þykir nefndinni sömuleiðis rétt að leggja til að sveitarstjórnum verði heimilað að framselja byggðarráði heimildir sínar til fullnaðarákvörðunar á meðan á sumarleyfi hennar stendur.

Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.

Í umsögn Reykjavíkurborgar kemur fram að ekki verði séð hvaða þýðingu 2. mgr. 41. gr. frumvarpsins hafi umfram það sem fram komi í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Leggur borgin til að ákvæði 2. mgr. verði fellt inn í 1. mgr.

Í máli fulltrúa innanríkisráðuneytisins á fundi nefndarinnar kom fram að markmið frumvarpsgreinarinnar væri að kveða skýrar en áður á um að ef nefnd hefur fjallað um málefni og sveitarstjórn þarf að taka ákvörðun til samþykktar eða synjunar þess þá þurfi að bera það mál upp sérstaklega á fundi sveitarstjórnar. Þá var það ítrekað að almenna reglan væri sú að einungis tilteknar ákvarðanir sem þyrfti að staðfesta væru á dagskrá eða til umræðu en ekki fundargerð í heild sinni enda væru það einungis ákvarðanirnar sem þyrftu staðfestingar við en ekki fundargerðir í heild sinni. Í því ljósi taldi ráðuneyti ekki þörf á breytingum á frumvarpsgreininni.

Skilningur nefndarinnar er sá að í 1. málsl. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar komi fram sú almenna áréttting að fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skuli lagðar fyrir byggðarráð eða sveitarstjórn eftir því hver háttur er hafður á fullnaðarafgreiðslu í viðkomandi málaflokki. Í framhaldinu kemur svo fram einföld sundurgreining á því hvernig ber að meðhöndla slíkar fundargerðir eftir því hvort þær annars vegar innihalda ályktanir eða tillögur sem þarfnast staðfestingar byggðarráðs eða sveitarstjórnar og hins vegar ef þær innihalda ekki slíkar ályktanir eða tillögur. Í 58. gr. frumvarpsins er kveðið á um að einvörðungu sveitarstjórn sé bær til að taka ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Samkvæmt 9. gr. frumvarpsins er sveitarstjórn skylt að gera sérstaka samþykkt sem m.a. skal taka á meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins er það að stórum hluta afurð samstarfs innanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Andi þess er sá að veita sveitarstjórnum meiri leiðbeiningu og aðhald þegar kemur að fjármálum sveitarfélaga en verið hefur og bera mörg ákvæði frumvarpsins þess merki. Í ljósi þessa telur nefndin það hallkvæmt að í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar sé sérstaklega hnykkt á því að þegar ályktun hefur fjárútlát í för með sér skuli um meðferð hennar fyrir sveitarstjórn fara eftir því sem sveitarstjórnin sjálf hefur ákveðið í samþykkt um

stjórn sveitarfélagsins, að teknu tilliti til þeirra reglna sem frumvarpið mælir fyrir um varðandi fjármál, en ekki endilega eftir því verklagi sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

Kosningar í nefndir.

Í 1. mgr. 43. gr. frumvarpsins segir eftirfarandi:

„Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélags, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka, byggðarráð og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað.“

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss kemur fram sú gagnrýni að óljóst sé hvernig eigi standa að kosningu ef ekki kemur fram ósk um hlutfallskosningu.

Í athugasemd við frumvarpsgreinina kemur eftirfarandi fram: *„Í ákvæðinu er mælt fyrir um þá meginreglu að kosningar í nefndir sem sveitarstjórn á aðild að skuli vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. [Þ]etta er sú meginregla sem gildir um kosningar í nefndir þrátt fyrir að almennt sé framkvæmdin sú að hlutfallskosning fer ekki fram þegar skipað er í nefndir, heldur er byggt á samkomulagi stjórnmálaafla í sveitarstjórn um röðun á lista, sem þá tekur tillit til pólitískra hlutfalla.“*

Skilningur nefndarinnar er sá að þrátt fyrir það sem kemur fram í framangreindum athugasemdum sé það ekki tilgangur frumvarpsins að víkja frá því að kjósa skuli í nefndir. Telur nefndin ekki tækt að gagnálykta af texta athugasemdanna á þann hátt að þegar hlutfallskosning fari ekki fram þá fari engin kosning fram. Á það við jafnvel þótt annað sé e.t.v. gefið til kynna í umfjöllun um þá framkvæmd sem tíðkast hefur enda tíðkast almennt að þrátt fyrir að gengið hafi verið frá samkomulagi um röðun á lista fer almennt fram óbundin kosning um þann lista nema slíkt sé óþarft þar sem hann er sjálfkjörinn.

Kosning milli lista.

Á fundi nefndarinnar var 3. tölul. 1. mgr. 45. gr. frumvarpsins gagnrýndur þar sem vikið væri frá þeirri framkvæmd sem tíðkuð hafi verið að varpa hlutkesti ef tvær eða fleiri útkomutölur eru jafnháar. Var bent á að með reglu 2. málsl. töluliðarins væri jafnræði lista mögulega stefnt í hættu.

Að mati nefndarinnar er það réttari og lýðræðislegri niðurstaða að listar standi jafnt að vígi ef útkomutölur eru jafnar óháð atkvæðamagni. Því leggur nefndin til þá breytingu á 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. 45. gr. frumvarpsins að hlutkesti skuli ráða niðurstöðunni en ekki atkvæðamagn þegar útkomutölur eru jafnháar.

Opnir fundir nefnda.

Samkvæmt 46. gr. frumvarpsins skulu fundir nefnda almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Á fundi nefndarinnar kom fram gagnrýni á það hve afdráttarlaust ákvæðið er enda töldu nefndarmenn almennt rétt að opna stjórnsýslu sveitarfélaga. Af þeim sökum leggur nefndin fram tillögu til breytingar þess efnis að heimilt sé að víkja frá meginreglunni um lokaða fundi nefnda komi fram ósk um slíkt. Nefndin ræddi óhagræði þess að hafa slíka undanþágu of opna enda kynni að vera til staðar ákveðinn pólitískur hvati til að misnota hana. Af þeim sökum leggur nefndin til að sveitarstjórn verði heimilað að setja málefnalegar reglur um skilyrði og meðferð óska um opna nefndarfundi. Við gerð slíkra reglna skal sveitarstjórn gæta þess að ekki sé farið gegn meginreglum og forsendum frumvarpsins og reglum stjórnsýsluréttar.

Endurskipun nefndar.

Í 2. mgr. 49. gr. frumvarpsins er sveitarstjórnarmanni heimilað að krefjast þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Þá er sveitarstjórn heimilað að hafna beiðni sveitarstjórnarmanns um endurskipun ef hún er bersýnilega tilefnislaus. Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss er þeirrar spurningar spurt hvort gert sé ráð fyrir að öll sveitarstjórnin þurfi að samþykkja að hafna slíkri beiðni eða e.t.v. ⅔ hlutar hennar eða meiri hluti.

Samkvæmt meginreglu 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins ræður afl atkvæða úrslitum við atkvæðagreiðslu innan sveitarstjórnar. Þar sem ekki er í ákvæðinu vikið frá framangreindri meginreglu verður að líta sem svo á að meiri hluti sveitarstjórnarmanna sem viðstaddir eru fund geti ráðið úrslitum í slíkum málum.

Á fundi nefndarinnar kom fram sú ábending að mögulega mundi öllum slíkum beiðnum frá minni hluta sveitarstjórnar oft verða hafnað á grundvelli meirihlutavalds meiri hlutans. Í því skyni að tryggja virkni reglunnar leggur nefndin til að kveðið verði á um ⅔ hluta greiddra atkvæða á sveitarstjórnarfundi þurfi til þess að hafna beiðni um endurskipun nefndar.

Áheyrnarfulltrúar.

Kveðið er á um tilnefningu og réttindi áheyrnarfulltrúa í 50. gr. frumvarpsins. Nokkrar athugasemdir voru gerðar við frumvarpsgreinina í umsögn Reykjavíkurborgar og á fundi nefndarinnar. Þannig var í fyrsta lagi gagnrýnt að 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar girti fyrir pólitíska áheyrnarsetu í nefndum sem ekki færu með fullnaðarákvörðunarvald en bent á að athugasemdir við frumvarpsgreinina virtust þó benda í aðra átt. Í öðru lagi var 2. málsl. 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar gagnrýndur og bent á að ekki væri þörf á að takmarka rétt pólitískra áheyrnarfulltrúa með því að skylda þá til að víkja af fundi nefnda þar sem þeir væru bundnir sama trúnaði og kjörnir fulltrúar sem sæti ættu í viðkomandi nefnd. Þá var í þriðja lagi bent á að misræmi væri á milli 2. mgr. greinarinnar og athugasemda við hana um það hvort ákvæði hennar tæki aðeins til umfjöllunar um málefni einstaklinga eða aðeins til málefna lögaðila.

Í athugasemd við frumvarpsgreinina kemur eftirfarandi m.a. fram: *„Rétt er að taka fram að sveitarstjórn er almennt heimilt að ákveða ríkari rétt fulltrúa í sveitarstjórn til að tilnefna áheyrnarfulltrúa, t.d. í nefndum sem ekki hafa fengið framselt fullnaðarákvörðunarvald í málum. Þá kunna sérákvæði laga að leiða til þess að aðrir aðilar, svo sem félög starfsmanna, eigi rétt á að tilnefna áheyrnarfulltrúa í nefndir. Ákvæði þetta fjallar ekki um slíka áheyrnarfulltrúa.“*

Skilningur nefndarinnar er sá að ákvæði 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar feli í raun ekki í sér jákvæða skilgreiningu á því hvenær heimilt er að tilnefna pólitíska áheyrnarfulltrúa í nefndir sveitarfélaga. Þannig sé ekki hægt að gagnálykta út frá frumvarpsgreininni að það sé í öðrum tilvikum bannað. Er það skoðun nefndarinnar að ákvæðið feli í sér að undir þeim ákveðnu kringumstæðum sem eiga við þegar i) sveitarstjórn er kjörin bundinni hlutfallskosningu og ii) tilnefna á áheyrnarfulltrúa í byggðarráð eða aðra fastanefnd sveitarfélags sem hefur verið falið að taka fullnaðarákvörðun í málum þá beri að haga málum eins og málsgreinin gerir ráð fyrir. Þannig feli málsgreinin ekki í sér bann við tilnefningum áheyrnarfulltrúa í allar nefndir með ákveðnum undantekningum heldur kveði greinin í heild á um ákveðna undanþágu frá þeirri meginreglu að tilnefningar áheyrnarfulltrúa í nefndir sveitarfélaga séu heimilar. Sú undanþága eigi aðeins við varðandi byggðarráð og nefndir sem hefur verið falið fullnaðarákvörðunarvald í málum og sveitarstjórn hefur heimilað slíkt í samþykkt

sinni. Hlýtur þessi skilningur m.a. stoð í grundvallarreglunni um sjálfstjórn sveitarfélags. Þrátt fyrir framangreint leggur nefndin til að gerð verði breyting á 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Þannig leggur nefndin til að regla 1. málsl. 1. mgr. verði látin taka til annarra fastanefnda sveitarfélaga en byggðarráðs að því tilskildu að þeim hafi verið falið fullnaðarákvörðunarvald í málum. Þá felst í framangreindri breytingartillögu nefndarinnar að lagt er til að sveitarstjórn geti ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélags að sama regla gildi um aðrar fastanefndir. Með því móti vill nefndin tryggja stjórnmálahreyfingum sem hlotið hafa kosningu í sveitarstjórn áheyrnaraðild í byggðarráði og þeim fastanefndum sem falið hefur verið fullnaðarákvörðunarvald í málum. Byggist framangreint á þeim rökum að ef nefnd getur tekið ákvörðun í máli án aðkomu sveitarstjórnarinnar sjálfrar sé það ekki í anda lýðræðis að stjórnmálahreyfingar sem á annað borð eiga fulltrúa í sveitarstjórn, en hafa ekki styrk til þess að sitja í öllum nefndum, hafi ekki aðkomu að umræðum um þau tilteknu málefni sem þannig hafa verið falin öðrum.

Nefndin tekur undir gagnrýni á 2. málsl. 2. mgr. Nefndin bendir þó á að í 4. mgr. 28. gr. frumvarpsins er kveðið á um þagnarskyldu sveitarstjórnarmanna. Þar kemur efnislega fram að sveitarstjórnarmenn skuli gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls og að slík skylda þeirra rofni ekki þótt þeir láti af starfi sínu sem sveitarstjórnarmenn. Samkvæmt því sem fram kemur í athugasemd við frumvarpsgreinina felur reglan í sér almenna þagnarskyldu. Ákvæði þetta er samhljóða þagnarskylduákvæði laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. 2. málsl. 2. mgr. 50. gr. hljóðar svo: *„Að öðru leyti skulu áheyrnarfulltrúar sem eru skipaðir samkvæmt þeirri heimild víkja af fundi nefndar þegar til afgreiðslu nefndar eru málefni einstaklinga eða lögaðila og sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu taka til.“* Af því tilefni vaknar sú spurning hvort að ekki sé ljóst að málefni einstaklinga og lögaðila og sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu geti talist þess eðlis að þau falli undir þagnarskylduákvæði 28. gr. frumvarpsins og því sé tryggt að áheyrnarfulltrúar séu ávallt bundnir trúnaði eins og aðrir nefndarmenn. Alþingi hefur skipt þagnarskylduákvæðum laga í almenn og sérstök þagnarskylduákvæði. Þannig kveður t.d. 2. gr. upplýsingalaga á um að almenn þagnarskylduákvæði laga takmarki ekki rétt almennings til aðgangs að gögnum. Gagnályktað hefur verið út frá því ákvæði á þann hátt að sérstök þagnarskylduákvæði kunni að takmarka rétt til aðgangs að gögnum. Ljóst er því að ákveðinn munur kann að vera á almennum og sérstökum þagnarskylduákvæðum. Hafa fræðimenn m.a. bent á að þau þagnarskylduákvæði sem hafa að geyma vísireglu og enga tilgreiningu á þeim upplýsingum sem þagnarskyldan tekur til teljist almenn en þau ákvæði sem tilgreina þær upplýsingar sem þagnarskylda ríkir um teljist sérstök. Hefur m.a. verið talið að þagnarskylduákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins séu almenn en þagnarskylduákvæði laga um póstþjónustu séu sérstök. Með þessu hefur í framkvæmd verið talið að veita beri þeim upplýsingum sem njóta verndar sérstakra þagnarskylduákvæða laga meiri vernd en þeim sem njóta aðeins vernd almennra þagnarskylduákvæða. Að auki má spyrja sig þeirrar spurningar hvort ljóst sé að áheyrnarfulltrúar teljist til sveitarstjórnarmanna í skilningi 28. gr. frumvarpsins. Þagnarskyldu ákvæði 28. gr. frumvarpsins nær til sveitarstjórnarmanna. Nefndinni er ekki kunnugt um formlega skýringu á hugtakinu í lögum eða undirbúningsgögnum laga þó svo að þeirra sé víða getið. Samkvæmt lögfræðiorðabók (*Lögfræðiorðabók með skýringum*. Reykjavík 2008, bls. 425.) teljast fulltrúar sem kjörnir eru í almennum sveitarstjórnarkosningum til setu í sveitarstjórn til sveitarstjórnarmanna. Af frumvarpsgreininni má hins vegar sjá að eina skilyrðið sem er sett fyrir því að vera tilnefndur áheyrnarfulltrúi að viðkomandi þarf að fullnægja kjörgengisskilyrðum í við-

komandi nefnd. Samkvæmt 43. gr. frumvarpsins eru nægilegt að hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu til þess að teljast kjörgengur í nefnd nema annað leiði af lögum. Af framangreindu leiðir að ákveðinn vafi er a.m.k. uppi um það hvort áheyrnarfulltrúar eru bundnir af þagnarskylduákvæði frumvarpsins. Þar sem upplýsingaréttur almennings samkvæmt upplýsingalögum nær til upplýsinga sem njóta verndar almennra þagnarskyldureglna kann það svo sem ekki að koma að sök en engu síður kann að vera að áheyrnarfulltrúar fái á fundum nefnda aðgang að upplýsingum sem þeir eru ekki að lögum bundnir til að gæta trúnaðar um.

Þrátt fyrir framangreint að teknu tilliti til lýðræðislegs grundvallar sveitarstjórna og hlutverks og ábyrgðar sveitarstjórnarmanna, sem þeir takast á hendur hvort sem þeir eru fáir í flokki eða margir, er það skoðun nefndarinnar að gera verði breytingar á ákvæði 2. málsl. 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar þannig að áheyrnarfulltrúum verði ekki gert skylt að víkja af fundi undir þartilgreindum kringumstæðum heldur verði felld á þá sams konar þagnarskylda og gildir um almenna nefndarmenn.

Starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga.

Í 1. mgr. 57. gr. frumvarpsins kemur fram að um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga fari eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og eða ákvæðum ráðningarsamninga. Í umsögn Alþýðusambands Íslands kom fram sú athugasemd að ákvæðið hljómaði eins og það væri valkvætt hvort um réttindi eða skyldur starfsmanna sveitarfélaga fari eftir kjarasamningum eða ráðningarsamningum. Þá kom fram það álit sambandsins að slíkt færi gegn ákvæðum I. og II. kafla laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Nefndin fellst á að rétt sé að breyta frumvarpsgreininni í ljósi þeirrar gagnrýni sem kemur fram hér að framan og leggur fram breytingartillögu í því skyni.

Fjárstjórnarvald.

Á fundi nefndarinnar settu fulltrúar Reykjavíkurborgar fram athugasemd við hugtakið *„fjárstjórnarvald“* í fyrirsögn 58. gr. frumvarpsins. Var bent á að merking þess væri óljós og lagði borgin til að hugtakið *„fjármálastjórn“* yrði notað þess í stað.

Af hálfu innanríkisráðuneytisins var bent á að hugtakið *fjárstjórnarvald* vísaði til ákvarðana um fjárhagsleg málefni sveitarfélags sem sveitarstjórn hefði ein heimild til að taka. Ákvörðunin varðaði bæði útgjöld og tekjur. Þá hefði sveitarstjórn eftirlit með því að stjórnsýsla sveitarfélags sé í samræmi við ákvarðanir hennar og ákvæði laga. Þannig sé það meðal þátta fjárstjórnarvaldsins að sveitarstjórn beri að tryggja að stjórnsýslu sveitarfélags væri settur rammi um meðferð fjármuna og skipuleggja starf sveitarfélagsins með þeim hætti að eftirlit um meðferð fjármuna sé fullnægjandi. Þá benti ráðuneytið á að hugtakið *fjármálastjórn* vísi til mun þrengra verkefnis sem ekki tæki til sömu þátta og fjárstjórnarvald. Í því ljósi lagðist ráðuneytið gegn þeim breytingum sem Reykjavíkurborg leggur til.

Nefndin fellst á röksemdir innanríkisráðuneytisins og telur því ekki tilefni til þess að gera breytingar á ákvæðinu.

Fjármál sveitarfélaga.

Mestar athugasemdir komu fram við efni VII. kafla frumvarpsins. Þegar nefndin tók á móti gestum óskaði hún sérstaklega eftir því að þeir gerðu ítarlega grein fyrir athugasemdum sínum við þau ákvæði frumvarpsins sem snúa að fjármálum sveitarfélaga. Þá lagði nefndin sérstaka áherslu á að kalla á sinn fund fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og endurskoðendafyrirtækjanna KPMG ehf. og PwC ehf. Að auki átti nefndin mjög gagnlegan fund

með fjármálastjóra Reykjavíkurborgar og borgarlögmanni. Í kjölfar þessara fundarhalda var innanríkisráðuneytið upplýst sérstaklega um fram komnar athugasemdir með bréfi. Í kjölfar þess átti ráðuneytið fundi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem fóru fram viðræður um hvernig mætti bregðast við framkomnum athugasemdum. Þá fór ráðuneytið gaumgæfilega yfir athugasemdir PwC ehf. og Félags löggiltra endurskoðenda að nýju og fundaði sérstaklega með Sesselju Árnadóttur, lögfræðingi hjá KPMG ehf. og fyrrverandi lögfræðingi á sveitarstjórnarsviði félagsmálaráðuneytisins. Eru því flestar þær tillögur sem gerðar eru til breytingar á ákvæðum VII. kafla frumvarpsins afurð þessarar vinnu ráðuneytisins.

Í ljósi verulegra athugasemda umsagnaraðila við kaflann, þess að fjármálakafli laganna felur í sér mörg nýmæli og að frumvarpið felur í sér tillögu að heildarlögum um sveitarfélög leggur nefndin til að við frumvarpið verði bætt ákvæði til bráðabirgða sem kveði á um endurskoðun laganna innan þriggja ára frá gildistöku þeirra. Telur nefndin að með því móti fáist ákveðin trygging fyrir því að þeir agnúar sem koma kunna í ljós við framkvæmd ákvæða laganna verði lagfærðir innan skamms tíma.

Ársreikningur.

Í 61. gr. frumvarpsins er kveðið á um gerð og fyrirkomulag ársreiknings sveitarfélags. Veruleg gagnrýni kemur fram á frumvarpsgreinina í athugasemdum umsagnaraðila. Þannig bendir Samband íslenskra sveitarfélaga á að mögulega sé ákvæði 1. mgr. of afdráttarlaust þar sem áætlanagerð sveitarfélaga sé háð mörgum nánar tilgreindum óvissuþáttum. Grímsnes- og Grafningshreppur og Dalabyggð ásamt fleirum gera athugasemdir við að ársreikningur skuli fullgerður 15. apríl ár hvert og telja það of snemmt. Þá gagnrýna ýmsir umsagnaraðila að í ársreikningi skuli koma fram samanburður við upphaflega fjárhagsáætlun ársins og benda á að réttara væri að nota áætlun ásamt viðaukum í því skyni. Að auki gerir Félag löggiltra endurskoðenda verulegar tæknilegar athugasemdir við frumvarpsgreinina. Þannig telur það 1. málsl. 1. mgr. innihalda óskýr ákvæði og eðlilegra sé að vísað sé beint til laga um ársreikninga og þeirra reglugerða sem ráðherra setur skv. 75. gr. frumvarpsins en að tiltaka sérstaklega í greininni hvað eigi að koma fram í ársreikningi. Þá telur félagið það miður að ábyrgð á innra eftirliti með vinnuferli við gerð reikningsskila sé ekki til umfjöllunar í frumvarpinu. Að auki sé óviðeigandi að fjalla um ástæður verulegra frávika um útgjöld og tekjur í ársreikningi. Þá setti félagið fram þá skoðun sína að endurskoðun á skýringum sveitarstjórnar á frávikum frá fjárhagsáætlun sé að jafnaði óframkvæmanleg og geti leitt til fyrirvara í áritun endurskoðanda þar sem slíkar skýringar væru undanskildar. Bendir það á að í ISA alþjóðlegum endurskoðunarstaðli nr. 700 komi fram að áritun endurskoðenda megi ekki dagsetja fyrr en sá aðili sem ber ábyrgð ár ársreikningi hefur samþykkt hana. Auk þess gagnrýnir félagið breytingu á tímamörkum skila ársreiknings og bendir þar að auki á að ársreikningur geti tekið breytingum í meðförum sveitarstjórnar. Taka endurskoðunarfyrirtækin KPMG ehf. og PwC ehf. í flestum atriðum undir athugasemdir félagsins. Þá benda nokkrir umsagnaraðila á að áætlanagerð sveitarfélaga sé um margt háð framlagningu frumvarps til fjárlaga á Alþingi og að upplýsingar séu til reiðu hjá ýmsum stofnunum ríkisins.

Eftir áðurnefnt samráð innanríkisráðuneytisins við ýmsa umsagnaraðila lagði ráðuneytið til að gerðar yrðu ákveðnar breytingar á frumvarpsgreininni til þess að bregðast við athugasemdum þeirra. Hefur nefndin fallist á tillögur ráðuneytisins og gerir hún af þeim sökum tillögu til breytingar á frumvarpsgreininni. Er það von nefndarinnar að með því móti sé komið til móts við sem flestar athugasemdir umsagnaraðila en þess jafnframt gætt að sveitarstjórnarlög eru sérstök að því leyti að þeim er ætlað að fela í sér verulega leiðbeiningu fyrir

íbúa sveitarfélaga og þau hafa verulegt gildi fyrir þá sem taka að sér sveitarstjórnarstörf. Þá bendir nefndin á að á fundum nefndarinnar kom fram af hálfu innanríkisráðuneytisins að unnið væri að því að flýta birtingu upplýsinga sem sveitarstjórnir þurfa að nýta við áætlanagerð sína. Þá mætti ætla að sú knýjandi þörf fyrir snemmbærar upplýsingar mundi enn frekar hvetja stofnanir ríkisins áfram.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

Kveðið er á um skyldu sveitarstjórna til þess að samþykkja fjögurra ára fjárhagsáætlun og ársáætlun í 62. gr. frumvarpsins. Þá er þar fjallað um gildi slíkra áætlana, tilhögun og framlagningu.

Í umsögnum Grundarfjarðarbæjar, Skútustaðahrepps og Dalabyggðar er m.a. bent á að fjárhagsáætlanir sveitarfélaga séu um margt háðar fjárlögum ríkisins og að fyrir liggi forsendur frá opinberum aðilum. Þá kunni lítil sveitarfélög illa að ráða við svo hraða vinnu og því séu dagsetningar framlagningar og afgreiðslu áætlananna óraunhæfar. Akureyrarbær gerir athugasemd við að bundið verði í lög að afgreiða verði áætlanirnar samtímis. Bendir bærinn á að fjögurra ára áætlunin byggist að hluta á næsta árs áætlun og ef fram komi tillögur um breytingar á henni við umræðu í bæjarstjórn hafi það áhrif á fjögurra ára áætlunina og óvinnandi sé að endurgera fjögurra ára áætlunina á fundi sveitarstjórnar. KPMG ehf. telur að fjalla eigi nánar um samhengið á milli fjögurra ára áætlunar og fjárhagsáætlunar, m.a. um að þær séu samhljóða hvað fyrsta árið varðar, og Vopnafjarðarhreppur og Sveitarfélagið Ölfus telja óljóst hvort kveðið er á um gerð fjögurra eða fimm ára áætlunar í frumvarpsgreininni. Að auki kom fram gagnrýni á að ekki lægi ljóst fyrir hver skuli leggja tillögur um fjárhagsáætlanir fram.

Á fundi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum innanríkisráðuneytisins að ákvæðið hafi verið samið í ljósi skýrslu samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál. Síðar hafi ráðuneytið á fundum sínum með Reykjavíkurborg ákveðið að leggja til við nefndina að hún gerði breytingar á frumvarpsgreininni í því skyni að skýrar liggi fyrir hvernig fjárhagsáætlanir samkvæmt greininni skuli byggðar upp og hver munurinn á þeim sé. Er með tillögunni ætlunin að taka af allan vafa um að um tvær áætlanir er að ræða, önnur til árs en hin til fjögurra ára og að ársáætlunin sé í raun einnig innifalin í fjögurra ára áætluninni þar sem saman myndi þær eina heildaráætlun sveitarfélagsins. Þá hafi Reykjavíkurborg gert verulegar athugasemdir við að sveitarfélag geti ekki ákveðið í samþykktum að annaðhvort byggðarráð eða framkvæmdastjóri leggi tillögu um áætlunin áfram, allt eftir því hvað þyki betur henta í hverju sveitarfélagi. Lagði ráðuneytið til við nefndina að hún hlutaðist til um að frumvarpsgreinin tæki þeim breytingum sem nauðsynlegar væru til að bregðast við framangreindri athugasemd.

Í ljósi framangreindra athugasemda leggur nefndin til breytingar á frumvarpsgreininni. Þær breytingar eiga rót sína að rekja til samráðs innanríkisráðuneytisins við hagsmunaaðila sem áður hefur verið getið um. Þá leggur nefndin til breytingu á frumvarpsgreininni í því skyni að heimila ráðuneyti sveitarstjórnarmála að veita sveitarstjórnum frest til að leggja fram fjárhagsáætlun þegar brýnar ástæður teljast fyrir hendi. Leggur nefndin sérstaka áherslu á að um sérstaka undantekningu er að ræða frá reglunni um framlagningu fjárhagsáætlana. Því er það skoðun nefndarinnar að henni eigi helst aðeins að beita þegar sérstakar aðstæður eru í því sveitarfélagi sem æskir hennar.

Áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Fjallað er um gildi ákvörðunar sveitarfélags um fjárhagsáætlun ársins skv. 62. gr. frumvarpsins í 63. gr. þess. Þar kemur fram sú meginregla að slík ákvörðun sé bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Þá er þar fjallað um það form sem þarf að vera á ákvörðunum um að víkja frá fjárhagsáætlun og hvenær mögulegt sé að víkja frá fjárhagsáætlun án þess að formkrafna sé gætt.

Í umsögnum Grundarfjarðarbæjar, Grindavíkurbæjar og Reykjavíkurborgar kemur fram sú gagnrýni að ákvæði frumvarpsgreinarinnar séu of stíf, þ.e. að of langt sé gengið að krefjast þess að fyrir liggi samþykki sveitarstjórnar á viðauka við fjárhagsáætlun áður en hægt sé að færa fjármuni á milli liða. Var m.a. á það bent að ef ákvæði laga skerða um of heimildir fjármálastjórnar sveitarfélags til að færa á milli liða í fjárhagsáætlun án sérstakrar ákvörðunar sveitarstjórnar skapist mögulega ákveðinn hvati fyrir sveitarfélög til þess að mæta slíkum mögulegum tilfærslum með stórum safnliðum. Þá var á fundi nefndarinnar gerð athugasemd við að í 2. málsl. 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar væri orðið *fjárlagaliðir* notað þar sem e.t.v. væri réttara að nota orðið *fjárhagsliðir* eða *fjármagnsliðir*.

Að áliti nefndarinnar eru framangreindar athugasemdir umsagnaraðila studdar nokkuð afgerandi rökum. Af þeim sökum leggur nefndin til að gerðar verði breytingar á frumvarpsgreininni. Þannig verði í fyrsta lagi bætt við nýrri heimild til að skilgreina í reglugerð heimilar tilfærslur innan málaflokka þegar ekki liggur fyrir samþykktur viðauki. Í öðru lagi verði orðinu *fjárlagaliðir* skipt út fyrir orðasambandið *liðir í fjárhagsáætlun* í nafni skýrleika.

Fjármálareglur.

Umsagnaraðilar gerðu margar athugasemdir við 64. gr. frumvarpsins. Þannig telja Samband íslenskra sveitarfélaga, Grundarfjarðarbær, Akureyrarbær og Vopnafjarðarhreppur æskilegt að nefndin skoði að veita sveitarfélögum aðlögunartíma áður en farið verður að beita skuldareglu 2. tölul. 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar af fullum þunga. Þá töldu sumir framangreindra aðila að tryggja þyrfti að hægt væri að víkja frá reglunni við sérstakar aðstæður. Grímsnes- og Grafningshreppur virðist telja óljóst hvað teljist til heildarskulda og skuldbindinga A- og B-hluta í reikningsskilum og leggur áherslu á að það sé skilgreint. Þá spyr Akureyrarbær að hvort eðlilegt sé að hlutafélög sem eru að hluta eða heild í eigu sveitarfélags og eru hluti af samstæðuuppgjöri B-hluta teljist með þegar að skuldaviðmiðinu kemur enda séu þau með sjálfstæðan fjárhag. Dalabyggð telur að ákvæði reglugerðar, sem ráðherra er með frumvarpsgreininni heimilað að setja, þurfi m.a. að taka til framkvæmda þegar sveitarfélög taka að sér fjármögnun verkefna sem ríkið ætti að öllu jöfnu að koma að. Loks bendir Grundarfjarðarbær á að skuldastaða smærri sveitarfélaga sveiflist mikið og tiltölulega litlar framkvæmdir á almennan mælikvarða kunni því að valda því að skuldahlutfall þeirra hækki umtalsvert. Þá kom það sjónarmið fram á fundi nefndarinnar að mögulega veitti ákvæði lokamálsgreinar frumvarpsgreinarinnar þeirri reglugerð sem ráðherra er ætlað að setja ekki nægilega stoð. Var á það bent að hlutverk ráðuneytisins væri mikið bæði samkvæmt athugasemdum við frumvarpið og athugasemdum gesta á fundum nefndarinnar.

Sú mikilvæga meginregla kemur fram í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar að sveitarstjórn beri að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Er viðmiðum 2. mgr. ætlað að útfæra nánar hvernig farið verði eftir þeirri meginreglu. Í 3. mgr. er svo ráðherra gert að skilgreina þau viðmið nánar og heimilað að víkja frá viðmiðum 2. mgr. Með reglugerðarákvæðum veitir löggjafinn handhöfum framkvæmdarvalds, sem ekki

hafa beint lýðræðislegt umboð frá þjóðinni, virka hlutdeild í lagasetningarvaldinu. Af þeim sökum gilda ákveðin sérsjónarmið um slík ákvæði. Almennt verða reglugerðarákvæði að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að teljast gild. Meðal þeirra er að þau verða að kveða á um heimild eða skyldu framkvæmdarvaldshafa til að setja almennar og skráðar réttarreglur. Ljóst má telja að 1. málsl. 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar kveður á um skyldu ráðherra til þess að setja reglugerð en 2. málsl. um val ráðherra um hvort í henni eru ákvæði tiltekins efnis.

Í athugasemd við frumvarpsgreinina kemur eftirfarandi m.a. fram í umfjöllun um reglugerð ráðherra skv. 1. málsl. 3. mgr.: *„Hér er átt við að ráðherra skal í reglugerð skilgreina nánar hvaða útgjöld, tekjur, eignir og skuldbindingar ráða þeim hlutföllum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. ákvæðisins.“* Í kjölfarið er útskýrt hvaða þýðingu einstakir þættir viðmiða 2. mgr. hafa. Hvað tekjur varðar segir að *„[þær] skuli skilgreindar sem reglulegar tekjur […], [þ.e.] tekjur af sköttum, greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og tekjur af reglubundinni þjónustu“*. Þá er sérstaklega tekið fram að tekjur af sölu eigna, fjármunatekjur eða aðrar óreglulegar tekjur teljist ekki til tekna samkvæmt ákvæðinu. Þegar að skuldum kemur segir að *„skuldir og skuldbindingar eigi á hinn bóginn að skilja með fremur rúmum hætti, þannig að þar falli t.d. einnig undir ábyrgðir“*. Með heildarútgjöldum til rekstrar sé *„átt við öll rekstrarútgjöld, afskriftir og fjármagnsgjöld“*. Með heildarskuldum og skuldbindingum sé *„átt við allar skuldir og skuldbindingar, þar á meðal langtímaskuldbindingar, skuldbindingar vegna leigu- og rekstrarsamninga, lífeyrisskuldbindingar eða aðrar skuldbindingar og ábyrgðir og allar skammtímaskuldir. Þó [megi] gera ráð fyrir að ábyrgðir vegna samstarfsverkefna sem sveitarfélög bera einfalda ábyrgð á verði reiknaðar sem sá hluti sem sveitarfélag mun bera eftir að henni hefur verið skipt innbyrðis milli hlutaðeigandi sveitarfélaga.“* Hvað þann þátt reglugerðarinnar sem varðar aðlögun sveitarfélaganna að viðmiðum 3. mgr. segir að í *„fyrsta lagi [megi] gera ráð fyrir því að til aðlögunar þurfi að koma vegna innleiðingar á fjármálareglunum og að það geti tekið nokkurn tíma fyrir einstök sveitarfélög að ná tilsettum viðmiðunum. Í öðru lagi [megi] gera ráð fyrir því að einstök sveitarfélög þurfi á tímabundnum aðlögunum að halda vegna ytri aðstæðna, tímabundinna fjárfestinga eða framkvæmda við lögbundin verkefni, t.d. í tengslum við íbúafjöldabreytingar.“* Í 2. málsl. 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er svo að finna heimild fyrir ráðherra til að ákveða með reglugerð að undanþiggja tilteknar skuldbindingar í heild eða að hluta frá þeirri skuldareglu 2. tölul. 2. mgr. Í athugasemd við greinina kemur m.a. fram sú útskýring *„að í ákveðnum tilvikum kunn[i] skuldbindingar sem sveitarfélög hafa tekið á sig að falla illa að þeirri meginhugmynd sem býr að baki skuldaþaksreglunni“*. Slíkt geti t.d. átt við þegar *„um [er] að ræða skuldbindingu sem ríkið hefur skuldbundið sig til að standa straum af, eða stærri framkvæmdir, svo sem vegna veitustarfsemi sem langan tíma tekur að greiða niður.“* Þá megi að hluta *„einnig horfa til lífeyrisskuldbindinga, verði ekki talið rétt að láta þær að fullu hafa áhrif á útreikning skulda og skuldbindinga skv. 2. tölul. 2. mgr.“*

Ekki verður annað sagt en að ákvæðið sé að stórum hluta nokkuð fastmótað, þ.e. það kveður með nokkuð skýrum og hlutlægum hætti á um þau efnislegu viðmið sem ráðherra er falið að skilgreina í reglugerð. Þá verður ekki annað séð en að 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar afmarki nokkuð skýrlega þær meginreglur sem ætlunin er að útfæra í reglugerðinni. Þó virðist ráðuneytinu ætlað nokkuð rúmt mat varðandi undanþágur sveitarfélaga frá fjármálareglu 2. mgr. bæði hvað varðar aðlögun að henni og undanþágur skv. 2. málsl. 3. mgr. Almennt verður þó að telja gildissvið reglugerðarákvæðisins í heild nokkuð sértækt enda tekur það til verulega afmarkaðs þáttar frumvarpsins. Þá felur frumvarpsgreinin í sér skyldu til að útfæra reglur sem geta orðið grundvöllur að ákvörðun sem hafa kann áhrif á stöðu og hagsmuni

sveitarfélaga. Kann í ljósi sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga að verða að gera miklar kröfur til lagaákvæða sem ætlað er að takmarka þann rétt. Minni kröfur eru þó gerðar vegna undanþágna frá slíkum takmörkunum en þess jafnframt krafist að þær byggist á almennum og málefnalegum forsendum.

Að áliti nefndarinnar er ekki tilefni til áhyggna vegna reglugerðarheimildar frumvarpsgreinarinnar. Bendir nefndin á samráðsskyldu ráðherra skv. 3. mgr. 98. gr. frumvarpsins sem ætla má að tryggi aðkomu sveitarfélaga að reglusetningu þó með óbeinum hætti sé í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga. Nefndin skilur þó áhyggjur umsagnaraðila af því hvaða áhrif gildistaka skuldareglu 2. tölul. 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar muni hafa á sveitarfélögin í landinu. Á fundi nefndarinnar kom fram að ætla mætti að ef reglan tæki gildi í dag væri um ⅓ sveitarfélaga á landinu yfir þeim mörkum sem hún tiltekur. Telur nefndin ótækt að ekki séu ætlunin að leiða í lög ákvæði sem taka af allan vafa um það að sveitarfélög fái tíma til þess að aðlaga sig að nýjum aðstæðum. Af þeim sökum og í því skyni að skýra lagalegan grundvöll skyldu ráðherra til að kveða á um aðlögun sveitarfélaga að viðmiðum 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar gerir nefndin tillögu um að bætt verði ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið þar sem kveðið verði skýrt á um heimild þeirra sveitarfélaga sem ekki uppfylla viðmið 2. mgr. til þess að gera og samþykkja raunhæfa áætlun um það hvernig þau hyggist ná viðmiðunum. Má ætla að slíkt styðji sjálfstjórn sveitarfélaga hvað það varðar. Slíku ákvæði er ætlað að gefa þeim sveitarfélögum sem ekki uppfylla skulda- og útgjaldaviðmið frumvarpsgreinarinnar færi á að vinna að og setja fram raunhæfa áætlun um hvernig þau ætla sér að ná skulda- og útgjaldaviðmiðum frumvarpsgreinarinnar á allt að sex árum reynist slíkt nauðsynlegt. Þá leggur nefndin til að öðru ákvæði til bráðabirgða verði bætt við frumvarpið til þess að koma til móts við þau sveitarfélög sem kunna að eiga í umtalsverðum erfiðleikum með að uppfylla viðmið 2. mgr. vegna eignar sinnar í orkufyrirtækjum. Gerir nefndin þannig að tillögu sinni að ráðuneyti og eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga verði gert skylt að undanskilja í útreikningum afkomu og fjárhagsstöðu samkvæmt frumvarpsgreininni útgjöld, skuldir og skuldbindingar þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir umtalsvert meiri útgjöldum og skuldum en annars væri vegna eignar þeirra í orkufyrirtækjum í allt að sex ár frá gildistöku laganna.

Meðferð fjármuna.

Í 65. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu sveitarstjórnar til þess að gæta ábyrgðar við meðferð og varðveislu fjármuna sveitarfélags. Í umsögnum umsagnaraðila komu fram tvær meginathugasemdir við frumvarpsgreinina. Í fyrsta lagi lýstu nokkur sveitarfélög áhyggjum sínum af því að frumvarpsgreinin kynni að skerða heimildir sveitarstjórna til að koma að atvinnuuppbyggingu innan marka sveitarfélaganna. Í öðru lagi kom fram sú skoðun að engan veginn væri hægt að tryggja örugga varðveislu fjármuna með því eingöngu að leggja fé inn á innlánsreikninga fjármálastofnana eða kaupa ríkistryggð viðskiptabréf. Var þar í raun velt upp þeirri spurningu hvað teldust öruggar fjárfestingar í ljósi atburða undangenginna ára.

Á fundi nefndarinnar bentu fulltrúar innanríkisráðuneytisins á að regla 65. gr. frumvarpsins fæli í raun og veru ekki í sér breytingu frá gildandi rétti hvað varðar heimildir sveitarstjórna til þess að fjárfesta í atvinnuuppbyggingu innan marka sveitarfélaga. Töldu þeir að reglan fæli aðeins í sér bann við fjárfestingum í hagnaðarskyni. Tóku þeir þannig fram að fjárfesting sem gerð er með stoð í 7. gr. frumvarpsins, þ.e. í því skyni að tryggja að sveitarfélag uppfylli skyldur sínar, sé ekki bönnuð samkvæmt ákvæðinu. Að endingu vísuðu fulltrúarnir til athugasemda við 64. gr. frumvarpsins. Í þeim athugasemdum kemur eftirfarandi

m.a. fram: *„Það er hlutverk sveitarfélaga að sinna tilteknum opinberum verkefnum til hagsbóta fyrir íbúana. Sjóði sveitarfélaga á ekki að nota til fjárfestinga sem áhætta fylgir og útgangspunktur í rekstri sveitarfélaga á að vera geta þeirra til að framkvæma lögbundin verkefni með fullnægjandi hætti. Þessi viðmið hafa um mjög langan tíma legið til grundvallar rekstri íslenskra sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Reynslan sýnir þó að þær reglur sem fram koma í sveitarstjórnarlögum, eins og þau nú eru úr garði gerð, virðast ekki veita nægilega skýrar leiðbeiningar um það hvað í þessu felst. Að hluta til má tengja það við sögu sveitarstjórnarstigsins og þátttöku sveitarfélaganna í atvinnustarfsemi. Með frumvarpi þessu er ekki ætlunin að útiloka aðkomu sveitarfélaga að slíkum verkefnum ef það telst án vafa nauðsynlegt vegna hagsmuna heilla byggðarlaga og sveitarfélag hefur fjárráð til slíks. Heimild til slíkra fjárútláta mundi þá eftir atvikum leiða af 7. gr. frumvarpsins. Þá er ekki ætlunin heldur að útiloka þátttöku sveitarfélaganna eða aðkomu að atvinnuþróun eða framkvæmd byggðarmálefna eftir því sem þau hafa fjárráð til og ljóst er að slík verkefni og aðkoma sveitarfélaganna að þeim er til þess falin að þjóna hagsmunum íbúa sveitarfélags í heild, sbr. 7. gr. frumvarpsins og eftir atvikum heimildir í sérlögum. Sjónarmið um góða eða hraða ávöxtun á sjóðum sveitarfélags eru ekki í samræmi við hlutverk sveitarfélaga að þessu leyti og geta því almennt ekki legið verkefnum af þessu tagi til grundvallar […].“*

Nefndin bendir á að fræðimenn á sviði sveitarstjórnarréttar hafa verið þeirrar skoðunar að regla 64. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga hafi girt fyrir að sveitarfélögum væri heimilt að leggja í fjárfestingar sem fælu í sér mikla áhættu (sjá Sesselja Árnadóttir: *Sveitarstjórnarlögin: ásamt skýringum og athugasemdum*, bls. 183–185.). Virðast skoðanir þeirra styðja að frumvarpið feli ekki sér breytingu á gildandi reglu heldur aðeins áréttingu í nafni skýrleika. Gerir nefndin ekki athugasemdir við slíkt.

Hvað örugga varðveislu fjármuna varðar bendir nefndin á að í frumvarpsgreininni eru innlánsreikningar fjármálastofnana og ríkistryggð verðbréf einungis nefnd í dæmaskyni og merking þess í raun og veru sú að eðli máls samkvæmt átt er við að fjármunir skuli geymdir með þeim öruggasta og áhættuminnsta hætti sem til boða stendur hverju sinni. Með því er ekki átt við að sveitarfélögum beri að hafa á takteinum hverja stund hvaða varðveislukostur sé tölfræðilega öruggastur hverja stund heldur er þar vísað til þess að sveitarfélög skulu almennt nýta þá varðveislumöguleika fjár sem öruggir og áhættulitlir þykja á hverjum tíma. Þannig felur frumvarpsgreinin í sér matskennt svigrúmsákvæði sem um inntak vísar til réttarvitundar á hverjum tíma. Telur nefndin slíkt að fullu réttlætanlegt enda er Alþingi nær ómögulegt að kveða með tæmandi hætti á um hvað teljist öruggt á hverjum tíma. Er það þannig skilningur nefndarinnar að þau dæmi sem nefnd eru í frumvarpsgreininni endurspegli mögulega síðasta almennt þekkta örugga og áhættuminnsta hætti til varðveislu fjármuna en að slíkt kunni að breytast með tíð og tíma eða hafi jafnvel tekið breytingum nú þegar.

Þrátt fyrir framangreint telur nefndin að rétt sé að gera ákveðnar breytingar á frumvarpsgreininni og heiti hennar, í nafni skýrleika, þannig að komið verði til móts við athugasemdir umsagnaraðila. Tekur nefndin fram að í þeim breytingum felst engin raunveruleg breyting á efni hennar.

Endurskoðun.

Kveðið er á um endurskoðun sveitarfélaga í 72. gr. frumvarpsins. Í umsögnum Félags löggiltra endurskoðenda, KPMG ehf., PwC ehf. og fleiri komu fram verulegar athugasemdir við frumvarpsgreinina. Meðal annars kemur þar fram gagnrýni á að ekki sé ljóst hver skuli annast ráðningu endurskoðanda skv. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar, að þess sé ekki nægilega

gætt að ákvæði sérlaga falli að og séu ekki í andstöðu við lög um endurskoðendur og alþjóðlega endurskoðendastaðla, að ekki sé gerður greinarmunur á endurskoðun ársreikninga og sveitarfélaga og öðrum staðfestingum sem endurskoðanda er fengið að annast, að sjálfgefið sé að endurskoðandi beri ábyrgð á endurskoðun, og því sé lokamálsliður 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar óþarfur, að fjallað sé um óhæði endurskoðenda í lögum um endurskoðendur og siðareglum endurskoðenda á mun ítarlegri hátt en gert sé í frumvarpinu og að samkvæmt lögum um endurskoðendur skuli endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun einninga sem tengjast almannahagsmunum taka sér hlé frá endurskoðun einingarinnar í a.m.k. tvö ár samfellt eftir að hafa annast endurskoðunina í sjö ár í samræmi við tilskipun ESB og 5. mgr. frumvarpsgreinarinnar víki frá því.

Á fundi nefndarinnar kom innanríkisráðuneytið þeirri skoðun á framfæri við nefndina að eðlilegt væri að hún flytti tillögu til breytingar á frumvarpsgreininni í því skyni að bregðast við athugasemdum umsagnaraðila. Þannig lagði ráðuneytið nefndinni til drög að tillögu til breytinga á frumvarpsgreininni sem var afurð samstarfs ráðuneytisins við umsagnaraðila. Byggist tillagan á því sjónarmiðið að sveitarstjórnarlög séu heildarlög um starfsemi og umgjörð sveitarfélaga og því sé eðlilegt að í þeim komi fram ítarlegar leiðbeiningar fyrir sveitarstjórnarmenn um það hvernig haga ber rekstri sveitarfélags. Nefndin gerir framangreindar tillögur ráðuneytisins að sínum í tillögum sínum til breytingar á frumvarpsgreininni.

Bókhald og reikningsskil.

Í 75. gr. frumvarpsins er fjallað um reglur um bókhald og reikningsskil. Í umsögnum Félags löggiltra endurskoðenda og KPMG ehf. er bent á að fjallað sé um endurskoðun ársreikninga í lögum um endurskoðendur, ársreikningalögum og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Telja umsagnaraðilarnir að framangreind lög og staðlar nái á fullnægjandi hátt yfir hlutverk endurskoðenda gagnvart sveitarfélögum. Á fundi nefndarinnar var einnig bent á að hætta kynni að skapast á því að misræmi myndaðist á milli laga ef ítarlega væri kveðið á um endurskoðun ársreiknings í sveitarstjórnarlögum en breyta þyrfti t.d. ársreikningalögum til að bregðast við eðlilegri þróun.

Nefndin fellst á framangreindar athugasemdir og leggur til þá breytingu á frumvarpsgreininni að orðin *„endurskoðun ársreiknings“* verði felld brott úr 3. tölul. 1. mgr. hennar.

Á fundi nefndarinnar kom fram sú ósk frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga að samráð yrði haft við sambandið við setningu reglugerðar samkvæmt frumvarpsákvæðinu. Í því sambandi bendir nefndin á samráðsskyldu ráðuneytis sveitarstjórnarmála skv. 3. mgr. 98. gr. og áætlaða lögbundna þátttöku sambandsins í reikningsskila- og upplýsinganefnd skv. 74. gr. frumvarpsins.

Eftirlitsúrræði ráðherra.

Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Af ákvæðum frumvarpsins má sjá að slíkt eftirlit er í höndum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Þá útfæra ákvæði kaflans m.a. þau úrræði sem ráðherra eru heimil í því skyni að tryggja jafnvægi í fjármálum einstakra sveitarfélaga. Í 83. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild ráðherra til að gera samkomulag við sveitarstjórn um fjárhagsleg málefni sveitarfélags í því skyni að bæta fjármál sveitarfélags. Í 84. gr. er svo fjallað um önnur úrræði ráðherra í sama skyni.

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram sú skoðun að í athugasemd við 84. gr. frumvarpsins hefði átt að geta þess að ráðuneytinu sé skylt að gæta hófs við beitingu

úrræða samkvæmt henni þannig að verulegur fjöldi sveitarfélaga yrði ekki að lúta stjórn ráðuneytisins við áætlanagerð og ákvarðanir um fjárhagsmálefni. Á fundi nefndarinnar kom einnig fram í máli fulltrúa Reykjavíkurborgar að þeir teldu ákvæðið fela í sér heimildir til verulegs inngrips í sjálfstjórnarvald sveitarfélaga og af þeim sökum væri erfitt að fallast á að það fengi lagagildi.

Í athugasemdum við VIII. kafla frumvarpsins kemur m.a. fram að svigrúmi um útfærslu á úrræðum kaflans verði að beita á málefnalegan hátt í samræmi við markmið frumvarpsins um ábyrga fjárstjórn sveitarfélaga. Þá segir að almennt þyki ekki rétt að leggja meiri áherslu á eina leið umfram aðra enda kunni aðstæður að vera mismunandi frá sveitarfélagi til sveitarfélags og frá einum tíma til annars. Samkvæmt inngangsorðum athugasemda við 84. gr. frumvarpsins mæla ákvæði hennar fyrir um úrræði sem ráðherra getur beitt í þeim tilvikum þegar útséð er að sveitarstjórn muni sjálf geta komið fjármálum sveitarfélags í rétt horf, eftir atvikum á grundvelli ráðgjafar og aðhalds eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga og aðhalds hennar og ráðuneytisins á grundvelli samkomulags skv. 83. gr. frumvarpsins. Á fundum nefndarinnar kom fram í máli fulltrúa innanríkisráðuneytisins að ráðuneytið væri að mörgu leyti sammála athugasemdum Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarpsgreinina enda bæri stjórnvöldum ávallt að gæta meðalhófs við beitingu úrræða. Þá var á það bent að ákvæði VIII. kafla frumvarpsins væru í grunninn sett fram í frumvarpinu í ákveðinni röð þannig að fremst væru þau úrræði sem gengju hvað skemmst en aftar þau úrræði sem lengra gengju. Þannig væri hugsunin að baki frumvarpsgerðinni sú að ef ákveðið úrræði hefði ekki tilætluð áhrif mætti ganga lengra og beita úrræði næsta ákvæðis á eftir. Þá upplýstu fulltrúar ráðuneytisins að eftir samráðsfund með Sambandi íslenskra sveitarfélaga væri það skoðun ráðuneytisins að e.t.v. færi vel á því að röðun töluliða í 1. mgr. ákvæðisins yrði endurskoðuð og smávægilegar breytingar gerðar á orðalagi.

Nefndin tekur undir þetta og bendir á að stjórnvöldum ber almennt að gæta hófs þegar kemur að úrræðum stjórnvalda. Þannig verður ákvörðun um að beita úrræði að vera markhæf, velja ber vægasta úrræðið sem í boði er auk þess sem hófs verður að vera gætt við beitingu þess úrræðis sem valið er. Þá fellst nefndin á hugmyndir innanríkisráðuneytisins og leggur til breytingar á frumvarpsgreininni. Þannig verði 1. tölul. 1. mgr. hennar 3. tölul. Þá leggur nefndin til að orðið *„skýr“* í 1. tölul. 1. mgr. falli brott í því skyni að takmarka afskipti ráðherra í gegnum fyrirmæli þannig að tryggt sé að sveitarfélögum verði veitt eitthvert svigrúm til mats þegar slíku úrræði er beitt.

Byggðasamlög.

Í 93. og 94. gr. frumvarpsins er fjallað um byggðasamlög. Kveða frumvarpsgreinarnar á um það hvaða verkefni verða framseld til byggðasamlaga, hvernig samningur um stofnun þeirra skuli upp byggður og fleira er þau varðar. Samband íslenskra sveitarfélaga og Eyþing, samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, gerðu þær athugasemdir við frumvarpsgreinarnar að víkka þyrfti ákvæði 93. gr. þar sem kröfur þess kynnu að vera of íþyngjandi fyrir sveitarfélögin, einkum þegar kæmi að smærri verkefnum. Þá lagði Samband íslenskra sveitarfélaga til viðbót við 3. mgr. 94. gr. frumvarpsins.

Á fundi nefndarinnar kom fram í máli fulltrúa innanríkisráðuneytisins að starfshópurinn sem vann að gerð frumvarpsins hefði ákveðið að halda sig við byggðasamlagsformið sem ramma utan um starf sveitarfélaga ásamt því að opna á möguleika sveitarfélaga til að taka á sig verkefni annarra sveitarfélaga skv. 93. gr. frumvarpsins. Þá benti ráðuneytið á að í

ákvæðinu væru lagðar til breytingar sem auka sveigjanleika í samstarfi sveitarfélaga en jafnframt gerðar meiri kröfur um formfestu, rekstur og undirbúning ákvarðana.

Nefndin telur frumvarpsgreinarnar afmarka fyrirkomulag byggðasamlaga nokkuð vel. Engu síður telur nefndin að vera kunni að umsagnaraðilar hafi rétt fyrir sér og að form byggðasamlaga kunni að vera of stíft fyrir minni verkefni sveitarfélaganna. Þó telur nefndin að ekki hafi komið fram við umfjöllun frumvarpsins nein önnur lausn sem hún fellir sig við. Virðist frumvarpið bera með sér að gerðar eru nokkrar breytingar varðandi slík samlög. Er það mat nefndarinnar að ákvæði frumvarpsins um byggðasamlög séu meðal þeirra ákvæða sem þarf að taka til endurskoðunar samkvæmt bráðabirgðaákvæði sem áður hefur komið fram að nefndin leggi til að verði bætt við frumvarpið. Af þeim sökum telur nefndin enn sem komið er ekki tilefni til að gera verulegar breytingar á ákvæðum 93. og 94. gr. frumvarpsins. Þó er það álit nefndarinnar að fallast verði á tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga um að bætt verði nýjum töluliið við 3. mgr. 94. gr. frumvarpsins þess efnis að í samningi um byggðasamlag skuli vera ákvæði um úrgöngu úr byggðasamlagi, þar á meðal um uppgjör aðildarsveitarfélaga, ábyrgð á skuldbindingum og rétt til innlausnar á eignarhlutum.

Úrganga úr byggðasamlagi.

Í 95. gr. er sveitarfélögum m.a. tryggður réttur til úrgöngu úr byggðasamlagi. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga er bent á að dæmi séu þess að eigið fé byggðasamlags hafi í upphafi verið lítið en eignir þess hafi smám saman byggst upp. Telur sambandið að orðalag 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar gefi til kynna að sveitarfélög sem ganga úr byggðasamlögum undir slíkum kringumstæðum fái ekki hlutdeild í þeirri eignamyndun sem orðið hefur.

Mat nefndarinnar er að framangreind athugasemd eigi fullan rétt á sér, enda er ekki nánari skýringar að finna í athugasemd við frumvarpsgreinina. Af þeim sökum leggur nefndin til breytingu á 2. málsl. við 2. mgr. hennar þannig að í stað orðanna *„þó aldrei hærri fjárhæðar en nemur þeim fjármunum sem sveitarfélag hefur lagt til byggðasamlagsins“* komi orðin *í samræmi við ákvæði samnings skv. 94. gr.*

Þá komu á fundi nefndarinnar fram athugasemdir við það að heimild ráðuneytis til þess að ákveða að sveitarfélagi sé óheimilt að ganga úr byggðasamlagi í allt að sjö ár kynni að vera mjög íþyngjandi fyrir sveitarfélög sem óska úrgöngu. Álit nefndarinnar er að svo kunni að vera og gerir nefndin því tillögu um breytingu á 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar þannig að við bætist heimild ráðuneytisins til að ákveða frestun innlausnar á eignarhlut sveitarfélags samkvæmt 2. mgr. krefjist mikilvægir samfélagshagsmunir eða mikilvægir hagsmunir annarra aðildarsveitarfélaga slíks.

Öflun upplýsinga.

Reykjavíkurborg setur þá athugasemd fram í umsögn sinni að of langt sé seilst í 3. mgr. 113. gr. frumvarpsins þar sem svo virðist sem ráðuneyti sveitarstjórnarmála sé veitt eins konar húsleitarheimild á starfsstöðvum sveitarfélaga og byggðasamlaga.

Framangreind málsgrein 113. gr. frumvarpsins orðast svo:

„Ef brýn ástæða er til skal ráðuneytinu heimill aðgangur að öllum starfsstöðvum sveitarfélaga og byggðasamlaga til athugana í þágu eftirlits samkvæmt lögum þessum. Skulu starfsmenn hlutaðeigandi aðila láta ráðuneytinu í té nauðsynlega aðstoð af því tilefni ef óskað er.“

Nefndin bendir á að framangreind heimild virðist að efni til líkjast heimild 20. gr. samkeppnislaga. Þá er slíkar heimildir að finna á fleiri stöðum í lögum þar sem stjórnvöld fara með eftirlit með fylgni við lög svo sem á sviði skattamála. Þá má slíkar heimildir finna í

sakamálalöggjöfinni komi upp grunur um að refsivert athæfi hafi verið framið. Þrátt fyrir að eftirlit ráðuneytisins kunni að einhverjum hluta að eiga ákveðna samsvörun í eftirliti með fylgni við samkeppnislög og skattalög telur nefndin ekki að nauðsyn krefji að ráðuneyti sveitarstjórnarmála sé veitt svo víðtæk heimild vegna stjórnsýslueftirlits með sveitarfélögum. Af þeim sökum leggur nefndin til að 3. mgr. verði felld brott úr 113. gr. frumvarpsins.

Ógilding samninga.

Í 115. gr. frumvarpsins er kveðið á um ógildanleika samninga sveitarfélaga. Þá er þar einnig kveðið á um skyldu ráðuneytis sveitarstjórnarmála til að ógilda samninga undir ákveðnum kringumstæðum.

Reykjavíkurborg gerir verulegar athugasemdir við frumvarpsgreinina. Þannig telur borgin að ekki verði séð hvaða rök búi að baki því vantrausti á sveitarfélög sem greinin feli í sér. Þá bendir borgin á að frumvarpsgreinin muni óhjákvæmilega leggja ákveðnar skyldur á gagnaðila sveitarfélaga að samningum. Þá gangi 3. mgr. greinarinnar vart upp þar sem með henni séu sveitarfélög sett í flokk ólögráða þegar að samningsgerð kemur.

Nefndin bendir á að gildissvið 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar nær aðeins til samninga um samvinnu sveitarfélaga skv. 92. gr. frumvarpsins, samninga um framsal á valdi til töku stjórnvaldsákvarðana skv. 93. gr., samninga um byggðasamlög skv. 94. og 95. gr. og samninga um að sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir önnur sveitarfélög skv. 96. gr. Er það mat nefndarinnar að í öllum framangreindum tilvikum sé um að ræða samninga sem verulega mikilvægt er að séu fastir í formi þar sem í þeim ber sérstaklega að gæta að hagsmunum sveitarfélaga og borgara. Í greininni felst því ekki almennt vantraust á sveitarfélög og hæfi þeirra til að gera samninga heldur aðeins staðfesting á mikilvægi þess að form þeirra samninga sem ákvæðið tekur til uppfylli sett skilyrði. Þá minnir nefndin á meginregluna um formfrelsi samninga sem er rótgróin í allri samningsframkvæmd og nauðsyn þess að skýrt sé kveðið á um frávik frá henni. Nefndin felst hins vegar á að mögulega kunni að vera farið offari í að skylda ráðuneyti sveitarstjórnarmála til þess að ógilda samninga sveitarfélaga og leggur því til breytingu þannig að þeirri skyldu verði breytt í heimild ráðuneytisins. Fær ráðuneytið með því móti ákveðið svigrúm til mats á nauðsyn slíkrar ógildingar en er á sama tíma bundið af reglum stjórnsýsluréttar.

Hvað 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar varðar koma þær röksemdir fram í athugasemd við frumvarpsgreinina að ákvæðið þyki nauðsynlegt til þess að skjóta styrkari stoðum undir reglur frumvarpsins um fjármál. Bendir nefndin á að frumvarpið inniheldur viðamiklar reglur um skipulag fjármála sveitarfélaga sem ætlað er að koma í veg fyrir að fjárhagsstaða sveitarfélaga verði óviðunandi. Í því ljósi má telja að staða viðsemjenda verði góð þegar slíkar reglur fá fulla virkni enda má sjá fyrir sér að slíkt muni gera sveitarfélög að eftirsóknarverðum leikendum í viðskiptum. Slíkri stöðu er þó ekki hægt að ná án tilkostnaðar. Er það álit nefndarinnar að regla 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar sé nauðsynleg til þess að tryggja framgang reglna VII. kafla frumvarpsins. Hvað varðar þá kvöð sem lögð verður á viðsemjendur sveitarfélaga að kanna fylgni þeirra við reglur um fjármál sveitarfélaga bendir nefndin á að slíkum aðilum verður í lófa lagið að óska eftir því í viðskiptum við sveitarfélög að þau sýni fram á lögmæta fylgni sína við fjármálareglur með framvísan gagna. Þá má benda á að í almennum viðskiptum stendur oft upp á annan samningsaðilann að kanna lögmæti umboðs gagnaðila síns til þeirra gjörninga sem hann innir af hendi. Þá er nefndinni kunnugt að gagnaðilar sveitarfélaga hafi þurft að sæta því að loforð af þeirra hálfu hafi reynst óskuldbindandi þar sem samþykktir sveitarfélaga voru ekki fullnægjandi. Í ljósi alls framangreinds er það

mat nefndarinnar að vandað regluverk um fjármál sveitarfélaga og það traust sem virkni þess mun skapa vegi þyngra en það óhagræði sem viðsemjendur sveitarfélaga munu hafa af því að tryggja sér upplýsingar um samningsumboð þeirra.

Dagsektir sveitarstjórnarmanna.

Í umsögnum fjöldamargra umsagnaraðila eru gerðar verulegar athugasemdir við 117. gr. frumvarpsins. Benda þeir nánast allir á að erfitt hafi reynst að fá fólk til þess að setjast í sveitarstjórn enda sé starf sveitarstjórnarmannsins oft illa launað hugsjónastarf. Telja umsagnaraðilar því að ákvæðið muni valda því annars vegar að erfitt verði að fá fólk til þess að taka sæti í sveitarstjórn og hins vegar geti það stuðlað að ákvarðanafælni sveitarstjórna þar sem fulltrúar í sveitarstjórn kunni að velja að sitja hjá við ákvarðanatöku frekar en að taka þátt í ákvarðanatöku sem boðið geti upp á að verða túlkuð sem vanræksla af þeirra hálfu.

Á fundi nefndarinnar kom fram að sambærileg heimild væri í 102. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga en að henni hefði hingað til aldrei verið beitt. Nefndin lýsir sig sammála því sem kemur fram í athugasemd við frumvarpsgreinina að eðlilegt kunni að vera að kveða á um dagsektir á hendur þeim sem bera raunverulega ábyrgð á framkvæmd enda má ætla að varnaðaráhrif dagsektaákvæða verði mest með því móti. Engu síður telur nefndin sig ekki geta horft fram hjá þeim áhrifum sem umsagnaraðilar telja einsýnt að frumvarpsgreinin kunni að hafa. Þá bendir nefndin á að í frumvarpinu er tekið á ýmsum málum sem betur hefðu mátt fara í framkvæmd síðustu ára, hert á reglum og m.a. bætt við nýmæli 116. gr. frumvarpsins. Í ljósi framangreinds leggur nefndin til að 117. gr. frumvarpsins verði felld brott.

Dómsmál til ógildingar á ákvörðun ráðuneytis.

Í 118. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild sveitarfélaga til þess að bera ákvörðun ráðuneytis skv. VIII. og XI. kafla frumvarpsins undir dómstóla eftir almennum reglum.

Í umsögn Reykjavíkurborgar gagnrýnir borgin frumvarpsgreinina þar sem ekki sé nægilega skýrt í henni hvað telja megi til ákvarðana ráðuneytisins henni samkvæmt. Bendir borgin m.a. á að óljóst sé hvort túlkanir ráðuneytisins á þeirri löggjöf sem sveitarfélög starfa eftir og þau geta illa sætt sig við, svo sem í úrskurðum í kærumálum skv. 111. gr. eða í leiðbeiningum, álitum eða fyrirmælum skv. 112. gr., falli undir hana.

Á fundi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum innanríkisráðuneytisins að eftir umræður við Reykjavíkurborg væri það niðurstaða ráðuneytisins að rétt væri að gera breytingar á ákvæðinu í því skyni að skýra betur gildi þess. Nefndin telur í ljósi framangreinds að rétt sé að leggja til að gerðar verði breytingar á frumvarpsgreininni þannig að ljóst liggi fyrir að hún heimili sveitarfélögum, byggðasamlögum eða einkaaðilum sem lúta eftirliti ráðuneytis sveitarstjórnarmála skv. 109. gr. frumvarpsins að láta reyna á úrskurði, ákvarðanir eða fyrirmæli ráðuneytisins í ógildingarmáli fyrir dómstólum.

Skilyrði fyrir frjálsri sameiningu sveitarfélaga.

Í 121. gr. frumvarpsins er kveðið á um skilyrði þess að sveitarfélag verði sameinað öðru sveitarfélagi. Kemur þar fram sú meginregla að svo verði ekki nema meiri hluti kjósenda greiði því atkvæði. Í umsögn Skorradalshrepps er 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar gagnrýnd. Í henni kemur efnislega fram að sveitarstjórnum sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga hefur verið samþykkt sé heimilt að ákveða sameiningu sveitarfélaganna þótt slík tillaga hafi ekki fengið samþykki meiri hluta kjósenda í öllum þeim sveitarfélögum sem greiddu atkvæði um sameiningartillöguna enda sé um að ræða a.m.k. ⅔ hluta sveitarfélaganna og þar búi

a.m.k. ⅔ hlutar íbúa á svæðinu. Telur hreppurinn að sú staða geti komið upp að þrátt fyrir að íbúar eins sveitarfélags sem kjósa um sameiningu kolfelli tillögu um sameiningu í kosningum gangi hún engu síður eftir þar sem sveitarstjórnir annarra sveitarfélaga ákveða að sameinast á grundvelli 2. mgr.

Nefndin bendir á að samkvæmt orðalagi 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar nær undanþáguheimild hennar aðeins til þeirra sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga fær meiri hluta atkvæða. Kemur þannig skýrt fram að aðeins sé heimilt að sameina þau sveitarfélög þar sem sameiningartillaga hefur verið samþykkt með kosningu á grundvelli 2. mgr. Athugasemdir frumvarpsins og umræður á fundum nefndarinnar benda ekki til annars en að framangreindur skilningur sé réttur.

Samráð ríkis og sveitarfélaga.

Kveðið er á um skyldu ríkisstjórnar til þess að tryggja formlegt samráð og reglubundið samstarf við sveitarfélögin í 129. gr. frumvarpsins. Í umræðum fóru fram á milli innanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga á meðan nefndin fjallaði um frumvarpið komu fram tillögur að breytingum á frumvarpsgreininni í þeim tilgangi að skýra og formbinda enn frekar hvernig slíku samráði skyldi háttað. Fulltrúar innanríkisráðuneytisins kynntu nefndinni hugmyndir sínar að breytingum á greininni á fundi nefndarinnar. Kom m.a. fram í máli þeirra að með þessum nýju tillögum væri m.a. komið til móts við tillögur sambandsins að teknu tilliti til athugasemda frá Reykjavíkurborg.

Nefndin fagnar framkomnum tillögum og gerir þær að sínum með því að leggja til að 129. gr. frumvarpsins verði tekin upp í heild sinni.

Málstefna sveitarfélags.

Á fundi nefndarinnar lagði einn nefndarmanna, Mörður Árnason, fram þá tillögu að nýrri grein yrði bætt við XIV. kafla frumvarpsins. Við það tilefni kom fram að tillagan væri í samræmi við efni laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Þá tók Mörður fram að hann hefði lagt hliðstæða tillögu fram við umfjöllun um frumvarp til nýrra Stjórnarráðslaga og að meiri hluti allsherjarnefndar hefði gert hana að sinni. Þannig mætti búast við að tillögur um málstefnur sveitarfélaga og stjórnarráðsins yrðu ræddar á sama löggjafarþingi. Nefndarmenn fögnuðu tillögu Marðar og samþykkti nefndin að gera hana að tillögu nefndarinnar til breytingar á frumvarpinu. Með henni leggur nefndin til að sveitarstjórnir verði skyldaðar til að móta sveitarfélögum málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skuli koma fram að öll gögn skuli liggja fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Einnig skulu í málstefnunni settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum og starfsemi sveitarfélagsins og hvaða gögn skuli að jafnaði liggja fyrir í erlendum málbúningi og á hvaða tungumáli. Þá skuli þar setja reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annarri tungu en íslensku. Að lokum skuli hnykkt á reglu 10. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Tilraunir með stjórn og stjórnskipulag sveitarfélags.

Eins og fram hefur komið áttu innanríkisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga samráð um efni frumvarpsins eftir að nefndin hóf að vinna við það. Á fundi nefndarinnar gerðu fulltrúar innanríkisráðuneytisins grein fyrir hugmyndum sínum um breytingu á 132. gr. frumvarpsins í því skyni að efla möguleika til þess að þróa samvinnu sín á milli. Kynntu

fulltrúarnir nefndinni þannig m.a. hugmynd um að bætt yrði nýrri málsgrein við frumvarpsgreinina sem heimilaði ráðuneyti sveitarstjórnarmála að heimila í tilraunaskyni frávik frá ákvæðum IX. kafla frumvarpsins. Virðist hugsunin að baki tillögunni vera sú að skapa vettvang samvinnu sem mögulega geti svo leitt til sameiningar sveitarfélaga í þeim tilvikum sem slíkt reynist hagkvæmt og íbúum að skapi.

Nefndin gerir framangreinda tillögu að sinni og leggur til breytingar á 132. gr. frumvarpsins, sbr. framangreint.

Loks leggur nefndin til nokkrar tæknilegar breytingar á greinum frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Árni Johnsen og Ólína Þorvarðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. sept. 2011.

Björn Valur Gíslason, form., frsm. Sigmundur Ernir Rúnarsson. Guðmundur Steingrímsson.

Álfheiður Ingadóttir. Ásbjörn Óttarsson, með fyrirvara. Róbert Marshall.

Mörður Árnason.

1875. Breytingartillögur [726. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá samgöngunefnd.

1. Í stað orðanna „standa vörð um hagsmuni sveitarfélaganna, sjálfstjórn þeirra, verkefni og fjárhag“ í 2. mgr. 2. gr. komi: gæta að og virða sjálfstjórn sveitarfélaganna, verkefni þeirra og fjárhag.
2. Í stað orðanna „forseta bæjarstjórnar“ í 3. málsl. 1. mgr. 10. gr. komi: forseta bæjarstjórnar eða forseta sveitarstjórnar.
3. Í stað orðsins „þremur“ í 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. komi: tveimur.
4. Síðari málsliður 3. mgr. 17. gr. orðist svo: Skal þá mælt fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.
5. Við 27. gr.
   a. Í stað orðanna „án samþykkis allra fundarmanna“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: án samþykkis ⅔ hluta fundarmanna.
   b. Síðari málsliður 2. mgr. falli brott.
6. Við 29. gr.
   a. Í stað orðanna „er heimilt að“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: skal.

b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Siðareglur sveitarstjórnar skulu birtar opinberlega á vefsíðu sveitarfélagsins eða á sambærilegan hátt.

7. Við 31. gr.
a. Í stað orðanna „vegna annarra óviðráðanlegra ástæðna“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: af öðrum óviðráðanlegum ástæðum.
b. Á eftir fyrri málslið 2. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Aðalmaður skal tilkynna forföll eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður.
c. 5. mgr. falli brott.

8. 4. mgr. 33. gr. falli brott.

9. Við 35. gr.
a. 2. málsl. 4. mgr. orðist svo: Þá er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélags að ályktanir, tillögur og fundargerðir annarra nefnda megi leggja fyrir byggðarráð til umfjöllunar áður en þær eru lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða endanlegrar afgreiðslu.
b. Lokamálsliður 4. mgr. falli brott.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Byggðarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina en meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella. Þá er heimilt að fela byggðarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem samkvæmt samþykktum sveitarfélags hafa áður komið til umfjöllunar annarra nefnda sveitarstjórnar.

10. Síðari málsliður 3. tölul. 1. mgr. 45. gr. orðist svo: Ef tvær eða fleiri útkomutölur eru jafnháar skal varpa hlutkesti.

11. Á eftir fyrri málslið 46. gr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Sveitarstjórn skal setja reglur um meðferð óska um opna fundi nefnda þar sem fram komi skilyrði opnunar.

12. 3. málsl. 2. mgr. 49. gr. orðist svo: Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að ⅔ fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun.

13. Við 50. gr.
a. Á eftir fyrri málslið 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við um fastanefndir sem falið hefur verið fullnaðarákvörðunarvald í málum.
b. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Sveitarstjórn er enn fremur heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að sama regla gildi um aðrar fastanefndir.
c. Í stað tilvísunarinnar „síðari málslið 1. mgr.“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: 2. og 3. málsl. 1. mgr.
d. Síðari málsliður 2. mgr. orðist svo: Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn.

14. Orðið „eða“ í 1. mgr. 57. gr. falli brott.

15. 61. gr. orðist svo:
Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. Ársreikningur skal gerður sam-

kvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og lögum þessum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Í ársreikningi skal koma fram samanburður við

a. ársreikning undanfarins árs,
b. upphaflega fjárhagsáætlun ársins,
c. fjárhagsáætlun ársins ásamt viðaukum.

Ársreikningur sveitarfélags skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði eða framkvæmdastjóra sveitarfélags þar sem ekki er byggðarráð og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélags, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

16. Við 62. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:
       Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir sveitarfélagið sem felur í sér heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins á tímabilinu, bæði A- og B-hluta skv. 60. gr. Skal fjárhagsáætlun næsta árs fela í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til, sbr. nánari fyrirmæli í 63. gr.
    b. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Byggðarráð eða framkvæmdastjóri, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt um stjórn sveitarfélags, leggur tillögu um fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.
    c. Í stað orðanna „samhliða og“ í 3. málsl. 3. mgr. komi: þó.
    d. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra getur að ósk sveitarstjórnar veitt henni lengri tíma til afgreiðslu fjárhagsáætlunar ef brýn nauðsyn krefur.
17. Við 63. gr.
    a. Í stað orðsins „fjárlagaliða“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: liða í fjárhagsáætlun.
    b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
       Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr. fyrri málslið 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.
18. 65. gr. ásamt fyrirsögn orðist svo:

Ábyrg meðferð fjármuna.

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Sveitarfélögum er óheimilt að fjárfesta í hagnaðarskyni nema um sé að ræða verkefni sem þeim hefur með lögum verið falið eða heimilað að sinna. Þó er sveitarfélögum heimilt að taka þátt í verkefnum í ljósi brýnna samfélagslegra hagsmuna en þó þannig að áhætta vegna þátttöku í þeim gangi ekki gegn ábyrgri meðferð fjármuna.

19. 72. gr. orðist svo:
    Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum laga þessara.

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning sveitarfélags skv. 61. gr. í samræmi við 1. mgr. og í því sambandi kanna bókhaldsgögn sveitarfélagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Endurskoðandi skal gera grein fyrir áliti sínu í áritun sinni á ársreikninginn.

Endurskoðandi sveitarfélags skal jafnframt kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

Endurskoðandi sveitarfélags skal skila skriflegri skýrslu til sveitarstjórnar um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðun ársreiknings og könnun skv. 3. mgr. Í skýrslunni skal sérstaklega, ef við á, geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.

Sveitarstjórn skal veita endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki aðgang að öllum þeim upplýsingum og gögnum sem þörf er á vegna endurskoðunar. Reglur um þagnarskyldu takmarka ekki rétt endurskoðenda í þessu efni.

Endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun sveitarfélags skal taka sér hlé frá endurskoðun þess í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en sjö árum eftir að hann var ráðinn til verksins.

Endurskoðandi sveitarfélags skal vera óháður sveitarfélaginu, bæði í reynd og ásýnd, sbr. lög um endurskoðendur. Endurskoðanda er óheimilt að taka þátt í ákvörðunum sveitarstjórnar eða stjórnenda sveitarfélags sem geta leitt til þess að hlutleysi hans við framkvæmd endurskoðunarstarfa sé stefnt í hættu.

20. Orðin „endurskoðun ársreiknings“ í 3. tölul. 1. mgr. 75. gr. falli brott.
21. Við 84. gr.
    a. Orðið „skýr“ í 1. tölul. 1. mgr. 84. gr. falli brott og verði töluliðurinn jafnframt 3. tölul.
    b. Í stað tilvísunarinnar „2. og 3. tölul. 1. mgr.“ í 2. mgr. komi: 1. og 2. tölul. 1. mgr.
22. Í stað tilvísunarinnar „1. tölul. 1. mgr. 84. gr.“ í 85. gr. komi: 3. tölul. 1. mgr. 84. gr.
23. Við 3. mgr. 94. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: úrgöngu úr byggðasamlagi, þar á meðal um uppgjör aðildarsveitarfélaga, ábyrgð á skuldbindingum og rétt til innlausnar á eignarhlutum.
24. Við 95. gr.
    a. Í stað orðanna „þó aldrei hærri fjárhæðar en nemur þeim fjármunum sem sveitarfélag hefur lagt til byggðasamlagsins“ í síðari málslið 2. mgr. komi: í samræmi við ákvæði samnings skv. 94. gr.
    b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Af sömu ástæðum er ráðuneytinu heimilt að ákveða frestun innlausnar á eignarhlut sveitarfélags.
25. Í stað orðanna „að íbúar fái“ í 3. málsl. 1. mgr. 103. gr. komi: að veita íbúum.
26. Í stað orðsins „staðfestingar“ í lokamálsgrein 108. gr. komi: undirskrifta og/eða staðfestinga.
27. Við 113. gr.
    a. Í stað orðanna „og er þörf á“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: og því er þörf á.
    b. 3. mgr. falli brott.
28. Við 114. gr.
    a. Í stað orðanna „VIII. kafla, 111. og 112. gr.“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: VIII. kafla og 111. og 112. gr.

b. Í stað orðanna „VIII. kafla, 111. eða 112. gr.“ í 2. mgr. komi: VIII. kafla eða 111. og 112. gr.

29. Við 115. gr.
   a. Í stað orðanna „skv. ákvæði 92.–96. gr. í lögum þessum“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: skv. 92.–96. gr.
   b. Í stað orðanna „skal ráðuneytið fella“ í lokamálslið 1. mgr. komi: getur ráðuneytið fellt.
30. 117. gr. falli brott.
31. Í stað orðanna „og ákvörðun ráðuneytisins“ í 1. málsl. 118. gr. komi: og úrskurður, ákvörðun eða fyrirmæli ráðuneytisins.
32. Í stað orðanna „um gildistöku sameiningar og kosningar“ í 2. málsl. 125. gr. komi: gildistöku sameiningar og kosningum.
33. 129. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin skal tryggja formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélögin um mikilvæg stjórnarmálefni sem tengjast stöðu og verkefnum sveitarfélaga. Formlegt samstarf skal m.a. fara fram um framlagningu lagafrumvarpa sem varða sveitarfélögin og um stjórn fjármála hins opinbera, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur mikilvæg mál sem varða hagsmuni sveitarfélaganna eða fjármál.

Samstarfsráð ríkis og sveitarfélaga skal funda að lágmarki einu sinni á ári. Fast sæti á fundum samstarfsráðsins eiga ráðherra sveitarstjórnarmála og fjármálaráðherra og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Aðrir ráðherrar sitja fundi samstarfsráðsins eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Um skipan samstarfsráðsins fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum samstarfssáttmálans.

Yfirumsjón með samstarfi samkvæmt þessari grein hefur samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga. Í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar ráðuneytis sveitarstjórnarmála og fjármálaráðuneytis og þrír fulltrúar tilnefndir af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ef þörf er á getur samstarfsnefndin ákveðið að kalla til fulltrúa fleiri ráðuneyta. Samstarfsnefndin starfar í umboði samstarfsráðsins og er vettvangur fyrir reglulega umfjöllun um samskiptamál ríkis og sveitarfélaga.

Samstarf samkvæmt þessari grein skal nánar útfært í samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga sem unninn skal af samstarfsnefnd eða í sérlögum eftir því sem við á. Þar skal einnig fjallað um gerð árlegrar þjóðhags- og landshlutaspár sem leggja ber til grundvallar í samstarfi samkvæmt þessari grein og sveitarfélögum er skylt, eftir því sem við á, að byggja á við gerð fjárhagsáætlana.

34. Við 130. gr.
   a. Í stað orðanna „stjórnvaldsfyrirmælum eða öðrum stefnumarkandi ákvörðunum“ í 2. mgr. komi: tillögu að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana.
   b. Í stað orðsins „kostnaðarmats af“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: kostnaðarmats á.
35. Á eftir 130. gr. komi nýr kafli, XIV. kafli, **Málstefna sveitarfélaga,** með einni nýrri grein, svohljóðandi:

Málstefna.

Sveitarstjórn mótar sveitarfélaginu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggi fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Þar skulu settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum

og starfsemi sveitarfélagsins. Enn fremur skal koma fram hvaða gögn liggja að jafnaði fyrir í erlendum málbúningi og hvaða tungumál þar er um að ræða. Þá skal þar setja reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annarri tungu en íslensku.

Mál það sem er notað í starfsemi sveitarfélags eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt.

36. Í stað orðanna „til fjögurra mánaða“ í 2. mgr. 131. gr. komi: í fjóra mánuði.
37. Við 132. gr.
    a. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

       Ráðuneytinu verði á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr. heimilt við staðfestingu samstarfssamnings skv. 93. gr. að heimila í tilraunaskyni frávik frá ákvæðum IX. kafla um samvinnu sveitarfélaga og samninga um starfrækslu verkefna.
    b. 2. mgr. orðist svo:

       Tilgangur heimildar skv. 1. og 2. mgr. er að veita færi á yfirvegaðri þróun á sveitarstjórnarstiginu, m.a. vegna stækkunar sveitarfélaga. Samþykktir um stjórn og fundarsköp sem staðfestar eru á grundvelli þessarar greinar skulu vera ítarlegar og taka til allra þátta sem nauðsynlegir eru svo að stjórn sveitarfélags geti gengið hnökralaust. Miða skal við að ekki séu gerðar fleiri en ein stjórnskipulagstilraun sama eðlis í einu.
    c. Í stað orðanna „skv. 1. mgr.“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: skv. 1. og 2. mgr.
38. Í stað orðanna „um fjármál sveitarfélaga í lögum þessum“ í 8. tölul. ákvæðis til bráðabirgða komi: laga þessara um fjármál sveitarfélaga.
39. Við bætist þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    a. (I.)

       Lög þessi skulu endurskoðuð innan þriggja ára frá gildistöku þeirra.
    b. (II.)

       Sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem uppfylla ekki viðmið 2. mgr. 64. gr. við gildistöku laga þessara skulu innan þriggja mánaða samþykkja raunhæfa áætlun um hvernig þau hyggjast ná viðmiðunum. Sé slíkt nauðsynlegt í því skyni að áætlunin verði raunhæf má gera ráð fyrir að viðmiðunum verði náð á allt að sex árum.
    c. (III.)

       Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga og ráðherra sveitarstjórnarmála er við útreikning á afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga skv. 64. gr. skylt að undanskilja útgjöld, skuldir og skuldbindingar þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir umtalsvert meiri útgjöldum og eða bera umtalsvert meiri skuldir en annars væri vegna eignarhluta þeirra í orkufyrirtækjum í allt að sex ár frá gildistöku laga þessara.

1876. Breytingartillaga [726. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni og Merði Árnasyni.

Á eftir 6. gr. komi ný grein ásamt fyrirsögn, svohljóðandi.

Lágmarksíbúatala.

Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 1500 íbúar.

Nú hefur íbúafjöldi sveitarfélags verið lægri en 1500 í þrjú ár samfleytt og skal ráðuneytið þá eiga frumkvæði að því að sameina það nágrannasveitarfélagi. Einnig má þá skipta hinu fámenna sveitarfélagi milli nágrannasveitarfélaga.

Undantekningu frá þessu ákvæði skal gera ef sérstakar aðstæður hindra það að mati ráðuneytisins að íbúar hins fámenna sveitarfélags geti myndað félagslega heild með íbúum nágrannasveitarfélags.

1877. Breytingartillögur [788. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. 1.–6. gr. falli brott.
2. 7. gr. orðist svo:
   Í stað dagsetningarinnar „30. september 2011“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum kemur: 31. desember 2011.
3. 8. gr. orðist svo:
   Í stað dagsetningarinnar „30. september 2011“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum kemur: 31. desember 2011.

Greinargerð.

Hér er lagt til að heimild bráðabirgðaákvæða í lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, verði framlengd til 31. desember 2011. Að óbreyttu rennur heimildin út 30. september nk. en sú dagsetning var ákveðin með lögum nr. 81/2011 sem samþykkt voru 11. júní sl.

1878. Breytingartillaga [726. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Merði Árnasyni.

Í stað 4. og 5. tölul. 1. mgr. 11. gr. komi einn nýr töluliður, svohljóðandi: Þar sem íbúar eru 50.000 eða fleiri: 15–31 aðalmaður.

1879. Nefndarálit [741. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson og Arnór Snæbjörnsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Friðrik Friðriksson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Jón H. Magnússon frá Samtökum atvinnulífsins, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Guðmund Ragnarsson frá VM, félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Pál Ingólfsson frá Fiskmarkaði Íslands hf. og Björgu Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Fiskistofu, Viðskiptaráði Íslands, Landssambandi smábátasjómanna og Samtökum atvinnulífsins, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, VM, félagi vélstjóra og málmtæknimanna og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Efni frumvarpsins.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að felldur verði brott II. kafli gildandi laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins sem fjallar um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Í öðru lagi að í stað hins brottfellda kafla komi nýr kafli sem hafi að geyma ákvæði þar sem framleiðendum sjávarafurða, öðrum fiskkaupendum og þeim sem taka sjávarafurðir í umboðssölu verður gert skylt að greiða hlutfall af samanlögðu verðmæti afla smábáta inn á reikning hagsmunasamtaka útvegsmanna að beiðni útvegsmanns eða hagsmunasamtaka útvegsmanna, samkvæmt skrá. Í þriðja lagi er lagt til að heiti laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins verði breytt í lög um skiptaverðmæti, þ.e. að sá hluti heitisins sem varðar greiðslumiðlun falli brott.

Tilgangur frumvarpsins.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið er m.a. fjallað um hver megintilgangur þess sé. Þar kemur m.a. fram að ætlunin sé að tryggja að lög um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins samþýðist réttarvernd 74. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um félagafrelsi og rétt til að standa utan félaga. Þá kemur fram að breytingar á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins hafi verið til umræðu síðan 12. apríl 2002 þegar umboðsmaður Alþingis lauk áliti í máli nr. 3204/2001. Þá er vísað til þess að Landssamband íslenskra útvegsmanna hafi fyrst árið 2005 lagt til að greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins yrði afnumin og að þörf til breytinga hafi orðið enn ljósari með dómi Hæstaréttar Íslands frá 18. október 2010, í máli nr. 504/2008.

Félagafrelsisákvæði stjórnarskrár.

Skilningur 1. minni hluta er sá að í áliti sínu frá 12. apríl 2002 hafi umboðsmaður m.a. komist að þeirri niðurstöðu að lögbundin gjaldskylda, þ.e. þegar lög mæla fyrir um skyldu afmarkaðs hóps manna til að inna af hendi fjárframlag til tiltekins hagsmunafélags, kunni að ganga gegn meginreglu fyrri málsliðar 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, jafnvel þótt greiðendum sé ekki beinlínis gert skylt að gerast meðlimir í félaginu. Þá hafi umboðsmaður talið

að ekki yrði annað séð en að tilhögun 6. og 8. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins kynni að ganga gegn téðri meginreglu. Loks hafi umboðsmaður talið að framangreind tilhögun gæti ekki talist nauðsynleg til að Landssamband smábátaeigenda gæti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra samkvæmt síðari málslið 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Framangreinda niðurstöðu umboðsmanns hafi Hæstiréttur Íslands svo staðfest með dómi sínum frá 18. október 2010. Þar kemur eftirfarandi m.a. fram: „Í lögum nr. 24/1986 felst ekki að áfrýjandi sé skyldaður til að vera í stefnda Landssambandi smábátaeigenda. Á hinn bóginn leggja lögin á hann skyldu til að greiða til þessa stefnda af afurðaverði sínu með sama hætti og félagsmönnum hans er gert. Eignarrétturinn er friðhelgur samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar, en með ákvæðum 6. gr. og 3. töluliðar 8. gr. laga nr. 24/1986 eru eignarréttindi áfrýjanda skert til hagsbóta fyrir félag, sem hann vill standa utan við.“

Af áliti umboðsmanns Alþingis má sjá að hann rökstyður niðurstöðu sína m.a. með vísan til orðalags athugasemda við frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem síðar varð að lögum nr. 97/1995. Þar kemur m.a. fram að með 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins, sem síðar varð að 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, hafi verið ætlunin að lögfesta reglu sem dómstólar höfðu þá þegar slegið föstu að fælist í þágildandi félagafrelsisákvæði stjórnarskrár. Þá kemur fram að reglan sé byggð á margvíslegum rökum. Í framhaldinu kemur eftirfarandi fram: „Meðal þeirra [raka] má benda á að án takmarkana á kosti löggjafans til að mæla fyrir um skyldu manna til að ganga í félag getur sú staða komið upp að manni verði gert að eiga aðild að félagi sem starfar að málefnum gagnstætt sannfæringu hans eða skoðunum og greiða jafnvel framlög til þess. Halda má fram með gildum rökum að þetta fengi ekki staðist ákvæði 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins sem verndar skoðanafrelsi manna. Þá má benda á að með skyldu til aðildar að félagi kann að vera vegið að rétti manns til að stofna annað félag í samsvarandi tilgangi, t.d. ef girt er fyrir í samþykktum félagsins sem skylda er til að ganga í að sami maður geti um leið verið í öðru félagi með sambærilegu markmiði.“

Á fundi nefndarinnar kom m.a. fram að í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Varðar Ólafssonar gegn íslenska ríkinu (mál nr. 20161/06) hafi dómstóllinn fjallað um það hvort lögbundin skylda til þess að greiða svokallað iðnaðarmálasjóðsgjald til Samtaka iðnaðarins fæli í sér brot gegn félagafrelsisákvæði 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í dóminum kemur m.a. fram að dómstóllinn líti á réttinn til að stofna og ganga í stéttarfélög sem sérstakan þátt félagafrelsis og að baki því standi þau rök að menn skuli hafa frelsi hvað varðar val á þeim félögum sem þeir gerast aðilar að eftir því hvaða baráttumál eða hugmyndir þau standa fyrir eða keppa að. Tekur dómstóllinn fram að skylda til aðildar að stéttarfélagi fari ekki alltaf gegn 11. gr. sáttmálans en það geri hún þegar hún fari gegn persónutengdu sjálfstæði manna til skoðana. Að auki virðist dómstóllinn telja að lögboðnar skyldur feli í sér mismikla þvingun og bendir t.d. á að minni þvingun felist í skyldu sem byggist á kröfu um greiðslu félagsgjalds en skyldu sem byggist á hótun um atvinnumissi. Þó tekur dómstóllinn sérstaklega fram að minni þvinganir geti engu síður gengið gegn kjarna félagafrelsisins og brotið gegn 11. gr. sáttmálans. Lítur dómstóllinn þannig sérstaklega til þess í tilviki Varðar Ólafssonar að lög kváðu á um skyldu til greiðslu gjalda til einkaréttarlegs félags sem hann hafði ekki valið að greiða til. Þá lá fyrir að stefnumál félagsins fóru gegn stjórnmálalegum skoðunum Varðar. Að auki lítur dómstóllinn til þess að þrátt fyrir að gjaldið hafi ekki verið hátt hafi kerfisbundin og framhaldandi innheimta þess gert það að verkum að íþyngjandi áhrif þess yrðu talsverð þegar til lengri tíma væri litið. Loks hafi þessi lögbundna skylda falið í sér sérmeðferð löggjafans á ákveðnu félagi og mismunun gagnvart öðrum félögum sem

gætu í sumum tilvikum farið gegn 11. gr. mannréttindasáttmálans. Allir framangreindir þættir leiddu til þess að dómstóllinn taldi íslenska ríkið hafa brotið gegn 11. gr. mannréttindasáttmálans.

Forsaga frumvarpsgerðar.

Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að Landssamband smábátaeigenda hafi lagt áherslu á það við vinnslu frumvarpsins að samhliða afnámi greiðslumiðlunar lífeyrisgreiðslna og tryggingafjár væri nauðsynlegt að tryggja starfsgrundvöll sambandsins þar sem það fari með mörg og mikilsverð verkefni fyrir félagsmenn sína. Af því tilefni hafi komið fram tillaga um greiðsluhagræði til handa sambandinu en henni hafi harðlega verið mótmælt af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi vélstjóra og tæknimanna, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum atvinnulífsins og Sjómannasambandi Íslands. Hafi framangreindir aðilar krafist þess að ákvæði 2. gr. frumvarpsins yrði fellt brott en ella að hagræðið yrði látið ná með sama hætti til skyldu fiskkaupenda og þeirra sem taka sjávarafurðir í umboðssölu til að greiða hlutfall af samanlögðu hráefnisverði þess afla sem þeir taka við inn á reikninga LÍÚ, VM, félags vélstjóra og málmtæknimanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands. Þá kemur fram að ráðuneytinu hafi borist bréf frá Landssambandi línubáta þar sem upplýst hafi verið að félagið stæði ekki gegn tillögunni, en um leið væri þess óskað að félagið nyti sama hagræðis og Landssamband íslenskra smábátaeigenda. Í ljósi þessara athugasemda hafi verið ákveðið að víkka út greiðsluhagræði 2. gr. frumvarpsins þannig að það næði til allra hagsmunafélaga smábátaeigenda að álagning gjaldsins væri ekki fastákveðin í lögum heldur réðist af ákvörðun félaganna sjálfra, þ.e. félagsmanna þeirra hverju sinni.

Gagnrýni umsagnaraðila.

Í umsögn Viðskiptaráðs Íslands kemur m.a. fram að á sama tíma og ráðið fagnar þeim breytingum sem frumvarpið hefur í för með sér verði ekki hjá því komist að gagnrýna harðlega að innheimta félagsgjalda fyrir Landssamband smábátaeigenda sé framkvæmd með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Bendir ráðið á að rök frumvarpsins þess efnis að mikilsvert starf sambandsins réttlæti innheimtuhagræðið haldi ekki þar sem þá væri réttlætanlegt að ýmis önnur hagsmunasamtök færu fram á álíka innheimtu félagsgjalda. Samtök atvinnulífsins o.fl. benda á að 2. gr. frumvarpsins hafi í för með sér ójöfnuð þar sem verið sé að opna fyrir sérmeðferð fyrir smábátaeigendur og óeðlilegt sé að smábátaeigendur njóti einir ríkisaðstoðar með því að ríkisstofnanir tryggi innheimtu félagsgjalda. Þá hafi ekki verið tekið tillit til þess að Landssamband smábátaeigenda hafi ekki gert kjarasamninga við sjómenn. Framangreind sjónarmið voru ítrekuð á fundi nefndarinnar af fulltrúa Samtaka fiskmarkaða sem einnig vakti athygli á þeim íþyngjandi áhrifum sem slík gjaldtaka hefði í för með sér fyrir fiskmarkaði og viðskiptavini þeirra.

Álit 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Mat 1. minni hluta er að ákvæði 2. gr. frumvarpsins feli ekki í sér að farið sé gegn frelsi útgerðarmanna smábáta til þess að velja sér þann félagsskap sem samræmist skoðunum þeirra. Þá virðast þvingandi áhrif þess vera takmörkuð þar sem einstakir smábátaeigendur hafa val um það hvort þeir greiða til hagsmunafélags eða ekki. Ætlunin er að þeir sem kjósa að greiða gjald samkvæmt ákvæðinu greiði það til einkaréttarlegra félaga eins og í máli Varðar Ólafssonar. Á móti kemur þó að greiðendur fá að ákveða til hvaða félags greiðslur þeirra eiga að berast. Því geta ákvarðanir þeirra m.a. byggst á stjórnmálalegum forsendum.

Þá virðist komið í veg fyrir að gjaldheimta verði eins kerfisbundin og framhaldandi og í máli Varðar Ólafssonar með því að útgerðarmanni er heimilað að hætta að greiða gjaldið að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Eins og fram hefur komið byggist hagræði 2. gr. á þeim rökum að ákvæðið ýti undir tryggar heimtur á framlagi til Landssambands smábátaeigenda vegna þess mikilsverða starfs sem sambandið hefur unnið á síðustu árum, auk þess sem gert er ráð fyrir að greinin gildi um önnur sambærileg félög útvegsmanna. Voru framangreind rök ítrekuð af fulltrúum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í tölvupósti til nefndarinnar og þar bent á mikilvægi Landssambands smábátaeigenda fyrir tiltekinn útgerðarflokk. Auk þess að vera stéttarfélag gegni sambandið hlutverki við fræðslu, öryggis- og gæðamál og komi fram sem málsvari smábátaeigenda gagnvart stjórnvöldum. Þá séu þau félög önnur, sem stofnuð hafa verið meðal eigenda smábáta enn smá en þau muni njóta ákvæða frumvarpsins varðandi innheimtu félagsgjalds kjósi þau svo.

Eins og fram hefur komið var bent á að innheimtuhagræði 2. gr. frumvarpsins hefði íþyngjandi áhrif á ákveðinn hóp. 1. minni hluti telur verulegar líkur á að téð hagræði muni hafa í för með sér að aðilum í sömu stöðu verði tryggð mismunandi réttindi. Landssamband línubáta virðist telja eðlilegt að það njóti hagræðis frumvarpsins. Afstaða Samtaka íslenskra sjómanna liggur ekki fyrir. Önnur félög útgerðarmanna telja að með sömu rökum ættu þau einnig að njóta sama hagræðis og hagsmunasamtök smábátaeigenda. Það er skilningur 1. minni hluta að sá aðstöðumunur sem kann að felast í 2. gr. frumvarpsins verði að byggjast á ítarlegum og málefnalegum röksemdum. Þrátt fyrir að ekki verði dregið í efa að Landssamband smábátaeigenda hafi gegnt mikilvægu hlutverki, bæði fyrir félagsmenn sína og aðra, og muni eflaust gera það áfram, verði ekki hjá því litið að hlutverk þess hefur ekki þau nánu tengsl við almannahagsmuni sem 1. minni hluti telur nauðsynleg til þess að réttlæta að ákveðnum hópi aðila verði fengið lögákvæðið hagræði umfram aðra. Má í því sambandi m.a. benda á að Landssamband smábátaeigenda virðist ekki hafa lokið gerð kjarasamninga við sjómenn sína. Þá telur 1. minni hluti sig ekki geta litið fram hjá ábendingum sem komu fram á fundi nefndarinnar þess efnis að félaginu væri frjálst að ganga til samninga við fiskkaupendur um að koma á því innheimtuhagræði sem 2. gr. frumvarpsins kveður á um. Af þeim sökum leggur 1. minni hluti til að 2. gr. frumvarpsins verði felld brott en bendir um leið á að sá tími sem líða mun fram að gildistöku frumvarpsins ætti að nýtast til að leita leiða til að tryggja rekstrargrundvöll Landssambands smábátaeigenda.

Í ljósi framangreinds leggur 1. minni hluti til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. falli brott.

Sigurður Ingi Jóhannsson, Einar K. Guðfinnsson og Róbert Marshall voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. sept. 2011.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, form., frsm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Helgi Hjörvar.

Björn Valur Gíslason.

1880. Breytingartillaga [561. mál]

við frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

Í stað 3.–5. efnismgr. 17. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu, sbr. 2. mgr., er óheimilt að veita afnotarétt að réttindum skv. 1. mgr., hvort sem um er að ræða tímabundinn eða ótímabundinn afnotarétt.

1881. Nefndarálit [650. mál]

um frv. til safnalaga.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Haustið 2008 voru kynnt drög að frumvarpi til nýrra laga um muna- og minjavörslu. Hlutverk og staða safna í samfélaginu var þar skilgreind á þrengri hátt en í gildandi löggjöf. Einnig var gert ráð fyrir að nýrri stofnun, Minja- og safnastofnun Íslands, yrði falið að sinna stjórnsýslu málaflokksins undir menntamálaráðuneytinu. Var frumvarpið þannig á margan hátt sambærilegt hinum dönsku „museumloven“ sem fjalla um bæði söfn og menningarminjar. Þar er „Kulturarvstyrelsen“ stjórnsýslustofnun málaflokksins og ber þannig ábyrgð á fornminjum, friðuðum byggingum, ríkissöfnum og söfnum sem fengið hafa viðurkenningu stjórnvalda.

Með framlagningu frumvarpa um söfn (650. mál) og menningarminjar (651. mál) tók mennta- og menningarmálaráðherra ákvörðun um að velja frekar sænska módelið. Þar með yrði sett á stofn sérstök stofnun um menningarminjar en skipan safnamála yrði áfram að mestu leyti með svipuðum hætti, sbr. hin sænsku „lag om kulturminnen“, auk sérlaga um einstök höfuðsöfn.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um safnamál frá maí 2009 er að finna margvíslegar ábendingar um rekstur safna á Íslandi. Þar kemur fram að á fjárlögum ársins 2009 varði ríkið 1,6 milljarði kr. til safnamála, fyrir utan bóka- og skjalasöfn. Fjárlaganefnd Alþingis úthlutaði langstærstum hluta fjárins, um 52%, safnaráð um 15%, menntamálaráðuneyti um 23%, önnur ráðuneyti um 8% og húsafriðunarnefnd um 2%.

Í skýrslunni var fjallað um fyrri frumvarpsdrög og komið með fjölmargar ábendingar til Alþingis um hvað mætti betur fara í muna- og minjavörslu og safnastarfi í landinu. Ríkisendurskoðun hvatti Alþingi til að leggja til að menntamálaráðuneytið mótaði skýra safnastefnu, forræði menntamálaráðuneytis yfir safnamálum yrði aukið, þáverandi væntanleg Minja- og safnastofnun Íslands fengi aukið vægi, mótuð yrði langtímastefna um fjárveitingar til safnamála, styrkjakerfi safna einfaldað, fastmótaðar reglur um styrkveitingar yrðu settar, markvisst yrði unnið að því að fækka og styrkja söfnin, komið yrði á sjóðakerfi fyrir aðila sem starfa utan núgildandi safnalaga og eftirlit með styrkjum yrði eflt og samræmt.

Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir er aðeins komið til móts við þessar ábendingar að litlu leyti. Það er mat minni hlutans að skynsamlegra hefði verið að vinna frumvörp um menningarminjar og söfn saman líkt og upphaflega var lagt til með framlagningu málanna. Í frumvarpinu er safnaráði falið að vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er ráðherra til samþykktar í stað þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið móti sjálft skýra stefnu. Þyrfti þá að horfa til landsins í heild og einstakra landshluta og marka forgangsröðun verkefna samkvæmt því. Einnig þarf að taka skýra afstöðu til hvaða safna- og sýningarstarfsemi ríkið á sjálft að annast og hvaða starfsemi einkaaðilar eða sveitarfélög eiga að sinna. Mætti þá horfa til skýrslunnar „Utredning om fremtidens museumslandskab“ sem nýlega var unnin á vegum danska menningarmálaráðuneytisins.

Það er mat minni hlutans að það fyrirkomulag sem nú er lagt til muni veikja væntanlega Minjastofnun og málaflokkinn í heild. Skilvirkni minjavörslu verður ekki aukin og stjórnkerfi hennar ekki einfaldað né samræmt nægilega vel. Í núverandi efnahagsástandi er mikilvægt að leita allra leiða til að auka skilvirkni einstakra málaflokka sem mun vonandi skila aukinni hagkvæmni til framtíðar. Mætti þá einnig horfa til Noregs og Bretlands þar sem skjala- og bókasöfn falla einnig undir viðkomandi stofnanir.

Í 5. gr. frumvarpsins eru í fyrsta sinn skilgreindar stofnanir sem stunda safnatengda starfsemi, þ.e. safnvísar, setur og sýningar. Þessum stofnunum hefur fjölgað ört á undanförnum árum án þess þó að skýr stefnumörkun hafi legið fyrir. Óljósar upplýsingar hafa komið fram um breytingar á fjárveitingum til safna í gegnum Alþingi og litlar upplýsingar liggja fyrir um hvernig eftirliti með styrkjum mun verða háttað. Minni hlutinn tekur undir að nauðsynlegt sé að taka núverandi styrkjakerfi til endurskoðunar. Það verður þó að byggjast á pólitískri framtíðarsýn um uppbyggingu safnastarfs í landinu og ekki leiða til aukins flækjustigs fyrir safnatengda starfsemi og skorts á yfirsýn og eftirfylgni löggjafarvaldsins með styrkveitingum.

Því leggur minni hlutinn til að frumvarpið nái ekki fram að ganga að sinni.

Alþingi, 8. sept. 2011.

Eygló Harðardóttir.

1882. Svar [805. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?*
2. *Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu.

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
06 - 101 - Aðalskrifstofa			
2007			
	Austurríki		
	Schengen-fundir, upplýsingakerfið	162.589	1
	Bandaríkin		
	Fluttur fyrirlestur í Harvard-háskólanum	394.820	1
	Ferð með ráðherra vegna flutnings fyrirlesturs í Harvard	188.958	1
	Ráðstefna IAGR, alþjóðasamtök um happdrættismál	294.755	1
	ARMA-ráðstefna skjalastjóra og upplýsingafræðinga	248.455	1
	Fundur um öryggis- og varnarmálmál	1.091.716	5
	Ferð með ráðherra vegna flutnings fyrirlesturs í Harvard	241.295	1
	Viðræður við bandarísk stjórnvöld	301.379	1
	Belgía		
	Schengen ráðherrafundur	1.089.759	5
	SCIFA-fundur	418.246	3
	Schengen Evaluation fundur	248.918	2
	Schengen-fundir, upplýsingakerfið	3.480.335	20
	Samstarfsfundur evrópskra sérfræðinga um rafræn skilríki	125.832	1
	SCHEVAL-fundur vegna Schengen-úttektar	143.084	1
	SCHEVAL-fundur vegna Schengen	0	1
	Fundur „Working Party on Legal Data Processing (E-justice)	402.710	3
	Fundur um öryggis- og varnarmálmál	314.504	2
	Lúganó-fundur	142.984	1
	CBSS-fundur um mansal	124.252	1
	Schengen-fundur, CATS	127.228	1
	Bretland		
	Ráðstefna um happdrættismál	258.468	2
	Fundur um björgunarþyrlumál	232.798	2
	Fundur um öryggis- og varnarmálmál	120.102	1
	Danmörk		
	Fyrirlestur um öryggismál á Norðurhöfum	188.973	1
	Heimsókn til eftirlitsaðila vegna öryggis- og greiningarþj. lögreglu	897.853	7
	Fundur norrænu refsiréttarnefndarinnar	122.856	1
	NSHF-embættismannafundur um útlendingamál	95.978	1
	Norrænn fundur um happdrættismál	130.515	1
	Fundur í NBCG-nefndinni	129.062	1
	Fundur og skoðun starfshóps um fangelsisbyggingar	683.470	5
	NSHF-fundur	0	1
	Finnland		
	Vegna stækkunar Schengen	190.875	1
	Norrænn ráðherrafundur	421.290	2
	Ek-lov fundur	0	2
	Norrænn-baltneskur ráðherrafundur	436.490	2
	Schengen-fundir, upplýsingakerfið	124.837	1
	Schengen-fundir, upplýsingakerfið / TACT námskeið	342.582	1
	Fundur um vitnavernd	134.430	1
	Norrænn fundur um happdrættismál	300.608	2
	Fundur sérfræðinga um sifjamálefni	119.043	1
	Fundir EU Forumof Official Gazettes	116.243	1
	Frakkland		
	Flugsýning vegna þyrlukaupa	211.541	1
	Ferð með ráherra til Lúxemborgar, Parísar og Koli	163.240	1
	GRECO-fundur	138.655	3
	Networkers ráðstefna	312.728	1
	PC-OC fundur í Evrópuráðinu	319.586	2
	CODEXTER-fundur í Evrópuráðinu	324.798	2

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	OECD-fundur	153.774	1
	Vegna tækjabúnaðar og aðferða til varna/viðbragða við hryðjuverkaárás	330.838	2
	CEPEJ-ráðstefna á vegum Evrópuráðsins	160.772	1
	Fundur CDPC stýrinefnd á vegum Evrópuráðsins	220.888	1
	Fundur DH-PR nefndar um mannréttindamál, Evrópuráðið	0	2
	Fundur CDDH stýrinefndar um mannréttindamál, Evrópuráðið	0	1
	CJ-FA-fundur, Evrópuráðið	0	1
	Kanada		
	Samstarfsfundur evrópskra sérfræðinga um rafræn skilríki	203.818	1
	Fundur um öryggis- og varnarmálmál	224.169	1
	Kína		
	Búferlaflutningur starfsmanns	315.520	1
	Króatía		
	GREF-fundur	263.966	1
	Lettland		
	Ráðstefna um þróun á skráningu fólks, lands og fyrirtækja	228.778	2
	Litháen		
	Ráðstefna „13th Informal Working Conference of European …“	319.121	2
	Fundir EU Forumof Official Gazettes	152.073	1
	EWL-ráðstefna	24.202	1
	Lúxemborg		
	Schengen-ráðherrafundur	211.541	1
	Noregur		
	Norrænn ráðherrafundur	436.812	2
	Fundur um öryggismál	113.040	1
	Ráðstefna um happrættismál	146.478	1
	Fundur um lagasetingu vegna norrænar handtökuskipunar	238.572	2
	Ráðstefna um menntun fanga á tölvuöld	112.056	1
	Norræn ráðstefna um fangelsisbyggingar	216.174	2
	Fundur um björgunarþyrlumál	295.125	3
	Fundur um norræna samvinnu ákæruvaldshafa á Norðurlöndum	215.296	2
	Fundur fastanefndar um almannaskráningu	256.550	2
	Ráðstefna um framtíðarumboð er snertir lögræðislögin	122.058	1
	Portúgal		
	Schengen-fundir, upplýsingakerfið	237.465	1
	Ráðstefna á vegum Evrópuráðsins	24.000	1
	Spánn		
	Ráðstefna dómsmálaráðherra Evrópuráðs	251.654	1
	Sviss		
	Lúganó-fundur	159.006	1
	Svíþjóð		
	Undirbúningur norræns hugbúnaðarsamnings	127.999	1
	NSFK ráðstefna um fjármunabrot	162.164	1
	Norrænn embættismannafundur um happdrættismál	99.560	1
	Þinglýsingaráðstefna um samstarf á milli Norðurlandanna	132.074	1
	Fundur NfSK Norræna sakfræðiráðið	89.564	1
	Norrænn fundur á vegum UNHCR	109.321	1
	Fundur NBCC og UNHCR	139.339	1
	Norrænn fundur um ættleiðingar	167.218	1
	Þýskaland		
	Fundur um öryggismál	156.382	1
	SCIFA-fundur	143.827	1
	Schengen-fundir, upplýsingakerfið	165.553	1
	CBSS-fundur um mansal	152.690	1
	Ráðstefna um alþjóðlegan einkamálarétt	182.081	1
	Ráðstefna um Europol	233.118	1
2007	**Samtals**	**23.753.476**	**155**

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
2008			
	Alaska		
	Heimskautaþing	572.326	1
	Bandaríkin		
	Fundur um öryggis- og varnarmálmál	211.184	1
	Undirritun samnings við bandarísku strandgæsluna o.fl.	508.009	1
	Undirritun samnings við bandarísku strandgæsluna	470.278	1
	Viðræður við lögreglu- og öryggismálayfirvöld um samvinnu	258.973	1
	Belgía		
	SCIFA-fundur	115.012	1
	Búferlaflutningar starfsmanns	1.297.386	2
	Fundur „Working Party on Legal Data Processing (E-justice)	381.279	2
	Ráðherrafundur	262.241	1
	Natófundur	115.781	1
	Schengen-upplýsingakerfið	4.321.840	21
	Schengen-fundur „Ad Hoc Group on Information Exchange“	682.757	4
	Schengen-fundur, ICONet	321.401	1
	Schengen-fundur í VISA-nefndinni	1.971.361	11
	Schengen, Fals/doc-fundur	335.562	2
	Schengen, SIS/Sirene-fundir	537.082	3
	Schegnen, VIS Biomeetric forritunarnámskeið	170.668	1
	Schengen-fundur, Art. 6 nefndin	494.814	3
	Schengen-fundur, rammatilskipun 2006/960-JHA	186.074	1
	Schengen, SIS/VIS-fundur	285.407	2
	Ráðherafundur	179.070	1
	Nefnd um landamærasjóð	133.439	1
	CATS-fundur	121.452	1
	STORK-verkefnafundur	387.529	1
	Ráðuneytisfundur	425.960	4
	Bretland		
	Fundur um öryggis- og varnarmálmál	1.190.656	5
	Ferð með ráðherra	188.060	1
	Viðræður við bresk stjórnvöld um öryggismál	173.398	1
	STORK verkefnafundur	116.770	1
	Chile		
	Ferð með ráðherra	735.062	1
	Kjölsetning nýs varðskips	1.540.059	2
	Danmörk		
	GRECO-fundur	327.509	1
	Norrænn fundur um happdrættismál	105.967	1
	fundur Norrænna dómsmálaráðherra	228.582	1
	Norrænt lögfræðingamót	370.772	2
	Ráðstefna um kynferðislega misnotkun á börnum	82.691	1
	NSHF embættismanna- og ráðherrafundur	147.341	1
	GREF ráðstefna um happdrættismál	280.884	1
	Starfshópur um fangelsisbyggingar	75.886	1
	Eistland		
	Nordic-Baltic Contact Group fundur	129.759	1
	Finnland		
	Fundur um skráningu staðfanga í norrænum upplýsingakefum	296.100	2
	Norrænn fundur um brottnám barna	237.128	1
	Frakkland		
	Ráðstefna	199.763	1
	GRECO-fundur	393.139	3
	PC-OC fundur í Evrópuráðinu	355.052	2
	CODEXTER-fundur í Evrópuráðinu	0	2
	Fyrirtaka GRECO-skýrslu	443.183	2
	Schengen-upplýsingakerfið	578.056	2
	Schengen, SIRENE-fundur	497.642	2
	Schengen, Sirene námskeið	209.062	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	CDPC-fundur	0	1
	CDMG-fundur, Evrópuráðið	177.520	1
	Fundir vegna mannréttindadómstóls Evrópu (CDDH)	0	1
	Fundur á vegum Evrópuráðsins (DH-PR)	0	1
	CEPEJ-fundur á vegum Evrópuráðsins	0	1
	Fundur hjá OECD	185.916	1
	Færeyjar		
	Vestnorræn þemaráðstefna	468.667	2
	Grænland		
	Ferð með ráðherra	45.935	1
	Fundur samstarfsráð landa við Norður-Atlandshaf	108.083	1
	Holland		
	Fundur, Permanent Bureau esperts'meeting on Judicial …	174.417	1
	Ítalía		
	Fundur „European Forum on Restortive Justice“	238.628	1
	Kanada		
	Fundur um öryggis- og varnarmál	185.083	1
	Litháen		
	Fundur með litháenska innanríkisráðherra	232.042	1
	Ferð með ráherra	92.940	1
	Fundur vegna fangaflutninga	213.816	1
	Lúxemborg		
	Schengen-ráðherrafundur	454.173	1
	Ferð með ráðherra	211.150	1
	Noregur		
	Fundur um björgunarþyrlumál	537.596	5
	Norrænn fundur um ættleiðingar	118.825	1
	Ferð með ráðherra	263.742	1
	Fundur vegna Þingvallanefndar	228.582	1
	Norrænn fundur um almannaskráningu	230.966	2
	Norrænn fundur um sifjamálefni	232.055	1
	Ráðstefna, bótanefnd	365.727	1
	Pólland		
	Schengen, Frontex-fundur	177.456	1
	Frontex-fundur	0	1
	Slóvakía		
	Fundur umboðsmanna fyrir MDE	206.808	1
	Slóvenía		
	Ráðherrafundur um landamæramál	633.599	2
	Schengen-upplýsingakerfið	394.856	2
	Schengen, SIRENE-fundur	241.857	1
	Schengen, SIS Operato Manual námskeið	590.230	2
	SCIFA og CATS ráðstefna	181.930	1
	Spánn		
	Fundur „European Forum of Official Gazetters“	222.298	1
	STORK verkefnafundur	213.000	1
	Sviss		
	Lúganó-fundur	169.889	1
	Eftirlitsnefnd með samningi Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum	183.256	1
	Svíþjóð		
	Ek-lov fundur	512.607	4
	Fundur norrænna dómsmálaráðherra	387.267	2
	Ferð með ráherra	92.940	1
	Schengen-upplýsingakerfið	162.360	1
	Fundur vegna Norðurlandasamnings um lögreglusamvinnu	207.149	1
	Fundur um ríkisborgaramál	425.451	2
	Norrænn fundur	132.800	1
	Ráðstefna á vegum Evrópuráðsins, Mannsréttindasáttmálinn	164.790	1
	Norrænn fundur um sifjamálefni	145.691	1
	Ráðstefna um meðferð flókinna sakamála	219.636	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Ráðstefna um lögræðislögin	104.755	1
	Tékkland		
	Schengen, prófanir á vernd fingrafara í evrópskum vegabréfum	314.884	1
	Þýskaland		
	Fundur með þýska innanríkisráðherranum	477.494	2
	Ferð með ráherra	92.940	1
	Kynnisferð til þýska innanríkisráðun. og þinghúsið í Berlín	1.378.167	29
	Fundur með þýska og lithaenska innanríkisráðherrum	353.030	1
	ERA ráðstefna	401.899	2
	Fundur með innanríkisráðherra	244.660	1
2008	**Samtals**	**37.448.966**	**206**
2009			
	Austurríki		
	ÖSE-fundur um kosningar	297.873	1
	Belgía		
	SCIFA-fundur	171.824	1
	PC-OC fundur í Evrópuráðinu	270.102	1
	Fundur „Working Party on Legal Data Processing (E-justice)	287.383	1
	Ráðherrafundur í „samsettu nefndinni á vettvangi ráðherra“	715.543	2
	Schengen-upplýsingakerfið	3.646.388	13
	Schengen-fundur „Ad Hoc Group on Information Exchange“	214.466	1
	Schengen VIS-fundur	280.268	1
	Norrænn samráðsfundur um almannavarnamál	197.203	1
	Fundir í NATÓ, EFTA og ESA	108.062	1
	Schengen, VIS-fundur	239.790	1
	Schengen, VIS- og SCIFA-fundir	600.077	2
	Schengen, JSA-, Eurodac- og WPPJ-fundur	167.522	1
	Bretland		
	Fundur „European Forum of Official Gazetters“	236.177	1
	Chile		
	Sjósetning nýs varðskips	672.879	1
	Danmörk		
	Ek-lov fundur	308.622	2
	Fundur um björgunarþyrlumál	253.633	1
	Norrænn fundur um ættleiðingar	384.340	2
	Nordic-Baltic Contact Group fundur	173.606	1
	NSHF embættismanna- og ráðherrafundur	229.639	1
	Norrænn fundur um ríkisborgaramál	154.145	1
	Finnland		
	NSHF-fundur	192.868	1
	Nordic-Baltic Contact Group fundur	199.954	1
	Fundur um happdrættismál	191.693	1
	Norræn ráðstefna lagabókavarða	92.449	1
	Frakkland		
	GRECO-fundur	0	2
	PC-OC fundur í Evrópuráðinu	253.809	1
	CODEXTER-fundur í Evrópuráðinu	0	1
	Fundir vegna mannréttindadómstóls Evrópu (CDDH)	0	2
	Fundur á vegum Evrópuráðsins (DH-RE)	0	1
	Fundur á vegum Evrópuráðsins, réttarfar í mannréttindam.	0	2
	Fundur á vegum Evrópuráðsins (DH-PR)	0	1
	CEPEJ-fundur á vegum Evrópuráðsins	278.076	2
	Fundur á vegum Evrópuráðsins um ættleiðingar	0	1
	Bókhaldsráðstefna hjá OECD	213.168	1
	Grænland		
	Hátíðarhöld í tilefni af að Grænland öðlast sjálfstjórn	262.944	1
	Noregur		
	Fundur um björgunarþyrlumál	545.735	4
	NSHF ráðherrafundur	250.879	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Norrænn ráðherrafundur almannavarnir og samfélagöryggi	194.593	1
	Fundur vegna bótanefndar	504.702	3
	Sviss		
	Fyrirsvar Schengen-ríkja í áritunarmálum	272.632	1
	Svíþjóð		
	Norrænn ráðherrafundur	182.574	1
	Ráðstefna um mansal	343.685	2
	SCIFA-ráðstefna	175.409	1
	Réttarfarsráðstefna	249.019	1
	Tékkland		
	Schengen, stjórnarfundur Frontex	232.477	1
2009	**Samtals**	**14.246.208**	**72**
2010			
	Belgía		
	Ráðstefna	709.982	2
	Schengen-upplýsingakerfið	2.166.656	7
	Ráðherrafundur	225.760	1
	Schengen-fundir og Norrænn samráðsfundur um almannavarnir	497.295	1
	Schengen, Scheval-fundur	882.868	4
	Schegnen, Frontiers-fundur	350.120	1
	Schengen, Troika-fundur	477.806	2
	Schengen, Acquis, Troika og Scheval-fundir	458.450	2
	Schengen, COSI, Troika og Scheval-fundir	337.745	1
	Schengen, CATS, SOLID, Scheval-fundir	441.445	1
	Schengen-málefni	277.052	1
	Schengen, Dyflinarsamstarfið	220.904	1
	Schengen, vegna innleiðingar landamærasjóðs	225.780	1
	Fundur Art. 6 nefndinni	224.233	1
	Schengen, VISA WP-fundur	211.610	1
	Schengen, JSA og WPPJ-fundir	216.287	1
	Schengen, Frontiers/False doc	233.290	1
	Schengen, VISA CODE	716.766	3
	Schengen, VISA	246.731	1
	Schengen, SOLID	258.438	1
	Schengen-fundur	346.684	1
	Schengen, SIS-Tech	247.120	1
	Fundur, Dyflinarsamstarfið	220.904	1
	Schengen, SCIFA	213.646	1
	Schengen, Frontiers	212.827	1
	Bretland		
	Happdrættisráðstefna	273.116	1
	Danmörk		
	Norrænn ráðherrafundur	873.497	3
	Ek-lov fundur	170.629	1
	Námskeið „Role of Women in Global Security“	58.062	1
	Ráðstefna um lagasamvinnu	181.146	1
	Fundur Nordic Baltic Contact Group	166.836	1
	Norrænn almannavarnarfundur	331.946	2
	Ráðstefna Norðurlandaráðs um sjónarhorn barnsins	215.325	1
	Norrænn fundur um greiðsluaðlögunarreglur	163.922	1
	Finnland		
	Ek-lov fundur	179.084	1
	NSHF-fundur	293.458	1
	Norrænn fundur um ættleiðingar	380.823	2
	NSHF ráðherrafundur	352.226	2
	NSHF embættismanna- og ráðherrafundur	247.214	1
	Norrænn fundur um sifjamálefni	223.457	1
	Norrænn samráðsfundur vegna Schengen-úttektar	91.491	1
	NSfK fundur	72.805	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Frakkland		
	GRECO-fundur	0	2
	PC-OC fundur í Evrópuráðinu	504.719	2
	CEPEJ fundur á vegum Evrópuráðsins	0	2
	Ráðstefna um ríkisborgaramálefni	0	1
	Fundur OECD um mútur í alþjóðlegum viðskiptum	526.991	2
	DH-PR fundurum mannréttindi	0	5
	CDDH fundur um mannréttindi	0	2
	Holland		
	Schengen, SCIFA	208.359	1
	Fundur um ættleiðingar	499.736	1
	Kynning varðandi beitingu á rannsóknarúrræðum	216.620	1
	Ítalía		
	Ráðstefna á vegum Evrópuráðsins um misnotkun á börnum	541.141	2
	Lettland		
	Fundur Nordic Baltic Contact Group	210.071	1
	Noregur		
	Fundur um björgunarþyrlumál	787.815	3
	Fundur dómsmálaráðherra Norðulanda og baltnesku ríkjanna	571.391	2
	Norrænn samráðsfundur vegna Schengen-úttektar	182.893	1
	Heimsókn til útlendingayfirvalda	561.560	2
	Kynnisferð á skipulagi lögreglu	153.705	1
	Norrænn embættismannafundur um ríksiborgaramál	184.932	1
	Skoða verkferla við val og skipun dómara	189.255	1
	Ferð vegna mansalsmála	239.022	1
	Spánn		
	Ráðherrafundur	321.507	1
	Schengen-fundur	263.028	1
	Sviss		
	Ráðherrafundur um framtíð Mannréttindadómstóls Evrópu	564.786	2
	Fyrirtaka 19. og 20. skýrslu Íslands um framkvæmd alþjóðasamnings	520.424	2
	Svíþjóð		
	Ráðstefna um mansal	214.345	1
	Norrænn samráðsfundur vegna Schengen-úttektar	236.253	1
	NSHF embættismannafundur	141.932	1
	Fylgjast með þingkosningum	149.036	1
	Norrænn fundur um brottnámsmál	181.785	1
	Ungverjaland		
	Ráherrafundur JHA	252.467	1
2010	**Samtals**	**23.319.208**	**107**
06 - 101 - Aðalskrifstofa: Samtals		**98.767.858**	**540**

10 - 101 - Aðalskrifstofa			
2007			
	Bandaríkin		
	Ráðstefna um ferðamál á Miami ásamt ráðherra	1.128.802	3
	Ráðsefna um ferðamál á Miami ásamt samgönguráðherra	369.036	1
	Fundur Iceland Naturally í Washington DC	245.831	1
	Kynning á IN verkefni	75.398	1
	Stjórnarfundur í Iceland Naturally í New York	359.963	2
	Belgía		
	Network of National Enforceement Bodies (flugmál) Brussel	125.232	1
	WG Transport fundur í Brussel	559.176	4
	WG Transport fundur í Brussel og EU-OPS	155.428	1
	Fundur High Level fundur í Brussel umferðaröryggismál	112.037	1
	Fundur WG Transport í Brussel	96.227	1
	WG Transport í Brussel	126.200	1
	Ráðstefna um ferðamál og leiðréttir dagpeningar í Brussel fyrir ráðherra	507.271	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Fulltrúi samgönguráð. í Brussel, fundir	135.063	1
	Working Group fundur um póstmál og fundur með framkvæmdastjórn ESB í Brussel	155.938	1
	Working Group fundur um póstmál í Brussel	125.181	1
	Fundur í ráðgjafanefnd ESB um ferðamál og ísl. sendir. í Brussel	172.271	1
	Fundur „Bridging the Broadband Gap“ í Brussel	147.769	1
	Fundur um fjarskiptamál í Brussel – Cocom og WG Telecom	772.814	5
	Forfundur samgönguráðherra Norðurlandanna	350.328	2
	Ferðamálaráðstefna í Brussel	147.682	1
	Bretland		
	Alþjóðlegt þing IMO í London	228.382	1
	Danmörk		
	Fundur vestnorrænt ferðamálastarf haldið í Kaupmannahöfn	183.851	1
	Fundur um málefni Farice – varasamband við Kaupmannahöfn	100.434	1
	Fundur um öryggismál í kaupmannahöfn	133.395	1
	Fundur um málefni FarIce	126.268	1
	Finnland		
	Fundur Nordiskt trafiksikerhetsmöte í Helsinki, Finnlandi	98.836	1
	Fundur samgönguráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna	746.354	3
	Frakkland		
	Ráðstefna um vistakstur í París	136.130	1
	Færeyjar		
	Ferðaráðstefna VestNorden Travel Mart í Færeyjum	105.991	1
	Ferðakaupstefna VestNorden Travel Mart	121.731	1
	Kanada		
	Loftferðarsamningar við Kanada í Ottawa	287.622	1
	Fundur í Aviation Safety, Security and Enivironment,ICAO í Montreal Kanada	323.296	1
	Fundur í Halifax vegna flugs Icelandair til Nova Scotia að beiðni þarlendra yfirvalda	46.093	1
	36. þing ICAO – Alþjóða flugmálastofnunarinnar	512.173	2
	Viðræðufundur vegna loftferðasamnings	328.636	1
	Endurreisn flugs milli Íslands og Nova Scotia	46.093	1
	Lúxemborg		
	Samnorrænn undirbúningsfundur vegna Council	170.707	1
	Malasía		
	Loftferðasamningar við Malasíu í Kuala Lumpur	190.131	1
	Loftferðasamningar við Malasíu í Kuala Lumpur	190.131	1
	Noregur		
	Evrópumál á vegum EFTA	143.973	1
	WG transport fundur í Noregi	303.818	2
	Rússland		
	Loftferðasamningar við Rússland í Moskvu	156.666	1
	Fundur í Moskvu með rússneska ferðamálaráðuneytinu um ferðamál milli Íslands og Rússlands	209.626	1
	Suður-Kórea		
	Flugöryggismál	186.520	1
	Svíþjóð		
	Fundur um einkafjármögnun í Stokkhólmi – NVF fundur.	77.087	1
2007	**Samtals**	**11.021.591**	**60**
2008			
	Bandaríkin		
	Flugsamgöngumál	326.356	1
	Loftferðasamningar	381.749	1
	Fundur um fjarskiptamál – netþjónabú	356.586	2
	Belgía		
	Fundir í Brussel	288.645	1
	Fundur um flugöryggismál	145.024	1
	Loftferðasamningar	95.700	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	WGT samgöngumál	861.466	5
	Útblástur flugvéla	156.040	1
	Fundur um póstmál	146.033	1
	Fundur um evrópumál	152.650	1
	Námskeið á vegum EFTA	338.984	2
	Fundarferð – ýmis mál	530.554	2
	Danmörk		
	Ferjumál	43.184	1
	Ráðstefna um sveitarstjórnarmál	162.834	1
	Póstmál	149.492	1
	Fundur um sveitarstjórnarmál	162.834	1
	Egyptaland		
	Loftferðasamingar	284.717	1
	Finnland		
	Sveitarstjórnaráðherrafundur	388.383	2
	Ráðherrafundur sveitarstjórnarmál	488.913	3
	Fundur um samgöngumál	239.482	2
	Samráðsfundur um fjarskiptamál	118.215	1
	Frakkland		
	Fundur um stjórnsýsluhætti	270.264	1
	Fundur um samgöngumál	183.053	1
	Holland		
	Flugmál	200.409	1
	Kanada		
	ICAO Alþjóðaflugmálastofnunin	2.073.484	5
	Fundur með Alþjóðaflugmálastofnuninni	500.891	1
	Flugráðstefna	316.699	1
	Ráðstefna um sveitarstjórnarmál	178.387	1
	Lúxemborg		
	Samnorænn ráðherrafundur	230.789	1
	Mexíkó		
	Loftferðasamningar	395.901	1
	Noregur		
	Umferðaöryggismál	155.813	1
	Portúgal		
	Námskeið í siglingalöggjöf	212.404	1
	Slóvenía		
	Loftferðasamningar	189.903	1
	Spánn		
	Fjarskiptaráðstefna	968.979	3
	Sviss		
	Alþjóðlegt póstþing	391.528	1
	Svíþjóð		
	Sveitarstjórnaráðherrafundur	216.706	1
	Samnorænn ráðherrafundur	216.706	1
	Umferðaröryggismál	141.482	1
	Þýskaland		
	Ráðstefna	201.776	1
	Samgönguþing	382.930	2
	Evrópuskrifstofa sambands íslenskra sveitarfélaga	245.286	1
	Fundur um sveitarstjórnarmál	74.395	1
	Fundur vegna sveitarstjórnarmála	336.717	1
	Fundur Evrópuráðsins vegna sveitarstjórnarmála	172.721	1
2008	**Samtals**	**14.075.064**	**62**
2009			
	Bandaríkin		
	Opnunarferð Icelandair á flugi til Seattle	157.339	1
	Belgía		
	Fundur samgönguráðherra Norðurlandanna	340.817	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Samgönguráðherrafundur Norðurlandanna í Brussel	282.268	1
	Fundur með framkvæmdastjórum Evrópusambandsins	187.248	1
	Fundur samgönguráðherra Norðurlandanna	282.268	1
	WGT fundur og ráðstefna um Eurorap	279.775	1
	WG Transport fundur, Íslands fær formennsku í nefndinn	252.896	1
	WG Transport	183.113	1
	High level fundur og National E Communications Administration	0	1
	Starfsmaður búferlaflutningar til Brussel	774.620	1
	Fundur á sviði fjarskipta og póstmála	160.271	1
	Innleiðing fjarskiptapakka AdHoc nefnd, Cocom fundur, WGTelecom	276.011	1
	Open days	303.196	1
	Frakkland		
	Fundur um sveitarstjórnarmál CDLR Evrópuráðið	294.445	1
	Fundur Evrópuráðsins um sveitarstjórnarmál	130.895	1
	Fundur Evrópuráðsins um sveitarstjórnarmála	246.783	1
	Fundur vegna BASA og EC-USA samnings	238.626	1
	Holland		
	Ráðherrafundur sveitarstjórnaráðherra	137.417	1
	Ráðherrafundur um sveitarstjórnarmál	226.291	2
	Írland		
	Fundur um sóknaráætlun í sveitarstjórnarmálum	223.186	1
	Lettland		
	Ráðherrafundur samgönguráðherra í Riga	462.129	2
	Lúxemborg		
	Fundur samgönguráðherra Norðurlandanna	283.823	1
	Noregur		
	Fundur um fjarskiptamál	128.867	1
	Svíþjóð		
	Ministerial Working Dinner samgönguráðherra Norðurlandanna	419.100	1
	Ráðherrafundur um sveitarstjórnarmál	471.636	2
	High level fundur	239.266	1
	High Level ráðstefna	178.354	1
	Tyrkland		
	ICAO alþjóðaflugmálastofnunin	333.406	1
2009	**Samtals**	**7.494.046**	**31**
2010			
	Austurríki		
	CDLR-fundur	83.228	
	Belgía		
	Fundur ráðherra baltnesku ríkjanna og Norðurlandanna	430.047	2
	WG Transport fundur	464.189	2
	Ráðstefna um fjarskiptamál	509.530	2
	High level fundur	214.402	1
	Ráðherrafundur	197.825	1
	Námskeið á vegum EFTA	928.274	4
	Fundur á vegum Evrópusambandsins	270.616	1
	CDLR-fundur	83.228	1
	Danmörk		
	Ráðstefna um aðgengismál	0	1
	Norrænn fundur um fjarskiptamál	135.033	1
	Færeyjar		
	Farið með fjármálaráðherra vegna málefna Færeyja	267.283	1
	Jamaíka		
	Fundur ICANN 2010	389.016	1
	Kanada		
	Lögræðisráðstefna um flugmál í Montreal og þing ICAO/Alþjóðaflugmálastofunarinnar	509.022	1
	Mexíkó		
	ITU-ráðstefna	437.069	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Noregur		
	Fundur vegna NEFAB-verkefnisins	159.571	1
	Sviss		
	Fundur Evrópuráðsins	120.487	1
	Fundur í CDLR um sveitarstjórnarmál	109.112	1
	Fundur í Evrópuráðinu	192.409	1
	Fundur í WG transport	660.664	2
	Svíþjóð		
	Samnorrænn ráðherrafundur	285.000	2
	Samnorræn ráðherrafundur og ráðherra baltnesku ríkjanna	231.128	1
	Samnorrænn fundur um umferðarmál	223.924	1
2010	**Samtals**	**6.901.057**	**30**
10 - 101 - Aðalskrifstofa: Samtals		**39.491.758**	**183**
06 - 201 - Hæstiréttur			
2007			
	Noregur		
	Norrænn yfirmannafundur	136.620	1
2007	**Samtals**	**136.620**	**1**
2008			
	Danmörk		
	Norræn ráðstefna	149.312	1
2008	**Samtals**	**149.312**	**1**
2009			
	Finnland		
	Norrænn yfirmannafundur	235.293	1
2009	**Samtals**	**235.293**	**1**
2010			
	Svíþjóð		
	Norrænn yfirmannafundur	232.814	1
2010	**Samtals**	**232.814**	**1**
06 - 201 - Hæstiréttur: Samtals		**754.039**	**4**
06 - 210 - Héraðsdómstólar /Dómstólaráð			
2008			
	Danmörk		
	Ráðstefna dómstólaráða á Norðurlöndum	113.961	1
2008	**Samtals**	**113.961**	**1**
06 - 210 - Héraðsdómstólar /Dómstólaráð: Samtals		**113.961**	**1**
06 - 210 - Héraðsdómstólar /Héraðsdómur Norðurlands eystra			
2008			
	Svíþjóð		
	Námsstefna á vegum SEND – Dómstólaráð	0	1
2008	**Samtals**	**0**	**1**
06 - 210 - Héraðsdómstólar /Héraðsdómur Norðurlands eystra: Samtals		**0**	**1**
06 - 210 - Héraðsdómstólar /Héraðsdómur Suðurlands			
2008			
	Svíþjóð		
	Námstefna í Stokkhólmi á vegum SEND	146.791	1
2008	**Samtals**	**146.791**	**1**

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
06 - 210 - Héraðsdómstólar /Héraðsdómur Suðurlands: Samtals		**146.791**	**1**
06 - 251 - Persónuvernd			
2007			
	Belgía		
	29. greinar fundur dagana 9.–10. október	141.970	1
	Fundur 29. greinar 14.–15. febrúar	137.187	1
	Fundur 29. greinar 17.–18. apríl	117.790	1
	Kanada		
	Alþjóðlegur fundur forstjóra persónuverndarstofnana, haldinn í Montreal, 25.–28. september	167.205	1
	Kýpur		
	Norrænn vinnufundur 9. maí og vorfundur persónuverndarstofnana, 10.–11. maí, báðir haldnir á Kýpur	171.488	1
2007	**Samtals**	**735.640**	**5**
2008			
	Belgía		
	29. greinar fundur dagana 18.–19. febrúar	170.761	1
	29. greinar fundur dagana 3.–4. apríl	154.234	1
	29. greinar fundur í Brussel 1. október	177.665	1
	29. greinar fundur í Brussel 10. desember	151.518	1
	Danmörk		
	Þing norrænna lögfræðinga í Kaupmannahöfn dagana 21.–23. ágúst	85.315	1
	Ítalía		
	Forstjórafundur í Róm dagana 17.–18. apríl	148.536	1
2008	**Samtals**	**888.029**	**6**
2009			
	Belgía		
	69. fundur 29. greinar í Brussel dagana 10.–11. febrúar	102.310	1
	71. fundur 29. greinar í Brussel dagana 16.–17. júní	256.986	1
	73. fundur 29. greinar í Brussel dagana 31. nóvember – 1. desember	260.432	1
	Svíþjóð		
	Nordiska datachefsmötet í Sokkhólmi 26.–28. maí	283.195	1
2009	**Samtals**	902.923	4
2010			
	Belgía		
	74. fundur 29. greinar í Brussel dagana 15.–16. febrúar	219.247	1
	77. fundur 29. greinar í Brussel dagana 11.–14. október	221.046	1
2010	**Samtals**	440.293	2
06 - 251 - Persónuvernd: Samtals		**2.966.885**	**17**
06 - 301 - Ríkissaksóknari			
2007			
	Finnland		
	Ákærendadagur í Finnlandi	166.679	1
2007	**Samtals**	**166.679**	**1**
2008			
	Austurríki		
	Ráðstefna með ríkissaksóknurum innan Evrópubandalagsins.	333.178	1
	Noregur		
	Heimsókn til ríkissaksóknaranna í Osló og Kaupmannahöfn	150.915	1
	Svíþjóð		
	Fundur norrænna ríkissaksóknara	263.792	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Nordisk seminarium um meðferð flókinna og stórra sakamála	227.208	1
2008	**Samtals**	**975.093**	**4**
2009			
	Danmörk		
	Anklageforum	177.234	1
	Eistland		
	Eurojustice	348.647	1
	Finnland		
	Fundur norrænna ríkissaksóknara	394.733	1
2009	**Samtals**	**920.614**	**3**
2010			
	Danmörk		
	Fundur norrænna ríkissaksóknara	197.781	1
	Ungverjaland		
	Eurojustice	218.220	1
2010	**Samtals**	**416.001**	**2**
06 - 301 - Ríkissaksóknari: Samtals		**2.478.387**	**10**
06 - 303 - Ríkislögreglustjóri			
2007			
	Bandaríkin		
	Ferð til Washington DC	323.810	1
	Belgía		
	Fundur hjá Nato og Europol	211.444	1
	Fundur í Special Committee Nato	159.707	1
	Danmörk		
	Evrópufundur Interpol	236.976	1
	Finnland		
	Fundur ríkislögreglustjóra Norðurlandanna	234.320	1
	Marokkó		
	79. allsherjarþing Interpol	177.152	1
	Portúgal		
	Fundur yfirmanna almannavarnastofnana í Evrópu	180.640	1
	Þýskaland		
	Fundur yfirmanna almannavarnastofnana í Evrópu	166.060	1
2007	**Samtals**	**1.690.109**	**8**
2008			
	Austurríki		
	Fundur í Vín vegna ME/BMI	287.270	1
	Belgía		
	Fundur vegna formennsku HJ í Special Committee Nato	209.164	1
	Litháen		
	37. fundur Evrópufundur Interpol	210.386	1
	Rússland		
	80. fundur allsherjarþing Interpol	358.314	1
	Ungverjaland		
	Fundur vegna formennsku HJ í Special Committee Nato	489.969	2
2008	**Samtals**	**1.555.103**	**6**
2009			
	Belgía		
	Fundur vegna formennsku HJ í Special Committee Nato	1.602.221	5
	Ítalía		
	Fundur vegna formennsku HJ í Special Committee Nato	272.949	1
	Slóvakía		
	Fundur vegna formennsku HJ í Special Committee Nato	235.584	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Svíþjóð		
	Fundur ríkislögreglustjóra Norðurlandanna	200.101	1
2009	**Samtals**	**2.310.855**	**8**
2010			
	Belgía		
	Fundur í Special Committee Nato	691.009	3
	Danmörk		
	Fundur ríkislögreglustjóra Norðurlandanna	171.089	1
2010	**Samtals**	**862.098**	**4**
06 - 303 - Ríkislögreglustjóri: Samtals		**6.418.165**	**26**
06 - 305 - Lögregluskóli ríkisins			
2007			
	Finnland		
	Fundur skólastjóra norrænu lögregluskólanna	159.699	1
	Portúgal		
	Stjórnarfundur CEPOL – samtaka lögregluskóla ESB-landa	160.450	1
	Þýskaland		
	Stjórnarfundur CEPOL – samtaka lögregluskóla ESB-landa	315.034	2
2007	**Samtals**	**635.183**	**4**
2008			
	Frakkland		
	Stjórnarfundur CEPOL – samtaka lögregluskóla ESB-landa	156.199	1
2008	**Samtals**	**156.199**	**1**
2009			
	Noregur		
	Fundur skólastjóra norrænu lögregluskólanna	263.762	1
2009	**Samtals**	**263.762**	**1**
2010			
	Belgía		
	Stjórnarfundur CEPOL – samtaka lögregluskóla ESB-landa	221.775	1
	Danmörk		
	Fundur skólastjóra norrænu lögregluskólanna	295.244	1
2010	**Samtals**	**517.019**	**2**
06 - 305 - Lögregluskóli ríkisins: Samtals		**1.572.163**	**8**
06 - 309 - Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008			
2009			
	Bretland		
	Fundir með SFO í London og saksóknara í Lúxemborg	331.748	1
	Fundur með SFO og fleirum í London	213.041	1
2009	**Samtals**	**544.789**	**2**
2010			
	Bretland		
	Fundur með SFO í London	208.130	1
	Holland		
	Fundur hjá Eurojust	176.470	1
	Fundur með fulltrúum frá SFO, Lúx og Belgíu hjá Europol	208.972	1
	Lúxemborg		
	Húsleitir í Havilland-banka í Lúxemborg	484.726	1
	Noregur		
	Fundur með forstöðumönnum efnahagsbrotadeilda á Norðurl.	252.383	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Svíþjóð		
	Fundur með forstjórum efnahagsbrotadeilda Norðurlanda	205.988	1
2010	**Samtals**	**1.536.669**	**6**
06 - 309 - Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008: Samtals		**2.081.458**	**8**
06 - 310 - Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu			
2007			
	Finnland		
	Lögreglumál – Fundur með lögreglustjórum	128.540	1
	Svalbarði		
	Lögreglumál – Fundur með lögreglustjórum	291.834	1
	Þýskaland		
	Lögreglumál – Fundur með lögreglustjórum	152.328	1
2007	**Samtals**	**572.702**	**3**
2008			
	Holland		
	Lögreglumál – Fundur með lögreglustjórum	54.540	1
	Noregur		
	Lögreglumál – Fundur – samstarfsverkefni OSLO	96.916	1
	Svíþjóð		
	Lögreglumál – Fundur með lögreglustjórum	35.590	1
2008	**Samtals**	**187.046**	**3**
2009			
	Danmörk		
	Lögreglumál – Fundur með lögreglustjórum	206.754	1
	Rúmenía		
	Lögreglumál – Fundur með lögreglustjórum	325.436	1
2009	**Samtals**	**532.190**	**2**
2010			
	Finnland		
	Lögreglumál – Fundur með lögreglustjórum	202.744	1
	Litháen		
	Lögreglumál – Fundur með lögreglustjórum	318.954	1
	Noregur		
	Lögreglumál – Fundur með lögreglustjórum	199.537	1
2010	**Samtals**	**721.235**	**3**
06 - 310 - Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu: Samtals		**2.013.173**	**11**
06 - 312 - Lögreglustjórinn á Suðurnesjum			
2007			
	Portúgal		
	Ráðstefna á vegum Frontex. Kostnaður endurgreiddur að hluta	0	1
	Pólland		
	Stjórnarfundur hjá Frontex. Kostnaður endurgreiddur að hluta	0	3
2007	**Samtals**	**0**	**4**
2008			
	Pólland		
	Stjórnarfundur hjá Frontex. Kostnaður endurgr. Að hluta.	0	1
2008	**Samtals**	**0**	**1**
2009			
	Albanía		
	Fundur hjá AC46/Nató Special Committee	262.449	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Belgía		
	Fundur hjá AC46/Nató Special Committee	1.762.469	6
	Ítalía		
	Fundur hjá AC46/Nató Special Committee	274.152	1
	Noregur		
	Vinnuferð í verkefnahópi er dómsmálaráðherra skipaði 12.11.09	165.198	1
	Pólland		
	Stjórnarfundur hjá Frontex.	53.106	1
	Svíþjóð		
	Nordiska Chefsmötet	206.040	1
	Stjórnarfundur hjá Frontex)	0	0
	Úkraína		
	Fundur hjá AC46/Nató Special Committee	264.754	1
2009	**Samtals**	**2.988.168**	**12**
2010			
	Belgía		
	Fundur hjá AC46/Nató Special Committee	245.123	1
	Danmörk		
	Aðstoðarríkislögreglustjórafundur Norðurlandanna	142.608	1
	Noregur		
	Kynning hjá lögreglunni í Noregi um sameiningu lögregluembætta	155.155	1
	Pólland		
	Ferð á fyrsta evrópska dags landamæravarða á fimm ára afmæli Frontex og einnig stjórnarfundur Frontex	233.413	1
	Stjórnarfundur hjá Frontex	399.307	2
2010	**Samtals**	**1.175.606**	**6**
06 - 312 - Lögreglustjórinn á Suðurnesjum: Samtals		**4.163.774**	**23**
06 - 395 - Landhelgisgæsla Íslands			
2007			
	Bandaríkin		
	US Coast Guard Seapower	240.568	1
	Bretland		
	Fundur með Lloyds register	0	1
	Danmörk		
	Fundur með yfirmönnum Airlift	180.220	1
	NHC-Ráðstefna	176.849	1
	OSK-fundur vegna nýsmíði varðskips LHG	217.723	1
	Finnland		
	Fundur NCGF	237.265	1
	Frakkland		
	Yfirmenn Navy HQ París og Brest	233.919	1
	Ítalía		
	FAO fundur í Róm – OSK kbh.	239.441	1
	Svalbarði		
	Fundur með AirLift á Svalbarða	182.561	1
	Svíþjóð		
	Ráðstefna NACGF	173.337	1
	Þýskaland		
	OPV ráðstefna	196.048	1
2007	**Samtals**	**2.077.931**	**11**
2008			
	Bretland		
	Commander-ráðstefna Northwood	154.930	1
	Fundur m. Lloyds register	0	1
	Chile		
	Kjöllagning nýs varðskips	832.752	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Danmörk		
	Fundur m. OSK vegna nýsmíði varðskips	129.344	1
	Fundur með Osk í Danmörku vegna nýsmíði skips, dagpeningar	23.638	1
	NHC-ráðstefna	174.778	1
	SopCop SAGA Sjóherinn í Danmörku	140.297	1
	Þing lögfræðinga	234.223	1
	Færeyjar		
	Björgunarráðstefna	251.318	1
	Grænland		
	NACGF Illulissat, Grænlandi	73.500	1
	Kanada		
	Afhending Bombadier – til FIELD TF-SIF	263.254	1
2008	**Samtals**	**2.278.034**	**11**
2009			
	Bandaríkin		
	US Coast Guard Seapower	264.410	1
	Bretland		
	Maritime Security ráðstefna Wilton Park	0	1
	Chile		
	Sjósetning Þórs	562.237	1
	Færeyjar		
	Fundur NCG – kynning á SIF	255.521	1
	Grikkland		
	Ráðstefna sjóherja Evrópu-miðjarðahafsríkja	456.818	1
	Kanada		
	Afhendig TF-SIF	466.627	1
	Mónakó		
	IHC sjómælinga ráðstefna í Monaco	455.285	1
	Noregur		
	Forstjórafundur vegna flugrekstrar Coast Guard	152.148	1
	Sameining Reidan og Stafanger Operation Centralen BODÖ	303.690	1
	Pólland		
	Yfirmenn strandgæslustofn.EU	0	1
	Þýskaland		
	BSRBCC-ráðstefna	235.184	1
2009	**Samtals**	**3.151.920**	**11**
2010			
	Bretland		
	lloyds Register ráðstefna	0	1
	Chile		
	ASMAR vegna nýsmíði varðskips	712.950	1
	Danmörk		
	500 ára afmæli Dk Navy	365.678	1
	Kaupmannah.– Br. ráðstefna	353.978	1
	Færeyjar		
	Vinnufundur Command	168.700	1
	Grikkland		
	Frontex verkefni Lesvos – Aþ.	0	1
	Ítalía		
	Frontex vinnufundur	0	1
	Noregur		
	NACGF – Samvinnuverkefni	261.317	1
	Ráðstefna Tromsö	301.055	1
	Spánn		
	Frontex fundur EU	0	1
	Ráðstefna H of Coast Guard EU	326.558	1
2010	**Samtals**	**2.490.236**	**11**

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
06 - 395 - Landhelgisgæsla Íslands: Samtals		**9.998.121**	**44**
06 - 398 - Útlendingastofnun			
2007			
	Danmörk		
	NSHF fundur í Kaupmannahöfn	114.688	1
	Grikkland		
	Samráðsfundur evrópskra útlendingastofnana	192.293	1
	Svíþjóð		
	Fundur forstjóra útlendingastjórnvalda á Norðurlöndum	153.560	1
	Þýskaland		
	Árlegur samráðsfundur forstj.úlendingastofnana í Evrópu	258.550	1
2007	**Samtals**	**719.091**	**4**
2008			
	Finnland		
	NU fundur í Helsinki	335.206	1
	Írak		
	Ferð flóttamannaráðs til Írak /UTL greiddi dagpeninga	182.430	1
	Ítalía		
	GDISC fundur í Lampedusa	270.656	1
	Noregur		
	NU fundur í Osló	372.759	2
2008	**Samtals**	**1.161.051**	**5**
2009			
	Danmörk		
	NU fundur í Kaupmannahöfn	186.494	1
	Svíþjóð		
	NU fundur í Stokkhólmi	231.068	1
2009	**Samtals**	**417.562**	**2**
2010			
	Svíþjóð		
	Seminar hjá UNCHR / fargjald greitt af UNCHR	0	1
2010	**Samtals**	**0**	**1**
06 - 398 - Útlendingastofnun: Samtals		2.297.704	12
06 - 412 - Sýslumaðurinn á Akranesi			
2007			
	Holland		
	Lögreglustjórar, kynnisferð til Europol í Haag	147.578	1
2007	**Samtals**	**147.578**	**1**
2008			
	Færeyjar		
	Sýslumenn, námsferð; Lögmaður, lögþing, lögreglustj. Færeyja	106.333	1
2008	**Samtals**	**106.333**	**1**
2010			
	Danmörk		
	Lögreglustjórar ásamt skrifstofustjóra dómsmálaráðuneytis Fulltrúar LL funda með lögreglustjórum Danmerkur og Noregs	77.578	1
	Noregur		
	Lögreglustjórar ásamt skrifstofustjóra dómsmálaráðuneytis Fulltrúar LL funda með lögreglustjórum Danmerkur og Noregs	77.578	
2010	**Samtals**	**155.155**	**1**
06 - 412 - Sýslumaðurinn á Akranesi: Samtals		**409.066**	**3**

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
06 - 414 - Sýslumaður Snæfellinga			
2007			
	Holland		
	Ferð íslenskra lögreglustjóra til Europol í Haag	112.822	1
2007	**Samtals**	**112.822**	**1**
06 - 414 - Sýslumaður Snæfellinga: Samtals		**112.822**	**1**
06 - 415 - Sýslumaðurinn í Búðardal			
2007			
	Litháen		
	Fundur evrópskra ættleiðingaryfirvalda	158.921	1
2007	**Samtals**	**158.921**	**1**
2009			
	Danmörk		
	Fundur norrænna ættleiðingaryfirvalda	192.170	1
	Frakkland		
	Fundur Evrópuráðsins um ættleiðingar	0	1
2009	**Samtals**	**192.170**	**2**
06 - 415 - Sýslumaðurinn í Búðardal: Samtals		**351.091**	**3**
06 - 418 - Sýslumaðurinn á Ísafirði			
2008			
	Færeyjar		
	Ferð sýslumannafélags til Færeyja í apríl 2008	109.032	1
2008	**Samtals**	**109.032**	**1**
2010			
	Noregur		
	Ferð Lögregstjóra til Noregs og Danmerkur	155.155	1
2010	**Samtals**	**155.155**	**1**
06 - 418 - Sýslumaðurinn á Ísafirði: Samtals		**264.187**	**2**
06 - 420 - Sýslumaðurinn á Blönduósi			
2007			
	Holland		
	Námsferð Lögreglustjórafélags Íslands til Europol	77.731	1
	Noregur		
	Námsferð v/gangsetningar innheimtumiðstöðvar sektar og sakarkostnaðar	132.815	1
2007	**Samtals**	**210.546**	**2**
2008			
	Færeyjar		
	Námsferð Sýslumannafélags Íslands.	98.591	1
2008	**Samtals**	**98.591**	**1**
2010			
	Noregur		
	Námsferð Lögreglustfél. Ísl. til ríkislögreglustjóranna í Noregi og Danmörku	112.445	1
2010	**Samtals**	**112.445**	**1**
06 - 420 - Sýslumaðurinn á Blönduósi: Samtals		421.582	4

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
06 - 421 - Sýslumaðurinn á Sauðárkróki			
2007			
	Holland		
	Lögreglumál, heimsókn til Europol í Haag	0	1
2007	**Samtals**	**0**	**1**
06 - 421 - Sýslumaðurinn á Sauðárkróki: Samtals		**0**	**1**
06 - 422 - Sýslumaðurinn á Siglufirði			
2008			
	Færeyjar		
	Náms- og fræðiferð, ráðstefna aðalræðismaður Færeyja.	116.258	1
2008	**Samtals**	**116.258**	**1**
2009			
	Noregur		
	Ráðstefna, Nordisk konferense om voldsoffererstatning	0	1
2009	**Samtals**	**0**	**1**
06 - 422 - Sýslumaðurinn á Siglufirði: Samtals		**116.258**	**2**
06 - 424 - Sýslumaðurinn á Akureyri			
2010			
	Danmörk		
	Lögreglumáefni vegna fyrirhugaðra breytinga á umdæmum og aðskilnaði	56.223	
	Noregur		
	Lögreglumáefni vegna fyrirhugaðra breytinga á umdæmum og aðskilnaði	56.223	1
2010	**Samtals**	**112.445**	**1**
06 - 424 - Sýslumaðurinn á Akureyri: Samtals		**112.445**	**1**
06 - 425 - Sýslumaðurinn á Húsavík			
2010			
	Noregur		
	Reynsla af sameiningu lögregluembætta – ferð lögreglustjóra og starfsmanna dmr.	42.710	1
	Reynsla af sameiningu lögregluembætta í Noregi	42.710	1
2010		85.420	2
06 - 425 - Sýslumaðurinn á Húsavík: Samtals		**85.420**	**2**
06 - 426 - Sýslumaðurinn á Seyðisfirði			
2008			
	Færeyjar		
	Kynnisferð sýslumanna	109.928	1
2008	**Samtals**	**109.928**	**1**
06 - 426 - Sýslumaðurinn á Seyðisfirði: Samtals		**109.928**	**1**
06 - 430 - Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal			
2008			
	Færeyjar		
	Málefni lögreglu og sýslumanna	111.453	1
2008	**Samtals**	**111.453**	**1**
06 - 430 - Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal: Samtals		**111.453**	**1**
06 - 431 - Sýslumaðurinn á Hvolsvelli			
2007			
	Holland		

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Europol-fundir og kynningar fyrir lögreglustjóra	114.424	1
2007	**Samtals**	**114.424**	**1**
2008			
	Færeyjar		
	Námsferð til lögreglustjóra, lögmanns, Lögþingið o.fl.	98.591	1
2008	**Samtals**	**98.591**	**1**
2010			
	Danmörk		
	Kynning á skipulagi lögreglu í Noregi og Danmörk	112.445	1
2010	**Samtals**	**112.445**	**1**
06 - 431 - Sýslumaðurinn á Hvolsvelli: Samtals		**325.460**	**3**
06 - 432 - Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum			
2007			
	Írland		
	Félag yfirlögregluþjóna heimsótti Garda lögregluna á Írlandi	139.106	1
2007	**Samtals**	**139.106**	**1**
06 - 432 - Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum: Samtals		**139.106**	**1**
06 - 434 - Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ			
2008			
	Færeyjar		
	Kynnisferð sýslumanna	110.113	1
2008	**Samtals**	**110.113**	**1**
06 - 434 - Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ: Samtals		**110.113**	**1**
06 - 501 - Fangelsismálastofnun ríkisins			
2007			
	Finnland		
	Halda fyrirlestur á afmælisráðstefnu norrænna fangavarðafélaga (NFU); Guðmundur Gíslason	142.236	1
	Svíþjóð		
	Fundur skólastjóra norrænna fangavarðaskóla (Guðmundur Gíslason)	114.520	1
2007	**Samtals**	**256.756**	**2**
2008			
	Finnland		
	Fundur forstjóra fangelsismálastofnana á Norðurlöndum (Páll E. Winkel)	172.671	1
	Norrænn fundur um rafrænt eftirlit (Páll E. Winkel)	134.137	1
	Seminar yfirmanna fangelsa (Guðmundur Gíslason)	223.709	1
	Noregur		
	Ráðstefna; Nám og vinna fanga og fundur skólastjóra norrænna fangavarðaskóla (Guðmundur Gíslason)	272.936	1
2008	**Samtals**	**803.453**	**4**
2009			
	Danmörk		
	Fundur skólastjóra norrænna fangavarðaskóla (Guðmundur Gíslason)	188.952	1
	Finnland		
	Fundur forstjóra fangelsismálastofnana á Norðurlöndum (Páll E. Winkel)	274.337	1
2009	**Samtals**	**463.289**	**2**
2010			
	Danmörk		

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Ráðstefna norrænna fangavarðafélaga (NFU) og fundur um fangelsisbyggingar á Norðurlöndum (Guðmundur Gíslason)	282.158	1
	Ráðstefna norrænna fangavarðafélaga (NFU) og fundur um fangelsisbyggingar á Norðurlöndum (Páll E. Winkel)	254.681	1
	Finnland		
	Fundur skólastjóra norrænna fangavarðaskóla (Guðmundur Gíslason)	260.793	1
	Svíþjóð		
	Fundur forstjóra fangelsismálastofnana á Norðurlöndum (Páll E. Winkel)	243.348	1
2010	**Samtals**	**1.040.980**	**4**
06 - 501 - Fangelsismálastofnun ríkisins: Samtals		**2.564.478**	**12**
06 - 651 - Vegagerðin			
2007			
	Belgía		
	Fundur (Workshop) um ytri kostnað samgangna	144.245	1
	Finnland		
	Stjórnarfundur NVF	126.920	1
	Frakkland		
	Ráðstefna og stjórnarfundur PIARC (Alþjóða vegasambandið)	212.510	1
	Írland		
	Fundur CEDR, samtök vegamálastjóra	183.170	1
	Lettland		
	Heimsókn til vegagerðarinnar í Lettlandi	111.460	1
	Malta		
	Fundur CEDR, samtök vegamálastjóra	183.795	1
2007	**Samtals**	**962.100**	**6**
2008			
	Finnland		
	Stjórnarfundur NVF	115.250	1
	Ráðstefna Via Nordica	294.605	1
	Grikkland		
	Fundur CEDR, samtök vegamálastjóra	0	0
	Lettland		
	Seminar um endurskipulagningu vegagerða á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum	212.224	1
	Slóvenía		
	Fundur í framkvæmdastjórn CEDR og Ráðstefna TRA	308.975	1
2008	**Samtals**	**931.054**	**4**
2009			
	Danmörk		
	Fundir v/NVF samstarf. Fundur vegamálastjóra Norðurlanda	152.924	1
	Ítalía		
	Fundur í stjórn CEDR, samtök vegamálastjóra Evrópu	310.600	1
	Lettland		
	Alþjóðleg ráðstefna, Baltic Roads. Stjórnarfundur NRA/BRA	298.425	1
	Malta		
	Fundur í framkvæmdastjórn PIARC (Executive Committee) og í stjórn (Council) sömu samtaka	633.675	1
	Mexíkó		
	Fundur í framkvæmdastjórn PIARC (Alþjóða Vegasambandið)	451.040	1
	Svíþjóð		
	Ráðstefna um upplýsingatækni, 16th ITS World Congress. Vinnufundur samgönguráðherra Evrópu	251.085	1
2009	**Samtals**	**2.097.749**	**6**
2010			
	Belgía		

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Ráðstefna TRA. Stjórnarfundur CEDR	434.476	1
	Færeyjar		
	Stjórnarfundur NVF. Fundur vegamálastjóra Norðurlanda	285.875	1
	Kanada		
	Vetrarráðstefna PIARC. Fundur í framkvæmdastj. PIARC	480.655	1
	Svíþjóð		
	Fundir í NVF og fundur vegamálastjóra Norðurlanda	211.140	1
	Stjórnarfundur NordFoU, vegarannsóknir Norðurlanda	191.565	1
	Ungverjaland		
	Stjórnarfundur/framkvæmdastjórnarfundur PIARC	277.620	1
2010	**Samtals**	**1.881.331**	**6**
06 - 651 - Vegagerðin: Samtals		**5.872.234**	**22**
06 - 657 - Umferðarstofa			
2007			
	Belgía		
	Fundur, Commitee on Motor Vehicles	146.588	1
	Færeyjar		
	Fundur, Nordisk Vejteknisk Forbund	138.138	1
	Holland		
	Ráðstefna, Association of European Vehicle and Driver Registration Authorities	162.146	1
2007	**Samtals**	**446.872**	**3**
2008			
	Gíbraltar		
	Aðalfundur, EUCARIS	386.486	1
2008	**Samtals**	**386.486**	**1**
06 - 657 - Umferðarstofa: Samtals		**833.358**	**4**
06 - 658 - Rannsóknanefnd umferðarslysa			
2007			
	Noregur		
	Fundur rannsóknarnefnda á Norðurlöndunum	179.194	1
2007	**Samtals**	**179.194**	**1**
06 - 658 - Rannsóknanefnd umferðarslysa: Samtals		**179.194**	**1**
06 - 661 - Siglingastofnun Íslands			
2007			
	Bretland		
	NAV fundur hjá IMO (Alþjóðasiglingamálastofnunin)	167.620	1
	Danmörk		
	MSC fundur hjá IMO	180.829	1
	Portúgal		
	Stjórnarfundur í EMSA	0	1
	Stjórnarfundur í EMSA (Siglingaöryggisstofnun Evrópu)	0	1
2007	**Samtals**	**348.449**	**4**
2008			
	Grikkland		
	Stjórnarfundur í EMSA	0	1
	Portúgal		
	Stjórnarfundur í EMSA	0	2
2008	**Samtals**	**0**	**3**
2009			
	Færeyjar		

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Fundur Siglingamálastjóra Norðurlandanna	302.485	1
	Portúgal		
	Stjórnarfundur í EMSA	0	3
2009	**Samtals**	**302.485**	**4**
2010			
	Portúgal		
	Stjórnarfundur í EMSA	0	3
	Svíþjóð		
	Fundur Siglingamálastjóra Norðurlandanna	194.720	1
2010	**Samtals**	**194.720**	**4**
06 - 661 - Siglingastofnun Íslands: Samtals		**845.654**	**15**
06 - 668 - Rannsóknanefnd sjóslysa			
2007			
	Bretland		
	Námskeið	0	1
	Ráðstefna	168.603	1
	Kína		
	Ráðstefna	299.026	1
2007	**Samtals**	**467.629**	**3**
2008			
	Bretland		
	Námskeið	0	1
	Frakkland		
	Ráðstefna	170.506	1
	Noregur		
	Fundur	166.292	1
	Portúgal		
	Fundur	0	1
	Námskeið	0	1
2008	**Samtals**	**336.798**	**5**
2009			
	Portúgal		
	Fundur	0	2
	Ungverjaland		
	Ráðstefna	266.934	1
2009	**Samtals**	**266.934**	**3**
06 - 668 - Rannsóknanefnd sjóslysa: Samtals		**1.071.361**	**11**
06 - 671 - Flugmálastjórn Íslands			
2007			
	Danmörk		
	Fundur flugmálastj. Norðurl. haldinn í Danmörku 28.–30. júní	136.641	1
	Frakkland		
	Fundir í París JAAB 29. maí og DGCA 30. maí	142.224	1
	JAAB og DGCA fundir haldnir í París – Fundur í sendiráðinu 7.	109.181	1
	Holland		
	2 fundir haldnir í Amsterdam, Hoofddorp – JAA / FB-07-3 /	110.597	1
	ECAC SP fundur haldinn Níkósía, Kýpur 30. ágúst til 3. sept.	89.858	1
	Kanada		
	ICAO Assembly 36th Session – Montreal Kanada	313.163	1
	Kýpur		
	ECAC SP fundur haldinn í Níkósíu, Kýpur 30. ágúst til 3. sept.	143.404	1
	Noregur		
	Fundur flugmálastjóra Norðurlandanna, 15.–16. mars	166.059	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Tékkland		
	Ráðstefna European/FAA í Prag 4.–8. júní 2007	208.049	1
	Þýskaland		
	EAS Management Board Meeting 2. mars	0	1
	EASA Board meeting í Köln, 13. júní 2007	0	1
	EASA board meeting, 28. mars	83.290	1
	EASA Management Board Meeting	0	1
	FB og EB fundur í Köln hjá JAA, 22. mars	155.005	1
	Fundur ECAC FUJA II Working Group – haldinn í Köln 30. október	147.922	1
	GASR Managment Group fundur í Köln 16 janúar	192.859	1
	JAAC 01/02 fundur í Köln 3. maí	141.050	1
	JAAC 07/2 fundur haldinn í Köln 14. nóv. 2007	118.030	1
	Tveir fundir annar haldinn í Kaupmannahöfn þ.e. NOLU fundur	175.378	1
2007	**Samtals**	**2.432.710**	**19**
2008			
	Armenía		
	DGCA//57 (SP) fundur haldinn í Jerevan, Armeníu	270.207	1
	Bandaríkin		
	1. 2008 Annual U.S. Europe International Aviation Safety Conf. frá 2.–5. júní	444.434	1
	Frakkland		
	DGCA fundur haldinn í París 25. júní 2008	174.645	1
	Informal meeting concerning the Joint Financing Agreement	187.581	1
	Þrír fund h.í París-JAAB/JAAC 3. des. – ECAC Forum 4. des. og DGCA/131 5. des.	285.208	1
	Þrír fundir haldnir í París, JAAC, JAAB og DGCA	186.863	1
	Holland		
	JAA	129.143	1
	Noregur		
	NOLU-fundur. Fundur Flugmálastj. Norðurlanda á Svalbarða 27.–30. júní	261.309	1
	Þýskaland		
	„FUJA II Working Group“ fundur haldinn í Köln 27. febrúar 08.	129.404	1
	EASA Management Board fundur 17. sept. 2008 haldinn í Köln	0	1
	EASA Management Board Meeting í Köln 13. febrúar 2008	0	1
	Fundur JAAFB/EB haldinn í Köln 16. október 2008	196.191	1
	Tveir fundir haldnir í Köln – NOLU 9. des og EASA 10. des.	251.728	1
2008	**Samtals**	**2.516.713**	**13**
2009			
	Frakkland		
	DGCA/132 fundur haldinn í París 13. maí 2009	160.983	1
	ECAC / 31 Pleanry Session Triennial – fundur haldinn í St	259.631	1
	Grikkland		
	BASA samningaviðræður við US / FAA og Noregur / Ísland þa	92.191	1
	FAA/EASA Conference í Aþenu 2.–5. júní – BASA viðræður við Bandaríkin	278.610	1
	Holland		
	Fundur JAA-TO Foundation Board	187.297	1
	JAAC fundur haldinn 28. maí í Hoofddorp	162.233	1
	Kanada		
	ICAO High Level Meeting – Montreal 7.–9. okt. 2009	339.343	1
	Þýskaland		
	EASA Management Board fundur 10. febrúar 2009	0	1
	EASA Management Board fundur haldinn í Köln 15. sept. 200	0	1
	EASA Management Board fundur haldinn í Köln 8.–9. j.	0	1
	EASA NAA´s Partnership Meeting – fundur haldinn í Köln 27	197.698	1
	JAA FB/EB fundur haldinn í Köln 26. mars 2009	127.522	1
2009	**Samtals**	**1.805.508**	**12**

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
2010			
	Finnland		
	NOLU-fundur haldinn 1.–5. júlí 2010 í Åbo Finnlandi	321.767	1
	Frakkland		
	DGCA/134 fundur haldinn í París 19. maí og 8th EASA/NAA´s Partnership fundur í Köln 20. maí	325.087	1
	DGCA/135 fundur haldinn í París 7. des. – ECAC Forum/3 6. des.	229.553	1
	European and North Atlantic Volcanic Ash Task Force – 1st meeting 12. maí	223.119	1
	Grikkland		
	59th Spec.Meet. of ECAC Directors General 26.–30. ágúst 2010 – NAT/NEFAB fundur hald.í París 1. sept	519.602	1
	Kanada		
	37th ICAO Assembly haldið í Montreal	510.189	1
	Þýskaland		
	EASA Management Board fundur haldinn í Köln 1. júní 2010	0	1
	EASA MB fundur 16. mars og EASA AGNA fundur 17.–18. mars 2010, báðir fundirnir haldnir í Köln	0	1
	EASA MB03/2010 fundur 21. sept.2010	0	1
	EASA MB04/2010/EASA Special og NOLU fundur allir fundirnir eru í Köln 14. til 16. des. 2010	0	1
2010	**Samtals**	**2.129.317**	**10**
06 - 671 - Flugmálastjórn Íslands: Samtals		**8.884.248**	**54**
06 - 678 - Rannsóknanefnd flugslysa			
2007			
	Bretland		
	Með flugrita til aflestrar	192.374	1
	Frakkland		
	Vegna rannsóknar á TF-SIF	421.019	2
	Kanada		
	ICAO-ráðstefna	535.067	1
	Tékkland		
	Evrópufundur rannsakenda	135.543	1
2007	**Samtals**	**1.284.003**	**5**
2008			
	Bangladess		
	Vegna rannsóknar á TF-ARS	337.808	1
	Belgía		
	EASA og ECAC fundir í Köln og Brussel	271.590	1
	Bretland		
	ECA-ráðstefna	171.469	1
	Með tvo flugrita til aflestrar	349.381	1
	Frakkland		
	Með hreyfil til rannsóknar	325.314	1
2008	**Samtals**	**1.455.562**	**5**
2009			
	Bandaríkin		
	ISASI-ráðstefna	580.038	1
	Bretland		
	Með flugrita til aflestrar M01409	187.117	1
2009		767.155	2
2010			
	Bandaríkin		
	SCSI-námskeið	421.561	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Bretland		
	Með flugrita til aflestrar M00210	290.428	1
	Finnland		
	Norðurlandafundur rannsakenda	252.323	1
	Frakkland		
	Vegna rannsóknar á TF-HDW	235.864	1
	Malasía		
	Fundur með Malaysia Airlines v/ TF-ARS	238.356	1
2010	**Samtals**	**1.438.532**	**5**
06 - 678 - Rannsóknanefnd flugslysa Samtals		**4.945.252**	**17**
06 - 681 - Póst- og fjarskiptastofnunin			
2007			
	Belgía		
	IRG/ERG-fundur forstjóra	151.465	1
	Danmörk		
	Fjarskiptaeftirlit fundur forstjóra	97.950	1
	Grikkland		
	ERG-fundur forstjóra	125.464	1
	Ítalía		
	ERG-fundur forstjóra	138.734	1
	Noregur		
	ERG-fundur forstjóra	124.189	1
2007	**Samtals**	**637.802**	**5**
2008			
	Írland		
	ERG-fundur forstjóra	184.058	1
	Litháen		
	ERG-fundur forstjóra	184.533	1
	Noregur		
	Fundur norrænna forstjóra	177.417	1
	Sviss		
	UPU heimsþing póstsambandsins	231.469	1
	Svíþjóð		
	ERG-fundur forstjóra	118.787	1
2008	**Samtals**	**896.264**	**5**
2009			
	Pólland		
	ERG-fundur forstjóra	234.835	1
	Sviss		
	ERG fundur forstjóra	244.878	1
	Svíþjóð		
	Fundur norrænna forstjóra	183.771	1
	Tékkland		
	ERG-fundur forstjóra	184.495	1
	Þýskaland		
	IRG/ERG-fundur forstjóra	150.306	1
2009	**Samtals**	**998.285**	**5**
2010			
	Belgía		
	BEREC-fundur forstjóra	231.995	1
	EFTA-fundur	146.817	1
	Stofnfundur BEREC	225.501	1
	Finnland		
	BEREC-fundur forstjóra	215.132	1
	Fundur norrænna forstjóra	146.816	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Frakkland		
	BEREC-fundur forstjóra	195.451	1
	Holland		
	BEREC-fundur forstjóra	226.591	1
	Mexíkó		
	Heimsþing ITU	688.755	1
2010	**Samtals**	**2.077.058**	**8**
06 - 681 - Póst- og fjarskiptastofnunin: Samtals		**4.609.409**	**23**
06 - 701 - Þjóðkirkjan			
2007			
	Bretland		
	Biskupsvígsla í London	180.440	1
	Heiðursgestur á hátíðinni „Sons of Clergy“ í London	98.780	1
	Færeyjar		
	Biskupsvígsla í Færeyjum	148.743	1
	Írland		
	Porvoo-fundur í Dublin	131.256	1
	Svíþjóð		
	60 ára afmæli LWF + fundur kirkjuleiðtoga	212.155	1
	Biskupsfundur í Gautaborg	113.677	1
2007	**Samtals**	**885.051**	**6**
2008			
	Bretland		
	Biskupafundur í Kantaraborg – Biskupsvígsla í Dublin	464.303	1
	Danmörk		
	Fundur í Kaupmannahöfn	134.387	1
	Finnland		
	Heiðursgestur í Vasa	268.156	1
	Svíþjóð		
	Biskupsvígsla í Uppsala og Roskilde + Ráðstefna í Uppsala	278.320	1
2008	**Samtals**	**1.145.166**	**4**
2009			
	Danmörk		
	Biskupsvíglsa í Kaupmannahöfn + fundur með íslensku sóknarnefndinni í Kaupmannahöfn	304.279	1
	Finnland		
	Fundur höfuðbiskupa Porvoo + fundur tengslahóps Porvoo	374.581	1
	Frakkland		
	Þing kirknaráðs Evrópu í Lyon	557.257	1
2009	**Samtals**	**1.236.117**	**3**
2010			
	Danmörk		
	Norrænn biskupafundur í Árósum	409.212	1
	Kenya		
	Heimsókn til Kenýa og Malavi með Hjálparstarfi Kirkjunnar	442.950	1
	Spánn		
	Porvoo-fundur í Madrid	438.729	1
	Svíþjóð		
	Leiðtogafundur Porvoo	356.140	1
2010	**Samtals**	**1.647.031**	**4**
06 - 701 - Þjóðkirkjan: Samtals		**4.913.365**	**17**

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
06 - 801 - Neytendastofa			
2007			
	Belgía		
	CPC fundur samstarf á svið Neytendamála	0	1
	CPC/fundur, Brussel	0	1
	CPC/fundur, Brussel og 1.–2. mars Nord Kons/Norrænt samstarf við Ní Helsingi	0	1
	CPN fundur ESB og 19. júní EFTA TBT, og 20. júní SOGS fundur	186.705	1
	EFTA og ESB ráðstefna um merkjakerfi fyrir neytendur í Evrópu – ESB fundur – vöruöryggi PPE	171.103	1
	EFTA og SOGS fundur BRUSSEL	176.374	1
	EFTA WG Consumer Protection fundur – BRUSSEL	119.660	1
	European Standarixation day og SOGS fundur	214.179	1
	Danmörk		
	NORD Kons	144.953	1
	Grænland		
	NSS-27–31. ágúst Grænland	125.719	1
	NSS-vorfundur 2.–4. júni Grænland	210.565	1
	Svíþjóð		
	Fundur forstjóra Neytendastofnana	158.764	1
	Þýskaland		
	Stofnfundur Euromet í Berlín jan. 2007	169.094	1
2007	**Samtals**	**1.677.116**	**13**
2008			
	Belgía		
	Ráðstefna ESB og Evrópuþings: Neytendadagur 14. mars – réttur og aðgengi neytenda	140.830	1
	10.–11. nóvember EFTA WG Consumer Protection fundur Brussel	313.230	1
	15. maí 2008 CPN-fundur (Cosnumer Policy Network) Brussel	143.762	1
	5. og 6. febrúar EFTA WG Consumer Protection fundur – Brussel	129.727	1
	CPC-fundur – samstarf stjórnvalda á sviði neytendamála í Evrópu (Brussel)	0	1
	EFTA og ESB ráðstefna um merkjakerfi fyrir neytendur í Evrópu – niðurstaða skýrslu ESB fundur – vöruöryggi PPE	174.003	1
	ESB CPC fundur samstarf eftilitsstjórnvalda 2. des.2008. SOGS ESB-fundur	0	1
	ESB-fundur um markaðseftilit 1. okt. – Brussel. EFTA TBT fundur 2.–4. okt. – Bern.	374.122	1
	Danmörk		
	Fundur í NordKons 8.–9. maí í Kaupmannahöfn	108.633	1
	Fundur norænna neytendaumboða (FO) – Skagen	233.629	1
	Noregur		
	Norrænn fundur Neytendastofnana og umboðsmanna neytenda – Lillehammer	135.471	1
2008	**Samtals**	**1.753.407**	**11**
2009			
	Belgía		
	CPC-nefnd samstarf eftirlitssjótnvalda EES/ESB Prosafe vöruöryggi	0	1
	EFTA TBT fundur 31. mars og SOGS nefnd ESB 1.–2. apríl	285.110	1
	EMARS-upphafsfundur 24. febr. og MSG-fundur/ Markaðseftirlit 25. febr. EFTA WG neytendamál 26. feb.	277.994	1
	GPSD-nefnd ESB um vöruöryggi og framkvæmd tilskipunarinnar	0	1
	GPSD-nefnd ESB vöruöryggi 16. júní, sérfræðinefnd DMF/EFTA TBT og 17. júní SOGS-nefnd um markaðseftirlit 18.–19. júní	0	1
	MSG-fundur – Markaðseftirlit Brussel Neytendastofu og neytendaumboð (FO) í Stokkhólmi	214.934	1
	SOGS – ESB-nefnd um markaðseftirlit og innleiðingu þjónustutillskipunar ESB	319.482	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Danmörk		
	NPF Norrænt samstarf um markaðsáætlanir NLF vöruöryggi	189.503	1
	Svíþjóð		
	Fundur í NordKons 8.–9. des. Í Stokkhólmi	231.638	1
2009	**Samtals**	**1.518.661**	**9**
2010			
	Belgía		
	CPC-fundur 21. sept. Ársfundur belgísku formennskunnar í ESB 22. sept. og CPN Consumer Policy Network 23. sept.	0	1
	CPC-fundur 6. des. Samstarf eftirlitsstjórnvalda á sviði neytendmála 7.–8. des. EBS-aðildaviðræður, 7.–8. des. Frjálst flæði vöru og Nordkons. 9. des. Utanríkisráðuneyti greiddi fargjald	0	1
	EFTA-fundur í TBT 2. mars og SOGS 3. mars	299.611	1
	EMARS-samræming markaðseftirlits 16.–17. nóv.	0	1
	SOGSfundur 17.–18. maí	270.990	1
	Danmörk		
	Norrænn fundur orkumerkingar, Norræna ráðherranefndin greiðir ferð	0	1
2010	**Samtals**	**570.601**	**6**
06 - 801 - Neytendastofa: Samtals		**5.519.785**	**39**
06 - 805 - Talsmaður neytenda			
2007			
	Danmörk		
	Fundur með umboðsmönnum neytenda á Norðurlöndunum	47.120	1
	Seminar um grænbók um neytendastefnu ESB og um norræna samvinnu á sviði neytendamála	64.729	1
	Finnland		
	Helsingfors á hálfsárslegan fund umboðsmanna neytenda á Norðurlöndum	131.850	1
	Seminar um grænbók um neytendastefnu ESB og um norræna samvinnu á sviði neytendamála	97.581	1
	Færeyjar		
	Heimsókn til færeysks kollega, nýstofnað embætti umboðsmanns neytenda í Færeyjum	103.026	1
2007	**Samtals**	**444.306**	**5**
2008			
	Danmörk		
	Hálfsárslegur fundur norrænna umboðsmanna neytenda í Skagen	109.721	1
	Norrænt lögfræðiþing, haldið á þriggja ára fresti í höfuðborgum norrænu ríkjanna	229.729	1
	Noregur		
	Hálfsárslegur fundur norrænna umboðsmanna neytenda í Lillehammer	135.702	1
	Þriðja þverfaglega alþjóðaráðstefnan um „Child and Teen Consumption“ í Þrándheimi	155.118	1
2008	**Samtals**	**630.270**	**4**
2010			
	Danmörk		
	Reglulegur hálfsársfundur umboðsmanna neytenda á Norðurlöndum	206.221	1
2010	**Samtals**	**206.221**	**1**
06 - 805 - Talsmaður neytenda: Samtals		**1.280.797**	**10**
06 - 821 - Þjóðskrá Íslands			
2007			
	Holland		
	Ráðstefna vegna 175 ára afmælis Kadaster	80.045	1

Stofnun Ferðaár	Land sem ferðast var til Erindi	Kostnaður stofnunar	Fjöldi ferða
	Írland		
	Ráðstefna um fasteignaskráningu á 21. öldinni	149.214	1
	Króatía		
	Ársfundur EuroGeographics.	169.307	1
	Lettland		
	Ráðstefna um þróun á skráningu fólks, lands og fyrirtækja, og beitingu nýrrar tækni við hana	112.091	1
	Litháen		
	Fundur um verkefnastjórnun.	151.170	1
	Ráðstefna um fasteignask. Verðmætamat fasteigna	163.221	1
2007	**Samtals**	**825.048**	**6**
2008			
	Finnland		
	Samnorrænn fundur í Finnlandi um skráningu staðfanga í norrænum upplýsingakerfum	148.580	1
	Noregur		
	Árlegur fundur Norðurlandaþjóða um nýjan samning landanna um almannaskráningu.	116.313	1
	Rúmenía		
	Með rúmensku og norsku fasteignast. um styrk úr sjóði EFTA.	230.948	1
	Svíþjóð		
	Samnorrænn fundur um ríkisborgararétt haldinn í Stokkhólmi 16. október	185.457	1
2008	**Samtals**	**681.298**	**4**
2009			
	Danmörk		
	Samnorrænn fundur um ríkisborgararétt haldinn í Kaupmannahöfn 5. október.	155.025	1
	Finnland		
	Árlegur fundur Norðurlandaþjóða um nýjan samning landanna um almannaskráningu	201.539	1
	Litháen		
	Ársfundur EuroGeographics	270.800	1
2009	**Samtals**	**627.364**	**3**
2010			
	Belgía		
	Ársfundur EuroGeographics.	306.490	1
	Finnland		
	Fundur með finnsku þjóðskránni og fundur í Norðurlandanefnd	241.732	1
	Frakkland		
	Fjórða ráðstefna Evrópuráðsins um ríkisborgararétt	206.784	1
	Færeyjar		
	Ársfundur Norrænna fasteignaskr. og landmælingast.	278.883	1
	Noregur		
	Árlegur samnorrænn fundur um ríkisborgararétt	184.892	1
	Rúmenía		
	Vegna verkefnis Lands Administration Knowledge Improvem.	155.740	2
	Svíþjóð		
	Framkvæmd kosninga í Stokkhólmi	146.949	1
	Fylgjast með framkvæmd kosninga í Svíþjóð	149.559	1
2010	**Samtals**	**1.671.029**	**9**
06 - 821 - Þjóðskrá Íslands: Samtals		**3.804.739**	**22**
Samtals		**221.257.041**	**1.162**

1883. Frumvarp til laga [727. mál]

um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta).

(Eftir 2. umr., 8. sept.)

1. gr.

Í stað orðanna „ljúka afplánun“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: afplána hluta refsingar.

2. gr.

Á eftir 24. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 24. gr. a – 24. gr. c, sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (24. gr. a.)

Fullnusta utan fangelsis. Rafrænt eftirlit.

Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi eða lengri getur fangelsismálastofnun leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis enda hafi hann á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans.

Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi er afplánun undir rafrænu eftirliti 30 dagar. Afplánun undir rafrænu eftirliti lengist um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið 240 dagar hið mesta.

b. (24. gr. b.)

Skilyrði rafræns eftirlits.

Skilyrði þess að rafrænt eftirlit komi til álita eru:

1. að fangi teljist hæfur til að sæta rafrænu eftirliti,
2. að fangi hafi fastan dvalarstað sem samþykktur hefur verið af fangelsismálastofnun,
3. að maki fanga, forráðamaður, nánasti aðstandandi eða húsráðandi samþykki að hann sé undir rafrænu eftirliti á sameiginlegum dvalarstað þeirra,
4. að fangi stundi vinnu, nám, sé í starfsþjálfun, meðferð eða sinni öðrum verkefnum sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný,
5. að fangi hafi áður nýtt sér úrræði skv. 1. mgr. 24. gr. með fullnægjandi hætti,
6. að fangi hafi ekki rofið skilyrði rafræns eftirlits á síðastliðnum þremur árum,
7. að fangi eigi að jafnaði ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur því ekki af völdum fangans.

c. (24. gr. c.)

Skilyrði í rafrænu eftirliti.

Rafrænt eftirlit skal bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. að fangi sé undantekningarlaust á dvalarstað sínum frá kl. 18 til kl. 19 og frá kl. 23 til kl. 7 mánudaga til föstudaga og frá kl. 21 til kl. 7 laugardaga og sunnudaga; jafnframt skal fangi vera á dvalarstað sínum ef hann sækir ekki vinnu, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt á virkum degi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum nema að höfðu samráði við fangelsismálastofnun,

2. að fangi neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna,
3. að fangi fremji ekki refsiverðan verknað.

Auk þess má ákveða að rafrænt eftirlit verði bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. að fangi hlíti fyrirmælum fangelsismálastofnunar um umgengni við aðra menn og iðkun tómstundastarfa,
2. að fangi sæti sérstakri meðferð sem fangelsismálastofnun ákveður.

Heimilt er að krefjast þess að fangi undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn. Synjun fanga á slíkri rannsókn gildir sem rof á skilyrðum rafræns eftirlits.

Áður en fullnusta á fangelsisrefsingu með rafrænu eftirliti hefst skal kynna fanga ítarlega þær reglur sem gilda um rafrænt eftirlit og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „vistunar“ og „vistun“ í 1. mgr. kemur: fullnustu.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Rof á skilyrðum fullnustu utan fangelsis.*

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Þegar maður hefur verið dæmdur í allt að níu mánaða óskilorðsbundið fangelsi er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta refsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 360 klukkustundir. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð eða viðurkenndu námskeiði, enda nemi sá hluti samtals aldrei meira en einum fimmta samfélagsþjónustunnar.
b. Í stað orðanna „sex mánuðir“ í 2. og 3. mgr. kemur: níu mánuðir.

5. gr.

Við 2. mgr. 64. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að aðili hafi á sér búnað svo að fangelsismálastofnun eða annar aðili sem hún velur geti fylgst með ferðum hans í samræmi við þau fyrirmæli sem fangelsismálastofnun hefur sett honum.

6. gr.

Við 2. mgr. 80. gr. laganna bætist: sem og um fullnustu refsinga utan fangelsis.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2011.

1884. Lög [700. mál]

um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1219.

1885. Frumvarp til laga [698. mál]

um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum (góðir stjórnarhættir o.fl.).

(Eftir 2. umr., 8. sept.)

1. gr.

Á eftir 66. gr. b laganna kemur ný grein er verður 66. gr. c og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Góðir stjórnarhættir.

Félag skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í skýrslu stjórnar.

Í yfirlýsingunni skal að lágmarki koma fram eftirfarandi:

1. Tilvísanir í þær reglur sem og leiðbeiningar, handbækur og fleira um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða fylgja ber samkvæmt lögum og upplýsingar um hvar slíkt er aðgengilegt almenningi. Víki félag frá reglum eða öðru skv. 1. málsl. í heild eða að hluta skal greina frá því hver frávikin eru og ástæðu fráviksins.
2. Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringarkerfa félagsins í tengslum við samningu reikningsskila.
3. Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og nefnda þeirra.

Upplýsingar um móðurfélag skv. 2. mgr. skulu jafnframt birtar í skýrslu stjórnar með samstæðureikningi auk lýsingar á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringarkerfa samstæðunnar í tengslum við samningu samstæðureiknings.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 94. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þegar um er að ræða félag sem er með skráða skrifstofu utan Evrópska efnahagssvæðisins en gefur út verðbréf sín sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarki hér á landi skal ársreikningaskrá hafa eftirlit með því hvort ársreikningur sem saminn er samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum heimaríkis er hliðstæður ákvæðum þessara laga. Ráðherra getur sett reglugerð um nánari ákvæði varðandi framkvæmd þessa eftirlits.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 128. gr. laganna:

a. Í stað tilvísunarinnar „og 2004/109/EB“ kemur: 2004/109/EB og 2006/46/EB.
b. Við greinina bætist: svo og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1886. Frumvarp til laga [696. mál]

um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (eigið fé, stórar áhættur, verðbréfun o.fl.).

(Eftir 2. umr., 8. sept.)

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. a laganna:

a. Í stað orðsins „greiðsluerfiðleikum“ í b-lið 2. tölul. kemur: erfiðleikum með fjármögnun eða endurgreiðslu skulda.
b. Við bætast við tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
   10. *Fjármálafyrirtæki:* Viðskiptabanki, sparisjóður, lánafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlun eða rekstrarfélag verðbréfasjóða sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr.
   11. *Verðbréfun* (e. securitisation): Viðskiptasamningur eða kerfisfyrirkomulag þar sem lánaáhætta tengd ákveðinni kröfu eða kröfusafni er lagskipt í hluta (e. tranches) með eftirfarandi hætti:
      1. greiðslur samkvæmt viðskiptasamningnum eða kerfisfyrirkomulaginu eru háðar afkomunni af kröfunni eða kröfusafninu, og
      2. forgangsröðun laganna (e. tranches) ákvarðar dreifingu taps á líftíma viðskiptasamningsins eða kerfisfyrirkomulagsins.

3. gr.

Á eftir 29. gr. a laganna koma fjórar nýjar greinar, 29. gr. b – 29. gr. e, er orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (29. gr. b.)

Færsla á útlánaáhættu.

Við útreikning á eiginfjárþörf bera viðskiptabanki, lánafyrirtæki, sparisjóður eða rafeyrisfyrirtæki, sem hvorki eru útgefandi (e. originator), umsýsluaðili (e. sponsor) né upphaflegur lánveitandi (e. original lender), ekki útlánaáhættu í formi verðbréfunar, nema verðbréfunin uppfylli reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

Við útreikning á eiginfjárþörf geta útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi ekki undanskilið verðbréfun sem seld hefur verið öðrum aðila, nema útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi haldi eftir ákveðnum hluta áhættunnar í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins.

b. (29. gr. c.)

Upplýsingaskylda varðandi verðbréfun.

Útgefandi eða umsýsluaðili skal greina fjárfestum frá skuldbindingu sinni varðandi verðbréfun skv. 29. gr. b. Hann skal tryggja að mögulegir framtíðarfjárfestar hafi aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum varðandi gæði og vanskilastöðu undirliggjandi eigna, sjóð-

streymi og tryggingar, auk upplýsinga sem talist geta nauðsynlegar í því skyni að framkvæma heildstæð og traust álagspróf á sjóðstreymi og virði þeirra trygginga sem liggja að baki eignunum. Í þeim tilgangi skulu viðeigandi upplýsingar miðast við þann dag sem stofnað er til verðbréfunar, og síðar ef við á í samræmi við eðli verðbréfunarinnar.

c. (29. gr. d.)

Reglur Fjármálaeftirlitsins um verðbréfun.

Fjármálaeftirlitið skal setja nánari reglur um verðbréfun, þar á meðal um framkvæmd ákvæða 29. gr. b og 29. gr. c, þar sem m.a. kemur fram hversu háu hlutfalli áhættu útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi skal halda eftir og um viðbrögð við viðvarandi lausafjárþurrð á fjármálamarkaði.

Ef reglur Fjármálaeftirlitsins eru brotnar ber Fjármálaeftirlitinu að krefjast a.m.k. 250% hækkunar á áhættuvog við eiginfjárútreikning. Ef brot telst óverulegt að mati Fjármálaeftirlitsins er heimilt að falla frá auknum eiginfjárkröfum.

d. (29. gr. e.)

Birting athugana Fjármálaeftirlitsins.

Einu sinni á ári skal Fjármálaeftirlitið birta niðurstöður athugana sinna á framfylgni reglna skv. 29. gr. b og 29. gr. d. Ef útgefandi, upphaflegur lánveitandi eða umsýsluaðili hefur brotið gegn skyldum sínum skv. 29. gr. b eða reglum Fjármálaeftirlitsins skv. 29. gr. d skal Fjármálaeftirlitið gefa út samantekt þar sem fram kemur til hvaða aðgerða hefur verið gripið.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði 1. málsl. eiga þó ekki við um verðbréfafyrirtæki sem ekki hafa starfsheimildir skv. c- og f-lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr., verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða.
b. 2. málsl. 1. mgr. verður 2. mgr. greinarinnar og breytist röð annarra málsgreina samkvæmt því.
c. Í stað orðanna „800%“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: 400%.

5. gr.

4. mgr. 52. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila sem er í nánum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann. Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annað fjármálafyrirtæki. Starfsmönnum fjármálafyrirtækis er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „byggðir á“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: ársuppgjöri eða.
b. Í stað 4. málsl. 5. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Eiginfjárliðir teljast aðeins til eiginfjárþáttar A ef unnt er að færa þá niður til að mæta rekstrartapi fjármálafyrirtækja í áframhaldandi rekstri. Við gjaldþrot eða slit skal greiða innborgað hlutafé og yfirverðsreikning hlutafjár á eftir öllum öðrum kröfum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 110. gr. laganna:

a. Við inngangsmálslið bætist: eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra.
b. 4. tölul. orðast svo: 17. gr. um framkvæmd áhættustýringar.
c. Orðin „að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins“ í 7. tölul. falla brott.
d. Á eftir 12. tölul. koma tveir nýir töluliðir, 13. og 14. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því:
   13. 29. gr. b um færslu á útlánaáhættu.
   14. 29. gr. c um upplýsingaskyldu varðandi verðbréfun.
e. Orðin „1. og 3. mgr.“ í 13. tölul., sem verður 15. tölul., falla brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 112. gr. b laganna:

a. Inngangsmálsliður orðast svo: Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra.
b. Við bætast tveir nýir töluliðir, 9. og 10. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því:
   9. 29. gr. b um færslu á útlánaáhættu.
   10. 29. gr. c um upplýsingaskyldu varðandi verðbréfun.

9. gr.

Í stað orðanna „og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB“ í 117. gr. laganna kemur: tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB.

10. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði 29. gr. b tekur til verðbréfunar sem stofnað hefur verið til eftir gildistöku þessara laga, en eftir 31. desember 2014 skal ákvæðið einnig ná til allra verðbréfaðra staðna sem stofnað hefur verið til fyrir setningu þessara laga, enda hafi eignum verið skipt út eða eignum bætt við undirliggjandi eignasafn eftir þann tíma.

Fjármálaeftirlitið skal, fyrir 31. desember 2011, birta upplýsingar um almenn viðmið og aðferðir sem notaðar eru við mat á því hvort skilyrði 29. gr. b eða reglna Fjármálaeftirlitsins skv. 29. gr. d teljast vera uppfyllt.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði d-liðar 3. gr. (29. gr. e) kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en frá og með 31. desember 2012.

1887. Nefndarálit [674. og 675. mál]

um frv. til l. um Stjórnarráð Íslands og frv. til l. um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Frá því að ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs tók við völdum 1. febrúar 2009 hefur lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verið breytt þrisvar sinnum. Fjölmörgum ákvæðum laganna hefur verið breytt, í sumum tilvikum í veigamiklum atriðum. Bætast þær breytingar við endurskoðun laganna sem fram fór á árinu 2007, í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í allsherjarnefnd vekja athygli á því að ekki hefur farið fram skipulögð eða markviss úttekt á áhrifum allra þessara breytinga á skipulag og starfshætti Stjórnarráðsins. Slík úttekt hefði verið mikilvægt innlegg við undirbúning frumvarpsins sem hér liggur fyrir og umfjöllun Alþingis um málið.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það sé samið í forsætisráðuneyti og byggist að miklu leyti á tillögum sem gerðar voru í skýrslunni *Samhent stjórnsýsla* frá því í desember 2010. Sú skýrsla var samin var af starfshópi sem skipaður var af forsætisráðherra vorið 2010 til þess að fara yfir og meta niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis og þingmannanefndarinnar svokölluðu, sem skipaðar voru á grundvelli laga nr. 142/2008, með síðari breytingum. Þessar nefndir á vegum Alþingis vöktu athygli á ýmsum vandamálum og viðfangsefnum sem takast þarf á við í sambandi við skipulag Stjórnarráðsins en hinar eiginlegu breytingartillögur sem í frumvarpi felast virðast þó miklu frekar eiga rót sína í skýrslu starfshóps forsætisráðherra heldur en niðurstöðum þeirra.

Vald fært frá Alþingi til forsætisráðherra.

Það sem segir hér að framan um uppruna tillagna í frumvarpinu á meðal annars við um veigamestu breytinguna, sem þar er að finna. Þar er lagt til að í stað þess að Alþingi ákveði með lögum hvaða ráðuneyti eru starfandi í landinu verði ákvörðun um það tekin með forsetaúrskurði. Með þessu móti er valdið í þessum efnum fært frá Alþingi til ríkisstjórnar og þá auðvitað fyrst og fremst til forsætisráðherra, sem ber stjórnskipulega ábyrgð á embættisathöfnum forseta í þessum efnum. Þessi breyting á sér hvorki stoð í niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis né þingmannanefndarinnar, en hana er vissulega að finna í tillögum starfshóps forsætisráðherra.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í allsherjarnefnd leggjast eindregið gegn þessari breytingu. Með þessu er horfið frá þeirri skipan sem verið hefur hér á landi frá árinu 1969 og felst í meginatriðum í því að heiti ráðuneyta eru tilgreind í lögum og hvorki er hægt að stofna ný ráðuneyti né leggja af nema með lögum. Frá 2007 hefur raunar verið heimilt að sameina ráðuneyti með forsetaúrskurði, en sú heimild hefur ekki verið nýtt, heldur hefur sameining ráðuneyta frá þeim tíma alltaf verið ákveðin með lagabreytingum. Er þar skemmst að minnast lagabreytinga á árinu 2010 sem fólu annars vegar í sér sameiningu dómsmála- og samgönguráðuneytis í innanríkisráðuneyti og hins vegar sameiningu heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis í velferðarráðuneyti. Þá voru jafnframt uppi lagabreytingartillögur um sameiningu hinna svokölluðu atvinnuvegaráðuneyta í eitt og tilflutning málaflokka til umhverfisráðuneytis, en þær náðu ekki fram að ganga vegna víðtækrar andstöðu á Alþingi.

Að mati fulltrúa Sjálfstæðisflokksins hníga flest rök gegn þeirri breytingu sem nú er lögð til. Í fyrsta lagi er um að ræða tilflutning valds frá Alþingi til ríkisstjórnarinnar og þá einkum forsætisráðherra. Það hlýtur að teljast meiri háttar ákvörðun um fyrirkomulag æðstu stjórnar ríkisins hvaða ráðuneyti eru starfandi á hverjum tíma. Í slíkri ákvörðun getur falist mikilvæg pólitísk stefnumörkun og afleiðingarnar geta verið miklar og birst með margvíslegu móti. Eðlilegt er að ákvörðunarvaldið í þessum efnum sé hjá þinginu alveg eins og það er óumdeilt hlutverk þingsins að taka ákvarðanir um stofnun eða aflagningu allra annarra stofnana ríkisins. Sá valdatilflutningur sem felst í frumvarpinu er í miklu ósamræmi við þau viðhorf sem uppi hafa verið í samfélaginu á síðustu árum um að efla beri löggjafarvaldið og Alþingi sem stofnun og draga að sama skapi úr áhrifum framkvæmdarvaldsins og ríkisstjórnarinnar. Slík viðhorf birtast raunar víða í skýrslum rannsóknarnefndar Alþingis og þingmannanefndarinnar og fer frumvarpið að þessu leyti þvert gegn sjónarmiðum sem þar koma fram.

Fyrir utan tilflutning valds frá þingi til ríkisstjórnar má benda á að breytingin sem felst í frumvarpinu eykur hættuna á lausung og jafnvel geðþóttaákvörðunum í sambandi við skipan ráðuneyta. Ákveðin festa er nauðsynleg í sambandi við æðstu stofnanir framkvæmdarvaldsins. Slík festa skiptir máli fyrir alla þá sem hagsmuna eiga að gæta, hvort sem um er að ræða einstaklinga og hagsmunahópa sem samskipti eiga við ráðuneytin, starfsmenn þeirra eða opinberar stofnanir sem undir þau heyra. Rétt er að minna á að lögin frá 1969 voru ekki síst sett til þess að koma á festu í þessum efnum en fram til þess tíma hafði ríkt talsverður losarabragur á fyrirkomulagi þessara mála.

Vert er að benda á að núgildandi fyrirkomulag kemur á engan hátt í veg fyrir að unnt sé að breyta skipan ráðuneyta, stofna ný eða leggja önnur niður. Skilyrði þess að slíkar breytingar nái fram að ganga eru a) að fyrir því sé meiri hluti á Alþingi, b) að frumvörp þar að lútandi séu afgreidd eftir þeim formreglum sem þingsköp gera ráð fyrir og eiga að stuðla að vandaðri málsmeðferð og c) að fram fari sú opna og lýðræðislega umræða sem allir eru sammála um að hafa eigi í heiðri við afgreiðslu þingmála. Hér er því hvorki um að ræða óyfirstíganleg, ómálefnaleg né ósanngjörn skilyrði fyrir breytingum af þessu tagi og verður með engu móti fallist á að þetta fyrirkomulag setji ríkisstjórn á hverjum tíma óeðlilega þröngar skorður. Dæmi frá undanförnum árum sýna einmitt að ríkisstjórn getur fengið í gegn þær breytingar á skipan ráðuneyta sem meiri hluti er fyrir á þingi en auðvitað felst í hinni þinglegu meðferð ákveðið lýðræðislegt aðhald og tryggir að fleiri sjónarmið komast að í umræðunni heldur þau ein sem uppi eru í ríkisstjórn Er það að mati fulltrúa Sjálfstæðisflokks í allsherjarnefnd ekki galli á fyrirkomulaginu heldur þvert á móti kostur.

Einstök ákvæði frumvarpsins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd eru þeirrar skoðunar að ýmis ákvæði frumvarpsins séu til bóta. Þar er í ýmsum tilvikum að finna nánari og skýrari fyrirmæli um störf og starfshætti ríkisstjórnar og einstakra ráðherra heldur en nú er að finna í lögum. Í sumum tilvikum felast þó í frumvarpinu svo sjálfsögð atriði að vart ætti að vera þörf á að setja í lagatexta. Önnur atriði frumvarpsins eru umdeilanleg vegna efnisinnihalds þeirra og sama á við um einstakar breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar. Verður að þessum atriðum vikið hér á eftir í umfjöllun um einstakar greinar frumvarpsins eftir því sem við á.

1. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við greinina eins og hún er orðuð í frumvarpinu. Breytingartillaga meiri hlutans felur efnislega í sér þingræðisregluna, sem ekki er deilt um að gildi hér

á landi. Verður því að telja breytingartillöguna óþarfa þótt ekki sé gerður ágreiningur um efnislegt innihald hennar.

2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins felst sú breyting að fallið er frá því að telja upp í lögum heiti einstakra ráðuneyta þannig að valdið í þessum efnum verði flutt frá löggjafarvaldinu til framkvæmdarvaldsins. Þess í stað er lagt til að einungis skuli tiltekið að ráðuneyti skuli ekki vera fleiri en tíu. Meiri hlutinn leggur til að þessi hámarksfjöldi ráðuneyta verði líka felldur út úr frumvarpinu þannig að lögum samkvæmt verði engar skorður við því hversu mörg ráðuneyti séu starfandi. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggjast bæði gegn ákvæðinu eins og það birtist í frumvarpinu og breytingartillögu meiri hlutans. Vísast um það til umfjöllunar hér að framan þar sem fram kemur sú afstaða að bæði fjölda ráðuneyta og heiti þeirra eigi að ákveða með lögum frá Alþingi en ekki með forsetaúrskurði, að frumkvæði og á ábyrgð forsætisráðherra.

4. gr.

Ekki er gerður ágreiningur um greinina eins og hún birtist í frumvarpinu. Í breytingartillögum meiri hlutans er hins vegar að finna efnislega breytingu á 2. mgr. sem felur í sér að fellt verði úr lögum skilyrði um að hvert ráðuneyti skuli lagt óskipt til eins og sama ráðherra. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggjast gegn þessari tillögu og telja hana vanreifaða og órökstudda. Tillagan vekur ýmsar spurningar: Ber að skilja hana svo að heimilt verði að skipta einu ráðuneyti milli tveggja eða fleiri ráðherra og hvernig á það að birtast í framkvæmd? Er hugmyndin sú að í einhverjum ráðuneytum geti á sama tíma setið tveir eða fleiri ráðherrar þannig að til dæmis gætu tveir eða þrír menn verið velferðarráðherrar á sama tíma? Er hugmyndin hugsanlega sú að í einhverju ráðuneyti sitji enginn ráðherra en málefnasvið ráðuneytisins skiptist milli tveggja eða fleiri ráðherra í öðrum ráðuneytum? Hvernig samræmist þessi tillaga hugmyndum um skýra verkaskiptingu og ábyrgð ráðherra? Hvernig samræmist tillagan gildandi lagaákvæðum um ráðherraábyrgð?

6. gr.

Greinin eins og hún birtist í frumvarpinu gefur ekki tilefni til sérstakra athugasemda. Meiri hlutinn leggur til tvær breytingartillögur og er önnur sjálfsögð en hin krefst nánari skoðunar að mati fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Í fyrri breytingunni er kveðið skýrt á um að tillögur til þingsályktunar sem ráðherrar hyggjast leggja fram á Alþingi skuli ræddar á ríkisstjórnarfundum. Telja má að þetta felist í upphaflegu orðalagi frumvarpsins, auk þess að vera í samræmi við langa hefð, en ekki eru gerðar athugasemdir við að þetta sé beinlínis tekið fram í lagatextanum.

Síðari breytingartillaga meiri hlutans við 6. gr. kallar hins vegar á frekari umræður. Ekki eru gerðar athugasemdir við þá hugsun sem að býr að baki tillögunni um að rétt sé og nauðsynlegt að ráðherrar greini frá mikilvægum málum á ríkisstjórnarfundum. Orðalagið vekur hins vegar ýmsar spurningar, enda mörg atriði óljós og matskennd. Við mótun reglu af þessu tagi þarf að hafa tvennt í huga, annars vegar að tryggt sé að ráðherrar upplýsi samstarfsmenn í ríkisstjórn um atriði sem raunverulega hafa mikla þýðingu og hins vegar að tíminn á ríkisstjórnarfundum fari ekki í þarflausa upptalningu á fundum einstakra ráðherra með hinum og þessum, eða upplýsingum um öll þau málefni sem til úrlausnar eru á þeirra málefnasviði. Það felst í störfum ráðherra að þeir eiga fundi með fjölmörgum aðilum, fulltrúum opinberra stofnana og samtaka af ýmsu tagi, sérfræðingum á tilteknum sviðum og almennum borgur-

um, sem af margvíslegum ástæðum eiga í samskiptum við ríkisvaldið. Stundum sitja fleiri ráðherrar en einn slíka fundi en þó svo sé er ekki sjálfgefið að fundurinn eða fundarefnið hafi slíka þýðingu að ástæða sé til að ræða það á ríkisstjórnarfundi. Með sama hætti berast ráðherrum oft upplýsingar sem telja má mikilvægar á tilteknu afmörkuðu sviði, sem undir þá heyrir, en hafa ekki víðtækari skírskotun. Loks má benda á að óvinnandi vegur er fyrir ríkisstjórn sem heild að fjalla um öll þau málefni sem einstakir ráðherrar hafa upplýsingar um og geta komið til úrlausnar innan stjórnsýslunnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja í ljósi þessa óhjákvæmilegt að farið verði betur yfir orðalag og inntak þessarar breytingartillögu áður en hún nær fram að ganga.

7. gr.

Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við greinina eins og hún er orðuð í frumvarpinu. Breytingartillaga meiri hlutans um sérstaka trúnaðarmálabók, sem halda skal vegna málefna sem bundin eru sérstökum trúnaði á grundvelli upplýsingalaga, getur verið til bóta en bent skal á að nauðsynlegt er að almennt fari fram nánari skoðun á samspili þeirra reglna sem er að finna í þessu frumvarpi og frumvarpi til breytinga á upplýsingalögunum, sem einnig er til meðferðar á þingi um þessar mundir.

Breytingartillaga meiri hlutans um hljóðritanir á ríkisstjórnarfundum, sem bundnar verði trúnaði í 30 ár, þarfnast að mati fulltrúa Sjálfstæðisflokksins einnig nánari skoðunar. Sögulegt gildi slíkra hljóðritana er augljóst og jafnframt má færa rök fyrir því að þær leiði til þess að fundargerðir endurspegli betur það sem raunverulega fer fram á ríkisstjórnarfundum. Þá verður ekki fram hjá því litið að um leið kunna hljóðritanir að breyta eðli ríkisstjórnarfunda, til dæmis þannig að ráðherrar verði varari um sig og tregari til að ræða opinskátt um einstök málefni, sem þeir telja viðkvæm, á formlegum ríkisstjórnarfundum. Ef breytingartillagan hefur slíkar afleiðingar má spyrja hvort hún sé raunverulega til þess fallin að leiða til betri stjórnarhátta. Þótt ekkert verði fullyrt í þessum efnum virðist ljóst að jafn róttæk hugmynd og þessi þarfnast nánari umræðu og skoðunar áður en Alþingi tekur endanlega afstöðu til hennar.

11. gr.

Meiri hlutinn leggur til nýtt ákvæði í 11. gr. (í stað 11. gr. frumvarpsins sem flytja á í 9. gr.). Þar er gert ráð fyrir nákvæmri skráningu á samskiptum og öllum fundum sem haldnir eru á vegum ráðuneyta, bæði þegar fulltrúar mismunandi ráðuneyta eiga fundi sín á milli sem og þegar fulltrúar ráðuneyta eiga fundi með aðilum utan Stjórnarráðsins. Er forsætisráðherra falið að setja nánari reglur um skráninguna. Nákvæmari skráning að þessu leyti er örugglega til bóta en orðalag breytingartillögunnar kann að þarfnast nánari skoðunar. Ekki á að valda neinum sérstökum vandkvæðum að halda skrá um fundi en á hinn bóginn getur orðið „samskipti“ í textanum vakið spurningar.

12. gr.

Í 3. mgr. 12. gr. er að finna nýja reglu sem vekur spurningar að mati fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Þar er mælt fyrir um heimild ráðherra til að láta í té óbindandi álit, sem geti haft þýðingu til leiðbeiningar fyrir stjórnarframkvæmd á málefnasviði hans. Nauðsynlegt er að skoðað verði nánar hvað eigi að felast í óbindandi álitum af þessu tagi, hvaða þýðingu þau geti haft, hvenær þau eigi við og hvenær ekki og síðast en ekki síst hvenær ráðherrum sé beinlínis óheimilt að láta slík álit í té. Ráðherrar hafa heimild til að setja almenn stjórn-

valdsfyrirmæli, svo sem reglugerðir, á grundvelli laga og ljóst er að slík fyrirmæli hafa tiltekin réttaráhrif og eru þar af leiðandi bindandi. Ráðherrar hafa einnig heimild til að taka stjórnvaldsákvarðanir í einstökum málum, á grundvelli laga, og slíkar ákvarðanir hafa einnig tiltekin réttaráhrif og eru bindandi. Þá geta ráðherrar þessu til viðbótar auðvitað látið í ljósi skoðanir á svo til hverju sem er, en verða þó að gæta þess að fara ekki inn á valdsvið sjálfstæðra stjórnvalda, úrskurðaraðila eða annarra, og um leið verða þeir að gæta sín á því að gera sig ekki fyrir fram vanhæfa í skilningi stjórnsýsluréttarins til að kveða upp úrskurði eða taka ákvarðanir í einstökum málum, sem geta borist til þeirra eftir lögbundnum kæruleiðum. Ljóst er að breytingartillagan í frumvarpinu breytir engu um þessar framangreindu heimildir ráðherra heldur hefur þann tilgang að bæta við nýju úrræði eða leið fyrir ráðherra til að hafa áhrif á stjórnarframkvæmd á málefnasviðum, sem undir hann heyra. Ljóst er að nýmæli af þessu tagi þarfnast nánari umfjöllunar áður en Alþingi afgreiðir frumvarpið.

13. gr.

Í 2. mgr. 13. gr. er fjallað um eftirlit ráðherra með þeim sjálfstæðu stjórnvöldum sem stjórnarfarslega heyra undir hann. Þar er tiltekið að ráðherra skuli hafa almennt eftirlit með starfrækslu, fjárreiðum og eignum þessara sjálfstæðu aðila en um leið að eftirlitið taki ekki til einstakra ákvarðana þeirra. Þessi regla er ágæt svo langt sem hún nær og í samræmi við viðtekin sjónarmið. Hins vegar vaknar spurning um hvort eftirlit ráðherra geti tekið til málsmeðferðar í einstökum málum. Ljóst virðist að sjálfstæði einstakra stjórnvalda getur skerst til muna reyni hann að hafa áhrif á málsmeðferðina í einstökum málum, jafnvel þótt ekki verði hægt að benda á afskipti hans af einstökum ákvörðunum. Á þessu þarf að taka í lagatextanum, þannig að ótvírætt sé að sjálfstæði viðkomandi stjórnvalda sé ekki bara tryggt hvað varðar einstakar ákvarðanir, heldur jafnframt í sambandi við málsmeðferð í einstökum málum.

14. gr.

Sömu sjónarmið þarf að hafa í huga varðandi 14. gr. og áður er getið í sambandi við 13. gr. Skoða þarf orðalag 2. mgr. 14. gr. í því ljósi. Ef stjórnvald á lögum samkvæmt að vera sjálfstætt í störfum sínum hljóta heimildir ráðherra til afskipta að vera takmarkaðar. Ef ætlunin með frumvarpinu er að auka völd ráðherra og skerða sjálfstæði hinna svokölluðu sjálfstæðu stjórnvalda leggjast fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gegn því. Ef ekki er ætlunin að breyta núverandi fyrirkomulagi í þeim efnum virðist nauðsynlegt að endurskoða orðalag 13. og 14. gr. til að þess að taka af allan vafa um vilja löggjafans.

18. gr.

Í síðari málslið 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins segir að ráðuneytisstjóri sé í fyrirsvari við ráðningu annarra starfsmanna ráðuneytis (þ.e. annarra en ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra). Meiri hlutinn leggur til að þess í stað verði málsliðurinn svohljóðandi: „Aðrir starfsmenn eru ráðnir.“ Upphaflegt orðalag í frumvarpinu er ekki hafið yfir gagnrýni en felur þó í skýrt ákvæði um að það er ráðuneytisstjóri sem hefur þessi ráðningarmál með höndum. Orðalagið í breytingartillögu meiri hlutans getur hins vegar vakið spurningar um hvor hefur ráðningarvaldið í þessum tilvikum, ráðherra eða ráðuneytisstjóri. Virðist nauðsynlegt að kveða á um þetta með afdráttarlausum hætti í lagatextanum sjálfum. Rétt er að geta þess að í nefndaráliti meiri hlutans er að finna umfjöllun um þetta atriði þar sem fram kemur að miðað við ákvæði laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna falli það undir verksvið ráðu-

neytisstjóra að ráða aðra starfsmenn en þá sem teljast embættismenn, en það eru ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar. Þessi skilningur meiri hlutans er hins vegar ekki ótvíræður. Í 5. gr. starfsmannalaganna kemur fram að forstöðumaður stofnunar annist ráðningar annarra en embættismanna en spyrja má hvort það eigi við í þessu tilviki. Telst ráðuneytisstjóri ótvírætt forstöðumaður ráðuneytis? Benda má á að ólíkt öðrum forstöðumönnum lýtur ráðuneytisstjóri daglegri yfirstjórn ráðherra og samkvæmt annarri breytingartillögu meiri hlutans eru ráðuneytin sérstaklega skilgreind sem skrifstofur einstakra ráðherra. Ef ætlunin er að ráðningarvaldið sé hjá ráðuneytisstjórum en ekki ráðherrum er engin ástæða til annars en að kveða á um það með skýrum hætti í lagagreininni.

20. gr.

Í 20. gr. er að finna ákvæði um að ráðherra skuli leita álits ráðuneytis til að tryggja að ákvarðanir og athafnir hans séu lögum samkvæmt og að starfsmenn ráðuneyta skuli í samræmi við stöðu sína og hlutverk veita ráðherra nauðsynlegar upplýsingar og ráðgjöf. Ekki er ástæða til að gera ágreining um inntak þessa ákvæðis en spyrja má um nauðsyn þess að lögfesta það með þessum hætti. Enginn efast um að ráðherra beri að fara að lögum í störfum sínum að viðlagðri ábyrgð. Góður og gegn ráðherra hlýtur því ávallt að afla sér nauðsynlegra upplýsinga um þær lagareglur sem honum ber að fylgja og starfsmönnum hans að veita ráðgjöf í því sambandi í samræmi við stöðu sína og hlutverk. Ekki verður séð að ákvæðið breyti neinu miðað við viðtekinn skilning á ábyrgð og hlutverki ráðherra og ráðuneytisstarfsmanna í þessu sambandi. Ef ætlunin er að breyta einhverju með þessu ákvæði er nauðsynlegt að það komi fram með skýrum og skiljanlegum hætti.

22. gr.

Í greininni er fjallað um pólitíska aðstoðarmenn ráðherra. Samkvæmt núgildandi lögum er hverjum ráðherra heimilt að ráða sér einn pólitískan aðstoðarmann og ekki fleiri en í frumvarpi forsætisráðherra var gert ráð fyrir að til viðbótar væri þeim heimilt að ráða einn svokallaðan ráðgjafa, og um þá giltu sömu reglur og um aðstoðarmenn. Í breytingartillögu meiri hlutans felst að allir þessir pólitísku starfsmenn skuli bera starfsheitið aðstoðarmenn, heildarfjöldi þeirra geti verið tvöfaldur fjöldi ráðherra að þremur viðbættum (með öðrum orðum ef ráðherrar eru 10 eins og í dag væri heimilt að ráða 23 aðstoðarmenn). Vilji meiri hlutans virðist standa til þess að það verði einhvers konar samkomulag innan ríkisstjórnar á hverjum tíma um það hvernig aðstoðarmenn skiptist á einstök ráðuneyti, þannig að hugsanlegt sé að í sumum ráðuneytum sé aðeins starfandi einn aðstoðarmaður á meðan fleiri geti starfað í öðrum ráðuneytum. Ekki er þó ljóst af nefndaráliti meiri hlutans hvar ákvörðunarvaldið í þessum efnum liggur eða hver tekur af skarið í sambandi við þessa skiptingu ef ágreiningur rís um hana milli einstakra ráðherra.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd leggjast gegn þessum tillögum, bæði þeirri sem kom fram í upphaflegu frumvarpi og eins breytingartillögu meiri hlutans. Stjórnmálamenn, hvort sem um er að ræða ráðherra, alþingismenn eða aðra kjörna fulltrúa, geta vissulega fært fyrir því almenn rök að æskilegt væri að þeir nytu meiri aðstoðar, bæði pólitískrar og faglegrar. Á samdráttar- og niðurskurðartímum er breyting af þessu tagi hins vegar engan veginn réttlætanleg. Við aðstæður, þar sem nauðsynlegt er að draga verulega úr ríkisútgjöldum og spara í rekstri stofnana á ýmsum mikilvægum sviðum, er alls ekki tímabært að bæta við yfirbygginguna með þeim hætti sem hér er lagt til. Útgjaldaaukinn vegna þessarar fjölgunar gæti að teknu tilliti til tillögu meiri hlutans orðið milli 120 og 130 millj. kr. á ári. Það

er í sjálfu sér ekki fjárhæð sem ræður úrslitum um afkomu ríkissjóðs en hefur hins vegar ótvírætt táknrænt gildi. Er trúverðugt að gera þá kröfu til mikilvægra stofnana á sviði almannaþjónustu að draga úr útgjöldum og fækka starfsmönnum en fjölga á sama tíma pólitískum starfsmönnum ráðherranna sjálfra?

27. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins var gert ráð fyrir að ekki yrði heimilt að fjölga aðstoðarmönnum/ráðgjöfum fyrr en að loknum næstu alþingiskosningum. Í athugasemdum við greinina er þessi frestun rökstudd með vísan til hagræðingar- og sparnaðarsjónarmiða. Meiri hlutinn leggur til að þessu verði breytt og í stað þess að fresta breytingunni fram yfir næstu kosningar á hún koma til framkvæmda þegar við gildistöku laganna. Er sú afstaða rökstudd í nefndaráliti með því einu að brýnt sé, nú sem fyrr, að efla hina pólitísku skrifstofu ráðherra. Ekki er einu orði vikið að hagræðingar-eða sparnaðarsjónarmiðinu í þessu sambandi. Meiri hlutinn hefur með öðrum orðum komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé nóg að tvöfalda fjölda aðstoðarmanna miðað við það sem nú er heldur eigi að bæta þremur við þar til viðbótar, og að auki megi ekki bíða með þessa breytingu fram yfir næstu kosningar heldur verði að fjölga aðstoðarmönnunum strax. Á þetta geta fulltrúar Sjálfstæðisflokksins engan veginn fallist.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd leggjast eindregið gegn þeirri meginbreytingu sem felst í frumvarpinu. Í henni felst mikið valdaframsal frá Alþingi til ríkisstjórnar, frá löggjafarvaldinu til framkvæmdarvaldsins, sem er með öllu óásættanlegt. Því til viðbótar eru ýmis önnur ákvæði frumvarpsins og margar breytingartillögur meiri hlutans gallaðar og leggst 1. minni hluti því gegn því að frumvarpið nái fram að ganga. Sumar tillögurnar eru hins vegar þess eðlis að ástæða getur verið til að skoða þær betur og geta nýst í nýja endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands. Eðlilegt er að sú endurskoðunarvinna hefjist þegar á næsta þingi og er eðlilegt að leitað sé eins víðtækrar pólitískrar samstöðu og unnt er í því sambandi. Löggjöf um Stjórnarráðið á í grundvallaratriðum að standa um lengri tíma og á ekki að ráðast af hagsmunum eða duttlungum einnar tiltekinnar ríkisstjórnar eða tímabundins þingmeirihluta.

Alþingi, 8. sept. 2011.

Birgir Ármannsson, frsm. Sigurður Kári Kristjánsson.

1888. Lög [702. mál]

um skattlagningu á kolvetnisvinnslu.

(Afgreidd frá Alþingi 8. september. maí 2011.)

Samhljóða þskj. 1868.

1889. Lög [701. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar á kolvetnisvinnslu (virðisaukaskattur, tekjuskattur, staðgreiðsla opinberra gjalda).

(Afgreidd frá Alþingi 8. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1869.

1890. Frumvarp til laga [351. mál]

um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

(Eftir 2. umr., 8. sept.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um starfsemi og rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða.

Starfsheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða takmarkast við að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum seljanlegum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Viðtaka fjár frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum seljanlegum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu er einungis heimil verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Verðbréfasjóður:* Sjóður sem gefur út hlutdeildarskírteini sem eru innleysanleg að kröfu eigenda þeirra. Sjóðurinn hefur hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins og hefur heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. *Fjárfestingarsjóður:* Sjóður sem gefur út hlutdeildarskírteini og hefur hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn hefur ekki heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. *Fagfjárfestasjóður:* Sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu stendur fagfjárfestum til boða.
4. *Rekstrarfélag:* Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki og rekur sjóði um sameiginlega fjárfestingu skv. II.–IV. kafla laga þessara.
5. *Vörslufyrirtæki:* Fjármálafyrirtæki, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sem uppfyllir skilyrði II. kafla C laga þessara.

6. *Fjármálagerningur:* Fjármálagerningur samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
7. *Peningamarkaðsgerningar:* Þeir flokkar auðseljanlegra gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á skammtímamarkaði (peningamarkaði), svo sem víxlar ríkis og sveitarfélaga, innlánsskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum. Líftími eða endurmatstímabil arðsemi þeirra má ekki vera umfram 397 daga.
8. *Hlutdeildarskírteini:* Fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða einstakri deild hans til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar í sama hlutfalli og nemur hlutdeild þeirra í heildarfjölda útgefinna hlutdeildarskírteina.
9. *Fagfjárfestir:* Fagfjárfestir samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
10. *Almenningur:* Þeir sem ekki teljast til fagfjárfesta samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
11. *Reiðufé:* Laust fé sem sjóður getur notað fyrirvaralaust til fjárfestinga. Það telst ekki til innlána og er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðs.
12. *Innlán:* Fjárfesting þar sem sérstaklega hefur verið samið um binditíma og vexti. Innlán eru hluti af fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs.
13. *Markaðssetning:* Tilboð eða hvatning, með auglýsingum eða annarri kynningu, um kaup á hlutdeildarskírteinum eða hlutum í verðbréfasjóði eða öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu.
14. *Staðfesting:* Með staðfestingu verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs er átt við heimild Fjármálaeftirlitsins til handa rekstrarfélagi til að starfrækja verðbréfa- eða fjárfestingarsjóð.

3. gr.

Heimildir til að hefja starfsemi. Skrá yfir sjóði.

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum staðfestingu til reksturs skv. II. kafla og fjárfestingarsjóðum staðfestingu skv. III. kafla. Fjármálaeftirlitið úrskurðar um hvort starfsemi fellur undir lög þessi.

Fjármálaeftirlitið heldur skrá yfir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um viðkomandi sjóði. Skrá yfir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði skal birt opinberlega. Breytingar á áður skráðum upplýsingum skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

II. KAFLI
Verðbréfasjóðir.
A. Staðfesting og afturköllun staðfestingar.

4. gr.

Veitandi staðfestingar.

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum staðfestingu. Verðbréfasjóðir fá því aðeins staðfestingu að rekstrarfélög og vörslufyrirtæki þeirra uppfylli skilyrði laga um fjármálafyrirtæki.

Verðbréfasjóðum er heimilt að hefja starfsemi þegar staðfesting er fengin frá Fjármálaeftirlitinu. Óheimilt er að starfrækja verðbréfasjóð án staðfestingar Fjármálaeftirlitsins.

Óheimilt er að breyta verðbréfasjóðum í aðrar tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

5. gr.

Umsókn um staðfestingu.

Umsókn rekstrarfélags um staðfestingu verðbréfasjóðs skal vera skrifleg og henni skulu fylgja reglur sjóðsins skv. 11. gr., útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skv. 51. gr., upplýsingar um stjórnendur verðbréfasjóðs og aðrar viðeigandi upplýsingar. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um upplýsingagjöf samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Veiting staðfestingar.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu staðfestingar skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það án tafar, og eigi síðar en einum mánuði eftir að umsókn barst, þegar umsókn telst fullnægjandi.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um staðfestingu verðbréfasjóða opinberlega.

7. gr.

Synjun um staðfestingu.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um staðfestingu.

Synjun umsóknar skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan tveggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar.

8. gr.

Afturköllun staðfestingar.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað staðfestingu verðbréfasjóðs:

1. hafi rekstrarfélag brotið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim eða samþykktum,
2. uppfylli hann ekki lengur skilyrði fyrir staðfestingu að mati Fjármálaeftirlitsins,
3. hafi rekstrarfélag ekki nýtt heimild til starfsemi verðbréfasjóðs innan tólf mánaða frá því að staðfesting var veitt, ótvírætt afsalað staðfestingu eða hafi starfsemi sjóðs verið hætt í meira en sex mánuði samfellt,
4. hafi sjóðurinn ekki yfir að ráða minnst 50 millj. kr. þremur mánuðum eftir að markaðssetning hófst eða minnst 10 millj. kr. sem skiptast á að minnsta kosti 50 aðila þannig að hlutur hvers þeirra nemi minnst 10 þús. kr.,
5. fari sjóðurinn á einhverjum tímapunkti niður fyrir stærðarmörk 4. tölul.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 2. tölul. 1. mgr. skal veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

9. gr.

Tilkynning um afturköllun.

Afturköllun á staðfestingu verðbréfasjóðs skal tilkynnt stjórn rekstrarfélags og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Markaðssetji rekstrarfélag verðbréfasjóð í öðru aðildarríki skal Fjármálaeftirlitið tilkynna afturköllunina lögbærum eftirlitsaðilum í viðkomandi ríki.

B. Stofnun og starfsemi.

10. gr.

Heiti.

Verðbréfasjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „verðbréfasjóður“.

11. gr.

Reglur.

Rekstrarfélag skal setja verðbréfasjóði reglur. Eftirfarandi atriði skulu að minnsta kosti koma þar fram:

1. Heiti sjóðsins.
2. Hvort sjóðurinn starfi óskiptur eða í aðgreindum deildum.
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
4. Hvert sé vörslufyrirtæki sjóðsins og ákvæði um hvernig skipt verði um vörslufyrirtæki.
5. Þóknun rekstrarfélags.
6. Heimild til markaðssetningar sjóðsins á Íslandi og í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.
7. Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.
8. Hvernig ráðstafa skuli arði eða öðrum hagnaði af verðbréfum sjóðsins.
9. Hvernig reikna skuli út innlausnarvirði hvers hlutar.
10. Hvernig staðið skuli að samruna sjóðsins við aðra verðbréfasjóði eða samruna deilda sama sjóðs.
11. Hvernig sjóði eða deild er slitið.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða og upplýsingagjöf til viðskiptavina í tengslum við fjárfestingar.

Breytingar á reglum verðbréfasjóðs öðlast gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fresta gildistöku í allt að þrjá mánuði frá staðfestingu ef ástæða er til. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna um breytingu í Lögbirtingablaðinu.

Rekstrarfélag skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði og skal það gert skriflega.

12. gr.

Deildaskipting.

Heimilt er að starfrækja verðbréfasjóð í aðgreindum deildum. Hver sjóðsdeild skal hafa aðgreindan fjárhag innan rekstrarfélags. Ber þá hver deild ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

Rekstrarfélag ber ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra verðbréfasjóða eða deilda þeirra og standa einvörðungu eignir hvers sjóðs eða deildar til fullnustu skuldbindingum hvers þeirra. Ákvæði þetta víkur ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags.

13. gr.

Sjóðsmyndun.

Eignir myndast í verðbréfasjóði með samningi rekstrarfélags við viðskiptavin sem felur því að ávaxta fjármuni sína í tilteknum verðbréfasjóði innan vébanda þess. Sjóðurinn myndast með afhendingu fjármuna viðskiptavinar gegn hlutdeildarskírteinum og samanstendur

síðan af þeim eignum sem verða til við ráðstöfun þessara fjármuna til sameiginlegrar fjárfestingar.

14. gr.
Hæfi.

Framkvæmdastjóri rekstrarfélags og sjóðstjórar skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum, sbr. 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Um hæfi stjórnenda og sjóðstjóra verðbréfasjóða fer að öðru leyti eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á sjóðstjórum og framkvæmdastjórn og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum 1. og 2. mgr. sé fullnægt.

15. gr.
Aðskilnaður reksturs og vörslu og óhæði.

Rekstrarfélag má ekki jafnframt vera vörslufyrirtæki. Meiri hluti stjórnarmanna rekstrarfélags verðbréfasjóða skal vera óháður móðurfélagi og vörslufyrirtæki.

Rekstrarfélög skulu vera óháð móðurfélagi og vörslufyrirtæki í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.

Stjórnarmaður í rekstrarfélagi má ekki vera í stjórn eða lykilstarfsmaður móðurfélags eða vörslufyrirtækis.

16. gr.
Málshöfðunarréttur.

Rekstrarfélag getur höfðað mál í eigin nafni fyrir hönd einstakra eigenda hlutdeildarskírteina til ógildingar á skírteinum.

Rekstrarfélag ber ábyrgð á rekstri verðbréfasjóða og sjóðsdeilda og kemur fram fyrir þeirra hönd.

17. gr.
Rekstur verðbréfasjóða.

Rekstur verðbréfasjóða felst m.a. í eftirfarandi verkefnum:

1. Fjárfestingum í samræmi við fjárfestingarstefnu.
2. Umsýslu:
   a. Bókhalds- og lögfræðiþjónustu.
   b. Þjónustu við viðskiptavini.
   c. Mati á verðmæti verðbréfa og annarra eigna.
   d. Innra eftirliti.
   e. Að halda og uppfæra skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina.
   f. Útreikningi innlausnarvirðis.
   g. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina.
   h. Uppgjöri viðskipta.
   i. Vörslu hlutdeildarskírteina og gagna um viðskipti.
3. Áhættustýringu.
4. Markaðssetningu.

18. gr.
Útvistun verkefna rekstrarfélags.

Rekstrarfélagi er aðeins heimilt að fela öðrum aðilum verkefni þau sem kveðið er á um í 17. gr. að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélagi er þó aldrei heimilt að útvista öll verkefni skv. 17. gr. Meiri hluti verkefna skv. 1. tölul. 17. gr. skal unninn innan rekstrarfélags. Rekstrarfélag skal tryggja að þjónustuaðili hafi hæfni, getu og öll leyfi, sem krafist er samkvæmt lögum, til að inna af hendi útvistuð verkefni af áreiðanleika og fagmennsku. Verkefni skv. 1. tölul. 17. gr. er ekki heimilt að fela vörslufyrirtæki eða öðru félagi fari hagsmunir þess ekki saman við hagsmuni rekstrarfélags og eigenda hlutdeildarskírteina.

Ábyrgð rekstrarfélags gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina helst óbreytt þó að það feli öðru fyrirtæki hluta af verkefnum sínum skv. 17. gr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um útvistun verkefna rekstrarfélaga.

19. gr.
Góðir viðskiptahættir og venjur.

Rekstrarfélag skal starfrækja verðbréfasjóð í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.

C. Vörslufyrirtæki.

20. gr.
Starfsemi vörslufyrirtækis.

Umsjá og varðveisla eigna verðbréfasjóðs skal falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins. Fjármunum verðbréfasjóðs skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis. Vörslufyrirtæki skal:

1. tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari samkvæmt lögum og reglum hlutaðeigandi aðila,
2. tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur hlutaðeigandi aðila,
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila,
4. tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. tryggja að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

21. gr.
Viðurkenndir aðilar.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og útibú hliðstæðra erlendra fyrirtækja sem starfa hér á landi geta hlotið viðurkenningu sem vörslufyrirtæki.

Óheimilt er að skipta um vörslufyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.

22. gr.
Ábyrgð.

Vörslufyrirtæki ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 20. gr.

Vörslufyrirtæki er heimilt að fela öðru fyrirtæki, sem hæft er til að hljóta viðurkenningu skv. 21. gr. eða hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki og lýtur sambærilegu eftirliti og félög skv. 21. gr., varðveislu verðbréfa verðbréfasjóðs að hluta eða öllu leyti. Nú felur vörslufyrirtæki öðru fyrirtæki varðveislu verðbréfa verðbréfasjóðs og hefur það engin áhrif á ábyrgð vörslufyrirtækis gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina skv. 1. mgr.

D. Hlutdeildarskírteini.

23. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina.

Rekstrarfélag gefur út skilríki fyrir eignarréttindum að verðbréfasjóði í formi hlutdeildarskírteinis, sbr. þó 3. mgr.

Allir sem eiga hlutdeild að verðbréfasjóði eða einstakri deild hans eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar, í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar.

Rekstrarfélagi er ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema eigendur þeirra óski eftir því enda geti þeir hvenær sem er aflað sér staðfestingar á hlutdeild sinni með öðrum hætti.

Séu hlutdeildarskírteini gefin út sem rafbréf í verðbréfamiðstöð gilda um útgáfuna lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Hlutdeildarskírteini skulu skráð á nafn eða á safnreikning, sbr. lög um verðbréfaviðskipti.

Hlutdeildarskírteini eru undanþegin greiðslu stimpilgjalda.

24. gr.

Upplýsingar í hlutdeildarskírteini.

Í hlutdeildarskírteini skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram, sbr. þó 4. og 5. mgr. 23. gr.:

1. Nafn verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis og rekstrarfélags.
2. Nafn og kennitala upphaflegs eiganda skírteinis.
3. Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
4. Nafn og kennitala framsalshafa hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess.

Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn rekstrarfélags. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

25. gr.

Skrá yfir hlutdeildarskírteini.

Rekstrarfélag skal halda skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Í skránni skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram:

1. Nafn og kennitala eiganda.
2. Söludagur skírteinis.
3. Nafnverð skírteinis.
4. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

Tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til rekstrarfélags. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrána og heimildar tilkynningar getið, sbr. þó 4. mgr. 23. gr.

Ef hlutdeildarskírteini er skráð á safnreikning skal viðkomandi fjármálafyrirtæki veita rekstrarfélagi upplýsingar um nöfn og kennitölur raunverulegra eigenda, nafnverð skírteina og kaupdag þeirra hvenær sem rekstrarfélag óskar þess en þó eigi sjaldnar en mánaðarlega.

26. gr.
Staðgreiðsla.

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

E. Innlausn.

27. gr.
Innlausnarskylda.

Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum verðbréfasjóðsins.

Þrátt fyrir 1. mgr. er rekstrarfélagi heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal ekki vara lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og hlutdeildarskírteinishöfum og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

Er frestun á innlausn lýkur skal tilkynna opnun sjóða með sama hætti og getur í 2. mgr. Vari frestun lengur en fjórar vikur samfellt skal tilkynna opnun sjóða með bréfi til hlutdeildarskírteinishafa eða öðrum sambærilegum hætti svo fljótt sem auðið er.

Eftirlitsaðilum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs hafa verið sett á markað, skal tilkynnt um frestun innlausna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

28. gr.
Útreikningur innlausnarvirðis.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og mat á markaðsvirði eigna.

29. gr.
Auglýsing innlausnarvirðis.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða skal reiknað daglega og auglýst opinberlega eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að opinber auglýsing innlausnarvirðis skuli fara fram oftar ef ástæða þykir til.

F. Fjárfestingarheimildir.

30. gr.
Fjármálagerningar og innlán.

Fjárfestingarheimildir samkvæmt þessum kafla taka til verðbréfasjóðs eða, sé hann deildaskiptur skv. 12. gr., til einstakra deilda hans. Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í eftirtöldu:

1. Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:
   a. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir,
   b. ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða
   c. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.
2. Nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en 180 dögum frá útgáfu þeirra.
3. Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu enda sýni verðbréfasjóðir fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir lúti sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskírteinishafa sé tryggð með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin sé út ársskýrsla og árshlutauppgjör að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Óheimilt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta, samkvæmt reglum sínum, meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
4. Innlánum fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánum fjármálafyrirtækja með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að fjármálafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innlán samkvæmt þessum tölulið verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.
5. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilyrðum 1. tölul. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.
6. Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóðs í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega með áreiðanlegum hætti. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.
7. Peningamarkaðsgerningum sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða.

31. gr.

Aðrar eignir.

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. er verðbréfasjóði heimilt að binda sem svarar allt að 10% af eignum sínum í óskráðum framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Verðbréfasjóður getur óskað eftir heimild Fjármálaeftirlitsins til að eiga meira en 10% í reiðufé eða seljanlegum eignum.

32. gr.

Yfirtaka eigna og hrávörur.

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

33. gr.

Eftirlit með áhættu.

Rekstrarfélög skulu hafa yfir að ráða eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafns verðbréfasjóða á hverjum tíma. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um slíkt eftirlitskerfi.

34. gr.

Afleiðuviðskipti.

Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem samanlögð áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna sé undir þeim mörkum sem um getur í 35. gr. Eftirlitskerfi skv. 33. gr. skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Verðbréfasjóðir skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að verðbréfasjóður víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útboðslýsingu.

Ef verðbréf eða peningamarkaðsgerningur felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

35. gr.

Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda.

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda:

1. meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda, eða

2. meira en 20% af eignum sínum í innlánum sama fjármálafyrirtækis.

Mótaðilaáhætta vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða má ekki vera umfram:

1. 10% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki utan þess sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt,
2. 5% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er annar en fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul., en lýtur þó eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá fjármálafyrirtæki eða afleiðna sem gerðar eru utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má heildarfjárfesting í viðskiptum við sama aðila, í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánum og afleiðusamningum utan skipulegra verðbréfamarkaða, samtals ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs. Ekki skal tekið tillit til verðbréfa samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Takmarkanir skv. 1.–5. mgr. er óheimilt að leggja saman. Verðbréfasjóði er því óheimilt að binda meira en 20% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánum eða afleiðum sama útgefanda eða 35% af verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sama útgefanda, sbr. 5. mgr.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Traust verðbréf skv. 38. gr. eru undanþegin ákvæðum 8. og 9. mgr.

Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

36. gr.
Vísitölusjóðir.

Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspegla tiltekna hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega og endurspegla viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísitölunni er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í hlutabréfum eða skuldabréfum eins útgefanda.

37. gr.

Peningamarkaðssjóðir.

Fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða takmarkast af 35. gr.

Peningamarkaðssjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsgerningum eins og þau eru skilgreind í lögum þessum, afleiðum tengdum þessum skjölum og innlánum, sbr. 4. tölul. 30. gr.

Hámarkslíftími einstakra verðbréfa skal ekki vera lengri en 397 dagar og meðallíftími eignasafns peningamarkaðssjóðs má að hámarki vera 180 dagar.

38. gr.

Traust verðbréf.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 5. mgr. 35. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Skýrt skulu koma fram í reglum verðbréfasjóðs og útboðslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í skv. 1. mgr.

39. gr.

Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Þó skal verðbréfasjóður ekki binda meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.

Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Verðbréfasjóði eða einstakri deild hans er óheimilt að fjárfesta meira en 50% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags.

40. gr.

Takmarkanir á eignasafni.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa, þó aldrei umfram 25% í hverri útgáfu,
3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
4. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda.

41. gr.

Lán og ábyrgðir.

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 30. gr. Þó er heimilt að veita verðbréfalán sem hluta af eðlilegri áhættustýringu. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um verðbréfalán verðbréfasjóða.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

42. gr.
Skortsala.

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

43. gr.
Ráðstafanir til úrbóta.

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skal Fjármálaeftirlitinu án tafar tilkynnt um það og skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.

G. Markaðssetning utan heimalands.

44. gr.
Markaðssetning verðbréfasjóða með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi.

Erlendur verðbréfasjóður með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins getur markaðssett skírteini sín hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá verðbréfasjóðnum. Hið sama gildir um starfsemi svissneskra og færeyskra verðbréfasjóða, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til verðbréfasjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda. Tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi gögn:

1. Yfirlýsing lögbærra eftirlitsaðila í heimaríki verðbréfasjóðsins um að hann hafi staðfestingu í því ríki og uppfylli að öðru leyti settar kröfur í tilskipunum Evrópusambandsins um sjóði um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum.
2. Reglur verðbréfasjóðsins.
3. Útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu. Útboðslýsing skal hafa að geyma upplýsingar skv. 6. tölul. þessarar málsgreinar.
4. Endurskoðaður ársreikningur næstliðins árs, sé hann fyrirliggjandi, og síðari hálfsársuppgjör.
5. Lýsing á framkvæmd fyrirhugaðrar starfsemi eða markaðssetningar hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðsins, m.a. hverjir muni annast sölu hlutdeildarskírteina og hafa lögformlega heimild til innlausnar fyrir hönd verðbréfasjóðsins og hver væntanlegur markhópur fjárfesta verður.
6. Upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir verðbréfasjóðsins til að tryggja rétt eigenda skírteina til útgreiðslu hagnaðar, innlausnar hlutdeildarskírteina og þeirra upplýsinga sem sjóðnum er skylt að miðla, m.a. upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir sjóðsins til að tryggja rétt viðskiptamanna ef sjóðurinn hyggst hætta starfsemi eða markaðssetningu hérlendis.

Fjármálaeftirlitið getur hafnað því að verðbréfasjóður skv. 1. mgr. hefji markaðssetningu hér á landi ef ráðstafanir skv. 6. tölul. 1. mgr. eru ekki fullnægjandi eða markaðssetningin stríðir að öðru leyti gegn ákvæðum laga. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja synjun skriflega til verðbréfasjóðsins áður en frestur skv. 1. mgr. rennur út. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að stytta frest skv. 1. mgr. enda hafi öll tilskilin gögn borist því og einnig er því heimilt að lengja frest skv. 1. mgr. þurfi að kalla eftir frekari gögnum eða ef ástæða er til að ætla að til höfnunar komi.

Fjármálaeftirlitið gengur úr skugga um eftirlit með verðbréfasjóðnum í heimaríkinu, starfsheimildir hans og starfsemi.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu þegar tilkynntar Fjármálaeftirlitinu.

45. gr.

Markaðssetning fjárfestingarsjóða (Non-UCITS).

Aðrir sjóðir sem hyggjast hefja markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hluta sinna hér á landi skulu sækja um heimild til Fjármálaeftirlitsins og samhliða senda Fjármálaeftirlitinu þau gögn sem tilgreind eru í 2.–6. tölul. 1. mgr. 44. gr. Auk þess skal senda eftirfarandi gögn:

1. Yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi heimaríkis sjóðsins þar sem fram komi að sjóðurinn og rekstrarfélag hans hafi staðfestingu eða starfsleyfi í samræmi við löggjöf heimaríkisins og lúti eftirliti þess, þ.m.t. vegna athafna þess hérlendis.
2. Yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi heimaríkis sjóðsins þess efnis að það sé reiðubúið að veita sambærilegum íslenskum sjóðum heimild til markaðssetningar í viðkomandi ríki. Ríki sem falla undir svæði A í viðauka I í reglum nr. 530/2003, um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja, eru undanþegin þessum tölulið.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu þegar tilkynntar Fjármálaeftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið getur veitt samþykki fyrir því að sjóður skv. 1. mgr. hefji markaðssetningu hér á landi ef ákvæði 1. mgr. eru uppfyllt og ráðstafanir skv. 6. tölul. 1. mgr. 44. gr. eru fullnægjandi og markaðssetningin stríðir að öðru leyti ekki gegn ákvæðum laga. Ef Fjármálaeftirlitið hafnar markaðssetningu skal það rökstyðja synjun skriflega til sjóðsins.

46. gr.

Heimild til að banna starfsemi erlendra verðbréfasjóða.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna erlendum verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði að markaðssetja skírteini sín hér á landi hafi hlutaðeigandi verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur endurnýjað heimild sjóðsins til markaðssetningar geti sjóðurinn sýnt fram á að hann muni uppfylla skilyrði laga þessara.

47. gr.

Undanþága.

Undanþegnir ákvæðum 44. og 45. gr. eru erlendir verðbréfasjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu eru boðnir eða markaðssettir, án almennrar auglýsingar eða kynningar, til fagfjárfesta samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.

Sjóðir sem eingöngu hyggjast markaðssetja hluti eða hlutdeildarskírteini sín til fagfjárfesta hér á landi skulu fyrir fram tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins, ásamt upplýsingum

um heimaríki sjóðsins, rekstraraðila og heimilisfang hans, hvort sjóður lúti reglubundnu eftirliti, ásamt öðrum upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar.

48. gr.
Markaðssetning íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands.

Hyggist verðbréfasjóður markaðssetja hlutdeildarskírteini sín utan Íslands skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og eftirlitsaðila í því landi þar sem markaðssetning er fyrirhuguð.

H. Upplýsingagjöf.

49. gr.
Ársreikningur og árshlutauppgjör.

Í ársreikningi og árshlutauppgjörum rekstrarfélags skulu sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóð eða sérhverja deild hans. Ráðherra er heimilt að gefa út reglugerð sem kveður nánar á um sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóði í ársreikningum og árshlutauppgjörum rekstrarfélaga.

50. gr.
Sundurliðun fjárfestinga.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða skal senda Fjármálaeftirlitinu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga verðbréfasjóða á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

51. gr.
Útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu.

Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu fyrir verðbréfasjóð.

Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í viðkomandi verðbréfasjóði. Í útdrætti úr útboðslýsingu skal draga fram meginatriði útboðslýsingar.

Rekstrarfélag skal senda Fjármálaeftirlitinu útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu í kjölfar breytinga á þeim.

52. gr.
Nánari upplýsingar í útboðslýsingu.

Í útboðslýsingu verðbréfasjóðs skal á ítarlegan hátt lýsa fjárfestingarstefnu sjóðsins og, ef við á, einstakra deilda hans og tilgreina þær tegundir fjárfestinga sem honum eru heimilar samkvæmt reglum sjóðsins.

Í útboðslýsingu skal tilgreina hvort sjóði, eða einstakri deild hans, er heimilt að fjárfesta í afleiðum og, sé slíkt heimilt, hvort fjárfestingin takmarkist við að lágmarka áhættu og fastsetja hagnað vegna verðsveiflna eða hvort hún sé liður í fjárfestingarstefnu.

Nú er verðbréfasjóði, eða einstakri deild hans, heimilt samkvæmt reglum sjóðsins að fjárfesta í afleiðum og skal þá í útboðslýsingu lýsa á ítarlegan hátt hugsanlegum áhrifum afleiðna á áhættu fjárfestinga hlutdeildarskírteinishafa í sjóðnum.

Ef bókfært virði eigna verðbréfasjóðs, eða einstakrar deildar hans, er líklegt til að sveiflast mikið vegna samsetningar verðbréfasamvals hans eða aðferða sem beitt er við stjórnun verðbréfasamvals skal vakin sérstök athygli á því á áberandi hátt í útboðslýsingu og öðrum kynningarritum.

Fjárfesti verðbréfasjóður verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal í útboðslýsingu hans tilgreina hámarksstjórnunar-

kostnað sem verðbréfasjóðurinn sjálfur og hinir sjóðirnir skulu bera. Í ársreikningi verðbréfasjóðsins skal tilgreina hámarkshlutfall stjórnunarkostnaðar sem annars vegar verðbréfasjóðurinn sjálfur og hins vegar hinir sjóðirnir, sem hann fjárfestir í, bera.

Rekstrarfélagi er skylt að afhenda, óski eigandi hlutdeildarskírteinis í verðbréfasjóði eftir því, upplýsingar um aðferðafræði sjóðsins við áhættustýringu eigna sjóðsins með tilliti til áhættu og væntrar ávöxtunar í fjárfestingum sjóðsins undangengin missiri.

Í útboðslýsingu skal koma fram hvaða verkefnum rekstrarfélagið hefur útvistað skv. 18. gr.

Nánar er unnt að kveða á um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingum vegna verðbréfasjóða í reglugerð, m.a. um hvaða upplýsingar skuli birta í útboðslýsingum og útdráttum úr þeim.

53. gr.

Aðgengi að upplýsingum.

Útdráttur úr útboðslýsingu skal boðinn fjárfesti endurgjaldslaust áður en viðskipti með hlutdeildarskírteini fara fram. Útboðslýsing auk ársreiknings og hálfsársuppgjörs skal ávallt vera fjárfesti í verðbréfasjóði aðgengileg endurgjaldslaust.

Ársreikningur og hálfsársuppgjör skulu vera almenningi aðgengileg með þeim hætti sem kveðið er á um í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu og Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Gildandi reglur verðbréfasjóðs, útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skulu vera aðgengileg almenningi.

54. gr.

Þóknun.

Rekstrarfélög skulu kunngera fjárfestum í verðbréfasjóði fyrir fram hvaða þóknun þau muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina með hæfilegum fyrirvara.

Ef verðbréfasjóður fjárfestir í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnað er beint eða með umboði af sama rekstrarfélagi, eða öðru félagi sem rekstrarfélagið tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum.

55. gr.

Kynningarstarfsemi.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi þessara aðila.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skulu m.a. eftirfarandi atriði koma fram:

1. hvort sjóður sé verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður,
2. heiti rekstrarfélags,
3. upplýsingar um áhættu verðbréfasjóðs,
4. tilvísun í útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu og hvar megi nálgast þau gögn.

Á heimasíðu rekstrarfélags og í öðru kynningarefni einstakra sjóða skulu koma fram sömu upplýsingar og kveðið er á um í 2. mgr. auk þess sem birta skal upplýsingar um tíu stærstu útgefendur í eignasafni sjóðsins ásamt upplýsingum um hlutfall fjárfestingar í hverjum aðila.

Einnig skal birta þar nafn- og raunávöxtun verðbréfasjóðs síðustu þriggja reikningsára. Upplýsingar um stærstu útgefendur sjóðsins skal uppfæra að minnsta kosti á sex vikna fresti. Jafnframt skulu gögn skv. 53. gr. vera aðgengileg á heimasíðu.

Verðbréfasjóði er óheimilt að umreikna ávöxtun eins tímabils á annað lengra tímabil.

56. gr.

Tilkynning um áhættu.

Rekstrarfélagi ber að greina fjárfestum frá þeirri áhætttu sem felst í fjárfestingu í verðbréfasjóði áður en viðskipti eiga sér stað.

III. KAFLI

Fjárfestingarsjóðir.

57. gr.

Tilvísanir í II. kafla.

Rekstrarfélag gefur út skilríki fyrir eignarréttindum að fjárfestingarsjóði í formi hlutdeildarskírteinis. Um fjárfestingarsjóði samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði II. kafla A–D og H.

Fjárfestingarsjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarsjóður“.

58. gr.

Innlausn.

Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða samkvæmt þessum kafla eru innlausnarskyld. Um innlausn fjárfestingarsjóða fer samkvæmt reglum sjóðs. Rekstrarfélagi er skylt að vekja sérstaka athygli viðskiptavinar á þeim reglum sem gilda um innlausnarskyldu sjóðs.

Þrátt fyrir 1. mgr. er fjárfestingarsjóðum heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal ekki standa lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Er frestun á innlausn lýkur skal tilkynna opnun sjóða með sama hætti og getur í 2. mgr. Standi frestun lengur en fjórar vikur samfellt skal tilkynna opnun sjóða með bréfi til hlutdeildarskírteinishafa eða öðrum sambærilegum hætti.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóða er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðs við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina.

59. gr.

Fjárfestingarheimildir.

Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. 30.–43. gr. eiga við um fjárfestingar fjárfestingarsjóða með þeim undantekningum sem fram koma í 2.–7. mgr. Nýti fjárfestingarsjóður heimildir þessa ákvæðis skal þess skýrlega getið í reglum sjóðsins.

Ákvæði 3. tölul. 30. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða allt að 20% af eignum sínum.

Ákvæði 1. mgr. 31. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum. Fjárfesting í verðbréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Ákvæði 35. gr. gilda ekki um fjárfestingarsjóði. Um hámark fjárfestingar fjárfestingarsjóða í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda gilda eftirfarandi reglur:

1. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að:
   a. binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda, enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í verðbréfum eins útgefanda,
   b. binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálafyrirtækis,
   c. binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt,
   d. binda allt að 35% í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum útgefnum af sama útgefanda en þá er einungis heimilt að fjárfesta yfir 20% í bréfum frá einum útgefanda. Þá er fjárfestingarsjóði heimilt að binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálafyrirtækis. Samanlögð fjárfesting fjárfestingarsjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%,
   e. binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum fjárfestingarsjóðs.
2. Ekki er heimilt að leggja saman takmarkanir er koma fram í a- og d-lið 1. tölul.
3. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari málsgrein.
4. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.
5. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.
6. Traust verðbréf skv. 38. gr. laganna eru undanþegin ákvæðum 4. og 5. tölul. 4. mgr.
7. Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

Ákvæði 2. mgr. 39. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í fjárfestingarsjóðum. Fjárfesting í sama fjárfestingarsjóði má ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Fjárfestingarsjóðum er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

Ákvæði 42. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

IV. KAFLI
Fagfjárfestasjóðir.

60. gr.
Fagfjárfestasjóðir í rekstri rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Rekstrarfélögum verðbréfasjóða er heimilt að stofna sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki veita viðtöku fé frá almenningi (fagfjárfestasjóði) og gefa út hlutdeildarskírteini. Ákvæði 23.–25. gr. um hlutdeildarskírteini gilda um sjóði samkvæmt þessari grein.

Rekstrarfélag ber ekki ábyrgð á skuldbindingum einstakra fagfjárfestasjóða og standa einvörðungu eignir hvers sjóðs til fullnustu skuldbindingum hvers þeirra. Ákvæði þetta víkur ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags.

61. gr.
Aðrir fagfjárfestasjóðir.

Öðrum en rekstrarfélögum verðbréfasjóða er heimilt að stofna sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki veita viðtöku fé frá almenningi (fagfjárfestasjóði) og gefa út hlutabréf eða hlutdeildarskírteini. Fagfjárfestasjóð má stofna sem hlutafélag eða í öðru félagaformi. Ef sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini gilda ákvæði 23.–25. gr. eftir því sem við á.

62. gr.
Sameiginleg ákvæði.

Óheimilt er að markaðssetja eða koma fagfjárfestasjóði á framfæri við almenning.

Fagfjárfestasjóður skal tryggja að viðskiptavinir sínir uppfylli skilyrði fyrir því að farið sé með þá sem fagfjárfesta, sbr. ákvæði laga um verðbréfasjóði.

Setja skal fagfjárfestasjóði reglur og fjárfestingarstefnu sem skulu ávallt vera fjárfestum aðgengilegar. Fagfjárfestasjóður skuldbindur sig til að fylgja eftir þeirri fjárfestingarstefnu sem hann setur sér. Í reglum sjóðsins skal tilgreina eðli og ástæður mögulegra hagsmunaárekstra.

Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu um stofnun fagfjárfestasjóðs innan eins mánaðar frá stofnun hans. Samhliða tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skal senda Fjármálaeftirlitinu reglur og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um sjóðstjóra og framkvæmdastjóra. Allar síðari breytingar á framangreindu skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu tafarlaust.

Fagfjárfestasjóður skal veita upplýsingar um eignasafn sjóðsins í ársreikningi og hálfsársuppgjöri sem skal ávallt vera aðgengilegt fjárfestum.

Sjóðstjórar skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum, sbr. 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Fagfjárfestasjóðir skulu gefa Fjármálaeftirlitinu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga vegna sjóða í rekstri þeirra á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Ábyrgð rekstrarfélags eða fagfjárfestasjóðs gagnvart hlutdeildarskírteinishöfum eða hluthöfum helst óbreytt þótt þriðja aðila sé falinn hluti verkefna sem tengjast rekstri sjóðsins.

Ákvæði 19. gr. um góða viðskiptahætti og 63. gr. um eftirlit gilda um sjóði samkvæmt þessum kafla.

V. KAFLI
Eftirlit og reglugerð.

63. gr.
Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða, sem og rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja slíkra sjóða, sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skal Fjármálaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum sem lögin taka til og það telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi aðila skv. 1. mgr. brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim, eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust, getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

64. gr.
Reglugerð.

Lög þessi heyra undir efnahags- og viðskiptaráðherra og er honum heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð. Í reglugerð er m.a. heimilt að kveða á um fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, góða viðskiptahætti, útvistun verkefna rekstrarfélaga, innlausnarvirði, markaðssetningu utan heimalands, heimildir til markaðssetningar annarra sjóða en verðbréfasjóða utan heimalands og upplýsingagjöf verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og eftirlit með fagfjárfestasjóðum. Í reglugerðinni er einnig heimilt að kveða á um notkun afleiðusamninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og aðferðir til að meta áhrif þeirra á áhættu eignasafns sjóðanna.

VI. KAFLI
Viðurlög.

65. gr.
Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðum:

1. 3. mgr. 1. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis,
2. 2. mgr. 3. gr. um skyldu til að tilkynna breytingar á áður skráðum upplýsingum,
3. 3. mgr. 4. gr. um bann við því að breyta verðbréfasjóðum í aðra tegund sjóðs um sameiginlega fjárfestingu,
4. 10. gr. um einkarétt verðbréfasjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið verðbréfasjóður,
5. 3. mgr. 11. gr. um breytingu á reglum verðbréfasjóðs,
6. 4. mgr. 11. gr. um tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa um breytingu á reglum sjóðsins,

7. 1. mgr. 14. gr. um að framkvæmdastjórar rekstrarfélaga og sjóðstjórar skuli hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum,
8. 3. mgr. 14. gr. um tilkynningar um breytingu á sjóðstjórum og framkvæmdastjórum,
9. 15. gr. um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélags gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki verðbréfasjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
10. 1. mgr. 18. gr. um útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóðs,
11. 20. gr. um starfsemi vörslufyrirtækis verðbréfasjóða,
12. 2. mgr. 21. gr. um að óheimilt sé að skipta um vörslufyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins,
13. 1. mgr. 25. gr. um skyldu rekstrarfélags til að halda skrá yfir hlutdeildarskírteinishafa,
14. 29. gr. um auglýsingu innlausnarvirðis,
15. 30.–43. gr. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða,
16. 1. mgr. 44. gr. um markaðssetningu verðbréfasjóðs með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi,
17. 1. mgr. 45. gr. um markaðssetningu fjárfestingarsjóðs hér á landi,
18. 2. mgr. 47. gr. um tilkynningu erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
19. 48. gr. um markaðssetningu íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands,
20. 49.–55. gr. um upplýsingagjöf verðbréfasjóða,
21. 56. gr. um tilkynningu um áhættu,
22. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 4. gr., um breytingu á fjárfestingarsjóðum í aðra tegund sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
23. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 11. gr., um breytingu á reglum fjárfestingarsjóðs,
24. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 4. mgr. 11. gr., um tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa um breytingu á reglum sjóðsins,
25. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., um að framkvæmdastjórar rekstrarfélaga og sjóðstjórar skuli hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum,
26. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 14. gr., um tilkynningar um breytingu á sjóðstjórum og framkvæmdastjórum,
27. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 15. gr., um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélags gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki fjárfestingarsjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
28. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr., um útvistun verkefna rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs,
29. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 20. gr., um starfsemi vörslufyrirtækis fjárfestingarsjóða,
30. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 2. mgr. 21. gr., um að óheimilt sé að skipta um vörslufyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins,
31. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 49.–55. gr., um upplýsingagjöf fjárfestingarsjóða,
32. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 56. gr., um tilkynningu um áhættu,
33. 2. mgr. 57. gr. um einkarétt fjárfestingarsjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið fjárfestingarsjóður,
34. 59. gr. um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða,
35. 1. mgr. 62. gr. um að óheimilt sé að markaðssetja fagfjárfestasjóð til almennings,
36. 1. mgr. 60. gr., 61. gr. og 4. mgr. 62. gr. um stofnun fagfjárfestasjóða og tilkynningu um stofnun sjóðanna til Fjármálaeftirlitsins,

37. 4. mgr. 62. gr. um skyldu fagfjárfestasjóða til að senda Fjármálaeftirlitinu gögn og tilkynningar,
38. 6. mgr. 62. gr. um að sjóðstjórar skuli hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum,
39. 7. mgr. 62. gr. um skýrslugjöf rekstraraðila fagfjárfestasjóða til Fjármálaeftirlitsins varðandi sundurliðun fjárfestinga vegna sjóða í þeirra rekstri og önnur ákvæði sem gilda um fagfjárfestasjóði,
40. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 66. gr.

Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflega eða ítrekað gegn 19. gr. um góða viðskiptahætti.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leggja stjórnvaldssekt á rekstraraðila verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða fagfjárfestasjóðs brjóti hann gróflega eða ítrekað gegn fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

66. gr.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

67. gr.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

68. gr.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

69. gr.

Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 3. mgr. 1. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. um að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis,
2. 3. mgr. 4. gr. um bann við því að breyta verðbréfasjóðum í aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu,
3. 2. mgr. 15. gr. um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélags gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki verðbréfasjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
4. 1. mgr. 18. gr. um útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóðs,
5. 20. gr. um starfsemi vörslufyrirtækis verðbréfasjóða,
6. 30.–43. gr. um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða,
7. 1. mgr. 44. gr. um markaðssetningu verðbréfasjóðs með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi,
8. 49.–55. gr. um upplýsingagjöf verðbréfasjóða,
9. 56. gr. um tilkynningu um áhættu,
10. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 3. mgr. 4. gr., um breytingu á fjárfestingarsjóðum í aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu,
11. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr., um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélags gagnvart móðurfélagi þess og vörslufyrirtæki fjárfestingarsjóða og skyldu rekstrarfélaga til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi,
12. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr., um útvistun verkefna rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs,
13. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 20. gr., um starfsemi vörslufyrirtækis fjárfestingarsjóða,
14. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 49.–55. gr., um upplýsingagjöf fjárfestingarsjóða,
15. 2. málsl. 1. mgr. 57. gr., sbr. 56. gr., um tilkynningu um áhættu,
16. 59. gr. um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða.

70. gr.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

71. gr.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

72. gr.
Innleiðing.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007 sem birt var 21. febrúar 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9/2008.

73. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2011 og falla þá úr gildi lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Rekstraraðilar fagfjárfestasjóða sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu hafa tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um stofnun fagfjárfestasjóðs skv. 60. og 61. gr. fyrir 1. desember 2011.

II.

Skýrsluskil fagfjárfestasjóða skv. 62. gr. skulu hefjast 31. desember 2011.

III.

Starfandi sjóðstjórar skulu hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum í síðasta lagi tveimur árum eftir gildistöku laganna.

1891. Nefndarálit [898. mál]

um frv. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, l. nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ögmund Hrafn Magnússon og Guðrúnu Þorleifsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Óskar H. Albertsson og Bjarna Amby Lárusson frá ríkisskattstjóra, Hörð Davíð Harðarson og Jóhönnu Guðbjartsdóttur frá tollstjóra og Kolbrúnu Halldórsdóttur og Hrafnhildi Sigurðardóttur frá Bandalagi íslenskra listamanna.

Frumvarpið er lagt fram af efnahags- og skattanefnd og eru þar lagðar til nokkrar breytingar á lögum um virðisaukaskatt, tollalögum og lögum um vörugjald.

Á fundum nefndarinnar komu fram ábendingar af hálfu skattyfirvalda um að ekki væri fullt samræmi í orðalagi a- og b-liðar 1. gr. þar sem að í tilviki bóka væri talað um „rafræna útgáfu“ en í tilviki tónlistar um „stafræna dreifingu“. Með hliðsjón af því leggur nefndin til að í báðum tilvikum verði orðalagið „rafræn útgáfa“ notað en eins og segir í athugasemdum frumvarpsins er með því orðalagi átt við að afhending fari fram í formi rafrænnar þjónustu hvort sem um er að ræða niðurhal, vefáskrift, streymi eða annað. Skilningur nefndarinnar er enn fremur sá að rafrænar hljóðbækur falli ótvírætt undir lægra þrep virðisaukaskattsins.

Eins og um getur í athugasemdum frumvarpsins er varða skilgreiningu á bókartexta falla nótnabækur samkvæmt gildandi rétti í neðra þrep virðisaukaskattsins ef texti fylgir. Nefndin leggur til þá breytingu að allar nótnabækur falli í neðra þrepið enda þótt þær innihaldi einungis nótnatexta.

Nefndin leggur til að orðalagi a-liðar 1. gr. verði breytt með hliðsjón af framangreindu. Þá þykir ástæða til að taka fram að b-liður greinarinnar tekur til tónlistar án myndar.

Við umfjöllun málsins gerði fjármálaráðuneyti grein fyrir óljósum áhrifum 2. gr. frumvarpsins á tekjur og gjöld ríkissjóðs en fram kom að breytingin væri m.a. gerð með hliðsjón af því að skil á virðisaukaskatti í þeim tilvikum sem greinin fjallaði um hefðu ekki verið góð. Breyting frumvarpsins fælist í því að færa ábyrgð á innheimtu og skilum á virðisaukaskatti frá kaupendum hér á landi yfir á erlenda seljendur rafrænnar þjónustu. Nokkrar áhyggjur komu fram af því hvernig framfylgd ákvæðisins og eftirliti yrði háttað gagnvart hinum erlendu söluaðilum en ábendingar komu fram um að setja þyrfti nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæðisins í reglugerð. Til að mynda væri eftir að útfæra framtíðarfyrirkomulag á viðmóti og skráningu hinna erlendu aðila en skattyfirvöld ráðgera að í upphafi verði notuð svokölluð umboðsmannaleið við skráningu sem nú væri í gildi samkvæmt virðisaukaskattslögum. Fjármálaráðuneytið telur að útfærslan kalli ekki á frekari lagabreytingar.

Fjármálaráðuneytið lagði einnig áherslu á að tillögur frumvarpsins um niðurfellingu tolla og vörugjalda á vörutegundir í tilgreindum tollflokkum yrðu einskorðaðar við vörugjöld. Sjónarmið ráðuneytisins var það að æskilegra væri að fella tolla niður í tvíhliða samningum í stað slíkrar einhliða breytingar. Þá bentu fulltrúar tollstjóra á að niðurfellingin snerti fleiri vörutegundir en þær sem til er vísað í frumvarpinu og að af því gæti hlotist nýtt misræmi. Bentu þeir á að skoða mætti aðrar leiðir samfara fyrirhuguðum breytingum á tollskrá um næstu áramót til að ná því marki sem að væri stefnt.

Loks ræddi nefndin athugasemdir Bandalags íslenskra listamanna varðandi breytingar á virðisaukaskattslögum sem til er vísað í athugasemdum frumvarpsins auk þess sem almennt

var rætt um þá rótgrónu meginreglu á sviði skattaréttar að túlka beri undanþágur frá skattalögum þröngt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 14. gr. laganna:
   a. 6. tölul. orðast svo: Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, þ.m.t. nótnabóka með og án texta, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka. Sama gildir um sölu á geisladiskum og öðrum sambærilegum miðlum með bókartexta, sem og sölu á rafrænum útgáfum slíkra bóka.
   b. Við 10. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sölu á rafrænni útgáfu á tónlist án myndar.

Tryggvi Þór Herbertsson, Árni Þór Sigurðsson og Lilja Rafney Magnúsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. sept. 2011.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.	Birkir Jón Jónsson.
Pétur H. Blöndal.	Magnús Orri Schram.	Lilja Mósesdóttir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti.
tekju- og skattaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp efnahags- og skattanefndar um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Efnahags- og skattanefnd hefur óskað eftir umsögn tekju- og skattaskrifstofu um frumvarp nefndarinnar sem samanstendur af breytingum á lögum um virðisaukaskatt, lögum um vörugjald og tollalögum. Umsögn tekju- og skattaskrifstofu um einstakar greinar frumvarpsins fylgir hér með, en jafnframt er vísað til þeirra upplýsinga og athugasemda sem sérfræðingar skrifstofunnar hafa þegar komið á framfæri við nefndina, m.a. á formlegum fundum hennar.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Þar er lagt til að vöru- og þjónustuflokkum sem falla í 7% þrep í virðisaukaskatti verði fjölgað. Í fyrsta lagi er um að ræða geisladiska og aðra sambærilega miðla með bókartexta, í öðru lagi sölu á rafrænum útgáfum af bókartexta og í þriðja lagi sölu á rafrænni útgáfu á tónlist án myndar.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem skattyfirvöld hafa yfir að ráða er ekki mögulegt að aðgreina virðisaukaskattsskylda veltu vegna ofangreindra vöru- og þjónustuflokka frá annarri sölu. Sala á öllum þessum flokkum ber samkvæmt gildandi lögum 25,5% virðisaukaskatt og það tekjutap sem reikna má með að verði við færslu þessara flokka í 7% skattþrep virðisaukaskatts liggur því ekki fyrir. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að annað ríki í Evrópu hafi aðgreint sölu á rafrænum bókartexta og tónlist með þessum hætti og fært í lægra skattþrep virðisaukaskatts. Auk þess má nefna að skattlagning bóka og tónlistar í lægra vsk-þrepi samræmist ekki reglum Evrópusambandsins um álagningu virðisaukaskatts.

Verði 1. gr. frumvarpsins að lögum mun rafrænt afhent þjónusta á eðlislíkum tegundum þjónustu framvegis falla í tvö skattþrep í virðisaukaskatti. Sala á rafrænum útgáfum af bókartexta og tónlist án myndar fellur þá í 7% skattþrep en önnur rafræn sala, t.d. á tónlistarmyndböndum, bíómyndum og hvers kyns tölvuleikjum og forritum fellur í almenna skattþrepið sem 25,5%. Slík breyting mun því óhjákvæmilega hafa í för með sér ýmis vandkvæði varðandi framkvæmd og eftirlit skattyfirvalda.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að þeim aðilum, sem eru með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis og selja rafrænt afhenta þjónustu skv. d-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. til aðila sem eru með heimilisfesti eða fasta starfsstöð á Íslandi og eru ekki skráðir á virðisaukaskattsskrá, verði gert skylt að tilkynna starfsemi sína til skráningar hjá íslenskum skattyfirvöldum og skila virðisaukaskatti af sölunni.

Samkvæmt gildandi lögum hvílir skyldan til greiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á rafrænni þjónustu erlendis frá á kaupanda á Íslandi enda sé hann ekki skráður á virðisaukaskattsskrá. Telja verður að mikill misbrestur sé á því að skattinum sé skilað og skýrist það sennilega öðrum þræði af því að almenningi er þessi skylda almennt ekki ljós.

Sambærileg regla um virðisaukaskattsskyldu erlendra seljenda rafrænnar þjónustu tók gildi í Noregi 1. júlí á þessu ári. Norsk skattyfirvöld hafa reynt að áætla tekjur af þessari breytingu en af þeim upplýsingum sem fjármálaráðuneytið hefur séð frá Noregi eru gerðir miklir fyrirvarar við þá útreikninga af hálfu Norðmanna sjálfra. Þar er áætlað að tekjur af þessari sölu geti gróflega numið 150 milljónum norskra króna á ári. Norðmenn áætla að ⅓ af þessari sölu sé vegna tónlistar en ekki kemur fram hvort það er með eða án myndar. Þá áætla þeir að ⅓ sé vegna kaupa á leikjum og afgangurinn sé annað, þar á meðal rafbækur. Við þessa grófu áætlun verður ennfremur að gera þann fyrirvara að íbúar í Noregi eru rúmlega 4,8 milljónir og að öll sala á rafrænni þjónustu, þ.m.t. rafbókum og tónlist á rafrænu formi, ber 25% virðisaukaskatt í Noregi.

Vegna þess hve þessar tekjur eru gróflega áætlaðar í Noregi og að þar í landi fellur öll salan í hæsta virðisaukaskattsþrepið þá telur fjármálaráðuneytið ekki varlegt að nýta þessar upplýsingar til að umreikna og áætla tekjur á Íslandi við þessa lagabreytingu með neinni vissu. Verði frumvarpið að lögum má þó reikna með einhverjum tekjum vegna þessa ákvæðis og að í framtíðinni muni þær m.a. ráðast af því hvernig sala á rafrænni þjónustu þróast í heiminum. Uppsetning á tölvukerfi vegna skráningar erlendra aðila og greiðslu þeirra á virðisaukaskatti mun fela í sér nokkur útgjöld en reiknað er með að þau rúmist innan fjárheimilda ráðuneytisins.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að vörugjald, samkvæmt lögum nr. 97/1987, verði fellt niður af eftirtöldum þremur tollskrárnúmerum:

8519.8100, hljómflutningstæki, upptökutæki; Ipod, mp3, geislaspilarar o.fl.

8521.9029, myndflutnings- og upptökutæki, t.d. geislaspilarar, flakkarar, Ipod touch.

8543.7001, ýmis raftæki, s.s. lestæki fyrir rafrænar bækur, tungumálatölvur o.fl.

Fjármálaráðuneytinu er ljóst að ýmsar misfellur eru á gildandi lögum um vörugjald sem m.a. felast í því að eðlislíkar vörur bera mismunandi gjöld. Sú staðreynd hefur skapað þá tilhneigingu hjá innflytjendum að tollflokka þessar vörur í þau tollskrárnúmer sem bera lægri gjöld með tilheyrandi umstangi og kostnaðarauka fyrir tollyfirvöld. Jafnframt er ljóst að talsverð brögð eru á því að þeir sem eru að koma erlendis frá flytji þessar vörur með sér inn til landsins án þess að greiða af þeim tilskilin gjöld, m.a. vegna þess hversu há þau eru.

Meðal annars í ljósi þessa stendur nú yfir heildargreining á gildandi vörugjaldskerfi í samvinnu fjármálaráðuneytisins, tollyfirvalda og Samtaka verslunar og þjónustu í því skyni að kanna hvernig gera megi þetta kerfi einfaldara og skilvirkara. Þeirri vinnu ætti að ljúka á þessu ári. Fjármálaráðuneytið telur því ekki tímabært að gera þær breytingar sem nefndin leggur til í frumvarpinu fyrr en umræddri vinnu er lokið, enda geti þær leitt til þess að frekari vandkvæði skapist við framkvæmd vörugjaldskerfisins hjá tollyfirvöldum eins og nánar er vikið að í umfjöllun um 4. gr.

Vörugjaldstekjur ríkissjóðs af umræddum tollskrárnúmerum námu samtals 37 m.kr. á árinu 2010, eða nálægt 50 m.kr. að meðtöldum vsk. Tekjur af aukinni sölu þessara vara innan lands verði frumvarpið að lögum ættu að vega á móti þessu tekjutapi.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að tollur þeirra tollskrárnúmera sem vörugjald verður fellt niður af, sbr. 3. gr. frumvarpsins, falli einnig niður. Um er að ræða 7,5% toll sem er lagður á þessar vörur þegar þær eru ekki upprunnar í EES-löndum eða löndum sem Ísland hefur gert fríverslunarsamning við. Miðað við innflutning ársins 2010 í þessum númerum námu tolltekjur ríkissjóðs 10 m.kr. auk taps á virðisaukaskatti. Eins og fjármálaráðuneytið hefur þegar komið á framfæri við nefndina telur það æskilegra að tollinum verði viðhaldið á umræddum tollskrárnúmerum af ýmsum ástæðum. Má þar meðal annars nefna að það hefur verið stefna stjórnvalda að fella ekki niður tolla á einstakar vörutegundir nema á grundvelli tvíhliða samninga um gagnkvæmar tollívilnanir. Einhliða niðurfelling er í raun óæskileg og veikir samningsstöðu okkur gagnvart nýjum samningsríkjum. Jafnframt má benda á að komi til aðildar Íslands að ESB verður innleidd hér á landi samræmd tollskrá sem gildir fyrir öll aðildarríki ESB. Ljóst er að þau tollskrárnúmer sem hér um ræðir bera ytri toll samkvæmt ESB tollskránni. Má þar nefna dæmi af Ipod Touch sem ber 13,9% ytri toll. Að lokum er vert að nefna að undir þau tollskrárnúmer sem nefndin tilgreinir í frumvarpi sínu falla margs konar tæki, auk þeirra sem nefndin hefur sérstaklega verið að skoða. Í ljósi þess vill fjármálaráðuneytið benda nefndinni á þann möguleika að umræddum tollskrárnúmerum verði skipt upp til þess að einskorða niðurfellinguna við þau tæki sem nefndin telur vera hvað viðkvæmust.

1892. Nefndarálit [674. mál]

um frv. til l. um Stjórnarráð Íslands og frv. til l. um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Annar minni hluti telur nauðsynlegt að fækka ráðuneytum eftir efnahagsþrengingar undanfarinna missira og styður ákvæði 2. gr. frumvarpsins um að ráðherrar skuli á hverjum tíma ekki vera fleiri en tíu. Meiri hlutinn leggur til þá breytingu á greininni að ekki verði kveðið á um hámarksfjölda ráðuneyta í lögunum heldur verði það á valdi forsætisráðherra hverju sinni hver fjöldinn er. Samkvæmt breytingartillögu meiri hlutans má allt eins álykta að forsætisráðherra væri einn í ríkisstjórn ásamt fjöld aðstoðarmanna því að ekki er kveðið á um lágmarksfjölda eða hámarksfjölda ráðherra í ríkisstjórn. 2. minni hluti varar eindregið við þessari breytingu sem skapar mikla óvissu og upplausn stjórnsýslunnar sem er nú þegar bágborin eftir hringl ríkisstjórnarinnar með sameiningar ráðuneyta sem nú þegar hafa verið framkvæmdar. Ríkisbáknið hefur þanist út undir handleiðslu Samfylkingarinnar í rúm fjögur ár og því tímabært að endurskoða ráðuneytisskipan. Flokkana greinir á um hvaða ráðuneyti eigi að sameina. Málefni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins eru mikilvægustu mál þjóðarinnar. Er þar einkum horft til gjaldeyristekna sem sjávarútvegurinn skapar fyrir þjóðarbúið og matvælaöryggis þjóðarinnar. Því er skylda löggjafans að standa vörð um ráðuneytið, einkum í ljósi þess að nú liggur fyrir umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Frá því að núverandi ríkisstjórn settist að völdum hefur hluti ríkisstjórnarinnar róið að því öllum árum að leggja niður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og renna því inn í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Áður höfðu verið stofnuð tvö ný ráðuneyti – velferðarráðuneyti og innanríkisráðuneyti, með sameiningu annarra ráðuneyta. Ekki verður annað séð en að sú ráðagerð hafi heppnast ágætlega en lítill sparnaður hlaust þó af þessum sameiningum og er fullyrt að starfsmannaaukning hafi átt sér stað innan ráðuneytanna, þrátt fyrir að málefni fatlaðra hafi verið flutt frá ríki til sveitarfélaga um sl. áramót, með tilheyrandi fjölgun starfa þar. Sumir halda því og fram að þessi tvö ráðuneyti séu orðin of stór – og þá sérstaklega velferðarráðuneytið.

Rétt er að benda á að ráðuneytisstjórar forsætisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis hafa setið yfir 20 fundi með talsmönnum atvinnulífsins á árinu þar sem rætt hefur verið um frekari sameiningar og þá einkanlega um möguleika á nýju atvinnuvegaráðuneyti með sameiningu iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og að ráðist verði í eflingu umhverfisráðuneytis með því að flytja auðlindamál undir það.

Þar sem í landinu er vinstri stjórn vekur athygli að fulltrúar ráðuneytanna hafa haft samráð við samtök atvinnurekenda og bænda en engir fundir hafa verið haldnir um málið með þeim samtökum launþega sem sömu atvinnuvegir heyra til. Eftir þessa vinnu liggja fyrir skýrslur sem samtals eru á annað hundrað blaðsíður og vinnustundir opinberra starfsmanna sem liggja að baki viðræðunum eru að verða jafnmargar og Stjórnarráðið hefur nýtt til umræðu um skuldavanda heimilanna. Árangur starfsins er sambærilegur.

Nokkur hundruð sjálfstæðar lagabreytingar hafa verið gerðar á kjörtímabilinu, með tilheyrandi kostnaði, á lögum til að innleiða ný nöfn ráðuneyta og þess eru mörg dæmi að sömu stjórnarmálefni hafi á innan við þremur árum heyrt undir ráðuneyti með þremur mismunandi ráðuneytisheitum. Þannig tilheyrðu löggæslumál fyrst dómsmálaráðuneyti, síðan dóms- og mannréttindaráðuneyti og frá síðustu áramótum innanríkisráðuneyti og í frumvarpi því sem

lagt er fram samhliða þessu frumvarpi er lagt til að afnema nafn innanríkisráðuneytisins sem og annarra ráðuneyta.

Til að varpa ljósi á óákveðni ríkisstjórnarinnar má nefna að á síðasta þingi voru gerðar 193 lagabreytingar til þess að innleiða orðin innanríkisráðuneyti og innanríkisráðherra og nú nokkrum mánuðum síðan liggja fyrir aðrar 193 lagabreytingar um að fella sömu orð brott. Sambærilegur fjöldi lagabreytinga er bak við önnur ráðuneytisheiti sem nú stendur til að afnema. Ríkisstjórnin á því erfitt með að ákveða sig, heildarsýn og einbeitingu vantar – en forgangsröðun fyrst og síðast. Vinstri menn eru bestir í því að eyða almannafé og kristallast sú sóun vel í stjórnarráðsbreytingunum sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir eftir að hún tók við.

Það þarf því ekki að taka fram að þessar tillögur eru í hróplegu ósamræmi og algerlega ósamrýmanlegar þeim lagabótum sem Alþingi hefur nýlega samþykkt og það fyrir orð forsætisráðherra. Hér er um mikla sóun á mannafla Stjórnarráðsins og alþingismanna sjálfra. Það er umhugsunarvert að tíma Alþingis sé eytt í endalausar nafnabreytingar á ráðuneytum í stað þess að tekið sé á stórum og brýnum málum er varða heimili, fjölskyldur og atvinnu. Lagafrumvarpið er einnig í alvarlegu ósamræmi við það starf sem að undanförnu hefur verið unnið að á skrifstofu forsætisráðherra eins og fyrr er vikið að. Þar hefur verið rætt um tillögur sem Alþingi hafði áður hafnað um að sameina sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti. Til þess að vinna því máli brautargengi og í samræmi við fyrirheit sem gefin voru alþingismönnum var farið í mjög náið samráðsferli við aðila innan atvinnulífsins og niðurstaðan þar er mjög á einn veg. Þeir sem tengjast sameiningarhugmyndum eru þeim andvígir. Um það vitna 17 fundargerðir og skýrslur forsætisráðuneytisins sem komu út fyrir örfáum dögum. Í stað þess að taka mið af niðurstöðu þessara funda er í staðinn og það samhliða vinnunni um sameiningu ráðuneyta ráðist í miklu róttækari breytingu sem er að afnema öll ráðuneyti nema forsætisráðuneyti. Það er með öðrum orðum verið að forsætisráðherravæða Stjórnarráðið og færa löggjafarvaldið undir einn einstakling. 2. gr. frumvarpsins hljóðar svo: „Ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands skulu á hverjum tíma ekki vera fleiri en tíu. Fjöldi ráðuneyta innan þeirra marka skal ákveðinn með forsetaúrskurði, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík. Hér er vald sem Alþingi hefur flutt til forsætisráðherra án þess að um slíkar grundvallarbreytingar í stjórnskipan hafi farið fram almenn umræða á þingi og í samfélaginu. Í þeim breytingartillögum sem meiri hlutinn hefur lagt fram er gerð breyting á þessu ákvæði. Lagt er til að ekki skuli tilgreina hámarksfjölda ráðuneyta, né lágmark, og er vald forsætisráðherra því styrkt enn frekar. Er hér um fullkomið valdaframsal á löggjafanum til framkvæmdarvaldsins.

Eru þessi vinnubrögð dæmalaus, og verði frumvarp þetta að lögum hefur stjórnarmeirihlutinn markað nýja stefnu í löggjöf sem fer gegn 2. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, en þar segir: „Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.“

Ekkert samráð er haft um frumvarpið við þingflokka stjórnarandstöðunnar og 2. minni hluta er það til efs að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi nokkuð haft um málið að segja. Atlaga er gerð að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu í frumvarpinu og var stofnun atvinnuvegaráðuneytisins frestað við síðustu stjórnarráðsbreytingar. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur opinberlega lýst því yfir að hann muni ekki greiða frumvarpinu atkvæði sitt. Frumvarpið er því lagt fram á afar veikum grunni. Hafi verið ástæða til samráðs vegna sameiningar tveggja ráðuneyta áður er enn meira tilefni til samráðs

vegna þess máls. Ekki er tekið tillit til atvinnugreinanna sem undir liggja, málið er keyrt áfram á hnefa forsætisráðherra og Samfylkingunni.

Almenn áhrif af lagabreytingu.

Áhrif umræddrar lagabreytingar eru að færa vald frá Alþingi til forsætisráðherra sem gengur þvert gegn pólitískri umræðu og niðurstöðum, m.a. í opinberum skýrslum sem fram hafa komið frá bankahruninu 2008. Lagabreytingin gerir íslenskt stjórnkerfi óskýrara og vinnur gegn gagnsæi. Þá er breytingin andstæð almennum reglum og gildandi lögum um sjálfstæði ráðherra þar sem forsætisráðherra getur einhliða fært verkefni frá einum ráðherra til annars.

Sem dæmi um áhrif lagabreytingar þessarar má taka dæmi af áformum forsætisráðherra vorið 2007 um að færa Íbúðalánasjóð frá félagsmálaráðuneyti til fjármálaráðuneytis. Ef umrædd lög hefðu þá verið í gildi hefði andstaða þáverandi félagsmálaráðherra við tilflutninginn ekki dugað ein og sér til að koma í veg fyrir að þessari stærstu opinberu lánastofnun almennings hefði verið fórnað á altari einkavæðingar í aðdraganda bankahrunsins.

Um er að ræða mjög viðamiklar og afgerandi breytingar sem eðlilegt er að ræddar séu í fleiri þingnefndum en allsherjarnefnd. Við umfjöllun þingsins um miklu mun veigaminni breytingar á Stjórnarráðinu þegar sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti voru sameinuð, sagði einn þingmanna, Árni Þór Sigurðsson, m.a.:

„Ég ætla að lokum, frú forseti, að segja það að mér finnst ófullnægjandi að allsherjarnefnd ein fjalli um þetta mál. Hér er um stórt mál að ræða sem snertir margar fagnefndir í þinginu. Mér finnst þess vegna nauðsynlegt að senda það jafnframt til skoðunar og umsagnar í einstökum fagnefndum. Ég mun leggja það formlega til við afgreiðslu málsins, þegar því verður vísað til nefndar, að það fari jafnframt til viðkomandi fagnefnda.“

Umrædd krafa á enn frekar við nú. Að lokum er rétt að minna á að áformin ganga þvert gegn þeim varnaðarorðum sem er að finna í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um foringjaræði og áhrifaleysi Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldi. 2. minni hlutinn bendir á að samkvæmt handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa, sem forsætisráðuneytið, dóms- og kirkjumálaráðuneytið og skrifstofa Alþingis gáfu út, brjóta frumvörpin um breytingar á Stjórnarráðinu gegn öllum meginsjónarmiðum og viðmiðunum sem þar eru reifuð um vandaða frumvarpssmíð.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands er í átta þáttum. Við umfjöllun sína um málið fékk allsherjarnefnd umsagnir frá fjölda stofnana og samtaka og einnig komu gestir á fund nefndarinnar. Greinilegt er, eftir umfjöllun allsherjarnefndar, að frumvarpið er unnið í flýti, ekki hefur verið haft samráð við hagsmunaaðila og undirstofnanir og ekki hefur verið gerð fullnægjandi greining á kostnaðarauka vegna frumvarpsins eins og fyrr er rakið. Þá er málið tekið út í ágreiningi og ámælisvert er hvernig ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur milli funda sem voru fyrsta daga septembermánaðar beitt þrýstingi á stjórnarmeirihlutann til að fá málið tekið út úr nefndinni án þess að sátt væri um tilhögun eins og atkvæðagreiðsla í nefndinni 1. september sl. staðfesti.

Minni formfesta og minni vörn gegn geðþóttaákvörðunum.

Annar minni hluti bendir á gríðarlegt valdframsal löggjafans til forsætisráðherra og er það í raun mun víðtækara en látið er að liggja í athugasemdum frumvarpshöfunda.

Í III. kafla athugasemda við frumvarpið segir m.a.:

„Af umfjöllun rannsóknarnefndar Alþingis má ráða að heimildir forsætisráðherra til að fela öðrum ráðherrum eða stjórnmálaleiðtogum hluta af valdi sínu eða ábyrgð sé takmörkuð.

Í frumvarpinu er kveðið skýrar á um skipunar- og verkstjórnarvald forsætisráðherra sem forustumanns [svo] ríkisstjórnarinnar og frumkvæðisskyldu hans til að samhæfa stefnu og aðgerðir þegar málefni og málefnasvið skarast m.a. með skipun ráðherranefnda til að fjalla um einstök mál og málaflokka.“

Hér er rétt að benda á að umrædd breyting skapar einnig möguleika á að forsætisráðherra færi allt vald, t.d. í efnahagsmálum, til fárra ráðherra. Eitt af því sem þáverandi stjórnarandstaða gagnrýndi við einkavæðingu bankanna í upphafi aldar og við stjórnun þáverandi ríkisstjórnar var einmitt foringjaræði. Hér eru skapaðar sérstaklega heppilegar aðstæður til að styrkja foringjaræði enn frekar. Þá er tilvísun í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frjálsleg svo ekki sé meira sagt þar sem þar er einkanlega fundið að því að umræður og samráð innan ríkisstjórnar sé markvisst en með því að færa meira vald til forsætisráðherra dregur eðlilega úr þörf á samráði.

Með breytingunni er dregið stórlega úr formfestu stjórnsýslu sem aftur dregur úr möguleikum á að draga mörk milli valdsviða ráðuneyta, eins og þó einmitt er talið mikilvægt. Rétt er samt að benda á að varnir gagnvart slíkum ágöllum stjórnsýslunnar eru minni í því fyrirkomulagi sem hér er boðað. Eins og fram kemur í skýrslu þingmannanefndar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og sjálfri skýrslu rannsóknarnefndarinnar er formfesta stjórnsýslunnar einmitt mikilvægur þáttur í því að girða fyrir möguleika á geðþóttaákvörðunum. Enginn vafi er á að í stjórnmálasögu Íslands hafa geðþóttaákvarðanir komið við sögu, án þess að hér sé farið í að rekja um það dæmi, og sýnir sagan að hér sem annars staðar þarf löggjafinn að vera á varðbergi.

Málefni flutt einhliða milli ráðuneyta.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um vald forsætisráðherra til þess að flytja málefni milli ráðuneyta. Það vald er nú alfarið Alþingis og við skipan ráðuneyta hafa þingflokkar stjórnarflokka nokkuð um það að segja hvaða ráðuneyti fellur til hvaða ráðherra. Með hinni nýju skipan er vald óbreyttra ráðherra í þessum efnum óskýrara og þar með dregið úr hinu pólitíska valdi þingflokka. Með þessu fyrirkomulagi geta mál/málaflokkar hæglega fallið milli skips og bryggju því alla festu er verið að taka úr skipulagi málaflokkanna. Þegar einstök málefni eru flutt frá einu ráðuneyti til annars, sbr. 5. gr. frumvarpsins, skulu ólokin mál innan ráðuneytis flutt með og þeim lokið í nýju ráðuneyti. Greinin stuðlar vitaskuld að skilvirkni og hraða í ákvörðun forsætisráðherra þegar málefni eru flutt milli ráðuneyta. En um leið getur þessi heimild stuðlað að gerræði í forustu ríkisstjórnar þegar ágreiningur er um mál þar sem fyrirvaralítið og án samþykkis viðkomandi ráðherra er hægt að flytja mál frá einum ráðherra til annars. Þetta hefur í för með sér að líki forsætisráðherra og meiri hluta ríkisstjórnar ekki við afstöðu eins ráðherra til málefnis getur forsætisráðherra fyrirvaralaust tekið málið af viðkomandi ráðherra og falið það öðrum sér þóknanlegri. Jafnvel þó að ekki yrðu almenn brögð að því að mál gengju svo langt má ætla að það eitt að forsætisráðherra hafi þetta vald tryggi honum stóraukin yfirráð yfir ráðherrum ríkisstjórnar og dragi úr valdi og sjálfstæði einstakra ráðherra. Ákvæðið gengur þvert gegn þeim hugmyndum og reglum sem ríkt hafa til þessa og svo viðurhlutamikil breyting í átt til aukinna valda forsætisráðherra getur ekki talist heppileg. Gott nýlegt dæmi um þetta – þrátt fyrir að lagabreyting hafi ekki enn átt sér stað, var þegar utanríkisráðherra gekk með freklegum hætti inn á verksvið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, vegna svara sem áttu að berast Evrópusambandinu. Eins má benda á þá staðreynd að Við fall Glitnis haustið 2008 var farið alvarlega á svig við gildandi stjórnsýslu þegar sitjandi viðskiptaráðherra var haldið utan við ákvarðanatöku þvert á verkaskiptingu innan ríkisstjórnar. Umrætt verklag er gagnrýnt í fjölda álitsgerða sem fram

hafa komið um fall bankanna, þar á meðal í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Í stað þess að bregðast við því sem þá átti sér stað með skýrari verklagsreglum er það sem þá gerðist innan ríkisstjórnarinnar gert löglegt verði þetta frumvarp að lögum. Í III kafla frumvarpsins er staðfesting á því sem áður er vikið að og þar kemur meðal annars fram aukið boðvald forsætisráðherra yfir ráðherrum frá því sem nú er. Þannig er nú kveðið á um að reglugerðir skuli bornar upp á ríkisstjórnarfundum, sbr. 6. gr. frumvarpsins, og auk þess að taka mál og flytja milli ráðuneyta getur forsætisráðherra sett einstök málefni undir ráðherranefnd, sbr. 9. gr., en slíkar nefndir lúta með óbeinum hætti forustu forsætisráðherra, þar sem hann skipar nefndinni ritara, staðfestir fundargerðir nefndarinnar og setur henni reglur. Með sama hætti getur ákvæði 9. gr. um ráðherranefndir verið til þess fallið að draga úr valdi og forræði ráðherra yfir þeim málaflokki sem viðkomandi ráðherra er falinn og færa þau undir fjölskipað stjórnvald. Þetta gengur með mjög afgerandi hætti gegn núgildandi túlkun stjórnarskrár um sjálfstæði ráðherra. Í reynd stuðlar breytingin að því að í landinu verði einn forsætis- eða yfirráðherra með ótilgreindum fjölda aðstoðarráðherra sem deila með sér verkefnum eftir ákvörðun forsætisráðherra. Einnig er rétt að benda á freklega heimild forsætisráðherra til að setja aðstoðarmönnum annarra ráðherra siðareglur sem styður forsætisráðherravæðingu frumvarpsins enn frekar. Telur 2. minni hluti þegar litið er til þess að aðstoðarmenn aðstoðarráðherra forsætisráðherra eru pólitískt skipaðir þetta vera mjög óeðlileg afskipti. Ekki er hægt að líta á þetta fyrirkomulag öðruvísi en svo að forsætisráðherra telji að allt vald sé í forsætisráðuneytinu og aðrir ráðherrar séu aðstoðarráðherrar forsætisráðherra og aðstoðarmenn annarra ráðherra heyri undir forsætisráðherra sjálfan. Enda hefur það komið fram á fundum allsherjarnefndar að meiri hlutinn lítur svo á að aðstoðarmenn ráðherra eigi að vera afar hreyfanlegir á milli ráðuneyta.

Þá tekur 2. minni hluti fram að breytingin er líkleg til að gera stjórnsýslu landsins óskýrari en nú er þar sem ekki liggur fyrir af lagatextum hvaða málefni tilheyra hvaða ráðherra og ráðuneyti. Gert er ráð fyrir að mæta þessum vanda með setningu neðanmálsgreina í rafræna útgáfu lagafrumvarpa. Slíkt fyrirkomulag orkar tvímælis. Loks er rétt að vekja athygli á að með 21. gr. er dregið verulega úr rétti almennings til að sækja um störf sem verða til eða losna í Stjórnarráðinu þar sem rýmkaðar eru heimildir til að flytja starfsmenn og embættismenn milli starfa. Afar gagnrýnisvert er að lagt sé til í frumvarpinu að fjölga aðstoðarmönnum ráðherra í 20 og enn gagnrýnisverðara að meiri hlutinn leggur til enn frekari fjölgun, þ.e. upp í 23, þegar gríðarlegur niðurskurður á sér stað t.d. í heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Þarna er verið með lagasetningu að styrkja stoðir framkvæmdarvaldsins á kostnað Alþingis – sjálfs löggjafans. 2. minni hluti bendir á að þetta sé hættuleg þróun þar sem rekstur Stjórnarráðsins er nú þegar rúmlega sex sinnum fjárfrekari en Alþingis.

Alvarlegar mótsagnir í túlkun á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Forsætisráðuneytið gaf í maímánuði 2010 út skýrslu um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þar kemur skýrt fram sú skoðun að skortur sé á afgerandi forustu innan ríkisstjórnarinnar og leidd að því rök. Þannig segir orðrétt í umræddri skýrslu:

„Að bæta þurfi vinnubrögð og starfsaðstöðu hinnar pólitísku forystu framkvæmdarvaldsins. Þannig þurfi að skerpa á forystuhlutverki forsætisráðherra í ríkisstjórn og skapa markvissari umgjörð í lögum og eftir atvikum í stjórnarskrá, og skapa þar markvissari umgjörð um ríkisstjórnarfundi og ráðherranefndir. Einnig þurfi að huga að styrkingu hinnar pólitísku skrifstofu ráðuneytanna.“

Sömu hugmyndir koma fram í annarri skýrslu forsætisráðuneytisins sem kom út síðar í sama mánuði og fjallar um endurskoðun laga um Stjórnarráðið og að síðustu í árslok 2010 í skýrslunni Samhent stjórnsýsla . Skörun er í vali einstaklinga í öllum þessum vinnuhópum þar sem sami maður var starfsmaður nefndar um endurskoðun laga um stjórnarráðið og formaður nefndar sem samdi skýrsluna Samhent stjórnsýsla. Enn fremur var formaður nefndar um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis nefndarmaður í nefnd um endurskoðun laga um stjórnarráðið og fleiri tengingar mætti nefna.

Nokkur umfjöllun var á hinu pólitíska sviði um nefndar skýrslur og má þar sérstaklega nefna grein Ögmundar Jónassonar alþingismanns sem birtist í DV 10. maí 2010. Þar bendir greinarhöfundur á það misræmi sem er í túlkun á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis en í upphafi greinarinnar segir m.a.:

„Sannast sagna hélt ég að flestir sæju að skortur á gagnsæi og lýðræði ættu drjúgan þátt í efnahagshruninu. Hjarðhegðun hefur líka verið nefnd og tvíburasystir hennar, forræðishyggjan. Hvarvetna þar sem fólk kemur saman til að ræða nýútkomna rannsóknarskýrslu ber þetta hæst. Ekki þó hjá öllum. Ekki hjá starfshópi forsætisráðuneytisins sem í lok síðustu viku skilaði tillögum til ríkisstjórnarinnar um breytta og bætta stjórnsýslu með hliðsjón af efnahagshruninu og lærdómum sem af því hafa verið dregnir. ... En ekki er mikið að finna um leiðir til að komast hjá hjarðhegðun og forræðishyggju eða hvernig megi auka gagnsæi og lýðræði hjá hinu opinbera. Þvert á móti er talað um að þörf sé á að „skerpa á forystuhlutverki forsætisráðherra í ríkisstjórn"; aðrir ráðherrar eigi að sitja „í skjóli" hans og megi ekki orka tvímælis hverjum beri „að knýja á um ábyrgð þeirra eða afsögn þegar ástæða þykir til." Nefndin virðist ekki vera í vafa um að allt hnígi þarna í sömu átt, yfirvald beri að styrkja."

Þessi mótsögn sem greinarhöfundur bendir á verður sérstaklega áberandi þegar lesið er álit þingmannanefndar allra flokka sem skilaði af sér ítarlegri og vandaðri skýrslu um viðbrögð við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingi ásamt þingsályktunartillögu sem var síðan samþykkt af Alþingi og telst þess vegna vera breið pólitísk samstaða um niðurstöðu þingmannanefndarinnar. Vandséð er að ríkisstjórn sem situr í skjóli sama þings geti gengið svo freklega gegn áliti sem Alþingi samþykkti samhljóða á síðasta ári. Þar segir í inngangi:

Í kafla 2.4 Stjórnsýsla í skýrslunni segir:

„Það er mat þingmannanefndarinnar að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé áfellisdómur yfir íslenskri stjórnsýslu, verklagi hennar og skorti á formfestu jafnt í ráðuneytum sem sjálfstæðum stofnunum sem undir ráðuneytin heyra. Svo virðist sem aðilar innan stjórnsýslunnar telji sig ekki þurfa að standa skil á ákvörðunum sínum og axla ábyrgð, eins og fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Vegna smæðar samfélagsins skiptir formfesta, skráning upplýsinga, verkferlar, tímamörk og skýr ábyrgðarsvið enn meira máli en í stærri samfélögum. ...

Oddvitaræðið og verklag þess sem tíðkast hefur í íslenskum stjórnmálum undanfarna áratugi dregur úr samábyrgð, veikir fagráðherra og Alþingi og dæmi eru um að mikilvægar ákvarðanir hafi verið teknar án umræðna í ríkisstjórn. Slíkt verklag er óásættanlegt. Ljóst er að ráðherraábyrgðarkeðjan slitnaði eða aflagaðist í aðdraganda hrunsins og ráðherrar gengu á verksvið hver annars, t.d. þegar fagráðherrar voru ekki boðaðir á fundi um málefni sem heyrðu undir þeirra ábyrgðarsvið. Ábyrgð og eftirliti fagráðherra með sjálfstæðum stofnunum sem undir ráðuneyti þeirra heyrðu virtist verulega ábótavant.

Þingmannanefndin telur að gera verði breytingar á lögum og reglum þannig að komið verði í veg fyrir að einstakir ráðherrar gangi inn á valdsvið og ábyrgðarsvið annarra ráðherra.

Skarist valdsvið tveggja eða fleiri ráðherra ber þeim með formlegum hætti að hafa samvinnu ...“

Þessi orð kallast svo á við þunga áfellisdóma í sjálfri skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis í 19. og 21. kafla sem og í viðauka um íslenska stjórnmálamenningu þar sem segir m.a. um það sem hér er nefnt oddvitaræði:

„Eitt einkenni hennar [íslenskrar stjórnmálamenningar] er að foringjar eða oddvitar flokkanna leika lykilhlutverk en hinn almenni þingmaður er atkvæðalítill. Um það segir íslenskur stjórnmálamaður með langan feril úr pólitíkinni: „Auðvitað er það svo að flokksræðið nánast í öllum stjórnmálaflokkunum hefur þróast í ofurvald foringjans og klíkunnar. Þess vegna er lýðræðið okkar svona brothætt og veikt og ég velti því fyrir mér hvort í rauninni þurfi ekki að stíga mörg sterk skref vegna þessarar reynslu til að tryggja sterkari stjórnmálamenn og minna foringjaræði.

Stjórnmálamenn draga hins vegar ávallt dám af þeirri stjórnmálamenningu sem þeir lifa og hrærast í. Séu stjórnsiðirnir slæmir og stjórnkerfið veikt geta sterkir stjórnmálamenn verið varasamir. Í foringjaræði verður hlutur lögþingsins einkum að afgreiða mál sem undirbúin hafa verið í litlum hópi lykilmanna. Þannig gegnir þingið formlegu löggjafarhlutverki sínu, en bæði umræðuhlutverkið og eftirlitshlutverkið eru vanrækt.“

Góð stjórnsýsla og leiðbeiningar um gerð lagafrumvarpa.

Í Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa eru almennar leiðbeiningar um gerð lagafrumvarpa. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra leggur áherslu á að umræddum leiðbeiningum verði fylgt í hvívetna enda um mjög viðamiklar og stórtækar breytingar að ræða. Í Handbókinni segir meðal annars:

„Ef frumvarp varðar málefnasvið annars ráðuneytis ber samkvæmt reglum um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa að kynna það viðkomandi ráðuneyti í tæka tíð fyrir ríkisstjórnarfund …“

Þessari reglu verður best fylgt með því að ráðuneytisstjórar allra ráðuneyta skili umsögn um málið. Enn fremur segir í fyrrnefndri Handbók:

„Í reglum um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa, sjá viðauka I, er lögð áhersla á að ný veigamikil mál beri að kynna í ríkisstjórn áður en samning frumvarpa hefst, sbr. 1. gr. þeirra. Þannig er tryggt að pólitískt samkomulag sé um meginlínur fyrirhugaðrar löggjafar áður en byrjað er að vinna við frumvarp með tilheyrandi fyrirhöfn og kostnaði.“

Þá þarf enn fremur að yfirfara gátlista Handbókar en af umsögn með frumvarpinu verður ekki séð að farið hafi verið yfir ýmis mikilvæg atriði gátlista, svo sem jákvæð og neikvæð áhrif á atvinnuvegi, hvort meta þurfi sérstaklega og af óvilhöllum aðila hvort frumvarpið samrýmist stjórnarskrá og enn fremur hvort bregðast hefði mátt við þeim markmiðum og þeirri þörf sem hér talin til staðar með öðrum hætti, sbr. gátlista í IV viðauka Handbókar. Frumvarpið er meingallað á allan hátt og 2. minni hluti getur ekki sætt sig við það forsætisráðherraræði sem boðað er í frumvarpinu ásamt útgjaldaauka ríkisins sem í frumvarpinu felst og þeim breytingartillögum sem meiri hlutinn leggur til með fjölgun aðstoðarmanna ásamt því sem að ofan er ritað. Ekki eru gerðar athugasemdir við upplýsingakafla frumvarpsins á annan hátt en þann að fulltrúa 2. minni hluta finnst að hann eigi að vera í upplýsingalögum en ekki frumvarpi þessu.

Annar minni hluti telur að sjaldan hafi komið slíkt frumvarp fram sem felur í sér slíkt valdframsal frá löggjafanum til framkvæmdarvaldsins. Eins og þetta frumvarp og breytingartillögur meiri hlutans fela í sér m.a. varðandi það að óþarft sé að tilgreina hversu margir ráð-

herrar eigi að sitja í skjóli Alþingis. Hér er í raun verið að leggja til að hin óskráða þingræðisregla sem þróast hefur í gegnum áratugina sé aflögð. Það er útilokað að í þróuðum ríkjum sem hafa sterkar löggjafarstofnanir, eins og t.d. Norðurlöndin, mundi svona mál koma inn á borð þingmanna. 2. minni hluti varar eindregið við vinnubrögðum af þessu tagi.

Annar minni hluti leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 8. sept. 2011.

Vigdís Hauksdóttir.

1893. Nefndarálit [895. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Á fund nefndarinnar komu Jón Vilberg Guðjónsson og Sesselja Snævarr frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Björg Bjarnadóttir og Ólafur Loftsson frá Kennarasambandi Íslands og Anna Kristín Sigurðardóttir, Guðrún Eysteinsdóttir og Guðbjörg Hrafnsdóttir frá menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var við samþykkt laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla, nr. 87/2008, ákveðið að þeim sem byrjað hefðu kennaranám fyrir gildistöku laganna yrði veittur frestur til 1. júlí 2011 til að fá leyfisbréf til kennslu að loknu bakkalárprófi og tilskildu námi í uppeldis- og kennslufræðum. Þar sem mennta- og menningarmálaráðuneytinu höfðu borist fyrirspurnir frá aðilum sem höfðu ekki getað lokið námi sínu til kennsluréttinda innan þessara tímamarka var lagt til að þau yrðu færð til 1. janúar 2012. Við meðferð málsins skoðaði nefndin sérstaklega hvort þessi frestur væri nægjanlega langur. Bent var á að umsagnarfrestur um grunnnám á háskólaárinu 2011–2012 var til 5. júní 2011 og þar af leiðandi gætu þeir nemendur sem frumvarpið lýtur að ekki nýtt sér þennan frest. Nefndin telur einnig að líta verði til sjónarmiða um réttmætar væntingar þeirra nemenda sem innrituðust fyrir 1. júlí 2008. Reglan um réttmætar væntingar er óskráð meginregla í stjórnsýslurétti en í reglunni felst m.a. að menn eiga að geta vænst þess að visst ástand eða framkvæmd muni haldast. Nefndin telur því rétt að framlengja frestinn til að sækja um útgáfu leyfisbréfs til 1. júlí 2012.

Nefndin telur hins vegar mikilvægt að um leið og veittur er lengri frestur sé nauðsynlegt að afmarka eins og unnt er þann hóp sem þarf að nýta sér þann möguleika sem fresturinn gefur til að ljúka sínu námi svo að það sé engum vafa undirorpið hverjir eigi í hlut. Leggur nefndin því til að miðað verði við þá sem áttu við lok vormissiris 2011 þrjátíu eða færri einingum ólokið til prófs sem svarar til þess að vera fullt nám á einu missiri.

Samkvæmt eldri lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 86/1998, kemur fram í 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. að leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla megi veita þeim sem lokið hefur 120 námseiningum (240 ECTS einingum) í faggrein sinni, eigi færri en 60–90 einingum (120–180 ECTS) í aðal-

grein og 30–60 einingum (60–120 ECTS) í aukagrein hafi viðkomandi lokið 15 einingum (30 ECTS) í kennslufræði til kennsluréttinda til viðbótar.

Í nýjum lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, er hins vegar undantekningarlaust krafist 60 ECTS eininga í kennslufræði enda er það í anda markmiðs laganna um að styrkja kennaramenntun í landinu. Nefndin telur því rétt að taka fram að fresturinn til að sækja um útgáfu leyfisbréfs gildi einnig um þá sem innrituðust í 60 eininga diplómanám til kennslu í grunn- og framhaldsskólum fyrir lok 1. júlí 2010.

Nefndin vill árétta að ekki verður um frekari framlengingu á fresti til að sækja um útgáfu leyfisbréfs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

3. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Þeim sem innrituðust í 180 eininga bakkalárnám til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum fyrir 1. júlí 2008 og áttu við lok vormissiris 2011 þrjátíu eða færri einingum ólokið til prófs veitist frestur til að sækja um útgáfu leyfisbréfs til kennslu í leik-, grunn- og/eða framhaldsskóla til 1. júlí 2012. Sama gildir um þá sem innrituðust í 60 eininga diplómanám til kennslu í grunn- og framhaldsskólum fyrir lok 1. júlí 2010.

Alþingi, 8. sept. 2011.

Skúli Helgason, form., frsm.	Þuríður Backman.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
Jónína Rós Guðmundsdóttir.	Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.	Oddný G. Harðardóttir.
Eygló Harðardóttir.	Auður Lilja Erlingsdóttir, með fyrirvara.	Unnur Brá Konráðsdóttir.

1894. Svar [880. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um samkeppni á ljósleiðaramarkaði.

1. Hvernig ætlar ráðuneytið að bregðast við samkeppni á ljósleiðaramarkaði?

Ljósleiðarar falla ásamt öðrum tegundum leigulína undir svokallaðan stofnlínumarkað. Undir stofnlínumarkað falla fleiri tegundir leigulína. Hér er fjallað um stofnlínumarkaðinn í heild. Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) gerði markaðsgreiningu á innanlandsmarkaði fyrir leigulínur, þ.m.t. ljósleiðara, og birti ákvörðun sína á árinu 2007. Greiningin var gerð í samræmi við fjarskiptalöggjöfina og tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Tilgangurinn er að greina samkeppni á fjarskiptamarkaði og leggja viðeigandi kvaðir á fyrirtæki með burði til að hafa neikvæð áhrif á samkeppni, eða umtalsverðan markaðsstyrk.

Á grundvelli niðurstaðna úr markaðsgreiningunni ákvað stofnunin að útnefna Símann hf. og Mílu ehf. með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir leigulínur, þ.m.t. fyrir ljósleiðara. PFS lagði kvaðir á fyrirtækin um aðgang, jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá.

Fyrrnefndar kvaðir eru enn í gildi og hefur stofnunin fylgt þeim eftir með ýmsum hætti, sem m.a. hefur falið í sér að fyrirtækin hafa verið látin útbúa svokölluð viðmiðunartilboð sem eru drög að samningi við önnur fyrirtæki um aðgang að línum þeirra á tilteknum skilmálum, m.a. um verð. Viðmiðunartilboðin eru í flestum tilfellum samþykkt af PFS. Þá hafa verið gerðar kostnaðargreiningar. Með þeim er greint hvaða kostnað fyrirtækin hafa af þjónustu sinni og þeim síðan heimilað að krefjast hans sem endurgjalds fyrir þjónustuna auk eðlilegs álags, að mati PFS. Framangreint hefur að mati PFS skilað aukinni samkeppni á þjónustumarkaði með lækkun raunverðs á sl. árum.

Þá hafa stjórnvöld stigið skref til þess að auka enn frekar framboð á stofnlínumarkaði með því að bjóða út umframafkastagetu hins svokallaða NATO-ljósleiðarastrengs sem liggur hringinn í kringum landið og er alls yfir 1.800 km langur. 1. febrúar 2010 var gengið frá leigusamningi við Vodafone um afnot af einum af átta þráðum ljósleiðarastrengsins. Má ætla að aðgangur fyrirtækisins að ljósleiðarastrengnum muni auðvelda uppbyggingu þess á fjarskiptainnviðum á landsbyggðinni og auka útbreiðslu og aðgengi að fjarskiptaþjónustu.

Þegar horft er til þróunar næstu ára telur ráðuneytið að aukin ljósleiðaravæðing frá stofnneti til heimtauga inn á heimili landsmanna sé ein af forsendum þess að ná þeim mikla gagnaflutningshraða sem kallað verður eftir í framtíðinni, eða allt að 100 Mb/s (megabitar á sekúndu). Markmið stjórnvalda í þessum efnum verða kynnt í nýrri fjarskiptaáætlun sem ætlunin er að leggja fram á yfirstandandi þingi. Telur ráðuneytið hæpið að þessum markmiðum verði náð á næstu árum nema uppbyggingin fari að hluta til fram samhliða endurnýjun og nýframkvæmdum í veitukerfum vatns- og raforku. Samlegðaráhrifin sem felast í því að leggja ljósleiðara meðfram vatns- og raflögnum ber að nýta til uppbyggingar og styrkingar á fjarskiptainnviðum landsins öllum landsmönnum hagsbóta. Hyggst ráðuneytið skoða möguleika þess að greiða fyrir því að samstarf um slíka samhliða uppbyggingu á veitumannvirkjum og fjarskiptainnviðum geti átt sér stað.

2. *Ætlar ráðuneytið að beita sér fyrir því að Farice-sæstrengurinn verði samkeppnishæfur á Evrópumarkaði?*

Farice ehf. á og rekur tvo sæstrengi:

- Farice-sæstrenginn milli Íslands og Skotlands, einnig með tengingu til Færeyja, en sæstrengur þessi var lagður árið 2003 og hófst rekstur hans í janúar 2004. Afhendingarstaðir þjónustunnar erlendis eru í London og Þórshöfn í Færeyjum.
- Danice-sæstrenginn milli Íslands og Danmerkur, en rekstur hans hófst í ágúst 2009. Afhendingarstaðir þjónustunnar erlendis eru í Kaupmannahöfn og í öðrum borgum í nálægum löndum.

Sæstrengirnir eru reknir sem eitt sameiginlegt kerfi sem hefur það meginhlutverk að tengja Ísland við umheiminn, þ.e. síma, internet, leigulínur o.s.frv. Farice ehf. selur viðskiptavinum sínum heildsöluaðgang að öðrum eða báðum sæstrengjum, að vali viðskiptavinanna. Viðskiptavinum Farice ehf. má skipta í fjóra meginflokka, sem hver um sig kaupir ákveðið magn bandvíddar gegnum sæstrengina:

Viðskiptavinahópur	Hlutfall af heildarnotkun sæstrengja Farice ehf., %
Íslensk síma- og fjarskiptafélög	41
Erlend síma- og fjarskiptafélög	15
Aðilar sem reka rannsókna- og háskólanet	17
Gagnaver og erlendir viðskiptavinir gagnavera	27

Frá upphafi hefur verðlagning útlandasambanda Farice miðast við að tekjur af starfseminni standi undir rekstri auk greiðslu afborgana og vaxta af lánum sem tekin voru vegna lagningar beggja sæstrengjanna. Með aukinni fjarskiptaumferð hefur félaginu tekist að lækka svokallað einingaverð á hverju ári. Í janúar 2004 var verð fyrir hver 155 Mbit/s á ári 1,3 millj. evrur. Árið 2011 er samsvarandi verð 72 þús. evrur á ári. Fjárfestingar vegna lagningar sæstrengjanna eru hins vegar verulegar.

Þannig nam bókfært verð eigna félagsins í árslok 2010 um 128 millj. evra, eða tæplega 20 milljörðum kr. miðað við gengi evru á sama tíma. Það er því ljóst að til þess að standa undir slíkum fjárfestingum þarf miklar tekjur. Almennt séð er aukning fjarskiptaumferðar á hverju ári mjög mikil, og vegur þar mest aukning internetumferðar. Almenningi, fyrirtækjum og öðrum notendum þjónustunnar er hins vegar orðið tamt að líta þannig á að notkun internetsins sé ókeypis, sem er alls ekki rétt. Í nútímasamfélagi þar sem þegnarnir nota tölvupóst, ýmsa samfélagsvefi o.fl., sumir á nokkurra mínútna fresti, til samskipta, eru sífellt á ferðinni upplýsingar sem á einn eða annan hátt fara gegnum sæstrengi milli landa. Rekstur sæstrengjanna, eins og annarra álíka kerfa, kostar miklar fjárhæðir sem að lokum hljóta að þurfa að koma frá notendum þjónustunnar, eftir atvikum gegnum milliliði.

Áætlanir Farice ehf. til næstu ára gera ráð fyrir áframhaldandi aukningu fjarskiptaumferðar vegna almennra nota, en ólíklegt er að tekjur af þeirri aukningu vaxi í sömu hlutföllum og umferðin. Hins vegar er í sömu áætlunum gert ráð fyrir verulegri aukningu tekna af gagnaverum, sem yfirleitt þurfa mikla bandvídd og vaxa tiltölulega hratt. Í viðskiptamannahópi Farice er nú þegar að finna slíkan erlendan viðskiptavin.

Vegna afleiðinga bankahrunsins 2008 varð töf á ætlaðri starfsemi gagnavera hérlendis, sem hafði m.a. þær afleiðingar að ákveðið var að endurskipuleggja fjárhag Farice ehf., endursemja um lán, auka hlutafé o.s.frv. Endurskipulagningu þessari er nú lokið, eignarhald hefur breyst verulega og eru íslenska ríkið, Landsvirkjun og Arion banki nú stærstu eigendur félagsins.

Fram hefur komið gagnrýni á verðlagningu Farice ehf. á þjónustu um sæstrengi. Í því sambandi er vísað til fjárfestingar vegna sæstrengjanna, svo og reksturs þeirra. Krafa sumra núverandi og væntanlegra viðskiptavina um að verð þjónustunnar sé hið sama og í Evrópu er ekki réttmæt, það mun alltaf kosta eitthvað að tengja eyju eins og Ísland við umheiminn, kostnaður þessi hlýtur á endanum að greiðast af notendunum, þ.e. almenningi og þeim nýiðnaði á sviði gagnavera sem áformaður er og hefur reyndar þegar hafið starfsemi.

Í heildina séð er staðan þessi: Vara er keypt erlendis, t.d. í Evrópu (fjarskiptaþjónusta), senda þarf vöruna til Íslands um sæstrengi, flutningskostnaðurinn er kostnaður við sæstrengina, sem hlýtur að bætast við upphaflegt verð vörunnar áður en hún er afhent viðskiptavini.

1895. Svar [801. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?*
2. *Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?*

Frá 2007 til 2010 hefur ferðum starfsmanna ráðuneytisins og embættismanna undirstofnana fækkað um ríflega 37% eða úr 537 í 336. Þrátt fyrir verulegt gengisfall krónunnar, sem hefur mikil áhrif á rekstur ráðuneytis þar sem stór hluti útgjalda er í erlendri mynt, og ný stór verkefni sem Alþingi hefur falið ráðuneytinu eins og aðildarumsókn að Evrópusambandinu og stóraukna áherslu á norðurslóðasamstarf, hafa útgjöld vegna ferða starfsmanna og embættismanna undirstofnana lækkað á umspurðu árabili.

Svör við fyrirspurninni koma fram í eftirfarandi töflum.

Fjöldi ferða starfsmanna og embættismanna til útlanda.

	2007	2008	2009	2010
Starfsfólk ráðuneytis	423	379	205	259
Sendiskrifstofur Íslands erlendis	111	117	79	71
Þróunarsamvinnustofnun	3	5	5	5
Varnarmálastofnun	0	4	7	1

Land, staðir	Erindi
Afganistan	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi NATO. Friðargæsla.
Albanía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi EFTA.
Alsír	Fríverslunarviðræður EFTA.
Andorra	Í föruneyti forseta.
Aserbaídsjan	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Austurríki	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi SÞ, ÖSE. Rekstrarmál.
Álandseyjar	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Ástralía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Bandaríkin	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Alþjóðabankans, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Alþjóðahvalveiðiráðsins, NATO, SÞ. Landgrunnsmál. Fiskveiðisamningar. Rekstrarmál.
Barbados	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Samstarf smárra ríkja. Öryggisráðsframboð.
Barein	Fundur vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi NATO.

Belgía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi EES, EFTA, ESB, Evrópuráðsins, NATO. Orkumál. Rekstrarmál.
Bosnía	Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi NATO, ÖSE.
Botsvana	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Bretland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Alþjóðahvalveiðiráðsins, CIIADI, EFTA, Eystrasaltsráðsins, IMO, NATO, NEAFC, Norðurskautsráðsins, OSPAR, SÞ. Evrópumál. Fiskveiðisamningar. Landgrunnsmál. Öryggisráðsframboð. Rekstrarmál.
Brúnei	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Öryggisráðsframboð.
Búlgaría	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðlegs samstarfs á vettvangi NATO.
Danmörk	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Norrænt samstarf og samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Alþjóðabankans, Eystrasaltsráðsins, FAO, IMO, NATO, Norðurskautsráðsins, SÞ. Evrópumál. Loftslagsmál. Öryggisráðsframboð. Rekstrarmál.
Djíbútí	Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi ARGeo.
Dómíníska lýðveldið	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Samstarf smárra ríkja. Öryggisráðsframboð.
Egyptaland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi IRENA. Loftferðasamningar. Öryggisráðsframboð.
Eistland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Eystrasaltsráðsins, NATO. Evrópumál.
El Salvador	Aðstoðarmál/borgaraþjónusta.
Eþíópía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Orkumál. Öryggisráðsframboð.
Filippseyjar	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Orkumál. Í fylgd með iðnaðarráðherra.
Finnland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Norrænt samstarf og samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Alþjóðabankans, Barentsráðsins, CITES, Eystrasaltsráðsins, Norðurskautsráðsins, SÞ, WFP, ÖSE. Loftslagsmál. Þróunarmál. Öryggisráðsframboð. Rekstrarmál.
Fídjíeyjar	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Samstarf smárra ríkja. Öryggisráðsframboð.
Frakkland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Alþjóðabankans, BIE, EES, Evrópuráðsins, Evrópuþingsins, Eystrasaltsráðsins, NATO, OECD, UNESCO, WTO. Evrópumál. Loftslagsmál. Umhverfismál. Loftferðasamningar. Þróunarmál. Rekstrarmál.
Færeyjar	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Norðurskautsráðsins, Vestnorræna ráðsins. Landgrunnsmál. Rekstrarmál. Viðskiptamál á grundvelli Hoyvíkur-samnings.
Gana	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Afríkusambandsins, OECD. Loftslagsmál. Öryggisráðsframboð.

Georgía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi NATO.
Gínea-Bissá	Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi UNICEF.
Grikkland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi NATO, ÖSE. Evrópumál. Opinber heimsókn forsætisráðherra.
Grænland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Norrænt samstarf og samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Norðurskautsráðsins, NAMMCO, Vestnorræna ráðsins, OSPAR.
Gvæjana	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Samstarf smárra ríkja. Orkumál. Þróunarsamstarf um fiskveiðar á vettvangi CARICOM.
Holland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi CITES, Interpol, NATO, OPEC. Evrópumál.
Indland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. EFTA-fríverslunarviðræður. Rekstrarmál.
Indónesía	Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi UNFCCC. Auðlinda- og umhverfismál.
Íran	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Írland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi IDA, Evrópumál. Landgrunnsmál. Afvopnunarmál. Opinber heimsókn forsætisráðherra.
Ísrael	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi friðar- og jafnréttismála, IWC.
Ítalía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi FAO, IPHE, NATO, SÞ. Evrópumál. Í föruneyti forsætisráðherra.
Jamaíka	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Tvíhliða flugumferðarviðræður ICAO. Samstarf smárra ríkja, öryggisráðsframboð..
Japan	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi OECD. Orkumál. Rekstrarmál.
Jemen	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Orkumál. Öryggisráðsframboð.
Jórdanía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi ÖSE.
Kambódía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Kanada	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi NAFO, NATO, Norðurskautsráðsins. Loftferðasamningar. Fiskveiðimál. Rekstrarmál.
Kasakstan	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi ÖSE. Öryggismál.
Katar	Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi CITES. Öryggisráðsframboð. Opinber heimsókn forseta Íslands.
Kenía	Fundur vegna alþjóðasamskipta á vettvangi ARGeo. Orkumál.
Kirgistan	Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi ÖSE.
Kína	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fríverslunarviðræður EFTA. Loftslagsmál. EXPO. Rekstrarmál.
Kíribatí	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Samstarf smárra ríkja. Öryggisráðsframboð.
Kólumbía	Fríverslunarviðræður EFTA. Þátttaka í fundi Samtaka Ameríkuríkja. Orkumál.
Kósóvó	Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi NATO. Friðargæsla.

Króatía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Kúveit	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Öryggisráðsframboð.
Kýpur	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Laos	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Lesótó	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Lettland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Eystrasaltsráðsins, NATO.
Liechtenstein	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi EES, EFTA. Evrópumál.
Litháen	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Eystrasaltsráðsins, NATO. Evrópumál.
Líbanon	Fríverslunarviðræður EFTA.
Lúxemborg	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi EES, EFTA, NAMSO, NATO. Heimsókn forsætisráðherra.
Makedónía	Tvíhliða samstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi NATO.
Malasía	Loftferðasamningar.
Malaví	Rekstrarmál. Þróunarmál. Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Maldíveyjar	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Samstarf smárra ríkja. Loftslagsmál.
Malta	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Evrópumál.
Marokkó	Fríverslunarviðræður EFTA.
Marshalleyjar	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Samstarf smárra ríkja. Öryggisráðsframboð.
Mexíkó	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi SÞ. Loftferðasamningar. Opinber heimsókn forseta Íslands.
Míkrónesía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Samstarf smárra ríkja. Öryggisráðsframboð.
Moldóva	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Mósambík	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi IDA. Þróunarmál. Rekstrarmál.
Namibía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Þróunarmál.
Nepal	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Níkaragva	Rekstrarmál. Þróunarmál.
Norður-Kórea	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Noregur	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Norrænt samstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Alþjóðabankans, CITES, EES, EFTA, Eystrasaltsráðsins, NAMCO, NATO, Norðurskautsráðsins. Norðlægu víddarinnar, Evrópumál. Landgrunnsmál. Loftslagsmál. Fiskveiði-samningar. Afvopnunarmál.
Nýja-Sjáland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Orkumál. Öryggisráðsframboð.
Palá	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Samstarf smárra ríkja. Öryggisráðsframboð.

Palestína	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Panama	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Öryggisráðsframboð.
Papúa Nýja-Gínea	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Öryggisráðsframboð.
Páfastóll	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Perú	Fríverslunarviðræður EFTA.
Portúgal	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi ESB, NATO. Loftslagsmál. Öryggisráðsframboð.
Pólland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi EFTA, Eystrasaltsráðsins, NATO. Loftslagsmál. Norðurslóðamál. Evrópumál.
Rúmenía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi BICES, NATO. Evrópumál. Opinber heimsókn forseta Íslands.
Rússland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Barentsráðsins, EFTA, NATO, Norðurskautsráðsins, WTO, ÖSE. Evrópumál. Loftslagsmál. Loftferðamál. Fiskveiðimál. Rekstrarmál.
Salómonseyjar	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Samstarf smárra ríkja. Öryggisráðsframboð.
Sambía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Sameinuðu arabísku furstadæmin	Fundur vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi IRENA, NATO.
San Marínó	Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Evrópuráðsins.
Sádi-Arabía	Fríverslunarviðræður EFTA.
Serbía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Singapúr	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Síle	Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Alþjóðahvalveiðiráðsins.
Slóvakía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi NIB, EFTA, NATO. Orkumál.
Slóvenía	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Alþjóðabankans, BICES, SÞ. Evrópumál.
Spánn	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi EFTA, Evrópuráðsins, IRENA, NATO, SÞ, ÖSE. Evrópumál.
Srí Lanka	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi SAARC. Rekstrarmál. Þróunarmál.
Suður-Afríka	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Rekstrarmál.
Suður-Kórea	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Súrínam	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Svartfjallaland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi NATO.
Sviss	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Alþjóða Rauða krossins, CITES, EES, EFTA, WTO, SÞ, ÖSE. Evrópumál. Rekstrarmál.

Svíþjóð	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Norrænt samstarf og samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Alþjóðabankans, Evrópuráðsins, Eystrasaltsráðsins, SÞ. Evrópumál. Loftslagsmál. Rekstrarmál
Sýrland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi UNHCR.
Taíland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fríverslunarviðræður EFTA. Loftslagsmál.
Tékkland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi Eystrasaltsráðsins, NATO. Evrópumál.
Túnis	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Túrkmenistan	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf.
Túvalú	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Samstarf smárra ríkja. Öryggisráðsframboð.
Tyrkland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi NATO. Loftferðamál.
Ungverjaland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi NATO, ÖSE.
Úganda	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Rekstrarmál. Þróunarmál.
Úkraína	Fríverslunarviðræður EFTA.
Víetnam	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi UNDP.
Þýskaland	Tvíhliða samskipti, þ.m.t. stjórnmálasamskipti, viðskiptamál og menningarsamstarf. Fundir vegna alþjóðasamstarfs á vettvangi IRENA, NATO, Norðurskautsráðsins, SÞ. Evrópumál.

Heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum.				
	2007	**2008**	**2009**	**2010**
Starfsfólk ráðuneytis	80.774.300	114.456.543	71.004.847	80.418.562
Sendiskrifstofur Íslands erlendis	15.722.017	23.359.818	15.255.622	12.851.071
Þróunarsamvinnustofnun	2.253.388	1.794.163	3.364.922	4.007.567
Varnarmálastofnun	0	1.297.035	2.406.159	610.587

1896. Frumvarp til laga [561. mál]

um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. sept.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gildissvið, markmið og orðskýringar.

Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar, í föstu eða fljótandi formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki þar um.

Markmið þessara laga er að:

a. kveða á um rétt almennings til nýtingar vatns, greiðan aðgang að nægu og hreinu vatni og vatnsréttindi landeigenda,
b. samþætta nýtingar- og umhverfissjónarmið á sviði vatnamála og auka samvinnu stjórnvalda á því sviði og
c. tryggja skynsamlega nýtingu vatnsauðlindarinnar og langtímavernd hennar með fyrirbyggjandi aðgerðum á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

Samhliða þessum lögum gilda einnig skipulagslög, lög um mannvirki, lög um náttúruvernd, lög um stjórn vatnamála og önnur lög, eins og við á hverju sinni, um rétt almennings til vatns og vatnsréttindi landeigenda.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Almenningur:* Sá hluti vatns sem liggur fyrir utan netlög landareigna.
2. *Áveita:* Mannvirki sem er notað til þess að veita vatni á land.
3. *Bakki:* Fast takmark á farvegi straumvatns, legi stöðuvatns eða strandsjávarbotns, svo sem klettar, gróið land eða eyrar sem vatn fellur ekki yfir í meðalvexti eða sjór við meðalstórstraumsflóð.
4. *Búsþarfir:* Notkun vatns við búrekstur og annan atvinnurekstur á sviði landbúnaðar með réttindum og skyldum samkvæmt ábúðarlögum.
5. *Eignarland:* Landsvæði, þ.m.t. innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi lands fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
6. *Farvegur:* Vatnsleg sem vatnsfall rennur eftir, hvort heldur af manna völdum eða náttúru.
7. *Fasteign:* Afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.
8. *Háflæði:* Mesta rennsli eða hækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð.
9. *Heimilisþarfir:* Þarfir til venjulegs heimilishalds.
10. *Iðja:* Iðnaður, annar en handiðn.
11. *Landareign:* Fasteign, þ.e. afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.
12. *Lágflæði:* Minnsta rennsli eða lækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð.
13. *Mannvirki:* Hvers konar framkvæmdir og manngerðir hlutir sem skeytt er við fasteign, þ.m.t. í, við eða yfir vatni, t.d. hús, brú, girðing, virkjun eða stíflugarður.
14. *Mengun:* Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.
15. *Merkivatn:* Vatn það sem ræður landamerkjum.
16. *Miðlunarlón:* Stöðuvatn sem er manngert að öllu leyti eða hluta og rennsli er stýrt í og/eða úr.
17. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns eða vatnsfalls sem fasteign liggur að.
18. *Orkunýting:* Hvers konar hagnýting vatns samkvæmt lögum þessum til framleiðslu á orku, fyrst og fremst raforku.

19. *Orkuver:* Land eða lóð, hús og önnur mannvirki, ásamt tækjum til afnota við orkuvinnslu eða breytingar einnar tegundar orku í aðra.
20. *Rennsli:* Hreyfing vatns, hvort heldur er af manna völdum eða náttúru.
21. *Straumvatn:* Yfirborðsvatn sem í er greinilegur straumur þegar enginn vöxtur er í því.
22. *Stöðuvatn:* Vatn sem sýnist slétt í logni og straumlaust að sjá enda þótt flætt geti gegnum það.
23. *Vatnsból:* Mannvirki, t.d. brunnar, eða virkjaðar lindir, eða náttúruleg vatnsleg þar sem vatn er tekið eða nytjað á staðnum.
24. *Vatnsfall:* Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að breytilegur sé eftir tíma og stað, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við.
25. *Vatnsflæði:* Rennsli vatns sem vatnsmagn á tímaeiningu, í l/sek eða m^3/sek.
26. *Vatnsleg:* Lægð í landi, sem vatn stendur í, vatnsfall eða stöðuvatn, ásamt tilheyrandi botni og bökkum allt að vatnsborðsstöðu við háflæði. Lönd sem flæðir yfir ofan háflæðis teljast ekki til vatnslegs.
27. *Vatnsmiðlun:* Geymsla á vatni til þess að breyta náttúrulegu vatnsmagni vatnsfalls eða til stýringar á rennsli vatns.
28. *Vatnsnýting:* Vatnstaka, veiting eða virkjun vatns til heimilis- eða búsþarfa, í arðsemisskyni eða til að verja fasteign spjöllum.
29. *Vatnsveita:* Mannvirki til að flytja vatn til notenda.
30. *Þjóðlenda:* Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

2. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna orðast svo: **Gildissvið, markmið og orðskýringar.**

3. gr.

2. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Vatnsréttindi.

Landareign hverri, þ.m.t. þjóðlendu, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er á þann hátt sem lög þessi heimila.

Landeigendur sem hafa aðgang að sama vatni eiga sama rétt til þess í hlutfalli við þá nýtingu sem er heimil á eða fyrir landi þeirra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Númer málsgreina falla brott og skulu málsgreinar hvarvetna annars staðar í lögunum vera ónúmeraðar.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Merki landareigna í lækjum og ám.*

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. málsl. 4. mgr. orðast svo: Nú fylgja fasteign eyjar, hólmar eða sker fyrir landi annarrar fasteignar, og er sundið mjórra en 230 metrar, og ræður þá miðlína sundsins merkjum.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Reglur um merki við stöðuvötn gilda einnig um miðlunarlón eftir því sem við getur átt.
c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Merki landareigna við stöðuvötn.*

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sama megin“ kemur: „sömum megin“.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Landamerki milli fasteigna sem liggja að vatni sömum megin.*

7. gr.

6. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Réttur til vatns þegar merkivötn skilja fasteignir.

Þar sem merkivötn skilja fasteignir er hvorri rétt að nota vatnið að jöfnu eftir þörfum sínum. Dreifist vatn þannig í farvegi að ekki skiptist til helminga um miðlínu skal hvorri fasteign þó fylgja jafn réttur til vatnsins.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. A-liður 2. mgr., sem verður 1. tölul. 2. mgr., orðast svo: að breyta vatnsbotni, straumstefnu, vatnsmagni eða vatnsflæði, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð.
b. B-liður 2. mgr. verður 2. tölul. 2. mgr.
c. Í stað orðanna „að veita vatni úr landi sínu í annarra land“ í c-lið 2. mgr., sem verður 3. tölul. 2. mgr., kemur: að veita vatni af einni fasteign á fasteign annarra.
d. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Forn farvegur.*

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2. og 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ef til þess þarf afnot af annarri fasteign eru þau heimil en þá getur eigandi þeirrar fasteignar krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem verkið bakar honum. Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur getur ráðherra heimilað eignarnám í þessu skyni.
b. 2. mgr. fellur brott.
c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Heimild til að fella vatnsfall í fornan farveg eða koma honum í samt lag.*

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fara skal um jarðvatn, hveri, laugar, ölkeldur, regnvatn og leysingavatn, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slík minni háttar vötn sem ekki hafa stöðugt afrennsli ofanjarðar svo sem hér segir, enda sé ekki önnur lögmæt skipun á gerð. Um hveri, laugar og ölkeldur gilda þó þær takmarkanir að landeiganda er óheimilt að spilla slíkum náttúrufyrirbærum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti nema það sé nauðsynlegt talið til varnar því landi eða landsnytjum að fengnu leyfi Orkustofnunar og þegar við á að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.
b. Á eftir orðunum „Landeiganda er rétt“ í 1. tölul. kemur: að teknu tilliti til 2. mgr. 144. gr.
c. 3. tölul. orðast svo: Nú verður breyting á farvegi, vatnsflæði eða vatnsmagni af völdum

náttúrunnar eða þriðja manns, og verður þeim mein að sem land eiga að, og skal þeim þá rétt að færa vatnið í samt lag en gera skal það innan árs frá lokum þess árs er breytingin varð. Ef til þess þarf afnot af annarri landareign eru þau heimil en þá getur eigandi þeirrar fasteignar krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem verkið bakar honum. Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur getur ráðherra heimilað eignarnám í þessu skyni.

d. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Minni háttar vötn.*

11. gr.

10. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Aðgangsröð að vatni á landareign.

Aðgangsröð að vatni er þessi eftir mikilvægi:

1. heimilisþörf,
2. búsþörf,
3. þörf atvinnurekstrar á landareigninni, annars en búrekstrar, svo sem iðnaðar og iðju,
4. áveituþörf,
5. orkuþörf.

12. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Réttur til vatnstöku til heimilis- og búsþarfa og til sunds og baða.

Öllum er heimilt að taka vatn til heimilisþarfa og bús þar sem landeiganda er meinlaust, svo og að nota vatn til sunds og baða, enda fari það eigi í bága við lög, samþykktir eða annað lögmætt skipulag, þó þannig að það valdi ekki truflun á veiði manna.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 3. mgr. fellur brott.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Vatnstaka á eigin landareign.*

14. gr.

13. gr. laganna fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Frágangur brunna og annarra vatnsgeyma.*

15. gr.

14. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skylda til þátttöku í vatnsveitu, áveitu, vatnsmiðlun eða vörnum gegn vatnságangi.

Nú eiga menn fasteign í sameign og vill meiri hluti stofna til vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa á eigninni, koma þar á fót samáveitu, stofna til vatnsmiðlunar eða verjast ágangi vatns og getur þá sá eða þeir sem eiga meiri hluta fasteignarinnar ákveðið að ráðast í framkvæmdir, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í kostnaði öllum af þeim ef talið verður að fasteigninni muni verða meira hagræði af framkvæmdunum en kostnaðinum nemur.

16. gr.

15. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Leyfi til að skilja vatnsréttindi frá landareign og skipting vatnsréttinda við sölu hluta landareignar.

Ekki má skilja frá landareign vatnsréttindi til heimilis- og búsþarfa nema með leyfi Orkustofnunar.

Nú eru vatnsréttindi framseld án þess að eignarréttur að landareign sé jafnframt framseldur og fer þá um réttarvernd þeirra samkvæmt ákvæðum þinglýsingalaga er varða fasteignir.

Nú er framseldur hluti landareignar sem liggur að vatni eða á og eru vatnsréttindi innifalin í kaupunum nema öðruvísi sé kveðið á um. Þó skal sá hluti landareignar sem eftir stendur hafa næg vatnsréttindi til að fullnægja heimilis- og búsþörfum og næg og endurgjaldslaus landsafnot til hagnýtingar þeim.

Ef sameignarlandi er skipt skulu hverjum eignarhluta fylgja, svo sem frekast er kostur, næg vatnsréttindi til að fullnægja heimilis- og búsþörfum og næg og endurgjaldslaus landsafnot til hagnýtingar þeim.

17. gr.

16. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Ráðstöfunarheimildir opinberra aðila.

Ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu þeirra er óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti rétt til umráða og hagnýtingar á því vatni sem hefur að geyma virkjanlegt afl umfram 10 MW.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að framselja réttindi til ríkis, sveitarfélags eða félags sem er alfarið í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og er sérstaklega stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.

Ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu, sbr. 2. mgr., er heimilt að veita tímabundið afnotarétt að réttindum skv. 1. mgr. til allt að 65 ára í senn. Handhafi tímabundins afnotaréttar skal eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.

Við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur skal gæta jafnræðis. Þá skal gæta þess að ákvörðunin stuðli að hagkvæmri nýtingu auðlindanna og fjárfestinga í mannvirkjum.

Forsætisráðherra skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 3. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.

18. gr.

17. gr. laganna fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju.*

19. gr.

18. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Ef vatn er of lítið til að fullnægja þörfum skv. 17. gr.

Nú er vatn of lítið til að fullnægja þeim þörfum sem í 17. gr. segir og á þá hver sú landareign sem tilkall hefur til þess vatns sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Um rétthæð einstakra vatnsnota vísast til 10. gr.

Ef vatn sem veitt er um sömu veitutæki er notað til að fullnægja fleiri en einni af þeim þörfum sem í 1. mgr. segir skal fara um það vatn sem það væri allt haft til að fullnægja rétthæstu þörfinni.

20. gr.

19. gr. laganna fellur brott.

21. gr.

24. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

25. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Heimild sveitarstjórnar til vatnsveitu.

Sveitarstjórn er rétt að taka það vatn sem hún þarf til vatnsveitu úr brunnum, uppsprettum eða vötnum í landareignum annarra manna, enda séu þær ekki sviptar því vatni sem þeim er metið nauðsynlegt til þeirra þarfa sem í þessum kafla getur, nema þeim sé séð fyrir því með öðrum hætti, þeim ekki óhagfelldari.

Rétt er eiganda eða öðrum rétthafa þeirrar landareignar sem vatn er tekið úr skv. 1. mgr. að leggja til sín og á sinn kostnað vatnsæðar úr vatnsveitu sveitarfélagsins, enda greiði hann aukakostnað af því, nema öðruvísi semji.

Haga skal vatnsveitu svo að spjöll verði sem minnst vegna hennar. Ef spjöll verða skal bæta þau að fullu.

23. gr.

26. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skylda landeiganda til að láta af hendi land og landsafnot til vatnsveitu.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot hvar sem er og hvenær sem er í þarfir vatnsveitu sveitarfélags, svo og mannvirki, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir.

Ef nauðsynlegt þykir til þess að koma í veg fyrir mengun vatns sem tekið er til vatnsveitu handa sveitarfélagi, þá er mönnum jafnskylt að láta af hendi land og láta í té landsafnot og mannvirki, svo og að þola eignarkvaðir, óhagræði og takmarkanir sem í 1. mgr. segir, gegn fullum bótum.

24. gr.

27. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Eignarnámsheimild o.fl.

Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur vegna þeirra þarfa sem greinir í 25. og 26. gr. getur ráðherra heimilað eignarnám.

Um vatnsveitur sveitarfélaga fer að öðru leyti samkvæmt lögum sem um þær gilda á hverjum tíma.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Nú vilja aðrir en sveitarfélög koma sér upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum sínum á vatni skv. 17. gr. og geta þá eigendur þeirra fasteigna sem nota ætla vatnsveituna gert með sér félag er nefnist vatnsveitufélag. Um félagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem fyrirmæli þessa kafla taka ekki til þess.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. 3. mgr. orðast svo:

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 25.–27. gr. og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga eftir því sem við getur átt.

d. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Vatnsveitufélag.*

26. gr.

30. gr. laganna fellur brott.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Orðin „eftir mati, nema samkomulag verði“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.

b. 2. mgr. orðast svo:

Eigandi fasteignar eða annar rétthafi má gera brunn eða annað vatnsból í landi annars manns ef svo er ástatt sem í 1. mgr. segir.

c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Réttur til þess að afla sér vatns af fasteign annars manns.*

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.

b. 3. mgr. orðast svo:

Beita má ákvæðum 2. mgr. 25. gr. ef vatn er tekið skv. 1. mgr. þessarar greinar.

c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Taka vatns af fasteign annars manns í vatnsveitu til þarfa eigin fasteignar skv. 17. gr.*

29. gr.

33. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Eignarnámsheimild.

Náist ekki samningar um framkvæmdir og/eða bætur vegna þeirra þarfa sem greinir í 31. og 32. gr. getur ráðherra heimilað eignarnám.

30. gr.

34. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Síðari þátttaka í vatnsveitu.

Hverjum þeim sem ekki hefur í öndverðu tekið þátt í vatnsveitu samkvæmt þessum kafla er rétt að gera það síðar, enda verði það metið að vatn sé til þess nægilegt og að það valdi eiganda veitunnar ekki verulegu óhagræði að öðru leyti. En hlíta skal hann þeim ákvæðum sem sett eru eða sett verða um notkun vatnsins og meðferð veitunnar. Svo skal hann og greiða endurgjald fyrir vatnsnotin.

31. gr.

35. gr. laganna fellur brott.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „(15. gr. a–b)“ kemur: sbr. 1.–3. tölul. 10. gr.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Hagnýting vatns í áveituskyni.*

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. Lokamálsliður greinarinnar fellur brott.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Ef merkivötn skilja landareignir.*

34. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „(15. gr. a–b)“ í 1. málsl. kemur: sbr. 1.–3. tölul. 10. gr.
b. 2. málsl. fellur brott.
c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Réttur til áveitu fylgir landareign.*

35. gr.

39. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Aðgangur að vatni og landi annars manns til áveituþarfa.

Nú er ekki nógu mikið, nógu gott eða nógu auðtekið vatn fyrir hendi innan landareignar til áveitu á hana sjálfa og er þá eiganda hennar eða öðrum rétthafa rétt að krefjast áveituvatns eftir þörfum úr öðrum landareignum, með þessum takmörkunum:

1. að enginn sé fyrir það sviptur vatni til þarfa skv. 17. gr. né neinum bakaðir óhæfilegir erfiðleikar um útvegun slíks vatns, né því spillt fyrir neinum svo að veruleg óþægindi séu að,
2. að ekki þurfi að nota sama vatn til áveitu á þá landareign sjálfa sem vatnið er tekið í, nema arður af notkun þess til áveitu þar yrði mun minni en arður af notkun þess til þeirrar áveitu utan landareignarinnar sem vatnsins er krafist til.

Ef taka vatns er heimil samkvæmt þessari grein en talið er að af henni stafi auknir erfiðleikar um útvegun vatns til þarfa skv. 17. gr. eða spjöll á því vatni eða skaði að vatnstökunni að öðru leyti þá skulu koma fullar bætur fyrir.

Með sama hætti og greinir í 1. mgr. eru manni heimil afnot af landi annars manns til að koma upp, halda við eða starfrækja áveitu. Ef tjón það sem verkið í heild sinni bakar öðrum en áveitueiganda er metið mun minna en hagnaður sá sem áveitueigandi hefur af því, og ekki er talið hallkvæmara að framkvæma verkið með öðrum hætti en til er stofnað, skulu landsafnotin heimiluð, en meta skal fullar bætur fyrir.

Ef ekki nást samningar um framkvæmd og/eða bætur samkvæmt þessari lagagrein getur ráðherra heimilað eignarnám.

36. gr.

40. gr. laganna fellur brott.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Nú telur einhver sér mein að áveitu annars manns og samkomulag næst ekki og getur þá sá er telur sig verða fyrir skaða krafist bóta. Nú verður talið að skaði sé að áveitunni fyrir viðkomandi, en þó mun minni þeim hag sem hinn hefur af henni, og skal áveitan þá engu síður heimil, en fullar bætur koma fyrir.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef ekki nást samningar um framkvæmd og/eða bætur skv. 2. mgr. getur ráðherra heimilað eignarnám.

c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Tillitsskylda.*

38. gr.

42. gr. laganna fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Áveitufélag.*

39. gr.

43. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Óhagræði eða takmarkanir vegna samáveitu.

Þegar löggilt áveitusamþykkt hefur verið sett eru allir landeigendur og aðrir rétthafar á því svæði sem áveitunni er ætlað að ná til skyldir að leyfa landsafnot til mannvirkja er áveituna varða, svo sem land undir skurði og efni úr landinu, hvort sem er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o.s.frv., og yfir höfuð að þola allar þær kvaðir, óhagræði eða takmarkanir sem áveitan hefur í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir. Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur getur ráðherra heimilað eignarnám í þessu skyni.

40. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. Lokamálsliður greinarinnar fellur brott.

b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Kostnaður af samáveitu.*

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Ef einhver vill gerast þátttakandi í samáveitu eftir að henni hefur verið komið á, með þeim hætti að hann fái vatn til áveitu á land sitt, þá á hann rétt til þess verði það talið bagalaust.

b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Síðari þátttaka í samáveitu.*

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. 2. og 3. mgr. falla brott.

b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Nánar um kostnað af samáveitu.*

43. gr.

47. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Lögveð til handa áveitufélagi.

Greiði eigandi einhverrar þeirrar landareignar sem áveita á að ná til samkvæmt samþykkt ekki hlutdeild sína í sameiginlegum kostnaði eignast áveitufélag lögveð í fasteign hans til tryggingar kröfunni. Lögveðið nær einnig til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfunni ef því er að skipta.

44. gr.

48. gr. laganna fellur brott.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fallvatn“ í 2. mgr. kemur: vatnsfall.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Orkunýtingarréttur landeiganda.*

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna:

a. Orðin „enda séu ekki gerðar skemmdir á landi annarra manna um nauðsyn fram“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Ef nauðsyn þykir á vera getur ráðherra heimilað eignarnám.
c. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Heimild til framkvæmda.*

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „rennsli“ í 2. mgr. kemur: vatnsflæði.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Merkivötn skilja fasteignir.*

48. gr.

52. gr. laganna fellur brott.

49. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Nú eiga menn í félagi, í öðrum tilvikum en þegar merkivötn skilja fasteignir, tilkall til orku úr sama vatnsfalli og verða þeir ekki ásáttir hvernig það skuli notað til orkuvinnslu og getur þá ráðherra með eignarnámi heimilað að þeir sem eiga tilkall til meira en helmings vatnsorkunnar, talinnar eftir vatnsflæði og fallhæð, leysi til sín tilkall minni hlutans.
b. Í stað orðsins „fallvatnsins“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: vatnsfallsins.
c. Í stað tilvísunarinnar „samkvæmt 1. lið“ í 2. mgr. kemur: skv. 1. mgr.
d. 3. mgr. fellur brott.
e. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Ef menn eiga tilkall til orku úr sama vatnsfalli án þess að merkivötn skilji að fasteignir.*

50. gr.

67. gr. laganna, sem flyst í VI. kafla laganna, orðast svo ásamt fyrirsögn:

Mannvirki varðar tvær fasteignir.

Nú vill eigandi annars vatnsbakka merkivatns gera mannvirki í vatni til vatnsnýtingar,

þ.m.t. orkunýtingar, og þarf að nota til þess land hinum megin og skal hann þá bjóða eiganda þess lands að gera mannvirki með sér og nota vatnið að réttri tiltölu.

Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í mannvirkjagerð og getur ráðherra þá heimilað eignarnám til afnota af landi hans til að framkvæma verkið og nota vatnið.

51. gr.

68. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Stíflugerð til vatnsmiðlunar.

Leita skal leyfis Orkustofnunar til vatnsmiðlunar eða breytinga á henni ef flatarmál miðlunarlóns að því loknu er 1.000 fermetrar eða stærra við hæstu vatnsstöðu. Framkvæmdaraðili skal láta fylgja með umsókn sinni til Orkustofnunar fullnægjandi gögn um undirlag, gerð og frágang fyrirhugaðrar stíflu. Gildir það einnig ef miðlunarlón er minna en 1.000 fermetrar og stífluframkvæmdin tilkynningarskyld skv. 144. gr. Ef framkvæmd vatnsmiðlunar er liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skal miðlunarleyfið talið hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög.

Ráðherra getur heimilað eignarnám ef þörf krefur í þágu framkvæmdar samkvæmt grein þessari.

Leyfi skv. 1. mgr. fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan þriggja ára frá útgáfu þess.

52. gr.

69.–74. gr. laganna falla brott.

53. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna orðast svo: **Mannvirkjagerð, miðlun vatns, varnir lands, þurrkun o.fl.**

54. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VII. kafla laganna:

a. 75. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

Breyting á vatnsfarvegi.

Heimilt er fasteignareiganda og vatnafélögum, að fengnu leyfi Orkustofnunar eða eftir atvikum leyfi Fiskistofu skv. V. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynleg eru í því skyni að verja land eða landsnytjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns. Heimilt er að binda leyfið skilyrðum sem þykja nauðsynleg vegna almannahagsmuna.

Heimilt er viðeigandi stjórnvaldi hverju sinni að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr., að fengnu leyfi Orkustofnunar, enda sé það gert til að verja fasteignir, önnur mannvirki sem varða almannaheill eða náttúruminjar.

Nú þarf sá sem ætlar að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. eða stjórnvald skv. 2. mgr. afnot af fasteignum annarra manna í þessu skyni og getur þá ráðherra veitt heimild til eignarnáms ef ekki semst með aðilum.

Um varnir gegn ágangi vatna fer að öðru leyti samkvæmt gildandi lögum um varnir gegn landbroti.

b. 76. og 77. gr. falla brott.

c. Greinar kaflans flytjast í VI. kafla laganna.
d. Fyrirsögn kaflans fellur brott.

55. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VIII. kafla laganna:

a. 78. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

Heimild manns til að veita vatni af fasteign sinni.

Maður má veita bagalegu vatni af landi sínu í rásir og farvegi, þó að mein verði að á landi því er við tekur, enda megi hann ekki losna við það með öðrum hentugum hætti. Með sama skilorði má maður og veita vatni í skurði í landi annarra eða grafa þar skurði í því skyni, en jafnan skal þá skurðum svo langt fram haldið að ekki verði verulegt tjón á landi annarra manna. Bæta skal tjón sem hlýst af veitunni, en taka skal þó til greina gagn þeirra sem krefjast bóta af skurðum.

Við framkvæmdir skv. 1. mgr. skal forðast að raska tjörnum og vötnum.

Ef skurðir um landareign annars manns eru honum einnig til gagns er honum skylt að taka þátt í kostnaði af skurðgreftri og viðhaldi skurðanna.

Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur samkvæmt þessari lagagrein getur ráðherra heimilað eignarnám.

b. 79. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

Niðurlagning mannvirkis.

Niðurlagning mannvirkis samkvæmt þessum kafla, þ.m.t. stöðvun á viðhaldi, er háð samþykki Orkustofnunar. Við niðurlagningu skal umhverfið fært eins og kostur er til fyrra horfs. Eigandi mannvirkis skal leggja áætlun um niðurlagningu fyrir Orkustofnun til samþykktar þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig verkið verði framkvæmt. Orkustofnun getur sett þau skilyrði fyrir leyfi sem eru nauðsynleg til að koma í veg fyrir hættu eða tjón fyrir einstaklinga og almenning.

c. 80. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

Aðgæsluskylda.

Mannvirki og framkvæmdir allar samkvæmt lögum þessum skal gera þannig úr garði að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns nema honum sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum.

Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda og framkvæmdir í eða við vötn skal þess gætt að sem minnst röskun verði á vatni, gæðum þess, vatnslegi, lífríki, vistkerfum eða landslagi. Einnig skal forðast að valda öðrum sem tilkall eiga til sama vatns tjóni eða óhagræði.

d. 81. og 82. gr. falla brott.
e. Greinar kaflans flytjast í VI. kafla laganna.
f. Fyrirsögn kaflans fellur brott.

56. gr.

83. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Bann við óhreinkun vatna.

Óheimilt er að menga vötn eða láta í þau eða svo nærri þeim að hætt sé við að í þau berist efni, hlutir og lífverur sem spilla mundu eðlis- eða efnaástandi vatnsins, lífríki þess og nánasta umhverfi.

57. gr.

84. og 85. gr. laganna falla brott.

58. gr.

99. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Stofnun vatnafélaga.

Heimilt er fasteignareigendum að stofna félag um vatnsveitu, áveitu, vatnsorkuvinnslu, vatnsmiðlun, varnir við ágangi vatns eða annað sem lögmætan tilgang hefur samkvæmt lögum þessum.

59. gr.

100. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Stofnfundarboð.

Þeir fasteignareigendur sem stofna vilja vatnafélag skv. 99. gr. skulu boða til stofnfundar eigendur, og eftir atvikum aðra rétthafa, þeirra fasteigna sem ætla má að aðild gætu átt að félaginu. Komi til löglegrar stofnunar félagsins telst kostnaður allur af fundarboði, fundarhaldi, uppdráttum að fyrirhuguðum framkvæmdum og mannvirkjum o.s.frv. til stofnkostnaðar.

60. gr.

101. gr. laganna fellur brott.

61. gr.

102. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Efni samþykktar.

Þegar ákveðið hefur verið að stofna félag skal samþykkt þess sett svo fljótt sem unnt er. Í samþykkt skulu vera ákvæði um:

1. nafn félags, heimilisfang þess og varnarþing,
2. verkefni félags,
3. skipun félagsstjórnar, hversu fjölmenn hún skuli vera, hvernig skuli kjósa hana, hvert vald hennar skuli vera og starfssvið, ef stjórn er skipuð fleiri mönnum en einum, hve langan tíma kjör skuli gilda,
4. eigendur hvaða fasteigna taki þátt í félaginu, sem og aðrir rétthafar, og um atkvæðisrétt á félagsfundum,
5. reikninga og bókhald félagsins og endurskoðun,
6. hvernig boða skuli til félagsfunda, hvenær þeir teljist lögmætir, hvaða mál þeir skuli úrskurða og hvert vald þeir hafi að öðru leyti,
7. hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess sem félagsskapurinn hefur í för með sér,
8. hvaða kvaðir eða eignarhöft leggjast á fasteignir þær sem þátt taka í félagsskapnum,
9. félagsgjöld og hvernig þau verði ákveðin,
10. hvaða reglum skuli eftir farið ef breyta á samþykktum félagsins,
11. inntöku nýrra félaga, sbr. 110. gr.,
12. heimild til úrsagnar úr félagi, sbr. 111. gr.,
13. hvernig fara skuli um félagsslit, hvert atkvæðamagn þurfi til þeirra og hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins.

Í samþykktum skal kveðið svo á að afl atkvæða ráði úrslitum. Ef sérstök ástæða þykir til

má ákveða í samþykkt að aukinn meiri hluta þurfi til ákvörðunar um einstök félagsmálefni, önnur en þau sem sérstaklega er um mælt í lögum þessum.

Gildi samþykkta vatnafélags er háð staðfestingu iðnaðarráðherra.

62. gr.

103.–109. gr. laganna falla brott.

63. gr.

110. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Nýir félagar.

Rétt er að taka nýja menn í félag ef lögmætur félagsfundur samþykkir.

Hverjum þeim sem ekki hefur í upphafi tekið þátt í vatnsveitufélagi eða áveitufélagi í þeim tilgangi sem tilgreindur er skv. 29. gr. og 42. gr. er heimilt að gera það síðar, enda liggi fasteign hans með þeim hætti að þátttaka hans valdi ekki verulegu óhagræði.

Ef veruleg breyting verður á skyldum félaga vegna töku nýrra félagsmanna eða verkefni félaga breytist verulega fyrir þá sök skal fara með málið sem breytingar á samþykktum félagsins.

Nú bætist nýr aðili í félag og skal hann þá greiða að sínum hluta og frá þeim tíma hlutdeild í stofnkostnaði þau gjöld sem á félögum hvíla og með sama hætti sem aðrir félagar nema öðruvísi semji. Kosta skal hann sjálfur þær framkvæmdir sem eru nauðsynlegar sérstaklega hans vegna til þess að geta notað mannvirki félagsins.

64. gr.

111. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Úrsögn úr félagi og ábyrgð á skuldum.

Félagi getur sagt sig úr vatnafélagi og skal hann þá fá greiddan stofnkostnað sinn að því leyti sem verðmæti hlutar hans er meira en nemur kostnaði og tjóni af brottför hans.

Ef félagi segir sig úr félagi ábyrgist hann þau gjöld sem á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum félagsins til þess tíma er hann fer úr félaginu.

Eignir félags standa fyrir skuldum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð umfram löglega ákveðna hlutdeild sína í félaginu.

65. gr.

112. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Slit félags.

Félagi skal slíta:

1. ef félagar samþykkja það samkvæmt fyrirmælum samþykktar félags,
2. ef félagar eru aðeins tveir og annar krefst þess,
3. ef það kemur síðar í ljós að ekki er unnt að ná því takmarki sem félag setti sér eða það er svo miklum örðugleikum bundið að erfitt þykir að halda félagsskapnum áfram.

Ef helmingur félaga eða meira krefst þess er skylt að kjósa skilanefnd til að standa fyrir skiptum félags og fer um vald hennar sem skilanefndar við slit hlutafélags.

Ef eignir félags hrökkva ekki fyrir skuldum skal því sem á vantar skipt á félaga að réttri tiltölu við félagsgjöld hvers um sig, eins og þau hafa verið ákveðin samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu félagsákvæði. Hver félagi ábyrgist einungis sinn hluta.

Um skiptin fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl.

66. gr.

113. og 114. gr. laganna falla brott.

67. gr.

115. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Heimild til að fara um vötn og til afnota af vatnsbökkum.

Öllum er heimil för, þ.m.t. á farartækjum, um vötn, einnig á ísi, með þeim takmörkunum sem lög kveða á um, þó þannig að það valdi ekki truflun á veiðum manna. Umhverfisráðherra getur í reglugerð sett takmarkanir við umferð vélknúinna báta og annarra vélknúinna farartækja um vötn og vatnasvæði.

Allir sem fara um vötn eða nota þau til sunds og baða, sbr. 11. gr., hafa rétt til þeirra afnota af vatnsbökkum sem eru nauðsynleg vegna umferðar um vötn en gæta skulu þeir varkárni og forðast að valda skemmdum á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatni eða við það.

68. gr.

116. gr. laganna fellur brott.

69. gr.

117. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Aðgæsluskylda og bætur fyrir tjón vegna umferðar um vötn.

Öllum sem nota vötn til umferðar er skylt að gæta þess að gera sem minnstar skemmdir á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatni eða við það.

Eigendur landareigna eða aðrir rétthafar eiga rétt til bóta fyrir tjón sem umferð á vatni veldur beinlínis á landi við vatnið eða á löglega gerðum og vel viðhöldnum mannvirkjum í vatni eða við það, svo og á löglega settum veiðitækjum, enda þótt tjónið sé hvorki að kenna ásetningi né ógætni. Bætur greiðast ekki fyrir tjón af því þótt mannvirki þau sem fyrir skemmdum hafa orðið verði ekki notuð nema tjón beri að bæta samkvæmt almennum skaðabótareglum.

70. gr.

118.–120. gr. laganna falla brott.

71. gr.

131.–138. gr. laganna falla brott.

72. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla laganna fellur brott.

73. gr.

139. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Eignarnám.

Eignarnám sem ráðherra heimilar samkvæmt lögum þessum getur tekið til vatnsréttinda, lands, mannvirkja, aðstöðu og annarra réttinda landeiganda. Ávallt skal þess freistað að ná samkomulagi við landeiganda eða rétthafa áður en til eignarnáms kemur.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli laga þessara fer eftir almennum reglum.

74. gr.

140. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Endurgjald.

Við ákvörðun eignarnámsbóta skal koma til frádráttar sérhagur viðkomandi fasteignar af framkvæmdum. Að öðru leyti fer um endurgjald fyrir eignarnumin réttindi eftir almennum reglum.

75. gr.

141. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Bótaákvæði.

Eigandi mannvirkis við vatn, eða sá sem stendur fyrir framkvæmdum við vatn, ber ábyrgð á tjóni sem af framkvæmdunum hlýst án tillits til þess hvort tjón verði rakið til saknæmrar háttsemi eða ekki:

1. ef ráðist er án leyfis í framkvæmdir sem eru leyfisskyldar samkvæmt lögum þessum,
2. ef staðið er þannig að framkvæmdum að ekki fullnægi áskilnaði 80. gr.,
3. ef brestur verður á viðhaldi mannvirkis.

Leyfi til framkvæmdar sem valdið getur umtalsverðu tjóni má binda því skilyrði að framkvæmdaraðili leggi fram tryggingu vegna hugsanlegrar bótaábyrgðar.

76. gr.

142. gr. laganna fellur brott.

77. gr.

Fyrirsögn XV. kafla laganna orðast svo: **Eignarnám og bætur.**

78. gr.

143. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Yfirstjórn.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum nema öðruvísi sé fyrir mælt í þeim.

Orkustofnun fer með stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir um annað. Orkustofnun er iðnaðarráðherra, umhverfisráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um vatnsnýtingu og vatnamál á verksviði stofnunarinnar.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem eru teknar á grundvelli laga þessara sæta kæru til iðnaðarráðherra.

79. gr.

144. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tímafrestir vegna leyfisveitinga og tilkynningarskylda.

Ef um leyfisskylda framkvæmd samkvæmt lögum þessum er að ræða skal ákvörðun Orkustofnunar um að veita leyfi eða synja leyfis liggja fyrir innan átta vikna frá því að tilkynning um fyrirhugaða framkvæmd barst stofnuninni.

Skylt er að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir sem er fyrirhugað að ráðast í og tengjast vatni og vatnafari, þar á meðal framkvæmdir sem ekki eru sérstaklega leyfisskyldar samkvæmt þessum lögum eða öðrum.

Ekki er þó skylt að senda umsókn skv. 1. mgr. eða tilkynningu skv. 2. mgr. þegar Fiskistofu er send skrifleg umsókn um framkvæmd í eða við veiðivatn skv. V. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Fiskistofa skal þegar henni berst umsókn um leyfi fyrir framkvæmdum þegar í stað senda Orkustofnun afrit af öllum slíkum umsóknum. Þá er ekki skylt að tilkynna til Orkustofnunar framkvæmdir sem telja verður til viðgerða eða lagfæringa á veitu- eða virkjunarmannvirkjum og rúmast innan áður útgefinna leyfa samkvæmt lögum þessum.

Orkustofnun er heimilt að setja skilyrði fyrir leyfis- eða tilkynningarskyldri starfsemi og framkvæmdum sem talin eru nauðsynleg af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að framkvæmdir eða starfsemi geti spillt þeirri nýtingu sem fram fer í eða við vatn eða möguleikum á að nýta vatn síðar. Slík skilyrði skulu vera í samræmi við markmið laganna, reglugerðir og vatnaáætlun samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Heimild Orkustofnunar til þess að setja slík skilyrði nær þó ekki til starfsemi og framkvæmda á friðlýstum svæðum sem háðar eru leyfi Umhverfisstofnunar.

Orkustofnun skal gera tilkynningarskyldum aðila grein fyrir því innan fjögurra vikna frá því að tilkynning barst stofnuninni hvort hún hyggst banna tilkynntar framkvæmdir, setja skilyrði fyrir þeim í samræmi við ákvæði laga þessara eða gera aðrar athugasemdir við framkvæmdir þær sem tilkynntar hafa verið. Berist athugasemdir Orkustofnunar ekki tilkynningarskyldum aðila innan frestsins skal líta svo á að engar athugasemdir séu gerðar við fyrirhugaðar framkvæmdir. Ákveði Orkustofnun að setja tilkynningarskyldum aðila skilyrði skal ákvörðun liggja fyrir innan fjögurra vikna frá lokum fjögurra vikna frests samkvæmt þessari málsgrein.

Iðnaðarráðherra skal í reglugerð, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, setja nánari fyrirmæli um framkvæmd leyfisveitinga og tilkynningarskyldu, þ.m.t. um upplýsingaskyldu umsækjenda um leyfi, sbr. 1. mgr., og tilkynnenda, sbr. 2. mgr., til Orkustofnunar, útfærslu skilyrða sem setja má fyrir framkvæmdum og önnur atriði samkvæmt þessari grein.

80. gr.

145. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Eftirlit og úrræði.

Sé leyfisskyld framkvæmd samkvæmt lögum þessum hafin án leyfis getur Orkustofnun stöðvað hana tafarlaust. Sama á við ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu samkvæmt lögum þessum. Ef staðið er þannig að framkvæmd eða starfsemi að ekki samrýmist lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða útgefnu leyfi skal Orkustofnun veita framkvæmdaraðila skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef þá er ekki farið að fyrirmælum er heimilt að stöðva framkvæmd eða starfsemi og beita dagsektum þar til úr hefur verið bætt. Dagsektir geta numið 10.000–500.000 kr. Við ákvörðun dagsekta skal tekið tillit til eðlis vanrækslu eða brots og þeirra hagsmuna sem eru í húfi. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt þeim sem hún beinist að á sannanlegan hátt. Dagsektir renna í ríkissjóð.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða Orkustofnun við aðgerðir skv. 1. mgr.

Heimilt er Orkustofnun að afturkalla leyfi sem gefið er út samkvæmt lögum þessum ef um ítrekaða vanrækslu leyfishafa er að ræða eða ljóst er að hann getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu.

Heimilt er að mæla fyrir um að sá sem staðið hefur að óheimilum framkvæmdum skv. 1. eða 3. mgr. fjarlægi mannvirki og færi umhverfið til fyrra horfs. Ef slíkri skyldu er ekki sinnt innan þeirra tímamarka sem stjórnvöld ákveða er heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins

brotlega. Skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða úr ríkissjóði en innheimtur síðar hjá hlutaðeigandi.

Áður en gripið er til úrræða skv. 3. mgr. og 4. mgr. skal veita skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

Dagsektir skv. 1. mgr. og krafa um endurgreiðslu kostnaðar skv. 4. mgr. eru aðfararhæfar.

81. gr.

146. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gjaldtaka.

Fyrir leyfi sem stjórnvöld veita á grundvelli þessara laga og fyrir eftirlit sem þeim er falið er heimilt að innheimta gjald. Gjaldið skal vera í samræmi við gjaldskrá sem staðfest skal af viðkomandi ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjald skv. 1. mgr. má ekki vera hærra en nemur kostnaði við undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar þjónustu, útgáfu leyfis og eftirlit.

82. gr.

147.–150. gr. laganna falla brott.

83. gr.

Fyrirsögn XVI. kafla laganna orðast svo: **Stjórnsýsla.**

84. gr.

151. og 152. gr. laganna falla brott.

85. gr.

Fyrirsögn XVII. kafla laganna fellur brott.

86. gr.

153. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Rannsóknarheimildir.

Eiganda lands, sem og öðrum rétthöfum, er skylt að þola að yfirborðsrannsóknir og önnur undirbúningsstörf, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmda samkvæmt lögum þessum, fari fram á landi hans, enda getur hann krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem af því hlýst. Landeiganda skal tilkynnt um hinar fyrirhuguðu rannsóknir með góðum fyrirvara og eigi síðar en um leið og tilkynning er send Orkustofnun. Til umfangsmeiri rannsókna þarf leyfi Orkustofnunar.

87. gr.

154. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta fyrir brot á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans.

88. gr.

Á eftir 154. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Reglugerðir.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. ákvæði sem lúta að undantekningum frá tilkynningarskyldu vegna minni háttar vatna og um starfrækslu vatnafélaga.

89. gr.

Fyrirsögn XVIII. kafla laganna orðast svo: **Ýmis ákvæði.**

90. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Vatnalög, nr. 20/2006, með síðari breytingum, taka ekki gildi og falla niður við gildistöku laga þessara. Við gildistöku laga þessara falla jafnframt úr gildi lög nr. 31/2007, um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti.

Vatnafélög sem starfrækt eru við gildistöku laga þessara skv. XI. kafla laga nr. 15/1923 skulu laga starfsemi sína að lögum þessum fyrir 1. janúar 2012.

1897. Nefndarálit [741. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin tók mál þetta til umfjöllunar undir lok maí sl. Af því tilefni tók nefndin á móti nokkrum fjölda gesta. Að gestakomum loknum óskuðu nokkrir nefndarmenn eftir því að nefndin kallaði á sinn fund sérfræðing í stjórnskipunarrétti til þess að veita nefndinni álit á þingmálinu og svara spurningum nefndarmanna. Ekki tókst að koma því við fyrir sumarhlé Alþingis annars vegar vegna anna sérfræðinga í háskólum landsins og hins vegar vegna tímafrekrar umræðu um fiskveiðistjórnarmál. Nefndin fjallaði á ný um málið í lok ágúst sl. og 31. þess mánaðar kom Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, á fund nefndarinnar. Björg hafði sitthvað við málið að athuga og var sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu í kjölfarið sent tölvuskeyti þar sem helstu athugasemdir Bjargar komu fram ásamt ósk um viðbrögð ráðuneytisins við þeim. Svar barst frá ráðuneytinu 1. september sl. þar sem ráðuneytið kynnti nefndinni hugmynd af breytingu á þingmálinu ásamt ítarlegum rökstuðningi. Morguninn eftir, 2. september, fundaði nefndin á ný um málið. Við upphaf þess fundar voru nefndarmönnum afhent fimm blaðsíðna drög að nefndaráliti um málið. Strax í kjölfarið bar formaður nefndarinnar fram tillögu um að afgreiða málið þá þegar. 2. minni hluti mótmælti afgreiðslu málsins að svo stöddu, í fyrsta lagi vegna þess að nefndarmenn höfðu engin tök haft á að kynna sér efni álitsdraganna, í öðru lagi þar sem hann taldi verulegt tilefni til þess að skoða nánar þær hugmyndir sem höfðu borist frá ráðuneytinu og í þriðja lagi þar sem rétt væri að kalla hagsmunaaðila á fund nefndarinnar og gefa þeim færi á að bregðast við breytingartillögu sem kom fram í álitsdrögunum. Þrátt fyrir framangreint var málið afgreitt á fundinum gegn atkvæðum 2. minni hluta.

Annar minni hluti mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem voru viðhöfð við afgreiðslu málsins. Það er fáheyrt að nefndir Alþingis afgreiði mál með álitsdrögum sem nefndarmenn hafa ekki áður séð og fá ekki tíma til að kynna sér. Engri orku var eytt í að kynna nefndarmönnum efni þeirra. Oft hefur hagsmunaaðilum verið gefið færi á að kynna nefndum afstöðu sína til þeirra breytinga sem þær hafa í huga að leggja til en slíku var ekki að heilsa í þetta sinn. Af þessum sökum má segja að málið hafi verið afgreitt hálfkarað með óskiljanlegum flýti.

Þá er það mat 2. minni hluta að nefndin hefði haft full tök á að útfæra markmið frumvarpsins á fullnægjandi hátt í tillögum til breytinga hefði henni á annað borð verið gefinn tími til að fara í slíka vinnu. Í hugmyndum sem bárust frá ráðuneytinu 1. september sl. var af yfirvegun tekist á við þær athugasemdir sem höfðu verið gerðar við málið og lagðar fram tillögur að haganlegri lausn. Þær athugasemdir höfðu helstar verið gerðar að fyrirkomulag 2. gr. málsins væri ekki nægilega opið útgerðarmönnum og skylda til greiðslu hlutfalls af verðmæti afla ekki nægilega valkvæð. Tillögur ráðuneytisins fólu einmitt í sér tillögu til lagfæringar á framangreindum atriðum. Er það mat 2. minni hluta að slíkt hafi einfaldlega ekki vakið áhuga 1. minni hluta.

Álit 2. minni hluta er að í máli þessu hafi verið fullt tilefni til þess að leita sátta á milli þeirra aðila sem málið varðaði. Slík vinna hefði án efa skilað farsælli lausn. Til þess að svo færi skorti 1. minni hluta metnað. Sú staðreynd er sérstaklega bagaleg í ljósi mikilvægis sjávarútvegs fyrir samfélag okkar. Verður starf samtaka útvegs- og sjómanna seint metið til sannvirðis. Nægir í því efni að benda á störf slíkra samtaka að fræðslu-, öryggis- og gæðamálum auk þess sem þau hafa umtalsvert hlutverk þegar kemur að samskiptum við handhafa ríkisvalds.

Alþingi, 2. sept. 2011.

Jón Gunnarsson, frsm. Atli Gíslason.

1898. Svar [851. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um gamalt húsnæði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvert er hlutfall íbúðarhúsnæðis á Íslandi sem byggt var árið 1918 eða fyrr?*
2. *Hversu hátt hlutfall alls húsnæðis á Íslandi var byggt árið 1918 eða fyrr í fermetrum talið?*

Í tilefni af fyrirspurninni var aflað upplýsinga frá Þjóðskrá Íslands.

Íbúðarhúsnæði byggt fyrir 1918 er 3,1% af fjölda húsa, 2,1% af fjölda íbúða og 2,1% af brúttóflatarmáli.

Allt húsnæði byggt fyrir 1918 er 1,7% af brúttóflatarmáli og 2,1% af fjölda húsa.

Til skýringar:

Íbúðarhúsnæðistalningin miðast við hlutfall matshluta sem byggðir voru árið 1918 eða fyrr.

Fermetrar eru skráðir brúttófermetrar.
Ekki er tekið með við útreikninginn húsnæði þar sem byggingarár er óskráð.
Tölurnar miðast við júní 2011.

1899. Svar [878. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um undanþágur gagnavera frá greiðslu virðisaukaskatts.

1. *Hvað líður setningu reglugerða um undanþágur frá greiðslu virðisaukaskatts í rekstri gagnavera?*

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. A laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. lög nr. 163/2010, er innflutningur á netþjónum og tengdum búnaði undanþeginn virðisaukaskatti í þeim tilvikum þegar eigendur þeirra eru heimilisfastir í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og ekki með fasta starfsstöð hér á landi í skilningi 4. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Samkvæmt 4. mgr. 42. gr. A er ráðherra heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd og skilyrði undanþágunnar, þ.m.t. til hvaða búnaðar hún nær.

Í kjölfar setningar laga nr. 163/2010 taldi ráðuneytið nægilegt að gefa út tilmæli til tollstjóra vegna útfærslu undanþágu á greiðslu virðisaukaskatts við innflutning á netþjónum og tengdum búnaði skv. 42. gr. A í stað þess að setja reglugerð um framkvæmd og skilyrði undanþágunnar. Tilmæli ráðuneytisins til tollstjóra voru send 29. júní 2011 og fylgja svari þessu. Í tilmælunum kemur fram að að netþjónar skuli falla í tollflokk 8471 og að búnaður tengdur netþjónunum skuli falla í tollflokk 8517, sbr. eftirfarandi:

„1. 8471 – Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar til þeirra; lesarar fyrir segulletur eða ritletur, vélar til að umskrá gögn á gagnamiðla á táknmáli og vélar til að vinna úr slíkum gögnum, ót.a.
2. 8517 – Símtæki, einnig símar fyrir farsímanet eða önnur þráðlaus net; önnur tæki til sendingar eða móttöku á máli, myndum eða öðrum gögnum, þar með talið tæki til samskipta á línu eða þráðlausu neti (svo sem staðtengdu neti eða víðneti), þó ekki sendi- eða móttökubúnaður í nr. 8443, 8525, 8527 eða 8528.“

2. *Hvaða skilyrði þurfa gagnaverin að uppfylla til að fá niðurfelldan virðisaukaskatt?*

Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. A laga nr. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eru skilyrði fyrir því að fá virðisaukaskatt undanþeginn skv. 1. mgr. 42. gr. A eftirfarandi:

1. Eigandi netþjóna og tengds búnaðar er í virðisaukaskattsskyldri starfsemi í heimaríki sínu.
2. Starfsemi eiganda netþjóna og tengds búnaðar væri skráningarskyld samkvæmt lögum þessum væri hún rekin hér á landi.
3. Netþjónar og tengdur búnaður er gagngert fluttur til landsins til notkunar eða staðsetningar í gagnaveri sem eigandi þeirra er í viðskiptum við.
4. Netþjónar og búnaður er eingöngu nýttur af eigandanum en ekki í annarri starfsemi gagnaversins.
5. Vinnsla netþjóna og tengds búnaðar er nýtt utan Íslands eða í þágu aðila sem ekki eru heimilisfastir eða með fasta starfsstöð hér á landi.

Ákvæði 42. gr. A laganna kom til framkvæmda 1. maí 2011 og því geta eigendur netþjóna og tengds búnaðar með heimilisfesti í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum sem ekki eru með fasta starfsstöð hér á landi frá þeim tíma flutt inn netþjóna og tengdan búnað til Íslands án greiðslu virðisaukaskatts svo fremi sem ofangreindum skilyrðum sé fullnægt.

Til frekari upplýsinga má nefna að í nefndaráliti efnahags- og skattanefndar við umræðu um frumvarp sem varð að lögum nr. 163/2010 kom fram að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) yrði tilkynnt um þau og leitað staðfestingar á því að ekki væri um að ræða ólögmæta ríkisaðstoð samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ráðuneytið sendi ESA óformlega tilkynningu um lagasetninguna þar sem óskað var eftir leiðbeiningum frá stofnuninni um framgang hennar, m.a með tilliti til gildistökunnar 1. maí. ESA tilkynnti ráðuneytinu 1. júlí sl. að stofnunin gæti ekki orðið við þeirri beiðni. Í framhaldi af því sendi fjármálaráðuneytið 1. september sl. formlega tilkynningu til ESA vegna laga nr. 163/2010 þar sem meðal annars er tilkynnt um ákvæði 42. gr. A, þ.e. um innflutning á netþjónum og tengdum búnaði sem gagngert er fluttur til Íslands til notkunar eða staðsetningar í gagnaveri sem eigandi þeirra er í viðskiptum við. Málið er því nú til formlegrar meðferðar hjá ESA.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti:

Tilmæli um innflutning á netþjónum og tengdum búnaði skv. 42. gr. A laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

(29. júní 2011.)

Þann 18. desember 2010 voru lög nr. 163/2010, um breyting á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana), samþykkt á Alþingi. Með lögunum var nýtt ákvæði lögfest, 42. gr. A, er lýtur að innflutningi á netþjónum og tengdum búnaði sem er svohljóðandi:

> Innflutningur á netþjónum og tengdum búnaði skal vera undanþeginn virðisaukaskatti í þeim tilvikum þegar eigendur þeirra eru heimilisfastir í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og ekki með fasta starfsstöð hér á landi í skilningi 4. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með tengdum búnaði er átt við búnað sem er nauðsynlegur þáttur í virkni netþjónanna og nýtist eingöngu eiganda viðkomandi netþjóns. Skilyrði undanþágu skv. 1. mgr. eru:
> 1. Eigandi netþjóna og tengds búnaðar sé í virðisaukaskattsskyldri starfsemi í heimarríki sínu.
> 2. Starfsemi eiganda netþjóna og tengds búnaðar væri skráningarskyld samkvæmt lögum þessum væri hún rekin hér á landi.
> 3. Netþjónar og tengdur búnaður sé gagngert fluttur til landsins til notkunar eða staðsetningar í gagnaveri sem eigandi þeirra er í viðskiptum við.
> 4. Netþjónar og búnaður sé eingöngu nýttur af eigandanum en ekki í annarri starfsemi gagnaversins.
> 5. Vinnsla netþjóna og tengds búnaðar sé nýtt utan Íslands eða í þágu aðila sem ekki eru heimilisfastir eða með fasta starfsstöð hér á landi.
> Í skilningi þessa ákvæðis er gagnaver sérútbúið húsrými sem hannað er fyrir búnað til upplýsingavinnslu og fyrir þá starfsemi sem því tengist.
> Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd og skilyrði undanþágunnar, þ.m.t. til hvaða búnaðar hún nær.
> Grein þessi skal endurskoðuð að tveimur árum liðnum frá því að hún kemur til framkvæmda.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 163/2010 öðlaðist ákvæðið þegar gildi og kom til framkvæmda 1. maí síðastliðinn. Í kjölfar samþykktar Alþingis á lögum nr. 163/2010 var Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) send fortilkynning (e. pre-notification) og leitað eftir afstöðu þeirra á því hvort tilteknir ákvæði laganna er lutu að gagnaverum fælu í sér ólögmæta ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. samnings um Evrópska Efnahagssvæðið (EES-samningsins). ESA hefur ekki svarað því með formlegum hætti hvort um ólögmæta ríkisaðstoð sé að ræða en hefur í samskiptum sínum við fjármálaráðuneytið gefið til kynna að miklir möguleikar séu á að svo sé.

Vegna afstöðu ESA ákváð fjármálaráðuneytið að leggja til í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sbr. þskj. 1465 – 824. mál, að framkvæmd þeirra ákvæða í lögum nr. 163/2010 er lutu að gagnaverum yrði frestað, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Í meðförum frumvarpsins hjá efnahags- og skattanefnd kom fram að 42. gr. A laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, er lýtur að innflutningi að netþjónum og tengdum búnaði, hafi tekið gildi um síðustu áramót og hafi komið til framkvæmda 1. maí s.l. Taldi hluti nefndarmanna eðlilegt að gera breytingar á ákvæðinu ef þörf væri á og þegar formlegar athugasemdir hefðu borist frá ESA. Með vísan til þessa ákvað nefndin að fella 11. gr. frumvarpsins brott. Þann 11. júní s.l. voru lögin samþykkt á alþingi í samræmi við nefndarálit meirihluta efnahags- og skattanefndar.

Þar sem ákvæði 42. gr. A í lögum nr. 50/1988 kom til framkvæmda þann 1. maí s.l., liggur fyrir að eigendur netþjóna og tengds búnaðar með heimilisfesti í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og ekki með fasta starfsstöð hér á landi, geta frá 1. maí s.l., flutt inn netþjóna og tengdan búnað til landsins án greiðslu virðisaukaskatts. Þó ber að leggja áherslu á að öll skilyrði 42. gr. A verða að vera uppfyllt svo hægt sé að krefjast undanþágu virðisaukaskatts á grundvelli ákvæðisins.

Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til tollstjóra varðandi tollflokkun á netþjónum og tengdum búnaði samkvæmt 42. gr. A laga nr. 50/1988 að netþjónar skuli falla í tollflokk 8471 og búnaður tengdur netþjónum skuli falla í tollflokk 8517:

1. **8471 – Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar til þeirra; lesarar fyrir segulletur eða ritletur, vélar til að umskrá gögn á gagnamiðla á táknmáli og vélar til að vinna úr slíkum gögnum, ót.a.:**

2. **8517 - Símtæki, einnig símar fyrir farsímanet eða önnur þráðlaus net; önnur tæki til sendingar eða móttöku á máli, myndum eða öðrum gögnum, þar með talið tæki til samskipta á línu eða þráðlausu neti (svo sem staðtengdu neti eða víðneti), þó ekki sendi- eða móttökubúnaður í nr. 8443, 8525, 8527 eða 8528.**

Komist ESA að þeirri niðurstöðu að undanþága virðisaukaskatts af innflutningi netþjóna og tengds búnaðar skv. 42. gr. A laga nr. 50/1988 samræmist ekki ákvæðum EES samningsins ber íslenskum stjórnvöldum að endurkrefja aðila sem fengið hafa undanþágu frá virðisaukaskatti á grundvelli ákvæðisins um þann virðisaukaskatt. Stjórnvöldum ber þannig að afturkalla ákvörðun um ríkisaðstoð eða annan fjárhagsstuðning úr opinberum sjóðum og gera ráðstafanir til þess að endurheimta aðstoðina frá þiggjanda hennar. Aðila ber þá að greiða vexti sem skulu reiknaðir frá þeim degi er hann fékk aðstoðina og fram til þess dags að hún er endurgreidd. Afturköllun skapar ríkissjóði eða öðrum opinberum aðila ekki skaðabótaskyldu gagnvart þeim sem ákvörðun beinist að eða telja sig að öðru leyti bíða tjón af afturkölluninni.

Með vísan til þessa beinir ráðuneytið jafnframt þeim tilmælum til tollstjóra að hann geri þeim aðilum sem sækja um undanþágu virðisaukaskatts á grundvelli 42. gr. A laga nr. 50/1988 grein fyrir því að þeir verði krafnir um greiðslu þess virðisaukaskatts sem um ræðir ásamt vöxtum verði niðurstaða ESA sú að um ólögmæta ríkisaðstoð sé að ræða í skilningi 61. gr. EES samningsins.

Fyrir hönd ráðherra

Hlynur Ingason

Sóley Ragnarsdóttir

1900. Svar [781. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um framkvæmdir og kostnað við Landeyjahöfn.

1. *Hvernig hefur verið staðið að framkvæmdum á varnargarði við ósa Markarfljóts og hvenær er gert ráð fyrir að framkvæmdunum ljúki?*

Samið var við Suðurverk hf. um framkvæmdina en það fyrirtæki var aðalverktaki við hafnargerðina. Verkið var unnið í janúar og febrúar á þessu ári og því er lokið. Kostnaður nam um 28 millj. kr.

2. *Er hafinn undirbúningur að kaupum á sjálfvirkum dælubúnaði fyrir Landeyjahöfn og ef svo er, hvenær má vænta þess að búnaðurinn verði tekinn í notkun?*

Verið er að skoða kosti og galla slíks búnaðar og gera áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað. Ákvörðun um kaup hefur ekki verið tekin.

3. *Hafa áætlanir Siglingastofnunar um frátafir verið uppfærðar í ljósi reynslu síðasta árs og ef svo, hverjar eru þær?*

Enn er ekki komin nægjanleg reynsla af siglingum í Landeyjahöfn til að raunhæft sé að endurskoða þessar áætlanir. Efnisburður síðasta vetur markaðist af miklum framburði Markarfljóts í framhaldi af eldgosi í Eyjafjallajökli og því ekki marktækur til frambúðar. Þá lágu siglingar Herjólfs niðri mánuðum saman síðastliðinn vetur og hafa skipstjórnarmenn því haft litla möguleika á að læra á aðstæður til siglinga sem þarna ríkja.

4. *Er gert ráð fyrir að Þorlákshöfn verði varahöfn Herjólfs til frambúðar?*

Gera verður ráð fyrir Þorlákshöfn sem varahöfn að minnsta kosti á meðan verið er að komast yfir þær sérstöku aðstæður í náttúrunni sem ríkt hafa frá því að höfnin var tekin í notkun og á meðan ekki hefur verið keypt ferja sem hentar aðstæðum betur en núverandi Herjólfur.

5. *Hver var áætlaður kostnaður við framkvæmdirnar við Landeyjahöfn og hver er hann orðinn, þ.e. kostnaður við höfn, húsnæði og sandgröft?*

Áætlaður stofnkostnaður við framkvæmdir til ársloka 2014 er 3.400 millj. kr. (á verðlagi hvers árs) og skiptist þannig: höfn 2.730 millj. kr., hús og lóð 250 millj. kr., stofndýpkun 190 millj. kr. og landgræðsla 230 millj. kr. Áætlaður stofnkostnaður áranna 2012–2014 er að stærstum hluta landgræðsla. Áfallinn heildarkostnaður 1. ágúst 2011 var 3.260 millj. kr. Til viðbótar kemur kostnaður við viðhaldsdýpkun hafnarinnar. Sá kostnaður nam 234 millj. kr. frá hausti 2010 til 1. ágúst 2011.

Eins og staða ríkissjóðs er nú, og öllum er kunn, er ekki hægt að leggja í fjárfestingu vegna kaupa á nýrri ferju að sinni. Reynslan af rekstri Landeyjahafnar og þeim uppákomum sem við höfum mætt á fyrstu rekstrarmánuðum hennar mun hins vegar nýtast vel og hjálpa okkur að átta okkur betur á þeim kröfum sem við þurfum að gera til að mæta sem best samgönguþörfum Vestmannaeyja, bæði í gæðum og öryggi.

Þá má að lokum geta þess að í sumar var skipaður samráðshópur hagsmunaaðila um samgöngur milli lands og Vestmannaeyja. Í hópnum sitja fulltrúar frá innanríkisráðuneyti, Vegagerðinni, Eimskip og Siglingastofnun, auk fulltrúa bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Hópnum er ætlað að vera vettvangur fyrir hagsmunaaðila til að viðra sjónarmið, afla, greina og miðla upplýsingum á milli aðila um málefni hafnarinnar og siglingar um hana. Einnig að upplýsa ráðherra um stöðu mála á hverjum tíma eins og þurfa þykir.

Hópurinn hefur þegar skilað áfangaskýrslu um störf sín.

1901. Svar [892. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um efnahagsreikning Arion banka, Íslandsbanka og NBI (Landsbankans) við stofnun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var efnahagsreikningur Arion banka, Íslandsbanka og NBI (Landsbankans) við stofnun hvers og eins þeirra haustið 2009? Svar óskast um bókfært virði eigna og skulda hvers og eins banka, samkvæmt viðurkenndum reiknisskilavenjum (IFRS), og raunvirði eða sannvirði eigna hvers og eins banka við yfirfærslu frá hinum föllnu bönkum (Kaupþingi, Glitni og Landsbanka), fyrir og eftir útgáfu fjármálagerninga fyrir mismun eigna og skulda og eiginfjárframlagi íslenska ríkisins. Í svarinu verði sérstaklega tekið fram virði útlána hinna föllnu banka til einstaklinga og fyrirtækja, og virði þeirra lána sem voru þá bókuð sem útlán í íslenskum krónum og í erlendri mynt.

Fjármálaráðuneytið óskaði eftir því við Bankasýsluna að hún aflaði svara við fyrirspurninni. Svör Bankasýslunnar takmarkast við þau gögn sem hún hefur aðgang að hjá fjármálastofnunum.

Landsbankinn:

Landsbankinn tók við eignum á bókfærðu virði að fjárhæð 1.409 milljarðar kr. eða 783 milljarðar kr. að gangvirði við yfirfærslu frá gamla bankanum. Yfirteknar skuldir námu 508

milljörðum kr. og voru eignir umfram skuldir 275 milljarðar kr. að gangvirði. Gefið var út skuldabréf af Landsbankanum til gamla bankans jafnt mismuninum að fjárhæð 275 milljarðar kr. Útgefið hlutafé nam 150 milljörðum kr. og hækkaði eignastaðan sem því nam við útgáfu og myndaði eiginfjárgrunn bankans. Eignarhlutur ríkis er 81,33% eða 122 milljarðar kr.

Yfirtekin útlán námu samtals 1.247 milljörðum kr. á bókfærðu virði eða 661 milljarði kr. að gangvirði, þar af voru 497 milljarðar kr. til fyrirtækja, 158 milljarðar kr. til einstaklinga og 5 milljarðar kr. til fjármálafyrirtækja (sjá töflu).

Tafla 1: Bókfært virði og gangvirði eigna Landsbankans við stofnun 9. október 2008 í millj. kr.

Eignir og skuldir 9. október 2008		
	Bókfært verð	Gangvirði
Eignir	1.408.617 kr.	782.775 kr.
	Bókfært verð	Gangvirði
Skuldir	-509.084 kr.	-507.807 kr.
Samtals eignir	**899.533 kr.**	**274.968 kr.**
Útgefið skuldabréf til Gamla Landsbankans		274.800 kr.
Útgefið hlutafé		150.000 kr.
Hlutur ríkis		122.000 kr.

Útlán 9. október 2008		
	Bókfært verð	Gangvirði
Fyrirtæki	1.003.957 kr.	497.337 kr.
Einstaklingar	237.350 kr.	158.388 kr.
Fjármálafyrirtæki	5.813 kr.	5.291 kr.
Samtals útlán	**1.247.120 kr.**	**661.016 kr.**

Gjaldeyrisstaða Landsbankans:

Tölur um skiptingu útlána milli erlendra og innlendra mynta við stofnun eru ekki fyrirliggjandi. Þó liggur fyrir erlend staða bankans 31. desember 2008.

Tafla 2: Erlend staða Landsbankans 31. desember 2008 í millj. kr.

Erlendar eignir 31.12.2008	
Eignir	567.627 kr.
Skuldir	-346.986 kr.
Hrein gjaldeyrisstaða	220.641 kr.
Gjaldeyrisstuðull*	-175.719 kr.
Raun gjaldeyrisstaða	44.922 kr.

*Lán í erlendri mynt til viðskiptavina sem ekki hafa tekjur í erlendum myntum

Gengisbreytingar krónu hafa því ekki áhrif á bókfært verð

Samtals námu erlendar eignir bankans 568 milljörðum kr. og erlendar skuldir 347 milljörðum kr. 31. desember 2008. Þannig voru erlendar eignir 221 milljarði kr. hærri en skuldir. Á móti kemur að lán í erlendri mynt til viðskiptavina sem ekki hafa tekjur í erlendum myntum námu 176 milljörðum kr. (gjaldeyrisstuðull). Gengisbreytingar hafa ekki áhrif á verð framangreindra lána og var raungjaldeyrisstaða bankans því jákvæð um 45 milljarða kr. (erlendar eignir hærri en erlendar skuldir).

Íslandsbanki:

Íslandsbanki tók við eignum á bókfærðu virði að fjárhæð 1.074 milljarðar kr. eða 564 milljarðar kr. að gangvirði við yfirfærslu frá gamla bankanum. Yfirteknar skuldir námu 564 milljörðum kr. og því jafnvægi milli eigna og skulda. Útgefið hlutafé nam 65 milljörðum kr. og hækkaði eignastaðan sem því nam við útgáfu og myndaði eiginfjárgrunn bankans. Eignarhlutur ríkis er 5% eða 3,25 milljarðar kr.

Yfirtekin útlán námu samtals 924 milljörðum kr. á bókfærðu virði eða 493 milljörðum kr. að gangvirði, af þeim voru 482 milljarðar kr. til viðskiptavina og 11 milljarðar kr. til fjármálafyrirtækja (sjá töflu 3). Ekki hefur verið gefin út nákvæmari sundurliðun.

Tafla 3: Bókfært virði og gangvirði eigna Íslandsbanka við stofnun 15. október 2008 í millj. kr.

Eignir og skuldir 15. október 2008		
	Bókfært verð	Gangvirði
Eignir	1.073.615 kr.	564.260 kr.
	Bókfært verð	Gangvirði
Skuldir	-507.277 kr.	-564.260 kr.
Samtals eignir	**566.338 kr.**	**0 kr.**
Útgefið hlutafé		65.000 kr.
Hlutur ríkis		3.250 kr.

Útlán 15. október 2008		
	Bókfært verð	Gangvirði
Viðskiptavinir	905.044 kr.	482.586 kr.
Fjármálafyrirtæki	19.533 kr.	10.597 kr.
Samtals útlán	**924.577 kr.**	**493.183 kr.**

Gjaldeyrisstaða Íslandsbanka:

Tölur um skiptingu útlána milli erlendra og innlendra mynta við stofnun eru ekki fyrirliggjandi. Þó liggur fyrir erlend staða bankans 31. desember 2008.

Tafla 4: Erlend staða Íslandsbanka 31. desember 2008 í millj. kr.

Samtals námu erlendar eignir bankans 280 milljörðum kr. og erlendar skuldir 104 milljörðum kr. 31. desember 2008. Þannig voru erlendar eignir 176 milljörðum kr. hærri en skuldir. Á móti kemur að lán í erlendri mynt til viðskiptavina sem ekki hafa tekjur í erlendum myntum námu 179 milljörðum kr. Gengisbreytingar hafa ekki áhrif á verð framangreindra lána og var raungjaldeyrisstaða bankans því neikvæð um 3 milljarða kr. (erlendar eignir lægri en erlendar skuldir).

Erlendar eignir 31.12.2008

Eignir	280.170 kr.
Skuldir	-104.109 kr.
Hrein gjaldeyrisstaða	176.061 kr.
Gjaldeyrisstuðull*	-178.721 kr.
Raun gjaldeyrisstaða	-2.660 kr.

*Lán í erlendri mynt til viðskiptavina sem ekki hafa tekjur í erlendum myntum
Gengisbreytingar krónu hafa því ekki áhrif á bókfært verð

Arion banki:

Upplýsingar um Arion banka eru takmarkaðri. Gangvirði yfirtekinna eigna var 452 milljarðar kr. við stofnun, 22. október 2008. Útgefið hlutafé nam 72 milljörðum kr. við stofnun og hækkaði eignastaðan sem því nam við útgáfu og myndaði eiginfjárgrunn bankans. Hinn 8. janúar 2010 var endanlegt uppgjör milli Arion banka og gamla bankans, þá tók Arion banki yfir um 80 milljarða kr. í eignum og 76 milljarða kr. í skuldum og stækkaði efnahagsreikningur bankans um 80 milljarða kr. við það. Hlutafé bankans hækkaði svo jafnt mismun eigna og skulda eða um 4 milljarða kr. og er hlutaféð því tæpir 76 milljarðar kr. Eignarhlutur ríkis er 13% eða tæpir 10 milljarðar kr.

Yfirtekin útlán námu samtals 359 milljörðum kr. að gangvirði, af þeim voru 324 milljarðar kr. til viðskiptavina og 35 milljarðar kr. til fjármálafyrirtækja (sjá töflu). Ekki hefur verið gefin út nákvæmari sundurliðun.

Tafla 5: Bókfært virði og gangvirði eigna Arion banka við stofnun 22. október 2008 í millj. kr.

Eignir og skuldir 22. október 2008		
	Bókfært verð	Gangvirði
Eignir	Ekki gefið upp	452.234 kr.
	Bókfært verð	Gangvirði
Skuldir	Ekki gefið upp	Ekki gefið upp
Samtals eignir		
Útgefið hlutafé		75.862 kr.
Hlutur ríkis		9.862 kr.

Útlán 22. október 2008		
	Bókfært verð	Gangvirði
Viðskiptavinir	Ekki gefið upp	324.727 kr.
Fjármálafyrirtæki	Ekki gefið upp	35.265 kr.
Samtals útlán		**359.992 kr.**

Gjaldeyrisstaða Arion banka 31. desember 2008 í millj. kr.

Tölur um skiptingu útlána milli erlendra og innlendra mynta við stofnun eru ekki fyrirliggjandi. Þó liggur fyrir erlend staða bankans 31. desember 2008.

Tafla 6: Erlend staða Arion banka 31.12.2008 í millj. kr.

Erlendar eignir 31.12.2008	
Eignir	398.676 kr.
Skuldir	-167.590 kr.
Hrein gjaldeyrisstaða	231.086 kr.
Gjaldeyrisstuðull*	-140.494 kr.
Raun gjaldeyrisstaða	90.592 kr.

*Lán í erlendri mynt til viðskiptavina sem ekki hafa tekjur í erlendum myntum
Gengisbreytingar krónu hafa því ekki áhrif á bókfært verð

Samtals námu erlendar eignir bankans 399 milljörðum kr. og erlendar skuldir 168 milljörðum kr. 31. desember 2008. Þannig voru erlendar eignir 231 milljarði kr. hærri en skuldir. Á móti kemur að lán í erlendri mynt til viðskiptavina sem ekki hafa tekjur í erlendum myntum námu 140 milljörðum kr. Gengisbreytingar hafa ekki áhrif á bókfært verð framangreindra eigna og var raungjaldeyrisstaða bankans því jákvæð um 91 milljarð kr. (erlendar eignir hærri en erlendar skuldir).

1902. Nefndarálit [381. mál]

um frv. til upplýsingalaga.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Setning upplýsingalaga, nr. 50/1996, sem tóku gildi hinn 1. janúar 1997, fólu í sér mikla réttarbót fyrir almenning á Íslandi. Með þeim lögum var almenningi tryggður aðgangur að gögnum úr stjórnsýslunni og stjórnkerfinu og þar með gagnsæi í stjórnsýslunni og við meðferð opinberra hagsmuna sem skiptu almenning máli.

Nú liggur fyrir frumvarp til nýrra upplýsingalaga. Í markmiðsákvæði 1. gr. frumvarpsins segir að markmið frumvarpsins sé að tryggja gegnsæi í stjórnsýslunni og við meðferð opinberra hagsmuna m.a. í þeim tilgangi að styrkja: 1. upplýsingarétt og tjáningarfrelsi; 2. möguleika almennings til þátttöku í lýðræðissamfélagi; 3. aðhald fjölmiðla og almennings að stjórnvöldum; 4. möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni; 5. traust almennings á stjórnsýslunni.

Í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar og í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það byggist í megindráttum á gildandi upplýsingalögum, nr. 50/1996, en að það markmið sem búi að baki endurskoðun gildandi laga sé að auka þurfi upplýsingarétt almennings frá því sem nú er, tryggja gagnsæi í stjórnsýslunni og við meðferð opinberra hagsmuna í þeim tilgangi m.a. að styrkja upplýsingarétt og tjáningarfrelsi ásamt þátttöku almennings í lýðræðisþjóðfélagi. Þá segir í nefndaráliti meiri hlutans að með frumvarpinu séu lagðar fram ýmsar breytingar sem meðal annars miða að því að tryggja gagnsæi í stjórnsýslunni og við meðferð opinberra mála, auka upplýsingarétt með því að auðvelda borgurunum að leggja fram beiðnir um upplýsingar, víkka gildissvið laganna þannig að upplýsingalög taki einnig til lögaðila sem eru að 75% hluta eða meira í eigu hins opinbera og skerpa ákvæði um rétt til upplýsinga um málefni starfsmanna og vinnubrögð stjórnvalda.

Skjaldborg um ríkisstjórn.

Minni hluti allsherjarnefndar telur að þrátt fyrir fögur fyrirheit frumvarpshöfunda og meiri hluta allsherjarnefndar verði framangreindu markmiði endurskoðunar núgildandi upplýsingalaga ekki náð með frumvarpinu. Þvert á móti telur minni hlutinn að verði frumvarpið að lögum muni upplýsingaréttur almennings skerðast frá því sem verið hefur frá gildistöku núgildandi upplýsingalaga hinn 1. janúar 1997. Telur minni hlutinn að verði frumvarpið að lögum sé viðbúið að réttur almennings, hagsmunasamtaka og fjölmiðla til að afla sér upplýsinga úr stjórnsýslunni verði ekki eins traustur og hann er samkvæmt núgildandi lögum.

Sú skoðun minni hlutans byggist í fyrsta lagi á efni ákvæða frumvarpsins. En í öðru lagi byggist hún á yfirlýsingum aðalhöfundar frumvarpsins fyrir nefndinni á megintilgangi frumvarpsins, sem styður framangreinda skoðun minni hlutans.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu skipaði forsætisráðherra starfshóp í lok júlí 2009 sem var falið það hlutverk að endurskoða gildandi upplýsingalög. Formaður starfshópsins, Trausti Fannar Valsson, lektor við Háskóla Íslands, lýsti því yfir á fundi nefndarinnar að með frumvarpinu væri í raun verið að slá skjaldborg um opinbera starfsmenn og ríkisstjórn auk þess sem því væri ætlað að skapa vinnufrið í stjórnsýslunni.

Minni hluti allsherjarnefndar telur að svo afdráttarlaus yfirlýsing formanns þess starfshóps sem samdi frumvarpið staðfesti þá skoðun minni hlutans að með frumvarpinu sé verið að

skerða upplýsingarétt borgara þessa lands en ekki auka hann. Að mati minni hlutans brýtur slík stefnumörkun gegn þeim grundvallarsjónarmiðum sem búa að baki núgildandi upplýsingalögum um rétt almennings til að veita stjórnsýslunni aðhald og til þess að fá upplýsingar um mikilvæg mál sem hann varða. Þegar af þeirri ástæðu leggst minni hlutinn eindregið gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Almennt telur minni hlutinn að frumvarpið í heild sé í flestum megindráttum haldið verulegum ágöllum. Þannig bendir minni hlutinn á að undantekningarákvæði frá meginreglunni um upplýsingarétt almennings séu óskýrar, víðtækar og tvíræðar og í allt of mörgum tilvikum háðar túlkunum stjórnvalda hverju sinni. Að sama skapi telur minni hlutinn að frumvarpið gangi allt of langt í að framselja framkvæmdarvaldinu vald til þess að ákvarða gildissvið laganna og þar með aðgang almennings að upplýsingum úr stjórnsýslunni. Og í þriðja lagi bendir minni hlutinn á að kaflar laganna um meðferð skjala og skráningu þeirra o.fl. séu að mörgu leyti ófullbúnir og ófullkomnir.

Þá bendir minni hlutinn á að núgildandi upplýsingalög hafa þjónað hlutverki sínu vel. Setning laganna var sannarlega mikil réttarbót á sínum tíma og þau treystu mjög upplýsingarétt almennings í landinu gagnvart stjórnvöldum. Að mati minni hlutans hafa ekki verið færð fram haldbær rök fyrir því, hvorki í greinargerð með frumvarpinu né í nefndaráliti meiri hlutans, að nein rökbundin nauðsyn knýi á um það að ráðist sé í heildarendurskoðun laganna.

Við meðferð málsins bárust allsherjarnefnd fjölmargar umsagnir frá ýmsum hagsmuna- og fagaðilum. Í flestum tilvikum voru umsagnir um frumvarpið neikvæðar og gerðu umsagnaraðilar fjölmargar og alvarlegar athugasemdir við efni frumvarpsins. Fæstar þeirra voru teknar til greina við meðferð málsins í nefndinni.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Eins og áður segir telur minni hluti allsherjarnefndar að þrátt fyrir að markmiðum frumvarpsins sé þannig lýst í 1. gr. frumvarpsins að því sé ætlað að tryggja gegnsæi í stjórnsýslu og við meðferð opinberra hagsmuna, m.a. með því að styrkja upplýsingarétt og tjáningarfrelsi, möguleika almennings til þátttöku í lýðræðissamfélagi, aðhald fjölmiðla og almennings að stjórnvöldum og möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni, telur minni hlutinn frumvarpið að öðru leyti þannig úr garði gert að þessum markmiðum verði ekki náð verði frumvarpið að lögum.

Gildissvið og undantekningar.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að gildissvið upplýsingalaga verið víkkað út þannig að ákvæði þeirra nái til allrar starfsemi lögaðila sem eru að 75% hluta eða meira í eigu hins opinbera, þó ekki þeirra sem sótt hafa um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, og dótturfélög þeirra. Í breytingartillögum meiri hlutans er lögð til breyting á ákvæðinu þar sem lagt er til að gildissviðið verði miðað við lögaðila sem eru að 51% hluta í eigu hins opinbera í stað 75%.

Við meðferð frumvarpsins í nefndinni bárust fjölmargar athugasemdir við þetta ákvæði frumvarpsins, einkum frá lögaðilum sem falla munu undir ákvæði laganna svo breytt, án þess að þeir fari með stjórnsýsluhlutverk og séu í samkeppnisrekstri að öllu leyti eða að hluta. Bárust slíkar athugasemdir m.a. frá fjármálafyrirtækjum, fyrirtækjum sem stunda orkuframleiðslu og sölu o.fl., en þær lutu að því að með frumvarpinu væri verið að leggja íþyngjandi skyldur á fyrirtæki í opinberri eigu á grundvelli eignaraðildar, sem m.a. skerði samkeppnisstöðu þeirra á markaði gagnvart þeim fyrirtækjum sem ákvæðið nær ekki til og sé til þess fallið að draga úr áhuga fjárfesta á að kaupa hluti í félögunum.

Minni hlutinn getur fallist á að færa megi rök fyrir því að ákvarðanir um rekstur og ráðstöfun eigna fyrirtækja sem eru að meiri hluta í opinberri eigu geti falið í sér ákvarðanir um ráðstöfun opinberra hagsmuna og að upplýsingar um starfsemi slíkra fyrirtækja eigi að vera aðgengilegar fyrir almenning. Hins vegar telur minni hlutinn að nauðsynlegt hefði verið við núverandi aðstæður að leggja með mun vandaðri hætti mat á raunveruleg áhrif slíkrar lagabreytingar á rekstur slíkra fyrirtækja áður en frumvarpið yrði samþykkt. Slíkt er ekki síst mikilvægt í ljósi þeirra aðstæðna sem eru í íslensku atvinnulífi, þar sem ríkið og fyrirtæki í eigu þess, svo sem fjármálafyrirtæki, eru meirihlutaeigendur í gríðarlegum fjölda atvinnufyrirtækja á öllum sviðum atvinnulífsins. Þar sem slíkt mat liggur ekki fyrir og óljóst er hverjar afleiðingar lögfestingar ákvæðisins verða geldur minni hlutinn varhug við því að ákvæðið verði samþykkt með þeim hætti sem lagt er til.

Minni hlutinn leggst hins vegar alfarið gegn og varar við ákvæðum 3. mgr. 2. gr. Þar er að finna undantekningarreglu frá meginreglunni í 2. mgr. 2. gr. Þar segir að ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. 2. gr., og getið er um hér að framan, er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur forsætisráðherra, að fenginni tillögu viðkomandi ráðherra eða sveitarstjórnar, ákveðið að hann skuli ekki falla undir ákvæði upplýsingalaga. Í breytingartillögum meiri hlutans er lagt til að forsætisráðuneytið skuli afla sér umsagnar úrskurðarnefndar um upplýsingamál áður en undanþága frá ákvæðum laganna skuli veitt og að halda skuli opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hana hafa fengið, skv. 3. mgr. 2. gr., en undanþágur einstakra lögaðila skuli endurskoðaðar árlega.

Þó að minni hlutinn telji að breytingartillaga meiri hlutans við ákvæðið kunni að vera til bóta leggst hann engu síður gegn þessu ákvæði. Standi vilji meiri hlutans til þess að fella starfsemi fyrirtækja sem eru að meiri hluta til í eigu hins opinbera undir gildissvið laganna hefði verið rökréttara að láta þá reglu vera algilda og án undantekninga, í stað þess að fela forsætisráðherra vald til þess að meta hvaða fyrirtæki skuli sæta ákvæðum upplýsingalaga og hver ekki. Þar fyrir utan telur minni hlutinn ótækt að framselja forsætisráðherra það vald að ákveða hvaða fyrirtæki í opinberri eigu skuli sæta ákvæðum upplýsingalaga og hvaða fyrirtæki skuli ekki gera það, jafnvel þó svo að tillaga um slíka undanþágu komi frá öðrum ráðherra eða sveitarstjórn. Telur minni hlutinn að ef fallast eigi á annað borð á að slíkar undanþágur frá ákvæðum laganna skuli vera fyrir hendi sé lágmark að ákvörðun um veitingu þeirra ætti að vera á hendi hlutlauss úrskurðaraðila. Það fyrirkomulag sem ákvæði frumvarpsins mælir fyrir um bjóði þeirri hættu heim að forsætisráðherra fái í hendur tillögu frá samráðherra sínum í ríkisstjórn, sem jafnframt fer með hlutabréf í fyrirtæki í opinberri eigu, um að það njóti undanþágu frá ákvæðum upplýsingalaga og hafi þar með beina hagsmuni sem slíkur af því að forsætisráðherra veiti undanþáguna. Slíkt fyrirkomulag er óeðlilegt og óskynsamlegt og gegn því leggst minni hlutinn.

Gögn sem eru undanþegin upplýsingarétti – vinnugögn.

Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um þau gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti. Þar segir að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til: 1. fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum og gagna sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi; 2. gagna sem útbúin eru af sveitarfélögum, samtökum þeirra eða stofnunum og varða sameiginlegan undirbúning, tillögugerð eða viðræður þessara aðila við ríkið um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga; 3. bréfaskipta við sérfróða aðila til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað; 4. gagna sem ráðherra aflar frá sérfróðum aðilum vegna undirbúnings lagafrumvarpa; 5. gagna sem tengjast málefnum starfsmanna, sbr. 7. gr.; 6. vinnugagna, sbr. 8. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er hugtakið „vinnugögn“, sem undanþegin eru upplýsingarétti, skv. 6. gr., síðan skilgreint. Þar segir að til vinnugagna teljist þau gögn sem stjórnvöld eða lögaðilar skv. 2. og 3. gr. hafa ritað eða útbúið til eigin nota við undirbúning ákvörðunar eða annarra lykta máls og ekki hafa verið afhent öðrum, eða einvörðungu hafa verið afhent eftirlitsaðila á grundvelli lagaskyldu. Í 2. mgr. 8. gr. er síðan talið upp í fjórum töluliðum hvaða gögn teljist til vinnugagna í skilningi ákvæðisins, fullnægi þau skilyrðum 1. gr.

Minni hlutinn telur þessi ákvæði sem undanþiggja rétt almennings til aðgangs að gögnum allt of víðtæk, tvíræð og óljós. Þau leiða að mati minni hlutans til þeirrar niðurstöðu sem getið er um hér að framan að frumvarpið nái ekki því markmiði sem lýst er í 1. gr. þess, þ.e. að tryggja gegnsæi í stjórnsýslu og við meðferð opinberra hagsmuna. Þvert á móti telur minni hlutinn að þau skerði rétt almennings til aðgangs að upplýsingum um málefni stjórnsýslunnar og skerði því upplýsingarétt frá því sem nú er.

Í umsögn Blaðamannafélags Íslands sem nefndinni barst er tekið undir þetta sjónarmið. Þar segir að 8. gr. veiti allt of víðtæka heimild til handa stjórnvöldum til þess að takmarka aðgengi að upplýsingum úr stjórnsýslunni. Þannig segir í umsögninni: „Með því að skilgreina gögn sem vinnugögn getur stjórnsýslan takmarkað mjög upplýsingastreymi. Í því sambandi má vitna til nýlegs blaðamáls (Árbótarmálsins) þar sem mikilvægar upplýsingar um afgreiðslu og málsmeðferð komu fram í tölvupóstssamskiptum. Ekki verður annað séð en að þarna sé verið að loka á afhendingu slíkra gagna.“ Þá má geta þess að í umsögn borgarskjalavarðar að í frumvarpið skorti almennar grundvallarreglur um upplýsingarétt almennings til að tryggja gegnsæi og aðhald með stjórnvöldum og að tilgangur frumvarpsins virtist fremur vera sá að halda upplýsingum frá almenningi en að tryggja aðgengi hans að þeim. Undir þessi sjónarmið tekur minni hlutinn heilshugar.

Í þessu sambandi bendir minni hlutinn á þann alvarlega galla frumvarpsins að standi vilji stjórnvalda hverju sinni til þess að hefta aðgengi almennings að upplýsingum er honum í lófa lagið að gera það nái frumvarpið fram að ganga. Við blasir að vilji stjórnvöld koma í veg fyrir að upplýsingar berist til almennings geta þau á grundvelli ákvæða frumvarpsins skilgreint þau gögn sem þau vilja ekki að komi fyrir almenningssjónir sem vinnugögn í skilningi 6. og 8. gr. og þar með komist hjá upplýsingarétti. Slíkt fyrirkomulag er vissulega til þess fallið að slá skjaldborg um ríkisstjórn og skapar óneitanlega vinnufrið í stjórnsýslunni, en stríðir hins vegar alvarlega gegn þeim grundvallarsjónarmiðum sem búa að baki núgildandi upplýsingalögum um rétt almennings til þess að veita stjórnsýslunni og stjórnvöldum aðhald og til að fá upplýsingar um mikilvæg mál sem hann varðar. Lögfesting þessara ákvæða væri því mikil afturför að mati minni hlutans.

Minni hlutinn gerir athugasemdir við efni 6. gr. frumvarpsins í heild sinni og þar með alla töluliði hennar. Áður hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeim annmörkum sem felast í þeirri tilhögun að undanþiggja vinnugögn skv. 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. upplýsingarétti. Í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr., sem er nýmæli, segir að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til gagna sem undirbúin eru af sveitarfélögum, samtökum þeirra eða stofnunum og varða sameiginlegan undirbúning, tillögugerð eða viðræður þessara aðila við ríkið um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga. Minni hlutinn fær ekki séð að fram til þessa hafi það skapað nein vandamál að réttur almennings taki til þeirra upplýsinga sem kveðið er á um í ákvæðinu og í raun er óútskýrt í greinargerð og nefndaráliti meiri hlutans hvers vegna ákvæðið rataði inn í frumvarpið.

Í annan stað gerir minni hlutinn alvarlega athugasemd við 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. en þar er kveðið á um að gögn sem ráðherra aflar frá sérfróðum aðilum vegna undirbúnings lagafrum-

varpa skuli undanþegin upplýsingarétti. Minni hlutinn gerir mjög alvarlegar athugasemdir við þennan tölulið ákvæðisins og telur það ótækt að stjórnvald geti komist hjá því að upplýsa um gögn sem það aflar sér frá sérfróðum aðilum vegna undirbúnings lagafrumvarpa. Í dæmaskyni má nefna að þær aðstæður kunna að koma upp að ráðherra hafi aflað sér sérfræðiálits við undirbúning lagafrumvarps þar sem höfð eru uppi alvarleg varnaðarorð gegn stefnumörkun ráðherra. Gengi ráðherra engu síður gegn þeim varnaðarorðum sem fram kæmu í sérfræðiálitinu gerir frumvarpið almenningi ómögulegt að fá upplýsingar um viðkomandi sérfræðiálit og þau varnaðarorð sem ráðherrann hafði að vettugi. Slíkt ráðslag telur minni hlutinn afar varasamt og varar við ákvæðinu.

Þess skal getið að meiri hluti allsherjarnefndar leggur til breytingartillögur sem lúta að þeim ákvæðum sem að framan er getið. Í breytingartillögu við 12. gr. leggur meiri hlutinn til að veita skuli aðgang að gögnum sem 2.–4. og 6. tölul. 6. gr. taka til að liðnum fjórum árum frá því að gögn urðu til eða jafnskjótt og ráðstöfun er að fullu lokið, nema aðrar takmarkanir samkvæmt lögunum eigi við. Að mati minni hlutans er þessi breytingartillaga sannarlega til bóta. Engu síður bendir minni hlutinn á að skv. 14. gr. laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, getur málshöfðun samkvæmt lögunum á hendur ráðherrum ekki átt sér stað ef þrjú ár líða frá því er brot var framið án þess að Alþingi hafi samþykkt ályktun um málshöfðunina. Þá segir að sök fyrnist þó aldrei fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því að næstu reglulegu alþingiskosningar eftir að brot var framið fóru fram. Minni hlutinn bendir á að með því að takmarka aðgang almennings að gögnum sem varðað geta athafnir stjórnvalda í fjögur ár kann málshöfðun gagnvart ráðherrum samkvæmt ráðherraábyrgðarlögum í framtíðinni að reynast erfiðari en nú er þar sem möguleg refsiábyrgð samkvæmt þeim lögum kann að vera fyrnd áður en þau gögn sem breytingartillaga meiri hlutans nær til og málshöfðun kann að byggjast á verða gerð almenningi aðgengileg. Telur minni hlutinn að þetta samhengi breytingartillögu meiri hlutans og 14. gr. laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, hefði þurft að rannsaka nánar áður en tillagan var lögð fram.

Upplýsingar um málefni starfsmanna.

Í 7. gr. frumvarpsins er með ítarlegum hætti fjallað um rétt almennings til upplýsinga um málefni opinberra starfsmanna. Í 2. tölul. 4. mgr. 7. gr segir að veita beri almenningi upplýsingar um föst launakjör æðstu stjórnenda í stjórnsýslunni og fyrirtækjum sem eru að meiri hluta til í opinberri eigu. Þess skal getið að ákvæðið nær ekki til launakjara æðstu embættismanna ríkisins sem ákveðin eru af kjararáði og birt samkvæmt lögum sem um það gilda.

Við meðferð málsins í nefndinni komu fram athugasemdir um að í ákvæðinu væri kveðið á um föst launakjör starfsmanna hins opinbera og fyrirtækja í þess eigu en ekki launakjör. Minni hlutinn vill geta þess að við meðferð málsins lýsti forstjóri Fjársýslu ríkisins sig algjörlega andsnúinn ákvæðinu og taldi að með því væri verið að gefa út veiðileyfi á opinbera starfsmenn með því að lögbinda skyldu til þess að veita upplýsingar um launakjör þeirra. Fjárhagsleg málefni einstaklinga nytu friðhelgi samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár og með þau skyldi fara sem slík. Taldi forstjóri Fjársýslu ríkisins að ákvæðið kynni að skapa stórkostleg vandamál í stjórnsýslunni sem kynti undir öfund og sundurlyndi hjá stofnunum.

Minni hlutinn telur að varnaðarorð forstjóra Fjársýslu ríkisins beri að taka alvarlega. Óeðlilegt sé að opinberir starfsmenn þurfi að sæta því að upplýst sé um fjárhagsleg málefni þeirra í ríkara mæli en gengur og gerist um starfsmenn á almennum markaði. Í því sambandi bendir minni hlutinn á að almenningur hefur nú þegar aðgang að launakjörum allra skattgreiðenda, jafnt opinberra starfsmanna sem starfsmanna á almennum vinnumarkaði, í gegn-

um álagningar- og skattskrár sem birtar eru samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003. Telur minni hlutinn að sú birting nái þeim markmiðum sem að er stefnt með ákvæðum 7. gr. frumvarpsins og það því óþarft að þessu leyti.

Aðrar athugasemdir.

Þegar umsagnir um frumvarp til upplýsingalaga eru skoðaðar leynist engum að flestir eða allir umsagnaraðilar sem sendu allsherjarnefnd erindi gera alvarlegar athugasemdir við efni þess. Minni hlutinn telur ástæðu til þess að geta þess sérstaklega að fagaðilar sem hafa sérhæft sig í skráningu, varðveislu og meðferð upplýsinga eins og þeirra sem frumvarpið tekur til vöruðu eindregið við samþykkt þess. Nægir þar að nefna umsagnir Sagnfræðingafélags Íslands, Þjóðskjalasafns Íslands, Héraðsskjalasafns Kópavogs og borgarskjalavarðar. Allir eiga þessir aðilar það sameiginlegt að hafa sent nefndinni vandaðar umsagnir þar sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við efni frumvarpsins, bæði efnislegar og tæknilegar. Athugasemdir þessara fagaðila voru ekki teknar til greina af hálfu meiri hlutans við vinnslu frumvarpsins í nefndinni.

Að öllu framansögðu telur minni hlutinn að frumvarpið feli í sér mikla afturför og sé jafnframt haldið alvarlegum ágöllum. Það skerðir rétt almennings til aðgangs að upplýsingum og fer gegn grundvallarsjónarmiðum sem búa að baki núgildandi upplýsingalögum um rétt almennings til að veita stjórnsýslunni aðhald og til þess að fá upplýsingar um mikilvæg mál sem hann varðar. Af þeim ástæðum leggst minni hluti allsherjarnefndar alfarið gegn því frumvarp þetta verði samþykkt.

Alþingi, 13. sept. 2011.

Sigurður Kári Kristjánsson, frsm.	Birgir Ármannsson.	Vigdís Hauksdóttir.

1903. Svar [887. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

1. *Hver er formaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og hvenær var hann skipaður?*

Áslaug Árnadóttir hdl. var skipuð formaður nefndarinnar 29. apríl 2010.

2. *Hversu margir úrskurðir hafa fallið hjá nefndinni frá áramótum?*

Frá áramótum og til 1. september sl. hafa nefndinni borist 61 mál og er það metfjöldi mála fyrir þetta tímabil frá upphafi nefndarinnar. Á sama tíma í fyrra var málafjöldinn 33. Úrskurðir hafa fallið í 26 málum og fimm hafa verið dregin til baka á einhverju stigi máls.

3. *Hver er að meðaltali málshraðinn fyrir nefndinni og er hann í samræmi við þann fjögurra vikna frest sem mælt er fyrir um í samþykktum fyrir úrskurðarnefndina?*

Frá því að gagnaöflun lýkur og nefndin tekur mál til afgreiðslu hafa að meðaltali liðið 3,8 vikur þar til úrskurður er kveðinn upp. Lengst hafa liðið tíu vikur. Eingöngu fimm mál á

árinu 2011 hafa tekið lengri tíma en fjórar vikur frá því að gagnaöflun lýkur. Önnur mál eru í eðlilegu gagnaöflunarferli.

4. Hefur nefndin skilað ársskýrslu fyrir árið 2010 og ef ekki, er hún væntanleg?

Úrskurðarnefndin sendi frá sér ársskýrslu fyrir árið 2010 í júní sl. Allir úrskurðir hafa verið birtir á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, fyrir utan þá úrskurði sem gengið var frá á síðasta fundi nefndarinnar.

1904. Framhaldsnefndarálit [561. mál]

um frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar eftir 2. umræðu og hefur fengið á sinn fund Dýrleif Kristjánsdóttur hdl.

Nefndin ræddi að nýju um yfirstjórn vatnamála. Skv. 2. mgr. 78. gr. frumvarpsins mun Orkustofnun fara með stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögunum. Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem teknar yrðu á grundvelli laganna mundu sæta kæru til iðnaðarráðherra, sbr. 3. mgr. 78. gr. Nú bíður 3. umræðu frumvarp til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (þskj. 1228, 709. mál) en frumvarpið var unnið samhliða frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins (þskj. 1227, 708. mál). Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót ný, sjálfstæð úrskurðarnefnd sem fái heitið úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Nefndin mun skv. 1. gr. frumvarpsins hafa það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnaratriða á sviði umhverfis- og auðlindamála. Í ljósi þessa er það mat nefndarinnar að rétt sé að leggja til þá breytingu að ákvarðanir Orkustofnunar er snerta mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir sem fjallað er um í VI. kafla vatnalaganna, sem lúta að mannvirkjagerð, miðlun vatns, varnir lands, þurrkun o.fl., skuli sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Nefndin ræddi einnig ráðstöfunarheimildir opinberra aðila. Nefndin vill árétta það sem fram kemur í nefndaráliti (þskj. 1822) að nauðsynlegt sé að kveða á um að afnotaréttur til umráða og hagnýtingar á vatni skuli vera óbreyttur miðað við gildandi vatnalög, eða 65 ár. Verði hins vegar að lögum frumvarp iðnaðarráðherra um breytingar á þeim ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923, og laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem fjalla um hámarkstíma afnotaréttar fyrir nýtingu vatnsafls (þskj. 1244, 720. mál), mun hámarkslengd leyfilegs leigutíma á nýtingarrétti auðlinda, sbr. ákvæði 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins, breytast að sama skapi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 10. gr. bætist nýr liður er verði c-liður og orðist svo: Í stað tilvísunarinnar „15. gr.“ í 1. tölul. kemur: 1. mgr. 15. gr.

2. Við 78. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Ákvarðanir Orkustofnunar er snerta mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir sem fjallað er um í VI. kafla sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Þráinn Bertelsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. sept. 2011.

Kristján L. Möller, form., frsm. Lilja Rafney Magnúsdóttir. Tryggvi Þór Herbertsson.

Magnús Orri Schram. Gunnar Bragi Sveinsson. Margrét Tryggvadóttir.

Jón Gunnarsson. Sigmundur Ernir Rúnarsson.

1905. Breytingartillaga [674. mál]

við brtt. á þskj. 1858 [Stjórnarráð Íslands].

Frá Eygló Harðardóttur, Árna Þór Sigurðssyni, Margréti Tryggvadóttur og Siv Friðleifsdóttur.

Í stað 3. málsl. efnismálsgreinar 2. tölul. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fjölda ráðuneyta, heiti þeirra og stjórnarmálefni hvers ráðuneytis skal ákveða með forsetaúrskurði, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Tillagan skal lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu sem rædd skal og afgreidd við eina umræðu eftir reglum um síðari umræðu, sbr. ákvæði þingskapa Alþingis, áður en forsetaúrskurður er gefinn út.

Greinargerð.

Með breytingartillögu þessari er lögð til breyting sem er til þess fallin að mæta þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á frumvarpið um að í því felist valdaframsal frá Alþingi til framkvæmdarvalds. Með breytingunni fær þingheimur tækifæri til að fjalla um það hvernig ríkisstjórnin sem situr í skjóli Alþingis verður skipuð, málefnasvið einstakra ráðuneyta og fjölda. Er það í samræmi við þingræðisregluna þar sem leitað er eftir stuðningi meiri hluta þingsins fyrir þeirri skipan sem forsætisráðherra hyggst leggja til varðandi fjölda ráðuneyta, heiti þeirra og málefnasvið.

1906. Breytingartillaga [726. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Lilju Mósesdóttur og Sigurði Inga Jóhannssyni.

2. og 3. mgr. 64. gr. falli brott.

Greinargerð.

Lagt er til að 64. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að aðeins standi eftir fyrsta málsgrein hennar. Henni samkvæmt ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

1907. Svar [852. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um framleiðslu áburðar á Íslandi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur hagkvæmni, þ.m.t. þjóðhagsleg hagkvæmni, þess að auka framleiðslu áburðar á Íslandi verið könnuð á undanförnum tveimur árum?

Engin athugun á hagkvæmni þess að auka framleiðslu áburðar á Íslandi hefur farið fram á undanförnum tveimur árum, en samkvæmt upplýsingum frá Þorsteini I. Sigfússyni, forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, var slík athugun gerð árið 2008 og verður gerð grein fyrir henni.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands beitti sér fyrir athugun á fýsileika áburðarframleiðslu með stofnun félagsins Hákjarna ehf. á Blönduósi 22. september 2008. Stofnaðilar voru Byggðasamlag um atvinnumál í Austur-Húnavatnssýslu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Saga Capital fjárfestingarbanki og Ingimundur Sigfússon á Þingeyrum.

Markmið félagsins var að gera úttekt á hagkvæmni áburðarframleiðslu hér á landi með umhverfisvænum orkugjafa, vinna að markaðsathugunum og leita eftir erlendum samstarfsaðilum. Helstu forsendur fyrir hugmyndum um áburðarframleiðslu eru að vetni sem unnið er með rafgreiningu flokkist undir orkufrekan iðnað og hafa forsendur breyst íslenskri orku í hag í samanburði við að nota gas til framleiðslunnar.

Niðurstaðan úr könnun Hákjarna árið 2008 var að þó að hægt væri að sýna fram á að framleiðsla á vetni með rafgreiningu væri samkeppnishæf við framleiðslu úr gasi þá væri ekki nema hálfur sigur unninn. Framleiðslan mundi standa og falla með markaðshliðinni. Erlendir áburðarframleiðendur eru almennt stórir og byggjast á stærðarhagkvæmni. Því var niðurstaðan sú að ef farið yrði af stað með verksmiðju þyrfti framleiðslugeta hennar að vera a.m.k. tvöföld miðað við innanlandsþörf fyrir eingildan köfnunarefnisáburð, en hún hefur verið á síðustu árum á bilinu 41.000–51.000 tonn. Hinn hlutann þyrfti að flytja úr landi.

1908. Svar [885. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um kostun á stöðum fræðimanna.

1. *Hversu margar stöður fræðimanna í háskólum landsins hafa verið kostaðar af einstaklingum, fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum á árunum 2001–2011, hverjar eru þessar stöður og hverjir hafa setið í þeim?*

Kallað var eftir svörum frá öllum háskólum landsins, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hólaskóla – Háskólanum á Hólum, Háskólanum í Reykjavík, Háskólanum á Bifröst og Listaháskóla Íslands.

Engar kostaðar stöður hafa verið í Listaháskóla Íslands, Háskólanum á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands né Hólaskóla – Háskólanum á Hólum.

Í töflunni hér á eftir eru taldar upp kostaðar stöður fræðimanna á þessu tímabili við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík, hvaða stöður þetta eru, hverjir hafa setið í þeim og hver hafi kostað þær. Sérstök athygli er vakin á því að í mörgum tilvikum nægði veittur fjárstuðningur við tiltekið starf einungis fyrir hluta launakostnaðar, en það er ekki sérstaklega tiltekið.

Háskóli – deild		**Staða**		**Tímabil**		**Kostun**
HÍ	læknadeild	dósent (37%)	öldrunarfræði	2000–2001	Pálmi V. Jónsson	Framkvæmdasjóður aldraðra
HÍ	læknadeild	dósent (37%)	ónæmisfræði	2000–2010	Unnur Steina Björnsdóttir	Astra Zeneca
HÍ	læknadeild	dósent (50%)	svæfingar-lækningar	2000–2003	Gísli H. Sigurðsson	Pharmaco & Ísaga
HÍ	læknadeild	prófessor (50%)	svæfingar-lækningar	2004–2008	Gísli H. Sigurðsson	Að hluta kostuð af Actavis og AGA Linde
HÍ	læknadeild	dósent	heilbrigðis-fræði	2006–2011	Sigurður Thorlacius	Tryggingastofnun ríkisins (50%), Landssamtök lífeyrissjóða (25%), Samband íslenskra tryggingafélaga (25%)
HÍ	læknadeild	sérfræðingur	augnrannsóknir	2009–2010	Sveinn Hákon Harðarson	Oxymap ehf.
HÍ	félagsvísd.	lektor	félagsráðgjöf	2002–2005	Freydís J. Freysteinsdóttir	Félagsþjónustan
HÍ	félagsvísd.	lektor	félagsráðgjöf	2002–2006	Steinunn Hrafnsdóttir	Rauði Krossinn
HÍ	félagsvísd.	lektor	félagsráðgjöf	2003–2007	Sigurveig H. Sigurðardóttir	Framkv.sjóður aldraðra
HÍ	lagadeild	lektor		2007–2010	Eiríkur Jónsson	LOGOS
HÍ	lagadeild	verkefnisstjóri (50%)	rannsóknar-verkefni	2007–2008	Hrafnhildur Bragadóttir	LEX ehf.
HÍ	Lagastofnun	sérfræðingur		2006–2010	Margrét Guðlaugsdóttir	Samorka
HÍ	Lagastofnun	sérfræðingur		2006–2011	Helgi Áss Grétarsson	LÍÚ
HÍ	viðskipta- og hagfræðideild		frumkvöðla-fræði	2004–2009	Örn Daníel Jónsson	Bakkavör
HÍ	guðfræðideild	lektor (25%)	sálgæslufræði	2004–2005	Sigurfinnur Þorleifsson	Þjóðkirkjan
HÍ	guðfræðideild	lektor (50%)	litúrgísk fræði	2005–2009	Kristján Valur Ingólfsson	Þjóðkirkjan
HÍ	hugvísindad.	lektor	menningar-miðlun	2006–2008	Eggert Þór Bernharðsson	Landsbanki Íslands
HÍ	hugvísindad.	lektor	japanska	2006–2008	Kaoru Umezawa	Lýsi ehf. og Toyota á Íslandi hf.

Háskóli – deild		Staða		Tímabil		Kostun
HÍ	hugvísindad.	aðjúnkt	kvikmynda-fræði	2006–2008	Björn Ægir Norðfjörð	Samskip
HÍ	hugvísindad.	lektor	rússneska	2007–2009	Olga Korotkova	Samson 2007–2008, Neptún ehf. 2009
HÍ	verkfræði- og náttúruv.svið	dósent (40%)	umhverfiss- og byggingavfr.	2007–2010	Björn Marteinsson	Efla
HA	auðlindadeild	prófessor	jarðhitafræði	2002–2010	Hrefna Kristmannsdóttir	Landsvirkjun
HR	viðskiptadeild	kennslu- og rann.staða	sölu- og markaðsfræði	frá des. 2008	Valdimar Sigurðsson	Nova
HR	viðskiptadeild	lektor	reikningshald og endursk.	2007–2010	Guðrún Baldvinsdóttir	KPMG
HR	tækni- og verkfræðideild	prófessor	flugleiðsögu-tækni	frá 2010	Þorgeir Pálsson	Isavia
HR	tækni- og verkfræðideild	prófessor	fjármála-verkfræði	2008–2010	Marco Roberto	Landsbanki Íslands

2. *Hvaða reglur eru í gildi í háskólunum um hagsmunaskráningu starfsmanna vegna starfa eða tengsla fyrir utan háskólasamfélagið og eru þær upplýsingar aðgengilegar almenningi?*

Í Háskóla Íslands er fjallað um hugsanlega hagsmunaárekstra starfsmanna háskólans í reglum um aukastörf akademískra starfsmanna Háskóla Íslands, nr. 1096/2008, með síðari breytingum, og í siðareglum Háskóla Íslands sem samþykktar voru á háskólafundi 7. nóvember 2003.

Hvað varðar skráningu tengsla starfsmanna Háskóla Íslands fyrir utan háskólasamfélagið skila akademískir starfsmenn árlega til vísindasviðs skólans sundurliðuðu framtali um störf sín, bæði fyrir skólann og aukastörf sem þeir vinna utan skólans. Þessar upplýsingar eru skráðar og varðveittar í rafrænu formi hjá vísindasviði skólans en hafa ekki verið aðgengilegar almenningi.

Tekið er fram að í samningum sem Háskóli Íslands gerir við stofnanir og fyrirtæki um kostuð akademísk störf er gengið út frá eftirfarandi forsendum: Samningar eru gerðir á grundvelli 3. mgr. 26. gr. laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008, sem heimilar Háskóla Íslands að semja við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfi skólans um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna. Tilgangur samninga er að efla og styrkja rannsóknir og kennslu á tilgreindu fræðasviði. Um störfin gilda almennar reglur Háskóla Íslands eins og þær eru á hverjum tíma. Í samningi er kveðið á um að starfsmaðurinn (prófessor, dósent, lektor, vísindamaður, fræðimaður, sérfræðingur) sem í hlut á ákveði sjálfur námsefni og efnistök í kennslu og rannsóknum og velji sér viðfangsefni til rannsókna án íhlutunar annarra, innan þess ramma sem viðkomandi deild setur. Um réttindi og skyldur fer að öðru leyti eftir lögum og reglum fyrir Háskóla Íslands, en laun ákvarðast af þeim samningum eða lagafyrirmælum sem gilda hverju sinni.

Í Háskólanum í Reykjavík skila allir akademískir starfsmenn árlega ítarlegri skriflegri skýrslu á stöðluðu formi til sinna deildarforseta um sín störf. Þar koma meðal annars fram öll þau verkefni sem starfsmenn taka að sér utan háskólans. Í starfsmannaviðtölum sem fylgja í kjölfarið er farið yfir verkefnin, meðal annars með tilliti til mögulegra hagsmunaárekstra. Þessar upplýsingar eru ekki aðgengilegar almenningi, enda trúnaðarmál milli forseta og akademískra starfsmanna.

Rétt er að hafa í huga að fræðimenn innan HR búa við akademískt frelsi með þeirri ábyrgð sem því fylgir, þ.e. að þeir fylgi akademískum siðareglum og gæti þess að þeir láti hagsmunaárekstra – komi þeir upp – ekki hafa áhrif á störf sín. Í HR eru í gildi siðareglur og starfandi er siðanefnd sem hefur það hlutverk að taka afstöðu til og gefa stjórnendum HR umsögn um mál sem til hennar er beint vegna meintra brota á siðareglum. Aðild að málum fyrir siðanefnd eiga þeir sem telja að nemendur eða starfsmenn Háskólans í Reykjavík hafi brotið gegn siðareglunum.

Engar sérstakar reglur gilda um hagsmunaskráningu starfsmanna vegna starfa utan háskólasamfélagsins hjá hinum háskólunum, en þeir vísa í siðareglur skólanna þar sem það á við. Sem dæmi má nefna að í siðareglum Háskólans á Bifröst segir m.a.: „Kennarar, rannsakendur og nemendur skulu ávallt vinna samkvæmt eigin sannfæringu óháð því hver samstarfsaðili er eða hver fjármagnar þá vinnu sem unnin er. Ávallt skal upplýsa um hagsmunatengsl, séu þau til staðar.“

3. *Hvernig hafa háskólar landsins brugðist við þeirri gagnrýni sem kom fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á samskipti atvinnulífsins og fræðasamfélagsins?*

Í svari Háskóla Íslands kemur fram að strax eftir útkomu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis ákvað stjórn Háskóla Íslands að taka þann hluta hennar sem fjallar sérstaklega um háskólasamfélagið (8. bindi, viðauka 1, kafla III.3) til vandlegrar umfjöllunar og draga af henni lærdóm. Var fjallað ítarlega um skýrsluna á fundi háskólaráðs 6. maí og á háskólaþingi 7. maí 2010. Samþykkti háskólaþing svohljóðandi tillögu til ályktunar sem var staðfest af háskólaráði 3. júní 2010: „Gæðanefnd háskólaráðs er falið að fara yfir þær ábendingar í skýrslu rannsóknanefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna er snúa að háskólasamfélaginu, í samráði við aðrar starfsnefndir háskólaráðs og höfunda viðaukans. Leitað verði álits félaga akademískra starfsmanna og Stúdentaráðs Háskóla Íslands og tekið mið af framkomnum sjónarmiðum á háskólaþingi 7. maí 2010.“ Í kjölfarið fjallaði gæðanefnd ítarlega um skýrsluna og fundaði m.a. með höfundum viðaukans. Skilaði gæðanefnd umsögn sinni um haustið og var hún afgreidd í háskólaráði og kynnt víða innan Háskóla Íslands. Var umsögn gæðanefndar meðal þeirra gagna sem lögð voru til grundvallar við mótun nýrrar *Stefnu Háskóla Íslands 2011–2016* sem kynnt var í upphafi aldarafmælis skólans í byrjun janúar sl. (Sjá http://www.hi.is/files/Stefna_HI_A4_net.pdf). Fjallar einn af fjórum meginköflum stefnunnar sérstaklega um „ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum“ og eru þar teknar upp helstu tillögur í umsögn gæðanefndar. Úrvinnsla stefnunnar og gerð ítarlegrar tíma- og framkvæmdaáætlunar stendur nú yfir.

Í Háskólanum á Akureyri hefur skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis verið rædd og kynnt í ýmsum nefndum og ráðum háskólans og innan starfsmannahópa. Í háskólaráði kom fram hugmynd um málþing um efni skýrslunnar en ekki hefur gefist tími til að framfylgja hugmyndinni.

Háskólinn í Reykjavík hefur lagt áherslu á að sinna vel hlutverkum sínum í rannsóknum, kennslu og þátttöku í umræðu í tengslum við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Má meðal annars nefna ráðstefnu í samvinnu við Háskólann á Akureyri og Háskólann á Bifröst um skýrsluna sjálfa, ráðstefnu í samvinnu við Háskóla Íslands um þátt mannauðsstjórnunar í hruninu, málstofur og erindi innan Háskólans í Reykjavík um aðdraganda og áhrif bankakreppunnar, og fjölmörg rannsóknarverkefni tengd þessu sem mörg hver hafa þegar leitt til birtra ritverka.

Þá hefur viðskiptadeild háskólans fjallað ítarlega um viðbrögð deildarinnar við hruni fjármálakerfisins með tilliti til rannsókna og kennslu.

Innan Háskólans á Bifröst hafa miklar umræður verið í öllum deildum skólans um tengsl atvinnulífs og fræðasamfélagsins og þátt þeirra í hruninu. Brugðist hefur verið við með ýmsum hætti, m.a. hefur kennsla í siðfræði verið tekin upp sem kjarnagrein í öllum deildum, leshringir hafa verið haldnir á meðal nemenda og kennara um rannsóknarskýrsluna og sameiginlegar ráðstefnur haldnar um hana með Háskólanum á Akureyri og Háskólanum í Reykjavík. Viðskiptafræðinámið hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og mikil áhersla lögð á sjálfbærnihugsun, góða stjórnarhætti og samfélagsábyrgð. Skólinn hefur nýverið skráð sig til þátttöku í átaki Sameinuðu þjóðanna til menntunar ábyrgra stjórnenda (UN Principles for Responsible Management Education) og er fyrstur íslenskra háskóla til að skrá sig þar til þátttöku. Fjölmargir háskólar víða um heim eru hins vegar skráðir til leiks í átakinu sem m.a. miðar að því að efla meðvitund um samfélagsábyrgð, góða stjórnarhætti og gott siðferði stjórnenda.

Innan Hólaskóla – Háskólans á Hólum hefur mikil umræða farið fram um þessi mál og skólinn leggur áherslu á að efla hlutverk sitt og starf með það að leiðarljósi að stuðla að faglegri vinnubrögðum og efla siðferði í stjórnsýslunni og samfélaginu, og hvetja háskólamenn til að taka þátt í opinberri umræðu. Þetta á m.a. við um samskipti atvinnulífs og fræðasamfélags.

Listaháskóli Íslands er hvergi til umræðu í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og engin gagnrýni komið þar fram sem beinist að honum sérstaklega.

4. *Hefur einhver úttekt verið gerð á áhrifum kostunar á störf viðkomandi starfsmanna, að frátalinni skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis?*

Háskóli Íslands hefur ekki gert sérstaka úttekt á áhrifum kostunar á störf viðkomandi starfsmanna, enda vandséð við hvað slík úttekt ætti að styðjast. Akademískir starfsmenn Háskóla Íslands hafa frelsi um val á viðfangsefnum og aðferðum rannsókna og kennslu, í samræmi við skilgreiningu viðkomandi og innan þess fræðasviðs sem þeir eru ráðnir til í krafti sérþekkingar sinnar og innan marka laga og reglna sem gilda um akademísk störf. Leiki vafi á heilindum starfsmanna eru fyrir hendi skýrar reglur um kæruleiðir og meðferð slíkra mála.

Hjá Háskólanum á Akureyri hefur ekki farið fram úttekt á kostun á stöðu prófessors við skólann.

Engin formleg úttekt hefur verið gerð í Háskólanum í Reykjavík á áhrifum kostunar á störf viðkomandi starfsmanna en háskólinn áréttar að árleg skýrsla starfsmanna gefur deildarforseta skýra mynd af viðfangsefnum þeirra bæði innan og utan skólans.

1909. Svar [888. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur um húsnæðiskostnað.

1. *Hversu hátt hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilis hefur húsnæðiskostnaður hérlendis verið að meðaltali árin 2000–2010, sundurliðað eftir árum? Í hverju felst sá húsnæðiskostnaður?*

Hagstofa Íslands hefur tekið þátt í lífskjararannsókn Evrópusambandsins frá árinu 2004 þar sem kannað er hvernig lífskjörum fólks er háttað og hvernig þau dreifast, svo sem eftir kyni, búsetu og aldri. Einn hluti lífskjararannsóknarinnar beinist að húsnæði og leitað er upplýsinga um stærð, gerð og ástand húsnæðis, hvort um eigið húsnæði er að ræða eða leiguhúsnæði og loks um húsnæðiskostnað. Skilgreiningin á húsnæðiskostnaði sem Hagstofa Íslands notar byggist á skilgreiningu Evrópusambandsins í tengslum við lífskjarakönnunina og getur húsnæðiskostnaður verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða eigið húsnæði eða leiguhúsnæði.

Húsnæðiskostnaðurinn í lífskjararannsókn Hagstofu Íslands er skilgreindur sem mánaðarlegur kostnaður í tengslum við réttindi fólks við að búa í tiltekinni eign. Einungis raunveruleg útgjöld vegna húsnæðis eru tekin með og þegar um eigið húsnæði er að ræða er horft til kostnaðar vegna vaxtagreiðslna íbúðalána, trygginga, lögbundinna þjónustugjalda, reglulegs viðhalds og viðgerða á húsnæðinu, skatta og kostnaðar vegna upphitunar, rafmagns og vatnsnotkunar.

Leiguhúsnæði er skipt upp eftir því hvers konar leigu er um að ræða, þ.e. hvort greitt sé fullt verð fyrir leiguna, hún niðurgreidd (af vinnuveitanda, ættingjum eða opinberum aðilum (ekki húsaleigubætur)) eða hvort viðkomandi leigir íbúðina endurgjaldslaust. Horft er til leigugreiðslna heimila (fyrir utan húsaleigubætur), trygginga (séu þær greiddar af leigjanda), þjónustugjalda (séu þau greidd af leigjanda), skatta á húsnæði (ef við á), reglulegs viðhalds og viðgerða ásamt kostnaði vegna upphitunar, rafmagns- og vatnsnotkunar.

Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) birtir samræmdar tölur úr lífskjararannsókninni fyrir hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum heimila. Tölurnar fyrir Ísland ná aftur til ársins 2004 og var húsnæðiskostnaður þá 21,3%. Hlutfall húsnæðiskostnaðar hækkaði árin 2005 og 2006 en hefur lækkað aftur og árið 2010 var hlutfallið orðið 21%.

Tafla 1. Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum heimilis á Íslandi 2004–2010.

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Ísland	21,30%	23,40%	24,40%	21,40%	22,10%	20,70%	21,00%

Heimild: Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat).

2. *Hversu hár hefur sambærilegur kostnaður verið í grannlöndum, eins og t.d. í Noregi og Svíþjóð, á árunum 2000–2010? Og hvert hefur hlutfall hans verið af ráðstöfunartekjum í þeim löndum, sundurliðað eftir árum?*

Líkt og áður kom fram birtir Hagstofa Evrópusambandsins samanburðartölur fyrir öll lönd Evrópusambandsins og nokkur lönd utan þess. Í töflu 2 má sjá hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum heimila í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Kostnaðurinn er hæstur í Danmörku en lægstur í Finnlandi. Í Noregi og Svíþjóð hefur húsnæðiskostnaðurinn undanfarin ár verið sambærilegur og á Íslandi.

Tafla 2. Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum heimila í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð árin 2004–2009.

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Danmörk	–	28,60%	30,10%	28,20%	30,60%	33,80%	–
Finnland	16,60%	16,40%	16,60%	17,70%	18,10%	18,50%	17,80%
Noregur	19,00%	14,10%	22,10%	23,80%	23,40%	22,50%	–
Svíþjóð	24,50%	24,70%	21,90%	21,50%	21,60%	24,10%	–

Heimild: Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat).

3. *Liggur fyrir opinber stefna um æskilegan húsnæðiskostnað sem hlutfall af ráðstöfunartekjum eftir skatt og ef svo er, hvert er það kostnaðarhlutfall?*

Opinber stefna um æskilegan húsnæðiskostnað liggur ekki fyrir en almennt hefur verið talið í samanburði milli ríkja að ekki sé æskilegt að húsnæðiskostnaður heimila fari yfir 25% af ráðstöfunartekjum heimila. Þess ber að geta að samráðshópur um húsnæðismál skilaði skýrslu í apríl 2011 og er áfram unnið að þeim tillögum sem þar komu fram. Meðal annars er unnið að því að koma á húsnæðisbótum sem ætlað er að jafna húsnæðisstuðning hins opinbera milli ólíkra búsetuforma og stuðla að því að heimili eigi val á milli leigu-, búseturéttar- og eignaríbúða.

1910. Fyrirspurn [906. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um ullarvinnslu og samvinnufélög.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvernig er hægt að styðja við vöruþróun og vinnslu á íslenskri ull?
2. Hefur ráðherra hugleitt að hvetja bændur til að stofna og reka samvinnufélög um vinnslu og vöruþróun á íslenskri ull?

1911. Breytingartillaga [788. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

Frá Helga Hjörvar.

Í stað dagsetningarinnar „31. ágúst 2011“ í 7. og 8. gr. komi: 30. september 2011.

1912. Svar [608. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um fjármálafyrirtæki og endurútreikning erlendra lána.

Ráðuneytið óskaði þess að umboðsmaður skuldara veitti svör við fyrirspurninni en umboðsmaður skuldara fer m.a. með eftirlit með útreikningum fjármálafyrirtækja á ólögmætum gengisbundnum lánum. Eftirfarandi svör eru unnin af umboðsmanni skuldara.

1. *Eru einhver fjármálafyrirtæki sem rukka fyrir mismun á greiðslu og uppreiknaðri greiðslu vegna endurútreikninga erlendra lána?*

Já. Fyrirtækin eru SP-fjármögnun (SP), Lýsing og Íslandsbanki-fjármögnun (Ergo).

2. *Eru vextir reiknaðir á mismun á greiðslu og uppreiknaðri greiðslu á endurútreiknuðum lánum og ef svo er, hvaða vextir eru það?*

Já. Aðferðirnar við útreikning þessara fjárhæða fara þó fram með ólíkum hætti. SP, Lýsing og Ergo notast öll við mánaðarlega vexti en Ergo notast að hluta til einnig við árlega vexti, sem gefur lægri eftirstöðvar en ef notast er alfarið við mánaðarlega vexti, að öðru óbreyttu.

SP og Lýsing láta mismun raungreiðslu og endurreiknaðrar greiðslu, samkvæmt lægstu óverðtryggðu vöxtum Seðlabanka Íslands (SÍ), inn á svokallaðan biðreikning (slíkur reikningur hefur einnig verið nefndur veltureikningur). Notast er við mánaðarlega vexti við útreikning endurreiknaða greiðsluflæðisins (greiðslur sem *lántakandi hefði átt að greiða)* og einnig við vaxtaútreikning á þeim mismunaupphæðum sem fara inn á biðreikninginn, fram til uppgjörsdags.

Síðastnefnda fyrirtækið endurreiknar greiðsluflæði miðað við lægstu óverðtryggðu vexti SÍ og notast við mánaðarlega vexti við það, líkt og tvö framangreind fyrirtæki. Ergo lætur þó ekki mismun raungreiðslna og endurreiknaðra greiðslna inn á biðreikning heldur vaxtareiknar hvern gjalddaga af endurreiknaða láninu sem og allar greiðslur sem bárust inn á lánið hvort í sínu lagi, fram til uppgjörsdags, og tekur svo mismun af þeim upphæðum. Það er því einnig biðreikningur en með annarri framsetningu. Við síðastnefndu vaxtaútreikninga notast Ergo við árlega vexti, ólíkt SP og Lýsingu.

SP vaxtareiknar einnig biðreikninginn ef lántakandi greiðir eftir gjalddaga en þannig myndast vaxtavextir oftar en einu sinni á ári, sem leiðir svo til að eftirstöðvar reynast hærri, að öðru óbreyttu (sjá fylgiskjal).

Lýsing vaxtareiknar biðreikninginn fyrst út fyrsta árið, leggur þær vaxtaupphæðir við upprunalegu upphæð á biðreikningi, sem myndar svo stofn til vaxtaútreiknings fyrir næstu tólf mánuði (sjá fylgiskjal). Þannig myndast fyrstu vaxtavextirnir oftar en ekki áður en tólf mánuðir eru liðnir.

Í stuttu máli varðandi vaxtaútreikning á mismun greiðslu og uppreiknaðrar greiðslu:

SP: Mánaðarlegir vextir notaðir. Aukavextir reiknaðir á biðreikning ef lántakandi hefur greitt eftir gjalddaga. Vaxtavextir eru því reiknaðir oftar en á tólf mánaða fresti.

Lýsing: Mánaðarlegir vextir notaðir. Misjafnt hvenær vaxtavextir myndast, oftar en ekki áður en fyrstu tólf mánuðir hafa verið vaxtareiknaðir.

Ergo: Mánaðar- og árlegir vextir notaðir. Vaxtavextir myndast að tólf mánuðum liðnum.

3. *Eru öll erlend lán endurreiknuð og ef svo er ekki, hvaða lán eru ekki endurreiknuð og hvers vegna?*

Leitað var eftir svörum frá hverju og einu fjármálafyrirtæki og eru eftirfarandi svör frá þeim komin:

Byr.

Byr hf. hefur endurreiknað öll erlend lán sem falla undir lög nr. 151/2010. Yfir stendur yfirferð á öllum erlendum lánum Byrs með tilliti til þeirra dómafordæma sem Hæstiréttur Íslands hefur gefið um ólögmæti sumra slíkra samninga. Við mat á lögmæti samninganna hefur Byr leitað aðstoðar frá óháðum lögfræðistofum. Þess ber þó að geta að enn hefur ekki fallið neinn dómur um lán í eignasafni Byrs sem lýtur að ólögmætri gengistryggingu.

Að lokinni yfirferð á lánasafni Byrs stendur til að endurreikna öll erlend lán í eignasafni Byrs sem falla undir áðurnefnd dómafordæmi Hæstaréttar. Slíkur endurútreikningur mun líkt og lög gera ráð fyrir grundvallast á þeirri reikniregla sem kynnt er í lögum nr. 151/2010.

Arion banki.

Arion banki hefur endurútreiknað öll erlenda íbúðalán á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða X í lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Af dómi Hæstaréttar þann 9. júní 2011 í máli Landsbankans hf. gegn þrotabúi Mótormax ehf. má ráða að hluti erlendra lána Arion banka til fyrirtækja og einstaklinga telst vera gengistryggð lán í íslenskum krónum og því að hluta til ólögmæt samkvæmt íslenskum lögum.

Þrátt fyrir að ekki hafi fallið dómar í Hæstarétti um lánasamninga Arion banka þá telur bankinn að nýlegir dómar hafi fordæmisgildi um hluta lánasafns bankans. Arion banki mun endurreikna öll þau lán sem kveða á um sömu efnisatriði og Hæstiréttur hefur í nýlegum dómum sínum talið ólögmæt. Um tvö þúsund lán er að ræða. Arion banki stefnir að því að ljúka endurútreikningi í október en niðurstaðan verður kynnt lánþegum eins fljótt og auðið er.

Samkvæmt dómum Hæstaréttar virðast lán með svokölluðu „jafnvirðisorðalagi“, þar sem útgreiðsla láns og greiðsla afborgana sem og vaxta er í íslenskum krónum, vera gengistryggð lán í íslenskum krónum og þar með að hluta til ólögmæt. Hins vegar teljast lán, þar sem fjárhæð hinnar erlendu myntar er tiltekin og útgreiðsla lánsfjárhæðar og greiðsla afborgana og vaxta var gerð í erlendri mynt, vera lán í erlendri mynt og þar með lögmæt erlend lán.

Óvissa ríkir um lögmæti annarra lána þar sem orðalag lánasamningsins og framkvæmd lánveitingarinnar er með öðrum hætti. Arion banki mun áfram leitast við að greiða úr málum hlutaðeigandi einstaklinga og fyrirtækja. Um er að ræða á bilinu tvö til þrjú hundruð lán. Arion banki mun beita sér fyrir því að eyða óvissu varðandi lögmæti þeirra lána og leggja sitt af mörkum til að hraða málum í gegnum dómskerfið eins og frekast er unnt.

Landsbankinn.

Landsbankinn hf. mun endurútreikna öll ólögmæt erlend lán bankans. Nú þegar hafa verið endurútreiknuð þau lán sem falla undir dóma Hæstaréttar frá 16. júní 2010 og 16. september 2010, ásamt þeim lánum sem falla beint undir bráðabirgðaákvæði laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, eins og þeim var breytt með lögum nr. 151/2010.

Hafin er vinna við endurútreikning lána sem falla undir dóm Hæstaréttar frá fimmtudeginum 9. júní 2011, nr. 155/2011, svokallað Mótormax-mál. Erlend lán sem hvorki falla undir nefnd fordæmi Hæstaréttar né lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, verða ekki endurútreiknuð þar sem Landsbankinn telur þau lögmæt. Falli nýir dómar í Hæstarétti um önnur lánsform Landsbankans, eða svipuð form frá öðrum bönkum, þá mun bankinn endurskoða afstöðu sína.

Ergo.

Þeir samningar sem ERGO er ekki að endurútreikna eru:

a. Rekstrarleiga: Þetta er leigusamningur. Dómsvaldið hefur ekkert fjallað um þessa samninga
b. Fjármögnunarleiga: Einnig leigusamningar sem bíða dóma Hæstaréttar.

Avant.

Allir bílasamningar hafa verið endurreiknaðir, voru ekki með leigusamninga.

SP-Fjármögnun.

Endurreiknaðir samningar: Bílasamningar, almenn lán, kaupleigusamningar, einkaleigusamningar.

Lán og samningar sem hafa ekki verið endurreiknaðir: Fjármögnunarleiga og rekstrarleiga. Áðurnefndar lánaafurðir voru svo til eingöngu veittar til rekstraraðila.

Lýsing.

Fjármögnunarleiga, einka- og rekstrarleigusamningar eru ekki endurreiknaðir. Vaxtalögin sem banna gengistryggingu ná eingöngu til lánasamninga.

Frjálsi fjárfestingarbankinn.

Hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum hafa yfir 96% gengistryggðra lána einstaklinga (sbr. niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 604/2010) verið endurútreiknuð og birt. Dómurinn náði til mun fleiri lána en lög nr. 151/2010 náðu til (takmarkaðist ekki við bíla eða íbúðarhúsnæði til eigin afnota).

Um 70 endurútreikninga hefur ekki verið hægt að birta vegna lagalegrar óvissu. Þetta eru eldri lán sem eru með reiknaða inneign en voru uppgreidd fyrir slitameðferð bankans og lán með reiknaðri inneign þar sem skuldaraskipti höfðu orðið fyrir slit bankans. Það á þá bara við hlut fyrri skuldara, endurútreikningur síðari skuldara hefur verið birtur. Lagaóvissan liggur m.a. í því að ekki er ljóst hvernig eða hreinlega hvort lántaki geti yfir höfuð lýst kröfu í slitabúið, þar sem kröfulýsingarfresti lauk í október 2009.

Engin „erlend lán“, þ.e. lán sem veitt voru í mynt og greitt af í mynt, voru veitt einstaklingum, né lán veitt í mynt (án jafnvirðishugtaks) en innheimt í krónum.

Um 30 villulán eru ókláruð og óbirt, en það munu vera mál sem eru með mjög hátt flækjustig og þarfnast mikillar úrvinnslu. Sú vinnsla er í fullum gangi og eru endurútreikningar birtir jafnóðum og þeir klárast.

SPRON/Drómi.

Hjá SPRON hafa yfir 98% lána verið endurútreiknuð og birt. Þetta eru gengistryggð lán einstaklinga sem falla undir lög nr. 151/2010, þ.e. erlend lán SPRON til einstaklinga sem veitt voru í mynt og eru með jafnvirðishugtakinu og/eða endurgreiðslur í ISK (falla undir lög nr. 151/2010), auk lána sem falla undir dóm Hæstaréttar nr. 604/2010 (þá lán með sambærileg lánagögn).

Um 50 SPRON-endurútreikninga hefur ekki verið hægt að birta vegna sömu lagaóvissu og tíunduð er hér framar. Kröfulýsingarfresti í bú SPRON lauk í janúar 2010. Eitt erlent lán veitt einstaklingi, veitt í mynt og greitt af í mynt, er á bókunum og var ekki endurreiknað.

Varðandi óbirtu einstaklingslánin þar sem lagaóvissa ríkir, þá er búið er að beina slíku ágreiningsmáli til dóms, þar sem leitast er eftir svari við hvernig skuli meðhöndla þær kröfur. Von er á niðurstöðu héraðsdóms í því máli í janúar/febrúar 2012 og niðurstöðu Hæstaréttar í mars/apríl 2012.

Tíu villulán eru ókláruð og óbirt, en það munu vera mál sem eru með mjög hátt flækjustig og þarfnast mikillar úrvinnslu. Sú vinnsla er í fullum gangi og eru endurútreikningar birtir jafnóðum og þeir klárast.

4. *Eftir hvaða forsendum eru lán endurreiknuð og geta allir skuldarar fengið forsendur útreikninga afhentar?*

Notaðir eru vextir SÍ, „almennir vextir af peningakröfum“, sem eru lægstu óverðtryggðu vextir samkvæmt dómi Hæstaréttar nr. 471/2010. Avant, ásamt þeim fjármálafyrirtækjum sem endurreikna húsnæðislán, notast við árlega vexti en SP, Lýsing og Ergo notast við

mánaðarlega vexti. SP og Lýsing notast við mánaðarlega vexti út allt endurreikningsferlið en Ergo notast að hluta til við árlega.

Í grunninn eru tvenns konar aðferðir notaðar við endurútreikning. Önnur aðferðin virðist byggjast á 5. mgr. 1. gr. laga nr. 151/2010, en í henni stendur: „…Við ákvörðun endurgreiðslu eða útreikning á stöðu skuldar skal upphaflegur höfuðstóll skuldar vaxtareiknaður samkvæmt ákvæðum 1. mgr. Frá höfuðstól og áföllnum vöxtum skal draga þær fjárhæðir sem inntar hafa verið af hendi fram að uppgjörsdegi í vexti, hvers kyns vanskilaálögur og afborganir miðað við hvern innborgunardag. Þannig útreiknuð fjárhæð myndar eftirstöðvar skuldarinnar og skulu þá upphaflegir eða síðar ákvarðaðir endurgreiðsluskilmálar gilda að því er varðar lánstíma, gjalddaga og aðra tilhögun á greiðslu skuldar, allt að teknu tilliti til þeirra breytinga sem leiðir af ákvæðum þessarar greinar.“ Aðferðin virðist vera notuð við uppgjör lána hjá viðskiptabönkunum og Avant, hvort sem skuldaraskipti hafa átt sér stað eður ei, en í 7. mgr. sömu laga er kveðið á um aðra uppgjörsaðferð þegar aðila- eða skuldaraskipti hafa átt sér stað.

Hin aðferðin byggist á framangreindum biðreikningum, þar sem mismunur raungreiðslna og endurreiknaðra greiðslna fer inn á slíkan reikning þar sem reiknast vextir og vaxtavextir.

Í þeim tilfellum þegar um er að ræða að samningur hafi að geyma íslenskan hluta fara öll fyrirtækin nema Lýsing og Ergo þá leið að endurreikna allan samninginn. Lýsing og Ergo láta íslenska hlutann standa óbreyttan, miðað við upphaflega samningsvexti á þeim hluta samningsins.

Uppgjörsreglan sem nefnd er í f-lið 2. gr. laga nr. 151/2010 (bráðabirgðaákvæði XV) er við lýði þegar við á, eftir því sem næst verður komist, en hins vegar hefur verið deilt um þann sölukostnað sem myndast hefur hjá lánveitendum við endursölu bifreiða. Allir skuldarar geta fengið forsendur útreikninga afhentar.

Fylgiskjal.

Viðauki I – Biðreikningur SP.

Tegund færslu	Gildisdagur	Vaxta pr	Staða fyrir	Upphæð	Vextir	Staða
Gjalddagi	01.03.2006	12,50%	0	59.594	0	59.594
Greiðsla	01.03.2006	12,50%	59.594	-47.042	0	12.552
Gjalddagi	01.04.2006	12,50%	12.552	52.477	131	65.160
Greiðsla	03.04.2006	12,50%	65.160	-51.309	45	13.896
Gjalddagi	01.05.2006	12,50%	13.896	52.477	135	66.508
Greiðsla	04.05.2006	13,00%	66.508	-50.652	72	15.929
Gjalddagi	01.06.2006	13,00%	15.929	53.669	155	69.753
Greiðsla	05.06.2006	14,00%	69.753	-53.297	109	16.565

1. Endurreiknaður gjalddagi miðað við lægstu vexti SÍ. Þann 1. mars má sjá að greiðslan sem lántakandi *hefði átt að greiða* skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 ætti að nema 59.594 kr.
2. Sú upphæð sem skuldari innti raunverulega af hendi þann 1. mars nam 47.042 kr. Sú upphæð greiddist *samdægurs* inn á lánið.
3. Mismunurinn af þessu tvennu, 12.552 kr., leggst inn á biðreikninginn.
4. Vextir reiknast á 12.552 kr. í einn mánuð, frá 1. mars til 1. apríl.[1] Út kemur 131 kr.
5. Þann 1. apríl á skuldarinn að greiða 52.477 kr. Staða á biðreikningi fyrir eru 12.552 kr og vaxtastaðan er 131 kr. Samtala þessara þriggja upphæða er 65.160 kr.
6. Greiðsla berst ekki fyrr en 3. apríl, tveimur dögum eftir 1. apríl. Sökum þess vaxtareiknast 65.160 kr. í tvo daga. Út koma 45 kr.[2]
7. Þann 3. apríl greiddi lántakandi 51.309 kr. af láninu. Ný staða á veltureikningi verður því 13.896 kr.[3] Sú upphæð vaxtareiknast svo í *28 daga* (ekki heilan mánuð vegna þess að greiðslan barst tveimur dögum síðar en hún átti að gera).[4] Vaxtagreiðslan í því tilfelli nemur 135 kr.
8. Þetta ferli endurtekur sig svo. SP notast því við mánaðarlega vexti sem og reiknar ígildi refsivaxta ef lántakandi greiðir eftir gjalddaga.

[1] 12.552*12,5%*30/360 = 131 kr.
[2] 65.160*12,5%*2/360 = 45 kr.
[3] 65.160 - 51.309 + 45 = 13.896 kr.
[4] 13.896*12,5%*28/360 = 135 kr.

Viðauki II – Biðreikningur Lýsingar.

Raungreiðsludagur	Raungreiðsla	Endurreiknuð greiðsla	Biðreikningur	Vextir	Uppsafnað
1.3.2006	47.192	59.594	–12.402	*–10.561*	–22.963

1. Endurreiknaður gjalddagi miðað við lægstu vexti SÍ. Þann 1. mars má sjá að greiðslan sem lántakandi hefði átt að greiða skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 *ætti* að nema 59.594 kr.
2. Sú upphæð sem skuldari innti raunverulega af hendi þann 1. mars nam 47.192 kr.[1] Sú upphæð greiddist *samdægurs* inn á lánið.
3. Mismunurinn af þessu tvennu, 12.402 kr., leggst inn á biðreikninginn. Það má kalla þá upphæð upprunalegu biðreikningaupphæðina fyrir gjalddagann 1. mars.
4. Vextir reiknast á 12.402 kr. í einn mánuð, frá 1. mars til 1. apríl.[2] Út koma 129 kr.
5. Í aprílmánuði reiknast sama vaxtaupphæð. Í maímánuði hefur hún hækkað sökum hækkandi óverðtryggða vaxta SÍ. Vextir reiknast á upprunalegu biðreikningaupphæðina út árið 2006.[3]
6. Samtala vaxtagreiðslna ársins 2006 leggst við upphaflegu biðreikningsupphæðina fyrir 1. mars gjalddagann. Slík upphæð myndar svo grunn fyrir sams konar vaxtareikning næstu 12 mánuði á eftir.
7. Ferlið endurtekur sig til uppgjörsdags fyrir *hvern gjalddaga*. Lýsing notast því við mánaðarlega vexti.

Biðreikningur	***Mánuður og ár***	***Vextir***
12.402 kr.	Mars 2006	1,04% * 12.402 = 129,19 kr.[4]
	Apríl	129,19 kr.
	Maí	124,36 kr.
	Júní	144,7 kr.
	Júlí	144,7 kr.
	Ágúst	149,87
	September	155,03
	Október	160,2
	Nóvember	160,2
	Desember	160,2
13.870 kr.[5]	Janúar 2007	1,33% * 13.870 = 184,94 kr.[6]
	Febrúar	184,94 kr.
	Mars	184,94
22.963 kr.	**Samtals**	10.561 kr.

[1] Ástæðan fyrir 150 kr. mismun á raungreiðslu í þessu dæmi m.v. dæmið að ofan fyrir SP-fjármögnun eru tilkynningar- og greiðslugjöld. Þessi mismunur skiptir ekki máli hvað varðar endurútreikninginn sjálfan og ber að líta framhjá því við lestur þessa minnisblaðs.

[2] 12.402*12,5%*30/360 = 129 kr.

[3] Hér veltir maður fyrir sér hvort það beri ekki að reikna vexti ofan á upprunalegu biðreikningsupphæðina í 12 mánuði, sama hvaða gjalddaga er verið að ræða um hverju sinni.

[4] Nafnvöxtum deilt með fjölda mánaða á ári. Hér: 12,5%/12 = 1,04%.

[5] Samtölu vaxtagreiðslna ársins er bætt við upprunalegan veltureikning. Hér er upprunalega biðreikningsupphæðin 12.402 kr. og nema vaxtagreiðslur ársins 2006 1.468 kr. Biðreikningsupphæðin í byrjun árs 2007 nemur því 12.402 + 1.468 = 13.870 kr.

[6] Nafnvöxtum deilt með fjölda mánaða á ári. Hér: 16%/12 = 1,33%.

1913. Svar [713. mál]

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um endurútreikning gengistryggðra lána.

1. *Hefur ráðuneytið gefið út leiðbeiningar fyrir fjármálafyrirtækin um hvernig eigi að reikna ólögmæt gengistryggð lán í samræmi við lög nr. 151/2010? Ef svo er, hvernig eru þær leiðbeiningar? Ef ekki, af hverju?*

Í lögum nr. 151/2010 er breyttu ýmsum ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, er að finna ákvæði um endurútreikning ólögmætra gengisbundinna lána. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði XI við lögin er ráðherra heimilt að kveða nánar á um framsetningu útreiknings á uppgjöri vegna ólögmætra vaxta og/eða verðtryggingar í reglugerð. Þessi heimild ráðherra til setningar reglugerðar kom inn í frumvarp til breytinga á vaxtalögunum við þinglega meðferð málsins. Heimildin felur í sér að ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framsetningu á útreikningi, þ.e. hvernig útreikningurinn er útskýrður og settur fram gagnvart lánþega, en með henni er ráðherra ekki fengið vald til að kveða frekar á um hvernig endurreikna eigi umrædd lán. Um það er fjallað í ákvæðum laganna. Í bráðabirgðaákvæðinu er jafnframt kveðið á um að ráðherra sé heimilt að fela umboðsmanni skuldara að hafa eftirlit með útreikningum fjármálafyrirtækja samkvæmt ákvæðinu, óska eftir upplýsingum um forsendur útreikninga og kveða á um úrbætur ef þörf krefur. Með reglugerð nr. 178/2011 fól ráðherra umboðsmanni skuldara slíkt eftirlit.

Ráðuneytið hefur ekki gefið út leiðbeiningar fyrir fjármálafyrirtæki um það hvernig beri að endurreikna umrædd lán. Lögin kveða nokkuð skýrt á um hvernig beri að endurreikna lán hafi þau verið dæmd ólögmæt og endurmat embættis umboðsmanns skuldara á aðferðum við endurreikning bendir ekki til að þörf hafi verið á samræmdum leiðbeiningum, enda lítill munur á aðferðum sem beitt var við útreikninginn. Þá ber að hafa í huga að fyrir löggjafanum vakti að halda inngripi því sem fólst í lögum nr. 151/2010 eins hóflegu og kostur var, enda um íþyngjandi inngrip í stjórnarskrárvarin eignarréttindi að ræða. Með lögunum voru þannig ekki felld úr gildi önnur samningsákvæði en þau sem tengjast gengistryggingu með beinum hætti og því eðlilegt að samningsákvæði ráði því að öðru leyti uppgjöri sem kostur er. Um leið er ljóst að fyrirtækjum er heimilt að endurreikna lánin á þann veg að komi skuldurum betur. Komi upp ágreiningur um hvernig beri að túlka einstök ákvæði laga verða dómstólar að leysa úr honum.

2. *Hvernig endurreikna fjármálafyrirtæki ólögmæt gengistryggð lán og er sú aðferðafræði í samræmi við 1. gr. laga nr. 151/2010? Óskað er skriflegra skýringa á aðferðafræðinni við útreikningana og sýnidæma um:*
   a. *bílalán,*
   b. *húsnæðislán,*
   c. *önnur veðlán til einstaklinga, og*
   d. *fyrirtækjalán?*

Eins og áður segir annast embætti umboðsmanns skuldara eftirlit með endurútreikningi gengistryggðra lána. Í athugun umboðsmanns skuldara á endurútreikningi gengistryggðra lána kemur fram að ekki sé um misræmi að ræða varðandi endurútreikning íbúðarlána en að munur sé á endurútreikningi bílalána milli fyrirtækja. Sá mismunur liggur í því að flest fjármálafyrirtækin leggja ógreidda vexti við höfuðstól skuldarinnar með árs millibili og reikna

síðan vexti af nýjum höfuðstól þannig reiknuðum. Þrjú fyrirtækjanna leggja hins vegar vexti við höfuðstól bílalána við hvern áfallinn gjalddaga og má því til einföldunar segja að vaxtavextir reiknist mánaðarlega. Áfallnir vextir geta verið hærri með síðarnefndu aðferðinni.

Þótt þessar tvær útreikningsaðferðir geti leitt til mismunandi niðurstöðu er mikilvægt að hafa í huga að ekki skeikar miklu í öllum þorra uppgjöra.

Ekki verður betur séð en að hvor aðferðafræðin um sig geti rúmast innan ákvæða laga nr. 151/2010, enda fólu þau lög ekki í sér að felld væru úr gildi önnur samningsákvæði en þau sem tengjast gengistryggingu með beinum hætti. Því ráða samningsákvæði því hvort leggja megi vaxtavexti við hvern áfallinn gjalddaga. Um leið er ljóst að fyrirtækjum er heimilt að endurreikna lánin á þann veg að komi skuldurum betur.

Hvað fyrirtækjalánin varðar gilda ákvæði 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu og bráðabirgðaákvæðin eftir því sem við á þegar vextir eða verðtrygging láns hafa verið dæmd ólögmæt, hvort heldur sem lán eru til einstaklinga eða fyrirtækja. Dómstólar hafa þegar dæmt lán veitt fyrirtækjum, svo sem húsnæðislán ólögmæt gengistryggð lán og hefur ráðuneytið ekki upplýsingar um annað en að í slíkum tilvikum séu fyrirtækja lán endurreiknuð í samræmi við ákvæði laganna.

Til frekari svara við spurningunni leitaði ráðuneytið til umboðsmanns skuldara og eru eftirfarandi upplýsingar þaðan fengnar:

Umboðsmaður skuldara hefur eftirlit með endurútreikningum fjármálafyrirtækja á gengislánum neytenda samkvæmt reglugerð nr. 178/2011. Af þeim sökum ákvað umboðsmaður skuldara í apríl sl. að leita til Raunvísindastofnunar Háskólans til að fara yfir svör fjármálafyrirtækja við fyrirspurnum um endurútreikning lána. Annars vegar var lagt fyrir dæmi um 15 millj. kr. húsnæðislán og hins vegar 3 millj. kr. bílasamning sem bæði voru tekin árið 2006. Í ljós kom ákveðinn mismunur á niðurstöðum fjármálafyrirtækja, sem byggist á því að fjármálafyrirtækin beita mismunandi útreikningsaðferðum.

Meginmismunurinn byggist á því hvaða vextir eru notaðir við útreikning lána skv. 4 gr. laga nr. 38/2001. Þannig beita SP-fjármögnun og Lýsing því sem kallast mánaðarlegir vextir, en Íslandsbanki Fjármögnun (Ergo) og Avant nota árlega vexti. Mánaðarlegir vextir eru hærri en árlegir vextir, en sem dæmi þá voru árlegir vextir í desember 2008 21% á ársgrundvelli samkvæmt vaxtatöflu Seðlabanka Íslands. Þetta jafngildir mánaðarlegum vöxtum upp á 23,14% á ársgrundvelli.

Í niðurstöðu Raunvísindastofnunar Háskólans kom fram að húsnæðislán Landsbankans, Íslandsbanka, Arion banka, Byrs og Dróma skiluðu öll sömu niðurstöðum. Hins vegar kom í ljós að útreikningar frá SP-fjármögnun, Lýsingu og Íslandsbanka hf. (nú Ergo) voru með öðrum hætti og skiluðu verri niðurstöðum fyrir skuldara. Innbyrðis munur á endurútreikningum þriggja síðastnefndu fjármálafyrirtækjanna gerir það að verkum að niðurstöður þeirra gefa mismunandi eftirstöðvar. Fleiri en einn skýringarkostur er mögulegur og er það á valdi dómstóla að skera úr um hvernig eigi að túlka vaxtalögin og hvaða reikningsaðferð sé sú rétta. Það eru því fleiri en einn skýringarkostur. Umboðsmaður skuldara hefur hins vegar beint því til fjármálafyrirtækja að skuldarar njóti vafans þar sem hann er fyrir hendi.

a. bílalán:

Aðferð við útreikning bílalána er í meginatriðum eftirfarandi:

Forsendur útreiknings eru þær að 1. janúar 2006 hafi aðili tekið 2 millj. kr. lán til 7 ára og voru mánaðarlegar afborganir af láninu 30.000 kr.

Útgáfudagur	1.1.2006
Fyrsti vaxtadagur	1.1.2006
Fyrsti gjalddagi	1.2.2006
Fjöldi mánaða milli gjalddaga	1
Upphaflegur lánstími (árafjöldi)	7,00
Upphaflegur höfuðstóll	2.000.000

Óverðtryggðir vextir Seðlabanka yfir lánstímann voru eins og hér er sýnt:

	1	**2**	**3**	**4**	**5**	**6**	**7**	**8**	**9**	**10**	**11**	**12**
2009	21	20	19	18	18	10,5	10,5	10,5	10,5	10,5	10,5	9
2010	8,5	8,5	8,5	8,5	8,5	8,25	8,25	7,75	7,75	6,75	6,30	5,75
2011	5,55	5,55	5,25	5,25								

Sem jafngilda mánaðarlegum vöxtum:

	1	**2**	**3**	**4**	**5**	**6**	**7**	**8**	**9**	**10**	**11**	**12**
2009	23,1	21,9	20,8	20,8	20	11	11	11	11	11	11	9,4
2010	8,8	8,8	8,8	8,8	8,8	8,6	8,6	8	8	7	6,5	5,9
2011	5,7	5,6	5,4	5,4								

1. Lánið er reiknað frá upphafsdegi lánsins miðað við óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands og notaður er upphaflegur höfuðstóll þess.
2. Lánið er látið bera mánaðarlega vexti og skiptast greiðslur upp í afborganir af höfuðstól og vexti. Saman mynda þessar tvær upphæðir heildargreiðslu lánsins um hver mánaðamót.

Gjalddagar	**Eftirstöðvar fyrir**	**Afborgun**	**Vextir**	**Heildargreiðsla**	**Eftirstöðvar eftir**
1.2.2006	2.000.000	15.009	20.833	35.842	1.984.990
1.3.2006	1.984.990	15.165	20.676	35.842	1.969.825
1.4.2006	1.969.825	15.323	20.519	35.842	1.954.501
1.5.2006	1.954.501	15.483	20.359	35.842	1.939.018
1.6.2006	1.939.018	15.644	21.006	36.650	1.923.374
…	…	…	…	…	…
1.3.2011	729.701	28.241	3.344	31.585	701.460
1.4.2011	701.460	28.535	3.068	31.604	672.924
1.5.2011	672.924	28.832	2.944	31.776	644.091
1.6.2011	644.091	29.133	2.817	31.951	614.958
1.7.2011	614.958	29.436	2.690	32.127	585.522

3. Heildargreiðsla lánsins er síðan dregin frá raungreiðslum. Af þessum tveimur upphæðum myndast mismunur, annaðhvort vangreiðsla eða ofgreiðsla, sem er síðan lagður inn á veltureikning. Sú upphæð er síðan vaxtareiknuð í samræmi við lög nr. 38/2001.

Gjalddagar	Raungreiðslur	Mismunur	Uppsafnaðir vextir
1.2.2006	30.000	-5.842	-5.525
1.3.2006	30.000	-5.842	-5.412
1.4.2006	30.000	-5.842	-5.300
1.5.2006	30.000	-5.842	-5.188
1.6.2006	30.000	-6.650	-5.774
…	…	…	…
1.3.2011	30.000	-1.586	-28
1.3.2011	30.000	-1.586	-28
1.4.2011	30.000	-1.604	-21
1.5.2011	30.000	-1.777	-16
1.6.2011	30.000	-1.951	-9
1.7.2011	30.000	-2.127	0

4. Að því loknu eru eftirstöðvar lánsins lagðar saman við of-/vangreiðslu lánsins ásamt uppsöfnuðum vöxtum af of-/vangreiðslum. Samtalan af þessum tveimur upphæðum myndar síðan endurreiknaðan höfuðstól lánsins.

Eftirstöðvar eftir síðasta gjalddaga:	585.522	
Samtals of- og vangreiðslur:		-504.919
Samtals uppsafnaðir vextir:		-229.281
Eftirstöðvar eftir endurútreikning:	1.319.723	

Athygli skal vakin á því að blæbrigðamunur er á því hvernig fjármögnunarfyrirtækin SP-fjármögnun og Lýsing meðhöndla veltureikninginn. Af þessum sökum verða til nokkrar mismunandi leiðir við útreikning bílalána.

b. húsnæðislán:

Húsnæðislán (og bílasamningar Avant) reiknast með þeim hætti að upphaflegur höfuðstóll skuldar er vaxtareiknaður með lægstu óverðtryggðu vöxtum Seðlabanka Íslands hverju sinni. Að tólf mánuðum liðnum er vöxtunum bætt við upphaflega höfuðstólinn og myndar sú upphæð nýjan stofn til vaxtaútreiknings fyrir næstu tólf mánuðina á eftir. Ferlið endurtekur sig árlega yfir lánstímann til uppgjörsdags. Greiðslur sem lántakandi innir af hendi eru vaxtareiknaðar hverju sinni með sama hætti frá innborgunardegi til uppgjörsdags. Mismunurinn af þessu tvennu myndar nýjan endurreiknaðan höfuðstól. Eftirfarandi er dæmi um endurútreikning láns.

Gert er ráð fyrir að 10. janúar 2009 hafi verið tekið 1 millj. kr. lán, að 1. maí 2009 og aftur 1. júní 2010 hafi verið greiddar 100 þús. kr. auk 250 kr. seðilgjalds, og að lánið skuli gert upp 18. apríl 2011. Óverðtryggðir vextir Seðlabanka yfir lánstímann voru eins og hér er sýnt:

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
2009	21	20	19	18	18	10,5	10,5	10,5	10,5	10,5	10,5	9
2010	8,5	8,5	8,5	8,5	8,5	8,25	8,25	7,75	7,75	6,75	6,3	5,75
2011	5,55	5,5	5,25	5,25								

Upphaflegur höfuðstóll lánsins vaxtareiknast svo:

Dagsetning	Meðalvextir	Vaxtadagar	Vaxtaupphæð	Staða
10.01.2009				1.000.000
10.01.2010	13,7708%	360	137.708	1.137.708
10.01.2011	7,7013%	360	87.618	1.225.326
18.04.2011	5,3908%	98	17.982	1.243.308

Skýringar við töflu: Fyrstu meðalvextirnir fást með því að leggja saman 21/360 af vöxtum í janúar 2009, 1/12 af vöxtum febrúar til desember 2009 og 9/360 af vöxtum janúar 2010. Síðustu meðalvextirnir ná yfir 98 daga og eru (21 x 5,55% + 30 x 5,5% + 30 x 5,25% + 17 x 5,25%)/98. Vaxtaupphæðin 17.982 er 98/360 af 5,3908% af stöðunni 10. janúar 2011. Reiknað er með 30 dögum í mánuði, sbr. 12. gr. laga 38/2001, og að vextir mánaðar gildi fram yfir nóttina í lok mánaðarins.

Greiðslur af láninu vaxtareiknast svo:

Dags.	Nr.	Greiðsla	Seðil-gjald	Meðal-vextir	Vaxta-dagar	Vaxta-upphæð	Staða	Loka-staða
01.05.2009	1	100.250	250				100.000	
01.05.2010				10,3333%	360	10.333	110.333	
18.04.2011				6,7932%	347	7.225	117.558	117.558
01.06.2010	2	100.250	250				100.000	
18.04.2011				6,6317%	317	5.840	105.840	105.840
Samtals								**223.398**

Eftirstöðvar þessa láns á uppgjörsdeginum 18. apríl 2011 væru því 1.243 - 223.398 = 1.019.910 kr.

c. önnur veðlán til einstaklinga:

Engin lán önnur en bíla- og fasteignalán hafa komið inn á borð til umboðsmanns skuldara.

d. fyrirtækjalán:

Umboðsmaður skuldara sinnir eingöngu erindum er berast frá einstaklingum. Í þeim tilfellum þegar um persónulegar ábyrgðir er að ræða eða einstaklingur hefur yfirtekið lán fyrirtækis er þeim erindum sinnt.

3. Hvernig er eftirliti með endurútreikningi ólögmætra gengistryggðra lána háttað?

Eftirlit með endurútreikningi ólögmætra gengistryggðra lána er samkvæmt reglugerð nr. 178/2011 hjá umboðsmanni skuldara. Einnig er lögbundið eftirlit hjá Fjármálaeftirliti og almennum dómstólum. Varðandi eftirlitshlutverk umboðsmanns skuldara er það með þeim hætti að skuldari getur leitað til embættisins og óskað eftir að mál hans sé kannað. Umboðs-

maður skuldara vinnur úr beiðnum skuldara og svarar fyrirspurnum þess efnis. Umboðsmaður skuldara á einnig að fylgjast með framgangi endurútreiknings og óska eftir upplýsingum frá fjármálafyrirtækjum. Embættið fylgist með dómum varðandi málefnið og beinir tilmælum til fjármálafyrirtækja í samræmi við þá. Umboðsmaður skuldara mun einnig kynna skuldurum rétt sinn og skyldur vegna framangreindra lána.

4. *Af hverju tók það ráðuneytið um tvo mánuði frá samþykkt laga nr. 151/2010 að gefa út reglugerð sem heimilaði umboðsmanni skuldara að hafa eftirlit með útreikningum fjármálafyrirtækjanna?*

Lög nr. 151/2010 voru samþykkt á Alþingi 22. desember 2010 og birt í Stjórnartíðindum 28. desember sama ár. Reglugerð nr. 178/2011 um eftirlit umboðsmanns skuldara með endurútreikningum fjármálafyrirtækja á gengislánum neytenda var birt í Stjórnartíðindum 23. febrúar 2011, eða tæpum tveimur mánuðum síðar.

Frá gildistöku laganna var ljóst að umboðsmanni skuldara yrði falið eftirlit með endurútreikningi og hafði embætti umboðsmanns raunar þegar hafið slíkt eftirlit á grundvelli almennra heimilda í lögum um embætti umboðsmanns skuldara áður en lögin voru samþykkt. Lögin gera ekki kröfu til þess að umboðsmanni sé falið það hlutverk með reglugerð þó að sú leið hafi verið farin. Því hafði umboðsmaður þegar frá gildistöku laganna hafið eftirlit með endurútreikningi fjármálafyrirtækjanna. Því er ekki rétt að líta svo á að eftirlit umboðsmanns með endurreikningum hafi tafist vegna tímasetningar reglugerðarinnar. Þvert á móti var talin ástæða til að freista þess að orða reglugerðina með þeim hætti að hún greiddi fyrir eftirlitinu, í ljósi þeirrar reynslu sem þá þegar var komin á framkvæmdina.

5. *Hver eru áhrifin af dómi Hæstaréttar nr. 604/2010, þess efnis að Hæstiréttur taldi að lengd lánstíma, ólík veð eða heimild til að breyta vöxtum hefðu ekki þýðingu er varðar ólögmæti gengistryggingar? Hvernig hefur ráðuneytið fylgt því eftir að fjármálafyrirtæki hlíti niðurstöðu dómsins?*

Með dómum Hæstaréttar 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010 var skorið úr ágreiningi lánveitanda og lántaka þar sem deilt var um höfuðstól svonefndra bílalána. Niðurstaðan var sú að um væri að ræða lán í íslenskum krónum og að tenging höfuðstóls lánanna við gengi tiltekinna erlendra gjaldmiðla hafi verið ólögmæt.

Með dómi Hæstaréttar 16. september 2010 í máli nr. 471/2010 þar sem um var að ræða sams konar bílalán og í fyrrnefndum málum, var leyst úr hvernig færi um vexti að fenginni niðurstöðu um að gengistrygging væri ólögmæt. Niðurstaðan varð þar sú að greiddir skyldu vextir jafnháir þeim sem Seðlabanki Íslands ákveður af nýjum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum, sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Í greinargerð með lögum nr. 151/2010, sem tóku gildi 29. desember 2010, segir um nauðsyn lagasetningarinnar: „Þó að dómar Hæstaréttar hafi létt af mestu óvissunni er engu síður hætt við að ágreiningur verði gerður um lögmæti fjölda samninga á víðtæku sviði skammtíma- og langtímafjármögnunar. Þá hafa vaknað spurningar um jafnræði meðal skuldara, einkum á neytendamarkaði. Meginmarkmið frumvarpsins er því að draga úr þessari óvissu. Til grundvallar eru lögð þau sanngirnisrök að sambærileg mál fái sambærilega niðurstöðu auk þess að tryggja réttaröryggi við uppgjör lána með óskuldbindandi gengisviðmiðun.“ Í frumvarpinu segir jafnframt: „Gildissvið frumvarpsins nær […] til lána einstaklinga vegna húsnæðiskaupa eins og nánar er skilgreint í frumvarpinu og lána til bifreiðakaupa hvort heldur sem þau lán eru á grundvelli lánssamninga eða eignarleigusamninga, enda er löggjöfinni

ætlað að skýra almennt réttarástand. Ef ekki verða sett almenn lög um uppgjör samninganna munu skuldarar verða í mismunandi stöðu eftir því hjá hvaða banka þeir hafa tekið lán, jafnvel þótt aðstæður þeirra séu fyllilega sambærilegar að öllu öðru leyti.“

Eins og áður segir var, í rökstuðningi fyrir lagasetningu, talið nauðsynlegt að leysa úr því hvaða tegundir lánasamninga féllu undir lögin umfram það sem þá hafði verið leyst úr fyrir dómstólum. Hvernig framkvæmd uppgjörs samninganna yrði háttað var síðan í samræmi við fordæmi Hæstaréttar.

Með dómi Hæstaréttar 14. febrúar 2011 í máli nr. 604/2010 heldur rétturinn sig við fordæmi sín í þeim málum sem tiltekin eru hér að ofan. Á þeim málum var byggt við setningu laga nr. 151/2010. Verður því ekki séð að uppi sé önnur staða eftir uppkvaðningu téðs dóms en var fyrir. Hefur niðurstaðan í málinu því ekki kallað á sérstakar ráðstafanir af hálfu ráðuneytisins hvað varðar eftirfylgni eða eftirlit með uppgjöri gengistryggðra lána, en ráðuneytið hefur fylgst með endurútreikningnum í gegnum umboðsmann skuldara og Samtök fjármálafyrirtækja.

6. *Hver er afstaða ráðuneytisins til þess hvort lög nr. 151/2010 stangist á við 12. viðauka EES-samningsins um neytendavernd?*

Samkvæmt upplýsingum frá Alþingi á fyrirspyrjandi hér við 19. viðauka EES-samningsins um neytendavernd, en ekki 12. viðauka um frjálsa fjármagnsflutninga.

Eins og segir hér að framan þá er lögum nr. 151/2010 ekki ætlað að kveða á um það hvort tiltekin samningsákvæði séu ógild, fyrir eða eftir setningu laganna heldur er í lögunum kveðið á um að um uppgjör vegna þeirra samninga sem undir þau falla skuli fara eftir 18. gr. frumvarpsins. Valdið til að kveða á um gildi samninga er sem fyrr hjá dómstólum.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 151/2010 er tilefni framlagningar frumvarpsins dómar Hæstaréttar frá 16. júní 2010 sem skáru úr um ólögmæti bindingar lána í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla og dómur réttarins frá 16. september 2010 um vaxtareikning slíkra ólögmætra gengistryggðra lána. Byggjast ákvæði frumvarpsins um uppgjör lánanna á forsendum dóms Hæstaréttar frá 16. september 2010. Í dómnum kom skýrlega fram að vextir láns þess sem deilt var um í málinu voru tengdir beint við vexti á millibankamarkaði í London af lánum í jenum og svissneskum frönkum, sem hin ógilda gengistrygging samkvæmt samningi aðilanna miðaðist við. Taldi rétturinn að slík vaxtakjör af láninu gætu ekki komið til álita nema í tengslum við gengistryggingu þess. Því var talið að hvorki væri unnt að styðjast við þau fyrirmæli óbreytt eftir orðanna hljóðan né gefa þeim með skýringu annað inntak, enda lá fyrir að á millibankamarkaði í London hafa aldrei verið skráðir LIBOR-vextir af lánum í íslenskum krónum. Vegna þessa var óhjákvæmilegt að ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiddi til þess að líta yrði með öllu fram hjá ákvæðum samningsins um vaxtahæð.

Í samningum um gengistryggð lán er almennt ákvæði um að skuld beri vexti. Þar sem ekki er hægt að beita fyrirmælum samninganna um útreikning vaxtanna taldi Hæstiréttur í dómnum frá 16. september að atvik svöruðu til þess að samið hefði verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera. Þegar slík staða væri uppi skyldu vextir af láni fara skv. 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001.

Dómur Hæstaréttar gengur því út frá því að ákvarða þurfi vexti af samningum frá upphafsdegi á grundvelli ákvæða 3. og 4. gr. vaxtalaga þar sem ekki var hægt að styðjast við ákvæði samnings um útreikning vaxta. Ákvæði laga nr. 151/2010 um uppgjör lána eru í samræmi við þessa niðurstöðu. Lögin mæla þannig ekki fyrir um leiðréttingu eða breytingu vaxtaútreikn-

ings eða vaxtaálags á of- eða vangreiðslur, heldur útreikning vaxta frá upphafi samningsins út frá nýjum forsendum þar sem upphaflegar forsendur vaxtaútreiknings eru ólögmætar.

Þar sem lögum nr. 151/2010 er sem fyrr segir ekki ætlað að kveða á um það hvort tiltekin samningsákvæði séu ógild heldur um uppgjör vegna þeirra samninga sem falli undir þau verður ekki séð að lögin stangist á við XIX. viðauka EES-samningsins um neytendavernd.

1914. Svar [871. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um sölu áfengis.

1. *Hve miklar tekjur hefur ríkið af sölu áfengis á ári hverju?*

Beinar tekjur af áfengissölu skiptast í áfengisgjald og virðisaukaskatt. Á selt áfengi leggst álagning sem rennur til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sem aftur greiðir arð til eiganda síns.

Áfengisgjald og virðisaukaskattur og arðgreiðslur voru eftirfarandi á s.l. 3 árum af áfengi seldu í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR). Allar arðgreiðslur ÁTVR eru taldar hér enda þótt þær eigi uppruna sinn bæði í sölu áfengis og tóbaks:

ÁTVR, millj. kr.	**2008**	**2009**	**2010**
Áfengisgjald	6.777	7.486	8.277
Virðisaukaskattur	3.502	4.160	4.340
Arðgreiðslur	183	960	1.000

Áfengi sem selt er á veitingastöðum er keypt beint af birgjum. Upphæð áfengisgjalds af sölu þar er nákvæmlega þekkt en virðisaukaskatturinn fer eftir álagningu á hverjum einstökum stað. Tölur um virðisaukaskatt í töflunni hér fyrir neðan eru áætlaðar miðað við sömu álagningu og hjá ÁTVR þrátt fyrir að vitað sé að hún er mun hærri víðast. Hér er því um lágmarkstölur að ræða. áætlaðar miðað við álagningu ÁTVR.:

Aðrir, millj, kr.	**2008**	**2009**	**2010**
Áfengisgjald	1.295	2.218	1.937
Virðisaukaskattur	712	1.220	1.065

Samtals eru þannig tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis á undanförnum árum eftirfarandi:

	2008	**2009**	**2010**
Samtals milljarðar kr.	12,5	16,0	16,6

2. *Hver eru árleg útgjöld ríkisins vegna áfengisdrykkju landsmanna?*

Sala áfengis hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum er hátt skattlögð og aðgengi að áfengi er takmarkað sem hluti af heilbrigðisstefnu landanna. Skattlagningunni er ætlað að draga úr neyslu vegna þess að af henni leiðir hærra verð og þar með minni neyslu en annars væri. Hún er höfð mismunandi eftir styrkleika áfengis vegna þess að talið er að neysla léttari áfengistegunda hafi minni skaðleg heildaráhrif en neysla sterkari tegunda. Vitað er að sumt

af neyslu áfengis veldur einstaklingum, fjölskyldum, fyrirtækjum og opinberum aðilum kostnaði, en því er ekki hægt að svara hver hann er. Skattlagningunni er ekki beinlínis ætlað að koma í veg fyrir neyslu áfengis og heldur ekki beinlínis ætlað að greiða þann mögulega kostnað sem af neyslunni kann að hljótast, þótt skírskota megi til þess kostnaðar í umræðu um álagningu gjalda á áfengi.

1915. Svar [872. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um sölu tóbaks.

1. *Hve miklar tekjur hefur ríkið af sölu tóbaks á ári hverju?*

Beinar tekjur af tóbakssölu skiptast í tóbaksgjald og virðisaukaskatt. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaheildsöluleyfi á tóbaki og er því eini innheimtuaðilinn.

Tóbaksgjald var eftirfarandi á sl. þremur árum af tóbaki keyptu í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR):

Millj. kr.	**2008**	**2009**	**2010**
Tóbaksgjald	3.935	4.523	4.686
Virðisaukaskattur	1.686	2.016	2.115
Samtals	5.621	6.539	6.801

Í svari við fyrirspurn um tekjur ríkissjóðs af áfengissölu (871. mál) kemur fram hverjar arðgreiðslur til ríkissjóðs undanfarin ár hafa verið en hluti þeirra er vegna sölu ÁTVR á tóbaki.

2. *Hver eru árleg útgjöld ríkisins vegna reykinga landsmanna?*

Sala tóbaks er miklum takmörkunum háð þótt hún sé ekki einskorðuð við verslanir ÁTVR eins og sala áfengis. Umbúðir um tóbak eru kirfilega merktar og miklar takmarkanir eru á því hvar má reykja. Jafnframt er skattlagning á söluna mjög mikil. Allt er þetta gert í þeim tilgangi að draga úr reykingum vegna þess heilsufarsvanda sem þær leiða til. Hann veldur ríkissjóði að sjálfsögðu kostnaði, m.a. í heilbrigðiskerfinu, en þó má fullyrða að meiri hluti neikvæðra afleiðinga tóbaksreykinga fellur á einstaklingana sem reykja og fjölskyldur þeirra, auk þess sem samfélagið verður af framlagi þeirra sem látast mörgum árum fyrr en ella vegna reykinga.

1916. Fyrirspurn [907. mál]

til efnahags- og viðskiptaráðherra um svokallaða kaupleigusamninga um bifreiðar.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Samræmist það skattalögum og lögum um ársreikninga sem fjármögnunarfyrirtæki halda fram – þrátt fyrir dóma Hæstaréttar frá í fyrra um að svokallaðir kaupleigusamningar

væru í raun lánasamningar – að þau séu réttmætir eigendur þeirra bifreiða sem þau lánuðu fyrir, þótt bifreiðirnar séu í ársreikningum fyrirtækjanna hvergi skráðar sem eign heldur skráðar sem eign í skattframtölum lánþega?
2. Er fjármögnunarfyrirtækjunum heimilt að flokka viðkomandi bifreiðar sem eign þegar kemur að vörslusviptingu og uppgjöri skulda en ekki þegar kemur að greiðslu skatta og gerð ársreikninga?
3. Ef slík meðferð eigna samræmist ekki gildandi lögum, hvaða viðurlög liggja við slíkum brotum og hvaða úrræði hefur stjórnsýslan til að bregðast við þeim?

1917. Fyrirspurn [908. mál]

til innanríkisráðherra um farþegafjölda í Landeyjahöfn.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hversu margir farþegar fóru með Herjólfi annars vegar síðasta árið áður en Landeyjahöfn var tekin í notkun og hins vegar fyrsta árið sem höfnin var í notkun?
2. Hversu marga daga var siglt í Landeyjahöfn annars vegar og Þorlákshöfn hins vegar á þessum árum?
3. Hvernig skiptist fjöldi farþega eftir Landeyjahöfn og Þorlákshöfn á tímabilinu?

Skriflegt svar óskast.

1918. Álit fjárlaganefndar [909. mál]

á skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2009.

Inngangur.

1. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, hljóðar svo:

„Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Hún skal endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins, sbr. 43. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 33/1944. Þá getur hún framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun skv. 9. gr. þessara laga. Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.“

Fjárlaganefnd Alþingis hefur haft skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2009 til umfjöllunar og fengið á sinn fund Svein Arason ríkisendurskoðanda, Inga K. Magnússon sviðsstjóra, Lárus Ögmundsson yfirlögfræðing, Jón L. Björnsson skrifstofustjóra og Grétar Bjarna Guðjónsson deildarstjóra hjá Ríkisendurskoðun, Sigurgeir Þorgeirsson ráðuneytisstjóra og Ingimar Jóhannsson sérfræðing frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Þórhall Arason skrifstofustjóra í fjármálaráðuneyti og Gunnar H. Hall fjársýslustjóra.

Við umfjöllunina hefur fjárlaganefnd kallað eftir upplýsingum og skýringum á einstökum atriðum reikningsins frá Ríkisendurskoðun og ráðuneytum sem málið varðar.

Fjárlaganefnd ákvað að skila Alþingi sérstakri skýrslu um ríkisreikninginn sem ekki hefur verið gert áður. Tilgangurinn með þeirri skýrslu er tvíþættur:

1. Að draga fram helstu athugasemdir Ríkisendurskoðunar á reikningi ársins 2009, álit fjárlaganefndar á þeim og gera formlegar tillögur til úrbóta.
2. Að hvetja til umræðna um eftirlit og framkvæmd fjárlaga með það að markmiði að leggja grunn að betri og agaðri stjórn ríkisfjármála en áður hefur tíðkast.

Það er álit fjárlaganefndar að hér eftir eigi nefndin að fjalla ítarlegar en áður um ríkisreikning hvers árs og skila Alþingi niðurstöðu í formi skýrslu sem tekin verði til umræðu á þinginu. Ný fjárlaganefnd tekur til starfa á 140. löggjafarþingi.

Áhrifa efnahagshrunsins gætir fyrst í ríkisreikningi ársins 2008. Ríkisreikningur 2009 er hins vegar fyrsti heili ársreikningur ríkisins eftir fall íslensku viðskiptabankanna og þeirra miklu efnahagserfiðleika sem fylgdu í kjölfar þess og ber reikningurinn þess víða merki. Ríkisendurskoðun fjallar um mörg mál í skýrslu sinni sem tengja má efnahagshruninu og gerir athugasemdir við málsferð einstakra mála. Fjármálaráðuneytið og aðrir sem þau mál varða hafa svarað þeim athugasemdum og gefið skýringar á þeim eftir því sem við á. Í svörum ráðuneytisins kemur fram að viðbrögð stjórnvalda við efnahagsvandanum framan af ári 2009 hafi verið í beinu framhaldi af þeim efnahagsaðgerðum sem hófust haustið 2008 og byggðust á lögum nr. 125/2008, svokölluðum neyðarlögum sem enn eru í gildi.

Fjárlaganefnd tekur í þessari skýrslu sinni fyrst og fremst afstöðu til þess hvort viðbrögð stjórnvalda hafi rúmast innan laga og reglna um fjármál ríkisins en ekki um eðlis hvers máls.

Fjárlög, fjáraukalög og lokafjárlög.

Allt frá gildistöku fjárreiðulaga 1997 hefur fjármálaráðuneytið aldrei lagt fram ríkisreikning og lokafjárlög samhliða eins og lögin gera ráð fyrir. Frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2009 var ekki fremur en önnur frumvörp til lokafjárlaga á liðnum árum lagt fram samhliða ríkisreikningi. Ríkisreikningur var lagður fram í júní 2010 og skýrsla Ríkisendurskoðunar um reikninginn kom fram í desember sama ár. Frumvarp til lokafjárlaga var lagt fram í mars 2011.

Með lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, var mörkuð stefna um efni fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga. Lögð var rík áhersla á að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir kæmu fram í fjárlögum. Í fjáraukalögum fyrir hvert fjárhagsár væri síðan fjallað um þær fjárráðstafanir sem ekki hefði verið hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fjáraukalög skyldu samkvæmt þessu fyrst og fremst snúast um ófrávíkjanleg málefni og ófyrirséð útgjöld en síður um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir ættu eftir atvikum að koma til umfjöllunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár.

Fjallað er um framlagningu ríkisreiknings í 7. gr. fjárreiðulaga. Þar segir að fjármálaráðherra skuli leggja endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins reikningsárs fyrir Alþingi eigi síðar en tveimur vikum eftir að þing kemur saman að hausti. Í almennum athugasemdum við frumvarp til fjárreiðulaga, undir yfirskriftinni *Ríkisreikningur,* segir svo orðrétt:

„Auk þeirra breytinga á efni og gerð ríkisreiknings sem að framan er lýst er lagt til að framlagning ríkisreiknings á Alþingi og umræða um hann verði með öðru sniði en verið hefur. Sú skylda er lögð á fjármálaráðherra að leggja fram endurskoðaðan ríkisreikning eigi síðar en 10 dögum eftir að þing kemur saman að hausti. Með þeim ríkisreikningi skal, honum

til staðfestingar, leggja fram frumvarp til lokafjárlaga vegna sama fjárhagsárs. Í samþykkt Alþingis á lokafjárlögum felst samþykkt á ríkisreikningi og er fjárhagsárinu þannig formlega lokað. Í þessu er einnig fólgin sú breyting að ríkisreikningur er ekki framvegis samþykktur með sérstökum lögum.“

Samkvæmt 45. gr. fjárreiðulaga skal ríkisreikningi fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Það er álit fjárlaganefndar að vinnubrögð við framkvæmd fjárlaga, þ.m.t. uppgjör og reikningsskil, hafa verið ámælisverð árum saman og gerir kröfur um breytingar. Taka verði ákveðin skref í þá átt að bæta verklag þannig að tryggt verði að helstu annmarkar við framkvæmdina fram að þessu verði sniðnir af.

Markaðar tekjur og bundið eigið fé.

Markaðar tekjur ríkisins eru skattar eða gjöld sem ríkið leggur á og innheimtir á grunni laga án þess að á móti komi beint framlag eða þjónusta í réttu hlutfalli við tekjurnar. Frá árinu 1997 hefur hlutdeild stofnana í A-hluta í mörkuðum tekjum og rekstrartekjum verið færð þeim til tekna í ársreikningum þeirra. Til að byrja með var stofnunum óheimilt að ráðstafa mörkuðum tekjum að fullu á tilteknum fjárlagaliðum, svo sem í vegáætlun. Sá hluti markaðra tekna sem stofnanir máttu ekki nýta var færður á svokallað „bundið eigið fé“ sem óheimilt er að ráðstafa nema með heimild Alþingis. Á liðnum áratug hefur þróunin verið sú að bæta sífellt fleiri stofnunum í þann hóp sem hefur takmarkaðar heimildir til að ráðstafa mörkuðum tekjum umfram fjárlög.

Markaðar tekjur eru af ýmsum toga og ákvæði um þær að finna í mörgum lögum. Það er álit fjárlaganefndar að fullt tilefni sé til að taka saman yfirlit yfir allar þær lagatilvísanir sem taka til þessa viðfangs svo að unnt sé að yfirfara og skoða mörkun ríkistekna almennt og lagagrundvöll þeirra.

Fjármálaráðuneytið hefur haft þá stefnu í seinni tíð að auka ekki vægi markaðra tekna í fjármögnun á útgjaldahliðinni með það að markmiði að tryggja betur fjárstjórnarvald Alþingis, styrkja fjármálastjórn ríkisins og stemma stigu við sjálfvirkni útgjalda. Þrátt fyrir það voru markaðar tekjur töluverðar og hafa aukist sem hlutfall að heildartekjum ríkisins á milli áranna 2008 og 2009. Samkvæmt ríkisreikningi 2008 voru markaðar tekjur 70,2 milljarðar kr. eða 18,9% af heildarskatttekjum og 15,5% af heildartekjum ríkisins. Árið 2009 námu allar markaðar tekjur 19,7% af heildarskatttekjum og 17,2% af heildartekjum, eða 75,7 milljarðar kr. sem lagðar voru á 80 tekjustofna og runnu þessar tekjur til 44 fjárlagaliða.

Verklagsreglur um fjárheimildir vegna markaðra tekna eru þær að Alþingi getur ákveðið að fjárheimild stofnunar verði lægri en áætlun hennar um markaðar tekjur. Þá er stefnt að því að inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði ásamt bundnu eigin fé hennar hækki á viðkomandi ári. Á sama hátt getur Alþingi ákveðið að tekjur stofnunar vegna markaðra tekna verði hærri en áætlun segir til um og þá stefnt að því að hvort tveggja inneign og bundið eigið fé lækki á árinu.

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að auka gegnsæi við meðferð markaðra tekna og bundins eigin fjár og telur brýnt að verklagsreglum við fjárlagagerð og reikningsskilareglum verði breytt á þann veg að bundið eigið fé geti ekki orðið neikvæð stærð. Dæmi eru um að

Alþingi hafi ákveðið með fjárlögum að fjárheimild stofnunar vegna markaðra tekna yrði mun hærri en álagðar markaðar tekjur viðkomandi árs án þess að stofnunin hafi haft yfir bundnu eigin fé að ráða. Þetta hefur leitt til þess að bundið eigið fé stofnunarinnar hefur orðið neikvætt.

Í árslok 2009 voru 19 stofnanir með bundið eigið fé, þar af var það jákvætt hjá 15 þeirra en fjórar stofnanir voru með neikvætt eigið fé að fjárhæð 17,6 milljarðar kr. í árslok 2009. Þar af var fjárlaganúmerið 10-212 „Samgönguverkefni“ með neikvætt bundið eigið fé að upphæð 13 milljarðar kr. Til að jafna hinn mikla neikvæða mun á bundnu eigin fé í árslok 2008 hefði þurft að auka fjárveitingu beint úr ríkissjóði á fjárlögum til stofnunarinnar um 6 milljarða kr. á árinu 2009. Í stað þess ákvað Alþingi að fjárheimild vegna markaðra tekna til samgönguverkefna skyldi vera 15 milljörðum kr. hærri en mögulegt var samkvæmt verklagsreglum. Með þeim hætti var ákveðið að A-hluta stofnun skyldi rekin með tekjuhalla á annan tug milljarða án þess að það kæmi skýrt fram í fjárlögum. Sama gerðist hjá fleiri stofnunum á árinu 2009. Raunverulega er hér um að ræða lántöku þessara stofnana hjá ríkissjóði.

Auk markaðra tekna þarf einnig að huga að öðrum tekjum stofnana, þ.e. rekstrartekjum og sértekjum. Sumar rekstrartekjur eru útgjaldatengdar, þ.e. aukin útgjöld leiða til aukinna tekna þótt ekki sé svo í öllum tilfellum. Hins vegar gætir vaxandi þrýstings frá stofnunum í þá veru að fá rekstrartekjur skilgreindar sem sértekjur til að komast hjá hugsanlegri bindingu tekna umfram fjárheimildir.

Fjárlaganefnd álítur að brýnt sé að hætta því ógegnsæja verklagi þar sem markaðar tekjur og meðferð þeirra, m.a. í lokafjárlögum, virðist ráða þróun stofnana fremur en ákvarðanir í fjárlögum hvers árs. Yfirsýn og stjórn á fjárreiðum ríkisins er ekki skýr hvað þetta varðar og því telur fjárlaganefnd brýnt að stigin verði ákveðin skref sem leiða til þess að allar tekjur renni í ríkissjóð og rekstrarfé allra stofnana ríkisins verði ákveðið með fjárlögum.

Fram kom í svarbréfi Ríkisendurskoðunar til fjárlaganefndar, dagsettu 2. nóvember 2010, vegna fyrirspurnar nefndarinnar um markaðar tekjur að ríkisreikningsnefnd hefði skipað vinnuhóp til að endurskoða verklagsreglur um bundið eigið fé, annað eigið fé og markaðar tekjur. Þegar þetta er ritað, 13. september 2011, hefur þessi vinnuhópur aðeins haldið einn fund um málefnið. Í ljósi ítrekaðra tilmæla Ríkisendurskoðunar undanfarin ár um nauðsyn þess að endurskoða og setja verklagsreglur um markaðar tekjur og fjárlagagerð leggur fjárlaganefnd á það ríka áherslu að vinnuhópur ríkisreikningsnefndar hraði endurskoðun sinni og fari yfir niðurstöður sínar með fjárlaganefnd hið fyrsta.

Nauðsynlegt er að efla útgjaldastýringu hjá ríkissjóði með öllum ráðum. Að endurskoða og breyta ógegnsæjum vinnuaðferðum við meðferð markaðra tekna af ýmsum toga, hátt í 100 milljarða kr., er stór þáttur þess máls.

Helstu athugasemdir Ríkisendurskoðunar vegna ársreiknings 2009.

Samræmdar reglur um eignaumsýslu.

Að mati Ríkisendurskoðunar er nauðsynlegt að settar verði skýrar og samræmdar reglur um eignaumsýslu ríkissjóðs og heimildir einstakra ráðuneyta til að ráðstafa eignum hans. Tilefnið er sala á Lánasjóði landbúnaðarins til Landsbanka Íslands hf. en landbúnaðarráðuneytið ráðstafaði handbæru fé sem fékkst við söluna árið 2005, samtals að fjárhæð 214,2 millj. kr., til kaupa á svokölluðum bankabréfum án þess að hafa til þess heimild, í stað þess að skila því til ríkisféhirðis.

Fjármálaráðuneytið bendir á að reglur um eignaumsýslu sé m.a. að finna í fjárreiðulögum en í 29. og 35. gr. laganna eru ákvæði um ráðstöfun eigna ríkissjóðs. Í 35. gr. kemur skýrt

fram að skila skuli söluandvirði lausafjár í ríkissjóð nema fjármálaráðherra heimili ráðstöfun þess til endurnýjunar á búnaði. Þá séu einnig í lögum um opinber innkaup ákvæði um ráðstöfun eigna. Það má því ljóst vera að framangreind ráðstöfun landbúnaðarráðuneytisins á andvirði Lánasjóðs landbúnaðarins samræmdist ekki gildandi lögum. Fjárlaganefnd telur algjörlega óviðunandi að ráðuneyti fari ekki að gildandi lögum um meðferð og ráðstöfun opinbers fjár.

Fjárlaganefnd hefur ritað fjármálaráðuneytinu bréf og óskað eftir að ráðuneytið fari yfir þær reglur sem gilda um eignaumsýslu ríkissjóðs og heimildir ráðuneyta til að ráðstafa eignum hans. Mikilvægt er að ný fjárlaganefnd leggi síðan í ljósi þeirrar yfirferðar ásamt afstöðu Ríkisendurskoðunar og reynslu síðari ára af ráðstöfun eigna ríkisins fram tillögur til úrbóta í þeim efnum fyrir 1. desember 2011. Nefndin bendir á að þrátt fyrir að lagaumgjörð og reglur séu til staðar hefur þeim ekki verið fylgt eftir sem skyldi sem er ámælisvert að mati nefndarmanna.

Reglur um innheimtu skammtímaskulda.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir: „Engar samræmdar verklagsreglur eru til um hvernig skuli staðið að innheimtu skammtímakrafna. Þetta hefur leitt til þess að innheimtu þeirra hefur ekki verið sinnt með eðlilegum hætti að mati Ríkisendurskoðunar og ekki er alltaf ljóst hver ber ábyrgð á eftirfylgni. Brýnt er að setja samræmdar verklagsreglur um innheimtu skammtímakrafna.“

Fjármálaráðuneytið telur að ábyrgð, leiðbeiningar, reglusetning og eftirlit með framkvæmd bókhalds og þ.m.t. innheimta skammtímakrafna hvíli hjá þeim stofnunum sem bera ábyrgð á viðkomandi starfsemi. Leiðbeiningaþátturinn sé hjá Fjársýslunni sem setji og gefi út almennar reglur um ýmsa þætti bókhaldsins. Þá setur fjármálaráðuneytið og birtir opinberlega reglur um ýmsa þætti sem snúa að framkvæmd fjárlaga og bókhalds. Má þar m.a. nefna að í reglum nr. 83/2000 um láns- og reikningsviðskipti er í 2. gr. ákvæði þar sem áskilið er að stofnanir skuli fyrir lok hvers mánaðar endurgreiða til ríkissjóðs það fé er fer umfram 2% af heildarrekstrarfé ársins. Það er svo að mati ráðuneytisins hluti af vinnu endurskoðenda að fylgja eftir og vekja athygli viðkomandi stofnana á því ef almennum reglum um framkvæmd bókhalds er ekki fylgt.

Það er álit fjárlaganefndar að nauðsynlegt sé að skerpa þær reglur sem ekki hafa reynst nógu góðar. Nefndin hefur ritað fjármálaráðuneytinu bréf og óskað eftir að ráðuneytið setji samræmdar reglur um innheimtu skammtímakrafna fyrir 1. nóvember nk. Mikilvægt er að ný fjárlaganefnd geri eftir það tillögur í þessum efnum með það að markmiði að bæta verklagið í kringum innheimtu skammtímaskulda frá því sem verið hefur og að tillögunum verði skilað fyrir 1. desember 2011.

Skuldbindingar sem geta á í ríkisreikningi.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru nefnd þrjú dæmi um skuldbindingar sem ríkið hefur tekist á hendur án þess að gerð sé grein fyrir þeim í ríkisreikningi fyrir árið 2009. Hinn 22. júní 2009 undirrituðu Nýja Kaupþing banki og Drómi samning um endurgreiðslu skuldar og veðsamninga vegna skuldbindinga í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Fjárhæð skuldabréfsins nemur 96,7 milljörðum kr. Í samningi fjármálaráðherra við skilanefnd Kaupþings banka frá 17. júlí 2009 er því lýst yfir að stjórnvöld muni halda Kaupþingi banka og Nýja Kaupþingi banka skaðlausum vegna kröfu þess síðarnefnda á hendur Dróma. Í bréfi fjármálaráðuneytisins til Nýja Kaupþings banka, dagsettu 20. ágúst 2009, kemur fram að

ríkissjóður ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart bankanum ef greiðslufall verður af umræddu skuldabréfi. Samkvæmt bréfinu er skuldbinding ríkissjóðs byggð á ákvæðum 1. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., svokölluðum neyðarlögum. Að mati Ríkisendurskoðunar bar að gera grein fyrir samkomulaginu í ríkisreikningi 2009 en það var ekki gert.

Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 17. mars 2009 yfirtók Íslandsbanki hf. skuldbindingar Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. vegna innlána í höfuðstöðvum bankans á Íslandi og skuldbatt fjármálaráðuneytið sig til að taka við skuldabréfi sem gefið var út vegna þessa og afhenda bankanum þess í stað ríkisskuldabréf. Bréfin skyldu vera hæf til notkunar í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands ef og þegar lausafjárþörf myndaðist hjá Íslandsbanka vegna þessara innlánsskuldbindinga. Í samkomulaginu fólst einnig að Íslandsbanki skuldbatt sig til að fjármagna greiðslur Straums-Burðaráss á innlánum bankans í Danmörku sem námu 45 milljónum evra. Fjármálaráðuneytið skuldbatt sig til að afhenda Íslandsbanka ríkisskuldabréf í skiptum fyrir skuldabréf Straums-Burðaráss vegna þessara innlána. Útgefið skuldabréf nemur 43,7 milljörðum kr. og er með lokagjalddaga 31. mars 2013. Hafi Íslandsbanki ekki fengið fullnaðargreiðslu þann dag er bankanum heimilt að halda eftirstandandi skuldabréfum. Ekki var gerð grein fyrir samkomulaginu í ríkisreikningi 2009.

Í þriðja lagi telur Ríkisendurskoðun að í ríkisreikningi hefði til upplýsingar mátt gera grein fyrir breytingum á eignarhaldi tónlistarhússins Hörpu þegar Austurhöfn-TR yfirtók Portus ehf. og Sítus ehf. Með því færðist eignarhald á húseigninni og tengdum framkvæmdum yfir á félag í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar. Þá ber að geta þess að greiðsluskuldbinding ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar varð virk við opnun hússins.

Fjárlaganefnd er þeirrar skoðunar að gera skuli grein fyrir öllum samþykktum skuldbindingum ríkisins í ríkisreikningi hvers árs og beinir því til fjármálaráðuneytisins að sjá til þess að svo verði gert framvegis. Ríkisreikningur á að gefa sem bestu og skýrustu mynd af stöðu ríkissjóðs hverju sinni og því ekki hægt að una því að skuldbindinga sem stofnað hefur verið til með viðurkenndum hætti sé ekki getið í reikningum hvers árs.

Heimildir í fjárlögum.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um eiginfjárframlag til Sjóvár kemur m.a. fram að íslenska ríkinu hafi ekki borið lagaleg skylda til að bjarga félaginu frekar en öðrum fyrirtækjum í kjölfar hrunsins. Í skýrslunni er sömuleiðis fjallað um lagaheimildir þær sem fjármálaráðuneytið byggði ákvarðanir sínar á. Einnig segir í skýrslunni: „Á sama hátt vekur athygli að aðkoma ríkissjóðs að endurskipulagningu fjármálastofnana og útfærslur á skuldbindingum hans í því sambandi hafa verið með nokkuð mismunandi hætti. Af þeim sökum kann að vera tímabært að endurskoða þann lagagrunn sem ráðstafanir þessar byggja á í því skyni að gera þær skýrari og stuðla að samræmi.“

Í svörum fjármálaráðuneytisins til nefndarinnar segir m.a. að samhliða heimild til að yfirtaka veðlánakröfur og veðkröfur af Seðlabanka hafi verið óskað eftir að ríkissjóður hefði lagaheimild sem gæfi svigrúm til að bregðast við aðstæðum til að hámarka endurheimtur þessara krafna. Heimildarinnar hafi verið aflað í fjárlögum 2009 þar sem fjármálaráðherra er heimilað „að kaupa af Seðlabanka Íslands þau viðskiptabréf sem bankanum hafa verið afhent til tryggingar veðlánum bankans og annast uppgjör þeirra krafna eins og hagkvæmt þykir“.

Fjármálaráðuneytið bendir á að ákvarðanir um aðgerðir gagnvart fjármálastofnunum eru teknar af FME á grundvelli heimilda í lögunum nr. 125/2008. Gera megi ráð fyrir að við þær

ákvarðanir hafi FME þurft að taka tillit til mismunandi aðstæðna og stöðu viðkomandi fjármálafyrirtækja. Aðkoma ríkissjóðs byggist síðan á þessum ákvörðunum sem eðli máls samkvæmt verður með mismunandi hætti.

Fjárlaganefnd telur að meta þurfi að nýju þörfina á óbreyttum neyðarlögunum (nr. 125/2008) í ljósi breyttra aðstæðna í efnahagsmálum. Álit nefndarinnar er að ástæðulaust sé að viðhalda lögum sem sett voru við þau skilyrði sem ríktu haustið 2008. Mikilvægt er að ný fjárlaganefnd geri tillögur í þeim efnum fyrir 1. desember 2011.

Það er álit fjárlaganefndar að 6. gr. heimildir í fjárlögum hafi verið of rúmar og rétt sé að þrengja þær og skilgreina betur hvað í þeim felst. Það er afar mikilvægt að heimildir til fjármálaráðherra í fjárlögum sé skýrar og um þær formfast regluverk enda oft um að ræða ráðstafanir í ríkisfjármálum sem geta skipt miklu máli fyrir afkomu ríkissjóðs. Mikilvægt er að ný fjárlaganefnd geri tillögur með það að markmiði að auka aðhald og eftirlit með ráðstöfun eigna og fjármuna samkvæmt lagagreininni fyrir 1. desember 2011.

Bætt skil á virðisaukaskatti.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að í árslok 2009 skulduðu um 3.680 einstaklingar virðisaukaskatt að fjárhæð 29,3 milljarðar kr. og rúmlega 4.700 lögaðilar skulduðu á sama tíma virðisaukaskatt að fjárhæð 20,8 milljarðar kr. Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslunni innheimtist tæplega 88% að meðaltali af þeim virðisaukaskatti sem fram komi í skýrslum allt frá upphafi skattsins og til ársloka 2009. Séu áætlanir hins vegar taldar með lækkar innheimtuhlutfallið í rúmlega 60%. Á umræddu tímabili námu áætlanir að jafnaði 36% af heild, en það hlutfall hefur farið hækkandi síðustu árin og verið 43% árið 2010. Engin leið sé að segja til með einhverri vissu um hversu stór hluti muni innheimtast af umræddri 50 milljarða kr. kröfu en miðað við innheimtuárangur síðastliðna tvo áratugi gæti sú fjárhæð verið nálægt 30 milljörðum kr.

Það er álit fjárlaganefndar að finna þurfi úrræði til að bæta skil á virðisaukaskatti. Í þeirri leit ætti að byggja á greiningu á því hvað veldur því að aðilar láti áætla á sig tekjur og aðstæður þeirra sem hafa fengið áætlun tvö eða fleiri ár í röð. Afmá þarf fyrirtæki af fyrirtækjaskrá sem ekki eru starfandi.

Skili framteljandi ekki skýrslum til skattyfirvalda ber skattstjóra að áætla tekjustofna hans. Þannig hafa 379 einstaklingar sætt áætlun í fimm ár eða lengur og samsvarandi tala fyrir lögaðila er 133. Fjárlaganefnd hefur óskað eftir að fjármálaráðuneytið geri nánari grein fyrir stöðu þessara mála.

Fjármálaráðuneytið telur óásættanlegt að skattaðili láti áætla á sig tekjur tvö ár í röð eða lengur. Ráðuneytið fullyrðir að það sé ekki algengt að sami aðili láti áætla á sig tvö til þrjú ár í röð án þess að skattyfirvöld inni viðkomandi aðila eftir skýringum. Í ljósi þeirra talna sem nefndar eru hér að framan mun fjármálaráðuneytið óska eftir því við ríkisskattstjóra að athugað verði sérstaklega hvað veldur, jafnframt því að gerð verði úttekt á því hversu margir aðilar hafa fengið áætlun tvö til þrjú ár í röð. Þegar niðurstaða þeirrar athugunar liggur fyrir lýsir ráðuneytið yfir vilja til að fara nánar yfir þær upplýsingar með fjárlaganefnd.

Samkomulag við sveitarfélög um uppgjör á staðgreiðslu.

Árið 1990 var gert samkomulag milli ríkissjóðs og sveitarfélaga um uppgjör staðgreiðslu þar sem gert er ráð fyrir að innheimtumenn ríkissjóðs sjái um að innheimta opinber gjöld. Í 10. gr. samkomulagsins er ákvæði um að það skuli endurskoðað á hverju ári fyrir 1. mars og þar með sé lokið fullnaðaruppgjöri fyrra árs. Samkvæmt upplýsingum sem Ríkisendurskoðun

aflaði hefur slík endurskoðun aldrei farið fram. Innheimta vanskila hefur verið mjög erfið á undanförnum árum. Að mati Ríkisendurskoðunar er því hætta á að ríkissjóður beri fjárhagslegan skaða af samkomulaginu. Stofnunin hefur beint því til fjármálaráðuneytisins að fram fari endurskoðun á samkomulaginu í samræmi við 10. gr. þess.

Fjárlaganefnd leitaði eftir skýringum fjármálaráðuneytisins á því hvers vegna endurskoðun hefði ekki farið fram og hvort ríkissjóður hefði borið fjárhagslegan skaða af því. Ráðuneytið staðfesti að ekki hafi farið fram formleg endurskoðun á samkomulagi ríkisins við sveitarfélögin um uppgjör staðgreiðslu. Óformleg athugun hafi verið gerð fyrir fáum árum og var niðurstaðan sú að ekki hallaði á ríkið fjárhagslega sem neinu næmi í samkomulaginu. Á árunum 2006 og 2007 dró úr vanskilum og því ekki taldar líkur á að viðsnúningur ætti sér stað í þeim efnum. Frá árslokum 2008 hafa hins vegar vanskilin aukist verulega, auk þess sem sveitarfélögin hafa fengið stærri hlut í staðgreiðslu vegna tilflutnings á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Fjármálaráðuneytið tekur í svari sínu undir þau tilmæli Ríkisendurskoðunar að endurskoða beri þetta samkomulag hið fyrsta og segist muni óska eftir viðræðum um það við sveitarfélögin.

Fjárlaganefnd leggur áherslu á að samkomulag um uppgjör staðgreiðslu á milli ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðað, m.a. í ljósi aukinna vanskila, og óskar eftir að niðurstöður endurskoðunarinnar liggi fyrir 1. desember nk.

Kaup- og fjármögnunarleiga án tilskilinna heimilda.

Samkvæmt reglum er „óheimilt að skuldbinda ríkissjóð með samningum um kaupleigu eða fjármögnunarleigu án þess að fyrir liggi heimild í lögum eða samþykki fjármálaráðuneytis og viðkomandi ráðuneytis“. Könnun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að 43 stofnanir af samtals 198 höfðu ekki fengið samþykki síns ráðuneytis né fjármálaráðuneytisins áður en þær gengu frá leigusamningum.

Fjármálaráðuneytið hefur greint fjárlaganefnd frá því að óskað hafi verið eftir því við Ríkisendurskoðun að stofnunin láti ráðuneytinu í té upplýsingar um þá aðila sem ekki hafa farið að ákvæðum reglugerðar um kaup- og fjármögnunarleigusamninga. Ráðuneytið mun á grundvelli þeirra upplýsinga leita eftir skýringum frá viðkomandi ráðuneytum á því af hverju ekki hafi verið leitað samþykkis viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis í samræmi við skýr ákvæði reglugerðar um gerð slíkra samninga.

Fjárlaganefnd telur mikilvægt að fjármálaráðuneytið sinni eftirlitsskyldum sínum hvað varðar kaup- og fjármögnunarleigu stofnana. Nefndin telur mikilvægt að ný fjárlaganefnd fylgi málinu eftir með því að kalla eftir skýrslu um stöðu málsins sem fjármálaráðuneytið skili fyrir 1. desember 2011.

Eignaskrá.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að skráningu eigna er ábótavant hjá mörgum stofnunum. Í 15. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, segir: „Árlega skal halda sérstaka eignaskrá um varanlega rekstrarfjármuni ríkisins. Hún skal sundurliðuð eftir eignaflokkum og skulu niðurstöður hennar birtar með ríkisreikningi.“

Í skýringum fjármálaráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið hefur leitað til Fjársýslunnar um viðbrögð við þessu og að mati hennar er ekki eingöngu við stofnanir að sakast þó að vissulega eigi þær stóran hlut að máli. Þetta er meðal þeirra verkefna sem Fjársýslan hefur á sinni könnu. Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að innleiða skráningu eigna í eignarskrárkerfishluta Oracle-kerfisins. Ýmis vandamál hafa komið upp, bæði tæknileg og

framkvæmdalegs eðlis, en vonir standa til að unnt verði að ljúka innleiðingunni hjá öllum stofnunum á þessu ári. Í kjölfar þess ætti að vera unnt að birta heildstæðar upplýsingar úr skránni í ríkisreikningi.

Fjárlaganefnd vekur athygli á að Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemd við eignaskrána árum saman. Má sem dæmi taka að í skýrslu stofnunarinnar um endurskoðun ríkisreiknings árið 1988 segir m.a.: „Vegna þessarar sérstöðu ríkisins er einmitt brýnt að fyrir hendi sé heildaryfirlit yfir eignir þess. Yfirskoðunarmenn og Ríkisendurskoðun hafa þráfaldlega bent á nauðsyn þess að lokið verði við gerð eignaskrár ríkisins. Þessu verki hefur enn ekki verið lokið og lýsa yfirskoðunarmenn yfir vonbrigðum sínum vegna þess. Telja verður eðlilegt að uppfærð eignaskrá sé lögð fram árlega með ríkisreikningi.“

Það er til marks um góða fjármálastjórn og eignastýringu að halda skrá yfir eignir ríkisins. Á meðan hana er ekki að finna hlýtur yfirsýn fjármálastjóra ráðuneyta og fjármálaráðuneytis að vera ábótavant. Það er álit fjárlaganefndar að ekki verði lengur við þetta verklag unað. Fjárlaganefnd hefur sent fjármálaráðuneyti bréf þar sem farið er þess á leit við ráðuneytið að úr eignaskráningu ríkisins verði bætt og eignaskrá verði lögð fram með ríkisreikningi 2011.

Eftirlitshlutverk Alþingis.

Eftirlit fjárlaganefndar með framkvæmd fjárlaga snýr fyrst og fremst að ráðherrum. Fjárreiðulögin byggjast á því meginsjónarmiði að við framkvæmd fjárlaga fara einstök ráðuneyti með yfirstjórn og bera ábyrgð á sínum málaflokki. Skipulag og verkaskipting stjórnvalda við framkvæmd fjárlaga fer fram á þremur stigum:

- Miðlægt, þar sem yfirumsjón er í höndum fjármálaráðuneytis.
- Hjá einstökum ráðuneytum.
- Hjá einstökum stofnunum.

Fjármálaráðherra hefur yfirumsjón með framkvæmd fjárlaga. Hann fer einnig með yfirstjórn þeirra mála er undir fjárreiðulögin heyra og setur reglugerðir á grundvelli þeirra. Fjármálaráðuneytið gegnir samræmingarhlutverki við framkvæmd laganna, hefur eftirlit með öðrum ráðuneytum og leiðbeinir um einstök tilvik. Ráðuneytið gefur út almennar reglur og leiðbeiningar um framkvæmdina.

Þegar fjárlög hafa verið afgreidd á Alþingi bera einstök ráðuneyti fulla ábyrgð á að fjárheimildum innan málaflokka þeirra sé ráðstafað í samræmi við forsendur fjárlaga. Skv. 1. mgr. 49. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, bera forstöðumenn og stjórnir stofnana ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir. Þar sem skipuð er stjórn til þess að annast rekstur og stjórn stofnunar hefur hún þær skyldur sem forstöðumenn hefðu ella. Með nýjum þingskapalögum sem samþykkt voru í júní sl. er áhersla lögð á eftirlitshlutverk fjárlaganefndar með framkvæmd fjárlaga sem stuðla ætti að auknum aga í ferlinu öllu.

Breytt hlutverk fjárlaganefndar.

Í nýjum þingskapalögum kemur fram sú breyting að fjármálaráðherra skuli leggja fyrir Alþingi, eigi síðar en 1. apríl ár hvert, tillögu til þingsályktunar um meginskiptingu útgjalda fjárlaga næsta fjárlagaárs (ramma), svo og greinargerð um breytingar á tekjuöflun ríkisins. Með tillögunni skal fylgja áætlun um ríkisfjármál næstu þriggja ára þar á eftir.

Það er álit fjárlaganefndar að breytt vinnulag, þ.e. að þingið skuli hér eftir ræða ramma næsta fjárlagaárs í apríl, tryggi umræður og aðkomu Alþingis að ákvörðun rammanna. Nefndin fagnar því að Alþingi muni taka til umræðu og ákvarða fjárlagarammana áður en ráðuneyti hefja vinnu við útfærslu fjárlagatillagna sinna.

Um hlutverk fjárlaganefndar segir svo í nýju þingskapalögunum: „Nefndin fjallar um fjármál ríkisins, fjárveitingar, eignir ríkisins, lánsheimildir og ríkisábyrgðir og lífeyrismál. Nefndin veitir efnahags- og viðskiptanefnd umsögn um þingmál er varða tekjuhlið fjárlaga. Enn fremur skal nefndin annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga.“ Svo virðist sem í þingskapalögunum sé gert ráð fyrir að fjárlaganefnd veiti umsögn um öll lagafrumvörp er varða tekjuöflun ríkissjóðs en ekki eingöngu tekjuhluta fjárlaganna. Nefndin þarf að taka afstöðu til þess með hvaða hætti hún nálgast það verkefni og hvort það sé í raun mögulegt miðað við orðalag lagagreinarinnar án þess að fara inn á verksvið efnahags- og viðskiptanefndar. Koma þarf í veg fyrir of mikla skörun á milli nefnda og tvíverknað og tryggja yfirsýn yfir bæði tekju og gjaldahlið ríkisfjármála.

Fjárlaganefnd leggur áherslu á skýra verkaskiptingu milli fjárlaganefndar og stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. Eins og fram kemur í nýjum þingskapalögum hefur fjárlaganefnd eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Nefndin leggur til að komi upp mál sem stangast á við lög og reglugerðir og eru alvarlegs eðlis þá verði þeim vísað eftir umfjöllun fjárlaganefndar til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar til frekari meðferðar. Önnur mál er varða eftirlit með framkvæmd fjárlaga verði fullnustuð af fjárlaganefnd.

Fjárlaganefnd sú sem nú er að ljúka störfum hvetur nýja fjárlaganefnd, sem tekur til starfa á 140. löggjafarþingi að ákveða með hvaða hætti hún ætlar að sinna eftirlitshlutverki sínu með framkvæmd fjárlaga. Nauðsynlegt er einnig að ákvarða hlutverk Ríkisendurskoðunar í því sambandi, þ.e. hversu margar skýrslur á ári um framkvæmd fjárlaga stofnunin skili til nefndarinnar og hvenær. Nefndin telur eftirfarandi verklag mikilvægt:

- Fjármálaráðuneytið leggi fram ársfjórðungslegar skýrslur um framkvæmd fjárlaga eigi síðar en 30 dögum eftir lok ársfjórðungsins. Í skýrslunum skulu koma fram áætlanir ráðuneyta um viðbrögð við frávikum fyrir hvern fjárlagalið.
- Ríkisendurskoðun leggi fram ársfjórðungslegar skýrslur um framkvæmd fjárlaga eigi síðar en 30 dögum eftir lok ársfjórðungsins.
- Ríkisendurskoðun leggi fram endurskoðað níu mánaða milliuppgjör fyrir rekstur ríkisins, efnahag og sjóðstreymi eigi síðar en 20. október ár hvert.
- Ríkisendurskoðun semji ársskýrslu um framkvæmd fjárlaga.
- Fjársýsla ríkisins leggi fram mánaðarleg yfirlit A-hluta ríkissjóðs.
- Fjársýsla ríkisins leggi fram ársfjórðungsleg yfirlit A-hluta ríkissjóðs og verði þau ítarlegri en þau mánaðarlegu. Hið sama gildir um ársfjórðungsleg yfirlit B–E-hluta.
- Fjármálaráðuneytið leggi fram óendurskoðað hálfs árs milliuppgjör ríkissjóðs.
- Hagstofan leggi fram og kynni fjárlaganefnd þjóðhagsspár og greiningar er varða efnahagsmál og eru á starfssviði nefndarinnar.
- Seðlabanki Íslands kynni skýrslur um peningamál og önnur mál sem varða verksvið fjárlaganefndar.

Breytingar á framkvæmd fjárlaga.

Óvissusjóður.

Í ljósi sögunnar er of stór hluti útgjalda ársins samþykktur með fjáraukalögum og þarf að finna leiðir sem tryggja að markmið fjárlaga nái fram að ganga. Miða þarf við að fjáraukalög leiði til sem minnstrar hækkunar á fjárveitingum ársins og að nýjar ákvarðanir um fjárútgjöld fái góða umfjöllun í fjárlaganefnd áður en skref eru stigin sem leiða til útgjaldaaukans. Ljóst er að í fjárlögum er ekki hægt að sjá við öllu og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni upphæð sem raunhæft er að áætla að nái yfir óvissuna. Styrkja þarf framkvæmd fjárlaga með því að

draga úr gjöldum umfram heimildir og takmarka verulega flutning fjárheimilda milli ára. Til þess þarf bætta áætlanagerð, aukinn sveigjanleika innan ársins með notkun óvissusjóða, styrkari sjóðsstýringu, auk þess sem gera þarf auknar kröfur til skýrslugerðar. Óvissusjóðir eru notaðir víða til að mæta óvæntum atburðum, svo sem náttúruhamförum, og þegar fjármagna á nýja stefnu, til að mynda með kjarasamningum. Um notkun sjóðsins eiga að gilda skýrar reglur til að koma í veg fyrir að hann sé notaður til annars en honum er ætlað, þ.e. ófyrirséðra atvika og atvika sem ekki var unnt að forðast.

Í fjárlögum ársins er að finna 5 milljarða kr. fjárheimild til þess að bregðast við óvæntum ófyrirséðum útgjöldum, eins og t.d. gengismálum, verðlagsmálum, vegna kjarasamninga o.s.frv. Um sjóðinn gilda ekki skýrar reglur en það er álit fjárlaganefndar að brýnt sé að úr því sé bætt.

Útgjaldaskjal.

Helsta ástæða hallareksturs á fjárlögum hafa verið ákvarðanir sem breytt hafa áætlun fjárlaga innan ársins. Mikið vantar á að fjárlaganefnd hafi yfirsýn yfir ákvarðanir ríkisstjórnar um útgjöld umfram þær heimildir sem rúmast innan fjárlaga. Setja þarf því stífar reglur sem lúta að því að fjármálaráðherra geri fjárlaganefnd grein fyrir áformum um útgjöld úr ríkissjóði sem ekki rúmast innan fjárlaga svo að nefndin geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Líta þarf til annarra landa og læra af því sem best gerist í þessum efnum.

Fjárlaganefnd telur að líta megi til dönsku fjárlaganefndarinnar hvað þetta varðar sem afgreiðir svokölluð útgjaldaskjöl, „aktstykke“, sem eru eins konar fjáraukalagabeiðnir frá ráðuneytum. Þau eru send til fjármálaráðherra til samþykkis áður en þau eru send fjárlaganefnd. Oftast fela beiðnirnar ekki í sér hækkun útgjalda heldur eru þær frekar ósk um að eyða ákveðnu fé sem þegar er heimild fyrir á tiltekinn hátt. Jafnvel getur verið um millifærslur að ræða. Danska fjárlaganefndin gerir ekki tillögur um breytingar á beiðnunum, hún samþykkir eða hafnar þeim. Beiðnirnar eru samþykktar í nefndinni en ekki í þingsal. Einu sinni á ári er afgreitt fjáraukalagafrumvarp. Þá er þeim beiðnum sem hafa fengið jákvæða afgreiðslu frá síðustu fjárlögum safnað saman og afgreidd formlega í þinginu.

Eins og áður segir gera ný þingskapalög ráð fyrir að fjárlagarammi til fjögurra ára verði kynntur í apríl ár hvert. Þar verði útgjaldaþak á nafnverði samþykkt af ríkisstjórn og Alþingi eins og í öðrum norrænum ríkjum. Þar með þarfnast áætlunargerðin, undirbúningur hennar, samþykki, eftirlit, reikningshald og endurskoðun endurskoðunar í heild sinni með það að markmiði að áætlunin verði virt og ákveðin skuldbinding við hana hafi skapast á vinnslustigi.

Koma þarf á kerfi innan stofnana til að samhæfa og stýra opinberum fjármálum mánaðarlega. Þar með eru talin fyrirtæki í eigu hins opinbera og sjóðir.

Eftirlit og framkvæmd fjárlaga innan OECD.

Frá árinu 2004 hefur OECD haldið ráðstefnur um hinn þinglega hluta fjárlagaferlisins. Fræðimenn jafnt sem stjórnmálamenn hafa lagt ýmislegt til málanna á þeim vettvangi. Nokkur helstu áhersluatriði sem fram hafa komið á ráðstefnunum eru eftirfarandi:

- Árangurstengd fjárlagagerð.
- Styðjast þarf við óháðar spár, spár einkageirans og þing endurmeti forsendurnar.
- Rammafjárlagagerð.
- Áhersla á árangur og sveigjanleika í stjórnun.
- Markmið séu sett þannig fram að mögulegt sé að ná þeim.
- Frekar sé einblínt á heildarniðurstöður en sértæka mælikvarða.

– Greining á frammistöðu byggist á staðreyndum.
– Áhersla á áhættustjórnun. Forvirkni í stað þess að brugðist sé við eftir á.
– Aukin áhersla á langtímaáætlanagerð.
– Áhersla á stefnu, áreiðanleika, frammistöðu og gegnsæi.
– Aukin áhersla á útkomu og árangur fremur en inntak.

Það er álit fjárlaganefndar að við endurskoðun á fjárreiðulögum og öðrum lögum og vinnubrögðum er varða ríkisfjármál og eftirlit með þeim, þ.m.t. lánamál og ríkisábyrgðir, eigi Alþingi að líta til annarra landa og læra af því sem þar best reynist. Fjárlaganefnd þurfi að vera vel kunnug aðferðum þeirra þjóða sem við viljum bera okkur saman við og skapa eigi henni tækifæri og aðstæður til að kynna sér þær aðferðir sem best.

Samantekt.

- Fjárlaganefnd á að fjalla ítarlegar en áður um ríkisreikning hvers árs og skila Alþingi niðurstöðu í formi skýrslna sem teknar verða til umræðu á þinginu.
- Vinnubrögð við framkvæmd fjárlaga, þ.m.t. uppgjör og reikningsskil, hafa verið ámælisverð árum saman og gerir fjárlaganefnd kröfur um breytingar. Taka verður ákveðin skref í þá átt að bæta verklag þannig að tryggt verði að helstu annmarkar við framkvæmdina verði sniðnir af.
- Brýnt er að koma í veg fyrir að markaðar tekjur og meðferð þeirra, m.a. í lokafjárlögum, ráði þróun stofnana fremur en ákvarðanir í fjárlögum hvers árs. Yfirsýn og stjórn á fjárreiðum ríkisins er ekki skýr hvað þetta varðar og því telur fjárlaganefnd mikilvægt að stigin verði ákveðin skref sem leiða til þess að allar tekjur renni í ríkissjóð og rekstrarfé allra stofnana ríkisins verði ákveðið með fjárlögum.
- Í ljósi ítrekaðra tilmæla Ríkisendurskoðunar undanfarin ár um nauðsyn þess að endurskoða og setja verklagsreglur um markaðar tekjur og fjárlagagerð leggur fjárlaganefnd á það ríka áherslu að vinnuhópur ríkisreikningsnefndar hraði endurskoðun sinni og fari yfir niðurstöður sínar með fjárlaganefnd hið fyrsta. Nauðsynlegt er að efla útgjaldastýringu hjá ríkissjóði með öllum ráðum. Að endurskoða og breyta ógegnsæjum vinnuaðferðum við meðferð markaðra tekna af ýmsum toga, hátt í 100 milljarða kr., er stór þáttur þess máls.
- Nefndin hefur ritað fjármálaráðuneytinu bréf og óskað eftir að ráðuneytið fari yfir þær reglur sem gilda um eignaumsýslu ríkissjóðs og heimildir ráðuneyta til að ráðstafa eignum hans. Mikilvægt er að ný fjárlaganefnd leggi síðan fram tillögur til úrbóta fyrir 1. desember 2011 í ljósi þeirrar yfirferðar ásamt afstöðu Ríkisendurskoðunar og reynslu síðari ára af ráðstöfun eigna ríkisins. Nefndin bendir á að þrátt fyrir að lagaumgjörð og reglur séu til staðar hefur þeim ekki verið fylgt eftir sem skyldi sem er ámælisvert að mati nefndarmanna.
- Nauðsynlegt er að skerpa reglur um innheimtu skammtímakrafna ríkissjóðs. Nefndin hefur ritað fjármálaráðuneytinu bréf og óskað eftir að ráðuneytið setji samræmdar reglur um innheimtu skammtímakrafna fyrir 1. nóvember nk. Mikilvægt er að ný fjárlaganefnd geri eftir það tillögur í þessum efnum með það að markmiði að bæta verklagið í kringum innheimtu skammtímaskulda frá því sem verið hefur og að tillögunum verði skilað fyrir 1. desember nk.
- Samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins skal gera grein fyrir öllum samþykktum skuldbindingum ríkisins í ríkisreikningi hvers árs. Fjárlaganefnd beinir þeim eindregnu tilmælum til fjármálaráðuneytisins að það sjái til þess að svo verði gert framvegis.

Ríkisreikningur á að gefa sem bestu og skýrustu mynd af stöðu ríkissjóðs hverju sinni og því ekki hægt að una því að skuldbindinga sem stofnað hefur verið til með viðurkenndum hætti sé ekki getið í reikningum.

- Meta þarf að nýju þörfina á óbreyttum neyðarlögunum (nr. 125/2008) í ljósi breyttra aðstæðna í efnahagsmálum. Álit nefndarinnar er að ástæðulaust sé að viðhalda lögum sem sett voru við þau skilyrði sem voru í október 2008. Mikilvægt er að ný fjárlaganefnd geri tillögur í þeim efnum fyrir 1. desember nk.
- Það er álit fjárlaganefndar að 6. gr. heimildir í fjárlögum hafi verið of rúmar og rétt sé að þrengja þær og skilgreina betur hvað í þeim felst. Það er afar mikilvægt að heimildir til fjármálaráðherra í fjárlögum sé skýrar og um þær formfast regluverk enda oft um að ræða ráðstafanir í ríkisfjármálum sem geta skipt miklu máli fyrir afkomu ríkissjóðs. Mikilvægt er að ný fjárlaganefnd geri tillögur í þeim efnum með það að markmiði að auka aðhald og eftirlit með ráðstöfun eigna og fjármuna samkvæmt lagagreininni fyrir 1. desember 2011.
- Finna þarf úrræði til að bæta skil á virðisaukaskatti. Í þeirri leit ætti að byggja á greiningu á hvað veldur því að aðilar láti áætla á sig tekjur og aðstæður þeirra sem hafa fengið áætlun tvö eða fleiri ár í röð. Afmá þarf fyrirtæki af fyrirtækjaskrá sem ekki eru starfandi.
- Fjárlaganefnd leggur áherslu á að samkomulag um uppgjör staðgreiðslu á milli ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðað, m.a. í ljósi aukinna vanskila, og óskar eftir að niðurstöður endurskoðunarinnar liggi fyrir 1. desember nk.
- Mikilvægt er að fjármálaráðuneytið sinni eftirlitsskyldum sínum hvað varðar kaup- og fjármögnunarleigu stofnana. Einnig er mikilvægt að nefndin fylgi málinu eftir með því að kalla eftir skýrslu um stöðu málsins sem fjármálaráðuneytið skili fjárlaganefnd fyrir 1. desember 2011.
- Það er til marks um góða fjármálastjórn og eignastýringu að halda skrá yfir eignir ríkisins. Á meðan hana er ekki að finna hlýtur yfirsýn fjármálastjóra ráðuneyta og fjármálaráðuneytis að vera ábótavant. Það er álit fjárlaganefndar að ekki verði lengur við þetta verklag unað. Fjárlaganefnd hefur sent fjármálaráðuneyti bréf þar sem farið er þess á leit við ráðuneytið að úr eignaskráningu ríkisins verði bætt og eignaskrá verði lögð fram með ríkisreikningi 2011.
- Það er álit fjárlaganefndar að breytt vinnulag, þ.e. að þingið skuli hér eftir ræða ramma næsta fjárlagaárs í apríl, tryggi umræður og aðkomu Alþingis að ákvörðun rammanna. Nefndin fagnar því að Alþingi muni taka til umræðu og ákvarða fjárlagarammana áður en ráðuneyti hefja vinnu við útfærslu fjárlagatillagna sinna.
- Svo virðist sem í þingskapalögunum sé gert ráð fyrir að fjárlaganefnd veiti umsögn um öll lagafrumvörp er varða tekjuöflun ríkissjóðs en ekki eingöngu tekjuhluta fjárlaganna. Nefndin þarf að taka afstöðu til þess með hvaða hætti hún nálgast það verkefni og hvort það sé í raun mögulegt miðað við orðalag lagagreinarinnar án þess að fara inn á verksvið efnahags- og viðskiptanefndar. Koma þarf í veg fyrir of mikla skörun á milli nefnda og tvíverknað og tryggja yfirsýn yfir bæði tekju- og gjaldahlið ríkisfjármála.
- Nefndin leggur áherslu á skýra verkaskiptingu milli fjárlaganefndar og stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. Eins og fram kemur í nýjum þingskapalögum hefur fjárlaganefnd eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Nefndin leggur til að komi upp mál sem stangast á við lög og reglugerðir og eru alvarlegs eðlis þá verði þeim vísað eftir umfjöllun fjárlaga-

nefndar til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar til frekari meðferðar. Önnur mál er varða eftirlit með framkvæmd fjárlaga verði fullnustuð af fjárlaganefnd.

- Fjárlaganefnd sú sem nú er að ljúka störfum hvetur nýja nefnd sem tekur við á 140. löggjafarþingi til að ákveða með hvaða hætti hún ætlar að sinna eftirlitshlutverki sínu með framkvæmd fjárlaga. Nauðsynlegt er einnig að ákvarða hlutverk Ríkisendurskoðunar í því sambandi, þ.e. hversu margar skýrslur á ári um framkvæmd fjárlaga stofnunin skili til nefndarinnar og hvenær. Nefndi telur eftirfarandi verklag mikilvægt:
  - Fjármálaráðuneytið leggi fram ársfjórðungslegar skýrslur um framkvæmd fjárlaga eigi síðar en 30 dögum eftir lok ársfjórðungsins. Í skýrslunum skulu koma fram áætlanir ráðuneyta um viðbrögð við frávikum fyrir hvern fjárlagalið.
  - Ríkisendurskoðun leggi fram ársfjórðungslegar skýrslur um framkvæmd fjárlaga eigi síðar en 30 dögum eftir lok ársfjórðungsins.
  - Ríkisendurskoðun leggi fram endurskoðað níu mánaða milliuppgjör fyrir rekstur ríkisins, efnahag og sjóðstreymi eigi síðar en 20. október ár hvert.
  - Ríkisendurskoðun semji ársskýrslu um framkvæmd fjárlaga.
  - Fjársýsla ríkisins leggi fram mánaðarleg yfirlit A-hluta ríkissjóðs.
  - Fjársýsla ríkisins leggi fram ársfjórðungsleg yfirlit A-hluta ríkissjóðs og verði þau ítarlegri en þau mánaðarlegu. Hið sama gildir um ársfjórðungsleg yfirlit B–E-hluta.
  - Fjármálaráðuneytið leggi fram óendurskoðað hálfs árs milliuppgjör ríkissjóðs.
  - Hagstofan leggi fram og kynni fjárlaganefnd þjóðhagsspár og greiningar er varða efnahagsmál og eru á starfssviði nefndarinnar.
  - Seðlabanki Íslands kynni skýrslur um peningamál og önnur mál sem varða verksvið fjárlaganefndar.
- Styrkja þarf framkvæmd fjárlaga með því að draga úr gjöldum umfram heimildir og takmarka verulega flutning fjárheimilda milli ára. Til þess þarf bætta áætlanagerð, aukinn sveigjanleika innan ársins með notkun óvissusjóða, styrkari sjóðsstýringu, auk þess sem gera þarf auknar kröfur til skýrslugerðar.
- Mikið vantar á að fjárlaganefnd hafi yfirsýn yfir ákvarðanir ríkisstjórnar um útgjöld umfram þær heimildir sem rúmast innan fjárlaga. Setja þarf því stífar reglur sem lúta að því að fjármálaráðherra geri fjárlaganefnd grein fyrir áformum um útgjöld úr ríkissjóði sem ekki rúmast innan fjárlaga svo að nefndin geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Fjárlaganefndin telur að líta megi til dönsku fjárlaganefndarinnar hvað þetta varðar sem afgreiðir svokölluð útgjaldaskjöl „aktstykke“, sem eru eins konar fjáraukalagabeiðnir frá ráðuneytum.
- Koma þarf á kerfi innan stofnana til að samhæfa og stýra opinberum fjármálum mánaðarlega. Þar með eru talin fyrirtæki í eigu hins opinbera og sjóðir.
- Við endurskoðun á fjárreiðulögum og öðrum lögum og vinnubrögðum er varða ríkisfjármál og eftirlit með þeim, þ.m.t. lánamál og ríkisábyrgðir, þarf Alþingi að líta til annarra landa og læra af því sem þar best reynist. Fjárlaganefnd þarf að vera vel kunnug

aðferðum þeirra þjóða sem við viljum bera okkur saman við og skapa á henni tækifæri og aðstæður til að kynna sér þær aðferðir sem best.

Alþingi, 14. sept. 2011.

Oddný G. Harðardóttir, form. Ásbjörn Óttarsson. Björn Valur Gíslason.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Kristján Þór Júlíusson. Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Vigdís Hauksdóttir. Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Þór Saari.

1919. Svar [809. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um utanlandsferðir starfsmanna og embættismanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað fóru starfsmenn ráðuneytisins og embættismenn í undirstofnunum þess oft til útlanda í embættiserindum á árunum 2007–2010? Til hvaða lands var farið og í hvaða erindum?*
2. *Hver er heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, sundurliðað eftir árum, ráðuneyti og undirstofnunum?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum.

Ferðir starfsmanna ráðuneytisins og embættismanna undirstofanana þess til útlanda, 2007–2010.

	2007	2008	2009	2010
Starfsfólk félags- og tryggingamálaráðuneytisins	69	66	23	43
Starfsfólk heilbrigðisráðuneytisins	122	90	36	52
Embættismenn undirstofnana (forstjórar/forstöðumenn):				
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	1	2	0	1
Ríkissáttasemjari	0	0	0	1
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	0	1	0	0
Heyrnar- og talmeinastöð	2	1	1	0
Lýðheilsustöð	3	4	3	1
Jafnréttisstofa	6	8	9	4
Vinnueftirlit ríkisins	11	8	5	4
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blindra sjónskerta og daufblinda einstaklinga	0	0	1	4
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	0	1	0	0
St. Jósefsspítali, Sólvangur	0	2	0	0
Tryggingastofnun ríkisins	1	3	1	2
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	0	1	0	1
Landlæknir	1	1	3	3
Barnaverndarstofa	10	7	12	12

Landspítalinn	2	0	3	9
Vinnumálastofnun	4	5	1	3
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	0	4	0	0
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	0	1	0	0
Lyfjastofnun	11	14	6	8
Íbúðalánasjóður	1	1	1	0
Fjöldi ferða embættismanna undirstofnana samtals	**53**	**64**	**46**	**53**

Áfangastaðir og tilefni ferða á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis, 2007–2010.

	Áfangastaðir	Tilefni ferða
Árið 2007		
	Lúxemborg	Fundur EFTA-dómstólsins
	Belgía	Fundur v. vinnumála á EES-svæðinu
	Þýskaland	Ferð á ráðstefnu Evrópuárs jafnra tækifæra
	Bandaríkin	Fundur kvennanefndar SÞ og fulltrúa Norðurlanda
	Bandaríkin	Fundur kvennanefndar SÞ og fulltrúa Norðurlanda
	Sviss	ILO-þing 2007
	Danmörk	Kynning á þjónustu við geðfatlaða
	Finnland	Jafnréttisráðherrafundur
	Sviss	ILO-þing 2007
	Danmörk	Kynning á þjónustu við geðfatlaða
	Þýskaland	Ferð á ráðstefnu Evrópuárs jafnra tækifæra
	Belgía	Fundur v. vinnumála á EES-svæðinu
	Lúxemborg	Fundur EFTA-dómstólsins
	Belgía	Fundir með EFTA og ESA
	Bandaríkin	Fundur kvennanefndar SÞ og fulltrúa Norðurlanda
	Litháen	Fundur í Evrópuráðinu
	Finnland	Þátttaka í norrænu embættismannanefndinni
	Danmörk	Þátttaka í norrænu embættismannanefndinni
	Belgía	Kynnisferð v. vinnumála á EES-svæðinu
	Portúgal	Ráðstefnan Employability and Entrepreurship
	Finnland	Ráðstefna um málefni innflytjenda
	Portúgal	Ráðstefna um mansal
	Svíþjóð	Fundur á vegum norrænu embættismannanefndarinnar
	Frakkland	Fundur í embættismannanefnd
	Frakkland	Fundur í embættismannanefnd
	Belgía	Ráðstefna „Men and Gender“
	Noregur	Ráðstefna um jafnrétti og ÄK-JÄM
	Bandaríkin	Fundur kvennanefndar SÞ
	Svíþjóð	Fundur í jafnréttisnefnd og embættismannanefnd
	Danmörk	Fundur norrænna stjórns. v. húsnæðismála
	Finnland	Jafnréttisráðherrafundur
	Belgía	Fundur í vinnuhópi EFTA
	Svíþjóð	Fundur í ÄK-bygg
	Noregur	Ráðstefna um jafnrétti og ÄK-JÄM
	Belgía	Ráðstefna um frjálsa för launafólks
	Belgía	Third meeting Committee
	Bretland	Málefni Íbúðalánasjóðs
	Litháen	Alþjóðaráðstefna um fasteignamál og sk.
	Noregur, Danmörk	Kynnisferð til sveitarfélaga
	Færeyjar	Fundur norrænna sveitarstjórnarráðherra
	Frakkland	Committe of Experts on Finances
	Noregur, Danmörk	Kynning í stjórnun og rekstri sveitarfélaga
	Frakkland	Fundur í CDLR hjá Evrópuráðinu
	Færeyjar	Fundur norrænna sveitarstjórnarráðherra
	Belgía	EES-námskeið fyrir starfsmenn í stjórnsýslu
	Frakkland	Fundur í CDLR hjá Evrópuráðinu
	Þýskaland	Ráðstefna jafnra tækifæra
	Noregur	Ráðstefna um réttindi fólks með fötlun

	Áfangastaðir	Tilefni ferða
	Danmörk, Svíþjóð	Fundur hjá NOPUS og NSH
		Fundur hjá Evrópuráðinu um málefni fatlaðra
	Svíþjóð	Fundur hjá NOPUS og NSH
	Finnland	Norrænn ráðherrafundur félags- og heilbrigðisráðherra
	Noregur	Þjónusta fyrir blinda og sjónskerta
	Finnland	Stjórnarfundur NSH
	Svíþjóð	Stjórnarfundur NOPUS
	Danmörk	Stjórnarfundur NOPUS
	Portúgal	Alheimsráðstefna um barnavernd
	Belgía	Kynnisferð með ráðherra v. vinnumála EES
	Svíþjóð	Norrænn samráðsfundur ILO
	Danmörk	Norrænn samráðsfundur ILO
	Sviss	Þátttaka í 96. Alþjóðavinnumálaþingi
	Finnland	Norrænn samráðsfundur ILO
	Danmörk, Finnland	Verkefnisstjórn um flutning
	Belgía	Fjórði fundur ráðgjafarnefndar Evrópuársins
	Belgía	Ráðgjafarnefnd Evrópuársins
	San Marinó	Ráðstefnan European Conference
	Ekvador	Flóttamannaverkefni 2007
	Sviss	Fundur á vegum SÞ um flóttamenn
	Danmörk	Fundur hjá Norðurlandaráði um innflytjendur
	Danmörk	Norrænn fundur um móttöku flóttamanna
Árið 2008		
	Slóvenía	Jafnréttis- og vinnumálafundur
	Slóvenía	Jafnréttis- og vinnumálafundur
	Frakkland	Lokaráðstefna um ofbeldi gegn konum
	Kína	Ólympíuleikar fatlaðra
	Svíþjóð	Norrænn ráðherranefndarhópur
	Bandaríkin	Fundur kvennanefndar SÞ
	Slóvenía	Jafnréttisráðherrafundur
	Svíþjóð	Norrænn embættismannafundur
	Frakkland	Fundur ráðuneytisstjóra EES
	Frakkland	Lokaráðstefna um ofbeldi gegn konum
	Kína	Ólympíuleikar fatlaðra
	Eistland	Jafnréttisráðherrafundur
	Kína	Ólympíuleikar fatlaðra
	Danmörk	Þátttaka í fundi atv. (EK-A)
	Svíþjóð	Fundur norrænna vinnumálaráðherra
	Slóvenía	Jafnréttisráðherrafundur á vegum ESB
	Austurríki	Ráðstefna um mansal
	Bandaríkin	52. fundur kvennanefndar SÞ
	Svíþjóð	Stefnumótunarfundur ÄK-JÄM
	Noregur	NAU fundur
	Rússland	Ráðstefnan Coopertation
	Belgía	Progress committee meeting
	Eistland	Fundur hjá samráðshópi um mansal
	Svíþjóð	Fundur í vinnumarkaðsnefnd
	Eistland	Norrænn jafnréttisráðherrafundur
	Sviss	ATC-fundur með fulltrúum ríkisstjórna
	Bandaríkin	Fundur kvennanefndar SÞ
	Bandaríkin	Fundur kvennanefndar SÞ
	Belgía	Fundur á vegum Progress
	Færeyjar	Fundur í vinnumarkaðsnefnd
	Danmörk	NAU-fundur
	Eistland	Ráðstefna og fundur í ÄK-JÄM
	Frakkland	Fundur í embættismannanefnd Félagss.
	Danmörk	Fundur í EK-s projektgruppen
	Finnland	Norðurlandaráðsþing og fundur í ÄK-JÄM
	Svíþjóð	Fundur í norrænni vinnumarkaðsnefnd
	Svíþjóð	Fundur í EK-s
	Danmörk	Fundur í ÄK-JÄM og NIKK

	Áfangastaðir	Tilefni ferða
	Svíþjóð	Stjórnarfundir í NOPUS og NSH
	Svíþjóð	Þátttaka í fundi vinnuhóps Norresko
	Belgía	Fundur Evrópus. í málefnum fatlaðra
	Danmörk	Norræna ráðherranefndin
		Fundur hjá Evrópuráðinu í málefnum fatlaðra
	Danmörk	Stjórnarfundur NSH
		Fundur starfshóps hjá norrænu ráðherranefndinni
	Kanada	Þátttaka í 9. alþjóðaráðstefnu aldraðra
	Danmörk	Fundur í ÄK-S (norræn ráðherranefnd)
	Noregur	Ráðstefna (fyrirlestur NORDFACE)
	Finnland, Noregur, Danmörk	Ráðstefna á vegum ÖSE
	Svíþjóð	Fundur í norræna vinnuhópnum um almannatryggingar
	Belgía	Fundur hjá ESA um málefni Íbúðalánasjóðs
	Svíþjóð	Norrænt almannatryggingamót
	Svíþjóð	Norrænt almannatryggingamót
	Þýskaland	Ráðstefna á vegum ESB um líftryggingar
	Svalbarði	Nordisk Boligadministrativt Möte
	Belgía	Fundur í framkvæmdaráði ESB um almannatryggingar
	Belgía	Fundur í Mossoc-vinnuhópnum
	Svíþjóð	Fundur í norrænum vinnuhópi
	Belgía	6. fundur árs jafnra tækifæra
	Danmörk	Fundur í norrænni samráðsnefnd flóttafólks
	Danmörk	Fundur um aðlögun innflytjenda
	Sviss	Fundur á vegum Flóttamannastofnunar SÞ
	Sýrland	Sendinefnd vegna flóttafólks í Al-Waleed
	Noregur	Norrænn samstarfsfundur ILO
	Sviss	Þátttaka í alþjóðamálaþingi ILO
	Svíþjóð	Norrænn samstarsfundur ILO
Árið 2009:		
	Svíþjóð	Vinnumálaráðherrafundur
	Svíþjóð	Norðurlandaráðsþing
	Svíþjóð	Norðurlandaráðsþing
	Danmörk	Norræna ráðherranefndin
	Danmörk	Fundur um jafnréttismál
	Danmörk	Norræna embættismannanefndin
	Svíþjóð	Evrópusambandið
	Svíþjóð	Norðurlandaráðsþing
	Finnland	NAU-fundur
	Svíþjóð	NAU-fundur
	Frakkland	Fundur um afnám ofbeldis gegn konum
	Belgía	Fundir um almannatryggingar EFTA og ESB
	Belgía	Fundir um almannatryggingar EFTA og ESB
	Liechtenstein	Fundir um almannatryggingar EFTA og ESB
	Belgía	Fundir um almannatryggingar EFTA og ESB
	Belgía	Fundir um almannatryggingar EFTA og ESB
	Danmörk	Fundur formanna Nososco
	Belgía	Fundur um almannatryggingar EFTA og ESB
	Þýskaland	Ráðstefna um örorku ESB
	Noregur	Fundur á sviði málefna fatlaðra
	Danmörk	EK-s
	Danmörk	EK-s
	Danmörk	Notendastýrð þjónusta
Árið 2010:		
	Danmörk, Spánn	Fundur með vinnumálastofnun og ráðh.
	Bandaríkin	54. fundur kvennanefndar SÞ
	Danmörk	Vinnumálaráðstefna
	Danmörk	Fundir norrænna ráðherra
	Danmörk	Fundur norrænna ráðherra
	Danmörk	Jafnréttisráðherrafundur
	Danmörk	Vinnumálaráðherrafundur
	Danmörk	Vinnumálaráðherrafundur

Áfangastaðir	Tilefni ferða
Danmörk	Fundur um endurhæfingu
Danmörk	Fundur norrænna embættismanna EK-A
Danmörk	Fundur norrænna embættismanna EK-A
Danmörk	Fundur um jafnréttismál
Litháen	Fundur um jafnréttismál
Danmörk	Fundur í norrænni nefnd um jafnréttismál
Færeyjar	Nordiska bostadsmötet
Grænland	Embættismannafundur um jafnréttismál
Svíþjóð	Erindi á ráðstefnu Hallo Norden
Danmörk	Embættismannanefnd ÄK-JAM
Sviss	Skýrsla um samning v. kynþáttamismununar
Danmörk	Fundur UNHCR með Nordic Baltic
Belgía	Fundur vegna Progess-nefndarinnar
Danmörk	NAU-fundur
Frakkland	Embættismannafundur um félagsmálasáttmála
Belgía	The Working group og EFTA
Portúgal	Fundur v. ESB
Belgía	ESB og EFTA um almannatryggingar
Danmörk	Fundur um endurskoðun um almannatryggingar
Belgía	Fundur hjá ESB um almannatryggingar
Belgía	ESB og EFTA um almannatryggingar
Belgía	ESB og EFTA um almannatryggingar
Danmörk	Fundur í Norrænu ráðherranefndinni
Danmörk	Fundur norrænna ráðherra og EK-s
Sviss	Fundur um öldrunarmál
Danmörk	Ársfundur Nososko
Stokkhólmur	Fundur hjá NVC
Stokkhólmur	Fundur hjá NVC
Belgía	Fundur á vegum Evrópusambandsins
Belgía	Fundur á vegum Evrópusambandsins
Danmörk	Fundur í norrænni nefnd
Stokkhólmur	Fundur hjá NVC
Belgía	Evrópuár gegn fátækt
Belgía	Evrópuár gegn fátækt
Sviss	Alþjóðavinnumálaþing ILO

Áfangastaðir og tilefni ferða á vegum heilbrigðisráðuneytisins, 2007–2010.

Áfangastaðir	Tilefni ferða
Árið 2007:	
Belgía	ESB, ESA, lyfjamál
Ítalía	ECAD og fundur með heilbrigðisráðherra Ítalíu
Noregur, Svíþjóð	Heilbrigðisráðherrum Noregs og Svíþjóðar
Belgía	Fundir
Belgía	Tobacco Prod. Regulation Committee
Belgía	ESB, ESA, lyfjamál
Ítalía	ECAD og fundur með heilbrigðisráðherra Ítalíu
Belgía	Haustsemínar EEA á vegum EFTA
Danmörk	Undirbúningur framkvæmdastjórnar WHO
Sviss	Framkvæmdastjórn WHO
Danmörk	Norrænn undirbúningsfundur v. ársfundar WHO
Sviss	Alþjóðaheilbrigðisþing WHO
Frakkland	Stjórnendanámskeið og viðskiptatengsl
Noregur	Fundur heilbrigðisráðherra Norðurlandanna
Frakkland	OECD 2nd Session of the Health Committee
Indland	Ráðherrafundur v. heimsfaraldurs fuglaflensu
Belgía	Fundir
Frakkland	CDSP, stjórnarfundur European Health Committee
Sviss	Aðalfundur WHO, Staff Pension Committee
Austurríki	European Health Committee, WHO IMR fundur

Bandaríkin	Heilbrigðisráðuneyti BNA og NIH
Serbía	Evrópudeild WHO
Frakkland	CDSP aukastjórnarfundur
Slóvakía	Ráðstefna heilbrigðisráðherra Evrópu, CDSP
Svíþjóð	Fundur ECDC
Belgía	EB-vinnuhópur um verðlagningu lyfja
Belgía	Gagnsæisnefnd EB og sams. lyfjam. yfirv. og iðnaðar
Belgía	Lyfjanefnd ESB, EFTA, lyfjamál
Austurríki	PPRI-Conference 2007
Belgía	ESB, ES o.fl.
Belgía	Pharmaceutical Forum WG on Pricing
Danmörk, Noregur, Svíþjóð	Verðlagning lyfja og heilbrigðisþjónustu
Noregur	Norrænn ráðherrafundur um lyfjamál
Færeyjar	Samstarf Íslands og Færeyja
Belgía	EFTA-sérfræðihópur, gagnsæisnefnd
Belgía	EFTA comm. recogn. qualific. og vinnuhópur
Belgía	EU commission IMI og vinnuhópur EFTA
Belgía	Vinnuhópur um gagnkvæma viðurkenningu
Belgía	EFTA og EU commission
Belgía	EFTA comm. recogn. qualific. og vinnuhópur
Belgía	Committee for the recogn. professional qualifications
Kanada	Ráðstefna um langvinna sjúkdóma
Danmörk	NOSOSKO
Finnland	Aðalfundur NOSOSKO
Danmörk	NOSOSKO
Belgía	Fundur um lyfjamál ESA, ESB
Bandaríkin	Heimsókn Mayo Clinic
Ítalía	ECAD-ráðstefna
Noregur	Fundur heilbrigðisráðherra Norðurlandanna
Svíþjóð	Fundur með sænskum sérfræðingum við sjúkrastofnanir
Portúgal	CECDO
Bandaríkin, Kanada	RAI- kerfi
Belgía	Tilskipanir um vefi og frumur
Belgía	EFTA expert group, lyfjanefnd EU
Belgía	EU, EFTA, TC og ERA
Bandaríkin	Heimsókn Mayo Clinic
Ítalía	ECAD-ráðstefna
Danmörk	Norrænt samráð um WHO
Sviss	Framkvæmdastjórn WHO
Danmörk	Embættismannanefnd félags- og heilbrigðismála
Pólland, Belgía	Norðurvídd, undirbúningur ráðherraráðstefnu WHO
Danmörk	Norrænt samráð um WHO
Sviss, Frakkland	Þing WHO, heilbrigðisnefnd OECD
Austurríki	Lathis, norr. heilbrigðis og félagsmálaráðherrar, WHO
Danmörk	Norræn embættismannanefnd
Serbía	Evrópudeild WHO
Danmörk	Norræn embættismannanefnd
Noregur	Norðurlandaráð, fundur ÄK-S, norrænir heilbrigðisráðherrar
Noregur	Embættismannanefnd heilbrigðis- og félagsmála
Noregur	NOSOSKO
Belgía	EUMA-ráðstefna
Belgía	Tilskipanir um vefi og frumur
Austurríki	Commission on Narcotic Drugs
Danmörk	SCANPEP/EUSTITE
Belgía	Pharmaceutical Law
Svíþjóð	Undirbúningsfundur norræna almannatryggingamótsins
Frakkland	Committee of Experts on Social Security
Frakkland	CDSS
Frakkland	Evrópuráð CDCS
Spánn	EISS
Holland	Evrópuráðið
Frakkland	OECD vegna HCQI project

Svíþjóð	NOMESKO
Leon	UNECE, ráðstefna um öldrun
Svíþjóð	Styrgrup DRG og stjórn Nord DRG
Danmörk	Kynnisferð Frederiksberg Centeret
Svíþjóð	Fundir vegna nýrrar stofnunar
Belgía	Gagnkvæm viðurkenning prófskírteina/vinnuhópur EFTA
Belgía	EFTA, EU commission
Belgía	Gagnkvæm viðurkenning prófskírteina/vinnuhópur EFTA
Svíþjóð	Langa namnet
Bandaríkin, Kanada	RAI- kerfi
Svíþjóð	Fundir v. nýrrar stofnunar
Danmörk	Kynnisferð til Frederiksberg Centeret
Svíþjóð	Stj. Nordiskt Center för Klassifikationer
Svíþjóð	Stjórn ECDC
Svíþjóð	Stjórnarfundur Nordiskt Center f. Klassifikationer
Belgía	Colon Cancer Prevention
Sviss	Ársfundur WHO
Danmörk	Nordiskt Center för Klassifikationer
Serbía	Evrópudeild WHO
Bandaríkin	American Academy of Family Physicians
Svíþjóð, Írland	Nordiskt center, CD-P-TO
Svíþjóð	ECDC
Noregur	EFTA Working grou on public health o.fl.
Svíþjóð	Stjórnarfundur ECDC
Belgía	Autumn seminar EEA á vegum EFTA
Belgía	Framkvæmdaráð ESB og EFTA um almannatryggingar
Þýskaland	MISSOC
Belgía	EFTA-vinnuhópur um almannatryggingar, ESB framkvr. almannatrygg.
Noregur	Norræn nefnd lögfræðinga í heilbrigðisráðuneytum Norðurlanda
Belgía	Framkvæmdaráð ESB, EFTA, vegna almannatrygginga
Belgía	Framkvæmdaráð ESB, EFTA, vegna almannatrygginga
Ítalía	Evrópuverkefni Healthy Ageing
Sviss	WHO
Belgía	Healthy Ageing
Sviss	Undirbúningsfundur UNECE
Serbía	Evrópudeild WHO
Frakkland	UNECE, ráðstefna um öldrun
Noregur	NOMESKO
Noregur	Norrænt heilbrigðisnet
Noregur	Heimsókn

Árið 2008:

Svíþjóð	Náms- og kynnisferð, ráðherrafundur, WHO
Bretland	Kynnisferð um kerfisbreytingar í heilbrigðisþjónustu m. heilr. Bretl.
Noregur	Fundur um heilbrigðismál
Sviss	WHO-þing
Svíþjóð	MR-S fundur heilbrigðisráðherra
Bandaríkin	Ráðherrafundur SÞ um HIV/AIDS
Kanada	Opinber heimsókn
Svíþjóð	Náms- og kynnisferð, ráðherrafundur, WHO, aukak.
Finnland	Norðurlandaþing
Svíþjóð	Náms- og kynnisferð, norrænn ráðherrafundur
Bretland	International women´s conference
Svíþjóð	MR-S fundur heilbrigðisráðherra
Eistland	WHO European Min. Conference
Georgía	58. session of the WHO RCforEurope
Sviss	Stjórnarfundur WHO
Svíþjóð	Stjórnarfundur ECDC
Sviss	Fundur í stjórn eftirlaunasjóðs og WHO
Kína	Vísinda-, rannsóknar- og námsferð
Bandaríkin	Ráðherrafundur SÞ um HIV/AIDS
Georgía	58. session of the WHO RCfE
Bandaríkin	Fundur m/heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna

Noregur	Heilbrigðisráðherrafundur, fundur með Amgros o.fl.
Belgía	Vinnuhópur ESB um lyfjaverðlagningu og vanda mark.
Færeyjar	Fundur um lyfja- og heilbrigðismál
Frakkland	Fundur ECOPAPC um lyfjamál og þjónustu
Svíþjóð	MR-S fundur heilbrigðisráðherra
Svíþjóð	Sjúkratryggingaþing
Belgía	Fundur vinnuhóps ESB, stefnumótun í lyfjamálum
Belgía	Fundir í Group of Good-Comm. f. rec.
Svíþjóð	Fundur um norrænt samst. upplýsingatækni
Svíþjóð	Fundur í e-helseforum Socialdepartement
Svíþjóð	Lýðheilsuráðstefna
Svíþjóð	Náms- og kynnisferð, norrænn ráðherrafundur
Danmörk	Fundur hjá WHO
Bretland, Danmörk	Ráðherra um kerfisbreytingar, WHO-fundur
Noregur, Svíþjóð	Fundur um heilbrigðismál
Svíþjóð	MR-S fundur heilbrigðisráðherra
Bandaríkin	Ráðherrafundur SÞ um HIV/AIDS
Finnland	Norðurlandaráðsþing
Svíþjóð	FDI alþjóðaþing
Svíþjóð	FDI alþjóðaþing
Svíþjóð	Semínar um framtíð Social og hälsovård
Svíþjóð	Semínar um framtíð Social og hälsovård
Svíþjóð	Ráðstefna upplýsingafulltrúa og fagaðila
Danmörk	Fundur embættismannanefndar EK-s
Finnland	Norðurlandaráðsþing
Svíþjóð	EK-s fundir og formennska
Belgía	Ráðstefna, pre-conf., high conf. on men
Belgía	Fundir vegna EFTA og EU
Svíþjóð	Norræn ráðstefna um tryggingamál
Bretland	MND-ráðstefna
Danmörk	Embættismannafundur um heilbrigðis- og félagsmál
Danmörk	Embættismannafundur um heilbrigðis- og félagsmál
Danmörk, Belgía, Sviss	Fundur, þings húsnl.
Danmörk	Ritstjórnarfundur í NOSOSKO
Austurríki	Ráðstefna INCB, stofnun SÞ um ávanabindandilyf
Svíþjóð	Norrænn fundur vegna samræminga
Belgía	Meeting of competent Auth. for Tiss/Ce
Bretland	Námskeið í nytsemi og þróun innri vefja
Frakkland	3. fundur í CS-SS
Frakkland	Evrópuráðið
Svíþjóð	Norrænt almannatryggingamót
Finnland	Starfshópur norrænu ráðherranefndarinnar
Færeyjar	Stýrinefnd norrænu ráðherrahefndarinnar
Svíþjóð	Fundur stýrihóps DRG
Svíþjóð	Ráðstefna um Casemix/DRG
Finnland	DRG styrgrup fundur
Svíþjóð	Fundur stýrihóps DRG
Sviss	WHO, Executive Board the 122nd session
Þýskaland	Ráðstefna ECC
Kanada	Hluti af námi
Svíþjóð, Frakkland	Kynnisferð ráðherra, OECD
Bretland	Ráðherra vegna kerfisbreytinga í heilbrigðisþjónustu
Finnland	Fundur eftirlitsnefndar með sameiginlegum vinnumarkaði
Belgía	Fundur um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina
Belgía	EFTA-námskeið
Svíþjóð	Fundur stjórn NCFK og stýrihóps DRG
Belgía	Fundur EFTA, ráðstefna Slóveníu TBOC
Svíþjóð	Fundur NCFK inom sjukvården
Danmörk	Borgholm, fundur um Nord.cent+NOMESKO+EFTA
Danmörk	Stjórnarfundur Scandiatransplant
Frakkland	EFTA-fundur
Svíþjóð	Kynnisferð um kaup og sölu heilbrigðisþjónustu

Svíþjóð	Norræna almannatryggingamótið
Þýskaland	EISS-ráðstefna 50 years after the start
Belgía	Framkvæmdaráð ESB og vinnuhópur EFTA vegna almannatrygginga
Danmörk	Fundur vegna innkaupamála

Árið 2009:

Sviss	62. WHO-þing
Sviss	Fundur HSTF
Svíþjóð	Óformlegur fundur í heilbrigðisráði EFTA-landa
Noregur	High-level meeting
Belgía	WHO-þing
Bandaríkin	SÞ um heilbrigðismál og þing um alnæmi
Frakkland	Fundur CDSP
Bandaríkin	Erindi um heimahlynningu og heilbrigðisstarfsmenn
Frakkland	Fundur CDSP-endurgreiðsla
Belgía	Fundur nefndar Evrópuráðs um lyf og þjónustu
Belgía	Fundur með gegnsæisnefnd um lyfjamál
Noregur	Fundur um innkaup og útboð lyfja
Finnland	Erindi á Nordic forum for Innovation
Svíþjóð	Fundur EES heilbrigðisyfirvalda um lyfjaverð
Svíþjóð	Stjórnarfundur NHV
Þýskaland	Árlegur fundur focal fulltrúa
Belgía	ESB fundur um almannatrygginga og sjúkratrygginga
Svíþjóð	Þing Norðurlandaráðs og undirbúningsráðs
Belgía	Fundur um geðheilbrigði
Danmörk	Norrænn ráðherranefndarfundur
Belgía	Competent Authorities f. B and B C
Belgía	Competent Authorities f. B and B C
Belgía	Fundur um frumur og vefi
Danmörk	Fundir starfshópa norrænu ráðherranefndarinnar
Danmörk	Fundur Ekspertforum norrænu ráðherranefndarinnar
Noregur	Fundur um sameiginleg innkaup á lyfjum
Sviss	Alþjóðaheilbrigðismálaþing WHO
Pólland	ECDC-sóttvarnir
Danmörk	Ársfundur WHO
Svíþjóð	Fundir hjá ECDC
Svíþjóð	Fundur NOMESKO
Spánn	CDBI
Liechtenstein	EFTA vinnuhópur og framkvæmastjórn ESB
Svíþjóð	ESB ráðstefna
Svíþjóð	ESB ráðstefna um almmannatryggingar

Árið 2010:

Frakkland	OECD-Health Committee at Minister Level
Grænland	Undirritun samstarfssamnings Íslands og Grænlands
Færeyjar	Undirritun samstarfssamnings
Austurríki	European health Forum Gastein
Finnland	DRG styrgrup
Belgía	Policy dialogue on inv. in Europe
Svíþjóð	Fundur norrænu ráðherranefndarinnar
Rússland, Belgía	Evrópuskrifstofa WHO og ráðstefna
Belgía	Ráðstefna
Finnland	Fundur norrænna lögfræðinga í heilbrigðismálum
Frakkland	Fundur um lyfjamál og lyfjaþjónustumál
Belgía	Fundir og ráðstefna Transp. Commit.
Færeyjar	Undirritun samstarfssamnings
Belgía	Ráðstefna
Frakkland	Vinnufundur v. Evrópur. um lyfst. og meðf.
Belgía	Rýnifundur vegna ums. um EB
Portúgal	Fundur CDSP
Kanada	RAI-ráðstefna
Ítalía	Námsferð
Spánn	Whorkshop
Finnland	Fundur norræns starfshóps um gæðavinnu og munnheilsu

Spánn	CECDO-fundur
Danmörk	Norrænn starfshópur um gæðavinnu og munnheilsu
Danmörk	Fundur og ráðstefna norrænu embættismannanefndarinar
Danmörk	Fundur Norrænu ráðherranefndarinnar
Rússland, Danmörk	Evrópuskrifstofa WHO, norræn embættismannanefnd v. stefnumótunar
Belgía	CA-fundur
Belgía	CA-fundur
Belgía	CA-fundur
Frakkland	38. fundur CDBI Convocation
Belgía	Fundur endurskoðunarnefndar ESB
Belgía	Fundur endurskoðunarnefndar ESB
Noregur	Fundur í e-Helse forum
Grænland	Fundur Nordisk Narkotikaforum
Finnland	DRG styrgrup
Finnland	Haustfundur DRG styrgrup
Belgía	CA-fundur
Spánn	Ráðstefna ESB og WHO inn-út
Noregur	Helsekonference
Sviss	Ársþing WHO
Grikkland	Stjórnarfundur ECDC
Grænland	Fundur ráðherra með grænlenskum yfirvöldum
Svíþjóð, Lettland	Ráðstefna um fórnarlömb mansals, ECDC, Evrópuráð sóttvarnalækna
Spánn	Ráðherrafundur
Grænland	Undirritun samstarfssamnings Íslands og Grænlands
Danmörk	Fundur norrænu ráðherranefndarinnar
Færeyjar	Undirritun samstarfssamnings
Svíþjóð	Fundur um geðheilbrigði
Danmörk	Geðheilbrigðisfundur
Danmörk	Norræna ráðherranefndin
Spánn	Ráðherrafundur
Danmörk	Uppbygging rafrænna sjúkraskráa og heilbrigðisnefnd
Belgía	Vinnuhópur EFTA-ESS

Áfangastaðir og tilefni ferða embættismanna undirstofnana ráðuneyta 2007–2010.

Árið 2007:

Stofnun		
Heilbrigðisstofun Suðurlands	Danmörk	Fræðslu- og kynnisferð
Heyrnar- og talmeinastöð	Þýskaland	Ráðstefna og sýning á heyrnartækjum
Heyrnar- og talmeinastöð	Svíþjóð	Ráðstefna um tvítyngi heyrnarskertra
Lýðheilsustöð	Lúxemborg	Fundur í heilsuáætlun ESB
Lýðheilsustöð	Kína	Ársfundur alþj. lýðheilsust.
Lýðheilsustöð	Danmörk	Fundur í Nordisk center NAD
Jafnréttisstofa	Bandaríkin	Kvennanefnd SÞ
Jafnréttisstofa	Færeyjar	Umboðsmannafundur
Jafnréttisstofa	Belgía	Fundur hjá EFTA
Jafnréttisstofa	Portúgal	Ráðstefna
Jafnréttisstofa	Finnland, Portúgal	Atvinnumál kvenna, heimilisofbeldi
Jafnréttisstofa	Belgía, Finnalnd	EFTA fundur og ráðstefna
Vinnueftirlit ríkisins	Danmörk	Fundir hjá ESB/EES og dansk
Vinnueftirlit ríkisins	Danmörk	Fundur í norrænu/baltísku samstarfi
Vinnueftirlit ríkisins	Þýskaland	Fundur á vegum ESB
Vinnueftirlit ríkisins	Spánn	Ráðstefna ESB um ungt fólk og vinnuvernd
Vinnueftirlit ríkisins	Kína	Kynnisferð um vinnuvernd alþj.
Vinnueftirlit ríkisins	Danmörk	Nefnd um nýja stefnu ESB í vinnuvernd
Vinnueftirlit ríkisins	Finnland	Fundur forstjóra vinnueftirlita á Norðurlöndum
Vinnueftirlit ríkisins	Danmörk	Fundir SLIC, samstarfsnefnd ESB-EES
Vinnueftirlit ríkisins	Portúgal	Fundur í ESB/EES nefnd stjórnv.
Vinnueftirlit ríkisins	Lúxemborg	Fundur í ráðgjafanefnd ESB
Vinnueftirlit ríkisins	Portúgal	Fundur í ESB/EES nefnd stjórnv.
Tryggingastofnun ríkisins	Eistland	Ráðstefna

Landlæknir	Svíþjóð	Fundur með fulltrúum Stokkhólms
Barnaverndarstofa	Frakkland	Fundur um samning um kynferðislegt ofbeldi
Barnaverndarstofa	Frakkland	Fundur um samning um kynferðislegt ofbeldi
Barnaverndarstofa	Frakkland	Families and Children
Barnaverndarstofa	Frakkland	Families and Children
Barnaverndarstofa	Frakkland	Parenting
Barnaverndarstofa	Noregur	Children at Risk, samstarfsverkefni
Barnaverndarstofa	Svíþjóð	Stjórnarfundur í Children at Risk
Barnaverndarstofa	Rússland	Seminar á vegum Eystrasaltsráðsins
Barnaverndarstofa	Portúgal	Evrópuráðstefna ISPCAN
Barnaverndarstofa	Noregur	Fundur UNICEF um stefnumótun í barnavernd
Landspítalinn	Noregur	Kynnisferð
Landspítalinn	Bandaríkin	Kynnisferð
Vinnumálastofnun	Færeyjar	Norrænt atvinnuleysistryggingamót
Vinnumálastofnun	Finnland	Tveir fundir samráðsnefnd EB
Vinnumálastofnun	Þýskaland	Ráðherrafundur
Vinnumálastofnun	Portúgal	Fundur Heads of Pes í Lissabon
Lyfjastofnun	Bretland	Fundur um tölvukerfi MHRA
Lyfjastofnun	Þýskaland	Fundur forstjóra Lyfjastofnana
Lyfjastofnun	Bretland	EMEA stjórnarfundur
Lyfjastofnun	Ítalía	Fundur forstjóra Lyfjastofnana
Lyfjastofnun	Belgía	Pharmaceutical Forum Brussel
Lyfjastofnun	Bretland	EMEA stjórnarfundur
Lyfjastofnun	Portúgal	Fundur forstjóra Lyfjastofnana
Lyfjastofnun	Bretland	EMEA stjórnarfundur
Lyfjastofnun	Portúgal	Fundur forstjóra Lyfjastofnana
Lyfjastofnun	Portúgal	Ráðstefna ,fundarstjórn v. forseta Portúgals
Lyfjastofnun	Bretland, Belgía	Stjórnarfundur EMEA
Íbúðalánasjóður	Danmörk	Ráðstefna – Tölvukerfi
Árið 2008:		
Stofnun		
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Danmörk	Fræðsluferð
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Svíþjóð	Kostnaðargreining
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	Danmörk	Ársþing sjúkraframkvæmdastjóra
Heyrnar- og talmeinastöð	Holland	Ráðstefna heyrnarskertra barna
Lýðheilsustöð	Spánn	Fundur um sveitarf. nálgun
Lýðheilsustöð	Bandaríkin	Tveir fyrirlestrar
Lýðheilsustöð	Svíþjóð	Norræna lýðheilsuráðstefnan
Lýðheilsustöð	Bandaríkin	Fyrirlestur
Jafnréttisstofa	Bandaríkin	Kvennanefnd SÞ
Jafnréttisstofa	Belgía	Formennska Íslands í jafnréttisnefnd EFTA
Jafnréttisstofa	Belgía	Fundur hjá ráðgjafahópi ESB
Jafnréttisstofa	Svíþjóð	Fundur hjá umboðsmönnum jafnr.m.
Jafnréttisstofa	Danmörk	Stýrihópur um vændi á Norðurlöndum
Jafnréttisstofa	Bandaríkin	Fundur hjá CEDAW-nefndinni
Jafnréttisstofa	Noregur	Fundur í Osló „Køn og Magt“
Jafnréttisstofa	Belgía	Fundur hjá jafnréttisnefnd EFTA
Vinnueftirlit ríkisins	Lúxemborg	Fundur í vinnunefnd ESB
Vinnueftirlit ríkisins	Spánn	Ráðstefna hjá vinnuvernd. ESB
Vinnueftirlit ríkisins	Slóvenía	Fundur forstjóra vinnue. ESB
Vinnueftirlit ríkisins	Danmörk	Fundur forstjóra vinnue. á Norðurl.
Vinnueftirlit ríkisins	Lúxemborg	Fundur í ráðgjafarnefnd ESB
Vinnueftirlit ríkisins	Frakkland	Samstarfsnefnd OECD
Vinnueftirlit ríkisins	Noregur	Fundur forstjóra vinnue. á Norðurl.
Vinnueftirlit ríkisins	Frakkland	Ráðstefna forstjóra í Evrópu
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Danmörk	Ársfundur félags forstjóra sjúkrahúsa
Sólvangur hjúkrunarheimili	Svíþjóð	Ráðstefna um DRG á Norðurlöndum
Sólvangur hjúkrunarheimili	Spánn	Námsferð á vegum Háskólans á Akureyri
Tryggingastofnun ríkisins	Svíþjóð	Fundur
Tryggingastofnun ríkisins	Svíþjóð	Fundur
Tryggingastofnun ríkisins	Svíþjóð	Norrænt almannatrygginganámskeið
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Austurríki	22nd Congress of the European

Landlæknir	Austurríki	Congress of the European
Barnaverndarstofa	Frakkland	Fundir í Committee of Experts
Barnaverndarstofa	Frakkland	Fundir í Committee of Experts
Barnaverndarstofa	Eistland	Fundur Childrens Institutions
Barnaverndarstofa	Finnland	Stjórnarfundur Children at Risk
Barnaverndarstofa	Noregur	Undirbúningsfundur vegna norræns barnaverndarþings
Barnaverndarstofa	Kína	Alþjóðleg ráðstefna ISPCAN
Barnaverndarstofa	Brasilía	World Congress III
Vinnumálastofnun	Þýskaland	Fundur forst. evrópskra vinnum.
Vinumálastofnun	Svíþjóð	Fundur í norrænu vinnumarkaðsnefndinni
Vinnumálastofnun	Svíþjóð	Norrænt almannatryggingamót
Vinnumálastofnun	Slóvenía	Fundur í Heads of PES
Vinnumálastofnun	Færeyjar	Fundur í norrænu vinnumarkaðsnefndinni
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Svíþjóð, Danmörk	Ráðstefna og námskeið
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Svíþjóð, Danmörk	Ráðstefna og námskeið
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Svíþjóð, Danmörk	Ráðstefna og námskeið
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Svíþjóð, Danmörk	Ráðstefna og námskeið
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Svíþjóð, Danmörk	Semínar NHV og félags stjr. í heilbr.
Lyfjastofnun	Slóvenía	Fundur forstjóra lyfjastofnana
Lyfjastofnun	Belgía	Pharmaceutical Forum
Lyfjastofnun	Bretland	Stjórnarfundur EMA
Lyfjastofnun	Belgía	Pharmaceutical Forum
Lyfjastofnun	Slóvenía	Fundur forstjóra lyfjastofnana
Lyfjastofnun	Belgía	Pharmaceutical Forum
Lyfjastofnun	Bretland	Stjórnarfundur EMA
Lyfjastofnun	Frakkland	Fundur forstjóra lyfjastofnana
Lyfjastofnun	Svíþjóð	Ráðstefna um nordisk pakning
Lyfjastofnun	Belgía	Ráðstefna um variations
Lyfjastofnun	Frakkland	Fundur forstjóra lyfjastofnana
Lyfjastofnun	Bretland	Stjórnarfundur EMA
Lyfjastofnun	Bretland	Fundur EMEA
Lyfjastofnun	Frakkland	Fundur forstjóra lyfjastofnana
Íbúðalánasjóður	Bretland	Ráðstefna – tölvukerfi
Árið 2009:		
Stofnun		
Heyrnar- og talmeinastöð	Spánn	Ráðstefna í heyrnarfræði
Lýðheilsustöð	Bandaríkin	Fyrirlestrar um samstarf
Lýðheilsustöð	Bretland	Fyrirlestur um jákvæða sálfræði
Lýðheilsustöð	Austurríki	Fundur um European Health
Jafnréttisstofa	Danmörk	Stýrihópur um kyn og völd
Jafnréttisstofa	Danmörk	Stýrihópur um kyn og völd
Jafnréttisstofa	Bandaríkin	Kvennanefnd SÞ
Jafnréttisstofa	Ítalía	Staðalmyndir kynjanna
Jafnréttisstofa	Belgía	Fundur hjá jafnréttisnefnd EFTA
Jafnréttisstofa	Færeyjar	Ráðstefna um formennsku Íslands
Jafnréttisstofa	Svíþjóð	ÄK-JAM og „Kyn og völd“
Jafnréttisstofa	Sviss	Undirbúningur „Beijing+15“
Jafnréttisstofa	Belgía	Fundur hjá jafnréttisnefnd EFTA
Vinnueftirlit ríkisins	Danmörk	Fundur um vinnumarkaðsmál
Vinnueftirlit ríkisins	Svíþjóð	Málþing forstjóra vinnueftirlita
Vinnueftirlit ríkisins	Tékkland	Ráðstefna forstjóra vinnueftirl. Evrópu
Vinnueftirlit ríkisins	Finnland	Fundur forstjóra vinnueftirl. Evrópu
Vinnueftirlit ríkisins	Frakkland	Ráðstefna forstjóra vinnueftirl. Evrópu
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga	Ungverjaland	Evrópufundur miðstöðva fyrir blinda
Landlæknir	Noregur	Ráðstefna WHO
Landlæknir	Noregur	Árlegur fundur norrænna landlækna
Landlæknir	Ungverjaland	Ráðstefnan Prevention of Depression
Barnaverndarstofa	Úkraína	Fyrirlestrarhald hjá Evrópuráðinu
Barnaverndarstofa	Frakkland	Fundir í Committee of Experts
Barnaverndarstofa	Frakkland	Fundur CoE um vernd barna
Barnaverndarstofa	Búlgaría	Ráðstefna á vegum CoE

Barnaverndarstofa	Frakkland	Fundur sérfræðinga, semja reglur v. barna
Barnaverndarstofa	Frakkland	Fundur sérfræðinga Child Friendly Justice
Barnaverndarstofa	Eistland	Stjórnarfundur í Children at Risk
Barnaverndarstofa	Danmörk	Fundur í nefnd Eystras. v. barna
Barnaverndarstofa	Litháen	Stjórnarfundur í Children at Risk
Barnaverndarstofa	Noregur	Norræna barnaverndarráðstefnan
Barnaverndarstofa	Sviss	Réttindi barnsins SÞ
Barnaverndarstofa	Spánn	Ráðstefna, Barnahús
Landspítalinn	Bandaríkin	Fundur
Landspítalinn	Bandaríkin	Fundur
Landspítalinn	Danmörk	Ráðstefna
Tryggingastofnun ríkisins	Svíþjóð	Fundur
Vinnumálastofnun	Kanada	Heimsókn til vinnum.
Lyfjastofnun	Tékkland	Fundur forstjóra lyfjastofnana
Lyfjastofnun	Bretland	Stjórnarfundur EMA
Lyfjastofnun	Svíþjóð	Fundur forstjóra lyfjastofnana
Lyfjastofnun	Bretland	HMA Task Force Joint fundur
Lyfjastofnun	Svíþjóð	Fundur forstjóra lyfjastofnana
Lyfjastofnun	Bretland	Stjórnarfundur EMA
Íbúðalánasjóður	Svíþjóð	Ráðstefna - tölvukerfi
Árið 2010:		
Stofnun		
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Sviss	Aðalfundur Evrópus. heilbrigðisstarfsmanna
Ríkissáttasemjari	Noregur	Ráðstefna norrænna ríkissáttasemjara
Lýðheilsustöð	Danmörk	Fundur vegna norrænu ráðherranefndarinnar
Jafnréttisstofa	Danmörk	EK-JEM og lokafundur
Jafnréttisstofa	Bandaríkin	Kvennanefnd SÞ
Jafnréttisstofa	Grænland	EK-JEM og ráðstefna
Jafnréttisstofa	Færeyjar	16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi
Vinnueftirlit ríkisins	Spánn	Fundur í SLIC samstarfsnefnd
Vinnueftirlit ríkisins	Bandaríkin	Ráðstefna ESB/EES og USA
Vinnueftirlit ríkisins	Lúxemborg	Fundur í stjórn evrópsku vinnuv.
Vinnueftirlit ríkisins	Danmörk	Forstjórafundur og heimsókn í vinnueftirlit
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga	Bandaríkin	Ráðstefna
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga	Þýskaland	Fundur í miðstöð blindra
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga	Frakkland	Fundur í miðstöð blindra
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga	Pólland	Skoða talgervil
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Bandaríkin	Congress on Health Care
Landlæknir	Sviss	Þing WHO
Landlæknir	Tyrkland	Evrópufundur WHO
Landlæknir	Noregur	Árlegur fundur norrænna landlækna
Barnaverndarstofa	Belgía	Þátttaka á Evrópuþingi í boði Eurochild
Barnaverndarstofa	Frakkland	Fundur í Advisory Group of children
Barnaverndarstofa	Frakkland	Fundur Child Friendly Justice
Barnaverndarstofa	Frakkland	Fundur Advisory Group of children
Barnaverndarstofa	Ítalía	Evrópur. v. barna
Barnaverndarstofa	Pólland	Stjórnarfundur í Children at risk
Barnaverndarstofa	Lettland	Stjórnarfundur í Children at risk
Barnaverndarstofa	Svíþjóð	Þátttaka í vinnufundi um meðferðarst.
Barnaverndarstofa	Bandaríkin	Alþjóðleg ISPCAN ráðstefna
Barnaverndarstofa	Danmörk	NBO
Barnaverndarstofa	Pólland	Alþjóðaráðstefna um kynferðisbrot
Barnaverndarstofa	Belgía	Ráðstefna ESB
Landspítalinn	Belgía	Fundur
Landspítalinn	Grikkland	Fundur
Landspítalinn	Noregur	Fundur
Landspítalinn	Svíþjóð	Fundur
Landspítalinn	Svíþjóð	Fundur

Landspítalinn	Bandaríkin	Fundur
Landspítalinn	Bandaríkin	Fundur
Landspítalinn	Bandaríkin	Ráðstefna
Landspítalinn	Færeyjar	Undirritun samnings
Tryggingastofnun ríkisins	Finnland	Samráðsfundur
Tryggingastofnun ríkisins	Danmörk	Fundur forstjóra TR á Norðurlöndum
Vinnumálastofnun	Álandseyjar	Fundur í norrænu vinnumarkaðsnefndinni
Vinnumálastofnun	Spánn	Fundur forstjóra Vinnum. PES
Vinnumálastofnun	Danmörk	Fundur í norrænu vinnumarkaðsnefndinni
Lyfjastofnun	Spánn	Fundur forstjóra lyfjastofnana EES
Lyfjastofnun	Bretland	Management Board fundur
Lyfjastofnun	Spánn	Fundur forstjóra lyfjastofnana EES
Lyfjastofnun	Holland	Fundur forstjóra lyfjastofnana EES
Lyfjastofnun	Danmörk, Bretland	Ráðstefna og fundur
Lyfjastofnun	Bretland	Ráðstefna Lyfjastofnunar Evrópu
Lyfjastofnun	Belgía	Fundur forstjóra lyfjastofnana EES
Lyfjastofnun	Bretland	Fundur forstjóra lyfjastofnana EES

Heildarkostnaður ferðanna með dagpeningum, eftir ráðuneyti og undirstofnunum.

	2007	2008	2009	2010
Ferðakostnaður starfsmanna félags- og tryggingamálaráðuneytisins	10.165.316	14.188.786	5.525.638	8.596.586
Ferðakostnaður starfsmanna heilbrigðisráðuneytisins	20.897.801	20.434.673	7.437.542	13.005.914
Kostnaður vegna ferða embættismanna undirstofnana:				
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	110.874	254.347	0	402.625
Ríkissáttasemjari	0	0	0	283.760
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	0	342.624	0	0
Heyrnar- og talmeinastöð	269.567	102.941	82.016	0
Lýðheilsustöð	435.893	1.172.313	814.690	198.025
Jafnréttisstofa	976.752	1.690.618	2.374.695	832.583
Vinnueftirlit ríkisins	1.788.723	1.721.998	909.164	901.798
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blindra, sjónskerta og daufblinda einstaklinga	0	0	303.981	1.377.999
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	0	291.770	0	0
St. Jósefsspítali, Sólvangur	0	496.810	0	0
Tryggingastofnun ríkisins	132.371	462.997	167.444	379.901
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	0	311.288	0	693.119
Landlæknir	114.153	204.679	605.339	1.296.441
Barnaverndarstofa	1.723.094	2.261.115	3.145.227	3.361.490
Landspítalinn	217.199	0	977.366	2.727.554
Vinnumálastofnun	526.561	809.742	342.434	649.132
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	0	1.505.966	0	0
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	0	173.000	0	0
Lyfjastofnun	980.377	1.580.625	611.192	1.002.128
Íbúðalánasjóður	140.815	122.734	262.684	0
Samtals kostnaður vegna ferða embættismanna undirstofnana	**7.416.379**	**13.505.567**	**10.596.232**	**14.106.555**

1920. Skýrsla [542. mál]

velferðarráðherra um fæðingar- og foreldraorlof, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Skýrsla þessi um fæðingar- og foreldraorlof er lögð fyrir Alþingi að beiðni þingmannanna Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, Ólafs Þórs Gunnarssonar, Péturs H. Blöndal, Jónínu Rósar Guðmundsdóttur, Guðmundar Steingrímssonar, Ásmundar Einars Daðasonar, Unnar Brár Konráðsdóttur, Þórunnar Sveinbjarnardóttur og Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur á þingskjali 912 í 542. máli á 139. löggjafarþingi 2010–2011.

Inngangur.

Löggjöf.

Gildandi lög um fæðingar- og foreldraorlof eru frá árinu 2000 en lögin veita hvoru foreldri um sig rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði vegna fæðingar, ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Réttur feðra til fæðingarorlofs var innleiddur í áföngum fram til ársins 2003 með þeim hætti að árið 2001 fengu feður rétt til greiðslna í einn mánuð vegna töku fæðingarorlofs, tvo mánuði árið 2002 og loks þrjá mánuði árið 2003. Samkvæmt lögunum eiga foreldrar jafnframt sameiginlegan rétt á greiðslum vegna töku fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér.

Jafnvægi milli fjölskyldulífs og þátttöku á vinnumarkaði.

Á þeim tíma er lögin tóku gildi þótti kominn tími til að skapa skilyrði til þess að einstaklingar hefðu tækifæri til að ná betra jafnvægi milli fjölskyldulífs og þátttöku á vinnumarkaði. Í því sambandi þótti mikilvægt að konur og karlar ættu jafnan rétt til fæðingarorlofs í ljósi þess að forsendan fyrir því að karlar og konur gætu tekið jafnan þátt á vinnumarkaði sem og öðrum störfum utan heimilis væri að þau skiptu með sér umönnun barna sinna. Þá þótti mikilvægt að tryggja sem minnsta röskun á afkomu fjölskyldna þegar foreldrar leggja niður störf í kjölfar fæðingar, ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur.

Fjölgun fæðinga.

Ætla má að hið nýja fæðingarorlofskerfi hafi átt ákveðinn þátt í að stuðla að fjölgun fæðinga á Íslandi frá því að lögin tóku gildi. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru konur á aldrinum 18–50 ára alls 67.680 árið 2001 en þá fæddust 4.019 börn hér á landi en frá árinu 2001 hefur lifandi fæddum börnum fjölgað smám saman. Þannig fæddust 4.280 börn hér á landi árið 2005 en þá voru konur á aldrinum 18–50 ára alls 68.433. Árið 2008 fæddust 4.835 börn og konur á aldrinum 18–50 ára voru þá alls 72.372. Árið 2009 voru konur á aldrinum 18–50 ára alls 73.743 og fæddust þá 5.027 börn hérlendis. Aldrei áður höfðu fæðst fleiri lifandi börn hér á landi á einu ári og fæðingarmetið frá árinu 1960 var þar með slegið en það ár fæddust 4.916 börn. Árið 2010 fæddust færri börn en á árinu 2009 eða 4.907 börn. Jafnframt fækkaði í hópi kvenna á aldrinum 18–20 ára milli áranna 2009 og 2010 og voru þær 73.015 árið 2010. Algengasti mælikvarðinn á frjósemi er fjöldi lifandi barna á ævi hverrar konu. Árið 2009 var frjósemi kvenna á Íslandi 2,22 börn á ævi hverrar konu samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar en var 2,05 börn árið 2005.

Jafnrétti á vinnumarkaði.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á áhrifum fæðingarorlofskerfisins á jafnrétti á vinnumarkaði gefa til kynna að fæðingarorlof karla hefur áhrif á atvinnuþátttöku og vinnutíma kvenna. Lítið hefur hins vegar dregið úr kynbundnum launamun frá því að lögin um fæðingar- og foreldraorlof tóku gildi árið 2001 enda þótt niðurstöður kannana séu misjafnar eftir því hvaða aðferðafræði hefur verið notuð og til hvaða hópa á vinnumarkaði þær ná. Í niðurstöðum könnunar Capacnt Gallup um kynbundinn launamun og launamyndun frá árinu 2006 kom fram að flestir þátttakendur í könnuninni (73%) töldu að breytingar á fæðingarorlofskerfinu hefðu bætt stöðu kvenna á vinnumarkaði en ekki kom fram munur eftir kyni í svörum þátttakenda.

Ætla má að hefðbundin verkaskipting kynjanna sé þó enn nokkuð ríkjandi en niðurstöður rannsókna um fæðingarorlof gefa til kynna að karlar sem hafa tekið fæðingarorlof hafi fengið jákvæð viðbrögð frá samfélaginu og jafnvel hrós fyrir að taka meira fæðingarorlof en þá þrjá mánuði sem þeir eiga sjálfstæðan rétt á. Sömu rannsóknir sýna að konur hafi hins vegar verið gagnrýndar hafi þær sjálfar ekki nýtt alla þá þrjá mánuði sem foreldrar eiga sameiginlega rétt á.

Nýting feðra á rétti til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.

Tölulegar upplýsingar frá Fæðingarorlofssjóði sýna að feður hafa frá gildistöku laganna árið 2001 almennt nýtt sér réttindi sín til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Þannig hafi fjöldi karla sem nýtti sér rétt sinn til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði sem og rétt sinn til fæðingarstyrks verið um 90% af fjölda kvenna sem tóku fæðingarorlof vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2004–2008 en þetta hlutfall lækkaði hins vegar í 84% vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2009. Miðað við hvert greiðsluár hefur feðrum sem hafa fengið greiðslur í fæðingarorlofi sífellt fjölgað frá árinu 2004. Á milli áranna 2008 og 2009 fjölgaði þeim þó einungis um 0,4%. Hins vegar fækkaði þeim feðrum sem fengu greiðslur úr fæðingarorlofi um 5,3% milli áranna 2009 og 2010 þrátt fyrir að fleiri börn hafi fæðst þessi ár en árin á undan. Þess ber þó að geta að hér er miðað við greiðsluár þannig að upplýsingarnar geta átt við um foreldra barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á rúmlega þriggja ára tímabili í ljósi þess tíma sem foreldrum er heimilt að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs. Þá fengu 1,8% færri mæður greitt úr Fæðingarorlofssjóði árið 2009 samanborið við árið 2010. Þegar litið er hins vegar til heildarfjölda þeirra mæðra sem hafa fengið greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eða greiddan fæðingarstyrk miðað við hvert greiðsluár var fækkunin einungis um 0,5% milli áranna 2009 til 2010. Fækkun á heildarfjölda feðra var 5,1% á sama tíma.

Þættir sem hafa áhrif á töku fæðingarorlofs.

Ljóst er að ýmsir þættir kunna að hafa haft áhrif að færri foreldrar hafa tekið fæðingarorlof á síðastliðnum tveimur árum en árin þar á undan. Ætla má að hinar miklu breytingar sem hafa orðið í íslensku samfélagi frá haustmánuðum árið 2008, ekki síst á innlendum vinnumarkaði, hafi haft áhrif á fæðingarorlofstöku foreldra sem eru þátttakendur á vinnumarkaði. Má í því sambandi nefna lækkun kaupmáttar, óöryggi á vinnumarkaði og auknar skuldir heimilanna.

Enn fremur má ætla að lækkun á hámarksgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði skýri að einhverju leyti að færri foreldrar nýti sér rétt til fæðingarorlofs. Í þessu sambandi ber að nefna að þegar litið er til fæðingarára barna reynist feðrum í tekjuhópunum 200–300.000 kr.

og 300–400.000 kr. fækka mest. Lækkun hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2009 tók hins vegar ekki til greiðslna til foreldra í þessum tekjuhópum þar sem hámarksgreiðslan miðaðist við hærri fjárhæð en 400.000 kr. meðalmánaðarlaun foreldra á viðmiðunartímabili. Þeim feðrum sem tóku fæðingarorlof og höfðu haft hærri tekjur en 400.000 kr. að meðaltali í mánaðarlaun á viðmiðunartímabili fjölgaði hins vegar milli áranna 2008 og 2009 en fækkaði síðan aftur árið 2010. Þess ber þó að geta að foreldrar barna sem fædd eru á árunum 2009 og 2010 geta enn nýtt sér rétt sinn til fæðingarorlofs og er því einungis um bráðabirgðatölur að ræða. Á það ef til vill sérstaklega við um feður barna sem eru fædd árið 2010 en reynslan hefur sýnt að feður taka fæðingarorlof þegar lengra er liðið frá fæðingu barna þeirra heldur en mæður gera.

Ljóst er því að fleiri þættir en lækkun á hámarksgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði kunna að hafa haft áhrif á að færri feður taki fæðingarorlof nú en áður. Þó verður að gera ráð fyrir að lækkun hámarksgreiðslna hafi haft ákveðin áhrif og þá ef til vill einkum á fjölda þeirra daga sem feður nýta rétt sinn til fæðingarorlofs. Hins vegar verður að ætla að aðrir þættir hafi einnig haft áhrif á nýtingu feðra á rétti til fæðingarorlofs án þess þó að unnt sé að segja nákvæmlega til um hvaða þættir það eru með því að byggja eingöngu á tölulegum upplýsingum frá Fæðingarorlofssjóði.

Þegar litið er til þess að vísbendingar eru um að breytingar þær sem hafa orðið á töku feðra á fæðingarorlofi hafi átt sér stað á svipuðum tíma og miklar breytingar urðu á íslenskum vinnumarkaði þykja líkur standa til þess að breyttar aðstæður á vinnumarkaði hafi haft þar töluverð áhrif en fyrir liggur að ákveðin óvissa hefur ríkt á innlendum vinnumarkaði frá því á haustmánuðum 2008 þegar atvinnuleysi jókst mjög hratt. Þá verður að ætla að þær efnahagslegu forsendur sem breyttust hjá mörgum fjölskyldum hér á landi í kjölfar efnahagsþrenginganna haustið 2008 hafi einnig haft áhrif. Í þessu sambandi verður þó að undirstrika að þessi ályktun er dregin án þess að nokkuð sé vitað um skuldastöðu þeirra foreldra sem hafa fengið greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.

Erfitt er að greina milli þessara þátta en hafi þeir haft áhrif á fæðingarorlofstöku foreldra virðast þeir hafa haft minni áhrif á fæðingarorlofstöku mæðra samanborið við fæðingarorlofstöku feðra. Þá virðist sem fæðingartíðni hafi áfram haldist nokkuð há ef miðað er við árin á undan árinu 2008 þó færri börn hafi fæðast árið 2010 en árið 2009.

Fyrirvari um tölulegar upplýsingar.

Fyrirliggjandi upplýsingar um fjölda foreldra sem hafa fengið greiðslur í fæðingarorlofi og fjárhæðir þeirra greiðslna ná aftur til ársins 1994 ef miðað er við staðtölur Tryggingastofnunar ríkisins.[1] Það var þó ekki fyrr en árið 2003 sem feður öðluðust að fullu sambærilegan rétt og mæður til fæðingarorlofs þegar gildandi lög um fæðingar- og foreldraorlof tóku gildi. Upplýsingar þær sem koma fram í þessari skýrslu taka mið af upplýsingum frá og með árinu 2004 en þá höfðu feður og mæður í eitt ár haft sambærileg réttindi hvað varðar töku fæðingarorlofs og upplýsingar um greiðslur í fæðingarorlofi mæðra og feðra þar með orðnar samanburðarhæfar.

Þegar tölfræðilegar upplýsingar um töku fæðingarorlofs eru skoðaðar í skýrslu þessari er mikilvægt að eftirfarandi atriði séu höfð í huga:

I. Þær upplýsingar sem eru birtar í skýrslunni eru annars vegar miðaðar við greiðsluár Fæðingarorlofssjóðs og hins vegar við fæðingarár barna.

[1] Heimasíða Fæðingarorlofssjóðs: *http://faedingarorlof.is/files/03Tafla1.26_net_1114881789.pdf*

II. Þegar miðað er við greiðsluár er mögulegt að segja til um heildarfjölda einstaklinga sem fá greiðslur frá sjóðnum á tilteknum árum, heildarfjárhæðir, o.fl. Nýtingu foreldra á réttindum sínum til fæðingarorlofs er hins vegar ekki unnt að sjá út frá greiðsluárinu þar sem þau réttindi sem nýtt eru kunna að hafa stofnast á öðru ári en greiðsluárinu. Þannig getur sjóðurinn verið að greiða fæðingarorlofsgreiðslur á sama greiðsluárinu vegna barna sem fædd eru á nokkurra ára tímabili. Slíkt er mögulegt þar sem foreldrar höfðu 18 mánuði til að nýta rétt sinn til fæðingarorlofs allt fram til 1. júlí 2009 en eftir það hafa þeir haft 36 mánuði. Enn fremur er mæðrum heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að tveimur mánuðum fyrir fæðingu barns þegar um er að ræða veikindi hennar vegna meðgöngu. Þannig gat móðir sem fæddi barn í janúar 2011 hafið töku fæðingarorlofs í nóvember 2010 hafi hún af heilsufarsástæðum þurft að leggja niður launað starf fyrir áætlaðan fæðingardag barns.[2]

III. Þegar miðað er við fæðingarár barna má sjá nýtingu foreldra á rétti sínum til fæðingarorlofs, svo sem hver fjöldi foreldra er sem nýtir sér rétt sinn til fæðingarorlofs miðað við fjölda þeirra barna sem fæðast á tilteknu ári og hver meðalkostnaður Fæðingarorlofssjóðs er á hvert foreldri vegna fæðingarorlofsgreiðslna eða fæðingarstyrkja. Með slíkum upplýsingum má til dæmis betur áætla áhrif lækkandi hámarksfjárhæða sem Fæðingarorlofssjóður greiðir.

IV. Hafa þarf í huga að endanlegar tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2009, 2010 og 2011 liggja ekki fyrir fyrr en um áramótin 2012/2013 (vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu 1. júlí–31. desember 2009), áramótin 2013/2014 (vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2010) og áramótin 2014/2015 (vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2011). Skýringin á þessu er lengd þess tíma sem foreldrum er heimilt að nýta réttindi sín til fæðingarorlofs, sbr. einnig lið II.

V. Fæðingarorlofssjóður annast greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði annars vegar og greiðslu fæðingarstyrkja hins vegar. Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eru til foreldra sem hafa verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur og þarf starfshlutfall í hverjum mánuði að hafa verið a.m.k. 25%. Greiðsla fæðingarstyrks skiptist í tvo flokka, annars vegar fæðingarstyrk til foreldra sem eru í fullu námi en meðfullu námi er miðað við 75–100% samfellt nám í tiltekinn tíma fyrir fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Hins vegar eru greiddir fæðingarstyrkir til foreldra sem eru utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi á tilteknum tíma fyrir fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur.

VI. Foreldrar öðlast ekki eingöngu rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks vegna fæðinga barna heldur geta þeir einnig fengið réttindi vegna töku barna í varanlegt fóstur og vegna ættleiðinga. Auk þess geta ýmis frávik frá almennum reglum um rétt til fæðingarorlofs lengt réttindi foreldra. Slíkt þarf að hafa í huga þegar fjöldi fæðingarorlofsgreiðslna eða fæðingarstyrkja er skoðaður miðað við fjölda fæddra barna.

Gera má ráð fyrir því að breytingar á réttindum taki ávallt tíma og ekki má horfa fram hjá þeirri staðreynd að ekki er langur tími liðinn frá því að mæður og feður öðluðust jafnan rétt

[2] Ef árið 2010 er tekið sem dæmi þá var sjóðurinn að greiða orlofsgreiðslur og styrki vegna barna sem fædd eru 2008, 2009, 2010 og 2011.

til fæðingarorlofs samkvæmt lögum. Jafnframt má gera ráð fyrir að viðhorfsbreytingar taki ávallt nokkurn tíma og ef til vill er eðlilegt að ákveðnar breytingar verði á nýtingu foreldra á rétti sínum til fæðingarorlofs þegar aðstæður í samfélaginu breytast með þeim hætti sem þær gerðu haustið 2008. Hér ber þó að árétta að ekki liggur fyrir með óyggjandi hætti að þær breytingar sem urðu í íslensku samfélagi haustið 2008 hafi haft áhrif á fæðingarorlofstöku foreldra enda þótt almennt verði að ætla að slíkt sé líklegt. Mikilvægt er að standa áfram vörð um þessi réttindi mæðra og feðra í íslensku samfélagi því lengi býr að fyrstu gerð og má því ætla að það sé hagur okkar allra að búa þannig um hnútana að nýbakaðir foreldrar sjái sér fært að nýta sér þessi réttindi sín með hag barnsins að leiðarljósi. Þar skiptir hvatning samborgaranna miklu máli og ekki þá síst atvinnulífsins og stjórnvalda. Það liggur ljóst fyrir að lækkun á hámarksgreiðslum til foreldra í fæðingarorlofi er tímabundin aðgerð til að draga úr útgjöldum Fæðingarorlofssjóðs vegna þeirra aðstæðna sem komu upp í ríkisfjármálum haustið 2008. Verður sú fjárhæð endurskoðuð um leið og aðstæður í ríkisfjármálum leyfa enda flestir sammála því að þau markmið sem höfð voru að leiðarljósi árið 2000 er Alþingi samþykkti lögin um fæðingar- og foreldraorlof séu enn í gildi enda þótt tímabundið hafi þurft að hvika frá þeim.

1. Upplýsingar um töku fæðingarorlofs eftir kyni og hvort, og þá hvaða, breytingar hafi orðið í þeim efnum á síðustu árum auk upplýsinga um áhrif fæðingarorlofs og fæðingarorlofskerfisins á jafnrétti á vinnumarkaði og launamun kynjanna.

Fjölda foreldra sem fengið hafa greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og fæðingarstyrki á árunum 2004–2011 má sjá í töflu 1 en fjöldatölur ársins 2011 eru bráðabirgðatölur fyrir janúar–apríl. Eins og sjá má á töflunni fékk svipaður fjöldi feðra og mæðra greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði á árunum 2004–2009 enda þótt feður hafi verið aðeins fleiri en mæður á árunum 2006–2008. Getur það skýrst af því að fleiri mæður en feður fengu greiddan fæðingarstyrk á þeim árum.

Tafla 1: Fjöldi foreldra sem fengu greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og fæðingarstyrki árin 2004–2011.

Greiðsluár	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011*
Feður								
Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði	5.273	5.455	5.514	5.881	6.312	6.338	5.999	2.474
Fæðingarstyrkur námsmanna	235	303	274	267	279	319	299	115
Fæðingarstyrkur utan vinnumarkaðar	115	113	118	107	79	115	126	50
Mæður								
Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði	5.390	5.366	5.452	5.827	6.128	6.468	6.349	3.662
Fæðingarstyrkur námsmanna	697	695	730	751	725	707	754	383
Fæðingarstyrkur utan vinnumarkaðar	515	522	542	556	584	514	548	265
Feður samtals	**5.623**	**5.871**	**5.906**	**6.255**	**6.670**	**6.772**	**6.424**	**2.639**
Mæður samtals	**6.602**	**6.583**	**6.724**	**7.134**	**7.437**	**7.689**	**7.651**	**4.310**
Samtals	**12.225**	**12.454**	**12.630**	**13.389**	**14.107**	**14.461**	**14.075**	**6.949**

* Tölur ársins 2011 eru bráðabirgðatölur fyrir janúar–apríl.

Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

Þess ber að geta að hér er um að ræða fjölda foreldra á hverju greiðsluári og getur því verið um að ræða foreldra barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á rúmlega þriggja ára tímabili. Skýrir það meðal annars að foreldrar sem fá greitt úr Fæðingarorlofs-

sjóði eru fleiri en ætla má miðað við árlegan fjölda fæddra barna. Engu síður benda tölulegar upplýsingar frá Fæðingarorlofssjóði til þess að feður hafi frá árinu 2001 almennt nýtt sér réttindi sín til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Þegar tölur fyrir árið 2010 eru skoðaðar sést að á því ári nýttu færri feður sér rétt sinn til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða greiðslu fæðingarstyrks en á árunum 2008 og 2009 en fjöldi mæðra hélst svipaður. Bendir það til að færri feður hafi nýtt sér rétt sinn til greiðslna úr Fæðingarorlofsjóði árið 2010 en tíðkaðist á árunum á undan.

Tafla 2 sýnir hlutfallslega breytingu á fjölda þeirra foreldra sem fengu greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og fæðingarstyrk á árunum 2004–2010 en einnig er þar miðað við greiðsluárið. Þar má sjá að feðrum sem fengu greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk hefur sífellt fjölgað frá árinu 2004 en þeim fjölgaði einungis um 0,4% milli áranna 2008 og 2009. Hins vegar fækkaði feðrum um rúm 5% milli áranna 2009 og 2010 á sama tíma og mæðrum fækkaði um 0,5%.

Tafla 2: Hlutfallsleg breyting á fjölda foreldra sem fengið hafa greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og fæðingarstyrki árin 2004–2010.

Greiðsluár	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Feður							
Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði	19	3,5	1,1	6,7	7,3	0,4	-5,3
Fæðingarstyrkur námsmanna	15,2	28,9	-9,6	-2,6	4,5	14,3	-6,3
Fæðingarstyrkur utan vinnumarkaðar	26,4	-1,7	4,4	-9,3	-26,2	45,6	9,6
Mæður							
Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði	4,7	-0,4	1,6	6,9	5,2	5,5	-1,8
Fæðingarstyrkur námsmanna	13,1	-0,3	5	2,9	-3,5	-2,5	6,6
Fæðingarstyrkur utan vinnumarkaðar	-9,5	1,4	3,8	2,6	5	-12	6,6
Feður samtals	**19**	**4,4**	**0,6**	**5,9**	**6,6**	**1,5**	**-5,1**
Mæður samtals	**4,2**	**-0,3**	**2,1**	**6,1**	**4,2**	**3,4**	**-0,5**
Samtals	**10,5**	**1,9**	**1,4**	**6**	**5,4**	**2,5**	**-2,7**

Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

Þegar eingöngu eru skoðaðar upplýsingar vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði fækkaði feðrum um 5,3% milli áranna 2009 og 2010 en mæðrum um 1,8%. Í ljósi þess að ekki virðist vera jafn mikill samdráttur að því er varðar fjölda mæðra og fjölda feðra sem fá árlega greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði miðað við greiðsluár sjóðsins má ætla að það séu fleiri feður en mæður sem hafa dregið úr töku fæðingarorlofs.

Til að fá nánari greiningu á því hvort og þá hversu miklar breytingar eru á fæðingarorlofstöku foreldra hafa verið teknar saman tölulegar upplýsingar um greiðslur til foreldra úr Fæðingarorlofssjóði eftir fæðingarárum barna. Þannig má meðal annars sjá hlutfall foreldra í fæðingarorlofi miðað við fjölda fæddra barna á tímabilinu 2004–2011 auk nýtingu þeirra réttinda sem foreldrar þessara barna hafa.[3]

Líkt og sést í töflu 3 hefur hlutfall feðra sem nýtt hafa sér rétt sinn til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og fæðingarstyrks verið á bilinu 87–91% af fjölda mæðra sem nýtt hafa sér rétt sinn vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2004–2008 líkt. Þetta hlutfall lækkaði hins vegar í 84% vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í

[3] Vísað er í VI. lið athugasemdanna fremst í skýrslunni um að foreldrar öðlast ekki eingöngu réttindi vegna fæddra barna og því þarf að taka tillit til þess þegar fjöldatölur eru skoðaðar og þá sérstaklega fjöldatölur mæðra en fjöldi mæðra er þannig hærri en fjöldi fæddra barna á árunum 2002–2006.

varanlegt fóstur árið 2009 og 76% vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2010. Þessum tölum þarf þó að taka með fyrirvara í ljósi þess að foreldrar barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2009 og 2010 geta enn nýtt sér rétt sinn til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Í því sambandi þarf einnig að líta til þess að reynslan hefur sýnt að almennt taka feður fæðingarorlof þegar lengri tími er liðinn frá fæðingu barna þeirra en mæður. Engu síður má ætla að tölulegar upplýsingar fyrir árið 2009 gefi ákveðna vísbendingu um að feður hafi dregið úr töku fæðingarorlofs á því ári, sérstaklega þegar litið er til þess að hlutfall mæðra í fæðingarorlofi virðist vera nokkuð stöðugt á því tímabili ef miðað er við árin á undan.

Tafla 3: Fjöldi foreldra sem hafa fengið greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og fæðingarstyrki vegna barna sem fædd eru árin 2004–2011*.

Fæðingarár	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009***	**2010***	**2011**
Fjöldi fæddra barna	4.234	4.280	4.415	4.560	4.835	5.027	4.907	-
Fjöldi feðra								
Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði	3.410	3.420	3.519	3.728	4.049	3.837	3.388	867
Fæðingarstyrkur námsmenn	240	243	243	231	253	274	234	47
Fæðingarstyrkur utan vinnumarkaðar	105	102	111	74	80	115	99	21
Fjöldi mæðra								
Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði	3.409	3.352	3.431	3.535	3.874	4.007	3.833	1.157
Fæðingarstyrkur námsmenn	510	533	546	570	505	564	562	171
Fæðingarstyrkur utan vinnumarkaðar	365	434	440	451	438	392	414	109
Samtals feður	**3.755**	**3.765**	**3.873**	**4.033**	**4.382**	**4.226**	**3.721**	**935**
Samtals mæður	**4.284**	**4.319**	**4.417**	**4.556**	**4.817**	**4.963**	**4.809**	**1.437**
Samtals heild	**8.039**	**8.084**	**8.290**	**8.589**	**9.199**	**9.189**	**8.530**	**2.372**

*Tölur vegna barna sem eru fædd árin 2009, 2010 og 2011 eru ekki endanlegar og miðast við maí 2011.

Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

Í þessu sambandi verður jafnframt að líta til þess að fæðingum hefur stöðugt fjölgað milli ára og fór fjöldi fæddra barna árið 2009 yfir 5.000 en þeim fækkaði aftur árið 2010. Jafnframt er athyglisvert að svo virðist sem þeim mæðrum fjölgi sem hvorki sækja um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði né heldur fæðingarstyrk þegar tekið er tillit til fjölda fæddra barna á hlutaðeigandi ári og er þá ekki tekið tillit til ættleiðinga eða töku barna í varanlegt fóstur. Þannig virðist sem 98 mæður hafi hvorki sótt um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði né fæðingarstyrk árið 2010, 64 mæður árið 2009, 18 mæður árið 2008 og fjórar mæður árið 2007. Á árunum þar á undan fengu alltaf fleiri mæður greiðslur í fæðingarorlofi en gera hefði mátt ráð fyrir miðað við fjölda fæddra barna á sama tímabili enda þar á meðal mæður ættleiddra barna og barna sem hafa verið tekin í varanlegt fóstur. Ekki liggur fyrir nánari greining á því hvaða ástæður liggja að baki þessari þróun en velferðarráðuneytið mun leita eftir skýringum á því.

Það eru ekki eingöngu vísbendingar um að færri feður taki fæðingarorlof heldur einnig að þeir feður sem taka fæðingarorlof taki jafnframt styttra fæðingarorlof en áður. Tölur um meðalfjölda daga í fæðingarorlofi má sjá í töflu 4 en þær sýna að feður hafa nýtt meiri hluta

þess fæðingarorlofs sem þeir hafa átt rétt á þegar litið er til fjölda fæðingarorlofsdaga sem greitt var fyrir vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2004–2009. Hefur meðalfjöldi daga ávallt verið rúmlega þau einstaklingsbundnu réttindi sem feður hafa. Þeir dagar sem koma umfram einstaklingsbundin réttindi feðra eru tilkomnir vegna nýtingar feðra á sameiginlegum rétti foreldra til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og hugsanlega vegna réttinda sem tilkomin eru vegna frávika frá almennum reglum laganna um fæðingar- og foreldraorlof.[4]

Líkt og sjá má á töflu 4 þá hefur orðið fækkun á meðalfjölda þeirra daga sem feður eru í fæðingarorlofi. Þannig lækkaði meðalfjöldi fæðingarorlofsdaga feðra úr 102 dögum vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2008 í 97 daga vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2009. Merki eru um enn frekari fækkun daga að meðaltali vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2010. Hér ber þó að hafa í huga að eingöngu er um bráðabirgðatölur að ræða þar sem foreldrar barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2009 og 2010 geta enn nýtt sér rétt sinn til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Enn fremur er ítrekað að reynslan hefur sýnt að feður taka að jafnaði fæðingarorlof þegar lengra er liðið frá fæðingu barna þeirra en mæður. Verður þó að ætla að tölulegar upplýsingar vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2009 gefi ákveðna vísbendingu um breytingar á töku fæðingarorlofs hjá feðrum þar sem sambærilega þróun er ekki að finna í fjölda tekinna fæðingarorlofsdaga hjá mæðrum auk þess sem börn sem eru fædd árið 2009 eru nú komin á leikskólaaldur. Hjá mæðrunum má helst merkja breytingu í fjölda tekinna fæðingarorlofsdaga frá árinu 2006 þegar þær voru að meðaltali 185 daga í fæðingarorlofi. Frá þeim tíma hefur meðalfjöldi fæðingarorlofsdaga mæðra minnkað og virðist skýringin liggja aðallega í því að mæður hafa tekið færri daga á grundvelli frávika frá almennum reglum um fæðingarorlof. (Sjá nánari skiptingu á fjölda fæðingarorlofsdaga í töflu 7.)

Tafla 4: Meðalfjöldi daga sem foreldrar hafa fengið greitt úr Fæðingarorlofssjóði og fæðingarstyrki vegna barna sem fædd eru árin 2004–2011.*

Fæðingarár	2004	2005	2006	2007	2008	2009*	2010*	2011**
Feður								
Orlof	99	101	100	100	102	97	83	76
Styrkur námsmenn	108	105	101	106	105	104	100	101
Styrkur utan vinnumarkaðar	88	92	89	93	101	95	95	93
Mæður								
Orlof	185	186	185	181	178	178	178	175
Styrkur námsmenn	165	172	165	160	156	159	162	167
Styrkur utan vinnumarkaðar	151	147	146	147	142	143	150	149

* Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2009 og 2010 eru ekki endanlegar og miðast við maí 2011.

** Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2011 miðast við janúar–maí 2011.

Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

[4] Það kann að valda misskilningi þegar horft er til heildarfjölda tekinna daga hjá foreldrum samanlagt að hann virðist vera hærri en þau réttindi sem foreldrar eiga rétt á. Ef meðaltöl beggja foreldra eru lögð saman fást fleiri réttindadagar en þeir hafa rétt á. Dæmi um þetta er árið 2004 þegar feður tóku að meðaltali 99 daga en mæður 185 daga sem gerir samtals 284 daga á meðan sjálfstæð réttindi foreldra voru 270 dagar, sbr. lið VII í athugasemdum. Það sem hækkar þennan dagafjölda er meðal annars það að í einhverjum tilfellum eru mæður einar um það að sækja um fæðingarorlof. Í þeim tilfellum geta mæður fengið 180 daga fæðingarorlof án þess þótt meðaldagafjöldi feðra skerðist á móti. Einnig fá feður og þá sérstaklega mæður aukin réttindi vegna ýmissa frávika, svo sem vegna veikinda móður eða barns.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á áhrifum fæðingarorlofskerfisins á jafnrétti á vinnumarkaði gefa til kynna að fæðingarorlof karla hafi áhrif á atvinnuþátttöku og vinnutíma kvenna. Samanburðarrannsókn sem gerð var fyrir og eftir innleiðingu fæðingarorlofslaganna 2001 sýnir að foreldrar skipta jafnar með sér heimilisverkum, umönnun barna og atvinnuþátttöku í kjölfar meiri þátttöku karla við umönnun barna sinna fyrstu árin. Lengd feðraorlofsins hefur einnig áhrif í þessu sambandi (Guðný Björk Eydal; Equal rights to earn and care, 2008).

Í niðurstöðum könnunar Capacent Gallup frá því í október 2006 um kynbundinn launamun og launamyndun, sem unnin var fyrir félagsmálaráðuneytið, kom fram að um 85% þátttakenda töldu barneignir og/eða fjölda barna ekki takmarka möguleika fólks til frama á vinnustað. Í hópi þeirra sem töldu barneignir eða fjölda barna hafa áhrif á tækifæri fólks voru mun fleiri konur en karlar sem töldu líklegra að möguleikar kvenna frekar en karla til starfsframa myndu skerðast við barneignir eða aukinn fjölda barna. Yfir 40% karlanna töldu þetta eiga við um bæði kynin en einungis 8% kvennanna. Má því ætla að konur frekar en karlar upplifi ákveðnar hindranir í vegi kvenna þegar kemur að starfsframa.

Í grein Ingólfs V. Gíslasonar, *Feður sem taka lengra fæðingarorlof*, sem birt var í *Rannsóknir í félagsvísindum VI árið 2005*, kemur fram að staða móður á vinnumarkaði ráði oft úrslitum um hvort faðir nýti sér sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs. Í tilvikum þegar móðirin sé með eigin rekstur eða í stjórnunarstöðu telji hún sig síður geta verið lengi frá starfi sínu en við slíkar aðstæður þyki frekar eðlilegra að faðirinn taki lengra fæðingarorlof en sem nemur sjálfstæðum rétti hans.

Áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof voru jafnframt skoðuð í fyrrnefndri könnun Capacent Gallup um kynbundinn launamun og launamyndun þar sem þátttakendur voru spurðir hvaða áhrif þeir teldu breytingarnar á fæðingarorlofslögum frá árinu 2000 hafi haft á stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði. Flestir eða um 73% töldu að breytingarnar hefðu bætt stöðu kvenna á vinnumarkaði en ekki kom fram munur eftir kyni í svörum þátttakenda. Tæpur fjórðungur taldi breytingarnar jafnframt hafa bætt stöðu karla á vinnumarkaði en svipað hlutfall var á þeirri skoðun að breytingarnar hefðu veikt stöðu karla. Þessi afstaða endurspeglaðist einnig í viðtölum sem tekin voru við þátttakendur við framkvæmd könnunarinnar. Mikill meiri hluti viðmælenda taldi að fæðingarorlof feðra hefði haft jákvæð áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði þar sem nú væru það ekki eingöngu konur sem væru frá vinnu vegna barneigna. Enn fremur var nýting feðra á fæðingarorlofi talin hafa jákvæð áhrif á þátttöku þeirra í barnauppeldi síðar meir þannig að eðlilegra þætti að þeir tækju sér frí vegna veikinda barna sinna. Kom meðal annars fram í einu viðtalinu að eftir að ungu karlarnir mættu ekki til vinnu vegna veikinda barna sinna þætti ekki eins mikið tiltökumál þegar starfsmenn þyrftu leyfi til að sinna veikum börnum líkt og hefði verið þegar eingöngu konurnar á vinnustaðnum þurftu leyfi vegna veikinda barna.

Eins og fram kemur í skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála frá janúar 2009 er ljóst að hefðbundin verkaskipting kynjanna er enn ríkjandi. Í ritinu *Fæðingar- og foreldraorlof á Íslandi, þróun eftir lagasetninguna árið 2000* eftir Ingólf V. Gíslason, lektor við Háskóla Íslands, kemur fram að rannsóknir sýni að mæður breyti vinnutíma sínum í kjölfar barneigna sem hefur þau áhrif að þær vinna færri vinnustundir en feðurnir auka við sig launavinnu á sama tíma. Meðal þess sem fram kom í niðurstöðum Evrópuverkefnisins *Culture, Custom and Caring* var að þeir foreldrar sem tóku þátt í rannsókninni voru á margan hátt mjög hefðbundnir í hlutverkaskiptingu sinni. Móðurhlutverkið var það hlutverk sem gekk fyrir stöðu kvennanna á vinnumarkaði en karlarnir voru í hlutverki

fyrirvinnunnar enda þótt þeir sinntu allir föðurhlutverkinu jafnframt. Þá hafa niðurstöður rannsókna um fæðingarorlof gefið til kynna að karlar upplifi töku fæðingarorlofs ekki sem ógn við karlmennsku sína og þegar á heildina er litið hafi þeir fengið jákvæð viðbrögð frá umhverfinu. Hins vegar hafi konur sem hafa ekki fullnýtt sjálfar sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs verið gagnrýndar en karlarnir fengið hrós fyrir að taka meira fæðingarorlof en þá þrjá mánuði sem þeir ættu sjálfir rétt á.

Varðandi greiningu á launamun kynjanna eru jafnan nefndir tveir þættir sem eru taldir hafa afgerandi áhrif, annars vegar kynskiptur vinnumarkaður og hins vegar ójöfn skipting heimilisverka og umönnun barna. Í skýrslu um fæðingarorlof, umönnunarstefnu og jafnrétti á Norðurlöndunum sem kom út árið 2010 eru nefndar tvær rannsóknir sem sýna skýrt samband milli barneigna og kynbundins launamunar (*Föräldraledighet, omsorgspolitik och jämställdhet i Norden; TemaNord 2010:595, 14–20*). Ólík áhrif barneigna á stöðu kynjanna á vinnumarkaði og ójöfn skipting fæðingarorlofs er talinn stærsti skýringarþátturinn. Viðamikil rannsókn í Noregi sem unnin var á vegum sérstakrar nefndar um kynbundinn launamun í Noregi (*Likelönnskommisjonen*) sýnir að um 40% launamunar kynjanna í Noregi megi skýra með barneignum eða að það að eignast barn hafi ólík áhrif á laun karla og kvenna á vinnumarkaði (*NOU 2008 176–181*). Svipaða þróun má greina víðar á Norðurlöndunum.

Kynbundinn launamunur hefur verið viðvarandi vandi á íslenskum vinnumarkaði en vonir hafa meðal annars staðið til þess að jafn réttur foreldra til fæðingarorlofs hefði áhrif í þá átt að dragi saman með launum karla og kvenna. Niðurstöður kannana Capacent Gallup um launamyndun og kynbundinn launamun frá árunum 1994 og 2006 sýna að launamunur kynjanna var 16% árið 1994 og 15,7% árið 2006 sem telst ekki marktæk breyting á milli þessara ára. Á fyrri hluta árs 2008 fól félags- og tryggingamálaráðuneytið Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera launakönnun sem náði til vinnumarkaðarins í heild. Niðurstöður þeirrar könnunar sýndu að sé miðað við heildarlaun mældist kynbundinn launamunur 16,3% á vinnumarkaðnum í heild. Munurinn var meiri meðal fólks sem starfar á almennum vinnumarkaði og enn meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu voru konur með 9,3% lægri heildarlaun en karlar og 12,8% lægri grunnlaun. Á landsbyggðinni voru konur með 27,5% lægri heildarlaun en karlar og 22,8% lægri grunnlaun.

Í febrúar 2010 birti Hagstofan niðurstöður nýrrar rannsóknar á launamun kynjanna á almenna vinnumarkaðnum á árunum 2000–2007. Rannsóknin var mjög viðamikil og staðfestir enn á ný að konur hafa almennt lægri laun en karlar en hlutfallslegur launamunur kynjanna lækkaði þó á tímabilinu. Fram kemur að árið 2000 voru konur með 24,8% lægra reglulegt tímakaup en karlar en munurinn var kominn í 15,9% árið 2007. Þegar litið er til heildartímakaups voru konur með 24,9% lægra heildartímakaup en karlar árið 2000 en sjö árum síðar eða árið 2007 var munurinn kominn í 18,5%. Ýmsir þættir geta skýrt launamun kynjanna að hluta til en þegar sérfræðingar Hagstofunnar sundurliða launamuninn með svonefndri aðhvarfsgreiningu stendur eftir 7,3% óútskýrður launamunur á almenna vinnumarkaðnum. Þetta er sá munur sem ekki verður skýrður með mismunandi menntun eða starfsaldri eða á einhvern annan hátt en sem kynbundinn launamunur. Þegar skoðuð eru áhrif ólíkra skýringarþátta á laun kvenna og karla hvert í sínu lagi virðist sem það að ljúka háskólaprófi hafi meiri áhrif til hækkunar á launum karla en launum kvenna. Þá hefur fjöldi barna á heimili jákvæð áhrif á laun karla en neikvæð áhrif á laun kvenna og því yngri sem börnin eru þeim mun neikvæðari áhrif virðast þau hafa á reglulegt tímakaup kvenna.

2. og 4. Áhrif skerðingar á hámarksgreiðslur fæðingarorlofs sem og áhrif sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði á töku fæðingarorlofs.

2. Áhrif skerðingar á hámarksgreiðslur fæðingarorlofs,

a. úr 480 þús. kr. í 400 þús. kr., sbr. lög nr. 173/2008,

b. úr 400 þús. kr. í 350 þús. kr., sbr. lög nr. 70/2009,

c. úr 350 þús. kr. í 300 þús. kr., sbr. lög nr. 120/2009,

á orlofstöku foreldra, m.a. með tilliti til

i lengdar orlofs,

ii kyns foreldris,

iii tekna foreldris.

4. Áhrif sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði á töku fæðingarorlofs, með tilliti til lengdar orlofsins, tekna foreldris eða kyns foreldris.

Í skýrslu þessari er liðum 2 og 4 í beiðni þingmanna um skýrslu svarað sameiginlega þar sem erfitt er að aðgreina umfjöllun um hugsanleg áhrif skerðingar á hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði annars vegar og sérstakra aðstæðna á innlendum vinnumarkaði hins vegar.

Árið 2000 þegar gildandi lög um fæðingar- og foreldraorlof voru samþykkt á Alþingi var markmið þeirra meðal annars að gæta þess að sem minnst röskun yrði á tekjum heimila þegar foreldrar legðu niður störf í kjölfar fæðingar, ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Við endurskoðun laganna árið 2004 þótti að vel athuguðu máli þó ekki hjá því komist að setja hámark á mánaðarlegar greiðslur Fæðingarorlofssjóðs. Hins vegar þótti það liggja í hlutarins eðli að slíkt hámark á útgreiðslum sjóðsins gæti verið til þess fallið að ganga gegn markmiðum laganna væri það ákvarðað mjög lágt miðað við tekjur foreldra á innlendum vinnumarkaði. Við ákvörðun á hámarki greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði var því miðað við mánaðartekjur að fjárhæð 600.000 kr. að meðaltali og þannig leitast við að tryggja að röskun á tekjum allflestra heimila yrði áfram sem minnst er foreldrar legðu niður störf í fæðingarorlofi. Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 90/2004 kom meðal annars fram að líkur þættu benda til þess að lægra viðmið drægi frekar úr áhuga karla en kvenna á því að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs þar sem þeir hefðu enn að jafnaði hærri laun en konur. Slík þróun gæti því hægt á breytingum í átt að auknu jafnrétti á vinnumarkaði á sama tíma og hún kæmi í veg fyrir að börn nytu samvista bæði við móður og föður á fyrstu mánuðum ævi sinnar.

Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði voru hækkaðar reglulega til ársins 2008 og voru hæstar 535.700 kr. á mánuði árið 2008, sbr. reglugerð nr. 1056/2004, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, sbr. einnig reglugerð nr. 1264/2007. Var þá miðað við að foreldrar með 669.625 kr. eða lægri mánaðartekjur að meðaltali fengju 80% af meðaltekjum sínum á tilteknu viðmiðunartímabili í fæðingarorlofi. Í kjölfar efnahagsþrenginganna haustið 2008 voru hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hins vegar lækkaðar með lögum nr. 173/2008, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (7. gr.), lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, (IX. kafli), og lögum nr. 120/2009, um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraðra og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum, úr 535.700 kr. í 300.000 kr. í áföngum og hlutfall af meðalmánaðarlaunum foreldra

yfir 200.000 kr. var lækkað úr 80% í 75% með síðastnefndu lögunum. Hefur verið talið að þessar breytingar kunni að vera hluti skýringarinnar á því að karlar hafa meira dregið úr töku fæðingaorlofs en mæður frá árinu 2008. Í þessu sambandi verður þó jafnframt að gera þann fyrirvara að samhliða þessum breytingum var sá tími sem heimilt er að taka fæðingarorlof lengdur úr 18 mánuðum í 36 mánuði og kann að vera að feður nýti sér þann sveigjanleika frekar en mæður.

Ein leið til að meta hugsanleg áhrif lækkunar á hámarksgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði á fæðingarorlofstöku foreldra er að skoða hvort margir foreldrar hafa orðið fyrir skerðingum vegna lækkandi hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði miðað við þær greiðslur sem þeir hefðu að öðrum kosti fengið. Þegar litið er til tekjudreifingar kvenna og karla á innlendum vinnumarkaði hafa líkur þótt standa til þess að lægra hámark á greiðslum Fæðingarorlofssjóðs dragi frekar úr áhuga karla til að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs heldur en mæðra þar sem að karlar virðast enn að jafnaði hafa hærri laun en konur.

Líkt og sést í töflu 5 fjölgaði foreldrum á árunum 2005–2008 sem fengu greiddar hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og þar með að öllum líkindum lægri greiðslur en sem námu 80% af meðalmánaðartekjum þrátt fyrir að hámarksgreiðslur sjóðsins hafi hækkað á tímabilinu. Getur skýringin á því verið að meðallaun foreldra hafi hækkað umfram hækkanir á hámarksgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Voru feður þá í meirihluta þeirra sem fengu greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði sem voru lægri en 80% af viðmiðunartekjum þeirra meðan þeir voru í fæðingarorlofi þar sem viðmiðunartekjur þeirra voru það háar.

Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til foreldra barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2009 eða síðar voru lækkaðar úr 535.700 kr. í 400.000 kr. Var þá við það miðað að hámarksgreiðsla úr Fæðingarorlofssjóði miðaðist við meðalmánaðartekjur foreldra að fjárhæð 500.000 kr. þannig að foreldrar með lægri mánaðartekjur en 500.000 kr. að meðaltali fengju áfram greiðslur úr sjóðnum sem námu 80% af meðaltali heildarlauna á tilteknu viðmiðunartímabili. Sú breyting leiddi til þess að fleiri feður en áður fengu greiddar hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og þar með lægri greiðslur en sem námu 80% af viðmiðunartekjum þeirra. Þegar árin eru borin saman kemur í ljós að 8,3% feðra barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2008 fengu greidda þágildandi hámarksgreiðslu (535.700 kr.) en 26% feðra barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á fyrri hluta árs 2009 (400.000 kr.).

Hlutfallið jókst enn frekar meðal feðra barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á seinni hluta ársins 2009 en hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði voru lækkaðar um mitt ár 2009 úr 400.000 kr. í 350.000 kr. Var hámarksgreiðslan þá miðuð við meðalmánaðartekjur foreldra að fjárhæð 437.500 kr. Fengu tæp 36% feðra hámarksgreiðslur úr sjóðnum vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á seinni hluta árs 2009 og þar með lægri greiðslur en 80% af viðmiðunartekjum. Hámarkgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur voru síðan lækkaðar úr 350.000 kr. í 300.000 kr. frá og með 1. janúar 2010 en sú breyting átti við um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2010 eða síðar. Áfram hélt því hlutfall feðra sem fengu hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði að hækka en í þessu sambandi verður jafnframt að taka tillit til þess að hlutfall fyrri tekna yfir 200.000 kr. var lækkað úr 80% í 75% sem óhjákvæmilega hefur áhrif á samanburðinn á áhrifum hámarksfjárhæðar milli áranna 2009 og 2010. Miðast hámarksgreiðslan þá við meðalmánaðartekjur að fjárhæð 387.000 kr. í stað 375.000 kr. hefði hlutfallið haldist áfram 80% af fyrri meðalmánaðartekjum.

Breytingar á hámarksfjárhæð greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði höfðu einnig áhrif á greiðslur úr sjóðnum til mæðra líkt og feðra enda þótt hlutfallslega færri mæður en feður hafi orðið fyrir þeim áhrifum. Árið 2009 fengu þannig hlutfallslega fleiri mæður en feður greiddar hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og þar með greiðslur sem voru lægri en 80% af viðmiðunartekjum þeirra en árið 2008. Árið 2008 höfðu 1,9% mæðra barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur fengið hámarksgreiðslu úr Fæðingarorlofssjóði (535.700 kr.) en 14,1% mæðra barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á seinni hluta árs 2009 en þá var hámarksgreiðsla Fæðingarorlofssjóðs 350.000 kr.

Tafla 5: Hlutfallslegur fjöldi foreldra sem verða fyrir skerðingu vegna hámarksfjárhæðar Fæðingarorlofssjóðs vegna barna fædd árin 2005–2011* og.**

Fæðingarár	2005	2006	2007	2008	2009/1*	2009/2*	2010*	2011**
Feður								
Í hámarki	2,6%	3,6%	6,0%	8,3%	26,0%	35,8%	45,0%	43,8%
Undir hámarki	97,4%	96,4%	94,0%	91,7%	74,0%	64,2%	55,0%	56,2%
Mæður								
Í hámarki	0,4%	0,3%	1,2%	1,9%	6,8%	14,1%	17,9%	17,1%
Undir hámarki	99,6%	99,7%	98,8%	98,1%	93,2%	85,9%	82,1%	82,9%

* Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2009 og 2010 eru ekki endanlegar og miðast við maí 2011.
** Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2011 miðast við janúar–maí 2011.
Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

Verður því ekki annað ráðið en að lækkun á hámarksgreiðslum hafi haft áhrif á fjárhæð þeirra greiðslna sem foreldrar eiga rétt á úr Fæðingarorlofssjóði meðan á fæðingarorlofi stendur þannig að hlutfallslega fleiri foreldrar hafi fengið hámarksgreiðslur úr sjóðnum eftir að þær voru fyrst lækkaðar 1. janúar 2009 en fyrir þann tíma. Jafnframt má ráða að hlutfallslega fleiri feður en mæður hafi árið 2010 orðið fyrir áhrifum vegna þessa þannig að fleiri feður hafi fengið hámarksgreiðslurnar úr sjóðnum og þar með líklega greiðslur sem hafa verið lægri en sem nemur 80% af viðmiðunartekjum þeirra árið 2009 sem og 80% af 200.000 kr. og 75% af þeim tekjum sem umfram hafa verið.

Má því leiða að því líkur að sú staðreynd að hlutfallslega fleiri foreldrar fá greiddar hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og jafnframt lægri greiðslur en sem nemur því hlutfalli af viðmiðunartekjum sem lögin gera ráð fyrir hafi þau áhrif að færri foreldrar taki fæðingarorlof en áður og þá einkum feður þar sem karlar virðast enn að jafnaði hafa hærri laun en konur.

Hins vegar verður að gæta þess að miklar breytingar hafa orðið í íslensku samfélagi frá haustmánuðum árið 2008, ekki síst á innlendum vinnumarkaði, en atvinnuleysi hefur aukist verulega og gera má ráð fyrir að atvinnuöryggi hafi þar með minnkað. Þessar breytingar í samfélaginu kunna einnig að hafa áhrif á fæðingarorlofstöku foreldra sem eru þátttakendur á vinnumarkaði. Er því mikilvægt að skoða nánar hvort fjárhæð tekna foreldra hafi áhrif á fæðingarorlofstöku þeirra þar sem ljóst er að lækkun á hámarksfjárhæð á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði hefur eingöngu áhrif á tekjuhærri hópa.

Í töflu 6 má sjá fjölda foreldra sem hafa fengið greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði vegna barna sem fædd eru, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2004–2010 eftir fjárhæðum viðmiðunartekna þeirra. Svo virðist sem sú breyting að setja hámark á greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði frá 1. janúar 2005 hafi orðið til þess að foreldrum með tekjur yfir 750.000 kr. hafi fækkað verulega fram til ársins 2007 er þeim fjölgaði aftur. Svo virðist sem

lækkun á hámarksgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2009 hafi hins vegar ekki haft sömu áhrif á töku fæðingarorlofs hjá foreldrum í þessum tekjuhópi en bæði mæðrum og feðrum sem nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs fjölgar í þessum tekjuhópi milli áranna 2008 og 2009. Foreldrum í þessum tekjuhópi sem nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs fækkar þó árið 2010 enda þótt þeir séu engu síður fleiri en þeir voru árið 2008 og á það bæði við um mæður og feður. Í þessu sambandi verður enn fremur að gera ráð fyrir að foreldrar barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2009 og 2010 hafi ekki allir nýtt að fullu rétt sinn til fæðingarorlofs enn sem komið er og kann þeim því að fjölga þegar líða tekur á árið 2011. Á þetta eflaust einkum við um feður barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2010.

Enn fremur þykir athyglisvert að feðrum í tekjuhópunum 400–500.000 kr. og 500–750.000 kr. fjölgar milli áranna 2008 og 2009 en fækkar síðan aftur árið 2010 þannig að færri feður í þessum tekjuhópum tóku fæðingarorlof árið 2010 samanborið við árið 2008. Sama fyrirvara verður þó að gera hér og áður varðandi foreldra barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2009 og 2010. Sama þróun er hjá mæðrum og hjá feðrum í þessum tekjuhópum milli áranna 2008 og 2009 en þrátt fyrir einhverja fækkun milli áranna 2009 og 2010 eru þær engu síður heldur fleiri árið 2010 miðað við árið 2008. Erfitt er að segja til um með vissu hver skýringin er á þessari þróun. Ljóst er þó að lægra hámark á greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hefur ekki haft áhrif á töku fæðingarorlofs meðal feðra í þessum tekjuhópum milli áranna 2008 og 2009 þar sem þeim fjölgaði milli þessara ára. Sömu sögu er að segja um mæður í þessum tekjuhópum. Í þessu sambandi verður að líta til þess að fleiri börn fæddust hér á landi árið 2009 en árið á undan og líkur eru til að mæður barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2010 hafi flestar þegar nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs.

Enn fremur verður að taka tillit til þess að einhver tilfærsla hefur orðið úr lægri tekjuflokkum yfir í þá hærri þegar kemur að töku fæðingarorlofs sem skýrist meðal annars af hærri launum á vinnumarkaði. Þá má ekki útiloka að aðstæður á vinnumarkaði kunni að hafa haft meiri áhrif en áður þar sem fjöldi fólks missti störf sín veturinn 2008–2009 og þannig ef til vill fleiri kosið að sækja um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en ella hefði orðið í venjulegu árferði. Hins vegar má gera ráð fyrir að lækkun á hámarksgreiðslu Fæðingarorlofssjóðs hafi haft þau áhrif að færri feður tóku fæðingarorlof árið 2010 en árið 2009 í fyrrnefndum tekjuhópum nema þá að skýringin sé sú að færri séu í þessum tekjuhópum en áður. Einnig verður að líta til þess að færri börn fæddust árið 2010 en árið 2009. Ítrekað er þó að varast ber að draga of miklar ályktanir út frá tölulegum upplýsingum fyrir árið 2010 í ljósi þess tiltölulega skamma tíma sem liðinn er frá lokum þess árs og því einhverjir möguleikar á að foreldrar barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á því ári eigi enn eftir að fullnýta rétt sinn til fæðingarorlofs.

Tafla 6: Fjöldi foreldra sem fengið hafa greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði í fæðingarorlofi vegna barna semeru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2004–2011, raðað eftir tekjubilum.

Fæðingarár	2004	2005	2006	2007	2008	2009/1 *	2009/2 *	2010*	2011**
Feður									
<100 þús.	15	12	48	65	97	37	40	85	24
100–200 þús.	782	971	768	479	347	169	172	301	57
200–300 þús.	1.123	1.163	1.106	1.162	977	389	380	689	200
300–400 þús.	780	705	792	979	1.097	475	474	884	236

Fæðingarár	2004	2005	2006	2007	2008	2009/1 *	2009/2 *	2010*	2011**
400–500 þús.	396	324	445	508	691	323	379	615	144
500–750 þús.	257	243	350	396	625	354	379	580	149
750–1.000 þús.	37	1	6	89	138	86	75	143	35
1.000 þús.+	20	2	4	50	78	51	54	91	22
Samtals	**3.410**	**3.421**	**3.519**	**3.728**	**4.050**	**1.884**	**1.953**	**3.388**	**867**
Mæður									
<100 þús.	67	59	76	301	282	175	163	306	82
100–200 þús.	2.118	2.178	2.027	1.417	1.307	585	544	1011	304
200–300 þús.	824	738	870	1.094	1.208	549	588	1.180	352
300–400 þús.	264	249	318	436	582	333	376	739	243
400–500 þús.	90	84	92	156	267	182	182	345	91
500–750 þús.	34	44	50	112	185	109	156	198	70
750–1.000 þús.	9			12	28	15	28	42	9
1.000 þús.+	3			7	16	10	12	12	6
Samtals	**3.409**	**3.352**	**3.433**	**3.535**	**3.875**	**1.958**	**2.049**	**3.833**	**1.157**

* Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2009 og 2010 eru ekki endanlegar og miðast við maí 2011.
** Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2011 miðast við janúar–maí 2011.
Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

Feðrum sem höfðu haft lægri tekjur en 400.000 kr. á viðmiðunartímabili og nýttu sér rétt sinn til fæðingarorlofs fækkaði hins vegar milli áranna 2008, 2009 og 2010 og er mesta fækkunin í tekjuhópunum 200–300.000 kr. og 300–400.000 kr. eins og sjá má í töflu 6. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2009 miðuðust við hærri meðalmánaðartekjur en 400.000 kr. og hefðu því ekki átt að hafa áhrif á greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hjá foreldrum í þessum tekjuhópum. Má segja að sama eigi við um hámarksgreiðsluna vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2010 en hámarksgreiðslan miðaðist þá við meðalmánaðarlaun að fjárhæð 387.000 kr. Verður því að ætla að aðrar ástæður en lækkun á hámarksgreiðslu Fæðingarorlofssjóðs hafi orðið til þess að draga úr fjölda þeirra feðra í þessum tekjuhópum sem tóku fæðingarorlof. Án þess að unnt sé að fullyrða það með vissu þykja líkur benda til að þær efnahagslegu forsendur sem breyttust hjá mörgum fjölskyldum í landinu í kjölfar efnahagsþrenginganna haustið 2008 sem og sú óvissa sem hefur ríkt á vinnumarkaði frá þeim tíma kunni að hafa haft meiri áhrif á töku fæðingarorlofs feðra í þessum tekjuhópi en lækkun hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.

Þær breytingar sem urðu á fjölda mæðra í lægri tekjuhópunum sem nýttu sér rétt sinn til fæðingarorlofs á sama tímabili má eflaust skýra að stórum hluta með tilfærslum úr lægri tekjuflokkum yfir í þá hærri þegar kemur að töku fæðingarorlofs sem skýra má meðal annars af hækkandi launum á vinnumarkaði yfir tímabilið. Athyglisvert er þó að konur með tekjur undir 100.000 kr. á viðmiðunartímabili fjölgar frá árinu 2008.

Jafnframt þykir mikilvægt að leita skýringa á þeirri þróun sem hefur orðið á fækkun daga sem feður nýta sér í fæðingarorlof á tímabilinu 2008–2010. Svo virðist sem feður sem taka fæðingarorlof hafi almennt verið að nýta sér réttindi sín sem eru ekki framseljanleg til móður fram til ársins 2009. Töluverð fækkun er á fjölda daga milli áranna 2009 og 2010 en þess ber að geta að um er að ræða bráðabirgðatölur þar sem foreldrar barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á þessum árum geta enn nýtt sér rétt sinn til fæðingaorlofs. Þá

liggur fyrir að feður nýta færri daga af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs frá árinu 2008 en þeir höfðu gert frá árinu 2004 er feður nýttu sér fleiri daga af sameiginlega réttinum en konur. Athyglisvert er að sjá að feður nýttu jafn marga daga af sameiginlega réttinum vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2009 og þeir gerðu vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2005 og 2006.

Tafla 7: Meðalfjöldi daga foreldra í fæðingarorlofi vegna barna sem fædd eru árin 2004–2011, sundurliðað eftir réttindum foreldra.

Fæðingarár	2004	2005	2006	2007	2008	2009*	2010*	2011**
Feður								
Orlof								
Grunnréttur	85	84	84	84	85	83	73	67
Sameiginlegur réttur	12	14	14	15	17	14	10	9
Frávik	0	1	1	1	1	1	0	0
Samtals	**97**	**98**	**98**	**100**	**102**	**97**	**83**	**76**
Styrkur námsmanna								
Grunnréttur	87	87	88	87	87	88	88	87
Sameiginlegur réttur	18	17	12	19	18	16	11	14
Frávik	1	1	1	1	1	1	1	1
Samtals	**106**	**105**	**102**	**107**	**106**	**105**	**101**	**102**
Styrkur utan vinnumarkaðar								
Grunnréttur	87	87	84	83	89	87	89	90
Sameiginlegur réttur	2	4	4	10	11	6	4	3
Frávik	0	0	0	0	1	0	1	0
Samtals	**89**	**92**	**89**	**92**	**101**	**94**	**94**	**93**
Mæður								
Orlof								
Grunnréttur	89	89	89	89	89	89	89	88
Sameiginlegur réttur	81	81	81	81	80	81	83	82
Frávik	12	12	12	10	9	8	6	6
Samtals	**182**	**182**	**182**	**181**	**178**	**178**	**178**	**176**
Styrkur námsmanna								
Grunnréttur	89	89	89	89	90	89	89	89
Sameiginlegur réttur	73	76	72	67	65	69	72	76
Frávik	3	5	3	3	1	2	2	2
Samtals	**165**	**170**	**164**	**159**	**156**	**159**	**162**	**167**
Styrkur utan vinnumarkaðar								
Grunnréttur	89	90	89	89	90	89	89	88
Sameiginlegur réttur	59	55	54	55	50	51	58	61
Frávik	3	2	3	2	2	2	3	2
Samtals	**150**	**147**	**145**	**147**	**142**	**143**	**150**	**151**

* Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2009 og 2010 eru ekki endanlegar og miðast við maí 2011.
** Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2011 miðast við janúar–maí 2011.
Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

Af töflu 8 má ráða að feður með hærri tekjur hafi almennt tekið fleiri daga að meðaltali í fæðingarorlof en feður með lægri tekjur fram til seinni hluta árs 2009. Samkvæmt bráðabirgðatölum vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2009, 2010 og 2011 þá lítur út fyrir að feður í öllum tekjuflokkum hafi tekið færri daga að meðaltali í fæðingarorlof miðað við árin á undan og er fækkun daga mest hjá feðrum sem eru með hæstu tekjurnar. Breytingin hjá mæðrum er óveruleg milli ára.

Tafla 8: Meðalfjöldi daga foreldra í fæðingarorlofi vegna barna sem fædd eru árin 2004–2011, raðað eftir tekjubilum.

Fæðingarár	2004	2005	2006	2007	2008	2009/1*	2009/2*	2010*	2011**
Feður									
<100 þús.	93	80	100	94	94	80	93	91	75
100–200 þús.	93	95	94	95	97	94	92	84	83
200–300 þús.	96	99	98	99	100	99	97	87	80
300–400 þús.	102	103	101	101	102	99	98	84	77
400–500 þús.	105	110	106	101	103	104	96	79	73
500–750 þús.	112	109	104	108	111	104	92	80	70
750–1.000 þús.	105	57	91	110	107	100	90	75	79
1.000 þús.+	105	66	113	109	92	101	77	93	70
Mæður									
<100 þús.	175	173	174	172	171	165	163	169	163
100–200 þús.	186	186	185	182	176	175	173	175	174
200–300 þús.	186	188	185	180	180	182	179	181	177
300–400 þús.	185	187	186	182	182	182	183	182	179
400–500 þús.	189	183	187	188	182	183	183	180	179
500–750 þús.	176	200	188	186	177	177	182	179	177
750–1.000 þús.	162	-	-	176	181	179	178	174	180
1.000 þús.+	160	-	-	167	173	186	177	178	180

* Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2009 og 2010 eru ekki endanlegar og miðast við maí 2011.
** Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2011 miðast við janúar–maí 2011.
Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

Má ætla að lækkun á hámarksgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði kunni að hafa áhrif á fjölda þeirra daga sem tekjuhærri feður taka í fæðingarorlof. Hins vegar verður einnig að hafa í huga að aðstæður á vinnumarkaði breyttust á svipuðum tíma og hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði voru lækkaðar. Ákveðin óvissa hefur ríkt á innlendum vinnumarkaði frá því í október 2008 þegar atvinnuleysi jókst mjög hratt. Auk þess hafa breytingar á efnahagslegum forsendum haft áhrif á afkomu fjölskyldna í landinu og kann það einnig að hafa áhrif á töku hinna tekjuhærri feðra á fæðingarorlofi. Erfitt er að aðgreina áhrif þessara þátta og má gera ráð fyrir að samspil þeirra allra hafi áhrif á fækkun tekinna fæðingarorlofsdaga feðra. Eigi síður má ætla að framangreindar tölulegar upplýsingar frá Fæðingarorlofssjóði bendi til þess að hafi þessir þættir haft áhrif á fjölda þeirra daga sem feður taka í fæðingarorlof hafi þeir haft minni áhrif á fjölda þeirra daga sem mæður taka í fæðingarorlof en á fjölda daga feðra þar sem fjöldi tekinna fæðingarorlofsdaga mæðra hefur haldist nokkuð jafn.

3. Upplýsingar um töku foreldraorlofs, m.a. með tilliti til kyns foreldris, tekna foreldris og aldurs barns.

Ekki eru til opinberar upplýsingar um töku foreldraorlofs á Íslandi. Vísbendingar um töku þess hafa þó birst í könnun Capacent Gallup (Bryndís Jónsdóttir) þar sem kemur fram að 34,7% aðspurðra þekki til réttarins til foreldraorlofs og af þeim hefðu 25,5% þeirra nýtt sér rétt sinn.

4. Áhrif sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði á töku fæðingarorlofs, með tilliti til lengdar orlofsins, tekna foreldris eða kyns foreldris.

Sjá svar við tölulið 2.

5. Hvernig staðið hefur verið að fjármögnun fæðingarorlofskerfisins hingað til.

Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður af tilteknum hluta hins almenna tryggingagjalds skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og er því ætlað að mæta greiðslum úr sjóðnum til foreldra sem eru virkir á vinnumarkaði. Fær sjóðurinn í sinn hlut sem nemur allt að 1,08% af gjaldstofni skv. III. kafla laga um tryggingagjald, með síðari breytingum. Á fjárlögum áranna 2010 og 2011 var áætlað að útgjöld vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði yrðu um 9 milljarðar króna árið 2010 og um 8 milljarðar króna árið 2011. Til viðbótar þessari fjármögnun fær sjóðurinn einnig vexti af innistæðufé sínu.

Fæðingarstyrkir sem greiddir eru til þeirra sem eru utan vinnumarkaðar, í minna en 25% starfi og til þeirra sem eru í námi eru fjármagnaðir beint úr ríkissjóði og er sú fjárhæð ákveðin í fjárlögum hvers árs. Samkvæmt fjárlögum voru útgjöld vegna fæðingarstyrkja 574 milljónir króna árið 2010 og 594 milljónir króna árið 2011.

6. Upplýsingar um núverandi og áætlaða fjárþörf Fæðingarorlofssjóðs sem og fjárþörf sjóðsins ef ekki hefði komið til þeirra skerðinga sem vísað er til í 2. lið beiðninnar.

Ef miðað er við fæðingarár barna og byggt á forsendum fyrri ára um hlutfall fæðingarorlofsumsókna foreldra af fjölda fæddra barna, forsendum um meðalgreiðslur á dag til foreldra í fæðingarorlofi og meðalfjölda daga í fæðingarorlofi, hefðu fæðingarorlofsgreiðslur orðið tæplega 10 milljarðar króna vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2009 og 9,7 milljarðar króna vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2010. Miðað við þær fjárhæðir sem hafa nú þegar verið greiddar vegna fæðingarorlofs foreldra fyrir þessi fæðingarár má ætla að sparnaður vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2009 sé um 500 milljónir króna og rúmir 2 milljarðar króna vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2010. Sparnaður vegna fæðingarársins 2010 mun þó að öllum líkindum lækka eitthvað þar sem foreldrar og þá einkum feður eru enn að nýta sér réttindi vegna barna sem fæddust árið 2010.[5]

Ef litið er til greiðsluárs Fæðingarorlofssjóðs má gera ráð fyrir að útgjöld vegna fæðingarorlofsgreiðslna ársins 2009 hefðu orðið tæpir 9,9 milljarðar króna ef ekki hefði komið til þeirra breytinga sem gerðar voru en raunútgjöld voru tæpum 140 milljónum króna lægri. Vegna ársins 2010 má ætla að útgjöld sjóðsins hefðu getað orðið tæpir 9,8 milljarðar króna vegna fæðingarorlofsgreiðslna en raunútgjöld voru um 1,1 milljarði króna lægri. Er hér eingöngu verið að skoða fæðingarorlofsgreiðslur en ekki fjárhæðir fæðingarstyrkja en þær fjárhæðir eru áætlaðar í fjárlögum hvers árs.

[5] Í þessum tölum sem hér hafa verið nefndar hefur ekki verið horft til hækkunar nafnlauna á tímabilinu en slíkt eykur fjárþörf sjóðsins.

Hafa þarf í huga að fyrrgreint mat á áætlaðri fjárþörf tekur ekki tillit til þess hvort ytri aðstæður, svo sem staða á vinnumarkaði, verðlagsþróun og fleira, hefði haft áhrif á fæðingarorlofstöku foreldra. Slíkir þættir hafa eflaust áhrif á fæðingarorlofstöku foreldra sem leiðir til þess að fjárþörf sjóðsins breytist en magnáhrif þessara tilteknu þátta eru óþekkt.

7. Leiðir til að tryggja fjármögnun fæðingarorlofskerfisins.

Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður með tilteknum hluta hins almenna tryggingagjalds líkt og þegar hefur komið fram. Í því skyni að tryggja fjármögnun fæðingarorlofskerfisins er eðlilegt að sem mest samræmi sé milli inn- og útstreymis sjóðsins, hvort sem það er gert með hækkun tryggingagjalds eða með nauðsynlegum breytingum á úthlutunarreglum sjóðsins. Báðar þessar leiðir hafa verið farnar frá því að gildandi lög um fæðingar- og foreldraorlof tóku gildi árið 2001 og verður að líta til aðstæðna í ríkisfjármálum sem og í atvinnulífinu þegar slíkar ákvarðanir eru teknar.

8. Úttekt á því hvaða reglur gilda í nágrannalöndum um takmörkun á því að báðir foreldrar taki fæðingarorlof á sama tíma.

Misjafnar reglur gilda í nágrannalöndum Íslands um heimildir foreldra til að vera á sama tíma í orlofi og virðast slíkar reglur einkum snúa að þeim réttindum sem feður njóta vegna fæðingu barna sinna. Litið var til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og voru upplýsingar fengnar úr gagnagrunni Missoc sem er sameiginlegt upplýsingakerfi um almannatryggingalöggjöf, greiðslur og skilyrði í ríkjum innan Evrópusambandsins, Liechtenstein, Noregi, Sviss og Íslandi.[6]

Í **Danmörku** eiga mæður rétt á greiðslum í fjórar vikur fyrir áætlaðan fæðingardag og fjórtán vikur eftir fæðingu. Feður eiga rétt á tveggja vikna samfelldu feðraorlofi og skal það tekið innan þeirra fjórtán vikna sem móðirin er í orlofi í kjölfar fæðingar barns. Að þessum fjórtán vikum liðnum fá foreldrar svo samtals þrjátíu og tvær vikur í foreldraorlof sem þeir geta skipt milli sín að vild.

Í **Finnlandi** eiga mæður rétt á sérstöku mæðraorlofi og er það 105 dagar.[7] Mæður þurfa að hefja orlof sitt 30–50 dögum fyrir áætlaðan fæðingardag barnsins. Foreldrar fá 158 daga foreldraorlof sem annað foreldra skal taka eftir að mæðraorlofinu lýkur. Óheimilt er að foreldrar fái fæðingarorlofsgreiðslur á sama tíma nema annað foreldrið sé í hlutastarfi á sama tíma. Feður eiga einnig rétt á sérstöku 18 daga feðraorlof sem skal nýtast á sama tíma og greitt er fyrir mæðra- og/eða foreldraorlofið. Þessu til viðbótar geta feður fengið allt að 24 viðbótardaga í orlof ef þeir nýta tólf síðustu dagana í foreldraorlofinu.[8]

Í **Noregi** geta mæður hafið töku fæðingarorlofs allt að tólf vikum fyrir fæðingu en þeim er skylt að fara í fæðingarorlof þremur vikum fyrir áætlaðan fæðingardag. Til viðbótar eru fyrstu sex vikurnar sérmerktar þeim og eru þessar níu vikur hluti af þeim 46 vikum sem foreldrar í Noregi eiga rétt á í fæðingarorlof. Feður eiga tíu vikna feðraorlof sem er hluti af þessum 46 vikum. Móðirin getur ekki tekið þann hluta orlofsins en jafnframt er sett það skilyrði að faðirinn geti ekki tekið þær innan sex vikna tímabilsins sem móðirin er í orlofi í beinu framhaldi af barnsburði.

Í **Svíþjóð** fá foreldrar í heildina 480 daga greitt fæðingarorlof, þar af 60 daga sem bundnir eru hvoru foreldri fyrir sig. Mæður geta hafið orlofstöku allt að 60 dögum fyrir áætlaðan

---

[6] *www.missoc.org*

[7] Hver vika er hér sex dagar þannig að hér eru 105 dagar = 17,5 vika.

[8] Þetta mögulega viðbótartímabil er yfirleitt kallað pabbamánuður.

fæðingardag barns. Eftir fæðingu geta foreldrar verið á sama tíma í orlofi og jafnvel unnið hlutavinnu með ef þeir kjósa á móti skertu orlofi. Eina takmörkunin á þessu er að feður eiga rétt á sérstöku tíu daga feðraorlofi í kjölfar fæðingar barns og skal það tekið innan tveggja mánaða frá fæðingu.

9. Yfirlit yfir í hversu miklum mæli foreldrar hér á landi taka fæðingarorlof á sama tíma.

Í þeim tilgangi að meta í hversu miklum mæli foreldrar hér á landi taka fæðingarorlof á sama tíma var farið yfir umsóknir þar sem tveir foreldrar voru á bak við umsóknir vegna barna sem eru fædd árin 2007–2011. Kannað var hvenær foreldrar voru saman í orlofi og hversu oft annað foreldrið var í orlofi fyrir tiltekið tímabil. Í töflu 9 má sjá að af þeim tíma sem foreldrar áttu rétt til fæðingarorlofs voru foreldrar á sama tíma í fæðingarorlofi í um 20% tímans en í um 80% tímans var annað foreldra í orlofi.

Tafla 9: Heildarfjöldi mánaða eftir því hvort foreldrar voru samtímis í orlofi eða ekki vegna barna sem eru fædd árin 2007–2011.

Fæðingarár	2007	2008	2009/1*	2009/2*	2010*	2011**
Fjöldi mánaða eftir því hvort foreldrar voru samtímis í orlofi eða ekki						
Ekki samtímis í orlofi	35.538	37.942	18.843	19.713	35.798	10.904
Samtímis í orlofi	8.940	9.772	4.516	4.648	8.090	1.955
Samtals	**44.478**	**47.714**	**23.359**	**24.361**	**43.888**	**12.859**
Hlutfall af heildarfjölda mánaða						
Ekki samtímis í orlofi	79,9%	79,5%	80,7%	80,9%	81,6%	84,8%
Samtímis í orlofi	20,1%	20,5%	19,3%	19,1%	18,4%	15,2%
Samtals	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**

* Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2009 og 2010 eru ekki endanlegar og miðast við maí 2011.
** Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2011 miðast við janúar–maí 2011.
Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

Einnig var skoðað í þessu samhengi hvort foreldrar voru á einhverjum tímapunkti í orlofi á sama tíma og skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða einn mánuð eða fleiri. Niðurstöðuna má sjá í töflu 10 en þar sést að um 70% foreldra hafa í einhvern hluta orlofsins verið í orlofi á sama tíma vegna barna sem eru fædd á árunum 2007–2009. Hlutfallið hefur lækkað vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2010 og 2011 en hafa ber í huga að tölur fyrir árin 2009, 2010 og 2011 eru ekki endanlegar þar sem foreldrar geta enn verið að nýta réttindi sín. Líklega eru tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2009 þó að mestu endanlegar þar sem ætla má að mæður þeirra barna hafi nú þegar í langflestum tilvikum nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs.

Tafla 10: Fjöldi umsókna eftir því hvort foreldrar voru a.m.k. einu sinni á sama tíma í orlofi vegna barna sem fædd eru árin 2007–2011.*

Fæðingarár	2007	2008	2009/1*	2009/2*	2010*	2011**
Fjöldi umsókna eftir því hvort foreldrar voru a.m.k. einu sinni í orlofi á sama tíma						
Ekki samtímis í orlofi	1.481	1.505	805	888	1.817	747
Samtímis í orlofi	3.228	3.505	1.660	1.729	3.101	777
Samtals	**4.709**	**5.010**	**2.465**	**2.617**	**4.918**	**1.524**
Hlutfall af heildarfjölda mánaða						
Ekki samtímis í orlofi	31,5%	30,0%	32,7%	33,9%	36,9%	49,0%
Samtímis í orlofi	68,5%	70,0%	67,3%	66,1%	63,1%	51,0%
Samtals	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**

* Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2009 og 2010 eru ekki endanlegar og miðast við maí 2011.
** Tölur vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2011 miðast við janúar–maí 2011.
Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

10. Fjárhagsleg áhrif á Fæðingarorlofssjóð ef sá tími sem báðir foreldrargeta verið í fæðingarorlofi á sama tíma yrði takmarkaður.

Óljóst er hvort taka á fæðingarorlofi foreldra myndi breytast ef sá tími sem báðir foreldrar gætu verið í fæðingarorlofi yrði takmarkaður. Ef það er forsenda fyrir töku fæðingarorlofs annars foreldris að hitt foreldrið sé einnig í orlofi þá gæti slíkt haft fjárhagsleg áhrif fyrir Fæðingarorlofssjóð. Engar opinberar upplýsingar um þessi atriði liggja hins vegar fyrir og því er ekki unnt að segja til um fjárhagsleg áhrif sjóðsins ef þessi tími yrði takmarkaður.

11. Upplýsingar um hvort unnið sé að áframhaldandi þróun fæðingar- og foreldraorlofs út frá sjónarhorni barnsins.

Velferðarráðuneytið, áður félags- og tryggingamálaráðuneytið, hefur ávallt verið vakandi gagnvart framkvæmd laganna um fæðingar- og foreldrarorlof og hefur ráðherra ítrekað flutt frumvörp þar sem lagðar hafa verið til breytingar í því skyni að sníða af hugsanlega vankanta sem upp hafa komið við framkvæmd laganna.

Eitt af markmiðum laganna er að tryggja barni samvistir við báða foreldra sína sem og að gefa bæði mæðrum og feðrum kost á að samræma fjölskyldulíf og þátttöku á vinnumarkaði. Þrátt fyrir breytt viðhorf til hlutverka og verkaskiptingar kvenna og karla í samfélaginu eru hin hefðbundnu kynjahlutverk enn mjög ríkjandi í vitund fólks þar sem umönnunarhlutverkið er eignað konum á sama tíma og litið er á karla sem fyrirvinnur heimilanna. Í ljósi þessa var áhersla lögð á að réttur mæðra og feðra til fæðingarorlofs væri ekki framseljanlegur milli foreldra nema í þröngum undantekningartilvikum en það var talið vera einn af lykilþáttum þess að ná framangreindum markmiðum. Í frumvarpi því sem varð að gildandi lögum um fæðingar- og foreldraorlof kemur meðal annars fram að „tilgangur þessa [hafi] meðal annars [verið] að hvetja karla til að gegna skyldum sínum gagnvart börnum sínum og fjölskyldulífi til jafns við konur. Á sama tíma [sé] stuðlað að aukinni atvinnuþátttöku kvenna og báðum foreldrum gert auðveldara að samræma þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í starfi og einkalífi.“

Enn er talin vera uppi sú staða að mikilvægt sé að réttindi foreldra til fæðingarorlofs séu ekki framseljanleg milli þeirra enda þótt mikill meiri hluti feðra hafi nýtt sér réttindi sín frá árinu 2001. Engu síður er það staðreynd að flestar mæður nýta sér sameiginlegan rétt foreldra

til fæðingarorlofs. Enn fremur verður að líta til þeirrar þróunar sem hefur orðið frá árinu 2008 þegar bæði hámarksgreiðslur innan kerfisins voru lækkaðar sem og aðstæður á vinnumarkaði breyttust til hins verra en þá virðist sem feður dragi meira úr töku fæðingarorlofs en mæður. Virðist staðan því enn vera sú að utankomandi aðstæður hafi meiri áhrif á töku feðra á fæðingarorlofi en mæðra. Telja verður að hagsmunir barnsins séu betur tryggðir með því að þessi réttur sé ekki framseljanlegur milli foreldra þar sem leitast er við að tryggja að þau fái notið samvista við báða foreldra og stuðli þar með að jafnri foreldraábyrgð þrátt fyrir að feður nýti sér ekki allir rétt sinn að fullu. Í þessu sambandi ber að geta þess að ekki þótti ástæða til að útiloka forsjárlausa foreldra frá rétti til fæðingarorlofs enda liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof stendur yfir. Slíkt samþykki leiðir af inntaki forsjár. Hins vegar ber foreldri, sem fer eitt með forsjá barns síns, að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema umgengni sé andstæð hag og þörfum barns að mati lögmælts stjórnvalds.

Umræða hefur verið um rétt einhleypra kvenna til töku fæðingarorlofs eftir að hafa eignast börn að undangenginni tæknifrjóvgun. Ljóst er að aðstæður þessara kvenna og barna þeirra eru sérstakar. Velferðarráðuneytið mun því beita sér fyrir því að kannað verði hvort unnt sé að koma til móts við þessar aðstæður með því að auka með einhverjum hætti rétt þessara kvenna til töku fæðingarorlofs.

1921. Skýrsla [400. mál]

velferðarráðherra um stöðu skuldara á Norðurlöndum, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Skýrsla þessi um stöðu skuldara á Norðurlöndum er lögð fyrir Alþingi að beiðni þingmannanna Róberts Marshall, Ólafs Þórs Gunnarssonar, Þórs Saari, Birgis Ármannssonar, Vigdísar Hauksdóttur, Þráins Bertelssonar, Valgerðar Bjarnadóttur, Árna Þórs Sigurðssonar, Atla Gíslasonar og Sigurðar Kára Kristjánssonar á þingskjali 635 í 400. máli á 139. löggjafarþingi 2010–2011.

Inngangur.

Þau úrræði sem standa skuldurum til boða á Norðurlöndum eru að mörgu leyti sambærileg. Fjármálastofnanir bjóða viðskiptavinum almenn úrræði vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika, svo sem frystingu lána og lengingu á lánstíma, en jafnframt er fjármálaráðgjöf hvers konar í boði fyrir skuldara. Athyglisvert er að áhersla er lögð á þjónustu og ráðgjöf fjármála- og skuldaráðgjafa sem starfa hjá sveitarfélögunum í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Einnig er um að ræða símaráðgjöf sem veitt er á landsvísu.

Þeir sem eru komnir í alvarlega greiðsluerfiðleika geta í öllum löndunum sótt um einhvers konar greiðsluaðlögun sem er lögbundið úrræði og eru sambærileg úrræði og greiðsluaðlögun einstaklinga sem er í boði hér á landi samkvæmt lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga. Greiðsluaðlögun felur í sér heildarendurskipulagningu á fjármálum skuldara þar sem allir kröfuhafa koma að málum. Eftir að umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið sam-

þykkt hefst þriggja til fimm ára greiðsluaðlögunartímabil. Á þessum tíma skal skuldari halda sig innan ákveðinna neysluviðmiða og fer það sem eftir stendur af tekjum hlutaðeigandi til niðurgreiðslu skulda. Við lok greiðsluaðlögunartímabilsins eru þær skuldir umsækjanda sem enn eru ógreiddar oftar en ekki afskrifaðar með tilteknum undantekningum.

Í Finnlandi stendur skuldurum einnig til boða félagsleg lán sveitarfélaga sem og sérstök skuldbreytingalán þar sem opinber stofnun gengst í ábyrgð. Þar er markmiðið að hið nýja lán feli í sér lægri greiðslubyrði fyrir skuldara en eldri skuldirnar höfðu. Lánstíminn getur verið allt að átta árum. Þau úrræði sem fjallað er um í þessari skýrslu eiga það öll sameiginlegt að vera ekki bráðabirgðaúrræði heldur gilda ótímabundið.

Munur er á því milli landanna hver fer með ákvörðunarvald í greiðsluaðlögunarmálum. Í Svíþjóð er það á höndum embættis Kronofogden en í Noregi fara rúmlega 400 fógetaembætti landsins með umsóknir um greiðsluaðlögun. Í bæði Danmörku og Finnlandi er það á höndum dómstóla. Í engu þessara landa er að finna embætti sambærilegt við embætti umboðsmanns skuldara.

Í flestum tilfellum geta einstaklingar í rekstri ekki fengið greiðsluaðlögun samþykkta nema að mjög takmörkuðu leyti. Öðru máli gegnir þegar einstaklingar sem hafa rekið fyrirtæki í eigin nafni hafa hætt rekstri en bera engu síður áfram ábyrgð á skuldum þess. Þá hafa sænskar reglur verið rýmkaðar til að ná einnig til aðila með atvinnurekstur að nánari skilyrðum uppfylltum.

Gert er að skilyrði á öllum Norðurlöndum að umsækjandi um greiðsluaðlögun hafi lögheimili í því landi þar sem sótt er um. Þar að auki má finna ýmis skilyrði sem skuldara ber að fullnægja, svo sem hver er tilurð skulda og hverjar eru framtíðarhorfur tekna umsækjanda, en skilyrðin eru mismunandi milli landa.

Athyglisvert er að þar sem nánari bakgrunnsupplýsingar liggja fyrir um þann hóp sem sækir um greiðsluaðlögun þá eru barnlausir einstaklingar um helmingur umsækjanda. Á það bæði við um Svíþjóð og Noreg. Upplýsingar frá Noregi eru frá 2005 en þá voru hjón/sambúðarfólk með börn um 5% umsækjenda en höfðu verið 30% umsækjenda á árinu 1999. Ekki liggja fyrir upplýsingar um þann hóp sem hefur sótt um greiðsluaðlögun í Finnlandi en um helmingur þeirra sem hefur sótt um fjármála- og skuldaráðgjöf þar í landi á árinu 2010 eru einhleypir einstaklingar. Að baki skuldavanda fólks á Norðurlöndum virðast liggja svipaðar ástæður helstar; eyðsla um efni fram, veikindi, skilnaður, atvinnumissir og rekstrarskuldir.

Að því sem næst verður komist er hvergi á Norðurlöndum boðið upp á verðtryggð lán til neytenda.

Svíþjóð.

a. *Tegundir úrræða sem eru í boði fyrir þá sem lenda í greiðsluerfiðleikum, sundurliðað eftir því hvort þau eru tímabundin eða ekki, og hversu lengi þau úrræði hafa verið í boði og hvernig þau hafa reynst.*

Flest skuldamál í Svíþjóð eru leyst með frjálsum samningum milli skuldara og lánadrottna. Ef skuldir eru miklar og samningar nást ekki má sækja um sértæka greiðsluaðlögun samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun (*s. skuldsaneringslag*).

Þurfi skuldari ekki á sértækri greiðsluaðlögun að halda eða ef hann uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru fyrir greiðsluaðlögun, svo sem ef umsækjandi hefur áður hlotið greiðsluaðlögun, getur hann leitað til fjármála- og skuldaráðgjafa hjá því sveitarfélagi þar sem hann hefur lögheimili. Skuldaráðgjafi aðstoðar bæði við sértæka greiðsluaðlögunarferlið sem og við að koma á frjálsum samningi milli skuldara og kröfuhafa. Auk þess veitir skuldaráðgjafi

almenna fjármálaráðgjöf. Almenn úrræði sem unnt er að semja um eru meðal annars lenging lánstíma, endurfjármögnun skulda, lægri vextir, frysting vaxtagreiðslna, afskriftir og endurskoðuð greiðsluáætlun.[1]

Sænsku lögin um greiðsluaðlögun voru fyrst sett árið 1994 og síðan endurskoðuð árið 2007 (2006:548) og aftur í júlí 2011 (2010/11.31). Markmið lagabreytingarinnar árið 2007 var að einfalda umsóknarferlið og tryggja skilvirkari úrvinnslu mála. Með það að markmiði var fallið frá því skilyrði að umsækjendur hefðu reynt að ná samkomulagi við kröfuhafa sína áður en sótt væri um greiðsluaðlögun. Breytingin frá 2011 nær til einstaklinga í rekstri og rýmkar möguleika þeirra til greiðsluaðlögunar. Eftir lagabreytinguna eiga einstaklingar í rekstri möguleika á greiðsluaðlögun að því gefnu að auðvelt sé að afla upplýsinga um umfang reksturs og afkomu fyrirtækisins.[2]

Greiðsluaðlögunarmál heyra undir embætti *Kronofogden* sem vinnur úr umsóknum um greiðsluaðlögun og fer með ákvörðunarvald. Þeim ákvörðunum sem embættið tekur í greiðsluaðlögunarmálum má áfrýja til dómstóla.

Við samþykkt umsóknar um greiðsluaðlögun hefst greiðsluaðlögunartímabil og þar með frestun greiðslna. Samkvæmt sænskum lögum getur greiðsluaðlögunartímabilið verið allt að fimm ár. Möguleiki er á tveggja ára lengingu sem er háð samþykki skuldara og kröfuhafa. Á greiðsluaðlögunartímabilinu skuldbindur umsækjandi sig til að halda sig innan tiltekinnar lágmarksframfærslu (*s. existensminimum*). Lágmarksframfærslan skiptist í húsnæðiskostnað og ráðstöfunarfé (*s. normalbelopp*). Ráðstöfunarfé fyrir barnlausan einstakling er 4.549 sænskar krónur á mánuði en 7.515 sænskar krónur á mánuði fyrir sambúðarfólk/hjón. Fyrir hvert barn undir sjö ára aldri hækkar fjárhæðin um 2.413 sænskar krónur á mánuði og 2.778 sænskar krónur á mánuði fyrir hvert barn sjö ára og eldra.[3] Allar umframtekjur skulu fara til niðurgreiðslu skulda. Að fimm árum liðnum eru flestar þær kröfur sem eftir standa afskrifaðar en það á þó ekki við um meðlagsskuldir, skattaskuldir og veðskuldir.[4]

Þau úrræði sem hér hafa verið talin upp eru ekki hugsuð sem úrræði til bráðabirgða heldur til langtíma og eru því ótímabundin.

b. Hverjir hafa nýtt sér úrræði vegna greiðsluerfiðleika, sundurliðað eftir fjölda og hvort um er að ræða einstaklinga eða einstaklinga í rekstri með ótakmarkaða ábyrgð, sundurliðað m.a. eftir aldri, félagslegum aðstæðum og fjölskyldustærð.

Embætti *Kronofogden* hefur aldrei tekið við fleiri umsóknum um greiðsluaðlögun en árið 2010 þegar umsóknirnar voru 7.987 talsins. Frá upphafi hefur ríflega helmingur umsókna verið samþykktur. Sjá má merkjanlega fjölgun umsókna eftir lagabreytinguna 2007.

---

[1] http://www.konsumentverket.se/privatekonomi/Skulder/Alternativalosningar/#Frivilligaoverrenskommelser

[2] http://www.riksdagen.se/webbnav/?nid=37&dok_id=GY0331

[3] http://kronofogden.se/vanligafragor/fragorochsvar/utmatning/utmatningavlon.5.2132aba31199fa6713e800018394.html

[4] Ráðuneyti barna, jafnréttis og félagslegrar aðlögunar í Noregi (n. *Barne-, likestillings- og inkluderingsdepartementet*).

Mynd 1: Fjöldi umsókna og samþykktra umsókna um greiðsluaðlögun í Svíþjóð.



Heimild: Embætti Kronofogden.

Endurskoðuð lög um greiðsluaðlögun tóku gildi 1. júlí 2011 í Svíþjóð. Með þeim lögum var réttur einstaklinga í atvinnurekstri til greiðsluaðlögunar rýmkaður en fyrir breytinguna gátu þeir sem voru með atvinnurekstur einungis sótt um greiðsluaðlögun væri um að ræða umfangslítinn rekstur. Einstaklingur sem rak til dæmis smíðaverkstæði eða hárgreiðslustofu átti ekki rétt á greiðsluaðlögun fyrir lagabreytinguna.[5] Tölulegar upplýsingar um greiðsluaðlögun frá því fyrir lagabreytingu eiga því í flestum tilvikum við um einstaklinga sem ekki voru með atvinnurekstur.

Árið 2010 voru konur 48% umsækjenda um greiðsluaðlögun í Svíþjóð. Eins og sjá má á mynd 2 virðist sem skuldavandi fólks aukist með aldrinum í Svíþjóð en þriðjungur umsækjenda um greiðsluaðlögun er á aldrinum 50–59 ára en tæplega 90% umsækjenda er 40 ára eða eldri.

[5] http://kronofogden.se/nyheterpressrum/presstjanst/pressmeddelanden/2011/pressmeddelanden/flerfarmojlighettillskuldsanering.5.70ac421612e2a997f85800093663.html

Mynd 2: Aldursskipting umsækjenda um greiðsluaðlögun árið 2010 í Svíþjóð.



Heimild: Embætti Kronofogden.

Tæplega þriðjungur umsækjenda um greiðsluaðlögun hefur launatekjur (31%) og eru öryrkjar jafn stór hópur. Þá eru 15% ellilífeyrisþegar en lítill hluti umsækjenda fær greiddar atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum.

Mynd 3: Tekjur umsækjenda um greiðsluaðlögun árið 2010 í Svíþjóð.



Heimild: Embætti Kronofogden.

Mynd 4: Hjúskaparstaða umsækjenda um greiðsluaðlögun árið 2010 í Svíþjóð.



Heimild: Embætti Kronofogden.

Mynd 5: Fjöldi barna á framfærslu umsækjenda um greiðsluaðlögun árið 2010 í Svíþjóð.



Heimild: Embætti Kronofogden.

Mynd 6: Uppruni skulda umsækjenda um greiðsluaðlögun árið 2010 í Svíþjóð.



Heimild: Embætti Kronofogden.

Athyglisvert er að meirihluti þeirra sem sækja um greiðsluaðlögun í Svíþjóð eru einstæðir og barnlausir. Enn fremur virðist sem skuldir umsækjenda megi að stórum hluta (44%) rekja til þess að þeir hafi eytt um efni fram.

c. *Skilyrði fyrir nýtingu úrræðanna, svo sem skilyrði um lögheimili og búsetu, ríkisborgararétt eða að skuldir séu ekki tengdar atvinnurekstri.*

Skilyrði er að umsækjandi hafi lögheimili í Svíþjóð og að hann hafi ekki verið sviptur leyfi til atvinnureksturs. Jafnframt er það skilyrði að hlutaðeigandi hafi ekki fengið áður samþykkta umsókn um greiðsluaðlögun. Eftir lagabreytinguna í júlí 2011 eiga einstaklingar í rekstri möguleika á greiðsluaðlögun að því gefnu að auðvelt sé að afla upplýsinga um umfang rekstrar og afkomu fyrirtækisins.

d. *Hvort sambærileg embætti við umboðsmann skuldara eru starfrækt og ef svo er, hversu lengi þau hafa verið starfrækt. Hver eru verkefni embættanna, málafjöldi og afgreiðslutími?*

Kronofogden er ríkisstofnun í Svíþjóð sem vinnur úr umsóknum um greiðsluaðlögun og fer með ákvörðunarvald. Stofnunin sinnir auk þess fræðslu og forvörnum, hefur umsjón með gjaldþrotamálum og heldur utan um upplýsingar um vanskil.[6]

Innan *Kronofogden* starfa fimm skrifstofur á sviði greiðsluaðlögunar og eru þær dreifðar um landið. Meðalafgreiðslutími greiðsluaðlögunarmála hjá stofnuninni er um sex mánuðir en umfang mála kann að hafa áhrif á lengd afgreiðslutíma og getur þar munað mörgum mánuðum. Meðalafgreiðslutími umsókna sem er synjað er um þrír og hálfur mánuður.

Í öllum sveitarfélögum í Svíþjóð er að finna fjármála- og skuldaráðgjafa og eru þeir um 400 talsins. Þeir koma meðal annars að greiðsluaðlögun einstaklinga og er það talið mikilvægt svo greiðsluaðlögunin geti skilað tilætluðum árangri. Afgreiðslutími er mjög misjafn eftir eðli mála.

---

6 http://kronofogden.se/omkronofogden/allmantomkronofogden/paandrasprakinotherlanguages/engelska.4.7856a2b411550b99fb7800086559.html

Neytendastofa (*s. Konsumerverket*) hefur það hlutverk að leiðbeina og styðja við skuldaráðgjöfina sem er að finna hjá sveitarfélögunum. Neytendastofa skal einnig veita stuðning í formi þjálfunar ráðgjafa, útgáfu handbóka, öflunar upplýsinga og tölfræðilegrar úrvinnslu.[7]

Árið 2010 bárust *Kronofogden* 7.987 umsóknir um greiðsluaðlögun og voru 4.874 þeirra samþykktar.

e. Helstu ástæður þess að menn leita úrræðanna, t.d. félagslegar aðstæður, veikindi, atvinnumissir, efnahagslegar aðstæður í landinu.

Ljóst er að þó nokkrar ástæður voru fyrir því að fólk sótti um greiðsluaðlögun í Svíþjóð á árinu 2010. Þannig sótti rúmlega fjórðungur umsækjenda um vegna veikinda og 14% höfðu eytt um efni fram. Þá var atvinnuleysi nefnt í 11% tilvika og skilnaður í 12% tilvika en fjórðungur þeirra sem sótti um greiðsluaðlögun nefndi aðrar ótilgreindar ástæður eins og sjá má á mynd 7.

Mynd 7: Ástæður að baki umsókn um greiðsluaðlögun árið 2010 í Svíþjóð.



Heimild: Embætti Kronofogden.

f. Upplýsingar um þær reglur sem gilda um upphaf, lögvernd, innheimtuvernd og lok krafna.

Kröfur stofnast með samningi, lögum eða háttsemi. Opinberar kröfur, svo sem skattar, opinber gjöld, tollar og sektir eru lögbundnar. Skaðabótakröfur eru dæmi um kröfur sem stofnast vegna tiltekinnar háttsemi. Getur til dæmis verið um að ræða kröfur vegna tjóns á munum eða vegna líkamstjóns. Þó má ætla að kröfur sem stofnað er til á grundvelli samnings milli tveggja eða fleiri aðila séu algengastar. Dæmi um slíka samninga eru bankalán, húsaleigusamningar og kaupsamningar.

Í Svíþjóð ríkir samningsfrelsi og eru kröfur almennt lögverndaðar. Ákveðnar kröfur njóta þó ekki lögverndar, svo sem kröfur sem stofnast á grundvelli samninga þar sem nauðung hefur verið beitt við samningsgerðina enda gilda meginreglur kröfuréttar um ógildingu slíkra samninga.

Kröfuhafi getur leitast við að innheimta kröfuna sjálfur áður en hann fer fram á fullnustu hennar með aðför fyrir atbeina embættis *Kronofogden* en mælt er fyrir um innheimtuferlið

[7] Svar Karin Nordenson, Konsumerverket.

í lögum (*s. inkassolagen*). Á grundvelli laganna getur kröfuhafi krafist sérstaks innheimtugjalds af skuldara sem var 160 sænskar krónur í ársbyrjun 2011. Ekki er nauðsynlegt að láta reyna á innheimtu með þessum hætti áður en höfðað er mál fyrir dómstólum til fullnustu kröfunnar.

Aðfararbeiðni (*s. exekutionstitel*) liggur ávallt til grundvallar aðför í Svíþjóð. Oftast er um að ræða dómsúrskurð en einnig getur verið um að ræða stjórnvaldsákvarðanir, þar á meðal ákvarðanir embættis *Kronofogden*, sem og erlenda dóma eða erlendar stjórnvaldsákvarðanir sem viðurkenndar eru í Svíþjóð.

Embætti *Kronofogden* tekur ákvörðun um aðför ef skuldari mótmælir ekki kröfunni. Ákvörðun embættisins má líkja við einfaldaða málsmeðferð fyrir dómstólum og er mælt fyrir um málsmeðferðina í lögum. Þessu ferli er ætlað að fækka þeim málum sem dómstólar taka til meðferðar að því er varðar óumdeildar kröfur. Ef skuldari mótmælir er krafan tekin til hefðbundinnar meðferðar fyrir dómstólum.

Embætti *Kronofogden* annast framkvæmd aðfarargerða í Svíþjóð. Mælt er fyrir um ferlið í lögum og fjöldi reglna hefur verið settur til verndar réttindum skuldara. Meðal annars eru reglur um að skuldari fái tiltekinn tíma til að bregðast við áður en ferlið hefst og að skuldari geti mótmælt kröfu.

Opinberar kröfur, svo sem skattar, sektir og tollar, fyrnast á fimm árum eftir að þær hafa verið lagðar inn hjá embætti *Kronofogden*. Almennt er ekki unnt að rjúfa fyrningarfrest opinberra krafna. Kröfur einkaréttarlegs eðlis fyrnast annars vegar á þremur árum (almennar kröfur) og hins vegar á tíu árum (aðrar kröfur, þar með talin skuldabréf). Unnt er að rjúfa fyrningarfrest krafna einkaréttarlegs eðlis. Kröfur geta fallið niður með öðrum hætti en efndum eða fyrningu, svo sem með samningi, niðurfellingu í tengslum við greiðsluaðlögun, eða annars konar niðurfellingu skulda.

g. Upplýsingar um reglur um verðtryggingu lána, hversu algeng þau eru og hvaða vexti lán bera.

Samkvæmt upplýsingum frá sænsku neytendastofunni er ekki unnt að fá verðtryggð lán í Svíþjóð.

Lesefni og tenglar.

Embætti fógetafulltrúa:
http://kronofogden.se/
Lög um greiðsluaðlögun:
http://62.95.69.3/sfsdoc/06/060548.pdf
Endurskoðun á lögum um greiðsluaðlögun:
http://www.riksdagen.se/webbnav/?nid=37&dok_id=GY0331
Umsóknir um greiðsluaðlögun, tölfræði:
http://www.kronofogden.se/nyheterpressrum/statistik/skuldsanering/2011.4.6fdde64a12cc4eee23080004988.html
Upplýsingar frá neytendastofu um greiðsluaðlögun:
http://www.konsumentverket.se/privatekonomi/Skulder/Skuldsanering/
”Alla vill göra rätt för sig – Överskuldsättningen orska och konsekvenser”:
http://www.kronofogden.se/download/18.19b9f599116a9e8ef36800024028/Slutrapport+Alla+vill+g%C3%B6ra+r%C3%A4tt+f%C3%B6r+sig+januari+2008.pdf
”Vägen tillbaka för överskludsatta”:
http://www.sweden.gov.se/content/1/c6/11/20/95/fe91859c.pdf

Noregur.

a. Tegundir úrræða sem eru í boði fyrir þá sem lenda í greiðsluerfiðleikum, sundurliðað eftir því hvort þau eru tímabundin eða ekki, og hversu lengi þau úrræði hafa verið í boði og hvernig þau hafa reynst.

Í Noregi eru einkum tvenns konar úrræði í boði fyrir fólk í greiðsluerfiðleikum. Annars vegar frjálsir samningar milli skuldara og kröfuhafa sem gerðir eru með aðstoð skuldaráðgjafa og hins vegar greiðsluaðlögun (*n. gjeldssanering*) samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun. Þar að auki er boðið upp á fjármála- og skuldaráðgjöf hjá sveitarfélögunum og símaráðgjöf á landsvísu. Ráðgjafarþjónustan stendur fólki til boða án endurgjalds.

Fjármálaráðgjöf á landsvísu var komið á sem tilraunaverkefni árið 1991. Árið 1993 var komið á fót skipulagðri fjármálaráðgjöf á ábyrgð sveitarfélaga um allan Noreg og er öllum sveitarfélögum skylt að bjóða upp á slíka ráðgjöf. Fjármálaráðgjöfin er fyrsta og veigamesta úrræðið þegar kemur að því að fyrirbyggja og ráða bót á fjárhagsvanda heimila. Í Noregi er það viðurkennt að ráðgjöf sem þessi sé afgerandi þáttur í að ná góðum árangri við að ráða fram úr skuldamálum heimila.

Reynslan af ráðgjafarþjónustunni er almennt jákvæð. Kannanir benda til að mikill fjöldi skuldara nái samningum við kröfuhafa sína með aðkomu þessarar ráðgjafarþjónustu. Helsta vandamálið er að tryggja að ráðgjafarþjónusta hvers sveitarfélags hafi yfir að ráða nægilegri hæfni og afkastagetu til að vel megi leysa úr erindum. Á stöku stað er biðtími mála lengri en æskilegt getur talist, meðal annars vegna aukins málafjölda síðustu ára. Reynt er að tryggja hæfni starfsfólks með ítarlegri þjálfun og námi tengdu ráðgjöfinni.

Símaráðgjöf var komið á fót árið 2009. Við ráðgjöfina starfa sérfræðingar í fjármálaráðgjöf og skuldamálum og taka þeir á móti fyrirspurnum frá landinu öllu. Viðhorf til þjónustunnar var kannað árið 2010 og fékk góða umsögn notenda. Þannig voru 88% notenda ánægðir með viðmót ráðgjafa, 80% voru ánægðir með þau ráð sem þeir fengu og 85% voru þeirrar skoðunar að mál þeirra hefðu fengið skjóta afgreiðslu. Litið er á símaráðgjöfina sem upphafsúrræði fyrir þá sem eiga á hættu að lenda í greiðsluerfiðleikum og sem viðbót við fjármálaráðgjöf sveitarfélaga.

Markmiðið með greiðsluaðlögun er að skuldari fái tækifæri á að koma skipulagi á fjármál sín en í því felst almennt uppgjör sem allir kröfuhafar skuldarans eru aðilar að, jafnt einkaaðilar og opinberir aðilar. Lög um greiðsluaðlögun (1992-07-17-99) komu til framkvæmda 1. janúar 1993. Greiðsluaðlögun gerir einstaklingum mögulegt að endurskipuleggja fjármál sín með skipulögðu uppgjöri sem opinber stofnun annast. Umsókn um greiðsluaðlögun skal lögð inn til fógeta (*n. namsmannen*) sem veitir leiðsögn og aðstoðar skuldara gegnum ferlið. Greiðsluaðlögunin kemst á með samkomulagi við kröfuhafa (frjáls greiðsluaðlögun) eða með ákvörðun dómstóls (þvinguð greiðsluaðlögun). Greiðsluaðlögunin er í reynd samkomulag þess efnis að skuldarinn dragi úr útgjöldum í því skyni að geta greitt sem mest af skuldum sínum á greiðsluaðlögunartímabilinu sem venjulega stendur yfir í fimm ár. Við greiðsluaðlögun er eingöngu haldið eftir nauðsynlegum hluta eigna og tekna skuldara en hann heldur eftir sem nemur 85% af lágmarksframfærslu. Árið 2010 var sú fjárhæð 10.715 norskar krónur á mánuði fyrir einstakling en 19.824 norskar krónur fyrir hjón/sambúðarfólk. Fyrir hvert barn á aldrinum 0–5 ára hækkar fjárhæðin um 1.930 norskar krónur á mánuði, 2.490 norskar krónur fyrir hvert barn á aldrinum 6–10 ára og 3.165 norskar krónur fyrir hvert barn 11 ára og eldra.[8] Við lok tímabilsins er venja að þær skuldir sem enn standa eftir séu afskrifaðar. Norsku lögin um greiðsluaðlögun má nálgast á slóðinni http://www.lovdata.no.

[8] http://www.regjeringen.no/nb/dep/bld/dok/rundskriv/2010/gjeldsordningsloven---veiledendelivsopp. html?id=610530

Greiðsluaðlögun hefur almennt reynst vel í Noregi sem úrræði fyrir mikið skuldsett heimili. Reynt hefur verið með lagabreytingum að sníða af þá vankanta sem hafa komið í ljós við framkvæmd laganna en lögin voru meðal annars endurskoðuð árið 2002. Reynslan hafði sýnt að í mörgum tilfellum tók langan tíma að hefja greiðsluaðlögunarferlið, vandkvæði komu upp í sambandi við opinbera kröfuhafa og greiðsluaðlögunartímabilið var í mörgum tilfellum of langt. Auk þess lenti hluti umsækjenda í vanda varðandi kröfur sem vegna mistaka voru ekki hluti þeirra krafna sem lágu til grundvallar greiðsluaðlögunar. Eftir lagabreytingu var embætti fógeta veitt heimild til að hefja skuldasamningaviðræður án milligöngu dómstóla, opinberir kröfuhafar voru í auknum mæli færðir undir lögin og fyrrnefndar kröfur, sem ekki voru hluti þeirra krafna sem lágu til grundvallar greiðsluaðlögunar, skyldu afskrifaðar að greiðsluaðlögunartímabili loknu. Auk þess voru reglur um tímalengd greiðsluaðlögunartímabilsins hertar. Unnið er að annarri endurskoðun laganna þar sem helsta áherslan er á greiðsluaðlögunartímabilið og hvert eigið framlag skuldara til greiðsluaðlögunar eigi að vera. Einnig er stefnt á að úrvinnsla umsókna verði miðstýrðari en nú er þar sem rúmlega 400 fógetaembætti taka á móti og afgreiða umsóknir um greiðsluaðlögun. Umsóknafjöldi hefur aukist mikið undanfarið og aldrei hefur verið tekið á móti fleiri umsóknum en árið 2010.

Þau úrræði sem hér hafa verið talin upp eru ekki hugsuð sem úrræði til bráðabirgða heldur til langtíma og eru því ótímabundin.

b. Hverjir hafa nýtt sér úrræði vegna greiðsluerfiðleika, sundurliðað eftir fjölda og hvort um er að ræða einstaklinga eða einstaklinga í rekstri með ótakmarkaða ábyrgð, sundurliðað m.a. eftir aldri, félagslegum aðstæðum og fjölskyldustærð.

Stöðugt fleiri nýta sér úrræði greiðsluaðlögunar í Noregi. Aldrei hafa fleiri umsóknir borist en árið 2010 og útlit er fyrir að umsóknum fjölgi enn árið 2011. Eftirtektarvert er hve hlutfall mála sem enda með frjálsri greiðsluaðlögun hefur aukist.

Tafla 1: Umsóknir um greiðsluaðlögun í Noregi.

Ár	Umsóknir	Frjáls greiðsluaðlögun	Þvinguð greiðsluaðlögun
2000	1.747	816	556
2001	1.594	960	473
2002	1.639	1.063	448
2003	1.995	1.063	448
2004	2.559	1.526	584
2005	2.671	1.675	584
2006	2.138	1.511	472
2007	2.087	1.396	359
2008	2.188	1.613	338
2009	2.643	1.670	312
2010	3.291	2.268	446
2011 (1.fjórðungur)	1.166	819	169

Heimild: Ráðuneyti barna, jafnréttis og félagslegrar aðlögunar í Noregi.

Mynd 8: Fjöldi umsókna um greiðsluaðlögun eftir mánuðum í Noregi.



Heimild: Ráðuneyti barna, jafnréttis og félagslegrar aðlögunar í Noregi.

Takmarkaðir möguleikar eru fyrir einstaklinga með atvinnurekstur að undirgangast greiðsluaðlögun samkvæmt norskum lögum. Engar tölur eru til um hlutfall þess hóps af heildarfjölda þeirra sem hafa fengið greiðsluaðlögun samþykkta, en gera má ráð fyrir að það sé hverfandi hluti. Aftur á móti hefur nokkuð hátt hlutfall þeirra sem fengið hafa greiðsluaðlögun samþykkta verið áður með atvinnurekstur. Það eru þá einstaklingar sem hafa verið með atvinnurekstur með ótakmarkaða ábyrgð og bera þar með ábyrgð á skuldum eftir að rekstri er hætt. Engar nákvæmar fjöldatölur eru til um stærð þessa hóps en samkvæmt könnunum má gera ráð fyrir að hlutfallið sé milli 35 og 40%.

Nýjustu tölur um félagslegar aðstæður umsækjenda eru frá árinu 2005 en ekki er ástæða til að ætla að tölurnar hafi breyst mikið. Samkvæmt þeim er meðalaldur umsækjenda um greiðsluaðlögun 46 ár. Hlutfall kvenna af heildarfjölda umsækjenda var 29%, hlutfall þeirra sem lokið hafa langskólanámi var 14% og hlutfall erlendra ríkisborgara var 17%.

Flestir umsækjendur voru barnlausir einstaklingar eða 53%. Einstæðir foreldrar voru 29%, barnlaus hjón/sambúðarfólk 12% og hjón/sambúðarfólk með barn/börn einungis 5%. Umtalsverð breyting hefur orðið á hlutfalli þeirra umsækjenda sem annaðhvort voru í hjónabandi eða í sambúð með barn/börn en hlutfallið hefur farið úr 30% á árinu 1999 niður í 5% á árinu 2005.[9]

Á árunum 2007–2009 var heildarfjöldi þeirra sem nýttu sér fjármálaráðgjöf sveitarfélaga 26.354 (2007), 28.066 (2008) og 30.292 (2009). Á tímabilinu janúar til maí 2010 nýttu 2.463 einstaklingar sér símaráðgjöf. Ekki liggur fyrir sundurliðuð tölfræði varðandi þá sem leita ráðgjafar hjá sveitarfélögum eða nýta sér símaráðgjöf.

[9] http://www.sifo.no/files/file58032_oppdragsrapport_nr_2005-07-web.pdf

c. Skilyrði fyrir nýtingu úrræðanna, svo sem skilyrði um lögheimili og búsetu, ríkisborgararétt eða að skuldir séu ekki tengdar atvinnurekstri.

Greiðsluaðlögunin, fjármálaráðgjöfin og símaráðgjöfin eru allt úrræði sem ætluð eru einstaklingum í fjárhagserfiðleikum.

Ekki þarf að uppfylla formleg skilyrði til að geta nýtt sér fjármálaráðgjöf sveitarfélaga og símaráðgjöfina. Í raun geta einstaklingar með atvinnurekstur leitað þar aðstoðar þó þeir falli utan þess hóps sem þjónustan er ætluð. Engin krafa er gerð um lögheimili, búsetu eða ríkisborgararétt.

Umsækjendur um greiðsluaðlögun þurfa samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun að uppfylla strangari skilyrði. Skilyrði er að umsækjandi hafi lögheimili í Noregi en hann þarf hins vegar ekki að vera norskur ríkisborgari. Einstaklingar með atvinnurekstur geta fengið greiðsluaðlögun að því gefnu að reksturinn sé smár í sniðum og einungis lítill hluti heildarskulda tengist rekstrinum en alla jafna er miðað við um það bil 5%.[10] Ef rekstri er hætt gilda aftur á móti engar sérstakar reglur varðandi hlutfall skulda. Viðskiptaskuldir reiknast þá inn í greiðsluaðlögunina með öðrum skuldum og eru dæmi um afskriftir viðskiptaskulda að fjárhæð rúmlega 100 milljónir norskra króna.

d. Hvort sambærileg embætti við umboðsmann skuldara eru starfrækt og ef svo er, hversu lengi þau hafa verið starfrækt. Hver eru verkefni embættanna, málafjöldi og afgreiðslutími?

Í Noregi er ekki starfrækt embætti sem er sambærilegt við embætti umboðsmanns skuldara hér á landi. Fjármálaráðgjöf einstaklinga er á höndum sveitarfélaga og fógetaembætti landsins annast greiðsluaðlögunarmál. Afgreiðslutími greiðsluaðlögunarmála skal ekki vera lengri en þrír mánuðir. Afgreiðslutími flestra fógetaembætta er innan þeirra marka þrátt fyrir mikla aukningu í fjölda umsókna.

e. Helstu ástæður þess að menn leita úrræðanna, t.d. félagslegar aðstæður, veikindi, atvinnumissir, efnahagslegar aðstæður í landinu.

Í byrjun tíunda áratugarins var helsta ástæða greiðsluaðlögunar aukið atvinnuleysi ásamt lækkandi fasteignaverði. Árið 2011 eru helstu ástæðurnar hins vegar veikindi, skuldir sem komið hafa til í tengslum við atvinnurekstur og ofnotkun ýmissa fjármögnunarmöguleika, svo sem greiðslukorta. Í Noregi er ekki haldin skrá yfir skuldir fólks og því geta fjármálastofnanir ekki séð hvort aðili sem sækir um lán skuldi mikið hjá öðrum lánastofnunum. Þetta fyrirkomulag er til athugunar í Noregi. Ekkert hámark er á vöxtum útlána í Noregi og geta yfirdráttar- og neyslulán borið 20% ársvexti. Húsnæðislán bera hins vegar 3–4% vexti.

f. Upplýsingar um þær reglur sem gilda um upphaf, lögvernd, innheimtuvernd og lok krafna.

Kröfur stofnast með samningi eða lögum. Opinberar kröfur, svo sem skattar og opinber gjöld, eru lögbundnar. Einnig er unnt að stofna til krafna á grundvelli samnings milli tveggja eða fleiri aðila, til dæmis með samningi um bankalán. Enn fremur geta kröfur stofnast með tiltekinni háttsemi og eru skaðabótakröfur dæmi þess.

Statens Innkrevingssentral annast framkvæmd aðfarargerða í Noregi. Mælt er fyrir um ferlið í lögum og fjöldi reglna hefur verið settur til verndar réttindum skuldara. Er meðal annars mælt fyrir um að skuldara sé ávallt tryggð lágmarksframfærsla auk þess sem skuldara

[10] Sjá lög um greiðsluaðlögun § 1-2, http://www.lovdata.no/all/tl-19920717-099-001.html#1-2

er heimilt að halda eftir tilteknum hluta eigna og tekna.[11] Þegar um er að ræða greiðsluaðlögun er miðað við að umsækjanda sé tryggð framfærsla sem nemur 85% af lágmarksframfærslu.[12]

Samkvæmt norskum lögum fyrnast kröfur að jafnaði eftir þrjú ár. Þetta á við um almennar kröfur, svo sem kröfur á grundvelli reikninga fyrir rafmagni og síma ásamt vörureikningum vegna innkaupa. Kröfur á grundvelli peningalána og skuldabréfa fyrnast á tíu árum. Unnt er að rjúfa fyrningarfrest krafna og koma þannig í veg fyrir að krafa fyrnist. Í norskum lögum er ekki að finna ákvæði þar sem kveðið er á um endanlega fyrningu krafna. Kröfur geta fallið niður með öðrum hætti en efndum eða fyrningu, svo sem með skuldajöfnun, niðurfellingu, niðurfellingu í tengslum við greiðsluaðlögun og vegna andláts skuldara. Fjárhagslegar skuldbindingar falla ekki niður verði einstaklingur gjaldþrota.

g. Upplýsingar um reglur um verðtryggingu lána, hversu algeng þau eru og hvaða vexti lán bera.

Ekki er vitað til þess að boðið sé upp á verðtryggð lán í Noregi. Bankar hafa boðið upp á gengislán (*n. valutalån*) en þau hafa ekki náð mikilli útbreiðslu í Noregi. Ástæða þess má vera að bankar hafi varað við þeirri áhættu sem lánunum fylgir og vaxtastig hefur verið lágt í Noregi. Tölfræði um útbreiðslu þessara lána liggur ekki fyrir en gera má ráð fyrir að umfang þeirra sé smávægilegt. Ekki er vitað til þess að slík lán hafi haft áhrif á skuldamál í Noregi svo heitið geti.

Lesefni og tenglar.

Lög um greiðsluaðlögun:
http://www.lovdata.no/cgi-wift/wiftldles?doc=/app/gratis/www/docroot/all/nl-19920717-099.html&emne=gjeldsordningslov&*
Norsk lög:
http://www.lovdata.no
Tölulegar upplýsingar um fjármálaráðgjöf sveitarfélaga:
http://www.sifo.no/page/preview/preview/10081/71929.html
Umsóknir um greiðsluaðlögun, tölulegar upplýsingar og sundurliðun:
http://www.sifo.no/files/file58032_oppdragsrapport_nr_2005-07-web.pdf
Upplýsingar um símaráðgjöf:
http://www.nav.no/Arbeid/219584.cms
Úttekt á símaráðgjöf:
http://www.sifo.no/page/preview/preview/10081/77453.html

Danmörk.

a. Tegundir úrræða sem eru í boði fyrir þá sem lenda í greiðsluerfiðleikum, sundurliðað eftir því hvort þau eru tímabundin eða ekki, og hversu lengi þau úrræði hafa verið í boði og hvernig þau hafa reynst.

Bankakerfið gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að fjármálum almennings í Danmörku. Danir eru oftast í viðskiptum við einn banka og leita til hans í tengslum við alla fjárhagslega fyrirgreiðslu lendi þeir í greiðsluerfiðleikum, svo sem vegna atvinnumissis,

[11] Sjá dekningsloven 2. kafla, sérstaklega § 2-3 og 2-7, http://www.lovdata.no/all/tl-19840608-059-003.html
[12] http://www.regjeringen.no/nb/dep/bld/dok/rundskriv/2010/gjeldsordningsloven---veiledendelivsopp.html?id=610530

rekstrarerfiðleika eða veikinda. Í þeim tilvikum reyna bankarnir að koma til móts við breyttar aðstæður viðskiptavina sinna, meðal annars með því að grípa til einstaklingsbundinna aðgerða sem líklegar eru til að þjóna sem best hagsmunum hlutaðeigandi viðskiptavina. Hið sama gildir þegar fólk leitar aðstoðar hjá húsnæðislánasjóði sínum. Árið 2004 voru átta húsnæðislánasjóðir starfandi í Danmörku. Húsnæðislánasjóðir eru þeir einu sem hafa leyfi til að veita lán með veði í íbúðarhúsnæði með því að gefa út íbúðarskuldabréf (*d. realkreditobligationer*).

Iðulega er hagsmunum dönsku bankanna betur borgið með því að reyna að finna lausnir á greiðsluerfiðleikum viðskiptavina sinna í stað þess að hefja innheimtuaðgerðir. Yfirleitt reyna bankarnir því að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna sem leita til þeirra vegna greiðsluerfiðleika. Einstaka sinnum bjóða bankarnir þó nauðasamninga ef aðstæður gefa tilefni til en það er hins vegar þrautalending bankanna að krefjast gjaldþrotaskipta á búum viðskiptavina sinna. Viðskiptavinir dönsku bankanna þurfa þó oft að greiða fyrir þau úrræði sem bankarnir bjóða þar sem bankarnir hafa jafnframt sína hagsmuni í huga ekki síður en hagsmuni viðskiptavina sinna.

Hvaða úrræði koma til greina ræðst af aðstæðum hverju sinni. Sé viðkomandi viðskiptavinur til dæmis tekjulaus en á samt sem áður von á tekjum eru afborganir felldar niður tímabundið. Þá er reynt að létta greiðslubyrðina með því að lengja lánið sé um varanlega tekjuskerðingu að ræða.

Ef ljóst er að skuldari geti ekki staðið skil á skuldum sínum á hann þess kost að sækja um greiðsluaðlögun. Ákvæði um greiðsluaðlögun í Danmörku er að finna í lögum sem sett voru árið 1984 um gjaldþrotaskipti. Í Danmörku er það eitt af hlutverkum skiptaréttar *(d. skifteretten*) að leggja mat á umsóknir um greiðsluaðlögun.

Markmiðið með greiðsluaðlögun er að gera skuldara í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín þannig að raunhæft sé að hann geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð. Greiðsluaðlögunin felur annaðhvort í sér niðurfellingu skulda að öllu leyti eða niðurfærslu skulda að þeirri fjárhæð sem talið er að viðkomandi skuldari ráði við að greiða afborganir af og er sú leið algengari. Er þá gerð greiðsluáætlun til fimm ára þar sem miðað er við að á þeim tíma skuli öllum tekjum skuldara, að frádregnum föstum mánaðarlegum kostnaði og ráðstöfunarfé (d. *rådighedsbeløb*), verða varið til niðurgreiðslu skulda. Ráðstöfunarfé fyrir barnlausan einstakling er 5.480 danskar krónur á mánuði miðað við árið 2011 en 9.300 danskar krónur á mánuði fyrir sambúðarfólk/hjón. Fyrir hvert barn undir tveggja ára aldri hækkar fjárhæðin um 1.500 danskar krónur á mánuði. Fjárhæðin hækkar um 1.920 danskar krónur á mánuði fyrir hvert barn milli tveggja og sjö ára. Þá hækkar fjárhæðin um 2.750 danskar krónur á mánuði fyrir hvert barn á aldrinum sjö til átján ára.[13] Greiðsluaðlögunartímabilið er þrjú ár ef um er að ræða ellilífeyrisþega eða gjaldþrota einstaklinga.[14] Sérstakar reglur gilda um fasteignaveðlán og skuldir vegna bíla.[15]

Opinber greiðsluaðlögun er það úrræði sem gengur lengst og því algengt að skuldarar og kröfuhafar komist að samkomulagi í gegnum frjálsa samninga áður en til þess kemur.

Þau úrræði sem hér hafa verið talin upp eru ekki hugsuð sem úrræði til bráðabirgða heldur til langtíma og eru því ótímabundin.

---

[13] https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=122269#Kap3 og https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=134432

[14] http://www.familieadvokaten.dk/Emner/6461.html

[15] http://www.domstol.dk/saadangoerdu/gaeld/gaeldssanering/Pages/G%C3%A6ldssanering.aspx

b. Hverjir hafa nýtt sér úrræði vegna greiðsluerfiðleika, sundurliðað eftir fjölda og hvort um er að ræða einstaklinga eða einstaklinga í rekstri með ótakmarkaða ábyrgð, sundurliðað félagslegum aðstæðum og fjölskyldustærð.

Á mynd 9 má sjá heildarfjölda um greiðsluaðlögun í Danmörku frá því að lög um gjaldþrotaskipti tóku gildi árið 1984. Á myndinni sést meðal annars að tæplega þriðjungur umsókna hefur verið samþykktur að meðaltali. Ekki liggur fyrir nánari sundurliðun á umsóknum um greiðsluaðlögun hjá dönsku hagstofunni eða dönskum dómstólum.

Mynd 9: Fjöldi umsókna um greiðsluaðlögun í Danmörku.



Heimild: Domstolsstyrelsen.

c. Skilyrði fyrir nýtingu úrræðanna, svo sem skilyrði um lögheimili og búsetu, ríkisborgararétt eða að skuldir séu ekki tengdar atvinnurekstri.

Skilyrði er að umsækjandi hafi lögheimili í Danmörku.

Það er enn fremur skilyrði að skuldari hafi ekki getað staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar og að ekki sé útlit fyrir að hann muni geta það í náinni framtíð Greiðsluaðlögunin skal auk þess verða til þess að fjárhagur skuldara batni til frambúðar.

Almennt er ekki möguleiki á að sækja um greiðsluaðlögun sé eitt af eftirfarandi atriðum til staðar:

1. Framtíðarhorfur í fjármálum eru óljósar, svo sem ef umsækjandi er atvinnulaus, í veikindaleyfi eða að skipta um vinnu og framtíðartekjur því ekki þekktar.
2. Umsækjandi hefur farið óvarlega hvað varðar fjárhagslegar skuldbindingar og meira en lítill hluti skulda hans er:
   a. tilkominn eftir að umsækjandi var ekki lengur fær um að standa skil á fjárhagslegum skuldbindingum sínum,

b. tilkominn vegna þess að umsækjandi tók óhóflega fjárhagslega áhættu miðað við efni,
c. vegna þess að umsækjandi hafði eytt um efni fram eða
d. vegna uppsafnaðra opinberra skulda.

3. Meira en lítill hluti skulda er tilkominn vegna refsiverðra eða bótaskyldra athafna umsækjanda.
4. Umsækjandi hefur ekki greitt niður skuldir sínar þrátt fyrir að hafa haft möguleika til þess.
5. Umsækjandi hefur aukið skuldir sínar með það að markmiði að eiga kost á greiðsluaðlögun.
6. Umsækjandi hefur stofnað til nýrra skulda eftir að hafa sótt um greiðsluaðlögun.[16]

d. Hvort sambærileg embætti við umboðsmann skuldara eru starfrækt og ef svo er, hversu lengi þau hafa verið starfrækt. Hver eru verkefni embættanna, málafjöldi og afgreiðslutími?

Í Danmörku er ekki starfrækt embætti sem er sambærilegt við embætti umboðsmanns skuldara hér á landi. Í Danmörku er það eitt af hlutverkum skiptaréttar að fara yfir og vinna úr umsóknum um greiðsluaðlögun. Meðalafgreiðslutími greiðsluaðlögunarmála árið 2010 var 188 dagar eða rétt rúmir sex mánuðir. Um helmingur greiðsluaðlögunarmála er afgreiddur innan þriggja mánaða.[17]

e. Helstu ástæður þess að menn leita úrræðanna, t.d. félagslegar aðstæður, veikindi, atvinnumissir, efnahagslegar aðstæður í landinu.

Upplýsingar um ástæður þess að einstaklingar leita eftir þeim úrræðum sem í boði eru vegna greiðsluvanda liggja ekki fyrir.

f. Upplýsingar um þær reglur sem gilda um upphaf, lögvernd, innheimtuvernd og lok krafna.

Kröfur stofnast með samningi, lögum eða háttsemi. Opinberar kröfur, svo sem skattar, opinber gjöld, tollar og sektir eru lögbundnar. Skaðabótakröfur eru dæmi um kröfur sem stofnast vegna tiltekinnar háttsemi. Getur til dæmis verið um að ræða kröfur vegna tjóns á munum eða vegna líkamstjóns. Þó má ætla að kröfur sem stofnað er til á grundvelli samnings milli tveggja eða fleiri aðila séu algengastar. Dæmi um slíka samninga eru bankalán, húsaleigusamningar og kaupsamningar.

Aðfarargerðir (*d. udlæg*) eru lögbundnar í Danmörku. Aðfararbeiðni (*d. udlægsfundament*) verður ávallt að liggja til grundvallar aðför. Aðfararbeiðni getur verið dómsúrskurður, veðbandsyfirlýsing (*d. pantebrev*) eða viðurkenning á skuld. Fógetarétturinn (*d. Fogedretten*) getur framkvæmt aðför (*d. foretage udlæg*) að beiðni kröfuhafa ef skuldari getur ekki greitt kröfuna. Ekki má gera aðför í lága peningaupphæð, venjulegt og látlaust innbú (*d. sædvanligt inbo*) og aðra hluti sem heimilisfólk þarf að nota í starfi eða námi. Í vissum tilvikum getur komið til handtöku skuldara ef ekki er hægt að framkvæma aðför og ef talin er hætta á því að ekki sé hægt að ganga að eigninni síðar.

Samkvæmt dönsku fyrningarlögunum (*d. lov om forældelse af visse fordringer*) gildir sú meginregla að fyrningarfrestur kröfu er almennt miðaður við það tímamark þegar krafa stofn-

[16] http://www.domstol.dk/Selvbetjening/blanketter/Blanketter/Gaeldssanering%20-%20vejledning.pdf

[17] Sjá http://www.domstol.dk/om/talogfakta/statistik/Pages/skiftesager.aspx

ast. Þessi meginregla gildi einnig í Svíþjóð og Finnlandi. Í þeim löndum sem þessi meginregla gildi er unnt að rjúfa fyrningarfrest með sannanlegri greiðsluáskorun, gagnstætt því sem á við samkvæmt íslenskum og norskum lögum.

Samkvæmt dönsku fyrningarlögunum er almennur fyrningarfrestur þrjú ár. Þó ber að nefna að kröfur sem grundvallast á veðlánum og öðrum peningalánum ásamt kröfum sem staðfestar hafa verið með dómi fyrnast á tíu árum. Skaðabótakröfur fyrnast á þremur árum og miðast upphaf fyrningarfrests við þann tímapunkt þegar kröfuhafi fékk vitneskju eða hefði getað fengið vitneskju um kröfu sína. Skaðabótakröfur vegna líkamstjóns og mengunartjóns fyrnast þó alltaf í síðasta lagi 30 árum frá því að tjónsatburði lauk. Kröfur geta fallið niður með öðrum hætti en með efndum eða fyrningu, svo sem með samningi, niðurfellingu í tengslum við greiðsluaðlögun eða annars konar niðurfellingu skulda.

g. Upplýsingar um reglur um verðtryggingu lána, hversu algeng þau eru og hvaða vexti lán bera.

Lán í Danmörku eru óverðtryggð. Á tíunda áratug síðustu aldar voru þó gefin út verðtryggð skuldabréf með þrjátíu ára gildistíma.

Lesefni og tenglar:
Almennar upplýsingar um greiðsluaðlögun:
http://www.familieadvokaten.dk/emner/646.html
Lög um greiðsluaðlögun:
http://www.themis.dk/synopsis/index.asp?hovedramme=/synopsis/docs/lovsamling/konkursloven.html#afsnit%20iv:%20g%C3%A6ldssanering
Reglugerð um greiðsluaðlögun, framfærsluviðmið:
https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=122269#Kap2
Tölfræði varðandi greiðsluaðlögun:
http://www.domstol.dk/om/talogfakta/statistik/Pages/skiftesager.aspx
Upplýsingar um greiðsluaðlögun á vef dómstóla:
http://www.domstol.dk/saadangoerdu/gaeld/gaeldssanering/Pages/G%C3%A6ldssanering.aspx

Finnland.

a. Tegundir úrræða sem eru í boði fyrir þá sem lenda í greiðsluerfiðleikum, sundurliðað eftir því hvort þau eru tímabundin eða ekki, og hversu lengi þau úrræði hafa verið í boði og hvernig þau hafa reynst.

Helstu úrræði sem í boði eru í Finnlandi fyrir fólk í greiðsluvanda eru fjármálaráðgjöf, almenn úrræði fjármálastofnana, félagsleg lán sveitarfélaga (*s. social kredit*), skuldbreytingalán og greiðsluaðlögun.

Fólk í greiðsluerfiðleikum getur leitað sér aðstoðar hjá fjármála- og skuldaráðgjöfum í því sveitarfélagi þar sem það hefur lögheimili eða nýtt sér símaráðgjöf sem allir geta nýtt sér án tillits til búsetu. Fjármála- og skuldaráðgjafar veita meðal annars aðstoð við endurskipulagningu fjármála og samningagerð við kröfuhafa. Ráðgjafarþjónustan og símaráðgjöfin standa öllum til boða og er án endurgjalds. Þá býðst fólki í greiðsluerfiðleikum að nýta sér almenn úrræði hjá bönkum og fjármálastofnunum, svo sem frystingu vaxtagreiðslna og lengingu á lánstíma.

Samkvæmt lögum um félagsleg lán (*s. lag om social kreditgivning 20.12.2002/1133*) sem tóku gildi 1. janúar 2003[18] er sveitarfélögum heimilt að veita félagsleg lán til greiðslu á lágum skuldum. Slík lán standa þeim til boða sem ekki hafa möguleika á að fá lán á sanngjörnum kjörum á almennum markaði vegna lágra tekna og verðlítilla eigna. Um 20 sveitarfélög í Finnlandi veita slík lán.

Sé skuldavandi einstaklings umtalsverður getur hann sótt um skuldbreytingalán. *Garanti-Stiftelsen* er sjálfstæð ríkisstofnun sem gengst í ábyrgð fyrir slíkum lánum. Við veitingu skuldbreytingaláns er öllum útistandandi skuldum lántaka steypt saman og skal hið nýja lán fela í sér lægri greiðslubyrði en eldri skuldirnar höfðu. Jafnframt er miðað við að lántaki eigi fyrir húsnæðiskostnaði og uppihaldi eftir að hann hefur greitt af skuldbreytingaláninu. Ábyrgðin er að lágmarki 2.000 evrur en að hámarki 34.000 evrur. Lánstími skal ekki vera lengri en átta ár. Skuldbreytingalánið tekur ekki til skulda sem komnar eru til vegna reksturs starfandi fyrirtækis, greiðslna vegna greiðsluaðlögunar sem komnar eru í vanskil, fasteignaveðlána eða námslána.[19] Úrræðið hefur staðið öllum til boða frá árinu 1995 en frá árinu 1991 var það einungis í boði fyrir nánar tilgreinda hópa sem stóðu höllum fæti, svo sem fyrrverandi fanga og fólk með geðræn vandamál. Samkvæmt upplýsingum frá *Garanti-Stiftelsen* tekst flestum að greiða af skuldbreytingaránum en í um 10% tilfella tapast ábyrgðir. Þá eru flestir sem nýta sér símaþjónustu stofnunarinnar ánægðir með þjónustuna en algengast er að fólki sé ráðlagt að leita til skuldaráðgjafa.

Árið 2010 var gerð úttekt á starfsemi *Garanti-Stiftelsen*. Tekin voru viðtöl við fimmtán manns sem ýmist höfðu lokið endurskipulagningu á skuldum sínum með skuldbreytingaláni eða endurskipulagningin stóð yfir. Niðurstöður úttektarinnar þóttu benda til að auka þyrfti sveigjanleika greiðsluáætlana og stuðla að persónulegri þjónustu hjá *Garanti-Stiftelsen*. Þá kom fram að mikilvægt þætti að koma á stuðningsneti fyrir umsækjendur, meðal umsækjendanna sjálfra, en af svörum viðmælenda mátti ráða að þeir sem höfðu stuðningsnet í formi fjölskyldu og vina hefðu átt auðveldara með endurskipulagningu fjármála sinna.[20]

Takist skuldara ekki að ná samkomulagi við kröfuhafa sína og önnur vægari úrræði duga ekki til getur skuldari sótt um lögbundna greiðsluaðlögun. Lög um greiðsluaðlögun voru sett árið 1993 og hafa síðan verið endurskoðuð samtals 17 sinnum. Síðasta lagabreytingin tók gildi 1. ágúst 2010 og laut að lengd greiðsluaðlögunartímabilsins. Sótt er um greiðsluaðlögun hjá *Tingsrätt*, dómstóli á fyrsta dómsstigi í Finnlandi, og séu skilyrði fyrir greiðsluaðlögun uppfyllt gerir dómstóllinn greiðsluáætlun eða samþykkir tillögu að greiðsluáætlun. Unnt er að áfrýja ákvörðun dómstólsins til æðri dómstóls.

Við samþykkt greiðsluáætlunar hefst greiðsluaðlögunartímabil og stendur það venjulega yfir í þrjú ár. Ef greiðsluaðlögun er samþykkt þrátt fyrir andstöðu kröfuhafa eða með niðurfellingu skulda að fullu er greiðsluaðlögunartímabilið fimm ár. Séu einstaklingar meðal kröfuhafa er heimilt að lengja tímabilið um allt að tvö ár. Tímabilið getur þó verið mun lengra ef skuldari heldur eftir eignarhlut sínum í íbúðarhúsnæði.

Meðan á greiðsluaðlögunartímabili stendur skal skuldari greiða niður skuldir sínar samkvæmt greiðsluáætlun. Samkvæmt greiðsluáætlun skal öllum tekjum skuldara varið til niðurgreiðslu skulda að frádregnum húsnæðiskostnaði, tiltekinni framfærslu sem tekur mið af framfærsluviðmiðum greiðsluaðlögunar, meðlagsgreiðslum og öðrum sérstökum kostnaði, svo sem háum sjúkrakostnaði og kostnaði vegna dagvistunar barna. Þau framfærsluviðmið

[18] http://www.finlex.fi/sv/laki/ajantasa/2002/20021133

[19] http://www.takuu-saatio.fi/en/guarantee-operations/restructuring-loan/

[20] The tunnel of debt – coping experiences of the customers of the Guarantee Foundation

sem skuldari skal halda sig innan meðan á greiðsluaðlögunartímabili stendur eru eftirfarandi fyrir árið 2011: 494 evrur á mánuði fyrir einstakling og 415 evrur fyrir einstakling í sambúð eða hjónabandi. Framfærslan hækkar um 315 evrur á mánuði fyrir tvö elstu börn heimilisins undir 17 ára aldri en um 293 evrur fyrir hvert barn umfram það. Framfærslan hækkar um 349 evrur á mánuði fyrir hvert barn 17 ára og eldra sem býr á heimili skuldara.[21]

Árið 2003 var gerð úttekt á því hvernig greiðsluaðlögunin hefði reynst. Flestum skuldurum hafði tekist að ljúka greiðsluaðlögun og töldu flestir viðmælendanna að þeir hefðu náð tökum á fjármálum sínum vegna greiðsluaðlögunarinnar. Umsóknarferlið var helst gagnrýnt þar sem það þótti flókið og tímafrekt auk þess sem skrifræðið var gagnrýnt sem og skortur á upplýsingum. Einnig kom fram sú gagnrýni að erfitt væri að fylgja framfærsluviðmiðum greiðsluáætlunarinnar eftir sem og að skuldari nyti þess ekki að fá hærri tekjur á greiðsluaðlögunartímabilinu þar sem stærsti hluti launahækkana hjá honum færi í að greiða skuldir. Slíkt þótti ýta undir hættuna á að skuldari gæfi ekki upp allar tekjur sínar til skattyfirvalda.

Í mars 2011 skilaði starfshópur um greiðsluaðlögun tillögum um breytingar á lögum um greiðsluaðlögun. Mikilvægasta tillagan felst í því að sú fjárhæð sem er innheimt taki mið af tekjum skuldara og geti því breyst eftir því hvort tekjur skuldara taka breytingum. Þá er meðal annars lagt til að komið verði á fót rafrænu stjórn- og eftirlitskerfi með greiðsluaðlögunarmálum.

Þau úrræði sem hér hafa verið talin upp eru ekki hugsuð sem úrræði til bráðabirgða heldur til langtíma og eru því ótímabundin.

b. Hverjir hafa nýtt sér úrræði vegna greiðsluerfiðleika, sundurliðað eftir fjölda og hvort um er að ræða einstaklinga eða einstaklinga í rekstri með ótakmarkaða ábyrgð, sundurliðað m.a. eftir aldri, félagslegum aðstæðum og fjölskyldustærð.

Fjöldi umsókna um greiðsluaðlögun hefur haldist nokkuð stöðugur síðustu ár. Árið 2010 sóttu 2.951 um greiðsluaðlögun sem er aukning um tæplega 100 umsóknir frá árinu 2009. Skuldir vegna samþykktra greiðsluáætlana árið 2010 námu samtals 168 milljónum evra.[22] Samkvæmt upplýsingum frá finnsku hagstofunni liggur frekari sundurliðun ekki fyrir hvað varðar umsækjendur um greiðsluaðlögun.

[21] http://www.finlex.fi/sv/laki/alkup/2010/20100971

[22] http://www.stat.fi/til/velj/2010/velj_2010_2011-06-29_tie_001_sv.html

Mynd 10: Umsóknir um greiðsluaðlögun í Finnlandi.



Heimild: Statistikcentralen.

Árið 2010 sóttu 1.018 manns um ábyrgð á skuldbreytingaláni til *Garanti-Stiftelsen* en 1.108 manns sóttu um árið 2009. Útlit er fyrir að fjöldi umsókna verði svipaður árið 2011. Frá árinu 1995 hefur stofnunin ábyrgst tæplega 9000 lán. Fjárhæð skuldbreytingalána hefur farið hækkandi með árunum. Árið 2000 voru lánaðar að meðaltali 11.144 evrur en tíu árum síðar voru lánaðar að meðaltali 20.276 evrur.[23]

Frá árinu 2007 hafa á bilinu 10.000–20.000 símtöl borist *Garanti-Stiftelsen* á ári hverju. Mikil aukning varð á símtölum árið 2008 og er búist við 14.500–20.000 símtölum á árinu 2011. Símtöl dreifast mjög ójafnt yfir daginn og því er ekki unnt að svara nema hluta símtala.

Tafla 2: Fjöldi símtala til *Garanti-Stiftelsen*.

Ár	Fjöldi símtala	Fjöldi símtala sem enda með ráðgjöf	Fjöldi símtala sem ekki er svarað
2007	10.071	3.317	6.754
2008	19.200	3.362	15.838
2009	22.920	3.563	19.357
2010	12.273	4.435	7.838
1.1.–15.8.2011	9.989	2.493	7.496

Heimild: Garanti-Stiftelsen.

Af þeim 2.162 einstaklingum sem óskuðu eftir fjármála- og skuldaráðgjöf árið 2010 var hlutfall kvenna (49%) og karla (51%) nánast það sama. Algengustu ástæður þess að einstaklingar óskuðu eftir ráðgjöf voru almennir fjárhagserfiðleikar (34,4%), veikindi (27,3%), atvinnuleysi (26,3%), skilnaður (22,2%), rekstrarerfiðleikar (19,1%), húsnæðislán (6,5%) og sjálfskuldarábyrgðir (4,7%). Heimilt er að tiltaka fleiri ástæður á eyðublaði. Frekari sundurliðun má sjá á myndum 11, 12 og 13 hér að neðan.

[23] http://www.takuu-saatio.fi/@Bin/116775/Slideshow_Guarantee_Foundation_2011.pptx

Mynd 11: Félagsleg staða umsækjenda um fjármála- og skuldaráðgjöf 2010 í Finnlandi.



Heimild: Rättspolitiska forskningsinstitutet.

Mynd 12: Aldursskipting umsækjenda um fjármála- og skuldaráðgjöf 2010 í Finnlandi.



Heimild: Rättspolitiska forskningsinstitutet.

Mynd 13: Hjúskaparstaða umsækjenda um fjármála- og skuldaráðgjöf 2010 í Finnlandi.



Heimild: Rättspolitiska forskningsinstitutet.

Aldursdreifing umsækjenda um fjármála- og skuldaráðgjöf á árinu 2010 var nokkuð jöfn en helmingur umsækjenda var launafólk. Ellilífeyrisþegar voru 21% umsækjenda og atvinnuleitendur voru 19%. Einhleypir umsækjendur voru 46%.

c. *Skilyrði fyrir nýtingu úrræðanna, svo sem skilyrði um lögheimili og búsetu, ríkisborgararétt eða að skuldir séu ekki tengdar atvinnurekstri.*

Skilyrði greiðsluaðlögunar er að umsækjandi sé með lögheimili í Finnlandi.[24]

Umsækjandi með atvinnurekstur getur sótt um greiðsluaðlögun ef enginn eða lítill hluti skulda hans er tilkominn vegna rekstursins og hann á verðlitlar eignir sem eru eingöngu eða að mestu leyti notaðar við rekstur fyrirtækisins. Jafnframt getur viðkomandi sótt um greiðsluaðlögun ef rekstur fyrirtækisins stendur undir skuldum tilkomnum vegna hans.

Umsækjandi sem á hlut í fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð getur sótt um greiðsluaðlögun ef fyrirtækið er gjaldfært og ekki er hætta á gjaldþroti. Jafnframt er mögulegt að sækja um greiðsluaðlögun ef endurskipulagning fyrirtækisins samkvæmt lögum um endurskipulagningu fyrirtækja stendur yfir.

d. *Hvort sambærileg embætti við umboðsmann skuldara eru starfrækt og ef svo er, hversu lengi þau hafa verið starfrækt. Hver eru verkefni embættanna, málafjöldi og afgreiðslutími?*

Í Finnlandi er ekki starfrækt embætti sem er sambærilegt við embætti umboðsmanns skuldara hér á landi.

Sveitarfélögin annast ráðgjafarþjónustu. *Garanti-Stiftelsen* er sjálfstæð stofnun sem veitir fólki í fjárhagserfiðleikum endurgjaldslausa símaráðgjöf og gengst í ábyrgð fyrir skuldbreytingalánum.

Dómstólar á fyrsta stigi (*s. Tingsrätt*) afgreiðir umsóknir um greiðsluaðlögun og eru þeir 27 talsins í Finnlandi. Þeir hafa það hlutverk að fara yfir umsóknir, gera greiðsluáætlanir eða

[24] 2. gr. laga um greiðsluaðlögun.

samþykkja/hafna tillögum að greiðsluáætlunum. Afgreiðslutími umsókna um greiðsluaðlögun er að meðaltali fimm og hálfur mánuður.[25]

e. Helstu ástæður þess að menn leita úrræðanna, t.d. félagslegar aðstæður, veikindi, atvinnumissir, efnahagslegar aðstæður í landinu.

Mynd 14: Ástæður umsókna um skuldbreytingalán árið 2010 í Finnlandi.



Heimild: Garanti-Stiftelsen.

Árið 2010 sótti fólk í 41% tilvika um skuldbreytingalán vegna aukinna útgjalda og meðal þess sem leiðir til aukinna útgjalda er skilnaður, fíkn og atvinnurekstur sem hefur ekki staðið undir sér. Alls taldi 32% umsækjenda að skortur á skipulagningu hafi leitt til umsóknar um skuldbreytingalán og í þann hóp falla skuldarar sem hafa haft tiltölulega stöðugar tekjur. Skuldir þessa hóps hafa aftur á móti aukist stöðugt með auknum lántökum. Ekki er haldin skrá yfir skuldir fólks í Finnlandi og því er mögulegt að auka við skuldir með þessum hætti. Alls sóttu 20% umsækjenda um skuldbreytingalán vegna lækkaðra tekna sem oftast mátti rekja til atvinnumissis eða sjúkdóma.

f. Upplýsingar um þær reglur sem gilda um upphaf, lögvernd, innheimtuvernd og lok krafna.

Kröfur stofnast með samningi, lögum eða háttsemi. Opinberar kröfur, svo sem skattar, opinber gjöld, tollar og sektir eru lögbundnar. Skaðabótakröfur eru dæmi um kröfur sem stofnast vegna tiltekinnar háttsemi. Getur til dæmis verið um að ræða kröfur vegna tjóns á munum eða vegna líkamstjóns. Þó má ætla að kröfur sem stofnað er til á grundvelli samnings milli tveggja eða fleiri aðila séu algengastar. Dæmi um slíka samninga eru bankalán, húsaleigusamningar og kaupsamningar.

Í Finnlandi ríkir samningsfrelsi og eru kröfur almennt lögverndaðar. Ákveðnar kröfur njóta þó ekki lögverndar, svo sem kröfur sem stofnast á grundvelli samninga þar sem nauðung hefur verið beitt við samningsgerðina enda gilda meginreglur kröfuréttar um ógildingu slíkra samninga.

[25] Svar Sanna Helesuo, Neytendastofu Finnlands, frá 29. ágúst 2011.

Kröfuhafi getur leitast við að innheimta kröfuna sjálfur áður en hann fer fram á fullnustu hennar með aðför fyrir atbeina opinberra innheimtustofnana (*s. utsökningsbyråer*). Algengt er að kröfuhafar leiti til fyrirtækja sem sérhæfa sig í innheimtu krafna.

Aðfararbeiðni (*s. exekutionstitel*) liggur ávallt til grundvallar aðför í Finnlandi. Oftast er um að ræða dómsúrskurð en einnig getur verið um að ræða stjórnvaldsákvörðun sem og erlenda dóma sem viðurkenndir eru í Finnlandi.

Ef skuldari mótmælir ekki kröfunni getur dómstóll á fyrsta dómstigi (*s. tingsrätt*) tekið ákvörðun um aðför án frekari málsmeðferðar og án þess að kröfuhafi og skuldari séu kallaðir fyrir dóminn. Þessu ferli er ætlað að einfalda málsmeðferðina fyrir dómstólum að því er varðar óumdeildar kröfur. Ef skuldari mótmælir kröfunni er hún tekin til hefðbundinnar meðferðar fyrir dómstólnum.

Framkvæmd aðfarargerða í Finnlandi er í höndum opinberra innheimtustofnana (*s. utsökningsbyråer*). Mælt er fyrir um ferlið í lögum og fjöldi reglna hefur verið settur til verndar réttindum skuldara. Meðal annars eru reglur um að skuldari fái tiltekinn tíma til að bregðast við áður en ferlið hefst og að skuldari geti mótmælt kröfu.

Opinberar kröfur, svo sem skattar, sektir og tollar, fyrnast á fimm árum. Almennt er ekki unnt að rjúfa fyrningarfrest opinberra krafna. Kröfur einkaréttarlegs eðlis fyrnast á þremur árum. Ef krafa hefur verið staðfest með dómi er fyrningarfresturinn hins vegar fimm ár. Unnt er að rjúfa fyrningarfrest krafna einkaréttarlegs eðlis með einfaldri ítrekun. Kröfur einkaréttarlegs eðlis sem hafa verið staðfestar með dómi fyrnast þó í síðasta lagi 15 til 20 árum frá dómsuppkvaðningu. Kröfur geta fallið niður með öðrum hætti en efndum eða fyrningu, svo sem með samningi, niðurfellingu í tengslum við greiðsluaðlögun, eða annars konar niðurfellingu skulda.

Sjá nánar:

- Finska Utsökningsbalken (705/2007)
  http://www.finlex.fi/sv/laki/ajantasa/2007/20070705
- Lag om preskription av skulder (728/2003)
  http://www.finlex.fi/sv/laki/ajantasa/2003/20030728
- Lag om indrivning av fordringar (513/1999)
  http://www.finlex.fi/sv/laki/ajantasa/1999/19990513
- Lag om verkställighet av skatter och avgifter (706/2007)
  http://www.finlex.fi/sv/laki/ajantasa/2007/20070706

g. Upplýsingar um reglur um verðtryggingu lána, hversu algeng þau eru og hvaða vexti lán bera.

Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum finnskra fjármálafyrirtækja (*s. Finansbranschens Centralförbund*) hafa þau ekki vitneskju um að boðið sé upp á verðtryggð lán í Finnlandi.

Lán í Finnlandi bera venjulega breytilega vexti. Vextir ráðast á markaði.

Lesefni og tenglar:

Lög um fjármála- og skuldaráðgjöf (713/2000):
http://www.finlex.fi/sv/laki/alkup/2000/20000713
Lög um greiðsluaðlögun á sænsku (57/1993):
http://www.finlex.fi/sv/laki/alkup/1993/19930057
Lög um greiðsluaðlögun á ensku (57/1993):

http://www.finlex.fi/en/laki/kaannokset/1993/en19930057.pdf
Lög um félagsleg lán sveitarfélaga (1133/2002):
http://www.finlex.fi/sv/laki/ajantasa/2002/20021133
Garanti-Stiftelsen:
http://www.takuu-saatio.fi/en/
Neytendastofa, ráð fyrir skuldara:
http://www.kuluttajavirasto.fi/sv-FI/ekonomisk-radgivning-och-skuldradgivning/

Ísland.

a. *Tegundir úrræða sem eru í boði fyrir þá sem lenda í greiðsluerfiðleikum, sundurliðað eftir því hvort þau eru tímabundin eða ekki, og hversu lengi þau úrræði hafa verið í boði og hvernig þau hafa reynst.*

Nokkrar tegundir úrræða standa þeim einstaklingum til boða sem hafa lent í greiðsluerfiðleikum. Fjármálafyrirtæki hafa boðið viðskiptavinum sínum úrræði vegna greiðsluerfiðleika, svo sem endurútreikning erlendra húsnæðislána, greiðslujöfnun verðtryggðra húsnæðislána, lengingu lánstíma og tímabundna frystingu húsnæðislána.

Tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Frá október 2008 hafa ýmis lög verið samþykkt á Alþingi sem ætlað er að koma til móts við fjölskyldur sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Þar á meðal eru lög nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, með síðari breytingum, þar sem eigandi íbúðarhúsnæðis getur óskað eftir greiðsluaðlögun vegna fasteignaveðlána enda sýni hann fram á að hann sé og verði um einhvern tíma ófær um að standa í fullum skilum hvað varðar greiðslu veðlánanna og að önnur tiltæk greiðsluerfiðleikaúrræði séu eða hafi reynst ófullnægjandi.

Tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota.

Enn fremur samþykkti Alþingi lög nr. 103/2010, um tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota, þar sem einstaklingur sem greiðir fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum vegna kaupa á fasteign sem ætluð var til heimilishalds getur óskað eftir því að ráðstafa annarri eigninni til veðhafa. Um er að ræða tímabundið úrræði sem fellur úr gildi 31. desember 2011.

Embætti umboðsmanns skuldara.

Embætti umboðsmanns skuldara tók til starfa 1. ágúst 2010 en embættinu er ætlað að gæta hagsmuna og réttinda skuldara. Hlutverk umboðsmanns skuldara er meðal annars að veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum aðstoð án endurgjalds við að öðlast heildarsýn yfir fjármál sín og leita leiða til lausnar. Enn fremur er embættinu ætlað að hafa milligöngu um samskipti og við gerð samninga við kröfuhafa með hagsmuni skuldara að leiðarljósi.

Greiðsluaðlögun einstaklinga.

Eitt helsta verkefni umboðsmanns skuldara er að afgreiða umsóknir um greiðsluaðlögun einstaklinga sem er lögbundið úrræði, sbr. lög nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, með síðari breytingum.

Markmið greiðsluaðlögunar er að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð. Ef umsækjandi uppfyllir skilyrði laganna um greiðsluaðlögun einstaklinga er skipaður umsjónarmaður sem vinnur að gerð samnings um greiðsluaðlögun. Lengd greiðsluaðlögunartímabils skal að jafnaði vera eitt til þrjú ár.

Í samningi um greiðsluaðlögun má kveða á um:

- Eftirgjöf einstakra krafna að fullu.
- Hlutfallslega lækkun einstakra krafna.
- Gjaldfrest á einstökum kröfum.
- Skilmálabreytingar.
- Greiðslu einstakra krafna með hlutdeild í afborgunarfjárhæð sem greiðist með ákveðnu millibili á ákveðnu tímabili.
- Breytt form greiðslu krafna.
- Allt framangreint í senn.

Þegar umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið samþykkt hjá umboðsmanni skuldara hefst frestun greiðslna. Með greiðslufrestuninni eru lagðar ákveðnar skyldur á herðar kröfuhöfum og umsækjendum. Á meðan fresturinn gildir má umsækjandi einungis greiða það sem viðkemur rekstri heimils og framfærslu. Til framfærslu telst matur, hreinlætisvörur, tómstundir, fatnaður, lækniskostnaður samkvæmt neysluviðmiði umboðsmanns skuldara og fastir kostnaðarliðir heimila svo sem sími, hiti, rafmagn, dagvistun og fleira. Neysluviðmið fyrir barnlausan einstakling er 60.400 krónur á mánuði en 100.100 krónur á mánuði fyrir sambúðarfólk/hjón. Við fyrsta barn bætast við um 32.500 krónur og svo hækkar neysluviðmiðið um 30.700 krónur með öðru barni. Fyrir hvert barn umfram það hækkar það um á bilinu 26.000 til 29.500 krónur á mánuði.[26] Umsækjanda er einnig skylt að leggja til hliðar allar afgangstekjur sínar. Meðan fresturinn gildir er kröfuhöfum óheimilt að taka við greiðslum vegna skulda hvort sem umsækjandi er í skilum eða vanskilum. Þetta á við um greiðslur af veðlánum og öðrum lánum svo sem bílalánum, yfirdráttarlánum og fleira. Þá er kröfuhöfum einnig óheimilt að krefjast nauðungarsölu á eigum umsækjenda og hjá þeim sem kynnu að vera í ábyrgðum fyrir umsækjendur. Fyrir þá aðila sem sóttu um greiðsluaðlögun fyrir 1. júlí 2011 lýkur frestun greiðslna með samningi, afturköllun umsóknar eða synjun umsóknar. Fyrir þá sem sóttu um síðar lýkur frestun greiðslna með samningi við kröfuhafa.[27]

Sértæk skuldaaðlögun

Sértæk skuldaaðlögun byggir á lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja, og er ætluð heimilum í alvarlegum skuldavanda. Tilgangur sértækrar skuldaaðlögunar er að heimilin geti fengið skilvirka og varanlega lausn, þar sem skuldir og eignir eru lagaðar að greiðslugetu. Fjármálafyrirtækin hafa gert með sér samkomulag um verklagsreglur sem síðast var breytt í desember 2010 í því skyni að úrræðið gagnist fleiri heimilum.

Yfirlýsing stjórnvalda og lánveitenda í desember 2010.

Stjórnvöld, lánastofnanir og lífeyrissjóðir undirrituðu þann 3. desember 2010 yfirlýsingu um aðgerðir vegna skuldavanda heimila og í framhaldinu undirrituðu sömu aðilar þann 15.

[26] http://www.ums.is/neysluvidmid/

[27] http://www.ums.is/greidsluadlogun/

janúar sl. verklagsreglur um nánari útfærslu aðgerðanna. Aðgerðirnar sem samkomulagið byggði á voru eftirfarandi:

1. Aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila – 110% leiðin.

Lántakendum með yfirveðsett íbúðarhúsnæði bauðst að fá eftirstöðvar fasteignaskulda færðar niður að 110% af verðmæti fasteignar að því gefnu að skuldirnar væru vegna fasteignakaupa umsækjenda fyrir árið 2009 og með veði á eign sem ætluð var til heimilishalds. Annars vegar var um að ræða niðurfærslu að hámarki 4 m.kr. hjá einstaklingi og 7 m.kr. hjá hjónum/sambýlisfólki og einstæðum foreldrum. Mun ítarlegra mat á eignum og greiðslugetu þurfti að koma til ef um meiri niðurfærslu var að ræða eða hámarki 15 m.kr. hjá einstaklingi og 30 m.kr. kr. hjá hjónum/sambýlisfólki og einstæðum foreldrum. Við mat á verðmæti fasteigna var miðað við fasteignamat eða markaðsverð þeirra, hvort sem var hærra. Ef veðrými var á aðfararhæfum eignum lækkaði niðurfærsla veðskulda sem því nam. Umsóknir um niðurfærslu veðskulda átti að senda til þess lánveitanda íbúðaláns sem var á aftasta veðrétti. Sá lánveitandi sem leitað var til hélt utan um málið gagnvart öðrum lánveitendum.[28] Unnt var að sækja um niðurfellingu skulda skv. 110% leiðinni fram til 1. júlí 2011.

2. Sértæk skuldaaðlögun.

Breytingar voru gerðar á sértækri skuldaaðlögun til að úrræðið nýtist fleiri heimilum. Lántakendum í miklum greiðsluvanda býðst að gera samkomulag um að færa lán sín niður til samræmis við greiðslugetu í allt að 70% af verðmæti íbúðarhúsnæðis. Allt að 30% af virði eignar er þá sett á vaxta- og afborgunarlaust biðlán í þrjú ár og skuldir umfram 100% felldar niður. Samkomulag um sértæka skuldaaðlögun gildir til ársloka 2012.

3. Vaxtabætur.

Fallið var frá áformum um að draga til baka 2 ma.kr. hækkun vaxtabóta sem komið var á á árunum 2009 og 2010. Jafnframt var gerð breyting á almennum vaxtabótum þannig að þær kæmu í auknum mæli til móts við heimili með þunga skuldabyrði og lágar eða miðlungstekjur. Niðurstaða þess var að hámarks vaxtabætur voru hækkaðar en skerðing vegna tekna aukin úr 6% í 8% og eignarskerðing aukin.

4. Ný tímabundin vaxtaniðurgreiðsla.

Komið var á nýju tímabundu úrræði til að greiða niður vaxtakostnað vegna íbúðarhúsnæðis. Niðurgreiðslan er almenn, óháð tekjum, en fellur niður þegar hrein eign er umfram 20 m.kr. hjá einstaklingum og 30 m.kr. hjá hjónum/sambúðarfólki og einstæðum foreldrum. Kostnaðurinn við þetta nýja úrræði verður allt að 6 ma.kr. á ári og verður það í gildi árin 2011 og 2012.

5. Sérstakt átak til að ná til heimila í vanskilum.

Fyrir 1. maí 2011 kappkostuðu lánveitendur að ná til allra heimila sem voru í vanskilum og buðu þeim viðhlítandi lausnir. Sérstökum samstarfsvettvangi var komið upp til að flýta afgreiðslu mála og allar aðgerðir voru miðaðar við að komast hjá uppboðum eigna.

6. Félagslegar lausnir í húsnæðismálum.

Lánveitendur munu vinna með ríki, sveitarfélögum og félagasamtökum við að koma á fót

[28] http://www.efnahagsraduneyti.is/media/frettir/Samkomulag.pdf

fjölbreyttum húsnæðislausnum og lífeyrissjóðir munu greiða götu félagslegra úrræða í húsnæðismálum með kaupum á sérstökum flokki íbúðabréfa á lægstu mögulegum vöxtum. Ríkisstjórnin mun ekki lækka framlög til húsaleigubóta á næsta ári.

Að mati vinnuhóps á vegum Velferðarvaktarinnar um skuldavanda heimila, sem starfaði frá nóvember 2010 til júní 2011, bendir margt til þess að nokkuð vanti enn upp á að skulda- og greiðsluerfiðleikaúrræði fyrir heimilin nái því umfangi sem gert var ráð fyrir. Út frá þeim gögnum sem vinnuhópurinn hafði aðgang að má álykta að mun færri heimili hafi nýtt sér úrræðin en áætlað var, einkum hina svokölluðu 110% leið og sértæka skuldaaðlögun. Að óbreyttu er því hætta á að sá vandi sem þeim var ætlað að leysa sé enn að talsverðum hluta óleystur að mati vinnuhópsins.

b. Hverjir hafa nýtt sér úrræði vegna greiðsluerfiðleika, sundurliðað eftir fjölda og hvort um er að ræða einstaklinga eða einstaklinga í rekstri með ótakmarkaða ábyrgð, sundurliðað m.a. eftir aldri, félagslegum aðstæðum og fjölskyldustærð.

Niðurfelling skulda heimila

Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum fjármálafyrirtækja höfðu lán heimila í lok júlí 2011 verið færð niður um 143,9 milljarða króna frá október 2008.

- Alls höfðu 143,9 ma.kr. verið afskrifaðir vegna 110% leiðarinnar, sértækrar skuldaaðlögunar og endurútreiknings gengistryggðra lána, þar af 120 ma.kr. vegna endurútreiknings gengistryggðra lána.
- Að baki þessari fjárhæð standa 87.207 umsóknir, þar af tæplega sextíu þúsund vegna endurútreiknings gengistryggðra bifreiðalána.
- 6.344 umsóknir voru enn í vinnslu í lok júlí.

Nánari sundurliðun talna má sjá í eftirfarandi töflu (nýrri tölur að því er varðar ÍLS má sjá í næstu töflu):

Tafla 3. Afskriftir fjármálastofnana í lok júlí 2011.

110% leið	Umsóknir	Samþykktar	Hafnað	Í vinnslu	Fjárhæð niðurfærslu, m.kr.
	13437	**7551**	**1097**	**4789**	**18.651**
Þar af fjármálafyrirtæki	7887	6844	344	699	**16.790**
Þar af ÍLS	5082	632	543	3907	**1.650**
Þar af lífeyrissjóðir	468	75	210	183	**211**

Sértæk skuldaaðlögun	Umsóknir	Samþykktar	Hafnað	Í vinnslu	Fjárhæð niðurfærslu, m.kr.
	1640	**826**	**179**	**635**	**5.573**

Endurútreikningur gengistryggðra lána	Lán sem falla undir endurútr.	Endurútreikn. lokið	Endurútreikn. í vinnslu	Fjárhæð niðurfærslu, m.kr.
Íbúðalán	12659	11800	859	**78.998**
Lán vegna bifreiðaviðskipta	59471	59410	61	**40.648**

Heimild: Samtök fjármálafyrirtækja.

110% aðlögun fasteignaveðskulda og sérstök skuldaaðlögun.

Rúmlega þrettán þúsund umsóknir bárust vegna 110% leiðarinnar og í lok júlí 2011 átti enn eftir að vinna úr tæplega fimm þúsund umsóknum. Sextán hundruð og fjörutíu umsóknir höfðu borist vegna sértækrar skuldaaðlögunar í júlílok 2011. Sundurliðun á umsækjendum liggur ekki fyrir.

Tafla 4: Fjöldi umsókna um 110% niðurfellingu skulda, lok júlí 2011.

	Umsóknir	Samþykktar	Hafnað	Í vinnslu	Fjárhæð niður-færslu, m.kr.
Heild	13.437	7.551	1.097	4.789	**18.651**
Þar af fjármálafyrirtæki	7.887	6.844	344	699	**16.790**
Þar af ÍLS	5.082	632	543	3.907	**1.650**
Þar af lífeyrissjóðir	468	75	210	183	**211**

Heimild: Samtök fjármálafyrirtækja.

Tafla 4 sýnir fjölda umsókna um 110% niðurfellingu skulda í lok júlí 2011. Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði var heildarfjöldi umsókna 5.335 um miðjan september 2011, en af þeim voru 1.074 umsóknir samþykktar og 959 synjað.

Tafla 5: Fjöldi umsókna um sértæka skuldaaðlögun, lok júlí 2011.

Umsóknir	Samþykktar	Hafnað	Í vinnslu	Fjárhæð niðurfærslu, m.kr.
1640	826	179	635	**5.573**

Heimild: Samtök fjármálafyrirtækja.

Greiðsluaðlögun einstaklinga.

Umboðsmanni skuldara hafa borist **3.696 umsóknir um greiðsluaðlögun einstaklinga** frá stofnun embættisins í ágúst 2010 en 2.219 umsóknir bárust embættinu frá janúar til ágúst 2011. Á bak við hverja umsókn getur annars vegar verið einstaklingur og hins vegar sambýlisfólk/hjón og hafa því fleiri sótt um greiðsluaðlögun einstaklinga en fjöldi umsókna segir til um. Af 3.696 umsóknum var 1.951 umsókn í vinnslu innan embættisins þann 13. september 2011 en 1.391 umsókn er í vinnslu hjá umsjónarmönnum.

Tafla 6. Afgreiðsla umsókna um greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara.

Í vinnslu hjá UMS	1.951
Í vinnslu hjá umsjónarmanni	1.381
Vinnslu lokið	375
þ.a. samningar	84
þ.a. synjað	141
þ.a. afturkallað	142
þ.a. niðurfellt v. athugasemda umsjónarmanns	9
þ.a. samningum hafnað af kröfuhöfum og leitað nauðasamninga	5
Alls	3.713

Heimild: Umboðsmaður skuldara.

Eins og sjá má á töflu sex hafa tæplega 84% umsókna um greiðsluaðlögun sem hafa verði afgreiddar verið samþykktar, eða 1.381 umsókn. Þar af hefur komist á samningur um greiðsluaðlögun í 84 tilfellum. Í fjórum tilfellum hafa ekki komist á samningar og því hefur

þeim málum verið vísað til dómsstóla. Eitt mál varðar nauðasamning vegna fasteignaveðkrafna en þrjú varða nauðasamning vegna samningskrafna. Af nauðasamningamálum er einu lokið fyrir dómsstólum þar sem samningi var synjað. Embættið hefur sjálft synjað rúmlega 8% umsókna, alls 141 umsókn. Þá hafa 142 umsækjendur afturkallað umsókn sína.

c. Skilyrði fyrir nýtingu úrræðanna, svo sem skilyrði um lögheimili og búsetu, ríkisborgararétt eða að skuldir séu ekki tengdar atvinnurekstri.

Greiðsluaðlögun einstaklinga.

Einstaklingur sem sýnir fram á að hann sé eða verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa skil á fjárskuldbindingum sínum með tilliti til eðlis skuldanna, eigna og fjárhagslegra og félagslegra aðstæðna að öðru leyti, getur óskað eftir greiðsluaðlögun. Hjón/sambúðarfólk geta í sameiningu óskað eftir greiðsluaðlögun. Þeir einir geta óskað eftir greiðsluaðlögun samkvæmt lögum nr. 101/2010 sem eiga lögheimili og eru búsettir hér á landi. Frá þessu skilyrði má þó víkja ef:

a. sá sem óskar eftir greiðsluaðlögun er íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda, enda leiti hann hennar einungis vegna skuldbindinga sem stofnast hafa hér á landi við lánardrottna sem eiga hér heimili, eða
b. greiðsluaðlögun er eingöngu ætlað að taka til veðkrafna sem hvíla á fasteign hér á landi, enda sé eigandi hennar íslenskur ríkisborgari sem tímabundið er búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda.

Aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila – 110% leiðin

Það er skilyrði niðurfellingar skulda að lántaki og/eða maki hans, eftir því sem við á, séu eigendur hinnar veðsettu eignar og greiðendur áhvílandi lána og að eignin sé notuð til heimilishalds lántaka.

Lántaki skal upplýsa kröfuhafa um aðrar aðfararhæfar eignir samkvæmt lögum um aðför nr. 90/1989. Sé um engar slíkar eignir að ræða skal lántaki lýsa því yfir skriflega. Ef veðrými er á aðfararhæfum eignum lækkar niðurfærsla veðskulda sem því nemur.

Ef niðurfelling skulda er umfram 4 m.kr. fyrir einstaklinga og 7 m.kr. fyrir einstæða foreldra, sambýlisfólk og hjón eða ef sérstakar ástæður gefa til þess tilefni er kröfuhafa heimilt að kanna eigna- og skuldastöðu sem og tekjur lántaka og maka hans og þá eftir atvikum að meta greiðslugetu.

Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir því að niðurfelling skulda samkvæmt framangreindu úrræði leiði til þess að greiðslubyrði af áhvílandi fasteignaveðlánum fari niður fyrir 18% af tekjum lántakanda á árinu 2010.

Sértæk skuldaaðlögun.

Sértæk skuldaaðlögun er ætluð þeim einstaklingum sem eru með óuppgerðar skuldir hjá fjármálastofnunum sem eru aðilar að sérstöku samkomulagi um sértæka skuldaaðlögun.[29] Því ná úrræði sértækrar skuldaaðlögunar almennt ekki til þeirra sem eru með óuppgerðar skuldir hjá öðrum aðilum. Fjármálastofnanir sem eru aðilar að samkomulagi þessu geta þó veitt heimild til undantekningar frá því skilyrði í þeim tilvikum sem um fáa aðila er að ræða sem fallast á að færa kröfur sínar niður til samræmis við tillögu um sértæka skuldaaðlögun.

[29] Fjármálafyrirtækin eru SFF fyrir hönd aðildarfyrirtækja sinna, Íbúðalánasjóður, Landssamtök lífeyrissjóða fyrir hönd aðildarsjóða sinna og slitastjórn SPRON.

Sértæk skuldaaðlögun kemur einungis til greina ef sýnt þykir að vægari úrræði nægja ekki til að rétta af fjárhagsstöðu skuldara og fyrirséð er að viðkomandi geti ekki staðið skil á lánum sínum til langframa. Með vægari úrræðum er til dæmis átt við greiðslujöfnun, skuldbreytingu vanskila, lengingu lána eða frestun afborgana.

Kröfuhafar geta samþykkt sértæka skuldaaðlögun þrátt fyrir að skuldir lántaka stafi að miklu leyti frá sjálfstæðum atvinnurekstri sem þeir bera ótakmarkaða ábyrgð á.

Hafi lántaki fengið almenn úrræði sem lækka greiðslubyrði fasteignaveðlána skal sú skipan haldast, nema um bráðabirgðaráðstöfun hafi verið að ræða, eins og t.d. frestun afborgana (vaxtagreiðslur) eða frystingu greiðslna með öllu.

Ef ómögulegt reynist að gera fullnægjandi greiðslumat, t.d. vegna þess að tekjustreymi er of óljóst til framtíðar eða af öðrum orsökum, þarf lántaki að leita annarra sértækra úrræða sem ganga lengra.[30]

d. Hvort sambærileg embætti við umboðsmann skuldara eru starfrækt og ef svo er, hversu lengi þau hafa verið starfrækt. Hver eru verkefni embættanna, málafjöldi og afgreiðslutími?

Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veitir forstöðu. Stofnunin, sem heyrir undir velferðarráðherra, tók til starfa 1. ágúst 2010 og er hún byggð á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Meginmarkmiðið er að bæta stöðu einstaklinga sem eiga í skulda- og greiðsluerfiðleikum í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 og auðvelda þeim að koma greiðslubyrði og skuldastöðu í ásættanlegt horf. Umboðsmaður skuldara skal hafa hagsmuni skuldara og réttindi þeirra að leiðarljósi í störfum sínum. Umboðsmanni er einnig ætlað viðamikið hlutverk varðandi greiðsluaðlögun. Lög um umboðsmann skuldara eru nr. 100/2010.[31]

Hlutverk umboðsmanns skuldara samkvæmt lögum er meðal annars að gæta hagsmuna skuldara og veita þeim aðstoð þegar við á. Einnig á hann að veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum aðstoð án endurgjalds við að öðlast heildarsýn yfir fjármál sín og leita leiða til lausnar. Í kjölfarið ber honum að hafa milligöngu um samskipti og með gerð samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi. Markmiðið er að ná fram eins hagstæðri lausn og kostur er fyrir skuldara, án tillits til þess hvaða áhrif sú lausn hefur á hagsmuni einstakra kröfuhafa. Önnur hlutverk eru að veita aðstoð við gerð samninga um greiðsluaðlögun og að veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna. Að lokum skal nefna að hann á að útbúa framfærsluviðmið og uppfæra þau reglulega og taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda þær ábendingar áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds.[32]

Fjöldi greiðsluaðlögunarmála sem borist hafa embætti umboðsmanns skuldara jókst töluvert undir lok árs 2010. Í byrjun árs 2011 virðis hins vegar hafa náðst stöðugleiki hvað varðar fjölda stofnaðra mála hjá embættinu. Í lok júní 2011 rann út sá möguleiki einstaklinga að fá frestun greiðslna um leið og þeir sóttu um greiðsluaðlögun.[33] Eins og við mátti búast bárust langflest mál þann mánuðinn eða 791 talsins. Í júlímánuði sama ár bárust hins vegar 26 mál til umboðsmanns skuldara er vörðuðu greiðsluaðlögun einstaklinga.

Afgreiðslutími mála hjá umboðsmanni skuldara er mislangur eftir eðli málanna en

[30] Sjá 2. mgr. 16. gr. þessara reglna, http://www.sff.is/media/auglysingar/2-Undirritun_-_verklagsreglur_um_sertaka_skuldaadlogun.pdf

[31] http://www.althingi.is/lagas/138b/2010100.html

[32] http://www.ums.is/um-umbodsmann/

[33] Nú fer fólk í greiðsluskjól þegar umsókn hefur verið samþykkt.

greiðsluaðlögunarmál taka að jafnaði lengstan tíma í vinnslu. Tafla sjö sýnir hlutfall afgreiddra greiðsluaðlögunarmála á tímabilinu ágúst 2010 til júlí 2011. Sem dæmi má nefna var ríflega helmingi þeirra mála sem stofnuð voru í desember 2010 lokið 1. ágúst 2011. Í síðasta dálki töflunnar má svo sjá hvernig vinnsluhraði mála hefur aukist verulega frá því embættið var sett á laggirnar. Hefur vinnsluhraði mála aukist mikið vegna fjölgunar starfsmanna sem og vegna aukinnar reynslu þeirra við afgreiðslu erinda sem berast embættinu. Fyrir ágúst 2010 höfðu borist 267 umsóknir um greiðsluaðlögun til umboðsmanns skuldara.

Tafla 7: Afgreiðsla umsókna um greiðsluaðlögun eftir mánuðum.

Stofnmánuður	Stofnuð mál	Lokin mál	Greiðsluaðlögun einstaklinga, hlutfall kláraðra mála 1.8.2011	Lokin mál eftir mánuðum
Ágúst 2010	127	121	95%	1
September 2010	161	154	96%	4
Október 2010	279	246	88%	24
Nóvember 2010	366	295	81%	73
Desember 2010	276	153	55%	30
Janúar 2011	291	82	28%	46
Febrúar 2011	294	32	11%	135
Mars 2011	299	21	7%	227
Apríl 2011	224	11	5%	119
Maí 2011	261	7	3%	257
Júní 2011	791	18	2%	242
Júlí 2011	26	2	8%	252
Samtals	3.395[34]	1.142		

Heimild: Umboðsmaður skuldara.

e. Helstu ástæður þess að menn leita úrræðanna, t.d. félagslegar aðstæður, veikindi, atvinnumissir, efnahagslegar aðstæður í landinu.

Enn hefur ekki verið unnið úr bakgrunnsupplýsingum vegna umsókna um greiðsluaðlögun.

f. Upplýsingar um þær reglur sem gilda um upphaf, lögvernd, innheimtuvernd og lok krafna.

Kröfuréttindi geta stofnast á tvo vegu; með loforði sem er algengasti stofnanaháttur kröfu og við skaðaverk. Aðilar kröfusambands eru a.m.k. tveir (skuldari og kröfuhafi). Þeir geta verið einstaklingar og lögpersónur, svo sem ríkið, sveitarfélag, fyrirtæki, ýmis félög og stofnanir.

Samkvæmt íslenskum rétti geta peningakröfur stofnast með fernum hætti. Í fyrsta lagi með lögum sem Alþingi setur, t.d. skattar skv. 77. gr. laga nr. 33/1944, um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í öðru lagi með skaðaverki, t.d. öðlast eigandi hlutar skaðabótakröfu á hendur manneskju sem af gáleysi eða ásetningi veldur skemmdum á þeim hlut. Í þriðja lagi geta kröfur stofnast með svonefndri óréttmætri auðgun. Í fjórða lagi stofnast kröfur með samningi sem er algengast.

Nýleg lög nr. 95/2008 gilda um innheimtuvernd. Markmiðið með lögunum var einkum að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, og draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða á frumstigi, t.d. með því að takmarka í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja hann um. Með viðvörun væri stefnt

[34] Athuga ber að inni í þessari tölu eru ekki tölur frá ágúst, líkt og er í b-lið að ofan.

að því að skuldarar ættu almennt kost á að greiða skuld sína innan stutts frests með lágmarkskostnaði er grundvallaðist á ákvörðun í reglugerð áður en gripið yrði til innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga. Lánardrottinn myndi væntanlega á þessu stigi innheimtu sjálfur senda skuldara viðvörun. Hann gæti þó leitað aðstoðar lögmanns eða annars innheimtuaðila en bæri þá sjálfur ábyrgð á hugsanlegri greiðslu til hans umfram lágmarkskostnað. Við samningu laganna, sem snertir m.a. innheimtustarfsemi lögmanna, viðskiptabanka og sparisjóða, annarra lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, svo og ýmissa stofnana var einkum stuðst við norsk innheimtulög.

Lok kröfu getur verið mismunandi. Algengast er að kröfu ljúki við greiðslu. Krafa getur einnig fallið niður við skuldajöfnuð, fyrningu, eftirgjöf eða andlát skuldara.

Um fyrningu skulda gilda lög nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda. Almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda er fjögur ár og falla skattkröfur þar undir. Með beitingu ýmissa innheimtuúrræða geta innheimtumenn ríkissjóðs rofið fyrningu og þannig viðhaldið réttarvernd krafna sinna. Fyrning er rofin með móttöku fjárnámsbeiðni hjá sýslumanni, með nauðungarsölubeiðni, beiðni um gjaldþrotaskipti, kröfulýsingu í þrotabú gjaldanda og með málsókn. Einnig er fyrning kröfu rofin með viðurkenningu gjaldanda en það getur gerst með greiðslu inn á kröfuna eða með gerð greiðsluáætlunar. Greiðslur með skuldajöfnuði og launaafdrætti rjúfa hins vegar ekki fyrningu kröfu.

Réttaráhrif fyrningar eru þau að krafa er fallin niður og nýtur ekki lengur lögverndar. Fyrndri kröfu er almennt ekki fylgt eftir með aðfarargerð eða með nauðungarsölu og henni verður heldur ekki lýst við búskipti.

Í desember 2010 tóku gildi breytingar á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. sem felast í því að kröfur sem skuldari ber ábyrgð á eftir lok gjaldþrotaskipta fyrnast á tveimur árum frá lokum gjaldþrotaskipta. Áður var fyrningartíminn fjögur ár og gátu lánardrottnar slitið fyrningarfresti og viðhaldið kröfum sínum með innheimtuaðgerðum.

Meginreglan eftir lagabreytinguna er hins vegar sú að fyrningarfrestur kafna verður ekki rofinn á tveggja ára tímabilinu með innheimtuaðgerðum en lánadrottinn hefur heimild til að höfða mál á hendur skuldara og fá dóm um slit á fyrningarfresti vegna kröfu sinni. Hefst þá nýr fyrningarfrestur. Skilyrði fyrir beitingu þessarar heimildar eru þau að kröfuhafi þarf að sýna fram á sérstaka hagsmuni af því að fyrningu verði slitið og að líklegt sé að unnt verði að fullnusta kröfu hans á hinum nýja fyrningartíma.

g. Upplýsingar um reglur um verðtryggingu lána, hversu algeng þau eru og hvaða vexti lán bera.

Verðtryggð lán komu fyrst fram á Íslandi árið 1955 vegna húsnæðisfjármögnunar. Full framkvæmd verðtryggingar hófst svo með spariskírteinum árið 1964 og tveimur árum síðar varð almenn lagasetning um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Árið 1976 voru sérstök vaxtaaukainnlán og -útlán tekin upp. Þetta mæltist vel fyrir og í apríl 1979 voru sett lög um verðtryggingu, almennt nefnd Ólafslög.[35]

Í 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu kemur fram að heimilt sé að verðtryggja sparifé og lánsfé í íslenskum krónum sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda. Í lánssamningi er þó heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi.[36]

Seðlabanki Íslands gaf út reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár 21. júní 2001. Í

[35] http://www.vr.is/Uploads/VR/utgefid_efni_vr/Verdtrygging%20fjarskuldbindinga.pdf

[36] http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001038.html

þeim kemur fram að innlánsstofnunum sé aðeins heimilt að taka á móti sparifé gegn verðtryggingu ef innistæðan er bundin í 36 mánuði eða lengur. Verðbætur innstæðna á verðtryggðum innlánsreikningum eru reiknaðar með tvenns konar hætti. Lægsta innistæða í almanaksmánuði tekur breytingum skv. vísitölu neysluverðs, en inn og útborganir eru verðbættar innan mánaðarins með sérstökum verðbótum í formi vaxta, sem innlánsstofnanir auglýsa. Fyrsta dag hvers mánaðar skal höfuðstóll, sem staðið hefur óhreyfður sl. mánuð, hafa tekið sömu hlutfallslegu breytingu og verður þá á vísitölu neysluverðs, hvort sem breytingin er til hækkunar eða lækkunar. Innborgað fé ber sérstakar verðbætur frá innborgunardegi til næstu mánaðamóta, en þá leggjast þær við höfuðstólinn eftir vísitölufærslu. Útborgað fé ber á sama hátt sérstakar verðbætur frá síðustu mánaðamótum að útborgunardegi, sem leggjast við höfuðstól um næstu mánaðamót.

Verðtrygging útlána með ákvæði um að höfuðstóll miðist við vísitölu neysluverðs er aðeins heimil sé lánið til fimm ára hið minnsta. Höfuðstóll láns breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga. Skal höfuðstóll láns breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Grunnvísitala skal vera sú vísitala sem í gildi er þegar lán er veitt, nema samningur eða aðli máls leiði til annars. Gjalddagar láns skulu allir vera á sama degi mánaðar, þannig að tímabilið milli gjalddaga teljist í heilum mánuðum. Á kvittunum skal jafnan gera nákvæma grein fyrir útreikningi greiðslu og áföllnum verðbótum.[37]

Verðtryggð lán hafa á undanförnum árum verið í kringum 80–90% af heildarskuldum heimila en það hlutfall hefur þó minnkað að undanförnu í kjölfar þess að heimili eru í auknum mæli að breyta yfir í óverðtryggð lán vegna endurskipulagningu skulda.

Í töflu átta má sjá hvernig þróun verðtryggðra útlána samanborið við heildarútlán hefur verið síðastliðin misseri. Umrædd gögn eiga við innlánsstofnanir og önnur lánafyrirtæki, lífeyrissjóði, tryggingarfélög og Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Tafla 8: Hlutfall verðtryggðra útlána af heildarútlánum fjármálakerfisins.

Dagsetning	Heildarútlán	Verðtryggð útlán	Hlutfall verðtryggðra útlána
31.1.2010	3.531.412	1.659.004	47,0%
28.2.2010	3.508.223	1.657.035	47,2%
31.3.2010	3.453.881	1.677.324	48,6%
30.4.2010	3.449.630	1.686.755	48,9%
31.5.2010	3.432.897	1.698.242	49,5%
30.6.2010	3.443.197	1.722.725	50,0%
31.7.2010	3.354.920	1.712.975	51,1%
31.8.2010	3.354.766	1.701.313	50,7%
30.9.2010	3.316.413	1.697.956	51,2%
31.10.2010	3.336.650	1.697.811	50,9%
30.11.2010	3.368.542	1.714.004	50,9%
31.12.2010	3.373.796	1.697.886	50,3%
31.1.2011	3.399.687	1.728.089	50,8%
28.2.2011	3.371.955	1.698.095	50,4%
31.3.2011	3.335.126	1.708.465	51,2%
30.4.2011	3.330.629	1.734.950	52,1%
31.5.2011	3.275.887	1.734.280	52,9%
30.6.2011	3.274.045	1.734.734	53,0%

Heimild: Seðlabanki Íslands.

[37] http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3318

Sams konar töflur má sjá að neðan fyrir ofangreind fyrirtæki.

Tafla 9: Hlutfall verðtryggðra útlána af heildarútlánum innlánastofnana.

Dagsetning	Heildarútlán	Verðtryggð útlán	Hlutfall verðtryggðra útlána
31.1.2010	2.155.944	514.202	23,9%
28.2.2010	2.140.950	515.803	24,1%
31.3.2010	2.105.996	528.809	25,1%
30.4.2010	2.099.139	528.896	25,2%
31.5.2010	2.080.776	531.680	25,6%
30.6.2010	2.114.575	547.736	25,9%
31.7.2010	2.047.623	540.114	26,4%
31.8.2010	2.054.252	535.615	26,1%
30.9.2010	2.016.676	531.247	26,3%
31.10.2010	2.033.921	526.434	25,9%
30.11.2010	2.071.699	536.674	25,9%
31.12.2010	2.036.734	532.267	26,1%
31.1.2011	2.030.982	534.242	26,3%
28.2.2011	2.030.086	529.138	26,1%
31.3.2011	1.994.722	534.135	26,8%
30.4.2011	1.979.680	542.527	27,4%
31.5.2011	1.921.376	537.024	27,9%
30.6.2011	1.916.067	532.759	27,8%

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 10: Hlutfall verðtryggðra útlána af heildarútlánum ýmissa lánafyrirtækja.[38]

Dagsetning	Heildarútlán	Verðtryggð útlán	Hlutfall verðtryggðra útlána
31.1.2010	1.040.446	824.118	79,2%
28.2.2010	1.032.253	821.275	79,6%
31.3.2010	1.012.019	827.258	81,7%
30.4.2010	1.009.593	831.608	82,4%
31.5.2010	1.011.508	840.281	83,1%
30.6.2010	988.688	848.730	85,8%
31.7.2010	969.618	847.667	87,4%
31.8.2010	963.996	841.864	87,3%
30.9.2010	964.020	842.981	87,4%
31.10.2010	964.166	844.231	87,6%
30.11.2010	959.042	849.866	88,6%
31.12.2010	1.003.506	840.547	83,8%
31.1.2011	1.024.068	863.337	84,3%
28.2.2011	999.721	840.193	84,0%
31.3.2011	996.669	843.604	84,6%
30.4.2011	1.001.795	855.887	85,4%
31.5.2011	1.004.726	859.746	85,6%
30.6.2011	1.007.121	863.086	85,7%

Heimild:Seðlabanki Íslands.

[38] Þar á meðal Íbúðalánasjóður.

Tafla 11: Hlutfall verðtryggðra útlána af heildarútlánum tryggingarfélaga.

Dagsetning	Heildarútlán	Verðtryggð útlán	Hlutfall verðtryggðra útlána
31.1.2010	18.609	4.271	23,0%
28.2.2010	19.205	4.141	21,6%
31.3.2010	18.559	3.950	21,3%
30.4.2010	18.525	3.878	20,9%
31.5.2010	18.095	3.763	20,8%
30.6.2010	17.185	3.511	20,4%
31.7.2010	15.838	3.352	21,2%
31.8.2010	15.875	3.191	20,1%
30.9.2010	15.093	3.105	20,6%
31.10.2010	14.649	3.232	22,1%
30.11.2010	13.280	2.942	22,2%
31.12.2010	12.631	4.146	32,8%
31.1.2011	18.147	4.021	22,2%
28.2.2011	17.259	3.874	22,4%
31.3.2011	16.930	3.921	23,2%
30.4.2011	16.404	3.785	23,1%
31.5.2011	15.963	3.688	23,1%
30.6.2011	15.589	3.621	23,2%

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Loks má svo sjá þróun verðtryggðra inn- og útlánavaxta síðustu missiri.[39]

Tafla 12: Þróun verðtryggðra inn- og útlánavaxta.

			Verðtryggð útlán (%)	
Ár	Mánuður	Meðalinnlánsvextir banka og sparisjóða(%)	Lægstu vextir	Hæstu vextir
2010	Janúar	0,8	4,80	12,20
	Febrúar	0,8	4,80	12,10
	Mars	0,8	4,80	12,10
	Apríl	0,8	4,80	12,00
	Maí	0,6	4,80	11,80
	Júní	0,6	4,80	11,50
	Júlí	0,4	4,80	11,30
	Ágúst	0,3	4,80	11,10
	September	0,3	4,80	11,10
	Október	0,2	4,80	11,00
	Nóvember	0,1	4,70	11,00
	Desember	0,1	4,70	11,00
2011	Janúar	0,1	4,70	11,00
	Febrúar	0,1	4,70	11,00
	Mars	0,1	4,70	11,00
	Apríl	0,1	4,70	11,00
	Maí	0,1	4,30	11,00
	Júní	0,1	4,30	11,00
	Júlí	0,1	4,30	11,00

Heimild: Seðlabanki Íslands.

[39] http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2932

1922. Svar [843. mál]

velferðarráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um meðferð vegna ofnotkunar áfengis og lyfja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir leituðu sér ásjár (meðferðar) vegna ofnotkunar áfengis og lyfja, þar með talið fíkniefna, árin 2007, 2008, 2009 og 2010?

Við vinnslu svarsins var leitað upplýsinga hjá landlækni en einnig hjá helstu stofnunum sem veita meðferðir vegna ofnotkunar áfengis, lyfja og annarra vímuefna, þ.e. Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ), Samhjálp og Krýsuvíkursamtökunum. Auk þess leita einstaklingar einnig til heilsugæslunnar og sérfræðinga víða um land vegna vandans. Þá eru ótaldar stofnanir og meðferðarheimili sem bjóða upp á eftirmeðferð, eins og Dyngjan, Takmarkið og Krossgötur.

Heildarfjöldi einstaklinga sem fór í meðferð vegna ofnotkunar áfengis eða lyfja liggur ekki fyrir þar sem ekki er hægt að tengja saman gagnagrunna mismunandi stofnana. Auk þess getur sami einstaklingur farið í innlagnarmeðferð og í meðferð á dag- eða göngudeild á sömu stofnun innan hvers árs og geta því einstaklingar verið taldir oftar en einu sinni.

Á eftirfarandi töflu er tölulegt yfirlit yfir þá sem fóru í meðferð hjá tilteknum stofnunum vegna ofnotkunar áfengis og lyfja árin 2007–2010 en ekki eru taldir þeir einstaklingar sem leita sér aðstoðar hjá sérfræðingi eða á heilsugæslustöð, né heldur í einhverjum tilfellum þeir sem fara í eftirmeðferð eða á áfangaheimili. Þá liggur fyrir að sumar af þeim stofnunum sem veita meðferð geta ekki tekið við öllum þeim sem sækja um að komast í meðferð vegna takmarkaðs fjölda rúma.

Yfirlitið nær til fjölda einstaklinga í innlagnarmeðferð og í meðferð á dag- eða göngudeild vegna áfengis- og/eða lyfjanotkunar árin 2007–2010. Annars vegar er yfirlit yfir fjölda þeirra einstaklinga sem lögðust inn og hins vegar upplýsingar um fjölda sem fór í meðferð á göngudeild eða dagdeild á stofnununum.

Fjöldi einstaklinga í innlagnarmeðferð og í meðferð á dag- eða göngudeild vegna áfengis- og/eða lyfjanotkunar árin 2007–2010, eftir stofnunum og meðferðarformi.

	Fjöldi einstaklinga			
	2007	**2008**	**2009**	**2010**
SÁÁ Sjúkrahúsið Vogur				
Innlagnarmeðferð	1.800	1.765	1.714	1.676
Meðferð á dag- eða göngudeild*	4.000	4.000	4.000	4.000
Landspítali Hringbraut				
Innlagnarmeðferð	373	356	357	381
Meðferð á dag- eða göngudeild	1.100	1.213	1.302	1.157

	2007	2008	2009	2010
Sjúkrahúsið á Akureyri				
Innlagnarmeðferð	34	52	55	50
Meðferð á dag- eða göngudeild	80	86	72	65
Samhjálp Hlaðgerðarkot				
Innlagnarmeðferð	369	311	362	385
Meðferð á dag- eða göngudeild	2.162	2.733	3.014	3.442
Krýsuvíkursamtökin				
Innlagnarmeðferð	54	62	56	51

* Áætlaður fjöldi.

1923. Nefndarálit [723. mál]

um till. til þál. um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Tillaga þessi gengur út á það að Alþingi feli utanríkisráðherra að skipa nefnd tíu þingmanna til að móta þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Minni hlutinn telur málefnið þarft og ætti það skilið ítarlega umfjöllun. Engu síður telur minni hlutinn vandséð hvernig hægt verði að afgreiða málið á meðan verkaskipting um málaflokkinn er svo óskýr sem raun ber vitni. Ofan á það bætast beinlínis rangar forsendur við málatilbúnaðinn.

Hernaðarumsvif á norðurhveli jarðar, m.a. í nágrenni Íslands.

Í tillögunni er m.a. fjallað um ógnanir sem geta verið af öðrum völdum en hernaðarlegum. Það hefur verið staðhæft að verulega hafi dregið úr hernaðarumsvifum á norðurhveli jarðar. Minni hlutinn telur of sterkt til orða tekið og telur að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til þess sem raunverulega er að gerast í kringum Ísland. Ekki þarf annað en að fylgjast með fréttum til sjá að ástandinu er öfugt farið. Í skýrslu frá kanadísku varnar- og utanríkismálastofnuninni frá því í mars 2010 segir m.a.: „Norðurskautsríkin eru kannski að tala um samvinnu, en þau eru öll að búa sig undir átök.“ Nefna má yfir 60 flug herflugvéla frá Rússlandi á síðustu árum yfir Noreg, Ísland og lofthelgi Bretlands sem ekki láta vita af ferðum sínum og senda ekki merki frá flugvélum sínum, svo veldur hættu fyrir farþegaflug. Bandaríkjamenn eru nýbúnir að uppfæra ratsjárkerfið í Thule, Norðmenn hafa fært aðalherstöðvar sínar norður á bóginn og hafa keypt fimm nýjar freigátur sem eru af fréttum að dæma dýrustu hergögn í norskri sögu. Danir eru nú með eina sameiginlega norðurskautsherstöð í stað minni bækistöðva á Grænlandi og í Færeyjum til að gera starfið á svæðinu markvissara og einbeittara. Kanadamenn hafa ráðgert fjárfestingar í nýjum varðskipum, þjálfunarbúðum, djúpsjávarskipalægi og einnig er þar ráðgert að koma á fót sérstakri herdeild fyrir norðurskautið.

Af því sem hér sagði má ráða að sú fullyrðing utanríkisráðherra „að verulega hefur dregið úr hernaðarumsvifum á norðurhveli jarðar, m.a. í nágrenni Íslands“ er röng. Í raun má telja fullyrðinguna varasama og óábyrgt að setja slíkt fram í greinargerð með tillögu til þingsályktunar. Enda þótt viðkomandi ríki séu með framantöldu einungis að standa vörð um fullveldishagsmuni sína og ekki sé sjáanlegur áhugi hjá neinu þeirra til að koma af stað vígbúnaðarkapphlaupi á svæðinu, má marka skarpa drætti í hernaðaruppbyggingu þar. Íslensk stjórnvöld verða að hafa augun opin fyrir samhengi þeirra breytinga sem eru að verða á svæðinu við breytt hagsmunamat og uppbyggingu sem á sér stað.

Verkaskipting óljós.

Fyrir liggur að miðað við forsendur tillögunnar fellur hugtakið þjóðaröryggi og verkaskipting þar um milli utanríkis- og innanríkisráðuneytis. Sem dæmi má nefna ógnir og hættur á borð við mengunarslys, farsóttir, skipulagða glæpastarfsemi, hryðjuverk, netglæpi eða efnahagsþrengingar eða yfir höfuð hvernig tryggja má að nægileg þekking sé til staðar hjá borgaralegum stofnunum um þjóðaröryggismál, en öll þau verkefni eru á hendi innanríkisráðherra og velferðarráðherra. Utanríkisráðherra sér hins vegar um varnarmál, samskipti og samstarf við erlend ríki, hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir svo sem Atlantshafsbandalagið, Sameinuðu þjóðirnar o.s.frv.

Af þessu má ráða að viðfangsefni tillögunnar fellur ekki nema að litlu leyti undir verksvið utanríkisráðuneytisins. Því má spyrja: af hverju lagði innanríkisráðherra ekki tillöguna fram?

Ekki bólar á því að ríkisstjórnin greiði úr málum hvað varðar verkaskiptingu milli ráðuneyta og ráðherra, því samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands (675. máli þessa þings) verður meðferð mála gerð óskýrari.

Svo aðeins eitt dæmi sé tekið af málasviði öryggismála, sem viðfangsefni þessarar tillögu fellur að stórum hluta undir, verður ábyrgð málaflokksins innan Stjórnarráðsins dreift svo víða og á svo óskýran hátt að engin leið virðist til að greiða úr flækjunni. Á sviði öryggismála má í frumvarpinu finna dæmi um minnst átta flokka ráðherra: ráðherra sem fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs (b-liður 492. gr. frv.), ráðherra sem fer með málefni almannaöryggis (sami stafliður sömu greinar frv.), ráðherra sem fer með málefni lögreglu og löggæslu (a-liður 436. gr. frv.), ráðherra sem fer með málefni varna gegn ofanflóðum (c-liður 239. gr. frv.), ráðherra sem fer með málefni varnar- og öryggissvæða (d-liður 542. gr. frv.), ráðherra sem fer með málefni varnarsvæða (b-liður 370. gr. frv.), ráðherra sem fer með málefni öryggissvæða (d-liður 490. gr. frv.) og ráðherra sem fer með varnarmál og samskipti við önnur ríki (b-liður 492. gr. frv.).

Ef af samþykkt frumvarpsins í 675. máli yrði, hvernig færi með afdrif þeirrar tillögu sem hér er til umfjöllunar og vinnu á grundvelli hennar? Yrði verkaskipting milli innanríkis- og utanríkisráðherra skýrari? Yrði pólitískt umboð ráðherranna skýrara og hvað með pólitíska ábyrgð?

Þjóðaröryggisstefnu þarf að byggja á skýrum forsendum.

Í athugasemdum með tillögu utanríkisráðherra segir: „Þjóðaröryggisstefnu þarf að byggja á skýrum forsendum.“ Hér hittir ráðherrann naglann á höfuðið: skýrar forsendur liggja ekki fyrir – hvorki til grundvallar því umhverfi sem þingmannanefndinni er ætlað að starfa í né um efnislegan grundvöll þjóðaröryggisstefnunnar sjálfrar.

Niðurstaða minni hlutans.

Í ljósi alls framangreinds leggur minni hlutinn eindregið til að Alþingi fresti því að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd tíu þingmanna til að vinna tillögur að þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Vegna rangra forsendna og ályktunar um að verulega hafi dregið úr hernaðarumsvifum á norðurhveli jarðar, m.a. í nágrenni Íslands. Einnig og sérstaklega í ljósi þess að þingmannanefndinni er falið að skila tillögu til utanríkisráðherra svo fljótt sem verða má og eigi síðar en í júní 2012. Fullvíst má telja að ríkisstjórnin verði ekki fyrir þann tíma búin að leysa úr sínum viðfangsefnum um málefnaskiptingu milli ráðuneyta. Minni hlutinn telur misráðið að ætla þingmönnum að vinna að þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland við slíkar aðstæður.

Alþingi, 29. ágúst 2011.

Ragnheiður E. Árnadóttir, frsm. Einar K. Guðfinnsson.

1924. Breytingartillaga [351. mál]

við frv. til l. um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

Í stað orðanna „þau eru skilgreind í lögum þessum, afleiðum tengdum þessum skjölum“ í 2. mgr. 37. gr. komi: þeir eru skilgreindir í lögum þessum, afleiðum tengdum þessum gerningum.

1925. Svar [886. mál]

forseta Alþingis við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um heildarkostnað við stjórnlaganefnd.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikill er heildarkostnaðurinn við stjórnlaganefnd miðað við þær áætlanir sem gerðar voru, er hann endanlegur og hvernig sundurliðast hann?

Stjórnlaganefnd var kosin af Alþingi 16. júní 2010 á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða í lögum um stjórnlagaþing, nr. 90/2010. Störfum stjórnlaganefndar lauk 6. apríl 2011 þegar nefndin afhenti stjórnlagaráði skýrslu sína, sbr. ályktun Alþingis 24. mars 2011, um skipun stjórnlagaráðs.

Á þskj. 783 svaraði forseti Alþingis fyrirspurn frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni um kostnað við stjórnlaganefnd eins og hann lá fyrir í árslok 2010. Vísast til þess þingskjals um þær ákvarðanir sem teknar voru um þóknanir til nefndarinnar.

Í svari fjármálaráðherra á þskj. 855, við fyrirspurn frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni, um áætlaðan kostnað við stjórnlagaþing kemur fram að áætlaður kostnaður við stjórnlaganefnd og störf hennar var sem hér segir:

Stjórnlaganefnd, þ.m.t. starfsmaður, skrifstofuhald og funda- og ferðakostnaður	19.164.000 kr.
Sérfræðiþjónusta	12.000.000 kr.
Kostnaður var áætlaður	31.164.000 kr.

Heildarkostnaður við stjórnlaganefnd er 36.174.378 kr. og skiptist þannig:

Greiðslur til nefndar ásamt launatengdum gjöldum	21.466.747 kr.
Greiðslur fyrir sérfræðiþjónustu ásamt launatengdum gjöldum	5.166.906 kr.
Starfsm. nefndar og starfsm. við umbrot	5.634.721 kr.
Ferðakostnaður, gisting, fundaaðstaða	2.279.324 kr.
Prentun skýrslu o.fl.	1.626.680 kr.

Eftirfarandi er yfirlit yfir greiðslur til einstakra nefndarmanna í stjórnlaganefnd og sérfræðinga sem unnu fyrir nefndina:

Stjórnlaganefnd.	
Aðalheiður Ámundadóttir	2.897.495 kr.
Ágúst Þór Árnason	2.149.190 kr.
Björg Thorarensen	2.927.970 kr.
Ellý Katrín Guðmundsdóttir	1.806.720 kr.
Guðrún Pétursdóttir	3.540.358 kr.
Njörður P. Njarðvík	1.998.830 kr.
Skúli Magnússon	2.132.077 kr.
Sérfræðiþjónusta.	
Birgir Guðmundsson	418.500 kr.
Bryndís Hlöðversdóttir	373.500 kr.
Dóra Guðmundsdóttir	80.000 kr.
Eiríkur Tómasson	351.540 kr.
Elín Ósk Helgadóttir	251.100 kr.
Grétar Þór Eyþórsson	418.500 kr.
Gunnar Páll Baldvinsson	209.250 kr.
Gunnar Helgi Kristinsson	251.100 kr.
Hafsteinn Þór Hauksson	502.200 kr.
Hafsteinn Dan Kristjánsson	426.870 kr.
Kristján Andri Stefánsson	502.200 kr.
Ragnhildur Helgadóttir	190.760 kr.
Sigrún Jana Finnbogadóttir	251.100 kr.
Sigurður Líndal	251.100 kr.

Ekki er gert ráð fyrir að frekari kostnaður falli á ríkissjóð vegna starfa stjórnlaganefndar.

1926. Frávísunartillaga [310. mál]

í málinu: Till. til þál. um staðgöngumæðrun.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur og Merði Árnasyni.

Þar sem málið er vanrætt innan þings og í samfélaginu, og fyrir liggja verulegar athugasemdir í umsögnum um upphaflegt þingmál um staðgöngumæðrun, er lagt til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

1927. Skýrsla [691. mál]

mennta- og menningarmálaráðherra um stöðu skólamála samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Með beiðni (á þskj. 1210 – 691. mál) frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur og fleiri alþingismönnum er þess óskað að mennta- og menningarmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu skólamála.

Skýrsla um stöðu skólamála árið 2011.

Efnisyfirlit:

Tengsl við aðra upplýsingagjöf mennta- og menningarmálaráðuneytisins til Alþingis um skólamál.

- Innleiðing skólalöggjafar árið 2008.
- Sveigjanleg skólaskil og val nemenda. Farið verði m.a. yfir hversu margir nemendur hafi nýtt sér þau úrræði og hvar á landinu þeir hafi verið, einnig hver þróunin varð eftir að fjárveiting var skorin niður til framhaldsskóla vegna nemenda í grunnskólum sem skráðu sig í einstaka áfanga í framhaldsskóla.
- Efling iðn- og starfsnáms.
- Árleg rekstrargjöld til leik-, grunn- og framhaldsskóla frá árinu 2008.
- Áhrif kjarasamninga á skólastarf og rekstur skóla.
- Staða og þróun sérkennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Einnig verði farið yfir hvernig börnum með sérþarfir er mætt í skólakerfinu og hvernig ráðuneytið komi að þeim málum, jafnframt hvort ætlunin sé að bæta sveitarfélögum aukinn kostnað við að sinna þessari þjónustu.
- Sálfræðiþjónusta og forvarnir í framhaldsskólum.
- Hvernig unnið hafi verið úr niðurstöðum síðustu Pisa-könnunar til framtíðar?
- Kostnaður við að mennta einn nemanda til stúdentsprófs, skilgreint eftir skólum.
- Kostnaður við brottfall á hvern einstakling sem fellur út úr skólakerfinu. Einnig verði greint frá því hvort, og þá hvar, unnið sé samræmt á landsvísu í að draga úr brottfalli í framhaldsskóla, sem og hvort dregið hafi úr brottfalli sl. 10 ár.
- Hvort fleiri framhaldsskólar hafi verið hvattir til að bjóða upp á þriggja ára nám til

stúdentsprófs en nú gera það og hvaða þýðingu það hefði fjárhagslega fyrir ríkisvaldið og þjóðhagslega fyrir samfélagið að fleiri einstaklingar útskrifuðust með stúdentspróf eftir þrjú ár en með nýrri skólalöggjöf væri bæði unnið og stefnt að slíkum breytingum.
- Hvort um stefnubreytingu sé að ræða í skólamálum og hugað hafi verið að nýju að því hvort stytta eigi grunnskólann um eitt ár þannig að nemendur hefji framhaldsskólanám að jafnaði ári fyrr en nú. Farið verði yfir hver áhrif slík breyting hefði á nám nemenda og fjárhag sveitarfélaga.
- Staða tónlistarskólanna. Verði m.a. farið yfir stöðu viðræðna ríkis og sveitarfélaga um þátttöku ríkisins í rekstri tónlistarkennslu.

Tengsl við aðra upplýsingagjöf mennta- og menningarmálaráðuneytisins til Alþingis um skólamál

Samkvæmt 4. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 3. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 56. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 gerir mennta- og menningarmálaráðherra grein fyrir skólastarfi á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi á Alþingi á þriggja ára fresti.

Við samþykkt laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla sumarið 2008 voru unnar áætlanir í mennta- og menningarmálaráðuneytinu um innleiðingu og framkvæmd laganna. Samkvæmt þeirri áætlun var tekin upp sú vinnuregla að skipta vinnu við skýrslur ráðherra um skólastigin þrjú til Alþingis milli ára þannig að ein skýrsla sé unnin á ári. Í ár er unnið að skýrslu um leikskólastigið og grunnskólinn verður tekinn fyrir 2012 og framhaldsskólinn 2013.

Skýrslur ráðherra til Alþingis um skólastigin innihalda viðamiklar upplýsingar um stöðu og þróun skólastigsins á þriggja ára fresti. Í þessari skýrslu koma að einhverju leyti fram sambærilegar upplýsingar og settar eru fram í framangreindum skólaskýrslum.

1. Innleiðing skólalöggjafar árið 2008.

Í framhaldi af setningu nýrra laga árið 2008 um leikskóla nr. 90/2008, grunnskóla nr. 91/2008 og framhaldsskóla nr. 92/2008 hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti unnið að innleiðingu þeirrar menntastefnu sem þar er mörkuð. Undirstaða þeirrar vinnu er útgáfa nýrra aðalnámskráa fyrir skólastigin þrjú sem hafa nú verið staðfestar af ráðherra og birtar með auglýsingu í Stjórnartíðindum.

Skipta má innleiðingu nýrrar skólalöggjafar í fjögur stig:
1. þróun
2. innleiðing
3. framkvæmd
4. mat á árangri og gæðum

Á hverjum tíma hefur verið unnið að verkefnum á ólíkum stigum og margir þættir í innleiðingunni fara í gegnum stigin í innleiðingunni oftar en einu sinni. Verður hér farið yfir helstu þætti innleiðingarinnar.

1. Þróun

Frá árinu 2008 hefur mestur þungi í innleiðingu nýrra laga legið í eftirfarandi verkþáttum:

a) Ritun og útgáfa reglugerða: Alls eru í lögum um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda heimildir fyrir útgáfu 45 reglugerða. Í ágúst 2011 er lokið útgáfu yfir 30 reglugerða. Gott samstarf hefur verið milli ríkis og sveitarfélaga við útgáfu reglugerða um leikskóla og grunnskóla og hafa þær farið í gegnum sameiginlegt kostnaðarmat þessara aðila.

Síðasta reglugerðin fyrir grunnskóla er nú í útgáfuferli eftir afar víðtækt samráð, þ.e reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Ástæða þess að ekki reyndist unnt að ganga frá þessari reglugerð er að ábendingar bárust frá fagaðilum um að skýrari lagastoð þyrfti til að skilgreina betur þessa ábyrgð nemenda og að skólum væri gert skylt í raun og veru að móta heildstæða stefnu til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi í skólum. Með breytingum sem gerðar voru á grunnskólalögunum á vorþingi 2011 var skotið skýrari lagastoð undir setningu þessarar reglugerðar þannig að vinna við þá reglugerð er á lokastigi.

Með breytingum á grunnskólalögum vorið 2011 var bætt við heimild í grunnskólalög til að setja reglugerð um skólahald fósturbarna og er vinna hafin við þá reglugerð.

Flestar reglugerðir við lög um framhaldsskóla hafa verið gefnar út en eftir er að gefa út reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum. Vinna við þá reglugerð er langt komin og á næstunni verður leitað eftir athugasemdum og ábendingum hagsmunaaðila og reglugerðin væntanlega gefin út fyrir áramót.

Sjá lista yfir útgefnar reglugerðir í viðauka.

b) Ritun og útgáfa aðalnámskráa fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Aðalnámskrár fyrir þessi skólastig voru gefnar út í maí sl. og er nú unnið að kynningu þeirra. Ritun greinanámskráa fyrir grunnskóla er hafin og verða þær gefnar út á þessu skólaári. Í aðalnámskrám eru skilgreindir sex grunnþættir í menntun sem eiga sér stoð, hver með sínum hætti, í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru, einnig um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa. Þeim er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfellu í öllu skólastarfi. Grunnþættir í menntun eru: Læsi í víðum skilningi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Grunnþættirnir eru skilgreindir í sameiginlegum inngangskafla í aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þeir tengjast öllum námsgreinum grunnskóla og eru leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum ásamt lögbundnum áhersluþáttum, m.a. sjálfsvitund, siðgæðisvitund, félagsvitund, borgaravitund og félagsfærni.

Ný aðalnámskrá grunnskóla skipar lögbundnum námsgreinum á námssvið sem hér segir: Erlend tungumál, list- og verkgreinar, náttúrugreinar, skólaíþróttir, samfélagsgreinar og upplýsinga- og tæknimennt. Auk þess eru sérstakar ráðstöfunarstundir skóla í 1.–7. bekk og val nemenda í 8.–10. bekk. Kynnt er ný viðmiðunarstundaskrá sem veitir skólum meiri sveigjanleika í skipulagi skólastarfs. Ein helsta breytingin er að val nemenda á unglingastigi í 8.–10. bekk verður allt að fimmtungur námstímans. Nú er unnið að gerð námsgreinahluta aðalnámskrár grunnskóla og stefnt er að útgáfu þeirra fyrir lok þessa skólaárs.

Í grunnskóla skal leggja mat á hæfni nemenda innan hvers námssviðs og á það við jafnt í bóklegu námi, verknámi og listnámi. Í aðalnámskránni er kynntur nýr matskvarði með fjórum flokkum, A–D. Matskvarðinn er tvískiptur, annars vegar kvarði fyrir mat á hæfni á hverju námssviði og hins vegar mat á lykilhæfni við lok grunnskóla. Viðmið í námsmati innan hvers námssviðs eða hverrar námsgreinar verða skilgreind nánar í námsgreinahlutanum. Matskvarðann ber að nota við brautskráningu nemenda úr grunnskóla. Einnig má nota hann við lok 4. og 7. bekkjar og almennt í námsmati grunnskóla. Kvarðann má laga að skólanámskrá hvers skóla og aðstæðum hverju sinni.

Ráðgert er að aðalnámskrá grunnskóla verði fylgt eftir af hálfu ráðuneytisins í haust, m.a. með kynningum fyrir kennara og skólastjórnendur og eru þær kynningar þegar hafnar, útgáfu

þemahefta um grunnþætti í menntun, útfærslu á námsmati við lok grunnskóla, þróunarstarfi og endurmenntun auk endurskoðunar á samræmdum könnunarprófum í 4.–7. og 10. bekk grunnskóla og nýsköpunar í námsgagnagerð.

c) Uppbygging upplýsinga- og stoðkerfa.

Námskrárgrunnur verður tekinn í notkun um næstu áramót. Hlutverk hans er að auðvelda skólum notkun námskráa, gerð skólanámskráa og áfanga- og námsbrautalýsinga. Einnig miðlar Námskrárgrunnurinn upplýsingum milli ráðuneytis og skóla og samhæfir vinnu vegna viðurkenningar námsbrauta á framhaldsskólastigi. Námsbrautir sem framhaldsskólar þróa á grundvelli nýrrar aðalnámskrár verða hluti af aðalnámskránni og munu birtast starfsmönnum allra skóla, nemendum og foreldrum í námskrárgrunni.

Ný Menntagátt verður einnig opnuð um áramót en þar verður stutt við innleiðingu nýrra laga og námskrár með miðlun upplýsinga og eflingu samstarfs um þróunarverkefni, námsefni, nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi, stoðþjónustu vegna námsvals og innritunar o.s.frv. Verið er að kanna fýsileika þess að smíða námsferilskerfi fyrir nemendur og nýtt innritunarkerfi fyrir framhaldsskóla.

2. Innleiðing

a) Endurmenntun og mótun starfsumhverfis kennara. Gert hefur verið samkomulag milli mennta- og menningarmálaráðuneytis, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga og þeirra háskóla sem sinna endurmenntun um samstarfsvettvang um endurmenntun kennara. Einnig hefur ráðuneytið gert samning við menntavísindasvið Háskóla Íslands um samstarf um endurmenntun kennara vegna innleiðingar nýrra laga og aðalnámskrár. Hefur menntavísindasvið þegar skipulagt námskeið fyrir starfandi kennara um nýjar námskrár og unnnið að því að tengja áherslur þar í grunnmenntun kennara.

Í framhaldi af samkomulagi í tengslum við nýlega kjarasamninga leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólakennara verða settir af stað starfshópar samningsaðila til að endurskoða vinnutímaþátt kjarasamninga, starfsþróun kennara og þróun skólastarfs í áttina að sameiginlegri framtíðarsýn.

b) Endurskoðun námsefnis

Vegna niðurskurðar á fjárveitingum hefur þurft að draga úr fjárveitingum og styrkjum til námsagnaútgáfu bæði á vegum einkaaðila og hjá Námsgagnastofnun.

Námsgagnastofnun vinnur nú að útgáfu þemahefta um grunnþætti í nýjum aðalnámskrám. Einnig vinnur stofnunin nú að þarfagreiningu fyrir námsgagnaútgáfu vegna nýrra námskráa. Verið er að undirbúa klasasamstarf milli opinberra- og einkaaðila um námsgagnagerð með áherslu á rafræna útgáfu.

c) Endurskoðun námsmats

Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um miklar breytingar á lokamati í grunnskólum í kjölfar þess að frá gildistöku grunnskólalaga eru ekki lengur samræmd lokapróf í grunnskóla. Skipaður verður starfshópur til að vinna að endurskoðun þess námsmats er taki gildi vorið 2013.

Í undirbúningi er vinna við skilgreiningu hæfniskrafa til stúdentsprófs í samstarfi við háskóla. Einnig liggur fyrir að hefja þróun viðmiðunarprófa fyrir kjarnagreinar til stúdentsprófs.

d) Endurskoðun viðurkenningar og vottunar

Gefnar hafa verið út nýjar reglur um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi og mótað ferli fyrir slíkar viðurkenningar.

e) Þróun námsframboðs

Veittir hafa verið styrkir til allra framhaldsskóla til mótunar nýrrar aðalnámskrár. Sérstök áhersla hefur verið lögð á mótun styttri námsbrauta til framhaldsskólaprófs.

Áhersla hefur verið lögð á eflingu starfsmenntunar. Starfsgreinanefnd vinnur nú að stefnumótun um starfsmenntun, ráðuneytið tekur þátt í verkefni á vegum OECD um starfsmenntun.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla voru á árinu 2010 skipuð 12 starfsgreinaráð til að fjalla um starfsmenntun hvert á sínu sviði atvinnulífsins. Í kjölfarið var skipuð starfsgreinanefnd sem í eiga sæti formenn allra starfsgreinaráða auk formanns og varaformanns sem skipaðir eru án tilnefningar. Verkefni starfsgreinanefndar er annars vegar að stuðla að samhæfingu í störfum starfsgreinaráða og hins vegar að vera ráðgefandi um mótun starfsmenntastefnu. Starfsgreinanefndin hefur haldið 10 fundi frá skipun nefndarinnar í maí 2010 og starfsgreinaráðin verið virk í eflingu iðn- og starfsnáms eins og fram kemur hér á eftir í skýrslunni, m.a. við að skilgreina hæfni á starfsgreinaþrep.

Nefna má að fulltrúar ólíkra listgreina hafa unnið sambærilega vinnu og unnin hefur verið í tengslum við iðnnámið við að skilgreina hæfni á listgreinaþrep.

Allir framhaldsskólar hafa unnið að þróunarverkefnum sem tengjast innleiðingunni og mikið er um að skólar starfi saman að einstökum verkefnum.

f) Uppbygging stjórnunar og stoðþjónustu

Ráðuneytið vinnur nú að greiningu á með hvaða hætti efla megi stoðþjónustu við nemendur og skólakerfið m.a. uppbyggingu undirstofnana og færslu verkefna til þeirra.

g) Kynning

Haldnir hafa verið reglubundnir fundir með skólastjórnendum, kennurum og öðrum hagsmunaaðilum um kynningu á nýjum lögum og námskrám.

Samstarf er við Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóla um kynningu á nýjum lögum, reglugerðum og aðalnámskrám fyrir skólanefndir um allt land. Þegar kynningu fyrir starfsmenn og stjórnendur skóla er lokið verður lögð áhersla á kynningu fyrir nemendur og almenning. Frekara kynningarefni verður birt á Menntagátt og efni miðlað til almennings.

3. Framkvæmd

a) Kennsla samkvæmt nýjum aðalnámskrám

Á þennan þátt hefur fyrst og fremst reynt í framhaldsskólum en breytingar þar eru umfangsmeiri en á öðrum skólastigum.

Í ljósi stöðu ríkisfjármála og nauðsynlegra aðgerða til þess að draga úr útgjöldum og auka svigrúm framhaldsskóla hefur ráðuneytið reiknað með því að hægja þurfi á innleiðingu nýrra námsbrauta sem krefjast verulegrar breytinga. Af þeirri ástæðu var lögum um framhaldsskóla breytt á þann veg að frestur framhaldsskóla til að setja sér námsbrautarlýsingar skv. nýrri námskrá var framlengdur frá 1. ágúst 2011 til sama tíma árið 2015. Þetta útilokar þó ekki þann möguleika að skólar innleiði nýtt nám eins og þegar er hafið í nokkrum skólum.

Tilraunakennsla samkvæmt nýjum aðalnámskrám hefur farið fram í nokkrum framhaldsskólum. Kvennaskólinn í Reykjavík og Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ hafa kennt samkvæmt

nýju námsskipulagi í tvö ár og næsta vor munu nemendur útskrifast frá þessum skólum með stúdentspróf eftir þriggja ára nám. Menntaskólinn á Tröllaskaga hefur einnig sniðið allt námsframboð sitt að nýjum lögum og aðalnámskrá en aðrir framhaldsskólar að hluta.

Samkvæmt áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytis munu 10 framhaldsskólar fara í nýtt kerfi næstu tvö árin og allir skólar endurskipuleggja námsframboð sitt samkvæmt nýrri námskrá fyrir árslok 2014. Til að svo megi verða þarf að laga kjarasamninga kennara að nýjum lögum og námskrá og tryggja fjármagn til innleiðingar og þróunarstarfa.

b) Stoðþjónusta

Hvað varðar stoðþjónustu við framkvæmd nýrra laga þá gegna sveitarfélög og fræðsluskrifstofur á þeirra vegum mikilvægu hlutverki í uppbyggingu slíkrar þjónustu fyrir leik- og grunnskóla. Á framhaldsskólastigi hefur mest reynt á stoðþjónustu vegna innritunar.

Hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti aukið þjónustu náms- og starfsráðgjafa fyrir nemendur og mun sú þjónusta og upplýsingamiðlum verða efld frekar. Ráðuneytið ber ábyrgð á innritun í framhaldsskóla og hefur umfang hennar aukist mjög með fræðsluskyldu til 18 ára aldurs.

c) Útgáfa og notkun námsefnis

Framkvæmd þessa þáttar er skammt á veg kominn en viðræður hafa átt sér stað um samstarf við bókaútgefendur um útgáfu námsefnis. Þróunarstyrkir hafa verið veittir til námsgagnagerðar í framhaldi af nýjum námskrám.

d) Breyttir kennsluhættir

Til þess að ná fram markmiðum nýrra laga og námskráa er mikilvægt að kennsluhættir styðji við nýjar áherslur og að komið sé til móts við ólíkar námsþarfir nemenda. Ólíkir skólar hafa tekið kennsluhætti til gagngerrar endurskoðunar og má sem dæmi nefna að Menntaskólinn á Akureyri hefur samþætt ólíkar greinar í svokallaðan *Íslandsáfanga* á fyrsta námsári og gjörbreytt kennsluháttum og vinnu nemenda.

e) Velferð nemenda

Unnið hefur verið að því að fylgja eftir áherslum í nýjum lögum á réttindi, öryggi og velferð nemenda. Þegar hefur reynt á ýmis ákvæði laga og reglugerða varðandi þjónustu við nemendur og ráðuneytið úrskurðað í kærumálum þar að lútandi. Einnig hefur verið unnið að áætlunum um heilsueflandi skóla og aðgerðum gegn einelti og útgáfu handbóka vegna slysavarna og öryggismála á leik- og grunnskólastigi. Ráðuneytið hefur tekið virkan þátt í starfsemi velferðarvaktarinnar, allt frá efnahagshruni, og sérstakur hópur er starfandi innan ráðuneytisins sem hefur það hlutverk að fylgjast með þróun mála.

f) Skólasamningar

Í árangurssamningum við framhaldsskóla hafa verið lagðar fram áherslur ráðuneytisins varðandi innleiðingu framhaldsskólalaga og þær samræmdar markmiðum og vinnu framhaldsskóla.

4. Mat á gæðum og árangri

Áherslur í mati á gæðum skólastarfs og árangri við innleiðingu nýrra laga koma fram í eftirfarandi þáttum:

a) Reglur um mat

Í aðalnámskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla birtast reglur um mat á skólastarfi og eftirlit af hálfu ráðuneytis og sveitarfélaga. Ætlunin er að fylgja þessum reglum eftir með leiðbeiningum um mat.

b) Námsmat, lokamat

Breytingar hafa verið gerðar á framkvæmd samræmdra prófa í samræmi við ákvæði nýrra grunnskólalaga og fara 10. bekkjarpróf nú fram að hausti. Unnið er að útfærslu lokamats í grunnskólum og framhaldsskólum í samræmi við hæfniviðmið nýrra námskráa.

c) Viðurkenning einkaskóla og staðfesting námsbrauta

Hafin er viðurkenning einkaskóla á framhaldsskólastigi skv. nýjum lögum. Undirbúningur fyrir staðfestingu námsbrauta skv. nýrri námskrá er hafinn.

d) Mat á skólastarfi

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og með styrk frá Jöfnunarsjóði unnið að þróun sameiginlegs ytra mats þessara aðila á grunnskólum. Tilraunaverkefni um slíkt mat mun hefjast á næsta ári.

e) Tenging við alþjóðleg viðmið

Unnið er að samhæfingu gæðamats hér á landi við Evrópsk viðmið um hæfni nemenda, m.a. í starfsmenntun. Einnig er tekið mið af mælingum PISA á hæfni íslenskra grunnskólanemenda.

f) Vöktun og eftirlit

Ráðuneytið hefur staðið fyrir reglubundnum könnunum á innleiðingu nýrra laga og reglugerða.

2. Sveigjanleg skólaskil og val nemenda. Farið verði m.a. yfir hversu margir nemendur hafi nýtt sér þau úrræði og hvar á landinu þeir hafi verið, einnig hver þróunin varð eftir að fjárveiting var skorin niður til framhaldsskóla vegna nemenda í grunnskólum sem skráðu sig í einstaka áfanga í framhaldsskóla.

Nemendur 10. bekkjar grunnskóla höfðu fram til ársins 2010 tækifæri til að stunda nám í fyrstu áföngum í kjarnagreinum framhaldsskóla og var hugmyndin að með því gætu þeir stytt sér leið að lokaprófi á því skólastigi. Nemendur sem þannig tækju og stæðust próf í t.d. áfanganum íslensku 103 gætu því byrjað á íslensku 203 þegar þeir kæmu í framhaldsskólann.

Á árunum 2005–2010 stækkaði hópur þeirra sem nýttu sér boð framhaldsskólanna og haustið 2009 voru um 896 nemendur skráðir í nám af þessu tagi. Hver nemandi stundaði þá nám í rúmlega 3 einingum að meðaltali þannig að reiknaðir ársnemendur á skólaárinu hafa verið um 190 að teknu tilliti til brottfalls. Reikna má með að kostnaður við þetta námstilboð hafi verið nálægt 100 milljónum á ári. Af þessum nemendum voru um 40% af landsbyggðinni. Haustið 2010 hafði nemendum í grunnskóla sem voru skráðir í áfanga í framhaldsskóla fækkað og voru 281.

Fjöldi nemenda í grunnskóla sem tóku áfanga í framhaldsskóla 2009-2010

Ár	Yngri en 16 ára skráðir í framhaldsskóla	Fjöldi 10. bekkinga sem taka einingar í framhaldsskóla	Meðalfjöldi eininga
2009	994	896	3,4
2010	344	281	3,1

Þegar sparnaðarleiðir fyrir árið 2010 voru ræddar meðal skólastjórnenda og starfsmanna ráðuneytis kom fram tillaga um að skerða eða skera af þennan kostnað. Vissulega var ljóst að í mörgum tilvikum var um frestun á kostnaði að ræða þar eð þeir nemendur úr grunnskóla sem væru sviptir þessum rétti þyrftu að taka viðkomandi upphafsáfanga þegar þeir kæmu í framhaldsskólann með sama kostnaði. Hins vegar kom þá fram að í allmörgum tilvikum virkaði hugmyndin um að stytta námið ekki sem skyldi því nemendur fengju ekki metna þessa áfanga í öllum framhaldsskólum. Nýleg rannsókn Gerðar Óskarsdóttur bendir til þess að einungis þriðjungur nemenda í Reykjavík hafi nýtt sér þessa einingasöfnun til styttingar sem þýðir að tveir þriðju nemenda sátu sama áfangann á tveimur skólastigum. Meginskýringin á þessu er að bekkjarskólar líta ekki á námsframvindu í áföngum og námseiningum heldur er hver námsgrein skilgreind eftir skólaárum og/eða önnum og svigrúmið lítið til mismunandi samsetningar námsins eins og tíðkast í áfangaskólum. Líklegt er að nemendur sem tóku framhaldsskólaáfanga sem val í 10. bekk hafi í mörgum tilvikum vitað af þessum annmörkum en þrátt fyrir það sótt um og fengið skólavist í bekkjarskóla sem ekki mat nám þeirra til eininga.

Það er nánast ógjörningur að rekja hversu margir hafa fengið metnar og nýtt sér einingar til styttingar náms en þó er vísað til rannsóknar Gerðar Óskarsdóttur sem á einungis við um Reykjavík. Hvað landsbyggðina varðar má hins vegar fullyrða að þar hafi meginþorri nemenda nýtt sér þessar einingar og endurtekning framhaldsskólaáfanga verið afar sjaldgæf þar sem flestir skólar þar starfa eftir áfangakerfi.

Vaxandi hluti af námstilboðinu varð á síðustu árum skipulagt sem fjarnám og var Fjölbrautaskólinn við Ármúla umsvifamikill á því sviði. Í einhverjum tilvikum hafa skólarnir orðið tregari til að meta áfanga sem þannig eru kenndir en það á þó einkum við bekkjarkerfisskóla. Í þessu sambandi ber að minna á að skólameistari hvers skóla ber ábyrgð á mati fyrra náms nemenda og hvorki lögin né aðalnámskrá kveða skýrt á um skyldur skóla í þessum efnum.

Tregða skóla til að meta einingarnar hefur vissulega verið fyrir hendi eins og fram hefur komið og er skýringin að mestu fólgin í ólíku skipulagi skólanna sbr. það sem hér hefur verið sagt um bekkjarskóla í samanburði við áfangaskóla. Að auki má nefna að í einhverjum tilvikum sáu grunnskólakennarar um kennslu í framhaldsskólaáföngum og kom þá upp vafi um gæði kennslunnar og marktækni prófsins þar eð viðkomandi kennari hafði ekki leyfisbréf framhaldsskólakennara.

Niðurstaðan hefur því orðið sú að í einhverjum tilvikum hefur verið ofgreitt fyrir fyrstu áfanga framhaldsskólans. Sé reiknað með að 60% eininga úr Reykjavík falli ónýttar en aðeins

um 10% af landsbyggðinni þá er niðurstaðan sú að tvígreitt er fyrir rúmlega 80 af 190 ársnemendum.

Ef menn vilja hins vegar tryggja að ekki sé tvígreitt fyrir áfanga þá þarf annað hvort að skylda alla skóla til að meta áfangana, eða skylda nemendur til að fara í þá skóla sem eru fúsir til að meta þá. Ef fyrri kosturinn er valin þá þarf væntanlega að breyta ákvæðum laga og aðalnámskrár. Sá síðari virðist ekki vænlegur með tilliti til réttinda nemenda gagnvart reglum um innritun í framhaldsskóla.

Ráðuneytið hefur nýlega látið gera könnun á fyrirkomulagi og umfangi valgreina á unglingastigi og liggja niðurstöður nú fyrir en skólastjórar grunnskóla svöruðu könnuninni vorið 2011. Í könnuninni var m.a. spurt um hvort nám á framhaldsskólastigi sem nemendur stunda utan skóla sé metin sem valgrein við grunnskóla. 51,4% skólastjóra grunnskóla svara spurningunni játandi. Grunnskólar voru einnig beðnir að nefna dæmi um nám sem sé metið í hvaða árgangi grunnskólans. Langalgengast er að nemendur í 10. bekk stundi nám í framhaldsskóla og eru enska og stærðfræði þær námsgreinar sem hvað flestir nefna.

3. Efling iðn- og starfsnáms.

Fastanefndir og ráð

Í samræmi við ákvæði laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla voru á árinu 2010 skipuð 12 starfsgreinaráð til að fjalla um starfsmenntun hvert á sínu sviði atvinnulífsins. Í kjölfarið var skipuð starfsgreinanefnd sem í eiga sæti formenn allra starfsgreinaráða auk formanns og varaformanns sem skipaðir eru án tilnefningar. Verkefni starfsgreinanefndar er annars vegar að stuðla að samhæfingu í störfum starfsgreinaráða og hins vegar að vera ráðgefandi um mótun starfsmenntastefnu. Starfsgreinanefndin hefur haldið 10 fundi frá skipun nefndarinnar í maí 2010 og starfsgreinaráðin verið virk í eflingu iðn- og starfsnáms eins og fram kemur hér á eftir.

Efling vinnustaðanáms

a) Í ágúst sl. var auglýst eftir umsóknum um styrki til vinnustaðakennslu starfsnámsnemenda á framhaldsskólastigi í fyrirtækjum og stofnunum og var umsóknarfrestur til 15. september 2011. Þessir styrkir eru veittir úr tímabundnum sjóði sem í eru 80 milljónir króna og er fjármagnaður jöfnum höndum af opinberu fé skv. fjárlögum og hluta iðnaðarmálagjalds á lokaári þess 2010.
b) Í apríl sl. tilkynnti ríkisstjórnin að hún hygðist veita 150 milljónum króna á ári 2012, 2013 og 2014 sem framlag ríkisins í vinnustaðanámssjóð.
c) Í maí 2011 var skipuð nefnd til að gera tillögur um efni í frumvarp til laga um sjóð er hafi það verkefni að efla vinnustaðanám og koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana sem annast kennslu starfsnámsnemenda á framhaldsskólastigi. Nefndinni er ætlað að ljúka störfum fyrir árslok 2011. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar allra megin hagsmunaaðila sem koma að starfsmenntun á framhaldsskólastigi í allri sinni breidd.
d) Í ársbyrjun 2011 gerði ráðuneytið samning við Iðuna fræðslusetur til tveggja ára um gerð handbóka sem ætlað er að efla gæði starfsnáms, einkum vinnustaðanáms.
   Um er að ræða þrenns konar handbækur:
   i. handbækur fyrir nemaleyfisnefndir sem ætlað er það hlutverk að skilgreina kröfur til vinnustaða sem taka nema til náms samkvæmt námssamningi
   ii. handbækur fyrir sveinsprófsnefndir og
   iii. námsferilsbækur þar sem haldið er utan um vinnustaðanám nemenda og verkefni þeirra og framvinda í námi skráð.

Námskrárþróun

Í maí 2011 gaf ráðuneytið út aðalnámskrá framhaldsskóla, almennan hluta, sem fjallar um allt nám á framhaldsskólastigi, þ.m.t. starfsnám. Þar er kveðið á um skilyrði sem framhaldsskólar skuli fylgja við gerð námsbrautalýsinga, sbr. 23. gr. laga um framhaldsskóla. Eitt af þessum skilyrðum er að námið skuli skipulagt með hliðsjón af viðmiðum um þekkingu, leikni og hæfni í þrepaskiptum viðmiðaramma um íslenska menntun. Þessi niðurstaða byggði á mikilli þróunarvinnu, m.a. vinnu fjölmargra rýnihópa á ýmsum sviðum, ekki hvað síst innan starfsgreina og starfsgreinaflokka. Þá hefur ráðuneytið veitt styrki til að þróa svokallaðar dæmabrautir, þ.e. námsbrautalýsingar byggðar á viðmiðaramma sem gerðar eru í tilraunaskyni og ætlað er að vera öðrum fyrirmynd um form og vinnubrögð.

Skv. lögum og reglugerðum er það verkefni starfsgreinaráða að skilgreina hæfniviðmið í starfsnámi.

a) Á fyrri hluta þessa árs unnu starfsgreinaráðin að því að skoða námslok á um 60 starfsnámsbrautum skv. gildandi námskrám með hliðsjón af hæfniviðmiðum og gera rökstudda tillögu um staðsetningu námsloka á þrep í viðmiðarammanum. Þessi vinna liggur nú fyrir og ætti að nýtast bæði við frekari þróun brautanna og við samanburð við sambærilega menntun í nálægum löndum sem einnig byggja á þrepaskiptum viðmiðarömmum.
b) Veturinn 2011–2012 munu starfsgreinaráðin takast á við að skilgreina og endurskilgreina hæfnikröfur starfa hvert á sínu starfssviði. Lögð er áhersla á að ráðin horfi til framtíðar og skilgreini hæfniviðmiðin á fremur breiðum grundvelli en þó nægilega skýrt til að hæfnikröfurnar geti orðið framhaldsskólum leiðarljós í þróun námsbrautalýsinga.
c) Fjölmargir framhaldsskólar hafa þegar sent ráðuneytinu tillögur að nýjum námsbrautalýsingum á grundvelli laga um framhaldsskóla. Ráðuneytið hefur sent viðkomandi starfsgreinaráði þessar brautalýsingar til umsagnar til að ganga úr skugga um að þær falli að þörfum og kröfum atvinnulífs um þekkingu, leikni og hæfni starfsmanna. Að fengnum umsögnum hefur ráðuneytið heimilað tímabundna tilraunakennslu með það að markmiði að skóli nái að þróa námskrár/námsbrautalýsingar á grundvelli reynslu áður en þær eru formlega staðfestar.

Mótun heildstæðrar starfsmenntastefnu

Hafin er skipulögð vinna við mótun starfsmenntastefnu og má nefna 3 verkefni í því sambandi.

a) Verið er að vinna að úttekt á íslensku starfsmenntakerfi í samstarfi við OECD undir yfirskriftinni „Skills beyond school“. Meginviðfangsefni þess verkefnis er starfsnám á viðbótarstigi milli framhaldsskóla- og háskólastigs og þörf atvinnulífs fyrir nám á viðbótarstigi. Þá er hugað að stöðu og þróun náms á viðbótarstigi og tengsl við framhaldsskóla- og háskólastig.
b) Hafið er samstarf við CEDEFOP, þróunarmiðstöð starfsmenntunar í Evrópu, um afmarkað verkefni er felur í sér greiningu og mat á menntunarþörfum íslensks atvinnulífs andspænis þeirri starfsmenntun sem í boði er (samræmi í framboði og eftirspurn). Verkefnið tengist stærri verkefnum CEDEFOP þar sem gerður er samanburður milli landa (Skill Supply in Europe).
c) Innleiðing stefnu um ævimenntun.

Lög um framhaldsfræðslu 2010 mynduðu seinasta hlekkinn í keðju lagasetningar hér á landi sem myndar umgjörð um ævimenntun fólks hér á landi frá vöggu til grafar. Unnið er að sérstöku verkefni um innleiðingu heildarstefni um ævimenntun á Íslandi með áherslu á

starfsmenntun og framhaldsfræðslu þar sem haldnir verða samráðsfundir með hinum ýmsu hagsmunaaðilum og fulltrúum í hverjum landshluta.

Áætlað er að niðurstöður framangreindra verkefna ásamt vinnu starfsgreinaráða og starfsgreinanefndar veturinn 2011–2012 verði dregin saman á ráðstefnu um mótun starfsmenntastefnu á vordögum 2012.

4. Árleg rekstrargjöld til leik-, grunn- og framhaldsskóla frá árinu 2008.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru heildarútgjöld hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, eftir málaflokkum 2008–2010 eftirfarandi:

Heildarútgjöld hins opinbera eftir málaflokkum í mestri sundurliðun					
1998-2010					
		2008	2009	2010	Breyt. 2008-10
Í milljónum króna	081 Íþrótta- og tómstundamál	26.501	25.852	27.266	2,9%
	0911 Leikskólastig	12.676	13.442	12.916	1,9%
	0912 Barnaskólastig (1-7 bekkur grunnskóla)	39.585	40.437	40.345	1,9%
	0921 Unglingastig (8-10 bekkur grunnskóla)	17.302	17.720	17.521	1,3%
	0922 Framhaldsskólastig	19.287	20.552	19.553	1,4%
Á verðlagi ársins 2010	081 Íþrótta- og tómstundamál	30.255	26.838	27.266	-9,9%
	0911 Leikskólastig	14.472	13.955	12.916	-10,8%
	0912 Barnaskólastig (1-7 bekkur grunnskóla)	45.192	41.979	40.345	-10,7%
	0921 Unglingastig (8-10 bekkur grunnskóla)	19.753	18.396	17.521	-11,3%
	0922 Framhaldsskólastig	22.019	21.336	19.553	-11,2%
Útgjöld flokkuð samkvæmt COFOG staðlinum.					

5. Áhrif kjarasamninga á skólastarf og rekstur skóla.

Kjarasamningar kennara hafa talsverð áhrif á skólastarf í framhaldsskólum. Þeir setja starfinu vissan ramma sem ekki er auðvelt að fara út fyrir nema um það sé samið sérstaklega. Ljóst var að nokkrar breytingar sem ákveðnar voru með lögum um framhaldsskóla 2008 kæmust ekki til framkvæmda nema um þær væri samið við Kennarasamband Íslands f.h. Félags framhaldsskólakennara. Þau atriði sem þannig háttar um eru:

1. Lenging skólaársins úr 175 dögum í 180.
2. Breytt viðmið um námseiningar. Horfið er frá því í lögunum að miða námseiningu fyrst og fremst við fjölda kennslustunda. Í stað þess á einingin að mæla allt vinnuframlag nemenda óháð því hvort um kennslustundir er að ræða eða aðra vinnu þeirra. Kennslustundafjöldi og námseiningar hafa lengi verið grunneiningar í kjarasamningum framhaldsskólakennara í að mæla og greiða fyrir vinnuframlag kennara. Með breyttri skilgreiningu á einingu verður að nálgast mælinguna á vinnuframlagi þeirra með öðrum hætti og kveða á um það í kjarasamningi.
3. Skil á milli kennslutíma og annarra starfa kennara, svo sem vegna prófa, eru afnumin í lögunum frá 2008. Í eldri lögum var kveðið á um 175 daga skólaár þar sem kennsludagar skyldu ekki vera færri en 145. Hefur verið við það miðað sem hámark í kjarasamningum kennara. Lögin frá 2008 gera ráð fyrir því að framhaldsskólar geti mótað starfsemi sína á sveigjanlegan hátt, m.a. með það að markmiði að koma til móts við þarfir ólíka nemendahópa. Bindingu skólaárs í kennslu- og prófadaga var því aflétt.

Ljóst hefur verið frá setningu laganna um framhaldsskóla árið 2008 að kjarasamninga framhaldsskólakennara yrði að taka upp og laga að kröfum um breytta starfshætti framhaldsskóla. Nokkrir framhaldsskólar hafa hafið tilraunkennslu á námsbrautum sem skipulagðar eru að fullu á grundvelli laganna. Þar hafa verið gerðar tímabundnar breytingar á kjarasamningum kennara með tilliti til lengra skólaárs, frelsis til að ákveða fjölda kennsludaga og upptöku nýrrar framhaldsskólaeiningar.

Í tengslum við breytingar og framlengingu á kjarasamningi Félags framhaldsskólakennara í maí 2011 undirrituðu mennta- og menningarmálaráðherra og KÍ sérstakt samkomulag um aðlögun kjarasamnings að nýjum framhaldsskólalögum. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að stofnaður verði vinnuhópur um málefni framhaldsskólans sem taki til skoðunar vinnutilhögun framhaldsskólakennara, menntunarþörf og starfsþróun og faglegt starf. Starfshópurinn á að skila drögum að niðurstöðum eigi síðar en í byrjun apríl 2012 og lokaáliti eigi síðar en í maí það ár.

Tillögur starfshópsins munu liggja til grundvallar endurskoðunar kjarasamnings þar sem stefnt er að aðlögun hans að nýjum framhaldsskólalögum og nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla. Miðað er við að samningur aðila um breytingar á kjarasamningi í anda laganna frá 2008 liggi fyrir 1. september 2012. Gangi það eftir verður opnað fyrir breytingar á vinnutímakafla kjarasamningsins. Að öðrum kosti heldur núverandi kjarasamningur áfram gildi sínu hvað vinnutíma varðar.

Bæði leikskólakennarar og grunnskólakennarar gerðu samkomulag við sveitarfélög í tengslum við síðustu kjarasamninga um að vinna að aðlögun samninganna að sameiginlegri framtíðarsýn í skólamálum.

Hvað varðar samninga grunnskólakennara og skólastjórnenda grunnskóla fengust þær upplýsingar hjá Sambandi íslenskra sveitafélaga að heildarkostnaður á gildistíma samninga verði 12% hjá grunnskólakennurum og 11.4% í samningum skólastjóra.

Ekki liggur fyrir kostnaðarmat á nýjum samningum leikskólakennara þar sem sá samningur var samþykkur þann 6. september. En heildarkostnaður vegna samninga leikskólastjóra er metinn sem 11,4%.

6. Staða og þróun sérkennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Einnig verði farið yfir hvernig börnum með sérþarfir er mætt í skólakerfinu og hvernig ráðuneytið komi að þeim málum, jafnframt hvort ætlunin sé að bæta sveitarfélögum aukinn kostnað við að sinna þessari þjónustu.

Staða og þróun sérkennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Í reglugerð um sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskóla kemur fram ákveðin stefnubreyting sem felst í því að sérfræðiþjónustan er ekki lengur eingöngu bundin við einstakling heldur geta kennarar fengið ráðgjöf/aðstoð við hópa eða til að greina aðstæður, sbr:

„Starfsfólk sérfræðiþjónustu skal aðstoða starfsfólk leik- og grunnskóla við greiningu á nemendum sem kunna að eiga í líkamlegum, sálrænum eða félagslegum vanda sem geta haft áhrif á námsframvindu. Einnig skal sérfræðiþjónusta aðstoða starfsfólk leik- og grunnskóla við greiningu á námsaðstæðum, veita ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við og vísa á viðeigandi úrræði“ (úr 10. grein). Slík nálgun hentar betur til að fást við félagsleg vandamál (t.d. einelti) sem upp geta komið í bekk og haft áhrif á líðan og námsframvindu í nemendahópi. Vitað er að miklum fjármunum er varið í greiningar á einstaklingum. Ýmsar rannsóknir benda hins vegar til þess að efla þurfi fagmennsku í mörgum skólum til að takast á við ólíkar námsþarfir eða byggja upp gott námssamfélag meðal ólíkra nemenda. Eins að kennarar geti

sótt sér aðstoð til að vinna kennslufræðilega úr greiningum nemenda sinna. Vonir standa til að ákvæði í nýjum reglugerðum stuðli frekar að því að fjármagninu sé ekki síður varið til að efla fagmennsku innan skólanna til að takast á við félagsleg eða kennslufræðileg vandamál sem upp kunna að koma.

Óskað hefur verið eftir því að mennta- og menningarmálaráðuneytið styrki rannsóknina *What are the effects of special and multicultural education in Icelandic schools?* Þó að meginreglan sé sú að styrkir ráðuneytisins til rannsóknaverkefna eru ákveðnir af sjóðsstjórnum rannsóknasjóða að undangengnu faglegu mati óháðra aðila hefur ráðuneytið í undantekningartilvikum styrkt með beinum hætti rannsóknaverkefni ef verkefnið styður við stefnumörkun eða aðgerðir á verksviði ráðuneytisins. Í ljósi þess að sú umfangsmikla upplýsingaöflun og greining sem áformuð rannsókn muni veita mikilvægar upplýsingar um þau námsúrræði sem ríki og sveitarfélög bjóða þessum viðkvæma nemendahópi, er ráðuneytið tilbúið til að styrkja rannsóknina að nokkru leyti ef heildarfjármögnun næst.

Hvernig er börnum með sérþarfir mætt í skólakerfinu.

Börnum með sérþarfir er mætt á einstaklingsgrundvelli á sama hátt og öllum öðrum börnum í íslenska skólakerfinu.

Aðkoma ráðuneytis að málefnum barna með sérþarfir.

Með lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2008 er grunnur lagður að réttindum allra til náms. Lögin setja ramma um málefni barna með sérþarfir og eru nánari útfærslur að finna í reglugerðum. Sú nýbreytni var tekin upp að vinna sameiginlega reglugerðir fyrir leik- og grunnskóla þar sem því var við komið til að tryggja sem besta samfellu í þjónustu við börn með sértæka örðugleika í námi.

Enn er verið að vinna að reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum, en í þeirri reglugerð munu endurspeglast áhersluatriði í reglugerðum fyrir grunnskólastigið og sérstaklega verður fjallað um fatlaða nemendur í framhaldsskólum, en mikil áhersla er lögð á að tryggja þeim nám við hæfi í samræmi við metnar sérþarfir.

Helstu nýmæli í reglugerð um málefni barna með sérþarfir eru:

Helsta nýmælið í reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskólum er að stefna um skóla án aðgreiningar sem var lögfest í grunnskólalögum 2008 er útfærð. Jafnframt eru ákvæði um skóla án aðgreiningar í nýrri aðalnámskrá grunnskóla. Áhersla er lögð á að á grunnskólastigi eigi allir nemendur rétt á að stunda skyldunám í almennum grunnskólum án aðgreiningar sem öll börn eiga rétt á að sækja. Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Gengið er út frá því að allir fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms og að námið sé á forsendum hvers einstaklings. Þar ríkir ákveðið viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi heimaskóla óháð atgervi þeirra og stöðu. Þessi grundvallarhugmyndafræði í skólastarfi hér á landi felur í sér alhliða hlutdeild, aðgengi og þátttöku allra nemenda í skólastarfinu. Nemendahópur í grunnskóla er fjölbreyttur og þarfir þeirra mismunandi. Sveitarfélög skulu sjá til þess að skólaskyld börn, sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu eða eru vistuð hjá fósturforeldrum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, fái sérstakan stuðning í skólastarfi í samræmi við sérþarfir þeirra eins og þær eru metnar. Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðug-

leika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir. Bráðgerir nemendur og nemendur sem búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum eiga rétt á að fá námstækifæri við sitt hæfi. Þeir eiga að fá tækifæri til að þroska sérhæfileika sína og nýta tímann til hins ýtrasta með því að glíma við fleiri og flóknari markmið og krefjandi nám á eigin forsendum sem er þeim merkingarbært.

Ef foreldrar og sérfræðingar skóla meta aðstæður nemandans þannig að honum sé fyrir bestu að stunda nám í sérskóla geta foreldrar óskað eftir skólavistun í sérskóla tímabundið eða að öllu leyti. Í þessum efnum ráða hagsmunir barnsins.

Reglugerðin nær til skóla sem reknir eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum samkvæmt 1. gr. Til þess að enginn vafi leiki á um það að allir nemendur eigi sama rétt er gert ráð að reglugerðin gildi um alla skóla. Samkvæmt 12. gr. ákveða sveitarfélög fyrirkomulag þjónustu við nemendur með sérþarfir og geta þannig haft áhrif á það hvernig kostnaður fellur við að veita þjónustuna, m.a. í gegnum samninga sem þau gera við rekstraraðila.

Réttur nemenda skv. 4. gr. og víðar. Frekari áhersla er lögð á þarfir og réttindi nemenda og markmið með þjónustu en í eldri reglugerð. Ákvæði í eldri reglugerð um fjölda starfa og magn sérkennslu falla niður, enda mun þjónusta grunnskóla við nemendur með sérþarfir almennt vera komin langt umfram þau mörk.

Gert er ráð fyrir að fleiri hópar nemenda falli undir gildissvið nýju reglugerðarinnar en féllu undir eldri sérkennslureglugerð. Við bætast nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir. Þessi breyting á skilgreiningu nemendahópsins er í samræmi við grunnskólalög en ætti ekki að hafa áhrif á umfang þjónustunnar þar sem öllum þessum hópum hefur verið sinnt í grunnskólum á undanförnum árum, þetta er betur skilgreint til að fylgja eftir þróun undanfarinna ára.

Lengd viðvera skv. 15. gr. Í 15. gr. er nýtt ákvæði sem heimilar sveitarstjórnum að bjóða upp á aðra þjónustu en kennslu í sérskólum og sérúrræðum, svo sem lengda viðveru utan daglegs kennslutíma óski foreldrar þess. Gjaldtaka er heimiluð fyrir þessa þjónustu, sbr. 33. gr. laga um grunnskóla. Sveitarfélög sem kjósa að taka þjónustuna upp eiga því ekki að þurfa að hafa af henni aukinn kostnað.

Tilfærsluáætlanir skv. 17. gr. Reglugerðin gerir ráð fyrir því að gerð sé svokölluð tilfærsluáætlun vegna nemenda sem njóta sérúrræða skv. 4. kafla. Undirbúningur áætlanagerðarinnar skal hefjast þegar nemandinn fer í 9. bekk og gerð hennar skal lokið þegar nemandinn útskrifast úr grunnskóla. Nýmæli er að kveðið sé á um það í reglugerð að grunnskólar skili tilfærsluáætlum.

VI. kafli um meðferð ágreinings. Í eldri reglugerð eru engin sérstök ákvæði um málsmeðferð, meðferð ágreiningsmála eða meðferð kærumála. Í nýju reglugerðinni er í greinum 20–22 fjallað um þessi mál og sú breyting gerð að gert er ráð fyrir að hægt sé að skjóta ágreiningi um skólavist barns eða sérúrræði til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Sjúkrakennsla skv. 23. gr. Í lögum um grunnskóla frá 1995 voru ekki sérstök ákvæði um sjúkrakennslu, en í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um rétt nemenda til sjúkrakennslu og skyldur sveitarfélaga. Í eldri reglugerð eru viðmiðanir um að sjúkrakennsla hefjist að jafnaði ekki síðar en 5 dögum frá því að veikindi hófust. Þetta viðmið er fellt út í nýrri reglugerð og kveðið þess í stað á um að nemandi sem getur ekki sótt skóla vegna veikinda eða slyss eigi rétt á sjúkrakennslu um leið og hann að mati læknis getur lagt stund á nám.

Helstu nýmæli í reglugerð um sérfræðiþjónustu

Í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er áhersla á samfellu í skólagöngu barna og ungmenna. Því er mikilvægt að við framkvæmd sérfræðiþjónustunnar sé lögð áhersla á góða samfellu og heildarsýn sem birtist í markvissri upplýsingamiðlun um hagi nemenda þegar þeir fara á milli skólastiga. Nauðsynlegt er að ekki verði rof í menntun þeirra við tilfærsluna og tillit tekið til ákvæða laga um slíka upplýsingamiðlun milli skólastiga.

Samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónusta sveitarfélaga vegna leik- og grunnskóla beinist hún að því að efla skólana sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og viðeigandi aðstoð við störf sín.

Sérfræðiþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og hins vegar til stuðnings við börn í leikskóla og nemendur í grunnskólum og foreldra þeirra. Markmið með sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Við framkvæmd sérfræðiþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á forvarnarstarf til að stuðla markvisst að almennri velferð nemenda og til að fyrirbyggja vanda. Snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf í kjölfarið er mikilvæg til að sem fyrst sé hægt að bregðast, með starfsfólki skóla, við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda og skipuleggja kennslu og stuðning þannig að það hæfi hverjum nemanda í skóla án aðgreiningar. Sérfræðiþjónustan á að mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda óháð starfsstéttum sérfræðinga og hver veitir þjónustuna. Þannig skal velferð nemandans ávallt höfð að leiðarljósi.

Sérfræðiþjónustan skal styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í skólum, starfsfólk þeirra og foreldra með ráðgjöf og fræðslu. Viðeigandi túlkaþjónusta er nauðsynleg til að tryggja að upplýsingar og ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum.

Lágmarksviðmið felld niður í reglugerð um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla. Fellt er niður ákvæði í 8. gr. reglugerðar nr. 386/1996 um sérfræðiþjónustu grunnskóla um lágmark sérfræðivinnu á kennsluviku eftir fjölda nemenda. Lágmarkið var á sínum tíma sett í reglugerðina vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga 1996 og miðaðist við framlag ríkisins vegna starfsemi 8 fræðsluskrifstofa sem voru reknar af ríkinu í öllum kjördæmum. Sveitarfélög fengu með reglugerðinni 1996 ákveðið frelsi til að skipuleggja sérfræðiþjónustuna með ýmsum hætti og hefur hún þróast á afar fjölbreyttan hátt.

Sveigjanlegt skipulag sérfræðiþjónustu við leikskóla og grunnskóla. Með reglugerðinni eru settar sameiginlegar reglur um sérfræðiþjónustu fyrir leikskóla og grunnskóla en ekki sitt hvorar reglurnar eins og gert er ráð fyrir í 40. gr. laga um grunnskóla og 21. gr. laga um leikskóla. Þetta auðveldar sveitarfélögum að skipuleggja þjónustu við þessi tvö skólastig sem eina heild og gæti hugsanlega leitt til fjárhagslegrar hagræðingar, en samlegðaráhrif eru augljós og ýmis tækifæri fyrir sveitarfélög til samræmingar.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti rekið sérfræðiþjónustuna á eigin vegum, sameinast um slíkan rekstur eða keypt hana að. Reglugerðin kveður ekki skýrt á um skipulagslega stöðu sérfræðiþjónustu, en tekið fram að hún geti hvort sem heldur verið innan sérstakrar einingar hjá sveitarfélaginu eða innan einstakra skóla sem sérstök eining eða ekki. Sumt í reglugerðinni bendir til þess að sérfræðiþjónustan verði að vera í sérstakri einingu, t.d. er talað um sérfræðiþjónustu sveitarfélags en ekki sérfræðiþjónustu skóla og ákvæði 1. mgr. 4. gr. um ráðningu starfsmanna sem er ekki samhljóða ákvæði um ráðningar í 11. gr. grunnskólalaga.

Þannig ætti reglugerðin að auðvelda sveitarfélögum að skipuleggja þjónustuna á sveigjanlegan hátt bæði til að halda kostnaði í hófi og einnig til að fylgja nemendum eftir svo tryggt sé að málum þeirra sé sinnt eftir því sem unnt er. Reglugerðin stuðlar að þessu leyti að hagkvæmni, samstarfi og samlegð.

Samhæfing sérfræðiþjónustu. Samkvæmt 5. gr. er sveitarfélögum ætlað að hafa frumkvæði að því að samhæfa boðleiðir og koma á samstarfi þeirra sem veita einstaka nemendum sérfræðiþjónustu hverju sinni, hvort sem um er að ræða þjónustu á vegum sveitarfélaga eða ríkisins. Þá er skólastjórum falin aukin ábyrgð á því að verkferlum sé fylgt, sbr. m.a. 14. gr.

Þetta getur falið í sér nokkra fyrirhöfn og jafnvel að bæta þurfi við tímum vegna stjórnunar í einhverjum skólum. Kostnaður fellur þar með til en á móti kemur að samfelldari og skilvirkari þjónusta stuðlar að lækkun heildarkostnaðar við þjónustu og meðferð. Hér er þó til þess að líta að heildarkostnaðurinn er samsettur úr mörgum þáttum og snertir einnig í ríkum mæli framkvæmd á reglugerð um sérþarfir. Það hvernig kostnaðarlækkun skiptist milli ríkis og sveitarfélaga er m.a. háð því hvernig skil milli þjónustukerfa og skólastiga eru útfærð, m.a. á grundvelli tilfærsluáætlana.

Eftirfylgni í framhaldi af athugun eða greiningu. Í 12. gr. er ákvæði um að starfsfólk sérfræðiþjónustu geri með starfsfólki skóla tillögu um viðeigandi úrræði í framhaldi af athugun eða greiningu á nemanda. Með þessu ákvæði er framfylgt skýrri áherslu nýrra laga, sem kom fram við meðferð þingsins, sbr. nefndarálit menntamálanefndar. Jafnframt er gert ráð fyrir að eftirfylgni og mat á árangri verði í höndum sérfræðiþjónustu í samstarfi við skóla.

Nemendaverndarráð í grunnskólum.

Tilgangur nemendaverndarráða er að samræma innan skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda sem lúta að sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Hér er um að ræða formlegan vettvang fyrir þá sem koma að málum einstakra nemenda til að hittast, bera saman bækur sínar og finna út hvernig best er að veita nemendum þjónustu þannig að hún gagnist.

Kostnaður vegna sérkennslu og þátttaka ríkis í þeim kostnaði.

Starfshópur sem unnið hefur að því að meta kostnaðaráhrif nýrra laga um leik- og grunnskóla hefur kostnaðarmetið reglugerðir um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga vegna leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð grunnskóla[1] ásamt reglugerðar um nemendur með sérþarfir[2].

Starfshópurinn komst að eftirfarandi niðurstöðum:

[1] *Helstu niðurstöður eru að reglugerðin gefi sveitarfélögum umtalsvert svigrúm til þess að haga þjónustunni í samræmi við það sem er hagkvæmast á hverjum stað. Það sparar kostnað, sem ekki eru forsendur til að meta. Reikna þarf með auknum útgjöldum vegna breytinga á vinnulagi sem er ætlað að bæta forvarnir og ættu, ef vel tekst til, að fækka erfiðum málum og leiða til sparnaðar. Aukin vinna við eftirfylgni og mat gæti leitt til um 200 m.kr. útgjaldaauka á ári fyrir sveitarfélög.*

[2] *Þegar á heildina er litið er talið að reglugerðin hafi smávægileg áhrif á kostnað sveitarfélaga og ríkisins, einkum vegna tilfærsluáætlana sem talið er að geti haft í för með sér viðbótarútgjöld fyrir sveitarfélögin, á bilinu 10–20 mkr.*

7. Sálfræðiþjónusta og forvarnir í framhaldsskólum.

Í lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla er skýrt kveðið á um forvarnir í framhaldsskólum. Í 36. gr. um heilsuvernd, hollustuhætti og forvarnir stendur eftirfarandi:

„Skólameistari framhaldsskóla skal hafa samráð við heilsugæslustöð í nágrenni skólans um heilsuvernd og hollustuhætti. Framhaldsskóli og viðkomandi heilsugæslustöð geri samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu sem veitt er nemendum.

Framhaldsskólar skulu tryggja að í boði sé innan veggja hvers skóla heilnæmt fæði í samræmi við opinber manneldismarkmið.

Framhaldsskólar skulu hvetja til heilbrigðs lífernis og heilsuræktar nemenda. Sérhver framhaldsskóli skal setja sér stefnu um forvarnir og skal sú stefna birt opinberlega. Skólinn skal gera grein fyrir því með reglubundnum hætti hvernig forvarnastarfi er háttað.“

Hvað sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum varðar þá ber framhaldsskólum ekki skv. lögum að bjóða upp á sérhæfða sálfræðiþjónustu fyrir nemendur en benda skal á hlutverk náms- og starfsráðgjafa í þessu samhengi. Skv. 37. gr. framhaldsskólalaganna um náms- og starfsráðgjöf skulu nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskóla af til þess bærum sérfræðingum.

Í skólanámskrá framhaldsskóla skal markmiðum og stefnu skóla varðandi ráðgjöf lýst og þar skal einnig koma fram hvernig skóli rækir skyldur sínar og hlutverk á þessu sviði. Einnig eru starfandi í framhaldsskólum forvarnarfulltrúar og í flestum framhaldsskólum hefur verið unnið markvisst starf á undanförnum árum í forvörnum, bæði með fræðslu í skólum, beinum aðgerðum og einnig með auknu samstarfi við foreldra. Í kjölfar laga um framhaldsskóla hafa verið stofnuð foreldraráð við framhaldsskóla sem m.a. hafa beitt sér í forvörnum með svipuðum hætti og í grunnskólum og einnig hafa foreldrafélög víða verið stofnuð í framhaldsskólum sem m.a. vinna að fræðslu meðal foreldra og beinum aðgerðum.

Lagður var mikilvægur grunnur að samstarfi um heilsueflingu og forvarnir í framhaldsskólum þegar HoFF-samningurinn *(HoFF stendur fyrir heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum)* var undirritaður fyrir tæpum fjórum árum síðan. Í honum tóku höndum saman mennta- og menningarmálaráðuneyti, þáverandi heilbrigðisráðuneyti og núverandi velferðarráðuneyti, Lýðheilsustöð og félög framhaldsskólanema. Markmiðið var meðal annars að stuðla að bættri almennri líðan og heilsu meðal nemenda, efla forvarnir og hvetja nemendur til að bera ábyrgð á eigin heilsu og stuðla að heilbrigðum og sjálfbærum lífsháttum. HoFF-samningurinn var svo endurnýjaður haustið 2010 og komu þá einnig að honum Félag íslenskra framhaldsskóla og nefnd um æskulýðsrannsóknir. Eins og áður verður unnið ötullega að fíkniefna- og áfengisforvörnum, aukinni hreyfingu og betri næringu auk þess sem að í nýjum samningi er aukin áhersla á að efla kynheilbrigði og geðrækt meðal ungs fólks.

Í tengslum við HoFF verkefnið hefur verið efnt til átaksins „Heilsueflandi framhaldsskólar“ sem margir skólar taka nú þátt í.

8. Hvernig unnið hafi verið úr niðurstöðum síðustu Pisa-könnunar til framtíðar?

PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á vegum OECD á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. PISA er samstarfsverkefni þátttökuþjóða sem eru um 60 talsins. Námsmatsstofnun er í samstarfi við aðila í öðrum þátttökulöndum um úrvinnslu og þróun kenningaramma PISA. Færni á hverju og einu sviði, þ.e. í stærðfræði, lesskilningi og náttúrufræði, er skilgreind í PISA sem sú færni sem einstaklingur-

inn þarf á því sviði til að takast á við framtíðina, leysa verkefni sem daglegt líf krefst af honum og nýta þekkingu við raunverulegar aðstæður.

Úrvinnsla úr PISA könnunum og viðbrögð í framhaldinu er ekki átaksverkefni heldur stefnumótun til lengri tíma. Stefna menntayfirvalda um almenningsfræðslu birtist m.a. í aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. **Helstu atriði í nýrri menntastefnu eru** að undirbúa nemendur til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Þar er lögð áhersla á:

- Menntun til sjálfbærni er einn lykilþátta í nýjum námskrám.
- Aukin áhersla á gagnrýna hugsun og lýðræði í öllu skólastarfi.
- Sköpun gerð að grundvallaratriði í öllu námi
- Jafnréttismál og siðfræði eru hluti af samfélagsgreinum í grunnskóla
- Aukin móðurmálskennsla til samræmis við aðrar Norðurlandaþjóðir

Í námskrárvinnu á vegum ráðuneytisins í kjölfar fræðslulaganna 2008 hafa verið lagðar línur sem m.a. taka mið af kenningaramma PISA verkefnisins. Þar er átt við áherslu á hæfni nemenda til að nýta í daglegu lífi þekkingu og leikni sem þeir afla sér. Hæfnihugtakið er lykilhugtak í löggjöfinni og aðalnámskrám þessara skólastiga. Varðandi útfærslu námsmats í grunnskólum og framhaldsskólum er m.a. stuðst við sömu aðferðafræði og PISA notar.

Í námskránni eru skilgreindir sex grunnþættir menntunar sem stuðla að heildstæðri sýn á nám og menntun. Hér má nefna að læsi er einn af grunnþáttum nýrra aðalnámskrá á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi og lögð áhersla á það að læsi í víðum skilningi sé í raun undirstaða fyrir þá þætti sem kannaðir eru í PISA því að þar skiptir miklu að skilja viðfangsefnin og geta sett þau í samhengi við fyrri þekkingu og leikni. Þetta er nákvæmlega sú áhersla sem sett er í nýjum námskrám. Eins má nefna grunnþátt um sjálfbærni en í PISA er m.a. prófað með sérstakri áherslu á læsi og skilning á umhverfismálum.

Í framhaldi af útgáfu nýrrar aðalnámskrár er verið að vinna þemahefti fyrir kennara um grunnþættina í samstarfi við Námsgagnastofnun. Þá hefur verið gerður samningur við menntavísindasvið HÍ um að efla símenntun kennara á skólastigunum þremur, m.a. til að efla hæfni þeirra til að innleiða nýja menntastefnu í skólastarfið.

Námsmatsstofnun hefur lagt sitt af mörkum við að veita skólasamfélaginu grunnupplýsingar og sérstakar greiningar eftir pöntunum um stöðu íslenskra nemenda samkvæmt PISA 2009. Í desember 2010 kom út skýrsla Námsmatsstofnunar um niðurstöður PISA 2009 og var þá kynnt á blaðamannafundi. Frá áramótum hefur öllum þátttökuskólum og fræðsluskrifstofum verið sendar eigin niðurstöður um lesskilning, læsi á stærðfræði og læsi á náttúrufræði í samanburði við landsmeðaltal og aðra skóla. Einnig kemur þar fram dreifing á lesskilningi innan hvers skóla á svæðinu auk upplýsinga um þátttökuhlutfall í skólunum. Niðurstöður voru kynntar fyrir fræðslustjórum á ársfundi Grunns, félags fræðsluskrifstofa í janúar. Í kjölfarið hafa verið fluttar ítarlegar kynningar í tíu fræðsluumdæmum með skólastjórum og kennurum. Fræðsluskrifstofur í Reykjavík, Akureyri, Reykjanesi, Garðabæ og Vestmannaeyjum, Langholtsskóli og Heiðarskóli hafa þar að auki pantað sérstakar viðbótargreiningar á niðurstöðum fyrir svæðið með ólíkar áherslur, sem unnar voru í vor.

Mánaðarlegir umræðufundir um PISA 2009 hafa staðið yfir frá janúar og nú í ágúst var áttundi fundurinn. Þar er megin áhersla lögð á að skýra út efni í sex binda skýrslu OECD um PISA 2009 auk frekari úrvinnslu á íslensku gögnunum í tengslum við það efni. Milli 20 og 30 manns sækja vanalega hvern fund og koma fundargestir frá öllum stigum menntakerfisins. Í mars var haldinn auka umræðufundur í Háskólanum á Akureyri fyrir um 50 manns. Efni fundanna og upptökur af þeim eru aðgengilegar á heimasíðu Námsmatsstofnunar að beiðni

Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í maí var boðið upp á námskeið hjá Endurmenntun HÍ í kenningaramma og framkvæmd PISA og greiningu á sérkennum íslensks menntakerfis út frá alþjóðlegum gagnagrunni og útgefnum ritum OECD. Það hefur verið gert í kjölfar hverrar könnunar. Í ár náðist ekki tilskilinn fjöldi þátttakenda til að keyra námskeiðið hjá Endurmenntun.

Styttri kynningar og fundir um niðurstöðurnar hafa verið haldnir á ýmsum stöðum, þ.á m. á námskeiðum hjá menntavísindasviði HÍ, á ársfundi Kennarasambandsins, á fræðsludegi Leik- og grunnskóla Mosfellsbæjar í Varmárskóla og á fundum hjá einstaka skólum. Verið er að kanna þátttöku Námsmatsstofnunar í ritinu Northern Lights on PISA 2009 sem verður gefið út í desember 2011 af Norrænu Ráðherranefndinni.

Námsmatsstofnun hefur lagt sitt af mörkum við að veita skólasamfélaginu grunnupplýsingar og sérstakar greiningar eftir pöntunum um stöðu íslenskra nemenda samkvæmt PISA 2009. Ekki hefur verið kannað sérstaklega hvernig nákvæmlega er unnið með þær á öðrum stofnunum.

9. Kostnaður við að mennta einn nemanda til stúdentsprófs, skilgreint eftir skólum.

Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er að finna töflu sem gefur yfirlit yfir kostnað við að mennta hvern ársnemanda í framhaldsskólum landsins. Af þeirri töflu má geta sér til um hver uppsafnaður kostnaður er við að mennta hvern nemanda til stúdentsprófs, en hafa ber í huga að í mörgum skólum eru ekki allar námsbrautir skilgreindar sem nám til stúdentsprófs. Hér má geta þess að með lögum um framhaldsskóla frá 2008 var fræðsluskylda lögbundin til 18 ára aldurs og hefur það leitt til aukins kostnaðar með þjónustu fyrir breiðari hóp nemenda á aldrinum 16–18 ára, m.a. vegna meiri stuðnings við nemendur vegna sérþarfa af einhverju tagi.

Kostnaður vegna hvers ársnemanda 2011				
Skóli	Áætlaðir ársnem. 2011	Áætlað hlutfall bóknáms	Þús. kr. á árs-nemanda	Þús kr. miðað við 4 ára nám
Menntaskólinn í Reykjavík	895	97,5	512	2.048
Kvennaskólinn í Reykjavík	590	99,5	539	2.156
Menntaskólinn við Sund	732	96	559	2.236
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.190	97,1	585	2.340
Menntaskólinn Hraðbraut	235	94,5	603	2.412
Verslunarskóli Íslands	1.424	97,4	603	2.412
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	738	92,4	632	2.528
Menntaskólinn á Akureyri	745	99,5	646	2.584
Flensborgarskóli	808	95	657	2.628
Menntaskólinn í Kópavogi	1.031	91,1	674	2.696
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	150	100	675	2.700
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	991	91,5	689	2.756
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	898	82,9	711	2.844
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.177	71	727	2.908

Fjölbrautaskóli Suðurlands	884	86,7	751	3.004
Borgarholtsskóli	1.070	74	751	3.004
Fjölbrautaskóli Vesturlands	568	77,3	776	3.104
Menntaskólinn á Egilsstöðum	319	96,1	822	3.288
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.186	73,7	826	3.304
Framhaldssk. í Vestm.eyjum	220	87,5	840	3.360
Menntaskólinn á Ísafirði	308	81,4	848	3.392
Framhaldsskólinn á Húsavík	135	98,7	898	3.592
Tækniskólinn	1.752	45,3	919	3.676
Fjölbrautaskóli Norðurl. vestra	359	79,1	927	3.708
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	209	94,2	962	3.848
Menntaskólinn að Laugarv.	155	95,5	970	3.880
Menntaskólinn í Borgarnesi	175	91	972	3.888
Iðnskólinn í Hafnarfirði	558	37,1	1.029	4.116
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	122	90,5	1.030	4.120
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	24	39,5	1.067	4.268
Menntaskólinn á Tröllaskaga	68	100	1.134	4.536
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	15,7	1.150	4.600
Verkmenntaskóli Austurlands	182	68,5	1.159	4.636
Framhaldsskólinn á Laugum	121	99,1	1.491	5.964
Samtals	**20.103**	**82,4**	**733**	**2.932**
Heimild: Fjárlög 2011				

Lægstur er kostnaður á hvern nemenda í Menntaskólanum í Reykjavík, 512.000 kr. á ári og 2.046.000 kr. fyrir fjögurra ára nám, en hæstur í Framhaldsskólanum á Laugum, 1.491.000 kr. á ári eða 5.964.000 kr. fyrir fjögurra ára nám. Kostnaðurinn er því sem næst

þrefaldur. Sá mikli munur sem er á kostnaði vegna hvers nemanda ræðst af ýmsum þáttum, m.a. stærð árganga, staðsetningu skóla, hlutfalli nemenda í bóklegu námi og verknámi og ýmsum stuðningi við nemendur.

Einn þáttur sem þarf að hafa í huga er að mikill munur er á kostnaði vegna verknáms og bóknáms, sem getur munað allt að helmingi fyrir hvern nemanda. Í þriðja dálki töflunnar sést hversu stór hluti námsins í viðkomandi skóla er bóknám. Hlutfallið er frá 100% og niður í 15,7% hjá Hússtjórnarskólanum í Reykjavík. Hjá Tækniskólanum er 45,3% náms bóklegt. Við útreikning á hlutfallinu milli bóknáms og verknáms er hver áfangi metinn, þ.a. verknámsbrautir geta haft bóklega áfanga og öfugt. Annars eru helstu forsendur vegna útreikninga á framlögum til framhaldsskóla af tvennu tagi, annars vegar almennar forsendur sem eiga við um alla skóla og svo sérstakar forsendur sem eiga við um suma skóla en aðra ekki.

Almennar forsendur:

- Flokkun námsgreina eftir *hópastærð og nýtingarkröfu.* Gert er ráð fyrir því að hópar í verklegu námi séu færri en í bóklegu námi, auk þess sem ákveðin krafa er gerð um 77% nýtingu sem þýðir afsláttur frá því að hópar séu fullskipaðir og allir nemendur skili sér til prófs. Í bóklegu námi er hópastærð 25 og nýtingarkrafan 79,1% en í verklegu námi er hópastærð 12 og nýtingarkrafan 77,5%.
- Flokkun *kennslustofa eftir stærð og búnaði.* Framlag vegna kennsluhúsnæðis er mismunandi eftir því hvers konar kennsla fer fram í þeim, þannig er reiknað með hærra framlagi vegna reksturs kennslustofa í verknámi, t.d. verkstæða.

Sérstakar forsendur:

- *Fjarlægð frá Reykjavík.* Reglan er sú að ef skólinn er lengra en 50 km. frá Reykjavík þá reiknast fast gjald fyrir hvern kílómetra og nemenda, þ.e.a.s. kílómetrar umfram 50 km. frá Reykjavík er margfaldað með fjölda nemenda í skólanum og síðan margfaldað með fastagjaldinu.
- *Uppbætur vegna fámennis.* Í skólum með færri en 300 nemendur fær skólinn uppbætur fyrir hvern nemanda, sem aukast eftir því sem nemendur eru færri. Þessar uppbætur koma fámennum skólum í dreifbýli aðallega að gagni.
- Árið 2009 var gerð sú breyting að afnema svokallaðan *húsnæðishvata,* sem virkaði þannig að skólar högnuðust á því að búa þröngt. Sú breyting kom sér vel fyrir fámenna skóla í dreifbýli, ekki síst þar sem húsnæði er rúmt, sem á við t.d. um Framhaldsskólann á Laugum.

10. Kostnaður við brottfall á hvern einstakling sem fellur út úr skólakerfinu. Einnig verði greint frá því hvort, og þá hvar, unnið sé samræmt á landsvísu í að draga úr brottfalli í framhaldsskóla, sem og hvort dregið hafi úr brottfalli sl. 10 ár.

Upplýsingar úr nýrri skýrslu OECD, þ.e. Education at a Glance 2011.

Hversu margir ljúka framhaldsskóla

Education at a glance 2011 notar *tvo mælikvarða* til að mæla hversu margir ljúka námi í framhaldsskóla og bera það saman milli landa. Annars vegar er svokallað *brautskráningarhlutfall (graduation rate),* sem mælir hversu stór hluti af mannfjölda brautskráist með framhaldsskólapróf (í fyrsta sinn). Þá er tekinn allur sá hópur sem brautskráist árið 2009 og hann

greindur niður eftir aldri, þ.a. fjöldi tvítugra sem brautskráist er deilt með mannfjölda á tvítugsaldri og svo áfram fyrir hvert aldursár; að lokum eru allar hlutfallstölur allra aldursára lagðar saman. Hins vegar er það sem kalla mætti *námsgengishlutfall (completion rate),* þá er tekinn fjöldi þeirra sem innritast í framhaldsskóla og fylgst með því hversu stórt hlutfall þeirra ljúka framhaldsskólaprófi eftir tilskilinn tíma. Á Íslandi er miðað við fjögur ár sem dæmigerður tími sem tekur til að ljúka framhaldsskóla en í flestum öðrum löndum eru það þrjú ár. Þannig er skoðað hversu stór hluti af innritunarhópi hefur útskrifast eftir fjögur ár (eða skemur) og aftur eftir tvö ár í viðbót (eftir sex ár frá innritun).

Brautskráningarhlutfallið á Íslandi var frekar hátt eða 89%. Þar af voru 21% eldri en 25 ára. Fyrir karla var hlutfallið 79% en 98% fyrir konur. Af bóknámsbrautum var hlutfallið 69% en af verknámsbrautum 54%. Athygli vekur að brautskráningarhlutfall af verknámsbrautum var 32% fyrir yngri en 25 ára. Ísland var yfir meðaltali OECD sem var 82%. Samsvarandi hlutfall fyrir Norðurlöndin var 85% fyrir Danmörk, 91% fyrir Noreg, 74% fyrir Svíþjóð og 95% fyrir Finnland.

Þegar námsgengishlutfallið er skoðað þá fæst allt önnur mynd. Í EAG 2011 er miðað við þann árgang nýnema sem innritaðist árið 2002 og honum fylgt eftir til ársins 2009. Eftir fjögur ár þá hafði 45% hópsins lokið framhaldsskóla með próf (eftir fjögurra ára nám eða minna). Eftir sex ár þá var hlutfallið komið upp í 58%.

Námsgengishlutfall er stundum notað sem mælikvarði á brottfall. Þannig má miða við að ef nemandi sem innritast í framhaldsskóla er ekki búinn að brautskrást eftir sex ár þá er hann talinn hafa fallið brott úr námi. Það þýðir að af árgangi nýnema 2002 var 42% brottfall.

Námsgengishlutfall nýnema 2002

	Alls			Bóknám			Innritast í verknám ljúka bóknámi	Verknám			Innritast í bóknám ljúka verknámi
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur		Alls	Karlar	Konur	
Eftir 4 ár	45	38	51	43	36	49	7	49	42	60	40
Eftir 6 ár	58	51	64	58	51	63	15	58	51	70	43

Eins og sjá má af töflunni er námsgengi karla mun slakara en kvenna, aðeins 38% karla ljúka framhaldsskólaprófi eftir fjögur ár á móti 51 % kvenna. Rétt um helmingur karla hefur lokið einhverju prófi á framhaldsskólastigi sex árum eftir innritun (sem nýnemi).

Námsgengishlutfall á Íslandi er mun lægra en hjá flestum öðrum löndum innan OECD. Meðaltalið eftir dæmigerðan tíma í framhaldsskóla (sem er víðast hvar 3 ár) er 68% og eftir tvö ár í viðbót þá er meðaltalshlutfallið komið upp í 81%. Sömuleiðis er talsverður munur á Íslandi og Norðurlöndum að þessu leyti; Noregur kemur næst Íslandi með 57% eftir dæmigerðan tíma og 71% eftir tvö ár í viðbót.

Munurinn á brautskráningarhlutfalli og námsgengishlutfalli bendir til óskilvirkni í framhaldsskólakerfinu. Fáir ljúka á tilskildum tíma en margir taka sér mun lengri tíma til að ljúka námi og koma þá inn í skólana síðar á lífsleiðinni. Þetta þýðir aukinn kostnað bæði fyrir opinbera aðila sem reka skólana og fyrir nemendur sjálfa sem verða af tekjum og þurfa að taka á sig aukin útgjöld til að ljúka námi.

Þessi rannsókn á námsgengi hefur ekki verið unnin áður á þennan hátt og óvíst er um framhald, þ.a. ekki er hægt að bera saman tölur frá fyrri árum eða lýsa þróun yfir tíma.

Brottfall úr framhaldsskólum

Nýlega kynnti óformlegur vinnuhópur á vegum OECD niðurstöðu könnunar um brautskráningar og brottfall á framhaldsskólastigi hjá nokkrum löndum innan OECD, þ.m.t. á Íslandi. Hér á landi lýkur innan við helmingur þeirra sem innritast í framhaldsskóla í fyrsta sinn einhverri prófgráðu á fjórum árum eða minna. Á töflunni má sjá samanburð milli landa. Vegna þess að lengd framhaldsskóla er mismunandi eftir löndum var miðað við dæmigerðan tíma í hverju landi fyrir sig (N), og síðan skoðað hversu stórt hlutfall hafði lokið námi tveimur árum síðar (N+2) og þremur árum síðar (N+3).



Heimild: OECD, óbirt skjal.

Í könnuninni var námsferli þeirra sem innrituðust sem nýnemar í dagskóla á framhaldsskólastigi árið 2002 fylgt eftir í sjö ár, en þeir voru samtals 3.982 á Íslandi (ef kvöld- og fjarskólanemendur eru taldir með þá var fjöldinn 4.263). Skoðað var hversu stór hluti þessa hóps útskrifaðist eftir fjögur ár, síðan eftir sex ár og svo aftur eftir sjö ár. Í ljós koma að eftir fjögurra ára nám höfðu 45% lokið einhvers konar prófi í framhaldsskóla, annað hvort á almennum brautum til stúdentsprófs eða verknámsbrautum. Eftir sex ár var hlutfallið orðið 58%. Á sama tíma höfðu 1.170, eða tæp 30%, hætt námi án þess að ljúka neinu prófi og voru ekki skráðir í neinn skóla. Í samanburði þá er brautskráningarhlutfallið eftir dæmigerðan námstíma í framhaldsskóla í Noregi 57% og 61% í Danmörku, og eftir tvö ár til viðbótar er hlutfallið komið upp í 71% í Noregi og 74% í Danmörku.

Þróun brottfalls undanfarin ár.

Skólasókn gefur ágætar vísbendingar um hvernig brottfall hefur þróast á undanförnum árum. Taflan sýnir skólasókn sem hlutfall af mannfjölda fyrir hvert aldursár, frá 16 ára, þegar unglingar innritast úr grunnskóla, og fram til 24 ára aldurs, þegar skólasókn á háskólastigi hefur tekið við. Af þessari töflu sést að á árunum 2009 og 2010 hefur skólasókn á aldrinum 17, 18 og 19 ára verið betri heldur en á árunum 2002 til 2008. Þetta bendir til að dregið hafi úr brottfalli úr framhaldsskóla á þessum árum. Skyggðu reitirnir sýna hvernig skólasókn þeirra sem innrituðust árið 2002 þróaðist fram til 24 ára aldurs (árið 2010). Árið 2002 voru 91% 16 ára innritaðir í framhaldsskóla, við 20 ára aldur voru 52% þeirra enn í skóla.

Skólasókn sem hlutfall af mannfjölda fyrir hvert aldursár 2002 - 2010									
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
16 ára	91	92	93	94	93	93	93	95	95
17 ára	82	83	83	84	85	83	85	90	88
18 ára	73	75	75	73	75	77	75	81	82
19 ára	70	70	70	69	69	70	71	74	74
20 ára	56	56	56	53	52	51	52	61	56
21 ára	53	54	53	53	50	51	50	56	55
22 ára	50	52	54	51	50	48	49	50	53
23 ára	43	48	48	47	48	44	42	46	48
24 ára	37	40	40	41	40	41	37	40	42
Heimild: Hagstofa Íslands 2011									

Kostnaður samfélagsins vegna brottfalls á framhaldsskólastigi.

Erfitt er að áætla þann kostnað sem hlýst af brottfall frá námi og lengri skólagöngu vegna slaks námsgengis. Ekki hefur verið gerð rannsókn á þessum þætti á Íslandi. Almennt má þó áætla út frá reynslu annarra þjóða sem hafa rannsakað þennan þátt að kostnaðurinn sé umtalsverður. Það ber þó að varast að yfirfæra slíkar rannsóknir yfir á Ísland vegna þess hve ólík kerfin eru á milli landa sem og kostnaður við þau.

Til eru bæði innlendar og erlendar rannsóknir sem eru mikilvægar til að skilja eðli, umfang og afleiðingar brotthvarfs úr framhaldsskóla. Niðurstöður norskrar skýrslu um ástæður og afleiðingar brottfalls[1] má draga saman í eftirfarandi punktum:

- Lokaeinkunnir í 10. bekk grunnskóla hafa mest forspárgildi um námsgengi í framhaldsskóla. Íslenskar rannsóknir styðja einnig þessar niðurstöður[2] og eru nemendur sem standa verr í námi eftir grunnskóla líklegri til að hverfa frá námi í framhaldsskóla. Eins sýna tölur frá Bandaríkjunum að nemendur sem hafa verið greindir með sálfélagslegar, heilsufarslegar eða námslegar sérþarfir eru í mikilli brottfallshættu.[3] Þessi þáttur tengist

[1] *(Frafall fra videregående opplæring og arbeidsmarkadstilknytning for unge voksne.* Torber Falch og Ole Henning Nyhus. Senter for ökonomisk forskning AS. Trondheim, 2009.)

[2] Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson, & Anne-Christin Tannhauser. (2010). Dropouts in a small society: Is the icelandic case somehow different? In *School dropout and completion: international comparative studies in theory and policy.* Dordrecht: Springer.

[3] Kortering, L. J., & Christenson, S. (2009). Engaging students in school and learning: The real deal for school completion. Exceptionality, 17, 5–15.

því ótvírætt hvernig staðið er að félagslegum og námslegum stuðningi í skólakerfinu, bæði í grunnskólum og framhaldsskólum, en eins og áður sagði er fyrirhuguð rannsókn á því hvernig markmiðum um skóla án aðgreiningar og fjármagni um sérkennslu er fylgt eftir í íslenska skólakerfinu en slík rannsókn er mikilvægur liður í upplýsingaöflun um brottfall þessa hóps.

- Að ljúka framhaldsskóla hefur jákvæð áhrif á atvinnuhorfur, minni ásókn í velferðarþjónustu og bætur, og lægri afbrotatíðni. Lokaeinkunnir úr 10. bekk grunnskóla hafa jákvæð áhrif á sömu þætti óháð því hvernig námsgengi í framhaldsskóla er háttað.
- Töluverður munur er á brautskráningarhlutfalli eftir landshlutum í Noregi. Rannsókn þeirra bendir til að ekki sé hægt að skýra mun á brautskráningarhlutfalli milli landshluta vegna ólíkra samfélagsaðstæðna. Lægra brautskráningarhlutfall hefur sömu áhrif í dreifbýli og í þéttbýli, m.ö.o. rannsóknin styður ekki þá skoðun að brautskráningarhlutfallið þurfi ekki að vera jafn hátt í dreifbýli en þéttbýli til að viðhalda sömu lífsgæðum (sömu atvinnuhorfum, minni ásókn í velferðarþjónustu, lægri afbrotatíðni).

Íslenskir fræðimenn á sviðinu eru þátttakendur í alþjóðlegum rannsóknarhópi um brottfall og til eru ýmsar nýlegar íslenskar rannsóknir sem varpa ljósi á sérstöðu Íslands og íslenska kerfisins.[4] Sem dæmi um langvarandi vandamál hérlendis er stöðugt minnkandi val á verknámi þrátt fyrir að um helmingur 15 ára nemenda telji sig hafa meiri áhuga á verknámi.

	2000		2005		2009	
	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
	%	%	%	%	%	%
Bóknám	71	81	74	86	80	88
Verknám	29	19	26	14	20	12

Mynd: Úr fyrirlestri Stellu Blöndal 2011.

Samkvæmt doktorsrannsókn Stellu Blöndal[5] líkar 40% 15 ára grunnskólanemenda betur við verklegt nám en bóklegt. Samt sem áður velja langflestir bóknám (90% stúlkna og 80% drengja árið 2009). Nemendur sem telja sig hafa meiri áhuga á verktengdu námi hverfa frekar frá námi í framhaldsskólum en þeir sem hafa meiri áhuga á bóknámi. Því má telja þá námskrárþróun sem felur í sér aukna áherslu á sköpun í öllu námi og þá stefnumótun sem á sér stað í list- og verknámi (sjá svar við spurningu 3) verulega mikilvægar aðgerðir til að bregðast við brottfalli.

Í annarri norskri skýrslu um fjárhagslegt tap vegna brottfalls[6] kemur fram að brottfall úr framhaldsskóla hafi mikinn kostnað í för með sér fyrir samfélagið. Áætlað er að sá hópur sem ekki útskrifast með framhaldsskólapróf sé líklegri til að þiggja velferðarþjónustu (eins og t.d. fullorðinsfræðslu) og bætur, hafi lægri ævitekjur og innan þessa hóps sé afbrotatíðni

[4] T.d. Blöndal, Jónasson & Tannhauser (2010) og Blondal, K. S., & Adalbjarnardottir, S. (2009). Parenting Practices and School Dropout: A Longitudinal Study. *Adolescence, 44,* 729–749.

[5] Stella Blöndal (2011). Framhaldsskóli fyrir alla: Náms- og starfsráðgjöf fyrir alla. Fyrirlestur haldinn í tilefni 20 ára afmælis námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf HÍ, Háskóli Íslands.

[6] Sbr. *Kostnader av frafall i videregående opplæring.* Torber Falch, Anne Borge Johannessen og Bjarne Ström. Senter for ökonomisk forskning AS. Trondheim, 2009.

hærri. Sambærilega fylgni má finna í öðrum löndum.[7] Líklegt er að svipuð þróun geti átt sér stað hér á landi en fram að efnahagshruni 2008 fengu brottfallsnemar vinnu og á árunum 2003–2005 unnu 60% 16–24 ára nemenda með námi að meðaltali í 28 tíma á viku.[8] Að auki voru tæp 10% að leita sér að vinnu. Jafn opinn vinnumarkað fyrir nemendur og fannst hér á landi fyrir hrun var og er hvergi að finna í samanburðarlöndum. Fram að hruni má segja að hér á landi hafi verið mikið framboð af vinnu fyrir fólk með litla formlega menntun. Eftir hrun hefur staðan gjörbreyst og ungt fólk sem eingöngu hefur lokið grunnskólaprófi er nú stór hópur atvinnulausra.

Aðgerðir.

Úttekt á vegum OECD og mennta- og menningarmálráðuneytisins í samstarfi við íslenska og norska fræðimenn

Í samstarfi við OECD mun ráðuneytið haustið 2011 fá til landsins hóp sérfræðinga frá OECD og íslenska og norska fræðimenn á sviðinu til að ræða nýjustu rannsóknir og ráðgera hvernig best er að standa að frekari rannsóknum og stefnumótun á Íslandi vegna brottfalls úr framhaldsskólum. Þær ákvarðanir verða unnar í samstarfi við kennara, skólastjórnendur og sveitarfélögin.

Yfirstandandi átak til að fá fyrrum brottfallsnemendur aftur inn í skólakerfið

Árið 2009 settu mennta- og menningarmálaráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneyti á fót starfshóp til að greina ástand og móta tillögur til að bregðast við sívaxandi atvinnuleysi meðal atvinnulauss ungs fólks.[9] Í vor hófst svo átak á vegum ríkisstjórnar sem beinist að þeim ungmennum 25 ára og yngri sem einungis hafa lokið grunnskólaprófi. Ber það yfirskriftina *Nám er vinnandi vegur* og snýr að því að allir í þessum hópi sem þess óska fái skólavist í framhaldsskólum. Í tengslum við þetta átak hafa verið þróaðar nýjar námsbrautir í anda nýrra framhaldsskólalaga sem ætlað er að mæta ólíkum þörfum einstaklinga. Markmiðið er að valdefla hópa sem hingað til hafa ekki fundið sig innan skólakerfisins, fjölga þeim sem ljúka framhaldsskóla- eða stúdentsprófi og efla möguleika þeirra til að sækja sér meira nám eða finna sér störf við hæfi. Þá er einnig ætlunin að skapa ný námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu tvö ár þar á eftir í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og í framhaldsfræðslu. Reynsla annarra norrænna ríkja hefur sýnt að afleiðingar atvinnuleysis eru alvarlegastar hjá þeim sem hafa hvað minnsta menntun. Þetta átak hefur gengið samkvæmt áætlun og fjölgar framhaldsskólanemendum um 1500 milli ára og hefja yfir 1000 atvinnuleitendur nám í skólum landsins í haust. Átakið miðast við sjö milljarða viðbótarframlag til menntakerfisins.

Nýjar áherslur í aðalnámskrá

Eins og áður sagði felast leiðir til breytinga í nýrri aðalnámskrá sem geta haft jákvæð áhrif á þróun brottfalls í framhaldsskólum. Hér eru nefnd tvö dæmi. Í aðalnámskrá er sérstök áhersla lögð á skapandi og gagnrýna hugsun í skólakerfinu, bæði í gegnum aukið list- og verknám en ekki síður með aukinni áherslu á skapandi nálgun innan hefðbundinna námsgreina. Í skýrslu Anne Bamford sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

[7] Lamb, S., Markussen, E., Teese, R., Sandberg, N., & Polesel, J. (Eds.). (2011). School Dropout and Completion: International Comparative Studies in Theory and Policy. Oslo: Springer.

[8] Hagstofa Íslands, 2006.

[9] Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009). Ungt fólk án atvinnu – virkni þess og menntun. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

kemur einmitt fram að slíkar námsleiðir og kennsluaðferðir ýta fremur undir námsáhuga og ánægju af námi.

- Í nýrri námskrá er áhersla á sveigjanleika. Skólarnir vinna nú að breytingum á námsframboði og skipulagi náms í samræmi við lög og námskrá. Svigrúm og sveigjanleiki við gerð námsbrautarlýsinga er aukinn með því m.a. að taka upp nýtt einingamatskerfi. Skólum er heimilt að þróa sérstakar námsbrautir sem byggjast á sérstöðu þeirra og styrkleika og eftirspurn eftir sérhæfðum námsleiðum.

Skólasamningar

Það hefur verið meginatriði í yfirstandandi skólasamningum mennta- og menningarmálaráðuneytis og framhaldsskóla að fundnar séu fjölbreyttar leiðir til að taka á móti nemendum, einkum þeim sem verr standa námslega eða félagslega með því móti að þeir fái ögrandi viðfangsefni við hæfi þannig að sjálfsmynd þeirra styrkist og menntunarlöngun vakni.

11. Hvort fleiri framhaldsskólar hafi verið hvattir til að bjóða upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs en nú gera það og hvaða þýðingu það hefði fjárhagslega fyrir ríkisvaldið og þjóðhagslega fyrir samfélagið að fleiri einstaklingar útskrifuðust með stúdentspróf eftir þrjú ár en með nýrri skólalöggjöf væri bæði unnið og stefnt að slíkum breytingum.

Hafa fleiri framhaldsskólar verið hvattir til að bjóða upp á 3 ára nám til stúdentsprófs?

Engar formlegar óskir hafa farið til framhaldsskólanna um að stytta nám sitt utan tilmæli ráðherra um að stúdentspróf skyldu vera að minnsta kosti 200 framhaldsskóla einingar.

Lögð hefur verið áhersla á þann sveigjanleika sem felst í löggjöfinni frá 2008 í kynningum ráðuneytis í framhaldsskólum og útgefnu efni svo sem almennum hluta aðalnámskrár.

Hvaða fjárhagslegu þýðingu hefði fjölgun þriggja ára stúdentsbrauta fyrir ríkisvaldið?

Til að byrja með má búast við auknum útgjöldum þar sem framhaldsskólar munu keyra tvöfalt kerfi þar til 2015, þegar frestur til aðlögunar rennur út. Ljóst er að í lögunum frá 2008 var gert ráð fyrir að innleiðing nýrra laga myndi kosta a.m.k. 1,8 milljarða. Eins og kunnugt er hefur staðan í fjármálum ríkisins ekki boðið upp á neitt svigrúm og þar sem stjórnvöld einsettu sér að ná niður halla á ríkisfjármálum á sem skemmstum tíma var því miður ekki svigrúm til viðbótarfjárveitinga heldur þurfti að skera niður u.þ.b. tvo milljarða. Af þeim sökum var fullri innleiðingu laganna frestað enda kallar hún á þróunarvinnu, endurskoðun kjarasamninga og fleira sem unnið hefur verið að, miðað við að því verki verði lokið árið 2015.

Til lengri tíma litið má gera ráð fyrir að 25% hagræðing gæti orðið á rekstri framhaldsskólanna ef einvörðungu er litið til námslengdar. En dæmið er alls ekki svo einfalt því að með lögunum 2008 var nemendum til 18 ára aldurs tryggður réttur til setu í framhaldsskólum og sá réttur kemur til með að kosta ríkið talsverða fjármuni þó að ekki hafi verið mikið rætt um þann kostnað þegar fræðsluskyldan var samþykkt í lögum. Sú aukning sem búast má við í þessum aldurshópi mun líklega þurfa meiri þjónustu en þeir sem hingað til hafa stundað nám í framhaldsskólunum.

Hvaða þjóðhagslegu þýðingu hefði það fyrir samfélagið að fleiri einstaklingar útskrifuðust með stúdentspróf eftir þriggja ára nám?
Er unnið og stefnt að slíkum breytingum með innleiðingu skólalöggjafarinnar?

Eitt af helstu sérkennum laga um framhaldsskóla, sem sett voru árið 2008, er að frumkvæði að skipulagi námsbrauta er flutt til framhaldsskólanna sjálfra. Lögin gera ráð fyrir breytingum á umgjörð skólastarfsins samhliða flutningnum. Þar má nefna upptöku nýrrar námseiningar, lengra skólaár (180 dagar) og skipulagsbreytingar á vinnutíma kennara (skil kennslu og prófatíma afnumin). Áætlun um innleiðingu laganna gerði ráð fyrir talsverðum kostnaðarauka af þessum sökum. Vegna þrenginga í ríkisfjármálum eins og áður var nefnt hefur orðið að seinka fyrirhugaðri innleiðingu lagana. Þannig hefur ekki komið til lengingar skólaársins og hvorki er búið að semja um upptöku nýrrar námseiningar né breytt fyrirkomulag á starfstíma kennara. Þá hefur af fyrrgreindri ástæðu einnig orðið að draga úr framboði námsáfanga í grunnskólum sem nýtast væntanlegum nemendum til styttingar á námi í framhaldsskólum.

Ráðuneytið hefur samið um tilraunakennslu í nokkrum framhaldsskólum, þar sem skilyrði hinna nýju laga eru uppfyllt með sérstökum fjárveitingum. Tilraunaskólarnir bjóða nú allir upp á nám til stúdentsprófs sem er skipulagt miðað við þriggja ára námstíma. Menntaskóli Borgarfjarðar tók til starfa haustið 2007 en hafði frumvarp til laga um framhaldsskóla til hliðsjónar við skipulag námsins. Þar var skólaárið lengt og gerðar talsverðar breytingar á kennsluháttum, einkum fyrirkomulagi námsmats. Fyrsti hópurinn brautskráðist frá MB vorið 2010 með stúdentspróf eftir þriggja ára nám. Kvennaskólinn í Reykjavík fékk heimild til að skipuleggja nám til stúdentsprófs miðað við þrjú ár en þó með sveigjanleika fyrir nemendur sem þurfa lengri tíma. Þar hafa frá hausti 2009 liðlega 300 nemendur hafið nám til stúdentsprófs er miðast við hin nýju námslok. Fyrsti hópurinn brautskráist vorið 2012. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, sem tók til starfa haustið 2009, hefur verið í samstarfi við Kvennaskólann um nýtt skipulag á námi til stúdentsprófs. Þá hefur Menntaskólinn á Tröllaskaga, sem hóf sitt starf haustið 2009, miðað námsskipulag sitt við að stúdentsprófi megi ljúka á þremur árum. Myndlistaskólinn í Reykjavík hóf tilraunakennslu á þriggja ára sjónlistarbraut til stúdentsprófs á haustönn 2011. Er sú tilraun gerð í samstarfi við ráðuneytið og Kvennaskólann í Reykjavík.

Af framansögðu má ráða að nokkrir skólar sem fengið hafa svigrúm til að laga starfsemi sína að hinum nýju lögum hafa skipulagt nám til stúdentsprófs þannig að útskrift sé möguleg eftir þrjú ár. Hins vegar vantar mikið upp á að hin heildstæða skólalöggjöf frá 2008 sé að fullu komin til framkvæmda. Það takmarkar möguleika skóla á að laga námskipan sína að þeim. Gert er að fyrir því að á árinu 2012 verði staðfesting námsbrauta framhaldsskólanna, er byggjast á nýjum lögum, að komast á fullan skrið og má þá reikna með að framboð þriggja ára náms til stúdentsprófs aukist jafnt og þétt.

Verði það reyndin að íslensk ungmenni fari almennt að ljúka stúdentsprófi ári fyrr en nú, mun það hafa áhrif á tilkostnað námsins. Þó er óvarlegt að áætla að um beina línulega kostnaðarlækkun verði að ræða, þ.e. að kostnaður við kennslu til stúdentsprófs eða framhaldsskólana almennt lækki um fjórðung. Hafa verður í huga að lögin kalla á endurskoðun á kjarasamningum kennara eins og áður hefur verið rakið og þar með hækkun útgjalda. Einnig verður að reikna með því að nú þegar lýkur nokkur hluti ungmenna stúdentsprófi á skemmri tíma en fjórum árum. Á móti kemur að talsverður hópur stundar námið mun lengur en í fjögur ár og má reikna með því að það verði reyndin ef jafn stórir hópar hvers árgangs leita í stúdentsnám og verið hefur. Þá er enn óljóst hvernig uppbygging námsbrauta á öðrum sviðum, t.d. í starfsnámi, muni þróast. Hvort nám þar muni almennt styttast til samræmis við nám til stúdentsprófs er erfitt að fullyrða þótt það verði að teljast líklegt. Að auki kunna ófyrirséð áhrif af styttingu náms til stúdentsprófs að leiða til kostnaðarauka, ekki er t.d.

ólíklegt að slík stytting muni kalla á aukið námframboð á svokölluðu fjórða þrepi. Nám á því þrepi liggur milli framhaldsskóla- og háskólastigs og einkennist af aukinni sérhæfingu. Þá kann stytting náms einnig að leiða til þess að fleiri óski eftir að ljúka námi á fleiri námsbrautum en einni, t.d. bæði bóknámi og starfsnámi. Að þessum fyrirvörum gerðum má gera ráð fyrir að til lengri tíma litið leiði almenn stytting náms til stúdentsprófs um eitt ár til kostnaðarlækkunar, en þó ekki umtalsverðrar þar sem kostnaður við aukna þjónustu við nemendur mun vega upp á móti þeirri kostnaðarlækkun sem hlýst af styttingu.

12. Hvort um stefnubreytingu sé að ræða í skólamálum og hugað hafi verið að nýju að því hvort stytta eigi grunnskólann um eitt ár þannig að nemendur hefji framhaldsskólanám að jafnaði ári fyrr en nú. Farið verði yfir hver áhrif slík breyting hefði á nám nemenda og fjárhag sveitarfélaga.

Hingað til hafa átakapólar í umræðu um námstíma nemenda einskorðast við styttingu framhaldsskólans eða óbreytt ástand en mikilvægt er að skoða almennt nám frá leikskóla til loka framhaldsskóla í órofa samhengi og með því skapast fleiri möguleikar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið boðaði til sérstaks Menntaþings í Valsheimilinu að Hlíðarenda þann 5. mars 2010 og tóku um 300 manns þátt í störfum þingsins. Yfirskrift þingsins var heildstæð menntun á umbrotatímum. Meginástæður fyrir slíku málþingi voru þær að mennta- og menningarmálaráðherra taldi mikilvægt að;

- fá skólafólk til skrafs og ráðagerða um mótun framtíðarstefnu í menntamálum,
- skapa frekari samkennd og auka samvinnu milli þeirra hópa sem koma að skólastarfi,
- skapa vettvang til að veita upplýsingar um stöðu mála, stilla saman strengi og skiptast skoðunum um ýmis álitamál.

Menntaþingið var sett upp í tveimur hlutum, annars vegar kynning á vinnu á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis í námskrármálum og hins vegar þrjár mismunandi málstofur þar sem einstaklingar gátu komið hugmyndum sínum og viðbrögðum á framfæri. Þeir tveir hópar á menntaþinginu sem fjölluðu um námslengd fengu í hendur fjóra valkosti til að ræða. Þrír þessara valkosta fjölluðu um mismunandi leiðir til að stytta samanlagðan námstíma grunn- og framhaldsskóla en síðasti valkosturinn var að stytta ekki. Umræður um efnið fóru fram í u.þ.b. 10 hópum í hvorri málstofu og fengu hóparnir það verkefni að ræða þessa valkosti og setja fram kosti og galla þeirrar leiðar sem mest stuðnings naut innan hópsins. Því til viðbótar stóð öllum til boða að setja fram aðrar skoðanir og tillögur á sérstökum miðum sem borðstjóri úthlutaði. Meginniðurstaða kosningarinnar var að nær allir þátttakendur völdu kost sem fól í sér styttingu á heildarnámstíma grunn- og framhaldsskóla. Af þeim sem völdu styttingu valdi mikill meiri hluti (60%) leið B, þ.e. að styttingin skiptist milli grunnskólans og framhaldsskólans. 28% völdu að styttingin yrði í framhaldsskólanum og 9% völdu að stytta grunnskólann.

Rætt hefur verið um að semja sérstök lög um skólakerfi þar sem hægt er að taka á ýmsum atriðum sem tengjast skilum skólastiga, lengd námstíma og uppbyggingu menntakerfisins, skólaskyldu og fræðsluskyldu. Ekki hefur enn orðið af því að setja vinnu við slíka löggjöf af stað en í þeirri vinnu gæfist svigrúm til að fá víðtæka umræðu í samfélaginu m.a. um lengd skyldunámsins. Sveitarfélögin hafa lýst sig reiðubúin til að taka þátt í slíkri vinnu með ráðuneytinu.

13. Staða tónlistarskólanna. Verði m.a. farið yfir stöðu viðræðna ríkis og sveitarfélaga um þátttöku ríkisins í rekstri tónlistarkennslu.

Hinn 13. maí 2011 undirrituðu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga samkomulag til þriggja ára um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Á gildistíma þess samkomulags veitir ríkissjóður framlag að fjárhæð 480 m.kr. á ársgrunni vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum. Í samkomulaginu er lagður grundvöllur að eflingu tónlistarnáms með aðkomu ríkissjóðs að kennslukostnaði í tónlistarskólum. Með samkomulaginu er nemendum gert kleift að stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á mið- og framhaldsstigi, óháð búsetu og aðgengi annarra nemenda til tónlistarnáms, óháð búsetu og efnahag, jafnað. Framlag ríkissjóðs skal greiðast í jöfnum mánaðarlegum greiðslum og nemur á samningstímanum samtals 1.040 m.kr. Á móti skuldbinda sveitarfélög sig til að taka tímabundið yfir ný verkefni frá ríki sem nemur 230 m.kr. á ársgrunni. Heildargreiðslur þeirra verkefna, sem sveitarfélögin taka yfir, nema 498 m.kr. yfir samningstímann.

Í kjölfar samkomulagsins frá 13. maí 2011 fóru fram viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um tímabundna yfirfærslu verkefna og fjármögnun þeirra, og liggja nú fyrir drög að samningi um þau atriði. Í verkaskiptasamningi ríkis og sveitarfélaga felst að sveitarfélög taki að sér fjármögnun á endurmenntunarsjóði grunnskóla, sbr. bráðabirgðaákvæði II við lög um grunnskóla, nr. 91/2008, fjármögnun og rekstur Námsgagnasjóðs, sbr. 6. gr. laga um námsgögn, nr. 71/2007 og fjármögnun Varasjóðs húsnæðismála, sbr. samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 23. nóvember 2010.

Gert er ráð fyrir að útgjöld til ofangreindra verkefna skiptist jafnt milli sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda og að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði falið að standa skil á greiðslum sveitarfélaga með því að draga kostnað hvers sveitarfélags frá framlögum sjóðsins. Með þessu er samkomulag aðila frá 23. nóvember 2010 framlengt um tvö ár þannig að á því tímabili komi áfram 20 m.kr. framlög frá sveitarfélögum eins og verið hefur. Þá er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ætlað að standa straum af rekstri sumardvalarheimilis í Reykjadal, af fjárlagalið 08-809-1.35, fyrir árin 2012 og 2013, rekstri Tölvumiðstöðvar fatlaðra, af fjárlagalið 08-809-1.15, fyrir árin 2012 og 2013 og rekstri Vistheimilisins Bjargs, af fjárlagalið 08-809-1.36, fyrir árin 2012 og 2013.

Þá er í samkomulaginu gert ráð fyrir að á árinu 2011 fari fram uppgjör á uppsöfnuðum óafgreiddum endurgreiðslubeiðnum á virðisaukaskatti vegna kaupa á slökkvibúnaði sem sveitarfélög höfðu sent inn fyrir árslok 2010.

Ráðgert er að mælt verði fyrir nauðsynlegum lagabreytingum vegna samkomulagsins með bandormi á haustþingi 2011, þ.e. 140. löggjafarþingi 2011–2012.

Þá er jafnframt ráðgert að frumvarp til laga um tónlistarskóla verði lagt fram á 140. löggjafarþingi þar sem gert er ráð fyrir framangreindri kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, ásamt ýmsum ákvæðum sem snerta markmið með starfsemi tónlistarskóla og stjórnsýslu.

VIÐAUKI

Yfirlit yfir reglugerðir

Yfirlit yfir nýjar reglugerðir sem snerta leikskóla

- nr. 242/2009 um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla
- nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla
- nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald
- nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla
- nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum

Yfirlit yfir nýlegar reglugerðir sem snerta grunnskóla
- nr. 1111/2007 um námsgagnasjóð
- nr. 1150/2008 um innritun nemenda í framhaldsskóla
- nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla
- nr. 242/2009 um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla
- nr. 435/2009 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla
- nr. 531/2009 um heimakennslu á grunnskólastigi
- nr. 656/2009 um skólaakstur í grunnskóla
- nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða
- nr. 658/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitastjórna um skólahald
- nr. 896/2009, um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla
- nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín
- nr. 980/2009 um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum
- nr. 440/2010 um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla
- nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum
- nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla

Yfirlit yfir nýlegar reglugerðir sem snerta framhaldsskóla
- nr. 614/2009 um gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla
- nr. 1150/2008 um innritun nemenda
- nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla
- nr. 654/2009 um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku
- nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum
- nr. 711/2009 og nr. 1007/2009 um skipan og störf starfsgreinaráða
- nr. 242/2009 um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla
- nr. 698/2009 um sveinspróf
- nr. 426/2010 um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi
- nr. 697/2009 og 1103/2009 um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað
- nr. 70/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum
- nr. 762/2010 um námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla

Reglugerðir í vinnslu, m.a. um
- nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum
- um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum
- um fósturbörn í grunnskólum

1928. Nefndarálit [711. mál]

um frv. til l. um ökutækjatryggingar.

Frá minni hluta viðskiptanefndar.

Minni hlutinn bendir á að innanríkisráðherra lagði á þessu þingi fram frumvarp til nýrra umferðarlaga (495. mál) og stóð minni hlutinn í þeirri meiningu að fjalla ætti samhliða um það frumvarp og það sem hér er til umfjöllunar. Nú liggur fyrir að frumvarp til nýrra umferðarlaga verður ekki að lögum á þessu þingi. Minni hlutinn telur því afar óheppilegt að

þetta frumvarp nái fram að ganga nú enda eru ýmsir snertifletir milli málanna og grundvallaratriði að samræmi sé á milli lagabálkanna.

Meiri hlutinn hefur lagt fram breytingartillögu þess efnis að ákvæði um slysatryggingu ökumanns og eiganda takmarkist við það að ökutæki sé í akstri í almennri umferð. Sú skilgreining sem meiri hlutinn styðst við um almenna umferð á rætur að rekja til frumvarps til umferðarlaga. Þar sem það frumvarp verður ekki að lögum á þessu þingi telur minni hlutinn ótækt að styðjast við þá skilgreiningu.

Þá telur minni hlutinn óljóst hvað felst í hugtökunum „eigandi“ og „umráðamaður“ samkvæmt breytingartillögu meiri hlutans við 3. gr. frumvarpsins. Minni hlutinn telur að eigandi ökutækis eigi að bera vátryggingarskylduna og axla þá ábyrgð á ökutæki sem lög kveða á um. Í tilskipun um skráningu ökutækja er skýrlega kveðið á um að handhafi skráningarskírteinis ökutækis teljist eigandi þess. Minni hlutinn bendir á að hugtakið umráðamaður kemur víða fyrir í lögum og það þarf að kanna gaumgæfilega hvort það gangi upp að skilgreina hugtakið í lögum og jafnframt hvort gera þurfi róttæka breytingu á núverandi fyrirkomulagi samkvæmt lögum.

Í breytingartillögu meiri hlutans er í nýrri grein lagt til að ökutæki samkvæmt frumvarpinu skuli skráningarskyld og að auk þess skuli skrá hjá Vinnueftirlitinu ökutæki sem eru einnig skilgreind sem vinnuvél. Minni hlutinn telur hættu á tvíverknaði með tilheyrandi kostnaði fyrir alla aðila og telur að þetta atriði verða að hljóta nánari skoðun.

Í breytingartillögum meiri hlutans er lagt til að lögfest verði nýtt úrræði í þeim tilvikum að látið er hjá líða að vátryggja ökutæki. Minni hlutinn tekur undir það markmið sem býr að baki, að koma í veg fyrir að ökutæki séu óvátryggð. Hins vegar telur minni hlutinn að í úrræðinu felist róttæk breyting frá því sem var í upphaflegu frumvarpi og telur að gefa hefði átt öllum umsagnaraðilum tækifæri til að tjá sig um hana.

Minni hlutinn bendir á það markmið sem felst í 1. gr. frumvarpsins að auka umferðaröryggi og tryggja að ábyrgðartrygging vegna ökutækja sé í gildi. Í ljósi þessa mikilvæga markmiðs telur minni hlutinn að ekki megi kasta til höndunum við meðferð málsins hér á Alþingi og að frumvarpið verði að hljóta umfjöllun samhliða frumvarpi til nýrra umferðarlaga til að tryggja samræmi þarna á milli.

Minni hlutinn leggst gegn því að frumvarpið nái fram að ganga á þessu þingi.

Alþingi, 16. sept. 2011.

Eygló Harðardóttir.

1929. Svar [856. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um kostnað ríkissjóðs við fangaflutninga.

1. *Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs við fangaflutninga innan lands sl. 10 ár, sundurliðað eftir árum?*

Kostnaður við fangaflutninga innan lands er ekki aðgreindur sérstaklega. Leitast var við að taka saman helstu kostnaðarliði hjá Fangelsismálastofnun við flutning fanga á árinu 2010. Niðurstaðan var 52,6 millj. kr. Bakreiknað var til níu ára þar á undan. Breyturnar sem notast

var við eru annars vegar fangafjöldi á ári og hins vegar vísitala neysluverðs. Niðurstaðan er eftirfarandi:

Ár	Kostnaður á ári, millj. kr.
2001	21,7
2002	21,9
2003	25,1
2004	26,9
2005	27,0
2006	29,2
2007	31,4
2008	39,1
2009	45,2
2010	52,6
Samtals 2001–2010	**319,9**

Tekið skal fram að einungis er um að ræða kostnað Fangelsismálastofnunar. Kostnaður við fangaflutninga lögreglu er ekki meðtalinn. Ekki var mögulegt að finna út kostnað lögreglu við flutninga fanga með einföldum hætti.

2. *Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs við fangaflutninga til annarra landa sl. 10 ár, sundurliðað eftir árum?*

Ár	Brottvísun fanga	Flutningur fanga til Íslands	Flutningur fanga frá Íslandi	Samtals kr.
2001	1.174.824	297.045	0	1.471.869
2002	1.119.155	0	0	1.119.155
2003	2.822.870	0	226.004	3.048.874
2004	6.252.803	0	0	6.252.803
2005	4.651.803	0	0	4.651.803
2006	4.568.965	0	0	4.568.965
2007	3.975.235	0	0	3.975.235
2008	11.721.906	583.884	1.502.000	13.807.790
2009	9.496.729	1.255.272	2.351.863	13.103.864
2010	10.696.595	0	0	10.696.595
Samtals	**56.480.885**	**2.136.201**	**4.079.867**	**62.696.953**

Til skýringar er rétt að geta þess að oft þarf að fylgja föngum sem hefur verið brottvísað og úrskurðaðir í endurkomubann þegar þeir losna úr fangelsi. Sumir þurfa ekki fylgd og því er keyptur undir þá farmiði og þeim fylgt út í flugvél til að tryggja að þeir fari úr landi.

3. *Hvernig skiptist kostnaðurinn eftir tegundum flutninga, sundurliðað eftir flutningsleiðum?*

Kostnaður við brottvísun fanga á árabilinu 2001–2010 nam 56.480.885 kr.
Kostnaður við flutning fanga til Íslands á árabilinu 2001–2010 nam 2.136.201 kr.

Kostnaður við flutning fanga frá Íslandi til áframhaldandi afplánunar í heimalandi á árabilinu 2001–2010 nam 4.079.867 kr.

Ekki eru tiltækar upplýsingar um kostnað eftir leiðum á Íslandi.

Kostnaður eftir leiðum við flutning fanga erlendis er eftirfarandi:

Áfangastaður	Kostnaður	Áfangastaður	Kostnaður	Áfangastaður	Kostnaður
Albanía	1.400.480	Holland	919.670	Rúmenía	4.695.440
Angóla	597.590	Indland	454.504	Rússland	443.830
Amsterdam	919.670	Ítalía	1.778.670	Singapúr	1.037.640
Austurríki	786.012	Ísland	2.499.112	Spánn	652.010
Ástralía	360.730	Kína	2.925.634	Srí Lanka	1.225.306
Belgía	1.214.062	Kósóvó	1.240.000	Svíþjóð	835.932
Brasilía	256.670	Lettland	1.705.419	Ungverjaland	943.464
Bretland	952.570	Litháen	13.260.308	USA	76.150
Danmörk	975.579	Marokkó	360.836	Úkraína	274.490
Eþíópía	514.228	Moldóva	530.262	Venesúela	434.430
Filippseyjar	624.116	Nígería	637.728	Víetnam	621.640
Frakkland	1.228.598	Noregur	895.554	Zambía	342.292
Georgía	1.300.581	Portúgal	731.696	Þýskaland	1.726.304
Ghana	983.895	Pólland	7.558.087		
Grænhöfðaeyjar	1.476.708	Ríó	299.056		

Athuga ber að löndin sem flutt er til þurfa ekki að endurspegla þjóðerni þeirra sem hafa setið í fangelsum landsins. T.d. hefur kostnaður vegna flutnings til Ítalíu verið hátt á aðra milljón króna en enginn Ítali hefur verið vistaður í fangelsum landsins.

1930. Svar [870. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um endurupptöku mála.

1. *Hvaða efnisleg rök lágu því til grundvallar að í einu tilviki af 32 á árabilinu 2000–2010 var vikið frá þeirri meginreglu að þrír dómarar við Hæstarétt taki afstöðu til endurupptöku máls og allir níu dómarar fjölluðu um beiðnina, sbr. svar á þskj. 1361?*

Samkvæmt lögum um meðferð einkamála er Hæstarétti falið að meta hvort endurupptaka eigi mál. Ráðuneytið býr því ekki yfir þeim upplýsingum sem óskað er eftir og leitaði upplýsinga til að svara fyrirspurninni hjá Hæstarétti Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá Hæstarétti getur rétturinn, í samræmi við 5. mgr. 7. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, falið þremur eða fimm dómurum að taka afstöðu til umsókna um endurupptöku mála en skv. 4. mgr. sömu lagagreinar skulu allir reglulegir dómarar taka þátt í ákvörðunum um annað en meðferð máls fyrir dómi nema annað sé tekið fram í lögum. Ákvarðanir Hæstaréttar um úthlutanir einstakra mála eru almennt teknar með hliðsjón af eðli þeirra og starfsemi réttarins hverju sinni. Þær eru venjulega ekki skráðar. Með vísan til ákvæða laga um sjálfstæði dómstóla telur Hæstiréttur ekki rétt að gera grein fyrir einstökum ákvörðunum varðandi innri málefni réttarins.

2. *Hvað leið langur tími frá því að Hæstarétti barst beiðni um endurupptöku, í hverju tilviki í nefndum 32 tilvikum, þar til viðkomandi beiðni hafði verið afgreidd?*

Samkvæmt upplýsingum frá Hæstarétti Íslands var árið 2000 þremur beiðnum um endurupptöku hafnað og höfðu þá 50, 84 og 97 dagar liðið frá því að þær bárust. Árið 2001 var einni slíkri beiðni hafnað og höfðu þá 54 dagar liðið frá því að hún barst. Árið 2002 var fjórum slíkum beiðnum hafnað og höfðu þá 40, 40, 61 og 159 dagar liðið frá því að þær bárust. Árið 2003 var tveimur slíkum beiðnum hafnað og höfðu þá 8 og 28 dagar liðið frá því að þær bárust. Árið 2004 var fjórum slíkum beiðnum hafnað og höfðu þá 70, 120, 156 og 188 dagar liðið frá því að þær bárust. Árið 2005 var þremur slíkum beiðnum hafnað og höfðu þá 27, 114 og 161 dagar liðið frá því að þær bárust. Árið 2006 var fimm slíkum beiðnum hafnað og höfðu þá 109, 113 og 427 dagar liðið frá því að þær bárust en upplýsingar eru ekki aðgengilegar vegna tveggja beiðna. Árið 2007 var engri beiðni hafnað. Árið 2008 var þremur slíkum beiðnum hafnað og höfðu þá 26, 120 og 350 dagar liðið frá því að þær bárust. Árið 2009 var tveimur slíkum beiðnum hafnað og höfðu þá 88 og 92 dagar liðið frá því að þær bárust. Árið 2010 var fimm slíkum beiðnum hafnað og höfðu þá 75, 138, 141, 258 og 284 dagar liðið frá því að þær bárust.

1931. Svar [876. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Baldurs Þórhallssonar um stöðu lífsskoðunarfélaga.

1. *Hefur ráðherra í hyggju að jafna stöðu lífsskoðunarfélaga, hvort sem um er að ræða veraldleg eða trúarleg félög, með sérstakri lagasetningu?*

Ráðuneytið hefur haft til skoðunar í nokkurn tíma þau sjónarmið sem sett hafa verið fram um að ójafnræði sé í því fólgið að félögum sem aðhyllast tiltekin trúarbrögð sé heimiluð formleg skráning á grundvelli laga um skráð trúfélög, nr. 108/1999, með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir, en að sama eigi ekki við um svokölluð lífsskoðunarfélög sem ekki aðhyllast trúarlegar kennisetningar en miða starfsemi sína við siðferðisgildi og mannrækt. Á það er bent að stjórnvöld styrki enn fremur eiginleg trúfélög beint með innheimtu sóknargjalda en veraldleg lífsskoðunarfélög, sem vilja veita sömu þjónustu til sinna félagsmanna, fái engan stuðning. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að ráðuneytinu er kunnugt um að víða í nágrannalöndunum hafi lífsskoðunarfélög fengið sömu stöðu og trúarleg félög, t.d. í Noregi.

Ráðuneytið telur mikilvægt að þessi umræða fari fram og hefur í hyggju að leggja fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um skráð trúfélög á komandi löggjafarþingi, sem og öðrum lögum eftir því sem við á, en markmið þeirra breytinga yrði að tryggja jafnræði hvað þetta varðar.

2. *Hvað hefur verið gert í ráðuneytinu til þess að undirbúa slíka lagasetningu?*

Ráðuneytið hefur skoðað gögn sem liggja fyrir um þessi mál, m.a. erindi frá Siðmennt sem sent var 13. september 2010. Þá hefur ráðuneytið átt fund með fulltrúa Siðmenntar um þessi mál. Frumvarp er í vinnslu og verður það kynnt á heimasíðu ráðuneytisins innan tíðar.

1932. Breytingartillögur [310. mál]

við brtt. á þskj. 1866 [Staðgöngumæðrun].

Frá Skúla Helgasyni, Eygló Harðardóttur, Árna Þór Sigurðssyni og Birgittu Jónsdóttur.

1. Í stað orðanna „undirbúi frumvarp til laga sem heimili staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni“ í 1. efnismgr. komi: verði falið að skoða álitamál um staðgöngumæðrun.
2. Í stað 2. og 3. efnismgr. komi ein ný málsgrein sem orðist svo:
   Hópurinn hafi m.a. hliðsjón af niðurstöðum vinnuhóps fyrrverandi heilbrigðisráðherra sem skilaði áfangaskýrslu um siðferðileg, læknisfræðileg og lögfræðileg álitaefni tengd staðgöngumæðrun. Starfshópurinn skili niðurstöðum til velferðarráðherra sem flytji Alþingi skýrslu um málið að því loknu.

1933. Breytingartillögur [898. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, l. nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Frá Helga Hjörvar.

1. 3. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi tollskrárnúmer bætast við E-lið viðauka I við lögin: 8519.8190 og 8519.8990.
2. 4. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 85. kafla tollskrár í viðauka I við lögin:

		A %	E %
a.	Í stað tollskrárnúmeranna 8519.8100 og 8519.8900 koma fjögur ný tollskrárnúmer ásamt fyrirsögnum og tolltöxtum, svohljóðandi:		
	– – Sem nota segul-, ljós- eða hálfleiðaramiðlara:		
8519.8110	– – – Sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg við gagnavinnsluvélar	0	
8519.8190	– – – Önnur	7,5	0
	– – Annars:		
8519.8910	– – – Sem eru með innbyggðri geymslueiningu, geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg við gagnavinnsluvélar	0	
8519.8990	– – – Önnur	7,5	0
b.	Við vöruliðinn 8521 bætist nýtt tollskrárnúmer og tolltaxti, svohljóðandi:		
8521.9023	– – – Tæki sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg þráðlaust við netkerfi	0	
c.	Við vöruliðinn 8543 bætist nýtt tollskrárnúmer og tolltaxti, svohljóðandi:		
8543.7003	– – Tæki til lesturs rafbóka sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg þráðlaust við netkerfi	0	

Greinargerð.

Eins og fram kemur í áliti efnahags- og skattanefndar sem gefið var út fyrir 2. umræðu töldu fulltrúar tollstjóra að niðurfelling á vörugjöldum og tollum sem kveðið væri á um í 3. og 4. gr. frumvarpsins snerti fleiri vörutegundir en efni stæðu til miðað við yfirlýstan tilgang frumvarpsins og af því gæti hlotist nýtt misræmi. Má um þetta vísa til minnisblaðs tollstjóra frá 7. september sl. sem sent var fjármálaráðuneyti í framhaldi af fundi efnahags- og skattanefndar daginn áður.

Niðurfellingunni er ætlað að taka til afspilunartækja og tækja til lesturs á rafbókum og hefur fjármálaráðuneytið komið á framfæri við nefndina tillögum þar sem komið er til móts við framangreindar athugasemdir, sbr. tölvupóst ráðuneytisins til formanns nefndarinnar frá 8. og 16. september sl. Er hér fallist á þær tillögur.

Lagt er til að tollskrárnúmerið 8519.8100 verði fellt niður og í stað þess verði til tvö ný númer, annars vegar 8519.8110 sem verður án tolla og vörugjalda og hins vegar 8519.8190 sem verður með tollum og vörugjöldum. Lagt er til að í stað þess að fella niður gjöld af númerinu 8521.9029 verði bætt við nýju númeri, 8521.9023, sem verður án tolla og vörugjalda. Lagt er til að í stað þess að fella niður gjöld af númerinu 8543.7001 verði bætt við nýju númeri, 8543.7003, sem verður án tolla og vörugjalda. Loks er lagt til að númerið 8519.8900 sem ekki er getið í 3. og 4. gr. frumvarpsins verði fellt niður og í stað þess verði til tvö ný númer, annars vegar 8519.8910 sem verður án tolla og vörugjalda og hins vegar 8519.8990 sem verður með tollum og vörugjöldum.

1934. Svar [900. mál]

innanríkisráðherra við fyrirspurn Oddnýjar G. Harðardóttur um stöðu einstaklinga sem hlotið hafa dóm en bíða afplánunar.

1. *Hve margir einstaklingar sem hlotið hafa dóm bíða eftir að geta hafið afplánun, skipt eftir kyni og aldri?*

368 einstaklingar bíða eftir afplánun, 23 konur og 345 karlar. Aldursskipting er sem hér segir:

Aldur	Fjöldi
19–20	5
21–25	75
26–30	94
31–35	61
36–40	34
41–45	23
46–50	26
51–55	22
56–60	14
61–65	7
66–70	3
71–	4

2. *Hve margir þessara einstaklinga, skipt eftir kyni, aldri, brotaflokkum og lengd dóma,*
   a. *má reikna með að verði vistaðir í öryggisfangelsi,*
   b. *fullnægja skilyrðum um vistun í opnu fangelsi,*
   c. *fullnægja skilyrðum um afplánun í samfélagsþjónustu?*

Samkvæmt íslenskum lögum eru fangelsi ekki skilgreind eftir öryggisstigi. Fjögur lokuð fangelsi með svipað öryggisstig eru í landinu, Litla-Hraun, Fangelsið á Akureyri, Fangelsið Kópavogsbraut 17 og Hegningarhúsið við Skólavörðustíg 9. Eftir komu í fangelsi er lagt mat á viðkomandi fanga og ákvörðun um vistunarstað tekin að því loknu.

Skilyrði fyrir afplánun óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga með samfélagsþjónustu eru lögbundin en ekki liggur fyrir hve margir á boðunarlistanum uppfylla þau skilyrði fyrr en skýrsla hefur verið tekin af hverjum og einum og kannað hvort önnur skilyrði séu uppfyllt, t.d. hvort viðkomandi eigi ólokið málum í refsivörslukerfinu.

3. *Hve margir einstaklingar bíða eftir afplánun vegna vararefsingar?*

1.356 einstaklingar bíða afplánunar vararefsingar fésekta.

1935. Frumvarp til laga [674. mál]

um Stjórnarráð Íslands.

(Eftir 2. umr., 16. sept.)

I. KAFLI

Um Stjórnarráð Íslands.

1. gr.

Ráðherrar í ríkisstjórn Íslands og ráðuneyti þeirra mynda Stjórnarráð Íslands. Ráðherrar fara með og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, hver á sínu málefnasviði. Sá ráðherra sem forseti Íslands hefur skipað til forsætis í ríkisstjórn Íslands nefnist forsætisráðherra.

Ráðherrar starfa í umboði Alþingis. Forsætisráðherra er skylt að biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt ef tillaga um vantraust á ríkisstjórn er samþykkt á Alþingi. Samþykki Alþingi tillögu um vantraust á einstakan ráðherra í ríkisstjórn er forsætisráðherra skylt að gera tillögu til forseta um að viðkomandi ráðherra verði leystur frá embætti.

2. gr.

Ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands skulu á hverjum tíma ekki vera fleiri en tíu. Fjöldi ráðuneyta innan þeirra marka skal ákveðinn með forsetaúrskurði, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, samkvæmt tillögu forsætisráðherra.

Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.

II. KAFLI

Um skipun ráðherra og verkaskiptingu á milli þeirra.

3. gr.

Forseti Íslands skipar forsætisráðherra. Forseti Íslands skipar aðra ráðherra samkvæmt

tillögu forsætisráðherra. Forseti Íslands veitir forsætisráðherra og ráðuneyti hans sem og einstökum ráðherrum lausn frá embætti samkvæmt tillögu forsætisráðherra.

4. gr.

Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum forsetaúrskurðar, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveðinn er upp samkvæmt tillögu forsætisráðherra.

Heimilt er að fela sama ráðherra að fara með fleiri en eitt ráðuneyti á hverjum tíma.

Komi upp vafi eða ágreiningur um það undir hvaða ráðuneyti stjórnarmálefni heyrir sker forsætisráðherra úr.

5. gr.

Nú er stjórnarmálefni flutt milli ráðuneyta, sbr. 4. gr., og skal þá ljúka meðferð ólokinna stjórnsýslumála í því ráðuneyti sem við málefni tekur.

III. KAFLI

Um ríkisstjórn og samhæfingu starfa á milli ráðherra.

6. gr.

Ríkisstjórnarfundi skal halda um eftirfarandi mál:

1. Nýmæli í lögum, þ.e. lagafrumvörp sem ráðherrar hyggjast leggja fram á Alþingi sem stjórnarfrumvörp, og önnur málefni sem bera á upp fyrir forseta Íslands til staðfestingar, þ.m.t. tillögur til þingsályktana.
2. Mikilvæg stjórnarmálefni. Til mikilvægra stjórnarmálefna teljast t.d. reglugerðir og yfirlýsingar sem taldar eru fela í sér mikilvæga stefnumörkun eða áherslubreytingar eða ef sýnt þykir að reglugerð eða yfirlýsing geti haft áhrif á útgjöld ríkissjóðs umfram fjárheimildir eða á efnahagsmál almennt.
3. Önnur mál sem ráðherrar óska eftir að bera þar upp.

Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórnarfundum.

7. gr.

Forsætisráðherra felur starfsmanni forsætisráðuneytisins að gegna störfum ritara ríkisstjórnar.

Í fundargerðir ríkisstjórnar skulu færðar niðurstöður, skýrt frá frásögnum og tilkynningum ráðherra auk þess sem greint skal frá umræðuefni, ef ekki er á því formleg niðurstaða, og bókuð afstaða samkvæmt sérstakri ósk ráðherra. Undan skal þó fella þau atriði fundargerðar sem hafa að geyma upplýsingar sem falla undir takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna, sbr. 9. og 10. gr. upplýsingalaga, og skulu þau færð í sérstaka trúnaðarmálabók.

Fundargerðir skulu staðfestar af forsætisráðherra og dreift til annarra ráðherra þegar staðfesting liggur fyrir. Komi fram athugasemd við fundargerð frá ráðherra skal hún skráð í fundargerð næsta fundar.

Allir fundir ríkisstjórnarinnar skulu hljóðritaðir og afrit geymt í vörslu Þjóðskjalasafns. Hljóðritanir þessar skulu gerðar opinberar að 30 árum liðnum frá fundi.

Um störf ríkisstjórnar fer að öðru leyti eftir starfsreglum sem ríkisstjórnin setur sér.

8. gr.

Forsætisráðherra ber að gæta þess að verkaskipting á milli ráðherra, sbr. 4. gr., sé eins skýr og kostur er. Ráðherrar skulu leitast við að samhæfa stefnu og aðgerðir ráðuneyta þegar

málefni og málefnasvið skarast. Forsætisráðherra skal beita sér fyrir því að stefna og aðgerðir ráðherra á einstökum sviðum séu samhæfðar ef á þarf að halda.

9. gr.

Forsætisráðherra getur ákveðið, með samþykki ríkisstjórnar, að skipa ráðherranefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflokka.

Forsætisráðherra stýrir fundum ráðherranefnda eða felur öðrum ráðherra að stýra fundum ráðherranefndar.

Þótt ráðherra hafi tekið mál upp í ráðherranefnd leysir það hann ekki undan skyldu til að bera mál upp í ríkisstjórn, sbr. 6. gr.

10. gr.

Í fundargerðir ráðherranefndar skulu færðar niðurstöður, skýrt frá frásögnum og tilkynningum ráðherra auk þess sem greint skal frá umræðuefni, ef ekki er á því formleg niðurstaða, og bókuð afstaða samkvæmt sérstakri ósk ráðherra.

Fundargerðir skulu staðfestar af forsætisráðherra, eða þeim ráðherra sem forsætisráðherra hefur falið að stýra ráðherranefnd, og dreift til annarra ráðherra í ráðherranefnd þegar staðfesting liggur fyrir. Komi fram athugasemd við fundargerð frá ráðherra skal hún skráð í fundargerð næsta fundar.

Forsætisráðherra setur reglur um störf ráðherranefnda að höfðu samráði við ríkisstjórn.

11. gr.

Þótt ráðherra hafi tekið mál upp í ráðherranefnd leysir það hann ekki undan skyldu til að bera mál upp í ríkisstjórn, sbr. 6. gr.

IV. KAFLI
Um stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra.

12. gr.

Ráðherra fer með yfirstjórn stjórnvalda sem hafa á hendi framkvæmd stjórnarmálefna er undir ráðuneyti hans heyra, enda leiði ekki af lögum að stjórnvald skuli vera sjálfstætt gagnvart ráðherra.

Í yfirstjórn skv. 1. mgr. felst m.a. að ráðherra getur gefið stjórnvaldi almenn og sérstök fyrirmæli um starfrækslu á verkefnum þess, fjárreiður og meðferð eigna, sbr. þó 3. mgr. 13. gr., enda mæli lög eða eðli máls því ekki í mót.

Ráðherra er heimilt að láta í té óbindandi álit sem þýðingu geta haft til leiðbeiningar fyrir stjórnarframkvæmd á málefnasviði hans, enda leiði ekki af lögum eða eðli máls að honum sé það óheimilt.

13. gr.

Ráðherra skal hafa eftirlit með starfrækslu, fjárreiðum og eignum á vegum stjórnvalda sem heyra undir almennar stjórnunarheimildir hans.

Ráðherra skal enn fremur hafa almennt eftirlit með starfrækslu, fjárreiðum og eignum þeirra sjálfstæðu stjórnvalda sem heyra stjórnarfarslega undir hann. Eftirlit með sjálfstæðum stjórnvöldum tekur ekki til einstakra ákvarðana þeirra.

Hafi eign á vegum stjórnvalds verið lögð undir annan ráðherra, sbr. 4. gr., en þann sem stjórnvald heyrir stjórnarfarslega undir fer sá ráðherra með almennt eftirlit með þeirri eign, sbr. 15. gr.

14. gr.

Ráðherra getur krafið stjórnvald, sem heyrir undir yfirstjórn hans, um hverjar þær upplýsingar og skýringar sem honum er þörf á til að sinna yfirstjórnarhlutverki sínu.

Ráðherra getur krafið sjálfstæð stjórnvöld, sem heyra stjórnarfarslega undir hann, um hverjar þær upplýsingar og skýringar sem þörf er á til að sinna eftirliti skv. 13. gr. og öðrum lögmæltum skyldum ráðherra.

Ef nauðsynlegt reynist í þessu sambandi að afhenda ráðherra upplýsingar sem almennar eða sérstakar þagnarskyldureglur taka til eru hann og ráðuneyti hans bundin þagnarskyldu með sama hætti og í þeim reglum greinir.

15. gr.

Ráðherra skal hafa almennt eftirlit með þeim eignum ríkisins, þar á meðal eign í einkaréttarlegum lögaðilum, sem til viðkomandi ráðherra hafa verið lagðar.

V. KAFLI
Um innra skipulag ráðuneyta og starfsmannahald.

16. gr.

Ráðuneytisstjórar stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra. Í forföllum ráðuneytisstjóra gegnir staðgengill störfum ráðuneytisstjóra. Staðgengill ráðuneytisstjóra skal koma úr röðum skrifstofustjóra samkvæmt ákvörðun ráðuneytisstjóra.

Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins skal jafnframt því embætti gegna störfum ritara ríkisráðs Íslands.

17. gr.

Ráðherra skal skipuleggja ráðuneyti sitt með því að skipta því upp í skrifstofur og skal hverri skrifstofu stýrt af skrifstofustjóra undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra.

18. gr.

Ráðherra skipar ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra að fengnu mati hæfnisnefndar, sbr. 19. gr. Aðrir starfsmenn eru ráðnir.

Ráðherra setur ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanni ráðherra erindisbréf og ráðuneytisstjórar setja skrifstofustjórum erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur. Forsætisráðuneytið skal gefa út leiðbeinandi erindisbréf fyrir ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og aðstoðarmenn ráðherra í Stjórnarráði Íslands.

19. gr.

Við skipun í embætti ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í ráðuneytum skv. 18. gr., sbr. þó 21. gr., skal ráðherra skipa þriggja manna nefnd til að meta hæfni umsækjenda um embættið.

Niðurstaða hæfnisnefndar er ráðgefandi við skipun í embætti. Forsætisráðherra setur reglur um hæfnisnefndir þar sem m.a. er fjallað um skipun nefndar, hæfi nefndarmanna svo og verkefni og málsmeðferð.

20. gr.

Ráðherra skal leita álits ráðuneytis til að tryggja að ákvarðanir og athafnir hans séu lögum samkvæmt.

Starfsmenn ráðuneyta skulu í samræmi við stöðu sína og hlutverk veita ráðherra réttar upplýsingar og ráðgjöf sem byggist á staðreyndum og faglegu mati á valkostum þannig að hann geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og stefnumótun.

21. gr.

Um heimildir ráðherra til að flytja embættismenn á milli embætta innan Stjórnarráðs Íslands fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og öðrum lögum eftir því sem við á.

Enn fremur er heimilt að starfsmenn sem ráðnir eru ótímabundið til starfa í ráðuneyti flytjist á milli ráðuneyta um afmarkaðan tíma eða varanlega enda liggi fyrir samþykki beggja ráðherra fyrir flutningnum og starfsmannsins sjálfs.

Nú flytjast stjórnarmálefni milli ráðuneyta, sbr. 4. gr., og skal þá bjóða hlutaðeigandi starfsmönnum að sinna þeim áfram í því ráðuneyti er tekur við málefninu. Við flutninginn verða ekki breytingar á starfskjörum starfsmanna.

Ákvæði um auglýsingaskyldu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eiga ekki við um flutning embættismanna og starfsmanna samkvæmt þessari grein.

Forsætisráðherra getur sett nánari reglur um tilhögun flutnings starfsmanna innan Stjórnarráðsins.

22. gr.

Ráðherrum er heimilt að ráða til starfa í ráðuneyti sínu aðstoðarmann eða aðstoðarmenn. Aðstoðarmenn sem eru ráðnir til starfa í Stjórnarráði Íslands skulu á hverjum tíma ekki vera fleiri en nemur tveimur fyrir hvern ráðherra en heimilt er samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar að ráða þrjá til viðbótar ef þörf krefur. Ákvæði um auglýsingaskyldu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eiga ekki við um ráðningu aðstoðarmanna. Aðstoðarmaður ráðherra gegnir störfum fyrir ráðherra svo lengi sem ráðherra ákveður, þó ekki lengur en ráðherra sjálfur.

Aðstoðarmaður ráðherra heyrir beint undir ráðherra. Meginhlutverk aðstoðarmanns ráðherra er að vinna að stefnumótun á málefnasviði ráðuneytis undir yfirstjórn ráðherra og í samvinnu við ráðuneytisstjóra. Aðstoðarmanni ráðherra er óheimilt að rita undir stjórnvaldserindi fyrir hönd ráðherra.

Um laun og starfskjör aðstoðarmanna ráðherra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs um kjör skrifstofustjóra.

Aðstoðarmaður ráðherra á rétt á biðlaunum í þrjá mánuði eftir að hann lætur af starfi. Hafi aðstoðarmaður áður verið ríkisstarfsmaður á hann rétt á að hverfa aftur til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins. Þiggi fyrrverandi aðstoðarmaður ráðherra laun vegna annarra starfa á því tímabili sem hann á rétt á biðlaunum vegna fyrri starfa sinna sem aðstoðarmaður skerðast biðlaunin sem þeim launum nemur.

23. gr.

Um réttindi og skyldur embættismanna og starfsmanna Stjórnarráðs Íslands fer að öðru leyti samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og öðrum lögum eftir því sem við á.

VI. KAFLI
Um siðferðileg viðmið í starfsemi Stjórnarráðs Íslands.

24. gr.

Forsætisráðherra staðfestir siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands. Við undirbúning reglnanna skal hafa samráð við starfsmenn sem í hlut eiga og leita eftir tillögum frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Einstökum ráðuneytum er heimilt að útfæra siðareglurnar nánar með hliðsjón af sérstökum verkefnum sem þau sinna. Heimilt er forsætisráðherra að setja sérstakar siðareglur fyrir aðstoðarmenn ráðherra, sbr. 22. gr.

Ríkisstjórn samþykkir siðareglur fyrir ráðherra. Forsætisráðherra undirritar siðareglurnar fyrir hönd ríkisstjórnar og birtir þær. Við undirbúning þeirra skal leita eftir tillögum frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Siðareglur skal birta almenningi á aðgengilegan hátt.

25. gr.

Forsætisráðherra skipar til þriggja ára í senn samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna. Í nefndinni eiga sæti formaður, skipaður án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Félags forstöðumanna ríkisstofnana, fulltrúi ráðherra sem fer með starfsmannamál ríkisins, tveir fulltrúar samtaka ríkisstarfsmanna og tveir aðrir valdir á grundvelli sérþekkingar sinnar á stjórnsýslu og siðfræðilegum efnum.

Forsætisráðuneytið sér nefndinni fyrir starfsaðstöðu.

Helstu verkefni samhæfingarnefndarinnar eru:

a. að stuðla að því að siðferðileg viðmið séu í hávegum höfð í opinberum störfum og veita stjórnvöldum ráðleggingar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og spillingu,
b. að veita umsögn um drög að siðareglum á grundvelli laga þessara og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gefa stjórnvöldum ráð um túlkun þeirra,
c. að beita sér fyrir upplýsingaöflun og fræðirannsóknum á málefnasviði nefndarinnar,
d. að stuðla að því að brugðist sé með samhæfðum hætti við ábendingum eftirlitsembætta Alþingis og öðrum tiltækum upplýsingum um brot á siðareglum eða hættu á spillingu hjá ríkinu,
e. að taka þátt í samstarfi við félagasamtök, stofnanir og embætti hér á landi og erlendis sem vinna gegn spillingu í opinbera geiranum,
f. að gefa forsætisráðherra árlega skýrslu um starf sitt þar sem komi fram ef ástæða þykir til tillögur til stjórnvalda um frekari aðgerðir til að efla traust á stjórnsýslu ríkisins, draga úr hættu á spillingu og vanda betur til verka í stjórnsýslunni. Skýrslan skal lögð fyrir Alþingi.

Til þess að tryggja samræmi við störf umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar skal samhæfingarnefndin hafa reglulegt samráð við þau embætti.

VII. KAFLI
Málstefna.

26. gr.

Forsætisráðherra mótar Stjórnarráðinu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggi fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Þar skulu settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum og starfsemi

Stjórnarráðsins. Enn fremur skal koma fram hver gögn liggja að jafnaði fyrir í erlendum málbúningi og hvaða tungumál þar er um að ræða. Þá skal þar setja reglur um rétt manna af erlendum uppruna til samskipta við Stjórnarráðið á annarri tungu en íslensku.

Mál það sem er notað í starfsemi Stjórnarráðsins eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt.

VIII. KAFLI
Önnur ákvæði.
27. gr.

Forsætisráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 73/1969.

1936. Frumvarp til laga [675. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands.

(Eftir 2. umr., 16. sept.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, með síðari breytingum.
1. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

II. KAFLI
Breyting á lögum um landamerki o.fl., nr. 41/1919, með síðari breytingum.
2. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

III. KAFLI
Breyting á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.
3. gr.

a. 6. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:
   Sá ráðherra er fer með samningagerð á því sviði skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 4. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.
b. Í stað orðsins „Atvinnumálaráðherra“ í 151. gr. laganna kemur: Ráðherra.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926, með síðari breytingum.

4. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ tvívegis í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: ráðherra.

V. KAFLI

Breyting á lögum um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi, nr. 50/1928, með síðari breytingum.

5. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um laganefnd, nr. 48/1929.

6. gr.

Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um bókasöfn prestakalla, nr. 17/1931, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um utanfararstyrk presta, nr. 18/1931, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o.fl., nr. 22/1932.

9. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

X. KAFLI

Breyting á lögum um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, nr. 27/1932, með síðari breytingum.

10. gr.

a. Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 4. tölul. 1. gr. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytisins“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56/1932, með síðari breytingum.

11. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Atvinnumálaráðuneytið“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XII. KAFLI

Breyting á lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, með síðari breytingum.

12. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 40. gr. a laganna kemur: Ráðherra.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74/1938, með síðari breytingum.

13. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um ostrurækt, nr. 21/1939.

15. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., 1. og 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

XVI. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

16. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. tölul. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

XVII. KAFLI

Breyting á landskiptalögum, nr. 46/1941, með síðari breytingum.

17. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum um búfjártryggingar, nr. 20/1943, með síðari breytingum.

18. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum um ófriðartryggingar, nr. 2/1944.

19. gr.

a. Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 2., 27. og 29. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 23. gr. laganna kemur: Ráðuneyti er fer með tekjuöflun ríkisins.

XX. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, með síðari breytingum.

20. gr.

a. Í stað orðanna „utanríkisráðuneytis Íslands“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með utanríkismál.
b. Í stað orðanna „utanríkisráðuneytis Íslands erlendis“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis.
c. Í stað orðsins „forsætisráðuneytið“ í 8. og 9. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „forsætisráðuneytisins“ í 4. og 5. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
e. Í stað orðsins „Forsætisráðuneytið“ í 13. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XXI. KAFLI

Breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, með síðari breytingum.

21. gr.

a. Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með málefni embættis forseta Íslands.
b. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra, sbr. 1. mgr.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 4. og 5. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
e. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 13. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með málefni embættis forseta Íslands.

XXII. KAFLI

Breyting á lögum um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, nr. 74/1947.

22. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

XXIII. KAFLI

Breyting á lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, nr. 44/1948, með síðari breytingum.

23. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 1. gr. og 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum um hvalveiðar, nr. 26/1949, með síðari breytingum.

24. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 3. mgr. 1. gr., b-lið 3. gr., 1. málsl. 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXV. KAFLI

Breyting á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum.

25. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XXVI. KAFLI

Breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum.

26. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXVII. KAFLI

Breyting á lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum.

27. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. og 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneyti“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með skipulagsmál.

XXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

28. gr.

a. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 2. og 34. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. 2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:
   Sá ráðherra sem fer með ræktun nytjaskóga á bújörðum fer með málefni sem fjallað er um í þessum kafla.
c. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu“ í b-lið 2. mgr. 25. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðuneyti.
d. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins“ í 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðuneytis.
e. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 3. mgr. 27. gr., b-lið 28. gr. og 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
f. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið“ í 31. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðuneyti.

XXIX. KAFLI

Breyting á lögum um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, nr. 18/1959, með síðari breytingum.

29. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í b-lið 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXX. KAFLI

Breyting á lögum um byggingarsjóð Listasafns Íslands, nr. 41/1959.

30. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XXXI. KAFLI

Breyting á lögum um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum, nr. 50/1961, með síðari breytingum.

31. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XXXII. KAFLI

Breyting á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7/1962, með síðari breytingum.

32. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 20. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XXXIII. KAFLI

Breyting á erfðalögum, nr. 8/1962, með síðari breytingum.

33. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 3. mgr. 43. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 50. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum.

34. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytis“ í 3. tölul. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXV. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, nr. 68/1962.

35. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga, nr. 93/1962, með síðari breytingum.

36. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um landsdóm, nr. 3/1963, með síðari breytingum.

37. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 43. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69/1963, með síðari breytingum.

38. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 10. gr. og 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: ráðherra.

XXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.

39. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytinu“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 13. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með ríkisjarðir.
d. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 5. mgr. 23. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með málefni landbúnaðar.

XL. KAFLI

Breyting á lögum um hreppstjóra, nr. 32/1965, með síðari breytingum.

40. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með launa- og kjaramál.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 7. gr. og 10. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni sýslumanna.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með launa- og kjaramál.
d. Í stað orðanna „er fjármálaráðherra setur“ í 8. gr. laganna kemur: settum af þeim ráðherra er fer með lífeyrismál.
e. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

XLI. KAFLI

Breyting á lögum um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, nr. 38/1965, með síðari breytingum.

41. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 4. gr. og 8. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 9. gr. og 14. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XLII. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

42. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 10. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 13. gr., 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðherra.
d. Í stað orðsins „iðnaðarmálaráðuneytisins“ í 57. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni iðnaðar.

XLIII. KAFLI

Breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, með síðari breytingum.

43. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

XLIV. KAFLI

Breyting á lögum um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, með síðari breytingum.

44. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. tölul. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

XLV. KAFLI

Breyting á lögum um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt, nr. 22/1966.

45. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytisins“ í 2. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni landbúnaðar.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.

XLVI. KAFLI

Breyting á lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, nr. 89/1966, með síðari breytingum.

46. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. og tvívegis í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

XLVII. KAFLI

Breyting á lögum um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, nr. 27/1968, með síðari breytingum.

47. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

XLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands, nr. 33/1968.

48. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneyti“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 3. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XLIX. KAFLI

Breyting á lögum um Kristnisjóð o.fl., nr. 35/1970, með síðari breytingum.

49. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 23. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

L. KAFLI

Breyting á lögum um félagsheimili, nr. 107/1970, með síðari breytingum.

50. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 4. og 5. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

LI. KAFLI

Breyting á lögum um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39/1971, með síðari breytingum.

51. gr.

a. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 2. gr. laganna kemur: ráðuneyti.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 3. gr., 10. gr. og 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
   Ráðuneytisstjóri sér um daglegan rekstur ráðuneytisins ásamt öðrum starfsmönnum sem það er falið.
d. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 6. gr., 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 17. gr. og 18. gr. laganna kemur: ráðherra.
e. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ tvívegis í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
f. Í stað orðsins „Utanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

LII. KAFLI

Breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

52. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

LIII. KAFLI

Breyting á lögum um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20/1972, með síðari breytingum.

53. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LIV. KAFLI

Breyting á lögum um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum.

54. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðuneytið“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 10. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með fræðslumál.

LV. KAFLI

Breyting á lögum um getraunir, nr. 59/1972, með síðari breytingum.

55. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. og 6. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneyti íþróttamála.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 5. gr. laganna kemur: Ráðuneyti er fer með málefni happdrætta.
c. Í stað orðanna „innanríkisráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytum er fara með íþróttamál og málefni happdrætta.

LVI. KAFLI

Breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

56. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 8. gr., 5. mgr. 11. gr., 4. mgr. 15. gr. a, 3. mgr. 18. gr., 4. tölul. 1. mgr. 21. gr., 6. mgr. 23. gr., 2. mgr. 25. gr., 2. mgr. 53. gr., 57. gr., tvívegis í 58. gr. og 3. mgr. 59. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 6. mgr. 11. gr., 2. mgr. 15. gr. a, 2. mgr. 23. gr. a, 2. mgr. 45. gr. a og 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 15. gr. a, 1. og 4. mgr. 23. gr., 1. mgr. 23. gr. a, tvívegis í 2. mgr. 25. gr., 5. mgr. 25. gr. b, 1. mgr. 45. gr. a og 3. mgr. 47. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðherra“ í 53. gr. a laganna kemur: Ráðherra.
e. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 59. gr. a laganna kemur: ráðuneytisins.

LVII. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973, með síðari breytingum.

57. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 11. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum.

58. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LIX. KAFLI

Breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16/1973, með síðari breytingum.

59. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

LX. KAFLI

Breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, með síðari breytingum.

60. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með fræðslumál.

LXI. KAFLI

Breyting á lögum um landgræðslustörf skólafólks, nr. 58/1974.

61. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 3. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

LXII. KAFLI

Breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, með síðari breytingum.

62. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXIII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, nr. 7/1975, með síðari breytingum.

63. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXIV. KAFLI

Breyting á lögum um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, nr. 12/1975.

64. gr.

a. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

LXV. KAFLI

Breyting á lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975, með síðari breytingum.

65. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: ráðherra.

LXVI. KAFLI

Breyting á lögum um Leiklistarskóla Íslands, nr. 37/1975.

66. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXVII. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa, nr. 17/1976.

67. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 5. gr. laganna kemur: Það ráðuneyti er fer með málefni sjávarútvegs.

LXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um aðild Íslands að samningi um stofnun aðstoðarsjóðs á vegum Efnahags- og framfarastofnunar, nr. 25/1976, með síðari breytingum.

68. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXIX. KAFLI

Breyting á lögum um sálfræðinga, nr. 40/1976, með síðari breytingum.

69. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXX. KAFLI

Breyting á lögum um sjúkraþjálfun, nr. 58/1976, með síðari breytingum.

70. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 13. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXI. KAFLI

Breyting á lögum um norræna vitnaskyldu, nr. 82/1976, með síðari breytingum.

71. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXII. KAFLI

Breyting á lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976, með síðari breytingum.

72. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

LXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um opinberar fjársafnanir, nr. 5/1977, með síðari breytingum.

73. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 4. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

LXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, nr. 18/1977, með síðari breytingum.

74. gr.

a. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni iðnaðar.

b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

LXXV. KAFLI

Breyting á lögum um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins, nr. 34/1977, með síðari breytingum.

75. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með málefni fjármálamarkaðar.
b. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með málefni fjármálamarkaðar.

LXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um iðjuþjálfun, nr. 75/1977, með síðari breytingum.

76. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 12. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um þroskaþjálfa, nr. 18/1978, með síðari breytingum.

77. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, með síðari breytingum.

78. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

79. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr., 1. og 6. mgr. 12. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 17. gr., 3. mgr. 21. gr. og 3. mgr. 30. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 3. og 4. mgr. 12. gr., 3. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 36. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 4. mgr. 12. gr., 13. gr. og 7. mgr. 35. gr. a laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 30. gr., 9. mgr. 35. gr. a og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: Ráðherra.
e. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 10. tölul. 35. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.

LXXX. KAFLI

Breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum.

80. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXI. KAFLI

Breyting á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

81. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 8. gr. og 2. og 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með fræðslumál.

LXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, nr. 48/1979.

82. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

83. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytis“ í 3. mgr. 51. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni efna og efnavara.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 73. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 1. mgr. 76. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins.

LXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, nr. 53/1980, með síðari breytingum.

84. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 16. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, nr. 94/1980.

85. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um lífeindafræðinga, nr. 99/1980, með síðari breytingum.

86. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 4. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um Grænlandssjóð, nr. 102/1980, með síðari breytingum.

87. gr.

Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðherra“ í 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

LXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, nr. 27/1981, með síðari breytingum.

88. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

LXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands að Stóra-Ármóti, nr. 29/1981, með síðari breytingum.

89. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

XC. KAFLI

Breyting á lögum um horfna menn, nr. 44/1981, með síðari breytingum.

90. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

XCI. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, nr. 51/1981, með síðari breytingum.

91. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr., 4. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

XCII. KAFLI

Breyting á lögum um steinullarverksmiðju, nr. 61/1981, með síðari breytingum.

92. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Þeim ráðherra er fer með málefni iðnaðar.

XCIII. KAFLI

Breyting á lögum um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, nr. 68/1981.

93. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XCIV. KAFLI

Breyting á lögum um Blindrabókasafn Íslands, nr. 35/1982, með síðari breytingum.

94. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. gr., 1. mgr. 3. gr., 9. gr. og 10. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í d-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

XCV. KAFLI

Breyting á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, nr. 36/1982, með síðari breytingum.

95. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 3. gr., 3. málsl. 4. gr. og 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað 1. og 2. málsl. 4. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af Reykjavíkurborg, einum tilnefndum af starfsmannafélagi hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af því ráðuneyti er fer með fjárreiður ríkisins og einum tilnefndum af ráðuneytinu sem einnig skipar formann án tilnefningar.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með launa- og kjaramál ríkisins.

XCVI. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðsöng Íslendinga, nr. 7/1983.

96. gr.

a. Í stað orðsins „forsætisráðuneytið“ í 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

XCVII. KAFLI

Breyting á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.

97. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. og 9. gr. laganna kemur: ráðherra.

XCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, nr. 79/1983, með síðari breytingum.

98. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. gr., tvívegis í 1. og 2. mgr. 2. gr. og 2. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

XCIX. KAFLI

Breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, með síðari breytingum.

99. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 27. gr. laganna kemur: Ráðherra.

C. KAFLI

Breyting á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, með síðari breytingum.

100. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CI. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug hf., nr. 30/1984.

101. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í heiti laganna kemur: ráðherra.

CII. KAFLI

Breyting á lögum um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum.

102. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðuneytið“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CIII. KAFLI

Breyting á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.

103. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CIV. KAFLI

Breyting á lögum um bókasafnsfræðinga, nr. 97/1984, með síðari breytingum.

104. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. og 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CV. KAFLI

Breyting á lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985, með síðari breytingum.

105. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CVI. KAFLI

Breyting á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

106. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneyti“ í 2. mgr. 220. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með samskipti við erlend ríki.

CVII. KAFLI

Breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985, með síðari breytingum.

107. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CVIII. KAFLI

Breyting á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985, með síðari breytingum.

108. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CIX. KAFLI

Breyting á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 43/1985, með síðari breytingum.

109. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., 11. gr. og 12. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CX. KAFLI

Breyting á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, með síðari breytingum.

110. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ tvívegis í 2. mgr. 2. gr. og 23. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 9. gr., 8. mgr. 18. gr. og 22. gr. laganna kemur: ráðherra.
d. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. og fyrirsögn 21. gr. laganna kemur: ráðuneytis er fer með varnarmál.

CXI. KAFLI

Breyting á lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum.

111. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 3. tölul. 1. gr. og 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 5. tölul. 1. gr. og 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 12. gr. og 14. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CXII. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

112. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í h-lið 1. mgr. 1. gr. a laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 1. málsl. 2. mgr. og c-lið 4. mgr. 1. gr. a laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni sjávarútvegs.
c. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í g-lið 2. mgr. 1. gr. a laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs.

CXIII. KAFLI

Breyting á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

113. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í b-lið 2. mgr. 14. gr., 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 2. mgr. 63. gr., 2. mgr. 66. gr., 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXIV. KAFLI

Breyting á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, nr. 24/1986, með síðari breytingum.

114. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 2. tölul. 8. gr., 3. og 4. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXV. KAFLI

Breyting á lögum um talnagetraunir, nr. 26/1986, með síðari breytingum.

115. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXVI. KAFLI

Breyting á lögum um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986.

116. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: þeim ráðherra sem fer með vísindamál.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með vísindamál.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með varnir gegn dýrasjúkdómum.

CXVII. KAFLI

Breyting á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með síðari breytingum.

117. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 7. gr., 2. mgr. 9. gr., 2. mgr. 19. gr., 1. mgr. 25. gr., 3. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 3. gr. og 7. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra er fer með málefni sveitarfélaga.

CXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um orlof, nr. 30/1987, með síðari breytingum.

118. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðuneytinu“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXIX. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með síðari breytingum.

119. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 7. gr., tvívegis í 2. mgr. 8. gr., 5. mgr. 11. gr., 3. mgr. 16. gr., 5. mgr. 20. gr., 27. gr., 7. mgr. 28. gr., 1. mgr. 32. gr. og 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 5. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 32. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni vinnumarkaðar.

CXX. KAFLI

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

120. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 117. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með fræðslumál.

CXXI. KAFLI

Breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum.

121. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 9. gr. laganna kemur: ráðuneyti er fer með tekjuöflun ríkisins.

CXXII. KAFLI

Breyting á lögum um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum.

122. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 13. gr. og ákvæði til bráðabirgða IX í lögunum kemur: Ráðherra.

CXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, með síðari breytingum.

123. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988, með síðari breytingum.

124. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CXXV. KAFLI

Breyting á lögum um bifreiðagjald, nr. 39/1988, með síðari breytingum.

125. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. og 9. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár, nr. 40/1988.

126. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í heiti laganna kemur: ráðherra.

CXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

127. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 7. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 7. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 8. gr., 2. mgr. 12. gr., 2. mgr., 6. tölul. 3. mgr. og 7. mgr. 16. gr., 5. mgr. 18. gr., 1. og 2. mgr. 21. gr., 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 24. gr., 5. mgr. 27. gr. A, 1. og 2. mgr. 33. gr., 3. mgr. 34. gr., 2. mgr. 36. gr., 2., 6. og 8. mgr. 42. gr., 4. mgr. 42. gr. A, 1.–3. mgr. 43. gr., 47. gr., 1.–4. mgr. 49. gr., 4. og 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, ákvæði til bráðabirgða X og XI og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XV í lögunum kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 33. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.

CXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum.

128. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 23. gr., 2. mgr. 34. gr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með heilbrigðismál.

CXXIX. KAFLI

Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

129. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXXX. KAFLI

Breyting á lögum um Listasafn Íslands, nr. 58/1988, með síðari breytingum.

130. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 6. gr. og 14. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989.

131. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ tvívegis í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með meðhöndlun úrgangs.

CXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um Félagsmálaskóla alþýðu, nr. 60/1989, með síðari breytingum.

132. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 6. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um lögbókandagerðir, nr. 86/1989, með síðari breytingum.

133. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni ræðisskrifstofa Íslands erlendis.

CXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, með síðari breytingum.

134. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, með síðari breytingum.

135. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, nr. 15/1990, með síðari breytingum.

136. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, með síðari breytingum.

137. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 39/1990.

138. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ tvívegis í 2. gr., 3. gr., 6. gr. og 12. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um lánasýslu ríkisins, nr. 43/1990, með síðari breytingum.

139. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. gr., 1. og 2. mgr. 3. gr., tvívegis í 1. mgr. og 2.–4. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra.

CXL. KAFLI

Breyting á lögum um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, nr. 45/1990, með síðari breytingum.

140. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXLI. KAFLI

Breyting á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

141. gr.

a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. gr., 2.–4. mgr. 2. gr., 1. mgr. 5. gr., 6.–8. gr., 3. mgr. 9. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr. og 19. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni náttúruverndar.
c. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CXLII. KAFLI

Breyting á lögum um flokkun og mat á gærum og ull, nr. 57/1990, með síðari breytingum.

142. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 4. gr. og 1., 2. og 5. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXLIII. KAFLI

Breyting á lögum um launasjóð stórmeistara í skák, nr. 58/1990.

143. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 6. og 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXLIV. KAFLI

Breyting á lögum um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, nr. 67/1990, með síðari breytingum.

144. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 8. og 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni er varða heilbrigði dýra og varnir gegn dýrasjúkdómum.

CXLV. KAFLI

Breyting á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum.

145. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr., 1. og 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 5. gr. og 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXLVI. KAFLI

Breyting á lögum um Skákskóla Íslands, nr. 76/1990.

146. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. og 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXLVII. KAFLI

Breyting á lögum um félagsráðgjöf, nr. 95/1990, með síðari breytingum.

147. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum.

148. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 2. gr., 6. tölul. 2. mgr. 3. gr., 1. tölul. 9. gr., 19. gr. og 22. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 1. tölul. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 20. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CXLIX. KAFLI

Breyting á lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, nr. 129/1990, með síðari breytingum.

149. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. málsl. og d-lið 3. gr., 4. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í c-lið 3. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni fatlaðs fólks.

CL. KAFLI

Breyting á lögum um ákvörðun dauða, nr. 15/1991, með síðari breytingum.

150. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með heilbrigðismál.

CLI. KAFLI

Breyting á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum.

151. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. b, 2. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 68. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytið“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CLII. KAFLI

Breyting á lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, með síðari breytingum.

152. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLIII. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum.

153. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLIV. KAFLI

Breyting á lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, með síðari breytingum.

154. gr.

a. 2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. og 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. a laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með skráningu félaga.

CLV. KAFLI

Breyting á lögum um Slysavarnaskóla sjómanna, nr. 33/1991, með síðari breytingum.

155. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLVI. KAFLI

Breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum.

156. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytinu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CLVII. KAFLI

Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

157. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðuneyti“ í 3. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

158. gr.

a. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 6. tölul. 13. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 25. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.

CLIX. KAFLI

Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

159. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðuneytis.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. 2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

   Innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum annast sýslumenn, héraðsdómarar og hliðstæðir embættismenn, svo og ráðuneytið. Ráðuneytinu er heimilt að fela öðrum ráðuneytum innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum.

d. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
e. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 22. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLX. KAFLI

Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

160. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytinu“ í 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með samskipti við erlend ríki.

CLXI. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

161. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 15. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXII. KAFLI

Breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

162. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ Í 1. og 4. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr. a, 5. mgr. 7. gr., 2. mgr. 10. gr. og 4. og 6. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.
c. Í stað orðanna „menntamálaráðherra og fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: framangreindra ráðherra, sbr. 1. mgr.

CLXIII. KAFLI

Breyting á lögum um yfirskattanefnd, nr. 30/1992, með síðari breytingum.

163. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 9. gr., 2. og 3. mgr. 15. gr., 20. gr. og tvívegis í 21. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Jarðasjóð, nr. 34/1992, með síðari breytingum.

164. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytisins“ í 1. mgr. 1. gr. og 2. tölul. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytinu“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXV. KAFLI

Breyting á lögum um Fiskistofu, nr. 36/1992, með síðari breytingum.

165. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. gr. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXVI. KAFLI

Breyting á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992, með síðari breytingum.

166. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 6. gr., 2. mgr. 9. gr., 1. mgr. 10. gr., 11. gr., 12. gr. og 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXVII. KAFLI

Breyting á lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

167. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „velferðarráðuneyti“ í 3. mgr. 6. gr., 2. mgr. 6. gr. b og 3. mgr. 41. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðanna „Fjármálaráðherra, innanríkisráðherra“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: Ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins, ráðherra er fer með mannréttindamál.

CLXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61/1992, með síðari breytingum.

168. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytið“ í 3. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXIX. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum.

169. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytið“ í 1. málsl. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 17. gr. og 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: ráðherra.

CLXX. KAFLI

Breyting á lögum um innflutning, nr. 88/1992, með síðari breytingum.

170. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXXI. KAFLI

Breyting á lögum um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, nr. 98/1992.

171. gr.

Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXXII. KAFLI

Breyting á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

172. gr.

a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 7. gr., 1. málsl. 8. gr., 9. gr., 2.–4. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr., 1. og 2. mgr. 12. gr., 14. gr., tvívegis í 15. gr., 17.–19. gr., 1. mgr. 20. gr., 2. mgr. 23. gr., 26. gr., 28. gr. og 1. og 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. 2. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skal setja sérstaka reglugerð um innflutning og útflutning sjávardýra.

CLXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum.

173. gr.

a. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða X í lögunum kemur: Ráðherra.

b. Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis sem fer með málefni bílaleiga.

CLXXIV. KAFLI

Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum.

174. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 7. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 86. gr. laganna kemur: ráðherra.

c. Í stað orðsins „Utanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: Ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis.

d. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 3. mgr. 24. gr. laganna kemur: Það ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis.

CLXXV. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum.

175. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

b. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 46. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CLXXVI. KAFLI

Breyting á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, með síðari breytingum.

176. gr.

Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, með síðari breytingum.

177. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins.

CLXXVIII. KAFLI

Breyting á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

178. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993, með síðari breytingum.

179. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 20. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXXX. KAFLI

Breyting á lögum um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, nr. 78/1993.

180. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum.

181. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 46. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

182. gr.

a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr., 3. gr., 3. mgr. 4. gr., 5. og 7. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 3. mgr. 11. gr., 2. mgr. 24. gr., 2. mgr. 29. gr., 1. málsl. og a-lið 30. gr., 1. og 2. mgr. 31. gr., 2. mgr. 33. gr., 35. gr., 3. mgr. 39. gr., 3. mgr. 41. gr., 2. mgr. 50. gr., 2. mgr. 52. gr., 2. mgr. 53. gr., 4. mgr. 54. gr., 55. gr., 3. mgr. 56. gr., 1. mgr., 2. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 58. gr., 2. mgr. 59. gr., 1. mgr. 60. gr., 3. mgr. 61. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 64. gr., 1. og 5. mgr. 65. gr., 1. og 4. mgr. 65. gr. A, 1. og 2. mgr. 65. gr. B, 1. og 3. mgr. 66. gr., 79. gr., 81. gr., 1., 4. og 9. mgr. 84. gr., 1. og 2. mgr. 85. gr. A, 86. gr., 1.–3. mgr. 87. gr. og ákvæðum til bráðabirgða K, T og V í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 7. mgr. 7. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni vinnumarkaðar.
c. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis“ í 3. mgr. 85. gr. A laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 9. mgr. 84. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.
e. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 87. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

f. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 87. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni innflutnings.

CLXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjumálasjóð, nr. 138/1993, með síðari breytingum.

183. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CLXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

184. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 11. gr., 2. og 3. mgr. 12. gr., 4. mgr. 13. gr., 2. mgr. 14. gr., 3. og 7. mgr. 16. gr., 1. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 17. gr. og 23. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni er varða velferð dýra og aðbúnað búfjár.

CLXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum.

185. gr.

Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 3. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

186. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 4. mgr. 14. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXXXVII. KAFLI

Breyting á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum.

187. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðuneyti“ í 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CLXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu, nr. 49/1994, með síðari breytingum.

188. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CLXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.

189. gr.

Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1.–3. mgr. 3. gr., 1. og 2. mgr. 4. gr., tvívegis í 5. gr.,

3.–5. mgr. og tvívegis í 7. mgr. 7. gr., 1. mgr. 10. gr., 2. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 12. gr., 1. mgr., 2. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 13. gr., 1. mgr. og tvívegis í 5. mgr. 14. gr., 4. mgr. 16. gr., 1. og 3. mgr. 17. gr., 1. mgr. 17. gr. a, 3. og 4. mgr. 19. gr. og 2. og 7. mgr. 20. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXC. KAFLI

Breyting á lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, nr. 71/1994, með síðari breytingum.

190. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. gr., 1. og 5. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CXCI. KAFLI

Breyting á lögum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., nr. 72/1994.

191. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 6. gr. og 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXCII. KAFLI

Breyting á lögum um söfnunarkassa, nr. 73/1994, með síðari breytingum.

192. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXCIII. KAFLI

Breyting á lögum um alferðir, nr. 80/1994, með síðari breytingum.

193. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 16. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXCIV. KAFLI

Breyting á lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994.

194. gr.

a. Í stað orðsins „Forsætisráðuneytið“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. og 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXCV. KAFLI

Breyting á lögum um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 88/1994.

195. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXCVI. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings um opna lofthelgi, nr. 90/1994.

196. gr.

Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CXCVII. KAFLI

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

197. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 7. mgr. 20. gr., 2. mgr. 32. gr. og 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 1. mgr. 43. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með tekjuöflun ríkisins.

CXCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, nr. 103/1994, með síðari breytingum.

198. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ tvívegis í 6. gr. og 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

CXCIX. KAFLI

Breyting á lögum um neytendalán, nr. 121/1994, með síðari breytingum.

199. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 21.–23. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CC. KAFLI

Breyting á lögum um Lýðveldissjóð, nr. 125/1994.

200. gr.

Í stað orðsins „forsætisráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með málefni er varða stjórnskipan lýðveldisins Íslands.

CCI. KAFLI

Breyting á lögum um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, nr. 128/1994.

201. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCII. KAFLI

Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

202. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 107. gr. b og 1. mgr. 107. gr. h laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
c. 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 107. gr. b og 1. mgr. 107. gr. h laganna kemur: þann ráðherra er fer með skráningu félaga.
e. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 121. gr. laganna kemur: Þeim ráðherra er fer með skráningu félaga.

CCIII. KAFLI

Breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum.

203. gr.

a. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 42. gr. og 4. mgr. 43. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytinu“ í 2. mgr. 43. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CCIV. KAFLI

Breyting á lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, með síðari breytingum.

204. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCV. KAFLI

Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

205. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 133. gr. a og 1. mgr. 133. gr. g laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
c. 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 133. gr. a og 1. mgr. 133. gr. g laganna kemur: þann ráðherra er fer með skráningu félaga.
e. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 147. gr. laganna kemur: Þeim ráðherra er fer með skráningu félaga.

CCVI. KAFLI

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

206. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytis“ í a-lið 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni þjóðkirkjunnar.
b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 4. mgr. 13. gr. a laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni fatlaðs fólks.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með tekjuöflun ríkisins.
d. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: Ráðuneyti er fer með tekjuöflun ríkisins.
e. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 15. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCVII. KAFLI

Breyting á lögum um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, nr. 27/1995.

207. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 2. gr. og 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneyti“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „umhverfisráðuneyti“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með málefni landgræðslu.

CCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, nr. 51/1995, með síðari breytingum.

208. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCIX. KAFLI

Breyting á lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, nr. 53/1995, með síðari breytingum.

209. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 2. og 3. mgr. 6. gr. og 10. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með sveitarstjórnarmál.
c. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytisins“ í 7. og 8. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCX. KAFLI

Breyting á lögum um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, með síðari breytingum.

210. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. gr., tvívegis í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni menningarminja.

CCXI. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum.

211. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXII. KAFLI

Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

212. gr.

a. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í lögum þessum nefndur ráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 19. gr. laganna kemur: Það ráðuneyti er fer með fræðslumál.

CCXIII. KAFLI

Breyting á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum.

213. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 4. gr., 4. mgr. 5. gr., 9. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXIV. KAFLI

Breyting á lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, með síðari breytingum.

214. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 27. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXV. KAFLI

Breyting á lögum um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl., nr. 160/1995, með síðari breytingum.

215. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXVI. KAFLI

Breyting á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

216. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni mengunarvarna.

CCXVII. KAFLI

Breyting á lögum um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 14/1996, með síðari breytingum.

217. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, með síðari breytingum.

218. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. og 3. mgr. 5. gr., tvívegis í 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 10. gr., tvívegis í 14. gr., 19. gr., 2. og 3. mgr. 23. gr., 3. mgr. 25. gr., 29. gr., 30. gr. og 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „velferðar-, menntamála- og landbúnaðarráðherra“ í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: þeirra ráðherra er fara með málefni vinnumarkaðar, landbúnaðar og vísinda.
c. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni vinnumarkaðar.

CCXIX. KAFLI

Breyting á lögum um köfun, nr. 31/1996, með síðari breytingum.

219. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXX. KAFLI

Breyting á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum.

220. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 27. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXXI. KAFLI

Breyting á upplýsingalögum, nr. 50/1996, með síðari breytingum.

221. gr.

Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 4. mgr. 12. gr., 1. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXXII. KAFLI

Breyting á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, með síðari breytingum.

222. gr.

a. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneyti“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með samgöngumál.
d. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins“ í 4. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
e. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytis“ í 18. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996, með síðari breytingum.

223. gr.

a. 2. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Skulu tveir nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningum annars vegar þess ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins og hins vegar þess ráðherra er fer með skuldamál heimila, en þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

224. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 4. gr., tvívegis í 2. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr., tvívegis í 3. mgr. 9. gr., 2. mgr. 15. gr., 2. mgr. 22. gr., tvívegis í 2. mgr. 27. gr., 2. mgr. 42. gr. og 1. mgr. 51. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXV. KAFLI

Breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

225. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 26. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

CCXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, með síðari breytingum.

226. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 10. gr., 22. gr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögunum kemur: Ráðherra.

CCXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, með síðari breytingum.

227. gr.

a. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 4. tölul. 13. gr. a, 4. tölul. 13. gr. b, 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. c og 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. d laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með fræðslumál.

CCXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum.

228. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 7. mgr. 4. gr., 6. gr., 2. mgr. 7. gr., 3. og 4. mgr. 31. gr., tvívegis í 4. mgr. 33. gr., 1. og 3. mgr. 34. gr. og 1. og 5. mgr. 41. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 3. mgr. 33. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, nr. 2/1997, með síðari breytingum.

229. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 3. gr., 2. mgr. 4. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 3. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 20. gr. og 1. og 5. mgr. 27. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCXXX. KAFLI

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

230. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, nr. 23/1997, með síðari breytingum.

231. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um uppgjör á vangoldnum söluskatti, launaskatti, tekjuskatti og eignarskatti, nr. 27/1997.

232. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um sjóvarnir, nr. 28/1997, með síðari breytingum.

233. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um helgidagafrið, nr. 32/1997, með síðari breytingum.

234. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um almenningsbókasöfn, nr. 36/1997.

235. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr. og 15. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um vörumerki, nr. 45/1997, með síðari breytingum.

236. gr.

Í stað orðsins „forsætisráðuneytis“ í 9. tölul. 1. mgr. 32. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni þjóðfána Íslands.

CCXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum.

237. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 6. gr., 16. gr. og ákvæði til bráðabirgða I í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með rannsókn á orsökum ofanflóðs og afleiðinga þess ef manntjón hlýst af því.
c. Í stað orðanna „innanríkisráðherra og umhverfisráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með almannavarnir og ráðherra er fer með málefni varna gegn ofanflóðum.
d. Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: Hlutaðeigandi ráðherra, sbr. 2. mgr.
e. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með sveitarstjórnarmál.
f. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytisins“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

g. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

CCXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, nr. 50/1997, með síðari breytingum.

238. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með málefni fjármálamarkaðar.

CCXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um öryggisþjónustu, nr. 58/1997, með síðari breytingum.

239. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytis“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXL. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., nr. 60/1997, með síðari breytingum.

240. gr.

a. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðanna „Sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherrar er fara með málefni sjávarútvegs og iðnaðar.
c. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni iðnaðar.
d. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs.
e. Í stað orðanna „Iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra“ í 3. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherrarnir.

CCXLI. KAFLI

Breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

241. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Stjórnin skal þannig skipuð: einn án tilnefningar, einn samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, einn eftir tilnefningu þess ráðherra er fer með málefni nýsköpunar og þróunar í sjávarútvegi, einn eftir tilnefningu sama ráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi og einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands.
c. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni nýsköpunar og þróunar í sjávarútvegi.
d. 2. málsl. 4. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Þar af skal einn maður tilnefndur af stjórn Nýsköpunarsjóðs sitja í nefndinni og fulltrúi ráðherra ásamt fulltrúum þeirra ráðherra er fara með fjárreiður ríkisins, nýsköpun og þróun í sjávarútvegi og útflutningsverslun.

e. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.

CCXLII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, nr. 62/1997, með síðari breytingum.

242. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ tvívegis í 1. mgr. og 3. mgr. 1. gr. og 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

CCXLIII. KAFLI

Breyting á lögræðislögum, nr. 71/1997, með síðari breytingum.

243. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í e-lið 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytis“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 5. mgr. 19. gr., 3. mgr. 25. gr., 3. mgr. 26. gr. og 4. mgr. 28. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með heilbrigðismál.

CCXLIV. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, með síðari breytingum.

244. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðuneytið“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CCXLV. KAFLI

Breyting á lögum um samningsveð, nr. 75/1997, með síðari breytingum.

245. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 4. mgr. 48. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLVI. KAFLI

Breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum.

246. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 4. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLVII. KAFLI

Breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, með síðari breytingum.

247. gr.

a. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 5. mgr. 10. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 5. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997, með síðari breytingum.

248. gr.

Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 4. gr., tvívegis í 1. mgr. 5. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXLIX. KAFLI

Breyting á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum.

249. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. og 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCL. KAFLI

Breyting á lögum um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, með síðari breytingum.

250. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í d-lið 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLI. KAFLI

Breyting á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, með síðari breytingum.

251. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 5. gr., 7. gr., 1. mgr. 21. gr., 2. mgr. 24. gr., 1. og 5. mgr. 30. gr., 32. gr., tvívegis í 33. gr., 35. gr., 39. gr., 40.–42. gr., 1. mgr. 46. gr., 47. gr., tvívegis í 1. mgr. 48. gr., 50. gr. og 51. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: ráðherra og hlutaðeigandi ráðherra.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 3. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 4. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni er varða stjórnskipan lýðveldisins Íslands.
e. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 27. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
f. Í stað orðanna „viðkomandi ráðherra og fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 29. gr. laganna kemur: ráðherra og viðkomandi ráðherra.
g. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 40. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
h. Í stað orðanna „ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis“ í 47. gr. laganna kemur: ráðuneytisstjórinn.

CCLII. KAFLI

Breyting á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

252. gr.

a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis“ tvívegis í 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ tvívegis í 4. gr., 2.–4. mgr. 5. gr., 8. gr., 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 10. gr., 1. og 4. mgr. 11. gr., 2.–4. mgr. 14. gr., 1. og 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti“ tvívegis í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

d. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni dýraverndar.

CCLIII. KAFLI

Breyting á lögum um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997.

253. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. málsl. og 3. tölul. 2. gr., 2. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 5. gr. og 9. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLIV. KAFLI

Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

254. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 6. mgr. 8. gr., þrívegis í 10. gr., 1. mgr. 25. gr., 28. gr., 2. mgr. 47. gr. og 56. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 48. gr., 1. mgr. 52. gr., 53. gr. og 1. mgr. 54. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CCLV. KAFLI

Breyting á lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, með síðari breytingum.

255. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCLVI. KAFLI

Breyting á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

256. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 21. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með sveitarstjórnarmál.

CCLVII. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

257. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 3. mgr. 93. gr. og 3. mgr. 98. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

258. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ tvívegis í 1. mgr. 9. gr., 3. mgr. 11. gr., 2. og 3. mgr. 12. gr., 1. og 2. mgr. 15. gr., 1. mgr. 31. gr. og 2. mgr. 32. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ tvívegis í 1. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

CCLIX. KAFLI

Breyting á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998, með síðari breytingum.

259. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ tvívegis í 2. gr. og 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 2. mgr. 6. gr. a laganna kemur: ráðuneytisins.

CCLX. KAFLI

Breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

260. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXI. KAFLI

Breyting á lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998, með síðari breytingum.

261. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytinu“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 6. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCLXII. KAFLI

Breyting á lögum um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, með síðari breytingum.

262. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytisins“ í 4. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 12. gr., 2. og 3. mgr. 19. gr., 2. mgr. 20. gr. og 25. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytið“ í 6. tölul. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 5. mgr. 23. gr. og 6. mgr. 23. gr. a laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

CCLXIII. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, nr. 38/1998, með síðari breytingum.

263. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í d-lið 2. gr. og 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCLXIV. KAFLI

Breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

264. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 3. gr. og 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XIV í lögunum kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 2. gr., 1. mgr. 30. gr. og 6. mgr. 47. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með fjárreiður ríkisins.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 43. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.

CCLXV. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

265. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni hugverkaréttar.

CCLXVI. KAFLI

Breyting á lögum um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins, nr. 46/1998.

266. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ tvívegis í 4. gr., 1. mgr. 8. gr. og 9. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXVII. KAFLI

Breyting á lögum um sjávarafurðir, nr. 55/1998, með síðari breytingum.

267. gr.

a. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis“ í 5. mgr. 14. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 3. mgr. 31. gr. a laganna kemur: Ráðherra.

CCLXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, með síðari breytingum.

268. gr.

a. 5. mgr. 3. gr. a laganna orðast svo:
   Sá ráðherra er fer með samningagerð á því sviði skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 3. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 6. gr., 19. gr., 21. gr., 28. gr., tvívegis í 1. mgr. 29. gr., 1. mgr. 31. gr., 1.–3. mgr. 33. gr. og 1. og 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: ráðherra.

c. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytis“ í 4. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni náttúruverndar.
d. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. og 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni náttúruverndar.

CCLXIX. KAFLI
Breyting á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

269. gr.

a. 2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.
b. Orðið „forsætisráðherra“ í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr., fjórum sinnum í 4. mgr. og 5. mgr. 3. gr., 2.–4. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr., 2. og 5. mgr. 6. gr. og 21. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Á vegum ráðherra skal starfa samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna er í eiga sæti fulltrúi ráðherra, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, fulltrúar þeirra ráðherra er fara með skipulagsmál, sveitarstjórnarmál, málefni iðnaðar og málefni landbúnaðar og tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 10. gr. og ákvæði til bráðabirgða II í lögunum kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
e. Í stað orðanna „Fjármálaráðherra skal fara“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: Hlutaðeigandi ráðherra fer.

CCLXX. KAFLI
Breyting á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

270. gr.

Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 3. mgr. 78. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með varnarmál.

CCLXXI. KAFLI
Breyting á íþróttalögum, nr. 64/1998.

271. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 1. og 4. mgr. 8. gr. og 13.–15. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CCLXXII. KAFLI
Breyting á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

272. gr.

a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 6. gr., 1. mgr. 10. gr., 13. gr. og 17. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „landbúnaðar- og fjármálaráðuneyti“ í 5. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytið og ráðuneyti er fer með málefni starfsmanna ríkisins.

c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í ákvæði til bráðabirgða I í lögunum kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni starfsmanna ríkisins.

CCLXXIII. KAFLI

Breyting á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

273. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. tölul. 1. gr., tvívegis í 1. mgr. og 3. mgr. 3. gr., 4. gr., 1. mgr. 7. gr., 14. gr., 1. og 3. mgr. 16. gr. og 19. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXXIV. KAFLI

Breyting á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

274. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 5. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCLXXV. KAFLI

Breyting á lögum um lögmenn, nr. 77/1998, með síðari breytingum.

275. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCLXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum.

276. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og tvívegis í 16. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um bindandi álit í skattamálum, nr. 91/1998, með síðari breytingum.

277. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um vegabréf, nr. 136/1998, með síðari breytingum.

278. gr.

a. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Hlutaðeigandi ráðherra gefur út diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf samkvæmt reglum sem sami ráðherra setur.

b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCLXXIX. KAFLI

Breyting á leiklistarlögum, nr. 138/1998, með síðari breytingum.

279. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 16. gr., 17. gr. og 19. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCLXXX. KAFLI

Breyting á lögum um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139/1998, með síðari breytingum.

280. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög, nr. 153/1998, með síðari breytingum.

281. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðuneytinu“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCLXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998, með síðari breytingum.

282. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ tvívegis í 3. gr. og 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum.

283. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 2. gr., 5. mgr. 5. gr. og tvívegis í 7. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.

CCLXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um opinberar eftirlitsreglur, nr. 27/1999.

284. gr.

a. Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 3. mgr. 3. gr., 1. og 4. mgr. 6. gr., 7. gr. og 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „forsætisráðuneyti“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „Forsætisráðuneyti“ í 5. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
d. Í stað orðanna „forsætisráðherra og annarra ráðherra“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCLXXXV. KAFLI
Breyting á lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999, með síðari breytingum.

285. gr.

a. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. og 44. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
c. 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.
d. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: Þeim ráðherra er fer með skráningu félaga.

CCLXXXVI. KAFLI
Breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum.

286. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytinu“ í 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 2. mgr. 5. gr. og 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneyti“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðanna „menntamálaráðherra, fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherrar er fara með málefni kvikmynda og fjárreiður ríkisins.

CCLXXXVII. KAFLI
Breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

287. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. og fyrirsögn 4. gr., b- og j-lið 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. og 3. mgr. 10. gr., 4. mgr. 11. gr., 5. mgr. 16. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 19. gr., 26.–28. gr., 2. og 3. mgr. 29. gr., 30. gr., 1. mgr. 31. gr., 3. mgr. 32. gr., 1. og 2. mgr. 39. gr., 1. mgr. 40. gr., 2. mgr. 43. gr., 3. mgr. 44. gr., 1. mgr. 51. gr., 4. mgr. 52. gr., 1. mgr. 53. gr., 1. mgr. 54. gr., 1. mgr. 55. gr., 2. mgr. 58. gr., 1. mgr. 59. gr., 3. mgr. 60. gr., 1. mgr. 62. gr., 64. gr., 1. mgr. 65. gr., 1. mgr. 67. gr., 3. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 74. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 39. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.
c. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytis“ í 1. mgr. 40. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með jarðrænar auðlindir.
d. Í stað orðsins „Umhverfisráðuneytið“ í 2. mgr. 40. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
e. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með jarðrænar auðlindir.
f. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 54. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs.

CCLXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

288. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. gr., 5. gr., 14. gr., 3. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 23. gr., 1. mgr. 25. gr., 3. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 31. gr., 32. gr., 1. og 2. mgr. 35. gr., 1. og 2. mgr. 37. gr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 18. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. tölul. 1. mgr. 23. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 3. mgr. 27. gr. og 4. mgr. 34. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
e. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 5. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni fiskeldis, fiskræktar og skeldýraræktar.
f. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 6. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með sveitarstjórnarmál.

CCLXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum.

289. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ þrívegis í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXC. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

290. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. og 3. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með lífeyrismál.

CCXCI. KAFLI

Breyting á lögum um Byggðastofnun, nr. 106/1999, með síðari breytingum.

291. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 1. gr., tvívegis í 2. mgr. 3. gr., 11. tölul. 4. gr., 5. gr., 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 7. gr., 1. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXCII. KAFLI

Breyting á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999, með síðari breytingum.

292. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 4. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCXCIII. KAFLI

Breyting á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

293. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 5. mgr. 10. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með fjárreiður ríkisins.
c. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneyti“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: Því ráðuneyti er fer með fjárreiður ríkisins.

CCXCIV. KAFLI

Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum.

294. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCXCV. KAFLI

Breyting á lögum um vitamál, nr. 132/1999, með síðari breytingum.

295. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCXCVI. KAFLI

Breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16/2000, með síðari breytingum.

296. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í c-lið 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCXCVII. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, nr. 17/2000, með síðari breytingum.

297. gr.

a. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðanna „innanríkisráðherra og utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þá ráðherra er fara með málefni almannaöryggis og málefni varnarsvæða.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 5. mgr. 3. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
d. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni varnarsvæða.

CCXCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

298. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 46. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytinu“ í 2. mgr. 49. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis.

d. 59. gr. laganna orðast svo:

Erlendis skal atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fara fram í skrifstofu sendiráðs eða fastanefndar hjá alþjóðastofnun, í sendiræðisskrifstofu eða í skrifstofu kjörræðismanns samkvæmt nánari ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis. Sama ráðuneyti getur og ákveðið að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum erlendis.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu erlendis eru forstöðumenn sendiráða og fastanefnda, sendiræðismenn, aðrir sendierindrekar eftir ákvörðun viðkomandi forstöðumanns, svo og aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiræðisskrifstofa eftir ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis, sbr. 1. mgr., kjörræðismenn samkvæmt nánari ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis, sbr. 1. mgr., svo og sérstakir kjörstjórar tilnefndir af hlutaðeigandi ráðuneyti, sbr. 1. mgr.

Hlutaðeigandi ráðuneyti, sbr. 1. mgr., auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram erlendis.

CCXCIX. KAFLI
Breyting á lögum um veiðieftirlitsgjald, nr. 33/2000.

299. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCC. KAFLI
Breyting á lögum um þjónustukaup, nr. 42/2000, með síðari breytingum.

300. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. og 4. mgr. 40. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCI. KAFLI
Breyting á lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, með síðari breytingum.

301. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 20. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCII. KAFLI
Breyting á lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, með síðari breytingum.

302. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. og 4. mgr. 99. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCIII. KAFLI
Breyting á lögum um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, nr. 57/2000.

303. gr.

a. Í stað orðsins „Utanríkisráðuneytið“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í fyrirsögn 4. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytis“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
e. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCIV. KAFLI

Breyting á lögum um yrkisrétt, nr. 58/2000, með síðari breytingum.

304. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 1. gr., 5. mgr. 11. gr., 3. mgr. 12. gr., b-lið 4. tölul. 2. mgr. 14. gr., 2.–4. mgr. 18. gr. a, 1. mgr. 22. gr. og 27. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCV. KAFLI

Breyting á lögum um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum.

305. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCVI. KAFLI

Breyting á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum.

306. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCVII. KAFLI

Breyting á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

307. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 4. gr., 1. mgr. 13. gr. a og 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytinu“ í 2. mgr. 33. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 39. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með samgöngumál.

CCCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, með síðari breytingum.

308. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCIX. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, nr. 85/2000.

309. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. og 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. og 4. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs.

CCCX. KAFLI

Breyting á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.

310. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 4. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.
c. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 15. gr. a laganna kemur: Ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

CCCXI. KAFLI

Breyting á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum.

311. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 7. gr., 4. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 2. mgr. 16. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra varnarmála.

CCCXII. KAFLI

Breyting á lögum um starfsréttindi tannsmiða, nr. 109/2000, með síðari breytingum.

312. gr.

a. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með heilbrigðismál.

CCCXIII. KAFLI

Breyting á lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, með síðari breytingum.

313. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXIV. KAFLI

Breyting á lögum um dómtúlka og skjalaþýðendur, nr. 148/2000, með síðari breytingum.

314. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXV. KAFLI

Breyting á lögum um Námsmatsstofnun, nr. 168/2000.

315. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., 3. mgr. 2. gr., 3. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCCXVI. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

316. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „velferðarráðuneytis“ í 8. mgr. 19. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með húsnæðismál.

CCCXVII. KAFLI

Breyting á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, með síðari breytingum.

317. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 3. gr., 3. mgr. 6. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 8. gr. a, 1. mgr. 8. gr. b, tvívegis í 8. mgr. 10. gr., 3. mgr. 11. gr., tvívegis í 23. gr., 1. og 2. mgr. 24. gr., 27. gr. og 31. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis“ í 2. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: þeirra ráðuneyta er fara með málefni náttúruverndar sem og rannsóknir, verndun og nýtingu hafsbotnsins.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. a laganna kemur: þann ráðherra er fer með skráningu félaga.
d. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytis“ í 6. mgr. 26. gr. a laganna kemur: ráðuneytisins.

CCCXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, nr. 25/2001.

318. gr.

a. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 4. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCCXIX. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd samnings um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra, nr. 26/2001.

319. gr.

a. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCCXX. KAFLI

Breyting á lögum um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, með síðari breytingum.

320. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., a-lið 1. mgr. 9. gr. og 16. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXI. KAFLI

Breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, með síðari breytingum.

321. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 22. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXII. KAFLI

Breyting á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

322. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 15. gr. og ákvæði til bráðabirgða XI í lögunum kemur: ráðherra.

CCCXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, nr. 43/2001, með síðari breytingum.

323. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um hönnun, nr. 46/2001, með síðari breytingum.

324. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneyti“ í 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXXV. KAFLI

Breyting á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, með síðari breytingum.

325. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. gr. og 1. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum.

326. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 13. tölul. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með fræðslumál.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 13. tölul. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: Það ráðuneyti er fer með fræðslumál.

CCCXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001.

327. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 1. mgr. 1. gr., 4. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 2. og 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 6. gr., 3. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 12. gr., 15. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. tölul. 7. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 17. gr., c-lið 1. mgr. 20. gr. og 21.–23. gr. laganna kemur: ráðherra.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
e. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
f. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 2. mgr. 9. gr., 15. gr., 2. mgr. 17. gr. og 19. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCCXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um erfðaefnisskrá lögreglu, nr. 88/2001, með síðari breytingum.

328. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytinu“ í a-lið 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um húsafriðun, nr. 104/2001.

329. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. og 3. mgr. 3. gr., 1. mgr. 5. gr., 4. mgr. 8. gr., 10. gr., 11. gr., 13. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXX. KAFLI

Breyting á lögum um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 105/2001.

330. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 4. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. og tvívegis í 7. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXXI. KAFLI

Breyting á safnalögum, nr. 106/2001, með síðari breytingum.

331. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 2. gr., 6., 7. og 9. gr., 1. mgr. 10. gr. og 12. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti“ í 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið og það ráðuneyti er fer með eignir ríkisins.

CCCXXXII. KAFLI

Breyting á þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

332. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 6. gr., tvívegis í 2. mgr. og 4. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 19. gr. og þrívegis í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 134/2001, með síðari breytingum.

333. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXXIV. KAFLI

Breyting á girðingarlögum, nr. 135/2001.

334. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXXXV. KAFLI

Breyting á kvikmyndalögum, nr. 137/2001, með síðari breytingum.

335. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1.–3. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr., 5. gr., 2. mgr. 7. gr., 9. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., tvívegis í 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 12. gr. og 13. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneyti“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með málefni iðnaðar.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðuneyti“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneyti er fer með útflutningsverslun.

CCCXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 139/2001, með síðari breytingum.

336. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, nr. 141/2001, með síðari breytingum.

337. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CCCXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, með síðari breytingum.

338. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni lýðheilsu og forvarna.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 11. mgr. 8. gr. og 6. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni mengunarvarna.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 6. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með framkvæmd löggjafar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 8. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með íþróttamál.
e. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Það ráðuneyti er fer með fræðslumál.

CCCXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um póstþjónustu, nr. 19/2002, með síðari breytingum.

339. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXL. KAFLI

Breyting á lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, með síðari breytingum.

340. gr.

a. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytið“ tvívegis í 20. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCCXLI. KAFLI

Breyting á lögum um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Krófluvirkjunar, nr. 38/2002.

341. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXLII. KAFLI

Breyting á lögum um geislavarnir, nr. 44/2002, með síðari breytingum.

342. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXLIII. KAFLI

Breyting á lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002, með síðari breytingum.

343. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með lífeyrismál.

CCCXLIV. KAFLI

Breyting á lögum um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002, með síðari breytingum.

344. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXLV. KAFLI

Breyting á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, með síðari breytingum.

345. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. gr., 1. mgr. 6. gr., 3. mgr. 17. gr., 2. mgr. 20. gr. og 21. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytinu“ í 16. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CCCXLVI. KAFLI

Breyting á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

346. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðuneytið“ í 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCCXLVII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast skuldabréf vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf., nr. 87/2002.

347. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ tvívegis í 1. gr. og heiti laganna kemur: ráðherra.

CCCXLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002.

348. gr.

Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXLIX. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, með síðari breytingum.

349. gr.

Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. gr., 2. mgr. 8. gr., 10. gr. og 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCL. KAFLI

Breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.

350. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLI. KAFLI

Breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum.

351. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 20. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni persónuréttinda.

CCCLII. KAFLI

Breyting á lögum um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, með síðari breytingum.

352. gr.

a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 13. gr., 15. gr. og 1. málsl. 17. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti“ í 11. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCCLIII. KAFLI

Breyting á lögum um skipamælingar, nr. 146/2002, með síðari breytingum.

353. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLIV. KAFLI

Breyting á lögum um félagamerki, nr. 155/2002, með síðari breytingum.

354. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneyti“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLV. KAFLI

Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

355. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 19. gr. a og 2. mgr. 53. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ tvívegis í 3. mgr. 106. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með sveitarstjórnarmál.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr. 106. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með fræðslumál.

CCCLVI. KAFLI

Breyting á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

356. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 6. gr., 11. mgr. 7. gr. a, 3. mgr. 8. gr., 10. gr. a, 14. gr., 2. mgr. 16. gr., 1. og 4. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

CCCLVII. KAFLI

Breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003, með síðari breytingum.

357. gr.

a. Í stað orðsins „Forsætisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í d-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni vísinda.
c. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í e-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni atvinnuþróunar og nýsköpunar.
d. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í f-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs.
e. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í g-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.
f. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í h-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með heilbrigðismál.
g. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í i-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með umhverfisrannsóknir.
h. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Auk framangreindra skulu ráðherra, sem jafnframt er formaður ráðsins, ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins, ráðherra er fer með málefni vísinda og ráðherra er fer með

málefni atvinnuþróunar og nýsköpunar eiga fast sæti í ráðinu. Enn fremur er ráðherra heimilt að kveðja allt að fjóra ráðherra til setu í ráðinu.

i. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni vísinda.

j. Í stað orðanna „Ráðherra skipar“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Skipar hann.

k. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með málefni atvinnuþróunar og nýsköpunar.

l. 5. gr. laganna orðast svo:

Með reglugerð geta hlutaðeigandi ráðherrar mælt nánar fyrir um starfsemi Vísinda- og tækniráðs, starfsemi vísindanefndar og starfsemi tækninefndar.

CCCLVIII. KAFLI
Breyting á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003.

358. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 6. gr., 9. gr., 1. málsl. og 1., 3. og 10. tölul. 10. gr. og tvívegis í 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. tölul. 10. gr. laganna kemur: ráðherra sem fer með málefni atvinnuþróunar og nýsköpunar.

CCCLIX. KAFLI
Breyting á lögum um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, nr. 12/2003, með síðari breytingum.

359. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 3. mgr. 1. gr. og 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

CCCLX. KAFLI
Breyting á lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003.

360. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 1. gr., 3. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr. og 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXI. KAFLI
Breyting á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003, með síðari breytingum.

361. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 67. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXII. KAFLI
Breyting á lögum um staðla og Staðlaráð Íslands, nr. 36/2003.

362. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXIII. KAFLI

Breyting á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, með síðari breytingum.

363. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXIV. KAFLI

Breyting á lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, nr. 43/2003, með síðari breytingum.

364. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneyti“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXV. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, með síðari breytingum.

365. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXVI. KAFLI

Breyting á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

366. gr.

a. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 29. gr., 2. mgr. 31. gr., 7. mgr. 34. gr. og 5. mgr. 47. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 47. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni varnarsvæða.

CCCLXVII. KAFLI

Breyting á hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum.

367. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXVIII. KAFLI

Breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

368. gr.

a. Í stað orðsins „Iðnaðarráðuneytið“ í 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 30. gr., tvívegis í 2. mgr. 31. gr. og 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXIX. KAFLI

Breyting á lögum um húsnæðissamvinnufélög, nr. 66/2003, með síðari breytingum.

369. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðuneytinu“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 29. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXX. KAFLI
Breyting á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, með síðari breytingum.
370. gr.
Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXXI. KAFLI
Breyting á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.
371. gr.
a. Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXII. KAFLI
Breyting á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.
372. gr.
Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXIII. KAFLI
Breyting á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nr. 83/2003, með síðari breytingum.
373. gr.
Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXIV. KAFLI
Breyting á lögum um Íslenskar orkurannsóknir, nr. 86/2003.
374. gr.
Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXXV. KAFLI
Breyting á lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003.
375. gr.
Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. gr. og 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXXVI. KAFLI
Breyting á lögum um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, með síðari breytingum.
376. gr.
Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXVII. KAFLI
Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.
377. gr.
a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 2. gr., 8. tölul. 3. gr., 6. mgr. 17. gr., 3. og 10. tölul. 28. gr., 1. tölul. A-liðar og 10. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., 2. og 9. tölul. og 4. mgr. 9. tölul. a 31. gr., 6. mgr. 55. gr., 1. mgr. 58. gr., 3. mgr. 65. gr., 5. tölul. 1. mgr. 66. gr., 1. mgr. A-liðar 67. gr., 3. mgr. 69. gr., 4. mgr. 70. gr. a, 84. gr., 85. gr., 1. mgr. 93. gr., 1. mgr. og fyrirsögn 106. gr., 107. gr., 2.–4. mgr. 111. gr.,

1. mgr. 112. gr., 1. mgr., tvívegis í 3. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 113. gr., 7. mgr. 116. gr., 118. gr., 3. mgr. 119. gr., 120. gr., 1. mgr. 121. gr., 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XIX og 1. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXVII í lögunum kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytisins“ í 3. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni happdrætta.

c. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 7. mgr. 57. gr. a laganna kemur: Ráðuneytið.

d. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 107. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCCLXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, nr. 141/2003.

378. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004.

379. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 20. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXX. KAFLI

Breyting á lögum um Evrópufélög, nr. 26/2004.

380. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Þeim ráðherra er fer með skráningu félaga.

CCCLXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004, með síðari breytingum.

381. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 12. gr., 2. mgr. 72. gr., 3. mgr. 113. gr., 119. gr., 3. mgr. 140. gr. og 1. og 3. mgr. 141. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, með síðari breytingum.

382. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 6. gr. og 1. og 3. mgr. 28. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 5. mgr. 4. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

c. Í stað orðanna „innanríkisráðherra, sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með samgöngumál og þann ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs.

CCCLXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, með síðari breytingum.

383. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum, nr. 47/2004, með síðari breytingum.

384. gr.

a. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Forsætisráðuneytið“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CCCLXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, með síðari breytingum.

385. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCLXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004.

386. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. og tvívegis í 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um tónlistarsjóð, nr. 76/2004.

387. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 3. og 4. mgr. 1. gr., 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCCLXXXVIII. KAFLI

Breyting á ábúðarlögum, nr. 80/2004.

388. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 14. mgr. 2. gr., 3. gr., 39. gr., 2. mgr. 44. gr. og 48. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCLXXXIX. KAFLI

Breyting á jarðalögum, nr. 81/2004, með síðari breytingum.

389. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytisins“ tvívegis í 16. mgr. 2. gr., 24. gr. og 53. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 25. mgr. 2. gr., 4. gr., tvívegis í 1. mgr. og 3. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 13. gr., 14. gr., tvívegis í 1. mgr. og 3. mgr. 15. gr., 16. gr., tvívegis í 20. gr., 21. gr., 1.–4. mgr. 23. gr., 24. gr., 3. mgr. 26. gr., 40. gr., 2. mgr. 41. gr., 51. gr., 52. gr. og 55. gr. laganna kemur: ráðherra.

c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytinu“ í 2. mgr. 6. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., 3. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ tvívegis í 1. mgr. 11. gr., 19. gr., tvívegis í 1. mgr. 26. gr., 33. gr., 37. gr. og 2. mgr. 39. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CCCXC. KAFLI

Breyting á lögum um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum.

390. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 5. mgr. 4. gr., 1. og 4. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með samgöngumál.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytinu“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með málefni sendiráða og ræðisskrifstofa erlendra ríkja á Íslandi.

CCCXCI. KAFLI

Breyting á lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 97/2004.

391. gr.

Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. mgr. 3. gr., 2. mgr. 4. gr., 6. gr., 1. mgr. 7. gr. og 1. og 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXCII. KAFLI

Breyting á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004.

392. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CCCXCIII. KAFLI

Breyting á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum.

393. gr.

a. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr., fyrirsögn 23. gr. og 1. málsl. 26. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytis“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CCCXCIV. KAFLI

Breyting á lögum um veðurþjónustu, nr. 142/2004.

394. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXCV. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslur yfir landamæri í evrum, nr. 146/2004, með síðari breytingum.

395. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXCVI. KAFLI

Breyting á lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, með síðari breytingum.

396. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðuneytið“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CCCXCVII. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa, nr. 24/2005, með síðari breytingum.

397. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um miðlun vátrygginga, nr. 32/2005, með síðari breytingum.

398. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 4. mgr. 17. gr., 1. mgr. 18. gr., 2. mgr. 22. gr., 29. gr., 2. mgr. 44. gr., 50. gr. og 58. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CCCXCIX. KAFLI

Breyting á lögum um happdrætti, nr. 38/2005, með síðari breytingum.

399. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytis“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CD. KAFLI

Breyting á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

400. gr.

a. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 35. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 32. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.

CDI. KAFLI

Breyting á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005, með síðari breytingum.

401. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „velferðarráðuneytið“ í 22. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með heilbrigðismál.

CDII. KAFLI

Breyting á lögum um skattskyldu orkufyrirtækja, nr. 50/2005.

402. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDIII. KAFLI

Breyting á lögum um gæðamat á æðardúni, nr. 52/2005.

403. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarráðuneytið“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CDIV. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, með síðari breytingum.

404. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDV. KAFLI

Breyting á lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005, með síðari breytingum.

405. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDVI. KAFLI

Breyting á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005, með síðari breytingum.

406. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 17. gr. og 5. mgr. 18. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDVII. KAFLI

Breyting á lögum um uppboðsmarkaði sjávarafla, nr. 79/2005.

407. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDVIII. KAFLI

Breyting á lögum um Matvælastofnun, nr. 80/2005, með síðari breytingum.

408. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. gr., c- og g-lið 2. gr., 3. gr., 1. og 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDIX. KAFLI

Breyting á lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, nr. 85/2005, með síðari breytingum.

409. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. og 3. mgr. 3. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytið“ í 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með jarðrænar auðlindir.

CDX. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

410. gr.

a. 13. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr., 5. mgr. og fyrra sinni í 6. mgr. 3. tölul. 1. mgr. 7. gr., 1. málsl. 3. mgr., 4. mgr. og fyrirsögn 12. gr. og 2. mgr. 138. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni landbúnaðar.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ síðara sinni í 6. mgr. 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 3. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðherrans.
d. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: Ráðherranum.
e. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 5. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: Ráðherrann.
f. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1., 2. og 7. mgr. og fyrirsögn 13. gr., 1. mgr. 38. gr., 4. tölul. 40. gr., 42. gr., 2. mgr. 147. gr. og 153. gr. laganna kemur: ráðherra.
g. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 42. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni sýslumanna.
h. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 137. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
i. 2. málsl. 1. mgr. 145. gr. laganna orðast svo: Við setningu upprunareglna skal samráð eftir atvikum haft við ráðuneyti er fara með almenn viðskiptamál, málefni sjávarútvegs, málefni landbúnaðar og útflutning.
j. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 151. gr. og 153. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni lögreglu og löggæslu.
k. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 6. mgr. 185. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með meðferð ákæruvalds.

CDXI. KAFLI

Breyting á lögum um fjarskiptasjóð, nr. 132/2005, með síðari breytingum.

411. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 1. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXII. KAFLI

Breyting á lögum um starfsmannaleigur, nr. 139/2005, með síðari breytingum.

412. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðuneytis“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXIII. KAFLI

Breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum.

413. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXIV. KAFLI

Breyting á vatnalögum, nr. 20/2006, með síðari breytingum.

414. gr.

a. 5. mgr. 9. gr. a laganna orðast svo:

Sá ráðherra er fer með samningagerð á því sviði skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 3. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.

b. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 4. mgr. 15. gr., 4. mgr. 29. gr., 1. og 2. mgr. 34. gr., 5. mgr. 35. gr. og 40. gr. laganna kemur: ráðherra.

c. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytið“ í 5. mgr. 35. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með málefni skipulagsmála.

CDXV. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006, með síðari breytingum.

415. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

CDXVI. KAFLI

Breyting á lögum um upplýsingarétt um umhverfismál, nr. 23/2006.

416. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 10. gr. og 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXVII. KAFLI

Breyting á lögum um faggildingu o.fl., nr. 24/2006, með síðari breytingum.

417. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, nr. 25/2006, með síðari breytingum.

418. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með eignir ríkisins.

c. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með eignir ríkisins.

CDXIX. KAFLI

Breyting á lögum um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, nr. 40/2006.

419. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. gr., 1. og 4. mgr. 4. gr., tvívegis í 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXX. KAFLI

Breyting á lögum um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum.

420. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneyti er fer með starfsmannamál ríkisins.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 4. gr. og 11. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins.

CDXXI. KAFLI

Breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 52/2006, með síðari breytingum.

421. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXII. KAFLI

Breyting á lögum um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, nr. 53/2006, með síðari breytingum.

422. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, með síðari breytingum.

423. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í b-lið 3. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með starfsmannamál ríkisins.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.
e. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 16. gr., 1. mgr., tvívegis í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 19. gr., 1. mgr. 24. gr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: hlutaðeigandi ráðherra, sbr. b-lið 3. gr.
f. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 39. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

CDXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006, með síðari breytingum.

424. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 3. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: því ráðuneyti er fer með starfsmannamál ríkisins.
c. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með fræðslumál.

CDXXV. KAFLI

Breyting á lögum um fiskrækt, nr. 58/2006, með síðari breytingum.

425. gr.

Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. og 13. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um Veiðimálastofnun, nr. 59/2006, með síðari breytingum.

426. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn fisksjúkdómum, nr. 60/2006, með síðari breytingum.

427. gr.

Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. og tvívegis í 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum.

428. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni sjávarútvegs.
b. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 44. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006.

429. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXX. KAFLI

Breyting á lögum um háskóla, nr. 63/2006.

430. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 1. gr., 3. mgr. 19. gr., 1. mgr. 21. gr. og 26. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1., 2., 3., 5., 6. og 9. mgr. 3. gr., 4. gr., 5. gr., tvívegis í 4. mgr. 7. gr., 2. mgr. 11. gr., tvívegis í 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. og 5. mgr. 20. gr., 1. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 22. gr. og tvívegis í 26. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 7. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í a-lið 2. mgr. 21. gr. og 24. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CDXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, með síðari breytingum.

431. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 19. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni lögreglu og löggæslu.
b. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. málsl. 28. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun Matvælarannsókna hf., nr. 68/2006.

432. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006, með síðari breytingum.

433. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um evrópsk samvinnufélög, nr. 92/2006.

434. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með skráningu félaga.

CDXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um landshlutaverkefni í skógrækt, nr. 95/2006.

435. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 3. mgr. 3. gr., 2. mgr. 4. gr., 1. og 3. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CDXXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006, með síðari breytingum.

436. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, nr. 102/2006, með síðari breytingum.

437. gr.

a. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með eignir ríkisins.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006, með síðari breytingum.

438. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytinu“ í 1. tölul. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CDXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006.

439. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. mgr. 3. gr., 1. mgr. og b-lið 2. mgr. 4. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

CDXL. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum.

440. gr.

a. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytisins“ í 8. mgr. 10. gr. og 24. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 19. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
d. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum kemur: Ráðherra.

CDXLI. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 150/2006, með síðari breytingum.

441. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum kemur: ráðherra.

CDXLII. KAFLI

Breyting á lögum um ættleiðingarstyrki, nr. 152/2006, með síðari breytingum.

442. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXLIII. KAFLI

Breyting á lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum.

443. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með sveitarstjórnarmál.

CDXLIV. KAFLI

Breyting á lögum um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, nr. 162/2006, með síðari breytingum.

444. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneytis“ í 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CDXLV. KAFLI

Breyting á lögum um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, nr. 176/2006, með síðari breytingum.

445. gr.

a. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með umbreytingu varnarsvæða í borgaraleg not.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með samgöngumál.
d. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með eignir ríkisins.

CDXLVI. KAFLI

Breyting á lögum um Ríkisútvarpið ohf., nr. 6/2007, með síðari breytingum.

446. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með eignir ríkisins.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í fyrirsögn 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXLVII. KAFLI

Breyting á lögum um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, nr. 26/2007.

447. gr.

Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. og 3. mgr. 1. gr. og 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, með síðari breytingum.

448. gr.

a. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með fræðslumál.
b. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðuneytið“ í 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: Það ráðuneyti er fer með fræðslumál.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXLIX. KAFLI

Breyting á lögum um Náttúruminjasafn Íslands, nr. 35/2007.

449. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 4. gr., 1. mgr. 5. gr., 6. gr. og 7. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDL. KAFLI

Breyting á lögum um íslenska alþjóðlega skipaskrá, nr. 38/2007, með síðari breytingum.

450. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLI. KAFLI

Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum.

451. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins.

CDLII. KAFLI

Breyting á lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, með síðari breytingum.

452. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLIII. KAFLI

Breyting á lögum um Heyrnar- og talmeinastöð, nr. 42/2007, með síðari breytingum.

453. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLIV. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45/2007, með síðari breytingum.

454. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLV. KAFLI

Breyting á lögum um sameignarfélög, nr. 50/2007, með síðari breytingum.

455. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLVI. KAFLI

Breyting á lögum um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, nr. 56/2007, með síðari breytingum.

456. gr.

a. Í stað orðsins „Viðskiptaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með almenn viðskiptamál.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLVII. KAFLI

Breyting á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007.

457. gr.

Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 3. gr., tvívegis í 4. gr., 1. mgr. 7. gr., þrívegis í 5. mgr. og 6. mgr. 12. gr., 1. mgr. 19. gr. og 21. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um losun gróðurhúsalofttegunda, nr. 65/2007.

458. gr.

a. Í stað orðsins „Umhverfisráðuneyti“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

   Þriggja manna úthlutunarnefnd losunarheimilda, skipuð af ráðherra samkvæmt tilnefningu ráðuneytisins, þess ráðuneytis er fer með málefni iðnaðar og þess ráðuneytis er fer með fjárreiður ríkisins, úthlutar losunarheimildum til atvinnurekstrar sem fellur undir gildissvið laganna á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Fulltrúi þess ráðuneytis er fer með málefni iðnaðar skal vera formaður úthlutunarnefndar losunarheimilda.
c. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 3. mgr. 5. gr. og 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLIX. KAFLI

Breyting á æskulýðslögum, nr. 70/2007.

459. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLX. KAFLI

Breyting á lögum um námsgögn, nr. 71/2007.

460. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 4. gr., þrívegis í 1. mgr. 5. gr., tvívegis í 2. mgr. og 3. mgr. 6. gr., tvívegis í 2. mgr. og 4. mgr. 7. gr. og 9. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 5. mgr. 6. gr. og 8. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CDLXI. KAFLI

Breyting á lögum um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl., nr. 72/2007.

461. gr.

Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 1. og 2. mgr. 3. gr. og 10. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXII. KAFLI

Breyting á lögum um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu, nr. 73/2007.

462. gr.

a. Í stað orðsins „Utanríkisráðuneytinu“ í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðuneytinu.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 2. gr. og 11. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr., 3. gr., 3. mgr. 6. gr., 11. gr. og 14. gr. laganna kemur: ráðherra.
d. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
e. Í stað orðsins „utanríkisráðuneyti“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
f. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 11. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins.

CDLXIII. KAFLI

Breyting á lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr. 75/2007, með síðari breytingum.

463. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. gr., 6. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. og 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 6. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með fræðslumál.
c. Í stað orðanna „einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: einn sem tilnefndur er sameiginlega af þeim ráðherrum er fara með málefni sjávarútvegs og málefni landbúnaðar.

CDLXIV. KAFLI

Breyting á lögum um starfstengda eftirlaunasjóði, nr. 78/2007.

464. gr.

a. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 11. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXV. KAFLI

Breyting á vegalögum, nr. 80/2007, með síðari breytingum.

465. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXVI. KAFLI

Breyting á lögum um opinber innkaup, nr. 84/2007.

466. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 18. gr. a, 1. mgr. 83. gr., 84. gr., 2. og 3. mgr. 85. gr., 88. gr., 89. gr. og 104. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 18. gr. a laganna kemur: ráðuneytið.

c. Í stað orðsins „Fjármálaráðuneytið“ í 5. mgr. 47. gr. og 82. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytinu“ í 82. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
e. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 85. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
f. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytis“ í 4. mgr. 91. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CDLXVII. KAFLI

Breyting á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum.

467. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um skattlagningu kaupskipaútgerðar, nr. 86/2007, með síðari breytingum.

468. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXIX. KAFLI

Breyting á lögum um bókmenntasjóð og fleira, nr. 91/2007.

469. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr., 1., 4. og 5. mgr. 3. gr., 1.–3. mgr. 5. gr. og 6. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CDLXX. KAFLI

Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, með síðari breytingum.

470. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXI. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

471. gr.

Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXII. KAFLI

Breyting á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007, með síðari breytingum.

472. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum.

473. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ tvívegis í 6. mgr. 23. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með fræðslumál.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 7. mgr. 23. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með fræðslumál.

CDLXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., nr. 30/2008, með síðari breytingum.

474. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLXXV. KAFLI

Breyting á lögum um samgönguáætlun, nr. 33/2008, með síðari breytingum.

475. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXVI. KAFLI

Breyting á varnarmálalögum, nr. 34/2008, með síðari breytingum.

476. gr.

a. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr., 4. gr., 15. tölul. 5. gr., tvívegis í 7. tölul., 9. og 10. tölul. 7. gr., 7. gr. a, 1. og 2. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr., 1. og 2. mgr. 15. gr., tvívegis í 2. mgr. 16. gr., 17. gr., 1. mgr. 20. gr., 3. mgr. 21. gr., 3. mgr. 23. gr., 2. mgr. 24. gr., 25. gr. og 27. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 4. gr., 2. mgr. 9. gr., 19. gr., 2. mgr. 20. gr., 3. mgr. 21. gr., 1.–3. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni almannaöryggis.
d. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 3. mgr. 21. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðuneyti.

CDLXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um samræmda neyðarsvörun, nr. 40/2008, með síðari breytingum.

477. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um efni og efnablöndur, nr. 45/2008.

478. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls, nr. 48/2008.

479. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CDLXXX. KAFLI

Breyting á lögum um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008, nr. 60/2008.

480. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um Landeyjahöfn, nr. 66/2008, með síðari breytingum.

481. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDLXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um Veðurstofu Íslands, nr. 70/2008.

482. gr.

Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um fiskeldi, nr. 71/2008.

483. gr.

a. Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 2. og 4. mgr. 14. gr., 20. gr. og 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytis“ í 5. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með málefni náttúruverndar.

CDLXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Fiskræktarsjóð, nr. 72/2008.

484. gr.

Í stað orðanna „sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. gr., 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDLXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl., nr. 76/2008, með síðari breytingum.

485. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með umbreytingu varnarsvæða í borgaraleg not.
c. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með eignir ríkisins.
d. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Þeim ráðherra er fer með málefni öryggissvæða.
e. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. málsl. 4. mgr. og 7. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með málefni öryggissvæða.
f. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. málsl. 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: Sama ráðherra.

g. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 5. mgr. 8. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra, sbr. 4. mgr.
h. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með skipulagsmál.
i. Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með eignir ríkisins.

CDLXXXVI. KAFLI
Breyting á lögum um endurskoðendur, nr. 79/2008, með síðari breytingum.

486. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðuneytisins“ í 6. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CDLXXXVII. KAFLI
Breyting á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, með síðari breytingum.

487. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra er fer málefni almannaöryggis.
b. 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Í almannavarna- og öryggismálaráði eiga sæti sá ráðherra sem fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs, sem jafnframt er formaður þess, ráðherra er fer með málefni almannaöryggis, ráðherra er fer með málefni mengunarvarna, ráðherra er fer með heilbrigðismál, ráðherra er fer með orkumál og ráðherra er fer með varnarmál og samskipti við önnur ríki.
c. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs.
d. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
   Einnig eiga ráðuneytisstjórar þeirra ráðuneyta sem fara með málaflokka skv. 1. mgr. sæti í almannavarna- og öryggismálaráði. Þá eiga einnig sæti í ráðinu:
   1. Ríkislögreglustjóri, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands, flugmálastjóri, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, siglingamálastjóri og vegamálastjóri.
   2. Veðurstofustjóri, brunamálastjóri og forstjóri Umhverfisstofnunar.
   3. Landlæknir, sóttvarnalæknir og forstjóri Geislavarna ríkisins.
   4. Orkumálastjóri og forstjóri Landsnets.
   5. Fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.
   6. Fulltrúi Rauða kross Íslands.
   7. Fulltrúi samræmdrar neyðarsvörunar.
e. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs.

CDLXXXVIII. KAFLI
Breyting á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008, með síðari breytingum.

488. gr.

a. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðuneyti“ í d-lið 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

CDLXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, með síðari breytingum.

489. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 1. mgr. 18. gr., 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Ráðherra.
c. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 15. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins.

CDXC. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum.

490. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXCI. KAFLI

Breyting á lögum um leikskóla, nr. 90/2008.

491. gr.

a. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneyti“ í 1. mgr. 15. gr. og 1. og 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í fyrirsögn 20. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 24. gr. og 3. mgr. 25. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

CDXCII. KAFLI

Breyting á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008.

492. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 4. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 26. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í fyrirsögn 38. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.

CDXCIII. KAFLI

Breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008.

493. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 2. mgr. 24. gr., 3. mgr. 25. gr., 3. mgr. 27. gr., 3. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
d. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytis“ í 2. mgr. 32. gr., 2. mgr. 33. gr. og 49. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
e. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneyti“ í 1.–3. mgr. 42. gr. og 2. mgr. 53. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

CDXCIV. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008.

494. gr.

a. Í stað orðsins „Utanríkisráðuneytið“ í 4. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 12. gr. laganna kemur: Ráðherra.

CDXCV. KAFLI

Breyting á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum.

495. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 12. gr., e-lið 1. mgr. 18. gr. og 21. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXCVI. KAFLI

Breyting á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

496. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. og 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með friðargæslu.

CDXCVII. KAFLI

Breyting á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2008, með síðari breytingum.

497. gr.

a. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. og fyrirsögn 9. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 5. gr. og 5. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytisins“ í 1.–4. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
d. Í stað orðsins „Utanríkisráðuneytinu“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðuneytinu.

CDXCVIII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008.

498. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

CDXCIX. KAFLI

Breyting á lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum.

499. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

D. KAFLI

Breyting á lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, nr. 142/2008, með síðari breytingum.

500. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Hlutaðeigandi ráðherra.

DI. KAFLI

Breyting á lögum um niðurfellingu laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 80/1966, með síðari breytingum, og um ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs, nr. 152/2008.

501. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DII. KAFLI

Breyting á lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, nr. 160/2008, með síðari breytingum.

502. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðuneytis“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: þess ráðuneytis er fer með fræðslumál.

DIII. KAFLI

Breyting á lögum um skattlagningu kolvetnisvinnslu, nr. 170/2008, með síðari breytingum.

503. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 6. gr., 3. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DIV. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði í tengslum við málshöfðun fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008, nr. 172/2008.

504. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Þeim ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins er samkvæmt lögum þessum heimilt, fyrir hönd íslenska ríkisins, að veita fjárhagslega fyrirgreiðslu til að standa undir kostnaði af undirbúningi og rekstri dómsmála, sem kveðið er á um í 2. gr., fyrir erlendum dómstólum.

DV. KAFLI

Breyting á lögum um ábyrgðarmenn, nr. 32/2009, með síðari breytingum.

505. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 4. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr. og 11. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DVI. KAFLI

Breyting á lögum um náms- og starfsráðgjafa, nr. 35/2009, með síðari breytingum.

506. gr.

a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DVII. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, nr. 40/2009, með síðari breytingum.

507. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins.

DVIII. KAFLI

Breyting á lögum um visthönnun vöru sem notar orku, nr. 42/2009.

508. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DIX. KAFLI

Breyting á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 49/2009.

509. gr.

a. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.

DX. KAFLI

Breyting á lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, nr. 50/2009, með síðari breytingum.

510. gr.

Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

DXI. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til samninga um álver í Helguvík, nr. 51/2009, með síðari breytingum.

511. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 3. mgr. 1. gr. og 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

DXII. KAFLI

Breyting á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009.

512. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXIII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, nr. 75/2009.

513. gr.

a. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 3. mgr. 6. gr. og 7. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „viðskiptaráðherra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: þann ráðherra sem fer með almenn viðskiptamál.

DXIV. KAFLI

Breyting á lögum um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, nr. 86/2009.

514. gr.

a. Í stað orðsins „viðskiptaráðherra“ í 7. tölul. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 7. tölul. 3. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með skráningu félaga.

DXV. KAFLI

Breyting á lögum um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009, með síðari breytingum.

515. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr., tvívegis í 1. mgr. og 3. mgr. 2. gr., g- og i-lið 4. gr., 3. mgr. 7. gr., tvívegis í 8. gr., tvívegis í ákvæði til bráðabirgða I og tvívegis í ákvæði til bráðabirgða II í lögunum kemur: ráðherra.

DXVI. KAFLI

Breyting á lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, nr. 107/2009, með síðari breytingum.

516. gr.

Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Hlutaðeigandi ráðherra.

DXVII. KAFLI

Breyting á lögum um umhverfis- og auðlindaskatta, nr. 129/2009, með síðari breytingum.

517. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 11. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til að staðfesta breytingar á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf., Arion banka hf. og NBI hf., nr. 138/2009.

518. gr.

Í stað orðanna „Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs Íslands er heimilt að“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með eignir ríkisins er heimilt, f.h. ríkissjóðs Íslands, að.

DXIX. KAFLI

Breyting á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, með síðari breytingum.

519. gr.

a. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 4. tölul. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins og ráðherra er fer með málefni atvinnuþróunar og nýsköpunar.
c. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 5. mgr. 10. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins.

DXX. KAFLI

Breyting á lögum um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar, nr. 153/2009, með síðari breytingum.

520. gr.

a. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með eignir ríkisins.

DXXI. KAFLI

Breyting á lögum um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun), nr. 12/2010, með síðari breytingum.

521. gr.

Í stað orðsins „innanríkisráðuneyti“ í d-lið 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

DXXII. KAFLI

Breyting á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010.

522. gr.

a. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðuneytisins“ í 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
b. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðuneytið“ í 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðherra“ í 2.–4. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, með síðari breytingum.

523. gr.

a. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „fjármálaráðuneyti“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: það ráðuneyti er fer með starfsmannamál ríkisins.
c. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: sá ráðherra er fer með málefni vinnumarkaðar.

DXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Íslandsstofu, nr. 38/2010.

524. gr.

a. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni ferðaþjónustu.
c. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með málefni lista og menningar.

DXXV. KAFLI

Breyting á lögum um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, nr. 42/2010, með síðari breytingum.

525. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðuneytið“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, nr. 47/2010, með síðari breytingum.

526. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, nr. 57/2010.

527. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 3. mgr. 1. gr. og 2. gr. laganna kemur: ráðherra.

DXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu, nr. 58/2010.

528. gr.

a. Í stað orðsins „utanríkisráðuneytið“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „utanríkisráðuneyti“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, nr. 64/2010.

529. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXX. KAFLI

Breyting á lögum um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands, nr. 77/2010, með síðari breytingum.

530. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXXI. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010, með síðari breytingum.

531. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 5. mgr. 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXXII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir, nr. 97/2010, með síðari breytingum.

532. gr.

a. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 4. mgr. 1. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með eignir ríkisins.

DXXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, nr. 99/2010.

533. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 4. tölul. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., tvívegis í 1. mgr. og 5. mgr. 17. gr., 1. mgr. 18. gr., 1. og 2. mgr. 19. gr., tvívegis í 1. mgr. og 4. mgr. 21. gr., 26. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytinu“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðanna „fjármálaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins og ráðherra er fer með fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri.
d. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneyti“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.
e. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneyti“ tvívegis í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

DXXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010, með síðari breytingum.

534. gr.

a. Í stað orðsins „velferðarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða II í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptaráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum kemur: Ráðherra er fer með málefni fjármálamarkaðar.

DXXXV. KAFLI

Breyting á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, með síðari breytingum.

535. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 32. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðherra“ í 34. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXXVI. KAFLI

Breyting á skipulagslögum, nr. 123/2010, með síðari breytingum.

536. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 14. tölul. 2. gr., 1. mgr. 3. gr., 6. mgr. 7. gr., 1. mgr. 10. gr., 1., 3., 7. og 8. mgr. 11. gr., 4. mgr. 22. gr., 5. mgr. 25. gr., 3. mgr. 29. gr., 4. og 5. mgr. 32. gr., 1. mgr. 45. gr., tvívegis í 2. mgr. 52. gr. og tvívegis í 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Umhverfisráðuneytið“ í 3. mgr. 11. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. tölul. 5. mgr. 7. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
d. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. og 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni varnar- og öryggissvæða.
e. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Sama ráðherra.

DXXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nr. 155/2010.

537. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 7. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um mannvirki, nr. 160/2010.

538. gr.

a. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 41. gr., 2. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 62. gr. laganna kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneytið“ í 8. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðuneytið.
c. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í a-lið 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.
d. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 1. mgr. 62. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni varnar- og öryggissvæða.
e. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 62. gr. laganna kemur: ráðherra, sbr. 1. mgr.
f. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 3. málsl. 2. mgr. 62. gr. laganna kemur: ráðherrans.

DXXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um útflutning hrossa, nr. 27/2011.

539. gr.

Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXL. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn vatnamála, nr. 36/2011.

540. gr.

a. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 2. mgr. 4. gr., tvívegis í 1. mgr. 5. gr. og ákvæði til bráðabirgða I í lögunum kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilnefnir einn fulltrúa, iðnaðarráðherra einn“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Þeir ráðherrar er fara með málefni orkumála og fiskeldis tilnefna einn fulltrúa hvor.

DXLI. KAFLI

Breyting á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011.

541. gr.

a. Í stað orðsins „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 62. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 1. málsl. 3. mgr. 62. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með málefni fjarskipta.
c. Í stað orðsins „innanríkisráðherra“ í 3. málsl. 3. mgr. 62. gr. laganna kemur: sama ráðherra.

DXLII. KAFLI

Breyting á lögum um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar, nr. 44/2011.

542. gr.

a. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 10. og 13. gr. laganna kemur: ráðherra.
b. Í stað 3.–5. málsl. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum kemur einn nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra skipar nefndina, og formann hennar, og skulu vera í henni tíu fulltrúar tilnefndir af ráðherrum er fara með málefni þjóðlendna, orkumála, samgangna, vísinda og landbúnaðar og skulu þessir fulltrúar ráðherranna annast tengsl við stofnanir viðkomandi ráðuneyta, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn, LÍSA, samtök um landupplýsingar á Íslandi, einn og Landmælingar Íslands einn.

DXLIII. KAFLI

Breyting á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011.

543. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 12. gr. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. og 6. mgr. 10. gr. laganna kemur: þann ráðherra er fer með málefni náttúruverndar.
c. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: þess ráðherra er fer með skipulagsmál.

d. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með málefni náttúruverndar.
e. Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: þeim ráðherra er fer með málefni menningarminja.
f. Í stað orðsins „Umhverfisráðherra“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: Sá ráðherra er fer með málefni náttúruverndar.

DXLIV. KAFLI

Breyting á lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 57/2011.

544. gr.

Í stað orðanna „mennta- og menningarmálaráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: ráðherra.

DXLV. KAFLI

Breyting á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, nr. 61/2011.

545. gr.

a. Í stað orðanna „Mennta- og menningarmálaráðuneytið“ í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Sá ráðherra er fer með málefni innflytjenda.

DXLVI. KAFLI

Breyting á lögum um breyting á lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63/1989, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, ábúðarlögum, nr. 80/2004, og lögum um búfjárhald, nr. 103/2002 (niðurlagning Hagþjónustu landbúnaðarins), nr. 74/2011.

546. gr.

Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ a-lið 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXLVII. KAFLI

Breyting á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011.

547. gr.

a. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: Ráðherra.
b. Í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: þann ráðherra er fer með málefni náttúruverndar.

DXLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011.

548. gr.

Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DXLIX. KAFLI

Breyting á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011.

549. gr.

a. Í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 2. gr. laganna kemur: Ráðherra.

b. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Ráðuneytið skal hafa yfirumsjón með réttindum fatlaðs fólks og skal koma á fót sérstakri réttindavakt innan þess.
c. Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Réttindavakt ráðuneytisins.**
d. Í stað orðsins „innanríkisráðuneyti“ í ákvæði til bráðabirgða II í lögunum kemur: ráðuneyti mannréttindamála.
e. Í stað orðanna „velferðarráðuneytis, innanríkisráðuneytis“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögunum kemur: ráðuneytisins og ráðuneytis mannréttindamála.

DL. KAFLI
Breyting á lögum um skeldýrarækt, nr. 90/2011.
550. gr.
Í stað orðanna „Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

DLI. KAFLI
Gildistaka.
551. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

1937. Lög [727. mál]

um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta).

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1883.

1938. Lög [698. mál]

um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum (góðir stjórnarhættir o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1885.

1939. Lög [696. mál]

um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (eigið fé, stórar áhættur, verðbréfun o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1886.

1940. Lög [630. mál]

um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1105.

1941. Frumvarp til laga [648. mál]

um Þjóðminjasafn Íslands.

(Eftir 2. umr., 16. sept.)

I. KAFLI
Stjórnsýsla.

1. gr.
Höfuðsafn.

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins og fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn þess. Safnið er höfuðsafn á sviði menningarminja.

Kostnaður af rekstri Þjóðminjasafnsins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

2. gr.
Skipulag og yfirstjórn.

Ráðherra skipar forstöðumann Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörð, til fimm ára í senn. Skipaður skal maður með háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins.

Forstöðumaður Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörður, stjórnar starfsemi og rekstri safnsins. Hann ræður starfsmenn þess og er í fyrirsvari fyrir safnið.

II. KAFLI
Hlutverk og starfsemi.

3. gr.
Hlutverk.

Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands er að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og miðla sögu þjóðarinnar.

Hlutverk sitt rækir safnið einkum með því að:

a. safna, skrá og varðveita menningar- og þjóðminjar,
b. taka við og varðveita fornmuni, sýni og önnur rannsóknargögn úr fornleifarannsóknum,
c. rannsaka og annast kynningu á menningarminjum með sýningum, útgáfu á fræðilegum ritum og annarri fræðslustarfsemi til að veita sem víðtækasta sýn á íslenska sögu og setja hana í alþjóðlegt samhengi,
d. miðla þekkingu um íslenska menningu til skóla, fjölmiðla og almennings,
e. annast minjavörslu í nánu samstarfi við Minjastofnun Íslands og eiga í samstarfi við önnur höfuðsöfn,
f. móta stefnu um söfnun, skráningu, rannsóknir og miðlun menningar- og þjóðminja,
g. stuðla að samvinnu menningarminjasafna,
h. veita öðrum menningarminjasöfnum ráðgjöf,
i. halda skrá yfir lausamuni í einkaeigu er teljast til þjóðarverðmæta,
j. annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun ráðherra.

4. gr.
Gjaldtökuheimild.

Þjóðminjasafni Íslands er heimilt að taka aðgangseyri. Þá er safninu heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sína, svo sem lán á munum, ljósmyndun muna, afrit af ljósmyndum, sérunnar

munaskrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu, fjölföldun og hvers konar aðra þjónustu til að standa straum af kostnaði. Safnið setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku.

5. gr.

Varðveisla og lán safngripa.

Þjóðminjasafni Íslands er heimilt að fela viðurkenndu safni varðveislu gripa sem því eru afhentir.

Safninu er heimilt að fela öðrum stofnunum á sviði minjavörslu eftirlit með minjum sem eru hluti af safnkosti þess.

Safninu er einnig heimilt að lána viðurkenndum söfnum eða öðrum stofnunum safngripi tímabundið á sýningar eða til rannsókna.

Öll lán á safngripum þurfa að uppfylla skilyrði Þjóðminjasafns Íslands um útlán safngripa.

III. KAFLI

Kirkjugripir.

6. gr.

Friðun kirkjugripa.

Þjóðminjasafn Íslands ákveður, að höfðu samráði við biskup Íslands eða forstöðumenn trúfélaga, friðun kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og taldir eru friðunarverðir vegna sögulegs eða listræns gildis.

Safnið skal halda skrá yfir friðaða kirkjugripi og láta biskupsstofu, forstöðumanni viðeigandi trúfélags og hlutaðeigandi kirkju í té upplýsingar úr skránni.

7. gr.

Friðaðir kirkjugripir.

Friðaðir kirkjugripir skv. 6. gr. eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur flytja þá frá kirkju nema með leyfi Þjóðminjasafns Íslands.

Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi og skal Þjóðminjasafn Íslands vera þeim innan handar með nauðsynlegar öryggisráðstafanir.

8. gr.

Aflagðir, friðaðir kirkjugripir.

Þjóðminjasafn Íslands varðveitir aflagða, friðaða kirkjugripi og þá gripi sem safnið og forráðamenn kirkna eru sammála um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur.

Þjóðminjasafni Íslands er heimilt að fela viðurkenndu safni varðveislu aflagðra, friðaðra kirkjugripa.

9. gr.

Kirkjugripir í einkaeign.

Þjóðminjasafn Íslands skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða.

IV. KAFLI

Önnur ákvæði.

10. gr.

Setning reglugerða.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

11. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2013. Um leið falla úr gildi II. og V. kafli þjóðminjalaga, nr. 107/2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 1. janúar 2013 er ráðherra heimilt að undirbúa gildistöku laganna.

1942. Frumvarp til safnalaga. [650. mál]

(Eftir 2. umr., 16. sept.)

I. KAFLI
Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Tilgangur.

Í lögum þessum er kveðið á um skipulag safnastarfs í þeim tilgangi að efla starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands, tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, veita fólki aðgang að honum og stuðla að aukinni þekkingu á þessari arfleifð og skilningi á tengslum hennar við umheiminn.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til safna í eigu ríkisins og til annarra safna sem eru viðurkennd samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi taka ekki til bóka- og skjalasafna.

3. gr.
Hlutverk safna.

Söfn í skilningi laga þessara eru varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Þau skulu vera opin almenningi.

Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.

Söfn skulu stunda markvissa söfnun muna og heimilda til að safnkostur þeirra gefi sem heildstæðasta mynd af sérsviði þeirra.

4. gr.
Höfuðsöfn, viðurkennd söfn og ábyrgðarsöfn.

Höfuðsöfn eru í eigu ríkisins og eru miðstöðvar safnastarfsemi hvert á sínu sviði. Þau eru stofnuð með lögum þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra.

Viðurkennt safn er safn sem ráðherra hefur veitt viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Slíkt safn hefur tiltekið starfssvið eða starfssvæði sem er tilgreint í stofnskjali þess.

Ábyrgðarsafn er viðurkennt safn sem ráðherra hefur, að fenginni tillögu viðkomandi höfuðsafns, falið að bera ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs á tilteknu sviði eða landsvæði.

5. gr.

Önnur safnatengd starfsemi, safnvísar, setur og sýningar.

Safnvísar sinna safnatengdri starfsemi en uppfylla ekki öll skilyrði sem söfn til að hljóta viðurkenningu skv. 10. gr.

Setur sinna að jafnaði rannsóknum og miðlun fremur en söfnun og varðveislu.

Sýningar eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem sinna miðlun fremur en söfnun, varðveislu og rannsóknum.

Safnvísar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn skv. 22. gr.

II. KAFLI
Skipulag.

6. gr.

Yfirstjórn og framkvæmd.

Ráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi ná til.

Safnaráð er ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni safna.

7. gr.

Safnaráð.

Ráðherra skipar safnaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa, Félag íslenskra safna og safnmanna einn fulltrúa og Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) einn fulltrúa. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í safnaráð lengur en tvö samfelld starfstímabil. Fulltrúar í safnaráði og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á safnamálum og reynslu eða menntun sem nýtist á þessu sviði.

Safnaráð hefur eftirfarandi hlutverk:

a. að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu,
b. að vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er ráðherra til samþykktar,
c. að fjalla um stofnskrár eða samþykktir safna og staðfesta þær,
d. að fjalla um viðurkenningu safna og afturköllun viðurkenningar áður en tillögur þar að lútandi eru sendar ráðherra,
e. að setja skilmála um húsnæði safna, þar á meðal staðla um aðgengi og öryggismál þeirra,
f. að setja skilmála um staðla fyrir skráningarkerfi safna og viðurkenningu á skráningarkerfum,
g. að veita viðkomandi höfuðsafni umsögn um erindi er varða ráðstöfun eða förgun safngripa,
h. að leggja mat á þörf fagsviðs eða landsvæðis fyrir sérstakt ábyrgðarsafn og fjalla um tillögu þar að lútandi áður en höfuðsafn sendir hana ráðherra,

i. að setja safnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
j. að veita umsögn um styrkumsóknir úr safnasjóði,
k. að sinna öðrum verkefnum á sviði safnamála samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Forstöðumenn höfuðsafna sitja fundi safnaráðs stöðu sinnar vegna.

Ráðherra ákveður aðsetur safnaráðs.

Kostnaður af starfsemi safnaráðs greiðist úr safnasjóði.

8. gr.
Höfuðsöfn.

Höfuðsöfn eru þrjú: Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Þau eru öðrum söfnum til ráðgjafar og skulu stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði.

Höfuðsöfn skulu hafa forustu í málefnum safna á sínu sviði, stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila. Höfuðsöfn skulu leitast við að efla og auka þekkingu og færni starfsfólks safna.

Höfuðsöfn skulu annast kynningu á sérsviði sínu innan lands og utan.

Safnkostur höfuðsafna skal vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra. Hann skal jafnframt vera aðgengilegur til rannsókna.

Höfuðsöfn mega ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstök rök mæla með því.

III. KAFLI
Viðurkennd söfn.

9. gr.
Viðurkenning.

Ráðherra veitir safni viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Öll söfn nema höfuðsöfn þurfa að sækja um viðurkenningu vilji þau falla undir ákvæði laga þessara. Umsókn um viðurkenningu safns skal beint til safnaráðs. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um starfssvið, rekstrarform, eignarhald, fjármögnun og árlegan rekstrarkostnað ásamt stofnskrá eða samþykkt safnsins og önnur þau skilyrði viðurkenningar sem tilgreind eru í 10. gr.

Ráðherra getur afturkallað viðurkenningu safns að fenginni tillögu safnaráðs telji ráðið að safnið uppfylli ekki lengur skilyrði viðurkenningar.

Viðurkennt safn á rétt á að nota ákveðið einkennismerki, sem safnaráð hefur látið útbúa. Safni sem svipt hefur verið viðurkenningu er óheimilt að nota einkennismerki viðurkenndra safna.

Viðurkennt safn getur sótt um styrk úr safnasjóði.

10. gr.
Skilyrði viðurkenningar.

Safn skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til að öðlast viðurkenningu:

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.
2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs.
3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. Í

stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

4. Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
8. Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

11. gr.

Stofnstyrkir.

Heimilt er að veita viðurkenndu safni styrk úr ríkissjóði til að mæta stofnkostnaði. Til að styrkur komi til álita skal fylgja skilmálum er safnaráð setur um húsnæði safna. Þeir skilmálar skulu m.a. kveða á um öryggi og varðveislu safngripa.

Framlagið skal innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun sem stjórnendur safnsins gera við ráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast eða kaupsamningur er gerður. Sé þessum formlegu kröfum ekki fylgt á safnið ekki kost á stofnstyrk úr ríkissjóði í samræmi við ákvæði greinarinnar.

Fyrir undirritun samnings um framlag ríkisins samkvæmt þessari grein skal viðkomandi safn leggja fram staðfestingu á því að annar stofnkostnaður sé tryggður.

Fjárveitingar til stofnstyrkja samkvæmt þessari grein eru háðar ákvörðun Alþingis um framlög í fjárlögum.

12. gr.

Lok starfsemi og ráðstöfun eigna og safnkosts.

Í stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal kveðið á um ráðstöfun eigna þess og safnkosts verði safnið lagt niður eða rekstrarformi þess breytt. Hafi viðurkennt safn notið opinberra styrkja skv. 11. eða 22. gr. skal safnkosti þess ráðstafað í samræmi við fyrirmæli stofnskrár eða samþykkta og í samráði við viðkomandi höfuðsafn. Öðrum eigum skal ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti.

IV. KAFLI

Ábyrgðarsöfn.

13. gr.

Skilgreining og hlutverk.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu viðkomandi höfuðsafns, falið viðurkenndu safni að bera faglega ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs. Ábyrgð safnsins getur náð til afmarkaðs sviðs eða tiltekins landsvæðis.

Ábyrgðarsafn skal starfa í nánu samráði við höfuðsafn á viðkomandi safnasviði.

Ábyrgðarsafn skal veita öðrum söfnum, safnvísum, setrum og sýningum á sínu sviði eða landsvæði ráðgjöf og leiðbeiningar eftir því sem kostur er.

Forstöðumaður ábyrgðarsafns skal vera í fullu starfi og hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á sviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt. Safnið skal að

auki hafa hið minnsta einn starfsmann með menntun eða staðgóða þekkingu og reynslu á ábyrgðarsviði safnsins.

Nánar skal kveðið á um verkefni, ábyrgðarsvið og fjárveitingar í tímabundnum samningi milli ráðuneytis, hlutaðeigandi safns og viðkomandi höfuðsafns.

V. KAFLI
Viðurkennd söfn og starfsemi þeirra.

14. gr.
Starfsemi.

Söfn samkvæmt lögum þessum eru með fastan rekstur og eru rekin til að þjóna íslensku samfélagi. Þau eru opin almenningi og safna, varðveita, rannsaka og miðla því sem er til vitnis um manninn, sögu hans og menningu, náttúru og umhverfi í nafni samfélagsins og til framgangs þess. Þau skulu hafa að leiðarljósi að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.

Söfn skulu leitast við að efla faglegt starf á sínu sviði og standast lágmarkskröfur um söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknir og miðlun. Þau skulu skila stefnumörkun um starfsemi sína til viðeigandi höfuðsafns á fjögurra ára fresti.

Söfn skulu taka þátt í faglegu samstarfi svæðisbundið, á landsvísu og á alþjóðavettvangi eftir því sem við verður komið.

15. gr.
Lán safngripa.

Söfnum er heimilt að lána tímabundið gripi eða verk til annarra safna eða stofnana, á sýningar eða til rannsókna. Höfundur á alltaf rétt á að fá verk sín lánuð á eigin sýningar.

Tryggilega skal gengið frá varðveislu safngripa sem eru lánaðir og þeir tryggðir eftir því sem forstöðumaður viðkomandi safns ákveður.

16. gr.
Ráðstöfun safngripa.

Hafi viðurkennt safn notið opinberra styrkja skv. 11. eða 22. gr. skal safnkosti þess ráðstafað í samræmi við fyrirmæli stofnskrár eða samþykkta og í samráði við viðkomandi höfuðsafn.

17. gr.
Förgun safngripa.

Óheimilt er að farga safngripum nema ríkar ástæður séu til. Heimilt er að grisja safnkost á grundvelli grisjunaráætlunar sem höfuðsafn samþykkir.

Það höfuðsafn sem í hlut á tekur ákvörðun um förgun safngripa að fenginni umsögn safnaráðs.

18. gr.
Notkun mynda af safngripum.

Ekki má nota myndir af gripum eða verkum safna sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi viðkomandi forstöðumanns, enda sé gætt réttar rétthafa samkvæmt höfundalögum.

19. gr.
Gjaldtökuheimild.

Öllum söfnum sem lög þessi taka til skv. 2. gr. er heimilt að taka aðgangseyri. Þá er þeim heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sína, svo sem lán á munum, ljósmyndun muna, afrit af ljósmyndum, sérunnar munaskrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu, fjölföldun og hvers konar aðra þjónustu til að standa straum af kostnaði. Söfnin setja gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku.

Ákvörðun um aðgangseyri og aðra gjaldtöku annarra safna er í höndum eigenda þeirra.

20. gr.
Gjafir og fjárframlög.

Um frádrátt af tekjuskatti vegna gjafa eða fjárframlaga til safna fer samkvæmt lögum um tekjuskatt.

VI. KAFLI
Safnasjóður.

21. gr.
Hlutverk og skipulag.

Hlutverk safnasjóðs er að efla starfsemi safna sem undir lög þessi falla. Í þeim tilgangi getur sjóðurinn styrkt rekstur og skilgreind verkefni viðurkenndra safna, samstarfsverkefni slíkra safna innbyrðis og önnur verkefni. Sjóðnum er heimilt að styrkja aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær.

Safnasjóði er heimilt að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé sínu í styrki til að efla rekstur viðurkenndra safna.

Tekjur safnasjóðs eru:

a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
b. önnur framlög.

22. gr.
Styrkveitingar.

Styrkir úr safnasjóði eru ákveðnir í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins, sbr. i-lið 2. mgr. 7. gr.

Viðurkennd söfn önnur en söfn í eigu ríkisins geta sótt um rekstrarstyrki til sjóðsins til að efla starfsemi sína.

Öll viðurkennd söfn geta sótt um styrki til skilgreindra verkefna.

Önnur söfn, safnvísar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn. Skal hið viðurkennda safn vera aðalumsækjandi og ábyrgðaraðili verkefnisins. Höfuðsöfn og önnur söfn sem eru rekin af ríkinu geta átt aðild að slíkum verkefnum.

Safnasjóður getur veitt styrki til alþjóðlegra verkefna sem viðurkennd söfn eru þátttakendur í.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, hafi verkefnið ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða lokaskýrslu ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis.

Ráðherra úthlutar styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.
23. gr.
Setning reglugerða.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd II., III., V. og VI. kafla laga þessara.

24. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2013. Frá þeim degi falla úr gildi safnalög, nr. 106/2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 1. janúar 2013 er ráðherra heimilt að undirbúa gildistöku laga þessara.

Umboð safnaráðs sem skipað er samkvæmt gildandi lögum fellur niður við gildistöku laga þessara.

Viðurkenning safna í samræmi við ákvæði eldri laga heldur gildi sínu í eitt ár frá gildistöku laga þessara.

1943. Lög [760. mál]

um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1653 með þessari breytingu:

8. gr. hljóðar svo:

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er heimilt að innheimta gjöld fyrir þjónustu sína, svo sem útgáfu útlánsskírteina, millisafnalán, afritun, fjölföldun, gerð ljósmynda, sérfræðilega heimildaþjónustu og heimildaleit í gagnagrunnum.

Umrædd gjöld skulu ekki vera hærri en raunkostnaður safnsins vegna þjónustunnar og er ætlað að standa straum af eftirfarandi kostnaðarþáttum við hana:

a. launum starfsfólks sem sinnir þjónustunni,
b. sérstökum efniskostnaði vegna þjónustunnar.

Safninu er heimilt að innheimta dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest, svo og bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda.

Landsbókavörður setur gjaldskrá um alla gjaldtöku skv. 1. mgr. og dagsektir og bætur skv. 3. mgr. að fenginni umsögn stjórnar. Gjaldskrá skal birta notendum á aðgengilegan hátt. Samanlagðar dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest mega aldrei vera hærri en 4.000 kr. fyrir hvern lánþega. Bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda skulu að hámarki nema innkaupsverði viðkomandi efnis.

1944. Frumvarp til laga [676. mál]

um breyting á lögum nr. 74/1996, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

(Eftir 2. umr., 16. sept.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum sem gerður var í Strassborg 25. janúar 1988 og bókun um breytingu á honum sem gerð var í París 27. maí 2010. Samningurinn og bókunin eru prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Þegar samningurinn og bókunin er um ræðir í 1. gr. hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði þeirra hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Bókun
um breytingu á samningi um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

INNGANGSORÐ

Aðildarríki Evrópuráðsins og aðildarlönd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem undirritað hafa bókun þessa,

þar sem samningurinn um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, sem gerður var 25. janúar 1988 (hér á eftir nefndur „samningurinn“), var gerður áður en gengið var frá samkomulagi um alþjóðlega samþykkta viðmiðun um miðlun upplýsinga í skattamálum;

þar sem nýjar ytri aðstæður fyrir samvinnu hafa skapast eftir að lokið var við gerð samningsins;

þar sem æskilegt er að lokið verði við marghliða samning til að sem flest ríki geti notið þess ávinnings sem hinar nýju aðstæður fyrir samvinnu skapa og unnið jafnframt eftir ítarlegustu alþjóðlegum viðmiðunum um samvinnu á sviði skattamála;

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. gr.

1. Sjöunda forsendan í inngangsorðum samningsins falli brott og í stað hennar komi eftirfarandi:
   „eru því ákveðið þeirrar skoðunar að ríki skuli gera ráðstafanir eða veita upplýsingar, með hliðsjón af nauðsyn þess að standa vörð um upplýsingaleynd, og með tilliti til alþjóðasamninga um friðhelgi einkalífsins og streymi persónulegra upplýsinga,“
2. Eftirfarandi bætist við á eftir sjöundu forsendu í inngangsorðum samningsins:
   „telja að nýjar ytri aðstæður fyrir samvinnu hafi skapast og að æskilegt sé að marghliða samningur sé aðgengilegur til að sem flest ríki geti notið þess ávinnings sem hinar nýju aðstæður fyrir samvinnu skapa og unnið jafnframt eftir ítarlegustu alþjóðlegu stöðlum um samvinnu á sviði skattamála,“.

II. gr.

4. gr. samningsins falli brott og í stað hennar komi eftirfarandi:

„4. gr. – *Almennt ákvæði.*

1. Aðildarríki skulu skiptast á öllum upplýsingum, einkum þeim sem kveðið er á um í þessum hluta, sem fyrirsjáanlega skipta máli fyrir stjórnvöld við að beita eða framfylgja landslögum um þá skatta sem fjallað er um í samningi þessum.

2. Fellur brott.

3. Sérhvert aðildarríki getur í yfirlýsingu til annars hvors vörsluaðilans skýrt frá því að samkvæmt landslögum sé stjórnvöldum þess heimilt að láta mann, sem heimilisfastur er þar í landi eða hefur þar ríkisfang, vita áður en upplýsingar, sem hann varða, eru veittar skv. 5. og 7. gr.“

III. gr.

1. Í stað „og“ í b-lið 1. mgr. 18. gr. samningsins komi „eða“.
2. Í stað tilvísunar til „19. gr.“ í f-lið 1. mgr. 18. gr. samningsins komi tilvísun til „g-liðar 2. mgr. 21. gr.“

IV. gr.

19. gr. samningsins falli brott.

V. gr.

21. gr. samningsins falli brott og í stað hennar komi eftirfarandi:

„21. gr. – *Persónuvernd og takmarkanir aðstoðarskyldu.*

1. Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á réttindi og réttarvernd sem aðilum er veitt samkvæmt lögum eða stjórnsýsluvenju aðstoðarríkisins.

2. Með þeirri undantekningu sem í 14. gr. getur skulu ákvæði samnings þessa ekki túlkuð þannig að lögð sé á aðstoðarríkið skylda til að:

a. gera ráðstafanir sem ekki samrýmast lögum eða stjórnsýsluvenjum þess sjálfs eða lögum eða stjórnsýsluvenjum beiðniríkisins;
b. gera ráðstafanir sem mundu vera andstæðar allsherjarreglu (ordre public);
c. veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða stjórnsýsluvenjum þess sjálfs eða lögum eða stjórnsýsluvenjum beiðniríkisins;
d. veita upplýsingar sem afhjúpa mundu leyndarmál á sviði viðskipta, kaupsýslu, iðnaðar, verslunar eða sérfræðistarfa, eða viðskiptaferli, eða upplýsingar sem væri andstætt allsherjarreglu (ordre public) að afhjúpa;

e. veita stjórnsýsluaðstoð ef og að svo miklu leyti sem það telur skattlagninguna í beiðniríkinu vera andstæða meginreglum um skattlagningu eða ákvæðum samnings til að komast hjá tvísköttun eða einhvers annars samnings sem aðstoðarríkið hefur gert við beiðniríkið;
f. veita stjórnsýsluaðstoð í því skyni að beita eða framfylgja ákvæði skattalaga beiðniríkisins eða hvers konar kröfu þar að lútandi, sem mismunar ríkisborgara aðstoðarríkisins, samanborið við ríkisborgara beiðniríkisins við sömu aðstæður;
g. veita stjórnsýsluaðstoð ef beiðniríkið hefur ekki gert allar eðlilegar ráðstafanir sem því eru tiltækar samkvæmt lögum þess og stjórnsýsluvenjum, nema í þeim tilvikum þegar slíkar ráðstafanir hefðu í för með sér óhóflega erfiðleika;
h. veita aðstoð við innheimtu þegar stjórnsýsluálag á það ríki er óhóflegt í hlutfalli við þann ávinning sem félli beiðniríkinu í skaut.

3. Ef beiðniríkið fer fram á upplýsingar í samræmi við samning þennan skal aðstoðarríkið beita þeim aðferðum sem það hefur yfir að ráða til að afla þeirra upplýsinga sem óskað er eftir, jafnvel þótt aðstoðarríkið þurfi ekki á þeim að halda vegna eigin skattamála. Sú skuldbinding sem felst í fyrri málslið er með fyrirvara um takmarkanir, sem felast í samningi þessum, en í engu tilviki skal skýra þær takmarkanir, einkum hvað varðar 1. og 2. mgr., þannig að þær heimili aðstoðarríki að synja um upplýsingar af þeirri ástæðu einni að það sjálft hafi enga þörf fyrir þær.

4. Í engu tilviki skal túlka ákvæði samnings þessa, einkum hvað varðar 1. og 2. mgr., þannig að þau heimili aðstoðarríki að synja um upplýsingar af þeirri ástæðu einni að þær séu í vörslu banka, annarrar fjármálastofnunar, tilnefnds aðila eða umboðs- eða fjárvörsluaðila, eða af þeirri ástæðu að þær tengjast hagsmunum eiganda í aðila.“

VI. gr.

Eftirfarandi komi í stað 1. og 2. mgr. 22. gr. sem falli brott:

„1. Öllum upplýsingum, sem aðildarríki fær samkvæmt samningi þessum, skal haldið leyndum og skulu þær verndaðar á sama hátt og upplýsingar, sem fengnar eru samkvæmt lögum þess sjálfs, og, að því marki sem þörf krefur til að tryggja að persónulegar upplýsingar séu verndaðar með fullnægjandi hætti, í samræmi við þær verndarráðstafanir sem aðildarríkið, sem lagði þær fram, kann að tilgreina eftir því sem landslög þess útheimta.

2. Hvað sem öðru líður skulu slíkar upplýsingar aðeins látnar í té aðilum eða yfirvöldum (þar á meðal dómstólum og stjórnsýslu- eða eftirlitsaðilum) sem sjá um að leggja á, innheimta eða fullnusta skatta hjá því aðildarríki, eða leita fullnustu, lögsækja eða ákvarða um áfrýjun vegna þeirra, eða hafa eftirlit með framangreindu. Aðeins framangreindir aðilar eða yfirvöld mega nota þessar upplýsingar og þá aðeins í framangreindum tilgangi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega þeir láta þær uppi í opnum réttarhöldum eða í dómsúrlausnum varðandi þá skatta.“

VII. gr.

Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 27. gr. samningsins sem falli brott:

„2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta þau aðildarríki sem aðild eiga að Evrópusambandinu nýtt sér, í gagnkvæmum samskiptum sín á milli, hugsanlega aðstoð, sem kveðið er á um í samningnum, að svo miklu leyti sem sú aðstoð hefur í för með sér víðtækari samvinnu en sú sem í boði er samkvæmt gildandi reglum Evrópusambandsins.“

VIII. gr.

1. Eftirfarandi málsgreinum verði skeytt aftan við 28. gr. samningsins:

„4. Sérhvert aðildarríki Evrópuráðsins eða sérhvert aðildarland Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem gerist aðili að samningnum eftir að bókunin um breytingu á samningi þessum öðlast gildi, en hún var lögð fram til undirritunar 27. maí 2010 („Bókunin frá 2010“), verður aðili að samningnum með áorðnum breytingum samkvæmt þeirri bókun, nema það láti í ljós aðra fyrirætlan í skriflegri orðsendingu til annars hvors vörsluaðilans.

5. Eftir að bókunin frá 2010 öðlast gildi getur sérhvert ríki, sem hvorki á aðild að Evrópuráðinu né OECD, óskað eftir að vera boðið að undirrita og fullgilda samninginn eins og honum var breytt með bókuninni frá 2010. Sérhver beiðni í þessa veru skal bera utanáskrift annars vörsluaðilans sem framsendir hana aðildarríkjunum. Vörsluaðilinn skal einnig upplýsa ráðherranefnd Evrópuráðsins og ráð OECD. Aðildarríkin að samningnum taka ákvörðun, með samhljóða samþykki og á vettvangi samræmingarnefndarinnar, um að bjóða ríkjum, sem þess óska, aðild að samningnum. Gagnvart hverju því ríki sem fullgildir samninginn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010 og í samræmi við þessa málsgrein, öðlast hann gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að skjal um fullgildingu er afhent öðrum vörsluaðilanna til vörslu.

6. Ákvæði samnings þessa, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, gilda um stjórnsýsluaðstoð sem tengist skattskyldum tímabilum sem hefjast 1. janúar eða síðar á því ári sem næst er á eftir því ári sem samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, öðlaðist gildi gagnvart aðildarríki, eða, ef ekki er um skattskylt tímabil að ræða, um stjórnsýsluaðstoð sem tengist skattlagningu 1. janúar eða síðar á því ári sem næst er á eftir því ári sem samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, öðlaðist gildi gagnvart aðildarríki. Tvö eða fleiri aðildarríki geta gert með sér gagnkvæmt samkomulag um að samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, gildi um stjórnsýsluaðstoð í tengslum við fyrri skattskyld tímabil eða skattlagningu.

7. Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr., að því er varðar skattamál þar sem fram kemur ásetningshegðun sem leiðir til saksóknar samkvæmt hegningarlögum beiðniríkis, skulu ákvæði samnings þessa, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, gilda frá þeim degi er þau öðlast gildi gagnvart aðildarríki að því er varðar fyrri skattskyld tímabil eða skattlagningu.“

2. Eftirfarandi staflið verði skeytt fyrir aftan e-lið 1. mgr. 30. gr. samningsins:

„f. að beita ákvæði 7. mgr. 28. gr. eingöngu vegna stjórnsýsluaðstoðar, sem varðar skattskyld tímabil sem hefjast 1. janúar eða síðar á þriðja ári næst á undan því ári sem samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, öðlaðist gildi gagnvart aðildarríki, eða, ef ekki er um skattskyld tímabil að ræða, vegna stjórnsýsluaðstoðar sem varðar skattlagningu 1. janúar eða síðar á þriðja ári næst á undan því ári sem samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni frá 2010, öðlaðist gildi gagnvart aðildarríki.“

3. Orðin „ásamt sérhverju aðildarríki að samningi þessum“ bætist aftan við orðin „aðildarlöndum OECD“ í 1. mgr. 32. gr. samningsins.

IX. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir undirritunaraðila samningsins. Hún er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Undirritunaraðili getur ekki fullgilt, staðfest eða samþykkt bókun þessa nema hann hafi áður fullgilt, staðfest eða samþykkt samninginn eða geri það jafnhliða. Afhenda ber öðrum vörsluaðilanna skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.
2. Bókun þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fimm aðildarríki að samningnum hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af bókuninni í samræmi við ákvæði 1. mgr.
3. Bókunin öðlast gildi gagnvart hverju því aðildarríki að samningnum sem síðar lýsir sig samþykkt því að vera bundið af henni, á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er afhent til vörslu.

X. gr.

1. Sá vörsluaðili sem gerð, tilkynning eða orðsending hefur verið afhent hjá skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, aðildarlöndum OECD og hverju aðildarríki að samningnum, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, um eftirfarandi:
   a. sérhverja undirritun;
   b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu;
   c. hvern gildistökudag bókunar þessarar samkvæmt ákvæðum IX. gr.;
   d. sérhverja aðra gerð, tilkynningu eða orðsendingu varðandi bókun þessa.
2. Vörsluaðilinn, sem veitir orðsendingu viðtöku eða sendir út tilkynningu samkvæmt ákvæðum 1. mgr., skal upplýsa hinn vörsluaðilann um það.
3. Vörsluaðilarnir skulu senda aðildarríkjum Evrópuráðsins og aðildarlöndum OECD staðfest endurrit af bókun þessari.
4. Þegar bókun þessi öðlast gildi skv. IX. gr. skal annar vörsluaðilinn ganga frá texta samningsins, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, og senda öllum aðildarríkjum að samningnum staðfest endurrit af honum með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókunina.

Gjört í París 27. maí 2010 í tveimur eintökum á ensku og frönsku og eru báðir textarnir jafngildir. Skal annað eintakið afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins og hitt í skjalasafni OECD.

1945. Þingsályktun [723. mál]

um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd tíu þingmanna til að vinna tillögur að þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Nefndin verði skipuð tveimur þingmönnum tilnefndum frá þingflokkum sérhvers eftirtalinna stjórnmálaflokka: Samfylkingarinnar, Sjálfstæðisflokks, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Framsóknarflokks, auk eins tilnefnds af Hreyfingunni. Ráðherra skipi formann án tilnefningar.

Hlutverk nefndarinnar verði að fjalla um og gera tillögur um stefnu sem tryggi þjóðaröryggi Íslands á grundvelli her- og vopnleysis. Við mótun stefnunnar taki nefndin mið af áhættumatsskýrslu fyrir Ísland frá árinu 2009, stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, m.a. um bann við kjarnorkuvopnum, samþykktum Alþingis um stefnu Íslands í afvopnunarmálum og frumvarpi til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja (sbr. 18. mál 139. þings). Nefndin skilgreini meginforsendur stefnunnar og setji fram tillögur um markmið og leiðir til að ná þeim.

Nefnd þingmanna um mótun þjóðaröryggisstefnu skili tillögu til utanríkisráðherra svo fljótt sem verða má og eigi síðar en í júní 2012. Ráðherra leggi að því búnu tillögu að þjóðaröryggisstefnu Íslands fyrir Alþingi.

1946. Frumvarp til laga [748. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (EES-reglur o.fl.).

(Eftir 2. umr., 16. sept.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. kemur nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Í þeim tilvikum þegar barnið kemur inn á heimilið og um er að ræða reynslutíma áður en til ættleiðingar eða varanlegs fósturs getur komið er heimilt að miða við upphaf þess tíma enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina.
b. Í stað orðanna „6. mgr.“ í 6. mgr. kemur: 7. mgr.
c. Í stað orðanna „18 mánaða aldri“ í 1. málsl. 8. mgr. kemur: 36 mánaða aldri.
d. Í stað orðanna „tímamark 5. mgr. um brottfall réttinda“ í 2. málsl. 8. mgr. kemur: 36 mánuði eftir að barn kom inn á heimilið.
e. Í stað orðanna „18 mánuðunum“ í 1. og 2. málsl. 9. mgr. kemur: 36 mánuðunum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ef um er að ræða andvanafæðingu“ í 1. málsl. kemur: frá þeim degi er andvanafæðing á sér stað.
b. Við 2. málsl. bætist: frá þeim degi er fósturlátið á sér stað.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Um greiðslur fer skv. 13. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað 3.–5. málsl. 2. mgr. koma sex nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar um er að ræða 100% greiðslur á viðmiðunartímabili úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði eða sjúkrasjóði stéttarfélags, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna sem foreldri átti rétt á skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við. Hafi foreldri hins vegar kosið að dreifa greiðslum skv. 3. málsl. hlutfallslega á lengri tíma samhliða hlutastarfi eða leyfi, launuðu eða óllaunuðu, skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við í sama hlutfalli og greiðslurnar voru inntar af hendi á því viðmiðunartímabili sem um ræðir. Sama á við hafi foreldri kosið að dreifa greiðslum skv. 3. málsl. hlutfallslega á lengri tíma enda þótt foreldri hafi ekki verið í ráðningarsambandi á sama tíma. Skal aldrei taka mið af hærri fjárhæð en sem nemur viðmiðunartekjum sem miða skal við samkvæmt framangreindu enda þótt foreldri hafi fengið mismuninn milli greiðslna skv. 3. málsl. og meðaltals heildarlauna bættan samhliða greiðslunum. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á viðmiðunartímabili sem foreldri hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 13. gr. a, án tillits til þess hvort laun skv. 2. málsl. eða reiknað endurgjald skv. 5. mgr. hafi komið til. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.
b. Í stað orðanna „6. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 7. mgr.
c. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til foreldris sem er bæði starfsmaður og sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. 2. og 3. mgr. 7. gr., skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af að fjárhæð 200.000 kr. og 75% af þeirri fjárhæð meðaltals heildarlauna og reiknaðs endurgjalds sem umfram er. Starfi viðkomandi foreldri sem starfsmaður skv. 2. mgr. 7. gr. í 50% eða hærra starfshlutfalli skal miða við viðmiðunartímabil skv. 2. mgr. Að öðrum kosti skal miða við viðmiðunartímabil skv. 5. mgr. Að öðru leyti gilda ákvæði 2.–5. mgr. eins og við getur átt.
d. Í stað orðanna „6. mgr.“ í 1. málsl. 7. mgr., sem verður 8. mgr., kemur: 7. mgr.
e. Á eftir 1. málsl. 11. mgr., sem verður 12. mgr., kemur nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Hafi foreldri hins vegar starfað á innlendum vinnumarkaði skemur en síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. skal Vinnumálastofnun meta hvort viðkomandi foreldri teljist hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í skilningi laganna þannig að taka skuli, að því marki sem nauðsynlegt er, tillit til starfstímabila foreldris sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkis-

stjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á ávinnslutímabilinu enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof.

f. Í stað orðanna „9. mgr.“ í 12. mgr., sem verður 13. mgr., kemur: 10. mgr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. a laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þátttaka á innlendum vinnumarkaði í skilningi IV. kafla felur í sér að starfa sem starfsmaður, sbr. 2. mgr. 7. gr., eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. 3. mgr. 7. gr. Fullt starf starfsmanns miðast við 172 vinnustundir á mánuði, en þó skal jafnan tekið tillit til fjölda vinnustunda sem samkvæmt kjarasamningi teljast fullt starf. Fullt starf sjálfstætt starfandi einstaklings miðast við að viðkomandi hafi greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð ríkisskattstjóra í viðkomandi starfsgrein.

b. Á eftir orðunum „Til þátttöku á“ í upphafi 2. mgr. kemur: innlendum.

c. Við 5. mgr. bætist: fyrir þann tíma sem um er að ræða, sbr. e-lið 2. mgr.

5. gr.

Í stað orðanna „2. og 5. mgr.“ í 2. málsl. 3. mgr. 15. gr. laganna kemur: 2., 5. og 6. mgr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist: enda hafi hún í fæðingarorlofi sínu verið ófær um að annast barn sitt vegna veikindanna að mati sérfræðilæknis.

b. Í stað orðanna „að leggja niður launuð störf“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: að mati sérfræðilæknis að leggja niður launuð störf eða hætta þátttöku á vinnumarkaði skv. b-lið 2. mgr. 13. gr. a.

c. Við 1. málsl. 6. mgr. bætist: og/eða Vinnumálastofnunar eftir því sem við á.

d. Í stað orðsins „launagreiðslur“ í 2. málsl. 6. mgr. kemur: greiðslur.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „a.m.k. síðasta mánuðinn fyrir fæðingardag barns“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: í a.m.k. einhvern tíma í síðasta mánuði fyrir fæðingardag barns eða þann dag er barn kemur inn á heimili vegna frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur.

b. Orðin „á ávinnslutímabilinu“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.

c. Orðin „úr Fæðingarorlofssjóði“ í 2. málsl. 4. mgr. falla brott.

d. Á eftir 1. málsl. 6. mgr. kemur nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Í þeim tilvikum þegar barnið kemur inn á heimilið og um er að ræða reynslutíma áður en til ættleiðingar eða varanlegs fósturs getur komið er heimilt að miða við upphaf þess tíma enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og sýnt viðunandi námsárangur“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma.

b. Í stað orðanna „og sýnt viðunandi námsárangur“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: og hafi staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma.
c. Í stað orðanna „og sýnt viðunandi námsárangur“ í 2. mgr. kemur: og staðist kröfur um námsframvindu á þeim tíma.
d. Í stað orðanna „3. mgr.“ í lokamálslið 3. mgr. kemur: 5. mgr.
e. Í stað orðanna „a.m.k. síðasta mánuðinn fyrir fæðingardag barns“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: í a.m.k. einhvern tíma í síðasta mánuði fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili vegna frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur.
f. Orðin „á ávinnslutímabilinu“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
g. Orðin „úr Fæðingarorlofssjóði“ í 2. málsl. 4. mgr. falla brott.
h. Á eftir 1. málsl. 6. mgr. kemur nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Í þeim tilvikum þegar barnið kemur inn á heimilið og um er að ræða reynslutíma áður en til ættleiðingar eða varanlegs fósturs getur komið er heimilt að miða við upphaf þess tíma enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina.
i. Í stað orðsins „samfellt“ í 11. mgr. kemur: fullt; og í stað orðanna „í samfelldu starfi“ í sömu málsgrein kemur: samfellt.
j. Á eftir orðunum „verið samfellt á“ í 1. málsl. 12. mgr. kemur: innlendum.
k. Í stað orðanna „viðunandi námsárangur“ í 1. málsl. 13. mgr. kemur: að hafa staðist kröfur um námsframvindu.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 20. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „ef um er að ræða andvanafæðingu“ 1. málsl. kemur: frá þeim degi er andvanafæðing á sér stað.
b. Við 2. málsl. bætist: frá þeim degi er fósturlátið á sér stað.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:
a. Við 3. mgr. bætist: enda hafi hún þann tíma sem fæðingarstyrkur var greiddur verið ófær um að annast barn sitt vegna veikindanna að mati sérfræðilæknis.
b. Á eftir orðunum „styttist greiðslutímabil fæðingarstyrks“ í 5. mgr. kemur: skv. 1.–3. mgr.

11. gr.

Í stað orðanna „sameiginlegs fæðingarorlofs“ í 2. málsl. 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: á sameiginlegum rétti til fæðingarstyrks.

12. gr.

Í stað orðanna „13 vikur“ í 1. mgr. 24. gr. og 4. mgr. 25. gr. laganna kemur: fjóra mánuði.

13. gr.

Við 1. mgr. 26. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Á það við hvort sem starfsmaðurinn hefur verið ráðinn tímabundið eða ótímabundið.

14. gr.

Í stað 1.–2. mgr. 33. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Foreldri sem nýtur greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar getur ekki á sama tímabili nýtt sér rétt sinn til fæðingarstyrks, greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða foreldraorlofs samkvæmt lögum þessum.

Foreldri sem nýtur slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar, sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar eða endurhæfingarlífeyris samkvæmt lögum um félagslega aðstoð getur ekki á sama tímabili nýtt sér rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum.

Foreldri sem nýtur greiðslna samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna getur ekki á sama tímabili nýtt sér rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum.

Foreldri sem nýtur orlofslauna eða greiðslna vegna starfsloka getur ekki nýtt sér rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum þessum á sama tímabili og þær greiðslur eiga við um.

15. gr.

Lög þessi eru meðal annars sett til innleiðingar á tilskipun ráðsins 2010/18/EB, um framkvæmd endurskoðaðs rammasamnings um foreldraorlof sem Evrópusamtök atvinnulífsins (BUSINESSEUROPE), Samtök evrópskra handverksmanna, lítil og meðalstór fyrirtæki (UEAPME), Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) og Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC) hafa gert með sér, og um niðurfellingu tilskipunar 96/34/EB.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eiga við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða eru tekin í varanlegt fóstur eftir gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal 12. gr. laga þessara eiga við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða eru tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2012 eða síðar.

1947. Skýrsla [672. mál]

fjármálaráðherra um mat á áhrifum af beitingu Breta á lögum um varnir gegn hryðjuverkum, glæpum og um öryggi fyrir íslensk fyrirtæki, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Með beiðni (á þskj. 1189) frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni og fleiri alþingismönnum er þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um mat á áhrifum af beitingu Breta á lögum um varnir gegn hryðjuverkum, glæpum og um öryggi fyrir íslensk fyrirtæki.

Fjármálaráðuneytið leitaði til IFS Greiningar varðandi gagnaöflun, sérfræðivinnu og gerð skýrslunnar. Ákveðið var í upphafi að beina sjónum að íslenskum inn- og útflutningsfyrirtækjum í samræmi við beiðni þingmannanna, en undanskilja banka og önnur fjármálafyrirtæki.

Við gerð skýrslunnar voru tekin viðtöl við stjórnendur tæplega 40 fyrirtækja, bæði með stöðluðum spurningalistum og nánari umfjöllun um smáatriði hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Einnig var leitað til Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins, fræðimanna innan háskólasamfélagsins og annara sérfræðinga. Þá styðst skýrslan við ýmsar aðrar heimildir, svo sem skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, hagtölur frá Hagstofunni, fréttaveitur ofl. Skýrslan tvinnar þessar upplýsingar saman og fer yfir aðdraganda beitingar hryðjuverkalaganna, erlenda fréttaumfjöllun og áhrifin á fyrirtækin.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þær að fyrirtækin áttu í miklum erfiðleikum með að skilja á milli áhrifa hryðjuverkalaganna og annarra þátta hrunsins. Ljóst er þó að þau urðu fyrir óbeinum áhrifum af beitingu laganna með þeim hætti að þættir sem sneru beint að fyrirtækjunum mögnuðust eða snerust á verri veg. Þau atriði sem tíðast voru nefnd sem óbein áhrif, sem geta sannanlega leitt til beins tjóns sem og óbeins, eru:

1. **Tafir og vandræði í erlendri greiðslumiðlun**
   Erfiðlega gekk að koma greiðslum til og frá landinu og lentu skilvís íslensk fyrirtæki jafnvel ívanskilum vegna þessa.
2. **Niðurfelling gjaldfresta hjá birgjum**
   Íslensk innflutningsfyrirtæki fengu ekki lengur gjaldfresti hjá erlendum birgjum og voru krafin um fyrirframgreiðslu.
3. **Tapaður tími starfsmanna**
   Mikill tími starfsmanna fyrirtækja fór í að upplýsa viðskiptavini, birgja, samstarfsaðila, banka og fleiri um stöðu fyrirtækisins og ástandið á Íslandi.
4. **Laskað orðspor**
   Íslensk fyrirtæki hafa mætt tortryggni frá erlendum aðilum sem eru í mörgum tilfellum hikandi við að stunda viðskipti við íslensk fyrirtæki og vilja það í sumum tilfellum alls ekki.

Í skýrslunni er tekið fram að fyrirtækin sjálf segjast með engu móti geta metið eigið fjárhagslegt tjón af völdum þessara þátta þar sem erfitt er að skilja það tjón frá öðrum þáttum hrunsins. Því þarf að byggja fjárhagslegt mat á hagstærðum og samkvæmt slíku mati, og öllum fyrirvörum, er heildartjónið metið í skýrslunni á bilinu tveir til níu milljarðar króna með líklegasta gildi nálægt 5 milljörðum. Áhrif laskaðs orðspors eru ekki tekin með í þá útreikninga þar sem tjón af töpuðu orðspori er nánast ómögulegt að meta til fjár.

1. Inngangur

Þann 8. apríl 2011 lögðu Guðlaugur Þór Þórðarson og 15 aðrir þingmenn fram beiðni á Alþingi um skýrslu frá fjármálaráðherra *um mat á áhrifum af beitingu Breta á lögum um varnir gegn hryðjuverkum, glæpum og um öryggi fyrir íslensk fyrirtæki.*[1] Í beiðninni segir:

> [E]r þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um hvaða fjárhagslegar afleiðingar urðu af beitingu Breta á lögum um varnir gegn hryðjuverkum, glæpum og um öryggi fyrir íslensk fyrirtæki haustið 2008. Í skýrslunni væri gagnlegt að fram kæmu meðal annars tölur um beint fjárhagslegt tjón fjörutíu stærstu inn- og útflutningsfyrirtækja landsins frá haustinu 2008 sem rekja má til beitingar laganna, svokallaðra hryðjuverkalaga. Rétt væri að setja upp bæði varfærið mat og heildarmat á áhrifunum. Einnig væri gagnlegt að skoða hvernig áðurnefndir aðilar meta óbeint tjón sem hlaust af aðgerðum Breta.
>
> ...
>
> [T]elja skýrslubeiðendur nauðsynlegt og afar mikilvægt fyrir hag þjóðarinnar að afla upplýsinga um þau áhrif sem urðu af beitingu hryðjuverkalaganna í október 2008, hversu lengi áhrifanna gætti og hvort þeirra gætir jafnvel enn. Miklu máli skiptir fyrir hagsmuni Íslands, bæði í þjóðhagslegu og alþjóðlegu samhengi, að vitneskja sé til staðar um afleiðingar af beitingu hryðjuverkalaganna.

Þessi skýrsla var unnin af IFS Greiningu fyrir fjármálaráðuneytið í framhaldi af þessari fyrirspurn. Til samræmis við hana er greiningunni beint að tjóni hjá íslenskum inn- og útflutningsfyrirtækjum en ekki er lagt mat á tjón annarra, t.d. fjármálafyrirtækja og opinberra aðila.

Skýrslan tvinnar saman ýmsar upplýsingar saman. Fyrst er farið yfir aðdraganda beitingar hryðjuverkalaganna, erlenda fréttaumfjöllun og áhrifin á fyrirtækin. Síðan er vikið að könnun meðal stærstu fyrirtækjanna. Sérstaklega er fjallað um erlenda greiðslumiðlun, gjaldfresti íslenskra fyrirtækja, viðbrögð fyrirtækjanna og orðspor landsins.

Rauði þráðurinn í skýrslunni eru því ákvarðanir, atburðir, ummæli og umfjöllun sem tengjast beitingu hryðjuverkalaganna með beinum og óbeinum hætti og valdið hafa tjóni hjá íslenskum inn- og útflutningsfyrirtækjum. Ekki er fjallað tjón fjármálafyrirtækja, opinberra stofnana eða annarra nema í framhjáhlaupi.

---

[1] Sjá þingskjal nr. 1189 á 139. löggjafarþingi, http://www.althingi.is/altext/139/s/1189.html. Vefslóðir sem vísað er til í þessari skýrslu voru þræddar seinni hluta júní og í byrjun júlí 2011 og kunna að úreldast.

2. Beiting hryðjuverkalaganna – aðdragandi og atburðarás

Þessi kafli byggir að mestu leyti á 20. kafla, 7. bindi í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.[2]

2.1 Órói á alþjóðlegum mörkuðum

Ókyrrð á fjármálamörkuðum heimsins fór hratt vaxandi upp úr miðju ári 2008 og fjármálafyrirtæki víða um heim stóðu frammi fyrir miklum vanda. Skjálfti reið yfir alþjóðlegan fjármálaheim þegar bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers sótti um greiðslustöðvun þann 15. september. Samkomulag um yfirtöku Bank of America á Merrill Lynch var tilkynnt samdægurs og daginn eftir var tilkynnt um opinbert neyðarfjárframlag til tryggingarisans AIG. Hinn 18. september var breski HBOS-bankinn tekinn yfir af Lloyds TSB eftir að hlutabréfin í HBOS höfðu fallið gríðarlega hratt.

Alþjóðlegt fjármálakerfi var á barmi hengiflugs og margir óttuðust algjört kerfishrun. Traust þvarr og erfitt var að fá nokkra fyrirgreiðslu og nær ómögulegt fyrir fjármálafyrirtæki sem álitin voru standa veikt. Vandinn vatt hratt upp á sig og eignaverð, t.d. hlutabréf í fjármálastofnunum hraðféll. Víða um heim skárust yfirvöld í leikinn og veittu fyrirgreiðslu í formi lausafjár eða jafnvel með nýju hlutafé til að rjúfa vítahringinn. [4]

23/9 Nordea tilkynnir Glitni að ekkert verði af fyrirhuguðum kaupum á eignum og Bayerische Landesbank framlengir ekki tvö stór lán Glitnis.

25/9 Æðstu menn Glitnis og Seðlabankans hittast til að fara yfir rekstrarstöðu Glitnis, lánabækur og gjalddaga í október og möguleika á láni frá Seðlabanka upp á 600m evrur.

28/9 Mikillar óvissu gætir og byrjað er að ræða hlutafjárframlag í stað láns til Glitnis.

29/9 Tilkynnt að Glitni verði lagt til nýtt hlutafé og ríkið verði 75% eigandi.

30/9 Lánshæfiseinkunnir fjármálafyrirtækjanna lækkaðar og lánshæfismatsfyrirtækin velta fyrir sér aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

1/10 Tilkynnt að Straumur-Burðarás hefði keypt fyrirtæki Landsbanka Íslands á sviði fjárfestingar, þjónustu og verðbréfamiðlunar í Evrópu.

3/10 Seðlabanki Evrópu gerir 400 millj. evra veðkall á hendur Landsbankanum.

4/10 Landsbankinn lýsir áhyggjum af lausafjárstöðu bankans við Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið. Mögulegar leiðir til að aðstoða bankann eru ræddar, t.d. sameiningar á fjármálamarkaðinum og sölu á eignum Glitnis til Kaupþings og Landsbankans.

5/10 Æðstu menn Landsbankans, Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins funda á sunnudegi um lausafjárstöðu bankans sem útlit er fyrir að geti ekki opnað næsta morgun að óbreyttu.
Seinna um daginn hitta æðstu menn Kaupþings og Landsbankans ráðherra og ræða um leiðir til að koma Landsbankanum og Kaupþingi til bjargar.
Seðlabanki Evrópu afturkallar veðkall sitt á hendur Landsbankanum en um kvöldið krefst FSA í Bretlandi þess að 200 millj. punda yrðu reiddar fram daginn eftir til að mæta miklu útflæði á Icesave reikningunum.

6/10 Ljóst að Seðlabankinn getur ekki lánað Landsbankanum og útibúi bankans í London lokað að kvöldi sama dags.
Bresk yfirvöld setja sig í samband við íslensk stjórnvöld í kjölfarið. Sendiherra Bretlands reynir ítrekað að ná sambandi og telur að fáist ekki fullnægjandi skýringar frá íslenskum stjórnvöldum sama kvöld hefði það alvarlegar afleiðingar.
Seint um kvöldið samþykkir Alþingi lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., neyðarlögin svokölluðu.
Seðlabanki Íslands samþykkir að veita Kaupþingi lán sem nam 500 milljónum evra gegn veði í danska bankanum FIH.

7/10 Sérstök skilanefnd tekur yfir rekstur Landsbankans á grundvelli neyðarlaganna.
Alistair Darling ræðir Við Árna Mathiesen í símtali vegna stöðu þeirra innstæðueigenda í Icesave reikningum í útibúi Landsbankans í London.
Samskiptin milli Árna og Darling og upplýsingaflæðið um stöðu innstæðutrygginga virðast vera óskýr og leiða til þess að Darling segist hafa þær upplýsingar að íslenska ríkið mun tryggja innstæður íslenskra innstæðueiganda en óvissa ríki um lágmarks innistæðutryggingu breskra innistæðueiganda.

7/10 Hector Sants, Forstjóri FSA, ritar Hreiðari Má Sigurðssyni forstjóra Kaupþings tölvubréf þar sem hann áréttar að berist KSF ekki lausafé samdægurs geti bankinn ekki haldið áfram rekstri. Hreiðar Már ritar til baka að verið sé að ganga frá eignasölu og að peningur yrði til taks við opnun daginn eftir. Þegar eignasölur gengu ekki eftir var þess krafist að Kaupþing, móðurfélagið, myndi leggja Singer & Friedlander hátt í 300 millj. punda í lausafé.

Tafla 1. Stiklað á stóru í atburðarásinni í íslensku fjármálalífi frá seinni hluta september 2008 og fram að beitingu hryðjuverkalaga af hálfu bresku ríkisstjórnarinnar.[3]

2.2 Íslensk fjármálafyrirtæki stóðu höllum fæti

Íslensk fjármálafyrirtæki fóru ekki varhluta af ástandinu á alþjóðlegum mörkuðum. Vantraust til þeirra og íslensks efnahagslífs hafði vaxið stöðugt frá miðju ári 2007 eins og skuldatryggingarálag

---

2 Sjá http://rna.althingi.is/.

3 Sjá nánar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

4 Sjá til dæmis umfjöllun á Wikipediu, http://www.history-timelines. org.uk/eventstimelines/15-credit-crunch-timeline.htm

ríkisins og bankanna bar vitni um. Í september 2008 má heita að allar hefðbundnar fjármögnunarleiðir á heildsölumarkaði hafi verið bönkunum lokaðar. Það kom líka á daginn að Glitnir banki þurfti að leita á náðir Seðlabanka Íslands til þrautavara síðari hluta september 2008 sökum erfiðleika við fjármögnun bankans. Þá lá fyrir að um miðjan október þyrfti bankinn að standa skil á u.þ.b. 600 m evra.

Atburðarásin varð hröð á Íslandi og tæpt er á helstu þáttum hennar í töflu 1 frá því í seinni hluta september 2008 og fram að því að Bretar beittu lögum um varnir gegn hryðjuverkum, glæpum og um öryggi til að frysta eignir Landsbankans í Bretlandi þann 8. október 2008.

2.3 Eignir Landsbankans kyrrsettar í Bretlandi

Tilskipunin sem gefin var út á hendur Landsbankanum „The Landsbanki Freezing Order 2008“ var beitt kl. 10:10 að breskum tíma þann 8. október 2008[5] á grundvelli laga um hryðjuverk, glæpi og um öryggi[6] en þau lög voru sett í desember árið 2001 í kjölfar hryðjuverkaárása í Bandaríkjunum í september 2001. Fram kemur í tilskipuninni að breska fjármálaráðuneytið telji að aðgerðir sem skaði eða muni hugsanlega skaða breskan efnahag eða hluta hans hafi verið framkvæmdar eða muni verða framkvæmdar af erlendri ríkisstjórn eða íbúa lands utan Bretlands.

Í stuttu máli fjallar tilskipunin um frystingu eigna Landsbankans auk eigna sem tengdust honum en voru í eigu, vörslu eða undir yfirráðum íslenskra stjórnvalda. Íslensk stjórnvöld sem nefnd eru í tilskipuninni eru Seðlabanki Íslands, Fjármálaeftirlitið og skilanefnd Landsbankans auk ríkisstjórnar Íslands.

Að morgni 8. október 2008 var Alistair Darling í viðtali hjá bresku ríkisútvarpsstöðinni BBC Radio 4. Í viðtalinu fjallaði hann um aðgerðir breskra yfirvalda í tengslum við erfiðleika bankakerfisins þar í landi. Þá lét Darling þau orð falla að ríkisstjórn Íslands hygðist ekki virða skuldbindingar sínar í Bretlandi. Það sama sagði hann við breska þingnefnd seinna um daginn.

Seinna um daginn héldu Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, og Alistair Darling, fjármálaráðherra, fréttamannafund og á þeim fundi sagði Brown m.a.:

> These decisions are the best way of providing long term security for depositors and savers. And as people will now know, we are taking legal action against the Icelandic authorities to recover the money lost to people who deposited in UK branches of this bank. The Chancellor is saying today that he will stand behind the deposits of these customers.

Þann 8. október var unnið að ýmsum aðgerðum til þess að koma hátt í 300 milljónum punda til dótturfélags Kaupþings Bretlandi, *Kaupthing Singer & Friedlander* (KSF), en það tókst ekki. Forstjóri breska fjármálaeftirlitsins, Hector Sants, óskaði eftir því að KSF yrði settur í greiðslustöðvun seinna um daginn. Sú aðgerð var þó ekki byggð á hryðjuverkalögunum heldur á lögum sem gilda á fjármálamarkaði og veita fjármálaeftirliti heimildir til að grípa inn í rekstur fjármálafyrirtækja.[7]

Daginn eftir kom Gordon Brown fram í viðtali á BBC og sagði þá m.a.:

---

5 The Landsbanki Freezing Order 2008, http://www.legislation.gov.uk/uksi/2008/2668/pdfs/uksi_20082668_en.pdf

6 Anti-terrorism, Crime and Security Act 2001, http://www.legislation.gov.uk/ukpga/2001/24/pdfs/ukpga_20010024_en.pdf

7 Sjá til dæmis First Supervisory Notice frá FSA til KSF: http://www.fsa.gov.uk/pubs/final/ksf.pdf

> What happened in Iceland is completely unacceptable. I've been in touch with the Icelandic prime minister. I said this is effectively illegal action that they have taken. We are freezing the assets of Icelandic companies in the United Kingdom where we can. We will take further action against the Icelandic authorities wherever that is necessary to recover the money.
>
> *[...]*
>
> But this is fundamentally a problem of an Icelandic-registered company, Icelandic-registered financial services authority – they have failed not only the people of Iceland, they have failed people in Britain.

Ummæli Brown þess efnis að kyrrsetning eigna íslenskra fyrirtækja vofi yfir eru ekki í samræmi við tilskipunina um frystingu eigna Landsbankans. Hún kveður ekki á um kyrrsetningu eigna neinna annarra íslenskra fyrirtækja eða íslenskra banka.

Síðar sama dag, þann 9. október, kom Brown fram í fréttum á sjónvarpsstöðinni Sky og sagði þá m.a.:

> The issue is basically this. The Icelandic banks have collapsed, the Icelandic authorities have to take some responsibility for it. They cannot just default and say that they're going to take on none of the responsibility for what has happened.
>
> [...]
>
> But the responsibility for this lies fairly and squarely with the Icelandic authorities, and they have a duty in my view to meet the obligations that they owe to citizens who have invested from Britain in Icelandic banks.

2.4 Kaupþing í fang FME og neyðarlög eru sett

Á Íslandi gekk líka ýmislegt á og Fjármálaeftirlitið (FME) greip inn í rekstur Kaupþings banka hf. þann 9. október og þar með var síðasti af stóru viðskiptabönkunum þremur fallinn. Yfirtaka Kaupþings var gerð á grundvelli laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., sem í daglegu tali hafa verið nefnd neyðarlögin. Í tilkynningu frá Fjármálaeftirlitinu kom fram að þessi ákvörðun hefði verið tekin í kjölfar þess að stjórn Kaupþings fór þess á leit við stofnunina að hún tæki yfir vald hluthafafundar. Fram kom að stjórn Kaupþings hefði að auki sagt af sér. Í skýrslu breskrar þingnefndar um íslenska bankahrunið má finna vangaveltur þess efnis að beiting hryðjuverkalaganna hafi haft áhrif á fall Kaupþings.[8]

2.5 Landsbankinn á lista breska fjármálaráðuneytisins

Landsbankinn fór á lista yfir aðila sem beittir höfðu verið viðurlögum skv. lögum um varnir gegn hryðjuverkum, glæpum og um öryggi þann 10. október eins og skjáskotið til hliðar sýnir. Landsbankinn var á listanum fram til 22. október 2008 þegar breska fjármálaráðuneytið breytti uppsetningu listans með þeim hætti að Landsbankinn var settur í sérstakan flokk neðar á vefsíðunni. Sá flokkur innihélt upplýsingar um frystingu eigna sem ekki byggðist á viðurlögum vegna hryðjuverka.

---

[8] House of Commons Treasury Committee – Banking Crisis: The impact of the failure of the Icelandic Banks, Fifth Report of Session 2008-09 bls. 20–21

Laugardaginn 11. október 2008 barst sendiráði Íslands í London yfirlýsing þess efnis að ákvörðun á grundvelli laganna um varnir gegn hryðjuverkum, glæpum og um öryggi næði einungis til Landsbankans en ekki til annarra íslenskra fyrirtækja. Það leið hins vegar langur tími áður en íslensk fyrirtæki gátu aftur fengið fjármuni flutta í gegnum breska banka þar sem bresk stjórnvöld birtu þessa yfirlýsingu ekki opinberlega.

Nánar er fjallað um sérleyfi og útskýringar sem gefnar voru út í tilskipuninni í kafla 5 sem fjallar um erlenda greiðslumiðlun hér að aftan.

Tildrög beitingar hryðjuverkalaganna og atburðirnir sem fylgdu strax í kjölfarið eru vel skráðir í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Ennfremur hefur Bríet Konráðsdóttir ritað BA-ritgerð sem rekur ýmsa þætti málsins ítarlega.[9]



Mynd 1. Á vefsíðu breskra stjórnvalda er að finna lista yfir þá aðila sem beittir eru viðurlögum samkvæmt lögum um varnir gegn hryðjuverkum, glæpum og um öryggi. Að ofan er skjáskot af síðunni frá 10. október 2008.

2.6 Hvernig var hægt að styðjast við „hryðjuverkalög“

Hin svonefndu hryðjuverkalög kallast á ensku *Anti-Terrorism, Crime and Security Act 2001*. Í skýrslu breskrar þingnefndar um íslenska bankahrunið kemur fram að þessi lög geti verið notuð þrátt fyrir að ekki sé verið að beita þeim beint gegnum hryðjuverkum heldur einnig til að vernda efnahag Bretlands.[10] Lögunum má beita þegar breska fjármálaráðuneytið telur breskan efnahag eða hluta hans hafa orðið fyrir eða kunni að verða fyrir tjóni af völdum erlendra stjórnvalda eða íbúa lands utan Bretlands.[11]

Í skýrslunni telur nefndin að hryðjuverkalögin hafi haft afleiðingar fyrir íslensk yfirvöld þegar þau reyndu að halda fjármálakerfi landsins gangandi. Nefndin hvetur breska fjármálaráðuneytið til að meta hvort það sé viðeigandi að nota þessa löggjöf í svipuðu tilviki í fram-

---

9 Bríet Konráðsdóttir, *Icesave-deila Íslendinga og Breta,* B.A. ritgerð við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, júní 2009. Sjá, http://hdl.handle.net/1946/3657.

10 House of Commons Treasury Committee – Banking Crisis: The impact of the failure of the Icelandic Banks, Fifth Report of Session 2008–09 bls. 24.

11 House of Commons Treasury Committee – Banking Crisis: The impact of the failure of the Icelandic Banks, Fifth Report of Session 2008–09 bls. 20.

tíðinni þar sem löggjöfin veiti þeim sem fyrir henni verða ákveðin stimpil (e. stigmatize) og mildari löggjöf væri meira viðeigandi.[12]

2.7 Lánshæfi Íslands

Lánshæfiseinkunnir íslenska ríkisins voru með neikvæðum horfum hjá lánshæfismatsfyrirtækjunum í aðdraganda falls bankanna. Þann 30. september lækkuðu *Standard and Poor's*[13], *Fitch Ratings*[14] og japanska matsfyrirtækið *R&I*[15] lánshæfiseinkunnir íslenska ríkisins, og Moody's sagði neikvæðar horfur á lánshæfiseinkunnum.[16] Fitch Ratings sendi frá sér greiningu á lánshæfi ríkissjóðs Íslands þann 6. október þar sem ástæður lækkunar á einkunnum eru raktar og einkum vísað til mikillar kerfisáhættu.[17]

Þann 7. október lækkaði *Standard and Poor's* einkunnirnar en segir þær stöðugar og færir þær úr athugunarflokki.[18] Þann 8. október lækkaði Fitch lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs Íslands fyrir langtímaskuldbindingar úr *A-* í *BBB-* eða um 3 flokka.[19] Í tilkynningunni Fitch segir:

> Iceland faces a very severe recession which will result in a further deterioration in banks' domestic assets, while it remains uncertain as to the extent that the sovereign can distance itself from theforeign liabilities of failing Icelandic banks.

Frekari lækkanir á lánshæfiseinkunnum hagkerfisins eru boðaðar takist ekki að setja saman trúverðuga efnahagsstefnu fyrir landið og er sérstaklega minnst á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í því sambandi.

Moody's lækkaði líka lánshæfiseinkunn Íslands úr A1 í Aa1 eða um 3 flokka.[20] Í umfjöllun sinni segir fyrirtækið að fall bankanna hafi valdið gríðarlegu en jafnframt óvissu tjóni – heildartjónið ráðist af því hversu vel ríkisstjórnin nái að höndla ástandið. Skuldir þjóðarinnar muni hækka en eignir rýrna. Þá er minnst á 3 mismunandi leiðir sem ríkið geti farið og mögulegan skaða í hverju tilviki.

Matsfyrirtækin minnast ekki á hryðjuverkalögin, enda voru þau sett þennan sama dag og ekki ljóst hvort þau lágu fyrir þegar ákvörðun um lækkun einkunnanna var tekin. Þau nefna frekar efnahagslega og pólitíska áhættu við fall fjármálakerfisins og stöðu ríkisins til að takast á við vandamálin sem blöstu við.

Þann 14. október staðfesti Moody's einkunnagjöf sína frá 8. október en í greiningu er hvergi minnst á hryðjuverkalögin þó þau hafi þá verið í gildi í sex daga.[21]

Línurit yfir þróun skuldatryggingaálags íslenska ríkisins er að finna í viðauka VII.

---

12 House of Commons Treasury Committee – Banking Crisis: The impact of the failure of the Icelandic Banks, Fifth Report of Session 2008–09 bls. 23.
13 http://www.sedlabanki.is/?PageID=13&NewsID=1853
14 http://www.sedlabanki.is/?PageID=13&NewsID=1857
15 http://www.sedlabanki.is/?PageID=13&NewsID=1855
16 http://www.sedlabanki.is/?PageID=13&NewsID=1859
17 http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6476
18 http://www.sedlabanki.is/?PageID=13&NewsID=1872
19 Fitch downgrades Iceland to 'BBB-' frá 8. október 2008, sjá http://sedlabanki.is/lisalib/getfile. aspx?itemid =6488
20 Moody's downgrades Iceland's ratings to A1 from Aa1; frá 8. október 2008, sjá http://sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6484
21 http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6501

3. Erlend umfjöllun

Umfjöllun erlendra fjölmiðla um Ísland og vandræði fjármálakerfisins fór að rata á síður og í fréttatíma almennra fjölmiðla eftir að ríkið tók bankana yfir. Hér á eftir er rakin frétta-umfjöllun í erlendum miðlum, aðallega breskum, frá 8. október, þeim degi sem hryðjuverka-lögunum var beitt og síðan áfram dagana og vikurnar þar á eftir. Að mati margra viðmælanda okkar gerðu neðangreindar yfirlýsingar illt verra og mögnuðu áhrif hryðjuverkalaganna á íslensk fyrirtæki.

8. október 2008

Töluvert var fjallað um Ísland og íslenska bankakerfið í fréttum en hryðjuverkalögin voru ekki áberandi í þeirri umfjöllun. Fyrstu fréttirnar sem bárust af Landsbankanum og Íslandi snerust aðallega um hversu miklum fjármunum bresk sveitarfélög, stofnanir og aðrir myndu tapa á falli Landsbankans. Einnig var töluvert vitnað til þeirra Alistair Darling fjármálaráð-herra og Gordon Brown forsætisráðherra. Megininntak orða þeirra var að Bretar myndu beita harkalegum aðgerðum til að „endurheimta peningana“. Þeir lögðu einnig áherslu á að Bretar væru að gera allt sem í þeirra valdi stæði til þess að Ísland myndi ekki komast upp með að hlaupast á brott frá skuldum sínum með ólöglegum hætti. Dæmi um slíka umjföllun er:[22]

> Mr Darling said: „The Icelandic government have told me, believe it or not, they have no intention of honouring their obligations there“ and he vowed to stand by savers. „We are pursuing Iceland and we will pursue it vigorously to make sure that we get the money due to us back.“ Mr. Darling added.

Fjármálaráðherrann breski minnist ekki orði á Landsbankann en beinir harkalegum orðum sínum að íslensku ríkisstjórninni og landinu í heild. Í sömu frétt var haft eftir Gordon Brown:

> „We are taking legal action against the Icelandic authorities, to recover the money lost to people who deposited in UK branches of its banks“

Í fréttinni er minnst á Landsbankann og Kaupþing en þegar vitnað er í ráðamennina og lagt út frá því sem þeir segja er orðunum beint að íslenskum yfirvöldum og ýjað að ábyrgð íslenskra yfirvalda á útibúum íslenskra banka í Bretlandi. Þetta er dæmigert fyrir fram-setningu frétta af þessum málum þennan dag.

9. október 2008

Fréttamiðlar í Bretlandi beindu áfram sjónum sínum að mögulegu tapi breskra sveitar-félaga og aðgerðum sem myndu fylgja í kjölfarið vegna tjóns sem rekja mætti til íslensku bankanna og minntust í því sambandi á hryðjuverkalögin:[23]

> The Government used anti-terrorism powers to freeze an estimated £ 4 billion of British financial assets in Landsbanki, Icesave's parent bank. A spokesman for the Treasury said that the 2001 Anti-Terrorism, Crime and Security Act was invoked as a „precautionary measure“.

---

[22] http://news.sky.com/skynews/Home/Business/Brown-Vows-Legal-Action-To-Get-Icesave-Money-Back/Article/200810215115809?

[23] http://www.timesonline.co.uk/tol/news/politics/article4910126.ece

Ennfremur beindu þeir spjótum sínum að íslenskum stjórnvöldum og lýsa stirðum samskiptum þjóðanna.

10. október 2008

Umfjöllun fréttamiðla um íslensku bankana og aðgerðir Breta til að ná sínu til baka jókst enn frekar þann 10. október og tónninn harðnar frekar en hitt.[24] Vitnað er til orða Gordon Brown um að hann lofi bresku þjóðinni að taka hart á málinu. Ennfremur er tekið fram að breska ríkið hafi fryst eignir íslensku bankanna. Í fyrstu fjalla fréttirnar um Landsbankann að mestu en síðan kemur forsætisráðherrann fram í fréttum og segir:[25]

> „We are freezing the assets of Icelandic companies in the United Kingdom where we can. We will take further action against the Icelandic authorities wherever that is necessary to recover money."

Síðan bætir Brown við:

> „This is fundamentally a problem with the Icelandic-registered financial services authority - they have failed not only the people of Iceland, they have failed people in Britain."

Samkvæmt orðum breska forsætisráðherrans eru eignir íslenskra fyrirtækja kyrrsettar og í tilvitnuðum orðum er enginn greinarmunur gerður á Landsbankanum og öðrum fyrirtækjum. Af orðum forsætisráðherrans mætti álykta að öll íslensk fyrirtæki hafi verið sett undir sama hatt hvað hryðjuverkalögin varðar, þær viðskiptahindranir sem þar við eiga og þau ströngu viðurlög sem gilda við brotum. Þessi ummæli enduróma í breskum fréttum og alþjóðlegum fréttamiðlum. Brown bætir því við að bresk yfirvöld muni ganga eins langt og þarf til að ná fjármununum til baka.

Annars var fréttaumfjöllunin ekki sérlega markviss þennan dag, jafnvel ruglingsleg, þar sem oft er lítill greinarmunur gerður á íslensku bönkunum, útibúum þeirra, íslenskum yfirvöldum, íslenska ríkinu og íslensku þjóðinni. Deilur þjóðanna við útfærslu íslensku landhelginnar voru rifjaðar upp og ástandið sagt helst minna á það sem ríkti þegar þorskastríðin stóðu sem hæst. Þannig ber frétt á vef breska ríkisútvarpsins fyrirsögnina: *Britain v Iceland: Fish now finance.*[26]

Bandaríska blaðið New York Times birti á heimasíðu sinni frétt sem hófst á orðunum:[27]

> So far, there is no sign that the British Navy might be steaming toward Iceland – something that happened regularly from the 1950s to the '70s, when Britain and Iceland clashed over fishing rights. But the words being exchanged between London and Reykjavik are the most bellicose since the so-called cod wars.

Umfjöllunin heldur áfram að vera villandi og því er áfram haldið fram að jafnframt því að frysta eignir Landsbankans hóti Bretar því jafnframt að hið sama verði gert við önnur

---

24 http://edition.cnn.com/2008/BUSINESS/10/10/britain.iceland.banks/index.html?iref=allsearch
25 http://news.bbc.co.uk/2/hi/uk_news/politics/7662027.stm
26 http://news.bbc.co.uk/2/hi/7662827.stm
27 http://www.nytimes.com/2008/10/11/business/worldbusiness/11icebank.html?scp=7&sq=landsbanki&st=nyt

íslensk fyrirtæki.[28] Út frá misvönduðum fréttaflutningi sem oft á tíðum er í dálitlum æsifréttastíl er því erfitt að lesa hvað gerðist í raun og veru, hvaða ákvarðanir hafa verið teknar og hvaða takmarkanir á viðskiptum eiga við í raun og veru. Til dæmis hafa fréttamiðlar enn eftir Gordon Brown að hann sé vel tilbúinn til að nota hryðjuverkalög til að frysta eignir íslenskra fyrirtækja í Bretlandi til að verja eignir Breta.[29]

> In unusually aggressive terms last night, the prime minister said he was willing to use anti-terrorism legislation to freeze the assets of other Icelandic companies operating in Britain in an effort to recoup the lost money.
>
> [...]
>
> „What happened in Iceland is completely unacceptable," said Brown. „I've spoken to the Icelandic prime minister, I have told him this is effectively an illegal action that they have taken. We are freezing the assets of Icelandic companies in the UK where we can. We will take further action against the Icelandic authorities where necessary to recover the money."

Bloomberg gagnaveitan veitir bæði markaðsgögnum og fréttum af fjármálalífi um allan heim og er líklega mikilvægasti miðillinn á því sviði. Bloomberg veitir hins vegar ekki bara fréttum heldur hafa þeir á sínum snærum blaðamenn sem skrifa fréttir í nafni Bloomberg. Tiltölulega yfirveguð frétt birtist þar um hádegi að New York tíma, eða síðdegis í London.[30]

> While the freezing order was obtained by the U.K. government under the Anti-terrorism, Crime and Security Act 2001, Britain agreed to drop references to „terrorism," said Haukur Olafsson, the second-ranking official at Iceland's embassy in London. Some lawyers had questioned whether the dispute was the appropriate use of legislation designed to combat crime.

Í fréttinni er talað um að hryðjuverkalögum hafi verið beitt gagnvart Landsbankanum en viðskiptavinir bankans ættu að geta haft aðgang að reikningum sínum. Önnur fyrirtæki ættu því að geta starfað á eðlilegan hátt. Síðan er vitnað til lögfræðings sem sérhæfir sig opinberri stjórnsýslu:

> Steve Grosz, a London-based lawyer at Bindmans LLP who specializes in public and administrative law, said that while the government is on „reasonable footing" because there was a public interest in using the terror legislation, politicians may not have intended it to be used for commercial purposes.
>
> [..]
>
> „I think Parliament would have been surprised to be told that the power would be used in the context of financial crisis," Grosz said.

Þessi frétt er vísir að því að næstu daga fóru að birtast fréttir og fréttatengdir pistlar þar sem þeirri skoðun er lýst að Bretar hafi farið offari með beitingu hryðjuverkalaganna.

---

28 http://www.thesun.co.uk/sol/homepage/news/money/article1791374.ece
29 http://www.guardian.co.uk/business/2008/oct/10/banking-creditcrunch
30 http://www.bloomberg.com/apps/news?pid=newsarchive&sid=a9R6kEktPff0

Bandaríska fréttastofan CNN birti þennan dag frétt um málið þar sem eftirfarandi kemur fram:[31]

> The British government has frozen British assets in Icelandic banks, and British Prime Minister Gordon Brown has vowed legal action against Iceland to ensure British savers get their money back.
>
> [..]
>
> „This is entirely the responsibility of the Icelandic authorities," Brown said late Thursday. „They have defaulted and they have done so in a way which is unacceptable to Britain."

Hér segir breski forsætisráðherrann ranglega að greiðslufall hafi orðið af hálfu íslenskra yfirvalda. Greiðslufall ríkja er jafnan afdrifaríkt og hefur verið fátítt á Vesturlöndum síðustu áratugi.[32]

15. október 2008

Þann 15. október voru fréttirnar enn æðimargar þar sem enn var klifað á fjandskap á milli þjóðanna.

Í einhverjum tilfellum mátti þó greina samúð með málstað Íslendinga sem virðist að einhverju leyti að þakka viðbrögðum Íslendinga sem voru farnir að láta heyra í sér. Meginskilaboðin voru *Íslendingar eru ekki hryðjuverkamenn* og að *Grodon Brown væri að beita of harkalegum aðgerðum gegn Íslenskum almenningi.* Þessi skilaboð bárust frá íslenskum ráðamönnum en einnig frá íslenskum almenningi sem túlkuðu viðbrögð íslensku þjóðarinnar. *[T]hey treated us like terrorists* var haft eftir óþekktum en reiðum Íslendingi í frétt á BBC sem bar yfirskriftina *Iceland: Britain's unlikely new enemy.*[33]

Reiði og vanþóknun íslensku þjóðarinnar yfir því sem almenningi á Íslandi þótti skammarleg meðferð Breta var því farin að rata í breska fjölmiðla. Dálkahöfundur *The Sunday Times* Daniel Hannan skrifaði pistilinn: *Gordon Brow's raid on Iceland was cowardice, not courage. The use of anti-terrorism law against a friendly country was appalling.*[34] Fleiri raddir lýstu yfir óánægju sinni með framgöngu Gordon Brown sem hefði tekið of hart á herlausri þjóð.

Hins vegar voru enn fjölmargar fréttir skrifaðar um upphæðirnar sem Landsbankinn skuldaði breskum sveitarfélögum, hversu illa þau væru mögulega stödd og til hvaða aðgerða þyrfti að grípa til að takmarka tjónið.

22. október 2008

Viku seinna voru fréttamiðlar byrjaðir að fjalla um Icesave-reikningana af meiri yfirvegun og þeim lýst nákvæmar en áður. Í fréttum voru málavextir tíundaðir af meiri nákvæmni og Icesave deilan betur útskýrð.[35] Fjallað var um að íslensku bankarnir hafi boðið háa vexti sem heilluðu breskan almenning en einnig breskar stofnanir og sjóði. Algengt viðkvæði var að

---

31 http://edition.cnn.com/2008/BUSINESS/10/10/britain.iceland.banks/index.html?iref=allsearch

32 Sovereign Debt and Debt Restructurings: Historical Overview, http://mitpress.mit.edu/books/chapters/0262195534chapm1.pdf

33 http://news.bbc.co.uk/2/hi/uk_news/magazine/7667920.stm

34 http://www.timesonline.co.uk/tol/comment/columnists/guest_contributors/article4943712.ece

35 http://www.thisismoney.co.uk/money/saving/article-1645604/Landsbanki-Guernsey-savers-cry-foul.htm

við fall bankanna hafi Íslendingar gert lítið til að standa við skuldbindingar sínar á breskri grund. Því væri réttlætanlegt að beita hryðjuverkalögunum á Íslendinga.[36]

24. október 2008

Sjálfsprottin herferð Íslendinga undir slagorðinu „We are not terrorists“ náði eyrum einhverra fjölmiðla næstu daga.[37] Herferðin fólst í því að teknar voru myndir af íslenskum borgurum sem báru skilti sem stóð á *I am not a terrorist Mr. Brown* eða einhver ámóta skilaboð. Fjallað var um að Íslendingar, herlaus þjóð, væru að rísa upp og vildu ekki sitja undir hryðjuverkastimpli bresku ríkisstjórnarinnar – þar sem beiting hryðjuverkalaganna var hermd upp á forsætisráðherrann Gordon Brown framar öðrum.[38]

1. nóvember 2008

Í byrjun nóvember voru aðferðir Breta við að frysta eignir Landsbankans með vísan til hryðjuverkalaganna kallaðar óhefðbundið skref með þeim afleiðingum að Ísland hafi verið flokkað sem hryðjuverkaríki.

> The troubles between the countries began three weeks ago when Britain took the extraordinary step of using its 2001 anti-terrorism laws to freeze the British assets of a failing Icelandic bank. That appeared to brand Iceland a terrorist state.

Þá er sagt frá því að setning laganna hafi gert mjög slæma stöðu enn verri:[39]

> No one disputes that Iceland's economic troubles are largely the country's fault. But there may be more to the story, at least in the view of Iceland's government, its citizens and even some outsiders. As grave as their situation already was, they say, Britain — their old friend, NATO ally and trading partner — made it immeasurably worse.

10. nóvember 2008

Í nóvember fækkar einstökum fréttum um afmarkaða hluta deilunnar. Í stað þess birtast fleiri yfirlitsgreinar þar sem atburðirnir eru raktir, stundum á skáldlegan og innblásinn hátt. Greinarnar tíunda forsöguna, frá stofnun innlánsreikninga íslensku bankanna, og rekja atburðina í kringum beitingu hryðjuverkalaganna og hótanir Brown um að fara í mál við íslenska ríkið vegna deilunnar.[40]

4. Áhrifin á fyrirtækin

Áður en hafist var handa við að taka viðtöl við fyrirtækin sjálf var rætt við hagsmunasamtök í atvinnulífinu til þess að afla vísbendinga um hvar væri rétt að spyrja ítarlegar út í áhrif beitingar hryðjuverkalaganna. Forsvarsmenn þeirra bentu fljótlega á að erlend greiðslumiðlun og niðurfelldir gjaldfrestir væru þættir sem grafast þyrfti fyrir um en að öðru leyti voru áhrif-

---

36 http://www.bu.edu/today/node/7685

37 http://www.dailymail.co.uk/news/article-1080233/Icelanders-hit-Brown-freezing-banks-assets-We-terroristscampaign.html

38 http://www.independent.co.uk/news/world/europe/who-are-you-calling-terrorists-mr-brown-971471.html

39 http://seattletimes.nwsource.com/html/nationworld/2008340544_iceland02.html

40 http://www.guardian.co.uk/money/2008/nov/10/credit-crunch-savings-icesave

in óljósari að þeirra mati. Nánar er fjallað um viðtölin og framkvæmd könnunar á meðal stærstu fyrirtækja landsins í viðauka I.

Hér er farið yfir helstu niðurstöður og þær ályktanir sem draga má af samtölum við fyrirtækin.

4.1 Hryðjuverkalögin og þáttur þeirra

Dagana áður en hryðjuverkalögunum var beitt gekk mikið á í alþjóðlegu fjármálalífi og ekki síður í íslensku fjármála- og þjóðlífi eins og áður var tíundað. Það er því ekki að undra að í viðtölum við forsvarsmenn fyrirtækja er það rauður þráður að erfitt sé að skilja setningu hryðjuverkalaganna – og áhrif þeirra einna og sér – frá því sem gerðist dagana og vikurnar í kring. Allt gerðist nánast í sömu mund; gjaldmiðillinn veiktist, viðskiptabankarnir féllu, neyðarlög voru sett, greiðslur til útlanda stöðvuðust, lánshæfi Íslands var lækkað, höft voru sett á fjármagnsflutninga – og hryðjuverkalögum var beitt.

Ein helsta niðurstaðan úr viðtölum við fyrirtækin er að þau eiga í miklum erfiðleikum með að skilja þátt beitingar hryðjuverkalaganna frá öllu því sem gekk á þessa daga og vikur í september og október 2008. Forsvarsmönnum fyrirtækjanna var flestum ljóst að beiting hryðjuverkalaganna hafði áhrif á a.m.k. einhverja þessara þátta en með hvaða hætti vafðist fyrir þeim.

Staðlaður spurningalisti var búinn til áður en fyrirtækin voru heimsótt í því augnamiði að safna samræmdum tölfræðiupplýsingum til greiningar. Listann má finna í viðauka II. Þessi óljósa hugmynd um orsakir og afleiðingar atburða í október 2008 gerði það að verkum að erfiðara var að skilja heildarmyndina með stöðluðum spurningalistum eingöngu. Þannig kenndu sumir stjórnendur hryðjuverkalögunum nánast alfarið um vissa þætti, svo sem vandræði í greiðslumiðlun, á meðan aðrir gerðu sér ekki grein fyrir slíkri tengingu. Þetta krafðist þess að meðfram spurningalistunum varð að grípa til óformlegri gagnaöflunar. Stöðluðu spurningar gáfu mikilvægar niðurstöður en þeim þurfti að fylgja eftir og leita upplýsinga með óformlegri samtölum. Hér fyrir neðan er fyrst hugað að niðurstöðum úr stöðluðu spurningalistunum en síðan er fjallað á almennari hátt um viðtölin.

4.2 Bein og óbein áhrif beitingar hryðjuverkalaganna

Bein áhrif

Þegar kannað var hvort beiting hryðjuverkalaganna hefði með beinum hætti haft áhrif á fyrirtækin, t.d. með því að sendingar stöðvuðust eða hætt var við viðskipti með tilvísun til þeirra, sögðust þau flest svo ekki vera. Ef litið er til heildarúrtaksins segja um 77% fyrirtækjanna að beinu áhrifin hafi verið engin eins og sjá má á myndinni til hliðar. Um tuttugu prósent fyrirtækjanna segja að beinu áhrifin hafi verið smávægileg og um 3% að þau hafi verið talsverð.



Mynd 2 Dreifing svara hjá fyrirtækjunum við spurningunni um hvort beiting hryðjuverkalaganna hafi haft bein áhrif á fyrirtækið. Dreifingin er sýnd fyrir öll fyrirtækin og eftir því á hvaða mörkuðum þau starfa.

Úrtak fyrirtækjanna er ekki stórt og því vart tölfræðilega marktækt að skipta þessum fyrirtækjum upp eftir eðli þeirra og kanna

hvort niðurstöðurnar eru ólíkar fyrir fyrirtæki með ólíka starfsemi. Það var að engu að síður gert eins og sjá má myndinni til hliðar. Þessir útreikningar gefa því frekar vísbendingar sem varast ber að oftúlka. Ef nánar er litið á slíka grófa flokkun, en flokkunin er nánar skýrð í viðauka III, telja öll fyrirtæki sem lentu í hópnum útflutningsfyrirtæki þau hafi ekki orðið fyrir beinu tjóni af beitingu hryðjuverkalaganna. Samkvæmt þeim kærðu viðskiptavinirnir sig kollótta í mörgum tilfellum svo lengi sem þeir fengu sínar vörur afhentar. Fyrirtæki þar sem reksturinn einkennist mest af alþjóðlegri starfsemi, þó að sönnu sé oft stór hluti innlendur, bera sig líka vel en um 80% þeirra telja beinu áhrifin hafa verið lítil sem engin en einhver talsverð. Fleiri innflutningsfyrirtæki telja áhrifin hafa verið einhver, eða um 30%–70% þeirra telja áhrifin hafa verið engin. Ríflega 40% fyrirtækja þar sem reksturinn byggist mest á innlendri starfsemi telja áhrifin hafa verið smávægileg. Það ber að taka það fram að þótt fyrirtækin stundi ekki inn- eða útflutning sem kjarnastarfsemi þurfa þau oft bæði að flytja inn vörur og þjónustu fyrir eigin starfsemi og stunda jafnvel inn- eða útflutning sem hliðargrein enda starfsemi þeirra margþætt.

Óbein áhrif

Þegar talið berst að óbeinum áhrifum beitingar hryðjuverkalaganna breytist myndin töluvert. Nánar er fjallað um hvers eðlis þessi óbeinu áhrif voru að mati fyrirtækjanna í kafla 4.4.

Einungis um 10% fyrirtækjanna telja sig ekki hafa orðið fyrir neinum óbeinum áhrifum af beitingu neyðarlaganna. Um 60% telja sig hafa orðið fyrir smávægilegum áhrifum, ríflega fjórðungur talsverðum og um 3% miklum óbeinum áhrifum.



Mynd 3. Dreifing svara hjá fyrirtækjunum við spurningunni um hvort beiting hryðjuverkalaganna hafi haft óbein áhrif á fyrirtækið. Dreifingin er sýnd fyrir öll fyrirtækin og eftir því á hvaða mörkuðum þau starfa.

Ef litið er til skiptingar fyrirtækjanna – með sömu tölfræðilegu fyrirvörum og áður – er mynstrið svipað og áður. Þ.e. áhrifin eru minnst á útflutningsgreinarnar en telja um 90% þeirra að óbein áhrif hafi verið smávægileg. Öll fyrirtæki í alþjóðlegri starfsemi urðu fyrir einhverjum áhrifum, þar af um 20% talsverðum en afgangurinn smávægilegum. Um 10% innflutningsfyrirtækja urðu fyrir miklum áhrifum, um 30% talsverðum og 40% smávægilegum. Óbeinu áhrifin urðu mest hjá fyrirtækjum með innlenda starfsemi, þar sem um 60% urðu fyrir talsverðum áhrifum en um 40% smávægilegum. Þetta kann að koma á óvart en líkt og áður sagði er oft erfitt að lýsa fjölþættri starfsemi fyrirtækjanna á einfaldan hátt.

Þeir stjórnendur fyrirtækja sem rætt var við svöruðu spurningunum út frá sinni eigin reynslu. Þeir höfðu oft óljósa hugmynd um hvort eða hvernig neyðarlögin höfðu áhrif á aðra þætti, t.d. greiðslumiðlun og niðurfellda gjaldfresti en um þá þætti er nánar fjallað síðar í skýrslunni.

4.3 Áhrif og tjón

Það var með ráðum gert að fyrirtækin voru spurð opinnar spurningar fyrst um áhrif en ekki beint um tjón. Væntingar stóðu til þess að með opnari spurningu fyrst væri hægt að fá stjórnendur til að velta áhrifum af beitingu hryðjuverkalaganna í víðu samhengi fyrir sér. Í kjölfarið fylgdu síðan spurningar um fjárhagslegt tjón sem fyrirtækið hefði orðið fyrir vegna þessara hugsanlegu áhrifa. Fyrirsvarsmenn gátu þar valið hvort þeir áætluðu tjónið ekkert, innan við 1, 10 eða 100 milljónir eða yfir 100 milljónum kr. Þeir gátu jafnframt tiltekið tjónið nánar ef þeir treystu sér til.



Mynd 4. Dreifing svara hjá fyrirtækjunum við spurningunni um hvort beiting hryðjuverkalaganna hafi leitt til beins eða óbeins tjóns hjá fyrirtækjunum.

Það kom hins vegar á daginn að stjórnendur annað hvort tóku fyrir að nokkurt tjón mætt rekja beint til beitingar hryðjuverkalaganna eða að það væri ekki hægt að meta það. Niðurstöðurnar hvað varðar fjárhagslegt tjón vegna óbeinna áhrifa voru afgerandi á þann hátt að um 83% sögðu ekki mögulegt að meta óbeint fjárhagslegt tjón en 17% sögðu ekkert fjárhagslegt tjón hafa átt sér stað.

Dæmigert en skáldað viðkvæði forráðamanns fyrirtækis við beinu tjóni þá gæti það hljóðað á þessa leið:

> Við stóðum auðvitað frammi fyrir miklum vanda sökum veikingar krónunnar og falli viðskiptabankans okkar auk alls annars sem gekk á í íslensku efnahagslífi. Beiting hryðjuverkalaganna bætti þar ekki úr skák en hafði ekki mikil bein áhrif á okkur, ef til vill einhver óbein. Með mikilli vinnu og þrautseigju hlutaðeigandi starfsmanna náðum við að bjarga málunum fyrir horn og skýra málin fyrir okkar viðskiptavinum. Þar byggðum við á reynslu okkar og löngum og farsælum viðskiptasamböndum.

4.4 Umræður í kjölfar spurningalistans

Þegar viðtölin voru tekin var staðlaði spurningalistinn lagður til grundvallar í fyrri hluta viðtalsins. Í upphafi var atburðarásin iðulega rifjuð upp og stjórnendur spurðir í framhaldi af því um lagabeitinguna og áhrifin á fyrirtækið. Í kjölfarið var kafað dýpra í þá þætti sem stjórnendur nefndu, tekin dæmi og rætt um fjárhagslegt tjón ef hægt var að benda á það. Ef stjórnendur nefndu ekki þætti eins og erlenda greiðslumiðlun eða tapaða gjaldfresti voru þeir spurðir sérstaklega út í þá þætti og reyndust þeir oft hafa haft áhrif á fyrirtækið þótt stjórnendur gerðu sér stundum óljósa grein fyrir tengslum þessara þátta við beitingu hryðjuverkalaganna.

Að því loknu varð viðtalið óformlegra og reynt var að ganga eftir ýmsum viðhorfum, atburðum, ákvörðunum og öðru slíku sem tengdust fyrirtækinu, beitingu hryðjuverkalaganna sérstaklega og „hruninu“ í víðara samhengi. Einnig var rætt um orðspor fyrirtækisins og íslensks efnahagslífs og áhrif hryðjuverkalaganna á það. Oft spunnust mjög áhugaverðar umræður þar sem ýmislegt forvitnilegt kom í ljós sem skýrir heildarmyndina og ratar beint eða óbeint í þessa skýrslu .

Fyrirtækin vildu oftast ekki tala um bein áhrif vegna þess að þau gátu ekki vísað til samtala eða gagna um fjárhagslegt tjón þar sem kemur skýrt fram að ástæða tjónsins væri beiting

hryðjuverkalaganna. Stjórnendur og starfsmenn nær allra fyrirtækja sem rætt var við þurftu að verja miklu af tíma sínum til þess að upplýsa erlenda birgja, þjónustuaðila og viðskiptavini um ástandið á Íslandi. Upplýsingagjöfin var bæði almenn um ástandið á Íslandi – fjármálakerfið, efnahagslífið og stjórnmálaástandið – en einnig um áhrifin á fyrirtækið sjálft, rekstrarhorfur, bankaþjónustu, greiðslumöguleika og þar fram eftir götunum.

Áhugaverðar frásagnir af hinum ýmsu „reddingum“ heyrðust hins vegar og oft virðist hurð hafa skollið nærri hælum. Tiltekin voru nokkur dæmi þar sem litlu mátti muna að stór fyrirtæki röknuðu upp vegna þess að þau gátu ekki fært til peninga sem þau áttu á reikningum til að greiða tiltölulega litla reikninga. Líkt og síðar er fjallað um má rekja tafir á slíkum millifærslum að stórum hluta til beitingar hryðjuverkalaganna. Viðkvæðið var hins vegar alltaf að með eljusemi og sterkum viðskiptasamböndum hafi viðkomandi fyrirtæki náð að bjarga sínum málum. Fyrirtæki hafa ekki horft til baka og metið fjárhagslegt tjón af völdum einstakra þátta hrunsins. Fyrirtækin sjá fram á að slíkt yrði mikil vinna sem myndi þó alltaf skila mjög óljósu svari sem myndi ekki nýtast fyrirtækinu til framtíðar.

Ef kafað var dýpra þá kom hinsvegar í ljós að fyrirtækin urðu fyrir óbeinum áhrifum af beitingu hryðjuverkalaganna með þeim hætti að þættir sem sneru beint að fyrirtækjunum mögnuðust eða snerust á verri veg. Þau atriði sem tíðast voru nefnd sem óbein áhrif, sem geta sannanlega leitt til beins tjóns sem og óbeins, eru:

1. Tafir og vandræði í erlendri greiðslumiðlun
2. Niðurfelling gjaldfresta hjá birgjum
3. Mannauður sem fór í að leita lausna og upplýsa hlutaðeigendur
4. Laskað orðspor

Nánar er fjallað um þessa þætti í næstu köflum.

4.5 Beint og óbeint tjón

Samkvæmt beiðninni til fjármálaráðherra var þess óskað að *fram kæmu meðal annars tölur um beint fjárhagslegt tjón fjörutíu stærstu inn- og útflutningsfyrirtækja landsins* og *[e]innig væri gagnlegt að skoða hvernig áðurnefndir aðilar meta óbeint tjón sem hlaust af aðgerðum Breta.*

Staðlaði spurningalistanum var stillt upp með það að markmiði að nálgast svör af þessu tagi. Þannig var byrjað víðar, fjallað um áhrif, og síðan var ætlunin að þrengja viðfangsefnið og beina athyglinni að kostnaðinum. Það er hins vegar önnur meginniðurstaða könnunarinnar að ekkert fyrirtækjanna sem rætt var við treysti sér til að meta kostnaðinn vegna þeirra óbeinu áhrifa sem talin eru upp að ofan – ekki einu sinni mjög gróflega – fyrir utan örfá sem sögðu beint tjón ekkert hafa verið.

Þar sem fyrirtækin sjálf treystu sér með engu móti að meta beint tjón þurfti að styðjast við magntölur, t.d. inn- og útflutning til landsins, vaxtakjör o.s.frv. til að áætla beint tjón eftir bestu getu. Það mat byggist engu að síður á viðtölunum og lýsingu forsvarsmannanna á þeim þáttum sem mestu réðu um. Sökum þeirrar aðferðafræði sem grípa þurfti til á matið frekar við um íslenskt atvinnulíf í heild fremur en bara þau allra stærstu. Matið er einnig háð mikilli óvissu háð, eins og nánar er rakið í köflunum hér á eftir, og skal því frekar líta til þess sem mat á stærðargráðu tjónsins.

Hvað varðar óbeina tjónið þá verður fjallað um það en mjög erfitt er að meta jafnvel stærðargráðu þess. Þá skal ítrekað að beiting hryðjuverkalaganna er einn þáttur í flókinni atburðarás þar sem erfitt er að skilja hlut þeirra frá öðrum þáttum.

5. Tafir og vandamál í erlendri greiðslumiðlun

5.1 Seðlabankinn tekur við greiðslumiðlun

Flest þeirra fyrirtækja sem rætt var við lentu í vandræðum með erlenda greiðslumiðlun í kjölfar falls bankanna. Viðskiptabankarnir þrír og Sparisjóðabankinn höfðu séð um erlenda greiðslumiðlun fyrir íslensk fyrirtæki. Þegar bankarnir tóku að riða til falls fóru erlendir bankar að tefja greiðslur og við fall bankanna frystu erlendir bankar reikninga sem tilheyrðu íslensku bönkunum. Við svo búið bárust hvorki greiðslur til landsins erlendis frá né frá Íslandi til erlendra aðila.[41]

Vegna þessa má heita að þann 8. október 2008 hafi engar greiðslur borist til eða frá landinu. Það ástand varði þar til Seðlabankinn tók yfir alla erlenda greiðslumiðlun þann 10. október og uppfrá því fóru allar færslur, til og frá landinu, í gegnum hann. Samkvæmt samtölum við fyrirtækin og Seðlabankann var framkvæmdin hins vegar langt því frá jafn skilvirk og áður hafði verið, sérstaklega í fyrstu. Margir viðmælendur lýstu því hvernig það sem áður voru einföld greiðslufyrirmæli urðu nú að flóknu ferli þar sem senda þurfti reikning til Seðlabanka Íslands fyrir hverju einustu ósk um millifærslu. Síðan þurfti að fylgja því eftir við starfsmenn Seðlabankans að beiðnin yrði afgreidd. Eftir það tóku við útskýringar á ástandinu við erlenda viðskiptavini þar sem reynt var að útskýra hvar greiðslan væri stödd og bið – bið sem jafnvel gat varað í 20 daga.

5.2 Áhrif á fyrirtækin

Innflutningsfyrirtæki og fyrirtæki í innlendri starfsemi

Innflutningsfyrirtækin stóðu frammi fyrir því að geta ekki sent greiðslur til útlanda með sama hætti og áður og oft töfðust þær. Ástæðu þess var oftar en ekki að leita hjá erlendum viðskiptabanka Seðlabankans eins og sjá má á . Af þessum sökum lenti nokkur fjöldi fyrirtækja í vanskilum hjá sínum birgjum – í nokkrum tilvikum í fyrsta skipti í sögu fyrirtækisins – þar sem greiðsla barst ekki fyrr en eftir gjalddaga reiknings.

Fyrirtækin lögðu mikið á sig til að útskýra ástandið á Íslandi sem skilaði árangri því innflutningsfyrirtækin mættu víðast skilningi hjá þeim sem biðu eftir greiðslum. Almennt virtu birgjar að ekki var við fyrirtækin sjálf að sakast þótt greiðslur töfðust og fyrirtækin telja almennt að til langs tíma hafi þau viðhaldið trausti þar sem viðskiptasambönd voru góð fyrir. Það breytti þó ekki afstöðu þeirra birgja sem fóru að krefjast fyrirframgreiðslu á vörum. Þannig voru vörur ekki sendar af stað fyrr en greiðsla hafði borist til erlenda birgjans, ekki var nóg að sýna kvittun um að greiðsla hafði verið send af stað frá Íslandi. Afstaða birgjanna er skiljanleg að því leyti að þeir höfðu brennt sig á skilvirkni greiðslukerfisins og vildu ekki eiga á hættu að greiðslan stöðvaðist einhvers staðar á leiðinni – þótt þeir treystu skilvísi greiðandans.

Útflutningsfyrirtæki og fyrirtæki með alþjóðlega starfsemi

Fyrirtæki í útflutningi lentu í vandræðum með að fá greiðslur frá erlendum viðskiptavinum til Íslands. Það olli því að íslensku útflutningsfyrirtækin lentu í vandræðum með að borga innlendum birgjum á umsömdum tíma. Það mætti þó skilningi hér innanlands þar sem íslensk fyrirtæki gerðu sér grein fyrir þeim töfum sem voru á greiðslumiðlun til landsins.

Einhver útflutningsfyrirtæki telja, þótt þau hafi ekki sannanir fyrir því, að sumir erlendir viðskiptavinir hafi nýtt sér þetta ástand til að draga að senda greiðslur til Íslands. Þótt erlendu

---

[41] Seðlabanki Íslands: Fjármálastöðugleiki 2009. Október 2009, bls. 26–27

fyrirtækin kunni að hafa talið það áhættusamt að senda greiðslur til Íslands er talið líklegt að sum þeirra hafi einfaldlega séð sér leik á borði og fengið vexti á reiðufé nokkrum dögum lengur en ella án nokkurra afleiðinga. Þá eru dæmi þess að erlendum fyrirtækjum hafi verið neitað af erlendum viðskiptabönkum sínum að senda af stað millifærslur til Íslands. Stjórnandi í einu af stærri fyrirtækjum landsins nefndi dæmi um birgja sem fengust ekki til að afhenda vörur því viðskiptabanki þeirra kvaðst ekki taka við neinum greiðslum frá Íslandi.

Sneitt hjá Íslandi

Fyrirtæki sem ekki voru með erlenda starfsemi reyndu mörg hver að stofna erlenda bankareikninga, oftast hjá skandinavískum bönkum til þess að taka á móti greiðslum. Það gekk þó misjafnlega, verst gekk fyrirtækjum sem ekki höfðu verið í viðskiptum við skandinavíska banka áður. Flestum þeirra var neitað um að stofna nýja reikninga á þeirri forsendu að bankarnir vildu ekki vera í viðskiptum við íslensk fyrirtæki.

Íslensk fyrirtæki sem áttu dótturfélög eða voru með starfsemi erlendis gátu nýtt sér það að nokkru leyti til að bjarga sér úr þeim vandræðum sem tafir í greiðslumiðlun ollu. Þau gátu notað dótturfélögin eða erlendu starfstöðvarnar til þess að greiða birgjum og þjónustuaðilum fyrir sig. Einnig gátu þau notað þessi félög til að taka við greiðslum frá erlendum viðskiptavinum, þannig að greiðslurnar fóru aldrei til Íslands sem þær hefðu annars gert ef greiðslumiðlun hefði verið í lagi eins og sýnir.



Mynd 5. Greiðslumiðlun við útlönd og hjáleið íslenskra fyrirtækja með alþjóðlega starfsemi

Það kom hik á sum erlend fyrirtæki þegar dótturfélag tók að greiða reikninga fyrir móðurfélag en eftir útskýringar frá íslensku fyrirtækjunum sættust þau á þetta fyrirkomulag.

Mismunandi reynsla

Af viðtölunum við fyrirtæki að dæma er reynsla þeirra hvað varðar tafir og vandamál í greiðslumiðlum töluvert mismunandi. Sumir líta á þetta sem fremur minniháttar hnökra en aðrir telja vandræðin hafa verið veruleg. Það má telja eðlilegt að þegar greiðslumiðlunarkerfi er umbylt svo til yfir nótt án nokkurs undirbúnings að ýmislegt gangi ekki eins og ætlað er. Síðan bætist við sú óreiða og vantraust sem einkenndi öll samskipti við íslenska aðila á fjármálasviðinu. Flestar greiðslur virðast hafa skilað sér innan 20 daga en einn stjórnandi taldi þó að danskir bankar hefðu algjörlega neitað að senda peninga til Íslands í nokkra mánuði. Af samtölum við Seðlabankann að dæma stenst sú fullyrðing að við danska banka sé að sakast í svo langan tíma þó ekki. Að dómi Seðlabankans getur hátt í þriggja vikna töf hinsvegar verið raunsönn lýsing.

Í ferðaþjónustu getur greiðslufall hjá einum birgja eða þjónustuaðila verið keðjuverkandi og fljótt leitt til mikilla vandræða. Atvinnugreinin er því viðkvæm fyrir röskunum og það að standa ekki skil á tiltölulega lágum upphæðum á réttum tíma getur fljótt undið upp á sig. Það að greiðslur íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja töfðust var því ekki bara bagalegt heldur var í einhverjum tilvikum komið í veg fyrir að framtíð fyrirtækjanna væri stefnt í voða með útsjónarsemi á síðustu stundu.

En kerfið slípaðist til og traust á ferlinu jókst. Flestir stjórnendur eru sammála um það að vandamálin hafi verið langmest í október 2008 en að skikki hafi að mestu verið komið á kerfið um áramótin 2008 og 2009. Síðan þá hefur greiðslukerfið virkað tiltölulega vel þótt gjaldeyrishöftin krefjist meiri skriffinnsku en áður var.

5.3 Þáttur hryðjuverkalaganna í röskun á greiðslumiðlun

Vandræði í greiðslumiðlun og þáttur hryðjuverkalaganna

Flest fyrirtæki höfðu mjög óljósa hugmynd um hvað það var sem olli töfum í erlendri greiðslumiðlun. Viðskiptabankinn þeirra gat ekki séð um greiðslumiðlun lengur og Seðlabanki Íslands hafði tekið við. Fyrirtækjunum var ekki ljóst hvort það voru þessi skipti á umsjónaraðila eða hvort það voru vandamál sem Seðlabankinn þurfti að kljást við vegna ytri aðstæðna sem réðu mestu um tafirnar. Fyrirtækin sendu peningana af stað og vonuðu hið besta.

Þegar Seðlabankinn tók yfir alla erlenda greiðslumiðlun fyrir Ísland yfir nótt komu að sönnu í ljós ýmis vandamál sem tengdust greiðslumiðlunarferlinu. Tiltölulega vel gekk þó að sníða helstu vankanta af ferlinu og ef ekki hefði verið fyrir viðbrögð erlendra banka hefði greiðslumiðlun til og frá Íslandi væntanlega orðið tiltölulega skilvirk innan fárra daga. Þegar á reyndi komu hins vegar í ljós ýmis vandamál sem rekja mátti beint eða óbeint til beitingar hryðjuverkalaganna.

Í ritinu Fjármálastöðugleiki 2009 segir:[42]

> Beiting hryðjuverkalaganna í Bretlandi bætti ekki úr skák og gerði að verkum að ástandið varð mun alvarlegra en það hefði þurft að verða, ekki síst þar sem kyrrsetningarskipun á grundvelli laganna nefndi í upphafi ekki aðeins Landsbanka Íslands, heldur einnig Seðlabanka Íslands, ríkissjóð og FME. Beinn og óbeinn skaði af þessum aðgerðum breskra stjórnvalda varð gríðarlegur. Áhrifin komu ekki einungis fram hjá breskum bönkum og gagnvart greiðslumiðlun í sterlingspundum. Fjöldi banka utan Bretlands neitaði að uppfylla og framkvæma réttmæt greiðslufyrirmæli óháð gjaldmiðli eða uppruna greiðslu. Fjöldi íslenskra fyrirtækja og einstaklinga var að ósekju gerður að vanskilamönnum með tilheyrandi kostnaði og ímyndarskaða.

---

[42] Seðlabanki Íslands: *Fjármálastöðugleiki 2009.* Október 2009, bls. 27

Að mati aðstoðarframkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabankans varð beiting hryðjuverkalaganna til þess að erlend greiðslumiðlun tafðist verulega. Seðlabankinn telur að þessi aðgerð hafi í reynd lokað fyrir innstreymi gjaldeyris til landsins tímabundið.

Tafirnar urðu með þeim hætti að erlendir bankar sem sáu um greiðslumiðlun fyrir Ísland frystu bankareikninga allra íslensku viðskiptabankanna og jafnvel Seðlabankans. Breytti þá engu um hvort væri að ræða greiðslur sem á endanum áttu að fara til íslenskra eða erlendra fyrirtækja. Þegar erlendu bankarnir voru krafðir um skýringar á þessari frystingu nefndu þeir nokkur atriði eins og fjallað eru um í skýrslu Seðlabankans um fjármálastöðugleika árið 2009.[43]

- **Skuldajöfnun**
  Erlendir bankar sem töldu sig eiga kröfur á íslensku bankanna töldu sig mega frysta reikninga þeirra og skuldajafna á móti þeim innistæðum sem voru á þeim reikningum. Það virtist ekki skipta máli þó að um væri að ræða peninga sem áttu ekki að enda hjá íslensku bönkunum heldur þeirra viðskiptavinum eða erlendum birgjum íslenskra fyrirtækja. Auðvelt var hins vegar að benda á óréttmæti og ólögmæti þessa og því héldu bankarnir þessari röksemd ekki lengi fram.

- **Skaðabótaskylda**
  Erlendir bankar neituðu að senda greiðslur til Íslands þar sem þeir töldu sig ekki hafa vissu fyrir því að greiðslan myndi skila sér til rétts viðtakanda þar sem verið var að senda greiðsluna inn í gjaldþrota banka, þ.e. einhvern af nýju bönkunum. Þeir töldu sig geta bakað sér skaðabótaskyldu ef greiðsla myndi ekki skila sér til rétts viðtakanda á endanum. Seðlabanki Íslands gaf því út yfirlýsingu þann 16. október um að hann ábyrgðist að greiðslur sendar gegnum hann myndu berast réttum viðtakendum.

- **Samþykki á uppskiptingu bankanna**
  Sumir erlendir bankar – sem jafnvel töldu sig eiga kröfur á íslensku viðskiptabankanna – héldu því fram að með því að senda greiðslur til Íslands, þ.e. nýju viðskiptabankanna oft á tíðum, væru þeir að leggja blessun sína yfir skiptingu á gömlu bönkunum og setningu neyðarlaganna. Þar með væru þeir að veikja stöðu sína með tilliti til skaðabótakrafna á hendur gömlu bankanna. Þetta er ein ástæða þess að Seðlabankinn tók við greiðslumiðlun til og frá Íslandi þrátt fyrir að nýjir viðskiptabankar hefðu verið stofnaðir.

- **Hryðjuverkalögin**
  Margir bankar töldu sig ekki mega eiga viðskipti við íslenska banka vegna setningar hryðjuverkalaganna. Hryðjuverkalögin voru því síðasta haldreipi erlendu bankanna til útskýringar á því af hverju þeir afgreiddu ekki greiðslur til og frá Íslandi. Samkvæmt Seðlabankanum nefndu flestir ef ekki allir erlendir bankar sem haft var samband við hryðjuverkalögin með beinum hætti, óháð því hvort þeir væru með höfuðstöðvar í Bretlandi, Norðurlöndum, Mið-Evrópu eða Bandaríkjunum.

---

[43] Seðlabanki Íslands: *Fjármálastöðugleiki 2009.* Október 2009, bls. 26–29

Tilskipun um frystingu eigna og túlkun hennar

Upphaflega tilskipun breska fjármálaráðuneytisins, hin svokallaða *freezing order,* á hendur Landsbankanum tilgreinir þá reikninga eða greiðslur sem bannið nær til með eftirfarandi hætti:[44]

Freezing prohibitions

4.— (1) The provisions of this article apply in relation to the following funds („frozen funds") —

(a) funds owned, held or controlled by Landsbanki; and

(b) funds relating to Landsbanki and owned, held or controlled by —

(i) any of the Authorities; or

(ii) the Government of Iceland.

Með *authorities* er vísað til Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og skilanefnd Landsbankans. Það er ekkert í þessari tilskipun sem kemur í veg fyrir að greiðslur sem tengjast ekki Landsbankanum eigi greiða leið. Framkvæmdin var hins vegar mun strangari. Samkvæmt sérfræðingi í erlendri greiðslumiðlun sem starfaði tímabundið hjá Seðlabankanum á þessum tíma má helst rekja þessa víðu túlkun til þess að við beitingu hryðjuverkalaganna, þann 8. október 2008, lenti Ísland á svokölluðum svörtum listum eða bannlistum sem alþjóðlegir bankar notast við. Listarnir voru uppfærðir þann 9. október á þann veg að einungis Landsbankinn var þar nefndur en engu að síður reyndist það þrautin þyngri að vinda ofan af mistökunum frá 8. október. Bönkum ber að kanna bakgrunn viðskiptavina sinna m.a. til að sporna við peningaþvætti og fjármögnun á ólöglegri starfsemi. Hluti af slíku eftirliti felst í því að athuga hvort viðskiptavinir eru á bannlistum sem viðhaldið er af opinberum aðilum.

Hverju er um að kenna að Ísland var sett á þessa lista í upphafi er fremur óljóst og þeir sérfræðingar sem rætt var við kunna ekki nákvæmar skýringar á því. Orðalag greinarinnar sem er tilvitnuð hér að ofan er ekki mjög skýrt og ef til vill hefur nægt að *the Government of Iceland* er að finna 5 línum fyrir neðan fyrirsögnina *Freezing prohibitions* þó þar sé verið að vísa til íslensku ríkisstjórnarinnar sem hugsanlegs vörsluaðila. Þá hafa orð forsætisráðherra Breta í fjölmiðlum og rakin voru fyrr í skýrslunni vart bætt úr skák þar sem hann sagði meðal annars að breska ríkisstjórnin væri að kyrrsetja eignir íslenskra fyrirtækja. Ennfremur hefur þeim sem ekki þekktu vel til verið algjörlega á huldu hvaða íslenskar eignir kynnu að hafa verið tengdar Landsbankanum áður en þær lentu í höndum opinberra aðila. Auðveldast hafi verið að setja einfaldlega ríkisstjórn Íslands á bannlistann. Innri ferli bankanna tóku fyrir viðskipti við nokkurn á slíkum bannlistum. Bankarnir hafa því ekki endilega tekið sjálfstæða og meðvitaða ákvörðun um að stöðva viðskipti til Íslands heldur einungis fylgt sínum ferlum.

Að sögn sérfræðinga gætti þessara áhrifa ekki aðeins þegar um var að ræða breska banka eða greiðslur í breskum pundum. Bankar um allan heim stöðvuðu greiðslur til og frá Íslandi. Ástæðan er líklegast sú að nánast allir stórir bankar heims hafa starfsemi í Bretlandi og verða því að starfa samkvæmt breskri löggjöf, a.m.k. að hluta. Þeim hafi því þótt tryggara að hafa vaðið fyrir neðan sig við túlkun tilskipunarinnar.

Í skýrslu breskrar þingnefndar er vitnað í Ingimund Friðriksson fyrrverandi Seðlabankastjóra:[45]

---

[44] HM-Tresury: *The Landsbanki Freezing Order 2008.* 8. október 2008, http://www.legislation.gov.uk/uksi/2008/2668/pdfs/uksi_20082668_en.pdf

[45] House of Commons Treasury Committee – Banking Crisis: The impact of the failure of the Icelandic Banks, Fifth Report of Session 2008–09 bls. 22

The Government's use of the Anti-Terrorism, Crime and Security Act 2001, on 8 October, to freeze the assets of Landsbanki UK has provoked concern. It also caused significant problems for the Icelandic authorities. Ingimundur Fridriksson, Governor of the Central Bank of Iceland until February 2009, stated that:

> priority was given to the maintenance of smooth payment intermediation and uninterrupted banking operations, and that efforts in that regard were successful in spite of measures such as the „freezing order" imposed on Landsbanki by the British authorities under the Anti-Terrorism, Crime and Security Act—a freezing order that originally extended as well to the Icelandic Government.

Frekari áréttingar og leiðbeiningar um túlkun kyrrsetningarinnar

Breska fjármálaráðuneytið sá ástæðu til þess að gefa út undanþágu frá tilskipuninni eða *General License,* þann 9. október.[46] Þar kemur fram að Landsbankanum í London sé heimilt að senda erlendar millifærslur í umboði viðskiptavina sinna. Það virtist lítið liðka fyrir greiðslumiðlun milli Íslands og annarra landa enda var mun einfaldari ákvörðun fyrir bankana og einstaka starfsmenn þeirra að túlka sínar reglur til hins ítrasta heldur en að eiga á hættu að brjóta ferla og lög.

Breska fjármálaráðuneytið sá ástæðu til að gefa út nýjar og skýrari undanþágur þann 13. október. Þar komu fram nánari útskýringar á tilskipunni og undanþágunum. Þar er tekið sérstaklega fram að tilskipunin gildi aðeins um Seðlabanka Íslands, FME og ríkisstjórn Íslands í þeim tilfellum sem snertir þá sem eiganda eða tilsjónaraðila Landsbankans eða þeirra eininga sem stofnaðar voru út frá hinum fallna banka, *the Authorities and Government of Iceland, but only in their capacity as owner or controller of the activities of the Bank or any successor entity to the Bank.*[47] Þetta virðist þó ekki hafa dugað til að hafa afgerandi áhrif á greiðslumiðlun til og frá Íslandi. Samkvæmt þeim sem gerst þekkja var skaðinn orðinn þegar Ísland lenti á bannlistum og erfitt reyndist að koma erlendum bönkum í skilning um að þeim væri heimilt að stunda greiðslumiðlun við Seðlabankann.

Viðleitni Seðlabankans

Seðlabankinn leitaði þann 16. október eftir hjálp frá seðlabönkum Evrópu, Bandaríkjanna og Kanada til að losa um þessar stíflur í erlendri greiðslumiðlun í þeim löndum. Það skilaði góðum árangri og greiðslur tóku að berast til og frá Íslandi til annarra landa en Bretlands.

Seðlabankinn hafði einnig samband við Englandsbanka, breska fjármálaráðuneytið og breska fjármálaeftirlitið. Það skilaði þeim árangri að enn og aftur reyndi breska fjármálaráðuneytið að skýra tilætlaða framkvæmd tilskipunarinnar betur þann 17. október.[48] Þá var sérstaklega tekið fram að tilskipunin eigi aðeins við um Landsbankann og hafi ekki áhrif á aðra íslenska banka eða önnur íslensk fyrirtæki sem ekki tengjast Landsbankanum. Þar er tekið fram að tilskipunin banni ekki eðlilega fjármagnsflutninga milli Íslands og Bretlands að undanskildum kyrrsettum eignum Landsbankans. Áréttað er að tilskipunin hafi ekki þau áhrif að eignir íslenska ríkisins í Bretlandi skuli kyrrsettar og að tilskipunin gildi aðeins um Seðlabankann, FME og ríkisstjórn Íslands í þeim tilfellum þar sem fjármagn undir þeirra stjórn sé

---

46 HM Treasury: The Landsbanki Freezing Order 2008 – General License. 9. október 2008, http://www.hmtreasury.gov.uk/d/finsanc_landsbanki_general_091008.pdf

47 HM-Treasury: The Landsbanki Freezing Order 2008 – General Licence (L2). 13. október 2008, bls. 1, http://www.hmtreasury. gov.uk/d/finsanc_landsbanki_l2_131008.pdf

48 The Landsbanki Freezing Order 2008, HM Treasury, 17. október 2008, http://www.legislation.gov.uk/uksi/2008/2668/pdfs/uksi_20082668_en.pdf

tengt Landsbankanum. Einnig er tekið fram að tilskipunin gildi aðeins innan Bretlands og fyrir bresk fyrirtæki utan Bretlands. Þá er sérstaklega tekið fram að fjármálastofnun sé heimilt að taka við greiðslum inn á reikninga Landsbankans og framkvæma millifærslur milli reikninga innan Bretlands hvort sem þeir reikningar eru í eigu Landsbankans eða ekki.

Úr rætist með greiðslumiðlun

Í skýrslunni um fjármálastöðugleika 2009 kemur fram að breskir bankar hafi verið tregastir til að senda greiðslur til Íslands. Um dágóða hríð bárust því engar greiðslur frá Bretlandi og greiðslur til Bretlands bárust seint. Í frétt á heimasíðu Seðlabankans frá 21. október 2008 segir:[49]

> Bretland: Erfitt hefur verið um vik að koma greiðslum til og frá Bretlandi. Stöðuna má að hluta til rekja beint til aðgerða breskra yfirvalda. Unnið hefur verið að því að leita leiða til að leysa málið og sá hnútur virðist nú hafa verið leystur að mestu. Búast má þó við að það taki nokkra daga að koma greiðslum í eðlilegt horf.

Þar reyndist kerfið þungt í vöfum og flestir kusu að hafa vaðið fyrir neðan sig þótt fjármálaráðuneyti Bretlands hafi reynt að skýra að tilskipunin nái aðeins til eigna sem tengjast Landsbankanum. Ef til vill hefur sú kergja sem hlaupin var í samskipti landanna og rakin er í kaflanum um fjölmiðlaumfjöllun þar eitthvað að segja líka.

Í skýrslu Seðlabankans segir að einstakir bankar hafi dregið til loka október 2008 að senda greiðslur sem hjá þeim höfðu stöðvast í kringum 8. október. Eftir því sem næst er komist voru það breskir bankar sem lengst töfðu greiðslur en í kringum 30. október losnar þar um og greiðslur berast á ný til og frá Bretlandi. Þessar rétt rúmu þrjár vikur, frá 8. til 30. október, er vísast tímabilið sem fyrirtækin eiga við þegar þau vitna um að greiðslur hafi tafist eða týnst í allt að 20 daga. Viðmælandi hjá Seðlabankanum auk sérfræðings í greiðslumiðlun vitna um að hryðjuverkalögin og þær yfirlýsingar sem fylgdu í kjölfarið hafi framar öðru valdið þessum miklu töfum á erlendri greiðslumiðlun.

Á fundum með yfirstjórnendum fyrirtækjanna kom í ljós að fæstir þeirra gera sér ljósa grein fyrir því hvernig erlend greiðslumiðlun gengur fyrir sig. Margir sögðust hissa á því hversu vel Seðlabankanum tókst þrátt fyrir allt að taka við allri erlendri greiðslumiðlun fyrirvaralaust.

Mat á tjóni vegna tafa á millifærslum til Íslands

Erfitt er að meta með nákvæmum hætti það tjón sem fyrirtækin urðu fyrir vegna tafa í greiðslumiðlun. Fyrirtækin sem við ræddum við hafa ekki reiknað út tjón vegna vaxtakostnaðar eða annarra þátta sem tafir í greiðslumiðlun höfðu áhrif á. Af viðtölunum að dæma urðu útflutningsfyrirtæki að nokkru leyti fyrir neikvæðum áhrifum vegna tafa í greiðslumiðlun sem höfðu neikvæð áhrif á sjóðstreymi þegar fé sem hefði verið hægt að ávaxta eða nota til annarra þátta í rekstrinum barst ekki í nokkra daga eða vikur. Í viðauka V er lagt mat á stærðargráðu tjóns útflutningsfyrirtækja vegna tapaðra vaxta í október 2008. Samkvæmt þeim forsendum sem þar er notast við er tjónið á bilinu 20 til 70 milljónir króna, líklegast í kringum 40 milljónir. Áréttað skal að þessir útreikningar ættu einungis að vera hafðir til hliðsjónar til að meta stærðargráðu tjónsins en ekki er þá litið á sem nákvæmt mat á tjóni.

---

[49] http://sedlabanki.is/?PageID=963

Óbeina tjónið felst líklega helst í tvennu. Annars vegar lentu fyrirtæki sem áður voru kunn fyrir skilvísi í vanskilum. Hins vegar eru skilvirkir fjármagnsflutningar ein af undirstöðunum í alþjóðlegum viðskiptum og að jafnaði gengið út frá því sem vísu að einungis þurfi að hafa áhyggjur af því að greiðslan sé send á stað – ekki af því að hún berist á leiðarenda. Tafirnar og erfiðleikarnir lögðust því á sveif með öðru við að rýra orðspor Íslands.

6. Niðurfelldir gjaldfrestir og krafa um staðgreiðslu frá birgjum

6.1 Áhrifin á fyrirtækin

Erlend tryggingafélög hætta að tryggja greiðslur íslenskra fyrirtækja

Seljandi vöru kaupir greiðslufallstryggingu til að verja sig tapi ef kaupandi vöru greiðir ekki fyrir hana. Nokkur alþjóðleg fyrirtæki sérhæfa sig í að gefa út slíkar tryggingar og eru þau helstu *Euler Hermes, Atradius og Coface.* Eðli málsins samkvæmt byggir útgáfa og verð greiðslufallstrygginga á greiningu á því fyrirtæki sem treyst er á að reiði greiðslu af hendi. Nokkuð algengt var að slíkar tryggingar væru keyptar af erlendum birgjum sem trygging greiðslu ef íslenskt innflutningsfyrirtæki myndi ekki standa við sitt. Það er þó langur vegur frá því að allir birgjar kaupi slíkar tryggingar af stóru tryggingafélögunum. Þeir horfa engu að síður margir til verðs á slíkum tryggingum og meta áhættu í eigin viðskiptum út frá því. Ástæðan er sú að stóru tryggingafélögin eru sérhæfð á þessu sviði og búa yfir meiri þekkingu og aðstöðu til að meta lánshæfi á breiðum grunni.

Að morgni 9. október 2008 hættu fyrrnefnd erlend tryggingafyrirtæki skyndilega gefa út greiðslufallstryggingar á íslensk fyrirtæki.[50] Þó það sé ekki algerlega óyggjandi kom fram í viðtölum að margir töldu að beiting hryðjuverkalaganna og óvissan um hversu víðtæk kyrrsetning eigna fylgdi í kjölfarið hafi beint kastljósinu að Íslandi og orðið til þess að öll fyrirtækin hættu að gefa út tryggingar á sama tíma. Ísland er ekki mikilvægt markaðssvæði fyrir erlendu tryggingafélögin og því einfaldast að hætta að tryggja viðskipti við íslensk fyrirtæki við slíkar aðstæður. Eins og fyrr var rakið líta margir til tryggingafélaganna, sem þó byggðu afstöðu sína á efnahagslífinu í heild frekar en stöðu einstakra fyrirtækja, og áhrifin voru því keðjuverkandi.

Íslensku fyrirtækin reyndu sum hver að fá bankaábyrgðir frá nýju viðskiptabönkunum í stað áðurnefndar greiðslutryggingar. Erlendir aðilar sem á annað borð sóttust eftir ábyrgðum tóku þær þó oft ekki gildar.

Íslensk fyrirtæki krafin um fyrirframgreiðslu

Þessi ákvörðun erlendu tryggingafélaganna leiddi til þess að íslensk innflutningsfyrirtæki voru í miklum mæli krafin um staðgreiðslu eða fyrirframgreiðslu fyrir vöru. Algengt var að innflytjendur gætu nýtt sér 30, 60 eða 90 daga greiðslufrest á innfluttum vörum til að koma vörunum í verð áður en þeir greiddu fyrir þær.

Með staðgreiðslu eykst fjárbinding í óseldum vörum sem gerir auknar kröfur til lausafjárstýringar og eykur kostnað því ella hefði verið hægt að ávaxta féð og nota til annarra þátta í rekstrinum. Í einhverjum tilfellum þurftu fyrirtækin að taka yfirdráttarlán til að fjármagna innflutning með tilheyrandi vaxtakostnaði. Í öðrum tilvikum var laust fé einfaldlega ekki til staðar og þá þarf að hætta við innflutning eða minnka pantanir. Þó ber að líta á að á þessum tíma dróst eftirspurn eftir ýmsum vörum hratt saman og því eðlileg varfærni að flytja minna inn.

---

[50] Samtöl IFS Greiningar við CreditInfo, hagsmunaðila og fyrirtæki

Viðbrögð erlendra birgja voru mismunandi eftir tegund innflutnings. Stjórnandi í fyrirtæki á sviði upplýsingatækni lýsti því að fyrirtæki í þeim geira séu viljug til að vera í viðskiptum við Ísland af þeirri ástæðu að Íslendingar eru framarlega í innleiðingu ýmissa nýjunga á því sviði. Þar má líka bæta því við að í þessum geira er framboðið ekki takmarkandi þáttur. Sem dæmi má nefna að ef hugbúnaður er ekki seldur á Íslandi – þá er hann ekki seldur frekar annars staðar. Því er enginn fórnarkostnaður fólginn í því að sýna biðlund þegar vandræði steðja að. Öðru máli gegnir um hrávörur sem verslað er með á alþjóðamörkuðum, t.d. olíu og ýmsar iðnaðar- og landbúnaðarvörur. Þar sýndu birgjar engan sveigjanleika og sneru sér einfaldlega til næsta kúnna ef minnsta ástæða þótti til að draga greiðsluhæfi íslensks viðskiptavinar í efa. Margar vörur falla síðan þarna á milli, t.d. ýmis matvæli, bifreiðar og fleira. Slíkar vörur eru gjaldgengar á erlendum mörkuðum en með takmarkaðan veltuhraða og líftíma. Viðbrögð birgjanna og hversu sveigjanlegir þeir voru réðst töluvert af þáttum sem þessum.

Í sumum tilfellum smituðust áhrifin til erlendrar starfsemi íslenskra fyrirtækja byggt á því viðhorfi að gjaldþrot móðurfélags gætti leitt til gjaldþrots eða vandræða í starfsemi dótturfélags sem missti bakhjarl sinn. Íslenskt fyrirtæki með alþjóðlega starfsemi lenti í því að birgjar neituðu að afhenta vörur til starfsstöðva fyrirtækisins innan Evrópu nema gegn fyrirframgreiðslu. Greiðslufrestir komust í því tilfelli þó á aftur innan 6 mánaða.

Á móti því tjóni sem fyrirtæki verða fyrir vegna tapaðra greiðslufresta kemur að mörg fyrirtæki náðu að knýja fram staðgreiðsluafslátt hjá birgjum sínum eða höfðu staðgreitt að staðaldri þar sem það þótti hagkvæmara.

Niðurfelling á greiðslufrestum varir enn

Í mörgum tilvikum varir niðurfelling á greiðslufrestum enn þann dag í dag. Ástandið hefur smám saman færst í átt til fyrra horfs fyrir sum fyrirtæki en í heildina er langur vegur frá því greiðslufrestir séu hinir sömu. Þetta er staðan þrátt fyrir að Coface tryggingafélagið hafi byrjað að tryggja sendingar til Íslands aftur strax í desember 2008.[51] Coface er hins vegar það félag sem tryggir hlutfallslega minnst af sendingum til Íslands og erlendir birgjar eru oftast í viðskiptum við aðeins eitt þessara félaga. Það hjálpaði því aðeins til við lítinn hluta vöruinnflutnings þegar Coface hóf að tryggja aftur vörusendingar til Íslands.

Þann 11. júlí 2011 ákvað Atradius að hefja á ný að gefa út greiðslufallstryggingar á íslensk fyrirtæki. Var þá verið að leggja lokahönd á þessa skýrslu og áhrif þessa því ekki komin í ljós en þau munu efalaust verða jákvæð a.m.k. fyrir hluta íslenskra innflutningsfyrirtækja.

Að einhverju leyti hafa fyrirtæki sem misstu greiðslufresti fengið þá til baka vegna langrar viðskiptasögu og traustra viðskiptasambanda. Erlendir birgjar eru þá stundum óvarðir fyrir greiðslufallsáhættu þar sem þeir gátu áður varið sig með tryggingum. Ekki eru öll fyrirtæki tilbúin að taka slíka áhættu og af þeim sökum er hluti innflutnings fyrirframgreiddur enn þann dag í dag þrátt fyrir að aðstæður á Íslandi hafi breyst töluvert frá því að þeir voru felldir niður. Fram kom í samtali við forstjóra í stóru framleiðslufyrirtæki að mun erfiðara er að vinna greiðslufresti til baka en að tapa þeim – jafnvel þótt þær ástæður sem leiddu til niðurfellingarinnar eigi ekki lengur við. Því má einnig bæta við að fjárhagur margra fyrirtækja hefur verið slæmur á undanförnum árum og eignarhaldið jafnvel óljóst sem hefur aukið á áhyggjur birgja.

---

[51] Samkvæmt viðtali IFS Greiningar við CreditInfo í júní 2011

Mörg þeirra fyrirtækja sem rætt var við telja sig hafa orðið fyrir miklu fjárhagslegu tjóni vegna tapaðra gjaldfresta. Þrátt fyrir það hafði ekkert þeirra fyrirtækja reiknað út fjárhæð hugsanlegs tjóns af þessum völdum. Mögulegt tjón er eins og áður segir vaxtakostnaður og minna innflutt magn en fyrirtækið telur sig geta selt.

6.2 Þáttur hryðjuverkalaganna

Samkvæmt samtölum við fyrirtækin og CreditInfo virðist það hafa verið strax um morguninn 9. október 2008 sem tekið var fyrir útgáfu nýrra greiðslufallstrygginga fyrir íslensk fyrirtæki. Það virtist enginn aðdragandi hafa verið að þeirri ákvörðun, t.d. með smám saman hækkandi tryggingagjaldi, skyndilega stóðu þær einfaldlega ekki lengur til boða.

Samkvæmt þeim starfsmanni CreditInfo sem stóð í mestum samskiptum við áðurnefnd erlend tryggingafélög er hægt að draga þá ályktun að setning hryðjuverkalaganna hafi beint kastljósinu að Íslandi í miðju efnahagshruni. Ráðandi undirliggjandi ástæða lokunarinnar hafi þannig ekki verð beiting hryðjuverkalaganna heldur hafi óvissa í efnahagsmálum skipt mestu. Þær ástæður sem félögin hafa gefið fyrir afstöðu sinni eru m.a. gjaldeyrishöft, kerfisáhætta, óvissa um gengi krónunnar, fjöldi gjaldþrota fyrirtækja og óvissa um skuldir fyrirtækja.[52] [53] Euler Hermes gefur enn ekki út greiðslufallstryggingar fyrir íslensk fyrirtæki. Aðrir þættir sem gætu hafa haft áhrif eru Icesave deilurnar við Breta og Hollendinga en fyrirtækin hafa ekki gefið slíkt út opinberlega þótt til séu tölvupóstar þar sem minnst er á það mál beinum orðum.[54] Afnám tilskipunarinnar um eignafrystingu Landsbankans í júní 2009 hafði ekki áhrif á þessa afstöðu fyrirtækjanna og rennir það frekari stoðum undir það að undirliggjandi ástæður lokunarinnar séu ekki aðeins beiting hryðjuverkalaganna.

Ómögulegt er að segja til um hvað hefði gerst varðandi greiðslufallstryggingar til Íslands ef að hryðjuverkalögunum hefði ekki verið beitt en hægt er að líta til þess að flest lönd í Vestur-Evrópu eru í dag með hæstu mögulegu einkunn t.d. hjá Euler Hermes, AA. Árið 2007 leit listinn yfir landsáhættu hjá Euler Hermes svona út:[55]

---

52 http://www.eulerhermes-aktuell.de/de/dokumente/country-review-iceland-20091026.pdf/country-review-iceland-20091026.pdf

53 Samtöl IFS Greiningar við CreditInfo og stjórnendur fyrirtækja sem hafa verið í beinum samskiptum við umrædd félög

54 Samkvæmt samtali við CreditInfo

55 http://www.eulerhermes.com/group/en/documents/economicoutlook_04-2007.pdf/economicoutlook_04-2007.pdf

Population, GDP and risk rating

	Population 2006 (millions)	% of world total	GDP 2006 ($ billions)	% of world total	GDP per capita ($) 2006	Average 2006 exchange rate (units per $1.00)	EH rating**
North America	332.3	5.1	14,521.5	30.0	43,701		AA *
USA	299.7	4.6	13,246.6	27.4	44,197	1.0	AA
Canada	32.6	0.5	1,274.9	2.6	39,130	1.1	AA
Western Europe	402.0	6.1	14,3716	29.7	35,751		AA *
Germany	82.3	1.3	2,899.2	6.0	35,231	0.8	AA
UK	60.5	0.9	2,392.5	4.9	39,524	0.5	AA
France	63.0	0.9	2,250.7	4.7	35,707	0.8	AA
Italy	58.3	0.9	1,853.2	3.8	31,801	0.8	AA
Spain	44.1	0.7	1,225.0	2.5	27,751	0.8	AA
Netherlands	16.3	0.3	670.5	1.4	41,024	0.8	AA
Belgium	10.6	0.2	394.3	0.8	37,281	0.8	AA
Sweden	9.1	0.1	384.0	0.8	42,236	7.4	AA
Switzerland	7.3	0.1	378.5	0.8	51,948	1.3	AA
Norway	4.6	0.1	335.5	0.7	72,363	6.4	AA
Austria	8.3	0.1	322.1	0.7	38,975	0.8	AA
Greece	11.1	0.2	308.5	0.6	27,684	0.8	AA
Denmark	5.4	0.1	276.3	0.6	50,909	5.9	AA
Ireland	4.2	0.1	219.4	0.5	51,807	0.8	AA
Finland	5.2	0.1	210.1	0.4	40,055	0.8	AA
Portugal	10.6	0.2	194.8	0.4	18,445	0.8	AA
Luxembourg	0.5	0.0	40.6	0.1	87,970	0.8	AA
Iceland	0.3	0.0	16.3	0.0	54,062	69.9	A

Hér sést að í nóvember árið 2007 var einkunn Íslands lægri en annarra Vestur-Evrópuríkja, eða A í stað AA.

Í júní 2011 uppfærðu Euler Hermes einkunnir landa (e. country ratings) og hélst einkunn Íslands óbreytt í D en ríki á borð við Grikkland, Írland, Ítalíu, Portúgal og Spán héldu öll einkunninni AA þrátt fyrir ýmsar blikur séu á lofti hvað varðar efnahag þessara ríkja.[56] Ekki verður gerð tilraun til að túlka þessar niðurstöður í smáatriðum en rétt er að benda á skilgreiningu Euler Hermes á landsáhættu í þessu samhengi:[57]

> The country rating is an evaluation of the risk of payment default for short-term business in a specific country due to political and/or economic factors.

Hér er lagt áherslu á áhættu til skamms tíma – en greiðslufrestir eru yfirleitt í mesta lagi til nokkurra mánaða. Hægt er að draga þá ályktun að Euler Hermes telji að þeir atburðir sem hafa átt sér stað t.d. í Grikklandi síðastliðna mánuði hafi ekki í för með sér teljandi áhættu þegar litið er til nokkurra mánaða. Gagnályktun segir að á Íslandi ríki mikil áhætta af pólitískum eða efnahagslegum toga – jafnvel enn í dag, tæpum þremur árum eftir að hætt var að gefa út tryggingar.

Að sögn CreditInfo og þeirra fyrirtækja sem við ræddum við sem höfðu sett sig í beint samband við fyrirtæki á borð við Euler Hermes þá hefur beiting hryðjuverkalaganna sjaldan

---

56 http://www.eulerhermes-aktuell.de/en/country-ratings/europe.html
57 http://www.eulerhermes-aktuell.de/en/country-ratings/europe.html

verið nefnd í samtölum og ekki gefin upp sem ástæða fyrir að setja einkunn Íslands í lægsta mögulega flokk. Hvað sem því líður er það mat þeirra að beiting hryðjuverkalaganna hafi verið sá atburður sem hratt þessum aðgerðum af stað.

6.3 Mat á stærðargráðu tjóns vegna vaxtakostnaðar við fjármögnun innflutnings

Eins og áður hefur komið fram er erfitt að meta það tjón sem hlotist hefur af völdum tapaðra gjaldfresta og ekkert þeirra fyrirtækja sem við ræddum við hafði reiknað það út. Einn þáttur tjónsins er vaxtakostnaður vegna fjármögnunar á þeim fyrirframgreiðslum sem krafist var á innfluttar vörur. Til að skoða stærðargráðu þess tjóns notuðum við opinberar tölur um innflutning og vexti ásamt þeim upplýsingum sem við fengum hjá fyrirtækjum í viðtölum. Nákvæmari útskýring á útreikningum má finna í viðauka IV. Það skal tekið fram að margar breytur í útreikningum á vaxtakostnaði vegna fjármögnunar innflutnings eru háðar töluverðri óvissu en hægt er að nota þessa aðferð til að gera sér grein fyrir stærðargráðu tjónsins fyrsta árið eftir að gjaldfrestir voru felldir niður. Kostnaðurinn er samkvæmt þessum útreikningum á bilinu tveir til níu milljarðar kr. og liggur líklegast í kringum fimm milljarða kr.

Það skal áréttað að þessir útreikningar gefa aðeins hugmynd um stærðargráðu tjónsins sem varð vegna vaxtakostnaðar við fjármögnun innflutnings í 1 ár eftir að gjaldfrestir voru felldir niður. Einnig skal því haldið til haga að vaxtakostnaður er aðeins hluti þess tjóns sem fyrirtæki urðu fyrir vegna niðurfellingar gjaldfresta. Einnig skal áréttað eins og kemur fram í kafla 6.1 að undirliggjandi ástæður niðurfellingar gjaldfresta eru fleiri en beiting hryðjuverkalaganna.



Mynd 7 Súlurnar sýna dreifingu í milljörðum króna á beinu tjóni fyrirtækja vegna niðurfelldra gjaldfresta. Dökka línan sýnir líklegasta gildi, um 5,2 milljarða.

7. Fyrirhöfn og tími stjórnenda fyrirtækjanna

Áhrifin á fyrirtæki

Mikill tími lykilstjórnenda fyrirtækjanna sem rætt var við fór á þessum tíma í að upplýsa erlenda viðskiptavini, birgja, banka, tryggingafélög og aðra aðila um stöðuna á Íslandi. Margir erlendir aðilar höfðu fengið villandi upplýsingar um stöðuna á Íslandi í gegnum erlenda fjölmiðla. Stjórnandi í fyrirtæki sem flytur inn mikið magn af matvöru til Íslands sagði frá því að hann hafi verið spurður af erlendum aðilum hvort að enn væri einhver matur eftir í hillum íslenskra stórmarkaða. Umrætt fyrirtæki eyddi gríðarlegum tíma í að upplýsa sína stærstu og mikilvægustu birgja um stöðuna á Íslandi, stöðu fyrirtækisins sjálfs og greiðsluhæfi þess. Flest fyrirtæki sem rætt var við hafa svipaða sögu að segja þótt verkefnið hafi verið mismunandi tímafrekt frá fyrirtæki til fyrirtækis. Í sumum tilfellum var farið erlendis til að heimsækja erlenda birgja og upplýsa þá og í öðrum tilfellum var birgjum boðið til Íslands til að fara yfir stöðuna.

Þau fyrirtæki sem voru fjármögnuð erlendis að einhverju leyti greindu frá því að fundir með erlendum bönkum hafi verið mjög erfiðir. Þeir stóðu lengi yfir, erlendu aðilarnir þekktu lítið til íslensks efnahagslífs og skildu illa hvað var að gerast. Slíkir fundir fóru oft fram í gegnum fjarfundabúnað en nokkur dæmi komu fram um að íslensk fyrirtæki hafi þurft að fara til London eða annarra staða til að hitta erlenda banka. Slíkum ferðum fylgir bæði ferðakostnaður og kostnaður við tíma lykilstjórnenda. Stjórnendur í íslensku iðnfyrirtæki þurftu að fara til London á fund með bönkum þar til að sannfæra þá um að rekstur fyrirtækisins væri í lagi og að fyrirtækið gæti borgað af sínum skuldum. Nokkur fyrirtæki höfðu svipaða sögu að segja.

Staða fyrirtækjanna gagnvart erlendum viðskiptavinum er misjöfn og stærð erlendra fyrirtækja er oft margföld stærð íslenskra fyrirtækja sem eiga í viðskiptum við þau. Af þeim sökum voru yfirstjórnendur íslenskra fyrirtækja oft í samskiptum við millistjórnendur erlendu fyrirtækjanna sem höfðu ekki ákvörðunarvald t.d. til að veita íslenska fyrirtækinu greiðslufrest. Á þessu eru þó undantekningar þar sem persónuleg sambönd höfðu myndast við æðstu stjórnendur erlendra stórfyrirtækja vegna áhuga þeirra á Íslandi. Íslenskt fyrirtæki sem þurfti sárlega á því að halda að erlent stórfyrirtæki sýndi því sveigjanleika gat haft samband beint við forstjórann vegna persónulegra tengsla hans við Ísland. Aukin fyrirgreiðsla var snarlega veitt af forstjóranum en slíkt hefði vafist fyrir millistjórnendum. Frásagnir af því hvernig slík persónuleg tengsl björguðu málum voru margar. Á erfiðum tímum getur skipt sköpum að ná eyrum þeirra sem ráða og fyrirtækin sögðust hafa verið rækilega minnt á mikilvægi þess að rækta viðskiptasambönd sín.

Þáttur hryðjuverkalaganna

Í þeirri upplýsingagjöf sem hér er nefnd að ofan fólst hún í að útskýra mun fleiri þætti heldur en beitingu hryðjuverkalaganna og áhrif þeirra á íslenskt efnahagslíf. Íslensku fyrirtækin forðuðust að nefna beitingu hryðjuverkalaganna að fyrra bragði en sumir erlendir aðilar spurðu út í þau. Nokkrir stjórnendur nefndu að erlend stórfyrirtæki velji orð sín af kostgæfni og þótt hryðjuverkalögin hafi ekki verið nefnd við íslenskt fyrirtæki kunna þau að hafa verið rædd innan veggja erlendu aðilanna.

Mat á stærðargráðu tjóns vegna tapaðs tíma starfsmanna

Erfitt er að meta hversu miklum tíma stjórnendur hafa varið í október 2008 til að upplýsa erlenda aðila um sína stöðu. Hluti af þeirri upplýsingagjöf fól í sér útskýringar á beitingu hryðjaverkalaga og áhrif þess á fyrirtækið auk tíma sem fór í að koma erlendum greiðslum út eftir nýjum leiðum. Fyrirtæki hafa ekki metið þennan tapaða tíma nákvæmlega. Í viðauka 0 er lagt mat á stærðargráðu tjónsins þar sem gert er ráð fyrir að 40–80 inn- og útflutningsfyrirtæki hafi orðið fyrir marktæku tjóni vegna tapaðs tíma starfsmanna. Áætlað tjón er á bilinu 10 til 50 milljónir kr. miðað við þær forsendur sem þar eru notaðar og líklegast í kringum 27 milljónir kr. Áréttað skal að þessir útreikningar ættu einungis að vera hafðir til hliðsjónar til að meta stærðargráðu tjónsins og ekki skal litið á þá sem nákvæmt mat.

8. Orðspor Íslands og áhrif þess á fyrirtæki

Orðspor – mælingar og undirliggjandi þættir

Orðspor er margslungið hugtak sem erfitt er að henda reiður á. Enn erfiðara er að meta hvernig orðspor hefur áhrif á aðra þætti, s.s. hvernig slæmt orðspor lands hefur áhrif atvinnustarfsemi. Nokkur fyrirtæki meta orðspor mismunandi ríkja og nota til þess mismunandi

aðferðir. Eitt þessara fyrirtækja er *Reputation Institute*[58] en það hefur búið til líkanið *Country RepTrackTM*[59] til að meta orðspor þjóðlanda. Líkanið byggir á því að meta 11 undirliggjandi þætti sem það skiptir í þrjár víddir og vegur saman til þess að fá mat á orðspori þjóðlanda. Þessar víddir og undirliggjandi þættir eru:

I. **Skilvirk stjórnsýsla**
Landið býður upp á hagstætt umhverfi fyrir viðskipti
Stjórnsýsla landsins er skilvirk
Félags- og efnahagsstefna landsins er framsækin
Landið er ábyrgur þátttakandi í samfélagi þjóðanna
II. **Þróað hagkerfi**
Landið framleiðir hágæða vörur og þjónustu
Frumkvöðlastarfsemi landsins er mikil
Landið er tæknilega þróað
Framlag landsins til heimsmenningarinnar er mikilvægt
III. **Aðlaðandi umhverfi**
Landið er fallegt
Í landinu er hægt að njóta lífsins
Landið býður aðlaðandi lífsstíl

Þættirnir eru metnir bæði útfrá því hvernig landið er séð erlendis frá, þ.e. ytra orðspor, og eins hvernig íbúar landsins meta þættina sjálfir, þ.e. innra orðspor. Þættirnir eru síðan vegnir saman og einkunn fyrir orðsporið á bilinu 0 til 100 fundin.

Samkvæmt skýrslunni eru lönd með gott orðspor líklegri til að laða að fjárfesta, styðja við eigin fyrirtæki út á við, laða að ferðamenn og eiga gott stjórnmálalegt samband við erlend ríki.

Ytra og innra orðspor

Könnunin var gerð meðal 39 ríkja en því miður metur fyrirtækið ekki orðspor Íslands. Ef litið er til ytra orðspors röðuðu Norðurlöndin ásamt Kanada, Ástralíu og Sviss sér í efstu sæti listans árið 2010 með orðsporseinkunn um og yfir 75. Íran lenti langneðst með einkunn í kringum 20 en Kólumbía, Kína og Rússland stóðu þar næst með einkunnir á bilinu 35 til 40.

Almennt meta þjóðir eigið orðspor hærra en erlendir aðilar, t.a.m. kunna Ástralar að meta eigið ágæti og sitja í efsta sæti með 88 stig og Kínverjar gefa sér tvöfalda þá einkunn sem aðrar þjóðir gefa þeim. Einu þjóðirnar þar sem íbúarnir meta sig lægra en erlendir aðilar eru Belgía, Grikkland og Japan. Í skýrslunni er einnig stuttleg fjallað um hvernig neikvætt orðspor helst í hendur við lágt sjálfsmat þjóða:

> For the second consecutive year the general public of Australia has rated its own country as having the top reputation.
>
> Meanwhile, Greece and Hungary, where the financial crisis has hit hard, has experienced a strong negative impact upon its self-image.

---

[58] Sjá http://www.reputationinstitute.com/.
[59] Country Rep 2010, The Most Reputable Countries in the World, Reputation Institute, 2010

Það er ekki ólíklegt að í tilfelli íslensku þjóðarinnar hafi efnahagskreppan haft svipaðar afleiðingar. Sjálfsmat þjóðarinnar kann að hafa lækkað meira heldur en mat erlendra aðila á orðspori landsins.

Orðspor – fjárhagslegar afleiðingar

Þótt búið sé að mæla orðsporið er enn erfitt að finna fjárhagslegan mælikvarða á gildi orðspors. Í skýrslu Reputation Institute er þó rakið dæmi um hvernig bætt orðspor helst í hendur við auknar tekjur, þ.e. á meðan ytri orðsporseinkunn Brasilíu hækkar um 10% aukast tekjur af ferðamönnum um 3%. Í tilfelli Íslands er málið flóknara því þótt hvað viðskipti varðar hafi orðsporið lækkað þá leiddi fall krónunnar til þess að Ísland kann að hafa getið sér orðspors sem tiltölulega ódýrara en áður. Ferðamenn geta því betur notið lífsins þegar landið er heimsótt sem hefur áhrif á vídd 3.

Það er hins vegar ljóst í hugum flestra viðmælenda að orðspor íslensks viðskiptalífs beið mikla hnekki í hruninu; traust hefur þorrið, áhugi á viðskiptum minnkað og samskipti stirðnað. Víða í viðskiptalífinu er álitið að hryðjuverkalögin hafi lagt þar lóð á vogarskálarnar, einkum fyrst um sinn eftir setningu þeirra. Ef litið er til líkansins um orðsporið er líklegast að beiting hryðjuverkalaganna hafi haft mest áhrif á vídd I, þ.e. umhverfi fyrir viðskipti er ekki álitið jafn hagstætt og áður og stjórnsýsla landsins er ekki jafn skilvirk og áður var talið, t.d. m.t.t. gjaldeyrishafta.

Beiting hryðjuverkalaganna hafði að sönnu áhrif á orðstír Íslands en er þar samtvinnað öðrum þáttum atburðarásarinnar. Orðsporið eitt er erfitt að meta og enn erfiðara að finna fjárhagslega mælikvarða því tengdu. Að dómi þeirra sem rætt var við hafa íslensk fyrirtæki mætt tortryggni frá erlendum aðilum sem eru hikandi við að stunda viðskipti við íslensk fyrirtæki og vilja það í sumum tilfellum alls ekki. Íslensk fyrirtæki hafa því hugsanlega misst af viðskiptatækifærum við erlenda aðila eða fengið verri kjör en áður vegna orðspors og efnahagsástands Íslands. Ýmislegt annað skaðaði ímynd Íslands en hagsmunasamtök og fyrirtæki eru á einu máli að um að hryðjuverkalögin hafi gert illt verra.

Einnig er forvitnilegt að velta fyrir sér hvort innra og ytra orðspor hafa þróast á svipaðan hátt. Það er ekki loku fyrir það skotið að töluverður hluti tjónsins sé lækkað sjálfsmat. Fyrirtæki séu því meira hikandi, drifkraftur og frumkvæði hafi minnkað. Þetta er þó ekki einfalt að meta eins og sést á ýmissi frumkvöðlastarfsemi.

Hvert tjónið er af lækkuðu orðspori í heild er því nær ómögulegt ef ekki ómögulegt að meta – og það að skilja beitingu hryðjuverkalaga þar frá og meta sérstaklega þátt þeirra er enn erfiðara.

9. Niðurstöður

Beiting hryðjuverkalaganna hafði að sönnu áhrif á íslensk fyrirtæki. Áhrifin eru þó að mestu óbein, þ.e. beiting laganna magnaði ýmsa neikvæða þætti, gerði umfjöllun óvægnari og var í sumum tilvikum kornið sem fyllti mælinn. Fyrstu áþreifanlegu þættirnir voru tafir á greiðslum til og frá landinu og niðurfelldir gjaldfrestir. Einhverjar vikur tók að koma lagi á greiðslumiðlunina og í mörgum tilvikum gengur hægt að endurheimta gjaldfrestina. Starfsmenn fyrirtækjanna þurftu að bregðast hratt við, leita óhefðbundinna lausna og halda viðskiptavinum og samstarfsaðilum upplýstum. Með elju- og útsjónarsemi dagana í október 2008 tókst nánast alltaf að forða tjóni – jafnvel við aðstæður þar sem gjaldþrot blasti við.

Ein helsta niðurstaðan úr viðtölum við fyrirtækin er að þau eiga í miklum erfiðleikum með að skilja þátt beitingar hryðjuverkalaganna frá öllu því sem gekk á í íslensku efnahagslífi á

seinni hluta ársins 2008. Fyrirtækin sjálf segjast ekki hafa metið tjónið sjálf og það sé bæði erfitt að meta það og skilja beitingu hryðjuverkalaganna frá öðrum þáttum. Því er erfitt um vik að meta tjónið fyrir stærstu fyrirtæki Íslands eða fyrirtækin í heild og verður aðeins gert út frá magntölum. Með slíkri nálgun er það metið að áhrif af töfum í greiðslumiðlun, niðurfelldir gjaldfrestir og kostnaður vegna aukinnar vinnu hafi leitt til beins tjóns sem metið er á bilinu tveir til níu milljarðar króna og með líklegasta gildi kringum 5,2 milljarða fyrir fyrirtækin í landinu. Langmestan hluta þess tjóns má rekja til niðurfelldra gjaldfresta. Þetta mat er óvissu háð auk þess sem fleira kemur til en beiting hryðjuverkalaganna af hálfu Breta.



Mynd 8 Súlurnar sýna dreifingu í milljörðum króna á beinu tjóni fyrirtækja vegna tafa í greiðslumiðlun, niðurfelldra gjaldfresta og kostnað vegna aukinnar vinnu sem, skv. mati. Dökka línan sýnir líklegasta gildi, um 5,2 milljarða.

Flest bendir til þess að óbeint tjón sé mun hærra og líklegt er að laskað orðspor íslensks efnahagslífs – og þar með íslenskra fyrirtækja – hafi langmest tjón í för með sér. Hver þáttur beitingar hryðjuverkalaganna var og er á orðsporið og hversu langan tíma tekur að vinna orðsporið til baka er nær ómögulegt að meta.

10. Viðaukar

I. Aðferðafræði og viðmælendur

Við vinnslu skýrslunnar var leitast við að hafa samband við sem flest af stærstu inn- og útflutningsfyrirtækjum landsins líkt og talið var gagnlegt í beiðni til fjármálaráðherra. Í flestum tilvikum var beiðni um viðtal vel tekið en einhver fyrirtæki gáfu ekki kost á viðtali.

Í heildina var rætt við 37 fyrirtæki við gerð skýrslunnar. Í flestum tilfellum voru það forstjóri eða fjármálastjóri fyrirtækjanna sem urðu fyrir svörum en stundum var vísað á aðra starfsmenn sem gátu betur greint áhrif lagabeitingarinnar. Í sumum tilvikum hafði verið skipt um yfirstjórnendur frá því í október 2008 og var þá rætt við millistjórnendur sem yfirstjórnendur töldu að þekktu málavexti best. Einnig var rætt við fulltrúa hagsmunasamtaka og stofnana eða beint við einstaklinga sem þekkja málavöxtu beint og/eða hafa sérþekkingu á einhverjum af þeim sviðum sem um er rætt í þessari skýrslu.

Haft var samband við 57 fyrirtæki en sum þeirra gáfu ekki kost á samtali eða töldu sig ekki hafa neinar upplýsingar fram að færa við gerð skýrslunnar.

Greinendur sem ræddu við fyrirtækin og aðra aðila eru sérfræðingar á sviði fjármálaverkfræði, rekstrarverkfræði eða hagfræði.

Fyrirtæki og stofnanir sem rætt var við

Fyrirtæki sem urðu fyrir áhrifum
32 fyrirtæki með rúmlega 1.300 milljarða kr. samanlagða veltu árið 2008 voru heimsótt og viðtal tekið við stjórnendur. Þrjú af þessum viðtölum fóru fram í síma vegna staðsetningar viðmælanda.
5 fyrirtæki með samanlagaða veltu rúmlega 130 milljarða kr. árið 2008 svöruðu fyrirspurn efnislega með tölvupósti

Almennar upplýsingar um áhrif
Samtök Atvinnulífsins – Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands – Björn Þór Arnarson, aðalhagfræðingur
Fjármálaeftirlitið – Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri
Sigurjón Þ. Árnason – Fyrrverandi bankastjóri Landsbanka Íslands

Tapaðir gjaldfrestir
Rakel Sveinsdóttir – Fyrrverandi framkvæmdastjóri CreditInfo
CreditInfo – Ása Birna Ólafsdóttir, forstöðumaður þjónustusviðs

Erlend greiðslumiðlun
Seðlabanki Íslands – Guðmundur Tómasson, aðstoðarframkvæmdastjóri fjármálasviðs
Sigríður María Torfadóttir – Sérfræðingur í erlendri greiðslumiðlun og starfsmaður Íslandsbanka
Borgun – Haukur Oddson, forstjóri og Bergþóra Karen Ketilsdóttir, forstöðumaður viðskiptavers

Auk þess var rætt óformlega við fjölda einstaklinga úr atvinnulífinu, frá hagsmunasamtökum og sérfræðinga innan bankakerfisins og háskólasamfélagsins.

II. Spurningalisti til fyrirtækja
Spurningalisti – Áhrif hryðjuverkalaga

Lýsing á fyrirtæki

Heiti fyrirtækis: _____
Viðmælandi: _____
Staða: _____
Dagsetning: _____
Áætluð ársvelta: _____
_____
_____

Atvinnugrein, markaðssvæði, inn- og útflutningur:

Atvinnugrein:	Markaðssvæði	Inn- eða útflutningur
☐ Sjávarútvegur	☐ Bretland	☐ Útflutningur
☐ Iðnaður	☐ Norðurlönd	☐ Innflutningur
☐ Landbúnaður	☐ Evrópa	☐ Innlend starfsemi
☐ Smásöluverslun	☐ Ameríka	☐ Erlend starfsemi
☐ Heildsöluverslun	☐ Asía	☐ Annað _____
☐ Ferðaþjónusta	☐ Annað _____	
☐ Hugbúnaðargerð		
☐ Hátækniþjónusta		
☐ Önnur þjónusta		
☐ Annað _____		

Athugið, hér má merkja við fleiri en einn þátt ef við á innan hvers lista

Nánari lýsing á fyrirtæki:
_____
_____
_____
_____
_____
_____
_____
_____

Bein eða óbein áhrif á fyrirtækið

1. **Hafði setning hryðjuverkalaganna einhver <u>bein</u> áhrif á fyrirtækið eða dótturfélög þess?**
   - ☐ Nei, engin bein áhrif
   - ☐ Já, smávægileg neikvæð bein áhrif
   - ☐ Já, talsverð neikvæð bein áhrif
   - ☐ Já, mikil neikvæð bein áhrif
   - ☐ Já, jákvæð bein áhrif

   Stutt lýsing á áhrifum (fyllist út af spyrjanda eða fyrirtæki eftir atvikum):
   _____
   _____
   _____
   _____
   _____

_____
_____

Hér er átt við beinar afleiðingar á starfsemi fyrirtækisins til dæmis tafir á sendingum og tjón á viðkvæmri vöru, erfiðleika við greiðslu eða innheimtu viðskiptakrafna. Ennfremur er átt við viðskiptasamninga sem ónýttust, töfðust eða urðu fyrir öðrum skakkaföllum sökum hryðjuverkalaganna. Jákvæð áhrif gætu til dæmis verið aukinn skilningur hjá viðskiptavinum á erfiðleikum sem voru þegar til staðar, aukinn afsláttur í kjölfar laganna eða annað.

2. **Hafði setning hryðjuverkalaganna einhver <u>óbein</u> áhrif á fyrirtækið eða dótturfélög þess?**
   - ☐ Nei, engin óbein áhrif
   - ☐ Já, smávægileg neikvæð óbein áhrif
   - ☐ Já, talsverð neikvæð óbein áhrif
   - ☐ Já, mikil neikvæð óbein áhrif
   - ☐ Já, jákvæð óbein áhrif

   Stutt lýsing á áhrifum:

   _____
   _____
   _____
   _____
   _____
   _____

   Hér er átt við óbeinar afleiðingar á starfsemi fyrirtækisins til dæmis áhrif á orðspor þess og ímynd. Aukinheldur ef viðskiptasambönd hafa trosnað, trúverðugleiki þorrið, hugsanleg viðskiptatækifæri glatast, lánstraust minnkað hjá birgjum og viðskiptabönkum o.s.frv.

Beint eða óbeint tjón fyrirtækisins

3. **Fylgdi setningu hryðjuverkalaganna eitthvert <u>beint</u> fjárhagslegt tjón fyrir fyrirtækið eða dótturfélög þess?**
   - ☐ Nei, ekkert beint fjárhagslegt tjón
   - ☐ Já, < 1 milljón
   - ☐ Já, <10 milljónir
   - ☐ Já, <100 milljónir
   - ☐ Já, > 100 milljónir [Hægt að breyta þessum skala]
   - ☐ Nákvæmari upphæð ef gögn eru fyrirliggjandi: _____

   Stutt lýsing á tjóni:

   _____
   _____
   _____
   _____
   _____
   _____

   Fjárhagslegt tjón í samræmi við lið 1.

4. **Fylgdi setningu hryðjuverkalaganna eitthvert <u>óbeint</u> tjón fyrir fyrirtækið eða dótturfélög þess sem hægt er að meta til fjár?**
   - ☐ Nei, ekkert beint fjárhagslegt tjón
   - ☐ Já, < 1 milljón
   - ☐ Já, <10 milljónir
   - ☐ Já, <100 milljónir
   - ☐ Já, > 100 milljónir [Hægt að breyta þessum skala]
   - ☐ U.þ.b. upphæð ef gögn eru fyrirliggjandi: _____

Stutt lýsing á tjóni:

_____
_____
_____
_____
_____

Fjárhagslegt tjón í samræmi við lið 1.

Hversu lengi vöruðu áhrifin

5. **Hversu lengi vöruðu áhrif hryðjuverkalaganna?**
   - ☐ < 1 mánuð
   - ☐ < 3 mánuði
   - ☐ < hálft ár
   - ☐ < 1 ár
   - ☐ < 2 ár
   - ☐ Vara enn

Nánari lýsing á því hvernig áhrifin dvínuðu eða hver þau eru í dag:

_____
_____
_____
_____
_____

Sbr. lið 1 og 2.

III. Flokkun fyrirtækja

Innflutningsfyrirtæki
Þau fyrirtæki sem byggja starfsemi sína á því að flytja inn vörur og dreifa og/eða selja þær innan Íslands hvort sem um ræðir í smásölu eða heildsölu.

Útflutningsfyrirtæki
Undir þennan flokk falla fyrirtæki sem byggja starsemi sína á því að flytja vörur eða hugvit til erlendra viðskiptavina og hafa stærstan hluta tekna sinna erlendis. Undir þennan flokk falla nokkur stór íslensk fyrirtæki sem eru með umfangsmikla starfsemi erlendis.

Innlend starfsemi
Undir þennan flokk falla þau fyrirtæki sem byggja starfsemi sína á sölu á vörum eða þjónustu innanlands. Þessi fyrirtæki eru í sumum tilfellum mjög stórir aðilar í innflutningi en innflutningurinn eru þá hráefni til verðmætasköpunar og rekstrar fyrirtækisins.

Alþjóðleg starfsemi
Undir þennan flokk falla þau fyrirtæki þar sem starfsemin snýst fyrst og fremst um vöru- og fólksflutninga milli Íslands og annara landa ásamt tengdri þjónustu. Þessi fyrirtæki hafa því miklar tekjur bæði innanlands og erlendis.

IV. Mat á stærðargráðu tjóns vegna vaxtakostnaðar við fjármögnun innflutnings

Notuð var Monte Carlo hermun til að reikna út bil heildarvaxtakostnaður miðað við þær forsendur sem við höfum. Allar breytur voru nálgaðar við með þríhyrningsdreifingu. Ástæða notkun þríhyrningsdreifingar eru sú að við höfðum ekki næg gögn í höndunum til að nálga aðrar dreifingar og er það viðtekin venja í tölfræði og líkindafræðum að notast við þríhyrningsdreifingu þegar svo er. Þríhyrningsdreifing hefur þrjú inntök og þau eru lægsta gildi, líklegasta gildi og hæsta gildi. Þegar breytur sem innihalda óvissu eru margfaldaðar saman magnast óvissa í útkomu og skal því hafa í huga að þessir útreikningar gefa mynd af stærðargráðu tjónsins en ættu ekki að vera túlkaðir sem nákvæm niðurstaða.

Við útreikning á vaxtakostnaði var notast við eftirfarandi breytur

	Lægsta gildi	**Líklegasta gildi**	**Hæsta gildi**
Vextir á lausafé (VL)	1,40%	7%	8%
Yfirdráttarvextir (YD)	19,95%	23%	26,85%
Meðalgjaldfrestur áður (GF)	15	30	60
Innflutningur í heilt ár án súráls (IF)		460.000.000.000 kr.	
Prósenta af innflutningi sem missti gjaldfrest(MG)	50%	70%	90%
Meðal staðgreiðsluafsláttur (SA)	2%	5%	10%
Hluti sem fjármagnaður er með yfirdrætti (FY)	50%	75%	95%

Heildarvaxtakostnaður (VK) reiknast því með formúlunni **VK = IF*(FY*YD+(1-FY)*VL)*(GF/360)*MG*(1-SA)**

Hermunin var endurtekin 60.000 sinnum og niðurstaðan er bil fyrir heildarvaxtakostnaðinn.

Vegna áðurnefndrar óvissu er ekki ráðlagt að rýna of mikið í enda (e. tails) dreifingarinnar heldur skoða heildarbilið og hvar kúfurinn liggur. Það má draga þá ályktun að tjónið sé á bilinu tveir til níu milljarðar og líklegasta gildi sé í kringum fimm milljarðar kr.

Nánari útskýring á breytum:



Vextir á lausafé
Fyrirtæki þurftu að nota laust fé til að fjármagna innflutning. Hefði ekki komið til niðurfellingar gjaldfresta hefði þetta fé getað skapað fyrirtækinu vaxtatekjur. Til grundvallar þeirra gilda sem stuðst var við í útreikningum voru gögn frá Seðlabanka Íslands um innlánavexti almenna sparisjóðsbóka í okt. 2008–okt. 2009.

Vextir á yfirdrætti
Fyrirtæki eiga í mörgum tilfellum ekki nægt laust fé til að fjármagna innflutning sinn með því eingöngu og þurftu að fjármagna hann með yfirdrætti til skamms tíma. Til grundvallar vöxtum á yfirdrátt var notast við gögn frá Seðlabanka Íslands um hæstu mánaðarvexti á óverðtryggð skuldabréfalán.

Meðalgjaldfrestur áður
Algengur gjaldfrestur er 30 dagar en stundum er hann lægri og stundum 45, 60 eða 90 dagar. Nálgun á meðalgjaldfresti var framkvæmd út frá þeim tölum sem fram komu í viðtölum við fyrirtæki.

Innflutningur í heilt ár án súráls
Hér er um að ræða innflutning á vörum eingöngu, ekki þjónustu. Súrál er dregið frá þar sem álfyrirtækin eru mjög stórir innflytjendur en búa að því að vera dótturfélög stórra erlendra fyrirtækja, því urðu áhrif gjaldfresta á þau ekki sambærileg við íslensk fyrirtæki. Tölur fyrir innflutning frá okt. 2008 og út sept 2009 voru fengnar á vef hagstofu Íslands. Þegar meðaltal innflutts súráls 2008 og 2009 dregið frá er útkoman um 460 milljarðar kr.

Prósenta af innflutningi sem missti gjaldfrest
Gjaldfrestir voru ekki felldir niður á allan innflutning þar sem sum fyrirtæki héldu sömu kjörum hjá ákveðnum birgjum. Við áætlum í útreikningum að 50–90% innflutnings hafi misst gjaldfrest.

Meðal staðgreiðsluafsláttur
Eins og kemur fram í kafla 6.1 fengu sum fyrirtæki staðgreiðsluafslætti hjá hluta birgja sinna. Mjög misjafnt var hvað þeir voru háir. Við útreikninga er gert ráð fyrir að meðalstaðgreiðsluafsláttur sé á bilinu 2–20% og er þá tekið tillit til þeirra vara sem enginn staðgreiðsluafsláttur var veittur.

Hluti sem fjármagnaður er með yfirdrætti
Það hlutfall fjármögnunar sem við gerum ráð fyrir að hafi verið fjármagnaður með yfirdrætti. Þar sem við gerum ráð fyrir að fá fyrirtæki hafi handbært fé til að standa undir öllum sínum innflutningi gerum við ráð fyrir að 50–95% hafi verið fjármagnaður með yfirdrætti eða öðrum leiðum á sambærilegum kjörum og yfirdráttarvextir.

V. Mat á stærðargráðu tjóns vegna tapaðra vaxta útflutningsfyrirtækja

Notast var við sömu aðferðafræði og talað er um í viðauka IV.

	Lægsta gildi	Líklegasta gildi	Hæsta gildi
Vextir á lausafé (VL)		3,9%	
Meðaltöf greiðslu (MT)	5	10	20
Útflutningur í október (UT)		47.500.000.000 kr.	
Áætluð prósenta fjármangs sem kom til Íslands (PI)	50%	70%	90%

Vaxtakostnaður (VK) er reiknaður með formúlunni **VK = UT*VL(MT/360)*PI**

Nánari útskýring á breytum

Vextir á lausafé (VL)
Til grundvallar gilda sem notuð voru í útreikningum voru notuð gögn frá Seðlabanka Íslands um innlánavexti almenna sparisjóðsbóka í október 2008.

Meðaltöf greiðslu (MT)
Eins og fjallað er um í kafla 5 töfðust greiðslur í allt að 20 daga.

Útflutningur í október (UT)
Allur útflutningur frá Íslandi í október 2008 skv. tölum frá Hagstofu Íslands.

Áætluð prósenta fjármagns sem kom til Íslands (PI)
Eins og kemur fram í kafla 5 kom ekki allt fjármagn til Íslands sem greitt var fyrir útfluttar vörur.



Ssúlurnar sýna dreifingu í milljónum króna á tjóni útflutningsfyrirtækja vegna tapaðra vaxtatekna í október 2008 skv. mati. Dökka línan sýnir líklegasta gildi, um 40 milljónir.

Vegna áðurnefndrar óvissu er ekki ráðlagt að rýna of mikið í enda (e. tails) dreifingarinnar heldur skoða heildarbilið og hvar kúfurinn liggur. Það má draga þá ályktun að tjónið sé á bilinu 20 til 70 milljónir kr. og líklegasta gildi sé í kringum 40 milljónir kr.

VI. Mat á stærðargráðu tjóns vegna tapaðs tíma starfsmanna

	Lægsta gildi	Líklegasta gildi	Hæsta gildi
Fjöldi fyrirtækja sem urðu fyrir áhrifum (FJ)	40	60	80
Dagafjöldi stjórnenda (DS)	1	3	10
Meðal daglaun stjórnanda (LS)	40.000 kr.	50.000 kr.	80.000 kr.
Prósenta sem þurfti að ferðast (PF)	5%	10%	20%
Ferðakostnaður að meðaltali (FK)	500.000	1.000.000	2.000.000
Dagafjöldi annara starfsmanna (DA)	1	3	5
Meðal daglaun annara starfsmanna (MA)	15.000 kr.	17.000 kr.	20.000 kr.

Starfsmannakostnaður (SK) er því reiknaður með formúlunni SK=FJ*(DS*LS+DA*MA)+ FJ*PF*FK

Nánari útskýring á breytum

Fjöldi fyrirtækja sem urðu fyrir áhrifum (FJ)
Fjöldi þeirra inn- og útflutningsfyrirtækja sem urðu fyrir teljandi skaða vegna tapaðs tíma stjórnenda og starfsmanna.

Dagafjöldi stjórnenda í upplýsingagjöf (DS)
Dagafjöldi sem það hefur tekið stjórnendur að meðaltali að vinna úr málum varðandi greiðslumiðlun og upplýsa erlenda aðila um áhrif hryðjuverkalaganna á fyrirtækið.

Prósenta sem þurfti að ferðast
Aðeins lítill hluti fyrirtækjanna þurfti að senda starfsmenn sýna erlendis eða bjóða erlendum aðilum hingað til lands.

Ferðakostnaður stjórnenda að meðaltali (FK)
Kostnaður við ferðir stjórnenda til erlendra aðila til upplýsingagjafar eða kostnaður við boðsferðir til Íslands. Kostnaður er miðaður við að ferðir hafi verið pantaðar með stuttum fyrirvara og 2–3 starfsmenn fari í hverja ferð.

Dagafjöldi annara starfsmanna við upplýsingagjöf (DA)
Á við um aðra starfsmenn en yfirstjórnendur.

Meðal daglaun annara starfsmanna (MA)
Á við um aðra starfsmenn en yfirstjórnendur.



Súlurnar sýna dreifingu í milljónum króna á tjóni fyrirtækja vegna tapaðs tíma starfsmanna skv. mati. Dökka línan sýnir líklegasta gildi, um 27 milljónir.

Vegna áðurnefndrar óvissu er ekki ráðlagt að rýna of mikið í enda (e. tails) dreifingarinnar heldur skoða heildarbilið og hvar kúfurinn liggur. Það má draga þá ályktun að tjónið sé á bilinu 10 til 50 milljónir kr. og líklegasta gildi sé í kringum 27 milljónir kr.

VII. Skuldatryggingarálag Íslands



1948. Frumvarp til laga [100. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. sept.)

1. gr.

Í stað 3. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: ÍLS-veðbréf getur verið verðtryggt með vísitölu neysluverðs, sbr. lög um vísitölu neysluverðs, eða óverðtryggt. Skal það bera vexti skv. 21. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „og verðbóta“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ef við á.
b. Í stað 1. málsl. 4. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Vextir af verðtryggðum ÍLS-veðbréfum skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann en vextir af óverðtryggðum ÍLS-veðbréfum geta verið breytilegir. Íbúðalánasjóður skal setja reglur um vaxtakjör óverðtryggðra lána.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1949. Framhaldsnefndarálit [674. mál]

um frv. til l. um Stjórnarráð Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málin að nýju eftir 2. umræðu og fengið á sinn fund Ágúst Geir Ágústsson frá forsætisráðuneyti.

Umfjöllun nefndarinnar varðaði fjölmörg efnisleg atriði, m.a. um ákvörðunarvald um fjölda ráðuneyta og heiti þeirra, skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta, stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra og hljóðritanir ríkisstjórnarfunda.

Þingsályktunartillaga um fjölda og heiti ráðuneyta.

Nefndin fjallaði um 2. gr. frumvarpsins sem felur í sér að ráðuneyti verði ekki lengur talin upp með tæmandi hætti í lögunum og að ákvörðunarvald um það hvaða ráðuneyti eru starfrækt verði í höndum ríkisstjórnar á hverjum tíma. Í frumvarpinu er kveðið á um að fjöldi ráðuneyta verði ákveðinn með forsetaúrskurði að tillögu forsætisráðherra. Við umræður um málið hefur komið fram gagnrýni á þetta fyrirkomulag. Til að sætta sjónarmið í þeim efnum leggur meiri hlutinn til að forsætisráðherra skuli, áður en forsetaúrskurður er gefinn út, leggja fram þingsályktunartillögu til umræðu og afgreiðslu á Alþingi um þá breytingu sem vilji stendur til að gera á skipan ráðuneyta. Með þessari tillögu er tryggt að þingheimur fái tækifæri til að fjalla efnislega um þingsályktunartillöguna og afgreiða hana samkvæmt ákvæðum þingskapa. Meiri hlutinn telur að með þessari tillögu sé þeirri megingagnrýni sem fram hefur komið á 2. gr. frumvarpsins mætt.

Meiri hlutinn telur þó ekki þörf á að forsætisráðherra leggi fram þingsályktunartillögu um núverandi fjölda ráðuneyta og heiti þeirra enda verði skipan þeirra óbreytt frá því sem er við gildistöku laganna. Meiri hlutinn leggur því til að við bætist ákvæði til bráðabirgða sem feli í sér heimild til að gefa út forsetaúrskurð um óbreytta skipan ráðuneyta við gildistöku laganna.

Skipting stjórnarmálefna milli ráðuneyta.

Nefndin fjallaði nánar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta og telur eðlilegt þegar litið er til markmiða frumvarpsins um hagkvæmni og skilvirkni við undirbúning stjórnarframkvæmdar að við þá skiptingu skuli þess jafnan gætt, að teknu tilliti til skiptingar Stjórnarráðsins í ráðuneyti skv. 2. gr., að eðlislík stjórnarmálefni heyri undir sama ráðuneyti. Meiri hlutinn leggur því til að við 4. gr. bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um það.

Nefndin fjallaði einnig um það ákvæði 4. gr. sem kveður á um að hvert ráðuneyti skuli lagt óskipt til eins og sama ráðherra en sú tilhögun er í samræmi við ákvæði gildandi laga. Meiri hlutinn lagði til við 2. umræðu að þessi málsliður greinarinnar félli brott. Meiri hlutinn telur þó rétt að fresta gildistöku þeirrar breytingar fram til 1. maí 2012 þannig að fram að þeim tíma a.m.k. skuli hvert ráðuneyti lagt óskipt til eins og sama ráðherra og leggur í því sambandi til breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins sem felur það í sér að ákvæði 5. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, haldi gildi sínu.

Ríkisstjórnarfundir, hljóðritanir o.fl.

Nefndin fjallaði að nýju um 6. gr. frumvarpsins um ríkisstjórnarfundi og um hvað skuli skylt að fjalla á fundum ríkisstjórnar. Telur nefndin þörf á því að gera ítarlega grein fyrir því hvaða mál skuli skylt að bera upp á ríkisstjórnarfundum. Fyrri breytingartillaga meiri hlutans um að við greinina bættist ný málsgrein var kölluð til baka við atkvæðagreiðslu eftir 2. umræðu. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að skýra breytingartillöguna nánar svo ljóst sé að ekki er ætlunin að öll mál verði talin upp á ríkisstjórnarfundum. Þannig verði áréttað að það eru fyrst og fremst mikilvæg málefni sem taka ber upp á ríkisstjórnarfundi en mat á því hvað teljist vera mikilvæg málefni, mikilvægar upplýsingar eða mikilsverð málefni er þó ávallt á hendi viðkomandi ráðherra og ábyrgðin af því sömuleiðis.

Nefndin fjallaði um þá breytingu sem meiri hlutinn leggur til á 7. gr. frumvarpsins um að ríkisstjórnarfundir skuli hljóðritaðir. Fyrir nefndinni hafa komið fram athugasemdir um að nauðsynlegt sé að fresta gildistöku þessa ákvæðis til þess að unnt sé að undirbúa framkvæmd þess nægilega vel. Meiri hlutinn leggur því til að við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða um að ákvæðið komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2012.

Fyrir nefndinni hafa komið fram athugasemdir um að breytingartillaga meiri hlutans á 11. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að færð skuli skrá um samskipti og alla fundi milli ráðuneyta Stjórnarráðsins og við aðila utan þess, sé of víðtæk. Athugasemdirnar hafa lotið að því að gildissvið ákvæðisins sé þannig of íþyngjandi í framkvæmd. Meiri hlutinn telur rétt að taka tillit til þessara athugasemda og leggur því til að skráningarskyldan verði afmörkuð við formleg samskipti og fundi milli ráðuneyta Stjórnarráðsins sem og við aðila utan þess. Forsætisráðherra er falið samkvæmt greininni að setja nánari reglur um skráninguna.

Loks telur meiri hlutinn nauðsynlegt að taka fram að í umfjöllun meiri hlutans í nefndaráliti á þskj. 1857 um ríkisstjórnarfundi, skráningu upplýsinga á þeim og tillögu um að haldin verði sérstök trúnaðarmálabók þar sem bóka skuli atriði sem falla undir takmarkanir á upplýsingarétti skv. 9. og 10. gr. upplýsingalaga, þ.e. vegna einkahagsmuna og almannahagsmuna. Sú tilvísun á við frumvarp til nýrra upplýsingalaga sem verður ekki afgreitt á þessu

löggjafarþingi. Meiri hlutinn telur því nauðsynlegt að leggja til breytingu á ákvæðinu þannig að tekið verði fram að bóka skuli í sérstaka trúnaðarmálabók bæði einkahagsmuni og almannahagsmuni sem leynt eiga að fara.

Stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra.

Nefndin fjallaði að nýju um ákvæði IV. kafla frumvarpsins um stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra og hvort nauðsynlegt væri að skýra nánar ákvæði kaflans um valdmörk gagnvart sjálfstæðum stjórnvöldum. Meiri hlutinn áréttar að í kaflanum er ekki verið að leggja til efnisbreytingar á gildandi rétti heldur að lögfestar verði reglur sem þegar eru í gildi þótt óskráðar séu. Þá hefur lögfesting slíkra almennra reglna ekki áhrif á sérreglur sem ætið ganga þeim framar.

Óbindandi álit.

Nefndin fjallaði sérstaklega um inntak 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um að ráðherra sé heimilt að láta í té *óbindandi álit* sem þýðingu geta haft til leiðbeiningar fyrir stjórnarframkvæmd á málefnasviði hans. Fyrir nefndinni kom fram að með ákvæðinu væri fyrst og fremst verið að árétta þá heimild sem viðurkennt er að ráðherrar hafi jafnan haft til að tjá sig og gefa almennar leiðbeiningar um stjórnarframkvæmd á ábyrgðarsviði sínu. Heimildin undirstrikar þá grundvallarreglu sem jafnframt kemur fram í 13. og 14. gr. frumvarpsins um að ráðherrar beri að hafa tiltekið eftirlit með stjórnarframkvæmd á sínu málefnasviði óháð því hvort um er að ræða stjórnarframkvæmd af hálfu undirstofnunar eða sjálfstæðar stofnunar. Eins og fram kemur í ákvæðinu sætir þessi heimild þó takmörkunum sem leiddar verða af lögum eða eðli máls, sbr. t.d. ef ákvarðanir undirstofnunar eru kæranlegar til ráðherra. Þannig ber ráðherra að gæta þess að almenn framkvæmd stjórnarmálefna á hans ábyrgðarsviði sé í samræmi við markmið og ákvæði laga sem um viðkomandi starfsemi gilda. Útgáfa leiðbeininga af þessu tagi hefur ekki tíðkast í ríkum mæli hér á landi en þó má ætla að þessi leið geti í ýmsum tilvikum verðið gagnleg til að bæta og samræma stjórnsýsluframkvæmd á tilteknum sviðum. Sem dæmi um leiðbeiningar sem þó hafa verið gefnar út hér á landi má benda á ýmis umburðarbréf og leiðbeiningar sem fjármálaráðuneytið hefur gefið út, sbr. t.d. umburðarbréf (handbók) um framkvæmd fjárlaga frá árinu 2002, leiðbeiningar um árangursstjórnun í ríkisrekstri frá árinu 2004 og leiðbeiningar um sameiningu ríkisstofnana frá árinu 2008. Einnig má benda á umburðarbréf dóms- og kirkjumálaráðherra til löggreglustjóra vegna útihátíða frá árinu 2006 og loks umburðarbréf sem forsætisráðuneytið hefur gefið út um mat á eftirlitsreglum frá árinu 2001 sem og umburðarbréf frá forsætisráðuneytinu um gögn sem undirbúin eru fyrir ráðherrafundi og áritun þeirra um trúnað frá árinu 2002.

Sjálfstæð stjórnvöld.

Nefndin fjallaði einnig um ákvæði kaflans sem kveða á um valdmörk ráðherra gagnvart sjálfstæðum stjórnvöldum og hvort nauðsynlegt væri að skýra þau nánar. Í ákvæðum kaflans er ekki verið að leggja til efnisbreytingar á gildandi rétti. Ráðherra hefur víðtækar stjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart undirstofnunum sínum og getur eftir atvikum gefið þeim beinar fyrirskipanir en slíkt er honum ekki unnt þegar um sjálfstæð stjórnvöld er að ræða. Þannig geta ráðherrar ekki gefið sjálfstæðum stjórnvöldum fyrirmæli um málsmeðferð eða ákvarðanir í einstökum málum. Meiri hlutinn leggur því til að það verði tekið skýrt fram í 2. mgr. 13. gr. að eftirlit með sjálfstæðum stjórnvöldum tekur ekki til málsmeðferðar eða ákvarðana í einstökum málum.

Upplýsingar til ráðherra.

Í 14. gr. er kveðið á um að ráðherra geti krafið stjórnvald sem heyrir stjórnarfarslega undir hann um hverjar þær upplýsingar sem honum er þörf á til að sinna yfirstjórnarhlutverki sínu. Þá er kveðið á um að ráðherra geti einnig krafið sjálfstæð stjórnvöld sem heyra stjórnarfarslega undir hann um hverjar þær upplýsingar og skýringar sem þörf er á til að sinna eftirliti skv. 13. gr. og öðrum lögmæltum skyldum ráðherra. Í 3. mgr. 14. gr., sem kveður á um að ef nauðsynlegt reynist í þessu sambandi að afhenda ráðherra upplýsingar sem almennar eða sérstakar þagnarskyldureglur taka til, eru hann og ráðuneyti hans bundin þagnarskyldu með sama hætti og í þeim reglum greinir. Nefndin fjallaði sérstaklega um síðustu málsgreinina og hvort þörf væri á slíku ákvæði og hvort rétt væri að ráðherra hefði slíka heimild. Telur meiri hlutinn að þegar litið er til hlutverks ráðherra við almenna stefnumörkun í málefnum sem falla undir málefnasvið hans sé nauðsynlegt að kveðið verði á um slíka almenna heimild. Þannig geti ráðherra verið nauðsynlegt að fá upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu til þess að geta sinnt skyldum sínum varðandi almenna stefnumörkun og kynnt sér ítarlega málefni sem falla undir og tengjast þeirri stefnumörkun. Meiri hlutinn áréttar hins vegar að ekki verður litið svo á að þessi heimild hrindi sérstökum þagnarskyldureglum í lögum sem ætlað er að vernda viðkvæmar upplýsingar um einkamálefni einstaklinga. Sérstaklega er tekið fram að þagnarskylda flyst yfir á ráðherra og ráðuneyti hans þegar slíkar upplýsingar eru veittar.

Ráðning starfsmanna o.fl.

Nefndin fjallaði stuttlega um ráðningu starfsmanna ráðuneyta en í frumvarpinu er lagt til að kveðið verði á um að ráðherra skipi ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra að fengnu mati hæfnisnefndar og að ráðuneytisstjóri sé í fyrirsvari við ráðningu annarra starfsmanna ráðuneytis. Meiri hlutinn lagði til þá breytingu á 2. mgr. 18. gr. að tekið væri fram að aðrir starfsmenn en ráðuneytisstjóri og skrifstofustjórar séu ráðnir í stað þess að kveða á um fyrirsvar þar sem að ekki er ljóst hvaða merkingu það hefur að vera í fyrirsvari þegar litið er til ábyrgðar ráðherra á ráðuneyti. Meiri hlutinn telur engu síður ljóst að ráðuneytisstjóri fer með það verkefni að ráða aðra starfsmenn enda hefur verið litið svo á að verkefni hans séu í samræmi við þau sem forstöðumenn hafa samkvæmt starfsmannalögum.

Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að taka fram að í nefndaráliti meiri hlutans um málið, þskj. 1857, í umfjöllun um kjör aðstoðarmanna kemur fram að meiri hlutinn leggi til að aðstoðarmenn verði felldir undir kjararáð og lögð til breyting á þeim lögum. Meiri hlutinn tekur fram að breytingartillagan fól í sér að tekið væri fram í lögum um Stjórnarráð Íslands að um launakjörin færi samkvæmt ákvörðun kjararáðs um skrifstofustjóra. Bendir meiri hlutinn í því sambandi á að ekki eru í gildi kjarasamningar sem taka til aðstoðarmanna en þeir hafa haft sömu launakjör og skrifstofustjórar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. sept. 2011.

Róbert Marshall, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Valgerður Bjarnadóttir, með fyrirvara.
Þráinn Bertelsson.	Mörður Árnason.	Þór Saari.

1950. Frumvarp til laga [704. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, fjárfestingarheimildir).

(Eftir 2. umr., 16. sept.)

1. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórn lífeyrissjóðs skal vera skipuð þremur einstaklingum hið fæsta. Hvort kyn skal eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í lífeyrissjóði skal tryggt að hlutfall hvors kynsins sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna í lífeyrissjóðum en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust.

2. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lífeyrissjóða skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Fjármálaeftirlitið setur reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

Stjórnarmenn í lífeyrissjóðum mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann. Stjórnarmenn lífeyrissjóðs mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annan lífeyrissjóð. Starfsmönnum lífeyrissjóðs er ekki heimilt að sitja í stjórn hans.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur starfsmaður annars eftirlitsskylds aðila tekið sæti í stjórn lífeyrissjóðs ef hann er kosinn eða skipaður úr hópi sjóðfélaga. Undanþága þessi á þó ekki við um stjórnendur og lykilstarfsmenn eftirlitsskyldra aðila eða ef hinn eftirlitsskyldi aðili annast rekstur lífeyrissjóðs eða eignastýringu hans að hluta eða öllu leyti. Stjórnarseta samkvæmt þessari málsgrein skal háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði eða dragi úr trúverðugleika stjórnar lífeyrissjóðs. Skal þar m.a. horft til stöðu þeirra starfsmanna sem um ræðir hjá eftirlitsskyldum aðila.

Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn.

Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess.

Menntun, starfsreynsla og starfsferill framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs skal vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.

Lífeyrissjóður skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn og framkvæmdastjóra. Tilkynningar þessar skulu berast Fjármálaeftirlitinu án tafar og þeim skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar til þess að hægt sé að meta hvort skilyrðum greinarinnar sé fullnægt. Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvernig staðið skuli að hæfismati.

Um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum skv. 6. tölul. 1. mgr. eru þó eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin og ársreikningar hlutafélaganna öllum aðgengilegir.
b. Á eftir 2. málsl. 3. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 8. tölul. 1. mgr. eru eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með eignarhlutina. Ákvæði um að rekstrar- eða ábyrgðaraðili sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skv. 8. tölul. 1. mgr. eigi forkaupsrétt á eignarhlut eða þurfi að samþykkja kaupanda að eignarhlut í sjóðnum teljast ekki hamla viðskiptum.

4. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. apríl 2011“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VIII og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IX í lögunum kemur: 1. janúar 2012.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði 1. gr. öðlast gildi 1. september 2013.

1951. Þingsályktun [678. mál]

um fullgildingu Árósasamnings um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1195.

1952. Frumvarp til laga [741. mál]

um breyting á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr., 16. sept.)

1. gr.

II. kafli laganna, **Um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins,** fellur brott.

2. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um skiptaverðmæti.**

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012.

1953. Frumvarp til laga [898. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. sept.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 14. gr. laganna:

a. 6. tölul. orðast svo: Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, þ.m.t. nótnabóka með og án texta, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka. Sama gildir um sölu á geisladiskum og öðrum sambærilegum miðlum með bókartexta, sem og sölu á rafrænum útgáfum slíkra bóka.
b. Við 10. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sölu á rafrænni útgáfu á tónlist án myndar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó skal aðili með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis sem selur rafrænt afhenta þjónustu skv. d-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. til aðila sem er ekki skráður skv. 5. gr. og er heimilisfastur eða með fasta starfsstöð hér á landi innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri þjónustu hér á landi. Þjónusta þessi telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð. Seljandi skal ótilkvaddur tilkynna starfsemi sína rafrænt á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Aðilar sem selja rafrænt afhenta þjónustu fyrir 1.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili skulu undanþegnir skattskyldu.
b. Í stað orðsins „Kaupandi“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Aðili.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.
3. gr.

Eftirfarandi tollskrárnúmer falla brott úr E-lið viðauka I við lögin: 8519.8100, 8521.9029, 8543.7001.

III. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.
4. gr.

A-tollur tollskrárnúmeranna 8519.8100, 8521.9029 og 8543.7001 í viðauka I við lögin verður 0%.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2011.

1954. Breytingartillögur [708. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins.

Frá Merði Árnasyni.

1. Við 3. gr.
   a. Á undan orðunum „1. málsl. 1. mgr. 29. gr.“ í a-lið komi: fyrra sinni í.
   b. Í stað orðanna „2. málsl. 17. gr.“ í b-lið komi: 2. málsl. 1. mgr. 17. gr.
   c. Í stað orðanna „2. málsl. 2. mgr. 4. gr.“ í c-lið komi: 3. málsl. 2. mgr. 4. gr.
   d. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: Í stað orðsins „hann“ í 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: hún.
2. Við 5. gr. bætist nýr liður er verði c-liður, svohljóðandi: Í stað orðsins „hans“ í 2. málsl. og orðsins „hann“ í 5. málsl. 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: hennar; og: hún.
3. V. kafli falli brott.
4. Við 12. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Í stað orðsins „hann“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: hún.
5. Í stað tilvísunarinnar „39. gr.“ í 18. gr. komi: 49. gr.
6. Á eftir orðunum „13. gr. laganna og“ í 21. gr. komi: orðanna „úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála“ í.

1955. Breytingartillaga [709. mál]

við frv. til l. um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Frá Merði Árnasyni.

Í stað 3. mgr. 4. gr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvarðanir til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda ákvörðun sem kæra á. Umhverfisverndar-, útivistar- og hagsmunasamtök með minnst 30 félaga geta þó kært eftirtaldar ákvarðanir án þess að sýna fram á lögvarða hagsmuni enda samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að:

a. ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda, sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum og endurskoðun matsskýrslu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum,
b. ákvarðanir um að veita leyfi vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum,
c. ákvarðanir um að veita leyfi samkvæmt lögum um erfðabreyttar lífverur til sleppingar eða dreifingar erfðabreyttra lífvera.

Umhverfisverndarsamtök teljast samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Útivistarsamtök teljast samtök sem hafa útivist og umhverfisvernd að markmiði. Samtök skv. 1. og 2. málsl. skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

1956. Frumvarp til laga [895. mál]

um breytingu á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. sept.)

1. gr.

3. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Þeim sem innrituðust í 180 eininga bakkalárnám til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum fyrir 1. júlí 2008 og áttu við lok vormissiris 2011 þrjátíu eða færri einingum ólokið til prófs veitist frestur til að sækja um útgáfu leyfisbréfs til kennslu í leik-, grunn- og/eða framhaldsskóla til 1. júlí 2012. Sama gildir um þá sem innrituðust í 60 eininga diplómanám til kennslu í grunn- og framhaldsskólum fyrir lok 1. júlí 2010.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1957. Frumvarp til laga [19. mál]

um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. sept.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Með kaupum og rekstri íbúðarhúsnæðis, þar á meðal útleigu.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Lífeyrissjóði er heimilt að stofna félag um rekstur íbúðarhúsnæðis skv. 11. tölul. 1. mgr. eða gera samning við einkaaðila um slíkan rekstur.

2. gr.

Við 38. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er lífeyrissjóði heimilt að fjárfesta í íbúðarhúsnæði í samræmi við 11. tölul. 1. mgr. 36. gr. Lífeyrissjóði er jafnframt heimilt að halda því íbúðarhúsnæði sem hann hefur eignast við yfirtöku skv. 2. mgr. og skal líta á slíkt sem fjárfestingu skv. 11. tölul. 1. mgr. 36. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1958. Frumvarp til laga [788. mál]

um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. sept.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum.

1. gr.

Inngangsmálsliður orðskýringar á „fjármagnshreyfingum“ í 1. gr. laganna orðast svo: Fjármagnshreyfingar á milli landa merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa og yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli innlendra og erlendra aðila sem tengjast:

2. gr.

Á eftir orðunum „skv. 4. gr., 5. gr.“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: 13. gr. a – 13. gr. n.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna koma sautján nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (13. gr. a.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara og 9. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, skulu fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti sem tilgreind eru í ákvæðum 13. gr. b – 13. gr. n vera óheimil fram til 31. desember 2015.

b. (13. gr. b.)

Eftirfarandi fjármagnshreyfingar milli landa eru óheimilar:

1. Viðskipti og útgáfa verðbréfa, hlutdeildarskírteina í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, peningamarkaðsskjala og annarra framseljanlegra fjármálagerninga.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í lánastofnunum.

3. Lánveitingar, lántökur og útgáfa ábyrgða sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.
4. Inn- og útflutningur verðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
5. Framvirk viðskipti, afleiðuviðskipti, viðskipti með valrétti, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti þar sem íslenska krónan er annar eða einn gjaldmiðlanna.
6. Gjafir og styrkir og aðrar hreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölul. og eru til þess fallnar að valda alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum.

Allar fjármagnshreyfingar skv. 1. mgr. á milli landa í erlendum gjaldeyri eru óheimilar nema um sé að ræða greiðslu vegna kaupa á vöru eða þjónustu eða annarra fjármagnshreyfinga sem sérstaklega eru undanþegnar í lögum þessum. Þá er einstaklingi sem er erlendur aðili heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri ef sýnt er fram á að féð sé til framfærslu. Nær heimildin vegna framfærslu til fjármagnshreyfinga á almanaksári fyrir allt að jafnvirði 3.000.000 kr. fyrir einstakling, 6.000.000 kr. fyrir hjón/sambúðaraðila og 2.000.000 kr. fyrir hvert ólögráða barn sem lýtur forsjá og er með lögheimili hjá framangreindum. Enn fremur er heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri í eigu einstaklings sé sýnt fram á að fjármunirnir séu andvirði slysabóta eða arfs sem honum hefur tæmst við dánarbússkipti. Námsmenn sem sýnt geta fram á að þeir séu í námi erlendis teljast erlendir aðilar í skilningi þessa ákvæðis.

Allar fjármagnshreyfingar skv. 1. mgr. á milli landa í innlendum gjaldeyri, eru óheimilar. Undanþegnar banni 1. málsl. eru:

1. Fjármagnshreyfingar sem eru sérstaklega undanþegnar í lögum þessum og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.
2. Fjármagnshreyfingar vegna vöru- og þjónustuviðskipta, sem ekki fara fram í erlendum gjaldmiðli, þar sem greiðslan fer fram með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.
3. Fjármagnshreyfingar vegna fasteignaviðskipta hér á landi og viðskipta með fjármálagerninga sem Seðlabanki Íslands metur gilda til tryggingar í viðskiptum við bankann samkvæmt reglum um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands, og útgefnir eru í innlendum gjaldeyri, þegar greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.
4. Fjármagnshreyfingar vegna greiðslu á kröfum úr þrotabúi og greiðslu samningskrafna samkvæmt nauðasamningi, sbr. lög nr. 21/1991, og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

c. (13. gr. c.)

Gjaldeyrisviðskipti milli innlendra og erlendra aðila þar sem innlendur gjaldeyrir er hluti af viðskiptunum eru óheimil.

Innlendum aðila er óheimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, þegar greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri, nema hann sýni fram á að féð sé til notkunar í vöru- og þjónustuviðskiptum eða vegna fjármagnshreyfinga samkvæmt ákvæðum 13. gr. j og 13. gr. k. Gjaldeyrisviðskipti vegna vöru- og þjónustuviðskipta milli tveggja innlendra aðila eru óheimil.

Þrátt fyrir 1. mgr. er erlendum aðila heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi vegna fjármagnshreyfinga skv. 13. gr. j, vegna slíkra greiðslna frá innlendum aðila hér á landi, og 2. mgr. 13. gr. k. Þá er erlendum aðilum heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi þar sem hann er með viðskipti sín ef sýnt er fram á að

féð sé til framfærslu. Nær heimildin vegna framfærslu til kaupa á erlendum gjaldeyri á almanaksári fyrir allt að jafnvirði 3.000.000 kr. fyrir einstakling, 6.000.000 kr. fyrir hjón/sambúðaraðila og 2.000.000 kr. fyrir hvert ólögráða barn sem lýtur forsjá og er með lögheimili hjá framangreindum. Enn fremur er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri fyrir andvirði slysabóta eða arfs sem einstaklingi hefur tæmst við dánarbússkipti. Námsmenn sem sýnt geta fram á að þeir séu í námi erlendis teljast erlendir aðilar í skilningi þessa ákvæðis.

Jafnframt er erlendum aðilum heimilt að kaupa innlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

d. (13. gr. d.)

Kaup innlendra aðila á gjaldeyri í reiðufé eru óheimil nema samkvæmt sérstakri heimild í lögum þessum. Sama á við um úttektir í reiðufé af gjaldeyrisreikningum í fjármálafyrirtækjum hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er einstaklingi sem er innlendur aðili heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri í reiðufé hjá fjármálafyrirtæki hér á landi þar sem aðili er með viðskipti sín eða taka erlendan gjaldeyri í reiðufé út af gjaldeyrisreikningi í fjármálafyrirtæki hér á landi að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Að gjaldeyririnn sé ætlaður til notkunar vegna ferðalaga erlendis. Við kaup eða úttekt skal einstaklingur sýna fram á fyrirhugaða ferð með framvísun farmiða eða kvittunar fyrir greiðslu á ferð sinni sem fyrirhuguð er innan fjögurra vikna. Þegar um er að ræða áhafnarmeðlimi sem ekki hafa farseðil skal sýnt fram á ferðalag með framvísun vaktaskipulags eða öðrum sannanlegum hætti.
2. Að ekki sé keyptur eða tekinn út erlendur gjaldeyrir í reiðufé fyrir upphæð sem samsvarar meira en 350.000 kr. á kaup- eða úttektardegi fyrir hvern einstakling skv. 1. tölul. í hverjum almanaksmánuði.
3. Að sýnt sé fram á að einstaklingur, eða forráðamaður hans ef um ólögráða einstakling er að ræða, sé eigandi fjármunanna sem greiddir eru fyrir erlenda gjaldeyrinn, eða gjaldeyrisreikningsins sem tekið er út af. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. er einstaklingi þó heimilt að kaupa gjaldeyri fyrir maka.
4. Að einstaklingurinn sem tilgreindur var við kaup eða úttekt gjaldeyrisins fari sjálfur með féð úr landi.

Verði ekki af fyrirhugaðri ferð skal gjaldeyri skilað til fjármálafyrirtækis hér á landi innan tveggja vikna frá því að það liggur fyrir.

Einstaklingur sem er innlendur aðili og dvelur tímabundið erlendis, lengur en einn almanaksmánuð en þó ekki lengur en sex almanaksmánuði í senn, hefur, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri í hverjum almanaksmánuði sem hann dvelur erlendis og flytja hann erlendis, á reikning sinn hjá fjármálafyrirtæki þar sem hann dvelur.

Þá hefur einstaklingur, sem er erlendur aðili og er staddur hér á landi tímabundið vegna ferðalaga, heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að féð sé til notkunar á ferðalögum erlendis.

Fjármálafyrirtæki hér á landi getur sótt um undanþágu frá 2. mgr. sem heimilar útibúi fjármálafyrirtækis að selja einstaklingi, sem er innlendur aðili en ekki með viðskipti sín hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki, erlendan gjaldeyri fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að féð sé til notkunar á ferðalögum erlendis. Seðlabanki Íslands skal birta opinberlega upplýsingar um þá aðila sem fá undanþágu á grundvelli ákvæðisins.

e. (13. gr. e.)

Fjárfesting í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum eða öðrum framseljanlegum fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri er óheimil. Þó er aðilum sem fjárfest hafa í slíkum fjármálagerningum fyrir 28. nóvember 2008 heimilt að endurfjárfesta. Nú eru fjármunir sem losna við sölu eða uppgreiðslu, eða falla til vegna arð- og vaxtagreiðslna, nýttir í heild eða að hluta til að fjárfesta aftur í hvers konar erlendri fjárfestingu innan tveggja vikna og telst það þá endurfjárfesting í skilningi 2. málsl.

Söluandvirði vegna viðskipta með fjármálagerning skv. 1. mgr., útgefinn í innlendum gjaldeyri, milli innlendra og erlendra aðila sem gerð eru upp hérlendis skal leggja inn á reikning viðkomandi seljanda í fjármálafyrirtæki hér á landi.

Uppgjör viðskipta í erlendum gjaldeyri með fjármálagerninga skv. 1. mgr., útgefna í innlendum gjaldeyri, er óheimilt.

Óheimilt er að gefa út og/eða selja fjármálagerninga skv. 1. mgr. þar sem uppgjör fer fram í öðrum gjaldeyri en útgáfan og innlendur gjaldeyrir er einn af gjaldmiðlum uppgjörs. Hafi útgáfa farið fram í innlendum gjaldeyri er skylt að leggja andvirði sölu inn á reikning í innlendum gjaldeyri á nafni útgefanda í fjármálafyrirtæki hér á landi.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fyrirframgreiðslu af fjármálagerningum skv. 1. mgr. eru óheimilar.

f. (13. gr. f.)

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fjárfestinga í peningakröfum í erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum kröfuréttindum sem ekki falla undir 13. gr. e, eru óheimilar.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fasteignaviðskipta erlendis eru óheimilar nema sýnt sé fram á að viðskiptin séu gerð vegna búferlaflutninga aðila. Hámarksfjárhæð gjaldeyriskaupa og fjármagnsflutninga vegna kaupa á einni fasteign sem tengjast búferlaflutningum er jafnvirði 100.000.000 kr.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fjárfestingar í öðrum eignum í erlendum gjaldeyri, þ.m.t. hrávöru, farartækjum og vinnuvélum, sem eru hvorki eðlilegur þáttur í atvinnustarfsemi aðila né ætluð til innflutnings fyrir framleiðslu hans, eru óheimilar. Þrátt fyrir bann 1. málsl. eru gjaldeyriskaup og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna kaupa á vélknúnu ökutæki heimil í eitt skipti, séu kaupin í tengslum við búferlaflutninga kaupandans úr landi, enda nemi fjárhæðin eigi meira en jafnvirði 10.000.000 kr.

g. (13. gr. g.)

Lántökur og lánveitingar milli innlendra og erlendra aðila í öðrum tilvikum en vegna viðskipta á milli landa með vöru og þjónustu eru óheimilar, nema slíkar lántökur og lánveitingar séu milli félaga innan sömu samstæðu.

Þrátt fyrir 1. mgr. skulu lántökur og lánveitingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði vera heimilar:

1. Lán hvers aðila sé eigi hærra en sem nemur 10.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í gjaldeyri á almanaksárinu.
2. Lánstími sé eigi skemmri en eitt ár.
3. Gjaldeyrisyfirfærslur vegna lánsins séu í samræmi við ákvæði 13. gr. l.
4. Lánasamningar, þ.m.t. allir viðaukar og fylgiskjöl, séu sendir til þess fjármálafyrirtækis sem annast fjármagnshreyfingar, innan viku frá undirskrift slíkra samninga.

Óheimilt er að fyrirframgreiða lánveitingar og lántökur innlendra aðila til erlendra aðila.

Óheimilt er að endurgreiða lán milli innlendra og erlendra aðila með innlendum gjaldeyri ef lánveitingin fór fram í erlendum gjaldeyri. Óheimilt er að endurgreiða lán milli innlendra og erlendra aðila með erlendum gjaldeyri ef lánveitingin fór fram í innlendum gjaldeyri.

Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir að lántökur og lánveitingar milli innlendra og erlendra aðila séu framlengdar, að því gefnu að aðrir skilmálar gildi að sama leyti og áður.

h. (13. gr. h.)

Óheimilt er að ganga í eða takast á hendur ábyrgð á greiðslum á milli innlendra og erlendra aðila.

Ákvæði þessarar greinar gilda hvorki um ábyrgðir vegna vöru- og þjónustuviðskipta né um ábyrgðir milli félaga innan samstæðu.

i. (13. gr. i.)

Óheimilt er að eiga afleiðuviðskipti þar sem innlendur gjaldeyrir er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri, hvort sem um er að ræða gjaldeyris- eða verðbréfasamning eða sambland gjaldeyris- og verðbréfasamnings eða sambærilega fjármálagerninga.

Afleiðuviðskipti sem eingöngu eru vegna vöru- og þjónustuviðskipta falla ekki undir þetta ákvæði.

j. (13. gr. j.)

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu á vöxtum, verðbótum, arði og samningsbundnum afborgunum eru undanþegnar reglum þessum, sbr. 1. mgr. og 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. b og 2. og 3. mgr. 13. gr. c. Innlendum aðilum er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri til greiðslu samningsbundinna afborgana lána í erlendum gjaldeyri, hjá því innlenda fjármálafyrirtæki sem veitti viðkomandi lán.

Með vöxtum skv. 1. mgr. er aðeins átt við vexti af innstæðum í innlendum fjármálafyrirtækjum og áfallna vexti af skuldabréfum sem útgefin eru af innlendum aðilum.

Við útreikning á vöxtum skv. 1. mgr., vegna skuldabréfa sem safna vöxtum daglega, skulu vextir reiknast í hlutfalli við þann tíma sem aðili hefur átt bréfið. Vexti af eingreiðslubréfum með forvöxtum, t.d. af ríkisvíxlum, skal reikna sem mun á milli útgáfuverðs (kaupverðs á útgáfudegi) og nafnverðs. Vextir eingreiðslubréfa falla jafnt (línulega) yfir líftíma bréfsins.

Með verðbótum í skilningi 1. mgr. er átt við verðbætur á vöxtum og höfuðstólsgreiðslum.

Arður er fellur til við lækkun hlutafjár eða vegna slita á félagi, skv. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, telst ekki arður í skilningi 1. mgr.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslna samkvæmt ákvæði þessu verða að hafa átt sér stað innan sex mánaða frá því að þær komust eða gátu komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans.

k. (13. gr. k.)

Þrátt fyrir bann 6. tölul. 1. mgr. 13. gr. b eru fjármagnshreyfingar á milli landa vegna gjafa og styrkja innlendra aðila til erlendra aðila, svo sem einstaklinga, góðgerðasamtaka eða hliðstæðra aðila, heimilar fyrir allt að 3.000.000 kr. á almanaksári. Fjármagnshreyfingar vegna gjafa og styrkja skulu lagðar inn á reikning í eigu móttakanda og skulu gefandi og styrkveitandi vera raunverulegir eigendur þeirra fjármuna sem um ræðir.

Laun sem erlendur aðili hefur aflað hérlendis síðastliðna sex mánuði eru undanþegin reglum þessum, sbr. 1. mgr. og 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. b. Þá skulu gjaldeyrisviðskipti vegna

slíkra fjármagnshreyfinga ekki takmarkast af 1. mgr. 13. gr. c. Það sama á við um laun innlends aðila sem búsettur er erlendis vegna starfs eða náms. Námslán, atvinnuleysisbætur, lífeyrisgreiðslur, þ.m.t. elli- og örorkulífeyrir og greiðslur vegna félagslegrar aðstoðar og aðrar sambærilegar greiðslur, teljast laun í skilningi þessarar málsgreinar.

l. (13. gr. l.)

Öllum erlendum gjaldeyri sem innlendir aðilar eignast, svo sem fyrir seldar vörur og þjónustu, eða með öðrum hætti, skal skilað til fjármálafyrirtækis hér á landi innan þriggja vikna frá því að gjaldeyririnn komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans. Skilaskylda skv. 1. málsl. er uppfyllt þegar erlendur gjaldeyrir er varðveittur á gjaldeyrisreikningi hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

Skilaskylda nær ekki til innlendra aðila sem hafa búsetu erlendis vegna starfs eða náms.

m. (13. gr. m.)

Innlend nýfjárfesting skal vera ótakmörkuð.

Nýfjárfesting í skilningi þessa ákvæðis er fjárfesting sem gerð er eftir 31. október 2009 fyrir nýtt innstreymi erlends gjaldeyris, sem skipt er í innlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Afleiðusamningar teljast ekki til nýfjárfestingar. Innstæður á erlendum gjaldeyrisreikningum í innlendum fjármálafyrirtækjum, sem urðu til fyrir 31. október 2009, og tekjur vegna útflutningsviðskipta teljast ekki til nýs innstreymis erlends gjaldeyris.

Gjaldeyrisviðskipti, þar sem nýju innstreymi erlends gjaldeyris er skipt í innlendan gjaldeyri í samræmi við 2. mgr., falla ekki undir 1. mgr. 13. gr. c.

Fjárfestir skal, með aðstoð fjármálafyrirtækis hér á landi, tilkynna um nýfjárfestingu til Seðlabanka Íslands innan tveggja vikna frá því að nýju innstreymi erlends gjaldeyris er skipt í innlendan gjaldeyri. Slíkri tilkynningu skulu fylgja gögn sem sýna fram á að um nýfjárfestingu í skilningi þessa ákvæðis sé að ræða.

Að fenginni staðfestingu Seðlabankans um að fjármunir hafi losnað við sölu á nýfjárfestingu skulu slíkir fjármunir ekki falla undir takmarkanir skv. 13. gr. b og 13. gr. c.

n. (13. gr. n.)

Seðlabanki Íslands og ríkissjóður eru undanþegnir 13. gr. b – 13. gr. m laga þessara.

Eftirfarandi aðilar skulu undanþegnir 13. gr. b – 13. gr. m laga þessara að undanskildum 3. mgr. 13. gr. b, 13. gr. c og 13. gr. i.:

1. Innlendir aðilar sem eru aðilar að fjárfestingarsamningi við íslenska ríkið.
2. Innlendir aðilar sem starfa samkvæmt leyfi iðnaðarráðherra til olíuleitar samkvæmt lögum nr. 13/2001.

Eftirfarandi aðilar eru undanþegnir 1. mgr. 13. gr. e, 1. mgr. 13. gr. f og ákvæðum 13. gr. g og 13. gr. h:

1. Fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkissjóðs, sem starfa samkvæmt sérlögum.
2. Sveitarfélög og fyrirtæki í meirihlutaeigu sveitarfélaga, sem starfa samkvæmt sérlögum.

Lögaðili, sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið við yfirráðum yfir með því að skipa honum skilanefnd eða bráðabirgðastjórn, og lögaðili, sem héraðsdómari hefur skipað slitastjórn samkvæmt lögum nr. 161/2002, eru undanþegnir 2. mgr. 13. gr. b, 13. gr. e, 1. mgr. 13. gr. f, 13. gr. g, 13. gr. h og 13. gr. l.

Fyrirtæki, sem hafa yfir 80% af tekjum og 80% af gjöldum erlendis, geta fengið undanþágu frá 1. mgr. 13. gr. e, 1. mgr. 13. gr. f, 13. gr. g, 13. gr. h og 13. gr. l. Þau fyrirtæki sem telja sig uppfylla skilyrði 1. málsl. skulu senda umsókn til Seðlabanka Íslands og sýna fram

á að þau uppfylli skilyrðin ásamt staðfestingu löggilts endurskoðanda. Seðlabanki Íslands birtir lista yfir þá aðila sem fá undanþágu á þessum grundvelli. Fyrirtæki sem fá undanþágu samkvæmt þessari málsgrein skulu þegar 12 mánuðir eru liðnir frá staðfestingu Seðlabankans um undanþágu sýna fram á að þau uppfylli enn þá skilyrði þessarar málsgreinar og senda gögn því til staðfestingar til Seðlabanka Íslands ásamt staðfestingu löggilts endurskoðanda þar um. Skal slík staðfesting berast Seðlabankanum á 12 mánaða fresti eftir það. Komi í ljós að fyrirtæki uppfylli ekki lengur skilyrði þessarar málsgreinar verður undanþágan felld úr gildi.

Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki, sem starfa undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, aðrir en lögaðilar sem falla undir 4. mgr., hafa heimild til að eiga gjaldeyrisviðskipti sín á milli með beinum viðskiptum, framvirkum samningum og skiptasamningum. Einnig eru viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki undanþegin ákvæðum 13. gr. g, 13. gr. h og 13. gr. l. Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að taka á móti peningamarkaðsinnlánum í innlendum gjaldeyri frá erlendum aðilum, í samræmi við heimildir þeirra samkvæmt lögum nr. 161/2002.

o. (13. gr. o.)

Ákvæði 7. gr. gilda um heimildir Seðlabanka Íslands til að veita undanþágur frá ákvæðum 13. gr. b – 13. gr. n. Þó skal ekki innheimta leyfisgjald þegar undanþágur eru veittar. Seðlabankinn getur sett skilyrði fyrir undanþágu. Umsóknir um undanþágur skulu berast Seðlabankanum bréflega ásamt gögnum er málið varða.

Seðlabankinn getur sett nánari reglur um framkvæmd ákvæða 13. gr. b – 13. gr. n.

p. (13. gr. p.)

Þegar gjaldeyrishöft eru ekki lengur til staðar, sbr. 13. gr. a, en þó eigi síðar en 1. apríl 2016, skal Seðlabanki Íslands eyða þeim upplýsingum sem aflað er á grundvelli 1., 2. og 4. mgr. 15. gr. e, 15. gr. f og 1. og 2. mgr. 15. gr. g. Það á þó ekki við um gögn er varða meint brot gegn lögum um gjaldeyrismál og upplýsingar sem liggja til grundvallar niðurstöðum rannsókna á meintum brotum.

q. (13. gr. q.)

Efnahags- og viðskiptaráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um framgang áætlunar um afnám gjaldeyrishafta, sbr. 13. gr. a. Ákvæðið skal sæta endurskoðun í aðdraganda að gerð skýrslunnar.

4. gr.

Á eftir 6. tölul. 2. mgr. 15. gr. a laganna kemur nýr töluliður er orðast svo, og breytast númer annarra töluliða til samræmis við það: 13. gr. a – 13. gr. n um bann við fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum.

5. gr.

Á eftir 3. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur nýr töluliður er orðast svo, og breytast númer annarra töluliða til samræmis við það: 13. gr. a – 13. gr. n um bann við fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum orðast svo:

Fram til 31. desember 2015 getur Seðlabankinn bundið gjaldeyrisviðskipti sín skilyrðum hvað varðar innra skipulag og fjárfestingarstefnu viðskiptamanna, eignarhald og fjármögnun þeirra, lágmarkstíma á eignarhaldi hluta eða hlutabréfa útgefinna af viðskiptamönnum, ráðstöfun þeirra á gjaldeyri til nánar tilgreindra fjárfestinga og lágmarkstíma á fjárfestingu þeirra.

7. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. september 2011“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum kemur: 31. desember 2015.

II. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. september 2011“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum kemur: 31. desember 2015.

III. KAFLI

Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1959. Þingsályktun [578. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfisvernd) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 978.

1960. Þingsályktun [581. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 981.

1961. Þingsályktun [620. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1078.

1962. Þingsályktun [629. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2010 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1104.

1963. Þingsályktun [647. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1149.

1964. Þingsályktun [476. mál]

um athugun á fyrirkomulagi fraktflutninga við austurströnd Grænlands.

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 771.

1965. Þingsályktun [477. mál]

um vestnorrænt samstarf til að bæta aðstæður einstæðra foreldra á Vestur-Norðurlöndum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 772.

1966. Þingsályktun [479. mál]

um eflingu samgangna milli Vestur-Norðurlanda.

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 774.

1967. Þingsályktun [480. mál]

um samvinnu milli vestnorrænu ríkjanna um stjórn veiða úr sameiginlegum fiskstofnum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla samvinnu við Færeyjar og Grænland um stjórn veiða úr sameiginlegum fiskstofnum og skorar á hana að vinna með löndunum tveimur að undirbúningi viðræðna og samstarfs við aðrar fiskveiðiþjóðir á Norður-Atlantshafi um stjórn veiða úr sameiginlegum fiskstofnum.

1968. Þingsályktun [481. mál]

um samvinnu milli ríkissjónvarpsstöðva vestnorrænu ríkjanna.

(Afgreidd frá Alþingi 16. september 2011.)

Samhljóða þskj. 776.

1969. Breytingartillögur [704. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, fjárfestingarheimildir).

Frá Helga Hjörvar.

1. 4. gr. orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er rétthafa séreignarsparnaðar heimilt á tímabilinu 1. október 2011 fram til 1. júlí 2012 að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar, sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla, til vörsluaðila skv. 3.–5. mgr. 8. gr. og skal greiðslum háttað eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Heimilt er á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar rétthafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem hinn 1. október 2011 nemur samanlagt allt að 6.250.000 kr. óháð því hvort sú heildarfjárhæð séreignarsparnaðar er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Skal sú fjárhæð greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, á 15 mánaða tímabili frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttist hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 6.250.000 kr. er að ræða.

Við ákvörðun fjárhæðar rétthafa til útborgunar skal draga frá hámarksfjárhæð, þ.e. allt að 6.250.000 kr., samanlagða fjárhæð þess séreignarsparnaðar sem þegar hefur verið greiddur út á grundvelli ákvæðisins eins og það hljóðaði fyrir 1. október 2011. Sé óskað eftir útgreiðslum samkvæmt ákvæði þessu fellur fyrra greiðslufyrirkomulag niður, en samanlögð heimil heildarfjárhæð útborgunar, allt að 6.250.000 kr., greiðist út í samræmi við ákvæði 2. mgr., sbr. fyrri málslið þessarar málsgreinar.

Óski rétthafi eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 2. mgr. skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Ef rétthafi á séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila skal hann gera grein fyrir því í umsókn sinni.

Vörsluaðilar séreignarsparnaðar taka ákvörðun um umsókn rétthafa skv. 2. mgr. og hafa umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans.

Skuldheimtumönnum er óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn samkvæmt þessu ákvæði, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag eftirlits og útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt, atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006.

Um afgreiðslu umsókna, sem borist hafa í gildistíð eldra ákvæðis og óafgreiddar kunna að vera, skal fara eftir ákvæði þessu, svo breyttu, frá og með gildistöku þess.

2. Við bætist ný grein, svohljóðandi:
   Í stað dagsetningarinnar „1. apríl 2011“ í ákvæði til bráðabirgða IX í lögunum kemur: 1. júlí 2012.
3. 2. málsl. 5. gr. orðist svo: Þó skulu ákvæði 1. gr. öðlast gildi 1. september 2013 og 4. og 5. gr. öðlast gildi 1. október 2011.

Greinargerð.

Lagt er til að heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar sem fram kemur í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, verði virk á tímabilinu 1. október 2011 fram til 1. júlí 2012. Heimildin var fyrst sett með lögum nr. 13/2009 og síðan breytt með lögum nr. 130/2009 og lögum nr. 164/2010.

Með umræddum lögum hafa rétthafar getað fengið greiddar út allt að 5 millj. kr. Með breytingum þeim sem hér eru lagðar til er gert ráð fyrir að hverjum rétthafa verði heimilt að taka út 1.250.000 kr. til viðbótar, samtals allt að 6.250.000 kr. Samanlagður útgreiðslutími fjárhæðar sem nemur allt að 6.250.000 kr. er 15 mánuðir og styttist útgreiðslutími hlutfallslega ef um lægri fjárhæð er að ræða. Ákvæðið kemur þó ekki í veg fyrir að rétthafar ákveði aðra greiðslutilhögun í því augnamiði að mánaðarleg útgreiðsla verði lægri. Hugsanlegt er að rétthafi sæki um útgreiðslu á hluta séreignar sinnar og óski síðan aftur eftir útgreiðslu á umsóknartímabilinu, frá og með 1. október 2011 til og með 30. júní 2012, á grundvelli nýrrar umsóknar. Mikilvægt er að vörsluaðilar upplýsi rétthafa um þennan rétt.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneyti hafa fram til 1. ágúst 2011 rúmlega 56 þúsund rétthafar sótt um úttekt á samtals 60,2 milljörðum kr. Meðalúttekt fyrir skatt er samkvæmt því rúmlega 1 millj. kr. á rétthafa.

Einnig er lagt til í 2. tölul. að heimild vörsluaðila til að fresta útgreiðslum að greindum skilyrðum verði framlengd.

1970. Tillaga til þingsályktunar [910. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 16. september 2011 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 1. október 2011.

1971. Breytingartillögur [788. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

Frá Helga Hjörvar.

1. Í stað ártalsins „2015“ í a-lið 3. gr. (13. gr. a) og 6.–8. gr. komi: 2013.
2. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. o-liðar 3. gr. (13. gr. o) komi nýr málsliður, svohljóðandi: Þrátt

fyrir orðalag 7. gr. getur Seðlabankinn veitt almennar undanþágur án undangenginnar umsóknar þar að lútandi.

3. Í stað ártalsins „2016“ í p-lið 3. gr. (13. gr. p) komi: 2014.
4. Við bætist nýr kafli, III. kafli, **Breyting á lögum um Seðlabanka Íslands,** nr. 36/2001, með síðari breytingum, með einni nýrri grein, 9. gr., svohljóðandi:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir 2. mgr. 17. gr. er Seðlabankanum heimilt, fram til 31. desember 2013, að annast viðskipti við einstaklinga og fyrirtæki, enda sé um að ræða viðskipti sem Seðlabankinn metur nauðsynleg til þess að hægt sé að losa um takmarkanir sem settar hafa verið á fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti.
5. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, tollalögum og lögum um Seðlabanka Íslands.

Greinargerð.

Í samræmi við yfirlýsingu efnahags- og viðskiptaráðherra við lok þessa löggjafarþings sem samkomulag er um er lagt til að tímaramminn til afnáms gjaldeyrishafta samkvæmt frumvarpinu verði styttur um tvö ár, sbr. 1. tölul. Í 2. og 4. tölul. eru lagðar til breytingar í samræmi við ábendingar efnahags- og viðskiptaráðuneytis sem bárust efnahags- og skattanefnd í formi minnisblaðs frá 8. september 2011. Er þeim ætlað að styrkja lagagrundvöll Seðlabanka Íslands við veitingu undanþágu frá haftareglum frumvarpsins og hins vegar að hnykkja á heimild bankans til að eiga tímabundið bein viðskipti við einstaklinga og fyrirtæki í ákveðnum tilgangi.

1972. Framhaldsnefndarálit [726. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin fjallaði áfram um málið eftir að 2. umræða fór fram.

Eftir að nefndin afgreiddi málið frá sér til 2. umræðu bárust nefndinni erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með athugasemdum um málið, um nefndarálit hennar fyrir 2. umræðu og breytingartillögur. Af því tilefni fundaði nefndin með Stefaníu Traustadóttur frá innanríkisráðuneytinu og Guðjóni Bragasyni og Gunnlaugi Júlíussyni frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í framangreindum erindum og í máli gestanna komu fram nokkur sjónarmið sem nefndin tók til skoðunar og íhugaði á þessu stigi málsins.

Yfirstjórn sveitarstjórnarmála.

Í erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga kom fram sú skoðun sambandsins að merking ákvæðis 2. mgr. 2. gr., skv. 1. tölul. breytingartillagna á þskj. 1875, sé gjörbreytt frá því sem upphaflega var og að breytingin sé mikil afturför. Þannig sé hlutverk ráðherra sveitarstjórnarmála orðað hlutlaust þar sem það beinist eingöngu að eigin verksviði ráðherrans. Til að koma til móts við sjónarmið um réttaröryggi borgaranna hefði að áliti sambandsins mátt skýra markmið greinarinnar frekar með því að takmarka gildissvið hennar. Benda samtökin á að eins og ákvæðið hafi verið orðað við framlagningu frumvarpsins hafi verið skýrt að ráðherra

hafi verið ætlað að vera málsvari sveitarstjórnarstigsins út á við, einkum á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Telur sambandið þetta skipta verulegu máli, t.d. varðandi umræðu um breytingar á stjórnsýslu, fjárlagagerð og fleira. Þá bendir sambandið á að ákvæðið hafi komið inn í frumvarpið að áeggjan þess og það byggist á erlendum fyrirmyndum, einkum í Hollandi og Finnlandi. Að lokum leggur sambandið til að upphaflegt orðalag ákvæðisins verði tekið inn í frumvarpið að nýju en takmarkað t.d. með því að bæta inn orðunum „á vettvangi ríkisstjórnarinnar“ til að taka af vafa um að ráðherranum beri að gæta hlutleysis þegar við á, t.d. við meðferð úrskurðarmála þar sem sveitarfélög eru málsaðilar.

Nefndin fjallaði um sama álitaefni í nefndaráliti sínu fyrir 2. umræðu. Nefndin bendir á þær röksemdir sem þar koma fram og telur ekki tilefni til þess að draga í land. Þó leggur nefndin til breytingu á orðalagi 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar í þeim tilgangi að skýra hlutverk ráðherra frekar þannig að honum beri almennt að gæta að og virða sjálfstjórn sveitarfélaganna, verkefni þeirra og fjárhag. Af þessum sökum kallaði nefndin breytingartillögu í 1. tölul. þskj. 1875 til baka en leggur hana fram að nýju í breyttum búningi.

Fjölgun fulltrúa í sveitarstjórn.

Við umfjöllun nefndarinnar fyrir 2. umræðu ræddi nefndin tímabil stöðugleika íbúafjölda skv. 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Þrátt fyrir að nefndin teldi þá ekki nauðsynlegt að gera breytingar á frumvarpinu hvað þetta varðar var málefnið rætt að nýju eftir 2. umræðu. Í það sinn kom það sjónarmið skýrt fram að tímabil stöðugleika íbúafjölda sveitarfélaga vegna skyldu til fækkunar eða fjölgunar sveitarstjórnarmanna væri of langt samkvæmt frumvarpsgreininni. Nefndin féllst á framangreind rök og gerir þá tillögu til breytingar að tímabil stöðugleika verði fjögur ár í stað átta. Af því tilefni bendir nefndin á að slík breyting mun hafa í för með sér að skylda skv. 2. mgr. verður ekki virk gagnvart sveitarfélögum fyrr en árið 2018.

Framsal fjárstjórnarvalds.

Í erindi sínu setti Samband íslenskra sveitarfélaga fram þá hugmynd að nefndin legði til breytingu á 2. mgr. 58. gr. frumvarpsins. Kom þar fram að markmið slíkrar tillögu væri að bregðast við gagnrýni sem komið hefur fram á frumvarpið frá sveitarfélögum sem telji að of mikið vald sé fært til ráðherra sveitarstjórnarmála með heimildum til að setja reglugerðir um einstök málefni.

Nefndin fellst á framangreind sjónarmið og gerir hugmynd Sambands íslenskra sveitarfélaga að tillögu sinni. Þannig leggur nefndin til að 2. mgr. 58. gr. kveði á um heimild sveitarfélaga til að fela byggðarráði í samþykkt um stjórn sveitarfélags að taka fullnaðarákvarðanir í þeim málefnum sem tilgreind eru í 5. og 6. tölul. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmist innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

Réttur ráðuneytis til að tefja úrgöngu úr byggðasamlagi.

Samkvæmt 3. mgr. 95. gr. frumvarpsins getur ráðuneyti sveitarstjórnarmála ákveðið að sveitarfélagi sé ekki heimilt að ganga úr byggðasamlagi í allt að sjö ár að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Á fundi nefndarinnar kom fram að slíkt kynni að hafa veruleg íþyngjandi áhrif á sveitarfélög sem hyggðu á útgöngu. Sérstaklega var bent á að sjö ár nálguðust það að vera tvö kjörtímabil. Nefndin leggur því til að heimild ráðherra verði stytt í fimm ár.

Skilyrði íbúakosningar.

Í erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga komu fram nokkrar athugasemdir við 108. gr. frumvarpsins. Þannig kom fram sú skoðun þess að frumvarpsgreinin innihéldi mjög litlar takmarkanir á því um hvaða mál íbúar gætu krafist atkvæðagreiðslu um. Ekki væri nægilega skýrt hvort takmarkanir hennar þýddu t.d. að sveitarstjórn gæti hafnað því að halda atkvæðagreiðslu um skatta- eða gjaldskrárákvarðanir, með vísan til skyldu sveitarfélaga til þess að halda sig innan fjárhagsviðmiða. Var það mat sambandsins að greinin þyrfti að vera fortakslaus um að ekki væri hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um ákvörðun lögbundinna tekjustofna sveitarfélaga. Þá taldi sambandið að heppilegast væri ef sveitarfélögum yrði heimilað að setji sér nánari reglur um það hve hátt hlutfall íbúa þyrfti til að krefjast borgarafunda og almennra atkvæðagreiðslna. Að lokum hvatti sambandið nefndina til að skoða hvort ekki væri rétt að hækka hlutfallstölur í 1. mgr. 108. gr. og veita sveitarstjórnum svigrúm til að setja nánari reglur um fjölda íbúa sem þarf til þess að krefjast borgarafunda og atkvæðagreiðslna um einstök málefni.

Framangreind sjónarmið voru rædd á fundi nefndarinnar. Í máli fulltrúa innanríkisráðuneytisins kom fram að ráðherra innanríkismála legðist gegn þeim hugmyndum sem komu fram í athugasemdum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á fundi nefndarinnar kom fram að sérfræðingar frá Sviss og Þýskalandi hafi haldið því fram að þegar að íbúakosningum kæmi þyrftu lög og reglur að innihalda einhver þau tæki eða takmarkanir sem hömluðu því að íbúar gætu að óathuguðu máli krafist íbúakosningar um einstök mál. Þá kom fram að slíkar takmarkanir væru oft og tíðum útfærðar með tímamörkum undirskriftasafnana og jafnvel að slíkar undirskriftir þyrftu að fara fram á ákveðnum stað. Mat nefndarinnar er að á þeim skamma tíma sem eftir lifir af 139. löggjafarþingi verði ekki brugðist við framangreindum sjónarmiðum þannig að vel sé. Engu síður hvetur nefndin innanríkisráðuneytið til þess að gera ítarlega skoðun og úttekt á reynslu annarra þjóða af íbúakosningum, tileinka sér hana og nýta hana til breytinga á sveitarstjórnarlögum. Tækifæri til slíks ætti t.d. að skapast við endurskoðun fjármálaákvæða laganna.

Í ljósi alls framangreinds leggur nefndin til breytingar á 108. gr. frumvarpsins þannig að skýrar verði greint á milli borgarafundar og íbúakosningar og um hvaða málefni er ekki heimilt að krefjast kosningar. Byggist tillaga nefndarinnar á þeirri hugsun að ósamræmi sé á milli þess að krefjast aukinnar raunverulegrar fjárhagslegrar fyrirsjár af sveitarstjórnarmönnum og að gera þeim á sama tíma mögulega erfiðara um vik standi vilji borgaranna gegn slíkri ráðdeild.

Nefndin telur sérstakt tilefni til að benda á að þrátt fyrir að ákvæði frumvarpsgreinarinnar kveði á um skyldu sveitarstjórna til viðbragða að því tilskildu að ákveðinn hluti íbúa sveitarfélags krefjist slíks er ekki hægt að gagnálykta frá frumvarpsgreininni á þann hátt að slíkt sé sveitarstjórnum ekki að öðru leyti heimilt. Þannig kemur ekkert í veg fyrir að sveitarstjórn bregðist við óskum fárra íbúa krefjist þeir borgarafundar eða atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þá kemur ekkert í veg fyrir að sveitarstjórn haldi íbúafund eða atkvæðagreiðslu meðal íbúa um einstök mál að eigin frumkvæði.

Stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum.

Á fundi nefndarinnar fór Samband íslenskra sveitarfélaga þess á leit við nefndina að hún tæki afstöðu til ábendinga í umsögn Reykjavíkurborgar um bagalegt misræmi milli almennra athugasemda við XI. kafla frumvarpsins og skýringa við 109. gr. frumvarpsins.

Af framangreindu tilefni áréttar nefndin að misræmi er milli almennra skýringa við XI. kafla og skýringa við 109. gr. frumvarpsins. Eins og yfirskrift og efni 109. gr. ber með sér

snýr almennt eftirlit ráðherra að stjórnsýslu sveitarfélagsins. Eftirlit þetta er svonefnt lögmætiseftirlit, þ.e. eftirlit með því að fylgt sé ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla í stjórnsýslu sveitarfélaga. Í því felst ekki endurskoðun á efni ákvarðana sveitarstjórna að því leyti sem þær eru byggðar á frjálsu mati og því svigrúmi sem sveitarfélög hafa til ákvarðana innan ramma laganna. Þá tekur stjórnsýslueftirlit ráðherra almennt ekki til einkaréttarlegra gerninga sem sveitarfélögin kunna að gera, nema með þeim undantekningum sem fram koma í lögunum, sbr. einkum 115. gr. Ágreiningur aðila sem á rætur í slíkum einkaréttarlegum samningum fellur því ekki undir stjórnsýslueftirlit ráðherra, jafnvel þótt viðurkennt sé að opinberir aðilar þurfi ætíð að fara að meginreglum stjórnsýsluréttarins í slíkum samskiptum, t.d. um hæfi.

Ógilding samninga.

Á fundi nefndarinnar kom fram sú athugasemd við 115. gr. frumvarpsins, með áorðnum breytingum, að ekki væri nægilega tryggt að minni háttar annmarkar á samningum eða málsmeðferð sveitarstjórnar við samþykkt þeirra leiði ekki til ógildingar. Var bent á að orðalag frumvarpsgreinarinnar skapaði hættu á að traust í garð sveitarfélaga sem samningsaðila mundi rýrna.

Nefndin fellst á framangreindar röksemdir og leggur til þá breytingu á 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar að aðeins þeir samningar sem í veigamiklum atriðum fullnægja ekki ákvæðum VII. kafla laganna geti orðið andlag ógildingarvalds ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

Samráð ríkis og sveitarfélaga.

Eins og fram kemur í áliti nefndarinnar fyrir 2. umræðu lagði nefndin fram tillögu til breytingar á 129. gr. frumvarpsins. Við nánari skoðun kom í ljós að nauðsynlegt væri að gera breytingar á frumvarpsgreininni í nafni skýrleika. Af þeim sökum kallaði nefndin framangreinda breytingartillögu aftur en flytur hana nú á ný með breyttu orðalagi.

Gildandi samningar sveitarfélaga við endurskoðendur.

Sú ábending kom fram í erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga að rétt kynni að vera að gera breytingu á 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða til samræmis við þær breytingar sem nefndin lagði til að yrðu gerðar á 72. gr. fyrir 2. umræðu.

Nefndin fellst á mat sambandsins og leggur fram tillögu til breytingar því til samræmis.

Endurskoðun sveitarstjórnarlaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga vakti athygli nefndarinnar á ósamræmi milli 8. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í frumvarpinu og bráðabirgðaákvæðis skv. a-lið 39. tölul. breytingartillögu á þskj. 1875.

Nefndin tekur undir framangreinda athugasemd sambandsins. Af þeim sökum kallaði nefndin framangreindan staflið 39. tölul. breytingartillögu sinnar aftur. Þá leggur nefndin nú til orðalagsbreytingu á 8. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í nafni skýrleika.

Áætlun um hvernig viðmiðum 2. mgr. 64. gr. verði náð.

Í erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga kom fram gagnrýni á ákvæði til bráðabirgða skv. b-lið 39. tölul. breytingartillögu á þskj. 1875. Þannig kom fram það álit sambandsins að algerlega væri óraunhæft að veita sveitarstjórnum aðeins þriggja mánaða frest til þess að ljúka áætlanagerð samkvæmt ákvæðinu. Eðlilegra verklag væri að tengja hana við gerð fjárhagsáætlana 2012 og miða við að áætlunin liggi fyrir 15. desember 2012. Ljóst mætti vera að

sveitarstjórnir sem uppfylla ekki viðmið skv. 64. gr. muni m.a. þurfa að fara vandlega yfir þær kröfur sem settar verða í reglugerð samkvæmt lokamálsgrein 64. gr. frumvarpsins og eftir atvikum hafa samráð við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um raunhæf markmið. Þá kom einnig fram sú afstaða sambandsins að sex ár væru of stuttur frestur til aðlögunar að skuldareglu en tíu ár kynnu að vera hæfilegur tími.

Nefndin fellst á framangreind rök sambandsins. Af þeim sökum kallaði nefndin aftur b-lið 39. tölul. breytingartillögu framangreinds þingskjals og leggur tillöguna nú fram að nýja breytta þannig að komið sé til móts við framangreind sjónarmið í öllum aðalatriðum.

Útreikningur á afkomu og fjárhagsstöðu.

Sú ábending kom fram í erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga að rétt væri að nefndin tæki til skoðunar að útvíkka undanþágu ákvæðis til bráðabirgða skv. c-lið 39. tölul. breytingartillögu á þskj. 1875. Þannig væri ekki rétt að einskorða hana við orkufyrirtæki, m.a. í ljósi krafna um aðgreiningu raforkuframleiðslu frá almennri veitustarfsemi orkufyrirtækja. Voru nefnd dæmi þess að miklar skuldir hvíldu á veituhlutanum, ekki síður en þeim hluta starfseminnar sem tilheyrir raforkuframleiðslu. Að auki taldi sambandið aðlögunarfrest ákvæðisins of stuttan.

Nefndin fellst á framangreind rök. Af þeim sökum kallaði nefndin aftur c-lið 39. tölul. breytingartillögu framangreinds þingskjals og leggur tillöguna nú fram að nýju breytta þannig að komið sé til móts við framangreind sjónarmið.

Gildandi samþykktir um stjórn sveitarfélaga.

Nefndinni barst sú ábending að ýmis ákvæði frumvarpsins kölluðu á breytingar á samþykktum sveitarfélaga, m.a. um kosningar í nefndir, áheyrnarfulltrúa, fjárhagsmálefni o.s.frv. Slíkt kynni að reynast sveitarfélögum erið verkefni enda ljóst að sveitarstjórnir muni þurfa að semja sér siðareglur og samþykkja þær og sinna áætlanagerð vegna aðlögunar að fjármálareglum eftir samþykkt frumvarpsins sem laga.

Að mati nefndarinnar er eðlilegt að gefa sveitarstjórnum hæfilegt svigrúm til þess að vinna að endurskoðun samþykkta um stjórn og fundarsköp og leggur nefndin því til að bætt verði við nýju ákvæði til bráðabirgða sem veiti frest til 1. janúar 2013 til að ljúka því verkefni. Þá muni gildandi samþykktir, að því leyti sem þær eru í ósamræmi við sveitarstjórnarlög, víkja fyrir ákvæðum þeirra, t.d. varðandi reglur um nefndakjör.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Árni Johnsen og Guðmundur Steingrímsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. sept. 2011.

Björn Valur Gíslason, form., frsm.	Lúðvík Geirsson.	Ólína Þorvarðardóttir.
Árni Þór Sigurðsson.	Ásbjörn Óttarsson.	Róbert Marshall.
	Mörður Árnason.	

1973. Breytingartillaga [741. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá Atla Gíslasyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, II. kafli A, **Framlag til hagsmunasamtaka útgerðarmanna,** með einni nýrri grein, 12. gr. a, svohljóðandi:

Framleiðendur sjávarafurða og aðrir fiskkaupendur, svo og þeir sem taka sjávarafurðir í umboðssölu, skulu greiða tiltekið hlutfall, allt að 0,5% af samanlögðu verðmæti þess afla sem þeir taka við af opnum bátum, þilfarsbátum undir 10 lestum og krókaaflamarksbátum, inn á reikning tilgreindra hagsmunasamtaka útvegsmanna, enda hafi útvegsmaður, eða hagsmunasamtök útgerðarmanna fyrir hans hönd samkvæmt umboði, óskað eftir því að svo verði gert.

Hagsmunasamtök útgerðarmanna skulu láta framleiðendum sjávarafurða og öðrum fiskkaupendum í té skrá yfir þá útgerðarmenn sem hafa óskað þess að greiða gjald skv. 1. mgr. inn á reikning þeirra. Samtökin skulu leitast við að hafa með sér samvinnu um gerð slíkrar skrár svo að einungis verði til ein skrá um gjaldendur. Færsla á skrána felur í sér staðfestingu þess að útvegsmaður óski þess að greiða gjald skv. 1. mgr. Á skránni skulu koma fram upplýsingar um hversu hátt álagningarhlutfall skv. 1. mgr. skal vera. Heimilt er að birta skrána á netinu. Útvegsmanni skal heimilt að segja sig frá álagningu samkvæmt skránni án tillits til samþykkta þeirra hagsmunasamtaka sem hann kann að eiga aðild að. Uppsögnin öðlast gildi í upphafi annars mánaðar frá því að beiðni þar um var send viðkomandi hagsmunasamtökum.

Þegar framleiðandi sjávarafurða veðsetur framleiðslu sína við töku afurðaláns hjá viðskiptabanka skal það ekki standa í vegi ráðstöfunar skv. 1. mgr. Greiðsla skal innt af hendi innan 14 daga frá því að fiskur var afhentur. Sambærileg skylda hvílir á þeim sem taka fisk í umboðssölu.

1974. Breytingartillögur [674. mál]

við frv. til l. um Stjórnarráð Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (RM, ÁI, VBj, ÞrB, MÁ, ÞSa).

1. 1. mgr. 2. gr. orðist svo:
   Stjórnarráð Íslands skiptist í ráðuneyti. Ráðuneyti eru skrifstofur ráðherra og æðstu stjórnvöld framkvæmdarvaldsins hvert á sínu málefnasviði. Ákveða skal fjölda ráðuneyta og heiti þeirra með forsetaúrskurði, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Tillagan skal lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu sem komi þegar til umræðu og afgreiðslu áður en forsetaúrskurður er gefinn út.
2. Á eftir 1. mgr. 4. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Við skiptingu stjórnarmálefna á milli ráðuneyta skv. 1. mgr. skal þess jafnan gætt,

að teknu tilliti til skiptingar Stjórnarráðsins í ráðuneyti skv. 2. gr., að eðlislík stjórnarmálefni heyri undir sama ráðuneyti.

3. Á eftir 1. mgr. 6. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

   Á ríkisstjórnarfundum skal skýra frá fundum þar sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar koma sameiginlega fram gagnvart aðilum úr stjórnkerfinu eða utan þess til umræðna um mikilvæg málefni og þegar þeim sem fulltrúum ríkisstjórnarinnar eru veittar mikilvægar upplýsingar eða kynnt mikilsverð málefni sem þurfa að koma til úrlausnar innan stjórnsýslunnar.

4. Í stað orðanna „vegna almannahagsmuna, sbr. 9. og 10. gr. upplýsingalaga“ í 2. mgr. 7. gr. komi: vegna einkahagsmuna og almannahagsmuna.

5. 11. gr. orðist svo:

   Færa skal skrá um formleg samskipti og fundi milli ráðuneyta Stjórnarráðsins sem og við aðila utan þess.

   Forsætisráðherra setur reglur um skráninguna.

6. Síðari málsliður 2. mgr. 13. gr. orðist svo: Eftirlit með sjálfstæðum stjórnvöldum tekur ekki til málsmeðferðar eða ákvarðana í einstökum málum.

7. Við 28. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Þrátt fyrir 1. mgr. skal ákvæði 4. mgr. 7. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2012.

8. Við bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

   a. (I.)

      Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal ákveða fjölda ráðuneyta og heiti þeirra með forsetaúrskurði, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, við gildistöku laga þessara án undanfarandi þingsályktunartillögu og fjöldi þeirra og heiti skulu vera óbreytt frá því sem er við gildistökuna.

   b. (II.)

      Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 28. gr. skal 5. gr. laga nr. 73/1969 halda gildi sínu til 1. maí 2012.

1975. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga. [726. mál]

(Eftir 2. umr., 17. sept.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði um sveitarfélög.

1. gr.
Sjálfstjórn sveitarfélaga.

Landið skiptist í sveitarfélög sem sjálf ráða málefnum sínum á eigin ábyrgð.

Með stjórn sveitarfélaga fara sveitarstjórnir sem kjörnar eru lýðræðislegri kosningu af íbúum þeirra samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Hver maður telst íbúi sveitarfélags þar sem hann á lögheimili.

Sveitarfélög eru lögaðilar.

2. gr.

Yfirstjórn sveitarstjórnarmála.

Ráðuneyti sveitarstjórnarmála fer með málefni sveitarfélaga.

Ráðherra sveitarstjórnarmála skal í störfum sínum standa vörð um hagsmuni sveitarfélaganna, sjálfstjórn þeirra, verkefni og fjárhag.

Engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skal ráðið til lykta án umfjöllunar sveitarstjórnarinnar.

3. gr.

Markmið laganna og forsendur.

Með lögum þessum er markaður almennur grundvöllur að starfsemi og stjórnskipulagi sveitarfélaga. Lögin byggjast á þeim forsendum að:

1. sveitarfélög séu sjálfstæð stjórnvöld sem er stjórnað af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnum í umboði íbúa sveitarfélagsins,
2. skipulag og starfsaðstæður sveitarfélaga séu þannig að þau geti sjálf borið ábyrgð á framkvæmd verkefna sem þeim er falið að sinna,
3. sveitarfélög geti haft samvinnu sín á milli um starfrækslu þeirra verkefna sem þau geta ekki leyst af hendi á eigin vegum eða þau telja hagkvæmara að leysa með þeim hætti,
4. afskipti annarra stjórnvalda af málefnum sveitarfélaga taki ávallt mið af sjálfstjórn sveitarfélaga samkvæmt stjórnarskrá og sáttmála Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélaga,
5. sveitarfélög hafi sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrám sem þeim er heimilt að setja.

4. gr.

Staðarmörk sveitarfélaga.

Sveitarfélög hafa ákveðin staðarmörk sem ráðast af útmerkjum þeirra fasteigna, þ.m.t. þjóðlendna, sem innan þeirra liggja.

Óheimilt er að breyta mörkum sveitarfélaga nema með lögum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur ráðherra breytt mörkum sveitarfélaga í tengslum við sameiningu þeirra eða til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarfélaga. Birta skal staðfestingu ráðherra á breytingum staðarmarka sveitarfélags í Stjórnartíðindum.

Réttur sveitarfélaga til ákvarðana eða umsagna um nýtingu sjávarbotns eða sjávar innan íslenskrar lögsögu en utan marka sveitarfélags fer að ákvæðum sérlaga hverju sinni.

5. gr.

Heiti sveitarfélags.

Sveitarstjórn ákveður heiti sveitarfélags að fenginni umsögn örnefnanefndar. Skal það samrýmast íslenskri málfræði og málvenju. Ef könnun er gerð meðal íbúa á viðhorfi til breytingar á nafni sveitarfélags eða á nafni nýs sveitarfélags skal leita umsagnar örnefnanefndar um þau nöfn sem um ræðir.

Ekki má breyta nafni sveitarfélags eða gefa nýju sveitarfélagi nafn nema með staðfestingu ráðuneytisins. Þegar nýtt heiti sveitarfélags hefur verið ákveðið skal samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, sbr. 9. gr., breytt til samræmis og tekur nýtt heiti gildi við gildistöku hennar.

6. gr.

Byggðarmerki.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag. Skráning byggðarmerkis veitir sveitarfélagi einkarétt á notkun þess.

Byggðarmerki skulu skráð hjá Einkaleyfastofu sem veitir umsóknum viðtöku og kannar skráningarhæfi merkjanna.

Viðkomandi ráðherra setur nánari reglur um skráningu byggðarmerkja, m.a. varðandi umsóknir og meðferð þeirra, skilyrði fyrir skráningu, ógildingu, birtingu og gjöld fyrir umsóknir og vottorð úr byggðarmerkjaskrá.

7. gr.

Almennar skyldur sveitarfélaga.

Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum. Ráðuneytið gefur árlega út leiðbeinandi yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga, flokkuð eftir því hvort verkefni eru skyldubundin eða ekki.

Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

II. KAFLI
Um sveitarstjórn.

8. gr.

Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum laga þessara og annarra laga. Starfsemi sveitarfélags fer fram á einu stjórnsýslustigi leiði annað ekki með beinum hætti af lögum.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skal sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélags.

Sveitarstjórn getur ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði sveitarfélagið.

9. gr.

Samþykkt um stjórn, stjórnsýslu og fundarsköp.

Sveitarstjórnir skulu gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Þar skal einnig kveðið á um fundarsköp sveitarstjórnarinnar og nefnda hennar. Samþykktin nefnist samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og skal send ráðuneytinu til staðfestingar.

Ráðuneytið semur fyrirmynd að samþykkt skv. 1. mgr. og birtir hana í Stjórnartíðindum. Gildir fyrirmyndin þar til sérstök samþykkt hefur verið gerð fyrir sveitarfélagið.

10. gr.

Heiti sveitarstjórnar o.fl.

Yfirstjórn hvers sveitarfélags nefnist sveitarstjórn. Heimilt er sveitarstjórn að nota heitið hreppsnefnd eða bæjarstjórn, enda styðjist slík málnotkun við hefð. Byggðarráð má á sama hátt nefna hreppsráð eða bæjarráð, framkvæmdastjóra má nefna bæjarstjóra eða sveitarstjóra og oddvita má nefna forseta bæjarstjórnar eða forseta sveitarstjórnar.

Reykjavík er höfuðborg Íslands. Í Reykjavíkurborg nefnist sveitarstjórnin borgarstjórn, byggðarráð nefnist borgarráð, framkvæmdastjóri nefnist borgarstjóri og oddviti nefnist forseti borgarstjórnar.

11. gr.

Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn.

Í sveitarstjórn skal fjöldi fulltrúa standa á oddatölu. Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn skal ákveðinn í samþykkt skv. 9. gr. og skal vera innan þeirra marka sem hér segir:

1. Þar sem íbúar eru undir 2.000: 5–7 aðalmenn.
2. Þar sem íbúar eru 2.000–9.999: 7–11 aðalmenn.
3. Þar sem íbúar eru 10.000–49.999: 11–15 aðalmenn.
4. Þar sem íbúar eru 50.000–99.999: 15–23 aðalmenn.
5. Þar sem íbúar eru 100.000 eða fleiri: 23–31 aðalmenn.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ekki skylt að fækka eða fjölga aðalmönnum í sveitarstjórn fyrr en íbúatala hefur verið hærri eða lægri en viðmiðunarmörkin í átta ár samfellt, talið frá næstu áramótum fyrir almennar kosningar til sveitarstjórna. Íbúatala grundvallast á íbúaskrá þjóðskrár.

12. gr.

Ný sveitarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Áður en nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum hefur hún ekki umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórninni boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar átt jafnlengi setu í sveitarstjórninni fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein. Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

13. gr.

Kjör oddvita og varaoddvita.

Á fyrsta fundi kýs sveitarstjórn oddvita og einn eða fleiri varaoddvita.

Sá telst rétt kjörinn oddviti sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði.

Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en nú á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu oddvita skjal kjósa varaoddvita. Kosning varaoddvita fer fram með sama hætti og oddvita, enda fari ekki um kosningu hans skv. 5. mgr.

Í samþykkt um stjórn sveitarfélags má ákveða að kjósa skuli fyrsta og annan varaoddvita til að gegna, í þeirri röð, störfum oddvita í forföllum hans. Skal kosning þeirra vera hlutfallskosning, enda sé ekki full samstaða um annað innan sveitarstjórnar.

Tilkynna skal kosningu oddvita og varaoddvita til ráðuneytis þegar að því loknu.

Kjörtímabil oddvita og varaoddvita er hið sama og sveitarstjórnar nema sveitarstjórn ákveði annað. Njóti oddviti eða varaoddviti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef oddviti eða varaoddviti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi.

III. KAFLI
Sveitarstjórnarfundir.

14. gr.
Skylda til að halda fundi.

Sveitarstjórn skal halda reglulega fundi á þeim stað og tíma sem ákveðið er fyrir fram eða mælt er fyrir um í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Aukafundi skal halda þegar oddviti eða framkvæmdastjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

15. gr.
Boðun og auglýsing funda.

Framkvæmdastjóri eða oddviti, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, boðar fundi. Fundarboð skal berast sveitarstjórnarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundarboð vegna aukafunda skal berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Nánari fyrirmæli um boðun funda er unnt að setja í samþykkt um stjórn sveitarfélags.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Íbúum sveitarfélags skal kunngert með opinberri auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórn heldur fundi. Einnig skal sveitarstjórn birta opinberlega innan sömu tímafresta og við á um sveitarstjórnarmenn fundarboð og dagskrá fundar, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi. Auglýsing á vefsíðu sveitarfélags telst fullnægjandi.

16. gr.
Opnir fundir.

Fundir sveitarstjórna eru opnir. Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélags séu viðstaddir.

17. gr.
Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Ef fjarlægðir í sveitarfélagi eru miklar eða samgöngur innan sveitarfélags eru erfiðar er heimilt að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar. Skal þá mælt fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

18. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili, um:

1. samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra,
2. staðfestingu ársreiknings,
3. stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélags í heild eða meiri hluta þess,
4. tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr.

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

19. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Oddviti stjórnar fundum sveitarstjórnar. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að fundir fari að öðru leyti fram í samræmi við lög, samþykktir sveitarfélagsins og almenn fundarsköp.

Ráðherra setur með auglýsingu leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, m.a. um hvað þar er skylt að bóka, um staðfestingu þeirra þegar að loknum fundi og skráningu og meðferð rafrænna fundargerða. Þar skal einnig setja nánari viðmið um framkvæmd fjarfunda skv. 3. mgr. 17. gr.

20. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélaga til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í lögum þessum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar, nema strangari regla sé sett í samþykkt um stjórn og fundarsköp. Þá verður starfsmaður sveitarfélags ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélags að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélags.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn eða nefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa eða taka ákvörðun í tilteknu máli sem lagt er fyrir sveitarstjórn eða nefnd eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin eða nefndin fjallar um málið. Þetta á þó ekki við um framkvæmdastjóra.

Ákvæði 4. mgr. á ekki við þegar sveitarstjórn eða viðkomandi nefnd fjallar um og afgreiðir ársreikninga, fjárhagsáætlanir, skipulagsáætlanir og aðrar almennar áætlanir sveitarfélagsins, enda eigi sveitarstjórnarmaður eða nefndarmaður ekki sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra við afgreiðslu viðkomandi málefnis.

Sveitarstjórnarmaður, nefndarfulltrúi eða starfsmaður sveitarfélags sem veit hæfi sitt eða annars orka tvímælis skal án tafar vekja athygli oddvita, formanns nefndar eða næsta yfirmanns á því.

Sveitarstjórn tekur ákvörðun um hæfi sveitarstjórnarmanns til meðferðar og afgreiðslu einstakra mála. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Nefnd tekur ákvörðun um hæfi nefndarmanns. Nefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður eða nefndarmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

21. gr.

Varamenn.

Þegar kosið hefur verið til sveitarstjórnar óbundinni kosningu taka varamenn sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir.

Þegar kosið hefur verið til sveitarstjórnar hlutbundinni listakosningu, eða listi hefur verið sjálfkjörinn, taka varamenn af lista aðalfulltrúa sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir.

Ef framboðslisti hefur verið borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um að varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalmaður, taki sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn varamaður af viðkomandi lista í sama stjórnmálaflokki eða samtökum og sá aðalfulltrúi sem í hlut á taka varamenn listans sæti samkvæmt venjulegum reglum. Hér skal ávallt miðað við stöðu viðkomandi á þeim tíma er kjör til sveitarstjórnar fór fram.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar að loknum sveitarstjórnarkosningum og gildir hún til loka kjörtímabils.

IV. KAFLI
Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

22. gr.

Mætingarskylda.

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli, sbr. 31. gr.

23. gr.

Skylda til að taka kjöri.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi starf fer fram.

24. gr.

Aðrar almennar skyldur sveitarstjórnarmanna.

Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

Sveitarstjórnarmönnum ber að gegna starfi sínu af alúð og samviskusemi. Sveitarstjórnarmönnum ber í hvívetna að gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins sem og öðrum almannahagsmunum.

25. gr.
Sjálfstæði í starfi.

Sveitarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

26. gr.
Málfrelsi, tillöguréttur og atkvæðisréttur.

Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.

Vilji sveitarstjórnarmaður ekki una úrskurði oddvita um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

27. gr.
Réttur til að bera upp mál.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á útsendri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis ⅔ hluta fundarmanna.

28. gr.
Aðgangur að gögnum og þagnarskylda.

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Sveitarstjórn skal í samþykkt um stjórn sveitarfélags mæla nánar fyrir um rétt sveitarstjórnarmanna til að fá afhent afrit gagna sem falla undir 1. mgr. og um fyrirkomulag og framkvæmd aðgangs að skrifstofu og stofnunum sveitarfélags skv. 2. mgr.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

29. gr.
Siðareglur og góðir starfshættir.

Sveitarstjórn skal setja sér siðareglur sem sendar skulu ráðuneytinu til staðfestingar. Ef siðareglur eru í gildi skal ný sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til endurskoðunar þeirra. Ef niðurstaðan er sú að siðareglur þarfnist ekki endurskoðunar halda þær gildi sínu. Tilkynna skal ráðuneytinu um þá niðurstöðu.

Siðareglur sveitarstjórnar skulu birtar opinberlega á vefsíðu sveitarfélagsins eða á sambærilegan hátt.

Öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur.

Samband íslenskra sveitarfélaga skipar nefnd sem veitt getur álit um siðareglur og um ætluð brot á þeim. Ráðuneytið getur borið tillögur sveitarstjórna um siðareglur undir nefndina áður en það tekur þær til staðfestingar.

30. gr.

Lausn frá störfum.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn.

Telji sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, svo sem vegna veikinda eða annarrar vinnu, getur sveitarstjórn létt af honum störfum eða veitt honum lausn úr sveitarstjórn, að hans ósk, um tiltekinn fyrir fram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélagi um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarmaður flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir sveitarstjórnarmaður kjörgengi samkvæmt hefðbundnum reglum.

Ef sveitarstjórnarmaður missir fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

31. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef ⅔ hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefði í för með sér að gengið væri gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilbrigðisástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í sveitarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

32. gr.

Réttur til þóknunar o.fl.

Skylt er sveitarstjórn að ákveða hæfilega þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra. Sé um langan veg að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar skal einnig ákveða hæfilega greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar sé um hann að ræða.

Nú tekst sveitarstjórnarmaður ferð á hendur í þágu sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og á hann þá rétt til greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn er heimilt að setja nánari reglur um réttindi sveitarstjórnarmanna samkvæmt þessari grein, svo sem varðandi lífeyrissjóði, fæðingarorlof og biðlaun.

Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

33. gr.

Réttur til þátttöku í sveitarstjórnarstörfum.

Atvinnuveitanda er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum af þeirri ástæðu að hann hafi boðið sig fram til sveitarstjórnar eða verið kjörinn í sveitarstjórn.

Sé starfsmanni sem hefur boðið sig fram til sveitarstjórnar eða verið kjörinn í sveitarstjórn sagt upp starfi skal vinnuveitandi hans sýna fram á að ástæður uppsagnar sé ekki að rekja til þeirra atriða.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á fjarveru úr starfi að því leyti sem honum er nauðsynlegt til að sinna lögbundinni mætingarskyldu á fundi í sveitarstjórn, hjá nefndum sveitarfélagsins og á aðra fundi sem hann hefur verið kjörinn til að sækja fyrir hönd sveitarstjórnar. Teljist viðvera starfsmanns nauðsynleg vegna sérstakra og rökstuddra atvika getur atvinnuveitandi þó hafnað ósk starfsmanns um fjarveru.

34. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í sveitarstjórn.

V. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

35. gr.

Byggðarráð.

Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð. Í sveitarstjórnum sem eru skipaðar fimm aðalfulltrúum er þó ekki heimilt að kjósa byggðarráð.

Byggðarráð telst til fastanefnda sveitarstjórnar, sbr. 37. gr. Ákvæði þessa kafla, þar á meðal um framsal á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála, eiga við um byggðarráð að því leyti sem annað er ekki sérstaklega tekið fram.

Byggðarráð fer ásamt framkvæmdastjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Byggðarráð hefur eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir sveitarstjórn. Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Heimilt er að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélags að byggðarráð taki að meira eða minna leyti við starfi annarra fastanefnda sveitarstjórnar. Þá er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélags að ályktanir, tillögur og fundargerðir annarra nefnda megi leggja fyrir byggðarráð til umfjöllunar áður en þær eru lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða endanlegrar afgreiðslu.

Byggðarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina, en meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella. Þá er heimilt að fela byggðarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem samkvæmt samþykktum sveitarfélags hafa áður komið til umfjöllunar annarra nefnda sveitarstjórnar.

36. gr.

Kosning í byggðarráð.

Byggðarráð skal kosið til eins árs í senn nema annað sé ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélags.

Fjöldi aðalmanna í byggðarráði skal standa á oddatölu. Aðalmenn í byggðarráði skulu ekki vera fleiri en nemur helmingi af aðalfulltrúum í sveitarstjórn, þó mest níu. Kjósa skal jafnmarga aðal- og varamenn.

Aðalmenn í byggðarráði skulu koma úr hópi aðalmanna í sveitarstjórn. Varamenn skal einnig velja úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni. Heimilt er þó að ákveða að aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.

37. gr.

Fastanefndir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélags. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnarinnar, nema annað leiði af lögum eða samþykktum um stjórn sveitarfélagsins. Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þó að svo sé kveðið á í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til að fara með tiltekin verkefni.

Í sveitarfélögum þar sem erfiðlega horfir með að manna nefndir er sveitarstjórn heimilt að fara sjálf með verkefni lögskipaðrar nefndar nema verkefni hennar sé ósamrýmanlegt störfum sveitarstjórnar að mati ráðuneytisins.

38. gr.

Nefnd fyrir hluta sveitarfélags.

Sveitarstjórn getur kosið nefnd til að fara með afmörkuð málefni eða málaflokka í hluta sveitarfélags.

Ef mælt er fyrir um kosningu slíkrar nefndar í lögum eða samþykkt um stjórn sveitarfélags telst hún til fastanefnda sveitarstjórnar.

Í samþykkt um stjórn sveitarfélags má ákveða að nefnd samkvæmt þessari grein skuli kosin af íbúum viðkomandi hluta sveitarfélags sem kosningarrétt eiga samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Eru þá jafnframt aðeins kjörgengir í nefndina íbúar viðkomandi hluta sveitarfélagsins.

Ákvörðun skv. 3. mgr. er háð samþykki ráðuneytisins og er m.a. háð því skilyrði að hægt sé að gefa út kjörskrárstofn fyrir þann hluta sveitarfélagsins sem um ræðir, sbr. 4. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna. Um kosningu samkvæmt grein þessari gilda að öðru leyti ákvæði þeirra laga.

Ákvæði 44., 45. og 49. gr. gilda ekki um skipun nefndar sem er kosin skv. 3. mgr. Að öðru leyti gilda um störf slíkrar nefndar, kjörgengi, réttindi og skyldur nefndarmanna og aðra þætti ákvæði þessara laga eftir því sem við getur átt.

39. gr.

Nefnd til að fara með einstök verkefni eða málaflokka.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að fjalla um og undirbúa einstök mál, málaflokka eða verkefni. Umboð slíkra nefnda getur sveitarstjórn afturkallað hvenær sem er og fellur það sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar.

Í nefndir samkvæmt þessari grein má kjósa einstaklinga sem ekki hafa náð aldri til að njóta kosningarréttar í sveitarfélagi og einstaklinga sem ekki eiga þar lögheimili.

40. gr.

Valdsvið nefnda.

Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kýs nema slíkt sé ákveðið í lögum.

Hafi nefnd ekki verið falin fullnaðarafgreiðsla máls samkvæmt lögum eða samþykkt um stjórn sveitarfélagsins teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar.

41. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir byggðarráð eða sveitarstjórn eftir því hver háttur er hafður á fullnaðarafgreiðslu í viðkomandi málaflokki. Ef fundargerðir nefnda innihalda ályktanir eða tillögur sem þarfnast staðfestingar byggðarráðs eða sveitarstjórnar ber að taka viðkomandi ályktanir og tillögur fyrir sem sérstök mál og afgreiða þau með formlegum hætti. Ef fundargerðir nefnda innihalda hins vegar ekki slíkar ályktanir eða tillögur er nægjanlegt að þær séu lagðar fram til kynningar.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Eftir því sem við á gildir ákvæði þetta einnig um afgreiðslu sveitarstjórnar á fundargerðum byggðarráðs.

42. gr.

Framsal sveitarstjórnar á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að fela fastanefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins, nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því. Ef fastanefnd er falið vald samkvæmt þessari málsgrein skal fjöldi nefndarmanna standa á oddatölu.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum er sveitarstjórn heimilt að fela einstökum starfsmönnum sveitarfélags fullnaðarafgreiðslu mála. Sveitarstjórn, byggðarráð eða hlutaðeigandi fastanefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir

reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem eru teknar á grundvelli hennar. Þessi málsgrein hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsmanna sveitarfélags til töku ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu sveitarfélags og teljast leiða af stöðuumboði þeirra.

Sá starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. 2. mgr., eða þriðjungur hlutaðeigandi fastanefndar skv. 1. mgr., getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi fastanefnd samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins taki ákvörðun í máli.

Þegar sveitarstjórn nýtir heimildir skv. 1. eða 2. mgr. skal jafnframt kveða á um það í samþykkt sveitarfélagsins hver skuli taka fullnaðarákvörðun í máli skv. 3. mgr. og hvernig skuli fara með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

43. gr.

Kosningar og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélags, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka, byggðarráð og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefndarsetu.

44. gr.

Framlagning lista við hlutfallskosningu.

Við bundna hlutfallskosningu í nefndir skal framlagning lista fara fram með eftirfarandi hætti:

1. Leggja skal fram lista þar sem fram koma tillögur um fulltrúa í viðkomandi nefnd. Hver sveitarstjórnarmaður getur aðeins staðið að tillögu um einn lista í hverja nefnd. Listi getur innihaldið allt að tvöföldum þeim fulltrúafjölda sem kjósa skal til nefndarinnar. Nafn sveitarstjórnarmanns má aðeins setja á þann lista sem hann sjálfur stendur að tillögu um.
2. Ef velja á tvo eða þrjá fulltrúa í nefnd skal a.m.k. einn af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á fjóra eða fimm fulltrúa skulu a.m.k. tveir af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á sex til átta í nefnd skulu a.m.k. þrír af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á níu fulltrúa skulu a.m.k. fjórir af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á fleiri í nefnd skulu a.m.k. 40% af hvoru kyni vera á lista. Ef kjörgengi í nefnd er bundið við sveitarstjórnarmenn eða varamenn þeirra á þessi regla þó ekki við. Hið sama á við ef kjörgengi í nefnd er bundið með þeim hætti að ekki er fært að fullnægja kröfum samkvæmt þessum lið.
3. Tillaga um lista skal lögð fram skriflega og undirrituð af a.m.k. einum þeirra sveitarstjórnarmanna sem standa að henni. Ef gerð er tillaga um fulltrúa sem ekki er skylt að taka kjöri í viðkomandi nefnd skal liggja fyrir samþykki hans fyrir tilnefningunni.

45. gr.

Kosning á milli lista.

Kosning á milli lista skal fara fram á eftirfarandi hátt:

1. Nefndarsætum er deilt á viðkomandi lista í hlutfalli við þau atkvæði sem hver listi fær

á grundvelli eftirfarandi reglu: Deila skal atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.

2. Þegar ákveðnar hafa verið útkomutölur fyrir hvern lista skal ákvarða hvaða fulltrúar hafa fengið kosningu í nefnd. Það er gert á eftirfarandi hátt: Fyrsta fulltrúa fær sá listi sem hefur hæsta útkomutölu. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið þar til úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.
3. Ef of fá nöfn eru á lista þegar til úthlutunar kemur skal ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun. Ef tvær eða fleiri útkomutölur eru jafnháar skal varpa hlutkesti.
4. Ef í ljós kemur að þessu loknu að annað kynið hefur ekki eins marga fulltrúa af hverjum lista fyrir sig og krafist er í 2. tölul. 44. gr. skal færa einstaklinga af því kyni sem fulltrúa vantar svo langt upp listann sem þarf þannig að tilskilið hlutfall náist.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. við skipun í viðkomandi nefnd.

46. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Sveitarstjórn skal setja reglur um meðferð óska um opna fundi nefnda þar sem fram komi skilyrði opnunar. Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla eftir því sem við getur átt.

47. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn af þeim lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

48. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna í nefndir gilda ákvæði 31. gr. eftir því sem við getur átt.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema sveitar-

stjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju. Ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla um varamenn eiga einnig við um varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

49. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélags, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að ⅔ fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. um kynjahlutföll.

50. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Hafi sveitarstjórn verið kjörin bundinni hlutfallskosningu og einhver framboðsaðili sem fulltrúa á í sveitarstjórn nær ekki kjöri í byggðarráð er fulltrúum þessa aðila heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndarinnar. Hið sama á við um fastanefndir sem falið hefur verið fullnaðarákvörðunarvald í málum. Sveitarstjórn er enn fremur heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að sama regla gildi um aðrar fastanefndir.

Réttur skv. 2. og 3. málsl. 1. mgr. nær ekki til barnaverndarnefnda. Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skv. 1. mgr. skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

51. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf samkvæmt mati sveitarstjórnar í samræmi við reglur sem hún setur. Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags.

52. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélaga eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem viðkomandi fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

53. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélagi væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélags í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

VI. KAFLI

Framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélaga.

54. gr.

Ráðning framkvæmdastjóra.

Sveitarstjórn ræður framkvæmdastjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélags. Heimilt er tveimur sveitarfélögum eða fleiri að ráða sameiginlegan framkvæmdastjóra.

Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími framkvæmdastjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar. Heimilt er að semja um gagnkvæman uppsagnarfrest innan ráðningartíma.

55. gr.

Hlutverk framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Framkvæmdastjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda sveitarstjórnar.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að fundir sveitarstjórnar, byggðarráðs og annarra nefnda sveitarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi sveitarstjórn ekki falið það öðrum.

Framkvæmdastjóri er prókúruhafi sveitarfélags. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Framkvæmdastjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

Í samþykkt um stjórn sveitarfélags skal setja nánari ákvæði um verksvið framkvæmdastjóra og mörk milli þess og ákvörðunarvalds sveitarstjórnar og byggðarráðs.

56. gr.

Ráðning annarra starfsmanna.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og veitir þeim lausn frá starfi. Um ráðningu annarra starfsmanna annast framkvæmdastjóri, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins eða með almennum fyrirmælum.

57. gr.

Starfskjör, réttindi og skyldur.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

Starfsmenn sveitarfélaga og aðrir sem sveitarfélög ráða til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

VII. KAFLI
Fjármál sveitarfélaga.

58. gr.

Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélags,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

Ráðherra mælir í reglugerð nánar fyrir um þær ákvarðanir skv. 5. og 6. tölul. 1. mgr. sem þurfa ekki sérstakt samþykki sveitarstjórnar, enda rúmist þær innan fjárhagsáætlunar til eins árs og fjárhagsáætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

59. gr.

Reikningsárið og bókhaldsskylda.

Reikningsár sveitarfélaga er almanaksárið. Sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki eru bókhaldsskyld og gilda ákvæði laga um bókhald og laga um ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur, um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga. Bókhaldi

sveitarfélags skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri, efnahag og sjóðstreymi.

60. gr.

Flokkun í bókhaldi og reikningsskilum.

Í reikningsskilum sveitarfélaga skal skipta starfsemi þeirra þannig:

1. A-hluti, sem í lögum þessum merkir aðalsjóð sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.
2. B-hluti, sem í falla stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Sveitarfélögum er heimilt eftir því sem leiðir af viðkomandi lagareglum að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem er bundið í rekstri stofnana þeirra og fyrirtækja.

61. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og lögum þessum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Í ársreikningi skal koma fram samanburður við

a. ársreikning undanfarins árs,
b. upphaflega fjárhagsáætlun ársins,
c. fjárhagsáætlun ársins ásamt viðaukum.

Ársreikningur sveitarfélags skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði eða framkvæmdastjóra sveitarfélags þar sem ekki er byggðarráð og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélags, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

62. gr.

Fjárhagsáætlanir.

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir sveitarfélagið sem felur í sér heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins á tímabilinu, bæði A- og B-hluta skv. 60. gr. Skal fjárhagsáætlun næsta árs fela í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til, sbr. nánari fyrirmæli í 63. gr.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Byggðarráð eða framkvæmdastjóri, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt um stjórn sveitarfélags, leggur tillögu um fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um þær á tveimur fundum sem fram skulu fara

með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða þær, þó ekki síðar en 15. desember. Ráðherra getur að ósk sveitarstjórnar veitt henni lengri tíma til afgreiðslu fjárhagsáætlunar ef brýn nauðsyn krefur.

Tillögum skv. 3. mgr. skulu fylgja upplýsingar um þær forsendur sem byggt er á. Tillögunum skal fylgja lýsing helstu framkvæmda og skuldbindinga sem gert er ráð fyrir.

63. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.

64. gr.

Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:

1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og
2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, skuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar skuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tölul. 2. mgr.

65. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna.

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Sveitarfélögum er óheimilt að fjárfesta í hagnaðarskyni nema um sé að ræða verkefni sem þeim hefur með lögum verið falið eða heimilað að sinna. Þó er sveitarfélögum heimilt að taka þátt í verkefnum í ljósi brýnna samfélagslegra hagsmuna en þó þannig að áhætta vegna þátttöku í þeim gangi ekki gegn ábyrgri meðferð fjármuna.

66. gr.

Miklar fjárfestingar og skuldbindingar.

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Hér undir falla m.a. framkvæmdir, fjárfestingar í eignum, samningar um þjónustu, sölu og endurleigu fasteigna, fjármögnunarsamningar, rekstrarleigusamningar og því um líkar ráðstafanir. Hér undir falla einnig ákvarðanir um veitingu ábyrgða skv. 69. gr. og þær ákvarðanir fyrirtækja og stofnana sveitarfélags sem leiða til þess að ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélags hækka um sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum viðkomandi ár.

Í mati skal gera grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, áhrifum á fjárhag sveitarfélags til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði sé um hann að ræða. Í þeim tilvikum sem fjárfestingu, framkvæmd eða skuldbindingu er skipt á fleiri en eitt tímabil eða einingar skal líta á ákvörðunina í heild sinni. Mat skal framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu.

67. gr.

Yfirráð yfir fasteignum og öðrum eignum.

Sveitarfélag skal tryggja sér viðeigandi nýtingar- eða afnotarétt af fasteignum og mannvirkjum, svo sem veitum, sem nauðsynleg eru til að lögboðin verkefni sveitarfélags verði rækt.

68. gr.

Heimild til veðsetningar.

Sveitarfélag má ekki veðsetja öðrum tekjur sínar. Ekki heldur fasteignir eða aðrar eignir sem það á og eru nauðsynlegar til að lögboðin verkefni sveitarfélags verði rækt, sbr. 67. gr. Aðrar eignir má veðsetja til tryggingar lánum sem sveitarfélag tekur til eigin þarfa og heildareignir sveitarfélags standa til tryggingar skuldbindingum þess.

Þrátt fyrir 1. mgr. getur sveitarfélag veitt Lánasjóði sveitarfélaga ohf. veð í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum og vegna ábyrgða sem það veitir honum skv. 1. og 2. mgr. 69. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tryggingar lánasjóðsins samkvæmt þessari málsgrein.

69. gr.

Heimild til að gangast í ábyrgðir.

Sveitarfélag getur veitt einfalda ábyrgð til tryggingar á lánum stofnana og fyrirtækja sem það á að öllu leyti, enda sinni þær verkefnum sem teljast til lögákveðinna verkefna sveitarfélaga.

Sveitarfélag getur einnig veitt einfalda ábyrgð til tryggingar á lánum stofnana og fyrirtækja sem það á og rekur í samvinnu við önnur sveitarfélög eða aðra opinbera aðila. Innbyrðis skal ábyrgð eigenda skiptast í hlutfalli við eignarhlut. Skilyrði er að viðkomandi lögaðili sé að fullu í eigu opinberra aðila, að trygging sé bundin við lántöku vegna lögákveðins verkefnis sveitarfélaga og að allir eigendur ábyrgist lán í samræmi við eignarhlut sinn. Ábyrgð fellur úr gildi ef lögaðili færist að einhverju leyti í eigu einkaaðila.

Sveitarfélag má ekki ganga í ábyrgðir vegna annarra skuldbindinga en greinir í 1. og 2. mgr. Prókúruhafa sveitarfélags er þó heimilt fyrir þess hönd að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess.

70. gr.

Skuldajöfnuður.

Kröfur á hendur sveitarfélagi má ekki nota til skuldajafnaðar við kröfu sveitarfélags um lögboðin gjöld til sveitarfélagsins eða stofnana þess.

Fjármálastofnun má ekki nýta fjármuni sem sveitarfélag hefur afhent henni til varðveislu skv. 65. gr. til skuldajafnaðar til fullnustu kröfu sem stofnunin kann að eiga á sveitarfélagið.

71. gr.

Gjaldþrotaskipti og aðför.

Sveitarfélög verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta. Ekki verður gerð aðför í þeim eignum sveitarfélaga sem eru nauðsynlegar til framkvæmda á lögboðnum verkefnum.

72. gr.

Endurskoðun.

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum laga þessara.

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning sveitarfélags skv. 61. gr. í samræmi við 1. mgr. og í því sambandi kanna bókhaldsgögn sveitarfélagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Endurskoðandi skal gera grein fyrir áliti sínu í áritun sinni á ársreikninginn.

Endurskoðandi sveitarfélags skal jafnframt kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

Endurskoðandi sveitarfélags skal skila skriflegri skýrslu til sveitarstjórnar um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðun ársreiknings og könnun skv. 3. mgr. Í skýrslunni skal sérstaklega, ef við á, geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.

Sveitarstjórn skal veita endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki aðgang að öllum þeim upplýsingum og gögnum sem þörf er á vegna endurskoðunar. Reglur um þagnarskyldu takmarka ekki rétt endurskoðenda í þessu efni.

Endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun sveitarfélags skal taka sér hlé frá endurskoðun þess í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en sjö árum eftir að hann var ráðinn til verksins.

Endurskoðandi sveitarfélags skal vera óháður sveitarfélaginu, bæði í reynd og ásýnd, sbr. lög um endurskoðendur. Endurskoðanda er óheimilt að taka þátt í ákvörðunum sveitarstjórnar eða stjórnenda sveitarfélags sem geta leitt til þess að hlutleysi hans við framkvæmd endurskoðunarstarfa sé stefnt í hættu.

73. gr.

Álitsgerðir endurskoðanda og meðferð þeirra.

Verði endurskoðandi var við að reikningsskil og fjármál sveitarfélags séu ekki í samræmi við kröfur laga og reglna skal hann þá þegar, einnig innan ársins ef við á, greina sveitarstjórn og eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá því með skriflegri álitsgerð. Þagnarskylda samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum stendur þeirri skyldu ekki í vegi.

Berist sveitarstjórn skriflegt álit endurskoðanda um að reikningsskil eða fjármál sveitarfélags séu ekki í samræmi við kröfur skal oddviti tryggja að álitið hafi borist öllum aðalmönnum í sveitarstjórn ekki síðar en sjö dögum eftir að það liggur fyrir.

Endurskoðandi sveitarfélags getur krafist þess sérstaklega að álit hans sé tekið til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar. Enn fremur skal taka slíkt álit til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar ef sveitarstjórnarmaður krefst þess.

74. gr.

Reikningsskila- og upplýsinganefnd.

Ráðherra skipar fimm manna reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga til fimm ára í senn. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu á reikningsskilum sveitarfélaga. Tvo skal skipa samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn samkvæmt tillögu Hagstofu Íslands og tvo án tilnefningar. Skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Nefndin skal í störfum sínum stuðla að samræmingu í reikningsskilum sveitarfélaga og öðrum fjárhagslegum ráðstöfunum þeirra. Þá sinnir hún öðrum verkefnum sem ráðherra felur henni á þessu sviði.

75. gr.

Reglur um bókhald og reikningsskil.

Að fengnum tillögum reikningsskila- og upplýsinganefndar skal ráðherra setja reglugerð um:

1. bókhald sveitarfélaga, þar á meðal um samræmdan upplýsingalykil,
2. vinnslu, meðferð, form og efni fjárhagsáætlana,
3. vinnslu, meðferð, form og innihald ársreiknings og meðferð á skýrslum endurskoðanda um hann.

Reikningsskila- og upplýsinganefnd getur eftir því sem tilefni er til gefið út nánari leiðbeiningar og álit um bókhald, fjárhagsáætlanir og reikningsskil sveitarfélaga.

76. gr.

Skil á upplýsingum um fjármál.

Fjárhagsáætlanir skal senda ráðuneytinu innan 15 daga frá afgreiðslu þeirra. Hið sama á við um viðauka sem eru gerðir við slíkar áætlanir.

Ársreikning sveitarfélags, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneytinu og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert. Álit endurskoðanda skv. 73. gr. skal hann sjálfur senda ráðuneytinu jafnskjótt og það er afhent sveitarfélagi.

Að fengnum tillögum reikningsskila- og upplýsinganefndar skal ráðherra setja reglugerð um ársfjórðungsleg skil sveitarfélaga á upplýsingum úr bókhaldi og reikningsskilum til afnota fyrir ráðuneytið, aðra opinbera aðila og Samband íslenskra sveitarfélaga. Í reglugerð skal m.a. mælt fyrir um framsetningu og form slíkra upplýsinga, sem og um rafræn skil þeirra eftir því sem við á. Haft skal samráð við Hagstofu Íslands um setningu reglugerðarinnar.

VIII. KAFLI
Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

77. gr.

Skyldur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á fjárhag sveitarfélags. Henni ber að tryggja að ákvæðum laga þessara um fjármál sveitarfélaga sé fylgt.

Komist sveitarfélag í fjárþröng þannig að sveitarstjórn telur sér ekki unnt að standa í skilum skal hún tilkynna það til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Á sama hátt skal sveitarstjórn gera eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga viðvart telji hún að fjármál sveitarfélags eða einstakar fjárhagslegar ráðstafanir séu ekki í samræmi við lög þessi eða fjármál sveitarfélags stefni að öðru leyti í óefni. Ef skilyrði 86. gr. eru fyrir hendi skal tilkynning fela í sér ósk um skipun fjárhaldsstjórnar.

78. gr.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

Ráðherra skipar þriggja manna eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga til fimm ára í senn. Nefndarmenn skulu hafa sérstaka þekkingu á fjárhagslegum málefnum sveitarfélaga. Einn fulltrúi í nefndinni skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Kostnaður af störfum eftirlitsnefndarinnar, þ.m.t. þóknun nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði. Skal þóknunin ákveðin af ráðherra.

Nefndin er sérstakt stjórnvald sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Ákvarðanir hennar sæta þó ekki kæru til ráðherra.

79. gr.

Hlutverk eftirlitsnefndar.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, og bera þau saman við viðmiðanir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Nefndin skal hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur.

Eftirlit nefndarinnar og ákvarðanir hennar skulu byggjast á heildarmati á fjárhagslegri stöðu viðkomandi sveitarfélaga. Nefndinni ber í einstökum málum að velja þau úrræði sem líklegast er að nái því markmiði sem að er stefnt að teknu tilliti til sjálfstjórnar sveitarfélaga.

80. gr.

Aðgangur eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga að upplýsingum.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal hafa aðgang að öllum upplýsingum um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga sem berast ráðuneytinu.

Sveitarfélög skulu veita eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og starfsmönnum hennar aðgang að starfsstöðvum sveitarfélagsins, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum sveitarfélags sem henni er þörf á vegna starfs síns auk skýringa um slík atriði innan frests er nefndin tiltekur.

81. gr.

Reglur um störf eftirlitsnefndar og viðmið um fjármál sveitarfélaga.

Ráðherra setur reglugerð um störf eftirlitsnefndar. Þar mælir hann m.a. fyrir um málsmeðferð eftirlitsnefndar og nauðsynlegar viðmiðanir varðandi fjárhagsleg málefni sveitarfélaga, sbr. 64. gr.

82. gr.

Nánar um úrræði eftirlitsnefndar.

Í því skyni að fullnægja hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum getur eftirlitsnefndin:

1. birt reglubundið almennar grunnupplýsingar um fjárhag sveitarfélaga,
2. sent fyrirspurnir til sveitarstjórna þar sem óskað er skýringa eða gagna innan ákveðins frests,
3. sent skriflegar ábendingar eða tilmæli til sveitarstjórnar vegna fjárhagslegrar stöðu sveitarfélags eða einstakra fjárhagslegra ákvarðana,
4. látið fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélags og lagt síðan fyrir sveitarstjórn að bæta það sem áfátt kann að reynast innan hæfilegs frests,
5. birt opinberlega tilkynningu eða ályktun um stöðu eða einstakar fjárhagslegar ákvarðanir sveitarfélags,
6. vísað máli til ráðherra, sbr. 83.–85. gr.

83. gr.

Samkomulag sveitarstjórnar og ráðherra um fjármál.

Þegar tilefni er til vegna fjármála eða fjármálastjórnar sveitarfélags skulu ráðherra og viðkomandi sveitarstjórn, á grundvelli rökstuddrar tillögu eftirlitsnefndar, gera samkomulag um fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins. Í samkomulagi skal fjalla um tilgang þess og viðmið um fjárhagsleg málefni eftir því sem þörf er á, þar á meðal um rekstur, fjárfestingar og álagningu gjalda og skatta.

Ráðherra getur einnig gert samkomulag samkvæmt þessari grein að beiðni viðkomandi sveitarstjórnar. Skal þá leitað umsagnar eftirlitsnefndar áður en samkomulag er gert.

Þegar samkomulag liggur fyrir skal það staðfest af ráðuneytinu annars vegar og viðkomandi sveitarstjórn hins vegar. Ráðuneytið getur gert þá kröfu að ⅔ fulltrúa á fundi sveitarstjórnar greiði atkvæði með samkomulaginu til að það öðlist gildi. Eftirlitsnefnd með fjár-

málum sveitarfélaga hefur eftirlit með framkvæmd sveitarfélags á samkomulagi samkvæmt þessari grein.

84. gr.

Önnur úrræði ráðherra.

Ef samkomulag skv. 83. gr. hefur ekki skilað árangri, samkomulag hefur ekki náðst eða ekki verður talið að gerð samkomulags muni færa fjármál sveitarfélags til betri vegar getur ráðherra að fenginni rökstuddri tillögu eftirlitsnefndar:

1. veitt sveitarfélagi styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl, enda sé haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og ráðgjafarnefnd skv. 15. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, um þá ráðstöfun,
2. heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn að leggja álög á útsvör og eða fasteignaskatta sem nemi allt að 25% umfram það hámark sem ákveðið er í lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
3. sett sveitarfélagi fyrirmæli um rekstur og stjórnsýslu, sbr. 85. gr.

Ef þörf er á getur ráðherra einnig samhliða samkomulagi skv. 83. gr. beitt úrræðum skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr.

Beiting úrræða samkvæmt kafla þessum útilokar ekki að ráðherra beiti einnig úrræðum skv. XI. kafla.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur eftirlit með framkvæmd ákvarðana ráðherra samkvæmt þessari grein.

Ákvæði 2. mgr. 79. gr. gildir um ákvarðanir ráðherra eftir því sem við á.

85. gr.

Nánar um skilyrði sem ráðherra getur sett um stjórn fjármála sveitarfélags.

Skilyrði sem ráðherra getur sett sveitarfélagi um rekstur og stjórnsýslu skv. 3. tölul. 1. mgr. 84. gr. geta m.a. kveðið á um að:

1. sveitarfélag skili mánaðarlega upplýsingum úr bókhaldi, sem a.m.k. gefi yfirlit um tekjur, gjöld, handbært fé, eignir og skuldir,
2. sveitarfélag vinni og afgreiði fjárhagsáætlun til allt að 10 ára, þar á meðal um að slík áætlun skuli gerð árlega og fullnægi, eftir því sem við á, reglum um fjögurra ára áætlun,
3. sveitarfélag leiti aðstoðar hjá sérhæfðum ráðgjafa eða öðrum sérfræðingi,
4. fjárhagsáætlanir, þar á meðal áætlun skv. 2. tölul., og starfsemi sveitarfélags að öðru leyti, séu í samræmi við tiltekin viðmið um:
   a. framlegð af rekstri,
   b. samdrátt í rekstri eða samdrátt í ákveðnum þætti rekstrar,
   c. takmarkanir á fjárfestingum,
   d. takmarkanir á lántökum og öðrum skuldbindingum, þar á meðal um gjaldmiðil sem heimilt er að taka lán í, um endurfjármögnun og önnur lánskjör,
   e. nýtingu tekjustofna, og
   f. annað sem telja má þýðingarmikið fyrir fjármál viðkomandi sveitarfélags,
5. mat skv. 66. gr. skuli framkvæmt af tilteknum aðila eða aðila með tiltekna sérfræðikunnáttu um lægri viðmiðun en tilgreind er í 66. gr. og nánari fyrirmæli um það sem leggja skal mat á.

86. gr.

Ákvörðun um fjárhaldsstjórn og svipting fjárforráða.

Hafi sveitarstjórn vanrækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum ítrekað og verulega getur ráðherra að fenginni tillögu eftirlitsnefndar svipt sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipað því fjárhaldsstjórn.

Hið sama á við ef greiðslubyrði sveitarfélags umfram greiðslugetu er svo mikil að ljóst er að ekki mun úr rætast í bráð.

Birta skal ákvörðun um sviptingu fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar í Lögbirtingablaði.

87. gr.

Fjárhaldsstjórn.

Fjárhaldsstjórn sveitarfélags skal skipuð þremur mönnum, þar af einum samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu á málefnum sveitarfélaga. Formaður skal skipaður af ráðherra. Hann skal fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara.

Fjárhaldsstjórn skal skipuð til tiltekins tíma og ekki lengur en til eins árs í senn. Þóknun til fjárhaldsmanna skal ákveðin af ráðherra og greiðist úr ríkissjóði.

88. gr.

Réttaráhrif skipunar fjárhaldsstjórnar.

Hafi sveitarfélagi verið skipuð fjárhaldsstjórn skv. 86. gr. má enga greiðslu inna af hendi úr sveitarsjóði nema með samþykki hennar. Ályktanir sveitarstjórnar og annarra sem tilheyra stjórnsýslu sveitarfélags og hafa útgjöld í för með sér eru ógildar nema til komi samþykki fjárhaldsstjórnar. Að öðru leyti fer sveitarstjórn áfram með málefni sveitarfélagsins.

Eftir að fjárhaldsstjórn hefur verið skipuð skal almennt heimilt að ráðstafa fjármunum sveitarfélagsins vegna:

1. lögbundinnar þjónustu sveitarfélagsins,
2. launa sem sveitarfélaginu ber að greiða og tengdra greiðslna,
3. aðgerða sem telja má víst að séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir verulegt tjón.

Fjárhaldsstjórn ákveður greiðslur skv. 2. mgr. og vegna annarra útgjalda sem hún telur rétt að mæta á meðan á greiðslustöðvun stendur.

Að öðru leyti en að framan greinir leiðir skipun fjárhaldsstjórnar til sömu réttaráhrifa og greiðslustöðvun eftir ákvæðum IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. í allt að eitt ár frá því að fjárhaldsstjórnin var fyrst skipuð.

89. gr.

Hlutverk og úrræði fjárhaldsstjórnar.

Fjárhaldsstjórn skal rannsaka fjárreiður sveitarfélagsins og allan rekstur þess og gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins, a.m.k. fyrir næstu fjögur fjárhagsár. Áætlunin skal þannig fram sett að hún geti enn fremur gilt sem fjárhagsáætlun næstkomandi reikningsárs og fjárhagsáætlun til fjögurra ára fyrir sveitarfélagið. Áætlunina skal senda ráðuneytinu til staðfestingar ásamt umsögn sveitarstjórnar. Að lokinni staðfestingu ráðuneytis gildir áætlunin sem fjárhagsáætlun fyrir næstkomandi ár og áætlun til fjögurra ára.

Fjárhaldsstjórn getur með samþykki ráðuneytisins selt eigur sveitarfélagsins til lúkningar skuldum, þó ekki þær sem eru nauðsynlegar til framkvæmda á lögskyldum verkefnum. Með sama móti getur fjárhaldsstjórn ákveðið að færa tiltekna starfsemi sem rekin hefur verið á

vegum sveitarfélags í hendur einkaaðila eða leitað samvinnu um rækslu hennar við annað sveitarfélag samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Ef sveitarfélagi hefur verið skipuð fjárhaldsstjórn og fyrir liggur að það er og verður um ófyrirséða framtíð ófært um að standa í skilum með skuldbindingar sínar getur fjárhaldsstjórn ákveðið einhliða að leita nauðasamnings fyrir það. Einhliða nauðasamninga skal einungis leita hafi samningar við lánardrottna ekki borið árangur. Um slíkan nauðasamning gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við getur átt en þó þannig að umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum lætur ekki greiða atkvæði um frumvarp að nauðasamningi.

90. gr.

Sameining við annað sveitarfélag.

Nú duga framangreindar ráðstafanir ekki til þess að koma fjárhag sveitarfélags og stofnana þess á réttan kjöl og getur þá ráðuneytið einnig ákveðið að leita samninga við nágrannasveitarfélög um sameiningu við það sveitarfélag sem undir fjárhaldsstjórn er eða hluta þess.

91. gr.

Brottfall á sviptingu fjárforráða.

Svipting fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar fellur niður eftir ákvörðun ráðherra þegar telja má að fjárhagur sveitarfélagsins sé kominn í viðunandi horf. Auglýsing þar að lútandi skal birt á sama hátt og auglýsing um sviptingu fjárforræðis.

Í eitt ár eftir að svipting fjárforráða fellur brott þarf ávallt samþykki ráðuneytisins á viðaukum við fjárhagsáætlanir sem fjárhaldsstjórn vann og ráðuneytið staðfesti. Á sama tímabili getur ráðuneytið einnig einhliða ákveðið viðauka við umræddar fjárhagsáætlanir sé það nauðsynlegt af tilliti til fjárhags sveitarfélagsins til lengri eða skemmri tíma. Haft skal viðeigandi samráð við sveitarstjórn um slíka ákvörðun.

IX. KAFLI

Samvinna sveitarfélaga og samningar um starfrækslu verkefna.

92. gr.

Samvinna sveitarfélaga.

Tveimur eða fleiri sveitarfélögum er heimilt að hafa samvinnu sín á milli um framkvæmd afmarkaðra verkefna, enda mæli lög eða eðli máls því ekki í mót. Ef sveitarstjórn er óheimilt að framselja vald til fullnaðarafgreiðslu innan sveitarfélags er einnig óheimilt að framselja til aðila utan sveitarfélags slíkt vald nema fyrir því sé sérstök lagaheimild.

Samvinna sveitarfélaga skal ávallt grundvallast á samningi viðeigandi sveitarfélaga, sem ekki öðlast gildi fyrr en hann hefur fengið staðfestingu viðkomandi sveitarstjórna. Sé ekki ítarlegri ákvæði að finna í lögum skal í samningi um samvinnu að lágmarki kveðið á um form samvinnu, ákvarðanatöku, slit samvinnu og fjárhagsleg atriði.

Ákvarðanir sem eru teknar á grundvelli samnings um samvinnu sveitarfélaga, jafnvel þótt þær byggist á framsali á valdi til töku ákvörðunar um rétt eða skyldu manna, sæta ekki kæru til viðkomandi sveitarfélaga.

93. gr.

Framsal á valdi til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna.

Ef í samningi um samvinnu sveitarfélaga felst framsal á valdi til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, getur hún aðeins farið fram á

vegum byggðasamlags eða á þann hátt að eitt sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög nema lög veiti sérstaka heimild fyrir öðru formi samstarfs. Samningar samkvæmt þessari grein öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ráðuneytisins.

94. gr.

Byggðasamlög.

Sveitarfélögum er heimilt að stofna byggðasamlög sem taka að sér framkvæmd afmarkaðra verkefna þeirra, svo sem rekstur skóla eða brunavarnir.

Byggðasamlögum er einum rétt og skylt að hafa orðið byggðasamlag í heiti sínu eða skammstöfunina bs.

Í samningi um byggðasamlag skulu m.a. vera ákvæði um:

1. heiti byggðasamlags, eignarhluti einstakra sveitarfélaga í byggðasamlaginu, hvaða verkefnum það sinnir og valdheimildir,
2. kjör til stjórnar, fjölda stjórnarmanna, kjörtímabil og varafulltrúa,
3. ályktunarhæfi funda og annað sem máli skiptir í því sambandi,
4. umboð stjórnar til að skuldbinda aðildarsveitarfélög,
5. hvenær þörf er staðfestingar sveitarstjórna á ákvörðunum stjórnar,
6. heimildir til samninga við einkaaðila, sbr. 100. gr.,
7. heimildir til samninga við einstök aðildarsveitarfélög um að þau taki að sér afmarkaða þætti í þeirri starfsemi sem falin hefur verið byggðasamlagi,
8. úrgöngu úr byggðasamlagi, þar á meðal um uppgjör aðildarsveitarfélaga, ábyrgð á skuldbindingum og rétt til innlausnar á eignarhlutum.

Tryggt skal að umboð stjórnar byggðasamlags til að skuldbinda aðildarsveitarfélög sé í samræmi við reglur laga þessara um fjármál sveitarfélaga, þ.m.t. bindandi gildi fjárhagsáætlunar næstkomandi árs.

Kjör til stjórnar byggðasamlags getur annaðhvort farið fram á aðalfundi byggðasamlags eða á grundvelli tilnefninga sveitarstjórna einstakra aðildarsveitarfélaga. Ef kjör til stjórnar fer fram á aðalfundi byggðasamlags skulu í samningi um byggðasamlag einnig vera viðeigandi ákvæði um aðalfund þess, þar á meðal um öll þau atriði sem getur í 2.–5. tölul. 3. mgr.

Byggðasamlög lúta að öðru leyti ákvæðum laga þessara um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, fjármál, fjárhagsáætlanir og endurskoðun ársreikninga og stjórnsýslueftirlit og þeim almennu reglum sem að öðru leyti gilda um störf sveitarfélaga og annarra stjórnvalda.

Einstakar sveitarstjórnir og endurskoðendur aðildarsveitarfélaga eiga rétt á aðgangi að öllum gögnum um stjórnsýslu byggðasamlags.

Sveitarfélög bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þau eru aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu.

95. gr.

Úrganga úr byggðasamlagi og slit byggðasamlags.

Í samningi um byggðasamlag skulu vera ákvæði um endurskoðun á samningi, um heimildir til úrsagnar úr byggðasamlagi og um slit þess.

Einstök sveitarfélög geta með tveggja ára fyrirvara sagt upp aðild að byggðasamlagi, hafi ekki verið samið um annan tímafrest. Samhliða getur sveitarfélag krafist innlausnar á nettó eignarhlut sínum í samlaginu núvirðisreiknuðum í samræmi við ákvæði samnings skv. 94. gr.

Ef ósætti rís um úrgöngu sveitarfélags úr byggðasamlagi er hægt að vísa málinu til ráðuneytisins. Ráðuneytið getur ákveðið að viðkomandi sveitarfélagi sé ekki heimilt að ganga úr

byggðasamlagi um tilgreindan tíma, þó ekki lengur en í sjö ár að telja frá ákvörðun ráðuneytisins, vegna mikilvægra samfélagslegra hagsmuna eða vegna mikilvægra hagsmuna annarra aðildarsveitarfélaga sem að byggðasamlagi standa. Af sömu ástæðum er ráðuneytinu heimilt að ákveða frestun innlausnar á eignarhlut sveitarfélags.

Tillaga um að starfsemi byggðasamlags sé hætt nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest af ⅔ hlutum sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins. ⅔ hlutar stjórnarmanna í byggðasamlagi eða ⅔ hlutar fulltrúa á aðalfundi byggðasamlags, sé slíkur fundur haldinn, geta krafist atkvæðagreiðslu í sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaga um slit byggðasamlags.

Nú er ákveðið að hætta starfsemi byggðasamlags eða svo er fyrir mælt í lögum og skal þá skipa því sérstaka skiptastjórn er gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda jafnað á þau sveitarfélög sem að byggðasamlagi standa í hlutfalli við íbúatölu. Skiptastjórn skal kjörin af stjórn byggðasamlags.

96. gr.

Samningur um að sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir önnur sveitarfélög.

Sveitarfélög geta samið um að eitt sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög.

Þegar sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög er heimilt að ákveða að þau sveitarfélög sem teljast kaupendur þjónustu tilnefni áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á fundi viðkomandi nefndar í því sveitarfélagi sem telst þjónustuveitandi þegar málefni samstarfsverkefnisins eru þar til umræðu.

Fulltrúar í sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga sem hafa falið öðru sveitarfélagi að annast fyrir sig afmörkuð verkefni samkvæmt þessari grein eiga sama rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum um það verkefni hjá því sveitarfélagi sem veitir þjónustuna og þeir hefðu ella haft skv. 28. gr.

Í samningi um samvinnu samkvæmt þessari grein skulu að lágmarki eftirfarandi atriði tiltekin:

1. hvaða sveitarfélög eru aðilar að samstarfinu,
2. hvert þeirra sér um rækslu verkefnis,
3. nákvæm tilgreining viðkomandi verkefnis eða verkefna,
4. hvaða valdheimildir færist til þess sveitarfélags sem sér um verkefni,
5. gildistími samnings og á hvaða tíma sveitarfélagið taki verkefnið yfir,
6. þörf á staðfestingu á ákvörðunum um framkvæmd verkefnis,
7. hvort sveitarfélagi sé heimilt að gera samning við einkaaðila um framkvæmd verkefnis skv. 100. gr.,
8. upplýsingagjöf til annarra samstarfsaðila,
9. fjárhagslegt uppgjör og samskipti vegna verkefnisins,
10. eignarhald á mannvirkjum, rekstrartækjum og öðrum verðmætum, ef við á, og önnur mikilvæg atriði sem varða framkvæmd verkefnis og fjárútlát vegna þess.

Ef sveitarfélög sem eru aðilar að samningi samkvæmt þessari grein eru um það sammála má slíta samstarfi þegar í stað. Að öðrum kosti getur hvert sveitarfélag sagt upp aðild sinni að samningi með eins árs fyrirvara hafi ekki verið samið um annan uppsagnarfrest.

97. gr.

Landshlutasamtök sveitarfélaga.

Sveitarfélögum er heimilt að starfa saman innan staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna í hverjum landshluta.

Starfssvæði landshlutasamtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu. Landshlutasamtök skulu þó aldrei vera fleiri en átta á landinu öllu. Sveitarfélög sem liggja innan starfssvæðis landshlutasamtaka eiga rétt á aðild að þeim. Ráðuneyti og opinberar stofnanir skulu ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi landshlutasamtaka um stefnumótun eða ákvarðanir sem varða viðkomandi landsvæði sérstaklega.

Landshlutasamtök geta með samningum eða samkvæmt heimildum í sérlögum tekið að sér verkefni eða aðra starfsemi sem tengist hlutverki þeirra skv. 1. mgr., svo sem verkefni tengd byggðaþróun eða öðrum sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga.

98. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga er sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu. Öllum sveitarfélögum er frjálst að eiga aðild að Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sambandið fer með sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna eftir því sem þau ákveða og fyrir er mælt í lögum. Sambandið telst ekki vera stjórnvald.

Sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að sambandinu kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins eftir þeim reglum sem ákveðnar eru í samþykktum þess.

Þegar ráðherra setur almenn stjórnvaldsfyrirmæli á grundvelli laga þessara skal hann ávallt hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um efni þeirra.

99. gr.

Samstarf um gerð kjarasamninga.

Sveitarfélög geta haft með sér samvinnu um gerð og samþykkt kjarasamninga við starfsmenn sína og önnur atriði tengd framkvæmd og stefnumótun í launamálum.

100. gr.

Samningar um þjónustustarfsemi og einstök rekstrarverkefni.

Sveitarstjórnum er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu og öðrum verkefnum fyrir sveitarfélag, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins. Með samningum um framkvæmd á þjónustu er átt við samninga um afmarkaða þjónustustarfsemi sveitarfélaga sem þeim er að lögum skylt eða heimilt að sinna. Með samningum um önnur verkefni fyrir sveitarfélag er átt við samninga um þjónustu við sveitarfélagið sjálft, svo sem um bókhald eða aðra þætti sem eru liðir í því að sveitarfélag geti rækt hlutverk sitt.

Í samningi samkvæmt þessari grein skal m.a. skilgreina umfang og gæði þeirrar þjónustu sem sveitarfélag kaupir, samningstíma, greiðslur úr sveitarsjóði, eftirlit með þjónustu og meðferð ágreiningsmála. Samningstími skal lengstur vera sex ár í senn en þó er heimilt að semja til lengri tíma ef sveitarfélag gerir kröfu um að verksali byggi upp kostnaðarsama aðstöðu eða búnað vegna verkefnisins eða þjónustunnar. Uppsagnarfrestur samnings skal stystur vera sex mánuðir.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda með sama hætti um samninga sem falla undir 1. mgr. og sveitarfélag gerir við einkaaðila með heimild í öðrum lögum nema ríkari kröfur séu gerðar

til samninga í sérlögum. Lög um opinber innkaup gilda eftir því sem við á um útboð verkefna.

101. gr.

Skyldur einkaaðila sem sinna verkefni fyrir sveitarfélag.

Geri sveitarfélag samning við einkaaðila sem fellur undir 1. mgr. 100. gr. eða felur honum á grundvelli sérstakrar lagaheimildar vald til töku ákvarðana um réttindi eða skyldur manna skulu verktaki og starfsmenn hans bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd verkefnis eða þjónustu samkvæmt grein þessari. Um þagnarskylduna gildir ákvæði 2. mgr. 57. gr. og skal brot á henni varða refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Enn fremur skulu ákvæði stjórnsýslulaga, upplýsingalaga og laga um upplýsingarétt um umhverfismál, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

Sama gildir geri byggðasamlag slíka samninga við einkaaðila.

X. KAFLI

Samráð við íbúa.

102. gr.

Réttur íbúa til áhrifa á stjórn sveitarfélags.

Sveitarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar.

Áhrif íbúa má m.a. tryggja með:

1. virkri upplýsingagjöf til íbúa,
2. samráði við íbúa, svo sem á borgarafundum eða íbúaþingum og í íbúakosningum,
3. skipun íbúa- og notendaráða,
4. því að skipuleggja starfsemi sveitarfélagsins eftir staðbundnum forsendum,
5. samstarfi eða annarri aðstoð við íbúa sem vilja vinna að málefnum sveitarfélagsins.

103. gr.

Upplýsingar um málefni sveitarfélags.

Sveitarstjórn skal upplýsa íbúa sína um áætlanir sem sveitarfélag hefur til meðferðar og ákvörðunar og varða þá með almennum hætti. Sama gildir um einstök mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn skal leitast við að veita íbúum upplýsingar um áhrif slíkra mála og áætlana á þjónustu sveitarfélags til skemmri og lengri tíma, fjárhag sveitarfélagsins, umhverfi og markmið sem að er stefnt.

Sveitarstjórn skal leitast við að upplýsa með almennum hætti um þær leiðir og aðferðir sem hún notar til samráðs við íbúa, m.a. við undirbúning mála og áætlana skv. 1. mgr.

Sveitarstjórn skal enn fremur leitast við að íbúar sveitarfélagsins fái með reglulegum hætti upplýsingar um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, umfang þess og kostnað.

104. gr.

Opinber gagnaveita um fjármál sveitarfélaga.

Ráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu í samstarfi við Hagstofu Íslands vinna að því að upplýsingar um fjármál sveitarfélaga og önnur mikilvæg atriði sem þau varða

verði gerðar aðgengilegar almenningi í opnum rafrænum gagnagrunni eða með sambærilegum hætti.

Ráðuneytið getur sett nánari fyrirmæli um gagnaveitu skv. 1. mgr. í reglugerð.

105. gr.

Borgarafundir.

Sveitarstjórn ákveður hvort haldinn skuli borgarafundur í sveitarfélagi, sbr. þó 108. gr. Til borgarafundar skal boða með opinberri auglýsingu ekki síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um form fundar, þar á meðal hvort þátttakendum gefist tækifæri til að taka þátt í umræðum og leggja fram fyrirspurnir og tillögur.

Eigi atkvæðagreiðsla að fara fram á fundi skal það tiltekið í fundarboði ásamt þeirri tillögu sem greiða á atkvæði um. Telji sveitarstjórn ástæðu til skal hún gera kjörskrá yfir þá sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna og eru þá aðeins þeir sem eru á kjörskránni atkvæðisbærir á borgarafundi. Að öðrum kosti hafa atkvæðisrétt allir þeir sem til fundarins mæta. Um gerð kjörskrár og auglýsingu gilda ákvæði 4.–7. gr. og 9.–11. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Ályktanir almennra borgarafunda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

106. gr.

Íbúaþing.

Sveitarstjórn getur haldið íbúaþing. Íbúaþing geta m.a. verið bundin við ákveðin svæði innan sveitarfélags. Niðurstöður íbúaþinga eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

107. gr.

Íbúakosningar.

Sveitarstjórn ákveður hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélagsins um einstök málefni þess, sbr. þó 108. gr.

Til atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. skal boða með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara með opinberri auglýsingu. Samhliða skal sveitarstjórn opinberlega kynna þá tillögu sem borin verður undir atkvæði og þær upplýsingar sem kjósendum eru nauðsynlegar til að geta tekið til hennar upplýsta afstöðu.

Rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. eiga þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Sveitarstjórn skal gera kjörskrá fyrir atkvæðagreiðsluna. Um gerð hennar og auglýsingu gilda ákvæði 4.–7. gr. og 9.–11. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og atkvæðisréttur jafn.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessari grein, sem og 108. gr., er ráðgefandi nema sveitarstjórn ákveði að hún skuli binda hendur hennar til loka kjörtímabils. Í auglýsingu skv. 2. mgr. skal koma fram hvort atkvæðagreiðsla er bindandi. Slíka ákvörðun má binda skilyrði um að tiltekið hlutfall þeirra sem voru á kjörskrá hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu.

Við framkvæmd atkvæðagreiðslu samkvæmt þessari grein skal að öðru leyti farið eftir meginreglum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt.

108. gr.

Frumkvæði íbúa sveitarfélags.

Ef minnst 10% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska borgarafundar skv. 105. gr. skal sveitarstjórn verða við því svo fljótt sem unnt er. Hið sama á við ef minnst 20% af

þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. Sveitarstjórnin á þó ákvörðunarvald um framkvæmd viðkomandi viðburðar og þá spurningu sem borin verður upp sé um að ræða almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélagsins. Um framkvæmd borgarafundar fer eftir ákvæði 105. gr. Um framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélags fer eftir ákvæði 107. gr.

Almennrar atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. verður hvorki krafist um ráðningu í störf hjá sveitarfélagi né tillögu sem gengur gegn lögum eða mundi leiða til þess að lagaskyldu yrði ekki fullnægt af hálfu sveitarfélagsins.

Ráðuneytið skal í reglugerð mæla nánar fyrir um það hvernig staðið verður að söfnun undirskrifta eða annarrar staðfestingar á ósk íbúa skv. 1. mgr. Þar má m.a. kveða á um að undirskriftir skuli lagðar fram á sérstöku eyðublaði sem ráðuneytið eða viðkomandi sveitarfélag lætur gera eða að staðfesting skuli lögð fram rafrænt á nánar tiltekinn hátt. Sé mælt fyrir um rafræna staðfestingu skal þó ávallt jafnframt gefinn kostur á að undirskriftir verði lagðar fram skriflega á þar til gerðum eyðublöðum.

Við mat á því hvort tilskilinn fjöldi hafi lagt fram ósk skv. 1. mgr. skal miðað við þá einstaklinga sem uppfylla skilyrði 2. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna á þeim degi sem söfnun undirskrifta og/eða staðfestinga lýkur samkvæmt kjörskrárstofni sem Þjóðskrá Íslands lætur sveitarfélagi í té.

XI. KAFLI
Stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum.

109. gr.
Almennt stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum.

Ráðherra hefur eftirlit með því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum. Eftirlit ráðherra tekur einnig til byggðasamlaga sem og til annarra að því leyti sem þeim hefur verið falið að sinna stjórnsýslu á vegum sveitarfélags samkvæmt heimild í lögum þessum eða öðrum lögum.

Eftirlit ráðherra tekur ekki til Sambands íslenskra sveitarfélaga eða landshlutasamtaka sveitarfélaga nema þessum aðilum hafi verið falin stjórnsýsluverkefni fyrir hönd einstakra sveitarfélaga skv. 1. mgr. sem ráðherra hefði ella haft eftirlit með. Ráðherra hefur ekki heldur eftirlit með ákvörðunum sveitarfélaga í starfsmannamálum, um gerð kjarasamninga né stjórnsýslu sem fram fer á vegum sveitarfélaganna og öðrum stjórnvöldum á vegum ríkisins er með beinum hætti falið eftirlit með.

110. gr.
Tegundir eftirlitsmála.

Eftirlit ráðherra með einstökum ákvörðunum eða athöfnum sveitarfélaga fer fyrst og fremst fram á eftirfarandi hátt:

1. við staðfestingu reglna sveitarfélaga hafi ráðherra verið falið það hlutverk,
2. við meðferð mála sem lúta að fjármálum sveitarfélaga, sbr. VIII. kafla,
3. við meðferð kærumála, sbr. 111. gr., og
4. við meðferð frumkvæðismála, sbr. 112. gr.

Þegar ráðherra þarf að beita úrræðum samkvæmt lögum þessum í tengslum við eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga skal hann velja það úrræði sem líklegast er að nái því markmiði sem að er stefnt að teknu tilliti til sjálfstjórnar sveitarfélaga. Heimilt er að nota fleiri en eitt úrræði samkvæmt lögum þessum samhliða eftir því sem tilefni er til.

Áður en ráðherra tekur ákvörðun um beitingu úrræða samkvæmt kafla þessum skal hann gefa sveitarstjórn færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

111. gr.
Stjórnsýslukæra.

Aðila máls er heimilt að kæra til ráðuneytisins ákvarðanir um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti þess skv. 109. gr.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg. Um kæruleiðbeiningar, kærufrest og meðferð kærumáls fer að öðru leyti að ákvæðum stjórnsýslulaga.

Þrátt fyrir 2. mgr. 109. gr. er þó hægt að bera undir ráðherra samkvæmt þessari grein ákvörðun sveitarfélags um uppsögn starfsmanns, enda eigi hún rætur að rekja til brota hans í starfi, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, til athafna í starfi eða utan þess sem þykja ósamrýmanlegar starfinu eða til annarra sambærilegra ástæðna.

112. gr.
Frumkvæðismál.

Ráðuneytið ákveður sjálft hvort tilefni er til að taka til formlegrar umfjöllunar stjórnsýslu sveitarfélags sem lýtur eftirliti þess skv. 109. gr. Réttur aðila máls til að kæra ákvörðun skv. 111. gr. hefur ekki áhrif á þá heimild.

Þegar ráðuneytið tekur mál til meðferðar að eigin frumkvæði getur það:

1. gefið út leiðbeiningar um túlkun laga og stjórnsýslu sveitarfélagsins að öðru leyti,
2. gefið út álit um lögmæti athafna eða athafnaleysis sveitarfélags eða annars er eftirlit beinist að,
3. gefið út fyrirmæli til sveitarfélags um að það taki ákvörðun í máli, felli ákvörðun úr gildi eða komi málum að öðru leyti í lögmætt horf,
4. beitt öðrum úrræðum samkvæmt kafla þessum, sé tilefni til.

Niðurstöður skv. 2. mgr. skulu rökstuddar eftir því sem tilefni er til. Í þeim skal einnig koma fram með skýrum hætti hvort og þá með hvaða hætti ráðuneytið muni fylgja niðurstöðu sinni eftir.

113. gr.
Aðgangur að upplýsingum.

Sveitarfélög og aðrir aðilar sem eftirlit ráðuneytisins beinist að skv. 109. gr. skulu láta ráðuneytinu í té þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem það óskar og því er þörf á vegna eftirlits síns. Þar á meðal getur ráðuneytið óskað afhendingar á skýrslum, skjölum, bókunum og öðrum gögnum sem mál snerta.

Ráðuneytið getur óskað þess að starfsmenn þeirra aðila sem lúta eftirliti ráðuneytisins skv. 109. gr. veiti því upplýsingar og skýringar sem varða einstök mál og ráðuneytinu er þörf á vegna eftirlits síns. Lögbundin þagnarskylda stendur ekki í vegi slíkrar upplýsingagjafar.

Við framkvæmd upplýsingaöflunar skal taka tillit til hagsmuna viðkomandi stjórnvalda og einkaaðila ef við á og ekki ganga lengra en þörf er á.

114. gr.

Ógilding ákvarðana og frestun réttaráhrifa.

Ráðuneytið getur við meðferð mála skv. VIII. kafla og 111. og 112. gr. fellt úr gildi ógildanlegar ákvarðanir í heild eða að hluta. Ráðuneytið getur ekki tekið nýja ákvörðun í máli fyrir hönd sveitarfélags.

Þegar sérstakar ástæður mæla með því getur ráðuneytið ákveðið að fresta réttaráhrifum ákvörðunar sem sveitarfélag hefur tekið meðan það hefur mál til meðferðar skv. VIII. kafla eða 111. og 112. gr.

115. gr.

Ógilding samninga.

Hafi sveitarfélag eða annar aðili sem eftirlit ráðuneytisins beinist að gert samning um samvinnu skv. 92.–96. gr. og samningurinn fullnægir ekki kröfum laga þessara telst hann ógildanlegur. Getur ráðuneytið þá lagt fyrir aðila að bæta úr ágöllum samningsins innan tilskilins frests. Sé þeim fyrirmælum ekki fylgt eða það reynist ógerlegt getur ráðuneytið fellt samning úr gildi.

Hið sama á við hafi sveitarfélag eða annar aðili sem eftirlit ráðuneytisins beinist að gert samning sem ekki fullnægir ákvæðum sem fram koma í VII. kafla um fjármál sveitarfélaga eða VIII. kafla um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, enda hafi eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga lagt það til með rökstuddum hætti.

Ákvæði þetta á þó ekki við ef samningur telst marklaus gagnvart sveitarfélagi vegna veigamikilla ágalla á gerð hans.

116. gr.

Vanræksla sveitarfélaga.

Vanræki sveitarfélag lögbundnar skyldur, svo sem um skil á upplýsingum, að fylgja ákvörðunum sem ráðherra tekur skv. VIII. kafla, úrskurði skv. 111. gr. eða fyrirmælum skv. 112. gr. getur ráðuneytið, að undangenginni áminningu, stöðvað greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða beitt sveitarfélagið dagsektum þar til úr vanrækslunni hefur verið bætt.

Ráðherra skal í reglugerð ákveða lágmarks- og hámarksfjárhæð dagsekta. Ákvörðun um dagsektir skal taka mið af alvarleika brots og íbúafjölda sveitarfélags.

Ákvæði þessu verður beitt gagnvart byggðasamlögum eftir því sem við á.

Dagsektir renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Gera má aðför, án undangengins dóms, til fullnustu sekta. Dagsektir skulu innheimtar ekki sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Fresta skal innheimtu dagsekta ef það málefni sem um ræðir er borið undir dómstóla. Óinnheimtar dagsektir falla niður þegar skyldu er fullnægt.

117. gr.

Dómsmál til ógildingar á ákvörðun ráðuneytisins.

Ef sveitarfélag, byggðasamlag eða einkaaðili sem lýtur eftirliti ráðuneytisins skv. 109. gr. og úrskurður, ákvörðun eða fyrirmæli ráðuneytisins samkvæmt þessum kafla eða VIII. kafla beinist að vill ekki una ákvörðuninni þá getur viðkomandi borið málið undir dómstóla eftir almennum reglum. Leiði almennar reglur til þess að málshöfðun eigi ekki að beina að ráðuneytinu skal því stefnt til réttargæslu. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk eða mátti fá vitneskju um ákvörðun ráðuneytisins.

118. gr.
Viðurkenningarmál.

Ráðuneytið getur höfðað viðurkenningarmál á hendur sveitarstjórn eða öðrum sem sætir eftirliti ráðuneytisins samkvæmt lögum þessum og tekið hefur ákvörðun sem ráðuneytið telur ólögmæta eða látið undir höfuð leggjast að framfylgja lögbundinni skyldu, ákvörðun ráðherra skv. VIII. kafla, úrskurði skv. 111. gr. eða fyrirmælum skv. 112. gr.

XII. KAFLI
Sameining sveitarfélaga.

119. gr.
Sameining sveitarfélaga.

Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu viðkomandi sveitarfélaga skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast athugun málsins. Skal hvor eða hver sveitarstjórn kjósa tvo fulltrúa eða fleiri í nefndina eftir samkomulagi. Nefndin kýs formann úr sínum hópi.

Þegar samstarfsnefnd hefur skilað áliti sínu um sameiningu skulu viðkomandi sveitarstjórnir taka málið á dagskrá. Skal hafa tvær umræður um málið án atkvæðagreiðslu.

Að lokinni umræðu sveitarstjórna skal fara fram atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameininguna. Viðkomandi sveitarstjórnir ákveða sameiginlega hvenær atkvæðagreiðsla fer fram og skal kosið sama dag í öllum viðkomandi sveitarfélögum.

Samstarfsnefndin eða viðkomandi sveitarstjórnir skulu kynna íbúum sveitarfélaganna þá tillögu sem greiða skal atkvæði um og helstu forsendur hennar með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara, svo sem með kynningarfundum og/eða dreifibréfum. Tillagan skal innan sama frests auglýst opinberlega í Lögbirtingablaði og í fjölmiðlum.

Sveitarstjórn lætur gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna. Form atkvæðaseðils skal staðfest af ráðuneytinu. Um atkvæðagreiðslur samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt. Ekki er heimilt að hefja talningu atkvæða fyrr en öllum kjörstöðum hefur verið lokað í þeim sveitarfélögum sem taka þátt í atkvæðagreiðslu um sameiningartillögu.

120. gr.
Skilyrði fyrir frjálsri sameiningu.

Sveitarfélag verður ekki sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 119. gr. séu fylgjandi henni en andvígir, sbr. þó 2. mgr.

Sveitarstjórnum sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga hlýtur samþykki meiri hluta kjósenda er heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga þótt tillaga samstarfsnefndar hljóti ekki samþykki meiri hluta kjósenda í öllum sveitarfélögunum sem að tillögunni stóðu, enda sé um að ræða a.m.k. ⅔ sveitarfélaganna og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. ⅔ hlutar íbúa á svæðinu.

121. gr.
Fjárhagslegar ráðstafanir eftir samþykkt sameiningartillögu.

Hafi tillaga um sameiningu hlotið samþykki skv. 119. og 120. gr. er sveitarstjórnum viðkomandi sveitarfélaga óheimilt að skuldbinda sveitarfélag eða samþykkja greiðslur úr sveitarsjóði sem ekki leiðir af lögum, fjárhagsáætlun eða þegar samþykktum viðauka við hana nema allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir samþykki slíka ráðstöfun.

122. gr.

Undirbúningur að stofnun nýs sveitarfélags.

Hafi sameining hlotið samþykki skv. 119. og 120. gr. skulu sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli hver um sig velja tvo til þrjá fulltrúa eftir samkomulagi til setu í sérstaka stjórn til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags.

Stjórn til undirbúnings nýs sveitarfélags skal semja samþykkt um stjórn og fundarsköp hinnar nýju sveitarstjórnar sem gilda mun fyrir hið nýja sveitarfélag þar til því hefur verið sett sérstök samþykkt. Stjórnin getur ákveðið að samþykkt um stjórn og fundarsköp eins af hinum eldri sveitarfélögum muni gilda fyrir nýja sveitarfélagið þar til því hefur verið sett ný samþykkt. Hún skal einnig taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni hins nýja sveitarfélags, taka saman yfirlit yfir allar samþykktir og reglugerðir sem gilda í þeim sveitarfélögum sem sameinuð hafa verið og hefja vinnu við endurskoðun þeirra og samræmingu. Ákvarðanir þessar skulu sendar ráðuneytinu sem staðfestir sameininguna að því gefnu að það telji að sameiningin sé svo vel undirbúin að hún geti gengið hnökralaust. Ráðuneytið getur í þessu sambandi leitað umsagna viðkomandi sveitarstjórna um þær tillögur sem stjórn til undirbúnings að stofnun nýs sveitarfélags hefur gert.

123. gr.

Sameining yfir mörk kjördæma.

Heimilt er að sameina sveitarfélög yfir mörk kjördæma en slík sameining hefur ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar.

124. gr.

Birting ákvörðunar um sameiningu.

Þegar ráðuneytið hefur staðfest sameiningu sveitarfélaga samkvæmt framanskráðu skal það gefa út tilkynningu um sameininguna sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Þar skal greint frá nafni hins nýja sveitarfélags, hvaða sveitarfélög hafa verið sameinuð, tölu sveitarstjórnarmanna og gildistöku sameiningar og kosningum skv. 125. gr. Samhliða skal birt samþykkt um stjórn og fundarsköp hins nýja sveitarfélags sem öðlast skal gildi um leið og nýtt sveitarfélag tekur til starfa skv. 125. gr.

125. gr.

Gildistaka sameiningar.

Að tillögu stjórnar til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags tekur ráðuneytið ákvörðun um það með hvaða hætti sameining öðlast gildi. Verður það annaðhvort með því að kosið er til sveitarstjórnar fyrir hið nýja sveitarfélag eða með því að sveitarstjórn eins hinna sameinuðu sveitarfélaga tekur yfir stjórn þess nýja til loka kjörtímabils.

Ef kosið skal til nýrrar sveitarstjórnar ákveður ráðuneytið að tillögu stjórnar til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags hvaða dag kosningar til hins sameinaða sveitarfélags fara fram. Um kosningar til nýrrar sveitarstjórnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin sveitarstjórn tekur við stjórn hins nýja sveitarfélags 15 dögum eftir kjördag. Á sama tíma tekur sameining gildi.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara og laga um kosningar til sveitarstjórna um skipti á sveitarstjórnum.

Ef sveitarstjórn eins hinna sameinuðu sveitarfélaga tekur yfir stjórn þess nýja til loka kjörtímabils tekur sameining gildi á þeim degi sem ráðuneytið ákveður. Sama dag fellur umboð annarra sveitarstjórna hinna sameinuðu sveitarfélaga úr gildi.

126. gr.

Endurskoðun reglugerða og samþykkta.

Sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags skal svo fljótt sem við verður komið taka til umræðu og setja nýjar samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár fyrir hið nýja sveitarfélag. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að tilteknar reglur eða samþykktir sem gilt hafa í einu af viðkomandi sveitarfélögum skuli gilda fyrir hið nýja sveitarfélag í heild á meðan unnið er að setningu nýrra reglna. Um slíka ákvörðunartöku gilda sömu reglur og um setningu nýrra reglna í viðkomandi málaflokki, þar á meðal kröfur um tvær umræður eða staðfestingu ráðherra ef við á. Á meðan unnið er að því að setja viðeigandi reglur fyrir hið nýja sveitarfélag skulu eldri reglur gilda í hverju hinna eldri sveitarfélaga, þó ekki lengur en í þrjá mánuði frá gildistöku sameiningar.

Að því leyti sem ákvörðunum, svo sem um skatta, verður ekki breytt innan ársins vegna ákvæða annarra laga er heimilt að hafa mismunandi reglur innan hins nýja sveitarfélags þann tíma sem af ákvæðum viðkomandi laga leiðir.

127. gr.

Fjárhagsleg aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Ráðuneytið getur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sett almennar reglur um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Slíka aðstoð má veita í allt að fimm ár eftir sameiningu.

XIII. KAFLI

Samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga.

128. gr.

Formlegt samráð og samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Ríkisstjórnin skal tryggja formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélögin um mikilvæg stjórnarmálefni sem tengjast stöðu og verkefnum sveitarfélaga. Formlegt samstarf skal m.a. fara fram um framlagningu lagafrumvarpa sem varða sveitarfélögin, um stjórn fjármála hins opinbera, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur mikilvæg mál sem varða hagsmuni sveitarfélaganna eða fjármál.

Yfirumsjón með samstarfi skv. 1. mgr. hefur samstarfsráð ríkis og sveitarfélaga. Í því eiga sæti þrír ráðherrar, sem a.m.k. skulu gegna starfi fjármálaráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála, auk þriggja fulltrúa sveitarfélaganna sem kosnir eru af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ef þörf er á geta aðilar komið sér saman um að í samstarfsráði sitji fleiri ráðherrar en þrír en þá skal jafnframt fjölga fulltrúum sveitarfélaganna þannig að fjöldi þeirra verði jafn fjölda ráðherra.

Samstarf skv. 2. mgr. skal nánar útfært í samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga sem unninn skal af samstarfsráði eða í sérlögum eftir því sem við á. Þar skal einnig fjallað um gerð árlegrar þjóðhags- og landshlutaspár sem leggja ber til grundvallar í samstarfi samkvæmt þessari grein og sveitarfélögum er skylt að byggja á við gerð fjárhagsáætlana.

129. gr.

Kostnaðarmat.

Ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skal fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Viðkomandi ráðherrar bera ábyrgð á því að slíkt mat fari fram.

Þegar mat á fjárhagslegum áhrifum tillögu að lagafrumvarpi, tillögu að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana, sbr. 1. mgr., liggur fyrir skal það þá þegar lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.

Mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir áður en frumvarp er afgreitt úr ríkisstjórn til framlagningar á Alþingi eða áformuð stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar aðgerðir af hálfu stjórnvalda eru endanlega ákveðnar.

Verði ágreiningur um niðurstöðu kostnaðarmats á lagafrumvarpi skal gerð sérstök grein fyrir því í kostnaðarumsögn sem skal fylgja frumvarpi þegar það er lagt fyrir Alþingi. Verði ágreiningur um niðurstöðu kostnaðarmats tillögu að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu stjórnvalda ríkisins skal niðurstaða um það koma fram í endanlegu kostnaðarmati þeirrar ákvörðunar, sbr. 3. mgr.

Ráðuneyti sveitarstjórnarmála skal árlega taka saman yfirlit um kostnaðarmat samkvæmt þessari grein, þar á meðal um ágreining um slíkt mat. Formlegar viðræður skulu fara fram um yfirlitið og niðurstöður þess í samstarfsráði skv. 128. gr.

XIV. KAFLI
Málstefna sveitarfélaga.

130. gr.
Málstefna.

Sveitarstjórn mótar sveitarfélaginu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggi fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Þar skulu settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum og starfsemi sveitarfélagsins. Enn fremur skal koma fram hvaða gögn liggja að jafnaði fyrir í erlendum málbúningi og hvaða tungumál þar er um að ræða. Þá skal þar setja reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annarri tungu en íslensku.

Mál það sem er notað í starfsemi sveitarfélags eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt.

XV. KAFLI
Ýmis ákvæði, gildistaka og breytingar á öðrum lögum.

131. gr.
Sveitarstjórn verður óstarfhæf.

Verði sveitarstjórn að mati ráðuneytisins óstarfhæf vegna neyðarástands í sveitarfélagi, svo sem af völdum náttúruhamfara, getur ráðuneytið falið sveitarstjórn og viðeigandi nefndum nágrannasveitarfélags að fara með stjórn sveitarfélagsins. Ráðuneytið getur einnig skipað sveitarfélagi sérstaka framkvæmdastjórn kunnáttumanna um rekstur sveitarfélaga sem þá tekur að fullu við hlutverki hinnar óstarfhæfu sveitarstjórnar, nefnda hennar og starfsmanna eftir því sem þörf er á. Ráðuneytið skal með reglugerð setja almenn fyrirmæli um starfshætti slíkrar framkvæmdastjórnar.

Ráðuneytið skal birta ákvörðun skv. 1. mgr. í Stjórnartíðindum og getur hún aðeins gilt í fjóra mánuði í senn.

132. gr.
Sérreglur um stjórn og stjórnskipulag einstakra sveitarfélaga.

Ef sveitarstjórn óskar er ráðuneytinu heimilt í tilraunaskyni að staðfesta samþykkt um stjórn og fundarsköp fyrir viðkomandi sveitarfélag sem gerir ráð fyrir öðru stjórnskipulagi

en kveðið er á um í lögum þessum, þar á meðal um aukinn fjölda sveitarstjórnarmanna og aukið hlutverk einstakra nefnda eða starfsmanna sveitarfélagsins við daglega stjórn sveitarfélagsins því samfara.

Ráðuneytinu er á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr. heimilt við staðfestingu samstarfssamnings skv. 93. gr. að heimila í tilraunaskyni frávik frá ákvæðum IX. kafla um samvinnu sveitarfélaga og samninga um starfrækslu verkefna.

Tilgangur heimildar skv. 1. og 2. mgr. er að veita færi á yfirvegaðri þróun á sveitarstjórnarstiginu, m.a. vegna stækkunar sveitarfélaga. Samþykktir um stjórn og fundarsköp sem staðfestar eru á grundvelli þessarar greinar skulu vera ítarlegar og taka til allra þátta sem nauðsynlegir eru svo að stjórn sveitarfélags geti gengið hnökralaust. Miða skal við að ekki séu gerðar fleiri en ein stjórnskipulagstilraun sama eðlis í einu.

Sé heimild skv. 1. og 2. mgr. beitt skal það ekki gert til skemmri tíma en átta ára í senn, nema veigamiklar ástæður mæli með að fallið sé frá því. Ef fallið er frá stjórnskipulagi sem ákveðið er samkvæmt þessari grein skal sveitarstjórn þegar setja sveitarfélaginu nýja samþykkt um stjórn og fundarsköp sem er í samræmi við ákvæði laga þessara. Verður þessari heimild þá ekki beitt á ný af hálfu viðkomandi sveitarfélags fyrr en að átta árum liðnum.

133. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012. Á sama tíma falla úr gildi sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

134. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. *Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum:*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:
      a. 1. mgr. orðast svo:
         Hvert sveitarfélag er fjallskilaumdæmi sem skiptist í fjallskiladeildir. Ef þörf er á eða hentugt þykir vegna skipulags leita eða annarra atriða sem mælt er fyrir um í lögum þessum skal fjallskilaumdæmi þó taka til fleiri sveitarfélaga.
      b. 2. mgr. fellur brott.
   b. 2. gr. laganna orðast svo:
      Sveitarstjórn telst vera stjórn fjallskilaumdæmis samkvæmt lögum þessum nema fleiri sveitarfélög myndi saman fjallskilaumdæmi. Ef fleiri sveitarfélög mynda saman fjallskilaumdæmi skulu viðkomandi sveitarstjórnir setja umdæminu sérstaka samþykkt þar sem kveðið skal á um skipan í sérstaka stjórn þess. Hver sveitarstjórn skal skipa a.m.k. einn fulltrúa í stjórnina. Þeir skulu þó aldrei færri en þrír.
      Stjórn fjallskilaumdæmis fer með yfirstjórn allra afrétta- og fjallskilamála samkvæmt lögum þessum í viðkomandi umdæmi. Sveitarstjórnir annast stjórn og framkvæmd fjallskilamála í hverri fjallskiladeild eftir því sem nánar er ákveðið í fjallskilasamþykkt eða af stjórn fjallskilaumdæmis.
   c. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
      Stjórn fjallskilaumdæmis setur fjallskilasamþykkt fyrir viðkomandi umdæmi. Í fjallskilasamþykkt skal kveðið á um ytri mörk fjallskilaumdæmis, skiptingu umdæmis í fjallskiladeildir, réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitilanda, fjallskil og smalanir heimalanda vor og

haust, svo og um öll önnur atriði er að framkvæmd fjallskila lúta.

d. Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 2. málsl. kemur: stjórn fjallskilaumdæmis; og í stað orðsins „hreppsnefndar“ í sama málslið kemur: sveitarstjórnar, ef við á.
   b. Í stað orðanna „hreppsnefndir, með samþykki héraðsnefndar“ í 3. málsl. kemur: sveitarstjórnir, með samþykki stjórnar umdæmis, ef við á.
   c. Í stað orðsins „héraðsnefndar“ í 4. málsl. kemur: sveitarstjórnar.
   d. Lokamálsliður fellur brott.

e. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
   a. 1. málsl. orðast svo: Stjórn fjallskilaumdæmis semur skrá yfir alla afrétti er héraðsbúar nota.
   b. Í stað orðsins „sýslunni“ í 3. málsl. kemur: fjallskilaumdæminu.

f. Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „sýslunefnd“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. kemur: stjórn fjallskilaumdæmis.
   b. Í stað orðanna „og færi sýslunefnd“ í a-lið 2. mgr. kemur: og færir stjórn fjallskilaumdæmis.

g. Í stað orðanna „heilar sýslur“ í 17. gr. laganna kemur: heil fjallskilaumdæmi.

h. Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „héraðsnefndir“ í inngangsmálslið kemur: stjórn fjallskilaumdæmis.
   b. Í stað orðanna „Héraðsnefndir aðliggjandi sýslna“ í c-lið kemur: Stjórnir aðliggjandi fjallskilaumdæma.

i. Orðið „héraðsnefnd“ í 19. gr. laganna fellur brott.

j. Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: eða stjórn fjallskilaumdæmis.
   b. Í stað orðsins „sýslu“ í 5. málsl. 2. mgr. kemur: svæðis.
   c. Í stað orðanna „viðkomandi héraðsnefnd“ í 5. mgr. kemur: stjórn fjallskilaumdæmis.

k. Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 1. málsl. 21. gr. laganna kemur: stjórn fjallskilaumdæmis.

l. Í stað orðanna „viðkomandi sýslunefnd“ í 2. málsl. 41. gr. laganna kemur: stjórn fjallskilaumdæmis.

m. Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Héraðsnefnd ákveður í fjallskilasamþykkt“ í 1. málsl. kemur: Í fjallskilasamþykkt skal ákveða.
   b. Í stað orðsins „héraðsnefndar“ í 3. málsl. kemur: stjórnar fjallskilaumdæmis.

n. Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 55. gr. laganna kemur: stjórn fjallskilaumdæmis.

2. *Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum:* Orðin „eða héraðsnefndar“ og „og héraðsnefndir“ í 1. mgr. 11. gr. laganna falla brott.

3. *Lög um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum:* 19. gr. laganna orðast svo:

   Í hverju sveitarfélagi skal starfa gróðurverndarnefnd sem kosin er af sveitarstjórn. Funda- og ferðakostnaður, svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar, greiðist af fé Landgræðslu ríkisins að ⅔ hlutum og viðkomandi sveitarfélagi að ⅓ hluta.

4. *Barnaverndarlög, nr. 80/2002:* Orðin „héraðsnefnd eða“ í 3. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

5. *Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum:* 7. gr. laganna orðast svo:

   Um samvinnu sveitarfélaga að verkefnum samkvæmt lögum þessum fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga.
6. *Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Héraðsnefndir Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Snæfellinga tilnefna einn fulltrúa hver“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð.
7. *Lög um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum:*
   a. 3. gr. laganna orðast svo:

      Kjörgengur í sveitarstjórn er hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélaginu skv. 2. gr., hefur ekki verið sviptur lögræði og hefur óflekkað mannorð.

      Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

      Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.
   b. 7. gr. laganna orðast svo:

      Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún staðfest á fundi sveitarstjórnar og undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.
   c. 2. málsl. 8. gr. laganna orðast svo: Í auglýsingunni skal tekið fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Ef fasteign liggur innan tveggja eða fleiri sveitarfélaga skulu viðkomandi sveitarfélög ekki síðar en 1. janúar 2013 hafa komist að samkomulagi um breytingu á mörkum viðkomandi sveitarfélaga þannig að fullnægt sé ákvæðum 4. gr.
2. Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. er ekki skylt að breyta fulltrúafjölda í sveitarstjórn fyrr en við aðrar almennar kosningar til sveitarstjórna frá gildistöku laga þessara.
3. Ákvæði 2. tölul. 44. gr. um kynjakvóta og þær reglur laga þessara sem vísa til hans með beinum hætti taka fyrst gildi við nefndaskipan að afloknum næstu almennu sveitarstjórnarkosningum frá gildistöku laga þessara.
4. Ákvæði 1. tölul. 2. mgr. 64. gr. gildir frá og með reikningsárinu 2011. Fyrri reikningsár teljast ekki með við afmörkun á þriggja ára tímabili samkvæmt ákvæðinu.
5. Samningar sveitarfélaga við endurskoðendur sem eru í gildi við gildistöku laga þessara halda gildi sínu í þann tíma sem viðkomandi samningur kveður á um, þó mest í fjögur ár frá gildistöku laga þessara.
6. Frá gildistöku laga þessara má ekki gera samninga um samvinnu sveitarfélaga eða við einkaaðila sem ganga gegn ákvæðum laga þessara. Slíkir samningar sem þegar eru í gildi halda hins vegar gildi sínu, að því leyti sem þeir eru í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og ákvæði annarra laga en tryggja skal að þeir fullnægi ákvæðum laga þessara ekki síðar en 15. október 2014.
7. Þær fjallskilasamþykktir sem settar hafa verið á grundvelli laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, og í gildi eru við gildistöku þessara laga halda gildi sínu. Þau verkefni sem lögð eru til héraðsnefnda samkvæmt samþykktunum falla til stjórna fjallskilaumdæma. Ef fleiri sveitarfélög mynda saman fjallskilaumdæmi skulu sveitarstjórnir

þeirra hafa ákveðið skipan fjallskilastjórnar fyrir gildistöku laga þessara.
8. Endurskoða skal VII. kafla laga þessara um fjármál sveitarfélaga innan fimm ára frá gildistöku með hliðsjón af framkvæmd þeirra.

1976. Lög [788. mál]

um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, tollalögum og lögum um Seðlabanka Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum.

1. gr.

Inngangsmálsliður orðskýringar á „fjármagnshreyfingum“ í 1. gr. laganna orðast svo: Fjármagnshreyfingar á milli landa merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa og yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli innlendra og erlendra aðila sem tengjast:

2. gr.

Á eftir orðunum „skv. 4. gr., 5. gr.“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: 13. gr. a – 13. gr. n.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna koma sautján nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (13. gr. a.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara og 9. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, skulu fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti sem tilgreind eru í ákvæðum 13. gr. b – 13. gr. n vera óheimil fram til 31. desember 2013.

b. (13. gr. b.)

Eftirfarandi fjármagnshreyfingar milli landa eru óheimilar:
1. Viðskipti og útgáfa verðbréfa, hlutdeildarskírteina í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, peningamarkaðsskjala og annarra framseljanlegra fjármálagerninga.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í lánastofnunum.
3. Lánveitingar, lántökur og útgáfa ábyrgða sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.
4. Inn- og útflutningur verðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
5. Framvirk viðskipti, afleiðuviðskipti, viðskipti með valrétti, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti þar sem íslenska krónan er annar eða einn gjaldmiðlanna.
6. Gjafir og styrkir og aðrar hreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölul. og eru til þess fallnar að valda alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum.

Allar fjármagnshreyfingar skv. 1. mgr. á milli landa í erlendum gjaldeyri eru óheimilar nema um sé að ræða greiðslu vegna kaupa á vöru eða þjónustu eða annarra fjármagnshreyfinga sem sérstaklega eru undanþegnar í lögum þessum. Þá er einstaklingi sem er er-

lendur aðili heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri ef sýnt er fram á að féð sé til framfærslu. Nær heimildin vegna framfærslu til fjármagnshreyfinga á almanaksári fyrir allt að jafnvirði 3.000.000 kr. fyrir einstakling, 6.000.000 kr. fyrir hjón/sambúðaraðila og 2.000.000 kr. fyrir hvert ólögráða barn sem lýtur forsjá og er með lögheimili hjá framangreindum. Enn fremur er heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri í eigu einstaklings sé sýnt fram á að fjármunirnir séu andvirði slysabóta eða arfs sem honum hefur tæmst við dánarbússkipti. Námsmenn sem sýnt geta fram á að þeir séu í námi erlendis teljast erlendir aðilar í skilningi þessa ákvæðis.

Allar fjármagnshreyfingar skv. 1. mgr. á milli landa í innlendum gjaldeyri, eru óheimilar. Undanþegnar banni 1. málsl. eru:

1. Fjármagnshreyfingar sem eru sérstaklega undanþegnar í lögum þessum og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.
2. Fjármagnshreyfingar vegna vöru- og þjónustuviðskipta, sem ekki fara fram í erlendum gjaldmiðli, þar sem greiðslan fer fram með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.
3. Fjármagnshreyfingar vegna fasteignaviðskipta hér á landi og viðskipta með fjármálagerninga sem Seðlabanki Íslands metur gilda til tryggingar í viðskiptum við bankann samkvæmt reglum um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands, og útgefnir eru í innlendum gjaldeyri, þegar greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.
4. Fjármagnshreyfingar vegna greiðslu á kröfum úr þrotabúi og greiðslu samningskrafna samkvæmt nauðasamningi, sbr. lög nr. 21/1991, og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

c. (13. gr. c.)

Gjaldeyrisviðskipti milli innlendra og erlendra aðila þar sem innlendur gjaldeyrir er hluti af viðskiptunum eru óheimil.

Innlendum aðila er óheimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, þegar greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri, nema hann sýni fram á að féð sé til notkunar í vöru- og þjónustuviðskiptum eða vegna fjármagnshreyfinga samkvæmt ákvæðum 13. gr. j og 13. gr. k. Gjaldeyrisviðskipti vegna vöru- og þjónustuviðskipta milli tveggja innlendra aðila eru óheimil.

Þrátt fyrir 1. mgr. er erlendum aðila heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi vegna fjármagnshreyfinga skv. 13. gr. j, vegna slíkra greiðslna frá innlendum aðila hér á landi, og 2. mgr. 13. gr. k. Þá er erlendum aðilum heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi þar sem hann er með viðskipti sín ef sýnt er fram á að féð sé til framfærslu. Nær heimildin vegna framfærslu til kaupa á erlendum gjaldeyri á almanaksári fyrir allt að jafnvirði 3.000.000 kr. fyrir einstakling, 6.000.000 kr. fyrir hjón/sambúðaraðila og 2.000.000 kr. fyrir hvert ólögráða barn sem lýtur forsjá og er með lögheimili hjá framangreindum. Enn fremur er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri fyrir andvirði slysabóta eða arfs sem einstaklingi hefur tæmst við dánarbússkipti. Námsmenn sem sýnt geta fram á að þeir séu í námi erlendis teljast erlendir aðilar í skilningi þessa ákvæðis.

Jafnframt er erlendum aðilum heimilt að kaupa innlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

d. (13. gr. d.)

Kaup innlendra aðila á gjaldeyri í reiðufé eru óheimil nema samkvæmt sérstakri heimild í lögum þessum. Sama á við um úttektir í reiðufé af gjaldeyrisreikningum í fjármálafyrirtækjum hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er einstaklingi sem er innlendur aðili heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri í reiðufé hjá fjármálafyrirtæki hér á landi þar sem aðili er með viðskipti sín eða taka erlendan gjaldeyri í reiðufé út af gjaldeyrisreikningi í fjármálafyrirtæki hér á landi að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Að gjaldeyririnn sé ætlaður til notkunar vegna ferðalaga erlendis. Við kaup eða úttekt skal einstaklingur sýna fram á fyrirhugaða ferð með framvísun farmiða eða kvittunar fyrir greiðslu á ferð sinni sem fyrirhuguð er innan fjögurra vikna. Þegar um er að ræða áhafnarmeðlimi sem ekki hafa farseðil skal sýnt fram á ferðalag með framvísun vaktaskipulags eða öðrum sannanlegum hætti.
2. Að ekki sé keyptur eða tekinn út erlendur gjaldeyrir í reiðufé fyrir upphæð sem samsvarar meira en 350.000 kr. á kaup- eða úttektardegi fyrir hvern einstakling skv. 1. tölul. í hverjum almanaksmánuði.
3. Að sýnt sé fram á að einstaklingur, eða forráðamaður hans ef um ólögráða einstakling er að ræða, sé eigandi fjármunanna sem greiddir eru fyrir erlenda gjaldeyrinn, eða gjaldeyrisreikningsins sem tekið er út af. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. er einstaklingi þó heimilt að kaupa gjaldeyri fyrir maka.
4. Að einstaklingurinn sem tilgreindur var við kaup eða úttekt gjaldeyrisins fari sjálfur með féð úr landi.

Verði ekki af fyrirhugaðri ferð skal gjaldeyri skilað til fjármálafyrirtækis hér á landi innan tveggja vikna frá því að það liggur fyrir.

Einstaklingur sem er innlendur aðili og dvelur tímabundið erlendis, lengur en einn almanaksmánuð en þó ekki lengur en sex almanaksmánuði í senn, hefur, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri í hverjum almanaksmánuði sem hann dvelur erlendis og flytja hann erlendis, á reikning sinn hjá fjármálafyrirtæki þar sem hann dvelur.

Þá hefur einstaklingur, sem er erlendur aðili og er staddur hér á landi tímabundið vegna ferðalaga, heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að féð sé til notkunar á ferðalögum erlendis.

Fjármálafyrirtæki hér á landi getur sótt um undanþágu frá 2. mgr. sem heimilar útibúi fjármálafyrirtækis að selja einstaklingi, sem er innlendur aðili en ekki með viðskipti sín hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki, erlendan gjaldeyri fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að féð sé til notkunar á ferðalögum erlendis. Seðlabanki Íslands skal birta opinberlega upplýsingar um þá aðila sem fá undanþágu á grundvelli ákvæðisins.

e. (13. gr. e.)

Fjárfesting í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum eða öðrum framseljanlegum fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri er óheimil. Þó er aðilum sem fjárfest hafa í slíkum fjármálagerningum fyrir 28. nóvember 2008 heimilt að endurfjárfesta. Nú eru fjármunir sem losna við sölu eða uppgreiðslu, eða falla til vegna arð- og vaxtagreiðslna, nýttir í heild eða að hluta til að fjárfesta aftur í hvers konar erlendri fjárfestingu innan tveggja vikna og telst það þá endurfjárfesting í skilningi 2. málsl.

Söluandvirði vegna viðskipta með fjármálagerning skv. 1. mgr., útgefinn í innlendum gjaldeyri, milli innlendra og erlendra aðila sem gerð eru upp hérlendis skal leggja inn á reikning viðkomandi seljanda í fjármálafyrirtæki hér á landi.

Uppgjör viðskipta í erlendum gjaldeyri með fjármálagerninga skv. 1. mgr., útgefna í innlendum gjaldeyri, er óheimilt.

Óheimilt er að gefa út og/eða selja fjármálagerninga skv. 1. mgr. þar sem uppgjör fer fram í öðrum gjaldeyri en útgáfan og innlendur gjaldeyrir er einn af gjaldmiðlum uppgjörs. Hafi útgáfa farið fram í innlendum gjaldeyri er skylt að leggja andvirði sölu inn á reikning í innlendum gjaldeyri á nafni útgefanda í fjármálafyrirtæki hér á landi.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fyrirframgreiðslu af fjármálagerningum skv. 1. mgr. eru óheimilar.

f. (13. gr. f.)

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fjárfestinga í peningakröfum í erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum kröfuréttindum sem ekki falla undir 13. gr. e, eru óheimilar.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fasteignaviðskipta erlendis eru óheimilar nema sýnt sé fram á að viðskiptin séu gerð vegna búferlaflutninga aðila. Hámarksfjárhæð gjaldeyriskaupa og fjármagnsflutninga vegna kaupa á einni fasteign sem tengjast búferlaflutningum er jafnvirði 100.000.000 kr.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fjárfestingar í öðrum eignum í erlendum gjaldeyri, þ.m.t. hrávöru, farartækjum og vinnuvélum, sem eru hvorki eðlilegur þáttur í atvinnustarfsemi aðila né ætluð til innflutnings fyrir framleiðslu hans, eru óheimilar. Þrátt fyrir bann 1. málsl. eru gjaldeyriskaup og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna kaupa á vélknúnu ökutæki heimil í eitt skipti, séu kaupin í tengslum við búferlaflutninga kaupandans úr landi, enda nemi fjárhæðin eigi meira en jafnvirði 10.000.000 kr.

g. (13. gr. g.)

Lántökur og lánveitingar milli innlendra og erlendra aðila í öðrum tilvikum en vegna viðskipta á milli landa með vöru og þjónustu eru óheimilar, nema slíkar lántökur og lánveitingar séu milli félaga innan sömu samstæðu.

Þrátt fyrir 1. mgr. skulu lántökur og lánveitingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði vera heimilar:

1. Lán hvers aðila sé eigi hærra en sem nemur 10.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í gjaldeyri á almanaksárinu.
2. Lánstími sé eigi skemmri en eitt ár.
3. Gjaldeyrisyfirfærslur vegna lánsins séu í samræmi við ákvæði 13. gr. l.
4. Lánasamningar, þ.m.t. allir viðaukar og fylgiskjöl, séu sendir til þess fjármálafyrirtækis sem annast fjármagnshreyfingar, innan viku frá undirskrift slíkra samninga.

Óheimilt er að fyrirframgreiða lánveitingar og lántökur innlendra aðila til erlendra aðila.

Óheimilt er að endurgreiða lán milli innlendra og erlendra aðila með innlendum gjaldeyri ef lánveitingin fór fram í erlendum gjaldeyri. Óheimilt er að endurgreiða lán milli innlendra og erlendra aðila með erlendum gjaldeyri ef lánveitingin fór fram í innlendum gjaldeyri.

Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir að lántökur og lánveitingar milli innlendra og erlendra aðila séu framlengdar, að því gefnu að aðrir skilmálar gildi að sama leyti og áður.

h. (13. gr. h.)

Óheimilt er að ganga í eða takast á hendur ábyrgð á greiðslum á milli innlendra og erlendra aðila.

Ákvæði þessarar greinar gilda hvorki um ábyrgðir vegna vöru- og þjónustuviðskipta né um ábyrgðir milli félaga innan samstæðu.

i. (13. gr. i.)

Óheimilt er að eiga afleiðuviðskipti þar sem innlendur gjaldeyrir er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri, hvort sem um er að ræða gjaldeyris- eða verðbréfasamning eða sambland gjaldeyris- og verðbréfasamnings eða sambærilega fjármálagerninga.

Afleiðuviðskipti sem eingöngu eru vegna vöru- og þjónustuviðskipta falla ekki undir þetta ákvæði.

j. (13. gr. j.)

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu á vöxtum, verðbótum, arði og samningsbundnum afborgunum eru undanþegnar reglum þessum, sbr. 1. mgr. og 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. b og 2. og 3. mgr. 13. gr. c. Innlendum aðilum er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri til greiðslu samningsbundinna afborgana lána í erlendum gjaldeyri, hjá því innlenda fjármálafyrirtæki sem veitti viðkomandi lán.

Með vöxtum skv. 1. mgr. er aðeins átt við vexti af innstæðum í innlendum fjármálafyrirtækjum og áfallna vexti af skuldabréfum sem útgefin eru af innlendum aðilum.

Við útreikning á vöxtum skv. 1. mgr., vegna skuldabréfa sem safna vöxtum daglega, skulu vextir reiknast í hlutfalli við þann tíma sem aðili hefur átt bréfið. Vexti af eingreiðslubréfum með forvöxtum, t.d. af ríkisvíxlum, skal reikna sem mun á milli útgáfuverðs (kaupverðs á útgáfudegi) og nafnverðs. Vextir eingreiðslubréfa falla jafnt (línulega) yfir líftíma bréfsins.

Með verðbótum í skilningi 1. mgr. er átt við verðbætur á vöxtum og höfuðstólsgreiðslum.

Arður er fellur til við lækkun hlutafjár eða vegna slita á félagi, skv. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, telst ekki arður í skilningi 1. mgr.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslna samkvæmt ákvæði þessu verða að hafa átt sér stað innan sex mánaða frá því að þær komust eða gátu komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans.

k. (13. gr. k.)

Þrátt fyrir bann 6. tölul. 1. mgr. 13. gr. b eru fjármagnshreyfingar á milli landa vegna gjafa og styrkja innlendra aðila til erlendra aðila, svo sem einstaklinga, góðgerðasamtaka eða hliðstæðra aðila, heimilar fyrir allt að 3.000.000 kr. á almanaksári. Fjármagnshreyfingar vegna gjafa og styrkja skulu lagðar inn á reikning í eigu móttakanda og skulu gefandi og styrkveitandi vera raunverulegir eigendur þeirra fjármuna sem um ræðir.

Laun sem erlendur aðili hefur aflað hérlendis síðastliðna sex mánuði eru undanþegin reglum þessum, sbr. 1. mgr. og 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. b. Þá skulu gjaldeyrisviðskipti vegna slíkra fjármagnshreyfinga ekki takmarkast af 1. mgr. 13. gr. c. Það sama á við um laun innlends aðila sem búsettur er erlendis vegna starfs eða náms. Námslán, atvinnuleysisbætur, lífeyrisgreiðslur, þ.m.t. elli- og örorkulífeyrir og greiðslur vegna félagslegrar aðstoðar og aðrar sambærilegar greiðslur, teljast laun í skilningi þessarar málsgreinar.

l. (13. gr. l.)

Öllum erlendum gjaldeyri sem innlendir aðilar eignast, svo sem fyrir seldar vörur og þjónustu, eða með öðrum hætti, skal skilað til fjármálafyrirtækis hér á landi innan þriggja vikna frá því að gjaldeyririnn komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans. Skilaskylda skv. 1. málsl. er uppfyllt þegar erlendur gjaldeyrir er varðveittur á gjaldeyrisreikningi hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

Skilaskylda nær ekki til innlendra aðila sem hafa búsetu erlendis vegna starfs eða náms.

m. (13. gr. m.)

Innlend nýfjárfesting skal vera ótakmörkuð.

Nýfjárfesting í skilningi þessa ákvæðis er fjárfesting sem gerð er eftir 31. október 2009 fyrir nýtt innstreymi erlends gjaldeyris, sem skipt er í innlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Afleiðusamningar teljast ekki til nýfjárfestingar. Innstæður á erlendum gjaldeyrisreikningum í innlendum fjármálafyrirtækjum, sem urðu til fyrir 31. október 2009, og tekjur vegna útflutningsviðskipta teljast ekki til nýs innstreymis erlends gjaldeyris.

Gjaldeyrisviðskipti, þar sem nýju innstreymi erlends gjaldeyris er skipt í innlendan gjaldeyri í samræmi við 2. mgr., falla ekki undir 1. mgr. 13. gr. c.

Fjárfestir skal, með aðstoð fjármálafyrirtækis hér á landi, tilkynna um nýfjárfestingu til Seðlabanka Íslands innan tveggja vikna frá því að nýju innstreymi erlends gjaldeyris er skipt í innlendan gjaldeyri. Slíkri tilkynningu skulu fylgja gögn sem sýna fram á að um nýfjárfestingu í skilningi þessa ákvæðis sé að ræða.

Að fenginni staðfestingu Seðlabankans um að fjármunir hafi losnað við sölu á nýfjárfestingu skulu slíkir fjármunir ekki falla undir takmarkanir skv. 13. gr. b og 13. gr. c.

n. (13. gr. n.)

Seðlabanki Íslands og ríkissjóður eru undanþegnir 13. gr. b – 13. gr. m laga þessara.

Eftirfarandi aðilar skulu undanþegnir 13. gr. b – 13. gr. m laga þessara að undanskildum 3. mgr. 13. gr. b, 13. gr. c og 13. gr. i.:

1. Innlendir aðilar sem eru aðilar að fjárfestingarsamningi við íslenska ríkið.
2. Innlendir aðilar sem starfa samkvæmt leyfi iðnaðarráðherra til olíuleitar samkvæmt lögum nr. 13/2001.

Eftirfarandi aðilar eru undanþegnir 1. mgr. 13. gr. e, 1. mgr. 13. gr. f og ákvæðum 13. gr. g og 13. gr. h:

1. Fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkissjóðs, sem starfa samkvæmt sérlögum.
2. Sveitarfélög og fyrirtæki í meirihlutaeigu sveitarfélaga, sem starfa samkvæmt sérlögum.

Lögaðili, sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið við yfirráðum yfir með því að skipa honum skilanefnd eða bráðabirgðastjórn, og lögaðili, sem héraðsdómari hefur skipað slitastjórn samkvæmt lögum nr. 161/2002, eru undanþegnir 2. mgr. 13. gr. b, 13. gr. e, 1. mgr. 13. gr. f, 13. gr. g, 13. gr. h og 13. gr. l.

Fyrirtæki, sem hafa yfir 80% af tekjum og 80% af gjöldum erlendis, geta fengið undanþágu frá 1. mgr. 13. gr. e, 1. mgr. 13. gr. f, 13. gr. g, 13. gr. h og 13. gr. l. Þau fyrirtæki sem telja sig uppfylla skilyrði 1. málsl. skulu senda umsókn til Seðlabanka Íslands og sýna fram á að þau uppfylli skilyrðin ásamt staðfestingu löggilts endurskoðanda. Seðlabanki Íslands birtir lista yfir þá aðila sem fá undanþágu á þessum grundvelli. Fyrirtæki sem fá undanþágu samkvæmt þessari málsgrein skulu þegar 12 mánuðir eru liðnir frá staðfestingu Seðlabankans um undanþágu sýna fram á að þau uppfylli enn þá skilyrði þessarar málsgreinar og senda gögn því til staðfestingar til Seðlabanka Íslands ásamt staðfestingu löggilts endurskoðanda

þar um. Skal slík staðfesting berast Seðlabankanum á 12 mánaða fresti eftir það. Komi í ljós að fyrirtæki uppfylli ekki lengur skilyrði þessarar málsgreinar verður undanþágan felld úr gildi.

Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki, sem starfa undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, aðrir en lögaðilar sem falla undir 4. mgr., hafa heimild til að eiga gjaldeyrisviðskipti sín á milli með beinum viðskiptum, framvirkum samningum og skiptasamningum. Einnig eru viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki undanþegin ákvæðum 13. gr. g, 13. gr. h og 13. gr. l. Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að taka á móti peningamarkaðsinnlánum í innlendum gjaldeyri frá erlendum aðilum, í samræmi við heimildir þeirra samkvæmt lögum nr. 161/2002.

o. (13. gr. o.)

Ákvæði 7. gr. gilda um heimildir Seðlabanka Íslands til að veita undanþágur frá ákvæðum 13. gr. b – 13. gr. n. Þó skal ekki innheimta leyfisgjald þegar undanþágur eru veittar. Seðlabankinn getur sett skilyrði fyrir undanþágu. Þrátt fyrir orðalag 7. gr. getur Seðlabankinn veitt almennar undanþágur án undangenginnar umsóknar þar að lútandi. Umsóknir um undanþágur skulu berast Seðlabankanum bréflega ásamt gögnum er málið varða.

Seðlabankinn getur sett nánari reglur um framkvæmd ákvæða 13. gr. b – 13. gr. n.

p. (13. gr. p.)

Þegar gjaldeyrishöft eru ekki lengur til staðar, sbr. 13. gr. a, en þó eigi síðar en 1. apríl 2014, skal Seðlabanki Íslands eyða þeim upplýsingum sem aflað er á grundvelli 1., 2. og 4. mgr. 15. gr. e, 15. gr. f og 1. og 2. mgr. 15. gr. g. Það á þó ekki við um gögn er varða meint brot gegn lögum um gjaldeyrismál og upplýsingar sem liggja til grundvallar niðurstöðum rannsókna á meintum brotum.

q. (13. gr. q.)

Efnahags- og viðskiptaráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um framgang áætlunar um afnám gjaldeyrishafta, sbr. 13. gr. a. Ákvæðið skal sæta endurskoðun í aðdraganda að gerð skýrslunnar.

4. gr.

Á eftir 6. tölul. 2. mgr. 15. gr. a laganna kemur nýr töluliður er orðast svo, og breytast númer annarra töluliða til samræmis við það: 13. gr. a – 13. gr. n um bann við fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum.

5. gr.

Á eftir 3. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur nýr töluliður er orðast svo, og breytast númer annarra töluliða til samræmis við það: 13. gr. a – 13. gr. n um bann við fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum orðast svo:

Fram til 31. desember 2013 getur Seðlabankinn bundið gjaldeyrisviðskipti sín skilyrðum hvað varðar innra skipulag og fjárfestingarstefnu viðskiptamanna, eignarhald og fjármögnun þeirra, lágmarkstíma á eignarhaldi hluta eða hlutabréfa útgefinna af viðskiptamönnum, ráð-

stöfun þeirra á gjaldeyri til nánar tilgreindra fjárfestinga og lágmarkstíma á fjárfestingu þeirra.

7. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. september 2011“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum kemur: 31. desember 2013.

II. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. september 2011“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum kemur: 31. desember 2013.

III. KAFLI

Breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, með síðari breytingum.

9. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 2. mgr. 17. gr. er Seðlabankanum heimilt, fram til 31. desember 2013, að annast viðskipti við einstaklinga og fyrirtæki, enda sé um að ræða viðskipti sem Seðlabankinn metur nauðsynleg til þess að hægt sé að losa um takmarkanir sem settar hafa verið á fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti.

IV. KAFLI

Gildistaka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1977. Lög [898 mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1953 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi tollskrárnúmer bætast við E-lið viðauka I við lögin: 8519.8190 og 8519.8990.

4. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 85. kafla tollskrár í viðauka I við lögin:

A	E
%	%

a. Í stað tollskrárnúmeranna 8519.8100 og 8519.8900 koma fjögur ný tollskrárnúmer ásamt fyrirsögnum og tolltöxtum, svohljóðandi:

	– – Sem nota segul-, ljós- eða hálfleiðaramiðlara:		
8519.8110	– – – Sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg við gagnavinnsluvélar	0	
8519.8190	– – – Önnur	7,5	0
	– – Annars:		
8519.8910	– – – Sem eru með innbyggðri geymslueiningu, geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg við gagnavinnsluvélar	0	
8519.8990	– – – Önnur	7,5	0

b. Við vöruliðinn 8521 bætist nýtt tollskrárnúmer og tolltaxti, svohljóðandi:

8521.9023	– – – Tæki sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg þráðlaust við netkerfi	0	

c. Við vöruliðinn 8543 bætist nýtt tollskrárnúmer og tolltaxti, svohljóðandi:

8543.7003	– – Tæki til lesturs rafbóka sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg þráðlaust við netkerfi	0	

1978. Lög [704. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, fjárfestingarheimildir).

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1950 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er rétthafa séreignarsparnaðar heimilt á tímabilinu 1. október 2011 fram til 1. júlí 2012 að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar, sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla, til vörsluaðila skv. 3.–5. mgr. 8. gr. og skal greiðslum háttað eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Heimilt er á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar rétthafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem hinn 1. október 2011 nemur samanlagt allt að 6.250.000 kr. óháð því hvort sú heildarfjárhæð séreignarsparnaðar er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Skal sú fjárhæð greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, á 15 mánaða tímabili frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttist hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 6.250.000 kr. er að ræða.

Við ákvörðun fjárhæðar rétthafa til útborgunar skal draga frá hámarksfjárhæð, þ.e. allt að 6.250.000 kr., samanlagða fjárhæð þess séreignarsparnaðar sem þegar hefur verið greiddur út á grundvelli ákvæðisins eins og það hljóðaði fyrir 1. október 2011. Sé óskað eftir útgreiðslum samkvæmt ákvæði þessu fellur fyrra greiðslufyrirkomulag niður, en samanlögð heimil heildarfjárhæð útborgunar, allt að 6.250.000 kr., greiðist út í samræmi við ákvæði 2. mgr., sbr. fyrri málslið þessarar málsgreinar.

Óski rétthafi eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 2. mgr. skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Ef rétthafi á séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila skal hann gera grein fyrir því í umsókn sinni.

Vörsluaðilar séreignarsparnaðar taka ákvörðun um umsókn rétthafa skv. 2. mgr. og hafa umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans.

Skuldheimtumönnum er óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn samkvæmt þessu ákvæði, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag eftirlits og útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt, atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006.

Um afgreiðslu umsókna, sem borist hafa í gildistíð eldra ákvæðis og óafgreiddar kunna að vera, skal fara eftir ákvæði þessu, svo breyttu, frá og með gildistöku þess.

5. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. apríl 2011“ í ákvæði til bráðabirgða IX í lögunum kemur: 1. júlí 2012.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði 1. gr. öðlast gildi 1. september 2013 og 4. og 5. gr. öðlast gildi 1. október 2011.

1979. Lög [19. mál]

um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1957.

1980. Lög [648. mál]

um Þjóðminjasafn Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1941.

1981. Safnalög. [650. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1942.

1982. Lög [709. mál]

um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1863 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og undirrituð. Þar skal koma fram hver er kærandi, hvaða ákvörðun er kærð, kröfur kæranda og rök fyrir kæru. Úrskurðarnefndin getur ákveðið að kæra skuli borin fram á sérstöku eyðublaði sem hún skal þá hafa aðgengilegt fyrir alla.

Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Það á þó ekki við ef mælt er fyrir um annan kærufrest í þeim lögum sem kæranleg ákvörðun byggist á. Sé um að ræða ákvarðanir sem sæta opinberri birtingu telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvarðanir til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda ákvörðun sem kæra á. Umhverfisverndar-, útivistar- og hagsmunasamtök með minnst 30 félaga geta þó kært eftirtaldar ákvarðanir án þess að sýna fram á lögvarða hagsmuni enda samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að:

a. ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda, sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum og endurskoðun matsskýrslu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum,
b. ákvarðanir um að veita leyfi vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum,
c. ákvarðanir um að veita leyfi samkvæmt lögum um erfðabreyttar lífverur til sleppingar eða dreifingar erfðabreyttra lífvera.

Umhverfisverndarsamtök teljast samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Útivistarsamtök teljast samtök sem hafa útivist og umhverfisvernd að markmiði. Samtök skv. 1. og 2. málsl. skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

Þegar kæra berst nefndinni tilkynnir hún stjórnvaldi því sem tók hina kærðu ákvörðun um kæruna og veitir því allt að 30 daga frest til að skila gögnum og umsögn um málið. Stjórnvaldinu er skylt að láta nefndinni í té öll þau gögn og upplýsingar sem tengjast málinu og nefndin telur þörf á að afla. Í viðamiklum málum getur nefndin veitt allt að 15 daga viðbótarfrest. Nefndin aflar viðbótargagna og umsagna og kynnir sér aðstæður á vettvangi þegar þörf er á til að mál teljist nægjanlega upplýst. Nefndinni er heimilt að sameina mál þegar kærur eru samkynja. Stjórnvöldum ber að veita nefndinni aðgang að gögnum og upplýsingum sem hún kann að óska í tengslum við úrlausn máls.

Nefndin kveður upp úrskurð eins fljótt og kostur er og jafnan innan þriggja mánaða frá því að málsgögn bárust frá stjórnvaldi, sbr. 5. mgr., en innan sex mánaða frá sama tímamarki sé mál viðamikið.

Formaður, eftir atvikum varaformaður, stýrir störfum nefndarinnar við umfjöllun máls. Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls.

Um málsmeðferð nefndarinnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

1983. Lög [708. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr., svohljóðandi:

   Ákvarðanir Fiskistofu sem teknar eru samkvæmt þessum kafla sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Kæruleið og skaðabætur.*

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 71/2008, um fiskeldi.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Ákvarðanir Fiskistofu er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rekstrarleyfis til fiskeldis, sbr. III. og V. kafla, sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. Aðrar ákvarðanir sem Fiskistofa tekur á grundvelli laga þessara sæta kæru til ráðherra og fer um kærurnar samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

3. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr., 1. málsl. 1. mgr. 6. gr., 1. málsl. 19. gr., 1. málsl. 28. gr., fyrra sinni í 1. málsl. 1. mgr. 29. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 34. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarmynd): Orkustofnun.
b. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr., 1. málsl. 2. mgr. 4. gr., 1. málsl. 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr., 1. málsl. 2. mgr. 6. gr., 16. gr., 2. málsl. 1. mgr. 17. gr., 2. málsl. 19. gr., 1. málsl. 1. mgr. 20. gr. og 32. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarmynd): Orkustofnun.
c. Orðin „að fengnu samþykki ráðherra“ í 3. málsl. 2. mgr. 4. gr., 3. málsl. 1. mgr. 10. gr. og 3. málsl. 14. gr. laganna falla brott.
d. Orðin „Orkustofnunar og“ í 4. mgr. 5. gr. og orðið „Orkustofnunar“ í 3. mgr. 6. gr. laganna falla brott.
e. Í stað orðsins „hann“ í 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: hún.

4. gr.

2. og 3. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rannsóknar- eða nýtingarleyfa samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

IV. KAFLI

Breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

5. gr.

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr., 1. málsl. 2. mgr. og 2., 4. og 5. málsl. 4. mgr. 5. gr., 1. og 2. málsl. 2. mgr. 9. gr., 2. og 3. mgr. 11. gr., 1. málsl. 13. gr., 1. og 3. málsl. 3. mgr. 14. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarmynd): Orkustofnun.
b. Orðin „til ráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna falla brott.
c. Í stað orðsins „hans“ í 2. málsl. og orðsins „hann“ í 5. málsl. 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: hennar; og: hún.
d. Í stað orðanna „leyfi ráðherra“ í 35. gr. laganna kemur: samþykki leyfisveitanda.
e. Í stað orðanna „aðvörun ráðherra“ í 2. málsl. 36. gr. laganna kemur: aðvöruninni.
f. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1., 2. og 3. málsl. 36. gr. laganna kemur: leyfisveitandi.

6. gr.

32. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 1. málsl. 2. mgr. fellur brott og 2. málsl. orðast svo: Áður en sérleyfi til dreifingar raforku er veitt skal Orkustofnun leita umsagnar viðkomandi sveitarfélaga.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Orkustofnun skal kynna umsókn um leyfi samkvæmt lögum þessum með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

8. gr.

Í stað 2. mgr. 37. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa sem fjallað er um í 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 11. gr. sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála eða úrskurðarnefndar raforkumála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Hún skal borin fram innan 30 daga frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum.

9. gr.

Á eftir 30. gr. a laganna kemur ný grein, 30. gr. b, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Kærur.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, með síðari breytingum.

10. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarmynd): Orkustofnun.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Orkustofnun.
c. Í stað orðsins „hann“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: hún.

11. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild,

kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, með síðari breytingum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: Umhverfisstofnun.
b. Orðin „og Umhverfisstofnunar“ í 3. mgr. falla brott.

13. gr.

74. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar skv. 38. og 41. gr. sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Þeir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda öðrum ákvörðunum Umhverfisstofnunar geta kært þær til ráðherra. Umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök sem varnarþing eiga á Íslandi njóta sama réttar, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.

Aðrar stjórnvaldsákvarðanir sem lúta að framkvæmd laga þessara og ráðherra tekur ekki sjálfur eða staðfestir sæta kæru til ráðherra sem kveður upp endanlegan úrskurð á stjórnsýslustigi. Um slíkar kærur fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, með síðari breytingum.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „úrskurðar“ í 1. mgr. kemur: sbr. þó 4. mgr.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Ákvarðanir Umhverfisstofnunar er lúta að lagningu sæstrengja og neðansjávarleiðslna, sbr. 2. mgr. 9. gr., sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

IX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

15. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Kærur.

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfis skv. 3. gr. sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest,

málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

X. KAFLI

Breyting á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir“ í 1. mgr. kemur: umhverfis- og auðlindamála.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.
c. 1. málsl. 2. mgr. fellur brott.

XI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sérstakrar úrskurðarnefndar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.
b. Orðin „eða þegar ágreiningur rís vegna ákvörðunar um útgáfu starfsleyfis samkvæmt ákvæðum 6. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað 2.–4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

18. gr.

2. mgr. 32. gr. laganna fellur brott.

XII. KAFLI

Breyting á skipulagslögum, nr. 123/2010.

19. gr.

Í stað orðanna „úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál“ í 6. mgr. 13. gr. laganna og orðanna „úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála“ í lokamálslið 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

20. gr.

52. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Kærur.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ákvarðanir sem Skipulagsstofnun og ráðherra ber að lögum þessum að staðfesta sæta þó ekki kæru til nefndarinnar. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

21. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Kærur, þvingunarúrræði og viðurlög.**

XIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar, með síðari breytingum.

22. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir sem Umhverfisstofnun tekur og varða veitingu, endurskoðun eða afturköllun leyfis samkvæmt þessari grein sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Eiturefni mega þeir einir framleiða er til þess hafa fengið leyfi Umhverfisstofnunar, enda mæli Vinnueftirlit ríkisins með veitingu slíkra leyfa.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar er varða veitingu, endurskoðun eða afturköllun leyfis skv. 1. mgr. sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

XV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, með síðari breytingum.

24. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar er varða veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfis samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. Aðrar ákvarðanir sæta kæru til ráðherra innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tilkynnt.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka sé matsskyld og ákvarðanir skv. 2. mgr. 5. gr. sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála; sömuleiðis ákvarðanir stofnunarinnar skv. 12. gr. um

endurskoðun matsskýrslu. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

b. 2. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. mgr. kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.
d. 4. mgr. fellur brott.
e. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Málskot.*

26. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, með síðari breytingum.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 7. mgr. orðast svo:

Stjórnvaldsákvarðanir Brunamálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

b. Í stað orðanna „úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála“ í 9. og 10. mgr. kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

28. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 160/2010, um mannvirki.

29. gr.

Í stað orðanna „úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

30. gr.

59. gr. laganna orðast svo:

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 17. gr. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

XX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.
31. gr.

4. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir heilbrigðisnefndar sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012.

1984. Lög [561. mál]

um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1896 með þessum breytingum:

10. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fara skal um jarðvatn, hveri, laugar, ölkeldur, regnvatn og leysingavatn, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slík minni háttar vötn sem ekki hafa stöðugt afrennsli ofanjarðar svo sem hér segir, enda sé ekki önnur lögmæt skipun á gerð. Um hveri, laugar og ölkeldur gilda þó þær takmarkanir að landeiganda er óheimilt að spilla slíkum náttúrufyrirbærum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti nema það sé nauðsynlegt talið til varnar því landi eða landsnytjum að fengnu leyfi Orkustofnunar og þegar við á að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.
b. Á eftir orðunum „Landeiganda er rétt“ í 1. tölul. kemur: að teknu tilliti til 2. mgr. 144. gr.
c. Í stað tilvísunarinnar „15. gr.“ í 1. tölul. kemur: 1. mgr. 15. gr.
d. 3. tölul. orðast svo: Nú verður breyting á farvegi, vatnsflæði eða vatnsmagni af völdum náttúrunnar eða þriðja manns, og verður þeim mein að sem land eiga að, og skal þeim þá rétt að færa vatnið í samt lag en gera skal það innan árs frá lokum þess árs er breytingin varð. Ef til þess þarf afnot af annarri landareign eru þau heimil en þá getur eigandi þeirrar fasteignar krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem verkið bakar honum. Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur getur ráðherra heimilað eignarnám í þessu skyni.
e. Greinin fær nýja fyrirsögn, svohljóðandi: *Minni háttar vötn.*

78. gr. hljóðar svo:

143. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Yfirstjórn.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum nema öðruvísi sé fyrir mælt í þeim.

Orkustofnun fer með stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir um annað. Orkustofnun er iðnaðarráðherra, umhverfisráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um vatnsnýtingu og vatnamál á verksviði stofnunarinnar.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem eru teknar á grundvelli laga þessara sæta kæru til iðnaðarráðherra.

Ákvarðanir Orkustofnunar er snerta mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir sem fjallað er um í VI. kafla sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

1985. Lög [676. mál]

um breyting á lögum nr. 74/1996, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1944.

1986. Lög [748. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (EES-reglur o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1946.

1987. Lög [661. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/1987, um orlof, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1177.

1988. Lög [100. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1948.

1989. Lög [729. mál]

um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1253.

1990. Lög [895. mál]

um breytingu á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1956.

1991. Lög [351. mál]

um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1890 með þessari breytingu:

37. gr. hljóðar svo:
Fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða takmarkast af 35. gr.
Peningamarkaðssjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsgerningum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum, afleiðum tengdum þessum gerningum og innlánum, sbr. 4. tölul. 30. gr.
Hámarkslíftími einstakra verðbréfa skal ekki vera lengri en 397 dagar og meðallíftími eignasafns peningamarkaðssjóðs má að hámarki vera 180 dagar.

1992. Frumvarp til laga [673. mál]

um greiðsluþjónustu.

(Eftir 2. umr., 17. sept.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um greiðsluþjónustu sem veitt er hér á landi.

Ákvæði III.–V. kafla, að undanskilinni 67. gr., skulu þó einungis gilda ef bæði greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu eru staðsettir í aðildarríki eða ef einungis einn greiðsluþjónustuveitandi kemur að framkvæmd greiðslunnar og hann er staðsettur í aðildarríki.

Ákvæði III.–V. kafla gilda um greiðsluþjónustu sem veitt er í evrum eða gjaldmiðli annars aðildarríkis. Þó skulu ákvæði 64.–67. gr. aðeins gilda um eftirfarandi greiðslur:

a. greiðslur í evrum,
b. greiðslur í íslenskum krónum innan Íslands,
c. greiðslur sem fela aðeins í sér einn gjaldmiðilsumreikning milli evru og íslenskrar krónu að því tilskildu að gjaldmiðilsumreikningurinn fari fram á Íslandi og, þegar um er að ræða greiðslur yfir landamæri, að þær fari fram í evrum,
d. aðrar greiðslur innan aðildarríkjanna, nema um annað hafi verið samið; þetta á þó ekki við um 67. gr. sem er ófrávíkjanleg.

2. gr.

Lög þessi gilda ekki um:

1. Greiðslur sem fara einvörðungu fram í reiðufé beint frá greiðanda til viðtakanda greiðslu milliliðalaust.
2. Greiðslur frá greiðanda til viðtakanda greiðslu fyrir milligöngu umboðsmanns sem hefur leyfi til að semja um og ganga frá sölu eða kaupum á vörum eða þjónustu fyrir hönd greiðanda eða viðtakanda greiðslu.
3. Flutning í atvinnuskyni á seðlum og mynt, þ.m.t. söfnun, flutningur, umsýsla og afhending.
4. Greiðslur sem felast í söfnun á reiðufé og afhendingu, sem er ekki í atvinnuskyni, innan ramma starfsemi sem er rekin í góðgerðarskyni eða ekki í hagnaðarskyni.
5. Þjónustu þar sem viðtakandi greiðslu afhendir greiðanda reiðufé sem hluta af greiðslu í kjölfar skýrrar beiðni notanda greiðsluþjónustu við framkvæmd greiðslu til kaupa á vöru eða þjónustu.
6. Peningaskiptastarfsemi, þ.e. rekstur sem byggist á staðgreiðslu í reiðufé og fjármunir eru ekki fyrir hendi á greiðslureikningi.
7. Greiðslur á fjármunum sem byggjast á tékkum, ferðatékkum, víxlum, úttektarseðlum eða póstávísunum á pappír.
8. Greiðslur sem fara fram í greiðslu- eða verðbréfauppgjörskerfi milli uppgjörsaðila, milligönguaðila, greiðslujöfnunarstöðva og/eða seðlabanka og annarra aðila að kerfinu og greiðsluþjónustuveitenda, sbr. þó 7. gr.
9. Greiðslur sem tengjast umsýslu verðbréfa, þ.m.t. arðgreiðslur og aðrar tekjur, svo sem

vegna innlausnar eða sölu, sem aðilar þeir er um getur í 8. tölul. eða fjármálafyrirtæki með leyfi til að stunda viðskipti og þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti eða verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir annast.

10. Stoðþjónustu tækniþjónustufyrirtækja við greiðsluþjónustu sem felur ekki í sér að þau hafi nokkurn tíma eignarhald á þeim fjármunum sem millifæra skal, þ.m.t. úrvinnsla og geymsla gagna, þjónusta við verndun trúnaðarupplýsinga og friðhelgi einkalífs, sannvottun gagna og einninga, þjónustuveita upplýsingatækni- og samskiptanets og útvegun og viðhald skjástöðva og búnaðar fyrir greiðsluþjónustu.
11. Þjónustu sem byggist á miðlum sem aðeins er unnt að nota til kaupa á vörum og þjónustu á athafnasvæði útgefanda eða samkvæmt viðskiptasamningi við útgefanda, annaðhvort innan afmarkaðs þjónustukerfis þjónustuveitenda eða fyrir takmarkað svið vara og þjónustu.
12. Greiðslur sem framkvæmdar eru með tilstyrk hvers kyns fjarskiptabúnaðar, stafræns búnaðar eða upplýsingatæknibúnaðar þegar keyptar vörur eða þjónusta er afhent til og skal notuð í slíkum búnaði, að því tilskildu að rekstraraðili búnaðarins starfi ekki einvörðungu sem milliliður milli notanda greiðsluþjónustu og afhendingaraðila vara og þjónustu.
13. Greiðslur sem fara milli greiðsluþjónustuveitenda, umboðsaðila þeirra eða útibúa fyrir þeirra eigin reikning.
14. Greiðslur milli móður- og dótturfélags eða milli dótturfélaga sama móðurfélags sem framkvæmdar eru fyrir milligöngu greiðsluþjónustuveitanda eða greiðsluþjónustuveitenda sem tilheyra sömu samstæðu.
15. Þjónustu í tengslum við úttekt reiðufjár í hraðbanka fyrir hönd eins eða fleiri kortaútgefenda og þjónustuveitandinn er ekki aðili að rammasamningi við viðskiptavininn sem tekur út peninga af greiðslureikningi. Þetta á þó ekki við ef þjónustuveitandinn veitir aðra þjónustu sem telst greiðsluþjónusta í skilningi 4. gr.

3. gr.

Ófrávíkjanleiki.

Óheimilt er að víkja með samningi frá ákvæðum laga þessara notendum greiðsluþjónustu í óhag, nema að því leyti sem lögin heimila sérstaklega.

4. gr.

Greiðsluþjónusta.

Með greiðsluþjónustu er í lögum þessum átt við:

1. Þjónustu sem gerir kleift að leggja reiðufé inn á greiðslureikning ásamt öllum aðgerðum sem nauðsynlegar eru til rekstrar greiðslureiknings.
2. Þjónustu sem gerir kleift að taka reiðufé út af greiðslureikningi ásamt öllum aðgerðum sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar greiðslureiknings.
3. Framkvæmd greiðslna, þ.m.t. millifærslur fjármuna á og af greiðslureikningi hjá greiðsluþjónustuveitanda notanda eða hjá öðrum greiðsluþjónustuveitanda:
   a. framkvæmd beingreiðslna, þ.m.t. einstakra beingreiðslna,
   b. framkvæmd greiðslna með greiðslukorti eða sambærilegum búnaði,
   c. framkvæmd eignfærslna, þ.m.t. boðgreiðslna.
4. Framkvæmd greiðslna ef fjármunir eru tryggðir með lánalínu fyrir notanda greiðsluþjónustu:

a. framkvæmd beingreiðslna, þ.m.t. einstakra beingreiðslna,
b. framkvæmd greiðslna með greiðslukorti eða sambærilegum búnaði,
c. framkvæmd eignfærslna, þ.m.t. boðgreiðslna.

5. Útgáfu greiðslumiðla og/eða færsluhirðingu.
6. Peningasendingu.
7. Framkvæmd greiðslna þegar samþykki greiðanda fyrir framkvæmd greiðslu er veitt fyrir tilstilli hvers kyns fjarskipta, stafrænna tækja eða upplýsingatæknitækja og viðtakandi greiðslu er rekstraraðili fjarskiptafyrirtækisins, upplýsingatæknikerfisins eða netkerfisins sem er aðeins í hlutverki milliliðar milli notanda greiðsluþjónustu og afhendingaraðila á vörum og þjónustu.

5. gr.
Greiðsluþjónustuveitendur.

Greiðsluþjónustuveitendum er einum heimilt að veita greiðsluþjónustu hér á landi, enda hafi þeir tilskilin leyfi stjórnvalda hér á landi eða í öðru aðildarríki.

6. gr.
Skrá yfir greiðsluþjónustuveitendur.

Fjármálaeftirlitið heldur skrá yfir greiðsluþjónustuveitendur samkvæmt lögum þessum. Í skránni skal tilgreina helstu upplýsingar um greiðsluþjónustuveitendur, svo sem um starfsheimildir og, ef við á, um umboðsaðila og útibú.

Almenningur skal hafa aðgang að skrá Fjármálaeftirlitsins yfir greiðsluþjónustuveitendur.

7. gr.
Þátttaka í greiðslukerfum.

Greiðsluþjónustuveitendum skal vera heimilt að gerast þátttakendur í greiðslukerfi í samræmi við 2. og 3. mgr., sbr. þó 4. mgr.

Reglur um þátttöku í greiðslukerfum skulu vera hlutlægar, án mismununar og hóflegar. Þær mega ekki hamla aðgangi meira en nauðsynlegt er til að verjast tiltekinni áhættu, svo sem uppgjörsáhættu, rekstraráhættu eða viðskiptaáhættu, og vernda fjárhags- og rekstrarlegan stöðugleika greiðslukerfisins.

Greiðslukerfi skulu ekki fela í sér kröfur til greiðsluþjónustuveitenda, notenda greiðsluþjónustu eða annarra greiðslukerfa sem:

a. takmarka virka þátttöku þeirra í öðrum greiðslukerfum,
b. mismuna greiðsluþjónustuveitendum að því er varðar rétt, skyldu eða heimildir þátttakenda, eða
c. setja takmarkanir á grundvelli félagaréttarlegrar stöðu.

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda ekki um:

a. greiðslukerfi sem viðurkennd hafa verið og hafa verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við lög nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum,
b. greiðslukerfi þar sem þátttaka einskorðast við greiðsluþjónustuveitendur sem tilheyra tiltekinni samstæðu, eða
c. greiðslukerfi þar sem greiðsluþjónustuveitandi, hvort sem hann er einn aðili eða samstæða, sbr. b-lið:
   1. kemur fram eða getur komið fram sem greiðsluþjónustuveitandi bæði fyrir greiðanda og viðtakanda greiðslu og ber einn ábyrgð á starfrækslu kerfisins, og

2. heimilar öðrum greiðsluþjónustuveitendum þátttöku í kerfinu þar sem þátttökugjaldið vegna aðildar er ekki umsemjanlegt, en þátttakendur mega ákvarða eigin verðlagningu gagnvart greiðanda og viðtakanda greiðslu.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis, þ.m.t. að því er varðar eftirlit.

8. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.
2. *Beingreiðsla:* Greiðsluþjónusta við skuldfærslu á greiðslureikningi greiðanda þegar viðtakandi greiðslu á frumkvæði að greiðslu á grundvelli samþykkis greiðanda gagnvart viðtakanda, greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda eða eigin greiðsluþjónustuveitanda.
3. *Fjarsamskiptamiðill:* Miðill sem nota má til að koma á greiðsluþjónustusamningi milli greiðsluþjónustuveitanda og notanda greiðsluþjónustu án þess að aðilar séu viðstaddir samtímis í eigin persónu.
4. *Fjármunir:* Peningaseðlar og mynt, inneign á greiðslureikningum og rafeyrir samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.
5. *Gildisdagur:* Viðmiðunartími sem greiðsluþjónustuveitendur nota til að reikna vexti af fjármunum sem eru skuldfærðir eða eignfærðir á greiðslureikning.
6. *Greiðandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem á greiðslureikning og heimilar greiðslufyrirmæli tengd greiðslureikningnum eða, þegar engum greiðslureikningi er fyrir að fara, einstaklingur eða lögaðili sem gefur greiðslufyrirmæli.
7. *Greiðsla:* Aðgerð sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu á frumkvæði að með því að leggja inn, millifæra eða taka út fjármuni, án tillits til þess hvort skuldbindingar liggi til grundvallar aðgerðinni milli greiðanda og viðtakanda greiðslu.
8. *Greiðslufyrirmæli:* Hvers kyns fyrirmæli greiðanda eða viðtakanda greiðslu til greiðsluþjónustuveitanda síns um framkvæmd greiðslu.
9. *Greiðslukerfi:* Kerfi til að yfirfæra fjármuni með formlegu og stöðluðu fyrirkomulagi og sameiginlegum reglum um meðferð, greiðslujöfnun og/eða uppgjör greiðslna.
10. *Greiðslumiðill:* Hvers kyns persónubundinn búnaður og/eða verklag sem greiðsluþjónustuveitandi og notandi greiðsluþjónustu koma sér saman um og notandinn notar til að gefa greiðslufyrirmæli.
11. *Greiðslureikningur:* Reikningur á nafni eins eða fleiri notenda greiðsluþjónustu sem notaður er við framkvæmd greiðslu.
12. *Greiðslustofnun:* Lögaðili sem fengið hefur leyfi til starfrækslu greiðsluþjónustu skv. II. kafla hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.
13. *Greiðsluþjónusta:* Þjónusta skv. 4. gr.
14. *Greiðsluþjónustuveitandi:*
    a. Fjármálafyrirtæki með starfsleyfi til móttöku innlána eða annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi og veitingar útlána fyrir eigin reikning.
    b. Rafeyrisfyrirtæki.
    c. Póstrekandi með rekstrarleyfi samkvæmt lögum um póstþjónustu.
    d. Seðlabanki Evrópu (ECB) og seðlabankar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu þegar þeir eru ekki í hlutverki stjórnvalds peningamála.
    e. Stjórnvöld ef greiðsluþjónusta tengist ekki hlutverki þeirra sem slíkra.

f. Peninga- og verðmætasendingarþjónusta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem uppfyllir skilyrði II. kafla.
g. Greiðslustofnun skv. II. kafla.

15. *Notandi greiðsluþjónustu:* Einstaklingur eða lögaðili sem nýtir sér greiðsluþjónustu annaðhvort sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu, eða hvort tveggja.
16. *Neytandi:* Einstaklingur sem í samningum um greiðsluþjónustu kemur fram í öðrum tilgangi en vegna starfs síns eða atvinnurekstrar.
17. *Peningasending:* Greiðsluþjónusta þar sem tekið er við fjármunum frá greiðanda, án þess að stofnaðir hafi verið greiðslureikningar í nafni greiðanda eða viðtakanda greiðslu, í þeim eina tilgangi að senda samsvarandi fjárhæð til viðtakanda greiðslu eða til annars greiðsluþjónustuveitanda fyrir hönd viðtakanda greiðslu og/eða þegar tekið er við fjármunum fyrir hönd viðtakanda greiðslu og þeir afhentir honum til ráðstöfunar.
18. *Rammasamningur:* Samningur um greiðsluþjónustu þar sem kveðið er á um framkvæmd einstakra greiðslna og röð greiðslna í framtíðinni og sem kann að fela í sér skyldu til stofnunar greiðslureiknings og skilmála þar um.
19. *Samstæða:* Samstæða í skilningi laga um ársreikninga.
20. *Sannvottun:* Aðferð sem gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að sannreyna notkun tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. persónubundnar öryggisráðstafanir.
21. *Sérstakt kennimerki:* Samsetning bókstafa, tölustafa eða tákna sem greiðsluþjónustuveitandi úthlutar notanda greiðsluþjónustu og tilgreina skal vegna framkvæmdar greiðslu til að unnt sé að bera ótvíræð kennsl á notandann og/eða greiðslureikning hans.
22. *Smágreiðslumiðill:* Greiðslumiðill sem rammasamningur kveður á um að einstakar greiðslur með fari ekki yfir jafnvirði 30 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni eða hefur annaðhvort útgjaldaþak sem nemur jafnvirði 150 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni eða geymir fjármuni sem fara aldrei yfir jafnvirði 150 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.
23. *Stofnfé:*
    a. Innborgað fé sem talið er til eigin fjár samkvæmt þeim lögum sem gilda um rekstrarform greiðslustofnunar, að viðbættum yfirverðsreikningi en að undanskilinni heildarfjárhæð forgangshlutar, og
    b. lögbundinn varasjóður og óráðstafað eigið fé.
24. *Útibú:* Starfsstöð önnur en aðalskrifstofa sem er hluti af greiðslustofnun og telst ekki sjálfstæður lögaðili og framkvæmir beint nokkrar eða allar greiðslur sem fylgja rekstri greiðslustofnunar. Allar starfsstöðvar greiðslustofnunar í einu og sama ríkinu á Evrópska efnahagssvæðinu skulu teljast eitt útibú ef aðalskrifstofa greiðslustofnunarinnar er í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.
25. *Varanlegur miðill:* Sérhvert tæki sem gerir notanda greiðsluþjónustu kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að þær séu aðgengilegar til samanburðar síðar og eins lengi og nægir miðað við tilgang upplýsinganna, og gerir kleift að afrita upplýsingarnar óbreyttar.
26. *Viðmiðunargengi:* Gengið sem er notað til grundvallar útreikningi við gjaldeyrisviðskipti og er aðgengilegt hjá greiðsluþjónustuveitanda eða opinberlega.
27. *Viðmiðunarvextir:* Vaxtastig sem notað er til grundvallar útreikningi á vöxtum og aðgengilegt er opinberlega og báðir aðilar að greiðsluþjónustusamningi geta sannreynt.

28. *Viðtakandi greiðslu:* Einstaklingur eða lögaðili sem er fyrirhugaður viðtakandi fjármuna sem hafa verið viðfang greiðslu.
29. *Viðskiptadagur:* Dagur þegar greiðsluþjónustuveitandi greiðanda eða viðtakanda, sem er aðili að framkvæmd greiðslu, er opinn og starfar eftir því sem þörf fyrir framkvæmd greiðslu krefur.

II. KAFLI
Greiðslustofnanir. Peninga- og verðmætasendingarþjónusta.
A. Stofnun og fjárhagsgrundvöllur.

9. gr.
Rekstrarform og höfuðstöðvar.

Greiðslustofnun skal starfa sem lögaðili.

Greiðslustofnun sem fengið hefur starfsleyfi skv. 15. gr. skal hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

10. gr.
Stofnfé.

Stofnfé greiðslustofnunar skal á hverjum tíma taka mið af þeirri greiðsluþjónustu skv. 4. gr. sem greiðslustofnun veitir.

Stofnfé greiðslustofnunar skal á hverjum tíma nema að lágmarki:

a. jafnvirði 20.000 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni ef greiðslustofnun veitir einungis greiðsluþjónustu skv. 6. tölul. 4. gr.,
b. jafnvirði 50.000 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni ef greiðslustofnun veitir greiðsluþjónustu skv. 7. tölul. 4. gr.,
c. jafnvirði 125.000 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni ef greiðslustofnun veitir greiðsluþjónustu skv. 1.–5. tölul. 4. gr.

11. gr.
Eiginfjárgrunnur.

Eiginfjárgrunnur greiðslustofnunar samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 10. eða 12. gr., hvor fjárhæðin sem er hærri.

Greiðslustofnun sem tilheyrir samstæðu þar sem í er önnur greiðslustofnun, fjármálafyrirtæki eða vátryggingafélag er einungis heimilt að telja eiginfjárliði einu sinni til eiginfjárgrunns. Það sama á við ef greiðslustofnun stundar aðra starfsemi en veitingu greiðsluþjónustu skv. 4. gr.

12. gr.
Útreikningur eigin fjár greiðslustofnana.

Eigið fé greiðslustofnunar skal reiknað í samræmi við eina af aðferðunum þremur sem greinir í 2.–5. mgr. samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Aðferð A: Eigið fé greiðslustofnunar skal nema að minnsta kosti 10% af föstum rekstrarkostnaði síðastliðinna tólf mánaða. Fjármálaeftirlitið getur breytt þessari ákvörðun verði umtalsverðar breytingar á rekstri greiðslustofnunar. Hafi greiðslustofnun starfað skemur en

eitt rekstrarár þegar útreikningur eigin fjár fer fram skal eigið fé hennar nema að minnsta kosti 10% af samsvarandi föstum rekstrarkostnaði sem gert er ráð fyrir í rekstraráætlun, nema Fjármálaeftirlitið krefjist þess að þeirri áætlun sé breytt.

Aðferð B: Eigið fé greiðslustofnunar skal nema að minnsta kosti samanlagðri fjárhæð eftirfarandi liða margfaldaðri með kvarðastuðlinum k, sem skilgreindur er í 5. mgr., þar sem greiðslufjöldi (PV) samanstendur af einum tólfta af heildarfjárhæð greiðslna síðustu tólf mánuðina:

a. 4,0% af PV sem nemur allt að jafnvirði 5 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;
b. 2,5% af PV sem nemur jafnvirði 5 milljóna evra (EUR) og allt að jafnvirði 10 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;
c. 1% af PV sem nemur jafnvirði 10 milljóna evra (EUR) og allt að jafnvirði 100 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;
d. 0,5% af PV sem nemur jafnvirði 100 milljóna evra (EUR) og allt að jafnvirði 250 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni og
e. 0,25% af PV umfram jafnvirði 250 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

Aðferð C: Fjárhæð eigin fjár greiðslustofnunar skal vera að minnsta kosti viðeigandi vísir sem skilgreindur er í a-lið, margfaldaður með margfeldisstuðlinum sem skilgreindur er í b-lið og með kvarðastuðlinum k sem skilgreindur er í 5. mgr.:

a. Viðeigandi vísir er samtala eftirfarandi liða:
   1. vaxtatekna,
   2. vaxtakostnaðar,
   3. fenginna umboðslauna og þóknana, og
   4. annarra rekstrartekna.
b. Hver liður skal tekinn með í samtöluna með plús- eða mínusmerki. Ekki má nota óreglulega tekjuliði í útreikningi á viðeigandi vísum. Útgjöld vegna útvistunar á þjónustu hjá þriðja aðila geta minnkað viðeigandi vísi ef félagið sem stofnar til útgjaldanna er eftirlitsskyldur aðili samkvæmt lögum þessum. Viðeigandi vísir er reiknaður á grundvelli síðasta reikningsárs. Viðeigandi vísir skal reiknaður yfir síðasta reikningsár. Eigi að síður skal eigið fé, sem reiknað er í samræmi við aðferð C, ekki vera undir 80% af meðaltali þriggja undanfarinna reikningsára fyrir viðeigandi vísi. Ef endurskoðaðar tölur liggja ekki fyrir má nota eigið mat greiðslustofnunarinnar.
c. Margföldunarstuðullinn skal vera:
   1. 10% af þeim hluta viðeigandi vísis sem nemur allt að jafnvirði 2,5 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;
   2. 8% af þeim hluta viðeigandi vísis sem nemur jafnvirði 2,5 milljóna evra (EUR) og allt að jafnvirði 5 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;
   3. 6% af þeim hluta viðeigandi vísis sem nemur jafnvirði 5 milljóna evra (EUR) og allt að jafnvirði 25 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;
   4. 3% af þeim hluta viðeigandi vísis sem nemur jafnvirði 25 milljóna evra (EUR) og

allt að jafnvirði 50 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni;

5. 1,5% af þeim hluta viðeigandi vísis umfram jafnvirði 50 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

Kvarðastuðullinn k, sem nota skal í aðferðum B og C, sbr. 3. og 4. mgr., skal vera:

a. 0,5 ef greiðslustofnunin stundar aðeins greiðsluþjónustu skv. 6. tölul. 4. gr.;
b. 0,8 ef greiðslustofnun stundar aðeins greiðsluþjónustu skv. 7. tölul. 4. gr.;
c. 1 ef greiðslustofnun stundar greiðsluþjónustu skv. 1.–5. tölul. 4. gr.

Fjármálaeftirlitið getur á grundvelli mats á áhættustýringarferlum, gagnagrunni yfir tapsáhættu og innra eftirlitskerfi greiðslustofnunar gert kröfu um að eigið fé greiðslustofnunar sé allt að 20% hærra en fjárhæðin sem stafar af beitingu aðferðarinnar sem valin er í samræmi við 1. mgr. Á sama grundvelli getur Fjármálaeftirlitið heimilað að fjárhæð eigin fjár greiðslustofnunar sé allt að 20% lægri en fjárhæðin sem leiðir af beitingu þeirrar aðferðar sem valin er í samræmi við 1. mgr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt þessu ákvæði.

B. Starfsleyfi.

13. gr.

Starfsleyfi.

Aðilar, aðrir en þeir sem taldir eru upp í a–f-liðum 14. tölul. 8. gr., er hyggjast veita greiðsluþjónustu skulu afla sér starfsleyfis sem greiðslustofnun. Starfsleyfi skal ná til einnar eða fleiri tegunda greiðsluþjónustu í skilningi laga þessara.

Fjármálaeftirlitið veitir greiðslustofnun starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Greiðslustofnun er heimilt að stunda greiðsluþjónustu að fengnu starfsleyfi.

14. gr.

Umsókn um starfsleyfi og viðvarandi upplýsingaskylda.

Umsókn um starfsleyfi skal berast Fjármálaeftirlitinu. Hún skal vera skrifleg og ítarleg. Í umsókninni skal gera grein fyrir þeirri starfsemi sem fyrirhugað er að sinna og hvernig henni verður sinnt. Umsækjandi skal, með framvísun nauðsynlegra gagna, sýna fram á hæfi lögaðilans sem æskir starfsleyfis til starfrækslu greiðslustofnunar í samræmi við ákvæði laga þessara.

Fjármálaeftirlitið skal setja reglur um þær upplýsingar sem greina þarf í umsókn, svo og nauðsynleg fylgigögn, til þess að umsóknin teljist fullnægjandi.

Greiðslustofnun sem fengið hefur starfsleyfi skv. 15. gr. skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar um allar breytingar á áður veittum upplýsingum skv. 1. mgr. í tengslum við umsókn og veitingu starfsleyfis.

15. gr.

Starfsleyfisskilyrði. Tilkynning um veitingu eða synjun starfsleyfis.

Starfsleyfi skal veitt ef umsækjandi sýnir að mati Fjármálaeftirlitsins fram á að skipulag í fyrirhuguðum rekstri greiðsluþjónustu sé skýrt, fullnægjandi verklagsreglur séu til staðar er þjóni markmiðum um traustan og varfærinn rekstur og að starfsemin hafi á að skipa fullnægjandi innra eftirlitskerfi að því er varðar aðferðir við stjórnun, fyrirkomulag áhættustýringar og reikningsskil samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

Þær kröfur sem gerðar eru til umsækjanda skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við eðli og umfang þeirrar greiðsluþjónustu sem fyrirhugað er að veita.

Við mat á umsókn um starfsleyfi er Fjármálaeftirlitinu heimilt að leita ráðgjafar Seðlabanka Íslands eða annarra viðeigandi opinberra yfirvalda.

Fjármálaeftirlitið getur gert kröfu um stofnun sérstakrar einingar fyrir rekstur greiðsluþjónustu skv. 4. gr. ef greiðslustofnun sinnir annarri starfsemi samhliða veitingu greiðsluþjónustu og sá hluti rekstrarins hefur áhrif á fjárhagslegan styrk greiðslustofnunar eða torveldar eftirlit með henni.

Fjármálaeftirlitið skal synja um veitingu starfsleyfis ef það telur hluthafa eða eigendur virkra eignarhluta ekki hæfa með tilliti til traustrar og varfærinnar stjórnunar greiðslustofnunar.

Starfsleyfi skal ekki veitt ef náin tengsl greiðslustofnunar við einstaklinga eða lögaðila hindra eftirlit með starfseminni af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Hið sama á við ef lög eða reglur, sem gilda um slíka tengda aðila, hindra eftirlit. Með nánum tengslum er í lögum þessum átt við náin tengsl í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.

Starfsleyfi skal gilda í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Hyggist greiðslustofnun veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í öðru aðildarríki skal þó tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrir fram. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin. Innan mánaðar frá viðtöku slíkrar tilkynningar skal Fjármálaeftirlitið veita lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi ríki upplýsingar um heiti og heimilisfang greiðslustofnunar, nöfn þeirra sem eru ábyrgir fyrir stjórn starfseminnar, skipulag hennar og hvers konar greiðsluþjónustu hún hyggst veita.

Fullnægi umsókn um starfsleyfi skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins veitir Fjármálaeftirlitið starfsleyfi. Að öðrum kosti skal Fjármálaeftirlitið synja um starfsleyfi með rökstuddum hætti.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu eða synjun starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst.

16. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi greiðslustofnunar í heild eða að hluta ef:

a. greiðslustofnun nýtir ekki starfsleyfið innan 12 mánaða frá því að það var veitt, afsalar sér ótvírætt leyfinu eða hættir starfsemi í meira en sex mánuði samfellt;
b. starfsleyfis hefur verið aflað á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt;
c. greiðslustofnun uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu;
d. áframhaldandi rekstur greiðsluþjónustu af hálfu greiðslustofnunar ógnar stöðugleika greiðslukerfis;
e. starfsemi greiðslustofnunar fellur undir annað ákvæði í landslögum sem kveður á um afturköllun leyfis; eða
f. greiðslustofnun brýtur að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal greiðslustofnun veittur hæfilegur frestur til úrbóta ef unnt er að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins. Þetta á þó ekki við um a-lið 1. mgr.

Afturköllun á starfsleyfi greiðslustofnunar skal tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Til-

kynning skal enn fremur send lögbærum eftirlitsaðilum í þeim ríkjum þar sem hlutaðeigandi greiðslustofnun starfrækir útibú eða veitir greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila.

17. gr.

Góðir viðskiptahættir og þagnarskylda.

Greiðslustofnun skal viðhafa eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur.

Um þagnarskyldu stjórnarmanna greiðslustofnunar, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, starfsmanna og hverra þeirra sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins fer samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

C. Starfsheimildir.

18. gr.

Varðveisla fjármuna.

Fjármunum sem mótteknir hafa verið frá notendum greiðsluþjónustu eða frá öðrum greiðsluþjónustuveitendum vegna framkvæmdar greiðslu skal haldið skýrt aðgreindum frá eigin fé greiðsluþjónustuveitanda, þ.m.t. greiðslustofnunar, og fjármunum í eigu annarra en notenda greiðsluþjónustu.

Fjármunir skv. 1. mgr. skulu teljast forgangskröfur í þrotabú greiðsluþjónustuveitanda komi til gjaldþrots. Um rétthæð þeirra fer skv. 109. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., enda sýni eigandi fjármuna fram á eignarrétt sinn að þeim.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um hvernig varðveislu fjármuna skv. 1. mgr. skuli háttað.

19. gr.

Önnur starfsemi.

Greiðslustofnun er heimilt að stunda aðra starfsemi auk greiðsluþjónustu ef hún er nátengd starfsemi eða rekstri greiðsluþjónustu, svo sem þjónustu við framkvæmd greiðslna, gjaldeyrisviðskiptum, ráðstöfunum til verndunar eigna og geymslu og vinnslu gagna. Greiðslustofnun er jafnframt heimilt að starfrækja greiðslukerfi.

Greiðslustofnun er heimilt að halda greiðslureikninga sem skal einungis nota við framkvæmd greiðslna.

Fjármunir sem greiðslustofnun móttekur frá notendum greiðsluþjónustu, vegna veitingar greiðsluþjónustu, teljast ekki innlán, endurgreiðanlegir fjármunir frá almenningi eða rafeyrir.

Greiðslustofnun er óheimilt að stunda innlánsstarfsemi eða taka við endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.

Í tengslum við veitingu greiðsluþjónustu skv. 4., 5. og 7. tölul. 4. gr. er greiðslustofnun heimilt að veita lán, enda uppfylli eiginfjárgrunnur stofnunarinnar kröfur laga þessara og er að mati Fjármálaeftirlitsins fullnægjandi með tilliti til heildarlánveitinga. Lánveiting skal einungis veitt í tengslum við framkvæmd greiðslu. Lánveitingu má ekki fjármagna með fjármunum sem mótteknir eru eða varðveittir vegna framkvæmdar greiðslu. Endurgreiðslutími lánveitingar yfir landamæri skal ekki vera lengri en 12 mánuðir. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um lánveitingar greiðslustofnunar.

Fjármálaeftirlitið getur bannað greiðslustofnun að hluta til eða öllu leyti að stunda starfsemi samkvæmt þessari grein. Um slíkt bann gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 16. gr.

D. Stjórn. Reikningsskil og endurskoðun.

20. gr.

Hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda.

Um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda samkvæmt skipulagi greiðslustofnunar gilda hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki eftir því sem við á.

Greiðslustofnun skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn fyrirtækis og framkvæmdastjórn og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum 1. mgr. sé fullnægt.

21. gr.

Reikningsskil og lögboðin endurskoðun.

Reikningsár greiðslustofnunar er almanaksárið. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki gilda að öðru leyti um bókhald, endurskoðun og tilkynningarskyldu endurskoðenda greiðslustofnana til Fjármálaeftirlitsins.

E. Eftirlit.

22. gr.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi greiðslustofnana, þ.m.t. umboðsaðilum, útibúum og útvistunaraðilum, sem falla undir ákvæði þessa kafla, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samstarf við lögbær yfirvöld í aðildarríkjum um framkvæmd eftirlits með starfsemi umboðsaðila, útibúa og útvistunaraðila á vegum greiðslustofnana sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum í þeim ríkjum.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbærum yfirvöldum um það fyrir fram hyggist það framkvæma skoðun erlendis á starfsstöð greiðslustofnunar sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Slík skoðun skal framkvæmd í samstarfi við lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi ríki. Óski Fjármálaeftirlitið á hinn bóginn eftir því er því heimilt að fela lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi ríki framkvæmd slíkrar skoðunar.

Fjármálaeftirlitið skal að ósk lögbærra yfirvalda í aðildarríkjum veita viðeigandi upplýsingar um greiðslustofnanir sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum, einkum þegar brot eða grunur um brot umboðsaðila, útibús eða einingar sem starfsemi er útvistuð til er annars vegar. Mikilvægar upplýsingar skulu enn fremur sendar að frumkvæði Fjármálaeftirlitsins til lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki þar sem greiðslustofnun sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum hefur starfsemi eða útvistar verkefni til.

F. Umboðsaðilar, útibú og útvistun.

23. gr.

Umboðsaðilar og útibú.

Greiðslustofnun sem hyggst veita greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Tilkynningunni skulu fylgja upplýsingar um nafn og heimilisfang umboðsaðilans og lýsing á innra eftirlitskerfi sem m.a. skal uppfylla kröfur laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, svo og nauðsynlegar upplýsingar og gögn til að sýna fram á að stjórnendur uppfylli hæfiskröfur að mati Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið skráir umboðsaðila í skrá skv. 6. gr., að fengnum upplýsingum skv. 1. mgr. Telji Fjármálaeftirlitið vafa leika á að upplýsingarnar séu réttar skal það grípa til

aðgerða til að sannreyna þær. Fjármálaeftirlitið synjar um skráningu á umboðsaðila í skrá yfir greiðslustofnanir ef það er mat þess að ósannað teljist að upplýsingar skv. 1. mgr. séu réttar.

Greiðslustofnun sem óskar eftir að veita greiðsluþjónustu í öðru aðildarríki, fyrir milligöngu umboðsaðila, skal fylgja málsmeðferðarreglum þeim sem greinir í 1. mgr. og 15. gr. Áður en Fjármálaeftirlitið skráir upplýsingar um umboðsaðila í skrá skv. 6. gr. skal Fjármálaeftirlitið senda tilkynningu til lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki. Ef gerðar eru athugasemdir við fyrirhugaða skráningu skal Fjármálaeftirlitið taka tillit til þeirra.

Berist Fjármálaeftirlitinu tilkynning frá lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki, sem greiðslustofnun óskar eftir að veita greiðsluþjónustu í fyrir milligöngu umboðsaðila eða með stofnun útibús, sem hafa gilda ástæðu til að ætla að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eigi sér stað, hafi átt sér stað eða sé í undirbúningi eða að tilnefning umboðsaðila eða stofnun útibúsins gæti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka getur Fjármálaeftirlitið hafnað því að færa upplýsingar um umboðsaðilann eða útibúið í skrá skv. 6. gr. eða afturkallað skráningu ef hún hefur þegar farið fram.

Greiðslustofnun skal sjá til þess að umboðsaðili eða útibú sem veitir þjónustu fyrir hennar hönd upplýsi notendur greiðsluþjónustu um þá staðreynd.

24. gr.
Útvistun.

Greiðslustofnun sem hyggst útvista rekstrarþætti greiðsluþjónustu skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um það.

Útvistun mikilvægra rekstrarþátta sem dregur umtalsvert úr gæðum innra eftirlits greiðslustofnunar og torveldar eftirlit með framkvæmd laga þessara er óheimil. Rekstrarþáttur telst mikilvægur ef ágalli eða brestur í framkvæmd hans hefur umtalsverð neikvæð áhrif á getu greiðslustofnunar til að uppfylla þær kröfur sem liggja til grundvallar starfsleyfi hennar eða skyldur samkvæmt lögunum, fjárhagslega afkomu greiðslustofnunar eða styrkleika eða samfelldni greiðsluþjónustunnar sem um ræðir.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um hvernig greiðslustofnun er heimilt að standa að útvistun mikilvægra rekstrarþátta.

G. Annað.

25. gr.
Bótaábyrgð.

Greiðslustofnun ber skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem rakið verður til athafna starfsmanna hennar, umboðsaðila, útibúa og þeirra aðila sem rekstrarþáttum greiðsluþjónustu hefur verið útvistað til.

Greiðslustofnun sem reiðir sig á þriðja aðila til að annast tiltekna rekstrarþætti skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að lögum þessum.

26. gr.
Varðveisla gagna.

Greiðslustofnun ber að varðveita öll viðeigandi gögn er varða þennan kafla að lágmarki í fimm ár.

H. Peninga- og verðmætasendingarþjónusta.

27. gr.

Peninga- og verðmætasendingarþjónustu samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er heimilt að veita greiðsluþjónustu skv. 6. tölul. 4. gr., að fullnægðum skilyrðum 2.–4. mgr.

Heildarfjárhæð greiðslna sem peninga- og verðmætasendingarþjónusta framkvæmir á grundvelli laga þessara á einum mánuði má að hámarki nema jafnvirði 3 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að kveða á um lægri viðmiðunarfjárhæð en greinir í 1. málsl.

Ákvæði þessa kafla gilda um peninga- og verðmætasendingarþjónustu skv. 1. mgr., að undanskildum ákvæðum 10.–12. gr., 7. mgr. 15. gr., 5. mgr. 19. gr., 2.–4. mgr. 22. gr., 3.–4. mgr. 23. gr. og 24. gr.

Fjármálaeftirlitið getur sett nánari reglur um skilyrði fyrir veitingu greiðsluþjónustu af hálfu peninga- og verðmætasendingarþjónustu.

III. KAFLI
Upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu.

A. Almenn ákvæði.

28. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda um stakar greiðslur, rammasamninga og greiðslur sem falla undir þá.

Víkja má frá ákvæðum þessa kafla með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

Ákvæði 35.–38. gr. gilda aðeins um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu þegar um ræðir stakar greiðslur sem ekki falla undir rammasamninga.

Ákvæði 39.–46. gr. gilda aðeins um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu þegar um ræðir greiðslur sem falla undir rammasamninga.

Ef lög nr. 33/2005, um fjarsölu á fjármálaþjónustu, eiga einnig við víkja eftirtalin ákvæði II. kafla þeirra laga, um upplýsingaskyldu gagnvart neytanda áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði, fyrir ákvæðum 35., 36., 39. og 40. gr. laga þessara: 5. gr., 1. og 3. tölul. 6. gr., 3.–4. og 6.–7. tölul. 7. gr. og 1. tölul. 8. gr.

29. gr.

Undanþágur frá kröfum um upplýsingagjöf vegna smágreiðslumiðla.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð á um undanþágur frá kröfum þessa kafla um upplýsingagjöf þegar smágreiðslumiðill er annars vegar.

30. gr.

Sönnunarbyrði greiðsluþjónustuveitanda.

Greiðsluþjónustuveitandi ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi uppfyllt kröfur um upplýsingagjöf sem fram koma í þessum kafla.

31. gr.

Gjaldtaka vegna upplýsingagjafar.

Greiðsluþjónustuveitandi skal ekki krefja notanda greiðsluþjónustu um gjald fyrir upplýsingar sem veittar eru samkvæmt kafla þessum.

Semja má um gjaldtöku fyrir veitingu viðbótarupplýsinga, tíðari upplýsingagjöf eða veitingu upplýsinga með öðrum hætti en tilgreindur er í rammasamningi, að því tilskildu að það sé að beiðni notanda greiðsluþjónustunnar og að gjaldtakan sé viðeigandi og í samræmi við raunkostnað.

32. gr.

Gjaldmiðill og umreikningur gjaldmiðils.

Greiðslur skulu vera í þeim gjaldmiðli sem aðilar hafa komið sér saman um.

Ef boðinn er gjaldmiðilsumreikningur áður en greiðsla á sér stað og ef sú þjónusta er boðin á sölustað eða af hálfu viðtakanda greiðslu skal sá aðili sem býður greiðanda þjónustuna veita honum allar upplýsingar um gjöld og það gengi sem nota á við umreikning greiðslunnar. Greiðandi skal samþykkja þjónustu við umreikning gjaldmiðils á þeim grundvelli.

33. gr.

Notkun tiltekins greiðslumiðils.

Ef viðtakandi greiðslu býður lækkun vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils, umfram aðra, skal hann tilkynna greiðanda um það áður en greiðslan er framkvæmd.

Ef greiðsluþjónustuveitandi krefst gjalds vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils skal hann tilkynna notanda greiðsluþjónustu um það áður en greiðslan er framkvæmd.

34. gr.

Sérákvæði um greiðslufyrirmæli vegna stakrar greiðslu sem send eru
með greiðslumiðli sem fellur undir rammasamning.

Þegar greiðslufyrirmæli vegna stakrar greiðslu eru send með greiðslumiðli sem fellur undir rammasamning er greiðsluþjónustuveitandi ekki skuldbundinn til að veita eða koma á framfæri upplýsingum sem notandi greiðsluþjónustu hefur þegar fengið á grundvelli rammasamnings við annan greiðsluþjónustuveitanda eða sem honum verða veittar í samræmi við slíkan rammasamning.

B. Stakar greiðslur sem ekki falla undir rammasamninga.

35. gr.

Almenn upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna
verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu.

Áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu skal greiðsluþjónustuveitandi koma upplýsingum og skilmálum skv. 36. gr. á framfæri við notandann á aðgengilegan hátt.

Upplýsingar og skilmálar skulu lagðir fram á pappír eða öðrum varanlegum miðli ef notandi greiðsluþjónustu æskir þess.

Framsetning upplýsinga og skilmála skal vera með skýrum og auðskiljanlegum hætti, á íslensku eða hverju því tungumáli öðru sem aðilar koma sér saman um.

Ef þjónustusamningur hefur verið gerður um stakar greiðslur að beiðni notanda greiðsluþjónustu með tilstyrk fjarsamskiptamiðils sem ekki gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að

fara að 1.–3. mgr. skal greiðsluþjónustuveitandinn uppfylla skyldur sínar samkvæmt þeim ákvæðum þegar í stað eftir að greiðsla hefur verið framkvæmd.

Skyldu til upplýsingagjafar skv. 1.–3. mgr. má einnig uppfylla með því að leggja fram afrit af drögum að þjónustusamningi um staka greiðslu eða drögum að greiðslufyrirmælum sem geyma þær upplýsingar og skilmála sem komið skal á framfæri við notandann samkvæmt lögum þessum.

36. gr.

Upplýsingar og skilmálar um þjónustu í tengslum við stakar greiðslur.

Eftirfarandi upplýsingar og skilmálar skulu afhentir eða hafðir aðgengilegir fyrir notendur greiðsluþjónustu:

a. lýsing á upplýsingunum eða því sérstaka kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu þarf að gefa upp til að greiðslufyrirmæli verði framkvæmd á réttan hátt,
b. hámarkstími sem framkvæmd greiðsluþjónustunnar má taka,
c. öll gjöld sem notanda greiðsluþjónustu ber að greiða greiðsluþjónustuveitanda og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda,
d. ef við á, raunverulegt gengi eða viðmiðunargengi sem gilda skal um greiðslu,
e. ef við á, viðeigandi upplýsingar og skilmálar sem tilgreindir eru í 40. gr.

37. gr.

Upplýsingagjöf gagnvart greiðanda eftir viðtöku greiðslufyrirmæla um staka greiðslu.

Eftirfarandi upplýsingar skal greiðsluþjónustuveitandi afhenda eða gera greiðanda aðgengilegar með þeim hætti sem kveðið er á um í 1.–3. mgr. 35. gr. þegar í stað eftir viðtöku greiðslufyrirmæla:

a. tilvísun sem gerir greiðanda kleift að bera kennsl á greiðslu og, ef við á, upplýsingar sem varða viðtakanda greiðslu,
b. fjárhæð greiðslu í þeim gjaldmiðli sem kveðið er á um í greiðslufyrirmælunum,
c. fjárhæð gjalda sem greiðanda ber að greiða vegna framkvæmdar greiðslu og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda,
d. ef við á, gengið sem greiðsluþjónustuveitandi notar í greiðslunni eða tilvísun til þess ef um ræðir annað gengi en það sem kveðið er á um í samræmi við d-lið 36. gr., svo og fjárhæð greiðslu eftir gjaldmiðilsumreikning og
e. dagsetningu viðtöku greiðslufyrirmælanna.

38. gr.

Upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda greiðslu eftir framkvæmd stakrar greiðslu.

Eftirfarandi upplýsingar skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu afhenda eða gera viðtakandanum aðgengilegar með þeim hætti sem kveðið er á um í 1.–3. mgr. 35. gr., þegar í stað eftir að greiðsla hefur verið framkvæmd:

a. tilvísun sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að bera kennsl á greiðsluna og, ef við á, greiðanda, svo og þær upplýsingar sem kunna að hafa verið sendar með greiðslunni,
b. fjárhæð greiðslu í þeim gjaldmiðli sem fjármunirnir sem viðtakandi greiðslu fær til ráðstöfunar eru í,
c. fjárhæð gjalda sem viðtakanda hennar ber að greiða vegna framkvæmdar greiðslu og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda,

d. ef við á, gengið sem greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda notar í greiðslunni og fjárhæð greiðslu áður en gjaldmiðilsumreikningur fór fram og
e. gildisdag eignfærslu.

C. Greiðslur sem falla undir rammasamninga.

39. gr.

Almenn upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna greiðslna sem falla undir rammasamninga verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu.

Áður en rammasamningur eða tilboð um greiðsluþjónustu verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu skal greiðsluþjónustuveitandi afhenda notanda upplýsingar og skilmála skv. 40. gr. á pappír eða öðrum varanlegum miðli.

Framsetning upplýsinga og skilmála skal vera með skýrum og auðskiljanlegum hætti, á íslensku eða á hverju því tungumáli öðru sem aðilar koma sér saman um.

Ef rammasamningur hefur verið gerður að beiðni notanda greiðsluþjónustu með tilstyrk fjarsamskiptamiðils sem ekki gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að fara að 1. og 2. mgr. skal greiðsluþjónustuveitandinn uppfylla skyldur sínar samkvæmt þeim ákvæðum þegar í stað að lokinni gerð rammasamnings.

Skyldu til upplýsingagjafar skv. 1. og 2. mgr. má einnig uppfylla með því að leggja fram afrit af drögum að rammasamningi sem geyma upplýsingar og skilmála skv. 40. gr.

40. gr.

Upplýsingar og skilmálar um þjónustu í tengslum við greiðslur sem falla undir rammasamninga.

Eftirfarandi upplýsingar og skilmálar skulu afhentir notendum greiðsluþjónustu:

1. Að því er varðar greiðsluþjónustuveitandann:
   a. heiti, heimilisfang höfuðstöðva og viðeigandi póstföng, svo og sambærilegar upplýsingar um umboðsaðila og útibú ef við á, og
   b. hvaða lögbær eftirlitsaðili fer með eftirlit með starfsemi hans og, eftir því sem við kann að eiga, upplýsingar um viðeigandi opinbera skrá um starfsleyfi greiðsluþjónustuveitanda og skráningarnúmer eða jafngilda aðferð til auðkenningar í þeirri skrá.
2. Að því er varðar notkun greiðsluþjónustunnar:
   a. lýsing á þjónustunni sem um ræðir,
   b. lýsing á upplýsingunum eða því sérstaka kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu skal leggja fram til að greiðslufyrirmæli verði framkvæmd á réttan hátt,
   c. hvernig og á hvaða formi samþykki skal veitt fyrir framkvæmd greiðslu og afturköllun slíks samþykkis í samræmi við 49. og 61. gr.,
   d. við hvaða tímamark viðtaka greiðslufyrirmæla miðast, sbr. 59. gr., svo og um skilgreindan lokunartíma greiðsluþjónustuveitanda, ef við á,
   e. hámarksframkvæmdatími greiðsluþjónustu, og
   f. hvort mögulegt sé að ákvarða útgjaldaþak vegna greiðslna sem framkvæmdar eru með greiðslumiðli í samræmi við 1. mgr. 50. gr.
3. Að því er varðar gjaldtöku, vexti og gengi:
   a. öll gjöld sem notanda greiðsluþjónustu ber að greiða greiðsluþjónustuveitanda, með sundurliðuðum fjárhæðum ef við á,
   b. vextir og gengi, ef við á; ef notast skal við viðmiðunarvexti og viðmiðunargengi skulu notanda afhentar upplýsingar um hlutaðeigandi aðferðir við vaxtaútreikning

og viðeigandi dagsetningar og vísitölu eða grunn til að ákvarða viðmiðunarvexti eða viðmiðunargengi; og
c. reglur um breytingar á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi, þ.m.t. gildistíma slíkra breytinga, skv. 2. mgr. 42. gr., ef við á.

4. Að því er varðar boðleiðir og samskipti:
   a. umsamdar samskiptaaðferðir vegna sendingar upplýsinga eða tilkynninga samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. að því er varðar tæknilegar kröfur til búnaðar notanda greiðsluþjónustu,
   b. háttur og tíðni miðlunar upplýsinga samkvæmt lögum þessum,
   c. tungumál rammasamnings og boðskipta meðan á samningssambandi stendur, og
   d. réttur notanda greiðsluþjónustu til að fá afhenta skilmála rammasamnings og upplýsingar og skilmála í samræmi við 41. gr.
5. Að því er varðar varúðarráðstafanir og ábyrgð:
   a. lýsing á þeim ráðstöfunum sem notanda greiðsluþjónustu ber að grípa til í því skyni að tryggja örugga varðveislu greiðslumiðils, ef við á, svo og hvernig staðið skuli að tilkynningu til greiðsluþjónustuveitanda skv. 3. mgr. 51. gr.,
   b. skilyrði áskilnaðar greiðsluþjónustuveitanda til stöðvunar á notkun greiðslumiðils í samræmi við 50. gr., ef um það er samið,
   c. ábyrgð greiðanda skv. 56. gr., þ.m.t. upplýsingar um fjárhæðarmörk,
   d. hvernig og innan hvaða tímamarka notanda greiðsluþjónustu ber að tilkynna greiðsluþjónustuveitanda um óheimilaða eða rangt framkvæmda greiðslu skv. 53. gr., auk upplýsinga um ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda skv. 55. gr.,
   e. ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda á framkvæmd greiðslu skv. 69. gr., og
   f. skilyrði fyrir endurgreiðslu skv. 57. og 58. gr.
6. Að því er varðar breytingar og uppsögn rammasamnings:
   a. ef um það er samið, að notandi greiðsluþjónustu teljist hafa samþykkt breytingar á skilmálum rammasamnings skv. 42. gr. nema tilkynning berist um annað til greiðsluþjónustuveitanda áður en breytingarnar öðlast gildi,
   b. gildistími samningsins, og
   c. réttur notanda greiðsluþjónustu til uppsagnar rammasamnings í samræmi við ákvæði laga þessara.
7. Að því er varðar úrlausn ágreiningsmála:
   a. hvaða lög gilda um rammasamninginn, og
   b. hvaða kosti notandi greiðsluþjónustu á skv. V. kafla laga þessara um úrlausn ágreiningsmála utan dómstóla og meðferð bótamála.

41. gr.

Upplýsingar og skilmálar rammasamnings skulu ávallt aðgengilegir notanda greiðsluþjónustu.

Hvenær sem er, meðan á samningssambandi stendur, getur notandi greiðsluþjónustu óskað eftir og skal þá fá afhenta skilmála rammasamnings ásamt þeim upplýsingum og skilmálum sem tilgreind eru í 40. gr. á pappír eða öðrum varanlegum miðli.

42. gr.

Breytingar á skilmálum rammasamnings.

Greiðsluþjónustuveitandi skal leggja tillögur að breytingum á rammasamningi, sem og á upplýsingum og skilmálum skv. 40. gr., fyrir notanda greiðsluþjónustu með þeim hætti sem

kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 39. gr. eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir fyrirhugaðan gildistökudag breytinganna. Ef um það hefur verið samið, sbr. a-lið 6. tölul. 40. gr., skal greiðsluþjónustuveitandi tilkynna notanda greiðsluþjónustu að hann teljist hafa samþykkt slíkar breytingar tilkynni hann ekki um annað fyrir fyrirhugaðan gildistökudag. Ef notanda greiðsluþjónustu er heimilt að segja rammasamningi upp þegar í stað án sérstakrar gjaldtöku áður en fyrirhugaðar breytingar öðlast gildi skal greiðsluþjónustuveitandi jafnframt upplýsa notandann um það.

Breytingar á vöxtum eða gengi taka gildi þegar í stað og án viðvörunar ef samið hefur verið um slíkt í rammasamningi og breytingarnar byggjast á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi sem samið hefur verið um í samræmi við b- og c-lið 3. tölul. 40. gr. Tilkynna skal notanda greiðsluþjónustu um allar breytingar á vöxtum eins fljótt og kostur er með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 39. gr., nema aðilar hafi komið sér saman um að slíkar upplýsingar skuli veittar eða gerðar aðgengilegar með tilteknum tíðleika eða á tiltekinn hátt. Þó má breyta vöxtum eða gengi án tilkynningar ef slíkar breytingar eru notanda greiðsluþjónustu í hag.

Breytingar á vöxtum eða gengi sem notað er í greiðslum skulu framkvæmdar og reiknaðar á hlutlausan hátt þannig að notendum greiðsluþjónustu sé ekki mismunað.

43. gr.

Uppsögn rammasamnings.

Notanda greiðsluþjónustu er heimilt að segja rammasamningi upp hvenær sem er, nema samið hafi verið um uppsagnarfrest. Slíkur uppsagnarfrestur skal ekki vera lengri en einn mánuður.

Uppsögn rammasamnings með föstum samningstíma eða með ótilteknum samningstíma skal vera notanda greiðsluþjónustu að kostnaðarlausu.

Greiðsluþjónustuveitanda er heimilt að segja rammasamningi með ótilteknum samningstíma upp með að minnsta kosti tveggja mánaða uppsagnarfresti ef samið hefur verið um það. Notanda greiðsluþjónustu skal tilkynnt um uppsögnina með þeim hætti sem greinir í 1. og 2. mgr. 39. gr.

Ef samið hefur verið um reglubundnar greiðslur á samningstímanum, fyrir greiðsluþjónustu samkvæmt rammasamningi, skal hlutfallslega tekið tillit til gildistíma uppsagnar við innheimtu greiðslna eftir uppsögn samnings. Ef gjöld vegna greiðsluþjónustu samkvæmt rammasamningi eru greidd fyrir fram skulu þau endurgreidd notanda hlutfallslega, með tilliti til gildistíma uppsagnar.

44. gr.

Upplýsingagjöf áður en kemur til framkvæmdar einstakra greiðslna sem falla undir rammasamning.

Við beiðni greiðanda um framkvæmd tiltekinnar greiðslu sem fellur undir rammasamning skal greiðsluþjónustuveitandi veita skýrar upplýsingar um hámarkstíma sem framkvæmd greiðslu má taka og þau gjöld sem greiðanda ber að greiða vegna hennar. Ef við á skal sundurliða fjárhæðir gjalda.

45. gr.

Upplýsingagjöf gagnvart greiðanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning.

Greiðsluþjónustuveitandi skal tafarlaust veita greiðanda eftirfarandi upplýsingar með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 39. gr. eftir að fjárhæð einstakrar greiðslu sem fellur undir rammasamning er skuldfærð af reikningi greiðanda eða, ef greiðandi notar ekki greiðslureikning, eftir viðtöku greiðslufyrirmæla:

a. tilvísun sem gerir greiðanda kleift að bera kennsl á hverja greiðslu og, ef við á, upplýsingar sem varða viðtakanda greiðslu,
b. fjárhæð greiðslu í þeim gjaldmiðli sem skuldfærður er á greiðslureikning greiðanda eða í þeim gjaldmiðli sem er notaður í greiðslufyrirmælunum,
c. fjárhæð gjalda vegna greiðslu og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda, svo og upplýsingar um vexti sem greiðanda ber að greiða,
d. það gengi sem greiðsluþjónustuveitandi greiðanda notar við framkvæmd greiðslu og fjárhæð greiðslu eftir gjaldmiðilsumreikning, ef við á, og
e. um gildisdag skuldfærslu eða dagsetningu viðtöku greiðslufyrirmælanna.

Heimilt er að kveða á um það í rammasamningi að upplýsingar skv. 1. mgr. skuli veittar eða gerðar aðgengilegar reglulega, að minnsta kosti einu sinni í mánuði, með hætti sem gerir greiðanda kleift að geyma eða kalla upplýsingarnar fram óbreyttar.

46. gr.

Upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning.

Greiðsluþjónustuveitandi skal tafarlaust veita viðtakanda greiðslu eftirfarandi upplýsingar með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 39. gr. eftir framkvæmd einstakrar greiðslu sem fellur undir rammasamning:

a. tilvísun sem gerir viðtakandanum kleift að bera kennsl á greiðslu og, ef við á, greiðanda, svo og aðrar upplýsingar sem kunna að hafa verið sendar með greiðslunni,
b. fjárhæð greiðslu í þeim gjaldmiðli sem eignfærður er á greiðslureikning viðtakanda,
c. fjárhæð gjalda vegna greiðslu og, ef við á, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda, svo og upplýsingar um vexti sem viðtakanda ber að greiða,
d. það gengi sem greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda notar við framkvæmd greiðslu og fjárhæð greiðslu áður en gjaldmiðilsumreikningur fór fram, ef við á, og
e. um gildisdag eignfærslu.

Heimilt er að kveða á um það í rammasamningi að upplýsingar skv. 1. mgr. skuli veittar eða gerðar aðgengilegar reglulega, að minnsta kosti einu sinni í mánuði, með hætti sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að geyma eða kalla upplýsingarnar fram óbreyttar.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu.

A. Almenn ákvæði.

47. gr.

Gjaldtaka.

Greiðsluþjónustuveitanda er óheimilt að innheimta gjald af notanda greiðsluþjónustu vegna upplýsinga sem skylt er að veita samkvæmt lögum þessum, eða vegna leiðréttingarráðstafana eða fyrirbyggjandi ráðstafana samkvæmt kafla þessum, nema lög þessi kveði á um annað. Gjöld sem heimilt er að innheimta skv. 1. málsl. skulu vera viðeigandi og í samræmi

við raunkostnað greiðsluþjónustuveitandans vegna umræddra ráðstafana. Víkja má frá ákvæði þessu með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

Ef í greiðslu felst enginn gjaldmiðilsumreikningur skal viðtakandi greiðslu greiða gjöldin sem greiðsluþjónustuveitandi hans leggur á vegna framkvæmdar greiðslu og greiðandi greiða gjöldin sem greiðsluþjónustuveitandi hans leggur á vegna framkvæmdar greiðslu.

Viðtakanda greiðslu er óheimilt að krefjast gjalds af greiðanda vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils umfram aðra.

48. gr.

Undanþágur og frávik vegna smágreiðslumiðla.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð á um undanþágur og frávik frá ákvæðum þessa kafla þegar smágreiðslumiðill er annars vegar.

B. Framkvæmd greiðslu.

49. gr.

Samþykki fyrir greiðslu og afturköllun samþykkis.

Greiðsla telst því aðeins heimiluð að greiðandi hafi veitt samþykki fyrir framkvæmd hennar. Greiðandi getur heimilað greiðslu fyrir eða, ef greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi hans hafa samið um það, eftir framkvæmd greiðslunnar.

Samþykki fyrir framkvæmd greiðslu eða röð greiðslna skal veitt með þeim hætti sem greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi hans koma sér saman um. Ef samþykki er ekki fyrir hendi telst greiðsla ekki hafa verið heimiluð.

Greiðandi getur afturkallað samþykki hvenær sem er, en þó ekki eftir að greiðslufyrirmæli teljast óafturkallanleg í skilningi 61. gr. Samþykki fyrir framkvæmd á röð greiðslna má einnig afturkalla og hefur það þau áhrif að greiðslur sem framkvæmdar eru eftir það tímamark teljast óheimilaðar. Víkja má frá þessari málsgrein með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

50. gr.

Takmarkanir á notkun greiðslumiðils.

Ef nota skal tiltekinn greiðslumiðil til að veita samþykki fyrir framkvæmd greiðslna geta greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi samið um útgjaldaþak vegna þeirra greiðslna sem framkvæmdar eru með honum.

Ef um það er samið í rammasamningi getur greiðsluþjónustuveitandinn áskilið sér rétt til að stöðva notkun greiðslumiðils af ástæðum sem rökstuddar eru á hlutlægan hátt með hliðsjón af öryggi greiðslumiðilsins, grun um óheimila eða sviksamlega notkun greiðslumiðilsins eða, þegar um er að ræða greiðslumiðil sem lánsheimildir fylgja, verulega aukinni hættu á því að greiðandi kunni að vera ófær um að uppfylla greiðsluskyldu sína.

Greiðsluþjónustuveitandi skal tilkynna greiðanda um stöðvun notkunar greiðslumiðils og ástæður fyrir henni svo fljótt sem auðið er, nema lög kveði á um annað. Ef mögulegt er skal uppfylla þessa tilkynningarskyldu áður en notkun greiðslumiðils er stöðvuð, en hún skal í síðasta lagi uppfyllt tafarlaust í kjölfar stöðvunar.

Greiðsluþjónustuveitandi skal opna fyrir notkun greiðslumiðils eða afhenda nýjan greiðslumiðil í hans stað þegar ástæður fyrir stöðvun notkunar eru ekki lengur fyrir hendi.

51. gr.

Skyldur notanda greiðsluþjónustu í tengslum við greiðslumiðil.

Notandi greiðsluþjónustu, sem á rétt á að nota greiðslumiðil, skal nota greiðslumiðilinn í samræmi við skilmála um útgáfu og notkun hans.

Við viðtöku greiðslumiðils ber notandanum að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja persónubundna öryggisþætti greiðslumiðilsins.

Notandi greiðsluþjónustu, sem á rétt á að nota greiðslumiðil, skal án óþarfa tafar tilkynna greiðsluþjónustuveitanda, eða öðrum sem hann tilnefnir, um það verði hann var við tap, þjófnað eða misnotkun á greiðslumiðli eða óheimila notkun hans.

52. gr.

Skyldur greiðsluþjónustuveitanda í tengslum við greiðslumiðil.

Greiðsluþjónustuveitandi sem gefur út greiðslumiðil skal tryggja að persónubundnir öryggisþættir greiðslumiðils séu ekki aðgengilegir öðrum en þeim notanda greiðsluþjónustu sem á rétt á að nota greiðslumiðilinn.

Greiðsluþjónustuveitandi skal ekki óumbeðinn senda notanda greiðsluþjónustu greiðslumiðil, nema nýr greiðslumiðill eigi að koma í stað annars sem notandinn hefur þegar fengið.

Greiðsluþjónustuveitandi ber alla áhættu af sendingu greiðslumiðils og hvers kyns persónubundinna öryggisþátta greiðslumiðils til greiðanda.

Greiðsluþjónustuveitandi skal tryggja að notanda greiðsluþjónustu sé kleift að koma tilkynningu skv. 3. mgr. 51. gr. á framfæri, hvenær sem er sólarhringsins, og að óska eftir opnun fyrir notkun greiðslumiðils í samræmi við 4. mgr. 50. gr. Greiðsluþjónustuveitanda ber jafnframt að sjá til þess að í 18 mánuði frá því að notandi kemur tilkynningu skv. 3. mgr. 51. gr. á framfæri hafi notandinn úrræði til að sanna að hann hafi gefið út slíka tilkynningu.

Greiðsluþjónustuveitandi skal koma í veg fyrir alla notkun greiðslumiðils þegar tilkynningu skv. 3. mgr. 51. gr. hefur verið komið á framfæri.

53. gr.

Tilkynning um óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu.

Notandi greiðsluþjónustu skal tilkynna greiðsluþjónustuveitanda um það án óþarfa tafar verði hann var við óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu sem gefur tilefni til kröfu um leiðréttingu samkvæmt ákvæðum laga þessara, þ.m.t. skv. 69. gr., og eigi síðar en 13 mánuðum eftir dagsetningu skuldfærslu. Þetta á þó ekki við ef greiðsluþjónustuveitandi veitti notanda greiðsluþjónustunnar ekki, eða hafði aðgengilegar fyrir hann, upplýsingar um greiðsluna í samræmi við III. kafla.

Heimilt er að semja um annan tímafrest en greinir í 1. mgr. þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

54. gr.

Sannvottun vegna framkvæmdar greiðslu.

Ef notandi greiðsluþjónustu neitar að hafa heimilað framkvæmd greiðslu eða heldur því fram að greiðsla hafi ekki verið réttilega framkvæmd skal greiðsluþjónustuveitandi hans sanna að sannvottun vegna framkvæmdar greiðslu hafi átt sér stað, að framkvæmd greiðslu hafi verið nákvæmlega skráð og færð í reikningshald og að tæknileg bilun hafi ekki haft áhrif á hana eða á henni sé einhver annar ágalli.

Ef notandi greiðsluþjónustu neitar að hafa heimilað framkvæmd greiðslu fer það eftir atvikum hvort notkun greiðslumiðils, sem greiðsluþjónustuveitandi skráir, dugi ein og sér

til sönnunar því að greiðandi hafi annaðhvort heimilað greiðsluna eða hann hafi með sviksamlegum hætti, að yfirlögðu ráði eða af stórfelldu gáleysi látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum skv. 51. gr.

Víkja má frá 1. og 2. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

55. gr.

Ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu.

Þegar um óheimilaða greiðslu er að ræða í skilningi laga þessara skal greiðsluþjónustuveitandi, að uppfylltum skilyrðum 53. gr. og að teknu tilliti til annarra ákvæða þessa kafla, þegar í stað endurgreiða greiðanda fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar og, ef við á, bakfæra eignfærslu á greiðslureikninginn til sömu stöðu og hann hefði verið í ef óheimilaða greiðslan hefði ekki átt sér stað.

Ákvæði þetta gildir um rafeyri í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, nema greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hafi ekki getu til að frysta greiðslureikning eða loka greiðslumiðli.

56. gr.

Ábyrgð greiðanda þegar um ræðir óheimilaða greiðslu.

Þrátt fyrir 55. gr. skal greiðandi bera tjón vegna óheimilaðra greiðslna sem nemur allt að jafnvirði 150 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni sem rekja má til notkunar á týndum eða stolnum greiðslumiðli eða stafar af óréttmætri nýtingu greiðslumiðils sem leiðir af því að greiðandi hefur ekki uppfyllt skyldu sína samkvæmt lögum þessum til að tryggja persónubundna öryggisþætti greiðslumiðilsins.

Greiðandi skal bera allt tjón sem rekja má til óheimilaðra greiðslna ef hann hefur stofnað til þeirra með sviksamlegum hætti eða látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum skv. 51. gr. af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi. Þegar þetta á við gildir ekki hámarksfjárhæðin sem um getur í 1. mgr.

Þegar háttsemi greiðanda hefur hvorki verið með sviksamlegum hætti né hann af ásetningi látið ógert að uppfylla skyldur sínar skv. 51. gr. skal tekið tillit til eðlis persónubundinna öryggisþátta greiðslumiðils og málsatvika þegar hann týndist, honum var stolið eða hann nýttur með óréttmætum hætti við ákvörðun fjárhæðar þeirrar sem greiðanda verður gert að bera sjálfur skv. 1. og 2. mgr.

Greiðandi skal ekki bera tjón sem hlýst af notkun á greiðslumiðli sem týnist, er stolið eða nýttur með óréttmætum hætti eftir tímamark tilkynningar skv. 3. mgr. 51. gr. Þetta á þó ekki við ef greiðandi hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi.

Greiðandi skal ekki bera tjón sem hlýst af notkun greiðslumiðils ef greiðsluþjónustuveitandi hefur ekki gert viðeigandi ráðstafanir samkvæmt lögum þessum vegna tilkynningarskyldu um greiðslumiðil sem hefur týnst, verið stolið eða notaður með óréttmætum hætti, eins og krafist er skv. 4. mgr. 52. gr. Þetta á þó ekki við ef greiðandi hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi.

Víkja má frá 1.–5. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

Ákvæði þetta gildir um rafeyri í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, nema greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hafi ekki getu til að frysta greiðslureikning eða loka greiðslumiðli.

57. gr.

Endurgreiðslur á greiðslum sem viðtakandi á frumkvæði að eða hefur milligöngu um.

Greiðandi á rétt á endurgreiðslu frá greiðsluþjónustuveitanda sínum vegna heimilaðrar greiðslu, sem viðtakandi greiðslu hefur átt frumkvæði að eða haft milligöngu um og greiðslan hefur þegar verið framkvæmd, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. fjárhæð greiðslunnar var ekki nákvæmlega tilgreind í heimildinni þegar hún var veitt og
b. fjárhæð greiðslunnar var hærri en svo að greiðandi gæti með sanngjörnum hætti gert ráð fyrir þeirri fjárhæð miðað við útgjaldamynstur hans til þessa, skilmála í rammasamningi og málsatvik að öðru leyti.

Að beiðni greiðsluþjónustuveitanda skal greiðandi leggja fram gögn um að skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. teljist uppfyllt.

Að því er varðar beingreiðslur er heimilt að semja um það í rammasamningi um greiðsluþjónustu að greiðandi eigi rétt á endurgreiðslu frá greiðsluþjónustuveitanda, jafnvel þótt skilyrði fyrir endurgreiðslu skv. 1. mgr. séu ekki uppfyllt.

Að því er varðar b-lið 1. mgr. getur greiðandi þó ekki byggt kröfu um endurgreiðslu á gengisástæðum ef beitt var viðmiðunargengi sem hann samdi um við greiðsluþjónustuveitanda í samræmi við d-lið 36. gr. og b-lið 3. tölul. 40. gr.

Heimilt er að semja um það í rammasamningi um greiðsluþjónustu að greiðandi eigi ekki rétt á endurgreiðslu ef hann hefur veitt samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslu beint til greiðsluþjónustuveitanda og, ef við á, greiðsluþjónustuveitandi eða viðtakandi greiðslu veitti upplýsingar um greiðslur í framtíðinni eða kom þeim á framfæri við greiðanda á umsaminn hátt að minnsta kosti fjórum vikum fyrir gjalddaga.

Víkja má frá 1.–4. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

58. gr.

Meðferð beiðna um endurgreiðslu vegna greiðslna sem viðtakandi á frumkvæði að eða hefur milligöngu um.

Greiðandi skal óska eftir endurgreiðslu í samræmi við 57. gr. innan átta vikna frá þeim degi þegar fjármunir voru skuldfærðir.

Greiðsluþjónustuveitandi skal innan tíu viðskiptadaga frá móttöku skv. 1. mgr. annaðhvort endurgreiða að fullu fjárhæð greiðslunnar eða rökstyðja synjun um endurgreiðslu og tilgreina þá aðila sem greiðandi getur vísað málinu til í samræmi við V. kafla ef hann sættir sig ekki við rökstuðning fyrir synjuninni.

Réttur greiðsluþjónustuveitanda skv. 2. mgr. til að synja um endurgreiðslu gildir ekki í því tilviki sem sett er fram í 3. mgr. 57. gr.

Víkja má frá 1.–3. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

59. gr.

Viðtaka greiðslufyrirmæla.

Viðtökutími greiðslufyrirmæla er sá tími þegar greiðslufyrirmæli berast greiðsluþjónustuveitanda greiðanda í kjölfar þess að greiðandi gefur þau beint eða óbeint með milligöngu viðtakanda greiðslu. Greiðsluþjónustuveitanda er heimilt að fastsetja lokunartíma nálægt lokum viðskiptadags og skulu þá greiðslufyrirmæli, sem hann tekur við eftir það, teljast til næsta viðskiptadags á eftir.

Ef notandi greiðsluþjónustu sem gefur greiðslufyrirmæli og greiðsluþjónustuveitandi hans semja um að framkvæmd greiðslufyrirmæla skuli hefjast á tilgreindum degi, við lok tiltekins tímabils eða þann dag þegar greiðandi hefur lagt inn fjármuni til ráðstöfunar greiðsluþjónustuveitanda hans telst viðtökutími, sbr. 64. gr., vera dagurinn sem samið var um.

Ef viðtökutími skv. 1. mgr. eða dagurinn sem samið var um skv. 2. mgr. er ekki á viðskiptadegi að því er varðar greiðsluþjónustuveitanda greiðanda skal litið svo á að tekið hafi verið við greiðslufyrirmælunum næsta viðskiptadag á eftir.

60. gr.

Synjun um framkvæmd greiðslufyrirmæla.

Ef öll skilyrði rammasamnings greiðanda við greiðsluþjónustuveitanda eru uppfyllt er greiðsluþjónustuveitanda greiðanda óheimilt að neita að framkvæma heimiluð greiðslufyrirmæli, hvort sem greiðandi á frumkvæði að þeim eða viðtakandi greiðslu gefur eða hefur milligöngu um þau. Þetta á þó ekki við ef lög kveða á um annað.

Í þeim tilvikum sem greiðsluþjónustuveitanda er heimilt að synja um framkvæmd greiðslufyrirmæla skal tilkynna notanda greiðsluþjónustunnar um neitunina og, ef unnt er, ástæður fyrir henni og málsmeðferð við mögulega leiðréttingu á þeim atvikum sem valda neituninni. Þetta á þó ekki við ef lög kveða á um annað.

Greiðsluþjónustuveitandi skal koma tilkynningu skv. 2. mgr. á framfæri á umsaminn hátt við fyrsta tækifæri og í síðasta lagi innan þess frests sem greinir í 64. gr. Í rammasamningi um greiðsluþjónustu má kveða á um að greiðsluþjónustuveitanda sé heimilt að taka gjald fyrir þess háttar tilkynningu, enda sé synjun um framkvæmd greiðslufyrirmæla í samræmi við lög og rökstudd á hlutlægan hátt.

Að því er varðar 64. og 69. gr. skal líta á greiðslufyrirmæli, sem synjað hefur verið um framkvæmd á, eins og ekki hafi verið tekið við þeim.

61. gr.

Afturköllun greiðslufyrirmæla.

Notandi greiðsluþjónustu getur ekki afturkallað greiðslufyrirmæli þegar greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hefur tekið við þeim, nema 2.–6. mgr. eigi við.

Ef viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um greiðslu getur greiðandi ekki afturkallað greiðslufyrirmæli eftir að hann hefur sent greiðslufyrirmælin eða veitt samþykki sitt fyrir því að greiðslan til viðtakanda greiðslu verði framkvæmd.

Þrátt fyrir 2. mgr. getur greiðandi afturkallað greiðslufyrirmæli þegar um beingreiðslu er að ræða í síðasta lagi í lok síðasta viðskiptadags fyrir umsaminn gjaldfærsludag fjármuna.

Ef notandi greiðsluþjónustu sem gefur greiðslufyrirmæli og greiðsluþjónustuveitandi hans semja um að framkvæmd greiðslufyrirmæla skuli hefjast á tilgreindum degi, við lok tiltekins tímabils eða þann dag þegar greiðandi hefur lagt inn fjármuni til ráðstöfunar greiðsluþjónustuveitanda hans, sbr. 2. mgr. 59. gr., getur notandi greiðsluþjónustu afturkallað greiðslufyrirmæli í síðasta lagi við lok síðasta viðskiptadags fyrir umsaminn dag.

Eftir tímamörkin sem tilgreind eru í 1.–4. mgr. er aðeins unnt að afturkalla greiðslufyrirmælin ef notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandi hafa samið um það. Í því tilviki sem um getur í 2. og 3. mgr. skal samþykki viðtakanda greiðslu jafnframt liggja fyrir. Ef um það er samið í rammasamningi getur greiðsluþjónustuveitandi krafist gjalds vegna afturköllunar greiðslufyrirmæla samkvæmt þessari málsgrein.

Víkja má frá 1.–5. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

62. gr.

Fjárhæð greiðslu.

Greiðsluþjónustuveitendur og milliliðir þeirra skulu millifæra alla fjárhæð greiðslu óskerta. Gjöld skulu ekki dregin frá millifærðri fjárhæð.

Viðtakandi greiðslu og greiðsluþjónustuveitandi hans geta þó samið um að gjöld greiðsluþjónustuveitandans vegna greiðsluþjónustu verði dregin frá millifærðri fjárhæð áður en hún er eignfærð á viðtakanda greiðslu. Þegar þetta á við er öll fjárhæð greiðslunnar aðskilin frá gjöldunum í þeim upplýsingum sem viðtakanda greiðslu eru veittar.

Ef einhver önnur gjöld en þau sem um getur í 2. mgr. eru dregin frá millifærðri fjárhæð skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda sjá til þess að viðtakandi greiðslu fái alla fjárhæð greiðslunnar sem greiðandi á frumkvæði að. Í tilvikum þar sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um greiðslu skal greiðsluþjónustuveitandi hans tryggja að viðtakandinn fái óskerta fjárhæð greiðslunnar.

C. Framkvæmdatími greiðslu og gildisdagur.

63. gr.

Gildissvið C-hluta.

Um gildissvið 64.–67. gr. fer samkvæmt síðari málslið 3. mgr. 1. gr.

64. gr.

Greiðsla á greiðslureikning.

Frá viðtökutíma skv. 59. gr. skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda tryggja að fjárhæð greiðslu sé eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu og í síðasta lagi í lok næsta viðskiptadags. Þetta freststímabil má þó framlengja um einn viðskiptadag fyrir greiðslur sem eru á pappírsgrundvelli.

Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda skal eftir viðtöku fjármuna setja gildisdag á greiðsluna og tryggja að fjárhæð hennar sé viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar á greiðslureikningi hans í samræmi við 67. gr. nema samningsaðilar tiltaki annan tímafrest.

Að því er varðar greiðslur sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda senda greiðslufyrirmæli til greiðsluþjónustuveitanda greiðanda innan þess uppgjörsfrests sem viðtakandinn og greiðsluþjónustuveitandi hans hafa komið sér saman um. Þegar um ræðir beingreiðslur skulu greiðslufyrirmælin send á umsömdum gjalddaga.

65. gr.

Aðstæður þegar viðtakandi greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda.

Ef viðtakandi greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda skal greiðsluþjónustuveitandinn sem tekur við fjármununum fyrir viðtakandann hafa þá aðgengilega til ráðstöfunar fyrir viðtakandann innan þess frests sem tilgreindur er í 64. gr.

66. gr.

Reiðufé lagt inn á greiðslureikning.

Ef notandi greiðsluþjónustu leggur reiðufé inn á greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda í gjaldmiðli greiðslureikningsins skal greiðsluþjónustuveitandinn tryggja að fjárhæðin sé til ráðstöfunar og gildisdagsett tafarlaust eftir viðtöku fjármunanna.

67. gr.

Gildisdagur og fjármunir til ráðstöfunar.

Gildisdagur eignfærslu á greiðslureikning viðtakanda greiðslu telst vera eigi síðar en þann viðskiptadag þegar fjárhæð greiðslunnar er eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda. Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda skal tryggja að fjárhæð greiðslunnar sé viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar þegar í stað eftir að fjárhæðin er eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda.

Gildisdagur skuldfærslu á greiðslureikning greiðanda telst vera eigi fyrr en sá tímapunktur þegar fjárhæð greiðslunnar er skuldfærð á greiðslureikning greiðanda hjá greiðsluþjónustuveitanda.

D. Röng eða gölluð framkvæmd greiðslu, meðferð persónuupplýsinga o.fl.

68. gr.

Sérstakt kennimerki.

Ef greiðslufyrirmæli eru framkvæmd í samræmi við sérstakt kennimerki skulu þau teljast rétt framkvæmd að því er varðar þann viðtakanda greiðslu sem er tilgreindur með því sérstaka kennimerki.

Ef notandi greiðsluþjónustu leggur fram rangt sérstakt kennimerki er greiðsluþjónustuveitandi ekki ábyrgur skv. 69. gr. hafi framkvæmd greiðslu ekki átt sér stað eða er gölluð. Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda skal þó gera ráðstafanir til að endurheimta fjármunina sem greiðsla fól í sér, ef mögulegt er. Semja má um gjaldtöku vegna slíkra ráðstafana í rammasamningi.

Ef notandi greiðsluþjónustu hefur veitt upplýsingar til viðbótar þeim sem hann þarf að gefa upp til að greiðslufyrirmæli verði framkvæmd á réttan hátt og tilgreindar eru í a-lið 36. gr. eða b-lið 2. tölul. 40. gr. er greiðsluþjónustuveitandi aðeins ábyrgur vegna framkvæmdar greiðslunnar í samræmi við sérstaka kennimerkið sem notandi greiðsluþjónustunnar leggur fram.

69. gr.

Framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð.

Ef greiðandi gefur greiðslufyrirmæli skal greiðsluþjónustuveitandi hans, með fyrirvara um 53. gr., 2.–3. mgr. 68. gr. og 72. gr., bera ábyrgð á því gagnvart honum að greiðsla verði framkvæmd réttilega. Þetta á þó ekki við ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda getur sannað fyrir greiðandanum, og greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda ef við á, að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda hafi tekið við greiðslu í samræmi við 1. mgr. 64. gr., en í því tilviki verður greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu ábyrgur gagnvart viðtakandanum um rétta framkvæmd greiðslunnar.

Ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda er ábyrgur skv. 1. mgr. skal hann án óþarfa tafar endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu og, ef við á, færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað.

Ef greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu er ábyrgur skv. 1. mgr. skal hann tafarlaust setja fjárhæð greiðslunnar til ráðstöfunar viðtakanda greiðslu og, ef við á, eignfæra samsvarandi fjárhæð á greiðslureikning viðtakandans.

Hafi greiðandi gefið greiðslufyrirmæli, en framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð, skal greiðsluþjónustuveitandi hans tafarlaust gera ráðstafanir til að rekja greiðsluna og

tilkynna greiðanda um niðurstöðuna ef þess er óskað. Þetta á við án tillits til þess hver er ábyrgur fyrir réttri framkvæmd greiðslu skv. 1.–3. mgr.

Ef viðtakandi greiðslu gefur greiðslufyrirmæli eða hefur milligöngu um það skal greiðsluþjónustuveitandi hans bera ábyrgð á því gagnvart honum að greiðslufyrirmæli verði réttilega send greiðsluþjónustuveitanda greiðanda í samræmi við 3. mgr. 64. gr. Skulu greiðslufyrirmælin send greiðsluþjónustuveitanda greiðanda tafarlaust eða, eftir atvikum, endursend tafarlaust. Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu er jafnframt ábyrgur gagnvart viðtakanda greiðslu samkvæmt þessari málsgrein um meðferð greiðslunnar í samræmi við skyldur hans skv. 67. gr. Skal hann tryggja að fjárhæð greiðslunnar sé viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar tafarlaust eftir að fjárhæðin er eignfærð á greiðslureikning viðtakanda greiðslunnar. Þessi málsgrein gildir með fyrirvara um 53. gr., 2. og 3. mgr. 68. gr. og 72. gr.

Ef um er að ræða óframkvæmda greiðslu eða gallaða framkvæmd greiðslu, sem greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu ber ekki ábyrgð á skv. 5. mgr., skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda vera ábyrgur gagnvart greiðanda. Skal hann án óþarfa tafar endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu og, ef við á, færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað.

Hafi viðtakandi greiðslu gefið greiðslufyrirmæli, en framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð, skal greiðsluþjónustuveitandi hans tafarlaust gera ráðstafanir til að rekja greiðsluna og tilkynna viðtakanda um niðurstöðuna ef þess er óskað. Þetta á við án tillits til þess hver er ábyrgur fyrir réttri framkvæmd greiðslu skv. 5. og 6. mgr.

Greiðsluþjónustuveitandi er ábyrgur gagnvart notanda greiðsluþjónustu að því er varðar gjöld og vexti sem kunna að falla á notandann sem afleiðing af óframkvæmdri eða gallaðri greiðslu, sbr. 1.–7. mgr.

Víkja má frá 1.–8. mgr. með samningi, í heild eða að hluta, þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

70. gr.

Frekari fébætur.

Ákvarða má frekari fébætur, til viðbótar við það sem kveðið er á um í 68.–72. gr., í samræmi við lög og samning notanda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitanda hans.

71. gr.

Endurkröfuréttur.

Ef ábyrgð greiðsluþjónustuveitanda skv. 69. gr. má rekja til annars greiðsluþjónustuveitanda eða milliliðar skal sá greiðsluþjónustuveitandi eða milliliður bæta fyrrgreindum greiðsluþjónustuveitanda allt tjón, sem hann hefur orðið fyrir, eða fjárhæðir sem hann hefur þurft að greiða á grundvelli 69. gr.

Ákvarða má frekari fébætur í samræmi við lög og samninga milli greiðsluþjónustuveitenda og/eða milliliða.

72. gr.

Óviðráðanleg ytri atvik.

Bótaábyrgð skv. 49.–72. gr. nær ekki til tjóns vegna óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure) eða tjóns sem aðrar lagaskyldur sem greiðsluþjónustuveitandi er undirorpinn kunna að valda.

73. gr.
Meðferð persónuupplýsinga.

Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga er heimil af hálfu greiðslukerfa og greiðsluþjónustuveitenda þegar það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir, rannsaka og greina greiðslusvik. Um meðferð persónuupplýsinga fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

V. KAFLI
Eftirlit, réttarúrræði og viðurlög.

74. gr.
Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara að því er varðar eftirlitsskylda aðila samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi greiðslustofnana og peninga- og verðmætasendingarþjónustu, þ.m.t. umboðsaðilum, útibúum og útvistunaraðilum, sem falla undir ákvæði II. kafla, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara að því er varðar póstrekendur með rekstrarleyfi samkvæmt lögum um póstþjónustu.

75. gr.
Aðgengi að greiðslukerfum.

Um aðgengi greiðsluþjónustuveitenda að greiðslukerfum skv. 7. gr. fer samkvæmt samkeppnislögum, nr. 44/2005.

76. gr.
Úrskurðar- og réttarúrræði.

Greiðsluþjónustuveitendur skulu hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði ef ágreiningur rís milli notanda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitanda, m.a. um málskot til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki skv. 2. mgr.

Notendur greiðsluþjónustu geta skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 19. gr. a í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Greiðslustofnunum og peninga- og verðmætasendingarþjónustu er skylt að eiga aðild að úrskurðarnefndinni um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

77. gr.
Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og, eftir atvikum, reglum settum á grundvelli þeirra:

1. 5. gr. um einkarétt greiðsluþjónustuveitenda til veitingar greiðsluþjónustu hérlendis.
2. 10. gr. um stofnfé.
3. 11. og 12. gr. um eiginfjárgrunn og útreikning eigin fjár.
4. 13. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis.
5. 17. gr. um góða viðskiptahætti og þagnarskyldu.
6. 18. gr. um varðveislu fjármuna.

7. 4. og 5. mgr. 19. gr. um aðra starfsemi.
8. 20. gr. um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda.
9. 21. gr. um reikningsskil og lögboðna endurskoðun.
10. 1., 3. og 5. mgr. 23. gr. um umboðsaðila og útibú.
11. 1. og 2. mgr. 24. gr. um útvistun.
12. 2. mgr. 25. gr. um skyldu til að tryggja að þriðji aðili, sem falið hefur verið að annast tiltekna rekstrarþætti, geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að lögum þessum.
13. 26. gr. um varðveislu gagna.
14. 27. gr. um peninga- og verðmætasendingarþjónustu.
15. 32. gr. um gjaldmiðil og gjaldmiðilsumreikning.
16. 33. gr. um notkun tiltekins greiðslumiðils.
17. 35. og 36. gr. um upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu.
18. 37. gr. um upplýsingagjöf gagnvart greiðanda eftir viðtöku greiðslufyrirmæla um staka greiðslu.
19. 38. gr. um upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda greiðslu eftir framkvæmd stakrar greiðslu.
20. 39. og 40. gr. um upplýsingagjöf áður en samningur eða tilboð vegna greiðslna sem falla undir rammasamning verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu.
21. 41. gr. um aðgengilegar upplýsingar og skilmála rammasamnings.
22. 42. gr. um breytingar á skilmálum rammasamnings.
23. 43. gr. um uppsögn rammasamnings.
24. 44. gr. um upplýsingagjöf áður en kemur til framkvæmdar einstakra greiðslna sem falla undir rammasamning.
25. 45. gr. um upplýsingagjöf gagnvart greiðanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning.
26. 46. gr. um upplýsingagjöf gagnvart viðtakanda um einstakar greiðslur sem falla undir rammasamning.
27. 47. gr. um gjaldtöku.
28. 2.–4. mgr. 50. gr. um takmarkanir á notkun greiðslumiðils.
29. 60. gr. um synjun um framkvæmd greiðslufyrirmæla.
30. 61. gr. um afturköllun greiðslufyrirmæla.
31. 62. gr. um fjárhæð greiðslu.
32. 64.–67. gr. um framkvæmdatíma greiðslu og gildisdag.
33. 69. gr. um þær aðstæður þegar framkvæmd greiðslu á sér ekki stað eða er gölluð.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara, reglur settar á grundvelli þeirra eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka mál-

inu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 5. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

78. gr.

Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og, eftir atvikum, reglum settum á grundvelli þeirra:

1. 5. gr. um einkarétt greiðsluþjónustuveitenda til að veita greiðsluþjónustu hérlendis.
2. 11. og 12. gr. um eiginfjárgrunn og útreikning eigin fjár.
3. 13. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis.
4. 2. mgr. 17. gr. um þagnarskyldu.
5. 21. gr. um reikningsskil og lögboðna endurskoðun.

Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi greiðsluþjónustuveitanda eða annað er hann varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða notenda greiðsluþjónustu.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum og ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 7. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 7. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 7. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 7. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

79. gr.
Innleiðing.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB um greiðsluþjónustu á innri markaðnum er breytir tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og nemur úr gildi tilskipun 97/5/EB. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008 7. nóvember 2008, sem birt var í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 79/2008 18. desember 2008.

80. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 2011.

81. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

1. *Lög nr. 46/2000, um húsgöngu- og fjarsölusamninga, með síðari breytingum:* 12. gr. laganna fellur brott.
2. *Lög nr. 33/2005, um fjarsölu á fjármálaþjónustu:* 16. gr. laganna fellur brott.
3. *Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum:*
   a. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.
   b. 4. og 5. tölul. 1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:
      4. Greiðsluþjónustu samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu.
      5. Útgáfu og umsýslu greiðsluskjala, svo sem ferðatékka og víxla.
   c. Eftirfarandi breytingar verða á 85. gr. laganna:
      a. Í stað orðanna „í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði“ í 1. mgr. kemur: í öðrum fjármálafyrirtækjum, fyrirtækjum tengdum fjármálasviði eða greiðslustofnunum.
      b. Í stað orðanna „í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði“ í 3. mgr. kemur: í öðrum fjármálafyrirtækjum, fyrirtækjum tengdum fjármálasviði eða greiðslustofnunum.
4. Lög nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, með síðari breytingum:
   a. Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Greiðslustofnanir samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu.

b. Í stað orðanna „og sérstök lög gilda ekki um“ í 8. tölul. 3. gr. laganna kemur: og sérstök lög gilda ekki um, önnur en lög um greiðsluþjónustu.

5. *Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum:* Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Greiðslustofnanir samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu skulu greiða 0,0244% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.
6. *Lög nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum:* 10.–13. gr. laganna falla brott.
7. *Lög nr. 19/2002, um póstþjónustu, með síðari breytingum:* 42. gr. laganna orðast svo:
   Um fjármunasendingar fer samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara gilda um greiðsluþjónustuveitendur og notendur greiðsluþjónustu takmarkanir sem kunna að felast í ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, og reglum sem settar eru með stoð í þeim, á hverjum tíma.

II.

Fram til 1. janúar 2012 geta greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi hans samið um lengri frest en um getur í 1. mgr. 64. gr. Þó má slíkur frestur ekki vera lengri en þrír viðskiptadagar. Þessi freststímabil má þó framlengja um einn viðskiptadag fyrir greiðslur sem eru á pappírsgrundvelli.

1993. Breytingartillögur [726. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá samgöngunefnd.

1. 2. mgr. 2. gr. orðist svo:
   Ráðherra sveitarstjórnarmála skal gæta að og virða sjálfstjórn sveitarfélaganna, verkefni þeirra og fjárhag.
2. Í stað orðsins „átta“ í 2. mgr. 11. gr. komi: fjögur.
3. 2. mgr. 58. gr. orðist svo:
   Í samþykkt um stjórn sveitarfélags er heimilt að fela byggðarráði að taka fullnaðarákvarðanir í þeim málefnum sem tilgreind eru í 5. og 6. tölul. 1. mgr., enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmist innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.
4. Í stað orðsins „sjö“ í 2. málsl. 3. mgr. 95. gr. komi: fimm.
5. Í stað 1. og 2. mgr. 108. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Ef minnst 10% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska borgarafundar skv. 105. gr. skal sveitarstjórn verða við því svo fljótt sem unnt er. Um framkvæmd borgarafundar fer eftir ákvæði 105. gr.
   Ef minnst 20% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá

því að slík ósk berst. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hærra hlutfall í samþykkt um stjórn sveitarfélags en þó aldrei hærra en þriðjung þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi. Sveitarstjórnin á ákvörðunarvald um framkvæmd viðkomandi viðburðar og þá spurningu sem borin verður upp sé um að ræða almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélagsins. Um framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélags fer eftir ákvæði 107. gr.

Almennrar atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. verður ekki krafist um efni fjárhagsáætlunar skv. 62. gr. og viðauka skv. 63. gr., um tekjustofna sveitarfélaga eða álagningu annarra lögheimilla gjalda, um ráðningu í störf hjá sveitarfélagi, um laun og önnur starfskjör sveitarstjórnarmanna eða starfsmanna sveitarfélags eða tillögu sem gengur gegn lögum eða mundi leiða til þess að lagaskyldu yrði ekki fullnægt af hálfu sveitarfélagsins.

6. Í stað orðanna „ekki fullnægir“ í 2. mgr. 115. gr. komi: í veigamiklum atriðum fullnægir ekki.
7. 128. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin skal tryggja formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélögin um mikilvæg stjórnarmálefni sem tengjast stöðu og verkefnum sveitarfélaga. Formlegt samstarf skal m.a. fara fram um framlagningu lagafrumvarpa sem varða sveitarfélögin og um stjórn fjármála hins opinbera, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur mikilvæg mál sem varða hagsmuni sveitarfélaganna eða fjármál.

Samstarfsráð ríkis og sveitarfélaga skal funda að lágmarki einu sinni á ári. Fast sæti á fundum samstarfsráðsins eiga ráðherra sveitarstjórnarmála og fjármálaráðherra og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Aðrir ráðherrar sitja fundi samstarfsráðsins eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Um skipan samstarfsráðsins fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum samstarfssáttmála, sbr. 4. mgr.

Yfirumsjón með samstarfi samkvæmt þessari grein hefur samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga. Í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar ráðuneytis sveitarstjórnarmála og fjármálaráðuneytis og þrír fulltrúar tilnefndir af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ef þörf er á getur samstarfsnefndin ákveðið að kalla til fulltrúa fleiri ráðuneyta. Samstarfsnefndin starfar í umboði samstarfsráðsins og er vettvangur fyrir reglulega umfjöllun um samskiptamál ríkis og sveitarfélaga.

Samstarf samkvæmt þessari grein skal nánar útfært í samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga sem unninn skal af samstarfsnefnd eða í sérlögum eftir því sem við á. Þar skal einnig fjallað um gerð árlegrar þjóðhags- og landshlutaspár sem leggja ber til grundvallar í samstarfi samkvæmt þessari grein og sveitarfélögum er skylt, eftir því sem við á, að byggja á við gerð fjárhagsáætlana.

8. Í stað orðanna „fjögur ár“ í 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða komi: sex ár.
9. 8. tölul. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo: Endurskoða skal ákvæði laga þessara um fjármál sveitarfélaga innan fimm ára frá gildistöku með hliðsjón af framkvæmd þeirra.
10. Við bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    a. (I.)

    Sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem uppfylla ekki viðmið 2. mgr. 64. gr. við gildistöku laga þessara skulu fyrir 1. september 2012 samþykkja raunhæfa áætlun um hvernig þau hyggjast ná viðmiðunum. Sé slíkt nauðsynlegt í því skyni að áætlunin verði raunhæf má gera ráð fyrir að viðmiðunum verði náð á allt að tíu árum.

    b. (II.)

    Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga og ráðherra sveitarstjórnarmála er við útreikning á afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga skv. 64. gr. skylt að undanskilja út-

gjöld, skuldir og skuldbindingar þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir umtalsvert meiri útgjöldum og eða bera umtalsvert meiri skuldir en annars væri vegna eignarhluta þeirra í veitu- og orkufyrirtækjum í allt að tíu ár frá gildistöku laga þessara.

c. (III.)

Samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitarfélaga sem eru í gildi við samþykkt laga þessara halda gildi sínu til 1. janúar 2013, að því leyti sem þær fara ekki í bága við ákvæði laga þessara.

1994. Breytingartillaga [310. mál]

við till. til þál. um staðgöngumæðrun.

Frá Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, Kristjáni L. Möller,
Guðlaugi Þór Þórðarsyni og Ragnheiði Ríkharðsdóttur.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela velferðarráðherra að skipa starfshóp sem undirbúi frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Við vinnuna verði m.a. lögð áhersla á að tryggja í fyrsta lagi hag og réttindi barnsins, að tryggja í öðru lagi rétt, sjálfræði og velferð staðgöngumóðurinnar og fjölskyldu hennar, og að tryggja í þriðja lagi farsæla aðkomu hinna verðandi foreldra. Skýrt verði kveðið á um traustan lagaramma, ströng skilyrði og skýrar verklagsreglur við framkvæmd og eftirlit staðgöngumæðrunar sem og hvernig best verði stuðlað að upplýstri umræðu um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni í samfélaginu. Við vinnuna verði faglegt mat og þekking, alþjóðlegar rannsóknir og reynsla annarra þjóða lögð til grundvallar.

1995. Þingsályktun [910. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1970.

1996. Lög [674. mál]

um Stjórnarráð Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

I. KAFLI
Um Stjórnarráð Íslands.

1. gr.

Ráðherrar í ríkisstjórn Íslands og ráðuneyti þeirra mynda Stjórnarráð Íslands. Ráðherrar fara með og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, hver á sínu málefnasviði. Sá ráðherra sem forseti Íslands hefur skipað til forsætis í ríkisstjórn Íslands nefnist forsætisráðherra.

Ráðherrar starfa í umboði Alþingis. Forsætisráðherra er skylt að biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt ef tillaga um vantraust á ríkisstjórn er samþykkt á Alþingi. Samþykki Alþingi tillögu um vantraust á einstakan ráðherra í ríkisstjórn er forsætisráðherra skylt að gera tillögu til forseta um að viðkomandi ráðherra verði leystur frá embætti.

2. gr.

Stjórnarráð Íslands skiptist í ráðuneyti. Ráðuneyti eru skrifstofur ráðherra og æðstu stjórnvöld framkvæmdarvaldsins hvert á sínu málefnasviði. Ákveða skal fjölda ráðuneyta og heiti þeirra með forsetaúrskurði, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Tillagan skal lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu sem komi þegar til umræðu og afgreiðslu áður en forsetaúrskurður er gefinn út.

Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.

II. KAFLI
Um skipun ráðherra og verkaskiptingu á milli þeirra.

3. gr.

Forseti Íslands skipar forsætisráðherra. Forseti Íslands skipar aðra ráðherra samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Forseti Íslands veitir forsætisráðherra og ráðuneyti hans sem og einstökum ráðherrum lausn frá embætti samkvæmt tillögu forsætisráðherra.

4. gr.

Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum forsetaúrskurðar, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveðinn er upp samkvæmt tillögu forsætisráðherra.

Við skiptingu stjórnarmálefna á milli ráðuneyta skv. 1. mgr. skal þess jafnan gætt, að teknu tilliti til skiptingar Stjórnarráðsins í ráðuneyti skv. 2. gr., að eðlislík stjórnarmálefni heyri undir sama ráðuneyti.

Heimilt er að fela sama ráðherra að fara með fleiri en eitt ráðuneyti á hverjum tíma.

Komi upp vafi eða ágreiningur um það undir hvaða ráðuneyti stjórnarmálefni heyrir sker forsætisráðherra úr.

5. gr.

Nú er stjórnarmálefni flutt milli ráðuneyta, sbr. 4. gr., og skal þá ljúka meðferð ólokinna stjórnsýslumála í því ráðuneyti sem við málefni tekur.

III. KAFLI

Um ríkisstjórn og samhæfingu starfa á milli ráðherra.

6. gr.

Ríkisstjórnarfundi skal halda um eftirfarandi mál:

1. Nýmæli í lögum, þ.e. lagafrumvörp sem ráðherrar hyggjast leggja fram á Alþingi sem stjórnarfrumvörp, og önnur málefni sem bera á upp fyrir forseta Íslands til staðfestingar, þ.m.t. tillögur til þingsályktana.
2. Mikilvæg stjórnarmálefni. Til mikilvægra stjórnarmálefna teljast t.d. reglugerðir og yfirlýsingar sem taldar eru fela í sér mikilvæga stefnumörkun eða áherslubreytingar eða ef sýnt þykir að reglugerð eða yfirlýsing geti haft áhrif á útgjöld ríkissjóðs umfram fjárheimildir eða á efnahagsmál almennt.
3. Önnur mál sem ráðherrar óska eftir að bera þar upp.

Á ríkisstjórnarfundum skal skýra frá fundum þar sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar koma sameiginlega fram gagnvart aðilum úr stjórnkerfinu eða utan þess til umræðna um mikilvæg málefni og þegar þeim sem fulltrúum ríkisstjórnarinnar eru veittar mikilvægar upplýsingar eða kynnt mikilsverð málefni sem þurfa að koma til úrlausnar innan stjórnsýslunnar.

Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórnarfundum.

7. gr.

Forsætisráðherra felur starfsmanni forsætisráðuneytisins að gegna störfum ritara ríkisstjórnar.

Í fundargerðir ríkisstjórnar skulu færðar niðurstöður, skýrt frá frásögnum og tilkynningum ráðherra auk þess sem greint skal frá umræðuefni, ef ekki er á því formleg niðurstaða, og bókuð afstaða samkvæmt sérstakri ósk ráðherra. Undan skal þó fella þau atriði fundargerðar sem hafa að geyma upplýsingar sem falla undir takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna og almannahagsmuna og skulu þau færð í sérstaka trúnaðarmálabók.

Fundargerðir skulu staðfestar af forsætisráðherra og dreift til annarra ráðherra þegar staðfesting liggur fyrir. Komi fram athugasemd við fundargerð frá ráðherra skal hún skráð í fundargerð næsta fundar.

Allir fundir ríkisstjórnarinnar skulu hljóðritaðir og afrit geymt í vörslu Þjóðskjalasafns. Hljóðritanir þessar skulu gerðar opinberar að 30 árum liðnum frá fundi.

Um störf ríkisstjórnar fer að öðru leyti eftir starfsreglum sem ríkisstjórnin setur sér.

8. gr.

Forsætisráðherra ber að gæta þess að verkaskipting á milli ráðherra, sbr. 4. gr., sé eins skýr og kostur er. Ráðherrar skulu leitast við að samhæfa stefnu og aðgerðir ráðuneyta þegar málefni og málefnasvið skarast. Forsætisráðherra skal beita sér fyrir því að stefna og aðgerðir ráðherra á einstökum sviðum séu samhæfðar ef á þarf að halda.

9. gr.

Forsætisráðherra getur ákveðið, með samþykki ríkisstjórnar, að skipa ráðherranefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflokka.

Forsætisráðherra stýrir fundum ráðherranefnda eða felur öðrum ráðherra að stýra fundum ráðherranefndar.

Þótt ráðherra hafi tekið mál upp í ráðherranefnd leysir það hann ekki undan skyldu til að bera mál upp í ríkisstjórn, sbr. 6. gr.

10. gr.

Í fundargerðir ráðherranefndar skulu færðar niðurstöður, skýrt frá frásögnum og tilkynningum ráðherra auk þess sem greint skal frá umræðuefni, ef ekki er á því formleg niðurstaða, og bókuð afstaða samkvæmt sérstakri ósk ráðherra.

Fundargerðir skulu staðfestar af forsætisráðherra, eða þeim ráðherra sem forsætisráðherra hefur falið að stýra ráðherranefnd, og dreift til annarra ráðherra í ráðherranefnd þegar staðfesting liggur fyrir. Komi fram athugasemd við fundargerð frá ráðherra skal hún skráð í fundargerð næsta fundar.

Forsætisráðherra setur reglur um störf ráðherranefnda að höfðu samráði við ríkisstjórn.

11. gr.

Færa skal skrá um formleg samskipti og fundi milli ráðuneyta Stjórnarráðsins sem og við aðila utan þess.

Forsætisráðherra setur reglur um skráninguna.

IV. KAFLI
Um stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra.

12. gr.

Ráðherra fer með yfirstjórn stjórnvalda sem hafa á hendi framkvæmd stjórnarmálefna er undir ráðuneyti hans heyra, enda leiði ekki af lögum að stjórnvald skuli vera sjálfstætt gagnvart ráðherra.

Í yfirstjórn skv. 1. mgr. felst m.a. að ráðherra getur gefið stjórnvaldi almenn og sérstök fyrirmæli um starfrækslu á verkefnum þess, fjárreiður og meðferð eigna, sbr. þó 3. mgr. 13. gr., enda mæli lög eða eðli máls því ekki í mót.

Ráðherra er heimilt að láta í té óbindandi álit sem þýðingu geta haft til leiðbeiningar fyrir stjórnarframkvæmd á málefnasviði hans, enda leiði ekki af lögum eða eðli máls að honum sé það óheimilt.

13. gr.

Ráðherra skal hafa eftirlit með starfrækslu, fjárreiðum og eignum á vegum stjórnvalda sem heyra undir almennar stjórnunarheimildir hans.

Ráðherra skal enn fremur hafa almennt eftirlit með starfrækslu, fjárreiðum og eignum þeirra sjálfstæðu stjórnvalda sem heyra stjórnarfarslega undir hann. Eftirlit með sjálfstæðum stjórnvöldum tekur ekki til málsmeðferðar eða ákvarðana í einstökum málum.

Hafi eign á vegum stjórnvalds verið lögð undir annan ráðherra, sbr. 4. gr., en þann sem stjórnvald heyrir stjórnarfarslega undir fer sá ráðherra með almennt eftirlit með þeirri eign, sbr. 15. gr.

14. gr.

Ráðherra getur krafið stjórnvald, sem heyrir undir yfirstjórn hans, um hverjar þær upplýsingar og skýringar sem honum er þörf á til að sinna yfirstjórnarhlutverki sínu.

Ráðherra getur krafið sjálfstæð stjórnvöld, sem heyra stjórnarfarslega undir hann, um hverjar þær upplýsingar og skýringar sem þörf er á til að sinna eftirliti skv. 13. gr. og öðrum lögmæltum skyldum ráðherra.

Ef nauðsynlegt reynist í þessu sambandi að afhenda ráðherra upplýsingar sem almennar eða sérstakar þagnarskyldureglur taka til eru hann og ráðuneyti hans bundin þagnarskyldu með sama hætti og í þeim reglum greinir.

15. gr.

Ráðherra skal hafa almennt eftirlit með þeim eignum ríkisins, þar á meðal eign í einkaréttarlegum lögaðilum, sem til viðkomandi ráðherra hafa verið lagðar.

V. KAFLI
Um innra skipulag ráðuneyta og starfsmannahald.

16. gr.

Ráðuneytisstjórar stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra. Í forföllum ráðuneytisstjóra gegnir staðgengill störfum ráðuneytisstjóra. Staðgengill ráðuneytisstjóra skal koma úr röðum skrifstofustjóra samkvæmt ákvörðun ráðuneytisstjóra.

Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins skal jafnframt því embætti gegna störfum ritara ríkisráðs Íslands.

17. gr.

Ráðherra skal skipuleggja ráðuneyti sitt með því að skipta því upp í skrifstofur og skal hverri skrifstofu stýrt af skrifstofustjóra undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra.

18. gr.

Ráðherra skipar ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra að fengnu mati hæfnisnefndar, sbr. 19. gr. Aðrir starfsmenn eru ráðnir.

Ráðherra setur ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanni ráðherra erindisbréf og ráðuneytisstjórar setja skrifstofustjórum erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur. Forsætisráðuneytið skal gefa út leiðbeinandi erindisbréf fyrir ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og aðstoðarmenn ráðherra í Stjórnarráði Íslands.

19. gr.

Við skipun í embætti ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í ráðuneytum skv. 18. gr., sbr. þó 21. gr., skal ráðherra skipa þriggja manna nefnd til að meta hæfni umsækjenda um embættið.

Niðurstaða hæfnisnefndar er ráðgefandi við skipun í embætti. Forsætisráðherra setur reglur um hæfnisnefndir þar sem m.a. er fjallað um skipun nefndar, hæfi nefndarmanna svo og verkefni og málsmeðferð.

20. gr.

Ráðherra skal leita álits ráðuneytis til að tryggja að ákvarðanir og athafnir hans séu lögum samkvæmt.

Starfsmenn ráðuneyta skulu í samræmi við stöðu sína og hlutverk veita ráðherra réttar upplýsingar og ráðgjöf sem byggist á staðreyndum og faglegu mati á valkostum þannig að hann geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og stefnumótun.

21. gr.

Um heimildir ráðherra til að flytja embættismenn á milli embætta innan Stjórnarráðs Íslands fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og öðrum lögum eftir því sem við á.

Enn fremur er heimilt að starfsmenn sem ráðnir eru ótímabundið til starfa í ráðuneyti flytjist á milli ráðuneyta um afmarkaðan tíma eða varanlega enda liggi fyrir samþykki beggja ráðherra fyrir flutningnum og starfsmannsins sjálfs.

Nú flytjast stjórnarmálefni milli ráðuneyta, sbr. 4. gr., og skal þá bjóða hlutaðeigandi starfsmönnum að sinna þeim áfram í því ráðuneyti er tekur við málefninu. Við flutninginn verða ekki breytingar á starfskjörum starfsmanna.

Ákvæði um auglýsingaskyldu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eiga ekki við um flutning embættismanna og starfsmanna samkvæmt þessari grein.

Forsætisráðherra getur sett nánari reglur um tilhögun flutnings starfsmanna innan Stjórnarráðsins.

22. gr.

Ráðherrum er heimilt að ráða til starfa í ráðuneyti sínu aðstoðarmann eða aðstoðarmenn. Aðstoðarmenn sem eru ráðnir til starfa í Stjórnarráði Íslands skulu á hverjum tíma ekki vera fleiri en nemur tveimur fyrir hvern ráðherra en heimilt er samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar að ráða þrjá til viðbótar ef þörf krefur. Ákvæði um auglýsingaskyldu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eiga ekki við um ráðningu aðstoðarmanna. Aðstoðarmaður ráðherra gegnir störfum fyrir ráðherra svo lengi sem ráðherra ákveður, þó ekki lengur en ráðherra sjálfur.

Aðstoðarmaður ráðherra heyrir beint undir ráðherra. Meginhlutverk aðstoðarmanns ráðherra er að vinna að stefnumótun á málefnasviði ráðuneytis undir yfirstjórn ráðherra og í samvinnu við ráðuneytisstjóra. Aðstoðarmanni ráðherra er óheimilt að rita undir stjórnvaldserindi fyrir hönd ráðherra.

Um laun og starfskjör aðstoðarmanna ráðherra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs um kjör skrifstofustjóra.

Aðstoðarmaður ráðherra á rétt á biðlaunum í þrjá mánuði eftir að hann lætur af starfi. Hafi aðstoðarmaður áður verið ríkisstarfsmaður á hann rétt á að hverfa aftur til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins. Þiggi fyrrverandi aðstoðarmaður ráðherra laun vegna annarra starfa á því tímabili sem hann á rétt á biðlaunum vegna fyrri starfa sinna sem aðstoðarmaður skerðast biðlaunin sem þeim launum nemur.

23. gr.

Um réttindi og skyldur embættismanna og starfsmanna Stjórnarráðs Íslands fer að öðru leyti samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og öðrum lögum eftir því sem við á.

VI. KAFLI
Um siðferðileg viðmið í starfsemi Stjórnarráðs Íslands.

24. gr.

Forsætisráðherra staðfestir siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands. Við undirbúning reglnanna skal hafa samráð við starfsmenn sem í hlut eiga og leita eftir tillögum frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Einstökum ráðuneytum er heimilt að útfæra siðareglurnar nánar með hliðsjón af sérstökum verkefnum sem þau sinna. Heimilt er forsætisráðherra að setja sérstakar siðareglur fyrir aðstoðarmenn ráðherra, sbr. 22. gr.

Ríkisstjórn samþykkir siðareglur fyrir ráðherra. Forsætisráðherra undirritar siðareglurnar fyrir hönd ríkisstjórnar og birtir þær. Við undirbúning þeirra skal leita eftir tillögum frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Siðareglur skal birta almenningi á aðgengilegan hátt.

25. gr.

Forsætisráðherra skipar til þriggja ára í senn samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna. Í nefndinni eiga sæti formaður, skipaður án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Félags forstöðumanna ríkisstofnana, fulltrúi ráðherra sem fer með starfsmannamál ríkisins, tveir fulltrúar samtaka ríkisstarfsmanna og tveir aðrir valdir á grundvelli sérþekkingar sinnar á stjórnsýslu og siðfræðilegum efnum.

Forsætisráðuneytið sér nefndinni fyrir starfsaðstöðu.

Helstu verkefni samhæfingarnefndarinnar eru:

a. að stuðla að því að siðferðileg viðmið séu í hávegum höfð í opinberum störfum og veita stjórnvöldum ráðleggingar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og spillingu,
b. að veita umsögn um drög að siðareglum á grundvelli laga þessara og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gefa stjórnvöldum ráð um túlkun þeirra,
c. að beita sér fyrir upplýsingaöflun og fræðirannsóknum á málefnasviði nefndarinnar,
d. að stuðla að því að brugðist sé með samhæfðum hætti við ábendingum eftirlitsembætta Alþingis og öðrum tiltækum upplýsingum um brot á siðareglum eða hættu á spillingu hjá ríkinu,
e. að taka þátt í samstarfi við félagasamtök, stofnanir og embætti hér á landi og erlendis sem vinna gegn spillingu í opinbera geiranum,
f. að gefa forsætisráðherra árlega skýrslu um starf sitt þar sem komi fram ef ástæða þykir til tillögur til stjórnvalda um frekari aðgerðir til að efla traust á stjórnsýslu ríkisins, draga úr hættu á spillingu og vanda betur til verka í stjórnsýslunni. Skýrslan skal lögð fyrir Alþingi.

Til þess að tryggja samræmi við störf umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar skal samhæfingarnefndin hafa reglulegt samráð við þau embætti.

VII. KAFLI
Málstefna.

26. gr.

Forsætisráðherra mótar Stjórnarráðinu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggi fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Þar skulu settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum og starfsemi Stjórnarráðsins. Enn fremur skal koma fram hver gögn liggja að jafnaði fyrir í erlendum málbúningi og hvaða tungumál þar er um að ræða. Þá skal þar setja reglur um rétt manna af erlendum uppruna til samskipta við Stjórnarráðið á annarri tungu en íslensku.

Mál það sem er notað í starfsemi Stjórnarráðsins eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt.

VIII. KAFLI
Önnur ákvæði.

27. gr.

Forsætisráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 73/1969.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal ákvæði 4. mgr. 7. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2012.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal ákveða fjölda ráðuneyta og heiti þeirra með forsetaúrskurði, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, við gildistöku laga þessara án undanfarandi þingsályktunartillögu og fjöldi þeirra og heiti skulu vera óbreytt frá því sem er við gildistökuna.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 28. gr. skal 5. gr. laga nr. 73/1969 halda gildi sínu til 1. maí 2012.

1997. Lög [675. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1936.

1998. Sveitarstjórnarlög. [726. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1975 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Ráðuneyti sveitarstjórnarmála fer með málefni sveitarfélaga.

Ráðherra sveitarstjórnarmála skal gæta að og virða sjálfstjórn sveitarfélaganna, verkefni þeirra og fjárhag.

Engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skal ráðið til lykta án umfjöllunar sveitarstjórnarinnar.

11. gr. hljóðar svo:

Í sveitarstjórn skal fjöldi fulltrúa standa á oddatölu. Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn skal ákveðinn í samþykkt skv. 9. gr. og skal vera innan þeirra marka sem hér segir:

1. Þar sem íbúar eru undir 2.000: 5–7 aðalmenn.
2. Þar sem íbúar eru 2.000–9.999: 7–11 aðalmenn.
3. Þar sem íbúar eru 10.000–49.999: 11–15 aðalmenn.
4. Þar sem íbúar eru 50.000–99.999: 15–23 aðalmenn.
5. Þar sem íbúar eru 100.000 eða fleiri: 23–31 aðalmenn.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ekki skylt að fækka eða fjölga aðalmönnum í sveitarstjórn fyrr en íbúatala hefur verið hærri eða lægri en viðmiðunarmörkin í fjögur ár samfellt, talið frá næstu áramótum fyrir almennar kosningar til sveitarstjórna. Íbúatala grundvallast á íbúaskrá þjóðskrár.

58. gr. hljóðar svo:

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélags,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

Í samþykkt um stjórn sveitarfélags er heimilt að fela byggðarráði að taka fullnaðarákvarðanir í þeim málefnum sem tilgreind eru í 5. og 6. tölul. 1. mgr., enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmist innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

95. gr. hljóðar svo:

Í samningi um byggðasamlag skulu vera ákvæði um endurskoðun á samningi, um heimildir til úrsagnar úr byggðasamlagi og um slit þess.

Einstök sveitarfélög geta með tveggja ára fyrirvara sagt upp aðild að byggðasamlagi, hafi ekki verið samið um annan tímafrest. Samhliða getur sveitarfélag krafist innlausnar á nettó eignarhlut sínum í samlaginu núvirðisreiknuðum í samræmi við ákvæði samnings skv. 94. gr.

Ef ósætti rís um úrgöngu sveitarfélags úr byggðasamlagi er hægt að vísa málinu til ráðuneytisins. Ráðuneytið getur ákveðið að viðkomandi sveitarfélagi sé ekki heimilt að ganga úr byggðasamlagi um tilgreindan tíma, þó ekki lengur en í fimm ár að telja frá ákvörðun ráðuneytisins, vegna mikilvægra samfélagslegra hagsmuna eða vegna mikilvægra hagsmuna annarra aðildarsveitarfélaga sem að byggðasamlagi standa. Af sömu ástæðum er ráðuneytinu heimilt að ákveða frestun innlausnar á eignarhlut sveitarfélags.

Tillaga um að starfsemi byggðasamlags sé hætt nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest af ⅔ hlutum sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins. ⅔ hlutar stjórnarmanna í byggðasamlagi eða ⅔ hlutar fulltrúa á aðalfundi byggðasamlags, sé slíkur fundur haldinn, geta krafist atkvæðagreiðslu í sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaga um slit byggðasamlags.

Nú er ákveðið að hætta starfsemi byggðasamlags eða svo er fyrir mælt í lögum og skal þá skipa því sérstaka skiptastjórn er gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda jafnað á þau sveitarfélög sem að byggðasamlagi standa í hlutfalli við íbúatölu. Skiptastjórn skal kjörin af stjórn byggðasamlags.

108. gr. hljóðar svo:

Ef minnst 10% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska borgarafundar skv. 105. gr. skal sveitarstjórn verða við því svo fljótt sem unnt er. Um framkvæmd borgarafundar fer eftir ákvæði 105. gr.

Ef minnst 20% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hærra hlutfall í samþykkt um stjórn sveitarfélags en þó aldrei hærra en þriðjung þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi. Sveitarstjórnin á ákvörðunarvald um framkvæmd viðkomandi viðburðar og þá spurningu sem borin verður upp sé um að ræða almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélagsins. Um framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélags fer eftir ákvæði 107. gr.

Almennrar atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. verður ekki krafist um efni fjárhagsáætlunar skv. 62. gr. og viðauka skv. 63. gr., um tekjustofna sveitarfélaga eða álagningu annarra lögheimilla gjalda, um ráðningu í störf hjá sveitarfélagi, um laun og önnur starfskjör sveitarstjórnarmanna eða starfsmanna sveitarfélags eða tillögu sem gengur gegn lögum eða mundi leiða til þess að lagaskyldu yrði ekki fullnægt af hálfu sveitarfélagsins.

Ráðuneytið skal í reglugerð mæla nánar fyrir um það hvernig staðið verður að söfnun undirskrifta eða annarrar staðfestingar á ósk íbúa skv. 1. mgr. Þar má m.a. kveða á um að undirskriftir skuli lagðar fram á sérstöku eyðublaði sem ráðuneytið eða viðkomandi sveitarfélag lætur gera eða að staðfesting skuli lögð fram rafrænt á nánar tiltekinn hátt. Sé mælt fyrir um rafræna staðfestingu skal þó ávallt jafnframt gefinn kostur á að undirskriftir verði lagðar fram skriflega á þar til gerðum eyðublöðum.

Við mat á því hvort tilskilinn fjöldi hafi lagt fram ósk skv. 1. mgr. skal miðað við þá einstaklinga sem uppfylla skilyrði 2. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna á þeim degi sem söfnun undirskrifta og/eða staðfestinga lýkur samkvæmt kjörskrárstofni sem Þjóðskrá Íslands lætur sveitarfélagi í té.

115. hljóðar svo:

Hafi sveitarfélag eða annar aðili sem eftirlit ráðuneytisins beinist að gert samning um samvinnu skv. 92.–96. gr. og samningurinn fullnægir ekki kröfum laga þessara telst hann ógildanlegur. Getur ráðuneytið þá lagt fyrir aðila að bæta úr ágöllum samningsins innan tilskilins frests. Sé þeim fyrirmælum ekki fylgt eða það reynist ógerlegt getur ráðuneytið fellt samning úr gildi.

Hið sama á við hafi sveitarfélag eða annar aðili sem eftirlit ráðuneytisins beinist að gert samning sem í veigamiklum atriðum fullnægir ekki ákvæðum sem fram koma í VII. kafla um fjármál sveitarfélaga eða VIII. kafla um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, enda hafi eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga lagt það til með rökstuddum hætti.

Ákvæði þetta á þó ekki við ef samningur telst marklaus gagnvart sveitarfélagi vegna veigamikilla ágalla á gerð hans.

128. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórnin skal tryggja formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélögin um mikilvæg stjórnarmálefni sem tengjast stöðu og verkefnum sveitarfélaga. Formlegt samstarf skal m.a. fara fram um framlagningu lagafrumvarpa sem varða sveitarfélögin og um stjórn fjármála hins opinbera, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur mikilvæg mál sem varða hagsmuni sveitarfélaganna eða fjármál.

Samstarfsráð ríkis og sveitarfélaga skal funda að lágmarki einu sinni á ári. Fast sæti á fundum samstarfsráðsins eiga ráðherra sveitarstjórnarmála og fjármálaráðherra og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Aðrir ráðherrar sitja fundi samstarfsráðsins eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Um skipan samstarfsráðsins fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum samstarfssáttmála, sbr. 4. mgr.

Yfirumsjón með samstarfi samkvæmt þessari grein hefur samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga. Í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar ráðuneytis sveitarstjórnarmála og fjármálaráðuneytis og þrír fulltrúar tilnefndir af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ef þörf er á getur samstarfsnefndin ákveðið að kalla til fulltrúa fleiri ráðuneyta. Samstarfsnefndin starfar í umboði samstarfsráðsins og er vettvangur fyrir reglulega umfjöllun um samskiptamál ríkis og sveitarfélaga.

Samstarf samkvæmt þessari grein skal nánar útfært í samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga sem unninn skal af samstarfsnefnd eða í sérlögum eftir því sem við á. Þar skal einnig fjallað um gerð árlegrar þjóðhags- og landshlutaspár sem leggja ber til grundvallar í samstarfi samkvæmt þessari grein og sveitarfélögum er skylt, eftir því sem við á, að byggja á við gerð fjárhagsáætlana.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

I.

1. Ef fasteign liggur innan tveggja eða fleiri sveitarfélaga skulu viðkomandi sveitarfélög ekki síðar en 1. janúar 2013 hafa komist að samkomulagi um breytingu á mörkum viðkomandi sveitarfélaga þannig að fullnægt sé ákvæðum 4. gr.
2. Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. er ekki skylt að breyta fulltrúafjölda í sveitarstjórn fyrr en við aðrar almennar kosningar til sveitarstjórna frá gildistöku laga þessara.
3. Ákvæði 2. tölul. 44. gr. um kynjakvóta og þær reglur laga þessara sem vísa til hans með beinum hætti taka fyrst gildi við nefndaskipan að afloknum næstu almennu sveitarstjórnarkosningum frá gildistöku laga þessara.
4. Ákvæði 1. tölul. 2. mgr. 64. gr. gildir frá og með reikningsárinu 2011. Fyrri reikningsár teljast ekki með við afmörkun á þriggja ára tímabili samkvæmt ákvæðinu.
5. Samningar sveitarfélaga við endurskoðendur sem eru í gildi við gildistöku laga þessara halda gildi sínu í þann tíma sem viðkomandi samningur kveður á um, þó mest í sex ár frá gildistöku laga þessara.
6. Frá gildistöku laga þessara má ekki gera samninga um samvinnu sveitarfélaga eða við einkaaðila sem ganga gegn ákvæðum laga þessara. Slíkir samningar sem þegar eru í gildi halda hins vegar gildi sínu, að því leyti sem þeir eru í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og ákvæði annarra laga en tryggja skal að þeir fullnægi ákvæðum laga þessara ekki síðar en 15. október 2014.
7. Þær fjallskilasamþykktir sem settar hafa verið á grundvelli laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, og í gildi eru við gildistöku þessara laga halda gildi sínu. Þau verkefni sem lögð eru til héraðsnefnda samkvæmt samþykktunum falla til stjórna fjallskilaumdæma. Ef fleiri sveitarfélög mynda saman fjallskilaumdæmi skulu sveitarstjórnir þeirra hafa ákveðið skipan fjallskilastjórnar fyrir gildistöku laga þessara.
8. Endurskoða skal ákvæði laga þessara um fjármál sveitarfélaga innan fimm ára frá gildistöku með hliðsjón af framkvæmd þeirra.

II.

Sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem uppfylla ekki viðmið 2. mgr. 64. gr. við gildistöku laga þessara skulu fyrir 1. september 2012 samþykkja raunhæfa áætlun um hvernig þau hyggjast ná viðmiðunum. Sé slíkt nauðsynlegt í því skyni að áætlunin verði raunhæf má gera ráð fyrir að viðmiðunum verði náð á allt að tíu árum.

III.

Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga og ráðherra sveitarstjórnarmála er við útreikning á afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga skv. 64. gr. skylt að undanskilja útgjöld, skuldir og skuldbindingar þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir umtalsvert meiri útgjöldum og/eða bera umtalsvert meiri skuldir en annars væri vegna eignarhluta þeirra í veitu- og orkufyrirtækjum í allt að tíu ár frá gildistöku laga þessara.

IV.

Samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitarfélaga sem eru í gildi við samþykkt laga þessara halda gildi sínu til 1. janúar 2013, að því leyti sem þær fara ekki í bága við ákvæði laga þessara.

1999. Lög [673. mál]

um greiðsluþjónustu.

(Afgreidd frá Alþingi 17. september 2011.)

Samhljóða þskj. 1992.